ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 2. okt.

Þingsetning.

Árið 2000, mánudaginn 2. október, var hundrað tuttugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og þriðja aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og fyrsta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Flóki Kristinsson steig í stólinn og lagði út af Fjallræðunni í 6. kafla Matteusarguðspjalls.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.
4. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
7. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
8. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
9. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
10. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
11. Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.
12. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
13. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
14. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
15. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
16. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
17. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
18. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
19. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
20. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
21. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
22. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
23. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
24. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
25. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
26. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
27. Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
28. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
29. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
30. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
32. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
33. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
34. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
35. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
36. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
37. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
38. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
39. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
40. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
41. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
42. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
46. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.
48. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
49. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
50. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
51. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
52. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
53. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
54. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.
56. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
57. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.
58. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
61. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
62. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:13]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 5. september 2000 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 5. september 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett. Ég óska þingmönnum heilla í vandasömum verkum og vona að ákvarðanir sem hér verða teknar færi þjóð okkar farsæld um ókomna tíð.

Upphaf þings markar jafnan þáttaskil í opinberri umræðu og setur brag á þjóðlíf allt. Þá er vor og sumar að baki og við taka haustverk og vetur, veðrabrigðin verða snarpari og vindhviðurnar tíðari, bæði í náttúru og á vettvangi þjóðmálanna.

Starfstími þingsins tók fyrrum mið af búskaparháttum enda margir þingmenn gildir bændur á góðum jörðum og gengu þar til brýnna verka, sauðburðar að vori, heyskapar að sumri, fjallskila að hausti. Sú hefð sem þá var mótuð hefur löngum markað hrynjandina í þinghaldinu og fyrsti samkomudagur Alþingis á hausti miðaður við þessa tíð þótt umbylting í atvinnuháttum, samgöngum og þjóðlífi öllu hafi gefið flestu öðru nýja mynd.

Við þingsetningu árið 2000 er hollt að líta um öxl og minnast þeirra umskipta sem orðið hafa á högum Íslendinga á öldinni sem liðin er frá því Alþingi stóð síðast á slíkum

vegamótum. Þá voru enn nokkur ár til heimastjórnar og nærri hálf öld til lýðveldistöku. Erlendir stjórnarherrar réðu úrslitum um meðferð og niðurstöður mála því danskur ráðherra fór ásamt konungi með neitunarvald gagnvart þeim lögum sem Alþingi samþykkti. Þingið var vettvangur baráttunnar fyrir sjálfstæði og fullveldi og hafði frá endurreisn og þjóðfundi hægt og bítandi eflt trú þjóðarinnar á mátt sinn og megin, sjálfstraust Íslendinga. Og þó var þinghaldið á öldinni þeirri mjög á annan veg en við nú þekkjum. Alþingi kom aðeins saman annað hvert ár og fundaði aðeins fáeinar vikur í senn, þingflokkar og fastbundnar nefndir sem nú ráða mestu um meðferð mála lengst af óþekkt með öllu.

Nú heilsar Alþingi nýrri öld í allt öðrum búningi. Þingmennska hefur á síðari árum orðið aðalstarf og hjá flestum hið eina. Það er raunar umhugsunarvert hve nýir þessir tímar eru því að enn eru á þingi þeir sem vel þekkja þá tíð þegar algengt var að alþingismenn gegndu einnig öðrum störfum.

Lungann úr 20. öldinni voru alþingismenn jafnframt, svo dæmi sé tekið, bændur eða bankastjórar, forustumenn í samtökum atvinnulífs eða launafólks, læknar eða lögfræðingar, kaupfélagsstjórar eða útgerðarmenn. Þingmennskan var aðeins hluti af ábyrgð þeirra og starfsskyldu. Á skömmum tíma hefur orðið mikil breyting í þessum efnum og Alþingi leitað leiða til að gera þingmönnum kleift að helga sig alla þeirri ábyrgð sem í kjörinu felst. Jafnframt hafa breytingar á þjóðlífi og alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga fært Alþingi nýja stöðu og úrlausnarefni sem áður voru að mestu óþekkt. Samtökum og sérfræðistofnunum sem eiga hlutdeild í stefnumótun og vinna við lagasmíð og samningu reglugerða hefur fjölgað mjög. Með þjálfuðu og sérhæfðu starfsfólki, nýrri tækni til miðlunar og öflun upplýsinga hafa umsvif þeirra aukist til muna. Vaxandi áhrif markaðar, einkavæðing og nýtt rekstrarform ríkisfyrirtækja hafa breytt þeirri ábyrgð sem áður gilti og fært hana á margar hendur sem háðar eru öðru aðhaldi en kjörið skapar. Margháttaðar skuldbindingar okkar á alþjóðavettvangi í efnahagsmálum, mannréttindum, umhverfisvernd og á öðrum sviðum hafa samhliða vaxandi þátttöku Íslands í starfi alþjóðlegra samtaka knúið stofnanir stjórnkerfisins til að taka í auknum mæli mið af þeim ákvörðunum sem teknar eru af þjóðum heims í sameiningu.

Breytingar á fjölmiðlun og nýjar upplýsingaleiðir hafa markað skoðanaskiptum og umræðum nýjan völl og víðtækari. Fyrir fáeinum áratugum sátu málgögn stjórnmálaflokka og ríkisfjölmiðlar ein að þeirri hitu. En nú er myndin margbrotnari og sífellt fleiri kallaðir fram á völlinn til að láta til sín taka í ákvörðunum og stefnumótun. Hver og einn af þessum þáttum, og allir eiga þeir sér hliðstæður með öðrum þjóðum, hefur áhrif á ásýnd og stöðu þjóðþinganna. Og þeir hafa víða á Vesturlöndum leitt til umræðna um þróun þess lýðræðis sem við höfum löngum talið í senn blessun okkar og gæfu.

Alþingi er ekki aðeins kjarninn í þeirri stjórnskipan sem við höfum kosið heldur einnig burðarstoð í sjálfsvitund okkar og menningu, meginþráður í þúsund ára sögu. Alþingi er elsta stofnun Íslendinga. Kjarni þjóðveldisins til forna sem færði okkur glæstar bókmenntir, arfinn sem best dugði til að brýna og eggja þjóðina, efla henni þor þegar sótt var fram til sjálfstæðis og nýrrar tíðar.

Á Alþingi voru teknar þær ákvarðanir sem í kjölfar heimastjórnar og lýðveldistöku umbreyttu efnahag Íslendinga og skópu hér samfélag velferðar, almennrar menntunar og öflugrar heilsugæslu. Alþingi, hið elsta allra þjóðþinga, skapar Íslendingum sérstöðu í samfélagi þjóðanna eins og oft kemur fram þegar góða gesti ber að garði og þeir koma hér í Alþingishúsið. Það er mér gleðiefni að á undanförnum fjórum árum hefur tekist að festa í sessi þann góða sið að erlendir þjóðhöfðingjar sem til Íslands koma heimsæki Alþingi við Austurvöll og eigi hér efnisríkar viðræður við fulltrúa forsn., utanrmn. og þingflokka. Þessi skipan hefur reynst farsæl nýbreytni og vil ég þakka Alþingi fyrir góða samvinnu við forsetaembættið í þessum efnum.

Þeim þjóðhöfðingjum sem hingað hafa komið á nýliðnum árum hefur þótt mikilsvert að eiga þess kost að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar og eiga hér orðastað við alþingismenn. Kemur jafnvel til álita að Alþingi hugleiði að gera þær breytingar á þingsköpum sem opnuðu leiðir til að bjóða erlendum þjóðarleiðtogum að ávarpa Alþingi með formlegum hætti á sérstökum þingfundi líkt og tíðkast víða um lönd. Sú skipan gæti gert heimsókn í Alþingi að hápunkti Íslandsdvalar og veitt hinum erlendu áhrifamönnum tækifæri til þess að lýsa stefnu sinni og viðhorfum á vettvangi sem hefur einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar. Slíkar ræður erlendra þjóðhöfðingja á Alþingi Íslendinga gætu einnig lagt sjónarmiðum okkar og hagsmunum aukið lið og eflt vegsemd og gildi þingsins sjálfs.

Þegar Alþingi kemur nú saman á haustdögum árið 2000 geta þingið og þjóðin fagnað því hve vel hefur tekist við að minnast viðburðanna sem einna hæst hafa risið í sögu þjóðarinnar, kristnitöku og landafunda árið 1000. Bæði á Þingvöllum og með helgistundum heima í héraði hefur þjóðin beint sjónum að gildi kristindómsins og staðfest á ný að boðskapurinn um siðferði og trú sem Alþingi löggilti á helgum völlum er áfram gildur strengur í þjóðarvitund Íslendinga. Með fjölþættum viðburðum vestan hafs, í Bandaríkjunum og Kanada, hefur hin íslenska arfleifð siglinga og landafunda, bókmenntir okkar og menning að fornu og nýju öðlast víðtækari kynningu en nokkru sinni fyrr. Sá árangur veitir okkur ekki aðeins tækifæri til nýrrar sóknar. Hann hefur einnig treyst til muna böndin við vinaþjóðir í vestri, hagsmunum okkar til margvíslegs framdráttar. Það er lítilli þjóð verðmætt veganesti inn í óvissutíð nýrrar aldar.

Alþingi hefur með ákvörðun um stuðning og fjármagn gert öðrum kleift að gera þessa atburði glæsilega og áhrifaríka og þjóðinni til sóma á einstöku hátíðarári. Fyrir það ber að þakka á þessari stundu þegar Alþingi hefur nú störf og árið 2000 er senn á enda. Megi sá skilningur á sögu okkar og menningu sem Alþingi hafði að leiðarljósi þegar horft var til kristnitöku og landafunda jafnan verða þingi og þjóð leiðarljós um ókomna daga.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Pál Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:26]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa. Ég vona að störf Alþingis sem nú eru að hefjast verði landi og þjóð til heilla. Enn fremur læt ég í ljós þá ósk að við alþingismenn eigum gott samstarf við starfsfólk Alþingis eins og endranær.

Þessum fundi er nú frestað til klukkan fjögur.

Fundi frestað kl. 14:26.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 2. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
4. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsn. 17. maí 1999.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Landssamtökum sauðfjárbænda.

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 2001, 1. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[16:02]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru.

Mér hefur borist ein tilnefning, um 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal.

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og Halldór Blöndal er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn, þeir sem vilja skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: greiðir ekki atkvæði. Á töflu á veggjum koma aðeins gul ljós og á borðum þingmanna kviknar gult ljós þegar atkvæði hefur verið greitt.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal**, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 52 atkvæði, 6 þingmenn greiddu ekki atkvæði.

[16:04]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., réttkjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórninni.

Ávarp forseta.

[16:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. aldursforseta, Páli Pétursyni, hlý orð í minn garð. Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis. Ég met það traust mikils.

Alþingi kemur nú að nýju saman til reglulegra þingstarfa eftir viðburðaríkt sumar. Þar ber hæst hátíðarfundinn á Þingvöllum 2. júlí þar sem þess var minnst að þúsund ár voru liðin síðan kristni var lögtekin. Það er mikilsverðasta samþykkt Alþingis, atburður sem er einstæður meðal þjóðanna, niðurstaða sem vísaði fram á veginn. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum þeim sem að undirbúningi hátíðahaldanna komu og unnu að því að gera þau svo ánægjuleg og eftirminnileg sem raun ber vitni.

Með kristnitökunni var tekin ákvörðun um að ganga í samfélag Evrópuþjóða. Það var gert með opnum huga. Höfðingjasynir sóttu menntun sína til nágrannalandanna, Danmerkur, Saxlands, Parísar og Englands, og mótuðu íslenska frumkristni. Hún spratt því upp af þjóðlegri rót sem nærðist af þeim menningarlegu og siðferðilegu straumum sem bárust með kaþólsku kirkjunni til Norður-Evrópu. Íslenskt ritmál varð til og sögu okkar og tungu bjargað.

Alþingi var stofnað árið 930 til þess að tryggja ein lög í landinu og að menn næðu rétti sínum hvar sem þeir byggju. Einar Arnórsson hefur einnig fært rök að því að það hafi flýtt fyrir stofnun Alþingis að Noregskonungur sendi hingað Una danska til þess að ná landinu undir sig. Íslendingar skildu að þeir yrðu að standa saman gegn erlendu valdi. Alþingi hefur þess vegna frá upphafi komið fram fyrir hönd þjóðarinnar út á við gagnvart erlendum konungum og erlendu valdi þegar þess hefur þurft við. Gamli sáttmáli var samningur tveggja jafnréttháa aðila og í ákvæði hans sóttu Íslendingar vopn sín í sjálfstæðisbaráttunni þangað til sigur var unninn.

Á síðustu árum hafa erlend samskipti orðið snar þáttur í störfum Alþingis. Gagnkvæmum heimsóknum þingforseta og þingmanna hefur fjölgað. Við erum í tíu alþjóðlegum þingmannasamtökum og eru umsvif þeirra vaxandi. Í byrjun nóvember verður þing Norðurlandaráðs háð í Reykjavík. Það kallar á mikla vinnu og góðan undirbúning sem ég efast ekki um að verði okkur til sóma.

Allt þetta starf á vegum Norðurlandaráðs, Evrópusamstarfið og alþjóðasamstarfið er mjög krefjandi en þingmenn skilja mikilvægi þess að það sé vel leyst af hendi svo að við getum fylgst með þeim straumum sem leika um lönd og álfur. Menn eru sem betur fer farnir að skilja að ferðir stjórnmálamanna, ráðherra og þingmanna til annarra landa eru ekki skemmtiferðir heldur vinnuferðir sem krefjast góðs

undirbúnings, árvekni og hreinskilni. Persónuleg kynni sem stofnað er til í slíkum ferðum eru til þess fallin að auðvelda mönnum að vinna betur saman og hafa á stundum beinlínis flýtt fyrir því að ágreiningsmál leysist þjóða á milli. Íslenskir stjórnmálamenn hafa unnið sér traust í alþjóðlegu umhverfi.

Það er mikilvægt fyrir störf Alþingis að þingmenn búi við góð vinnuskilyrði. Það hefur verið of þröngt um nefndirnar í Þórshamri og þess vegna er mér ánægja að skýra frá því að nú á þessum haustdögum verður tilbúið nýtt húsnæði fyrir þær við Austurstræti.

Reynslan hefur sýnt að það var tímabær ákvörðun og rétt ákvörðun að leggja niður deildir Alþingis til þess að nýta tíma þingmanna betur og gera þeim kleift að einbeita sér að sérstökum málaflokkum. Sú verkaskipting hefur síðan kallað á betri vinnuaðstöðu í nefndum enda óhjákvæmilegt svo ör sem þjóðfélagsþróunin hefur orðið og svo miklar breytingar sem orðið hafa í mannlegum samskiptum á sumum sviðum. Síðasta áratuginn hefur Alþingi orðið sjálfstæðara í störfum sínum en áður var. Ég álít að ekki sé fótur fyrir því að það hafi fjarlægst þjóðina og sé ekki lengur spegilmynd hennar. Ef farið er yfir þingmálin og umræður sjáum við hið gagnstæða. En hitt er rétt að umræður um dýrtíðarmál og brýnar efnahagsráðstafanir heyra sögunni til og að þingið hefur í vissum greinum fært vald sitt út til þjóðarinnar og er það vel.

Þau sjónarmið heyra fortíðinni til að ætla að hið skapandi afl í þjóðfélaginu eigi að eiga upptök sín í sölum Alþingis. Það getur aldrei orðið. Hið skapandi afl býr í hinu iðandi mannlífi, markaðstorgi þess þar sem einstaklingarnir hafa olnbogarými til þess að njóta sín og koma hugmyndum sínum fram. Alþingi setur leikreglurnar og hefur eftirlit með að framkvæmdarvaldið sjái um að þær séu í heiðri hafðar.

Það kom af sjálfu sér þegar Danakonungur afsalaði sér einveldinu að Íslendingar kröfðust endurreisnar Alþingis.

Ríða skulu rekkar,
ráðum land byggja,
fólkdjarfir fyrðar
til fundar sækja,
snarorðir snillingar
að stefnu sitja,
þjóðkjörin prúðmenni
þingsteinum á.

Svo skal hinu unga
alþingi skipað
sem að sjálfir þeir
sér munu kjósa.

Þingræðið er runnið Íslendingum í merg og blóð. Lýðræði án þingræðis er hugmynd í lausu lofti á meðan lýðræði sem byggir á þingræði er besta þjóðfélagsform sem við þekkjum. Það er ekki gamall rammi utan um dautt málverk heldur lifandi þáttur í þjóðfélagsmyndinni sem endurnýjar sig í sífellu. Þingræðið getur aldrei verið í fárra höndum af því að þjóðin velur þá sem með það fara og endurnýjar umboð sitt ef henni svo sýnist eða felur öðrum að taka við ef hún kýs það heldur. Það er einmitt styrkur þingræðisins að stjórnmálamenn verða að leggja verk sín undir dóm kjósenda og þar með þjóðarinnar á fjögurra ára fresti og kynna stefnumál sín næsta kjörtímabil. Þá reynir á trúverðugleik þeirra og manndóm. Enginn er sjálfkjörinn. Þetta þekkjum við úr sögunni, sögu þingsins og sögu stjórnmálaflokkanna.

Ég hef orðið þess var að sú hugsun hefur komið fram að Alþingi sé að verða úrelt þing af því að upplýsingatækninni hafi fleygt svo mjög fram og af því að auðvelt sé að koma skilaboðum frá einum stað til annars með því að ýta á takka. Hugmyndin virðist vera sú að einstaklingarnir, hvar sem þeir eru staddir, eigi að koma sínum skilaboðum á framfæri. Við hvern er óljóst, nema tæknin eigi að vinna úr þeim.

En tæknin hefur engan miðpunkt og enga framkvæmd af sjálfri sér. Það er þess vegna ekki hægt að reiða sig á hana. Maðurinn verður að koma til skjalanna og vinna úr upplýsingunum. Við stöndum þess vegna í sömu sporum og áður nema það hefur bæst við að of mikil tækni, of mikið upplýsingaflæði getur orðið manninum ofviða nema farið sé með gát. Og horfum ekki fram hjá því að það er ekki í samræmi við lýðræðislega hugsun að greiða atkvæði gegnum netið eða með samsvarandi hætti af því að hin persónulega leynd hvers einstaklings er ekki tryggð. Reynslan sýnir að það er ekki einu sinni hægt að byggja skoðanakannanir á slíkum upplýsingum.

Þegar við Íslendingar fengum ráðherra 1. febrúar 1904 þótti sjálfsagt að hann hefði stuðning meiri hluta Alþingis á bak við sig og hefur svo verið jafnan síðan að ríkisstjórnir hafa stuðst við meiri hluta Alþingis og þar með haft stuðning meiri hluta þjóðarinnar. Ekki er fyrir það að synja að þeirri hugmynd hefur verið hreyft af og til að ráðherrar skuli ekki vera úr hópi alþingismanna og að ríkisstjórn geti jafnvel setið óháð Alþingi en slíkar hugmyndir hafa verið andvana fæddar, enda samræmast þær ekki lýðræðishefð Íslendinga og eru í bága við réttlætiskennd þeirra.

Hannes Hafstein var leiðtogi Alþingis og þess vegna var það í samræmi við inntak þingræðisins að hann tæki við embætti ráðherra og þannig hefur það verið. Leiðtogar þjóðarinnar á Alþingi hafa leitt ríkisstjórnir og skipað þær og borið á þeim pólitíska ábyrgð. Við getum því ekki sagt að íslenska þingið sé veikt. Þvert á móti hefur það mikinn styrk sem það sækir til þjóðarinnar sjálfrar. Þingmenn bera ábyrgð á verkum sínum gagnvart sjálfum sér og þjóðinni og hafa þess vegna sérstöðu.

Vegna þessarar sérstöðu sinnar hafa þingmenn lagt sig fram um að eiga náið persónulegt samband við sem flesta heim í sitt kjördæmi. Auðvitað eru vinnubrögð þeirra jafnmisjöfn og þingmennirnir eru margir en það er til marks um þá áherslu sem einstakir þingmenn leggja á þessi tengsl að þingmaður sem nú er horfinn af þingi hélt á hverju einasta ári, og þau voru 20, á milli 30 og 40 reglulega fundi í ýmsum byggðarlögum kjördæmisins. Þessu til viðbótar voru svo þeir fundir og samkomur sem til féllu svo að það var ekki lítið á sig lagt. Þó að þessi þingmaður væri duglegur var hann ekki einstakur að þessu leyti. Ég held þess vegna að það sé ógætilegt að gera lítið úr þeim persónulegu tengslum út í þjóðfélagið sem þingmenn hafa ef þeir leggja saman.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir að endurkjósa mig forseta Alþingis um leið og ég læt í ljós þá von að mér auðnist að eiga við þá gott samstarf.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[16:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar. Leita þarf afbrigða

frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Hefst þá kosning fjögurra varaforseta. Ég bið um lista.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
2. varaforseti: Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.

[16:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörf og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu fastanefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Ásta Möller (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Hjálmar Árnason (A).

3. Félagsmálanefnd:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jónína Bjartmarz (A).

4. Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Árni Johnsen (A),
Jón Kristjánsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Kristján Pálsson (A).

5. Heilbrigðis- og tryggingnefnd:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Ásta Möller (A),
Jón Kristjánsson (A).

6. Iðnaðarnefnd:
Guðjón Guðmundsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Árni Steinar Jóhannsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

7. Landbúnaðarnefnd:
Hjálmar Jónsson (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Þuríður Backman (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

8. Menntamálanefnd:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Árni Johnsen (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

9. Samgöngunefnd:
Árni Johnsen (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),

Kristján L. Möller (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Jón Bjarnason (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Jón Kristjánsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Hjálmar Árnason (A).

11. Umhverfisnefnd:
Kristján Pálsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Jón Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

[16:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Tafla með fundatíma fastanefnda verður sett í hólf þingmanna síðar í dag eða á morgun. Það er ósk forseta að fastanefndir, svo og alþjóðanefndir, komi saman til fundar hið fyrsta til að kjósa sér formann og varaformann og eftir atvikum ræða störf nefnda.

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsn. 17. maí 1999.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu alþjóðanefndir svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ásta Möller (A).

Varamenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Drífa Hjartardóttir (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jón Kristjánsson (A).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Árni Johnsen (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Þuríður Backman (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),

Gísli S. Einarsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

Varamenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Gunnar Birgisson (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Ögmundur Jónasson (B).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Jón Kristjánsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Kristján Pálsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A).

Varamenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Þá var hlutað um sæti þingmanna. Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Ásta Möller.
3. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
4. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
5. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
6. sæti hlaut Árni R. Árnason.
7. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
8. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
9. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
10. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
11. sæti hlaut Kristján Pálsson.
12. sæti hlaut Sverrir Hermannsson.
13. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
16. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
17. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
18. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
19. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
20. sæti hlaut Kristján L. Möller.
21. sæti hlaut Árni Steinar Jóhannsson.
22. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
23. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
24. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
25. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
26. sæti hlaut Þuríður Backman.
27. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
28. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
29. sæti hlaut Árni Johnsen.
30. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
31. sæti hlaut Halldór Blöndal.
32. sæti er sæti varamanns.
33. sæti er sæti varamanns.
34. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
35. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
36. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
37. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
38. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
39. sæti hlaut Jón Bjarnason.
40. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
41. sæti hlaut Katrín Fjeldsted.
42. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
43. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
44. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
45. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
46. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
47. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
48. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
49. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
50. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
51. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
52. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
53. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
54. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
55. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
59. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
60. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
61. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti menntamálaráðherra.
66. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.

67. sæti er sæti samgönguráðherra.
68. sæti er sæti umhverfisráðherra.
69. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 16:38.

---

2. FUNDUR

þriðjudaginn 3. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde fjmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

[19:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir og hefur hver þingflokkur til umráða 12 mínútur í fyrstu umferð, en í annarri umferð sex mínútur og í hinni þriðju fimm mínútur hver þingflokkur.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi:

Sjálfstfl., Samfylkingin, Framsfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrstu umferð, Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv., í annarri umferð og Björn Bjarnason menntmrh. í þriðju umferð. Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv., Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e., í annarri umferð og Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl., í þriðju umferð. Fyrir Framsfl. tala Páll Pétursson félmrh. í fyrstu umferð, í annarri umferð Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv., og í þriðju umferð Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl. Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e., í fyrstu umferð, í annarri umferð Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., og í þriðju umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv. Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., og Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri og þriðju umferð.

[19:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fræg eru þau ummæli ritsnillingsins að Íslendingar vildu helst ekki deila um neitt nema tittlingaskít. Eftir þessum orðum var tekið og þau lögð á minnið vegna þess að þau voru hnittin og í þeim fólst sannleikskorn. Flest okkar hafa einhvern tíma orðið sek um að láta aukaatriðin byrgja okkur sýn til þess sem meira máli skiptir. Jafnvel á þessum virðulega stað vill það henda fulloft. En það breytir ekki hinu að hvergi annars staðar er á jafnfáum fermetrum í landinu fjallað oftar og af meiri alvöru um málefni, tillögur og álit sem miklu skipta, jafnt fyrir einstaklinga, stóra hópa og jafnvel alla þjóðina. Enn á ný er „vertíðin" að hefjast, orðaskakið, átökin, deilurnar og rifrildið, en líka vel hugsaðar rökræður og lipurlegar skylmingar sem eru til þess fallnar að varpa ljósi á mismunandi leiðir að því markmiði, sem okkur öllum hlýtur að vera mikilvægast, að verða landi og þjóð til gagns. En margt er hér starfið, sem minna ber á, svo sem nefndastarfið, sem unnið er í skugganum, en skiptir svo miklu máli og loks eru það úrslitastundirnar þegar frumvörp verða að lögum og tillögur að ályktunum þingsins.

Meðaltöl eru hættuleg en ég læt undan freistingunni og nefni hér það meðaltal sem segir að Alþingi Íslendinga afgreiði ein lög á hverjum vinnudegi sínum og er spurningin helst sú, hvort það sé ekki of í lagt. Hvað sem þessu líður þá kynnir ríkisstjórnin nú þingheimi lista yfir þau frumvörp sem ráðherrar hugsa sér að flytja og er hann ekki tæmandi. Þjóðhagsáætlun hefur verið lögð fram og fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sitt til fjárlaga. Ekki er því hægt að saka þingheim um að byrja á „tittlingaskítnum" sem áður var nefndur. Hvað segja þessi miklu plögg okkur um framtíðina? Í hvað stefnir og hvernig hefur stjórnarstefnan gengið fram á fyrsta heila starfsári ríkisstjórnarinnar?

Ríkissjóður verður á næsta ári rekinn með meiri afgangi en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar og hefur ríkissjóðsafgangurinn aukist ár frá ári að undanförnu. Afgangurinn verður nálægt 30 milljörðum kr. eða sem nemur 4% af landsframleiðslunni. Þetta er algjört einsdæmi. En það sem mestu skiptir er að þessi árangur er hluti af þróun. Þriðja árið í röð verður afgangur á ríkissjóði meiri en 20 milljarðar eða samanlagt meiri en 80 milljarðar frá árinu 1999. Í lok næsta árs verða hreinar skuldir ríkisins aðeins um 14% af landsframleiðslunni en stefndi í 60% fyrir fáum árum. Um þetta segir í þjóðhagsáætlun:

„Þetta er einstæður árangur sem hefur skipað Íslandi í fremstu röð í þessum efnum meðal sambærilegra ríkja."

Ef svo heldur fram út kjörtímabilið verður ríkissjóður nær skuldlaus við lok þess. Það yrðu mikil tímamót og trygging fyrir vaxandi hagsæld og það sem meira er varanlegri hagsæld í landinu.

Þessi þróun er til marks um að þjóðarbúskapurinn er öflugri en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðar. Oft er deilt um ágæti mikils hagvaxtar og ekki er síður tekist á um skiptingu lífsins gæða. Nú hefur hagvöxtur verið nálægt 5% að meðaltali frá miðjum síðasta áratug og þekkjum við ekki hagstæðara tímabil í íslenskri efnahagssögu. Kaupmáttaraukning og hærri laun hafa fylgt þessum hagvexti. Um þann mikla árangur verður ekki deilt. Á sama tíma hafa um 15.000 ný störf orðið til á Íslandi. Verðbólga hefur verið lítil nær allan þennan tíma en því var spáð að hið íslenska hugarfar þyldi ekki svo langt og öflugt hagvaxtarskeið og verðbólgan hlyti að

fara algjörlega úr böndunum eins og jafnan hefur gerst áður við slíkar aðstæður. Merkur maður hélt því fram með nokkuð stóryrtum hætti að ríkisstjórnin leitaðist við að fela hið erfiða ástand, sem hann kallaði svo, fram yfir síðustu kosningar. „Hin tifandi tímasprengja" í efnahagsmálum mundi springa strax eftir kosningar með stórbrotnum afleiðingum. Nú er liðið eitt og hálft ár frá kosningum. Verðbólgan fer minnkandi, það dregur úr þenslu, staða krónunnar er sterk, þótt mikil vantrú umheimsins á evrunni hafi reynt á þanþol hennar. Minnkandi þensla mun draga hægt en örugglega úr viðskiptahalla. Atvinnuleysi er ekkert en sveigjanlegri reglur um erlent vinnuafl hafa auðveldað mönnum að koma í veg fyrir að vinnumarkaðurinn færi úr böndunum. Um alla þessa þróun segir svo í þjóðhagsáætlun þeirri sem þingmenn hafa fyrir framan sig:

„Þessi hagfellda þróun á sér rætur í traustu efnahagsumhverfi og stöðugleika sem hefur glætt vöxt í mörgum greinum atvinnulífsins. Markaðsumbætur, aukin samkeppni og skýrari leikreglur hafa leitt af sér aukna framleiðni og verðmætasköpun á breiðum grunni. Í þessu umhverfi hafa nýjar atvinnugreinar blómstrað; hátæknifyrirtæki í lífefnaiðnaði og hugbúnaðargerð hafa náð ótrúlegum árangri á fáum árum. Nýja hagkerfið hefur því sett svip sinn á efnahagsþróunina og virðast Íslendingar standa framarlega á því sviði eins og tölur sýna um vöxt slíkra fyrirtækja og aðgang að netinu. Einnig hefur verið mikill vöxtur í ýmsum „heföbundnum" greinum á undanförnum árum, m.a. hefur framleiðsla áls stóraukist og ferðaþjónusta hefur eflst. Þá hafa Íslendingar verið að hasla sér völl erlendis í ríkari mæli en áður, ekki síst á sviði hátækniiðnaðar, sjávarútvegs og fjármála.

Kennileitin í íslensku efnahags- og atvinnulífi hafa því breyst mikið á tiltölulega skömmum tíma. Þjóðarbúskapurinn hefur nú á sér alþjóðlegan blæ þar sem í aðalatriðum gilda sömu leikreglur og meðal þeirra þjóða sem hafa náð lengst. Þetta er án efa besta leiðin til að tryggja efnahag landsmanna í framtíðinni. Ríkisstjórnin mun því byggja áfram á þeim grunni sem hér hefur verið lagður á undanförnum árum þar sem hornsteinarnir eru opinn markaðsbúskapur, stöðugleiki, skýrar leikreglur og öflugir innviðir til að búa í haginn fyrir framfarir í atvinnulífinu.

Hagvaxtarskeiðið hefur leitt til þess að kjör heimila hafa stórbatnað. Til marks um það stefnir í að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði um 23% meiri á þessu ári en hann var 1995. Á sama tíma hefur einkaneysla aukist um 36%, eða um 110 milljarða króna sem samsvarar um 1,5 millj. króna á hverja fögurra manna fjölskyldu. Við þetta má bæta að mörg heimili og einstaklingar hafa fært sér í nyt ný tækifæri til sparnaðar og fjárfestinga sem leitt hafa af opnun hagkerfisins, sölu ríkisfyrirtækja og eflingu innlends hlutabréfamarkaðar."

Mikill viðskiptahalli hefur verið eina neikvæða táknið í íslenskum efnahagsmálum upp á síðkastið og hann er áhyggjuefni. Við Íslendingar höfum þó á hinn bóginn löngum búið við viðskiptahalla. En áður stafaði hann ekki síst af ógætilegum tökum á ríkisfjármálunum. Viðskiptahallinn nú er allt annars eðlis. Ríkið greiðir hratt niður skuldir sínar og er að verða nær skuldlaust. Aðrir aðilar hafa traust á stöðugleika íslenska efnahagslífsins og trúa á möguleika sína til endurgreiðslu þeirra skulda sem þeir hafa stofnað til. Hafi þessir aðilar reiknað sín dæmi rétt, sem engin sérstök ástæða er til að efast um, og takist okkur að halda óbreyttri efnahagsstefnu, sem ríkisstjórnin mun leggja allt kapp á, er viðskiptahallinn því minni ógn en menn vilja vera láta, auk þess sem nú er væntanlega komið yfir kúfinn í þeim efnum. Þá er rétt að benda á enn eina mikilvæga staðreynd. Árið 1995 áttu Íslendingar nánast engar eignir í erlendum hlutabréfum. Á miðju þessu ári voru þessar eignir komnar í 155 milljarða króna og hafa sjálfsagt vaxið enn frá þeim tíma. Afrakstur af þessum miklu eignum okkar erlendis munu koma hingað heim og aukast ár frá ári á næstu árum og stuðla þar með að stöðugleika í gengi og jafnframt eru þær til þess fallnar að styrkja stoðirnar undir langtímasparnaði landsmanna.

Kjarasamningar sem launþegahreyfingin og samtök atvinnulífsins hafa þegar gert eiga að tryggja tvennt. Í fyrsta lagi að hin mikla kaupmáttaraukning sem orðið hefur undanfarin ár varðveitist og reyndar vaxi. En almennur kaupmáttur hefur vaxið um tæp 30% frá árinu 1993. Eru varla dæmi um jafnmikla kaupmáttaraukningu í heföbundnum samanburðarlöndum okkar. Í öðru lagi var forsenda kjarasamninga sú að treysta stöðugleika og lága verðbólgu. Enn sem komið er bendir flest til að bæði þessi markmið náist. Hið síðarnefnda markmið þjónar auðvitað öllum á vinnumarkaðinum, ekki síður þeim hluta hans sem ekki hefur enn gengið frá sínum samningum. Því hlýtur öllum að vera fullljóst að við þá samningagerð sem eftir er hlýtur meginmarkmiðið báðum megin við borðið að vera að kollvarpa ekki þeim forsendum sem stöðugleiki efnahagslífsins er að þessu leyti byggður á.

Þess hefur verið gætt að kaupmáttaraukningin nái einnig til þeirra sem ekki semja um kjör sín, svo sem aldraðra og öryrkja og hafa öll þau skref sem ríkisstjórnin hefur stigið undirstrikað þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa á kjörtímabilinu.

Fjárhagur sveitarfélaganna í landinu er æðimisjafn. Flest hinna stærri sveitarfélaga njóta þess mjög að stórhækkað fasteignamat og aukin raunhækkun launa er að skila þeim verulegum tekjum að óbreyttum tekjustofnum. Reyndar hafa sum sveitarfélög verið að hækka álögur sínar á almenning um leið og ríkið hefur verið að skera sínar niður. Mörg sveitarfélög hafa á hinn bóginn liðið vegna fólksfækkunar og annarra erfiðleika og er ljóst að ríkisstjórnin vill koma til móts við þessi sveitarfélög með því að styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með fólksfækkunar- og þjónustuframlögum. Jafnframt er að því stefnt að leiðrétta þá skipan að fólk úti á landi greiði fasteignaskatta sem eru ekki í neinu samræmi við mat á verði fasteigna þeirra.

Fyrir meira en áratug var gengið mjög ógætilega og fyrirhyggjulaust fram í uppbyggingu svokallaðs félagslegs húsnæðis í sumum sveitarfélögum. Má þar um kenna skammtíma sjónarmiðum forráðamanna þeirra sveitarfélaga og gáleysi þess hluta ríkisvaldsins sem í hlut átti. Nú er komið að skuldadögum og engin augljós lausn í augsýn. Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti leita að lausn í samstarfi við sveitarfélögin, en í þeim efnum verður að gæta jafnræðis og eins hins að svipta viðkomandi sveitarfélög ekki allri ábyrgð af gerðum sínum.

Herra forseti. Í apríl sl. lagði utanrrh. fram á Alþingi skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Í skýrslunni er umfangsmikil lýsing á EES-samningnum og rekstri hans. Til samanburðar er annars vegar hugað að þeim kosti hvar Íslendingar stæðu án EES-samningsins, hins vegar hvaða afleiðingar aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti haft. Fram kemur að EES-samningurinn virki eins og honum var ætlað og afraksturinn hafi reynst góður og rekstur samningsins gengið vel.

EES-samningurinn tryggir vissulega ekki beinan aðgang að pólitískri ákvörðunartöku í ESB. Það stóð aldrei til. Það var vitað þegar samningurinn var gerður og hefur því legið fyrir frá upphafi eins og segir í skýrslunni. Á móti þurfti ekki að gangast undir nein þau atriði í ESB sem við vildum ekki. Bent er á að kostir EES-samningsins felist einkum í því að hann veiti aðgang að þeim þáttum Evrópusamstarfsins sem áhugaverðastir eru meðan aðrir þættir sem ekki höfða til íslenskra hagsmuna eða hreinlega ganga gegn íslenskum hagsmunum standi utan samningsins. Og hvaða þættir eru það? Jú þeir felast í þeim stóru ókostum sem áður hefur oft verið bent á og hin ágæta skýrsla utanrrh. staðfestir að eru áfram til staðar.

Þannig eru þær hættur sem fylgdu aðild að sjávarútvegsstefnu ESB fyrir íslenska hagsmuni taldar fram í skýrslunni. Ekkert bendir til að sjávarútvegsstefna ESB sé líkleg til að haggast í neinum aðalatriðum. Samanborið við Ísland eru allar aðstæður innan Evrópusambandsins í þessum efnum gjörólíkar, eins og réttilega segir í skýrslunni, því í ESB er litið á sjávarútveg sem hluta af byggðastefnu fremur en sem sjálfstæðan og sjálfbæran atvinnuveg. Sérstaklega er tekið fram varðandi sjávarútveginn það sem alltaf hefur verið vitað, að meginreglan í aðildarviðræðum sé sú að varanlegar undanþágur frá stefnu sambandsins fáist ekki.

Sumar greinar íslensks landbúnaðar gætu haft eftir einhverjum styrkjum að slægjast með aðild, styrkjum sem allar líkur væru þó á að færu lækkandi með stækkun ESB. Unnar búvörur mundu eiga undir högg að sækja í samkeppni við stóra framleiðendur á meginlandinu og íslenskir bændur gætu lent í vandræðum við að afsetja afurðir sínar, eins og segir í skýrslunni. Þá kemur fram að byggðastyrkir yrðu Íslendingum torsóttir í aðildarviðræðum og með stækkun ESB mundu byggðastyrkir til Íslands og annarra efnaðra ríkja í ESB minnka. Ókostir fyrir hagkerfi eins og okkar af aðild að Efnahags- og myntbandalaginu og af því að verða að taka upp evruna, eru þeir sem áður eru þekktir og lúta einkum að því að skerða enn frekar möguleika íslenskra stjórnvalda til að bregðast við óvæntum sveiflum í þjóðarbúskapnum. Í skýrslunni er á hinn bóginn bent á að aðild að evrunni gæti verið áhugaverð fyrir þá sök að hún mundi stuðla að lægri vöxtum.

Í skýrslu utanrrh. er reynt að áætla hvað aðild Íslands að ESB mundi kosta í beinhörðum peningum. Þannig er talið líklegt að framlag Íslands gæti orðið rúmlega 8 milljarðar króna á ári sem var varlega áætlað og bent á að óvíst sé hve mikið kæmi til baka. Þó mætti búast við að helmingur eða meira kæmi til baka úr sameiginlegum sjóðum ESB fyrsta kastið, eins og það er orðað, og þá vegna landbúnaðar, byggðastefnu og vegna styrkja til sjávarútvegs. Hvað varðar styrki til sjávarútvegs er hins vegar bent á, og rétt að leggja áherslu á það, að óvíst væri hvort Íslendingar mundu sækjast eftir slíku fé. Það gengi gegn öllum meginreglum í rekstri íslensks sjávarútvegs og í skýrslunni er tekið fram að styrkir til sjávarútvegs í ESB hafi reynst honum skaðlegir.

Víst er að framlag Íslands á mann til sjóða ESB yrði hátt og með því hæsta sem gerist innan ESB vegna hlutfallslega mjög hárra þjóðartekna hér. Jafnvíst væri að Íslendingar mundu greiða mun meira til sjóða sambandsins en þeir fengju til baka. Þá er öruggt að eftir stækkun ESB mundi framlag Íslands stórhækka og endurgreiðslur lækka vegna mun hærri þjóðartekna á mann á Íslandi en í nýjum aðildarríkjum.

Ákvörðun dönsku þjóðarinnar um að hafna því að kasta sjálfstæðum gjaldmiðli sínum í þágu sameiginlegrar myntar liggur fyrir. Sætir niðurstaðan miklum tíðindum. Ríkisstjórnarflokkarnir í Danmörku ásamt stærstu stjórnarandstöðuflokkunum, fjölmiðlum og forustumönnum alls atvinnulífs urðu undir í því máli. Hér skal enginn dómur lagður á það hvort sú niðurstaða var góð eða slæm fyrir Danmörku. En af þjóðaratkvæðagreiðslunni og hinni afgerandi niðurstöðu hennar getum við öll dregið heilmikinn lærdóm. Eftir sem áður þurfa íslensk stjórnvöld að fylgjast sjálfstætt og grannt með þróun Evrópumála. Skýrsla nefndar forsrh. um evruna og fyrrgreind skýrsla utanrrh. eru liður í því.

Herra forseti. Þótt nauðsynlegt sé að draga úr umsvifum í þjóðarbúskapnum um sinn til að ná betra jafnvægi eigum við marga góða möguleika þegar litið er til framtíðar. Nýjustu seiðamælingar ýta undir vonir um að fiskstofnar styrkist þegar fram í sækir og viðræður standa yfir um verulega aukningu á nýtingu auðlinda til stóriðju. Á undanförnum áratug og árum hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þekkingar og rannsókna og framlög mjög verið aukin til slíkra þátta. Þetta er nú að skila sér í fjölda nýrra fyrirtækja sem fyrst og fremst byggja starfsemi sína á rannsóknum og þróun og nýtingu nýrrar tækni. Hér má benda á starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar sem miklar vonir eru bundnar við. Skipulagsbreytingar í hagkerfinu hafa örvað starfsemi í nýjum greinum og þeim verður haldið áfram. Þannig er nú verið að undirbúa næsta áfanga einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar. Ekki eru þó efni til þess hér að nefna einstakar tímasetningar en Landssíminn, bankar og Íslenskir aðalverktakar eru þar ofarlega á blaði. Allt eru þetta umfangsmikil verkefni og þarf því ekki að undra að nokkurn tíma taki að undirbúa þau.

Auðlindanefnd, sem svo er kölluð, skilaði mér álitsgerð sinni fyrir fáeinum dögum. Nefndin skilar sameiginlegu áliti um þetta mikilvæga og snúna viðfangsefni sitt og er það eitt töluverð tíðindi. Hljótum við öll að binda við það vonir að þar með sé stigið fyrsta skref í átt að sæmilegri sátt meðal þjóðarinnar um meginefni fiskveiðistjórnarkerfisins, þótt rétt sé að viðurkenna að margt er enn óunnið. Ég tel fyrir mitt leyti að skýrsla auðlindanefndar færi alla nær sáttargjörð í málinu.

Herra forseti. Það er einkenni stuttrar stefnuræðu að hverju sinni er aðeins tóm til að nefna örfáa þætti úr stefnumálum ríkisstjórnarinnar. Upptalning á hinum fjölmörgu málefnum hefur lítið gildi. Áherslur ríkisstjórnarinnar á þeim sviðum munu koma fram við fjárlagaumræðuna og þegar þingmál ráðherranna munu berast þinginu á næstu vikum.

Ég lýk máli mínu með því að óska eftir góðu samstarfi við forustu þingsins og stjórnarandstöðuna um framgang mála og árna íslenskri þjóð allra heilla í bráð og lengd.

[20:14]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir Íslendingar. Það er rétt hjá forsrh. að ein athyglisverðustu tíðindi sem lengi hafa rekið á pólitískar fjörur landsmanna eru niðurstaða auðlindanefndar. Sætir pólitískum tíðindum að niðurstaða nefndarinnar var sameiginleg og allir skrifuðu undir hana. Fyrir okkur jafnaðarmenn voru niðurstöðurnar ánægjuefni því að í öllum meginatriðum var þar tekið undir þau viðhorf sem við höfum barist fyrir árum saman.

Í fyrsta lagi er lagt til í niðurstöðum nefndarinnar að sameiginlegar auðlindir, þar á meðal fiskstofnarnir, verði

skilgreindar sem þjóðareign. Það er meira að segja lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði í stjórnarskránni þar sem því er lýst.

Í öðru lagi er lagt til að þeir sem fá tímabundinn afnotarétt af auðlindunum greiði fyrir það sérstakt gjald og þar með virðist í höfn þetta gamla baráttumál okkar íslenskra jafnaðarmanna um veiðileyfagjald sem löngum átti þó erfitt uppdráttar, ekki síst í þessum sal. Það skiptir hins vegar ákaflega miklu máli fyrir alla, fyrir alla þjóðina hvert framhaldið á þessu máli verður.

Við Íslendingar höfum alltaf verið á móti forréttindum og einhvern veginn hefur það verið í eðli okkar að við viljum jafnræði á sem flestum sviðum. Ég tel að til þess að ná jafnræði í sjávarútvegi verði það best tryggt með því að nota svipaðar aðferðir og auðlindanefndin hefur mælt með varðandi útdeilingu á öðrum auðlindum náttúrunnar, þ.e. að kvótinn verði smám saman allur settur til leigu á markaði. Ég tel að það sé sanngjarnasta og réttlátasta leiðin. Með því má segja að við sláum þrjár flugur í einu höggi: Kvótanum er öllum deilt út tímabundið til leigu meðal þjóðarinnar, þjóðin fær þar með leigugjald fyrir eignina sem hún á og jafnræði er tryggt vegna þess að allir hafa sömu möguleika til að verða sér úti um aflaheimildir. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt vegna þess að það hleypir nýju blóði inn í greinina.

Merkur maður lýsti því í stefnuræðu úr þessum stóli árið 1996 hversu mikilvægt það væri að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess, eins og hann sagði, með leyfi forseta, „að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári."

Þegar þessum áhyggjum var lýst var viðskiptahallinn einungis 8 milljarðar kr. Í dag er hann næstum sjöfalt meiri eða 54 milljarðar og Þjóðhagsstofnun segir að á næsta ári hækki hann að öllum líkindum í 57 milljarða. Þó að ríkisstjórnin, sem þessi merkismaður veitir enn þá forustu, virðist ekki hafa giska miklar áhyggjur af viðskiptahallanum eins og fram kom í ræðunni áðan hjá forsrh. vill svo til að það eru aðrir sem hafa meiri áhyggjur, og meðal þeirra er t.d. sú stofnun sem hefur það hlutverk að veita hæstv. ríkisstjórn ráðgjöf í efnahagsmálum. Það vill svo til að í gær var dreift áætlun frá henni á borð okkar alþingismanna, og hvað sagði í þessari þjóðhagsáætlun um einmitt viðskiptahallann? Þar sagði, með leyfi forseta:

„Áframhaldandi hár viðskiptahalli mundi því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu."

Og síðan bætir stofnunin í og segir:

„Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Hvað er Þjóðhagsstofnun að segja? Hún er að segja að tímasprengjan tifar enn þá og að nauðsynlegt sé að aftengja þá tímasprengju til þess að hún valdi ekki usla. Hún er að segja að það sé forgangsverkefni við efnahagsstjórnina. Og hún er að segja eins og Samfylkingin benti á fyrir missirum að mikill og vaxandi viðskiptahalli er hættulegur íslensku krónunni.

Voru varnaðarorð Samfylkingarinnar kannski út í loftið í fyrra? Hvað gerðist í sumar? Viðskiptahallinn veikti krónuna nægilega til þess að spákaupmenn veittust að henni ekki einu sinni heldur tvívegis og Seðlabankinn þurfti að verja næstum því 10 milljörðum kr. til þess að verja hana þeim atlögum. Það tókst samt ekki betur en svo að í dag er gengi krónunnar u.þ.b. 6% lægra en í maí. Og svo kemur forsrh. í þennan stól og segir að gengi krónunnar sé traust.

Staðreyndin er auðvitað sú að ríkisstjórninni urðu á mistök í aðdraganda síðustu kosninga. Vegna þeirra mistaka eru vextir í dag miklu hærri en þeir hefðu ella orðið. Vegna þeirra mistaka reið húsbréfakreppan yfir á sl. sumri og vegna þeirra mistaka varð verðbólgan miklu hærri, náði upp í 6%, en nokkurn óraði fyrir og stjórnarandstaðan spáði nokkru sinni. Viðskiptahallinn sem stjórnvöld þrástagast á að sé að minnka er alltaf að aukast og samt eru þeir búnir að finna upp nýjar aðferðir til að reikna hann út.

Ég óska hæstv. forsrh. til hamingju með þann mikla afgang sem er á ríkissjóði. Það er að sjálfsögðu ákaflega jákvætt. En það er hins vegar miklu verra að þessi mikli afgangur stafar fyrst og fremst af viðskiptahallanum og síðan földum skattahækkunum sem bitna harðast á þeim sem hafa lágar tekjur.

Allir vita að viðskiptahallanum fylgir mikil skuldasöfnun erlendis og árið sem núv. ríkisstjórn tók við voru hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins rúm 50% af landsframleiðslu. Merkur maður lýsti því þá yfir úr þessum stóli að hann stefndi í að þær lækkuðu í 34% af landsframleiðslu í lok ársins 2000. Hæstv. forsrh., hverjar eru þær í dag?

Á þessi ári segir Þjóðhagsstofnun, sem gefur ríkisstjórninni ráð í efnahagsmálum, að hrein erlend staða þjóðarbúsins verði neikvæð um 55% og í lok næsta árs verði hún að öllum líkindum öllu meiri. Þannig fór það nú, þannig fór sú spá.

Góðir Íslendingar. Það er skylda allra stjórnmálamanna að vara við hættunum sem eru fram undan. Í dag er ekki síður aðkallandi að ná tökum á viðskiptahallanum en forsrh. fannst árið 1996 þegar hann var sjöfalt minni. Lögmál hagfræðinnar hafa ekki breyst neitt síðan þá.

Góðir landsmenn. Í góðærinu sem stjórnvöld lýsa sem hinu mesta í sögu þjóðarinnar er það sannkölluð þjóðarskömm að á meðal okkar er stór hópur, allt of stór, sem býr við kjör sem duga varla fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu. Við sáum hluta þessa hóps fyrir utan Alþingishúsið í gær, aldraða og öryrkja sem eru sannarlega búnir að fá sig fullsadda af þessu góðæri ríkisstjórnarinnar. Það er góðæri sem þetta fólk finnur ekki. Öflugt markaðskerfi, eins og við styðjum flest í þessum sal, kallar nefnilega á styrkar stoðir velferðarkerfisins, ella eykst misskiptingin í samfélaginu. Bilið milli þeirra sem hafa nóg að bíta og brenna eins og flest okkar í þessum sal og hinna heldur áfram að gliðna og það er því miður það sem er að gerast í samfélaginu í dag, og það er það sem við í Samfylkingunni viljum berjast gegn. Það á enginn að þurfa að una fátækt og óvissu um framtíð sína.

Herra forseti. Á þeim tíu árum sem Sjálfstfl. fór með forustu í byggðamálum hafa 12 þúsund manns flust af landsbyggðinni hingað suður. Það jafngildir sex fjögurra manna fjölskyldum í hverri einustu viku í tíu ár. Hvað endurspeglar fullkomið skipbrot byggðastefnu þessarar ríkisstjórnar betur en þessar tölur?

Ég er hræddur um að við þurfum nýja sýn á byggðamálin og sú sýn kemur ekki í gegnum Byggðastofnun og þau vinnubrögð sem þar hafa verið ástunduð og eru best til þess fallin að koma óorði á byggðastefnuna í landinu.

Í hverju felst hin nýja sýn? Í hverju felast draumar unga fólksins? Þeir felast ekki í fiski og ekki í kvóta. Þeir felast í tækifærunum sem liggja í nýja hagkerfinu, upplýsingatækninni, fjarskiptunum, netinu. Byggðastefna sem á að vera

annað en orðin tóm verður að taka mið af því. Byggðastefna Samfylkingarinnar tekur mið af því. Við viljum t.d. beita tímabundnum skattaívilnunum til þess að örva einkafyrirtæki til að flytja störf á hátæknisviði út á landsbyggðina og við bendum á sérlega góða reynslu þeirra fyrirtækja sem það hafa gert hingað til. Við viljum nota netið til þess að efla fjarkennslu og gera sem flestum kleift að stunda sitt framhaldsnám í heimahéraði þannig að þegar ungarnir eru loksins orðnir fleygir og skríða úr hreiðrinu þurfi foreldrarnir ekki að fljúga með þeim burt úr heimabyggðinni. Þetta tel ég að skipti miklu máli og það skiptir miklu máli að þeirri stefnu sem hæstv. menntmrh. hefur komið á varðandi fjarnám á landsbyggðinni, sem eru sérstök skólagjöld á landsbyggðina, verði hrundið. Og það mun stjórnarandstaðan sameiginlega gera.

Landsbyggðin verður hins vegar sjálkrafa dæmd úr leik ef hún getur ekki notað sér möguleika netsins og fjarskiptanna á svipuðu verði og þéttbýlið getur. Ljósleiðarinn á þess vegna að vera eins og vegakerfið, hann á að vera sameign þjóðarinnar, það eiga allir að geta notað hann án tillits til búsetu. Og þess vegna er það forsenda framsýnnar byggðastefnu að ljósleiðarinn verði ekki einkavæddur fremur en vegakerfið og hafnirnar.

Góðir Íslendingar. Ef við ætlum að spjara okkur í framtíðinni í samkeppni við aðrar þjóðir, ef við ætlum að skara fram úr þá þurfum við að byggja menntakerfi sem er ekki bara jafngott og menntakerfi annarra þjóða heldur betra. En hver er staða íslenska menntakerfisins í dag í samanburði við aðrar þjóðir? Eru framlög til íslenskra menntamála svipuð og í nágrannalöndunum? Nei. Eru launakjör kennara svipuð og í nágrannalöndunum? Nei. Leggjum við sömu áherslur á rannsóknir og þróun og nágrannalöndin? Nei. Stöndum við öðrum þjóðum langt að baki varðandi háskólamenntun? Já.

Auðlind framtíðarinnar er ekki fiskur heldur maðurinn sjálfur. Og það er ekki nóg að fjárfesta í sjávarútvegi, við þurfum að fjárfesta í mannauðnum. Endurbætur á menntakerfinu verður því forgangsverkefni Samfylkingarinnar þegar hún gengur til þátttöku í ríkisstjórn.

Góðir landsmenn. Með réttum aðgerðum á sviði skattamála, menntunar og fjarskipta er hægt að gjörbreyta áherslum í atvinnulífinu og skipa Íslandi í fremstu röð í hinu nýja hagkerfi framtíðarinnar. Á því veltur framtíð okkar sem þjóðar í samkeppni við aðrar þjóðir en til þess að það sé hægt þarf markvissa stefnu. Þá stefnu er ekki að finna hjá þessari ríkisstjórn en þá stefnu mun Samfylkingin kynna fyrir ykkur í störfum sínum hér í vetur. — Góðar stundir.

[20:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar við komum saman til þingstarfa á þessu hausti er að flestu leyti bjart yfir þjóðlífinu. Sú heillaþróun sem hófst með þátttöku Framsfl. í ríkisstjórn vorið 1995 heldur áfram. Fjárhagur ríkisins er orðinn traustur, atvinnuleysinu hefur verið útrýmt.

Við framsóknarmenn töluðum 1995 um að skapa þyrfti 12 þúsund störf til aldamóta. Þau eru orðin yfir 15 þúsund. Þessi mikla fjölgun starfa hefur orðið til þess að við erum orðin háð erlendu vinnuafli. Gera má ráð fyrir að hér séu að störfum 8–9 þúsund útlendingar. Reynslan sýnir að um 40% þeirra útlendinga sem fengu atvinnuleyfi frá Vinnumálastofnun fyrir fjórum árum eru hér enn þá. Þetta fólk er að setjast hér að og við höfum skyldur við það eins og aðra þegna þjóðfélagsins. Á þessu hausti eru t.d. 700 börn í grunnskólum Reykjavíkur af erlendu bergi brotin.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ætla að sinna nýbúum myndarlega og hafa alla burði til þess. Við í félmrn. ætlum okkur að hrinda í framkvæmd ályktun Alþingis frá í fyrravor og koma á fót nýbúamiðstöð á Vestfjörðum.

Einnig ber að geta þess að undanfarin tvö ár hafa fleiri Íslendingar komið heim frá útlöndum en flutt hafa úr landi. Þetta sýnir okkur m.a. að hér er betra að búa en víðast hvar annars staðar og trúin á landinu hefur aukist.

Hagur fjölskyldnanna á Íslandi hefur stórbatnað. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um fjórðung, velferðarþjóðfélagið stendur miklu traustari fótum og það samfélag sem við lifum í í dag er að flestu leyti betra en það var fyrir hálfum áratug. Ekki svo að skilja að ekki bíði næg verkefni fram undan. Þótt lífskjör hér séu betri en í næstum öllum öðrum löndum er þó brýnt að bæta enn frekar en gert hefur verið kjör öryrkja og þess hluta aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Einnig þarf að leita leiða til að auðvelda öldruðum, sem langflestir hafa sem betur fer góða eignastöðu, að njóta eigna sinna og skapa sér þægilegri lífdaga á ævikvöldi fremur en að láta eftir sig mikinn arf.

Efnahagur ríkisins er mjög traustur og sama má segja um efnahag þeirra sveitarfélaga sem best eru rekin og ekki hafa orðið fyrir áföllum. Afkoma sveitarfélaganna skiptir þjóðarbúskapinn miklu máli og því er brýnt að hann sé alls staðar í lagi. Með nýlegum sveitarstjórnarlögum hefur fjárhagseftirlit þeirra verið treyst. Við þurfum að styrkja sveitarstjórnarstigið, flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og fá sveitarfélögunum tekjur til þess að standa sómasamlega undir lögbundnum verkefnum sínum.

Nefnd um tekjustofna sveitarfélaga sem ég skipaði í fyrra er komin vel á veg og vona ég að sátt geti orðið um tillögur hennar. Þessi nefnd hefur vandasamt verkefni þá þegar af þeirri ástæðu að aðstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Hinir miklu þjóðflutningar sem orðið hafa á undanförnum árum hafa komið harkalega við sveitarfélögin.

Þjóðhagsstofnun áætlaði fyrir tveimur árum að hver einstaklingur sem flytti búferlum kostaði viðtökusveitarfélagið 3–5 millj. Útsvarstekjur vaxa raunar á móti um 10–15% milli áranna 1999 og 2000 í þeim sveitarfélögum þar sem aðflutningurinn er mestur. Þau sveitarfélög sem verða fyrir verulegri fólksfækkun eiga hins vegar við tilfinnanlega tekjuskerðingu að stríða. Þar að auki sitja sum sveitarfélög uppi með auðar íbúðir sem þau hafa orðið að innleysa úr gamla félagslega húsnæðiskerfinu. Þetta skapar gífurlegan vanda í sumum sveitarfélögum. Unnið er að lausn þessa vanda.

Árið 1999 og það sem af er þessu ári hafa verið innleystar af sveitarfélögunum um 480 félagslegar íbúðir. 220 þessara íbúða hefur verið breytt í leiguíbúðir í eigu sveitarfélaganna en hinar seldar út úr kerfinu. Íbúðalánasjóður hefur veitt rúmlega 500 lán til leiguíbúða frá því að hann tók til starfa og um tvö þúsund tekjulitlar fjölskyldur hafa fengið lán til að kaupa sér eigið húsnæði.

Viðræður standa yfir um hvernig ríkisaðstoð við öflun leiguhúsnæðis verður háttað í framtíðinni. Þá er mikið starf ónunnið við að ráða bót á fortíðarvanda félagslega húsnæðiskerfisins en að því munum við einbeita okkur. Breytingin á húsnæðiskerfinu hefur sannað ágæti sitt og stuðlað að stórkostlegum úrbótum í húsnæðismálum, sérstaklega hinna tekjulægri.

Fólksflutningar hafa skapað mikla þenslu á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins og sú þensla er rótin að helmingi þeirrar verðbólgu sem verið hefur undanfarið. Sem betur fer er heldur að draga úr þenslunni sem er auðvitað varasöm og þjóðhagslega mjög óhagkvæm. Þenslan á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins orsakaði einnig afföll á húsbréfum og þrátt fyrir afföllin, sem eru enn of mikil, eru þó raunvextir af húsbréfum enn þá innan við 6%.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur miklu og vaxandi hlutverki að gegna og ástæða er til að endurskoða reglur þær er gilda um jöfnunarsjóði. Enn fremur verður að lagfæra grundvöll fasteignamatsins og miða við raunverulegt verðmæti eigna. Það er ranglátt að skattleggja fasteignir á landsbyggðinni langt yfir markaðsverði. Á hinn bóginn verður að bæta sveitarfélögum sem verða fyrir tekjutapi við leiðréttingu fasteignamatsins, tekjumissi sem hlýst af breytingunum.

Svokölluð auðlindanefnd hefur nýlega skilað viðamikilli álitsgerð. Það er von margra að tillögur auðlindanefndar geti leitt til betri sátta í þjóðfélaginu um skipan auðlindamála en ég tel fyllstu ástæðu til að fara vandlega yfir hvernig hugmyndir auðlindanefndar koma við sveitarfélögin í landinu og mun óska eftir samstarfi við sveitarfélögin um það efni. Veiðileyfagjald er fyrst og fremst skattur sem leggst á landsbyggðina og gaumgæfa ber vandlega hver áhrif veiðileyfagjaldið kemur til með að hafa á sjávarbyggðirnar.

Á sviði barnaverndarmála hefur sá gleðilegi árangur náðst að biðlisti eftir vímuefnameðferð er horfinn og unnt er að veita þeim börnum sérhæfða meðferð sem þess þarfnast. Frv. til nýrra barnaverndarlaga verður lagt fram á Alþingi innan skamms. Frv. felur í sér fjölda nýmæla og einnig er margt skýrara þar en í gildandi lögum. Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir stórhækkun fjármuna til barnabóta. Þá mun ég endurflytja frv. til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga ásamt fylgifrumvörpum. Þessi frv. voru lögð fram til kynningar á síðasta þingi og umsagna var aflað. Félagsþjónustufrv. breytist nokkuð með hliðsjón af ábendingum sem fram hafa komið. Er það von mín að á grundvelli nýrra laga verði félagsþjónustan betri og skilvirkari og betur verði séð fyrir þörfum langveikra barna og fatlaðra. Biðlistar eftir úrræðum fyrir fatlaða eru að styttast og hefur verið unnið markvisst eftir tillögum biðlistanefndarinnar frá 1998.

Nýlega hafa verið tekin í notkun í Reykjavík dagvistarrými þar sem um 40 einstaklingar njóta þjónustu og von er til að þörfinni fyrir dagvistarrými í Reykjavík verði fullnægt innan skamms. Hvað búsetuúrræði varðar standa vonir til þess að unnt verði að leysa úr vanda flestra á næstu missirum.

Nýlega var opnuð Jafnréttisstofa á Akureyri. Starfið þar fer glæsilega af stað undir forustu Valgerðar H. Bjarnadóttur. Nýju jafnréttislögin leggja grunn að bættu þjóðfélagi jafnaðar og réttlætis. Við Íslendingar erum í fararbroddi þjóða heims í jafnréttismálum og það er viðurkennt á alþjóðavettvangi.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof voru samþykkt á síðasta þingi. Þegar þau eru að fullu komin til framkvæmda hafa konur og karlar sama rétt og sömu aðstöðu til góðs fjölskyldulífs og ættu einnig að verða jafnsett á vinnumarkaði hvað laun og starfsframa varðar. Þessi lagasetning er geysilegt framfaraspor og mjög mikil réttarbót fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Herra forseti. Samskipti okkar við aðrar þjóðir varða okkur ætíð miklu. Það er engin nýlunda þó rætt sé um afstöðu Íslands til Evrópusamrunans enda er það málefni sem flestum öðrum fremur ræður því hvar menn skipast í flokka. Afstaða til EB var rækilega rædd upp úr 1960. Evrópustefnunefnd Alþingis lagði í það mikla vinnu á árunum 1988–1990 að reyna að móta afstöðu Íslands sem var að frumkvæði utanrrh. var unnin mikil skýrsla og lögð fram á Alþingi og rædd hér á síðasta vori um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Innan Framsfl. fer nú fram umræða um Evrópumál en það er fjarri því að það merki að Framsfl. hafi breytt um afstöðu til Evrópusambandsins. Samkvæmt skýrslu utanrrh. mundi aðild að ESB kosta okkur yfir 8.000 millj. árlega í beinum fjárframlögum til sjóða bandalagsins. Við gætum hugsanlega fengið helming þeirrar upphæðar til baka í styrkjum að óbreyttum aðstæðum. Ef við höfum 8.000 milljónir aflögu árlega sýndist mér ráðlegra að ráðstafa þeim sjálfir innan lands til byggðamála, til atvinnuuppbyggingar og til að bæta lífskjör þjóðarinnar.

Sem betur fer farnast okkur vel við núverandi aðstæður og engar þær blikur sjáanlegar sem knýja okkur til stefnubreytingar. Á meðan við búum við betri lífskjör, meiri lífsgæði og traustari hag en flestar aðrar þjóðir getum við unað glöð við okkar. Sjálfstæðið hefur reynst Íslendingum dýrmætt, yfirráð yfir auðlindum okkar eru okkur ómetanleg og óskynsamlegt væri að afsala þeim.

[20:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Það er skrítið
hvað lítill, útskorinn snældustokkur,
sem ungur maður hefur leikið sér að,
getur lengi vakað í huga hans.

Þegar fyrsta, annað og þriðja högg uppboðshaldarans
skall á blámálaðri bík hans,
var eins og lítill drengur væri barinn
fyrir það, sem hann hafði ekki gert.

Fóstra grét, þegar húsið okkar var selt,
og víst munum við rökkur kvöldsins áður,
þegar við gengum á fund sýslumannsins,
eins og við tryðum ekki lengur auglýsingum símastauranna.

Fátækt fólk kveður eitt þorp og heilsar öðru,
hús þess og snældustokkur er boðinn upp
og sleginn hæstbjóðanda,
kindur þess eru seldar á fjalli.

Og þegar lítill drengur spyr:
Fær lambið hennar Kollu að lifa í haust?
veit enginn nokkurt svar.

Herra forseti. Góðir landsmenn. Þannig yrkir Jón úr Vör í kvæði sínu Uppboð. Næst í bókinni 100 kvæði, sem Einar Bragi valdi ljóð í, kemur Fátækt fólk.

Jón úr Vör var fæddur 1917 og hann væri því 83 ára ef honum hefði enst aldur. Hann var með öðrum orðum af þeirri kynslóð Íslendinga sem tók út manndómsþroska sinn í kreppunni miklu og hann kynntist af eigin raun og allt í kringum sig sárri fátækt vestur við Patreksfjörð á uppvaxtarárunum eins og glöggt endurspeglast í ljóðum hans og ekki síst í ódauðlegum bernskuminningum í ljóðabókinni Þorpinu.

Það voru jafnaldrar Jóns úr Vör og fólk 10–15 árum yngra eða nokkrum árum eldra sem safnaðist saman á Austurvelli í gær. Það var kynslóðin sem er vaxin upp úr sáru fátæktarhlutskipti alls almennings á Íslandi á fyrstu áratugum þessarar aldar. Og það var kynslóðin sem kom Íslandi þangað sem það er komið í dag.

Herra forseti. Það er dapurlegt til þess að vita að einmitt þessi kynslóð skuli endurtekið þurfa að efna til fjöldamótmæla til að minna á hlutskipti sitt og knýjast sanngjarns hlutar af batnandi þjóðarhag undanfarinna ára. Tekjur aldraðra hafa sannarlega dregist aftur úr hlutfallslega og þyrftu nú að hækka upp undir 20% ef þær ættu að halda hlutfalli sínu eins og það var í upphafi áratugarins.

Ef eitthvað er hafa öryrkjar fengið enn þá verri útreið. Að mínu mati, herra forseti, er einn ljótasti smánarbletturinn á velferðarkerfinu íslenska, eins og það hefur verið útleikið eftir hremmingar sl. tíu ára, smánarlega lág samfélagsleg laun öryrkja, jafnvel fólks sem ungt að árum hefur misst starfsorkuna svo ekki sé talað um hina niðurlægjandi tengingu bótanna við laun maka.

Það er þannig, herra forseti, að góðærinu, sem allar ræður Davíðs Oddssonar forsrh. hefjast á að lýsa, og sú sem hér var flutt var engin undantekning, er harla misskipt. Ákveðnir hópar hafa sannarlega efnast hratt á undanförnum árum. Hlutur þeirra hefur síðan verið gerður enn betri, m.a. með skattalegum ívilnunum sem taka til fjármagnsgróða og hlutabréfaviðskipta á sama tíma og skattbyrðin hefur sannanlega þyngst á lægstu launum gegnum það að skattleysismörk hafa ekki fylgt verðlagsþróun.

Því til viðbótar, herra forseti, er það svo alvarlegt áhyggjuefni að góðærið sjálft hefur í æ ríkara mæli verið að breytast í hreint eyðslugóðæri. Í sjálfu sér er vissulega gott, eins og hér hefur þegar verið tekið fram, að ríkissjóður sé rekinn með góðri afkomu og því fögnum við sem viljum öfluga samneyslu á komandi tímum. En það segir aðeins lítinn hluta sögunnar að stæra sig af slíku eins og er helsta framlag ríkisstjórnarinnar til þjóðmálaumræðunnar þessa dagana ef ekki er minnst á hitt að sveitarfélögin, atvinnulífið og ekki síst heimilin í landinu eru að safna skuldum. Ríkisstjórnin sýnir ótrúlegt tómlæti gagnvart vanda annarra aðila í samfélaginu. Hænufet hafa verið stigin með löngu millibili nú upp á síðkastið til að bæta hag öryrkja og aldraðra en oftar en ekki tekin jafnharðan aftur t.d. með breytingum og hækkun lyfjakostnaðar eða öðrum slíkum hlutum. Dregið er dár að sveitarfélögunum og þau jafnvel sökuð um óráðsíu frekar en horfast með raunsæi í augu við það að þeim hafa verið færð verkefni umfram tekjur á undanförnum árum og eiga við mikinn vanda að glíma.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hefja endurreisnarskeið í velferðarmálum sem taki jafnt til kjara þeirra sem njóta tryggingakerfisins sem og reksturs mikilvægra stofnana og samfélagsþátta. Við höfnum einkavæðingu velferðarþjónustunnar, við höfnum því að umönnun sjúkra og aldraðra og fræðsla barnanna okkar sé gerð að uppboðsvöru á markaðstorgi gróðahyggjunnar.

Vel á minnst, herra forseti, þorpið hans Jóns úr Vör á nú heldur betur í vök að verjast. Frammistaða ríkisstjórna á Íslandi undanfarin ár í byggðamálum er ekki til að hrópa húrra fyrir. Við leggjum til á þessu þingi að sérstakt byggðaþing verði haldið á komandi sumri sem fáist eingöngu við það verkefni að ræða það ófremdarástand sem er uppi í byggðaþróun í landinu. Ég held að þeim tíma væri vel varið þó að það væru þrjár vikur sem Alþingi sæti hér við þetta og þetta eitt, og kallaði til liðs við sig aðila utan að úr þjóðfélaginu, talsmenn sveitarfélaga og byggðarlaga, félagasamtaka, atvinnulífs og aðra þá sem þarna gætu lagt eitthvað af mörkum.

Það er svo, herra forseti, að Sjálfstfl. var búinn að fara með byggðamál í átta ár. Undir öruggri forustu hans hafði samfellt gengið á hlut landsbyggðarinnar í tvö heil kjörtímabil. Þá sáu ráðamenn á þeim bæ að ekki varð við svo búið unað og létu Framsfl. taka við málaflokknum. Ekki hefur betra tekið við síðan.

Síðast bar það til tíðinda að formaður stjórnar Byggðastofnunar og formaður þingflokks Framsfl., Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Vestf., fór ekki bara yfir bæjarlækinn til að sækja vatnið, heldur fór hann yfir allt Atlantshafið til Brussel til þess að finna byggðastefnuna. Hann kom heim með það bjargráð að nú skyldu menn ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna og þá mundi hagur landsbyggðarinnar vænkast. Hugmyndin gengur væntanlega út á það að eftir að Íslendingar hafa borgað eina 8 eða 10 milljarða í sjóði Evrópusambandsins þá takist þeim e.t.v. að reita til baka einhverja milljarða í styrki og færa þá út á land.

Nei, herra forseti, vatnið þarf ekki að sækja svona langt. Vilji Íslendingar leggja aukið fé til aðgerða í byggðamálum er ástæðulaust að senda krónurnar um Brussel og fá einhverjar leifar af þeim til baka. Við getum ákveðið slíkt sjálf og þurfum þá ekki heldur að hringja til Brussel eða Frankfurt og biðja þá um að fella evruna ef illa skyldi ganga í sjávarútvegi á Vestfjörðum.

Herra forseti. Frændur okkar Danir höfnuðu fyrir nokkrum dögum í sögulegri atkvæðagreiðslu að taka upp evruna og ganga í Myntbandalag Evrópusambandsríkja. Þessi úrslit voru sigur fyrir lýðræðið og þarna höfnuðu Danir auðvitað ekki aðeins evrunni heldur einnig áframhaldandi samruna og ríkismyndun með yfirþjóðlegu og ólýðræðislegu og miðstýrðu valdi í Brussel. Þessi úrslit mættu verða mönnum umhugsunarefni. Þessi úrslit ættu að verða Halldóri Ásgrímssyni og Framsfl. og Össuri Skarphéðinssyni og Samfylkingunni, sem hafa viljað keyra í gang umræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu, nokkurt umhugsunarefni.

Kaflinn um Evrópumál í ræðu hæstv. forsrh. er stórmerkur, einkum vegna þess að þegar síðast fréttist voru þeir í sömu ríkisstjórn, utanrrh. og forsrh. Forsrh. telur að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gangi vel og að Ísland sé í sterkri stöðu en utanrrh. má helst aldrei sjá svo hljóðnema, hvorki innan lands né utan, að hann sé ekki kominn að honum til þess að útmála hversu erfitt þetta sé nú allt saman og staða Íslands að verða veik hvernig sem það á svo að styrkja samningsstöðu okkar eða stöðu almennt í slíkum samskiptum. Hitt kann að vera að fyrir þetta komist utanrrh. á spjöld sögunnar sem eini herforinginn í mannkynssögunni sem gefur út yfirlýsingar til andstæðinganna, jafnvel lýgur því upp á sjálfan sig að hann hafi misst vatn í púðrið.

Herra forseti. Frú Madeleine Albright var hér á ferð á dögunum og bar m.a. upp það erindi að Bandaríkjamenn vildu draga úr útgjöldum og umsvifum sínum hér. Þessu erindi frúarinnar er sjálfsagt að taka vel. Nú stendur prýðilega á til þess að fara í viðræður við Bandaríkjamenn um að þeir hverfi nú með her sinn úr landi brott og menn sameinist um aðgerðir til þess að gera þær breytingar sem auðveldastar. Liður í slíkum samningum á að vera að gera stórátak í að

hreinsa upp menguð svæði og bæta önnur umhverfisspjöll eins og kostur er eftir hina erlendu hersetu.

Herra forseti. Eins og við þurfum að muna eftir kynslóð Jóns úr Vör og reyna að greiða henni þakkarskuldina þurfum við líka að muna eftir hinni sem er að vaxa úr grasi. Erum við að búa að henni eins vel og við getum miðað við öll þau efni sem við höfum í dag? Og þá á ég ekki við fínar tölvur eða leiktæki og tól, af því eiga flestir nóg. Ég á við aðra hluti sem tengjast því að við spyrjum okkur: Hvers vegna mitt í allri auðlegðinni er þunglyndi, eru sjálfsvíg og fíkniefnaneysla jafnútbreidd vandamál og raun ber vitni?

Annað mál vil ég nefna, herra forseti, þar sem hlutirnir eru ekki í lagi hjá okkur Íslendingum og það eru hin skelfilegu umferðarslys, þær miklu mannfórnir sem við erum þar að færa, ekki síst hvað varðar ungt fólk og þar sem þróunin á Íslandi sker sig úr því sem er í nálægum löndum.

Herra forseti. Hvað stoðar það manninn að berjast við það ævina á enda að eignast allan heiminn ef hann glatar við það sjálfum sér? Hvað hefur gildi að lokum þegar við gerum upp líf okkar? Er það auður, völd, frægð? Er það neyslan og veislurnar eða er það ekkert af þessu heldur hitt að hafa lifað til góðs og gagns sjálfum sér og sínum, ræktað sambönd við ættingja og vini og gætt þess að slíta ekki ræturnar í eða við samfélag og heimabyggð?

Jón úr Vör, sem hér var vitnað til í upphafi, kemst að þessari niðurstöðu í lokaerindi kvæðisins Ég er svona stór:

Og loks, er þú hefur unnið allan heiminn, vaknar þú einn morgun í ókunnri borg, þar sem áður var þorpið, gamalmenni við gröf móður þinnar. Og þú segir:

Ég er svona stór.

En það svarar þér enginn.

Góðar stundir.

[20:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nóbelsverðlaunahafinn, Günter Grass, mælti svo á bókmenntahátíð í Reykjavík á dögunum: „Það gildir hið sama um kapítalistana og kommúnistana: Þeir trúa sinni eigin lygi."

Ekki eru tök á að fara mörgum orðum um vegferð sósíalismans og kapítalismans á öldinni sem senn er á enda kljáð. Væntanlega geta menn orðið sammála um að framkvæmd kommúnista á sósíalisma hafi komið á þá þjóðmálastefnu skelfilegu óorði. En hvað tók við í Sovétríkjunum þegar kommarnir voru neyddir til að hætta að trúa eigin ósannindum? Kapítalismi, að sjálfsögðu, undir heitinu umbótastefna Jeltsíns. Mafíósar Rússlands hrömmsuðu undir sig lungann úr auðæfum landsins í skjóli þeirrar stefnu og trúðu eigin uppspuna um að yfirráð þeirra stefndu ríkinu til farsældar. *Sjálfur tók umbótamaðurinn Jeltsín ófrjálsri hendi milljarða* af lánsfé frá öðrum löndum til handa sér og fjölskyldu sinni.

En hvernig skyldi kapítalistunum vegna á Íslandi undir hugsjónastjórn Hannesar Hólmsteins? Hvernig skyldi umbótastefna Davíðs og Halldórs líta út?

Upp úr miðri öldinni sem er að líða hófu frjálslyndir hófsemdarmenn, eins og Ólafur Björnsson prófessor, að boða mannúðlegan kapítalisma sem nefndur var fjálshyggja og byggði á minnkandi ríkisafskiptum og fjálsum markaði fyrst og fremst og frelsi einstaklinganna til orðs og æðis sem verið hafði æðsta boðorð í stefnu Sjálfstæðisflokksins meðan frjálslyndir réðu þar ríkjum.

En framkvæmd kapítalistanna á frjálshyggjunni á Íslandi hefur að sínu leyti orðið á sama veg og kommúnistum í Sovétríkjunum fór framkvæmd sósíalismans úr hendi. Nú er frjálshyggjan í höndum Sjálfstæðisflokksins snúin upp í stefnu sérhyggju og sérhagsmuna og upprunalegt innihald frjálshyggjunnar rokið út í veður og vind. Þegar foringjarnir predika að frjálshyggjustefna þeirra sé farsældarstefna til handa íslenskri þjóð þá trúa þeir vafalaust sínum eigin ósannindum. Og foringi Framsóknar fetar dyggilega í fótspor Jeltsíns, þar sem hann hefur sölsað undir sig og fjölskyldu sína milljarða af þjóðarauðlind sjávarútvegsins. Og innherjaviðskiptin blómstra þar sem yfirmenn í bönkum og fleiri fyrirtækjum hins opinbera láta greipar sópa um almannafé sem hundruðum *milljóna nemur. Einna fyrstur til að ríða* á það vað var fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, sællar minningar. Engin tilraun er gerð til að stöðva þessa ósvinnu enda margt sjálfsagt ounnið í einkavinavæðingunni.

Kapítalismi í ógeðslegri mynd hefur náð heljartökum á íslensku efnahagslífi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur svikið sína fyrri frjálslyndu stefnu í grundvallaratriðum. Kjörorðinu „Stétt með stétt" hefur verið varpað fyrir ofurborð og flokkurinn gerst verkfæri í höndum sérhagsmunaklíkna. Auðvald — í höndum örfárra — hefur náð undirtökunum og Framsóknarflokkurinn gengur gírugur undir jarðarmenið. Kapítalistarnir eru eins og kommúnistarnir, sagði Günter Grass, þeir trúa sinni eigin lygi. Eða skyldu kapítalistarnir íslensku ekki trúa því að við búum við hagkvæmasta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi, enda þótt atvinnugreinin stefni bersýnilega lóðbeint á hausinn? Þeir trúa því áreiðanlega að fiskveiðikerfið hafi byggt upp fiskstofnana við landið, enda þótt staðreyndirnar sýni óvefengjanlega að öllum aðalstofnum hefur hrakað síðan kerfið var tekið upp. Þjónar auðvaldsins í ríkisstjórnarstólunum hljóta að trúa því eins og nýju neti að fiskveiðikerfið efli og styrki byggðir landsins þótt við blasi hrun í heilum landshlutum.

Kapítalistarnir og þjónar þeirra trúa þeim öfugmælum að þá farnist þjóð best efnahagslega þegar auðurinn er kominn á sem fæstar hendur og allur almenningur svínbeygður undir gerræði þeirra og græðgi.

En kosningaáróðri sínum frá síðustu kosningum eru forkólfar stjórnarflokkanna hættir að trúa: Að þeir mundu beita sér fyrir að ná sáttum í fiskveiðimálum. Ósannindum sem allir fjölmiðlar gengu undir og skutu þannig örlagamálinu undan dómi kjósenda. Nú tala þeir opnum munni um það, lénsherrar og ráðherrar, að um sjávarútvegsmál verði aldrei sátt á Íslandi. Hvers vegna skyldi sá söngur sunginn? Vegna þess að öll sætt gengi á sérhagsmuni sægreifanna og það taka þeir ekki í mál, né heldur handbendi þeirra í ríkisstjórn.

Þegar ég vitna nú til Günters Grass um trú kapítalistanna á eigin lygi er hér á ferðinni nýtt dæmi úr stefnuræðu Davíðs Oddssonar sem veldur mér vökum. Skyldi Davíð trúa því sem segir orðrétt efst á bls. 4 í stefnuræðu hans og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þess hefur verið gætt að kaupmáttaraukningin nái einnig til þeirra sem ekki semja um kjör sín, svo sem aldraða og öryrkja og hafa öll þau skref sem ríkisstjórnin hefur stigið undirstrikað þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa á kjörtímabilinu."

Skyldi Davíð sjálfur trúa þessu? A.m.k. ber hann þetta á borð fyrir fólkið sem mætti hér á Austurvelli við þingsetningu í gær, án þess að blikna eða blána.

Í febrúar á þessu ári gerði Rauði kross Íslands kjarakönnun meðal landsmanna um stöðu þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Í ljós kom að bilið milli fátækra og þeirra

sem betur mega sín fer breikkandi. Sífellt fleiri þurfa að leita hjálpar til að geta fleytt fram lífi sínu. Hópar láglaunafólks, einstæðinga, öryrkja og aldraðra búa við svo þröngan kost að um sára fátækt er að tefla. Þetta eru staðreyndirnar sem við blasa á hinu auðuga Íslandi. Hvers vegna? Vegna þess að auðvaldið hefur náð undirtökum og þjónar undir sína menn. Það er stefnuskráratriði nýfrjálshyggjunnar, thatcherismans, að minnka samfélagsþjónustuna. Liður í framkvæmd þeirrar stefnu er m.a. milljarða hækkun lífsnauðsynlegra lyfja, sem fátækir hafa ekki lengur ráð á að kaupa. Og svo stendur hér höfuðpaur kapítalistanna og slengir því framan í þjóðina að öll þau skref sem ríkisstjórnin hafi stigið undirstriki þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa. Mundi forsætisráðherrann mæla svo ef hann tryði ekki eigin orðum? Vafalaust ekki og er hér enn ein sönnun á orðum Günters Grass.

Í innsetningarræðu sinni 1. ágúst taldi forseti Íslands sig tilneyddan að fara langt út fyrir þann ramma, sem gilt hefir um forsetaembættið og sátt ríkt um, til að vara við misskiptingu gæðanna, vaxandi hættumerkjum um fátækt og bjargarleysi, einkum hjá öldruðum.

Halldór Ásgrímsson og Morgunblaðið boða nú komu nýrra frelsara í íslensku efnahagslífi. Besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi hefur leikið íslenskan sjávarútveg þannig að stefnir í bráðan voða. Á síðustu fimm árum hafa skuldir hans aukist um 80 þús. milljónir kr. og nema samtals 175 þús. milljónum kr. Það fer því að sneiðast um getu og vilja fjármálastofnana innlendra að lána til sjávarútvegsins. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál fyrir þá sem eiga óseldan kvótann sinn eins og Halldór Ásgrímsson, sem fær kannski í arfahlut eitt þúsund milljóna virði í aflaheimildum, sem hann þarf að selja og stinga andvirðinu í eigin vasa eins og allir aðrir sem gjafakvóta hafa þegið af þjóðareigninni. Þá væri ekki ónýtt að hafa erlent fyrirtæki á borð við Unilever við höndina að versla við og undirstinga sérstaklega áður en hann hverfur úr embætti utanríkisráðherra.

Íslendingar eiga einhver gjöfulustu fiskimið í heimi. Vegna fiskimiðanna fyrst og fremst er landið byggilegt og svo mun enn verða um ókomin ár. Til þessarar einstæðu auðlindar, sem mun vaxa að verðmætum ef rétt er á haldið, mæna auðvaldsherrar Vestur-Evrópu gráðugum augum. Ein aðalástæðan fyrir því að Ísland getur ekki gerst aðili að Evrópusambandinu er að við mundum missa yfirráð okkar yfir fiskimiðunum. Að opna evrópskum auðvaldshákörlum leið inn í íslenska fiskveiðilandhelgi er ótrúleg glópska og jafnbrýnir landráðum.

En allt verður að víkja fyrir sérhagsmunum lénsherranna. Það þarf engan spámann til að segja fyrir um að núverandi fiskveiðikerfi mun innan tíðar ríða sjávarútveginum á slig. Milljarðaskuldirnar hrúgast upp og afkoman er undir núlli. En nauðsyn gjafakvótaþeganna ber mest að meta. Auðvitað má ekki breyta kerfinu meðan þeir eru að koma kvótanum sínum í lóg. Selja hann og hverfa með andvirðið skattfrjálst úr landi — og þannig aðallega er sjávarútvegurinn mergsoginn.

Stefnuræða forsætisráðherrans var sama marki brennd og allt hans tal um langa hríð, mestöll skrum og sjálfshól, en sígilt fram hjá skerjum staðreynda ef ekki drýpur af þeim smérið. Tími minn leyfir ekki að eltar séu ólar við upplokið, en af ýmsu er að taka.

Hún var einkar fróðleg, leiksýningin, sem færð var upp á fjalirnar þegar auðlindanefnd hóf fyrsta þátt sjónarspilsins upp í forsætisráðuneyti, en LÍÚ-herrarnir luku leikritinu hjá sér og upplýstu hvað þeir höfðu samið um við ríkisstjórnina á bak við leiktjöldin. Sægreifarnir fallast á veiðigjald, enda verði þeim fengin í hendur öll yfirstjórn þeirra fjármuna og umfang, en sjómenn látnir borga. Sem sagt: Lögin og framkvæmd þeirra færð í þeirra hendur, stjórnsýslan sjálf að þessu leyti. Það breytir sjálfsagt ekki miklu frá því sem verið hefur í 17 ár þótt völd og yfirstjórn fiskveiða yrðu formlega flutt úr ráðuneytinu til LÍÚ. Allir vita hvar völdin hafa verið. Enda klappaði sjávarútvegsráðherrann fyrstur þegar farsanum lauk.

Sáttaboð lénsherra LÍÚ þýðir á mannamáli að þeir bjóðast til að láta vinnumenn sína greiða veiðigjald sem þeir ráði með öllu yfir gegn því að fá ígildi eignarhalds á auðlindinni. Með tillögu sinni um veiðigjald varðaði auðlindanefnd veginn fyrir ríkisstjórnina að gera þjóðareign sjávarauðlindarinnar að endanlegri þjóðargjöf til örfárra útvalinna. Og forsætisráðherra fagnar því skálkaskjóli að sjálfsögðu, enda þarf hann nú ekki að hrekjast úr landi til Kanarí heldur getur hann og hans flokkur lifað í vellystingum praktuglega í skjóli og á framfæri fiskveiðifurstanna.

En eigi veldur sá er varir, segir í Grettlu. Ef stjórnarherrarnir halda svo fram stefnunni sem horfir, að fótumtroða frumburðarrétt alls almennings í landinu til auðlindar sjávarins munu þeir kveikja þá elda sem heitast munu brenna á þeirra eigin baki. — Takk fyrir áheyrnina.

[21:02]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Við setningu Alþingis ár hvert er reynt að rýna fram á veginn, spá fyrir um verkefni komandi starfsárs og veita almenningi í landinu innsýn í það hvernig stjórnvöldum gengur að uppfylla stefnumið í stjórnarsáttmálanum.

Þegar Sjálfstfl. settist í ríkisstjórn 1991 var ástand í þjóðfélaginu annað, atvinnuleysi, óstöðugleiki og skuldir. En á þeim tæpa áratug sem síðan er liðinn hefur margt breyst. Samanlagður afgangur á ríkissjóði árin 1999, 2000, 2001 verður um 80 milljarðar. Hreinar skuldir ríkisins hafa á nokkrum árum lækkað úr 60% í 14% af landsframleiðslu og vonast er til að ríkissjóður verði nærri skuldlaus í lok kjörtímabilsins.

Þjóðin hefur risið úr þunglyndi og bölsýni þar sem lítt var horft til framtíðar og við aldamót gerst bjartsýn, tilbúin að mæta framtíð þar sem samskipti við önnur lönd setja í vaxandi mæli mark sitt. Við höfum sjálf margt fram að færa, getum búið í fyrirmyndarþjóðfélagi og höfum nú þegar umfram aðra ferskt loft, ferskt vatn, jarðhita, stórbrotna náttúru og ósnortin víðerni sem aðrir kunna að meta.

Fyrirhuguð stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er fagnaðarefni og skref í átt að því að hægt verði að skila landinu til afkomenda okkar í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun. Svo þurfum við að huga að nýjum leiðum til að framleiða orku svo sem að beisla vind, sólskin eða sjávarföll.

Alþjóðavæðing og almenningsálit í öðrum löndum hafa nú áhrif hér á landi sem aldrei fyrr og eru tilskipanir Evrópusambandsins, sem Íslendingar hafa skuldbundið sig samkvæmt EES-samkomulaginu til að taka upp, gott dæmi um það. Er skemmst að minnast umræðna um mat á umhverfisáhrifum frá síðasta þingi en lög um mat á umhverfisáhrifum, bæði þau fyrstu frá 1993 og nýju lögin frá sl. vori, byggjast einmitt á slíkum tilskipunum. Það er komið að því að við Íslendingar hegðum okkur á heimsins hátt.

Markaðshyggja breiðist út óáfluga í veröldinni. Andóf í öðrum löndum gegn alheimsmarkaðsvæðingunni setur mark sitt á umræðuna. Skemmst er að minnast mótmælaaðgerða í Seattle á síðasta ári og í liðinni viku í Prag þar sem vakin var athygli á fátækt og hungursneyð þjóða þriðja heimsins og þær settar í samhengi við skuldir þeirra.

Það gleymist gjarnan að í lýðræðisþjóðfélagi eins og okkar eru stjórnvöld, hið svokallaða opinbera, kosin af almenningi og stofnanir undir opinberri stjórn geta gengið prýðisvel. Stöðugleiki til langs tíma getur einkennt starfsemi sem ríkið ber ábyrgð á. Og á tímum þegar hlutabréf ganga kaupum og sölum getur dregið verulega úr starfsöryggi fólks. Einkafyrirtæki nútímans eru ýmist seld, sameinuð eða stokkuð upp en ekki er öllum starfsmönnum sama fyrir hvern er unnið. Hófleg einkavæðing og agaður ríkisrekstur þurfa að einkenna velferðarþjóðfélag okkar og í þá átt stefnir óáfluga.

Tímabært er þó að einkavæða fleiri þætti í þjóðlífinu t.d. í heilbrigðisþjónustunni og vil ég nefna heilsugæslu og rekstur hjúkrunarheimila sérstaklega. Umræða um heilbrigðisþjónustu í þjóðfélagi okkar hefur gjarnan verið helst til neikvæð. Sem dæmi má nefna að það eina sem heyrist í fjölmiðlum um rekstur sjúkrahúsa er árviss fjárlagahalli þeirra og svokölluð ofeyðsla. Það gleymist gjarnan að í heilbrigðisþjónustu okkar er unnið merkilegt starf bæði á sjúkrahúsum og í heilsugæslu sem hefur haft gríðarleg áhrif á heilbrigði landsmanna og átt þátt í að koma okkur í fremstu röð í heiminum.

Sameining stóru sjúkrahúsanna í Landspítala – háskólasjúkrahús gefur fyrirheit um að alvöruakademía rísi í vísindum hér á landi en slíkri akademíu þarf að veita svigrúm til að hafa faglegt frumkvæði og geta axlað ábyrgð á verkum sínum, t.d. í samstarfi og samningum við einkaaðila.

Herra forseti. Á nýrri öld þarf að velta fyrir sér hvað sé mikilvægast að hafa með í nesti fram á veginn. Ég er ekki í nokkrum vafa um að í velferðarþjóðfélagi sé góð heilbrigðisþjónusta og öflug menntun öllum til handa mest virði. En byggja þarf á frelsi einstaklingsins, efnahagslegum stöðugleika og stétt með stétt. Þetta hafa verið baráttumál Sjálfstfl. Til viðbótar má nefna að til þess að íslensk þjóð geti staðist samkeppni við önnur lönd þarf öfluga höfuðborg. Það styrkir innviði alls þjóðfélagsins og er mikilvægt fyrir byggðir landsins að Reykjavík hafi upp á sem mest að bjóða því að aðeins þannig getum við haldið í ungt fólk sem nú á fjöldann allan af tækifærum til náms og starfs annars staðar í heiminum.

Enn er þó verk að vinna og rétt að minnast á uppvöxt og aðbúnað barna sérstaklega, en ríkisstjórnin er með fjárlagafrv. næsta árs að styðja myndarlega við bakið á ungum fjölskyldum með því að auka barnabætur og fæðingarorlof. Það er viðkvæmur tími í ævi flestra þegar börnin eru að vaxa úr grasi og því mikilvægt að stjórnvöld skapi ungu fólki sem bestan ramma.

Annar viðkvæmur tími eru efri árin og er mikilvægt að aldraðir geti orðið sáttir við sinn hlut í íslensku þjóðfélagi. Hið sama gildir um öryrkja.

Ég vil að lokum hvetja ykkur, áheyrendur góðir, til að hafa náið samstarf við okkur alþingismenn sem störfum hér í ykkar umboði. — Góðar stundir.

[21:09]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við lifum tíma hraðfara breytinga sem færa íslenskri þjóð mörg og ögrandi tækifæri. Hlutverk stjórnvalda er að búa svo í haginn að þau verði nýtt til framfara fyrir okkur öll. En það er ekki alveg einfalt að beygja hugsunarhátt og viðmið veiðimannasamfélagsins að hinu nýja upplýsingasamfélagi. Stjórnvöld eiga að tryggja að allir landsmenn geti nýtt sér þá möguleika sem felast í nýrri tækni og þekkingu.

Við í Samfylkingunni horfum þar til meiri rannsókna, aukinnar áherslu á menntamál, til umgjörðar atvinnulífsins og hins félagslega öryggisnets fjölskyldunnar. Til að breytingar geti gengið fram þarf allt þetta að vera í lagi.

En hve meðvituð er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar um inntak þeirra breytinga sem þjóðin tekst nú á við? Herra forseti. Svo litlu hefur verið varið til rannsókna að það með öðru veldur því að Ísland hrapar niður listann um samkeppnishæfni þjóða. Og ég óttast að hið staðlaða og miðstýrða, að ég tali nú ekki um fjársvelta, menntakerfi Björns Bjarnasonar verði okkur dýrkeypt á 21. öldinni þegar hún kallar eftir sköpun í stað stöðlunar, samvinnu í stað samkeppni og sveigjanleika í stað regluverks. Ný öld kallar nefnilega ekki eftir menntun sem byggir á hugmyndafræði og bónuskerfum iðnaðarsamfélagsins.

Hin víðtæka atvinnuháttabreyting hefur einkum komið niður á landsbyggðinni. Ný tækni og viðhorf hafa stórfækkað störfum í hefðbundnum sjávarútvegi og landbúnaði og stjórnvöld hafa verið ótrúlega fálát gagnvart vanda þess fólks sem býr í dreifbýli eða sjávarþorpi þegar atvinnan hverfur eða gjörbreytist og eignirnar verða verðlausar. Afleiðingin er félagsleg upplausn, byggðaflótti.

Tilboð um endurmenntun eða störf sem gætu tekið við eru ómarkviss og loforð stjórnvalda um nýtingu nýrrar tækni til fjarvinnslu hafa reynst innihaldslítil. Kostnaður við gagnaflutninga og sú mismunun sem landsbyggðin má búa við í þeim efnum sýnir takmarkaðan áhuga stjórnvalda á starfsumhverfi þeirra sem vilja nýta sér möguleika hinnar nýju tækni til atvinnusköpunar. Hér hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki viljað kannast við skyldur sínar gagnvart framtíðinni en handaflinu og athyglinni verið beint að öðru.

Drifkraftur þeirra breytinga sem eignaðir eru hinu nýja hagkerfi eru þekking, tækni, nýting netsins og alþjóðavæðing. Við alla þessa þætti þurfa stjórnvöld að styðja og þá þannig að fólk um allt land njóti jafnræðis í aðgangi að menntun og upplýsingahraðbrautinni. Við jafnaðarmenn leggjum áherslu á að byggja samfélag þátttöku með möguleikum fyrir alla.

Herra forseti. Auðlindanefnd hefur nú skilað skýrslu til forsrh. Grundvöllur tillagna nefndarinnar um meðferð einstakra auðlinda er nýtt stjórnarskrárákvæði sem kveður á um að þær náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði lýstar þjóðareign. Þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi. En það má veita heimild til nýtingar gegn gjaldi og þá tímabundið. Það er ofan á þetta ákvæði um þjóðareign og gjaldtöku sem aðrar tillögur nefndarinnar eru smíðaðar.

Það er þess vegna mikill misskilningur ef menn halda að skýrslan sé eins og konfektkassi þar sem hver velur sér þann mola sem honum er hugnanlegastur. Og það sýnir smæð hjá forustu útvegsmanna að setja það sem skilyrði fyrir viðræðum um greiðslur útgerðar fyrir aðgang að auðlindinni að hún yrði þá tekin af óskiptu. Útgerðin sem, ef aðeins er litið á þorsk, ýsu og ufsa, hefur haft efni á að neita sér um 20 milljarða tekjur á undanförnum fimm árum, sem er munurinn á því verði sem fæst við beina sölu til verkenda og fiskmarkaðsverði og sjómennirnir hafa auðvitað misst sinn

skerf af þeim milljörðum, á ekki að þurfa að leita á náðir sjómanna enn á ný.

Herra forseti. Ég hef á vettvangi stjórnmálanna, bæði hér í þessum sal og annars staðar, lengi tekið þátt í baráttu jafnaðarmanna fyrir því réttlætismáli að greitt sé fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind. Ég hef bæði þurft að sækja og verjast. Og nú þegar tillögur í þá veru liggja fyrir verð ég næstum feimin að heyra þá sem vaskast gengu fram í sveit andstæðinganna fara með orðræðu okkar og rök eins og þeim sé fátt tamara. Þetta er næstum eins og með Lilju Eysteins.

Ég treysti því samt að hugur fylgi máli því það varðar miklu, einkum fyrir sjávarútveginn, að starfsumhverfið róist og verði þannig að greinin nái að treysta sig. Það er hagur okkar allra, herra forseti. Í því er galdurinn fólginn.

[21:15]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ágætu áheyrendur. Á fallegum sólskinsdegi í sumar átti ég leið í Alþingishúsið til þess að sýna heiðurshjónum húsið og segja þeim nokkuð af stjórnmálum landsins. Þetta voru roskin hjón frá Suður-Englandi og þegar við vorum komin alllangt í ferð okkar um húsið þá stönsuðu þau og konan segir við mig: „Við höfum komið fimm sinnum til Íslands og við höfum tekið eftir þeim miklu framförum sem hafa orðið hér á Íslandi. Þið eruð lítil þjóð sem búið í harðbýlu landi. Segðu mér, hvernig stendur á því, geturðu gefið mér einfalda skýringu á því hvers vegna ykkur Íslendingum gengur svona vel?"

Ég verð að viðurkenna að mér vafðist tunga um tönn og fann enga einhlíta skýringu á velgengni Íslendinga sem hún svo kallaði. Reyndar var þetta líka svolítið óheppilegt, við vorum stödd í þingflokksherbergi vinstri grænna en þar hefur bjartsýnin ekki alltaf verið hæst í orðum manna. En hvort sem þeir sem heyra mál mitt hér geta fremur en ég svarað því hvers vegna okkur Íslendingum hefur gengið vel þá hljótum við framsóknarmenn sem ábyrgir aðilar í ríkisstjórn að spyrja sjálfa okkur: Hvernig hefur verið árangur af störfum okkar?

Árangur okkar hljótum við að mæla miðað við þau markmið og þær væntingar sem við gáfum kjósendum og miðað við þann árangur sem við getum sætt okkur við sjálf.

Markmið okkar framsóknarmanna hafa fyrst og fremst verið þrjú. Það fyrsta er að eyða atvinnuleysi, skapa atvinnuöryggi og fjölbreytta vinnu meðal allra landsmanna. Annað markmið okkar er að styrkja velferðarkerfið, auka félagslegan jöfnuð og réttlæti. Og þriðja markmið okkar er að styrkja grunn atvinnulífsins, skapa fyrirtækjunum lífvænlegar og heilbrigðar aðstæður til reksturs. Lítum þá á árangur okkar á þessum þremur meginsviðum.

Atvinnuleysi og óvissa um atvinnuhorfur voru vágestir sem stóðu við dyr margra íslenskra heimila. Þessum vágesti hefur verið bægt frá dyrunum og nú er svo komið að víðast er úr nægum störfum að velja og reyndar er skortur á vinnandi höndum sums staðar kallaður mesti vandi fyrirtækja og stofnana.

Lítum þá til þróunar atvinnulífsins og reksturs fyrirtækjanna á þeim rúmum fimm árum sem Framsfl. hefur setið í ríkisstjórn. Vöxtur og uppgangur atvinnulífsins hefur aldrei verið meiri. Jafnhliða þessum vexti hafa komið heilbrigðari lífshættir og rekstrarhættir hjá fyrirtækjunum og það vill svo til að það má einmitt m.a. þakka lagasetningum sem hafa komið fram undir forsvari Framsfl. og ráðherra hans.

Þegar við horfum til þriðja þáttarins, eflingar velferðarkerfisins og aukins félagslegs jöfnuðar, verður því ekki á móti mælt að framlög til velferðarmála á öllum sviðum hafa aukist undir stjórn framsóknarmanna. Hver sem vill kynna sér þetta af sanngirni getur af eigin raun sannfærst um þetta. Við höfum hins vegar verið sökuð um niðurskurð.

Þetta er einfaldlega rangt. Við viðurkennum að á sumum sviðum hefðum við viljað ganga lengra en fjármunir okkar eru takmarkaðir og þess vegna viljum við fyrst og fremst bæta hag þeirra sem verst eru settir.

En Framsfl. hefur ekki aðeins haft kjark til þess að axla ábyrgð í velferðarmálum, félagsmálum og heilbrigðismálum heldur einnig í byggðamálum. Landsbyggðina þarf að efla þannig að þar sé atvinnulíf arðbært og fólk sækist eftir að búa þar. Framsfl. vinnur ötullega að þessu.

Hin hlið byggðamálanna snýr að Reykjavík og nágrannabyggðum Reykjavíkur. Hin gífurlega fólksfjölgun hér kallar á brýnar aðgerðir í byggðamálum á höfuðborgarsvæðinu, aðgerðir sem m.a. felast í vegamálum, húsnæðismálum, löggæslu, fíkniefnamálum og margvíslegum stuðningi við aldraða, sjúka, fatlaða og fátæka. Í Reykjavík er líka að finna fólk, þar á meðal einstæða foreldra, sem hafa svokallaðar lægri millitekjur. Þetta fólk hefur svo sem flest það sem þarf til hnífs og skeiðar og brýnustu nauðsynjar en það getur sig varla hreyft vegna hinna lágu launa. Lausn slíkra verkefna, sem ég hef hér nefnt, í Reykjavík eins og annars staðar á landinu bíður okkar.

Ekki verður svo skilið við þessa umræðu að ekki séu nefndir tveir málaflokkar sem skipta miklu máli en það eru menntamálin og umhverfismálin. Það er ekki ofsagt að menntun sé fjöregg þjóðarinnar. Á næstu árum krefjast menntamálin enn aukins fjármagns og framfara þó að vel hafi verið gert að undanförnu. Við þurfum að auka rannsóknir og efla háskólastarf, ekki síst þarf Háskóli Íslands á stuðningi okkar að halda. Gæta þarf að kjörum stúdenta og vitnar stuðningur okkar við Lánasjóð ísl. námsmanna um það. Nú hafa framlög til stúdenta í lánasjóðinn verið aukin um 200 millj. vegna aukins framfærslukostnaðar stúdenta.

En eitt brýnasta úrlausnarverkefnið í menntamálum er að tryggja að góðir kennarar fáist til skólanna á hvaða stigi sem þeir eru og að góðar starfsaðstæður kennara séu tryggðar. Án góðra og áhugasamra kennara verða skólar okkar heldur ekki góðir. Foreldrar mega heldur ekki sýna skólunum og menntun ungmennanna tómlæti hvað þá lítilsvirðingu. Þvert á móti verðum við að virða skólastarfið og um leið gera miklar kröfur til árangurs þess.

Umhverfismálin hafa verið í höndum framsóknarmanna á undanförnum árum og hefur þar gustað. Hefur það þá byrgt mönnum sýn að Framsfl. hefur staðið fyrir mestum framförum í lagasetningu á þessu ári ásamt samstarfsflokki sínum, Sjálfstfl. Núna er verið að vinna að stærsta þjóðgarði í Evrópu, Vatnajökli, ásamt væntanlega nágrannasvæðum ef fram fer sem horfir. Ég vil sérstaklega minnast á hinar ánægjulegu fréttir um að nú eigi að hreinsa upp olíuna úr El Grillo. Þessar fréttir bárust okkur í dag og ég tel að ekkert vitni skýrar um metnað framsóknarmanna og ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum.

[21:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Hæstv. forsrh. hefur í stefnuræðu sinni gert í stuttu máli grein fyrir þeim þáttum sem ríkisstjórnin mun leggja áherslu á í vetur. Eftir

að hafa hlustað á ræðu hæstv. forsrh. mætti halda að ekki þyrfti að kvíða miklum átökum innan þingsins því að hér á landi blómstraði bæði atvinnulíf og mannlíf undir styrkri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

En þar sem hagur þjóðarinnar verður ekki eingöngu mældur í batnandi stöðu ríkissjóðs heldur einnig í styrk samfélagsþjónustunnar, jafnvægi í byggðum landsins, kjarajöfnuði og aðgerðum gegn fátækt í landinu þá er ljóst að tekist verður á um mörg pólitísk grundvallaratriði á komandi vetri.

Það helsta sem finna má að í dag að mati hæstv. forsrh. er að við eyðum um efni fram. Viðskiptahallinn er of mikill og undir það geta víst flestir tekið. En nú er það þjóðin sjálf sem hefur eytt um efni fram. *Efnahagsbatinn hefur því skilað* sér í stórauknum fjármálaumsvifum og spákaupmennsku, fjárfestingum á höfuðborgarsvæðinu, aukinni einkaneyslu og skuldasöfnun heimilanna en ekki í almennum sparnaði. Og það eru lög frá hv. Alþingi sem hafa stuðlað að þessari þróun.

Herra forseti. Það ber vissulega að þakka gott aðhald og styrka efnahagsstjórn. En fyrir það markmið að skila 26 milljarða kr. tekjuafgangi ríkissjóðs á þessu ári og 30 á því næsta munu mjög margir hópar þjóðfélagsins líða sárlega. Þetta eru aldraðir, öryrkjar, sjúklingar, fátæklingar og enn fleiri sem vegna óeðlilegs aðhalds í ríkisrekstri munu búa áfram við bág kjör og lífsgæði. Það er áfellisdómur fyrir ríkisstjórnina að í öllu góðærinu hafi þótt ástæða til að stofna samtök gegn fátækt.

Lífskjör einstæðra foreldra, bótaþega almannatrygginga og fólks í láglaunastörfum verður að bæta og til þess hefði þurft að ráðstafa hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs.

Herra forseti. Heilbrigðisþjónustan á landsbyggðinni er víðast í spennitreyju. Fjármagn vantar til eðlilegs viðhalds og tækjakaupa, mönnunar og sérfræðiþjónustu. Hver stofnun um sig sparar í hvívetna til að vera innan fjárlaga en í raun getur það verið þjóðfélaginu dýrara en þegar hver stofnun *nýtir pláss og mannafla til fullnustu*. Það *sama má segja um* margar opinberar stofnanir, þær búa yfir þekkingu og vilja til að sinna margháttuðum og brýnum verkefnum en skortir fé til að koma þeim í framkvæmd.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. benti á stórauknar eignir Íslendinga í erlendum hlutabréfum. Afraksturinn skilar sér líklega að einhverju leyti aftur inn í íslenskt efnahagslíf en því má ekki gleyma að þessir fjármunir hefðu skilað okkur meiru ef þeir hefðu haldist innan við landsteinana og styrkt íslenskt atvinnulíf. Það eru háar upphæðir sem hefur verið ráðstafað erlendis og það er ekki sparnaður launamanna heldur sölu*hagnaður* af hlutabréfum, fjárfestingar lífeyrissjóðanna og hagnaður af kvótasölu svo eitthvað sé nefnt.

Hér á hv. Alþingi setjum við leikreglurnar, *smíðum* rammann um flest það sem máli skiptir í þjóðlífi okkar. Hver lagasetningin á fætur annarri miðar að því að draga úr ríkisumsvifum, til að auka neyslu eða efla markaðinn. Einkavæðing, hagræðing, máttur markaðarins eru lausnar*orð* þessarar ríkisstjórnar og samfélagsþjónustan fer ekki varhluta af þessum gjörningi.

Herra forseti. Missum við ekki sjónir á heildarhagsmuni þjóðarinnar þegar hver eining á að skila sem mestum hagnaði án tillits til þess hvað það kostar fyrir aðra? Sjávarútvegsfyrirtæki, bændabýli, verslanir og þjónustufyrirtæki eru að stækka á kostnað hinna smáu. En það eru einmitt hinir smáu sem eru örlagavaldarnir þegar kemur að þróun byggðar. Þeir verða að vera til staðar til að eðlileg byggðaþróun geti átt sér stað. Mikil íbúafækkun setur svip á margar byggðir og starfsemi sveitarfélaganna því hvernig eiga smábátaeigendur að keppa við hina stóru um kaup á kvóta, smábændur að lifa á jörðum sínum, fólk í fiskvinnslu að finna vinnu þegar kvótinn hefur verið seldur burt af staðnum og lifa samt sem áður í sinni heimabyggð?

Í kjölfar fólksfækkunar er stöðugt dregið úr margháttaðri grunnþjónustu sem gerir það eitt að rýra *lífsgæði* þeirra sem eftir búa. Sveitarfélögin verða að fá aukið fé til að standa undir lögboðnum verkefnum og þeirri uppbyggingu sem þau telja að muni skila auðugra samfélagi til lengri tíma.

Herra forseti. Það má ekki dragast lengur og ætti að vera eitt af helstu verkefnum þessa þings að *móta heildstæða* stefnu í byggðamálum. Vænlegasta leiðin til þess að stöðva þjóðflutningana er að styrkja innviði hvers sveitarfélags eða svæðis og koma í verk einhverjum af þeim ótal verkefnum sem bíða úrlausnar úti um allt land á vegum ríkis, sveitarfélaga og *stofnana sem þegar eru starfandi á landsbyggðinni*. Til þess þarf að auka tekjur sveitarfélaganna, breyta áherslum og vinna að uppbyggingu í anda sjálfbærrar þróunar. — Góðar stundir.

[21:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í nýrri skýrslu auðlindanefndar eru tillögur um samræmda stefnu og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda og að einstaklingar og lögaðilar fái heimild til afnota þeirra, tímabundið, gegn gjaldi. Með hæfilegum *fyrirvara megi breyta afnotarétti. Í stjórnarskrá Íslands verði* sett ný ákvæði um þjóðareign.

Við þessar tillögur nefndarmanna er það að athuga að tryggja þarf að einstaklingar og lögaðilar sem nýta vilja auðlindirnar, séu jafnt settir að úthlutun eða aðgengi í upphafi *og jafnan síðar eftir að meginreglan er sett í stjórnarskrá*.

Ákvæðin um fiskstofna eru ekki ný. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Það eina nýja er að gjaldtaka *fyrir* aðgang til ríkis og sveitarfélaga yrði sett í stjórnarskrá Íslands.

Herra forseti. Gjafakvótinn, aflamarkið, gerði útgerðarmenn nýríka. Aðgangur að nýtingar- og veiðirétti varð erfðagóss þeirra sem fæðast með gullskeið kvótagróðans í munni. Leiguliðunum, sjómönnum til áratuga, er innkoma í útgerð lokuð nema þeir greiði kvótaleigu. Vilji ungir menn hefja útgerð reka þeir sig hastarlega á lokaða atvinnugrein. Aðeins er fjárhagslega mögulegt að komast inn í krókakerfið, fiskveiðikerfi smábáta. Sá möguleiki er opinn eingöngu vegna þess að hingað til hefur aðeins þurft að borga smágreifunum fyrir þorskinn, aðrar fisktegundir hafa verið mönnum frjálsar í krókaveiðum smábátaflotans.

Hvað segir skýrslan um þessa leið fyrir nýliða í útgerðarrekstri? Jú, henni skal lokað. Í auðlindaskýrslunni segir, með leyfi forseta: „Það er því lagt til að allir krókabátar verði settir á aflamarkskerfi og að aflahlutdeildir verði framseljanlegar innan þess, en framsal milli kerfanna verði óheimilt."

Sem sagt, meira kvótabrask.

Enn skal vegið að sjávarbyggðum og því fólki sem þar vill búa. Einn alvarlegasti galli skýrslunnar er hrópandi þögn um afleiðingar kvótabraskskerfisins með hinu svokallaða frjálsa framsali á byggðir landsins og undirstöðu tilvistar þeirra.

Í sérkafla eftir Svein Agnarsson er vikið að þessum þætti en ávallt gert lítið úr áhrifum kvótabrasksins á búsetuskilyrði fólks. Skýrsluna kallaði forustumaður ríkisstjórnarinnar „stórviðburð í íslenskri samtímasögu".

Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Árni M. Mathiesen, segir að hér sé um að ræða ágætan grunn til að byggja á frekari sátt í sjávarútvegsmálum. Hefur verið einhver sátt um kvótabraskið eða er það LÍÚ-sáttin sem kynnt var á föstudaginn sem er nú vitnað til?

Í Dagblaðinu fyrir viku var haft eftir ráðherranum að kvótinn væri ekki orsök byggðaröskunar og spilaði þar ekki stóra rullu. Orðrétt sagði ráðherra, með leyfi forseta: „Fólk velur sjálft hvar það býr og krafan sem hægt er að gera til stjórnvalda er fyrst og fremst sú að þau geri ekkert sem ýti undir búseturöskun."

Þetta eru makalaus orð um byggðaröskun og að kvótabraskið og frjálsa framsalið frá 1990 spili ekki stóra rullu í leikþætti fólksflóttans af landsbyggðinni. Þetta er í raun inni ábyrgðarlaust fleipur. Á síðustu árum hefur togurum og stærri bátum á norðanverðum Vestfjörðum fækkað úr 16 í fimm og kvótinn minnkað úr 39.000 þorskígildistonnum í rúmlega 12.000 þorskígildistonn. Þá er ótalinn kvóti tveggja togara frá Tálknafirði og Bíldudal sem voru áður seldir.

Telur hæstv. sjávarútvegsráðherra að brotthvarf meira en 30.000 þorskígildistonna frá Vestfjörðum ásamt skipunum í stóra kvótabraskskerfinu, aflamarkinu, hafi ekki haft nein veruleg áhrif á atvinnumöguleika fólks?

Tekjur fólks og sveitarfélaga eru stórskertar af þessum sökum og flestar félagslegar íbúðir tómar, sem var þó full þörf fyrir þegar þær voru byggðar. Með kvótabraskinu hefur ríkisstjórnin valdið byggðaröskun. Svo talar hæstv. forsætisráðherra um að sveitarstjórnarmenn séu á fjárfestingafylleríi og kunni ekki fótum sínum forráð. Mér er nær að halda að það séu einhverjir aðrir sem búi við eftirköst sólríks sumars og skilji ekki vandann.

Herra forseti. Fólk sem neyðst hefur til brottflutnings velur sér búsetu annars staðar vegna þess að tekjumöguleikar þess í kvótalitlum sjávarbyggðum eru litlir. Kvótinn fór og fólkið á eftir og nú skal búa til verslunarkvóta í öllum fisktegundum, á krókabátana líka. Þá hefst tími kvótabrasks hjá smágreifunum í krókakerfinu. Byggðin mun ekki lifa af nýja holskeflu kvótabrasksins.

Er þetta kallað að við rekum markvissa byggðastefnu? Væri ekki rétt að ráðherrar stjórnarflokkanna segðu satt um að hér sé framfylgt eyðibyggðastefnu? En nýrrar byggðastefnu er nú leitað víða um lönd. Kvótabraskskerfið hefur verið að eyða byggðinni og að óbreyttu mun það gera það áfram.

[21:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ísland hefur verið kynnt víða á þessu aldamótaári. Fyrir vestan haf er þess minnst að þúsund ár eru liðin frá því að Vínland fannst, Reykjavík er ein af níu menningarborgum Evrópu og undir þeim merkjum hefur íslensk list verið flutt um álfuna og tvö stórvirki undir íslenskri forsjá, tónverkið Baldur eftir Jón Leifs og fjöl þjóðlegi ungmennakórinn Raddir Evrópu hafa hlotið góðar viðtökur. Björk hefur enn á ný kallað á alheimsathygli og síðast en ekki síst fögnum við því innilega hve vel íþróttafólki okkar vegnaði á Ólympíuleikunum í Sydney og ber þar nafn Völu Flosadóttur hæst.

Við eigum ótrauð að standa við bakið á afreksfólki okkar í íþróttum og fylgja fram ályktun Alþingis um eflingu íþrótta, m.a. með því að styrkja Afreksmannasjóð ÍSÍ. Í framhaldi af leikunum í Sydney mun ég leggja á ráðin um það með íþróttaforustunni hvaða ný sameiginleg úrræði eru best til að standa enn frekar við bakið á okkar góða íþróttafólki.

Einnig er nauðsynlegt að skapa liststarfsemi betra umhverfi í samræmi við mikla grósku á því sviði. Þar ber hæst ákvörðun um tónlistarhús. Það er ekki lengur spurning um það hvort eða hvar það rís heldur hvenær. Þörfin fyrir húsið er ótvíræð. Geti Ísland ekki háð samkeppni með góðum mannvirkjum fyrir tónlist og ráðstefnur setur allt þjóðlífið niður. Í grg. með fjárlagafrv. kemur fram að framkvæmdir gætu hafist árið 2003.

Undir forustu menntmrn. og í samvinnu við Byggðastofnun hefur verið unnið að stefnumótun um menningarstarf á landsbyggðinni og af hálfu ríkisvaldsins á að semja um þær leiðir sem heimamenn kjósa á hverjum stað. Þannig hefur verið staðið að því að semja um leiðir til að efla símenntun en um land allt hafa verið stofnaðar símenntunar- eða fræðslumiðstöðvar sem sameina krafta skóla, sveitarfélaga, launþega og atvinnurekenda með nýjum og árangursríkum hætti. Undir merkjum þessara stofnana og miðstöðva hefur verið skapaður góður vettvangur til samvinnu við háskóla til rannsókna og kennslu.

Í menntamálum má aldrei leggja árar í bát heldur huga sífellt að því sem betur má fara um leið og lögð er rækt við það sem best hefur reynst. Með nýjum námskrám fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er í fyrsta sinn sköpuð eðlileg og æskileg samfella milli þessara skólastiga auk þess sem skólastarfi eru sett skýrari markmið en áður með reglulegri stígandi í skólagöngunni án þess að nemendur lendi í blindgötu. Næsta vor verða samræmd próf úr grunnskóla valfrjáls og inntökuskilyrði í framhaldsskóla breytast og þar með eykst sveigjanleikinn í skólakerfinu enn frekar.

Háværustu gagnrýnendur íslenska menntakerfisins kjósa annaðhvort af ásetningi eða þekkingarleysi að gera lítið úr hinu mikla umbótastarfi síðustu ára og hve margir vinna þar að nýsköpun. Við heyrðum það nú síðast í ræðu formanns Samfylkingarinnar sem hefur undanfarnar vikur lagt sig sérstaklega fram um það að spilla góðu samkomulagi menntmrn. og Grundfirðinga um tilraun til framhaldsskólastarfs þar í bæjarfélaginu.

Háskólastigið er að taka miklum breytingum með nýjum einkareknum skólum og vaxandi áherslu á meistara- og doktorsnám, einkum í Háskóla Íslands. Með Listaháskóla Íslands skapast ný vídd í mennta- og menningarlífinu. Háskólinn á Akureyri flytur um þessar mundir í nýtt húsnæði og hafist verður handa við að reisa nýbyggingu við Kennaraháskóla Íslands. Nauðsynlegt er að bregðast við óskum Háskóla Íslands um nýskipan á fjárveitingum til bygginga á hans vegum og er það málefni sem hlýtur að koma til kasta Alþingis.

Lánasjóður íslenskra námsmanna eflist og veitir meiri þjónustu en áður. Fjárveitingar til kennslu í háskólum byggjast nú á gagnkvæmum samningum sem hafa verið gerðir í góðri sátt. Fráleitt er að tala um niðurskurð í því sambandi þegar litið er til einstakra skóla og þó einkum Háskóla Íslands.

Unnið er að samningum um rannsóknafé til háskólanna og til að efla enn frekar opinbera sjóði á sviði vísinda. Ég hef lagt áherslu á að ríkið skilgreini hlutverk sitt þannig að það

sinni grunnrannsóknum og menntun ungra vísindamanna. Náist samningar um þessi mál á næstu vikum verða þeir kynntir Alþingi vegna ákvarðana um fjárlög en undanfarin fimm ár hafa opinber útgjöld til rannsókna og þróunarstarfa aukist um 38%.

Við Íslendingar stöndum vel að vígi í upplýsingatækni, ekki síst þegar litið er til menntakerfisins. Nú á þessum vetri er enn ráðist í nýsköpun með tilraunverkefnum vegna fartölvuvæðingar framhaldsskólanna. Í fjárlagafrv. fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir fjárveitingu til verkefna á sviði tungutækni, þ.e. til þess að tryggja stöðu íslenskunnar í heimi upplýsingatækninnar. Á næstunni verður kynnt val á nýju sameiginlegu bókasafnskerfi fyrir öll bókasöfn landsins en það stórbætir aðstöðu allra landsmanna til að nálgast upplýsingar.

Herra forseti. Verkefni á sviði íþrótta, menningar og mennta, rannsókna og vísinda eru óþrjótandi og heillandi vegna þess að þau lúta öll að því að búa betur í haginn fyrir æskuna og þar með framtíðina. Verði ekki hvikað frá þeim markmiðum sem þegar hafa verið sett á þessum sviðum er íslenska þjóðin á réttri braut við upphaf nýrrar aldar.

[21:40]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Hæstv. forsrh. kom víða við í ræðu sinni en lét margs ógetið. Athyglisvert er að hvergi minntist hæstv. ráðherra á þann mikla þjóðarvanda sem búferlaflutningar innan lands eru. Það er athyglisvert en skiljanlegt því á fáum sviðum hafa ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar skilað *jafnlitlum árangri. Þrátt fyrir margsamþykktar* ályktanir um breytingar hefur ekkert áunnist. Nýjustu tölur staðfesta óbreytta þróun. Í raun hefur aðeins eitt gerst: Höfuðborgarsvæðið hefur stækkað.

Þessir miklu þjóðflutningar hafa kostað tugi milljarða og auðvitað er 30 milljarða afgangur á nýframlögðu fjárlagafrv. ágætur sem slíkur en hvergi er minnst á þann kostnað þjóðflutninganna sem lendir að mestu á sveitarfélögum og á örugglega sinn þátt í erfiðri fjárhagsstöðu þeirra þó margs konar aðgerðir stjórnvalda komi þar einnig við sögu. Ekki lofar hæstv. forsrh. miklu varðandi breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga enda líklega ekki mikill áhugi á þeim bænum til breytinga ef marka má ýmis ummæli hæstv. ráðherra.

Ég minntist á margsamþykktar ályktanir um aðgerðir í byggðamálum. Má margt gott um þær segja en vandinn hefur ætíð verið sá að meira hefur verið um orð en aðgerðir. Í nýjustu samþykktinni um stefnu í byggðamálum fyrir *árin 1999–2001 eru margar góðar tillögur. Mismikið hefur* borið á þeim en ein hefur farið hvað hæst að undanförnu sérstaklega vegna slælegrar frammistöðu stjórnvalda. Hér á ég við umræðuna og framkvæmdaleysið í fjarvinnslumálum. Á tímabili töluðu ýmsir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar og hv. þingmenn stjórnarliðsins eins og fjarvinnsla væri töfralausn landsbyggðarinnar. Með leyfi forseta vil ég vitna til nokkurra ummæla, fyrst til orða hæstv. forsrh. í þessum stól þann 23. febr. sl. varðandi flutning tiltekinna verkefna til Ólafsfjarðar. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin."

Skömmu síðar, þann 6. mars sl., var haldinn fundur á Ólafsfirði um sama mál og sagði hv. þm. Halldór Blöndal í viðtali eftir fundinn m.a., með leyfi forseta:

„Það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um það að flytja fjarvinnsluverkefnin hingað til Ólafsfjarðar og það verður staðið þannig að þeim að það verði traustur grunnur og hann standi til frambúðar."

Eftir sama fund sagði hæstv. iðnrh. m.a. í viðtali, með leyfi forseta:

„Í lok þessa mánaðar eða fyrir lok þessa mánaðar þá trúi *ég því að þær verði komnar, að það verði eitthvað að frétta.*"

Herra forseti. Góðir landsmenn. Ekkert hefur frést af þessu máli enn, þrátt fyrir samþykktir og falleg orð og þrátt fyrir að margoft við ýmis tækifæri hafi stjórnvöld verið minnt á málið. Á fundi samráðshóps 18 sveitarfélaga þann *20. ágúst sl. var samþykkt yfirlýsing. Í henni segir m.a, með* leyfi forseta:

„Samráðshópur sveitarfélaga um fjarvinnslu á landsbyggðinni átelur harðlega tregðu stjórnvalda hvað varðar virka þátttöku í þróun upplýsingaiðnaðar utan höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir skýr fyrirheit og hartnær heilu ári eftir útkomu skýrslu Iðntæknistofnunar um möguleika til fjarvinnslu á landsbyggðinni halda ráðamenn að sér höndum og láta stefnumörkun í þessum mikilvæga málaflokki embættismönnum eftir, í stað þess að taka það frumkvæði sem þeim ber. Með yfirlýsingum sínum hafa stjórnvöld skapað miklar væntingar, en óútskýrt aðgerðaleysi og skilningsleysi reyna nú mjög á þolinmæði almennings um allt land. ... Að óbreyttu er hætt við að sinnuleysi stjórnvalda verði til þess að grafa undan framtíðarmöguleikum landsbyggðarinnar á þessu sviði.

Fundurinn hvetur stjórnvöld því til að vakna af dvala sínum og sinna skyldu sinni, í samræmi við fyrri yfirlýsingar og ályktanir."

Góðir landsmenn. Enn hafa stjórnvöld ekki vaknað af dvala sínum.

*Herra forseti. Það er nauðsynlegt lýðræðinu að stjórn*málamenn standi við orð sín. Menntakerfið er eitt mikilvægasta verkfærið í byggðastefnu framtíðarinnar. Fjölbreytt fjarnám jafnt í símenntun sem hefðbundnu skólastarfi, tenging skóla milli dreifbýlis og þéttbýlis, tengsl skóla og atvinnulífs *eru meðal forsendna þess að möguleikar til menntunar verði* sambærilegir um land allt. Aðgangur að menntun verður að vera óháður búsetu og efnahag. Breytt menntakerfi þarf að verða almannatryggingakerfi framtíðarinnar. Þess vegna þarf m.a. að tryggja að upplýsingatæknin verði nýtt til fullnustu *í þágu menntakerfisins en slíkt gerist ekki nema allir hafi* jafnan aðgang að fjarskiptakerfinu.

Einkavæðing ljósleiðarakerfisins gæti skert möguleika landsbyggðarinnar til eðlilegrar þátttöku í upplýsingaþjóðfélaginu. Því ber að tryggja að ljósleiðarinn verði sameign þjóðarinnar og allir geti nýtt hann á svipuðu verði hvar sem er á landinu.

Herra forseti. Fram undan eru kjarasamningar stórra hópa opinberra starfsmanna, m.a. framhaldsskólakennara. Til þess að hægt verði að ná árangri í menntakerfinu þarf vel menntaða kennara sem eru ánægðir með starfsskilyrði sín, laun og aðstöðu. Því er mikilvægt að sem fyrst takist að ná samningum við framhaldsskólakennara svo ekki þurfi að koma til verkfallsátaka sem skaða mundu alla uppbyggingu skólakerfisins til framtíðar. Ríkisvaldið hefur gert

fjölda kjarasamninga við ýmsar svokallaðar viðmiðunarstéttir framhaldsskólakennara. Þessir samningar hafa skilað þeim stéttum mun hærri grunnlaunum, m.a. vegna svokallaðra aðlögunarsamninga. En framhaldsskólakennarar fóru aðra leið við gerð síðasta kjarasamnings. Þessi mismunandi þróun grunnlauna mun án efa auka erfiðleika við gerð nýrra kjarasamninga en gera verður þá kröfu til ríkisvaldsins að það tryggi öllum sínum viðsemjendum svipaða launaþróun. — Góðar stundir.

[21:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Síðustu fimm ár hafa verið eitt mesta framfaraskeið í þjóðarsögunni. Íslenska þjóðin getur horft til nýrrar aldar með bjartsýni. Hér er full atvinna og gnótt tækifæra fyrir unga og framsækna kynslóð.

Við göngum til framtíðar staðráðin í að bæta enn um betur, bæta okkar hag jafnframt því að jafna aðstöðu fólksins í landinu og mynda öryggisnet um þá sem höllum fæti standa í samfélaginu. Öflug atvinnustarfsemi og framleiðsla í landinu er grundvöllur að slíku. Full atvinna, góð afkoma, atvinnufyrirtækin í landinu og velferð fólksins verða ekki sundur skilin.

Það er löng leið frá þeim sporum sem núverandi stjórnarflokkar stóðu í árið 1995 þegar við ræddum um hvort hætta væri á því að missa fjárhagslegt sjálfstæði vegna viðvarandi hallareksturs og skuldasöfnunar ríkissjóðs til þess nú að greiða niður skuldir í svo miklum mæli að mögulegt er að peningalegar eignir ríkissjóðs nemi hærri fjárhæð en skuldir að fjórum árum liðnum. Það er staðhæft að þessi þróun hafi verið á kostnað þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Þetta er alrangt. Allt þetta tímabil hefur verið varið meiri fjármunum til menntamála, heilbrigðismála og félagsmála með ári hverju.

Í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir auknum framlögum til ýmissa þátta menntamála og til velferðarkerfisins. Má þar nefna háskólastigið, framhaldsskóla, Lánasjóð ísl. námsmanna, aukningu til hjúkrunarheimila, aukningu til barnabóta og tryggingabóta sem hækka fram yfir verðlagsforsendur frv. Framlög til málefna fatlaðra hækka og tekið er upp fæðingarorlof samkvæmt nýrri löggjöf sem samþykkt var á síðasta þingi.

Staðreyndin er að sótt er í rétta átt á öllum sviðum velferðarmála þó jafnframt sé verið að greiða niður skuldir. Þetta tekst vegna þess að það er kraftur í efnahagslífinu sem hefur skilað sér í auknum kaupmætti og tekjum. Það er blekking að ríkissjóður nærist eingöngu á viðskiptahalla. Þessi efnahagslegi grunnur skapar allt aðra stöðu til að fást við þau úrlausnarefni sem við blasa.

Það er nauðsynlegt að taka á byggðamálum, skapa sátt um að byggja landið allt. Það er farsælast í lengd og bráð fyrir alla landsmenn. Tilflutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins umfram eðlilega fólksfjölgun veldur beinum kostnaði og sóun í samfélaginu og skapar félagsleg vandamál.

Hin unga kynslóð hvar sem hún býr þarfnast þess að víkka sjóndeildarhringinn hér heima og erlendis með námi og störfum og vera ekki bundin á klafa sama starfs eða sama byggðarlags alla ævina. Fjölbreytni atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni er grundvöllur þess að halda sínu í þeirri samkeppni um fólk sem ríkir í opnu hagkerfi í nútímasamfélagi. Þess vegna ber nauðsyn til þess að skapa skilyrði fyrir atvinnustarfsemi tengda gagnaflutningum og upplýsingahraðbrautinni með sama verði fyrir þjónustuna um land allt. Þess vegna viljum við nýtingu orku og uppbyggingu stóriðju. Þess vegna viljum við auka fjölbreytni menntunar. Þess vegna viljum við styðja nýjar greinar í tengslum við landbúnað, svo sem skógrækt og hestamennsku. Þess vegna viljum við að landsbyggðin fái aukna hlutdeild í opinberum störfum og vöxtur í þeim geira eigi sér stað þar. Þess vegna verður að efla ferðaþjónustu á öllu landinu. Þess vegna viljum við nýja sókn í sjókvíaeldi að hætti Færeyinga og Norðmanna. Að öllum þessum málum er unnið og mörgum fleirum og þess vegna er nauðsyn að sveitarfélögin hafi stöðu til að veita sínu fólki þjónustu á þeim mikilvægu sviðum sem þau hafa með höndum. Afkoma þeirra hefur versnað á síðasta áratug. Það sýna tölulegar staðreyndir sem hafa komið á borð tekjustofnanefndar. Ekki liggur enn fyrir hverjar niðurstöður nefndarinnar verða en forsrh. kom í ræðu sinni inn á tvö mikilvæg atriði sem eru jöfnun milli sveitarfélaga og kerfisbreytingar um álagningu fasteignaskatta. Bæði þessi atriði hafa verið rædd í nefndinni.

Okkur Íslendingum hefur ávallt vegnað best með greiðum samskiptum við erlendar þjóðir. Okkur er þörf á því á nýrri öld að hafa samskipti við þjóðir um víða veröld vegna viðskipta og menningarlegra samskipta. Ný tækni í fjarskiptum hefur sett okkur inn í hringiðu alþjóðlegra samskipta og möguleikarnir eru allt aðrir en áður. Okkur ber skylda til að halda stöðugt uppi vel upplýstri umræðu um utanríkismál. Samskiptin við Evrópusambandið eru einn þátturinn og Framsfl. hefur tekið á þeirri umræðu í sínu flokksstarfi á nýjan hátt sem vakið hefur mikla athygli. Málið er mikið að vöxtum og þróun í samstarfi Evrópuríkja er á fleygiferð. Mörgum hættir til að gera það að aðalatriði í þessari umræðu hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Slíkar ákvarðanir eru ekki á dagskrá um þessar mundir.

Það er hægt að líta með bjartsýni til framtíðar. Tækifærin í okkar góða landi eru fleiri en nokkru sinni. Okkur ber að fara vel með þetta land jafnframt því að nýta gæði þess. Ég vil að lokum taka mér í munn orð skáldsins Hannesar Péturssonar þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Þetta land var sál vorri fengið til fylgdar.“ — Góðar stundir.

[21:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það fór ekki mikið fyrir umhverfismálunum í ræðu hæstv. forsrh. Nei, hann minntist ekki á þau og mér er til efs að hann hafi hugleitt mikið hugtakið sjálfbær þróun meðan hann var að semja ræðuna sína. Það er að mínu mati miður því að mannkynið stendur nú frammi fyrir gríðarlegum verkefnum í umhverfislegu tilliti og hin hnattræna meðvitund þarf sannarlega á sameiginlegu átaki að halda og það líka frá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Verkefnin snúast ekki um alheimsvæðingu fjármagnsins. Nei, þau snúast fyrst og fremst um jöfnuð því misskipting gæðanna í veröldinni eykst stöðugt. Nú eru framleidd matvæli í heiminum sem nægja til að metta alla jarðarbúa. En þau ná aldrei til þeirra nauðstöddu. Og á meðan milljarðar manna þjáist af hungri þjást jafnmargir af offitu. Í Afríku eiga milljónir manna yfir höfði sér dauðadóm vegna HIV-veirunnar og á sama tíma eru vestrænar vísindastofnanir að leggja ofurmikið fé í að finna aðferðir til að lengja líf manna á Vesturlöndum.

Á meðan efnahagur þriðjaheimsþjóða verður æ bágbornari þá blómstra verslun og viðskipti á Vesturlöndum með fjölþjóðleg stórfyrirtæki í broddi fylkingar sem í mörgum

tilfellum notfæra sér neyð þriðjaheimsþjóðanna með því að sækja til þeirra ódýrt vinnuafl. Þetta er veruleiki heimsbyggðarinnar við upphaf 21. aldarinnar og þetta ástand er að hluta til á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Á meðan boðorðin tíu í þeirri ríkisstjórn fjalla einungis um neyslu þá er þetta ástand að hluta til á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

En nota bene, boðorðin tíu um neysluna fjalla ekki um neyslu allra. Þau fjalla fyrst og fremst um neyslu þeirra sem betur mega sín því almennt launafólk, eldra fólk og öryrkjar verða að hafa það í huga, eins og forsrh. orðaði það, að kollvarpa ekki forsendum þeim sem stöðugleiki efnahagslífsins er byggður á. Boðskapurinn er neysluhyggja, blind trú á efnisleg gæði í stað þess að hlúa að félagslegu umhverfi og velferð mannssálarinnar. Hvað líður t.d. styttingu vinnuvikunnar?

Ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni farið eftir sinni eigin stefnu í málefnum sjálfbærrar þróunar. Hún stundar ekki marktækar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ekki hefur hún áhyggjur af takmörkuðum orkulindum okkar. Nei, hún leiðir ekki hugann að því að hver ný málmbræðsla takmarkar svigrúm okkar til að hlífa og hlúa að einni af okkar dýrmætustu auðlindum, þ.e. náttúrunni sjálfri.

Ekki er heldur talað af sannfæringu um mögulegan vetnisbúskap í framtíðinni. Ríkisstjórnin talar fyrir þungaiðnaði og stóriðju sem heyra til atvinnuvegum gærdagsins en skellir skollaeyrum við tillögum um sjálfbæra atvinnustefnu sem býður upp á störf í sátt við náttúruauðlindirnar.

Raunar má þakka ríkisstjórninni fyrir áform um Vatnajökulsþjóðgarð. Með þeim sýnir hún a.m.k. lit, þó að ekki eigi að ofgera hugmyndinni sem upphaflega lá að baki þáltill. Hjörleifs Guttormssonar sem fjallaði um fjóra þjóðgarða á miðhálendinu með jöklana sem kjarna og endaði í tillögunni um Vatnajökulsþjóðgarð sem samþykkt var í mars á síðasta ári.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar felur einungis í sér hálfstigið skref. Það á að friða jökulhettuna sem að öllum líkindum verður bráðnuð eftir um það bil 200 ár og ég fullyrði að þetta skref er einungis hálfstigið. Það er afar mikilvægt, og við leggjum alla áherslu á það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að landið sem er umhverfis jökulinn fylgi með. Þar eru fólgnar hinar eiginlegu náttúrugersemar sem þarfnast verndar. Það er að okkar mati mikilvægast að svæðið í kringum Snæfell vestur um Kverkfjöll og Vonarskarð fylgi strax með í stofnun þjóðgarðs.

Þá viljum við leggja á það áherslu að fram fari sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á Snæfells- og Kárahnjúkasvæðinu sem liggi fyrir um leið og mat á Kárahnjúkavirkjun liggur fyrir og með því tökum við undir áskoranir náttúruverndarsamtaka og skorum á ríkisstjórnina að láta fara fram slíkt mat. Allt annað væru svik við framtíðina. Og af því að félagasamtök á sviði náttúruverndar og umhverfismála eru nefnd þá væri ekki úr vegi að spyrja ríkisstjórnina að því hvernig hún hyggst standa við Árósayfirlýsinguna frá því 1998 um stuðning við frjáls félagasamtök. Hvernig hyggst hún t.d. veita náttúruverndarsamtökum hlutdeild í stefnumótun og ákvörðunum á sviði umhverfis- og náttúruverndar eins og henni er skylt samkvæmt yfirlýsingunni?

Nei, góðir Íslendingar. Þegar öllu er á botninn hvolft blasa við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tækifæri til að gera sig gildandi í umhverfismálum og um leið að vekja hnattræna meðvitund í samfélaginu. Ef þau tækifæri eru ekki notuð núna gæti það orðið um seinan.

[21:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hvorki frjálslyndir né vinstri grænir áttu aðild að auðlindanefndinni. Allt tal um sameiginlegt álit stjórnar og stjórnarandstöðu í auðlindaskýrslunni nær aðeins til Samfylkingarinnar sem átti þrjá fulltrúa sem kokgleypa sem sína stefnu eyðibyggðastefnu kvótabraskskerfisins. Það er engin von til þess að Frjálslyndi flokkurinn uni því að kvótabraskskerfinu skuli viðhaldið og eina sem til þurfi að koma sé að útgerðin borgi fleiri krónur fyrir að fá að viðhalda kvótabraskinu.

Gjaldtaka gjaldtökunnar vegna er engin lausn eða sátt. Gjaldtaka er aðeins markmið til stýringar og til þess að auðvelda innkomu nýrra manna í útgerðina ef fyrningarleið væri rétt útfærð. Strandveiðiréttur fólksins til fiskveiða á sínum heimamiðum og tryggður réttur fiskimanna sjávarbyggða til fiskveiðifrelsis í stjórnkerfi krókaveiðanna er frumskilyrði þess að minnsta von sé til þess að við komum að sáttargjörð.

Við þessum tillögum auðlindanefndarinnar kokgleypir Samfylkingin og gengst undir allt sem þar stendur ef ég hef skilið hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur rétt hér áðan. (**ÖS:** Hlustaðirðu ekki á formanninn?) Í tillögum auðlindanefndar er trygging þess að fiskkvótinn í sjónum umhverfis Ísland verði örugglega áfram ætlaður sægreifunum til að braska með því engu verði í raun breytt í sölu og leigubraski á óveiddum fiski í sjó við Ísland.

Í öllum aðalatriðum eru í skýrslunni notaðar sjálfgefnar og rangar forsendur, ekki síst um hina hagrænu þætti sem kostað hafa byggðaröskun, sóun fjármuna og eigna og aukna skuldasöfnun sjávarútvegsins.

Brottkast afla telst lítið og ósannað. Varla er minnst á það í skýrslunni sem sérstakt vandamál og sóun verðmæta. Hvergi er vikið að skiptingu fiskveiðiflotans í aðgreinda útgerðarflokka, sem er þó forsenda þess að skipa gjaldtöku eftir greiðsluþoli mismunandi útgerðarforma. Afkoma nótaveiðiflotans er t.d. nú þannig að hann þyldi enga gjaldskyldu. Aðgreindir útgerðarflokkar eru því nauðsyn og auðvelda nýja stjórn fiskveiðanna.

Algjört árangursleysi blasir við eftir 15 ára kvótakerfi við uppbyggingu botnfiskstofnanna og þeir eru nú flestir helmingi minni en fyrir daga kvótabraskskerfisins. Á bls. 164 í skýrslu auðlindanefndar er það svo talin sérstök orsök minnkandi þorskstofns eftir 1990 að krókabátar séu enn þá á sóknarmarki í heila 23 daga á ári.

Nú í nokkur ár hefur það birst í fjárlögum á hverju hausti að örorku- og ellilífeyrisþegar sitja eftir við það nægtaborð sem ríkisstjórnin segist bjóða öllum þegnum sínum í góðærinu. Þeir hafa setið eftir með skert kjör. Nú er ekki ástæða til að draga úr því að góðæri hefur verið, bara ekki góðæri allra. Góðærið hefur einkum og sér í lagi verið á suðvesturhorni landsins þar sem ríkt hefur mikil framkvæmdagleði. Þar hefur íbúðaverð hækkað mikið. Sama er ekki hægt að segja um eignir fólks á landsbyggðinni. Þær verða verðminni með minnkandi kvóta í sjávarbyggðum, sölu skipa og lokun frystihúsa. Á eftir fylgir verkefnaleysi þjónustufyrirtækja sem sum hver eru að gefast upp vegna samdráttarins.

En landsbyggðarfólkið borgar fasteignaskatta eins og eignin í sjávarþorpinu stæði í miðri Reykjavík og seldist á 20 milljónir en ekki fimm eins og víða þekkist úti á landi.

Um fólksfækkun og erfiðleika landsbyggðar sagði forsætisráðherra í stefnuræðu sinni, með leyfi forseta:

„Mörg sveitarfélög hafa á hinn bóginn liðið vegna fólksfækkunar og annarra erfiðleika og er ljóst að ríkisstjórnin vill koma til móts við þessi sveitarfélög með því að styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með fólksfækkunar- og þjónustuframlögum."

Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni hvaða erfiðleikar hafa fylgt kvótabraskskerfinu. Forsætisráðherra víkur að því tveimur orðum í máli sínu og nefnir það vegna „annarra erfiðleika". Svo mörg voru þau orð.

Ég fagna því ef nú á loks að leiðrétta fasteignagjöld landsbyggðarfólks til samræmis við verðgildi fasteigna úti á landi. Það léttir einnig undir með öldruðum og tekjulágu fólki sem býr á landsbyggðinni. Eftir stendur tekjuvandi sveitarfélaga sem vegna sanngjarnrar lagfæringar á fasteignasköttum fá minni tekjur. Það eru nefnilega sömu sveitarfélögin og misstu hafnargjöldin af löndunum afla þegar kvóti fór úr byggðinni og sömu sveitarfélögin og misstu útsvar hátekjumannanna þegar skipsplássin á togurunum sem seldir voru burtu með kvótanum hurfu úr sjávarplássunum.

Ég vona að hæstv. forsætisráðherra skilgreini það vandamál sem ég hef fjallað um í ræðum mínum ekki sem tittlingaskít. Þá væri illt í efni fyrir landslýð. — Góðar stundir.

Fundi slitið kl. 22:03.

---

3. FUNDUR

miðvikudaginn 4. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

2. Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

3. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 26. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 26.

Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, 3. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 3.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, 8. mál, frv. SJS og ÖJ, þskj. 8.

Endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, 13. mál, þáltill. ÖJ og GE, þskj. 13.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 7. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 7.

Eyjabakkar verði lýstir Ramsar-svæði, 9. mál, þáltill. KolH og ÞBack, þskj. 9.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 25. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 25.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, 23. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 23.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 19. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 19.

Meðferð opinberra mála, 20. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 20.

Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, 29. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 29.

Orkusjóður, 15. mál, frv. ÁSJ, þskj. 15.

Smásala á tóbaki, 14. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 14.

Stjórn fiskveiða, 21. mál, frv. GAK og ÁSJ, þskj. 21.

Stjórn fiskveiða, 22. mál, frv. GAK og ÁSJ, þskj. 22.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, 5. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 5.

Tekjuskattur og eignarskattur, 27. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 27.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, 12. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 12.

Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, 11. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 11.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, 24. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 24.

Tilkynning um stjórnir í þingflokkum.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa tilkynningar um stjórnir þingflokkanna. Þær eru þannig skipaðar:

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Sigríður A. Þórðardóttir formaður, Einar K. Guðfinnsson varaformaður og Ásta Möller ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Rannveig Guðmundsdóttir formaður, Jóhann Ársælsson varaformaður og Guðrún Ögmundsdóttir ritari.

Þingflokkur framsóknarmanna: Kristinn H. Gunnarsson formaður, Hjálmar Árnason varaformaður og Jón Kristjánsson ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður og Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Guðjón A. Kristjánsson formaður og Sverrir Hermannsson varaformaður.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseta hafa borist tilkynningar um kosningu formanns og varaformanns fastanefnda.

Í umhvn.: Ólafur Örn Haraldsson formaður og Kristján Pálsson varaformaður.

Í efh.- og viðskn.: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í samgn.: Árni Johnsen formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í landbn.: Hjálmar Jónsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í utanrmn.: Tómas Ingi Olrich formaður og Jón Kristjánsson varaformaður.

Í fjárln.: Jón Kristjánsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Í allshn.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður:.

Í félmn.: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í heilbr.- og trn.: Jónína Bjartmarz formaður og Lára Margrét Ragnarsdóttir varaformaður.

Í iðnn.: Hjálmar Árnason formaður og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

Í menntmn.: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í sjútvn.: Einar K. Guðfinnsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Ummæli þingmanns í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra.

[13:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Áður en umræður hefjast á fundinum vill forseti gera athugasemdir við ummæli sem féllu í umræðum um stefnuræðu forsrh. í gærkvöldi. Forseti telur að ummæli hv. 18. þm. Reykv., Sverris Hermannssonar, um formann Framsfl. og fjölskyldu hans, og raunar ummæli hans um fyrrv. þingmann Framsfl., séu á svig við ákvæði 89. gr. þingskapa. Forseti telur að í þessum orðum hafi falist brigslyrði sem óhjákvæmilegt er að gera athugasemdir við.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjör aldraðra og öryrkja.

[13:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Rétt fyrir kosningar í fyrra sendi ríkisstjórnin frá sér fréttatilkynningu um traustar undirstöður efnahagslífsins þar sem lofað var að koma til móts við kröfur lífeyrisþega um bætt kjör sem yrðu sambærileg við það sem orðið hefðu hjá öðrum. Nú er liðið eitt og hálft ár frá því og hverjar hafa efndirnar orðið?

Misskiptingin hefur aukist í samfélaginu. Ríkissjóður skilar miklum tekjuafgangi og enn breikkar bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa. Staðreyndin er að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa dregist aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Aldraðir og öryrkjar eru hlunnfarnir. Það er staðreynd þó svo að hæstv. ráðherra hafi haldið öðru fram í stefnuræðu sinni. Upphæðirnar tala sannarlega sínu máli.

Grunnlífeyrir og tekjutrygging eru nú rúmar 48 þús. kr. en lágmarkslaunin 72 þús. kr. Skattleysismörkin hafa staðið í stað svo að lífeyrisþegi sem býr einn og nýtur eingöngu bóta lendir í að greiða af þeim skatt sem aldrei hefur viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Á sama tíma og laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað um þúsundir og tugi þúsunda króna eru öldruðum og öryrkjum skammtaðir hundraðkallar. Þeir fengu 606 kr. hækkun á lífeyri sinn um síðustu áramót, 157 kr. 1. apríl og 123 kr. núna 1. september. Lífeyrisþeginn hefði e.t.v. getað leyft sér eitthvert smáræði fyrir þessar smánarupphæðir ef leigan hefði ekki hækkað, fasteignagjöldin hækkað, matvörur hækkað, framfærslan almennt hækkað og ekki síst lyfin. Á sama tíma og lífeyrir og tekjutrygging hækkuðu um 23% hækkaði hlutur sjúks gamals fólks og öryrkja í lyfjakostnaði um 120%, enda berast nú fréttir af gömlu og sjúku fólki sem ekki getur leyst út lyfin sín.

Hjá lífeyrisþegum á lágmarksbótum ríkir örvænting. Það er langt frá því að endar nái saman og margir missa lífslöngunina við þessar aðstæður. Sú hungurlús sem ríkisstjórnin skammtaði þessu fólki úr hnefa hefur verið tekin öll til baka og meira en það með auknum álögum.

Það er samfélaginu dýrt að halda öldruðum og öryrkjum í fátækt eins og nú er. Það er rándýr fátækt. Þeir sem ekki geta tekið þátt í samfélaginu brotna niður, halda ekki heilsu og valda heilbrigðiskerfinu miklum útgjöldum. Börn öryrkja eru félagslega út undan og afskipt. Þessi fátæktarstefna er aðskilnaðarstefna. Fátækt er útilokun frá þátttöku. Hún er skerðing á mannréttindum og þjóðfélagið fer á mis við framlag þessa fólks. Ekki hefur verið vilji hjá ríkisstjórninni til að afnema þá siðlausu reglu sem tenging tekjutryggingar við tekjur maka er. Menn fá laun óháð tekjum maka síns, fá atvinnuleysisbætur óháð tekjum hans en ef menn verða óvinnufærir eða hafa lokið starfsævinni, þá eru launin tengd tekjum maka. Þessi niðurlægjandi regla hefur unnið gegn fjölskyldum og gegn hjónabandi lífeyrisþega. Það er ömurlegt að vera í þessari stöðu og vera kominn upp á aðra með allt.

Í tvígang hafa stjórnvöld þó dregið úr þessari tengingu sem er í áttina. En hvers vegna er hún ekki afnumin, herra forseti? Afnám þessarar óréttlátu reglu kostar ríkissjóð jafnmikið og ríkisstjórnin rétti jeppaforstjórunum með lækkuninni á jeppaskattinum í vor. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur greinilega meiri skilning á þörfum jeppaforstjóranna

en lífeyrisþeganna. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin ætli ekkert að gera annað til að rétta hlut þessa fólks en að hækka tryggingagreiðslurnar um 4% um áramótin. Það dugar ekki til. Þessar upphæðir duga ekki til lágmarksframfærslu og 4% duga ekki einu sinni fyrir þeim aukasímkostnaði sem samgrh. hefur lagt blessun sína yfir að leggja á lífeyrisþega á næstunni.

Herra forseti. Kjör þessa hóps verður að bæta. Það er þjóðarskömm að fara svona með fatlaða og gamalt fólk í dag. Það gætir ótrúlegs sinnuleysis hjá ríkisstjórninni gagnvart þessu fólki en ég trúi því að dropinn holi steininn.

[13:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í umræðum um kjör lífeyrisþega er oft vísað til þess að kjör þeirra hafi versnað á undanförnum árum og í þessari talnaleikfimi sem var nú ekki mjög burðug hjá síðasta ræðumanni var verið að reyna að ýta undir það. En staðreyndin er hins vegar sú og um það er ekki hægt að deila að kaupmáttur lífeyristekna hefur vaxið mjög á undanförnum árum.

Frá því að þeir stjórnarflokkar sem nú starfa saman tóku höndum saman hefur kaupmáttur þessara hópa vaxið um 20%. Og þegar við erum að tala um kaupmátt, þá erum við ekki að tala um talnabreytingar því að þær koma fram báðum megin, kostnaðarlega og útgjaldalega og teknalega. Við erum að tala um það sem eftir stendur þegar útgjöldin hafa verið dregin frá samkvæmt þeim almennu reglum sem um það gilda. Það er 20% kaupmáttaraukning. Almennar launabreytingar um 20%, með launaskriði um 23%. Í lögunum er talað um almennar launabreytingar og samkvæmt þeim hefur kaupmáttur hækkað um 20% á þessu tímabili og hefur það aldrei gerst áður á jafnskömmum tíma.

Hins vegar er í umræðu um þessi kjör nokkuð reynt, og var gert af hálfu málshefjanda áðan, að taka inn í myndina hversu mjög lágmarkslaun hafa hækkað eða lágmarkstaxtar umfram lífeyrisgreiðslur. Þessu hefur oft verið svarað og oft verið farið yfir þetta. Þetta hefur verið rætt á Alþingi og Alþingi hefur samið lög og sett lög um það að fylgja skyldi almennum launabreytingum. Málið er nefnilega þannig að launataxtanir segja svo litla sögu um launabreytingar og kaupmáttaraukningu.

Þegar taxtar voru hækkaðir, í prósentum talið mjög mikið á lægstu taxta, í samningum síðast, þá hafði það afar litla útgjaldahækkun í för með sér fyrir atvinnulífið vegna þess að þeim töxtum hafði ekkert verið fylgt. Á þessu ári er gert ráð fyrir að vegin meðaltalshækkun dagvinnulauna verði 5,2%. Hækkanir tryggingagreiðslna fyrir sama tíma nema sama prósentustigi. Verðbólga frá upphafi til loka ársins verður rétt innan við 4% þannig að kaupmáttur almennra launa samkvæmt launahækkunum og kaupmáttur bóta á þessu ári mun vaxa. Það er ekki aðeins það sem ég nefndi í gær í ræðu minni að við reyndum að varðveita kaupmáttinn heldur mun hann vaxa samkvæmt þessum tölum. Það er afar þýðingarmikið að menn fari rétt með þessar tölur svo hægt sé að ræða málið með sæmilega skaplegum hætti.

Til þess að tryggja síðan kaupmátt lífeyrisþega ákvað ríkisstjórnin að lífeyrisbætur skyldu fylgja forsendum um almenna hækkun launa og ef verðlagsbreytingar yrðu umfram þær forsendur, þá skyldu þær bætur fylgja verðlaginu. Bæturnar eru þannig í raun verðtryggðar sem er til þess fallið að tryggja það markmið sem ég nefndi og er í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar.

Þegar hér var síðast vinstri stjórn, eins og menn muna, þá hrundi kaupmáttur almenns launafólks. En það var ekki nóg að kaupmáttur almenns launafólks hryndi um 15–20%. Kaupmáttur örorkubótaþega og ellilífeyrisþega hrundi um það sama. Nú hefur verið sett undir þann leka að jafnvel þó að það kæmi afturkippur í þjóðfélaginu og jafnvel þó að það kæmi vinstri stjórn og almennar launabreytingar mundu falla niður um 15% eins og síðast þegar þeir voru hér, mundi þetta tryggja að bæturnar héldu sér. Þetta er afar mikilvægt öryggisnet sem þarna er á ferðinni.

Varðandi spurninguna um framhaldið þá hefur ríkisstjórnin eins og vitað er skipað sérstakan starfshóp um málefni aldraðra sem hefur það hlutverk að fara yfir stöðu mála er varða eldri borgara og gera tillögur um ráðstafanir sem eru til þess fallnar að bæta stöðu þeirra sem þess þurfa sérstaklega við.

Varðandi spurningu málshefjanda um afnám tekjutengingar er rétt að upplýsa að tekjur maka hafa alls staðar á Norðurlöndum áhrif á lífeyri. Þessar tekjutengingar voru ákveðnar fyrir mörgum áratugum. Núverandi ríkisstjórn er fyrsta ríkisstjórnin — það hafa setið margar vinstri stjórnir — sem hefur verið að draga úr þessum tekjutengingum. Það er rétt að menn hugsi það. Skrefin sem stigin voru af þessari ríkisstjórn voru fyrstu skrefin sem stigin höfðu verið í áratugi til að draga úr þessum tekjutengingum. Með þeim skrefum sem við höfum þegar stigið og hæstv. heilbrrh. hefur tilkynnt hefur frítekjumark vegna tekna þrefaldast og það segir sína sögu.

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Málefni öryrkja og aldraðra eru og eiga að vera á borði allra ríkisstjórna. Þannig er það hér og þannig er það annars staðar einnig.

Meðal aldraðra eru a.m.k. tveir hópar. Það er annars vegar sá hópur sem hefur áunnið sér ríkan rétt til lífeyris eða býr við bestu kjör og svo er það hinn hópurinn sem hefur lífeyrisbætur Tryggingastofnunar ríkisins einar úr að spila eða rétt rúmlega það.

Ég hef sem heilbr.- og trmrh. ítrekað bent á að það sé samfélagsleg skylda okkar að beina kröftunum að seinni hópnum. Það er það veganesti sem nefnd sú fékk sem skilaði tillögum sínum í haust og fjallar um hvernig því markmiði verði náð að koma þeim til aðstoðar sem verst eru settir.

Það voru ekki kröfurnar sem ég sá á kröfuspjöldum fyrir framan húsið í fyrradag. Mér sýndist ég sjá þar kröfur um afnám allra tekjutenginga og verulega hækkun grunnlífeyris til allra.

Afnám allra tekjutenginga í almannatryggingakerfinu og veruleg hækkun grunnlífeyris til allra, t.d. um 20 þús. kr. á mánuði, kostar a.m.k. 12–15 milljarða kr. á ári. Mér finnst stundum að menn átti sig ekki á því að minnstur hluti þeirra milljarða mundi renna til hópsins sem við viljum helst rétta hjálparhönd.

Virðulegi forseti. Við verðum að hafa tekjutengingu en við verðum að koma til móts við þá sem minnst hafa. Ég bind vonir við að niðurstöður nefndarinnar, sem ég ræddi áður um, verði til þess að almenn sátt geti orðið um að aðstoða þá mest sem minnst hafa. Ég mun beita mér fyrir að slíkar tillögur verði lagðar fram.

[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sú regla gildir í þinghúsinu að einvörðungu kjörnir fulltrúar hafa málfrelsi. Þingpallarnir eru þéttsetnir en ég er sannfærður um að ef þar ríkti málfrelsi hefðu einhverjir viljað láta athugasemdir og orð falla undir þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar og vísa ég þar til ráðherranna.

Ég vil byrja á því að fagna umræðunni. Hún er ekki löng en í rauninni er ekki þörf á langri umræðu. Öll rök í málinu hafa þegar komið fram. Það er staðreynd sem verður ekki mótmælt að kjör aldraðra og öryrkja hafa ekki þróast á undanförnum árum eins og heföbundin viðmiðunarlaun. Allir muna að tengslin þarna á milli voru rofin og þeim breytt á þann veg að hliðsjón skyldi höfð af meðaltölum en ekki þeim kauptöxtum láglaunafólks sem samstaða var um í kjarasamningum að hækka umfram meðaltal. Þetta hefur leitt til þess að grunnlífeyrir og tekjutrygging sem var 51,7% af dagvinnulaunum verkamanna árið 1991, var á síðasta ári komin niður í 43,9% af þessum launum. Þetta er staðreynd og er þá ótalin kjaraskerðingin sem er til komin vegna raunlækkunar á skattleysismörkum, að ekki sé minnst á aukinn lyfja- og símkostnað.

Það er líka staðreynd að öryrki getur mest fengið um 70 þús. kr. á mánuði og það er staðreynd að hann hrapar niður í 49 þúsund við það eitt að vera í sambúð og afli makinn tekna getur sú upphæð farið niður í 17 þús. kr. Einstaklingur með þessar tekjur er sviptur sjálfstæði sínu, um það þarf ekki að hafa fleiri orð. Og fólk sem er á þessum töxtum fær ekkert umfram það sem hér er kveðið á um, hæstv. forsrh. Það er líka staðreynd að ef ekki verður breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar mun enn aukast bilið á milli lágra kauptaxta annars vegar og grunnlífeyris öryrkja og aldraðra á komandi árum. Um þetta hefur verið tekin ákvörðun og þinginu var greint frá henni á sl. vori. Þetta er mergurinn málsins. Það snýst um pólitískar ákvarðanir. Nú hefur ríkisstjórnin myndarlegan tekjuafgang upp á 30 milljarða kr. og ef pólitískur vilji er fyrir hendi að leiðrétta þessi kjör þá er það gerlegt.

Hæstv. heilbrrh. (Forseti hringir.) Þessi mál eiga að vera á borðum allra ríkisstjórna, en ekki bara á borðinu. Við erum orðin þreytt á orðagjálfri. (Forseti hringir.) Nú viljum við framkvæmdir og við krefjumst framkvæmda.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að mjög margir hv. þm. óska eftir að taka þátt í umræðunni sem gert er ráð fyrir að standi aðeins í 30 mínútur og hann ætlast til þess að hv. þm. virði þau tímamörk sem hér eru sett sem eru tvær mínútur.)

[13:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Bil milli ríkra og fátækra eykst stöðugt hér á landi. Þessi fullyrðing hefur m.a. verið staðfest í bók Stefáns Ólafssonar um tryggingakerfið, Íslensku leiðinni, og í skýrslu sem Rauði krossinn birti í upphafi árs. Í báðum þessum gögnum kom fram að bótaþegar eru einn sá hópur sem býr við hvað bágust kjör. Hópur aldraðra hefur lágar tekjur miðað við aðra þjóðfélagshópa auk þess sem jákvæð áhrif lífeyrissjóða á hag eldri borgara bæta ekki hag þeirra sem eru þegar orðnir eftirlaunamenn og náðu ekki að safna sér umtalsverðum réttindum úr lífeyrissjóðum.

Í kröfugerð sem aldraðir afhentu hæstv. forsrh. krefjast þeir þess að leiðrétt verði það misgengi sem orðið hefur á undanförnum árum á milli almennra launa verkamanna og tryggingagreiðslna samkvæmt mati kjararannsóknarnefndar og að tryggt verði að breytingar á tryggingagreiðslum fylgi framvegis almennri launaþróun. Þá er krafist úrbóta á því vandamáli sem skapast hefur vegna skorts á hjúkrunarrýmum á suðvesturhorni landsins. Þetta eru lágmarkskröfur sem ríkisstjórnin, sem gumar sífellt af góðæri og tekjuafgangi, ætti hæglega að geta orðið við.

Óhætt er að fullyrða að ýmsar stjórnvaldsaðgerðir komi beinlínis í veg fyrir menntun og atvinnuþátttöku öryrkja. Með jaðarsköttum og tekjutengingum og með því að ákvarða öryrkjum jafnlágar bætur og raun ber vitni eru ráðamenn að útiloka þá frá eðlilegri þátttöku í samfélaginu og skerða þar með framtíðarmöguleika þeirra. Það eru ekki einungis öryrkjar sjálfir sem eru einangraðir frá þátttöku í samfélaginu vegna fátæktar heldur bitna slíkar aðstæður iðulega hart á börnum þeirra sem vegna aðstæðna fá ekki notið tómstundastarfs eða annars sem börn hinna betur settu geta nýtt sér. Forsenda góðs aðbúnaðar fjölskyldna á Íslandi er að oft býðst mikil vinna og langur vinnudagur. Öryrkjar geta fæstir unnið langan vinnudag og þaðan af síður yfirvinnu og eiga því minni möguleika en aðrir til þess að eignast húsnæði. Ofan á þetta er þeim gert að sætta sig við niðurlægjandi tengingar við tekjur maka.

Það er mælikvarði á siðferði þjóðar hvort hún sýnir þeim virðingu sem minna mega sín.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eitthvað er sjálfstraust hæstv. forsrh. farið að bila því að eina vonarglætan sem hann gat rétt öldruðum og öryrkjum í ræðu sinni hérna áðan var að innan skamms kynni að vera brostin á vinstri stjórn. Guð láti gott á vita. En í upptalningu sinni á öllu því góða sem hæstv. forsrh. taldi að ríkisstjórnin hefði gert fyrir bótaþega í þessu landi gleymdi hann að geta sérstaks feluskatts upp á 3,5 milljarða sem lagður var á í fyrra, feluskatts sem varð til vegna þess að það gliðnaði á milli persónuafsláttar og launaþróunar. Á herðum hverra lenti sá skattur fyrst og fremst? Á herðum þeirra sem borguðu ekki skatta áður en þurfa að gera það núna, þeirra sem lifa á strípuðum bótunum, fólkinu hérna uppi í galleríinu.

Herra forseti. Það er einfaldlega orðið þannig að ómeðvituð aðskilnaðarstefna er orðin til í þessu samfélagi. Það er fólk sem getur ekki tekið þátt í samfélaginu lengur eins og við hin sem höfum nóg að bíta og brenna. Fólk sem getur ekki sent börn sín til þess að njóta lífsgæða á borð við tónlistarkennslu, íþróttanámskeiða, fólk sem getur ekki notið sömu gæða og við í formi tónleika og leikhúsferða. Herra forseti. Í þessu birtist aðskilnaðarstefnan í samfélagi sem við töldum áður að væri stéttlaust. Þetta er svartur blettur á okkur öllum og Alþingi þarf að taka höndum saman um að leiðrétta þetta.

Við Íslendingar höfum áður getað náð samstöðu meðal þjóðarinnar til þess að gera sérstakt átak í efnum sem við berum fyrir brjósti. Hvenær á að gera sérstakt átak í málefnum aldraðra og öryrkja ef ekki á því tímaskeiði sem hæstv. forsrh. hefur lýst sem mesta góðæri í sögu þjóðarinnar? Það er auðvitað núna, herra forseti. Þess vegna er það tillaga Samfylkingarinnar að komið verði á viðræðum milli fulltrúa ríkisvalds, sveitarfélaga, lífeyrissjóða og samtaka aldraðra og öryrkja um sérstaka afkomutryggingu til að verja hag og kjör þeirra sem verst eiga til að koma í veg fyrir að nokkur þurfi að una fátækt og óvissu um kjör sín.

[13:55]

Ásta Möller:

Herra forseti. Íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur verið að byggjast upp á síðustu áratugum. Innan fárra ára mun það nær alfarið taka við af almannatryggingakerfinu og tryggja öldruðum góð eftirlaun og áhyggjulaust ævikvöld í efnalegum gæðum og öryrkjum þokkalegan lífeyri. Margir eftirlaunaþegar eru þegar farnir að upplifa þennan veruleika.

Þau sjónarmið hafa heyrst meðal eldri borgara að þeir telji sig eiga rétt á því að fá óskertan lífeyri úr almannatryggingum burt séð frá öðrum tekjum sínum. Þeir hafa greitt skatta alla sína tíð og þetta sé réttur þeirra. Í þessu felst að mínu mati ákveðinn misskilningur. Almannatryggingakerfið er nákvæmlega það sem nafnið gefur til kynna, það er tryggingakerfi sem er ætlað að koma til skjalanna þegar heilsubrestur, fátækt eða bernska kemur í veg fyrir að viðkomandi geti framfleytt sér. Greiðslur ellilífeyris hafa að undanskildu tólf ára tímabili, frá 1960–1972, verið tekjutengdar með einum eða öðrum hætti og þannig hefur almannatryggingakerfið verið notað sem tæki til tekjujöfnunar.

Þangað til lífeyriskerfið hefur tekið yfir greiðslur eftirlauna verður hins vegar að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirra aldraðra sem bera lítið úr býtum. Það þarf að brúa ákveðið bil og það þarf að skapa sátt um þá leið. Stjórnvöld hafa ekki áhuga á að standa í stælum við eldri borgara þessa lands.

Ég er sammála talsmönnum aldraðra og öryrkja að bæta þarf kjör þeirra sem verst eru settir, það þarf að endurskoða tekjutengingu og það þarf að lækka skatta, sérstaklega eignarskatta. Eldri borgarar verðskulda virðingu og virðing verður best sýnd með því að tala hreint út um hlutina. Það er markmið þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Í því skyni stendur m.a. yfir endurskoðun á almannatryggingakerfinu og sérstaklega er skoðað samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að vænta innan tíðar og bind ég miklar vonir við að hún leiði til þeirrar sáttar sem þörf er á.

[13:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við umræðu um stefnuræðu forsrh. í gærkvöldi voru kjör aldraðra og öryrkja sérstaklega dregin fram að gefnu tilefni. Það voru orð hæstv. forsrh. um að þess hefði verið gætt að kaupmáttaraukningin, sem orðið hefur undanfarin ár, næði einnig til þeirra sem semja ekki um kjör sín, svo sem aldraðra og öryrkja, og að öll þau skref sem ríkisstjórnin hafi stigið undirstriki þann vilja hennar að varðveita og efla kaupmátt þessara hópa á kjörtímabilinu.

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að það hafi verið gert eftir formúlu prósentureiknings. En þegar bótagrunnurinn er svo smánarlega lágur að hann er ekki í neinu samhengi við framfærsluþörf þá skila nokkuð háar prósentutölur til bótahækkunar ekki hárri krónutölu. Þeir sem eru að komast á elsta aldursskeiðið í dag gera aðrar kröfur en þeir sem voru aldraðir fyrir fáum áratugum. Sama má segja um öryrkja. Fólk gerir kröfu um að geta haldið áfram að stunda félagsstarf og áhugamál og vera fjárhagslega sjálfstætt og þannig á það að vera.

En það er ekki eingöngu framfærslueyrir sem skiptir aldraða og öryrkja miklu máli. Aðgengi að félagslegri þjónustu og heilbrigðisþjónustu ásamt lyfjakostnaði skiptir ekki síður miklu máli þegar metin eru lífsgæði aldraðra og öryrkja. Það er tákn um nýja tíma að eldri borgarar séu komnir í baráttuhóp þeirra sem berjast fyrir bættum kjörum. Ekki mun af veita.

[13:59]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Þegar við lítum yfir feril ríkisstjórna síðasta áratuginn blandast engum hugur um að það var með aðild Framsfl. að ríkisstjórn að mörg mál, sem hefðu átt að vera á dagskrá fyrrverandi stjórnar, voru sett á dagskrá. Málefni aldraðra og öryrkja eru eitt þessara mála. Kaupmáttur þessara hópa hefur aukist í seinni tíð langt umfram það sem gerðist á árunum 1991–1995 þegar núverandi flokkur málshefjanda fór með málefni aldraðra og öryrkja í ríkisstjórn. Frítekjumörk hafa verið hækkuð verulega. Bensínstyrkir eru nú í fyrsta sinn í samræmi við óskir fatlaðra og eins og hér hefur komið fram hækkaði neysluverð um tæp 8% meðan kaupmáttur bóta jókst um rúmlega 22%.

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi, sem ekki er lengur í skyttuliði formanns Samfylkingarinnar ef marka má helgarviðtal í dagblaðinu Degi, fer jafnan mikinn í umræðum um félags- og velferðarmál en skautar stundum æðilétt yfir staðreyndir mála. Nú er það svo að hv. þm. hefur ekki átt aðild að ríkisstjórn og því er eðlilegt að spyrja hv. þm., ef til þess kemur einhvern tíma í framtíð, hvort þingmaðurinn muni þá beita sér fyrir afnámi allra tekjutenginga á bætur.

Virðulegi forseti. Við höfum þann vana að spyrða jafnan saman elli- og örorkulífeyrisþega. Það hefur e.t.v. villt okkur nokkuð sýn og komið í veg fyrir að við næðum til þeirra sem raunverulega þyrftu á aðstoð að halda. Ég held að við ættum í umræðunni að aðskilja þessa tvo hópa af því að mig grunar að þörfin fyrir hjálp eða aðstoð kunni að vera ólík milli þessara hópa og ólík innan hópanna eins og hér hefur komið fram í umræðunni.

[14:01]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Á jólaföstu á sl. ári var lögð fram skýrsla sem Félagsvísindastofnun hafði unnið fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þetta var einmitt um svipað leyti sem fjárlög ríkisins fyrir árið 2000 voru samþykkt með miklum fögnuði í þessum sal. Þar var gert ráð fyrir tekjuafgangi sem var meiri en áður hafði sést. Allar tillögur um einhverjar úrbætur fyrir þá sem verst voru staddir, sem minni hlutinn á Alþingi hafði lagt fram, höfðu verið felldar af meiri hlutanum sem hugðist eina ferðina enn spara á þeim sem síst skyldi, þ.e. þeim sem stóðu höllum fæti vegna öldrunar, örorku eða lifðu af sjúkradagpeningum. Mér fannst sem skýrslan um „íslensku leiðina" mundi færa þessum hópi vopn í hendur sem mundi duga í baráttunni fyrir bættum kjörum. Hún sýndi með óyggjandi hætti fram á að þeir öryrkjar sem lítið eða ekkert hafa við að styðjast annað en bætur frá því opinbera búa við meiri og illvígari fátækt en þekkist í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. En því miður hefur ríkisstjórnin enn þumbast við og gefur ekkert eftir. Enn á ný hefur þjóðinni verið birt fjárlagafrv. þar sem ekki er gert ráð fyrir að öryggisnetið sé styrkt þannig að tryggt sé að enginn lifi hér við fátækt og örbirgð í góðærinu.

Það verður að herða sóknina á öllum vígstöðvum. Öryrkjar og aldraðir hafa gefið gott fordæmi með mótmælum við þingsetningu. Það er brýnt að við sem sitjum á Alþingi höldum vöku okkar. Vonandi lætur íslenska þjóðin það ekki viðgangast að nú í peningaflóðinu miðju sé hér til í meira

mæli en nokkru sinni á undanförnum árum fátækt fólk, aldraðir, öryrkjar og þeir sem lifa á sjúkradagpeningum, fólk sem ekki á fyrir nauðþurftum.

[14:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Tekjur aldraðra og öryrkja hafa ekki hækkað eins og tekjur almennt vegna þess að helmingur, ég endurtek helmingur, tekna þeirra kemur frá lífeyrissjóðunum og sá hluti hækkar eins og verðlag. Þetta vita þeir forustumenn aldraðra mætavel sem í áratugi hafa verið í stjórnum lífeyrissjóða. Það stóð aldrei til að þessi lífeyrir hækkaði eins og laun enda yrðu eignir sjóðanna, t.d. húsbréf, að verðtryggjast eins og laun og er þá hætt við að hrikti í hjá skuldurunum ef húsbréfin hækkuðu eins og laun.

Hins vegar hafa bætur frá ríkinu hækkað umfram verðlag eins og umsamin laun almennt og til viðbótar hafa á síðustu árum komið húsaleigubætur sem hafa bætt stöðu þeirra lífeyrisþega sem verst standa og ekki eiga eigið húsnæði umtalsvert. Ekki er minnst á það í umræðunni.

Kjör aldraðra eru afar misjöfn og reglur um lífeyri og tekjur þeirra afskaplega flóknar. Allir aldraðir og öryrkjar fá lífeyri úr lífeyrissjóði nema þeir örfáu sem aldrei voru á vinnumarkaði, þ.e. fatlaðir. Staða þeirra hefur verið bætt umtalsvert á síðustu árum og er verið að vinna í því. Allir hinir eiga rétt á lífeyri úr lífeyrissjóði og sumir umtalsvert. Það gleymist gersamlega í umræðunni.

Auðvitað eru slæmar fjárhagsástæður hjá öldruðum eins og hjá öðrum hópum þjóðfélagsins. Fólk hefur fjárfest glannalega, tapað í atvinnurekstri, skrifað upp á og svo er auðvitað óreglan sem er allt of víða. Það má ekki gleyma því.

Sú umræða sem á sér stað er slagorðakennd og ekki virðist vera áhugi á því að kafa ofan í málið, taka allar tekjur með í myndina og átta sig á raunverulegri stöðu aldraðra. Það er hins vegar mikilvægt til þess að hægt sé að laga þá hnökra sem gætu verið á velferðarkerfinu og þá ber kannski hæst lyfjakostnað og annað slíkt.

En enginn ræðumanna í dag hefur rætt um það sem ég held að sé meginmálið hjá öldruðum og það er einsemdin, einsemdin sem við búum til á elliheimilunum þar sem gamla fólkið er aðskilið frá ættingjum sínum.

[14:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu í dag og það er alveg ljóst að þó að henni ljúki í þingsal núna, þá er henni ekki lokið. Ég verð að segja að ég er undrandi á þekkingarleysi og hversu illa þeir tveir hæstv. ráðherrar sem tóku þátt í umræðunni og fulltrúi Framsfl. eru að sér í tryggingamálum og tryggingaumræðunni. Tekjutengingar við tekjur maka viðgangast hvergi nema á Íslandi ef við miðum við Norðurlöndin, og það er einfalt að vitna til skýrslu hæstv. forsrh. sjálfs um kjör öryrkja og í bókina Íslensku leiðina, um íslenska tryggingakerfið, eftir Stefán Ólafsson. Þar kemur það ljóslega fram. Og að halda því fram að einhver sé að krefjast þess hér að allar tekjutengingar verði afnumdar, það hefur enginn farið fram á það hér. Það er aðeins landsfundur Sjálfstfl. sem hefur ályktað í þá veru að afnema allar tekjutengingar. Við erum að krefjast þess að afnumdar verði tekjutengingar við tekjur annarra en lífeyrisþegans sjálfs þar sem eru tekjutengingarnar við tekjur maka og þær á auðvitað að afnema. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætla þeir ekki að ganga þá leið til enda og afnema þessa ósanngjörnu og óþolandi reglu sem viðgengst? Ég spyr hæstv. ráðherra sem hefur verið hér í ýmissi talnaleikfimi: Treystir hann sér til að lifa á undir 50 þús. kr. á mánuði eða treystir hann sér til að búa einn og lifa á 70 þús. kr. eins og kjör lífeyrisþega eru í dag, á sama tíma og leiga fyrir litla tveggja herbergja íbúð er 60 þús. kr. á mánuði?

Við verðum bara að horfa á staðreyndir. Kjör þessa fólks eru allt of léleg og það getur vel verið að margir eigi sök á því. En við verðum að leiðrétta þetta, það er löngu orðið tímabært. Ég spyr þingheim, herra forseti, og hæstv. ráðherra: Getum við ekki sameinast um að leiðrétta kjör þessa fólks? Þau hafa dregist aftur úr og það er orðið löngu tímabært að þau verði leiðrétt.

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. *málshefjandi nefndi, bæði í seinni ræðu* sinni rétt eins og í fyrri ræðu sinni, það lægsta sem menn þekkja að menn búi við og auðvitað er það svo að þeir sem hafa lægst úr að spila í bótum eingöngu búa við mjög þröngan kost, við vitum það. En síðan komu kröfurnar í framhaldi af þessu og þær tengdust ekki neitt þessum sem lægst hafði, þ.e. eingöngu lægstu tryggingabætur. Hverjar voru kröfurnar? Þær voru að afnema tekjutengingar við maka. Hv. þm. veit væntanlega að tekjurnar fara ekki að skerðast fullkomlega fyrr en við 270 þús. kr. hjá maka. Hún var alltaf að tala um 47 þús. kr. Þær fara ekki að skerðast fyrr en við 270 þús. kr. hjá maka. Hverjar voru svo kröfurnar á spjöldunum hérna fyrir utan? Afnema allar tekjutengingar, *afnema eignarskatta, afnema tekjuskatta.* Þetta voru kröfurnar sem voru mest áberandi á spjöldunum fyrir utan. Og það er auðvitað vegna þess að hagur ellilífeyrisþega er eins og annarra í þjóðfélaginu, þetta er ekki neinn einn hópur, afskaplega mismunandi. Mjög margir ellilífeyrisþegar hafa miklu betri aðstæður en þeir sem eru á besta aldri og eru að vinna að því að koma sér upp húsnæði til að mynda, mjög margir. Sem betur fer. Ef við lítum á þær tölur sem komu fram í þeirri skýrslu sem Jafnaðarmannaflokkurinn, eins og ég held að hann hafi heitið þá, bað um fyrir einu eða tveimur árum, kom þetta allt saman fram, að staða ellilífeyrisþega var mun betri hér á landi, sambærilega betri við það sem gerðist hjá OECD-löndunum og Norðurlöndunum. Þar kom einmitt fram að eignarskattsstofn hjóna til að mynda, þar sem bæði eru lífeyrisþegar, var 50% hærri að meðaltali en hjá vinnandi fólki á miðjum aldri. Þessir hópar eru því mjög mismunandi. Auðvitað er það rétt sem hæstv. heilbrrh. segir að við eigum ekki að tala svona úr og í. Við eigum að einbeita okkur að þeim sem minnst hafa en það gerði hv. málshefjandi svo sannarlega ekki.

Umræður utan dagskrár.

Ráðstafanir stjórnvalda í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi í sumar.

[14:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sennilega hefur enginn einn atburður á nýliðnu sumri haft eins mikil áhrif á líf eins margra og jarðskjálftarnir sem skóku Suðurland um miðjan júní. Við getum verið þakklát fyrir að ekkert manntjón varð í skjálftunum en hver er staðan þegar litið er til tjóns á eignum manna?

Tæplega 2.000 eignatjón munu hafa verið tilkynnt í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi í sumar og samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér mun lokið mati á um helmingi þeirra.

Hins vegar hefur ekki verið auðvelt að nálgast fullnægjandi upplýsingar. Eitt af því sem fram kemur hjá þeim sem hlut eiga að máli er að svo virðist sem íbúar svæðisins, þeir sem urðu fyrir tjóni á eignum sínum, íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og útihúsum til sveita, hafi í mörgum tilvikum ekki enn fengið fullnægjandi upplýsingar um stöðu sína, bætur á eignum sínum, úrræði og viðbrögð hins opinbera.

Réttum mánuði eftir náttúruhamfarirnar á Suðurlandi, nánar tiltekið 19. júlí sl., skrifaði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bréf til ríkisstjórnar Íslands og óskaði upplýsinga um framvindu mats á tjónum sem varð á mannvirkjum og eigum fólks. Jafnframt var spurt um hvenær ætla mætti að bótagreiðslum lyki. Svar við bréfi þessu hefur enn ekki borist þingflokknum. Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að ætla að einstaklingar sem eru að reka mál sín gegn jafnsvifaseinu kerfi eigi erfitt með að sækja fullnægjandi svör við spurningum sínum. Það er einmitt ekki síst þessi seinagangur sem gagnrýndur hefur verið í viðbrögðum ríkisstjórnarinnar.

Með því að vekja máls á þessu á Alþingi vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggja sitt af mörkum til þess að íbúar á Suðurlandi fái svör við spurningum sínum og geti horfst í augu við komandi vetur með sæmilegri hugarró. Enn eru margir íbúar á Suðurlandi sem búa í bráðabirgðahúsnæði, misgóðu, og í fjölmiðlum hefur m.a. komið fram að til eru þær fjölskyldur sem í allt sumar hafa búið við hörmulegar aðstæður, jafnvel í gámum sem ætlaðir eru til vöruflutninga. Þannig getum við Íslendingar ekki komið fram við samborgara okkar.

Sú samkennd sem vaknar þegar vandi steðjar að er dýrmætt tákn þeirrar nálægðar sem einkennir fámenna þjóð. En þegar frá líður erum við því miður oft fljót að gleyma náunganum í dagsins önn. Bent hefur verið á að í þetta sinn vorum við svo lánsöm að afdrifaríkar og alvarlegar náttúruhamfarir urðu að sumarlagi og meira að segja á einu mildasta sumri síðari ára. Eitt af því sem í þessu sambandi hefur komið til umræðu er mikilvægi þess að til verði viðlagahúsnæði sem hægt væri að koma upp fljótt og örugglega hvar sem er á landinu þegar náttúruhamfarir verða og hvernig sem viðrar þannig að það dugi í öllum veðrum.

Annað atriði sem vakið hefur spurningar er hvort e.t.v. væri rétt að gera breytingar á reglum Ofanflóðasjóðs þannig að til yrði sérstakur sameiginlegur sjóður landsmanna til að bæta sértækt tjón sem verður af náttúruhamförum á Íslandi. Ljóst er að í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi í sumar bíða mörg verkefni úrlausnar. Eitt þeirra er að ljúka nú þegar mati á öllum tjónum og bótagreiðslum til þess fólks sem varð fyrir tjóni. Annað verkefni er svo að læra af reynslunni og leitast við að undirbúa samfélagið betur en verið hefur undir viðbrögð við náttúruhamförum. Þess vegna er einnig mikilvægt að átta sig á hvort jarðskjálftarnir á Suðurlandi hafi leitt í ljós að gera þurfi breytingar á öryggisþáttum eða skipulagi almannavarna. Í ljósi þessa er eftirfarandi spurningum beint til hæstv. forsrh.:

1. Hvað líður mati á tjóni sem varð á mannvirkjum og eigum fólks í jarðskjálftunum á Suðurlandi í sumar?

2. Hvenær er þess að vænta að bótagreiðslum ljúki?

3. Kom eitthvað það fram við náttúruhamfarirnar í sumar sem kallar á endurskoðun á reglum um viðlagatryggingar?

4. Hefur eitthvað það komið í ljós sem kallar á breytingar á öryggisþáttum eða skipulagi almannavarna og ef svo er um hvaða þætti er þar að ræða?

[14:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp í þinginu. Eins og menn vita og málshefjandi nefndi er það viðlagasjóðstryggingin sem er hin almenna hjálparstofnun sem á að bregðast við í slíkum tilvikum en eins og vitað er greip ríkisstjórnin jafnframt strax til aðgerða og setti til hliðar fjármuni til þess að bæta um betur eftir því sem hægt væri og bæta úr brýnustu þörf. Eftir jarðskjálftana á Suðurlandi voru af hálfu stjórnvalda undirbúnar ráðstafanir til að aðstoða íbúa á svæðinu til að mæta afleiðingum hamfaranna og voru þær ráðstafnir gerðar í nánu samráði við vinnuhóp sveitarfélaganna á jarðskjálftasvæðunum.

Í viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélaganna á jarðskjálftasvæðunum á Suðurlandi kom strax fram að eitt brýnasta viðfangsefnið í kjölfar jarðskjálftanna væri að veita þeim sem misst höfðu húsnæði sitt úrlausn sem fyrst. Af hálfu ríkisins var lögð áhersla á að koma upp varanlegu húsnæði yfir veturinn þar sem þá mundi sparast fé vegna útvegunar húsnæðis. En niðurstaða sveitarstjórnarmannanna var samt sem áður sú að veruleg þörf væri fyrir bráðabirgðahúsnæði.

Í bréfi vinnuhóps sveitarfélaganna frá 18. júlí kemur fram að þörf sé á 26 heilsárshúsum og tveimur til þremur stærri íbúðum. Framkvæmdasýsla ríkisins annaðist útboð á 30 heilsárshúsum og er nú verið að koma þeim upp og á því að vera lokið fyrir 1. nóv. Auk þess voru keyptar tvær íbúðir á Hellu fyrir bráðabirgðahúsnæði.

Að því er varðar eignarhald á húsunum kemur tvennt til greina, að ríkið eigi húsin eða sveitarfélögum verði gert kleift að eignast húsin. Síðari kosturinn er betri að því leyti til að sveitarfélögin hafa þá hag af því að húsin verði seld þegar ekki er lengur þörf á þeim sem bráðabirgðahúsnæði vegna afleiðinga jarðskjálftanna. Að öðrum kosti er hætt við að ríkið sitji uppi með húsin. Því hefur verið rætt við sveitarfélögin um eignarhald, t.d. þannig að ríkið afskrifi strax líkleg afföll af kostnaðarverði miðað við tveggja ára eignarhald. Verður sveitarfélögunum þá væntanlega boðið að kaupa húsin miðað við 50% afföll af kostnaðarverði og kaupverð lánað vaxtalaust til tveggja ára. Það ætti ekki að íþyngja sveitarfélögunum fjárhagslega.

Heildarkostnaður vegna þessara húsa og íbúða er 275 millj. kr. en samkvæmt upplýsingum sveitarstjórnarmanna er líklegt að bæta þurfi nokkrum húsum við því að enn þá hafa verið að koma fram skemmdir sem menn áttuðu sig ekki á að væru jafnalvarlegar og raun ber vitni. Því er líklegt að heildarkostnaðurinn hækki úr 275 í 300 millj. kr.

Jarðskjálftarnir ollu röskun á starfsemi fyrirtækja og bændur urðu fyrir verulegu tjóni. Sumt af því tjóni er bætt af tryggingum en annað, einkum tjón vegna rekstrarstöðvunar, er ekki bætt af viðlagatryggingum. Upplýsingar um þessi tjón eru enn að berast. Verður reynt að meta sanngjarnar bætur vegna þeirra sem næst því sem verið hefði ef unnt hefði verið að tryggja gegn slíkum tjónum.

Við uppgjör á tjónabótum Viðlagatryggingar í kjölfar jarðskjálftanna hefur komið fram óánægja hjá nokkrum íbúum við mat á eignum þeirra. Bætur viðlagatryggingar geta að hámarki verið jafnar brunabótamati eigna en í nokkrum tilvikum munu bætur lægri en brunabótamat. Einnig virðist vera nokkuð misræmi í brunabótamati eftir sveitarfélögum.

Hér er nauðsynlegt að fara rækilega ofan í bæði bótareglur Viðlagatryggingar og matsreglur og er sú vinna hafin. Niðurstöður úr þeirri vinnu geta hins vegar ekki endilega leyst úr þeim vanda sem er nú við að eiga en reynt verður að koma tilmóts við þá sem lent hafa í erfiðleikum við að koma sér upp nýju húsnæði. Hér er þó um afar viðkvæmt mál og vandmeðfarið að ræða því að jafnræðis þarf að gæta.

Í jarðskjálftunum urðu miklar skemmdir á veitukerfum á Sólheimum í Grímsnesi. Viðlagatrygging bætir ekki þær skemmdir þar sem Sólheimar eru ekki sveitarfélag og Viðlagatrygging tryggir ekki veitukerfi einkaaðila. Viðgerðir á veitukerfinu hófust strax eftir jarðskjálftann en ríkisstjórnin ákvað að veita Sólheimum 6 millj. kr. styrk vegna þessara framkvæmda.

Jarðskjálftarnir á Suðurlandi hafa haft í för með sér margvíslegan kostnað hjá ýmsum aðilum öðrum en þeim sem urðu fyrir beinu tjóni. Sveitarfélögin á svæðinu hafa orðið fyrir viðbótarkostnaði og rannsóknarstofnanir hafa þurft að auka starfsemi sína vegna vöktunar. Ríkið mun að einhverju leyti reyna að mæta kostnaði þessara aðila.

Á næstu mánuðum og missirum þarf að auka vöktun og rannsóknir á jarðskjálftasvæðunum sem munu þýða aukin útgjöld. Áður þarf hins vegar að tryggja sem best skipulag vöktunar og rannsókna og gott samstarf milli allra viðkomandi stofnana. Í fjáraukalögum á þessu ári verður gert ráð fyrir 200 millj. kr. framlagi vegna aðgerða ríkisins á jarðskjálftasvæðunum. Margt er þó enn óljóst í þessum málum og því er viðbúið að útgjöld ríkisins verði talsvert meiri þegar allt verður gert upp og upp verður staðið. Ég tel fyrir mitt leyti að nauðsynlegt sé í framhaldi af öllum þessum málum að fara vel yfir og athuga á nýjan leik skipulag viðlagatryggginga, m.a. til þess bæði að flýta viðbrögðum tryggginganna og jafnframt til þess að reyna að tryggja að menn fái þær bætur sem hægt er að gera ráð fyrir að menn hafi vænst. Það er afskapalega bagalegt þegar menn hafa greitt brunabótaiðgjald sitt um háa herrans tíð. Það hefur aldrei verið afskrifað á þeim tíma sem innheimt er, en síðan kemur á daginn að eignin er afskrifuð um tugi prósenta. Það hlýtur að verða til þess að mönnum bregður í brún. Sem íbúðareigandi hér í borg hef ég jafnan talið að mitt hús væri brunatryggt samkvæmt þeim iðgjöldum og þeim upphæðum sem ég hef verið að greiða þannig að þetta mundi hafa komið mér á óvart ef ég hefði búið á þessu svæði.

Yfir þetta þurfa menn að fara. Ég tel það algjörlega nauðsynlegt.

[14:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá. Um leið vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég tel að miðað við þær vinnureglur sem við búum við bæði hvað varðar viðlagatryggingu og eins lögum um vátryggingasamninga hafi þetta gengið býsna vel miðað við það umhverfi sem matsmönnum og öðrum er búið í þessum efnum. Ég tel að sveitarfélögin, sem eiga þarna hlut að máli, hafi brugðist einstaklega vel við, myndað vinnuhóp og staðið mjög þétt að baki þeirra íbúa sem urðu fyrir tjóni.

Það er hins vegar alveg hárrétt að þarna hafa auðvitað komið upp mjög erfið vandamál, sérstaklega varðandi fyrningarreglu sem notuð er af Viðlagatryggingu. Þar er miðað við brunabótamatið en síðar koma fram fyrningar eftir ákveðnum stöðlum sem fáir af þeim hópum sem við höfum hitt, hvort sem um er að ræða tjónþola eða sveitarstjórnarmenn, virðast geta reiknað út eða skilið. Margt er enn óleyst. En á þessum þremur og hálfum mánuði hefur verið unnið mjög mikið starf. Ég tel að sveitarstjórnarmennirnir með vinnuhóp sinn og ráðgjafarmiðstöð hafi unnið nánast kraftaverk á þessu svæði. Við þurfum hins vegar að taka á þeim vandamálum sem við blasa. Hv. þingmenn, þau vandamál eru ekki bara ríkisstjórnarinnar, þau eru okkar vegna þess að vinnureglurnar eru settar af Alþingi, lagaramminn er settur af Alþingi. Það þarf að breyta honum. Við hjá Samfylkingunni, og reyndar nokkrir aðrir þingmenn, höfum samið frv. sem mun verða dreift annaðhvort í dag eða á morgun, fyrirspurnir og þáltill. sem taka að hluta til á þessu vandamáli. Síðan þurfum við að nýta þær upplýsingar sem hafa safnast til að gera enn betur.

[14:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er alltaf mikill harmur þegar náttúruhamfarir eiga sér stað. Það var óboðinn gestur sem kvaddi dyra á sunnlenskum heimilum. Að vísu höfðu menn búist við heimsókn hans um langa hríð. Hann kemur með vissu millibili og gengur harkalega um og gerði það í þetta sinn þannig að innbú manna og húseignir skemmdust. Tjón sem er sársaukafullt og erfitt að bæta.

Sem betur fer varð ekki manntjón en auðvitað eru það eftirskjálftar sálarinnar sem þarf að huga að, að svæðið rísi til nýrrar sóknar og að þingið láti af hendi bætur samkvæmt lögum.

Ég hef dáðst að ríkinu, sveitarfélögunum, Rauða krossinum og sjálfboðaliðum í þessu starfi og þeirri miklu hjálp sem Sunnlendingum hefur verið veitt í þessum átökum. Ég trúi því að þessum málum muni ljúka fljótlega og að sátt verði. Ég tek undir með hæstv. forsrh. að sárast er að sjá mismun á brunatryggingum á milli sveitarfélaga og auðvitað þarf að fara yfir skipulag og lög Viðlagatryggingar á þinginu upp á framtíðina að gera.

Ég trúi því að þetta mikla svæði, Suðurland, rísi jafngott upp á ný. Gesturinn er farinn hjá garði, lífið blasir við. Við þar eystra trúum því á framtíðina sem fyrr.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Stærsti atburður sem snerti okkur sem þjóð varð í sumar þegar jarðskjálftarnir riðu yfir Suðurland. Því er eðlilegt að í upphafi þings sé þetta mál tekið fyrir og gerð grein fyrir stöðu þess í dag.

Náttúruhamfarir eins og jarðskjálftarnir á Suðurlandi í sumar varða ekki einungis það fólk sem þar býr heldur alla þjóðina og var mikið lán að ekki var beint tjón á fólki. Að sjálfsögðu snerta þessar hamfarir fyrst og fremst daglegt líf og framtíð þess fólks sem býr á þeim svæðum sem ógnirnar riðu yfir. Okkar hinna er að veita stuðning og styrk til að draga úr hinum slæmu afleiðingum og bæta það sem hægt er að bæta fljótt og örugglega þannig að daglegt líf og framtíðarsýn þessa fólks færist sem fyrst í sama horf og var áður en hamfarirnar dundu yfir. Þar má ekki verða langt milli orða og gjörða.

Hér hefur verið minnst á íbúðarhús og innbú fólks. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. að hann muni beita sér fyrir því að endurskoða lög um Viðlagatryggingu þannig að meira öryggi skapist í tjónamati og rétti fólks til bóta við slíkar hamfarir sem við erum að fjalla um. Ég vil þó spyrja hvað líði úttekt á tjónamati og endurmati á útihúsum og

iðnaðarhúsum og öðrum atvinnuhúsum í sveitum og hvernig verði tekið á bótum á því tjóni og hvernig verði farið með mat á rekstrartapi og missi atvinnutekna.

Herra forseti. Hugur allra Íslendinga var með íbúum Suðurlands á meðan jarðskjálftinn dundi yfir og hugur okkar er áfram með þeim. Við viljum fylgja því eftir að bætur, endurreisn mannvirkja, atvinnulífs og samfélags á svæðum þar sem náttúruhamfarirnar dundu yfir komist sem fyrst í eðlilegt og gott horf.

[14:27]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Málshefjanda ber að þakka fyrir að taka málið fyrir en nokkurs misskilnings gætti hjá hv. þm. í ræðu hans. Tjónafjöldi sem liggur fyrir á Suðurlandi er um 1.700. Búið er að meta og gera upp um 1.000 tjón, greiða um 800 milljónir kr. Reikna má með að tjónið í heild liggi öðru hvoru megin við tvo milljarða þegar upp er staðið.

Það er um margt sem Viðlagatrygging hefur staðið vel að verki en helst hefur staðan verið erfið gagnvart þeim sem lentu í altjóni. Þar var kerfið allseinvirkt en sér þó fyrir endann á því. Reiknað er með að öllu tjónamati verði lokið í lok nóvember samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar, þar af eru um 500 tjón sem eru mörg smá en þó nokkur í sumarhúsum á svæðinu.

Virðingarvert er að Viðlagatrygging hefur lagt áherslu á að hafa gott samband við tjónþola en hugmynd um sérstakan tjónasjóð er kannski svolítið á misskilningi byggð vegna þess að Viðlagatrygging er sérstakur tjónasjóður, settur á laggirnar beinlínis til að sinna þessum þörfum. Hins vegar hefur Viðlagatrygging að mínu mati túlkað allt of þröngt og til óhags fyrir tjónþola lögin um viðlagatryggingu og þar koma tjónþolar ekki vel út. Ég tek undir gagnrýni hæstv. forsrh. í þessu efni þar sem viðlagagjöld eru miðuð við brunabótamat en Viðlagatrygging býr síðan til nýjar reglur, eigin reglu í mati, og þær eru í öllum tilvikum tjónþola í óhag. Þetta er hlutur sem þarf að knýja á um og ég fagna því sérstaklega að forsrh. skuli hafa fjallað um það hér.

Það liggur fyrir að það þarf að fjalla um úttekt á þessu máli, úttekt á húsum á Suðurlandi og skipulag Viðlagatryggingar í heild.

[14:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að við Íslendingar, sem búum flest á einhvers konar hættusvæðum vegna náttúruhamfara, drögum lærdóm af því sem yfir okkur dynur og unnið verði að lagabreytingum sem komi í veg fyrir að fólki sé mismunað sem verður fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara. Auk þess þarf að vinna að forvarnastarfi og þarf Viðlagatrygging Íslands að hafa skýrara hlutverki að gegna í því sambandi. Sem dæmi má nefna að mikilvægt er að farið sé yfir byggingar, gamlar og nýjar, og gerðar tillögur um breytingar sem mundu styrkja þær í jarðskjálftum ef þær eru á svæðum þar sem jarðskjálftavá vofir yfir.

Á undanförnum árum hafa dunið yfir okkar litla land náttúruhamfarir af ýmsu tagi og ber þar hæst snjóflóð sem hafa valdið miklu og óbætanlegu tjóni og nú síðast jarðskjálftarnir sem riðu yfir Suðurlandsundirlendið í sumar og ollu miklu tjóni á eignum en sem betur fer ekki manntjóni. Fyrir það getum við svo sannarlega verið þakklát forsjóninni. Nú þegar uppgjör fer fram við þá sem urðu fyrir mestu eignatjóni hefur komið í ljós að gildandi reglur gera ekki ráð fyrir að miðað sé við endurstofnverð heldur er brunabótamat lagt til grundvallar og á það reiknaðar út ákveðnar fyrningar á eignirnar og standa menn því afar misjafnlega að vígi þegar tjónið er bætt. Niðurstaðan er metin af þeim sem gerst til þekkja gjörsamlega óviðeigandi. Þessar fyrningar koma t.d. hvergi fram á þeim iðgjaldaseðlum sem fólk fékk í hendur og koma því fólki í opna skjöldu auk þess sem fasteignamat reyndist mjög mismunandi á sambærilegum eignum. Að fólki sem hefur lent í hörmungum sé mismunað eins og hér virðist blasa við á Suðurlandi er óviðunandi og ætti ríkisstjórnin að taka á sig rögg og gera ráðstafanir til að þessi ólög gangi ekki fram. Ég vil þakka það að í þessum umræðum hefur komið fram að hæstv. forsrh. sýnir málinu skilning.

[14:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þá umræðu sem hér fer fram um afleiðingar skjálftanna á Suðurlandi sem vissulega er ástæða til að taka undir og fagna að ekki skyldu valda manntjóni.

Eins og komið hefur fram hjá forsrh. eru þessi mál öll til umfjöllunar af hálfu ríkisstjórnar og hafa ráðuneytisstjórar haft þar ákveðið hlutverk. Það hefur verið ákveðið af hálfu þriggja ráðuneyta, forsrn., fjmrn. og viðskrn., að fram fari fagleg athugun á afskriftareglunum. Vissulega hafa borist ákveðnar kvartanir til viðskrn. sem varða þessi mál og að hluta til er það þannig að fólk á erfitt með að gera sér grein fyrir rétti sínum og kannski í einhverjum tilfellum að skilja matsgerðirnar.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við nýtum reynslu þessa sumars til að vinna fram á veginn og vinna okkur áfram í þessu máli sem vissulega er að mörgu leyti flókið. Ég get tekið undir það með ýmsum ræðumönnum að ástæða er til þess núna að meta það hvort við eigum að fara í heildarendurskoðun á viðlagatryggingaumhverfinu — það er mál sem þarf að skoða alveg til hlítar — eða hvort gerðar yrðu minni háttar breytingar á viðlagatryggingalögunum. En ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að eitthvað af þeim hnökrum sem hafa komið upp geta verið á grundvelli þess að lagaumhverfið sé ekki nægilega skýrt og ekki nægilega skilvirkt.

[14:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Enginn sem upplifði jarðskjálftana á Suðurlandi í sumar mun gleyma þeirri lífsreynslu. Margir eiga enn um sárt að binda, bæði andlega og fjárhagslega vegna eignatjóns. Ég fullyrði að allir sem að uppbyggingarmálum hafa komið hafi unnið sitt verk af einurð og heilindum. Ríkisvaldið, sveitarstjórnir og matsmenn Viðlagatryggingar. Samstarfshópur sveitarfélaganna á jarðskjálftasvæðinu hefur verið að störfum um aðgerðir eftir jarðskjálftana. Vinnuhópurinn hefur verið málsvari íbúanna og sveitarstjórnanna gagnvart ríkisvaldinu.

Sveitarfélögin komu á fót ráðgjafarþjónustu fyrir íbúana sem urðu fyrir tjóni í jarðskjálftunum. Sú þjónusta hefur gefið góða raun og hafa fjölmargir íbúar leitað til hennar og fengið aðstoð við yfirferð á matsniðurstöðum. Rauði kross Íslands og hjálparsveitir unnu mjög mikilvæg störf strax frá upphafi og ber að þakka það. Ljóst er að margur húseigandinn er í erfiðri stöðu eftir jarðskjálftana.

Þegar hús eyðileggjast vegna náttúruhamfara er brunabótamatið hámark bóta. Afskriftareglur hafa verið reiknaðar eftir vinnureglum Viðlagatryggingar með tilliti til aldurs

og ástands eigna. Ósátt hefur verið að hluta til um þessar afskriftir þó svo að flestir hafi skrifað undir.

Brunabótamat margra eigna er gamalt og ekki er vitað um á hvaða grundvelli það var unnið. Það sem gera þarf er í fyrsta lagi að koma á einhvern hátt til móts við þá sem hafa fengið verulega skertar bætur sem eru langt frá því að vera endurstofnverð eða endurtryggingarverð hefur verið afskrifað. Það þarf að gera úttekt og hefja aðgerðir til að útrýma hættulegum byggingum. Það þarf að taka sérstakt tillit til þeirra sem hafa misst atvinnuhúsnæði og hafa orðið af tekjum þess vegna. Það þarf að endurskoða lög um Viðlagatryggingu Íslands og lög um brunatryggingar. Það skipulag sem komið var á eftir jarðskjálftana er til fyrirmyndar og þó að ýmsir hnökrar kunni að hafa verið á einstöku þáttum þá eru þeir ljósir og til þess að læra af. Nú eru fyrstu húsin komin og það ríkir bjartsýni meðal íbúanna.

[14:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál hér upp og eins hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf í ræðu sinni áðan sem vissulega benda til þess að menn ætli að læra af þeirri reynslu sem þeir hafa áunnið sér eftir þessar hörmungar sem yfir Suðurland gengu. Hins vegar kom það fram eins og ætíð hér á Íslandi að samhugur fólksins í landinu er meiri en nokkru sinni þegar slíkar hamfarir dynja yfir.

En það breytir ekki hinu að þegar áföll eins og þessi koma til þá reynir á þær reglur og þau gildi sem við er miðað þegar verið er að takast á við áföll eins og þessi og ýmsar spurningar hafa vissulega vaknað við þá framkvæmd. Í fyrsta lagi virðist mér sem hlutverk ríkis og sveitarfélaga sé ekki nægilega skilgreint þegar kemur að því að bregðast við tjónum af þessum toga og hæstv. forsrh. nefndi m.a. eitt atriði hvað það varðar þar sem deilur eru nú uppi um það hvernig eignarhald eigi að vera á því bráðabirgðahúsnæði sem verið er að reisa og koma yfir það fólk sem hvað harðast varð úti.

Hæstv. forsrh. orðaði það þannig að það væri óþægilegt fyrir ríkið að sitja uppi með þessi hús en þessari fullyrðingu má allt eins snúa við og segja sem svo að það geti verið mjög óþægilegt fyrir sveitarfélögin að sitja uppi með þetta húsnæði, enda hafa þau gert kröfur um það að ef þau eigi að leysa þetta til sín verði a.m.k. 70–80% afföll.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hafa margir þingmenn nefnt það að þær afskriftir sem reiknaðar eru hvað varðar það húsnæði sem verður fyrir tjóni, því húsnæði er afskrifað um 1% á ári þannig að 30 ára gamalt húsnæði er búið að afskrifa um 30% en menn eru samt sem áður að borga full iðgjöld eins og brunabótamatið standi alveg óskert sem grundvöllur bóta. Ég held því að í þessu samhengi verði a.m.k. að skoða ákvæði laga um vátryggingasamninga, eins og 37. gr. þeirra laga, og ég held að ef menn muni a.m.k. takast á við þær reglur þá hafi eitthvað gott hlotist af þeim lærdómi sem af þessum náttúruhamförum hefur hlotist.

[14:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og forsrh. fyrir hans svör.

Ég vildi aðeins nálgast þetta mál frá öðru sjónarhorni en hér hefur verið rætt. Hæstv. landbrh. talaði um að óboðinn gest hefði borið að garði og hann hafði líka orð á því að nú væri sá óboðni gestur farinn en hins vegar segja jarðfræðingar okkur að jarðskjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Þann 22. nóvember sl. bar ég fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um hvernig staðið væri að þessum málum varðandi forvarnir. Þá kom það svar frá hæstv. umhvrh. að skipuð hefði verið nefnd af þáv. umhvrh. Guðmundi Bjarnasyni og hún væri að skila af sér. Það væru ákveðnir þættir sem hefðu komið fram í því nefndarstarfi sem núverandi ríkisstjórn hefði óskað eftir enn frekari umræðum um. Og í svari ráðherra sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin ákvað, að tillögu umhvefisráðherra, að skipa nýja nefnd til að leggja mat á tillögurnar og móta tillögur til ríkisstjórnarinnar um framhald málsins.“ — Síðan segir: — „Nefndin hefur enn ekki lokið störfum en formaður hennar hefur nýlega gert ráðuneytinu grein fyrir stöðu verksins. Er reiknað með að nefndin ljúki störfum og skili ráðuneytinu tillögum sínum á næstu vikum.“

Þetta var í nóvember 1999. Þess vegna vildi ég beina því til hæstv. ríkisstjórnar hvort nefndin hafi skilað tillögum sínum í þessu alvarlega máli — því við eigum enn eftir að upplifa jarðskjálfta hér á Suðurlandi og þeir nálgast nú höfuðborgarsvæðið — hvernig hefur og hvernig mun verða staðið að öryggismálum út frá öryggislegu sjónarmiði því það yrði mikil vá ef upptök slíks jarðskjálfta sem varð á Suðurlandi í sumar væru mjög nálægt höfuðborginni.

[14:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. svörin sem mér fannst að mörgu leyti ágæt. Ég er honum t.d. sammála um að hér er á ferðinni viðkvæmt mál og vandmeðfarið þar sem þurfi að gæta jafnræðis. Auðvitað þarf þó að hyggja sérstaklega að þeim sem urðu fyrir mestu tjóni og tek ég þar undir með öðrum hv. þm., Drífu Hjartardóttur o.fl., sem hafa vakið máls á því sérstaklega, hvort sem um er að ræða heimili fólks eða atvinnuhúsnæði.

Þá er mjög mikilvægt að bæta upplýsingaflæðið. Mikil gagnrýni hefur komið fram frá fólki sem telur sig ekki hafa fengið nægar upplýsingar. Hv. þm. Árni Johnsen vildi leiðrétta einhvern misskilning sem á að hafa verið á ferðinni í mínu máli en ég geri mér ekki alveg grein fyrir í hverju sá misskilningur er fólginn vegna þess að ég tel að hann hafi ekki komið fram í mínum málflutningi. Það er rétt sem hann nefndi að það hefur verið tilkynnt um 1.700 tjón en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur um 900 málum verið lokið. Hann nefndi 1.000. Ég veit ekki hvað rétt er í því en eftir stendur að um helmingur þeirra tjóna sem tilkynnt hafa verið er ekki að fullu afgreiddur og þessu þarf að hraða.

Ég fagna því sérstaklega sem fram kom hjá hæstv. forsrh. að nauðsyn beri til að taka til endurskoðunar lög og vinnureglur Viðlagatryggingar og reyndar þarf að taka til endurskoðunar öll þau lög sem á reynir við náttúruhamfarir af þessu tagi og ég er vongóður um að um það geti skapast þverpólitísk samstaða og sátt að hrinda þeirri vinnu fram.

[14:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil undirstrika það sem kemur fram í máli flestra þingmanna hér að þó að við séum að nefna til sögunnar ýmsa þætti sem hefðu mátt betur fara, þá erum við ekki að finna að þeim sem hafa haft með málefnin að gera, hvorki frá hendi sveitarfélaga, Viðlagatryggingar Íslands

eða annarra aðila, heldur miklu fremur þeim lagaramma sem þessir aðilar búa við og þá umgjörð sem þeir verða að starfa eftir.

Við getum líka fagnað því út af fyrir sig að í meginatriðum, þó að við séum að finna að vissum þáttum, virkar kerfið og kerfið er ekki gamalt. Kerfið er bara til frá því eftir Vestmannaeyjagos. Áður fyrr stóðum við nánast algjörlega berskjölduð gagnvart stóratburðum af þessu tagi.

Í annan stað tala menn um forvarnir og það má ekki gleyma því að við erum í raun að gera mjög umfangsmiklar forvarnir gagnvart slíkri vá alla daga. Ef við skoðum það tjón sem þarna varð þó það sé kannski ekki algerlega algilt, þá er það nokkurn veginn algilt að elstu húsin og þau sem voru lakast byggð fóru verst út úr þessum skjálftum. Forvarnirnar hafa ekki falist minnst í því gagnvart slíkri vá að byggingareftirlit hefur verið hert, byggingarstaðlar gera miklu ríkari kröfur til húsa, miklu ríkari en til að mynda gerist í flestum okkar nágrannalanda. Enda erum við oft undrandi á því hve húseignir þar eru ódýrari en hér, en það er m.a. vegna þess að við gerum miklu, miklu meiri kröfur til styrkleika okkar bygginga heldur en annars staðar er gert. Í því felst mikil forvörn og kannski ekki sú minnsta. En jafnframt þurfum við auðvitað að huga að því með hvaða hætti við sem skilvirkast bregðumst við. Ég ítreka að við þurfum að fara ofan í þá löggjöf sem hér er á ferðinni þannig að meiri sanngirni sé hægt að gæta heldur en hægt hefur verið í öllum tilfellum núna að mínu mati.

Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:45]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég tala fyrir þáltill. sem allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur að. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að haldið verði aukaþing sumarið 2001 þar sem fjallað verði um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna með aðild sveitarstjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtaka og einstaklinga."

Þannig hljóðar þáltill. en í greinargerð er m.a. vikið að því að á undanförnum árum hafi byggðamál og þróun byggðar í landinu verið talin með mikilvægustu úrlausnarefnum í íslensku samfélagi, ekki síst vegna þess að síðustu ár hefur fólk þyrpst á höfuðborgarsvæðið með þeim afleiðingum að dregið hefur úr þrótti landsbyggðarinnar til þess að viðhalda atvinnu, reka viðunandi þjónustu fyrir íbúana og hlúa að blómlegu mannlífi. Þetta hefur orðið þrátt fyrir að á sama tíma hafi veruleg uppbygging átt sér stað víða úti á landi. Þorp og bæir hafa tekið stakkaskiptum, breytingar hafa orðið í landbúnaði og ýmis sveitarfélög eru á margan hátt fullkomlega fær um að taka við mun meiri og fjölbreyttari atvinnu en þar er nú stunduð, en skortir mannafla til.

Byggðaröskunin og fólksflóttinn á höfuðborgarsvæðið hefur eins og hér var nefnt oft verið til umræðu, enda hefur hann aukist ár frá ári og nemur nú nokkur ár í röð hartnær 2.000 manns á ári hverju.

Landsmenn vakna sífellt betur til meðvitundar um hinar neikvæðu afleiðingar byggðaröskunar. Æ fleiri gera sér ljóst hvaða möguleikar eru í því fólgnir fyrir þjóðlífið að nýta kosti dreifðra byggða landsins, svo sem fengsæl fiskimið, búsældarlegar sveitir og fjölbreytta, einstæða náttúru. Jafnframt vex skilningur á því að til þess að svo megi verða í nútíð og framtíð þarf að efla byggðirnar og auka hlutverk þeirra í sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins. Þetta er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Ekki leikur vafi á því að vaxandi meðvitund er um það í þjóðfélaginu hvert þjóðhagslegt óhagræði er af hinni miklu byggðaröskun. Útreikningar sýna að milljarðar á milljarða ofan fara í súginn á hverju ári vegna þessa en lauslegir útreikningar benda til þess að kostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem taka við fólki utan af landi sé á bilinu 3–5 millj. kr. fyrir hvern einstakling. Oft hefur þessu dæmi verið stillt þannig upp að það hljóti að vera mikill ávinningur fyrir höfuðborgarsvæðið að fá fólk hingað, að fólk flytjist búferlum af landsbyggðinni og hingað á suðvesturhornið, en á því eru tvær hliðar, ekki síst þegar um er að ræða eins mikla fólksflutninga og hér um ræðir. Það er því hagur allra landsmanna, ekki aðeins landsbyggðarinnar heldur ekki síður höfuðborgarinnar og þéttbýlissvæðisins á suðvesturhorninu, að stöðva þessa þróun.

Á undanförnum árum hefur mörgum aðgerðum stjórnvalda verið ætlað að efla og treysta byggð í landinu. Sumar þeirra hafa borið árangur, aðrar ekki. Helsta ástæða árangursleysis er ómarkviss viðbrögð við tímabundnum vanda einstakra byggða. Oft er gripið til ráðstafana án þess að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi af því að á það hefur skort að vandinn á landsvísu hafi verið skilgreindur. Þingmenn sem þingflokkar hafa lagt fram margar, metnaðarfullar tillögur sem ekki hafa verið til lykta leiddar. Sveitarstjórnir, félagasamtök og einstaklingar hafa leitað nýrra leiða en ekki heldur haft erindi sem erfiði nema að takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að þjóðarsátt náist um leiðir til þess að leysa þann knýjandi vanda sem byggðaþróunin hefur skapað og skapar enn, enda er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Af þeim sökum er fyllsta ástæða fyrir stjórnvöld að fara skipulega yfir allar tillögur sem komið hafa fram á undanförnum þingum ásamt hugmyndum einstaklinga og sveitarfélaga um farsæla þróun byggðar í landinu, taka formlega afstöðu til þessa efnis, leita sameiginlegra lausna og setja fram markvissa áætlun um framtíðarþróun byggðar á Íslandi.

Þess vegna er lagt til að boðað verði til aukaþings sumarið 2001 þar sem eingöngu verði fjallað um byggðamál, aðgerðir hins opinbera í þeim efnum og tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu áratugum til lausnar vanda í byggðaþróun. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklingar sem láta sig málið varða geta borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum.

Það eru sennilega fáir málaflokkar sem á liðnum árum hafa fengið eins mikla umræðu hér á Alþingi og byggðamálin. Eins og hér var getið hafa komið fram tillögur frá einstökum þingmönnum, frá þingflokkum, frá ríkisstjórn, oft

miklar að vöxtum, stundum í heilum bókum en eftir sem áður er árangurinn ekki sá sem væntingar hafa staðið til.

Við erum þeirrar skoðunar að í reynd sé fyrir því almennur vilji í þjóðfélaginu öllu og einnig hér á Alþingi að færa þessi mál til betri vegar. Um þetta er þverpólitísk sátt. Það er vilji allra Íslendinga að tryggja byggð í landinu öllu og jafna búsetuskilyrðin en á það skortir að á málinu sé tekið markvisst og heildstætt. Það er þess vegna sem við leggjum fram þessa tillögu, að Alþingi komi saman á sérstöku aukaþingi þar sem einvörðungu verði fjallað um þessi mál. Við tökum allar tillögur sem fram hafa komið, tökum þær til markvissrar umræðu og skoðunar og í tengslum við þá umræðu sem hér færi fram yrði efnt til sérstakrar byggðaráðstefnu fulltrúa sveitarfélaganna, þeirra stofnana sem hafa með þau mál að gera hjá einstökum sveitarfélögum og félagasamtökum, auk þess sem við mundum bjóða til slíkrar umræðu einstaklingum sem hafa eitthvað og mikið til málanna að leggja og málið brennur á. Með öðrum orðum að við sköpuðum víðtæka umræðu í þjóðfélaginu um þetta knýjandi mál.

[14:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er hægt að hafa mörg orð um byggðamál almennt og það er að sjálfsögðu hægt að hafa mörg orð um þá tillögu sem hér er lögð fram en ég ætla ekki að gera það. Ég tek að sjálfsögðu undir það með hv. 1. flm. sem hér flutti framsöguræðu að það þarf að færa þessi mál til betri vegar. Ég tel hins vegar ekki að það verði gert með því að halda sérstakt sumarþing um þennan málaflokk einvörðungu. Ég leyfi mér að segja, hæstv. forseti, að eitthvað yrði sagt um mig sem byggðamálaráðherra ef ég flytti svona tillögu, að nánast ætti að fresta umræðunni fram á sumar, þá skyldum við ræða þetta. Málið er bara ekki þannig vaxið. Ég segi, hæstv. forseti, að mér finnst þessi tillaga vera vanhugsuð.

Alþingi samþykkti mjög metnaðarfulla tillögu um byggðamál sem gildir fyrir tímabilið 1999–2001 þannig að við höfum svo sannarlega ályktun til að vinna eftir og það er hlutverk mitt sem byggðamálaráðherra, ef má orða það þannig, að fylgja þeirri tillögu eftir. Ég mun á þessu þingi leggja fram skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar og vonast ég til að um þá skýrslu skapist umræður hér á þingi sem verði mér og ríkisstjórn til hjálpar í því að vinna áfram í þessum málaflokki. Ég vænti þess að hv. þm. vinstri grænna, ég man ekki hvað hann heitir, við köllum viðkomandi stjórnmálaflokk yfirleitt vinstri græna, taki þátt í þeirri umræðu en fresti henni ekki fram á sumar. Byggðamálin eru nefnilega alls ekki einangraður málaflokkur. Þau spanna breitt og vítt svið og þau tengjast nánast öllu því sem er til umræðu á hv. Alþingi. Byggðamál eru samgöngumál. Byggðamál eru að sjálfsögðu atvinnumál og kannski eru þau fyrst og fremst atvinnumál vegna þess að okkur skortir fjölbreyttara atvinnulíf á landsbyggðinni. Eitt af því sem unnið er að í iðnrn., og ég tel vera stærsta byggðamálið, er uppbygging álvers á Austurlandi og tilheyrandi virkjunarframkvæmdir. Ég veit ekki betur en hv. þingmenn sem flytja þessa tillögu séu andvígir þeim framkvæmdum. Það er þá eitthvað nýtt ef það er ekki. Fjarskiptamál eru byggðamál. Félagslegar aðstæður á landsbyggðinni eru byggðamál og svona mætti lengi, lengi telja.

Þá var lögunum um Byggðastofnun breytt á síðasta Alþingi og tekin hefur verið ákvörðun um að flytja Byggðastofnun út á land, til Sauðárkróks. Ég hef ekki tekið eftir því að hv. þm. sem flytja þessa tillögu styðji það mál heldur eru þeir því andvígir og meira að segja formaður þessa stjórnmálaflokks tjáði sig nýlega opinberlega gegn flutningi Byggðastofnunar út á land. Þar að auki er með þeim lögum ákveðin breyting gerð á hvað varðar starfsemina þannig að það er haldinn aðalfundur Byggðastofnunar. Haldinn var slíkur fundur í sumar á Akureyri og þótti takast mjög vel. Á þeim fundum gefst tækifæri til að ræða byggðamál á svipaðan hátt og hv. þm. eru að leggja til í þessari tillögu, þannig að það er ekki hægt að neita því að það hvarflar að mér hvort hv. þm. séu hvorki meðvitaðir um ályktun Alþingis né breytingarnar á Byggðastofnun miðað við þennan texta.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu en hún er að mínu mati ákaflega vanhugsuð. Ég er henni því ekki fylgjandi og tel að málefni byggðanna verði ekki leyst fyrst og fremst með ræðum úr þessum stóli heldur með aðgerðum. Ég þigg öll góð ráð í sjálfu sér en ég vil ekki fresta því fram á sumar að ræða þessi mál.

[15:00]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara ein örstutt leiðrétting. Það er enginn misskilningur hjá okkur, við erum ekki að leggja til að öllu því sem snertir byggðamál verði frestað fram á sumar. Öllum stundum erum við að taka á málum sem snerta byggðirnar. Það skiptir máli hvert fiskveiðistjórnarkerfið er fyrir byggðirnar. Samgöngur skipta máli. Skattkerfið skiptir máli eins og hæstv. ráðherra benti á. Félagskerfið og félagsþjónusta skiptir máli. Einkavæðingaráform skipta máli og hafa áhrif á byggðirnar. Allt þetta er hárrétt. Við erum að sjálfsögðu ekki að leggja til að fresta umræðu um þessi efni. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um það að okkur nægir ekki aðalfundur Byggðastofnunar til að taka á þessum málum. Hugmyndir okkar og væntingar ganga heldur lengra en þetta.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að efna til orðaskaks um þetta mál. Tillaga okkar gengur einmitt út á að skapa um það breiða pólitíska samstöðu að taka á byggðamálunum á markvissari hátt en gert hefur verið.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra nefnir að Alþingi og ríkisstjórn vinna samkvæmt byggðaáætlun sem var samþykkt á sínum tíma en hún hefur engu að síður ekki gengið betur upp en það að fólksflóttinn af landsbyggðinni á suðvesturhornið hefur ekki minnkað. Um tvö þús. manns á ári hverju hafa flutt af landsbyggðinni á suðvesturhornið. Þrátt fyrir öll góð áform og tillögur og ályktanir sem hafa verið samþykkt hefur þróunin verið þessi. Við erum að bjóða upp á þverpólitíska umræðu þar sem við freistum þess að taka á þessum málum á markvissari hátt en gert hefur verið.

[15:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög rausnarlegt að bjóða upp á þverpólitíska umræðu um byggðamál. Mér fannst hv. þm. taka undir það með mér að byggðamálin eru í sjálfu sér alltaf til umfjöllunar vegna þess að þau tengjast svo mörgu sem er til umræðu.

Það er rétt að fólksflóttinn hefur ekki minnkað. En ef okkur greinir á í þessum málaflokki er það kannski það að ég tel ekki að við leysum þessi vandamál með því að ræða þau einangrað á Alþingi að sumarlagi. Það er skoðun mín.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er rædd tillaga um að efnt verði til sérstaks sumarþings um byggðavandann. Við í Frjálslynda flokknum tökum undir þessa hugmynd. Við erum tilbúin til þess að sitja hér sumarlangt ef það mætti verða til þess að tekið yrði markvisst á byggðamálunum í heild.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að byggðamálin koma inn á nánast alla málaflokka og er hægt að tengja þau við umræður um öll möguleg mál, hvort sem það eru skattamál, menntamál, samgöngumál, félagsmálefni, svo ekki sé gleymt atvinnumálum.

Þróunin í byggðamálum hér á landi og flóttinn af landsbyggðinni, ef hægt er að orða það þannig, er að mínu viti eitt stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir í þessu þjóðfélagi. Við getum spurt okkur hvaða orsakir séu fyrir því og við höfum sjálfsagt á því misjafnar skoðanir. Ég hef þá skoðun að það vitlausasta sem við höfum gert í byggðamálum sé að reyna með markvissri stefnu í sjávarútvegsmálum að taka atvinnugrunninn undan mörgum byggðarlögum. Það gerist innan kvótakerfis okkar að ekkert skipulag er á því og engin hindrun á því hvernig kvótinn fer í raun og veru á milli byggðarlaga. Þetta hefur orðið til þess að einstaka byggðarlög hafa verið að eflast. Við getum t.d. talað um Akureyri þar sem fiskiskipum hefur fjölgað og aflaheimildir aukist. Svo getum við talað um svæði eins og Vestfirði þar sem fiskiskipum hefur fækkað, sérstaklega stærri fiskiskipum, og stór hluti aflaheimildanna farinn af svæðinu.

Ég set beint samhengi á milli þeirra svæða sem standa hvað verst á landinu og tilflutnings á þessum grunnrétti sjávarbyggðanna, að hafa heimildir til að sækja sjó, veiða fisk, sérstaklega á sínum miðum og starfa við þá undirstöðuframleiðslu.

Ég heyri á máli margra að þeir tala um það í dag að menn þurfi að líta til annarra átta og framtíðin þurfi að byggjast á einhverju öðru en fiskveiðum og landbúnaði. Gott og vel. Ekki ætla ég að hafna því að rétt sé að horfa til framtíðar með það að þjóðfélag okkar breytist eins og önnur þjóðfélög. Hins vegar er varla hægt að mæla á móti því að það er óskynsamlegt að rífa fyrst undan byggðalögunum, vera með stefnu í gangi sem rífur atvinnufestuna sem hefur verið fyrir í byggðarlögunum burt úr byggðunum og eyðileggur í raun og veru þann þekkingargrunn sem hefur verið byggður upp í byggðarlögum við frumúrvinnslu eins og við fiskvinnslu og fiskveiðar. Auðvitað væri miklu betra ef menn gætu haft þessa undirstöðu, byggt á henni sem festu í kjarna viðkomandi byggðar og haldið svo áfram að þróa þjóðfélagið og þróa atvinnuhætti og byggð til nýrra viðhorfa og fjölgað atvinnutækifærum og byggt upp.

Ég veit varla hvernig ég ætti að lýsa því í skýrustu máli hvernig ég lít á þá stefnu sem hefur verið í framkvæmd hér á landi. Í mínum huga er hún nánast eins og sagan um Bakkabræður. Fyrst taka menn botninn úr tunnunni, þá verður ekkert í henni, svo reyna menn að bera sólskinið inn í húfu. Það er náttúrlega hægt að halda svo lengi á húfunni í sólskini að hún volgni, maður fari með hana volga inn, nái að setja hana upp og horfi svo á hana og furði sig á því að það skuli ekki takast nein uppbygging. En það breytir ekki því að alla undirstöðu vantar.

Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki þá útfærslu að menn skuli ætla að keyra þá útfærslu inn í framtíðina eins og virðist vera, að taka frá sjávarbyggðunum aflaheimildirnar, sem er grunnur þess að þessar sjávarbyggðir eru til, og ímynda sér svo að það takist á einhverjum stuttum tíma að byggja þar upp nýja atvinnu sem komi í staðinn.

Ég fór í gærkvöldi með tölu og tilvitnanir úr því kjördæmi sem ég kem frá, Vestfjörðum. Ég ætla aðeins eftir minni að bæta um betur.

Þær aflaheimildir sem hafa farið frá Vestfjörðum úr stóra kvótakerfinu þýða í raun og veru það að við misstum störf bara við tilfærsluna á kvótanum frá Básafelli sem gerðist núna síðast á Ísafirði, eitt hundrað sjómanna á þeim skipum og með þeim aflaheimildum sem þá fóru. Það er einfaldlega þannig að fiskimannastörfin á öflugum og góðum skipum eru oft hálaunastörf í þessum byggðum og hafa gefið sveitarfélögunum undirstöðu og tekjur.

Svo er það líka þannig og allt í lagi að rifja það hér upp að fiskveiðarnar kalla á mikla þjónustu og mikla úrvinnslu í landi. Það er oft og tíðum mannaflsfrekt að vinna úr aflanum þó þar hafi auðvitað verið ákveðin tækniþróun á ferðinni eins og annars staðar. En þær eru ekki síður viðhaldsfrekar. Þá komum við að iðnaðarmönnunum, þjónustufyrirtækjunum, skipasmiðjunum, vélsmiðjunum.

Þannig fléttast áhrif sjávarútvegsins, ef hann er sæmilega öflugur í viðkomandi byggðum, sem mjög mikil undirstaða og oft nokkur festa í öllum þeim byggðum sem hafa getað búið við þá festu.

Það er því svo að þegar þessi festa fer burtu, og þó menn ákveði eða nái því takmarki að fjölga um tvö störf í ferðamennsku, þrjú í fjarvinnslu, þá kemur ekkert í staðinn fyrir það sem ég nefndi, einn, tveir og þrír. Það gerist kannski á tíu, tuttugu árum.

Þetta held ég að menn verði að hafa í huga þegar þeir eru að ræða um byggðamálin. Þess vegna orða ég það þannig eins og ég sagði áðan, það er fyrst eins og farið sé með tóma tunnu, tekinn úr henni botninn og síðan reynt að bera sólskinið inn í húfu.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Til umræðu er till. til þál. um aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001. Um fá mál hefur verið meira rætt á Alþingi en einstakar aðgerðir í byggðamálum. Sú tillaga sem hér er flutt er ekki flutt til þess að slá á umræður eða aðgerðir í þeim efnum, síður en svo.

Það er mesti misskilningur hjá hæstv. iðn.- og viðskrh. að þessi tillaga ætti að leiða til frestunar á afgreiðslu annarra brýnna mála sem tengjast byggðamálum. Fjarri er nú það. Það er fjarri að neitt það hafi gerst á Alþingi sem dragi úr því að menn ættu að geta gripið í sjálfa sig til aðgerða. Það liggja fyrir markaðar tillögur, viljayfirlýsingar og samþykktir frá Alþingi um aðgerðir. En eins og hv. 1. flm. þessarar tillögu sagði áðan, Ögmundur Jónasson, hafa þau markmið sem þar hafa verið sett ekki náðst nema í örfáum tilvikum.

Ég vík fyrst að þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherrans um að þingflokkur okkar væri andvígur því að flytja stofnanir út á land, þá er það mikil einföldun og rangt. Ég veit ekki betur en einmitt formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi tekið mikilvægt skref á sínum tíma þegar Skógrækt ríkisins var flutt og gefið þar visst fordæmi.

Hitt er svo annað mál að það er engin almenn lausn eða almenn leið í byggðamálum að taka eina og eina stofnun og flytja hana sem slíka út á land. Það eitt er aðgerð í sjálfu sér sem þarf að fara svo sem mjúkum höndum um og getur verið góð. En það verður að gera það af fullri tillitssemi, bæði við

þá sem þar starfa og einnig líka við verkefnin sem henni er ætlað að sinna. Ef ég man rétt heyrðist einmitt frá þingi eða ársfundi Byggðastofnunar á Akureyri í tengslum við það og umræður um flutning á Byggðastofnun til Sauðárkróks vera vitnað í yfirlýsingu hæstv. iðn.- og viðskrh. um að það kæm til greina að takmarka verksvið Byggðastofnunar frá því sem það væri þannig að það gilti aðeins um Norðurland eða einhvern bara hluta af landinu. Sú umræða kom einmitt upp þegar var verið að huga að því að flytja stofnunina.

Það má vel vera að breyta megi verksviði Byggðastofnunar og skoða það. En hinu vísa ég algjörlega á bug því það að efla og styrkja opinbera starfsemi úti á landi er fyllilega á stefnuskrá okkar. En ég vil draga enn þá sterkar fram í dagsljósið þann vilja að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru og þá starfsemi sem fyrir er og þar finnst mér vera mjög illa að verki staðið. Það er miklu vænlegra að njóta styrks og njóta þekkingar og njóta þess afls sem margar stofnanir og fyrirtæki hafa þar til þess að víkka og auka verksvið sitt en að vera að skera við nögl, en vera síðan að keppast við að flytja annað sem ekki alltaf er skýr tilgangur með. Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna ummæla hæstv. ráðherra.

Ég vil líka taka það fram að ég sé ekkert að því að Alþingi verji mánuði til þess að ræða sérstaklega og samræma tillögur og álit í byggðamálum. Mér finnst að Alþingi gæti þess vegna starfað lengri tíma á árinu, ekki bara vegna þess máls sem hér er flutt heldur ætti Alþingi almennt séð að starfa lengri tíma ársins og vera virkt í umfjöllun og afgreiðslu mála árið allt en ekki aðeins nokkra mánuði og leyfa síðan framkvæmdarvaldinu að valsa lausu utan þess.

Herra forseti. Það eru alvarleg mál sem snúa að landsbyggðinni og ekki hafa náðst fram í tillöguflutningi hér. Ég nefni menntamálin, t.d. það að nú á haustdögum fer fjöldi ungs fólks úr sinni heimabyggð til þess að sækja nám. Ungt fólk sem er innan sjálfræðisaldurs, 16–18 ára aldurs, er enn að fara langan veg til að sækja nám til mikils kostnaðar bæði fyrir sig og fyrir fjölskyldu sína og einnig truflar það og skapar óeðlilegt fjölskyldulíf og mannlíf heima í viðkomandi héraði.

Má ég leyfa mér líka að nefna skattamálin? Það hefur verið talað mikið um skattamál í dreifbýlinu. Það hefur verið talað um að í gegnum skattana væri hægt að jafna kjörin. En það koma engar tillögur fram í þeim efnum. Það nýjasta er að því er lofað að það skuli skoða að jafna fasteignaskatta og miða þar við raunvirði. En það hefur verið talað um aðrar skattalegar aðgerðir sem engar hafa náð fram að ganga eða komið til framkvæmda.

Má ég líka nefna lánamál? Settir hafa verið á laggirnir ýmsir sjóðir sem eiga að hafa það hlutverk að lána bæði til nýsköpunar og fyrirtækja á landsbyggðinni. En vandinn við þessa sjóði hefur verið sá að þeir hafa annaðhvort krafist svo hárra vaxta eða arðsemi að þeir liggja að stórum hluta ónotaðir. Þær aðgerðir eru því í litlum takti við þá þörf sem þar er til staðar.

Herra forseti. Að sjálfsögðu tökum við á þinginu í vetur af krafti á því sem snertir byggðamál og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun þar flytja mál sem gætu horft til heilla og betri vegar. Engu að síður, herra forseti, er þetta það stórt mál og búið að velkjast á Alþingi í svo mörg ár að fyllilega er ástæða til þess að um það sé haldið sérstakt þing og til þess erum við reiðubúin að verja tíma okkar.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og mælt er fyrir af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs af hv. þm. Ögmundi Jónassyni er meginkjarninn að fram kemur fullkomið vantraust á byggðastefnu núverandi stjórnvalda. Það er eðlilegt að vinstri grænir dragi þá ályktun af framkvæmd þeirrar byggðaáætlunar sem hefur nú staðið yfir í u.þ.b. eitt og hálft ár og ég er sammála þeirri niðurstöðu félaga minna í stjórnarandstöðunni að það ber að lýsa vantrausti á þá byggðastefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að málið, einmitt vegna þess gjaldþrots, sé svo knýjandi að það verði að taka til ákaflega harðrar umræðu á hinu háa Alþingi. Þess vegna óttast ég, ef þessi tillaga sem ég veit að er flutt af góðum huga yrði samþykkt, þá yrði það skálkaskjól fyrir ríkisstjórnina til þess að ýta þeirri umræðu frá þessu þingi.

Við horfum fram á þá staðreynd sem ég reyndar rifjaði upp í ræðu minni við eldhúsdagsumræður í gær, að á síðustu tíu árum, og af þeim tíu árum hefur hæstv. forsrh. veitt byggðamálunum forustu í átta ár, hafa rösklega 12 þúsund manns flust af landsbyggðinni hingað suður á þéttbýlissvæðið. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um í sinni ræðu áðan er þetta ekki bara vandi landsbyggðarinnar. Þetta er líka vandi þéttbýlisins. Ég get þess vegna staðið hér ekki bara sem formaður stjórnmálaflokks heldur kjördæmaþingmaður fyrir Reykjavík og sagt: Fólksflutningarnir hingað í mitt kjördæmi er ekki bara vandamál landabyggðarinnar heldur líka míns kjördæmis. Þess vegna þurfum við að taka á þessu báðum megin frá, frá sjónarhóli þéttbýlisins og landsbyggðarinnar. Ég held hins vegar að það þurfi að ráðast í umræður og aðgerðir strax og af þeim sökum er ég hikandi við að taka undir þessa tillögu. Ég held sem sagt að eins og hæstv. ríkisstjórn hefur hagað sér í málunum þá mundi hún misnota tillögugerðina til þess að skjóta sér undan umræðu.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að ekki skorti tillögur. Sennilega hafa ekki sannari orð verið sögð um byggðamálin í þessum sal. Það skortir ekki tillögur. Það sem skortir eru framkvæmdir. Einu aðgerðirnar sem gripið er til eru eins konar björgunaraðgerðir. Það er aldrei gripið til aðgerða fyrr en í óefni er komið.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson lét þess getið í framsöguræðu að oftar en ekki stafaði vandinn hjá einstökum byggðarlögum af því að ekki var gripið til tímabundinna aðgerða þegar tímabundinn vandi steðjaði að. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt hjá hv. þm. Ég held að hér sé í gangi lögmál sem er erfitt að snúa við en þó hægt að snúa við. Ég held ekki að hér sé um það að ræða að það sé einungis tímabundinn vandi í tilteknum byggðarlögum. Ég held að lögmál sé í gangi sem togar fólkið suður, togar fólkið frá heimahéruðum sínum hingað til þéttbýlisins. Það væri auðvitað hægt að fara í lengra máli yfir hvaða lögmál þetta eru en ég nefni eitt, menntunina. Í því samfélagi sem við búum við verður menntunin sífellt þýðingarmeiri. Æskan þarf nú á dögum að fara í framhaldsskóla en hún getur það yfirleitt ekki í hinum dreifðu byggðum. Hún leitar þess vegna suður eða til annarra byggðarlaga þar sem boðið er upp á framhaldsmenntun. Þegar fólkið fer úr stöðunum til framhaldsmenntunar þá er það ungt að árum, 16 ára. Það er það ungt að árum að ábyrgir foreldrar freista þess af öllum mætti að fylgja því eftir. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli t.d. að beisla hina nýju tækni fjarskipta og upplýsingatækni til þess að hægt sé að

halda unga fólkinu heima í héraði, hægt að gera því kleift að sinna sínu námi. Þegar það fer að loknum framhaldsskólanum til lengra náms þá er það orðið það fullþroska að foreldrarnir eru ekki nauðbeygðir til þess að flytjast með. Þetta skiptir ákaflega miklu máli.

Víðs vegar á landinu eru núna í gangi merkilegar tilraunir í þessa veru. Ein er t.d. á Höfn í Hornafirði, í kjördæmi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur sem talar hér á eftir, þar sem menn eru með lítinn framhaldsskóla að nota fjarskiptatæknina til þess að miðla kennsluefni yfir allt Austurland. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna ekki yfir allt landið. Ég er með öðrum orðum að velta því upp, herra forseti, að ef framsýn menntastefna væri í landinu þá væri hægt t.d. að höggva að rótum þessa vanda. Þá dugar það hins vegar ekki að feta þá slóð sem Sjálfstfl. er byrjaður að feta. Árátta hæstv. menntmrh. til þess að leggja skólagjöld á alla sem stökkva inn fyrir skóla birtist m.a. í því að hann er að eyðileggja merkilega tilraun sem nú er í gangi á Grundarfirði þar sem hann leyfir sér það að ungt fólk á framhaldsskólastigi þarf að greiða í skólagjöld vegna fjarmenntunar sinnar sömu upphæð og fullorðið fólk á Reykjavíkursvæðinu þarf að greiða fyrir fullt háskólanám við fyrsta flokks einkarekinn háskóla á viðskiptasviði.

Þetta er náttúrlega byggðastefna, ef svo má kalla, sem er best fallin til þess að rústa landsbyggðinni og það er Sjálfstfl. sem ber ábyrgð á því með þessum hætti að kyrkja þennan vaxtarsprota. Þetta finnst mér auðvitað ákaflega dapurlegt, herra forseti.

Hæstv. iðnrh. lét þau orð falla að ekki vantaði tillögurnar. Þess vegna langar mig að inna hæstv. ráðherra eftir framkvæmd einnar tillögu sem hún hefur komið að. Úr þessum stóli 28. febrúar sl. lofaði hæstv. forsrh. að flytja ákveðin störf á sviði fjarvinnslu til Ólafsfjarðar. Og hæstv. forsrh. lýsti því í nokkuð glöggu máli hvers eðlis þau störf væru sem þar væri hægt að flytja. Svo vill til að röskri viku síðar, 6. mars, var á Ólafsfirði haldinn opinn fundur þar sem hæstv. byggðamálaráðherra var stödd og þá sagði ráðherrann þegar hún var spurð eftir því hvað liði flutningi þessara starfa: „Ég vænti þess að fregna verði að vænta innan loka mánaðarins."

Nú er það svo að tímatalið innan Framsfl. kann að vera talsvert öðruvísi en gengur í öðrum flokkum. Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. iðnrh.: Er mars liðinn? Ef svarið er jákvætt, hvaða fregnir hefur hún þá að færa okkur af flutningi fjarvinnslustarfa til Ólafsfjarðar?

Herra forseti. Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra boðaði á aðalfundi Eyþings að hér í þessum sölum yrði haldin umræða um skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar sem á að ná til loka ársins 2001. Það vantaði ekki að sú áætlun væri rismikil og metnaðarfull. En það er hins vegar eftirfylgnin sem við spyrjum um. Ég fagna því að hæstv. ráðherra lofaði þar að hér mundu menn ræða framkvæmd þeirrar áætlunar og það er m.a. þess vegna sem ég tel að ekki sé ráðlegt að fresta þeirri umræðu fram á sumarið.

Byggðaáætlun tók m.a. á nýtingu nýrrar tækni í þágu jákvæðrar byggðastefnu. Þar var talað um að ráðherrarnir ættu að skilgreina hvaða verkefni væri hægt að flytja til fjarvinnslu á landsbyggðinni. Það var beinlínis sagt að gera ætti átak til þess að sinna þeim flutningum. Hvenær er ráðlegt að hrinda slíku í framkvæmd, herra forseti, ef ekki á tímum eins og núna þegar þensla er ákaflega mikil á suðvesturhorninu?

Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar vinni þetta verkefni? Eða er þetta, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, bara enn ein tillagan?

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki verið lengi í núverandi starfi sínu og henni er því vorkunn. En við hljótum auðvitað að bíða þess að hún fari að taka til höndum og láti verkin tala.

[15:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tímatal Framsóknar er mjög heföbundið og mér er engin vorkunn. Ég vil byrja á að segja það.

Í sambandi við fjarvinnsluverkefni vil ég segja að samstarfsverkefni er í gangi milli iðnrn., Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar og ákveðið var að skilgreina nánar tíu af þeim verkefnum sem fjallað var um í skýrslu sem Iðntæknistofnun vann fyrir forsrh. og Byggðastofnun á síðasta ári.

Þessar viðskiptaáætlanir eru margar hverjar tilbúnar og hafa verið sendar ráðuneytum sumar hverjar og eru þar til umfjöllunar.

Það sem ég átti við á Ólafsfirði í mars er ég talaði um fréttir áður en sá mánuður væri á enda, var að þá var verið að vinna að verkefni sem er landskrá lausafjármuna. Ég taldi að það verkefni gæti orðið að veruleika og kannski verður það það. Ég hafði ekki vald á málinu vegna þess að það varðar ekki mitt ráðuneyti. (Gripið fram í.) En ég vil trúa því að það sé enn til umfjöllunar í viðkomandi ráðuneyti. Síðan verðum við að sjá til hvað úr því verður. Fyrst Ólafsfjörður var nefndur þá er annað verkefni líka til umfjöllunar sem varðar það bæjarfélag en er ekki endanlega lokið.

Ég get tekið undir þann tón sem ég heyrði hjá hv. þm. að fjarskiptamálin hafa valdið mér vonbrigðum og ganga miklu hægar en hefði þurft að vera. En eitt af því sem ég tel að við verðum að taka tillit til í þessum efnum er sú niðurstaða fjmrn. að verkefni sem flytjast til einkafyrirtækja á landsbyggðinni þurfi að fara í útboð ef umsvifin eru meiri en nemur 3 millj. kr.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru ákaflega mikilvægar upplýsingar sem hæstv. ráðherra flytur hér. Það liggur alveg fyrir eftir það sem hún hefur sagt að það er ekkert að gerast varðandi framkvæmd þeirra loforða sem hæstv. forsrh. gaf úr þessum stóli um flutning starfa til Ólafsfjarðar. Það er ekkert að gerast.

Hv. þm. og þingforseti Halldór Blöndal gaf líka ákveðin loforð á þeim fundi. Hann sagði að búið væri að ganga frá þessum flutningi og það lægju fyrir pólitískar yfirlýsingar stjórnvalda. Nú sjáum við hvað er að marka þessar pólitísku yfirlýsingar. Störfin, sem hæstv. ráðherra nefndi í ræðu hérna og skilgreindi með næsta ítarlegum hætti að gætu flust til Ólafsfjarðar, eru ekki að flytjast til Ólafsfjarðar. Það hljóta að vera mikil vonbrigði fyrir Ólafsfirðinga, en það er greinilega allt í plati á Ólafsfirði.

Herra forseti. Þegar ég sagði að hæstv. iðnrh. væri vorkunn þá er það vegna þeirrar meðferðar sem hún sætir af hálfu Sjálfstfl. Muna menn ræðu hæstv. forsrh. hér síðla í febrúar þegar hann lýsti hvaða störf ætti að flytja til Ólafsfjarðar og sagði síðan að málið væri á borði byggðasviðs iðnrn.

Hvað var hæstv. forsrh. að gera, herra forseti? Hann var að segja: Jú, ég vil flytja þessi störf og ég tel að það sé

hægt og búið er að vinna það vel af nefnd fjögurra ráðuneytisstjóra, en það er hæstv. iðnrh. sem á að framkvæma það. Og síðan er auðvitað ráðherranum ekkert hjálpað til þess að framkvæma þetta. Það kemur fram að þetta er ekki á döfinni og Framsfl. situr uppi með skömmina yfir að geta ekki uppfyllt loforð Sjálfstfl. Það er þess vegna sem ég segi, herra forseti, *ég vorkenni hæstv. iðnrh.* vináttu af þessu tagi.

[15:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hvers vegna sérstakt sumarþing um byggðamál á næsta sumri? Í okkar huga sem flytjum þessa þáltill. er svarið mjög einfalt: Það er knýjandi þörf á að taka hressilega og með alvöru á þeirri þróun sem hefur verið undanfarin ár og lítur út fyrir að verði áfram varðandi byggðaröskun á landsbyggðinni. Það er málið.

Það er hægt að segja það hér og túlka það þannig af öðrum hv. *þingmönnum að þetta sé til þess að skella blautri tusku framan í* núverandi ríkisstjórn vegna framkvæmda á þessu sviði. Í okkar huga er þingsályktunartillagan fyrst og fremst vegna alvarleika málsins, til að ná þjóðarvakningu, því það þarf líka. Það þarf að gera alla Íslendinga, ekki bara landsbyggðina og einhverja hér á höfuðborgarsvæðinu heldur alla þjóðina meðvitaða um hvað þessi þróun hefur og mun kosta þjóðina ef þessi byggðaröskun heldur áfram. Það er ástæðan fyrir tillögunni.

Í okkar huga mundi það skipta mjög miklu máli að ná um það breiðri samstöðu að hafa sérstakt þing. Það segir ekkert um það hvað það þurfi að standa lengi, í hálfan mánuð, lengur eða skemur, en að það sé sérstakt þing þar sem við náum saman þessum straumum héðan úr þingi með sveitarstjórnum, með fólkinu í landinu til að ná samstöðu um aðgerðir frá ríkisvaldinu og til einstaklinganna.

Þetta er mjög þýðingarmikið og við erum ekki með þessu að leggja það til að allri umræðu um byggðamál verði hætt hér í vetur og frestað til sumarsins. Það væri hrapallegt ef þessi þáltill. yrði tekin þannig og hún nýtt til að fresta umræðu hér á þingi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt mjög ríka áherslu á byggðamál og okkur er umhugað um að hún verði öflug á þinginu í vetur. En það á ekki að hafa áhrif á að við reynum ekki að ná þjóðarsátt og þjóðarvakningu um málið á sérstöku þingi.

Við erum líka vel upplýst um að það er til byggðaáætlun. Hæstv. iðnrh. greindi frá því áðan að hún muni leggja fram nú í vetur nýja áætlun og það er gott ef verið er að vinna að þessari byggðaáætlun. En staðreyndin er sú að þrátt fyrir að við höfum starfandi Byggðastofnun og að hún *sinni rannsóknum ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum*, að starfandi séu atvinnuþróunarfélög og að sveitarfélögin vítt og breitt um landið séu að reyna af fremsta megni að sinna margvíslegum verkefnum til þess að styrkja fyrirtæki eða koma á nýjum atvinnutækifærum og að það séu einstaklingar og fyrirtæki sem oft á tíðum sýna mikið frumkvæði og áræði til að stofna ný fyrirtæki og koma af stað nýjum atvinnutækifærum, þá hefur okkur ekki tekist að snúa þessari óheillavænlegu byggðaþróun við. Það er einfaldlega ástæðan fyrir því að við leggjum þetta fram, að ná víðtækri sátt um áherslubreytingar, um breytt vinnubrögð eða hvað eitt það sem getur snúið þessari þróun við.

Við þurfum ekki fleiri skýrslur eða greinargerðir, en við þurfum kannski að halda utan um og kortleggja ástandið betur og það væri hægt að gera á slíku þingi. Það er hægt að nota veturinn í vetur til að safna í sarpinn og undirbúa slíka umræðu, fyrir utan greinargerðir og þær hugmyndir sem hafa þegar verið mótaðar, vinna úr þessu auk þess að safna í þennan sama sjóð upplýsingum frá þeim löndum sem hafa gengið í gegnum sömu hrakninga og við en náð að snúa þróuninni við og skoða hvaða leiðir þessar þjóðir hafa farið, læra af þeim og nýta okkur þær upplýsingar og vita hvort við þurfum ekki að breyta einhverju í vinnubrögðum okkar.

Eins og hér kom fram erum við ekki að ræða um einstök atriði sem snúa að byggðamálum en við *höfum oft á tíðum* verið seinheppin og kannski brugðist líka of seint við vanda. Margt af því sem við höfum gert fram að þessu — ég er að vona að það sé að breytast — hefur verið að bjarga því sem bjargað varð þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis en ekki að sama skapi horft fram á veginn.

Ég hef þá trú að ný hugsun sé að koma inn í þá vinnu sem þarf til að snúa að uppbyggingu byggðar. Það er þá að virkja þá hugsun og fá fleiri í lið með okkur.

Af *því að það var nefnt hér áðan þá er* alveg ljóst að þróun byggðastefnu og það að snúa íbúaþróuninni við verður ekki gert með því að fara á aðalfund Byggðastofnunar. Breytingin felst heldur ekki í því að flytja Byggðastofnun út á land. Það er ýmislegt annað sem þarf að gera.

[15:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau eru mörg málin sem við ræðum hér á Alþingi og sýnist mönnum sum vera mjög mikilvæg, t.d. byggðamál, sjávarútvegsmál, velferðarkerfið, aðild að Evrópusambandinu, erlendar skuldir þjóðarinnar svo lítið eitt sé nefnt. Ég spyr hv. þm. *hvort hún vilji halda sumarþing um* öll þessi mál hvert í sínu lagi og hvað vinnist með því að hafa sérþing um hvert mál. Hvort við getum bara ekki tekið einn dag eða eina umræðu um hvert mál og rætt það þá í hörgul, hvort það sé ekki nóg.

Ég held að þessi tillaga um að halda aukaþing sé ekkert annað en það að menn eru að reyna að gefa þessu máli enn meira vægi og ég spyr: Er ekki jafnmikilvægt að gefa hinum málunum vægi?

[15:42]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll þau mál sem hv. þm. taldi upp eru byggðamál og gætu fallið inn á þetta þing.

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var frekar ódýrt svar við spurningu minni. Ég tel t.d. að aðild að Evrópusambandinu sé ekki byggðamál eingöngu. Og sú spurning vaknar upp hvort það sé þá ekki ráð að sleppa vetrarþinginu og halda bara sumarþing í mörgum pörtum.

[15:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Umræða um byggðamál þarf að vera sívakandi og við getum ekki beðið fram á sumar með að ræða þau. Sífellt þurfa aðgerðir að vera í gangi. Við erum núna með byggðaáætlun sem er í gildi og hvert ráðuneyti er að vinna í sínum málaflokkum einnig að byggðamálum.

Aðalfundur Byggðastofnunar er umræðuvettvangur um byggðamál, eins og segir í lögum um Byggðastofnun, og þar eigum við að taka þessa umræðu. Einnig á að vinna að nýjum byggðaáætlunum í ráðuneyti byggðamála sem eru nú iðn.- og viðskrn. og það er verið að gera.

Sú byggðaáætlun sem nú er í gildi var samþykkt á Alþingi 3. mars 1999, fyrir einu og hálfu ári. Að þeirri byggðaáætlun er verið að vinna núna. Halda menn virkilega að það sé til árangurs fallið að breyta kúrsinum árlega og taka upp umræðu um málin á nýjum og nýjum grundvelli? Er það það sem verið er að leggja til?

Ég vil aðeins minnast á þau mál sem eru nefnd í byggðaáætluninni. Eins og hún var samþykkt og unnin er hún byggð á rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og hefur verið kennd við Stefán Ólafsson. Þarna voru mjög vísindaleg vinnubrögð viðhöfð.

Félagsvísindastofnun tók að sér að rannsaka hvað væri þess valdandi að fólk flytti í svo miklum mæli til höfuðborgarsvæðisins. Á þessum grunni var byggðaáætlunin gerð. Hún snýr að atvinnumálum, hún snýr að mennta- og menningarmálum og hún snýr að jöfnun lífskjara.

Í áætluninni kemur fram að vinna eigi markvisst að fjölbreytni í atvinnulífinu á landsbyggðinni. Það skiptir verulega miklu máli að um fjölbreytni sé að ræða og það séu aðilar heima í héraði, þróunarstofurnar, sem vinni að þeim málum. Einnig skiptir máli að unnið verði að samvinnu einstakra stofnana, félaga og þróunarstofa.

Lagt hefur verið fé, 300 millj. kr., á fjárlögum á hverju ári, til að byggja upp eignarhaldsfélög sem eiga að tryggja að nauðsynlegt fé komi inn í nýsköpunarverkefni.

Varðandi atvinnumálin er það nefnt að staðsetja eigi nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Að þessu hefur verið unnið.

Fyrst skal telja Byggðastofnun sem verður flutt til Sauðárkróks. Í öðru lagi er hin nýstofnaða Landskrá fasteigna, væntanlega verður hún staðsett á Akureyri. Ný jafnréttisstofa verður og er nú komin til Akureyrar. Svo mætti lengi telja.

Eins og hæstv. ráðherra nefndi er unnið að stóriðjuverkefnum á Austurlandi og það kemur einnig fram í þeirri áætlun sem samþykkt var á Alþingi að nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar. Allt þetta skiptir verulegu máli í sambandi við atvinnumál.

Í þessari áætlun er einnig tekið á menntun og menningarmálum og gert ráð fyrir því að menntun á landsbyggðinni verði stórefld og möguleikar til fjarkennslu verði fullnýttir. Að þessu hefur verið unnið. Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er og það er sérstaklega nefnt að á Austurlandi og á Vestfjörðum verði nám á háskólastigi í boði svo fljótt sem verða má. Að þessu öllu er verið að vinna og komið í gang að nokkru leyti. Einnig að fé til menningarstarfsemi verði aukið og það hefur verið gert.

Jöfnun lífskjara er ekki síst sá þáttur sem er mikilvægur og kom fram í könnun Stefáns Ólafssonar að skipti fólk verulega miklu máli. Nú er verið að vinna að því og koma væntanlega fram tillögur í haust um að fasteignagjöld verði lækkuð. Verulegt fé hefur verið lagt til húshitunarkostnaðarins og einnig jöfnunar námskostnaðar. Þetta eru allt atriði sem skipta gífurlega miklu máli. Ég held að það skipti einnig mjög miklu máli að menn taki ekki upp umræðuna eins og ekkert sé verið að gera og ekkert hafi verið gert og það eigi bara að bíða með umræðuna fram á sumar. Það mun ekki skila okkur árangri í byggðamálum. Það sem skiptir máli er að stöðugt sé unnið að þessu og með fullum þunga og á þeim grunni sem er verið að vinna núna sem er byggt á vísindalegri rannsókn Stefáns Ólafssonar.

Eins og kom fram hjá ráðherra er þegar byrjað að vinna að þeirri áætlun sem á að taka við af þeirri sem er nú í gildi og m.a. hefur stjórn Byggðastofnunar verið að viða að sér upplýsingum um hvernig menn gera hlutina í öðrum löndum. Við kynnum okkur enn betur hvernig við getum snúist við þessum vanda. Ef við finnum eitthvað betra en það sem hefur verið gert þá getur það komið fram í þeim áætlunum sem taka við af þessari.

[15:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er orðin nokkuð löng umræða um tillögu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um sérstakt sumarþing sem tengt yrði málefninu byggðamál.

Mig langar aðeins í lok umræðunnar að fara yfir hugmyndina og það hvers konar tæki slíkt þing gæti orðið í leit okkar að lausn byggðamálanna. Allir vita og það þarf ekki að tíunda það úr þessum stóli, herra forseti, að við erum í vanda. Þó unnið sé eftir byggðaáætlun, virðist hún ekki færa okkur það sem við höfum verið að vona. Allir hafa vonað að okkur tækist að leysa þessi mál en okkur hefur ekki tekist það. Jafnvel þó við höfum yfirgripsmikla byggðaáætlun að vinna eftir þá finna bæði hæstv. ráðherrar og aðrir þingmenn og allir sem að þessum málum koma hversu þung sporin eru og hversu erfitt er að finna lausnir sem virka.

Herra forseti. Hluti af þeim erfiðleikum er fólginn í því hvernig við þurfum að vinna á hv. Alþingi. Við þurfum að vinna af miklum hraða, miklum ákafa og við höfum sjaldnast olnbogarými eða svigrúm til að kafa djúpt ofan í mál og finna að það kann að vera pólitískur samhljómur þrátt fyrir allt í ákveðnum málaflokkum. Við teljum það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að okkur eigi að takast að vinna okkur niður í ró og næði að sameiginlegum lausnum – eins og við værum að grafa eftir fjársjóði. Þetta tæki sem svona þing gæti orðið er þekkt í mörgum fræðigreinum, mörgum starfsgreinum, atvinnulífið notar þetta iðulega, að setja starfsfólk sitt saman í vinnubúðir í svo og svo langan tíma til að grafa eftir gulli, til þess að finna lausnir sem gætu verið betri en þær lausnir sem fólk hefur komið auga á hingað til.

Það er kannski þessi ósk okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem kemur fram í tillögunni. Við lýsum yfir vilja til þess að ná samstarfi á öðrum nótum, í öðrum jarðvegi, með öðruvísi svigrúm en okkur hefur boðist og getur boðist í þessu daglega amstri okkar í þinginu.

Herra forseti. Það vita það allir hér inni að við erum með í höndunum mjög merkilegar skýrslur frá Stefáni Ólafssyni og Byggðastofnun. Við erum með eina sem heitir Byggðir á Íslandi: aðgerðir í byggðamálum. Við erum með þessa fínu bók um búsetu á Íslandi. Í þessari bók, herra forseti, er getið ýmissa rannsókna sem mér er til efs að stjórnmálamenn og þeir sem hér sitja í þessum sal hafi kafað nægilega mikið niður í vegna þess að tímapressan og málafjöldinn sem kemur til kasta okkar gerir okkur erfitt fyrir með að kafa ofan í þetta eins og við værum fræðimenn. Stjórnmálamenn eru ekki fræðimenn en stjórnmálamenn gætu komið upp með lausnir og hugmyndir ef þeir kafa ofan í fræðin á sínum nótum og sínum forsendum. Ekki bara láta fræðimennina segja okkur hvernig við eigum að skilja allar þær rannsóknir sem eru hér að baki heldur við í sameiningu, í félagi, af því við erum í sama bekk, að reyna að ná utan um þetta í þannig andrúmslofti að hægt væri að skoða hlutina á nýjan leik.

Herra forseti. Ég verð að segja að það veldur mér svolitlum vonbrigðum að hæstv. iðnrh. skuli ekki taka þessari hugmynd meira fegins hendi en raun ber vitni. Satt að segja

kom mér það dálítið á óvart að hún skyldi strax við fyrri umr. þessa máls lýsa yfir andstöðu sinni við hugmyndina og rangtúlka hana á þann hátt að hér væri verið að leggja til að fresta byggðamálaumræðu fram á sumar. Auðvitað er ekki verið að fara fram á slíkt. Einungis er verið að leita eftir nýjum vinnubrögðum sem gætu fært okkur nýtt sjónarhorn á vandamálið og þar með hjálpað okkur að koma með nýjar lausnir.

Herra forseti. Það er staðreynd að stjórnvöld hafa verið í nauðvörn í byggðamálum. Ef stjórnvöld hafa ekki þörf fyrir að fá þingheim til að setjast yfir byggðamálin með sér í því augnamiði að ná sáttum, þá finnst mér stjórnvöld, herra forseti, sýna af sér hroka. Það er okkur öllum hjartans mál að hægt verði að bjarga byggð í landinu. Ég fullyrði að það er enginn hér inni sem vill að byggð á Íslandi endi eftir örfá ár á suðvesturhorninu og punktur basta. Það er enginn hér inni sem óskar þorpum á Íslandi sömu örlaga og sum þorp í Finnlandi hafa hlotið þar sem þau standa mannlaus, auð, tóm, yfirgefin. Þetta er þvílíkt vandamál, herra forseti, að við þurfum sameiginlegt átak til að finna nýju sjónarhornin og nýju lausnirnar og byggðaþing eins og hér er um rætt gæti verið tæki í því augnamiði.

Ég nefni bara eina hugmynd. Hafa hv. alþm. velt fyrir sér þeirri hugmynd að gera Vinnumálastofnun að fræðistofnun? Eða rannsóknarstofnun? Hverju mundi það t.d. breyta í byggðaumræðunni ef við hefðum vinnumálastofnun sem væri hreinlega rannsóknarstofnun þar sem færu fram rannsóknir á t.d. áhrifum sjálfstæðra félagasamtaka eða frjálsra félagasamtaka í byggðunum? Eða að Vinnumálastofnun færi út í það að rannsaka og gefa okkur lausnir um áhrif þess að hafa áhugaleikfélag á smærri stöðum starfandi, halda blómlegu lífi í kvennahreyfingum eða hverju sem það væri annað?

Ég hef á tilfinningunni, herra forseti, að verið sé að slá á hugmynd sem er í eðli sínu skapandi og gjöful. Máli mínu til stuðnings nefni ég ráðstefnu sem haldin var á Akureyri 7.–10. september þar sem fræðimenn komu saman og ræddu um byggðaröskun á norðurslóðum. Þar var verið að ræða um byggðaröskun á Íslandi, í Finnlandi, Noregi, Danmörku og Skotlandi. Fyrir mig sem stjórnmálamann, herra forseti, var afar gefandi að fá tækifæri til að sitja ráðstefnu af þessu tagi. En herra forseti, hún var líka allt of stutt. Þarna hafði ég ekki þau samskipti sem mér þætti svo vænt um að geta haft við þá félaga mína sem sitja í stólum alþingismanna.

Herra forseti. Ég endurtek í niðurlagi máls míns: Ég held að hér sé hæstv. iðnrh. að slá hendinni á móti hugmynd sem gæti verið öflugt tæki til að finna eitthvað nýtt í því stóra vandamáli sem byggðamálin eru í samfélagi okkar.

[15:57]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir viðbrögðin við þeirri þáltill. sem hér hefur verið talað fyrir af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en neita því ekki að ég hefði kosið að undirtektir hefðu orðið jákvæðari en raun ber vitni. Ég á mjög erfitt með að skilja það sem mér virtist vera umræðufælni af hálfu þess hæstv. ráðherra sem fer með þennan málaflokk og á sannast sagna erfitt með að skilja hvernig á því stendur að byggðamálaráðherrann hæstv. skuli andvígur því að málaflokkur hans fái ítarlegri og markvissari umfjöllun en önnur málefni fá og er þá vísað til byggðamálanna. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hitti naglann á höfuðið þegar hann sagði að sér byði í grun að markmiðið með þessari tillögu væri að gefa byggðamálunum aukið vægi. Það er mergurinn málsins. Við viljum gefa þessum málaflokki aukið vægi frá því sem nú er.

Hæstv. ráðherra kveðst hafa af því áhyggjur að aukaþing um byggðamál yrði til að drepa á dreif umræðu sem tengist byggðamálum ef í vændum væri aukaþing sem fjallaði sérstaklega um byggðamálin. Þá yrði það til að drepa öðrum málum á dreif. Ekki deili ég þessum áhyggjum hæstv. ráðherra, einfaldlega vegna þess að mörg veigamestu viðfangsefni þingsins hafa á einn eða annan hátt áhrif á lífskjörin og þar með geta þau óbeint haft áhrif á byggðamynstur í landinu.

Engin hætta er á því að við frestum umræðu um sjávarútveg og breytingar á meingölluðu kvótakerfi vegna þess að í vændum væri aukaþing sem fjallaði um byggðamál.

Engin hætta er á því að við frestum umræðu um samgöngumál vegna þess að í vændum væri aukaþing um byggðamál.

Engin hætta er á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hætti að beita sér í menntamálum og efla menntun á landsbyggðinni vegna þess að í vændum væri aukaþing um byggðamál.

Engin hætta er á því að við hættum að ræða um skattamál þótt þau hafi að sjálfsögðu áhrif á lífskjör allra landsmanna. Eða einkavæðingu, sem hefur sannanlega orðið til þess að veikja byggðirnar, grafa undan félagslegri þjónustu og draga úr fjölbreytni í atvinnulífi. Þar höfum við talandi dæmi.

Forstjóri símans lýsti því yfir á síðasta aðalfundi Landssímans að nú væru það arðsemissjónarmiðin sem réðu för og hann talaði um hin háleitu markmið, 15,5% arðsemi. Þar eru það þjónustuhugsunin og þjónustumarkmiðin sem eru látin víkja. Þetta hefur orðið þess valdandi að starfsemi þessarar stofnunar hefur lagst af í fámennum byggðarlögum. Stofnunum og útibúum hefur verið lokað. Þetta á því miður einnig við um póstinn. Og halda menn að við ætlum að hætta að ræða þessi mál þó að við boðum til aukaþings um byggðamál? Að við séum að leggja það til að það verði lokið allri umræðu hér um einkavæðingu og grundvallarskipulagsbreytingar á samfélaginu vegna þess að í vændum sé aukaþing sem fjalli sérstaklega um byggðamál? Það er ekkert fjær okkur. Og trúa menn að það sé skoðun okkar að með aukaþingi um byggðamál verði lokið öllum deilumálum sem snerta landsbyggðina? Eða skyldi hæstv. iðnrh. trúa því að það muni nást sátt um það sjónarmið sem hæstv. ráðherra lýsti hér áður sem stærsta byggðamálinu, að reisa risamálmbræðslu á Austurlandi? Halda menn virkilega að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs muni fallast á slík sjónarmið á aukaþingi? Við teljum þvert á móti þetta vera einhverja byggðafjandsamlegustu ráðstöfun sem hugsanlega væri hægt að grípa til. (**ArnbS:** Hvað má þá ræða á aukaþingi?) Hvað má þá ræða á aukaþingi? spyr hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Það er mergurinn málsins. Á aukaþingi mundum við taka sérstaklega og á markvissan hátt málaflokka á borð við skattamálin. Þetta hafa menn gert í Svíþjóð, þetta hafa menn gert í Noregi og rætt með hvaða hætti sé unnt að styðja byggðirnar sérstaklega með skattkerfisbreytingum. Það má taka það til umfjöllunar og aðra málaflokka sem snerta byggðirnar.

En ég er ekki að bjóða hér upp á forskriftina, síður en svo. Við erum að leggja til að jafnhliða aukaþingi sem fjalli um byggðamál verði boðað til byggðaráðstefnu sérstaklega þar

sem fulltrúar sveitarfélaga, stofnana innan sveitarfélaganna sem hafa sérstaklega með byggðamálin að gera, og félagasamtaka, kæmu saman til að ráða ráðum sínum og leggja fram hugmyndir. Staðreyndin er sú að allir hafa áhyggjur af byggðaþróuninni. Tvö þúsund manns á ári hverju á undanförnum árum hafa streymt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það hafa allir áhyggjur af þessu og það eru allir að leita leiða hvernig snúa megi þessari þróun við og beina henni inn í annan farveg.

Ég ætla ekki að efna til langrar orðræðu um þetta hér og alls ekki karps, síður en svo. Þessi hugmynd er sett fram með það í huga að finna vettvang eða skapa vettvang þar sem við gætum reynt að finna hvaða efni, hvaða atriði við gætum sameinast um. Það er hugsunin að baki þessu.

En þótt undirtektir undir málið hafi verið heldur dræmari en ég átti von á þá er ekki öll nótt úti. Nú verður þessi tillaga væntanlega send til umsagnar úti í þjóðfélaginu, til sveitarfélaga, til félagasamtaka, til þeirra aðila sem þessi mál varða sérstaklega eða hafa á þeim áhuga og þeir spurðir álits, hvort þeir telji það góða hugmynd og vænlega til árangurs að boða til aukaþings þar sem þessum brýna málaflokki verði gefið aukið vægi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

4. FUNDUR

fimmtudaginn 5. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 37. mál, fsp. ÖJ, þskj. 37.

Atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 48.

Átak gegn fíkniefnaneyslu, 38. mál, fsp. SJS, þskj. 38.

Búsetuúrræði fyrir fatlaða, 40. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 40.

Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey, 45. mál, fsp. ÞKG, þskj. 45.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra, 41. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 41.

Löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., 51. mál, beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, þskj. 51.

Mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, 35. mál, fsp. KolH, þskj. 35.

Skaðabótalög, 50. mál, frv. BH o.fl., þskj. 50.

Skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja, 31. mál, fsp. JóhS, þskj. 31.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum, 36. mál, fsp. ÖJ, þskj. 36.

Tóbaksverð og vísitala, 16. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 16.

Túlkun jafnréttislaga og skipun í embætti hæstaréttardómara, 33. mál, fsp. JóhS, þskj. 33.

Umferðaröryggisáætlun og umferðaröryggismál, 39. mál, fsp. SJS, þskj. 39.

Viðskipti og samningar um gagnaflutninga og önnur tölvusamskipti, 30. mál, fsp. JóhS, þskj. 30.

Þátttaka Íslendinga á þingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 34. mál, fsp. KolH, þskj. 34.

Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseta hafa borist tilkynningar um kosningu formanns og varaformanns alþjóðanefnda.

Í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Jóhanna Sigurðardóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Í Íslandsdeild NATO-þingsins: Tómas Ingi Olrich formaður og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður.

Í Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Ísólfur Gylfi Pálmason formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Árni Johnsen formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Vilhjálmur Egilsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Kristján Pálsson formaður og Katrín Fjeldsted varaformaður.

Í Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Guðjón Guðmundsson formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Fjárlög 2001, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti geta þess að samkomulag er á milli þingflokkanna um ræðutíma í umræðunni og hann er þessi: Ráðherra hefur 35 mínútur til framsögu, 15 mínútur í annað sinn og 10 mínútur í þriðja sinn. Talsmenn þingflokka hafa 20 mínútur í fyrsta sinn en 10 mínútur í annað og þriðja sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa

10 mínútur í fyrra og síðara sinn. Andsvör verða leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokkanna og fjmrh. heimilt að veita andsvör.

[10:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 2001. Í ræðu minni mun ég fjalla um helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum eins og þau birtast í þessu fjárlagafrv. Auk þess mun ég gera grein fyrir helstu efnisatriðum frv. og efnahagsforsendum. Loks mun ég fjalla um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra næstu ára og markmið ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

Það er afar ánægjulegt að geta þriðja árið í röð flutt hér fjárlagaræðu og greint frá því að fjárlagafrv. geri ráð fyrir meiri afgangi á ríkissjóði en nokkru sinni fyrr. Í þetta sinn er lagt upp með rúmlega 30 milljarða króna tekjuafgang sem svarar til 4,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur er enn meiri eða tæplega 35 milljarðar króna. Svo mikill afgangur á fjárlögum hygg ég að sé einsdæmi í íslenskri hagsögu. Jafnframt er einstakt að þriðja árið í röð séu horfur á afgangi á ríkissjóði sem er yfir 20 milljörðum króna. Samkvæmt þessu mun samanlagður tekjuafgangur frá árinu 1999 nema 80 milljörðum króna. Samanlagður lánsfjárafgangur er enn meiri, eða um 90 milljarðar króna, og um 105 milljarðar ef við bætum árinu 1998 við. Þessi góða afkoma hefur fyrst og fremst verið nýtt til þess að grynnka á skuldum með þeim árangri að hreinar skuldir ríkissjóðs munu lækka úr 170 milljörðum króna í árslok 1997 í 100 milljarða í lok ársins 2001 samkvæmt áætlun frv. Hrein skuldastaða í hlutfalli við landsframleiðslu lækkar á þessu tímabili úr 32,5% í 14% eða um meira en helming. Þetta er framúrskarandi árangur sem skipar Íslandi í fremstu röð á alþjóðavettvangi í þessu tilliti.

Þær tölur sem ég hef nú rakið lýsa með einföldum en afar skýrum hætti megináherslum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það ætti því enginn að þurfa að velkjast í minnsta vafa um að meginskilaboð þessa fjárlagafrv. eru að ríkisstjórnin hyggst áfram fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðugleikann í efnahagsmálum og greiða niður skuldir. Þetta markmið verður haft að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku líkt og verið hefur að undanförnu.

En þótt þetta fjárlagafrv. sé aðhaldssamt er það ekki afturhaldssamt í þeim skilningi að ekkert nýtt komi þar fram. Þvert á móti er þar víða að finna mörg atriði sem stuðla að framförum og aukinni velmegun. Má þar nefna sérstök framlög til fjölskyldumála, bæði hækkun barnabóta og fæðingarorlofsframlaga, aukin framlög til þróunarhjálpar, til rannsókna og þróunarstarfsemi, meðal annars til eflingar íslenska upplýsingasamfélaginu, sérstaka hækkun lífeyrisbóta umfram almennar launahækkanir og auknar framkvæmdir við vegi og hafnir, einkum þar sem ekki er þensla á vinnumarkaði.

Ég hygg að það sé óumdeilt að sterk staða ríkisfjármála hefur hamlað gegn innlendri eftirspurn að undanförnu og þannig stuðlað að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Auðvitað vantar ekki hugmyndir um hvernig megi verja tekjuafgangi ríkissjóðs til ýmissa nytsamlegra verkefna. En í mínum huga skiptir þó enn þá mestu að við höldum áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs og búum þannig í haginn fyrir komandi kynslóðir og verjumst hugsanlegum áföllum í efnahagsmálum.

Áður en ég geri grein fyrir því hvernig stjórnvöld hafa á undanförnum árum með aðgerðum sínum gjörbreytt rekstrarumhverfi atvinnulífsins verð ég að segja að mér finnst efnahagsumræðan að undanförnu oft hafa rist nokkuð grunnt. Menn hafa haft tilhneigingu til þess að horfa á tilteknar, oft einangraðar hagstærðir og draga af þeim ansi djarfar ályktanir. Mér finnst sem menn hafi í hita leiksins stundum ekki séð skóginn fyrir trjánum. Af því tilefni finnst mér mikilvægt að undirstrika það meginatriði að staða efnahagsmála hér á landi er í grundvallaratriðum afar traust. Þetta er ekki einungis mat innlendra sérfræðinga heldur hafa fjölmargir erlendir sérfræðiaðilar lýst sömu skoðun. Enn fremur hafa menn verið sammála um að trausta stöðu efnahagsmála megi ekki síst rekja til efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar undanfarin ár og margvíslegra aðgerða hennar til þess að styrkja undirstöður atvinnulífsins og treysta afkomu heimilanna enn frekar.

Þannig hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir víðtækum skipulagsbreytingum á mörgum sviðum. Tekið hefur verið til hendinni í lífeyrismálum með það að markmiði að treysta stöðu lífeyrissjóða og þar með lífeyrisþega auk þess að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Þá hafa skattamál verið tekin til gagngerrar endurskoðunar til þess að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og lækka jaðarskatta heimilanna. Loks hafa stjórnvöld á undanförnum árum beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum á fjármagnsmarkaði með það að markmiði að auka frjálsræði inn á við sem út á við og treysta þannig stöðu innlends peningamarkaðar.

Allar þessar aðgerðir sem endurspegla efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hafa rennt traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og um leið skapað rekstrargrundvöll fyrir ýmsar nýjar atvinnugreinar á sviði upplýsingatækni, hugbúnaðargerðar, fjarskipta og líftækni svo nokkur dæmi séu nefnd, en þessar greinar tilheyra allar hinu svokallaða nýja hagkerfi. Í kjölfarið hefur framleiðni í atvinnulífinu aukist meira á undanförnum árum en áður eru dæmi um og afkoma fyrirtækja í flestum greinum batnað frá því sem áður var. Þessi þróun hefur átt sinn þátt í að tryggja meiri hagvöxt hér á landi á síðustu árum en í helstu nágrannaríkjunum. Kaupmáttur heimilanna hefur einnig aukist hröðum skrefum og atvinnuleysi er ekki lengur fyrir hendi. Þá hefur tekist að skapa meiri stöðugleika á vinnumarkaði með kjarasamningum til næstu 3–4 ára sem stuðla að traustara starfsumhverfi fyrir fyrirtæki og launafólk og efnahagslífið almennt.

Í framhaldi af þessu langar mig að fara nokkrum orðum um nýja hagkerfið svokallaða og hugsanleg áhrif þess hér á landi. Á síðustu missirum hefur verið mikil umræða um stórfellda framleiðniaukningu í ýmsum hinna nýju hátæknigreina, þ.e. hinu nýja hagkerfi. Fyrst um sinn sneri þessi umræða einkum að Bandaríkjunum þar sem þessara áhrifa gætti hvað mest og virtist ein meginskýringin á langvarandi hagvexti þar í landi. Síðan hefur umræðan einnig tekið til annarra landa, ekki síst Evrópuríkja.

En í hverju er hið nýja hagkerfi fólgið og hver eru áhrif þess? Nýja hagkerfið á í meginatriðum rætur að rekja til hinna gífurlegu tækniframfara á síðustu árum. Síaukin tölvu- og netvæðing í efnahagslífinu hefur í vaxandi mæli haft áhrif á framleiðslu- og þjónustuhætti í atvinnulífinu í átt til aukinnar framleiðni og þar með aukins hagvaxtar í flestum iðnríkjum. Í Bandaríkjunum eru þess skýr merki að hagvöxtur og framleiðni fari vaxandi sem sýnist mega rekja til aukinnar tölvu- og netvæðingar. Hagvöxtur virðist þar kominn á nýtt og hærra stig og niðursveifla í efnahagslífinu sem áður varð með reglubundnu millibili lætur á sér standa.

Sömu þróunar gætir víða í Evrópu, þótt hún sé nokkuð á eftir Bandaríkjunum.

Þótt ekki sé hægt að mæla áhrif tölvu- og netvæðingar, og þar með áhrif nýja hagkerfisins, með óyggjandi hætti hér á landi sjást þess nú þegar nokkur merki í innlendum hagstærðum. Þannig var hagvöxtur á árunum 1996–2000 um 26% fyrir tímabilið í heild. Í fyrri uppsveiflum tengdist vöxturinn velgengni sjávarútvegs að miklu leyti. Þessi uppsveifla á sér hins vegar stað að mestu án atbeina sjávarútvegs þar sem vöxtur í þeirri grein hefur verið lítill á þessu tímabili. Hér gætir að vísu áhrifa nokkurra stóriðjuframkvæmda, en þær skýra aðeins hluta af heildarmyndinni. Mestur vöxtur hefur orðið í hinum nýju hátæknigreinum á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, hugbúnaðar, líftækni o.s.frv. Áhrifa þessara öru breytinga gætir víða. Mikil eftirspurn er eftir fólki með tölvukunnáttu og laun há. Flest fyrirtæki nota sér tölvutækni í einhverju formi og tölvuþjónusta og hugbúnaðargerð er orðin meiri háttar framleiðslugrein með nokkur þúsund störfum. Upplýsingar OECD sýna að Ísland er þriðji mesti notandi netsins meðal OECD-ríkja, á eftir Bandaríkjunum og Finnlandi, og er í fyrsta sæti sem mesti notandi GSM-síma.

Mín niðurstaða er því sú að við séum vissulega að njóta jákvæðra áhrifa nýja hagkerfisins hér á landi. Um það vitna stórfelldar framfarir í hinum ýmsu hátæknigreinum undanfarin ár. Við höfum hins vegar aðeins séð forsmekkinn af jákvæðum áhrifum hinnar nýju tækni í hinum hefðbundnu atvinnugreinum til þessa dags. Ég tel að við munum á næstu árum upplifa miklar breytingar í atvinnulífinu, ekki einungis í nýju hátæknigreinunum, heldur ekki síður í hefðbundnari greinum atvinnulífsins sem eiga í vaxandi mæli eftir að nýta sér kosti nýja hagkerfisins og skila aukinni framleiðni. Ég vil í þessu samhengi nefna að í næsta mánuði mun fjármálaráðuneytið halda ráðstefnu þar sem fjallað verður um nýja hagkerfið og áhrif þess, bæði hér á landi og í Bandaríkjunum. Meðal ræðumanna þar verður Dr. Martin Baily en hann er helsti efnahagsráðgjafi Bandaríkjaforseta og formaður ráðgjafanefndar forsetans í efnahagsmálum.

Víkjum þá aftur að stöðunni hér heima. Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og gera fyrirtækjum kleift að fóta sig í því alþjóðlega efnahagsumhverfi sem við búum við. Enn fremur hafa mikilvæg skref verið stigin í átt til einkavæðingar og minni ríkisumsvifa með sölu hlutabréfa í bönkunum þar sem einn ríkisbanki er nú alfarið kominn í einkaeign og undirbúningur einkavæðingar hinna tveggja er kominn vel á veg. Sömu sögu er að segja af Landssímanum. Öll þessi atriði stuðla að því að bæta efnahagslega stöðu Íslands og gera atvinnulífið samkeppnishæfara á alþjóðamarkaði.

Ég vil hins vegar benda á að þróunin á alþjóðamarkaðnum er hröð og því er nauðsynlegt að fylgjast grannt með og búa sig undir frekari breytingar á þessu sviði. Ýmsar skattalegar aðgerðir á undanförnum árum hafa styrkt samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og rennt stoðum undir vöxt fyrirtækja, ekki síst hvað varðar nýjar atvinnugreinar. Mikil gróska í mörgum hinna nýju fyrirtækja er skýrt dæmi um þessi áhrif. Vegna vaxandi alþjóðlegrar samkeppni tel ég mikilvægt að huga nú að frekari breytingum og lagfæringum á skattalegu umhverfi fyrirtækja og treysta þannig stöðu íslensks atvinnulífs enn frekar. Í þessu skyni þarf í senn að skoða mögulega lækkun tekju- og eignarskatta, einkum hjá fyrirtækjum, lagfæringar á stimpilgjaldi o.fl. Þessar aðgerðir hafa verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu um nokkurt skeið með það að markmiði að þær komi til framkvæmda síðar á kjörtímabilinu.

Herra forseti. Ég mun nú víkja nánar að helstu þáttum fjárlagafrv. bæði hvað varðar einstaka efnisþætti á tekju- og gjaldahlið og helstu efnahagsforsendur.

Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 240,3 milljarðar króna eða um 15 milljörðum hærri en í ár. Hækkunin milli ára skýrist að mestu af auknum skatttekjum. Af einstökum tekjuliðum má nefna að tekjur af virðisaukaskatti eru taldar hækka um 5 milljarða frá áætlun í ár. Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja eru taldir skila 3,5 milljörðum króna meiri tekjum á næsta ári en í ár, sem alfarið má rekja til tekjuskatts einstaklinga í takt við hækkun launa. Tekjuskattur fyrirtækja er hins vegar talinn skila minni tekjum á næsta ári en í ár vegna heldur lakari afkomuhorfa á árinu 2000. Tekjur af sölu eigna eru taldar hækka um 2,5 milljarða króna á næsta ári og skila um 7 milljarða söluhagnaði. Þessi áætlun er þó óviss þar sem ákvarðanir um eignasölu á næsta ári hafa enn ekki verið teknar, en líklegt er að áætlunin sé fremur varkár og að tekjur af sölu eigna verði mun meiri þegar upp er staðið.

Tekjur af sölu eigna hafa bæði gengið til þess að lækka almennar skuldir ríkisins og eins til þess að grynnka á lífeyrisskuldbindingum með því að styrkja eiginfjárstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þessari stefnu verður fram haldið á næstu árum og stærstum hluta sölutekna varið til þess að greiða upp skuldir. Auk þessa verður hluta teknanna varið til sérstakra verkefna í samgöngumálum og til að efla upplýsingasamfélagið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Áður en ég yfirgef tekjuhlið ríkissjóðs langar mig til að nefna þær breytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir sl. haust til þess að draga úr áhrifum olíuverðshækkana á heimsmarkaði á íslenskt efnahagslíf. Umræður og mótmælaaðgerðir í mörgum löndum að undanförnu vegna hins háa bensínverðs þar sem krafist er lækkunar gjalda hins opinbera af eldsneyti til mótvægis hafa varla farið fram hjá mönnum. Mér finnst af þessu tilefni ástæða til þess að rifja það upp að ríkisstjórnin tók ákvörðun um það þegar fyrir ári síðan að bregðast við óæskilegum áhrifum hækkandi bensínverðs á afkomu einstaklinga og atvinnulífs með breytingum á skattlagningu á bensíni. Í stað hlutfallslegs gjalds á bensín var tekið upp fast krónugjald á hvern lítra þannig að breytingar á bensínverði á heimsmarkaði hafa ekki lengur áhrif á tekjur ríkissjóðs með sama hætti og áður. Þetta hefur reynst mjög mikilvæg og hyggileg ákvörðun enda hefur hún orðið til þess að draga verulega úr áhrifum hækkandi bensínverðs á heimsmarkaði á íslenskt efnahagslíf eins og sjá má af því að óbreytt skattlagning bensíns hefði líklega skilað ríkissjóði um 900 milljónum króna í auknum tekjum á ársgrundvelli.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta barnabótakerfinu með það að markmiði að draga úr tekjutengingu þess í samræmi við stefnuyfirlýsingu hennar og yfirlýsingar í tengslum við gerð kjarasamninga á liðnum vetri. Jafnframt verða frítekjumörk hækkuð og eignatenging afnumin. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi af þremur komi til framkvæmda á næsta ári. Þessar breytingar munu koma öllu barnafólki til góða, einkum þó fólki með miðlungs eða lágar tekjur. Lagt verður fram sérstakt frv. um þetta efni innan tíðar.

Núgildandi tilhögun vaxtabóta hefur sætt nokkurri gagnrýni að undanförnu og hún jafnvel talin hvetja til óeðlilegrar skuldasöfnunar. Jafnframt hefur vaxtabótakerfið þótt torskilið auk þess sem tekju- og eignatenging bótanna getur leitt til hárra jaðarskatta. Þessi atriði verða á næstunni tekin til nánari skoðunar með það að markmiði að sníða þessa annmarka af.

Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 210 milljarðar króna árið 2001 og hækka um 11 milljarða frá áætlun þessa árs. Til marks um aukið aðhald vek ég athygli á því að útgjöld ríkissjóðs hækka minna en heildarútgjöld þjóðarbúsins. Þannig munu rekstrargjöld ríkissjóðs nánast standa í stað þar sem ríkisstjórnin setti sér það markmið að hagræða í rekstrargjöldum á móti nýjum verkefnum. Hins vegar munu tekjutilfærslur til heimilanna hækka nokkuð milli ára, meðal annars vegna stofnunar sérstaks Fæðingarorlofssjóðs í kjölfar nýrra laga um foreldra og fæðingarorlof og ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að hækka barnabætur um þriðjung á næstu þremur árum. Einnig eru framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkuð og framlög til búvöruframleiðslu hækka tímabundið vegna uppkaupa á framleiðslurétti sauðfjárbænda. Loks hækka framlög til stofnkostnaðar um 2 milljarða króna sem skýrist einkum af auknum framlögum til vegamála í samræmi við vegáætlun. Við núverandi aðstæður er talið réttlætanlegt að auka vegaframkvæmdir þar sem tilboð í verkefni hjá Vegagerðinni hafa að undanförnu verið mjög hagstæð miðað við kostnaðaráætlanir og ljóst að ekki gætir þenslu við jarðvegsframkvæmdir í sama mæli og í almennri byggingarstarfsemi. Engu að síður er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir frestun framkvæmda um tæplega 1 milljarð króna á þessu sviði og annað eins hjá hinum ýmsum ráðuneytum, eða samanlagt um 2 milljarða króna. Af þessum tölum má ráða að ríkisstjórnin mun áfram leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og draga úr viðskiptahalla.

Herra forseti. Það eru engin ný sannindi að uppsveifla í efnahagslífinu leiðir til meiri verðbólgu og aukins viðskiptahalla. Þetta á einnig við um Ísland. Slík þróun er þó ekki einskorðuð við Ísland enda eru vaxandi verðbólga og aukinn viðskiptahalli gjarnan fylgifiskar uppsveiflu í efnahagslífinu, ekki síst þegar hún er eins kröftug og hér hefur verið. Bandaríkin, Írland og Bretland eru nærtæk dæmi þar sem mikill hagvöxtur ár eftir ár hefur kynt undir verðbólgu og viðskiptahalla.

Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á því að viðskiptahallinn nú stafar ekki af skuldsetningu ríkissjóðs heldur annarra aðila í þjóðfélaginu. Á þessu er grundvallarmunur. Þróunin nú endurspeglar m.a. trú þessara aðila á möguleikum sínum til endurgreiðslu þessara skulda og þar með traust þeirra á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Sterk staða ríkissjóðs hefur verið mikilvægt mótvægi gegn áhrifum aukinnar skuldasöfnunar annarra aðila á innlenda eftirspurn og viðskiptahalla.

Í spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 54 milljarðar króna árið 2000, eða sem svarar til 8% af landsframleiðslu. Á næsta ári er spáð svipaðri niðurstöðu þegar á heildina er litið. Frekari greining á viðskiptahallanum eftir einstökum þáttum leiðir hins vegar í ljós hagstæðari niðurstöðu en ætla má við fyrstu sýn og í raun má ganga svo langt að segja að um viðsnúning sé að ræða. Halli á vöruskiptajöfnuði er minni, en þjónustujöfnuður er heldur óhagstæðari fyrst og fremst vegna hærri vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og að viðskiptahallinn fari lækkandi á næstu árum. Þessi niðurstaða endurspeglar minnkandi eftirspurn og betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Þrátt fyrir mikinn og vaxandi viðskiptahalla hefur veruleg breyting orðið á eignamyndun Íslendinga erlendis. Hér áður fyrr þegar stjórnvöld glímdu við viðvarandi viðskiptahalla var hallinn því sem næst eingöngu fjármagnaður af beinum lántökum opinberra aðila á erlendum mörkuðum. Viðskiptahallinn var þannig í reynd með ríkisábyrgð. Nú horfir öðruvísi við. Í fyrsta lagi hafa beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi aukist umtalsvert. Um síðustu áramót námu beinar fjárfestingar erlendra aðila alls rúmum 35 milljörðum króna og hafa nær þrefaldast á fjórum árum. Eignarhald útlendinga hér á landi hefur þannig aukist og fjárfesting í atvinnulífinu er í auknum mæli fjármögnuð með beinum hætti erlendis frá.

Íslendingar hafa einnig leitað í auknum mæli út fyrir landsteinana til fjárfestinga. Þetta á bæði við um beinar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja á erlendri grund en þær námu um 30 milljörðum króna í árslok 1999. Auk þess hafa eignir stofnanafjárfesta og einstaklinga í útlöndum stóraukist, einkum í erlendum hlutabréfum. Um síðustu áramót var talið að heildareignir íslenskra aðila í útlöndum næmu um 242 milljörðum, eða um 40% af landsframleiðslu, og höfðu þá aukist um 90 milljarða milli ára. Þar af námu eignir lífeyrissjóða 97 milljörðum og hafa aukist mikið síðan. Þannig hefur eignamyndun Íslendinga erlendis haldist nokkuð í takt við auknar erlendar skuldir.

Ríkisfjármál hafa tekið stakkaskiptum á þessu áratug. Í stað viðvarandi hallareksturs skilar ríkissjóður nú umtalsverðum afgangi sem gerir það að verkum að skuldir ríkissjóðs fara nú hratt minnkandi. En fjárhagsstaða opinberra aðila, eins og annarra, er háð efnahagsástandinu á hverjum tíma. Þegar vel árar aukast tekjurnar vegna vaxandi umsvifa í hagkerfinu jafnframt því sem ýmis útgjöld svo sem atvinnuleysisbætur dragast saman. Að sama skapi versnar fjárhagurinn þegar illa árar vegna minnkandi skatttekna og aukinna útgjalda. Mat á undirliggjandi stöðu ríkisfjármála byggist á því að greina áhrif hagsveiflunnar frá öðrum áhrifum sem segja til um tekjur og gjöld óháð efnahagsástandinu á hverjum tíma. Þótt mikill hagvöxtur og vaxandi umsvif í hagkerfinu eigi vissulega þátt í sífellt betri afkomu ríkissjóðs að undanförnu hefur undirliggjandi staða, eða hin kerfislæga afkoma eins og það er kallað, einnig batnað ár frá ári. Í ár er talið að kerfisafgangur ríkissjóðs svari til 1,5% af landsframleiðslu, eða 10 milljarða króna, og á næsta ári stefnir hann í 2%, eða um 15 milljarða króna samkvæmt fjárlagafrv. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að allt tal um að mikill afgangur á ríkissjóði sé eingöngu tengdur efnahagsuppsveiflunni og viðskiptahallanum er út í hött. Þeir sem þannig tala hafa ekki áttað sig á breyttum aðstæðum.

Vaxandi eignir Íslendinga í útlöndum valda því að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa ekki aukist sem nemur viðskiptahallanum eins og ætla mætti að öðru óbreyttu. Á síðasta ári jukust hreinar erlendar skuldir um 18,5 milljarða króna á sama tíma og viðskiptahallinn nam 40 milljörðum króna. Munurinn stafar af eignamyndun Íslendinga í útlöndum. Þessar tölur segja sína sögu um breytt eðli viðskiptahallans.

Upp á síðkastið hafa komið fram sífellt fleiri vísbendingar um að hægt hafi á innlendri eftirspurn. Innflutningsaukningin er í rénun og bílainnflutningur hefur beinlínis dregist saman frá síðasta ári. Einnig hefur dregið úr fjölda lánsumsókna í húsnæðiskerfinu. Loks sýna nýjustu tölur úr bankakerfinu að útlánaaukning hjá einstaklingum er að minnka. Allt eru þetta ótvíræðar vísbendingar um minnkandi innlenda eftirspurn og að fram undan sé tímabil meiri stöðugleika.

Síðustu verðmælingar benda enn fremur til þess að verðbólga fari nú hjaðnandi. Tvöföldun olíuverðs og hækkun íbúðaverðs eftir stöðnun mörg undanfarin ár leiddu til þess að hækkun neysluverðsvísitölu fór úr um það bil 2% að jafnaði á árunum 1994–1998 í 5–6% á síðari helmingi síðasta árs, 1999, og fyrri helmingi ársins 2000. Margt bendir til þess að hækkun fasteignaverðs sé nú í rénun og að olíuverð hafi náð hámarki. Þessarar þróunar gætir nú þegar þar sem tólf mánaða hækkun verðlags hefur farið úr 5,5–6% á fyrstu mánuðum ársins í 3–4% að undanförnu eftir því við hvaða mælikvarða er miðað og spáð er áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar á næstu mánuðum og missirum.

Spáð er heldur minnkandi hagvexti á næstu árum. Það er hins vegar meiri óvissa um efnahagshorfurnar nú en oft áður. Þetta á bæði við um áhrif niðurskurðar aflaheimilda á heildarframleiðslu í sjávarútvegi á næsta ári sem erfitt er að henda reiður á fyrir fram því að væntanlega munu menn í sjávarútvegi bregðast við þessum versnandi horfum á einhvern hátt til þess að draga úr neikvæðu áhrifunum. Auk þess skiptir tímabundinn samdráttur í sjávarútvegi ekki eins miklu máli nú fyrir heildarþróun efnahagsmála og á árum áður. Loks kann vöxtur ýmissa þeirra atvinnugreina sem verið hafa í mikilli uppsveiflu að undanförnu að verða meiri en gert er ráð fyrir í þessum spám. Sama kann að gilda um aðrar greinar þótt líklegt sé að vöxturinn verði hægari en á allra síðustu árum. Þannig verður að telja að óvissan í efnahagsspánum geti fremur leitt til hækkunar á hagvaxtarhorfum fyrir næstu ár heldur en lækkunar.

Herra forseti. Ég tel brýnt að varðveita þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og móta efnahagsstefnu til nokkurra næstu ára. Áframhaldandi aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum á næstu árum stuðlar að stöðugu rekstrarumhverfi atvinnulífsins, skapar svigrúm til frekari niðurgreiðslu skulda og lækkunar skatta. Markviss stefnumótun til lengri tíma en eins árs eykur einnig trúverðugleika efnahagsstefnunnar til skemmri tíma og skapar aukna festu í hagstjórn. Í fjármálaráðuneytinu er nú unnið að slíkri stefnumótun sem ég mun leggja fyrir ríkisstjórn til frekari meðferðar og nánari útfærslu í haust.

Efnahagslegar forsendur þessara útreikninga eru í meginatriðum þær að nokkuð muni hægja á hagvexti á næstu árum og að hann verði nálægt 2,5% á ári að jafnaði, samanborið við 4,5% á síðustu fimm árum. Samkvæmt þessu verður meira jafnvægi í efnahagslífinu en verið hefur og um leið skapast forsendur fyrir stöðugleika til langs tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að hagvöxturinn verði í ríkari mæli borinn uppi af auknum útflutningi þar sem meðal annars mun í vaxandi mæli gæta áhrifa hinna fjölmörgu nýju atvinnugreina en vöxtur þeirra hefur verið afar mikill að undanförnu. Aftur á móti hægir verulega á vexti þjóðarútgjalda. Af þessu leiðir að viðskiptahallinn minnkar og verðbólgan lækkar niður á svipað stig og í helstu nágrannaríkjunum.

Niðurstaða þessara framreikninga er sú að afkoma ríkissjóðs verður áfram traust og kerfislægur afgangur verður um eða yfir 2% af landsframleiðslu að jafnaði á tímabilinu. Sú stærð sem ræður mestu um niðurgreiðslu skulda er hins vegar lánsfjárafgangurinn. Samkvæmt þessum framreikningum mun hann áfram verða mjög mikill, eða á bilinu 3–5% af landsframleiðslu, sem endurspeglar meðal annars áhrif af sölu ríkiseigna á næstu árum.

Samkvæmt þessum útreikningum mun áframhaldandi aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum því geta leitt til stórfelldrar lækkunar skulda á árunum 2002–2004. Jafnframt getur þetta orðið til þess að peningalegar eignir ríkisins nemi hærri fjárhæð en skuldir, þ.e. að hrein skuldastaða verði neikvæð. Það yrðu vissulega mikil tímamót.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með því að ítreka meginskilaboð frv. um að ríkisstjórnin mun áfram fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næsta og næstu árum til þess í senn að tryggja stöðugleikann í efnahagsmálum og greiða niður skuldir. Sá árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum á undanförnum árum og mikill og vaxandi afgangur á ríkissjóði, sem nú er af stærðargráðunni 30 milljarðar króna eða meira, eru mikilvægt framlag í þessa veru. Um það verður ekki deilt.

Ég tel að mikilvægasta verkefni hagstjórnar sé að varðveita þann árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanförnum árum. Staða ríkisfjármála er hér í lykilhlutverki þar sem brýnt er að móta stefnu, ekki einungis fyrir næsta ár, heldur til nokkurra næstu ára til þess að auka festu í hagstjórninni. Ég tel það raunhæft markmið að greiða niður skuldir þannig að hreinar skuldir ríkissjóðs verði sem næst horfnar á árunum 2003–2004. Að því marki verður stefnt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[11:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um að meginverkefni í efnahagsmálum þjóðarinnar er að treysta og varðveita stöðugleikann. Það blasir við að þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar fer viðskiptahallinn vaxandi og hann er orðinn gríðarlega hár eða um það bil 8% af landsframleiðslu. Samkvæmt þjóðhagsáætlun verður hann um 57 milljarðar á á næsta ári og svipað hlutfall af landsframleiðslu. Það þarf auðvitað einhvern veginn að fjármagna þennan mikla halla. Það blasir við að erfitt verður að gera það og samhliða að halda genginu traustu sem er auðvitað forsenda fyrir því að varnir okkar gegn verðhækkunum bresti ekki. Í fjárlagafrv. er yfirlit yfir lántökur og afborganir ríkisins og þar kemur fram að á næsta ári hyggst ríkið verja 23,3 milljörðum kr. í að greiða niður lán erlendis. Ekki er hægt að skilja framsetningu frv. öðruvísi en svo að þessum fjármunum eigi að verja til þess að greiða niður erlend lán.

Ég vil ekki nota stór orð, herra forseti. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þetta ekki ákaflega óráðlegt með tilliti til þess hve gengi krónunar er ótryggt miðað við þær aðstæður sem hinn mikli viðskiptahalli hefur skapað? Og eru það ekki mistök af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að gefa út yfirlýsingu af þessu tagi því að mér virðist sem hún sé beinlínis til þess fallin að grafa undan trúverðugleika gengisstefnunnar, svo maður noti hófleg orð, setja íslensku krónuna í nokkurn skugga? Mig langar því að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé sammála þeim dómi markaðarins sem kom fram í gær um að þessi yfirlýsing ógni gengi og þar með stöðugleika íslensku krónunnar.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að hér er hreyft mjög mikilvægu málefni sem er reyndar ekki tilefni til að fjalla um í fjölmiðlum eins og gert var í gær þar sem svokallaðir talsmenn markaðarins hafa tjáð sig með afar óábyrgum hætti að mínum dómi og á þann hátt að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem þar eiga hlut að máli hljóta að kanna þau mál innan dyra hjá sér hvernig þetta unga fólk, sem talar í nafni þessara fyrirtækja, kemur fyrir sig orði.

En spurningin er þessi: Er verið að ógna genginu með fyrirætlunum um að borga upp erlend lán á næsta ári? Svarið við því er nei. Það sem um er að ræða er að það falla á gjalddaga á næsta ári 15 milljarðar kr. í erlendum lánum sem að sjálfsögðu verður að borga. Þar fyrir utan er um að ræða 8 milljarða kr. lán sem gert er ráð fyrir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjármagni, að ríkið borgi upp sitt lán að því leyti til en Flugstöðin greiði ríkinu þá peninga og fjármagni það væntanlega með nýju erlendu láni sem hún tekur í eigin nafni. Það hefur að sjálfsögðu engin áhrif á gjaldeyrisstöðuna þegar Flugstöðin greiðir upp erlent lán við ríkið og ríkið borgar með sama hætti það lán sem þar liggur á bak við.

Það er ekkert sem segir í þessu að ríkissjóður geti ekki og muni ekki taka erlent lán sjálfur á næsta ári. Það gerðum við á þessu ári vegna þess að það var talið nauðsynlegt með tilliti til gjaldeyrisstöðunnar þegar kom að því að greiða upp erlend lán og það er ekkert sem útilokar það að ríkissjóður kunni að þurfa að taka erlend lán eins og hann hefur jafnan gert. Ríkissjóður mun ekki íþyngja gjaldeyrisstöðunni. Ef hún þolir ekki lánauppgreiðslu af hálfu ríkisins, þá mun ríkissjóður frekar endurfjármagna sín lán í útlöndum og beina uppgreiðslu sinni inn á innlendan markað. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi skýrt fyrir.

[11:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. sem kom fram síðast í svari hans er ákaflega mikilvæg. Það er ákaflega mikilvægt að fyrir liggi yfirlýsing frá ríkisstjórninni um að gjaldeyrisstöðunni verði ekki íþyngt af hálfu ríkissjóðs með þeim hætti sem mátti skilja af framsetningunni í töflunni á bls. 495 í fjárlagafrv.

Ég er hins vegar sammála hæstv. fjmrh. að mér fannst heldur of í lagt af hálfu fulltrúa markaðarins sem töluðu í gær í fjölmiðlum og lýstu því beinlínis yfir að fjárlagafrv. eins og það er framsett ógni gengi íslensku krónunnar. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni, en ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að viðskiptahallinn sé miklu meira áhyggjuefni en fjmrn. og hæstv. ríkisstjórn vill vera láta, eins og margsinnis hefur komið fram af minni hálfu. Ég held að staða íslensku krónunnar sé af þeim sökum ekki eins traust og hún hefði getað verið. Ég tel að það sé forgangsverkefni af hálfu ríkisstjórnarinnar að berjast gegn viðskiptahallanum, að halda gengi krónunnar traustu og þess vegna er það ákveðinn ábyrgðarhluti af hálfu ríkisstjórnarinnar að setja mál sín fram á þann hátt að auðvelt sé að misskilja það alveg eins og markaðurinn gerði í gær með þessum harkalegu viðbrögðum.

[11:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka að ég tel ekki að einhverjir tveir einstaklingar sem koma í sjónvarpið geti kallað sig markaðinn. Viðbrögðin á markaðnum hafa í raun og veru verið mjög góð við fjárlagafrv. eins og menn geta lesið ef þeir skoða greiningarpistla fjármálafyrirtækjanna og það sem þar hefur komið fram. En til þess að öllu sé réttilega til skila haldið, þá er ég með útskrift af þessari frétt frá því í gær og rétt að það komi fram að það voru ekki þessir talsmenn fyrirtækjanna sem töluðu um ógnun við gengi krónunnar heldur var það fréttamaður Stöðvar 2 sem notaði það orðalag. Það kemur hvergi fram af hálfu þessara aðila hér og ég vil að það liggi alveg fyrir til þess að fulltrúar markaðarins svokallaða séu ekki hafðir fyrir rangri sök í því efni.

Ég tek undir það sem þingmaðurinn sagði varðandi mikilvægi þess að styrkja og treysta gjaldeyrisstöðuna. Viðskiptahallinn reynir auðvitað á hana og það þarf að fjármagna hann eins og hv. þm. sagði. En vegna þess að ekki er um að ræða halla af völdum ríkissjóðs, þá er það ekki fyrst og fremst áhyggjuefni og vandamál ríkissjóðs að fjármagna þennan halla. Hann er ekki með ríkisábyrgð eins og ég sagði áðan. Einkaaðilarnir í þjóðfélaginu sem taka lán í útlöndum fjármagna þennan halla.

Það sem er mjög mikilvægt líka er að viðskiptahallinn skilar sér ekki í nettóskuldaaukningu þjóðarbúsins vegna þeirrar miklu eignaaukningar sem átt hefur sér stað, og menn verða líka að hafa það í huga að þess vegna er viðskiptahallinn ekki sú ógn sem hann hefði verið af þessari stærðargráðu fyrir nokkrum árum meðan ástand í þjóðarbúskapnum var allt annað og miklu verra en það er núna.

[11:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hvorki í fjárlagafrv. né í ræðu hæstv. fjmrh. er minnst á tekjuflutning frá ríki til sveitarfélaga né heldur að komið sé til móts við fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Þetta er eitt stærsta málið sem hefur verið til umræðu á þessu sumri og reyndar áður um vanda sveitarfélaganna. Þau verja nú æ stærri hluta tekna sinna beint í rekstur og mörg þeirra safna skuldum. Það skýtur því skökku við þegar ríkissjóður státar sér af miklum tekjuafgangi, að þá er svo misskipt. Þessir aðilar saman mynda þá þjónustu sem við köllum hina opinberu þjónustu. Fjárlagafrv. sem ekki gerir ráð fyrir tekjum og tekjuauka til sveitarfélaganna er að mínu viti afar marklítið.

Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Hvað ætlar hann að gera í sambandi við að mæta aukinni tekjuþörf sveitarfélaganna?

[11:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er einnig hreyft mikilvægu máli sem þingmenn þekkja mætavel vegna fyrri umræðna í þingsalnum um tekjuskiptingarmál ríkis og sveitarfélaga. En ástæðan fyrir því að ekki er vikið að þessu máli með öðru en almennum hætti í fjárlagafrv. er auðvitað sú að það er engin ný niðurstaða í þessu máli. Það er nefnd að störfum undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem er að vinna að tillögum um þetta mál. Hvernig dettur þingmanninum í hug að til greina kæmi að setja eitthvað inn í fjárlagafrv. um þessi mál áður en einhver niðurstaða er fengin á pólitískum vettvangi um þessi atriði?

Hæstv. forsrh. gat þess í stefnuræðu sinni að fullur vilji er til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma til móts við þau sveitarfélög sem hafa orðið fyrir fólksfækkun og lent í erfiðleikum fjárhagslega af þeim sökum með sérstökum fólksfækkunarframlögum svipað og gert var í fyrra. Það er

einnig fullur ásetningur ríkisstjórnarinnar að efna það fyrirheit sem gefið var í stjórnarsáttmálanum um að breyta fyrirkomulagi fasteignamats á landsbyggðinni þannig að létt verði af íbúunum í sveitarfélögunum úti á landi rúmlega 1 milljarði kr. sem nú er ranglega af þeim tekinn með því að miða fasteignamat úti á landi við eignir á Reykjavíkursvæðinu. (**SvanJ:** Er það ekki samkvæmt lögum?) Það þarf að breyta þeim lögum. Það er það sem ég er að segja. Það er það sem þarf að gera, það þarf auðvitað að breyta lögunum. Liggur það ekki fyrir, hv. þm., að hlutverk Alþingis er að breyta lögum? Er það nýtt mál? Þarf að kalla fram í og segja: Það þarf að breyta lögum. Það er ekki bannað með lögum að breyta lögum, hv. þm. (**SvanJ:** Þú sagðir að það hafi verið ranglega tekið.) Ég tel að það hafi verið ranglega tekið, já, vegna þess að ég tel að þau lög séu óréttlát og það eigi að breyta þeim þess vegna.

[11:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að ekki einungis það sem hæstv. ráðherra er að minnast á, sanngjarnar leiðréttingar á álagningu fasteignagjalda og annað slíkt, þess sér hvergi stað í fjárlagafrv. Þetta eru því enn bara orð.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að sú nefnd sem hæstv. fjmrh. vitnaði til átti að vera búin að skila áliti í júní og síðasta opinbera dagsetning var 2. október. Það hefði kannski verið nær að fresta framlagningu fjárlagafrv. því að frv. sem ekki tekur tillit til þessara stóru þátta heldur kemur fram bara til þess að þóknast sjálfum sér á ekki mikið erindi fyrir Alþingi.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að svara svona vitleysu. Ég held að hv. þm. ætti að taka það upp við fulltrúa síns þingflokks í forsn. að þingsetningunni hefði bara verið frestað þangað til nefnd Jóns Kristjánssonar hefði lokið störfum. Það er skylt samkvæmt þingsköpum að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi þings á 1. fundi. (**JB:** Á ekki bara að breyta því?) Ég tek undir undirtektir fundarmanna við þessu frammíkalli. En þetta mál er ekki til að hafa í flimtingum (**JB:** Enda er ég ekkert að því.) og það er ekki heldur hægt að ætlast til þess að í fjárlagafrv. sé niðurstaða um mál af þessu tagi þegar hún er alls ekki komin. Og þannig er um ýmis fleiri mál sem niðurstaða liggur ekki fyrir í. Ég býst við að einhverjir hér hafi t.d. áhuga á því hvernig kjarasamningum opinberra starfsmanna lyktar við ríkisvaldið. Á það var minnst í umræðunni um stefnuræðu forsrh. að huga þyrfti að þeim málum. Vissulega. En við höfum ekki forsendur til þess að setja inn í fjárlagafrv. neitt um það efni annað en það sem er almenns eðlis. Vegna hvers? Vegna þess að það er ekki búið að semja. Liggur þetta ekki alveg ljóst fyrir? Þarf að útskýra þetta fyrir einhverju fólki? Ef það verður komin niðurstaða áður en fjárlagafrv. er afgreitt í desember hvort sem varðar sveitarfélögin eða niðurstöður kjarasamninga, þá mun fjárlagafrv. að sjálfsögðu þurfa að taka tillit til slíkra niðurstaðna. En á meðan ekkert liggur fyrir í þeim efnum er ekki hægt að vera með einhverjar getspár í frv. um slík málefni. Þetta hélt ég að þyrfti ekki að segja fólki sem hefur setið hér á Alþingi um nokkurt skeið.

[11:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með fjárlagafrv. alveg eins og ég gerði í fyrra. Ég held að margir fjármálaráðherrar hefðu viljað vera í sporum ráðherra og geta lagt fram frv. sem býður upp á þennan glæsilega tekjuafgang. Vissulega er ákaflega mikilvægt fyrir framvindu efnahagsmálanna að afgangur af ríkissjóði sé mjög mikill. Því ber að fagna. Það fer fjarri því að við höldum því fram, eins og hæstv. fjmrh. sagði raunar, að allur þessi tekjuafgangur stafaði einungis af viðskiptahalla. Það held ég að hafi aldrei komið fram í máli stjórnarandstöðunnar. (**Fjmrh.:** Og jú.) Hæstv. fjmrh. kastar hér fram í: Og jú. Ég kannast ekki við það, herra forseti, og mun fara yfir það hér á eftir hvað það er sem mér finnst áfátt við þetta fjárlagafrv. og hvað mér finnst gott. Það er auðvitað þannig að hæstv. ráðherra kemur hingað og eðlilegt er að hann máli frv. ákaflega rósrauðum litum. Ég mundi sennilega gera það sjálfur í sporum hans. Samt sem áður eru áberandi ýmsar þverstæður annars vegar í máli hæstv. ráðherra og hins vegar þess sem kemur fram í þeim textum sem liggja til grundvallar. Ég á við til að mynda ýmsar staðhæfingar sem ég hlýddi á í máli hæstv. ráðherra áðan. Þær standast ekki alveg það sem hann segir í grg. með frv. og síðan í þjóðhagsáætlun.

Hæstv. ráðherra sagði t.d. að ljóst væri að verðbólga færi hjaðnandi. Nú er það svo að það kom harkalegt verðbólguskot sem gerði það að verkum að verðbólgan fór upp í 6% fyrr á árinu alveg eins og Samfylkingin hafði spáð en hæstv. ráðherra dró alvarlega í efa á þeim tíma. Vissulega er það svo að síðan hefur verðbólgan hjaðnað nokkuð. Hins vegar er alveg ljóst að það stendur og fellur með stöðugleika gengisins hvernig þróun verðbólgunnar verður í framtíðinni. Það er alveg ljóst að gengið stendur og fellur með viðskiptahallanum. Loksins er það að koma fram hjá hæstv. ráðherra að viðskiptahallinn er vandamál. Það er í fyrsta skipti eftir langvinnar umræður um þann þátt efnahagsstjórnunarinnar sem hæstv. forsrh. viðurkenndi í ræðu sinni að viðskiptahallinn væri áhyggjuefni. Hæstv. fjmrh. tekur undir það þó hann sé að vísu kominn með þá kenningu að viðskiptahallinn sé góðkynja og sé að því leyti til öðruvísi en viðskiptahalli fyrri ára. Guð láti gott á vita.

En hæstv. ráðherra talaði um að þenslan, og ég heyrði ekki betur en t.d. útlánaaukning til einstaklinga, færi minnkandi. Ég verð að vísa til þess, herra forseti, sem dæmi um missagnirnar, að á bls. 29 í þessu litla riti sem heitir Stefna og horfur og fylgir frv. til fjárlaga, segir, með leyfi forseta:

„Á síðasta ári jukust útlán banka og innlánsstofnana til heimila um rúm 20%. Fyrstu sjö mánuði yfirstandandi árs nam aukningin rúmum 26% þannig að vöxtur útlána er enn mikill."

Herra forseti. Þetta er nokkuð annað en mátti skilja af ræðu hæstv. forsrh. og þó að þetta skipti kannski ekki úrslitamáli sýnir þetta að ræða hæstv. fjmrh. er skrifuð með það fyrir augum að gefa sem jákvæðasta mynd. Hæstv. fjmrh. sagði líka, eins og ég gat um áðan, að verðbólgan færi minnkandi og vonandi verður það svo. En það er þannig að enn eru ýmsar blikur á lofti og ef hæstv. fjmrh. hefði viljað gefa raunsanna mynd af stöðunni þá hefði hann kannski getið þess sem segir í þjóðhagsáætlun um þetta mál á bls. 39, herra forseti, með góðu leyfi forseta:

„Þegar litið er til ýmissa kennileita í efnahagslífinu til að fá vísbendingar um líklega verðbólguþróun á næstu mánuðum er ekki einsýnt hvert stefnir."

Herra forseti. Í máli hæstv. fjmrh. var næsta einsýnt hvert stefndi. Samkvæmt því sem fjmrh. hæstv. segir er alveg ljóst að verðbólgan mun fara minnkandi, öll dæmi voru um það

í máli hans. En Þjóðhagsstofnun nefnir t.d. tvennt, í fyrsta lagi að vöxtur peningamagns í umferð bendi til þess að það kunni að vera tvísýnt um það, en vöxtur peningamagns jókst um 13% frá júlí í fyrra til jafnlengdar í ár. Sömuleiðis segir í þjóðhagsáætlun að það sem einkum gefi tilefni til svartsýni er áframhaldandi mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Það er ekkert sem bendir til, herra forseti, að draga muni úr eftirspurn eftir vinnuafli á næstunni á markaði. Auðvitað er margt sem bendir til þess að sú rósrauða mynd sem hæstv. fjmrh. dró upp áðan sé ekki að öllu leyti í samræmi við veruleikann.

Það verður hins vegar að segjast hæstv. fjmrh. til hróss að hann dregur líka úr á ýmsum sviðum þar sem mætti gæta aukinnar bjartsýni. Ég vil t.d. að það komi fram að ég er þeirrar skoðunar að þær vaxtarhorfur sem gefnar eru upp varðandi sjávarútveginn séu miklu neikvæðari en tilefni eru til. Ég er þeirrar skoðunar ef maður skoðar t.d. seiðamælingar Hafrannsóknastofnunar síðustu ár, það er kannski ekki alveg öruggt, en þá kunni svo að vera að fram undan sé að við horfum fram á einhvern stærsta árgang sem hefur komið fram ákaflega lengi. Það er líka mögulegt að af þeim árgangi verði svo miklar leifar að eitthvað af því fari til Grænlands og komi aftur sem fullvaxta Grænlandsgöngur sem voru á síðustu áratugum jafnan undirstaða hinna stóru, sterku ára í sjávarútvegi. Þannig að ég tel líka að fjmrn. dragi of mikið úr þeim möguleikum sem eru fram undan á sviði sjávarútvegsins en mér finnst það hins vegar bara gott hjá þeim. Ég er ekkert að deila á það. Mér finnst gott að leggja þetta mál fram með þessum hætti.

Að lokum vil ég líka hrósa hæstv. fjmrh. fyrir þá áherslu sem hann leggur á nýja hagkerfið. Ég er algjörlega þeirrar skoðunar að það sem sker úr um framhald og þróun íslensks samfélags og sker úr um það hvort við stöndum okkur í samkeppninni við erlendar þjóðir er hvernig tekst til með gróðursetningu nýja hagkerfisins á Íslandi. Þar er hins vegar ekki bara verið að tala um hagvaxtartölur eins og sakir standa heldur um framleiðni. Hefur nýja hagkerfið leitt til þess að framleiðni hefur aukist? Erum við að fá meira út úr atvinnugreinunum, meira út úr framleiðsluþáttunum en áður? Það ætti hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir að yrði skoðað vegna þess að ég er ekki alveg viss að því marki sé náð enn þá. En það sem skiptir máli, ef hæstv. fjmrh. leggur svona mikla áherslu á nýja hagkerfið, er að þá þurfum við að fá skýra stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvernig við eigum að gróðursetja það í samfélagi okkar. Sú stefna er ekki til í dag, herra forseti.

Það er jákvætt og það er lofsvert að það er mikill afgangur á ríkissjóði. Þannig á það alltaf að vera, ekki síst í einmuna góðæri eins og núna. Afgangur á ríkissjóði hefur oft verið áður, ég minni t.d. á fjármálaráðherratíð Ragnars Arnalds sem ég held að hafi bara skilað frumvörpum með afgangi.

Þegar maður skoðar frv. kemur í ljós að myndin er ekki alveg eins rósrauð og fram kemur í máli hæstv. ráðherra. Þessi mikli tekjuafgangur, 30 milljarðar, er ekki eingöngu fjármagnaður af sjúkdómseinkennum óhóflegrar þenslu. Hins vegar er alveg ljóst að hann stafar að verulegu leyti af miklum viðvarandi og vaxandi viðskiptahalla og hann stafar af ofspennu á vinnumarkaði.

Auk þess finnst mér ákaflega dapurlegt í landi sem hefur kennt sig við stéttleysi, í landi sem vill auka jöfnuð, og ég tala auðvitað sem fulltrúi jafnaðarmanna, að það gætir ákveðinnar þróunar í skattastefnu ríkisins sem hefur leitt til þess að verið er að leggja óhóflega þungar byrðar á þá sem standa höllustum fæti.

Ég bendi á það, herra forseti, að skattleysismörk hafa ekki þróast í takt við launaþróun á síðustu árum. Við í Samfylkingunni höfum reynt að láta meta þetta fyrir okkur og samkvæmt því kemur fram að ef persónuafsláttur hefði fylgt meðalhækkun launavísitölu á síðasta ári hefði það leitt til þess að skattbyrðin hefði minnkað um 3,5 milljarða. Þetta þýðir, herra forseti, að ákaflega margt fólk í landinu hefur á undangengnum árum notið þeirrar verndar sem jöfnunarstefna skattkerfisins hefur boðið upp á. Þetta er fólkið sem hefur lifað fyrst og fremst á bótum, á lágum tekjum, og það hefur ekki þurft að greiða skatta. Í auknum mæli er þetta fólk núna komið upp yfir skattleysismörkin og farið að greiða skatta.

Þetta er ekki hægt að vefengja, herra forseti, því ef við skoðum þær upplýsingar sem eru nú komnar á upplýsingavef ríkisskattstjóra sjáum við t.d. að greiðendum almenns tekjuskatts fjölgar um 6,8% samanborið við að framteljendum fjölgar um 1,8%. Herra forseti. Hvar liggur sá hópur sem er skyndilega farinn að greiða skatt og er ekki í hópi nýliðunar í skattgreiðendum?

Þetta er fólkið sem okkur er umhugaðast um að verja. Þetta er fátæka fólkið, þetta eru öreigarnir, þetta eru hinir öldruðu sem eru allt í einu farnir að greiða skatta, fólk sem getur lifað af bótum sem ná stundum upp í 65–70 þús. kr. er komið yfir skattleysismörkin. Með öðrum orðum, herra forseti, að þeir sem eiga verst eru allt í einu farnir að greiða tugi þúsunda í skatta á ári. Gegn þessu hljótum við að leggjast og í þessu kristallast sá miklu munur sem er á Samfylkingunni, sem er á stjórnarandstöðunni annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar. Ég leyfi mér að vona að a.m.k. í hjarta sínu sé Framsfl. ekki þessarar skoðunar en þeir bera hins vegar ábyrgð á þessu. Það sem þarna er að gerast er falin skattlagning sem lendir fyrst og fremst á þeim sem áttu erfiðast fyrir og hún virðist nema milljörðum kr., herra forseti.

Ef við skoðum árið í ár kemur í ljós að persónuafsláttur hefur á þessu ári hækkað úr tveimur þrepum, úr 279.948 í 292.326. Mér telst til að þetta sé aukning upp á 4,4%. En vísitala neysluverðs hækkar um 5,5% og ráðstöfunartekjurnar vaxa um 6,5%. Ég fæ heldur ekki betur séð en að miðað við fjárlagafrv. fyrir næsta ár sé enn gert ráð fyrir að þarna gliðni á milli. Við horfum einfaldlega fram á að mesta ranglætið, sem birtist í þessu fjárlagafrv. og fyrri fjárlagafrv., felst í því að þar er meðvitað verið að skattleggja fátækt fólk. Því getum við að sjálfsögðu ekki unað, herra forseti.

Þarna er líka enn ein uppspretta tekjuafgangs ríkissjóðs. Nú er það svo að ég hef ekki greind til þess að skilja nákvæmlega hvað liggur að baki því þegar menn eru að tala um að kerfislæg breyting sé ákaflega jákvæð. Ég skil þó að skattahækkunin á þá sem erfiðast eiga fellur undir kerfislæga breytingu. Er það hrósvert af hæstv. fjmrh. að koma hingað og hrósa sér af því að hann sé búinn að breyta skattkerfinu varanlega, breyta ríkiskerfinu varanlega þannig að komin sé kerfislægur ávinningur ef hann stafar að verulegu leyti af því að við erum að skattleggja fátækt fólk, fólk sem við erum með hinni hendinni að hjálpa til að draga fram lífið með því að greiða út bætur úr almannatryggingakerfinu? Það finnst mér ekki, herra forseti, og þetta er ekki hrósvert.

Ég held líka, herra forseti, að það sé alvöruefni þegar hæstv. ríkisstjórn kemur hingað og lýsir því yfir að hluta

af afganginum ætli hún að fá með því að selja ríkiseignir. Nú er það svo að ég er ekki á móti því að selja tilteknar ríkiseigur, það hefur margsinnis komið fram. En til þess að menn geti lagt svona fram af nokkurri alvöru verða að vera alvarlegar ákvarðanir á bak við. Hvernig stendur á því, herra forseti, að hvergi kemur fram í ræðu hæstv. fjmrh., í grg. með fjárlagafrv., í ræðum ráðherranna hvað það er sem á að selja?

Á að selja bankana? Ekki get ég svarað því, herra forseti. Það er ágreiningur á stjórnarheimilinu um það hvort halda eigi áfram að selja bankana sitt í hvoru lagi eða hvort það eigi að skella þeim saman og selja sem einn stóran banka. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa ekki enn getað komið sér saman um það.

Á að selja Landssímann? Hæstv. forsrh. hefur sent trúnaðarmann sinn í einkavæðingu, Hrein Loftsson, og látið hann tala til samstarfsflokksins í gegnum erlent stórblað. Hreinn Loftsson var látinn tilkynna Framsfl. það að í mars á næsta ári eigi að einkavæða Landssímann. Ég spyr formann fjárln., sem hér talar á eftir, hv. þm. Jón Kristjánsson: Er hann sammála því að Landssíminn verði seldur í mars? Nei. Ég get svarað fyrir hann, hann er ekki sammála því að Landssíminn verði seldur í mars vegna þess að Framsfl. er andvígur þeirri fyrirætlan sem Sjálfstfl. hefur lagt fram um sölu Landssímans. Það sama gildir um okkur í Samfylkingunni. Við viljum ekki að tiltekinn hluti Landssímans verði seldur, við viljum ekki að dreifikerfið verði selt og það stafar af því að við teljum að forsenda virkrar framsýnnar byggðastefnu sé að allir Íslendingar sitji við sama borð við að gróðursetja nýja hagkerfið sem hæstv. fjmrh. segir að sé undirstaða framtíðarfarsældar á Íslandi.

Við erum sammála hæstv. fjmrh. um það en við teljum að hann sé að grafa undan sinni eigin stefnu með því að ætla að selja dreifikerfi Landssímans. Framsfl. er sammála okkur í Samfylkingunni um þetta, það hefur margsinnis komið fram, þó að það eigi eftir að koma fram hvort Framsfl. verði kúgaður í þessu máli.

Ef samkomulag tekst um þetta þýðir það annað tveggja, að Framsfl. verði beygður í enn eitt skiptið eða þá að þeir selja ekki Landssímann með þeim hætti sem þeir ætla sér. Þetta er því, herra forseti, fugl í skógi, þeir 7,5 milljarðar sem þarna eru.

Hæstv. fjmrh. talar um kerfislægar breytingar og ég sagði það áðan að fyrir utan aukna skattbyrði þeirra sem minnst mega sín finn ég ákaflega lítið af kerfislægum breytingum. Ég tek eftir því að þegar ég skoða þróun útgjalda íslenska ríkisins frá því að þessi hæstv. fjmrh. og undanfari hans, Friðrik Sophusson, sátu við stjórnvöl um margra ára skeið að frá árinu 1994–1998 jukust útgjöld íslenska ríkisins á föstu verðlagi síðarnefnda ársins um 55 milljarða. Mér sýnist í fljótu bragði, miðað við þetta fjárlagafrv., að aukningin síðan þá séu ríflega 20 milljarðar.

Herra forseti. Hvað gerist nú þegar og ef hagsveiflan skyndilega fer niður, eins og mér virðist á máli flestra sem tala af hönd ríkisstjórnarinnar að muni gerast. Hvað gerist þá? Hvernig ætlum við þá að afla tekna til að standa við þessi varanlegu útgjöld sem hæstv. fjmrh. hefur átt þátt í að festa?

Þegar við skoðum síðan þetta fjárlagafrv., herra forseti, kemur í ljós að þrátt fyrir ákaflega mikið tal um nauðsyn þess að sýna aðhald í rekstri ríkisins þá gerir fjárlagafrv. ráð fyrir því að útgjöld ríkisins á næsta ári aukist enn þá meira en verðbólga. Þetta er hagsýni hæstv. fjmrh. Herra forseti. Er þetta kannski það sem felur í sér hina kerfislægu breytingu?

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að ég ræði örlítið þróun viðskiptahallans. Ég vænti þess svo sannarlega að það sé rétt sem hæstv. fjmrh. segir að viðskiptahallinn sé af betra kyni en sá sem við höfum glímt við á síðustu árum. En ég er ekki sannfærður um það. Það er alla vega alveg ljóst, herra forseti, að einhvern veginn þarf að fjármagna þennan halla. Við þurfum peninga til þess að standa undir honum. Og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það geti gengið til lengdar að afla þessa fjár erlendis.

Einhvers staðar í þessum ágætu plöggum hæstv. ráðherra, mig minnir að það sé í þjóðhagsáætlun á bls. 26, þá velta menn fyrir sér hvort þessi mikla fjárþörf sem stendur undir viðskiptahallanum leiði til þess að erfiðara verði fyrir okkur að afla fjármagns. Þar stendur, ef ég man rétt, af hálfu Þjóðhagsstofnunar, að hugsanlegt sé að hækkun raunvaxta hér á landi það sem af er þessu ári sé til merkis um að það sé orðið erfitt að fjármagna viðskiptahallann.

Herra forseti. Við getum auðvitað velt því fyrir okkur hvaða áhrif það hefði á krónuna, hvaða áhrif það hefði á gengið, hvaða áhrif það hefði á verðbólguna ef við stæðum skyndilega frammi fyrir einhvers konar erfiðleikum í þessum efnum. Ég held þess vegna, herra forseti, að það sem skipti meginmáli sé að grípa til aðgerða sem duga til þess að ráðast gegn viðskiptahallanum. En mér sýnist að hér sé grundvallarmunur á afstöðu minni og hæstv. fjmrh. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gera flest það sem hægt er til að draga úr viðskiptahallanum. En mér finnst að hæstv. fjmrh. sé að lýsa því yfir að núverandi viðskiptahalli sé svo góðkynja að í reynd þurfi ekki að ráðast gegn honum. En ég óttast, herra forseti, að þetta leiði til vaxandi erlendra skulda þjóðarbúsins eins og við höfum séð undanfarið. Það sem ég óttast mest er að ég sé ekki, eins og hæstv. fjmrh., að það sé að draga úr viðskiptahallanum. Við skulum ekki gleyma því að við höfum deilt um þetta áður. Hæstv. fjmrh. sagði á vorþinginu eftir kosningar og sagði það aftur við 1. umr. um fjárlög á síðasta ári að það mundi draga úr viðskiptahallanum. Hann hefur þvert á móti aukist. Í hvert einasta skipti sem Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér mat á þessu ári hefur hann aukist. Samt fundu þeir upp nýja aðferð og reyndar réttari aðferð til þess að meta hallann, en miðað við það að hallinn væri nú í dag metinn með sömu aðferðum og hann var í upphafi árs þá væri viðskiptahallinn ekki 54,7 milljarðar heldur 60 milljarðar. Ég tel að þessi aðferð sér réttari, herra forseti, en það sem ég óttast er að ekki sé nægilegur skilningur af hálfu ríkisstjórnarinnar um að þetta er forgangsverkefnið í efnahagsstjórninni.

[11:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt í ræðu þingmannsins sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi það sem hann sagði um aukningu útgjalda umfram verðlagsþróun. Það er rétt að nokkur aukning útgjalda er í frv. En það er hins vegar ekki aukning almennra rekstrarútgjalda í frv., það er lykilatriði. Aukningin er á þeim sviðum sem ég taldi upp sérstaklega áðan, á sviði fjölskyldumála vegna Fæðingarorlofssjóðsins og aukinna barnabóta og á sviði t.d. þróunaraðstoðar og sérstaklega á sviði aukinna framkvæmda vegna nýrrar vegáætlunar sem Alþingi samþykkti samhljóða á síðasta vori.

Er þingmaðurinn á móti þessum útgjöldum? Er hann á móti þeim framförum sem í þeim felast? Heldur hann að

ríkisstjórnin muni ekki halda áfram að beita sér fyrir margháttuðum framförum þó að það kosti tímabundin útgjöld á ákveðnum sviðum á meðan hinum almenna rekstri er haldið niðri? Það væri gaman að fá svör við því. Er þingmaðurinn á móti þeim framförum sem felast í þessum útgjöldum?

Í öðru lagi út af viðskiptahallanum sem þingmaðurinn gerir hér ítrekað að umtalsefni og allt gott um það, en þingmaðurinn segir: „Það þarf að gera allt sem hægt er til þess að sporna gegn hallanum."

Ég er út af fyrir sig alveg sammála því. En hvað er það nákvæmlega sem þingmaðurinn vill gera? Hvaða aðgerðir eru það sem ekki hefur verið gripið til sem hann vill grípa til? Hvernig á að vinna bug á þessum viðskiptahalla sem hann gerir hér ítrekað að umtalsefni umfram það sem ríkisstjórnin hefur þegar gert og er að gera? Getur þingmaðurinn ekki bara komið með matseðilinn og sagt okkur hvað það er sem við höfum ekki gert sem hann mundi vilja gera í þessu efni?

[11:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hryggir mig að hæstv. fjmrh. skuli ekki nota þetta tækifæri til andsvara til að vísa því á bug með rökum sem ég sagði hérna áðan um að hann hefði í fjármálaráðherratíð sinni beitt sér fyrir skattahækkunum á þá sem erfiðast eiga í íslensku samfélagi. Það er það sem ég sagði að stæði upp úr þessu fjárlagafrv. hvað varðaði skattastefnuna. Og það er það sem allir menn hljóta að taka eftir að er svartasti bletturinn á fjárlagafrv.

Hæstv. ráðherra spyr mig síðan um uppskrift gegn viðskiptahallanum. Er það svo að hæstv. ráðherra telji sig ekki hafa nein ráð til að berjast gegn honum? Er þetta til marks um einhvers konar uppgjöf af hálfu hæstv. ráðherra? Er það virkilega þannig að fjmrh., menntaður í hagfræðum með sæg aðstoðarmanna sem sitja hérna og fylla hálft herbergi hér fyrir handan, að hann hafi engin ráð á takteinum? Hvað með ráð númer eitt, að beita ekki skattalækkunum í góðæri eins og hæstv. ráðherra gerði í aðdraganda kosninga? Hvað með ráð númer tvö, að breyta ekki reglum um greiðslumat, þannig að hellt var hér út milljörðum umfram það sem var heimilað í fjárlögum á húsnæðismarkaðinn og verðbólgan stóraukin með því? Hvað með ráð númer þrjú, að ganga ekki fram fyrir þjóðina og telja henni trú um að hér mundi ríkja velsæld um ókomin ár? Hvað með ráð númer fjögur, að halda því ekki fram gagnvart þjóðinni að hún hafi 40–60 milljarða til skiptanna eftir einkavæðingu banka og Landssímans eins og hæstv. ráðherra gerði?

Og hvað með það að hæstv. ráðherra beitir nú stöðu sinni innan ríkisstjórnarinnar, þar sem hann hefur a.m.k. símasamband við viðskrh. sem er yfirmaður bankastjórnar tveggja banka, og beiti sömu ráðum og forsætisráðherrar gerðu hér fyrr á tíð, t.d. Steingrímur Hermannsson sem tók þetta lið sem stýrir bönkunum á teppið og sagði því að draga úr útlánaaukningu. Hæstv. ráðherra kemur hingað og segir að verið sé að draga úr útlánaaukningu til einstaklinga en það kemur allt annað fram í þjóðhagsáætlun eins og ég las upp áðan.

[11:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. sá ekki ástæðu til að svara fyrri spurningu minni. En staðreyndin er einmitt sú að útgjöld ríkissjóðs hafa sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verið að lækka á undanförnum árum og halda áfram að gera það á næsta ári, jafnvel þó að við séum að leyfa okkur þann munað að veita meira fé t.d. til vegaframkvæmda, í hinn nýstofnaða Fæðingarorlofssjóð, til barnabóta, til þróunaraðstoðar, til rannsókna og þróunar o.s.frv. Það er dálítið undarlegt að vekja máls á þessu en svara síðan ekki fyrir það þegar hann er um það spurður.

Ég þakka svo fyrir leiðbeiningarnar varðandi viðskiptahallann. Þetta eru allt saman mjög trúverðug ráð, kalla bara bankastjórana fyrir sig og skipa þeim að minnka útlánin. Ég hygg að einn hv. fyrrv. bankastjóri hér þekki þau úrræði betur en flestir aðrir í salnum.

En varðandi skattbyrðina þá er það rétt að þeim sem greiða skatta hefur verið að fjölga og að mörgu leyti er það jákvæð þróun. Þeim hefur fjölgað um milli 6 og 7%. En þeim sem greiða hátekjuskatt hefur fjölgað um 28% á milli ára 1999 og 2000. Og hvað segir það okkur? Það segir okkur auðvitað það að tekjurnar hjá fólkinu í landinu eru að hækka. Og eru menn á móti því? Gera menn sér ekki grein fyrir því að tekjuskattskerfið okkar er þannig að skattbyrðin eykst þegar tekjur manna aukast? Það er einmitt eitt það góða við skattkerfið okkar að það er innbyggð sveiflujöfnun af því tagi inn í kerfið. Ég trúi því ekki að þingmaðurinn sé á móti því líka.

[11:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók þátt í því, ef ég man rétt, með hæstv. fjmrh. að setja á hátekjuskatt. Ég leggst síður en svo gegn hátekjuskatti, alls ekki. Ég fagna því að í þessu góðæri skuli fleiri borga hátekjuskatt.

Það er rétt að eftir því sem tekjur manna aukast þá borga þeir meiri skatt og það eru fleiri sem borga skatta m.a. vegna þess að þeir fara upp úr þeim skerðingarmörkum sem núna eru varðandi barnabætur og vaxtabætur af því að tekjur þeirra aukast. Það breytir ekki hinu að ef við höldum persónuafslættinum lágum og ef við höldum skattleysismörkunum niðri þá þýðir það auðvitað að þeir sem eru bara á strípuðum bótum, þeir sem eru á lágu laununum sílast upp fyrir mörkin og fara allt í einu að borga skatt. Þetta eru ekki háir skattar á mælikvarða okkar sem hér erum með hundruð þúsunda á hverjum mánuði í tekjur. En þetta fólk munar um að borga nokkra tugi þúsunda í skatta á ári sem það hefur ekki þurft að gera áður.

Hjá þessu fólki skiptir hver þúsundkall máli. Þetta er annar heimur, herra forseti, þetta er önnur veröld. Þetta er það sem ég átti við í ræðu minni í gær, að við höfum því miður á Alþingi orðið uppvís að því að láta það gerast að einhvers konar ómeðvituð aðskilnaðarstefna er í gangi. Það er að verða til annað þjóðfélag sem við þekkjum ekki, þjóðfélag fólks sem hefur úr miklu minna að spila en við og þar sem lífsgæðin eru allt önnur en okkar. Og ef það er ekki það sem við eigum að reyna að breyta, herra forseti, ja hvað er það þá?

[11:43]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlög hvers árs setja rammann um opinbera starfsemi og stuðning ríkissjóðs við hin ýmsu málefni. Hér á landi er hlutur ríkisins í þjóðarútgjöldunum hár en í nágrannalöndunum er hlutur sveitarfélaga meiri að vöxtum en hér er. Hér eru útgjöld sveitarfélaganna um 10,3% af landsframleiðslu og hefur farið vaxandi á liðnum árum með yfirtöku verkefna frá ríkinu.

Það er því von að vinna við gerð fjárlaga setji svip sinn á haustþingið. Erindi sem fjárln. berast eru ótrúlega margvísleg en viðamest í starfi nefndarinnar er yfirferð með fjmrn. og fagráðuneytum yfir frv. og þeim stofnunum sem nefndin telur rétt að kalla til í starfi sínu. Sú vinna er þegar hafin í góðu samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu og sú hefð hefur skapast að fyrstu viðtöl fjárln. vegna frv. 2001 byrja í september og var það nú sem áður.

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis hefur verið ákveðið að flýta umfjöllun við fjárlagafrv. og afgreiða það viku fyrr en gert var á síðasta ári en þá stóðumst við starfsáætlun þingsins í þessu efni. Ef þetta tekst þá bætir það stjórnsýsluna og gefur Alþingi og ráðuneytunum tækifæri til að ganga tryggar frá málum fyrir áramót. Til þess að þetta takist verða allir að leggjast á eitt, ríkisstjórn og Alþingi. Gott samkomulag er um það í fjárln. að vinna á þessum nótum og vinna að þessu takmarki.

Ef ég vík svo að fjárlagafrv., sem liggur hér fyrir, er niðurstaða þess, sem mest hefur verið um rædd, að áætlaður tekjuafgangur ríkissjóðs er 30 milljarðar kr. sem er meira en dæmi eru til áður. Umræðurnar hafa snúist um tekjuafgangginn og er það að vonum. Eins og ég sagði er það einsdæmi að svo mikill tekjuafgangur sé.

Umræðurnar hnígа einkum að því að eingöngu sé um það að ræða að ríkissjóður fitni af þenslunni og viðskiptahallanum í samfélaginu og hér sé áætlað fyrir sölu á ríkiseignum sem er ekki búið að ákveða hvenær verða seldar eða hverjar verða seldar. Ég vík síðar að því máli.

Á hinn bóginn skortir ekki hugmyndir um hvernig á að eyða þessum afgangi. Stjórnarandstaðan á þingi hefur gagnrýnt harðlega útgjöld til ýmissa málaflokka og talið upphæð þeirra of lága og skjóta skökku við þegar hagnaðurinn er svo mikill sem raun ber vitni. Ég tel að þarna sé um nokkurn tvískinnung að ræða í málflutningi og mun víkja að því á eftir.

Vissulega er rangt að allur þessi hagnaður sé til kominn vegna viðskiptahalla. Í OECD-löndunum eru þekktar aðferðir til að meta svokallaðan kerfislægan afgang þar sem hagvöxtur til lengri tíma er reiknaður og áhrif uppsveiflunnar tekin burtu. Mælt á þessa vog er hagnaðurinn 2% af landsframleiðslu en er 4% eins og hann er settur upp í fjárlagafrv.

Ég vil hafa örfá orð um aðstöðu fjárln. til vinnu við frv. Ljóst er á þessu hausti að þrýstingur á aukin útgjöld er mikill. Hef ég orðið greinilega var við hann bæði sem formaður fjárln. og við vinnu það sem af er í nefndinni og nefndarmenn verða áreiðanlega varir við þennan þrýsting líka. Ég vil hins vegar undirstrika sérstaklega að við þessar aðstæður er mikils um vert að nýta hagnað ríkissjóðs af þenslunni til að bæta skuldastöðuna. Ef þessu fjármagni væri varið til að auka rekstur ríkissjóðs við núverandi aðstæður mundi það leiða til mikilla vandræða ef niðursveifla yrði í atvinnulífinu. Þessar staðreyndir verður ætíð að hafa í huga þegar horft er á hinn mikla rekstrarafgang af ríkissjóði.

Það er líka þannig, af því að hv. þingmönnum hættir oft til að setja þennan mikla tekjuafgang í bein tengsl við meinta fjárvöntun til ýmissa málaflokka, að niðurgreiðsla skulda lækkar hinn mikla vaxtakostnað ríkissjóðs en hann hefur nú lækkað um 3 milljarða á þremur árum. Þessi upphæð kemur varanlega inn í rekstur ríkissjóðs og er réttlætanlegt að verja slíkum upphæðum í rekstur sem koma varanlega inn til ráðstöfunar. Þessi þróun þarf að halda áfram.

Þeir ræðumenn sem hafa talað hér á undan, hæstv. fjmrh. og hv. 7. þm. Reykv., hafa rætt um aðstöðuna til þess að greiða niður erlendar skuldir. Vissulega er það rétt sem komið hefur fram í umræðunni, þó að fréttaflutningurinn í gær hafi verið rakinn og hrakinn, að vandkvæði geta verið á því að greiða niður erlendar skuldir í svo miklum mæli sem áætlað er miðað við þann viðskiptahalla sem nú er. Þessi mál hafa verið rakin hér á undan. Vissulega er hægt að fara fleiri leiðir, t.d. að styrkja Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna með inngreiðslum eða frysta fjármagn um stundarsakir í Seðlabankanum. Vissulega ber að hafa mið af því að snögg niðurgreiðsla erlendra skulda þrýsti ekki um of á gengi krónunnar niður á við. Hins vegar eru þetta viðfangsefni af jákvæðum toga og þau eru af allt öðrum toga en að eiga við áratuga hallarekstur ríkissjóðs og það eru ekki nema þrjú ár síðan við stóðum í þeim sporum að ríkissjóður hafi verið rekinn með halla síðan árið 1983. Ég er þess fullviss að þetta gleymist furðu fljótt. Það er eins og þegar nýr vegur er lagður gleymist gamli vegurinn furðu fljótt. Þetta er eigi að síður staðreynd. Þetta vandamál, hvernig á að haga niðurgreiðslu erlendra skulda, er ólíkt jákvæðara vandamál en að eiga við áratuga hallarekstur.

Það er vissulega svo að einn af neikvæðu þáttunum í íslensku efnahagslífi er að þjóðhagslegur sparnaður er minni hér en í nágrannalöndunum og helstu viðskiptalöndum. Fordæmi ríkisvaldsins er mikilvægt í þessu efni en nú er hægt að rekja helming þessa þjóðhagslega sparnaðar vegna afkomu ríkissjóðs. Því er ljóst að í fjárlagafrv. eins og það er nú lagt fram eru jákvæð skilaboð um að halda stöðugleika í efnahagslífinu og halda niðri verðbólgu.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar og m.a. hv. 7. þm. Reykv. hafa haft stór orð um viðskiptahallann og talið hann stofna stöðugleikanum í voða. Ég dreg ekkert úr því að mikill viðskiptahalli er varhugaverður og deili þeim skoðunum með hv. þm. Hins vegar bendir margt til þess að innlend eftirspurn fari hægt minnkandi.

Vitnað var til Þjóðhagsáætlunar fyrir árið 2001 og hv. þm. greip hér niður á bls. 39 í áætluninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar litið er til ýmissa kennileita í efnahagslífinu til að fá vísbendingar um líklega verðbólguþróun á næstu mánuðum er ekki einsýnt hvert stefnir."

Síðan las hann örlítið meira. En hv. þm. las ekki bls. 40 þar sem stendur:

„Aðrar vísbendingar gefa tilefni til meiri bjartsýni. Almennar verðlagshækkanir undanfarið hafa verið nokkuð minni en reiknað hafði verið með. Í kjölfarið hefur dregið nokkuð úr verðbólguvæntingum sé tekið mið af muni verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta."

Hér segir neðst í sama dálki:

„Að öllu samanlögðu er það mat Þjóðhagsstofnunar að fyrrgreindar vísbendingar gefi fyrirheit um heldur hjaðnandi verðbólgu."

Þetta sýnist mér nú að vera snjallt að kunna að stoppa á réttum stöðum í upplestri sínum. Vildi ég láta þetta koma fram svo öllu sé til skila haldið. Auðvitað ber að varast að stýra málum þannig að verðbólgan fari upp á ný, það er alveg ljóst og ekki ætla ég að draga úr því, en það verður þó að draga upp myndina eins og hún er.

Kallað hefur verið eftir tillögum frá stjórnarandstöðunni til þess að eiga við viðskiptahallann og ég ætla ekki að bæta inn í þá umræðu. En grundvöllurinn í afkomu ríkissjóðs eru

auknar tekjur af tekjuskatti einstaklinga vegna aukinna tekna og einnig hafa aukist tekjur af sköttum fyrirtækja vegna betri afkomu þeirra á síðasta ári. Ljóst er að ekki er ráðlegt að gera ráð fyrir áframhaldandi þróun að þessu leyti á næsta ári vegna lakari afkomu fyrirtækja á yfirstandandi ári en á því síðasta. Það má að hluta til rekja til verri viðskiptakjara en voru og mikilla verðhækkana m.a. á olíuvörum og þarf ekki að rekja það. Það er kunnugt.

Hins vegar vil ég undirstrika nauðsyn þess að við getum aldrei slitið sundur atvinnulífið og velferðarkerfið. Mikil nauðsyn er að viðhalda öflugu atvinnulífi ef takast á að halda útgjöldum ríkissjóðs í því horfi sem nú er og því þjónustustigi sem er nú þegar, hvað þá að auka þjónustustigið. Hér hefur verið rakin sú jákvæða þróun að nýjar atvinnugreinar, m.a. í tækni og fjarskiptum, hafa vaxið mjög hratt og það gæti létt undir með þessu verkefni.

Í frv. er nokkur útgjaldaauki til ýmissa aðkallandi verkefna. Það er m.a. að þrátt fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um tryggingabætur, þá aukast þær umfram verðlagsforsendur. Tekið er upp fæðingarorlof samkvæmt nýjum lögum, það eru aukin framlög til barnabóta, það eru aukin framlög til menntamála bæði á háskólastiginu og framhaldsskóla, til lánasjóðsins, málefna fatlaðra, til hjúkrunarheimila, til búvörusamningsins og hér eru aðeins nokkur dæmi nefnd.

Oft er talað um niðurskurð í ríkisútgjöldum en mér finnst þetta tal um niðurskurð vera ónákvæm orðnotkun. Menn sem fara með ríkisstofnanir og forustumenn ýmissa samtaka, sem vinna að hinum þörfustu málum, setja sér eðlilega metnaðarfull markmið. Það er eðlilegt og sjálfsagt. En það er oft talað um niðurskurð ef fjárframlög í fjárlagafrv. ná ekki þeim markmiðum. En sannleikurinn er sá að fjármagn hefur ekki verið skorið niður til velferðarkerfisins á undanförnum árum. Auðvitað er hægt að sanna það tölulega og það liggur fyrir.

Hitt er svo aftur annað mál að ekki hafa allar óskir verið uppfylltar eins og ég var að segja og markmiðin eru fyrir hendi um aukin útgjöld og aukna starfsemi. Hins vegar verður að metast hverju sinni hve langt á að ganga.

Ég vil víkja aðeins að því hvað fjárln. þyrfti að skoða sérstaklega í vinnu sinni. Þar vil ég fyrst nefna að eins og komið hefur fram í frv. eru ýmsar brtt. nefndarinnar frá síðasta ári felldar út á þessu ári úr frv. Þetta er vinnuregla við undirbúning frv. og flestar brtt. fjárln. eru merktar sem eins skiptis útgjöld.

Ég tel að nefndin þurfi að skoða þetta betur og kannski vanda sig betur á þessum merkingum því að sumt er vissulega eins skiptis útgjöld. Það er aðalreglan í brtt. en eigi að síður er sumt af brtt. sem fjárln. gerði þess eðlis að það þarf að skoða með framhald á þeim útgjöldum.

Fjárln. hefur verið að skoða undanfarið útboðsmál og rammasamninga ríkissjóðs. Ég talaði um að við mundum gera það áfram. Í frv. eru heimildir fyrir fjölmörgum nýjum stöðum eins og ætíð er. Ég tel að við þurfum að fara yfir það mál og líta á það líka hvar þessar nýju stöður eru. Umræðan um vöxt opinberrar starfsemi hefur verið mikil undanfarin ár og Alþingi hefur með tillögu um byggðamál sett sér það mark að sá vöxtur eigi sér einnig stað úti á landsbyggðinni. Ég tel að við þurfum að líta á þetta og einnig að lesa frv. saman við þál. um byggðamál, hvernig frv. rímar við hana. Að sjálfsögðu þurfum við svo að tala við ýmsar stofnanir og láta reyna á það hvernig frv. rímar við þá starfsemi sem þar er rekin og hvernig stofnunum hefur gengið að halda sig innan ramma fjárlaga. Ég tel nauðsynlegt að ríkisstofnanir geri það. Það er sá rammi sem á að starfa eftir og er áríðandi að hann sé réttur og í samræmi við þá starfsemi sem á að vera og Alþingi vill hafa í þessum stofnunum.

Að lokum vil ég minnast á sölu eigna og framkvæmdir. Ljóst er að framkvæmdaáformum upp á 2 milljarða kr. hefur verið frestað en það verður að vera alveg ljóst af því að vegamál hafa verið inni í umræðunni að ekki er verið að lækka framlög til vegamála heldur er verið að auka framlög til vega- og hafnamála. Það skýrist af því að frestanir á framkvæmdum sem voru ákveðnar á yfirstandandi ári koma inn á næsta ári. Það er því verið að auka framkvæmdir en ekki draga úr þeim. Hins vegar hefðu þær verið enn þá auknar um 2 milljarða, þá hefði það verið skilaboð um enn þá aukna þenslu.

Ég vil að lokum nefna að tekjur vegna sölu eigna er varleg áætlun. Ef farið verður í sölu á þeim stóru eignum, og þegar það verður gert, þá munu sjást stærri tölur en þessar en ég verð því miður að geyma nánari útlistingu á því til seinni ræðu minnar.

[12:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson kom síðast í ræðu sinni inn á sölu ríkiseigna og það að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að afla liðlega 7 milljarða kr. með sölu á ríkiseignum. Það var að heyra á máli hv. þm. að þetta væri bara lítill hluti þess sem mætti vænta af því borði. Ég vil því spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson: Hvaða eign er ætlunin að selja? Er ætlunin að selja Landssímann? Er það ætlun Framsfl. að standa að sölu Landssímans? Heldur hv. þm. Jón Kristjánsson og Framsfl. að seldur einkavæddur Landssími þjóni betur hinum dreifðu byggðum en nú er með þeim tökum sem við höfum nú á honum?

[12:05]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. spyr hvort eigi að selja Landssímann, hvort hann þjóni betur hlutverki sínu eftir að hann sé seldur, hvort Framsfl. ætli að standa að því. Unnið hefur verið á vettvangi ríkisstjórnarinnar að undirbúningi á sölu Landssímans. Hins vegar hefur Framsfl. sett ákveðin skilyrði fyrir því að séð sé fyrir því að landið allt eða þjóðin öll hafi aðgang að gagnaflutninganetinu á sama verði. Þetta er algert grundvallaratriði og skiptir máli. Þessi mál eru í vinnslu. Þeim er ekki lokið fremur en mörgum málum sem eru hér inni og þarf að skoða betur. Ég tel að ef hægt er að tryggja þetta muni Landssíminn þjóna landsbyggðinni á þann hátt sem viðunandi er. Þetta eru atriði sem við framsóknarmenn höfum sett á oddinn fyrir sölu Landssímans. Þar að auki hefur verið rætt um sölu annaðhvort hluta eða hluta eignarhluta ríkisins í bönkunum.

[12:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir svarið og þessa hugleiðingu. Mér fannst ánægjulegt að heyra að hann kom inn á að það væru tveir flokkar sem stæðu að ríkisstjórninni en ekki bara einn en ástæða þótti til að taka það fram.

Ég verð að vona það, herra forseti, að Framsfl. hafi þann manndóm í sér að standa gegn sölu Landssímans og vinna heldur af heill að þjónustunni út um landið allt.

[12:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt ef hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur fundið út að það væru tveir flokkar í ríkisstjórn. Hins vegar erum við ekki alveg sammála um þetta mál þrátt fyrir að við séum e.t.v. sammála um það skilyrði sem ég var að setja upp áðan. Við höfum rætt í fullri alvöru um sölu Landssímans en ég heyri að hv. þm. vill hafa hann í ríkiseigu áfram. Ég tel mikil vandkvæði á því vegna tæknibreytinga og þróunar í samfélaginu. Þessi mál hafa verið til umræðu á milli flokkanna og ég hef ekkert heyrt um það að samstarfsflokkurinn hafi hafnað skilyrði okkar að þessu leyti. Þessi mál eru í vinnslu og ég vonast til að niðurstaða fáist í þetta mál. Hvort hún fæst í mars eða hvenær það verður, hver er hin opinbera dagsetning eins og hv. þm. orðaði það um skýrslu sveitarfélaganefndar, vil ég ekki segja um. En það er verið að vinna að þessum málum og ég held að þau séu alveg í eðlilegum farvegi.

[12:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til fyrstu umræðu frv. til fjárlaga fyrir árið 2001. Hæstv. fjmrh. hefur gert allítarlega grein fyrir helstu niðurstöðutölum frv. og þeim forsendum sem þær tölur byggja á og jafnframt rakið áform og markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins fyrir næsta ár og nánustu framtíð.

Við búum við þá stöðu í efnahagsmálum að þensla er viðvarandi. Hér er mikil eftirspurn eftir fjármagni og þar af leiðandi mikil umframeftirspurn eftir vöru og þjónustu sem einungis er hægt að verða við með auknum innflutningi. Þjóðarframleiðslan og verðmæti í útflutningi vöru og þjónustu hafa ekki vaxið að sama skapi og verðmæti innflutningsins.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi 54 milljörðum kr. eða um 8% af landsframleiðslu og á næsta ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 57 milljarðar kr. eða áfram um 8% af landsframleiðslu. Til samanburðar má geta þess að í þjóðhagsáætlun eða þeim tölum sem fylgdu fjárlagafrv. fyrir þetta ár, það er í október í fyrra, var að mig minnir gert ráð fyrir liðlega 20 milljarða kr. viðskiptahalla, eða um 4% af landsframleiðslu og mundi svo haldast óbreytt næstu árin. Raunin hefur orðið allt önnur og þessi halli á viðskiptunum við útlönd, þessi tala hefur hækkað mánaðarlega síðan í áætlunum ríkisstjórnarinnar og er nú áætluð 54 millj. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan að enn meiri óvissu gæti nú um þessar stundir um efnahagshorfur en oft áður. Þá spyr maður sig: Hvers virði eru þær tölur sem hér eru settar fram?

Herra forseti. Árið er ekki liðið og samkvæmt reynslu frá síðasta hausti getum við átt von á að hallinn vaxi enn til áramóta. Vonandi er þó að þær tölulegu forsendur sem hér er lagt upp með séu öruggari nú en á síðasta ári. Hins vegar hlýtur að verða að gera athugasemdir við þau vinnubrögð og öryggi þeirra sem liggja að baki þegar munar milljörðum ef ekki tuga milljörðum á efnahagsforsendum í framlög við fjárlagafrv., fjárlögum og síðan niðurstöðu á útkomu ársins.

Herra forseti. Viðskiptahallinn kemur sér vel fyrir fjárhag íslenska ríkisins til skemmri tíma þar sem skattar og gjöld af auknum innflutningi skila auknum tekjum í ríkissjóð. Fyrir íslenska hagkerfið í heild er staðan nokkuð önnur. Hallann verður að fjármagna með erlendum lánum og á undanförnum árum hafa erlendar skuldir þjóðarinnar vaxið mjög hratt. Við þær horfur í hagvexti sem lagðar eru til grundvallar við þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar mætti viðskiptahallinn ekki nema meira en um 2,5% af landsframleiðslu til að erlendar skuldir þjóðarbúsins hækkuðu ekki sem hlutfall af landsframleiðslu. Nú er hins vegar búist við viðskiptahalla sem nemur 8% af landsframleiðslu og það fjórða árið í röð sem hallinn er yfir 6% miðað við sama mælikvarða og spáð er framhaldi á viðskiptahalla næstu ár.

Ég vil einnig benda á þá staðreynd að þrátt fyrir að heildarskuldir íslenska ríkisins hafi minnkað hafa erlendar skuldir ríkissjóðs nánast staðið í stað. Á síðasta ári minnkuðu til að mynda erlendar skuldir ríkisins nánast ekki neitt og á þessu ári er heldur ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum niðurgreiðslum á erlendum skuldum ríkissjóðs. Erlendur vaxtakostnaður er enn jafnfyrirferðarmikill í fjárlögum ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja: Hver er erlend skuldastaða ríkissjóðs í dag og hver var hún fyrir ári? Enn fremur vil ég spyrja: Hver er erlend skuldastaða ríkisfyrirtækja sem fá að taka fé að láni erlendis og hvernig hafa breytingar orðið á þeirri skuldastöðu við útlönd? Hvað hafa þessar skuldir verið greiddar mikið niður á þessu ári? Ég vil þá fá aðrar upplýsingar en ég hef ef þær liggja fyrir. Enn fremur væri fróðlegt að fá að heyra hver er erlend skuldastaða sveitarfélaga og þjóðarbúsins í heild og hvernig hefur hún breyst á þessu ári og því næsta á undan.

Ég ætla ekki að rekja hvað gerst getur ef haldið er áfram á þessari braut. Það ætti öllum að vera augljóst. Viðskiptahalli getur gengið um tíma í miklum hagvexti og uppbyggingu atvinnulífs sem síðar skilar auknum útflutningstekjum. En því er ekki nema takmarkað til að dreifa hér. Nú er því spáð að útflutningstekjur standi nánast í stað á næsta ári og hagvöxtur minnki niður í 1–2% en viðskiptahallinn standi aftur á móti eftir nær óbreyttur.

Við á Alþingi og fyrir hönd landsmanna allra hljótum að hafa verulegar áhyggjur af framvindu mála. Um leið og hægir á hagkerfinu mun fjármagnseftirspurn minnka. Við það gæti dregið úr fjármagnsflæði sem hingað til hefur fjármagnað viðskiptahallann og haldið gengi krónunnar uppi. Með öðrum orðum, herra forseti, um leið og þenslan hættir gæti viðskiptahallinn orðið að blýlóðum sem geta dregið hagkerfið niður.

Myndarlegur tekjuafgangur á ríkissjóði er ein leið til að bregðast við þessum vanda en hún mun ekki duga ein sér. Þá skiptir miklu máli fyrir jafnvægi í efnahagsmálum og aukningu hagvaxtar hvernig þessi tekjuafgangur er til kominn, hvar hann er innheimtur og hvernig tekjum ríkissjóðs er ráðstafað. Þar greinir okkur á í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Herra forseti. Við viljum sjá aðhald en við höfum einnig viljað sjá fjárlagafrv. spegla vilja til jöfnunar í þjóðfélaginu sem drægi úr þenslu og hömlulausu neyslukapphlaupi og skuldasöfnun heimila og einstaklinga. Við höfum viljað sjá myndarlega tekið á málum öryrkja og þeim tryggð eðlileg samfélagslaun. Við höfum viljað að tekjur aldraða hefðu fylgt tekjum annarra í þjóðfélaginu. Við höfum viljað sjá betur staðið við bakið á barnafólki.

Herra forseti. Við höfum viljað sjá almennar aðgerðir til að jafna búsetuskilyrði fólks, t.d. í gegnum skattkerfið með eflingu menntunar og að grunnnámið verði eflt og ungt fólk geti lengur stundað nám í heimabyggð sinni. Aukið almennt

menntunarstig þjóðarinnar er ein forsenda vaxandi hagsældar og velferðar. En núna er þjóðinni mismunað, skipt í hópa eftir aðgengi að menntun.

Þetta er allt spurning um forgangsröðun verkefna, val um hvað skuli bíða eða mæta afgangi og hvernig tekjum ríkisins skuli varið. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum einnig viljað sjá merki um að ríkisstjórnin hugi til framtíðar en ekki aðeins til næsta fjárlagaárs. Hægur vöxtur í útflutningi er akkillesarhæll íslenska hagkerfisins og er m.a. ástæðan fyrir því að viðskiptahallinn er eins mikill og raun ber vitni.

Það hefur verið ljóst um nokkurn tíma að sjávarútvegurinn getur ekki staðið undir allri þeirra lífskjarasókn sem þjóðin væntir og hefur tekið lán út á þó vafalaust megi þar sækja fram með breyttri fiskveiðistefnu sem tekur mið af sjálfbærri nýtingu auðlindanna og að byggðirnar meðfram ströndum landsins njóti forgangs við nýtingu auðlinda sjávar á grunnslóð og frekari fullvinnslu afla.

En ríkisstjórn Davíðs Oddssonar virðist veðja öllu sínu á stóriðju og virkjanir sem krefjast mikils fjármagns en skapa fá störf en munu lítið gera til þess að bæta fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Hér viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sjá algjöra áherslubreytingu. Við hefðum viljað sjá frv. og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar fela í sér hvatningu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem nýta innlendar auðlindir með sjálfbærum hætti. Nú eru það einmitt einstaklingar og litlu fyrirtækin sem greiða hæstu vextina, taka óhagkvæmustu lánin og standa undir arðkröfum bankanna. En einmitt í þessum fyrirtækjum og hjá þessum fjölbreytta atvinnurekstri, sem byggir á framtaki einstaklinganna, fjölskyldusamfélagsins og samtakamætti fólks, sækjum við hagvöxt og aukna framleiðslu og framleiðni vítt og breitt um landið. Stórrekstur og einhæfni henta ekki fyrir svo lítið land sem Ísland. Við þurfum fjölbreytni og nýsköpun.

Herra forseti. Ég hefði viljað sjá tillögu um lækkun raforkuverðs til þessara litlu fyrirtækja, til gróðurhúsabænda, til grænmetisframleiðenda svo að þau stæðu a.m.k. jafnfætis erlendum samkeppnisaðilum og erlendum atvinnufyrirtækjum hér á landi. Ég hefði viljað sjá stórátak í að koma þriggja fasa rafmagni til heimila og fyrirtækja vítt um landið.

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sniðgengur þá miklu möguleika sem búa í íslensku atvinnulífi, íslenskum auðlindum, íslenskum einstaklingum og íslensku samfélagi. En það versta við þessi fjárlög er að þau segja aðeins hálfa sögu um stöðu hins opinbera. Á meðan ríkissjóður er rekinn með miklum tekjuafgangi berjast mörg sveitarfélög í bökkum og verja auknum hluta tekna sinna í rekstur til að standa undir þeim lögboðnu verkefnum sem Alþingi hefur falið þeim. Mörg sveitarfélög safna nú skuldum og verða að skera niður lögboðna þjónustu og geta ekki ráðist í eðlilegt viðhald og nýframkvæmdir. Með íþyngjandi lögum og reglugerðum ásamt skerðingu eða niðurfellingu tekjustofna hefur svigrúm sveitarfélaga til að sinna verkefnum sínum verið stórlega skert. Á tíu ára tímabili, frá 1990 til 2000, telur Samband ísl. sveitarfélaga samanlagðan viðbótarkostnað og tekjumissi vegna þessara aðgerða ríkisvaldsins vera 10–20 milljarða kr. og er þá ekki talinn með sá viðbótarkostnaður sem þau telja sig hafa orðið fyrir við yfirfærslu grunnskólans og að þeir mörkuðu tekjustofnar sem fylgdu yfirfærslunni hrökkvi ekki til.

Samkvæmt úttekt, sem Ólafur Darri Andrason vann fyrir Samband ísl. sveitarfélaga „Mat á kostnaði sveitarfélaga við yfirtöku grunnskólans 1. ágúst 1996 og kostnaðaráhrifum aðalnámskrár", er áætlað að kostnaður sveitarfélaganna umfram tekjustofna frá ríkinu sé nú 700–800 millj. kr. ári.

Vert er að rifja upp að samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga var skipuð nefnd 4. mars 1996 sem skyldi gera úttekt á framkvæmd grunnskólalaganna í höndum sveitarfélaganna og endurmeta fjárþörf þeirra. Sú nefnd átti að skila áliti 1. ágúst sl. Ég spyr: Hverjar eru niðurstöður þeirrar nefndar?

Þann 6. júní 1999 skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Átti hún að skila af sér í júnímánuði sl. Af og til í sumar hafa birst yfirlýsingar um að nú sé hún alveg að fara að skila af sér og síðasta dagsetning sem nefnd var opinberlega var 2. október.

Herra forseti. Júní er liðinn og 2. október er liðinn og ekkert bólar á áliti nefndarinnar. Herra forseti, hvenær kemur álit nefndarinnar? Sveitarfélögin vítt og breitt um landið binda miklar vonir við störf nefndarinnar og að þau leiði til þess að tekjustofnar flytjist frá ríki til sveitarfélaga og að meiri jöfnuður komist á í þjónustugetu þessara opinberu aðila. Að vísu hefur forsrh. gefið yfirlýsingu um að álagning fasteignaskatts út á landi yrði leiðrétt til markaðsverðs eignanna og tæpt er á fólksfækkunarframlagi til þeirra sveitarfélaga sem verst hafa orðið úti í þeim efnum. Þær leiðréttingar, sem sér reyndar ekki stað í fjárlagafrv., standa utan við þær almennu kröfur sem sveitarfélögin gera á tekjujöfnun frá ríkinu.

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem tekur engin mið af breyttri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eða tillit til bóta eða endurgreiðslna vegna lögboðinna verkefna sem þau hafa ekki tekjustofna fyrir er lítið nærri raunveruleikanum.

Ég mun svo koma inn á einstaka liði frv. í ræðu minni síðar í umræðunni.

[12:24]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var ungur maður söng ég lengi í kór. Sá kór var yfirleitt nefndur gengisfellingarkórinn. Á árunum 1988–89 lögðum við kórinn niður, hættum að syngja í honum og tókum upp nýja stefnu. Þá fórum við að berjast fyrir því að minnka heldur kostnað innan lands til þess að gera atvinnulífinu kleift að lifa og standast samkeppnina.

Nú sé ég ekki betur en að búið sé að endurreisa þennan kór og ég heyri ekki betur en að aðalforsöngvarinn heiti hv. þm. Jón Bjarnason. Hvernig í ósköpunum ætlar hann að ráða við viðskiptahallann öðruvísi en að fella gengið úr því hann vill í sömu ræðunni efla, auka, stækka og hækka hvern einasta málaflokk sem við erum að fjalla hérna um? Hvernig í veröldinni eigum við að gera þetta öðruvísi þá? Hann hefur tekið við því hlutverki sem við lögðum af fyrir tólf árum og það eru þá tíðindi þegar stjórnarandstaða Íslands er með þessa efnahagspólitík.

[12:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð fyrir nokkrum vonbrigðum með viðbrögð hv. bjargvættarins frá Flateyri og skilning hans á efnahagsmálum. Kannski þyrftum við að taka upp sérstakan lið í fjárlagafrv. sem héti forvarnastarf og endurmenntun á fjárlaganefndarmönnum. Það þyrfti kannski að taka upp skipulegar forvarnir.

Ekki er ég að mæla með gengislækkun, síður en svo. En ég er að vara við að sú þróun sem nú er haldið fram geti leitt til gengislækkunar í sjálfu sér ef ekki er gripið inn í. Ég

lagði til að tekin væri upp ný stefna og nýjar áherslur í uppbyggingu atvinnulífs sem skiluðu auknum tekjum, auknum útflutningi og líka bættri meðferð á vörum og þjónustu og neyslu innan lands. Hafi hv. þm. ekki heyrt þetta get ég látið hann hafa afrit af ræðu minni á eftir.

[12:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði þessa ágætu ræðu. Þar var kveðið á um að auka þyrfti og efla flesta þá hluti sem eru til umræðu.

En málið er einmitt þetta: Ef við ætlum að styrkja íslenskt atvinnulíf og styrkja samkeppnishæfni þess skiptir öllu máli að auka ekki tilkostnað innan lands. Standa í vegi fyrir því, gera allt sem við getum til þess. Lögmálið er eitt og óumbreytanlegt. Framleiðslukostnaður fer alltaf upp í eyðslustig samfélagsins. Þess vegna verðum við að verja þetta, þess vegna verðum við að koma í veg fyrir þensluna og aukninguna. Það er verkefnið. Við höfum nefnilega mjög góða afkomu hjá ríkissjóði, það gerir okkur kleift að vinna þessa vinnu og það er ljóst hvernig við eigum að gera það. Það liggur fyrir á næstu árum hvernig við getum styrkt íslenskt efnahagslíf, hvernig við getum unnið gegn viðskiptahallanum. Við getum unnið það með því að styrkja umhverfi atvinnulífisins, með því að lækka gjöld á atvinnurekstrinum, gera atvinnurekstrinum kleift að standa undir áframhaldandi velferð og áframhaldandi batnandi kjörum landsins.

[12:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson erum sammála um að styrkja beri umgjörð atvinnulífsins. Ég gat þess einmitt í ræðu minni áðan. Styrkja umgjörð einstaklinganna, styrkja umgjörð hinna minni fyrirtækja vítt og breitt um landið en ekki að einblína á stóriðju og samruna sem eigi að vera allsherjarlausn og patent.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að það er stutt í það að menn hlaupi eftir eigin bergmáli. Ég vil benda hv. þm. Einar Oddi Kristjánssyni á að gæta sín þar. Í fjárlagafrv. er sóun á fé sem við mundum vilja verja með öðrum hætti. Má ég benda á fjárausturinn til þess að koma á einhverju sem heitir Schengen-samkomulag og Schengen-aðgerðir þar sem á að lögregluvakta fólk út og inn úr landinu eftir uppruna, þjóðerni o.s.frv. Algjörlega andstætt íslenskri þjóðarsýn. Þarna er sullað í peningum sem hefði betur verið varið til þess að byggja og styrkja íslenskt atvinnulíf. (**EOK:** Við vorum sammála á móti því.) Við erum sammála á móti því.

[12:30]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins eiga ekki sæti í fjárln. og hafa því ekki eins og aðrir þingflokkar tök á að fylgjast með og þæfa innihald fjárlagafrv. og kann ræða mín að bera keim af því. Hins vegar hefur formaður þingflokksins fengið tök á að sitja sem áheyrnarfulltrúi á fundum nefndarinnar þessa viku og er það góðra gjalda vert og við munum reyndar fara fram á það að fá áheyrnarfulltrúa um lengri hríð í framtíðinni.

Ég tek undir árnaðaróskir og hamingjuóskir til hæstv. fjmrh. vegna fjárlagafrv. að því leyti að það ber keim af góðærinu og þar er um greiðsluafgang að tefla. Hins vegar er frá því að segja að lofsöngur stjórnarliðanna sjálfra um afkomu ríkissjóðs og allt hvað eina sem þeir taka til hendi við er þannig að það setur blátt áfram að manni ugg, að hér sé ekki allt með felldu þar sem þeir telja sig þurfa á því að halda jafnóðum að sópa út af borðinu öllum aðvörunarorðum sem til þeirra eru mælt.

Þegar hæst stóð í stönginni um verðbólguþróun á liðnu sumri mætti forsrh. í ræðustól og tilkynnti að hún væri að minnka. Mig minnir að ég hafi heyrt hið sama til hæstv. fjmrh. Þessi síbylja um að ráðamenn taki ekki tillit til eða geri sér ekki grein fyrir því að hættumerki eru á lofti vekur manni ugg. En hæstv. fjmrh. tók fram að fjárlagafrv. sýndi aðhaldssemi í fjármálum.

Ég fæ ekki betur séð en að a.m.k. sé ekki staðið eins fast á bremsunum og þensluástandið krefst. Á komandi ári munu útgjöld halda áfram að aukast og verða 11 milljörðum kr. hærri en áætlað er á yfirstandandi ári og 17 milljörðum hærri sé litið á fjárlög ársins 2000.

Hættumerkin sem ég minntist á eru verðbólgan fyrst og fremst, verðþenslan og bak við hana þessi gífurlegi viðskiptahalli sem við búum við. Verðþenslan leikur íslensk fyrirtæki grátt. Hinir gífurlegu vextir hljóta að vera fyrirtækjunum þungir í skauti. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja hefur stórum versnað. Það er að vísu ekki allt heimatilbúinn vandi vegna þess að þróun hins nýja evrópska gjaldmiðils, evrunnar, hefur einnig komið þar mjög alvarlega til skjalanna. Það er verðþensla og undanfari verðbólgu sem við erum að glíma við. Verðbólgan hefur mælst þrefalt hærri hér á liðnu ári en í helstu viðskiptalöndum okkar og við það eiga samkeppnisfyrirtækin auðvitað mjög erfitt að búa eins og gefur að skilja.

Launaskrið er í góðærinu og ekkert undarlegt við það þótt það komi ekki til góða þeim sem eru lægst launaðir. Gengið er í stórfelldum háska statt eins og sýndi sig á liðnu sumri og spekúlantarnir eru áreiðanlega ekki hættir við þau markmið sín að sækja á það. Það eiga menn eftir að fá að reyna. Alvarlegasta ógnunin við verðþensluþróunina er ef gengið fellur. Það þarf að kosta miklu til að hindra það. Hins vegar kann vel að vera að við því verði ekki spornað mjög lengi ef svo heldur fram sem horfir og þá eru váboðar fram undan. Og gegn verðþenslunni og viðskiptahallanum er auðvitað aðalatriðið aðhald í rekstri ríkisins sjálfs og það er þar sem stjórnvöld og hið háa Alþingi koma til skjalanna.

En hvers eðlis er — og það hefur reyndar komið fram í umræðunum hér — tekjuafgangur ríkissjóðs? Gaman væri að fá upplýsingar um hvað það gerir í blóðið, hinn mikli viðskiptahalli í innflutningsgjöldum, í virðisauka og öðrum sköttum. Við vitum að nýir skattar sem bitna harðast á þeim lægst launuðu eiga þar drjúgan þátt í. Þetta er auðvitað froðufé sem ríkissjóði áskotnast vegna viðskiptahallans og verðþenslunnar og ég man ekki betur en ég hafi heyrt hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln., sérstaklega nefna það á liðnu sumri að menn þyrftu að fara varlega í ráðstöfun þess fjár að því sem það væri að svo miklu leyti froðufé, bólgufé.

Mér þykir miður að hv. 5. þm. Vestf. er horfinn af vettvangi því að ég átti alveg sérstakt erindi við hann til þess að rifja upp ræðu sem hann hélt við 1. umr. fjárlaga á liðnu ári og talaði mjög ástríðuþrungið um stöðu þeirra mála og varpaði þungum áherslum á að svona gæti ráðdeildin í þeim málum ekki lengur gengið. Þá var bullandi halli á rekstri heilbrigðismálanna og við stöndum frammi fyrir því enn í dag þrátt fyrir lokun sjúkradeilda, þrátt fyrir lenginu biðlista og þrátt fyrir hækkun lyfja sem nemur 1 milljarði kr. sem veldur því að fátækt fólk hefur ekki efni á að kaupa sér nauðsynleg lyf. Ég var, hv. 5. þm. Vestf., að rifja upp þá stund

þegar ég hlýddi á hv. þm. halda tilfinningaþrungna ræðu um stöðu heilbrigðismálanna við umræðuna um fjárlagafrv. 2000 sem hann tók þátt í í fyrra. Og hann, sem maður upp á kvenhöndina, vildi ekki snúa sér með neinum harkalegum árásum að hæstv. heilbrrh. heldur var það mest sjálfsásökun sem hann hafði uppi. Við berum ábyrgð á þessu, sagði hann, allir sem hér erum, þessum þremur milljörðum eða hvað það var. Ég er að rifja þetta sérstaklega upp vegna þess að hv. þm., varaformaður fjárln., sagði að þetta gæti ekki gengið, þetta mundi ekki endurtaka sig. Hver er ástæðan í dag þrátt fyrir að sjúkradeildum sé lokað, þrátt fyrir að stórlega sé dregið úr þjónustunni, þrátt fyrir að biðlistarnir lengist svo til vandræða horfir? Bullandi halli. Hvaða tillögur eru nú uppi hjá þessum málsvara Sjálfstfl. til að endurskipuleggja þessi mál? Vegna þess að ég sé ekki að unninn verði bugur á þessu vandræðaástandi nema með rækilegum uppskurði. Þessar tillögur hljóta að liggja fyrir því, eins og hann sjálfur tók fram, að á þennan veg getur þetta ekki gengið.

Sjálfsagt mun sparnaðurinn í lyfjakostnaðinum hafa í för með sér áframhaldandi lækkun útgjalda hins opinbera. Menn safnast fyrir til feðra sinna ef þeir fá ekki nauðsynleg lyf og þar með sparast sjúkrahúskostnaður og dýr umönnun sparast. Einn milljarður í sparnað þar, þar fá þeir milljarð til þess að verja með stofnun sendiráðs í Japan upp á milljarð ef þeim sýnist svo. Hvernig stendur á þeirri ráðdeild? Það er rétt að varaformaður fjárln. og talsmaður Sjálfstfl. svari því að með þeirri ráðdeild ætli hann að verja 1 milljarði í að stofna sendiráð í Japan.

Að vísu er Japan mikið og verðmætt viðskiptaland okkar en við höfum líka náð mikilli og góðri markaðsstöðu þar fyrir sjávarafurðir okkar vegna framtaks útflutningsfyrirtækjanna sjálfra og það eru auðvitað þau sem eiga að halda áfram að sjá um það. Á þessari miklu tækniöld í viðskiptum sýnist manni að viðskipti við þessi fjarlægu lönd gætu farið öðruvísi fram en að eiga fulltrúa sem mest væri til þess ætlaður að taka í hendina á Hirohito sáluga eða því fólki við hátíðleg tækifæri. Einn milljarður takk, sem er rétt að segja alveg óskiljanlegt þótt mikilsvert sé að þetta litla land okkar hafi sem best viðskipti við erlend ríki og þá viðskiptalönd okkar öllu helst. Við höfum engin efni á því að stofna til slíks kostnaðar eins og þetta er. Ætli það verði ekki næst að menn stofni sendiráð upp á milljarð í Buenos Aires?

Þótt ég sé eindregið þeirrar skoðunar að beinskera þurfi niður framkvæmdir svo braki í hverju tré, þá hlýtur maður þó að mega nefna ýmislegt sem maður saknar í fjárlagafrv. Það þarf líka, til að vinna bug á viðskiptahallanum, að draga úr opinberum framkvæmdum sem kostur er. Það þarf líka að forgangsraða þar en lítið vit er í því að forgangsraða með þeim hætti að velja slysagildrur Reykjavíkurborgar til að fresta endurbótum á því vegakerfi. Ef ég nefni vegakerfið sérstaklega og hið mikla fjármagn sem til þess er varið, þá skulum við aðeins rifja það upp fyrir okkur að kraftaverk hafa verið unnin í íslenskum samgöngumálum og vegalagningu sér í lagi, hrein kraftaverk, enda höfum við þar sem yfirstofnun Vegagerðina sem ég þykist hafa þá kunnugleika af að beri af öllum öðrum opinberum stofnunum í rekstri, framtaki og vinnubrögðum og á að vera óhætt að láta þá um og segja til um hvar hagkvæmast sé að verja fénu. Þess vegna höfum við efni á að doka rækilega við um vegaframkvæmdir, ég tala ekki um að bora í gegnum fjöll sem aldrei gefur neinn arð.

Ég hef kannski leyfi til að spyrja eftir kosningaloforðum eins og loforði Framsfl. um 1 milljarð í baráttunni gegn eiturefnunum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um ástand þeirra mála í okkar litla þjóðfélagi. Sú óáran vex hröðum skrefum. Það er að sínu leyti gífurlega dýrt fyrir þjóðfélagið og við megum til með að taka okkur mjög á. Kosningaloforð eru væntanlega gefin til þess að standa við þau en ekki gefin aðeins fyrir kosningar til að afla atkvæða.

Ég nefni umferðarmálin þar sem vargöld ríkir á vegum þessa lands. Var ekki hæstv. dómsmrh. að tilkynna að vegalögreglan og eftirlit á vegum yrði eflt til að hindra þau ógnarlegu slys sem hafa riðið yfir okkur? En niðurstaðan er niðurskurður á fjárframlögum til þess arna. Ég veit ekki hvort mönnum er sjálfrátt þegar þetta er haft í huga.

Ég hef áður lagt til opinberlega að bætt yrði við um 30 bifreiðum til eftirlits á vegum landsins og að tryggingafélögin yrðu látin borga helminginn af kostnaðinum við það. Áreiðanlegt er að þetta gæti orðið til að minnka rekstrarkostnað þeirra þegar á heildina er litið.

Örfá orð um málefni sem hefur verið þæft mjög undanfarna daga og það eru málefni öryrkja og aldraðra. Hinn 24. mars 1999 birti hæstv. ríkisstjórn yfirlýsingu um breytingar á upphæðum tryggingagreiðslna þar sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„Því hyggst ríkisstjórnin nýta svigrúm í fjármálum ríkissjóðs til að koma til móts við sjónarmið lífeyrisþega um að raunkaupmáttarauknings lífeyrisbóta verði ótvírætt sambærileg við það sem orðið hefur hjá öðrum."

Þar sagði enn fremur: „Áfram verður kerfi almannatrygginga til skoðunar, ekki síst í samráði ríkisstjórnar og eldri borgara."

Svo mörg voru þau orð. En hvernig hefur verið staðið við þetta? Nú skyldi maður halda að svigrúmið væri ærið ef maður hefur aðeins tekjuafganginn í huga.

Hæstv. fjmrh. hlýtur að hafa verið búinn að gleyma þessari yfirlýsingu frá 24. mars 1999 þegar ákveðið var fyrir skömmu, eftir að hann upplýsti um hinn mikla tekjuafgang ríkissjóðs, að tryggingagreiðslur skyldu einungis hækka um 0,7% 1. september sl. eða 123 kr. Ég fór í morgun og lét vigta eina appelsínu fyrir mig úti í Samkaupum. Hún kostaði 69 kr. Þessi lífeyrisþegi hefur ekki efni á að kaupa tvær, það vantar 15 kr. upp á það. Hins vegar var allt annað uppi á teningnum 1. apríl því að þá hækkaði þetta um 157 kr. og þá höfðu gengið af 19 kr. af þessum tveimur appelsínum.

Ég verð að segja það líka að það er mikið rétt að ekkert liggur fyrir um það hvar samningar koma niður við opinbera starfsmenn og þá er ég sérstaklega með kennara í huga. Það er ekki hægt að ætla borð fyrir þá báru. En eins og staða þeirra mála er sýnist mér óhjákvæmilegt að stórbæta kjör þeirra og það muni áreiðanlega nema miklum fjárhæðum.

Ég minnist þess að þegar ég var í skóla á Akureyri þóttu kennarar með betur stöddum opinberum starfsmönnum kjaralega séð. En þessu hefur öllu hrakað með ólíkindum áratugum saman. Nú er svo komið að þessari stétt hefur þar af leiðandi hrakað. Til þessara starfa sækja ekki lengur þeir sem skara fram úr eins og vissulega var staðreynd áður fyrri. Það er vegna þess hvaða kjör þeim eru búin. Þetta er í nútímaþjóðfélaginu orðinn a.m.k. hálfur uppalandinn alls ungdóms okkar ef ekki í mörgu falli nærri því að sjá um allt uppeldið.

Ýmis augljós hættumerki eru á lofti í íslensku fjármála- og efnahagslífi. Það færi betur að ráðamenn skelltu ekki skollaeyrum við aðvörunum í sjálfumgleði sinni. Það er

mjótt mundangshófið í þeim efnum og stutt í ófarnað verðbólgunnar ef ekki er gætt ýtrustu aðgæslu. Einskis má láta ófreistað til að sigling fyrir sker verðbólgu takist. Skerin eru nefnilega fram undan og fyllstu aðgæslu þarf að beita í siglingu þjóðarskútunnar. Um það hjóta allir að geta sameinast, hvar í flokki sem þeir standa.

[12:50]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fjárlagaumræðuna fyrir ári benti allt til þess og var líka rétt og allir þeir sem tóku til máls úr fjárln. kváðu upp úr með að ekki gengi til lengdar að menn virtu ekki fjárlögin. Það yrði að taka á því strangar en gert væri. Við gætum ekki ár eftir ár komið með slíkar yfirkeyrslur eins og var gert við fjáraukalögin í fyrra.

Allt hefur þetta gengið eftir vegna þess að þau gleðilegu tíðindi verða birt í þessum mánuði þegar fjáraukalögin verða lögð fram að öll starfsemi ríkisins er miklu nær því í dag en áður að virða fjárlögin og er þar gríðarlega mikill munur á. Hins vegar er það svo að útgjöld til heilbrigðismála hafa haldið áfram að vaxa á þessu ári, næsta ári og árinu þar á undan líka. Útgjöldin á næsta ári verða áætluð í kringum 8,5% af vergri landsframleiðslu sem er með því allra hæsta sem þekkist innan OECD. Það er vel og við skulum fagna því. Tilraunir okkar til þess að halda niðri og lækka útgjöld til lyfjamála að fyrirmynd norrænu þjóðanna hafa því miður ekki tekist. Það sem átti að verða niðurskurður í lyfjum árið 2000 og árið 1999 varð aukning. Það hefur ekki tekist.

Allur samanburður varðandi fjárfestingar okkar erlendis er út í hött. Hingað til hafa allar fjárfestingar okkar varðandi húsnæði á vegum hins opinbera, þ.e. utanríkisþjónustuna, skilað verulegum arði þannig að það hefur tekist. Hitt getur svo legið milli mála. Ég skal ekkert segja um það hvernig fer um hið rándýra húsnæði í Tókíó, hvort það á eftir að verða varanleg peningageymsla eða ekki. Það vitum við ekkert.

[12:52]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Útgjöldin hafa haldið áfram að aukast til heilbrigðismála. Má fá skýringu á því hvernig það má vera að samt dregur úr þjónustunni, samt fjölgar deildum sem lokað er? Samt fækkar í starfsliðinu. Hvernig má þetta vera? Hvernig stendur á því að slíkur öfugsnúður skuli vera á þessum lífshagsmunamálum okkar og hvað hyggjast stjórnvöld fyrir í málinu? Það er augljóst að hér þarf gífurlega hvassan uppskurð á málunum, því að eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. hafa þau engum stakkaskiptum tekið nema á þann veg að þjónustan hefur versnað.

[12:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn rétti mælikvarði á þessa hluti er náttúrlega vísitala samneyslunnar. Á þann mælikvarða hefur þjónustan ekki minnkað. Hún hefur aukist stórkostlega. Einstakar aðgerðir hafa að vísu orðið miklu dýrari þar sem við höfum verið að gera þetta með miklu meiri og nýrri tækni en aukningin er alls staðar í magni hvar sem litið verður. Krafa þjóðarinnar er það líka. Það vilja allir hafa góð heilbrigðismál og umsögn erlendra aðila um stöðu heilbrigðismála á Íslandi er mjög góð. Alþjóðabankinn gefur út árlega vitnisburð um það hvaða þjóðir standa sig best í heilbrigðismálum. Vitnisburðurinn kom síðasta sumar. Þar töldu þeir að Frakkar stæðu best að vígi, sinntu þessu best. Ég man ekki hvort við töldumst í 7. eða 8. sæti. Einhvers staðar þar vorum við þannig að vitnisburður þeirra sem mæla þetta var mjög góður. Auðvitað væri betra að vera í fyrsta sætinu en við fengum mjög góðan vitnisburð. Heilbrigðismálum er mjög vel sinnt á Íslandi. Þau kosta hins vegar mjög mikla peninga. Við erum að verja eins miklu og þeir sem gera það hvað mest, um 8,5%. Ég held að það sé nokkurn veginn samstaða um það í þjóðfélaginu að halda því áfram. Hitt getur alltaf verið deiluefni og við eigum að vera vakandi yfir því hvort við getum ekki varið þessum peningum betur, hvort ekki sé hægt að nýta þá betur og hvort þeir geti ekki komið mönnum til betri nota en þeir gera í dag. Mjög oft er bent á það að við ættum að leggja meiri áherslu á forvarnastarfið en við gerum og er sjálfsagt að taka tillit til þeirra ummæla og reyna að átta sig á því hvort það getur ekki betur nýst en það er mjög gott, hefur farið batnandi, og er ekki verið að draga úr nokkrum sköpuðum hlut.

[12:55]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur löngum verið kækur hv. þm. að vitna aðallega í OECD þegar hann hefur þurft að sækja einhver vottorð til handa ástandinu á Íslandi. (**EOK:** Alþjóðabankinn.) Já, það er í fyrsta skiptið sem ég heyri hv. þm. vitna til hans. Yfirleitt hefur hann bara verið með skýrslur OECD. En til einhverra sem þekkja ekki nógu vel til mála og hið opinbera matar hvort sem er á, er sama sagan æ ofan í æ, hvenær sem vakin er athygli á erfiðleikum eða bent á agnúa í hinu opinbera kerfi sem blasa við í heilbrigðismálunum, þá rjúka talsmenn stjórnarliðsins upp og segja að allt sé í himnalagi. Þess í milli gjósa staðreyndirnar upp eins og kemur fram í sambandi við heilbrigðiskerfið. Annað segja læknar en þessi hv. þm. var að votta um ástandið í þessum málum og annað segja þær þúsundir sem hafa nú bæst á biðlista til þess að fá nauðsynlega hjúkrun og verða vinnufærir.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Húshitunarkostnaður, 44. mál, fsp. EKG, þskj. 44.

Könnun á umfangi vændis, 49. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 49.

Meðferðarstofnanir, 28. mál, beiðni EKG o.fl. um skýrslu, þskj. 28.

Samkeppni olíufélaganna, 18. mál, fsp. KPál, þskj. 18.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 46. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 46.

Skipun hæstaréttardómara, 32. mál, fsp. JóhS, þskj. 32.

Slátrun og vinnsla landbúnaðarafurða, 43. mál, fsp. GAK, þskj. 43.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, 47. mál, þáltill. GAK, þskj. 47.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, 17. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 17.

[13:33]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Nú liggur fyrir þinginu fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Það er að mörgu leyti athyglisvert að með þessu fjárlagafrv. hafa forustumenn Sjálfstfl. setið á stól á fjmrh. og stjórnað ríkisfjármálunum um tíu ára tímabil. Því er ekki ónýtt að skoða aðeins hvað hefur verið að gerast síðustu tíu árin.

Til að bera þetta saman er án efa eini rétti mælikvarðinn að gera það á grundvelli vísitölu samneyslunnar. Það er hinn eini rétti grundvöllur vegna þess að það segir í hvað ríkið er að borga. Hins vegar er ekki alveg víst hvernig við eigum að mæla þann kostnað sem ríkið hefur erlendis en það skiptir ekki máli hvernig við mælum hann. Þegar við förum yfir þetta og berum þetta saman kemur ýmislegt athyglisvert fram, sérstaklega með tilliti til málflutnings okkar ágætu pólitísku andstæðinga, stjórnarandstöðunnar. Stundum þegar þeir tala um okkur sjálfstæðismenn mætti ætla að við værum mjög harðsnúnir menn sem hefðum það helst á stefnuskránni að selja ömmu okkur hvenær sem nógu hagstætt tilboð bærist.

Ef við skoðum þróun þessara mála kemur dálítið annað í ljós. Kostnaðurinn af erlendum samskiptum hefur aukist mest, hvernig sem við mælum hann. Þar kemur mjög margt til. Það er náttúrlega breyting á umhverfinu, þ.e. samningar okkar og samstarf við erlendar þjóðir og ég skal aðeins koma að því seinna.

Þrír málaflokkar vekja athygli mína sem eru í efstu röð þeirra hækkana sem orðið hafa á síðustu tíu árum. Það eru háskólarnir á Íslandi og rannsóknastofnanir á Íslandi. Þessir tveir málaflokkar eru með allra mestu hækkunum sem orðið hafa á tíu árum og kemur það þvert á þá umræðu sem við heyrum dags daglega að verið sé að svelta menntastofnanir og rannsóknarstarf og þess vegna séum við ekki að búa í haginn fyrir framtíðina eins og ber. Þessu er alveg öfugt farið. Það hefur verið hvað mesta aukningin á fjármunum til háskólans og þar næst til rannsóknastofnana.

Í þriðja sæti þessarar aukningar, sem kemur enn þá meira á óvart miðað við umræðurnar, eru málefni fatlaðra. Í dag er mjög hávær umræða um að við stöndum okkur ekki nógu vel, við eigum að gera meira og betur fyrir fatlaða. Ég ætla að taka undir það. Það er eflaust allt satt og rétt. Hins vegar það sem gerst hefur á þessum áratug ber mjög fagurt vitni, bæði forustumönnum öryrkja og þeim þingmönnum og ráðherrum sem hafa farið með völdin. Það hefur verið unnið meira og betur að þessum málum en nokkurn tíma fyrr og vonandi berum við gæfu til að halda því áfram. En umræðan í samfélaginu er allt önnur. Hún er mjög hávær. Það er kannski út af fyrir sig gott að öryrkjar hafi beinskeytta og harða talsmenn og skulum við vona að þeim verði ágengt og framhald geti orðið á þessu.

Hins vegar vekur töluverða athygli mína skipting þess liðar sem hefur aukist mest sem er erlend samskipti. Ekki fer á milli mála, hvernig sem við mælum þetta, að kostnaðaraukinn er fyrst og fremst í nýjum embættum, nýjum sendiráðum, nýjum nefndum, nýjum samningum og gríðarlegur fjöldi af íslenskum starfsmönnum sem er farinn að taka þátt í störfum erlendis. Eflaust er það allt saman gott og gilt. Við aukum líka mjög kynni okkar af erlendum þjóðum. Við höfum líka *aukið mjög erlend samskipti og opinberar heimsóknir, sem* eru vonandi allar með kurt og pí, svona „cum eleganse". Ég held að það eigi að vera áframhald á því, ég held að næsti þáttur í þessu eigi að vera á Indlandi innan skamms og það verður eflaust líka með miklum glæsibrag.

Hins vegar vekur það athygli mína þegar ég skoða þróun þessara mála á þessum áratug að aðstoð okkar við fátækar þjóðir og sveltandi fólk hefur ekki vaxið að sama skapi. Að vísu hefur orðið töluverð breyting á tvö síðustu árin en á tímabili á þessum áratug var bókstaflega lækkun á hjálp okkar til útlanda. Það sem meira er, herra forseti, ég heyri engan mótmæla. Ég heyri engan mótmæla því. Fátækt fólk í útlöndum og sveltandi fólk hjá erlendum þjóðum á engan málsvara hér. Ég velti þessu töluvert fyrir mér. Gæti verið að við Íslendingar séum dálítið sjálfhverf þjóð? Það gæti verið að svo sé.

Í umræðunni um ríkisfjármálin gagnrýnir stjórnarandstaðan réttilega sumt sem fram kemur. Kröfur koma fram um aukið aðhald og að við eigum að standa betur að þessum málum en við gerum. Ég get alveg tekið undir ýmislegt sem þar er sagt. Það er ýmislegt sem er verið að auka, kannski að óþörfu.

En við getum litið á hvað hefur aukist mest, t.d. í því frv. sem nú liggur fyrir okkur. Hvað er það sem hefur hækkað mest og hver er stærsta talan sem finnst þar? Jú, það liggur fyrir: Tvö þúsund og þrjú hundruð milljónir, fæðingarorlof. Hver samþykkti það? Jú, það var það háa Alþingi sem hér situr. Það gerðist í vor. Það fór fagnaðarbylgja um landið, fæðingarorlof, það átti nánast enginn að þurfa að borga þetta. Þegar kom að því að líta á töfluna yfir því hverjir fylgdu þessu var hún alveg græn. Að vísu var aðeins einn maður að röfla og reyna að vekja athygli manna á því að þetta kostaði neitthvað en það skipti engu máli. Öll stjórnarandstaðan studdi málið heils hugar. Þessi stærsti útgjaldaliður var sameiginleg ákvörðun.

Ég get nefnt fleiri. Fæðingarorlofið er kannski gott mál og allt í lagi með að þjóðin veiti sér það. Ég get nefnt fleiri liði sem fóru meira í taugarnar á mér en það. Útgjöld voru samþykkt sem koma fram í fjárlagafrv. upp á tugi milljóna, hingað og þangað um fjárlagafrv. Það var með þessa Schengen-vitleysu. Hverjir studdu það? Hvar var þá breiðfylking íslenskra jafnaðarmanna sem núna varar við of miklum útgjöldum? Hún stóð öll með hinni ágætu ríkisstjórn, hún studdi öll sem einn þetta stjórnarfrv. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort stjórnin geti treyst því að ef eitthvað er nógu vitlaust, þá fær hún stuðning þaðan frá. (**Gripið fram í:** Það var gott málefni.)

Þannig var þetta og þannig hefur þingið tekið þátt í flestu því sem hér er verið að auka. Það er ákvörðun þingsins og það hefur ekki einu sinni verið pólitískur ágreiningur. Þetta skulu menn hafa í huga. Það er mjög nauðsynlegt fyrir þá sem gagnrýna frv. að þeir verða að ætlast til þess og gera ráð fyrir því, ef einhver hlustar á þá, að þeir praktíseri það sem þeir predika. En það er ekki gert. Það verður að gera það ef við ætlum að taka okkur alvarlega. Þannig er kostnaðaraukinn að verða til, þannig erum við að leggja ný og ný lóð á kostnaðinn í samfélaginu. Hver haldið þið að borgi fæðingarorlofið? Það kemur í tryggingagjaldið. Auðvitað borga atvinnuvegirnir þetta. Það þyngir róðurinn fyrir þá. Það þyngir róðurinn fyrir okkur að standa vörð um íslenska gjaldmiðilinn, krónuna. Þetta verðum við að hafa í huga.

Ef við ætlum að halda áfram á þeirri farsældarbraut sem *við höfum sannarlega verið á eru nokkur grundvallaratriði* sem ber að hafa í huga. Það hefur verið farið í gegnum það mjög ítarlega að eitt af því sem er hvað þýðingarmest eru einmitt fjárlög. Á þessum áratug hefur tekist að gera þau ábyrg með mjög miklum afgangi þvert ofan í það sem var hér áður þegar ríkisfjármálin voru ein aðaluppspretta efnahagsvandans í þjóðfélaginu. Þá gat ríkið aldrei hamið útgjöld sín en nú hefur orðið veruleg breyting á.

Hitt atriðið sem á ekki hvað síst þátt í því að okkur hefur gengið betur en áður er að gerðir hafa verið á þessum áratug æ ofan í æ farsælir og ábyrgir kjarasamningar. Ef við ætlum

að gera okkur vonir um að halda áfram á þessari braut þá verður svo að vera. Ég nefni þetta af því enginn annar nefnir það. Það er best að ég tali þá um það.

Núna eru uppi kröfur í þjóðfélaginu um veruleg frávik frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið. Menn tala um það opinskátt að þeim sé ekki minna sæmandi en að fá 70% kauphækkun eða svo. Ég get í sjálfu sér tekið undir það, svona fyrir hönd þjóðarinnar, því auðvitað er þessu kappakyni ekki sæmandi að fá minna en 70% kjarabætur. Ég veit að það er hægt að gera það, það tekur svona tíu til tólf, þrettán ár. Þá erum við á meiri farsældarbraut en nokkur önnur þjóð.

En á þessu ári voru gerðir kjarasamningar milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda. Þeir hljóta að marka sporin, þeir hljóta að marka það sem á eftir fer. Það yrði mjög alvarlegt fyrir framtíð íslensks efnahagslífs og afkomu Íslendinga ef frá væri vikið. Það hljóta að vera þeir samningar sem við höfum að leiðarljósi og allt frávik frá þeim hlýtur að vera mjög hættulegt. Í kjarasamningum, í þeirri viðkvæmu umræðu um kaup og kjör, hafa allir rétt fyrir sér þegar þeir segja að þeim beri þetta og réttlætið standi þeirra megin en því miður er þetta ekki spurning um réttlæti þegar á heildina litið, það er spurning um samhengi hlutanna. Það er það sem ræður úrslitum um gæfu eins samfélags eða ekki. Það er þetta sem gerist og þetta verðum við að hafa í huga. Þetta, hversu viðkvæmt sem það er, ber okkur að tala um á Alþingi. Þó það sé kannski sárt fyrir ákveðna kröfuhópa að þeim sé sagt þetta, þá er enn þá sárara og enn þá verra og það eina sem má ekki gera, þegar við ræðum um kaup og kjör fólks, að gefa fólki falskar vonir, segja því ósatt. Það væri að segja ósatt ef við tækjum ekki svona stíft til orða, segðum þetta nákvæmlega eins og það er: Það verður að fylgja þeirri stefnu sem Alþýðusamband Íslands og vinnuveitendur mótuðu fyrr á árinu. Það verður að gera það, annars er allt í voða sem verið er að gera. Það má ekki.

Hér hefur líka verið rætt um ýmsa viðkvæma hluti. Rætt hefur verið um málefni aldraðs fólks, málefni fatlaðra o.s.frv. Ég ætla aðeins fara nokkrum orðum um þá umræðu sem átt hefur sér stað svo ótal, ótal sinnum, upphrópanir á þessa leið: Misrétti hefur aukist í þjóðfélaginu, misrétti hefur aukist.

Ég hef velt þessu, herra forseti, oft fyrir mér, hvað eru menn að fara með þessu tali. Hvað er það sem menn vilja sagt hafa um að misrétti hafi aukist á Íslandi? Ég held að skýringin á því að menn noti þetta orð hljóti að vera sú að menn setji samasemmerki á milli misréttis og mismununar. En það er ákaflega vafasamur málflutningur að segja það. Ef við gerum það þá erum við að segja að allt sem sé jafnt sé þar með rétt. Við getum ekki leyft okkur að nota þessi orð.

En ef við förum til baka þá er það rétt að það hefur verið mismunað hér á nokkru og stærsta mismununin átti sér stað með samþykkt laga um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Sú samþykkt átti sér stað á jólaföstu 1997 ef ég man rétt. Það var eins og oft áður þegar mikilsverð mál eru til umfjöllunar að þau lög voru samþykkt með öllum atkvæðum stjórnarandstöðunnar og með öllum atkvæðum stjórnarsinna nema einu. Það var einn sem var á móti af þeirri ástæðu að hann taldi ofrausn vera fólgna í þessari lagasetningu.

Rökin fyrir því að fara þá leið, breyta þessum sjóðum, setja þá í þessi tvö form, a- og b-deild, voru þau að menn töldu að opinberir starfsmenn, bæði lögregluþjónar og tollverðir, kennarar jafnt sem hjúkrunarfræðingar og ótal margir ágætis starfsmenn stjórnsýslunnar hefðu langa ævi unnið ríkinu vel fyrir tiltölulega lágt kaup miðað við svo marga, marga aðra. Því væri það rétt og skylt að bæta eftirlaunakjör þeirra og það var gert. Það var gert í nafni réttlætisins.

Þessir samningar höfðu í för með sér skuldbindingar fyrir hönd ríkisins sem ekki eru undir 50 þúsund milljónum ef við lítum til langtímans. En nú koma einmitt þeir sem í nafni réttlætisins stóðu að þessari lagabreytingu og segja: Heyrðu, þetta var misrétti.

Hvernig má þetta vera? Hvernig geta menn hagað máli sínu þann veg að kalla það misrétti sem þeir sjálfir samþykktu í nafni réttlætisins?

Það er rétt að opinberir starfsmenn hafa fengið meiri bætur og lífeyrissjóðir þeirra standa betur en annarra, það er rétt. Og við samþykktum þá lagabreytingu, við gerðum það, allur þingheimur, stjórnarandstaðan jafnt sem stjórnarsinnar, í nafni þess að það væri réttlætismál. Nú þegar menn fjalla um kjör aldraðra er rétt að hafa þetta í huga.

Deilumálið mikla um kjör aldraðra liggur í þessum vandræðaskap varðandi skerðinguna, þ.e. við erum með tekjutengdar bætur. Hvenær hófust þessar tekjutengdu bætur? Þær hófust á áttunda áratugnum, herra forseti. Þær hófust á áttunda áratugnum ekki síst fyrir atbeina og þrýsting verkalýðshreyfingarinnar sem réttilega benti á það að sjómenn, verkamenn og bændur stæðu miklu verr að vígi en margir aðrir þjóðfélagsþegnar gagnvart eftirlaunum sínum. Til að mæta þessu byrjuðum við á því að vera með tekjutengdar viðbætur. Það var þannig sem þetta upphófst. Þannig gerðist það og við verðum að hafa það í huga hvert upphafið var.

Tekjutengingar á bótum verða alltaf til vandræða, ég er alveg sannfærður um það, þær verða alltaf til vandræða. Það er gríðarlega erfitt um að fjalla og mjög eðlilegt að það rekist á ýmsa einstaklinga. Það er mjög skiljanlegt að einstaklingar sem eru kannski nýhættir að vinna, eru mjög hraustir líkamlega, vilji fá að vinna áfram og þeir eiga þess kannski kost en þá kemur fram skerðing. Ergelsi er mjög skiljanlegt út af því.

En umræða um málefni aldraðra eins og hún var hér í þessum háa þingsal í gær mun aldrei skila neinum árangri. Við munum aldrei ná árangri með slíku hnútukasti og þeim illindum sem virðast einkenna þessar deilur. Þess vegna verðum við að reyna að hugsa þetta upp á nýtt, reyna að sjá hvort við náum ekki sátt því það er ómögulegt að vera ósátt út af þessum hlutum.

Við erum þó búin að þreyja þorrann og góuna í 30 ár, við vissum það milli 1970 og 1980 að mismunurinn væri svona mikill. Við vissum að það yrði ekki fyrr en rétt um 2015 eða svo sem hinir frjálsu lífeyrissjóðir yrðu í stakk búnir til að standa undir eftirlaunakröfum einstaklinganna. Nú eigum við þó ekki nema u.þ.b. 15 ár eftir og þá er ómögulegt að allt fari hér í hund og kött og eintóm rifrildi um þetta.

Það er rétt að tekjuskerðingarnar valda vandræðum. Ég veit að mjög margir einstaklingar, sem hafa fjallað af mikilli kunnáttu og mikilli þekkingu og mikilli velvild og mikilli löngun til þess að koma ellilífeyrismálum Íslendinga í rétt og gott horf, hafa velt því fyrir sér hvort það mætti ekki finna alveg nýjar leiðir í þessu til að losa okkur undan þessum vandræðum. Og hugmyndir þeirra hafa staðið til þess að við reyndum þá að semja upp á nýtt við lífeyrissjóðina á þann veg að við gætum kannski jafnað stöðu þeirra til þess að borga eftirlaun. Við gætum samið um það á þeim grundvelli t.d. að ríkið tæki í auknum mæli til sín þessi erfiðu tilfelli, þ.e. örorkuna þegar fólk er að verða 100% eða 75% öryrkjar kannski á miðjum aldri, ég tala nú ekki um þá sem eru

„invalid" frá fæðingu, að ríkið tæki það meira á sínar herðar og minnkaði þannig áhættu lífeyrissjóðanna. Ég held að við verðum að fara svona ofan í þetta og reyna að finna sættir í þessu en hætta þeirri rosalegu, ofsalegu heift og miklu upphrópunum sem einkenna þessar deilur.

Ég skal halda áfram að ræða þessi viðkvæmu mál í næstu ræðu minni, herra forseti.

[13:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar í fyrsta lagi til að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og talsmann Sjálfstfl. í fjárlagaumræðunni hvað honum finnist um öryggi þeirra vinnubragða sem við upplifðum á sl. hausti þegar forsendur fjárlaga sem þá voru lagðar fram gerðu ráð fyrir að mig minnir einhvers staðar í kringum 20 milljarða kr. viðskiptahalla við upphaf. Síðan hækkaði talan vikulega og áætlunin hækkaði jafnt og þétt og endaði svo í 54 milljörðum sem nú er áætlað fyrir árið 2000.

Nú byrjum við miklu hærra. Nú byrjum við í 57 milljörðum. Ef við mundum vera með sama öryggið og sömu vinnubrögðin að baki, hvar mundum við þá lenda? Hvaða tryggingu getur hv. þm. og varaformaður fjárln. gefið okkur til þess að við stöndum ekki frammi fyrir sama skrípaleiknum og á sl. hausti?

[13:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gef náttúrlega engum neina tryggingu. Þetta er ekki eins og í ævintýrunum þegar menn komu og sögðu: Legg ég á og mæli um, og þar með varð það.

Staða íslensks atvinnulífs er mikið áhyggjuefni vegna þeirrar eftirspurnar sem er í landinu. Við höfum ekkert getað ráðið við það. Að vísu er mjög mikið af því vegna fjárfestinga, til allrar hamingju eru Íslendingar að dreifa áhættu sinni, þeir eru að fjárfesta erlendis sem er mjög gott upp á framtíðina, ég tala nú ekki um fyrir hönd lífeyrissjóðanna sem eiga að standa undir kjörum ellilífeyrisþeganna. Við getum ekki gefið neitt garantí fyrir þessum hlutum en við getum reynt það, við getum reynt að fara varlega, við getum reynt að hemja okkur. Og þetta fjárlagafrv. er ein tillaga til þess. Það er til þess sem þetta fjárlagafrv. er svona samið, til þess að reyna að koma í veg fyrir slíka þróun og sporna gegn henni. Það er vegna þess sem við erum með 30 þús. milljóna afgang. Það er til að reyna að ná þessum árangri. Hvort okkur tekst það eða ekki getum við ekki garanterað, það er ekkert víst. En það er fúslega sagt, það er mikill og ákveðinn vilji til þess vegna þess að menn gera sér alveg grein fyrir því þrátt fyrir velgengni okkar á undanförnum árum vitum við alveg um fallvaltleika þessa heims. Það er enginn svo kjánalegur að ætla að halda fyrir fram að allt sé rósum stráð. Við vitum um hætturnar, þess vegna erum við að reyna að fara varlega, þess vegna er verið að reyna að hafa þetta fjárlagafrv. þann veg sem það er.

[13:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. var líka varaformaður fjárln. á sl. ári. Og hann var líka ábyrgur fyrir því frv. sem þá var lagt fram.

Hver er munurinn? Hefur hann bætt sig eða af hverju eigum við að trúa því að fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram sé eitthvað miklu betra? Og sá tekjuafgangur sem hér er nefndur, ég veit ekki betur en að það séu stórir póstar sem eiga þar eftir að koma inn. Þannig eigum við eftir að fá hliðstæða hækkun á tekjum og gjöldum í meðferð frv. Spretta bara peningarnir upp af sjálfu sér eða hvað hefur breyst í vinnubrögðum við fjárlagagerðina frá því í fyrra?

[13:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst þingheim um þau gleðitíðindi að eftir örfáa daga verður lagt fyrir þingið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000. Þar mun koma fram að veruleg breyting hefur orðið til batnaðar að halda þessi fjárlög. Það eru veruleg umskipti frá fyrri árum. Það er tiltölulega lítið sem ríkið hefur farið fram úr í kostnaði sínum miðað við áætlunina sem gerð var eða miðað við lögin sem í gildi eru.

Tekjurnar hafa hins vegar hækkað mun meira en útgjöldin þannig að tekjuafgangur ársins 2000 verður meiri en við gerðum ráð fyrir þegar við samþykktum fjárlögin 7. des. fyrir ári síðan. Þetta hefur því gengið betur í alla staði. Það eru mjög mörg fyrirtæki í ríkiseign og allflest hafa staðið við þá skyldu og orðið við þeirri kröfu að fylgja fjárlögum. Hér er um verulega umbreytingu að ræða frá því sem áður var og það ber að fagna því og ber að heiðra þá mörgu ágætu forstjóra ríkisins sem svo vel hafa að verki staðið. Við höfum ástæðu til að halda að þessi nýju vinnubrögð, þessi bættu og betri vinnubrögð muni halda áfram. Það er ástæða til að treysta því að við séum alltaf að ná betri og betri tökum á fjármálum ríkisins og það er eitt meginatriðið fyrir framtíðina og fyrir efnahagslíf Íslands að svo verði.

[13:59]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Nú lauk máli sínu hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, talsmaður Sjálfstfl., sem er á móti fæðingarorlofslögunum sem við samþykktum í fyrra, sem er á móti Schengen-samkomulaginu og afleiðingum þess. Hann er sem sagt gegn eigin ríkisstjórn sem hann er þó að hamast við að verja og hrósa í bak og fyrir. Undarlegur málflutningur það.

En af því, herra forseti, að það er svo undarleg niðurstaða hjá þingflokksformönnum og stjórn þingsins um að það væru aðeins talsmenn sem mættu fara í andsvör þá má ég til með að bera fram spurningar úr því að ekki var hægt að fara spontant í ræður þingmanna sem hér töluðu sem talsmenn flokkanna. Því vil ég beina þessari spurningu til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um hvort hann telji að sá fjárlagaafgangur sem gert er ráð fyrir upp á 30.300 millj. sé raunhæfur.

Og í öðru lagi: Hverjar telur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að verði helstu breytingar fjárlagafrv. þess sem nú liggur fyrir?

Það verður fróðlegt að fá svör við þessu. Ég hef takmarkaðar efasemdir um raunsæi varaformanns fjárln. Því spyr ég hann þessara spurninga.

Ég vil bara minna á breytingar upp á hundruð milljóna kr. í síðasta fjárlagafrv. og ég vil minna á að það vantar verulega á að grundvöllur rauntalna liggi fyrir. Það liggja aðeins fyrir megindrættir. Þess vegna spyr ég þessara spurninga.

Til þess að styðja það sem ég var nú að segja vil ég bara minna á að það vantar að samþykkja uppgjörsfjáraukalög fyrir árið 1998. Það hefur ekki verið gert. Uppgjörsfjáraukalög fyrir árið 1999 hafa ekki verið lögð fram. Frv. til fjáraukalaga vegna ársins 2000 hefur ekki verið lagt fram. Þetta segir manni að það vantar verulega inn í þann grundvöll sem á að vera fyrir fjárlagafrv. eins og það er núna í höndunum á okkur.

Og aðeins út frá því sem stendur í þessu fjárlagafrv. þá má velta því fyrir sér hvort sparnaður heimilanna sé að aukast. Ég efast um að svo sé. Samkvæmt upplýsingum hafa heildarskuldir einstaklinga sem hlutfall af tekjum aukist úr 108.6% í 109,5%, eða um u.þ.b. 1%, þannig að það er ýmislegt sem maður þarf að velta fyrir sér og það er mjög margt, hv. varaformaður fjárln., sem á eftir að gerast í umfjöllun í fjárln. og það er margt sem á eftir að koma fram á þeim vikum sem líða fram að næstu umræðu.

Það er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. um það vegna ræðu hans, sem ekki var hægt að fara í andsvör við út af því sem ég greindi frá áðan, hvort hæstv. fjmrh. telji að við eigum von á því með hinu nýja hagkerfi að það skili öldruðum, öryrkjum og þeim sem teljast lakar settir betri stöðu í þjóðfélaginu en hæstv. ríkisstjórn hefur skipað þeim í nú. Eða getum við átt von á því að enn á næsta ári og kannski aftur á þarnæsta ári heyrum við hróp þegar við göngum til þingsetningar „heiðra skaltu föður þinn og móður". Það þótti mér ömurlegt að heyra. Mér þótti ömurlegt að heyra að aldraðir höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þetta var sterkasta hróp þeirra. Sterkasta hvatning til Alþingis Íslendinga um að laga þeirra kjör.

Ég spyr: Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að breyta skattkerfinu þannig að tekjutengingarákvæði rífi ekki til baka hverja krónu sem fyrrnefndir hópar kunna að fá til hækkunar, þ.e. krónu fyrir krónu?

Herra forseti. Mig langar að rökstyðja þetta dæmi út frá einstaklingi sem fékk í leiðréttingu á lífeyri 214 þús. kr. Það var gömul kona sem fékk þessa leiðréttingu vegna áranna frá 1997 fram til 1999. Og hvað gerðist þá með þessum 214 þús. kr. sem þessi gamla kona fékk í leiðréttingu? Hún missti tekjutryggingu upp á hvað, 96 þús. kr. Hún varð að greiða í staðgreiðslu 54 þús. kr. Hún missti heimilisuppbót upp á 74 þús. kr. Hún stóð með 10 þús. kr. í mínus eftir að hafa fengið lífeyrisgreiðslu upp á 214 þús. kr. Svona er skattkerfið okkar og það vantar frumvörp. Það þarf að leggja fram frumvörp með fjárlagafrv. til að laga svona óréttlæti.

Mér er nákvæmlega sama hvort það er verkalýðshreyfingin, Vinnuveitendasambandið eða hver það er sem hefur staðið að þessum gjörðum, þær eru ranglátar og við eigum að vera fólk til að laga þetta, hvort sem við sitjum í meiri eða minni hluta, í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta dæmi er sannleikur og ég get dregið það fram og látið hæstv. fjmrh. hafa með nafni og kennitölu og öllu saman ef þess er óskað.

Herra forseti. Í umræðunni um fjárlög má frekar búast við fyrirspurnum, gagnrýni og athugasemdum heldur en umræðum um þann gífurlega afgang sem menn ætla sér að vera með í lok fjárlagaársins. En eins og ég sagði áðan: Uppgjörsfjáraukalög vegna 1998 hafa ekki verið samþykkt og uppgjörsfjáraukalög vegna 1999 liggja ekki fyrir og heldur ekki fjáraukalög vegna ársins 2000.

Ég vil einnig minna á, herra forseti, að ríkisreikningur er undirritaður með fyrirvara af hálfu ríkisendurskoðanda, þannig að það má af því sem ég nú segi vera ljóst að það vantar á að grunnurinn fyrir framlögðu frv. sé trúverðugur. Af hverju undirritar ríkisendurskoðandi ekki ríkisreikning? Af hverju? Vegna þess að hann telur eitthvað rangt, hann telur eitthvað vera þar sem á öðruvísi að vera.

Ég veit að tekju- og gjaldahlið þessa frv. sem við erum nú að byrja að ræða mun breytast í meðförum fjárln. og eftir atvikum í höndum Alþingis. Það hefur alltaf gerst þessi ár sem ég hef átt sæti í fjárln. Það má minna á að nánast öll sérframlög sem fjárln. setti inn í frv. á síðasta ári af ýmsum toga, vegna félagasamtaka, vegna ýmissa tekjustofna sem þurfti að rétta af fyrir stofnanir, það hefur allt verið tekið út aftur. Það er kannski eðlilegt að hver einasta stofnun sem fjárln. hefur veitt fyrirgreiðslu sé endurskoðuð á hverju ári, það getur vel verið. En svo mikið er víst að ég veit að stofnanir eins og Krýsuvíkursamtökin fengu leiðréttingu vegna þess að það vantaði inn í grunninn þeirra og það er tekið út. Ég get rakið fjölmörg svona dæmi. Í gegnum allt fjárlagafrv. er sérstaklega getið um liði sem eru teknir svona út.

En ég vil segja það að sem betur fer hefur mjög oft náðst samkomulag um lagfæringar fyrir lokaafgreiðslu frv. og ég vonast til þess að við eigum gott samstarf í fjárln. á hvorn veginn sem við tölum um meiri eða minni hluta, að við eigum gott samstarf um að laga það sem upp á vantar. Og ég treysti því að hæstv. fjmrh. muni ekki setja fótinn fyrir þær leiðréttingar sem eru nauðsynlegar gagnvart svo fjölmörgum félagasamtökum hverju nafni sem þau nefnast.

Mér segir svo hugur um að margar breytingar verði gerðar á fjárlagafrv., ég er ekki að spá illa fyrir ríkissjóði heldur reikna ég með að tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði að endurskoða og menn verða að reikna með verulegum breytingum á þeirri tekjuskiptingu.

[14:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af ummælum hv. þm. um uppgjörsfjáraukalög og fjáraukalög, þá er það nú allt með hefðbundnum hætti, þó með því fráviki að uppgjörsfjáraukalögin fyrir 1998 hafa ekki verið afgreidd eins þingmaðurinn sagði. Þar er um að ræða ákveðið frumkvöðulsstarf í vinnslu þess máls, vegna þess að það eru fyrstu uppgjörsfjáraukalögin á grundvelli nýju fjárreiðulaganna frá 1997 og ég hygg að þingheimi sé vel kunnugt um það af hvaða ástæðu ekki hefur tekist að klára það mál, en það er hins vegar væntanlegt inn í þingið mjög bráðlega á nýjan leik. Sama er að segja um frv. til uppgjörsfjáraukalaga fyrir 1999.

Fjáraukalagafrv. fyrir árið 2000 verður líka á ferðinni von bráðar og er ekkert óvenjulegt við að það sé ekki komið fram í fyrstu viku þingsins. Hins vegar er nokkuð um það fjallað í grg. með fjárlagafrv. hvaða breytingar þar eru helst væntanlegar.

Ég tel ekki að það sé rétt hjá hv. þm. að tala um að Ríkisendurskoðun hafi undirritað ríkisreikninginn 1999 með fyrirvara. Það er einfaldlega bent á að ekki sé búið að afgreiða uppgjörsfjáraukalögin frá 1998, sem er auðvitað rétt, og það er ekki búið að leggja fram uppgjörsfjáraukalögin frá 1999, enda er ekki gert ráð fyrir því í lögunum að það sé gert fyrr en í upphafi þings árið eftir, þ.e. núna á þessu hausti að því er varðar 1999.

Þetta vildi ég bara að kæmi hér fram svo það væri enginn misskilningur manna meðal í þessu efni, en ég hygg að hv. þm. sé nú líka alveg klár á þessu.

[14:11]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ég klár á hvernig framgangur mála á að vera. Ég var bara að benda hæstv. fjmrh. á að grundvöllurinn fyrir framsettu fjárlagafrv. er kannski ekki nægjanlega traustur fyrr en við erum búin að sjá þessi mál afgreidd.

Ég spurði hér spurninga varðandi hið nýja hagkerfi og minnti á ákveðin atriði sem legið hafa mjög þungt á mér frá því á þingsetningardegi og það er ekkert víst að hæstv.

fjmrh. vilji svara þessu, en ég spurði um hið nýja hagkerfi og áhrif þess á þá hópa sem ég nefndi í ræðu minni. Síðan spurði ég beint um hugsanlegar breytingar á skattkerfi sem varða tekjutengingar, tók af því dæmi, nákvæmt dæmi um einstakling sem tapaði 10 þús. kr. á því að fá 214 þús. kr. lífeyrisgreiðslu vegna tekjutenginganna. Þetta er sannleikur og ég get komið með hann og lagt hann fyrir hæstv. fjmrh. þegar hann vill, bæði með nafni og kennitölu. Þessu þurfum við að kippa í lag og ég treysti því að hæstv. fjmrh. sé mér sammála um að svona lagað eigi ekki að viðgangast.

[14:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa það dæmi sem hv. þm. hefur nefnt til sögunnar og ég hygg að það sé hægt að nefna mjög mörg dæmi þar sem niðurstaðan hjá fólki verður alveg hörmuleg vegna tengingar sem er á milli bóta innbyrðis, lífeyrisgreiðslna og skatta. Það er nú einmitt þess vegna sem ríkisstjórnin hefur sett í gang sérstakan vinnuhóp til þess að kortleggja það mál, þ.e. samspilið á milli bótagreiðslna almannatrygginganna, lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum og skattkerfisins til þess að gera raunhæfar tillögur um að koma okkur út úr þeim vítahring sem fólk lendir í við svona aðstæður eins og hv. þm. nefndi. Ég býst við því að við séum öll sammála um að þetta sé óréttlátt og þarna sé verk að vinna til þess að draga úr þessu og læt ég alveg liggja á milli hluta hvaða pólitísku öfl það voru sem á sínum tíma beittu sér harðast fyrir tekjutengingum af hvaða tagi sem er. Látum það liggja á milli hluta en reynum að komast til botns í þessu máli og leysa úr því.

Sú nefnd sem ég hef nefnt hér til sögunnar er undir formennsku ráðuneytisstjórans í forsrn., Ólafs Davíðssonar, og ég veit að þar er vel og skipulega unnið og ég vona að við fáum brátt einhverjar niðurstöður úr því starfi og tillögur um það hvernig hægt sé að bregðast við án þess að allt kerfið fari á slig.

[14:14]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú bara nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að taka undir þau orð sem ég lét hér falla um að lagfæra þetta óréttláta kerfi sem tekur, eins og í dæmi þeirrar konu sem ég nefndi áðan, meira til baka heldur en einstaklingurinn er að fá til leiðréttingar. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að taka á því og ég fagna orðum hæstv. fjmrh. og ég treysti því og veit, því ég þekki hæstv. fjmrh. vel, ég veit að það er fullur vilji á bak við þessi orð og ég vonast til þess að þess sjái stað þegar umfjöllun um þetta fjárlagafrv. lýkur, að þá hafi orðið eða a.m.k. sé í fæðingu leiðrétting á þessum málum.

[14:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara vegna þess að hv. þm. spurði mig hvort ég teldi frv. sem hér liggur fyrir raunhæft eða raunsætt. Ég tel það vera byggt á þeim gögnum sem við best höfum. Ég býst við að þeir spádómar sem þar eru séu byggðir af hinum mætustu mönnum, þeim hagfræðingum og þeim sérfræðingum sem um þetta fjalla. Hef ég einhverja ástæðu til að efast um það?

Ég get bent á það að okkur hefur tekist betur, t.d. í ár, heldur en oft áður að nálgast þetta. Það eru minni villur, það eru miklu lægri upphæðir sem koma fram í fjáraukalögum í ár en var í fyrra eða hittiðfyrra. Þannig að nálgun við raunveruleikann er að verða meiri og meiri við fjárlagagerðina. Ég veit að menn eru að vanda sig meira og meira, þeir hafa líka meiri og betri upplýsingar, menn leggja sig meira og meira fram. Forstöðumenn ríkisfyrirtækja taka þetta alvarlega. Þeir vita að það er engin önnur leið til að stjórna ríkisfjármálum en að hlýða fjárlögunum, fleiri og fleiri gera sér það ljóst. Ég hef því enga ástæðu til annars en að vera bjartsýnn á að þetta sé raunsætt.

Þingmaðurinn spurði mig líka hvað ég héldi að líklega mundi nú gerast. Það er nú ekki þannig að menn séu að hvísla hérna daglega hvað þeir halda sjálfir að sjáist í spádómskúlunni þannig að mér finnst nú spurningin ekki alveg við hæfi. En kannski af því að svo fáir heyra til okkar þá get ég svo sem sagt hv. þm. það að svona innst inni í mínum kolli grunar mig nú samt að hagvöxturinn á næsta ári verði meiri en spáð er.

[14:17]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við heyrðum spá hv. þm. um næsta ár, að það verði meiri hagvöxtur á næsta ári en á þessu og við skulum bara hafa það í huga og nú er það orðið skjalfast.

En ég vil minna á, herra forseti, það sem ég tel að vanti upp á þessi fjárlög. Ég tel að það vanti upp á að leiðrétta hlut sveitarfélaganna. Þau eiga inni hjá ríkissjóði að mati vísustu manna 4,9–5,5 milljarða fyrir hvert ár sl. ár vegna þeirra laga og skyldna sem við höfum sett á sveitarfélögin í svo margföldu formi. Það eru einir átta eða níu liðir sem ég gæti tínt hér upp hefði ég tíma til að tala lengur en í stuttu andsvari. En þar verðum við að leiðrétta, a.m.k. er um að ræða eina 4,9–5 milljarða sem eiga eftir að fara af þessum 30,3 milljörðum ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm. Það er alveg nákvæmlega sama hvaða tillaga kemur frá tekjustofnanefnd, sem er undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, ég veit að talan liggur einhvers staðar þar um. Það hef ég frá vísum mönnum sem um þessi mál hafa vélað. Og ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm þá verðum við að leiðrétta til sveitarfélaganna, annars verðum við að draga til baka þau lög sem við höfum sett þeim til handa til þess að standa undir.

[14:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í hvað kemur út úr þessum baunateljurum sem eru að reyna að finna út hvað sé ríkisins og hvað sé sveitarfélaganna. Það kemur allt í ljós í fyllingu tímans. Hins vegar ætla ég að fullyrða það við hv. þm. að eins og ástandið er á Íslandi í dag, eins og við höfum réttilega getið um hér, bæði talsmenn stjórnarinnar, og talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa líka rætt það, þá er full ástæða til þess að fara varlega, það er full ástæða til að gæta sín. Við höfum ástæðu til að ætla að það geti hægt á þeirri miklu kjarabót sem hefur verið hér í landinu á hverju ári undanfarin fimm, sex ár. Þó að það væri ekki nema að hægja verulega á henni þá er það heilmikið átak og mjög erfitt fyrir launafólk. Þannig að hv. þm. getur alveg treyst því, sama hverjar kröfur sveitarfélaga kunna að vera um auknar tekjur, að það er mjög lítill eða nær enginn hljómgrunnur innan Sjálfstfl. um að veita sveitarfélögum heimild til að auka skatta á almenning.

[14:21]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum verið um margt sammála, ég og hv. talsmaður Sjálfstfl. í þessum umræðum, varðandi fjár-

lagagerð og fjármál, en við erum ósammála um þennan þátt nákvæmlega sem snýr að sveitarfélögunum. Ekki því að þau eigi að fara að eyða og bruðla, heldur erum við ósammála að því leyti til að við verðum að láta sveitarfélögunum í té þá fjármuni sem þarf til að standa undir þeirri þjónustu sem við höfum áður lagt á þau hér á Alþingi með margs konar lögum.

Ástandið á Íslandi í dag, nefndi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, talsmaður Sjálfstfl, ástandið er þannig í dag að 15% þjóðarinnar eiga 85% af auðnum. Næstu 10% eiga 95% af auðnum. Það eru 25% þjóðarinnar sem eiga 95% af þjóðarauðnum. Hitt er hjá afganginum, 5% hjá 75% þjóðarinnar. Þetta er nú ástandið í dag, góða ástandið á Íslandi í dag. Þetta er góða ástandið á Íslandi í dag sem ég var að lýsa áðan þegar aldraðir og öryrkjar voru hér á Austurvelli og létu til sín heyra með hrópinu: „Heiðra skaltu föður þinn og móður." Ég segi það, herra forseti, að það stakk mig illa. Mér finnst ég bera sök á því að nokkru leyti hvernig kjör þeirra eru og ég tel að við eigum að leiðrétta þau kjör. Það er ástandið á Íslandi í dag sem ég vil breyta.

[14:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta verður ræða í eins konar símskeytastíl því að henni er ætlað að vera tíu mínútur að hámarki.

Fyrst langar mig til að nefna það sem ég tel vera jákvæðast í þróun efnahagsmála á Íslandi nú um stundir. Það sem ég tel vera jákvæðast er á hvern veg atvinnuleysi hefur minnkað, á hvern veg dregið hefur úr atvinnuleysi í landinu. Það mun nú vera komið undir 2%. Og samkvæmt þeim gögnum sem reidd eru fram með fjárlagafrv., þeim spám sem þar er að finna, þá ætla menn að það verði ekki meira en 1,5% á komandi ári. Þetta finnst mér vera gleðileg tíðindi vegna þess að eitt alvarlegasta þjóðfélagsböl er atvinnuleysi.

En þótt prósentan sé lág þá skulum við ekki gleyma því að að baki hverju prósentustigi er mikill fjöldi fólks, er fjöldi einstaklinga. 1% atvinnuleysi þýðir 1.350 atvinnulausir einstaklingar. Þessu skulum við ekki gleyma. Og ef það er staðreynd að atvinnuleysi á Íslandi sé nú 2% eða rétt innan við 2% þá eru það 2.700 manns. Þetta vildi ég nefna fyrst, því að það á að vera forgangsverkefni í atvinnulífinu að halda atvinnuleysinu í algjöru lágmarki, helst útrýma því með öllu því að rétturinn til vinnunnar eru mannréttindi sem við eigum að hafa í heiðri.

Þá vil ég nefna tekjuafganginn sem ríkisstjórnin stærir sig af. Því er spáð að tekjuafgangur verði rúmir 30 milljarðar kr. á komandi ári. Þetta eru miklir fjármunir. Hins vegar hefur verið bent á það við umræðurnar að ýmsar blikur séu á lofti. Þessara tekna sé aflað að verulegum hluta til vegna mikillar veltu í þjóðfélaginu, þar á meðal mikils innflutnings. Og staðreyndin er sú að á þessu ári flytjum við inn til landsins 54 milljörðum meira en við flytjum út. Og menn eru að gera því skóna að þessi munur verði enn meiri á næsta ári eða 57 milljarðar kr.

Hv. þm. Jón Bjarnason minnti okkur á það í sinni framsögu að á sama tíma í fyrra þegar við vorum að fjalla um fjárlögin við 1. umr. þá hefðu menn verið að spá því að viðskiptahallinn mundi nema um 20 milljörðum kr. á þessu ári. Nú eru menn að tala um 54 milljarða. 20 milljarðar eru um 4% af landsframleiðslu, 54 milljarðar eru um 8% af landsframleiðslu. Og samkvæmt þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir því að engin breyting verði á þessu á komandi árum, því að hér segir, með leyfi forseta, á bls. 12:

„En þrátt fyrir það verður áfram mikið ójafnvægi í viðskiptum við útlönd í þessum framreikningi. Samkvæmt honum verður viðskiptahalli verulegur allt tímabilið," — og hér er verið að vísa til tímabilsins til 2005 — „þótt hann lækki nokkuð frá því sem nú er. Búist er við að hann verði á bilinu 7–7,5%."

Ég minni á orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar að nýju. Við vorum að tala um 20 milljarða halla, 4%. Nú erum við að tala um 8% af landsframleiðslu, 54 milljarða, 57 á komandi ári og ríkisstjórnin spáir því eða stofnanir hennar að það verði framhald á þessu á komandi árum. Þetta er áhyggjuefni.

Hæstv. fjmrh. benti okkur á að skuldir ríkisins væru á niðurleið og hann valdi til viðmiðunar árslok 1997. Hann sagði, með leyfi forseta, í ræðu sinni:

„Þessi góða afkoma hefur fyrst og fremst verið nýtt til þess að grynnka á skuldum með þeim árangri að hreinar skuldir ríkissjóðs munu lækka úr 170 milljörðum króna í árslok 1997 í 100 milljarða í lok ársins 2001 samkvæmt áætlun frv. Hrein skuldastaða í hlutfalli við landsframleiðslu lækkar á þessu tímabili úr 32,5% í 14%."

Vandinn er bara sá að skuldir Íslendinga fara vaxandi. Á sama tíma og verið er að ná skuldum ríkisins niður vaxa skuldir íslensku þjóðarinnar. Ekki bara fyrirtækjanna og einstaklinga á markaði heldur einnig sveitarfélaganna og ýmissa þeirra stofnana sem ríkið hefur falið að sinna ýmsum þeim verkefnum sem áður voru á vegum opinberra aðila.

Hér segir í þjóðhagsáætlun, með leyfi forseta, á bls. 10:

„Mikill viðskiptahalli og lántökur til fjárfestinga í erlendu áhættufjármagni birtast í hærri skuldastöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Gert er ráð fyrir að hrein skuldastaða verði í lok árs um 78% af landsframleiðslu, eða 11 $^{1}/_{2}$ prósentustigi hærri en um sl. áramót. Reiknað er með að hrein skuldastaða hækki í 85% af landsframleiðslu fyrir lok næsta árs."

Það er þetta sem efnahagsstjórnin og fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar er að leiða til, að skuldir Íslendinga fara ört hækkandi.

Þá er komið að því að spyrja hvernig eigi að nota tekjuafganginn. Ég hjó sérstaklega eftir því að á meðal þeirra atriða sem hæstv. fjmrh. nefndi sérstaklega voru barnabæturnar. Á bls. 439 í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir því hvernig 600 millj. kr. skuli pumpað inn í barnabótakerfið til viðbótar frá því sem áður var. En ég vek athygli á því að samkvæmt reikningi 1999 voru barnabæturnar 3,9 milljarðar, samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2000 3,6 milljarðar og samkvæmt frv. rúmir 4,2 milljarðar. Með öðrum orðum er munurinn á reikningnum frá 1999 annars vegar og frv. nú hins vegar, munurinn er ekki neinar 600 milljónir heldur 300 milljónir kr. Svona er nú hægt að fara í alls kyns talnaleiki en staðreyndin er sú að á síðustu tíu árum eða frá árinu 1991 hafa barnabæturnar lækkað í krónum talið um einn milljarð kr.

Ef þetta er reiknað samkvæmt núvirði þá er um að ræða 2 milljarða kr. sem stjórnvöld hafa fært þetta framlag til barnafólks niður, um 2 milljarða kr. Og nú segjast þeir vera að koma með 600 milljónir til baka — 300 milljónir eftir því hvernig við reiknum. En við skulum gefa okkur að þetta séu 600 milljónir sem verið er að setja inn til viðbótar. Þetta er aðeins brot af því sem tekið hefur verið af barnafólki. En ég heyrði það á tali hæstv. fjmrh. að honum þættu þetta vera miklir fjármunir, og það er alveg rétt að þetta eru allmiklir peningar. En þó vantar 100 millj. kr. til þess að þetta nái þeirri upphæð sem menn ætla að verja til kaupa á sendiráði

í Tókíó. Menn ætla að láta minna viðbótarfjármagn inn í barnabótakerfið en nemur sendiráðsbyggingu í Tókíó. Og ég er bara að tala hér um bygginguna því að menn ætla að verja á annað hundrað milljónum á ári til að reka þetta sendiráð.

Ég er ekki andvígur því að efla íslenska utanríkisþjónustu, ég er ekki andvígur því. En þetta er bruðl og þetta er hneyksli. Og ég ætlast til þess að hæstv. fjmrh. skýri fyrir okkur hvernig þessum peningum verður nákvæmlega varið, hvers konar glæsihöll hér er verið að reisa. Menn eru að stæra sig af því að láta 600 millj. kr. til viðbótar í barnabætur, sem þó er aðeins brot af því sem tekið hefur verið af barnafólki á undangengnum árum. Og þetta er 100 millj. kr. lægri upphæð en menn ætla að nota til kaupa á einni sendiráðsbyggingu.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og vænta mátti kom margt athyglisvert fram í ræðu hv. þm. Ég vil geta þess að atvinnuleysið samkvæmt nýjustu mælingu er ekki 2% heldur 1,1% miðað við ágústmánuð og líka miðað við júlímánuð.

En ég ætla að koma að því sem hann sagði í lokin varðandi barnabæturnar og fyrirspurn hans um sendiráðið í Tókíó. Barnabætur hafa skerst í gegnum árin vegna þess að tekjur fólks hafa aukist. Hátekjufólk eins og ég sjálfur og forveri minn sem eigum börn á barnabótaaldri höfum misst barnabæturnar. Ég tel það ekki eftir mér og ég er alveg viss um það að flestir í þeirri stöðu sem við erum í hér inni, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er nú alltaf að vitna til, telja það ekki eftir sér að barnabætur sem hefðu runnið til þeirra renna nú til fólks sem hefur meiri þörf fyrir þær vegna þess að það hefur lægri tekjur. En það er ætlunin að auka barnabæturnar um 600 millj. kr. frá því sem er áætlunin á þessu ári og um 1.500 milljónir í heild eða um þriðjung á þremur árum, eins og fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á síðasta vetri.

Að því er varðar sendiráðið í Tókíó þá er þar um að ræða fjárhæð sem mun koma fram þegar fjáraukalagafrv. verður lagt fram vegna þess að það er ætlunin að áætla fyrir því í því frv. Þar er einfaldlega um að ræða mat á því hvað er hagstæðast að gera við núverandi aðstæður og miðað við þann markað sem nú er fyrir hendi austur í Tókíó. Og það er mat færustu manna sem hafa kynnt sér það að skynsamlegra sé að kaupa þar húsnæði heldur en að leigja.

Annars hygg ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson ætti kannski að ræða þetta mál nokkuð við sinn 1. varaþm. sem ár eftir ár hér á Alþingi flutti um það páltill. að opna bæri sendiráð í Japan. Og hver var það? Hv. varaþm. Hjörleifur Guttormsson.

[14:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess að ég væri því hlynntur að efla utanríkisþjónustuna og þess vegna kaupa sendiráð ef því væri að skipta. En 700 millj. kr., hvers konar ruglfjárfesting er eiginlega hér á ferðinni? Og ætlar Alþingi að skrifa upp á þessa óráðsíu?

Ríkisstjórnin er að gorta af því að hún ætli að setja 600 millj. kr. í barnabætur á komandi ári til viðbótar því sem áður var áætlað. Og hæstv. ráðherra segir að á næstu þremur árum verði þetta framlag aukið alls um 1.500 milljónir. Það er tvöföld sendiráðsbygging, það er nú ekki meira. En staðreyndin er sú að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá hæstv. fjmrh. á sl. vori voru barnabætur einum milljarði hærri í krónum talið árið 1991 en á árinu 1999. Og samkvæmt upplýsingum frá sama aðila er munurinn þarna samkvæmt raungildi krónunnar 2 milljarðar kr. Og ríkisstjórnin ætlar á næstu þremur árum ekki einu sinni að koma til baka með þær skerðingar sem gerðar hafa verið á barnabótunum á undangengnum áratug.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta, ég held að þetta mál liggi alveg hreint fyrir. Fyrirkomulagi barnabóta var breytt og afnuminn sá hluti sem var ótekjutengdur. Við það varð ákveðinn tilflutningur frá tekjuhærra fólki til tekjulægri hópanna og síðan hafa tekjur almennt hækkað þannig að það eru fleiri sem lenda í þeirri stöðu að fá engar barnabætur, eins og við eflaust nokkuð mörg hér í þessum sal.

Ég ætla að koma að því sem hv. þm. sagði um skuldir ríkissjóðs versus skuldir þjóðarinnar. Það er rétt að ríkissjóður er að borga, eins og ég hef margsagt, í stórum stíl niður skuldir sínar en þjóðin safnar skuldum út á við vegna viðskiptahallans. En ég vek líka athygli á því sem ég sagði hér áðan að það er ekki samhengi á milli þess hver nettóskuldasöfnun þjóðarbúsins er og þess hver viðskiptahallinn er. Vegna hvers? Vegna þess að þjóðin er líka dugleg að safna eignum í útlöndum, ekki bara skuldum. Og þess vegna er mjög mikilvægt að hafa auga á því samhengi alveg eins og þeim skýringum og þeirri breytingu sem orðið hefur á eðli viðskiptahallans frá því sem var hér fyrir nokkrum árum.

Hv. þm. sagði að við flyttum inn 54 milljörðum kr. meira en við flytjum út. Það er ekki alveg hárrétt vegna þess að það verður að taka það inn í reikninginn að þarna er líka um að ræða þjónustugreiðslur, það er um að ræða vaxtagreiðslur, þetta er ekki allt saman vöruinnflutningur og vöruútflutningur þannig að það hefur orðið breyting á samsetningu viðskiptahallans. Vöruskiptahallinn horfir í rétta átt en það eru þyngri greiðslur af erlendum lánum þjóðarbúsins sem þarna koma upp á móti. Þetta verða menn allt að hafa í huga í þessu efni.

Að því er varðar Tókíó þá liggur fyrir skýr vilji þingsins til þess að opna þar sendiráð og þá er spurningin með hvaða hætti verður það hagkvæmast gert. Og niðurstaða vísustu manna er sú að það sé rétt að kaupa frekar byggingu á þessum dýra markaði heldur en að leigja. Það er auðvitað ekki rekstrarkostnaður heldur fjárfesting sem vonandi skilar sér vel í þágu þjóðarinnar.

[14:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að það eru skýringar á því að barnabæturnar hafi verið skertar á liðnum árum þannig að þær eru nú 2 milljörðum lægri að raungildi núna en þær voru í upphafi tíunda áratugarins. Ég veit að það eru skýringar á þessu. Lögum og reglum var breytt á sama hátt og lögum og reglum var breytt varðandi útreikning á greiðslum úr almannatryggingum, greiðslum sem voru skertar til aldraðra og öryrkja. Að sjálfsögðu veit ég að þetta byggir á breytingum sem gerðar voru á reglum og lögum. Að baki þessum breytingum eru menn, er ríkisstjórn og hún heitir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ég geri mér grein fyrir þessu öllu saman. En við skulum ekki drepa þessum málum á dreif.

Hæstv. fjmrh. segir að Alþingi hafi samþykkt að opna sendiráð í Tókíó. Það er alveg rétt. En Alþingi hefur aldrei

samþykkt að opna fjárhirslur sínar með þessum hætti, að gefa út opinn víxil. Og hæstv. fjmrh. leyfir sér að koma hér upp og segja að samkvæmt ráði vísustu manna — að mati bestu sérfræðinga verði ekki komist hjá því að kaupa sendiráð sem kostar 700 millj. kr., tæpan milljarð. 100 millj. kr. meira en verið er að láta af hendi rakna til viðbótar til barnafólks.

Ég spyr hæstv. fjmrh. og hann svarar því væntanlega síðar þegar hann kemur hér upp í dag því hann getur ekki komið aftur upp í andsvari: Hefur hann skoðað þessar teikningar? Hefur hann farið yfir þessar ráðleggingar hinna vísustu manna og færustu manna sem hafa ráðlagt ríkisstjórninni að kaupa sendiráð fyrir 700 millj. kr.? Síðan ætla þeir að reka sendiráðið fyrir á annað hundrað milljónir.

[14:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Fjárlagafrv. sem við ræðum nú á haustdögum árið 2000 er enn og aftur til þess fallið að styrkja og varðveita stöðugleikann í íslensku efnahagslífi. Þau gleðilegu tíðindi hafa enn og aftur gerst að hæstv. fjmrh. hefur lagt fram frv. með miklum tekjuafgangi, 30 milljarða tekjuafgangi, og hefði engan dreymt um það fyrir aðeins fáum árum síðan. Ríkisstjórnin fylgir áfram aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðugleikann og greiða niður skuldir.

En þrátt fyrir að hér sé fylgt aðhaldssamri stefnu þá má í frv. sjá mörg merki þess að hér er um framsækið frv. að ræða til þess að stuðla að framförum, auka velmegun og styrkja velferðarþjóðfélagið. Ég vil aðeins nefna fá dæmi þar um. Ég nefni sérstaklega framlög til barnabóta og fæðingarorlofs sem hér voru til umræðu áðan, til rannsóknar- og þróunarstarfsemi, til hækkunar lífeyrisbóta og auknar framkvæmdir við vegi og hafnir, einkum á þeim landsvæðum þar sem ekki ríkir þensla á vinnumarkaði. Þessir þættir og fleiri eru til þess að undirbúa jarðveginn fyrir hið nýja hagkerfi en að því vík ég síðar.

Menn spyrja af hverju þessum afgangi sé ekki eytt í einhver mikilvæg mál. Eftirspurnin í ríkiskerfinu er geysileg eftir fjármagni. Tillögurnar eru margar og flestar stórgóðar. Öll höfum við sjálfsagt fengið upphringingar síðustu daga þar sem kynntar eru fyrir okkur frábærar tillögur um góð verkefni. Og ekki megum við gleyma því að skattalækkanir eru kannski eðlilegasta ráðstöfunin þegar stefnir í mikinn afgang á fjárlögum.

En hvað er gert við þennan afgang? Jú, það eru mikil not fyrir þennan afgang til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem safnast hafa upp á undangengnum árum þegar verr gekk í ríkisbúskapnum. Nú er þriðja árið í röð verið að greiða í miklum mæli niður skuldir ríkissjóðs sem aftur sýnir sig í stórkostlega minnkandi vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Það er skynsamlegt að borga niður skuldir þegar þess er nokkur kostur því að peningunum er betur varið til margra annarra þátta í okkar sameiginlegu útgjöldum heldur en vaxtagreiðslna. Reyndar er svo komið að stefnt er að því að búið verði að greiða niður skuldir ríkissjóðs árið 2003 eða 2004 þannig að peningalegar eignir verði meiri en skuldir. Þarna er horft til framtíðar og verið að byggja upp traustan efnahag fyrir komandi kynslóðir og til þess að vera betur í stakk búin ef og þegar áföll dynja á okkur.

Augljóst mál er að mikill vöxtur í efnahagslífinu hefur reynt nokkuð á hagkerfið. Því er mikilvægt að slegið verði á þenslu með aðhaldssemi í ríkisfjármálum og peningamálum. Sú stefna ríkisstjórnarinnar birtist mjög eindregið í þessu fjárlagafrv.

Íslendingar eru viðkvæmari en margir aðrir fyrir þær sakir hversu lítið hagkerfið er. Á hinn bóginn er það styrkur hversu opið og sveigjanlegt hagkerfið er. Vaxandi sókn íslenskra fyrirtækja á erlenda fjármagnsmarkaði sýnir þetta og er styrkur þegar til lengri framtíðar er litið. Sú stefna þessar ríkisstjórnar sem og þeirrar næstgengnu að byggja á opnum markaðsbúskap, stöðugleika, skýrum leikreglum og öflugum innviðum til að búa í haginn fyrir atvinnulífið er þarna tvímælalaust að skila sér. Traust efnahagsumhverfi hefur glætt vöxt í mörgum greinum atvinnulífsins, nýja hagkerfið hefur átt greiðan aðgang inn í íslenskt efnahagsumhverfi og hefur sett svip sinn á efnahagsþróunina. Íslendingar virðast þarna standa mjög framarlega og vöxtur slíkra fyrirtækja er hraður. Íslendingar eru einnig með fremstu þjóðum hvað varðar aðgang að netinu og GSM-fjarskiptum.

Fyrir utan efnahagsstjórnina, opinn markað og öfluga innviði samfélagsins skiptir aðlögunarhæfni vinnuaflsins miklu máli. Það virðist liggja í eðli Íslendinga að geta aðlagað sig mjög hratt að nýjum aðstæðum. Það er ákaflega verðmætur eiginleiki á tímum nýja hagkerfisins. Þar kemur einnig til hröð aðlögun menntakerfisins að breyttum aðstæðum og framboð á sí- og endurmenntun hefur margfaldast á stuttum tíma. Ekki síst í fjarkennslu og með tækni gagnvirkrar miðlunar og tölvusamskipta. Stjórnvöld hafa lagt metnað sinn í að bæta stöðugt við þennan þátt menntakerfisins og má reyndar segja að almenn vakning sé í menntakerfinu og atvinnulífinu hvað varðar sí- og endurmenntun. Einnig hafa risið upp háskólar sem sinna nær eingöngu umhverfi hins nýja hagkerfis í tölvu- og viðskiptagreinum. Auðvitað er það þó svo að öll menntun skiptir miklu máli hvað varðar framgang nýja hagkerfisins og skólakerfið hefur brugðist við því á ýmsa vegu.

Að lokum vildi ég nefna að framlög til rannsókna og vísinda skipta miklu máli og þess má sjá stað í fjárlögum undanfarinna ára. Mestur kraftur hefur verið í þeim atvinnugreinum sem eiga það sameiginlegt að drifkraftur þeirra er rannsóknir og þróun.

Atvinnustefna og stefna í mennta- og menningarmálum verða sífellt samofnari í þekkingarþjóðfélögum nútímans og á það ekki síst við um Ísland. Ríkisstjórnin hefur einnig lagt áherslu á atvinnugreinar sem byggjast á þekkingu og menntun, svo sem listir og menningu. Þar hefur náðst meiri árangur en vænst var.

Opinber útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs hafa stóraukist, en einnig hefur starfsemi einkaaðila stóraukist á þessu sviði. Þar hafa skipulagsbreytingar í hagkerfinu, ekki síst opnun fjármagnsmarkaðar og efling hlutabréfamarkaðar, skipt sköpum um möguleika framsækinna einkafyrirtækja til að stunda rannsóknir og þróun.

Það er geysilega mikilvægt að haldið verði áfram sölu ríkisfyrirtækja og andvirðið notað til frekari styrkingar innviða samfélagsins, ekki síst samgöngubóta. Það skiptir því miklu máli að þau áform sem birtast í fjárlagafrv. um sölu ríkisfyrirtækja gangi eftir og helst að það náist enn betri árangur en þar er stefnt að.

Afar stór þáttur í því að halda efnahagslífinu á réttum kili er að náð verði tökum á byggðaþróun í landinu. Í gildi er stefna í byggðamálum sem nú er eins og hálfs árs gömul. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið að vinna markvisst áfram samkvæmt þeirri stefnumörkun. Það er mikilvægt að

fólk og fyrirtæki í landinu geti treyst því að þarna verði hvergi slakað á. Aukin fjölbreytni í atvinnulífinu, fjölbreyttari menntunarleiðir, markviss styrking á menningarlífinu og styrking ýmissa búsetuþátta, svo sem lækkun húshitunarkostnaðar, fasteignagjalda og námskostnaðar, mun styrkja búsetu og vonandi snúa við búsetuþróun í landinu.

Stærsta einstaka verkefnið sem mun hafa afgerandi áhrif á byggðaþróun, ásamt víðtækum áhrifum á íslenskt efnahagslíf, er virkjun við Kárahnjúka og bygging álvers á Reyðarfirði sem nú eru áform um. Miklum fjármunum hefur verið varið til undirbúnings og þróunarvinnu á þessu ári og verður á því næsta. Stefnt er að ákvarðanatöku 1. febrúar 2002 og að framkvæmdir hefjist það ár, en álverið geti hafið framleiðslu árið 2006. Er þetta stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í í samvinnu íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og íslenskra og norskra fjárfesta.

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt í vinnu okkar fjárlaganefndarmanna að lesa saman byggðaáætlunina og fara yfir hvernig einstök ráðuneyti hafa fylgt eftir stefnunni. Einnig er mikilvægt að fara yfir það með þeim ríkisforstjórum og forstöðumönnum stofnana að aukning á starfsemi og fjölgun starfsmanna sem þeir hugsanlega áætla, verði út um byggðir landsins eins og byggðaáætlun og stefnumótun Alþingis gerir ráð fyrir.

[14:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt í upphafi að taka undir með hæstv. fjmrh. og fagna þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár í ríkisfjármálum, m.a. með þeim góða árangri sem náðst hefur í afgangsskilum á fjárlögum. Nú þriðja árið í röð er stefnt að því að afgangur verði mikill og samanlagt sl. þrjú ár um 80 milljarðar.

Einnig eru áherslur hæstv. fjmrh. um það hvernig hann vill verja þeim afgangi fagnaðarefni, þ.e. að greiða skuldir, ýmist innlendar eða erlendar, allt eftir því hvernig staðan er í efnahagsmálunum, og tryggja ákveðnar framkvæmdir sem eru mjög til hagsbóta fyrir þjóðlífið og eins að styrkja íslenska upplýsingasamfélagið. Þetta eru allt hin jákvæðustu mál og það nálgast að hægt sé að taka undir með hæstv. fjmrh. að fjárlagafrv. sé aðhaldssamt en ekki afturhaldssamt, þó að á ýmsum sviðum sé það þó ekki aðhaldssamt heldur afturhaldssamt.

Það sem er þó meginvandinn við þetta fjárlagafrv. eins og þau flest sem hér hafa verið fram lögð á hinu háa Alþingi er hversu það stendur á ótraustum grunni. Því miður hefur það reynst svo að spár þjóðhagsáætlunar Þjóðhagsstofnunar, sem frv. byggir að stórum hluta á, hafa ekki reynst nægjanlega traustar. Örlítið dæmi hér í upphafi er um hagvaxtarspár, en það var um þetta leyti í fyrra, ef ég man rétt, að Þjóðhagsstofnun spáði því að hagvöxtur yrði 2,7% en nú er áætlað að hann verði á þessu ári um 3,6%. Nú spáir Þjóðhagsstofnun hins vegar að hagvöxtur á næsta ári verði 1,6% og ýmislegt bendir til að óvissan sé jafnvel enn meiri nú heldur en hún var í fyrra. Hæstv. fjmrh. taldi nokkuð víst t.d. að olíuverð hefði náð hámarki. Um þetta leyti í fyrra voru einnig færð rök fyrir því að væntanlega hefði olíuverð náð hámarki. Vonandi að það sé rétt, því það reyndist því miður ekki svo fyrir ári síðan.

Það eru fleiri óvissuþættir í efnahagsspánni og ég vil nefna nokkur dæmi til viðbótar vegna þess að því miður, eins og ég sagði áðan, hefur Þjóðhagsstofnun ekki náð því að spá nógu nákvæmlega um ýmsa þætti. Ég vil nefna hér nokkra.

Einkaneyslan. Því var spáð af Þjóðhagsstofnun í fyrra að hún mundi aukast um 3%. Nú er gert ráð fyrir að hún aukist um 4%. Enn nálgast Þjóðhagsstofnun fyrri spá sína og spáir nú fyrir árið 2001 að aukningin verði 2,6%.

Samneyslan. Það má segja svipað um hana, þ.e. Þjóðhagsstofnun spáði í fyrra að hún yrði á þessu ári 2,5%. Nú er gert ráð fyrir að hún verði 3,5%. Um næsta ár spáir Þjóðhagsstofnun að hún verði 3%.

Fjárfestingaspáin er þó enn meira fjarri lagi vegna þess að Þjóðhagsstofnun spáði að aukning fjárfestinga yrði 2,7%, en nú er gert ráð fyrir að hún verði 11,1%. En Þjóðhagsstofnun spáir fyrir næsta ár að hún muni dragast saman um 1,5%.

Útflutningurinn. Þar var einnig verulegur munur á spá og raunveruleika vegna þess að spáð var að útflutningur mundi aukast um 1,9%, en nú er gert ráð fyrir að hann muni aukast um 2,6%. Hins vegar spáir Þjóðhagsstofnun fyrir næsta ár að hann muni dragast saman um 0,9%.

Sama má segja um innflutninginn, því spáð var í fyrra að hann mundi aukast um 1,9% en raunveruleikinn eins og hann blasir við nú er 7%. Þrátt fyrir þetta spáir Þjóðhagsstofnun að hann muni dragast um 0,3% á næsta ári.

Þetta eru, herra forseti, örfá dæmi um að það ber að fara varlega með flestar þær tölur sem fram koma í fjárlagafrv. vegna þess að grunnur þess er ekki traustari en ég hef hér nefnt nokkur dæmi um.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi dæmi um þátt sem eykur enn á óvissu þessa frv., en það eru væntanlegir kjarasamningar opinberra starfsmanna. Það er eðlilegt eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. að það séu ekki inni ákveðnar tölur í frv. um það hvernig menn muni leysa þær deilur sem í uppsiglingu eru.

Þetta eykur enn á óvissuna og það er auðvitað eðlilegt að stórar tölur séu fram lagðar af þeim hópum ýmsum sem nú ganga til samninga af þeirri einföldu ástæðu að ríkisvaldið hefur gengið til samninga við ýmsa hópa ríkisstarfsmanna sem fengið hafa á undanförnum árum miklum mun meiri hækkanir heldur en þeir hópar sem nú ganga til samninga. Og við erum enn að sjá það í því frv. sem við fjöllum um nú í fjárln. að enn hefur verið að bætast í á þessu ári, þannig að það er augljóst að það er mikill vandi sem bíður manna hæstv. fjmrh. við það að ná viðunandi samningum við þessar stéttir. Þeir sem til þekkja vita auðvitað að meginrök yfirleitt í kjarasamningum eru viðmiðunartölur við svokallaðar viðmiðunarstéttir. En vonandi næst það markmið sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti svo vel og hann þekkir gjörla frá fyrri tíð, vegna þess að þeir samningar sem líklega hafa haft hvað mest áhrif á þann efnahagslega stöðugleika sem við höfum búið við um nokkurt skeið hafa verið nefndir hinir svokölluðu þjóðarsáttarsamningar. Á þeim grunni hafa menn byggt síðan og það verður aldrei fullþakkað þeim aðilum öllum sem að því stóðu.

Það er eitt atriði sem getið hefur verið um hér og verður aldrei of oft getið og menn sakna eðlilega í fjárlagafrv., en það eru auknar jöfnunaraðgerðir. Við hlýddum hér á verulegar umræður og horfðum á mótmælastöður utan þinghússins fyrir nokkrum dögum, sem minnir okkur að sjálfsögðu á þá hópa sem fyrst ætti að horfa til þegar verið er að auka jöfnunaraðgerðir. En því miður er ekkert á því tekið í þessu fjárlagafrv.

Byggðamál hafa einnig verið nokkuð til umræðu og ég vil nota tækifærið og fagna orðum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur og hv. þm. Jóns Kristjánssonar um að það sé hlutverk okkar sem í fjárln. sitjum að lesa saman þá áætlun sem fyrir er í byggðamálum og fjárlagafrv. Það er full ástæða til þess vegna þess að samkvæmt þjóðhagsáætlun sem fyrir er lögð virðist ekkert benda til þess að breyting sé að verða á þeirri óheillaþróun sem staðið hefur allt of lengi.

Með leyfi forseta stendur hér í þjóðhagsáætlun:

„Á næsta ári má búast við því að áfram fjölgi á höfuðborgarsvæðinu vegna aðflutnings fólks af landsbyggðinni enda þótt örðugt sé að segja til um hversu miklir flutningar verða."

Það segir einnig, með leyfi forseta:

„Ef litið er til landsbyggðarinnar utan nærsvæða höfuðborgarinnar hefur íbúum fækkað um 1% á ári frá 1994 og samtals um nær 6.000 manns."

Ég held að sé mikilvægt að við förum einmitt að horfa til þess að við þurfum að skilgreina upp á nýtt þau svæði sem við erum að horfa til í þessu. Í þessum orðum þjóðhagsáætlunar kemur einmitt í ljós að það er örlítill munur á nærsveitum höfuðborgarsvæðisins, vegna þess að höfuðborgarsvæðið hefur í raun og veru verið að stækka á undanförnum árum.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram og með réttu að það er ekki allur afgangur fjárlaga myndaður af viðskiptahalla, það er vissulega margt fleira sem þar kemur við sögu. Ýmsir hafa m.a. nefnt sveitarfélögin, menn hafa nefnt að persónuafsláttur hafi ekki fylgt verðlagsþróuninni.

Sveitarfélögin eru sérstakur kapítuli og hann skiptir verulegu máli vegna þess að bæði hefur hæstv. forsrh. og nú síðast hæstv. fjmrh. gefið það í skyn að það eigi ekkert meira að gera í málefnum sveitarfélaganna heldur en það sem gert var í fyrra, þ.e. að eingöngu verði sett ein upphæð, sem var um 700 millj. í fyrra, til sveitarfélaganna til þess að mæta hinum svokallaða fólksfækkunarvanda. Það er hins vegar miklu meiri vandi sem steðjar að sveitarfélögunum heldur en eingöngu það sem tengist fólksfækkuninni.

Það er ljóst að lögin um tekjustofna sveitarfélaga eru orðin gömul, þau eru orðin tíu ára gömul og vissulega hefur mjög margt breyst á þeim tíma. M.a. hafa ýmsar lagasetningar hér á Alþingi haft það í för með sér að tekjur sveitarfélaga hafa minnkað. Ég nefni nokkur dæmi, þ.e. um skattfrelsi lífeyrissjóðsgreiðslna, þ.e. um hlutabréfakaup. Og fjármagnstekjuskatturinn hefur komið inn sem einnig hefur orsakað minni tekjur sveitarfélaga.

Umhverfis- og félagsmál hafa að sjálfsögðu gjörbreyst á þessum árum. Eitt dæmið er stofnkostnaður fráveitna sem hefur að sjálfsögðu kostað sveitarfélögin stórfé. Félagsþjónustulög, sem eru frá því um 1990, um svipað leyti og tekjustofnalögin, hafa að sjálfsögðu einnig stóraukið útgjöld sveitarfélaganna af ýmsum ástæðum. Íþrótta- og tómstundamál hafa að sjálfsögðu einnig vaxið mjög á þessum tíma þannig að það er að ýmsu að hyggja. En að auki liggja nú fyrir eða eiga að liggja fyrir á næstu dögum úttektir m.a. á því hvernig til hefur tekist með flutning grunnskólans til sveitarfélaganna en þar m.a. hefur kostnaður stóraukist þó ekki væri nema vegna þess að sett hefur verið ný námskrá fyrir grunnskólana sem sveitarfélögin þurfa að sjálfsögðu að standa kostnað af.

Síðan má ekki gleyma því, og þar ber ríkisvaldið að sjálfsögðu verulega ábyrgð, að um 70% af útgjöldum sveitarfélaganna tengjast beint launagreiðslum og það er auðvitað öllum ljóst að launagreiðslur sveitarfélaga taka mið af launastefnu ríkisins þannig að ríkið ber þar af leiðandi mikla ábyrgð á því hvernig hlutur launa í útlátum sveitarfélaga hefur stöðugt aukist.

[15:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem hér er lagt fram og er til umræðu er, eins og hér hefur margoft komið fram hjá fjmrh., tímamótafrumvarp með stórkostlega miklum tekjuafgangi, tekjuafgangi sem menn eru að tala um nú í góðærinu og er að skila sér hér til ríkissjóðs en tekjuafgangi sem er líka að skila sér vegna þess að ríkið hefur lagt auknar álögur á aðra og fengið til sín þá peninga en eftir situr hinn aðilinn þá og safnar skuldum eða er með skerta þjónustu. Einn af þeim aðilum eru sveitarfélögin í landinu sem bera sig illa, sama hverjir stjórna þeim, sama hvort þeim er stjórnað af sjálfstæðismönnum eða öðrum, og harma hlutinn sinn og harma það hvernig ríkisvaldið, stóri bróðir, kemur fram við sveitarfélögin. Það er því ekki að ástæðulausu sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur gert um þetta mikla skýrslu, farið í gegnum þessi atriði einmitt og í tilefni af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 1997 um lækkun útsvars sveitarfélaga jafnhliða skattalækkunum ríkisins í tengslum við gerð kjarasamninga.

Sá hópur sem unnið hefur að þessu fyrir Samband ísl. sveitarfélaga kemst að þeirri niðurstöðu að álögur ríkisins á sveitarfélög í formi skerðingar tekna, tímabundinnar þátttöku þeirra í rekstri ríkissjóðs, beinna skattlagninga og strangari reglna sem sveitarfélög þurfa að framfylgja hafi verið gríðarlega miklar. Og hópurinn hefur komist að því að miðað við þessar upplýsingar og forsendur sem stuðst hefur verið við megi álykta að þær aðgerðir ríkisvaldsins sem hægt er að meta beint hafi skert fjárhag sveitarfélaga um samtals 14–15 milljarða kr. á tímabilinu, eða í kringum 1,8–1,9 milljarða á ári að meðaltali. Þetta eru vissulega mjög háar tölur. Síðan eru sveitarfélögin allt að því hundskömmuð af hæstv. forsrh. fyrir að kunna ekki að fara með sitt fé, fyrir bruðl og annað slíkt, og þau hafi hreinlega ekkert með auknar tekjur að gera heldur þurfi bara að taka til í sínum rekstri.

Ég var sveitarstjórnarmaður hluta af þessu tímabili og ég mótmæli því harðlega að það sé algeng regla að sveitarstjórnir kunni ekki að fara með fjárhag og gæti ekki aðhalds og að sveitarstjórnir hafi ekki þurft að skera niður sinn rekstur, þjónustu við íbúana, m.a. vegna þess að stóri bróðir, ríkissjóður, var sífellt að krukka í tekjustofna þeirra og hirða til sín m.a.s. sumt af þeirra tekjum. Enda hefur komið fram, eins og stóð í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem var með frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, og það er að mörgu leyti mjög táknrænt dæmi um afstöðu ríkisvaldsins í þessu efni undanfarin ár en þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Þau nýmæli eru í frumvarpi þessu frá fyrri lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum að flest skerðingarákvæði sem endurtekin hafa verið árum saman eru nú sett fram í varanlegu formi."

Það er einmitt í þessum efnum þar sem mikið hefur verið skert og við getum tekið ýmsa kafla úr þessari skýrslu þar sem fram kemur, eins og ég sagði áðan, að á verðlagi ársins 1997 séu þarna tæpir 15 milljarðar kr., það kemur fram t.d. varðandi virðisaukaskattinn að þar séu bara um 5 þúsund millj. kr. Ef við förum í atriði eins og fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri þá kemur fram að það séu tæpar 800

milljónir sem hafa bitnað á sveitarfélögunum vegna þessa. Það eru rúmar 800 milljónir á verðlagi 1997.

Í sambandi við skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hafa útsvarstekjur sveitarfélaga verið skertar mjög mikið. Þar áætla sveitarfélögin að skattfrelsi lífeyrisgreiðslna kosti sveitarfélögin um tæpar 1.900 millj. kr. á árunum 1995–1997 og um einn milljarð kr. árlega eftir það miðað við meðal útsvarsprósentu 1997 og það verðlag sem þá var.

Svona má lengi telja upp úr þessari skýrslu. Það má halda áfram og fara í fjármagnstekjuskattinn þar sem talið er að á þessum tíma sé hann farinn að íþyngja sveitarfélögunum um tæpar 500 millj. kr. Það kemur t.d. fram í því að sveitarfélögunum er gert skylt að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutabréfa en sveitarfélögin höfðu fram til þess ekki þurft að greiða skatta af slíkum tekjum. Þetta hefur töluvert íþyngjandi áhrif á sveitarfélög.

Skerðing á útsvarsstofni sveitarfélaganna samkvæmt þessum fjármagnstekjuskatti var við mælingu árið 1997 tæpar 160 millj. kr. þannig að það má áfram og endalaust telja hér upp skatta, álögur og ýmislegt annað sem ríkissjóður hefur sótt til sveitarfélaganna, skert getu þeirra til að sinna sinni þjónustu en það er hluti af hinum mikla tekjuafgangi ríkissjóðs í dag sem ríkisstjórnarflokkarnir með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar eru að guma sér af. Og ég sagði: Það er sannarlega þannig að það er tekið úr vösum skattborgaranna, fært til ríkissjóðs í meira mæli en oft hefur verið áður, og það allra versta er náttúrlega hvernig farið er með sveitarfélögin. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. út í það hvað áætlað sé að gera í þessum efnum vegna þess að í mínum huga er það engin ráðstöfun og engar endurbætur að koma með á síðustu dögum áður en við afgreiðum fjárlög einhverja dúsu upp á 750 millj. kr. líkt og gert var síðast, og láta jöfnunarsjóð skipta því til þeirra sveitarfélaga sem hafa misst flest fólk, það er ekkert upp í það sem ríkissjóður hefur tekið frá sveitarfélögunum.

Herra forseti. Hér hefur líka verið minnst á það að atvinnuleysi sé nær ekkert. Ég hef áður sagt það að atvinnuleysi megi mæla í tveimur mismunandi afbrigðum. Atvinnuleysið er í dag um 1% eða þar um bil. Það má líka taka búferlaflutningana inn í það. Og það að atvinnuleysi hafi minnkað á landinu er m.a. vegna þeirra ofboðslegu flutninga sem hafa átt sér stað frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega sl. tíu ár, sem eru um 12.500 manns. Þetta er hluti af atvinnuleysiskráningunni.

Rétt í lokin vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. út í eitt atriði. Hér hefur verið vitnað í byggðaáætlun og mikið rætt um byggðamál, og einn af þeim þáttum sem full samstaða var um í byggðanefnd forsrh. var að stórauka niðurgreiðslur á rafhitun eða húshitun, eins og ég vil nú frekar kalla það. Ég get ekki séð að í þessu fjárlagafrv. sé staðið við þau loforð sem þar voru um að stíga annað skrefið af þremur jafnstórum til þess að auka þann þátt þannig að þeir íbúar, sérstaklega á landsbyggðinni, sem búa við mjög dýra húshitun færu í svokallaðan meðaltalskostnað úr 120–130 þús. kr. niður í 60 þús. kr. Ég sé ekki í frv. að svo sé. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. út í það hverju það sætir, hvort ekki eigi að standa við þau loforð sem þar voru gefin um að þetta næsta skref verði stigið í þessum efnum.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrri spurningu þingmannsins varðandi sveitarfélögin þá er ekki miklu að bæta við það sem ég sagði hér fyrr í umræðunni því að ég var spurður þessarar sömu spurningar snemma í umræðunni. Þetta mál er í athugun, það er í vinnslu í nefnd hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni og fleiri þingmönnum reyndar. Það liggur fyrir vilji ríkisstjórnarinnar um að koma til móts við sveitarfélög sem hafa misst frá sér fólk með fólksfækkunar- og þjónustuframlögum og sömuleiðis að gera leiðréttingu á fasteignagjaldagrunninum sem mundi skila íbúunum úti á landi leiðréttingu upp á rúman milljarð þó að það skili sér kannski ekki beint til sveitarfélaganna í fyrstu umferð, það gerir það auðvitað óbeint. Annað liggur ekki fyrir í þessu máli á þessu stigi.

Að því er varðar síðari spurninguna um niðurgreiðslu á rafhitun þá er aukningin í frv. að mig minnir um 30 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. En það liggur þarna fyrir alveg ákveðin áætlun um hvernig auka beri þessar niðurgreiðslur. Og þessi upphæð er núna komin í 790 millj. kr. samkvæmt frv. Ætli það þætti nú ekki nokkur upphæð í samanburðarfræðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar, 790 milljónir, eins og hann mundi orða það, í þetta.

En hvað sem því líður þá vil ég taka það fram í tilefni af þessari fyrirspurn að það er auðvitað ásetningur ríkisstjórnarinnar að standa við þá áætlun sem gerð hefur verið. Ef eitthvað vantar upp á það í frv. eins og það er núna úr garði gert munum við að sjálfsögðu skoða það í meðförum þingsins.

[15:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma aðeins aftur að niðurgreiðslunum. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því hér yfir úr ræðustól Alþingis að það eigi að standa við það samkomulag sem gert var í nefndinni, en sú nefnd var þverpólitísk. Það er hins vegar ekki gert í frv. Að mig minnir þá hefði þurft að auka þetta um 250 milljónir á hverju ári í þrjú ár. Í fyrra eða á þessum fjárlögum var stigið eitt skref sem var þó lægri tala en lofað var. Það voru ekki nema tæpar 200 milljónir. Það var vegna þess að allir þeir staðir sem hafa dýra húshitun með hitaveitu, t.d. hitaveitu Akureyrar, Akraness og Borgarfjarðar og fleiri, þeir staðir voru skildir út undan. Að mínu mati vantar þarna núna í kringum 300–350 milljónir til að standa við þetta loforð. Og ég fagna því frá hæstv. fjmrh. að við það samkomulag verði staðið.

Hitt atriðið varðandi tekjustofna sveitarfélaga, sem við eigum væntanlega eftir að ræða betur þegar frv. um það kemur fram, en engu að síður í því góðæri ríkissjóðs sem nú blasir við þá stendur það enn þá og hæstv. fjmrh. andmælti því ekki að við erum að tala um tæpa 15 milljarða sem tekjur sveitarfélaganna í landinu hafa verið skertar undanfarið. Það er það sem menn eru að tala um, hluti af því sem á að skila, og þess vegna vil ég enn þá spyrja hæstv. fjmrh. út í það. Ég tel ekki nægjanlegt að það sé gert með 750 millj. kr. framlagi í jöfnunarsjóðinn eins og var í fyrra. Það eru miklu hærri tölur sem sveitarfélögin eiga inni.

[15:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef mér hefur láðst að andmæla þessari 15 milljarða kr. upphæð, ég man nú ekki eftir því að hún hafi komið fram í ræðu þingmannsins en ég andmæli henni þá nú, ef það er krafan sem liggur á borðinu til að taka afstöðu til. En ég hygg nú ekki að svo sé reyndar, ég held að þetta séu allt aðrar tölur sem menn eru að togast á um í því sambandi.

Ég vil líka hafa þann fyrirvara á því sem ég sagði hér um niðurgreiðslu á rafhitun að ég kannast ekki við að þar skorti einhverjar 300 eða 350 millj. kr. Ég held að við þurfum að fara mun betur ofan í saumana á þessum tölum áður en lengra er haldið og áður en menn skrifa upp á slíkar hækkanir í fjárlögunum. En það liggur fyrir ákveðin áætlun um þessi mál og ég veit ekki annað en að allra hugur standi til þess að standa við hana og fara eftir henni.

[15:15]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins aftur að jöfnun húshitunar sem er stórmál fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að þarna vanti þessar tölur. Þetta var sú margfræga nefnd sem oft hefur verið vitnað í sem gerði þessar tillögur og studdist við tölur frá ýmsum ráðgjafarfyrirtækjum í Reykjavík sem voru búin að reikna þetta út. Um þetta hefur mikið verið rætt. Þær tölur vantar og ég sé ekki að það sé neins staðar í þessu fjárlagafrv., ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það vantar að stíga skref númer tvö sem átti að vera í þessu sambandi.

Því miður hefur ekki heldur verið staðið við það loforð sem hæstv. iðnrh. gaf um það að jafna húshitun almennt á öllu landinu heldur hefur það eingöngu verið um rafhitun. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það eru mjög stór landsvæði sem búa við dýra hitaveitu sem hafa orðið útundan hvað varðar þessa niðurgreiðslu.

En enn og aftur: Þær tillögur sem gerðu ráð fyrir að kostnaðurinn yrði tvöfaldaður á þessum þremur árum, að mínu mati eru það um 300–350 milljónir sem þarna vantar inn. Ég trúi því og treysti, eins og hér hefur komið fram, að við það verði staðið.

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar í fjárln. hafa í umræðunni gert ágætlega skil ýmsum stærðum sem þetta fjárlagafrv. byggir á. Vissulega er ýmislegt jákvætt við frv. eins og fram hefur komið, eins og góður afgangur á ríkissjóði sem ber vissulega að fagna. En aldrei verður nógsamlega ítrekað hvað viðskiptahallinn er mikið áhyggjuefni í því efnahagsumhverfi og stöðu sem við erum í núna.

Það eru líka ýmsar skuggahliðar á þessu fjárlagafrv. og að mínu viti er æðioft að finna misskilinn sparnað í þessu frv. sem þegar grannt er skoðað mun ekki skila sparnaði þegar upp er staðið eins og þegar menn eru að burðast við að reyna að spara 20 eða 30 milljónir til lögreglunnar, sem Landssamband lögreglumanna hefur mótmælt harkalega eðli málsins samkvæmt, og þegar verið er að spara framlög til fíkniefnamála eins og ég mun koma inn á síðar.

Mér hefur aldrei fundist það einhver sérlega mikil hagstjórn hjá ríkisstjórninni að geta skilað einhverjum afgangi í því góðæri sem við höfum búið við. Það er svo að á föstu verðlagi frá 1995 hefur verið tekjuauki hjá ríkisstjórninni um 50 milljarða kr. Við getum borið það saman við árin 1988–1994 þar sem tekjur ríkissjóðs stóðu nánast í stað. Það er alveg ljóst, eins og fram hefur komið, að sá tekjuauki sem við erum að tala um núna byggir að verulegu leyti á áframhaldandi aukningu í neyslusköttum og beinum sköttum hjá einstaklingum en aftur á móti er gert ráð fyrir að það dragi saman að því er varðar skatta hjá fyrirtækjum og fjármagnseigendum. En beinir og óbeinir skattar til ríkisins hafa aukist um 45 milljarða að mér telst á sl. fimm árum. Það eru auðvitað veikleikar að því er þessa tekjuöflun varðar eins og sala á eignum ríkisins sem er mjög óljós. Ég spyr hæstv. fjmrh. um það hvort hann telji skynsamlegt í þeirri þenslu sem við búum við að stefna að svo mikilli sölu á bönkunum. Ég minni á í því sambandi að þegar var farið út í hlutafjáraukningu í bönkunum fyrir nokkrum árum held ég að allir séu sammála um að það hafi ekki átt lítinn þátt í útlánaþenslunni sem var í þjóðfélaginu sem við erum enn að súpa seyðið af. Ég spyr því hæstv. ráðherra um það hvort hann telji það skynsamlega ráðstöfun í þeirri stöðu sem við erum núna.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að ekki er nóg að hrósa sér af miklum tekjuafgangi heldur verður líka að skoða hvernig hann er fenginn. Ég hika ekki við að segja að mér finnst að fjárlögin endurspegli aukna misskiptingu í þjóðfélaginu. Mér finnst nokkuð hátt reitt til höggs gagnvart þeim sem verst standa í þjóðfélaginu. Hér var umræða í gær um stöðu lífeyrisþega sem ég held að sé alveg ljóst að hafi ekki fengið sinn hluta af góðærinu. Það hefur verið kynnt ítarlega að hlutur þeirra, þegar miðað er við dagvinnulaun verkamanns, hafi lækkað verulega ef tekið er mið af stöðunni eins og hún var 1991. Mér sýnist að í fjárlagafrv. núna sé enn gert ráð fyrir því að halda áfram á þessari braut vegna þess að fjárlögin byggja á 4% hækkun á lífeyrisgreiðslum til aldraða á næsta ári sem er um 2.000 kr. hækkun. Ég sé ekki annað nema um það verði tekin ný ákvörðun að ekki sé gert ráð fyrir meiri hækkun til aldraða. Á móti sér maður að það á að spara 370 milljónir í lyfjakostnaði, m.a. með aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga.

Eins og hefðbundið er orðið hjá þessari ríkisstjórn er enn ráðist á Framkvæmdasjóð fatlaðra. Hann fær sömu krónutölu á næsta ári og á þessu ári en tekjur af erfðafjárskatti, sem hann hefur alltaf byggt sitt framkvæmdafé á, á samkvæmt fjárlagafrv. að vera 607 millj. kr. Það eru því um 372 milljónir af erfðafjárskatti sem renna þá í ríkissjóð og aðeins 235 milljónir þar sem eiga að fara í framkvæmdir þó að við þekkjum langa biðlista eftir uppbyggingu á sambýlum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Þessar 235 milljónir, ef maður setur þær í samanburð við einhverja aðra stærð í fjárlögum, þá eru það 700 milljónir eins og hér hefur komið fram sem eiga að fara í sendiráðið í Tókíó. Það er þrefalt hærri fjárhæð en fer til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þetta er forgangsröðunin hjá ríkisstjórninni.

Ég nefndi líka að það á að draga úr löggæslu í Reykjavík og lækka framlög til aðgerða gegn fíkniefnum sem er auðvitað enginn sparnaður þegar við búum við að umferðarslysum hefur fjölgað og umferðarþunginn fer sívaxandi og maður sér ekki að það dragi neitt úr fíkniefnavandanum, þvert á móti. En þar á að skera niður um 10 milljónir kr. Hvað halda menn að þeir spari með því að skera niður 10 milljónir kr. til aðgerða í fíkniefnamálum? Hvað halda menn að þeir spari með því að skera niður til löggæslunnar í Reykjavík um einhverjar 20 eða 30 millj. kr.? Auðvitað mun þetta allt koma fram í aukningum á útgjöldum til félags- og heilbrigðismála. Þetta er því ekki skynsamlegur niðurskurður. Það er misskilinn niðurskurður að fara þessa leið. Ég vænti þess að ríkisstjórnin sjái að sér í þessu efni og fjárln. færi þessa þætti til betri vegar. Eins og ég sagði hefur niðurskurðinum verið harðlega mótmælt af Landssambandi lögreglumanna. Þetta gengur þvert á það sem hæstv. dómsmrh. sagði í sumar þegar hún baðaði sig í fjölmiðlum fyrir framan skilti, sem sett hafði verið upp um skelfingar umferðarslysanna, og sagði að hún

ætlaði að beita sér fyrir aukinni löggæslu til að bæta eftirlit í umferðinni. Ég spyr: Er þetta svarið við því?

Síðan er það alvarlegt sem fram kemur í fjárlagafrv. að nú er komið að því að hækka vexti á leiguíbúðum upp í markaðsvexti. Nýútkomin skýrsla sýnir að tvö þúsund manns bíða eftir leiguíbúðum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og margar fjölskyldur búa við sára neyð í því efni. Ég er sannfærð um að þetta mun draga verulega úr uppbyggingu leiguíbúða. Sú tala sem sett er fram í fjárlögum, að það eigi að veita 90% lán til 500 leiguíbúða, er auðvitað út í loftið á meðan það á að taka fyrir það markaðsvexti og sveitarfélögin og félagasamtök eiga að borga markaðsvexti fyrir þessar leiguíbúðir.

Ég minni á að þegar sveitarfélögin bjuggu við 1% vexti á leiguíbúðum var aukning á leiguíbúðum um 300 leiguíbúðir að meðaltali á ári. Á árinu 1997 varð fjölgunin 49 og 39 á árinu 1998. Ég spyr: Halda menn að einhver aukning verði á uppbyggingu leiguíbúða þegar við erum komin með þetta upp í markaðsvexti? Ég segi að það verði rothögg á uppbyggingu leiguíbúða að fara þessa leið og það að leggja fram einhverjar 50 milljónir í aðstoð í styrki til þeirra sveitarfélaga sem ætla að koma upp leiguíbúðum. Það er bara hlægilegt, vegna þess að ef við erum að tala þar um 500 íbúðir þá eru það 100 þúsund á hverja íbúð sem segir ekki neitt í uppbyggingu á leiguíbúðum.

Í lokin, herra forseti, af því að ég sé að tími minn er að verða búinn, þá vil ég líka vara við því sem fram hefur komið að það eigi að fara að skera harkalega niður til vegamála á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum tíma og tækifæri til að ræða það nánar áður en þessi fjárlög verða endanlega afgreidd en það gengur ekki að ávallt sé verið að ráðast á vegaframkvæmdirnar á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg hefur skýrt þetta mjög nákvæmlega í rökstuðningi sínum til fjárln. hvað umferðarþunginn hefur aukist og hvað fjárþörfin er gífurlega mikil til að mæta þeim mikla umferðarþunga sem hér er og fer vaxandi. Ég tel því, herra forseti, að miðað við fjölgun umferðarslysa og aukinn umferðarþunga sé heldur ekki verið að spara hér frekar en á ýmsum öðrum sviðum í þessu frv. sem ég hef gert að umtalsefni.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af því síðastnefnda sem hv. þm. nefndi þá liggur ekki enn þá fyrir hvar á að draga úr vegaframkvæmdum í samræmi við tillögur frv. um niðurskurð í þeim efnum á næsta ári. En við vitum að raunaukning er mikil í vegaframkvæmdum samkvæmt frv. á næsta ári. Ekki má gleyma því að á höfuðborgarsvæðinu er núna verið að ráðast í eitthvert stærsta vegaframkvæmdaverkefni ársins í ár og sennilega næsta árs líka, sem eru 800 millj. kr. mislæg gatnamót við Mjóddina. Það er verið að breikka Miklubrautina. Hver borgar þetta? Þetta borgar ríkissjóður, Vegasjóður, og það er margt í gangi.

En hættulegustu gatnamótin í Reykjavík eru gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Af hverju er ekki hægt að ráðst í framkvæmdir þar? Það er vegna þess að núverandi meiri hluti í borgarstjórn Reykjavíkur tók mislæg gatnamót á því svæði út af skipulaginu í Reykjavík. Þess vegna er það mál stopp og ekki út af neinu öðru.

Að því er varðar önnur atriði sem hv. þm. nefndi þá spurði hún að því hvort skynsamlegt væri að selja eignir ríkissjóðs. Já, ég tel að svo sé. Hún vitnaði til þess að hlutafjáraukningin í bönkunum á sínum tíma hefði verið þensluhvetjandi og spurði hvort það væri í ljósi þess skynsamlegt að selja eignir ríkissjóðs. Þetta er allt annað mál. Ef ríkið selur eignir sínar þá er það að taka inn peninga úr hagkerfinu, getur notað þá eftir atvikum til að borga upp skuldir eða ráðstafað þeim til annarra þátta. Það er ekki verið að skapa nýtt útlánsfé fyrir bankana eins og hlutafjáraukningin gerði. Því er ekki saman að jafna og allt annað mál.

Síðan vildi ég nefna fíkniefnamálin. Þar detta út tímabundin framlög, kaup á tækjum sem er núna búið að kaupa og þarf ekki að kaupa aftur, gegnumlýsingarbíll og fleira þess háttar.

Síðan vildi ég benda mönnum á öll hin hræðilegu framlög til Schengen-samstarfsins svonefnda, sem menn hafa verið að gagnrýna, skyldu þau ekki gagnast neitt í fíkniefnabaráttunni, t.d. í auknu landamæraeftirliti og stórfelldum fjármunum til að bæta gæslu á Keflavíkurflugvelli?

[15:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. sýni það í ræðustól að hann hefur verulegan skilning á vegaframkvæmdum í Reykjavík. Engin furða, hann er þingmaður Reykvíkinga, og hann á að hafa verulegar áhyggjur af umferðarástandinu eins og allir þingmenn. Ég geri því ráð fyrir því að stuðningur hans sé vís ef á að fara að skera verulega niður í vegaframkvæmdum og sá niðurskurður eigi að beinast sérstaklega að höfuðborgarsvæðinu.

Varðandi fíkniefnamálin og að ákveðnum verkefnum sé lokið sem þessi fjárhæð var ætluð til, sem mig minnir að hafi verið 30–40 millj., þetta var ekki stærra, þá sé ég ekki sparnaðinn í því að taka út þessar 10 millj. í stað þess að láta þær standa áfram til aðgerða og átaks í fíkniefnamálum. Ég held að margt sé ógert á því sviði og ég minni á loforð framsóknarmanna í því efni fyrir kosningar þar sem átti að setja milljarð til átaks í fíkniefnamálum á kjörtímabilinu. Það þarf eiginlega að fara að setja þann reikning upp, hvernig hann lítur út núna þegar vel fjórðungur af kjörtímabilinu er búinn.

Af því að ég hafði ekki tíma til þess áðan að fara út í það þá vil ég nota þetta andsvar til að spyrja hæstv. ráðherra um það sem ég komst ekki inn á, sem eru barnabæturnar sem á að auka á þessum fjárlögum um 600 millj., sem er mjög vel, en mér heyrist á hæstv. fjmrh. og þeirri lýsingu sem fram kemur í fjárlagafrv. að fallið hafi verið frá því að taka upp barnakortin, en mest af þessum fjármunum eigi að fara til þess að afnema eignatenginguna á barnabótakerfinu. ASÍ hefur í ályktun, sem það hefur sent frá sér, litið svo á að það kæmi þá til viðbótar ef það á að afnema eignatenginguna á þessum 600 millj. sem eru á fjárlögum.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði fyrr í dag er ekki lokið útfærslu á breytingum á barnabótakerfinu. Það er rangt að það kosti um 600 millj. eða langleiðina í það að afnema eignatenginguna. Það er miklu minna sem þar er um að ræða. En málið er óútkljáð vegna þess að ekki er búið að semja frv. og við eigum eftir að fara betur yfir það með aðilum vinnumarkaðarins eins og við höfðum hugsað okkur að gera. ASÍ hefur ekki gert neina sérstaka ályktun heldur sent frá sér einhverja litla úttekt á þessum málum, þ.e. á fjárlagafrv. Ef það er ályktun þá er hún ný, þá er hún síðan í dag, því hún var ekki komin í gær.

En ég vildi geta þess líka vegna þess sem hv. þm. sagði um málefni fatlaðra að veruleg aukning er á þeim málefnaflokki í þessu frv. Það kemur greinilega fram því verið er að taka í notkun ný sambýli og auka þennan rekstur.

En að því er varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra vildi ég segja það sem skoðun mína og þætti nú gaman að heyra hver skoðun þingmannsins er á því, að engin eðlileg tengsl eru á milli þess sjóðs, svo ágætur sem hann er, og erfðafjárskattsins. Þetta er bara gömul tenging sem á að afnema að mínum dómi. Þetta er tenging frá því 1954 eða eitthvað þar um bil, hún er að verða hálfrar aldar gömul. Hún var búin til á sínum tíma vegna þess að menn vildu marka sér tekjustofn. En það er með þennan markaða tekjustofn eins og alla aðra að þeir hafa gengið sitt skeið. Þeir þjóna ekki tilgangi sínum. Ég tel að það eigi bara að afnema þetta hreinskilnislega og það eigi að hafa þetta þannig með þennan sjóð, eins og aðra sjóði af sambærilegum toga, að þeir fái bara venjulegar fjárveitingar af fjárlögum eins og hefur verið reyndin í framkvæmd áratugum saman með þennan sjóð vegna þess að hann hefur verið skertur áratugum saman. Þar á meðal hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir komið að því máli sem ráðherra, eins og reyndar allir sem setið hafa í ríkisstjórnum umliðna áratugi.

[15:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þessi ríkisstjórn hefur ekki haft neina tengingu á milli þess sem fer í Framkvæmdasjóð fatlaðra og þess sem rennur inn í erfðafjársjóð. Það gerði aftur á móti fyrri ríkisstjórn vegna þess að þegar það var tekið upp á sínum tíma fyrir nokkrum árum, að hluti af framkvæmdafé sjóðsins mátti renna í rekstur, þá var það skilyrði sett í lög að með þeirri breytingu ætti óskert fjármagn erfðafjársjóðs að renna alfarið inn í framkvæmdasjóð. Það gerði það allar götur þar til ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfsfl. tók við. Það er staðreynd málsins. Þetta er miklu meira fé sem kemur af erfðafjárskatti en hefur farið inn í sjóðinn á umliðnum árum og það er meginástæða þess að við stöndum uppi með þessa löngu biðlista sérstaklega að því er varðar sambýli fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu.

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Nokkur orð út af ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Það er veruleg aukning til málefna fatlaðra. Í fjárlögum ársins í ár eru ætlaðar 3.488,7 millj. Þessi upphæð hækkar í 3.775,6 millj. í þeim fjárlögum sem við erum að ræða núna. Þar að auki er uppsetningu breytt nokkuð þannig að fæðingarpeningar eða fæðingarorlof færist til. Tiltölulega margar konur eru í þessum geira og talsverðir fjármunir sem fara til að greiða þeim þegar þær eru í fæðingarorlofi.

Það er einnig nokkuð yfirdrifið, það er rétt að það komi hér fram, hvernig staðan er í biðlistamálunum. Við erum nýbúin að taka í notkun dagvistarrými þar sem um 40 einstaklingar njóta þjónustu. Það var mjög gleðilegur atburður og verulega ánægjulegur áfangi. Verið er að endurskipuleggja fyrirkomulag dagþjónustu og verndaðrar vinnu á Akureyri og tekið er tillit til þess í samningi félmrn. við Akureyri. Sama er hægt að segja um samninga ráðuneytisins við Hornafjörð og héraðsnefnd Þingeyinga þar sem gert er ráð fyrir framlögum á þeim svæðum til aukinnar dagþjónustu eða til dagþjónustu sem var ekki áður.

En samkvæmt upplýsingum svæðisskrifstofunnar í Reykjavík eru nú 29 manns án dagþjónustu. Þar af búa 14 á sambýlum, þ.e. 15 einstaklingar í Reykjavík sem hvorki hafa dagþjónustu né sambýli. En eitthvað er um óskir um meiri daglega þjónustu en veitt er. Á Reykjanesi eru 11 sem bíða eftir dagþjónustu, en fjórir af þeim eru á sambýli.

Það liggur fyrir að við getum fengið húsnæði til leigu til að innrétta meiri dagþjónustu og ég vonast til að það takist að gera það fljótlega. Markvisst er unnið að sköpun fleiri úrræða fyrir sambýli og ég bind miklar vonir við að það takist að ná verulegum árangri innan skamms.

Varðandi vextina á leiguíbúðunum, sem hv. þm. nefndi líka, er ekki búið að ganga frá framtíðarfyrirkomulagi varðandi leiguíbúðir. Búið er að gera tillögur en ekki er búið að ganga frá því máli.

Hvað varðar milljarðinn sem framsóknarmenn töldu að þyrfti að fara til aukningar á fíkniefnavörnum þá var í fjárlögum síðasta árs og ráðstöfun í fjáraukalögum á síðasta ári u.þ.b. helmingurinn af þessum milljarði, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að þörf verður á verulega meiri peningum en þessum milljarði til fíkniefnavarna á kjörtímabilinu.

Varðandi barnaverndarmálin eða það sem veit að fíkniefnaneyslu ungmenna eða barna þá er það mat forstöðumanns Barnaverndarstofu að þörfinni fyrir meðferðarúrræði sé fullnægt, bæði fyrir unga vímuefnaneytendur og aðra með hegðunarvandamál. Við höfum sem sagt náð þeim áfanga í barnaverndarmálunum að við getum útvegað meðferðarúrræði eftir því sem þarf.

[15:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um leiguíbúðir að ekki sé komin niðurstaða í það mál, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann mótmæli því sem stendur í fjárlögum að frá og með næstu áramótum eigi að taka upp markaðsvexti á leiguíbúðir.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra er það staðreynd sem liggur fyrir þó að lítil aukning sé í rekstur á fjárlögum frá þessu ári fyrir næsta ár, að þá stendur Framkvæmdasjóður fatlaðra í stað. Það er ekki ein króna í aukningu þar. Nú er svo komið og hefur komið fram í fjölmiðlum að Þroskahjálp er að velta því fyrir sér að fara með þá skerðingu fyrir dóm, sem sjóðurinn hefur búið við á undanförnum árum, sem eru tólf til fimmtán hundruð milljónir. Þeir telja að þetta standist ekki lög. Þeir hafa bent á það að fyrir 1996 var heimild í lögum um að allt að 40% af innheimtum erfðafjárskatti rynni til reksturs en þá hafi lögunum verið breytt með þeim afleiðingum að það eru 425 millj. minna til ráðstöfunar en hefði verið áður en lögunum var breytt. Þetta er staðan í því máli. Auðvitað blasir það við að ef ekki rennur fé til framkvæmda og uppbyggingar í þessum málaflokki, sérstaklega til sambýla í Reykjavík og á Reykjanesi verður stöðnun í þessum málaflokki. Við höfum þegar orðið vör við að þar er víða neyðarástand. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því líka: Hvað eru langir biðlistar eftir húsnæði fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu og þar er ég sérstaklega að tala um sambýli?

[15:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki með töluna tiltæka í dag hve margir eru á biðlistum. Það hefur gengið býsna vel að saxa á þá á undanförnum mánuðum og missirum. Það hefur verið unnið fyllilega eftir þeirri tillögu sem biðlistanefndin setti

fram á sínum tíma 1998. Ég á von á því að innan skamms leysist þau mál með þeim hætti að biðlistarnir verði að baki að mestu leyti.

Ekki hefur enn þá verið tekin endanleg ákvörðun um vaxtakjör eða hvernig verði háttað aðstoð ríkisins við uppbyggingu leiguíbúða.

[15:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða vextir eiga að gilda á leiguíbúðum spyr ég enn hæstv. ráðherra: Er þetta markleysa sem stendur í fjárlagafrv.? Það kemur greinilega fram, að mig minnir á tveimur stöðum, að frá og með næstu áramótum eigi að hækka niðurgreiðslu á vöxtum til leiguíbúða en taka upp markaðsvexti. Þetta er að vísu fjárlagafrv. og það er hægt að breyta þessu þá í fjárlagafrv. með því að setja meiri peninga inn til niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum en það er ekki gert. Þvert á móti er lækkað það framlag sem var til niðurgreiðslu á þessu ári og því næsta og stendur hér skýrum stöfum að taka eigi upp markaðsvexti. Er ráðherrann hæstv. því þá ekki sammála eða er það marklaust sem stendur um þetta í fjárlagafrv.? (**ÖJ:** Á bls. 489.)

[15:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er ekki orðið að lögum. Eins og ég sagði áðan er ekki búið að ganga frá málinu, þetta er einn af þeim endum sem eru lausir og eftir er að hnýta. Eins og hv. þm. man áreiðanlega manna best var í lögunum um húsnæðismál ákveði um að næstu tvö ár yrði óbreytt fyrirkomulag á aðstoð ríkisins til leiguíbúða. Innan þess tíma yrði samið við sveitarfélögin um frambúðarfyrirkomulag. Þeir samningar standa yfir en þeim er ekki lokið.

[15:45]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Fjmrh. hefur með sannfærandi hætti lagt fram þriðja árið í röð fjárlagafrv. með verulegum fjárlagaafgangi og meira en þekkst hefur á undanförnum áratugum. Að sjálfsögðu er mjög sögulegt að það skuli gerast og eykur tiltrú manna á stöðu ríkissjóðs og á þeirri efnahagsstjórn sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa fylgt á undanförnum tíu árum.

Það er engin tilviljun, herra forseti, að fjármál ríkisins eru jafngóð og raun ber vitni. Það er alls engin tilviljun að ástand efnahagslífs þjóðarinnar er jafngott og raun ber vitni. Það sem stendur að sjálfsögðu upp úr er það hversu mikill afgangur er af fjárlögum og að það skuli í raun vera að leiða til þess að skuldir ríkissjóðs verða horfnar á næstu fjórum árum. Því hefði enginn trúað fyrir tíu árum.

Mikið hefur verið rætt um kjör aldraðra og fatlaðra í tengslum við fjárlög og þingsetninguna og sýnist fulltrúum þeirra afla sinn hlutur rýr. Samanburður á kjörum þessa hóps miðað við fyrri ár eða önnur lönd er alltaf erfiður. Það hefur þó komið í ljós við könnun sem Stefán Ólafsson gerði og birti í bók sinni, Íslensku leiðinni, sem gefin var út fyrir ári að afkoma aldraðra í heild er með því betra sem gerist á Norðurlöndum og þá í heiminum um leið. Það gerir að sjálfsögðu mikil þátttaka eldri borgara í atvinnulífinu umfram það sem gerist hjá öðrum löndum og þá ekki síst Norðurlöndunum.

Staða þess hóps sem hefur engar atvinnutekjur er þó að sjálfsögðu verri en annarra en er þó að skána með hverju árinu sem líður vegna vaxandi áhrifa lífeyrissjóðanna á laun aldraðra. Þessi staðreynd segir þó ekki að allir hafi það gott og afkoma allra sé góð. Það er staðreynd að laun eða tekjur þeirra sem hafa strípaðar bætur almannatryggingakerfisins eru litlar og þetta fólk er að mörgu leyti illa sett. Með minni tekjutengingu er komið til móts við þetta fólk en ljóst er að einhverja hækkun bóta til þeirra sem eru á strípuðum bótum þarf að skoða sérstaklega eða hækkun skattleysismarka.

Ríkisstjórn og Alþingi hefur tekið eftirminnilega á málefnum barnafólks sem hefur komið mjög vel fram í þessum umræðum með stofnun Fæðingarorlofssjóðs. Þar hefur verið stigið tímamótaskref til að styrkja fjölskylduna. Þessa sér stað í fjárlagafrv. með þeim 600 milljónum sem hefur margoft verið talað um í umræðunni sem er ætlað í þennan sjóð umfram það sem kemur fram með fæðingarorlofstilfærslunni sjálfri. Að það skuli vera byggt undir fjölskylduna sem grunneiningu er að sjálfsögðu mjög hvetjandi og í anda þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Inn í þennan sjóð munu bætast milli 1,5–2 milljarðar á næstu þremur til fjórum árum sem þýðir styrkingu til barnafjölskyldna um þá upphæð. Það mun einnig auka þau velferðarútgjöld sem ríkissjóður er að setja í þennan geira. Það er út af fyrir sig gott að það sé hægt og mjög í takt við það sem gert er annars staðar á Norðurlöndum. En það kom fram í bók Stefáns Ólafssonar, sem ég vitnaði í hér áðan, að aðrar Norðurlandaþjóðir séu að hans mati rausnarlegri í félagslegum útgjöldum en Íslendingar og að því leyti til höfum við verið tregari til þess að borga mjög háar bætur eða háar tekjur til fólks sem er ekki á launatöxtum. Þetta hefur skapað einhvern mismun en með þessu erum við þó að brúa þetta bil að einhverju leyti. Með vaxandi þátttöku lífeyrissjóðanna hef ég fulla trú á því að á nokkrum árum verði staða íslenskra ellilífeyris- og örorkuþega með því allra besta sem þekkist í heiminum. Það er meginmarkmið okkar að allir þegnar landsins geti haft það í anda þess sem hefur þekkst hjá öðrum þjóðum og er með því besta sem þekkist. Ég minni á það að foringi okkar sjálfstæðismanna, Ólafur Thors, lýsti því sem stefnu sinni í ríkisstjórn sem kölluð var nýsköpunarstjórnin og við höfum reynt að fylgja eins og kostur hefur verið.

Það hefur komið fram nokkuð skýrt, herra forseti, að hluti af þessu fjárlagafrv. er eignasasla og menn hafa velt því fyrir sér hvað það er sem eigi að selja. Ég heyrði það í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hann taldi fráleitt að selja Landssímann nema að taka flutningakerfið frá símanum og þar með gat hann samþykkt fyrir sitt leyti að selja Landssímann.

Ég lít svo á að ef það á að taka flutningakerfið alfarið út úr sölunni sé það álíka og að kaupa vélarlausan bíl. Ég get ekki ímyndað mér að margir hafi áhuga á því að kaupa fyrirtæki eins og Landssímann ef hann væri vélarlaus eins og mér heyrist að hv. forustumaður Samfylkingarinnar leggi til.

Það er alveg morgunljóst að breytingar í málum eins og fjarskiptamálum og símamálum í heiminum eru það örar að í rauninni er engin leið að átta sig á því hver verðmæti þessa fyrirtækis verða eftir tvö ár, hvað þá eftir fjögur eða fimm ár. Aðrar vestrænar þjóðir hafa farið út í hlutafjárvæðingu þessara stofnana og ég hef sjálfur kynnt mér það í Noregi og Danmörku hvernig staðið var að þessum málum þar. Það hefur fært þessum fyrirtækjum Norðmanna og Dana ómælda ávinning og styrkt þessi fyrirtæki verulega. Ég held því að til framtíðar litið væri það gegn þjóðarhagsmunum að berjast gegn sölu Landssímans en að sjálfsögðu er nauðsynlegt að

tryggja ákveðin grunnatriði. Ég get ekki ímyndað mér annað en að stjórnarflokkarnir nái um það samstöðu hvernig staðið verði að sölunni. Sú grunneining sem flutningakerfið er verður að sjálfsögðu hluti af sölunni með einhverju móti en að ná samkomulagi um hvernig það nýtist öðrum er að sjálfsögðu hægt og ég heyri ekki annað en að formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hafi tekið vel undir það að þarna sé mál sem menn hafa möguleika á að ná samstöðu um. Þess vegna held ég að engin óvissa sé í raun um það hvernig hægt verði að afla fjár fyrir þann hluta fjárlaganna sem gerir ráð fyrir eignasölu. Það hefur verið á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að selja hluta af ríkisbönkunum og ég geri ráð fyrir því að það gangi eftir.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka í sambandi við fjárlögin sem eru einn sá lagabálkur sem skiptir allra mestu máli í þinginu hverju sinni en staða sveitarfélaganna hefur komið hér upp og það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt að aðstoða sveitarfélögin og grípa inn í málin ef mjög brýn ástæða þykir til. Það er náttúrlega ekki saman að jafna fjármálum þeirra sveitarfélaga sem berjast við fólksfækkun, erfitt atvinnuástand eða erfiða skuldastöðu og stöðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, það er deginum ljósara. Þess vegna er eðlilegt að reyna fyrst að skoða vandamál þeirra hópa, sveitarfélaga sem eru á jaðarsvæðunum og eru að berjast við þetta fólksflóttavandamál sem við þekkjum öll. Ég held því að þegar á allt er litið þá sé verið að reyna að afmarka verkefnið við það sem eðlilegt má telja.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Prakkarar í hópi þingmanna Sjálfstfl. hafa gaman af því að hrekkja Framsfl. Hv. þm. Kristján Pálsson er einn af þeim. Hann kemur hingað og hefur gaman af því að nudda Framsfl. upp úr því að Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að hann ætli að beygja hann hvað varðar sölu dreifikerfis Landssímans.

Nú vill svo til að hv. þm. Jón Kristjánsson, sem kom hingað í ræðustól í dag, tók algjörlega skýrt fram að það þyrfti að vera alveg ljóst að til þess að það væri hægt yrði landsbyggðin að búa við sömu kjör varðandi flutninga á gögnum og þéttbýlið. Hins vegar hefur komið fram af hálfu þeirra sem mæla fyrir Landssímann að það kemur ekki til greina. Þeir telja að á því séu slíkir örðugleikar að þeir vilja ekki gera það.

Þá er alveg ljóst að þeir sem vilja að landsbyggðin sitji við sama borð og þéttbýlið í þessu efni eiga ekki aðra kosti í málinu en að fara þá leið að leggja til að dreifikerfið verði ekki selt og það er það sem við höfum gert. Það er nákvæmlega það sem framsóknarmenn hafa tekið undir. Þeir hafa sagt þetta með ýmsum hætti.

Herra forseti. Í þessu liggur munurinn á mér og hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Ég er þeirrar skoðunar að framtíð landsbyggðarinnar, þróun byggðar í dreifbýlinu muni helgast verulega af því hvernig landsbyggðin getur notfært sér hina nýju tækni. Ég hef sagt það áður að víglínan í byggðamálunum liggur ekki lengur um kvóta og sjávarútveg heldur um þessa nýju tækni. Ef landsbyggðin hefur ekki sama aðgang að þekkingarnetinu, að ljósleiðaranum og þéttbýlið er alveg ljóst að það er búið að dæma hana úr leik í því framtíðar tæknivædda samfélagi sem við erum að sigla inn í.

[15:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek ekki undir það að ég sé að nudda framsóknarmönnum upp úr einu eða neinu. Þetta eru eðlilegar samningaviðræður milli tveggja flokka sem vinna saman og það hefur gengið vel.

Ég vil aftur á móti bara segja það að að ímynda sér það að landsbyggðin verði tekin úr sambandi ef grunnnetið verði ekki ríkisrekið, ég sé ekki samhengið í þessu. Ég get ekki heyrt annað en að Vestfirðingar og jafnvel fleiri sem eru með ákveðin fyrirtæki sem standa í gagnaflutningum á milli svæða kvarti einmitt yfir því að gjaldskrá Landssímans sé með þeim hætti að landsbyggðin geti ekki með nokkru móti keppt við þá sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu út af því að hún er svo miklu dýrari fyrir landsbyggðina en höfuðborgarsvæðið. Ég veit ekki betur en að Landssíminn sé að 100% hluta í eigu ríkisins. Það er því ekki hægt að sjá að það sjónarmið gildi.

Ég hef fulla trú á því að þó svo að grunnnetið mundi fylgja sölunni sé hægt að ná fram því samkomulagi milli allra aðila sem sætti menn og tryggi að staða landsbyggðarinnar og landsins í heild verði tryggð. Þess vegna held ég að Samfylkingin sé frekar að reyna að nota þetta til þess að reyna að koma upp óeiningu á milli flokkanna en að þeir trúi þessu í rauninni sjálfir. Ég hef hingað til haldið að Samfylkingin væri framfarasinnaður miðjuflokkur en ekki að hann vildi aðhyllast afturhald að þessu leyti.

[16:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að fylgjast með því hvernig hv. þm. Kristján Pálsson leikur sér að Framsfl. Hann sagði áðan að það að vilja selja Landssímann án þess að láta dreifikerfið fylgja með væri eins og að selja vélarlausan bíl. Nú vitum við það að þetta er það sem Framsfl. vill. Er þá hv. þm. að halda því fram að Framsfl. vilji pranga inn á þjóðina vélarlausum bíl? Það er í rauninni það sem hv. þm. var að segja.

Að öðru leyti get ég ekki fallist á að fullkomlega eðlilegar samningaviðræður séu milli flokkanna um hvernig eigi að einkavæða og hvað eigi að einkavæða. Er það eðlilegt, herra forseti, að þær samningaviðræður fari fram í gegnum ræðustól Alþingis? Er eðlilegt að lagt sé fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir miklum tekjum vegna sölu eigna þegar fyrir liggur að ekki er samkomulag um það milli flokkanna tveggja hvað á að selja?

Hvað er það sem hér er undir, herra forseti? Það er sala á bönkunum. Samfylkingin hefur ekki lagst gegn því. Samfylkingin hefur lagst gegn því hvernig fyrsti hluti einkavæðingarinnar var framkvæmdur.

Ástæðan fyrir því að ekki liggja fyrir neinar tillögur t.d. í fjárlagafrv. um hvort eða hvernig eigi að selja bankana er eftirfarandi: Sjálfstfl. vill að bönkunum sé rennt saman í einn stóran banka áður en hann er seldur. Framsfl. er á móti því. Það er ágreiningur um málið, það ríkir kyrrstaða í málinu. Ríkisstjórnin kemst ekki úr sporunum í þessu máli. Sjálfstfl. vill selja allan Landssímann. Framsfl. vill bara selja tiltekinn hluta af honum.

Herra forseti. Málið kemur hálfbakað inn í þing. Enginn veit hver niðurstaðan verður. Það er bara sagt: Við ætlum að afla tiltekinna tekna, en það er ekki sagt hvernig.

Samningaviðræður? Eru þær í gangi? Ég veit ekki um það. Þær hafa kannski verið í gangi milli hv. þm. Kristjáns

Pálssonar og einstöku þingmanna Framsfl. sem hér hafa talað. En þetta sýnir að ríkisstjórnin nær ekki niðurstöðu, ágreiningurinn þar er orðinn svo mikill um mál eins og þetta, og þetta kalla ég stórmál, að það er farið að torvelda framgang fjárlaga á Íslandi.

[16:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að áhyggjur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar af samningaviðræðum ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli séu óþarfar. Það er skýrt tekið fram í samningum flokkanna, t.d. um sölu eigna, að sala ríkisbankanna verði á næsta ári samkvæmt ákveðnum hugmyndum sem hafa komið fram frá einkavæðingarnefnd og ríkisstjórninni.

Að öðru leyti hefur ekki neitt verið ákveðið um sölu Landsbankans en það hefur margoft komið fram vilji frá báðum flokkum um að nauðsynlegt sé að finna leiðir til að hægt sé að selja Símann. Þar verður að sjálfsögðu að nást samkomulag sem gæti ríkt víðtæk sátt um meðal þjóðarinnar og þess vegna er engin ástæða til að vera með einhverja tortryggni í ræðustól Alþingis á að það sé ekki þegar fyrirliggjandi hvernig að því verði staðið.

Ég held því að þegar á allt er litið sé málið í mjög eðlilegum farvegi. Ef menn horfa á reynsluna að þessu leyti þá hefur flokkunum tekist mjög farsællega að ná niðurstöðu í þau mál sem einhver ágreiningur hefur orðið um á undanförnum árum.

[16:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég gera athugasemdir við að í dag við umfjöllun um fjárlög ársins 2001 hafa ákaflega fáir ráðherrar verið til staðar þó að úr hafi ræst seinni partinn. Mér finnst það óvirðing við þingið að framkvæmdarvaldið skuli ekki fylgjast með umræðum um mikilvægasta mál þingsins, að ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir þegar við ræðum fjárlögin.

Talsmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason, fór inn á samskipti ríkis og sveitarfélaga í ræðu sinni og hæstv. fjmrh. brást hart við þeirri ræðu og spurði hv. þm. að því hvort hann gerði sér ekki grein fyrir því að störfum væri nefnd um endurskoðun á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hefði ekki enn skilað af sér. Á sumum sviðum er auðvitað gefinn pólitískur tónn í þessu frv. til fjárlaga. Meginlínur ríkisstjórnarinnar koma fram í frv. og þó t.d. sé búið að samþykkja hlutafélagavæðingu þeirra fyrirtækja sem á að selja þá er gefinn tónn um sölu á ríkiseignum upp á 7,3 milljarða án þess að það sé á nokkurn hátt útfært. Ég hefði sagt að ef hugur ríkisstjórnarinnar stendur til þess, virðulegi forseti, að taka myndarlega á þeim vandamálum sem eru uppi varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga þá liggja nokkurn veginn fyrir tölur sem væri á sama hátt hægt að setja inn í þetta frv. eins og gert er varðandi sölu ríkiseigna, sem er greinilega mjög ofarlega á blaði hjá hæstv. ríkisstjórn. Ef mönnum er alvara um að fara í málið varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga, varðandi endurskoðun á tekjuskiptingunni væri fullt tilefni til að setja þau mál inn.

Menn hafa alls staðar verið sammála um að bráðnauðsynlegt sé að endurskoða t.d. fasteignaskattinn úti á landi. Ég veit ekki betur en að búið sé að nefna tölur í því sambandi þannig að fasteignaverð verði þá borgað úti á landi í samræmi við það markaðsverð sem er á íbúðum þar. Ef menn ætla að gera eitthvað róttækt í þessum málum væri auðvitað á sama hátt og gert er varðandi drauminn um sölu ríkisfyrirtækja hægt að gefa þann megintón í fjárlögunum fyrir 2001 að það eigi að fara í þessa vinnu. En það er ekki gert og gefur manni tilefni til þess að halda að nefndin sem á að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga ætli kannski ekkert að flýta sér vegna þess að áhuginn sé í minna lagi til að fara í þetta mál.

Við ræðum nánast á hverjum degi um stöðu landsbyggðarinnar í sambandi við málaflokk eftir málaflokk. Það er morgunljóst að staða sveitarfélaganna í dag, sérstaklega úti á landsbyggðinni, er með þeim hætti að það er stærsta byggðamálið að rétta þar við, fara ofan í þau mál og leysa þau. Staða sveitarfélaganna er slík að það stendur í vegi fyrir því að nokkur framþróun sé í veigamiklum stórum málaflokkum vegna þess að það skortir fé til að standa straum af slíku.

Eins og kunnugt er hafa flest sveitarfélögin verið í stórum og miklum fjárfestingum vegna einsetningar skóla. Einsetning skóla og heilbrigðiskerfið hefur tekið nánast allt það fé sem er til ráðstöfunar hjá sveitarfélögunum. Þar hefur brunnið á og þar hafa sveitarfélögin leyst úr málum.

En undirliggjandi vandi er gríðarlegur. Aðrar nauðsynlegar framkvæmdir sveitarfélaganna eru látnar líða fyrir það að leyst er úr þeim málum sem brennur mest á og það eru skólarnir og það er heilbrigðiskerfið. Það er stöðnun hvað varðar allt sem heitir umhverfismál og nefni ég þá sérstaklega ástandið í fráveitumálum o.s.frv. Það verður að fara í þessi mál.

Sveitarfélögin tóku við grunnskólakerfinu af ríkinu með óuppgerðan pakka í pokahorninu. Allir vissu að launamál kennara voru í ólestri og jafnvel húsnæðismál skólanna ofan á það sem þurfti að gera varðandi einsetninguna. Þetta hefur reynst sveitarfélögunum miklu dýrara en ella.

Nú hefur heyrst að hv. ríkisstjórn muni gera tillögu um að vandi sveitarfélaganna verði leystur í gegnum jöfnunarsjóð. Ég geri stórar athugasemdir við þá hugsun í grunninn. Jöfnunarsjóður sem ráðskast er með á þann hátt að menn þurfa að koma á hnjánum og fá ölmusu til að geta rekið sveitarfélag sitt er í grundvallaratriðum vond lausn. Kannski má segja að það sé sama hvaðan gott kemur en við eigum auðvitað að gera þær breytingar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sem flest sveitarfélög í landinu, sem hafa til þess burði, geti verið sjálfbær og þurfi ekki á þessum jöfnunaraðgerðum að halda. Það er ekki gert með því að efla jöfnunarsjóðinn, það verður fyrst og fremst gert með því að fara ofan í þau kerfislægu vandamál sem eru til staðar. Sveitarfélögin þurfa svo sannarlega á því að halda.

Blessunarlega höfum við sveitarfélög úti um allt land sem eru burðug og geta verið sjálfbær ef tekjustofnaskiptingin væri í lagi. Ég ætla ekki að elta ólar við tölur í þessu sambandi, menn hafa nefnt 4,5 eða 5,5 milljarða en það er grunntónninn sem verður að vera gefinn og þess vegna er það meginatriði frá mínum bæjardyrum séð að ekki skuli sjást stafkrókur um það að menn ætli raunverulega í þessa vinnu gagnvart sveitarfélögunum og gagnvart einstaklingunum úti á landi. Mjög mikil vonbrigði varðandi mjög stórt mál og grundvallarmál hvað varðar byggðaþróun í landinu. Ef sveitarfélögin verða um lengri tíma en orðið er svelt á þann hátt að allar nauðsynlegar framkvæmdir liggja í láginni, svo sem gatnagerð, umhverfi fólksins, menningarmál o.s.frv., þá er það rótin til þess að við missum fólkið frá þessum dreifðu byggðum og hingað á suðvesturhornið. Í grunnatriðum verður að fara í þessi mál og ég krefst þess að þingheimur leggi á

það áherslu og ég vænti þess að stjórnarandstaðan geti verið sammála um að fara í þá vinnu.

Maður tekur eftir því að í fjárlagafrv. skortir ekki á aukningu varðandi allt sem heitir samskipti við útlönd. Ég get í sjálfu sér sagt að það er allt í lagi að hafa góð samskipti við útlönd en menn þurfa greinilega að ferðast mikið og þar eru sjálfkrafa aukningar og ekki við því amast enda hefur fjöldi Íslendinga tífaldast í Brussel á undanförnum árum o.s.frv. Það þykir ekki mikið mál. Við erum ekki að kalla á framlög, við erum ekki að kalla á aukaeyðslu. Við erum að leggja áherslu á öðruvísi áherslur varðandi uppbyggingu á fjárlögum ríkisins.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð var t.d. á móti því að við færum í Schengen. Schengen skapar gríðarleg útgjöld fyrir ríkissjóð eins og kunnugt er en það eru ekki bara útgjöld vegna Keflavíkurflugvallar og þeirrar uppbyggingar sem þar þarf að eiga sér stað heldur er það vegna þess að óheft flæði fólks úr EB inn í landið gerir það að verkum að stórefla þarf löggæslu innan lands og taka á málunum þegar búið er að hleypa vandanum inn í landið. Það er meginmál.

Virðulegi forseti. Þetta frv. til fjárlaga eru vonbrigði vegna þess að í fyrsta lagi er frá mínum bæjardyrum séð á engan hátt tekið sérstaklega á grunnvandamálum landsbyggðarsveitarfélaganna en ekki vílað fyrir sér að vera með hástemmdar hugmyndir um sölu á fjölskyldusilfrinu, ríkiseignum og settar niður tölur í því sambandi, 7,3 milljarðar skal það vera.

[16:14]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Á þeim tíma sem ég hef til umráða vil ég aðeins koma inn á stöðu sveitarfélaga vegna þess að nokkrir ræðumenn hafa minnst á þá ágætu nefnd sem ég veiti forstöðu og stöðu mála varðandi fjármál sveitarfélaga.

Það er rétt að fjármál sveitarfélaga eru til meðferðar í hinni margumtöluðu nefnd og það var orðað þannig að opinber dagsetning á skilum nefndarinnar hefði verið 2. október. (**Gripið fram í:** Síðasta.) Síðasta opinber dagsetning. Ég kannast ekki við þá dagsetningu en hins vegar hefur nefndin fundað mjög títt undanfarið og er að afmarka niðurstöður sínar.

Hér hafa verið nefndar ýmsar tölur um afkomu sveitarfélaganna og þær tölur hafa vissulega farið víða um völl. Nefndir voru 15 milljarðar, 5 milljarðar o.s.frv.

Það er alveg ljóst að afkoma sveitarfélaganna hefur versnað. Þó er hún að batna aftur núna. En það er ljóst að ef litið er yfir lengra tímabil þá hefur hún versnað. Hitt er svo annað mál að sveitarfélögin eru alls ekki einsleitur hópur. Afkoma sveitarfélaganna er afskaplega misjöfn. Ég er með fyrir framan mig frá ríkisskattstjóra yfirlit álagningar opinberra gjalda á einstaklinga 1999–2000 sem var gefið út núna í september. Þar kemur í ljós að útsvar til sveitarfélaga hefur hækkað á milli ára um rúmlega 5 milljarða eða um 13,4% og þróunin var svipuð á síðasta ári. Þessi hækkun á útsvari kom afskaplega misjafnlega niður. Sum sveitarfélög njóta þessarar hækkunar ekki í jafnríkum mæli og önnur, þ.e. þau sem hafa verið að missa frá sér fólk og þar sem meðaltekjurnar hafa verið lægri. Sveitarfélögin eru því alls ekki einsleitur hópur að þessu leyti. Þess vegna var farið í jöfununaraðgerð á síðasta ári og þess vegna hefur verið rætt um jöfnunaraðgerð á yfirstandandi ári eins og hæstv. forsrh. talaði um í sinni ræðu og hefur verið endurtekið hér í þessari umræðu.

Mér kemur á óvart þegar hv. 6. þm. Norðurl. e. segir að jöfnunarsjóður sé vond lausn í málefnum sveitarfélaga. Við komumst ekkert hjá því að jafna á milli sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóð vegna þessara misjöfnu aðstæðna þannig að sú lausn hefur m.a. verið í umræðunni. Hins vegar liggur ekki fyrir enn þá hvernig farið verður í almennar aðgerðir í tekjuöflun sveitarfélaga. Við höfum viljað að þessar tillögur lægju fyrir. Það er unnið að því af fullum krafti þessa dagana og ég hefði nú sagt að það væri frekar óeðlilegur framgangur að gera einhverri niðurstöðu skóna með því að setja inn í fjárlagafrv. á þessu stigi einhverja hugsanlega niðurstöðu í þessum efnum. Ég held að það séu betri vinnubrögð að þessi fjárhagslega niðurstaða verði færð inn í fjárlagafrv. þegar hún liggur fyrir í starfi nefndarinnar, sem hún vonandi gerir á næstunni.

Án þess að ég ætli að kafa djúpt í þær tölur sem hafa verið nefndar hér þá liggur fyrir að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda kostaði sveitarfélögin um 1.200–1.300 millj. kr., það er ekkert deilt um það. Aðrar tölur sem hafa verið nefndar hér eru svona matstölur sem er ekkert endanlegt samkomulag um milli ríkis og sveitarfélaga. Þó að minn góði félagi og varaformaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Vestf., hafi nefnt okkur sem sitjum í þessari nefnd baunateljara hér áðan þá held ég að niðurstaðan felist ekki í því að telja baunir í þessu. Menn verða að komast að almennri niðurstöðu um það hvernig þeir vilja sjá afkomu sveitarfélaganna. Ég held að menn komist ekki að neinni niðurstöðu með því að telja 100 millj. þar og 50 millj. hér þar sem hallað hefur á annaðhvort ríki eða sveitarfélög. Það verður að verða niðurstaða af þessu starfi sem samkomulag er um og þykir sanngjörn. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi bæta aðstöðu sveitarfélaganna og ég tel að þeirra starf sé mikilvægt og þeirra stjórnsýsla og þau hafa mikilvæg verkefni með höndum. Ég vonast því til að þessi niðurstaða liggi fyrir áður en fjárlagafrv. verður afgreitt.

Það gildir alveg það sama um kjarasamninga. Vissulega eru kjarasamningar í gangi og búast má við því, og vonandi ganga þeir fram á þann veg, að hægt verði að setja einhverja niðurstöðu af slíku inn í fjárlagafrv. en það er óeðlilegt að gera það á þessu stigi.

Ég vildi einnig nefna niðurgreiðslu á rafhitun vegna þess að það mál kom hér til umræðu. Það eru 760 milljónir í frv. til niðurgreiðslu á rafhitun. Gífurlegar hækkanir hafa orðið í þessum málaflokki á síðustu árum. Settar voru 160 milljónir í viðbót til þessara mála í fyrra ef ég man rétt. Nefnd í iðnrn. er að skoða þessi mál því að nú er svo komið að niðurgreiðsla á rafhitun er orðin svo mikil að rafhitun er í sumum tilfellum orðin ódýrari en dýrustu hitaveiturnar þannig að taka þarf ákvarðanir um hvernig þetta verður stillt af, þ.e. hvort farið verður í allsherjarniðurgreiðslu á hitaveitum líka. Það er að safnast upp spenna varðandi þetta. Þessi niðurstaða þarf að koma inn til okkar og ég veit að ráðuneytið er að vinna að þessu og þess vegna stendur þessi tala þarna inni. Samdar hafa verið reglur um útgreiðslu á þessu fé og m.a. var þakið á niðurgreiðslunum hækkað í ár. En þarna þarf að vinna áfram að málum.

Varðandi sölu ríkiseigna þá liggur alveg ljós fyrir sú stefnumörkun að menn ætla sér að selja ríkiseignir og hafa sett hóflega tölu þar inn og unnið er að því máli. Sú stefnumörkun hefur líka verið sett fram að ef til mikillar sölu ríkiseigna komi þá verði hluta af því fé varið til fjárfestinga, m.a. í samgöngumálum og vegamálum, til jarðgangagerðar

t.d. svo ég nefni einn málaflokk sem hefur verið títt til umræðu hér. Ekki liggur fyrir enn þá hver þessi upphæð verður en þetta mark hefur verið sett inn.

Ég vil bara leggja á það áherslu að sala ríkiseigna á ekki að ganga inn í rekstur ríkissjóðs undir neinum kringumstæðum. Það á annaðhvort að greiða niður skuldir með sölu ríkiseigna eða að verja þeim til annarra fjárfestinga. Ég er algjörlega andvígur því að tekjur af sölu ríkiseigna fari í rekstur ríkissjóðs. Það á að taka það til hliðar til þess annaðhvort að fjárfesta eða greiða niður skuldir.

[16:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, formaður fjárln., spurði hvort ég væri á móti jöfnunarsjóðnum. Það var alls ekki sett þannig fram í mínu máli. Hins vegar benti ég á að óheppilegt væri að nota jöfnunarsjóðinn eins og gert hefur verið og sletta í hann einhverjum upphæðum og þar með segjast vera að leysa samskipti ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tekjuskiptingu. Hv. þm. kom réttilega inn á það að auðvitað er staða sveitarfélaganna ærið misjöfn. Ég benti einmitt á það í málflutningi mínum að þess vegna þyrfti að gera grundvallarbreytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tekjustofna til þess að þau sveitarfélög sem sannarlega eru sjálfbær geti verið það áfram og með sóma og jöfnunarsjóðurinn sé þá notaður í þeim tilvikum þar sem um fólksfækkun er að ræða eða af öðrum orsökum ekki er hægt að standa við lögbundna þjónustu af hálfu sveitarfélagsins.

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hv. formann fjárln. hvort hann geti ekki verið mér sammála um að það sé augljóst að með endurskipulagningu á samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tekjustofna þannig að hlutur sveitarfélaganna verði betri þá verði minni þörf á aðkomu ríkisins í neyðartilvikum auðvitað. Þar nefni ég til sögunnar þau sveitarfélög sem best eru stödd og það gildir auðvitað líka um sveitarfélög úti á landi.

En ef hv. ríkisstjórn ætlar að velja þá leið að nota jöfnunarsjóðinn sem einhvers konar beitu fyrir sveitarfélögin þá er augljóst — ég vil spyrja hv. formann fjárln. hvort hann geti ekki verið sammála um það — að það leiðir til þess að færri og færri sveitarfélög verða sjálfbær.

[16:26]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhver misskilningur hefur slæðst inn þar sem mig rekur ekki minni til að hafa sagt að framlög í jöfnunarsjóð eigi að leysa tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þau gera það vissulega ekki. En þau koma til móts við vandamál sem uppi er. Ég sé ekki fram á það að jöfnunarsjóðurinn í tekjuöflunarkerfi og tekjukerfi sveitarfélaga verði óþarfur á næstunni. Aðstaða sveitarfélaganna og stærð er svo misjöfn enn þá. Vissulega væri gott ef svo yrði. En ég er ekki svo bjartsýnn að ætla það. En ég kannast ekki við að hafa haldið því fram að framlög í jöfnunarsjóð leysi öll þessi mál og ég er sammála því að auðvitað gerir það það ekki. En þýðing jöfnunarsjóðsins er mikil.

Hitt er svo annað mál, og mætti halda um það langar ræður og við getum tekið um það langa umræðu, hvort þær reglur sem jöfnunarsjóður notar til útgreiðslu og hvort takmörk um þjónustuframlög og fólksfækkunarframlög séu eðlileg. Það er hægt að taka langa umræðu um það en ég hygg að við þurfum á jöfnunarsjóðnum að halda til þess að mæta þessum aðstæðum í sveitarfélögunum. Því er nú verr og miður þá kemur þetta tekjuöflunardæmi sem ég nefndi áðan ákaflega misjafnlega niður. Tekjuaukningin af útsvarinu, hlutur sveitarfélaganna í góðærinu kemur misjafnlega niður.

[16:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. formaður fjárln. erum sammála um að jöfnunarsjóðurinn verður að vera til staðar. En ég vil bara árétta það í málflutningi mínum að eitt brýnasta verkefni sem liggur fyrir þinginu er að taka á þessum tekjuskiptingarvandamálum milli ríkis og sveitarfélaga og rétt er að nefna að hv. 3. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, er formaður einnar mikilvægustu nefndar þingsins og ber ábyrgð á að hún skili af sér fljótt og vel. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki þingnefnd.) Fyrirgefðu. Virðulegi forseti. Þetta er ekki þingnefnd. En hann veitir þessari nefnd forstöðu sem á að gera tillögur um þessi samskipti. Ég vil bara árétta að ég tel að ef ekki verður farið í að leggja fram tillögur um nýtt form, nýtt fyrirkomulag á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þá leiði það til þess að innan örfárra missira verði æ fleiri sveitarfélög upp á það komin að þurfa að fá að meira eða minna leyti framlög úr jöfnunarsjóði til þess að geta verið til. Þetta er grundvallarmál hvað varðar byggðirnar og það er sannarlega þörf á leiðréttingu þarna.

Ég vil árétta það einu sinni enn að staða sveitarfélaganna er ærið misjöfn. En dragist úr hömlu að leggja fram nothæfar tillögur fyrir sveitarfélögin þá leiðir það til þess að æ fleiri verða komnir á vonarvöl eins og gerst hefur á undanförnum missirum.

[16:30]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Það er nauðsynlegt að komast að niðurstöðu um þessi mál innan tíðar. Hin margumtalaða nefnd hefur safnað mjög miklum upplýsingum um tekjur sveitarfélaga, eftir stærð þeirra, landshlutum o.s.frv. og hefur mjög greinargóðar upplýsingar um síðasta tíu ára tímabil. Vissulega hefur það tekið lengri tíma en við áætluðum í upphafi að ná inn þessum upplýsingum og er það umhugsunarefni í sjálfu sér að þessar tölur skuli ekki liggja fyrir fyrr, t.d. fyrir síðasta ár, en ég ætla ekki að orðlengja um það hér.

Varðandi það hliðarmál sem okkur var fengið til umfjöllunar, þ.e. breytt löggjöf um álagningu fasteignaskatts, þá þarf að flytja frv. um það. Núverandi fyrirkomulag var sett vegna kröfu sveitarfélaganna fyrir tíu árum. Þá voru aðstæður aðrar. Nú hefur t.d. hækkun á fasteignaverði og fall eigna úti á landi orðið til þess að landsbyggðarfólk greiðir af fasteignamati í Reykjavík. Það er grunnurinn. Það er óréttlátt en hins vegar er það ekki tekjumál fyrir sveitarfélögin. Ætlunin er að sveitarfélögin standi jafnrétt eftir þá breytingu en þetta er breyting upp á rúmlega milljarð, þ.e. skattalækkun á fólk á landsbyggðinni sem er mikilvægt og er ætlunin að leiða þetta til lykta á næstunni.

[16:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum nú fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Ég má til með að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með frv. því að einsdæmi er að sjá afgang, eins og þetta frv. sýnir, upp á 30 milljarða. Enn fremur er mjög skemmtilegt að boðað er að fyrirsjáanlegt sé að ríkissjóður verði skuldlaus, þ.e. peningalegar eignir verði meiri en peningalegar skuldir í lok kjörtímabilsins.

Í frv. kemur fram að laun hafa hækkað óvenjulega mikið. Kaupmátturinn hefur aukist á síðustu fimm árum um 30%, þ.e. umfram verðlag. Fólk getur keypt 30% meira núna almennt séð en fyrir fimm árum. Þetta hefur ýmis áhrif á skattkerfið. Til dæmis gat hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að skattgreiðendum hefði fjölgað um 6% á meðan framteljendum fjölgaði ekki nema um rúmlega 1%. Hann taldi þetta vera slæmt mál. En það er náttúrlega vegna þess að bæði hefur atvinnuleysi minnkað þannig að það eru fleiri sem eru á vinnumarkaði, atvinnuleysingjum hefur fækkað, og síðan hafa tekjurnar hækkað svo óskaplega umfram skattleysismörk að fólkið er bara ekki lengur fátækt og það er það sem við sjálfstæðismenn alla vega viljum. Við viljum hafa færri fátæka og fleiri sem borga skatta. Í mínum huga er þetta því sérstaklega ánægjuleg þróun, (**ÖJ:** Auðkýfingarnir sérstaklega.) að fleiri greiði skatta.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á sama vandamálið, þetta óskaplega vandamál vegna hækkandi tekna þjóðarinnar, og það eru barnabæturnar. Þær voru fyrir nokkrum árum tekjutengdar og hækkaðar verulega í leiðinni til þess að bæta stöðu þeirra sem verst eru settir og hafa fyrir mikilli ómegð að sjá, lágar tekjur, litlar eignir, mörg börn. Eiga bágt. Þá voru barnabætur hækkaðar til þess að veita þessu fólki aðstoð til að komast yfir hjallann.

Nú hefur það gerst að þessi hópur er að hverfa vegna aukinna tekna, hann er bara ekki lengur hjálpar þurfi og ég hef ekki séð að það sé neitt vandamál, mér þykir leiðinlegt að menn skuli líta á það sem vandamál að fólk hafi hærri tekjur.

Hækkun ríkisútgjalda frá fjárlögum árið 2000 er 8,2%. Það er langt umfram fjárhagsforsendur eða verðlagsforsendur frv. sem segir okkur það að útgjöldin eru að vaxa. En hæstv. fjmrh. kom inn á það að það er ekki vegna aukins rekstrar, heldur vegna aukinna millifærslna sem m.a. leiðir af þeirri, að mínu mati, ánægjulegu ákvörðun Alþingis að taka upp fæðingarorlof sem ég tel vera mjög ánægjulegt og stórt skref í átt til aukins jafnréttis. En skatttekjur hafa líka hækkað umtalsvert eða um 13,3% frá fjárlögum ársins 2000. Það segir mér það, þar sem þetta er langt umfram verðlagsforsendur, að skattheimtan er að aukast. Nú segja spekingar að ákaflega erfitt sé að lækka skatta þegar þenslan er mikil eins og nú, allt á fullri ferð, það vantar fólk og allt slíkt, að þá sé ekki gæfulegt að lækka skatta. En auðvitað þurfum við að gera það. Við verðum að lækka skatta og við þurfum að horfa til ýmissa þátta þegar við lækkum skatta. Til dæmis þurfum við að líta á viðskiptahallann. Það er eitt aðalvandamálið í dag, viðskiptahallinn er aðalvandinn að glíma við nú. Við þurfum að ná honum niður. Reyndar er hann allt annars eðlis en hann var fyrir nokkrum árum þegar ríkið bar ábyrgð á honum öllum saman. Nú er hann að mestu leyti án ríkisábyrgðar. Þetta eru skuldbindingar sem einstaklingar og fyrirtæki, bankastofnanir og fjármálastofnanir eru að taka erlendis og án ríkisábyrgðar og verða að standa skil á.

Hluti af þessu er líka vegna virkjana og álvera og slíkra framkvæmda sem valda tímabundnum halla en munu til framtíðar með útflutningi auka getu þjóðarinnar til þess að borga slíkar skuldir niður. Engu að síður hafa hreinar erlendar skuldir, þ.e. skuldir umfram eignir, aukist um 19 milljarða 1999 eða 70 þús. kr. á mann og þær nema núna 353 milljörðum eða 1,3 millj. á mann eða 5 millj. á fjögurra manna fjölskyldu. Íslendingar, hver fjögurra manna fjölskylda skuldar 5 millj. í útlöndum umfram eignir. Þetta er mjög alvarlegur hlutur því að erlendar skuldir þjóða heims eru að meðaltali núll. Þær eiga jú hver hjá annarri og þá er einhver sem er að lána okkur 5 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu og hann er þá að taka vexti. Hann fær vaxtatekjur sem við þurfum að borga.

Auðvitað kemur að því að þessi bogi verður spenntur til hins ýtrasta og ekki er hægt að skuldsetja meira vegna þess að í hvert skipti sem maður tekur lán, þá er hann að ráðstafa tekjum framtíðarinnar hjá sér og hann hefur ekki nema takmarkaðar tekjur í framtíðinni. Hann getur ekki ráðstafað þeim oft, það hlýtur að koma að því að lát verði á þessari eyðslugleði landans sem hefur hegðað sér eins og kálfarnir sem hleypt er út á vorin í þessu nýfengna frelsi til lántöku.

Síðan komum við að skattalækkununum. Hvar er hægt að lækka skatta og hvar er skynsamlegt að lækka skatta? Vil ég nefna uppáhaldsskattinn minn eða hitt þó heldur sem er stimpilgjaldið sem kostar þjóðfélagið óskaplega mikið en gefur ríkissjóði ekki miklar tekjur. Ég er viss um að með því að lækka það mundum við auka veltu á fjármálamarkaðnum það mikið að ríkissjóður hefði meira að segja meiri tekjur út úr fjármagnsskattinum en hann tapar á stimpilgjaldinu, auk þess sem þetta er skattur á skuldara, fyrir þá sem hafa áhuga á hagsmunum og hag skuldara.

Þá er það eignarskatturinn. Lækka þarf eignarskattinn vegna þess að í dag er það þannig að sá maður sem sparar milljón umfram eignarskattsleysismörk er í rauninni að gerast áskrifandi að 14.500 kr. greiðslu í ríkissjóð á ári sem er eignarskatturinn. Þetta veldur því að fólk vill ekki og nennir ekki að spara. Ef við viljum minnka erlendar skuldir og auka innlendan sparnað verðum við að lækka eignarskattinn, það er hluti af því. Sú skattalækkun gæti því virkað öfugt við þensluna ef fólk fer að spara vegna þess að eignarskatturinn er lækkaður.

Svo þurfum við að sjálfsögðu að líta á vaxtabæturnar. Ég hef margoft bent á vaxtabæturnar. Þær eru hvatning til skulda, þær hvetja sérstaklega ungt fólk til að skulda og það er ekki það sem við þurfum í dag. Við þurfum þess vegna að líta á vaxtabæturnar og húsaleigubæturnar jafnframt líka. Og síðan þarf að líta á skatta á fyrirtæki vegna þess að skattar á fyrirtæki er viðkvæmasti skattstofninn sem til er. Það er svo auðvelt að flytja hann til útlanda. Það er svo auðvelt að flytja hagnað fyrirtækja eitthvert annað, skattur á fyrirtæki er mjög viðkvæmur, skattstofninn er mjög viðkvæmur fyrir skattprósentunni þannig að lækkun prósentunnar gæti valdið og mun væntanlega valda hækkun á tekjum ríkissjóðs og það er það sem við viljum. (**ÖJ:** En tekjuskattur ...?) Menn geta ekki alveg eins flúið með tekjurnar til útlanda, en þeir fara bráðum að geta það líka, hv. þm.

Inn í þessa skattaumræðu alla kemur samkeppni við útlönd, samkeppni við útlönd um fyrirtæki og fólk vegna þess að bæði fyrirtæki og fólk er orðið mjög lipurt og fljótt að bregða sér þangað sem skattar eru lágir. Og það er kannski lag núna þegar við sjáum að hagvöxturinn verður ekki nema 1,7% á næsta ári. Það þýðir að það er að draga úr þenslunni og það er kannski lag einmitt á þeim tíma að lækka skatta og ég vil beina þeirri athugasemd til hæstv. fjmrh.

Svo þurfum við að sjálfsögðu að selja Landssímann. Ég taldi einu sinni að það væri nauðsynlegt að hafa ljósleiðarann undanskilinn en ég er ekki lengur á þeirri skoðun vegna þess að komið er svo mikið af öðrum samkeppnisleiðum, gervitunglum, örbylgjusendum og slíku. Ljósleiðarinn er því ekki lengur sú mikilvæga samgöngubót sem menn töldu. Ég held

að það sé bara spurning um tíma til að fá almennilegt verð fyrir Landssímann að selja hann vegna þess að samkeppnin er að verða það mikil að hann kann að verða verðminni þegar fram í sækir.

Sama á við um bankana. Samkeppni á bankamarkaði er orðin gífurleg með tilkomu netbanka og það er spurning um hvenær bankarnir lækka það mikið í verði að ríkissjóður tapi á því að bíða með það að selja þá. Það er því mjög nauðsynlegt að selja þessar eignir ríkissjóðs og ég vona að okkur takist að selja fyrir svo sem 20 milljarða umfram það sem fjárlögin gera ráð fyrir þannig að við höfum um 50 milljarða í afgang.

[16:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska fjmrh. til hamingju með það frv. sem hann leggur hér fram og það er auðvitað langt frá því þó að hér sé iðulega rætt ýmislegt sem mönnum þykir betur mega fara að frv. sé uppfullt af eintómum göllum og það sé ámælisvert. Ég held að við getum út af fyrir sig öllsömul verið mjög sátt við fjármálin og þann afgang sem ríkið mun hafa.

Það eru hins vegar auðvitað mismunandi áherslur á hvaða markmið menn vilja sjá í fjárlagafrv. og ég ætla að fara nokkrum orðum um þau atriði sem ég tel að ætti að leggja meiri áherslu á. Þau markmið sem ég hefði viljað sjá í fjárlagafrv. með 30 milljarða tekjuafgangi væri t.d. að við notuðum meira fé af þeim tekjuafgangi til þess að jafna og bæta kjör þeirra hópa sem vegna örorku, fátæktar eða aldurs *þurfa aðstoð frá ríkinu til eðlilegrar afkomu, afkomu sem* gerir því fólki kleift að lifa við mannsæmandi kjör og gerir það mögulegt að ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar geti verið eins virkir í þjóðfélagi okkar eins og aldur og heilsa þeirra leyfir. Bilið milli ríkra og fátækra fer vaxandi í þjóðfélaginu og margur býr við þröngan kost án þess að úrræði séu í sjónmáli. Meðan við höfum ekki tryggt betur kjör þessara hópa er ekki ástæða til að skila ríkissjóði með 30 millj. kr. afgangi.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á mál ellilífeyrisþega þegar hann talaði fyrr í dag um lífeyrismál. Það var mjög athyglisvert og ég held að varla saki þó farið sé um það fleiri orðum. Í raun hefur mikill fjöldi ellilífeyrisþega mjög lítil réttindi í lífeyrissjóðum. Það er ekki fyrr en eftir árið 2020 jafnvel að stór hluti af þeim sem þá verða komnir á þann aldur að þurfa að taka út lífeyri sinn getur átt von á að lífeyristryggingar, þ.e. lífeyristekjur dugi ellilífeyrisþegum til framfærslu. Þetta er auðvitað vegna þess að hér á landi var lengi vel ekki greitt í lífeyrissjóð af öllum launum. Sumir greiddu af lágmarkslaunum og þar fyrir utan voru líka margir sem ekki voru endilega lengi úti á vinnumarkaðnum, t.d. húsmæður sem lengi unnu innan heimilis og öðluðust ekki lífeyrisrétt. Það er auðvitað sú kynslóð sem stóð hér fyrir *utan þegar þingið var sett og vakti athygli á kjörum sínum.* Hún verður að stórum hluta fyrir áhrifum þessa tímabils sem við höfum verið að orða hér og Einar Oddur kom réttilega inn á.

Nokkrir hópar sem hv. 5. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, nefndi eiga lítinn lífeyri, m.a. sjómenn og bændur. Það er alveg hárrétt. Það er t.d. ekki fyrr en 1987 sem farið er að greiða í Lífeyrissjóð sjómanna af öllum launum. Það var bara ekki fyrr. Það eru rúmlega 13 ár síðan sjómenn fóru að greiða í lífeyrissjóð af öllum sínum launum og það verður ekki fyrr en menn hafa greitt í lífeyrissjóð í 30–35 ár með fullum verðtryggingum og vöxtum að lífeyrisgreiðslur veita þeim öryggi í ellinni. Næstu tvo áratugi munum við því örugglega stríða við þetta sama vandamál, að aldraðir sem hafa skilað þjóðfélaginu góðu verki og telja sig fyllilega eiga rétt á að lifa í þessu þjóðfélagi við mannsæmandi kjör eigi ekki lífeyri til að standa undir eðlilegu lífi. Þess vegna tel ég að þjóðfélagið skuldi þessari kynslóð það að tryggja að þeir sem ekki hafa eðlilegan lífeyrisrétt hjá lífeyrissjóðum geti búið við eðlilegar tekjur. Ég held að það sé markmið sem við ættum að setja okkur.

Þá ætla ég enn að víkja að því sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, um að ekki sé eðlilegt að við ætlum að taka vandann út á ákveðnum hópi og láta hann bera skarðan hlut frá borði í kannski 25–30 ár. Þetta er sama vandamálið og við stöndum frammi fyrir varðandi Lífeyrissjóð sjómanna t.d. Þar þurftum við að skerða lífeyrisréttinn og það eru líkur til að eftir 10 ár getum við farið að slaka á aftur og auka réttinn, en þá erum við búnir að taka vandann út á ákveðnum hópi á ákveðnu tímabili. Það er ekki eðlilegt. Við verðum að reyna að jafna þetta í gegnum fjárlögin. Við tökum ekki svona vandamál út á sérstökum hópi lífeyrisþega svo hann hafi slæma afkomu seinni hluta ævi sinnar. Til framtíðar litið fáum við þó vonandi inn hópa sem munu hafa það sæmilegt þegar lífeyrir þeirra verður tryggur og nægilegur til að lifa af.

Þetta vildi ég koma sérstaklega inn á og gera að umræðuefni. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að lagfæra þessa stöðu og ég mundi vilja leggja til — þar sem stefnt er að fjárlögum með met-tekjuafgangi — að við veittum fólkinu sem reif Ísland úr fjötrum fátæktar inn í nútímann þau sjálfsögðu réttindi að bæta kjör þess svo það geti verið sæmilega sátt við sína tíð.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um viðskiptahallann. Vonandi kemur að því innan fárra ára, vonandi bara strax á næsta ári, að það hægi á viðskiptahallanum. Það er auðvitað nauðsynlegt. Ég ætla hins vegar aðeins að víkja að vanda sveitarfélaganna. Það er mikið mál, held ég, þ.e. sú skipting sem verið hefur á tekjum milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta getur ekki gengið eins og það hefur gert síðustu árin. Sveitarfélögin hafa mörg hver orðið fyrir verulegum tekjumissi. Mikil fólksfækkun hefur orðið í sumum sveitarfélögum og þau verða ekki rétt af — allra síst þar sem sveitarfélögin hafa verið að taka við auknum verkefnum — öðruvísi en að af tekjuskattinum fái sveitarfélögin hærra hlutfall en þau fá í dag. Ég held að það hljóti að vera óhjákvæmilegt.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf hér, að það stæði til að lagfæra fasteignagjöldin til sannvirðis en tekjur sveitarfélaganna minnka hins vegar þar af leiðandi. Þannig er margt sem knýr á um breytingar á þessari skiptingu. Ég hefði auðvitað viljað beina því til hæstv. fjmrh. í lokin, þar sem hann lýsti því yfir að það væri verið að skoða skattalögin í fjmrn., og leggja til þá hugmynd að skoða hvort ekki megi með einhverjum hætti minnka vanda í byggðum landsins gegnum skattkerfið eins og gert er í öðrum löndum.

[16:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér hefur margt verið sagt í þessum stól í dag. Margt af því hefur verið alveg prýðilegt. Ég tel að þessi umræða sé til gagns og sé ástæða til að þakka fyrir að ráðherrar hafa komið hér upp öðru hverju þó að við 1. umr. fjárlaga sé máli yfirleitt beint til hæstv. fjmrh. Ég vil ítreka,

eins og ég hef oft gert áður, að ég tel að ráðherrar þurfi að vera viðstaddir til að svara fyrir sinn málaflokk við 2. umr. Ég vil bara ítreka þetta vegna þess að nokkrum sinnum hefur verið tilefni til að ræða það.

Af því að hæstv. samgrh. er hér þá vil ég bara segja að ég ætla ekki að spyrja um hvar eigi að skera niður og hvað eigi að skera niður, hvar þessar 800 millj. sem draga á saman um í samgöngumálum eiga að lenda. Ég vil bara segja að niðurskurður og frestun framkvæmda í samgöngumálum getur orðið til bölvunar. Ég tel að það séu alvitlausar frestanir ef slysagildrur sem átti að eyða eru látnar standa. Ég er ekki að segja nákvæmlega hvaða slysagildrur það eru, ég veit það ekki og ætla ekki að spyrja um það sérstaklega. Ég vil bara nefna þetta: Niðurskurður á framlögum til lögregluefirlits sem leiðir beinlínis til aukinna útgjalda ríkissjóðs vegna aukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu er vitlaus niðurskurður. Ég tel að af því yrði jafnvel meiri tekjuafgangur, til lengri tíma litið, ef menn skoðuðu þessi mál niður í kjölinn. Ég tel að frestun framkvæmda við hættusvæði í samgöngukerfinu leiði til aukins kostnaðar, þar geti verið um alvitlausa ákvörðun að ræða.

Í því sambandi dettur mér í hug það sem ég vil kalla sýndarmennsku, þegar framkvæmdum við skálann við Alþingi var frestað í fyrra, frestun framkvæmda upp á hundrað millj. Ég tel að það hafi verið alvitlaust og þegar farið var að gera samninga um meira húsnæði til handa Alþingi upp á 200 millj. eða meira, ég vil ekki einu sinni segja hvað það var. Það finnst mér ekki vera í lagi. Ég vil bara nefna þetta hér, herra forseti.

Ég sagði áðan að mér segði svo hugur að margar breytingar yrðu gerðar á fjárlagafrv. Þau atriði sem ég tel að taka verði á í aðalatriðum og skipt geta verulegum fjárhæðum eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verður að leiðrétta hlut sveitarfélaganna þannig að stærri skerfur af sköttum falli í þeirra hlut vegna aukinna verkefna sem þeim hefur beinlínis verið ætlað að taka að sér með lagasetningu. Ég sagði í fyrri ræðu minni að þar væri um að ræða fjárhæðir upp á 4,9–5,5 milljarða kr. og ég mun síðar í ræðu minni tína til þá pósta sem ég tel standa þar á bak við án þess að verðmerkja hvern fyrir sig.

Í öðru lagi tel að leiðrétta verði þá skekkju eða það bil sem myndast hefur milli verkamannalauna og launa aldraðra og öryrkja, um 18–19% miðað við árið 1991 til ársins 1999 eins og margsinnis hefur komið fram.

Í þriðja lagi tel ég nauðsyn á að skýring verði gefin á mismun sem virðist vera á grundvelli fjárveitinga til hinna ýmsu stofnana. Ég tel að það þurfi að skýra grundvöll og viðmið fjárln. við fjárlagagerð.

Ég tel ástæðu til að fjalla um þessi mál. Mér virðist mjög misjafnt hvernig hinar ýmsu stofnanir ríkisins koma út í fjárlagagerðinni. Rökstuðningur minn með því að auka hlut sveitarfélaganna er sá að í dag má segja að þau séu velflest rekin með ábyrgri fjármálastjórn við erfið skilyrði. Þrátt fyrir lítils háttar hækkun útsvars á undanförnum árum þá er langur vegur frá því að sú hækkun vegi á móti útgjaldaauka sem orðið hefur. Kostnaður þeirra hefur aukist vegna skattabreytinga, laga og reglugerða eins og ég hef áður komið að. Auðvitað má segja að það komi öllum til góða ef ríkissjóður getur lækkað skuldir sínar. En það má ekki bitna á sveitarfélögunum þannig að þau sitji í sárum eins og nú er vegna fólksfækkunar og tekjumissis af þeim völdum en með sífellt meiri byrðar vegna lagasetningar. Svo ég nefni aðeins það þá verður að tryggja sveitarfélögum fullnægjandi tekjustofna til að sinna þeim verkefnum sem við höfum sett þeim hér á Alþingi.

Ég vil nefna nokkur verkefni, nokkur atriði sem hafa áhrif á tekjustofna sveitarfélaganna. Sveitarfélögin verða t.d. að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutabréfa. Það má reikna með að aðeins þessi þáttur kosti, án þess að hægt sé að verðleggja hvern þátt fyrir sig sérstaklega, allt að 100 millj. Við vitum að yfirfærsla grunnskólans og einsetning grunnskólans hefur þýtt útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin og ég tel að þar vanti nokkuð á að komið hafi verið til móts við þann kostnað að fullu. Kostnaður vegna félagslegrar þjónustu hefur stóraukist og útgjöld vegna mannréttinda fatlaðra aukast hjá sveitarfélögum.

Lög um umhverfismat hafa verið sett. Það þýðir að nánast hver einasta framkvæmd á vegum sveitarfélaganna kostar peninga. Þetta eru aukin útgjöld frá því sem var þegar tekjustofnarir voru ákveðnir eins og nú er gengið út frá. Það hafa verið sett lög um leikskóla, og bara fyrir starfsmannahald er aukinn kostnaður vegna ýmissa þátta sem eru teknir upp með lögum. Ég nefni kostnaðarskiptingu við sjóvarnir. Áður var það þannig að ríkið borgaði allan þann kostnað en núna þurfa sveitarfélögin að greiða $^1/_8$ hluta.

Ég get nefnt að stofnanir ríkisins og fyrirtæki ríkissjóðs eru undanþegin greiðslu fasteignagjalda og ég nefni þar sjúkrastofnanir, kirkjur, skóla, heimavist, íbúðarhús, Rarik og fleira. Þetta má tilnefna bara til að sýna fram á að þær tölur sem ég var að nefna upp á 4,9–5,5 milljarða eru að líkindum mjög réttar.

Ég get nefnt snjóflóðavarnir. Sveitarfélögum var gert að greiða 10% við gerð snjóflóðavarna. Þetta var ekkert áður. Ég get nefnt stjórnsýslulög sem þýða aukinn kostnað við rekstur sveitarfélaganna vegna álitsgerðar lögmanna og vinnu starfsmanna, t.d. vegna fyrirspurna frá ýmsum lögaðilum og almenningi. Þetta er póstur sem menn sáu ekki fyrir áður. Bara því að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár fylgir aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin að ég nefni ekki félagslegu íbúðirnar. Þetta vita menn og kunna.

Að síðustu er kostnaður vegna fráveitumála sem er afleiðing lagasetningar sem kemur upphaflega með tilskipun frá EES en við tókum þá tilskipun upp guðslifandi fegin og settum um þetta lög. Við greiðum sem nemur 20% af kostnaði sveitarfélaga í fráveitumálum. Þau lög þarf að endurnýja vegna þess að þau falla úr gildi eftir 2004 og þarna verðum við að taka á.

Í lokin þetta: Af því sem ég hef sagt má ráða að þörf er á breyttum vinnubrögðum. Þess vegna vil ég koma sitjandi ríkisstjórn frá, hleypa að nýjum kraftmiklum höndum sem munu jafna leikinn í þjóðfélaginu.

[17:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mikla sveitarstjórnarræða vekur upp nokkrar spurningar. Fyrsta spurningin hlýtur að vera sú hvort hv. þm. telji að hagvöxturinn sem verið hefur í landinu hafi ekki komið til góða. Af hverju heldur hv. þm. að tekjuaukning hafi orðið hjá ríkissjóði á undanförnum árum? Mikil tekjuaukning hefur orðið hjá honum af því að það hefur verið mikil uppsveifla í þjóðfélaginu. Það hefur skapað þjóðfélaginu mjög miklar tekjur. Þetta er aðalatriðið sem hefur orðið þess valdandi að skatttekjurnar vaxa.

En hvað ætlar hv. þm. að gera með þessar 4.000–5.000 millj.? Vill hann hækka skatta á almenningi um 4.000–5.000

millj.? Fróðlegt væri að vita það, eða vill hann lækka tekjur ríkisins um 4.000–5.000 millj.? Það væri fróðlegt að vita það líka.

Í fjórða lagi vil ég benda hv. þm. á að 700 millj. kr. framlag til jöfnunarsjóðsins, fólksfækkunarframlagið, kom öllum þeim sveitarfélögum sem verst standa að vígi mjög vel. Um þetta var vélað til þess að koma þeim til góða. Hvað ætlar hv. þm. að skatttekjurnar þurfi að hækka mikið til að jafnast á við þetta 700 millj. kr. framlag? Það er hægt að jafna því á við mjög marga milljarða svo að hin fátækustu sveitarfélög sem standa hvað verst að vígi yrðu jafnbætt sem áður. Þess vegna var það hugsun ríkisstjórnarinnar að gera þetta svona. En það er mjög nauðsynlegt að átta sig á því þegar menn kasta fram svona hlutum að það er ekki bara hvítt og svart. Það er mjög misjafnlega sem tekjurnar skiptast og það sem við höfum áhyggjur af og angist af er einmitt hvernig minnstu sveitarfélögin úti á landsbyggðinni, úti á jaðrinum, hafa farið út úr hinni miklu fólksfækkun. Þess vegna erum við að reyna að koma til hjálpar þar sem þörfin er mest.

[17:05]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson beindi til mín spurningu um hvort ég vildi hækka skatta. Ég vil ekki hækka skatta. Ég vil færa tekjur í samræmi við þau verkefni sem við höfum sett á sveitarfélögin með lögum, ég vil færa tekjur frá ríkissjóði til sveitarfélaganna. Þetta er nákvæmlega í samræmi við sveitarstjórnarræðu mína sem hv. þm. kallaði svo. Ég er bara að fara nákvæmlega yfir þau atriði sem við höfum sett og gert sveitarfélögunum að standa undir með lögum.

Þegar talað er um hagvöxtinn til sveitarfélaganna spyr ég hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Telur hann að hagvöxturinn hafi komið til sveitarfélaganna með því að þar er sífelld fækkun? Á ég að trúa því að fækkun á Súgandafirði hafi orðið til þess að þar hafi orðið hagvöxtur? Nei, ekki aldeilis. Það er einmitt þess vegna sem þarf að hjálpa sveitarfélögum. Það getur vel verið að Súgfirðingar séu búnir að jafna sig á þessum verstu áföllum sem þeir urðu fyrir. En hvað með allar félagslegu íbúðirnar? Við verðum að taka á því. Eigum við að stofna Félagslegar leiguíbúðir Íslands hf. fyrir landsbyggðina? Hvað eigum við að gera? Meðan við setjum lög sem koma út sem beinn kostnaður fyrir sveitarfélögin eigum við að láta tekjur fylgja með. Ef við höfum sett lög án þess að gera þetta eigum við að leiðrétta þessa hluti. Við eigum að færa til fjármuni til sveitarfélaganna í samræmi við aukin verkefni eins og ég rakti áðan skilmerkilega og ég get komið með fleiri liði. Ég fór í 14 liði. Ég hef a.m.k. 16 eða 17 liði sem við höfum klárað með lagasetningu.

[17:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einmitt þetta sem ég sagði áðan. Það er mjög misjafnt hvernig tekjuaukinn hefur komið til sveitarfélaganna í landinu. Þar sem hefur orðið mikil fólksfækkun þar er neyðin mest. Þess vegna erum við að reyna að koma til móts við þær þarfir með fólksfækkunarþjónustuframlögunum. En þau sveitarfélög sem hafa notið mestrar þenslu, mestrar fólksfjölgunar o.s.frv., hafa í samræmi við ríkið fengið líka auknar tekjur.

Gagnvart vandamáli hinna félagslegu íbúða, sem hv. þm. kom inn á, þá get ég sagt honum að ég hef mjög ákveðnar skoðanir á því. Í lögum um félagslegar íbúðir er kveðið svo á um að bannað sé að afskrifa. Ég lít á svona lagaákvæði í markaðssamfélagi eins okkar sem fáránlegan hlut, að einhver ætli að taka eitthvað út úr samfélaginu og segja: Þetta má ekki afskrifa, að það sé einhver Pétur eða Páll sem vill setja inn í lögin að ekki megi afskrifa þessa eign. Auðvitað verður að afskrifa eignir eftir því sem markaðurinn segir burt séð frá því hver á þær. Þetta er fáránlegt og á að afnema þetta strax úr lögum. Það getur aldrei farið öðruvísi en að ef eign fellur í verði tapar veðhafinn. Það gerist bara svona í þessum heimi. Hann er bara ekki flóknari en það. Þannig tapa þeir sem eiga, aldrei aðrir.

[17:09]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar fengum við það og ekki er langt á milli okkar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í þessu máli varðandi félagslegu íbúðirnar. Ég er alveg klár á því að það verður að gera þetta á einhvern þann hátt að það verður að afskrifa skuldirnar og koma þessu af stað á nýjan veg.

Af því að ég tíndi aðeins upp 13–14 punkta vil ég nefna það og ég spyr hv. þm. Einar Odd Kristjánsson um leið: Telur hann að það sé rangt að tekjur eigi að fylgja með þeim verkefnum sem við höfum sett yfir til sveitarfélaganna? Á ég að trúa því? Ég veit að hann meinar það ekki. Hann meinar það ekki og hefur heldur ekki farið yfir þessa pósta.

Ég nefndi heldur ekki heilbrigðiseftirlit þar sem við settum lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarir. Þar breyttum við gjaldskrá. Það er beinn aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin. Ég nefndi heldur ekki hafnamálin þar sem sveitarfélög greiða núna 25% við dýpkunarframkvæmdir en greiddu áður 10%. Þetta gerðum við með lögum.

Síðan nefndi ég heldur ekki lög nr. 73/1997, um skipulags- og byggingarmál. Hvað gerðum við þar? Við settum beinan aukinn kostnað á sveitarfélögin án þess að tekjur fylgdu með. Það eru þessi atriði sem ég veit að við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson munum ná samkomulagi um að lagfæra.

[17:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson kvartaði undan því að gert væri ráð fyrir því að fresta framkvæmdum við vegagerð. Af því tilefni hlýt ég að minna hv. þm. á að samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að varið verði 5,4 milljörðum kr. til nýframkvæmda við vegagerð þar er um að ræða 30% hækkun frá þessu ári.

Frestun framkvæmda er hins vegar upp á 800 millj. kr. og þá er búið að gera ráð fyrir því inni í þeirri prósentuhækkun.

Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega í því samhengi framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og talaði um slysagildrur er rétt að minna á að samkvæmt vegáætlun hækka framlög til höfuðborgarsvæðisins úr 660 millj. í 1.863 millj. sem er býsna myndarleg hækkun. Að vísu gerum við ráð fyrir því að einhver frestun verði á framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. Hvers vegna er það sem við teljum nauðsynlegt að fresta framkvæmdum hér? Það er vegna þess að ekki er til nægjanlega margt fólk til að vinna þessi verk. Það liggur alveg fyrir að spennan á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu er slík að nauðsynlegt er að hægja aðeins á.

Engu að síður eru í gangi framkvæmdir við mislæg gatnamót eða í undirbúningi framkvæmdir við mislæg gatnamót bæði á Reykjanesbrautinni og Breiðholtsbrautinni sem er ein allra stærsta framkvæmd sem ráðist verður í í vegamálum og sömuleiðis er gert ráð fyrir mörgum öðrum framkvæmdum

sem ég get ekki nefnt hér í andsvari. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á því að e.t.v. stærsta slysagildran á höfuðborgarsvæðinu er í gíslingu hjá borgaryfirvöldum. Það eru gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

[17:13]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að koma upp og ræða þessi mál við mig þó að það sé bara í andsvari. Það sem ég var að leggja áherslu á er að ég bið um að þær frestanir, sem verða á þeim framkvæmdum, verði ekki til þess að viðhalda einhverjum slysagildrum. Ég er alls ekki að bera það á borð að það sé ætlun ríkisstjórnar eða hæstv. samgrh., síður en svo. Ég treysti á að þeim aðgerðum sem frestað verður, sé hægt að koma til skila þó síðar verði en svo sannarlega er hægt að taka undir að það framkvæmdir upp á 5,4 milljarða eru mikil verkefni. Mér er einnig kunnugt um að starfsmenn Vegagerðarinnar eru önnum kafnir við undirbúning þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið ákveðnar þannig að það er ekkert óljóst í mínum huga. Ég segi enn og aftur að frestun framkvæmda getur leitt til aukins kostnaðar. Menn verða að skoða mjög vel út frá þessum orðum hvar menn setja verkin í bið. Ég trúi því og treysti af því að ég þekki hæstv. samgrh. að þau mál verði skoðuð mjög ítarlega. Ég þekki ekki það dæmi sem borgarstjórn Reykjavíkur er með í gíslingu og vil ekkert ræða það vegna þess að ég þekki það ekki en fulltrúar frá borgarstjórn voru hjá fjárln. fyrir skömmu og útskýrðu rækilega þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og sögðu þar jafnframt að borgin mundi leggja mikla áherslu á að koma sumum þeirra áfram.

[17:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að vinna þarf að mörgum mikilvægum verkefnum í samgöngumálum. Ég nefndi hér sérstaklega eitt verk á höfuðborgarsvæðinu sem ég tel að nauðsynlegt hefði verið að ráðast í en það eru gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, þau miklu umferðargatnamót. En það er ákvörðun borgaryfirvalda að láta þau standa óbreytt í framtíðinni, þau gera ekki ráð fyrir mislægum gatnamótum. Þar verði umferðinni stýrt með ljósum eins og er nú þegar. Það er hins vegar vilji minn og Vegagerðarinnar að velja fremur mislæg gatnamót þar. En borgaryfirvöld hafa tekið þessa ákvörðun og það er ekki við samgrh. að sakast hvað það varðar.

Varðandi aðrar framkvæmdir sem fresta þarf, um sem nemur 800 millj. á næsta ári, er ljóst að þeim er fullkomlega eðlilegt að fresta um sinn, m.a. vegna undirbúnings og vegna þenslu á vinnumarkaði. En undirbúningur heldur áfram fullum fetum. Ég mun við 2. umr. og fyrir 2. umr. fjárlaga gera nánari grein fyrir þeim verkum sem um er að ræða vegna þess að við þurfum að skoða það á næstu vikum og m.a. líta til þess sem hv. þm. nefndi hér þegar kemur að því að velja þau verk sem minnst kemur að sök að frestað sé.

[17:17]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem ég hef áður sagt. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að koma hér upp og taka undir vangaveltur mínar, um að nauðsynlegum framkvæmdum þar sem væru hugsanlega slysagildrur verði ekki frestað. Það kemur vonandi ekki alvarlega að sök að fresta þeim framkvæmdum sem væntanlega verður gerð grein fyrir. Ég veit að greint mun frá því hverjar þær eru og þá getum við tekist á um þau viðhorf sem uppi eru um þau atriði og þær framkvæmdir sem á að fresta. Þar með hef ég í rauninni fengið það fram sem ég vildi fá, að hér sé ekki um mikilsverðar framkvæmdir að ræða og unnt að koma þessum frestunum við án þess að það verði til stórskaða.

[17:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að beina spurningum til hæstv. fjmrh. og óska eftir að hann sé viðstaddur. — Hann gengur hér í salinn, hann er ekki langt undan.

Í fjárlagafrv. á bls. 489 segir um Íbúðalánasjóð eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í bráðabirgðaákvæði nr. IX í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, er heimilt til ársloka 2000 að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum. Þar sem heimildin fellur niður um næstkomandi áramót er ekki gert ráð fyrir framlögum til að niðurgreiða þessi lán. Í samræmi við lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, er því gert ráð fyrir að útlánsvextir taki mið af almennum lánskjörum frá upphafi árs 2001."

Þetta var gagnrýnt og var mjög til umræðu þegar nýju húsnæðislögin voru afgreidd á Alþingi árið 1998. Þá höfðu ýmsir aðilar sem hafa húsnæðismálin á sinni könnu fyrir hönd sinna skjólstæðinga, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg og námsmannasamtök, svo dæmi séu tekin, áhyggjur af því hvert stefndi, hvort ríkisstjórninni væri virkilega alvara að fara með alla vexti inn á markað, keyra þá upp í markaðsvexti. Hæstv. félmrh. kvað svo ekki vera, vísaði jafnan til þessa bráðabirgðaákvæðis og sagði að tíminn fram til ársloka árið 2000 yrði notaður til að komast að samkomulagi um framhaldið.

Samkvæmt fjárlagafrv. er niðurstaðan skýr. Það á að fara með þessa vexti á markað. Þessir vextir hafa verið lágir miðað við það sem gerist á markaði. Á sínum tíma voru félagslegir vextir 1% og enn eru til lánaflokkar sem eru á þeim kjörum. Önnur lán eru hærri, bera 3,9% vexti, en vextir á markaði eins og menn þekkja eru mun hærri. Húsbréfavextir eru rúmlega 5%, 5,1% þótt það segi ekki alla söguna um kjörin á húsbréfunum vegna affallanna. En samkvæmt fjárlagafrv. liggur fyrir að hæstv. fjmrh. vill keyra þessa vexti upp í það sem gerist á markaði.

Hæstv. félmrh. var spurður álits á þessu efni við umræðuna hér fyrr í dag, það gerði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Félmrh. hæstv. sagði að um þetta hefði ekki náðst samkomulag og spurningin er: Við hvern? Við fjmrh.? Fjmrh. virðist hins vegar ekki á þeim buxunum að gera neitt samkomulag. Í þeim kafla sem hann lætur frá sér fara um ráðuneyti hæstv. félmrh. segir m.a. á bls. 407, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um húsnæðismálin:

„Loks er 50 millj. kr. fjárveiting á lið 205 Leiguíbúðir til húsaleigubóta eða til stofnkostnaðarstyrkja. Niður fellur af sama lið 100 millj. kr. tímabundin fjárveiting samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál um niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða fram til ársloka 2000."

Hér er talað alveg skýrt. Hæstv. fjmrh. hefur ákveðið að þessir vextir verði markaðsvextir og í stað þess á að koma til eins konar styrkjakerfi. Eins og ég nefndi hér þá fellur niður 100 millj. kr. tímabundin fjárveiting sem ætluð var til að niðurgreiða þessa vexti. Hér virðist því á ferðinni mjög djúpstæður ágreiningur á milli hæstv. félmrh. annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þessum áreiningi sem greinilega er

kominn upp innan ríkisstjórnarinnar um hvernig eigi að taka á leiguíbúðum sem ýmis félagasamtök hafa á sinni hendi.

Það er margt harla kyndugt í fjárlagafrv. en undarlegast þótti mér sannast sagna að lesa um framlagið til áfengis- og fíkniefnamála í ljósi alls þess sem sagt hefur verið um það efni. Reyndar er framlag til löggæslumála aukið lítið eitt, harla lítið þó með hliðsjón af yfirlýsingum sem gefnar hafa verið um það efni. En um áfengis- og fíkniefnamálin segir á bls. 389, með leyfi forseta:

„Fjárveiting liðarins lækkar um 10 millj. kr. þar sem fellt er niður tímabundið framlag í gildandi fjárlögum sem ætlað var til að bæta og auka við búnað til fíkniefnarannsókna hjá lögregluembættum."

Þetta hefur vakið mikla furðu hjá lögreglumönnum og Landssamband lögreglumanna hefur sent alþingismönnum erindi þar sem þessu er harðlega mótmælt. Þar segir, með leyfi forseta, í bréfi sem er undirritað af formanni Landssambands lögreglumanna, Jónasi Magnússyni:

„Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna lýsir undrun sinni á þeim fjárveitingum til öryggis- og löggæslumála sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga ársins 2001.

Stjórnvöld hafa undanfarin ár sett fram háleit markmið um stórfellda fækkun alvarlegra umferðarslysa, vímuefnalaust land og fækkun afbrota. Þau markmið verða innihaldslaus orðaleikur sé starfsemi lögreglunnar lömuð vegna fjárskorts.

Fjárframlög til öryggis- og löggæslumála hafa undanfarið ekki endurspeglað að hugur fylgi máli. Í frv. til fjárlaga ársins 2001 stefnir í enn frekari niðurskurð löggæslu. Á sama tíma fjölgar alvarlegum umferðarslysum, afbrotatíðni eykst og umfang fíkniefnamála stækkar. Lögregluembættum um land allt er gert að ná fram umtalsverðum sparnaði í rekstri, sparnaði sem leiðir það eitt af sér að lögreglan verður að forgangsraða verkefnum. Staðreyndir tala sínu máli.

Samdráttur löggæslunnar og minnkandi vinnuframlag hefur leitt til þess að skortur er á faglærðum lögreglumönnum enda bjóðast betri kjör á almennum vinnumarkaði. Veruleg hætta er á að þeim fækki enn frekar gangi þau markmið eftir sem nú blasa við í fjárlagafrumvarpinu. Löggæsla er viðfangsefni sem krefst kunnáttu og faglegra vinnubragða.

Það er ein af frumskyldum ríkisvaldsins að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu og tryggja með markvissum hætti öryggi samborgaranna. Löggæsla er einn hornsteina lýðræðisþjóðfélags. Háleit markmið og efndir þurfa að fara saman.

Framkvæmdastjórnin skorar á háttvirta alþingismenn að taka fjárframlög til þessa málaflokks til rækilegrar endurskoðunar, fylgi hugur máli."

Mér þótti ástæða til þess að gera Alþingi grein fyrir þessum hugleiðingum frá Landssambandi lögreglumanna og eindregnum mótmælum við fjárlagafrv.

Í fjárlagafrv. eru ekki aðeins settar fram ýmsar hagstærðir og fyrirhugað framlag til aðskiljanlegra málaflokka heldur er það jafnframt eins konar stefnuyfirlýsing. Þess vegna reynir maður jafnan að lesa á milli línanna um hvert skuli stefna í ríkisrekstrinum og skipulagningu hans. Það er ljóst að ríkisstjórnin ætlar að ganga lengra á þeirri braut sem hún hefur gengið undanfarin ár í að auka margvíslegar sértekjur og notendagjöld. Þannig kemur fram á bls. 310 í fjárlagafrv. að sértekjur ríkisstofnana eru nú áætlaðar 11 milljarðar kr. en voru 10 milljarðar kr. í fjárlögum árið 2000. En þar með er ekki öll sagan sögð vegna þess að innritunargjöld háskóla og framhaldsskóla eru nú flokkuð sem ríkistekjur en ekki sértekjur og við það lækka sértekjur um 224 millj. kr. Við erum því ekki að tala um einn milljarð til viðbótar í sértekjur heldur um 1.200 millj. kr.

Tími minn er útrunninn. Ég mun ræða þessi mál frekar við síðari umræður fjárlaganna.

[17:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með síðasta ræðumann eins og fleiri sem tekið hafa til máls fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að þeir þrá að geta sýnt fram á einhvern ágreining milli stjórnarflokkanna eða einstakra ráðherra. Þeir þykjast geta afhjúpað djúpstæðan ágreining sem upp sé kominn og birtist í frv.

Nýjasta dæmið um þetta er það sem hv. þm. var að segja í sambandi við húsnæðismálin og leiguíbúðaþáttinn sérstaklega. Þannig vill til að umrætt bráðabirgðaákvæði er að renna sitt skeið núna í lok ársins 2000. Við því þarf að bregðast. Það bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi. Við því er brugðist með þeim hætti sem lýst er í frv., settar eru 50 millj. eins og þingmaðurinn gat um í þennan málaflokk til þess að veita stofnstyrki að því er varðar leiguíbúðirnar.

Hins vegar er því við að bæta að sérstök nefnd hefur verið starfandi á vegum félmrh., m.a. með minni aðild, þar sem hefur verið reynt að komast að niðurstöðu um það hvernig eigi að hafa þetta kerfi í framtíðinni og kemur auðvitað ýmislegt til greina. Það kemur til greina að vera með stofnkostnaðarstyrki af því tagi sem um er að ræða þó að þetta sé lág upphæð. Það kemur líka til greina að fara þá leið að hækka húsaleigubæturnar til samræmis við aukinn vaxtakostnað. Eitt og annað af þessu tagi kemur til greina.

En sú breyting sem hér var ráðgerð að því er varðar vextina var löngu fyrirséð og lá fyrir í lögunum sem voru samþykkt fyrir nokkrum árum.

Ég mun svara síðara atriðinu í síðara andsvari mínu.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að ég hef þráð að sjá einhvern ágreining um þá hörðu frjálshyggjustefnu sem þessi ríkisstjórn hefur rekið. Því miður hefur sá ágreiningur verið allt of lítill milli Framsfl. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar enda hefur manni þótt Framsfl. oft orðinn lítið annað en ein deild í Sjálfstfl. Þess vegna fagnaði maður því, eða ég geri það a.m.k., ef þarna voru einhverjir tilburðir á ferðinni til að andæfa þeirri stefnu sem hæstv. fjmrh. hefur rekið.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir. Það er verið að bregðast við því að út er að renna bráðabirgðaákvæði IX í lögunum um húsnæðismál frá 1998 og er brugðist við á tiltekinn hátt. Það segir að hér eftir eigi útlánsvextir að taka mið af markaðsvöxtum. Kveðið er á um þetta á bls. 489. Á bls. 407 segir líka að fjárveiting samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál um niðurgreiðslur vaxta til leiguíbúða falli niður. Þetta er skýrt.

Hæstv. félmrh. kom í ræðustól áðan og sagði Alþingi frá því að þetta væri ekki útkljáð mál. Ekki væri búið að taka endanlega um það ákvörðun að fara þessa leið, að fara með þessa vexti til samræmis við það sem gerist á markaði. Hæstv. fjmrh. segir okkur hins vegar að enginn ágreiningur sé um þetta, sú niðurstaða liggi fyrir, mér skilst að markaðsvextir verði látnir gilda en á móti verði komið með einhvers konar styrkjakerfi sem hæstv. félmrh. segir ósamið um. Ég vil fá

upplýsingar um þetta og menn tali hreint og tæpitungulaust um þessi mál.

[17:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að ekki er komin niðurstaða í því hvernig eigi að afgreiða hið nýja nefndarálit um þetta mál sem menn eru nýbúnir að fá í hendur um hvernig eigi að taka á framhaldinu varðandi þennan þátt húsnæðislánakerfisins. Það er alveg rétt. En eins og lögin eru núna gerist þetta sjálfkrafa sem um er að ræða í fjárlagafrv. Hvort menn fara síðan út í hliðaraðgerðir með stofnkostnaðarstyrkjum, auknum húsaleigubótum eða öðru, það er það sem á eftir að útkljá.

Hitt atriðið sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni í máli sínu voru framlög til lögreglumála og fíkniefnavarna. Ég er búinn að fara yfir það einu sinni í dag varðandi fíkniefnaframlagið sem fellur niður um 10 millj., að það er vegna þess að þar var verið að kaupa ákveðinn búnað. Á að kaupa aftur sérstakan bíl með gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.? Hvað eru menn að fara?

Að því er varðar löggæsluþættina að öðru leyti var farin sú leið af hálfu dómsmrn. í þeirri vinnu sem öll ráðuneyti þurftu að ganga í gegnum að hagræða hjá sér um ákveðið hlutfall, að láta það hlutfall vera jafnt á alla þætti starfseminnar, 1,7% og hjá stórum embættum sem hafa tugi, hundruð millj. umsvif, fyndist manni ekki neitt sérstaklega flókið mál að ná niður umsvifunum um 1,7% á heilu ári.

Síðan vil ég bæta því við sem ég sagði fyrr í dag að það skyldi þó ekki vera að hið illa Schengen-samstarf, sem margir þingmenn forsmá, skyldi geta hjálpað okkur eitthvað í fíkniefnamálunum. Það á að stórfjölga starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli við hið svokallaða landamæraeftirlit. Halda menn kannski að það hafi engin áhrif í fíkniefnaeftirlitinu?

[17:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mat þeirra sem best til þekkja að heldur muni draga úr fíkniefnaeftirliti og það verði á ýmsa lund erfiðara um vik að hafa eftirlit með fíkniefnum með Schengen-samkomulaginu. Ég ætla ekki að nota tíma minn til þess að svara því en hæstv. fjmrh. spyr hvert menn séu að fara með því að gagnrýna að fjárveitingin til áfengis- og fíkniefnamála sé lækkuð um 10 millj. kr. Hann spyr hvert menn séu að fara þegar þeir taka undir með Landssambandi lögreglumanna, þeirra manna sem sinna þessum störfum, sem hafa af því áhyggjur hver stefna er rekin af ríkisstjórninni og hæstv. fjmrh. er ábyrgur fyrir.

Varðandi húsnæðismálin vakti ég athygli á því að 100 millj. kr. framlag er fellt niður, framlag sem hefur verið notað til að niðurgreiða vexti til félagslegra leiguíbúða, en á móti kemur helmingi lægri upphæð, 50 millj. kr. Ég vænti þess að við eigum eftir að fá skýrari svör frá ráðherrum, ekki aðeins hæstv. fjmrh. heldur einnig félmrh. sem hafa komið fram með mjög gagnstæðar fullyrðingar og gagnstæð sjónarmið um hvernig eigi að bregðast við þegar bráðabirgðaákvæði nr. IX í lögum nr. 44/1998 rennur út.

[17:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil í ræðu minni drepa á nokkur atriði bæði við fjárlagagerðina sjálfa og ýmis atriði sem þar birtast og ýmis atriði líka varðandi einstök ráðuneyti.

Í fyrsta lagi, herra forseti, verð ég að játa það þegar við nú tökum við frv. til fjárlaga í annað sinn að fyrir ári þegar ég tók á móti frv. til fjárlaga frá hæstv. fjmrh. og með mikið lof og prís frá þáv. og núv. formanni fjárln. og ekki síður frá þáv. og núv. varaformanni fjárln., tók ég þetta allt sem miklum sannleik. Allir voru svo sælir og ánægðir að ekki hafði hver undan öðrum að lofa það og prísa, og þetta væri allt saman hinn endanlegi sannleikur sem væri þarna á borð borinn og við værum þarna komin til að kinka kolli. Í þessari trú var ég lengi fram eftir hausti. Í fjárln. var að vísu þrefað um nokkrar „baunir" eins og hv. þm. og varaformaður fjárln. hefur nefnt minni háttar mál. En ég hélt að við stæðum nokkuð föstum fótum um hinn stóra sannleik um efnahagsforsendur, um viðskiptahalla, um heildartekjur og heildargjöld.

En svo fór þessi skriða að renna af stað. Í nóvember kom alveg nýtt mál. Þá hafði viðskiptahallinn vaxið að mig minnir á þeim mánuði einhvers staðar í kringum 10 milljarða. Þetta var afar erfiður biti að kyngja og í stuttu máli, herra forseti, þegar við stöndum frammi fyrir áætlun um endanlegar tölur yfir tekjur og gjöld og yfir viðskiptajöfnuð ársins 2000 stendur nánast ekki steinn yfir steini í þessu frv. sem ég og aðrir hv. þingmenn tókum á móti með svo mikilli viðhöfn fyrir um ári. Breytingar á meginþáttum frv. hafa orðið svo skiptir tugum milljarða kr., upphæðir sem ég varla kunni að taka mér í munn þegar ég kom inn á þing. Þetta, herra forseti, vekur ekki traust. Það er samt einlæg von mín eins og hv. varaformaður fjárln. gat í ræðu sinni. Hann gat ekkert sagt nema: við vonum að þetta sé betra en í fyrra. En þetta er bara spá eins og hann ítrekaði svo.

Er það kannski svo að ríkisstjórn og þeir sem hún styðst við hafi ekki nema takmarkaða hönd á því sem þeir eru að gera og eins og reyndar varaformaður fjárln. gat áðan um og þeir hafi ekki áttað sig á í hvers konar umhverfi við búum varðandi fjárhagsbúskap ríkisins? Þeir rjúka jafnvel upp til handa og fóta og skammast út í það ef einhver ætlaði að kaupa eða selja gjaldeyri eitthvað hraðar en þeim datt í hug að gerðist og þá sé eitthvert áhlaup á krónuna þegar aðeins er verið að fara eftir þeim einföldu reglum sem þeir hafa sjálfir sett og á grundvelli þess trúnaðar eða þess trausts sem borinn er til efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar? Nei, sendiboðinn litli sem fór og skipti krónunum sínum er laminn og sakaður um áhlaup. Ég tel, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn og með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar átti sig greinilega ekki á þeim raunveruleika sem efnahagslíf okkar býr við.

Má ég vekja athygli á einu í sambandi við fjárlagafrv. sem mér finnst að eigi að skoða mjög vandlega. Undir lið hvers ráðuneytis er lögð fram stefna um útgjöld til næstu fjögurra ára. Ég vek athygli á því að sú tafla sem þar er er unnin af fjmrn. eins og við höfum verið upplýstir um en ekki af viðkomandi fagráðuneyti þó svo þau viti af því. Ég tel, herra forseti, að með því að setja þessa áætlun, þegar framkvæmdarvaldið setur slíka áætlun með þessum hætti inn í frv. til fjárlaga sé á vissan hátt verið að taka fram fyrir hendur löggjafans og binda til næstu fjögurra ára þó svo reyndar þessi kafli hafi ekki lagalegt gildi fyrr en við afgreiðslu fjárlaga. Það hefði verið allt í lagi að leggja þetta fram sem sérstakt rit sem tillögu fjmrn. sjálfs um þessi mál en eins og það birtist þarna lítur það út sem tillaga viðkomandi fagráðuneytis. Það tel ég á vissan hátt vera blekkingu ef viðkomandi fagráðuneyti standa ekki að.

Herra forseti. Ég vil benda á annað í fjárlagafrv. Það er þessi mikli fjöldi skuldbindandi samninga sem er kominn þar

inn. Einstök ráðuneyti hafa farið að mér finnst afar frjálslega með þær heimildir sem gefnar eru í fjárreiðulögum fyrir ráðuneyti til þess að gera samninga um einstök verkefni. Fari fram sem horfir verða nánast öll verkefni ríkisins eða meginhluti þeirra orðinn bundinn í slíkum skuldbindandi samningum sem okkur bæði í fjárln. og á Alþingi er kynnt að við höfum engu öðru hlutverki að gegna en kyngja.

Þarna finnst mér, herra forseti, að framkvæmdarvaldið sé hreinlega farið að leika sér að löggjafarsamkomunni og ég vara við þessum vinnubrögðum við framsetningu og gerð fjárlaganna.

Það er ekki hægt annað en að minnast aftur á viðskiptahallann. Mér hefur fundist gæta barnalegrar bjartsýni af hálfu stjórnarliða um að viðskiptahallinn greiðist af sjálfu sér og þetta muni bara gerast einhvern veginn. Við vitum öll að hann greiðist ekki af sjálfu sér. Við vitum að það þarf að vinna fyrir honum. Við vitum að afla þarf útflutningstekna fyrir honum. Það gerist ekkert af sjálfu sér, ekki þó að menn tali um einhver ný hagkerfi. Menn þurfa áfram að standa skil á gjörðum sínum.

Hvernig ætla menn að greiða hann? Það er ekki sjáanlegt í frv. og í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar að spáð sé mikilli aukningu á þjóðarframleiðslu eða útflutningstekjum.

Mér er ekkert gleðiefni að þurfa að rifja þetta hér upp. Ein leið er sjálfsagt t.d. að selja ríkiseignir úr landi. Er það kannski á döfinni til að jafna þennan halla? Ég harma það ef svo er.

Ég vil líka, herra forseti, að síðustu nefna Orkubú Vestfjarða þar sem þess er getið að viðræður séu um að ríkið kaupi Orkubú Vestfjarða. Þar er hægt að setja inn að til standi eða að viðræður séu í gangi en það er ekki hægt að setja inn í frv. að það standi til að létta fjárhag sveitarfélaganna. Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti. Er ætlunin að pína sveitarfélögin á Vestfjörðum til að selja orkubú sitt?

[17:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur um margt verið ákaflega lýsandi og hún hefur skýrt stöðu ríkisfjármálanna. Það hefur t.d. verið skýrt fyrir mér að þingmönnum Sjálfstfl. er í rauninni alveg sama þó að það liggi fyrir, og þeir hafi ekki getað neitað því, að persónuafsláttur hefur legið eftir, liggur undir launaþróuninni. Þetta hefur leitt til þess að fjöldi fólks sem ekki hefur þurft að borga skatta áður, fjöldi fólks sem hefur lifað af strípuðum bótum og hefur lifað af lágum tekjum er allt í einu kominn í hóp skattgreiðenda. Mér þætti til að mynda gaman að vita hvað mannvinurinn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir um það. Er hægt að réttlæta það? Geta menn með sæmilegt hjartalag komið hingað og sagt að það sé bara hið besta mál, eins og hv. þm. Pétur Blöndal gerði hér fyrr í dag?

Það sem liggur eftir þessa umræðu er m.a. að þetta virðist vera aðgerð sem þingmenn Sjálfstfl. vita af og eru sáttir við. Ég tel að þetta sé eitt hið versta sem er að finna í þróun ríkisfjármálanna. Fyrir liggur að þetta mun verða svona á næsta ári og eins og ég rakti í ræðu minni fyrr í dag þá gliðnar enn á þessu ári og á síðasta ári má gera ráð fyrir að 3,5 milljarðar séu með þessum hætti teknir í skatta og lenda með mestum þunga á herðum þeirra sem erfiðast eiga.

Herra forseti. Það hefur líka komið fram í umræðunni, og það hefur ekki gerst ákaflega lengi svo ég muni eftir, að ágreiningur í viðamiklum efnum er millum stjórnarflokkanna. Fram hefur komið að 7,5 milljarðar af tekjuafgangi ríkisins eiga að koma af sölu ríkiseigna. Það hefur hins vegar líka komið fram í umræðunni að ekki er sátt um það milli stjórnarflokkanna hvaða fyrirtæki á að selja. Eru það bankarnir? Ef það eru bankarnir af hverju kemur það ekki fram í fjárlagafrv.? Er það vegna þess að ágreiningur er um það milli Framsfl. og Sjálfstfl. hvernig beri að fara með bankana? Ég held það, herra forseti. Ég held að ágreiningur sé uppi um það. Ef svo er ekki, hvers vegna stendur það þá ekki í frv. að ráðast eigi í sölu þessara banka?

Í annan stað er alveg ljóst að bullandi ágreiningur er um söluna á Landssímanum. Það hefur komið fram í máli hv. formanns fjárln. Jóns Kristjánssonar að hann er á allt öðru máli en þeir þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað um sölu Landssímans. Og það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að þessi ágreiningur gerir það að verkum að tekjuhlutinn er náttúrlega að vissu leyti í uppnámi.

Herra forseti. Í þriðja lagi hefur komið fram í umræðum hér í dag að ágreiningur ríkir milli Sjálfstfl. og Framsfl. um það hvernig eigi að fara með áframhaldandi niðurgreiðslu á styrkjum til kaupa á leiguíbúðum sveitarfélaga. Þetta kom fram í umræðunni í dag. Hæstv. félmrh. Páll Pétursson lýsti því einfaldlega yfir að ekki væri búið að leysa þetta mál millum stjórnarflokkanna. Hæstv. fjmrh. gaf þá skýringu hérna áðan að það væri vegna þess að svo skammt væri síðan nefnd sem um þetta fjallaði hefði skilað áliti. Ég gef lítið, herra forseti, fyrir skýringar af því tagi.

Mér finnst að margt hafi skýrst varðandi afstöðu manna til þeirra hluta sem mér þykja erfiðastir í efnhagsstjórn um þessar mundir. Þá nefni ég fyrst og fremst viðskiptahallann. Ljóst er að uppi eru mjög mismunandi skoðanir milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þeim efnum. Hæstv. fjmrh. er þeirrar skoðunar að viðskiptahallinn sé það vel kynjaður að þessu sinni að ekki þurfi að hafa af honum sömu áhyggjur og áður. Hv. þm. Pétur Blöndal og mig minnir líka hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tóku undir það. Allir þessir menn og sérstaklega hæstv. fjmrh. færðu nokkuð skýr rök fyrir því af hverju þeir eru þessarar skoðunar.

Það er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun af því sem talsmenn Sjálfstfl. hafa sagt hér í dag að þeim finnst ekki að viðskiptahallinn sé verulegt áhyggjuefni. Það er hins vegar þannig að þeir sem hafa það hlutverk með höndum að gefa hæstv. ríkisstjórn ráð um stjórn efnahagsmála eru sammála stjórnarandstöðunni. Þeir eru ekki á sama máli og talsmenn Sjálfstfl. Þeir eru á sama máli og stjórnarandstaðan og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson og hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir sem hafa bæði tekið undir með stjórnarandstöðunni um að viðskiptahallinn sé áhyggjuefni.

Herra forseti. Hvað segir í þjóðhagsáætlun? Í henni stendur á bls. 12, með leyfi forseta:

„Það liggur því í augum uppi að helsta verkefni hagstjórnar verður að koma á betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum landsins, ...“

Þetta segir Þjóðhagsstofnun. Hv. þingmenn Pétur Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson og hæstv. ráðherra eru annarrar skoðunar. Þeir líta ekki á þetta sem helsta verkefni hagstjórnar. Þeir hafa verið inntir eftir því hér í dag og þeir hafa ekki svarað því að svo sé.

Herra forseti. Ég vísa líka til þess að við búum við ákaflega lítið og veikt efnahagskerfi og lítill gjaldeyrismarkaður okkar og opinn er auðvitað ákaflega viðkvæmur. Ekki má mikið út af bera til að eitthvað fari úrskeiðis og stöðugleikinn

á honum er raunar háður trúverðugleikanum á efnahagsstefnunni.

Við sáum það í sumar að staða gengisins sem hæstv. ráðherrar halda fram að sé svo traust var eins og hv. þm. Jón Bjarnason var að lýsa áðan slík að spákaupmenn gerðu tvisvar sinnum atlögu að íslenska genginu. Seðlabankinn þurfti að verja hartnær 10 milljörðum kr. til að koma í veg fyrir að þessar atlögur tækjust. Við getum búist við því að svo verði aftur.

Hversu trúverðug er efnahagsstefnan, herra forseti? Ég held að framvinda efnahagsmála hérna muni að verulegu leyti helgast af því hvernig tekst að verja íslensku krónuna og hvernig tekst að forða því að viðskiptahallinn grafi undan gengi hennar. En hverjir eru bestu dómararnir á trúverðugleika efnhagsstefnunnar? Það er hæstv. fjmrh. sem kemur hingað og segir að hún sé frábær. Lái honum það hver sem vill. Það er eðlilegt að fjmrh. hafi trú á sinni stefnu. Við stjórnarandstæðingar höfum verið að benda á ýmsa veikleika.

Svo ég fari yfir þá í stuttu máli, herra forseti, þá blasir við að Seðlabankinn hefur þurft að hækka vexti aftur til að ýta undir gengið, halda genginu háu. Hið háa raungengi sem hefur verið hér við lýði hefur að vísu orðið til þess að verðbólga í gegnum innflutning hefur engin verið eða ákaflega lítil. Þetta hefur hins vegar leitt til þess að vextir í landinu eru háir, vaxtamunurinn gagnvart útlöndum er ákaflega hár og raungengið sem hér hefur verið mjög hátt hefur mergsogið útflutningsgreinarnar, sér í lagi á landsbyggðinni. Við sjáum síðan markaðinn dæma, standa upp sem dómara og fella sinn dóm og hver er hann?

Við sjáum það t.d. á hlutabréfamarkaðnum sem endurspeglar trúverðugleika á efnahagsstefnunni. Hefur verðlag á honum nokkurn tíma verið jafnlágt svo missirum skiptir? Það er ákaflega mikilvægur mælikvarði á trúverðugleikann. Við sjáum líka að einn af stærstu fjárfestingarbönkunum í landinu ræðir nú opinskátt um að gengið muni veikjast.

Ég nefndi það áðan að krónan er þegar orðinn skotspónn spákaupmanna. Ég nefndi líka að Seðlabankinn hefur þurft að verja miklum fjármunum til þess að verja krónuna. Við sjáum þetta líka speglast í lélegum milliuppgjörum fyrirtækja og fregnum um slaka útkomu fyrirtækja vegna þess að fórnarkostnaðurinn af mistökunum sem ég rakti í ræðu minni í dag er sá að fyrirtækin þurfa að búa við mjög hátt raungengi. Þau þurfa að búa við ákaflega háa vexti. Þau búa líka við mikinn þrýsting sem birtist í gegnum verðbólguna. Allt er þetta núna að koma fram í uppgjörum fyrirtækjanna.

Síðan blasir það við að fjárlagafrv. er fram sett á þann hátt að ýmsir menn hafa talið sig knúna til þess að koma og tala um að það skapi óvissu og rugling, ekki bara út af þessum málum sem tengdust genginu og ég og hæstv. fjmrh. ræddum í dag, heldur kemur líka fleira þar til.

Ég nefni t.d. húsbréfin. Í fjárlagafrv. kemur fram að húsbréfaútgáfa á að aukast úr 32,8 milljörðum upp í 34,5 milljarða, ef ég man rétt. Aukið framboð á húsbréfum hlýtur vissulega að hafa áhrif á verðlag þeirra á markaði. Það birtist í því að síðustu daga höfum við séð ákveðinn óróa í kringum húsbréfamarkaðinn. Ég ætla auðvitað ekki að draga neinar meiri háttar ályktanir af því.

En það sem ég vildi segja, herra forseti, spurningin er þessi: Er efnahagsstefnan trúverðug? Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin svarar eðlilega já. Við í stjórnarandstöðunni höfum bent á ýmislegt sem er þess eðlis að efnahagsstefnan er ekki lengur jafntrúverðug og hún var. En sá dómur sem í vaxandi mæli er verið að kveða upp á markaðnum virðist benda til þess að markaðurinn er að tapa þeirri sterku trú sem hann hafði á efnahagsstefnunni.

[17:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skelfilegt þegar menn gerast svo skammsýnir að átta sig ekki á því að sú krafa sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók undir áðan, krafan um að persónuafsláttur fylgi launaþróun, er skelfileg. Hún er nefnilega skelfileg vitleysa. Auðvitað verður persónuafslátturinn að fylgja neysluvísitölunni. Auðvitað verður hann að fylgja henni. Hann gerir það og á að fylgja henni. Sjá menn þetta ekki í hendi sér?

Þegar launavísitalan er hærri en neysluvísitalan þá batna kjörin. Þegar neysluvísitalan er hærri en launavísitalan þá versna kjörin. Hvernig dettur mönnum í hug að láta launavísitöluna ráða persónuafslættinum? Hvað gerðist ef kjörin rýrnuðu? Sjá menn þetta ekki? Þá hækka skattarnir. Þetta er kolvitlaust. Þetta er bara hrein vitleysa.

Ríkisvaldið tekur til sín tekjur þegar vel árar og þegar vel gengur. Þegar tekjur manna og kaupmáttur eykst tekur ríkisvaldið til sín tekjur af því að ríkisvaldið hefur þær skyldur að vera tekjujafnandi. Þegar kaupmátturinn rýrnar, neysluvöruvísitalan er hærri en launavísitalan þá lækkar persónuafslátturinn og þá dregur ríkið úr sínum tekjum. Þannig verður þetta að virka og þannig er þetta. Þess vegna ætti að banna, herra forseti, að menn komi og segi svona mikla vitleysu.

[18:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætti að reyna að segja þetta við gamla fólkið sem kveinar og stynur undan þeim byrðum sem þessi ágæti þingmaður hefur lagt á herðar þess ásamt stjórnarliðinu.

En gefum okkar að það sem hv. þm. sagði væri rétt. Gefum okkur að það væri rétt að persónuafslátturinn ætti bara að fylgja hækkun neysluvísitölu. Þá er það einfaldlega þannig, herra forseti, að á þessu ári hækkaði persónuafsláttur í tveimur þrepum alls um 4,4%. Má ég spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Hvað hækkar vísitala neysluverðs mikið á árinu?

Á ég að svara því fyrir hann með upplýsingum frá ríkisstjórninni? Um meira en heilt prósent. Skilur hann þá sín eigin svik sem hann hefur tekið þátt í gagnvart gamla fólkinu?

[18:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að um ellilífeyri og örorkubætur gilda aðrar reglur því að í lögum um það segir, og er búið að vera í þrjú eða fjögur ár, að ellilífeyrir og örorkubætur skulu fylgja annaðhvort neysluvísitölu eða launavísitölu eftir því hvor er hærri.

Þetta var hið stóra skref sem stigið var hér fyrir nokkrum árum til þess að tryggja kjör aldraða og öryrkja. Áður hafði þetta alltaf gengið þannig fyrir sig að ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar fylgdu sveiflunni upp og niður. Þegar við urðum fyrir tekjuskerðingu þá varð skerðing á tekjum, á afkomu og kaupmætti ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega eins og hjá öðrum. Þetta var afnumið með lögum fyrir þremur árum.

En verði þjóðfélagið fyrir tekjurýrnun þannig að allur almenningur þurfi að bera tekjurýrnun þá eru ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar undanþegnir því. Þetta var stórkostlegt skref og mér er ekki kunnugt um að nokkurt velferðarríki annað en Ísland hafi tekið þetta inn í löggjöf sína.

Í dag stendur málið þannig að áhöld eru um hvort það eru 0,2% eða 0,4% sem vanti upp á að þeir fylgi nú almennri launahækkun og launavísitölunni. Vegna þeirrar kröfu hefur ríkisstjórnin ákveðið að við næstu launahækkun í landinu, sem verður um áramótin þegar almenn laun hækka um 3%, skuli laun ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega hækka um 4% til að taka af allan vafa. Þetta er sannleikurinn.

[18:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., verður sjálfur að kjósa hvaða siðum hann fylgir í umgengni sinni við annað fólk í þessum þingsölum. Ef hann kýs að koma hérna og ausa köpuryrðum, kalla menn bullara og annað slíkt þá verður hann auðvitað að búast við því að fá kannski einn til baka líka.

Hv. þm. féll hér í ákaflega sjaldgæfa gryfju. Hann byrjaði að grafa skurð sem hann ætlaði að hrinda öðrum ofan í en féll í hann sjálfur. Hv. þm. sagði nefnilega að þetta væri allt saman bull sem ég hefði sagt og það sem ætti að hafa fyrir rétt í þessu efni væri að láta persónuafsláttinn fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs. Það sem ég gerði var að lesa hérna fyrir hv. þm. að vísitala neysluverðs hækkar um 5,5% á árinu samkvæmt spá ríkisstjórnarinnar. En það liggur líka fyrir að persónuafsláttur hefur hækkað á árinu í tveimur þrepum, 1. janúar og síðan aftur 1. apríl og sú aukning nemur bara 4,4%.

Hvað ætlar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þá að gera til að fylgja því eftir sem hann sagði hérna? Til að fylgja því eftir að gamla fólkið fái hækkunina sem hann er búinn að segja að því beri. Hann er búinn að segja að aðrar viðmiðanir sem ég var með hérna séu rugl og vitleysa og hann kom með aðra. Og samkvæmt því skuldar ríkisstjórnin gamla fólkinu álitlegar upphæðir.

Ætlar hann sem varaformaður fjárln. að beita sér fyrir breytingum á fjárlagafrv. þannig að hans eigin orð hljómi ekki eins og bull og vitleysa úr þessum stól? Ég, herra forseti, ætla að gera mitt í fjárln. til þess að bjarga mannorði hans og hjálpa honum til þess að hjálpa sér sjálfum.

[18:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er nú langt liðið á dag og við höfum rætt nokkuð lengi fjárlög þau sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir þingið. Ég vil líkt og fleiri byrja á því að óska honum til hamingju með þann tekjuafgang sem má greina við lestur frv.

En maður stendur samt frammi fyrir spurningunni: Hvað þýða þessi fjárlög? Hvernig er þeim tekið? Það var merkilegt í morgun þegar umræðan um fjárlögin hófst þá hófst hún einmitt um það hvernig markaðurinn tekur við þessum fjárlögum. Vitnað var til orðræðu í gær í sjónvarpinu þar sem tilteknir aðilar sem starfa við verðbréfasölu eða eitthvað slíkt héldu því fram að með því að greiða niður skuldir jafnhratt og gert er ráð fyrir þá sé hættan sú að grafið verði undan krónunni. Hæstv. fjmrh. svaraði því hér í morgun að það væri alveg ljóst að þetta yrði ekki látið gerast. Þetta var mikilvæg yfirlýsing.

En það eru fleiri mælikvarðar sem menn hljóta að bera fjárlagafrv. við. Það er fróðlegt að líta til að mynda til hlutabréfamarkaðarins. Frá því að fjárlagafrv. kom fram hefur úrvalsvísitalan fallið á hverjum einasta degi. Það er að einhverju leyti mælikvarði á þá trú sem menn hafa á þessum fjárlögum. Ég er ekki að segja að það sé endilega hinn endanlegi dómari, enda má færa ýmis rök fyrir því að markaðurinn hér sé langt frá því að vera fullkominn. En það breytir ekki því að þetta eru fyrstu viðbrögð sem markaðurinn sýnir þeim fjárlögum sem hér eru lögð fram. Ef til vill eru þær hamingjuóskir sem stjórnarþingmenn hafa verið að færa hæstv. fjmrh. ekki allar eins miklar og stórar og menn vilja vera láta. Kannski er ekki allt sem sýnist.

Fjárlögin eru hvað sem öðru líður gríðarlega stór einstakur þáttur í íslenska hagkerfinu. Landsframleiðslan er, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, 700 milljarðar. Og í ljósi þess að fjárlögin telja u.þ.b. 210 milljarða í útgjöldum þetta árið er alveg ljóst að þetta er alveg gríðarlega mikill áhrifavaldur á íslenska hagkerfið og þess vegna er mjög merkilegt og nauðsynlegt að menn horfi til þess hvaða áhrif fjárlögin hafi á markaðinn. Og fyrstu viðbrögð markaðarins eru að menn hafa mjög takmarkaða trú á þessu. Það verður ekki lesið af öðru.

Við horfum til að mynda á vaxtastigið hér borið saman við útlönd þar sem vextir hér á landi eru mun hærri. Og þó að það sé kannski ekki komið í ljós þá óttast ég t.d. að fasteignamarkaðurinn muni fljótlega fara að gefa verulega eftir vegna þess að markaðurinn gerði ráð fyrir meiri afgangi en hér kemur fram. Ég held að það sé alveg ljóst, og að það sé einn meginþátturinn fyrir því að markaðurinn bregst við á þennan hátt.

En kannski er stærsti þátturinn sá að þegar við horfum á sölu ríkiseigna og þegar við skoðum hvað hér hefur verið rætt um í dag, menn hafa rætt fyrst og fremst um Landssíma Íslands og bankana, þá er ekki fjarri lagi að virði ríkisins í þessum eignum sé u.þ.b. 100 milljarðar, það er ekki fjarri lagi. Það hefur reyndar ekki verið nefnt hér í dag að eitthvert samkomulag er um að selja Íslenska aðalverktaka eða hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum sem eru einhvers staðar á bilinu 2–3 milljarðar.

Eftir stendur í raun og veru, ef marka má fjárlagafrv., sem ég held að sé nú ekki alveg marktækt í þessu og beri aðeins vott um ósamkomulag á ríkisstjórnarheimilinu um hvað gera skuli, að ætlunin sé að selja 4–5 milljarða af Landssímanum og bönkunum samanlagt. Það er kannski þetta fyrst og fremst sem gerir það að verkum að markaðurinn bregst við frv. eins og ég lýsti í upphafi ræðu minnar.

Það eru kannski þessi skilaboð um það ósætti sem er á ríkisstjórnarheimilinu sem gera það líka að verkum að menn standa eftir og bregðast lítt við.

Ég gerði það að gamni mínu í dag, þar sem þetta er annar eða þriðji dagur síðan fjárlögin voru lögð fram, að telja viðskipti sem höfðu átt sér stað á Verðbréfaþingi klukkan þrjú. Þau voru 36. Það voru 36 viðskipti sem þar höfðu átt sér stað með hlutabréf, og bara það eitt segir okkur að fjárlögin og það að þau séu komin fram breyta engu um þá þróun sem þar hefur verið að eiga sér stað. Menn hljóta að meta það efnahagsumhverfi sem fyrirtækin eru að sigla inn í þannig að menn munu ekki njóta mikils arðs af því að fjárfesta í þessum fyrirtækjum. Ég held að ekki sé hægt að lesa þá hluti á annan hátt. Þó að engin endanleg svör séu komin þá

held ég að segja megi af fullri einlægni að fyrstu viðbrögð markaðarins við frv. séu neikvæð.

Virðulegi forseti. Það er ekki langur tími sem við hinir óbreyttu þingmenn höfum í þessari umræðu. Ég ætla því ekki að gera nema þrjú atriði að umræðuefni í ræðu minni, en beina fyrst þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. vegna þess að ég áttaði mig ekki alveg á því í ræðu hans í morgun þar sem hann fór yfir þann mikla hagvöxt sem hér hefur verið frá 1996–2000, um það bil 26% ef ég man rétt, en hæstv. fjmrh. sagði að þetta byggðist fyrst og fremst á hinum nýju greinum, hugbúnaði, fjarskiptum, líftækni og upplýsingatækni. (**Gripið fram í:** Stóriðju.) Stóriðju. Hæstv. ráðherra sagði það. Hann sagði enn fremur að við værum rétt að sjá toppinn af ísjakanum í hinu nýja hagkerfi og þetta væri að vaxa. Hins vegar sagðist hann líka telja að hagvöxtur næstu ára yrði mun minni. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort maður geti dregið þá ályktun að hæstv. fjmrh. hafi kannski ekki sérlega mikla trú á þessu nýja hagkerfi. Þetta a.m.k. rakst hvað á annars horn í ræðu hans í morgun en kannski skildi ég þetta ekki nægjanlega vel.

Síðan er annað sem er beinlínis tengt þessu og hefur komið fram í umræðum í dag. Það varðar sölu Landssímans því að það er lykilatriði í því hvernig hinu nýja hagkerfi kemur til með að vegna því að a.m.k. í fyrra var Landssími Íslands með um það bil 98% af þeim fjarskiptum sem hér fóru fram. Það kom fram í umræðum um Landssíma Íslands. Og það að ætla sér að selja Landssíma Íslands í einu lagi við þessar aðstæður og afhenda hann einum aðila er náttúrlega til þess fallið að menn hafi minni trú á þessu meinta nýja hagkerfi sem hér er í uppsiglingu. Ég er ekki sammála hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem sagði að Framsókn væri að reyna að pranga inn á þjóðina bíl án þess að í honum væri vél, þegar hann líkti því við það að Framsfl. hefur talað fyrir því að við þessar aðstæður sé ekki mögulegt að selja Landssímann í einu lagi nema því aðeins að menn taki þá áhættu að sú þróun sem menn sjá fyrir sér í hinu nýja hagkerfi verði ekki eins og menn vonast til.

Virðulegi forseti. Ég vil í þessari ræðu aðeins taka undir þetta.

Að lokum, virðulegi forseti, er þriðji punkturinn sem ég vildi nefna sem kemur nokkuð greinilega fram í frv. — því miður er hæstv. dómsmrh. ekki við umræðuna því að ég hefði viljað beina til hennar a.m.k. einni spurningu — en ég ætla samt að nefna þetta einstaka atriði. En það er eins og hæstv. dómsmrh. hafi gefist upp á stefnu fyrrv. dómsmrh. í málefnum lögreglunnar því að þegar við ræddum lögreglulög síðast, þá sagði þáv. hæstv. dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, að markmiðið með skipun ríkislögreglustjóra væri fyrst og fremst að búa til lítið stjórnsýsluapparat, sem tæki verkefnið af ráðuneytinu og hefði yfirstjórn með því sem þarna væri að gerast. Nú hefur það gerst á tveimur árum í tíð núv. dómsmrh. að rekstrarkostnaður þessa embættis eins hefur tvöfaldast sem segir manni að nánast er fallið frá þeim hugmyndum sem voru grundvöllur fyrir lögreglulögum fyrir tveimur árum síðan. Ég held að hæstv. dómsmrh. skuldi a.m.k. þinginu að skýra það hvernig á því standi að svona hefur verið kúvent a.m.k. í þessum málum.

Virðulegi forseti. Tími minn er liðinn. Ég ítreka enn og aftur, þrátt fyrir orðræðu mína, hamingjuóskir til hæstv. fjmrh. með tekjuafganginn því hann er einsdæmi í sögunni.

[18:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil út af því sem þingmaðurinn sagði um viðbrögð markaðarins láta það koma fram að ég tel að viðbrögð markaðarins hafi í aðalatriðum verið mjög jákvæð gagnvart þessu fjárlagafrv. Það er ekkert samhengi á milli þess að frv. sé komið fram og þess sem er að gerast varðandi úrvalsvísitöluna og hlutabréfamarkaðinn almennt. Ég held að þar ráði annað ferðinni.

Hitt vildi ég líka láta koma fram, í tilefni af orðaskiptum okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hér í morgun vegna fréttaflutnings á Stöð 2 í gær, að bankastjóri Landsbankans hafði samband við mig í þinghúsið fyrir skömmu til að biðja mig afsökunar á þeim ummælum sem höfð voru eftir starfsmanni Landsbréfa, dótturfyrirtækis þeirra í Landsbankanum. Landsbankinn mun gefa út yfirlýsingu — ef hann er ekki þegar búinn að því — um þetta mál þar sem afstaða bankans til málsins kemur fram skýrt og skorinort vænti ég. Jafnframt kemur fram að þessi starfsmaður bankans, þessi ungi starfsmaður verðbréfafyrirtækis bankans, sagði reyndar mun meira en kom í fréttinni og margt miklu jákvæðara um frv. en Stöð 2 sá ástæðu til að birta. En það er nú önnur saga.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, þannig að þetta lægi fyrir hér í framhaldi af umræðum okkar í morgun um þessi mikilvægu atriði. Þetta eru mikilvæg atriði og vitanlega er óábyrgt að tala með þeim hætti sem gert var í þessum fréttatíma í gær. Það var fullkomlega óábyrgt af svokölluðum talsmönnum þessara verðbréfafyrirtækja.

[18:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða mín gaf kannski ekki tilefni til að líta svo á að ég tæki undir með þeim aðilum sem lýstu þessu yfir í gær. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvers vegna er ekki samhengi milli þess hvernig menn bregðast við á þessum svokallaða hlutabréfamarkaði og fjárlagafrv.? Fjárlagafrv. er stærsti einstaki áhrifavaldurinn á það efnahagsumhverfi sem þessi fyrirtæki starfa í og koma til með að starfa í á næsta ári. Þetta eru u.þ.b. 28% af landsframleiðslunni. Ég lýsi því yfir að ég skil ekki af hverju hæstv. fjmrh. segir að ekkert samhengi sé á milli þess hvernig menn bregðist við á þessum svokallaða hlutabréfamarkaði og viðbrögðum markaðarins við fjárlögunum. Menn hljóta að meta hugsanlega arðsemi af því að fjárfesta í þessum fyrirtækjum og hvernig þeim muni vegna á næsta ári og fjárlagafrv. er einn af þeim stóru póstum sem menn horfa til. Þegar frv. kemur fram eru fyrstu viðbrögð sem menn sjá af verðbréfamarkaðnum þau að það er niðursveifla. Ég verð, virðulegi forseti, að segja að ég átta mig ekki á því af hverju hæstv. fjmrh. segir að það sé ekki samhengi milli þess hvernig hlutabréfamarkaðurinn bregst við fjárlögunum og þess að þau séu lögð fram. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. vill túlka það svo að niðursveifla úrvalsvísitölunnar þýði það að markaðurinn bregðist jákvætt við þessu frv.

[18:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Verð hlutabréfa á verðbréfamarkaðnum fer að sjálfsögðu eftir mati manna á arðsemi þeirra fyrirtækja sem þar er um að ræða, hækkar og lækkar eftir því. Afkoma fyrirtækja hefur því miður verið að versna að undanförnu og þess vegna hefur hlutabréfavísitalan verið að lækka.

Við erum hins vegar að leggja fram frv. sem hefur það að meginmarkmiði að efla stöðugleikann í efnahagslífinu,

skjóta styrkari stoðum undir þann almenna ramma sem fyrirtækin starfa innan. Það mun þá væntanlega hafa áhrif til lengri tíma á hið almenna umhverfi fyrirtækja, jafnt sem einstaklinga og heimila.

Ég vil bæta einu við varðandi viðbrögð markaðarins. Það hefur komið fram gagnrýni af hálfu aðila um að ekki sé nógu skýrt í frv. hvernig eigi að ráðstafa tekjuafganginum, þessum mikla tekjuafgangi. Ég get tekið undir það að það er ekki nógu skýrt vegna þess að ekki er algjörlega búið að ákveða það og ekki búið að kynna það fyrir svokölluðum markaðsaðilum. Ég hafði hugsað mér sl. mánudag að halda fund með þeim eins og ég hef svo oft gert til þess að fara yfir stöðu mála og fara yfir það með hvaða hætti ríkissjóður hyggst ráðstafa tekjuafgangi sínum. Af því varð ekki af ástæðum sem ekki var við ráðið en sá fundur verður haldinn von bráðar og auðvitað mun ekki skorta neitt á að fyrir liggi hver áform ríkissjóðs verða varðandi uppgreiðslu skulda o.þ.h. En það eru slíkir hlutir sem markaðurinn vill fá upplýsingar um og á rétt á að fá að vita um. Það mun ekki standa á því. Hins vegar er ekkert óeðlilegt að það liggi ekki fyrir í sömu andrá og fjárlagafrv. er lagt fram.

[18:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú skildi ég hæstv. fjmrh. mun betur. Ég sé að við erum sammála um að fjárlögin, fjárlagafrv. og hvernig ríkissjóður er rekinn skiptir mjög miklu máli fyrir það efnahagsumhverfi fyrirtækja. Við erum þannig sammála um það en við erum þá líka sammála um að fyrstu mælanlegu viðbrögð við þessu eru neikvæð. Hvort það er hinn endanlegi dómur verður ekkert um sagt en fyrstu mælanlegu viðbrögð markaðarins við því fjárlagafrv. sem menn hafa hér í dag keppst við að hæla eru neikvæð. Það er hinn mikli veruleiki og kannski vísbending um að menn hafi ekki trú á því sem ríkisstjórnin er að gera. Kannski er það vísbending um að hinn almenni rammi sem ríkisstjórnin er að setja til þess að viðhalda stöðugleikanum sé þess eðlis að markaðurinn hafi ekki trú á honum. En það á eftir að koma í ljós.

[18:22]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég átti örfá atriði eftir þegar tíma mínum lauk í fyrri ræðu minni. Ég ætla því að halda áfram þar sem frá var horfið.

Það er ljóst að fjárlög byggja að sjálfsögðu töluvert á því hvernig útkoman er hverju sinni á því ári sem frv. er unnið. Það er eðlilegt að bera t.d. saman hvernig staðið er að málum milli tveggja ráðuneyta til að átta sig á því hvort menn hafi náð utan um ríkisreksturinn eða ekki. Mig langar í því sambandi að bera örlítið saman hvernig að þessum málum er staðið, annars vegar í menntmrn. gagnvart framhaldsskólum og hins vegar í heilbrrn. gagnvart heilbrigðisstofnunum.

Það er ljóst að um nokkurra ára skeið hefur svokallað reiknilíkan framhaldsskóla verið notað til þess að reikna út framlög til framhaldsskólanna og að þar er um mjög jákvæðan hlut að ræða. Hins vegar er jafnljóst að nokkuð deildar meiningar eru um hvernig grunnur reiknilíkansins var fundinn. Okkur í fjárln. sem sóttum aðalfund Félags framhaldsskóla í sumar er alla vega ljóst að nokkrar deilur eru innan framhaldsskólanna um hvernig þetta reiknilíkan hefur þróast, sérstaklega er gagnrýndur grunnurinn og ekki síst upplýsingastreymið, eða réttara sagt skorturinn á upplýsingunum um hvernig hver og ein stofnun er stödd þannig að stjórnendur þeirra geti brugðist við eftir stöðunni hverju sinni. Það er í raun og veru með ólíkindum á því herrans ári 2000 að upplýsingakerfið skuli ekki vera lengra komið. Ég ítreka að sjálfsögðu að þetta fyrirkomulag, að vera með slík reiknilíkön sem hægt er að fara í gegnum og kanna hvernig fjárveitingar eru fundnar, er að sjálfsögðu af hinu góða.

Ég sagði að það væri eðlilegt að bera þetta að einhverju leyti saman við heilbrigðisstofnanir eða heilbrrn. en því miður hefur gengið verr að koma upp slíkum reiknireglum þar. Þannig er erfiðara að átta sig á því hvernig fjárveitingar eru fundnar til stofnana.

Áður en ég fer að skoða heilbrigðisstofnanirnar og hvernig um þær er fjallað í fjárlagafrv. langar mig til að nefna sérstaklega einn lið sem nokkuð hefur verið til umræðu, bæði við gerð síðustu fjárlaga og eins hér á vordögum þegar stefndi í að sá liður færi nokkuð fram úr fjárlögum. Það er nú staðfest með fjárlagafrv. að sá sparnaður sem að var stefnt í lyfjakostnaði hefur ekki náðst. Ástæður þess eru væntanlega ýmsar en í fjárlagafrv. kemur fram að lyfjakostnaður stefni nú í tæplega 4,6 milljarða í árslok sem er um 660 millj. kr. umfram heimildir fjárlaga. Þar af er áætlað að um 570 millj. kr. séu sparnaður sem ekki náðist á árinu. Með þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til munu að mati heilbrrn. sparast allt að 200 millj. kr. á árinu 2001 og síðan eru færð frekari rök fyrir því að hvaða niðurstöðu menn hafa komist um árið 2001.

Hér er augljóslega framhaldssaga á ferðinni og algjörlega á skjön við það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um hér fyrr í dag, að menn hefðu náð miklu betri tökum á útgjöldum ríkissjóðs víðast hvar. Hér er alla vega dæmi um að það hefur ekki tekist og er það í samræmi við þær aðvaranir sem uppi voru hafðar, bæði við gerð síðustu fjárlaga og eins á vordögum þegar þetta mál kom til umræðu í þinginu.

Það er einnig athyglisvert, herra forseti, að víða í kafla heilbrrn. er minnst á að verið sé að bæta viðvarandi halla í einstökum stofnunum. Eins og ég segi er þetta í einstökum stofnunum. Ég nefni hér landlæknisembættið en um það segir m.a., með leyfi forseta:

„Unnið er að endurskoðun á rekstrinum og er gert ráð fyrir að henni ljúki síðar í haust. Í frv. er lagt til 10 millj. kr. framlag til að mæta rekstrarhalla."

Þrátt fyrir það að þessi endurskoðun sé í gangi og ekki búist við að henni ljúki fyrr en í haust þá er hér samt sem áður komin fram ákveðin tala. Það á hins vegar ekki ekki við í öllum stofnunum sem vitað er að átt hafa við rekstrarerfiðleika að etja og væntanlega vegna þess, eins og um var rætt þegar gengið var frá þeim fjárlögum sem nú er starfað eftir, að þá átti að gera samninga við heilbrigðisstofnanir og þar með ætti að vera nokkurn veginn tryggt að gengið væri frá rekstrarvanda þeirra. Það kemur fram hér t.d. gagnvart heilbrigðisstofnunum á Suðvesturlandi að gert er ráð fyrir að hækka framlag til þeirra um 187 millj. kr. og það síðan sundurliðað, hvað komi í hlut þriggja heilbrigðisstofnana til þess að mæta rekstrarhalla. Þetta er hins vegar eins og ég sagði áðan ekki gert gagnvart öðrum heilbrigðisstofnunum sem vitað er að eru í rekstrarerfiðleikum eða eru reknar með halla nú. Þess vegna, herra forseti, langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hverju sæti: Hvernig stendur á þessum mismun heilbrigðisstofnana?

Mig langar að bera fram aðra spurningu í framhaldi af þessu vegna útgjalda — sem við fáum reyndar ekki að sjá en sumir hv. þm. úr meiri hlutanum í fjárln. hafa greinilega séð meira af en við, þ.e. hvernig væntanleg fjáraukalög muni

líta út — þ.e. um hvernig áætlað er að útgjöldin verði í árslok. Fróðlegt væri að fá svör við því ef þau liggja fyrir, um það hvort þeim áætlunum eða útreikningum samkvæmt þeim reiknireglum sem Þjóðhagsstofnun notar til að reikna út ríkisútgjöld ber saman við útreikninga fjmrn. Þá á ég annars vegar við væntanleg útgjöld ársins 2000 og hins vegar væntanleg útgjöld eins og gert er ráð fyrir þeim í fjárlögum fyrir árið 2001.

Eitt atriði átti ég eftir í fyrri ræðu minni, herra forseti, sem varðaði byggðamálin. Ég vil nota tækifærið og fagna sérstaklega þeim orðum sem hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., viðhafði varðandi allar þær nýju stofnanir sem verið er að stofna eða munu taka til starfa ýmist á seinni hluta þessa árs eða á næsta ári og þau nýju störf sem þar verða til, að það verði sérstaklega skoðað í samræmi við þál. um stefnu í byggðamálum sem liggur fyrir og þá er væntanlega tryggt af hálfu ríkisstjórnarinnar að starfað verði eftir þeim samþykktum. Þessar nýju stofnanir taka þá væntanlega til starfa víttog breitt um landið. Ef ekki, þá séu færð fyrir því alveg sérstök rök af hverju ekki er unnið í anda þeirra samþykkta sem fyrir liggja.

Ég ætla ekki, þó ég hafi verið hér með nokkra punkta um sölu ríkiseigna, nema bara rétt að nefna að ég er fyllilega sammála hæstv. fjmrh. um að óeðlilegt er að vera með ýmsar tölur inni í fjárlagafrv. þegar ekki liggur fyrir nein ákvörðun um hlutina eða niðurstaða, eins og rætt var um varðandi sveitarfélögin. En hvernig stendur þá á því að þar er samt sem áður höfð tala, sem allir virðast vita að er einhvers staðar ofan úr háloftunum og byggir ekki á nokkrum sköpuðum hlut, um væntanlegan hagnað af sölu ríkiseigna?

Síðan rétt í lokin vegna þeirra orða sem hæstv. fjmrh. lét falla um viðskiptahallann sem er augljóslega helsta ágreiningsefnið, þ.e. hvort við eigum að hafa af honum áhyggjur eður ei og sérstaklega vegna þess að hæstv. fjmrh. gat þess að viðskiptahallinn væri allt að því góðkynja. Það er hárrétt hjá honum að nú er viðskiptahallinn ekki til kominn vegna skuldsetningar ríkissjóðs heldur vegna skuldsetninga annarra og þá er gefið í skyn að þeir ættu að hafa af því áhyggjur. En auðvitað þurfum við að hafa af því áhyggjur vegna þess að það hefur áhrif á efnahagslífið. En hann gaf til kynna, og það þótti mér alvarlegt, að þessum aðilum þætti í lagi að skuldsetja sig vegna þess að þeir treystu því að efnahagsstefnan væri svo traust og efnahagskerfið væri svo traust að það yrði alveg pottþétt að þeir yrðu ekki í neinum erfiðleikum með að greiða þessar skuldir.

Herra forseti. Á bls. 25 í þjóðhagsáætlun segir m.a. um viðskiptahallann. Ég vil koma þessari tilvitnun á framfæri í framhaldi af orðum hæstv. fjmrh. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir mun meiri viðskiptahalla undanfarin þrjú ár hefur þó erlend staða þjóðarbúsins versnað tiltölulega hægt sem hlutfall af landsframleiðslu. Má rekja það til óvenjumikils hagvaxtar og verðhækkunar á erlendri hlutabréfaeign Íslendinga. Ekki er hægt að búast við áframhaldandi verðhækkun á erlendri hlutabréfaeign ámóta við þá sem verið hefur. Þá er búist við að hægi á hagvexti. Áframhaldandi hár viðskiptahalli mundi því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu.

Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Herra forseti. Það er ljóst að ef til slíks kemur þá er stöðugleikinn fyrir bí, verðbólgan komin af stað og ekki séð fyrir endann á slíku.

[18:31]

Útbýting þingskjala:

Arðgreiðslur og einkahlutafélög, 71. mál, fsp. JóhS, þskj. 71.

Atvinnumöguleikar kvenna í fiskvinnslu, 64. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 64.

Áhættuhegðun karla, 61. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 61.

Átak til atvinnusköpunar, 69. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 69.

Búsetuþróun, 58. mál, fsp. KLM, þskj. 58.

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, 55. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 55.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 57. mál, fsp. KLM, þskj. 57.

Greiðslur vegna tjóna í jarðskjálftunum á Suðurlandi, 59. mál, fsp. MF, þskj. 59.

Hlutabréfaeign einstaklinga, 53. mál, fsp. EKG, þskj. 53.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 70. mál, fsp. JóhS, þskj. 70.

Hrefnuveiðar, 65. mál, fsp. SvanJ, þskj. 65.

Jarðalög, 73. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 73.

Landsvegir á hálendi Íslands, 52. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 52.

Loftferðir, 56. mál, frv. KLM o.fl., þskj. 56.

Nýjar ríkisstofnanir, 67. mál, fsp. SvanJ, þskj. 67.

Rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu, 62. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 62.

Skattafrádráttur og fríðindi starfsmanna ríkisins, 68. mál, fsp. GE, þskj. 68.

Stefna Íslands í alþjóðaviðskiptum, 4. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 4.

Tjónagreiðslur vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi, 60. mál, fsp. MF, þskj. 60.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, 54. mál, frv. MF o.fl., þskj. 54.

Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, 63. mál, fsp. SvanJ, þskj. 63.

Þingsályktun um hvalveiðar, 66. mál, fsp. SvanJ, þskj. 66.

Þriggja fasa rafmagn, 72. mál, fsp. DrH, þskj. 72.

[18:34]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þar sem frá var horfið í fyrri ræðu minni gat ég þess að það þyrfti mikla aðgát og það væri mjög mikið vandaverk að reyna að ná sáttum um kjör aldraðra. Þá verður líka að gera þær kröfur til talsmanna aldraðra að þeir fari rétt og satt með hluti en afvegaleiði þá ekki í umræðu. Þingsetningardaginn kom fram mjög alvarlega villa í fjölmiðlum frá hendi talsmanns þeirra. Þar var fullyrt að ríkisstjórnin og stjórnvöld hefðu svikið gamla fólkið með því að láta ekki bætur til ellilífeyrisþega fylgja lægstu launum. Það er herfilegt að segja svona hluti.

Eins og ég rakti fyrr í dag liggur fyrir í lögunum, lögin eru alveg skýr, að ellilífeyrisþegar skulu njóta bóta annaðhvort eftir almennri launaþróun eða eftir neysluvísitölu eftir því hvor vísitalan er hærri. Ég geri líka ráð fyrir því að ýmsir muni hvernig það gekk nú áður fyrr að framfylgja því markmiði sem var allra, að reyna að hækka lægstu laun á Íslandi. Það gekk mjög illa.

Ég minnist þess t.d., herra forseti, að 1987 ætluðu menn að reyna að gera stórátak í því að hækka lægstu laun. Jú, það var gert. En það liðu ekki nema nokkrir klukkutímar frá því að þeir samningar voru undirritaðir þar til allt logaði í deilum á flestum ef ekki öllum vinnustöðum landsins. Engin samstaða var um þetta. Menn sendu slökkvilið til að reyna að slökkva eldana. Það gekk ekki neitt. Hækkunin til þeirra sem voru á lægstu töxtunum gekk upp eftir allan launastigann upp í hæstu hæðir, upp í sjöunda himin þar sem bankastjórar ríkisbankanna sátu og þeir þurftu náttúrlega að fá sitt líka. Þetta var alveg skelfilegt og ég gæti grátið þegar ég minnist þessara daga.

Ég geri það samt ekki vegna þess að á þessum áratug hefur núverandi forustu verkalýðshreyfingarinnar tekist það sem er mjög þakkarvert. Henni hefur tekist að ganga þannig frá hnútum samninganna að lægstu laun hafa núna í tveim síðustu samningum hækkað án þess að það gengi upp eftir launastiganum. Þetta er mjög gleðilegt því að menn vildu þetta allir. Þeim tókst það aldrei áður. Þeim tókst aldrei áður í verkalýðshreyfingunni að ganga þannig frá þessu.

En hvað gerist þá? Hverjir koma þá og mótmæla? Talsmenn aldraðra segjast vera hlunnfarnir vegna þess að bætur þeirra fylgdu ekki lægstu launum. Það er, herra forseti, alveg skelfilegt þegar menn gera sig seka um að tala svona. Þetta má ekki. Það eru engin svik í þessu. Ríkisstjórnin hefur staðið fullkomlega við lagasetninguna.

Ef við ætlum að reyna ná sátt í málunum, sem er mjög brýnt, verða menn fyrst að temja sér að fara rétt með og síðan skulum við setjast niður því það er örugglega hægt ef viljinn er fyrir hendi. En það kostar það að menn vandi sig. Menn verða að vanda sig.

Umræðan í dag hefur gengið út á ríkisfjármálin. Menn hafa spurt: Eru þau nógu traust? Eru þau nógu trúverðug?

Auðvitað erum við hluti af þessum heimi. Auðvitað getum við átt von á því að ekki sé alltaf sólskin. En við höfum verið mjög farsæl á undanförnum árum og það gleymist stundum í umræðunni þegar menn tala um að nú sé góðæri, það gleymist að góðærið var ekkert sem kom með blænum að handan. Nei, góðærið, stærsti hluti góðærisins er einmitt þær lagabreytingar, þær breytingar á allri viðskiptalöggjöf Íslands sem hafa átt sér stað á þessu þingi á síðustu tíu árum. Við höfum gjörbreytt viðskiptaumhverfinu. Við höfum gjörbreytt þjóðfélaginu í markaðsþjóðfélag frá því að vera handstýrt stekkjastauraþjóðfélag þar sem við keyrðum efnahagsmálin út af reglulega á nokkurra missira fresti. Þetta er einn stærsti hlutinn af því að hér hefur ríkt góðæri.

Annar hluti sem ég gat um í ræðu minni fyrr í dag er sá að hér hefur farsæld ríkt á vinnumarkaðnum. Hér hafa verið gerðir hófsamir skynsemdarsamningar. Ég fór mörgum orðum um það og kvað fast að orði í ræðustól að í þeim samningum sem færu í hönd hjá ríkisstjórninni yrði að fylgja því fordæmi sem Alþýðusamband Ísland mótaði fyrr á árinu.

Ég tek eftir því, herra forseti, að á eftir mér hafa talað allir leiðtogar stjórnarandstöðunnar þar sem þeir hafa ekki mótmælt neinu af því sem ég sagði. Lít ég þannig á að þeir séu sammála málflutningi mínum og fagna því mjög. Það sýnir þá að þeir skilja að þetta er grundvallaratriði. Það er grundvallaratriði að fara ekki út í gömlu vitleysuna.

Skyldi vera að einhver sé búinn að gleyma, eða kannski var einhver sem lærði aldrei, að hér fyrir ekki löngu síðan hafi ríkt það tímabil að kaupmáttur launa á Íslandi hækkaði ekki neitt, þrátt fyrir að launin hækkuðu um tíu þúsund prósent? Eru allir búnir að gleyma þessum tíma eða eru sumir þannig að þeir geti ekki lært?

Ástæða er til að rifja þetta upp aftur og aftur og hamra á þessu aftur og aftur. Við megum ekki víkja af þessari braut. Við megum ekki víkja af henni undir neinum kringumstæðum alveg sama hvað á dynur. Þetta er sú kjölfesta sem verður að fylgja.

Auðvitað þurfum við að fara varlega. Auðvitað þarf að huga að mörgum málum. Auðvitað er margt gagnrýnisvert í stjórn Íslands eins og annarra ríkja. En við höfum þó verið farsælli en nokkru sinni fyrr. Tekist hefur að bæta laun þjóðarinnar meira en nokkurrar annarrar þjóðar í Evrópu að Írlandi einu undanskildu. Við skulum fagna því að við séum svo heppnir og að við séum þeir gæfumenn og við skulum minnast þess að við getum verið það áfram ef við vöndum okkur. Vissulega er vá fyrir dyrum. Ýmislegt reynir á. En þá ber að nýta sér það að við erum búin að efla ríkið. Ríkið stendur vel efnahagslega.

Minnumst þess að ekki er nema ein leið til að bæta kjör einnar þjóðar. Aðrar hafa aldrei verið til og verða aldrei til. Sú leið er að bæta starfsumhverfi atvinnuveganna. Ef við teljum umhverfið viðsjárvert eigum við að nýta okkur það að hér er sterkur ríkiskassi. Við höfum gengið vel frá ríkisfjármálunum. Það hafa orðið algjör umskipti á síðustu tíu árum. Við getum þá komið atvinnulífinu til hjálpar, lækkað gjöld og lækkað skatta til að styðja atvinnulífið í því að halda áfram að bæta kjör Íslendinga. Það er vilji til að gera það. Þetta getum við. Þessi leið er fær af því að menn hafa notað tækifærin á undanförnum árum til þess að treysta ríkissjóð. Það frv. sem núna liggur fyrir er enn einn hornsteinninn í þá byggingu.

[18:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt sem kemur fram í staðhæfingum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að ríkisstjórnin hafi staðið við sitt gagnvart öryrkjum og öldruðum. Ég sýndi fram á það í umræðum á Alþingi síðastliðið vor og í blaðagrein sem ég birti í Morgunblaðinu 24. mars síðastliðinn að bætur almannatrygginga hefðu ekki hækkað á lögboðinn hátt. Ég hef ekki tíma til að fara nánar út í þetta.

Staðreyndin er svo líka sú að á undanförnum árum hefur breikkað bilið á milli þeirra sem eru á bótum hjá almannatryggingum annars vegar og þeirra sem eru á lágum kauptöxtum hins vegar. Frá 1993–1999 hækkuðu lágmarkslaun um 52% en grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót auk eingreiðslna um 30%. Samkvæmt því sem samið hefur verið um á vinnumarkaði og samkvæmt þeim yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gaf í vor mun enn gliðna þarna á milli.

Í samningunum sem kenndir voru við Flóabandalagið frá því í vor er gert ráð fyrir því að almennar kauphækkanir verði 13,36% til fjögurra ára. En á sama tíma munu lægstu laun samkvæmt þessum sömu samningum hækka um 30%. Áður en síðasta ríkisstjórn komst á valdastól hefðu bætur almannatrygginga tekið breytingum samkvæmt lægstu launum. Nú munu þær gera það samkvæmt þessum fyrrnefndu tölum sem ég vitnaði til. Það mun því enn gliðna í sundur milli þeirra sem eru á bótum almannatrygginga annars vegar og hinna sem eru á lágum kauptöxtum og eru að fá umtalsverðar kjarabætur. Þetta eru því rangar fullyrðingar sem koma fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni auk þess sem ég staðhæfi að ríkisstjórnin hafi ekki farið að lögum á

síðasta ári og ég sýndi fram á það á Alþingi og hef einnig gert það í blaðagreinum.

[18:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá því lögin voru sett sem eru núgildandi lög, hefur þeim verið fylgt. Það á að fylgja annaðhvort almennum launum eða neysluvísitölunni. Í dag eru áhöld um hvort þetta hafi tekist. Menn deila um hvort munurinn sé 0,3 eða 0,4% sem vanti upp á. Vegna þessara deilna tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að við næstu launahækkun sem verður 1. janúar nk., sem átti að verða 3% og verður 3% yfir almenna markaðinn, verði launahækkanir 4% til að taka af allan vafa um það að lögunum skuli fylgt því þau eru þannig. Frá því þessi lög tóku gildi hefur þeim verið fylgt. Það hefur verið staðið nákvæmlega við það. Hinu skulu menn ekki gleyma að í nokkur ár áður en lagasetningin átti sér stað var ákvörðun um laun til elli- og örorkulífeyrisþega tekin samkvæmt ákvörðun fjárlaga. Það var ekki viðmiðun við lægstu laun. Það var gert þannig.

Ég skal ekkert um það segja, ég hef ekki tölur um það, hvernig þetta var á fyrri helmingi þessa áratugar. Ég er alveg viss um og get staðið við það að síðan þetta var lögfest hefur öll viðleitni verið sú að fylgja þessu. Sé þarna eitthvað sem fer á milli mála núna, um 0,1%, 0,2% eða 0,3%, þá er yfirlýsing um að það skuli verða leiðrétt og ríflega það um næstu áramót, um 1%, þannig að ekkert fari milli mála.

[18:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hv. þm. segir annars vegar að lögunum hafi verið fylgt. Hins vegar fylgir hann því eftir með því að segja að áhöld séu um að svo hafi verið, (Gripið fram í.) já, þess vegna sé að koma til viðbótarhækkun til að taka af allan vafa. Mér finnst mjög gott ef það er gert og mér finnst enn betra ef menn viðurkenna mistök sem þeim hafa orðið á.

Það er líka rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að um tíma var ekkert samband þarna á milli. Þá höfðu tengslin milli launaþróunar og almannatrygginga verið rofin, en síðan kom til sögunnar nýmæli í lögum sem kvað á um að almannatryggingar skyldu hækka samkvæmt launavísitölu eða neysluvísitölu eftir því hvor vísitalan væri hærri. Mér fannst þetta vera góð breyting og breyting til bóta og geta varið lífeyrisþega þegar kjararýrnun er í samfélaginu.

En það sem ég er að leggja áherslu á er að sú viðmiðun sem menn höfðu áður og var bundin við lága kauptaxta, hefði fært öldruðum og öryrkjum miklum mun meiri kjarabætur á liðnum árum en sú viðmiðun sem við höfum núna í lögunum. Fram undan er kjaraþróun sem er á sömu nótum, og ég vitnaði í prósentur, rúm 13% annars vegar til næstu fjögurra ára og 30% hækkunar á lágmarkslaunum, sem hefði komið til öryrkja og aldraðra fyrir breytingarnar sem gerðar voru upp úr miðjum tíunda áratugnum.

[18:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil líka minna á að það voru óskapleg vandræði þegar við vorum með þessi viðmið við lægstu taxta. Ég rakti það fyrr í kvöld í ræðu minni að þetta var til vandræða. Það vildi enginn viðurkenna þessa taxta og við lentum aftur og aftur í því að öll viðleitni til að bæta kjör þeirra sem voru á lægstu töxtunum voru eyðilagðir af því menn meintu ekkert með þessu.

Nú bið ég menn um að láta þessa taxta í friði, fara ekki að hugsa það upp á nýtt að miða við þá, vegna þess að þeir áfangar sem við höfum náð að undanförnu í kjarasamningum — að hækka lægstu launin sérstaklega, nokkuð sem við ætluðum að gera fyrir 10, 20 árum en tókst ekki — nú hefur okkur tekist það og þess vegna bið ég um að menn hafi það nú í friði og veri ekki að trufla neinar viðmiðanir við þessa taxta úr því við loksins gátum komist út úr þessari gryfju að liggja svona niðri með lægstu taxtana.

[18:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti hér innblásna hvatningarræðu, ágæta og mikla. En það er nú einhvern veginn þannig að þrátt fyrir að verið sé að setja Íslandsmet í afgangi á fjárlögum, a.m.k. gera áætlanir ráð fyrir að svo verði, þá er veruleikinn sá að fyrstu viðbrögð atvinnulífsins, þ.e. fyrstu viðbrögð eftir að þetta frv. kemur fram, eru neikvæð. Ég velti því fyrir mér hvaða skýringu hv. þm. hefur á því að svo sé. Hann sagði sjálfur að við værum að skapa hér starfsumhverfi atvinnulífsins, en fyrstu viðbrögð atvinnulífsins eru neikvæð.

Það eru kannski einkanlega þrír þættir sem ég held að geti komið til álita eins og ég sagði í ræðu minni áðan. Í fyrsta lagi sé afgangur af fjárlögum ekki nægilegur. Í öðru lagi getur verið að menn hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að ekki séu fleiri eða meiri ríkiseignir seldar. Og í þriðja lagi og ekki síst að á þessum öru breytingatímum sem við erum að upplifa séum við að tala um gamalt, lúið fjárlagafrv. þar sem ekkert framsækið eða nýtt er að finna. Ef til vill er það sambland af þessum þremur þáttum sem gerir það að verkum að fyrstu viðbrögð atvinnulífsins við fjárlagafrv. eru neikvæð.

En, virðulegi forseti. Ég ber því þá spurningu upp við hv. þm.: Hvernig skýrir hann þessi viðbrögð?

[18:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki í mínum verkahring að skýra viðbrögð einhverra annarra í þjóðfélaginu. En ég get alveg tekið það fram í ræðu minni að mér er það alveg ljóst, eins og ég vona að öllum þingmönnum sé ljóst, að t.d. olíuverðshækkanir sem gengið hafa yfir atvinnulífið á þessu ári eru hamfarir fyrir mjög marga. Við skulum taka fall evrunnar gagnvart krónunni á þessu ári. Það eru hamfarir gagnvart mjög mörgum. Við skulum átta okkur á því að ytri aðstæður hafa verið framleiðslunni og atvinnulífinu mjög erfiðar. Mjög erfiðar. Það er því ekkert skrýtið við slíkar aðstæður þó að menn telji sig vera í kröppum dansi. Það væri óeðlilegt ef svo væri ekki. Ég á ekki að skýra afstöðu þeirra til þessa frv. En ég vil fara yfir það, ég tel að þingi og ríkisstjórn sé fullkunnugt um þessar aðstæður og við verðum að vera reiðubúin til þess að mæta þeim.

[18:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir allt það sem hv. þm. sagði hér áðan. Allt það sem hann taldi upp eru hamfarir fyrir atvinnulífið. Það var því líka eðlilegt að menn biðu eftir því að sjá hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera við þessar aðstæður. Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að allt sem frá atvinnulífinu hefur komið þessa fáu daga síðan fjárlagafrv. kom fram, er neikvætt, þ.e. þrátt fyrir þær hamfarir sem hv. þm. nefndi áðan, sjá menn ekkert ljós í

þeim fjárlögum sem hér liggja fyrir og það er hinn harði veruleiki.

Ég spurði hv. þm. hvort hann gæti skýrt hvað það væri sem menn hefðu orðið fyrir mestum vonbrigðum með. Hann svaraði því þannig að hann treysti sér ekki að tala fyrir aðra. En eitt sinn var sú tíð að hann talaði fyrir þetta sama atvinnulíf og gerði það á margan hátt mjög vel. Þetta var bara spurning mín til hv. þm., vegna þess að ég veit að hann skynjar oft efnahagsumhverfið betur en margir aðrir, hvað það væri í frv. sem gerði það að verkum að þrátt fyrir þessar hamfarir sæju menn ekkert ljós í því þrátt fyrir að afgangur á fjárlögum hafi aldrei verið meiri samkvæmt því frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir.

[18:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir í umsögn margra efnahagssérfræðinga, margra forustumanna í peningamálum Íslands og fleiri á öllu þessu hausti og öllum seinni parti þessa sumars, að þeir hafa gert kröfur til þess að mjög mikill og verulegur afgangur yrði af ríkisfjármálunum til að styrkja efnahagslífið í heild. Það kann vel að vera að margir fræðimenn og margir sem eru kunnáttumenn á þessu sviði segi að þetta sé ekki nóg, þetta hefði þurft að vera meira o.s.frv. En þetta er hinn pólitíski veruleiki, þetta er það sem stjórnarflokkunum tókst að gera. Menn geta deilt um hvort það sé mikið eða lítið. Að minnsta kosti er það meira en nokkurn tímann áður, og meira í hlutfalli en nokkurn tímann áður. Alla vega verður meiri afgangur en ríkisstjórnir annarra Vestur-Evrópuríkja geta sýnt á þessum tímum. Síðan geta menn deilt um það hvort vel hafi verið staðið að því eða illa. Að minnsta kosti fullyrði ég að aðrir hafi ekki staðið sig betur þó alltaf megi segja að ekki sé nóg að gert.

[18:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu hér og hún hefur verið fróðleg og að mörgu leyti kemur hún til með að nýtast okkur. Hún er gagnleg í þeirri nefndarvinnu sem er fram undan. En ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það að það hefur enginn gagnrýnt þetta fjárlagafrv. út frá sjónarmiðum umhverfisverndar, það er því ekki seinna vænna en að það sé gert og ég tek það að mér hér og nú.

Mig langar að byrja á að vitna til bókar sem kom upp í hendurnar á mér í sumar, herra forseti, og er skrifuð af bandarískum rithöfundi sem heitir Paul Hawken. Bókin sjálf heitir Vistfræði viðskiptanna og er afar fróðleg lesning og ég ráðlegg hæstv. fjmrh. að lesa þá ágætu bók, því ég er sannfærð um að það gæti bætt ýmsu við fjárlagafrv. næstu ára. Bókin heitir Vistfræði viðskiptanna eins og sagði og mig langar til að byrja á því að vitna til hennar vegna þess að fram hefur komið í umræðunni að bæði hæstv. fjmrh. og fleiri þingmenn hafa talað um börnin sín, því tel ég að þessi brýning sé afar þörf. En hér segir, með leyfi forseta:

„Sjálfbærni er sú staða í efnahagslífinu þegar kröfunum *til umhverfisins er mætt án þess að skerða getu þess til* afurðamyndunar fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Henni má líka lýsa með einföldu orðalagi gullinnar hagfræðireglu hins uppbyggilega efnahagslífs: Skilaðu heiminum betri en þú tókst við honum. Taktu ekki meira en þú þarft. Reyndu ekki að skaða lífverur eða umhverfi og bættu fyrir ef það gerist."

Herra forseti. Í fjárlagaumræðu fyrir ári síðan kom ég hér upp og ræddi um græn fjárlög, ræddi um græna þjóðhagsreikninga og grænar bækur sem farnar eru að fylgja fjárlagafrumvörpum annarra þjóða sem byggja löndin hér næst okkur. Við erum reyndar, herra forseti, með græn fjárlög. Það vill svo til að fjárlagafrv. er núna í grænni bók. Hins vegar er ekki margt sem ber umhverfisvernd vitni í frv. Þó verður að segjast eins og er að hér er ein síða — þetta er uppáhaldssíðan mín í fjárlagafrv., hún er nr. 304 og má kannski hér eftir kalla hana grænu síðuna, hún er skyggð og hefur yfirskriftina Umhverfismál og ríkisfjármál. Þessi síða er kannski góðra gjalda verð og hún er ef til vill lykill að einhverju meira og ég treysti því að svo sé, þó svo að á þessari síðu gæti ákveðins misskilnings í sambandi við umhverfisskatta, því þar segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi eru þegar lagðir á skattar sem hafa áhrif á umhverfi og mengun þótt þeir hafi í upphafi aðallega verið lagðir á til að afla ríkissjóði tekna."

Herra forseti. Hér eru vissulega lögð á gjöld og skattar sem menn tala um sem umhverfisgjöld, en þau eru það ekki á meðan þau renna ekki til umhverfisverndar eða viðhalds náttúrugæða. Umhverfisgjöldin sem hér er talað um renna beint í ríkissjóð, til almennra þarfa ríkissjóðs. Hér er ekki verið að tala um umhverfisgjöld í þeim skilningi sem alþjóðasamfélagið talar um umhverfisgjöld eða græna skatta. Mér sárnar það að á þessari grænu síðu skuli gæta þessa misskilnings að hér séu lögð á umhverfisgjöld, því það er ekki gert meðan umhverfið fær ekki að njóta þeirra gjalda.

Herra forseti. Í verkefnaskrá umhvrn. er lögð áhersla á að ýtt verði undir málefnalega umræðu og markmið og leiðir í umhverfismálum og í þessari umhverfisstefnu eða þessum verkefnavísum umhvrn. segir að nauðsynlegt sé að skoðað verði í samstarfi við fjmrn. að hvaða leyti umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta. Þetta er nú allt og sumt sem segir í verkefnaskrá umhvrn. um umhverfisgjöld eða græna skatta.

En mig langar til að spyrja, herra forseti, hæstv. fjmrh. hvaða vinna sé í gangi á vegum fjmrn. og umhvrn. í þessu tilliti.

Það er kannski mögulegt að síða 304 í fjárlagafrv. sé til merkis um að eitthvert slíkt samstarf sé farið af stað og ég vona það sannarlega.

Ég verð samt að láta í ljósi ákveðin vonbrigði með hversu hægt gengur því með hverju árinu sem líður án aðgerða erum við eftirbátar annarra þjóða.

Í nágrannalöndum okkar eru stjórnvöld að vinna að því hörðum höndum núna að koma á þessum skilvirku umhverfisgjöldum. Og þó umhvrn. okkar sé að vinna gott starf að ýmsu leyti, ég nefni t.d. spilliefnagjald, gjald á einnota umbúðir, skilagjald og slíkt, þá getum við ekki státað af jafnumfangsmiklu starfi og nágrannalöndin. Ég get nefnt Þýskaland sem dæmi því þar hefur eins konar þróunarefnahagur verið búinn til. Þar er verið að endurskipuleggja efnahagslífið út frá umhverfisvernd. Ég held sannarlega, herra forseti, að þó við eigum stórt land og mikið af náttúruauðæfum, mikið af hreinu vatni, sé samt sem áður kominn tími til að endurskipuleggja efnahagslíf okkar og efnahagskerfið út frá sjónarmiðum umhverfisverndar. Og tíminn er núna, ekki á næsta ári eða eftir tíu ár.

Það er athyglisvert, herra forseti, þegar þessi mál eru skoðuð, að svo langt aftur sem á 116. löggjafarþingi, þ.e. veturinn 1992–1993, voru lögð fram mál sem fjölluðu um umhverfisskatta. Það sérstaka ár voru lögð fram tvö mál,

till. til þál. um umhverfisskatta og till. til þál. um umhverfisgjald, þar sem lagt var til að Alþingi kannaði möguleika á því að umhverfisgjald yrði lagt á og þá umhverfisgjald sem hefði það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun.

Núna er árið 2000. Þessar tvær tillögur sofnuðu í nefnd, efh.- og viðskn. og umhvn. á sínum tíma. Árið 2000 erum við enn ekkert nær takmarkinu. Við erum ekkert nær því að brjóta upp okkar efnahagslíf eða skoða það út frá þessum sjónarmiðum sem þó þessar gömlu þáltill. fjalla um. Það er því ekki eins og þessum málum hafi ekki verið hreyft á hinu háa Alþingi.

Við vitum líka að hjá Ríkisendurskoðun eru a.m.k. tveir starfsmenn sem vinna fyrst og fremst við að móta stefnu á sviði umhverfisvænnar endurskoðunar. Ég hældi því framtaki hér í fyrra og hlakka til að sjá einhvers konar niðurstöður eða áfangaskýrslu í því máli því þar held ég þó að sé efniviður sem hæstv. fjmrh. getur líka nýtt sér til frekari uppskurðar á efnahagslífi okkar og til þess að innleiða grænan efnahag.

Herra forseti. Að lokum langar mig til að nefna leiðbeinandi klásúlu sem er að finna í álitsgerð auðlindanefndar, en það er á tveimur stöðum rætt um umhverfisgjöld eða græna skatta, þ.e. annars vegar í II. kafla og síðan er meira að segja í niðurlagsorðum auðlindanefndar vikið að umhverfisgjöldum og grænum sköttum. En í II. kafla álitsgerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Hagræn umhverfis- og auðlindastjórnun byggist á þeirri meginhugsun að neytendur og fyrirtæki sem losa úrgangsefni út í umhverfið eða ganga á náttúruauðlindir eigi að greiða hinn raunverulega kostnað sem þjóðfélagið hefur af starfsemi þeirra. Séu þessi gjöld rétt ákveðin knýja þau notendur umhverfis og auðlinda til að greiða þann kostnað sem athöfnum þeirra fylgir og hvetur þá um leið til að draga úr kostnaði og umhverfisspjöllum.

Gjöldum af þessu tagi hefur farið ört fjölgandi síðustu árin, bæði erlendis og hér á landi, og þau eru lögð á með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna beina skatta á mengandi eldsneytistegundir, gjöld sem miðuð eru beint við losun efna út í umhverfið, gjöld til að greiða fyrir hreinsun úrgangsefna og fyrir spjöll af námurekstri o.s.frv."

Örlítið síðar í sama kafla segir, með leyfi forseta:

„Smám saman er hins vegar að mótast heildstæðari afstaða á þessu sviði, bæði með þróun alþjóðasamvinnu og nýjum rannsóknum og fræðikenningum sem taka til auðlindamála í heild. Jafnframt hafa umræður um hlutverk og stöðu umhverfis- og auðlindaskatta innan skattkerfisins aukist mjög. Samdar hafa verið athyglisverðar skýrslur um þessi efni, bæði á Norðurlöndum og á vegum OECD. Hefur þá m.a. verið kannað að hve miklu leyti slík gjöld geta orðið til að draga úr annarri skattheimtu sem hefur neikvæð áhrif á hagvöxt og atvinnu. Hér á landi er heildarathugun af þessu tagi orðin mjög tímabær."

Herra forseti. Ég tek undir þessi orð og hvet hæstv. fjmrh. til að taka þessi málefni til alvarlegrar athugunar. Á honum standa öll spjót með það. Hvatningarnar koma alls staðar að og það er ekki seinna vænna. Tíminn til að gera það er núna.

[19:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil við lok umræðunnar þakka þeim sem hafa blandað sér í hana fyrir málefnalegar ræður að flestu leyti sem hafa varpað ljósi á þau viðfangsefni sem við er að fást í fjárlagafrv., einnig varpað ljósi á þann ágreining sem eðlilega er uppi milli stjórnmálaflokkanna, stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokkanna, um þau pólitísku mál sem er að finna í frv.

Ég hef reynt að svara spurningum jafnóðum í andsvörum eftir því sem mér hefur fundist tilefni vera til. Ég vil segja vegna fyrirspurnar hv. síðasta ræðumanns um starf fjmrn. að umhverfisgjöldum, að því er svarað á bls. 304, hinni margtilvitnuðu blaðsíðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sérstakur starfshópur í fjármálaráðuneytinu vinnur nú að því að skoða núverandi skattkerfi með tilliti til umhverfismála."

Og þar er þetta mál rakið frekar.

Ég ætla þess vegna ekki að lengja þessa umræðu frekar. Ég óska eftir góðu samstarfi við fjárln. um framhaldið, bæði stjórnarþingmenn og þingmenn stjórnarandstöðunnar og vænti þess að takast megi að ljúka afgreiðslu málsins samkvæmt starfsáætlun snemma í desember á þann hátt að allir geti við unað eftir atvikum, þó ekki sé hægt að ætlast til þess að allir verði jafnsáttir við það sem út úr frv. kemur á endanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 19:07.

---

5. FUNDUR

mánudaginn 9. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Meðferðarstofnanir, beiðni um skýrslu, 28. mál, þskj. 28. *Hvort leyfð skuli.*
5. Löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., beiðni um skýrslu, 51. mál, þskj. 51. *Hvort leyfð skuli.*
6. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
7. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
8. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
9. Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
10. Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
11. Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Félagi aldraðra í Hornafirði.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., Páll Magnússon framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn."

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., Árni Gunnarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v."

Árni Gunnarsson og Páll Magnússon hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa á ný.

Þá hafa borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Reykn., Ágúst Einarsson prófessor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn."

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturl., Magnús Stefánsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl."

Kjörbréf Ágústs Einarssonar og Magnúsar Stefánssonar hafa verið samþykkt. Þeir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurl., Kjartan Ólafsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl."

Kjörbréf Kjartans Ólafssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Kjartan Ólafsson, 1. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:06]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Kjartan Ólafsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:06]

Útbýting þingskjala:

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 10. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 10.

Afnám skattleysissvæða, 6. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 6.

Landmælingar og kortagerð, 75. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 75.

Matvæli, 74. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 74.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ófriður fyrir botni Miðjarðarhafs.

[15:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Í dag rennur út tveggja daga frestur sem Ehud Barak, forsætisráðherra Ísraels, hefur gefið Palestínumönnum til þess að hætta átökum á hernámssvæðunum, ellegar skuli þeir brotnir á bak aftur „með þeim aðferðum sem duga", svo að vitnað sé til Baraks.

Ariel Sharon, formaður Likud-bandalagsins, gerði sér lítið fyrir nýverið og heimsótti Al-Aqsa-moskuna á Musterishæðinni í Jerúsalem. Sharon var ekki einn síns liðs heldur þótti honum við hæfi að hafa með sér hermenn með alvæpni. Heimsóknin var ekkert annað en táknræn yfirlýsing um ævarandi yfirráð Ísraelsmanna yfir Jerúsalem og sem slík fádæma ósvífin ögrun við sjálfstæðisbaráttu Palestínumanna. Jafnvel Jacques Chirac, forseti Frakklands, hefur fordæmt heimsókn Sharons í moskuna og sagt hana óábyrga og afleiðingarnar fyrirsjáanlegar. Og hverjar eru þær? Í 12 daga hafa Palestínumenn mótmælt þessum yfirgangi á götum úti og nú er svo komið að 90 manns liggja í valnum. Svo að segja allir sem fallið hafa í þessum átökum eru óbreyttir borgarar sem leyfa sér að kasta grjóti á vopnaða hermenn, hermenn sem svara með því að skjóta óvopnaða Palestínumenn, börn og fullorðna á færi. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur fordæmt ofbeldisverkin en það vekur athygli, herra forseti, að sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum sat hjá í þeirri atkvæðagreiðslu með þeim orðum að með hjásetu stæði hann vörð um hagsmuni Ísraels og Bandaríkjanna.

Herra forseti. Ríkisstjórn Íslands hefur lengi fylgt Ísraelsmönnum og Bandaríkjastjórn að máli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa einnig stutt við uppbyggingu á hernámssvæðunum í Ísrael. Hyggst ríkisstjórn Íslands

beita sér fyrir því með einhverjum hætti á alþjóðlegum vettvangi að hafa friðvænleg áhrif á þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs? Telur hæstv. forsrh. forsvaranlegt að beita óbreytta borgara ofbeldi með þeim hætti sem Ísraelsstjórn hefur gert á undanförnum dögum?

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég held að það hafi verið mjög þýðingarmikil ákvarðanataka í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og marktæk og athyglisverð einmitt fyrir þær sakir að Bandaríkjastjórn sat hjá við þessa afgreiðslu, öfugt við það sem oftast nær gerist varðandi málefni á þessu svæði þar sem Bandaríkjastjórn hefur yfirleitt við sambærileg tilvik greitt atkvæði gegn ályktunum sem beinast gegn Ísrael. Þannig hygg ég að það sé mál manna að í þessum viðkvæmu deilum og erfiðu hafi Ísrael farið offari.

Út af fyrir sig er svo sem ekkert létt að dæma um atvikin en það er alveg hárrétt hjá málshefjanda og fyrirspyrjanda að þessi ótímabæra heimsókn Sharons á hina helgu staði, sem reyndar eru helgistaðir allra deiluaðila, var kveikjan að bálinu sem þarna hefur orðið. Það er ekki bara vegna þess að háttsettur Ísraeli kaus að fara þessa ferð heldur vegna þess að af sögulegum ástæðum er Sharon sá maður sem Palestínumenn hefðu síst kosið að sjá við þessar aðstæður. Ég tel að sá maður eigi mikla sök. Og það kom einnig fram á fundum okkar með utanríkisráðherra Bandaríkjanna á sínum tíma, sem fór héðan til þess að reyna að miðla málum í þessum efnum.

Ísland mun fyrir sitt leyti leggjast á sveif með þeim sem vilja, eins og Ísland hefur gert, stuðla að friði á þessu svæði. Íslendingar hafa ekki eingöngu lagt Ísraelum lið heldur hafa Íslendingar undir forustu utanrrh. ekki síður reynt að stuðla að uppbyggingu hjá Palestínumönnum og styrkja stöðu þeirra.

[15:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Það er gott að heyra að hæstv. ráðherra skuli einnig ofbjóða að sjá með hvaða hætti Ísraelsmenn hafa hagað sér á hernámssvæðunum á undanförnum dögum og vikum. Þó hefði mér kannski þótt betra að fá skýrari svör við því hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir. Nú er það þannig að við höfum lengi vel átt góð samskipti við Ísrael og eins og ráðherrann sagði og ég benti á í fyrirspurn minni höfum við líka styrkt uppbyggingu á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna í Ísrael. Ég hygg að þetta mál sé þannig vaxið að staðan sé í dag þannig að stríð gæti brotist út fyrir botni Miðjarðarhafs með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þá sem þar búa.

Ég hygg að það væri gott ef við fengjum eindregnari svör um það frá hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin muni beita sér sérstaklega í þessu máli.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Heimsbyggðin öll lítur þetta mál það alvarlegum augum að nú beinast sjónir helstu ríkja heims að þessu átakasvæði sem aldrei fyrr. Ljóst er að afskipti Bandaríkjanna verða mikil. Ljóst er að Evrópusambandið hefur þegar sent reyndasta talsmann sinn í þessum fræðum, Solana, fyrrum framkvæmdastjóra NATO, til svæðisins. Ljóst er að Kofi Annan, framkvæmdastjóri og aðalritari Sameinuðu þjóðanna, er á leið á svæðið til að reyna að miðla málum þar. Íslendingar munu ekki skipta sköpum hvað þetta varðar en það er ljóst að samúð okkar stendur með því að þessir menn nái að stöðva þá óöld sem þarna hefur risið rétt einu sinni. Ég held að það sé ekki ástæða til að Íslendingar bregðist við sérstaklega hér og nú nema með því að lýsa áhyggjum sínum og stuðningi við þær friðaraðgerðir sem nú eru uppi.

[15:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Mig langar rétt í lokin að benda á að það er kannski ekki tilviljun hvernig málum er komið í Ísrael. 15. nóvember næstkomandi munu Palestínumenn að öllum líkindum stofna sjálfstætt ríki. Þá verða liðin 12 ár frá því að sjálfstæðisyfirlýsing þeirra var gefin út. Því miður virðist margt benda til þess að innanlandspólitíkin í Ísrael hafi í raun og veru lagt grunninn að þeim átökum sem við höfum orðið vitni að á undanförnum dögum og vikum á hernámssvæðunum.

Ófriður fyrir botni Miðjarðarhafs.

[15:14]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mín fyrirspurn er um sama efni og hafði ég áformað að láta hana liggja þar til ég heyrði svör hæstv. forsrh. sem mér finnast vægast sagt harla linkuleg. Hann segir að vísu að Ísraelsstjórn hafi farið offari. Hann talar um ótímabæra heimsókn Sharons í hin helgu musteri Jerúsalemsborgar. Sennilega á að túlka þessi viðbrögð á þann veg að ríkisstjórninni sé ekki um það gefið sem nú er að gerast í Ísrael.

Staðreyndin er hins vegar sú að 90 manns hafa verið myrtir, þar á meðal börn, í úthugsaðri ofbeldisaðgerð ísraelska hersins gegn Palestínumönnum. Á þriðja þúsund manns liggja sárir í valnum. Og krafan er þessi: Að íslenska ríkisstjórnin sendi afdráttarlaus mótmæli og taki undir fordæmingu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þá er og mikilvægt að tekið verði undir kröfuna sem þegar hefur fram komið á alþjóðlegum vettvangi að fram fari fjölþjóðleg rannsókn á þessum illverkum.

Síðan vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að beita sér fyrir því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að Palestínu-aröbum verði veitt vernd af hálfu Sameinuðu þjóðanna gegn árásum Ísraelshers.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að mín sjónarmið og ríkisstjórnarinnar hafi komið glöggt fram í svari mínu hér áðan og ég held að það út af fyrir sig hjálpi engum þó að ég sé með einhver stóryrði hér og felli stóra dóma. Þetta er mjög alvarlegt og hryllilegt mál eins og ég nefndi í svari mínu við fyrirspurn hv. 12. þm. Reykn. áðan.

Mér hefur borist bréf frá Barak, forsætisráðherra Ísraels, þar sem hann skýrir sína afstöðu og sjónarmið. Ég tel að þær skýringar sem þar eru gefnar séu fjarri því að vera fullnægjandi og ég tel, eins og ég hef sagt áður, að ef menn eigi að vega sök í þessum efnum sem er út af fyrir sig alltaf erfitt að gera úr fjarlægð þá séu það einmitt Ísraelsmenn sem hafa farið offari í málinu.

Ég hef alla tíð verið stuðningsmaður Ísraelsríkis en með sama hætti vil ég vera stuðningsmaður Palestínuríkisins. En mér finnst engum blöðum um það að fletta að í þessu dæmi og í þessu máli hefur Ísraelsstjórn farið offari. Það er ljóst

að þeir telja mikið í húfi og þeir vilja kosta miklu til því að samkvæmt þeim fresti sem upp var gefinn og hv. fyrri fyrirspyrjandi vék að þá er ekki bara hótað vaxandi átökum heldur að bundinn verði endi, a.m.k. nú um langa hríð, á það friðarferli sem upphófst í Ósló sem við höfðum öll bundið svo miklar vonir við. Og auðvitað er það þyngra en tárum taki.

En ég sé ekki að það sé út af fyrir sig efni til þess að Ísland beiti sér fyrir því að þarna verði sendur friðarher. Ísland mun ekki skipa þann her eins og menn átta sig á og ég tel að við eigum ekki að vera að ofgera okkar hlutverk eða þykjast meiri en við erum. Það er þannig að sem betur fer er alþjóðasamfélagið núna að taka á þessu máli, Sameinuðu þjóðirnar og aðalritari þeirra, m.a. í okkar umboði auðvitað, Evrópusambandið fyrir sitt leyti eins og ég sagði og Solana framkvæmdastjóri þess sem er maður sem ég hef a.m.k. trú á. Ég er ekki viss um að hv. fyrirspyrjandi deili þeirri trú með mér.

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. telur ekki tilefni til stóryrða. Hér eru á ferðinni stórir og alvarlegir atburðir. Níutíu einstaklingar hafa verið myrtir á yfirvegaðan hátt. Á þriðja þúsund manns eru í valnum sárir. Og ísraelska stjórnin hefur í hótunum um að fara með her gegn palestínsku þjóðinni ef hún sýnir ekki skilyrðislausa hlýðni og undirgefni.

Mér finnst það grundvallaratriði og lágmarkskrafa á hendur íslenskum stjórnvöldum að send verði harðorð mótmæli og að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna beitum við okkur fyrir því að fram fari fjölþjóðleg rannsókn á ofbeldinu. Síðan eigum við að beita okkur fyrir því á sama vettvangi að Sameinuðu þjóðirnar lýsi því yfir að Palestínumönnum verði veitt vörn gegn ofbeldishernum.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Íslenska ríkisstjórnin mun leggja þeim öflum lið sem reyna að stuðla að friði í þessari viðkvæmu deilu. Það gerum við með öllum okkar þunga. En við erum ekki að reyna að leika stærri hlutverk heldur en við getum leikið í þessum efnum.

Ég tel að menn geti algjörlega lýst skoðunum sínum á atburðum af þessu tagi, jafnalvarlegum atburðum og hér er um að ræða, án þess að grípa til sérstakra stóryrða. Ég held að menn geti alveg skilið tilfinningar manna og hugsanir án þess að þeim þurfi að lýsa með stóryrðum.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að ríkisstjórnin hefur oft séð ástæðu til að hafa uppi stóryrði og hefur tekið mjög afdráttarlausa afstöðu á alþjóðavettvangi. Stundum hefur mönnum þótt hún vera reiðubúin að leika allstórt hlutverk og vísa ég þar til Balkanskagans. Vísa ég þar til þess sem er að gerast í Írak þar sem við leggjum blessun okkar — eða öllu heldur ríkisstjórnin því að ég geri það ekki — leggur blessun sína yfir aðgerðir sem kostað hafa hálfa aðra milljón manna lífið. Og 500 þús. börn hafa sannarlega látið lífið af völdum aðgerða sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt blessun sína yfir og stutt.

Ég vil bara vekja athygli á því að Íslendingar hafa verið reiðubúnir að leika sín stóru hlutverk og þau eru því miður ekki alltaf til eftirbreytni.

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þarna sagði fyrirspyrjandi þunga hluti án þess að nota stór orð. Hann sagði bara hvorki meira né minna en að íslenska ríkisstjórnin hefði lagt blessun sína yfir það að ein og hálf milljón manna hefði látist. (**ÖJ:** Yfir aðgerðir sem hefðu kallað á slíkt.) Það er auðvitað ekki rétt hjá málshefjanda og ósmekklegt af honum. (**ÖJ:** Þetta er bara staðreynd.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal.)

Og númer tvö, varðandi Balkan-atburðina, fyrirspyrjandi, þá var það þannig að þá var Ísland í þeirri stöðu sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins að ef Ísland studdi ekki þá aðgerð beint þá hefði ekki orðið um aðgerðir að tefla. Ég tel og ríkisstjórnin taldi og utanrrh. taldi að þær aðgerðir væru algjörlega nauðsynlegar og ég tel reyndar að þróunin í Júgóslavíu hafi orðið sú sem hún varð m.a. vegna þeirra aðgerða sem íslenska ríkisstjórnin tók þátt í gripið yrði til þá.

Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja.

[15:22]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. viðskrh.

Fyrir sex árum kom út skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja í íslensku atvinnulífi. Sú skýrsla var tekin saman af mér í iðnrn. á þeim tíma í kjölfar tillögu sem samþykkt var frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar um. Í þessari úttekt sem vakti mikla athygli komu fram mjög merkilegar upplýsingar um þróun í þá átt að sífellt færri og færri væru að öðlast meiri og meiri ítök í íslensku atvinnulífi. Gert var ráð fyrir því að sú skýrsla yrði reglulega endurskoðuð. Það hefur ekki gerst.

Þann 4. október á liðnu ári fluttu þingmenn Samfylkingar skýrslubeiðni á Alþingi þar sem því var beint til hæstv. ráðherra að láta fara fram endurskoðun á þessari skýrslu. Sú skýrslubeiðni var lögð fram í fullu samráði við þáv. viðskrh. sem hafði tekið fram í samtali við mig að hann mundi treysta sér til að vinna á því þingi a.m.k. hluta af þeirri skýrslu, þ.e. um eignatengsl og stjórnunartengsl í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.

Af því varð hins vegar ekki. En undir þinglok í fyrra fór ég þess á leit við hæstv. viðskrh. að hún mundi vinna málið og flytti Alþingi skýrslu um það á þessum vetri. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það verið gert? Megum við vænta þess að fá þessa skýrslu í hendurnar og þá hvenær? Hyggst hún hafa þann háttinn á sem samkomulag var um við fyrrv. ráðherra, að þetta starf yrði unnið þannig að fyrst yrði tekin saman, til þess að greiða fyrir og hraða málinu, skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja í sjávarútvegi? Og ef svo er, hvenær megum við þá fá að sjá þann fyrsta hluta skýrslunnar?

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svarið við spurningu hv. þm. er já. Það verður unnið að þessari skýrslu í vetur og það verður hægt að gera hana opinbera áður en þingi lýkur í vor ef allt gengur að óskum. Hv. þm. veit jafn vel og ég hvers vegna málinu er ekki lokið nú á þessari stundu. Það er vegna þess að mikla fjármuni kostar að fara í þessa vinnu og Samkeppnisstofnun átti ekki þá fjármuni á fjárlögum þessa árs. Engu að síður

höfum við séð til þess í viðskrn. að vinnan hefst í ár og síðan eins og hv. þm. hefur eflaust tekið eftir þá eru fjármunir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár sem mjög nákvæmlega er tilgreint um að skuli fara til þessa verkefnis.

Álitið er að heildarvinna við skýrslugerðina kosti um 14 millj. kr. og þess vegna er málið nú ekki komið lengra en raun ber vitni á þessari stundu. En ég er mjög ánægð með að þessir fjármunir eru inni í fjárlagafrv. þar sem með því sýnist mér verða hægt að standa við það sem ég sagði í vor áður en þingi lauk, þ.e. að þessari vinnu ljúki áður en þingið fer heim í vor.

[15:26]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að það kostar aðeins lítinn hluta af því sem það kostaði að vinna upprunalega þessa skýrslu að endurskoða hana og það var hægt að ljúka því verki á sínum tíma án þeirra vandkvæða að íslenska ríkið gæti ekki greitt þann kostnað. Ég vil líka benda á að hér er ekkert smámál á ferðinni vegna þess að ástæða er til þess að ætla að sú þróun í átt til fámennisvalds í íslensku atvinnulífi sem við sáum fyrir sex árum síðan hafi haldið áfram í auknum mæli. Það gengur ekki að svona vinna skuli ekki vera unnin með afsökun um að ekki sé hægt að útvega fjármuni til þess að kosta hana vegna þess að í millitíðinni hafa verið afgreidd hér fjárlög og þá var ekki fyrir þessu séð enda ekki rætt um það af þáv. viðskrh. að nein vandkvæði væru þar á.

Ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra sagði að vinnan mundi hefjast á þessu ári. Er vinnan ekki hafin?

[15:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Jú, vinna er hafin og henni mun ljúka eins og ég áður hef sagt áður en þingið fer heim næsta vor. Ég tel miðað við það að þetta er mikil vinna, og ég tek undir það með hv. þm. að þetta er mikilvæg vinna, að bærilega sé að málum staðið af hálfu ráðuneytisins að vinna eins og raun ber vitni vegna þess að ekki er hægt að ætlast til þess að Samkeppnisstofnun eigi fjármuni til þess að fara í svona gríðarlegt verkefni án þess að gert sé ráð fyrir því á fjárlögum. Forsvarsmenn þeirrar stofnunar eru samviskusamir og vilja ekki eyða um efni fram.

[15:28]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Skýrslubeiðnin var lögð fram og samþykkt þann 4. október í fyrra. Fjárlög voru afgreidd tæpum þremur mánuðum eftir að málið lá fyrir. Ég bendi því hæstv. ráðherra á að það voru engin vandkvæði ef vilji var fyrir hendi til þess að ljúka verkinu.

En ég vil þakka hæstv. ráðherra þá yfirlýsingu sem hún gefur úr þessum ræðustól, að verkinu verði lokið fyrir þinglok í vor. Og ég ítreka þá það sem ég spurði fyrrv. ráðherra að: Er hæstv. ráðherra tilbúin til að standa þannig að verkinu að hægt sé að leggja fyrir áfangaskýrslu um eignar- og stjórnunartengsl í sjávarútvegsfyrirtækjum fyrr en kannski á síðustu dögum þingsins í vor?

[15:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þessi spurning kemur flatt upp á mig þannig að ég get ekki svarað því á þessari stundu hvort þetta er hægt. Mér finnst svo sem engin ástæða til annars en að athuga það. En mér finnst þetta óþarfa óþolinmæði í hv. þm. Miðað við það að skýrslan kemur í heild sinni út í vetur þá held ég að hann geti alveg lifað með því að hún komi bara út þegar hún verður tilbúin.

Áhrif álvers á Austurlandi.

[15:30]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að óska eftir viðbrögðum hæstv. iðnrh. við áhyggjum forsvarsmanna Norsk Hydro um áhrif álversuppbyggingar fyrir austan, þ.e. umhverfisleg, félagsleg og nú síðast efnahagsleg áhrif. Reiten, talsmaður Norsk Hydro, og nú síðast forstjórinn, Myklebust, hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni að fjölmarga þætti þyrfti að skoða nánar og þeir nefna þar á meðal kostnaðarþætti, tímaáætlanir, orkuþætti og staðbundnar aðstæður.

Frést hefur af því að skýrsla starfshóps um efnahagsleg áhrif álvers sé komin út. Hún hefur að vísu ekki birst þingmönnum en frést hefur að niðurstöður skýrslunnar séu þær að á meðan á framkvæmdum stendur við uppbyggingu álvers fyrir austan muni viðskiptahalli stóraukast en það sem er alvarlegra er að því er líka haldið fram og menn þykjast sjá að það verði að vera mótvægisaðgerðir sem leiða til stórfellds niðurskurðar á uppbyggingu annars staðar í samfélaginu. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að vegna umfangs verkefnisins sé nauðsynlegt að endurskoða tímaáætlanir varðandi Noral-verkefnið og fara miklu nánar yfir alla þætti málsins varðandi áhrif af þessu verkefni fyrir landið í heild sinni.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svarið er nei. Ég tel ekki ástæðu til að endurskoða tímaáætlanir. Eins og hv. þm. veit eflaust, er meiningin sú að það verði ljóst fyrir febrúar 2002 hvort af þessum framkvæmdum verður eða ekki og ég held að sá tími henti ágætlega. Ég er alveg sammála fulltrúum Norsk Hydro og eflaust hv. þm. að mörg atriði þarf að skoða gaumgæfilega. Það er rétt hjá honum að viðskiptahalli mun aukast til skamms tíma litið en til lengri tíma litið mun hann að sjálfsögðu minnka vegna þess að þarna er verið að tala um mikla gjaldeyrissköpun og mikla aukningu á þjóðarframleiðslu. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt fyrir þjóð sem býr sífellt við mikinn viðskiptahalla.

Fundur sem haldinn var í síðustu viku með aðalforstjóra Norsk Hydro og yfirmanni áldeildarinnar var mjög jákvæður og engin áform eu uppi um að breyta áætlunum og þeim áherslum sem undirritaðar voru í maí sem hafa verið kölluð viljayfirlýsing.

[15:33]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi vonbrigðum mínum með að hæstv. ráðherra skuli ekki sjá ástæðu til að gaumgæfa betur ákvörðunina um þessa fjárfestingu Íslandssögunnar. Ég vil benda á það að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og sem grundvallast á fyrrnefndri skýrslu, þá mun verkefni af þessari stærðargráðu viðhalda þenslu í þessu samfélagi enn um sinn, og fram hefur komið t.d. frá Ara Edwald hjá Samtökum atvinnulífsins að miðað við slíkar aðstæður muni þörf á allra næstu missirum fyrir starfskrafta í landinu aukast um 10 þúsund. Er ekki ástæða, hæstv. ráðherra, að vanda til verka og gera sér grein fyrir heildarafleiðingum verkefnis af þessari stærðargráðu? Ef svarið er nei og það á að halda

áfram án þess að skoða hluti, velta fyrir sér vísbendingum sem koma nú fram tel ég að það sé miður.

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Auðvitað er verið að skoða hluti. Til hvers á að nota það ár sem er fram undan ef ekki til þess að skoða hluti? Það kemur ekki á óvart að hv. þm. sé á móti þessum framkvæmdum og vilji bara fresta og halda áfram að horfa á fólkið flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það er hins vegar þannig með ríkisstjórnarflokkana að þeir eru að vinna gegn því og þetta er einn liður í þeim áætlunum.

[15:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis halda því til haga að ég tel nauðsynlegt að fara miklu betur yfir þetta verkefni vegna þess að áframhaldandi uppbygging, sem leiðir til þensluástands á höfuðborgarsvæði, leiðir til enn meiri röskunar í byggðamálum að margra mati og full þörf er á því að halda slíku til haga. Þess vegna tel ég, miðað við umfang verkefnisins og vonaðist til þess að hæstv. ráðherra gæti verið sammála mér í því, að full ástæða væri til að fara yfir þessi *áform, sérstaklega út frá þeim sjónarhóli hvaða áhrif slíkt* hefur á starfsemi landsins í heild en einblína ekki á staðbundnar aðgerðir sem menn halda að muni leysa vandamál eða atvinnuuppbyggingu á mjög afmörkuðu svæði.

Hrognkelsa- og rækjuveiðar.

[15:36]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. sjútvrh. og endurtek spurningu frá því í fyrra, hvort hæstv. ráðherra hyggst beita einhverjum aðgerðum vegna tekjumissis hrognkelsaveiðimanna þar sem við blasir að verðhrun hefur orðið. Og ekki nóg með það, það virðist vera sem svo að stofninn hafi einnig hrunið.

Einnig spyr ég um aðgerðir vegna rækjuveiðimanna á grunnslóð. Það kom ítrekað fyrir þegar við samfylkingarmenn vorum á ferð um landið í sumar og sérstaklega á Norðurlandi vestra að spurt var um hvað yrði gert. Mundi verða beitt heimildum 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna til að bæta mönnum, bæði sjómönnum og landverkafólki, þann tekjumissi sem orðið hefur vegna þessa hruns? Sérstaklega vil ég spyrja um hvort gripið hafi verið til aðgerða, rannsókna vegna grásleppuveiðimanna eða hrognkelsaveiðimanna, þar sem allt útlit er fyrir að stofninn hafi hrunið vegna þess að veiði á hverja einingu var þar miklu minni þrátt fyrir það að sóknin minnkaði svo mikið sem raun bar vitni á síðasta ári vegna verðhruns. Ég spyr: Ætlar hæstv. ráðherra að beita heimild sem hann hefur í 9. gr. til að bæta fólki þann tekjumissi sem hefur orðið í þessum greinum?

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Spurt er um hvort beita eigi heimildum í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þeirri grein er beitt á þessu fiskveiðiári og var beitt á því síðasta varðandi innfjarðarrækju. Því er beitt vegna þess að þar er um að ræða kvótabundna tegund en beiting greinarinnar er skilyrt því að um sé að ræða kvótabundnar tegundir.

Hvað varðar hrognkelsaveiðar, þá eru hrognkelsaveiðar ekki kvótabundnar og þar af leiðandi ekki heimild í lögunum til að beita þessari grein.

Skýrsla er í vinnslu um stöðu grásleppuveiðanna sem ég bað um að yrði unnin fyrr eða reyndar í lok síðasta árs og sagði frá á aðalfundi Landssambands smábátaveiðimanna. Ég hef ekki fengið endanlega skýrslu en fengið áfangaálit og þær niðurstöður sem þar koma fram hafa ekki verið þess eðlis að hægt væri að beita einhverjum sérstökum aðgerðum til að styrkja þessa atvinnugrein.

Ég hef ekki neinar nýjar upplýsingar um stöðu hrognkelsastofnsins en síðustu upplýsingar sem ég hafði voru að hann væri ekki talinn vera á niðurleið eða í sérstakri hættu og ekki hægt að tengja stöðu greinarinnar við stöðu stofnsins heldur væri aðallega um markaðsaðstæður að ræða. Jafnframt *hefur verið erfitt að meta veiðarnar vegna þess að færri* hafa farið til veiða á tveimur undanförnum árum miðað við árin þar á undan vegna þess að útgerðarmennirnir hafa verið að beita ákveðnum markaðsaðgerðum til að þrýsta verðinu upp með því að veiða minna og þar með setja minna inn á markaðinn.

[15:40]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Þessi skýrsla kemst kannski út fyrir næsta vor, á þessu þingi, það væri mjög æskilegt en ég dreg mjög í efa að þær athuganir, sem menn hafa verið að gera varðandi veiðiþol stofnsins eða stofninn, séu réttar vegna þess að öllum grásleppuveiðimönnum ber saman um að miklu minni gengd hafi verið á síðasta ári en áður. Það er því mjög undarleg niðurstaða *ef þessi vísbending kemur fram í þessari skýrslu. Mér var* ekki kunnugt um að veittar hefðu verið heimildir í öðrum tegundum, fyrir rækjuveiðimennina, en ég minni bara á að flestir þeirra létu af hendi heimildir í þorski fyrir rækjuveiði á sínum tíma.

Ég ítreka þakkir fyrir svörin og ég vonast til að tekið verði tillit til þess að yfir 1.500 manns eiga afkomu sína undir hrognkelsaveiðum.

Fjárlög 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Aukaþing Alþingis um byggðamál sumarið 2001, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Meðferðarstofnanir.

Beiðni EKG o.fl. um skýrslu, 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Beiðni leyfð til heilbrrh. með 39 shlj. atkv.

Löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl.

Beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Beiðni leyfð til dómsmrh. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÖ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, PM, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ArnbS, BBj, DO, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JóhS, JBjart, KLM, MF, ÓÖH, SF, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil láta þess getið og upplýsa þingheim um það að sama mál kom fyrir á síðasta þingi og þá var beiðni um skýrslu samþykkt. Það hefur farið fram vinna í dómsmrn. í framhaldi af þeirri samþykkt og henni er að verða lokið þannig að þessi skýrsla kemur væntanlega fram fljótlega.

[15:44]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér var fullkunnugt um þetta sem hæstv. dómsmrn. nefndi en mér var sagt að ég skyldi leggja fram nýja beiðni og ég hlýddi því sem nýr þingmaður.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[15:47]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs. Flm. ásamt mér eru Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson.

Þessi þáltill. hefur áður verið flutt og nú síðast á síðasta þingi og ætti því að vera þingmönnum kunnug og eins hæstv. umhvrh. sem því miður er ekki viðstödd umræðurnar í dag en ætti að vera málinu mjög vel kunnug.

Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal. Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins á haustþingi árið 2001.

Greinargerðin sem fylgir með er að mestu leyti óbreytt en þó koma inn nokkrar viðbætur og mun ég því fara yfir greinargerðina. Hér er landslagi Snæfells og Eyjabakka lýst. Þar er afar svipmikil landslagsheild sem er alveg einstæð hérlendis. Á þessu svæði er mjög fjölbreytt og sérstakt lífríki og jarðmyndanir sem sýna samspil jökla og umhverfis þeirra í fortíð og nútíð.

Við vesturmörk Snæfellsöræfa rennur Jökla, korgugasta jökulfljót hérlendis, sem hefur grafið vestan undir Kárahnjúkum einhver hrikalegustu gljúfur landsins, kennd við Hafrahvamma.

Stórbrotin náttúra þessa svæðis með víðernum sem að margra mati eiga ekki sinn líka í Evrópu hefur að undanförnu dregið að sér athygli fólks bæði hérlendis og erlendis. Þess má geta að varðandi undirbúning að Fljótsdalsvirkjun hafa að líkindum flestallir þingmenn farið inn á þetta svæði svo og ráðherrar ásamt fjölda Íslendinga og erlendra gesta og hafa kynnt sér svæðið að eigin raun og séð hversu stórfenglegt það er.

Meðferð þessa mikla hálendissvæðis er stórmál sem varðar íslensku þjóðina alla og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland gengst undir í samfélagi þjóðanna.

Verndargildi Snæfellsöræfa, og Eyjabakka sem hluta af þeim, er að verða mönnum æ ljósara eftir því sem óröskuð og lítt snortin landsvæði af þessum toga verða fágætari. Í núverandi mynd, óraskað um alla framtíð, er þetta óbyggðasvæði auðlind sem vaxa mun að gildi jafnt huglægt sem í hagrænu samhengi. En það skiptir sköpum um Snæfellsöræfi að takast megi að vernda náttúru þeirra og svipmót í heild um langa framtíð. Því er brýnt að Alþingi og þjóðin öll líti þann kost með opnum huga og af framsýni að vernda náttúru svæðisins svo sem kostur er í heild í stað þess að leggja það stig af stigi undir mannvirkjagerð og umsvif sem henni fylgja.

Vitnað er til aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands frá 29. ágúst 1999 þar sem NAUST skorar á stjórnvöld að stofna til þjóðgarðs á Snæfellsöræfum og þá ályktaði 10. náttúruverndarþing sem haldið var 28. og 29. janúar nú í ár um málið og er það ekki í fyrsta sinn. Ályktun þingsins var svohljóðandi:

„Tíunda náttúruverndarþing haldið í Reykjavík 28.–29. janúar 2000 skorar á umhverfisráðherra og Alþingi að hefja strax undirbúning að stofnun Snæfellsþjóðgarðs og að tilnefna Eyjabakka sem Ramsar-svæði innan hans. Mörk þjóðgarðsins eru skilgreind nánar í greinargerð. Snæfellsþjóðgarður hefði ómetanlegt gildi fyrir landið í heild auk þess að hafa alþjóðlega þýðingu. Tilkoma þjóðgarðsins yrði og mikil lyftistöng fyrir náttúruvernd og atvinnuþróun á Austurlandi."

Herra forseti. Á dagskrá í dag er einmitt þáltill. um verndun Eyjabakkasvæðisins og skilgreining á því svæði sem Ramsar-svæði.

Friðlýsing Snæfellsöræfa í einhverri mynd hefur verið rædd lengi en ekki náð fram að ganga. Allt frá árinu 1990 hefur Náttúruvernd ríkisins unnið að friðlýsingu svæðisins og eru bæði Vesturöræfi og Eyjabakkar á náttúruminjaskrá. Þessi þingsályktunartillaga var áður flutt á síðasta löggjafarþingi og henni vísað til umhverfisnefndar, sem sendi tillöguna út til umsagnar. Sjö umsagnir bárust nefndinni og voru þær í meginatriðum samþykkar tillögunni utan ein, sem hafnaði henni. Þær sex umsagnir sem voru jákvæðar gagnvart tillögunni komu frá eftirtöldum aðilum: Náttúruvernd ríkisins, Félagi leiðsögumanna, Landvernd, Fuglaverndarfé-

lagi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands og Félagi um verndun hálendis Austurlands. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hafnaði tillögunni. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir umsagnaraðila fékkst tillagan aldrei rædd í nefndinni og kom því ekki til afgreiðslu Alþingis.

Snæfellssvæðið hefur allt til að bera sem þarf til að verða í fremstu röð þjóðgarða á alþjóðamælikvarða. Flutningsmönnum er ljóst að vanda þarf undirbúning að stofnun slíks þjóðgarðs og leggja áherslu á samráð og góða samvinnu við það fólk og sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Tillaga NAUST gerir ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist á svæðinu og er tekið undir þá stefnu. Þá er bent á að Snæfellsþjóðgarður kæmi til með að liggja að væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði og kæmi það að mati flutningsmanna til með að auka enn frekar gildi hvors um sig.

Tillagan gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins fyrir lok aldamótaársins, 2001.

Með þáltill. er sem fylgiskjal ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, frá 29. ágúst 1999 þar sem gerð er frekari grein fyrir æskilegum mörkum þjóðgarðsins og um hvaða nytjar verið er að tala, um eignarhaldið og náttúrufar sem er mjög sérstakt. Það er víðáttumikið og tiltölulega lítt snortið svæði og mikill fjölbreytileiki bæði varðandi landslag og lífríki. Þar er samfellt gróðurlendi og mjög ríkulegt gróðurfar. Þar eru helstu sumarhagar hreindýra og þar er mjög auðugt fuglalíf.

En hvers vegna er nú gerð tillaga um þjóðgarð? Ég vil fá að vitna hér til fylgiskjalsins.

„Hin síðustu ár hefur skilningur almennings á gildi miðhálendisins og nauðsyn þess að vernda stóran hluta þess ósnortinn vaxið hröðum skrefum. Andstaða við virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur magnast og fyrirvarar verið settir við þá framkvæmd, m.a. í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins, sem nú hefur verið staðfest. Við þessar aðstæður telur NAUST brýnt að litið sé heildstætt á náttúru þessa svæðis og þau sterku rök sem eru fyrir því að vernda hana óspillta og gera ferðafólki kleift að njóta svæðisins án þess að tjón hljótist af. Það verður best gert með því að stofnað verði til þjóðgarðs, eins og hér er gerð tillaga um."

Síðan þessi tillaga var samþykkt hefur það gerst að fallið hefur verið frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun og miklar breytingar eru á þeim hugmyndum sem nú eru uppi varðandi nýtingu á þessu svæði. En eftir sem áður stendur þessi tillaga um að vernda svæðið sem ósnortna náttúru og víðlendi.

Herra forseti. Ég óska eftir því að að loknum þessum umræðum verði tillögunni vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, 1. umr.

Frv. SJS og ÖJ, 8. mál. — Þskj. 8.

[15:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Hér um endurflutt frv. að ræða sem lagt var fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Flm. ásamt mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Frv. er bandormur og lýtur að breytingum á fleiri en einum lögum sem varða málefni fjármálastofnana, þ.e. nánar tiltekið breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði með síðari breytingum og breytingu á lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði með síðari breytingum.

Fyrsta efnisgreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

Í stað 3.–6. mgr. 10. gr. og 11. og 12. gr. kemur ný grein, er verður 11. gr., sem orðist svo: — Þetta er 1. gr. frv. og varðar breytingu á lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, eins og áður sagði.

„Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk."

Þessi hluti 1. gr. frv., herra forseti, útskýrir í raun og veru meginefni þess, sem er að setja ákveðin takmörk fyrir hámarkseign einstakra eigenda í viðskiptabönkum eða sparisjóðum eða sambærilegum lánastofnunum, þ.e. annarra en ríkissjóðs sem einn mun eiga stærri eignarhluti í slíkum stofnunum um þessar mundir. Að öðru leyti er í öðrum greinum frv. nánari útfærsla á þessari einföldu breytingu sem í rauninni er að setja inn takmörk af þessu tagi.

Í 2. mgr. 1. gr. er síðan skilgreining á því hvað skuli teljast skyldir og/eða fjárhagslega tengdir aðilar og er það talið upp, hjón eða sambýlisaðilar, skyldmenni í beinan legg, samstaða félaga o.s.frv.

Hér er stuðst við skilgreiningu sem fyrir er í lögum, hliðstæð eða mjög hliðstæð og má þar nefna þau ákvæði laganna um stjórn fiskveiða sem takamarka samþjöppun eða eignarhald á fiskveiðiheimildum eða handhöfn fiskveiðiheimilda hjá einstökum aðilum. Er hér í rauninni í aðalatriðum tekin upp skilgreining á því hvernig skuli úrskurða um hvað teljist í þessu samhengi skyldir eða fjárhagslega tengdir aðilar. Hliðstæð ákvæði eru reyndar víðar í lögum og má þar nefna ákvæði sem takmarka fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

2. gr. frv., herra forseti, lýtur að því að setja í lögin um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, hliðstæð ákvæði og 1. gr. laganna setur inn í lögin um viðskiptabanka og sparisjóði þannig að samræmis sé gætt í þessum efnum að þær fjármálastofnanir, sem falla undir þessa tvo lagabálka, séu sambærilega settar að þessu leyti.

3. og 4. gr. eru um gildistökuákvæði og reglugerðarákvæði. Loks er ákv. til brb., herra forseti, sem hljóðar svo:

„Sé eignarhlutur einstakra aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í viðskiptabanka eða lánastofnun fyrir ofan mörk 1. efnismgr. 1. gr. laga þessara við gildistöku þeirra er ráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi allt að tveggja ára aðlögunartíma til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn áðurnefndum ákvæðum. Ráðherra getur við slíkar aðstæður beitt ákvæðum 3. efnismgr. 1. gr. laga þessara um takmörkun atkvæðisréttar."

Og er þá rétt að fara yfir þá málsgrein, herra forseti, en hún hljóðar svo í 1. gr. frv.:

„Nú fer eignarhlutur einstaks aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila yfir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr."— þ.e. áðurnefnd 8% — „vegna atvika sem hluthafeigandi fær ekki við ráðið og skal við komandi aðili eða aðilar þá svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en innan sex mánaða, gera ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn nefndum ákvæðum 1. mgr. Ráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að eignarhlut sem svo er til kominn og er umfram mörk 1. mgr. fylgi eigi atkvæðisréttur svo lengi sem það ástand varir."

Ákvæði af þessu tagi, herra forseti, eru þekkt úr fjármálalöggjöfinni, þ.e. að takmarka eða svipta menn atkvæðisrétti við vissar aðstæður. Þegar talið er að viðkomandi eignarhald stangist á við önnur markmið löggjafarinnar er ráðherra heimilt í ákveðnum tilgreindum tilvikum, yfirleitt að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins, að ákveða að eignarhlutur sem er umfram tilgreind mörk skuli þá vera áhrifalaus og honum fylgi ekki atkvæðisréttur á meðan ástandið varir.

Hér er sem sagt gengið frá málum með þeim hætti að menn hafa hálft ár til þess að afsetja eignarhlut sem af óviðráðanlegum ástæðum færi upp fyrir áðurnefnd 8% mörk. Á því tímabili getur ráðherra ef svo ber undir ákveðið að eigninni, umfram 8% mörkin, fylgi ekki atkvæðisréttur.

Aðlögunartíminn sem tengist hins vegar gildistöku laganna, herra forseti, er aftur á móti tvö ár. Ef svo stæði á þegar lögin tækju gildi að einhver sæti uppi með eignarhlut umfram 8% mörkin, sem mér er ekki kunnugt um að sé í dag, þá væri þar veittur rýmri aðlögunartími sem ég hygg að eðlilegt megi telja.

Þessi ákvæði, svo dæmi séu tekin um afsetningu eignarhlutarins, eru ekki ólík þeim sem gilda um þær eignir sem bankastofnanir geta við tilteknar aðstæður þurft að leysa til sín til að gæta hagsmuna sinna, t.d. fasteignir, en hafa takmarkaðan tíma til að koma í verð til þess að uppfylla tiltekin ákvæði um hámarkseignarhlut.

Herra forseti. Eins og áður sagði er hér um endurflutt frv. að ræða sem við lögðum fram á síðasta hausti, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að gefnu ærnu tilefni. Þá stóð yfir einkavæðingarlota ríkisstjórnarinnar, bæði á ríkisbönkunum og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þá var uppi allmikil umræða um hættuna á samþjöppun eignarhalds í þessum fjármálastofnunum. Til viðbótar fylgdu einkavæðingu ríkisstjórnarinnar heitstrengingar af hennar hálfu um að ekki mætti koma til óæskilegrar samþjöppunar eignarhalds og markmiðið í sjálfu sér væri mjög dreifð eignaraðild að þessum stofnunum. Í því sambandi mætti vísa í grg. með frv. á þskj. 256 frá 123. þingi þar sem aflað var heimildar til að selja afganginn af hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þar var kveðið afdráttarlaust að orði um meintan vilja hæstv. ríkisstjórnar til að tryggja dreifða eignaraðild að þessum fjármálastofnunum.

Þá má enn nefna, herra forseti, og minna á að í 1. umr. um þetta mál tók hæstv. forsrh. þátt í umræðunni og var, svo ég leyfi mér að túlka það, mjög jákvæður í garð málsins. Hann lýsti yfir þeim vilja sínum að frv. yrði tekið til ítarlegrar skoðunar af hálfu hæstv. efh.- og viðskn. sem fékk málið til umfjöllunar. Það er nú nokkur skaði, herra forseti, að ég sá að hv. formaður þeirrar nefndar var hér í hliðarsal áðan en virðist nú horfinn á braut. Gaman hefði verið að hafa hann hér viðstaddan umræðuna af því að á miklu ríður að hv. formaður efh.- og viðskn. taki til eftirbreytni þennan vilja foringja síns, hæstv. forsrh., að leggja vinnu í málið.

Ég gef mér að afstaða hæstv. forsrh. sé óbreytt í málinu og hann sé áhugasamur um að það sé skoðað hvort ekki sé skynsamlegt, án þess ég ætli að fara að túlka hans sjónarmið að öðru leyti, að setja þarna inn ákveðin mörk. Þau mætti líta á sem ákveðna varúðarráðstöfun sem menn gætu þá síðar meir fellt aftur úr gildi ef ekki reyndist þörf fyrir hana. En þannig væri með ótvíræðum hætti gefinn sá tónn að löggjafinn væri andvígur samþjöppun eignarhalds í þessum mikilvægustu fjármálastofnunum og það hygg ég að sé tiltölulega útbreitt og almennt ríkjandi sjónarmið, að slíkt sé óæskilegt. Fjölmörg fordæmi eru fyrir því í löggjöf nágrannalandanna að gripið sé til einhverra slíka ráðstafana, ekki hvað síst hvað varðar fjármálastofnanir en einnig mætti nefna fleiri mikilvæg svið samfélaganna í viðskiptalöggjöf eins og fjölmiðla, samgöngur og annað slíkt.

Að lokum, herra forseti, mætti nefna það að sú þróun hefur orðið í þessum málum frá því að frv. var hér til umræðu á síðasta þingi að tvær af stærstu bankastofnunum landsins hafa nú runnið saman í eina, þar sem eru Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Íslandsbanki hf. Það eru veruleg tíðind sem benda til aukinnar fákeppni, held ég sé ekki of sterkt til orða tekið, á þessum tiltölulega litla markaði þar sem ekki voru mjög margir aðilar fyrir. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var í þann veginn að verða að hefðbundnum viðskiptabanka, og ef ég man rétt var hann með í höndunum starfsleyfi frá hæstv. viðskrh., nálægt þeim tímamótum er sameining bankanna varð og mátti þá einu gilda. Úr þessu er þar með orðin ein mjög stór stofnun með það sem samkvæmt venjulegum skilgreiningum mundi víðast hvar teljast nánast markaðsráðandi staða. Ég held það sé ekki ofmælt að þarna séu svo stórir aðilar á þessum litla markaði — þar sem eru þessi nýi stóri Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Íslandsbanki hf., og svo auðvitað Landsbankinn og Búnaðarbankinn — að þetta sé fákeppnisumhverfi.

Menn hafa vísað til þess að ekkert hindraði það lengur í löggjöf eða alþjóðaskuldbindingum að erlendir bankar hæfu hér starfsemi sína. Það er út af fyrir sig rétt, það er opið í lögunum, en veruleikinn og aðstæðurnar virðast vera slíkar að á það reynir ekki. Þeim aðilum sem bjóða fram þjónustu sína á þessu sviði fer heldur fækkandi og málið er, herra forseti, farið að taka á sig ákaflega kunnuglega mynd, ákaflega kunnuglega mynd af fleiri sambærilegum sviðum viðskipta á Íslandi, að tvö til fjögur nánast markaðsráðandi fyrirtæki skipti með sér viðskiptunum. Er það ekki eins og menn hafi heyrt eða séð eitthvað svipað fyrr þegar kemur að viðskiptum með olíu eða tryggingar eða fleiri þætti í viðskiptalífinu?

Þá er enginn efi í mínum huga, herra forseti, ekki síst þar sem hér eiga í hlut stofnanir sem eru mjög sérstakar, fjármálastofnanirnar sem taka við sparnaði almennings og veita þjónustu á þessu sviði, að tryggja þurfi með mjög afgerandi hætti að þar verði ekki um óeðlilega samþjöppun fjármálalegs eða stjórnunarlegs valds að ræða. Það er líka liður í því að tryggja fjármálalegt og fjárhagslegt óháði hvað varðar viðskipti við fyrirtæki, stöðu þeirra gagnvart viðskiptabönkum sínum og möguleika þeirra til þess að nýta sér þá samkeppni eftir atvikum eða flytja viðskipti sín til ef þeir eru óánægðir með þá þjónustu sem þeir njóta.

Að mínu mati, herra forseti, teiknar allt að þeirri niðurstöðu í þessum efnum að það sé mikilvægt markmið í sjálfu sér — eins og ég hef áður sagt tel ég það tiltölulega lítt umdeilt — að vera á varðbergi gagnvart óæskilegri samþjöppun og fákeppni á þessu sviði enda er víst nóg fyrir af slíku

í okkar litla fjármálaheimi og atvinnulífi yfirleitt, þar sem þessi fákeppnismynd er mjög áberandi.

Herra forseti. Ég vænti þess eindregið, þar sem mál þetta gengur vonandi til hv. efh.- og viðskn. sem eitt af fyrstu ef ekki fyrsta mál sem nefndin fær til umfjöllunar á þessu þingi og fram undan er heill þingvetur, að nefndinni vinnist vel og við sjáum afgreiðslu málsins líta dagsins ljós hér á útmánuðum í síðasta lagi, að málið fái að ganga til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu. Ég teldi annað satt best að segja í hæsta máta óeðlilegt í ljósi þess bakgrunns sem fyrir liggur í málinu og þeirra skoðana sem látnar hafa verið í ljós á æðstu stöðum um nauðsyn þess að skoða það mjög vandlega.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að málinu verði að aflokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á von á því að þetta mál fái flughraðaafgreiðslu efh.- og viðskn. og framgang hér í þinginu miðað við yfirlýsingar hæstv. forsrh. í fyrra. Ég hef hins vegar dálitlar efasemdir um að málið nái fullkomlega utan um það sem því er ætlað. Mig langar til að bera fram spurningar í því sambandi.

Hér er talað um viðskiptabanka, einhvers staðar er talað um lánastofnanir og hv. þm. nefndi sparisjóði. En það er mikil þróun í gangi á þessum sviðum fjármálanna og fjölmargir að lána peninga, t.d. eru tryggingafélög og aðrir slíkir að lána mjög háar fjárhæðir um þessar mundir og hafa gert undanfarið. Lífeyrissjóðir hafa lengi lánað og ýmsir aðrir eru í lánastarfsemi. Menn verða þess vegna að velta því fyrir sér hvaða áhrif lagasetning af þessu tagi muni hafa. Menn hafa einnig rætt um að erlendir aðilar kæmu hugsanlega inn á þennan markað. Ef þeir þyrftu að safna sér um 8% eignaraðild þá er kannski ekki jafnvíst að nokkurn tímann komist á slík samkeppni.

Mín spurning er þessi: Verður ekki að hafa einhvers konar heildstæða löggjöf sem kemur inn á sambærileg viðskipti hjá öllum ef menn ætla á annað borð að leiða í lög takmarkanir af þessu tagi? Ég skil hins vegar vel og hef samúð með því sjónarmiði að gæta þurfi þess að einstakir fjármálaaðilar hafi ekki of mikil ítök í þessu þjóðfélagi.

[16:13]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki í sjónmáli nein óleysanleg vandamál af því tagi sem hv. þm. velti hér upp þó út af fyrir sig megi alveg velta þeim fyrir sér og þau skoðuðum við flm. að sjálfsögðu þegar við vorum að undirbúa þetta frv. á síðasta þingi. Ég ræddi það m.a. við nokkra af helstu sérfræðingum á þessu sviði hjá samböndum viðskiptabanka og sparisjóða og fleiri aðila.

Niðurstaðan sem hér er lögð til er skýr í sjálfu sér, að þetta taki til innlendra viðskiptabanka og sparisjóða sem hafa starfsleyfi, sem sagt innlendra bankastofnana. Þetta tekur þar af leiðandi ekki til erlendra banka sem hafa útibú eða starfsstöð á Íslandi sem þeim er heimilt samkvæmt lögum og samningum án þess þó að hafa aðsetur hér sem innlend lánastofnun. Að að því leyti eru mörkin skýr, hygg ég, að útibú erlends banka eða starfsstöð hér er óháð þessum breytingum. Þetta tekur sömuleiðis til lánastofnana sem starfa samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lögum nr. 123/1993, og eru að því leyti öðruvísi en viðskiptabankar og sparisjóðir að þær taka ekki við innlánum og hafa ekki starfsleyfi sem bankar.

Það má spyrja hvort þarna séu ekki einhver grá svæði þegar kemur svo aftur yfir í tryggingafélög eða stórmarkaði eða ýmsa aðra sem út af fyrir sig í tilteknum skilningi lána fé, en sá er munurinn að þær stofnanir starfa ekki eftir lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða fjármálastofnanir. Þar eru þau mörk sem ég held að eðlilegast sé að draga í þessum efnum. Það sem menn væru þá að ná fram er að tryggja dreifða eignaraðild í þessum mikilvægu fjármálastofnunum þó að einhverjir aðrir aðilar séu síðan í þjóðfélaginu sem í vissum skilningi stundi lánastarfsemi, þá held ég að það ætti ekki að þurfa að skapa vandamál vegna þess að þeir uppfylla ekki eða hafa ekki kosið að starfa á grundvelli þeirra laga sem hér er verið að leggja til breytingar á.

[16:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var kannski að velta fyrir mér og benda á var að þróunin á þessu sviði er býsna hröð og sú þróun mun örugglega halda áfram og að bankarnir þurfa í auknum mæli að keppa við ýmsa aðra aðila um ekki bara lánastarfsemi heldur innheimtuþjónustu og þjónustu af ýmsu tagi. Það verði því býsna mörg grá svæði þarna á milli þeirra sem annars vegar heyrðu undir þessa takmörkun og hinna sem ekki gerðu það, og einnig þegar haft er í huga að erlendir bankar mundu ekki falla undir þetta. Þess vegna veltir maður því fyrir sér, og ég ber fram þá spurningu til hv. þm., hvort það muni þá ekki verða þannig að hið íslenska fjármagn sem hefur hafið útrás til annarra landa eigi afturkvæmt í formi þess að stofna fyrirtæki á Íslandi sem þurfi ekki að vera undir sömu reglum og aðrir sem hér reka starfsemi.

[16:17]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að óttast svo mikið fyrir fram hluti af þessu tagi, meira að segja áður en menn hafa skoðað þá til botns eða rætt þá, að menn falli frá því að hugleiða það að gera slíkar breytingar. Ég vona að það sé ekki tilgangur málflutningsins hér, að reyna að hræða menn frá því að taka það í alvöru til skoðunar hvort setja eigi í löggjöf, íslenska að sjálfsögðu því að við erum ekki að setja lög fyrir England eða Norður-Ameríku, takmarkanir af þessu tagi. Til hvers? Til þess að tryggja dreifða eignaraðild í mikilvægustu fjármálastofnunum okkar sem þjónusta almenning og íslenskt atvinnulíf. Um það snýst þetta mál og það þarf ekkert að flækja það mikið. Þetta snýst um að tryggja dreifða eignaraðild í stóra einkabankanum, sem er orðinn til, þannig að hann lendi ekki í klónum á einum eða fáeinum hákörlum, þetta snýst um það að ef menn halda áfram að einkavæða ríkisbankana að tryggja sömuleiðis dreifða eignaraðild þar og ef menn háeffa nokkrar lánastofnanir sem enn eru í landinu í viðbót, þá verði líka reynt að tryggja það með slíkum lögum. En það breytir hins vegar ekki einhverri eignastöðu sem er hjá tryggingafélögum, stórmörkuðum eða lögmannsskrifstofum sem kaupa vísanótur og eru í þeim skilningi að lána fé o.s.frv., enda er það alls ekki ætlunin með frv.

Það eina sem ég held að þurfi að skoða og það er tekið fram sérstaklega í greinargerðinni og það kom einmitt út úr athugun okkar á þessum þáttum síðasta haust, að e.t.v. ættu mörkin að vera rýmri þegar í hlut eiga fjármálastofnanir, þjónustustofnanir á fjármálasviði sem eru í eign viðskiptabanka, sparisjóðs eða slíkra lánastofnana. Þannig er það víða gert erlendis að þó að takmarkanir séu á hámarkseign

einstakra aðila í móðurfélaginu, þ.e. bankanum, þá mega þeir síðan eiga tilteknar þjónustustofnanir á fjármálasviðinu sjálfir, enda má segja að eignarhaldið sé þá dreift í gegnum móðurfyrirtækið. Tekið er fram sérstaklega í greinargerðinni að ástæða væri til að skoða þetta og það er prýðilegt verkefni fyrir hina virðulegu efh.- og viðskn. að taka þetta atriði sem og þau sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi til skoðunar samhliða afgreiðslu málsins í vetur.

[16:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér sé verið að reifa hið þarfasta mál með tilliti til þess að fyrir dyrum stendur einhvern tíma á næstunni eða næstu árum, miðað við stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, að einkavæða bankakerfið.

Spurning mín er hins vegar sú, með tilliti til þess sem hv. 1. flm. nefndi, að það eru tiltölulega fá fyrirtæki í okkar þjóðfélagi sem eru ráðandi í viðskiptalífinu, sömu aðilar eiga í tryggingafyrirtækjum, verslunarkeðjum, útgerðarfyrirtækjum, flutningafyrirtækjum og munu sjálfsagt verða stórir í þessum bönkum, hvort ekki hefði verið eðlilegt að miða frekar við lægri tölu en 8% og fara jafnvel niður í 5%.

[16:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög góð spurning. Það var vissulega ekkert sjálfgefið hvar ætti að setja mörkin í þessum efnum. Ég skal fúslega viðurkenna að í sjálfu sér eru engin nákvæmnisvísindi á bak við það að velja þarna 8% að endingu. Ýmis rök hnigu í þá átt þegar farið var að skoða þetta og þetta borið saman við það sem þekkist erlendis, þá er yfirleitt um að ræða takmörk sem liggja einhvers staðar á bilinu frá 5% og upp í 12–15%. Það er oft haft til hliðsjónar við mörk af þessu tagi að þau liggi einhvers staðar í nágrenni við eða neðan við það sem þarf til að tryggja sér einn stjórnarmann í stjórnum viðkomandi fyrirtækja. Fyrir því eru í sjálfu sér augljós rök að ef mörkin væru það rúm að þau dygðu til þess að ná kannski tveimur mönnum í slíka stjórn, þá getur slíkur eignarhlutur á móti mjög dreifðri eignaraðild annarra tryggt óeðlilega mikil ítök í fyrirtækinu. Einhvers staðar þarna þarf í rauninni að finna hófið.

Það var líka ákveðin ástæða fyrir þessum mörkum að þau lágu vel ofan við stærsta einstaka eignarhlut einstaks aðila í íslenskum viðskiptabanka eða lánastofnun þegar frv. var flutt, þ.e. stærstu eignarhlutir í Íslandsbanka hf. eins og þeir voru um þær mundir lágu þarna undir mörkunum þannig að breytingin hefði ekki raskað eignarstöðu neins sem a.m.k. okkur flm. var kunnugt um að væri til staðar.

Ég held líka að annað sjónarmið sem kom fram í máli hv. þm. og var mjög réttmætt mætti vel koma til skoðunar í þessu samhengi og það er krossað eignarhald aðila sem eru ráðandi á öðrum sviðum atvinnulífs og er líka þekkt úr löggjöf sums staðar í nágrannalöndunum að hömlur eru á því t.d. hversu mikið tryggingafélag eða annar slíkur aðili sem er í skyldri starfsemi mætti eiga í hefðbundnum banka. Það mætti hin ágæta nefnd sem fer nú að hafa ærið að starfa einnig gjarnan hugleiða.

[16:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Flutningsmenn eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson. Almennt vil ég segja um frv. að ég tel fulla ástæðu til að flytja frv. sem þetta og skil ákaflega vel hugsunina sem liggur þar að baki. Viðskrn. hefur á undanförnum missirum aflað gagna erlendis frá um takmarkanir á atkvæðisrétti og eignarhaldi í bönkum. Þessi vinna er í tengslum við stefnumótun um sölu banka í eigu ríkisins og verður henni haldið áfram í ráðuneytinu.

Meginreglan erlendis er að ekki eru settar takmarkanir á eignarhlut í lánastofnunum aðrar en þær að eigendur að virkum eignarhlut þurfa að standast hæfisskilyrði eftirlitsaðila en sú regla er þó ekki án undantekninga því að t.d. í Noregi og í Kanada eru í gildi strangar reglur um hámarkseignarhlut og er það í því skyni að um dreifða eignaraðild skuli vera að ræða í bönkunum, en svo eru líka til ríki þar sem vissar takmarkanir eru á eignarhaldi þó að ekki sé sett þak á eignarhlut hvers eiganda.

Eflaust má finna ýmis rök með þessum hugmyndum og líka á móti. Ef við lítum á rök sem eru með eigendatakmörkunum, þá geta þau verið þau að hluthöfum er gert erfiðara um vik að ná virkum yfirráðum í banka og það eru alla vega meiri líkur á því að dreifð eignaraðild náist og reglur sem þessar koma í veg fyrir að eignarhald á bönkum verði samofið og samkeppni þar af leiðandi minni. Með þeim hætti er komið í veg fyrir óeðlileg ítök fárra stórra aðila. En rök sem gætu verið á móti eigendatakmörkunum eins og hér um ræðir eru t.d. að flóknar reglur kalla á erfiðara, dýrara og ómarkvissara eftirlit. Reglur sem hamla frjálsum viðskiptum gætu leitt til lægra verðs og þær gætu líka leitt til þess að um minni áhuga erlendra fjárfesta yrði að ræða. Reglur sem þessar gera eða gætu gert bönkunum erfitt um vik að fara í nauðsynlegar hagræðingar.

En þetta er eitt af þeim málum, eins og ég sagði í upphafi, sem eru til athugunar og umfjöllunar í viðskrn. og verða það áfram og ég efast ekkert um að hv. efh.- og viðskn. mun fjalla um þetta mál eins og mörg önnur mál. Hv. þm. kvartaði frekar yfir verkefnaskorti í nefndinni og þykir mér það leitt en ég skal sjá til þess að hún muni hafa ærinn starfa í vetur. Mér sýnist allt benda til þess.

[16:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru mjög merkilegar upplýsingar sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra. Það lá sem sé fyrir á sínum tíma að mikill vilji hæstv. ríkisstjórnar var til þess að tryggja greiða eignaraðild að þeim hlut sem ríkisstjórnin seldi þá í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, mikill vilji. Nú kemur í ljós að hæstv. viðskrh. er að afla upplýsinga um málið og ítrekar áhuga sinn þó að vísu sé búið að selja án þess að tryggja dreifða eignaraðild. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. viðskrh., miðað við þessar merkilegu upplýsingar, um þá vinnu sem fram fer í ráðuneytinu núna þar sem menn velta vöngum yfir hvernig og hvort, hvort menn megi þá treysta því að það verði ekkert selt frekar, hvorki af hluta ríkisins í bönkum né í öðrum þeim ríkisstofnunum þar sem áhugavert er að tryggja dreifða eignaraðild, að ekki verði um frekari sölu að ræða fyrr en niðurstaða er fengin í ríkisstjórninni um hvernig tryggja eigi að umrædd dreifð eignaraðild varðveitist. Má ganga út frá því sem gefnu að ekki verði um að ræða fleiri slíkar sölur fyrr en hæstv. ráðherra er hætt að velta vöngum og komin að niðurstöðu og búin að tryggja það að fram gangi sá vilji ríkisstjórnarinnar sem ekki gekk fram í sölunni á FBA?

[16:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það hreint ekki vera svo merkilegar upplýsingar sem hér komu fram en ítreka að þessi mál eru til athugunar og hafa verið í þó nokkuð langan tíma í viðskrn. Í fyrsta lagi hvort ástæða sé til að setja í lög ákvæði sem tryggi dreifða eignaraðild eða séu hugsuð til þess. Í öðru lagi hvort ástæða sé til að fara í aðgerðir sem þessar og þá hvernig það yrði gert.

Þetta mun eflaust tengjast þeirri umræðu sem ég vænti að eigi eftir að koma á hv. þingi síðar í vetur um frekari sölu á eign ríkisins í Búnaðarbanka og Landsbanka. Eins og allir vita eru ákvæði um það í stjórnarsáttmála að halda áfram sölu á eignarhlut ríkisins í þeim bönkum. En hvort tryggt verði að ekki verði farið út í sölu fyrr en þetta liggi fyrir, þá vil ég segja við hv. þm. að þetta eru stór mál og ég reikna með að í tengslum við frekari aðgerðir á þessu sviði verði lagðar fram tillögur af hálfu viðskrn. sem hnigi í þá átt að dreifa eignaraðildinni.

[16:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Þetta var ekki ómerk yfirlýsing, hæstv. forseti. Það var ekkert smáatriði sem kom fram. Ég get ómögulega skilið hæstv. viðskrh. óðruvísi en svo að ekki verði um að ræða, hvað sem í fjárlögunum stendur um heimildir, frekari sölu á hlut ríkisins í fjármálastofnunum eins og bönkum fyrr en búið verði að tryggja það af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar, a.m.k. eins vel og hægt er, að viljinn um dreifða eignaraðild nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að þetta er ein merkasta yfirlýsing sem komið hefur fram varðandi þessi mál um margra mánaða skeið. Ég sakna þess satt að segja mjög að hvorki formaður efh.- og viðskn., fjmrh. né forsrh. séu viðstaddir því þessi yfirlýsing frá einum af helsta forustumanni Framsfl., annars stjórnarflokksins, og sjálfum viðskrh. er ekki smá. Hæstv. ráðherrann segir: Þið farið ekki fram með málið fyrr en ég er búin að gera þær ráðstafanir sem ég tel að þurfi að gera til að tryggja yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild.

[16:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Ég veit að hv. þm. skemmtir sér ákaflega vel í umræðunni. En ég átta mig ekki alveg á hvað hann á við þegar hann segir: „Þið farið ekkert fram með málið." Ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því að þetta er mitt mál og það er spurning um hvenær ég fer fram með þetta mál en ekki einhverjir aðrir.

[16:32]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þá ræðu sem hún flutti áðan. Ég leyfi mér að túlka orð hæstv. ráðherra þannig að það sé velvilji af hálfu ráðuneytisins að þetta mál sé skoðað áfram og það falli saman við þær yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hafði gefið áður um að málið þyrfti að skoða ofan í kjölinn og fá í það niðurstöðu.

Ég tel afar mikilsvert að þessi vinna er í gangi af hálfu ráðuneytisins og ég vona að ráðuneytið veiti efh.- og viðskn. aðgang að þeim gögnum sem hefur verið aflað og samvinna takist með þingnefndinni og ráðuneytinu við frekari vinnu málsins. Ég held að einboðið sé að þessu verði þannig háttað. Málið fór út til umsagnar á sl. vetri og efh.- og viðskn. hefur væntanlega skoðað það eitthvað talsvert þannig að eðlilegt er að reyna að halda þeirri vinnu áfram.

Ég leyfi mér líka að vera býsna bjartsýnn og ég tek þar undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að vel má túlka þær yfirlýsingar sem hér hafa birst í þá átt að vilji sé til þess að skoða það af mikilli alvöru að fara í aðgerðir af einhverjum toga til að tryggja betur en nú stendur dreifða eignaraðild. Það er alveg hárrétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að þar eru ýmsar mismunandi leiðir færar eða viðhafðar ef litið er til nágrannalandanna, allt frá þessum beinu takmörkunum í Noregi og Kanada og reyndar víðar og yfir í ýmis skilyrði og óbeinar aðgerðir sem eiga að ná fram sömu markmiðum í aðalatriðum, að hindra að einn eða fáir aðilar geti auðveldlega náð ráðandi hlut í svona mikilvægum fjármálastofnunum og beitt því eignarhaldi í sína þágu og jafnvel í þágu annarlegra hagsmuna sem ganga á skjön við hagsmuni innleggjenda og lántakenda í viðkomandi stofnunum. Ég vona því að þetta verði skoðað náið og er líka sammála því, herra forseti, að á meðan svo stendur er langeðlilegast að aðhafast ekkert frekar í sölu hlutabréfa í þessum fyrirtækjum.

[16:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir einmitt þetta orðalag sem kom fram hjá hv. þm., að skoða í alvöru að fara í aðgerðir. Ég vil ekki að þessari syrpu ljúki með því að það sem standi upp úr sé það sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni því mér fannst hann ýkja nokkuð túlkun mína á þessu máli. En ég get tekið undir að það verði skoðað í alvöru að fara í aðgerðir.

[16:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ekkert vera að halda því áfram að túlka eða lesa út úr orðum sem hafa verið sögð. En ég segi fyrir mitt leyti að ég er mjög ánægður með þau svör sem hæstv. viðskrh. hefur gefið.

[16:35]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er algjörlega ástæðulaust að setja á langar tölu því að það liggur fyrir að ráðherrann mun greiða fyrir því að mál af þessu tagi verði afgreitt í efh.- og viðskn. núna fljótlega og hefur lýst áhuga sínum á því. Ég ítreka að ég heyrði hann segja það áðan, hæstv. ráðherra, að þau mál þyrfti að afgreiða áður en um frekari sölu yrði að ræða. Ég tek mark á því sem hæstv. ráðherra segir þangað til annað kemur í ljós sem ég trúi ekki að muni gerast.

Það er ekki að ástæðulausu sem þetta frv. er flutt. Það segir sig sjálft og hv. flutningsmaður hefur lýst þeim ástæðum. En hann hefur líka sjálfur sagt að ýmsar aðrar aðferðir komi til greina til að ná sama takmarki. Meginatriðið er, eins og kom áðan fram í máli hans í andsvari við ráðherra, hvaða aðgerðum eða aðferðum menn geta beitt til að takmarka ráðandi áhrif fárra í fyrirtækjum. Ekki er endilega víst að besta aðferðin til þess sé að setja lög sem takmarka heimildir manna til að kaupa og selja. Það er einu sinni þannig ef það er vilji tveggja aðila hvar annar á og hinn er reiðubúinn til að kaupa, til viðskiptanna, þá er mjög erfitt að koma veg fyrir það að þau geti farið fram. Það sáum við best af reynslunni sem við fengum af sölu hlutabréfanna í FBA á sínum tíma og raunar í fleiri sölum að í orði kveðnu sagðist þjóðin styðja

dreifða eignaraðild en þegar á reyndi voru þúsundir og jafnvel tugir þúsunda manna tilbúnir til þess að semja beint eða óbeint við tiltölulega fáa aðila um að kaupa í þeirra nafni og selja þeim svo eða afhenda svo vegna þess að viðkomandi gátu hagnast um nokkur þúsund krónur á viðskiptunum. Í þeim skiptum kom í ljós að það er ekki alltaf það sama sem fólk segir og það sem fólk gerir. Ef ágóði er í boði, jafnvel þó hann sé ekki mikill, og vilji til viðskipta eru miklar líkur á því að viðskiptin geti farið fram.

Spurningin er auðvitað sú hvort leiðin til þess að koma í veg fyrir ráðandi áhrif fárra aðila á fjármálastofnanir sé að beita aðgerðum í lagasetningu sem er mjög erfitt að framkvæma. Það er mjög erfitt að koma í veg fyrir það með lagasetningu ef tveir aðilar vilja eiga viðskipti að þau viðskipti fari fram og alveg sama í hvaða lagasetningu það er.

Bannað er að framleiða og selja heimabruggað áfengi á Íslandi en engu að síður er það gert og þau viðskipti fara fram vegna þess að til eru aðilar sem vilja kaupa og aðrir aðilar sem eru reiðubúnir til að selja. En það er bannað. Hættan er sú að ef á að reyna að ná tökum á málunum með þeim hætti þá finni menn sér einfaldlega leið fram hjá. Því varði ég líka við þegar sambærileg ákvæði voru sett í lög um stjórn fiskveiða.

Hér stendur t.d., svo maður taki dæmi, að skyldir eða fjárhagslega tengdir aðilar skuli teljast hjón eða sambýlisaðilar. En nú vill svo til að dómur liggur fyrir um það að karl og kona sem bjuggu í sömu íbúð og áttu börn saman töldust ekki vera sambúðaraðilar. Það að þau byggju í sömu íbúð og væru foreldrar að sömu börnum nægði ekki til að sanna að þau væru sambýlisaðilar.

Og eins er ákvæðið í tölulið 2:

„Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tengdir aðilar með sama hætti ...“ o.s.frv. Þetta er svipað eins og maður gæti hugsað sér að lesa að forskrift að genagreiningu hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hvað ef hægt er að sanna skyldleikatengsl á milli tveggja aðila sem menn töldu áður að væru óskyldir? Ber þá að beita þessu ákvæði og skylda annan aðilann eða báða til þess að selja hlut sinn? Þetta er mjög erfitt í framkvæmd.

En hugsunin og tilgangurinn er af því góða. Þá er spurningin — ég vildi einfaldlega koma þessu sjónarmiði á framfæri áður en nefndin hefur störf sín, sem ég vænti að hún muni gera fljótlega og afgreiði mjög hratt eftir ótvíræða stuðningsyfirlýsingu hæstv. viðskrh. — hvort leiðin sé ekki frekar sú, sem er raunar lagt til í 2. mgr. 1. gr. frv., að takmarkað sé atkvæðavægi þess hlutafjár sem menn geti hugsanlega eignast. Þ.e. þó svo menn eigi hlutafé, jafnvel meiri hluta hlutafjár, fylgi því ekki nema takmarkaður atkvæðisréttur. Þá eru auðvitað áhrifin sem menn eru að sækjast eftir fyrst og fremst með hlutabréfaeigninni en ekki endilega hlutabréfaeignin sjálf. Ef menn eru fyrst og fremst að hugsa um að reyna að takmarka óeðlileg áhrif og yfirráð fárra aðila yfir fyrirtækinu, sem er megintilgangur flutningsmanna að mínu mati og er alveg 100% réttur, kann að vera að það sé betri leið að takmarka þau áhrif ekki með því að reyna að setja lög sem er mjög erfitt að framkvæma um hvað megi selja og hvað megi kaupa heldur að setja einfaldlega lög um það að hvað sem líður hlutafjáreign geti atkvæðisréttur aldrei farið yfir visst mark.

Þessu vildi ég aðeins kasta fram, virðulegi forseti. Þetta er einfaldlega önnur aðferð til að ná sama takmarki og hv. flutningsmenn eru að stefna að sem er gott takmark og þarft. Eftir að hafa fengið stuðning frá hæstv. viðskrh. er náttúrlega alveg ljóst að það sem mun þurfa að gera er að leita að bestu leiðinni. Það kann að vera að þessi leið sé sú besta og ekki verður síður ánægjulegt að fá upplýsingar um alla þá upplýsingaöflun sem hefur átt sér stað af hálfu ríkisstjórnarinnar né heldur að vita það hversu öflugan bandamann þetta sjónarmið á sér í sjálfum forsrh. sem hefur hvað eftir annað lýst þeim vilja sínum að komið sé í veg fyrir það að fáir aðilar — ekki síst aðilar af ákveðnu sauðahúsi — nái undir sig ráðandi ítökum í íslenskum fjármálafyrirtækjum.

[16:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom með hugmynd um hvernig megi leysa vandann með þessa ljótu karla sem vilja ráða öllu. Hann sagði að það ætti að takmarka atkvæðaréttinn.

Nú skulum við gefa okkur að hv. þm. eigi stóran hlut í banka og vilji ráða miklu í stjórnarkjöri og megi það ekki sökum þessara nýju reglna. Þá framselur hann hluta af bréfunum til mín, borgar mér dágott fyrir að greiða atkvæði eins og hann vill og svo göngum við til atkvæðagreiðslu.

[16:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér varð ekki ljóst fyrr en núna að mögulegt væri kaupa atkvæði hv. þm. Það er ágætt að vita af því að sá möguleiki er opinn. En eins og hann varpaði ljósi á með þessu dæmi sínu, sem ég tel að hafi nú ekki verið tilboð til mín um slík viðskipti, ég tek það ekki svo, eins og hann sýnir fram á með dæmi sínu þá eru auðvitað gallar á þeim leiðum sem tiltækar eru til að reyna að takmarka völd og áhrif. Það eru t.d. þeir gallar að það getur verið mjög erfitt að fá ríkisstjórnir til að vinna úttekt á hvernig þróunin er á slíkum tengslum. Það getur líka verið erfitt að setja lög sem tryggja að áhrifin séu ekki of mikil. Þess meiri ástæða er til að skoða allar leiðir sem koma til greina og velja síðan þá bestu. Nú vildi ég gjarnan fá að vita frá hv. þm. hvað hann leggur til til þess að tryggja að þetta sameiginlega markmið hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og okkar úr stjórnarandstöðunni náist.

[16:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega erfitt að setja reglur um mannlega hegðun og sérstaklega reglur um mannlega greind þegar fólk beitir hyggjuviti sínu til að ná sínum markmiðum fram. Það sem ég held að skipti fyrst og fremst máli er að hafa virk samkeppnislög þannig að menn geti ekki hegðað sér svona. Auðvitað eru menn ekki að kaupa hlutabréf í hlutafélögum til þess að ráða og stjórna. Þeir eru fyrst og fremst að kaupa hlutabréf til þess að græða. Það hélt ég væri aðalmálið.

Ef menn fara að beita þeim í einhverjum annarlegum tilgangi þá eru þeir að brjóta þetta lögmál um gróða. Og ef það er krafa um arðsemi og krafa um samkeppni þá á ekki að þurfa svona reglur.

[16:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú lóðið að virk samkeppni á ekki alltaf upp á pallborðið hjá þeim sem ráða í landinu. Það er hluti virkrar samkeppni að tryggja að þjóðin viti hvort um sé að ræða óeðlilegan samruna valda og yfirráða í íslensku

atvinnulífi. Á það hefur skort að menn gerðu síðustu sex ár. Það er líka í þágu virkrar samkeppni að Samkeppnisstofnun sé treyst til þess af stjórnvöldum að vinna sín verk eins og hún á að vinna þau, í friði, t.d. hvað varðar rekstur stofnunar eins og Landssíma Íslands. Það hefur nú heldur betur verið brestur á því. Brestir eru því víða.

Hlutverk okkar alþingismanna er að reyna að setja sanngjörn og réttlát lög. Það er vissulega erfitt eins og hv. þm. veit, sem hefur flutt margar góðar tillögur um mörg góð mál á Alþingi sem engar hafa náð fram að ganga, enda er hann orðinn bæði sár og mæddur yfir þeirri lífsreynslu sinni. Engu að síður, herra forseti, ber okkur skylda til að reyna eins vel og við getum.

[16:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta hafa þegar á heildina er litið verið mjög jákvæðar umræður eða öllu heldur umræður þar sem fram hafa komið mjög jákvæðar undirtektir við það frv. sem hér er til umræðu um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.

Þannig var því líka farið þegar frv. var lagt fram fyrir um ári síðan. Þá urðu þeir margir til að taka undir með flutningsmönnum, hæstv. forsrh., og nú hefur hæstv. bankamálaráðherrann einnig tekið undir með flutningsmönnum *um að markmið frv. þyrftu að ná fram að ganga og það hafa líka* þingmenn úr stjórnarandstöðunni gert þótt menn hafi verið með ýmsar vangaveltur um hvaða leið sé best að fara.

Staðreyndin er sú að eignaraðild að fjármálastofnunum íslenskum hefur verið mjög dreifð. Um 280.000 manns hafa átt ríkisbankana, Búnaðarbankann og Landsbankann. (**Gripið fram í:** Einn aðili.) En ríkisstjórnin, sú ríkisstjórn sem nú situr og sú sem á undan sat, hefur hins vegar viljað þrengja þessa eignaraðild með því að koma þeim úr almannaeign og færa þessar fjármálastofnanir út á markaðinn. Menn hafa fundið ríkistengslunum við þessar fjármálastofnanir allt til foráttu, talið óheppilegt að stjórnmálamenn hafi tengsl inn í þessar stofnanir. Ég hef litið öðrum augum á það. Þetta fyrirkomulag, þessi eignaraðild þjóðarinnar hefur tryggt það að fulltrúar allra eða flestra viðhorfa í stjórnmálum hafa komið þar að málum en ekki aðeins úr einum flokki sem gerist því miður þegar stofnanir eru færðar út á markaðinn.

Mig langar til að spyrja hæstv. forseta hvort viðskrh. sé farinn úr húsinu.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti mun láta kanna það. En samkvæmt tölvunni sem ég er með fyrir framan mig þá er viðskrh. í húsi.)

Ég vildi óska eftir því að viðskrh. yrði viðstödd þessa umræðu alveg til enda, sýndi málinu þá þolinmæði að vera við umræðuna, ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hún sé samþykkt meginmarkmiðum frv.

Ég var að nefna það að margir hafa fundið því allt til foráttu *að ríkið ætti eignarhlut að fjármálastofnunum* landsins og að stjórnmálamenn eða fulltrúar stjórnmálaaflanna í landinu kæmu að stjórnun þessara stofnana. Ég hef verið á gagnstæðri skoðun sjálfur og talið það reyndar lýðræðislegra að tryggja aðgang fulltrúa sem flestra sjónarmiða í þjóðlífinu aðgang að stjórnun þessara stofnana. Staðreyndin er sú að mjög mikil samþjöppun er að eiga sér stað í íslensku efnahagslífi. Við höfum kannski orðið mest vör við umræðu um samþjöppun í sjávarútveginum, en einnig á sviði verslunar. Smásöluverslunin mun vera komin, ég held, 60–70% undir einn dreifingaraðila. Nú er sú hætta fyrir hendi að þessir öflugu aðilar í viðskiptalífinu fari að fjárfesta í banka og bönkum og þá hugsanlega nýta sér þessar stofnanir eigin rekstri til framdráttar. Sú hætta er fyrir hendi.

Ég ætla að gera hlé á minni ræðu þar til hæstv. bankamálaráðherra er komin í salinn.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill upplýsa að verið er að sækja hæstv. ráðherra. Ráðherrann er hér alveg á næsta leyti.)

Hæstv. bankamálaráðherra er komin aftur í þingsalinn. *Ég þakka fyrir það að hæstv. ráðherra skuli sýna málinu þá* þolinmæði að vera hér til enda umræðunnar.

Ég hef verið að gagnrýna einkavæðingu fjármálastofnana, tel að með því móti sé dregið úr lýðræðislegum yfirráðum yfir mikilvægum stofnunum í samfélaginu. Mig langar til að leggja á það áherslu að ekki eru alltaf eins skörp skilin á milli, hvað ég á að segja, efnahagsmálanna, félagsmálanna og peningamálanna og margir vilja láta í veðri vaka.

Þann 29. september var greint frá því í Morgunblaðinu, á viðskiptasíðu Morgunblaðsins, að stjórnendur Landsbanka Íslands og Íslandssíma hafi undirritað víðtækan samning um frekari eignafjárþátttöku Landsbankans í Íslandssíma, samkomulagið feli í sér fjármögnun og stefnumarkandi samstarf milli þessara félaga. Og það kom fram í þessari grein að í heild væri hér um að ræða fjármögnun að upphæð um einn milljarð króna. Greint var frá því hvernig þetta skiptist. Meðal annars kom fram að um væri að ræða útgáfu hlutabréfa. Og í viðskiptum Landsbankans við þetta símafyrirtæki, Íslandssíma, var gert ráð fyrir genginu 16. En í niðurlagi greinarinnar á viðskiptasíðu Morgunblaðsins, sem birtist 29. september, segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins var gengi bréfa í Íslandssíma á gráa markaðnum um 10 í síðustu viku, í fyrradag var gengið komið í 13,5 og í gær urðu viðskipti á genginu 14. Enda þótt það sé lægra gengi en miðað er við í samningi Landsbankans og Íslandssíma hefur gengið engu að síður hækkað um 40% á um það bil viku. Ef miðað er við gengið 14 *má ætla að markaðsvirði Íslandssíma sé hátt* á sjötta milljarð króna."

Ég vildi bara vekja athygli á þessu. Hér er verið að versla á genginu 16, en í reynd er það miklu lægra. Þarna er stór fjármálastofnun, Landsbankinn, að taka ákvörðun sem á sér, jú, peningalegar forsendur væntanlega en hefur mjög víðtæka, félagslega og efnahagslega skírskotun. Það væri fróðlegt að vita hvort handhafi stærsta hlutabréfsins, hæstv. viðskrh., hafi kynnt sér þetta eða þeir sem fara með hlutabréfið fyrir hönd hæstv. ráðherra hafi gert henni grein fyrir þessum viðskiptum og hvað þarna búi að baki. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það við umræðuna. (**Gripið fram í:** Á einn bankann?) Nei, nei. Handhafi stærsta bréfsins í bankanum, þ.e. hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Einn?) Því miður er því þannig farið þegar opinberar stofnanir eru einkavæddar, gerðar að hlutafélögum, að byrjað er á því að mynda hlutabréf sem í sumum tilvikum, eins og með Landssímann, er eitt hlutabréf sem er sett undir einn ráðherra. Að vísu koma fleiri eignaraðilar að Landsbankanum, vissulega, þ.e. ríkið og fulltrúar ríkisins og aðrir einnig. Það væri fróðlegt að heyra vangaveltur hæstv. ráðherra eða útskýringar hennar á þessu og hvernig þessi umræða hafi farið fram.

Ég er að leggja á það áherslu að fjármálastofnanir eru stöðugt að taka ákvarðanir sem hafa félagslega og efnahagslega skírskotun. Þess vegna er ekkert undarlegt að menn vilji búa svo um hnúta að þarna sé tryggð dreifð eignaraðild, ekki

síst í litlu hagkerfi eins og okkar, ef það gerist að þeir sem eru að fá peningana og völdin í sínar hendur í viðskiptalífinu, í vörudreifingunni eða í sjávarútveginum, eignast líka banka. Þess vegna fagna ég því að allir sem hafa tekið til máls telja æskilegt að reyna að ná þessu markmiði, að tryggja dreifða eignaraðild. Menn eru með mismunandi skoðanir á því hvort það sé gerlegt, hafa skírskotað til alþjóðavæðingar eða vilja fara aðrar leiðir. En almennt vilja menn reyna að ná þessu markmiði. Það er fagnaðarefni og ætti að verða veganesti með þessu frv. í efh.- og viðskn. þingsins.

[17:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég áttaði mig ekki á öllu sem fram kom í ræðu hv. 2. flm. málsins sem við ræðum hér nú, þ.e. um að tryggja dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum. Ég hef alltaf skilið málflutning hv. þm. þannig að hann vilji ekki einkavæða eða breyta eignarhaldi á umræddum stofnunum úr ríkiseign í einkaeign. Ég hef ætíð skilið hv. þm. þannig og því er í sjálfu sér sérstakt að menn skuli um leið flytja frv. til þess að tryggja þetta fyrirkomulag. Það er að mínu viti einhvers konar yfirlýsing um að fyrri afstaða hv. þm. sé minnihlutaviðhorf og við þeirri stöðu þurfi að bregðast.

Enn fremur, virðulegi forseti, áttaði ég mig ekki alveg á því er hv. þm. talaði um að hér hefði orðið sérstaklega mikil samþjöppun, sem er hárrétt að orðið hefur á ákveðnum sviðum. Það breytir ekki hinu að viðskiptasagan hefur meira og minna alla þessa öld byggst á helmingaskiptum, þ.e. að annars vegar hafi Sambandið sáluga, á meðan það var og hét, og hins vegar önnur öfl sem kennd hafa verið við kolkrabbann tekist á alla öldina. Þannig mætti fullyrða að samþjöppun hafi viðgengist í íslensku viðskiptalífi alla öldina.

Að lokum, virðulegi forseti, virtist mér hv. þm. gera athugasemdir, í dæmi sem hann tók, við framgang stofnunar sem er að 70% í eigu ríkisins. Virðulegi forseti, ég næ ekki alveg samhenginu í málflutningi hv. þm. og bið hann því að skýra þetta ögn betur.

[17:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ég hef verið andvígur því að einkavæða ríkisbankana. Ég hef reyndar viljað fara aðrar leiðir í því efni, viljað kanna hvort æskilegt væri að sameina ríkisbankana tvo, Landsbanka og Búnaðarbanka, eða styrkja stöðu þeirra eins og þeir starfa núna, sem mér fyndist einnig koma til greina. Fyrir þessu hef ég talað í löngu og ítarlegu máli á Alþingi og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa haft svipaðan málflutning uppi.

Við viljum hins vegar bregðast við þeirri stöðu sem upp kemur eftir að ríkisstjórnin hefur haft sitt fram og einkavætt bankana. Fyrstu skrefin hafa verið stigin, þeir hafa verið gerðir að hlutafélögum og nú er farið að selja hluti ríkisins í þeim. Þá viljum við leggja okkar af mörkum til að stuðla að sem dreifðastri eignaraðild og koma í veg fyrir samþjöppun á þessu sviði. Þarna eru því engar mótsagnir á ferðinni að mínum dómi.

Í öðru lagi er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er ekki nein ný bóla að samþjöppun sé á eignarhaldi í atvinnulífinu. Hins vegar held ég að hún hafi ekki verið eins mikil eða haft eins alvarlegar afleiðingar og það sem við sjáum nú fram undan.

Í þriðja lagi er það rétt að við, þ.e. ríkið á um 70% í ríkisbönkunum en það er einmitt þess vegna sem við getum beint spurningum til hæstv. ráðherra, sem fer með hlutabréfin fyrir okkar hönd, og ætlast til þess að hæstv. ráðherra veiti okkur svör. Ég býst við þeim svörum hér á eftir.

[17:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að saga bankamála hér á Íslandi sé þess eðlis að stjórn stjórnmálamanna og stjórnmálaafla á þeim hafi ekki verið til góðs. Ég held, virðulegi forseti, að það sé mikilvægt að við vinnum okkur út úr því kerfi sem hér hefur ríkt um nokkuð langt skeið.

Ég velti því líka fyrir mér, virðulegi forseti, vegna þess dæmis sem hv. þm. nefndi hér áðan — nú er ég ekki að gera athugasemdir við þetta dæmi, ég þekki ekki þetta einstaka dæmi — hvort hugsanlegt sé að þarna búi eitthvað annað að baki en það eitt að tryggja hagsmuni bankans eins og mér virðist kannski að einhverju leyti liggja í orðum hv. þm. En ég spyr, virðulegi forseti: Hefði verið ástæða til að ætla að svona hefði verið stjórnað af þeim sem hefðu beina hagsmuni eða eignaraðild að bankanum? Hefðu þeir brugðist þannig við að það væri andstætt hagsmunum bankans?

Ég ítreka það að ég þekki ekki þetta dæmi og legg því ekki dóm á það. En spurningin er kannski hvort þetta dæmi hv. þm. sé einmitt um að mikilvægt sé að þeir sem eigi bankana fari með stjórnina og í þeim tilvikum sem ríkið heldur í taumana sé hagsmuna eigenda bankans ekki nægilega vel gætt.

[17:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Já, herra forseti, út á það gengur þetta mál. Við erum að benda á samhengi þess sem er að gerast í íslensku efnahagslífi almennt, samþjöppun á fjármagni og því að sömu aðilar og fengið hafa fjármagnið í sínar hendur sælast nú eftir þessum fjármálastofnunum og munu að sjálfsögðu nota þær í eigin þágu. Við erum að vara við því, í okkar litla hagkerfi, að við færum þarna á mjög fáar hendur yfirráð yfir atvinnulífinu og fjármálastofnunum sem þjóna þessu sama atvinnulífi um leið. Við erum að vara við þessu og erum að reyna að skapa um það samstöðu hér í þinginu að settur verði lagarammi sem tryggi eins dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum og kostur er. Og það er fagnaðarefni hve vel er tekið undir þessi meginsjónarmið okkar.

Ég ætla ekki að verja alla hluti sem ríkisbankar hafa gert í gegnum árin og áratugina, síður en svo. Ég held að menn geri hins vegar of mikið úr því sem aflaga hefur farið og fegri fyrir sér það sem gerist hér almennt á markaðnum. Þar gerist nú sitthvað að sjálfsögðu. Síðan er það önnur saga að við bíðum náttúrlega eftir svari hæstv. ráðherra.

[17:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég rakti hér mál sem snertir viðskrn. og bankamálaráðherrann og óskaði eftir upplýsingum um hvort þessi viðskiptasamningur upp á einn milljarð, þar sem talað er um fjármögnun upp á einn milljarð og stefnumótandi þátttöku Landsbankans í þessu fyrirtæki, hafi verið borinn undir viðskrh. Ég vildi heyra skoðun hæstv. ráðherra á þessum viðskiptum.

[17:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. gerir sér eflaust fulla grein fyrir þá er Landsbankanum ekki stjórnað úr viðskrn. Landsbankinn getur tekið ákvarðanir án þess að það sé borið undir viðkomandi ráðherra og þannig er það í þessu tilfelli og fjölda annarra tilfella. Þannig eru bankarnir reknir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þeir séu reknir þannig. Ég vildi a.m.k. ekki bera ábyrgð á öllum ákvörðunum sem teknar eru í þessum stofnunum. Þó að ríkið fari þarna með mikla meirihlutaeign, eigi um 70% í báðum bönkunum eins og hefur komið fram, þá er engin ástæða til að reka þá þannig að viðkomandi viðskrh. stjórni daglegum rekstri.

Þannig er þetta og allar líkur á að farið verði út í frekari sölu. Ég get í sjálfu sér tekið undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem talaði hér áðan, að ég held að það sé ekki sérstaklega góð reynsla af því að stjórnmálamenn stjórni bönkunum. Ég held að við eigum að reyna að fikra okkur út úr þeim heimi og meira í átt til þess að bankar séu reknir eins og hver önnur einkafyrirtæki. Ég sé að hv. þm. hristir höfuðið en hann hefur því miður verið dálítið hallur undir það að ríkið stjórni sem víðast. En sú breyting hefur átt sér stað alls staðar í heiminum að slíkar áherslur fara mjög minnkandi.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðsk.- og iðnrh. segir að það sé ekkert sérstaklega góð reynsla af stjórnmálamönnum. Ég held að það sé ekki hægt að alhæfa um það. Ég skal ekki fjölyrða neitt um framsóknarmenn sérstaklega í því efni en þetta eru alhæfingar sem ég tel að gangi ekki.

Ég var hér að vísa í ákvörðun sem ekki er aðeins peningalegs eðlis heldur pólitísk. Þetta hefur skírskotun til efnahagslífs okkar og íslensks samfélags. Mér finnst ekki hægt að skjóta sér undan ábyrgð á þennan hátt. Þess vegna spyr ég: Getur verið að þessi pólitíska ákvörðun hafi ekki verið rædd, ekki komið til umræðu hjá þeim aðila sem fer með hlutabréf þjóðarinnar í bankanum? Var hún ekkert rædd? Vissi ráðherrann ekkert af henni? Las hæstv. ráðherra e.t.v. um hana í blöðum?

Ég veit að mörgum stjórnmálamönnum finnst erfitt að taka ábyrgð á málefnum af þessu tagi og þykir auðveldara að koma stofnunum í hlutafélagsform og síðan út á markað til að þurfa ekki að ræða þá hluti hér. Ég veit það. Þetta hefur gerst með Fríhöfnina t.d. Fyrsta skrefið hefur verið stigið til þess að koma henni á markað og undan þeirri skyldu að ræða hana hér á lýðræðislegum vettvangi. Nú lýsir hæstv. ráðherra því yfir að æskilegt sé að koma þessum fjármálastofnunum frá okkur líka, frá handhöfum almannavalds hér í þinginu.

Mér finnst þetta sannast sagna undarleg pólitísk skoðun, þetta er hörð frjálshyggjuskoðun sem hér er haldið fram af talsmanni Framsfl.

[17:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má kalla það frjálshyggjuskoðun eða hvað sem er en engu að síður er þetta hin almenna þróun í heiminum. Og ég held að við Íslendingar munum fylgja henni.

Það verða ekki allar ákvarðanir í þessu samfélagi teknar hér í þingsal og þær verða heldur ekki allar ræddar í þessum ræðustól. Ég held að viðskiptalífið sé fullfært um að reka sig án verulegra afskipta stjórnvalda. Hins vegar þurfa stjórnvöld að sjálfsögðu að skapa rammann um viðskiptalífið, atvinnulífið og efnahagslífið en ekki að hafa þar alls staðar puttann á. Ég trúi því ekki að hv. þm., sem er nú ekki gamall að árum, sé enn þeirrar skoðunar að þessu þjóðfélagi sé best stjórnað héðan af Alþingi — þá er ég fyrst og fremst að tala um atvinnulífið.

[17:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var ræða hæstv. ráðherra sem fékk mig til þess að biðja um orðið. Mér þykir hafa orðið breyting á stjórn þeirrar lánastofnunar sem hér er til umræðu, Landsbankans, ef hæstv. ráðherra fær ekkert að vita af því ef þar stendur til að taka mjög stórar ákvarðanir.

Ég spyr og bið um að fá á því staðfestingu hvort hæstv. núv. bankamálaráðherra sé fyrstur ráðherra hafður út undan hvað það varðar að fylgjast með því sem er að gerast hjá þessari lánastofnun. Ég tel að það geti ekki verið öðruvísi en þannig að ráðherra sem fer með ábyrgð af því tagi sem þarna er um að ræða hljóti eðli máls samkvæmt að fá upplýsingar og það þurfi að gera ráðherra grein fyrir því hvað er að gerast þegar bankinn er að taka mjög alvarlegar ákvarðanir í stórum málum. Ég þykist vita að það muni nú varla vera undantekningar frá því að bankamálaráðherra sé gerð grein fyrir því þegar bankinn ræðst í miklar og mikilsverðar fjárfestingar.

Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra gefi svar við því mjög skýrt og ákveðið hvort gengið sé fram hjá ráðherra í því tilfelli sem hér var til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 11. mál. — Þskj. 11.

[17:17]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir till. til þál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til að undirbúa upptöku svonefnds Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa."

Hugmyndin um alþjóðlegan skatt á fjármagnsflutninga milli landa var sett fram í byrjun áttunda áratugarins, ég held að það hafi verið árið 1972, af Nóbelsverðlaunahafanum James Tobin, prófessor í hagfræði við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Upphaflega markmiðið með slíkum skatti var að renna stoðum undir sjálfstæða efnahagsstefnu ríkja heims og draga úr gengissveiflum einstakra gjaldmiðla. Á síðari árum hefur Tobin-skatturinn einnig verið nefndur sem leið til að verja gjaldmiðla fyrir árásum spákaupmanna og til að fjármagna aðkallandi alþjóðaverkefni. Í stuttu máli má segja að útgangspunkturinn með slíkri skattheimtu sé að treysta efnahagslegt öryggi hvarvetna í heiminum.

Talið er að nú fari jafnvirði allt að 144.000 milljarða króna milli landa á degi hverjum og þar af eru yfir 80%, að því er talið er, hrein spákaupmennska. Umfang þessarar verslunar hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og nífaldaðist á

árunum 1986–1998. Um 40% fjármagnsins fara hringinn í viðskiptaheiminum á þremur dögum og 80% komast aftur á byrjunarreit á aðeins einni viku. Ef við snúum þessu yfir í dollara og skoðum umfangið, en það voru íslenskar krónur sem áðan voru nefndar, þá ætla menn að gjaldeyrisverslun sé með 1.800 milljarða Bandaríkjadollara á dag, en til samanburðar er heildarverðmæti allrar vöru og þjónustu sem seld er í heiminum á ári 4.300 milljarðar. Þetta eru því geysilegar upphæðir sem hér er um að ræða.

Hér á landi hefur heildarvelta viðskipta með gjaldeyri aukist hröðum skrefum en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands nemur heildarvelta þeirra sem mynda millibankamarkað með gjaldeyri hér á landi nú að jafnaði mun hærri upphæð mánaðarlega en allt árið 1994 og var heildarveltan á árinu 1999 níföld velta ársins 1994. Svo dæmi sé tekið var heildarveltan á árinu 1994 53 milljarðar en í janúar á árinu 2000 er hún 56 milljarðar.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að á þessu eru ýmsar skýringar og sumar mjög haldbærar. Ekki er þetta allt spákaupmennska, síður en svo. Það hefur færst í vöxt að íslenskir lífeyrissjóðir flytji miklar peningafúlgur úr landinu til að dreifa áhættu sinni og eru farnir að gera það á erlendri grundu ekki síður en í íslensku efnahagslífi. En þegar á heildina er litið engu að síður rímar þetta við þá þróun sem á sér stað annars staðar en það er mat þeirra sem best þekkja til í þessum heimi að spákaupmennskan hafi aukist mjög á síðasta áratug.

Segja má að áhugi á hugmynd James Tobins hafi vaxið mjög eftir fjármálakreppuna í Suðaustur-Asíu haustið 1997. Þá átti spákaupmennska drjúgan þátt í því að gjaldmiðlar Malasíu, Filippseyja og Indónesíu hrundu en kreppan teygði anga sína mun víðar, þar á meðal til Taílands, Suður-Kóreu og Japans. Í framhaldinu neyddust mörg ríkjanna til að taka gríðarlega fjármuni að láni til að fleyta sér yfir erfiðustu hjallana.

Í umræðu um hugsanlegan Tobin-skatt hefur verið miðað við 0,1–0,25% skatt eftir því hve upphæðin er há í hverju tilviki. Afraksturinn á heimsvísu gæti orðið á bilinu 8–24 milljarðar króna á ári hverju. Svo lág skattprósenta tryggir að skatturinn hefði ekki áhrif á langtímafjárfestingar en hamlaði samt sem áður gegn spákaupmennsku. Höfuðstóll spákaupmanna mundi rýrna hratt við að vera fluttur oft á dag og skattlagður í hvert skipti.

Nú þegar hafa bæði kanadíska þingið og ríkisstjórn Finnlands lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina en einnig hefur Tobin-skatturinn komið til umræðu á löggjafarþingum Bretlands, Frakklands og Bandaríkjanna, svo dæmi séu tekin. Tobin-skatturinn hefur ekki að neinu marki verið til umræðu hér á landi fram til þessa en víða um heim hefur hann komið til umræðu ekki aðeins á þjóðþingunum heldur í þjóðfélögunum almennt og í skoðanakönnun sem gerð var í Frakklandi ekki alls fyrir löngu kom fram yfirgnæfandi meirihlutavilji fyrir því að reynt yrði að skattleggja þessa fjármagnsflutninga og reyna að beina fjármagninu til verðugra verkefna og er þá sérstaklega horft til þriðja heimsins eins og ég vík að hér síðar.

Það skal tekið fram að þegar skattlagning af þessu tagi er annars vegar er að ýmsu að hyggja. Ýmsum spurningum er ósvarað, m.a. um hvernig innheimta beri skattinn, hver eigi að vera vörsluaðili teknanna og hversu langt sé hægt að ganga í samræmingu laga og reglna um slíkan skatt án þess að ganga á fullveldi ríkja. Flestir eru hins vegar sammála um að Tobin-skatturinn komi ekki að gagni nema um hann náist alþjóðleg samstaða. Ef ríki neita að leggja slíkan skatt á mun gjaldeyrisverslunin einfaldlega flytjast þangað. Hvað ráðstöfun teknanna af slíkum skatti snertir hafa málaflokkar á borð við hungur, ólæsi, friðargæslu, hreinsun jarðsprengjusvæða og brýn verkefni í umhverfismálum verið nefndir til sögunnar.

Ljóst er af framansögðu að nauðsynlegt er að fulltrúar allra ríkja heims komi saman til að ræða málið enda snertir það alla jarðarbúa með einum eða öðrum hætti. Því er hér skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir upptöku málsins á alþjóðavettvangi.

[17:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. flm. þessarar tillögu fyrir að vekja máls á þessu brýna máli á hinu háa Alþingi. Tobin-skattinn hefur sérstaklega borið á góma í umræðunni um stuðning við allra fátækustu ríki heims, ekki síst í umræðunni um niðurfellingu skulda þeirra 48 ríkja þar sem fátæktin er hvað sárust og mjög margir búa við örbirgð.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að á fundi svokallaðra G-8 leiðtoga í Okinawa í Japan fyrr á þessu ári þá mistókst þeim öllum átta í raun og veru að ræða þetta mál. Þetta var víst á dagskrá þar en mjög lítið varð úr efndum og í rauninni sigldi þetta allt í strand. En á G-8 fundinum í Köln árið 1999 samþykktu leiðtogarnir áætlun um að fella niður skuldir allra fátækustu ríkja í heimi og samkvæmt henni átti að verja jafnvirði 100 milljarða Bandaríkjadala til verkefnisins. Því miður hefur mjög lítið miðað fram á veginn í því verkefni þrátt fyrir að þrýstihópar og áhugamannasamtök um þessi mál hafi beitt sér mjög og ég verð að segja eins og er að maður er næstum úrkula vonar um að rætist úr í bráð.

Aðeins hefur verið varið 15 milljörðum dollara til verkefnisins sem ákveðið var að ráðast í á Kölnarfundinum en tíminn líður og skuldastaða fátækustu ríkja heims versnar frá degi til dags. Á þetta hefur Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, bent á opinberum vettvangi og leyfði sér að gagnrýna G-8 leiðtogana fyrir að standa ekki við gefin loforð um að létta skuldabyrði fátækustu ríkja heims.

Á meðal þess, eins og ég tók fram áðan, sem átti að ræða í Okinawa var tillaga um Tobin-skattinn svokallaða, um að setja örlítinn skatt á spákaupmennsku með fjármagn á heimsmarkaði og nota tekjurnar af slíkum skatti til að fella niður skuldir fátækra ríkja m.a. eða til þróunarsamvinnuverkefna og jafnvel til umhverfisverndar.

Þótt G-8 leiðtogarnir hafi brugðist í þetta sinn þá held ég að engin ástæða sé fyrir okkur að bregðast í þessu efni, okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi, og því ber að þakka að vakið sé máls á Tobin-skattinum. Mér finnst tillögugreinin líka orðuð með þeim hætti að um þetta ættu menn að geta sameinast, þ.e. að komið verði á viðræðum um upptöku skattsins. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að hér yrði líklega um flókna framkvæmd að ræða og það ber ekkert að draga úr því en annað eins hefur nú verið gert á alheimsfjármálamarkaði. Ljóst er að ná þarf alþjóðlegri samstöðu um málið þannig að það geti orðið að veruleika. Ísland getur að sjálfsögðu lagt sitt til málanna með því að samþykkja tillögu sem þessa á Alþingi. Með því höfum við í raun og veru tækifæri til að hafa forgöngu ásamt öðrum ríkjum um að koma þessu brýna máli á dagskrá í alþjóðasamfélaginu.

Meira hef ég ekki um þetta mál að segja að sinni, hæstv. forseti, en endurtek þakkir mínar til hv. flm.

[17:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að menn skoði hvort hægt sé að taka upp nýjan skatt á fjármagnsflutninga milli landa, svokallaðan Tobin-skatt og er það svo sem í anda þeirra sem flytja það að reyna að finna fleiri matarholur til að láta hið sameiginlega eyða.

Sú hugmynd sem kom fram hjá síðasta ræðumanni um að þetta yrði gert til að greiða niður skuldir fátækustu þjóða heims er nú þess eðlis að menn eru ekki allir sammála um að það gefi góða raun vegna þess að mörgum þessara ríkja er mjög illa stjórnað og efnahagskerfið er mjög slæmt. Styrkur til ríkisstjórna slíkra landa er því ekkert annað en styrkur til að halda þeim við völd. Og margar hverjar eru þær ógnarstjórnir, svo ekki er á bætandi.

En varðandi framkvæmd svona skatts þá hljóta flutningsmenn að hafa heyrt af fyrirbæri sem heitir netið og þeir hljóta að átta sig á því að fjármagnsfærslur nú á dögum eru bara tilfærslur á rafrænu formi. Og öll viðskipti heimsins gætu átt sér stað á einum punkti, t.d. Norðurpólnum.

Þó að samstaða allra ríkja í heimi næðist, þessara ríkisforsjármanna, um að leggja ætti slíkan skatt á þá búa menn hreinlega til ríki og það er þegar búið að búa til ríki í Karíbahafinu sem heyrir ekki undir neitt land. Það er bara uppbyggð eyja á kóralrifi þar sem áður var sjór. Slík tilbúin ríki gætu náð til sín öllum viðskiptum heimsins ef allar ríkisstjórnir heimsins mundu leggja á Tobin-skatt.

Þetta er kannski aðalvandinn við framkvæmd svona skatts, að þessar færslur sem um er að ræða gætu allar átt sér stað á einum punkti á jörðinni, á einum stað. Það þyrfti reyndar ansi myndarlegt tölvukerfi. En ég er viss um að margir yrðu til í að fjárfesta í slíku dæmi, þ.e. ef tryggt væri að skatturinn yrði lagður á, herra forseti.

Svo er ýmislegt í frv. sem ég hef miklar athugasemdir við. Það eru þessir útreikningar. Talað er um að nú sé veltan á degi hverjum 144 þús. milljarðar. Nú veit ég ekki hvort átt er við 200 daga á ári eða 360 daga á ári. En hvort heldur miðað er við þá eru þetta 30–52 milljón milljarðar, 30–52 milljón milljarðar kr. á ári. Ef við tökum 1‰ af því þá eru það 30–52 þús. milljarðar. Og jafnvel þó við tökum alla spákaupmennskuna frá, 80%, þá standa eftir 6 þús. milljarðar en ekki 8–24 milljarðar. Það munar sem sagt þúsundfalt í útreikningunum. Enda segir sig sjálft að 8–24 milljarðar íslenskra kr. á ári segja ekki nokkurn skapaðan hlut í því að bæta stöðu skuldugra ríkja. Menn eiga því sennilega við 6 þús. milljarða króna á ári sem afrakstur. Og það er mjög *skemmtilegt að sjá þarna orðið afrakstur sem nýtt orð yfir* skatt.

Ég hef miklar efasemdir um að svona skattur nái nokkurn tíma fram vegna þess að það er nóg að ein ríkisstjórn, í Liechtenstein, sú íslenska, einhver eyja í Karíbahafi eða eitthvað slíkt, verði ekki með því þá fær hún öll viðskiptin í heiminum.

[17:33]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir mjög jákvæðar undirtektir hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Ég er hjartanlega sammála því sem fram kom í málflutningi hennar. Það kom mér ekkert mjög á óvart að Pétur H. Blöndal vildi sjá einhverjar glufur í þessu máli og vankanta og við erum þess mjög meðvituð sem styðjum þetta að þetta er ekkert einfalt mál. Því fer fjarri að þetta sé einfalt mál. Við tókum það fram, bæði ég og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, að erfitt væri að koma Tobin-skatti á ef ekki ríkti um það alþjóðleg samstaða, nákvæmlega eins og að ekki er hægt að koma í veg fyrir gloppur í hinu alþjóðlega skattkerfi, eða hinu þjóðlega skattkerfi öllu heldur, ef ekki ríkir alþjóðleg samstaða um að útrýma skattaparadísum. Það er reyndar málefni sem verður hér til umræðu á morgun.

Engu að síður vinna menn að því að skapa slíka samstöðu. Það hefur t.d. verið gert á vettvangi OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Fyrir tveimur árum var þar gerð samþykkt um skattaparadísir sem var síðan tekin aftur til skoðunar á fundi OECD í sumar, í júnímánuði. Þar telja menn að smám saman sé að aukast fylgi við þá hugsun að á alþjóðavísu beri okkur að sýna ábyrgð í þessum efnum og til þeirrar ábyrgðar erum við að hvetja með þessari þáltill.

Ég mun að sjálfsögðu fara yfir þá útreikninga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði athugasemd við.

Nú mun þessi þáltill. væntanlega fara til umfjöllunar í *efh.- og viðskn. þingsins og þaðan til umsagnar í þjóðfélaginu*. En einu get ég lofað mönnum, að þessari umræðu er ekki lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 8. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:37.

---

6. FUNDUR

þriðjudaginn 10. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
5. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
6. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
7. Smásala á tóbaki, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
8. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
9. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
10. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
11. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
12. Meðferð opinberra mála, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.

13. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
14. Stjórn fiskveiða, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
15. Stjórn fiskveiða, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
16. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[13:30]

Útbýting þingskjala:
Almannatryggingar, 78. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 78.
Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 80. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 80.
Lagaráð, 76. mál, frv. BH o.fl., þskj. 76.
Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 81. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 81.
Tekjuskattur og eignarskattur, 77. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 77.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):
Forseti vill tilkynna að að lokinni atkvæðagreiðslu um þrjú fyrstu dagskrármálin verða umræður utan dagskrár. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller en hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í allt að hálftíma.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frh. 1. umr.

Frv. SJS og ÖJ, 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Upptaka Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Innanlandsflug.

[13:33]

Kristján L. Möller:
Herra forseti. Enn á ný sé ég mig knúinn til að færa inn á hið háa Alþingi umræðu utan dagskrár um stöðu og horfur í innanlandsflugi hjá okkur Íslendingum, sérstaklega hvað varðar flug til smærri staða á landsbyggðinni. Ástæðan er augljós. Flugfélögin eru að hætta flugi til ýmissa staða, m.a. vegna þess hve stefnumótun samgrn. og undirbúningur útboðs hefur tekið langan tíma.

Olíuverðshækkanir, kauphækkanir og nýsamþykkt gjaldtaka ríkisstjórnarflokkanna með flugmiðaskatti sínum eru ástæður fargjaldahækkana og erfiðleika flugfélaganna á innanlandsmarkaði. Í þessum þrengingum flugfélaganna er að mínu mati alger óhæfa að ríkisstjórnarflokkarnir beiti sér fyrir og samþykki nýjan skatt á flugfarþega í innanlandsflugi sem á að skila ríkissjóði 50–60 millj. kr. á næsta ári. Þessi skattheimta er sótt beint í vasa flugfarþega þar sem flugfélögin eru ekki aflögufær og verða að hækka verð á flugmiðum. Því má með sanni segja að ríkisstjórnarflokkarnir hafa búið til nýjan landsbyggðarskatt með þessum tæplega 60 millj. kr. flugmiðaskatti.

Í mínum huga er grundvallaratriði að ríkisvaldið taki ákvörðun um framtíð innanlandsflugsins. Ákvörðunina þarf að taka út frá skýrri stefnu um hvernig á að standa að uppbyggingu á grunni samgöngukerfisins í landinu þannig að íbúum á landsbyggðinni verði sköpuð samkeppnishæf skilyrði til búsetu og atvinnustarfsemi. Markaðsöflin ein eiga ekki að ráða uppbyggingu samgöngukerfis okkar Íslendinga. Nauðsynlegt er að stjórnvöld hafi einhverja sýn, einhverja stefnu um það hvernig þau vilja hafa grunnsamgöngur í landinu. Við eigum að setja okkur markvissa samgönguáætlun fyrir landsbyggðina þar sem horft verður til þess að allir landsmenn án tillits til búsetu hafi sömu möguleika. Góðar og öruggar samgöngur við landsbyggðina eiga að auka og bæta möguleika á samkeppnishæfum atvinnurekstri og búsetu.

Ýmis teikn eru á lofti um það að samgöngumál okkar stefni um þessar mundir í þveröfuga átt samanber erfiðleika í innanlandsflugi og sérleyfisferðir með áætlunarbílum. Skipaferðir til fleiri og fleiri staða eru að leggjast af og þjónusta ýmissa stofnana eins og t.d. Íslandspósts er að snarminnka á ýmsum stöðum á landsbyggðinni en þar ræður hagnaðarsjónarmiðið ferðinni.

Herra forseti. Í byggðaáætlun Alþingis, sem samþykkt var vorið 1999, er mikið fjallað um samgöngumál og á mörgum stöðum er mikið fjallað um nauðsyn þess að efla almenningssamgöngur. Enn fremur er mikið rætt um að

efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Nýjustu tíðindi í innanlandsflugi eru ekki í takt við þá hugsun sem þar kemur fram eða er það til að efla vöxt vaxandi ferðaþjónustu á Húsavík að flug þangað leggst af? Þess vegna vil ég spyrja hæstv. samgrh.: Hvers vegna er flug til Húsavíkur ekki inni í flugútboðinu?

Herra forseti. Mér virðist því miður ýmislegt sem stendur í byggðaáætlun Alþingis meira í takt við friðþægingaryfirlýsingu fyrir nokkra stjórnarþingmenn af landsbyggðinni en markvissa framkvæmdaáætlun eins og byggðaáætlanir annarra landa eru. Vinna samgrn. varðandi innanlandsflugið hófst ekki fyrr en allt var komið í óefni í vor og vinna við gerð útboðsgagna hefur að mínu mati tekið allt of langan tíma, m.a. vegna þess að menn voru að vinna að hugmyndum um mjög takmarkaðan ferðafjölda og flugvélategundir sem þjónuðu þessum stöðum landsbyggðarinnar fyrir um 20 árum. Menn létu sér meira að segja detta í hug áætlunar- og sjúkraflug með níu sæta flugvélum og einum flugmanni.

Íbúar landsbyggðarinnar geta einfaldlega ekki sætt sig við að ríkisvaldið gangi á undan í því að láta lögmál markaðarins eyða mikilvægum þáttum þessara samfélaga með þeim afleiðingum að mannlíf og atvinnulíf, þar með talin ört vaxandi ferðaþjónusta, líði fyrir og eigi sér í raun ekki samkeppnishæfa framtíð. Ferjusiglingar, strætisvagnarekstur, m.a. í Reykjavík og almenningssamgöngur milli Reykjavíkur og staða úti á landsbyggðinni, eru allt dæmi um mál þar sem ríkisvaldið hefur fundið rök fyrir aðkomu sinni þó með mismunandi hætti sé.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

1. Hvers vegna semur samgrn. ekki við Flugfélag Íslands og Íslandsflug um að halda uppi flugi til Húsavíkur og Siglufjarðar fram til áramóta eins og gert var með flug út frá Akureyri? Hvers vegna sitja þessir staðir ekki við sama borð og aðrir?

2. Á einhver vinna sér stað í samgrn. við að móta heildstæða samgönguáætlun á landsbyggðinni, bæði hvað varðar flug og áætlunarferðir milli staða í tengslum við innanlandsflug?

3. Telur hæstv. ráðherra að það komi til greina í ljósi þeirra afleiðinga sem flugvélaskatturinn hefur haft að hætta við þá skattheimtu?

[13:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu hverju tækifæri til að ræða þessi mál á hinu háa Alþingi og skýra stöðu samgöngumálanna og ekki síst hvað varðar innanlandsflugið sem hefur verið í langan tíma í mikilli kreppu. Hv. þm. sem hér talar fyrstur talar eins og hann hafi ekki haft nokkra hugmynd um að vandi væri á höndum hjá þeim sem reka flug á Íslandi. Það er mikið ábyrgðarleysi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá staðreynd að samgöngumynstur landsins hefur gjörbreyst. Hv. málshefjandi var einn fjölmargra sem fögnuðu ákaft áformum um jarðgöng til Siglufjarðar og einnig er þeim áfanga var náð að komið var bundið slitlag alla leiðina til Siglufjarðar en ég veit að hv. málshefjandi hefur mjög velt fyrir sér samgöngum til þess staðar. En hvað þýðir slík samgöngubót fyrir bæjarfélag á borð við Siglufjörð? Ekki er nóg með að vegurinn batni stórlega heldur hefur vetrarþjónusta Vegagerðarinnar stórbatnað á örfáum árum.

Síðustu tvö ár, og það eru dæmi um við hvaða vanda er að etja, voru samtals áætlaðar 623 flugferðir til Siglufjarðar. Þar af var felld niður 231 ferð eða tæplega 40% vegna veðurs. Það gefur augaleið að erfitt er að reka flugsamgöngur við aðstæður sem þessar. Nú er svo komið að ekki er lengur stundað áætlunarflug til Siglufjarðar. Það er mat Íslandsflugs að ekki sé grundvöllur fyrir því flugi og lagði félagið því áherslu á að þjóna Siglufirði með tíðu flugi til Sauðárkróks og bjóða farþegum upp á akstur til Siglufjarðar. Það hefur verið til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu.

Viss þversögn er fólgin í þeirri staðreynd að eftir því sem flogið er á færri staði innan lands þeim mun fleiri virðast farþegarnir í innanlandsfluginu verða. En jafnframt verður æ skýrara hvaða leiðir bera sig og hverjar ekki. Ástæðan er einföld. Eftir því sem boðið er upp á tíðari flugferðir til og frá helstu þéttbýlisstöðum og eftir því sem þessir þéttbýlisstaðir eru í betra vegasambandi við nærliggjandi byggðalög eru fleiri sem nýta sér flugið. Tíðni og öryggi í áætlun virðist skipta sköpum.

Forsvarsmenn Flugfélags Íslands hafa skýrt frá þeirri áætlun félagsins að áfram verði flogið frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða, Hafnar og Vestmannaeyja. Jafnframt tilkynnti félagið að það mundi hætta flugi til jaðarbyggðanna út frá Akureyri. Vegna þessa ákvað ég fyrr á árinu að efna til útboðs nokkurra flugleiða innan lands og horfa þá sérstaklega til þeirra staða þar sem flogið er út frá Akureyri. Áður hafði verið boðið út flug frá Akureyri til Grímseyjar, frá Reykjavík til Gjögurs og milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar og allt eru þetta útboð sem ganga út á það að standa að ríkisstyrkjum. Ég taldi ekki vera forsendur fyrir því að styrkja flug til Húsavíkur vegna þess hversu góðar samgöngur eru við Akureyri um landveg og átta flugferðir daglega frá Akureyri til Reykjavíkur. Vegasamgöngur við Húsavík eru mjög góðar og vegalengdin á milli ekki nema rúmir 90 km. Því taldi ég ekki réttlætanlegt að bjóða út flug til Húsavíkur í þessum pakka. Aftur á móti tel ég rétt að hafa Siglufjörð inni í þessu útboði með vali hvort flogið væri frá Akureyri eða frá Sauðárkróki með tilliti til þess að Akureyrarleggurinn og svo hins vegar Sauðárkróksleggurinn eru leggir sem bera sig. Ég tel að það sé til þess fallið að styrkja innanlandsflugið sem heild að skipuleggja flugið á þá staði þar sem vel gengur. Þetta breytir þó engu um að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að gríðarlegar fjárhæðir hafa verið og munu verða lagðar í að bæta samgöngur á landi og bættar samgöngur á landi hljóta að hafa mikil áhrif á samgöngur í lofti og það er staðreynd. Ekki er eðlilegt að krefjast bæði betri vega og ætlast til þess um leið að áfram sé haldið uppi ríkisstyrktu flugi til staða sem geta verið og eru í góðu vegasambandi við áætlunarflugvelli eins og er um Akureyri og Húsavík.

Hinn 23. þessa mánaðar verða opnuð tilboð í flugleiðir út frá Akureyri til Þórshafnar, Vopnafjarðar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Siglufjarðar. Jafnframt er boðið út sjúkraflug á landinu öllu. Vegna þeirra fyrirspurna sem hv. þm. bar upp vil ég segja að flugleiðsögugjaldið hefur enn sem komið er ekki haft nokkur áhrif á innanlandsflugið. Það er ekki farið að valda útgjöldum hjá flugfélögunum svo nokkru nemi og engin áform eru um að hækka það gjald. Við þurfum að breyta lögum ef hækka ætti gjaldið og engar tillögur eru í þinginu um það.

[13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er ótækt að almenningssamgöngur til einstakra staða á landinu geti lagst af nánast fyrirvaralaust

eins og hefur sýnt sig með flugið til Siglufjarðar og Húsavíkur og fyrr í haust með áætlunarflug frá Akureyri til Vestfjarða og Norðaustur- og Austurlands. Það var óheillaspor þegar sérleyfi í flugi voru afnumin og flugfélögin fengu skotleyfi hvert á annað í glórulausri samkeppni sem gat ekki endað með öðru en því að flestir innlendir flugaðilar liggja blóðlausir í valnum og hver flugleiðin af annarri leggst af án þess að aðrar almenningssamgöngur betri leysi þær af hólmi.

Betri vegir bæta um en þeir brúa ekki allar fjarlægðir og ekki eiga allir einkabíl. Auðvitað þarf að móta heildarstefnu í almenningssamgöngum milli landshluta og innan héraða þar sem litið er samtímis til áætlunarferða með flugi, með bílum, með ferjum og beita ríkisstuðningi þar sem það reynist nauðsynlegt eins og til annarrar mikilvægrar samfélagsþjónustu. En þetta á allt að gera áður en komið er í óefni, áður en samgöngurnar eru lagðar af. Ég spyr því: Ætlar ríkisstjórnin að láta almenningssamgöngur út um land leggjast af án þess að aðhafast neitt því þetta sem hér var minnst á af hæstv. ráðherra er bara mjög takmörkuð lausn á því sem við blasir? Verður það látið viðgangast að flug leggist af til Húsavíkur? Hvað verður þegar röðin kemur að Höfn í Hornafirði, að Sauðárkróki, að Patreksfirði, að Bíldudal?

Herra forseti. Þetta skipulagsleysi og skortur á stefnu í samgöngumálum í landinu er ótækt.

[13:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Skjótt skipast veður í lofti í innanlandsflugi á Íslandi. Skammt er síðan óheft samkeppni hélt innreið sína með verðhruni en það stóð skamman tíma. Kostnaður hefur aukist og er verð á eldsneyti þar drýgst á metunum. Þegar gengisáhrif bætast við nemur þessi kostnaðarauki um allt að 100 millj. kr. hjá Flugfélagi Íslands á einu ári. Launahækkanir hafa einnig áhrif en launakostnaður er allt að 40% kostnaðar í þessari grein. Opinberar álögur hafa einnig hækkað í kjölfar leiðarflugsgjalda sem hefur verið gert að aðalatriði í þessari umræðu. Háar öryggiskröfur eru einnig gerðar og það skal tekið fram að leggja ber áherslu á að halda þeim. Rekstrarhagræðing í flugi með útboðum má ekki undir neinum kringumstæðum vera á kostnað öryggismála.

Það er einnig staðreynd að farþegum hefur farið fækkandi vegna bættra samgangna á landi og einnig hefur farþegum fækkað á einstökum flugleiðum vegna aukinnar tíðni og samkeppni við nálæga flugvelli. Þetta hefur sett flug til nokkurra staða á landinu í uppnám, þeir eru hins vegar þannig settir að samgöngur á landi koma ekki undir neinum kringumstæðum algjörlega í stað flugsins. Sú leið hefur verið farin að bjóða út flug með ríkisstyrkjum til nokkurra staða. Önnur leið er vandfundin til þess að tryggja þessar samgöngur.

Stuðningur við flugið í formi styrktra útboða eða lækkun á opinberum álögum eru þau tæki sem ríkisvaldið hefur í höndunum til að fást við þessi mál. Það væri að mínu mati rétt skref að skoða heildaráhrif skattlagningar á samgöngukerfið í heild því skórinn kreppir víðar að en í fluginu og má þar nefna áhrif olíuverðshækkana á þungaflutninga. Þar er um stórmál að ræða.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frekari skattlagning á flug á næsta ári mun vitanlega flýta þeirri þróun að áætlunarstöðum fækki. Auðvitað er alls ekki æskilegt að ríkið ýti undir það að flug leggist af. Hitt er ljóst að með betri akstursleiðum utan af landi hættir flugið að vera samkeppnisfært. Fjölskyldur taka fremur þann kost að keyra í þrjá klukkutíma. Það var ekki tekin ákvörðun um að leggja af flug frá Stykkishólmi eða frá Blönduósi á sínum tíma. Það lagðist bara af. Það gerðist með batnandi vegakerfi.

Það er hætt við því að í framtíðinni verði aðeins flogið til fjögurra til fimm stærstu staða á landinu. Það breytir ekki því að óeðlilegt er að ríkisvaldið ýti undir það að gera flugrekstur innan lands erfiðari en nú er, það er einfaldlega of dýrt fyrir fjölskyldufólk að fljúga ef það á þess kost að fara með einkabíl þegar ferðin tekur innan við þrjá klukkutíma. Þetta held ég að við verðum að horfast í augu við. Bætt samgöngukerfi mun breyta áherslum í samgöngum innan lands og við verðum að taka því. Hins vegar þarf auðvitað aðlögun og ríkisvaldið ætti ekki að flýta þeirri þróun að flug leggist af.

[13:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að taka undir með hæstv. samgrh. að innanlandsflugið hefur lengi verið í kreppu. Þess vegna hefði átt að vera hægt að grípa til aðgerða fyrr en gert var í stað þess að bíða eftir að allt væri komið í óefni. Það hefur komið fram opinberlega að í raun hefur Flugfélag Íslands staðið í samningaviðræðum við stjórnvöld í eitt og hálft ár og þess vegna vanhugsað að grípa svo seint til aðgerða.

Athyglisvert var að heyra þá yfirlýsingu hæstv. samgrh. að flugvallarskatturinn hefði engin áhrif haft til að veikja innanlandsflugið. Í ljósi þess að innanlandsflugið hefur lengi verið í kreppu má ljóst vera að auknar álögur gera ekki annað en að veikja það.

Herra forseti. Það er býsna athyglisvert að skoða þær aðvaranir sem bárust víða að þegar ákveðið var að leggja á hinn svokallaða flugmiðaskatt. Alþjóðaflugmálastofnunin hefur sent frá yfirlýsingu. Í yfirlýsingu fastaráðs Alþjóðaflugmálastofnunar segir m.a., með leyfi forseta:

„... eru aðildarríkin sérstaklega hvött til varkárni í stefnumörkun sinni við álagningu leiðarflugsgjalda og að þau taki tillit til þeirra áhrifa sem slík gjaldtaka hafi á notendur, sérstaklega flugrekendur sem gætu þurft að hækka gjaldskrár með hliðsjón af auknum kostnaði við ný og hærri gjöld."

En herra forseti, það voru fleiri sem vöruðu við. Í umsögn flugráðs, sem í sitja fimm aðilar, þar af tveir sérstaklega tilnefndir af hæstv. samgrh. og þar að auki tveir fulltrúar stjórnarflokkanna og m.a. framkvæmdastjóri þingflokks Framsfl., segir m.a, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirrar erfiðu afkomu á innanlandsflugi sem raun ber vitni um, þar sem sífellt fækkar flugrekendum og áfangastöðum er nauðsynlegt að sýna varkárni við ný gjöld og skoða þarf vel hvaða áhrif þau hafa á notendur.

Flugráð er því mótfallið því að setja leiðarflugsgjöld á við núverandi aðstæður og án samhengis við aðra gjaldtöku Flugmálastjórnar."

Herra forseti. Sú staða sem innanlandsflugið og almenningssamgöngur í landinu eru í eru því miður skelfilegur vitnisburður um valdatíð Sjálfstfl. í samgrn. síðastliðin tíu ár.

[13:52]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er athyglisvert að þær miklu framfarir sem orðið hafa í samgöngum á landi hér á Íslandi á undanförnum árum skuli vera flokkaðar undir mistök af hálfu stjórnvalda. Það er alveg nýtt af nálinni. Auðvitað hefur það haft mjög mikil áhrif að vegakerfið hefur stórbatnað á

undanförnum árum. Það hefur haft megináhrif á það hvernig flugið hefur þróast.

Flug þróaðist hratt á Íslandi vegna þess að samgöngukerfið á landi var svo ófullkomið að ekki var annarra kosta völ. Þegar þessar flugsamgöngur höfðu þróaðast nokkuð lengi var ljóst að þegar vegakerfið mundi batna þá yrðu forsendur fyrir flugsamgöngum veikari. Þó að það sé rétt sem hér hefur komið fram að miklar sviptingar hafi orðið í innanlandsfluginu eftir að flug var gefið frjálst 1997 þá voru þeir veikleikar sem fram komu í flugkerfinu löngu þekktir. Það var löngu vitað að fjölmörgum flugleiðum var haldið uppi, annars vegar með því að flytja tekjur til þeirra frá betri flugleiðum innan lands en einnig með því að flytja tekjur frá millilandaflugi til að halda uppi flugleiðum innan lands. Þegar vegakerfið fer batnandi eins og það hefur gert mjög hratt á undanförnum árum er óhjákvæmilegt að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Einmitt það er verið að gera nú og stjórnvöld hafa brugðist við þessu með eðlilegum hætti.

Það liggur fyrir að ákveðnir staðir eru svo einangraðir að það verður og er fullkomlega eðlilegt að taka til athugunar að styrkja þá til flugsamgangna. Í öðrum tilfellum eru flugsamgöngurnar í mikilli samkeppni við landflutninga og ekki gefið að íbúar þeirra staða muni einu sinni vera ánægðir með ríkisstyrk til að halda uppi lágmarksflugsamgöngum. Þeir munu einfaldlega taka þann kost að fara á næsta flugvöll þar sem ferðir eru tíðari, sem er grundvallaratriði í sambandi við flugsamgöngur, og taka þar með ákvörðun um það.

[13:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Áætlunarflug innan lands á að vera hluti af almenningssamgöngum og það er því á ábyrgð stjórnvalda að halda uppi flugi til þeirra staða sem vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna verða að nota flugið til samgangna. Um langt árabil hefur ríkt óvissa og skipulagsleysi í innanlandsfluginu. Ástæðurnar eru margar en erfiðleikar í rekstri á flugi á fámennustu áætlunarleiðum er aðalástæðan. Því hafa þau flugfélög sem áður höfðu sérleyfi gefist upp í samkeppninni og nú má heita að eitt flugfélag sé allsráðandi í innanlandsfluginu. Við þessar aðstæður getur sá sem er einn á markaðnum ráðið því til hvaða staða flogið verður og tilkynnt breytingar með litlum fyrirvara. Af sömu ástæðum hefur verð á flugfargjöldum innan lands hækkað mjög á skömmum tíma.

Það er sársaukafullt fyrir okkur sem búum úti á landi að bera saman innanlandsfargjöld við verð á ferðum á milli landa og heimsálfa. Fólk sem býr við þær aðstæður að þurfa að nota flug til að sinna erindum sínum má búa við mikla óvissu um framtíð flugrekstrar frá þeim flugvelli sem það hefur notað fram til þessa. Þetta á ekki bara við um Siglufjörð heldur miklu fleiri staði og má nefna Höfn í Hornafirði og Húsavík í því sambandi.

Bætt vegakerfi hefur verið nefnt sem aðalástæða þess að fækkað hefur í innanlandsfluginu en benda má á að á Höfn og á Húsavík hefur farþegum fjölgað ár frá ári og svo getur átt við um fleiri staði þar sem líklegt er að áætlunarflug verði lagt af í nánustu framtíð.

Eina raunhæfa lausnin er að líta á flugið sem hluta af almenningssamgöngum landsins og styrkja flug til þeirra staða sem nauðsynlegt er að hafi áætlunarflug. Það þarf að setja áætlunarflug inn í byggðaáætlun og samræma forsendur og stuðning í innanlandsfluginu á fámennari flugleiðum.

[13:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Góðar samgöngur eru forsenda þess að nútímasamfélag geti þróast. Vaxandi hraði í samskiptum manna og viðskiptum kallar eftir betri samgöngum hvort sem þær eru á landi, sjó, í lofti eða með fjarskiptum. Nýja hagkerfið, lykillinn að aukinni framleiðni í atvinnulífi þjóðanna, byggir fyrst og fremst á auknum hraða í samskiptum og betri samgöngum.

Samfylkingin leggur megináherslu á bættar samgöngur til að auka jöfnuð fólks og fyrirtækja, landsbyggðar og þéttbýlis, til að tryggja þátttöku allra og vegna öryggissjónarmiða. Við horfum á samgöngur sem grundvallarþátt í vexti og þróun efnahagslífsins og teljum að mikilvægi þeirra aukist sífellt.

Það er viðtekið, herra forseti, að almenningssamgöngur á landi og á sjó fái stuðning og í fjarskiptalögum er ákvæði um alþjónustu. Mikilvægi flugsins hefur ekki verið viðurkennt með sama hætti. Ákvæði um rétt almennings til lágmarkssamgangna eru án heildarstefnu, án framtíðarsýnar og draga dám af áhugaleysi Sjálfstfl. sem hefur, eins og hér hefur verið bent á, setið í samgrn. í áratug.

Í stað þessa, herra forseti, þarf stefnumörkun þar sem grundvallaratriði okkar í Samfylkingunni um jöfnuð og þátttökurétt eru höfð að leiðarljósi og skilningur á mikilvægi traustra samgangna fyrir þróun og vöxt efnahagslífsins er til staðar.

Stjórnvöld hafa aðeins brugðist við en ekki mótað stefnu, þó svo að viðurkennt sé hér af hálfu hæstv. ráðherra að innanlandsflugið sé í mikilli kreppu.

Herra forseti. Samfélagið líður fyrir þann seinagang og stefnuleysi sem einkennir aðkomu stjórnvalda að þessu máli eins og þessi umræða og fleiri um innanlandsflugið bera gleggstan vott um.

[13:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að hlusta hér á stjórnarandstæðinga ræða um að vandi landsbyggðarinnar í samgöngumálum séu Sjálfstfl. að kenna. Ég veit ekki betur en að þingmenn dreifbýlisins hafi tekið undir þá meginstefnu sem fyrrv. samgrh. Halldór Blöndal og hæstv. núv. samgrh. Sturla Böðvarsson hafa haldið við uppbyggingu samgangna, þ.e. að leggja áherslu á þrennt: flugvelli, hafnir og vegi. Um það hafa allir verið sammála.

Síðan koma menn hér núna og segja að ekki sé hægt að leggja á hina dreifðu byggð slíkt óöryggi sem felist í því að nota minni flugvélar, allt niður í níu sæta miðað við 40 sæti áður, það sé bara ekki hægt.

Í viðræðum við Flugmálastjórn í samgn. fyrir nokkrum dögum var einmitt þetta mál ítarlega rætt og þar komu fullyrðingar um það frá þeim mönnum sem gerst þekkja og hafa vit á að níu sæta flugvélar séu síst óöruggari en þær stærri. Öryggi í flugi er með þeim hætti. Síðan segja menn að Strætisvagnar Reykjavíkur séu styrktir o.s.frv. Ég veit ekki betur en hagræðing hafi átt sér stað hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Þar sem eru litlir fólksflutningar eru notaðir minni vagnar.

Það er líka annað sem mikið hefur verið rætt um, þ.e. jarðgangagerð. Nú stendur hún til. Hvar ætla menn að enda?

Hvaða kröfur ætlar hin dreifða byggð að gera til samgöngumála? Í bréfi sem þingmenn hafa fengið frá Flugfélagi Íslands segir að vetraráætlun Flugfélags Íslands hafi tekið gildi 1. október og hér með sé sent eintak af henni. Og litlar breytingar hafa orðið hvað varðar flugtíðni til áfangastaða innan lands. Flugfélag Íslands hefur ekkert látið af þjónustu við hina dreifðu byggð.

Ég endurtek það sem hér hefur verið sagt og komið margsinnis fram. (Forseti hringir.) Flugvellir, hafnir og vegir eru þau samgöngutæki sem við þurfum að horfa á þegar tekin er ákvörðun um hvert eigi að fella flug. (**KLM:** Við þurfum að nota flugvellina.)

[14:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að töluvert mikið átak hefur verið gert í því að byggja upp flugvelli víða um landið. En það sem verið er að hefja máls á hér er að kannski væri skynsamlegt að nota þessa flugvelli fyrir flugvélar til lendinga en ekki sem æfingavelli fyrir fótbolta eða eitthvað slíkt. (Gripið fram í.)

Það er líka mikilvægt atriði að það útboð sem er í gangi núna takist vel vegna þess að ljóst er að það hefur verulega áhrif á hvernig innanlandsflugið mun þróast á næstu missirum. Út úr því þarf að koma að við þurfum á minni flugfélögum að halda í samkeppni við stóra bróður, Flugfélag Íslands, og til þess að þjóna hinum minni stöðum, ekki með níu sæta vélum eins og var fyrir 20 árum, heldur kannski 19 sæta vélum. Ég vek athygli á því að inn í þetta blandast að sjálfsögðu sjúkraflugið.

Hins vegar er alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að flugmiðaskatturinn svokallaði sem á að gefa ríkissjóði tæpar 60 millj. á næsta ári er íþyngjandi fyrir flugrekendur á Íslandi og þessi flugmiðaskattur leggst miklu þyngra á litlu flugfélögin og litlu flugvélarnar. Hlutfallslega leggst hann miklu þyngra á þær og það er það sem flugfélögin eru að kvarta yfir í dag og það getur einmitt gert það að verkum að ef til vill verða miklu færri aðilar sem bjóða í flugið nú en annars hefði verið. Það er óhæfa sem hér er að gerast að hæstv. ríkisstjórn skuli seilast ofan í vasa þeirra sem nota flug og þurfa að nota flug og ná þangað í 60 millj. í ríkissjóð.

Herra forseti. Ég ítreka í lokin spurningu mína til hæstv. samgrh. um það hvort verið sé að vinna að einhverri heildstæðri samgönguáætlun fyrir landsbyggðina, bæði hvað varðar innanlandsflug og áætlunarferðir milli staða í tengslum við innanlandsflug.

Að lokum vil ég þakka hæstv. samgrh. fyrir og þeim öðrum þingmönnum sem hafa tekið til máls um þennan mikilvæga þátt.

[14:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert við þessa umræðu að engin gagnrýni kemur fram á það sem verið er að gera í því að styrkja innanlandsflugið um þessar mundir með útboði, með beinum ríkisstyrkjum til tiltekinna leiða þannig að ég lít svo á að samgrn. sé á réttri leið.

Hins vegar var verið að ræða hér um atriði sem í sumum tilvikum eru byggð á fölskum forsendum. Hv. málshefjandi leggur málflutning sinn upp út frá því að verið sé að leggja á 60 millj. á ári í flugleiðsöguskatt á flugið. Það er rangt. Kostnaðurinn við flugleiðsöguna er 200 millj. Samkvæmt fjárlagafrv. eru 30 millj. ætlaðar í innheimtan skatt af flugleiðsögugjaldi á næsta ári. 15 millj. fara vegna kostnaðar við veðurathuganir og upplýsingar um veður. Það er því nauðsynlegt að menn gangi út frá réttum forsendum hvað þetta varðar.

Engin skýr stefna, segja menn hér. Stefnan er alveg skýr. Ég legg áherslu á að efla flugið til þeirra staða sem standa vel undir sér og styrkja áætlunarflugleiðir út frá þeim stöðum eins og við erum að gera núna í útboðinu.

Hvað það varðar hvort unnið sé að stefnumótun, þá er að sjálfsögðu unnið í samgrn. að því að skipuleggja samgöngukerfið í landinu í heild sinni, bæði vegi, flugvelli og annað. Útboð á þessum flugleiðum er fyrsta skrefið í mjög mikilvægum aðgerðum okkar til að styrkja almenningssamgöngukerfið í landinu, ekki til þess að það standi algerlega og falli (Forseti hringir.) með því að ríkisstyrkir séu þar á ferðinni, heldur til að skapa eðlileg skilyrði til að þjóna hinum dreifðu byggðum, bæði með flugi og almenningssamgöngum. Það er klár og skýr stefna af minni hálfu.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[14:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum. Þetta er 4. mál þingsins og á þskj. 4. Flutningsmenn ásamt mér eru aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar."

Herra forseti. Hér er um að ræða endurflutning á tillögu sem lögð var fyrir síðasta þing en varð þá ekki útrædd. Tillagan er endurflutt óbreytt, þ.e. tillögugreinin sjálf er óbreytt en greinargerðin hefur verið endurbætt og aukið talsvert við hana, m.a. í ljósi umræðna og upplýsinga sem fram hafa komið frá því að tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Má þar t.d. nefna skýrslu hæstv. utanrrh. um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi og fleiri pappíra sem fram hafa komið. Einnig hefur verið rætt um ýmsa aðra þætti íslenskrar utanríkisstefnu á þeim tíma sem síðan er liðinn og tekið er mið af því í greinargerðinni.

Herra forseti. Tillagan gengur út á það eins og heyra má af tillögugreininni, að móta almenna stefnu til næstu ára um það með hvaða hætti hagsmuna Íslands verði gætt í alþjóðasamskiptum. Meginhugsunin er ekki síst sú að reyna með slíku að eyða þeirri annars óvissu sem uppi er ef ekki liggur sæmilega skýrt fyrir í tilvikum eins og þeim sem lúta að samskiptum við Evrópusambandið, á hvaða grunni þau samskipti munu byggja á komandi árum til einhverra ára

a.m.k. þannig að þeir sem í slíkum samskiptum standa og gæta eiga hagsmuna okkar viti a.m.k. að þessu leyti hvar þeir standa til næstu ára litið og hafi eftir því sem kostur er fast land undir fótum.

Það er eindregin skoðun okkar flutningsmanna að íslenska utanríkisstefnu eigi að sjálfsögðu að byggja á góðum samskiptum til allra átta en það beri á hinn bóginn að forðast að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það sé skynsamlegast að Íslendingar haldi óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og ríkjablokkum en leiti þess í stað eftir hagstæðum samningum við slíka aðila, hvort heldur er í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og annars staðar þar sem það á við. Þannig getum við best fært okkur legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta og alla heimshluta án þess að afsala okkur sjálfsákvörðunarrétti og forræði yfir náttúruauðlindunum. Slíkt væri hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Herra forseti. Við teljum að Ísland hafi alla burði til þess að farnast áfram vel sem sjálfstæðu og óháðu ríki þótt smátt sé í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið hins vegar aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið þar sem stjórnstöðvar og miðstöðvar liggja langt frá landi okkar. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar og ef okkur tekst að viðhalda yfirráðum yfir þeim og koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að mörgum smærri þjóðum hefur tekist vel að nýta sér sérstöðu sína á grundvelli sjálfstæðis eða mikillar sjálfstjórnar. Þær gæta eigin hagsmuna á sjálfstæðum forsendum og gera smæð sína í hópi þjóðanna að styrkleika en ekki veikleika með sjálfstæðri rödd og sjálfstæðum vilja. Ef farið er yfir það þá er það staðreynd sem ekki verður hrakin að mörgum af smáþjóðunum jafnt í Evrópu sem t.d. í Asíu vegnar vel og eru í hópi þeirra sem bjóða upp á hvað best lífskjör í heiminum.

Herra forseti. Ef litið er til þróunar alþjóðaviðskipta má segja að hún einkennist af tveimur nokkuð mótsagnakenndum meginþáttum í senn. Það er annars vegar á ferðinni ákveðin tilhneiging til vaxandi blokkamyndunar og hins vegar viðleitni til alþjóðlegrar fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum sem oft takast á og býsna harkalega bak við tjöldin. Það er Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku eða NAFTA og hópur landa í Suðaustur-Asíu, ASEAN-hópurinn. Samtímis því að þessar blokkir glíma sín í milli og hafa tilhneigingu til að reyna að móta alþjóðaviðskiptaumhverfið með hagsmuni sína sérstaklega að leiðarljósi, eru í gangi viðræður sem miða að því að koma á alþjóðaskipan, alþjóðlegri fríverslun. Stundum setja menn allt af þessu tagi sem er að gerast um þessar mundir og þar með talda einnig tækniþróun eins og veraldarvefinn saman undir eitt samheiti og tala um alþjóðavæðingu. Þar er á köflum um harla ruglingslegan málflutning að ræða þar sem öllu ægir saman, annars vegar tæknilegum málum, hins vegar pólitískum og hugmyndafræðilegum og væri betur að menn aðgreindu það og létu hvern eiga sitt í því sambandi. Margt er vissulega jákvætt í þeirri þróun og má þar tiltaka bætta samskiptamöguleika á grundvelli nýrrar tækni, greiðan aðgang að upplýsingum og annað slíkt. En annað er mjög neikvætt og gætir nú vaxandi umræðu um og vaxandi gagnrýni á ýmsa neikvæða þætti svonefndrar alþjóðavæðingar og er það vel því að þar er svo sannarlega að mörgu að hyggja.

Herra forseti. Í greinargerð tillögunnar er allítarlegur kafli um Ísland og Evrópusambandið og rökstuðningur fyrir því sjónarmiði okkar að það sé ekki vænlegur kostur fyrir Íslendinga að stefna á aðild að Evrópusambandinu. Við fögnum því fyrsta lagi, herra forseti, að Danir eða danska þjóðin tók þá myndarlegu afstöðu sem hún gerði í kosningum fyrir skömmu að hafna frekari Evrópusamruna og upptöku evrunnar og mér segir svo hugur að þessi atburður, herra forseti, eigi eftir að hafa býsna mikil áhrif á þróun Evrópuumræðunnar í okkar heimshluta á næstu árum.

Við teljum sem sagt, herra forseti, að sú óvissa sem nokkuð hefur gætt í umræðum um þessi mál á undanförnum mánuðum og missirum sé skaðlegt ástand og henni beri að eyða eftir því sem kostur er, ekki með því að sjálfsögðu að málin geti ekki áfram verið til umræðu og skoðunar og að menn með opin augun og eyrun fylgist með því sem er að gerast. Ég hef engan mann á byggðu bóli heyrt andæfa því í sjálfu sér. En það þó að við ætlum okkur á komandi árum að fylgjast með atburðum í kringum okkur á þróun mála þarf ekki og á ekki að vera ávísun á að hér þurfi að ríkja algjör ringulreið, algjör óvissa, algjört stefnuleysi um á hvaða grundvelli við Íslendingar ætlum í þessu mikilvæga tilliti að gæta hagsmuna okkar á komandi árum. Og væri hægt að setja niður sæmilega samstöðu um meginlínurnar í þeim efnum þó ekki væri nema til fimm til átta ára í senn þá væri strax að því mikill fengur fyrir þá fjölmörgu aðila sem eiga í slíkum samskiptum eða eiga að gæta hagsmuna okkar í þessu tilliti.

Að sjálfsögðu má þar nefna í fyrsta lagi atvinnulífið og fyrirtæki sem stunda útflutningsviðskipti, innflutning eða útflutning í þessu sambandi, þar má nefna utanríkisþjónustuna og stjórnmálalífið, þar má nefna félagasamtök af ýmsum toga og allan almenning sem nyti að sjálfsögðu góðs af því eftir atvikum að þarna væri um einhverja meginstefnumótun að ræða.

Herra forseti. Ef farið er í örstuttu máli yfir meginrökin annars vegar sem færð eru fram með því að aðild að Evrópusambandinu geti verið hagstæð okkur Íslendingum og hins vegar rökin gegn því, eins og þau vissulega og vel að merkja koma okkur tillögumönnum fyrir sjónir, þá er það eftirfarandi:

Röksemdir með aðild teljum við aðallega vera tvenns konar. Það eru annars vegar það sem við köllum nauðhyggjurök-in, þ.e. að allir aðrir séu að ganga í Evrópusambandið, að Norðmenn kunni að gera það, að EES-samningurinn sé að verða ónýtur og við eigum bara engan annan kost. Þessum röksemdum og skyldum má einu nafni gefa nafnið nauðhyggjuröksemdir. Þær gera ekki ráð fyrir því að við eigum að ganga í Evrópusambandið af því að það sé í sjálfu sér endilega mjög æskilegt eða að við viljum það heldur bara að við séum einhvern veginn meira og minna neydd til þess. Við munum sennilega lenda þarna inn einhvern veginn með góðu eða illu og þá sé bara eins gott að gera það strax.

Hin röksemdin, sem vissulega er miklu gildari og eðlilegra að taka til málefnalegrar umfjöllunar, er sú röksemd að Íslendingar eigi að ganga í Evrópusambandið til að hafa þar áhrif, til að vera þar aðilar að ákvarðanatöku og hafa þar áhrif. Það er alveg gilt að fara yfir það hvort ekki séu fólgin nokkur rök fyrir slíku því án aðildar erum við að sjálfsögðu ekki við borðið í innsta hringnum þar sem ákvarðanirnar eru teknar þó að að vísu fari af því mjög tvennum sögum hvernig

ákvarðanir eru yfirleitt teknar í þessu nefnda Evrópusambandi. En við þurfum þá um leið að spyrja okkur: Hverjir eru möguleikar Íslendinga á því í stækkandi Evrópusambandi að hafa raunveruleg áhrif og hvaða verði yrðu þau áhrif keypt? Við þurfum líka að svara því: Mundu þau áhrif sem við öðluðumst mögulega á alþjóðavettvangi í gegnum aðild að Evrópusambandinu vega upp þá sjálfstæðu rödd sem við missum í staðinn annars staðar á alþjóðavettvangi? Það er staðreynd sem verður ekki hrakin að við það að gerast aðili að Evrópusambandinu færumst við ef að líkum lætur inn í bakhópinn sem ein af smáþjóðum Evrópusambandsins og hættum að tala sjálfstæðri rödd fyrir okkur sjálf og semja um hagsmuni okkar á alþjóðavettvangi á mjög mörgum öðrum sviðum.

Hagsmuna okkar ætti þá samkvæmt því fyrirkomulagi að gæta innan frá í gegnum Evrópusambandið og við getum borið aðstæður okkar að þessu leyti ef svona færi, hvað varðar t.d. hagsmunagæslu á sviði sjávarútvegsmála og hafréttarmála, saman við það sem verið hefur.

Meginókostirnir að okkar mati eru þessir, og ég hef tæpast tíma til að nefna nema fyrirsagnirnar, herra forseti: Í fyrsta lagi er mikilvægast afsal sjálfstæðis og fullveldis og glötuð sérstaða sem færi með þessu.

Í öðru lagi skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnunar sem er óumdeilt.

Í þriðja lagi yrði hagsmunum sjávarútvegsins fórnað og það er í margvíslegu tilliti. Það lýtur bæði að því valdi sem mundi færast héðan til Evrópusambandsins, til Brussel. Það lýtur líka að sjálfstæðri samningagerð og sjálfstæðri hagsmunagæslu, sjálfstæðri rödd varðandi frekari þróun sviða eins og hafréttarmála og annarra slíkra þátta sem hafa verið okkur Íslendingum gífurlega mikilvæg gegnum tíðina á sviði þessa meginatvinnuvegar og nægir þar að benda á útfærslu landhelginnar.

Í fjórða lagi er alveg ljóst að aðild að Evrópusambandinu yrði að óbreyttum ástæðum og jafnvel enn frekar eftir að stækkun Evrópusambandsins verður orðin að veruleika áfall fyrir íslenskan landbúnað. Mögulega mundi ein grein hans, þ.e. sauðfjárræktin, sleppa sæmilega frá slíkum breytingum, þ.e. ef mönnum gengi vel að ná í styrki á grundvelli þess.

Í fimmta lagi nefnum við hagsmuni ferðaþjónustunnar sem yrði að mörgu leyti teflt í tvísýnu. Má þar nefna afnám tollfrjálsrar verslunar sem kæmi illa við ferðaþjónustuna, rekstur flug- og ferjuhafna o.s.frv.

Í sjötta lagi teljum við að margt í uppbyggingu Evrópusambandsins og í þeirri staðreynd að um fjarlægt og miðstýrt Brussel-vald yrði að ræða, sem ætti að taka margar mikilsverðar ákvarðanir fyrir okar hönd, að þar sé ekki í lýðræðislegu tilliti um framför að ræða.

Í sjöunda lagi lentum við inn fyrir varhugaverða tollmúra og gætum orðið nauðug viljug aðilar að deilum Evrópusambandsins í viðskiptalegu tilliti og það þyrfti ekki og væri síður en svo okkur til hagsbóta.

Í áttunda og síðasta lagi er ljóst að mikill kostnaður yrði því samfara fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu, í kringum 8 milljarða kr. að líkindum við núverandi aðstæður og líklegt að sá kostnaður mundi vaxa verulega með stækkun Evrópusambandsins.

Þegar þetta, herra forseti, er allt saman lagt og einnig hafðir í huga aðrir þættir í alþjóðasamskiptum teljum við að þetta sé ekki ráðlegur kostur sem við eigum að eyða allt of mikilli orku í að hugleiða að óbreyttum aðstæðum.

Vegna mikilvægis málsins, herra forseti, leggjum við til að kosin verði sérstök þingnefnd, skipuð fulltrúum allra flokka til þess að vinna að þessu mikilsverða máli með framkvæmdarvaldinu. Við vísum í því sambandi, herra forseti, til þess fordæmis þegar á Alþingi starfaði svonefnd Evrópustefnunefnd Alþingis á árunum 1988–1990 í góðri þverpólitískri samstöðu og teljum vel tímabært að taka þá skipan mála upp á nýjan leik.

[14:22]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enda þótt grg. þessarar tillögu fjalli að mestu eða öllu leyti um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu er tillögugreinin miklu víðtækari. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu."

Nú erum við Íslendingar ekki bara í þessu sambandi aðilar að EES heldur einnig EFTA. Spurning mín til hv. þm. er einfaldlega þessi: Ef hann og flokkur hans kemst til aðstöðu til að hafa áhrif í ríkisstjórn munu þeir gera þar þá kröfu að Ísland segi upp samningnum um EES og samningnum um EFTA og hefji þess í stað tvíhliða viðræður við önnur aðildarríki þessara tveggja samninga um viðskiptasamstarf? Mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð gera þessa kröfu eða ekki?

[14:23]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að tillögugreinin í þessum efnum sem og sá rökstuðningur allur sem fyrir henni er fluttur sé sæmilega skýr. Þar er hvergi minnst á einhliða uppsögn á núgildandi samningum okkar á sviði alþjóðamála eins og aðild okkar að EFTA eða EES-samningnum.

Hitt er hins vegar alveg skýrt að við höfum stefnu varðandi það í hvaða átt við viljum sjá slík samskipti þróast. Þá fara menn einfaldlega yfir það hvernig menn ná helst árangri í þeim efnum. Þetta er að sjálfsögðu einnig í samhengi við umræður um það að EES-samningurinn sé að veikjast og hann kunni að gufa upp, stofnanaþáttur hans að hverfa og annað í þeim dúr, á næstu árum eða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þá skiptir miklu máli, herra forseti, að menn hafi einhverja hugmynd um það eftir hvaða meginlínum, í hvaða átt menn telja skynsamlegt að þróa þessi samskipti af okkar hálfu. Það mundu menn væntanlega ekki gera með því að byrja á því að segja öllu upp sem fyrir er heldur með því að fara í viðræður við þá aðila sem við erum í samskiptum við og fara yfir það hvernig aðstæður séu og hvernig menn geti séð þessa hluti breytast. Það held ég, herra forseti, að sé sú lína í þessum efnum sem við þurfum að móta okkur hvað framtíðina snertir.

Nú kann þetta að gleðj hv. þm. óskaplega og kannski kemur hann og segir að hér standi mikill umskiptingur, hafandi gagnrýnt EES-samninginn mikið á sínum tíma og það gerði ég svo sannarlega og var ekki einn um. En hann er engu að síður staðreynd og hann er engu að síður búinn að vera grundvöllur samskipta við Evrópusambandið um nokkurt árabil. Við höfum nauðug viljug orðið að laga okkur að þeim veruleika og þannig er staðan í dag. Það sem skiptir okkur meira máli, held ég, en að heyja orustur gærdagsins í þessum efnum er að átta okkur á því hvað er fram undan og hvernig við viljum standa málum. Þar höfum við klára stefnu, við

viljum ekki stefna á aðild að Evrópusambandinu heldur þróa þessi samskipti í átt til einfaldari tvíhliða samskipta. Það teljum við henta hagsmunum okkar betur.

[14:25]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér létti stórum við að heyra þetta því mér er enn í fersku minni að hér var einu sinni stjórnmálaafl sem krafðist þess að Íslendingar segðu upp bæði herverndarsamningnum og aðildarsamningnum að NATO en þegar þessir aðilar komust í ríkisstjórn létu þeir kyrrt liggja. Það er mjög gott að vita af því að menn í vinstri grænum munu una samningnum um EES og EFTA ef þeir fá aðild að ríkisstjórn þar til fyrir liggur að hægt sé að ná í staðinn tvíhliða samningum við öll þessi ríki, þ.e. munu ekki hnika þeim samningum fyrr en önnur niðurstaða gæti legið fyrir.

Nú geta menn auðvitað, herra forseti, getið sér til um hversu auðvelt yrði að ná tvíhliða samningum við aðildarríki EFTA og EES á meðan samningurinn stendur enn þá. En það léttir að sjálfsögðu yfir mér að heyra að vinstri grænir munu una því að þessir samningar standi áfram nema annar betri kostur gefist og er það merkilegt að menn skuli flytja fram jafnákveðna stefnu og í þáltill. felst um stefnubreytingu en jafnframt segja það nánast úr þessum ræðustól að þeir muni una því að stefnunni sé ekki breytt þó svo að þeir hafi áhuga á því.

[14:27]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kannast ég betur við mitt heimafólk. Þarna var nú hv. þm., 2. þm. Vestf. — nema hann sé 3. þm. núorðið — líkari því sem ég hef áður kynnst honum fyrr á árum, mikill meistari í því að skylmast með þessum hætti.

Ég vil nú fyrir það fyrsta, svo enginn misskilningur sé uppi í þeim efnum, hryggja hv. þm. með því að ég er enn þeirrar skoðunar að það eigi að segja upp aðild okkar að NATO og herverndarsamningnum og hef alla tíð verið. Ég sé náttúrlega enn síður nú nokkrar ástæður til að púkka upp á það batterí allt saman en áður hefur verið enda er þar um alls ósambærilega hluti að ræða og hitt hvernig viðskiptasamningum og samskiptum okkar við mikilsverð markaðssvæði okkar allt í kringum okkur er háttað. Staðreyndin er sú að EES-samningurinn var framlenging á hlutum sem voru þegar að miklu leyti samningsbundnir. Ég veit að hv. þm. man eftir svonefndri bókun 6 og öðrum hlutum sem voru sá viðskiptalegi grundvöllur sem samskipti okkar við þessa markaði byggðu áður á. Að sjálfsögðu henda menn því ekki bara frá sér án þess að einhver undirbúningur sé fyrir hendi hvað það varðar sem við tekur.

Þá teljum við að það skipti einmitt miklu máli að stefnumótun, meginlínur af því tagi sem hér eru stafaðar út, liggi fyrir. Það má vel taka það praktíska dæmi sem menn hafa oft velt upp í umræðunni að Noregur gengi í Evrópusambandið, sem ég vona nú að vísu að verði ekki, þá hafa menn sagt: Ja, þá er EES-samningurinn í uppnámi, þá er augljóst mál að stofnanaþáttur hans er hruninn því ekki munum við Íslendingar nánast einir með Liechtenstein bera uppi allan rekstrarkostnað þessara stofnana. Gott og vel, en er þá ekki einmitt nauðsynlegt að við vitum hvað við viljum gera? Þá er svarið hér: Við viljum við einhverjar slíkar aðstæður þróa þessi samskipti áfram í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

[14:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég játa það að þegar ég hef rennt yfir þessa tillögu sem ég hef nú kannski ekki haft nægilegan tíma til að gera þá varð ég afskaplega undrandi.

Mér vitanlega hefur íslensk utanríkisstefna fram á þennan dag, og ég veit ekki betur en um það hafi verið bærileg sátt, grundvallast á virkri þátttöku í starfsemi ríkjabandalaga. Þegar ég tala um ríkjabandalög þá er ég líka að tala um ríkjabandalög eins og Sameinuðu þjóðirnar. Ég vil þó ekki hártoga þetta á nokkurn hátt, ég skil hv. flm. ekki svo að hann eigi við þær en Sameinuðu þjóðirnar eru hins vegar ríkjabandalag, Norðurlandaráð er ríkjabandalag, ÖSE er ríkjabandalag, NATO er ríkjabandalag. (**SJS:** Ég talaði um ríkjasamband ...) Þetta eru líka ríkjasambönd, Norðurlandaráð er ríkjasamband, Sameinuðu þjóðirnar eru ríkjasamband. Það er náttúrlega nauðsynlegt að tala skýrt um þetta og þetta eru ekkert annað en ríkjasambönd.

Hér er gjarnan talað um fullveldi og sjálfstæði en í mínum huga höfum við Íslendingar barist fyrir fullveldi og náð fullveldi til að vera fullgildir þátttakendur í samfélagi þjóðanna og vegna þess að við töldum að þar væru hagsmunir okkar. Til þess vorum við að berjast fyrir fullveldinu.

Nú lifum við á tímum mikillar alþjóðavæðingar. Þá kemur spurningin: Viljum við Íslendingar taka þátt í þeirri alþjóðavæðingu með þeim kostum og göllum sem því fylgir?

Ég skynja tillögu hv. þingmanna þannig að þeir vilji ekki taka þátt í þessari alþjóðavæðingu, þeir vilji standa utan hennar. Þeir vilja að Ísland standi utan hennar. Það var staðfest hér áðan að hv. þingmenn vilja að við segjum okkur úr Atlantshafsbandalaginu, þeir vilja segja upp herverndarsamningnum. Það kemur hins vegar fram að þeir vilja auka samskipti við Bandaríkin á viðskiptasviðinu. Ég tel því að hér séu að ýmsu leyti miklar mótsagnir.

Þegar maður les þetta þá stendur maður frammi fyrir þessari grundvallarspurningu varðandi fullveldi: Hvers virði er fullveldi ef við munum einangrast frá öðrum ríkjum í stað þess að vera stoltir þátttakendur í samstarfi fullvalda ríkja eins og við höfum verið? Er það ekki það sem við viljum?

Er það hins vegar ekki alveg ljóst að miðað við alþjóðavæðinguna erum við ekki fær um það sem fullvalda þjóð, ein og óstudd, að leysa þau vandamál sem steðja að fullvalda ríki nú á tímum? Ég held að það sé alveg ljóst að miðað við aðstæður í dag þá getum við ekki leyst ýmis vandamál nema í samstarfi og samvinnu við aðrar þjóðir. En með því erum við ekki að afsala fullveldi okkar. Við erum að styrkja fullveldi okkar. Með því vinnum við að hagsmunum okkar fólks og það gerum við best í samstarfi við aðrar þjóðir. Þetta finnst mér mikið grundvallaratriði.

Það verður náttúrlega að spyrja hv. flm. hvort þeir vilji virkilega að sá tilgangur sem virðist birtast í máli þeirra nái fram að ganga og hvort þeir geri sér grein fyrir því hvað það muni þýða fyrir íslenskt þjóðfélag, sem er náttúrlega ekkert annað en að einangra það á alþjóðavettvangi. Ég veit að hv. þingmenn vilja endurspegla skoðanir sem komu fram hjá Alþb. á sínum tíma, hjá gamla Sósíalistaflokknum, en Sósíalistaflokkurinn vildi þó, a.m.k á sínum tíma, efla samskiptin við Sovétríkin. Hann gekk þó það langt. Að vísu eru Sovétríkin ekki lengur til þannig að það þýðir nú ekki að tala um það. (**SJS:** Einstaklega málefnalegt.)

Ég tel, af því að hv. þm. talar um málefnin, að margt í þessari tillögu sé langt frá því að vera málefnalegt og held

að þegar hv. þm. les skýrslu utanrrh. þá lesi hann hana ekki með réttum gleraugum. Hv. þm. ræðir um margt þar með þeim hætti að mér finnst það ekki algjörlega í lagi. En það er nú ekki tími til að fara hér út í það. (**Gripið fram í:** Dæmi?) Ja, t.d. kvótahopp, svo ég nefni dæmi, og niðurstöðu Evrópudómstólsins og skýrslur í Bretlandi um þau mál. Ég get nefnt það sem eitt dæmi og ég get nefnt fleiri dæmi.

Ég get líka nefnt sem dæmi, af því að það er eitt aðalatriðið í þessari tillögu, að við eigum að fara að fordæmi Svisslendinga, að það liggur alveg ljóst fyrir að Svisslendingar hafa með samningum sínum gengið mun lengra í að selja sig undir vald yfirþjóðlegra stofnana ESB en þekkist í EES-samningnum, til að mynda á sviði samgöngumála, þó hv. flm. segi að þeir hafi ekki gert það. Það liggur líka fyrir varðandi samning Sviss að á sviði dýraheilbrigðisreglna hafa Svisslendingar enn fremur skuldbundið sig til að láta ekki hagstæðari reglur gilda í viðskiptum sínum við önnur ríki en ESB þrátt fyrir að þau njóti ekki fullrar niðurfellingar á dýraheilbrigðiseftirliti á landamærum ESB eins og þekkist í EES-samningnum. Ég tel að ekki sé rétt að vitna til þessara samninga með þeim hætti sem hv. flm. gera.

Það er mjög margt erfitt í þessu máli. Við getum ekki eytt óvissunni um það. En það er lágmark að við ræðum þessi mál eins og þau blasa við. Ég tel það skyldu utanrrh. að gera svo og það hef ég gert. En ég sé hins vegar að í grg. kemur fram gagnrýni á að ég skuli hafa leyft mér að vekja athygli á ýmsum vandamálum sem þarna er við að etja. Ég tel að ef ég gerði það ekki væri ég að bregðast skyldum mínum. En hér, segir, með leyfi forseta:

„Hlýtur málflutningur núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að vekja furðu því að engu er líkara en að hann hafi tekið sér fyrir hendur að sannfæra alla sem málið varðar um bága og versnandi stöðu Íslands innan EES."

Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að staða okkar innan EES er ekki nákvæmlega sú sama og var í upphafi og það er margt sem er að breytast. Er það ekki skylda utanrrh. að vekja athygli á því, eða hvað?

[14:38]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst örstutt um orðanotkun. Ef hæstv. ráðherra hefur af einhverjum undarlegum ástæðum skilið orðalag tillögunnar svo að þarna væri t.d. verið að tala um Sameinuðu þjóðirnar, Norðurlandaráð, stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu, Evrópuráðið eða annað slíkt þá er einfalt að eyða þeim misskilningi. Hér eru notuð orð sem eru þýðingar á orðum yfir fyrirbæri sem ég hélt að væru tiltölulega óumdeildar. Hér er talað um ríkjasambönd með vísan til þess að nafni Evrópubandalagsins var breytt í Evrópusambandið. Af hverju? Af því að þar kom inn hið alþjóðlega viðurkennda hugtak „union". Hér er vitnað til hluta sem hafa ákveðna þjóðréttarlega stöðu og eru viðurkennd fyrirbæri, „union" og „federation". Ég bið þá um hjálp við þýðingar ef hæstv. utanrrh. hefur aðra máltilfinningu í þessum efnum en við.

En til þess að það sé alveg á hreinu þá er þessi tillaga ekki um að við segjum okkur úr Sameinuðu þjóðunum. Hún er ekki um að við segjum okkur Norðurlandaráði, hún er ekki um að við segjum okkur úr Evrópuráðinu, ekki um að við hættum þátttöku í starfi stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þar viljum við einmitt að þátttaka Íslands sé öflug og myndug vegna þess að það er það form á samstarfi ríkja sem við höllumst að. Í þeim skilningi erum við að sjálfsögðu ekki lakari alþjóðasinnar en hverjir aðrir. Við teljum hins vegar ekki þjóna hagsmunum Íslands, vegna sérstöðu landsins, smæðar og af ýmsum ástæðum, að ganga inn í ríkjasamband, væntanlegt stórríki Evrópu sem þarna er að verða til.

Að öðru leyti, herra forseti, verð ég að segja að mér finnst það dapurlegt að það gengur æ verr orðið, a.m.k. í mínu tilviki, að eiga málefnaleg skoðanaskipti við utanrrh. Íslands. Hæstv. utanrrh. byrjar flestar ræður á því að æsa sig upp og gera mönnum upp skoðanir, bera á mig og okkur tillögumenn einangrunarhyggju og lesa úr málflutningi okkar og tillögum allt annað en þar stendur, að við séum á móti öllu alþjóðasamstarfi eða annað slíkt. Síðan notar hæstv. ráðherra restina af ræðutímanum í að skammast út í þessi sjónarmið sem hann hefur áður gert mönnum upp. Þetta er ekki grundvöllur uppbyggilegra skoðanaskipta verð ég að segja, herra forseti.

[14:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. finnst ekki við hæfi að tala um þessi mál eins og þau eru, eins og þau blasa við. Ég tel að þessi tillaga sé mjög alvarleg. Ég tel að hún gangi algjörlega gegn núverandi stefnu Íslands í utanríkismálum. Það er mín skoðun. Ég á kannski ekki að taka það alvarlega. Ég á kannski bara að segja að þetta sé gott og sjálfsagt að starfa á grundvelli svona tillögu, eins og hv. flm. er að leggja til.

Ég vil vekja athygli á því að flestum smáríkjum í Evrópu hefur vegnað vel annaðhvort sem aðildarríki að Evrópusambandinu, hvort sem okkur líkar nú betur eða verr, eða að EFTA/EES-svæðinu. Að vísu eru til ríki sem eru utan þessa. Ég nefni Andorra. Hv. þm. telur e.t.v. stöðu Andorra vera eftirsóknarverða. Þeir eru nú að reyna að komast inn í Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, m.a. með okkar aðstoð. Þeir hafa viljað gerast aðilar að OECD. Þeim gengur það illa. Okkar lán er að hafa verið stofnaðilar að mörgum þessum stofnunum og tekið þátt í öllu því alþjóðasamstarfi sem við teljum að hafi samrýmst okkar hagsmunum í gegnum tíðina, það er lán Íslendinga. Við eigum að halda áfram með þá stefnu.

Með því er ég á engnan hátt að segja að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Við eigum að fara málefnalega yfir kosti þess og galla og við eigum líka að fjalla málefnalega um framtíð EES-samningsins eins og við sjáum hann. Ef við hefðum ekki gert þetta í gegnum tíðina þá værum við Íslendingar ekki þar sem við erum í dag og það er gegn þessu sem mér finnst að þessi tillaga gangi. Hv. þm. verður að þola að honum sé andmælt í því sambandi.

[14:42]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þolir nú mjög vel að honum sé andmælt en vissulega skal ég viðurkenna að mér þykir betra að það sé gert á málefnalegum grunni, að það sé uppbyggilegt og hægt að eiga út frá slíku skoðanaskipti.

Ég hef satt best að segja miklu meiri áhyggjur af hæstv. utanrrh., að hæstv. utanrrh., herra forseti, eigi stundum dálítið erfitt með að taka þátt í umræðum sem tengjast eitthvað skoðunum sem hæstv. utanrrh. sjálfur hefur eða hlutum sem hann hefur verið að setja fram í þessum efnum. Þá verður hæstv. utanrrh. auðvitað að fá það til baka og þola að framganga hans sé gagnrýnd. Ég gagnrýni það, herra forseti, hversu langt hæstv. utanrrh. hefur gengið í því að grafa undan trúverðugleik núverandi grundvallarsamskipta okkar

við Evrópusambandið, hvað sem um hann má segja að öðru leyti. Ég sé engan veginn hvernig það á að þjóna hagsmunum Íslands hvort heldur er í framtíðinni á óbreyttum grunni eða ef til samningaviðræðna við þessa aðila kæmi. Í báðum tilvikum, herra forseti, er staða Íslands að mínu mati einfaldlega veikari ef við útmálum hér heima fyrir hversu erfiða við teljum stöðu okkar vera. Það þýðir ekki að við förum ekki raunsætt yfir það mál og metum það. Ég er að sjálfsögðu meira en tilbúinn í allt starf og allar umræður og alla skoðun á þessum málum sem er á málefnalegum og rökföstum grunni.

Ég mundi fagna því ef menn kæmu upp úr skotgröfunum og í stað þess að skipa einhverja 50 manna nefndir, sem mönnum er auðvitað frjálst að gera hver í sínum flokki, reyndu t.d. að ná samstöðu um að fara yfir þessi mál á sameiginlegum grundvelli eins og var gert 1988–1990.

Ég vil því að lokum spyrja hæstv. utanrrh.: Sér hæstv. ráðherra einhvern flöt á því að menn slíðri nú sverðin næstu missirin og setji slíkt þverpólitískt starf í gang?

[14:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. biður utanrrh. um að stilla sig og allt í lagi með það. Ég er alveg sallarólegur yfir öllu því sem hann er að segja.

En ég verð að segja það við hv. þm. að það er alvarlegur hlutur þegar einn hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, segir á Alþingi að utanrrh. landsins sé að grafa undan samskiptunum við Evrópusambandið. Áttar hv. þm. sig alveg á því hvað hann er að segja? Getur hann fært fyrir því rök að utanrrh. hafi í starfi sínu verið að grafa undan samskiptunum við Evrópusambandið? Ég hef að sjálfsögðu ekki verið að því. Ég hef verið að treysta þau samskipti. Ég og ráðuneyti mitt höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til að treysta EES-samninginn og farið inn á ný svið eins og á svið öryggis- og varnarmála, Schengen-samstarfið og margt fleira gæti ég nefnt. Síðan kemur hv. þm. hér upp og segir að utanrrh. sé að grafa undan þessu samstarfi og telur það bara sjálfsagt að setja fram slíka fullyrðingu.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort ég væri til í að fara í þverpólitískt samstarf um þessi mál. Ég veit ekki betur en það sé þverpólitískt samstarf að starfa hér á Alþingi á sviði þessara mála. En að það eigi að koma í staðinn fyrir, eins og hann sagði, starf í mínum flokki. Hv. þm. sagði það, að í staðinn yrði farið í þverpólitískt samstarf. Ég tel að starfið á Alþingi sé að sjálfsögðu þverpólitískt samstarf. En til þess að það geti verið með einhverjum vitrænum hætti þurfa flokkar að búa sig undir það og vinna að málum sínum hver á sínum vettvangi eins og ég sé að hv. þm. hefur verið að gera.

[14:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Allt frá því að Íslendingar tóku utanríkismálin í eigin hendur hefur verið ágreiningur uppi um hvert einasta skref sem stigið hefur verið í átt til viðskiptasamstarfs og annars samstarfs við erlendar þjóðir. Þegar Íslendingar ákváðu að gerast aðilar að Marshall-aðstoðinni og þeirri efnahagssamvinnustofnun sem byggðist á því samkomulagi voru aðilar á Íslandi sem voru á móti því og sögðu að með því væru Íslendingar að framselja sjálfstæði sitt. Þegar við gengum í þær stofnanir sem stofnaðar voru á grundvelli Bretton Woods-samkomulagsins, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, voru sömu öfl á móti því og sögðu þá líka að Íslendingar væru að selja sjálfstæði sitt. Þegar við gerðumst aðilar að EFTA voru sömu rök uppi af hálfu sömu aðila. Þegar við gerðumst aðilar að EES voru enn sömu viðhorfin uppi. Enn vorum við að selja sjálfstæði okkar. Að maður tali nú ekki um NATO. Við erum því búnir að selja á þessum tíma sjálfstæði okkar sennilega sjö eða átta sinnum.

Það sem er hins vegar merkilegt við þessa afstöðu er að þegar að því kom að fylgja henni eftir og þeir aðilar sem þessi viðhorf höfðu haft komust til áhrifa og þegar að því kom að fylgja henni eftir, þá var hrein undantekning að þeir sem settu þessi stefnumið fram stæðu við yfirlýsingar sínar. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að vinstri grænir eða þeir einstaklingar sem skipa þann flokk í dag hafi verið skoðanabræður þeirra manna sem frá upphafi höfðu þessa afstöðu. Ég ætla ekki að fara að hengja neitt um hálsinn á vinstri grænum nema síður væri. En ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á það að eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan þá hefur það verið skoðun hans frá upphafi og er enn að það beri að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin og samningnum um aðild Íslands að NATO. En það fór ekkert mikið fyrir þessum skoðunum hans þegar hann sat í ríkisstjórn og hafði möguleika á því að krefjast þess að þær fengu framgang. Þó að hann hefði þessa skoðun og hafi hana enn þá lét hann yfir sig ganga að sitja í ríkisstjórn sem var allt annarrar skoðunar og framfylgdi allt annarri stefnu. (**SJS:** Voruð þið ekki á móti ...) Og það sem er auðvitað ánægjulegast við það sem hefur komið fram hér í dag er að hv. þm. hefur sagt að þó að hann og flokkur hans hafi þá stefnu sem kemur fram í till. til þál. sem nú er til umræðu þá muni hann láta það yfir sig ganga að stefnunni verði ekkert breytt frá því sem hún er komist hann og flokkur hans til áhrifa í ríkisstjórn nema tryggt sé að sú lausn geti leyst þá lausn af hólmi sem tillögur yrðu gerðar um í þessari till. til þál., þ.e. að fyrir liggi viðskiptasamningar, tvíhliða samningar við hina tvo tugi ríkja sem menn geta rétt ímyndað sér hvort auðveldlega muni ganga að fá framgengt.

Herra forseti. Það verður auðvitað að lesa tillöguna eins og hún er þó svo að ef greinargerðin er lesin þá komi hinn raunverulegi tilgangur í ljós. En tillögugreinin fjallar um allt annað en virðist mega skilja bæði af greinargerðinni og málflutningi framsögumanns. Tillögugreinin fjallar um það að Ísland eigi að marka þá efnahagsstefnu, þá stefnu í utanríkismálum að standa utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda. Eins og hæstv. utanrrh. hefur nefnt þá er þetta ansi víð skilgreining. Að standa utan efnahagsbandalaga þýðir ekki bara það að segja nei við aðild að Evrópusambandinu heldur að segja upp þeim samningum sem við erum aðilar að nú þegar varðandi EES-svæðið og EFTA. En hv. þm. hefur tekið fram að ekki beri að skilja tillöguna svo. Af hverju er hún þá orðuð svona?

Sama máli gegnir um orðið ríkjasambönd. Orðið ríkjasambönd miðað við málflutning hv. þm. þýðir bara eitt. Það þýðir Evrópusambandið eða NAFTA eða samtök Asíuríkja. Það þýðir ekki ríkjasamband eins og ríkjasamband Norðurlanda, ríkjasambönd innan Sameinuðu þjóðanna o.s.frv. eins og hann tekur sjálfur fram. En af hverju orðar þá hv. þm. og félagar hans tillögugreinina eins og hún er? Ef hún verður samþykkt eins og hún er flutt þá er alveg ljóst að ekki er hægt að túlka það öðruvísi en sem vilja Alþingis til að standa utan allrar þeirrar efnahagssamvinnu sem við Íslendingar tökum þátt í og allra þeirra ríkjasambanda sem við tökum þátt í og tökum upp algera einangrunarstefnu.

Virðulegi forseti. Ég segi því, af hverju flytur hv. þm. og félagar hans þá ekki einfaldlega till. til þál. um að Ísland gerist ekki aðili að ESB fyrst það er það eitt sem vakir fyrir honum? Hvers vegna reynir hv. þm. að smygla inn á Alþingi tillögu sem er miklu víðtækari og merkir allt annað en hann meinar samkvæmt þeim orðum sem framsögumaður hefur sjálfur viðhaft um skýringu á tillögu sinni? Það væri forvitnilegt að vita.

Auðvitað kemur að því að Alþingi Íslendinga og ekki bara Alþingi Íslendinga heldur einnig íslenska þjóðin verður að taka afstöðu til þess hvort Íslendingar eiga að gerast aðilar að Evrópusambandinu eða ekki. Einhvern tíma rennur sá tími væntanlega upp og ég ítreka að það verður ekki aðeins Alþingi Íslendinga sem þarf að taka afstöðu til þeirrar spurningar heldur íslenska þjóðin. En að Alþingi Íslendinga fari að samþykkja að það beri að marka utanríkisstefnu Íslands á þann hátt að Ísland eigi að standa utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda er auðvitað algjörlega fráleitt. Svona tillögu getur enginn samþykkt þó að hann sé á móti aðild Íslands að ESB vegna þess að samþykkt slíkrar tillögu þýðir gerbreytingu á íslenskri utanríkisstefnu, þýðir algera einangrunarstefnu. Og ef það er ekki það sem hv. flutningsmenn eiga við þá væri sæmst að hv. flutningsmenn drægju tillöguna til baka og umorðuðu hana eins og þeir raunverulega meina, þ.e. þeir óska eftir því miðað við orð flutningsmannsins sjálfs að Íslendingar taki ekki upp einangrunarafstöðu heldur að Alþingi Íslendinga marki þá stefnu að Ísland eigi í framtíðinni að standa utan ESB. Það er bara allt annar handleggur, herra forseti. Auðvitað ber að leggja tillögu fyrir Alþingi eins orðaða og tillögumenn ætlast til að hún sé skilin þannig að það sé ljóst að Alþingi sé ekki að afgreiða allt annað mál en felst í hugmyndum flutningsmanna um afgreiðslu. Það væri því sæmst, herra forseti, að þingflokkur vinstri grænna dragi einfaldlega tillöguna til baka og orðaði hana þannig að alveg ljóst sé hvað vakir fyrir flutningsmönnum. Ef það er ekki það sem hefur komið fram í tillögugreininni sjálfri þá ber að umorða hana og orða hana eins og þeir meina.

[14:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta stórbrotnar ræður sem hér hafa verið fluttar af hálfu hæstv. utanrrh. og síðan af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Að fara út í orðhengilshátt og útúrsnúning á tillögunni og taka ekkert mark á því sem augljóslega liggur alveg nægjanlega skýrt fyrir til að sæmilega greindir menn eigi að geta skilið er eiginlega dapurlegt. Hvers vegna velja menn þessa aðferð hér, tveir heiðursmenn, annar úr Framsfl. og hinn úr Samfylkingunni? Er það hugsanlega vegna þess að þeir eigi bágt með að ræða efni málsins sjálfs og tjá sig um hvort þeir vilja áfram byggja á sjálfstæðri fullveldisstöðu Íslands, ganga ekki í Evrópusambandið eða gerast 51. ríkið í Bandaríkjunum? Það er það sem þetta snýst um og það er alveg skýrt af þessum texta. Ég hafna því að orðalag sé á nokkurn hátt þannig að það eigi að þurfa að vera mönnum til trafala.

Þetta snýst sem sagt um það að við teljum að Ísland eigi ekki að fórna sjálfstæði sínu inn í efnahagsbandalög sem hafa svo dæmi sé tekið sameiginlegan gjaldmiðil, tolla og skattastefnu eða að við eigum ekki að fórna fullveldi okkar og sjálfstæði með því að ganga inn í samtök sambandsríkja eins og Bandaríkja Norður-Ameríku. Það þarf mikið hugmyndaflug til að lesa út úr tillögunni að orðalag af þessu tagi mundi hrófla við þátttöku okkar í samstarfi fullvalda ríkja í alheimsstofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum eða svæðasamstarfi án nokkurs yfirþjóðlegs valds eins og Norðurlandaráð er og hv. þm. ætti að vera manna best kunnugt. Það er algjörlega óhugsandi að lesa út úr þessum texta neitt í þá áttina.

Sögulega er það rangt, mjög rangt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að ágreiningur hafi verið um öll skref sem Íslendingar hafa tekið í alþjóðamálum á síðustu áratugum. Það var enginn ágreiningur um aðild að Sameinuðu þjóðunum. Það var enginn ágreiningur um aðild að Norðurlandaráði. Það var enginn ágreiningur um aðild að Evrópuráðinu. (Forseti hringir.) Það var enginn ágreiningur um aðild að stofnuninni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Það var enginn ágreiningur um aðild að Vestnorræna (Forseti hringir.) þingmannaráðinu og þannig mætti áfram telja. Það er því ekki rétt söguskoðun að halda slíkum hlutum fram.

[14:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er þetta heldur alveg rétt með farið. Það var nefnilega ágreiningur um aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum. Íslandi bauðst að gerast stofnaðili að Sameinuðu þjóðunum gegn því skilyrði að Ísland lýsti yfir stríði gegn möndulveldunum. Því höfnuðu allir stjórnmálamenn á Íslandi nema fulltrúar eins flokks sem lögðu það til að Íslendingar lýstu yfir stríði á hendur þeim sem höfðu tapað seinni heimsstyrjöldinni. Og fulltrúar hvaða flokks voru það? Ég ætla ekki að rifja það upp hér, en ég býst við að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon viti vel af þessu og kannist vel við það.

Herra forseti. Ef þessi tillaga fjallar bara um það að Ísland eigi ekki að verða 51. fylki Bandaríkjanna eða gerast aðili að Evrópusambandinu, af hverju orðar hv. flm. þá ekki tillöguna þannig? Af hverju orðar hann tillöguna þannig að Ísland eigi að standa utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en segir jafnframt að það beri ekki að skilja þetta svo að Ísland eigi að segja sig úr EFTA eða segja upp aðildarsamningum sínum um EES? Af hverju orðar hv. þm. hugsun sína eins og hann gerir í tillögugreininni eða ber ekki að skilja tillögugreinina svo að Ísland eigi að segja sig úr EFTA og segja upp EES-samningnum eins og hv. þm. hefur sagt sjálfur að hann telji að ekki eigi að gera?

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég segi. Það verður að taka tillöguna alvarlega eða ég hélt að taka ætti hana alvarlega. En ég er kominn á þá skoðun núna að það eigi ekki að taka hana alvarlega vegna þess að hv. flm. segir að hann meini ekki það sem hann segir heldur eitthvað allt annað og hann segir líka að það beri ekki að taka mark á því sem hann segir því hann meini það ekki að hann ætli sér að segja upp þeim aðildarsamningum sem hann hefur þó verið á móti. Og hann bætir við og segir að hann muni umbera það, hann muni ekki leggja þessa stefnu fram sem afdráttarlausa kröfu síns flokks í stjórnarmyndunarviðræðum. Með öðrum orðum að hann meini ekki það sem hann segir.

[15:00]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit satt best að segja ekki hvað skoðanaskipti við hv. þm. á þessum nótum hafa mikið upp á sig. Að sjálfsögðu má fara yfir það hvort hægt sé að orða hluti af þessu tagi skýrar og betur ef einhver vilji er til að vinna sameiginlega að slíku. Ég les það ekki út úr ræðuhöldum hæstv. utanrrh. hér áðan og það af síður hv. þm. Sighvats

Björgvinssonar að þetta snúist bara um að skýra aðeins betur með nákvæmara orðalagi hvert verið er að fara. Ég held að það liggi pólitískt nokkuð skýrt fyrir. Ef hv. þm. hefði nokkurn áhuga á því að taka orðskýringar *mínar* hér sem 1. flm. þessa máls gildar en væri ekki í endalausum útúrsnúningum og orðhengilshætti, þá held ég að það tæki okkur ekki langa stund að útkljá nákvæmlega hvert er verið að fara þarna. Hafi hv. þm. uppástungur um heppilegra orðalag, þá er ég að sjálfsögðu opinn fyrir þeim, sérstaklega ef þær væru settar fram á þeim nótum að ég skynjaði þar vilja til jákvæðrar og uppbyggilegrar umfjöllunar um málið. Það geri ég hins vegar ekki út frá þessum ræðuhöldum.

Ég hefði líka talið mjög gaman og gagnlegt ef, í staðinn fyrir þetta innlegg hér af hálfu Samfylkingarinnar í málið, eitthvað hefði komið fram um afstöðu Samfylkingarinnar í aðalatriðum í þessum efnum. Ef við hefðum fengið hérna inn í umræðuna leiðsögn um það. Telur Samfylkingin að það væri til bóta að reyna að skýra stöðu Íslands, eins og tillagan gengur út á, með vinnu af þessu tagi til næstu ára? Telur Samfylkingin núverandi óvissuaðstæður í þessum efnum góðar? Ef svo er, hvers vegna þá? Er það vegna þess að Samfylkingin geti ekki sagt hug sinn allan t.d. í Evrópumálunum og verði að pakka honum inn í endalausan silkipappír orðalags af því tagi að það verði að skoða þetta og athuga hitt? Við erum að tala um að reyna að vinna okkur frá slíku ástandi með því að móta útlínur fyrir þróun þessara mála næstu árin með því að Ísland haldi sjálfstæðri stöðu sinni, en rækti góð samskipti í allar áttir.

[15:02]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki hægt að ætlast til þess af mér eða okkur samfylkingarmönnum að við orðum till. til þál. fyrir vinstri græna. Og skýrum hvað fyrir þeim vakir með tillgr. Flm. tillögunnar verða auðvitað að orða hana sjálfir. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hins vegar lít ég svo á að þessi orð hv. 1. flm. hér áðan séu viðurkenning á því að orðalagið, sem liggur fyrir í till. til þál. sem hann mælir fyrir, nái ekki yfir það sem vakir fyrir vinstri grænum að fá afgreitt hér á Alþingi heldur allt annað.

Þess vegna ítreka ég þau tilmæli mín að hv. þm. og félagar hans dragi einfaldlega tillöguna til baka og orði hana eins og þeir raunverulega meina.

Hv. þm. segir að stefna Samfylkingarinnar liggi ekki skýrt fyrir. Jú, hún liggur fyrir. Við erum ekki á því að Ísland eigi að standa utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda. Við erum á móti því. Við erum á móti því að Ísland einangri sig í heiminum. Það liggur alveg skýrt fyrir. Við viljum ekki taka þá u-beygju í utanríkisafstöðu Íslendinga að einangra okkur í heiminum. Við erum hins vegar fúsir og viljugir til að taka til alvarlegrar umræðu (Gripið fram í.) framtíð okkar í Evrópu. Við viljum að það mál verði rætt. Ef hv. þm. dregur tillögu sína til baka og umorðar hana t.d. svo að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til þess að skoða kosti og galla aðildar landsins að Evrópusambandinu eða framtíð landsins í Evrópu, þá erum við reiðubúin að styðja það. Við viljum opna fyrir þá umræðu (Gripið fram í.) en við viljum ekki, eins og hv. þm., skjóta fyrst og spyrja svo, að Alþingi samþykki fyrst eins og hann vill að Ísland skuli ekki taka þátt í samvinnu ríkja eða efnahagssamstarfi og kjósi síðan nefnd til þess að skoða málið. Til hvers á að kjósa nefndina ef Alþingi er búið að taka afstöðuna áður?

[15:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að þessi tillaga er *þannig samsett að ef ég væri í skapi til að grínast svolítið* hér á hinu háa Alþingi þá hefði ég sagt að Enver Hoxha hefði verið fullsæmdur af tillöguflutningi sem þessum.

Það er einfaldlega þannig að grunn... (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, get ég fengið frið til að tala, hv. þm.? Grunnhugsunin í þessum tillöguflutningi snýst náttúrlega um einangrun og ekkert annað. Það hefur ekkert komið fram hér í máli hv. 1. flm. sem sýnir okkur fram á hvernig hann hyggist breyta EES-samstarfinu, sem hann vill jú halda í eins og fram hefur komið. En hvernig á að ganga til tvíhliða samninga við öll EES-ríkin? Það væri fróðlegt að fá það upplýst í þessari umræðu.

Hafi einhver þróun sett mark sitt á samskipti ríkja nú sl. hálfa öld, þá er það þróun í átt til nánari samskipta og viðskipta, samhliða gífurlegri aukningu í alls kyns alþjóðlegu samstarfi, bæði á sviði rannsókna, vísinda, menninga og lista, eins og þingheimi er auðvitað fullkunnugt um. Hér á landi er vaxandi umræða um hið svokallaða nýja hagkerfi og þýðingu þess fyrir stöðu okkar í alþjóðasamfélaginu, tækifærin og hætturnar sem í því felast.

Því er ekki að neita, herra forseti, að það kemur mér einkennilega fyrir sjónir að tillaga sem þessi skuli flutt eins og sakir standa. Kjarni tillögunnar er, eins og hv. 1. flm. hefur lýst, að Ísland standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar.

Hafa hv. flm. þessarar tillögu kannað hvaða líkur eru til að slíkir sérsamningar náist? Ég held það væri fróðlegt innlegg í þessa umræðu.

Og áfram segir í tillgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta."

Sjálfstæði og óháð staða landsins eru markmið þessarar tillögu og enginn deilir um nauðsyn þess að hér búi sjálfstæð og fullvalda þjóð. En hverjum á hún að vera óháð? Er nokkurt ríki öðru óháð á okkar tímum? Væri þetta gagnlegt markmið í alþjóðlegum samskiptum og í utanríkisstefnu Íslendinga?

Nú er það svo, herra forseti, að við stöndum á aldamótaári frammi fyrir því mikilvæga verkefni að skilgreina stöðu okkar í samfélagi þjóðanna upp á nýtt. Endalok kalda stríðsins, aukin efnahagsleg og pólitísk samvinna býður auðvitað upp á byltingarkenndar breytingar á sviðum fjarskipta, viðskipta og samgangna og hafa fært okkur ný tækifæri, um það er engum blöðum um að fletta. Stærð ríkis ræður ekki úrslitum um framlag þess á alþjóðlegum vettvangi. Það held ég að flestum hér sé einnig að fullu ljóst. Fyrr í umræðunni hefur verið bent á að stærð ríkja í Evrópu hefur ekki haft slæm áhrif á stöðu þeirra innan Evrópusambandsins, þ.e. smáríkin hafa, ef eitthvað er, meira vald þar inni. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að Íslendingar hafi verið of uppteknir af smæð sinni í samskiptum við önnur ríki og við eigum fullt erindi í mikið og gott alþjóðlegt samstarf á ýmiss konar vettvangi, burt séð frá því hversu fjölmenn þjóðin er.

Mér virðist tillöguflutningur af þessu tagi ekki til þess fallinn að gera okkur auðveldara að gera okkur gildandi í samfélagi þjóðanna. Ýmislegt bendir til þess að hann geti gert okkur erfiðara fyrir í þeim samskiptum. Hv. 1. flm. nefndi það hér áðan að hæstv. utanrrh. hefði með málflutningi sín-

um, ég vona að ég hafi rétt eftir, herra forseti, grafið undan EES-samstarfinu. Mig fýsir að vita hver hv. 1. flm. heldur að viðbrögðin verði hjá ríkisstjórnum hinna EES-landanna verði tillaga sem þessi samþykkt á hinu háa Alþingi. Og hvort þar fýsi alla til flókinna tvíhliða viðræðna við Ísland.

Að lokum, herra forseti, sýnist mér að í grundvallaratriðum stangist sú sýn sem fram kemur í þessari tillögu á við sýn Samfylkingarinnar í utanríkismálum, sýn okkar á hver staða okkar er í alþjóðasamfélaginu og hvernig við viljum eiga samskipti við aðrar þjóðir, nær og fjær. Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur bent á þá snýst tillagan um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Ég verð að segja, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að kannski hefði verið einfaldara að fara í þessa umræðu út frá þeim forsendum.

[15:11]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að það er mikill skaði að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir skuli ekki vera í skapi til að gera að gamni sínu, og sérstaklega að koma með þessa gamansömu samanlíkingu við Enver Hoxha, sem ég gef mér þá að hv. þm. sé vel að sér um úr því hv. þm. þekkir þarna einhverja sameiginlega sögulega þætti. Bæði vegna hv. þm. og okkar hinna þá hefði verið skemmtilegra ef betur hefði legið á henni og hún hefði látið slíka gamansemi eftir sér. Ég hefði haft gaman af því.

Frændur okkar Færeyingar eru að berjast fyrir sjálfstæði. Meiri hluti færeysku þjóðarinnar hefur samþykkt það í kosningum, gegnum stuðning við flokka sem hafa það á dagskrá sinni að Færeyingar gerist sjálfstæð þjóð. Það hafa þeir ekki gert til þess að einangra sig, það held ég sé ekki meining nokkurs manns í Færeyjum. Það er heldur ekki skoðun mín sem hef stutt þá mjög í þessari viðleitni að þeir eigi að gera það. Nei, það hafa þeir til þess að geta sjálfstætt gætt hagsmuna sinna á eigin forsendum. Og það er það sem þetta snýst um.

Alþjóðasamstarf er í aðalatriðum af tvennum toga. Annars vegar er samstarf fullvalda ríkja í heims- eða svæðisstofnunum þar sem um tiltölulega lítið eða ekkert framsal fullveldisréttar til stofnana eða yfirþjóðlegs valds er að ræða. Af þessum toga er samstarfið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Evrópuráðinu og í Norðurlandaráði, sem er kannski skýrasta dæmið. Hið ágæta samstarf Norðurlandanna byggir í engu á yfirþjóðlegu valdi. Það er ekki til staðar í því samstarfi. Hins vegar sjáum við þróun af því tagi sem er í gangi í Evrópusambandsríkjunum eða á Evrópusambandssvæðinu, þar sem menn eru hraðbyri að þróa málin í átt til sambandsríkis. Að sjálfsögðu hverfur þá sjálfstæði og fullveldi þeirra ríkja sem þar eru aðilar þar inn í.

Ég held að það mundi ekki þykja nein ótíðindi og í sjálfu sér ekki valda neinum áhyggjum í nágrannalöndunum þó Alþingi Íslendinga afgreiddi tillögu af þessu tagi sem væri undirstrikun á því að við ætluðum að halda sjálfstæði okkar, en rækta góð samskipti við umheiminn.

[15:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki að fullu ljóst hvort hv. þm. bjóst við svari við þessum pistli hans.

Auðvitað byggjast samskipti þjóða á alþjóðlegum vettvangi á samskiptum fullvalda og sjálfstæðra þjóða. Þar skiptir engu hvort um samskipti í Evrópu eða annars staðar á jörðinni er að ræða. Samskipti innan Evrópusambandsins byggjast á samskiptum fullvalda og sjálfstæðra þjóða.

Ég er sammála hv. flm. um að auðvitað eru Færeyingar að berjast fyrir sjálfstæði sínu til að hafa meiri áhrif á alþjóðasviðinu en sem hluti af Danmörku. Ég hef fullan skilning á því markmiði Færeyinga. En ég sé samt ekki alveg hvernig hv. þm. ætlar að tengja það þessari umræðu. Er hann kannski þeirrar skoðunar að það þýði að Færeyingar vilji ekki ganga í nánara samstarf við önnur Evrópuríki um leið og þeir verða sjálfstæðir?

[15:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi tillaga er um sjálfstæði Íslands. Þessi tillaga er flutt af hópi þingmanna sem eru þeirrar skoðunar að við eigum áfram að byggja á sjálfstæði íslensku þjóðarinnar sem grundvelli okkar þjóðskipulags og samskipta okkar út á við við aðrar þjóðir. Og samlíkingin við Færeyinga er ósköp einföld og skýr. Þeir eru að leita eftir sama fyrirkomulagi fyrir sig, einmitt núna þessa mánuðina og gengur illa að vísu, því miður, vegna ótrúlegrar stífni og þvermóðsku danskra krata fyrst og fremst, flokkssystkina hv. þm. Ég tel hins vegar og gef mér að í því felist ekki af hálfu Færeyinga þó að þeir telji, þessi meiri hluti færeysku þjóðarinnar sem þar er á bak við, að heppilegra sé fyrir þá að gæta sinna hagsmuna og lifa í heiminum sem sjálfstæð þjóð, að það sé vegna þess að þeir vilji einangra sig. Ég er alveg sannfærður um að svo er ekki og veit reyndar vel að svo er ekki því að ég þekki ágætlega þeirra helstu forystumenn í þessu máli og það sama gildir um okkur. Við erum ekki að leggja það til. Það er útúrsnúningur, viljandi að því er virðist, hjá hverjum talsmanni Samfylkingarinnar á fætur öðrum og hæstv. utanrrh. sem ég held að eigi að fara að sækja um aukaaðild að heimssambandi krata því að oft og tíðum birtist hæstv. ráðherra eins og liðsmaður í þeirri sveit, að lesa út úr þessari tillögu einhverja einangrunarhyggju. Það er bara alls ekki það sem hún er um og það kemur skýrt fram í textanum. Tillagan gefur sér hins vegar ákveðnar forsendur fyrir því á hvaða grunni samskipta Íslands verði gætt. Það er alveg hárrétt. Hvers vegna, herra forseti, þyrfti að breyta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins ef við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu? Hvers vegna reiknuðu Norðmenn með því og hefðu orðið að breyta sinni stjórnarskrá ef þeir hefðu gerst aðilar að Evrópusambandinu? Vegna þess að í gegnum aðildina fer fram verulegt framsal á fullveldisrétti ríkja til stofnana Evrópusambandsins. Við mælum ekki með slíkum hlutum og teljum þar allt of langt gengið og um það er þessi tillaga.

[15:17]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er að fullu ljóst að flutningsmönnum þessarar tillögu er umhugað um að gæta sjálfstæðis og fullveldis Íslendinga enda held ég að okkur öllum sé umhugað um það. En það breytir því ekki að það er mín skoðun að ef þessi tillaga yrði samþykkt og íslensk stjórnvöld færu í að reyna að ná tvíhliða samningum á grundvelli EES-samningsins þá gætum við einangrast. Það er ekki þar með sagt að það mundi lukkast, herra forseti, og það er mikill ábyrgðarhluti að leggja fram slíka grundvallarstefnubreytingu um utanríkisstefnu þjóðarinnar.

[15:18]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir klifar á því að stórhættulegt sé að framkalla einangrunarstefnu. En staðreyndin er sú að þessi till. til þál. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er einmitt tillaga um tilhögun á samstarfi Íslands við aðrar þjóðir og það er meira en mörg önnur stjórnmálaöfl á hinu háa Alþingi hafa treyst sér til að gera. Þess vegna er það tilefni fyrir mig til þess að spyrja hv. þm.: Er bara samstaða um það hjá Samfylkingunni, eins og fram hefur komið hér í umræðunum, að ræða málin og skoða málin? Er samstaða um að leggja fram tillögu sem skýrir klárlega stefnu Samfylkingarinnar í samskiptum okkar og þá sérstaklega við Evrópusambandið? Hvers vegna er þá ekki fyrir löngu komin fram tillaga um að ganga til verka á svipuðum nótum varðandi samstarf við aðrar þjóðir eins og við höfum klárlega lagt fram?

Þjóðin á heimtingu á því að menn leggi fram skýra og klára stefnu, skýrar og klárar leiðir sem viðkomandi stjórnmálaöfl vilja fara. Allir geta sagt, bæði framsóknarmenn og samfylkingarmenn, að það eigi að skoða hlutina. En undirliggjandi áhugi er — það veit öll þjóðin — allt annar. Undirliggjandi áhugi þeirra sem tala á þann hátt hnígur að því að ganga í Evrópusambandið. Spurningin er því þessi: *Er samstaða um það hjá Samfylkingunni að skoða það að* leggja fram tillögu á allra næstu dögum eða vikum um að ganga í ESB?

[15:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi svokallaði undirliggjandi áhugi innan Samfylkingarinnar á nánara samstarfi við Evrópu angrar vinstri græna greinilega. En ég get upplýst hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson um það að á stofnfundi Samfylkingarinnar í maí sl. var eftirfarandi samþykkt og ég les beint nú upp úr stofnsamþykktinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Næsta skref í þessum málum er að hefja skipulega vinnu við að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga í hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Um þau markmið þarf að ríkja meirihlutasamstaða meðal þjóðarinnar. Það er ekki ráðlegt að sækja um aðild nema slík samstaða sé fyrir hendi og nægir þar að minna á dæmi Norðmanna."

Það gleður mig að geta upplýst hv. þm. um þetta. Þessi vinna er farin af stað innan Samfylkingarinnar og ég er hrædd um að hv. þm. verði bara að bíða þangað til hún er tilbúin.

[15:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður eflaust flesta að stefna Samfylkingarinnar í samskiptamálum varðandi ESB sé hér um bil að verða til og ég er viss um að það gleður kjósendur Samfylkingarinnar. En ég vil spyrja hv. þm. hvort hún telji ekki að þessi aðferðafræði framsóknarmanna og samfylkingarmanna um skoðun á hlutunum sé vegna þess að hvorki innan Samfylkingarinnar né Framsóknar sé samstaða um að menn feti sig þá leið að hefja vinnu til inngöngu í Evrópusambandið. Það væri gott að fá það skýrt fram hvort hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir telji að það eigi að hefja þessa vinnu — grundvöll að því merkisplaggi sem er á næstu grösum að því er manni skilst — hvort hún telji að það eigi að hefja þá vinnu sem miði að því að ganga í ESB. Nóg er af gögnunum sem liggja fyrir þannig að menn ættu að geta verið búnir að mynda sér skoðun fyrir alllöngu síðan því að pappírarnir eru í til metravís. Það vafðist ekki fyrir Dönum t.d. varðandi myntmálin að taka afstöðu til þess hvort þeir ættu að segja já eða nei, hvort þeir ættu að fórna dönsku krónunni eða taka upp sameiginlega mynt.

[15:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nær að halda að innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ríki hræðsla við það að umræðan um Evrópumálin á Íslandi og væntanlega nánara samstarf við Evrópusambandið, sem færi lýðræðislega fram bæði á hinu háa Alþingi og úti í samfélaginu, gæti leitt til niðurstöðu sem vinstri grænum líkaði ekki. (Gripið fram í.) Það skyldi þó aldrei vera að slík hræðsla ríki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? (Gripið fram í.) Ég vil líka upplýsa hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson — það er eiginlega hvimleitt, forseti, hvernig menn grípa sýknt og heilagt fram í fyrir manni þegar maður er í ræðustól hins háa Alþingis — ég vil upplýsa hv. þm. um að ég gef mér ekki þessa niðurstöðu af vinnu Samfylkingarinnar fyrir fram.

[15:24]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Allmargir þingmenn hafa kastað sér út í innblásnar umræður um orðskýringar og þá fyrst og fremst um það hvað tillögugreinin sjálf merki. Ég verð að viðurkenna að sumt af því sem hér hefur verið sagt um hvað felist í tillögugreininni hefur komið mér á óvart.

Ég get ekki, þó að ég legði mig fram um það, lesið út úr þessari tillögugrein að lagt sé til að Íslendingar hætti þátttöku í alþjóðlegum samtökum eins og Sameinuðu þjóðunum eða Öryggissamvinnustofnun Evrópu. Það er erfitt að leggja þá merkingu í þetta orðalag. Ég verð að segja eins og er að ég taldi fullvíst að orðalagið efnahagsbandalög og ríkjasambönd væri valið beinlínis til þess að vísa til þeirrar óvissu sem er í dag um það hvernig Evrópusambandið er að þróast. Sumir innan Evrópusambandsins leggja áherslu á að Evrópusambandið þróist í átt til sambands sjálfstæðra ríkja sem fyrst og fremst eiga samvinnu um efnahags- og viðskiptamál en einnig um afmarkaða aðra þætti en afsala sér ekki fullveldi, a.m.k. ekki meira en nú þegar er orðið.

Það er t.d. ekki um það samkomulag innan Evrópusambandsins hvort það eigi að þróast í átt til ríkjasambands eða ekki. Þær yfirlýsingar sem við höfum heyrt nú alveg upp á síðkastið eru þess eðlis að vísað er í margar áttir. Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins hefur margsinnis gert tilraun til þess að setja á dagskrá mjög nána samvinnu, nánast ríkjasamband eða „federation", en á sama tíma er talið að kosningaúrslitin í Danmörku hafi veikt slíka hugsjón og í raun hafi Evrópusambandið fjarlægst þann draum sem settur var fram af Jacques Delors á sínum tíma og studdur eindregið af Helmut Kohl og François Mitterrand, með öðrum orðum að meiri líkur séu á því nú að Evrópusambandið verði laustengdara en áður var. Ég leit svo á að hér væri orðalagið við þetta miðað og það væri þess vegna í þessu orðalagi fyrst og fremst verið að tala um að Ísland stæði utan ESB. Þann skilning lagði ég í þetta og hef nú satt að segja ekki breytt um skoðun á því miðað við þessar upplýstu umræður sem hafa verið hérna í dag.

Á þessum skilningi grundvallast erfiðleikar mínir við að taka undir þessa tillögu vegna þess að ég bendi á það að við erum í mjög nánu samstarfi við Evrópusambandið. Við

erum þátttakendur í viðskipta- og markaðssamstarfi Evrópusambandsins og innleiðum hér á hverju ári þær reglur sem verða til í Evrópusambandinu. Við erum ekki meðlimir í Evrópusambandinu en við erum engu að síður með samning sem sumir hafa líkt við aukaaðildarsamning við Evrópusambandið. Mér finnst því að orðalagið sem hér er notað í tillögugreininni veki efasemdir um að skynsamlegt sé fyrir okkur að vera í EES og að nauðsynlegt sé að þróa þau samskipti burt frá EES og í átt til tvíhliða samninga. Ég er sjálfur mjög sáttur við þá þróun sem hefur átt sér stað eftir að við gengum í EES. Ég tel að EES-samningurinn sé góður samningur sem hafi sannað gildi sitt og hef fyrir því t.d. yfirlýsingar frá utanrrn. að EES-samningurinn hafi sannað gildi sitt. Það kemur mjög skýrt fram einnig í skýrslu hæstv. utanrrh. að samningurinn hefur sannað gildi sitt.

Það er reyndar ekki hægt að segja á sama tíma að samningurinn hafi sannað gildi sitt og að hann hafi misst gildi sitt. Slíkar yfirlýsingar ganga ekki upp í mínum huga og ég hef lagt áherslu á það bæði í blaðagrein sem ég hef skrifað og einnig í málflutningi að menn fari varlega í yfirlýsingum um þessi mál. EES-samningurinn er í raun og veru það verkfæri sem Íslendingar hafa til að styrkja stöðu sína í samstarfi við ESB.

Það er ljóst að hvort sem við kjósum að viðhalda þessum samningi, gera á honum einhverjar breytingar ef hægt er ellegar þá að nálgast Evrópusambandið eða hugsanlega ganga inn í það í framtíðinni þá er þessi samningur það verkfæri sem við höfum. Sú staða sem hann skapar okkur er staða Íslands í slíkum samningaviðræðum hverjar svo sem þær verða.

Einnig er ljóst að núverandi ríkisstjórn hefur þá stefnu að viðhalda þeim samningi en ekki að ganga í ESB. Það er ekki á dagskrá hjá þessari ríkisstjórn að ganga í ESB og á meðan svo er er þessi samningur það verkfæri sem við Íslendingar höfum til þess að tryggja stöðu okkar í samstarfinu við ESB-löndin.

Það sem hins vegar kemur fram í tillögunni og ég býst við að mjög margir ef ekki allir hér í þessum þingsal ættu að geta verið sammála um er að afar mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að tryggja okkur eins opna stöðu í heimsviðskiptum og mögulegt er en gæta þess jafnframt að aðlögunarhæfni og viðbragðsflýtir íslenska samfélagsins og viðskiptalífsins séu mikil, enda sker það úr um hæfileika nútímasamfélaga til að tryggja þegnum sínum sem best kjör og varanlega velferð.

Þess vegna get ég tekið undir það sjónarmið sem kemur fram hér, að vísu með allmiklum annmörkum, að það sé mikils virði fyrir Íslendinga að líta til allra átta og tryggja hagsmuni sína, alþjóðlega viðskiptahagsmuni sína í öllum heiminum. Við getum ekki lokað augunum fyrir því að annars vegar er verið að vinna að því á alþjóðlega vísu að bæta heimsviðskipti og bæta það umhverfi og þær reglur sem gilda um heimsviðskipti, hins vegar er verið að vinna að þessu með takmarkaðri hætti og það er ekki hægt að útiloka að upp komi verulegur ágreiningur og jafnvel vandræðaástand vegna mismunandi viðskiptahagsmuna stórra viðskiptablokka. Í þeim tilfellum eiga Íslendingar hagsmuna að gæta að alþjóðlegar viðskiptareglur séu sem opnastar og frjálsastar þannig að við getum gætt hagsmuna okkar alls staðar í heiminum og notfært okkur þann vilja sem íslenskir viðskiptaaðilar hafa til að stofna til viðskipta sem víðast í heiminum.

[15:31]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. teldi sig ekki geta tekið að öllu leyti undir tillöguna óbreytta eins og hún er fram sett þá var ólíku saman að jafna málflutningi hans og þeim sem við heyrðum áðan í ræðum hv. þingmanna Samfylkingarinnar og Framsfl. Hér voru færðar fram mjög málefnalegar athugasemdir og málefnaleg umfjöllun um það sem þetta einmitt snýst um. Og það er alveg hárrétt að út frá orðalagi þessarar tillögu er að sjálfsögðu þróun Evrópusambandsins sérstaklega höfð í huga og orðalag valið m.a. með hliðsjón af því sem þar fer fram og þeirri umræðu sem þar er um hvers eðlis í raun og veru fyrirbærið sé og hvert það sé að stefna. Enda þarf ekki mikið hugmyndaflug í sjálfu sér til að komast að þeirri niðurstöðu þegar grg. tillögunnar er skoðuð, þar eru einar fjórar, sex blaðsíður af tíu fyrst og fremst um þessi samskipti okkar við Evrópusambandið.

Það er út af fyrir sig þannig að menn greinir á um hvert þetta er að þróast og jafnvel að einhverju leyti um það hvað Evrópusambandið sé í dag og hversu sjálfstæð ríkin séu í raun og veru sem í sambandinu eru. Og síðan koma hugmyndir manna um að gera þetta að formlegu ríkjasambandi eða „federation" og hafa þar ýmsir lagt til hlutanna á síðustu mánuðum og má þar nefna utanrríkisráðherra Þýskalands og fleiri hugsuði sem hafa verið að teikna upp þetta mögulega framtíðarríki meginlands Evrópu.

En þó við horfum ekki til annarra hluta en þeirra sem eru staðreyndir líðandi stundar, að þarna eru ríkin velflest búin að koma sér upp sameiginlegri mynt, sameiginlegum seðlabanka, eru að undirbúa sameiginlega varnarstefnu og akkúrat þessa mánuðina er unnið að sameiginlegri stjórnarskrá eða „charter", þá teiknar það allt saman til sambandsríkis eða ríkjasambands og tillagan tekur algjörlega af skarið hvað það varðar að við sjáum það ekki sem hagstæðan kost fyrir okkur að gerast aðilar að því sambandi.

[15:34]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt andsvar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hafi kannski ekki beinlínis gefið tilefni til þess að ég færi hér upp aftur vil ég þó taka fram að meðal þess sem er efnislega nokkuð erfitt að sætta sig við í tillögunni er að sjálfsögðu sú eindregna afstaða sem þar er tekin gegn aðild að Evrópusambandinu. Sjálfur hef ég aldrei útilokað slíka aðild í framtíðinni. Sjálfstfl. hefur heldur ekki gert það þótt afstaða flokksins til aðildar nú um stundir sé mjög skýr. Ég hef að mörgu leyti þá afstöðu að Evrópusambandið sé mjög árangursríkt samband, ekki síst miðað við það hvernig tilgangurinn var en hann var sá að auka öryggismál í Evrópu og ég tel að það hafi tekist. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig Evrópusambandið þróast hvort það verður ákjósanlegur kostur fyrir Íslendinga að gerast aðilar að því síðar meir. Nú um stundir lít ég svo á að svo sé ekki og að það sé ekkert sem kallar á það í rauninni að við gerum það, en að við eigum að halda því samstarfi áfram sem við eigum við Evrópusambandið, bæði innan EES eins og á öðrum sviðum, það sé gott samstarf og hafi reynst vel og hafi haldið gildi sínu og algjörlega ástæðulaust sé að hrófla nokkuð við því.

[15:36]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt skilið að tillagan byggir á þeirri meginhugsun að aðild að Evrópusambandinu sé ekki

heppilegur eða fýsilegur kostur fyrir okkur og kemur fram í rökstuðningi að við sjáum ekki neitt benda til þess að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð.

Nú er það að sjálfsögðu svo að slíkt er auðvitað ekki hægt að ákveða í eitt skipti fyrir öll um ókomin ár og alla framtíð. Það getur ekkert eitt Alþingi, jafnvel þó það vilji, með samþykkt bundið hendur komandi kynslóða, komandi meiri hluta á Alþingi Íslendinga einhvern tíma á næstu öld. Þannig er nú einfaldlega okkar stjórnskipun og þar af leiðandi hafa umræður um hvort með slíku sé verið að tala um stefnu til allrar framtíðar og um aldur og ævi ekki mikið upp á sig, ósköp einfaldlega vegna þess að slíkt stenst ekki stjórnskipulega ef út í það er farið að ræða málin á þeim nótum, en það er ekki verið að því hér.

Varðandi Evrópusambandið og vegna þess að hv. þm. nefndi að það væri að mörgu leyti árangursríkt þá hef ég oft sagt það sama í umræðum t.d. við kollega úr Evrópusambandslöndum. Ég tel ýmislegt ágætt í þessu samstarfi ríkjanna á meginlandi Evrópu, sérstaklega hvað varðar samskipti almennings og mögulega minnkaðar líkur á spennu og ófriði milli þessara aðila. Það er annað sem er mjög miður og mér fellur ekki allt í þessari hugmyndafræði eða uppbyggingu hvað varðar skort á lýðræðislegri ákvarðanatöku og annað því um líkt. En jafnvel þó svo að við séum þeirrar skoðunar að margt sé ágætt um þetta samstarf að segja fyrir hönd þjóðanna á meginlandi Evrópu er að sjálfsögðu ekki þar með sagt að það sé hagstætt okkur að ganga þar inn. Það getur verið alveg ágætt fyrir þessi lönd sem eiga sameiginleg landamæri og eru meira og minna ein menningarleg heild samskiptalega og viðskiptalega eins og Beneluxlöndin að hafa svona skipan en það er ekki þar með sagt að Ísland eigi erindi þangað inn.

[15:38]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að mörgu leyti fallist á þá skoðun hv. síðasta ræðumanns að ástæður landa í Evrópu til þess að ganga í Evrópusambandið geta verið mjög mismunandi. Það fer t.d. ekki á milli mála að Finnar gengu í Evrópusambandið ekki einungis af efnahagslegum ástæðum heldur kannski fyrst og fremst af öryggisástæðum. Og ástæðan fyrir því að baltnesku löndin hafa áhuga á inngöngu í Evrópusambandið er fyrst og fremst öryggismál vegna sárrar reynslu af nábýli við Rússa. Það er einnig ljóst að Rússar hafa sem slíkir ekki amast við aðild að Evrópusambandinu þó að í slíkri aðild felist vissulega ákveðinn öryggisgrunnur.

Á sama hátt hljótum við að geta litið til Íslands og áttað okkur á því hvað það er sem veldur því að við erum ekki eins bundnir af þessum öryggishugsunarhætti eins og Eistland, baltnesku löndin og Finnland en það er einmitt það að við höfum tryggt öryggismál okkar með alveg sérstökum og mjög tryggum hætti og það hefur verið liður í utanríkisstefnu okkar mjög lengi. Það má kannski segja sem svo að samningur okkar við Bandaríkjamenn um öryggismál og vera okkar í NATO skapi okkur visst svigrúm í sambandi við utanríkismál og ekki þá síst gagnvart Evrópusambandinu.

[15:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu var einnig flutt á síðasta þingi. Nú er hún endurflutt en með mun ítarlegri grg. en þá var. Það vekur athygli mína hve miklum breytingum umræðan um þessa tillögu hefur tekið og sérstaka athygli vekur hve heitt í hamsi hæstv. utanrrh. er og talsmönnum Samfylkingarinnar þegar Evrópumálin ber á góma.

Staðreyndin er vitanlega sú að tillagan verður ekki til í neinu tómarúmi. Við stöndum frammi fyrir spurningu sem margir telja áleitna, hvort sækja beri um aðild að Evrópusambandinu. Til þeirrar spurningar erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að taka afstöðu og við gerum það á markvissan hátt með ítarlegum rökstuðningi.

Við þessa umræðu hafa menn horft til þess sem er að gerast í Evrópu og hjá Evrópusambandinu. Það er ljóst að af hálfu þeirra afla sem eru sterkust innan sambandsins er stefnt að einu markmiði. Stefnt er að einu ríki, að skapa eitt ríki með einum landamærum, þar vísa ég til Schengen. Stefnt er að einum gjaldmiðli, þar vísa ég til evrunnar. Stefnt er að samræmdri efnahags- og peningapólitík, þar vísa ég til seðlabankans í Frankfurt. Stefnt er að einsleitri efnahagsstefnu, þar vísa ég til ákvarðana og yfirlýsinga, nú síðast frá Romano Prodi sem í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðsluna í Danmörku lýsti því yfir að það skorti enn á að efnahagsstefnan í Evrópusambandinu væri nægilega samræmd og sagði hann að það skýrði að hluta til hversu veik evran væri.

Ekki er víst að þetta gangi allt eftir. En í þessa átt er stefnt, að þessu markmiði er stefnt af hálfu þeirra sem fara með ráðin í Evrópusambandinu og það deilir enginn um það að á undanförnum árum hefur dregið úr fullveldi aðildarríkja Evrópusambandsins. Ákvarðanir hafa verið teknar í þá átt, á leiðtogafundinum í Helsinki t.d., að rétt sé að draga úr neitunarvaldi aðildarríkja Evrópusambandsins og það deilir enginn um að þróunin hefur verið í þá átt.

Hins vegar er það alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich að við getum ekki haft neina vissu fyrir því að þessi markmið gangi upp. Það eru miklar deilur um evruna. Við höfum dæmin, núna síðast frá Danmörku þar sem fellt var í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil. Deilt er um þetta í Svíþjóð, í Bretlandi og víðar. Og það er einnig rétt sem kom fram í hans máli að með stækkun Evrópusambandsins verða til ýmsar mótsagnir sem erfitt er að sjá á hvern hátt sambandið leysir.

Á sama hátt og menn eru að samræma efnahagsstefnuna, peningapólitíkina og setja hana undir einn miðstýrðan banka sem hefði refsivald gagnvart aðildarríkjum sambandsins þá eru menn að færa út kvíarnar og hleypa inn í Evrópusambandið ríkjum sem búa við annan efnahag en þau ríki sem fyrir eru og menn velta því fyrir sér hvort sú stefna sem rekin hefur verið gangi upp. Og það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich að menn eru farnir að tala á ólíkum nótum núna síðustu mánuðina. Það er farið að tala um sveigjanlega Evrópu, að hugsanlega verði að hægja á samræmingarferlinu.

En það er samt sem áður meginmálið að stefnt er að samræmdri efnahagsstefnu. Frammi fyrir þessu standa íslenskir stjórnmálaflokkar. Hvað vilja þeir gera? Vilja þeir sækja um aðild að Evrópusambandinu eða telja þeir heppilegt að Íslendingar fari aðrar leiðir? Við erum á því máli.

Við höfum sagst vilja þróa samskiptin við Evrópusambandsríkin í átt til tvíhliða samninga. Ég er einn af þeim sem hef verið mjög gagnrýninn á EES-samkomulagið. Ég tel það ekki hafa orðið okkur til góðs í þeim mæli sem margir telja. Ég er sammála því að það hafi fært okkur ýmiss konar tollaávinning en hins vegar hefur dregið úr fullveldi okkar. Við innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum

gagnrýnt mjög margt sem gerast hefur, er að gerast og kemur til með að gerast vegna tilskipana frá Evrópu. Ég vísa þar t.d. í raforkugeirann þar sem okkur er gert, nánast samkvæmt tilskipun, að taka upp breytt fyrirkomulag á því sviði. Við vorum eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem hafði uppi andóf þegar samþykkt var þáltill. þar sem Alþingi lagði í grófum dráttum blessun sína yfir þetta.

En við höfum jafnframt sagt að við teljum ekki rétt að segja samningnum upp við þessar aðstæður. Við erum í allt annarri stöðu núna, eftir að samningurinn hefur verið gerður, en á sínum tíma þegar Íslendingar gerðu EES-samkomulagið. Við viljum hins vegar reyna að þróa þennan samning í átt til tvíhliða samkomulags við Evrópusambandið.

Sjálfstfl. hefur skýra stefnu, við fengum hana staðfesta hér áðan í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich. En Framsfl. og Samfylkingin hafa hins vegar allóljósa stefnu. Ég held að það sé alveg ljóst að ráðandi aðilar innan beggja þessara flokka vilja að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu. En um það er ágreiningur innan Framsfl. og Samfylkingarinnar og þess vegna er þetta sett í þennan búning. Framsfl. hefur kallað til 50 manna nefnd, þverpólitíska nefnd, sem á að reyna að komast að niðurstöðu um stefnu flokksins. Hins vegar er ljóst að formaður flokksins og ýmsir sem standa honum nærri eru mjög eindregið á því að við eigum að sækja um aðild eða þannig ræð ég í þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið. Sama er innan Samfylkingarinnar.

Mér finnst mikilvægt að menn tali hreint út og tali um þessa hluti á opinn og heiðarlegan hátt. Það er markmiðið með þeirri þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur hér að.

[15:48]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi með athygli á það þegar hv. þm., sem er einn af fremstu verkalýðsforingjum landsins, sagði að skoðun hans á EES-samningnum hefði ekkert breyst. Ég virði það fullkomlega en bendi honum hins vegar á að þessi skoðun hefur verulega breyst hjá mörgum skoðanabræðrum hans í verkalýðshreyfingunni frá því sem áður var. Ég bendi t.d. sérstaklega á formála fræðslubæklings sem Iðja gaf út fyrir félagsmenn sína um ávinning verkafólks af EES-samningnum og á aðfaraorð sem formaður Iðju, verkalýðsforinginn sá, skrifar um afstöðubreytingu sína í þeim efnum.

En ég ætlaði ekki að tala um það heldur hitt að nú hefur komið skýrt fram, ekki síst í orðum hv. síðasta ræðumanns, að það sem tillagan fjallar raunverulega um er ekki einu sinni uppsögn á EES-samningnum, hvað þá heldur á öðru samkomulagi sem við höfum gert um ríkjasamstarf eða samstarf á efnahagssviði, heldur er tillagan eingöngu um að segja nei við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það umræðuefni er vissulega á dagskrá. Ég fagna því að sú umræða skuli færast hingað inn í Alþingi en ég tel hins vegar að við eigum ekki að afgreiða það mál með því að segja fyrst nei en setja síðan nefnd í að skoða málið. Það eru auðvitað ekki skynsamleg vinnubrögð.

En þar sem tilgangur tillögunnar er einfaldlega og einungis þessi hvet ég hv. flm. til þess að nota tækifærið og breyta tillögugreininni þannig að hægt sé að fjalla um hana eins og þeir ætlast til að gert sé, þ.e. um efni hennar. Ég vona að þeir grípi það tækifæri, með tilvísun til orða hv. síðasta ræðumanns, og orði tillöguna þannig að ljóst sé hvað fyrir þeim vakir.

[15:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Innan verkalýðshreyfingarinnar eru mjög skiptar skoðanir um Evrópusambandið og þar eru ýmis viðhorf uppi, einnig um EES-samninginn. Ég þekki þó ekki það verkalýðsfélag eða samband sem hefur tekið formlega afstöðu til þessa máls á annan hátt en gert var á sínum tíma þegar samkomulagið um EES-samninginn var gert. Þá var öll verkalýðshreyfingin á Íslandi á einu máli um að fara ætti fram þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samkomulagið. Samkvæmt skoðanakönnunum sem þá voru gerðar var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar á því máli, um 70–80% töldu að fram ætti að fara þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samkomulagið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sat hins vegar í ríkisstjórn sem meinaði þjóðinni að ganga til atkvæða um þetta mikla hagsmunamál og það er miður. Þannig gekk hún þvert á vilja og óskir verkalýðshreyfingarinnar sem hafði tekið afstöðu á þennan veg.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lagt sitthvað af mörkum í þessari umræðu. Aðallega sýnast mér það nú vera vífilengjur og útúrsnúningar og eftir því sem ég hef heyrt á máli annarra sem hafa tjáð sig í málinu virðast allir skilja þessa tillögu okkar nema hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. En við skulum heyra hann taka til máls aftur.

[15:52]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er, að það getur vafist fyrir okkur að skilja efni tillögunnar þegar hv. flm. skilja hana ekki einu sinni sjálfir. Þeir hafa orðið tvísaga um hvað þeir eigi við með þessari tillögu í framsöguræðum sínum hér þegar þeir hafa mælt fyrir henni.

Ég leyfði mér að benda hv. þm. á að mjög margir verkalýðsforingjar sem voru honum sammála á sínum tíma í andstöðu við EES-samninginn hafa gjörsamlega breytt um skoðun. Ég held að það hljóti að teljast merkilegt þegar fjölmenn verkalýðsfélög gefa út sérstaka bæklinga um þann ávinning sem félagsmenn hafi haft af þessum samningi. Ég held að ef hann ræddi við kollega sína hjá Alþýðusambandinu þá sé talsvert annar tónn í þeim núna en var. Ég held að svo hljóti að vera um marga félagsmenn hans því að þeir eru nú þegar aðilar að samstarfi stéttarfélaga á grunni Evrópusambandsins. Þeir hafa með þeim hætti komið bakdyramegin inn í bein afskipti af málefnum á vegum Evrópusambandsins sem varða launafólk. Þeir eru þar með orðnir þátttakendur í því samstarfi sem á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins.

En ég ítreka óskir mínar til hv. þm. um að flm. breyti orðalagi tillögu sinnar í þá veru sem hann túlkar hana, þ.e. að tillagan snúist um að Alþingi segi nei við ESB-aðild en skipi eigi að síður nefnd til að skoða málið, þ.e. skjóti fyrst og spyrji svo.

Ég skal lýsa því yfir að persónulega er ég mjög fylgjandi því að Alþingi skipi nefnd eins og gert var á sínum tíma til að skoða þróun Evrópumála og hvað muni henta okkur Íslendingum best í því efni. Það er í fullu samræmi við stefnu Samfylkingarinnar sem vill að þessi mál séu rædd og skoðuð þannig að menn geti tekið vitræna afstöðu til þess. En það er ekki vitræn afstaða að segja fyrst nei og kjósa síðan nefnd til að skoða málið. Ef hv. þm. breytir efni tillögu sinnar eins og hann lýsir henni þá er ég tilbúinn til að styðja a.m.k. þennan þátt hennar.

[15:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Sighvat Björgvinsson um að innan allra verkalýðsfélaga og sambanda eru skiptar skoðanir um Evrópusambandið. Það á án efa við um ASÍ, það á við um BSRB, það á við um BHM, það á við um önnur samtök. Þar er að finna ýmsa sem eflaust vilja að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu og telja að okkar hagsmunum sé best borgið með þeim hætti. Aðrir eru því andvígir.

Verkalýðshreyfingin hefur aðeins tekið formlega afstöðu til eins í þessu efni og það var til þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson stóð að að meina íslensku þjóðinni um.

Varðandi alþjóðlegt samstarf verkalýðshreyfingarinnar þá get ég einnig upplýst hv. þm. um að það starf er ekki einskorðað við Evrópu. Það fer fram á Norðurlandavettvangi, Evrópuvettvangi og í heiminum öllum. Reyndar er það kannski merkilegast sem er að koma fram núna, að mínum dómi, þ.e. hve fjármagnið er orðið fjölþjóðlegt og engan veginn einskorðað við Evrópu þegar litið er t.d. til einkavæðingarinnar og á hvern hátt fjölþjóðarisarnir eru farnir að teygja arma sína um heim allan. Þess vegna eru það sterk viðhorf innan hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar að við eigum að forðast einangrunarhyggju. Við eigum að forðast það að skoða hlutina þröngt, hvort sem er á vettvangi þjóðríkisins eða ríkjasambanda eins og Evrópusambandsins. Við eigum að hugsa vítt, við eigum að hugsa og horfa til heimsins alls.

[15:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að skiptar skoðanir eru um aðild Íslands að Evrópubandalaginu í dag. Ég býst við að það eigi við um flest félög, svo maður tali nú ekki um stéttarfélög eða pólitísk félög í þessu landi, nema þá kannski vinstri græna þar sem ekki er ágreiningur um þetta mál og á þeim forsendum finnst mér ástæða til að ræða þessa tillögu. Það hefur komið í ljós í skoðanakönnunum að þjóðin er afskaplega skipt í afstöðu sinni til þess hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu.

Þegar umræðurnar um EES fóru fram á sínum tíma var ég hér á Alþingi og tók þátt í stefnumótun Alþýðubandalagsins varðandi málið. Niðurstaðan þá var að vera á móti samningnum. Það fóru samt fram verulegar umræður í Alþýðubandalaginu áður en sú afstaða var tekin. Við kröfðumst þess líka að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál, töldum að þjóðin ætti erindi að því máli, hún ætti að hafa eitthvað um málið að segja.

Ég hef ekki breytt um þá skoðun að þjóðin hefði átt að fá að segja sitt álit hvað varðaði þennan samning. Ég tel að hann hafi í raun og veru verið ódýr leið til að fara fram hjá aðildarumsókn að EB með afar mikilvæg málefni sem þar voru innifalin. Í raun var allt valdaafsalið sem talað var um, völdin sem menn óttuðust að þeir mundu afsala sér með aðild að Evrópubandalaginu, innifalið í EES-samningnum varðandi þá þætti sem hann tekur yfir. Þannig tókst mönnum að selja, að mér finnst, afskaplega ódýra lausn sem gerði Íslandi mögulegt að taka þátt í Evrópusamstarfinu án þess að tekin yrði afstaða til þess að ganga í viðkomandi samband.

Þannig stendur málið. Ég tel reyndar að þeir sem vildu að þessi samningur yrði samþykktur hafi haft rétt fyrir sér varðandi efnahagsleg áhrif hans. Þau urðu a.m.k. jafnmikil eða meiri en þeir héldu fram. Ég held því líka fram að við höfum haft rétt fyrir okkur sem héldum því fram að valdaafsalið yrði meira en menn vildu vera láta. Það hefur líka komið í ljós.

Hér í gegnum Alþingi hafa runnið samþykktir og tilskipanir verið teknar í gildi á Íslandi í þvílíku magni að menn óraði ekki fyrir því þegar málið var afgreitt á hv. Alþingi. Þessi samningur er í gildi. Enginn talar um það hér að hann verði tekinn úr gildi. Það er heldur ekki markmiðið með þessari tillögu.

Ég held að í ljósi þessa hljóti menn að horfa á þá umræðu um aðild að Evrópusambandinu sem er fram undan. Ég er ósammála því að menn eigi með einhvers konar tillögu í Alþingi núna að ljúka þeirri umræðu. Hún á erindi til þjóðarinnar alveg eins og umræðan um EES. Ef menn einhvern tímann taka þá ákvörðun á hv. Alþingi að leggja það fyrir þjóðina að ganga í Evrópusambandið þá mun það auðvitað fara fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, um það eru allir sammála að þannig eigi að standa að málum.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að nokkuð sé til í því sem hér hefur verið sagt í dag um að Evrópusambandið sé að breytast mjög hratt og við þurfum á umræðunni að halda til að átta okkur á því hvað er fram undan og hvað er að gerast.

Evrópusambandið er að breytast úr því sem ég vil kalla stærsta kaupfélag í heimi í ríkjasamsteypu miðað við þær hugmyndir sem eru uppi núna. Það hlýtur auðvitað að kalla á það að menn velti því fyrir sér hvernig það muni líta út innan fárra ára ef menn taka afstöðu til þess að ganga þar inn, hvenær sem það verður gert.

Almenningur í landinu hefur greinilega skoðanir á þessu máli, það kemur fram í skoðanakönnunum, menn svara, menn víkja sér ekki undan spurningu þegar þeir eru spurðir um ESB nema tiltölulega fáir. Menn hafa afstöðu, annaðhvort með eða á móti. Ég tel því að full ástæða sé til að umræðan haldi hindrunarlaust áfram, menn taki ekki þá ákvörðun á hv. Alþingi að henni sé allt í einu lokið. Kannski finnst mönnum hún óþægileg, ég veit það ekki. Það út af fyrir sig skiptir ekki öllu máli, hún er að mínu viti nauðsynleg. Það er skýrt í mínum huga að við munum aldrei komast hjá Evrópusamstarfi. Við þurfum vissulega að sinna því í ekki minna mæli en við höfum gert fram að þessu og það er alltaf að vaxa. Til dæmis veit ég ekki betur en að þau samtök sem hv. þm. Ögmundur Jónasson veitir forstöðu séu í beinu formlegu samráði við sams konar samtök á þessu svæði. Og að ýmis mál fari til sameiginlegrar umsagnar sem þar er tekið þátt í að afgreiða. Þannig munum við áfram vera föst í slíkum samskiptum. En það er ekki af hinu vonda. Við hins vegar getum haft ýmsar skoðanir á því og haft mismunandi miklar áhyggjur af því hvernig þetta muni allt saman þróast.

En ég er sem sagt ósammála því að heppilegt sé fyrir þessi mál og þessa umræðu að við ljúkum henni með því að taka þá afstöðu í hv. Alþingi að við eigum að standa utan við öll slík bandalög af þessu tagi sem hér eru til umræðu. Þannig yrði þessi umræða í raun og veru bráðkvödd með samþykkt þessarar tillögu. Það tel ég ekki heppilegt. Ég held við eigum að láta okkur hafa það að taka þátt í þeirri umræðu sem er og verður í gangi um Evrópusambandið og þegar tími er kominn, ef hann þá kemur einhvern tímann, verður það lagt fyrir þjóðina hvort gengið verður í þetta samband.

[16:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hér kemur fram af hálfu þingflokks vinstri grænna. Ekki vegna þess að tillögugreinin sé mjög nákvæmlega orðuð, vafalítið hefur verið vakin athygli á því í umræðunni að svo sé ekki. Og það hefur verið skýrt að hér er ekki um að ræða úrsagnir úr ýmiss konar alþjóðlegu samstarfi, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða heildarstefnumótun vinstri grænna á sviði utanríkismála, þá einkum gagnvart Evrópusambandinu. Þegar maður les tillöguna, ekki hvað síst grg., kemur sú afstaða mjög skýrt fram. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég fagna tillögunni. Ég fagna því yfirleitt þegar stjórnmálamenn kveða skýrt að orði og enginn þurfi að velkjast í vafa um afstöðu. Þessi tillaga gerir það. Ég held að óhætt sé að lesa út úr henni, kannski ekki alla utanríkismálastefnu þingflokksins, en alla vega afstöðuna gagnvart Evrópusambandinu og færðar ýmsar röksemdir málflutningnum til stuðnings.

Ég er hins vegar algerlega ósammála þeirri skýru stefnu sem hér kemur fram og afstaða mín og skoðun er í sjálfu sér nákvæmlega jafn réttháskoðun félaga minna sem standa að þessari tillögu. Mér finnst tillagan bera vott um einangrunarhugsun, fjandsamlega hugsun gagnvart alþjóðlegu samstarfi. Mér finnst það vera tónninn í henni. Ég veit vel að auðvelt er að segja að svo sé ekki, en þetta er það yfirbragð sem mér finnst tillagan svolítið hafa. Mér finnst vera gert mjög mikið úr þeim neikvæðu þáttum sem tengjast Evrópusamstarfinu og það er vitaskuld fullkomlega lögmæt afstaða að draga fram hinar neikvæðu hliðar til stuðnings þeim málstað sem menn eru að verja.

Ég vil benda á nokkur atriði sem ég er ekki sammála, ég reyndar lýsti því yfir að ég væri ósammála öllu, en mér finnst sum atriði orka mikils tvímælis. Ég er t.d. mjög ósammála þeirri afstöðu sem kemur fram í tillögunni og hefur líka komið fram af hálfu hæstv. forsrh., að afstaðan gagnvart Evrópusambandinu eigi að miðast við þessa frægu 8 milljarða sem er ekkert annað en mjög lítill hluti af þeirri stóru ákvörðun og umræðuefnum sem við þurfum að taka. Þetta mál er miklu stærra en svo að slík einföldun eigi rétt á sér.

Ég vil sömuleiðis benda á atkvæðagreiðsluna um evruna í Danmörku, að Danir voru nú ekki að ganga úr Evrópusambandinu og það liggur alveg fyrir hver stefnumótun Evrópusambandsins varðandi evruna er þrátt fyrir þessa niðurstöðu í atkvæðagreiðslunni. Og evrudæmið af efnahagslegum ástæðum mun halda áfram jafnvel þótt það hægi nokkuð á því ferli sem þar er. En það er enginn að hverfa til baka innan Evrópusambandsins í þeirri stefnumótun sem menn hafa þar tekið, þ.e. að stækka Evrópusambandið og þá fyrst og fremst til austurs.

Hér kemur líka fram neikvæð afstaða gagnvart EES-samningnum. Ég hélt satt best að segja að menn væru hættir að rökstyðja á þann hátt. Sá samningur hefur reynst okkur afskaplega farsæll og ég vil sérstaklega draga fram nafn þess fyrrverandi félaga okkar í þeim efnum, Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrv. alþm. og utanrrh., sem hafði mest frumkvæði hvað þann samning varðar. Sá samningur hefur á allan hátt reynst vel og meira að segja reynst svo vel að margir þeir sem eru á móti einmitt frekari samvinnu taka hann sem dæmi um nægjanlega stöðu og styrka stoð í samskiptum okkar við Evrópusambandið.

Ég vil líka benda á það sem gleymist stundum í umræðunni, og ekki er hægt kannski að fara ítarlega í hér á stuttum tíma, en það er úr hvaða jarðvegi hugmyndafræði Evrópusambandsins er sprottin, þ.e. þegar Monnet og Schuman og fleiri í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar lögðu upp með þá hugmyndafræði að búa til efnahagslegt samstarf sem mundi aukast smátt og smátt og leiða til bættra stjórnmálalegra samskipta sem mundi auka von um frið í Evrópu. Það er sú hugmyndafræði sem lagt var upp með, feður Evrópusambandsins. Þetta er ekki bara efnahagslegt mál.

Ég vil minna þingheim á það, herra forseti, að tímabilið frá seinni heimsstyrjöld til borgarastyrjaldarinnar í Júgóslavíu er lengsti friðartími í 2000 ára sögu Evrópu. Fara þarf aftur til tíma Rómverja til að finna lengri friðartíma í Evrópu. Það var hugmyndafræðin að baki þessu. Svo geta menn deilt um hvort vel hafi tekist eða ekki.

Ég tel að tekist hafi mjög vel hjá stríðshrjáðum þjóðum í Evrópu að finna sér samstarfsvettvang. Og þau kjósa að halda áfram starfi sínu einmitt á þessum vettvangi sem sést best á því að nær hvert einasta ríki í Evrópu er annaðhvort aðili að Evrópusambandinu eða er að móta afstöðu til aðildar eða hefur sótt um aðild. Það eru örfá ríki sem eru ekki í þessum hópi. Eitt af þeim ríkjum er Ísland. Annað ríki er Noregur, sem hefur ekki tekið neina afstöðu til breytinga á sínum þætti enn þá þó að því geti komið, en þetta eru sem sagt örfá ríki.

Það sem við höfum gert innan Samfylkingarinnar er að við höfum ekki tekið þá afstöðu að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Við höfum sagt: Við skulum ræða þessi mál út frá einum hagsmunum, þ.e. okkar eigin hagsmunum. Við höfum sagt: Það er breytt staða að mörgu leyti í Evrópu. Evrópusambandið er líka að breytast úr stórþjóðasambandi eins og það var hér á árum áður í samsteypu fjölmargra smærri ríkja, sem menn líta ekki einungis á sem efnahagslegan ávinning, heldur sem nauðsynlegan stjórnmálalegan ávinning í kjölfar breytinganna sem urðu í Evrópu eftir 1989. Að því leytinu hefur þessi staða gjörbreyst og ég held að sú aðferðafræði sem við leggjum upp með í Samfylkingunni, að ræða þessi mál, m.a. út frá því ef til aðildar kemur, hvað við ættum þá helst að draga fram sem samningsmarkmið, athuga hvort niðurstaða fæst í þeirri umræðu fyrst innan flokks hjá okkur og síðan að vita hvort samstaða næst um þessi markmið í samfélaginu. Ég held að sú aðferð sé skynsamleg.

Framsóknarflokkurinn er líka að opna umræðu um þessi mál út frá breyttum forsendum hjá sér. Þessi þáltill. er steinrunnin afstaða. Ýmislegt sem hér kemur fram er beinlínis byggt á röngum upplýsingum eins og hér er sagt um kvótahoppið. Þetta voru reyndar allt réttar upplýsingar sem þar er fjallað um en nýliðnir dómar í þessum efnum hafa markað kvótahoppinu miklu skýrari stöðu og gert það raunverulega óframkvæmanlegt eins og það var stundað á árum árum.

Ég vil benda á að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins þarf ekki að vera okkur eins óhagkvæm og menn halda fram einfaldlega vegna þess, eins og hér er reyndar bent á, að við fáum allar veiðiheimildir við Ísland, við fáum að hafa það stjórnkerfi sem við viljum hafa og ef við bindum fastmælum í samningum að farið sé eftir ráðleggingum fiskifræðinga við ákvörðun um heildarkvóta þá er hægt, ef menn vilja, að tryggja hagsmuni okkar á því sviði. Menn eiga því að forðast fyrir fram mótaða afstöðu um þetta en það að tillagan kemur fram og gefur okkur tækifæri til skoðanaskipta um efnið finnst mér vera jákvætt, herra forseti.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir hrósyrði í garð Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fyrir að hafa skýra stefnu á þessu sviði, þótt við söknum skýrrar stefnu frá ýmsum öðrum flokkum, hjá Framsóknarflokknum og Samfylkingunni einnig.

Mig langar að gera eitt atriði að umræðuefni í þessu stutta andsvari. Hv. þm. Ágúst Einarsson telur að Evrópusambandið hafi orðið til þess að styrkja friðinn. Sem betur fer höfum við búið við góðan frið í Evrópu frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari að undanteknu því sem er að gerast á Balkanskaga og hefur verið að gerast þar á síðustu árum. Ég þakka þetta hins vegar ekki Evrópusambandinu heldur öðrum þáttum sem ég get ekki fjölyrt um hér nú. En óttast hann ekki þær mótsagnir sem virðast fylgja því annars vegar að fylgt sé mjög miðstýrðri, einsleitri efnahags- og peningastefnu sem sett er undir vald eins miðstýrðs seðlabanka með refsivald gagnvart þeim sem brjóta frá þessari stefnu? Sér hann ekki mótsögn í þessu annars vegar og hins vegar í hinu að verið er að stækka Evrópusambandið, hleypa þar inn ríkjum sem búa við allt annan efnahag en gerist um vestanverða Evrópu? Það eru margir sem óttast að þarna sé komin af stað þróun sem ekki sé til þess fallin að styrkja friðinn, heldur hugsanlega að skapa spennu, gagnstætt því sem að er stefnt.

[16:14]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég ekki meina að stefna Samfylkingarinnar í þessum málum sé eitthvað óskýr. Ég held ég hafi dregið hér upp að þetta er miklu flóknara mál en svo að hægt sé að svara því með já eða nei. Það er heldur ekki skynsamlegt að beita þeirri aðferð. Við höfum lagt upp með það ferli innan okkar flokks til að fá vitræna niðurstöðu í málinu. Menn hafa misjafnar skoðanir og ég held að sú aðferðafræði sé miklu affarasælli en að stilla þessu upp að allt liggi á borðinu og menn geti tekið strax afstöðu.

Varðandi spurningu hv. þm. hvort það sé mótsögn í því sem er að gerast innan Evrópusambandins á sviði efnahagsmála og síðan á sviði stjórnmála þá sé ég það ekki vera. Ég held einmitt að efnahagsstefna Evrópusambandsins, samræming á mörgum þáttum, hafi reynst Evrópusambandinu mjög vel. Þetta er ein stærsta viðskiptablokk í heiminum ásamt öðrum og ég held að þróunin í Evrópu hafi einmitt sýnt að það fyrirkomulag sé gott sem verið er að byggja upp og við erum aðilar að því að með EES-samningnum höfum við lögleitt alla viðskiptalöggjöf okkar sem hefur reynst okkur mjög farsæl. Og ég vil benda á að miðstýringin í Evrópu er kannski ekkert svo voðalega mikil. Það er oft talað um báknið í Brussel. En ef við yfirfærum alla starfsmenn í Brussel hjá Evrópusambandinu yfir á íslenskar aðstæður þá væri þetta stofnun upp á 15 manns. Þetta er nú ekki meira þannig að oft er nú gert meira úr þessu en efni standa til.

Ég held að samræming í efnahagsmálum sé af hinu góða og hafi leyst úr læðingi samkeppni og möguleika ekki hvað síst fyrir þjóðirnar sem eru nýlega orðnar frjálsar í Austur-Evrópu og sækja um aðild. Ég vil líka benda að Evrópusambandið er alltaf að auka lýðræðið innan sinna vébanda og ein viðamesta umræðan sem þar fer fram er um þjóðþingin, Evrópuþingið og hvernig tryggðir eru hagsmunir, sérstaklega smærri ríkja. Þetta er mjög athyglisverð þróun innan Evrópusambandsins þó að ég sé ekkert að segja að það henti íslenskum aðstæðum. Til þess er umræðan ekki kannski komin enn þá nógu langt. En þessar þjóðir eru sammála um að þetta sé vettvangurinn sem þær vilja starfa innan, líka á grundvelli lýðræðislegra fyrirkomulags.

[16:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nú mjög skiptar skoðanir innan þjóðfélaganna hvert beri að halda. Við vitum fullvel hvaða álitamálum við stöndum frammi fyrir gagnvart Evrópusambandinu og hugsanlegri aðild að því. Stjórnmálaflokkum ber að taka afstöðu og móta skýra stefnu og koma heiðarlega fram með þá stefnu. Það höfum við gert. Við höfum lagt þá stefnu á borðið. Það vita allir hver þessi álitamál eru.

Varðandi hina heildstæðu stefnu sem verið er að móta á vettvangi Evrópusambandsins þá verður þar allt bundið fast. Sett verður þak á heildarskuldastöðuna, á vextina og á verðbólguna verða sett bönd. Það verður ein breyta eftir, þ.e. atvinnustigið. Fátækari ríkjum sem kæmu til með að vilja taka lán t.d. til þess að ráða bót á atvinnuvandanum eða tímabundnum vanda yrði refsað af hinum miðstýrða evrópska seðlabanka með peningarefsingu. Telur þingmaðurinn virkilega þetta til þess fallið að stuðla að friði og draga úr spennu?

Nei, þvert á móti. Ég er ekkert að finna þessa röksemd upp hjá sjálfum mér. Þetta er umræða sem fram fer um Evrópu alla og er þess valdandi núna að ýmsir eru farnir að hafa áhyggjur af því að Evrópusamrunastefnan eins og hún hefur verið rekin muni ekki á endanum ganga upp. Menn hafa áhyggjur af þessu. En hv. þm. Ágúst Einarsson hefur ekki minnstu áhyggjur af þessu ef marka má orð hans.

[16:19]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engar áhyggjur af þróuninni innan Evrópusambandsins eða þróuninni í Evrópu vegna þess að hún er að gerast eftir vilja þjóðanna sjálfra, meirihlutavilja þjóðanna. Auðvitað eru skiptar skoðanir hjá þessum þjóðum alveg eins og hjá okkur. En það hefur alls staðar verið borið upp í þjóðaratkvæðagreiðslu ef menn ætla að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Styrk efnahagsstjórn og góð hagstjórn eins og rekin er innan Evrópusambandsins, hvort sem það er af seðlabanka Evrópusambandsins eða öðrum, er alltaf til hins góða og bætir lífskjör.

Mér finnst koma fram í máli hv. þm. og í þáltill. afskaplega ósveigjanleg afstaða, fjandsamleg afstaða gagnvart grönnum okkar í Evrópu og því skipulagsformi sem þeir hafa fundið sér. Það er einungis einn stjórnmálamaður á Íslandi sem ég finn samsvörun við í þessum málflutningi og það er hæstv. forsrh. Það er eini maðurinn, herra forseti, sem ég hef fundið að talar á sömu nótum og hv. þm. og sá þingflokkur sem hefur lagt fram þessa tillögu.

Tillagan er skýr og þess vegna fagna ég henni. En að mínu mati er hér ekki komin stefna til farsældar fyrir Íslendinga. Hverjir eru vinir þessa málflutnings? Ég held að það sé alveg ljóst ef maður skoðar ummæli hæstv. forsrh. hin síðustu missiri.

[16:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að byrja á því að bjóða hv. þm. Ágúst Einarsson velkominn til starfa á Alþingi á nýjan leik. Það er gaman að hafa hann hér með okkur aftur þó tímabundið sé.

Vegna orða hv. þm. Jóhanns Ársælssonar er það auðvitað fjarri öllum sanni, og kemur hið gagnstæða reyndar fram í greinargerð rækilega útskýrt, að með tillögu af þessu tagi og ákvarðanatöku eða stefnumótun Alþingis til einhvers tiltekins tíma væri verið að ljúka umræðu um Evrópumál. Þaðan af síður er nú verið að leggja það til að við hættum að fylgjast með þróun mála með skilningarvitin opin. Ekkert slíkt er falið í því að taka á málum eins og hér er verið að leggja til. Tillagan er hins vegar um að reyna eftir því sem aðstæður bjóða upp á að móta eins skýra stefnu um grundvöll samskipta Íslands að þessu leyti og kostur er til einhverra ára litið.

Ég held að menn verði aðeins að velta þessu fyrir sér ef menn halda áfram inn á það spor sem mér finnst málflutningur sérstaklega talsmanna Samfylkingarinnar leiða, að vegna þess að svo mikil óvissa sé uppi í þessum efnum og vegna þess að það þurfi að ræða þetta og skoða og athuga þá sé ekki hægt að hafa neina stefnu, að við eigum bara að segja við þjóðina: „Þið verðið bara að bíða. Við vitum ekkert hvort við eigum að fara inn í Evrópusambandið eða ekki og það verða bara allir að bíða á meðan við erum að skoða þetta."

Samfylkingin ætlar að koma sér upp stefnu og það var gefið hér í skyn að hún kynni að líta dagsins ljós einhvern tíma á næstunni. Er þetta virkilega farsæl staða í málinu? Eru menn að halda því fram? Eru ekki rök fyrir því sjónarmiði sem tillagan gengur út á, að eftir því sem kostur er sé til bóta fyrir Íslendinga að hafa siglingaljósin klár í þessum efnum til þeirra framtíðar sem fyrirsjáanleg er?

Ég held að hvort sem við lítum á stöðu fyrirtækja sem eru að skoða sín mál, fjárfestingar eða framleiðslu, útflutningsáætlanir eða innflutningsplön, lítum á stöðu félagasamstaka, stofnana sem eru í ýmsum samskiptum og einstaklinga, þá sé voðalega erfitt að halda því fram að það sé æskilegt ríkjandi ástand um eitthvert árabil að menn viti ekkert í hvorn fótinn þeir eigi að stíga. Ég held ekki.

Ég held að það væri miklu betra ef t.d. á Íslandi gæti skapast „samstaða" af því tagi sem gerðist í Noregi eftir að Norðmenn felldu í annað sinn tilraunir til að koma þeim inn í Evrópusambandið 1992. Hvað sögðu Norðmenn þá? Þá sögðu norskir stjórnmálamenn og það gekk nokkurn veginn yfir línuna og hefur haldið í grófum dráttum, a.m.k. fram undir þetta: „Þar með er þetta mál afgreitt a.m.k. næstu tíu árin." Það var mjög algengt að menn tímasettu það við það kjörtímabil sem nú stendur yfir í Noregi, að í öllu falli yrði það ekki fyrr en að afloknum þingkosningum á árinu 2002 sem þetta mál kæmist á dagskrá á nýjan leik og menn lögðu umræðuna nokkuð til hliðar.

Af hverju gerðu menn þetta í Noregi? Jú, ég held að það hafi verið vegna þess að allir voru sammála um að ekki væri gott að rífa þjóðina sundur og hafa grenjandi óvissu um það hvað hennar biði í svona afdrifaríku samskiptamáli missirum og árum saman.

Mér finnst málflutningur af því tagi sem við höfum verið að heyra sérstaklega frá Samfylkingunni sem réttlætingu þess að hafa ekki skoðun á málinu, að hafa ekki tekið afstöðu, vera a.m.k. óheppilegur í þessu tilliti. Nú getur að sjálfsögðu staðið þannig á hjá stjórnmálaflokki að menn hafi ósköp einfaldlega ekki lent málinu hjá sér og þá ber auðvitað að virða það. Það er þá bara þannig. En þá eiga menn líka bara að segja það og biðja menn velvirðingar á því að þeir hafi ekki stefnu í málinu sem stendur, séu að vinna í því að koma sér henni upp og á meðan verði menn bara að bíða.

Ég hlýt þá að skora á menn að reyna að ganga frá þessu sem fyrst vegna þess að það er, eins og reyndar kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, afar gott að línurnar séu eins skýrar og kostur er fyrir alla aðila og ég tala nú ekki um fyrir stjórnmálamennina og flokkana sjálfa því að það hlýtur að vera erfitt að eiga í endalausum innantökum í máli af þessu tagi.

Tillagan gengur vissulega út á það, það er rétt, eins og málin liggja fyrir nú, að það sé svo skýrt í öllum aðalatriðum hvað fólgið er í aðild að Evrópusambandinu að mönnum eigi að vera vorkunnarlaust að taka afstöðu til þess hvort þeir telji það hagstæðan kost eða ekki fyrir Ísland eins og málin standa. Með því er að sjálfsögðu ekki, og ég vísa til þess sem ég sagði áður um það efni, verið að segja að það þurfi að haldast óbreytt um aldur og ævi enda er ekkert hægt að ganga frá hlutum af þessu tagi um aldur og ævi. Stjórnskipulega er það auðvitað ekki þannig að við getum fyrir hönd meiri hluta Alþingis á komandi kjörtímabilum bundið hendur hans á einhvern hátt. Slíkar samþykktir eru marklausar. Það sem við hins vegar getum sagt er: Þetta er sú stefna sem nú er fyrir hendi og þangað til henni er breytt þá gildir hún og við sjáum eftir atvikum ekki fyrir okkur að líkur séu á breyttum forsendum í þeim efnum í fyrirsjáanlegri framtíð o.s.frv. Enda vísar þessi tillaga, samanber orðalagið, til næstu framtíðar í samskiptum okkar að þessu leyti við eftir atvikum Evrópusambandið eða þá aðra slíka aðila. Og það er hárrétt sem hér kom fram í máli hv. formanns utanrmn. að auðvitað tekur orðalag þarna nokkurt mið af því hvernig þróun er í málum á vettvangi þess, hins margnefnda Evrópusambands.

Það kom svo sem ekki á óvart að hv. þm. Ágúst Einarsson reyndi að lesa einangrunarhyggju út úr þessari tillögu eins og fleiri skoðanasystkini hans hafa gert. En hitt þótti mér óþarfa orðbragð að tala um að í þessu fælist og okkar málflutningi, tillöguflutningi, fjandskapur í garð granna okkar og eins að spyrða okkur síðan saman við sams konar fjandskap sem hv. þm. telur sig hafa lesið út úr málflutningi hæstv. forsrh. Ég frábið mér slíkt. Ég tel mig ekki andstæðing eða fjandmann frændþjóða á Norðurlöndum eða vinaþjóða okkar í Evrópu frekar en í Norður-Ameríku þó að ég sé ekki t.d. stuðningsmaður þess að þeir hafi hér her í landinu. Ég á marga mjög góða vini meðal Bandaríkjamanna og mótmæli því ósköp einfaldlega að hlutir séu settir svona fram.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. þm. um það hvernig best sé að búa um milliríkjasamskipti okkar við þessar þjóðir. Getum við ekki haft heiðarlegan ágreining um það mál? Það hélt ég.

Ég get líka alveg haldið því fram og fært fyrir því þó nokkur rök að hinir eiginlegu alþjóðasinnar í dag séu þeir sem hafni því að loka Ísland af innan hagsmunabandalags og klúbbs eins og Evrópusambandið er en vilji hafa samskiptin opin í allar áttir við allar þjóðir, ekki loka okkur af þarna og að hin eiginlega einangrunarstefna dagsins í dag sé sú sem birtist í ákveðnum tilhneigingum til blokkamyndunar í heiminum og á sér ekki síst samnefnara í þróuninni innan Evrópusambandsins.

Ég held að það væri t.d. hollt fyrir hv. þm. að kynna sér, hafi hann ekki kynnt sér það, hvernig litið er á Evrópusambandið og út af fyrir sig einnig klúbb Norður-Ameríkuríkja og margra Asíuríkja í þriðja heiminum. Þar er það ekkert launungarmál manna á meðal, útbreidd og mjög ríkjandi skoðun, að þessar blokkir séu að þétta raðirnar til þess að gæta sinna gömlu hagsmuna. Ég hef á alþjóðavettvangi oft

heyrt talsmenn ríkja frá þriðja heiminum ganga svo langt að þeir hafa fullyrt úr ræðustól á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á ráðstefnum í Genf og í Haag og víðar að þetta væri ósköp einfaldlega úthugsuð aðferð gömlu nýlenduríkjanna í Evrópu til að slá skjaldborg um sína hagsmuni. Ekki síst var nú þessi umræða uppi á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þegar þar var verið að ræða drög að Úrúgvæ-samningnum og stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þá gætti mikillar tortryggni af hálfu margra þróunarríkja einmitt í garð m.a. þess sem Evrópusambandsríkin voru að gera með sínum sameiginlegu tollmúrum og í samningagerð sinni gagnvart þriðju ríkjum. Og við skulum ekki gleyma því þó að við Íslendingar séum Evrópuríki og viljum vera það áfram að heimurinn er meira en Evrópa. Heimurinn er ekki bara 300, 500 eða 2.000–3.000 kílómetra radíusinn út frá Brussel.

Um hugmyndafræðina sem margir hugsuðir settu fram í lok seinna stríðs um aðferðir til að tryggja frið í Evrópu má margt segja. Ég held að það sé alveg rétt. Ég hef margoft sagt það að ég telji að fyrir meginlandsþjóðirnar, sem eiga sameiginleg landamæri og eru meira og minna ein sameiginleg viðskiptaleg og menningarleg heild, eru meira að segja einn sameiginlegur vinnumarkaður, fyrir Benelux-löndin og nágranna þeirra Frakka og Þjóðverja, hafi margt af þessu að ýmsu leyti verið mjög eðlilegt skref og það er fínt fyrir þá. En það er heldur ekki tilviljun að fyrirvarar ríkja eða beinlínis ákvörðun um að vera ekki með í samstarfinu á þessum grunni gerast því algengari sem fjær dregur Brussel. Það er ekki tilviljun að Bretar og Írar, Danir og síðan Norðmenn og Íslendingar eru í mismunandi stigum þær þjóðir sem hafa þrátt fyrir allt fjarlægt sig mest eða haft mesta fyrirvara á þessari þróun. Það er ósköp skiljanlegt út frá landfræðilegum og sögulegum aðstæðum sem eru fólgnar í þessu máli. Það er líka ósköp einfaldlega vegna þess að hagsmunir þessara ríkja fara ekki endilega að öllu leyti saman.

Við erum í verulegri sérstöðu, Íslendingar, sem eyþjóð úti í miðju Atlantshafinu, með mjög sérhæft efnahagslíf og sérstakar aðstæður að mjög mörgu leyti. Af þeim ástæðum er það svo fullkomlega eðlilegt að niðurstaðan geti orðið önnur í okkar tilviki heldur en hún er t.d. hjá Lúxemborg, eða þess vegna Dönum að hluta til. Danska þjóðin, sem í reynd hefur aftur og aftur tekið völdin af ráðamönnum sínum í atkvæðagreiðslum, er að þróa samskipti sín við Evrópusambandið inn á sérstakt hliðarspor í gegnum Amsterdam-undanþágurnar og nú síðast með því að fella evruna eru Danir í reynd að gerast aðilar að tilteknum þáttum Evrópusamstarfsins en standa utan við annað. Sama gildir um Breta og reyndar fleiri þjóðir, t.d. Svía sem ekki eru aðilar að Schengen og evrusamstarfinu og fleiru slíku.

Getur þá ekki niðurstaðan orðið sú af þessu að þessi samskipti Evrópuríkjanna verði með ýmsum hætti og á ýmsum stigum? Ég hef spurt ráðamenn og talsmenn margra Evrópusambandsríkja að því, t.d. í heimsóknum á vegum þingnefnda til Brussel og Berlínar og víðar: Gæti það ekki verið ágætt fyrir Evrópusambandið sem dæmi um góð tengsl grannríkja sem eru svona á jaðri Evrópu eins og Ísland auðvitað er — og er það meira að segja jarðfræðilega líka því að við erum að hálfu leyti í Ameríku og hálfu leyti í Evrópu — að til væru mismunandi og sveigjanleg samskiptaform sem við gætum verið ágætis dæmi um gagnvart Evrópusambandinu að þróa? Ég er þeirrar skoðunar að svo sé og það finnst mörgum Evrópumönnum líka.

Þjóðverjar t.d., sem mjög gjarnan hafa verið nefndir sem sérstakir haukar í horni Íslendinga, og vissulega rétt að mörgu leyti, þeir hafa oft reynst okkur betri en engir í samskiptum í þessum efnum, þeir hafa mjög margir sagt í mín eyru að þeir hafi fullan skilning á því að kannski þurfi Ísland að ganga frá þessum samskiptum sínum á grundvelli sérstaks fyrirkomulags vegna stöðu sinnar, legu og annarra slíkra hluta. Og þá eigum við auðvitað að vera ófeimin við að vinna að slíku.

Við teljum, herra forseti, að það væri til mikilla bóta að taka þessi mál á dagskrá með þessum hætti, ekki til að hætta síðan að ræða þau, ekki til að hætta að fylgjast með þróun mála heldur til þess að reyna að skýra stöðuna eins og kostur er til næstu ára litið. Ég bendi þeim mönnum, sem eru að reyna að saka okkur um að vilja ekki umræður um þessi mál, á það hverjir það eru sem hér flytja tillögu um þetta mál, einir flokka. Hverjir eru það? Það er Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Og á meðan svo stendur held ég að menn ættu að fara varlega út í þá sálma að bera það upp á okkur að við séum feimin við umræður um þessi mál eða niðurstöðu af slíkum umræðum hver sem hún kann að verða. Við erum hvar sem er og hvenær sem er tilbúin til skoðanaskipta um þetta og erum held ég bara í ljósi aðstæðna óvenjuvel á vegi stödd til þess að hella okkur í þá hluti.

Að lokum, herra forseti, á síðustu sekúndunum sem ég hef hér eftir til ráðstöfunar vil ég vegna þeirra orðaskipta sem við hæstv. utanrrh. áttum hér fyrr, þar sem hæstv. utanrrh. taldi að ég hefði tekið stórt upp í mig með því að segja að með málflutningi sínum væri hæstv. utanrrh. að mínu mati að grafa undan grundvelli þeirra samskipta sem nú væri byggt á við Evrópusambandið, þá skal ég útskýra það nánar. Það er rétt að þetta eru stór orð en ég hef rök fyrir mínu máli. (Gripið fram í.) Þetta er mitt mat. Það er mitt mat, herra forseti, að vegna þess hversu langt hæstv. utanrrh. hefur gengið í því og aftur og aftur og endurtekið að lýsa efasemdum sínum um að EES-samningurinn fái staðist til frambúðar og að staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið sé nógu góð, þá grafi það undan tiltrú á það að þetta geti verið grundvallarsamningurinn. Ég er ekki — svo það sé á hreinu — að saka hæstv. utanrrh. um að gera það vísvitandi eða viljandi. Ég tel hins vegar að málflutningur hans hafi þessi áhrif. Það er mitt mat á því hvernig málflutningur af þessu tagi muni virka.

[16:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að útskýra þessi stóru orð. Þetta eru stór orð og ég tel að þau séu röng.

Ef það er að grafa undan samskiptum okkar við Evrópu að lýsa staðreyndum máls eins og ég hef verið að gera og jafnframt að sækja á um bót í þeim efnum eins og utanríkisþjónustan og sendiráðið í Brussel er að gera hvern einasta dag, ef það er að grafa undan samningum, þá skil ég bara ekki íslensku. (**Gripið fram í:** Þú verður að tala ensku.) Ég hugsa að ég skilji hana nú ekki betur þó ég sé kannski ekki nægilega góður íslenskumaður.

Eiga menn ekki að lýsa ástandi eins og það er? Er með því verið að grafa undan framtíðinni? Ég tel að þetta sé algjör firra. Halda menn að Evrópusambandið og aðilar þar viti ekki nokkurn veginn hvernig þetta er? Heldur hv. þm. að utanrrh. Íslands þurfi að lýsa því fyrir Evrópusambandinu? Heldur hv. þm. að utanrrh. Íslands þurfi að útskýra það fyrir öðrum aðildarríkjum EFTA svo dæmi séu tekin?

Það vill svo til að önnur aðildarríki EFTA hafa nákvæmlega sama mat á þessari stöðu og sá sem hér stendur. Það

veit ég af samræðum við þá. Er ekki best að ræða þessa hluti eins og þeir eru en ekki eins og við vildum hafa þá? Eða er hv. þm. að halda því fram að við eigum bara að ræða þá eins og við vildum hafa þá en gleyma því hvernig þeir eru? Ætli geti ekki verið að það sé besta leiðin til þess að tryggja betur stöðu Íslands að tala um þessa hluti eins og þeir eru? Það er að minnsa kosti mitt mat.

[16:38]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta snýst ekki um það að utanrrh. íslensku þjóðarinnar haldi fram einhverri óraunsærri eða rangri mynd af ástandi mála, stöðu mála. Þetta snýst ekki um það. En vandinn er í hnotskurn sá að hæstv. utanrrh., og út af fyrir sig utanríkisráðherra hverrar þjóðar við sambærilegar aðstæður, er í mjög vandasamri og viðkvæmri stöðu því fyrir utan það að vera stjórnmálamaður og formaður flokks, sem maður hefur fullan skilning á að felur í sér ákveðna stöðu og ákveðnar skyldur og kallar á þörfina fyrir umræður innan flokksins o.s.frv., en fyrir utan þetta er utanrrh. líka utanrrh., hagsmunagæslumaður og samskiptaaðili okkar út á við varðandi þessi mál.

Ég á erfitt með að koma auga á það með hvaða hætti það getur bætt okkar stöðu að einmitt sá stjórnmálamaður sem jafnframt er í þessu hlutskipti utanrrh. gangi jafnlangt í því opinberlega að útlista þá erfiðleika sem hann sér uppi í þessum samskiptum og varðandi framhald á þeim grundvelli sem þau nú hvíla á og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur gert. Ég kem ekki auga á að það geti í sjálfu sér verið okkur sérstaklega til framdráttar í þessum framtíðarsamskiptum hvort sem þau byggja áfram um lengri eða skemmri tíma á svipuðum grunni og þau gera í dag, ef til samningaviðræðna um breytingar kemur.

Ég hef fylgst allvel sömuleiðis með umræðunni um þetta t.d. í Noregi og ég tel að Norðmenn og talsmenn þeirra í þessu sambandi hafi reynt að vera varkárari en hæstv. utanrrh. Íslands hefur verið. Og meira að segja Danir í þeirri erfiðu klemmu sem talsmenn aðildar að evrunni voru þar, þeir reyndu að gæta hófs í sínum málflutningi í ljósi þess að niðurstaðan gæti orðið sú að Danir felldu og þá yrðu þeir auðvitað að lifa við þá niðurstöðu og gera það besta úr henni.

[16:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það vera frumskyldu mína að segja frá því hvernig við upplifðum rekstur þessa samnings frá degi til dags. Ég tel að mér sé það skylt gagnvart íslensku þjóðinni. Þar að auki er það alveg ljóst að þau vandamál sem er við að stríða og við munum eiga við að stríða á næstu árum, og ég trúi að það verði í meira mæli, eru ekki eingöngu vandamál okkar. Þau eru jafnframt vandamál Evrópusambandsins. Við erum með samning við Evrópusambandið sem er EES-samningurinn og Evrópusambandið hefur ákveðnar skyldur gagnvart okkur og öðrum þjóðum ef skilyrði breytast.

Það er t.d. alveg ljóst að ef Norðmenn ganga í Evrópusambandið en ekki Íslendingar þá verður mikil breyting á þeim stofnunum sem við erum að reka. Evrópusambandið kynni þá að bjóða okkur Íslendingum upp á það, eins og að hefur verið látið liggja, að í stað þess að við værum að reka sjálfstæða eftirlitsstofnun þá gæti framkvæmdastjórnin tekið það að sér, við skulum taka það sem dæmi. Evrópusambandið kynni líka að bjóða upp á það að í stað þess að EFTA-dómstóllinn starfaði áfram þá kynnu þeir að geta boðið upp á það að Evrópudómstóllinn tæki við okkar málum. Er það fullnægjandi? Nei. Það er ekki fullnægjandi. Það samrýmist ekki okkar hagsmunum.

Til þess að leiða þetta allt saman fram verða menn að tala um þessa hluti eins og þeir eru en ekki eins og við vildum hafa þá. Það þjónar okkar framtíðarhagsmunum að tala um þetta þannig en ekki eins og við vildum hafa þetta. Ég mótmæli því harðlega hér úr þessum stól, ræðustól á Alþingi, að ég hafi á nokkurn hátt grafið undan þessum samskiptum. Ég get fært rök fyrir því að mér og mínu ráðuneyti hafi á ýmsan hátt tekist að styrkja þessi samskipti. Og ég bið hv. þm. að nefna eitt einasta dæmi þar sem við höfum með framgöngu okkar veikt stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu.

[16:43]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki að saka hæstv. utanrrh. um það að draga af sér við það að reyna að gæta hagsmuna Íslands út á við og gagnvart Evrópusambandinu af öllu afli eins og hann metur best að gera það. En ég leyfi mér samt að hafa skoðun á því hvernig heppilegast sé að málflutningur okkar sé í tilvikum af þessu tagi. Ég geri það. Og hæstv. utanrrh. verður bara ósköp einfaldlega að sitja undir því að það er réttur minn að hafa skoðun á því hvernig skynsamlegast væri að tala fyrir okkar hagsmunum í þessum efnum. Það er þeim mun skiljanlegra vegna þess að hér er auðvitað um matskennda hluti að ræða. Og hver skyldi nú t.d. hafa verið að fjalla um einmitt sama mál gjörólíkt því sem utanrrh. hefur gert aftur og aftur á opinberum vettvangi að undanförnu? Í stefnuræðu hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Í apríl sl. lagði utanrrh. fram á Alþingi skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Í skýrslunni er umfangsmikil lýsing á EES-samningnum og rekstri hans. Til samanburðar er annars vegar hugað að þeim kosti hvar Íslendingar stæðu án EES-samningsins, hins vegar hvaða afleiðingar aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti haft."

Svo kemur, herra forseti, í skýrslu utanrrh. auðvitað:

„Fram kemur að EES-samningurinn virki eins og honum var ætlað og afraksturinn hafi reynst góður og rekstur samningsins gengið vel." Punktur.

Forsrh. velur að setja hlutina fram með þessum hætti. Utanrrh. hefur hins vegar valið að fjalla verulega ólíkt um þetta, aftur og aftur á opinberum vettvangi, í ræðu og riti, innan lands og utan. Það er þetta sem ég á við, herra forseti. Ég tel að sá heildarmálflutningur sem hefur sáð ýmsum efasemdum, bæði á innlendum vettvangi og erlendum um að staða Íslands í þessu efni sé nógu góð og framtíðin nógu álitleg — ég tel að menn verði að gæta hófs í slíku annars skaði þeir íslenska hagsmuni og grafi undan þeim grundvelli sem þessi samskipti nú standa á.

[16:45]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðurnar eru löngu hættar að snúast um þáltill. eins og hún er flutt. Þær snúast nú um miklu þrengra og afmarkaðra efni, sem sé um ESB og hugsanlega aðild Íslands að ESB. Hví í ósköpunum fluttu þá vinstri grænir mál sitt um það en ekki um eitthvað allt annað og víðtækara?

Eftir því sem mér skilst þá er stefna vinstri grænna þessi: Við viljum opnar og frjálsar umræður um Evrópumálin en

útiloka fyrir fram að sú umræða geti leitt til að Ísland gerist aðili að ESB.

Við í Samfylkingunni erum þeim sammála um opnar umræður um Evrópumálin vegna þess að við teljum þær tímabærar. Við erum þeirrar skoðunar að þjóðin eigi að taka afstöðu og þjóðin geri það ekki nema með upplýsti umræðu. En við viljum ekki útiloka fyrir fram að sú niðurstaða geti leitt til aðildar Íslands að Evrópusambandinu þyki það skynsamlegt.

En ég spyr hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: Hvers vegna vill hann útiloka það fyrir fram að Ísland gerist aðili að ESB ef það verður niðurstaða þjóðarinnar að lokinni skynsamlegri umræðu? Af hverju flytur hann hér tillögu um að fyrir fram verði mörkuð sú afstaða að hvað svo sem kynni að gerast í þeim umræðum sem hann vill að fari fram þá sé búið að loka þeim dyrum sem gætu leitt til aðildar Íslands að ESB?

[16:47]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þessi tillaga snýst eðli málsins samkvæmt að verulegu leyti um fyrirkomulag eða tilhögum samskipta okkar við Evrópusambandið. Af sjálfu leiðir. Þau samskipti eru hins vegar hluti af hinu alþjóðlega samhengi og þess vegna er tillagan sett fram eins og raun ber vitni. Hún villir hins vegar ekki á sér heimildir. Í grg. tillögunnar er rökstuðningur sem tengist samskiptum við Evrópusambandið uppistaðan, eða frá miðri bls. 2 og aftur á miðja bls. 9 í 10 blaðsíðna þskj. Þannig þarf ekki sérstaklega frjótt hugmyndaflug til að sjá að auðvitað eru samskiptin við Evrópusambandið mjög veigamikill þáttur þess sem við köllum þarna alþjóðasamskipti, en að sjálfsögðu í samhengi við stærra mál.

Ég held, herra forseti, að það hafi kristallast ákaflega vel í þessari umræðu, og að því leyti hefur hún verið þörf, að í grófum dráttum er uppi tvenns konar ástand í umræðum um þessi mál á Íslandi í dag. Annars vegar eru flokkar sem hafa stefnu og skoðun á því hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki og hins vegar flokkar sem hafa það ekki.

Samfylkingin á greinilega í mjög miklum vanda, ósköp einfaldlega vegna þess að hana vantar stefnu í þessu afdrifaríka máli. Hún getur ekki gengið frá því í sínum röðum hvort hún mæli við núverandi aðstæður með aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Þar skilur á milli. Við höfum mótaða stefnu í því máli, alveg skýra, og göngum út frá henni. Ég held við þurfum í sjálfu sér ekkert að flækja málin, það liggur algjörlega fyrir og hefur kristallast í þessari umræðu, að þessi er vandi Samfylkingarinnar í hnotskurn og við getum alveg eins haft samúð með þeim sem þannig er ástatt um.

[16:49]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað sem líður afstöðu einstakra manna, þá er það nú einu sinni svo að vinstri grænir eru eini flokkurinn á Íslandi sem vill loka fyrir fram þeim möguleika að Ísland gangi í ESB.

Hv. formaður utanrrmn. sem talaði hér áðan lýsti sinni skoðun svo að hann væri ekki andvígur því að slíkt gæti gerst. Hann teldi það hins vegar ekki tímabært nú. En vinstri grænir vilja loka þessum dyrum og harðlæsa áður en umræðan hefst svo þjóðin geti ekki tekið þessa ákvörðun ef hún telur það skynsamlegt.

Okkar stefna er þessi: Þessa ákvörðun á þjóðin að taka í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það á að taka þessa ákvörðun að lokinni ítarlegi umfjöllun þar sem ýmsir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta, m.a. hagsmunasamtök eins og verkalýðshreyfing og samtök atvinnurekenda, fá tækifæri til að segja sínar skoðanir. Við eigum síðan að taka þá afstöðu sem skynsamlegust er að lokinni slíkri umræðu. Þannig viljum við halda á málinu. Það er okkar stefna.

Það er hins vegar engin stefna að útiloka fyrir fram ákveðnar lausnir áður en umræður hefjast. Það er ekki stefna, það er þröngsýni og einangrunarhyggja. Það er ekki afstaða heldur fordómar.

[16:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kostulegt að heyra reyndan stjórnmálamann sem m.a. hefur setið hér á Alþingi í tvo áratugi, halda því fram að hér sé lagt til að ganga um aldur og ævi og í eitt skipti fyrir öll frá tilhögun samskipta okkar við Evrópusambandið og það áður en umræður um það mál hefjist. Ég held að Samfylkingin megi í vandræðum sínum ekki ganga svo langt, þó Samfylkingin hafi ekki komið sér upp stefnu, að reyna að telja þjóðinni trú um að við séum á einhverjum algjörum byrjunarreit og menn hafi aldrei rætt Evrópumál á Íslandi áður.

Það vill svo til að ég er með í höndunum bók, herra forseti. Hún kom út 1990 og er afrakstur tveggja ára starfs þegar verið var að skoða þessi mál eins og þau voru þá. Árin 1992–1994 geysaði hér linnulaus umræða sem tengdist atburðum sem þá voru uppi. (**Gripið fram í:** Hún hefur ekki verið opnuð...) Þetta er ekki mitt eintak reyndar, heldur frá bókasafninu og verður skilað þangað aftur í plastinu nema ég gefi hv. þm. Sighvati Björgvinssyni hana. Ég hef lesið þessa bók vel. Í henni eru tekin saman þau sjö smárit sem unnin voru fyrir Evrópustefnunefnd Alþingis og var merkt starf á sínum tíma. Ég hef einmitt mælt með því að sambærilegt starf yrði sett í gang.

Umræðan um Evrópumálin hefur geysað linnulaust í 12–15 ár á Íslandi og það er algjörlega út úr kú hjá talsmönnum Samfylkingarinnar að koma hér og segja að hún sé ekki hafin af því að svo stendur á að Samfylkingin á í vandræðum í málinu. Það verður Samfylkingin að leysa með einhverjum öðrum hætti en þeim að reyna að telja þjóðinni trú um að menn hafi aldrei rætt þetta áður og engar forsendur séu til að hafa skoðun eða stefnu í málinu. Forsendurnar liggja fyrir í öllum aðalatriðum og þær forsendur styrktust sl. vor þegar skýrsla hæstv. utanrrh. kom út og hlaut hér almennt lof sem tiltölulega gott grunngagn í umræðum um þessi mál. Ég bið menn því um að fara ekki offari í málflutningi af þessu tagi eins og mér fannst hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gera hér áðan út úr augljósum vandræðum sínum.

[16:53]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að mótmæla þeim fullyrðingum hv. þm. að afstaða okkar þingmanna í Samfylkingunni sé skoðanaleysi og við séum raunverulega að segja fólki að það verði að bíða þangað til umræðu sé lokið innan okkar flokks. Þetta er ekki rétt. Við höfum kosið að beita þeirri aðferð að fara yfir samningsmarkmiðin út frá breyttum aðstæðum í Evrópu. Ég gerði það að umtalsefni áðan. Upp er komin önnur staða í Evrópu hin síðari ár en var þegar Evrópuumræðan hófst fyrir nokkrum áratugum síðan.

Við erum ekki skoðanalaus í þessu en viljum hins vegar gjarnan, því þetta er mikilvægt mál, reyna að fá samstöðu með fólki um þetta.

Þegar Jacques Delore opnaði fyrir nánari samskipti milli EFTA og Evrópusambandsins sem endaði með EES-samningnum, fóru öll EFTA-ríkin í viðræður nema við og Norðmenn felldu reyndar samninginn eins og við þekkjum. Þá voru aðrar forsendur og þess vegna er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, þegar við förum í stefnubreytingu gagnvart Evrópusambandinu, að sú umræða verði opin í öllum stjórnmálaflokkum. Við myndum okkur ekki afstöðuna fyrir fram og reynum að hafa sem allra mesta samstöðu um hana.

Við þekkjum hatrammar deilur í tengslum við utanríkismál síðustu áratugi og þeim deilum mun haldið áfram vegna þess að það verður alltaf minni hluti og meiri hluti í þessum efnum. En ég held að aðferðafræðin sem við leggjum upp með hér sé farsæl. Þetta tekur einhver missiri.

Það sem mér finnst hins vegar vera athyglisverðast í þessari umræðu — hin pólitíska niðurstaða — er hve mikill samhljómur er milli vinstri grænna og formanns Sjálfstfl. í þessu utanríkismáli sem hér hefur verið rætt hvað mest um, þ.e. afstaðan gagnvart Evrópusambandinu. Það finnst mér vera, herra forseti, hin pólitíska niðurstaða í þessari umræðu, það er sá samhljómur sem hér kemur fram.

[16:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur ekki verið staddur hér í húsi í dag og hefur ekki tekið þátt í þessari umræðu þannig að það er nokkuð sérkennilegt að komast að þeirri niðurstöðu að sérstakur samhljómur sé með málflutningi hans og okkar að þessu leyti. (Gripið fram í.) Tíðindin eru auðvitað þau að vandræðagangur Samfylkingarinnar hefur algjörlega afhjúpast í umræðunni þannig að leitun er að öðru eins.

Ég held að hvernig sem menn reyna að færa það í þann búning að það sé óskaplega málefnaleg og ábyrg afstaða að komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að hafa skoðun á málinu þá verði því seint gefið annað nafn en að það sé harla vandræðalegt í stórmáli af þessu tagi. Það er einnig óheppilegt að búa við það ástand lengi, hvort heldur sem er fyrir einstaka stjórnmálamenn í sínu hjarta, stjórnmálahreyfingar eða þjóð. Það er mikið betra að hafa einhverja línu í málinu eins og sagt er, svona eftir því sem nokkur kostur er.

Það er vissulega rétt að það er alltaf eitthvað að gerast í þessum efnum eins og víðar á alþjóðavettvangi og í heiminum öllum. Það er alveg dásamlegt að heyra menn stilla málum upp eins og mannkynssagan sé samsett af kyrrstöðutímabilum en síðan gerist allt í einu einhver ósköp. Það er alltaf eitthvað að gerast. Það hefur alltaf verið eitthvað að gerast í Evrópumálum svo lengi sem ég man eftir mér og fór að fylgjast með þjóðmálum. Ég sit í Evrópunefnd Norðurlandaráðs og fylgist ágætlega með þessu, m.a. í gegnum það starf. Það er vissulega ýmislegt að gerast sem er fróðlegt og áhugavert að fylgjast með en það skapar mér engin vandræði. Sú atburðarás skapar hamlar mér ekki í að hafa skoðun á þessu máli og hafa stefnu í málinu. Ég held hún eigi ekki að þurfa að gera það.

Annaðhvort geta menn bara ekki málið upp við sig eins í tilviki Samfylkingarinnar eða hitt, sem væri náttúrlega miklu verra, að menn langar eitthvað en þora ekki að segja það og breiða yfir það með því að segja: Við verðum að skoða þetta, athuga og kanna þetta, þetta er svo flókið og það er svo mikið að breytast o.s.frv. Það hefur mann auðvitað grunað stundum, því miður, að þeir sem í hjarta sínu eru komnir á þá skoðun að við ættum að ganga í Evrópusambandið treysti sér ekki til þess að segja það og breiði yfir það með málflutningi af þessu tagi.

[16:58]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að skoðanir hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar væru ljósar í Evrópumálum. Ég er hissa á því ef hv. þm. er ekki kunnugt um skoðanir hans í þeim efnum en þær eru alveg samhljóma því sem hv. þm. hefur hér haldið fram.

Ég vil benda á að það er enginn vandræðagangur hjá okkur í Samfylkingunni. Það voru allir sammála á landsfundi okkar um að viðhafa þau vinnubrögð sem ég lýsti. Við erum ekki að tala um vangaveltur með eða á móti. Við erum m.a. að fjalla um nýtt hugtak í stjórnmálaumræðunni á Íslandi sem er samningsmarkmið ef til aðildarviðræðna kemur. Það er alveg ný afstaða sem hefur verið mótuð innan Samfylkingarinnar. Okkar vinnubrögð, herra forseti, eru þannig enginn vandræðagangur enda er full samstaða um það innan Samfylkingarinnar að fara þessa leið. Með þessu mun sterkur vilji skapast meðal landsmanna og samstaða um samningsmarkmiðin, um hvað við viljum, því þetta er ekki spurning um já eða nei. Það er barnaleg afstaða sem hér kemur fram hjá hv. þm. og það er þröngsýn afstaða, herra forseti, sem hefur komið fram af hálfu vinstri grænna í þessari umræðu og sömuleiðis hjá skoðanabróður þeirra, hæstv. forsrh. Þetta er þröngsýni sem endurspeglast í fyrir fram gefinni niðurstöðu. Þannig viljum við í Samfylkingunni ekki vinna.

[16:59]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gallinn við röksemdafærslu af því tagi sem hv. þm. Ágúst Einarsson og skoðanasystkini hans hafa hér stuðst við er að þetta er næsti bær við það að segja að menn eigi helst ekki að hafa miklar skoðanir á málum vegna þess að það þurfi auðvitað að ræða þau og skoða og sé ekki málefnalegt eða uppbyggilegt að fjalla um þau með jái eða neii. Vandinn er sá að einhvern veginn verða menn að komast að niðurstöðu í svona málum og stjórnmálin verða harla grautarleg viðfangs ef þetta væri reyndin í öllum málum og allir flokkar væru á sama vegi staddir í þessum efnum. Hvernig ættu menn þá að átta sig? Hver væri leiðsögn þjóðarinnar?

Til hvers eru stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar? Af hverju erum við að bjóða okkur fram? Það er væntanlega vegna þess að við höfum einhverja stefnu, einhverja sannfæringu og skoðun og við erum að tala fyrir henni. Við erum að reyna að fá fólk til liðs við okkur um það. Það erum við að reyna að gera hér, a.m.k. að okkar leyti, að fólkið viti algjörlega hvar það hefur okkur í þessu máli en sé ekki háð einhverri niðurstöðu í framtíðinni um afdrifarík stórmál af þessu tagi. Menn verða að vita hvort heil stjórnmálafylking lendir hægra eða vinstra megin hryggjar, með eða á móti aðild að Evrópusambandinu. Það er ábyggilega ekki mjög þægileg staða að verja, sem þessir menn hafa verið að gera hér, að færa fram af miklum krafti rök fyrir því að ómálefnalegt sé, eins og hér kom fram í síðasta andsvari, að hafa skoðun á Evrópumálum. Í öllum meginatriðum liggur það fyrir sem liggja þarf fyrir um hvað felist í aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Það er líka algjörlega ljóst að menn sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu upp á grín. Menn geta ekki bara sótt

um svona til að prófa hvað þeim bjóðist. Menn verða áður að gera upp við sig hvort þeir ætla að reyna að semja um aðild sína að sambandinu og leggja það fyrir dóm sinnar þjóðar. Það hefur reynst niðurstaðan hjá Norðmönnum og öðrum slíkum.

Ég tel að þessi málflutningur sé allur á mjög þunnum ís sem gengur út á að reyna að sannfæra okkur um það að séu ekki efnislegar forsendur til að hafa skoðun á Evrópumálum á Íslandi um þessar mundir.

[17:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu.

Hv. þm. segir að menn þurfi að vera búnir að ganga úr skugga um það áður en þeir leggja fram einhverja tillögu að sú leið sem lögð er fram sé fær. Gott og vel. Þá hef ég spurningu fyrir hann sem ég verð að leggja fram með þessum hætti því ég átti ekki kost á því að fá meiri tíma til andsvara.

Í tillögunni leggur hann til að í staðinn fyrir það efnahagssamstarf sem við höfum átt og byggist á ríkjasamstarfi og bandalögum eins og EFTA og EES verði tekin upp það sem hann kallar tvíhliða lausn, þ.e. tvíhliða samningar milli viðkomandi aðildarríkja. Og nú spyr ég hv. þm.:

Hefur hann kannað það eða hefur hann skoðun á því hversu auðvelt það sé að fá EFTA-ríkin og Evrópusambandsríkin og þau ríki sem EFTA hefur gert viðskiptasamninga við fyrir hönd aðildarríkjanna, nú síðast Kanada, til þess að hverfa frá þeim niðurstöðum og afgreiða í staðinn í gegnum jafnmörg þjóðþing, sennilega langt á þriðja tug þjóðþinga, tvíhliða samninga við Ísland um viðskipti og samstarf í mennta- og menningarmálum? Hefur hv. þm. einhverja skoðun á því hvort líklegt sé að sú lausn nái fram að ganga? Eða hefur hann einhverja skoðun á því hversu langan tíma það muni taka að ganga úr skugga um það hvort slík lausn sé fáanleg? Hann getur t.d. stuðst við reynslu Svisslendinga af því hvað það tók þá langan tíma að ná tvíhliða samningi við Evrópusambandið sem er miklu verri en sá samningur sem EFTA-ríkin gerðu. Hann er miklu verri, miklu takmarkaðri ef maður skoðar hagsmuni Svisslendinga og miklu víðtækari ef menn skoða yfirráðahagsmuni ESB. Eða hefur hv. þm. kannski sömu lausn á þessu máli og sá maður sem eitt sinn var formaður í stjórnmálaflokki hans og situr ekki lengur á þingi? Hann lagði þessa sömu lausn til með stuðningi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar EES-samningurinn var til meðferðar. Þá lagði sá formaður fram fyrir okkur þingmenn tillögur sínar um það hvernig tvíhliða samningurinn við ESB-ríkin skyldi hljóða, þannig að hann var með það alveg á tæru hvernig þeir ættu að vera. En það var bara eitt sem vantaði á það allt saman og það var hann hafði ekkert sýnt væntanlegum viðsemjendum okkar svo mikið sem eina setningu í þessum samningum. Hann hafði bara gert þá við eldhúsborðið heima hjá sér og gefið sér að það yrði harla lítið mál að fá öll ESB-ríkin til þess að afgreiða samninginn sem hann hefði búið til á kokkhúsborðinu heima hjá sér í gegnum þjóðþing þessara landa. Er þetta hinn vandaði undirbúningur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og flokkssystkini hans hafa haft á þessum málatilbúnaði sínum, þ.e. sú athugun sem fram hefur farið á því og það mat sem fram hefur farið á því að taka upp tvíhliða samninga við þessi ríki langt á þriðja tug sem við höfum gert samninga við í gegnum fjölþjóðlegt samstarf á vegum EFTA og ESB og EES? Það verður þá ekki lítið að gera fyrir hæstv. utanrrh. og allt íslenska utanrrn. ef það þarf að fara þá leiðina. Þá er ég hræddur um að ekki dugi það starfslið sem þar er fyrir hendi og jafnvel þó það yrði tvöfaldað eða þrefaldað.

Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan að menn séu að feta nýja leið í Samfylkingunni. Það er rétt. Við viljum skilgreina samningsmarkmiðið. Við viljum að íslenska þjóðin geri upp við sig hverju hún vilji ná fram í samningum við Evrópusambandið og þegar það er búið þá hefjist alvörusamningaviðræður. Við viljum ekki fara í viðræður bara upp á plat. Við viljum ekki fara í viðræður bara til að sjá. Við viljum að íslenska þjóðin geri fyrst upp við sig hvað það er sem hún vill fá fram áður en samningaviðræður hefjast og að samningaviðræður hefjist ekki fyrr en íslenska þjóðin er búin að gera þetta upp við sig. En ekki einu sinni það eru vinstri grænir reiðubúnir að hlusta á. Þeir vilja fyrirframafstöðu um að þessi leið sé lokuð hvað svo sem líður vilja þjóðarinnar, hvað svo sem líður afstöðu hagsmunasamtaka þar á meðal aðila eins og verkalýðshreyfingarinnar og hvað svo sem líður skynsemi þeirra manna sem um eiga að fjalla. Þeir vilja gæta þess vel og vandlega að þessari hurð sé lokað og henni aflæst áður en lengra er haldið. Með öðrum orðum treysta þeir því ekki að skynsamleg umræða kunni að geta leitt til þessarar niðurstöðu og þá niðurstöðu vilja þeir ekki fá undir neinum kringumstæðum. Þeir vilja ganga út frá því áður en t.d. sú vinna hefst að móta samningsmarkmið Íslendinga að þessari leið sé lokað. Þó að þjóðin vildi þá má hún ekki fá að ganga þessa götu. Það er forræðishyggja. Það er ekki afstaða heldur er það forræðishyggja og það er einangrunarstefna.

En ég ítreka spurningu mína, virðulegi forseti, til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar: Hvaða könnun hefur hann gert á því hvort líklegt sé að við getum fengið afgreidda á þjóðþingum u.þ.b., já, langt á þriðja tug ríkja sambærilega samninga í tvíhliða samskiptum og við höfum nú við ríkin innan ESB og eins og við höfum nú við þau ríki sem EFTA hefur gert samninga um fyrir okkar hönd um samskipti og viðskipti milli EFTA-ríkjanna og þeirra? Og hvaða líkur telur hann á því að á þriðja tug þjóðþinga séu reiðubúin að afgreiða slíka samninga við okkur Íslendinga? Það er hreinn barnaskapur að halda slíku fram, barnaskapur sem lýsti sér í því þegar formaður í þeim flokki sem hann tilheyrði þá lagði fram á Íslandi uppkast að tvíhliða samningi við öll ESB-ríkin sem hann hafði skrifað við eldhúsborðið heima hjá sér og lagði fram fyrir þjóðina sem valkost en ekki nokkur annar maður hafði séð nema e.t.v. félagar hans í þingflokknum sem hann þá sat í og ég efast meira að segja um að þeir hafi fengið að breyta svo miklu sem stafkrók í þeim uppköstum.

[17:09]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það koma alltaf nýjar og nýjar víddir inn í þessa umræðu í hvert skipti sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kemur í pontu. Nú spyr hv. þm. hvort við höfum rætt við alla mögulega hugsanlega samningsaðila Íslands fyrir fram áður en við voguðumst að leggja fram þessa tillögu hér um almenna stefnumótun í samskiptum Íslands við önnur ríki. Svarið er nei. Það er best að það sé alveg á hreinu að þingmenn eða erindrekar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fóru ekki um lönd og álfur og áttu samningaviðræður við 20–30 ríki um það hvort við gætum alveg örugglega gengið frá svona samningum ef það skyldi nú einhvern tíma inni í framtíðinni verða uppi á borðinu.

Ég spyr hv. þm. á móti: Er hann vanur því að undirbúningur þingmála sé með þeim hætti hér yfirleitt að vinnan sé öll unnin fyrir fram sem mælt er fyrir um í tillögu að fara út í?

Ég vek athygli þingmanna í allri vinsemd á orðalagi tillögunnar hvað varðar þennan tiltekna þátt. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu."

Þarna er með öðrum orðum ákveðin leiðsögn, ákveðin almenn stefnumótun sem vísar til framtíðar og vísar til ákveðins ferlis, ef og þegar og við þær aðstæður sem uppi kynnu að verða þegar til breytinga kæmi í þessum efnum. Hér fyrr í umræðunni var vitnað til hluta eins og þeirra ef t.d. Norðmenn gengju í Evrópusambandið og stofnanaþáttur ESS-samningsins væri þá í uppnámi. Þá fæli stefnumótun af þessu tagi í sér almenna leiðsögn um það hvernig við mundum þá vilja reyna að þróa þessi samskipti. Það er það sem þarna stendur.

Einn gallinn við að eiga rökræður og skoðanaskipti við hv. þm. Sighvat Björgvinsson er að hann er stundum ekki alveg nógu nákvæmur í orðalagi, einnig þegar hann hefur eftir mönnum.

[17:11]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur þá ekki lagt í þá vinnu sem fyrrum flokksformaður hans lagði í þegar hann kynnti fyrir okkur þignmönnum uppkast sitt að samningum, tvíhliða viðskiptasamningum við öll þau ríki sem þá tilheyrðu ESB.

En ég ætla að spyrja hv. þm. að því hvort hann sé búinn að gleyma því hvað það tók langan tíma að fá samþykkt á þjóðþingum ESB-landanna þann samning sem gerður var við EFTA-ríkin um EES á sínum tíma og hversu litlu munaði að samningsgerðin þá, fullnusta þess samnings, félli á tíma vegna þess að ESB-ríkin voru ekkert óskaplega áhugasöm um að hraða sér um það. Til viðbótar bætist síðan við að EFTA hefur gert viðskiptasamninga við mörg þeirra ríkja sem nú eru að ganga inn í ESB og verða þá sjálfkrafa aðilar að EES-svæðinu og þyrfti þá að taka upp samningaviðræður við þau líka til þess að framkvæma þá tvíhliða samningastefnu sem vinstri grænir eru að mæla fyrir um.

Finnst nú hv. þm. líklegt að þessi stefnumótun, ef ætti að taka hana í alvöru, muni skila einhverjum árangri? Það tel ég nú ekki vera, virðulegi forseti, enda held ég að þessi stefnumörkun sé flutt svona meira og minna í bríarí til þess að geta sagt frá því að menn hefðu þessa stefnu, því að það hefur komið fram í máli hv. þm. og fleiri að þeir ætlast ekki til þess að sú krafa sé til þeirra gerð að við hana verði staðið ef þeir lenda einhvern tíma í ríkisstjórn. Þeir ætlast ekki til þess. Þeir eru reiðubúnir að sætta sig við óbreytt ástand.

[17:13]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég ætti að gefa málflutningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar einkunnir hér í dag fyrir tvennt, þá fengi hann fyrir útúrsnúninga 9,5 og fyrir orðhengilshátt 9,8.

Síðan verð ég að segja alveg eins og er að því miður gerir hv. þm. sig sekan um það í ræðustólnum að opinbera mikla vanþekkingu á þessum málum. Það hryggir mig að þurfa að segja það en allt þetta bull um vandkvæðin vegna tvíhliða samninga sem þyrfti að endursemja um við öll ríki sem EFTA hefur samið um er á misskilningi byggt því að þeir samningar eru tvíhliða í grunninn og eru fullgiltir milli viðkomandi ríkja þannig að það yrði óbreytt ástand hvað það varðar.

Ég tel einnig að það sé í grundvallaratriðum misskilningur að halda því fram að einfaldir samningar um viðskipti eða samvinnu sem við gerðum við Evrópusambandið, ekki við einstök ríki þess, þyrftu þinglega meðferð í þjóðþingum aðildarríkjanna. Mér er ekki kunnugt um að margir slíkir samningar, t.d. við Grænlendinga og Færeyinga, þurfi slíka þinglega meðferð. Það er Evrópusambandið sem gerir þá og þeir gilda vegna þess að þetta eru einfaldir viðskiptakjarasamningar og taka ekki til þeirra lagalegu þátta sem kalla á sjálfstæða þinglega fullgildingu í hverju og einstöku landi fyrir sig. Þannig hef ég a.m.k. skilið það og bið um að vera leiðréttur ef það er misskilningur.

Við höfum átt í alls konar samskiptum á tvíhliða grunni við Evrópusambandið án þess að það þyrfti þinglega meðferð. Við vorum aðilar að ákveðnum rannsóknaráætlunum þess áður en EES-samningurinn kom til sögunnar og það þurfti ekki neitt flókið ferli af þessu tagi. Ég held því að hv. þm. sé nú alveg úti í mýri hvað varðar þetta síðasta sem hann hefur lagt hér inn til umræðunnar, þ.e. að tillagan væri alveg ómarkviss vegna þess að við hefðum ekki fyrir fram samið um allt sem einhvern tímann í framtíðinni kynni að vera fólgið í stefnumótun af því tagi sem hún felur í sér. Það er bara málflutningur sem nær engri átt, herra forseti.

[17:15]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég ætti að gefa hv. þm. einkunn fyrir málflutning hans hér þá mundi ég biðjast undan því því ég treysti mér ekki til þess að gerast prófdómari í sambandi við einkunnagjöf fyrir þingflokk sem flytur tillögu um eitt en mælir fyrir henni um allt annað. Ég treysti mér því ekki til að gefa einkunn fyrir slíkar tilraunir.

Hins vegar verð ég að segja það eins og er að nú hætti ég algjörlega að skilja vegna þess að hv. þm. virðist gera ráð fyrir því að núverandi samningar milli EFTA og ESB verði framlengdir með tvíhliða samningum milli Íslands og viðkomandi aðildarríkja. Og þá skil ég hann nú ekki lengur vegna þess að samningur EFTA og ESB um EES-svæðið gerir að sjálfsögðu ráð fyrir miklu meiri samskiptum heldur en eingöngu á sviði viðskiptamála. Og ég spyr: Gengur þá hv. þm. út frá því að við gerum t.d. tvíhliða samning við Spán um að tilteknir þættir í lagasetningu sem settir yrðu á spænska þinginu öðluðust lagaígildi á Íslandi, þ.e. ætlar hann að framlengja EES-samninginn í því formi sem hann er núna við aðildarríki Evrópusambandsins í framtíðinni eða er maðurinn að tala um að efna til nýrra samninga á tvíhliða grundvelli eingöngu um viðskiptasamstarf? Þá er auðvitað ljóst að þær viðræður takast alveg frá grunni, upp á nýtt, og þyrftu margra ára aðlögun. Ég skil því ekki nákvæmlega hvað fyrir hv. þm. vakir því ég trúi því varla að hann sé að segja okkur að hann geri ráð fyrir því að EES-samningurinn verði framlengdur óbreyttur í tvíhliða samningum Íslands við önnur ríki, (Forseti hringir.) með öðrum orðum að við yfirtökum lagasetningar einstakra ríkja í okkar löggjöf.

[17:18]

Útbýting þingskjala:

Hlutverk ríkislögreglustjóra, 86. mál, fsp. LB, þskj. 86.

Neytendalán, 90. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 90.

Réttarstaða sambúðarfólks, 88. mál, beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, þskj. 88.

Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi, 89. mál, fsp. MS, þskj. 89.

[17:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Er ég bað um orðið aftur í gerði ég það vegna þess að mér finnst að fram hafi komið ákveðinn kjarni í þessari umræðu sem ekki síst kom núna fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að því er varðar tvíhliða samninga.

Aðalspurningin sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir nú á næstu árum og áratugum er spurningin um það hvort við viljum taka þátt í heimsvæðingunni, alþjóðavæðingunni með öllum þeim kostum og göllum sem henni fylgja. Ég er þeirrar skoðunar, og ég býst við því að flestir Íslendingar séu þeirrar skoðunar, að við eigum að gera það, að mestar líkur séu á því að með þátttöku í alþjóðavæðingunni muni Íslendingum vegna best í framtíðinni. Þetta á við um viðskipti. Þetta á við um menntun. Þetta á við um þekkingu. Þetta á við um baráttuna gegn mengun, baráttuna gegn glæpum og fyrir friði í heiminum. Almennt hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að þessi vandamál verði ekki leyst nema á vettvangi alþjóðamála.

Og þá vaknar þessi stóra spurning: Hver er aðgangur Íslendinga að þessum málum? Hver er aðgangur Íslendinga að alþjóðavæðingunni, að heimsvæðingunni?

Aðgangur Íslendinga er fyrst í gegnum þær alþjóðastofnanir sem við höfum starfað innan, hvort sem það er innan EFTA, innan NATO, innan Sameinuðu þjóðanna, innan ÖSE, innan Evrópuráðsins eða innan Norðurlandaráðs. Ég er þeirrar skoðunar að það sé algjört grundvallaratriði ef við eigum að geta tekið þátt í þessu samstarfi að við höfum sterka stöðu á vettvangi Norðurlandanna og jafnframt á vettvangi Evrópusamstarfsins.

Ástæðan fyrir því að mér finnst oft að málflutningur vinstri grænna beri vott um einangrunarhyggju er kannski fyrst og fremst sú að þær forsendur sem þeir gefa sér í sínum lausnum standast ekki að mínu mati. Ég tel að það standist ekki að við getum náð viðunandi tvíhliða samningum. Sannleikurinn er sá að t.d. EES-samningurinn hefur gefið okkur aðgang inn í tvíhliða samninga sem við hefðum annars ekki náð. Og samstarfið á sviði EFTA hefur gefið okkur möguleika á tvíhliða samningum sem við annars hefðum ekki náð.

Hafa menn t.d. trú á því að annars hefðu átt sér stað svo flóknar og erfiðar samningaviðræður milli Íslands og Kanada á sviði viðskiptamála og nú fara fram á vettvangi EFTA, að vísu undir forustu okkar um þessar mundir? Hafa menn trú á því að við hefðum getað komið viðræðum af stað við Mexíkó eins og nú eiga sér stað?

Ég ætla ekki að útiloka það. En ég held að það sé alveg ljóst að Ísland eitt og sér sem tiltölulega lítill markaður hefur ekki það aðdráttarafl sem EFTA hefur þrátt fyrir allt því efnahagslíf EFTA-þjóðanna er svona sambærilegt við það sem er í Kanada. Og eins og allir vita er Kanada eitt af þessum sjö ríkjum sem mestu ráða nú á fjármálamarkaði í heiminum, eða hafa ráðið því auðvitað hefur Evrópusambandið komið þar inn sem nýtt afl. Þetta finnst mér vera mikill kjarni og aðalatriði, hvernig menn vilja skilgreina.

Ég tel að þetta tvíhliða tal við Evrópusambandið sé því miður ekki leið sem gengur upp. Það er mitt mat. Ég tel að tvær leiðir geti gengið upp, þ.e. annars vegar einhvers konar *framlenging á EES-samningnum, styrking á honum*, með ákveðnum breytingum. Gallinn er sá að hann þarf þá að ganga fyrir öll þjóðþingin sem er viðamikið mál. Hin leiðin er aðild að Evrópusambandinu. Það eru þessar aðstæður sem ég tel að kalli á það að við ræðum aðildarkostinn. Ekki endilega vegna þess að við viljum það heldur vegna þess að við verðum að gera það og þá verðum við að horfast í augu við ákveðnar staðreyndir og tala um hlutina eins og þeir eru og upplýsa þjóðina um það hvernig ástandið er.

Aðild okkar að alþjóðavæðingunni liggur því fyrst og fremst í gegnum Norðurlandasamstarfið og í gegnum Evrópusamstarfið. Við verðum vör við að Norðurlöndin beina athygli sinni og kröftum í vaxandi mæli að Evrópusamstarfinu, í minna mæli að Norðurlandasamvinnunni, a.m.k. á sviði Norðurlandasamvinnunnar eru það Evrópumálin og sameiginlegir hagsmunir Norðurlandanna í Evrópu sem mestur tíminn fer í. Þetta er m.a. staðfest í ágætri skýrslu sem nú er komin út og fjallar um framtíð Norðurlandasamstarfsins. *Þessi skýrsla er samin undir forustu Jóns Sigurðssonar* og þetta starf fór af stað í formennskutíð okkar í Norðurlandasamstarfinu og var tillaga okkar um það hvernig aldamótanna skyldi minnst á vettvangi Norðurlandanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila lengur um það við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon hvort ég hef staðið rétt eða rangt að máli. Ég tel mig hafa gert það og ég tel að ég hafi útskýrt það hér.

Ég vil aðeins segja að lokum þegar talað er um áhrif okkar Íslendinga, að áhrif okkar Íslendinga geti engin verið t.d. í sjávarútvegsmálum. Evrópusambandsþjóðirnar veiða rúmlega 6 millj. tonna. Við veiðum rúmlega 2 millj. tonna. Við erum því stórveldi í sjávarútvegsmálum í Evrópu. Það liggur alveg fyrir. Lúxemborg er stórveldi á fjármálamarkaði. Við getum haft áhrif og höfum áhrif þar sem við störfum. Það má alveg eins segja: Hefur einn einstaklingur sem gengur í flokk vinstri grænna nokkur áhrif? Hefur einn einstaklingur sem gengur í Framsfl. nokkur áhrif? Þetta er sú skoðun sem við heyrum oft, að fólk eigi ekkert að vera að ganga í stjórnmálaflokka því einstaklingarnir geti sáralítil áhrif haft þar. Þetta er í grundvallaratriðum rangt og það vitum sem hér erum inni. Á sama hátt er það í grundvallaratriðum rangt að Íslendingar geti ekki haft áhrif sem jafningi meðal stærri þjóða. Það höfum við haft og það getum við haft hvort sem það er Atlantshafsbandalagið, Evrópusambandið, Evrópuráðið eða önnur þau samtök sem við teljum rétt að við séum meðlimir í.

[17:26]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Fyrst ætla ég að svara þessu með það hvort einstaklingur hafi meiri áhrif með því að ganga í vinstri græna heldur en í Sjálfstfl. Þá er svarið væntanlega já því við erum eitthvað færri enn þá. En það stendur til bóta. Hlutfallslega ættu menn því að hafa meiri vigt hver og einn á meðan svo er.

Ef kjarni þeirrar umræðu sem hér er um alþjóðasamskipti Íslands kristallast í spurningunni um það hvort við eigum að verða aðilar að svokallaðri alþjóðavæðingu eða heimsvæðingu eða ekki — og væri nú gaman að hafa tíma til að ræða allt sem er tínt saman undir þá breiðu fyrirsögn —

þá er svar mitt já. Að sjálfsögðu hljótum við Íslendingar að verða aðilar að þeirri þróun sem í gangi er í heiminum. Við ætlum að vera í samfélagi þjóðanna. Spurningin er hins vegar um það hvernig við gerumst það, á hvaða forsendum við reynum að ganga þar fram vegna þess að hér er ekki um að ræða bara eitthvert já eða nei, eitthvert ultimatum sem við þurfum að taka við sem náttúrulögmáli utan frá og getum enga skoðun haft á. Við eigum einmitt að reyna að meta allar breytingar af þessu tagi, hvaða fyrirsagnir sem menn setja á þær, samrunaþróun Evrópu, alþjóðavæðingu, heimsvæðingu, á sjálfstæðum forsendum og láta ekkert hræða okkur frá því þó við séum ekki fleiri en við erum og búum þar sem við búum. Það er ekki heldur þar með sagt að við þurfum að taka við slíku án þess að leyfa okkur að hafa skoðun á innihaldinu.

Ég tel að við eigum að efla þátttöku okkar í heims- og svæðisstofnunum sem eru lýðræðislega uppbyggðar og hafa í sér fólgnar eins lítið afsal á fullveldi og sjálfstæði og kostur er. Við teljum að aðild að Evrópusambandinu sé ekki rétt form á slíkri alþjóðaþátttöku Íslands, það eigi frekar að byggja á Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu, Norðurlandaráði, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Alþjóðaviðskiptastofnuninni, með öllum þeim fyrirvörum sem ég þó hef í framgöngu þeirrar stofnunar (Forseti hringir.) og hljótum við auðvitað eins og nær allar aðrar þjóðir heimsins að vera þar aðilar og reyna að hafa þar áhrif.

[17:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það afskaplega mikilvæg niðurstaða hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hann vilji taka þátt í alþjóðavæðingunni, taka þátt í heimsvæðingunni. Þá erum við sammála um það. En við verðum að meta það raunhæft hvernig Ísland getur tryggt sér þar sess sem tiltölulega lítil þjóð. Ég er þeirrar skoðunar að þetta tvíhliðatal og þessir tvíhliða samningar sem hann er að tala um geri það ekki. Ég er í grundvallaratriðum sammála því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að það sé ekki raunhæf leið. Það byggi ég m.a. á reynslu minni í þessum málum á undanförnum árum að ég sé það ekki sem leið.

Hv. þm. veit það áreiðanlega að þegar þjóðir Mið- og Austur-Evrópu ganga í Evrópusambandið þá renna úr gildi tvíhliða samningar okkar við þessar þjóðir. Þá eru þeir ekki lengur í gildi. Og við verðum í reynd að yfirtaka þá samningsniðurstöðu sem Evrópusambandið kemst að við þessar þjóðir, sem mér finnst nú ekki lýðræðislegt. Við munum standa frammi fyrir því á Alþingi að samþykkja hana. Við getum að vísu hafnað henni. En við verðum ekki í góðri stöðu til að hafna henni. Þetta er m.a. ein af þeim staðreyndum sem ég hef verið að draga fram í umræðunni. Er það rangt að segja þetta? Þetta er hins vegar rétt. Erum við að veikja okkur stöðu? Þetta er okkar staða. Þetta veit Evrópusambandið og Evrópusambandið veit líka að við eigum mjög erfitt með að hafna slíkri niðurstöðu.

Þetta eru staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir og ég tel þetta tvíhliða tal, hvort sem það er nú eða fyrr, standist ekki þær kröfur og þau skilyrði sem við Íslendingar eigum að hafa metnað til að gera í þátttöku okkar í alþjóðasamfélaginu.

[17:31]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu snýst þetta um það að við metum það og reynum að komast að niðurstöðu um það með hvaða hætti sé tryggilegast að gæta hagsmuna okkar. Það er það sem við erum að ræða hér um. Ég tel að það sé á engan hátt sýnt fram á það að sú meginstefnumótun sem þessi tillaga felur í sér sé ekki raunhæf, og þó að þarna séu nefndir möguleikar á þróun í átt til tvíhliða samninga um ákveðna hluti þá sé það eitthvað sem sé nánast eins og búið að vera. Ég er mjög undrandi ef menn eru hér virkilega að tala þannig að það sé ekki að verða neinn kostur í alþjóðasamskiptum að gera sjálfstæða samninga um sín mál. Alveg sérstaklega vegna þess að samtímis þeirri blokkamyndun sem menn eru hér mjög uppteknir af og virðast öðrum þræði vera að beygja sig undir sem óumflýjanleg forlög eru tilraunir í gangi til þess að koma á alheimsskipan mála sem gerir auðvitað þá blokkamyndun og þá svæðisbundnu samninga sem undir hana verða að falla, því að ég geri ráð fyrir því að Evrópusambandsríkin og stækkað Evrópusamband ætli eftir sem áður að vera aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, stofnunum Sameinuðu þjóðanna og öðru slíku alþjóða- og alheimssamstarfi sem er í vaxandi mæli að setja hinar almennu leikreglur heimsins.

Ég geng ekki undir þá lokuðu heimsmynd sem mér finnst menn draga upp, mér liggur við að segja nauðhyggju, að við gætum staðið frammi fyrir því eða stöndum nánast frammi fyrir því á komandi árum að það verði bara uppi þessir kostir: að einangrast eða ganga í Evrópusambandið. Ég held að það sé ekki þannig. Ég held þvert á móti, og spái því, að eftir svona tíu ár, ef allt fer að óskum og Íslandi verður ekki fyrir þann tíma troðið inn í Evrópusambandið, þá muni umræður um slíkt þykja mjög undarlegar vegna þess að þá muni staða þeirra ríkja sem hafa varðveitt sjálfstæði sitt þykja bærileg.

[17:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki spurningin um einhverja nauðhyggju. Þetta er spurningin um það að meta okkar stöðu rétt og fara í hlutina samkvæmt því. Það er það sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vil minna hv. þm. á það að við erum hluti af innri markaði Evrópusambandsins, við höfum yfirtekið allt það regluverk sem þar er og höfum skyldur til þess að taka yfir hluta af því og það regluverk í framtíðinni. Hvernig er hægt að reka það áfram með tvíhliða hætti? Það er einfaldlega ekki hægt nema við viljum alveg afsala okkur þar áhrifum og afsala okkur hlutum til yfirþjóðlegs valds.

Telur hv. þm. það raunhæfan kost að við segjum okkur frá þessum innra markaði? Telur hann að íslenskur sjávarútvegur þoli það? Telur hann að íslenskt atvinnulíf þoli það? Telur hann t.d. að verkalýðshreyfingin, sem hefur talið að það hafi verið til bóta að vera hluti af þessum innra markaði, vilji það?

Ég tel það vera algjörlega óraunhæfan kost og ég er einfaldlega að segja: Í guðanna bænum, málið er alveg nógu flókið og nógu erfitt þó við séum ekki að gæla við svona hugmyndir sem að mínu mati standast ekki og við munum aldrei geta komið í framkvæmd ef við höfum þessa hagsmuni í huga. Það er þess vegna sem við þurfum að fara raunhæft yfir þessi mál.

Það má vel vera að mat mitt sé rangt og hv. þm. haldi því fram að ég sé ekki að vinna rétt þar frekar en í öðrum málum. En sagan mun væntanlega dæma það. Kannski verðum við ekki þeir aðilar sem taka lokaákvarðanir um það en ræður okkar verða lesnar eftir tíu, tuttugu ár og þá mun sá dómur verða felldur en ekki fyrr.

[17:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta hæstv. utanrrh. um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Innan verkalýðshreyfingarinnar eru skiptar skoðanir um afstöðuna til Evrópusambandsins og einnig til EES-samningsins og hins innri markaðar.

Það kom mér hins vegar mjög á óvart að hvaða marki hæstv. utanrrh. leggur alþjóðastofnanir og alþjóðleg samtök að jöfnu, Sameinuðu þjóðirnar og NATO, Norðurlandaráð og Evrópusambandið. Að mínum dómi byggir þetta ekki aðeins á miklum misskilningi heldur einnig harla íhaldssamri heimssýn.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beitt sér fyrir og er fylgjandi alþjóðahyggju og fjölþjóðlegu samstarfi, hvort sem litið er til umhverfismála, til friðarmála, til mannréttinda, og í viðskiptum þótt þar sé að því að hyggja að viljum ekki opna allar gáttir fyrir fjölþjóðlegu fjármagni í okkar litla hagkerfi. Við viljum standa þannig að málum að staðinn sé vörður um fullveldi landsins. Við teljum Evrópusambandið vera ávísun á einangrunarhyggju auk þess sem það skerðir fullveldi þjóðarinnar.

Staðreyndin er sú að ásetningurinn innan Evrópusambandsins að keyra Evrópusamrunann markvisst áfram er býsna sterkur, að mynda stórt evrópskt ríki með einum sameiginlegum landamærum, með sameiginlegri efnahags- og peningapólitík, sá ásetningur er býsna sterkur. Menn gera því skóna og velta því fyrir sér hvort Noregur kunni að gerast aðili að Evrópusambandinu innan tíðar því að menn vita sem er að það verður reynt aftur. Norðmenn eru tvívegis búnir að fella það í þjóðaratkvæðagreiðslu að gerast aðilar að Evrópusambandinu en menn vita að það verður reynt aftur og aftur á sama hátt og reynt var aftur í Danmörku með Maastricht-samkomulagið þar til það var samþykkt, að vísu breytt, dönsk stjórnvöld náðu því fram. Og menn gera því skóna að Danir eigi eftir að taka upp evruna. Menn vita sem er að það verður reynt aftur og aftur og aftur. Stjórnmálamenn sem eru fylgjandi Evrópusamrunanum í Evrópu hafa reynt að laga sig að þessu. Þeir vita um andstöðuna, hina sterku andstöðu í þjóðfélögunum gegn þessum samruna og hafa reynt að haga málflutningi sínum í samræmi við þetta. Hann er oft mjög þokukenndur og oft er hann villandi og óheiðarlegur.

Þannig varð ég vitni að viðtali t.d. við danska forsætisráðherrann, Poul Nyrup Rasmussen, þegar hann var spurður um tengslin á milli evrunnar og Evrópusamrunans og hann kvað þessi tengsl afskaplega lítil, þetta væru lítil tengsl. Auðvitað sjá það allir að þetta er mjög óheiðarlegt svar. Þetta er ekki bara þokukenndur málflutningur, þetta er óheiðarlegt svar. Og það er gegn þessu sem danska þjóðin reis, gegn málflutningi af þessu tagi, þessum óheiðarlega málflutningi, þokukennda og óheiðarlega málflutningi. Og enda þótt nær allir stjórnmálaflokkar í Danmörku væru fylgjandi því að Danir segðu já við evrunni, ekki vinstri sinnar og ekki þeir sem standa langt til hægri, þeir voru þessu andvígir, en mikill meiri hluti pólitískra stofnana var þessu fylgjandi. Stofnanir á vinnumarkaði voru þessu eindregið fylgjandi. Nær allir fjölmiðlar voru þessu fylgjandi. En þjóðin sagði nei. Það er sannfæring mín að þjóðin hafi ekki einvörðungu verið að andæfa evrunni. Hún var að andæfa þokukenndum, óheiðarlegum vinnubrögðum og óheiðarlegum málflutningi þeirra sem segja endalaust að það þurfi að skoða málin, það þurfi að setja nefnd í málið. Hún var að andæfa málflutningi þeirra sem ekki þora að koma hreint til dyranna með afstöðu sína.

Skyldi þessi málflutningur eiga sér einhverja samsvörun á Íslandi? Skyldi það vera að þessi málflutningur eigi einhverja samsvörun hér á landi? Já, hann á það hjá tveimur stjórnmálaflokkum og sá málflutningur hefur birst okkur hér í dag, úr munni hæstv. utanrrh. fyrir hönd Framsfl. og af hálfu ýmissa þeirra sem talað hafa fyrir hönd Samfylkingarinnar. Þeir ætla endalaust að vera að skoða málið. Þetta er þokukenndur og óljós málflutningur.

Það væri fróðlegt að vita hvernig eigi að haga þjóðaratkvæðagreiðslunni sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði fyrir vegna þess að það allir eru sammála því að ef til þess kæmi að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu þá færi að sjálfsögðu fram um það þjóðaratkvæðagreiðsla, það greinir engan á um þetta. En á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort við eigum að ræða hin margrómuðu samningsmarkmið eða hvort það eigi að sækja um aðild? Erum við þá að tala um tvær þjóðaratkvæðagreiðslur? Um hvað erum við að tala?

Á ekki að gera þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að þeir komi hreint til dyranna og segi hver raunveruleg stefna þeirra er? Ef þeir vilja sækja um aðild að Evrópusambandinu þá segi þeir það hreint út og bjóði síðan stefnu sína fram í kosningum. Þetta er lágmarkskrafa sem hægt er að gera og á að gera til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka.

[17:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst það afskaplega undarlegt þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson sakaði menn um óheiðarleika.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar verðum að taka þátt í alþjóðasamstarfi. Við verðum að taka þátt í heimsvæðingunni. Hv. þm. segir að hann sé líka þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að leið okkar liggi í gegnum Norðurlönd og Evrópu. Ég er þeirrar skoðunar að hún liggi ekki í gegnum tvíhliða samstarf. Ég er þeirrar skoðunar. Ég tel það ekki raunhæfa leið. Ég tel það hins vegar ekkert óheiðarlegt að halda því fram, ekkert óheiðarlegt ef menn trúa því. Ég tel bara einfaldlega að menn séu á rangri leið alveg eins og ég taldi að þeir sem t.d. vildu ekki að við gengjum inn í NATO væru á rangri leið. Það er ekkert óheiðarlegt við það.

Hins vegar stöndum við frammi fyrir tveimur kostum í þessu. Það er að reyna að styrkja EES-samninginn og það samstarf með þeim hætti sem við teljum að sé fullnægjandi fyrir Ísland eða þá að ganga inn í Evrópusambandið. Ég og minn flokkur höfum ekki tekið afstöðu til þess. Er það óheiðarlegt að taka þessar spurningar og kryfja þær til mergjar á þessum grundvelli? Er það óheiðarlegt að ræða um framtíð Íslands og möguleika okkar á þessum grundvelli? Nei, ég tel að það sé heiðarlegt og ég tel að það sé nauðsynlegt.

Ég tel það rangt af vinstri grænum að útiloka báða þessa kosti eins og mér finnst þeir gera og einblína á einhverja tvíhliða lausn sem ég veit að þeir eiga eftir að finna út að er engin lausn og verður aldrei fundin. Það getur vel verið að það sé heiðarlegt að vaða bara áfram í villu. En í guðanna

bænum, hv. þm., ekki saka okkur um einhvern óheiðarleika.

[17:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segist því fylgjandi að efla samstarf okkar við Evrópuríkin og tvennt komi þar til greina. Annars vegar að styrkja EES-samninginn eða — nú þori ég ekki að hafa eftir hinn kostinn — (**Gripið fram í:** Eða aðild.) eða aðild að Evrópusamstarfinu. Í sumar lýsti hæstv. utanrrh. því yfir, það var haft eftir honum á síðum Morgunblaðsins ef ég man rétt, að hann teldi um það áhöld að EES-samningurinn þjónaði hagsmunum Íslendinga og margt sem benti til þess að hann mundi ekki gera það á komandi tíð.

Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. beint út: Telur hann við þessar aðstæður rétt og eðlilegt að Íslendingar undirbúi umsókn um aðild að Evrópusambandinu?

[17:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er nei. Ég tel að það sé ekki tímabært. Það liggur alveg ljóst fyrir að stefna þessarar ríkisstjórnar er að gera það ekki. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvað er að gerast þarna og hvar hagsmunir Íslendinga liggja. Mér er ljóst að báðir þessir kostir hafa sína miklu galla og jafnframt sína miklu kosti. Við stöndum frammi fyrir afskaplega erfiðu vali sem við þurfum að ræða meðal þjóðarinnar og ræða heiðarlega okkar á milli.

Ég get ekki sagt eins og menn vildu kannski oft segja: Af tvennu illu vel ég hvorugt. Við verðum að lokum að taka erfiða ákvörðun sem þarf að undirbúa vel, það þarf að undirbúa hana vel í stjórnmálaflokkunum og ég tel að við séum ekki búin að því. Við erum a.m.k. ekki búin að því í mínum flokki. Við þurfum lengri tíma til þess og fyrr en við erum tilbúin með niðurstöðu okkar munum við að sjálfsögðu ekki skýra frá henni. Ég tel að hv. þm. eigi enga heimtingu á því að ég skýri frá niðurstöðu sem ekki er orðin. Og ég tel það fullkomlega eðlilegt að við tökum okkar tíma í það.

Ég hef líka sagt að við höfum tíma. Það er ekkert neyðarástand hér í landinu sem kallar á að við tökum þessa ákvörðun á morgun en við þurfum að undirbúa hana vel og við þurfum að vita hvað við erum að gera. Ég fagna þeim samtökum sem fjalla um þetta eins og þau hafa gert, hvort sem það er verkalýðshreyfingin eða aðrir. Ég tel að við verðum að gera það í stjórnmálaflokkunum. Ég tel að við verðum að gera það í Framsfl. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að vinstri grænir þurfi að gera það líka þó þeir telji kannski ekki þörf á því, ég veit það ekki.

[17:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst hæstv. utanrrh. um að um fá mál hefur verið rætt eins ítarlega í flokki okkar og alþjóðlegt samstarf og þar á meðal Evrópusamstarfið.

Mér finnst það svo sem sjónarmið út af fyrir sig og ekki hægt að agnúast út í það þótt okkur sé greint frá því að Framsfl. sé ekki búinn að gera upp við sig hvað hann vilji í þessum efnum, enda er það náttúrlega vitað að það er ágreiningur innan flokksins, það hefur komið fram hjá ýmsum talsmönnum hans.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að við stöndum frammi fyrir erfiðu vali en við þurfum að taka afstöðu í því vali. (**Utanrrh.:** Á réttum forsendum.) Á réttum forsendum, það er alveg rétt. Og þótt hæstv. ráðherra segi það við mig nú að ég eigi ekki heimtingu á því að vita hvaða afstöðu Framsfl. tekur eiga kjósendur það. Kjósendur eiga heimtingu á því gagnvart stjórnmálamönnum og flokkum að vita á hvaða forsendum er boðið fram.

Ég spyr þess vegna hæstv. utanrrh., hvort sem hann svarar því nú eða síðar: Teldi hann boðlegt að Framsfl. eða þess vegna nokkur stjórnmálaflokkur í landinu gengi til kosninga með Evrópumálin og alþjóðamálin eins óljós og þau eru hjá Framsfl. nú um stundir?

[17:50]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því þegar því er haldið fram hér á hinu háa Alþingi úr þessum ræðustól að málflutningur okkar samfylkingarmanna í þessari umræðu sé óheiðarlegur. Það er ekki svo. Menn geta verið ósammála skoðunum okkar og ég hef dregið það sérstaklega fram að ég virði sjónarmið vinstri grænna með þessari tillögu og andstöðu þeirra við Evrópusambandið en ég held því ekki fram að málflutningur þeirra sé óheiðarlegur.

Við vitum það og höfum haldið því fram að þáltill. sjálf er grautarleg. Tvíhliða samningar sem þar er rætt um eru varla framkvæmanlegir. Þeir halda því fram að innan Evrópusambandsins séu vondir menn sem stefni að því að hneppa alla í fjötra. Ég segi ekki að þetta sé óheiðarlegur málflutningur, ég segi að þetta sé yfirborðskenndur málflutningur. Ég bendi á að innan Evrópu eru öll skrefin stigin í sátt við þjóðirnar með meiri hluta eða minni hluta. Það er lýðræðisleg niðurstaða, líka í Danmörku, að hægja aðeins á ferlinu og þar réð fólkið. Maður á ekki að tala eins og það sé eitthvert afl sem knýi menn til verka sem þeir eru í hjarta sínu á móti. Þannig eru ekki vinnubrögðin, ekki hér á Íslandi í lýðræðisríki. Vinnubrögðin eru heldur ekki þannig í Evrópu og hjá nágrannaríkjunum.

Það er ekkert þokukennt í málflutningi okkar. Við höfum lagt til þá aðferð að finna fyrst samningsmarkmiðin. Svo ég svari þeirri spurningu sem hv. þm. varpaði fram, um hvort við værum að tala um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í viðræður og niðurstaðan yrði síðan borin undir atkvæði, þá er það ekki svo. Við ætlum að ná samstöðu um samningsmarkmiðin en verði samningur gerður við Evrópusambandið, þá verði hann vitaskuld borinn undir atkvæði þjóðarinnar.

[17:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru mjög sterk öfl að verki í Evrópu sem knýja Evrópusamrunann áfram. Það er staðreynd. Það er líka staðreynd að það er búist við því að fram fari að nýju þjóðaratkvæðagreiðsla í Noregi um aðild að Evrópusambandinu. Það er búist við því að fram fari atkvæðagreiðsla um evruna að nýju í Danmörku á sama hátt og atkvæðagreiðsla fór tvisvar fram um Maastricht-samkomulagið. Menn halda áfram þar til þeir hafa náð markmiðum sínum fram. Þetta er bara staðreynd.

Það er líka staðreynd að fylgismenn þessa samruna, einkum í röðum evrópsku krataflokkanna, beita sama málflutningi, óljósum og þokukenndum málflutningi. Mér finnst óheiðarlegt að koma fram með þessum hætti. Mér finnst að kjósendur eigi heimtingu á því að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar tali hreint út og segi hver stefna þeirra er í þessum efnum. Á það lagði ég áherslu í mínum málflutningi.

[17:54]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hefur verið ánægjulegast í þróuninni innan Evrópu er einmitt að fólkið fær að ráða í atkvæðagreiðslum. Ákvarðanir eru ekki teknar bak við luktar dyr í þessum efnum. Málin eru borin upp með lýðræðislegum hætti.

Hv. þm. gagnrýnir okkur og heldur áfram að tala um óheiðarleika. Ég hefði ekki trúað því að hann mundi ítreka það, þó maður sé á annarri skoðun en hann, að maður sé óheiðarlegur í málflutningi. Hann getur kveinkað sér undan rökunum og talað um ósanngirni og verið ósammála, en hann á ekki að taka sér þessi orð í munn. Í mínum huga þá er stefna vinstri grænna mjög ljós, hún er skýr. Þeir eru á móti þessu. Stefna þeirra í mjög mörgum málum einkennist af einu orði, það er nei. Það er nei. Það er afturhald. Það er sama hvar ég ber niður þegar ég skoða málflutning þingflokksins, hann einkennist fyrst og fremst af afturhaldi og andstöðu gegn breytingum. Flokknum og þingflokknum er mín vegna velkomið að tala fyrir þessum skoðunum og ég virði skoðanirnar þó ég sé á móti þeim. Ég tala ekki um að þær séu óheiðarlegar, herra forseti.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar fyrir breytingum í íslensku efnahagskerfi á alþjóðavettvangi, róttækum breytingum. Ég frábið mér þannig þessa einkunnagjöf hv. þm. sem kallar okkur einangrunarsinna og slengir á okkur alls kyns hugtökum. En hann hrósar okkur þó fyrir eitt, að tala skýrt, að segja hver afstaða okkar er í þessu máli.

Ég spyr um það eitt: Hver er afstaða hv. þm. Ágústs Einarssonar og hans flokks til þessa máls? Við vitum hvernig hann vill standa tæknilega að málinu, hvernig á að fara að því að taka ákvörðun, hvort um það eigi að vera þjóðaratkvæðagreiðsla, ein eða tvær. Við vitum þetta, en hver er afstaða Samfylkingarinnar til þessa máls? Það gengur ekki, hv. þm. Ágúst Einarsson, að vera opinn í báða enda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

[17:57]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er reyndar ekki viss um að það hefði komið mjög að sök þó að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefði í þessu tilviki farið í ræðustólinn í minn stað. Ég geri mér góðar vonir um að við séum býsna sammála í því máli sem nú kemur hér á dagskrá. Til marks um það má nefna að meðal flm. er hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar.

Hér er, herra forseti, mælt fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Þar eru flm. ásamt mér hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, eins og áður sagði, og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Það eru sem sagt fulltrúar úr þremur þingflokkum stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi sem sameinast um stuðning við þessa tillögu.

Tillögugreinin er ákaflega einföld og er óbreytt eins og hún hefur verið frá því að tillagan var fyrst flutt á Alþingi og hefur hún þó verið flutt fimm sinnum áður. Hún er endurflutt hér og flutt í sjötta sinn og svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum."

Tillagan felur sem sagt ekki í sér, herra forseti, einhliða aðgerðir af Íslands hálfu í þeim skilningi að við höfnum ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna eða öðru slíku, heldur stefnumótun um að við beitum okkur fyrir því að þetta ástand verði tafarlaust tekið til endurskoðunar.

Það er eiginlega, herra forseti, dapurlegt að þurfa að segja frá því að þessi tillaga hefur aldrei náð því að verða útrædd hér á þingi og reyndar aldrei verið afgreidd frá nefnd, hv. utanrmn. Það gerðist þvert á móti á 125. löggjafarþingi, þ.e. í fyrra, þegar tillagan var flutt í fimmta sinn eftir ítarlegar umræðu í nefndinni, eftir að umsagnir höfðu legið fyrir, bæði frá þeim vetri og fyrri tíð, að þá hafnaði meiri hluti utanrmn. því að hún kæmi til afgreiðslu á Alþingi. Vilji Alþingis sjálfs, vilji þingmanna hér í þingsalnum hefur því aldrei fengið að koma í ljós í þessu máli. Ég held, herra forseti, að slík vinnubrögð séu nokkurt umhugsunarefni, að það skuli geta gengið þannig til að spurningin um afstöðu í tiltölulega skýru máli, með eða á móti, skuli ekki fá að koma fram á Alþingi Íslendinga árum saman og að menn skuli ekki sýna þingræðinu og lýðræðinu þá virðingu að leyfa slíkum málum að koma til atkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Ég sem nokkuð reyndur þingmaður verð sjálfsagt að telja það og hugsa með árunum æ meir um það hvort við verðum ekki að endurskoða vinnubrögð okkar í þessum efnum hér á þingi og tryggja það einhvern veginn að mál sem hafa fengið fullnægjandi umfjöllun og skoðun fái að ganga til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu. Sé ekki meirihlutastuðningur við þau séu þau felld eða þeim vísað frá en fái samþykki ella.

Það er hart við það að búa að þetta ömurlega viðskiptabann á Írak með sínum hörmulegu afleiðingum hefur nú staðið í meira en áratug og þetta er sjötta tilraunin hér á Alþingi Íslendinga til að kalla fram afstöðu til þess með þó þeim vægilega eða mildilega hætti að allt og sumt sem ákveðið sé sé að Íslendingar taki upp þá afstöðu á alþjóðavettvangi að þeir vilji beita sér fyrir endurskoðun á framkvæmd þessa viðskiptabanns.

Herra forseti. Nokkur orð um afleiðingar viðskiptabannsins á Írak sem staðið hefur eins og áður sagði í rúman áratug. Staðan er þannig í dag eftir þessi tíu ár að meira en ein og hálf milljón Íraka hefur nú látið lífið vegna skorts á nauðsynjum sem rekja má til bannsins. Þetta mannfall er orðið með því mesta sem þekkt er meðal nokkurrar þjóðar utan styrjaldartíma og þarf í rauninni að fara aftur til seinni heimsstyrjaldarinnar til að finna nokkrar hliðstæður við þetta ástand. Margvíslegar skýrslur og úttektir á ástandinu hafa birst á síðustu missirum og stöðugt fleiri mannréttindasamtök hafa hvatt til þess að refsiaðgerðirnar verði teknar til endurskoðunar.

Í skýrslu Kofi Annans, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til 51. fundar allsherjarþings samtakanna kom m.a. fram að um 4 milljónir Íraka, að stórum hluta börn undir

fimm ára aldri, væru hrjáðar af vannæringu. Um fjórði partur þessarar fjölmennu þjóðar er sem sagt hungraður og líður skort af þeim sökum. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í Morgunblaðsgrein eftir framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands 19. mars 1998 var þá áætlað, og varla hefur ástandið skánað, að um 80% þjóðarinnar hefðu litlar sem engar tekjur. Um 60–70% eru með beinum hætti án atvinnu og án tekna. Menn hafa að einhverju leyti dregið fram lífið og komist af undanfarin ár með því að ganga á eignir sínar og nú er svo komið að meðal alls almennings í Írak er allt farið sem hægt er að koma í verð með nokkru móti. Heimili eru tóm og öll afsetjanleg verðmæti eru farin í það eitt að reyna að draga fram lífið ár eftir ár við þessar ömurlegu aðstæður. Við þetta bætist auðvitað að læknisþjónusta og starfsemi sjúkrahúsa er í lágmarki og heilsufari þjóðarinnar hrakar að sama skapi. Þessi þjóð sem einu sinni státaði af mesta langlífi og því að vera hvað þróuðust og búa við einna bestar aðstæður hvað varðaði menntun og heilsugæslu í öllum Miðausturlöndum er nú nánast komin aftur á steinaldarstig.

Hinn 21. júní sl. birtist skýrsla um lögfræðileg álitamál varðandi efnahagslegar refsiaðgerðir. Þar var ekki á ferðinni einhver áróður tillögumanna eða annarra slíkra aðila sem stundum hafa verið sakaðir um að færa ekki rök fyrir alvarlegum ásökunum um ólögmæti eða hæpið réttlæti í lagalegum skilningi þessara aðgerða. Það voru einfaldlega Sameinuðu þjóðirnar sjálfar, mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, United Nations Commission on Human Rights, sem komst að þeirri niðurstöðu í þeirri skýrslu sinni að refsiaðgerðirnar, viðskiptabannið á Írak samræmdust hvorki mannréttindayfirlýsingunni sjálfri, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna né Genfar-sáttmálanum frá 1949 og viðaukum við hann frá 1977. Með öðrum orðum að þessar refsiaðgerðir eins og þær kæmu niður brytu alla helstu mannréttindasáttmála og samþykktir alþjóðasamfélagsins. Það var einfaldlega niðurstaða þessara aðila. Í skýrslunni er rakið hvaða skilyrði stjórnmálalegar aðgerðir af þessu tagi þurfi að uppfylla til að geta samrýmst þessum sáttmálum og það er fyrir það fyrsta að refsingin bitni á réttum aðilum og að refsingin hindri ekki dreifingu lífsnauðsynja og kippi ekki tilverugrundvelli undan fólki, svipti það ekki frummannréttindum og að aðgerðirnar nái eða séu líklegar til að ná yfirlýstum markmiðum sínum.

Refsiaðgerðirnar á Írak uppfylla ekkert af þessum skilyrðum. Það á að heita svo að þeim sé beint gegn einræðisstjórn Saddam Husseins en á þeirri harðstjórn er ekkert fararsnið nú eftir tíu ára aðgerðir.

Viðskiptaþvingununum var einnig ætlað að knýja Íraksstjórn til að gefa upplýsingar um framleiðslu gereyðingarvopna. Ekki hefur það heldur tekist mjög gæfulega. Og á þessu sviði sem og öllum öðrum hafa aðgerðirnar ekki skilað tilætluðum árangri en haft í för með sér skelfilegar hörmungar sem bitna á aðilum sem refsingarnar eiga ekki að beinast gegn.

Það er fyrst og fremst almenningur í Írak sem líður fyrir refsiaðgerðirnar eins og sést á því alvarlega ástandi sem þar ríkir og þær tölur sem ég fór með sýna fram á. Það samkomulag sem í gildi hefur verið um takmarkaða olíusölu til kaupa á matvælum og lyfjum breytir því miður afar litlu um hörmulegar aðstæður alls almennings. Vegna þess að í fyrsta lagi er um takmarkað magn að ræða sem skilar takmörkuðum tekjum, stór hluti þeirra tekna eru eða a.m.k. voru framan af teknar beint í stríðsskaðabætur, þær ganga því ekki til írösku þjóðarinnar og síðast en ekki síst er ástandið í landinu þannig að hluti þeirra verðmæta og þess varnings sem kemur inn í landið undir þessum formerkjum er stolið undan og gengur ekki til þess mannúðarstarfs sem þeim er ætlað að ganga til. Menn geta að öllu þessu samanlögðu auðvitað sagt, já, en þetta er Saddam Hussein að kenna. Gott og vel en það breytir engu um að útkoman er þessi, ástandið er svona og börnin deyja.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að maður spyr, hvernig er ástand mála hjá alþjóðasamfélaginu, ef maður má nota það orð, og Sameinuðu þjóðunum þá auðvitað ekki síst sem og okkur öllum sem berum hina sameiginlegu, kollektífu ábyrgð á því sem þarna gerist, þegar það gerist að allir helstu yfirmenn sem fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna hafa starfað í Írak hafa sagt af sér embætti í mótsmælaskyni við það sem þarna gerist? Það gerði einn reyndasti og virtasti háttsetti embættismaður Sameinuðu þjóðanna, Hans von Sponeck. Fyrst var það reyndar Denis Halliday sem var ábyrgur fyrir hjálparstarfi Sameinuðu þjóðanna í Írak og framkvæmd áætlunarinnar „Olíu fyrir mat" og allt sem því viðkom. Hann sagði af sér embætti eftir nærri 30 ára þjónustu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur síðan farið um lönd og álfur í þrotlausri baráttu fyrir því að þessu banni verði aflétt. Í kjölfarið tók þar til starfa Hans nokkur von Sponeck og hann fór sömu leið þegar hann hafði kynnst af eigin raun eftir nokkur missiri ástandi mála í Írak. Yfirmaður matvæladreifingar Sameinuðu þjóðanna í landinu, Jutta Burghart, sagði sömuleiðis af sér embætti og fleiri háttsettir embættismenn hafa séð sig knúna til að segja af sér í mótmælaskyni við það ástand sem þarna er eða hafa neitað að bera ábyrgð á framkvæmd viðskiptabannsins lengur.

Það þarf að sjálfsögðu ekki, herra forseti, að deila hér um það að harðstjórinn Saddam Hussein og einræðisstjórn hans ber sína ábyrgð á þeim hörmungum, þeim skelfilegu hörmungum sem dunið hafa yfir írösku þjóðina á undanförnum árum og ekki bara á þessu ástandi meðan viðskiptabannið varir heldur þeim styrjöldum sem hann kallaði yfir land sitt árin þar á undan. Það er hins vegar þrátt fyrir það nákvæmlega jafnóverjandi að dæma 22 milljón manna þjóð til hungursneyðar, örbirgðar svo árum ef ekki áratugum skiptir. Við getum ekki sætt okkur við slíkt ástand til frambúðar. Við verðum að hafa manndóm til þess að endurskoða afstöðu okkar, hver sem hún hefur verið, til þessa ástands og þessa viðskiptabanns og ná þar fram einhverjum breytingum. Það er engu að tapa í þeim efnum vegna þess að ástandið getur ekki orðið verra, eða hvað? Er hægt að hugsa sér það ömurlegra en það sem þarna hefur verið að gerast á undanförnum árum?

Með þessari tillögu, að lokum, herra forseti, er að sjálfsögðu ekki verið að taka almenna afstöðu gegn viðskiptalegum aðgerðum eða stjórnmálalegum aðgerðum, enda hafa slíkar aðgerðir við tilteknar aðstæður og framkvæmdar með tilteknum hætti skilað árangri og oftast er þar vitnað til fordæmisins um þann árangur sem án efa viðskiptalegar þvingunaraðgerðir og stjórnmálaleg einangrun áttu í því að kollvarpa aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Sömuleiðis segi ég það hiklaust að oft eru uppi þær aðstæður að það er að sjálfsögðu rétt að alþjóðasamfélagið grípi til takmarkandi aðgerða eins og vopnasölubanns eða stjórnmálalegrar einangrunar eða þess að frysta innstæður ráðamanna í erlendum bönkum og annað slíkt. En algjör einangrun sem dæmir heila þjóð til hungursneyðar er allt annar hlutur og ekki sambæri-

legur við það þó að stjórnmálalegar aðgerðir af einhverju tagi séu í gangi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn. Og nú vil ég fá að trúa því þangað til annað kemur í ljós að Alþingi fái að taka afstöðu til þessa máls og greiða um það atkvæði áður en það lýkur störfum á þessu þingi.

[18:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við höfum oft á hv. Alþingi rætt þessi mál sem hefur að sjálfsögðu verið nauðsynlegt og mikilvægt að farið sé yfir svo mikilvægt mál sem þetta. En afstaða okkar Íslendinga til málsins á alþjóðavettvangi hefur verið skýr. Við gerum þá kröfu að íröksk stjórnvöld virði það friðarsamkomulag sem gert var við lok Flóabardaga og þau hlíti þeim ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það liggur alveg ljóst að öryggisráðið eitt hefur heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til verndar friði og öryggi í heiminum samkvæmt VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessar aðgerðir alþjóðasamfélagsins eru því í fyllsta samræmi við þjóðarrétt.

Menn geta deilt um það hvenær og hvernig Sameinuðu þjóðirnar geta gripið inn í. Þær geta gripið inn í með þessum hætti og þær geta líka gripið inn í með beinni hernaðaríhlutun, það er að sjálfsögðu leið sem menn hika nú við að fara sem betur fer.

Auðvitað ber okkur sem öðrum að hafa áhyggjur af ástandinu í Írak og ljóst er að viðskiptabann hefur neikvæð áhrif á lífskjör almennra borgara. Það er að sjálfsögðu þess vegna sem Sameinuðu þjóðirnar hafa kappkostað að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum viðskiptabannsins fyrir hinn almenna borgara og ekki síst börn.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ávallt haft margvíslega mannúðaraðstoð að leiðarljósi í aðgerðum sínum gegn írökskum stjórnvöldum. Innflutningur á lyfjum, matvælum og námsgögnum til Íraks hefur því ekki sætt neinum takmörkunum af hálfu Sameinuðu þjóðanna, það liggur ljóst fyrir. Viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna kemur á engan hátt í veg fyrir mannúðaraðstoð við Írak. Hins vegar hafa íröksk stjórnvöld hafnað ýmissi mannúðaraðstoð á síðustu tveimur árum auk þess sem þau hafa hindrað starf flestra mannúðarsamtaka í landinu.

Á grundvelli ályktunar öryggisráðsins frá því í desember sl., nr. 1284, voru heimildir Íraka til sölu á olíu auknar um helming eða allt að 1,2 milljarða dollara árlega. Í ályktuninni er vikið að framkvæmd mannúðaraðstoðarinnar og lagðar fram tillögur um hvernig megi bæta hana. Áætluninni „olía fyrir mat" var komið á laggirnar af hálfu Sameinuðu þjóðanna til að létta á neikvæðum þáttum viðskiptabannsins. Tekjur Íraks af olíusölu hafa aukist verulega og með ályktuninni hefur Írökum verið gert kleift að nota hinar auknu tekjur til að endurnýja og endurbæta olíuiðnaðinn í landinu, sem ekki hafði verið gert síðan viðskiptabannið var sett á.

Útflutningur Íraks á olíu í dag nálgast nú sama magn og flutt var út fyrir innrás Íraka í Kúveit. Þá fluttu Írakar út 2,6 milljónir tunna af olíu á dag en nú er magnið um 2,2 milljónir tunna. Íröksk stjórnvöld áætla að auka það magn í 2,7 milljónir tunna á dag og allir vita hvaða verð er á olíu í dag. Auk þess er talið að Írakar smygli allt að 2,8 milljónum tunna af olíu út úr landinu í hverjum mánuði.

Kjarni málsins er að íröksk stjórnvöld hafa allar þær bjargir til að bæta mannúðarástandið í landinu sem nauðsynlegar eru. Ég held að það sé útilokað að setja þessa ábyrgð á Sameinuðu þjóðirnar. Hún liggur fyrst og fremst hjá stjórnvöldum í Írak og engum öðrum. Það er náttúrlega ljóst að Saddam Hussein hefur lýst almenningi í sínu eigin landi stríð á hendur. Við þekkjum það afar vel að hann svífst einskis í kúgun sinni á eigin þjóð. Fram að þessu hefur það ekki verið forgangsverkefni, því miður, þessarar ógnarstjórnar að bæta hag hins óbreytta borgara í landinu. Mér er mjög til efs að það breytist þó að viðskiptabanninu verði aflétt, mér er það mjög til efs. Maður sem er fær um slíka ógnarstjórn sem Saddam Hussein hefur verið uppvís að skeytir ekki um hag hins almenna borgara.

Fyrir nokkrum dögum var annar einræðisherra þvingaður, bæði af alþjóðasamfélaginu og fólkinu á götunni, til að víkja frá. Sem betur fer sigraði lýðræðið í Júgóslavíu og þar tókst að bæta hag borgaranna. Auðvitað var viðskiptabannið í Júgóslavíu farið að bitna á hinum almenna borgara.

En það er mjög hætt við því að ekkert slíkt sé mögulegt í Írak nema alþjóðasamfélagið sýni staðfestu. Ef Sameinuðu þjóðirnar gefa eftir í andstöðu sinni við þessa harðstjórn sem virðir ekki ályktanir öryggisráðsins, virðir ekki samþykktir Sameinuðu þjóðanna, myrðir sína eigin þegna og skarar eld að eigin köku eftir bestu getu.

Olía fyrir mat, þ.e. sú áætlun Sameinuðu þjóðanna sem ég minntist á, er ein stærsta mannúðaraðstoð samtakanna. Stjórnvöld í Írak eru ábyrg fyrir því að mannúðaraðstoðin hefur ekki náð tilætluðum árangri. Ég tel að við þurfum fyrst og fremst að einblína á þá staðreynd. Segja má að ákveðið munstur hafi þróast þar sem Saddam Hussein reynir með reglulegu millibili á þanþol alþjóðasamfélagsins í þeim tilgangi að kanna hvort samstaða þess stendur. Það er afskaplega erfitt að sjá þarna jákvæðar breytingar svo lengi sem þessi harðstjórn verður við völd.

Hins vegar þurfa þessi mál ávallt að vera til endurskoðunar og við Íslendingar tökum þátt í þeim umræðum, ekki síst með öðrum Norðurlandaþjóðum. Það er ljóst að viðskiptabannið hefur ekki gengið upp að öllu leyti en við megum ekki láta Saddam Hussein stjórna afstöðu Sameinuðu þjóðanna í þessu máli í framtíðinni því að þetta verkfæri verður að vera fyrir hendi. Það hefur sýnt sig að með þolinmæði og ákveðni er hægt að ná árangri af hálfu alþjóðasamfélagsins.

[18:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka undir með flm. þessa ágæta máls sem hér er flutt í sjötta sinn á hinu háa Alþingi. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, er meðflm. á þessari tillögu.

Það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að það er löngu tímabært að vilji Alþingis í þessu máli komi í ljós, eins og hv. 1. flm. hafði orð á í framsögu sinni. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mig grunar að margir alþingismenn séu ósammála afstöðu hæstv. utanrrh. Það væri því nokkur fengur í að þetta mál yrði afgreitt þannig að við fengjum loksins að ganga til atkvæða um það. Á það skal einnig bent að hér er einungis farið fram á að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sameinuðu þjóðirnar taki bannið til endurskoðunar. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt að utanrmn. hv. afgreiði þetta mál fljótt og vel og við fáum það hér til seinni umræðu og að hið háa Alþingi fái loks tækifæri til þess að ganga til atkvæða um tillöguna.

Það er svo sem litlu við það að bæta sem kom fram í framsögu hv. 1. flm. um þær aðstæður sem óbreyttir borgarar í Írak hafa mátt búa við vegna viðskiptabannsins og ekki síður ógnarstjórnar Saddams Husseins. Vert er að hafa það í huga þegar menn koma hér upp og ræða um að enn sé Saddam við völd að það voru vesturveldin sem studdu Saddam Hussein hvað dyggilegast alveg fram til 2. ágúst 1990 er hann réðst inn í Kúveit. Hann var studdur með ráðum og dáð, með vopnum og peningum og var vinur Vesturlandanna í Miðausturlöndum. Þannig var hlaðið undir hann og pótintáta hans að það hefur náttúrlega verið hægara sagt en gert fyrir íraksku þjóð að vinna gegn þeim. Menn verða að muna að það ríkir ekki lýðræði í Írak. Þar er fullkomin ógnarstjórn og það eina sem íröksk alþýða hefur mátt einbeita sér að undanfarinn áratug er að halda í sér lífinu við erfiðar aðstæður. Ég hygg að flestum hér sé ljóst að hungrað fólk byltir ekki einræðisherrum sisona enda hygg ég að þeir sem hafi kynnt sér ástandið í Írak til hlítar geri sér ljóst að ástandið þar er hreint út sagt skelfilegt og hefur verið mjög lengi.

Hæstv. utanrrh. sagði afstöðu Íslands lengi hafa verið skýra, íslenskra stjórnvalda. Írakar þurfi bara að virða friðarsamkomulagið og hlíta samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé fullreynt og löngu ljóst að viðskiptabannið er í þessu tilfelli algjörlega gagnslaust verkfæri. Vera má að einhverjum finnist, t.d. utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Madeleine Albright, að þennan fórnarkostnað megi bara borga, að það sé bara allt í lagi að 1,5 milljónir manna hafi látist, beint eða óbeint vegna þessa viðskiptabanns. Það er auðvitað fullkomlega óviðunandi að sitja undir slíkum málflutningi. Ég tel því mjög brýnt að við náum samstöðu um það hér í þessum sal að afgreiða þetta mál fljótt og vel þannig að hv. þingmenn fái loks í sjöttu tilraun tækifæri til að greiða því atkvæði sitt, með eða á móti, hvort taka beri viðskiptabannið á Írak til endurskoðunar, þ.e. hvort íslensk stjórnvöld eigi að beita sér fyrir því.

[18:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þessari till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak og tel að viðskiptabanninu ætti að aflétta sem allra fyrst.

Í alþjóðasamskiptum ber þjóðum skylda til að leita friðsamlegra leiða við lausn deilumála. Hefur þá verið gripið til þeirra aðgerða að hefta viðskipti við ákveðin lönd eða jafnvel viðskiptabanns. Slíkar aðgerðir geta reynst áhrifaríkar en að sjálfsögðu eiga slíkar aðgerðir alltaf að samræmast mannúðarsjónarmiðum.

Í kjölfar viðskiptabannsins sem gilt hefur varðandi Írak í áratug hefur efnahag íröksku þjóðarinnar hrakað svo mjög að þjóðin býr við sult og seyru. Heilbrigðisþjónustan er í molum og heilsufari þjóðarinnar hrakar að sama skapi. Eins og fram kom í máli hv. flm. Steingríms J. Sigfússonar hafa meira en 1,5 milljónir manna látist í kjölfar bannsins, meiri hlutinn börn. Þetta eru skelfilegar mannfórnir og við eigum að láta okkur málið varða. Við eigum að láta að okkur kveða í samfélagi þjóðanna þegar við vitum að mannréttindi eru fótumtroðin og saklaust fólk og börn þjást eins og um er að ræða í þessu tilviki.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að viðskiptabannið þjónar ekki tilgangi sínum og er einungis til hins verra fyrir alla aðila. Það eykur á þjáningar saklausra borgara í hrjáðu landi því það eru borgarar sem eru fórnarlömb aðgerðanna en ekki harðstjórarnir sem viðskiptabanninu er ætlað að knésetja.

Samkvæmt orðum hæstv. utanrrh. notar Saddam Hussein viðskiptabannið sem skálkaskjól til þess að halda þjóð sinni í heljargreipum sults og sjúkdóma. Með þessum orðum finnst mér að hæstv. utanrrh. hafi í raun fært rök fyrir því að banninu skuli aflétt svo fljótt sem auðið er þannig að svelti fólksins verði ekki lengur skrifað á ákvæði viðskiptabannsins.

[18:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það styttist nú óðum í tíu ára afmæli viðskiptabannsins á Írak en bannið var sett á landið með þeim formerkjum að koma ætti einræðisherranum Saddam Hussein frá völdum. Hann situr enn sem fastast á valdastóli, reisir styttur og hallir sjálfum sér til dýrðar og gerir vel við herinn í landinu.

En það eru aðrir sem líða fyrir þessar refsiaðgerðir sem ekki eiga sinn líka í sögu viðskiptaþvingana. Nú þegar hafa tæplega 1,5 milljónir manna látið lífið í Írak vegna skorts á mat, lyfjum og læknishjálp, þar af er þriðjungurinn börn. Menn hafa deilt um þessar tölur en það deilir enginn um að mörg hundruð þúsund manns hafi látið lífið af völdum þessara aðgerða. Það hafa verið settar fram tölur á bilinu 0,5–1,5 milljónir. Því er haldið fram af hálfu þeirra sem rannsakað hafa þessi mál á vegum Sameinuðu þjóðanna að 10 milljónir Íraka, tæplega helmingur þjóðarinnar, þjáist af vannæringu og að þriðja hvert barn í landinu sé vannært og undir eðlilegri líkamsþyngd.

En Írakar glíma ekki aðeins við skort, einangrun og alræðisstjórn í krafti hervalds. Frá lokum Flóabardaga hafa flugvélar sigurvegaranna farið um 280 þúsund ferðir inn yfir Írak og eru loftárásir orðnar hluti af hversdagslegu lífi margra Íraka sem kvarta undan því að sprengjum sé varpað á borgaraleg skotmörk en sigurvegararnir segja Íraka geta sjálfum sér um kennt, þeir setji upp loftvarnarbyssur innan um íbúðarhverfi.

Í grein sem birtist í bandarísku stórblaðinu Herald Tribune helgina 17.–18. júní er talað um þetta gleymda stríð, stríð sem sé heiminum gleymt, og þar kemur fram og vitnað er í heimildir frá Pentagon að farið sé í sprengjuárásarferð á þriggja daga fresti að meðaltali. Vitnað er í heimildir frá Pentagon.

Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hafa helstu aðilar sem hafa borið ábyrgð á hjálparstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna í Írak sagt af sér, Denis Halliday, Hans von Sponeck, Jutta Burghart og í nýlegri skýrslu sem samin var að frumkvæði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna kemur fram að viðskipta- og samskiptabannið á Írak gangi m.a. í berhögg við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, barnasáttmálann og Genfarsáttmálann frá 1949 og viðaukana frá 1977.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan, ef ég heyrði það rétt, að olía fyrir mat væri samkvæmt sinni vitneskju eitt mesta mannúðarprógramm sem hrint hefði verið fram á vegum Sameinuðu þjóðanna. Skildi ég það rétt? (Gripið fram í.) Ég skildi það rétt, já. Þetta mikla mannúðarprógramm sem hæstv. utanrrh. vill kalla svo hefur verið gagnrýnt harðlega af öllum þessum aðilum og orðið þess valdandi að þeir sögðu af sér störfum. Staðreyndin er sú að olía fyrir mat hefur lengst af verið með þeim hætti að Írökum hefur verið heimilað að selja fyrir fjóra

milljarða dollara á ári hverju. Þegar best lét seldu þeir fyrir um 20 milljarða á ári. Samkvæmt útreikningum starfsmanna Sameinuðu þjóðanna þá ætluðu þeir að til að framkvæma allra nauðsynlegustu lagfæringar á öllu stoðkerfi landsins eftir Flóabardaga hefði þurft 22 milljarða dollara. En þeir máttu selja fyrir fjóra milljarða dollara á ári hverju.

Af því fór þriðjungurinn í stríðsskaðabætur til Kúveit og enn var tekið af þessari upphæð til að fjármagna starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Írak. Eftir stóðu 1,8 milljarðar dollara til þess að kaupa mat og lyf. Nú hefur verið gerð úttekt á afleiðingum þessa þau ár sem liðin eru síðan þessu vatt fram. Þótt breyting hafi verið gerð á þessu prógrammi núna, eins og hæstv. utanrrh. vitnaði til, er viðskiptabannið enn við lýði. Og í þessari skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna er gerð úttekt á þessum afleiðingum.

Nú ætla ég að leyfa mér að beina spurningu til hæstv. utanrrh.: Hefur hann kynnt sér þessa skýrslu? Hefur hann lesið þessa skýrslu? Ég trúi því ekki að hann hafi gert það vegna þess að miðað við þær yfirlýsingar sem hann gaf hér áðan getur ekki verið að hann hafi kynnt sér efni þessarar skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og síðan látið fara frá sér þau ummæli sem raun ber vitni nú áðan.

Í skýrslunni er staðhæft að hér sé yfirgripsmesta viðskiptabann sem um getur og þar segir að það hafi orðið þess valdandi að ekki hafi verið unnt að endurreisa allt stoðkerfi samfélagsins. En alvarlegast er, segir þar, það neyðarástand sem hefur skapast í heilbrigðiskerfinu og síðan er farið yfir það mjög rækilega. Þar segir að 30% sjúkrarúma séu ekki nýtt vegna þess að peningar eru ekki fyrir hendi og þetta er rakið til viðskiptabannsins. Þar segir að 75% af öllum tækjakosti á sjúkrahúsunum sé óvirkur, ónothæfur, að ekki hafi verið hægt að endurnýja hann. Þar segir að 25%, fjórðungurinn, af öllum heilsugæslustöðvum í landinu sé lokaður, að ekki hafi verið hægt að koma þeim í gang aftur. Þar segir að til að endurreisa raforkukerfið eitt þyrfti sjö milljarða dollara.

Síðan leyfir hæstv. utanrrh. sér að koma hér fram og tala um mesta mannúðarstarf sem sögur fara af á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og kennt er við mat fyrir olíu. Ég hef ekki tíma til að vitna hér nánar í það sem stendur í þessari skýrslu, en hér er t.d. vitnað í ummæli frá Denis Halliday sem var yfirmaður mannúðarstarfs á vegum Sameinuðu þjóðanna í Írak. Hann segir og það er staðhæft í skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna: „Við erum að eyðileggja heilt samfélag.“

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur tekið undir þetta líka.

Síðan kemur hæstv. utanrrh. Íslands og leyfir sér að tala á þann hátt sem hann gerir (Forseti hringir.) hér. Ég óska eftir nánari skýringum. Hefur hann lesið þessa skýrslu?

[18:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lesið margt um Írak og ég vil byrja á að nefna það sem hv. þm. sagði í sambandi við olíu fyrir mat. Þetta voru upphaflega um 4 milljarðar á fyrsta ári. En áætlað er að það verði 20,4 milljarðar á þessu ári sem er náttúrlega gífurleg breyting að því er varðar vörur til mannúðarmála. En það verður að gerast þannig að Írakar — eða Saddam réttara sagt því að það er ekkert hægt að tala um Íraka. Það er Saddam sem stjórnar þarna öllu með sínu ægivaldi og er aðalvandkvæðið.

Það er hins vegar staðreynd að í Norður-Írak þar sem Sameinuðu þjóðirnar fara með þessar mannúðaráætlanir, hefur dregið úr barnadauða um helming frá því sem hann var fyrir Flóabardaga. Hins vegar hefur barnadauði meira en tvöfaldast í suðurhluta Íraks og í Mið-Írak þar sem ríkisstjórn Íraks fer með þessi mál. Sameinuð þjóðirnar hafa hvatt mjög til þess að þarna færi inn nægilega mikið af hjálpargögnum og læknislyfjum, en það er því miður staðreynd að stjórnin hefur kosið að hlaða þessu upp í vöruhúsum og geyma þessi gögn í stað þess að koma þeim á framfæri til almennings í landinu.

Auðvitað er Saddam Hussein að notfæra sér þetta, notfæra sér ákveðna samúð í alþjóðasamfélaginu sér í hag, því miður. Það hljóta allir að sjá að þetta er ótíndur glæpamaður sem svífst einskis.

[18:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að ástandið hafi batnað í Norður-Írak, ég þekki það ekki. Hitt þekki ég af lestri skýrslna frá Sameinuðu þjóðunum og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna að neyðarástand blasir við í landinu og hefur verið um árabil og hefur leitt til þess að á bilinu hálf milljón til hálf önnur milljón manna hefur látið lífið af völdum þessara refsiaðgerða. Í skýrslunni segja skýrsluhöfundar að menn deili um hve margir hafi fallið. En þeir segja: Við skulum ekki gleyma okkur í þeim deilum því staðreyndin er sú að af völdum viðskiptabannsins hefur orðið mikill mannfellir og það er alvarlegt mál. Við erum að eyðileggja heilt samfélag, segja þeir, án þess að harðstjóranum Saddam Hussein sé velt af valdastóli. Það eru allir sammála um að andæfa stjórn hans og enginn er að leggja blessun sína yfir stjórnarhætti hans. En við erum að taka undir með mannréttindasamtökum og þeim aðilum sem starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna og nú síðast framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem hefur lýst yfir þungum áhyggjum af afleiðingum þessa viðskiptabanns.

Hæstv. utanrrh. sagði í umræðunni um Evrópumálin fyrr í dag að Íslendingar ættu að beita sér innan þeirra samtaka sem þeir störfuðu í, hvort sem það væri Evrópusambandið eða önnur samtök, og var með samlíkingu reyndar við Framsfl. líka í því efni. En látum það vera. Ég er sammála honum um að við eigum að beita okkur. Er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér á þá lund sem lagt er til í skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna?

[18:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna Kofi Annan hafi lagt til að aflétta viðskiptabanninu á Írak, enda erum við að tala hér um viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna. Auðvitað hefur Kofi Annan lýst yfir miklum áhyggjum af ástandinu í Írak og alþjóðasamfélagið hefur haft miklar áhyggjur af ástandinu í Írak. Hins vegar hefur sú leið verið farin að ganga fram í nafni mannúðar í stað þess að aflétta viðskiptabanninu algjörlega, halda áfram þeirri einangrun sem Saddam Hussein er í á alþjóðavettvangi vegna þess að menn hafa talið að það gæti leitt til árangurs.

En mér finnst hv. þm., þegar hann ræðir þessi mál, gera þetta fyrst og fremst að vandamáli Sameinuðu þjóðanna. Það er að vísu það sem t.d. Saddam Hussein vill gera. Þetta er ekki fyrst og fremst vandamál Sameinuðu þjóðanna. Og mér finnst hv. þm. tala eins og málið væri bara leyst við það að viðskiptabanninu væri aflétt og hann vilji horfa fram hjá

vandamálinu sem liggur í Saddam Hussein. Mér finnst hann tala þannig um málið.

Ég tel að sú ógnarstjórn sem þarna er sé aðalatriði málsins og hvernig við getum komið þessari ógnarstjórn frá. Því miður hefur það ekki tekist og við þurfum að sjálfsögðu að endurskoða okkar aðgerðir í því sambandi og Íslendingar taka þátt í því. Og við fylgjumst mjög vel með þessu máli. En ég hef ekki þá sannfæringu fyrir því sem mér finnst koma fram í máli hv. þm. að þetta verði fyrst og fremst leyst með því að aflétta viðskiptabanninu og að hörmungum þessa fólks sem hann er að lýsa muni þar með verða aflétt.

[18:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. utanrrh. hvort hann hefði lesið skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Nú hef ég sannfærst um að hann hefur ekki gert það. Hann segir að sér sé ekki kunnugt um að aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafi gagnrýnt og lýst yfir áhyggjum (Gripið fram í.) vegna viðskiptabannsins því þar er skýrt tekið fram að upp á síðkastið hafi hann gert það og vísað er í skýrslu hans sem hann gaf öryggisráðinu 10. mars árið 2000. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr skýrslunni á ensku:

„From within the United Nations, the Secretary-General himself has been at the forefront of the criticism, levelling serious charges against the sanctions regime in his report to the Security Council of 10 March 2000 (S/2000/208) and stating two weeks later that „the Council should seek every opportunity to alleviate the suffering of the population, who after all are not the intended targets of sanctions"."

(**Forseti** (ÍGP): Má ég minna hv. þm. á að þegar hann vitnar í texta þarf leyfi forseta til þess.)

Ég biðst afsökunar á því. Ég hefði betur gert það. En hér kemur mjög skýrt fram að aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafi lýst þungum áhyggjum yfir þeim afleiðingum sem þetta viðskiptabann hefur haft. Við skulum gá að því að aðalritari Sameinuðu þjóðanna er í mjög erfiðri stöðu gagnvart öryggisráðinu, hann er það. Hann er í mjög erfiðri stöðu gagnvart öryggisráðinu. En engu að síður hefur hann verið að setja fram þungar áhyggjur af þessu tagi.

Ég lýsi enn eftir því að Íslendingar og íslenska ríkisstjórnin sýni burði til þess, hafi burði til þess að taka undir með mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.

[18:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst miður ef utanrrh. er að hverfa úr salnum vegna þess að ég ætla að leggja fyrir hann örstutta spurningu. Mér þætti vænt um ef hann á möguleika á því að staldra við, ræða mín verður ekki löng.

Ég tek undir þau orð utanrrh. að aðalmálið sé ógnarstjórn þar sem einræðisherrar stjórna ferðinni. En umræðan, hvorki um þetta mál né aðrar ógnarstjórnir, er alls ekki svart-hvít og mér finnst við detta örlítið niður í það að reyna að snúa slíkri umræðu í svart-hvíta umræðu. Ég vil taka sérstaklega fram að Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem var talsmaður Samfylkingarinnar í umræðunni, gerði það afskaplega vel og dró fram aðalatriði sem snúa að afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli.

Hún benti líka á að Saddam Hussein var vinur vesturveldanna alveg þar til kom að innrásinni í Kúveit. Það er kannski kjarni máls sem við ættum að ræða hér og það er þessi vinátta eða stuðningur vesturveldanna við einræðisríki. Ég get minnt á Íran og ég get minnt á Víetnam þar sem stuðningur að vestan við gjörspillta stjórnendur var upphafið að ógnaröld annars vegar hörmulegra stríðsátaka í Víetnam og hins vegar einræði og kúgun í Íran og að milljónir, þúsundir og milljónir dollara runnu inn í þessi ríki sem stuðningur við gjörspillta einræðisherra og varð til þess að þegar upp var risið þá náðu þeir aðilar undirtökum sem orsökuðu gífurlega erfiðleika í þessum þjóðfélögum.

Þess vegna stöndum við frammi fyrir því að þó að öryggisráðið hafi heimildir til að grípa til aðgerða og að réttur þeirra sé ótvíræður eins og kom fram í máli utanrrh. til að setja á eða taka þátt í viðskiptabanni stöndum við frammi fyrir því að tíu ára ferli hefur ekki skilað okkur þangað sem því var ætlað. Erfitt er að standa frammi fyrir því hve þjóðir heims eru fullkomlega ráðþrota gagnvart einræðisherrum. Við hljótum að spyrja okkur að því hvort við höfum lært eitthvað af Júgóslavíu.

Einræðisherrum tekst nefnilega að beina óvildinni heima fyrir að þeim sem virðast orsakavaldar að erfiðleikunum sem blasa við fólkinu. Nú í síðustu viku þegar breytingarnar verða í Júgóslavíu og rætt er við fólkið í landinu þá segir fólkið: Við verðum núna að vinna úr því sem okkur fannst erfiðast af því að óvild fólks í Júgóslavíu beindist m.a. að NATO — við verðum að vinna úr þessari óvild sem við sitjum uppi með og reyna að snúa henni upp í að við núna vinnum með þessu fólki fyrir vestan og gerum okkur grein fyrir því að það var Milosevic sem var aðalorsakavaldurinn.

Þannig er það líka í öðrum ríkjum að fólkið sem býr við hrömungar heima fyrir í Írak horfir ekki á Saddam Hussein og segir: Hann er orsakavaldurinn. Nei, óvildin beinist að vesturveldunum sem búa til þessa erfiðu stöðu heima fyrir. Þetta finnst mér vera kjarninn í umræðunni. Þetta finnst mér vera það sem við þurfum að horfa á og við blasir.

Í þessari greinargerð og sem hefur verið gert að aðalmálinu er vísað í skýrslu Kofi Annans annars vegar og um skýrslu um lögfræðileg álitamál varðandi efnhagslegar refsiaðgerðir sem unnin var á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Það finnst mér vera þungamálið, herra utanrrh., og snýr að þeirri spurningu sem ég ætla að bera fram.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég minna hv. þm. á að ávarpa forseta en ekki hæstv. ráðherra.)

Herra forseti, það er hárrétt, herra forseti, að ég mun beina því til forseta að fá að bera fram spurningu til utanrrh. vegna skýrslu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Við í þessum sal höfum innleitt varnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við erum aðilar að Genfarsáttmálanum og við virðum mannréttindayfirlýsinguna. Þá hljótum við að spyrja okkur hvernig við eigum að bregðast við þegar mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna kveður upp úr um að refsiaðgerðirnar samræmist ekki þeim yfirlýsingum sem við höfum í raun og veru gert að okkar. Mér finnst þetta segja allt sem þarf og ég spyr þess vegna:

Er engin umræða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland getur komið inn í umræðuna? Ef meiri hlutinn á Alþingi Íslendinga fellst á að þessi tillaga komi til atkvæða og það reynist vera meirihlutaniðurstaða á hv. Alþingi að við viljum að ríkisstjórn okkar beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið verði tekið til endurskoðunar, er einhver vettvangur hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem Ísland getur beitt sér þannig að það sé hægt að finna aðrar leiðir?

Eða er það bara þannig að annaðhvort fljótum við með eða ekki?

Þetta er spurning mín, herra forseti: Finnst einhver vettvangur innan samstarfs okkar við Sameinuðu þjóðirnar sem við getum tekið þetta mál upp á? Það er fullkomlega óviðunandi að við stöndum að þessu máli eins og það hefur þróast.

[18:52]

Útbýting þingskjala:

Samræmd samgönguáætlun, 87. mál, fsp. MS, þskj. 87.

Umferðaröryggismál, 84. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 84.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 83. mál, fsp. JÁ, þskj. 83.

Vegagerðarmenn í umferðareftirliti, 85. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 85.

[18:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að Ísland hefur alla möguleika til að koma sjónarmiðum sínum skýrt á framfæri í þessu máli sem öðrum. Við erum að sjálfsögðu ekki aðilar sem stendur að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem getur tekið þá endanlegu ákvörðun að aflétta þessu viðskiptabanni.

Stöðug umræða fer fram um þessi mál og sú aukning sem hefur orðið í heimildum til handa Írak að flytja út meira af olíu til að kaupa fyrir matvæli, meðul og lyf, er sprottin af þeirri umræðu. Sú umræða mun halda áfram.

Þessi umræða á sér líka stað á vettvangi utanrrh. Norðurlandanna og hún á sér að sjálfsögðu stað á vettvangi utanrrh. Evrópusambandsins og víða um heim. Hún á sér stað í tvíhliða viðræðum milli sendinefnda og ráðherra þannig að það liggur allt saman fyrir. Hins vegar er um að ræða stefnu Sameinuðu þjóðanna og við erum aðilar að þessum samtökum. Við þurfum að framfylgja ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna með sama hætti og löndin í kringum Írak þurfa að framfylgja henni og er þeim afskaplega erfitt. Ég var t.d. fyrir stuttu í Tyrklandi sem ég veit að hv. þm. hefur jafnframt heimsótt og það er þeirri þjóð mjög erfitt hvernig viðskiptin við Íraka hafa fallið niður og samskiptin við Írak. Þeir skiptu um sendiherra, en skömmu eftir að sá sendiherra kom aftur til Írak var hann líflátinn. Það er ótrúlegt hvað þessari ógnarstjórn dettur í hug fyrir utan að hafa verið staðin að því að selja allmikinn hluta þeirra matvæla úr landi sem hafa verið flutt inn til þess að hjálpa fólki.

[18:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að enginn ágreiningur er um hvers konar ógnarstjórn Saddam Hussein stendur fyrir. Umræðan snýst um það hvernig vesturveldin hafa brugðist við eftir tíu ára reynslu af viðskiptabanninu. Það er fullkomlega fáránlegt að skýrsla sé lögð fram á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að viðskiptabannið samrýmist ekki þeim sáttmálum sem þessar sömu Sameinuðu þjóðir hafa kveðið upp úr með og samið og skapað. Við verðum að komast einhvern veginn út úr því að vera bara aðilar að viðskiptabanni. Það líða tíu ár og það koma skýrslur sem í raun og veru kveða upp úr með að þetta viðskiptabann er meira eða minna gagnslaust. Þá hljótum við að reyna með þeim sem við störfum með að finna aðrar leiðir.

Ég veit að við erum ekki aðilar að öryggisráðinu en ég hlýt að spyrja utanrrh.: Hvernig er umræða utanrrh. Norðurlandanna og utanrrh. Evrópu? Er fullkomin eining í þessum tveimur hópum um að standa að viðskiptabanninu og reyna ekki að hafa einhver áhrif á að grípa til annarra úrræða?

[18:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu máli eins og öllum öðrum málum, erfiðum málum, eru ýmis sjónarmið uppi. Ég held að afar erfitt sé að fullyrða að ein ákveðin niðurstaða sé rétt í því sambandi. Menn fara reglulega yfir það.

Eitt af því sem ég hef orðið áskynja í viðræðum mínum við ýmsa um þessi mál er sú skoðun sem ég tel að sé áreiðanlega rétt að menn óttist að sú kynslóð sem er að alast upp í Írak í dag muni þekkja lítið annað en hatur á vesturveldin og þær þjóðir sem hafa staðið að viðskiptabanninu. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt vegna þess að auðvitað eru upplýsingar takmarkaðar til þessa fólks eins og gengur og gerist í slíkum ríkjum. Saddam Hussein liggur náttúrlega ekkert á þeirri skoðun sinni og allt hyski hans að það sem fólkið býr við sé ekki honum að kenna heldur einhverjum vondum aðilum erlendis frá. Þetta notar hann í þeim tilgangi að reyna að brjótast út úr alþjóðlegri einangrun.

Ég tel að ekki eigi að hjálpa Saddam Hussein að brjótast út úr alþjóðlegri einangrun. Hins vegar þurfum við að hafa þetta mál til stöðugrar athugunar og endurskoðunar og það hefur verið gert. En að svo komnu máli hafa menn ekki talið rétt að aflétta viðskiptabanni algjörlega og fella niður þá alþjóðlegu einangrun sem hefur verið sett á Saddam Hussein sem flestir telja að sé forsenda þess að koma honum frá.

En ég skal taka undir það að það hefur tekið allt of langan tíma.

[18:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Utanrrh. setur fingurinn á nákvæmlega það sem hlýtur að blasa við og bendir á það sem umræða er uppi um að kynslóðin sem er að alast upp í Írak hlýtur að hata vestræn ríki. Það er óhjákvæmilegt.

Mér hafa fundist svör utanrrh. ágæt og mér finnst að hann komi inn á þá umræðu, sem hlýtur að fara fram á Norðurlöndunum og í Evrópu, að ólík sjónarmið eru uppi.

Mér finnst mjög mikilvægt að Ísland sem rödd mannréttinda reyni að beina sjónum samstarfsaðila að því hvort eigi að grípa til annarra aðgerða en þeirra sem hafa ekki dugað. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að hér hefur komið fram að menn gera kröfu um að þessi tillaga komi til atkvæðagreiðslu á Alþingi og verði niðurstaðan sú að meiri hluti sé fyrir því að Ísland beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að grípa til annars konar aðgerða eða leita nýrra leiða eigum við að fara þessa leið. Ég hvet því til að þessi tillaga fái að koma til atkvæða eftir öll þessi ár, að við reynum að vera boðberar einhverra nýrra leiða. Við erum öll sammála um Saddam Hussein en þessi leið hefur ekki dugað til annars en skapa gífurlegar hörmungar í landinu og skapa hatur á vesturveldunum heima fyrir.

[19:01]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð í lok umræðunnar sem ég vil þakka fyrir.

Í fyrsta lagi var þarft að rifja upp hvernig bakgrunnur Persaflóastríðsins var og hvernig Saddam Hussein var stríðalinn af hálfu þeirra sem síðar réðust á hann í Flóabardaga og mættu þar sínum eigin vopnum sem þeir höfðu mokað til

hans og selt fyrir olíufé á árunum þar á undan og sem aldrei fyrr, auðvitað, á árunum sem Írakar háðu styrjöld við Íran. Enda segja sögur að Írakar hafi talið sig hafa tryggingar fyrir því að þeir gætu farið sínu fram þarna eins og þeir höfðu gert með blessun og stuðningi Vesturlanda og þá einkum og sér í lagi Bandaríkjamanna og Breta árin þar á undan og það hafi komið þeim mjög á óvart hvernig bandarískir ráðamenn sneru allt í einu við blaðinu þvert á fyrri orð og yfirlýsingar sem háttsettir menn írakskra stjórnvalda töldu sig hafa fyrir því að þeir gætu í friði og án íhlutunar útkljáð deilumál sín við Kúveita.

Það er alveg örugglega hárrétt, því miður, að jafnvel þó að viðskiptabanninu í heild sinni yrði aflétt eins og það leggur sig á morgun yrði vandi írösku þjóðarinnar ærinn um ókomin ár. Það þarf mikið til að koma þar á aftur samfélagi sem við getum kallað í viðunandi ástandi, einfaldlega fyrir það fyrsta að landið var sprengt aftur á steinaldarastig þannig að nánast allir innviðir samfélagsins voru eyðilagðir, öll veitukerfi, vatnsveita, skolpveita, rafveita, samgöngukerfi og aðrir slíkir hlutir. Þetta gerðist í lokin á löngu þrengingarskeiði þar sem landið hafði háð grimmúðugar styrjaldir við nágranna sína og hundruð þúsunda höfðu fallið í bardögum. Ofan á allt saman bættist það stjórnarfar sem fyrir var í landinu og deilur við minnihlutahópa eins og Kúrda í norðri og Síta í suðri.

Þess þá heldur að halda áfram viðskiptabanninu þar sem öllum má ljóst vera að með hverju árinu sem líður tapast dýrmætur tími til að reyna að hefja það uppbyggingarstarf sem þarf að eiga sér stað ef hörmungar eiga ekki að halda þarna áfram ómældar um ókomin ár.

Það er alveg ljóst að Saddam Hussein er einn allra mesti óhappamaður sem farið hefur með forræði þjóðar á seinni árum og þarf ekkert að deila um það, enda snýst deilan ekki um það. Þessi staðreynd leysir hins vegar ekki alþjóðasamfélagið undan þeirri ábyrgð sem það ber á þessu ástandi, mundi ekki gera það jafnvel þó að ekki hefðu komið til neinar ákvarðanir þess.

En nú háttar einfaldlega þannig til að ástandið er bein afleiðing af ákvörðunum sem Sameinuðu þjóðirnar eða öryggisráð þeirra hefur tekið. En jafnvel þó svo væri ekki mundu menn hvar sem er annars staðar við aðstæður af þessu tagi væntanlega vera uppteknir af því að hugleiða: Hvernig getum við komið til hjálpar? Hugsum okkur að þessar hörmungar fólks í Írak væru ekki af völdum þeirra hluta sem þær eru heldur af völdum náttúruhamfara og þarna væru að falla hálfar og heilar milljónir manna af einhverjum slíkum ástæðum. Mundu menn ekki umsvifalaust reyna að koma og grípa til aðgerða, grípa til hjálparstarfs? Jú. En geta menn þá horft upp á sama ástand og sambærilegar mannfórnir bara af því að orsakirnar eru einhverjar aðrar eða menn telja sér trú um að þær séu það, þær séu Saddam Hussein að kenna en ekki jarðskjálftum eða flóðum, fellibyljum eða drepsóttum?

Ég fæ ekki skilið að hægt sé að nálgast málið, hvorki frá lagalegum né þaðan af síður siðferðislegum sjónarhóli séð, á þeim forsendum sem í raun og veru er gert. Ég er alveg sannfærður um að þegar frá líður og öll kurl verða komin til grafar í þessu máli mun framganga alþjóðasamfélagsins, svo við notum enn einu sinni þá tuggu, þykja einhver allra ljótasti bletturinn á atburðum af þessu tagi sem sögur fara af. Ég er sannfærður um það. Þetta mun verða sár fleinn í holdi samfélags þjóðanna um langa framtíð.

Ég er orðinn þeirrar skoðunar eftir að hafa skoðað viðskiptabönn og viðskiptalegar þvingunaraðgerðir af þessu tagi talsvert, að það sé ekki og sé sennilega nánast hvergi rétta leiðin sem þarna var gripið til. Algjör viðskiptabönn og algjör einangrun þjóðar, sem er auðvitað háð viðskiptum við nágranna sína um margs konar nauðsynjar, getur aldrei annað en bitnað fyrst og fremst á almenningi, jafnvel þó að stjórnarfarið væri ekki jafnhörmulegt og raun ber vitni. Þær aðgerðir sem þarna á að reyna að grípa til, ég held að flestir og æ fleiri séu nú að verða sammála um það, þurfa að beinast fyrst og fremst að þeim sem þær eiga að hitta og það hefur líka sýnt sig að vera miklu árangursríkara. Það sem hefur virkilega komið við harðstjóra eru í fyrsta lagi vopnasölubönn vegna þess að yfirleitt halda þeir völdum á grundvelli vígbúnaðar. Í öðru lagi stjórnmálaleg einangrun, hlutir eins og ferðabönn, að þessir menn séu fangar í eigin löndum, sem hefur reynst skipta máli. Í þriðja lagi að frysta innstæður, gera upptækar innstæður slíkra manna erlendis. Það hefur reynst mjög árangursríkt. Enginn vafi er á því að það hefur átt þátt í að kollvarpa gjörspilltum stjórnmálamönnum svo ekki sé nú sagt glæpamönnum, t.d. sums staðar í Suðaustur-Asíu og jafnvel í Mið-Asíu, jafnvel í Evrópu. (Gripið fram í.) Hlutir af því tagi, stjórnmálaleg einangrun og diplómatísk einangrun.

Síðast en ekki síst er nýr hlutur kominn til sögunnar sem maður bindur vonir við að hafi þarna áhrif. Það er alþjóðlegur stríðsglæpadómstóll, fastadómstóll sem sækir slíka menn til saka ef með nokkrum hætti verður náð til þeirra. Það á að sjálfsögðu að gilda um Saddam Hussein eins og aðra, að hann á að verða eftirlýstur maður í samfélagi þjóðanna og sóttur til saka þegar til hans næst, en reyna ekki að halda árangurslausum aðgerðum áfram sem fyrst og fremst framlengja ólýsanlegar hörmungar írösku þjóðarinnar.

Ég vil aðeins gera eina athugsemd að lokum við það sem hæstv. utanrrh. sagði um öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og stöðuna þar. Ég held að ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þó ég segi það sem maður rekst á alls staðar í umfjöllun t.d. erlendra fjölmiðla um þessi mál, að mjög skiptar skoðanir eru um ástandið. Það er fyrst og fremst þrjóska Bandaríkjanna sem veldur því að þetta ástand hefur ekki fengist tekið til endurskoðunar. Það er þannig. Bandaríkjamenn, með stuðningi Breta aðallega, eins og stundum áður, koma í veg fyrir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna endurskoði fyrri ákvarðanir sínar í þessu máli. Svo einfalt er það mál. Einn allra ötulasti og harðasti talsmaður þess að halda þessu ástandi áfram var reyndar gistivinur Íslendinga hérna fyrir nokkrum dögum, frú Madeleine Albright og engin önnur, og var hlýlega heilsað af ýmsum eins og kunnugt er.

Frakkar, Kínverjar og margir aðrir innan öryggisráðsins, sem og vel flestar aðrar þjóðir í Sameinuðu þjóðunum, vilja í raun endurskoða þetta ástand og ég leyfi mér að fullyrða að flestir hafi samviskubit yfir því hversu lengi hefur dregist að taka það til endurskoðunar.

En ég bind vonir við það samt sem áður að nú fari þessu ástandi að linna, einfaldlega vegna þess að ég held að menn hljóti einhvern tímann að komast að þeirri niðurstöðu að svona geti þetta ekki gengið lengur. Búið er að keyra þetta svona í áratug og útkoman er eins og raun ber vitni. Ég trúi því ekki að menn verði svo forhertir að ætla að halda þessu áfram um ókomin ár að óbreyttu ástandi. Fróðlegt væri að spyrja þá sem fyrir slíku standa hversu lengi þeir væru

þá tilbúnir að keyra þetta áfram við óbreyttar aðstæður og hversu miklar mannfórnirnar mættu þá verða.

Eitt hefur þó alla vega breyst og það er að umfjöllun vestrænna fjölmiðla, og þá er ég ekki að tala um íslenska fjölmiðla heldur aðra vestræna fjölmiðla sem í byrjun voru tiltölulega gagnrýnislausir og tóku þegjandi við þeirri mötun sem að þeim var rétt, hefur gjörbreyst. Það þarf ekki lengi að dvelja erlendis eða fylgjast með erlendum sjónvarpsstöðvum og lesa erlend blöð til þess að sjá að þar er orðin veruleg breyting á. Margir af öflugustu fjölmiðlum Vesturlanda hafa nú algjörlega snúið við blaðinu og ráðast af mikilli hörku á þá sem enn standa fyrir því að þessu viðskiptabanni sé viðhaldið. Má þar síðast nefna að í hópinn bættist breska ríkissjónvarpið með mjög mögnuðum þætti þar sem varnaraðilar viðskiptabannsins voru teknir á beinið.

Herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar fyrir umæðuna og lýsi enn þeirri von minni að málið fái afgreiðslu hér á þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–16. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

7. FUNDUR

miðvikudaginn 11. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til iðnaðarráðherra:

1. Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 63. mál, þskj. 63.

Til viðskiptaráðherra:

2. Samkeppni olíufélaganna, fsp. KPál, 18. mál, þskj. 18.
3. Alþjóðleg viðskiptafélög, fsp. ÖJ, 37. mál, þskj. 37.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um kl. hálffjögur hefst umræða utan dagskrár um málefni Ríkisútvarpsins. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sameining Búnaðarbanka og Landsbanka.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Stjórnvöld hafa staðfest að um þessar mundir eiga sér stað viðræður um sameiningu Búnaðarbankans og Landsbankans. Ástæðan er sögð sú að í sameiningunni sé fólgið nokkurt hagræði vegna þess að nokkur hundruð manna kunni að tapa störfum sínum við sameiningu bankanna.

Það liggur hins vegar ljóst fyrir, herra forseti, að samruni bankanna mundi leiða til þess að það yrði til ofurbanki sem hefði sennilega næstum því 60% hlutdeild á viðskiptabankamarkaði og hefði því óneitanlega yfirburðastöðu á markaðnum. Ég tel því ljóst, herra forseti, að slíkur banki mundi klárlega teljast markaðsráðandi samkvæmt gildandi samkeppnislögum. Það er því hóflega orðað, herra forseti, þegar ég staðhæfi að það eru a.m.k. áhöld um það hvort þessi samruni sé í samræmi við gildandi lög. Reyndar liggur fyrir það álit sérfræðings við hagfræði- og viðskiptadeild Háskóla Íslands að svo sé ekki.

Nú er það svo að samkvæmt gildandi samkeppnislögum er það hlutverk samkeppnisráðs að hafa afskipti af samruna fyrirtækja ef það lítur svo á að hann sé í andstöðu við hagsmuni neytenda. Ef samkeppnisráð telur að slíkur samruni kunni að leiða til markaðsyfirráða eða að verulega dragi úr samkeppni eða geti með öðru móti haft óheillavænleg áhrif á hagsmuni neytenda, þá ber ráðinu að ógilda samrunann. Mér finnst því að það virki ákaflega skrýtið ef stjórnvöld eru um þessar mundir að bræða með sér samruna ef sterkar líkur eru á að samkeppnisráð leggist gegn og kunni jafnvel að ónýta fyrir ríkisstjórninni.

Það er alveg ljóst að ef af þessari ákvörðun verður mun málið koma til kasta hins háa Alþingis. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hún telji ekki ráðlegt að notfæra sér þá heimild sem er að finna í 18. gr. samkeppnislaganna og óska eftir því að samkeppnisráð gefi fyrir fram álit á því hvort það telji samruna bankanna stríða gegn gildandi lögum í þeim mæli að ráðið muni ógilda samrunann ef af honum verður.

[13:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að bera það til baka sem kom fram hjá hv. þm. um að það hafi verið staðfest af hálfu stjórnvalda að fram færu viðræður um sameiningu bankanna. Þetta er ekki rétt. Það fara hins vegar fram viðræður um hvernig farið skuli í frekari sölu á hlut ríkisins í bönkunum. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um að sameina bankana. Á meðan svo er er sú spurning sem hv. þm. ber upp í rauninni ótímabær.

Auk þess vil ég geta þess að þessi fyrirtæki eru skráð á Verðbréfaþingi þannig að allar ákvarðanir sem teknar eru um framtíð þeirra þarf að sjálfsögðu að tilkynna Verðbréfaþinginu. Þar af leiðandi er ótímabært að ræða þetta mál á hv. Alþingi á þessum degi.

Um það hvenær tíðinda sé að vænta, þá get ég heldur ekki svarað því. Það fara fram viðræður og ég lít svo á að það líði ekkert ákaflega langur tími þangað til fyrir liggur hvernig ríkisstjórnin hyggst leysa þessi mál og á hvern hátt hún telur réttast að fara í frekari sölu. En svör geta því miður ekki orðið nákvæmari í dag.

[13:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. veldur mér nokkrum vonbrigðum. Hæstv. ráðherra staðfesti að það fara fram viðræður. Um hvað fara fram viðræður? Um frekari sölu ríkisbankanna. En er það ekki svo, herra forseti, að eitt af því sem menn eru að ræða um er að steypa saman bönkunum og skapa nýjan banka? Þá liggur fyrir sá möguleiki a.m.k. að

þetta mál muni leiða til þess að það verður til nýr ofurbanki sem hefur markaðshlutverk sem verður að teljast ráðandi og þá er alveg ljóst, herra forseti, að líklegt er að það stríði gegn núgildandi lögum. Þetta mál hlýtur að koma til kasta þingsins og það er þess vegna sem ég leyfi mér undir þessum lið um störf þingsins að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé skynsamlegt, ef þetta er uppi í stöðunni, að notfæra sér þá heimild sem enn er gildandi og fellur ekki úr gildi fyrr en 6. des., þ.e. að leita eftir því að samkeppnisráð gefi fyrir fram álit á því hvort það telji að sú aðferð kynni að stríða gegn lögunum, hvort sú aðgerð kynni að verða til þess að samkeppnisráð mundi hlutast til um það að ógilda slíkan samruna. Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gefi skýra yfirlýsingu um þetta: Eru menn að ræða um að steypa bönkunum saman eða ekki? Ef menn eru að ræða um það, er þá ekki rétt að fara þessa leið?

[13:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. nokkuð bjartsýnn ef hann telur að ég muni koma með yfirlýsingu hér á hv. Alþingi áður en fyrir liggur niðurstaða í málinu. Hann, sem sjálfur hefur verið ráðherra og þingmaður í fjölda ára, hlýtur að þekkja það vel til starfa að yfirlýsingar eru ekki gefnar fyrr en niðurstaða liggur fyrir. Þetta mál er, eins og hér hefur komið fram áður, í vinnslu og í sjálfu sér ekkert mikið meira um það að segja. Mér er kunnugt um ákvæði samkeppnislaga, hvernig þau hljóma og þarf ekki upplýsingar frá hv. þm. um það í sjálfu sér, en ég get sagt líka að mér finnst skiljanlegt að hv. þm. bryddi upp á þessu máli hér þar sem það hefur verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum og að mínu mati kannski óþarflega mikið miðað við stöðu málsins.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Fréttir um hugsanlega sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka hafa valdið miklum óróa og óvissu á meðal starfsmanna þessara stofnana. Starfsfólkið á heimtingu á því að þessi mál séu rædd fyrir opnum tjöldum og Alþingi á heimtingu og rétt á því að fram fari umræða um þessi mál í þinginu.

Hér er á ferðinni stórpólitískt mál sem skiptir alla þjóðina miklu og er harla undarlegt, ef það á að ganga eftir sem hæstv. ráðherra segir hér, að þá fyrst verði málið rætt á Alþingi Íslendinga þegar niðurstaða liggur fyrir. Í pólitísku máli sem kemur Alþingi eðli máls samkvæmt við á að fara fram umræða á Alþingi. Því er mjög tímabært að kalla eftir þessari umræðu og beina henni síðan inn í þinglegan farveg. Undir það tek ég í málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

[13:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka þetta mál upp, enda kannski löngu tímabært miðað við þá umræðu sem fram hefur farið í fjölmiðlum. En aðeins vegna svara hæstv. viðskrh., þá liggur alveg fyrir að verði af samruna þessara banka verður um að ræða yfirburðabanka hér á Íslandi með um það bil 60% markaðshlutdeild og verði af þessum samruna eru bara tveir kostir í stöðunni, þ.e. annaðhvort að samkeppnisyfirvöld fari mjög vandlega yfir hvaða þýðingu þetta hafi, hvort þetta hafi hamlandi áhrif á samkeppni í bankamálum o.s.frv., eða að ríkisstjórnin fari þá leið að setja sérlög sem undanþiggja þennan samruna samkeppnislögum. Það væri saga til næsta bæjar, virðulegi forseti, ef neytendamálaráðherrann yfir Íslandi mundi fara þá leið að setja sérlög til þess að undanþiggja þennan samruna samkeppnislögum.

Virðulegi forseti. Þetta eru vissulega tímabærar spurningar sem hv. þm. hefur borið upp og í ljósi svara hæstv. viðskrh. má allt eins draga þá ályktun að það sé ekki verið að ræða um samruna bankanna vegna þess að ef svo væri þá væri mjög auðvelt fyrir hana að gefa yfirlýsingu um þetta því að það liggur svo í augum uppi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðvera ráðherra í fyrirspurnatíma.

[13:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins er annars eðlis en sú sem formaður Samfylkingarinnar tók upp fyrir fáum mínútum. Ástæða mín er virðing Alþingis, að vekja athygli á ráðherrabekknum, vekja athygli þingheims á því að hér eru mættir tveir ráðherrar í þingsalinn en einungis einn mun verða til svara við fyrirspurnum sem hafa verið lagðar fram á Alþingi.

Í síðustu viku voru lagðar fram 18 fyrirspurnir frá þingmönnum sem vænst var að yrði svarað á þessum degi. Ég hef fengið lista yfir það hvernig ástatt sé hjá ríkisstjórninni. Þar kemur fram að ráðherrar eru hér og þar um heiminn vegna starfa sinna, þeir eru fjarverandi væntanlega innan lands eða að opna sýningar á höfuðborgarsvæðinu og geta ekki verið með okkur í þinginu í dag. Ég veit vel að það er hluti af störfum ráðherra að sinna erlendum samskiptum, opna sýningar eða hvað það er sem er vinnudagur ráðherranna, en ég vek athygli á því að það þýðir ekkert fyrir okkur að endurskipuleggja með breytingum á þingsköpum þinghaldið ef ráðherrarnir í ríkisstjórninni geta ekki aðlagað störf sín að vinnu þingsins og það sýnist mér að þessi dagur sé áþreifanlegt dæmi um.

Herra forseti. Til viðbótar vil ég vekja athygli á því að af 90 framlögðum málum á ríkisstjórn Íslands fimm.

[13:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur verið venja undanfarin ár að þeir ráðherrar sem fyrirspurnum er beint til séu að sjálfsögðu viðstaddir þingfundi. Það hefur ekki verið talið nauðsynlegt að ráðherrar væru ávallt í þinginu í fyrirspurnatímum ef ekki er verið að beina fyrirspurnum til þeirra. Eins og hv. þm. veit hafa ráðherrar margar skyldur sem þeir þurfa að sinna, bæði erlendis og hér heima, og þannig er ástatt í dag, með sama hætti og þingmenn hafa líka ýmsar skyldur og geta ekki ávallt verið viðstaddir í upphafi þingfundar. Ég tel því ekki að hér sé um neitt óeðlilegt ástand að ræða. Það kemur fram í dagskrá þingsins. Hitt er svo annað mál og það er sjálfsagt að reyna að koma því þannig við að fyrirspurnunum verði svarað sem fyrst og það sé gert við fyrstu hentugleika þannig að ráðherra geti verið við.

Ég bendi líka á að það er mjög mikil vinna fyrir ráðuneytin að undirbúa svör við ýmsum fyrirspurnum sem koma frá þinginu og það er ekkert óeðlilegt að það taki nokkurn

tíma ef svörin eiga að vera vönduð. Það var einmitt rætt á síðasta ríkisstjórnarfundi að það væri óvenjumikið álag á ráðuneytin núna vegna mjög margra fyrirspurna frá þinginu sem ráðuneytin eru að reyna að leysa úr.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Samfylkingarinnar, að það er gagnrýnivert hve þunnskipaður ráðherrabekkurinn er. Hæstv. utanrrh. segir að ráðherrar þurfi góðan tíma til undirbúnings svaranna. Sú regla er við lýði að fyrirspurnir sem teknar eru fyrir í fyrirspurnatíma á borð við þann sem hér er í dag þurfa að liggja fyrir í vikunni áður en fyrirspurnin er lögð fram þannig að nægur tími gefst til þess að undirbúa þessi svör. Og staðreyndin er sú að fyrir liggur fjöldi fyrirspurna til ráðherra sem hér eru ekki til staðar.

Menn hafa stundum rætt um nauðsyn þess að breyta þingsköpum til þess að gera þinghaldið allt markvissara. Ég er á því máli að það sem þurfi að breytast séu vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Hún þarf að leggja frv. sín fyrr fram en hún gerir þannig að þinginu gefist betri tími til að ræða þau og lendi ekki í tímahraki undir þinglok eins og reyndin hefur orðið allt of oft.

Ég vil sem sagt árétta þessi orð sem hér voru sögð og taka undir þá gagnrýni hve illa ráðherrar í ríkisstjórninni mæta til þessa fyrirspurnatíma.

[13:46]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að það er ekki mætingarskylda í fyrirspurnatíma. Ég vil líka vekja athygli á því að það eru þrír ráðherrar sem ekki hefur verið beint neinni neinni fyrirspurn til, þ.e. forsrh., utanrrh. og samgrh. og það má vera, og það er raunar ljóst, að einhverjir þeirra hefðu að sjálfsögðu getað verið hér í dag.

Ég get hins vegar tekið undir það að það er mjög óheppilegt þegar hittist svona á að svo margir ráðherrar eru erlendis sem raun ber vitni en það er hins vegar algjörlega ljóst að þeir eru þar að skyldustörfum og reyndar eru ýmsir þeirra með varamenn hér inni.

Hvað það varðar að ríkisstjórnin leggi mál fyrr fram þá get ég líka tekið undir það að auðvitað er mjög æskilegt að þau mál komi sem fyrst fram sem ríkisstjórn hyggst leggja fyrir þingið. En ekki er öll nótt úti enn því að við erum bara rétt byrjuð á þinghaldinu nú í haust svo væntanlega vænkast hagur strympu hvað þetta varðar.

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekkert af því sem hér hefur verið sagt er okkur þingmönnum ókunnugt. Það eru níu ráðherrar sem hafa fengið samanlagt 18 fyrirspurnir í síðustu viku, þær eru orðnar miklu fleiri, ég er bara að tala um þær sem lágu fyrir í síðustu viku. Þremur fyrirspurnum verður svarað í dag af einum ráðherra. Það vill svo til að utanrrh. mætir hér. Það er ekki nein fyrirspurn til hans en það er ánægjulegt að sjá hann hér þótt ekkert verkefni beinist að honum á þessum tímapunkti. (Gripið fram í.) Það er engu verkefni beint til utanrrh. og honum til sóma að vera hér og ég mun ekki gera athugasemdir við það þó að hann velji að víkja á braut.

Það er rétt að það er ekki mætingarskylda þingmanna hér en það er væntanlega skylda ráðherra að svara fyrirspurnum eins fljótt og unnt er. Það eru ekki allir ráðherrarnir í burtu vegna skyldustarfa. Og það sem ég er að gagnrýna er að ríkisstjórnin sé svo fullkomlega ófær um að skipuleggja sig þannig að störf ríkisstjórnarinnar geti fallið að störfum þingsins. Það er búið að liggja lengi fyrir að þingið hefjist 2. október en svo virðist sem ríkisstjórninni komi það fullkomlega á óvart. Hún hefur ekki undirbúið sig, það eru ekki komin fram nema fimm stjfrv. Eftir eina viku hefst hér kjördæmavika og það þýðir að það verður engin vinna við stjfrv. í nefndum fyrr en í nóvember og við vitum hvernig störfin eru þegar nálgast jól og vor. Þetta eru vond vinnubrögð og ég spyr bara: Miðað við svörin sem hér hafa komið fram, eigum við bara að sætta okkur við þetta? Er þetta það sem koma skal eða er einhver vilji fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að reyna að sýna þinginu meiri virðingu en endurspeglast í þessari fyrstu viku hér?

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel alveg ástæðulaust að vera að ásaka ríkisstjórnina um virðingarleysi gagnvart þinginu. Ég kannast ekki við það að nein slík sjónarmið séu uppi innan ríkisstjórnar og hef aldrei heyrt það, hvorki í þessari ríkisstjórn né öðrum og hef nú sennilega setið lengur í ríkisstjórn en flestir aðrir ráðherrar. Þannig að mér finnst það vera óþarft.

Það liggur hins vegar fyrir að aðalmál ríkisstjórnarinnar á þessu haustþingi er fjárlagafrv. og þau mál sem tengjast því. Það hefur verið lagt fyrir. Það er mikilvægt að leggja mál fyrir sem fyrst og það mun verða gert. En ég tel eðlilegt að þessi mál séu rædd í forsn. þingsins og ég veit ekki betur en það hafi farið fram mjög vinsamleg samskipti milli ríkisstjórnar og forsn. þingsins við skipulag þingstarfanna og þannig vill ríkisstjórnin að sjálfsögðu standa að málum bæði nú sem endranær. Ég tel því þessa umræðu vera algjörlega ótímabæra og óþarfa og ég veit að hv. þm. hefur skilning á því að það þarf eitthvað að hafa fyrir því að undirbúa svör. Eða eru spurningarnar, ég hef ekki lesið þær, allar svo léttvægar og lítilfenglegar að það þurfi bara ekkert að vinna í þeim? (Gripið fram í.) Ja, það eru margar spurningar sem liggja fyrir iðn.- og viðskrh., þetta eru ekki þær einu. Og það var sérstaklega rætt á ríkisstjórnarfundi að það færi fram mikið starf í ráðuneytum núna við að undirbúa þessi svör. Ég bið hv. þingmenn að hafa skilning á því að Stjórnarráðið hefur ekki allt of mikið af starfskröftum. Það er ekki jafnmargt fólk þar og stundum virðist koma fram í umræðunni.

[13:52]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Sá tími sem ætlaður er til umræðu um störf þingsins er liðinn. (**ÖJ:** Herra ...) Hv. þm. hefur þegar talað tvisvar. Sá tími sem ætlaður er til umræðu um störf þingsins er liðinn.

Forseti tekur undir það sem hér hefur komið fram að nokkrir ráðherrar eru staddir erlendis og aðrir eru ekki tilbúnir með svör við þeim fyrirspurnum sem þeim hafa borist en forseti mun að sjálfsögðu taka athugasemd hv. 4. þm. Reykn. til umræðu á næsta fundi forsn.

Um fundarstjórn.

Svör frá ráðherrum.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann sjái til þess að fram fari umræða hér í þinginu um störf þingsins. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefur lýst því yfir að hann telji mikillar undirbúningsvinnu þörf til að ráðherrar geti svarað þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar í undangenginni viku. Í þessum spurningum er vissulega spurt um ýmis tæknileg atriði en það er spurt um pólitíska stefnu og pólitíska stefnumótun og ætlast er til þess að menn kunni skil á eigin pólitík og geti gert þinginu grein fyrir þeirri pólitík án mikils fyrirvara.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti ætlast þá líka til þess að hv. þingmenn kunni skil á því hvenær verið er að ræða um störf þingsins og hvenær athugasemd um fundarstjórn forseta. Forseti hefur þegar getið þess að hann muni bera athugasemdir hv. 4. þm. Reykn. inn á næsta fund forsn. og verða þær teknar þar til umræðu.)

Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni.

Fsp. SvanJ, 63. mál. — Þskj. 63.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Þegar Alþingi kom saman sl. haust bar ég fram fyrirspurn til tveggja ráðherra um það hvernig þeir hygðust vinna úr þeim ákvæðum 6. liðar ályktunar um byggðamál, að skilgreina ætti þau verkefni ráðuneyta, undirstofanna og fyrirtækja sem unnt væri að vinna á landsbyggðinni, og að möguleikar upplýsingatækninnar verði þá nýttir til hins ýtrasta, eins og þar segir.

Skýrsla Iðntæknistofnunar var þá nýkomin út og óspart vísað til hennar. Þáv. hæstv. iðn.- og viðskrh. taldi í svari sínu fyrir ári síðan, herra forseti, að næstu skref, þ.e. til síðustu áramóta, væru þau að Iðntæknistofnun, í samvinnu við Byggðastofnun, ynni að því með ráðuneytunum að skilgreina þessi verkefni þannig að þau yrðu flutningshæf fljótlega upp úr áramótunum. Síðustu áramótum, herra forseti.

En þrátt fyrir eftirrekstur vegna einstakra loforða, svo sem loforða forsrh. gagnvart Ólafsfirði, og þrátt fyrir marga umræðuna hér á Alþingi um mikilvægi þess að stjórnvöld stæðu við þennan kafla byggðaáætlunar sinnar þá kom það fram í sumar hjá núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. að enn hefði lítil vinna farið fram vegna þessara mála.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara um það mörgum orðum hve mikilvægt það er að stjórnvöld framfylgi stefnu sinni í málinu vegna þess hve mikilvægt það er fyrir landsbyggðina að fá að fylgjast með í þeirri þróun sem er í gangi. Það hefur oft verið rætt og verður áfram rætt. Á þessari stundu ætla ég heldur svo sem ekki að ræða hversu pínlegt það er í rauninni orðið hve lítið hefur verið gert og hve skilningur stjórnvalda á málinu hefur reynst takmarkaður. Við í Samfylkingunni teljum það hins vegar nauðsynlegt að kalla fram nú strax í þingbyrjun hvernig þessi mál standa.

Uppgjöf hæstv. forsrh. birtist í því að hann skildi Ólafsfjörð eftir í fanginu á hæstv. iðn.- og viðskrh. Það væri fróðlegt að vita hvort svo er farið um fleiri, hvort ráðherrarnir hafi einfaldlega gefist upp fyrir verkefninu eða vísað því á ráðherra byggðamála eins og hæstv. forsrh. gerði.

En fyrirspurn mín, herra forseti, er þessi, og ég vil geta þess að það tímabil sem gildandi byggðaáætlun stendur yfir er nú hálfnað og vel það þannig að það er tímabært að bretta upp ermar:

1. Hafa þau verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, undirstofnana þeirra eða fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?

2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?

[13:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt 6. tölul. gildandi byggðaáætlunar er hverju ráðuneyti fyrir sig falið að skilgreina þau verkefni sem hægt er að vinna á landsbyggðinni. Í samræmi við þessa stefnu Alþingis og ríkisstjórnar fól ég ráðgjafarfyrirtækinu Pricewaterhouse Coopers sl. sumar að vinna tillögu að slíkri áætlun vegna þeirra stofnana sem starfa á vegum iðn.- og viðskrn. Er niðurstöðu þeirrar vinnu að vænta nú í haust. Í framhaldi af því mun ráðuneytið gera slíka áætlun í samræmi við stefnu Alþingis og ríkisstjórnar.

Til þess að fara örfáum orðum um það sem unnið hefur verið að af hálfu þeirra ráðuneyta, sem eru iðn.- og viðskrn., vil ég segja eftirfarandi í sambandi við flutning stofnana og fyrirtækja út á land:

Skrifstofa Orkusjóðs hefur verið flutt til Akureyrar.

Tekin hefur verið ákvörðun um flutning Byggðastofnunar til Sauðárkróks.

Stofnað hefur verið til viðræðna við Akureyrarbæ þar sem kannaðir verði kostir þess að sameina Rarik og Orkuveitu Akureyrar og hafa höfuðstöðvar fyrirtækisins á Akureyri.

Í sambandi við fjarvinnsluverkefni vil ég taka eftirfarandi fram:

Þann 4. maí sl. hélt ég fund með forstöðumönnum ríkisstofnana. Tilgangur fundarins var að kynna þeim þá möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á varðandi fjarvinnslu. Á fundinum skýrðu ýmsir aðilar frá reynslu sinni.

Mikið hefur verið rætt um fjarvinnsluverkefni og finnst ýmsum að lítið hafi miðað í þá átt að koma slíkum verkefnum út á land og get ég raunar tekið undir það. Á vegum iðnrn.- og viðskrn. er þó unnið að ýmsum verkefnum á því sviði. Fyrr á árinu var efnt til samstarfsverkefnis iðnrn., Iðntæknstofnunar og Byggðastofnunar um fjarvinnslu á landsbyggðinni. Var ákveðið að skilgreina nánar tíu af þeim verkefnum sem fjallað var um í skýrslu sem Iðntæknistofnun vann fyrir forsrn. og Byggðastofnun á síðasta ári. Nú hefur verið unnið að gerð viðskiptaáætlana fyrir fimm verkefni. Verkefnin eru sem hér segir:

Læknaritarar á landsbyggðinni. Gerð var viðskiptaáætlun um það hvernig væri hægt að starfrækja læknaritun í fjarvinnslu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir.

Sameiginleg símsvörun Stjórnarráðsins. Með þeirri tækni sem Landssíminn býður upp er fjárhagslega óhagkvæmt að flytja símsvörun Stjórnarráðsins út á land. Hins vegar er til búnaður sem notar gagnaflutningaleiðir internetsins til flutn-

ings símtala. Gerð hefur verið viðskiptaáætlun um notkun á slíkum búnaði.

Skráningarverkefni fyrir Þjóðminjasafn Íslands í því að gera áætlun um það hvernig væri hægt að afla fjár til skráninga á munum og minjum safnsins.

Þá má nefna mannvirkjagrunn en unnið er að gerð viðskiptaáætlunar um gerð gagnagrunns fyrir þá aðila sem koma að mannvirkjagerð. Grunnurinn á að innihalda allar upplýsingar um vöru og þjónustu sem notuð er við mannvirkjagerð.

Þau verkefni sem ég hef nefnt hafa verið send viðkomandi ráðuneytum eða stofnunum og má auk þess nefna landskrá lausafjármuna en fyrr á þessu ári var gerð áætlun um landskrá fyrir lausafjármuni og var gert ráð fyrir að starfsemi landsskrárinnar gæti staðið undir sér með skráningargjöldum.

Verkefnisstjórnin sem ég nefndi áður er nú að undirbúa val á næstu verkefnum. Þar koma ýmis verkefni til álita, m.a. verða teknar til athugunar ýmsar skrár í landbúnaði, þýðingarverkefni, skráningarverkefni Alþingis og útboðslýsingar Ríkiskaupa, verkefni hjá Verðbréfaþingi o.s.frv.

Fyrir liggur að ekki er hægt að flytja verkefni frá hinu opinbera til einkaaðila nema að undangengnu útboði ef fjárhæð verkefnisins fer yfir 3 millj. kr. á þremur árum. Þetta setur óneitanlega því starfi að koma opinberum verkefnum til einkaaðila á landsbyggðinni þröngar skorður. Verkefnahópurinn hefur því í vali á verkefnum sínum lagt áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi að um sé að ræða verkefni sem hægt er að vinna hjá opinberum aðilum á landsbyggðinni og í öðru lagi að búa til viðskiptahugmyndir fyrir einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni sem hægt er að reka á sjálfbæran hátt. Dæmi um slíkt verkefni er t.d. gagnagrunnur fyrir mannvirkjagerð sem ég nefndi áðan.

[14:03]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. iðn.- og viðskrh., Valgerði Sverrisdóttur er ýmislegt gott verið að gera og margt í farvatninu en betur má ef duga skal. Opinberum störfum fækkar sífellt á landsbyggðinni en þeim fjölgar aftur á móti á höfuðborgarsvæðinu. Ég vek athygli á því að nánast öll miðvinnsla bankanna er flutt til Reykjavíkur sem gæti alveg eins verið úti á landi. Með þeirri miðvinnslu flyst þekking sem tapast aftur á móti á landsbyggðinni. Íslandspóstur hefur fækkað mjög mikið starfsmönnum og gert þjónustuna þar af leiðandi ekki nægilega góða fyrir landsbyggðina. Gagnaflutningurinn þarf að vera á sama verði ef þjónustan á að geta verið góð eins og gert var þegar landið var gert að einu gjaldsvæði í almennri símaþjónustu. Eins þarf það að vera með gagnaflutningana.

[14:04]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég hef ekki gert mér grein fyrir því að þessir hlutir séu að virka í öfuga átt, að það sé verið að flytja þetta allt frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eins og kom fram í ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur. En aðeins vegna umræðu um fjarvinnsluverkefnin og svar hæstv. iðnrh. áðan finnst mér eins og ég hafi verið að uppgötva 2000-vandann núna, að 2000-vandinn sem við Íslendingar héldum að við hefðum sloppið við sé í raun og veru og hafi verið miklu meiri en við gerum okkur grein fyrir. Mér sýnist að bæði tímaskyn og tímaklukka hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnarinnar allrar hafi stoppað vegna þess að í umræðum um flutning fjarvinnsluverkefna út á land á fundi í Ólafsfirði 6. mars sl. sagði hæstv. iðnrh. m.a. þetta, með leyfi forseta: „Í lok þessa mánaðar eða fyrir lok þessa mánaðar þá trúi ég því að það verði eitthvað að frétta“ af flutningi fjarvinnsluverkefna til Ólafsfjarðar. Í mínum huga og samkvæmt klukku minni er 6. mars liðinn þannig að ég spyr, herra forseti: Væri ekki ástæða til að grípa til einhverra ráðstafana vegna þessa 2000-vanda?

[14:05]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ljóst er að möguleikar á fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni eru fyrir hendi, m.a. með hagnýtingu upplýsingatækninnar og fjarvinnslu eins og fram hefur komið. Þeir möguleikar eiga eftir að aukast á næstunni. Hins vegar ber að varast að ræða þessi mál þannig að lausnin sé algild fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni eins og mér hefur stundum fundist umræðan bera keim af. Það ber líka að varast að fara bratt í umræðuna þannig að gefin verði fölsk fyrirheit og fólk á landsbyggðinni sjái einhverja allsherjarlausn á leiðinni. Þetta tekur allt sinn tíma og ber auðvitað að undirbúa vel.

Hvað varðar stjórnvöld í þessum efnum verða þau að hafa ákveðinn drifkraft og fylgja eftir þeirri stefnumótun sem fyrir liggur til að koma henni til framkvæmda. Einnig ber að líta til atvinnulífsins í heild, til einkaaðila, og þar liggja ýmsir möguleikar, t.d. í tæknistörfum, fjármálastarfsemi o.s.frv. Ég vil hins vegar hvetja stjórnvöld til dáða í þessum efnum. Hæstv. viðskrh. hefur svarað fyrir sig og mér sýnist að málin séu í þokkalegum farvegi og vonast ég til að efndir gangi eftir.

[14:06]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur sýnt að hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur verið að gera sitt ýtrasta til að ýta málinu áfram og það er vissulega lofsvert. Hins vegar hefur umræðan líka sýnt fram á það að þessi mál ganga alveg ótrúlega hægt fyrir sig. Það var í september í fyrra sem þessi mikla skýrsla Iðntæknistofnunar, Byggðastofnunar og fleiri lá fyrir. Þá hefði maður ætlað að þessir hlutir gætu gengið miklu hraðar fyrir sig en raun ber vitni. Þar er ekki við hæstv. iðnrh. að sakast, það eru allt aðrir hlutir á ferðinni. Maður verður einfaldlega var við það að í þessu kerfi eru ótalmargir ótrúlega miklir silakeppir þegar kemur að því að reyna að færa þessi verkefni út á land. Ég held því að stóru tækifæri landsbyggðarinnar felist fremur í því að einkafyrirtækin taki við sér vegna þess að þau sjá hagræðið í því að færa verkefni út á land. Við sjáum ýmis teikn um að það sé að gerast og við eigum að reyna að örva það. Ég er sammála hæstv. iðnrh. um að það er vont þetta ákvæði um 3 millj. kr. lágmarkið varðandi útboðið sem torveldar að hægt sé að færa þessi opinberu verkefni út á land en ég vonast til að pólitísk samstaða takist um að breyta því.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mig langar til að benda hæstv. ráðherra á að í fjárlagafrv. kemur fram mikill fjöldi lítilla verkefna undir liðnum „Íslenska upplýsingasamfélagið“ sem eru vel til þess fallin að flytja út á land. Ég nefni t.d. rafrænan gagnagrunn um jarðir sem á að gera í landbrn. Hvers vegna er það ekki gert t.d. á Hólum, herra forseti?

Að öðru leyti saknaði ég þess að hæstv. ráðherra greindi frá því hvað liði viðleitni hennar til þess að koma kollegum sínum í ríkisstjórninni til þess verks sem hún lofaði að koma

þeim til, að skilgreina hvaða verk undir ráðuneytum þeirra séu til þess fallin að flytja út á landsbyggðina. Það er eitt af verkefnunum sem þeim var sett fyrir samkvæmt byggðaáætlun og hæstv. ráðherra lofaði að fara í það verkefni. Hvað líður því?

Í öðru lagi, herra forseti, tek ég undir það sem hv. þm. Kristján Möller spurði um áðan: Hvað líður framkvæmd loforða um að flytja störf til Ólafsfjarðar?

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði á ráðstefnu um daginn að landsbyggðinni væri sýnd ótrúleg grimmd. Mér sýnist, herra forseti, að sú grimmd nái inn í raðir ríkisstjórnarinnar.

[14:09]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi er rétt að fagna þeirri viðleitni sem hæstv. iðnrh. hefur sýnt í því verkefni að reyna að færa verkefni til landsbyggðarinnar. Hins vegar er árangurinn lítill og er rétt að taka undir það líka með hæstv. ráðherra.

Hins vegar er það athyglisvert sem kemur fram í máli hæstv. ráðherra varðandi útboðið og þá tregðu sem hefur valdið því að fara með verkefni til einkaaðila. Ég vil í þessu samhengi rifja upp orð hæstv. utanrrh. sem hann lét falla þegar opnuð var starfsstöð Íslenskrar miðlunar á Stöðvarfirði um miðjan ágústmánuð 1999 en þá sagði hæstv. utanrrh. m.a.:

„Það eru miklir möguleikar á því sviði að ríkisstofnun geti keypt þjónustu, fækkað störfum t.d. á Reykjavíkursvæðinu og fjölgað úti á landi með þessum hætti."

Herra forseti. Er það rétt skilið hjá mér að hæstv. ráðherrar séu nýbúnir að uppgötva þetta ákvæði um 3 millj. á þriggja ára tímabili?

[14:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér er í fersku minni þegar hæstv. forsrh. kynnti skýrslu fyrir bráðum ári um ein 220 störf eða svo sem hægt væri að flytja út á land. (**Gripið fram í:** 211.) 211 verkefni kann að vera rétt, já, ég hef ekki haft þetta alveg nákvæmlega rétt, eitthvað á þriðja hundrað störf var hann að tala um. Svo stöndum við í sömu sporum einu og hálfu starfi síðar því að ekki er það meira sem hefur skilað sér af þeim verkefnum sem menn töluðu um að flytja út á land á þessum tíma. Þó svo að hæstv. iðn-. og viðskrh. fái hveitibrauðsdaga sína í ráðuneytinu verður hún að þola að menn spyrji grannt eftir efndum þeirra miklu yfirlýsinga sem komu á þessum tíma um það að standa nú í ístaðinu og flytja störf út á land, sérstaklega hvað varðar ýmis tæknimál og annað því um líkt, fjarvinnslu og slíkt. Það hefur því miður lítið gengið.

[14:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hún gaf og þá vinnu sem er í gangi. Ég tek undir orð þeirra þingmanna sem hafa talað um seinagang varðandi þá vinnu að flytja verkefni út á land. Langt er síðan skýrsla Iðntæknistofnunar kom fram og í henni voru nefnd mjög mörg lofandi verkefni sem ætti að vera auðvelt að koma upp eða flytja út á landsbyggðina sem við höfum séð lítinn árangur af.

Hæstv. iðnrh. nefndi flutning ríkisstofnana. Það er gott ef hægt er að halda þeirri stefnu áfram en þá vil ég vara við að það verði gert án þess að mótaðar verði samræmdar reglur um hvernig eigi að standa að flutningi slíkra stofnana. Hún nefndi líka fjarvinnsluverkefni og þau hafa gengið allt of seint. Það er fjöldi verkefna sem eru til staðar sem bíða úrlausnar hjá opinberum stofnunum úti um land en það vantar fjármagn til þess að koma þeim í framkvæmd.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir svör hennar. Hún segir okkur frá því að hún sé fyrir sitt leyti að taka utan um ákveðna þætti og það er vel. Hins vegar er alveg ljóst það sem hefur ítrekað komið fram í umræðunni að það kemur yfirleitt of seint og of lítið.

Þó að umræðan í dag sé stutt hefur hún leitt ýmislegt í ljós sem ástæða er til að ræða mun ítarlegar. Við veltum því fyrir okkur af hverju einkaaðilar koma auga á þá kosti sem því fylgja að flytja verkefni út á land sem opinberir aðilar koma ekki auga á. Koma opinberir aðilar ekki auga á mikilvægi þess að hafa stöðugt vinnuafl? Koma opinberir aðilar ekki auga á kosti þess að fá ódýrt húsnæði? Koma opinberir aðilar ekki auga á þessa hluti af því að þeir þurfa þess ekki? Búa þeir e.t.v. við þær aðstæður að þeir þurfa ekki að gæta þeirrar hagkvæmni sem einkaaðilar eru oft og tíðum að leita eftir? Þetta mætti verða okkur öllum til umhugsunar nú, ekki síst þar sem fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er til meðferðar.

Við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvernig stendur á því að þessi tala, 3 millj., hringsólar yfir salinn í hvert sinn sem farið er að ræða verkefni sem flytja á út á land eða stuðning við það sem þar er að gerast. Við erum nefnilega stundum að tala um svo sárgrætilega lítil verkefni. Þau eru jafnan tiltölulega lítil og fyrir tiltölulega fáa en það munar um þau samt og ég er sammála hv. þm. Einari Guðfinnssyni um að auðvitað á að skoða þessa tölu, auðvitað á að skoða hvar þessi mörk eiga að liggja. Við eigum að hafa á því skoðun hvernig við viljum hafa þetta en vera ekki nauðug til annarra ákvarðana en þeirra sem okkur þykja góðar vegna gildandi laga. Við eigum þá bara að breyta þeim lögum á hv. Alþingi.

Herra forseti. Að lokum: Er hætta á því að aðrir ráðherrar horfi til þess sem hæstv. iðn.- og viðskrh. er að gera sem eins konar fjarvistarsönnun fyrir sjálfa sig og hafist lítið að?

[14:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það að mér finnst hv. þingmenn sýna mér mikla þolinmæði í þessu máli því að ég hefði gjarnan viljað standa hér og geta greint frá einhverjum alvöruárangri á þessu sviði. En mér finnst að það sé varla hægt að tala um að svo sé þó að verið sé að vinna að ýmsu og auðvitað trúi ég því enn þá að eitthvað verði úr þessu sem geti komið landsbyggðinni til góða.

En af því að ég er spurð um það svona u.þ.b. einu sinni á dag hvað sé að frétta af þessu síðan í mars þá held ég að ég verði að fara að greina eitthvað nánar frá því. Það sem ég var að tala um á fundinum í Ólafsfirði var landskrá lausafjármuna sem var verkefni og er verkefni sem búið er að móta og er til umfjöllunar í dómsmrn. Það verður að spyrjast fyrir um það þar. En þetta er það sem ég var að tala um og get ég ekkert komist hjá því að greina frá því hér.

Um það hvort við séum nýbúin að uppgötva þetta ákvæði um 3 milljónir á þremur árum þá álít ég að svo sé í raun með býsna marga, að þetta ákvæði um 3 milljónir á þremur árum, sem er nú hreint ekki mikill peningur, sé atriði sem hafi haft

verulega mikið að segja í sambandi við það að flytja verkefni til ákveðinna einkaaðila út á land.

Um það sem hv. þm. Þuríður Backman sagði, að gott væri ef hægt væri að halda áfram að flytja ríkisstofnanir út á land, þá veit ég ekki betur en að hennar flokkur sé andvígur því. Ég hef heyrt formann vinstri grænna segja það í viðtali í fjölmiðlum að hann telji ekki að það eigi að flytja ríkisstofnanir út á land. Þannig að þetta er nú allt saman dálítið einkennilegt. Þegar til kastanna kemur vantar raunverulegan stuðning við það að flytja opinber störf út á land.

[14:17]

Útbýting þingskjals:

Niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015, 82. mál, fsp. PHB, þskj. 82.

Samkeppni olíufélaganna.

Fsp. KPál, 18. mál. — Þskj. 18.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Hækkanir olíufélaganna síðustu mánuði hafa vakið mikla athygli og á síðasta rúma árinu hefur t.d. dísileldsneyti á bíla hækkað um 56,5%, olía á flotann hefur hækkað um 72,9% og 95 oktana bensín á bíla hefur hækkað um 10%. Allar þessar hækkanir hafa enn á ný leitt hugann að því hvers vegna þessar hækkanir allar verða. Við vitum að hækkanir hafa komið að utan en við höfum líka velt því fyrir okkur hvers vegna verð á þessum olíuvörum er það sama hjá öllum olíufélögunum. Hugmyndin með því að hafa mörg fyrirtæki og frjálsa samkeppni er að það sé einhver verðmunur á þeirri þjónustu sem veitt er og þeim vörum sem seldar eru en hjá þessum þremur olíufélögum sem hafa meginbyrðina af því að dreifa þessu og selja, er engu líkara en að ákveðið sé á fundum olíufélaganna sameiginlega hvert verðið á að vera, hver hækkunin á að vera, því að verðið er upp á eyri það sama.

Olíufélögin segja samt sem áður að samráð sé ekkert. En við vitum að olíufélögin reka sameiginlega úti um land bensínstöðvar og olíustöðvar og eru með mismunandi lit á tönkunum sem eru þá litir olíufélaganna. Ég velti því fyrir mér hvaða tankur hækkar fyrst. Hvernig stendur á því að olíufélögin eru með sameiginlegan rekstur en segjast svo vera með mismunandi ákvarðanir um hækkunina á olíuverðinu?

Ég átta mig ekki á þessu. Þess vegna hlýtur að vera mjög nauðsynlegt að það komi skýrt fram hjá hæstv. iðnrh. hvernig þessi ákvörðun er tekin. Við vitum, herra forseti, að erlendis, í hinum ýmsu löndum í Evrópu er mikill verðmunur á olíuvörum og ef við tökum dæmi sem koma úr DV þriðjudaginn 3. okt. þá er þar samanburður á verði 1. sept. árið 2000 þar sem fram kemur að verð á bensíni í Finnlandi er 25,5% lægra en verðið á Íslandi. Ef við tökum Bretland sem dæmi þá er verðið hér 60% hærra en í Bretlandi. Við sjáum sem sagt að verðmunurinn milli landa er greinilegur og er ekki eingöngu í ríki sem framleiðir olíuna sjálft eins og Bretland heldur líka í Finnlandi. Þess vegna ber ég fram þær fyrirspurnir sem hér liggja fyrir, herra forseti.

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 18 hefur hv. þm. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn., beint til mín eftirfarandi spurningum um samkeppni olíufélaganna:

Í fyrsta lagi: „Hvernig er háttað eftirliti samkeppnisyfirvalda með verðlagningu olíufélaganna á eldsneyti?"

Svarið er svohljóðandi: Hámarksverð á olíuvörum var numið úr gildi 1. apríl 1992. Frá þeim tíma hafa verðlagsyfirvöld og nú samkeppnisyfirvöld ekki haft bein afskipti af verðlagningu olíufélaganna.

Í öðru lagi: „Hafa samkeppnisyfirvöld haft einhver afskipti af verðlagningu olíufélaganna á olíu og bensín á bifreiðar og skip?"

Eins og fram kemur í svari mínu við fyrstu spurningu hefur verðlagning olíufélaganna verið frjáls frá 1. apríl 1992. Samkvæmt samkeppnislögum frá 1. mars 1993 þurfa að vera til staðar mjög ríkar ástæður til þess að samkeppnisyfirvöld grípi til íhlutunar í verðlagningu fyrirtækja og til þess hefur enn ekki komið.

Í þriðja lagi: „Hvaða skýring er á því að verð á olíu og bensíni er nánast það sama hjá öllum olíufélögunum?"

Svar: Á fákeppnismarkaði eins og olíumarkaðnum getur sama verð hjá olíufélögunum bæði verið til marks um að virk samkeppni ríki á markaðnum og að félögin hafi með sér samráð. Olíufélögin hafa alfarið hafnað því að þau hafi með sér samráð og annað hefur ekki verið sýnt fram á. Mér þykir rétt að taka fram að vegna hinna miklu verðhækkana sem orðið hafa á olíuvörum að undanförnu ritaði ég Samkeppnisstofnun bréf þar sem ég óskaði þess við stofnunina að verðlagning olíufélaganna verði athuguð og orsakir verðhækkananna skýrðar og jafnframt hvort um samráð kunni að vera þeirra á milli um verðákvarðanir. Vinna hefur þegar verið hafin við þessa athugun.

[14:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er ágætt að heyra það að ráðherrann hefur óskað eftir upplýsingum um þetta, að verðlagning verði könnuð og samráð.

Álagning olíufélaganna er gjörsamlega óþekkt stærð nema að því leyti sem menn hafa reynt að reikna sig niður á álagninguna með því að brjóta bensínverðið niður, en það hafa t.d. FÍB-aðilar gert af og til þegar umræðan hefur verið sem hæst.

En ég bað um orðið hér til þess að benda á spurningu sem ég hefði kosið að fyrirspyrjandi hefði lagt fram með þeim þremur sem hér liggja fyrir og hún er: Hvernig stendur á því að þegar heimsmarkaðsverð hækkar þá er eins og engar birgðir séu til og hækkunin skilar sér næstum strax til neytenda hjá öllum olíufélögunum, en þegar heimsmarkaðsverð lækkar þá virðast miklar birgðir til hjá öllum olíufélögunum því það tekur langan tíma að lækkunin skili sér til neytenda? Að þessu hefur verið hæðst svo lengi sem ég hef ekið bíl.

[14:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Olíumarkaðurinn er fákeppnismarkaður og hefur verið það lengi. Það hafa verið fá stór olíufélög sem algjörlega hafa ráðið ferðinni á þessum markaði og þó ekkert sé fullyrt um samráð eða neitt slíkt þá liggur fyrir að olíufélögin hafa í áratugi haft nánast sömu verðskrá. Þetta er oft á tíðum afleiðing af fákeppnismarkaði.

Hins vegar kemur það mér sjálfum dálítið spánskt fyrir sjónir að hér skuli fulltrúi Sjálfstfl. skyndilega standa upp og spyrja um þessa hluti því að sá flokkur hefur mjög þvælst fyrir allri almennri umræðu um samkeppnismál og hann

þvældist fyrir þegar var verið að reyna að setja öflug samkeppnislög í vor. En sú fyrirspurn sem hér var lögð fram segir mér það að Sjálfstfl. sé eitthvað að reyna að hysja upp um sig buxurnar í þessum málum og ætli að mæta til þings af meiri krafti og meiri hörku í þessum efnum og reyna þá að víkja af þeim vegi sem sá flokkur hefur lengi varðað, þ.e. að gæta hagsmuna fárra.

[14:26]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tel gott að svona fyrirspurn komi fram á hinu háa Alþingi og bara fyrirspurnin og umræðan veitir aðhald í því fákeppnisumhverfi sem olíufélögin eru í.

Ég vil rifja hér aðeins upp raunverulegar ástæður fyrir öllu þessu verðsamráði, þ.e. hve verðið er líkt, en þær eru skortur á samkeppni. Og ef menn rifja upp þegar Irving Oil kom hér á sínum tíma þá fyrst brugðust olíufélögin við með bættri þjónustu og lægra verði. Við höfum ekki þessar aðstæður hér, við erum með fákeppni víða, hvort sem það er í tryggingum, flutningum og fjármálum. Verðsamráð er bannað en ég vil þó nefna eitt sem sýnir hvers konar markaður þetta er, að hækkanir á olíuverði hér á landi gerast alltaf um mánaðamót. Það er einsdæmi. Af hverju verða hækkanirnar ekki innan mánaðarins? Það er aldrei. Og ástæðan er sú að menn hafa komið sér upp kerfi sem er mjög grunað um samráð þó að erfitt sé að henda nákvæmar reiður á því.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir svarið og öðrum þingmönnum fyrir þátttökuna. Ég verð að segja að mig furðar töluvert mikið á því að ekki hafi verið talin nein ástæða til að skipta sér af verðlagningu olíufélaganna. Ekki bara hjá núv. hæstv. iðnrh. heldur yfirleitt í gegnum árin, því að það skuli vera nákvæmlega sama verð frá degi til dags, og eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði hér fara hækkanir fram á mánaðamótum, á nákvæmlega sama degi, í hvert einasta sinn sem hækkanir eru. Mér finnst það alveg með ólíkindum að hægt sé að bera það á borð og síðan sé sagt fullum fetum upp í opið geðið á hæstv. ráðherra að það sé ekkert samráð.

Það er svo aftur annað mál en tengist samkeppni yfirleitt að samkeppni á þessu sviði er í rauninni miklu mikilvægari en margs konar önnur samkeppni eins og samkeppni banka. Það er hægt að fá þjónustu milli bankastofnana úti í heimi á ljóshraða í gegnum netið. Maður kaupir ekki olíu með þeim hætti eða bensín. Sama má kannski segja um tryggingafélög. Það er hægt að kaupa sér tryggingar víðar en bara á Íslandi.

Það er því að mörgu leyti mjög mikilvægt að samkeppnismálum varðandi olíufélögin sé haldið á lofti alla daga ársins. Mér finnst samkeppnisyfirvöld hafa sýnt þessu ótrúlegt fálæti, og fákeppni er í mínum augum bara billeg afsökun til þess að komast hjá því að gera eitthvað í málinu. Það er sífellt verið að skoða þetta. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem beðið er um að skoðuð sé verðlagning olíuvara og hvernig verðmyndun hafi orðið til o.s.frv. Það hefur aldrei leitt til neins.

Hver er ástæðan? Ég tel að ástæðan sé fyrst og fremst sú að ekki er tekið á þessu með nógu mikilli hörku.

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er ekki miklu við það að bæta sem kom fram áðan. Ég greindi frá því að ég ritaði bréf til Samkeppnisstofnunar og bað hana að fara yfir síðustu hækkanir. Meðan svör hafa ekki borist frá stofnuninni um það mál get ég í sjálfu sér ekki tjáð mig svo gjörla um þær hækkanir, en það er alla vega viðleitni af hálfu ráðuneytisins til að beita sér í þessu máli vegna þess að við töldum að innkaupsverð og álögur ríkisins skýrðu ekki nægilega vel útsöluverðið. Það eru útreikningar sem þurfa þarna að fara fram og eftir því sem mér skilst er það ekki mjög flókið mál. Ég geri mér því vonir um að ekki líði langur tími áður en svör berast frá stofnuninni.

Hv. þm. talaði um ótrúlegt fálæti samkeppnisyfirvalda í þessu sambandi. Auðvitað hafa samkeppnisyfirvöld samkvæmt lögum miklar heimildir til að hafa afskipti af málum þar sem þau telja ástæðu til. Hins vegar hefur fram til þessa ekki þótt ástæða til að gera athugasemdir varðandi verðlagningu á olíum og bensíni, en við skulum sjá til hvað gerist eftir að þessi athugun hefur farið fram.

Alþjóðleg viðskiptafélög.

Fsp. ÖJ, 37. mál. — Þskj. 37.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hvort sem litið er til tekjuskatta einstaklinga eða skatta á fyrirtæki er skatthlutfall hér á landi lægra en gerist víðast hvar erlendis. Það á við um Norðurlöndin og það á við um meðaltal innan OECD. Þetta gildir um hlutföllin. Síðan gegnir öðru máli um þær tekjur sem skattlagðar eru. Þetta gildir sem sagt um skatthlutföll.

Víða um heim er nú mikill þrýstingur á ríki að draga úr skattlagningu og hafa margir af því þungar áhyggjur að þessi þrýstingur verði til þess að veikja undirstöður samfélagsþjónustunnar sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum skattgreiðenda. Til þess að koma í veg fyrir þetta hefur verið hvatt til þess á alþjóðavettvangi að samræmingar sé gætt, reynt sé að sporna gegn samkeppni niður á við, þ.e. að ríkið keppist við að laða til sín atvinnurekstur með gylliboðum um lága skattheimtu. Af þessum meiði er baráttan gegn svokölluðum skattaparadísum, en þáltill. um það efni er á dagskrá þessa þingfundar og kemur væntanlega til umræðu á eftir.

Í skýrslum, m.a. frá OECD, þar sem fjallað er um þessi efni kemur fram að erfitt sé að setja einstökum ríkjum stólinn fyrir dyrnar í þessu efni en talað hefur verið um eins konar siðferðisþröskuld sem ríkið stígi ekki yfir, siðareglur, „code of conduct" á enskri tungu. Í ljósi alls þessa vekja athygli tilraunir íslenskra stjórnvalda til að skapa fyrirtækjum, svokölluðum alþjóðaviðskiptafélögum, starfsumhverfi með sérstökum skattívilnunum. Gert er ráð fyrir því að þau greiði 5% skatt í stað 30% skatta sem öðrum fyrirtækjum er gert að greiða. Þau eru undanþegin stimpilgjöldum sem eru á bilinu 0,5–1,5%. Þau greiði ekki eignarskatt sem er 1,45% af nettóeign. Með öðrum orðum, þeim gert að greiða mun lægri og miklum mun lægri skatta en öðrum fyrirtækjum. Síðan hefur milljónum króna verið varið í sérstakt samstarfsverkefni með Verslunarráðinu til þess að hafa í frammi áróður fyrir þessu starfi.

Ég beini eftirfarandi spurningu til hæstv. viðskrh.:

1. Hver er staða samstarfsverkefnis ráðuneytisins og Verslunarráðs Íslands sem miðar að því að skapa svokölluðum alþjóðlegum viðskiptafélögum starfsumhverfi með sérstökum skattaívilnunum?

2. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa verkefnis og hvernig hefur því verið ráðstafað?

3. Hvernig samrýmist þessi vinna ákvæðum EES-samningsins um samkeppnismál?

4. Er þetta verkefni í samræmi við vinnu á vegum OECD sem miðar að því að uppræta sérstakar skattaívilnanir bæði innan OECD og utan?

[14:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með samþykkt laga um alþjóðleg viðskiptafélög í mars 1999 var boðið upp á nýjan möguleika í íslensku viðskiptalífi. Þar sem um nýjung var að ræða var ljóst frá upphafi að kynna þyrfti þessi nýju lög rækilega jafnt innan lands sem utan. Í greinargerð með lögunum kemur m.a. fram að markviss kynning á möguleikum alþjóðlegra viðskiptafélaga er lykilatriði þess að árangur náist, en slík kynning þurfi að fara fram bæði innan lands og erlendis.

Með samningi, dags. 13. apríl 1999, milli viðskrn., Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofu, almennt svið, var Verslunarráði Íslands og Fjárfestingarstofu falin kynning laganna og falið það hlutverk að leitast við að laða erlenda aðila til Íslands í því skyni að stofna alþjóðlegt viðskiptafélag í samræmi við lög nr. 31/1999. Í samningnum var nánar kveðið á um verkaskiptingu milli Verslunarráðs og Fjárfestingarstofu.

Samningur þessi er enn í gildi og á grundvelli hans hafa Verslunarráð Íslands og Fjárfestingarstofa kynnt þann möguleika sem lögin bjóða upp á jafnt innan lands og utan. Haldnir hafa verið kynningarfundir hér á landi, lögin hafa verið kynnt á fundum og ráðstefnum erlendis og umfjöllun um þau verið birt í fagtímaritum. Samningurinn er óbreyttur frá upphafi, en stefnt hefur verið að því að styrkir til kynningar laganna falli niður árið 2003.

Á árinu 1999 var 15 millj. kr. varið til kynningar laganna og sömu fjárhæð verður varið til kynningar í ár. Á næsta ári er fyrirhugað að framlag til kynningar verði lækkað í 10 millj. kr. og í 5 millj. kr. árið 2002. Árið 2003 er stefnt að því að úrræði það er lögin bjóða upp á verði orðið svo þekkt að ekki verði þörf á frekari opinberri kynningu. Auk þess hafa verið greidd nefndalaun vegna starfsleyfisnefndar sem starfar samkvæmt lögunum, en hún veitir leyfi og hefur eftirlit með starfandi félögum.

Lög um alþjóðleg viðskiptafélög hafa ekki áhrif á samkeppnisákvæði EES-samningsins. Ráðuneytinu hefur borist fyrirspurn Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, um lögin um alþjóðleg viðskiptafélög þar sem óskað er upplýsinga um lögin og umhverfi þeirra og er verið að vinna að svari. Eingöngu er um almenna fyrirspurn að ræða og ekki hefur verið tekin nokkur ákvörðun um að taka lögin til skoðunar á vettvangi ESA, enda mundi slík athugun ekki beinast einangrað að Íslandi þar sem þekkt er að flest ríki Evrópu hafa í löggjöf sinni fjárfestingarhvata líkt og lögin um alþjóðleg viðskiptafélög.

Á vegum OECD er starfandi nefnd sem skoðar skaðlega skattasamkeppni. Með hugtakinu skaðleg skattasamkeppni er átt við að í tilteknu ríki sé að finna skattareglur eða skattalegt umhverfi sem laði að starfsemi með óeðlilegum hætti og rýri um leið möguleika annarra ríkja til tekjuöflunar. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að fara yfir þær skaðlegu skattareglur sem hugsanlega er að finna innan aðildarríkjanna.

Þann 26. júlí 2000 var samþykkt í ráðherraráði OECD skýrsla, „Report on Progress in Identifying and Eliminating Harmful Tax Practices", þar sem m.a. er birtur listi yfir lög eða reglur ríkja sem geta hugsanlega talist fela í sér skaðlega skattasamkeppni. Grundvöllur skýrslunnar var yfirferð yfir lög og reglur ríkja sem taldar voru geta falið í sér skaðlega skattasamkeppni. Þannig var reynt að greina hvaða skattareglur einstakra ríkja feli í sér frávik frá eðlilegum skattareglum og leiði til þess að fyrirtæki kjósi að vera skattlagt í öðru ríki en eðlilegt væri miðað við starfsemi þeirra.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, eru á meðal þeirra laga og reglna sem komið hafa til skoðunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögin geti mögulega talist skaðleg. Þar ráði tveir þættir einkum úrslitum: Annars vegar hið lága skatthlutfall, þ.e. 5% samanborið við 30% almennt hlutfall. Hins vegar það að alþjóðleg viðskiptafélög eru að hluta girt af gagnvart innlendri atvinnustarfsemi þar sem alþjóðleg viðskiptafélög mega ekki eiga hluti í innlendu fyrirtæki. Af hálfu OECD er ætlunin að fara nánar yfir listann og því er ekki ljóst hvað verður á endanlegum lista yfir lög og reglur sem fela í sér skaðlega skattasamkeppni. Gert er ráð fyrir að sú endurskoðun taki um það bil eitt ár. Ekki er fyllilega ljóst hvað það hefur í för með sér fyrir Ísland að vera á listanum, enda verður það ekki ljóst fyrr en eftir um það bil ár hvaða ríki verða endanlega á honum og hvaða kröfur verða gerðar til þeirra ríkja. Nú eru 23 ríki af 29 aðildarríkjum OECD á listanum.

[14:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög gott að þessi fyrirspurn kom fram. Þegar löggjöfin var afgreidd á sínum tíma var um að ræða tilraunaverkefni sem átti að kanna hvort sóknarfæri yrðu með þessu formi, m.a. rökstutt að við gætum haslað okkur völl í alþjóðlegum fiskviðskiptum. Þetta voru rökin fyrir því að reyna þetta form.

Mér finnst vera full ástæða til að kanna betur hvort vel hafi til tekist, hvort einhver sóknarfæri hafi myndast í kjölfar þessara laga. Ég er ekki viss um það.

Í öðru lagi held ég að við eigum að taka ábendingar OECD mjög alvarlega. Við höfum ekki haft vilja til að setja hér upp nokkurs konar skattaparadís og alls ekki að lenda eitthvað á skjön við alþjóðlegar skattareglur. Ég held því að brýnt væri að ráðherra hefði forgöngu um úttekt á árangri þessara laga, endurskoðaði og jafnvel felldi þau úr gildi ef niðurstaðan er að þau sóknarfæri hafi ekki myndast sem menn héldu að yrðu.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör. Hér kemur fram að 45 millj. kr. hefur annaðhvort þegar verið varið eða er áformað að verja til þess verkefnis að auglýsa sérstakar skattaívilnanir til handa alþjóðaviðskiptafélögum. Þetta eru miklir fjármunir, ekki síst þegar haft er í huga hversu vafasöm starfsemi, að mínum dómi, er hér á ferð.

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra að svo er, að við erum á gráu svæði. Þessi mál eru til athugunar hjá OECD. Þar er sérstök nefnd sem um þessi mál fjallar og ekki er ljóst hvort Íslendingar muni lenda á sérstökum bannlista einmitt vegna þessa máls, vegna þess að við séum að ívilna fyrirtækjum á óeðlilegan hátt. Mér finnst spurningin sem við stöndum frammi fyrir ekki einvörðungu tæknileg og ekki einvörðungu snúast um hvað kemur út úr þessu rannsóknarstarfi á vegum OECD. Hún snýst einnig um hvað okkur

sjálfum finnst vera boðlegt. Finnst okkur það boðlegt að bjóða upp á skattaívilnanir af þessu tagi og taka þátt í samkeppni niður á við? Við erum að mismuna þarna stórlega. Í stað þess að fyrirtæki greiði 30% skatt eins og fyrirtæki gera almennt í landinu greiða alþjóðaviðskiptafélögin 5% skatt og eins og ég gat um í spurningu minni eru þau undanþegin stimpilgjöldum, þau eru undanþegin eignarsköttum. Mér finnst þetta óeðlilegt. Ég hefði skilið mjög eindregna talsmenn frjálshyggjunnar sem gengju fram með þessum hætti, en hina sem eru að bisa við að kenna sig við einhvers konar miðju í stjórnmálum skil ég miklu síður.

[14:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skildi skeytið í lokin hjá hv. þm. Ég tel að full ástæða sé til að ræða þessi mál á hv. Alþingi og skil mjög vel að hv. þm. skuli bera fram þessa fyrirspurn, ekki síst vegna þess að í sumar urðu þó nokkrar umræður um það í þjóðfélaginu hver staða þessarar starfsemi væri og hver staða laganna væri og áhugi hefur verið á því hjá viðskiptalífinu að breyta og útvíkka lögin þannig að um víðtækari starfsemi geti orðið að ræða en nú er. En eins og kom fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar er hér fyrst og fremst um alþjóðleg fiskviðskipti að ræða eins og lögin eru í dag. Áform eru uppi um það í ráðuneytinu að leggja frumvarp fyrir þingið í vetur sem mundi þá fela það í sér að lögin yrðu útvíkkuð þannig að þau gætu náð til víðtækari starfsemi en nú er.

Það má alltaf deila um hvernig á að verja fjármunum ríkissjóðs, en miðað við þær væntingar sem voru uppi þegar þessi lög voru sett eru þetta að sjálfsögðu ekki miklir peningar. En á þessari stundu hafa þeir ekki skilað miklu, það verður að viðurkennast. Þannig er það.

Hins vegar hvað varðar skattalegan þátt málsins, þá tel ég meiri ástæðu til þess að ræða þann þátt mála við hæstv. fjmrh. En ég tel að hv. þm. geri nokkuð mikið úr þessu hvað varðar OECD-þátt málsins því að það er ekki eins og við séum eina þjóðin sem gerð hefur verið einhver athugasemd við (Gripið fram í.) og að sjálfsögðu ætlum við ekki að gera neitt sem ekki samræmist lögum og reglum. Lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru sett og við viljum fara að lögum. Það er atriði númer eitt, tvö og þrjú.

Fundi slitið kl. 14:46.

---

8. FUNDUR

miðvikudaginn 11. okt.,
að loknum 7. fundi.

Dagskrá:

1. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Réttarstaða sambúðarfólks, beiðni um skýrslu, 88. mál, þskj. 88. *Hvort leyfð skuli.*
4. Afnám skattleysissvæða, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
5. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
6. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Afnám skattleysissvæða, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[14:47]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem kveður á um afnám skattleysissvæða en flm. ásamt mér eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir afnámi skattleysissvæða."

Í grg. er að því vikið að víðs vegar um heiminn fari nú fram umræða um hvernig unnt sé að stemma stigu við því að fjármagnseigendur og fyrirtæki komi sér hjá því að greiða skatta til samfélagsins. Svokallaðar skattaparadísir eða aflandsumdæmi, sem svo eru nefnd, hafa víða sprottið upp og hefur þeim fjölgað mjög á undanförnum árum. Vegna þrýstings frá almenningi hefur málið verið tekið upp í ýmsum alþjóðastofnunum. Á ráðherrafundi OECD árið 1998 var ákveðið að láta fara fram á því könnun hvernig hægt væri að hamla gegn því að skattleysissvæði græfu undan skattkerfum þjóða. Um það var síðan gert samkomulag að beina því til skattleysissvæðanna að þau störfuðu samkvæmt tilteknum lágmarksreglum. Ýmsum þykja þær reglur ganga allt of skammt en engu að síður gengu þær það langt að Sviss og Lúxemborg neituðu að undirrita samkomulagið. Í kjölfarið lýstu fulltrúar sex þessara skattleysissvæða því yfir að brugðist yrði jákvætt við tilmælum frá OECD. Á fundi OECD í júní árið 2000 var lýst ánægju með þær jákvæðu undirtektir sem borist höfðu og í skýrslu, sem birt var í tengslum við fundinn, voru þau svæði undanskilin sem heitið höfðu því að gera lágmarksúrbætur.

Enn eru 35 skattleysissvæði á lista OECD yfir svæði sem neita að verða við tilmælum OECD. Þau eru: Andorra, Angvilla, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar, Barein, Barbadoseyjar, Belís, Bresku Jómfrúaeyjar, Cooks-eyjar, Dóminíska lýðveldið, Gíbraltar, Ermarsundseyjarnar Guernsey, Sark og Alderney, Hollensku Antillur, Jersey, Líbería, Liechtenstein, Maldíveyjar, Marshalleyjar, Mónakó, Montserrat, Mön, Nieul, Nárú, Panama, Samóa, Seychelleseyjar, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Sankti Kristófer og Nevis, Tonga, Turk- og Caicoseyjar, Vanúatú og Bandarísku Jómfrúaeyjar.

Íslensk fyrirtæki hafa á síðustu árum í vaxandi mæli sýnt á því áhuga að nýta sér skattleysisvæði og í fylgiskjali með þessari tillögu er grein sem birtist í Viðskiptablaði Morgunblaðsins 6. janúar 2000 þar sem fjallað er um dótturfélag

Landsbanka Íslands á eynni Guernsey á Ermarsundi. En eins og menn kunna að hafa tekið eftir var Guernsey nefnd hér í þessari upptalningu, þ.e. í upptalningu á þeim svæðum sem neita að verða við tilmælum OECD um að fylgja tilteknum lágmarksreglum.

Í greininni kemur ekki fram sú aukna gagnrýni á fyrirtæki og fjármagnseigendur sem reyna að skjóta sér undan samfélagslegri ábyrgð með því að greiða ekki til samfélagsins eins og aðrir gera. Hins vegar er því lýst á opinskáan hátt hvert sé aðdráttarafl skattleysissvæða á borð við Guernsey. Og það er það sem gerir þessa grein sérstaklega athyglisverða.

Ég ætla ekki að lesa þessa grein hér upp í ræðustóli en vek athygli á nokkrum þáttum sem þar koma fram. Þar er rætt við nokkra fulltrúa bankakerfisins og þá sérstaklega Landsbankans, þar á meðal Gunnar Þ. Andersen, framkvæmdastjóra Alþjóða- og fjármálasviðs Landsbanka Íslands og stjórnarformann í Landsbanka PCC Guernsey Ltd. Hann segir hér m.a., með leyfi forseta:

„„Við skoðuðum mörg mismunandi umdæmi, svo sem Lúxemborg, Írland, Jersey og Guernsey, og settum ákveðin skilyrði um stöðugleika og ímynd, kostnað og annað í þeim dúr. Lúxemborg og Írland voru strax útilokuð vegna kostnaðar. Í Lúxemborg var útlánastarfsemi háð ýmsum kvöðum og höftum og á Írlandi fylgdi kvöð um að ráða ákveðinn fjölda starfsmanna, sem við töldum okkur ekki þurfa í upphafi. Þá stóðu Guernsey og Jersey eftir, mjög sambærileg umhverfi, en það var deildaskipta félagaformið sem notað er á Guernsey sem réð endanlegum úrslitum," segir Gunnar."

Þessi grein birtist í Morgunblaðinu 6. janúar sl.

Hér kemur m.a. fram að menn hafi ekki viljað halda til Lúxemborgar eða Írlands vegna þess að þar séu settar kvaðir á fyrirtæki um að ráða tiltekinn fjölda starfsmanna. Það vakti náttúrlega ekki fyrir Landsbankanum að stofna þarna til mannfrekrar starfsemi, væntanlega var hann fyrst og fremst að búa til heimilisfang fyrir starfsemi sína. Spurningin er ekki um að reka þar mannfreka stofnun heldur að skapa þarna heimilisfang.

Síðar í þessari grein er eftirfarandi haft eftir Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbanka Íslands. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Það sem fyrst og fremst vakti fyrir okkur þegar ákveðið var að bjóða upp á þessa tegund þjónustu var að við vildum breikka alþjóðlega þjónustu okkar og gefa kost á lögsögu, eins og Guernsey, sem sérhæfir sig í því að veita hagstæð skattaleg skilyrði til rekstrar og býður upp á einfaldar og ódýrar lausnir í alþjóðlegum viðskiptum. Við sáum mjög vaxandi þörf fyrir þessa þjónustu, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum, ..."

Sem sagt „hagstæð skattaleg skilyrði", hér er nauðsyn talin vera á því að skapa fyrirtækjum hagstæða skattalega þjónustu.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri Landsbréfa, er einnig kallaður til vitnis í þessari blaðagrein. hann segir m.a., með leyfi forseta:

„„Í dag er það orðinn sjálfsagður hluti af þjónustuframboði banka að bjóða fjárfestum sínum upp á aflandsþjónustu í einhverju aflandsumdæmi. Langflestir stærri bankar í heiminum eru með starfsemi í slíku umdæmi og sumir þeirra í mörgum," segir Sigurður Atli."

En síðan er haldið áfram og enn vitna ég í greinina, með leyfi forseta:

„Hann segir ástæðurnar fyrir notkun aflandsþjónustu vera margvíslegar. Ein þeirra sé sú að fjármálaviðskipti þeirra viðskiptavina sem búa og eiga eignir víðs vegar um heiminn séu mun auðveldari í aflandsumdæmi með þekktu fjármálalegu umhverfi hvað varðar eftirlit, bankaleynd og skattalega umgjörð. Þetta sé því hagkvæmari leið fyrir marga sem ekki vilja vera háðir því að eiga sín viðskipti eingöngu á Íslandi."

Takið eftir þessu orðalagi, herra forseti. Hér er talað um þekkt fjármálalegt umhverfi hvað varðar eftirlit, bankaleynd og skattalega umgjörð. Einmitt þetta hefur OECD verið að fást við og sett lágmarksskilyrði og lágmarksreglur sem Guernsey meðal annarra svæða neitar að verða við, neitar að hlíta. Á þau mið rær Landsbanki Íslands og menn tala opinskátt og kinnroðalaust að því virðist um þessa hluti.

Í greininni segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Halldór bætir við að aflandsþjónustan sé einmitt mjög tengd þeirri þjónustu Landsbankans sem kölluð er sérbankaþjónusta (e. private banking). Sú tegund þjónustu er einkum ætluð þeim einstaklingum sem starfa og búa í ólíkum ríkjum og eiga eignir í fleiri en einu ríki. Halldór segir sérbankaþjónustuna miðast að því að auðvelda þessum einstaklingum að eiga eignir og stunda atvinnu og búa á ólíkum stöðum."

Áfram segir síðan í þessari grein, með leyfi forseta, og er enn vitnað í sama mann:

„Bankaleyndin er mikilvæg af mörgum ástæðum. Hún er til dæmis mikilvæg þeim sem vilja halda fjárfestingum sínum og öðrum ákvörðunum fyrir sjálfa sig. Við þekkjum það á Íslandi að margir einstaklingar vilja ekki að aðrir viti eitt eða neitt um þeirra stærri mál, af eðlilegum ástæðum."

Þetta er hið eðlilegasta mál, að við þekkjum það að á Íslandi eru margir einstaklingar sem ekki vilja að menn viti um þeirra stærri mál og þess vegna skal haldið til Guernseyjar þar sem er þægilegt skattalegt umhverfi og reglur aðrar hvað varðar bankaleynd og aðra þætti.

Enn segir í greininni, með leyfi forseta:

„Hvað hið hagstæða skattalega umhverfi varðar segir hann að það séu einna helst stórfyrirtæki sem skráð eru á mörkuðum sem sækist eftir að nýta sér þá þjónustu.

Þau nýta sér þetta til að ná betri stýringu, m.a. á skattskyldum sínum í alþjóðlegu umhverfi. Það er jú eitt af því sem svona lögsaga getur auðveldað, þ.e. stjórnun í mjög fjölbreyttu og flóknu umhverfi, til dæmis hjá stórfyrirtækjum sem reka starfsemi í nánast hverju einasta Evrópuríki, með ólíkum skattareglum og ólíkum frádráttarmöguleikum o.þ.h. Erfitt getur verið fyrir fjölþjóðlegt fyrirtæki að stýra slíku og þar af leiðandi hentugt fyrir það að nýta sér umhverfi eins og á Guernsey. Það þýðir ekki að fyrirtækið sé að skjóta sér undan skatti, heldur reynir það að stýra eignasafninu m.a. út frá skattskuldbindingum og væntanlega með það að markmiði að hámarka arðsemi og þá að sjálfsögðu að lágmarka gjöld sem leggjast á starfsemina."

Hér er fullyrt að fyrirtækin séu ekki að reyna að skjóta sér undan skattaskyldum en jafnframt er sagt, og fylgir fast á eftir, að fyrirtækin hljóti að stýra eignasafninu út frá skattskuldbindingum með það að markmiði að hámarka arðsemi og lágmarka gjöld sem leggjast á starfsemina. Er þetta ekki tilraun til að skjóta sér undan þeirri kvöð að greiða skatta til samfélagsins? Ég fæ ekki betur skilið.

Í þessari grein er einnig vikið að svokölluðum Fortunasjóðum en hér segir m.a á þá leið að rekstur Fortuna-sjóðanna hafi gengið vel það sem af er og Landsbankamenn séu farnir að huga að fleiri leiðum til að nýta og bæta við starfsemina

á Guernsey. Þannig telur Halldór hugsanlegt að hluti útlánastarfseminnar verði, af samkeppnisástæðum, rekinn frá Guernsey.

Þá gerir hann ráð fyrir að fleiri fjárfestar muni nýta sér þann möguleika að setja upp sérhæfð fjárfestingarfélög á Guernsey og þá í samstarfi við Landsbankann.

Við erum að tala um svæði sem neitar að verða við tilmælum OECD um lámarksreglur í fjármálastarfsemi. Hér eru menn kinnroðalaust, bankastjóri í einum stærsta banka landsins, að dásama þessar ráðstafanir. Reyndar skal það leiðrétt að það er ekki bankastjórinn sem hér var vitnað til heldur Árni Jón Árnason, sjóðsstjóri Fortuna-sjóðanna hjá Landsbréfum. Hann heldur þessum sjónarmiðum fram en hins vegar hefur bankastjórinn Halldór Kristjánsson dásamað þessa þjónsutu og ég vitnaði til hans hér áðan.

Talsmenn bankanna segja enn fremur og hér er vitnað í Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra Landsbankans, með leyfi forseta, :

„„Við viljum bjóða Íslendingum sem búsettir eru erlendis upp á fjármálaþjónustu af þessu tagi," segir Halldór, „enda höfum við fundið fyrir töluvert miklum áhuga á því í sífellt stækkandi hópi Íslendinga sem gegna ábyrgðarstörfum erlendis og hafa mikil alþjóðleg tengsl."

Hann álítur að breyting sé að verða á þessum markaði."

Herra forseti. Hvaða hóp Íslendinga erum við hér að tala um? Það kann að vera rétt að það sé að verða breyting á þessum markaði og að sá hópur sem hér er skírskotað til sé að stækka. Við erum að tala um hóp auðkýfinga, við erum að tala um hóp íslenskra auðmanna sem á að veita sérþjónustu af þessu tagi til að auðvelda þeim að skjóta sér undan eðlilegum samfélagslegum skyldum, að greiða til samfélagsins eins og þeim ber að gera. Það er óeðlilegt í hæsta máta að Landsbankinn, banki að meiri hluta í eign íslensku þjóðarinnar, skuli hafa forgöngu í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[15:02]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum."

Herra forseti. Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt, en með aukinni og endurbættri greinargerð.

Í þál. um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbrh. og fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á hektara lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Þá veitir ÁFORM-átaksverkefni, sem unnið er samkvæmt lögum nr. 27/1995, sauðfjárbændum stuðning til lífrænnar dilkakjötsframleiðslu, þ.e. 25.000 kr. til greiðslu kostnaðar við eftirlit og vottun á fyrsta ári aðlögunar. Þar er um eingreiðslu að ræða. Auk þess eru greiddar 25 kr. á kg dilkakjöts sem er flutt út samkvæmt staðfestingu vottunarstofu. Þessi stuðningur var veittur haustin 1998 og 1999 og árið 1999 var farið að veita stuðning sam kvæmt áðurnefndum búnaðarsamningi frá 5. mars 1999. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem eru að laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum. Hér er einkum um eingreiðslur að ræða en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, — verndun og ræktun — félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali með þáltill. þessari þótt það sé orðið fjögurra ára gamalt.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbrh. skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum skepnum. Þessi áhugi er enn meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um breytt viðhorf. Heilsubylgja hefur gengið yfir Vesturlönd síðustu áratugi og algengast er að fólk kaupi þessar vörur fyrst og fremst af hollustuástæðum. Samhliða heilsubylgjunni hefur orðið umhverfisvakning í heiminum. Nú er alls staðar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru, sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla strängustu

kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks. Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin.

Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stórauknum mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur rúmlega 20%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Í sumar hefur verið talað um „lífræna bylgju" í Bretlandi. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og leggja undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nýgerðum sauðfjársamningi voru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar meira lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum.

Herra forseti. Sem fskj. með þáltill. er hér ályktun frá búnaðarþingi frá 1999. Ég ætla að fá að lesa hana — hún er stutt — ályktun um stuðning við lífrænan búskap, með leyfi herra forseta:

„Búnaðarþing felur stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnumótun um stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum."

Þessu fylgir síðan greinargerð.

Með þáltill. er annað fskj., álit sem er skilað var til Bændasamtaka Íslands og unnið var af hópi sem settur var á laggirnar til þess að vinna að stefnumótun varðandi lífrænan búskap. Út frá niðurstöðum þessa hóps hefur þessi þáltill. m.a. verið unnin.

Í lokaorðum þessa vinnuhóps segir, með leyfi forseta:

„Erlendar upplýsingar sýna að sú gróska sem verið hefur í aðlögun að lífrænum búskap síðan um 1990 víða um lönd er í beinum tengslum við aðlögunarstyrki. Þessi þróun er liður í fráhvarfi frá hefðbundnum framleiðslutengdum stuðningi til umhverfistengds stuðnings við landbúnað. Um er að ræða allumfangsmiklar búháttabreytingar og nýsköpun sem leiðir til framleiðslu sérvara í hæstu gæða- og verðflokkum. Ljóst er að samkeppnisstaða bænda sem nú framleiða lífrænt vottaðar búvörur hér á landi er ekki sambærileg þeirri sem bændur njóta í nágrannalöndunum. Slíkt skiptir máli bæði varðandi útfluttar og innfluttar vörur. Vinnuhópurinn telur brýnt að sérstökum stuðningi við aðlögun að lífrænum búskap verði fundinn staður í landbúnaðarlöggjöfinni og í kjölfarið verði fjármagn tryggt og skýrar reglur settar um styrkveitingar til bænda. Þótt til greina komi að gera viðeigandi breytingar á búfjárræktar- og jarðræktarlögum bendir vinnuhópurinn þó sérstaklega á lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994. Ef til vill er heppilegra að fella ákvæði um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap inn í þau lög þar sem um sérstakar afurðir er að ræða. Að áliti vinnuhópsins gæti komið til greina að sérstakar kvaðir um náttúruvernd og landbætur verði tengdar aðlögunarstyrkjum fyrir lífrænan búskap, svo sem vegna uppgræðslu og verndunar votlendis. Vegna hinna jákvæðu áhrifa lífrænnar ræktunar og búskapar á umhverfi og vistkerfi má færa gild rök fyrir því að hluta umhverfisgjalda, sem áformað er að innheimta í ríkissjóð, verði varið til eflingar lífrænum búskaparháttum í landinu, enda liður í sjálfbærri þróun sem reyndar er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar."

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þessa þáltill. óska ég eftir að henni verði vísað til hv. landbn.

[15:16]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til þess að lýsa stuðningi við þessa þáltill. Ég tel að verulega þurfi að taka á þessum málum. Framleiðsla lífrænna búvara hefur lengi verið til umræðu og ýmislegt hefur verið gert til að reyna að ýta þessu verkefni áfram. Ég er ekki að saka einn eða neinn um viljaleysi en hins vegar hefur gengið ákaflega illa að fá fólk til þess að fara í framleiðslu á lífrænum vörum. Þess vegna er nauðsynlegt að taka upp þá hugmynd sem rædd er í þessari tillögu, að menn beiti sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan stuðning við framleiðslu lífrænna búvara.

Það er dálítið merkilegt að fara yfir málið eins og það hefur gengið fyrir sig frá 1995 þegar ég tók fyrst þátt í umræðu og vinnu við þessi mál, hvað það hefur í raun lítið þokast, þrátt fyrir samþykktir búnaðarþings, þrátt fyrir nokkurn árangur. Það er búið að samþykkja reglugerð um lífræna ræktun. Komið hefur verið á laggirnar vottunarstofum og það eru nokkrir aðilar sem fást við lífræna framleiðslu, ég verð að segja, með góðum árangri. En ótrúlegt er hvað það hefur vakið litla athygli.

Fyrir einum og hálfum mánuði kom ég í Vallanes á Héraði. Þar er eingöngu stundaður lífrænn búskapur með garðávexti og afurð af þeim búskap er komin til jafns við það þar sem notaður er tilbúinn áburður. Bóndinn í Vallanesi stefnir að því að losa sig algjörlega við sauðfjáráburð úr þeim áburði sem hann hefur búið til sjálfur og honum mun takast það vegna þess að hann hefur nýtt lúpínu, fær köfnunarefni úr lúpínu, sem stenst fyllilega samanburð í gæðum við köfnunarefni sem keypt er í tilbúnum áburði. Það merkilega í þessu máli er að nánast enginn frá íslenskum rannsóknarstofnunum í landbúnaði hefur komið til að fylgjast með hvað er að gerast á þessum stað. Það er reyndar með ólíkindum hvað áhugi er takmarkaður hjá rannsóknarstofnunum okkar á því hvaða árangri er hægt að ná.

Hvað gerir þessi bóndi í Vallanesi? Það má segja að hann sé búinn að toga þetta svæði nokkrar gráður suður á við því það er miklu líkara því að vera á Jótlandi að koma í heimsókn til hans en vera á Íslandi. Þarna er ræktað hveiti, lífrænt hveiti, bygg, hafrar og kartöfluuppskera er a.m.k. tíföld ár eftir ár. Og ekki nóg með það. Þessi bóndi fær allt að þrefalt hærra verð fyrir á framleiðsluna en í hefðbundnum framleiðslugreinum þar sem notaður er tilbúinn áburður. Bóndi sem notaðar tilbúinn áburð selur kartöflurnar á 50 kr. en kartöflur frá þeim bónda sem ég er að vitna til nú eru seldar á þreföldu verði, 150 kr. kg. Og öll framleiðslan selst, 40 tonn, alveg eins hún leggur sig og er venjulega búin í febrúar. Því er undarlegt að bændur skuli ekki hafa lagt sig meira eftir því eða jafnvel ekki verið hvattir nægjanlega til þess að hefja þetta ferli.

Ég hef heimsótt Skaftholt. Þar hefur verið stundaður lífrænn búskapur um árabil með góðum árangri og án nokkurs stuðnings.

Benda má á Sólheima í Grímsnesi þar sem stunduð hefur verið lífræn ræktun um nokkurra ára skeið með góðum árangri.

Ég vil benda á Akur þar sem Þórður Halldórsson hefur starfrækt gróðrarstöð og stundar lífrænan búskap með góðum árangri og fær 30% hærra verð, 25–30% hærra verð, en hefðbundin framleiðsla gefur af sér.

Ég tel að það þurfi hvatningu. Ég tel að það þurfi að ýta undir bændur og þeir verða að sjá hvað þeir geta fengið fyrir að leggja í þann kostnað sem óneitanlega fylgir því að fara í lífræna framleiðslu. Þess vegna tel ég að hér sé á ferðinni gott mál og góður vísir að því sem koma þarf, þ.e. stuðningur við lífræna framleiðslu í landbúnaði.

Vegna þess að hér var nefnt lambakjöt áðan þá hefur það legið fyrir um tveggja ára skeið að Bretar vilja fá lífrænt lambakjöt og eru reiðubúnir að greiða 25–30% hærra verð fyrir það kjöt en hefðbundið. Því má segja að undarlegt sé að árangur skuli ekki vera meiri en raun ber vitni. En staðreyndin er sú að líklega þarf að styðja bændur sem vilja framleiða lífrænt lambakjöt í fimm til tíu ár og þeir bændur verða að fá allt að 100 kr. meira fyrir hvert framleitt kíló. Þetta þarf að bjóða bændum upp á til þess að þeir leggi út í þann kostnað sem fylgir því að breyta úr hefðbundnum búskap í lífrænan búskap.

Þetta eru staðreyndir sem nágrannaþjóðir okkar hafa áttað sig á. Við höfum talað hér um Danmörku sem fyrirmynd í lífrænum búskap. Ég er hér með skjöl frá 1995 þar sem við ræðum á Alþingi að okkar fyrirmynd skuli vera að fara að háttum Dana í þessum málum þar sem fyrir lá að sífelld aukning var á þessari vöru á markaði og sífellt aukin eftirspurn væri frá neytendum þó að verðið væri hærra. En við erum ekki komin lengra en raun ber vitni. Ég lýsi því aftur yfir að ég styð þessa tillögu sem hér liggur fyrir og ég veit að hún getur orðið til góðs ef hún kemst til framkvæmda.

[15:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi vera viðstaddur umræðu um þessa ágætu þáltill. sem ég tel prýðilega. Ég vil þó segja það við þessa umræðu segja að á mörgum sviðum sker Ísland sig úr. Eitt sem blasir við íslenskum neytendum og sem kannski hefur gefið okkur færi á erlendum mörkuðum eru afbragðs vörur framleiddar við bestu skilyrði. Margar okkar vörur jaðra auðvitað á mörgum sviðum við að vera vistvænar eða lífrænar, lambakjötið t.d. sem mér skilst að Bandaríkjamenn vilji kaupa og þessi takmarkaði markaður fólks sem leitar eftir hreinum og öruggum vörum metur þessar vörur í d ag eins og lífrænt ræktaðar. Íslenski neytandinn býr við þær einstöku aðstæður að eiga völ á þessum vörum sem íslenskur landbúnaður framleiðir hér á norðurslóðum. Þetta er auðvitað nokkuð dýr matvælaframleiðsla og kannski er ein ástæðan sú, samanber það sem hv. þm. minntist á varðandi bóndann sem fær þrefalt hærra verð fyrir sínar lífrænu kartöflur, að markaðurinn er kannski svolítið tregur þegar hann getur fengið mjög góðar, nánast alveg öruggar og vel ræktaðar kartöflur á lægra verði.

Hins vegar er það alveg rétt sem fram hefur komið í umræðunni að kannski af þessum ástæðum er neytendamarkaðurinn hér hvorki mjög vanur þessari umræðu né upptekinn af henni því bæði hvað bændur varðar og neytendur þá er áhuginn ekki mikill, því t.d. samkvæmt búnaðarlögum eru veittar 5 millj. í styrk til bænda, en aðeins var sótt um 3,7 á síðasta ári.

Ég vil taka undir að við þurfum að vera með í þessari þróun. Íslendingar geta komið þarna sterkir inn í baráttunni fyrir hreinum matvælum, þess vegna lífrænum. Þó verðum við að minnast þess að við búum á norðurslóð því krafan er sú að nota ekki tilbúinn áburð. Við erum að vísu að framleiða hér geysilega góðan tilbúinn áburð sem ætti auðvitað að viðurkenna að einhverju marki til notkunar.

Ég fagna þeirri byltingu sem er að fara yfir heiminn í þessu efni. Ég tel hana mjög mikilvæga. Sá hópur fólks sem gerir kröfur um lífræna ræktun hefur áhrif á umgengni við náttúruna, á meðferð á dýrum um alla veröld, berst gegn verksmiðjubúskap og hinni blindu og grimmu markaðshyggju sem víða einkennir landbúnað.

Sem betur fer búum við Íslendingar smátt og fagurt og þess vegna stöndum við nokkuð vel að verki. Ég tek undir þessa þáltill. og vil auðvitað sjá að bæði verði þessi viðhorf kynnt í landbúnaðarskólanum og að bændur landsins átti sig á því að þetta er ný bylgja sem er að ganga yfir sem er íslenskum bændum og öllum heiminum mjög mikilvæg. Þess vegna vil ég sem landbrh. styðja svona hugsun og fylgjast náið með henni.

[15:28]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. landbrh. tekur þessari þáltill. afar vel. En ég get ekki látið hjá líða að koma í andsvar við hæstv. ráðherra vegna þess sem fram kemur í máli hans, þ.e. að hann sjálfur á afar erfitt með að læra muninn á því sem er vistvænt og því sem er lífrænt. Það verður að ítreka það hér að þó að við Íslendingar vitum að

landbúnaður okkar er hreinn landbúnaður þá vitum við líka að við fáum ekki að selja vörur okkar sem lífrænar nema þær verði vottaðar sem slíkar af viðurkenndum vottunarstofum. Slíkar vottunarstofur vinna eftir alþjóðlegum stöðlum og það er alveg sama hvað við segjum um okkar hreinu og góðu landbúnaðarvörur, þær getum við aldrei selt, hvorki á neytendamarkaði hér né á neytendamarkaði í útlöndum sem lífrænar nema þær séu vottaðar. Það liggur við, herra forseti, að mig langi að leggja það til hér að hæstv. ráðherrar og allir hv. alþingimenn hætti að nota hugtakið vistvænn landbúnaður og vistvæn landbúnaðarframleiðsla því sú framleiðsla sem við teljum vera vistvæna lendir í hillunum með verksmiðjuframleidda góssinu í útlöndum þegar hún er komin á neytendamarkað þar.

Og þó við búum smátt og fagurt, búum við í samfélagi þjóða og þar hafa staðlarnir verið ákveðnir og undir þá staðla þurfum við að beygja okkur og við þurfum ekkert voðalega mikið að hafa fyrir því að gera það af því við eigum hreint land og fagra náttúru og getum ræktað þessar góðu og sérstöku vörur.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. verður að fyrirgefa það að menn eru mistregir og eiga misgott með að læra og ruglast endrum og eins, ég tala nú ekki um þegar rætt er um lífrænt og vistvænt.

En eitt minni ég á. Staðlar eru samdir af mönnum. Staðlar eiga að vera í endurskoðun eins og stefna stjórnmálaflokka og það er leyfilegt að berjast fyrir því að inn í staðlana séu tekin ný gildi. Ísland hefur alveg sérstaka stöðu, það er viðurkennt og jafnvel hin íslenska áburðarverksmiðja, sem við erum að reka hér, hefur sérstaka stöðu og hin norðlæga slóð hefur líka sérstaka stöðu í framleiðslu sinni. Menn hafa leyft sér að breyta eftir Biblíunni og taka nýja siði upp með henni. Þess vegna hlýtur það að vera svo hvað þessa staðla um lífrænt varðar að það megi ræða þá og kanna það í viðhorfi heimsins hvort ekki megi taka ný og ný atriði. Staðreyndin er sú að íslenska matvaran fer ekki með verksmiðjubúskapnum á hina sérstöku markaði í dag. Í dag eru ákveðnir hópar fólks sem leita eftir hreinum vörum og þeir líta á íslenska vöru með sérstökum hætti. Ég minni gjarnan íslenska bændur á að þeir metti aldrei heiminn en skuli sinna þeim takmarkaða góða markaði þar sem þeir fá hátt verð fyrir.

Ég kann þokkalega muninn. Ég skil að það þarf vottun en staðlarnir eru ekki heilagir að eilífu. Við megum jafnvel bera þá rödd inn í hóp þessa fólks sem ég styð fyllilega og tel að hafi áhrif á heiminn, að þeim má einnig breyta.

[15:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að í hjarta sínu er hæstv. landbrh. alveg sammála þeim grundvallarreglum sem gilda í sambandi við lífræna ræktun. Ég ætla ekki að útleggja orð hans á þann veg að hann ætli að fara að berjast fyrir því að eiturefni verði leyfð í lífrænni ræktun því að það verður auðvitað aldrei heimilað. Lífræn ræktun er ræktun án eiturefna og án tilbúinna áburðarefna. Það eru reglurnar og ég vona satt að segja, herra forseti, að ekki megi skilja orð hæstv. ráðherra svo að hann ætli að fara að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að gildandi stöðlum verði breytt. Við verðum að hætta að bera nokkurn kinnroða fyrir framleiðslu okkar. Við eigum að stíga skrefið til fulls, efla lífrænt vottaða framleiðslu og þannig öðlast trygga stöðu á mörkuðum, bæði heima og í útlöndum. Ég minni á að stærstu verslanakeðjur í Bretlandi eru um þessar mundir að lækka talsvert mikið verð á lífrænt ræktuðum afurðum til neytenda sinna. Nú er talað um að verslun í Bretlandi með lífrænt ræktaðar vörur sé á hraðri uppleið og í kjölfar hvers er það? Jú, í kjölfar ýmissa sýkinga í matvælum sem rekja má til aðferða sem eru ónáttúrulegar. Hæstv. landbrh. á að vera stoltur af hreinum afurðum okkar. Hann á að leggjast á sveif með þeim sem vilja berjast fyrir því að magn lífrænt vottaðra vara verði aukið á markaðnum og ekki að fara að beita sér fyrir því af neinu afli að stöðlunum verði breytt eða kröfurnar í lífrænu ræktuninni verði minnkaðar.

[15:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá landbrh. sem hér stendur boðaði reglugerð um það að íslensk jörð skyldi varin fyrir kadmíum og setti reglur þar um og boðaði það. Ég sá ekki þann hóp sem stóð að baki mér í þeim efnum. Bændur skömmuðu mig fyrir að þeir hefðu ekki þann ódýra og mengaða áburð sem þeir vildu fá, stjórnmálamennirnir sögðu að með þessari aðgerð væri ég afturhaldsmaður sem væri að hækka verð á matvörum. Núna er jafnvel Evrópa að ráðast að mér í þessu efni og segja að ég hafi ekki frelsi til að taka þá ákvörðun. En gæfa Íslands hefur verið sú að alla þessa öld höfum við verið að nota nokkuð hreinan áburð þar sem kadmíuminnihald hefur verið undir 10 mg í kg.

Hér er hópur manna sem vill flytja inn áburð og spyrja ekki að því hvað jörðin þolir eða matvælin. Bisnessinn skal ráða, frjálshyggjan og markaðurinn. En ég hef reynt að varða þá leið að tækifæri íslenskra bænda og matvælaframleiðenda til að koma til móts við þá heilsubylgju og hugsun sem er sú að verja náttúruna, skepnurnar sínar, og að fólkið geti borið á diska sína hrein matvæli. Ég hafna því öllum þeim áróðri sem kom fram hjá hv. þm. um að ég væri að fara aðra leið. Ég berst fyrir hreinleikanum. Ég vildi gjarnan fá hingað útlendinga til að skoða áburðarverksmiðjuna okkar og sjá að hún er að framleiða nokkuð hreinan áburð sem er skaðlaus. Við höfum sett þessar kröfur um kadmíum og eigum að fylgja því eftir.

[15:36]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég skal leitast við að vera stuttorð.

Ég vil byrja á því að þakka þann stuðning sem þessi tillaga hefur fengið og sérstaklega frá hæstv. landbrh. Ég minni á að veturinn 1997–1998 var lögð fram till. til þál. um framleiðslu íslenskra matvæla og forsendur sjálfbærrar þróunar sem Gísli S. Einarsson var 1. flm. að og ég var meðflutningsmaður að. Hún hljóðaði upp á það að við settum okkur ákveðið markmið, takmark um hversu háa prósentu við eigum að ná í lífrænni ræktun á ákveðnu tímabili. Þetta gerðu Danir. Þeir settu sér að 20% af landbúnaðarframleiðslunni yrði lífrænt vottað á ákveðnu tímabili, að öll framleiðslan yrði komin inn í þann farveg. Mér finnst ástæða til að skoða slíka þáltill. aftur, að við setjum okkur ákveðið markmið í lífrænni ræktun. Því miður, þrátt fyrir góða velgengni bænda eins og bóndans í Vallanesi á Héraði, sem er frumkvöðull og duglegur í vinnu sinni og mjög áhugasamur varðandi moltugerð og annað sem hann getur notað í stað tilbúins áburðar og hefur náð mjög góðum árangri, þá er framleiðslukostnaður hærri en við hefðbundinn búskap. Þrátt fyrir þessa góðu velgengi hefur hann ekki náð að vekja áhuga annarra bænda

á svæðinu hvað þá þó víðar væri leitað þannig að annað þarf að koma til.

Það er skortur á lífrænt vottuðum vörum innan lands og það er eftirspurn eftir þessum íslensku vörum erlendis. Mér finnst að það eigi að vera okkar að reyna að uppfylla þessar kröfur. Það þarf að efla rannsóknir til að styðja lífræna framleiðslu og fá þá samanburð á gæðum þessarar vöru og hefðbundinnar vöru. Það þarf að efla rannsóknir á jarðvegi, á lífrænum áburði, á belgjurtarækt og vegna endurræktunar túna. Það mætti hafa hér langan lista en ég ætla ekki að fara yfir hann vegna tímaskorts.

Herra forseti. Sérstakir staðlar eru fyrir lífrænt ræktaðar búvörur og þetta á við um allar vörutegundir. Staðlarnir eru í sífelldri endurskoðun. Þeir eru gerðir af þeim bændum sem stunda lífræna ræktun þannig að staðlarnir eru innan þeirra marka sem bændur alls staðar í heiminum treysta sér til að uppfylla, allt frá Alaska og suður úr.

Herra forseti. Ég vona að þessi þáltill. fái góða umfjöllun í landbn. og verði rædd betur síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Ríkisútvarpsins.

[15:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur nokkrum sinnum hafið máls á málefnum Ríkisútvarpsins á vettvangi Alþingis á undanförnum árum og í þeirri umræðu hefur hæstv. menntmrh. verið gagnrýndur, t.d. fyrir að standa ekki vörð um að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og fyrir að eiga þátt í að veikja innviði hennar, m.a. með því að beita pólitískum áhrifum sínum við mannaráðningar. Þá hefur hæstv. ráðherra einnig verið gagnrýndur fyrir yfirlýstan vilja sinn til þess að einkavæða veigamikla þætti í starfsemi Ríkisútvarpsins og að lokum fyrir framtíðarsýnina að vilja breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Enn kemur gagnrýni af sama toga úr þessum stóli. Ljóst er að framlag ríkisins til Ríkisútvarpsins samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs er hið sama og á yfirstandandi ári. Þar er sagt fullum fetum að miðað sé við að rekstrarumfang dragist saman sem nemur verðlagsþróun. Þar með er líka ljóst að ekki verður um að ræða hækkun afnotagjalda. Í fjárlagafrv. kemur fram að áfram sé gert ráð fyrir að hagrætt verði í rekstri svo takast megi að ná jafnvægi eins og það er orðað, nokkuð sem forsvarsmenn Ríkisútvarpsins segja ómögulegt umfram það sem þegar hefur verið gert.

Á Norðurlöndunum er sama fyrirkomulag afnotagjalda og hér á landi nema hvað þar eru afnotagjöldin bundin neysluvísitölu. Á síðustu tíu árum hefur hún hækkað um tæp 40% en á sama tíma hafa afnotagjöld Ríkisútvarpsins einungis hækkað um 17%. Dæmið lítur svo enn verr út þegar launaþróunin er skoðuð því að frá árinu 1990 til ágúst á þessu ári hefur launavísitalan hækkað um 70%. Það þarf enga snillinga, herra forseti, til að sjá að ekki er mikið fé aflögu til að kaupa eða framleiða vandað dagskrárefni þegar laun starfsmanna hafa verið greidd, en 65% af útgjöldum Ríkisútvarpsins eru laun og launatengd gjöld.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig lítur hann á það ástand sem kallað hefur verið fjárhagsleg spennitreyja og hvar telur hann réttast að dregið verði úr rekstrarumfangi? Kannski í dreifikerfinu? Er réttlætanlegt að mati hæstv. ráðherra að fólk greiði afnotagjald án þess að geta notið dagskrárinnar? Ég minni á það að a.m.k. 77 heimili í landinu njóta ekki útsendinga ríkissjónvarpsins. Hvernig kemur það heim og saman við byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar? Hvernig lítur ráðherrann á það að halli Ríkisútvarpsins sé fjármagnaður úr framkvæmdasjóði stofnunarinnar og hvernig í ósköpunum sér ráðherrann það fyrir sér að einkaaðilar ættu að geta rekið stofnun sem hefur þær lögbundnu skyldur sem Ríkisútvarpið hefur fyrir minna fé en fer til rekstrarins í núverandi mynd?

Herra forseti. Ríkisútvarpið hefur verið gagnrýnt fyrir metnaðarleysi í dagskrárgerð og sú gagnrýni á fullan rétt á sér. En þeir einkaaðilar sem stunda nú sjónvarps- eða útvarpsrekstur hafa ekki beint sýnt að þeir séu samkeppnisfærir. Stöð 2 innheimtir tvöfalt áskriftargjald á mánuði miðað við afnotagjald RÚV og virðist ekki hafa mikið fé umleikis til metnaðarfullrar innlendrar dagskrárgerðar í neinum mæli og beinu útsendingarnar á Skjá einum eru náttúrlega ekki dagskrárgerð. Í ávarpi sínu þegar sjónvarpið flutti í nýtt húsnæði í útvarpshúsinu í Efstaleiti bað hæstv. ráðherra menn um að skoða með opnum huga hvort ekki væri eðlilegt að stofna til samstarfs við einkaaðila um nýtingu annarrar sjónvarpsrásar RÚV að því er virtist til að kostnaðurinn af rásinni þyrfti ekki að leggjast allur á herðar RÚV. Þannig væri meira fé aflögu til að bæta það dagskrárefni sem er þegar sent út á einni rás. Herra forseti. Sumir mundu kalla þetta hundalógík.

Vilji hæstv. menntmrh. til að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins er ljós. En hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér nánustu framtíð í þeim efnum? Hefur verið gert samkomulag milli stjórnarflokkanna um rekstrarformið eða varðandi annað er lýtur að pólitískri stefnumótun fyrir stofnunina? Eru hafnar viðræður við einkaaðila um samnýtingu rekstrarþátta stofnunarinnar? Boðað hefur verið nýtt frv. til laga um Ríkisútvarp á yfirstandandi þingi. Er það á leiðinni?

Fyrir skömmu var staddur hér á landi Bob Collins, útvarpsstjóri írska ríkisútvarpsins og formaður sjónvarpsnefndar Evrópusambandsins, ljósvakamiðla í ríkiseigu. Hann flutti ávarp við sama tækifæri og hæstv. ráðherra þegar sjónvarpið flutti í ný húsakynni í Efstaleitinu og hann fór í erindi sínu yfir tilvistarrök fjölmiðla í almannaeigu eins og hann kýs að skilgreina ríkisútvarp. Í máli hans kom fram að hlutverk slíkra miðla sé að framleiða og miðla gæðaefni og standa að vönduðum fréttaflutningi sem hafi hagsmuni almennings að leiðarljósi en hvorki hagsmuni pólitískra samtaka né fjárhagslega hagsmuni eigenda sinna. Undir þetta sjónarmið vil ég taka. Mig langar, herra forseti, til að gera orð Bob Collins að lokaorðum mínum er hann sagði í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins í september, með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt hverju samfélagi að eiga aðgang að vandaðri fréttaþjónustu og dagskrárgerð sem er ekki bundin af öðru en hagsmunum almennings."

Þannig stofnun á Ríkisútvarpið að vera, herra forseti. Þannig stofnun hefur meiri hluti starfsmanna Ríkisútvarpsins viljað starfa hjá en því miður verður ekki annað séð en hæstv. menntmrh. sé á öðru máli.

[15:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur margt verið gert til þess að efla Ríkisútvarpið og m.a. hefur verið unnið markvisst að því að búa því betri umgjörð starfslega með

því að flytja alla starfsemina á einn stað eins og gert var í ágúst sl. Með því hafa skapast ný tækifæri eins og menn geta kynnt sér þegar þeir lesa, ef þeir gefa sér tíma til þess, rökstuðning Ríkisútvarpsins fyrir því á sínum tíma að flytja alla starfsemina á einn stað. Í því átti að felast verulega og mikil hagræðing þegar til lengri tíma væri litið. Þetta skref hefur verið stigið og Ríkisútvarpið starfar nú á einum stað.

Þegar litið er til þess að menn ræði um tekjuöflun Ríkisútvarpsins þá hefur Ríkisútvarpið tvær tekjuöflunarleiðir, þ.e. annars vegar afnotagjöldin og hins vegar auglýsingatekjurnar. Afnotagjöldin eru þannig ákveðin að bera þarf þau undir ráðherra og ríkisstjórn og þar með einnig Alþingi, því ekki eru teknar ákvarðanir um hluti af þessu tagi nema með vitund Alþingis. Það var ákveðið af Alþingi á sínum tíma að þessi háttur skyldi hafður á varðandi afnotagjöldin. Ekki var það tillaga á þeim tíma að þetta yrði svona, heldur yrði það í höndum Ríkisútvarpsins sjálfs að ákveða afnotagjöld sín, en þessi háttur var hafður á og ég er sannfærður um að það hefur m.a. staðið í vegi fyrir því að afnotagjöldin hafi hækkað eins og ég skildi orð hv. þm. að hann vildi að þau gerðu því menn hafa þar tekið tillit til verðlagsþróunar og meginmarkmiða í efnahagsstjórn landsins þegar málið kemur á vettvang ríkisstjórnarinnar.

Einnig var afnumið að hafa tengingu á milli afnotagjalda og hækkunar á vísitölu. Þetta er því sjálfstæð ákvörðun sem þarf að taka af stjórnvöldum og þau hafa frekar legið undir gagnrýni fyrir það á undanförnum mánuðum að verðþenslan væri of mikil í landinu heldur en hitt, þannig að þessi leið er mjög þröng þegar kemur að því hjá stjórnvöldum að taka ákvarðanir af þessu tagi.

Ég hef hins vegar sagt að þrjár leiðir séu sem ríkið getur farið til að standa að fjárveitingu til Ríkisútvarpsins. Það er í fyrsta lagi að hafa þetta afnotagjaldakerfi áfram. Í öðru lagi að leggja á sérstakan nefskatt fyrir Ríkisútvarpið. Og í þriðja lagi að það fái fjárveitingar sínar af fjárlögum og tekjur þess verði þá að þessu leyti innheimtar í almennu skattkerfi ríkisins.

Ég hallast einna helst að síðustu leiðinni og hef látið skoða það mál sérstaklega fyrir mig og tel að unnt sé að gera það og það brjóti ekki í bága við þátttöku okkar t.d. í því samstarfi sem fer fram á vegum Evrópusamtakanna innan Evrópska efnahagssvæðisins og það samrýmist einnig þeim útvarpslögum sem Alþingi samþykkti sl. ár.

Ég var þeirrar skoðunar að skynsamlegt væri að fara þá leið að samþykkja fyrst þann ramma sem útvarpslögin mæla fyrir um og síðan að huga að málefnum Ríkisútvarpsins og raunar var menntmn. Alþingis sama sinnis eins og fram kemur í áliti hennar.

Það frv. sem ég hef hugað að varðandi Ríkisútvarpið liggur í sjálfu sér fyrir í drögum á mínum vegum og viðræður hafa farið fram á milli mín og formanns Framsfl. um næstu skref í málinu. Við erum að ræða þau mál, og það hefur ekki komið neitt fram í samtölum okkar sem segir mér að ekki náist samkomulag á milli stjórnarflokkanna í þessu máli. Það er formanns Framsfl. að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum að þessu leyti en ekki mitt hlutverk, en ég lít ekki þannig á að neinn ágreiningur sé á milli okkar í þessu máli og þær viðræður munu halda áfram og ég tel víst að við komumst að sameiginlegri niðurstöðu.

Útvarpsstjóri hefur nýlega sent mér bréf, dags. 4. október, þar sem hann fer þess á leit að ég flytji frv. til laga um breytingu á útvarpslögunum um að ákvæðið um framkvæmdasjóð útvarpsins verði lagt niður. Ég hef fullan hug á að gera það og tel að það sé brýnt eins og kom fram í máli hv. þm., að núna þegar þessum framkvæmdum er lokið og mál standa með þeim hætti sem er, þá verði þetta sérstaka ákvæði um framkvæmdasjóðinn lagt til hliðar og það fellt úr lögum. Ef samstaða er um að taka það sérstaklega fyrir hér á þinginu, þá væri það mjög æskilegt að mínu mati.

Varðandi dreifikerfið, þá gerðum við samning, árangursstjórnunarsamning við Ríkisútvarpið um áramótin. Þar er gert ráð fyrir að styrkja dreifikerfið og bæta móttökuskilyrði þannig að bílunum fækki og sendistyrkur og öryggi dreifingar verði meira á viðkvæmum svæðum, og RÚV geri áætlun um nýtingu gervitungla til að fytja útvarps- og sjónvarpsefni. Ég tel að líta verði til gervitunglanna ef við ætlum að ná til landsins alls með því öryggi sem við krefjumst og þess vegna er það mikilvægur þáttur í samkomulagi okkar að RÚV nýti sér þá tækni.

[15:51]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt í framhaldi af orðum hæstv. menntmrh. að spyrja þá fulltrúa Framsfl. sem hér munu tala á eftir hvort enginn ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna um framtíðarrekstrarform Ríkisútvarpsins. Því vissulega hefur í umræðum víða komið fram að áherslur eru í það minnsta mjög misjafnar. Einnig er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því hér á eftir hvað hann á við þegar hann talar um ríkishlutafélag í sambandi við Ríkisútvarpið. Ætlast hæstv. ráðherra þá til þess að Ríkisútvarpið haldi áfram því forskoti sem það hefur með afnotagjöldum eða öðrum þeim hætti sem ákveðið verður? Ef ekki, þá verður Ríkisútvarpið að sjálfsögðu eins og hver önnur einkastöð og þá er raunverulega um einkavæðingu að ræða. Ef forskotinu verður haldið er a.m.k. hægt að benda á að það sé hæpið að slíkt standist samkeppnislög. Þessum spurningum verður hæstv. ráðherra að svara áður en alvarleg umræða getur átt sér stað um hugmyndina um ríkishlutafélag Ríkisútvarpsins.

Herra forseti. Augljóst er í því fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram að enn heldur áfram að þrengja að Ríkisútvarpinu. Það hefur haldið stöðugt áfram frá árinu 1993 að þrengja að. Afnotagjöld hafa ekki hækkað nema um 5% á þessu tímabili, meðan neysluvísitala hefur hækkað um tæplega 20%. Það er augljóst með því sem segir í fjárlagafrv. að dregið verður úr tekjum Ríkisútvarpsins sem nemur rúmlega 100 millj.

Menningarsjóði útvarpsstöðva var breytt með því að frjálsar útvarpsstöðvar þurfa nú ekki lengur að greiða í sjóðinn, en Ríkisútvarpið þarf áfram að greiða sömu upphæð, nú að vísu til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta mun augljóslega skerða samkeppnisstöðu Ríkisútvarpsins.

Herra forseti. Ég vil, með leyfi, lesa örstutta tilvitnun í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar í útvarpsráði varðandi þetta mál:

„Við hljótum að vekja athygli á því að sífelld sókn Ríkisútvarpsins á auglýsinga- og kostunarmarkað stafar fyrst og fremst af því að ríkisstjórnin og Björn Bjarnason menntmrh. sérstaklega hafa kosið að halda fyrirtækinu í fjárhagslegri spennitreyju."

[15:53]

Páll Magnússon:

Herra forseti. Starfsumhverfi Ríkisútvarpsins hefur breyst mikið undanfarin ár. Með frjálsri samkeppni ljósvakamiðla hefur stofnunin mætt algjörlega nýjum aðstæðum. Með sífellt

meira framboði ljósvakaefnis hlýtur hlutverk Ríkisútvarpsins að breytast. Framsfl. hefur markað þá stefnu í samþykktum sínum að standa vörð um Ríkisútvarpið sem fjölmiðil í þjóðareign. Með þeirri afstöðu hefur verið lögð áhersla á öryggishlutverk stofnunarinnar, framlag hennar til menningarmála og þjónustu við alla landsmenn hvar á landi sem þeir búa.

Við þær breyttu aðstæður sem ég hef áður lýst hlýtur að eiga sér stað umræða um hlutverk Ríkisútvarpsins og rekstrarform þess. Það er eðlilegt að spurt sé hvort ríkið eigi að standa í rekstri dægurmálaútvarps þegar slíkum stöðvum hefur fjölgað svo ört sem raun ber vitni. Því mætti segja að Rás 2 gegndi því eina hlutverki að þjóna öllum landsbyggðum, meðan flestar hinna frjálsu stöðva starfa einungis í þéttbýli.

Hvað varðar rekstrarformið hlýtur einnig að koma til greina að breyta því. Í því sambandi væri rétt að skoða í hvaða formi rekstur ríkisfjölmiðla á sér stað í löndunum í kringum okkur. Í Bretlandi er starfandi þekktasti ríkisfjölmiðill heims. BBC er sjálfseignarstofnun og að stjórn hennar koma fulltrúar atvinnulífs, almannasamtaka, landshluta, háskóla og menningarlífs. Það er auðvitað mjög ólíkt þeirri skipan útvarpsráðs sem við þekkjum. Fyrirkomulagið í Bretlandi hefur gefist svo vel að það stóð meira að segja af sér einkavæðingarhrinu Margrétar Thatcher, fyrrv. forsætisráðherra.

Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um Ríkisútvarpið í dag hefur mest farið fyrir þeirri stöðu sem stofnunin er í fjárhagslega. Það er ljóst að rekstur hennar hefur ekki gengið nægilega vel og samkvæmt fjárlagafrv. verður að hagræða í rekstri svo ekki verði farið út fyrir væntanleg fjárlög. Slík hagræðing hlýtur þó að vera möguleg þegar stofnunin hefur um 2,7 milljarða kr. til rekstursins.

Hallarekstur undanfarinna ára er áhyggjuefni og verður auðvitað að taka enda annaðhvort með auknu framlagi til rekstrar eða minni umsvifum.

Herra forseti. Framsfl. hafnar einkavæðingu Ríkisútvarpsins. En ég legg áherslu á að forustumenn flokksins hafa lýst yfir vilja til breytinga á formi þess og hlutverki.

[15:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim boðskap sem fram kemur í fjárlagafrv. og er ávísun á að dregið verði úr rekstrarumsvifum Ríkisútvarpsins. Hér verður framhald á þróun undangenginna ára en afnotagjöldin hafa engan veginn haldist í hendur við verðlagsþróun sem þýðir að rauntekjur af afnotagjöldum hafa dregist saman.

Það er að okkar dómi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mjög mikilvægt að efla Ríkisútvarpið, hafa hér sterkt almannaútvarp og við erum andvíg því að einkavæða þá starfsemi, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, hvað þá að koma því í sölu.

Mikilvægt er að hæstv. menntmrh. upplýsi Alþingi nánar um þær samningaviðræður sem hann segir nú fara fram á milli sín og formanns Framsfl. um það efni. Og ef marka má boðskapinn í ræðu hv. þm. Páls Magnússonar sem talaði hér fyrir hönd Framsfl. virðist Framsfl. vera að komast á þá skoðun að hann muni samþykkja að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Menn verða að tala skýrt í þessu efni.

En hvað sem þessu líður er ástæða til að spyrja í ljósi niðurskurðarins sem Ríkisútvarpið þarf að sæta hvort hæstv. menntmrh. ætlar inn bakdyramegin með markaðsöflin, að þröngva Ríkisútvarpinu til að ganga í ríkari mæli en verið hefur inn á þá braut að afla tekna með auglýsingamennsku og með kostun sem hefur færst mjög í vöxt á undangengnum árum.

Ég harma það sérstaklega að Ríkisútvarpið hafi ákveðið að taka upp þá nýbreytni að kosta veðurfréttir, að heimila fyrirtækjum að kosta veðurfréttir. Þetta var samþykkt með atkvæðum Samfylkingarinnar og Sjálfstfl. í útvarpsráði gegn atkvæðum Framsfl. og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[15:58]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni eru málefni Ríkisútvarpsins til umfjöllunar hér á Alþingi, nú einkum í tengslum við fjárlagagerð næsta árs og hefðu þá e.t.v. átt best heima undir umræðum um fjárlagafrv.

Á síðustu dögum þinghalds í vor voru samþykkt ný útvarpslög sem eru almenn löggjöf um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Þessi lagasetning fól einnig í sér að ákvæðum laga um Ríkisútvarpið sem áður voru sérkafli í útvarpslögum, var breytt í sérlög. Við umfjöllun um þessi mál í hv. menntmn. komu málefni Ríkisútvarpsins mjög til umræðu. Í nál. um útvarpslagafrv. lagði nefndin áherslu á nauðsyn þess að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi og áréttaði sérstaklega að þeirri vinnu yrði hraðað. Um þetta voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga í nefndinni sammála.

Endurskoðun laga um Ríkisútvarpið er löngu tímabær. Það þarf að fara vandlega ofan í málefni stofnunarinnar, breyta rekstrarformi hennar og losa hana undan úreltum lagaákvæðum, t.d. um pólitískt kjörið útvarpsráð, sem á engan rétt á sér og þrengir að faglegu frelsi og sjálfstæði stofnunarinnar.

Starfshópur á vegum Ríkisútvarpsins sem settur var á fót til að móta framtíðarsýn hefur lagt til að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins til að tryggja rekstrarlegan sveigjanleika og styrkja Ríkisútvarpið í vaxandi samkeppni. Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins hafa einnig sett fram þessa sömu ósk við menntmrh. Þetta er fýsilegur kostur, en ýmislegt annað ber að skoða í þessu samhengi.

Allt umhverfi í ljósvakarekstri er að taka miklum breytingum um þessar mundir, rásum á eftir að fjölga um tugi eða hundruð þegar stafrænt kerfi verður komið í gagnið. Það eru þess vegna mjög spennandi tímar fram undan í útvarps- og sjónvarpsrekstri.

Ríkisútvarpið hefur mjög ríkar skyldur til að þjóna landsmönnum öllum og framleiða gott efni fyrir íslenska áhorfendur og áheyrendur. Það eru líka einu haldbæru rökin fyrir því að halda í ríkisfjölmiðilinn.

[16:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í heita pottinum í Degi í morgun segir að það hafi vakið óskipta athygli að Björn Bjarnason hafi nú ráðið mann í stjórnunarstöðu hjá Ríkisútvarpinu sem er ekki flokksbundinn sjálfstæðismaður.

Umfjöllun á þessum nótum segir sitt um viðhorf til Ríkisútvarpsins og í hvaða stöðu hæstv. ráðherra hefur komið því með beinum eða óbeinum afskiptum sínum. En Ríkisútvarpið er ekki bara í kreppu vegna pólitískra afskipta. Ríkisútvarpið er fjárhagslega aðkreppt sem veldur sífelldri

sókn þess á auglýsinga- og kostunarmarkaðinn og framtíðarstaða Ríkisútvarpsins er óljós.

Frumvarpið um RÚV og þar með áætlanir ríkisstjórnarinnar um framtíð þess sem menntmrh. og formaður Framsfl. véla nú um að sögn hæstv. menntmrh. er hvergi og allt er í óvissu um rekstrarform, um tekjur og um framtíðarmöguleika. Á tímum örra breytinga í fjarskiptamálum og á fjölmiðlamarkaði er Ríkisútvarpið því eins og hornkerling í búi ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Almenningsútvarp verður að geta tekið breytingum í takti við þann fjölmiðlaveruleika sem það býr við. En það frelsi sem stjórnendur og starfsfólk þyrfti að hafa við nýjar aðstæður er ekki komið á dagskrá, er enn í pólitískum hnút ríkisstjórnarinnar.

Við í Samfylkingunni erum tilbúin til að fara vandlega yfir þær leiðir sem duga til þess að Ríkisútvarpið geti sinnt myndarlega þeim miklu menningarlegu skyldum sem það hefur og á að hafa og verða sífellt mikilvægari fyrir samfélag okkar, þar sem við viljum áfram sjá menningarlega fjölbreytni. En sú spurning stendur á hæstv. ráðherra að svara hvernig hann vill mæta og hvernig á að mæta þeim kröfum sem til Ríkisútvarpsins eru gerðar á sama tíma og að því virðist þrengt á flestum sviðum.

[16:02]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ríkisútvarpinu og starfsfólki þess er lítill greiði gerður með því að gera málefni Ríkisútvarpsins að pólitísku þrætuepli hvað eftir annað á hinu háa Alþingi. Það sem skiptir náttúrlega langmestu máli fyrir Ríkisútvarpið er að geta starfað sem stofnun með skilgreind markmið til lengri tíma. Þannig umhverfi þarf að búa Ríkisútvarpinu. Ég hygg að flestir hv. þm. séu því sammála að Ríkisútvarpið eigi að starfa áfram sem þjóðarútvarp. Þau sjónarmið eru að vísu til hér á hinu háa Alþingi að selja eigi Ríkisútvarpið og leggja rekstur þess niður. En ég hygg að afgerandi meiri hluti þingmanna sé hlynntur því að Ríkisútvarpið starfi áfram sem þjóðarútvarp. Það er skoðun okkar framsóknarmanna að þannig eigi að reka Ríkisútvarpið. En það þýðir hins vegar ekki að við höfnum öllum breytingum. Og við verðum að horfast í augu við að Ríkisútvarpið starfar í mjög miklu samkeppnisumhverfi og það þarf að hafa það umhverfi og þann ramma og það svigrúm að það geti brugðist við og lifað af í þeirri samkeppni.

Þess vegna verðum við að taka þá umræðu með nokkuð opnum huga hvaða rekstrarform á að vera á Ríkisútvarpinu. Samband ungra framsóknarmanna hefur velt upp þeirri hugmynd að Ríkisútvarpið verði almenningshlutafélag þar sem hver og einn fái sent sín hlutabréf heim í pósti og hömlur verði á meðferð þeirra. Fulltrúi okkar í útvarpsráði hefur nefnt þann möguleika að Ríkisútvarpið verði samvinnufélag, sem er ágætishugmynd líka. En aðalatriðið er að það skapist nokkuð góð þverpólitísk sátt um framtíð Ríkisútvarpsins þannig að umræður af þessu tagi verði óþarfar í framtíðinni.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustóli og ætla að endurtaka það hér að Sjálfstfl. leggur Ríkisútvarpið í einelti og það sannast æ frekar. Nú er stofnuninni árum saman haldið í fjársvelti sem hefur hrakið Ríkisútvarpið út í kostun á efni langt út yfir eðlileg takmörk. Flokkspólitískar mannaráðningar hafa verið þvílík regla af hálfu Sjálfstfl. í þessari stofnun að það þykja stórtíðindi ef þangað ratar inn maður sem ekki hefur flokksskírteini í Sjálfstfl. upp á vasann.

Nú heyrist meira að segja hvíslað á göngum að til standi að taka af sjónvarpinu aðra sjónvarpsrásina í stað þess að standa við bakið á Ríkisútvarpinu um þá sjálfsögðu framþróun starfseminnar að sjónvarpið fari að senda út á tveimur rásum, t.d. léttara efni og íþróttaefni á annarri rásinni. Þetta ber öll merki hins sama, herra forseti. Sjálfstfl. virðist vinna markvisst að því að veikja Ríkisútvarpið sem stofnun, bæði utan frá með fjármagnssvelti og öðru slíku en líka innan frá, af augljósum ástæðum og í augljósum tilgangi. Þá verður stofnunin auðveldara fórnarlamb í þeirri einkavæðingu sem lengi hefur verið draumur Sjálfstfl. og alveg sérstaklega ungra sjálfstæðismanna sem hafa það fyrir trúarbrögð að búta eigi stofnunina niður og selja hana og einkavæða.

Fróðlegt var að heyra talsmann Sjálfstfl. lýsa því yfir áðan að það þyrfti að losna við útvarpsráð, það væri stofnuninni til trafala, en það átti auðvitað að lesast: Sjálfstfl. til trafala. Auðvitað vill Sjálfstfl. losna við útvarpsráð líka þannig að hann ráði þessu bara algjörlega einn. Það væri kannski varatillaga að hæstv. menntmrh. skipaði sjálfur í útvarpsráð, t.d. níu sjálfstæðismenn. Þessi herleiðing Ríkisútvarpsins, herra forseti, er óræk sönnun þess hversu brýnt það er orðið að losna við Sjálfstfl. út úr Stjórnarráðinu og sérstaklega hæstv. menntmrh. út úr þeim húsakynnum.

[16:07]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ríkisútvarpið hefur alloft verið til umræðu á hinu háa Alþingi og það er ágætt, enda á stundum þörf á slíkri umræðu. Oftar en ekki hefur ætlun stjórnarandstöðunnar hins vegar verið sú að slá pólitískar keilur. Þetta hefur síðan bitnað á Ríkisútvarpinu sjálfu og veikt stofnunina sem slíka. Hæstv. menntmrh. hefur margoft ítrekað að efla beri Ríkisútvarpið enn frekar sem verði áfram í eigu þjóðarinnar. En hvernig á þá að efla Ríkisútvarpið? Til þess að Ríkisútvarpið verði reiðubúið til að takast á við ný verkefni á tímum nýrrar tækni og verða um leið í fararbroddi þeirra sem efla og styrkja þjóðarvitund okkar þarf að breyta rekstrar- og stjórnunarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Hlutverk okkar á Alþingi er að skapa Ríkisútvarpinu svigrúm, bæði efnahagslegt og stjórnunarlegt, svo hægt verði að reka áfram ríkisútvarp sem ríkir sátt um. Við eigum síðan að láta faglegum stjórnendum eins og frétta- og dagskrárdeild eftir hvernig dagskráin er hverju sinni og hvaða mannskap þeir hafa yfir að ráða. Við þurfum að skilgreina með ótvíræðum hætti hlutverk Ríkisútvarpsins þar sem almannaþjónustuhlutverk þess verði ítrekað. Við þurfum að einfalda lagaákvæði um Ríkisútvarpið og auka sjálfstæði þess þannig að auðveldara verði fyrir það að takast á við síbreytilegar aðstæður í heimi ljósvakamiðla.

Hlutafélagaformið, þ.e. að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi í eigu ríkisins eins og gert var í Noregi, er ein leið í átt að þessu markmiði. Að sjálfsögðu er rétt að kanna allar leiðir sem stuðla að skilvirkari og hagkvæmari stjórnun og dagskrárgerð. En að mínu mati er hlutafélagaleiðin og það aðhald sem hún veitir afar athyglisverð.

Herra forseti. Ég vona að frv. um ríkisútvarp verði lagt fram hið fyrsta svo Alþingi geti á málefnalegan hátt fjallað um framtíðarhlutverk Ríkisútvarpsins þannig að hægt verði að ná fram þeirri sátt sem þarf að ríkja um jafnmerka stofnun og Ríkisútvarpið er.

[16:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Satt að segja verð ég að láta í ljós ákveðin vonbrigði því að hv. þm. Sjálfstfl., sem koma hér og segja að það sé yfirlýstur vilji hæstv. ráðherra og flokksins alls að efla beri Ríkisútvarpið, tala hjáróma röddu þar sem hugur fylgir ekki máli. Það er staðreynd að verið er að veikja Ríkisútvarpið með fjárhagssvelti og með pólitískri íhlutun innan frá. Og það þýðir ekki að snúa því alltaf upp á Alþingi að hér eigi ekki að ræða málefni Ríkisútvarpsins vegna þess að það sé það sem veiki stöðu stofnunarinnar. Herra forseti. Það er bara ekki rétt. Það er verið að veikja stofnunina mun meira innan frá og þar heldur Sjálfstfl. um stjórnartauma.

Herra forseti. Svo virðist vera að nú sé búið að knýja það fram frá samstarfsflokki Sjálfstfl. í ríkisstjórn, þ.e. Framsfl., að í lagi sé að selja Rás 2. Það mátti lesa berlega úr orðum hv. þm. Páls Magnússonar. Það er greinilegt, herra forseti, að hér er siglt hraðbyri að því að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það kom fram í máli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Það er verið að vinna bak við tjöldin að því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Herra forseti. Ég vara við því að flanað verði að þeim málum. Ég vil hins vegar að hér sé efld málefnaleg umræða um ríkisútvarp í almannaþágu. Og ég ítreka að dagskrárgerðarmenn á Rás 2 stunda metnaðarfulla dagskrárgerð, hafa reynt að gera það, þrátt fyrir þann niðurskurð sem Rás 2 hefur endalaut mátt þola því að dægurmenningin þarf alltaf að líða fyrir það þegar kreppir að fjárhagslega. Við vitum fullvel, herra forseti, að stundum þurfum við að passa upp á dægurmenninguna okkar. Við þurfum að passa að ganga ekki á skítugum skónum yfir hana og halda bara upp á klassísku menninguna, menningu gærdagsins. Við erum að skapa menningu í dag úr Ríkisútvarpinu sem þarf að ná til allrar þjóðarinnar og á það (Forseti hringir.) skilið að Alþingi Íslendinga standi vörð um hana.

[16:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki neinu við það að bæta sem ég sagði í upphafi þessarar umræðu. Það hefur ekkert komið fram í umræðunni sem mér finnst þess eðlis að ég þurfi að bregðast við því öðruvísi en ég gerði í upphafsorðum mínum. Verið er að vinna að því að breyta rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Ég hef margsinnis tekið það fram á Alþingi að ég tel skynsamlegt að fara þá leið sem farin hefur verið á Norðurlöndunum að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins og þannig skapaðar nýjar forsendur til þess að sækja fram.

Það kom einnig fram í máli manna að ýmsir eru þeirrar skoðunar að hækka beri afnotagjöldin og það beri að ganga þannig til verks að þau séu hækkuð. Ég lýsti því hvaða vandi þar kemur til þegar menn líta á efnahagsmálin í heild sinni og þróun verðlags í landinu. En Ríkisútvarpið hefur síðan hinn möguleikann til tekjuöflunar sem felst í auglýsingaöflun og kostun þátta og ég sé ekkert athugavert við að Ríkisútvarpið nýti sér þau tækifæri sem það hefur lögum samkvæmt til þess að afla sér tekna. Ég skil það ekki þegar menn berja sér hér annars vegar á brjóst og teljast vera sérstakir talsmenn stofnunarinnar og finnst síðan mjög einkennilegt að hún nýti sér þau tækifæri sem hún hefur á hinum almenna markaði til þess að afla sér aukinna tekna.

Ég er þeirrar skoðunar líka að það eigi að líta til þess þegar nýtt frv. verður kynnt og lagt fram og að þá fari menn í umræður um hvernig eigi að fjármagna Ríkisútvarpið og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að sú leið verði farin að fjármagna það alfarið úr ríkissjóði.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Réttarstaða sambúðarfólks.

Beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, 88. mál. — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Beiðni leyfð með 37 shlj. atkv.

Afnám skattleysissvæða, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:16.

9. FUNDUR

fimmtudaginn 12. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Neytendalán, stjfrv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
2. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
3. Stjórn fiskveiða, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
5. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
6. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
7. Almannatryggingar, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
8. Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
9. Könnun á umfangi vændis, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
10. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
11. Loftferðir, frv., 56. mál, þskj. 56. — 1. umr.
12. Jarðalög, frv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
14. Almannatryggingar, frv., 78. mál, þskj. 78. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 102. mál, frv. ÁMöl o.fl., þskj. 102.

Fangelsismál, 99. mál, fsp. GÖ, þskj. 99.

Fjárveitingar til mennta- og þróunarstofnana landbúnaðarins, 94. mál, fsp. JB, þskj. 94.

Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, 93. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 93.

Jarðskjálftarannsóknir, 100. mál, fsp. ÍGP, þskj. 100.

Kaup ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða, 95. mál, fsp. JB, þskj. 95.

Konur í ferðaþjónustu, 96. mál, fsp. ÞSveinb og SvanJ, þskj. 96.

Rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna, 104. mál, fsp. ÞSveinb og SvanJ, þskj. 104.

Sjálfsvígstilraunir, 97. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 97.

Varamenn taka þingsæti.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Samfylkingarinnar í Vesturl., Hólmfríður Sveinsdóttir deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm.

Þetta tilkynnist hér með, herra forseti.

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl."

Meðfylgjandi er bréf 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Vesturl. sem getur þess að vegna sérstakra anna geti hún ekki tekið sæti hv. 5. þm. Vesturl.

Annað bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. á Vestf., Ragnheiður Hákonardóttir bæjarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist hér með, herra forseti.

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf."

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér að vísa til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykv., Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm."

Þetta tilkynnist hér með, herra forseti.

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.

Enn fremur er fyrirliggjandi bréf Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki að sinni tekið sæti Ástu Möller.

Kjörbréf Hólmfríðar Sveinsdóttur, Ragnheiðar Hákonardóttur og Stefaníu Óskarsdóttur hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt en þær hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Hólmfríður Sveinsdóttir, 5. þm. Vesturl., Ragnheiður Hákonardóttir, 1. þm. Vestf., og Stefanía Óskarsdóttir, 19. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hólmfríður Sveinsdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir og Stefanía Óskarsdóttir hafa undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána og eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli iðnaðarráðherra í fyrirspurnatíma.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það bar til í umræðum í gær um fyrirspurn frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um flutning verkefna á vegum hins opinbera út á land að hv. þm. Þuríður Backman tók undir gagnrýni sem hafði komið fram af hálfu margra þingmanna um að lítið væri að gerast í þessum efnum.

Þá brá svo við að hæstv. ráðherra byggðamála notaði hluta af seinna svari sínu í lok umræðunnar til þess að afflytja mjög viðhorf þess sem hér stendur og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessa málefnis, þ.e. flutning ríkisstofnana út á land. Hæstv. ráðherra hafði um það þessi orð, með leyfi forseta:

„Um það sem hv. þm. Þuríður Backman sagði hér um að gott væri ef hægt væri að halda áfram að flytja ríkisstofnanir út á land þá veit ég ekki betur en að hennar flokkur sé andvígur því. Ég hef heyrt formann vinstri grænna segja það í viðtali í fjölmiðlum að hann telji ekki að það eigi að flytja ríkisstofnanir út á land."

Herra forseti. Fyrir þessari fullyrðingu hæstv. ráðherra er engin stoð. Ég hef látið leita uppi fréttaviðtalið sem þarna er væntanlega vitnað til og það eina sem mér er kunnugt um að við mig hafi verið tekið að undanförnu um þessi mál. Það var í morgunfréttum Ríkisútvarpsins í september og þar endursegir fréttamaðurinn fyrri hluta af viðtalinu:

„Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður vinstri grænna, segir að ríkisstjórnin sé að vinna byggðastefnunni mikið ógagn með því að böðlast með stofnanir út á land sem hafi örfáa starfsmenn innan sinna vébanda. Almenningsálitið sé að snúast gegn byggðastefnu.

Steingrímur segist hlynntur því að dreifa verkefnum og störfum yfir landið en menn séu að leggja of mikla áherslu á flutning fámennra stofnana eða yfirstjórna þeirra."

Þarna er ekki sagt að við séum andvíg því að flytja stofnanir út á land ef þannig er að því staðið að það geti gerst skaplega. Þaðan af síður kom nokkuð fram í því sem haft var eftir mér beint í nefndu viðtali í þessa átt enda varla von því að það er ekki afstaða mín að það eigi aldrei að grípa til þessara ráða. Hér var verið að setja fram gagnrýni á vinnubrögð, herra forseti, en ekki markmið.

[10:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er erfitt fyrir hv. þm. að hafa stjórn á því sem flæðir stundum fram þegar hann er í viðtölum og nú finnst mér hann hafa staðfest það með því að segja frá endursögn fréttamannsins að hann lét þessi orð falla. Hann talaði gegn því að flytja ríkisstofnanir út á land. En hann reyndi að bjarga í horn með því að tala um aðferðafræðina. Þetta er alkunn aðferð hjá hv. þm. að þegar hann er kominn í vanda er það ekki aðgerðin sem slík sem er vandamálið heldur hvernig aðferðafræðin er. Hann hefur oft bjargað þannig í horn og eitt dæmi kemur upp í huga mér og það var þegar hann var að reyna að afsaka það eftir á að hafa verið á móti bjórnum. Það var ekki það að hann væri á móti bjórnum sem slíkum og að lögfesta það hér á Íslandi að hann skyldi seldur hér heldur hvernig unnið var að málinu. Það var vandamálið. Sú athugasemd hv. þm. sem hann kemur fram með í upphafi fundar breytir engu um það að hann lét þessi orð falla, að ekki ætti að böðlast með ríkisstofnanir út á land, það setti óorð á byggðastefnuna og ekki ætti að ráðskast þannig með starfsmenn o.s.frv.

[10:40]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú er úr vöndu að ráða fyrir forseta. Hann fær illa séð hvernig þetta tengist mjög störfum þingsins og fær illa séð hvernig hann getur úrskurðað beint í þessu viðkvæma deilumáli og vill benda hv. þm. og viðkomandi ráðherra á að hefja ekki almenna umræðu um byggðamál.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég var að gera athugasemdir við það hvernig hæstv. ráðherra notaði síðasta rétt til að tala og svara í þessari fyrirspurn við aðstæður þar sem aðrir höfðu ekki kost á því að bregðast við.

Vel má rökstyðja að e.t.v. ætti alveg eins að biðja um orðið til að bera af sér sakir við aðstæður af þessu tagi því ég tel þó að þetta varði störf þingsins og samskipti okkar og umræður okkar á þinginu enda er ekki verið að tala um atburði sem urðu úti í bæ heldur í umræðum á þinginu. Ég hlýt að mótmæla því að hæstv. ráðherra noti aðstöðu sína eins og þarna var gert til að bera ranglega upp á menn afstöðu til mála, afflytja skoðanir því að hvorki í þessu fréttaviðtali né nokkurs staðar annars staðar þar sem ég hef rætt um þessi mál, það get ég fullyrt, hefur komið fram að ég væri því andvígur í grundvallaratriðum að færa verkefni og störf og þar með talið þegar svo ber undir opinberar stofnanir út á land enda hef ég sjálfur staðið fyrir slíku, bæði að flytja opinberar stofnanir og staðsetja aðrar nýjar þegar þær voru settar á fót úti á landi. Sá var munurinn að þá var reynt að vinna þannig að því að um það væri sæmilegur friður og lögð í það vinna. Það hafa framsóknarmenn hins vegar ekki gert og er verið að vísa til þess ágreinings og þeirra deilna, herra forseti, sem hafa orðið um framganginn og það sé ekki í þágu byggðastefnunnar. Hæstv. ráðherrar Framsfl. eða þingmenn verða að þola að vinnubrögð þeirra í þessum efnum séu gagnrýnd óháð markmiðunum sem menn telja sig vera að vinna að og hvort sem menn eru sammála þeim eða ekki.

Um svör hæstv. ráðherra áðan vil ég segja það eitt að ég hélt að ég hefði frekar orð á mér fyrir það en hitt að vera sæmilega skýr og skiljanlegur og væru frekar sumir aðrir sem teldust vera dálítið opnir í báða enda.

[10:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lítur stórt á sig. Hann fer upp í umræðum um störf þingsins vegna þess að hæstv. ráðherra vék að honum í þingræðu í gær og ber því við að það gefi tilefni til þess vegna þess að hann hafi ekki haft tækifæri til að svara fyrir sig. Þingmaðurinn er manna harðastur í því að vega að öðrum þegar honum þykir svo við horfa. Ég vil vekja athygli á því að síðast í umræðum um stefnuræðu forsrh. vék þingmaðurinn að öðrum þingmönnum og nafngreindi mig sérstaklega og vissi þó að ég hafði engin tök á að grípa til andsvara á þeim tíma. Það tilefni sem þingmaðurinn ber fram fyrir þeirri afsökun að taka málið hér upp núna undir þessum lið er því algerlega tilefnislaus og rakalaus auk þess sem hv. þm. fer svo aftur með ósannindi eins og kom fram hjá honum áðan þegar hann sagði að eftir sjálfum sér, því að honum líkar best að vitna í sjálfan sig, væri almenningsálitið farið að snúast gegn því að flytja ríkisstofnanir út á land. Nýlega kom út skoðanakönnun þar sem annað var staðfest, um tveir þriðju hlutar þeirra sem svöruðu henni lýstu yfir fullum stuðningi við það markmið og ekki hefur þeim mislíkað meir framkvæmdin en það.

Neytendalán, 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 90. [10:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, samanber þskj. 90. Megintilgangur með frv. er að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að þau lög voru samþykkt hér á Alþingi.

Á undanförnum árum hefur framboð aukist á lánum til neytenda. Eftirspurn eftir dýrari vörum á neytendamarkaði hefur farið vaxandi og samhliða hafa lánsfjárhæðir við veitingu lána til neytenda farið hækkandi. Af þeim ástæðum þykir rétt að fella brott það ákvæði laganna sem kveður á um að ekki sé skylt að veita þær upplýsingar sem lögin kveða á um þegar um er að ræða lán sem nema hærri fjárhæð en 1,5 millj. kr., samanber b-lið 1. gr. frv.

Annars staðar á Norðurlöndunum er ekki að finna slík mörk hvað þetta varðar en rík hefð er fyrir því að hafa samræmi í lögum á sviði neytendaverndar á Norðurlöndum þegar efnislegar ástæður mæla ekki á móti því.

Í c-lið 1. gr. frv. er tekið fram að lögunum er ekki ætlað að ná til langtímasamninga sem neytendur gera til öflunar íbúðarhúsnæðis og tryggðir eru með veði í fasteigninni, svo sem lána sem Íbúðalánasjóður veitir og önnur sambærileg lán. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum en samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum hefur ekki þótt nægilega skýrt orðað og er því hér lagt til að orðalag verði gert skýrara hvað þetta atriði varðar.

Í d-lið 1. gr. frv. er lagt til að g- og h-liðir núgildandi laga falli brott, h-liður í gildandi lögum verður óþarfur þegar gerð hefur verið sú breyting sem felst í því að gera orðalag skýrara varðandi lán sem tryggð eru með veði í fasteign og ég gerði grein fyrir hér á undan. Jafnframt er í þessum lið 1. gr. frv. lagt til að fella brott það ákvæði gildandi laga að lánveitingar vegna yfirdráttarheimilda á tékkareikningum skuli undanþegar lögunum. Ljóst er að slíkir samningar eru nú orðnir mun algengari en áður var og því mikilvægt að neytendur fái upplýsingar um hina árlegu hlutfallstölu kostnaðar við slíkar lántökur. Auk þess hefur aukin tölvuvæðing auðveldað mjög alla slíka upplýsingagjöf, enda sérstök forrit sem sjá sjálfkrafa um útreikninga tölunnar á grundvelli þeirra forsendna sem liggja til lántökunnar.

Í 2. gr. frv. er einnig að finna breytingu sem miðar að því að skerpa betur orðalag 13. gr. laganna sem hefur þótt óskýrt. Í ákvæðinu er nú auk þess að finna heimild til að setja nánari reglur um framkvæmdaatriði við veitingu upplýsinga til neytenda samkvæmt lögunum. Hér er m.a. tekið mið af reynslu Dana í þessum efnum og mun það verða til þess fallið að gera ákvæði laganna virkara og efla samkeppnina við veitingu neytendalána.

Loks er í 3. gr. að finna ákvæði sem vísar til þeirrar tilskipunar sem lögleidd hefur verið hér á landi með setningu laga nr. 121/1994, um neytendalán, en það þykir rétt að í lögunum komi þetta fram.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv. sem er á þskj. 90 og legg til að því verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Mér sýnist að þetta sé hið ágætasta mál. Það virkar við fyrsta yfirlestur nokkuð tæknilegt en það er í rauninni mjög mikilvægt fyrir neytendur vegna þess að ég skil frv. og ráðherrann þannig að verið sé að fella út undanþáguheimild sem var í lögunum um að ekki sé skylt að veita þær upplýsingar sem lögin kveða á um þegar lánsfjárhæð fer yfir 1,5 millj. kr. sem, eins og kom fram í máli ráðherrans, er orðin lág upphæð þegar litið er til þeirra lána sem eru í boði á neytendamarkaði og þeirra lána sem eru við t.d. eignaleigu og ýmsa þá lánsþjónustu á markaði sem neytendum stendur til boða.

Ég skil þetta frv. á þá leið að hér eftir verði skylt að veita þær upplýsingar sem lögin kveða á um varðandi allar lánsfjárhæðir af hvaða stærðargráðu sem þær eru. Það er verið að gera upplýsingaskylduna til neytenda víðtækari, verið er að auka neytendaréttinn og þjónustu við neytendur og það er það sem við viljum. Samfylkingin hefur ítrekað sett fram þá skoðun á hv. Alþingi að efla stöðu samkeppnisyfirvalda, efla stöðu fjármálaeftirlits og að auka rétt neytenda eins og unnt er þannig að réttur þeirra sé tryggður með afdráttarlausum og víðtækum hætti. Þess vegna lít ég svo á að frv. falli að þessum sjónarmiðum og pólitískri stefnu Samfylkingarinnar og lýsi því yfir að þetta sé hið besta mál og á von á því að Samfylkingin veiti því brautargengi í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 23. mál. — Þskj. 23. [10:51]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar. Tillagan var einnig flutt á síðasta þingi. Hún var afgreidd héðan úr þingsal eftir eina umræðu til sjútvn. en fékk þar ekki afgreiðslu og er því endurflutt nú.

Að tillögunni standa þingflokkur Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Markmið flokkanna fara saman í ýmsum veigamiklum atriðum hvað varðar sjávarútvegsmál en að öðru leyti er um mismunandi áherslur að ræða. Í fylgiskjölum eru því greinargerðir með áherslum flokkanna hvors fyrir sig í sjávarútvegsmálum.

Frá því að þáltill. var lögð fram á sl. vetri hefur það helst gerst að dómur gekk í Vatneyrarmálinu svokölluðu í Hæstarétti sem menn þekkja og búið er að fjalla ítarlega um á opinberum vettvangi. Og það sem nýlega gerðist og margir hafa enn ekki lesið er að út er komin skýrsla með áliti auðlindanefndar sem ég mun víkja að síðar í ræðu minni. En einmitt sú skýrsla og þau skilyrði sem LÍÚ hefur sett fram sýna enn frekar nauðsyn þess að sá samráðsvettvangur sem við bendum á í 5. lið tillögunnar um ráðgjafarhóp verði settur á sem allra fyrst. Þar til viðbótar hafa síðan verið stofnuð ný samtök útgerðarmanna sem gefa umræðunni enn meira líf, þ.e. Landssamband íslenskra fiskiskipaeigenda.

Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar væri að vera samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila, nefndin væri Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar og ráðgjafar um vinnu og stefnumótun og mundi með reglubundnum hætti vera endurskoðunarnefnd

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða til aðstoðar og samráðs.

Vegvísir og leiðarlýsing þess sem við leggjum til að unnið verði birtist eðlilega í fyrstu fjórum áhersluatriðum tillögunnar, en þær eru eftirfarandi:

„1. Afla gagna og undirbúa tillögur um skiptingu fiskiskipaflotans í útgerðarflokka. Dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna.

2. Afla gagna og undirbúa tillögur um mögulega byggðaeða svæðatengingu veiðiréttinda með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta og strandveiðiflotans.

3. Afla gagna og móta reglur um skilyrði sem leggja eigi til grundvallar því að einstakar tegundir séu kvótasettar, svo og reglur um hvernig tegundir skulu teknar út úr kvóta þegar forsendur kvótasetningar eru brostnar.

4. Skipa starfshóp um umhverfismál og sjávarútveg sem móti stefnu um hvernig stuðla megi að þróun íslensks sjávarútvegs í átt til vistvænna veiða og sjálfbærrar þróunar, m.a. með sérstakri hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum."

Okkur finnst að grundvöllur fiskveiðistjórnarkerfisins sé í uppnámi. Þar stendur ekki steinn yfir steini og því er sama hvaða sýndarveruleiki er í raun og veru skrifaður í áliti auðlindanefndar um ágæti framsalsins og kvótabrasksins.

Í skýrslu auðlindanefndar sem nýlega kom út segir m.a. á bls. 49 um framsal og handhöfn kvóta í kafla 3.5.1., með leyfi forseta:

„Þær tillögur sem hér hafa verið settar fram um sölu eða gjaldtöku af aflaheimildum eru byggðar á þeirri forsendu að stjórnkerfi fiskveiða geti skilað verulegum árangri til hagræðingar og aukinnar arðsemi í sjávarútvegi. Hver sá árangur verður er að flestra dómi öðru fremur háður tvennu: annars vegar varanleika og öryggi aflahlutdeilda" — þ.e. áframhaldandi úthlutun til þeirra sem aflahlutdeildina hafa — „og hins vegar frjálsu framsali aflaheimilda."

Þetta segir í skýrslu auðlindanefndar og er í raun og veru talin forsenda þess að þær tillögur aðrar sem auðlindanefndin gerir geti gengið fram og nái þeim markmiðum sem lýst er í skýrslunni.

Það er síðan fjöldamargt við skýrsluna að athuga þegar hún er lesin og í rauninni held ég að ég hafi ekki tekið of stórt upp í mig þegar ég sagði áðan að að hluta til væri þessi skýrsla skrifuð eins og sýndarveruleiki. Það er m.a. gengið út frá því í skýrslunni og raunar fullyrt að við séum á réttri leið varðandi nýtingu fiskstofna og að það sé forsenda framhaldsuppbyggingar á fiskstofnum að við höldum áfram í hinu frjálsa aflamarkskerfi.

Á erlendum vettvangi er því haldið fram hvað eftir annað að íslenska kvótakerfið sé besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi og að við höfum náð verulegum árangri hér á landi. En ef litið er á rauntölur í þessu sambandi er í rauninni verið að fara með ósannindi þegar þessu er haldið fram því að staðreyndin er sú að meðalársafli af helstu botnfisktegundum okkar, þorski, ýsu, ufsa, karfa, steinbít og grálúðu hefur verið núna í mörg ár 240–260 þúsund tonnum minni en hann var í hálfa öld þar á undan. Það er ekki með nokkrum sanni hægt að halda því fram að íslenska fiskveiðistjórnarkerfið hafi byggt eitthvað upp.

Nýlega rakst ég á tilvitnun um það hvernig til tækist á Nýja-Sjálandi en kerfið á Nýja-Sjálandi hefur oft verið nefnt sem fyrirmynd þess sem við höfum verið að aðhafast hér á landi. Í stuttum útdrætti í sjávarútvegsfréttakjarnanum um erlendar sjávarfréttir segir svo, með leyfi forseta:

„Útflutningur Nýsjálendinga á sjávarafurðum dróst saman um 17% á fyrri helmingi ársins en verðmætið jókst hins vegar örlítið. Útflutningur á öllum helstu fisktegundum var minni en á sama tímabili í fyrra."

Hvað segir þetta okkur? Jú, þeir eru með sams konar fiskveiðikerfi og við, þ.e. hið frjálsa framsal, og ekki er hægt að halda því heldur fram, miðað við þessar tölur, að menn séu þar í einhverju sérstöku uppbyggingarstarfi varðandi fiskstofnana.

Því er hins vegar víða haldið fram í skýrslunni að það sé forsenda áframhalds, eins og ég las hér áðan, að viðhalda eignarhaldinu á aflaheimildunum og sjá til þess að þær verði áfram söluvara.

Á vordögum komu fram upplýsingar um heildarskuldir sjávarútvegs upp á 170 milljarða kr. og um miðsumar var talið að skuldirnar væru orðnar 175 milljarðar. Þær höfðu þá vaxið um 80 milljarða á fimm árum. Í töflu á bls. 62 í fjárlagafrv. sem nýlega var lagt hér fram, kemur fram að áætluð fjárfesting í fiskveiðum á þessu ári er talin nema 8,1 milljarði kr. og því er spáð að á árinu 2001 verði hún um 6 milljarðar, þ.e. alls rúmlega 14 milljarða fjárfesting í fiskveiðum á þessu og næsta ári.

Afkoma í fiskveiðunum bendir ekki til lækkunar skulda og enn þá er tekið út fé með sölu kvóta og vegna sameiningar fyrirtækja. Vísbendingar eru um að skuldir sjávarútvegsins muni nálgast 200 milljarða í lok ársins 2001. Hækkandi skuldir á þessu og næsta ári benda til að sjávarútvegurinn þoli ekki lengur þessa vaxandi skuldabyrði að óbreyttum tekjum, sem eru nú rétt tæpir 100 milljarðar kr. Skuldirnar eru sífellt að vaxa og árstekjurnar eru aðeins á við hálfan skuldapakkann.

Það er því gríðarlega mikilvægt að mótað verði nýtt og betra fiskveiðistjórnarkerfi og að um það geti orðið víðtæk sátt. Um kvótabraskið sem fylgir frjálsa framsalinu, sem í reynd er eyðibyggðastefna, verður aldrei sátt.

Mig langar í tengslum við þetta að vitna í skýrslu sem unnin var um ástand á Vestfjörðum, um félagslegar íbúðir o.fl. Ég hef nokkrum sinnum haldið því fram í þessum ræðustól að tilflutningur aflaheimilda frá Vestfjörðum úr hinu stóra kvótakerfi, 30 þús. þorskígilda á nokkrum árum, og fækkun atvinnutækifæra þar græfi undan byggð í þeim landshluta og svo er enn. Formælendur stjórnarflokkanna hafa hins vegar oft mótmælt því og talið að hér væri um eðlilegar breytingar að ræða. En sveitarfélögin á Vestfjörðum eru mörg hver komin í mjög erfiða stöðu og ég ætla aðeins að fara um það nokkrum orðum. Við getum spurt okkur að því hvernig þessi eyðibyggðastefna kvótabrasksins fer með sjávarbyggðirnar á landsbyggðinni, tekjur fólks og sveitarfélaga. Hvað gerist í raun og veru? Ég ætla að leyfa mér að taka eitt dæmi sem ég byggi m.a. á tölum og framsetningu í skýrslunni sem ég nefndi áðan.

Árið 1992 voru tekjur á Vestfjörðum hærri en í Reykjavík og útsvarsstofn sveitarfélaga var 1% hærri en í Reykjavík. Sjö árum síðar, árið 1998, hafði álagningarstofn útsvars lækkað um 10% og var þá 9% lægri en í Reykjavík. Íbúum Vestfjarða hafði fækkað um 15% frá 1990, þ.e. árið sem frjálsa kvótabraskið var innleitt. Fækkað hafði um 1.500 manns frá 1990–1999. Hröðust var fækkunin á árunum frá 1994–1995 og hún varir í raun enn.

Eins og ég gat um áðan þá hafa Vestfirðingar á þessu stutta tímabili tapað frá sér yfir 30 þús. þorskígildum úr stóra kvótabraskskerfinu. Í skýrslunni kemur fram að útsvarsstofninn lækkar mest á árunum 1996–98. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi niðurstaða rennir stoðum undir þá fullyrðingu forráðamanna sveitarfélaga á Vestfjörðum að vandi sveitarsjóðanna sé ekki eingöngu til kominn vegna brottflutnings íbúanna heldur einnig vegna brottflutnings tekjuhærri einstaklinga."

Það er auðvitað þannig í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins að störfin á fiskiskipunum, ekki síst yfirmannastörfin, hafa verið hátekjustörf. Mörg önnur störf í fiskiskipaútgerðinni og við þjónustu skipanna hafa síðan einnig gefið góðar tekjur.

En kvótinn fór. Frjálsa framsalið á atvinnurétti fólksins virkaði og byggðastefnan er réttnefnd eyðibyggðastefna kvótabrasksins. Hin raunverulega stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar kom í ljós. Þetta er að vísu frekar óþægilegt fyrir stjórnarliðana, geri ég ráð fyrir. Þeim finnst jafnvel að svona ástand þurfi að fela um einhvern tíma. Hvað eru menn þá að reyna í því sambandi? Jú, það stendur til að selja eina af betri eignum Vestfirðinga, Orkubú Vestfjarða, og nota féð sem fyrir þá eign fæst til að niðurgreiða vandamálið, fela það. Þannig er e.t.v. hægt að fela þennan vanda í eitt eða tvö ár og kannski nægir það ríkisstjórnarflokkunum til þess að halda áfram blekkingarleiknum og festa í sessi það kvótakerfi sem hér hefur verið við lýði.

Ég vil svo vekja athygli hæstv. forseta á því að sjútvrh. er ekki í salnum við þessa umræðu sem fellur þó undir hans málaflokk.

[11:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vegna ákveðins misskilnings sem ég tel að gæti í máli hv. þm. að ég ákveð að koma hér upp í andsvar. Hv. þm. vitnar mjög í skýrslu auðlindanefndar og talar í því sambandi um varanleik aflahlutdeilda eins og um sé að ræða eignarhald og talar síðan um að viðhalda eignarhaldi á aflahlutdeild, talar eins og það sé sú stefna sem fram kemur í skýrslunni.

Þetta er misskilningur. Ef hv. þm. les það sem er meginkjarni þessarar skýrslu þá er þar tillaga um stjórnarskrárákvæði sem segir að réttur til að nýta sameiginlega auðlind, réttur til að nýta þjóðareign, skuli annaðhvort vera tímabundinn eða uppsegjanlegur. Því er hvorki um það að ræða að menn séu hér að tala um þann varanleika aflahlutdeilda sem felst í eignarhaldi eða það að viðhalda eignarhaldi. Hins vegar kemur fram að það þyki ákjósanlegt fyrir útveginn og væntanlega fyrir þjóðarbúið allt að það sé ákveðið öryggi í afnotaréttinum, öryggi sem felst í því að menn viti til hve margra ára eða með hve löngum uppsagnarfresti þeir hafa þennan afnotarétt.

Það er alveg sama hver niðurstaða endurskoðunarnefndarinnar verður varðandi stjórnkerfi fiskveiða, ég er nokkuð viss um að ákvæði eins og það að afnotarétturinn verði tímabundinn eða uppsegjanlegur muni verða ofan á, einfaldlega vegna þess að það er eina vörnin sem við höfum gegn því að á nýtingu auðlindarinnar komist hefðarréttur sem síðan gæti leitt til fullkomins eignarréttar.

[11:09]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er, að eftir því sem ég les þessa skýrslu oftar og betur því fleiri atriði í textanum finnst mér hníga til þess að forsenda allra breytinga, hvort sem er að setja ákvæði inn í stjórnarskrá um þjóðareign eða að taka upp gjaldtöku, sé að festa kvótakerfið í sessi. Ég get ekki lesið aðra meiningu út úr skýrslunni. Við hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lesum hana þá bara hvort með sínum skilningnum.

Ég ætla aðeins að vitna í eitt sem stendur hér í skýrslunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er því lagt til að allir krókabátar verði settir á aflamarkskerfi og að aflahlutdeildir verði framseljanlegar innan þess, en framsal milli kerfanna verði óheimilt."

Ég get ekki lesið út úr þessu neitt annað en að setja eigi eitt aflahlutdeildar- og kvótaverslunarkerfi yfir útveginn og eina friðþægingin sem út úr skýrslunni eigi að koma sé að setja eigi ákvæðið um þjóðareign inn í stjórnarskrá og síðan eigi að greiða einhvers konar gjald. Það mun útvegurinn kannski sætta sig við fyrir rest, að greiða einhvers konar gjald, málamyndaveiðigjald, fyrir það að hafa áfram öll tök á eignarböndum og sölu aflaheimilda.

[11:11]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá skepnuskapur sem fram kemur í skýrslunni að mati hv. þm. og felst í því að þar er lagt til að krókabátar verði allir á aflamarki er samhljóða þeirri tillögu sem samtök smábátaeigenda komust að niðurstöðu um um áramótin 1998–99. Þetta getur hv. þm. kynnt sér vegna þess að þær staðreyndir lágu fyrir á þeim tíma. Það var gert undir þeim formerkjum að smábátamenn óskuðu eftir vinnufriði. Þeir voru orðnir þreyttir á endalausum breytingum á kerfinu og við getum svo sem skilið það. Bara á síðasta ári minnir mig að gerðar hafi verið tvær eða þrjár breytingar á þeirra kerfi. Þeir vilja atvinnuöryggi eins og aðrir og það er mjög mikilvægt. Ég veit að hv. þm. skilur það enda gekk stór hluti af ræðu hans út á mikilvægi þess að menn hefðu ákveðið atvinnuöryggi.

En bara ein spurning, einmitt vegna þeirrar áherslu sem hv. þm. leggur á það sem hann kallar kvótabraskskerfi og telur undirrót allra þeirra breytinga sem orðið hafa á búsetu á Vestfjörðum, ef ég hef skilið mál hans rétt. Mig langar til að vita hvort hann sé á móti sölu fiskiskipa. Er hann á þeirri skoðun að enda þótt framsal yrði algjörlega bannað, hvort sem væri leiga eða sala aflahlutdeilda eða aflamarks, þá mundi hann samt sem áður vilja leyfa sölu fiskiskipa? Eða vill hann líka festa þau við viðkomandi sveitarfélög?

[11:13]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki heyrt annað á máli hv. þm. en að hún staðfesti í raun það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu, að setja bæri kvótakerfi á allar veiðar og framsal. Þá vitnaði hv. þm. til eldri tillagna Landssambands smábátaeigenda.

Ég geri engan greinarmun á smágreifum og stórgreifum þegar kerfið er komið á í heilu lagi. Þá mun upphefjast sama braskið, sama verslunin í smábátakerfinu og átt hefur sér stað í stóra kerfinu. Það er auðvitað alvarlegasti galli þessa máls og svarar vonandi því sem spurt var um, hvort ég teldi að vandi Vestfjarða stafaði af tilflutningi aflaheimilda.

Í skýrslunni er raunar hrópandi þögn um afleiðingar kvótabrasksins. Alls staðar þar sem kemur að einhverjum vandamálum sem fylgt hafa aflamarkskerfinu er í raun komist hjá því að svara því eða taka á því. Þess í stað er reynt að segja eitthvað annað um þær afleiðingar. Á einum stað er m.a. notuð sú afsökun fyrir lélegri uppbyggingu þorskstofnsins að krókabátar hafi verið á 23 dögum í sóknarmarki síðan 1990 og út af slíku sóknarmarki hafi ekki tekist að byggja upp þorskstofninn.

Varðandi sölu fiskiskipa þá held ég að enginn hafi lagst gegn sölu fiskiskipa. Sala fiskiskipa tíðkaðist löngu áður en kvótakerfinu var komið á. Það vildi bara svo til að menn gátu náð vopnum sínum með því að kaupa sér ný skip og hefja veiðar.

[11:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að spyrja forseta hvort sjútvrh. sé einhvers staðar nálægur þinghúsinu. Mér finnst mikill ókostur að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur og þess vegna einnig formaður sjútvn. Ef ég sé rétt þá eru á dagskrá þessa fundar ein fimm þingmál sem öll lúta að sjávarútvegi. Það eru dagskrármál frá og með númer tvö til og með sex, bæði tillögur og frumvörp sem varða stjórn fiskveiða, hvalveiðimál, fjárfestingar í sjávarútvegi og fleiri hluti. Mér finnst við slíkar aðstæður, herra forseti, að eðlilegt væri að gera ráðstafanir til þess að sjútvrh. væri a.m.k. aðvaraður um að á Alþingi standi nú umræður um sjávarútvegsmál og muni væntanlega standa eitthvað fram eftir degi.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að kanna hagi hæstv. ráðherra.)

Við skulum vona að þeir séu góðir og að í viðbót eigi hann kost á því að koma hingað í þingsalinn.

Herra forseti. Um efni þessarar tillögu vil ég segja að aðgerðir sem þar eru lagðar til eru mjög brýnar og hefðu reyndar gjarnan mátt vera komnar til framkvæmda eða vera í vinnslu um þessar mundir. Ég er algjörlega sannfærður um að gagnaöflun af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir og þær aðgerðir sem felast í skipun starfshópa og ráðgjafarnefndar væru mjög til bóta hvað það varðar að landa hér á næstu mánuðum eða missirum einhverri heildstæðri og vitrænni sjávarútvegsstefnu sem von væri til að sæmileg sátt gæti orðið um. Þá er ég ekki bara að tala um sátt og í raun og veru ekki um sátt um það atriði sem mest hefur verið rætt og hefur verið uppi í umræðum upp á síðkastið, þ.e. spurninguna um gjaldtökuna, heldur á ég við ýmsa aðra þætti sem tengjast fiskveiðistjórninni og sjávarútvegsstefnunni í víðustu merkingu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar. Forseti hefur upplýsingar um hagi hæstv. ráðherra. Hann hefur fjarvistarleyfi, er í opinberum erindagjörðum erlendis.)

Það var nú lakara, herra forseti. En við skulum vona að það séu mikilvæg erindi og hæstv. ráðherra farist vel úr hendi að vera fulltrúi okkar á erlendri grund.

Fyrsti liður þessarar tillögu gengur út á aðgerðir til að undirbúa skiptingu fiskveiðiflotans í útgerðarflokka þannig að dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna. Þetta er, herra forseti, er að mínu mati mjög mikilvægur liður í því og lykill að því í raun að koma aftur á einhverri slíkri skipan í útgerðarmálum og fiskveiðistjórn að það geti horft til farsældar í mörgum skilningi talið.

Ég held fyrir það fyrsta að líffræðilega sé núverandi kerfi, þ.e. með framseljanlegum veiðiréttindum milli fiskiskipa allt frá minnstu bátum og upp í stærstu úthafsveiðiskip, alger endileysa. Veiðar smábáta uppi í landsteinum, uppi í þarabeltinu, og veiðar úti í ballarhafi hins vegar með stórvirkum veiðarfærum og verksmiðjuskipum eru svo gjörsamlega ósambærilegir hlutir að ég þekki þess eiginlega engin dæmi að menn leggi þá að jöfnu í þessum skilningi. En það er gert í núverandi kvótakerfi. Mér er ekki kunnugt um, herra forseti, að hjá nokkurri annarri þjóð hafi menn látið sér detta slíkt í hug.

Ég held í öðru lagi í byggðarlegu tilliti að þetta væri lykill að aðgerðum sem gætu skipt miklu máli varðandi það að bæta stöðu byggðakeðjunnar við sjávarsíðuna.

Ég held í þriðja lagi frá umhverfislegu sjónarmiði séð, herra forseti, að það að þróa sjávarútveginn í átt til vistvænni ferla, vistvænni aðferða gæti sömuleiðis verið lykillinn að því að tryggja að miðin næst landinu væru nýtt af minni skipum sem væru gerð út frá ströndinni nærri miðunum. Þannig væri orkukostnaður lágmarkaður, orkueyðsla lágmörkuð og um leið reynt að stuðla að þróun í átt til vistvænni veiðarfæra eins og við Íslendingar höfum reyndar skuldbundið okkur til.

Ég held í fjórða lagi, herra forseti, að út frá hagkvæmnissjónarmiðum væri mjög mikilvægt að stuðla að þessari þróun vegna þess að núverandi kerfi, þar sem menn geta framselt veiðiréttinn af litlum skipum úr sjávarútvegsbyggðarlögunum til stórra verksmiðjutogara ef svo ber undir, er líka að mínu mati á algerum villigötum hvað þetta varðar. Hvernig sem á þetta er litið, herra forseti, held ég að þetta væri mjög mikilvæg forsenda og undirstaða ákvarðanatöku sem þarna þarf að eiga sér stað. Það er reyndar athyglisvert, herra forseti, að íslenskur sjávarútvegur og fiskiskipaflotinn var í raun flokkaður svona fyrir daga kvótakerfisins með þeim takmörkunum og línum sem landhelgislögin m.a. settu þar sem veiðar innan tiltekinna lína voru bundnar við minni skip fyrir daga framseljanlegra veiðiréttinda. Nú virkar þetta hins vegar þannig að kvóti getur færst út fyrir landhelgislínurnar, af minni skipum sem aðeins mega veiða innan þriggja mílna t.d., út á stærri skip en ekki í hina áttina því að stóru skipin mega ekki fara inn fyrir. Við erum því ef eitthvað er með ríkjandi skipulagi og framseljanlegum veiðiheimildum í raun frekar að ýta veiðiréttindunum út af strandmiðunum sem er arfavitlaus þróun að mínu mati.

Herra forseti. Í öðru lagi og nátengt þessu er fjallað um það í tillögunni að afla gagna til að undirbúa mögulega byggða- eða svæðatengingu veiðiréttindanna með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta- og strandveiðiflotans og ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um helstu rökin fyrir því að þetta sé gert.

Ég er líka viss um það, herra forseti, að ef þetta yrði gert og menn fyndu þarna skynsamlega skiptingu á milli, hlutdeild sem þessi strandveiðifloti hefði í friði í sínu hólfi í fiskveiðistjórnarkerfinu, þá væri miklu líklegra að ná mætti sæmilegum friði um kerfið í heild, þar á meðal og ekki síst hreyfanleika veiðiréttindanna milli aðila. Ég held að menn mundu miklu síður horfa í það þó að framseljanleg veiðiréttindi væru í gangi á togurum og úthafsveiðiskipum, enda útgerð þeirra eðli málsins samkvæmt miklu minna tengd við byggðina en útgerð strandveiðiflotans sem landar sínum afla daglega í heimahöfn. Í reynd er það orðið svo að landið allt er orðið eitt útgerðarsvæði fyrir stóru skipin og frystiskipin

sem landa oftar en ekki í þeirri höfn sem best liggur við fraktflutningum en ekki í sinni heimahöfn því að kostnaðurinn við flutning áhafna milli landshluta með flugvélum er hverfandi borið saman við aðra þætti.

Í þriðja lagi er þarna komið inn á það sem einnig þarf að skoða og það er vald sjútvrh. til kvótasetningar sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn. Menn hafa gagnrýnt kvótakerfið en horft fram hjá þeirri staðreynd að menn hafa framselt sjútvrh. alfarið vald til þess að ákveða hvaða tegundir eru kvótasettar og færast þar með undir kvótakerfið og hvaða tegundir ekki.

Herra forseti. Loks eru þarna starfsnefndir. Annars vegar er nefnd um umhverfismál sem að mínu mati þarf svo sannarlega að taka á í sjávarútveginum og að síðustu er fjallað um skipan 17 manna ráðgjafarnefndar til þess að tryggja að allir aðilar komist að þessari vinnu, en þannig hefur ekki verið staðið að málum hingað til.

Herra forseti. Ég tel því brýnt og þarft að þessi tillaga nái fram að ganga og vonandi að hún fái hér skjóta afgreiðslu.

[11:24]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég mun ekki auka mjög efnislega við þessar umræður, aðeins drepa á það sem fram kom hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur áðan, að í tillögum auðlindanefndar væri gert ráð fyrir að fella í stjórnarskrá ákvæði um varanlegan eignarrétt þjóðarinnar á sameiginlegum auðlindum. Auðvitað er það góðra gjalda vert. En má ég minna á að í lögum höfum við haft skýr ákvæði um að sjávarauðlindin væri sameiginleg eign allrar þjóðarinnar. Og hvernig hefur til tekist? Hef ég ekki verið undanfarna daga að lesa lærðar greinar eftir hv. þm. um hvernig hinir nýju auðvaldsherrar skáka fé sínu skattfrjálsu til útlanda? Hef ég ekki þóst sjá það líka að hv. þm. ætlar að það fé sé runnið frá sjálfri sameign þjóðarinnar, sjávarauðlindinni, vegna sölu manna á aflaheimildum sínum á því okurverði sem við þekkjum? Allt er þetta hárétt. Við sjáum þess vegna að við getum ekki treyst því, a.m.k. eftir tillögum auðlindanefndar, að þessi ákvæði komi að neinu nýju gagni. Hv. þm. tók það sérstaklega fram að öryggi yrði að ráða í þessum efnum. Þá á hv. þm. sjálfsagt við að sægreifarnir geti gengið að þessum notarétti sínum af fullkominni vissu og öryggi. Auðvitað er rekstraröryggi mjög mikilvægt í sjávarútvegi eins og öðrum greinum. En hér er til þess gildað með allri þessari uppsetningu hv. auðlindanefndar að áfram sæki í sama horfið um nýtingarrétt örfárra útvalinna að þessari auðlind og fjármunir muni þess *vegna renna í eigin vasa þeirra.*

Herra forseti. Aðalerindi mitt er að krefjast þess að þessari umræðu um öll mál sem snúa að hæstv. sjútvrh. og formönnum sjútvn. verði frestað. Þetta er með öllu ótækt. Að vísu er formaður sjútvn. horfinn af þingi. En hann á varaformann og það er hvorki meira né minna en hv. 3. þm. Vestf. sem ber byggðamálin öll sem mest fyrir brjósti. Þetta er með öllu ótækt. Nú þegar umræður um þessi mál standa svo hátt í stönginni sem raun ber vitni verður við þetta forakt forustumannanna á hinu háa Alþingi ekki unað.

Herra forseti. Ég vænti þess að hann sjái sér fært að verða við þessari eðlilegu og eindregnu kröfu.

[11:27]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti heyrði ósk hv. þm. en vill ógjarnan taka afstöðu til hennar fyrr en hv. 4. þm. Vestf., 1. flm. þeirra frv. sem hér *um ræðir og þáltill., lætur í ljósi vilja sinn. Nú veit forseti* ekki hvort honum hafi verið kunnugt um fjarveru ráðherra áður en þessi umræða fór fram eður ei. En það er alltént fyrirliggjandi að ráðherra verður ekki á þessum fundi.

[11:28]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um það í gær og ekki í morgun heldur reyndar þegar þingfundur hófst að hæstv. sjútvrh. yrði fjarverandi alla umræðuna. Ég hafði vitneskju um að 1. þm. Vestf., formaður sjútvn., yrði fjarverandi. En ég taldi þá að varaformaður hans yrði hér. Ég tek einfaldlega undir ósk hv. 18. þm. Reykv. um að umræðunni verði frestað þar sem fyrirsjáanlegt er að hæstv. sjútvrh. verður ekki við umræðuna og þar sem varaformaður sjútvn. er heldur ekki staddur hér.

[11:29]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti lítur þannig á að hv. 4. þm. Vestf., sem er 1. flm. 2.–4. dagskrármáls, hafi hér formlega óskað eftir því að yfirstandandi umræðu verði frestað og 3. og 4. dagskrármál verði tekin af dagskrá sökum fjarveru hæstv. ráðherra.

Forseti verður við þessari ósk og er þar með frekari umræðum um annað dagskrármálið frestað og út af dagskrá falla 3. og 4. dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[11:30]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Meðflm. mínir að þessari tillögu eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Jóhann Ársælsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrðu hluti þeirra ráðstafana."

Herra forseti. Ég hef lagt mál samhljóða þessu fram hér á Alþingi í tvígang. Í fyrra skiptið komst málið til umræðu en umræðu hér í þingsal var aldrei lokið. Seinna skiptið komst málið aldrei á dagskrá en þá var það lagt fram vegna þess að til umfjöllunar hér á hv. Alþingi var tillaga þess efnis að Íslendingar hæfu hvalveiðar. Mér þótti það eðlilegt, herra forseti, ekki síst með tilliti til þess að nefnd sem starfaði undir forsæti hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar hafði skömmu áður skilað af sér áliti og mælt með því — sem einum lið í athugun á því hvort Ísland tæki aftur upp hvalveiðar — að þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu yrði endurskoðuð, það yrði kannað með hana. En það virtist ekki vera á dagskrá miðað við þá tillögu sem þá var flutt hér og síðar samþykkt og ég kem e.t.v. síðar að.

Herra forseti. Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en sagði aðildinni upp, sem

jafngilti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, árið 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann.

Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni. Skyldi sú stöðvun taka gildi frá ársbyrjun 1986. Það bann átti síðan að endurskoða í ljósi þess mats sem þá lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990. Vísindaveiðar Íslendinga voru framlag okkar til þess að slíkt mat gæti orðið sem áreiðanlegast og lauk þeim árið 1989. Síðan þá hefur ekki verið veiddur hvalur við Ísland því að þrátt fyrir að vísindanefnd ráðsins samþykkti á grundvelli rannsóknanna að tilteknir hvalastofnar þyldu takmarkaðar veiðar ákvað meiri hluti ráðsins að endurskoða ekki veiðibannið. Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Það er þess vegna, herra forseti, sem síðari hluti tillögugreinarinnar segir að mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrðu að vera hluti þeirra ráðstafana sem gera þyrfti ef við yrðum aftur aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Við yrðum sem sé að taka til baka samþykkt okkar frá árinu 1983 þar sem við ákváðum að nýta ekki rétt okkar til að gera fyrirvara við samþykkt um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni.

Nú veit enginn hvort hægt er að ganga í alþjóðasamtök með fyrirvara um tiltekin atriði. Það mundi væntanlega ráðast af vilja þeirra sem fyrir eru í ráðinu til að fá Ísland aftur inn í ráðið til að horfa í gegnum fingur sér varðandi fyrri ákvarðanir okkar hvort slíkt yrði samþykkt.

Herra forseti. Þótt Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera þess í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum, NAMMCO, hafa hvalveiðar ekki hafist enn. Íslenskir vísindamenn telja þó að hvalastofnar við Ísland séu í vexti, enginn þeirra sé í útrýmingarhættu og einhverjir þoli í raun sambærilegar veiðar og voru stundaðar fram að gildistöku hvalveiðibannsins. Vísindanefnd NAMMCO hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að óhætt væri á forsendum vísindanna að hefja takmarkaðar hvalveiðar.

Í grg. með þáltill. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar kom fram að ef Íslendingar hæfu aftur hvalveiðar tækju eftirlitsreglur óhjákvæmilega mið af umfjöllun hvalveiðiráðsins og þeim ákvörðunum sem þar væru teknar. Í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og einnig í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríki „skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim".

Þegar Ísland sagði sig úr ráðinu á sínum tíma var álitið að fleiri ríki fylgdu því fordæmi. Það gerðist ekki. Noregur sem er eina fullvalda ríkið ásamt okkur í NAMMCO hefur haldið áfram að starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og stundar hrefnuveiðar í skjóli þess. Ekki eru líkur á að Norðmenn yfirgefi Alþjóðahvalveiðiráðið, enda virðast þeir telja að staða þeirra væri mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um viðhorfsbreytingar í ráðinu að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu Norðmanna, herra forseti, virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig í ráðinu. Japanir stunda einnig veiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í Alþjóðahvalveiðiráðinu og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum rétt eins og vísindaveiðar okkar á sínum tíma.

Ráðgjafi Hvalveiðisamtaka Japans sagði í viðtali við Morgunblaðið nú í vor að Japanir hefðu á sínum tíma velt því fyrir sér að ganga úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sömu forsendum og Íslendingar gerðu. Íslendingar áttu mikla samúð og stuðning Japana þegar þeir gengu úr ráðinu. Þeir áttu von á því, eins og fram kemur í viðtalinu, að Íslendingar mundu hefja hvalveiðar utan ráðsins en það hefur ekki gerst. Og ráðgjafinn heldur áfram:

„Ég veit ekki af hverju, en þrýstingur frá öðrum löndum á þar ugglaust hlut að máli. Í raun hafa Íslendingar með fordæmi sínu sýnt hvað mundi gerast ef við gengjum út og að betra væri að vera áfram í ráðinu og reyna að stuðla að breytingum innan frá. Við söknum hins vegar sárt framlags Íslands í hvalveiðiráðinu, sérstaklega á vísindasviðinu."

Ráðgjafi Hvalveiðisamtaka Japans kvaðst telja að Íslendingar ættu í ljósi reynslu sinnar að íhuga að ganga aftur í hvalveiðiráðið.

Herra forseti. Ekki er nóg að veiða, það þarf líka að selja, en allt er óljóst um sölu hvalaafurða. Það hefur komið fram hér á hv. Alþingi í máli sjávarútvegsráðherra þegar málið hefur verið til umfjöllunar að ekki sé kostur á að flytja hvalaafurðir úr landi og lengi hefði legið fyrir að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þó að við hæfum veiðar á meðan við stæðum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess. Einnig hafa verið gerðar samþykktir sem lúta að verslun með skotfæri til hvalveiða.

Staðan er því sú, herra forseti, að þrátt fyrir að við stöndum nú utan ráðsins og séum þar með ekki formlega bundin af ákvörðunum þess um veiðibann, þrátt fyrir að vísindamenn, bæði á Hafrannsóknastofnun og á vegum NAMMCO, telji að líffræðilegar forsendur séu ákjósanlegar varðandi veiðar og sjálfbæra nýtingu hvalastofnanna og þess vegna hægt að hrinda stefnu Íslands í framkvæmd, þrátt fyrir skýrslur á skýrslur ofan með fyrirheitum um hvalveiðar, ef ekki í ár þá á næsta ári, og þrátt fyrir umræður og heitingar á Alþingi og þrátt fyrir ályktun Alþingis frá mars 1999 þar sem segir að „hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land", en sú tillaga gerði upphaflega ráð fyrir því að hvalveiðar yrðu hafnar árið 1999, þá veiðum við ekki hval. Að minnsta kosti ekki viljandi. Augljóst er því að þrátt fyrir meinta ástæðu úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu þá ræður pólitísk afstaða ráðsins einnig ákvörðunum og gerðum okkar utan ráðsins. Annað er ekki hægt að ályktа af aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda í öll þessi ár.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru harla léttvæg í ljósi þess að við allar ákvarðanir verður að taka tillit til stefnumótunar ráðsins, hversu óvísindaleg sem hún kann að vera. Hvort sem við stöndum utan ráðsins eða innan virðumst við bundin af ákvörðunum þess. Möguleikar til að hafa áhrif á stefnu þess eru mestir ef við eigum þar sæti því að ráðið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar, og baráttu fyrir því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Þar sitja enn fulltrúar helstu hvalveiðiþjóðanna og einnig þeirra þjóða sem hafna hvalveiðum í atvinnuskyni og þar er baráttan háð um þessi mál.

Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta, eins og ég gat um áðan, að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það er auðvitað atriði sem þarf að skoða. Við þurfum að íhuga og reyna að komast að því hvernig við nálgumst Alþjóðahvalveiðiráðið aftur, þá með þeim réttindum sem við viljum hafa þar, m.a réttinum til veiða. Það er ástæða til þess, herra forseti, nú þegar fyrir liggur ályktun Alþingis um að hefja hvalveiðar að nýju, að við skoðum þennan möguleika. Það væri afar hæpið að mínu mati og okkar flm. að Íslendingar hæfu hvalveiðar að nýju utan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við erum ekki í góðri aðstöðu til að hefja hvalveiðar en lakari er hún ef við stöndum utan ráðsins.

Á síðustu árum hefur ýmislegt gerst sem gerir það að verkum að við þurfum að kanna ýmislegt varðandi hvalveiðar. Það tengist m.a. því hvernig við erum farin að nýta hvalastofnana á nýjan hátt. Ótrúlegur fjöldi ferðamanna kemur til Íslands til þess að stunda hvalaskoðun. Bráðabirgðatölur hvalaskoðunarfyrirtækjanna segja okkur að í ár hafi þeim sem koma til hvalaskoðunar fjölgað um 20% og þeir hafi verið á bilinu 42–43 þúsund í ár. Auðvitað verða menn að velta þessum hlutum fyrir sér líka og skoða það sem hér hefur verið rætt, hvort hvalaskoðun og hvalveiðar geti farið saman. Við vitum að hjá Norðmönnum fer þetta ekki saman, þeir sýna ekki og veiða sömu hvalategundir. Þeir sýna eina tegundina og veiða aðra. Við þurfum að skoða þetta hjá okkur sem lið í því að undirbúa hvalveiðar okkar.

Herra forseti. Ég hef lagt fram tvær fyrirspurnir til hæstv. sjútvrh. varðandi það undirbúningsstarf sem honum var falið að inna af hendi. Ég ætla ekki að fjölyrða um það frekar við þessa umræðu nema sérstakt tilefni gefist til. En Alþingi þarf að gera þessi mál upp við sig og taka ákvörðun um hvernig það ætlar að standa að hvalveiðum ef til þeirra kemur samkvæmt þeirri ályktun sem þegar hefur verið samþykkt og liður í því er að Alþingi geri upp við sig stöðuna gagnvart Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn., en legg jafnframt til að hv. sjútvn. fái málið til umsagnar.

[11:45]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er ekki sáttur við hvernig að málum er staðið á hinu háa Alþingi. Hér kemur hvert stórmálið á fætur öðru sem verið er að ræða án viðveru þeirra ráðherra sem nauðsynlega þurfa að vera við. Til dæmis væri nauðsynlegt í sambandi við það mál sem nú er verið að ræða að álit sjútvrh. fáist á þeirri tillögu sem hér er flutt, m.a. vegna þess að Alþingi hefur falið honum að hefja undirbúning að hvalveiðum og hversu mikinn hlut sú ákvörðun sem hér er lögð fram á að því máli. Það er ekki aðeins það, heldur er um að ræða tvær nefndir sem hugsanlega fjalla um þessi mál, utanrmn. og sjútvn.

Málin standa þannig, virðulegi forseti, ef við lítum á sjútvn. fyrst: Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., er í löglegum forföllum, hv. þm. Árni R. Árnason er ekki mættur, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ekki mættur, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er ekki mættur, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er ekki mættur og hv. þm. Hjálmar Árnason er ekki mættur. Sem sé, enginn fulltrúi meiri hlutans í sjútvn. er mættur til fundarins.

Ef við lítum á utanrmn. er hv. þm. Tómas Ingi Olrich, formaður utanrmn., ekki mættur, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir er ekki mætt, hv. þm. Jón Kristjánsson er ekki mættur, hv. þm. Árni R. Árnason ekki mættur, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson í löglegum forföllum og hv. þm. Jónína Bjartmarz ekki mætt. Það er sem sagt enginn mættur af stjórnarliðum þegar verið er að ræða þessi mál, hvorki úr sjútvn. né utanrmn.

Næst á dagskrá á eftir er mjög viðamikið mál, fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. Hæstv. utanrrh., sem ekki er með fjarvistarleyfi, hefur gefið mjög skorinorðar yfirlýsingar um það sem virðast ganga í berhögg við yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. Nú vill svo til að ógerningur er að ná til annars hvors þessara ráðherra í umræðunum ef þeir verða ekki mættir þegar það kemur á dagskrá. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé full ástæða til að hann láti athuga, jafnvel með því að gera örstutt hlé á þessum umræðum, hvort ekki sé möguleiki á því að eitthvað af þessu fólki, sem um málin á að fjalla, verði viðstatt og hvort ekki sé möguleiki á því þegar dagskrá er undirbúin að haft sé samband við viðkomandi ráðherra, hafi þeir ekki lögmæt forföll, til þess að ganga úr skugga um það fyrir fram hvort þeir geti ekki verið við þegar mál sem þá varðar verður rætt. Ég vil sérstaklega undanþiggja hæstv. landbrh. þessum athugasemdum mínum vegna þess að við hann höfum við haft ágætt samstarf og hann hefur jafnan lagt kapp á að vera viðstaddur þegar mál er hann varða eru rædd.

[11:48]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að vissulega er mikilvægt að viðkomandi ráðherrar séu í salnum og taki þátt í umræðum þegar um stórmál er að ræða. Þess vegna væri æskilegt að kannað yrði hvort hæstv. utanrrh. getur komið og tekið þátt í umræðunni, bæði um þetta mál og það mál sem næst er á dagskrá. Ég vil hins vegar geta þess að hæstv. iðn.- og viðskrh. ætlar að koma og taka þátt í umræðu um það mál, þ.e. um fjárfestingu erlendra aðila, og ég vænti að henni verði gert viðvart þegar það mál er að koma á dagskrá til þess að hún geti komið strax er umræðan hefst. En varðandi utanrrh. þá vænti ég í ljósi þess sem hér hefur komið fram að hann komi ef hann á þess nokkurn kost.

[11:49]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess í tilefni þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað um fundarstjórn forseta að þingmönnum ber að mæta til fundar og þar með þeim hæstv. ráðherrum sem sitja hverju sinni. Nú er það svo að ýmsir þeir þingmenn sem hér voru nefndir til sögu hafa kallað inn varamenn. Sumir þeirra hafa lögmætar fjarvistir, aðrir ekki. Forseti gerði það að ósk flutningsmanna um fyrri dagskrármál á þessum fundi að taka þau út af dagskrá eða fresta frekari umræðu vegna óska þar um og fjarveru viðkomandi ráðherra.

Forseti vill hafa það alveg skýrt hvort slíkar óskir séu uppi af hálfu frsm. þeirra mála sem hér eru á dagskrá. Það er alkunna að við gerð dagskrár í þinginu er reynt að koma til móts við óskir flutningsmanna og frsm. þess efnis að ráðherrar viðkomandi málaflokks verði viðstaddir. Það er hins vegar oft happadrjúgt að gera það fyrir fram.

Forseti mun vegna óska þar um gera ráðstafanir til að kanna hvort hæstv. utanrrh. geti verið viðstaddur umræðu um 6. dagskrárliðinn, en ljóst er að af þátttöku hæstv. sjútvrh. verður ekki í dag eins og margoft hefur komið fram.

[11:51]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fá að leggja á borð hæstv. forseta viðveruskrá sem var tekin út af tölvukerfi Alþingis. Þar kemur fram að 21 þingmaður er viðstaddur og meginhlutinn af þeim þingmönnum eru þingmenn Samfylkingarinnar. Mér sýnist að þrír þingmenn stjórnarliða séu viðstaddir í dag og enginn úr umræddum nefndum og flestallir varamenn. Hinir eru allir fjarverandi. Þetta er ekki hægt, virðulegi forseti. Ég geri ekki tillögu um að málið verði tekið út af dagskrá. Það er 1. flm. að gera það. En ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um hjá hæstv. forseta hvort ekki væri möguleiki á því að gera kannski, ef þarf, örstutt hlé eða kanna hvort þeir ráðherrar sem ekki hafa fjarvistir geti verið viðstaddir þegar talað er um þýðingarmikil mál sem þá varða eins og t.d. bæði það mál sem hér er á dagskrá og það mál sem er á dagskrá á eftir og varða bæði hæstv. utanrrh. og viðskrh. líka.

[11:52]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti þarf ekki á þessu blaði að halda því að hann hefur þessar upplýsingar í tölvunni beint fyrir framan sig og er fullkunnugt um hverjir eru í salnum og hverjir eru í húsi. Því miður hefur forseti oft séð verri tölur en þessar. Forseti áréttar að hann mun kanna hvort utanrrh. geti verið viðstaddur umræður næsta dagskrármáls, en hér eru á mælendaskrá einir þrír hv. þm. um málið sem umræða er hafin um. Komi ekki fram óskir af hálfu 1. flm. þessa frv. um að fresta þeirri umræðu mun hún halda áfram.

[11:53]

Árni Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil líka að þau sjónarmið komi hér fram, þó að ég skilji sjónarmið hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fleiri um að viðkomandi fagráðherrar séu hér viðstaddir, að það er nauðsynlegt að þeir sem vilja ræða þessa tillögu og eru staddir í salnum fái tækifæri til þess.

[11:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að honum hafa borist upplýsingar þess efnis að hæstv. utanrrh. sé erlendis, þannig að þá liggur það fyrir þó að viðveruskrá sýni annað.

[11:53]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það lá fyrir í gær þegar hér var rætt um viðveru ráðherranna í fyrirspurnatíma Alþingis, þegar þessir 12 manna ráðherrabekkir voru auðir að öðru leyti en því að iðn.- og viðskrh. var tilbúin að svara fyrir þrjár fyrirspurnir, að nokkuð margir ráðherranna væru erlendis og alveg ljóst að ríkisstjórninni gengur mjög illa að aðlaga sig að störfum þingsins. Ég vil taka undir það sem hér kemur fram, að þingið fer illa af stað. Við erum nýbyrjuð á þingönn. Það koma eiginlega engin stjórnarfrumvörp. Ráðherrarnir eru út og suður. Þegar ráðherrarnir geta ekki verið viðstaddir er það ekki óalgengt að formenn viðkomandi fagnefnda og meiri hluti viðkomandi fagnefnda reyni að vera hér og eiga viðræður um þingmál sem tekin eru fyrir. Því er heldur ekki að skipta á þessum morgni eins og komið hefur fram í máli þingmanns Samfylkingarinnar, Sighvats Björgvinssonar.

Það er því vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því hvað upphaf þessa þings boðar okkur. Það er alveg ljóst að ráðherrum finnst aukaatriði hvort þeir mæta hér að öðru leyti en því að greiða atkvæði og þá fyrst og fremst þegar málin þeirra eru komin fram og komin á dagskrá og koma þarf þeim til nefndar til að afgreiða þau hratt og vel í gegnum þingið í málasúpunni fyrir jól. Þannig mun það verða nú þar sem engin frumvörp frá þeim eru komin svo skömmu áður en kjördæmavikan verður. Það er full ástæða til, herra forseti, að þessi mál verði tekin til gagngerðrar umræðu á fundi þingflokksformanna og forseta. Það getur ekki gengið að þingmannamálin, mikilvæg og stór eins og mörg þeirra eru, séu rædd án þátttöku stjórnarliða, án þátttöku ráðherra og eigi að síður færð til nefndar og verði þar lögð í dvala. Við viljum hafa öðruvísi vinnulag á hv. Alþingi. Við viljum að hér fari fram frjó samfélags- og þjóðfélagsumræða, að hér tali stjórn og stjórnarandstaða saman um það sem máli skiptir. Þannig er það ekki í upphafi þings 2000.

[11:56]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. en vill árétta að við þessu verður lítið gert á yfirstandandi fundi. Þetta er því miður gömul saga og ný og vandamál í starfsháttum þingsins og verður vafalaust rætt eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi á fundum forseta fljótlega, eins og raunar oftsinnis hefur verið gert áður.

Forseti vill hins vegar geta þess að hann mun nú freista þess að halda áfram umræðu um þau dagskrármál sem umræða er hafin um og vill vekja á því athygli að frsm. hefur þegar lokið ræðu sinni. Fjórir hv. þm. eru á mælendaskrá og vilja nýta rétt sinn til að taka þátt í þeirri umræðu og forseti vill gefa þeim kost á þeim rétti sínum.

[11:57]

Guðjón Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er aðeins vegna ummæla hv. 2. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann var að telja hversu margir þingmenn væru í húsinu og hversu margir stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar. Við vitum öll og það er ekkert leyndarmál að það eru sjónvarpstæki á skrifstofum allra þingmanna og þessi útsending er send beint á skrifstofur okkar. Við vitum að mjög algengt er að menn sem ekki ætla að taka þátt í umræðum fylgist með þeim á skrifstofum sínum og séu að vinna þar í leiðinni. Mér finnst frekar ómakleg athugasemd að velta mönnum upp úr því að þeir sitji ekki undir umræðum. Ég veit t.d. að núna er mikill fjöldi þingmanna á skrifstofunum í húsunum í kring og eru væntanlega að fylgjast með þessum umræðum. Ég held að það sé okkur ekki til framdráttar að vera með slíkar aðdróttanir og ég reikna ekki með því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson óski sérstaklega eftir því að þess sé getið í ræðustól á Alþingi þegar hann er fjarverandi sem kemur stundum fyrir eins og með aðra þingmenn.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 2. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[11:58]

Sighvatur Björgvinsson:

Hæstv. forseti. Út af þessum orðum vil ég gjarnan geta þess að um það voru miklar deilur á sínum tíma hvort ætti að taka upp beinar útsendingar frá fundum Alþingis inn á skrifstofur þingmanna því að það mundi hvetja til mikillar fjarveru. Þá var það samkomulag gert, að vísu ekki undirskrifað og formlegt heldur gert á milli þingflokka, að þegar það yrði tekið upp yrði það almenn regla að forsvarsmenn þeirra nefnda sem fjölluðu um þau mál ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti verður því miður að vekja athygli á því að hv. þm. er að bera af sér sakir en ekki ræða störf þingsins. Forseti vill líka geta þess í tilefni þeirrar umræðu sem hér á sér stað að þingmenn haldi sig við það umræðuefni sem í gangi er. Það eru ákveðnar reglur hér, mætingarskylda o.fl., en forseti vill koma þeim skilaboðum áleiðis til ræðumanns að hann haldi sig við umræðuefnið.)

Ég held mig við umræðuefnið og segi þá einfaldlega að það hefur verið regla hjá mér, virðulegi forseti, að vera ávallt viðstaddur umræður um þau mál sem falla undir þær nefndir sem ég á sæti í og ég ætlast til þess að það sama gildi um aðra.

[12:00]

Guðjón Guðmundsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þetta kalla ég nú ekki að bera af sér sakir, enda bar ég engar sakir á hv. þm. Ég var aðeins að vekja athygli á því að mér finnst það ekki maklegt að vera að velta mönnum upp úr því að þeir séu ekki staddir hér í þingsalnum þegar þeir ætla sér ekki að taka þátt í umræðum og vitað er að menn eru í stórum stíl að fylgjast með umræðum á skrifstofum sínum.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. í því að forsvarsmenn nefnda ættu að vera hérna, en hv. þm. gerði sig sekan um það áðan að tala um hversu margir stjórnarsinnar og hversu margir stjórnarandstæðingar væru í húsinu, ekki bara úr viðkomandi nefndum. En ég er sammála hv. þm. að forsvarsmenn viðkomandi nefna ættu að vera viðstaddir umræður. Þar erum við sammála.

[12:01]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um hvalveiðar. Og af því að ég sé glaðlegt andlit formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þá held ég að málið í hnotskurn sé það sem var yfirskrift viðtals sem haft var við hann í dagblaði fyrir skömmu, þar sem hann sagði: Mig vantar skyttur í mitt lið.

Það er það sem vantar. Skyttur vantar á hvalbátana en við þurfum að finna leiðir til þess að koma þeim þangað og við þurfum að finna leiðir til að nytja hvalastofnana skynsamlega. Ef innganga og skoðun á inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið má verða til þess að við getum nýtt hvalastofnana skynsamlega og í friði þá fagna ég þeirri skoðun.

En hið alvarlega í þessu máli öllu saman er að þó svo að hvalveiðarnar skipti kannski ekki mjög miklu efnahagslegu máli fyrir okkur Íslendinga þá er hér um prinsippmál að ræða. Hér er um grundvallarmál að ræða sem getur verið fordæmi fyrir aðrar veiðar og þess vegna verðum við að draga víglínuna og draga hana þar sem okkur þykir hún vera hagstæðust.

Menn hafa rætt um fórnarkostnað þess að hefja hvalveiðar og hugsanleg áhrif á efnahagslífið. En ég spyr, hvað gerist ef víglínan verður dregin við nýtingu á uppsjávarfiski? Hvað gerist ef við verðum beitt sömu brögðum og við höfum verið beitt í hvalveiðimálinu við nýtingu á t.d. loðnu og síld?

Hér er á ferðinni í mínum huga prinsippmál og við eigum þess vegna að leita allra leiða til þess að geta hafið hvalveiðar á ný, hugsanlega til að byrja með vísindaveiðar, en við hljótum að stefna að því að hefja veiðar á hval í atvinnuskyni með vísindaleg rök í bakgrunninum þannig að okkur haldist það uppi. Ég tel þetta góða tillögu sem fram er komin, ég fagna ágætri ræðu flutningsmanns þar sem hún fór mjög vel og málefnalega yfir það hvernig staðan er og hvernig sagan í þessu máli hefur verið og ég vona að tillagan nái fram að ganga á hv. Alþingi.

[12:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu hefur komið fram í þinginu í tvígang áður án þess að verða útrædd, hvorki á 121. né 123. þingi. Ég tel því mikilvægt, herra forseti, að málið fáist útrætt að þessu sinni. En það voru þingmenn jafnaðarmanna sem fluttu málið í bæði skiptin og var það á síðasta kjörtímabili.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur komið með mjög gild rök fyrir því að farið verði í þá vinnu sem ályktunin fjallar um, þ.e. að gerðar verði ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu og að mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrði hluti af þeirri ráðstöfun. Ég held að í ljósi þess sem hefur gerst frá því að þetta þingmál kom fram síðast sé það óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið því eins og 1. flm. málsins benti réttilega á að hvort sem við erum innan ráðsins eða utan erum við bundin af þeirri pólitík sem ráðið rekur. Þess vegna tek ég undir þær gagnrýnisraddir sem komu fram í umræðunni að það er afleitt þegar þeir ráðherrar sem málið varðar, bæði utanrrh. og sjútvrh., geta ekki verið viðstaddir þessa umræðu. En ég efast ekki um að þeir munu koma að umræðunni síðar því að ég geri ráð fyrir að menn geti verið sammála um þetta mál, sem a.m.k. miðað við þær raddir sem heyrst hafa í umfjöllun um það, því menn eru yfirleitt á þeirri skoðun að óhjákvæmilegt sé að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið. Og einnig ef maður lítur til þess að Alþingi hefur samþykkt ályktun um að hefja hvalveiðar að nýju. Í ljósi þess þyrftum við auðvitað að skoða afstöðu okkar til Alþjóðahvalveiðiráðsins því að ef við ákveðum að fara að veiða hval er alveg ljóst að við mundum ekki geta losnað við afurðirnar á meðan við erum utan Alþjóðahvalveiðiráðsins, auk þess sem við eigum auðvitað að taka þátt í alþjóðasamstarfi, við eigum að taka þátt í alþjóðasamstarfi sem varðar þau málefni sem eru stór hluti af atvinnuvegum okkar og hafa þar einhver áhrif því að þegar við stöndum fyrir utan nær ekki rödd okkar að heyrast og við náum ekki að hafa áhrif á það hvaða pólitík er rekin.

Ég vil einnig benda á það sem kom reyndar fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að það er líka annar þáttur sem við þurfum að skoða verulega í þessu samhengi og það er hvalaskoðunin sem er orðinn stór atvinnuvegur hér á landi og stækkar óðum. Við þurfum að skoða það hvort og þá hvernig hvalveiði og hvalaskoðun fari saman og við getum horft til reynslu Norðmanna og eigum að gera það. Það er því alveg ljóst að Alþingi þarf að taka afstöðu til þessara mála og það fyrr en síðar. Ég legg því til, herra forseti, að þessi tillaga fái skjótari og betri meðhöndlun í þinginu en hún hefur gert í fyrri skiptin sem hún hefur komið hér og málið verði afgreitt að þessari umræðu lokinni og umfjöllun nefndar.

[12:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli sem nauðsynlegt er að ræða. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. flm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir góða innleiðingu á þessu máli og skipulega yfirferð á því hvernig málin liggja og hafa legið á undanförnum árum.

Þegar við fórum úr Alþjóðahvalveiðiráðinu fórum við inn í samtök sem heita NAMMCO, þ.e. Norður-Atlants-

hafssjávarspendýraráðið og erum þar ásamt Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum. Ég held að við flestöll sem tókum afstöðu til þess að eðlilegt væri að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á þeim tímapunkti sem það var gert höfum talið að með því að stofna til samstarfsvettvangs með þessum nágrannaþjóðum okkar um hvalveiðar og hvalarannsóknir í Norður-Atlantshafi mundum við hefja hvalveiðar a.m.k. á þeim stofnum sjávarspendýra sem taldir væru þola veiðar samkvæmt vísindalegri ráðgjöf.

Hins vegar hefur reyndin verið sú að við einir Íslendingar höfum ekki veitt nein sjávarspendýr eftir að við fórum úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, þó að við séum með þeim þjóðum sem áður eru nefndar í NAMMCO, sem allar eru að veiða hval. Norðmenn stunda hrefnuveiðar og hafa gert í nokkur ár, Grænlendingar veiða hval, ýmar tegundir, og Færeyingar stunda sínar hefðbundnu veiðar í fjörðum og víkum við Færeyjar, grindhvalaveiðarnar. Það eru sem sagt allar þjóðir í NAMMCO að stunda hvalveiðar með einhverjum hætti nema Íslendingar. Við höfum ekki tekið það upp að hefja veiðar á nýjan leik.

Mér finnst að mikið skorti á vilja íslenskra stjórnvalda og í raun og veru sé algjört aðgerðaleysi íslenskra stjórnvalda um að ræða í þessu máli. En stóra spurningin varðandi þetta mál er nýting lífríkisins. Ég get ekki annað en lýst skoðun minni og hún er sú að að mínu viti eigum við engan annan kost en að hefja veiðar á sjávarspendýrum, hvölum. Þetta er spurningin um rétta nýtingu á hafsvæðinu umhverfis Ísland, rétta nýtingu á lífríkinu og íslenska hafsvæðinu. Og þetta er spurningin um hvort við teljum að við eigum rétt á að nýta það, reyna að halda því í einhverju jafnvægi eftir því sem við höfum best vit á eða hvort við ætlum að leyfa hvalastofnunum að stækka. Þeir eru í miklum og örum vexti. Meira að segja hvalastofnar sem hafa verið alfriðaðir eins og hnúfubakurinn er nú talinn mjög stór við Ísland. Sérstaklega hefur borið á því t.d. við loðnuveiðar að loðnusjómenn hafa orðið fyrir búsifjum af hnúfubak fyrir utan það að hinn mikli fjöldi hnúfubaks lifir auðvitað á loðnustofninum að stórum hluta.

Mér finnst þetta vera spurningin um það hvort við ætlum okkar að nýta þetta lífríki, alla þætti þess sem við teljum eðlilegt að nýta eða hvort við ætlum smátt og smátt að leggja af veiðar t.d. á uppsjávarfiskum til að geta þá alið önnur dýr á íslensku hafsvæði.

Það er mjög margt sem við þurfum að hugleiða á næstunni og ég ætla aðeins að víkja að því í sambandi við þetta mál. Það gæti komið til þess að sjávarspendýr og helstu botnfiskstofna okkar eins og þorskinn skorti fæði á næstu árum. Menn halda kannski að ég sé að fara með eitthvert fleipur. Það getur vel verið að menn líti svo á en ég lít ekki svo á.

Samkvæmt því sem fiskifræðingar hafa sagt okkur eru að þeirra áliti núna uppvaxandi fjórir stórir árgangar af þorski, hlið við hlið, eins, tveggja, þriggja og fjögurra ára þorskur, yfir 800 milljónir, sennilega nær 900 milljónir fiska. Þessi fjöldi mun auðvitað allur þurfa að taka til sín fæðu á komandi árum ef hann á yfirleitt að koma inn í veiðina sem stækkandi þorskstofn, ef hann á ekki að leggjast í það að éta sjálfan sig. Á sama tíma aðhöfumst við ekkert í hvalveiðunum og hvölunum fjölgar og mikilvægasta fæðan fyrir þorskstofninn er jú loðnan.

Það er alveg vitað að hvalastofnar eins og hnúfubakur og t.d. hrefna éta bæði loðnu, ljósátu og annan smærri fisk. Sýndi það sig best á árinu 1983 þegar kólnaði skart hér við land og fæðuframboð af æti minnkaði. Þá reyndist magainnihald hrefnunnar ekki lengur vera ljósáta eða loðna heldur tók bara smáfiskurinn við. Hún fór í næsta stig fyrir ofan. Þegar undirstöðufæðan var ekki til lagðist hún í smáþorskinn og smáufsann. Það er nákvæmlega það sem dýrastofnar gera þegar fæðu þrýtur sem þeir eru vanir að nýta, þá taka þeir til við það næsta. Það er þannig. Mér finnst það ekki vera nokkur spurning að við getum ekki haft þetta ástand eins og það er að stunda ekki hvalveiðar. Þess vegna segi ég ef talið er ráðlegt að við förum inn í hvalveiðiráðið til þess að við getum aftur tekið upp veiðar, held ég að tilgangurinn helgi meðalið.

[12:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur staðið mikil umræða um það í þinginu hvort Íslendingar eigi að hefja hvalveiðar eða ekki. Því verð ég að segja að ég sakna þess þegar ég horfi yfir salinn að hér sé enginn stjórnarliði fyrir utan einn þingmann Sjálfstfl. Þeim fjölgar að vísu núna og það er gott. En mér finnst viðurhlutamikið að menn sem hafa árum saman barist fyrir því að hvalveiðar verði teknar upp hér við land, flutt um það innblásnar ræður og mörg þingmál, skuli ekki vera í salnum til að ræða um þetta mál.

Ég tek auðvitað gilt, herra forseti, að afsakanir skuli vera fyrir því að hæstv. utanrrh. sé ekki viðstaddur en mér hefði þótt miklu betra þegar við ræðum þetta mál, sem hann hefur komið að innan ráðuneytis síns og flokkur hans átt mikla aðild að í umræðum um þetta mál, að formaður Framsfl. og utanrrh. væri viðstaddur umræðuna.

Herra forseti. Hvert er grundvallaratriðið sem menn hljóta að leggja til viðmiðunar þegar þeir velta fyrir sér hvort eigi að veiða hval? Það eru þau atriði sem liggja til grundvallar sjálfbærri þróun. Stofna, og það gildir um hvalastofna og aðra stofna sem eru sjálfbærir, sem standa undir sjálfum sér, á að sjálfsögðu að nýta. Þá stofna sem eru ekki í útrýmingarhættu á að nýta og það er sú afstaða sem við höfum fylgt í Samfylkingunni og það er sú afstaða sem ég fylgdi á sínum tíma sem umhvrh. og barðist fyrir því á ýmsum leikvöngum þar sem þetta mál kom til umræðu að yrði grundvöllur t.d. þeirrar afstöðu sem Bandaríkjamenn höfðu í því máli. Eins og menn muna eftir var afstaða Bandaríkjamanna ákaflega misvísandi.

Í fyrsta lagi sögðu Bandaríkjamenn að þeir væru á móti hvalveiðum en hins vegar sögðu þeir líka að þeir væru fylgjandi sjálfbærri þróun. Ég held, herra forseti, að það hafi verið ákaflega mikil mistök þegar Íslendingar gengu á sínum tíma úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og höfðu frumkvæði að því með öðrum þjóðum að stofna NAMMCO. Auðvitað átti að stofna NAMMCO fyrst og fremst til höfuðs Alþjóðahvalveiðiráðinu og menn gerðu sér ákveðnar vonir um að hægt væri að beita þeim samtökum til að ryðja brautina fyrir þeirri afstöðu sem Ísland fylgdi varðandi þetta mál. Það leit út um tíma sem þarna mundu koma fleiri þjóðir. Það leit út sem til að mynda Norðmenn, sem hafa verið atkvæðamiklir á sviði hvalveiða, mundu fylgja okkur inn í NAMMCO. Raunar var það svo eins og ég skildi það mál, og stóð nú í návígi við þá sem tóku þessar ákvarðanir á sínum tíma, að þá fylgdu ákaflega stífar hvatningar frá Norðmönnum við stofnun þessara samtaka en það lét hins vegar á sér standa að þeir sinntu málinu og sýndu í verki hvaða stuðning þeir vildu veita þessum nýju samtökum.

Nú er það svo að Alþjóðahvalveiðiráðið er í dag helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar. Baráttan fyrir því að taka upp hvalveiðar á vísindalegum grunni fer fyrst og fremst fram innan hvalveiðiráðsins. Hvar ætlar þá þjóð að láta rödd sína heyrast sem vill taka upp hvalveiðar? Hún hlýtur að hasla sér völl á þessum vettvangi. Hún hlýtur að gerast aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem talaði áðan, lýsti í reynd stuðningi við tillöguna. Efnislega var niðurstaða hans þessi: Ég vil að hvalveiðar verði teknar upp. Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins taka menn ákvarðanir um það. Ef við þurfum að ganga í ráðið til að taka upp veiðarnar er ég fylgjandi því. Herra forseti. Þetta hlýtur að vera afstaða flestra þeirra þingmanna sem hafa rætt um þessi mál á undanförnum árum.

Fjölmargir þingmenn sem eru í stjórnarliðinu hafa á síðustu árum mælst til þess að stjórnvöld taki upp hvalveiðar. Hér hafa menn flutt tillögur og hér hafa verið samþykktar tillögur. Hins vegar blasir við eins og málin hafa þróast að það verður ákaflega umhendis fyrir okkur að hefja slíkar veiðar og selja afurðirnar nema við séum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Því er niðurstaða mín, herra forseti, að í þessum sal hlýtur að liggja víðtækur stuðningur við þá tillögu sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fer fyrir ásamt ýmsum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru ákaflega veik. Allar ákvarðanir sem eru teknar hljóta að byggja eins og málum er háttað að verulegu leyti á þeim ákvörðunum og þeirri umræðu sem fer fram innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum verður það helsti vettvangurinn fyrir umræðu um hvalveiðar og þar liggur baráttan, herra forseti.

Nú er það svo að á fyrri árum þegar menn voru að ræða með eða móti hvalveiðum var ekki alveg ljóst hvort hvalastofnar hér við land væru í útrýmingarhættu eða ekki. Skortur á upplýsingum leiddi til þess að sú skoðun varð útbreidd að hvalastofnarnir væru í vissri hættu og hægt var að færa rök að því að tilteknir hvalastofnar kynnu e.t.v. að standa nærri útrýmingarhættu. Nú er alveg ljóst eftir miklar rannsóknir sem hafa farið fram við Ísland og á úthafinu að líklega er enginn af þeim hvalastofnum sem voru áður taldir eiga á hættu að hrapa fyrir ætternisstapa í einhvers konar hættu. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi t.d. hnúfubakinn. Ég gæti nefnt steypireyðina. Ég er alls ekki að mælast til þess að teknar verði upp veiðar á þessum tveimur tegundum en ég held að þau gögn sem liggja fyrir í dag sýni fram á að þessar merkilegu tegundir úr hópi hvalanna séu ekki í útrýmingarhættu. Ég held að það liggi líka fyrir að tegundir á borð við hrefnu séu ákaflega vel staddar.

Það hefur komið fram hjá íslenskum vísindamönnum og starfsbræðrum þeirra í Noregi að stofninn sem er í Norður-Atlantshafinu telji líklega yfir 30 þúsund dýr. Menn telja líklegt að veiða megi 200–300 dýr án þess að stofninn verði í hættu en auðvitað sér hver maður að 30 þúsund dýra stofn bíður ekki mikinn skaða af því þó veidd séu 200 dýr á hverju ári.

Það er líka annað sem hefur gerst í úthafinu, herra forseti. Þegar ekki er lagst harkalega á stofnana með veiðum og þegar aðstæður eru góðar, sjórinn hlýr og mikil áta eins og hefur verið í hafinu á síðustu áratugum, þá lækkar kynþroskaaldur dýranna og viðkoman verður meiri. Þetta er parturinn af þessari miklu fjölgun þeirra í hafinu.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka að stefna Samfylkingarinnar gagnvart hvalveiðum byggist á grundvallaratriðum sjálfbærrar þróunar. Það á að nýta stofna sem standa undir sjálfum sér, það á að taka rentu auðlindarinnar án þess að ganga á höfuðstólinn. Þess vegna gildir það sama um hvalategundir og aðrar tegundir. Það á að veiða þær tegundir sem hægt er að ganga á án þess að setja viðkomandi tegund í hættu. Þetta er grundvallarafstaða okkar. Hins vegar er alveg ljóst að eins og mál hafa þróast er ákaflega erfitt að taka upp veiðar, hvað þá að selja afurðir nema við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið þar sem um þessi mál er vélað. Þess vegna er einboðið að þeir þingmenn, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu, sem vilja að hvalveiðar verði teknar upp aftur, þeir hljóta að styðja tillögu Samfylkingarinnar.

[12:24]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða um þá tillögu sem liggur fyrir um inngöngu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ef taka má mið af röddum þeirra sem hér hafa talað virðast menn vera nokkuð sammála um að úrsögn okkar á sínum tíma hafi ekki uppfyllt þær væntingar sem menn bundu við hana, þ.e. hún hefur ekki leitt til þess að Íslendingar færu þá að veiða hval, heldur þvert á móti er það þannig að utan ráðsins virðumst við jafnbundin, ef ekki bundnari, ákvörðun þess en á meðan við vorum þar innan dyra.

Jafnframt hefur komið fram og verið ítrekað af hv. ræðumönnum að það er innan Alþjóðahvalveiðiráðsins sem menn bæði sækja og verjast í þessum efnum. Þar fer umræðan um hvalveiðar fyrst og fremst fram og ljóst er að af alþjóðasamfélaginu er litið svo á að Alþjóðahvalveiðiráðið sé sá vettvangur þar sem þessi mál ráðast. Svona er þetta, herra forseti, hvað svo sem okkur kann að finnast um ákvarðanir Alþjóðahvalveiðiráðsins að öðru leyti.

Einnig hefur komið fram í máli manna hver ætti að vera grundvöllur þess að við ákveðum að hefja hvalveiðar að nýju. Menn hafa talað um fæðunám hvala, það sem stundum er kallað afrán, þ.e. hvernig hvalir keppa við veiðimenn í náttúrunni. Herra forseti. Ég geri ekki mikið með þau rök einfaldlega vegna þess að upplýsingar mínar segja að ef við ætlum að fara í slíkt kapphlaup þurfum við að hefja svo gegndarlausar veiðar að ég er hrædd um að aðrir hagsmunir þyrftu að líða fyrir það. Hins vegar finnst mér og ég veit að margir eru mér sammála og líklega flestir að það sé sá fjölbreytileiki menningar sem við viljum viðhalda sem skiptir mestu. Við eigum að halda því fram að þjóðir, ekki síst þjóðir á norðurslóðum, hafi til þess rétt og það sé í rauninni skylda þeirra að viðhalda þeim fjölbreytileika menningarinnar sem felst í því að þær hafa að mörgu leyti aðra lifnaðarhætti, búa við aðrar aðstæður og hafa lært að bregðast við því í gegnum tíðina. Hér erum við að tala um þau samfélög veiðimanna sem eru til á norðurslóðum, samfélög þar sem ákveðnar hefðir og ákveðin þekking hefur safnast upp og væri mikill skaði af ef týndust eða glutruðust niður. Þetta finnst mér, herra forseti, vera meginatriði málsins. Við viljum varðveita fjölbreytileika menningarinnar. Það er skaði ef þjóðir heims verða allar líkari og við töpum niður þessum fjölbreytileika. Þetta ásamt og með því að við viljum nýta þá dýrastofna, hvort sem það eru fiskar eða önnur dýr sem eru sjálfbærir, eru þau rök sem mér finnst að við getum stolt borið fyrir samfélag þjóðanna og getum barist fyrir.

Herra forseti. Til að það gerist, til að við eigum þess kost að bera þessi mikilvægu rök okkar fyrir samfélag þjóðanna verðum við að vera í því samfélagi þar sem umræðan fer fram. Hún fer fram innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þess vegna er viturleg ákvörðun ef við ákveðum að ganga þangað inn aftur og sækja og verjast. Ég vænti þess að sú tillaga sem hefur verið rædd í dag fái góðan framgang í þeim nefndum sem fjalla um hana og síðan áfram inni í þingsalnum þegar þar að kemur.

[12:28]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég er einn af þeim mönnum sem formaður Samfylkingarinnar sagði svo fallega áðan að hefði haldið innblásnar ræður um þetta mál á undanförnum árum. Ég tek það fram að ég var viðstaddur þá umræðu þó að hv. formaður Samfylkingarinnar segði að við værum allir fjarstaddir. Ég er í grundvallaratriðum sammála þessari tillögu. Ég held að þegar við hefjum hvalveiðar á ný, ég segi þegar vegna þess að þegar Alþingi samþykkti mjög afgerandi vorið 1999 að við skyldum hefja hvalveiðar, með 37 atkvæðum gegn 8, ef ég man rétt, var aflétt hvalveiðibanninu sem hafði staðið í 16 ár. Nú er það stjórnvalda að ljúka málinu og fylgja eftir þessari samþykkt Alþingis.

Hjá Japönum hefur komið fram að þeir væru tilbúnir að kaupa af okkur hvalaafurðirnar að því tilskildu að við værum í Alþjóðahvalveiðiráðinu og lítið gagn er í hvalveiðum ef ekki er hægt að selja afurðirnar. Ég býst því við að það sé forsenda fyrir því að taka upp veiðarnar á ný, sem verður vonandi sem allra fyrst, að við séum þarna innan ráðsins. Ég er hins vegar sammála því sem stendur í greinargerð með tillögunni að sem lið í þeirri ákvörðun að ganga aftur í ráðið yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, þ.e. að mótmæla banni við hvalveiðum og yrði það liður í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér. Ég er sem sagt sammála því að við sækjum um aðild að hvalveiðiráðinu á ný með þeim fyrirvara og því skilyrði að við ætlum að hefja hvalveiðar að nýju.

Fyrr í umræðunni kom fram, hjá flm. tillögunnar að ég held, að hvalaskoðun væri mjög vaxandi atvinnugrein. Það er rétt og það er gleðilegt. Þetta skiptir orðið miklu máli í ferðaþjónustunni víða um land, bæði fyrir norðan og vestan og hérna á Faxaflóasvæðinu. Einnig kom fram í þeirri ræðu að yfir 40 þúsund manns hefðu sótt þessar ferðir í sumar. Ég er hins vegar ekki sammála því sem kom fram í þeirri ræðu, að Norðmenn stunduðu ekki hvalaskoðun á sömu tegundum og þeir stunda hvalveiðar. Það hefur komið mjög skýrt fram einmitt í gögnum frá Norðmönnum að þeir stunda hvalaskoðunina á sömu slóðum og hvalveiðarnar. Það hefur verið mikil aukning á undanförnum árum í hvoru tveggja. Þeir hafa aukið hrefnuveiðarnar ár frá ári og á sama tíma hefur hvalaskoðunin aukist mjög verulega, hún hefur margfaldast hjá þeim á fjórum, fimm árum. Þetta fer þannig ágætlega saman. Eins og ég hef bent á áður þá eigum við auðvitað að nýta hvalina á þrennan hátt. Í fyrsta lagi með hvalveiðum, í öðru lagi með hvalaskoðun og í þriðja lagi með því að sýna hvalvinnsluna. Það hefur komið fram hjá þeim sem störfuðu í Hvalstöðinni í Hvalfirði á sínum tíma að þegar vinnslan var þar í fullum gangi þá hafi komið um 20 þús. manns á ári að skoða hvalvinnsluna, skoða þessar risaskepnur dregnar á land og hvalskurðinn. Á þeim árum voru þetta einhverjar allra vinsælustu ferðir sem hótel og ferðaskrifstofur í Reykjavík buðu upp á, dagsferðir frá Reykjavík. Þá var farið upp í Hvalstöð, menn sáu þessar skepnur fyrst við bryggjuna, síðan dregnar á land, sáu hvalskurðinn og fóru síðan um héraðið. Það var t.d. farið upp í Reykholt og Borgarnes og víðar. Þetta voru afskaplega vinsælar ferðir þannig að það er líka möguleiki á þessu sviði. Ég tel að við eigum að nýta hvalinn á þrjá vegu, fyrst og fremst auðvitað með veiðum og síðan með ferðaþjónustu, þ.e. hvalaskoðun og því að sýna hvalvinnsluna.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég er í grundvallaratriðum sammála þessari tillögu en þó með þeim fyrirvara að við göngum í ráðið með þeim skilyrðum að við ætlum að hefja hvalveiðar að nýju.

[12:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kem hérna í ræðustól eru þau orð hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að hvalaskoðunin og hvalveiðarnar geti farið vel saman og fari vel saman í Noregi. Menn hafa nú ansi oft sagt hér í ræðum: ég held og tel afar líklegt.

Ég tek það fram að ég hef engin vísindaleg rök máli mínu til stuðnings. Hins vegar heyri ég hvalaskoðunarmenn á Norðurlandi segja þær sögur að sé hrefna drepin í Eyjafirði, sem gerist, þá hafi það áhrif á hvalaskoðunina næstu daga á eftir. Það lýsir sér í því að hrefnur láta ekki sjá sig í nálægum fjörðum, Eyjafirði eða Skjálfanda. Ég hef heyrt sömu sögur frá Noregi og heyrt ferðaþjónustumenn þar vara við hvalveiðunum á þeim slóðum sem hvalaskoðun fer fram.

Ég fullyrði, herra forseti, að af þeim 44 þús. sem hafa farið í hvalaskoðun á landinu það sem af er þessu ári þá hafa eflaust allir notið þess að sjá hval. Það er með ólíkindum hversu oft og víða sést til hvala í þessum ferðum. Það er mjög mögnuð stund að vera í fullum bát af fólki sem aldrei hefur séð hval í þessari villtu náttúru. Fögnuðurinn og tilfinningin er slík að það er gjörsamlega með ólíkindum. Ég vil benda á að hvalaskoðunin er orðin okkur svo dýrmæt tekjulind að þegar allt er talið má ætla að hún skili þjóðarbúinu á þessu ári yfir 600 milljónum í beinar tekjur. Ef afleiddar tekjur er teknar þar inn þá er það um einn milljarður. Herra forseti. Mér er til efs að hvalveiðar á þessum tímum í gildandi hvalveiðibanni gætu skilað okkur öðru eins.

[12:35]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram hjá Norðmönnum, bæði í ýmsum úttektum og greinargerðum frá þeim og eins í blaðaviðtölum og víðar að þeir stunda hvalveiðar og hvalaskoðun á sömu slóðum, og þetta fer ágætlega saman.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að hvalaskoðunarmenn á Norðurlandi hafa, alla vega sumir forsvarsmenn þeirra, barist mjög gegn hvalveiðum, ómaklega að mér finnst. Ég hef reyndar aldrei skilið þá baráttu því að auðvitað eigum við, eins og ég sagði áðan, að reyna að nýta hvalastofna okkar á sem flestan hátt og bestan.

Ég heyrði viðtal í útvarpinu í sumar, við hvalaskoðunarskipstjóra á Breiðafirði sem var að sigla með fullan bát af erlendum túristum. Hann lýsti því einmitt hvað menn væru ánægðir og hefðu gaman af þessu, stórar skepnur og mikið að sjá, en hann tók einmitt skýrt fram, þessi ágæti skipstjóri, að við þyrftum auðvitað að veiða þessar skepnur líka.

Það hefur náttúrlega komið mjög skýrt fram að undanförnu í fjölmiðlum að togaraskipstjórar og fleiri segja

að aldrei hafi verið önnur eins gríðarleg mergð á togaraslóð af stórhveli eins og núna. Lýsingarnar í nýlegu viðtali við skipstjórann á Hring frá Grundarfirði, sem staddur var á Halamiðum, voru náttúrlega ógnvekjandi. Hann sagði að það væri nánast hægt að labba á bökunum á þessum skepnum í sjónum.

Af því að hv. þm. nefndi hér tekjur af hvalaskoðun þá held ég að þær séu afskaplega mikiðýktar, því miður. Ég vildi að satt væri að þetta gæfi okkur milljarð. Fyrir tveimur, þremur árum þá gáfu þessir ágætu forsvarsmenn hvalaskoðunarinnar fyrir norðan upp að 20 þús. manns hefðu skoðað hvali og það hefði gefið okkur 800 millj., það voru 40 þús. kr. á haus. Núna segja þeir 40 og eitthvað þúsund og að tekjurnar séu milljarður, þetta er komið niður í 20 þús. á haus og ég held að hvor tveggja talan sé röng. Það kostar kannski þrjú þús. kr. í þessa túra og það þarf auðvitað enginn að segja okkur að það megi sjöfalda þá tölu eða tífalda til þess að finna heildartekjurnar af þessu. Það er einfaldlega rangt.

[12:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki tilefni hér til að stæla við hv. þm. Guðjón Guðmundsson um tekjur af hvalaskoðun. Hitt er þó alveg ljóst að umræða af þessu tagi verður að fara fram í þeim nefndum sem koma til með að fjalla um málið. Það verður að skoða gaumgæfilega þá reynslu sem er komin af þessu hér við land. Það verður að skoða þá reynslu sem er af því hvernig hvalaskoðun og veiðar fara saman í Noregi. Ég hvet bara til þess, herra forseti, að slíkt verði gert afar vandlega í þeim nefndum sem koma til með að fjalla um málið.

[12:38]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að ferðamönnum sem fara í hvalaskoðun í Noregi fjölgar rétt eins og á Íslandi. Þetta er einfaldlega afskaplega vinsælt hjá ferðamönnum, að fara í hvalaskoðun. Í Noregi fer þetta saman að því leyti að hvalir eru bæði sýndir og veiddir á sama svæði en menn eru ekki að veiða og sýna sömu tegundir. Menn veiða hrefnu en sýna búrhval sem heldur sig úti í landgrunnskantinum. Menn sýna ekki hrefnuna einfaldlega vegna þess að hún sýnir sig ekki. Það er rétt sem hér kom fram áðan að það virðist svo að sé hrefna veidd þá hvekkist aðrar sem í grenndinni eru þannig að erfitt reynist að sýna þær. Þess vegna gat ég þessa hér í framsögu minni að þetta er auðvitað eitt af því sem við þyrftum að skoða í tengslum við að taka aftur upp hvalveiðar við Ísland. Hvernig ætlum við að láta þetta fara saman? Vissulega viljum við fá þær tekjur áfram og halda áfram opnum þeim möguleikum sem gefist hafa í ferðaþjónustu með sýningu á hvölum.

Ég veit svo sem að það þýðir lítt að ræða þetta hér í andsvörum og við erum kannski komin aðeins út fyrir þá umræðu sem hér stóð um aðild okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. En það er ástæða til þess, eins og hér hefur komið fram og ég hef ítrekað, að betur verði kannað hvernig við ætlum að láta þessa hluti fara saman. Hvort tveggja er okkur mikilvægt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:40]

Útbýting þingskjala:

Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, 103. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 103.

Samfélagsþjónusta í tengslum við dóma og refsingar, 98. mál, fsp. GÖ, þskj. 98.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[12:40]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Frv. er afskaplega stutt, 1. gr. þess er svohljóðandi:

„Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. 1. tölul. fellur brott.“

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að gera grein fyrir þeim töluliðum sem niður eiga að falla áður en lengra er haldið. 4. gr. laganna fjallar um þær takmarkanir sem fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eru settar. Þeir einir mega stunda hér fiskveiðar eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða sem eru íslenskir ríkisborgarar eða íslenskir lögaðilar. Síðan er farið út í það hvernig óbein eignaraðild megi vera ef um hana er að ræða.

Fyrir flutningsmönnum vakir það að í 1. tölul. sé eingöngu tekið til þeirra sem stunda fiskveiðar en það sem lýtur að fyrirtækjum við vinnslu sjávarafurða falli út. Síðan er gert ráð fyrir að 2. tölul., þar sem fjallað er sérstaklega um vinnslu sjávarafurða og skilgreint hverjar séu þess eðlis að menn megi hafa þar beina eignaraðild og hverjar ekki, falli allur út.

Þetta er gert, herra forseti, vegna þess að það er vilji flutningsmanna og kjarni þessa máls að þegar kemur að fjárfestingum í sjávarútvegi þá sé rétt að við opnum algjörlega án fyrirvara fyrir fjárfestingu erlendra aðila í fiskvinnslu. Frv. sem hér liggur fyrir gerir ekki ráð fyrir breytingum varðandi útgerðina en í greinargerð frv. er fjallað um að þegar sumar greinar vinnslu eru undanþegnar en aðrar ekki skapist óeðlilegt ástand, herra forseti. Því er ærin ástæða til að breyta lögunum í þá veru að allar greinar fiskvinnslu séu jafnsettar.

Fyrir nokkrum árum var heimild til óbeinnar eignaraðildar lögfest. Áður var fortakslaust bann eins og menn þekkja og mikil áhersla var lögð á þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður. En fyrir nokkrum árum var lögunum breytt eins og ég sagði og heimild til óbeinnar eignaraðildar lögfest. Það var gert til þess að laga lögin að veruleikanum vegna þess, herra forseti, að ef menn vilja eiga viðskipti þá eiga þau sér stað og þá fram hjá gildandi lögum ef ekki er annar farvegur fyrir hendi.

Það var sem sé tekin ákvörðun um það að laga lögin að veruleikanum þar sem vitað var um óbeina eignaraðild erlendra fyrirtækja í sjávarútvegsfyrirtækjum. Það var ekki talið ráðlegt á þeim tíma að fylgja hinu fortakslausa banni eftir eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. En af því að

breytingin miðaðist eingöngu við að laga lögin að veruleikanum þá opnaði hún ekki á neina nýja möguleika eða ný sóknarfæri.

Það er hins vegar mat flutningsmanna að með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði eins og í öðrum matvælaiðnaði gætu skapast nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir annan matvælaiðnað. Við þekkjum það að mjög er sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki og því æskilegt að um slíkt samstarf geti verið að ræða og að löggjöfin sé ekki flókin og erfið viðureignar og hamlandi fyrir slíkt.

Það er ljóst að þekking erlendra aðila á Íslandi er ekki mikil og við þykjumst vita að mestar líkur séu á því að þegar Björk sleppir þá viti útlendingar hugsanlega eitthvað um sjávarútveg eða a.m.k. þeir sem eru á viðskiptamörkuðum. Því má ætla að heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti laðað að aðila sem síðar eða jafnframt vildu gerast þátttakendur í öðrum matvælaiðnaði.

Herra forseti. Erlendir aðilar geta keypt fisk á íslenskum fiskmörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti og ekki í rauninni þeirri vinnslu sem leiðir beint af kaupunum. Breyting í þá veru sem hér er lögð til mundi væntanlega geta haft það í för með sér að erlendir aðilar kæmu þannig að þessu að þeir gerðust þátttakendur, kaupendur og þátttakendur í vinnslunni þá þegar.

Herra forseti. Ég ætla að fara aðeins yfir þau fjölmörgu rök sem hníga að því að breyting verði gerð eins og sú sem hér er lögð til.

Í fyrsta er lagi óeðlilegt að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru og ekki bara í matvælaiðnaði, herra forseti, heldur líka innan fiskiðnaðarins.

Í öðru lagi eru mörg dæmi um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og að slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.

En þó að dæmi séu um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri þá eru þau tiltölulega einhliða, þ.e. að langmestu leyti eru þau í stóriðju. Hins vegar nema fjárfestingar erlendra aðila í innlendum hlutafélögum eða í hlutabréfum ekki nema rétt á þriðja milljarð á meðan fjárfestingar íslenskra aðila í erlendum hlutabréfum eru um 160 milljarðar. Hér hallar því verulega á og menn tala um að þarna sé ákveðið gat sem verði með einhverjum hætti að horfa til vegna þess að vissulega er það hluti af viðskiptajöfnuði eða viðskiptahallanum sem mjög er nú ræddur hvernig þessi samskipti og fjárfestingar eiga sér stað, hvort við erum að fjárfesta erlendis eða opna á fjárfestingar innan lands og gera þær auðveldari. Að þessu ætla ég að víkja betur á eftir, herra forseti.

Í þriðja lagi hefur það lengi verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi og flutti ég ágætan rökstuðning fyrir því hér áðan.

Í fjórða lagi gætu eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.

Í fimmta lagi gæti fiskiðnaðurinn sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé. En eins og það var svo ágætlega orðað í mín eyru fyrir nokkrum dögum þá sér erlends fjármagns fyrst og fremst stað í skuldabókum íslenskra fyrirtækja og spurningin er hvort okkur finnst það eitt vera ásættanlegt þegar fiskvinnslan eða þessar greinar eru annars vegar.

Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum. Vitað er að þátttaka erlendra aðila í fiskiðnaði hefur farið þannig fram að þeir hafa lagt til fé. Þeir hafa verið eigendur húseigna, jafnvel véla og tækja en Íslendingar hafa verið skrifaðir fyrir rekstrinum. Þetta er allt fullkomlega löglegt en það er spurning hvort við vildum ekki hafa annan hátt á og að samstarfið færi þá fram með beinni þátttöku þessara aðila í rekstri fyrirtækjanna.

Enn ein rökin telja sumir vera þau að Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis og að þróunin sé sú að fyrirtæki verða til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélagið hafa hag af. Við sjáum það hjá okkur sem erum með lítinn markað að þau fyrirtæki sem hafa vaxtarmöguleika verða mjög fljótlega að leita til annarra landa til þess að geta haldið áfram að vaxa og til þess að geta þróað sína starfsemi eðlilega. Á þessu þurfum við og okkar fyrirtæki að halda og það er spurning hvort við gætum ekki haft hag af því ef einhverjir aðrir litu svo á gagnvart sínum atvinnurekstri.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, þá eru líka ein rökin þau að heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði gæti verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Það gætu orðið til hliðarfyrirtæki með nýjum umsvifum. Að lokum er það álit flutningsmanna að lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands.

Herra forseti. Ég vil aðeins í því sambandi nefna að það er ekki vænlegt fyrir okkur að vera með lögin óskýr, vera með þau flókin, ef við ætlum að laða að erlenda fjárfesta og nokkuð ljóst að þegar menn skynja að vandkvæði eru á og flóknar reglur þá hrökkva þeir frá.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Það er rétt að geta þessa vegna þess að einhverjir töldu þegar þetta frv. var hér fyrst flutt að eitthvað í þá veruna væri á ferðinni. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að boðið sé upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og geti gerst með beinum hætti. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá væntanlega stofna til sérstaks fyrirtækis um þann vinnsluþátt eða um þá vinnslu sem þau hygðust efna til samstarfs um.

Í greinargerð kemur fram, herra forseti, að í núgildandi lögum séu eftirtaldar vinnsluaðferðir undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Þessar vinnsluaðferðir eru undanþegnar sérstökum takmörkunum Ef frv. yrði að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir fjárfestar mættu fjárfesta í eða útlendingar taka þátt í vinnslu þar sem sú ágæta geymsluaðferð frysting eða söltun eða hersla ættu sér stað og jafnframt ef um væri að ræða bræðslu eða mjölvinnslu.

Við Íslendingar höfum á undanförnum árum afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta á flestum sviðum og segja má að afnám þessara sérstöku takmarkana í fiskvinnslu séu eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Ég hef farið yfir það, herra forseti, hvað það er nákvæmlega í lögunum sem ætlast er til að niður falli og væntanlega er frv. nægjanlega skýrt til þess að það komi vel fram. En það er alveg ljóst að við þurfum á hverjum tíma að velta því fyrir

okkur hvernig við helst styrkjum íslenskt atvinnulíf og það hefur verið býsna mikil umræða um það undanfarið hvort rétt væri að afnema þær hömlur sem eru á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi. Formaður Framsfl. hefur líklega gengið þar lengst án þess þó að skýra mál sitt mjög nákvæmlega, en hann hefur lýst því yfir að hann væri reiðubúinn til að endurskoða afstöðu sína í þeim efnum. Þess vegna, herra forseti, væri auðvitað æskilegt að þessari umræðu lyki ekki óðruvísi en svo að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefði hér tækifæri til þess að skýra nánar fyrir þingheimi hvað hann á við.

Hæstv. sjútvrh. hefur jafnframt gefið til kynna að hann hafi á þessu skilning. Mér sýnist hins vegar, herra forseti, að hann hafi dregið hratt og örugglega í land nú upp á síðkastið, e.t.v. vegna þess að hann hefur heyrt orð síns formanns sem er afskaplega varkár í þessu eins og öllu sem lýtur að samskiptum okkar við útlendinga. Hins vegar er ljóst að þær breytingar eru að verða á því umhverfi sem íslenskur hlutabréfamarkaður starfar í að við þurfum að skoða þetta mál og velta því fyrir okkur hvernig við viljum sjá hag íslensks sjávarútvegs fyrir komið. Það er að fara í gang samstarf sem kennt hefur verið við NOREX, samstarf kauphallanna á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkin hafa líka undirskrifað viljayfirlýsingu um að vera þátttakendur í því samstarfi. Og þegar þetta samstarf verður komið á þá liggur ljóst fyrir að aðgengi erlendra fjárfesta að íslenska markaðnum verður allt annað og einfaldara heldur en það er nú.

En þá mun líka koma í ljós, herra forseti, að rauðu ljósin munu blikka á býsna mörg íslensk fyrirtæki. Þau munu blikka á öll sjávarútvegsfyrirtækin og varnarskiltin koma upp: Hér má ekki koma nærri. En þau munu líka blikka á þau fyrirtæki sem eiga of stóran hlut í íslenskum fyrirtækjum til þess að það geti talist ráðleg eða lögleg fjárfesting fyrir erlenda aðila.

Menn geta svo sem sagt að þetta eigi ekki að hafa nokkur áhrif. Þetta breyti engu um þá afstöðu okkar að fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi eru hér óæskilegar af ýmsum ástæðum og þeir geta rakið þær ástæður. En menn verða þá líka að svara því hvernig þeir ætla íslenskum sjávarútvegi að standa sig þegar þar er komið sögu að fram hjá honum er gengið og verður að ganga þegar erlendir aðilar eru komnir svo nærri okkar markaði sem mun verða. Og ekki bara það heldur hvaða áhrif menn telji að það geti haft á íslenskan sjávarútveg ef þau fyrirtæki sem nú eiga of stóran hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum til að vera gjaldgeng á erlendum markaði með sín hlutabréf grípa til þess ráðs að selja hlutafé sitt þannig að þeirra eignaraðild verði ekki meiri en svo að hún uppfylli þau skilyrði sem lögin setja fyrir óbeinni eignaraðild.

Þetta eru auðvitað hlutir sem stjórnvöld verða að skoða og við verðum að skoða í því samhengi að við ætlum jú íslenskum sjávarútvegi að vera burðug atvinnugrein. Við ætlum íslenskum sjávarútvegi ekki það að vera grein sem ekki getur keppt fullkomlega við aðrar greinar á innanlandsmarkaði um hlutafé og hljótum þess vegna að velta fyrir okkur hver staða þeirra verður þegar þarna verður komið sögu.

Herra forseti. Ég gat um það áðan að fjárfestingar Íslendinga, íslenskra einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, erlendis hafa verið mjög miklar. Af ýmsum ástæðum hafa þær örvast mjög á síðustu árum. En ljóst er að þær eru orðnar mjög miklar og eru auðvitað hluti af okkar viðskiptahalla þar sem ekki er um sambærilegar fjárfestingar útlendinga að ræða hér og raunar hvergi nálægt íslenskum fjárfestingum erlendis. Þetta er mál sem við hljótum að verða að huga að hverju sinni þegar við vinnum að breytingu á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi eða í íslensku atvinnulífi. Við verðum að hafa á því skoðun hvort þær eru æskilegar. Menn tala um þetta gat sem þarna sé vegna þess hve misvægið er mikið. Og ég er nokkuð viss um, herra forseti, að það litla, varfærnislega skref sem hér er lagt til að verði stigið er strax í áttina. Hvað varðar útgerðarþáttinn höfum við hins vegar sagt að menn verði að vinna sína heimavinnu áður en þeir skoða hann. Menn verða að skilgreina, helst í stjórnarskrá, algjörlega hvernig eignarhaldi þjóðarinnar á auðlindinni er háttað og hvaða réttindi fylgja nýtingarrétti sjávarauðlindarinnar.

Ég held að augljóst sé að miðað við óbreytt ástand er ekki ráðlegt að opna eða galopna alla hluti. Auðvitað geta menn horft á einhver skref í þessu og þau eru möguleg en fyrst og fremst þarf að skoða breytingar á þeirri umgjörð sem útvegurinn býr við, skoða breytingar á þeirri umgjörð sem er um veiðar á Íslandsmiðum áður en menn fara að skoða breytingar á eignarhaldi. Reyndar er ég nokkuð viss um það, herra forseti, að þó að við leyfðum fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi yrði það ekki svo mjög í formi yfirtöku. Það yrði ekki með þeim hætti að menn kæmu hér inn til þess að hefja veiðar, heldur yrði miklu fremur um það að ræða að menn vildu kaupa hlut í vænlegum fyrirtækjum. Ég ætla að rökstyðja þetta nánar, herra forseti. Ef við berum þann mannafla sem á Íslandi er notaður til veiða saman við þann mannafla sem er með öðrum þjóðum í þeim atvinnurekstri og horfum þá til nágrannaþjóða okkar, þá er svo ólíku saman að jafna að augljóst er að Íslendingar hafa yfirburði hvað varðar þekkingu og getu til að starfrækja útgerð með arðbærum hætti, þeir hafa þar algera yfirburði. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að óttast að aðrir kæmu til að segjast geta gert betur hér ef þeir ekki geta gert betur heima hjá sér þar sem þeir þó þekkja til.

Mér finnst líka ástæða til, herra forseti, að halda því til haga í allri þessari umræðu af því að menn tala stundum um það þegar verið er að tala um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi að við höfum háð landhelgisstríðin til einskis. Vissulega háðum við landhelgisstríð, mörg og erfið. En við hverja voru þau stríð fyrst og fremst háð? Þau voru fyrst og fremst háð við úthafsskipaflota Breta og Þjóðverja. En hvar er sá floti í dag, herra forseti? Það vill þannig til að úthafsveiðifloti Breta og Þjóðverja er í dag í eigu íslenskra fyrirtækja. Þau stórveldi í úthafsveiðum sem við áttum við í þorskastríðunum eru ekki stærri en svo og ekki til meiri átaka í dag en svo að þessir flotar eru í eigu íslenskra fyrirtækja. Þannig er nú staðan í dag og þegar menn finna óttahrollinn læðast niður bakið á sér þegar þeim verður hugsað til fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi, þá er a.m.k. gott að geta huggað sig við þessa staðreynd. Með þessu er ég ekki, herra forseti, ég vil ítreka það, að leggja til að við förum í þessi mál af neinni léttúð. Ég rakti það áðan hvaða skilyrði ég tel að þurfi að vera til þess að við opnum á beinar fjárfestingar erlendra aðila í útgerð. Ég vil að afnotarétturinn sé skilgreindur, ég vil að þjóðareignin sé skýr og hún sé staðfest í stjórnarskrá. Hins vegar finnst mér stundum gæta óþarfa ótta í þessari umræðu, óþarfa minnimáttarkenndar sem er, eins og ég hef farið yfir, fullkomlega út í hött. Við höfum

yfirburðaþekkingu. Það keppir enginn við okkur hvað varðar þekkinguna á því að gera þessa hluti vel og með arðbærum hætti og Íslendingar eða íslensk fyrirtæki eru í dag eigendur þeirra úthafsveiðiflota sem gerðu mestan usla á árum áður og þorskastríðin voru háð gegn.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til efh.- og viðskn.

[13:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hreyfir hér mjög merkilegu máli og ég ætla að ræða um það á eftir. Það eru tvö hugtök sem hún notaði sem mér finnst alltaf þurfa skilgreiningar við, ekki þannig að ég geti búist við að hv. þm. geti skilgreint það hér og nú, en til að varpa ljósi á það.

Í fyrsta lagi, hvað þýðir íslensk þjóð? Sumir líta á það sem íslenska ríkið. Í því sambandi vil ég benda á að einu sinni voru Íslendingar í ríkjasambandi við Danmörku og töldu sig samt vera íslenska þjóð en ekki Dani eða danska þjóð. Inn í þetta koma hugleiðingar um útlendinga sem eru búsettir á Íslandi, um Íslendinga sem alla tíð hafa verið búsettir erlendis og vita ekkert um Ísland, ríkisborgara sem eru íslenskir.

Hitt hugtakið sem ég vildi gjarnan að hv. þm. hugleiddi er hugtakið auðlind. Hvað er auðlind? Menn tala stöðugt um auðlind þjóðar. Ég vil því gjarnan að varpað verði dálitlu ljósi á þessi tvö hugtök til að menn viti hvað verið er að tala um.

[13:06]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem við erum nú að tala um breytingar á lögunum um fjárfestingar erlendra aðila, þá sýnist mér að við hljótum að halda okkur við þá skilgreiningu sem fram kemur í þeim lögum vegna þess að miðað er við hana þegar verið er að taka afstöðu til þess hver er útlendingur og hver er Íslendingur þegar kemur að fjárfestingum. Það kann að vera að sú skilgreining sem er í gildandi lögum sé hv. þm. ekki að skapi og vera kann að þar sé ekki gætt þeirra sjónarmiða sem hann telur eðlilegt að gætt sé. Vissulega er þessi umræða áhugaverð, ekki síst í ljósi þess að samfélag okkar er að verða býsna fjölþjóðlegt ef má orða það þannig. Hins vegar er í gildandi lögum farið yfir það við hvað er átt með íslenskum aðila og ég treysti mér ekki til þess að tala um það öðruvísi en segir í löggjöfinni, enda er verið breyta löggjöfinni á grundvelli þess sem þar er fyrir.

[13:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að miða við ríkisfang er orðið dálítið erfitt, sérstaklega eftir nýjustu lagasetningu hv. Alþingis varðandi ríkisborgararétt þar sem börn öðlast ríkisfang beggja foreldra. Menn geta séð fyrir sér dæmi að eftir fjórar kynslóðir eiga menn 16 ríkisföng, hugsanlega. Þá fer hugtakið þjóð að verða dálítið útþynnt ef það á að vera fólk sem er með ríkisfang. Ég held því að nauðsynlegt sé að menn velti þessu hugtaki fyrir sér: Hvað þýðir þjóð?

Síðan er hin spurningin sem hv. þm. hugleiddi ekki: Hvað er auðlind?

[13:08]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort nauðsynlegt er í þessari umræðu nákvæmlega að við skilgreinum hvað er auðlind, en það er sannarlega rétt sem hv. þm. bendir á að það hugtak er líka mjög óljóst, einfaldlega vegna þess að menn verða fyrst að byrja á því að skilgreina um hvaða auðlindir er þá verið að ræða. Við tölum um náttúruauðlindir, við erum farin að tala um auðlindir þegar um er að ræða þekkingargrunna ýmiss konar. Við tölum um það sem auðlind sem verður til vegna menntunar og vegna nýrrar tækni. Það er því alveg rétt hjá hv. þm. að hugtakið auðlind hefur alls ekki sömu merkingu og það hafði fyrir nokkrum árum, ég tala nú ekki um fyrir áratugum síðan þegar hugtakið auðlind átti einvörðungu við um náttúruauðlindir. Þetta er áhugaverð umræða. Ég veit ekki hvort við getum tekið hana með umræðunni um fjárfestingu erlendra aðila en hún bendir á, eins og ýmislegt fleira sem hér kemur til umfjöllunar, hvað við búum í raunverulega í heimi sem breytist hratt, hvað viðmiðin eru að breytast hratt og hvað við þurfum á því að halda að sú umræða sem fer fram á hv. Alþingi sé upplýst og í takt við þann veruleika sem er hér utan dyra og er á hraðfleygri ferð allt í kringum okkur.

[Fundarhlé. — 13:09]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 79. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 79.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, 91. mál, þáltill. ÁMöl o.fl., þskj. 91.

[13:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991 og mig langar til að að segja örfá orð varðandi það mál. Það að þessi lög eru frá 1991 segir okkur að ýmislegt hefur gerst frá því ári og á einum áratug gerast hlutir í sambandi við viðskiptaheiminn sem þarf að bregðast við og það hefur verið reynt að gera í viðskrn.

Almennt vil ég segja um þessi lög að það er mjög neikvæð nálgun í þeim. Það finnst mér vera slæmt og nánast má segja að litið sé á erlenda fjárfesta eins og óvini ef maður les lagatextann. Þess vegna teljum við í ráðuneytinu mikilvægt að fara í gegnum þennan texta. Sú vinna er hafin þó ekki væri annað en að setja hann í það form að hann sé jákvæðari og aðgengilegri vegna þess að nokkuð góð samstaða er um það í þjóðfélaginu að erlend fjárfesting sé mikilvæg og hún verði kannski mikilvægari með hverju ári.

Varðandi það sem er fyrst og fremst til umfjöllunar sem varðar fjárfestingu í vinnslunni er það rétt sem kemur fram hjá talsmanni flutningsmanna að ákveðið ósamræmi er í lögunum í dag þar sem sumar greinar eru undanþegnar og aðrar ekki og má segja að ástæða sé til að fara yfir þann þátt málsins sérstaklega. Auðvitað er hægt að taka undir það líka sem kom fram í máli hennar að það er hægt að sjá fyrir sér ákveðið söknarfæri sem mundi þá tengjast því að taka á þessu.

Það sem er náttúrlega stærsta málið í sambandi við erlendar fjárfestingar og hefur verið til umfjöllunar í þjóðfélaginu á síðustu vikum, en hv. þm. gerir ekki tillögu um í frv. sínu, er fjárfesting erlendra aðila í sjávarútveginum sjálfum, í útgerðinni. Ég tel mjög líklegt að sú nefnd sem er að störfum og starfar á ábyrgð hæstv. sjútvrh. um endurskoðun á fiskveiðistjórnarfyrirkomulaginu, taki það mál einnig til umfjöllunar. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að við í viðskrn. vinnum að því máli einmitt núna en sætum færis þegar ljóst er hvað kemur út úr því nefndastarfi og munum þá hugsanlega fjalla frekar um það mál.

Almennt vil ég segja um þetta frv. að mér finnst alveg þess virði að það sé skoðað ítarlega og tel jákvætt að á Alþingi skuli skapast tækifæri til þess að ræða þennan þátt málsins en endurtek að lögin sem slík eru í endurskoðun í viðskrn. Ég reikna með því að seinna á þessum vetri verði lagt fram frv. af minni hálfu sem tekur a.m.k. á þeim þætti sem varðar lagatextann og það að gera hann aðgengilegri og jákvæðari.

[13:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi láta það koma fram að ég met það og mér finnst það lofsvert að hæstv. viðsk.- og iðnrh. skuli mæta á Alþingi þegar um er að ræða umfangsmikið mál sem heyrir undir hana, þannig að þingmenn sem taka til máls, svo ekki sé nú talað um flutningsmenn málsins, geti átt orðastað við hana. Þetta finnst mér sýna Alþingi Íslendinga virðingu af hálfu ráðherrans, virðingu fyrir þeim störfum sem verið er að vinna og mættu fleiri taka sér þessa starfshætti ráðherrans til fyrirmyndar. Ég vil láta það koma fram sérstaklega nú vegna gagnrýni minnar áður fyrr að auðvitað eiga samskipti löggjafans og framkvæmdarvaldsins að vera með þeim hætti sem hér á sér stað.

Hæstv. ráðherra sagði réttilega að í gildandi lögum um erlendar fjárfestingar í atvinnurekstri á Íslandi megi lesa það út úr textanum, sem er heldur neikvæður, að litið væri á erlenda fjárfesta sem hálfgildings óvini. Þetta er ekki gamall lagatexti, hann er frá 1991, og má til sanns vegar færa að sá var andinn í íslensku samfélagi á þeim tíma. Kannski var ekki litið á erlenda fjárfesta beinlínis sem óvini en margir litu á þá sem hættulega fyrir íslenskt þjóðerni og íslenskt atvinnulíf. Þessi lög voru sett í aðdraganda þess að Ísland gerðist aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði og þá voru uppi mjög sterkar raddir meðal þjóðarinnar um það að ef múrarnir í kringum Ísland væru brotnir niður eða boraðir á þá göt þá væru einhverjir fokríkir „jóakimar frændur" sem stæðu fyrir utan þá múra, og biðu eftir því einu að brjótast inn á hinn íslenska markað og leggja undir sig ekki bara fólk og fyrirtæki, heldur jafnvel landið sjálft. Menn stóðu í þessari trú og héðan úr þessum ræðustól voru fluttar margar og hástemmdar ræður um hið sérstæða land, hina sérstæðu þjóð og hinar sérstæðu aðstæður sem mætti alls ekki láta útlendinga komast í snertingu við.

Þetta var það viðhorf sem var þá mjög ríkjandi í umræðu á Íslandi, í fyrsta lagi hræðslan við það ókunna, í öðru lagi hin gífurlega minnimáttarkennd sem oftar en ekki brýst fram í andhverfu sinni, þjóðrembunni, þ.e. á bak við þjóðrembingsháttinn felst oftar en ekki minnimáttarkennd eða það viðhorf að Íslendingar geti ekki spjarað sig í samskiptum við aðra nema um þá gildi sérstök lög og sérstakar reglur sem verndu þá og verðu fyrir slíkum samskiptum og alls ekki mætti hleypa útlendum aðilum í gagnkvæm réttindi í samningum við Íslendinga. Fólk var því hrætt við að ekki aðeins mundu þessir jóakimar frændur sem biðu í röðum fyrir utan hina íslensku múra, leggja undir sig allt það íslenskt atvinnulíf sem töggur væri í, heldur var því haldið fram héðan úr þessum ræðustól að fátækt fólk í útlöndum, aðallega fólk frá suðurhluta Evrópu, mundi fjölmenna hingað til lands ef opnuð yrðu fyrir því hlið á múrnum og setjast upp á framfærslu hins félagslega kerfis og að mjög skammt yrði til þeirrar stundar líka að útlendir fjárfestar, ef þeim yrði hleypt hingað inn, mundu leggja undir sig alla fallegustu staði á Íslandi, kaupa þá upp til einkanota fyrir sig. Ég man eftir því að einn af mætari stjórnmálamönnum þess tíma nefndi þar sérstaklega dæmi um Laxárdalinn, að ekki mundi nú líða langur tími áður en Laxárdalurinn yrði alfarið í eign útlendinga. Þau lög sem sett voru árið 1991 voru sett í þessu umhverfi.

Ég verð að segja og viðurkenna það að við, sumir hverjir, sem gengum til þess verks gerðum það gegn betri vitund. En þetta var einfaldlega það gjald sem menn urðu að inna af höndum til að hægt væri á þeim tíma að fá Íslendinga til að ganga til þess samstarfs sem hefur verið okkur notadrýgst, ekki bara í efnahagsmálum heldur ekki síður í félagsmálum, á síðustu 10 árum og fært íslenskum neytendum, almenningi og verkafólki, réttindi sem hafði tekið íslenska neytenda- og verkalýðshreyfingu áratugi að berjast fyrir án þess að ná nokkrum árangri.

Til allrar guðslukku hefur þessi reynsla kennt allflestum Íslendingum, en þó ekki öllum, að útlendingar eru ekki óvinir, menn þurfa ekkert að vera hræddir við þá. Við Íslendingar getum haldið til jafns við aðra í eðlilegu samkeppnisumhverfi og við þurfum ekki að óttast það þó hingað til lands komi fólk, hvort heldur er verkafólk til þess að vinna hörðum höndum eða fjármagnseigendur til þess að aðstoða við uppbyggingu á íslensku atvinnu- og efnahagslífi.

Hvarvetna í heiminum er erlend fjárfesting talin vera eftirsóknarverð. Þjóðir heims eru allar í kapphlaupi eftir að fá erlendar fjárfestingar til uppbyggingar. Þau ríki í Evrópu sem eiga við alvarleg efnahagsvandamál að stríða í kjölfar pólitískra viðburða þar í landi, eins og Júgóslavía, eiga sér engan draum heitari en þann að fá erlenda fjárfesta til liðs við sig til að byggja upp atvinnu- og efnahagslíf viðkomandi landa.

Ríki sem eiga í erfiðleikum, t.d. vegna viðskiptahindrana, eiga sér enga ósk heitari en þá að fá aðstoð erlendra fjárfesta við að byggja upp atvinnu- og félagslíf í viðkomandi landi. Það er auðkenni á uppbyggingu þeirra ríkja og ríkjahluta, t.d. hér í Vestur-Evrópu, sem best hefur gengið og mestum framförum hafa sætt á undanförnum árum, að það hefur orðið vegna þess að þeim tókst öðrum fremur að laða til sín erlenda fjárfesta. Vil ég þá nefna ríki eins og Írland og ríkjahluta eins og Wales og Skotland, þar sem ekki nokkur vafi er á því að áliti íbúanna sjálfra, ekki bara að mati þeirra erlendu aðila sem eiga um að fjalla heldur að mati íbúanna sjálfra, að árangurinn að velgengninni ber fyrst og fremst að skýra með því að það tókst að fá erlenda fjárfesta til uppbyggingar við atvinnulíf í þessum löndum sem stóðu öðrum Evrópulöndum langt að baki fyrir tíu árum.

Raunar er uppbyggingin bæði á Írlandi og í Wales hreint kraftavek og það kraftaverk varð fyrir tilstilli þess að erlendir fjárfestar fengust til þess að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins í þeim ríkjum.

Þegar þjóðremban íslenska gerir sér ljóst að undirrót hennar er vanmetakennd og engin ástæða er fyrir Íslendinga að fyllast vanmetakennd í samskiptum við aðrar þjóðir þá er mjög eðlilegt að menn hugi að því að afnema þær hindranir sem komið hafa og koma munu í veg fyrir að tilteknar atvinnugreinar á Íslandi geti notið jafnréttis á við aðrar, ekki síst þegar menn huga að því að það er tiltölulega lítill vandi ef erlendir aðilar væru fyrst og fremst að hugsa um að ná yfirráðum yfir fyrirtækjunum fremur en njóta hagnaðar af rekstri þeirra, sem er auðvitað fyrst og síðast ástæða þess að þeir verja fé sínu í áhætturekstur — þeir eru að leita eftir hagnaði, hagnaðarvon, en ekki endilega stjórnunarvöldum — átta sig á því að margar leiðir eru til þess umfram þá leið,

þ.e. ef sú leið yrði lokuð öllu heldur að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri þá eru fjölmargar leiðir til þess aðrar, t.d. með lánveitingum sem eru gjörsamlega óhindraðar af hálfu okkar Íslendinga. Enginn hindrar það að íslenskt atvinnufyrirtæki geri samkomulag við erlendan fjármagnseiganda eða erlent atvinnufyrirtæki um að erlendi aðilinn veiti hinum íslenska aðila stórlán gegn því að t.d. hinn erlendi aðili fái einkarétt til þess að njóta afurðanna sem hið íslenska fyrirtæki framleiðir. Ekkert bannar þetta. Ekkert kemur í veg fyrir það að íslenskur og erlendur aðili taki upp slíkt samstarf sem þýðir í raun að hinn erlendi aðili hefur meiri og minni stjórnunarítök í hinu íslenska fyrirtæki. Bannið er því raunverulega varla þess pappírs virði sem það er skráð á. Og þegar svo háttar til og þegar við horfum á það líka að Íslendingar, íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, eru í óðaönn að fjárfesta erlendis í miklum mæli, ekki vegna þess að þau hafi áhuga á því að komast til áhrifa utan landsteinanna heldur vegna þess að þau sjá í þeirri fjárfestingu hagnaðarvon, þá hljótum við að spyrja okkur að því hvort ekki sé tímabært að aflétta þessum hömlum og halda þannig á málum að allar íslenskar atvinnugreinar séu jafnréttháar, að ein sé ekki undir þá sökina seld að geta ekki nýtt sér erlent fjármagn nema sem lánsfé ef það er í boði sem áhættufé.

Hvers vegna skyldum við vilja neyða íslenska atvinnurekendur til þess ef þeir eru í fjárhagsvandræðum, ef þá vantar rekstrarfé? Hvers vegna skyldum við neyða þá til þess? Hvers vegna er það aðeins fáanlegt erlendis frá í formi lánsfjár, tryggs lánsfjár, en þeim aldeilis ekki heimilt að nýta sér hugsanlegan vilja erlendra fjárfesta til að leggja fram áhættufé, til þess að hætta fé sínu í hina íslensku atvinnustarfsemi?

Herra forseti. Ég tel að rétt skref sé stigið með þessu frv., finnst eðlilegt að byrjað sé á fyrirtækjum í vinnslu sjávarafurða, m.a. vegna þess að við eigum enn eftir að ganga endanlega frá eignarhaldi á sjálfri auðlindinni. En það er nú vonandi skammt í að það verði með tillögum auðlindanefndar um að festa í stjórnarskrá þjóðareign á auðlind fiskimiðanna og hvernig stjórnvöldum sé heimilt að ráðstafa henni til skamms tíma.

Virðulegi forseti. Ég vil líka vekja athygli á því, og beini orðum mínum sérstaklega til hæstv. viðskrh., að svo háttar til að Íslendingar eru nú í sókn á erlendum mörkuðum til þess að reyna að fá erlenda fjárfesta inn í íslenskt atvinnulíf. Það birtist með margvíslegum hætti, t.d. þannig að Verðbréfaþingið á Íslandi á nú í — mér er ekki alveg kunnugt um hvort samningunum er lokið en þeir stóðu a.m.k. yfir, þ.e. samningum um samstarf verðbréfaþinga á Norðurlöndum um sameiginlegan verðbréfamarkað. Með því eru Norðurlöndin að reyna að opna enn meira en áður var leið erlendra fjárfesta inn á hinn norræna markað. Og við eigum hlut að því með þátttöku í samstarfi um samnorrænt verðbréfaþing. En við komum þangað inn eins og maður á einum fæti. Við komum ekki að fullu inn í það samstarf vegna þess að lunginn af þeim fyrirtækjum sem eru á Verðbréfaþingi á Íslandi eru lokuð erlendum fjárfestum. Þetta er svona svipað og að bjóða upp á breiðbandið en lokaður væri aðgangur að öllum vinsælustu eða þýðingarmestu sjónvarpsstöðvunum sem þar væri að fá. Þannig að þegar erlendir aðilar, erlendir fjárfestar, sem kynna sér hið samnorræna verðbréfaþing og ætla að skoða álitleg fyrirtæki á Íslandi, nota sína tölvu til þess að smella á þau og fá nánari upplýsingar þá kemur í ljós að því sem næst öll áhugaverðustu fyrirtækin á Íslandi eru lokuð fyrir erlendu fjárfestunum. Okkar þátttaka í hinu norræna verðbréfaþingi er því nánast á austurevrópskum forsendum eins og þær voru í gamla daga.

Fyrir þeim aðilum sem við erum að sækjast eftir að fá til viðskipta við okkur, fá til að leggja fram sitt áhættufé, er aðgangurinn lokaður. Þeim er lokaður aðgangur að flestum þeim fyrirtækjum sem eru á hinu íslenska Verðbréfaþingi. Og það er ekki nokkur leið fyrir þá að fá nokkurn afruglara í því sambandi. Það er ekki hægt að komast þar að.

Hvaða alvara er fólgin í því að taka þátt í slíkri sókn af hálfu Norðurlanda inn á alþjóðlegan markað um fjárfesta þegar þátttaka Íslands er raunverulega eins og hjá manni sem fer í keppni í einhverri íþróttagrein með t.d. aðra höndina bundna á bak aftur eða annan fótinn bundinn?

Ég held það væri áhugavert fyrir okkur alþingismenn ef hæstv. viðskrh. — og ætla ég að ljúka máli mínu á því og beina þeim tilmælum til hæstv. viðskrh. hvort hún gæti ekki lagt hér inn á lestrarsal fyrir okkur lista yfir þau fyrirtæki, sem ekki eru nú mjög mörg, sem eru á Verðbréfaþingi á Íslandi og jafnframt taka það sérstaklega fram á þeim lista hvaða fyrirtæki af þeim eru lokuð erlendum fjárfestum. Það er nefnilega mjög áhugavert fyrir alþingismenn og landsmenn alla að skoða hvernig landið okkar ætlar sér að fara inn í hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi með aðra höndina bundna á bak aftur, með því að bjóða erlendum fjárfestum í flestum tilvikum minnst áhugaverðu fyrirtækin.

Virðulegi forseti. Það er ekki mikið verk að vinna svona, taka þetta saman. Það er fljótgert. Ég ítreka það hvort hæstv. viðskrh. vildi nú ekki vinna svona samantekt fyrir okkur og leggja fram á lestrarsal Alþingis svo menn gætu séð hvernig Ísland ætlar sér að mæta til leiks í heimi alþjóðlegra viðskipta.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð og mikil ræða hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Þetta var eiginlega iðrunarræða. Hv. þm. hefur vonda samvisku yfir því að hafa lifað í þjóðfélagi sem hann eiginlega skammaðist sín fyrir. Það var erfitt að fá annað á tilfinninguna en að hv. þm. gerði það. Hann lagði mikið út af því hversu lágkúrulega og illa Íslendingar hefðu verið haldnir af útlendingahræðslu og minnimáttarkennd og byggði í raun og veru málflutning sinn allan meira og minna á því.

Ég verð að segja alveg eins og er að þó auðvitað sé tíðarandinn alltaf að breytast og viðhorfin sjálfsagt að verða önnur en þau voru fyrir tíu árum eða tuttugu eða fimmtíu og aðstæður allar og margt hafi breyst, þá kannast ég nú ekki við þessa almennu þjóðlífsmynd sem hv. þm. dró hér upp (**SighB:** Lestu ræðurnar þínar.) og hlýt þá að halda að hv. þm. hafi búið í einhverju öðru landi eða einhverjum öðrum hluta þjóðfélagsins en ég.

Ég hef aldrei orðið var við það sérstaklega að Íslendingar hefðu minnimáttarkennd fyrir sjálfum sér í samfélagi þjóðanna, burt séð frá því hvaða fyrirkomulag hefur verið á verslun og viðskiptum við önnur lönd á hverjum tíma eða hvernig háttað hefur verið reglum um erlendar fjárfestingar. Um miðbik þessarar aldar gekk yfir allan hinn vestræna heim tímabil þar sem ýmsar hömlur og skorður voru settar á slíka hluti og áratugir gengu í garð þar sem þeir hlutir voru því marki brenndir mjög víða eftir að þetta hafði verið tiltölulega frjálst á ofanverðri nítjándu öldinni og fram á fyrstu áratugi þessarar.

Þessa stjórnmála- og hagsögu þekkja menn og Ísland fór ekkert varhluta af henni og hélst kannski að sumu leyti lokaðra en mörg önnur lönd að þessu leyti eitthvað lengur. En mér finnst þetta eiginlega mjög merkileg söguskoðun sem hv. þm. er þarna að koma sér upp og mér þykir slæmt fyrir hans hönd að hann skuli þurfa að skammast sín svona mikið fyrir bakgrunn sinn og uppruna með íslenskri þjóð eins og greinilegt var af ræðu hans áðan.

Ég held að alveg eins megi færa rök fyrir hinu að Íslendingar hafi alltaf verið kóngar í eðli sínu og það hefur alltaf verið upphefð í því að vera sigldur maður hér og Íslendinga hittir maður fyrir út um allan heim. Íslendingar hafa reynst furðu duglegir og útsjónarsamir við að koma undir sig fótunum við ólíklegustu aðstæður. Ég held því að ágæt rök megi færa fyrir alveg hinu gagnstæða.

Mér finnst ekki mjög málefnalegt að ræða m.a. um þessar takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi og reyna að troða þeim inn í þetta samhengi. Mér finnst það ekki mjög merkilegt auk þess sem það er rangt. Sérstakar takmarkanir voru settar á möguleika útlendinga til að eiga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, fyrst og fremst veiðum — ég hygg að ég muni það rétt að aðalákvæðin í þeim efnum hafi komið inn í lög 1924. Ég gæti þó flett upp á því — og síðan hefur í raun útlendingum verið bannað að eiga beina aðild að veiðunum hér. Ég fullyrði að þessar aðgerðir voru þá og hafa ætíð síðan ósköp einfaldlega verið hugsaðar sem hluti af þeim aðgerðum sem við vorum í til að ná fullu forræði yfir auðlindinni og landhelginni. Þetta hlýtur jafnfróður maður og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að vita.

Ég hygg að menn geti farið yfir umræðurnar 1991 og aðdraganda þess að sú breyting sem þá varð á lögunum og framlenging eldri ákvæða sem fyrir höfðu verið var fyrst og fremst hugsuð sem fyrirbyggjandi aðgerð af Íslands hálfu að þessu leyti. Málið snerist í sjálfu sér ekki um erlenda fjárfestingu sem slíka af eða á, á almennum forsendum í okkar atvinnulífi. Það voru allt aðrir hlutir og hafa alla tíð verið ef ég veit rétt sem menn hafa þarna verið að hugsa sér, þ.e. að tryggja forræðið yfir þessari undirstöðuauðlind okkar og að í því skyni væru ákveðnar fyrirbyggjandi aðgerðir hafðar í lögum.

Þess vegna var það strax uppi á samningaborði og hefur oftast verið hygg ég þegar Íslendingar hafa verið að ræða um viðskiptaleg mál eða fjárfestingarmál við erlenda aðila, að að þessu leyti skipaði íslenski sjávarútvegurinn mjög sérstakan sess hjá okkur, væri í mikilli sérstöðu og miklu frekar sambærilegur við aðrar auðlindir annarra ríkja eins og kannski námur eða skóga eða annað þvíumlíkt sem mjög algengt er að séu bundnar kvöðum og takmörkunum hjá öðrum ríkjum.

Skoðum t.d. hvernig Norðmenn hafa gengið frá málum varðandi forræði sitt á olíu og gasauðlindum norska landgrunnsins. Annars vegar gerðu þeir það með því að það er auðvitað norska ríkið sem er handhafi réttarins og útdeilir leyfum og allt þar fram eftir götunum, hefur mjög góða stjórn á þeim málum öllum. Og svo er það hitt sem Norðmenn gerðu og var náttúrlega mikil snilld. Þeir stofnuðu ríkisolíufélag og létu það fá umfangsmikil réttindi, byggðu það upp. Það er þessi hryllilegi ríkisrekstur sem aldrei má nefna á nafn nú á dögum. Það er búið að heilaþvo almenning svo að það er bara sama og að nefna þann gamla sjálfan að tala um eitthvað sem sé „ríkis-".

Ekki er verri útkoman á þessu hjá Norðmönnum eftir 30 ár en svo að þeir eiga eitt af verðmætari fyrirtækjum heimsins skuldlaust og gætu þess vegna farið að selja í því fáein hlutabréf ef svo ber undir. Þar eiga þeir náttúrlega gríðarlega verðmætan sjóð.

Danir fóru aðra leið. Þeir létu einkafyrirtækið A.P. Möller fá sambærileg réttindi á danska landgrunninu. Hver er útkoman? Danska ríkið á ekkert Statoil til að selja í dag. Og Danir eiga ekki lengur A.P. Möller nema að hluta til og hafa haft brot af þeim verðmætum út úr olíunni á danska landgrunninu sem Norðmenn höfðu út á það að fara sína leið.

Af hverju nefni ég þetta, herra forseti? Jú, vegna þess að þarna er að mörgu leyti um sambærilega hluti að ræða. Um er að ræða auðlind sem er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis þjóðar og mönnum er auðvitað ekki sama hvernig forræði yfir slíkum hlutum er varið. (**Gripið fram í:** En Norðmenn leyfa útlendingum að nýta.) Það er allt annar hlutur þegar kemur síðan að því að skipuleggja og ganga frá því hvernig menn síðan nýta sér auðlindina en forræðið vilja menn tryggja sér. Ég er að leiða rök að því, herra forseti, að það var það sem hér var lagt til grundvallar. Spurningin um erlenda fjárfestingu sem slíka er að mínu mati númer tvö í þessu máli. Það er hlutur sem við getum svo rætt út frá því hvort menn hafi náð að tryggja á þann hátt það forræði sem þarna er ætlunin að óyggjandi sé.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég sé ekki neina knýjandi þörf fyrir að við förum í einhliða tilslakanir af okkar hálfu. Mér er ekki kunnugt um að verið sé að krefjast þess af hálfu samskiptaaðila okkar í viðskiptum eða fjárfestingum. Ég veit ekki til annars en að fyrirvari Íslands, sem að þessu leyti hefur verið hafður á og varúðarráðstafanir í lögum, sé virtur sem slíkur og ekki sé verið að biðja um að honum sé breytt, en ef svo er væri fróðlegt að fá það fram. Hafa einhverjir aðilar, Evrópusambandið, Alþjóðaviðskiptastofnunin, OECD eða einhverjir slíkir aðilar, sem maður gæti látið sér detta í hug að kynnu að fetta fingur út í fyrirkomulag af þessu tagi, beðið um að þessu væri breytt? Ég veit ekki til þess.

Spurningin er þá um einhliða breytingar af okkar hálfu. Ef við teljum það skynsamlegt og í þágu hagsmuna okkar getum við auðvitað gert það, en mér finnst nauðsynlegt að fyrir liggi í umræðunni hvort það sé eitthvað utan frá sem kallar á að við breytum þessu.

Herra forseti. Fyrir það fyrsta hef ég efasemdir um að skynsamlegt sé að gera það, í öðru lagi sé ég mikil vandkvæði á að fara þá leið sem hér er lögð til af hálfu hv. þingmanna. Vegna þess að það er ekki tilviljun að gengið var frá málinu eins og gert var með lögunum 1991, að þetta tæki til veiðanna sem allir voru þá og eru jafnvel enn, ef marka má umræður hér áðan, sammála um að láta a.m.k. bíða um sinn að opna fyrir, ég vona að ég hafi tekið þar rétt eftir. Fyrsti flm., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og fleiri hafa talað í þá veru. En vandinn er sá að yfirgnæfandi hluti frumvinnslunnar í íslenskum sjávarútvegi er inni í blönduðum fyrirtækjum sem líka eru með veiðar. Þess vegna var niðurstaðan 1991 að draga mörkin nákvæmlega þar sem þau eru. Ég þekki nokkuð vel til þess af því að ég sat talsvert yfir því sjálfur að skoða hvernig þetta kæmi út. Mig minnir að þá höfum við verið að tala um að talan væri 70%, að um 70% af íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum væru þannig blönduð að ef menn ætluðu að nýta sér heimildir til að taka útlendinga inn í vinnsluþáttinn þyrfti að skipta þeim upp, kljúfa þau upp. Það töldu menn ekki endilega vera mjög

skynsamlegt að knýja fram eða ýta undir slíka þróun. Því var valið að draga mörkin við frumvinnsluna en frekari vinnsla og fullvinnsla er þarna ekki undir af því að það væri miklu síður í sömu fyrirtækjum, færri einingar og meira af hreinum vinnslufyrirtækjum, sem voru t.d. í rækjuveiðum, niðursuðu eða einhverjum öðrum slíkum þáttum, voru ekki í veiðum. Útlendingar, erlendir aðilar gætu þar af leiðandi komið inn í þá framhaldsvinnslu sem þar færi fram og niðurstaðan sem sagt sú að þarna væri einna skást að draga þessi mörk.

Það er ljóst að þetta er vandkvæðum bundið, ég viðurkenni það fúslega. Það eru engin ein landamæri þarna einföld og til eru ákveðin fyrirtæki sem eru einnig blönduð að þessu leyti, eru með alla keðjuna alveg frá veiðum, einhverri frumvinnslu og yfir í frekari fullvinnslu, það er ljóst. Það eru t.d. þau fyrirtæki sem grófvinna fyrst og framleiða síðan í neytendapakkningar merkjavöru eða annað slíkt. Þau eru mörg á öllum þessum stigum. En þau eru væntanlega mun færri og minni vandkvæði í því fólgin að draga mörkin gagnvart þeim.

Ég held því, herra forseti, burt séð frá afstöðunni til þess hvort menn vildu opna eða rýmka reglurnar að þessu leyti og taka vinnsluþáttinn út úr með þeim takmörkunum sem þarna hafa verið, þá séu á því miklir framkvæmdalegir erfiðleikar miðað við stöðuna eins og hún er í fyrirtækjunum í dag. Nú getur vel verið að margir vilji gjarnan að þetta sé aðskilið og vissulega hafa verið uppi ýmsar tillögur sem ganga í þá átt, eins og t.d. krafan um að allur fiskur fari á markað, að aðskilja þannig vinnsluna og veiðarnar að markaðsviðskipti séu alltaf þar á milli. Það mundi án efa leiða tiltölulega hratt til þess að skipulag fyrirtækjanna þróaðist einnig á eftir í sömu átt, að um yrði að ræða sjálfstætt eignarhald á veiðiþættinum og síðan aftur á vinnsluþættinum. Menn geta sagt að það hafi sína kosti, en það hefur örugglega líka sína galla. Ég held að við ættum að horfa til þess að mörg af sterkustu fyrirtækjunum sem enn þá stunda einhverja umtalsverða fiskvinnslu í landinu, og þau eru nú ekkert allt of mörg því miður, eru blönduð og þau eru að reyna að nýta sér kosti þess að vera stór og öflug og geta skipulagt hráefnisöflun sína í þágu sinnar vinnslu þannig að það haldist í hendur, sé í takt o.s.frv.

Við getum líka spurt okkur, herra forseti, grundvallarspurningarinnar: Þarf íslenskur sjávarútvegur sérstaklega á erlendu fjármagni að halda? Hungrar hann eftir því? Er ástandið þannig að skortur á eigin fé eða aðgangi að fé hái íslenskum sjávarútvegi sérstaklega? Ég hef ekki haft þá trú að svo væri þó að ég viðurkenni að vísu fúslega að sjávarútvegurinn er of skuldugur og ef einhverjir góðir menn vildu koma og leggja okkur til mikið fé, sérstaklega ef þeir vildu koma með það í gustukaskyni án þess að ætlast til mikillar rentu af því, þá væri það auðvitað ágætt til að styrkja greinina. En ég hef ekki trú á slíku, og ég ætla reyndar að segja það hér að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því að þó að við fellum niður þessar takmarkanir þá fari eignarhaldið í íslenskum sjávarútvegi í hvínandi hvelli úr landi. Ég hef það ekki. Af hverju ekki? Af því að ég held að útlendir fjármagnseigendur séu yfirleitt það skynsamir menn að þeir velji sér til fjárfestinga hluti sem þeir hafa eitthvert vit á. Það eru ekkert óskaplega margir sem eru sérfræðingar í að veiða og vinna fisk á Íslandsmiðum með miklum árangri. Ég held að helstu sérfræðingarnir í að veiða og vinna fisk á Íslandsmiðum séu Íslendingar sjálfir, svo að miklu munar. Það væru þá helst aðilar í nágrannalöndunum eins og í Noregi, við gætum kannski fengið Rökke eða einhverja slíka, frá Færeyjum eða Grænlandi eftir því sem menn eiga þar eitthvert laust fé sem gætu vegna þekkingar á aðstæðunum eða sambærilegum aðstæðum náð hér árangri.

Hinir aðilarnir, sem gætu vissulega komið hérna inn vegna annars konar áhuga, væru þeir sem ættu mögulega hagsmuna að gæta í sambandi við markaði. Það hefur verið miklu meira rætt hvort það gæti verið eitthvað til að hafa áhyggjur af, ef t.d. stórar keðjur gætu séð sér hag í að ná að stýra hráefni frá Íslandi í gegnum eignarhald á fyrirtækjum í sína þágu, t.d. þannig að lítið eða ekkert væri unnið hér og kæmi beint til þeirra, og þá hafa menn nefnt styrki Evrópusambandsins til fiskvinnslu sem eru miklir, 30–40% fiskvinnslustyrkir. Og aðili sem gæti notað sér það og jafnframt síðan haft hagnað af markaðssetningu vörunnar og sölu gæti vissulega haft á því áhuga að ná hér ákveðnum ítökum og sögur hafa verið af því að menn hafi verið að reyna það eftir ýmsum krókaleiðum.

En ég hef engar sérstakar áhyggjur af þessu að því leytinu til að ég haldi að útlendingar standi hérna í röðum og nagi í þröskuldinn eftir að kaupa sig hérna inn ósköp einfaldlega vegna þess að það kæmi manni á óvart ef svo yrði, sökum þess að Íslendingar hafa náð svo miklum árangri sem raun ber vitni í sjávarútvegi, rekstri í sjávarútvegi, að ólíklegt væri að margir aðrir mundu skáka þeim, skjóta þeim ref fyrir rass. Reynslan sýnir okkur frekar að hið gagnstæða sé líklegra, að Íslendingar geti farið inn í fyrirtæki erlendis í nágrannalöndunum, sérstaklega hér við norðanvert Atlantshafið þar sem þeir þekkja vel til, og jafnvel tekið til í slíkum rekstri og komið honum í betra horf. Mér finnst það líklegri niðurstaða, herra forseti.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi það réttilega að ef útlendingar kæmu hingað með peninga þá kæmu þeir ekki af því að þeir vildu bara hjálpa Íslendingum og rétta þeim dollara eða pund til þess að vera góðir við þá. Nei, þeir mundu væntanlega gera það vegna þess að þeir ætluðu að hafa arð af þessu fé, og það er auðvitað nauðsynlegt að muna eftir því. Það er voðalega lítið um erlenda fjárfesta sem ganga um heiminn til þess að gera góðverk. Þeir eru yfirleitt ævinlega að hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig og ætla sér að hafa arð af sinni fjárfestingu og nota sjálfir þann arð eins og þeim sýnist. Þess vegna eigum við að muna eftir því að tvær hliðar eru á þeim peningi eins og alltaf er og við mundum væntanlega sjá í framhaldi af miklu erlendu kapítali sem kæmi inn í sjávarútveginn einhverja ávöxtun á því fé hverfa úr landinu. Það hlýtur að vera. Og svo gagnkvæmt, auðvitað ætlumst við til að það skili okkur einhverju þegar verið er að fjárfesta fyrir íslenskt fé erlendis, enda væri ekki gott ef svo væri ekki, jafnmikið og það hefur streymt úr landinu einmitt að undanförnu.

Þess vegna þurfum við líka að spyrja: Er þörfin slík að þetta sé okkur vandamál, sé okkur fjötur um fót? Ég held að það hafi ekki verið það en að vísu verður að segjast eins og er að þróunin í sjávarútveginum núna kannski tvö, þrjú síðustu árin er auðvitað umhugsunarefni, því að nýfjárfestingar eru þar ekki miklar og dregið hefur úr því að fé væri að koma úr öðrum greinum í sjávarútveginn og hann hefur safnað skuldum. Það er vissulega mikið áhyggjuefni. En hvort lausnin sé sú að kalla eftir fé frá útlöndum, því geta menn svarað hver fyrir sig. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég held að það sem við þurfum sé að bæta frekar skilyrði sjávarútvegsins þannig að hann geti rekið sig betur. Ég á erfitt með að líta

á það sem markmið í sjálfu sér að koma á auknu erlendu eignarhaldi á íslenskum sjávrútvegi vegna þess að ég held að það skili okkur í sjálfu sér engu, t.d. í þekkingu eða aðstöðu sem okkur háir. Það gegnir allt öðru máli þegar um er að ræða samstarf við erlenda aðila t.d. á sviði fullvinnslu eða markaðsmála því að þá getum við einmitt verið að fá í leiðinni þekkingu og styrkt einingarnar, svo ekki sé nú talað um fjárfestingar eða uppbyggingu í nýjum atvinnugreinum þar sem við fáum inn í landið beinlínis nýja þekkingu og nýja hluti sem ekki hafa verið þar til staðar áður.

Mér finnst því að menn verði aðeins að hafa í huga að staða sjávarútvegsins einnig að þessu leyti er mjög sérstök. Ísland er ekki þróunarríki, alla vega ekki á sviði sjávarútvegsmála. Við erum ekki í sambærilegri stöðu, eins og mér fannst hálfpartinn vera dregið hér upp áðan, að við séum svo gjörsamlega á brauðfótum hvað varðar getu innan lands bæði fjárhagslega, tæknilega og þekkingarlega að af þeim ástæðum yrðum við að ganga um heiminn með betlistaf og biðja menn að koma til okkar og hjálpa okkur við að koma löppum undir atvinnulífið á Íslandi. Er það þannig? Ekki hef ég hingað til talið það, a.m.k. ekki í þessari grein. Og það á heldur ekki að vera þannig. Við þurfum að búa þannig að sjávarútveginum að eftirsóknarvert sé að vera í þeirri grein og að þangað leiti frekar fjármagn heldur en að það sé að flýja þaðan.

Herra forseti. Niðurstaða mín er sú að ég sé tæknilega erfiðleika á því að fara þá leið sem hv. flm. leggja hér til og ég hef líka efasemdir um að ástæða sé til þess af okkar hálfu að fara út í einhliða tilslakanir af þessu tagi hvað svo sem síðar kann að verða. Kæmi það upp á borðið í einhverjum viðræðum okkar við aðra aðila að knúið væri á um það utan frá að þarna væru gerðar breytingar, nú þá það. Þá hefðu menn a.m.k. samningsstöðu í því máli, en hún verður varla fyrir hendi ef við verðum búin að slaka þessu út einhliða. Að síðustu minni ég aftur á það, herra forseti, að þegar allt kemur til alls snýst þetta mál í sjálfu sér ekki um erlenda fjárfestingu af eða á eða ekki. Þetta snýst um spurninguna hvernig við tryggjum forræði yfir undirstöðuauðlind þjóðarinnar.

[14:14]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að vandamál íslensks sjávarútvegs væri ekki aðgangur að fé en tók síðan fram réttilega eftir á að vandamál íslensks sjávarútvegs væri stöðugt aukin skuldsetning. Hv. þm. hlýtur að átta sig á því sjálfur hve rökrétt niðurstaða hlýtur að vera af hans eigin orðum. Með öðrum orðum, það er nauðsynlegt fyrir íslenskan sjávarútveg að fá aukið eigið fé inn í rekstrinn. Að fá aukið fé í formi áhættufjár en ekki lánsfjár. Rökin fyrir því komu mjög rækilega fram hjá honum sjálfum.

Í öðru lagi vill svo til að fyrir tæpum fimm árum kynnti ég mér sérstaklega þróun mála í Wales sem hafði verið eitt af helstu láglauna- og atvinnuleysissvæðum í Evrópu. Wales var fyrsta landið — ef land má kalla því þetta er hérað í Bretlandi en ekki sjálfstætt land — sem hóf skipulega að sækjast eftir erlendum fjárfestum. Ég held þeir hafi á undan öðrum opnað kynningarskrifstofur erlendis fyrir fjárfesta með þeim árangri að sl. ár hefur verið talað um velska efnahagsundrið. Það vill svo til að það var gerð sérstök könnun á því, ég veit ekki hvort það hefur verið gert í Írlandi og Skotlandi, hvort arður hinna erlendu fjárfesta sem fjárfestu í Wales hefði farið úr landi. Niðurstaðan var sú að svo var ekki heldur var arðurinn að langmestu leyti notaður til frekari fjárfestinga í landinu sjálfu. Þannig er niðurstaða þeirra athugana sem ég þekki til á þessum þáttum þveröfug við það sem hv. þm. sagði.

Okkur er vel kunnugt um, virðulegi forseti, að ýmis lönd sækjast eftir erlendum fjárfestum, ekki í því skyni að arðurinn af þeirri fjárfestingu fari úr landi.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að eftir orðaskipti við hv. þm. bæði hér í dag og í fyrradag þá jaðri við að hv. þm. þurfi að fá sér aðstoðarmann, hraðritara sem taki rétt niður það sem menn segja. Ég ætla að fara yfir það sem ég sagði nákvæmlega um stöðu íslensks sjávarútvegs gagnvart fjármagni.

Ég sagði að það hefði ekki verið vandi í íslenskum sjávarútvegi en hins vegar bætti ég því við að þróunin sl. tvö, þrjú ár væri mikið áhyggjuefni. Ég talaði um að skuldir sjávarútvegsins hefðu vaxið mjög og nýfjárfestingar og nýtt fé í mjög litlum mæli komið inn í greinina. Þannig átti það sem ég sagði ekki að þurfa að misskiljast. Ég hafði þann fyrirvara á að ég hefði áhyggjur af því eins og aðrir að íslenskur sjávarútvegur hefur síðustu tvö til þrjú árin safnað skuldum og að lítið nýtt fé kæmi inn í greinina. Það er áhyggjuefni. En hvort lausnin er þessi eða einhver önnur, eins og sú að bæta á nýjan leik starfsskilyrði greinarinnar og gera það áhugaverðara að fjárfesta í henni, er svo umræðuefni sem við skulum fjalla um við betra tækifæri þegar við höfum meiri tíma.

Varðandi erlendar fjárfestingar er það auðvitað alveg rétt að þegar aðstæður eru eins og þær voru t.d. í Wales og á Írlandi — þá var viðvarandi og mikið atvinnuleysi og fjárflótti frá svæðunum og hlutirnir að drabbast niður — þá er það auðvitað gríðarleg vítamínsprauta að fá inn fjárfestingu utan frá og mikla uppbyggingu. Skárra væri það nú. En þetta verður að skoðast út frá aðstæðum á hverjum tíma. Skammtímaáhrifin geta verið önnur en langtímaáhrifin.

Um miðbik þessarar aldar og á fyrri hluta hennar fjárfestu vestræn fyrirtæki mikið í Suður-Ameríku. Þá voru uppgangstímar í Argentínu, Brasilíu og víðar. En svo lauk veislunni og þessi erlendu fyrirtæki tóku að flytja arðinn úr landi í stórum stíl, sænsk símafyrirtæki, þýsk járniðnaðarfyrirtæki o.s.frv. Suður-Ameríkumenn eru ekki eins hamingjusamir með þessa hluti eins og þeir voru á meðan á uppbyggingunni og nýfjárfestingunni stóð, af skiljanlegum ástæðum.

[14:19]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur er út úr kú, að halda því fram að það fari eftir efnahagsástandi og afkomu viðkomandi þjóðar hvort hún hefur áhuga eða ekki á því að fá erlenda fjárfestingu. Það eru nú til þær þjóðir sem hafa það efnahagslega betra en við, t.d. Bandaríkjamenn. Ætlar hv. þm. að halda því fram að Bandaríkjamenn séu andvígir erlendri fjárfestingu? Japanir, eru þeir andvígir erlendri fjárfestingu? Norðurlandaþjóðirnar, eru þær andvígar erlendri fjárfestingu? Alveg fráleitt.

Hv. þm. hélt því líka fram áðan að hætta væri á að arður sem erlendir fjárfestar hefðu af fjárfestingu sinni færi beint úr landi. Ég leyfði mér að benda honum á dæmi. Ég hafði að vísu ekki fyrir mér athuganir í þeim efnum sem gerðar hafa verið nema frá einum stað, einu héraði, þ.e. Wales þar sem uppbygging hefur verið gríðarleg fyrir tilverknað

erlendra fjárfesta. Þar liggur fyrir að þorrinn af arðinum af hinni erlendu fjárfestingu var notaður til áframhaldandi fjárfestinga í landinu sjálfu, í óskyldum atvinnugreinum vel að merkja. Hin erlenda fjárfesting var ekki bara uppbygging í þeim skilningi heldur leiddi hún til frekari uppbyggingar í öðrum greinum en fjárfest var í upphaflega.

Svarið við fjárhagsvanda íslensks sjávarútvegs er að sjálfsögðu að auka eigið fé, auka áhættuféð en ekki lánsfjáröflunina.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það þarf að bæta rekstrarskilyrði greinarinnar og laða að henni aukið eigið fé en það þarf ekkert að vera útlent fé. Hversu margir milljarðatugir streyma úr landi í fjárfestingar erlendis? Er endilega víst að það væri óhagstæðara fyrir íslenska þjóð að eitthvað af þessu fé leitaði í staðinn í sjávarútveginn og styrkti stöðu hans með það að markmiði að arðurinn af þeim fjárfestingum færi í umferð hér innan lands?

Ég held því fram, þrátt fyrir alla hagfræðiþekkingu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að atvinnuástand og efnahagsástand skipti máli þegar að því kemur að meta hversu hagstæðar eða mikilvægar fjárfestingar á einu svæði eða ákveðnu efnahagskerfi eru. Eða kannast hv. þm. ekkert við að það hafi verið rætt hér á Íslandi, í samhengi við stórfjárfestingar, álverið og annað slíkt, að það skipti máli hvort hér er þensla eða kreppa? Auðvitað gerir það það. Það þarf ekki að ræða það frekar.

Varðandi erlendar fjárfestingar í Bandaríkjunum eða annars staðar þá eru þær yfirleitt í grófum dráttum í jafnvægi. Ég býst við að erlendir aðilar fjárfesti minna í Bandaríkjunum en þeir fjárfesta annars staðar. Þess vegna þarf að skoða erlendar fjárfestingar nettó ef eitthvert vit á að fást í umræðuna.

[14:22]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég er fylgjandi þeim meginsjónarmiðum sem fram komu í frv. sem hér er til umræðu. Ég held að það sé ótvírætt að opin og frjáls viðskipti auka hagsæld allra. Þetta sýndi Adam Smith fram á þegar á 18. öld og hrakti þar með þau sjónarmið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stendur fyrir. Það eru afar forneskjuleg viðhorf að ætla að setja upp girðingar og loka af hópa og fyrirtæki frá frjálsum viðskiptum.

Ég vil benda á að þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um auðlindina þá virðist í málflutningi hans felast sú hugsun að auðlindin sé í eintölu og hún sé fyrst og fremst fiskurinn í sjónum. Ég held að það sé rétt að benda á að auðlindin getur verið fleirtöluhugtak. Auðlindin felst ekki síst í fólkinu og frumkvæðinu sem í því býr.

Þegar hv. þm. Steingrímur Sigfússon talar um og spyr hvort að baki þessu frv. liggi annarleg sjónarmið, t.d. kröfur Evrópusambandsins eða einhverra ríkja um tilslakanir, þá virðist hann setja þetta þannig upp að ríkið sé fyrst og fremst þátttakandi í þjóðfélaginu, en gengur fram hjá hagsmunum fyrirtækja og launþega. Ég held að það séu ótvíræðir hagsmunir fyrirtækja og launþega að tryggja að viðskipti séu sem eðlilegust og frjálslegust.

Ég ætla einnig að benda á að á síðustu árum, af því hann talaði svo oft um auðlindina í eintölu og ekki mætti missa yfirráðin yfir auðlindinni til útlendinga því það byði hættunni heim, hefur útflutningur sjávarafurða farið minnkandi og sem hlutfall af gjaldeyristekjum okkar og er núna rétt rúmlega 50%.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður átti ég aldrei kost á því að eiga orðastað við Adam Smith, þó forneskjulegur sé, þannig að ekki var það nú þannig að Adam Smith væri að svara sjónarmiðum mínum. Það hefðu þó örugglega orðið líflegar umræður ef við hefðum náð að ræða málin.

Hér hefur orðið smámisskilningur því ég er algjörlega sammála hv. þm. um að auðvitað er mjög margt fleira auðlindir fyrir Íslendingar en bara fiskurinn einn. En við vorum fyrst og fremst að fjalla um þá auðlind í þessari umræðu, þ.e. við vorum ekki að ræða hér um hugbúnaðargeirann, ferðaþjónustuna, landbúnaðinn eða annað slíkt. Við vorum að ræða hér um sjávarútveginn sem hefur verið mikilvægasta undirstaða íslensks efnahagslífs. Það er rétt að vægi hans er að minnka og það er í sjálfu sér gott, ekki vegna þess að við viljum ekki sjávarútveginum vel heldur vegna þess að þá breikkar undirstaða efnahagslífisins og við verðum síður háð sveiflum o.s.frv., það er þróun sem við fögnum öll og gleðjumst yfir.

Ég held að hv. þm. þurfi bara að ræða aðeins betur við mig um viðhorf mín almennt til viðskipta áður en hún dæmir mig svona afdráttarlaust eins og hún gerði. Oft er betra að maður útskýri sín viðhorf sjálfur en aðrir taki það að sér að gera það fyrir mann.

Ég var ekki að tala um annarleg sjónarmið, ég vil taka það fram að síðustu, ég spurði einfaldlega: Hafa komið einhverjar kröfur frá aðilum sem hugsanlega gætu gert athugasemdir við þessar takmarkanir Íslendinga en gerðu það ekki á símum tíma, féllust á þær, aðilar eins og Evrópusambandið, Alþjóðaviðskiptastofnunin eða mögulega OECD, sem líka er meðal þeirra sem fjalla um reglur af þessu tagi og var reyndar að reyna að búa til mikinn samning um alþjóðlegar fjárfestingar, svonefndan maísamning? Ég spurði af því að mér er ekki kunnugt um það. Ég veit ekki til þess að uppi hafi verið neinar kröfur af hálfu annarra aðila á okkar hendur um að við breyttum þessu. Þá er það alfarið okkar eigin ákvörðun, innlend ákvörðun. Við getum að sjálfsögðu rætt það, ef menn vilja breyta þessu, vilja fella þetta niður. En þá ræðum við það á þeim forsendum að þetta sé bara okkar mál.

[14:27]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í framhaldi af ræðu hv. þm. koma inn á örfá atriði. Ég mun seinna fara yfir ræðu hans sem að mínu mati var full af mótsögnum og ástæða er til að fara betur yfir síðar.

Mig langar til að svara þeirri spurningu sem hann varpaði hér fram um hvort það væri fyrir utanaðkomandi þrýsting sem þetta frv. væri flutt eða hvort menn teldu það bara skynsamlegt og í þágu almannahagsmuna? Mér finnst rétt að það komi fram að sú er raunin. Það er einfaldlega þannig að flutningsmönnum finnst þetta skynsamlegt og í þágu almannahagsmuna.

Mér finnst líka afskaplega óskynsamlegt að tala um fiskiðnað og útgerð í einni og sömu andránni, einfaldlega vegna þess að fiskiðnaður er jú bara hluti af þeim matvælaiðnaði sem er stór hluti af atvinnulífi okkar Íslendinga. Það er skynsamlegt að menn reyni að skapa öllum matvælaiðn-

aði á Íslandi, hvaða nafni sem hann nefnist, sambærilegar aðstæður, góðar aðstæður og þær sambærilegar.

Það er óeðlilegt að mismuna með þeim hætti sem nú er gert í lögum. Þær skýringar sem hv. þm. gaf á því af hverju hefði verið mismunað innan fiskiðnaðarins voru að fyrst og fremst — það var helst á honum að skilja — til að koma í veg fyrir að menn ættu möguleika á að stofna til samstarfs við útlendinga með því að búa til sérstök fyrirtæki utan um vinnsluþáttinn. Þetta er óeðlileg mismunun og að mínu mati og margra annarra fyrst og fremst til þess fallin að koma í veg fyrir að erlendir fjárfestar líti á fiskiðnað sem fýsilega grein fyrir sig. Þegar menn fara að kynna sér hvernig löggjöfin er, hvernig umhverfið er, sjá að löggjöfin er óaðgengileg, þá hverfa menn frá.

Herra forseti. Við teljum þetta líka skynsamlegt vegna þess að við teljum að liprari löggjöf um fjárfestingu þarna gæti verið lykill að fjárfestingu í öðrum matvælaiðnaði og þar veitir ekki af.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á erfitt með að verja þær mótsagnir sem hv. þm. telur að hafi verið í ræðu minni nema hv. þm. bendi á hverjar þær voru. Við það verður að sitja í bili. Meðan þetta er bara fullyrðing, án þess að henni fylgi rök eða útskýringar, þá get ég ekki brugðist við.

Ég tók þetta upp með spurningunni um það hvort óskir eða kröfur hefðu borist um það að þessu væri breytt, m.a. með hliðsjón af því að hæstv. viðskrh. er viðstaddur umræðuna og talaði áðan um að yfir þessi mál þyrfti að fara eða væri jafnvel verið að fara af hálfu ráðuneytisins. Þess vegna fannst mér fróðlegt að fá það upp ef svo væri að einhverjar athugasemdir hefðu verið að berast um þetta án þess að ætlunin væri að gera það að stóru máli. Það var fjarri öllu að í mínum huga vekti þar með að gera málið eitthvað tortryggilegt enda efast ég ekki um að það er einlæg skoðun hv. flutningsmanna að vilja breyta þessu. Þá er eðlilegt að þeir leggi það til og hið besta mál að fara í gegnum þetta.

Varðandi vandamálið með vinnsluna og veiðarnar endurtek ég að ég held að það hafi ekki verið í huga nokkurs manns að það væri markmið í sjálfu sér að halda endilega erlendri fjárfestingu út úr vinnslu sem slíkri, sem iðnaði eða sem rekstri frekar en því að reka sápugerð eða eitthvað annað. En vandinn var sá að takmarkið og markmiðið var að slá skjaldborg um veiðarnar, um auðlindina. Þá fundu menn ekki betri leið en að draga mörkin þarna. Ég var að reyna að koma því að.

Ég held að þetta sé ekki jafnmikil girðing varðandi samstarf við útlendinga og jafnvel þátttöku þeirra í innlendum atvinnurekstri eins og menn vilja oft vera láta. Það vill svo til að ég hef nokkrum sinnum komið að því að vera þátttakandi í að reyna að liðka fyrir slíkum samskiptum innlendra aðila og erlendra og þegar búið er að útskýra málin hvernig þau séu af okkar hálfu finna menn að sjálfsögðu leiðir til að búa um það samstarf. Það er tiltölulega auðvelt í formi dótturfyrirtækja sem menn stofna að aðskilja vinnsluþætti og veiðar í gegnum eignarhald á fyrirtækjum. Slíkt samstarf getur gefið ágæta raun. Ég held að þetta sé ekki jafnstórfellt vandamál og menn vilja oft vera láta.

[14:32]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna hitti hv. þm. einmitt naglann á höfuðið. Ef menn vilja ná viðskiptum finna menn leiðirnar. En af hverju þá ekki að hafa lögin þannig að leiðirnar liggi nokkuð beinar fyrir? Af hverju þarf að leita leiðanna, fara fram hjá lögunum, búa til dótturfyrirtæki, búa til keðjur?

Herra forseti. Sú aðferð sem við leggjum til, þ.e. að leyfa beina eignaraðild í fiskvinnslu, er miklum mun eðlilegri en sú aðferð sem viðhöfð hefur verið og ég vék að í ræðu minni þar sem um það er að ræða að útlendingar koma inn í fiskiðnaðinn eftir ýmsum krókaleiðum eftir dótturfyrirtækjaleiðunum eða þeim leiðum að þeir eigi ákveðna þætti, fasteignir eða vélar en aðrir eigi reksturinn. Ég sé ekki að við séum nokkru bættari með því að bjóða upp á slíkar krókaleiðir frekar en að við séum bættari með því að áhrifa erlendra aðila eða fjármagns þeirra gæti fyrst og fremst í skuldabókum íslenskra fyrirtækja frekar en í eigin fé þeirra.

Mér finnst að við verðum að horfa á þessa hluti út frá því að það er betra fyrir rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja og fyrir fyrirtækin sjálf að löggjöfin sé einföld, aðgengileg og ekki síst, herra forseti, að hún sé í takti við þær breytingar sem eru að gerast í öðrum þáttum þjóðlífsins bæði hér og eins í kringum okkur. Það er það sem vakir fyrir flutningsmönnum málsins að gera alla aðkomu að því liprari og einfaldari. Við trúum því að með því gætu líka skapast nýir möguleikar fyrir annan matvælaiðnað sem hefur ekki enn vakið áhuga erlendra aðila.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að munurinn sé fyrst og fremst sá og það hafi verið hugsun þeirra manna sem hafa á ýmsum tímum borið ábyrgð á því að hér hafa verið sett í lög eða verið í lögum takmarkanir af þessu tagi, eins og ég hef áður sagt, ég held mestalla þessa öld. Þess vegna tókst áfram tiltölulega góð pólitísk samstaða um það á árinu 1991 og ég man ekki annað en að allir flokkar sem þá sátu á þingi hafi staðið að því að gera þær breytingar sem þá voru gerðar, að hið lagalega forræði er þá áfram skýrt að þessu leyti og eignarhaldsforræðið er áfram skýrt að þessu leyti. Það sem menn eru þarna að reyna að gera er að verjast sambærilegum hlutum og Bretar hafa með margvíslegum ráðstöfunum verið að reyna að verjast í sjávarútvegi og gengið misjafnlega, samanber hið fræga kvótahopp, þ.e. að breskar útgerðir sem fá úthlutað veiðiheimildum á breskum fiskimiðum séu aðeins breskar að nafninu til en ekki í reynd. Mér er það ljóst, herra forseti, enda hef ég margútskýrt að fiskvinnslan er ekki vendipunktur þessa máls nema vegna þess að hún er að yfirgnæfandi meiri hluta til inni í þessum blönduðu fyrirtækjum sem stunda jafnframt veiðarnar og það fór ég ágætlega yfir í ræðu minni, að ég hélt.

Það sem vakir þarna fyrir mönnum er væntanlega það — og menn geta auðvitað sagt að það sé úrelt sjónarmið, ástæðulaus ótti eða jafnvel bara hræðsla við útlendinga og heimóttarskapur eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson telur það vera. En svona er þetta nú. Íslendingar eru reyndar ekki einir um þetta. Þetta er mjög víða þannig að menn hafa verið að reyna að hafa einhverjar lagalegar forsendur til að tryggja að arðurinn af slíkum sameiginlegum auðlindum, um það erum við öll hjartanlega sammála, sé sameiginleg auðlind, skili sér inn í landið, hristist um þjóðarlíkamann og að erlendir aðilar nái ekki þannig forræði að þeir geti stýrt hráefninu, t.d. óunnu úr landi, ég tala ekki um að landa því beinlínis erlendis eins og er tilfellið með líklega upp undir 20% af aflanum á Bretlandsmiðum vegna þess að útgerðirnar

eru ekki breskar nema að nafninu til, þ.e. til málamynda.

[14:36]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi skipstjórnarmanna og vélstjóra á fiskiskipum og kaupskipum, 110. mál, fsp. GHall, þskj. 110.

Móttaka flóttamanna frá Júgóslavíu, 112. mál, fsp. GHall, þskj. 112.

Störf nefndar um jarðskjálftavá, 109. mál, fsp. GHall, þskj. 109.

[14:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir það frv. sem hún hefur haft framsögu um.

Eins og hún gat um hefur íslensk þjóð ákveðin tengsl við sjávarútveg og sjávarútvegsiðnað. Þetta helgast af því að hún lifði náttúrlega á þessum atvinnugreinum í gegnum aldirnar. Íslensk þjóð hefur einnig háð harðvítug landhelgisstríð til að ná yfirráðum yfir þessari auðlind þannig að auðlindin og aðgangur að henni hefur ákveðinn sess í hugum Íslendinga.

Til að gæta þess að auðlindin sé í eigu „þjóðarinnar" hafa menn sett alls konar boð og reglur og bönn. Ég hygg að í engri atvinnugrein í heiminum sé eins mikið af lögum og reglum og boðum og bönnum og í íslenskum sjávarútvegi enda hafa sjómenn sagt mér, jafnvel trillukarlar, að til að stunda sæmilega útgerð þurfi menn að kunna lögfræði, það sé grundvallaratriði. Þeir þurfi ekkert að kunna frekar á veiðarfæri og svoleiðis lagað en það er lögfræðin sem þarf að vera í lagi.

Þessi atvinnugrein er ekki einu sinni skipulögð með framkvæmdarvaldinu heldur er hún skipulögð beint af hinu háa Alþingi með lögum og reglum. Ég hef reynt að skilja öll þessi lög og það tekst akkúrat meðan ég er að lesa þau. Svo þegar ég er búinn að lesa þau og legg þau frá mér nær minni mitt ekki til þess að ná yfir allt það sem stendur þar auk þess sem framkvæmdin er ekki endilega nákvæmlega eins og maður les út úr lögunum því þau eru hver loðin.

Inni í þessum lögum er t.d. takmörkun á framsali kvóta þó að hægt sé að færa fyrir því mjög sterk rök að eftir því sem framsal kvóta er frjálsara þeim mun meiri er arðsemi atvinnugreinarinnar og mest væri hún ef framsal kvóta væri algjörlega frjálst og óbundið við skip eða persónur. Þá yrði arðsemi atvinnugreinarinnar mest.

Inni í þessu er líka bann við fjárfestingu útlendinga, þ.e. fólks sem hefur ekki íslenskt vegabréf. Ég hef getið um það hversu ankannaleg þessi skilgreining er. Eftir nýjustu lögum eru sífellt fleiri þegnar þessarar jarðar að fá íslenskt vegabréf vegna þess að þeir öðlast íslenskt vegabréf ef annað hvort foreldrið er íslenskt og mikið er um blönduð hjónabönd. Það er alls konar fólk úti um allan heim sem hefur rétt til að veiða á Íslandi og hefur ekki nokkur önnur tengsl við Ísland nema að mega veiða hérna af því að þeir hafa íslenskt vegabréf. Svo eru náttúrlega margir útlendingar, sem hafa búið á Íslandi í fjölda ára og vita allt um íslenskt atvinnulíf og tala góða íslensku og allt slíkt sem mega ekki veiða. Þeir mega ekki einu sinni sjóða niður fisk.

Sem sagt, allar þessar reglur og lög takmarka arðinn af greininni og minnka hann. Þrátt fyrir það hefur sjávarútvegurinn undanfarin ár verið með mjög góða arðsemi sem sýnir okkur hvað auðlindin er feiknarlega sterk að hún skuli geta staðið undir öllum þessum takmörkunum og gefið samt arð. Reyndar hefur hann minnkað undanfarið eins og hefur komið fram í umræðunni. Það skyldi ekki vera vegna þess að menn hafa verið að herða reglurnar um framsalið?

Það er dálítið skemmtilegt að koma til útlendinga og fá þá til að fjárfesta á Íslandi. Það sem þeir gera náttúrlega fyrst er að líta á útflutning Íslendinga, hver er uppistaðan í atvinnulífinu. Þeir sjá að stór hluti af útflutningi Íslendinga er sjávarútvegur. Aha, þarna ætlum við að fjárfesta. Nei, því miður. Bannað.

Svo fara þeir og líta á t.d. orkuiðnaðinn sem er afskaplega stór. Skemmtilegt væri að fjárfesta í þessari auðlind. Nei, það er bannað. Til skamms tíma var ekkert sem menn gátu fjárfest í. Það var varla nokkuð. Það voru tryggingafélög og svona eitt og annað. Ekki bankar, ekki neitt. Útlendingarnar fóru náttúrlega bara eitthvert annað, til einhvers annars lands til að fjárfesta. Fyrir utan hvað Ísland er lítið og það kostar jafnmikið að setja sig inn í íslenskt atvinnulíf og að setja sig inn í finnskt atvinnulíf og miklu minni möguleikar. Það er því ekkert skrýtið þó að það séu litlar fjárfestingar útlendinga hér á landi, nema náttúrlega í stóriðjunni.

Það að við séum að fjárfesta einhliða í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum en þeir megi ekki fjárfesta hérna hlýtur fyrr eða síðar að kalla á það, ef þeir hafa áhuga á því yfirleitt, að þeir krefjist jafnréttis. Við viljum fá að fjárfesta hjá ykkur, segja t.d. Þjóðverjar, eins og þið hafið keypt upp allan þýskan sjávarútveg. En þeir hafa sennilega lítinn áhuga á þessu, þetta er svo lítill hluti af atvinnustarfsemi þeirra.

Hér hefur verið nefnt að erlendri fjárfestingu fylgi ekki þekking af því að Íslendingar kunni svo óskaplega vel að reka sjávarútveg. Það er rétt, þeir vita allt um tæknina við að veiða fisk. Þeir kunna á fiskisjár og allt þetta sem felst í því. En þeir kunna ekki stjórnun. Ég held að íslenskum fyrirtækjum sé yfirleitt illa stjórnað miðað við það sem best gerist og betri stjórnun gæti komið inn með erlendri fjárfestingu. (**Gripið fram í:** Þýskur agi.) Eða amerísk þekking á því hvernig á að virkja fólk í því með kauprétti og öðru slíku, virkja starfsmennina þannig að það sé gaman að vinna og hagur starfsmannanna fari saman við hag fyrirtækisins sem er hið besta mál fyrir alla.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom inn á það, sem ég hef sjálfsagt nefnt mörgum sinnum áður, að hægt er að hafa áhrif á annan hátt en með beinni eignaraðild. Langsamlega best er að lána einhverjum ræfli mikla peninga sem hann getur aldrei borgað til baka og láta hann kaupa kvóta fyrir það og setja honum svo einhver afarskilyrði þannig að hann verði að hlíta í einu og öllu því sem maður segir. Þannig komast menn náttúrlega að sjálfsögðu inn í auðlindina á miklu betri máta en með því að kaupa hlutabréf í einhverju fyrirtæki. Þetta hafa menn verið að gera í stórum stíl. Íslendingar vakna ekki upp við það þegar sjávarútvegurinn skuldar 150 milljarða eða meira. Meira og minna í útlöndum. Hvað mundi gerast ef hann gæti ekki borgað þetta? Hvað mundi gerast? Ég sé engan mun á þeirri stöðu og því að útlendingar ættu beinan hlut í sjávarútveginum.

Í rauninni eru á pappírunum mjög mikil áhrif útlendinga í sjávarútvegi á Íslandi, á auðlindinni, ef þeir hefðu á því áhuga, einhvern annan en bara að græða og fá vexti.

Menn hafa rætt um það eftir að auðlindanefndin kom til sögunnar að það þurfi að setja álögur á kvótann, annaðhvort skattaálögur eða bjóða upp hluta af honum á ári hverju. Þetta mun að sjálfsögðu minnka arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja, hugsanlega lækka verð þeirra og það sem þarf að koma á

móti er að slaka á reglunum. Fyrst þjóðin er að ná tangarhaldi á auðlindinni á þennan hátt með því að fá skatta eða uppboð, sumir setja jafnaðarmerki milli ríkis og þjóðar, sem ég geri ekki, þá má slaka á reglunum hinum megin.

Um leið og þjóðin nær tangarhaldi á auðlindinni með uppboðum eða skattlagningu, þá má slaka á. Það mundi þýða að verðmæti fyrirtækjanna hækkaði, t.d. að útlendingar megi fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi þýðir að það eru fleiri sem mega bjóða í og geta boðið í hlutabréfin. Það þýðir ekki nema eitt, verðið hækkar. Ekki lækkar það. Um leið og menn taka kvótann frá útgerðinni ættu menn að slaka á reglunum. Frv. gengur út á þetta.

Ég hef furðað mig á því á undanförnum árum hve sjávarútvegsfyrirtækjunum virðist illa stjórnað. Ef maður lítur á arðsemi eða hagnað fyrirtækjanna á hvert kíló sem þau mega veiða eru þetta ekki nema tíu, tuttugu krónur á kíló á sama tíma og maður getur selt sama kíló eða veiðiréttinn á hundrað kall. Ég skil ekkert í mönnunum að leigja ekki allan kvótann frá sér. Ég skil ekkert í forráðamönnum Granda að hætta ekki rekstri og leigja allan kvótann. Þeir fimmfalda hagnaðinn með því. Af hverju gera þeir þetta ekki? Ég hef ekki skilið það og það sem ég hef alltaf verið að bíða eftir er illvíg yfirtaka, að einhver kaupi öll hlutabréf í Granda og leggi fyrirtækið niður. Það margborgar sig.

En þá kemur nefnilega inn í þetta dálítið merkilegur hlutur sem er eignarhald lífeyrissjóðanna á sjávarútvegsfyrirtækjunum og annarra aðila sem mega ekki vamm sitt vita, sem mega ekki græða hvað sem það kostar. Það hindrar sennilega að menn hafi farið í illvíga yfirtöku eða rekið fyrirtækið skynsamlega. Hvaða áhrif hefði slík illvíg yfirtaka? Hún mundi þýða það, ef eitthvert stórt fyrirtæki eins og Samherji yrði tekið yfir, að menn mundu demba öllum kvótanum á markað. Það mundi þýða að markaðsverðið, sem er núna yfir hundrað krónur á kíló fyrir að fá að veiða eitt kíló af þorski, lækkaði niður í sextíu, fimmtíu, fjörutíu kall. Það mundi aftur þýða að nýir menn gætu byrjað. Illvíg yfirtaka er ekki endilega slæm. Hún mundi þýða að smábátasjómenn á Vestfjörðum gætu allt í einu farið að keppa við sjávarútvegsfyrirtækin ef þeir þyrftu að borga þrjátíu krónur á kíló. Þeir yrðu hoppandi glaðir. Þeir gætu gert út alla daga ársins þegar gefur. Ekki bara tuttugu daga eins og nú er. Illvíg yfirtaka er ekkert endilega slæm. Hún mundi þýða markaðssetningu á kvótanum. En þetta má ekki. Þetta má ekki af því það er ljótt að kaupa sjávarútvegsfyrirtækin til að leggja þau niður. Svona er þetta allt skrítið vegna þess hvernig allt er skipulagt með reglum og boðum og bönnum.

Það ætti að friða þjóðina að hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu og í gjaldeyristekjum fer hratt minnkandi. Við erum að byggja álver, við sjáum mjög blómleg íslensk þekkingarfyrirtæki, Íslenska erfðagreiningu o.fl., sem eiga eftir að skila miklu meiri skerf í þjóðarkökuna. Sjávarútvegurinn er alltaf að minnka í vægi og þjóðin þarf ekki lengur að hafa þvílíkar áhyggjur af sjávarútveginum sem hann væri eina fjöregg þjóðarinnar. Nú er nefnilega komin ný auðlind sem er betri stjórnun og meiri þekking. Sú auðlind getur nýst ein og sér í hugbúnaðargeiranum og í þekkingariðnaðinum. Menn gætu þess vegna farið að slaka á klónni.

En ég endurtek, herra forseti, að þetta frv. er ósköp lítið skref, en í rétta átt og ég styð það.

[14:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan. En ástæða þess að ég bað um andsvar við ræðu hans var vegna aðkomu hans að auðlindanefnd en í henni átti ég sæti.

Hv. þm. talaði um að auðlindanefnd hefði lagt til gjaldtöku á aflaheimildina sem mundi gera rekstur fyrirtækjanna erfiðari en talaði síðan um að nauðsynlegt væri að rýmka til hvað aðrar reglur snerti. Ég held, virðulegi forseti, að viðhorf hv. þm., sem hafa komið fram, séu ekki þess eðlis að hann telji eðlilegt að eftir að aðgangur að auðlindinni er takmarkaður, aðgangurinn er orðinn verðmæti í eðli sínu, að þá sé slíkur aðgangur gefinn. Á móti kemur hins vegar að auðlindanefndin leggur jafnframt til að rýmkað verði til um þær reglur sem hv. þm. nefndi áðan.

Ég vildi að það lægi fyrir í umræðunni að á móti kemur að um leið og menn hafa greitt fyrir þennan aðgang, greitt fyrir þau verðmæti sem þeir hafa fengið, er eðlilegt að menn hafi rýmkaðar ráðstöfunarheimildir hvað varðar þau verðmæti.

[14:51]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sú umræða sem hefur farið fram um það mál sem er á dagskrá er býsna góð og ágætt veganesti fyrir okkur þingmenn og þá sem eiga eftir að vinna frekar með málið. Það er hins vegar svo að í upphafi umræðunnar var látin í ljós ákveðinn söknuður eftir hæstv. utanrrh. Þess var óskað að hann yrði viðstaddur umræðuna og tæki í henni þátt og honum gæfist a.m.k. kostur á því að skýra sjónarmið sín. Eins og þekkt er hefur hæstv. utanrrh. sagt að hann sé tilbúinn að endurskoða afstöðu sína hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. En eins og hefur komið fram, bæði vegna þessa máls og þess máls sem var á undan á dagskrá, hefur hæstv. utanrrh. ekki átt þess kost að vera í þingsalnum í dag vegna anna, vegna starfa sinna annars staðar. Það er því ósk mín og bón, herra forseti, að umræðunni verði frestað núna þar til hæstv. utanrrh. getur tekið þátt í umræðunni, þar til hæstv. utanrrh. á þess kost að koma fram með skoðanir sínar og skýra sjónarmið sín og eiga orðastað við aðra hv. þm. um þetta mál.

Eins og menn heyra ef þeir fylgjast með umræðunum láta hv. þm. ekki við það sitja að tala bara um fjárfestingu í fiskiðnaði heldur nýta þetta tækifæri til að ræða almennt um fjárfestingar, bæði Íslendinga erlendis og erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri. Það er vel vegna þess að það er þörf umræða og mjög þarft að menn yddi sjónarmið sín. En, herra forseti, ég óska eftir því sem 1. flm. málsins og í ljósi þess hvaða umræður hafa farið fram bæði utan þings og innan um þetta mál, um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi, að umræðunni verði frestað þar til hæstv. utanrrh. getur verið hér og tekið þátt í umræðum.

[14:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það liggur við að ég líti á þessa athugasemd sem vantraust á mig sem fer með þennan málaflokk og ekki síst þegar ljóst er að það sem lagt er til í því frv. sem hér er til umræðu er ekki fjárfesting í sjávarútvegi heldur einungis í fiskiðnaði. Mér heyrðist á hv. 4. þm. Norðurl. e. að hún vildi kalla hæstv. utanrrh. til fundarins til að ræða málefni sem er í raun ekki á dagskrá, sem er ekki innifalið

í því frv. sem er hér til umræðu. Auk þess held ég að við sem hér erum þekkjum mjög nákvæmlega það sem hæstv. utanrrh. sagði í aðalatriðum á fundi sem haldinn var fyrir nokkrum vikum um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Ég treysti mér a.m.k. alveg til að endurflytja það. Þar að auki er hæstv. utanrrh. í sama stjórnmálaflokki og sú sem hér stendur. Ég tel því enga ástæða til að fresta umræðum þó hann sé ekki viðstaddur.

[14:54]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er síður en svo falin í því nokkur minnsta aðför að hæstv. viðskrh. eða neikvæð afstaða í hennar garð þó svo óskað sé eftir því að umræðunni verði ekki lokið fyrr en hæstv. utanrrh. verði viðstaddur. Þvert á móti tók ég það sérstaklega fram að samstarfið við hæstv. ráðherra væri til fyrirmyndar því hún kom sérstaklega til að taka þátt í umræðum um þetta mál og er það lofsvert.

Hins vegar er hæstv. utanrrh. ekki bara utanrrh., hann er formaður annars stjórnarflokksins og sem slíkur hefur hann gefið yfirlýsingu um að hann hafi skipt um skoðun í afstöðu sinni til fjárfestinga í sjávarútvegi. Verður ekki hlustað öðruvísi á orð hans en að túlka það svo að hann sé ekki aðeins sammála því að heimila erlendar fjárfestingar í fiskiðnaði heldur líka í sjávarútvegi, sem fellur undir þriðja ráðherrann, sjútvrh. (Gripið fram í.) Einnig er hann utanríkisviðskrh., það er rétt. Það er síður en svo neitt vantraust á hæstv. viðskrh. Það er mjög eðlilegt að við þessar aðstæður, þegar svona stór yfirlýsing kemur óvænt frá formanni annars stjórnarflokksins, sé óskað eftir því að umræðum verði ekki lokið fyrr en hann verður viðstaddur. Það er sjálfsagt mál að þingmenn þurfi að ræða þetta við hann og ástæða til að spyrjast fyrir um hvort þarna sé verið að marka nýja stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar eða bara Framsfl.

[14:56]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir miður ef hæstv. iðn.- og viðskrh. lítur svo á að ósk mín sé fram komin vegna einhvers vantrausts á hana sem ráðherra í þessum málaflokki. Svo er aldeilis ekki. Mér finnst að hún hafi sýnt aðdáunarvert fordæmi öðrum ráðherrum í því bæði að vera viðstödd fyrirspurnatíma í gær og geta tekist á við þær fyrirspurnir sem fram voru komnar, ein ráðherra, sem og að taka þátt í umræðunni í dag.

Hins vegar vitum við sem hér erum ekki hvað hæstv. utanrrh. er að meina. Það kann að vera að hæstv. iðn.- og viðskrh. og flokkssystir ráðherrans viti hvað hann er að meina með því að segjast vera tilbúinn að endurskoða afstöðu sína til fjárfestinga í sjávarútvegi. Það hefur hins vegar ekki komið það glöggt fram að okkur hinum sé það ljóst. Eins og jafnan er best að slíkt komi fram án millilliða. Það er því fullkomlega eðlilegt, herra forseti, að farið sé fram á það af hálfu þeirra sem standa fyrir umræðunni og þeirra sem vilja taka í henni þátt að hæstv. utanrrh. gefist kostur á því að vera við umræðuna, skýra viðhorf sín og taka þátt í henni eftir atvikum.

Eins og hefur komið fram eru menn mjög viljugir að ræða hvernig stöðu Íslands er háttað þegar fjárfestingar eru annars vegar, hvort sem það eru erlendar fjárfestingar hér á landi eða fjárfestingar Íslendinga erlendis. Sannarlega heyra þessi mál að stórum hluta undir hæstv. iðn.- og viðskrh. en vegna yfirlýsinga hæstv. utanrrh. er það skoðun mín og okkar flm. að annað sé ótækt en að hæstv. utanrrh. fái til þess tækifæri að vera þátttakandi í umræðunni og við fáum til þess tækifæri að spyrja hann frekar út í skoðanir hans. Ná þær bara til þess sem hér er lagt til, sem er lítið spor eins og er réttilega bent á, eða ná þær lengra? Hvernig sér þá hæstv. ráðherra það fyrir sér gerast? Er það í einhverjum takti við það sem aðrir hafa rætt eða hvað?

Best er auðvitað og æskilegast að fá þau sjónarmið fram beint frá hæstv. utanrrh. og þess vegna, herra forseti, ítreka ég beiðni mína um frestun umræðunnar.

[14:59]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem flyt þetta mál með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Ég tek undir með henni hvað varðar þá kröfu að umræðunni verði frestað. Ég vil enn fremur taka undir með hv. þm. sem hefur lýst því yfir að samskiptin við viðskrh. undanfarna daga hafa verið til mikillar fyrirmyndar. Ég held að aðrir ráðherrar mættu taka hana til fyrirmyndar að því er varðar samskipti við þingið.

Málið sem við ræðum hér sérstaklega er stórt. Það er verið að brjóta í blað, þ.e. það er verið að leggja til opnun á fjárfestingum í stærstu atvinnugrein okkar og ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur þessa umræðu, geti sett fram sín sjónarmið og kannski staðið fyrir því sem hann hefur sett fram í ræðu hér áður. Virðulegi forseti. Ég vil því taka undir þá kröfu að á þessari stundu verði umræðunni frestað.

[15:00]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna þessara óska vill forseti taka fram að það er auðvitað rétt sem hér hefur komið fram að sá málaflokkur sem hér er til umræðu er á verksviði hæstv. viðskrh. sem er viðstödd þessa umræðu. Það er í sjálfu sér ekki hægt að krefjast þess að aðrir hæstv. ráðherrar séu viðstaddir. En fyrst það er eindregin ósk hv. 1. flm. að fresta málinu þá verður orðið við því og þessari umræðu frestað.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 26. mál (tekjutenging bóta). — Þskj. 26.

[15:01]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 26 og þetta er 26. mál.

Þetta frv. tryggir sjálfsögð mannréttindi fyrir íslenska lífeyrisþega, þ.e. það tryggir afnám tengingar við laun maka sem hefur verið eitt af helstu baráttumálum bæði samtaka öryrkja og reyndar aldraða líka og mikið baráttumál Samfylkingarinnar í málefnum lífeyrisþega.

Þetta mál felur einnig í sér aðra breytingu sem er að tekið er á því óréttlæti sem í núgildandi lögum felst, að greiðslur til öryrkja frá Tryggingastofnun ríkisins lækka við það að hann nær 67 ára aldri, þ.e. að öryrki verði ellilífeyrisþegi. Á því atriði er sömuleiðis tekið í frv.

Flutningsmenn frv. ásamt þeirri sem hér stendur eru allir hv. þingmenn þingflokks Samfylkingarinnar.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fara ekki fram úr 402.852 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 402.852 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna hans sem umfram eru."

Sama ákvæði kemur síðan um örorkulífeyrisþegana og sömu upphæðir og sama tekjutengingarprósenta.

Síðan segir í greininni, herra forseti:

„Um tekjutryggingu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Hjónum sem bæði eru lífeyrisþegar er heimilt að nýta ónýtt frítekjumark hvort annars."

2. gr. er um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Það er sem sagt verið að leggja það til hér að tekjutengingin tekjutryggingar lífeyrisþega við laun maka hans verði afnumin þannig að tekjutengingin í almannatryggingunum verði aðeins við hans eigin tekjur. Það er líka tekið sérstaklega fram að millifæra megi frítekjumark hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, þ.e. að þau geti nýtt frítekjumark hvort annars, nýti þau það ekki að fullu. Reyndar er það þannig í almannatryggingunum. En þegar mál hefur verið hér til umfjöllunar, eins og það hefur verið nokkrum sinnum áður hér á Alþingi, þá hefur það viljað brenna við að menn hafi verið að snúa út úr þessum skilningi og framkvæmd á almannatryggingunum. Þess vegna þótti flutningsmönnum ástæða til að taka það sérstaklega fram í greinargerð. Þær upphæðir sem eru í lagagreininni eru fengnar frá Tryggingastofnun ríkisins og miðast við 1. september árið 2000.

Eins og menn þekkja eflaust eftir alla þá umræðu sem hefur verið um þessa óréttlátu reglu þá hafa menn verið sammála um og talið réttlætismál að þeir sem ekki geti séð sér farborða fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins. Þeir sem missa atvinnuna fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Sama gildir ekki um lífeyrisþega, þ.e. þegar einhver missir starfsorkuna eða starfsgetuna þá fær hann ekki sambærilegan stuðning frá velferðarkerfinu því greiðslurnar úr almannatryggingunum skerðast ef sá sem missir starfsorkuna er í hjónabandi eða sambúð og koma þá tekjur eða laun makans til skerðingar. Heimild fyrir þessari skerðingu var sett inn í almannatryggingalögin 1998 um leið og skerðingarmörkin voru hækkuð. Það var því stigið smá hænufet í því að minnka skerðinguna 1998 en um leið var þessi skerðing lögfest sem áður var í reglugerð. Síðan var stigið annað hænufet nú í lok september þegar aftur var nokkuð dregið úr þessari skerðingu. Öryrkjabandalag Íslands höfðaði mál gegn Tryggingastofnun ríkisins þar sem það taldi að Tryggingastofnun hefði verið óheimilt að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka frá 1995. Niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur lá fyrir í lok síðasta árs en um það hvort Tryggingastofnun hafi verið heimilt að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka eftir lagabreytinguna á 17. gr. laganna frá 1998 ríkir aftur á móti réttaróvissa þar sem dómarar í málinu voru ekki á einu máli þar um.

Ákvæði þessarar skerðingarreglu hafa í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru. Þær lenda í mjög erfiðri stöðu og ég ætla aðeins að lýsa því nánar. Við getum bara ímyndað okkur fjölskyldu þar sem annað hjóna missir starfsorkuna og getur ekki unnið lengur. Það hefur auðvitað ákveðinn tekjumissi í för með sér ef um langvarandi veikindi er að ræða. Ef hinn sjúki eða slasaði fær ekki starfsorkuna aftur og þarf að fara á örorku þá byrja tekjur maka að skerða greiðslur hans frá almannatryggingunum mjög snemma. Það er oftar en ekki að öryrkinn fær ekki nema grunnlífeyri sem er um 17 þúsund kr.

Ekki er nóg með að þessi skerðing sé gagnvart tekjum úr almannatryggingunum heldur er tekjutengingin andstæð eðli almannatryggingarinnar og eftir því sem sérfræðingar sjá gleggst þá er þetta líka brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Fólki á vinnualdri er einnig mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Það er ekki sama hvort menn eru atvinnulausir eða eru óvinnufærir. Þeir fá ekki sama stuðning og það er verið að mismuna þeim í kerfinu og slík mismunun hlýtur að vera andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Tekjutengingin virðist einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera brotin, ekki ein heldur fleiri, á þeim sem síst skyldi og geta oftar en ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við meðferð frumvarps til laga um almannatryggingar, þ.e. fyrstu almannatryggingalaganna árið 1935, kom fram í nefndaráliti og í umræðunni að gert væri ráð fyrir að í þeim fælist hrein persónutrygging, þ.e. að verið væri að tryggja persónu hvers og eins. Samkvæmt því er það andstætt tilgangi og markmiði laganna að færa tryggingarskylduna yfir á maka og þar með er hið opinbera að firra sig ábyrgð ef lífeyrisþeginn sem er í hjónabandi eða sambúð. Það er verið að varpa tryggingarskyldunni yfir á annan aðila.

Við bendum einnig á það í greinargerðinni, herra forseti, að þetta stríði gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að virða. Bæði má benda á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. desember 1948. Þar segir í inngangsorðum, með leyfi forseta:

„Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Í 2. gr. sáttmálans segir einnig, með leyfi forseta:

„Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna."

Í 16. gr. er fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana."

Í 25. gr. sáttmálans segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum sem skorti valda og að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir."

Núgildandi lagagrein, sem kveður á um að tekjur maka skerði tekjutryggingu lífeyrisþega, grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Unnt er að leiðrétta þetta með samþykkt þessa frumvarps.

Ég vil minna á að prestastefna hefur sérstaklega tekið þessa tekjutengingu til umfjöllunar og ályktað um hana. Það var 1997 sem prestastefna ályktaði sérstaklega um þetta mál þar sem hún bendir á að leiðrétta verði þetta ranglæti því að þetta fyrirkomulag stofni hjónaböndum fólks í hættu. Prestastefna 1997 hvetur sem sé til þess að stjórnvöld leiðrétti þetta ranglæti.

Vegna þeirrar umræðu sem var hér í síðustu viku um málefni og kjör lífeyrisþega verður líka að geta þess hér og það þarf að koma skýrt fram að þessi regla viðgengst nánast hvergi annars staðar en hér, a.m.k. ekki í þróuðum velferðarríkjum. Þó svo að hér hafi ráðherrar staðið upp og haldið öðru fram þá er það ekki rétt. Ég vil vitna í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslensku leiðina, um íslenska velferðarkerfið. Þar segir um þessa tekjutengingu, á bls. 273, með leyfi forseta:

„Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum, þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild, áður en til fátækraaðstoðar gæti komið, með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum." — Þau hafa horfið frá þessari framkvæmd. — „Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum, og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn."

Greiðslur til lífeyrisþega, og þá ekki síst öryrkja, skulu vera óháðar tekjum maka þeirra. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við grunneiningu þjóðfélagsins þar sem fjölskyldan er. Einnig er ástæða til þess að benda á að lífeyrisþegi í hjónabandi og sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að tæpum 22 þús. kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á ef hann byggi einn. Þannig er lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð með lægri almannatryggingagreiðslur, eða þriðjungi lægri en einhleypingur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans. Það er því verið að skerða mjög stíft í kerfinu gagnvart þeim sem búa með öðrum þó svo að þessi skerðing komi ekki í ofanálag.

Flutningsmenn frv. leggja því til að ákvæði verði sett inn í almannatryggingalögin um að tekjur maka skuli ekki hafa áhrif á tekjutrygginguna. Hinar tekjutengingarnar og skerðingarnar eru meiri en nóg skerðing fyrir þá sem eru í þessari aðstöðu. Einnig er lagt til í frv. að upphæð tekjutryggingar og frítekjumark verði það sama fyrir aldraða og öryrkja, þar eru upphæðir miðaðar við tekjutryggingu öryrkja í dag sem er heldur hærri en hjá öldruðum. Reyndar er það skoðun okkar flutningsmanna að leiðrétta þurfi kjör bæði aldraðra og öryrkja úr almannatryggingunum því bilið hefur gliðnað á milli launaþróunar og tryggingagreiðslna. Við höfum tekið þá umræðu hér, en engu að síður er full ástæða til að leiðrétta þetta misræmi sem er milli öryrkja og aldraðra því að það hefur þau áhrif í dag að þegar öryrki nær 67 ára aldri og verður ellilífeyrisþegi þá hafa greiðslurnar til hans lækkað. Það er auðvitað ekki eðlilegt því að yfirleitt er það svo að sé maður fatlaður eða hafi þurft að búa við skerta starfsgetu þá lagast hún yfirleitt ekki með aldrinum. Það er því full ástæða til að leiðrétta þetta atriði.

Þetta frv. sem ég mæli hér fyrir, herra forseti, hefur verið flutt nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili og sömuleiðis var það lagt fram á 125. þingi en kom þá ekki til umræðu. Vegna þeirrar umræðu sem hefur verið um þessa óréttlátu tekjutengingu vil ég geta þess að íslenska almannatryggingakerfið er það mikið tekjutengt gagnvart launum utan kerfisins að það þarf enginn að hafa áhyggjur af því, þó að þetta verði leiðrétt, að einhver hagnist óeðlilega á þessu. Það verður enginn ríkur á að fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu því að passað er upp á það með tekjutengingunum. Það er fullkomlega eðlilegt að ákveðnar tekjutengingar séu inni í kerfinu vegna þess að okkar kerfi er þannig uppbyggt, sem er að nokkru leyti öðruvísi en t.d. á Norðurlöndunum, að lífeyrissjóðirnir eru að taka yfir stóran hluta af lífeyrisgreiðslunum og það leiðir af sér með tekjutengingunum að lífeyrissjóðirnir taka þarna við, en það kemur ekki þeim til góða sem eru komnir á lífeyrisgreiðslur í dag. Þetta kemur þeim til góða sem munu fá lífeyrisgreiðslur á næstu árum og áratugum vegna þess að skyldan til greiðslna í lífeyrissjóð hefur ekki verið fyrir hendi fyrr en í seinni tíð.

Ég vil einnig minnast á fátækragildruna sem fólk lendir í sem býr við þessa skerðingarreglu. Þetta er nánast óbærilegt, sérstaklega öryrkjum og ungu fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og er með ung börn, að búa við þetta. Það getur ekki leyft sér nokkurn skapaðan hlut. Börn þessara lífeyrisþega eru ekki þátttakendur í félagslífi, eru ekki þátttakendur í daglegu lífi jafnaldra þeirra því að ljóst er að foreldrar geta ekki veitt þeim það sama og aðrir foreldrar þegar þeir búa við slíka skerðingarreglu. Það er því full ástæða til að taka á þessu máli fyrir utan það að þetta er mannréttindamál.

Bent hefur verið á að þetta kostar ríkissjóð ekki mikið. Menn hafa verið tilbúnir að styðja við ýmsa aðra hópa í samfélaginu sem hafa það bara ansi gott með hærri upphæðum en þeim sem þyrfti til til að leiðrétta þessa reglu. Mér þykir fyrir því að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera hér viðstödd og enginn úr hennar flokki, ekki nokkur framsóknarmaður hefur verið viðstaddur þessa umræðu. Ég hefði gjarnan viljað sjá hér þó ekki væri nema einhvern einn úr flokki hæstv. heilbrrh. til að taka þátt í umræðunni því að hæstv. ráðherra hefur margsinnis lýst því yfir að hún telji að þetta mál snúist

um siðferði og það beri að afnema þessa tekjutengingu. Að minnsta kosti var það nokkrum sinnum sagt fyrir kosningar að það bæri afnema þetta og hefur hæstv. ráðherra stigið tvö hænufet í þá átt. En það væri full ástæða til að spyrjast fyrir um það hvenær hæstv. ráðherra hyggst standa við þau loforð sín sem hún hefur gefið, gaf bæði á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðustu kosningar og í viðtölum og hér á þingi um að hún ætlaði að afnema tekjutengingu við tekjur maka. Ég veit að það gætir óþreyju í hópi margra og sérstaklega öryrkja sem geta ekki hugsað í árum að bíða eftir slíkum breytingum. Við sem höfum heilsu og ráðherrar geta kannski hugsað í árum en þeir aðilar sem búa við þessa reglu geta ekki beðið og börn þeirra sem þurfa e.t.v. að bíða í mörg ár eftir því að geta verið með í samfélaginu.

Ég fagna því að formaður fjárln. er mættur í salinn, það er þá a.m.k. einn framsóknarmaður mættur til umræðunnar, herra forseti. Ég vonast til að hv. þm. Jón Kristjánsson muni svara því hvenær hæstv. heilbrrh. ætli að standa við loforð sín um að afnema þá óréttlátu reglu sem viðgengst hér því miður á Íslandi og við teljum að ætti að vera löngu búið að afnema. Nú er lag í góðærinu, herra forseti, að afnema hana. Menn voru tilbúnir að afhenda jeppaforstjórunum lækkun á skatti á jeppana, en ég býst við að það sé heldur lægri upphæð sem þyrfti til til að leiðrétta þetta óréttlæti.

Herra forseti. Ég held ég hafi ræðu mína ekki mikið lengri að sinni en mælist til þess að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. að lokinni umræðu þar sem ég vonast til, þar sem engin mál liggja nú fyrir nefndinni, að hægt verði að fara fljótt og vel í málið og samþykkja því það hefur greinilega verið stefna hæstv. heilbrrh., a.m.k. ef miða má við yfirlýsingar fyrir síðustu kosningar, að það sé siðferðilegt mál að afnema tekjutengingu við laun maka. Því hlýtur frv. að fá góða og skjóta meðferð í nefndinni og koma síðan aftur til þingsins von bráðar.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að hæstv. heilbrrh. er erlendis og er með varamann fyrir sig í þinginu þessa viku.)

[15:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. sagði, og ég ætla að vona að ég hafi náð því rétt, að aukin þátttaka lífeyrissjóðanna í velferðarkerfinu bæti ekki stöðu þeirra sem nú eru á örorkulífeyri, og ætla ég að vona að þetta sé rétt eftir haft. Lagaskylda hefur verið að eiga aðild að lífeyrissjóði frá 1980 fyrir sjálfstætt starfandi og frá 1974 fyrir alla launþega og lagaskylda hefur verið að greiða í lífeyrissjóð fyrir alla sem eru á vinnumarkaði frá 1974, í 26 ár.

Það er því afar sjaldgæft að einhver maður sé öryrki í dag sem var úrskurðaður fyrir þann tíma, því að hann hefði þá orðið öryrki mjög ungur, annars væri hann kominn á ellilífeyri. Velflestir öryrkjar í dag hafa því verið á vinnumarkaði og hafa greitt í lífeyrissjóð og hafa átt að fá framreikning til 67 ára aldurs hjá flestum sjóðunum nema hjá LSR, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hjá opinberu sjóðunum og hjá einstaka litlum sjóðum. Allir aðrir fá framreikning, fá mjög myndarlegan lífeyri. Þeir sem voru gamlir þegar þeir gengu í sjóðinn fá kannski ekki nema 20 ár framreiknuð ef þeir hafa verið 47 ára þegar þeir gengu í sjóðinn. Hinir sem voru yngri þegar þeir gengu í sjóðinn fá upp undir 40 ár metin á þennan hátt. Hvort tveggja gefur um 30–60% af tekjum úr lífeyrissjóði.

Ég spyr því hv. þm., hvaða öryrkjar njóta ekki lífeyris úr lífeyrissjóðum fyrir utan þá sem aldrei hafa farið á vinnumarkað, þ.e. þann hóp manna sem eru fatlaðir eða annað slíkt?

[15:28]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. veit vel að það er fjöldi manns sem ekki er með greiðslur úr lífeyrissjóði. Við skulum bara bíða morgundagsins, á morgun koma staðtölur almannatrygginganna fram á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins sem verður síðdegis á morgun og þá getum við haft það algjörlega á hreinu hversu margir það eru sem ekki eru með greiðslur úr lífeyrissjóði eða mjög litlar. Við vitum alveg hvernig staðan er hjá því fólki sem ekki er með greiðslur úr lífeyrissjóði.

Ég vil bara minna á það, herra forseti, að það eru allmargir sem hafa kannski verið stuttan tíma á vinnumarkaði þ.e. í hópi öryrkja sem hafa misst starfsgetuna snemma á lífsleiðinni, því miður. Við þurfum ekki annað en að horfa á slysatíðnina í umferðinni. Fjöldi ungmenna er á sjúkrahúsum og endurhæfingarstofnunum eftir hörmuleg slys. Þetta unga fólk á yfirleitt lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum. Það þarf ekki annað en að nefna slík dæmi til að menn sjái að því miður er þó nokkuð af fólki sem þarf að treysta algjörlega á almannatryggingarnar.

Aftur á móti erum við að ræða um tekjutengingu við tekjur eða laun maka. Ég trúi því ekki, herra forseti, að hv. þm. sé ekki sammála mér í því að þetta sé hróplegt óréttlæti og brot á réttindum einstaklingsins og andstætt upprunalegri hugsun á almannatryggingunum, að tengja framfærslu einstaklingsins úr velferðarkerfinu, hans persónulegu tryggingu, við laun einhver annars sem alls ekki er hluti af hans tryggingu. Hvort hann sjái ekki að þetta er stórt réttlætismál sem þarf að taka á. Eða er hann e.t.v. ekki sammála hæstv. heilbrrh. sem hefur lýst því yfir að það sé siðferðisspursmál að leiðrétta þetta?

[15:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við spurningunni. Svarið sem ég fékk var mjög yfirborðskennt. Ég spurði: Hvaða hópar fólks hafa ekki verið á vinnumarkaði, ekki greitt til lífeyrissjóðs á síðustu 20 árum og orðið öryrkjar?

Það er rétt að því miður hefur orðið mikið af slysum undanfarið á ungu fólki. Það ber að harma. Á bak við hvert einasta er persónulegur harmleikur. En inn í þau mál grípa skaðabótalögin mjög myndarlega með 9–13 millj. fyrir þá sem verða að fullu öryrkjar. Það má ekki gleyma því heldur.

Sem betur fer eru örorkulíkur ungs fólks afskaplega lágar. Það er sjaldgæft að fólk verði öryrkjar undir 35 ára aldri. Örorkulíkurnar vaxa mjög með aldri og eru mjög háar þegar komið er yfir fimmtugt eða sextugt. Þannig er sjaldgæft að ungt fólk verði öryrkjar þó að sjálfsögðu séu til einstök tilfelli. Eins og ég gat um koma skaðabótalögin þar stundum inn í en það er mjög sjaldgæft að ungt fólk verði öryrkjar og þess vegna get ég ekki séð hvaða stóri hópur á að vera í þeirri stöðu nema þeir sem ekki greiddu til lífeyrissjóðs en áttu að gera það. Margir hafa svikist um að greiða í lífeyrissjóð. Sum dæmin sem ég hef séð um fólk á strípuðum töxtum almannatrygginga eru vegna þess að það hafði ekki greitt í lífeyrissjóð eins og lagaskylda bauð.

[15:31]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þetta á við eins fáa og hv. þm. segir ætti ekki að verða skotaskuld að kippa þessu í liðinn og styðja við þá sem eru í þessari stöðu. Sem betur fer, í hörmulegri stöðu þeirra sem hafa slasast, hafa þeir fleiri tryggingar í einhverjum tilvikum. En þeir sem veikjast, t.d. þeir sem fá alvarlega sjúkdóma á unga aldri, unglingar eða fólk sem ekki hefur lokið námi, í hvaða stöðu er það fólk?

Ég veit að hv. þm. þekkir það. Ég veit að fólk hefur haft samband við hann til að sýna honum fram á erfiða stöðu sína. Það hefur komið fólki á óvart að hann skuli ekki hafa áttað sig á stöðu þeirra hér í samfélaginu sem búa við þetta.

Aftur á móti erum við að ræða um tengingu við tekjur maka og ég, herra forseti, hef ekki heyrt hv. þm. svara þeim spurningum sem ég varpaði til hans í andsvari, um hvort hann telji þetta ekki vera réttlætismál. Ég minni á að þó að einhverjir hafi ekki staðið við að borga í lífeyrissjóð — sem getur vissulega verið, það er náttúrlega allur gangur á því hvernig fólk fylgir lögum — er þetta fólk jafnilla statt. Ef fólk er mjög illa statt í samfélaginu á velferðarkerfið auðvitað að koma til stuðnings þannig að fólk hafi a.m.k. lágmarksframfærslu. Ég held að við getum verið sammála um það, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal.

[15:33]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan að hún saknaði framsóknarmanna og var mál til komið. Ég er ekki hissa á því. En án þess að ég ætli að svara fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. þá hafa verið í umræðunni hér tekjutengingar í almannatryggingakerfinu, tekjutengingar örorkubóta við tekjur maka og tekjutengingar í bótum aldraðra.

Mér er kunnugt um að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur verið með starfshóp til að skoða þessi mál og sá vinnuhópur er að störfum. Hins vegar kannast ég ekki við, og vil leiðrétta það, að hafa heyrt að ráðherrann sé þeirrar skoðunar að afnema eigi allar tekjutengingar í þessu kerfi. Ég tek það fram að ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég vil skoða tekjutengingarnar í örorkubótakerfinu og tengingu við tekjur maka. Tvívegis hafa verið stigin skref í átt að því að draga úr þeim. Þetta kerfi hefur verið við lýði um langt árabil en fyrst nú hefur verið dregið úr þessum tekjutengingum. Ég held að það verði að skoða þau mál betur en að afnema allar tekjutengingar í almannatryggingakerfinu, ég er ekki fylgjandi því. Ég veit að ráðherrann er ekki fylgjandi því heldur.

[15:35]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég sakni fleiri framsóknarmanna í salinn eftir að hafa hlustað á þetta. Það er greinilegt að framsóknarmenn halda að einhver hafi farið fram á að afnema allar tekjutengingar í almannatryggingakerfinu. Um það hefur enginn talað nema samstarfsflokkurinn, Sjálfstfl., sem samþykkti á landsfundi sínum fyrir kosningar að afnema allar tekjutengingar. Þennan söng um að afnema eigi allar tekjutengingar verða þeir að syngja við sinn samstarfsflokk. Þannig er það.

Ég vona að hv. þm. komi þessu til skila til félaga sinna í Framsfl. Það hefur komið fram hjá mörgum í umræðu um málið að einhver hafi farið fram á að afnema allar tekjutengingar í kerfinu. Það er enginn að fara fram á það hér.

Við krefjumst þess aftur á móti að staðið verði við að afnema tengingu við tekjur eða laun maka. Við höfum farið fram á það sem hæstv. ráðherra talaði um að hún mundi gera á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir kosningar á síðasta kjörtímabili. Ég og margir fleiri hlustuðu á það og það er skjalfest.

Ég spyr því hv. þm.: Fyrst hann er í svona góðu sambandi við hæstv. ráðherra og er að vinna fyrir hann í einhverjum nefndum um þessi mál og ég fagna að hann skuli vera þó gera eitthvað í því, hvenær ætlar hæstv. ráðherra að standa við að afnema þessa tekjutengingu? Nú er lag. Frv. kemur til heilbr.- og trn. að lokinni atkvæðagreiðslu, líklega eftir helgina. Þá er hægt að samþykkja að afnema þessa tekjutengingu sem er hróplegt óréttlæti.

Ég ætla að biðja hv. þm. að vera ekki að gaula þetta í takt við Sjálfstfl. og landsfund hans um að afnema allar tekjutengingar. Þess hefur enginn krafist nema landsfundur Sjálfstfl.

[15:37]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi skilið hvert hv. 15. þm. Reykv. var að fara. Það er að vísu misskilningur að ég sé í nefnd hjá hæstv. heilbrrh. við að skoða þessi mál. Ég er alveg saklaus af því en hins vegar hef ég hugleitt þessi mál eins og aðrir. Ég tel að það þurfi að skoða þau tekjumörk sem eru í þessu kerfi.

Ég heyri að við erum sammála um að það eigi ekki að afnema allar tekjutengingar. Það er ljóst að okkur greinir ekki á í því. Það er verið að skoða málefni öryrkja í þeim starfshópi sem ég nefndi. Mér er ekki kunnugt um stöðu þeirra mála í smáatriðum en ráðherrann svarar vissulega fyrir það þegar hún kemur til þings sem verður innan tíðar. Ég ætla því ekki að segja til um hvenær niðurstaða af þeirri vinnu liggur fyrir. Ég tel að að þessum málum sé unnið í mikilli alvöru og endurtek að í fyrsta skipti um langt árabil hefur verið litið á þessar tekjutengingar í örorkubótakerfinu til endurskoðunar. Þetta er ekki nýtt mál, en það er nýtt að stigin séu skref til að taka á því og sú leið hefur verið valin að gera það í áföngum.

[15:39]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. skuli ekki vera í þessari nefnd. Hann er náttúrlega, eins og kemur hér fram, mjög vel meinandi í þessum efnum.

Ég fagna því að tekjutengingarnar verði skoðaðar því að á þeirri tekjutengingu sem hér er til umræðu verður auðvitað að taka. Auðvitað fagna ég því að stigin hafi verið skref í átt til breytinga, a.m.k. tvö skref. Það er vissulega til bóta en ég hefði viljað sjá þessa tengingu algjörlega afnumda og að hæstv. ráðherra stæði við þau orð sín, sem hún hefur sagt opinberlega, að þetta beri að afnema.

Ég bíð eftir því og vonast til að hv. þm., formaður fjárln. sem getur lagt sitt lóð á vogarskálina — hann var tilbúinn að setja jafnháa upphæð eða jafnvel hærri til að lækka skattinn á jeppaforstjórunum í lok þings í vor — sé tilbúinn að leggja þarna til peninga því að þarna er virkilega þörfin. Þessi regla kemur verulega illa niður hjá fjölskyldum öryrkja, á börnum þeirra og því fólki sem verður fyrir skyndilegum veikindum og stríðir við erfiðleika í fjármálum þess vegna. Þetta er vissulega eitt af því sem ég hefði talið að ætti að vera efst á blaði hjá hæstv. ríkisstjórn.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir meginefni þessa frv. Ég held að löngu tímabært sé að afnema það fyrirkomulag sem þarna hefur mjög lengi verið haft, eins og hér var á bent. Það eru ekki rök fyrir því að viðhalda því þó að dregist hafi hér á landi, langtum lengur, áratugum lengur en annars staðar, að hverfa frá eldri viðhorfum að þessu leyti í almannatryggingum okkar.

Mér hefur löngum þótt þessi staða sérstaklega niðurlægjandi þegar kemur að öryrkjum. Út af fyrir sig eru ekki endilega efni til að gera þarna greinarmun á öldruðum og öryrkjum eða öðrum skjólstæðingum eða viðskiptamönnum tryggingakerfisins en ég verð að játa að mér hefur þótt að mörgu leyti tilfinnanlegri og meira niðurlægjandi sú staða sem ungt fólk sem missir starfsorkuna er sett í að þessu leyti, að vera gert að bagga eða byrði á maka sínum í þessum skilningi. Ég er þeirrar skoðunar, ekki síst í ljósi þess að ekki er um meiri útgjöld að ræða en raun ber vitni og jafnvel þó svo væri og þetta kostaði meira fé en það raunverulega gerir, að tímabært sé að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og taka skrefið einfaldlega í einu lagi.

Þetta er spurning um mjög mikið grundvallarmál, herra forseti. Í raun leiðir hún til þess að við þurfum að spyrja: Hvernig teljum við að stöðu einstaklingsins eigi í grundvallaratriðum að vera háttað í þessu tilliti? Ég vil í því sambandi vitna í stefnuyfirlýsingu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þar er sérstaklega lögð áhersla á sjálfstæðan rétt hvers einstaklings til viðunandi framfærslu og sjálfsvirðingar í því samhengi, óháð aðstæðum, fjölskyldustöðu eða slíku. Í raun held ég að þannig verði að nálgast þetta til að kerfið verði þannig úr garði gert að allir geti vel við unað.

Þá kemur hins vegar að því að skilgreina og ákvarða þann grunn sem hverjum einstaklingi sé með þessum hætti tryggður til sjálfstæðrar framfærslu af samfélaginu í þeim tilvikum að menn hafa ekki aðstöðu til að afla sér tekna sjálfir með vinnu sinni á vinnumarkaði. Þetta væri ákveðið skref í þá átt að allir héldu sínum grunnlífeyri og tekjutryggingu sinni, óháð aðstæðum að öðru leyti.

Það þarf ekki að koma í veg fyrir að til viðbótar sé ýmiss konar skilyrtur eða tekjutengdur stuðningur eins og frv. gengur út frá að haldi sér að öðru leyti í almannatryggingakerfinu. Fyrir því geta verið alveg sjálfstæð rök eins og þau að líta til aðstöðu manna varðandi húsnæði eða aðrar tekjur.

Rökstuðningur fyrir þessum breytingum, herra forseti, er að mínu mati afar sterkur. Það er ágætlega rakið í greinargerð hversu mörg grundvallaratriði í löggjöfinni eða grundvallarréttindi núverandi fyrirkomulag brýtur. Það ætti að vera tiltölulega sjálfsagt mál að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Frekar væri að menn tækjust á um raunupphæðirnar sem síðan yrði byggt á í framtíðinni en hyrfu frá þessu fyrirkomulagi sem slíku.

Í því samhengi sem við ræðum þessa hluti, að þrátt fyrir auknar þjóðartekjur og velmegun mjög margra hópa samfélagsins á undanförnum árum, mjög aukna velmegun sumra þeirra sem í bestri aðstöðu hafa verið til að taka til sín, er auðvitað dapurlegt að öryrkjar og aldraðir skuli þurfa að vera svo ósáttur við hlutskipti sitt sem raun ber vitni.

Ég, herra forseti, lít á þetta sem skref sem hluta af stærra máli. Ég vil láta það koma fram hér að ég er ekki endilega, með því að lýsa yfir stuðningi við þetta frv., að skrifa upp á að þar með sé sagan sögð og ekki þurfi að athuga þarna fleira. En sá hraði snigilsins, þau hænufet sem hæstv. ríkisstjórn hefur að nafninu til tekið til að færa sig í átt að því að draga úr þessari skerðingu er auðvitað óviðunandi, ekki síst í ljósi þess hversu lágar upphæðir eru hér í raun á ferðinni. Það nálgast að vera hlægilegt að taka í mörgum skrefum á mörgum árum, útgjöld sem eru langt innan skekkjumarka í ríkisfjármáladæminu, smávægilegar breytingar í samanburði við ýmislegt annað sem fýkur fyrir borð þegar vel liggur á mönnum í breytingum á tollakerfinu, skattprósentum gagnvart fyrirtækjum eða öðru slíku.

Það sem gera þarf í framhaldinu, herra forseti, er eitt af stóru málunum varðandi lífskjör mjög fjölmennra hópa í samfélaginu á komandi árum, að fá botn í það sem er í lausu lofti í dag, þ.e. megindrættina í samspili almannatryggingakerfisins, lífeyristeknanna og skattkerfisins en þar eru menn á tvist og bast. Þessi málaflokkur er vistaður hjá mörgum ráðuneytum og hefur verið næsta tilviljanakennt hvernig þetta samspil er útfært hverju sinni. Það hefur stundum ráðist af skyndiákvörðunum um prósentur eða upphæðir hér inn á hv. Alþingi án þess að nokkurn tíma hafi verið reynt að móta stefnu um heildarsamhengið.

Af hverju er þetta svona mikilvægt, herra forseti? Jú, vegna þess að þarna koma til með að ráðast lífskjör tugþúsunda Íslendinga á komandi árum, gera það út af fyrir sig þegar í dag. Sá hópur fer mjög ört stækkandi sem mun eiga afkomu sína undir þessu samspili, hversu mikið verður horft til annarra tekna, hvernig almannatryggingakerfið sjálft með grunngreiðslum sínum eða grunntryggingu annars vegar og lífeyristekjurnar hins vegar verða látin spila saman og svo auðvitað skattkerfið sem skiptir þarna líka máli, í gegnum skattleysismörk og prósentur. Þetta er ekkert smámál, herra forseti. Það skiptir auðvitað miklu í efnahagslegu tilliti, út frá stöðu þessa fjölmenna og vaxandi hóps sem neytanda og þátttakanda í samfélaginu á komandi árum og áratugum þó þetta skipti auðvitað mestu máli og síðast en ekki síst fyrir lífskjör einstaklinganna sjálfra.

Í þessu samhengi vitna ég oft til þess, herra forseti, að í Danmörku voru fyrir nokkrum árum miklar umræður um þessi mál. Þar var gerð, til hliðar við annað, þjóðhagsleg úttekt á því hvaða áhrif það hefði í dönsku efnahagslífi hvaða kaupmátt danskir ellilífeyrisþegar hefðu eða mundu hafa á komandi árum. Útkoman var sú, og er svo sem ekkert skrýtið, að ákaflega skynsamlegt væri að reyna að hækka lífeyri og ellilaunatekjur danskra ellilífeyrisþega þannig að þeir hefðu vel borð fyrir báru, hefðu einhvern afgang. Hvers vegna? Jú, vegna þess að um leið gerðust þeir virkir þátttakendur í þjóðfélaginu á fjölmörgum sviðum og yrðu virkir neytendur, keyptu þjónustu eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins, sem þeir hefðu ekki efni á ef afkomunni væri þrýst of langt niður. Danir sem eru ákaflega praktískir og skynsamir gengu í að reyna að lyfta lífskjörum þessa hóps þannig að hann yrði virkari þátttakandi í danska samfélaginu, m.a. út frá þessum rökum en þó ekki eingöngu. Að sjálfsögðu eru menn fyrst og fremst að tala um velferð þessa hóps eða stöðu en það skiptir líka máli í mörgu öðru tilliti hvernig að þessum hópi er búið.

Aldraðir, svo ekki sé talað um öryrkja, sem rétt ná endum saman, ef þeir þá ná því, fara ekki á veitingahús eða í ferðalög. Þeir láta ekki laga hjá sér húsið, gera ekki við bílinn sinn o.s.frv. Þeir fara þar með út úr hinni virku hringiðu þjóðlífsins.

Á þetta vildi ég leggja áherslu, herra forseti, en endurtek að ég lýsi yfir stuðningi mínum við meginefni þessa frv.

[15:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það þurfi að líta á heildarsamhengið þegar menn skoða velferðarkerfið, skattkerfið og bótakerfið þar á meðal. En ég vildi spyrja hv. þm.: Telur hann eðlilegt að tekjur tannlæknis, sem er með 400 þús. kr. tekjur á mánuði, skerði ekki bætur til maka hans, sem hefur sameiginlegt borðhald og slíkt með honum, þannig að þau séu með tæpar 500 þús. kr. á mánuði til ráðstöfunar? Reyndar borgar hann skatt af þessu. Fyrri spurningin er sem sagt: Telur hv. þm. að það sé eðlilegt að öryrki sem á maka með 400 þús. kr. tekjur fái sama lífeyri og annar öryrki sem giftur er öryrkja sem er bara með 70 þús. kr. á mánuði?

Önnur spurningin er: Með sömu hugsun er þeim sem eru í sambúð refsað með því að þeir fá ekki sérstaka heimilisuppbót. Telur hv. þm. eðlilegt að allir fái heimilisuppbót og einnig þeir sem ekki eru í sambúð fái sérstaka heimilisuppbót? Þetta eru bara örfá dæmi úr þeim mikla frumskógi þar sem Íslendingar hafa ýmist tekið tillit til fjölskyldu eða ekki fjölskyldu.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að öryrki, segjum ungur maður sem verður fyrir því að missa starfsorkuna og verður að fullu öryrki ungur að árum, eigi sama rétt á sjálfsvirðingu og því geta gengið um í samfélaginu og borið höfuðið hátt, hvort sem hann er giftur tannlækni eða ekki. Ég held að þetta snúist um að það sé einhver grunnur, sjálfstæður réttur hvers einstaklings sem við látum vera til staðar og engin önnur leið en að hann sé til staðar og þá skipti ekki máli hvort makinn er skipstjóri, tannlæknir, flugfreyja, sjálfur öryrki eða atvinnulaus. Þannig held ég að við verðum að nálgast það þannig að svar mitt er já. Ég er ekkert feiminn við að segja það. Það felst í þessu frv. og ég styð það þannig að hv. þm. hefði í raun getað svarað sér sjálfur með því að ég lýsti yfir stuðningi við þetta frv.

Svo skulum við ræða um hvar þessi grunnur á að vera? Það er í raun annað mál, hvort hann er 45 þús. kr. á mánuði eða 60 þús. kr., eitthvert hlutfall af reiknaðri framfærslu eða annað slíkt. Það eru allt saman útfærsluatriði en grundvallaratriðið er þetta og frá því vil ég ekki víkja.

Ég tók hins vegar fram að vel kæmi til greina að annar stuðningur, t.d. heimilisuppbætur og slíkt tæki mið af aðstæðum manna, enda er hann skilgreindur sem annað. Þar er verið að mæta kostnaðarþáttum sem eru breytilegir hjá mönnum, t.d. við heimilishald. Það getur vel verið rétt að skoða þó að þessi grunnur, réttur einstaklingsins sjálfs, sé til staðar í öllum tilvikum óháð tekjum maka eða heimilisaðstæðum. Þetta er reyndar kerfi sem ég held að almennt sé að festast í sessi gegnum mannréttindasáttmála og fleira í sambærilegum tilvikum.

[15:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tekur undir sívaxandi einstaklingshyggju í þjóðfélaginu þar sem fyrst og fremst er litið er á einstaklinginn en ekki á þær aðstæður sem hann býr við, t.d. sameiginlegan fjárhag með maka. Hv. þm. tekur þannig undir þessa einstaklingshyggju og ég get ekki annað en glaðst yfir því.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er að snúa út úr orðum mínum. Það þarf ekkert að vera einhver einstaklingshyggja fólgin í því, einhver kapítalismi að hætti Sjálfstfl. og hv. þm. Péturs Blöndals, að vilja eftir sem áður taka tillit til sjálfstæðs réttar hvers einstaklings og hverrar persónu að vissu marki. Það finnst mér bara vera eðlilegur hlutur. Með þessu er ég ekki að segja að fjölskyldan, fjölskylduaðstæður og aðrar kringumstæður skipti ekki máli líka. Að sjálfsögðu gera þær það. Það sem við ættum í raun að gera er að finna ákveðna, við getum sagt, leið á milli þessara endastöðva, að virða rétt hvers sjálfstæðs einstaklings og tryggja honum sjálfsvirðingu og sjálfstæði sem auðvitað er fólgið í því að hafa einhverjar sjálfstæðar tekjur.

Ég býst ekki við að neitt okkar sem hér erum inni vildum vera í þeirri stöðu að hafa engar tekjur og yrðum að fara til maka okkar að biðja um aura ef við ætluðum að kaupa okkur úlpu. En þannig er ástandið í dag. Geta menn ekki reynt að setja sig í þau spor? Það er ekki verjandi og það er ekki réttlætanlegt. En það er ekki þar með sagt að við ætlum að fletja allt almannatryggingakerfið út og ekki taka að neinu leyti tillit til aðstæðna eða tekna. Við erum að leita að einhverri hóflegri millileið í þessum efnum og munum væntanlega alltaf gera það. Ég held að öfgarnar í báðar áttir séu þarna vitlausar. Þess vegna finnst mér þetta skref vera rétt og skynsamlegt og fyrir löngu tímabært en ég tók það jafnframt fram og endurtek að í mínum huga er þetta ekki endastöð í þessu máli.

[15:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa farið fram áhugaverð orðaskipti og fráleitt þegar reynt er að snúa persónurétti upp í einstaklingshyggju eins og hér var gert fyrir nokkrum mínútum.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur fylgt þessu frv. þingflokks Samfylkingarinnar ákaflega vel úr hlaði. Bæði er greinargerðin með þessu máli skýr og gefur þær upplýsingar sem þingmenn þurfa á að halda til að kynna sér þau mál sem hér eru til umfjöllunar og jafnframt gerði þingmaðurinn góða grein fyrir þeim upplýsingum sem hér koma fram. Við höfum auðvitað tekið á réttindamálum á liðnum árum. Stundum er eins og við stöndum í stað og lítið gerist, menn láta sér lynda að þau lög sem eru við lýði séu óbreytt. En sem betur fer er yfirleitt tekið á réttindamálunum og það höfum við verið að gera á Alþingi á liðnum árum.

Á bls. 3 í þessari greinargerð er vísað til bókar Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslenska leiðin, sem mjög oft hefur verið vitnað til á Alþingi. Þar var gerð úttekt á íslenska velferðarkerfinu og farið mjög ítarlega yfir galla þess og kosti. Eins og þar kemur fram bendir hann á að hér sé í gildi skerðingarregla í almannatryggingakerfinu sem sé mjög fátíð og sérstök fyrir Ísland, þ.e. skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Hann heldur því fram — og Stefán Ólafsson prófessor er ekki pólitíkus, hann hefur farið mjög efnislega í þau mál sem honum hafa verið falin — að þessi regla sé arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum þar sem framfærsluskylda var hjá fjölskyldunni eða ættingjum.

Við höfum haft fleiri slík lög þar sem beinlínis hefur verið um að ræða arfleifð frá gömlu fátækraaðstoðinni. Ég

ætla að vekja athygli á því sem við höfum gert á liðnum árum varðandi það. Við höfum hafnað þessari hugsun í lagasetningu hér á Alþingi á síðasta áratug. Ég get bent á lögin um félagslega aðstoð sveitarfélaga sem voru að mig minnir sett árið 1991 og tóku gildi 1992. Þau lög leystu af hólmi gömul framfærslulög frá 1936 sem byggðust á hugsuninni um fátækraaðstoðina og að framfærsluskylda væri lögð á fjölskyldu og ættingja. Þessi hugsun var frá þeim tíma er hér á landi var í gildi samkvæmt lögum ákveðin sveitfesti þess fólks sem lenti í erfiðleikum við áföll og þurfti að leita aðstoðar sveitarfélags. Þá var svo strangt á um það kveðið í lögum að sækja þurfti greiðsluna fyrir þessum stuðningi sveitarfélagsins þar sem viðkomandi hafði áður búið. Þvílík niðurlæging fólst í því þegar ekki einu sinni búseta gilti heldur þurfti að elta það uppi hvar fólk hefði síðast átt lögheimili áður en erfiðleikar og áföll dundu á því og rukka sveitarfélagið þar sem sveitfesti var.

Ég held að ég muni það rétt að algjör og fullur stuðningur var við það hér í þessum sal að gera þá breytingu sem gerð var með lögum um félagslega aðstoð sveitarfélaga þar sem þetta sveitfesti var afnumið og þar sem það var fest í lög að sveitarfélög settu sér kvarða yfir stuðning sinn og það væri réttur einstaklings að leita eftir slíkum stuðningi. Ég ætla ekki að gera þeim lögum frekari skil, enda erum við að ræða hér um nýja lagasetningu.

Ég ætla samt að minna á að 1992 tóku gildi önnur lög um málefni fatlaðra þar sem líka var verið að taka á því sem máli skiptir, að afnema það sem í felst niðurlæging og vanlíðan fylgir, og reyna að setja lög þar sem fólki er gert kleift að lifa með reisn, jafnvel þar sem erfiðleikar steðja að eða þar sem örorka eða annað skapar erfiðleika í framfærslu. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram við umræðuna og vegna þeirra athugasemda sem komið hafa fram.

Hvor tveggja þessi lög byggja í raun og veru á hugsun jafnréttis og réttlætis og reisn í mannlegu samfélagi. Það er sú sama hugsun og fylgdi lagasetningunni þegar sett voru lög um almannatryggingar og kom fram þá, eins og segir í grg., að í þeim ætti að felast hrein persónutrygging. Ég geri mér alveg grein fyrir að þessi lög voru á sínum tíma sett af samsteypustjórn Alþfl. og Sjálfstfl., en þau lög voru baráttumál jafnaðarmanna til margra ára og framkvæmd þeirra sett á oddinn af jafnaðarmönnum þegar gengið var til þeirrar ríkisstjórnar. Hins vegar hefur það gerst í áranna rás og á þeim árum sem síðan hafa liðið, að almannatryggingalögin eru eitt af því sem sjálfstæðismenn hafa sett mjög á oddinn og hreykt sér af á t.d. pólitískum fundum og ástæða til að minna á að þegar góð lög hafa verið sett í þessum samsteypustjórnum vilja allir Lilju kveðið hafa. Þannig er það nú.

Ég vil líka árétta það sem hefur komið fram í umræðunni að við erum með ákveðið öryggiskerfi og öryggisnet. Eitt af því eru atvinnuleysisbæturnar og það er þannig að þeir sem missa atvinnuna fá atvinnuleysisbætur og þær eru óháðar tekjum maka. Þar er persónurétturinn algjör. Og þó að atvinnuleysisbætur séu lágar og allt of lágar eins og bætur lífeyristrygginga eru almennt er það samt mjög mikilvægt fyrir þann sem verður atvinnulaus að eiga rétt á þessum krónum, eiga rétt á þessari fjárhæð til viðurværis meðan atvinnuleysið stendur. Ég hef ekki nokkru sinni heyrt því haldið fram að ef viðkomandi er giftur, hvort sem er tannlækni eða öðrum, þá eigi viðkomandi að missa þær bætur eða missa þær niður í um 17 þúsund kr. eins og gerist í dag með lífeyrisgreiðslurnar. Þetta er vegna þess að þær bætur byggja á persónurétti og það er það mikilvæga í hugsuninni um tryggingakerfið og öryggisnetið okkar.

Ég vil árétta það að bók Stefáns Ólafssonar, Íslenska leiðin, er úttekt á íslenska velferðarkerfinu. Hún á að vera kennslubók okkar þingmanna. Þar er dregið fram hverju er ábótavant og hvar við stöndum okkur sæmilega í samanburði við aðrar þjóðir. Það var mjög athyglisvert að þegar sú bók kom fram bentu stjórnarliðar gjarnan á hversu mikilvæg hún væri fyrir sjónarmið þeirra þegar þeir gátu bent á þau atriði þar sem við stóðum okkur í samanburði þjóðanna en vildu ekkert um það ræða þar sem verulega var ábótavant eða þar sem minnt var á að við byggjum við arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar.

Mér finnst líka að það hafi komið fram í orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals að við værum að leggja til að afnema allar tekjutengingar, líka tekjutengingar við eigin tekjur, miðað við hvernig hann hefur sett fram fyrirspurnir sínar. Ég tek náttúrlega fram að það felst ekki í þessu frv. heldur er verið að leggja til að bæturnar séu ekki bundnar tekjum maka.

Einmitt vegna þess að allir þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð búa við það að greiðslur úr lífeyrissjóði skerða greiðslur úr almannatryggingum, þá er ljóst að kostnaður við þessa breytingu er umtalsvert minni en ef við værum ekki að tala um eigin tekjutengingar, líka hvað lífeyrisgreiðslur varðar. Og ef ég man rétt erum við að tala um að þetta afnám við tekjur maka kosti einhver hundruð milljóna. Við skulum líka muna að fyrir utan tekjutenginguna fær maki, þegar um það er að ræða að viðkomandi er maki einhvers, um þriðjungi lægri greiðslu vegna þess sem þegar hefur komið fram hérna með heimilisuppbætur og sérstakar heimilisuppbætur.

Ef menn eru að hengja sig í kostnaðinn er vert að minnast þess að síðan árið 1993 og 1994 hefur dregið gífurlega í sundur með almennum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og það hefur komið fram í því sem að okkur hefur verið rétt í útreikningum frá t.d. samtökum aldraða og öryrkja að þar munar milljörðum, mörgum milljörðum. Það eru pólitískar ákvarðanir sem þar eru að baki. Þess vegna skiptir líka máli að það kostar ekki mikið að ganga til þessarar lagabreytingar, en hún er mjög mikilsverð og hefur verið sett á oddinn af t.d. samtökum öryrkja til margra ára.

Að lokum, herra forseti. Bent var á það af fulltrúa vinstri grænna að mikilvægt væri að skoða samspil lífeyriskerfisins, almannatrygginga og skattkerfisins, það væri stóra málið. Ég tek undir það og minni á að þegar Samfylkingin kynnti málaskrá sína í upphafi þings kom fram að við erum að vinna við og skoða það að setja fram frv. um afkomutryggingu sem byggir á þessari hugsun.

En grundvallaratriði af okkar hálfu er það, sem hér er flutt, að afnema viðmið við tekjur maka.

[16:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig fullkomlega á því að frv. gengur bara út á tekjur maka en ekki út á tengingu við tekjur öryrkjans sjálfs, ég átta mig fullkomlega á því.

Mig langar til að spyrja hv. þm., og ég ætla ekki að spyrja sömu spurningar og ég spurði hv. þm. Steingrím J. Sigfússon heldur ætla ég að spyrja nýrra spurninga þar sem ég hef rekist á fullt af atriðum sem tengja fjölskylduna. Nú er persónuafsláttur háður tekjum maka, þ.e. persónuafsláttur er fluttur í auknum mæli, það var 80% hér áður fyrr, síðan 85% og fer upp í 100%. Þar má einstaklingur nýta persónuafslátt

maka síns ef sá hefur ekki tekjur, þ.e. hann fær aukinn styrk frá ríkinu eða stuðning ef maki hans hefur lágar tekjur.

Hvað kemur honum þetta eiginlega við? Ef öryrkjanum kemur ekki við hversu háar tekjur maki hans hefur hvað kemur þá venjulegum launþega við eða öryrkja hve lágar tekjur maki hans hefur? Þarna erum við nefnilega að fara inn á aðra braut og í þveröfuga átt við það sem lagt er til í frv.

Ég er ekki að segja að ég sé á móti einu eða öðru. Ég er bara að benda á þetta.

Síðan er það spurningin um einstaklingshyggjuna sem er vaxandi. Þetta frv. gengur út á það og hv. þm. nefndi aftur og aftur í ræðu sinni, að það væri persónuréttur einstaklingsins að hann fengi lífeyri sinn óháð tekjum makans. Þetta er einstaklingshyggja, herra forseti. (Gripið fram í) Þetta er einstaklingshyggja.

Ég bendi á í sambandi við atvinnuleysisbæturnar, sem hv. þm. nefndi líka, að í mörgum löndum er greitt iðgjald til atvinnuleysisbóta og við erum farin að taka það upp á Íslandi líka, og þar sem iðgjald er greitt, eins og í lífeyrissjóðunum, þá er það einstaklingstrygging.

En ég vildi gjarnan fá svör við þessu með einstaklingshyggjuna og persónuafsláttinn.

[16:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að eiga orðaskipti við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ef hann langar til að kalla það sem við erum hér að ræða um einstaklingshyggju, þá má hann það. Við erum að tala um réttlæti, við erum að tala um persónurétt, við erum að tala um jafnræði og við erum að tala um öryggisnet og tryggingar. En ef hann er fastur í þessu orði úr eigin stefnuskrá, að tala um einstaklingshyggju, þá má hann það. Hann má koma hingað og spyrja okkur aftur og aftur.

Það er allt annað að tala um skatta eða almannatryggingar og persónurétt. Það er tvennt ólíkt. Og ég minni þingmanninn líka á að skattaleg meðferð ræðst af uppruna tekna. Það jafngildir ekki því að uppruni tekna eigi að ráðast af skattalegri meðferð. Ég hygg að þetta sé grundvallaratriði í svari mínu til þingmannsins.

[16:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók sér í munn það orð sem notað er yfir réttlæti og ég spyr hv. þm.: Ef við erum með tvenn hjón, annars vegar tvo öryrkja þar sem makinn er með 70 þús. kr., og hins vegar hjón þar sem makinn er með 400 þús. kr., tannlæknir eða skipstjóri eða eitthvað slíkt, er það réttlæti að báðir öryrkjarnir fái sömu bætur án tillits til tekna og þeirra aðstæðna sem þeir lifa í, borgað úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna? Er það réttlæti? Ég spyr.

Varðandi það að skattkerfið komi þessu máli ekkert við, þá bendi ég á að íslenska skattkerfið er fullt af bótum. Það eru vaxtabætur, það eru barnabætur, það er 66. gr. sem hv. þm. þekkir örugglega, um heimild til skattstjóra til að fella niður skatta þeirra sem eiga bágt.

Skattkerfið er því ekkert óháð bótakerfinu. Skattkerfið grípur inn í bótakerfið, enda gengur umræðan út á það að samræma bóta- og skattkerfið. Ég spyr því hv. þm.: Er það réttlæti sem ég nefndi hérna áðan? Og ég spyr hv. þm. enn fremur um 66. gr. í skattalögunum.

[16:13]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að gaman væri að eiga orðaskipti við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég held næstum því að ég verði að taka það til baka því að mér finnst þingmaðurinn vera farinn að þvæla.

Ef einn hefur 70 þúsund, sem eru þá væntanlega lágmarkslaun, og annar hefur eitthvað annað, þrjú, fjögur eða fimm hundruð þúsund, og ef báðir makarnir eru að vinna fyrir lágmarkslaunum, þá hafa önnur hjónin tvisvar sinnum lágmarkslaun og hin meira. Það er þannig.

Ef þeir makar sem eru á lágmarkslaununum lenda á atvinnuleysisbótum fá þeir jafnt. Þeir fá ekki lágmarkslaunin. Þeir fá aðra tölu.

Við erum að tala um að það eigi ekki að tekjutengja greiðslur almannabóta við tekjur maka og við erum að tala þess vegna um að maki fái meira en 17 þúsund. Hann fengi engin 70 þúsund, það ætti þingmaðurinn að vita, hann fengi engin 70 þúsund. Og hann mun áfram fá mun minna en einstaklingur sem er öryrki. Við erum að tala um sanngirni, réttlæti og jafnræði.

[16:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þróun tryggingakerfisins þurfa menn að gæta samræmis og almannatryggingakerfið eða velferðarkerfið í heild sinni er samspil úr mörgum þáttum. Þ.e. Tryggingastofnun, skattkerfinu, félagshjálp sveitarfélaganna o.s.frv. Við Íslendingar erum með óvenju fjölskrúðugt velferðarkerfi. Mér finnst að inni í því hafi umræðan um fjölskylduna ekki verið tekin upp. Á að taka tillit til fjölskyldunnar eða ekki? Ég sem einstaklingshyggjumaður vil það helst ekki en þá bý ég líka til nýtt óréttlæti, ef ekki er tekið tillit til fjölskyldunnar.

Ég nefni sem dæmi skattalögin með persónuafsláttinn. Þar er tekið tillit til fjölskyldunnar og meira að segja tekna fjölskyldunnar, þ.e. að það megi millifæra persónuafslátt í auknum mæli. Hv. Alþingi er búið að samþykkja það að auka flutning persónuafsláttar úr 80% í 100%. Þar er tekið tillit til fjölskyldunnar.

Ég nefni einstæða foreldra og kjör þeirra. Þeir fá hærri barnalífeyri. Þeir fá hærri bætur mjög víða í kerfinu vegna þess að þeir búa einir. Þar er vissulega tekið tillit til fjölskyldunnar. Þeir sem búa einir með börn fá aðrar og betri bætur en þeir sem búa með maka sínum. Þar er tekið tillit til fjölskyldunnar.

Allar þessar bætur gera það að verkum, og ég hef reiknað það út fyrir fólk, að fólk getur grætt allt að hálfri milljón á ári með því að skilja og gerast einstæðir foreldrar báðir eða annaðhvort þeirra. Það mismunandi eftir tekjum. Þarna er verið að gera upp á milli fjölskyldufórma, þ.e. hvort fólk er gift eða ekki þannig að það er tekið tillit til fjölskyldunnar.

Ég hef nefnt heimilisuppbótina og sérstöku heimilisuppbótina. Þar er líka tekið tillit til fjölskyldu.

Með makalífeyri lífeyrissjóða er verið að veita mökum lífeyri vegna þess að þeir eru giftir. Þar er tekið tillit til fjölskyldunnar.

Húsaleigubætur eru þannig uppbyggðar að það eru einar bætur á hverja fjölskyldu. Það er alveg sama hvort þar er um að ræða einn eða tvo fullorðna, það er jafnmikið. Þar er ekkert tillit tekið til fjölskyldunnar. Fjölskyldan í heild sinni fær einn lífeyri, hvort sem það er einn maður eða fleiri. Mér finnst því þurfa að taka upp alla þessa umræðu um fjölskyldu

eða ekki fjölskyldu og það þarf að ræða hvort við ætlum að hafa fjölskylduna sem samtryggingarkerfi eins og hún hefur verið og eins og hún er. Ég þekki engin hjón sem halda fjárhag sínum aðskildum. Það er yfirleitt alltaf þannig að þetta er allt sett í einn sjóð hvort sem annar makinn er með 400 þús. kall eða ekki og svo er eytt úr honum sameiginlega. Þannig þekki ég það. Það er ekki til í dæminu að menn kvitti fyrir morgunverðinn og borgi fyrir hann og að sá sem keypti í bakaríinu fái greitt úr einhverjum sjóði frá hinum. Ég þekki það ekki. Þetta er því sameiginlegur sjóður. Hvers vegna ætla menn ekki að taka tillit til þess?

Það er ljóst að öryrkinn sem hefur sameiginlegan sjóð með hátekjumanni hefur það betra en öryrkinn sem hefur sameiginlegan sjóð einhverjum sem er með lágar tekjur. Mér finnst því að menn þurfi að taka þetta með inn í myndina. Ætla menn að fara algjöran veg einstaklingshyggjunnar og láta hvern mann fá sínar bætur? Þá lenda menn aftur í öðrum vanda sem felst í því að ef við erum með tvo öyrkja sem búa saman þá hafa þeir hag af því að búa í einni íbúð. Það er ódýrara en að vera í tveimur íbúðum. Þeir hafa hag af því að elda saman. Það er ódýrara en að elda fyrir einn sitt í hvoru lagi. Það er mikill hagur af því að búa í sambýli við annan. Það er ódýrara fyrir hvern einstakling að búa með öðrum en ef viðkomandi byggju hvor í sinni íbúðinni. Tekið er tillit til þessa í kerfinu einmitt með heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót sem tekin var upp að mig minnir 1970 að frumkvæði Eðvarðs Sigurðssonar.

Við erum því að taka tillit til fjölskyldunnar út um allt í kerfinu, í millifæranlegum persónuafslætti, hjá einstæðum foreldrum o.s.frv. Þess vegna kemur þetta frv. til laga dálítið undarlega út þar sem allt í einu á ekki að taka tillit til fölskyldunnar. Ég spyr: Er þetta stefnubreyting? Ætlum við alls staðar að hætta að taka tillit til fjölskyldunnar? Þá vil ég að það komi skýrt fram. Ætlum við að hætta að millifæra persónuafslátt í skattkerfinu? Ætlum við að hætta að umbuna einstæðum foreldrum? Ætlum við að hætta með heimilisuppbót og fjöldann allan af öðrum atriðum þar sem tekið er tillit til fjölskyldunnar? Þetta er ekkert smámál og menn geta ekki skautað svo yfirborðskennt yfir það að vísa til einhvers réttlætis í einstökum tilfellum. Þetta er almenn regla og menn þurfa að þróa allt lífeyriskerfið í heild sinni eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi. Það þýðir ekkert að líta á einstaka liði endalaust og stöðugt og benda á þá.

Til dæmis borga lífeyrissjóðirnir um helming af öllum lífeyri í landinu. Í allri umræðunni er sjaldan talað um það og svo segja menn að sumt fólk sé án réttinda úr lífeyrissjóði, hafi ekki borgað til lífeyrisjóða, hafa skotið sér undan því að borga til lífeyrissjóða, sumir mjög meðvitað og í samkomulagi við sinn atvinnurekanda. Og þá kemur upp vandamálið með hina sem greiddu alla tíð í lífeyrissjóð, 10% af launum í 30 ár. Það eru þrenn árslaun sem menn eru búnir að leggja fyrir í lífeyrissjóð og vilja njóta þess. Ef hinir sem ekki borga í lífeyrissjóð eiga að vera með sömu stöðu þá er ég hræddur um að hvíni í einhvers staðar. Ég hef heyrt í mjög mörgum sjóðfélögum lífeyrissjóðanna sem hafa borgað í lífeyrissjóði í 20–30 ár, að þeir eru ekkert mjög hressir með að þeir eru með nánast sömu stöðu þegar kemur að töku lífeyris vegna allra skerðinga sem eru í kerfinu. Þeir njóta þess ekki að hafa séð af þremur árslaunum inn í lífeyrissjóðakerfið og þetta á sérstaklega við um opinbera starfsmenn. Öll þessi mál eru því afskaplega viðkvæm og erfið viðureignar og það þýðir ekki að skauta svo létt yfir það að taka einn þátt út, skoða eina skúffu í kommóðunni. Við verðum að líta á alla kommóðuna. Við verðum að líta á bætur úr skaðabótalögum og barnabætur, úr skattkerfinu, frá félagsmálastofnun, frá lífeyrissjóðunum o.s.frv. Bara Tryggingastofnun ein borgar um 150 tegundir bóta. Sveitarfélögin eru með fullt af bótum. Kópavogsbær veitir t.d. öryrkjum og ellilífeyrisþegum ókeypis mat í hádeginu. Það kemur hvergi fram. Til er mýgrútur af reglum og bótum hér og þar og það sem er kannski galli við þetta kerfi er að þeir sem eiga að njóta vita oft ekki af bótunum sínum og sumir ráðgjafar hafa sagt mér að helmingurinn af tíma þeirra eða meira fari í að benda fólki á hvaðan það geti átt rétt í kerfinu. Það er orðið svo flókið.

Svo tala menn eins og hér áðan um að ungt fólk sem lendir í slysum fái ekki lífeyri úr lífeyrissjóðnum en gleyma annaðhvort meðvitað eða ómeðvitað skaðabótalögunum. Þau veita nú ekki lítinn rétt, 9–13 millj. Svona er umræðan á öllum stigum. Hún er yfirborðskennd. Menn verða að fara að skoða grundvallaratriðin í kerfinu eins og t.d. hvort taka eigi tillit til fjölskyldu eða ekki og þá vil ég að það sé gert alls staðar. Ekki bara í einstaka málum. Menn mega ekki ræða um kjör aldraða og öryrkja öðruvísi en taka alla þætti inn í, lífeyrissjóðina líka þar sem fólk á að hafa greitt í 20 ár a.m.k. Það er samkvæmt lögum. Þessi umræða hefur því verið mjög yfirborðskennd og ekki málefnaleg. Ég vil að menn fari að skoða alla þættina, alla kommóðuna, ekki bara einstaka skúffur í hvert og eitt einasta skipti og líta á hvernig þetta spilar allt saman. Ég hef t.d. bent á Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem einstæð móðir með tvö börn getur fengið 198 þús. kr. á mánuði til ráðstöfunar úr mörgum þáttum, mörgum liðum, húsaleigubótum, barnabótum, meðlagi o.s.frv. og borgar enga skatta. Þetta er dæmi sem er reyndar útreiknað en getur verið raunverulegt. Við verðum að fara að líta á alla þættina en ekki líta alltaf á einstaka skúffur með slagorðum og upphrópunum. Þetta frv. sem við ræðum hér um er góðra gjalda vert og það er alveg rökrétt í sjálfu sér í þeirri skúffu, einmitt í þeirri skúffu. En það þarf að líta á allar skúffurnar þegar við þessu er hreyft annars er þróun velferðarkerfisins ekki rökrétt og hún verður að vera rökrétt. Það sem mér finnst fyrst og fremst er að það þarf að einfalda kerfið þannig að fólkið geti skilið það og viti hvar það á rétt.

[16:25]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vísa því til föðurhúsanna að umræðan hafi verið ómálefnaleg. Hún hefur verið mjög málefnaleg. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það eigi að einfalda kerfið. En varðandi allt þetta tal um fjölskylduna hjá hv. þm. þá vil ég benda honum á að sú framkvæmd almannatrygginganna að tengja tekjutrygginguna við laun maka er atlaga að fjölskyldunni og fjöldi lífeyrisþega hefur lent í því að skilja eða leggur ekki í að ganga í hjónaband vegna þess að innbyrðis eru miklu lægri greiðslur fyrir þá sem eru í hjónabandi eða sambúð í kerfinu þó ekki sé verið að tengja við tekjur maka. Það kemur mér á óvart hvernig hv. þm. talar alltaf í umræðunni um þessi mál. Ég er farin að trúa því að hv. þm. sé eini Íslendingurinn sem ekki vill byggja upp öryggisnet, sem ekki vill hafa velferðarþjónustu til þess að tryggja að fólk verði ekki undir í samfélaginu og fólk þurfi ekki að búa við fátækt. Ég furða mig á tali eins og kom fram hjá hv. þm., að finnast það eðlilegt að öryrkjar þurfi að sækja til sveitarfélagsins ókeypis matargjafir, þ.e.

í Kópavogi. Eigum við ekki að sjá til þess að lífeyrisþegar sem ekki geta séð sér farborða fái þó það háar greiðslur úr tryggingakerfinu, þær þurfa ekki að vera svo miklu hærri en í dag, að þeir geti séð sér farborða og þurfi ekki að vera að sækja til sveitarfélaganna ókeypis matargjafir? Mér finnst þetta ótrúlegur málflutningur hjá hv. þm., herra forseti.

[16:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Ókeypis matargjafir í Kópavogi, herra forseti, eru til allra. Kvótakóngurinn jafnt sem hátekjumaðurinn fær ókeypis matargjafir. Menn þurfa bara að láta sjá sig. Ég nefndi þetta sem dæmi um það hve menn geta fengið bætur víða og menn geta fengið þær til viðbótar við annað sem þeir eru með.

Varðandi það að núverandi regla sé atlaga að fjölskyldunni, þá er það hárrétt. Ég tek undir það og ég vil endilega breyta því. En ég vil gæta samræmis. (Gripið fram í.) Ég vil láta gæta samræmis og þá skoða t.d. líka stöðu einstæðra foreldra. Það borgar sig nefnilega líka fyrir fullt af vinnandi fólki að skilja vegna þess að það er betur gert við einstæða foreldra þannig að líka má líta á það sem atlögu að fjölskyldunni.

Varðandi þann sleggjudóm sem ég fékk yfir mig áðan að ég væri eini Íslendingurinn sem vildi ekki velferðarkerfi þá þykir mér það nú ansi hart. Mér þykir það ansi hart hafandi unnið í lífeyrissjóðum og verið formaður Landssambands lífeyrissjóða í áratug eða meir og hafandi unnið að reglugerð fyrir lífeyrissjóðina. Mér þykir það ansi hart, herra forseti, og virkilega ómaklegt. Þegar ég er að gæta þess að jafnræði sé á milli fólks þá er það ekki vegna þess að mér sé illa við fólk heldur vil ég að menn séu nokkurn veginn eins settir. Ég hef leitað með logandi ljósi að agnúum á núverandi kerfi sem valda því að fólk lendir í vandræðum en þeir lagast ekki með yfirborðskenndum yfirlýsingum og upphrópunum um að fleiri tugir þúsunda manna séu fátækir á Íslandi.

[16:29]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. er mikill stuðningsmaður velferðarkerfisins þannig að það er ánægjuefni og það hefur komið hér skýrt fram. En mig langar aðeins að láta eitt koma fram í viðbót í andsvari við hv. þm. Það er athugasemd sem kemur reyndar frá einstaklingi sem hefur verið að fylgjast með umræðunni (Gripið fram í.) utan úr bæ og ég vil bara benda hv. þm. á varðandi umræðuna um öryrkjana sem ekki eiga rétt á greiðslum úr lífeyrissjóði að margir fatlaðra eru fæddir öryrkjar og það veit ég að hv. þm. veit en það hefur ekki komið fram í máli hans (Gripið fram í.) hér í umræðunni. Ég minni á þennan hóp sem er því miður nokkuð stór og hann á engan annan rétt en greiðslurnar úr tryggingakerfinu. (**PHB:** Þetta eru 3–5% af þjóðinni.) Aftur á móti snýst þetta mál kannski ekki endilega um það heldur erum við að ræða um ákveðna tekjutengingu og ég vil gjarnan að við höldum okkur við það hér í umræðunni. Við getum auðvitað tekið til umræðu ýmsa aðra þætti í velferðarkerfinu sem vissulega er ástæða til að skoða eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á. Ég er vissulega tilbúin að fara með honum í þá skoðun og þá umræðu því víða er pottur brotinn sem þarf að athuga og þarf að laga.

[16:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margoft nefnt þá sem eru fæddir fatlaðir og fara aldrei á vinnumarkað. Það er hópur sem við þurfum að gæta alveg sérstaklega að. Og það er gert. Ég nefni sambýli fatlaðra. Við í hv. félmn. höfum heimsótt nokkur sambýli og ég verð að segja það að sum hver eru alveg frábær. Þar er fötluðum búin frábær aðstaða. Ég þekki að sjálfsögðu ekki allt og það er örugglega einhvers staðar pottur brotinn. En þetta er hópur sem þarf að gæta sérstaklega að.

En þessi hópur kemur ekkert inn í umræðuna. Þess vegna datt mér ekki í hug að nefna hann vegna þess að ég hélt að við værum að ræða um fólk sem býr með hátekjumönnum, það er það sem við erum að ræða hér, þ.e. að tekjur maka komi ekki inn í útreikning á lífeyri öryrkja.

Auðvitað gæti maður rætt endalaust um velferðarkerfið. Það er svo flókið og það eru svo margir endar að ég get örugglega haldið hérna sex tíma ræðu um velferðarkerfið út og suður og talað um ýmsa þætti en ég sleppti því að nefna þennan hóp fólks sem er í flestum þjóðfélögum 3–5%. Það er sá hópur fólks sem fer aldrei á vinnumarkað. Hann nýtur ekki réttinda úr lífeyrissjóði. Hann býr við bætur almannatrygginga og hann þarfnast sérstakrar athygli okkar og skoðunar. Allir aðrir eiga að vera með rétt úr lífeyrissjóði. Þess vegna frábið ég mér að heyra aftur og aftur talað um það að fólk sé á strípuðum bótum almannatrygginga sem er í öðrum hópum.

[16:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta hefur verið ákaflega athyglisverð umræða. Í henni hafa komið fram sjónarmið sem er óhætt að segja að eru algjörleg andstæð. Að vísu vil ég alls ekki halda því fram að hv. þm. Pétur Blöndal sé á móti velferðarkerfinu eða honum sé sérstaklega illa við þá sem þurfa á umönnun þess að halda. En hv. þm. gat þess áðan að honum þætti sárt að fá ásakanir sem stöppuðu e.t.v. nærri slíku.

Hins vegar er það þannig að hv. þm. tjáir sig með þeim hætti að ákaflega erfitt er að verjast grunsemdum um að honum finnist sem skjólstæðingar velferðarkerfisins séu stöðugt að reyna að finna einhvers konar agnúa, galla á kerfinu, til að geta orðið sér úti um bætur sem þeir eigi í reynd ekki skilið. Þetta finnst mér, með fullri virðingu og í fullri vinsemd, smita frá málflutningi hv. þm. Hann getur auðvitað komið og leiðrétt þetta en mér finnst sem hv. þm. tali ekki af nægilegri virðingu og ekki nægum skilningi um skjólstæðinga þessa kerfis.

Til að mynda leyfi ég mér að fullyrða að sú hugmyndafræðilega nálgun sem hv. þm. beitir þegar hann fjallar um þetta viðfangsefni á betur heima á þeirri öld sem liðin er og jafnvel öldinni þar á undan en þeirri sem við lifum á í dag. Mér finnst sem hugmyndafræði hv. þm. einkennist af gustuk, af ölmusu, og það er hugmyndafræði sem er horfin.

Hv. þm. vísaði til velferðarkerfis í Kópavogi, sem hann þekkir bersýnilega vel, þar sem öryrkjar geta fengið gefins mat. Ég verð að segja, herra forseti, að það er slíkt velferðarkerfi sem ég tel að við eigum ekki að halda úti. Við eigum ekki að halda úti velferðarkerfi sem er þess eðlis að menn þurfi að fá matargjafir til þess að skrimta.

Ég þekkti einu sinni gamlan mann sem greindi mér frá því að þegar hann var ungur maður og átti við erfiðan sjúkleika að stríða þurfti hann til að geta dregið fram lífið að fá fyrir

jólin brúnan stóran bréfpoka fullan af mat frá borgarstjórn Reykjavíkur. Hann sagði að sér hefði aldrei sviðið eins sárt yfir stöðu sinni og þá. Þetta var afi minn. Ég gjörþekki þetta. Það var ekkert sem hann í hárri elli sinni ræddi jafnoft um og þessa ölmusu, þetta gustukaverk sem á honum var unnið — væntanlega af mjög góðum vilja. Eigi að síður leiddi þetta til þess að þetta skapaði á sálu hans sár sem hann gleymdi aldrei.

Ég held því fram, herra forseti, að það sé nákvæmlega þetta sem við eigum að hverfa frá. Ég fæ hins vegar ekki betur skilið en að hv. þm. Pétur Blöndal sé þeirrar skoðunar að þessi hugmyndafræði sé enn þá góð og gild, það sé allt í lagi að halda fólki í slíkri stöðu í íslensku samfélagi að það þurfi að fara til bæjarstjórnarinnar í Kópavogi og fá þar matargjafir. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé smánarblettur á samfélagi okkar að það sé þörf á slíku. Ég tel það óyndisúrræði.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að auðvitað þarf að hafa kerfið þannig að það sé gagnsætt, menn viti nákvæmlega hvað það er sem menn geti gengið að. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að oft hefði það komið fram í samtölum hans við þá sem standa í ráðgjöf við fólk að menn vissu ekki af bótum sínum. Ef kerfið er þannig þá er það mikill áfellisdómur að þeir sem eiga um sárt að binda eigi svo erfitt með að finna leiðina í gegnum frumskóg almannatryggingakerfisins að þeir verði bókstaflega af bótum.

Hverjir eru það sem hafa ítrekað komið hingað upp og óskað eftir því að menn hætti þessari plástrasmíð á almannatryggingakerfinu og fari í að endurvinna það? Ég bendi á, herra forseti, að sú hugmyndafræði býr m.a. að baki þeirri tillögu sem við höfum hvað eftir annað varpað fram í umræðunum að kerfið verði skorið upp og sett verði fram sérstök afkomutrygging sem tryggi að fólk komist af.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur efalítið, af því hann er skýr maður og fljótur að lesa, lesið þá bók sem heitir Íslenska leiðin og er úttekt á ýmsum þáttum íslenska velferðarsamfélagsins. Ég kalla þessa bók Íslensku neyðina vegna þess að í henni koma fram ákaflega alvarlegar staðreyndir. Þar einmitt er gert að umræðuefni þessi mismunandi nálgun sem birtist annars vegar af hálfu okkar sem höfum talað frá stjórnarandstöðunni og Péturs Blöndals.

Við erum þeirrar skoðunar að í nútímasamfélaginu eigi allir að hafa sinn borgaralega rétt, öryrkinn eins og aðrir menn. Öryrkinn á að geta dregið fram líf sitt án þess að vera einhvers konar þiggjandi ölmusuverka frá stjórnvöldum. Hann á ekki að þurfa að fá matvæli gefins frá bæjarstjórn Kópavogs þó að það sé gert af góðum hug. Hann á ekki að þurfa það í dag, herra forseti.

Gamla fátækraaðstoðin sem var við lýði á 19. öldinni gerði ráð fyrir því að fjölskyldan, eins og það orð upphaflega varð til, „fjölskylda“, þ.e. þeir sem að henni áttu aðild hefðu skyldur gagnvart fleirum en sjálfum sér og væru þess vegna í fjölskyldu. Framfærsluskyldan var hluti af þessu.

Við höfum hins vegar horfið frá þeirri hugmyndafræði. Við erum þeirrar skoðunar að sá sem þarf á aðstoð að halda eigi að hafa fullan borgararétt og í þessu tilviki þegar við erum að ræða hérna um skertan framfærslurétt, þá þýðir það að þær bætur sem öryrkinn fær frá hinu opinbera til þess að geta lifað sínu lífi með reisn eiga ekki að skerðast vegna tekna makans. Þetta, herra forseti, finnst mér að sé sú nálgun sem við eigum að hafa.

Ég vísaði í bókina, Íslenska leiðin, sem prófessor Stefán Ólafsson sendi frá sér, þar er þetta reifað í ákaflega skýru máli. Þar er einmitt talað um að skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka sé arfleifð þessarar gömlu fátækraaðstoðar sem ég held fram að sé löngu úrelt. Ég vona að hv. þm. taki það ekki sem persónulega árás á sig þegar ég segi að ég finn engar leifar þeirrar hugmyndafræði nema í málflutningi hv. þm. Hann hefur þá annaðhvort ekki tjáð sig nógu skýrt eða ég misskilið hann illilega. Ég tek hins vegar eftir því að þeir aðrir sem hafa talað gegn málflutningi hv. þm. hafa skilið þetta nákvæmlega eins og ég.

Stefán Ólafsson prófessor getur þess að vegna þess að menn hafa horfið frá hugmyndafræði fátækraaðstoðarinnar og vilja skilgreina öryrkjana eins og hvern annan borgara með sinn fulla þegnrétt þá hafi vestrænar þjóðir horfið frá þessari framkvæmd velferðarkerfisins nú á dögum.

Mér þykir rétt að benda á að nú þegar eru skerðingarnar sem fólk í sambúð býr við orðnar miklar. Þannig liggur fyrir að lífeyrisþegi sem er í sambúð eða í hjónabandi fær þriðjungi lægri greiðslur en einhleypingur. Þarna liggur nú þegar fyrir skerðing, herra forseti, og má færa rök að því að hún kunni að vera í blóra við ýmsa alþjóðlega sáttmála sem við höfum samþykkt. Ég skal ekki dæma um það á þessu stigi en það liggur einfaldlega fyrir að inn í kerfið er þegar innbyggð skerðing.

Herra forseti. Það eru ekki margir þingmenn Framsfl. við þessa umræðu en óhjákvæmilegt er að geta þess að lagastoðin sem þessi skerðing styðst við var bætt inn í almannatryggingalögin árið 1998 að frumkvæði Framsfl. Það var heilbrrh. Framsfl. sem setti þetta ákvæði inn í lög sem áður hafði einungis verið í reglugerð sem menn höfðu þó verið að berjast gegn. Framsóknarmenn geta þá komið í umræðuna á eftir og skýrt út hvernig stóð á þessu. Þetta var sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að Framsfl. hafði háð heila kosningabaráttu á grundvelli slagorðsins Fólk í fyrirrúmi. Hvernig í ósköpunum er hægt, herra forseti, að halda því fram að einn stjórnmálaflokkur hafi fólkið í fyrirrúmi ef sami stjórnmálaflokkur beitir sér síðan fyrir skerðingarákvæðum af þessu tagi sem eru augljóslega úr takti við ekki bara tíðarandann hér á landi heldur við hugmyndafræðina sem liggur til grundvallar velferðarkerfinu á Vesturlöndum?

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að þessi skerðingarákvæði sem við þingmenn Samfylkingarinnar leggjum til að verði numin brott úr lögum séu líka brot á stjórnarskránni. Í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Herra forseti. Hvað felst í þessum orðum „stöðu að öðru leyti“? Óhjákvæmilegt er annað en draga þá ályktun að hjúskaparstaða hljóti að falla undir þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Sé það rétt þá er alveg ljóst að þetta tiltekna ákvæði er ekki í samræmi við stjórnarskrána. Það kunna vel að vera einhver áhöld um, mér finnst hins vegar að við eigum í þessu tilviki að láta þá njóta vafans sem eru fórnarlömb hans, þ.e. þolendur þessa ákvæðis.

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem var samþykkt 1948 og Íslendingar hafa verið aðilar að ákaflega lengi, segir líka í 25. gr. sáttmálans að mönnum eigi ekki að mismuna með lögum hvað varðar t.d. hjónabönd. Ákaflega

erfitt er að komast hjá þeirri ályktun að verið sé að mismuna mönnum í krafti þess að þeir lifa í hjónabandi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á það að á síðustu árum hefur orðið áberandi gliðnun á milli almennrar launaþróunar og hins vegar þróunar bóta frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta skiptir miklu máli fyrir stöðu öryrkja og þeirra sem taka bætur samkvæmt almannatryggingakerfinu í dag. Að vísu var hvergi skráð en það var eins konar þegjandi samþykki fyrir því millum samtaka launafólks á sínum tíma og stjórnvalda að bæturnar fylgdu lágmarkslaunum. Frá þessu hefur verið horfið á síðustu árum. Það er þetta sem menn telja eins konar samningsbrot þó að viðkomandi samningur hafi aldrei verið skráður á nein spjöld, sem gerir það að verkum, herra forseti, að bótaþegar eru ákaflega sárir yfir meðferðinni gagnvart sér.

Þetta er hins vegar angi af öðru og stærra máli sem birtist í því að ef við skoðum hvernig þróun skattfrelsismarka hefur verið síðustu ár kemur í ljós að áberandi gliðnun er á milli annars vegar hennar og hins vegar þeirra bóta sem menn eru að fá. Þetta þýðir, herra forseti, að fólk sem áður var verndað af skattkerfinu, fólk sem við áður vildum vernda með skattleysismörkunum er allt í einu farið að borga háa skatta. Kannski ekki háa skatta á okkar mælikvarða, en þegar fólk sem lifir á nokkrum tugum þúsunda á mánuði er farið að borga nokkra tugi þúsunda á ári í skatta og gerði ekki áður munar um það. Þetta fólk munar um hvern þúsundkallinn og hvern fimmþúsundkallinn, herra forseti. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég greini frá því að ef skattfrelsismörkin hefðu fylgt launaþróun árið 1999 fremur en 1998, þá hefði það leitt til þess að ríkið hefði hirt sem nemur 3,5 milljörðum minna í skatta. Auðvitað dreifðist þetta yfir alla. En hverjir báru hlutfallslega þyngstar byrðar? Þeir sem lifa á bótum og lágum launum og ef menn velkjast í einhverjum vafa um þetta er rétt að ég upplýsi að á þessu sama ári fjölgaði virkum skattgreiðendum um 6,8% en nýliðunin í hóp skattgreiðenda, framteljenda, var 1,8%. Munurinn sem þarna var 5% var að stærstum hluta þeir sem komu upp úr hópum sem höfðu ákaflega lágar tekjur og þurftu að hafa framfæri sitt af bótum og lágum tekjum.

Herra forseti. Þetta höfum við rætt áður í þessum sölum. Þetta finnst Sjálfstfl. allt í lagi. Við sem erum hins vegar í stjórnarandstöðunni og viljum beita skattkerfinu öðruvísi teljum að þetta sé mikil ósvinna og mér finnst afskaplega miður að menn skuli verja þetta.

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnunum og ég styð þetta heils hugar og þakka þeim þingmönnum sem hér hafa komið og stutt málið. Ég vildi beina því, herra forseti, til hv. þm. Péturs H. Blöndals sem hefur lýst því yfir m.a. að hann vilji taka upp málstað þeirra sem hann telur að eigi um sárast að binda, þ.e. þeirra sem aldrei hafa komist í lífeyrissjóði, þeirra sem hafa verið fatlaðir frá upphafi lífdaga sinna: Telur ekki hv. þm. Pétur Blöndal að fyrst hann er þessarar skoðunar eigi hann að fylgja því eftir með því að leggja fram stefnu í þeim málum? Telur hv. þm. ekki líka að til greina komi að hann jafnvel sláist í för með okkur sem erum að reyna að leiðrétta áberandi ranglæti? Er ekki kominn tími til, herra forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal opni augu sín og nálgist þetta viðfangsefni eins og maður sem lifir á 20. öldinni en ekki þeirri 19?

[16:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða var dálítið merkileg. Hún snerist aðallega um persónu mína og hvort ég væri á 18., 17. eða 19. öldinni eða eitthvað slíkt. Þetta er alveg með ólíkindum, en ég ætla að svara því seinna í ræðu.

Mig langar til að spyrja hv. þm. að tvennu. Hann segir að lífeyrir hafi ekki fylgt lágmarkslaunum og þá á hann væntanlega við lífeyri frá almannatryggingum. Lágmarkslaunin voru hækkuð alveg sérstaklega. Þau voru 42 þús. í byrjun 1995. Nú eru þau komin upp í 90 þús. kr. Þetta var gert með sameiginlegu átaki og átti ekki að hafa áhrif annars staðar. Veit hv. þm. ekki af þessu?

Annað. Lífeyrir frá lífeyrissjóðunum sem er helmingur af öllum lífeyri lífeyrisþega í landinu hækkaði eins og verðlag. Hefur hv. þm. ekki áttað sig á því að hann hækkaði eins og verðlag á meðan lífeyrir frá almannatryggingum hefur þó hækkað um 25% umfram verðlag á síðustu fimm árum? Kjör lífeyrisþega hafa því versnað miðað við vinnandi fólk vegna lífeyrisins frá lífeyrissjóðunum. Það hefur ekki verið nefnt í umræðunni, enda er hún ekki djúp.

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ekki mætti mismuna með tilliti til hjónabands. Hvað segir hv. þm. um mismunandi barnalífeyri eftir því hvort fólk er einstætt eða ekki? Síðan sagði hann að mikið væri um skerðingar í bótakerfinu. Þær voru teknar upp að mestu leyti þegar Alþfl. var við stjórn 1991 og þar á meðal hv. þm. sjálfur. Hann var þá hæstv. ráðherra.

[16:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi í ræðu minni að hafa gagnrýni mína á málflutning hv. þm. en ekki persónu hans. Ég sagði áðan, herra forseti, að ég vildi gera athugasemdir og sterkar athugasemdir við þá hugmyndafræði sem málflutningur hv. þm. grundaðist á, en ég var ekki með neinar persónulegar árásir á hann. Ég taldi einfaldlega að ég hefði sýnt fram á það með rökum að sú nálgun sem hann hefur gagnvart þessu viðfangsefni er miklu meira í átt við það sem Stefán Ólafsson kallaði hugmyndafræði fátækraaðstoðar 19. aldarinnar fremur en hugmyndafræði velferðarkerfisins eins og það er í dag.

Hv. þm. beindi til mín spurningu um launaþróun og lágmarkslaun. Auðvitað er mér kunnugt um hvernig þetta var og hvað olli því að þetta var gert á sínum tíma. Ég rakti það að fyrr á árum hefði verið ákveðin óskrifuð samstaða og óskrifað samkomulag um að bætur fylgdu lágmarkslaunum og ég sagði að sú staðreynd að þær hefðu ekki gert það hefði valdið mikilli ólgu meðal bótaþega. Ég var að reyna að skýra út fyrir honum af hverju þessi mikla ólga og spenna meðal bótaþega gagnvart Sjálfstfl. stafar. Hún stafar af því að þeir telja að ákveðin þjóðarsátt hafi verið rofin af hálfu núv. ríkisstjórnar.

Hv. þm. kaus að svara ekki ýmsum spurningum sem ég beindi til hans, en mér fannst hann vera að ræða staðhæfingu mína um að nú væri kominn stór hópur bótaþega í hóp skattþega sem ekki hefði verið áður. Hv. þm. benti m.a. á að lífeyrir hefði fylgt neysluverðlagi. Gott og vel, herra forseti. Eitt af því sem mér finnst vanta hjá Sjálfstfl. er að gera sér grein fyrir því, eins og hefur komið fram í umræðunni, að ef þetta er það sem þeir vilja, þá eiga þeir að láta skattfrelsismörkin a.m.k. hækka líka í takt við verðbólguþróun.

[16:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur að ólga meðal lífeyrisþega sé vegna þess að þeir skilji ekki að lágmarkslaun hafi verið hækkuð umfram önnur laun og það hafi verið markviss ákvörðun að gera það. Það var ákvörðun aðila vinnumarkaðarins að hækka lágmarkslaun sem voru skammarlega lág, 42 þús. eða 45 þús. kr., upp í það sem þau eru núna, 90 þús. kr., án þess að það hefði áhrif upp allan skalann og út um allt. Þetta tókst með því að láta þau ekki hafa áhrif út um allt. Annars hefði það ekki tekist.

Hv. þm. kom ekki inn á það sem ég sagði, að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum hefði hækkað eins og verðlag, ekki eins og laun. Hann hefur bara ekki hækkað neitt nema eins og verðlag og hann kom ekki inn á það að þetta er helmingurinn af tekjum lífeyrisþeganna og það skýrir að staða þeirra er verri. En þennan lífeyri er ekki hægt að hækka vegna þess að bak við hann stendur verðtrygging húsbréfa og annarra eigna sem líka eru verðtryggð miðað við verðlag.

Hv. þm. kom ekki inn á það sem ég sagði með barnalífeyri einstæðra foreldra og jafnréttið og mismununina með tilliti til hjónabands. Það er mismunun með tilliti til hjónabands. Ef foreldri er einstætt, þá fær barnið hærri lífeyri. Tekið er tillit til fjölskyldunnar þar. Vill hv. þm. hafa það eins á báðum stöðum? Það kostar óhemjumikið. (**ÖS:** Hvað vill þingmaðurinn?) Ég vil taka tillit til fjölskyldunnar, ég vil það af því að ég held að í henni sé ákveðin samtrygging enn þá. Vilji menn stíga skrefið og hætta að taka tillit til þess og láta það heita einskylda en ekki fjölskylda, þá gerum við það markvisst alls staðar.

Hann svaraði heldur ekki því sem ég sagði, að mikið af þeim tekjuskerðingum sem teknar voru upp voru teknar upp með stjórnaraðild Alþfl. og að kröfu Alþfl. til að bæta stöðu þeirra sem verst voru settir.

[16:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Um þetta mál hafa verið mikil skoðanaskipti fram og til baka en mér finnst að menn séu ýmist að fara úr barnabótum með einstæðu foreldri, yfir í ellilífeyri eða í lífeyrisgreiðslur. Hér er frv. sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir og þakka ég henni fyrir það. Ég held að á ferðinni sé hið besta mál og ætla ég eingöngu að fjalla um efni þess.

Ég tek undir það sem segir í frv. um efni þess og að tekjutenging lífeyrisþega við tekjur maka verði afnumin og að tekjutengingin verði aðeins við hans eigin tekjur. Þannig held ég að það eigi að vera og eigi að verða til bóta.

Ég tek líka undir það að greiðslur til lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skuli vera óháðar tekjum maka þeirra þannig að við styðjum sem best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig að grunneiningu þjóðfélagsins, þ.e. fjölskyldunni.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. Það er búið að vera löng umræða um þetta mál og ég hygg að flest þau atriði sem menn hafa viljað draga inn í umræðuna hafi komið fram. Ég lýsi því einfaldlega yfir að Frjálslyndi flokkurinn mun styðja þetta mál og vona að það nái fram að ganga.

[16:56]

Hólmfríður Sveinsdóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. er hreyft máli sem mikið hefur verið í umræðunni í samfélaginu og margir réttilega lýst sem svörtum bletti á íslensku velferðarkerfi, þ.e. tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka. Þessi regla hefur það í för með sér að lífeyrisþegar sem stofna fjölskyldu eru í raun sviptir mannlegri reisn með því að maka þeirra er gert að sjá þeim farborða eða með öðrum orðum, lífeyrisþegi sem ekki á kost á að vinna fyrir tekjum er sviptur þeirri aðstoð sem hann hefur frá velferðarkerfinu eða a.m.k. að hluta.

Það er deilt um hvort sú fullyrðing forsrh. sé rétt að þetta sé víða tíðkað. Fróðlegt væri að vita til hvaða samanburðar forsrh. er að vitna og hvort þar er um sambærilegar fjárhæðir að ræða. Gott væri líka að fá frekari gögn til að sjá þann samanburð.

Herra forseti. Ríkið stærir sig af því að vera meðal ríkustu þjóða heims, ríkisstjórnin stærir sig af mesta góðæri sögunnar, blússandi uppgangi og milljarða kr. tekjuafgangi á ríkissjóði, en það er smánarblettur á þeirri ríkisstjórn að vera ekki með á forgangslista að afnema þessa tekjulind sem er lægri en 360 millj. kr. eftir síðustu aðgerð heilbrrh.

[16:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. til laga sem er til umræðu um breytingu á lögum um almannatryggingar og felur í sér að tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka verði afnumdar. Mér finnst vera hér á ferðinni mikið réttlætismál sem ég styð mjög eindregið og hef talað fyrir tillögum í þessa veru um langt skeið. Ég kann hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og samflutningsmönnum hennar þakkir fyrir að setja frv. fram. Mér finnst mjög brýnt að bæta stöðu lífeyrisþega almennt. Ef ég ætti að forgangsraða í því efni mundi ég horfa fyrst til öryrkja, ég tel það grundvallaratriði og mannréttindi að staða þeirra sé bætt verulega og það strax.

Staðreyndin er sú að öryrki getur mest fengið í tekjur frá tryggingakerfinu 70 þús. kr. á mánuði eða þar um bil. Þetta er tekjutrygging, grunnlífeyrir, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót. Ef öryrkinn hins vegar fer í sambúð, giftist eða er í sambúð með annarri manneskju þá hrapar hann úr þessum 70 þús. kr. á mánuði niður í rúmar 48 þús. kr. á mánuði og gengur þetta frv. út á það að koma í veg fyrir að tekjuhrapið verði enn þá meira. Vegna þess að ef makinn er yfir tilteknu marki í launum, á milli 130 og 140 þús. kr., ef ég man það rétt — ég hef nú ekki flett því upp nýlega — þá skerðast þessar 48 þús. kr. rúmar og geta endað í um 17–18 þús. kr. á mánuði, sem eru ekki einu sinni vasapeningar fyrir fullorðna manneskju, hvað þá að slíkur einstkalingur geti leyft sér nokkurn munað í lífinu. Hann er nánast útskúfaður frá almennri þátttöku í samfélaginu og algjörlega upp á maka sinn eða sambýlismann, karl eða konu, kominn í öllu sínu lífi.

Ég ítreka það að ef ég ætti að forgangsraða í þessu efni þá teldi ég að það ætti að byrja á því að taka öryrkja og gera strax bragarbót og í reynd ættum við að ganga lengra en þessu nemur. Ég þykist vita að flutningsmaður og flutningsmenn eru á sama máli og ég um að öryrkja beri að lágmarki það sem honum er skammtað að hámarki eða 70 þús. kr. á mánuði. Auðvitað á ekki að líta á þetta á annan hátt og lakari en litið er á atvinnuleysisbætur. Einstaklingur sem hefur rétt til atvinnuleysisbóta nýtur þeirra og fær þær hvað sem líður hjúskaparstöðu eða sambúð viðkomandi því honum ber þessi

réttur sem einstaklingi. Það er lágmarkskrafa að öryrki búi við sama rétt hvað þetta snertir.

Síðan er ég líka á því máli að bæta þurfi stöðu aldraðra almennt. En ég tek undir það sem oft hefur verið sagt hér í umræðunni, að þar er ekki saman að jafna öllu öldruðu fólki í landinu. Það er alveg rétt. Aldrað fólk býr við mismunandi kjör og að því þarf að sjálfsögðu að hyggja.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal vék að kjaraþróun lífeyrisþega á undangengnum árum. Hann sagði það sem rétt er að verkamannalaun og sérstaklega lægstu laun hefðu hækkað eða verið hækkuð umtalsvert á undangengnum árum og fyrirsjáanleg væri sama þróun, þ.e. að lægstu laun yrðu hækkuð umfram það sem gerðist að meðaltali. Það er líka rétt að kjör lífeyrisþegans hafa ekki þróast að sama skapi. En hann tíndi þá ástæðu til að þar hefðu komið hækkandi lífeyrisgreiðslur á móti, ef ég skildi rétt. Hv. þm. hristir höfuðið. Ég bið forláts ef ég hef misskilið hans málflutning.

En staðreyndin er sú að þessi hefur verið þróunin. Lágmarkslaun hafa hækkað verulega og langt umfram meðaltal. Ef við hefðum búið við sama kerfi og við gerðum fram yfir miðjan tíunda áratuginn hefðu lífeyrisbæturnar hækkað samhliða hinum lægstu launum, lágum verkamannalaunum, vegna þess að viðmiðunin var bundin í þau. Það sem gerist síðan er að skorið er á þessi tengsl. Um tíma er ekki um nein tengsl að ræða. Síðan þegar þau eru sett á að nýju þá er búið til tvíhliða kerfi og þannig hagar til núna að tryggingabæturnar fylgja annaðhvort verðbólgunni, neysluvísitölu, eða meðaltalslaunaþróun, launavísitölu, og skulu þær fylgja þeirri tölunni sem er hærri. Reyndar hef ég sýnt fram á að það hafi ekki einu sinni gerst. Það gerðist ekki einu sinni á árinu 1999 og hef ég sýnt fram á það í málflutningi á Alþingi og í blaðagreinum sem ég hef skrifað um það efni. Ef einhver vefengir það þá óska ég eftir tölulegum útreikningi þar að lútandi því að yfir þá útreikninga hef ég lagst ásamt sérfróðu fólki.

Hins vegar þóttu mér þessar bætur vera framfaraspor. Mér fannst framfaraspor að hverfa frá því fyrirkomulagi að þetta væri komið undir geðþótta þingsins hverju sinni og að búa til alla vega þetta lágmarksnet því að þinginu er síðan í sjálfsvald sett að sjálfsögðu að hækka bæturnar umfram þetta. En þetta fyrirkomulag tryggir að ef kaupmáttarrýrnum verður í landinu, þ.e. ef verðbólgan hækkar meira en nemur hækkun launa þá munu almannatryggingar hækka með vísitölunni þannig að ekki verður kjararýrnun á ferðinni. Þetta var framfaraspor frá því fyrirkomulagi að engin tengsl væru þarna á milli. En að sjálfsögðu hefðu lífeyrisþegar haft bestan hag af því, a.m.k. á liðnum árum og í fyrirsjáanlegri framtíð, að vera tengdir verkamannalaunum eins og þau voru áður. Þá hefðu kjarabæturnar orðið umtalsvert hærri en þær hafa orðið.

Við höfum öll, alþingismenn, sem eigum sæti á Alþingi fengið ítarleg gögn um þessa kjaraþróun á liðnum árum. Við höfum fengið þau frá Öryrkjabandalaginu og frá Landssambandi eldri borgara. Og þar kemur m.a. fram, t.d. í gögnum sem bárust nýlega frá Landssambandi eldri borgara, að grunnlífeyrir og tekjutrygging sem hlutfall af dagvinnulaunum verkamanna á höfuðborgarsvæði hafi farið lækkandi. Árið 1991 voru þetta 51,7%, þetta hlutfall sem grunnlífeyrir og tekjutrygging var af þessum launum, en er komið niður í 43,6% á þessu ári og fyrirsjáanlegt að það verði 42,4% á árinu 2003. Þetta er sem sagt þróunin.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. Margir hv. þm. hafa gert ítarlega grein fyrir frv. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að taka heils hugar undir frv. og heiti því að styðja það af fremsta megni þótt ég sé vissulega á því að við þurfum að hyggja að því hvernig við forgangsröðum í þessu kerfi. Þar segi ég það mjög afdráttarlaust að ég tel að við eigum að horfa til öryrkja sérstaklega fyrst og hefði ég viljað ganga lengra en frv. í reynd gerir og þykist ég vita að flutningsmenn kunna að vera mér margir sammála um það og tryggja öryrkjanum að lágmarki það sem honum ber að hámarki, 70 þús. kr. á mánuði og reyndar vildi ég hafa þá upphæð miklu hærri.

En hér er lagt til að stigið verði framfaraspor, að afnumin verði tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur makans.

[17:09]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill áður en þessari umræðu er fram haldið koma á framfæri tilkynningu og leiðrétta rangfærslur sem hann gerðist sekur um hér um hádegisbil í dag. Það var vegna óska hv. þingmanna um viðveru hæstv. utanrrh. við 5. og 6. dagskrármálið. Forseta bárust þá þær upplýsingar að hæstv. utanrrh. væri erlendis. Það hefur komið á daginn að það er rangt. Rétt skal vera rétt. Hann er á landinu. Þessu vildi forseti koma á framfæri. Forseti vill alls ekki verða uppvís að því að bera þingheimi rangar upplýsingar. Þessi leiðrétting er því rétt fram komin á réttum stað.

[17:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnaði til mín í ræðu sinni og hafði misskilið illa það sem ég hafði sagt enda var hann ekki í salnum.

Ég sagði að lífeyrir frá lífeyrissjóðum hefði hækkað um 0% umfram verðlag. Lífeyrissjóðirnir eru þannig upp byggðir að lífeyrir frá þeim hækkar eins og verðlag. Þeir eru verðtryggðir miðað við vísitölu framfærslu og það er vegna þess að eignirnar eru eins verðtryggðar, þ.e. húsbréfin og lán til sjóðfélaga eru líka verðtryggð miðað við vísitölu framfærslu og neyslu. Þarna er því eðlilegt samhengi á milli og þessi lífeyrir, sem er helmingurinn af öllum lífeyri í landinu, hefur ekki hækkað neitt umfram verðlag nema hjá einstaka lífeyrissjóði.

Almannatryggingar hafa aftur á móti hækkað um 20% á síðustu fimm árum umfram verðlag og launaskrið hefur verið töluvert meira, 25% eða einhvers staðar þar fyrir ofan. Svo hafa lægstu laun hækkað umtalsvert enda var ekki hægt að hækka þau hérna áður fyrr þegar allt var tengt við lægstu laun og þau voru komin niður í 42 þús. kr. sem var algjör skömm.

En það sem mig langar til að spyrja hv. þm. og ég hef spurt aðra að, er varðandi réttlætið í þessu máli og þá er ég ekki að leggja dóm á það hvort hún sé góð eða slæm, þessi einstaklingshyggja sem kemur fram í frv.

Ég spyr hann: Er réttlátt að tveir öryrkjar, þ.e. ef ég er öryrki og byggi með öðrum öryrkja eða lágtekjumanni sem er með 70 þús. kr. á mánuði, að þá séu tekjurnar ekki teknar inn í en ef maki minn væri með 400 þús. kr. á mánuði þá yrðu tekjurnar ekki heldur teknar inn í þannig að við hjónin hefðum 500 þús. kr. til að lifa af en hin hjónin ekki nema 140 þús.? Finnst hv. þm. þetta eðlilegt og réttlátt? Ég spyr. Ég er ekki að leggja mat á það sjálfur. Það er ákveðin einstaklingshyggja sem birtist í þessu frv. eins og ég hef bent á og ég er í sjálfu sér fylgjandi henni.

[17:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á mjög auðvelt með að svara þessu. Mér finnst mikill tekjumunur í þjóðfélaginu vera ranglátur og mér finnst tekjumunur vera allt of mikill í þjóðfélaginu, bæði í launakerfinu og þegar litið er til tekna sem menn afla með öðrum hætti, fjármagnstekjur eða á annan hátt. Mér finnst tekjumisréttið í þjóðfélaginu óbærilegt. (**PHB:** Tekjur sjómanna?) Mér finnst tekjumunurinn í þjóðfélaginu vera óbærilega mikill og hann er að aukast í tíð þessarar ríkisstjórnar og á margvíslegan hátt er hún að stuðla að enn meira tekjumisrétti í þjóðfélaginu.

Ég vil svara þessari spurningu að öðru leyti á þann veg að mér finnst ranglátt að tekjur öryrkja úr almannatryggingakerfinu séu skertar vegna tekna maka. Mér finnst það ranglátt. Mér finnst að við eigum að afnema það og þess vegna styð ég frv.

Varðandi tilvitnun mína í hv. þm. fyrr í dag þá biðst ég afsökunar á því ef ég hef misheyrt eitthvað. Ég þóttist heyra þetta hér úr hliðarsal. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm. að allir lífeyrissjóðir hækki lífeyri í samræmi við neysluverðsvísitölu. Mismunandi reglur gilda um þetta efni. En svar mitt er þetta: Tekjumisréttið í þjóðfélaginu er óbærilegt og hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal ekki haft miklar áhyggjur, að því er ég hef heyrt, af því misrétti. En hitt finnst mér alveg afdráttarlaust, að það eigi að afnema tekjutengingu lífeyristekna öryrkja við maka hans.

[17:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú varð ég hissa. Hv. þm. er á móti auknum tekjumun en hann ætlar að auka hann.

Ef öryrki býr með maka sem hefur 400 þús. kr. á mánuði þá hafa þau sameiginlega 417 þús. til að lifa af bæði tvö. Hv. þm. ætlar að auka þetta upp í 470 þannig að ekki verði tekið tillit til tekna makans sem hann segir að séu of háar. Hann ætlar sem sagt að auka tekjur þessarar fjölskyldu enn meira. Hann ætlar að auka tekjumuninn með því að hætta að taka tillit til tekna maka.

Eins og ég gat um áðan er þessi fyrirspurn ekkert tengd því hvort ég sé á móti þessu eða með. Ég er bara að benda á þetta. En hv. þm. vill sem sagt auka þennan mun. Þegar ég talaði um hvort taka ætti tillit til fjölskyldunnar þá vil ég að tekið sé tillit til hennar alls staðar, ekki bara í þessu máli heldur líka varðandi einstæða foreldra, mismunandi barnalífeyri og líka varðandi sérstaka heimilisuppbót o.s.frv. Mjög víða í okkar kerfi er tekið tillit til fjölskyldunnar og það sem ég hef við þetta að athuga er að frv. tekur bara á einum pínulitum þætti og það eykur misræmið eða rökleysuna í kerfinu.

[17:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er hlynntur tekjutengingu á ýmsum sviðum. Ég vil t.d. taka tillit til fjölskylduaðstæðna einstæðra foreldra, barna þeirra og aðstæðna að ýmsu leyti. Ég legg áherslu á að litið sé á þær tekjur sem öryrkinn fær að lágmarki úr almannatryggingakerfinu, þ.e. tekjutryggingin sem rætt er um í þessu frv. — ég vildi hafa þær heldur meiri — sem sjálfstæðan rétt einstaklingsins. Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal — ég veit ekki hvort hann á eftir að koma hér í ræðu um þetta mál aftur — mundi vilja taka á sama hátt á atvinnuleysisbótum, skerða t.d. atvinnuleysisbætur hjá einstaklingi í sambúð eða giftum. Við leggjum til að litið sé á öryrkja á sama hátt og litið er á atvinnulausan einstakling, að honum beri að hafa þennan rétt sem einstaklingur. Hins vegar vil ég ítreka það að mér finnst þær upphæðir sem við erum að tala um hér allt of lágar. Mér finnst þetta allt of lágar tekjur. Fólk getur ekki framfleytt sér á þessum tekjum og ekki notið lífsins á þann hátt sem ég held að við viljum flest að allir Íslendingar geti.

[17:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt ræðu hér áðan og veittist allillilega að persónu minni. Hann gerði mér upp skoðanir og sagði að hugmyndafræði mín og skoðanir væru aftan úr fornöld og þessu slengir hann fram með sleggjudómi án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt. Honum bara fannst málflutningur minn hljóma svona. Þó var ég eingöngu að benda á að gæta þurfi samræmis í velferðarkerfinu, líta á alla þætti velferðarkerfisins þegar gerðar eru á því breytingar. Þetta er það eina sem ég benti á. Ég benti á að sú umræða sem átt hefur sér stað um stöðu öryrkja og aldraða hefur einkennst af því að menn einblíndu á einn þáttinn, bara á almannatryggingar. Hér hefur samkvæmt lögum verið skylduaðild að lífeyrissjóðum frá 1974 og frá 1980 fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Það er skylduaðild að lífeyrissjóðum. Ríkið er búið að tryggja að allir menn eigi rétt í lífeyrissjóði og svo talar enginn um að fólk eigi rétt í lífeyrissjóði. Þetta finnst mér yfirborðskennd umræða og það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hérna áðan voru sleggjudómar. Hann rökstuddi orð sín ekki á nokkurn hátt.

Mín hugmyndafræði, herra forseti, er sú að við þurfum að hafa gott og öflugt velferðarkerfi. Við verðum að hafa það. Það er nauðsynlegt fyrir almenning í landinu. Gott og öflugt velferðarkerfi byggist á sterku atvinnulífi. Það er hvergi nokkurs staðar gott velferðarkerfi þar sem atvinnulífið er í molum. Þess vegna hefur núverandi ríkisstjórn lagt á það áherslu, ofuráherslu, og Sjálfstfl. alla tíð, að styrkja atvinnulífið sem hefur tekist með þeim eindæmum að hv. þm. kveinka sér undan því að tekjur hafi hækkað langt umfram verðlag. Þeir kvarta undan því að barnabætur sem eru tekjutengdar lækka vegna þess að fólk hefur meiri tekjur umfram verðlag. Það er víst töluvert vandamál hvað launin hafa hækkað mikið. Öðruvísi mér áður brá.

Í allri umræðu um velferðarkerfið þarf að gæta að stöðu hins vinnandi manns og stöðu þess sem er á bótum eða lífeyrisþegans og það má ekki halla þarna á. Á hvorugan veginn. Allar bætur velferðarkerfisins, allar bætur þjóðfélagsins eru greiddar af hinum vinnandi. Það getur enginn annar greitt þær, hvort sem það er gert með iðgjöldum, uppsöfnun í lífeyrissjóðum eða með beinum sköttum. Ég bendi á að hver einasti Íslendingur borgar skatta, hver og einn einasti. Þegar 5 ára barn fer út í búð og kaupir kók þá borgar það 20% af verðinu í virðisaukaskatt. Barnið er sem sagt skattgreiðandi eins og allir aðrir Íslendingar. Þessi skattur rennur m.a. í velferðarkerfið. Það er mjög mikilvægt að gæta að því hvernig velferðarkerfið er með hliðsjón af þeim sem eru vinnandi.

Ég hef hugleitt hvernig það væri ef Tryggingastofnun yrði breytt í lífeyrissjóð, þ.e. lífeyrissjóð þeirra sem ekki hefðu tekjur og ríkið mundi borga iðgjöld fyrir þá inn í þann lífeyrissjóð. Þetta er mín forneskjulega hugsun að mati hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem fór af þingfundi þó ég hefði sagt að ég mundi í ræðu fjalla um þær árásir sem hann beindi til mín.

Núverandi kerfi er flókið, þar tvinnast saman margir þættir og bara Tryggingastofnun borgar 150 tegundir lífeyris. Síðan koma skaðabótalög. Barnabótum er útdeilt samkvæmt skattalögum. Auk þessa þarf að reikna með vaxtabótum og húsaleigubótum, þar koma sveitarfélögin að. Ég gat þess aukalega að Kópavogsbær, til viðbótar við allar aðrar bætur, væri með ókeypis mat fyrir þá sem vildu. Menn þurfa ekki að sækja um það. Það er engin ölmusa heldur matur á veitingastað. Þetta er tekið sem dæmi um að menn þurfi að sækja um ölmusu hjá Kópavogsbæ. Hugsið ykkur, hv. þm. Herra forseti. Öryrkjar og aldraðir fá líka ókeypis í sund á meðan launþegar þurfa að borga í sund. Það þykir eðlilegt en þetta eru bætur sem aldrei er minnst á. Þeir fá ódýrara far með strætisvögnum og það eru alls konar ívilnanir til öryrkja hér og þar. Allt þetta þarf að taka með í myndina þegar menn skoða velferðarkerfið í heild sinni. Umræða um að fleiri þúsund manns séu fátækir á Íslandi og ekkert meir, ekki orð um það meir, bara fullyrðing sem svífur í loftinu, er náttúrlega ekki til þess að þróa velferðarkerfið.

Auðvitað eru agnúar á velferðarkerfinu. Auðvitað er til fólk sem líður illa og þarf að huga að. Það er mjög mikilvægt að finna þá aðila en það gerist ekki með upphrópunum. Það er mikilvægt að finna þá sem eru út undan í velferðarkerfinu í dag og bæta stöðu þeirra með breytingum. En í þær breytingar verður að fara mjög varlega og útfæra vel til þess að þær búi ekki til enn meiri rökleysu í kerfinu.

Ég hef bent á Lánasjóð ísl. námsmanna sem dæmi um það hvernig kerfið getur keyrt fram úr sér í oftryggingu. Einstæð móðir með tvö börn getur verið með 190 þús. kr. á mánuði allt árið um kring, borgað enga skatta og engin gjöld og yfir helmingurinn af ráðstöfunartekjum eru ekki lán. Þetta dæmi hef ég reiknað út og það er á netinu.

Þarna hafa menn horft á eina skúffu og sagt: Hér er staðan slæm, við lögum það. En þeir gleyma heildaráhrifunum. Það sem ég hef verið að benda á er að það þurfi að líta á allt velferðarkerfið í heild sinni í hvert sinn sem því er breytt. En það hafa menn ekki gert hingað til. Menn hafa alltaf litið á eina skúffu og lagað hana og afleiðingin er óskaplega flókið kerfi sem nánast enginn botnar í, enginn skilur til hlítar, enginn. Ég fullyrði það.

Ég held að brýnasta verkefni næstu ára væri að einfalda kerfið með grundvallarbreytingum. Á að taka tillit til fjölskyldu? Á ekki að taka tillit til fjölskyldu? Ætlum við að taka tillit til sérstakrar stöðu einstæðra foreldra eða ætlum við ekki að gera það? Svona hugleiðingar verða að koma inn og þegar menn hafa komist að niðurstöðu um hvernig eigi að taka tillit til fjölskyldunnar þá geta menn farið að þróa kerfið áfram á rökréttan hátt.

Ég sagði áðan að ég væri einstaklingshyggjumaður og væri í sjálfu sér ánægður með þá einstaklingshyggju sem skín út úr frv. sem við ræðum hér. Þetta er einstaklingshyggja. Það á bara að líta á einstaklinginn, ekki á stöðu hans í fjölskyldu eða annað slíkt. En þá eigum við líka að líta á allt velferðarkerfið í heild sinni. Ætlum við að hafa einstaklingshyggju alls staðar? Þá verðum við að breyta því þannig en ekki bara einum þætti.

Bent hefur verið á að atvinnuleysisbætur séu einstaklingsbætur. Það er vegna þess að víðast hvar í útlöndum, þaðan sem fyrirmynd þeirra er sótt, er atvinnuleysistryggingagjald, iðgjald, inn í atvinnuleysistryggingasjóði. Nýverið var það líka tekið upp hér á landi að hluti af tryggingagjaldinu er atvinnuleysistryggingagjald. Þá er eðlilegt, þar sem menn borga fyrir trygginguna, að menn fái hana greidda. Í sjálfu sér ættu atvinnuleysisbætur að vera háðar tekjum vegna þess að iðgjaldið er háð tekjum en það er önnur umræða sem líka þarf að taka upp. Eiga bætur að vera háðar þeim tekjum sem greitt var af eins og bætur lífeyrissjóðanna? Sá sem borgaði tvöfalt iðgjald til lífeyrissjóða fær tvöfaldan lífeyri, svo einfalt er það. Það eru svona fræðilegar grundvallarspurningar og skilgreiningar sem menn verða að taka upp í stað yfirborðskenndra leiðréttinga þar sem klastrað er bótum á flíkina hingað og þangað þar til kerfið verður gersamlega óskiljanlegt.

Félagsráðgjafar hafa sagt mér að 75% af tíma þeirra fari í að finna bætur fyrir skjólstæðinga sína í þessu flókna kerfi, ekki að aðstoða þá á annan máta heldur bara að finna bætur. Ég trúi þessu vegna þess að kerfið er orðið óskaplega flókið. Ég er fullviss um að það er fullt af fólki sem ætti rétt á bótum en veit ekki af þeim. Ég ræddi meira að segja við einn örykja norður í landi, bónda, sem vissi ekki að maki hans ætti rétt á lífeyri úr Lífeyrissjóði bænda og úr öðrum lífeyrissjóði, örorkulífeyri. Ég geri ráð fyrir að þau hafi sótt um það daginn eftir. Þau vissu bara ekki af þessu.

[17:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég furða mig á málflutningi talsmanns Sjálfstfl. í þessum málaflokki. Hv. þm. Pétri H. Blöndal hefur verið stillt hér upp sem sérstökum málsvara Sjálfstfl. í almannatryggingum (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það er ekki rétt, því hefur verið afneitað þegar í stað og ég skil það mjög vel. Hann telur ríkisstjórninni það nánast til tekna að barnabætur skuli hafa rýrnað og rekur það til þess að launin hafi hækkað svo mikið í landinu á liðnum árum. Það er alveg rétt hjá honum að barnabætur hafa lækkað að verðgildi um 2 milljarða á einum áratug. Þetta er alveg rétt en það er ekki bara vegna þess að tekjuviðmiðun hafi ekki fylgt launaþróun, hún hefur ekki fylgt almennri verðlagsþróun og hafa rýrnað af þeim sökum.

Hv. þm. segir að svo mikið hafi verið gert fyrir atvinnulífið. Það er alveg rétt. Fyrir sum atvinnufyrirtæki hefur heilmikið verið gert. Í gær vorum við hér með til umræðu ráðstafanir sem eru til þess fallnar að veita svokölluðum alþjóðaviðskiptafélögum sérstakar skattaívilnanir. Til þeirra kemur til með að verða varið alls um 45 millj. kr. á næstu árum, í sérstakt samstarfsverkefni við Verslunarráð Íslands til að vinna þessari hugsun brautargengi jafnvel þótt fram hafi komið í máli hæstv. viðskrh. að þetta kunni að stríða gegn vinnureglum sem OECD er að koma sér upp í þessu efni.

En mig langaði til að beina til hv. þm. Péturs H. Blöndals þessari spurningu: Finnst honum rétt, þegar skoðuð eru kjör aldraðra og lífeyrisþega, að horfa einvörðungu á bæturnar, það sem fólk fær frá tryggingakerfinu? Þarf ekki að horfa til annarra þátta einnig, t.d. lyfjakostnaðar sem hefur verið hækkaður verulega á undangengum mánuðum?

[17:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór dálítið út um víðan völl, fór að tala um eitthvað allt annað en bótakerfið en ég ætla ekki að fara út í það. Varðandi það að barnabætur hefðu lækkað að raungildi, eins og hann gat um, þá er það rétt. Þær hafa lækkað að raungildi og krónutölu vegna þess að þær eru tekjutengdar og voru settar á í tíð Alþfl. og Sjálfstfl. sem

vildu bæta kjör þeirra sem verst voru settir. Þær voru bæði hækkaðar og tekjutengdar til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Nú eru bara færri svo illa settir. Það er bara svo einfalt. Tekjur hafa hækkað yfir 20% umfram verðlag. Tekjur á Íslandi hafa hækkað sem aldrei fyrr og það er kannski vandamálið hjá hv. þm., hvað tekjurnar hafa hækkað mikið. Við ættum kannski að lækka þær bara í hvelli til að laga vandann.

Hv. þm. gat um lyfjakostnað. Þar er hann kominn yfir á dálítið málefnalegan grunn. Það skyldi nú ekki vera að þar séu einhverjir agnúar á kerfinu sem finna mætti með því að skoða nákvæmlega einstök dæmi, með því að skoða einstaka öryrkja og einstaka ellilífeyrisþega? Ég hef verið að reyna það og fá menn til að gera einmitt það, ekki að koma með slagorð um það að 10 þúsund manns séu fátækir á Íslandi heldur ræða einstök dæmi.

Þeir sem aðeins hafa strípaða taxta Tryggingastofnunar hafa t.d. aldrei borgað í lífeyrissjóð. Af hverju greiddu þeir ekki í lífeyrissjóð? Annaðhvort vegna þess að þeir voru aldrei á vinnumarkaði eða svikust um það. Á að bæta þeim það upp sem svikust um að borga í lífeyrissjóð og gera jafnréttháa þeim sem borguðu í lífeyrissjóð alla tíð? (**ÁRJ:** Hvað með allar húsmæðurnar?) Það er óréttlátt.

Ég get svo sem rætt um húsmæður líka. (**ÁRJ:** Já.) Þær tilheyra ákveðinni kynslóð sem fædd er fyrir 1950 þar sem maðurinn var einn fyrirvinna og lífeyrissjóðirnir eru flestir með ákvæði í reglugerð, sem nú er reyndar komið frá mér, um að taka tillit til þeirra.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi málflutningur talsmanns Sjálfstfl. í þessu máli harla undarlegur. Hann er að réttlæta það að barnabætur skuli hafa verið rýrðar sem nemur 2 milljörðum kr. á einum áratug vegna þess að viðmiðunarreglurnar eru ekki látnar fylgja, ekki bara launaþróun, ekki verðlagsþróun og hafa rýrnað af þeim sökum. Þær eru 1 milljarði lægri en þær voru í upphafi tíunda áratugarins í krónum talið og 2 milljörðum lægri þegar þær eru reiknaðar að raungildi.

Ég vék að lyfjakostnaðinum. Frá því um áramót hafa hámarksgreiðslur á hverja lyfjaávísun fyrir elli- og örorkuþega hækkað um 58,33%, hjá öðrum um 72%. Hér er um að ræða hjartalyf, geðlyf og annað af því tagi.

Síðan getum við haldið áfram að telja upp tilkostnað sem fallið hefur á lífeyrisþega og öryrkja. Símkostnaðinn t.d. sem núna er kominn, útvarp og sjónvarp. Eignarskattar hafa hækkað og þannig mætti áfram telja. Og að þurfa síðan að hlusta á þetta. Ég velti því fyrir mér hvernig fólki líður sem fylgist með þessari umræðu, því að það eru margir sem fylgjast með umræðum á heimilum sínum, að hlusta á talsmann ríkisstjórnarinnar reyna að koma í veg fyrir að kjör lífeyrisþega og öryrkja verði bætt og færð frá þeim smánarlegu upphæðum sem fólki er gert að búa við.

[17:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hér sem þingmaður á hv. Alþingi en ekki sem talsmaður eða málsvari Sjálfstfl. Reyndar styð ég þann flokk og er í þeim flokki og styð ríkisstjórnina, en það er ekki þar með sagt að ég sé málsvari þeirra. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að ég hef sérstakan áhuga á málinu.

En ég tek undir með hv. þm. Eignarskattar og fasteignagjöld, sérstaklega hérna í Reykjavík, hafa lestað öryrkja og aldraða alveg sérstaklega mikið. Og ég hef margoft lagt til að eignarskattar verði mildaðir og lækkaðir. Ég hef lagt fram frv. á hinu háu Alþingi í því skyni, ég hef því verið að skoða þessi mál mjög grannt.

Ég sé nefnilega að fólk sem t.d. missir maka sinn og býr í stóru einbýlishúsi fellur í eignarskatta oft og tíðum. Og jafnvel bara lítil íbúð er orðin eignarskattskyld ef hún er skuldlaus. Það fólk á því erfitt með að greiða háa eignarskatta af eignum þar sem það hefur lágar tekjur. Ég vil gjarnan skoða slík mál og einstök mál, t.d. lyfjakostnaðinn. Það er reyndar á því dálítið vandamál því að aukin þátttaka í lyfjakostnaði eykur notkunina. Notkunin hefur því miður vaxið alveg gífurlega. Kannski er þörf á því.

En þetta eru allt atriði sem þarf að skoða.

Umræðu frestað.

Landsvegir á hálendi Íslands, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

[17:35]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands á þskj. 52, 52. mál. Meðflutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þingmenn Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Hjálmar Jónsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, tveimur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerðinni."

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt nánast óbreytt.

Herra forseti. Ísland hefur haft þá ímynd að hér sé ægifögur stórbrotin náttúra, að mestu óspillt öræfi og þeirri ímynd viljum við halda. En ef svo á að verða verðum við að huga að umgengni okkar við landið. Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi.

Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendinu þannig að komast megi um það án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir á borð við leiðirnar að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagnið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart" til nýjar slóðir hér og þar.

Herra forseti. Erlendum ferðamönnum til Íslands heldur áfram að fjölga. Gert er ráð fyrir að ferðamenn verði yfir 300 þúsund á þessu ári sem er um 17% aukning frá síðasta ári, en árið 1999 voru erlendir ferðamenn 262 þúsund talsins. Erlendum ferðamönnum sem koma utan háannatíma hefur fjölgað verulega á undanförnum áratug og gera má ráð fyrir að svo verði áfram. Íslendingar ferðast sjálfir mun meira um landið og þá sérstaklega um hálendið, mun meira en þeir hafa gert, enda er jeppaeign landsmanna mikil. Akstur utan vega hefur því miður aukist mikið á hálendinu og virðast Íslendingar eiga þar stóran hlut að máli.

Sem betur fer fara flestir ökumenn eftir settum lögum og reglum. Þeir bera virðingu fyrir landinu sínu og aka eftir merktum vegarslóðum og ferðast um land sitt með virðingu fyrir náttúrunni að leiðarljósi. En það þarf ekki nema einn gikk í hverja veiðistöð sem kemur óorði á alla hina. Og því miður er til stór hópur fólks sem virðir hvorki boð né bönn og sýnir landinu ótrúlega lítilsvirðingu með þessum hætti. Sumir fara eins og ribbaldar um óbyggðir og öræfi til þess að sýna hversu megnug tæki þeir eru með undir höndum. Þannig hátterni skilur eftir sig sár sem er lýti í landinu, auk þess sem þau geta komið af stað jarðvegsrofi. Akstur utan vega er óleyfilegur, enda geta hjólför eftir bíla á viðkvæmum stöðum á hálendinu sést áratugum saman.

Herra forseti. Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er að finna ákvæði um bann við akstri utan vega og viðurlög við brotum gegn lögunum. Í 17. gr. náttúruverndarlaga segir, með leyfi forseta:

„Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin."

Herra forseti. Þó svo að aka megi á freðinni jörð og á jöklum getur akstur utan vega engu að síður valdið umtalsverðum náttúruspjöllum. Viðkvæmur gróður lætur þá á sjá og er slíkur akstur ekki til eftirbreytni. Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Alltaf er ákveðin hætta á að þeir sem þekkja illa til á hverjum stað skaði umhverfið frekar með því að telja óljósa vegaslóða vera rétta ökuleið. Um leið og þessi verndunarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi er mikilvægt að hafa í huga að tilgangurinn með því að gera hálendið þolanlega umferðarfært er einnig sá að gefa almenningi kost á því að njóta hinnar stórkostlegu náttúru, nokkuð sem ekki hefur verið á færi venjulegra farartækja.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi hálendis Íslands þegar vegakerfi um hálendið verður skipulagt. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið að deginum til og njóti náttúrunnar en dvelji eins og við verður komið við jaðar þess yfir nætur eða á skipulögðum svæðum.

Herra forseti. Að lokum legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. samgn. og síðari umræðu.

[17:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir meginatriði tillögunnar sem hér er flutt til þingsályktunar um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands og tek undir þau áhersluorð, sem hv. 1. flm., Drífa Hjartardóttir, kom inn á og standa í grg., að „með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að vendun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart" til nýjar slóðir hér og þar." Ég vil einmitt taka undir þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í þáltill.

Herra forseti. Ég vil einnig vekja athygli á að margir af þeim slóðum sem eru um hálendi Íslands byrja fyrst oft og tíðum sem för eftir einn bíl en verða síðan að slóða og allt í einu er síðan kominn meiri slóði og svo er farið að búa til einhvers konar vegslóða úr þessu og svo áfram einhvers konar veg án þess að nokkurn tíma hafi í upphafi verið ætlunin að þarna yrði vegslóði í sjálfu sér. Þeir hafa orðið til á þennan hátt og skipulagslaust.

Nú er miðhálendið skipulagsskylt það ég best veit og þar á meðal líka formleg umferð og vegagerð um hálendið. Einn er sá aðili eða aðilar sem hafa fengið að fara meira eða minna óhindrað um hálendið til að leggja vegaslóða, troðninga og vegi án þess að það væri hluti af heildarskipulagi og það eru þeir sem hafa verið að undirbúa virkjanir og virkjanaframkvæmdir á hálendinu.

Það er alveg augljóst að leggja þarf vegi til þess að sinna þeirri mannvirkjagerð en mikilvægt væri að sú vegalagning og sú slóðagerð sem er á þeirra vegum verði hluti af þessu skipulagi því að oft eru einmitt margir af þeim vegum eða slóðum sem við erum hér að fjalla um þannig tilkomnir í upphafi. Það er óviðunandi að vega- og slóðagerð á hálendinu verði meira eða minna handahófskennd með tilliti til lands, náttúru og framtíðarnotkunar. Ég vil því leggja áherslu á að í þessari tillögu um uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands verði einnig áréttað að þetta nái ekki aðeins til ferðamanna og annarra slíkra sem fara um hálendið heldur einnig til allrar umferðar um hálendið hver sem hún er, að hún verði skipulögð og unnin af heildarsýn en ekki að einstakir aðilar geti verið þar undanskildir eins og ég nefndi áðan þegar verið er að kanna undirbúning og möguleika á virkjunum.

Herra forseti. Ég tel að tillagan sem hér er lögð fram um uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands sé mjög góðra gjalda verð og styð það að hún fái fulla umfjöllun og að markmið hennar nái fram að ganga og legg áherslu á að hún verði látin ná til allrar vega- og slóðagerðar á miðhálendinu, líka þeirrar sem hér var ekki nefnd og hefur verið meira og minna skipulagslaus varðandi vegagerð um hálendið.

Herra forseti. Markmiðið með þessari tillögu er gott.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4., 8.–9. og 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 17:48.

10. FUNDUR

mánudaginn 16. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Neytendalán, stjfrv., 90. mál, þskj. 90. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr.
6. Stjórn fiskveiða, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
7. Stjórn fiskveiða, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
8. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 25. mál, þskj. 25. — Frh. 1. umr.
9. Almannatryggingar, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr.
10. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
11. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
12. Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna, 113. mál, fsp. RHák, þskj. 113.

Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, 105. mál, þáltill. PM, þskj. 105.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði, 108. mál, fsp. KF, þskj. 108.

Framtíðarskipulag raforkuframleiðslu og flutnings, 111. mál, fsp. KÓ, þskj. 111.

Siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði, 121. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 121.

Skráning skipa, 118. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 118.

Stjórn fiskveiða, 120. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 120.

Umboðsmaður aldraða, 117. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 117.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 119. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 119.

Þjóðarleikvangar, 106. mál, þáltill. PM, þskj. 106.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Það er hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem er málshefjandi. Viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Forseti vill geta þess að að aflokinni utandagskrárumræðu er áformað að atkvæðagreiðslur fari fram.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orðaskipti þingmanna.

[15:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Á 9. fundi sl. fimmtudag ræddum við um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt þá ræðu og notaði tækifærið til að ráðast á mig og skoðanir mínar og voru þær árásir bæði ómálefnalegar og órökstuddar.

Í andsvari mínu beindi ég til hv. þm. spurningum en gat þess jafnframt að ég mundi svara árásum hans í seinni ræðu minni en þá hvarf hv. þm. Össur Skarphéðinsson úr þingsal og tók ekki frekari þátt í umræðunni. Hélt ég svo síðari ræðu mína en umræðunni var frestað og verður henni fram haldið í dag, en þá get ég ekki tekið aftur til máls vegna þeirrar reglu að menn geta eingöngu rætt tvisvar við hverja umræðu. Þess vildi ég geta að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er nú aftur mættur til leiks.

[15:04]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill af þessu tilefni áður en hv. 7. þm. Reykv. tekur til máls óska þess við hv. þingmenn að þessi dagskrárliður, störf þingsins, fjalli um störf þingsins en verði ekki framhald efnislegrar umræðu frá því deginum áður eða í síðustu viku.

[15:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir ákaflega slæmt að hv. þm. Pétur Blöndal átti erfitt með að ljúka máli sínu við mig á fimmtudaginn. Staðreyndin var sú að ég þurfti að fara á fund annars staðar hjá framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar og áður en ég hvarf úr fundarsal lét ég hæstv. forseta vita af hverju ég varð að fara. Hins vegar gæti hv. þm. Pétur H. Blöndal, seinna í dag kannski rætt þessi mál. Hann hefur möguleika

til andsvara ef til þess kemur. Ef ekki þá verður hv. þm. að ræða þessi mál við mig seinna.

Mér þykir ákaflega miður ef hv. þm. telur að ég hafi lagt til hans persónulega vegna þess að það var ekki ætlunin eins og ég tók margsinnis fram. Ég taldi hins vegar að þær skoðanir sem hv. þm. stæði fyrir væru ákaflega fjarri mínum og skoðunum flokks míns og ég reyndi að færa málefnaleg rök fyrir þeirri skoðun minni, m.a. til þess að hv. þm. ætti kost á því að ræða það við mig í andsvari. Hv. þm. kom tvisvar upp í andsvar við mig og ég svaraði hv. þm. a.m.k. einu sinni ef ekki tvisvar en ég varð því miður af þessum sökum að hverfa úr fundarsal.

Herra forseti. Nú er það þannig að sá þingmaður sem hér stendur í pontu er kannski ekki einn af þeim sem er hér alla daga en ég held að ekki sé hægt að ásaka mig fyrir að vera fjarri þessum þingsal ákaflega oft. Ég hef á stundum verið nefndur einn af þeim sem heldur nánast til í þessum sölum þannig að ekki er hægt að ásaka mig fyrir að sitja ekki undir umræðum og taka þátt í umræðum.

Ég ítreka, herra forseti, að hv. þm. átti kost á því að koma athugasemdum sínum við mig á framfæri í andsvari og hann gerði það. Að öðru leyti þykir mér þetta miður en þannig voru aðstæðurnar. Ég skal með glöðu geði eiga einhvern tíma síðar orðastað við hv. þm. um þessi mál og önnur.

Umræður utan dagskrár.

Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann og hefur nánast gefið Samkeppnisstofnun opinber fyrirmæli um hvernig hún vill að stofnunin bregðist við. Rökin fyrir því að ríkið sameini bankana með þessum hætti í stað þess að láta markaðinn sjá um framvinduna virðist ákaflega vanhugsuð. Eitt helsta einkenni bankamarkaðarins í dag er mikil fákeppni sem endurspeglast í háum vöxtum, háum þjónustugjöldum. Það er því fátt eins nauðsynlegt frá sjónarhóli neytenda og að freista allra ráða til að lækka þennan kostnað. Með því að fækka keppinautum á markaðnum tekur ríkisstjórnin hins vegar sjálf forustu um að draga úr samkeppni og í reynd að stuðla að því að landsmenn þurfi að greiða hærri vexti og fá lakari þjónustu en áður.

Herra forseti. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er því líkleg til að ganga gegn hagsmunum neytenda og því er auðvitað ekki hægt að una. Ríkisstjórnin hefur sjálf sagt að markaðshlutdeild hins nýja banka yrði um 40% sem er í sjálfu sér ákaflega hátt hlutfall. Á ýmsum þjónustusviðum gagnvart einstaklingum yrðu yfirburðir nýja bankans svo miklu meiri. Hann yrði með 55–56% af sparilánum, 45% af veltulánum, 46% af útlánum, 42% af neyslulánum, 50–52% af veltu debetkorta- og tékkareikninga. Þar að auki yrði þessi banki með um 57% af rekstrarlánum til fyrirtækja og vel yfir 60% af gjaldeyrisviðskiptum einstaklinga og fyrirtækja. Því er alveg ljóst, herra forseti, að banki af þessu tagi hefði ofurtök á markaðnum og fyllsta ástæða er til þess að óttast um hag neytenda.

Rökin fyrir því að gera þetta verða því að vera pottþétt, herra forseti, en þau eru það síður en svo. Helstu rök hæstv. viðskrh. eru þau að það auki verðgildi bankanna að selja þá saman. En herra forseti, þetta er í besta falli ákaflega hæpið.

Í fyrsta lagi endurspeglar gengi bankanna nú þegar væntingar markaðarins til möguleika á sameiningu og hagræðingu.

Í öðru lagi mun hin meinta hagræðing kosta ríkið mikla fyrirhöfn, mikla pólitíska erfiðleika, mikinn tíma og mikla neikvæða umræðu sem gæti auðveldlega lækkað verðið á nýja bankanum.

Í þriðja lagi, herra forseti, bendi ég á reynsluna.

Íslandsbanki og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins voru samanlagt metnir á markaðnum á 60–70 milljarða undir lok mars en í síðustu viku mat markaðurinn hinn sameinaða banka á 49 milljarða. Það gæti því vel farið svo að hæstv. ráðherra væri í reynd að draga úr verðmæti bankanna með þessari aðferð og þar með vinna gegn eigin markmiði.

Ríkisstjórnin segir líka að meint hagræði af samruna bankanna eigi að vera að lækka vexti. Ég óttast hins vegar að náist einhver hagræðing muni minnkandi samkeppni sjá til þess að hún renni ekki í vasa neytenda heldur í vasa eigendanna. Hvað segir reynslan okkur? Hafa fyrri samrunar hér á landi lækkað vexti? Nei. Hafa samrunar banka í nágrannalöndunum lækkað vexti? Nei. Við sáum það í sjónvarpsfréttunum í fyrrakvöld. Eru samrunar yfirleitt líklegir til að lækka þjónustugjöld og vexti til okkar neytenda? Nei.

Við Háskólann í Rotterdam var gerð rannsókn á því hversu mikið þjónustugjöld og vextir hefðu lækkað í kjölfar samruna af þessu tagi og niðurstaðan kom á óvart. Eigendur bankanna njóta hagræðingarinnar ríkulega en rannsóknin fann fá eða engin dæmi þar sem neytendur nutu samruna í formi lægri vaxta eða lægri þjónustugjalda. Rök ríkisstjórnarinnar standast því ekki próf reynslunnar.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er líka mikið talað um hagræðingu. En í hverju felst hagræðingin, herra forseti? Felst hún í lokun útibúa á landsbyggðinni? Felst hún í uppsögnum starfsfólks? Hér þarf hæstv. ráðherra að tala miklu skýrar. Raunar lít ég svo á að það sé óskiljanlegt tillitsleysi að hafa ekki haft neitt samráð við starfsfólk bankanna tveggja sem fékk ekki að vita af ákvörðuninni fyrr en sama dag og hún var tilkynnt. Eða hefur hæstv. ráðherra kannski gleymt því að það var Framsfl. sem fór út í kosningabaráttu undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi“? Íslenskir bankamenn vita hvað það þýðir í dag.

Herra forseti. Forsendurnar sem ríkisstjórnin hefur fyrir ákvörðun sinni um samruna bankanna eru um margt ákaflega ótraustar. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Hvers vegna hvarf hæstv. ráðherra frá því ágæta fordæmi fyrirrennara síns, Finns Ingólfssonar, að hafa samráð við starfsfólk um jafnafdrifaríka hluti og framtíð þeirra eigin starfa?

2. Mun ríkisstjórnin birta opinberlega hversu mikið hið meinta hagræði verður af sameiningunni og hvernig hún hyggst ná því?

3. Mun hæstv. ráðherra birta útreikninga sem sýna fram á að ríkið fái meira fyrir bankana með því að selja þá saman fremur en hvorn í sínu lagi?

[15:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í upphafi er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða ákvörðun var tekin í ríkisstjórn sl. föstudag.

Ríkisstjórnin beindi þeim tilmælum til bankaráða Landsbanka og Búnaðarbanka að hafnar yrðu viðræður um samruna þeirra. Það var því ekki tekin ákvörðun um samruna þessara banka. Kemur þar tvennt til.

Í fyrsta lagi er það ekki ríkisstjórnarinnar að taka ákvörðun um slíkan samruna heldur bankaráðanna.

Í öðru lagi verður að fá úr því skorið að samruninn samrýmist ákvæðum samkeppnislaga. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga þegar rætt er um málið.

Ég er sannfærð um að samruni Landsbanka og Búnaðarbanka yrði hagstæður fyrir íslenskan fjármagnsmarkað. Við Íslendingar erum ekki eyland á bankamarkaði. Hér eru starfandi of margir bankar. Við verðum að geta boðið samkeppnishæf kjör því að öðrum kosti mun fjármálaþjónusta í framtíðinni fyrst og fremst verða boðin af bönkum með aðsetur erlendis. Með samruna erum við að tryggja íslenska bankakerfið betur í sessi og stuðla að því að fjármálaþjónusta verði rekin af íslenskum fyrirtækjum og jafnframt tryggja störf íslenskra bankamanna.

Ég hef sett fyrirvara við samrunann. Sameinaður Landsbanki og Búnaðarbanki er mjög stór banki á íslenskan mælikvarða. Ég hef lýst því yfir að ég hafi efasemdir um að samruni þessara eininga óbreyttra samrýmist ákvæðum samkeppnislega. Úrskurður samkeppnisráðs þarf því að liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun er tekin um samruna.

Hv. þm. spyr um þátttöku starfsmanna í samrunaferlinu. Það er rétt hjá honum að hlutafélagavæðing ríkisviðskiptabankanna gekk svo vel sem raun ber vitni vegna náins samráðs við starfsfólk. Er gott til þess að vita að formaður Samfylkingarinnar skuli vera farinn að átta sig á hvað Finnur Ingólfsson stóð sig vel í bankamálum. Ég legg mikla áherslu á það, nái samruninn fram að ganga, að starfsfólk geti fylgst með framvindu málsins. Þessi ferill er hins vegar bara rétt að byrja.

Ég átti til að mynda mjög góðan fund með formönnum starfsmannafélaga bankanna og formanni SÍB um þetta efni á föstudaginn, áður en málið var kynnt fjölmiðlum. Það má einnig telja líklegt að bankaráðin telji það þjóna hagsmunum sinna banka best að starfsmenn séu vel upplýstir um gang mála. Það er öllum fyrir bestu.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort ríkisstjórnin hyggist birta hve mikið hagræðið af sameiningunni verður og hvernig eigi að ná því fram. Því er til að svara að það er hlutverk bankaráða en ekki ríkisstjórnar að semja greinargerð með samrunaáætlun þar sem m.a. koma fram efnahagslegar ástæður samrunans.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvort ég hyggist birta útreikninga sem sýna fram á að ríkið fái meira fyrir bankana með því að selja þá saman fremur en hvorn í sínu lagi. Ég get gert þetta hér og nú. Þetta er svo einfalt. Sparnaður í rekstri bankanna leiðir til meiri hagnaðar þeirra og þar með til aukins verðmætis. Búast má við að væntingar um samruna viðskiptabankanna séu nú þegar komnar að hluta til inn í verðmat markaðarins á bönkunum og mér heyrist hv. þm. sammála mér um það. Náist ekki fram hagræðing á bankamarkaði mun væntanlegur framtíðarhagnaður bankanna minnka og verðmæti þeirra sömuleiðis.

Að síðustu, herra forseti: Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á föstudag að þriggja manna nefnd hæfra lögfræðinga yrði mér til ráðgjafar í samrunaferlinu. Þessi nefnd á að vera mér til ráðuneytis og móta tillögur til mín um afstöðu til samrunans á hluthafafundi á grunni þeirra opinberu upplýsinga sem fyrir liggja. Það er fyrst og fremst aðkoma þessarar nefndar. Bankaráðin hins vegar munu lögum samkvæmt taka ákvörðun um samruna. Það er algjör misskilningur sem kom fram í DV um helgina að með þessu sé minnihlutaréttur fyrir borð borinn. Ríkisstjórnin er ekki að skipa bankaráðinu að hafa eingöngu hagsmuni ríkisins að leiðarljósi. Ríkisstjórnin er að fá hæfa og virta lögfræðinga til að vera mér, sem handhafa hlutabréfanna, til ráðuneytis.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrst örfá orð um meinta gæsku fyrrv. hæstv. bankamálaráðherra, Finns Ingólfssonar, í garð starfsmanna. Með hliðsjón af því skal upplýst að í stjórnartíð hans var starfsmönnum fjármálastofnana sem heyra undir ráðuneyti hans þröngvað út úr stéttarfélögum og þá fyrst var haft samráð við þá að þeim hafði verði þröngvað í nauðvörn. Hæstv. viðskrh. sagði hér í þinginu í síðustu viku að ákvörðun um sameiningu bankanna hefði ekki verið tekin og þess vegna ekki tímabært að ræða málið á Alþingi. Nokkrum klukkustundum síðar kemur hins vegar í ljós að sú ákvörðun virðist hafa verið tekin þótt hæstv. ráðherra skýli sér á bak við hina formlegu ákvörðun, að hún hafi ekki verið tekin í ríkisstjórninni fyrr en á föstudag. Enn fremur kemur í ljós að ef þessi ráðstöfun samræmist ekki samkeppnislögum verði þeim lögum einfaldlega breytt. (**Gripið fram í:** Nei.) Yfirlýsing af þessu tagi var höfð eftir hæstv. viðskrh. í fjölmiðlum fyrir helgina. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Þá er rétt að hæstv. ráðherra beri það af sér.

Þegar rætt var um það í fyrra að sameina Íslandsbanka og Landsbanka þá töluðu mörg okkar fyrir því hér á Alþingi að þess í stað væri æskilegt að kanna sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Þá var um það rætt að skapa hér öflugan þjóðbanka. Nú er hins vegar ekki um það að ræða heldur á að selja þessa almannaeign úr hendi almennings. Í því ljósi verður að skoða málin. Við þurfum að fá svör frá hæstv. viðskrh. um hvað ráði för. Eru það pólitískir, þröngir eiginhagsmunir, eru það hagfræðileg rök eða það sem að sjálfsögðu á að hyggja að, langtímahagsmunir, hagsmunir notenda og starfsmanna bankans? Ég fæ ekki séð að þeir hagsmunir ráði förinni hjá ríkisstjórninni. Hér er um fjölmenna vinnustaði að ræða sem gegna mikilvægu hlutverki um land allt. Það verður að ræða þessa afdrifaríku, pólitísku ákvörðun hér á Alþingi Íslendinga með langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga.

[15:20]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að beina því til bankaráða Landsbanka og Búnaðarbanka að hefja viðræður um samruna og leita eftir forúrskurði samkeppnisráðs er í fullu samræmi við þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í þessum málum. Helstu rök sem tilgreina má fyrir sameiningu bankanna eru m.a.:

Hagkvæmni stærðarinnar tryggir betri þjónustu og styrkir samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjármálastofnunum.

Alþjóðleg íslensk fyrirtæki hafa nú náð þeirri stærð að mikilvægt er að hér séu stórar einingar á markaði sem geti sinnt þörfum þeirra og veitt þeim alhliða fjármálaþjónustu í samkeppni við erlendar fjármálastofnanir.

Með sameiningu bankanna verður til bankastofnun sem getur haslað sér völl á erlendum fjármálamörkuðum.

Síðast en ekki síst styrkir sameining bankanna stöðu þeirra á markaði og leggur grunninn að því að ljúka einkavæðingu þeirra á allra næstu árum.

Almenningur hefur þegar tekið virkan þátt í útboðum á hlutabréfum ríkisins í bönkunum og hefur það verið í fullu samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að breiðri eignaraðild. Áður en frekari sala á hlutabréfum ríkisins í bönkunum fer fram verður að leita heimildar Alþingis. Með myndun stórrar einingar er enn líklegra að fram náist dreifð eignaraðild þar sem erfiðara verður fyrir einstaka hluthafa að kaupa ráðandi hlut í hinum nýja banka. Í því síðastnefnda felst ein veigamesta röksemdin fyrir því að bankarnir verði sameinaðir og síðan seldir í einu lagi fremur en að þeir verði seldir hvor í sínu lagi.

[15:22]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég var þar nær fyrir nokkrum árum þegar þrautkunnugir menn ræddu kosti þess að sameina fyrirtækin tvö, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Þeir komust að þeirri niðurstöðu og höfðu þá safnað flestum kurlum til grafar, að sparnaður í rekstri bankanna sameinaðra mundi nema um 1.000 millj. kr. og sá sparnaður mundi reiknast fyrirtækjunum til virðisauka hér um bil allur þar sem þeir mundu halda viðskiptum sínum að langmestu leyti en afl þessa nýja fyrirtækis yrði miklu meira. Þá erum við komin að því sem menn hafa opin augu fyrir, að ekki veitir okkur af hér á þessu litla landi að hafa styrka fjármálastoð eins og stóran banka.

Hitt er annað mál að þegar þessi mál ber á góma þá fyllast menn jafnan grunsemdum um að ekki sé allt með heilli há hjá hæstv. núv. ríkisstjórn og draga þar lærdóm af fyrri einkavæðingu, sem menn hafa uppnefnt einkavinavæðingu, t.d. hin þekkta málamyndasala á SR-mjöli þar sem gefnir voru milljarðar í milli. En það má vera að mönnum sýnist að nú mundi sá afsláttur upp á milljarð, sem gefinn yrði með því að selja þessa banka hvorn í sínu lagi, ekki koma á réttar hendur. Kannski Hólamessumann gruni, hæstv. forsrh., að það komi í hendur óverðugra. Allt annað mál er það ef þetta stangast á við samkeppnislög. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin hafi í huga að breyta lögum til þess að ná fram þessari sameiningu. Það má ekki verða að menn hagi sér þannig gagnvart löggjafarvaldinu.

[15:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði í upphafi ræðu sinnar að menn skyldu hafa í huga hvaða ákvörðun hefði verið tekin, þ.e. sú að láta bankaráðin hefja viðræður um samruna bankanna og að skoða lagalegar forsendur þess. Hún sagði að annað hefði í raun ekki verið ákveðið. Samt hefur það ítrekað komið þannig út í viðtölum við hæstv. ráðherra um helgina að málið sé frágengið, m.a. hefur hæstv. ráðherra talað um að hún hlakki til að fara að útdeila þeim peningum sem verði til við samruna þessara banka og þá hafi ríkisvaldið heldur meiri peninga til að setja í ýmis verkefni sem hæstv. ráðherra er líklega með í huga þegar hún lætur þessi orð falla.

Það hefur komið fram hjá öllum þeim sem hafa skoðað þessi mál og samruna banka á Norðurlöndunum að það hefur ekki skilað þeirri hagræðingu sem vænst var. Þar hafa þó verið stigin þau skref, sem ekki er gert hér, að gera þetta í fullu samráði við starfsmenn viðkomandi banka. Það er dálítið sérstakt að fylgjast með því að stóri hluthafinn, ríkið sem á $^2/_3$ hluta í þessum bankastofnunum, valtar yfir aðra hluthafa, heldur ekki hluthafafund og ræðir málið þar áður.

Hverjir skyldu það nú vera sem eiga hlut að bankanum aðrir en ríkið? Það eru m.a. starfsmenn bankanna sem hafa undanfarið verið hvattir til að eignast hlut í bönkunum sínum. Við þá er ekki talað. Þetta er bara í tilkynningaformi. Sú leið sem t.d. var farin 1997 við stóra sameiningu banka í Svíþjóð hefur ekki orðið fyrir valinu. Þar var samið við 2.000 starfsmenn sem talið var að þyrftu að hætta þar um að þeir fengju fyrirframgreiddan lífeyri sem bankinn greiddi þar til þeir væru komnir á lögbundinn lífeyrisaldur. Um hvaða fjárhæðir var þar að ræða? Um var að ræða 1,5 milljarða sænskra króna. Ætli þetta nýja bákn sem þarna á að búa til gæti staðið undir slíkum skuldbindingum? Ég held að hér sé um að ræða, ef þessi ákvörðun verður að veruleika, stórpólitískt slys.

[15:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Við búum í síbreytilegu þjóðfélagi þar sem tæknin æðir áfram, fyrirtæki eru að breytast með samruna og sérhæfingu. Stjórnmálaflokkar breytast, skólar og menntastofnanir breytast og þjónusta banka og annarra stofnana hefur verið að breytast í takt við kröfur tímans, tækninnar og markaðarins. Á fáum sviðum hafa orðið meiri breytingar í heiminum en á fjármálamarkaðnum. Hlutabréfamarkaður á Íslandi er barn síns tíma og er í stöðugri þróun. Viðskipti milli landa og reyndar innan lands gerast á örskotsstundu.

Ákveðin straumhvörf urðu í bankakerfi Íslands við sameiningu Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Bankinn er gríðarlega stór á íslenskan mælikvarða. Við stöndum frammi fyrir því að ríkisbankarnir eru í raun ekki samkeppnishæfir í ört breytilegu samkeppnisumhverfi peningastofnana hér á landi og erlendis. Þess vegna hefur viðskrh., í umboði ríkisstjórnarinnar, ákveðið að fram fari forúrskurður vegna hugsanlegrar sameiningar Landsbankans og Búnaðarbankans. Þar verði kannað hvort sameining brjóti samkeppnislög. Með þessum hætti er farið í sameiningarmál bankanna af festu og varúð.

Það er alrangt sem kom hér fram hjá 13. þm. Reykv. að ákvörðun hafi þegar verið tekin um þessa sameiningu. Það er verið að tala um forúrskurð og það er líka alrangt sem kom fram hjá 13. þm. Reykv. að það ætti að breyta lögum út af þessu. Hér er fyrst og fremst um forúrskurð að ræða.

Sameining banka er alþekkt hér á landi og reyndar í nágrannalöndum okkar og ef til sölu hlutabréfa í ríkisbönkunum kemur þá er hér fyrst og fremst verið að auka verðgildi þessara bankastofnana.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna óðagot hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum. Enn einu sinni virðast tilviljanakenndar uppákomur í stjórnarsamstarfinu bak við tjöldin eiga að ráða niðurstöðu í stórmálum af þessu tagi. Handahófskenndar ákvarðanir eru teknar um skipulag á fjármálamarkaði og um meðferð ríkisins í mikilvægum stofnunum í almannaeigu.

Í öðru lagi er eðlilegt að spyrja: Hvers vegna? Er einhver brýn nauðsyn á því nú að sameina þessa banka?

Í þriðja lagi: Hvað með hagsmuni starfsfólksins? Er þetta undanfari þess að mörg hundruð manns, aðallega konum, verði sagt upp störfum?

Í fjórða lagi: Hvað með eignarhlut ríkisins í framhaldinu? Er þetta undanfari einkavæðingar á þessum þá yfirgnæfandi stærsta banka landsins og þá e.t.v. sölu til útlanda?

Í fimmta lagi: Er þetta verjanlegur kostur í ljósi vaxandi fákeppni á þeim markaði sem fyrir liggur?

Í sjötta lagi: Hvað með reglur um eignaraðild? Verða í tengslum við þetta sett ákvæði í lög til að tryggja dreifða eignaraðild? Ég minni í því sambandi á frv. sem liggur fyrir þinginu, flutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, um að 8% mörk verði sett í því sambandi?

Í sjöunda lagi: Hvað með hagsmuni annarra hluthafa? Eru þetta þau samskipti sem menn áttu von á þegar aðrir hluthafar, þar með taldir starfsmenn, voru hvattir til að kaupa eignarhlut í bönkunum á móti ríkinu?

Loks má spyrja, herra forseti, í ljósi orða hæstv. ráðherra áðan: Til hvers og af hverju var ríkisstjórnin að blanda sér í þetta mál? Ef það er svo eins og nú er látið í veðri vaka að þetta sé fyrst og fremst málefni bankaráðanna, af hverju voru þau þá ekki látin hafa frumkvæði að málinu? Nei, herra forseti. Hér er allt of mörgum stórum spurningum ósvarað til að það sé boðlegt fyrir Alþingi, sú aðkoma að málinu sem því er greinilega ætlað, að standa frammi fyrir gerðum hlut þegar allt hefur verið ákveðið.

[15:31]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að ganga eigi sem fyrst fram í því að einkavæða þessi fyrirtæki. Ég tel að tími pólitískra lánveitinga sé liðinn. Ég tel að það sé liðin tíð að fyrirtækin séu rekin á öðru en viðskiptalegum forsendum og tel að það sé ekki sanngjarnt, hvorki gagnvart þeim sem eru að skipta við þessi fyrirtæki né heldur minnihlutaeigendum í þeim eins og þau eru núna. Ég tel að það sé liðin tíð að *við séum með pólitískt möndl á fjármagnsmarkaði og engin* pólitísk markmið séu með ríkisrekstri á einstökum sviðum á fjármagnsmarkaðnum.

Hvað varðar starfsfólkið þá vek ég athygli á því að þessi fyrirtæki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands og það er ákveðin fagmennska og ákveðin vinnubrögð sem þurfa að vera viðhöfð hjá fyrirtækjum sem eru skráð á Verðbréfaþingi.

Varðandi hagræðingu vil ég segja að við blasir að það hlýtur að vera verkefni bankans eftir að búið er að sameina þessa tvo banka, ef af því verður, að vinna að hagræðingu. Hagræðing er endalaust viðfangsefni þeirra sem stjórna þessum fyrirtækjum hvort sem þau eru í einu eða tvennu lagi og því lýkur aldrei. Það hlýtur að vera hlutverk stjórnendanna að ganga þannig frá gagnvart starfsfólki að það sé ekki til þess fallið að draga úr móral og komi illa við bankann.

Ég vil að lokum segja að ég tel ólíklegt að samkeppnisyfirvöld hafi nokkra forsendu til að koma í veg fyrir sameiningu þessara banka. Heildarmarkaðurinn er 1.300 milljarðar, þ.e. fjármálamarkaðurinn á Íslandi. Efnahagsreikningur Landsbankans er um 15% af þeirri tölu og Búnaðarbankans um 9%, þannig að ég sé ekki að neinar forsendur séu fyrir því að samkeppnisyfirvöld grípi inn í þennan samruna.

[15:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur hvergi verið nálægur þegar þessi ákvörðun var tekin því hann talaði um að í þessum málum ætti pólitískt möndl ekki upp á pallborðið, en augljóst er að hið pólitíska möndl felst í því að gefin hefur verið út tilskipun um að verð á þessum banka skuli vera hærra en ef verið væri að selja þá hvorn í sínu lagi. Það er því ljóst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur hvergi verið nálægur.

Það hefur verið fróðlegt að hlýða á umræðuna því að mér hefur fundist að hæstv. viðskrh. sé nánast á flótta frá sinni eigin ákvörðun sem tilkynnt var með brambolti fyrir helgi. Hæstv. ráðherra segir núna að þetta sé einhvers konar kynningarstarf, verið sé að kanna hvort þetta sé möguleiki, hvort það standist lög að gera þetta með þessum hætti og nefnir jafnframt það sem ég nefndi áðan, þ.e. að fá hærra verð, en segir enn fremur að bankaráðin séu að skoða hvort efnahagslegar forsendur séu til þess að leggja þetta þannig upp að við munum fá hærra verð eða ríkissjóður með því að gera þetta á þennan hátt. Það hefur því augljóslega ekki verið skoðað ef marka má orð hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra nefnir líka hugmyndir um vaxtalækkun og væntingar um það þrátt fyrir að allar rannsóknir sýni fram á að samrunar af þessum toga hafi ekki leitt til vaxtalækkunar fyrir almenning, þannig að þetta er þveröfugt við það sem reynslan hefur kennt okkur. (Gripið fram í.)

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, ætlar pólitíkin að höndla með það hvernig starfsfólki verður sagt upp en ljóst er að það hefur aldrei sýnt sig að slíkt gangi. En kannski er kjarnaatriðið í þessu það að Samkeppnisstofnun hefur svarað þeirri spurningu viðskrh. um samruna LÍ og BÍ í ákvörðun nr. 22 frá árinu 2000 þegar fjallað var um samruna Íslandsbanka og FBA, en í þeirri ákvörðun segir, með leyfi forseta:

„Samruninn hefur ekki bein áhrif á þá bankamarkaði þar sem samkeppni er að verulegu leyti bundin við innlánsstofnanir og áhrif frá erlendum bönkum eru takmörkuð, þ.e. á hefðbundna viðskiptabankastarfsemi í formi innlána og útlána til einstaklinga og minni fyrirtækja."

Virðulegi forseti. Hér eru akkúrat öfugar forsendur og með því að gagnálykta frá þessu er alveg ljóst að þessi bankasamruni er ekki heimill og það verður fróðlegt að vita hvort hæstv. viðskrh. komi þá hingað með frv. til að breyta samkeppnislögum til að ná markmiði sínu um samrunann.

[15:36]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar spurt er hvað réttlæti ákvörðun um sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka svara ég því fyrst að það er vegna þess að samkeppnisstaða þessara banka hefði versnað við núverandi aðstæður. Talað hefur verið um hagsmuni hluthafa í þessu sambandi og þegar samkeppnisstaðan versnar er hagsmunum hluthafa hætt. Hagsmunir viðskiptavina felast einnig í þeirri hagræðingu sem af þessu verður og ekki hefur verið sýnt fram á það, þrátt fyrir tilvitnun í einhverjar einstakar rannsóknir, að vaxtamunur geti ekki minnkað við sameininguna.

Þá er komið að hagsmunum starfsfólks sem er auðvitað viðkvæmasti hluturinn í þessum sameiningarmálum öllum saman. Þá verð ég að segja í fyrsta lagi að hagsmunir starfsfólks eru ekki tryggðir við óbreytt ástand. Það er starfsfólkinu í hag að bankinn verði öflugur og sterkur en hins vegar þarf að fara að öllu með gát varðandi þetta mál og forðast hópuppsagnir í tengslum við sameininguna. Hins vegar er óvissan um hvað verður verst fyrir starfsfólkið og þess vegna þarf að fá niðurstöðu í þetta mál.

Ákveðið hefur verið að skoða samkeppnisþáttinn sérstaklega og hv. 3. þm. Norðurl. e. segir að óðagot sé í þessu máli. Það er ekki meira óðagot en það að Samkeppnisstofnun *hefur verið beðin um forúrskurð og honum á að skila innan*

sex vikna þannig að menn vilja hafa vaðið fyrir neðan sig varðandi málið. Það hefur alls ekki ríkt neitt óðagot en það er best fyrir alla að niðurstaða fáist sem fyrst.

[15:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson heldur því fram að ekki sé óðagot í þessu máli. Óðagotið er samt svo mikið að hæstv. viðskrh. verður mörgum sinnum tvísaga. Hæstv. viðskrh. kemur hingað allt í einu og er á flótta frá sínum eigin ákvörðunum og segir: Það er ekki búið að taka neinar ákvarðanir. Og hún ætlar ekki að taka ákvarðanir og ekki ríkisstjórnin, heldur á það að vera bankaráðið. Nú er það allt í einu markaðurinn sem á að fara að ráða.

Herra forseti. Hvers vegna var markaðurinn ekki frá upphafi látinn ráða í þessu máli eins og hv. þm. Pétur Blöndal ráðlagði t.d. ríkisstjórninni? Þetta er svo vanhugsað, herra forseti, að hæstv. viðskrh. veit ekki alveg hvað hún er að segja í stólnum og það sem hún segir hérna stemmir ekki við það sem hún er búin að segja í fjölmiðlum.

Herra forseti. Gagnrýnt var af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að hagsmunir annarra hluthafa en ríkisins væru fyrir borð bornir og áður var hæstv. ráðherra í reynd búin að skjóta byttu undir þennan leka hjá sér með því að segja að þriggja manna nefndin ætti líka að hugsa um hagsmuni hinna hluthafanna. Herra forseti. Hvað segir í Morgunblaðinu þegar þetta var kynnt, með leyfi hæstv. forseta?

„Ríkið á meira en tvo þriðju hlutafjár bæði í Landsbanka og Búnaðarbanka. Því munu bankaráðin hafa náið samráð við þriggja manna starfshóp sem viðskiptaráðherra hefur skipað til að gæta hagsmuna ríkisins í sameiningarferlinu ...“

Herra forseti. Það sem viðskrh. er að segja hér er í algerri andstöðu við það sem hún hefur áður sagt og ég leyfi mér að kasta fram þeirri staðhæfingu, herra forseti, að það sé a.m.k. á gráu svæði að hæstv. ráðherra skuli með þessum hætti forsóma gersamlega hlut annarra hluthafa.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og ýmsir framsóknarmenn sem hér hafa talað í dag eru bersýnilega á allt öðru róli en þingmenn Sjálfstfl. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og hv. þm. Jón Kristjánsson töluðu í þá veru að það væri allsendis óvíst hvort framhaldið yrði síðan einkavæðing, hvort nokkuð yrði úr þessu. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir var auðvitað alveg viss um þetta. Herra forseti. Það sem stendur upp úr er að hér er flumbrugangur á ferðinni, pólitísk hrossakaup sem ekki er búið að hugsa til enda, en eitt er alveg ljóst að þetta ýtir undir fákeppni og þetta skaðar hagsmuni neytenda.

[15:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna því ég held að hún sé mjög mikilvæg og vonandi er hægt að eyða misskilningi. En af því að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa talað um að ég væri á flótta frá ákvörðunum mínum, þá finnst mér að þeir séu það fyrst og fremst vegna þess að formaður Samfylkingarinnar kvaddi sér hljóðs í síðustu viku til að benda þeirri sem hér stendur á það að ef út í þetta yrði farið væri rétt að leita forúrskurðar hjá samkeppnisráði. Þegar það verður niðurstaðan að leita forúrskurðar, þá verður náttúrlega hv. þm. og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar að reyna að finna einhver önnur rök gegn þessu til að geta verið á móti ráðherranum og haft einhverja aðra skoðun. Þá er leitað og síðan eru rökin þau að best sé að láta markaðinn ráða. Þá er hv. formaður Samfylkingarinnar orðinn aðaltalsmaður markaðarins.

Út af því sem sagt var að hér væri um óðagot að ræða og að tilviljanakenndar ákvarðanir hefðu verið teknar, þá finnst mér að frekar megi gagnrýna mig og ríkisstjórnina fyrir að hafa tekið óþarflegan langan tíma í að komast að þessari niðurstöðu vegna þess að alllangt er síðan þessi umræða hófst í þjóðfélaginu og það hefur ríkt ákveðin óvissa á markaðnum, því að þessi fyrirtæki eru skráð á markaði, vegna þess að ákvörðun hefur ekki legið fyrir. En aðalatriðið er, og ég vil koma því að hér, að aldrei hefur staðið til að breyta samkeppnislögum til að ná þessu fram. Það eru mistúlkanir sem hafa komið fram í DV, fyrrverandi og jafnvel núverandi málgagni hv. málshefjanda. Það eru mistúlkanir að það hafi einhvern tímann komið til tals. Að sjálfsögðu verður farið að samkeppnislögum og ég er stolt yfir þeirri ákvörðun sem tekin var að leita forúrskurðar áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Neytendalán, frh. 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EMS, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjálmJ, HólmS, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RHák, RG, SighB, SAÞ, SP, SÓ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁGunn, BBj, EOK, GHH, GuðjG, GAK*, GHall, HÁs, HBl, KF, KPál, LMR, ÓÖH, SF) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þar sem Frjálslyndi flokkurinn á ekki fulltrúa í utanrmn. þá langar mig að geta þess að á nýafstöðnum fundi NAMMCO, Norður-Atlantssjávarspendýraráðsins, kom fram í máli fulltrúa Japans að engar hömlur væru á því að Japan ætti verslun við þjóðir innan NAMMCO með hvalaafurðir af hrefnu. Þar sem því hefur iðulega verið haldið fram í umræðu um þessi hvalveiðimál að slíkt væri til staðar og við gætum ekki selt afurðir okkar af hrefnukjöti þá vildi ég láta þetta koma fram.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Landsvegir á hálendi Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

[15:47]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þá till. til þál. sem er til umræðu um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, til viðbótar því sem áður hefur komið fram í málinu.

Eins og var rætt fyrr í umræðunni ber tillagan með sér að Frjálslyndi flokkurinn hefur fyrir sitt leyti unnið upp sérstaka greinargerð þar sem hann bendir á þau atriði sem við í Frjálslynda flokknum teljum nauðsynlegt að taka tillit til við endurskoðun fiskveiðistefnunnar og framkvæmd hennar í framtíðinni. Við reynum að lista þetta nokkuð vel upp í mörgum atriðum. Ég ætla ekki að rekja það efnislega allt saman, ég fór mjög ítarlega yfir þetta á síðasta þingi en vil hins vegar benda á nokkur grundvallaratriði.

Í fyrsta lagi bendi ég á að við teljum afar nauðsynlegt að skipta veiðiflotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Sú skýrsla, sem kom nýlega frá svokallaðri auðlindanefnd, ýtir enn fremar undir það að mínu viti að skynsamlegt sé að skipta flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Allir vita það sem á annað borð fylgjast með sjávarútvegsmálum að rekstrarleg staða fiskveiðiflotans, sem nýtir aflaheimildir, er mjög misjöfn. Afkoma þeirra skipa, sem eru t.d. gerð út til kolmunnaveiða, liggur fyrir og miðað við það verð sem fæst fyrir afla til mjölvinnslu, er slík útgerð rekin núna með tapi. Það hlýtur að koma til álita þegar menn ræða grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar og taka þann viðamikla málaflokk til endurskoðunar að raða flotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka. Ef menn ætla m.a. að fara aðra hvora þá leið sem bent er á í skýrslu auðlindanefndar — og reyndar tel ég að fyrningarleiðin sé þar sá vettvangur sem hægt væri að feta sig eftir ef menn vildu á annað borð breyta fiskveiðistjórninni verulega — þá held ég að afar nauðsynlegt sé að vera með flotann skiptan vegna þess að þær álögur sem útgerðaraðilar þyrftu að hafa við að nálgast aflaheimildirnar eru mjög misskiptar eftir rekstrarformi flotans og afkomu hans. Þær eru svo breytilegar á milli ára að í raun og veru er engin skynsemi í því að láta þetta algjörlega óstýrt og óraðað niður. Fyrir utan þau rök sem hafa oft komið fram að engin þjóð stýrir fiskveiðum eins og við gerum. Engin þjóð hefur látið sér detta í hug að reyna að stýra veiðum trilluflotans með sömu aðferðum og veiðum togaraflotans, hvað þá heldur frystitogaraflotans.

Í nýlegu hefti sem kom út frá Fiskistofu og ég fékk í hendur í morgun var sýnt á nýjan leik að aflaheimildir frystitogaraflotans eru enn þá að aukast og nálgast nú að vera 30% af öllum veiðiheimildum ef ég man töluna rétt en því er hægt að fletta upp í þessu hefti. Það sést líka í þeirri skýrslu að hið skringilega fiskveiðikerfi okkar, þar sem er endalaust verið að færa fiskveiðiheimildir á milli skipa innan sömu útgerðar eða á milli óskyldra aðila í jöfnum skiptum nú eða yfir Kvótaþing, að sumar tegundir færast 100% á milli skipa. Það eru náttúrlega virðulegar tegundir eins og sandkoli, sjö þúsund tonn, sem færast á milli skipa, annaðhvort beint innan sömu útgerðar, milli óskyldra aðila í skiptum eða yfir Kvótaþing. Í mikilvægum nytjategundum eins og ýsu fer 50% á milli skipa með einhverjum hætti. Allt kerfið okkar sem við erum að vinna eftir í dag þarf virkilega endurskoðunar við.

Kannski er ekki miklu við þetta að bæta öðru en að segja frá því að í fiskveiðistjórnarlögum eru fleiri ákvæði til bráðabirgða en lagagreinarnar sjálfar. Lagagreinarnar eru 23 en bráðabirgðaákvæðin eru 27. Það er kannski eina leiðin til að breyta lögunum að koma alltaf með ný og ný bráðabirgðaákvæði. Það skyldi þó ekki vera að við enduðum í yfir 30 bráðabirgðaákvæðum áður en okkur tækist að endurskoða lögin í heild sinni?

Þetta vildi ég sagt hafa og legg síðan til við lok umræðunnar ef ég er síðastur á mælendaskrá að málið fari til sjútvn. og fái þar umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 22. mál (sólarlagsákvæði, sóknardagar, veiðar smábáta o.fl.). — Þskj. 22.

[15:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta mál var kynnt í þinginu sl. vetur og flutt sem viðbótartillögur þegar breytingin var gerð á lögunum um veiðar smábátaflotans, þ.e. þau ákvæði sem flutt voru af hæstv. sjútvrh. um að kvótasetning á veiðum smábátaflotans, í krókakerfinu, færi ekki fram á þessu ári og yrði frestað um eitt ár eða til 1. sept. árið 2001. Þar af leiðandi var kerfið framlengt eins og það er þar sem eingöngu er um aflahámark í þorski að ræða en fisktegundir eins og ýsa, ufsi og steinbítur og aðrar fisktegundir eru ekki í kvótastýringu á smábátaflotanum.

Þetta frv., sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson flytur með mér, gengur út á að taka til meðferðar nokkur ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi að í 6. gr. laganna

komi inn ákvæði um það að hvern sóknardag megi taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum talið frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð sem væri lengri en tólf klukkustundir teldist heill sólarhringur.

Eins og ákvæðið er í dag er það þannig að hvenær sem menn hefja veiðiferð og eru lengur en ákveðinn tíma, mig minnir að það séu tveir eða þrír klukkutímar sem þeir mega hafa til að snúa til hafnar, telst dagurinn sóknardagur.

Þessi sóknardagaákvæði eru þrenns konar í lögunum um stjórn fiskveiða. Það er svokölluð 23 daga sóknarregla þar sem ekkert aflahámark er á veiðum handfærabátanna, síðan er svokölluð 32 daga regla og síðan 40 dagar ef ég man rétt en í því kerfi hafa skipin hámark í þorski. Annars vegar er um að ræða handfærakerfi en hins vegar línu- og handfærakerfi.

Þetta er lagt til vegna þess að við teljum óásættanlegt að menn séu nánast settir í þá stöðu að neyðast til að klára þessa 24 tíma ef þeir ætla að nýta sér þá fáu daga sem þeir hafa til umráða. Menn geta velt því fyrir sér hvort þessi grein leiði til mikils sóknarauka. Það þarf alls ekki að vera vegna þess að að öllu jöfnu mundu menn eyða fleiri klukkustundum í siglingar að og frá með því að sigla tvisvar á sama sólarhring að og frá landi innan tímatalningarinnar en ef það væri gert í einu lagi, fyrir utan að þetta snýr auðvitað að öryggisatriðum.

2. gr. frv. mælir fyrir um það að núverandi lög um stjórn fiskveiða með öllum bráðabirgðaákvæðum sínum falli úr gildi 1. sept. árið 2001 og að endurskoðun laganna verði lokið á yfirstandandi þingi og í síðasta lagi, miðað við þau sólarlagsákvæði sem hér eru lögð til, yrði þá að liggja fyrir nýtt heildarfrv. um stjórn fiskveiða á þinginu næsta vor og afgreiðast. Verði það ekki gert ég ráð fyrir því að við munum aftur hugleiða að flytja fyrir þinglok öðruvísi framsetningu á málinu með tilliti til þess að ekki náist að ljúka endurskoðun laganna.

Síðan er í 3. gr. vikið að þessum 12 tíma ákvæðum en þau koma fyrir, eins og ég sagði áður, í tveimur öðrum atriðum, þ.e. handfæra- og línubátar með hámarksafla í þorski og handfærabátar með hámarksafla í þorski.

Í 4. gr. er lagt til að tvö ný ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin, og var ekki vanþörf á að bæta við tveimur bráðabirgðaákvæðum. Fyrra ákvæðið yrði bráðabirgðaákvæði XXVIII. Þar sem komið er talsvert á annan mánuð af fiskveiðiári þá leggjum við til að sú lagagrein sem ég nú fer yfir, sem yrði þá bráðabirgðaákvæði XXVIII, eða a-liður í þessu frv., taki gildi 1. sept. árið 2001. Hann mælir fyrir um það að þá skuli falla niður sérstök kvótaúthlutun í tveimur fisktegundum, steinbíti og ufsa. Fyrir þessu teljum við okkur hafa talsverð rök.

Í fyrsta lagi hefur steinbíturinn, sú virðulega fisktegund sem löngum var kölluð bjargræði Vestfirðinga, verið notaður á undanförnum árum til að framleiða aðrar tegundir í svokallaðri tegundartilfærslu í gegnum þá reglu í stjórnkerfi fiskveiða sem segir að breyta megi 5% þorskígilda í aðra tegund að verðmætishlutföllum til. Þar af leiðandi hefur tegundin að stórum hluta verið notuð í þessar breytingar. Á síðasta fiskveiðiári voru notuð 2.030 tonn í þessar breytingar. Fiskveiðiárið þar á undan voru notuð 3.000 tonn af steinbít í breytingar, þ.e. til að framleiða að mestu leyti grálúðukvóta og karfakvóta en heildarkvóti af þessari tegund hefur verið áætlaður í gegnum árin um 13.000 tonn.

Reyndar var steinbíturinn settur inn í kvóta við upphaf kvótakerfisins 1984 en síðan aftur tekinn út, mig minnir að það hafi verið á árinu 1985 frekar en árinu 1986. Steinbítur var því kvótalaus fram til fiskveiðiársins 1996–1997, hafði sem sagt ekkert verið innan kvótakerfisins í öll þessi ár og tegundinni vegnaði bara alveg prýðilega. Hún hafði þrifist ágætlega og afkoma hennar í sjónum verið góð. Nýliðun hafði verið í lagi og í síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar kemur m.a. fram að ekki séu nein hættumerki að sjá varðandi nýliðun í steinbítsstofninum. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa virðulegu fisktegund, steinbítinn, en víkja aðeins að ufsanum.

Við leggjum til að ufsinn fari út úr kvótakerfinu og fyrir því eru ýmis rök. Ufsinn hefur á undanförnum árum verið notaður til að breyta í karfa annars vegar og grálúðu að langmestu leyti hins vegar. Í þetta hafa verið notuð um 1.000 tonn síðustu þrjú árin. En árin 1996–1997 voru notuð 15 þús. tonn af ufsa í tegundartilfærslu. Menn hafa einfaldlega miklar áhyggjur af því hvernig ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hefur verið varðandi ufsastofnana. Í raun má segja að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hafi bara tekið mið af því sem veiðst hafði eitt eða tvö ár á undan. Þegar menn byrjuðu að skera niður ufsaaflann eftir fiskveiðiárin 1996–1997 þá hafði það magn sem úthlutað hafði verið ekki veiðst í mörg ár. Þar með höfðu veiðar á tegundinni á vissan hátt verið frjálsar. Síðan var ufsakvótinn skorinn niður í 30 þús. tonn á fiskveiðiárinu 1997–1998. Þannig hefur kvótinn verið síðan og við höfum samt sem áður notað ákveðið hlutfall í tegundartilfærslu. Það sem hins vegar hefur verið að gerast á fiskimiðum landsins á síðasta fiskveiðiári og líka á þessu er sennilega best skýrt með því að vitna í Fiskifréttir. Þar segir í nýlegu viðtali við einn af skipstjórum flotans, með leyfi forseta:

„Þorskveiðar gætu stöðvast vegna skorts á ufsakvóta."

Síðan segir einfaldlega að ufsagengdin hafi aukist mikið þó fyrir því hafi ekkert verið spáð, enda eru vísindi Hafrannsóknastofnunar og kunnátta til að spá hvort heldur er um niðursveiflu eða uppsveiflu í ufsastofninum nánast engin. Þeir hafa í raun sáralitlar forsendur til þess og það hefur sýnt sig á undanförnum árum. Það sem skipstjórarnir voru að tala um á síðasta ári, að það væri verulega aukin ufsagengd hér við land og mundi verða til vandræða ef ekki yrði aukið verulega við ufsaaflann, er að sýna sig núna. Í Fiskifréttum sem komu út 13. október segir, með leyfi forseta, í grein eftir Kristján Þórarinsson:

„Þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á ufsarannsóknum verður að treysta á upplýsingagjöf sjómanna." Svo mörg voru þau orð.

Sjómenn hafa haldið því fram að núna seinni hluta síðasta fiskveiðiárs og á þessu hafi ufsagengd aukist mikið og menn muni örugglega lenda í miklum vandræðum með þessa tegund miðað við þann kvóta sem lagður hefur verið til. Við flutningsmenn teljum að rannsóknir á nýtingu ufsans séu ekki það langt komnar að ástæða sé til að hafa þessa tegund í fiskikvótanum. Þetta er tegund sem flakkar á milli lögsagna og er mjög hreyfanleg. Við teljum að þessi tegund eigi ekki heima í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu. Nóg um það.

Þá komum við að b-lið 4. greinar frv. sem yrði þá bráðabirgðaákvæði XXIX og fara þau nú að nálgast 30 með þessum tillöguflutningi. Þar segir einfaldlega og við leggjum til eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal auka úthlutun aflaheimilda um allt að 1,5% af heildaraflamarki þorsks og ýsu og því úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmlestir 1. september 2000. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi hinn 1. september

2000 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks vikomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 2000. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu hvers árs, sbr. ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta.

Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmlestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:"

Síðan kemur tafla sem skýrir það út hvaða hugsun liggur þarna að baki. Hún er einfaldlega sú að þeir sem hafa verið í útgerðarrekstri á undanförnum árum og verið hvað drýgstir við að leigja til sín aflaheimildir frá hinum sægreifunum sem ekki þurfa á þeim að halda fái nú við endurskoðun þessara laga tímabundna úthlutun þannig að á þessu fiskveiðiári, meðan menn eru að endurskoða fiskveiðistjórnina, sé litið til þess að þessir menn hafa verið að gera út, hafa stundað fiskveiðar, hafa skapað atvinnu og veitt heimildir sínar, annað en þeir sem hafa verið að leigja þær.

Við flutningsmenn teljum a.m.k. að tími sé til kominn að meðan verið er að endurskoða þessi lög og finna annan farveg fyrir fiskveiðistjórnina, vonandi réttlátari, heiðarlegri og skiljanlegri en það kerfi sem við höfum í dag, þá sé eðlilegt að þessum útgerðum verði úthlutað aflaheimildum eins og lagt er til í þessari töflu. Þessi úthlutun gæti mest orðið 80 tonn á skip en minnst 10 tonn miðað við þá framsetningu sem ég hef farið yfir.

Síðan er hér viðbótarliður í 5. mgr. b-liðar 4. gr. og þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig skal þeim útgerðaraðilum, sem gera út fiskiskip minni en 20 brúttórúmlestir að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999/2000 og höfðu minna aflamark 1. september 2000 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meira en þeim afla sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótaraflaheimildir."

Hér víkjum við að vandamálum þeirra sem m.a. hafa stundað grásleppuveiðar á undanförnum árum og eiga tiltölulega litlar aflaheimildir. Flestir hverjir hafa þeir þó einhverjar heimildir í þorski en völdu sér á sínum tíma að fara inn í aflamarkskerfið og eru þess vegna ekki aðnjótendur þeirrar reglu sem hæstv. ríkisstjórn fór með í gegnum þingið í fyrra og gildir innan smábátakerfisins, að hafa frelsi til að veiða aðrar fisktegundir en þorsk. Við teljum að með þessu mundi gætt ákveðins jafnræðis og komið til móts við þessa aðila sem enn eru í stóra aflamarkskerfinu. Þeir eru reyndar orðnir tiltölulega fáir vegna þess að kerfið bauð auðvitað upp á það, sem menn óttuðust á sínum tíma, að verða hreint braskkerfi. Smábátaflotanum sem fór inn í stóra kvótakerfið á sínum tíma var nánast eytt af stærri útgerðum sem keyptu flotann upp og notuðu til að framleiða ný fiskiskip. Mig minnir að t.d. hafi farið 14 eða 16 fiskiskip í að búa til einn skuttogara og þar af held ég að tíu bátar hafi verið undir tíu lestum.

Þetta er saga flotans sem fór inn í stóra aflamarkskerfið á sínum tíma og nú eru þar tiltölulega fá skip. Við teljum að þessi hópur hafi algjörlega setið óbættur hjá garði og ekki notið neinnar ívilnunar þrátt fyrir að tekjur þeirra vegna grásleppuveiðanna hafi hrunið. Þar að auki hafa þeir orðið að þola ýmsar skerðingar í gegnum kerfið og hefur það margoft verið rætt í þessum sal og eins í sjútvn.

Við teljum réttlætanlegt, eðlilegt og sjálfsagt að gera þær lagfæringar sem hér eru lagðar til. Hér er að vísu lagt til að 1,5% verði bætt við aflaheimildir í þorski og ýsu þegar á þessu ári. Við höfum sem betur fer ekki trú á að það muni skaða þorskstofninn eða ýsustofninn þannig að nokkur hætta sé á að afkomu stofnanna verði raskað, enda kom fram hjá fiskifræðingum á síðasta vori að skekkjumörk þeirra í framsetningu aflaheimilda gætu verið allt að 30%. Þeir vildu matreiða það þannig að þau hefðu verið 20%. En ef menn lesa skýrslur þeirra á milli ára og skoða tölur þá er niðurstaðan nákvæmlega 29,3% munur milli þess hvernig þorskstofninn dróst saman og áætlana um að hann mundi vaxa frá árinu á undan. Þetta geta menn skoðað með því að lesa skýrslurnar sjálfir.

Við teljum að það sem hér er lagt fram sé sanngjarnt og leiði til eðlilegs framgangs fyrir þá sem hafa verið notaðir sem leiguliðar á undanförnum árum og þeir fái eitthvert smávegis réttlæti meðan verið er að endurskoða lögin. Þetta er eðlileg lagfæring, tímabundin, óframseljanleg, eingöngu þeim til handa sem á annað borð gera út fiskiskip og stunda fiskveiðar.

[16:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson leggur til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem að mínu áliti eru sumar hverjar af því góða. Ég hef heyrt frá mörgum sjómanni þá gagnrýni að sóknarákvæðið sé of strangt og því mætti skipta í tvær einingar sem væru 12 klukkustundir hver. Þannig mundi þeim nýtast hver dagur betur og kerfið yrði manneskjulegra. Að því leyti til finnst mér frv. hvað varðar 1. gr. mjög í anda þess sem ég hef heyrt.

Mig langar aðeins að forvitnast frekar um það hjá hv. þm. sem lagt er til í frv., að taka út úr kvótakerfinu ufsa og steinbít. Hafa flutningsmenn engar áhyggjur af því að menn beini þá veiðum sínum í þessar tegundir, þ.e. kvótalítil skip og liggi eingöngu í þessum tegundum. Það hefur a.m.k. verið reyndin að þegar einhverjar tegundir hafa verið frjálsar, t.d. hjá smábátunum, þá hafa útgerðir beinlínis gert út heilu smábátaflotana á ákveðnar veiðar til að öðlast einhvern framtíðarrétt, kæmi til endurúthlutunar eða að þessi tegund yrði sett undir kvóta á ný.

Ég er ekki viss um að þetta gangi upp af þessum ástæðum, ef við á annað borð ætlum að halda okkur við kvótakerfið í framtíðinni. En kannski er það hugmynd flutningsmanna með þessu að ná steini undan þessu kvótakerfi til að koma á nýju kerfi sem væri þeim þóknanlegra.

[16:15]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hvort sóknin verði svo stíf í þessar tegundir að veiðum á þeim verði hætt þá vil ég í fyrsta lagi benda á það sem fram kom í máli mínu, að hin virðulega fisktegund steinbíturinn, bjargræði Vestfirðinga til áratuga, var settur inn í kvótakerfið 1984 en var

síðan tekinn þaðan aftur og var utan kvótakerfis fram til fiskveiðiársins 1996–1997. Ef hv. þm. kynnir sér skýrslu Hafrannsóknastofnunar kemur ekkert fram í henni sem gefur vísbendingar til að fisktegundin hafi verið eða sé í neinni sérstakri hættu. Steinbíturinn hefur verið sóttur með línuveiðum. Smábátaflotinn hefur aukið verulega veiðar sínar á undanförnum árum á grunnslóð og það sýnir að tegundin heldur sig að stórum hluta innan 12 sjómílna og verður illa nýtt af t.d. togveiðiskipum, sem ekki hafa veiðiheimildir innan 12 sjómílna. Þar fyrir utan væri æskilegt að sum svæði þar sem steinbítur leggst til hrygningar væru betur vernduð en á undanförnum árum.

Við teljum að niðurstaðan, eftir að hafa skoðað skýrslu Hafrannsóknastofnunar ásamt því að tegundin var ekki inni í kvóta, sé að ekki sé ástæða til að hafa kvóta á henni og veiðarnar megi þess vegna vera frjálsar og tegundinni verði ekki útrýmt við það. Ég vona að ég hafi líka gert grein fyrir því varðandi ufsann að hann er fökkutegund, flakkar hér inn og út úr lögsögu og mér vitanlega hefur Hafrannsóknastofnun ekki tekist að spá fyrir um það hvenær ufsaafli muni aukast.

[16:17]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú ástæða fyrir því að steinbíturinn var tekinn inn í kvóta á sínum tíma. Ein ástæðan var sú að það þótti eðlilegt að þessi tegund yrði ekki sett í þá hættu að verða ofveidd vegna þess að veiðar á henni voru frjálsar. Ég hef lesið skýrslu Hafrannsóknastofnunar en ekki beinlínis velt því fyrir mér hvort óhætt væri að hafa frjálsar veiðar á ákveðnum tegundum eða fleiri tegundum en þessari. Ég hef litið svo á að kvótakerfið byggðist á því að veiðar væru skammtaðar á öllum tegundum. Það er í raun lykillinn að því að kerfið gangi almennilega upp.

En það má vel vera að að mörgu leyti sé ekki gripið nógu fljótt inn í ef fiskstofnar við landið breytast hratt. Ég hef heyrt það frá sjómönnum að mjög mikill ufsi sé á veiðislóðum í dag sem ekki virðist hafa komið fram í rannsóknum Hafrannsóknastofnunar á ufsastofninum.

Þá er það spurning eins og hv. þm. segir að vegna þess að þetta er flökkutegund og kemur snögglega inn í veiðina þá þurfi jafnvel að taka á því með öðrum hætti. Þannig mætti breyta kvótanum örar og ekki ástæða til að hanga í því að heimildir séu ákveðnar einu sinni á ári. Jafnvel væri ástæða til varðandi einstakar tegundir að endurskoða úthlutunina oftar en tvisvar eða oftar en þrisvar. Mér finnst það möguleiki.

[16:19]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mín bjargfasta trú, hv. þm. Kristján Pálsson, að kvótakerfi til stýringar fiskveiða sé því betra eftir því sem tegundir í því eru færri. Því þjálla verður það og auðveldara. Einungis út frá þeim rökum tel ég æskilegt að fækka tegundum í kvótakerfinu. Ég hef t.d. ekki fundið skynsamleg rök fyrir því hvers vegna við vorum að hamast við að tína inn í kvótakerfið fisktegundir eins og þykkvalúru á síðasta ári. Venjulega er hún bara meðafli með öðrum veiðum og örðugt að gera út á þessa tegund sérstaklega. Það liggur alveg fyrir að þó nokkur hluti flotans hefur sjálfsagt litlar eða engar heimildir í þessari fisktegund.

Sé litið í bók Hafrannsóknastofnunar sem kom út sl. vor þá sést á bls. 30 að árgangaskipan í ufsa er þannig að allir ufsaárgangar frá 1995 eru áætlunarárgangar. Það er sem sagt ekkert vitað um stærð árganganna. Það er hrein sýndarmennska að halda því fram að Hafrannsóknastofnun geti spáð fyrir um afla ufsa, hvort sem er upp- eða niðursveiflu. Enda hefur reyndin verið sú að þeir hafa eingöngu farið eftir veiðunum á hverjum tíma, voru tregir til að draga úr aflanum á sínum tíma þegar afli minnkaði og eru líka mjög tregir til að bæta við hann þegar afli eykst.

[16:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við höfum áður fjallað um þessar tillögur sem liggja hér fyrir, gerðum það á sl. vori. Þær eru auðvitað með bráðabirgðasniði og umræðan hefur borið þess merki af því að menn gera ráð fyrir að hér verði til umræðu hugmyndir um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða innan skamms. Yfirlýsingar þar um komu fram fyrir ekki löngu síðan frá hæstv. sjútvrh.

Ég ætla þess vegna ekki að fara mjög grannt yfir þessar tillögur en vil taka fram að ég er á þeirri skoðun að ef viðhalda á dagakerfi hjá litlu bátunum þurfi menn að skoða mjög alvarlega hvernig best sé að tryggja stjórn á veiðum þeirra og hvernig öryggi þeirra sem stunda þær veiðar verði best tryggt. Það kann vel að vera að besta niðurstaðan í því sé að gefa mönnum í heildina einhvern tíma til að vera á sjó og að þeir geti þá ráðið því sjálfir, hafi kannski til þess meira frelsi en núna er gert ráð fyrir að velja sér þann tíma sem hentar þeim að vera á sjó. Þá meina ég að menn hafi hreinlega tiltekinn klukkutímafjölda yfir árið til að vera á sjó, eins og raunverulega er núna. Nú mega menn vera heilan sólarhring í hvert skipti sem þeir fara og ef þeir leggja saman alla dagana, þá hafa þeir þann klukkutímafjölda. Ef þeir mættu velja sér þann tíma sem þeir nýta til þess að vera á sjó þá mundi það örugglega skiptast öðruvísi en það gerir núna. Menn mundu velja sér þann tíma sem gæfi þeim meiri aflamöguleika og líka öruggari tíma og betra veður en þeir eiga möguleika á að velja um eins og nú er.

Á móti gæti hugsanlega komið að þeir fengju ekki eins rúman tíma til veiða eins og nú er gert ráð fyrir, enda er sá tími nú ekki í hendi til frambúðar. Samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða mun þessi tími hrapa niður í ansi lítið á næstunni ef farið yrði eftir þeim og þeir fengju úthlutað dögum samkvæmt þeim reglum sem liggja núna til grundvallar.

Eins og ég sagði eru þetta bráðabirgðatillögur en hv. frsm. ræddi um að í þessum tillögum væri gert ráð fyrir því að ákveðnar tegundir verði teknar út úr kvótakerfinu. Nú er ég ekki sannfærður um að hafa þurfi kvóta á öllum tegundum. Ég hef hins vegar séð að ástand ýmissa botnfisktegunda er slæmt. Síðustu skýrslur benda til þess að einmitt þeim tegundum sem hv. frsm. nefndi, ufsa og steinbít, hafi ekki vegnað vel í kvótakerfinu. Hv. frsm. fór yfir það að lítið væri að marka þær tillögur sem Hafrannsóknastofnun gerði um veiðar á ufsa og það kann vel að vera. Vel kann að vera að það eigi líka við um steinbítinn, enda eru sveiflurnar á veiðum steinbíts miklu minni en í ufsanum.

En til að upplýsa það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum, frá því 1992 samkvæmt skýrslu þar um, þá virðist sem allar botnfisktegundirnar séu að hopa. Ég ætla að fara yfir þetta með hliðsjón af skýrslu þeirri sem hér liggur fyrir og var birt með gögnum Þjóðhagsstofnunar um daginn og dreift á borð þingmanna. Þar kemur fram að frá 1992 og til ársins 2001, samkvæmt spá, þá muni veiðar á þorski minnka um 31 þús. tonn, í öðrum botnfiski um 79 þús. tonn, í ýsu um 12 þús. tonn og í ufsa um 48 þús. tonn. Það er

viðbót í karfaveiðum upp á 34 þús. tonn, samtals í karfanum um 58 þús. tonn. Gert er ráð fyrir að grálúðuveiðar minnki um 3.000 tonn. Skarkolaaflinn er talinn munu minnka um 7.000 tonn en af öðrum fisktegundum sem eru þarna taldar líka er aukning upp á 7.000 tonn. Síldveiðar aukast um 117 þús. tonn og nokkurn veginn hið sama kemur út úr loðnunni. Kolmunnaaflinn á að aukast um 100 þús. tonn. Samkvæmt þessari skýrslu eru viðbótarveiðiheimildir eftir þetta tímabil samtals upp á 52 þús. tonn, sem skýrist alfarið af veiðum á kolmunna og síld.

Þetta hlýtur að vera mönnum mikið umhugsunarefni vegna þess að allar þessar tegundir heyra undir kvótakerfið. Menn geta velt þessu fyrir sér út frá þeirri umræðu sem verið hefur um þessi mál þar sem skýrt hefur komið fram, þegar gagnrýnendur kerfisins hafa bent á að ekki hafi náðst árangur með kvótakerfinu til að auka afrakstur af fiskstofnunum, að ekki sé að marka kerfið vegna þess að það hafi ekkert farið að virka fyrr en eftir 1990. En tölurnar sem þarna liggja fyrir eru byggðar á árunum frá 1992–2001, með spá um veiðina 2001 sem byggð er á tillögum Hafrannsóknastofnunar, og þær segja þessa sögu. Það hefur verið hopað í nýtingu allra fiskstofna nánast, nema síldar og kolmunna. Og karfann má telja þarna með með góðum vilja en þar inni eru veiðar á öðrum tegundum sem skýra þær tölur.

Hvers vegna er ég að tala um það í þessu samhengi, þegar hv. þm. lýsir því yfir að hann vilji að tvær fisktegundir verði teknar út úr kvótakerfinu? Ég geri það vegna þess að ég tel að því miður verðum við að horfast í augu við það og kalla fram gagnrýna umræðu um það sem við höfum verið að gera á undanförnum árum, þær vísindalegu niðurstöður og tillögur sem við höfum farið eftir. Við þurfum að kanna hvort það hefur skilað sér í betri nýtingu fiskstofna og hvort þetta séu þær niðurstöður sem við stefndum að. Mér finnst þær ekki passa við það sem talað var um fyrir nokkrum árum, við þann árangur menn ætluðu að ná við nýtingu fiskstofnanna. Mér finnst árangurinn vera býsna langt frá því.

Því miður er hægt að lýsa þessu með fáum orðum og þau eru að okkur hefur hvergi miðað áfram við það að ná betri árangri nema í uppsjávarfiskum. Þar hefur árangurinn verið sýnilegur. En vel að merkja, menn höfðu náð þeim árangri öllum áður en kvótakerfið var sett á með þeim hætti sem það er núna því þegar menn tala um kvótakerfið í dag tala menn ævinlega um það fyrirkomulag sem búið var að setja á 1990 en ekki þá heildarveiði sem búið var að taka ákvörðun um áður en það kom til.

Ég reikna með því að við munum ekki afgreiða þetta mál eða þau mál sem hér liggja fyrir frekar í vetur en veturinn síðasta vegna þess að nú liggja fyrir yfirlýsingar stjórnvalda um að hér eigi að koma fram heildstæð tillaga um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða og þá verði tekin inn í hana öll þau atriði sem hér eru til umræðu og menn munu þá fara yfir þau þannig og afgreiða það í hv. sjútvn. Ég á sæti í henni og fæ að taka þátt í umræðum um það hvernig þessum málum verður háttað. Því miður er önnur nefnd til starfans fengin núna sem á að flytja okkur boðskapinn frá ríkisstjórninni um það hvernig eigi að leysa þann ágreining sem er með þjóðinni um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum við Ísland.

[16:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Innlegg hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í umræðuna var mjög athyglisvert og hann dró fram athyglisverðar tölur. Þó eru kannski athyglisverðari þær ályktanir sem hv. þm. dró af tölunum í þá veru eins og hann sagði sjálfur að menn hefðu skýrt þær niðurstöður sem hann var að nefna með því að kerfið hefði ekki verið farið að virka fyrr en eftir 1990 eða 1991 þegar það reyndar tók gildi. Ég held að nákvæmlega sú röksemd felist í því sem hv. þm. nefndi þegar hann var að tala um uppsjávarfiskinn, uppsjávarstofnana, að þeir hafa verið mun lengur í kvótakerfi en botnfiskurinn. Það er því ekkert óeðlilegt að menn dragi nákvæmlega þessa ályktun út frá þeim orðum sem hann hafði uppi um að uppsjávarstofnarnir stæðu betur en botnfiskstofnarnir.

Hins vegar verður líka að segja að á þessum árum sem hann var að bera saman hafa verið sveiflur í þessum stofnum. Sumir þeirra hafa farið bæði upp og niður á þessu tímabili þannig að það þarf kannski að skoða þann samanburð svolítið nákvæmar.

Hann kallaði á að umræða færi fram. Ég held að ekkert hafi vantað upp á að það hafi farið fram umræða að undanförnu. Það fór fram mikil umræða hjá auðlindanefndinni. Í þeirri nefnd átti flokkur hans þrjá fulltrúa. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að við ættum að byggja áfram á aflamarkskerfinu og sú nefnd var sett niður til þess að reyna ná fram sátt og meiri samstöðu um fiskveiðistjórnarkerfið og tillaga hennar er sú að við byggjum áfram á aflamarkskerfinu.

[16:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það tókst fyrr að stjórna veiðunum á uppsjávarfiskunum nákvæmlega, einfaldlega vegna þess að það var auðveldara. Menn bönnuðu bara veiðarnar þegar búið var að veiða það sem ákveðið var að taka og það tókst sem sagt fyrr að stjórna þeim veiðum. Það er auðvitað ástæðan. Ég held að það hafi út af fyrir sig ekkert með það að gera hvort kvótakerfið sé gott eða slæmt. Það er hægt að stjórna uppsjávarveiðum í kvótakerfi og sóknarkerfi. Það er ekki vandinn. Þar er hægt að stjórna þessu auðveldar en í hinum tegundum.

Ég tel að umræðu um sjálfa fiskveiðistjórnina hafi vantað og sárlega hafi vantað þá umræðu á undanförnum árum. Umræðan sem við höfum verið að fara í gegnum undanfarin ár hefur staðið um allt annað. Hún hefur verið átök um eignarhaldið á auðlindinni. Hún hefur verið átök um kvótakerfið eins og menn tala um það með stórum staf þar sem menn hafa tekist á um það hverjir ættu að eiga þessa auðlind og nýta hana. Það hefur ekki farið mikið fyrir þeirri umræðu sem þyrfti að vera miklu meiri um það hvernig við náum bestum árangri við að nýta fiskstofnana og þeir sem kannski hafa mest vit á því hafa verið dálítið haltir í umræðunum vegna þess að þeir hafa verið svo uppteknir af því að hugsa um gullfótinn undir útgerðinni sinni sem þeir telja að sé þetta eignarhald á fiskstofnunum og sá möguleiki að selja öðrum aðgang að henni.

[16:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér þá að skilja svör hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á þann hátt að hann sé að greina á milli þeirrar umræðu um stjórn fiskveiða þegar verið er að ræða skipulag fiskveiðanna eða aflamarkskerfi eða kvótakerfið og hins vegar umræðunni um stjórn fiskveiða þegar verið er að ræða hina raunverulegu veiðistjórn sem byggist á tillögum frá Hafrannsóknastofnuninni. Segja má að ekki hafi farið fram sams konar vinna um veiðistjórnina og um skipulag

fiskveiðanna. Það byggist auðvitað svolítið á öðrum sjónarmiðum. Það byggist á hinum vísindalega grunni. En það þarf að fara fram umræða þar líka og gerir það. Ég held að ekkert standi upp á vísindamenn okkar á Hafrannsóknastofnun að taka þátt í slíkri umræðu og ég er ánægður með að slík umræða fari fram.

[16:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé út af fyrir sig allt rétt og ég efast ekki um að vísindamenn okkar eru tilbúnir í þá umræðu. Hún þyrfti að verða mikil því að það er margt sem menn þurfa að fara þar yfir. Ýmislegt bendir til þess að margt sem á undanförnum árum hefur verið trúað um það hvernig veiðistjórnunin virki hefur ekki reynst rétt, þ.e. nákvæmni þeirra spáa sem gerðar hafa verið. Að minnst kosti er hægt að draga mjög í efa að hún sé nægilega góð. Í Noregi hafa t.d. komið fram efasemdir um að þar hafi verið nokkur glóra í spánum um hvað mætti veiða af fiskstofnum þar. Það kom fram um daginn að þar hefði verið skotið undan vigt um það bil 15% af þeim afla sem hefur verið landað. Fiskifræðingar þar sögðu að ef það væri rétt þá væri öll veiðistjórn og allar tillögur þeirra út í bláinn vegna þess að skekkjumörkin hjá þeim hvað fiskstofnana varðaði væru yfir 20% og ef 15% bættust síðan ofan á það sem hefði verið lagt til að væri veitt þá væri þar með öll glóra horfin úr tillögum þeirra.

Ég veit auðvitað ekki hve mikið er farið fram yfir hér. Menn hafa tekið þá umræðu öðru hverju og enginn hefur getað spáð um það. Ég vonast til þess að menn nái saman um að reyna að komast að því með einhverjum vitrænum hætti. Við höfum lagt fram tillögu um það hvernig væri rétt að gera það, þ.e. með því að leyfa löndun utan kvóta í tvö ár til að sjá hvað við erum að gera á miðunum og eftir það gætum við tekið ákvörðun á grundvelli upplýsinga sem skiptu máli og væru nokkuð áreiðanlegar um það hve miklum fiski er hent í sjóinn. Þetta er atriði sem ég held að menn ættu að taka vel inn í umræðuna í vetur og þessi tillaga mun birtast hér innan skamms.

[16:39]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sjónarmið að umræða þurfi að fara fram um dagakerfið og hvernig því verði best fyrir komið. Ég tel hins vegar meira en sjálfsagt að menn geti fengið að taka út veiðidaga sína öðruvísi en með því skylda þá til að taka þetta í einni striklotu í 24 klukkustundir. Sú regla er í raun sóknarhvetjandi og hættuleg vegna þess að menn reyna að nýta þessa daga sína algjörlega í botn og veiða sem allra mest á þessum dögum. Oft hlaða menn bátana meira en góðu hófi gegnir miðað við langar vegalengdir sem stundum þarf að fara. Þess vegna held ég að frá öllum bæjardyrum séð væri til mikilla bóta annaðhvort tímatalning eins og hv. þm. vék að eða þetta 12 tíma ákvæði sem við leggjum til sem skref í þessa átt.

Út af þeirri umræðu að ekki er víst að kvótakerfi þurfi í öllum tegundum þá vil ég aðeins segja að varðandi uppsjávarfiska eins og síld og loðnu, sérstaklega síld, held ég að veiðum á slíkum fisktegundum verði illa stjórnað nema með einhvers konar kvótakerfi þar sem um tegundir er að ræða sem hafa þann líffræðilega eiginleika að þjappa sér mikið saman og það er hægt að halda uppi góðum veiðum þó að stofninn minnki. Ég vil hins vegar benda á að við erum búnir að veiða úr íslenska síldveiðistofninum 100–110 þús. tonn núna í mörg ár og það er kannski fyrst núna sjáanlegt að hann sé að taka pínulítið stökk upp á við. Það er auðvitað brennandi spurning sem þyrfti að beina til Hafrannsóknastofnunar hvernig standi á því að síldarstofninn stöðvast í vexti við núverandi stærð?

[16:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Dagakerfið er sóknarhvetjandi. Það er engin spurning um það. Ef menn ætla að viðhalda því kerfi þá þurfa þeir að hugsa það mjög vandlega hvernig best sé að koma við stjórn sem tryggir öryggi og gefur jafnframt möguleika á því að þeir geti gert eðlilega út. Ég held að einhvers konar tímamæling á því hvað menn mega vera lengi á sjó þar sem þeir hafa þó frelsi til að velja hvenær þeir gera það væri kannski skynsamlegust.

Þó er hægt að benda á að þegar farið var af stað með þetta kerfi á sínum tíma þá held ég að menn hafi lagt af stað of snemma í ferðina. Það er enginn vandi að sanna það vegna þess að eftir að takmörkunum var komið á jókst sóknin mjög hratt. Eftir að farið var að úthluta mönnum tilteknum dagafjölda þá virtist vera eins og þeir teldu það skyldu sína að nýta þá daga og menn fóru að róa miklu meira en þeir höfðu gert áður. Ég er sannfærður um að það jók mjög sóknina þegar þetta kerfi var sett á á sínum tíma. Það er kannski umhugsunarefni sem ætti þá að taka inn í umræðuna hvort það mundi auka nokkuð sóknina þó þessir litlu bátar sem eru á dagaveiðum hefðu frelsi til þess að veiða á þessi tilteknu veiðarfæri, króka sem þeir eru með. Ég er sannarlega á því að það mætti hreinlega athuga það. Ekki væri miklu hætt þó prófað yrði hvort það drægi ekki úr sókninni ef menn létu þessa kalla bara í friði.

[16:44]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að hér síðast sé einmitt það sem menn hefðu kannski átt að skoða betur þegar verið var að ákveða það að fækka þessum dögum og skera þá niður. Ég held að það geti einmitt virkað sóknarhvetjandi. Ég er nærri viss um að meðan dagarnir voru 80 hjá þessum bátaflota hafi enginn klárað þessa daga eða a.m.k. mjög fáir bátar. Jafnvel þegar þeir voru komnir niður í 40 þá hygg ég að mjög fáir bátar hafi í raun klárað alla dagana sína, a.m.k. tiltölulega fáir.

Það var ekki fyrr en menn fóru að skera þetta svo niður að talið var að það yrði að strekkja sóknina svo að menn næðu örugglega öllum dögunum, að farið var að nýta veiðitímann alveg í botn, liggja kannski tvo sólarhringa úti á sjó til þess að nýta veiðitímann sem allra mest, spara sér ferðirnar í land og með tiltölulega mjög hlaðna báta og mikinn afla í hverri ferð. Ég held að útfærslan á sóknarkerfinu hefði verið mun betri, skynsamlegri og í alla staði eðlilegri ef dagarnir hefðu verið fleiri og menn verið frjálsari í þessum veiðum.

[16:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þar sem ég er meðflm. frv. sé ég ástæðu til að fara örfáum orðum um það þó að ég ætli ekki að lengja umræðuna mikið.

Hv. 4. þm. Vestf., fyrsti flm. tillögunnar, Guðjón A. Kristjánsson, hefur gert mjög vel grein fyrir markmiðum okkar og innihaldi frv. um breyting á lögunum nr. 38/1990 en ég vil einungis fylgja þessu eftir með því að árétta að

auðvitað er meginmarkmiðið að auðvelda útgerðinni og þá einkum kvótalitlum einyrkjum og útgerðarmönnum smærri fiskiskipa að brúa bilið þar til heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða er lokið. Þær aðgerðir sem gripið var til á síðasta þingi og ná til þessa fiskveiðiárs sneru m.a. að því að fresta kvótasetningu á ýsu og ufsa og steinbíti í smábátaveiðikerfinu.

Lagt er til að ákvæði sóknardagatalningar verði lagfærð þannig að veiðitími úr höfn í höfn megi teljast 12 klst. Ég hef heyrt það í umræðunni, virðulegi, forseti, að þingmenn hafa lýst áhuga sínum á því að ræða og setja þessi ákvæði inn og telja það réttindamál. Með því er verið að gera vinnutímann við þær veiðar þannig að verjandi sé og samboðið þeim almennu reglum um að hvíldartími verði eigi minni en átta klst. á sólarhring. Kjósi sjómenn að veiðiferð þeirra sé lengri en 12 klst. samfellt verður það þeirra eigin ákvörðun sem ekki er knúin fram með lögum og reglum stjórnvalda.

Ég tel að mjög mikilvægt sé að fara í að skoða þetta frv. alvarlega einmitt til að brúa bilið yfir í það að fram kemur væntanlega innan nokkurra mánaða heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að engan tíma megi missa og þess vegna sé þetta frv. mjög nauðsynlegt. Við viljum viðhalda og efla smábáta- og bátaútgerð á nýjan leik og láta slíka útgerð njóta aukins forgangs á grunnmiðum næst landinu og hvetja um leið til notkunar vistvænna veiðiaðferða, orkusparnaðar og umhverfisvænnar þróunar í greininni. Kostir þeirrar útgerðar eru einnig þeir að oft er um að ræða einyrkja og fjölskyldufyrirtæki og þannig viðhelst fjölbreytni í greininni, nýliðun á sér frekar stað o.s.frv. Þetta teljum við mjög mikilvægt og þess vegna er megintilgangur frv. sá að gera sérstaklega þessu útgerðarmynstri ekki erfitt fyrir og að við sjáum til þess að á þeim yfirgangstíma frá því að við förum væntanlega yfir í nýtt og betra fiskveiðistjórnarkerfi sé þessum hluta flotans ekki íþyngt.

Að svo mæltu vonast ég til að málið fái gaumgæfilega umfjöllun í hv. sjútvn. Eins og ég sagði áðan hefur hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, gert skilmerkilega grein fyrir smáatriðum málsins í ræðu sinni og sé ég ekki ástæðu til að fara frekar í þau mál en lýsti almennt sjónarmiðum mínum og míns flokks varðandi grunninn að þessari tillögu um breytingar á lögum.

[16:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil í lok umræðunnar aðeins lýsa þeim skoðunum mínum að þau mál sem við höfum verið að ræða, annars vegar grundvöllinn að nýrri fiskveiðistjórn og hins vegar fylgdarfrv. sem ætlað er að brúa ákveðið bil, geti orðið til þess að það sem gert verður í framtíðinni verði betra en ella. Hins vegar get ég alveg lýst því yfir úr þessum ræðustól að sjái stjórnarmeirihlutinn enga ástæðu til að taka málin til gaumgæfilegrar endurskoðunar þá er mér ekkert að vanbúnaði að leggja fram fleiri bráðabirgðaákvæði við núverandi lög og mun þá taka mér það verk fyrir hendur að semja lagafrv. um breytingu á bráðabirgðaákvæði nr. 30, 31 og 32 við þessi lög, þar sem ég mundi m.a. breyta 1. gr. og einnig leggja til breytingar á skipan strandveiðiflotans algjörlega upp á nýtt ásamt rétti manna til að stunda veiðar og tryggja hagsmuni byggðarlaganna. Ég vildi láta þetta koma fram í lok máls míns og legg svo til að málinu verði vísað til sjútvn. til nánari umfjöllunar og skoðunar.

[16:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um bráðabirgðaákvæðin í lögunum um stjórn fiskveiða þá hefur það komið fram, og ef það hefur farið fram hjá honum þá tel ég rétt að ég endurtaki það úr þessum ræðustól, að ég vonast til að geta lagt fram frv. til laga um stjórn fiskveiða á þessu þingi og að það verði frv. til heildarlaga, þannig að ekki verði um það að ræða að fleiri bráðabirgðaákvæði verði en venjuleg ákvæði í þeirri lagasmíð þegar hún hefur í farið í gegnum hv. Alþingi. Það ætti þar af leiðandi ekki að vera nein sérstök ástæða fyrir hv. þm. að leggja fram frumvörp á þessu þingi vegna þess að það sé ekki ætlun ráðherrans að leggja fram frv. til heildarlaga um stjórn fiskveiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 21. mál (aflahlutdeild til skólaskipa). — Þskj. 21.

[16:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Frv. tekur til 6. gr. núgildandi laga og efnismgr. hljóðar svo:

„Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til skipa, allt að 500 þorskígildistonnum árlega, sem gerð eru út sem skóla- eða starfsþjálfunarskip fyrir ungt fólk. Þessa aflahlutdeild má ekki framselja til annarra skipa. Ráðherra setur nánari reglur um úthlutunina."

Síðan segir í 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með frv. fylgir örstutt grg. sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta.

„Í rúma tvo áratugi hefur Unglingaheimili ríkisins ásamt fleirum leitast við að kenna ungu fólki sjómennsku. Það hefur fengið tækifæri til að reyna sig á sjó við handfæra-, línu- og netaveiðar og fengið faglega þjálfun í sjómennsku.

Verkefninu hefur Karel Karelsson á bátnum Haftindi stýrt frá upphafi. Það hefur hlotið heitið Sjóliðaverkefni og er ætlað fólki á aldrinum 16–20 ára sem átt hefur erfitt uppdráttar félagslega og vill læra sjómennsku.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst hefur þessi aðferð við að aðstoða unglingana í vanda þeirra reynst vel. Reksturinn hefur þó alltaf verið erfiður og stundum hefur orðið að gera hlé á verkefninu. Það sem stendur því fyrir þrifum nú er fyrst og fremst skortur á aflaheimildum. Eigi skólaskipið að koma að notum sem úrræði fyrir ungmenni í vanda verður að tryggja að það hafi heimildir til veiða svo að það geti þjónað hlutverki sínu.

Verkefnið hefur verið rekið í samstarfi við ýmsa aðila og ber þar helst að nefna Reykjavíkurborg, Hitt húsið, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ, félagsþjónustuna í Reykjavík og jafnframt Stýrimannaskólann og Vélskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur útskrifist með réttindi til að stjórna 30 tonna bát og vélavarðarréttindi.

Mikilvægt er að halda úti slíku úrræði fyrir ungt fólk sem vill vinna við sjávarútveg og getur á þennan hátt aflað sér verkþekkingar.

Takist ekki að leysa vandann sem skortur á veiðiheimildum skapar gæti þetta ágæta verkefni lagst af og reynslan og þekkingin sem er til staðar glatast.

Hafrannsóknaskipið Dröfn hefur á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sinnt veigamiklu hlutverki sem skólaskip á undanförnum tveimur árum. Skipið hefur verið gert út frá Reykjavík á vorin en á haustin hefur verið farið umhverfis landið og hafa nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskóla fengið nasasjón af sjómennskunni og algengum vinnubrögðum á sjó.

Um 2000 grunnskólanemar hafa tekið þátt í þessu verkefni. Í venjulegri veiðiferð er veitt með botnvörpu, oft eru lagðar krabbagildrur og einnig eru handfærarúllur um borð. Nokkuð er breytilegt eftir veðri og sjólagi hvað tekið er fyrir hverju sinni, en að auki er nemendum sýnd fræðslumynd um sjómennsku. Að loknu tveggja ára tilraunatímabili verða skoðaðar leiðir til breyttra hátta og hefur m.a. verið rætt um að sveitarfélög taki við þessu verkefni.

Ljóst er að verði frv. þetta samþykkt þarf jafnframt að setja mjög skýrar reglur um úthlutun heimildanna til að koma í veg fyrir misnotkun."

Hér er verið að hreyfa að mínu viti frekar litlu máli aflaheimildalega séð en stóru máli fyrir það verkefni sem hér hefur verið vikið að. Okkur flutningsmönnum, mér og hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, finnst þetta verkefni þess eðlis að ekki sé óeðlilegt að slíkar heimildir séu settar inn í 6. gr. laga um stjórn fiskveiða og ráðherra hafi heimildir til þess að úthluta allt að 500 þorskígildistonnum árlega til slíkra verkefna ef það mætti verða til þess að verkefnin gætu gengið snurðulaust og tiltölulega gott skipulag næðist milli ára.

Þetta vildi ég sagt hafa um verkefnið og vona að menn sjái hag í því að styðja málið. Ég held að hér sé í rauninni hreyft tiltölulega litlu máli í þorskígildum talið en stóru máli fyrir æsku landsins.

[16:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum. Þar sem ég er flm. ásamt hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, vil ég aðeins ræða um frv. og það atriði að bæta við 6. gr. laganna og setja nýja málsgrein sem orðast þannig:

„Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til skipa, allt að 500 þorskígildistonnum árlega, sem gerð eru út sem skóla- eða starfsþjálfunarskip fyrir ungt fólk. Þessa aflahlutdeild má ekki framselja til annarra skipa. Ráðherra setur nánari reglur um úthlutunina."

Við þekkjum öll að í gangi hafa verið verkefni af þessu tagi víða um land en eflaust hefur það verkefni sem getið er um í grg. og unnið hefur verið af Karel Karelssyni á bátnum Haftindi, sem hann hefur stýrt frá upphafi, verið hvað atkvæðamest í að veita þá þjónustu sem hér er rætt um. Sú þjónusta hefur verið ætluð fólki á aldrinum 16–20 ára sem átt hefur erfitt uppdráttar félagslega og vill læra sjómennsku. Það er líka engu minna mikilvægt að gera sér grein fyrir því að fjöldi grunnskólanema hefur sóst eftir því að geta kynnst sjávarútveginum og það hefur alltaf verið til trafala að þeir sem bjóða þessa þjónustu eða geta hugsað sér að bjóða hana hafa ekki haft veiðiheimildir til að standa að slíku. Þó hafa um 2000 grunnskólanemar tekið þátt í þessu verkefni frá upphafi. En ef til vill vegna þess að veiðiheimildir skortir er verið að gera út á aðrar veiðar sem hafa kannski minna vægi í veiðinni sem slíkri og þess vegna er að okkar mati mjög brýnt að rýmkað sé til þannig að þessi starfsemi sem um er getið geti verið á nokkuð traustum grunni.

Eins og fram kom hjá hv. flm. Guðjóni A. Kristjánssyni er alveg ljóst og við gerum okkur fulla grein fyrir því að verði frv. þetta samþykkt þarf jafnframt að setja mjög skýrar reglur um úthlutun heimildanna til að koma í veg fyrir misnotkun.

Ég held að það komi skýrt fram í grg. okkar hvert markmiðið er og eftir því sem heyrst hefur á máli hv. þm. er það flestra mat að um mjög brýnt verkefni sé að ræða. Spurningin er fyrst og fremst um að koma því í lög að ráðherra geti úthlutað veiðiheimildum til þessara aðila þannig að myndarlega verði staðið að verki.

Ég vona svo að frv. fái góða og jákvæða umfjöllun í sjútvrn. og lýk þar með máli mínu.

[17:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er um margt ágætt að mínu mati. Það tengist skólaverkefnum sem hafa verið rekin hér á landi um nokkurra ára skeið. Sennilega vita allir sem komið hafa nálægt umræðunni að skólaskip var byggt sérstaklega og gert út á vegum sjútvrn., skólaskipið Mímir sem var frekar lítið og kannski ekki hentugt sem slíkt. Við þekkjum öll örlög þess en það var fyrsti vísirinn að því að menn vildu halda úti sérstakri starfsemi til að kynna sjómennsku fyrir grunnskólanemendum. Í tengslum við það vöknuðu hugmyndir hjá hugsjónamönnum eins og Karel Karelssyni um að tengja mætti saman rekstur slíkra skipa og starfsemi félagsmálastofnunar. Hugmyndin var að koma ungum mönnum sem höfðu lent í vandamálum með líf sitt á réttan kjöl og sjómennskan væri góð aðferð til þess, að kenna þeim sjómennsku, koma þeim á sjó og gera út sérstakt skip til þess. Við þekkjum það vel frá árum árum að margur maðurinn náði áttum með því að fara til sjós, vera undir handleiðslu góðra manna og læra þau störf sem þar eru stunduð. Þannig var sú góða hugmynd sem Karel Karelsson fleytti af stað á sínum tíma þegar hann setti Haftind undir þetta verkefni.

Skólaskipin sjálf hafa ekki endilega verið í vandræðum með kvóta á meðan þau eru rekin sem rannsóknarskip og Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á rekstrinum. Þá mega þessi skip veiða það sem þau vilja og gera út með þeim veiðarfærum sem þeim sýnist og nánast hvar sem er. Það var meginástæðan fyrir því að við sem unnum að því að koma þessu skólaskipsverkefni á laggirnar að nýju fyrir nokkrum árum lögðum áherslu á að í þeim hluta verkefnisins sem snýr að kennsluþættinum innan grunnskólakerfisins og kynningunni kæmi Hafrannsóknastofnun inn í dæmið. Þá væri ekki vandamál með kvóta eða veiðiaðferðir eða hvert menn vildu fara.

Við náðum samkomulagi við Hafrannsóknastofnun um að fá afnot af Dröfn, hafrannsóknaskipinu, sem er heppilegra en mörg önnur skip vegna þess að þar er mjög sérhæfð áhöfn sem vön er rannsóknarferðum. Starfið nýtur góðs af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar, fiskifræðingum, líffræðingum og öðrum sem fara í ferðir með skólaskipinu, sem kynna skólabörnunum vísindalegar aðferðir og vinnu vísindamanna um borð í hafrannsóknaskipi. Þarna fá nemendur að kynnast sjómennskunni en jafnframt að gægjast inn í líf þessara manna, sem byggist á rannsóknarverkefnum og að kanna þann afla sem kemur um borð.

Þetta verkefni komst á laggirnar og var hugsað fyrir landið allt. Það hefur verið unnið þannig og gengið mjög vel. Eftirspurn eftir því að fá að fara með þessu skipi hefur verið mjög mikil. Þó ekki hafi verið gert mikið í að auglýsa verkefnið hefur mikil aðsókn verið í skipið og skólar hér á höfuðborgarsvæðinu nýtt sér það sérstaklega. Aðsóknin hefur heldur minnkað út um land og ekki gott að segja hvers vegna það er en ég hygg að vel sé hægt að bæta úr því með frekari kynningu og meiri peningum í þetta verkefni.

Staðreyndin er sú að skólarnir hafa ekki mikið fé til rannsóknarferða eða til að kynna ungu fólki almenna starfsemi hér í landinu. Þess vegna situr það eftir sem kostar peninga en það er kannski ein ástæðan fyrir því að þetta hefur náð slíkum vinsældum, að það hefur ekki kostað neitt að fara með skipinu þar sem þetta er ókeypis þjónusta fyrir grunnskólanemendur. Það eina sem skólarnir hafa þurft að leggja út fyrir eru rútur fyrir börnin. Ekki hefur verið farið út í að innheimta neitt gjald þó hugmyndir um það hafi komið upp, einfaldlega vegna þess að við teljum að það mundi kippa stoðunum undan þessu kynningarstarfi.

Á vegum nefndar sem fjallar um málefni skólaskipsins hefur verið rætt um að í framtíðinni muni sveitarfélög og ríkið bera kostnað við rekstur skólaskips í sameiningu. Sveitarfélögin hafa því miður ekki sýnt því áhuga. Ég á því ekki von á öðru en þingið muni fljótlega komast að þeirri niðurstöðu að rekstur skólaskipsins verði áfram í höndum ríkisins. Ef það verður ekki þá leggst rekstur skólaskips einfaldlega niður.

Persónulega tel ég að það sé góð aðferð að láta ríkið gera út skólaskip með þessum hætti, að rannsóknarskip sé gert út af ríkinu sjálfu þar sem allar öryggiskröfur eru uppfylltar og farið að ýtrustu kröfum um aðbúnað í svona skipum. Málið snýst um ungviði okkar og við vitum að foreldrar eru alltaf hálfsmeykir eða varir um sig þegar um sjóinn er að ræða og vilja ekki senda börn sín út á lítil skip sem ekki eru jafntraust. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að halda þessum tengslum, halda þeim möguleika að gera út skólaskip sem tengist Hafrannsóknastofnun, stórt og öflugt með reyndri áhöfn. Það tel ég vera mjög mikilvægt.

Störf Karels Karelssonar á bátnum Haftindi eru annars eðlis en það skólaskipsverkefni sem ég hef verið að ræða um. Karel hefur verið styrktur fjárhagslega til að kaupa kvóta og gera út skipið sitt. Það hefur reynst honum erfitt að halda þessu gangandi.

Margir hafa lagt það til að skólaskipin fengju kvóta. Það er út af fyrir sig ágætishugmynd að leggja einhvern kvóta til skólaskipsverkefna. Vandamálið er samt að menn eru svo gjarnir á það að misnota slíka möguleika að það er erfitt að sjá hvernig þetta mundi geta gengið upp. Mjög margir vildu gjarnan gera út skólaskip ef þeir fengju til þess kvóta. Ég held að það hafi komið fram að þegar við vorum að ýta þessu verkefni úr vör á sínum tíma höfðu útgerðarmenn lítilla báta um allt land samband og vildu koma bátum sínum að í verkefnið. Oft var um gamla báta að ræða, vel við haldna, sem menn voru að reyna að finna fyrir verkefni og vildu gjarnan komast í þetta.

Ég held að það sé snúið að deila slíkum kvóta niður á skip en ég er ekki að segja að það sé ómögulegt. Allt er hægt. En ég vil samt segja að varðandi Haftind vonast ég til að við getum haldið áfram að styrkja það verkefni fjárhagslega. Það byggir náttúrlega á samstarfi við mjög marga aðila, stærstu bæjarfélögin á landinu. Það ætti að vera hægt að tengja það við önnur svæði landsins ef áhugi er til staðar. Ég veit að Karel hefur áhuga á því að tengjast með samningum við önnur bæjarfélög landsins þannig að hann gæti fengið fjármuni til rekstursins og tekið á móti fólki hvaðan sem er.

Ég hef ekki trú á að heppilegt sé að gera út mörg slík skip, að skólaskipum sé dreift um allt land með nokkrum tonnum á hvert skip. Ég átta mig ekki almennilega á því hvernig það mundi gagnast rekstri skólaskipa eða efla það starf sem þegar er hafið með skólaskipinu Dröfn eða Haftindi eins og þau skip eru rekin í dag.

Herra forseti. Ég fagna því að rætt skuli um þessi mál. Umræðan er af hinu góða og ég held að því sem fleiri taka þátt í henni því betra. Hafi einhvern tímann verið þörf á að kynna ungu fólki þau störf sem fram fara á sjó þá er það að sjálfsögðu núna og á komandi árum og áratugum. Þjóðin fjarlægist sífellt þessa undirstöðuatvinnugrein eftir því sem lengra líður. Sérhæfingin er orðin meiri og sjómenn að verða fámenn stétt á stórum skipum. Ég held að sögulega séð og af því að við byggjum afkomu okkar á sjávarútvegi og munum gera það um ókomna tíð, þá sé mjög nauðsynlegt og eðlilegt að ríkissjóður og Alþingi stuðli að því að styrkja tengslin milli sjávarútvegs og þjóðarinnar í heild.

[17:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að taka undir þær áherslur sem fram koma í frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem lagt er til að úthluta aflaheimildum til skipa, allt að 500 þorskígildistonnum árlega, sem gerð eru út sem skóla- eða starfsþjálfunarskip fyrir ungt fólk.

Ég vil leggja áherslu á mikilvægi menntunarinnar í þessari grein, að efla hana og styðja við þá sem axla ábyrgð og taka að sér kennslu og fræðslu í þessum greinum og styrkja starfsmenntun í greininni. Það er í rauninni alveg fráleitt að skólar og skip sem hafa þetta hlutverk skuli ekki eiga nánast sjálfkrafa aðgang að þessu sem kennslutæki. Við getum tekið til samanburðar skóla sem ég þekki, landbúnaðarskóla. Ekki væri gott að að kenna mjólkurframleiðslu ef við hefðum ekki aðgang að kúm og mjaltatækjum til þess að láta nemendur læra þessa vinnu. Þá væri jafnfráleitt að slík bú hefðu ekki kvóta á mjólk eða á kjöti þegar út í það er komið.

Herra forseti. Þetta er mikilvægt mál. Það er hluti af þeirri virðingu sem við berum fyrir þessari menntun. Það er hluti þeirrar virðingar sem við berum fyrir þessum atvinnuvegi og afar mikilvægt til þess að styrkja og hvetja menntun á þessu sviði. Því er einboðið að málið fái jákvæða afgreiðslu á þinginu.

[17:16]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið í umræðu hv. þm. og vil aðeins í lokin leggja til að það fái góða umfjöllun í sjútvn. og því verði vísað þangað. Ég geri mér vonir um að allir sem að þessu máli koma sjái hversu nauðsynlegt það er. Ekki veitir nú af að efla þá sem vilja mennta sig að einhverju leyti og styrkja þá sem hafa vilja til þess að fara til sjós því ef eitthvað er þá fækkar hjá okkur í þeim skólum þar sem menn afla sér réttinda til að stunda sjómannsstörf og þetta mál gæti m.a. breytt því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[17:18]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Málið sem nú er komið á dagskrá var fyrst á dagskrá í hv. Alþingi á fimmtudaginn var og fékk þar þó nokkra umfjöllun en var síðan frestað vegna þess að ástæða þótti til að gefa hæstv. utanrrh. tækifæri til að taka hér þátt í umræðunni, einkum þótti þátttakendum í umræðunni á fimmtudaginn forvitnilegt að heyra frá hæstv. utanrrh. hversu langt hann er tilbúinn að ganga hvað varðar erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi í ljósi þeirra orða hans að hann væri tilbúinn að endurskoða afstöðu sína í þeim efnum.

Umræðan á fimmtudaginn snerist fyrst og fremst um efni frv. sem er það að erlendum aðilum verði heimluð fjárfesting í fiskvinnslu, því lagaákvæði sem einungis heimilar óbeina fjárfestingu í fiskvinnslu að hluta en beina að hluta verði breytt þannig að ein og sama regla gildi fyrir alla fiskvinnslu og þá sú sama regla og gildir fyrir matvælaiðnað almennt, þ.e. að ekki séu á því hömlur að erlendir aðilar fjárfesti ef þeim býður svo við að horfa og aðstæður leyfa.

Það fór samt svo að menn út frá efni málsins ræddu fjárfestingar almennt, ræddu fjárfestingar Íslendinga í erlendum hlutabréfum sem nú eru taldar nema um 160 milljörðum kr., ræddu fjárfestingar erlendra aðila í innlendum hlutabréfum sem einungis eru taldar nema rúmum tveimur milljörðum. Auðvitað verður mönnum tíðrætt um það misvægi sem þarna er á milli og velta vöngum yfir því hvort hægt sé að ná hér meira jafnræði á. Og hvað svo sem mönnum kann að finnast um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi þá er alveg ljóst að menn telja að ein ástæða þessa misvægis sé sú að erlendum aðilum hefur verið meinuð þátttaka á Íslandi nema óbeint. Og á það hefur verið bent að lögin séu óskýr, þau séu þannig að þau laði nú ekki beinlínis að heldur þvert á móti.

Jafnframt var farið yfir það í umræðunni á fimmtudaginn að nú stendur fyrir dyrum samstarf kauphallanna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum og að Eystrasaltsríkin hafa jafnframt skrifað undir viljayfirlýsingu um þátttöku í því samstarfi. Þetta samstarf mun óhjákvæmilega leiða til þess að íslensk fyrirtæki á verðbréfamarkaði eru komin í nánari snertingu við erlenda fjárfesta en þau hafa verið og mun afhjúpa á ákveðinn hátt hvernig þessi staða er hjá okkur, að það er ekki bara svo að erlendir aðilar sem koma inn á þennan markað megi ekki fjárfesta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum heldur líka að þeir geta ekki fjárfest í mörgum þeim íslensku fyrirtækjum sem nú eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjunum vegna þess að óbeina eignaraðildin er líka háð ákveðnum takmörkunum. Allt þetta hlýtur að leiða til þess að menn velti fyrir sér hver staða íslensks sjávarútvegs er og verður, hvort íslenskur sjávarútvegur verður það illa staddur ef allt fer á hinn versta veg eftir að þetta samstarf er komið á að þarna þurfi að grípa til breytinga. Er ég tala um á versta veg þá er það í því ljósi að þau íslensku fyrirtæki sem eiga of stóran hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum til að geta verið valkostur erlendra fjárfesta selji sinn hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum en það hefði þá óhjákvæmilega áhrif á stöðu þeirra á hlutabréfamarkaðnum til lækkunar og mundi óhjákvæmilega veikja stöðu þessara fyrirtækja.

En ég held að við séum nú flest sammála um að við vildum sjá annað gerast en að þessi fyrirtæki, fyrirtækin í sjávarútvegi, veiktust enn frekar. En því miður sjást þess og hafa verið að sjást merki á markaðnum að staða þeirra hefur verið að veikjast.

Hér var rætt um fjárfestingar Íslendinga og íslenskra fyrirtækja erlendis og þá útrás sem orðið hefur og er í fullum gangi. Menn velta því auðvitað fyrir sér hvort það geti kallast sanngirnismál að þetta sé á báða vegu. En a.m.k. að mati okkar flutningsmanna er full ástæða til þess að breyta lögunum strax í þá veru sem við leggjum hér til og jafnframt að aðrir þættir verði skoðaðir mjög gaumgæfilega með tilliti til núverandi og hugsanlegrar stöðu íslensks sjávarútvegs, eins og ég rakti áðan. Ég hef þann fyrirvara á og við í Samfylkingunni að tryggja þurfi eignarhald þjóðarinnar á sjávarauðlindinni áður en allt er opnað upp á gátt hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila í útgerðinni. Aðrar þjóðir eins og Færeyingar sem eiga mikið undir sjávarútvegi hafa farið þá leið að leyfa takmarkaða beina eignaraðild. Þeir leyfa þriðjungs eignaraðild. En menn geta svo velt því fyrir sér út frá þeim sögum sem þeir hafa heyrt af hvernig hlutir ganga hjá þeim hvort slíkt heldur þegar til veruleikans kemur. Menn geta svo sem líka velt því fyrir sér hvert hömlur á fjárfestingu leiða ef virkilegur áhugi er á því að fara í kringum þau. Nokkuð var um það rætt þegar þetta mál kom fyrst til umræðu að menn hafa farið, ég veit ekki hvort það eigi að segja, í kringum lögin um fjárfestingar erlendra aðila þegar fiskvinnslan er annars vegar. Menn hafa verið að búa til dótturfélög og keðjur til þess að búa til þessa óbeinu eignaraðild svo útlendingar gætu verið þátttakendur. Auðvitað er það til muna óæskilegri aðferð heldur en hin að menn geti gengið beint að þessu auk þess sem það er sannfæring okkar flutningsmanna að ef lögin eru einföld í framkvæmd þannig að erlendir aðilar fráfælist þau ekki þá geti fjárfestingar þeirra í fiskvinnslu leitt til fjárfestingar í öðrum matvælaiðnaði þar sem engin erlend fjárfesting hefur enn þá átt sér stað, vegna þess að eins og við vitum þá er erlend fjárfesting hér á landi fyrst og fremst í stóriðju. Menn geta velt því fyrir sér hvort það sé æskileg þróun að svo verði áfram eða hvort menn séu tilbúnir til þess að ganga einhver skref til þess að liðka fyrir fjárfestingum erlendra aðila víðar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta mál á þessu stigi. Ég held að ég sé búin að fara í grófum dráttum yfir helstu atriði sem fram komu hér í umræðunni. Ég hef reyndar ekki endurtekið þau varnaðarorð sem hér voru látin falla. Það er alveg ljóst að enginn einhugur ríkir um jafnvel það litla skref sem hér er lagt til að verði stigið. Reyndar hættir mönnum til að tala um fjárfestingar í fiskvinnslu og síðan fjárfestingar í sjávarútvegi almennt í einni og sömu andránni og það er kannski á þeim forsendum sem óskað var eftir návist hæstv. utanrrh. í umræðunni að menn renndu sér svolítið þarna á milli og vildu nota þetta tækifæri til að ræða þetta almennt. En eins og ég sagði, herra forseti, þá ætla ég ekki að fara frekar yfir málið á þessu stigi. Sem 1. flm. get ég komið hér inn aftur síðar og ef tilefni verður til þess mun ég notfæra mér þann möguleika.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sérstaklega var óskað eftir viðverðu minni í þessari umræðu og ég hef skilið það svo að tilefnið hafi verið það að ég hafi sagt það vera dæmi um breyttar aðstæður í íslensku samfélagi að rétt væri að endurskoða reglur um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Það er alveg rétt að ég hef staðið að þessum lögum sem hér eru til umræðu. Þau

voru fyrst sett 1991 og síðan voru gerðar breytingar á þeim 1993 og 1996 í ljósi breyttra aðstæðna.

Aðalatriðið er að við höfum tekið upp frjálsan fjármagnsmarkað hér á landi sem þýðir að Íslendingum er heimilt að fjárfesta eins og þeim þykir rétt og þeir vilja gera á Evrópska efnahagssvæðinu í hverju svo sem þeir vilja taka sér þar fyrir hendur. Og þeir aðilar sem standa að Evrópska efnahagssvæðinu með okkur, hvort sem það eru lönd Evrópusambandsins eða önnur ríki sem við erum í samstarfi við, mega fjárfesta hér á landi. Við sömdum um eina mikilvæga undantekningu á sínum tíma og það er undanþága að því er varðar sjávarútveginn.

Við verðum að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því að í þessu máli er bæði um kosti og galla að ræða. Þegar þessir samningar voru gerðir var íslenskur sjávarútvegur ekki eins öflugur og hann er nú. Hann hafði ekki farið út í fjárfestingar erlendis í neinum þeim mæli sem orðið hefur raunin á og menn höfðu ekki það sjálfstraust í þessari samkeppni sem þeir hafa nú.

Ég held að almenn samstaða sé um að það sé á engan hátt hættulegt eða neitt því til fyrirstöðu að erlendir aðilar fjárfesti í vinnslu sjávarafurða. Ég hef ekki heyrt betur en nokkuð almenn samstaða sé um það. Það er svo undarlegt að áður en þessi lög voru sett á sínum tíma sneri undantekningin frá fjárfestingarfrelsinu fyrst og fremst að fiskvinnslunni en minna að útgerðinni. Hins vegar hefur það verið auðlindin sem menn eru hræddir um og það er eðlilegt.

Mér finnst hins vegar rétt að fara yfir það hvort ekki er hægt að tryggja það með öðrum hætti. Nú er ég ekki sammála því sjónarmiði að með núgildandi lögum hafi eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sjávarins ekki verið tryggðar og breyta þurfi lögum eða stjórnarskrá sérstaklega til að svo sé. Ég tel að núgildandi stjórnarskrá og núgildandi lög tryggi með öllu eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni þó ekkert sé á móti því að gera það enn frekar.

Þá kemur upp það vandamál hvernig við tryggjum best afkomu íslensks sjávarútvegs og aðgang hans að auðlindunum í kringum landið ef tekið verður upp algjört frelsi í fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi, sem ég hef ekki gert að orðum mínum. Ég hef sagt að ég telji rétt að endurskoða þessi lög, endurskoða þessa stefnu og tel að þau séu ekki lengur í takt við tímann og þjóni ekki með þeim hætti hagsmunum sjávarútvegsins sem ég taldi í upphafi.

Það liggur fyrir að þau fyrirtæki, sem eru í sjávarútvegi, eru í blönduðum rekstri, þau eru almennt bæði í veiðum og vinnslu. Það er afskaplega óheppilegt að skilja þar algjörlega á milli og gera stórum og rótgrónum fyrirtækjum skylt að reka vinnsluna í einu fyrirtæki og útgerðina í allt öðru fyrirtæki. Þess vegna hafa menn sett inn þau hlutföll sem eru í lögunum, að í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé, og síðan 33% þegar m.a. er rætt um óbeina eignaraðild.

Ég tel að við þurfum að fara yfir þetta á nýjan leik. Með því er ég ekki að segja að ekki þurfi aðrar girðingar og önnur ákvæði sem tryggi betur vinnslu aflans hér á landi. Að mínu mati kemur fyllilega til greina að setja það í lög að skylt sé að landa öllum afla af Íslandsmiðum í íslenskum fiskihöfnum til sölu og úrvinnslu þar.

Það er alveg ljóst að t.d. í Evrópusambandinu hefur það verið gert í vaxandi mæli, t.d. í Bretlandi, að setja slík skilyrði og meira að segja Evrópudómstóllinn hefur viðurkennt það. Ég minni á þær breytingar sem gerðar voru í Bretlandi og kynntar af Tony Blair á sínum tíma gagnvart framkvæmdastjóra Evrópusambandsins og Evrópusambandið hefur látið það gott heita. Framkvæmdastjóri þess sagði í athugasemdum, sem voru þá birtar, að þar sem um mikilvæga þjóðarhagsmuni væri að ræða, gerði Evrópusambandið ekki athugasemdir við það. Nú kemur það út af fyrir sig ekki beint málinu við vegna þess að við erum ekki á nokkurn hátt bundnir af skilmálum Evrópusambandsins að þessu leytinu til. En við þurfum að fara yfir þetta og athuga hvort við getum ekki tryggt íslenskan sjávarútveg betur með öðrum hætti, m.a. að því er varðar ákvæði um löndun aflans hér á landi því íslenskur sjávarútvegur þarf á því að halda að fá nægilegt fjármagn til uppbyggingar sinnar.

Það gengur heldur ekki til lengdar að það sé slíkt misvægi eins og hv. flutningsmaður gat um að því er varðar verðbréfaeign Íslendinga erlendis og hins vegar verðbréfaeign erlendra aðila hér á landi. Þetta hefur skapað ákveðin vandamál í hagkerfinu og miðað við það mikla fjármagn sem hefur verið að fara út úr hagkerfi okkar þurfum við á því að halda til mótvægis að fá meira inn í landið. Aðalatriðið er að við búum við fjárfestingafrelsi, við erum komin inn á opinn markað og við munum ekkert snúa til baka í þeim efnum. Við þurfum að laga sjávarútveginn að þessu umhverfi eins og alla aðra atvinnuvegi. Ég tel að við höfum stigið varlega fram í þessu efni en ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sé að hv. flutningsmaður er, að kominn sé tími til að endurskoða þessar reglur. Ég ætla ekki að segja nákvæmlega til um það hvernig þær eiga að vera eða hvenær við eigum að endurskoða þær. En ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að fara út í slíkar breytingar. Við höfum ekki rætt það sérstaklega í mínum flokki hvernig þær eiga nákvæmlega að vera en við erum tilbúin til að starfa að því með öðrum og þess vegna held ég að það sé af hinu góða að þessi umræða fer fram. Sérstaklega er mikilvægt að hún fari fram innan sjávarútvegsins sjálfs því að þar eru þær raddir innan dyra að rétt sé að fara út í breytingar þannig að ég er ekkert einn um að hafa breytt um skoðun í þessu máli. Ég heyri ekki betur en mjög stór hluti þeirra aðila sem standa í íslenskum sjávarútvegi hafi svipuð sjónarmið þó menn vilji gæta þarna allrar varúðar.

[17:37]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær útskýringar og þær útleggingar á yfirlýsingum hans um þetta mál sem hafa komið fram. Hér kemur fram að hann hefur ekki gert algert frelsi að sínum orðum, heldur fyrst og fremst það að menn og þá hann og flokkur hans séu tilbúnir til að endurskoða þau ákvæði sem nú gilda.

Mér fannst gæta ákveðins misskilnings í orðum hæstv. ráðherra þar sem hann segir að óheppilegt sé að gera stórum og rótgrónum fyrirtækjum skylt að skilja í sundur vinnslu- og veiðiþáttinn. Samkvæmt því frv. sem er verið að ræða er slíkt ekki gert að neinni skyldu, heldur er fyrst og fremst um það að ræða að ef menn vilja efna til samstarfs, þá geti menn og muni þá aðskilja þann þátt sem þeir ætla sér að efna til samstarfs um. Ég geri mér hins vegar ljóst að þegar menn eru búnir að segja B í þessum efnum — ég geng út frá að menn séu búnir að segja A-ið — þá er kannski ekki langt í C-ið og þess vegna er alveg rétt sem hér kemur fram að menn þurfa að hafa málið allt að hluta til undir.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh., því hann nefnir möguleikann á löndunarskyldu sem atriði sem við getum sett inn til þess að tryggja ákveðið forræði, a.m.k. hvað varðar

nýtingu þess afla sem kemur úr auðlindinni eða aðgangs að honum, hvernig hann telji að það gangi. Nú hefur það verið svo að við höfum ekki verið með neins konar löndunarskyldu, íslensk skip hafa í rauninni getað landað þar sem þeim sýnist, hvort sem er innan lands eða erlendis. Hvernig sér hann fyrir sér að það geti gerst að löndunarskylda verði sett á? Hefur hann þá einhverjar frekari hugmyndir um hvernig slíkt gæti verið útfært?

[17:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst tryggja að Íslendingar hafi nauðsynleg og eðlileg yfirráð yfir mikilvægustu auðlind okkar. Ég geri mér grein fyrir því að með því að koma á algjöru fjárfestingafrelsi í sjávarútveginum geta skapast þar ákveðnar hættur, ekkert ósvipaðar þeim sem hafa komið upp í Evrópu og nefndar eru „kvótahopp" og þess vegna megi ekki líta fram hjá þeim hættum í endurskoðun þessara mála og þar af leiðandi sé rétt að athuga hvort einhverjar aðrar breytingar á lögum, t.d. að því er varðar löndun á afla, geti tryggt okkur nægilega í því sambandi. Þetta er m.a. byggt á þeirri reynslu sem aðrar Evrópuþjóðir hafa orðið fyrir og mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að fara yfir það.

Ég ætla að sjálfsögðu ekki að tíunda nákvæmlega hvernig þetta á að vera. Hins vegar fagna ég umræðunni og ég tel að við eigum að halda áfram að ræða þessi mál. Ég held að það liggi engin ósköp á í þessum efnum en ég held að sú umræða, sem er komin í gang, sé til góðs. Fyrst við töldum rétt að gera breytingar á þessum lögum eftir að þau voru sett fyrst 1993 og síðan 1996 hlýtur að vera eðilegt að fara að huga að breytingum núna fjórum árum eftir síðustu breytingu.

[17:41]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held í umræðunni hafi komið fram ýmisleg veigamikil rök fyrir því að þessi löggjöf sé endurskoðuð í heild sinni, þó svo e.t.v. sé ekki ástæða til að flýta sér neitt í þeim efnum nema kannski hvað varðar þann afmarkaða þátt sem verið er að leggja til með frv.

En mér finnst það vera spurning, herra forseti, hvar endurskoðun þessara laga á að fara fram. Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að setja einhvern starfshóp á laggirnar, nefnd og koma þessari endurskoðun í framkvæmd með þeim hætti eða lítur hæstv. ráðherra svo á að það verði gert með vinnu sem fari þá fram eingöngu lokuð inni í núverandi stjórnarflokkum? Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að sú endurskoðun sem hann er að ræða um að sé nauðsynleg, hvernig sér hann fyrir sér að hún fari fram þannig að sem best umfjöllun og umræða geti farið fram um þessi mikilvægu mál?

[17:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál hefur ekki verið rætt í ríkisstjórninni. Ástæðan fyrir því að þetta þótti fréttaefni þegar vitnað var í orð mín, var einfaldlega sú að ég var að svara fyrirspurnum nemenda við Samvinnuháskólann á Bifröst og m.a. var spurt um þetta mál. Ég sagði frá því að þarna hefðu orðið þær breytingar í samfélaginu að ég teldi fulla ástæðu til að við endurskoðuðum afstöðu okkar í þessu máli og væri dæmi um breyttar áherslur af minni hálfu en það hefði að mínu mati verið rangt af mér að svara þessari fyrirspurn með öðrum hætti. En ég var á engan hátt að boða að verið væri að setja í gang endurskoðun á vegum ríkisstjórnarinnar á þessum málum. Það verður sjálfsagt rætt í ríkisstjórninni einhvern tímann á næstunni en það hefur ekki verið rætt þar fram að þessu.

[17:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það eru vissulega tíðindi sem hæstv. utanrrh. og formaður annars stjórnarflokksins hefur boðað. Fyrst sem kom fram frá honum í svari við fyrirspurn við háskólann á Bifröst og síðan núna að hann telji nauðsynlegt og tímabært að hefja endurskoðun á þeim ákvæðum sem banna erlendum fjárfestum að festa fé sitt eða kaupa hlutabréf í fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri eina undantekningin á fjárfestingu útlendinga á Íslandi. Það er því miður ekki svo, því í öðrum lögum, þ.e. jarðalögum, voru sett ákvæði um það sem koma áttu og koma eiga í veg fyrir að útlendingar geti fest kaup af bændum á bújörðum þeirra. Það var gert með því að til viðbótar við allar þær kvaðir sem eru á viðskiptafrelsi bænda með bújarðir í jarðalögum, var það ákvæði sett inn í þau lög að bónda væri ekki heimilt að selja til neins aðila sem ekki hefði annaðhvort búið á jörðinni eða í næsta nágrenni hennar í þrjú ár.

Þetta var enn ein kvöðin sem sett var á bændur í gildandi lögum um viðskipti með eignir sínar en eins og hv. þingmönnum er kunnugt geta bændur ekki ráðstafað bújörðum sínum, ekki einu sinni til erfingja sinna nema með leyfi sérstakrar jarðanefndar sem jafnvel eru dæmi um að hafi ógilt kaupsamninga milli bónda og áhugaaðila um kaup og skyldað bóndann til að selja þriðja aðila sem hann hafði sjálfur ekki áhuga á að selja upphaflega.

Þetta eru mjög óeðlilegar kvaðir og í þessu seinna tilviki er það náttúrlega svo að á sama tíma og ríkið er að reyna að draga úr hefðbundnum búskap og kaupa upp framleiðslurétt bænda er verið að koma í veg fyrir að bændur geti nýtt bújarðir sínar með þeim hætti sem þeim er hagkvæmastur eða selt þeim sem kaupa vill.

Við samfylkingarþingmenn erum samkvæmir sjálfum okkur í þessu efni sem öðrum. Við erum því ekki aðeins hér með frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. hvað varðar sjávarútveginn, heldur höfum við einnig lagt fram á þessu þingi frv. er gerir ráð fyrir að þessi hörðu ákvæði jarðalaga, sem takmarka ráðstöfunarrétt bónda á eignum sínum, verði afnumin.

Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála hæstv. utanrrh. um að eignarréttur sé að fullu tryggður í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég átti sjálfur verulegan þátt í að setja það lagaákvæði inn og það hefur komið í ljós í dómum sem fallið hafa um mál er tengjast stjórnkerfi fiskveiða að dómstólar líta svo á að þessi ákvæði, sem voru höfð í flimtingum hér á árum áður, um þjóðareign Íslands á fiskimiðunum, halda talsvert sterkt. En það sem á vantar til að fullkomna tilgang þessara ákvæða í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er náttúrlega betri skilgreining á því hvað þjóðareign þýðir, hver er eignarréttarleg skilgreining þess hugtaks. Það hefur auðlindanefnd gert með því að leggja til að nýtingarréttur slíkrar þjóðareignar verði skilgreindur, þ.e. þetta er ekki eign sem heimilt er að veðsetja eða ríkisvaldið eða meiri hluti Alþingis getur selt heldur aðeins ráðstafað nýtingarréttinum á. Og eðlilegt er að það sé gert með ákvæði í stjórnarskrá, bæði vegna þess að nauðsynlegt er að tryggja þetta frekar en gert er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og auk þess gefur það augaleið að ekki þyrfti annað en einfaldan meiri hluta á

Alþingi til að breyta þessu þjóðareignarákvæði í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, fella það út eða gerbreyta því, en það er ekki svo auðvelt að gera slíkar breytingar ef ákvæði þess efnis er í stjórnarskrá.

Herra forseti. Ég vakti athygli á — ég ætla nú ekki að endurtaka rök mín frá því ég talaði um þetta mál hér fyrir tveimur dögum síðan — og benti á að það stæðist ekki skoðun að á sama tíma og Íslendingar væru að undirbúa sig undir það í norrænu samstarfi að laða erlenda fjárfesta hingað til lands með því að eiga samstarf við Norðurlönd, ekki síst Norðmenn, um útboð á verðbréfaþingi, að þá samræmdist það að sjálfsögðu ekki þeirri stefnu að svo væri háttað að mörg áhugaverðustu fyrirtækin sem skráð eru á Verðbréfaþingi á Íslandi eru í þeirri stöðu að erlendum aðilum er ekki heimilt að festa kaup á hlutabréfum í þeim.

Til þess að fylgja þessu eftir hef ég í dag lagt fram fyrirspurn til hæstv. viðskrh. þar sem ég spyrst fyrir um hvaða félög og fyrirtæki séu nú skráð á Verðbréfaþingi og hvaða félög og fyrirtæki sé þannig háttað um sem skráð eru á Verðbréfaþingi að erlendir aðilar megi ekki undir neinum kringumstæðum festa kaup á hlutabréfum í þeim eða bjóða fram áhættufé. Og það verður vissulega áhugavert að velta því fyrir sér og skoða það svar og sjá hvernig Íslendingar ætla að sækja út á samkeppnismarkaðinn um erlenda fjárfesta með svo að segja aðra höndina bundna á bak aftur, þ.e. að í mörgum af áhugaverðustu fyrirtækjunum sem Íslendingar geta boðið erlendum fjárfestum er þeim ekki heimilt að festa fé, og vonast ég til að hæstv. viðskrh. geti innan mjög fárra daga svarað fyrirspurn minni.

Virðulegi forseti. Í umræðunum á Alþingi hefur komið fram að fulltrúar allra þeirra flokka sem hafa tekið til máls eru þeirra skoðunar að tímabært og nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæðin sem banna erlendum aðilum að fjárfesta í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu. Ef marka má það að hv. þm. Pétur Blöndal tali fyrir hönd Sjálfstfl. þá hafa allir flokkar aðrir en vinstri grænir tekið undir þetta sjónarmið. En nú er það náttúrlega spurning: Talar hv. þm. Pétur Blöndal fyrir hönd Sjálfstfl. eða ekki? Því verður ekki svarað nema einhver annar gefi sig fram. (Gripið fram í.) Það er ekki verra, þá gerist það ekki sem ég var farinn að óttast að sjálfstæðismenn og vinstri grænir ætluðu að vera sammála í hverju málinu á fætur öðru, en það er þá ekki í þessu máli, vænti ég.

En af því að hæstv. sjútvrh. situr hér og hefur kynnt sér þann málatilbúnað sem fram hefur farið og málflutning þeirra þingmanna sem talað hafa og þar á meðal hlýtt á ræðu hæstv. utanrrh., sem raunar er starfandi forsrh. í dag eftir því sem ég veit best, er náttúrlega eðlilegt að ég spyrji hæstv. sjútvrh.: Mun hann fylgja þessum málflutningi eftir með því að beita sér fyrir því í samvinnu við þá væntanlega aðra ráðherra í ríkisstjórninni, m.a. hæstv. iðnrh. en undir hann heyrir fiskiðnaðurinn, að þessi mál verði tekin til endurskoðunar? Telur hann tímabært að gera það? Mun hann hafa frumkvæði um það og mun hann gefa Alþingi kost á því, þ.e. stjórnarandstöðunni, að koma að þeirri endurskoðun til að reyna að tryggja að sem mest sátt geti orðið um þær breytingar sem nauðsynlegt er að gerðar yrðu? Ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. svari þessum spurningum.

[17:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka þá skoðun mína að það er alveg ljóst að við Íslendingar eigum fiskimiðin í kringum landið. Þau eru eign þjóðarinnar og ég skil ekki af hverju menn draga það í efa.

Hins vegar hefur komið í ljós í dómi Hæstaréttar að hann taldi að ekki væru nægilega skýr ákvæði varðandi það hvernig þessum rétti væri ráðstafað, hann framseldur eða afnotin framseld til einkafyrirtækja og einkaaðila, og setti Hæstiréttur upp efasemdir um heimildir Alþingis í því sambandi. Það er það sem gerðist í málinu. Þó að ég sé ósammála þeim hæstaréttardómi þá er ekkert um það að segja, við verðum að sjálfsögðu að fara að dómum Hæstaréttar og Alþingi brást við og breytti lögum til samræmis við þann dóm.

Ég leyfði mér þá að nefna í þeirri umræðu hvort ekki gæti nú verið nauðsynlegt að breyta stjórnarskrá. Það þóttu alveg skelfileg ummæli, að hæstv. ráðherra skyldi leyfa sér að nefna það að ástæða kynni að vera til styrkja stjórnarskrána. Ég man ekki hvaða ummæli stjórnarandstaðan hafði um það á þeim tíma. Þess vegna var ég afskaplega ánægður með að auðlindanefnd komst að þeirri niðurstöðu að ef til vill væri full ástæða til að styrkja stjórnarskrána að þessu leytinu og ég er því sammála. En ég tel að það eigi ekkert skylt við það að vera uppi með efasemdir um að Íslendingar eigi auðlindirnar í hafinu í kringum landið. Ég tel að það sé alveg ljóst.

[17:54]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. á ekki í neinni deilu við mig um það hverjir eigi eða hverjir eigi að eiga fiskimiðin við Íslandsstrendur. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að þau séu þjóðareign. Og ég minni hæstv. utanrrh. á hvaða hlut sá sem hér stendur átti í því að þau ákvæði komu í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Því var hins vegar haldið fram bæði þá og síðar að lítið hald væri í þessu ákvæði, það væri merkingarlítið. En það hefur komið í ljós, m.a. í dómum Hæstaréttar síðar, að þetta er ekki merkingarlítið ákvæði, aldeilis ekki.

Hins vegar ítreka ég þá skoðun mína að það er miklu tryggara að setja ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá en að hafa það í almennum lögum. Í fyrsta lagi þarf að skilgreina hvað þjóðareign þýðir betur en gert er og í öðru lagi þarf að ganga þannig frá að það verði ekki afgreitt og því ekki breytt með einfaldri lagasetningu með einföldum þingmeirihluta frá Alþingi, því verði ekki breytt óðruvísi en að undangengnum kosningum og tveimur breytingum á stjórnarskrá þannig að það sé alveg ljóst að misvitur þingmeirihluti geti ekki haggað þeirri niðurstöðu.

Hins vegar eru nú ekki allir Íslendingar eins mikið sammála um þjóðareign á fiskimiðunum og við hæstv. utanrrh. Ég minni hæstv. utanrrh. t.d. á það að einn af nefndarmönnum í auðlindanefnd var á þeirri skoðun og gerði um það bókun í nefndaráliti sínu, að hann teldi að þessi afnotaréttur ætti að lenda í höndum einkaaðila og verða einkaeign. Og það eru meira að segja þingmenn hér inni í þessum sal sem eru þeirrar skoðunar, þannig að það er nú ekki öll þjóðin sammála um þetta.

[17:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að bæði Alþfl. og Alþb. eiga mikinn þátt í þeirri löggjöf sem gildir í dag um stjórn fiskveiða og áttu þátt í mótun þeirrar löggjafar á Alþingi og greiddu með henni atkvæði. Ég ætla ekkert að fara að tala þar um einstakar lagagreinar. En það væri óskandi að talsmenn þessara flokka viðurkenndu það í ríkari mæli en

raun ber vitni, því að oft og tíðum þegar maður hlustar á talsmenn þessara stjórnmálaflokka þá tala þeir eins og þeir hafi aldrei komið að málinu, bara aldrei. Auðvitað bera þeir þarna mikla ábyrgð.

Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli á nokkurn hátt eigna sínum flokki þessi ákvæði. En hann skal þá muna að það eru önnur ákvæði sem eru þar með og hans fyrrum flokkur ber þar mikla ábyrgð. Og ég vænti þess að Samfylkingin hafi þá yfirtekið þessa ábyrgð. En mér heyrist nú í umræðunni oft og tíðum að þeir þingmenn hafi bara aldrei komið að þessu, sem er náttúrlega algjörlega út í hött.

[17:58]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa allir stjórnmálaflokkar á Íslandi sem setið hafa í ríkisstjórnum komið með einum eða öðrum hætti nálægt löggjöf um stjórn fiskveiða. Það liggur alveg fyrir og hefur aldrei annað legið fyrir.

Hins vegar hefur það líka legið fyrir að einstakir þingmenn innan þessara flokka höfðu mjög misjafnar skoðanir á þeim lagaákvæðum sem sett voru, mjög misjafnar skoðanir, alveg eins og er innan flokks hæstv. utanrrh. Ég veit ekki betur t.d. en að þingflokksformaður Framsfl. sé allt annarrar skoðunar en margir aðrir í þeim flokki og ekkert við það að athuga, nákvæmlega ekki neitt. Menn hafa leyfi til þess að hafa sínar skoðanir jafnvel um stórmál eins og þetta.

Og hæstv. utanrrh. klínir því ekkert á mig að ég sé höfundur eða einn af höfundum kvótakerfisins. Ég tek því hins vegar með þökkum að hafa átt hlut að því að í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða var ákveðið að fiskimiðin við strendur Íslands skuli vera þjóðareign og að úthlutun aflaheimilda leiði ekki til þess að bætur þurfi að koma fyrir þó að því yrði breytt. Ég gengst við því og skal fúslega viðurkenna það að ég átti hlut að því.

[17:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru vissulega athyglisverðar umræður sem hér hafa farið fram í dag. En þar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi til sögunnar þá þingmenn Sjálfstfl. sem hefðu tekið til máls, m.a. hv. þm. Pétur Blöndal, þá vil ég líka minna á að hv. þm. Stefanía Óskarsdóttir tók einnig þátt í umræðunni og lýsti skeleggri skoðun sinni.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spyr hvort sjútvrh. muni hafa frumkvæði að því að setja vinnu af stað í þessu efni? Því er til að svara að hann mun ekki gera það einfaldlega vegna þess að málið er á valdsviði hæstv. viðskrh.

Ég hef hins vegar talið ástæðu til að fjalla um þetta mál í fjölmiðlum að undanförnu og reyndar verið að gera athugun á því síðustu vikurnar, jafnvel síðustu mánuðina að segja má, og sú athugun hefur leitt í ljós að óbeint geta erlendir aðilar átt allt að 49,9% í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar bæði útgerð og frumvinnslu. Þetta er mjög í takt við það sem er í þeim löndum þar sem við höfum verið að fjárfesta, t.d. Chile og Mexíkó þar sem þessi mörk eru líka 49,9%.

Það hefur líka komið í ljós að þessar heimildir hafa verið notaðar tiltölulega lítið. Ég hef rætt þetta sérstaklega í samhengi við útrás íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og hafði vilja til þess að skoða það sérstaklega. En við þessa athugun og samtöl við þá aðila sem í þessu hafa staðið hefur komið í ljós að við höfum ekki nýtt þessa möguleika nema afar takmarkað. Eiginlega hefur ekki verið hægt að benda mér á það að lögin, eins og þau eru nú, hafi hindrað neitt það sem við höfum viljað gera í þessum efnum.

Því tel ég að áður en lengra verður haldið sé nauðsynlegt að láta reyna á hvaða möguleikar eru raunverulega fyrir hendi eins og löggjöfin er í dag.

[18:02]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar því að rétt er að hér höfðu tveir þingmenn Sjálfstfl. tjáð sig um málið en ekki einn. En nú talaði hins vegar flokkurinn. Það kom í ljós, virðulegi forseti, að það fór eins og ég hélt að það mundi ekki fara, að flokkurinn og vinstri grænir eru nokkurn veginn samstiga í afstöðu sinni. Hvorugur telur tímabært að gera á þessu neinar breytingar. Og skiptir þá ekki máli hvað tveir ágætir þingmenn Sjálfstfl. hafa sagt, flokkurinn hefur talað.

Mér finnst það mjög miður, virðulegi forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki telja nauðsynlegt að taka þessi mál a.m.k. til skoðunar núna fjórum árum eftir að síðustu breytingar voru gerðar eins og hæstv. utanrrh. sagði. Það fór ekki á milli mála að hæstv. utanrrh. taldi tímabært og meira en tímabært að taka þetta mál til skoðunar og er þá sammála okkur í Samfylkingunni. En enn einu sinni gerist það að „Flokkurinn," með stórum staf, hefur talað og hjartað hans slær vinstra megin grænt og það er merkilegt.

[18:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt ekkert svo slæmt að vera sammála vinstri grænum — svona a.m.k. stöku sinnum. En ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi ekki alveg skilið það sem ég var að segja. Ég var einmitt að segja honum það að ég hafi verið að skoða þessi mál á undanförnum vikum og að ég hafi komist að þeirri niðurstöðu að á það þurfi að reyna hvort eitthvað hindri íslenskan sjávarútveg í því að fjárfesta í þeim fyrirtækjum og þeirri starfsemi erlendis sem hann hefur hug á í þeirri löggjöf sem er í dag. Ég hef því með engu móti lokað á það að við skoðum þetta í framtíðinni. En ég held við þurfum að gera okkur betur grein fyrir því en fram hefur komið í umræðunni til þessa, hvar og hvort eitthvað hamli í þessum efnum.

Það er hins vegar líka athyglisvert sem kom fram í umræðunni hér af hálfu hæstv. utanrrh., þ.e. að staðan sé hugsanlega sú að ef við viljum gera almennt breytingar í þessum efnum þá þurfi til að koma aðrar ráðstafanir til þess að tryggja yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindinni. Og það þýðir þá auðvitað að þetta er efni sem er ekkert augljóst. Ef atvinnugreinin stæði frammi fyrir því að nauðsyn væri á því að setja aðrar takmarkanir í staðinn fyrir þær sem þá væru felldar úr gildi þá ætla ég ekki hér og nú að kveða upp úr með það hver niðurstaðan yrði í því efni.

En hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skildi ekki nákvæmlega það sem ég var að segja, að þetta mál hefur verið í skoðun og ég tel að enn frekar þurfi að reyna á hvort einhverjar hömlur séu fólgnar í þeim lögum sem við búum nú við.

[18:05]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi mætavel hvað hæstv. sjútvrh. var að segja. Hann var að segja allt annað en þeir tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað á eigin vegum í málinu fram að þessu.

Hæstv. sjútvrh. var ekki að segja eins og við í Samfylkingunni og hæstv. utanrrh. og fleiri að nauðsynlegt sé og

tímabært að endurskoða lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Hæstv. sjútvrh. var að segja að nauðsynlegt sé að skoða hvort nauðsynlegt sé að hefja skoðun á málinu. Hann ætlar sem sé að skoða fyrst hvort nauðsynlegt sé að hefja skoðun á því hvort nauðsynlegt sé að breyta lögunum. Ég skildi þetta mjög vel, bara mjög vel.

Og ég undra mig á því að þessi málsvari frjálsra viðskipta skuli ætla að leggja upp með þetta veganesti. Hann situr í ríkisstjórn sem ætlar að fara að laða að erlenda fjárfesta til landsins og hann ætlar að bjóða þeim upp á pakka þar sem þeim er bannað að fjárfesta í helmingi fyrirtækjanna sem á Verðbréfaþingi eru. Og svo ætlar hann að hefja athugun á því hvort hefja eigi athugun á því að breyta lögunum. Ég skildi alveg nákvæmlega hvað hann var að segja. Hann var að segja nákvæmlega það sama og vinstri grænir. Hann var að segja nákvæmlega það sama. Hjarta hans slær vinstra megin og er grænt og það er bara ekkert við því að segja. En svona bara er þetta, herra forseti.

[18:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er einungis eitt atriði sem mig langar til þess að koma að í þessari umræðu. Ég tók mjög grannt eftir því að hæstv. utanrrh. sagði að hann teldi að þessi mál ættu að koma til skoðunar, en að ekkert lægi á, hægt væri að velta þeim fyrir sér í einhvern tíma. Til þess að tryggja síðan yfirráð yfir auðlindinni þá benti hann á t.d. þann möguleika að gera það að skyldu að landa á Íslandi veiði af Íslandsmiðum.

Hann kom síðan að öðru mjög mikilvægu atriði sem var að hann tók það fram enn einu sinni að sú tillaga auðlindanefndar yrði afgreidd að fest verði í stjórnarskrá ákvæði um yfirráð og eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni og ekki er hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að hann líti þá þannig á að það ákvæði hljóti að verða haft fullkomlega til hliðsjónar þegar menn fara að fást við að breyta lögunum um stjórn fiskveiða sem stendur til að gera hér í vetur samkvæmt yfirlýsingum hæstv. sjútvrh.

Þessi tvö atriði skipta mjög miklu máli. Það hlýtur að skipta öllu máli að stjórnarskrárákvæðið liggi fyrir ef það á að fara að ræða um það í alvöru að leyfa útlendingum að kaupa sig inn í sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Þá hljóta menn að þurfa að vita hvernig eignarhaldinu á veiðiheimildunum á að vera fyrirkomið. Og með stjórnarskrárákvæðinu er það mál fest betur í sessi en það er núna.

Mér finnst full ástæða til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sammála þessum atriðum sem hæstv. utanrrh. nefndi sem skilyrði fyrir því að hægt sé að ræða af alvöru um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Ég skildi það þannig að hann væri í raun að tala um þessi tvö atriði sem skilyrði fyrir því. Er hæstv. ráðherra sammála hæstv. utanrrh. í þessu efni eða telur hann að fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi komi til greina að óbreyttum reglum um eignarhald á veiðiheimildunum eins og þær koma út í dag?

Mér hefur nefnilega fundist verulegur vafi leika á því hvað hæstv. sjútvrh. er að hugsa þegar hann talar um að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Í einu viðtali sem ég heyrði við hæstv. ráðherra kom fram að hann teldi að ekki væri samhengi milli þessara tveggja mála, þ.e. breytingarinnar á stjórnarskránni og breytingarinnar á lögunum um stjórn fiskveiða.

Ég held hins vegar að enginn vafi leiki á því að í afskilnaði auðlindanefndar er ákvæðið um breytingar á stjórnarskránni grundvöllur að niðurstöðunni um það hvað er lagt til hvað varðar þessi mál.

Ég held að það væri mikið atriði að hæstv. ráðherra kæmi því á hreint hér hvort hann er sammála hæstv. utanrrh. um framgang þessa máls.

[18:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leiðinlegt ef annars ágæt umræða er að fara út í eitthvert þras um hver sagði hvað og hvenær.

Ef ég reyni að svara spurningunum eins og ég skildi þær þá eru þær um það hvort ég sé sammála hæstv. utanrrh. um það að stjórnarskrárbreyting sé forsenda fyrir erlendum fjárfestingum. Umræðan er nú kannski ekki endilega komin á það stig að farið sé að reyna á eitt eða neitt í þeim efnum. En ég skildi ekki hæstv. utanrrh. þannig að hann teldi að breytingar á stjórnarskránni væru forsenda fyrir erlendum fjárfestingum. Ég skildi hann þannig að hann teldi að 1. gr. laga um stjórn fiskveiða *væri nægjanleg trygging fyrir eign* þjóðarinnar á auðlindinni og þá út af fyrir sig burt séð frá því hvort það væri síðan sett í samhengi við fjárfestingar erlendra aðila.

Ég hef hins vegar sagt varðandi niðurstöðu auðlindanefndarinnar *að ég telji að ekki eigi að blanda saman því sem* auðlindanefndin segir almennt um eignarhald á auðlindum og því sem hún segir um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða og að við eigum að gera breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða út frá því sem lagt er til grundvallar í þeirri *sátt sem kemur frá auðlindanefndinni* nokkurn veginn óháð því hvað hún er síðan að segja almennt um stjórnarskrármálin og þá kannski sérstaklega í því samhengi að ég vil gjarnan geta lagt fram frv. á þessu þingi um breytingar á stjórn fiskveiða. En eins og við vitum þá tekur stjórnarskrárbreyting svolítið lengri tíma. Það þarf að greiða atkvæði um hana tvisvar og kosningar þurfa að fara fram á milli þannig að bara það eitt undirstrikar það að rétt er að við vinnum málið án þess að endilega séu bein tengsl þar á milli.

[18:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er þetta eins og hæstv. ráðherra sagði. Það mun auðvitað ekki ganga að breyta stjórnarskránni um leið og lögunum um stjórn fiskveiða. Hins vegar þarf að liggja fyrir hvaða breytingu menn ætla sér að gera á stjórnarskránni til þess að lögin um stjórn fiskveiða og breytingarnar á þeim lögum hafi þá þann grundvöll sem þær þurfa að hafa. Og það er auðvitað alveg greinilegt að það er forsendan fyrir tillögum auðlindanefndarinnar.

Ég tel ekki að ég hafi verið að leggja hæstv. utanrrh. orð í munn. Hann sagði mjög skýrt hér að hann teldi að það þyrfti að tryggja með ákveðnum hætti eignarhald þjóðarinnar á þessari auðlind ef farið yrði að hleypa útlendingum inn í hana. Á öðrum stað í ræðu sinni kom hann mjög skýrt að því að þetta ákvæði um breytingarnar á stjórnarskránni væri mikilvægt og minnti á að hann hefði áður nefnt við lítinn fögnuð þingmanna hér í sal að til greina kæmi að breyta stjórnarskránni.

Þetta tvennt tel ég aftur á móti, og það eru mín orð, skipta mjög miklu máli hvað það varðar hvort menn geta orðið sammála um að útlendingar geti eignast hlut í útgerð á Íslandi. Allir hljóta að sjá, hvað sem sagt er um eignarhald á veiðiheimildunum og að þjóðin eigi þetta nú allt saman, að á meðan það viðgengst að menn geta keypt og selt þessi réttindi eins og hver önnur réttindi og eignir þá skiptir það

örugglega máli þegar menn ætla að fara að taka afstöðu til þess hvort útlendingar eigi að hafa möguleika á því að sópa til sín veiðiheimildum á markaði hér, sem væri hugsanlega opinn eftir breytingar sem t.d. er verið að nefna í tillögum auðlindanefndar um að framsal aflaheimilda verði gert alfarið frjálst.

[18:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitur maður sagði einhvern tímann að það tæki því ekki að deila um staðreyndir. Það gæti vel verið að annar hvor okkar hafi misskilið hæstv. utanrrh. hér áðan en við höfum ekki ræðuna hans til að fara yfir og sjá nákvæmlega hvað hann sagði.

Ég skildi hæstv. ráðherra þannig þegar hann talaði um að tryggja rétt þjóðarinnar að þá væri hann að tala um að tryggja að hún nyti hags af auðlindinni og þá í því samhengi að ef erlendar fjárfestingar yrðu leyfðar þá yrði jafnframt að landa aflanum hér á landi. Ég skildi hann ekki svo að eitthvað vantaði upp á að fiskveiðistjórnarlögin, eins og þau eru í dag, tryggðu eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni. Þannig skildi ég þá umræðu en það mun þá væntanlega koma í ljós þegar við fáum ræðuna útskrifaða hvort um einhvern misskilning hafi verið að ræða og óþarfi að deila um það frekar.

Hins vegar fannst mér það merkilegt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði áðan um að viðskipti með aflamark eða aflaheimildir og kvóta hindri almennar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég get ekki skilið niðurstöðu auðlindanefndar á annan hátt en að gert sé ráð fyrir að frekar séu minnkaðar þær hömlur sem þegar eru í dag bæði á viðskiptum með aflaheimildir og á því hversu einstakar útgerðir geti átt stóran hlut í aflaheimildunum.

Í þessari nefnd áttu sæti þrír samflokksmenn hv. þm. Ég held að ég fari rétt með, án þess að ég kunni að skilgreina alla nefndarmenn í auðlindanefndinni út frá flokkatengslum, að það sé stærsti einstaki hópurinn sem hægt er að tengja við flokk, þ.e. þrír samfylkingarmenn og þrír flokksbundnir sjálfstæðismenn sem voru í nefndinni.

[18:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að vera afskaplega óskýr í máli í dag ef hæstv. ráðherra hefur ástæðu til að skilja orð mín svona. Málið er að auðlindanefndin leggur til að viðskipti með veiðiheimildir verði frjálsari en verið hefur. Það liggur alveg fyrir. Það sem ég er einfaldlega að segja og minni á er að samstaðan, sem hefur verið töluvert mikil, um að hleypa ekki erlendum aðilum inn í sjávarútveg á Íslandi byggðist á því og hefur gert að menn hafa óttast að útlendingar gætu náð yfirráðum yfir auðlindinni í gegnum það kerfi sem verið hefur í gildi, þar sem menn hafa getað keypt sig inn í auðlindina, eignast veiðiheimildirnar og eignast í raun og veru aðganginn að Íslandsmiðum. Þannig yrði arðurinn af fiskimiðunum fluttur úr landi. Það sem menn þurfa þá að hugsa um núna þegar rætt er um það í alvöru að hleypa útlendingum í fjárfestingar í útgerð hér á landi er að tryggja að menn geti verið öruggir um að erlendir aðilar eignist ekki réttinn til þess að veiða á Íslandsmiðum og að arðurinn af þeim nýtingarrétti renni úr landinu. Nákvæmlega þetta hljóta menn að hugsa um.

Þannig skildi ég hæstv. utanrrh. áðan þegar hann talaði um þessi tvö atriði þó að hann talaði um þau hvort í sínu lagi í ræðu sinni, að hann ætti við að tryggja þyrfti eignarrétt þjóðarinnar og hann er auðvitað gagnslaus ef arðurinn rennur úr landi.

[18:19]

Útbýting þingskjala:

Bygging menningarhúsa, 130. mál, fsp. SJS, þskj. 130.

Bætt réttarstaða barna, 115. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 115.

Flutningur Landskrár fasteigna til Akureyrar, 131. mál, fsp. SJS, þskj. 131.

Gildistaka Schengen-samkomulagsins, 129. mál, fsp. SJS, þskj. 129.

Kostnaður sveitarfélaga vegna EES, 132. mál, fsp. SvanJ, þskj. 132.

Kynbundinn munur í upplýsingatækni, 123. mál, þáltill. HólmS o.fl., þskj. 123.

Launagreiðslur fanga, 134. mál, fsp. MF, þskj. 134.

Nefndir og ráð á vegum ríkisins, 114. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 114.

Ný stétt vinnukvenna, 126. mál, fsp. SvanJ og ÞSveinb, þskj. 126.

Skert þjónusta Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, 128. mál, fsp. ÞBack, þskj. 128.

Stjórnarskipunarlög, 133. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 133.

Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, 107. mál, frv. PM, þskj. 107.

Virðisaukaskattur, 101. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 101.

Þjónusta við börn með einhverfu og skyldar raskanir, 127. mál, fsp. RG, þskj. 127.

[18:21]

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu fjárfesting erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri með áherslu á sjávarútveg, veiðar og vinnslu. Ég vil segja það um þetta mál að mér finnst mikilvægt að við löðum að erlenda fjárfesta að íslensku atvinnulífi og þá ekki síst að fullvinnslu sjávarafurða og öðrum matvælaiðnaði. Það er mjög nauðsynlegt og hollt fyrir úrvinnsluiðnaðinn að við sköpum sambönd við erlenda aðila og sækjum þekkingu og fjármagn, hafi menn á því áhuga, til uppbyggingar á íslensku atvinnulífi.

En ég hef hins vegar fyrirvara á þegar um er að ræða veiðar í íslenskri lögsögu og eignarhald á sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég sé ekki að hægt sé að tryggja það ef erlendum aðilum er hleypt inn í íslenskan sjávarúveg, þ.e. inn í veiðar, útgerðina, með góðu móti að öruggt sé að ekki sé verið að færa yfirráð yfir auðlindinni úr landi. Þessi fyrirvari er settur af minni hálfu vegna þess að hér er náttúrlega um fjöregg þjóðarinnar að ræða. Hér er um að ræða svo gríðarlega stóran þátt í íslensku efnahagslífi að það er ekki rétt að líta á veiðar í íslenskri landhelgi einungis sem atvinnumál heldur er í raun um að ræða mjög stóran hlekk í íslensku efnahagslífi. Það þarf nefnilega ekki alltaf að vera að saman fari hagsmunir þeirra sem veiða eða eigenda útgerðarinnar og þjóðarinnar sjálfrar.

Í þessu sambandi vil ég nefna þá kröfu sem nú er uppi um að allur fiskur fari á markað. Sú krafa tekur ekki tillit til hagsmuna landvinnslunnar heldur er þetta krafa um hámarksarðsemi fyrir veiðarnar. Ég óttast, virðulegur forseti, að ef eignarhald í íslenskum sjávarútvegi færist á hendur erlendra aðila þá tækju menn ekki í jafnríkum mæli og nú tillit til hagsmuna heildarinnar.

Mér finnst sjálfsagt að skoða öll þessi mál og vil ekki útiloka neitt fyrir fram en ég ítreka þessa afstöðu mína að ég

er ekki sannfærður um að rétt sé að hleypa erlendum aðilum í fjárfestingu í íslenskum útvegi.

Það getur vel verið að það skapi ákveðin vandamál að mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru bæði í veiðum og vinnslu en ég tel það samt ekki rök fyrir því að við heimilum erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

Að lokum vil ég segja, virðulegur forseti, að mér finnst áhyggjuefni og vil láta það koma fram hér hversu erfitt rekstrarumhverfið er í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir. Ég hvet til þess að menn ræði það af fullri alvöru, einkum og sér í lagi nú þegar tillögur auðlindanefndar liggja fyrir.

[18:25]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða um það frv. sem hér liggur fyrir og er rétt að árétta að snýst eingöngu um fiskvinnslu en ekki útgerð. Einnig hafa menn farið hér yfir þá möguleika sem okkur bjóðast í dag og þá stöðu sem íslenskur sjávarútvegur er í, bæði vegna þess samstarfs sem er að hefjast milli kauphallanna og vegna þess umhverfis sem atvinnurekstur hér eins og annars staðar óhjákvæmilega hrærist í og við þurfum að taka tillit til á hverjum tíma.

Ég tek eftir því, herra forseti, að þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað eru ekki algjörlega samferða gagnvart þessu efni. Annars vegar talar hér hæstv. utanrrh. og er á þeirri skoðun sem hann hafði áður kynnt að ástæða væri til að endurskoða þessa löggjöf í ljósi þess veruleika sem við blasir. Hins vegar talar hér hæstv. sjútvrh. og telur ekki fullreynt með þá löggjöf sem við nú búum við. Hér er nálgun manna greinilega dálítið mismunandi ef hún stangast hreinlega ekki á.

Ég var satt að segja, herra forseti, dálítið undrandi á málflutningi hæstv. sjútvrh. vegna þess að mér fannst á ákveðnu tímabili sem hann talaði mun meira opinskátt um nauðsyn þess að þessir hlutir væru endurskoðaðir. Hann var þá í raun að taka undir með forráðamönnum ýmissa fyrirtækja í sjávarútvegi sem hafa nú um skeið rætt um nauðsyn þess að endurskoða löggjöfina.

Mér finnst ástæða til, herra forseti, að fara yfir það hér vegna orða hæstv. sjútvrh. að í auðlindanefnd sátu níu fulltrúar. Sex þeirra voru kosnir af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi þannig að það er alveg ljóst hvernig valdahlutföll gátu verið í þessari nefnd. Ég held að það sé tillögum nefndarinnar ekki til framdráttar ef menn vilja við þá endurskoðun sem hér á að fara fram endilega eyrnamerkja þær eða fara mjög nákvæmlega yfir þessi hlutföll, þó að ég geri það hér að gefnu tilefni. Ég held að það sé betra að menn geti horft málefnalega á það sem fram kemur í áliti nefndarinnar og skoðað það í því samhengi sem að mínu mati liggur algjörlega fyrir að verður að gera. Annars vegar er gerð tillaga um breytingar á stjórnarskrá og það er grundvöllurinn, í fyrsta lagi breytingar sem skýra út hvernig eignarhaldi þjóðarinnar á auðlindinni er háttað og hvernig afnotarétturinn er síðan skilgreindur. Síðan koma tillögur og umfjöllun nefndarinnar um meðferð auðlindanna.

Hæstv. sjútvrh. gat þess hér áðan að í áliti nefndarinnar væri fjallað um að frelsi varðandi framsal ætti að verða meira og einnig að hver aðili gæti vélað með meiri aflahlutdeild en það er nú ekki rétt. Tillögur nefndarinnar ganga ekki út á að þakinu verði lyft, eins og það er stundum orðað. Hins vegar kunna einstaka nefndarmenn að hafa tjáð sig um það einhvers staðar en það er ekki hluti af tillögum nefndarinnar og ekki í því samhengi að hin tillagan er sett fram, en það er nákvæmlega, herra forseti, í því samhengi að afnotarétturinn sé afmarkaður eins og gert er ráð fyrir í stjórnarskrárákvæðinu. Þannig hangir þetta allt saman.

Herra forseti. Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram um þetta frv. og hefur farið mun víðar en efnið gaf beinlínis tilefni til hafi verið þörf. Það er tímabært að fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri séu ræddar. Eins og menn hafa komið að eru nokkur ár síðan lögin voru aðlöguð þeim veruleika sem við bjuggum þá við og e.t.v. þarf að aðlaga þau aftur að veruleikanum. Menn þurfa að vinda sér í það verk að skoða hvort ástæða er til þess. Í ljósi umræðunnar, herra forseti, á ég frekar von á því að slík endurskoðun muni fara fram og að breytingar verði gerðar á lögunum.

[18:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að ummæli mín um erlendar fjárfestingar hafa verið gerð að umræðuefni og dregið hefur verið fram að ég hafi sagt mismunandi hluti á mismunandi tímum þá er það út af fyrir sig rétt. Ég var að reyna að gera grein fyrir því áðan að þetta er mál sem ég hef verið að skoða undanfarnar vikur og jafnvel má segja undanfarna mánuði og haft ástæðu til að tjá mig um það í fjölmiðlum á undanförnum vikum. Í millitíðinni fór fram umræða þar sem upplýsingar komu fram um það hvernig staðan væri. Niðurstaða mín eftir þá athugun og eftir þá umræðu er sú að við þurfum að láta reyna betur á það hvort ástæða sé til þess að breyta þessu, hvort þetta hamli okkur í því að fara í þá útrás erlendis sem við viljum fara í.

Varðandi umræðu um auðlindanefndina og það hverjir áttu þar sæti er rétt að stjórnarflokkarnir tilnefndu menn í nefndina sem áttu ekki sæti á Alþingi og hluti þeirra voru óflokksbundnir menn, meðan vinstri flokkarnir, sem urðu síðan Samfylkingin, tilnefndu kjörna alþingismenn sem ég geri ráð fyrir að hafi verið flokksbundnir og séu þá flokksbundnir í Samfylkingunni í dag.

Ástæðan fyrir því að ég er að draga þetta fram er sú að formaður Samfylkingarinnar hefur talað svolítið í tvær áttir varðandi afstöðu flokksins til álits auðlindanefndarinnar. Í umræðunni í dag hefur komið fram að þingmenn flokksins sem hér hafa talað hafa haldið uppi öðrum sjónarmiðum en hafa komið fram í nál. auðlindanefndar og þrír þingmenn Samfylkingarinnar skrifuðu undir. Þess vegna sá ég ástæðu til þess, herra forseti, að gera þetta að umræðuefni að það voru þrír samfylkingarmenn í nefndinni en ég veit ekki til þess að það hafi verið nema þrír sjálfstæðismenn í nefndinni.

[18:33]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast vangaveltur hæstv. sjútvrh. um auðlindanefndina og hvernig menn hafi tekið niðurstöðum hennar eftir því í hvaða flokkum þeir voru þess efnis að kannski væri ástæða til að fara í sérstaka umræðu um það. Mér finnst aftur og aftur gæta ákveðins misskilnings hjá hæstv. sjútvrh. sem ástæða væri til að leiðrétta en er kannski ekki hægt í andsvörum eins og hér gefst fyrst og fremst tilefni til.

En ég vil bara segja þetta: Enn þá kannast ég ekki við að neinn af talsmönnum Samfylkingarinnar hafi talað öðruvísi en við þingmenn Samfylkingarinnar sem skrifuðum undir álit nefndarinnar. Ég kannast ekki við misstemmingar þar

enn þá. Ráðherrann verður því á einhverjum tíma að útskýra betur hvað hann á við til að ég a.m.k. geti áttað mig á því um hvað hann er að fjalla.

Hins vegar finnst mér dálítið sérkennileg sú nálgun ráðherrans að þá fyrst sé ástæða til þess að endurskoða lögin um erlenda fjárfestingu að löggjöf okkar hamli útrás íslenskra fyrirtækja. Ég hefði talið eðlilegt að þetta hefði verið skoðað með öðrum hætti, þ.e. að við litum fyrst og fremst til þess hverjir eru hagsmunir íslensks atvinnulífs og þá íslensks efnahagslífs. Eins og kom fram, bæði í máli mínu fyrr í dag og eins í ræðu hæstv. utanrrh. er það sem menn á fjármálamarkaði hafa kallað gat í þessar fjárfestingar í innlendum hlutabréfum, þ.e. þær eru einungis upp á rétt rúma tvo milljarða á meðan fjárfestingar Íslendinga erlendis eru yfir eða um 160 milljarðar.

[18:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég nefndi að þrír sjálfstæðismenn hefðu verið í auðlindanefndinni kallaði hv. þm. Einar Már Sigurðarson fram í hvort það væri ekki nóg. Jú, það var alveg nóg að hafa þrjá sjálfstæðismenn í nefndinni. Það voru hins vegar þrír þingmenn Samfylkingar en ég er ekki viss um að það sé nóg til að Samfylkingin standi á bak við álit auðlindanefndarinnar. En vonandi mun reyna á það á þessu þingi, það mun koma í ljós hvort Samfylkingin ætlar að standa við þá sátt sem kemur fram í skýrslu auðlindanefndarinnar.

[18:36]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg af hverju hæstv. sjútvrh. telur sig þurfa að vera með frýjunarorð uppi gagnvart Samfylkingunni sérstaklega. Hefur hann engar áhyggjur af eigin flokki? Mér heyrist nú að ef einhvers staðar eru misstemmingar þá komi þær nákvæmlega þaðan og frá ríkisstjórnarflokkunum.

Eins og ég sagði áðan kannast ég ekki við að neinn af talsmönnum Samfylkingarinnar hafi talað í aðra átt en þá að falli fyllilega að áliti auðlindanefndar. Á meðan það er þannig finnst mér fullkomlega ástæðulaust af hæstv. sjútvrh. að koma upp og gera nánast til þess kröfu að Samfylkingin, ein flokka, standi á bak við það álit sem hér liggur fyrir. Ég hefði kannski haldið það stæði öðrum nær.

[18:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Langt er liðið á dag og ástæða þess að ég bað um orðið voru orð hæstv. sjútvrh. áðan. Kannski er það svo að það eru komin einhvers konar hrekkjabrögð í hann ef svo má að orði komast. Það er langt liðið á dag og kannski er galsi í honum eða eitthvað í þá veruna. En a.m.k. var orðræða hans þess eðlis að hún hefur ekkert með veruleikann að gera.

Hæstv. forseti. Ég held að ef nokkur flokkur hefur talað einum rómi um álit auðlindanefndar þá sé það Samfylkingin. Ég held að hver einasti þingmaður sem hefur talað um það mál hafi tekið undir þau grundvallarsjónarmið sem þar koma fram, sem ganga fyrst og fremst út á það að þeir sem nýti auðlindina greiði fyrir hana. Það er grundvallarforsendan sem lagt er upp með. Í nál. sjálfu er síðan opnað á tvær aðferðir við það að ná inn þessu gjaldi.

Hins vegar liggur alveg skýrt fyrir, og menn þurfa ekkert að fara í neinar grafgötur með það, að Samfylkingin hefur nú þegar, og gerði það strax í fyrra, lagt fram grunnviðhorf sín í þessum málum, þ.e. í því frv. sem Samfylkingin lagði fram í fyrra um breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu þannig að sú grunnlína liggur fyrir.

Hins vegar hafa þeir sem hafa tjáð sig um álit auðlindanefndar alfarið tekið undir þau grundvallarsjónarmið sem þar koma fram. Ég veit því ekki, virðulegi forseti, hvað hæstv. sjútvrh. á við þegar hann orðar það þannig að Samfylkingin tali ekki einum rómi.

Þegar hæstv. ráðherra flutti áðan þessa undarlegu ræðu sína fékk ég það á tilfinninguna að hann væri að reyna að kaupa sig með einhverjum hætti frá þessu áliti vegna þess að eins og allir vita hefur Sjálfstfl. í gegnum tíðina skellt skollaeyrum við þeim hugmyndum að menn greiði fyrir þennan aðgang. Einhvern veginn fær maður þá tilfinningu við að hlýða á mál hæstv. ráðherra að hann sé með einhverjum hætti að reyna að koma upp á milli þeirra sem hafa talað fyrir gjaldtöku og með einhverjum hætti reynt að kaupa íhaldið frá þessari niðurstöðu á þeirri forsendu að aðrir séu ekki sammála. Það er í raun og veru eina greining mín á því að reyna að skilja hvað hæstv. ráðherra á við. A.m.k. er alveg ljóst að orð hans hafa ekkert með raunveruleikann að gera.

Sennilega er það rétt niðurstða sem ég nefndi í upphafi að það er kominn galsi í hæstv. sjútvrh. Það er langt liðið á dag, virðulegi forseti, og líklega er það eina skýringin á því að hann flytur mál sitt eins og hann gerði hér. Nema þá kannski eins og ég nefndi líka að hann sé að reyna að kaupa íhaldið frá þeirri niðurstöðu sem auðlindanefndin komst að.

Þess ber að geta að Sjálfstfl. tilnefndi fjóra menn í auðlindanefndina, Framsfl. tilnefndi tvo og stjórnarandstaðan tilnefndi þrjá. Stjórnarflokkarnir tilnefndu því sex menn í auðlindanefndina svo það verður sjálfsagt fullt starf hjá hæstv. sjútvrh. að reyna að kaupa sig frá niðurstöðu nefndarinnar.

[18:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ein skýring á því að hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni finnst ræða mín vera undarleg að hann stendur heils hugar á bak við það nál. sem hann skrifaði undir. Þannig eiga menn auðvitað að standa að málum. Ég vona innilega að áhyggjur mínar af því að Samfylkingin muni ekki standa við þá sátt sem þarna náðist reynist vera ástæðulausar. Eins og ég segi mun vonandi gefast tækifæri fyrir okkur til að komast að því þegar lengra líður á þingið ef okkur tekst að leggja fram frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða á þessu þingi.

[18:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því aðeins ef það er eitt mesta áhyggjuefni hæstv. sjútvrh. að Samfylkingin standi að þessu. Það segir okkur að það er Samfylkingin sem rekur það áfram að einhvers konar sátt náist í málinu á þeirri forsendu að menn greiði fyrir aðganginn að auðlindinni. Það er alveg ljóst að Samfylkingin stendur heils hugar að baki álitinu. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að áhyggjur sjútvrh. eru algerlega ástæðulausar.

[18:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að inna einn nefndarmanna í auðlindanefndinni eftir skilningi á áliti nefndarinnar hvað varðar auðlindir og skilgreiningar á þeim sem eiga að vera í þjóðareigu. Eins og ég hef skilið álit nefndarinnar þýðir það að þeir sem hafa nýtt fiskimiðin í 1100 ár, eins

og í kringum Vestmannaeyjar, eigi engan rétt umfram aðra landsmenn í þeim efnum. Þeir eru algerlega jafnsettir þeim sem aldrei hafa þangað komið og aldrei nýtt fiskimiðin í kringum Vestmannaeyjar. En á hinn bóginn eiga þeir sem nýtt hafa heitt vatn í jörðu til hitaveitu í 50 ár sérréttindi umfram aðra. Með öðrum orðum, að þau réttindi sem fylgja landareign, eins og nýting á heitu vatni, eru ekki, samkvæmt skilgreiningu auðlindanefndar ef ég skil það álit rétt, auðlindir sem eiga að vera í þjóðareigu þannig að þeir sem njóta góðs af þessum auðlindum eiga að hirða allan afraksturinn af þeim í eigin vasa og skila engu í vasa annarra.

Nú er það þannig eins og með hitaveituna á Reykjavíkursvæðinu að hún er afar ódýr og hagkvæm og bætir búsetuskilyrði manna hér mjög mikið. Á sínum tíma þegar ég leit á þessi mál, áætlaði ég að ávinningur þeirra væri um 4 milljarðar á ári miðað við meðalorkukostnað á þeim tíma. 3 milljarðar renna í vasa þeirra sem skipta við veituna, þeir fá ávinninginn í formi lægra gjalds, einn milljarður rann í sjóði borgarinnar. Þetta er ávinningur af nýtingu auðlindar sem er notaður staðbundið. Hvers vegna álítur þá nefndin ekki að *nýting í 1100 ár á auðlindum í kringum Vestmannaeyjar* skapi einhver forréttindi Eyjamanna til þess?

[18:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fór nú aðeins út fyrir efnið í spurningu sinni. *En það er rétt að rifja upp að hv. þm. var einn* þeirra sem á sínum tíma flutti tillöguna um auðlindanefndina. Hann var þá í Alþb. og þáverandi þingmenn flokksins fluttu tillögu um að skipuð skyldi nefnd sem fjalla skyldi um auðlindir sem væru eða kynnu að verða í þjóðareign. Það þýðir að auðlindanefndin fjallaði ekki um þær auðlindir sem löggjafarvaldið var búið að ráðstafa með löggjöf. Því kom, virðulegi forseti, ekki til álita að fjalla um heitt vatn o.s.frv., því hafði löggjafinn þegar ráðstafað þannig að í raun var það ekki á verksviði nefndarinnar heldur þær auðlindir sem væru eða kynnu að verða í þjóðareign, ekki þær auðlindir sem var búið að skilgreina eignarrétt á með einum eða öðrum hætti. Í þessu tilviki hafði löggjafinn skilgreint eignarrétt og því kom spurningin sem hv. þm. bar upp við mig aldrei til álita í vinnu nefndarinnar.

[18:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einhver misskilningur ef menn halda að auðlindanefndinni hafi bara verið falið að fjalla um málin eins og þau stóðu þegar nefndin var skipuð. Eins og segir í ályktuninni átti nefndin að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða í þjóðareign. Sem flutningsmaður get ég alveg upplýst að það þýddi að nefndin átti að fara yfir sviðið og taka afstöðu til auðlinda, þ.e hvort nefndin legði til að þær auðlindir yrðu í þjóðareign eða ekki.

Það virðist, herra forseti, sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi álitið að það sem tilheyrði landi, réttindi undir landi, ættu að vera séreign. (**Gripið fram í:** Nei, það var Framsóknarflokkurinn sem lagði það til.)

Ég spyr um afstöðu þingmannsins. Af því að það er upplýst að hann telur að þeir sem nota heitt vatn í jörðu eigi að líta á það sem séreign en þeir sem nýta fiskimið undan ströndum landsins eigi engan séreignarrétt til þess þá spyr ég hv. þm. hvers vegna og hvernig hann rökstyðji þá afstöðu *sína að byggðarlög sem nýtt hafa þá auðlind í 1100 ár eigi* engan rétt þegar um er að ræða fisk í sjó. Gildir þar enginn sérstakur réttur umfram aðra til að nýta þá auðlind? En þeir sem hafa nýtt heitt vatn í 50 ár mega fara með það sem séreign og þurfa ekki að láta aðra landsmenn njóta þess með sér.

[18:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi hugmynd þeirra sem fluttu á sínum tíma þáltill. um að auðlindanefndin fjallaði um þá hluti sem hann nefndi hér verið sú að um þá yrði fjallað þá var tillagan einfaldlega ekki nægilega skýr. Nefndin fjallaði fyrst og fremst um auðlindir sem eru í þjóðareign eða kynnu að verða í þjóðareign, ekki þær auðlindir sem búið var að ákvarða eignarrétt á með einum eða öðrum hætti.

En það er vert að nefna það sérstaklega í þessari umræðu, virðulegi forseti, að fyrir tveimur árum síðan eða svo, eða a.m.k. varð það að lögum 1998, lagði þáv. iðn.- og viðskrh., *Finnur Ingólfsson, fram frv. um það með hvaða hætti eign*arréttur væri á auðlindum á landi, heitu vatni o.s.frv. Hv. þm. stóð að því fyrir tveimur árum að samþykkja lög um eignarrétt og nýtingu á þessum auðlindum á landi og kemur svo hér nú, virðulegi forseti, og lýsir eiginlega vonbrigðum yfir því að auðlindanefnd — *gott ef hún var ekki skipuð* á svipuðum tíma — skyldi ekki taka ákvarðanir Framsfl. í gegn og endurskoða þær sérstaklega.

Ég held, virðulegi forseti, að það þjóni engum tilgangi að halda þessari umræðu áfram. Hún byggist augljóslega fyrst og fremst á útúrsnúningum en ekki því sem hér er til umræðu. (**KHG:** Það var spurt um afstöðu þingmannsins.)

[18:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú umræða sem farið hefur fram núna síðustu mínúturnar gerir það að verkum að mig brestur þolinmæði til að sitja á stólnum mínum. Ég tel mig nauðbeygðan að koma hér upp. (Gripið fram í.) Ég get lítið gert að því þó að fólk hafi talað sig í hel. Það er þeirra vandamál.

Ef ég skil rétt áherslurnar í máli hv. þingmanna Samfylkingarinnar þá hlýt ég að spyrja hvort textinn í skýrslu auðlindanefndar eins og hann lítur út sé samþykktur af samfylkingarmönnunum, þá sérstaklega þeim þremur sem áttu sæti í þessari nefnd. Jafnframt spyr ég hvort það sé aðalmarkmið alls þessa máls að frjálsa framsalinu skuli kyngt og kvótakerfi komið yfir smábátana, að viðhalda því sem ég hef oft kallað eyðibyggðastefnu úr þessum ræðustól til þess eingöngu að ná fram gjaldtöku gjaldtökunnar vegna. Er það aðalmarkmið þessa máls, eins og ég hef skilið það, að gjaldtakan sé númer eitt, tvö og þrjú og eru nefndarmenn Samfylkingarinnar sem voru í auðlindanefnd tilbúnir að gangast við því að textinn í skýrslu auðlindanefndar sé þeirra?

[18:52]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að rifja það upp með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að grundvallartillaga auðlindanefndarinnar snýst um breytingu á stjórnarskrá. Hún snýst um breytingu á stjórnarskrá í þá veru að þær auðlindir sem nú eru ýmist kallaðar sameign þjóðarinnar eða eru ríkisins, eins og hafsbotninn og hálendið, verði skilgreindar sem þjóðareign og að um þjóðareign gildi alveg ákveðnar reglur, m.a. þær að ef aðili fær nýtingarrétt á þjóðareign þá sé sá nýtingarréttur annaðhvort afmarkaður eða uppsegjanlegur og sé gegn gjaldi. Þetta er grundvöllurinn.

Ég geri þá kröfu til hv. þm. að hann lesi síðan annan texta sem fram kemur í áliti nefndarinnar með hliðsjón af þessu. Ef hann gerir það ekki og tekur málið úr samhengi þá er mjög erfitt að ræða málið við hv. þm. Það er mjög einfalt að taka efni viðamikillar skýrslu þannig úr samhengi að erfitt sé að svara fyrir það og það veit ég að hv. þm. skilur.

Ég geri líka kröfu til þess að hv. þm. fjalli þá fyrst og fremst um álit auðlindanefndar, það álit sem ég og fleiri gerðu samkomulag um. Það þýðir ekki að menn hefðu skrifað undir það eins og það er ef þeir hefðu skrifað það einir. Þarna er um samkomulag að ræða en hv. þm. ætti að láta vera, eins og mér fannst hann gera hér í umræðu, líklega um stefnuræðu forsrh., að eigna mönnum líka það sem kemur fram í fylgiskjölum, þó að þar sé sá fyrirvari greinilega skrifaður að þau eru fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem undir þau skrifa, þ.e. starfsmanna nefndarinnar.

[18:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom eingöngu upp til þess að reyna að átta mig á því hvað þeim orðum hafði fylgt því að mér fannst ég taka rétt eftir því hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að hann hefði sagt að texti skýrslunnar væri nefndarmanna og að það þyrfti ekki að bera sig undan því, hafi ég lagt réttan skilning í þau orð. Ég held að ég hafi nú ekki verið að vitna mikið út fyrir álitsgerðina í þeirri ræðu sem ég flutti hér fyrir nokkrum dögum, a.m.k. er tilvitnunin hér á bls. 49 í skýrslu auðlindanefndar sem nýlega kom út. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Þær tillögur sem hér hafa verið settar fram um sölu eða gjaldtöku af aflaheimildum eru byggðar á þeirri forsendu að stjórnkerfi fiskveiða geti skilað verulegum árangri til hagræðingar og aukinnar arðsemi í sjávarútvegi. Hver sá árangur verður er að flestra dómi öðru fremur háður tvennu: annars vegar varanleika og öryggi aflahlutdeilda og hins vegar frjálsu framsali aflaheimilda."

Mér finnst þetta vera afar skýrt, hv. þingmenn, um að framtíðin eigi samkvæmt skýrslu auðlindanefndar að byggjast á algjörlega frjálsu framsali og óstýrðu. Það er algjörlega út í vindinn hvaða áhrif það á að hafa á byggðarlögin og fólkið í landinu eins og það hefur verið hingað til.

[18:56]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Mig langar að bera fram spurningu, herra forseti. Mér finnst áhugavert að reyna að átta mig á því hvort hv. þm. sjái engan mun á framsali réttinda sem eru tímabundin, eins og gert er ráð fyrir í því stjórnarskrárákvæði sem lagt er til, og ríkjandi ástandi. Sér hann engan mun á framsali réttinda sem kunna að koma til fyrir uppboð eða því ástandi sem er í dag? Að þessu samandregnu, herra forseti: Sér hann þá engan mun á þessu stjórnarskrárákvæði um þjóðareign sem lúta mundi ákveðnum skilmálum, m.a. afmörkun í tíma og gjaldtöku, þ.e. á stöðu mála þegar slík tilhögun væri komin á, og þeirrar stöðu sem er í dag?

[18:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessu. Ég hygg að ef menn gætu nálgast aflaheimildirnar með því sem ég mundi kalla stýrðu uppboði eða stýrðum aðferðum, þá er ég bæði að tala um stýringu flota og að einhverju leyti stýringu varðandi byggðasjónarmið, þá mætti kannski sjá breytingu í þessu fólgna.

Hins vegar verð ég að segja að í lögum um stjórn fiskveiða er ákvæði um að fiskstofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar og að nýting þeirra skuli stuðla að traustri atvinnu og byggð í landinu. Þessi sjónarmið hafa verið í lögum og síðan hefur verið fjallað um þau í Hæstarétti og þau túlkuð þannig að ákvæðin nægðu til þess að ekki þyrfti að greiða mönnum bætur fyrir breytingu á þessum ákvæðum, þ.e. að þau mynduðu ekki varanlegt hald manna á aflaheimildum.

Ég er ekki að hafna því að setja ákvæði um þjóðareign í stjórnarskrána. Það held ég að geti verið til bóta. Mér finnst bara allur pakkinn sem utan um það er byggður ansi lítils virði eins og hann er skrifaður í því sem ég hef kallað sýndarveruleika í skýrslu auðlindanefndar.

[18:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan þá vil ég í fyrsta lagi segja að þegar hann talar um eyðibyggðastefnu þá verðum við að átta okkur á því að tveir valkostir eru í stöðunni að því er varðar stjórn fiskveiða. Annars vegar er að gefa veiðar gersamlega frjálsar þar sem hver getur sótt eins og hann vill. Allir okkar fræðimenn segja okkur að það sé ekki hægt, þ.e. þá yrði styrkur og sóknargeta flotans það mikil að við gengjum mjög á stofnana sem væri mjög hættulegt fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þá er hinn kosturinn sá að stjórna fiskveiðunum og eru uppi ýmis sjónarmið um hvernig það skuli gert. Um nokkurt skeið hefur verið aflamarkskerfi. Þegar hv. þm. talar um eyðibyggðastefnu skulum við ekki gleyma því að ef fiskveiðunum er stjórnað með einhverjum hætti, þá gerum við það þannig að það er verið að útiloka á einhvern hátt þá sem búa næst auðlindinni vegna þess að byggðirnar sem eru við sjávarsíðuna urðu fyrst og fremst til út af nálægðinni við sjóinn. En um leið og við förum að stýra þessu hlýtur það með einum eða öðrum hætti að ganga gegn hagsmunum þessara byggðarlaga, það segir sig sjálft. Áður fyrr var frjáls aðgangur og þá urðu byggðirnar til vegna þessa aðgangs en um leið og við förum að stýra þessu, hljótum við að setja einhverjar kvaðir á byggðirnar.

Mér komu því á óvart þau viðhorf sem hann setti fram um eyðibyggðastefnu án þess að leggja þá til að taka upp að nýju frjálsar fiskveiðar. Það er það eina sem getur komið í veg fyrir að þessar byggðir þurfi undan að láta því þær urðu til af nálægðinni við sjóinn. Það er bara í eðli sínu þannig að ef menn fara að stjórna fiskveiðunum kemur það niður á möguleikum þessara byggðarlaga.

[19:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið alveg sammála hv. þm. um að sjávarbyggðir á Íslandi röðuðust niður á þann veg sem þær gerðu fyrr á árum og jafnvel á fyrri öldum með tilliti til þess að þær lágu vel við fiskimiðum og fólk byggði afkomu sína að stórum hluta á því.

Ég er hins vegar algjörlega ósammála honum um að aðeins séu tveir kostir í stöðunni, það sé áframhaldandi kvótabrask eða frjálsar veiðar. Það eru fjölmargar aðferðir til þess að stýra fiskveiðum. Við höfum notað margar þeirra og samhliða núverandi braskkerfi, höfum við reynt að nota nokkrar sóknarstýringaraðferðir.

Ég minni á að 1992–1993 þegar við náðum ekki að veiða þorskkvótann okkar var gripið til alls konar sóknarstýrðra aðferða í núverandi kvótakerfi, svæðaskiptingar, lokunar

svæða varanlega, takmörkunar eftir tegundum o.s.frv. lokunar smáfiskahólfanna fyrir Norður- og Austurlandi á stórum svæðum og gripið til ýmissa reglna eins og viðmiðunar um stærð fisks og annað slíkt. Þetta eru allt sóknarstýrð tæki og mismuna mönnum ekki að neinu leyti varðandi það að sækja sjóinn.

Nákvæmlega sama regla gildir fyrir fiskimanninn úr þorpinu og togaramanninn ef veiðislóðin er lokuð, svo framarlega sem hún er lokuð fyrir öllum veiðum. Auðvitað hefur veiðislóðinni þegar verið skipt misjafnt niður. Henni var skipt niður m.a. með 12 mílna landhelgi. Það veit ég að hv. þm. veit alveg jafn vel og ég. Innan 12 mílna landhelgi hefur strandveiðiflotinn meiri réttindi en togaraflotinn svo eitthvað sé nefnt. Slíkar útfærslur margar væru til bóta ef þær væru betur útfærðar.

[19:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur í umræðunni því ég sagði að það væru tveir valkostir við að stjórna fiskveiðum. Annars vegar að gefa þær frjálsar eða reyna að stjórna þeim. Ég sagði þá ekki um leið ef við reynum að stjórna þeim hvaða kerfi það væri, það hljóta að vera mismunandi möguleikar í þeim kerfum.

Þegar kemur að stjórn fiskveiða eru vitaskuld uppi hugmyndir um það hvort eigi að reyna að miðstýra þessu þannig að byggðir haldist óbreyttar o.s.frv. eða þær miðstýringar hafa verið reyndar mjög víða um heim, þær hafa hreinlega ekki gefist vel. Eða fara hina leiðina þar sem við reynum að skipuleggja veiðarnar þannig að horft sé til hagkvæmni heildarinnar.

Ég er ekki endilega að taka upp hanskann fyrir núverandi fiskveiðistjórnarkerfi enda, eins og fram kom í umræðunni áðan, og þá hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, er niðurstaða auðlindanefndarinnar ákveðið samkomulag og afstaða Samfylkingarinnar út af fyrir sig, ef svo má að orði komast, birtist vitaskuld í því frv. sem hún lagði fram.

Hins vegar má glöggt greina að Samfylkingin er eins og flestir aðrir ábyrgir stjórnmálaflokkar tilbúin að reyna að ná einhverri niðurstöðu í málefnum í stórum málum sem varða þjóðina því það væri nú merkur stjórnmálaflokkur sem væri ekki tilbúinn til að reyna að leita lausna á ágreiningsmálum í samfélaginu. Það er einu sinni þannig að pólitíkin gengur að stórum hluta út á að menn nái niðurstöðu, þar eru menn uppi með mismunandi sjónarmið, enda skipa þau mönnum í flokka.

Aðalmálið er að stjórnmálaflokkar sýni þann þroska að þeir geti tekið þátt í því að komast að einhverri niðurstöðu. Í þessu tilviki er niðurstaða auðlindanefndar samkomulag sem er langt frá því að vera skrifað af Samfylkingunni. Hitt er að a.m.k. þeir sem sátu í auðlindanefndinni standa að samkomulaginu enda gerðu þeir ekki fyrirvara að álitinu.

[19:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að ég og hv. þm. höfum mismunandi skilning á orðunum „frelsi til fiskveiða“. Ég hef alltaf skilið frjálsar fiskveiðar þannig að þá væru menn ekki með neinar takmarkanir, hvorki sóknarstýrðar né aðrar. Um leið og menn eru farnir að stýra sókn eða athöfnum manna eða flotaeininga eða byggðarlaga tel ég að menn séu búnir að taka upp einhvers konar fiskveiðistjórn. Okkur greinir greinilega á um þessa grundvallarskoðun.

Hins vegar vil ég segja það fyrir mína hönd og flokks míns að við erum tilbúnir til að finna einhvern flöt til að komast út úr því ófremdarástandi sem mér finnst vera í fiskveiðimálunum og stjórn þeirra um þessar mundir. Þá vitna ég enn og aftur til þeirra fjölmörgu byggðarlaga sem hafa farið algjörlega halloka varðandi þetta kerfi þar sem atvinna fólks hefur beinlínis verið seld frá þeim.

Ég skrifa ekki upp á það og það verður þá svo að vera að Frjálslyndi flokkurinn sé ekki hæfur til sátta. Ég ætla ekki að skrifa upp á óbreytt ástand. (Gripið fram í.) Það verður ekki sátt í landinu um þetta framhald kvótabrasksins sem verið hefur við lýði. Það verður ekki sátt um það. Þið skuluð bara gleyma því.

[19:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Vegna þess sem kom fram fyrr í umræðunni um skilning eins nefndarmanna í auðlindanefnd á erindisbréfi nefndarinnar sem var samþykkt Alþingis held ég að rétt sé að rifja upp nokkur atriði til að varpa ljósi á hvað fólst í þeirri tillögu sem var lögð fram á Alþingi á sínum tíma og Alþingi gerði síðan að sinni með samþykktinni.

Skilningurinn sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni var sá að þegar hefði verið tekin afstaða til þess hvernig ætti að fara með auðlindir landsins, hverjar ættu að vera í þjóðareign og hverjar ekki. Það félli því ekki undir erindisbréf nefndarinnar að taka það til umfjöllunar og hafa á því skoðun hvort auðlindin ætti að vera í þjóðareigu og hvaða auðlindir ættu að vera í þjóðareigu.

Þetta þótti mér einkennilegt að heyra núna eftir að nefndin hefur lokið störfum að hafi verið skilningurinn sem hafi verið uppi í nefndinni allri, ef ég skildi þingmanninn rétt, sérstaklega vegna þess að 1. flm. málsins sat á sínum tíma í nefndinni.

Ég vil leyfa mér að endurtaka að tillagan, eins og hún var samin, fól í sér að nefndinni var ætlað að fara yfir hverjar auðlindirnar væru yfir höfuð, það þarf að kortleggja hverjar auðlindirnar eru sem við búum yfir á þessu landi. Það var líka verkefni nefndarinnar að setja fram tillögur um hvort þær ættu að vera í þjóðareigu eða ekki. Þetta er alveg nauðsynlegt að liggi fyrir skýrt og skilmerkilega þannig að það valdi engum misskilningi að nefndinni var ætlað að taka þetta fyrir og hafa á því skoðun.

Ég vil leyfa mér að rifja þetta upp vegna þess á ég var á sínum tíma einn af flutningsmönnum tillögunnar ásamt öllum þingflokki Alþb. sem þá var. Menn verða að skoða tillöguflutninginn í aðdraganda málsins og þau sjónarmið sem menn höfðu sett fram í mörg ár þar á undan gagnvart ýmsum auðlindum. Auðvitað var sá texti sem menn settu saman þá framhald af þeim málflutningi sem menn höfðu verið með. Á Alþingi hafði verið flutt í mörg ár frv. um að lýsa tilteknar auðlindir sem þjóðareign, þar með talið orku fallvatna og nýtingu hennar og um jarðhitaréttindi.

Ég vil rekja annað málið af því ég er með það við höndina, frv. til laga um jarðhitaréttindi, einmitt til að varpa ljósi á baksvið þeirra sjónarmiða sem birtast svo í tillögunni sem síðar varð ályktun Alþingis.

Í þessu frv. um jarðhitaréttindi er meginefnið að lýsa því yfir að jarðhitaréttindi neðar en 100 metra undir yfirborði jarðar séu þjóðareign, eða eins og segir, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi."

Þarna var verið að lýsa þessi réttindi eign þjóðarinnar sem voru þarna fyrir neðan og takmarka einkaeignarréttindi sem fylgdu landinu. Það var aldeilis ekki að þingmenn, sem þetta fluttu ár eftir ár, hafi verið þeirrar skoðunar að það hafi verið útrætt mál hvaða auðlindir ættu að vera þjóðareign. Það var ekki bara að það væru þingmenn Alþb. sem höfðu þessa skoðun, það voru fleiri eins og ég vil nú vitna til.

Frv. þetta sem ég er hér með og var síðast flutt á 122. löggjafarþingi, um jarðhitaréttindi, var fyrst flutt árið 1983 og þá sem stjfrv., ekki sem frv. eins stjórnmálaflokks og ekki sem frv. eins þingmanns, heldur sem stjfrv. þáv. stjórnar sem samanstóð af Framsfl., Alþfl. og Alþb. Þá var forsrh. Gunnar Thoroddsen. En þetta þingmál átti aðdraganda í stjórnarmyndun 1978. Þá var sett ákvæði í samstarfsyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar þess efnis að djúphiti í jörðu skyldi vera þjóðareign.

En það var aldeilis ekki svo að menn litu svo á að þetta væri afgreitt mál, óumbreytanlegt. Finnst mönnum líklegt að þingmenn þess flokks sem tóku þetta mál upp á sínum tíma og hafa fylgt því eftir alla tíð fari allt í einu að flytja þáltill. með allt öðrum skilningi á því hvað eigi að vera eign þjóðarinnar af auðlindum landsins? Fjarri fer.

Í grg. með frv. sem ég nefndi er einmitt að finna lögfræðilega reifun á því að unnt sé að setja skorður við einkaeignarréttindum á jarðhita og meðal þess sem vitnað er til er ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið „Um eignar- og umráðarétt að jarðhita". Ólafur Jóhannesson, sem var forsætisráðherra um skeið og einn virtasti lögfræðingur landsins, var þeirrar skoðunar að menn gætu sett lög um þetta efni og takmarkað einkaeignarréttindi að þessu leyti og lýst réttindin þjóðareign. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þótt réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lög um þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúru auðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það sem sagt er hér að framan um Danmörk.""

Svipað má finna í ummælum eftir dr. Bjarna Benediktsson í grg. með frv. sem hann flutti á Alþingi árið 1945. Það er því aldeilis ekki þannig að menn hafi litið svo á að búið væri að afgreiða það í eitt skipti fyrir öll að réttindi undir landi væru prívateign landeigenda. Þetta eru þau viðhorf sem liggja að baki tillögu sem þingflokkur Alþfl. flutti á sínum tíma sem síðan varð að samþykkt Alþingis og leiddi til stofnunar auðlindanefndar. Þau sjónarmið sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom hér fram með um skilning á efni tillögunnar eru því algerlega út í hött, fullkomlega út í hött og bendir til þess að menn hafi litið svo á að þeir ættu að gera eitthvað annað en þeim var falið að gera.

Hverjum þjónar það, herra forseti, að nefndin taki ekki til umfjöllunar þá spurningu hvort ekki sé sanngjarnt og rétt að jarðhitaréttindi séu þjóðareign? Hverjum þjónar það? Það þjónar þeim sem nýta þau réttindi í dag sér til hagsbóta en öðrum ekki. Getur verið, herra forseti, að það sé sjónarmið hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og þingflokks Samfylkingarinnar þá líka, ef marka má ummæli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að sumar auðlindir eigi að vera fyrir suma og aðrar auðlindir eigi að vera fyrir alla?

Herra forseti. Ég vil segja það sem mitt sjónarmið í þessu máli að ég tel það fullkomlega ósamrýmanlegt að auðlind sem heitir heitt vatn og er verðmæt auðlind, mjög verðmæt auðlind, skuli bara nýtast þeim sem á landið sem vatnið er undir en auðlind sem heitir fiskimið skuli nýtast öllum. Mér finnst þetta ósamrýmanleg afstaða, herra forseti. Ef menn eru þeirrar skoðunar að sumt af auðlindum eigi að vera fyrir suma, að það eigi bara að nýta sum réttindi til hagsbóta fyrir hluta af þjóðinni, gott og vel, þá skulum við hafa það sem afstöðu. En þá verður sú afstaða líka að gilda um aðrar auðlindir eins og fiskimiðin. Og menn verða þá að fallast á að þau byggðarlög sem nýta og nýtt hafa fiskimið um langan aldur eigi ákveðinn rétt til að nýta þau fiskimið umfram aðra. Annað er ekki sanngjarnt, herra forseti. Mér finnst að ef það er rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir og lýsir í störfum nefndarinnar, þá hafi nefndin vikið sér undan því að svara þessari sanngirnisspurningu. Þá er málið að verulegu leyti ónunið pólitískt séð ef menn hafa ekki leitt til niðurstöðu þá umræðu, eðlilegu og sjálfsögðu pólitísku umræðu um jafnan rétt manna til auðlinda sem tilheyra íslenskri þjóð án tillits til þess hvað auðlindin heitir.

Ég get ekki sagt annað, herra forseti, en að ég er ósammála því sjónarmiði sem hv. þm. lýsir hér um hvað sé eðlilegt og sanngjarnt. Ég er ósammála því. Mér finnst að það sé ekki afstaða sem samræmi er í og það þurfi því að vinna þetta mál betur áður en takast megi að ná einhverri verulegri sátt um það til framtíðar.

[19:21]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var merkileg ræða sem hér var flutt, svolítil nostalgíuræða fyrrv. alþýðubandalagsmanns sem hefur ekki enn þá fengið sig til að horfast í augu við það að nokkuð er um liðið og í rauninni allt frá landnámi hefur það sem kallað er einkaeignarréttur verið yfirgnæfandi í löggjöf sem snýr að verðmætum eins og auðlindum lands og öðru slíku. Á meðan sú tillaga sem hv. þm. var einn af flutningsmönnum að var til umfjöllunar í þinginu, þ.e. um skipan auðlindanefndarinnar, voru samþykkt lög sem tóku til stórra þátta þess máls sem hv. þm. fór yfir, m.a. um eignarhald á landi og hvernig því eignarhaldi skyldu settar skorður.

Það frv. var keyrt inn af hv. þáv. iðnrh. og viðskrh. og gert að lögum af þeirri ríkisstjórn sem þá sat og var samsett af sömu flokkum og núna. Það kom fram af hálfu 1. flm. tillögunnar um auðlindanefndina þegar verið var að afgreiða það mál, að fyrir henni liti þetta mál orðið nokkuð öðruvísi út en það hefði gert í upphafi vegna þess að á vinnslutíma tillögunnar í þinginu hefði verið gengið frá þessum málum, og það var gert með þeim hætti sem fram kemur í gildandi löggjöf um það. Ég ætla bara að undirstrika að það kom ekki til álita af hálfu auðlindanefndarinnar, auðvitað var farið yfir

það, en það kom ekki til álita að taka þá löggjöf upp eins og mér virðist sem hv. þm. telji að hefði átt að gera.

[19:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur staðfest orð mín um skilning á tillögunni, hvað fólst í henni. Hins vegar er komin fram skýring frá þingmanninum af hverju nefndin vann ekki verkið eins og til var ætlast og skýringin er sögð sú að Alþingi hafi sett lög.

Það er kosturinn við lög, herra forseti, að þeim má breyta og það gerum við dálítið oft. Alþingi hefur m.a. sett lög um stjórn fiskveiða. Engu að síður tók auðlindanefndin þau lög til umfjöllunar og komst að þeirri niðurstöðu að það bæri að breyta þeim og lagði fram tillögur í þeim efnum þannig að skýring hv. þm. á því af hverju auðlindanefndin vann ekki sitt verk eins og til var ætlast fellur um sjálfa sig. Hv. þm. verður að upplýsa þingheim og almenning um það af hverju þingmenn Samfylkingarinnar gera sér mannamun á íslenskri þjóð, af hverju þeir líta svo á að þeir sem nýta fiskimiðin þurfi að sæta því að þau séu sameign þjóðarinnar en þeir sem nýti sér heitt vatn líti á það sem sín einkaeignarréttindi og þurfi ekki að standa öðrum þjóðfélagsþegnum nein skil á hluta af þeim verðmætum. Það er það sem stendur upp úr eftir þessa umræðu, að Samfylkingin á eftir að útskýra þessa stefnu sína.

[19:25]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski rétt að rifja það upp fyrir hv. þm. að þeir þingmenn sem sátu í auðlindanefnd og voru þá ýmist í þingflokki jafnaðarmanna eða Alþb. stóðu hvorki að flutningi né samþykkt þeirrar löggjafar sem hér var frágengin á árinu 1998 um eignarhald á auðlindum í jörðu. Það gerði hins vegar flokkur hv. þm. Mér finnst, herra forseti, að hv. þm. skuldi hér rétt eins skýringar á viðhorfum flokks síns í þessum efnum eins og við þingmenn Samfylkingarinnar. Það hefur legið fyrir hver afstaða okkar hefur verið og á hv. Alþingi höfum við verið henni samkvæm.

Hv. þm. talar hins vegar algerlega í allt aðra átt en sá flokkur sem hann er þingmaður fyrir hefur starfað og unnið og mér finnst, herra forseti, að það hljóti að kalla á skýringar miklu fremur en það hvaða afstöðu fulltrúar Samfylkingarinnar höfðu í auðlindanefnd þegar þessi mál komu til umfjöllunar einfaldlega vegna þess að ég held að ef hv. þm. les tillöguna eins og hún var afgreidd frá Alþingi, þá sjái hann rétt eins og ég að nefndinni var falið að fjalla um þær auðlindir sem væru í þjóðareign eða kynnu að verða og eins og ég sagði áðan, nefndin leit ekki á það sem sitt hlutverk að fara inn á svið þar sem Alþingi var nýbúið að afgreiða með miklum pólitískum meiri hluta og rífa það upp, enda var ljóslega ekki meirihlutavilji fyrir því í þinginu sem endurspeglaðist aftur í nefndinni. Þetta hlýtur hv. þm. að vita sem aðili að meiri hluta á hv. Alþingi.

[19:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óþarfi að karpa meira um þetta. Fyrir liggur hvert erindið var sem nefndin fékk og það liggur líka fyrir að nefndin kaus að líta fram hjá því að hluta ef marka má ummæli tveggja þingmanna sem voru í nefndinni. Skýrsla auðlindanefndar liggur fyrir og er til umfjöllunar en hún er auðvitað bara skýrsla auðlindanefndar. Hún er ekki skýrsla neinna annarra. Nú taka aðrir við þeirri skýrslu og fara um hana höndum og ræða það sem í henni er. Við vitum ekkert um niðurstöðu á því á þessu stigi hvað það kann að leiða til varðandi þau mál sem skýrslan tekur til. Það er því ekki ástæða til að gera meira úr þeirri niðurstöðu sem auðlindanefnd hefur komist að en efni standa til.

[19:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að umræða af þessum toga geri það einmitt að verkum að ýmsir draga í efa að hér fari fram hin raunverulega pólitíska umræða í landinu. Ég held, virðulegi forseti, að þær hártoganir og þeir útúrsnúningar sem við höfum þurft að hlýða á á hinu háa Alþingi séu aðeins til þess fallin að draga úr virðingu þingsins. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, aðeins reyna að draga saman þá umræðu sem hér hefur farið fram og það sem raunverulega átti sér stað. Ég skal reyna að tala hægt, virðulegi forseti, þannig að allir geti fylgst með.

Í fyrsta lagi lagði þáv. þingflokkur Alþb. fram till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald. Hún var með ákveðnum hætti eins og er að finna á þskj. 798, 465. mál á 122. löggjafarþingi frá árinu 1997–1998. Þar var einmitt fjallað um það sem hv. þm. nefndi í máli sínu. Í tillögunni er m.a. talað um „námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi." Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þetta var lagt fram á sínum tíma. En síðan fékk málið meðferð í þinginu og þegar þeirri meðferð lauk var þessi tillaga samþykkt. Þá hafði ýmsu verið breytt frá hinni upprunalegu tillögu og við sem sátum í auðlindanefnd litum svo á að samþykkt Alþingis á endanum væri það umboðsbréf sem við höfðum og eftir því var unnið. Það hljómaði þannig, virðulegi forseti:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, ..."

Þetta var nákvæmlega umboðsbréf nefndarinnar, þ.e. auðlindir sem eru eða kunna að verða í þjóðareign. Annað var fellt út úr tillögunni og við hljótum að spyrja okkur þegar talað er um þjóðareign: Hvers konar eignarréttindi er átt við? Er átt við réttindi sem búið er að skipa með þeim hætti, hvort sem það er fyrir hefð, venju, löggjöf, viðskipti eða annað, að þau eru verðmæti sem eru háð einkaeignarrétti. Svo er ekki. Þannig skilgreindum við það. Við skilgreindum þetta nákvæmlega samkvæmt umboðsbréfinu sem Alþingi samþykkti, þ.e. að nefndinni er ætlað það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða í þjóðareign. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Við fórum yfir það hvað við töldum að væri þjóðareign og síðan var vinnunni haldið áfram og skýrslan liggur fyrir.

En vegna þess sem hv. þm. fór yfir áðan held ég að líka sé þörf á útskýringum í þessu samhengi til þess að menn skilji af hverju við fórum ekki í þá hluti sem hv. þm. nefndi. Það sem skýrir það er frv. sem var lagt fram og síðan samþykkt sem lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þegar þetta frv. varð að lögum á sínum tíma sat a.m.k. þingflokkur jafnaðarmanna hjá eða greiddi atkvæði gegn því og gott ef þingflokkur Alþb. gerði það ekki líka. En minni mitt er ekki það gott að ég muni það nákvæmlega. Í 3. gr. þessara laga segir, með leyfi forseta:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Þetta var rætt mjög vandlega í þinginu og þáv. hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, svaraði því aðspurður að í þessu fælist það að eigandi að jörð ætti réttindi eins langt niður og mögulegt væri að nýta. Það var svarið. Það var því klárt að þáv. ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. skipuð sömu flokkum og nú sitja í ríkisstjórn samþykkti á sínum tíma að eign á landi fylgdi réttur til auðlinda svo langt niður sem hægt væri að nýta. Þar af leiðandi eru þau réttindi og þær auðlindir sem hv. þm. talaði um og heyra til eignarlandi og einkaeignarrétti klárlega skilgreindar. Af þessu réðum við í auðlindanefndinni að þessir hlutir kæmu ekki til umfjöllunar hjá okkur af því að umboðsbréfið sem Alþingi samþykkti á sínum tíma kvað sérstaklega á um að verið væri að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða í þjóðareign. Niðurstaða nefndarinnar er mjög skýr. Meginreglan er sú að um auðlindir í þjóðareign eigi að gilda að að þeim sé jafn aðgangur og að fyrir nýtingu á þeim auðlindum skuli greitt gjald. Þetta er meginniðurstaða nefndarinnar um nýtingu auðlinda í þjóðareign.

Það er enginn misskilningur í þessu. Þess vegna er dálítið sorglegt, virðulegi forseti, að við á hinu háa Alþingi skulum eyða tíma þingsins í að hártoga hluti, fara upp nánast í tilgangsleysi til þess eins — ég veit ekki hvort það er til þess að varpa rýrð — ég veit ekki nákvæmlega hver tilgangurinn er með því að flytja ræðu eins og flutt var hér áðan sem hefur ekkert með veruleikann að gera. Mér finnst dálítið sorglegt að formaður þingflokks Framsfl. skuli hafa flutt þá ræðu sem hann flutti hér áðan vegna þess að hún er í engu samræmi við veruleika og sögu þessa máls.

[19:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Upphaf málsins var að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hélt því fram að skilningurinn á málinu hefði komið fram af hálfu þeirra sem fluttu málið í upphafi og þar sem ég var einn flutningsmanna þá ætti ég að vita betur.

Ég er búinn að hrekja það með gögnum að ummæli þingmannsins um meiningu flutningsmanna er rangur enda er ekkert um það deilt lengur. Ég hef líka bent á að þó að menn setji lög þá megi breyta lögum og fyrir því liggja lærðar greinar, m.a. eftir hv. fyrrv. þm., Ólaf Jóhannesson, að setja megi eignarréttindum skorður að þessu leytinu til.

Þingmenn Samfylkingarinnar eiga eftir að svara því hvers vegna þeir halda sig við það sjónarmið að ekki hafi átt að svara spurningunni um hvaða auðlindir eigi að vera í þjóðareign og hverjar ekki. Mér finnst dálítið langt gengið af þeirra hálfu að líta svo á og svara því til að það séu þingmenn stjórnarflokkanna sem svari fyrir þá í þessum efnum.

[19:36]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit svo sem ekki hvaða tilgangi þessi umræða þjónar öðrum en að tefja þingfund. Satt best að segja má vel vera að ég hafi ekki talað nægilega hægt áðan. Kannski er það ástæða þess að hv. þm. kemur hér upp aftur og aftur og heldur fram sömu viðhorfum sem hafa ekkert með veruleikann að gera. En svo ég segi það mjög hægt og skýrt í eitt skipti fyrir öll þá var auðlindanefnd ekki ætlað að fjalla um auðlindir eða verðmæti í einkaeign. Þegar af þeirri ástæðu var ekki fjallað um það sem hv. þm. hefur gert hér að umtalsefni aftur og aftur. Það er eins og að berja höfðinu við stein að fara yfir þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að frekari umræða þjóni nokkrum tilgangi.

[19:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel útrætt það mál sem ég hef skipst á skoðunum um við þingmenn Samfylkingarinnar. En mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. forseta. Nú hefur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson í tvígang vegið að mér persónulega og sagt að hann þurfi að tala alveg sérstaklega hægt og kannski hafi hann ekki talað nógu hægt og brigslað mér um að skilja ekki það sem hann hefur fram að færa. Mér finnst ástæðulaust, herra forseti, þó að menn greini á í pólitískri umræðu að grípa til þess að gera lítið úr andstæðingum sínum.

Herra forseti. Alveg sérstaklega finnst mér ástæðulaust að forseti sitji aðgerðalaus í stól forseta þegar slík ummæli falla og það tvisvar frekar en einu sinni. Því hlýt ég spyrja hæstv. forseta: Hverju sætir það?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti sá ekki ástæðu til að veita hv. 6. þm. Suðurl. áminningu fyrir ummæli í ræðustól.)

[19:38]

Útbýting þingskjals:

Samkeppnishæf menntun og ný stefna í kjaramálum kennara, 92. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 92.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:39.

---

11. FUNDUR

þriðjudaginn 17. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 25. mál, þskj. 25. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
6. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
7. Dómtúlkar og skjalaþýðendur, stjfrv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.
8. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 1. umr.
9. Meðferð opinberra mála, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
10. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
11. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
12. Smásala á tóbaki, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
13. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.

14. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
15. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
16. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr.
18. Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.
[13:31]

Útbýting þingskjala:
Sveitarstjórnarlög, 135. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 135.
Tímareikningar á Íslandi, 124. mál, frv. VE o.fl., þskj. 124.
Viðskiptabankar og sparisjóðir, 137. mál, frv. VÞV o.fl., þskj. 137.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 22. mál (sólarlagsákvæði, sóknardagar, veiðar smábáta o.fl.). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 21. mál (aflahlutdeild til skólaskipa). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Matvæli, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 74. [13:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er samið í umhvrn. í framhaldi af tillögum nefndar sem starfaði í desember 1999 og fékk það hlutverk að gera tillögur um hvernig bregðast skyldi við niðurstöðum skýrslu sem tekin var saman í nóvembermánuði 1999 um útbreiðslu kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum og um orsakir sýkingar í mönnum.

Meðal tillagna nefndarinnar eru breytingar á lögum nr. 93/1995, um matvæli, auk annarra t.d. breytingar á sóttvarnalögum, nr. 34/1954, sem samþykktar voru á 125. löggjafarþingi. Megintillögur nefndarinnar beinast að aðgerðum til þess að draga úr tíðni kampýlóbakter í afurðum alifugla, m.a. með því að fækka menguðum eldishópum alifugla, fyrirbyggja krosssmit eins og hægt er og auka eftirlit og vöktun, en einnig að auka fræðslu til almennings og matvælafyrirtækja um smitleiðir og rétta meðferð matvæla.

Til að tryggja framgang þeirra meginmarkmiða sem fram koma í tillögum nefndarinnar, þ.e. að ná niður kampýlóbakter í matvælum og fækka sýkingum af þeirra völdum í mönnum, er nauðsynlegt að auka fræðslu, eftirlit og vöktun. Til þess að svo megi verða þarf að breyta lögum um matvæli.

Þær breytingar sem fólgnar eru í frv. því sem ég mæli fyrir taka mið af því að hægt sé að grípa til þess ráðs að setja reglur um að starfsfólk sem starfar við matvælaframleiðslu og dreifingu matvæla hafi til að bera grundvallarþekkingu á meðferð matvæla, ekki síst með hliðsjón af öryggi þeirra og innra eftirliti fyrirtækjanna. Slík ákvæði er t.d. að finna í nýrri matvælalöggjöf í Danmörku og hefur því verið fylgt eftir með námskeiðum fyrir starfsfólk í matvælafyrirtækjum. Því er lagt til í a-lið 1. gr. að hlutaðeigandi ráðherra sem getur verið umhvrh., landbrh. eða sjútvrh., eftir því eftirliti sem um er að ræða, geti sett reglur þess efnis að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð matvæla. Á slíkum námskeiðum verði lögð sérstök áhersla á innra eftirlit fyrirtækjanna og öryggi matvæla.

Nokkuð skortir á að þeir sem starfa við matvælaframleiðslu hér á landi hafi til að bera nægilega þekkingu eða hljóti fullnægjandi fræðslu áður en þeir taka til starfa og ekki er óalgengt að starfsfólk sé ráðið í störf í matvælavinnslu án

nokkurs undirbúnings. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að hægt sé að setja reglur til að tryggja þekkingu starfsfólks, þ.e. ef matvælafyrirtækin gera það ekki sjálf.

Einn þáttur í að tryggja framgang mála er sú ótvíræða skylda sem eftirlitsaðilar verða að bera til að reyna að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni að þeir grípi til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Því er lagt til í b-lið 1. gr. að eftirlitsaðilar skuli vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skuli grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Með þessu er tekinn af allur vafi um skyldur þessara aðila til að vinna að forvörnum og upplýsa mál sem upp kunna að koma þannig að gripið verði til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og kostur er og áður en í óefni er komið.

Nokkuð hefur verið á reiki hvaða skyldu þeir sem annast rannsóknir og greiningu á matvælum beri til að tilkynna til hlutaðeigandi stofnana ef hætta getur stafað af neyslu matvæla. Nauðsynlegt er að slík skylda sé fyrir hendi ef niðurstöður greininga eða rannsókna gefa til kynna að hætta sé á heilsutjóni. Enn fremur er nauðsynlegt að takmarka tilkynningarskyldu rannsóknar- og greiningaraðila við þær örverur sem valdið geta sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og því er nauðsynlegt að tengja framkvæmdina við sóttvarnalög. Á því er tekið í 2. gr. frv. Um leið er eðlilegt að þeim sem sinna opinberu eftirliti og þeim sem sinna innra eftirliti í matvælafyrirtækjum beri skylda til að upplýsa um gögn sem þeir hafa undir höndum sem bent geta til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Þetta ákvæði mun að sjálfsögðu gilda um allar rannsóknastofur jafnt, óháð því hvort þær eru reknar á vegum hins opinbera eða eru í einkaeigu og hvort rannsókn eða greining sýna er gerð fyrir matvælafyrirtæki, aðra einkaaðila eða opinbera aðila. Með sama hætti á tilkynningarskylda jafnt við um opinberan eftirlitsaðila og sjálfstætt starfandi skoðunarstofu.

Að öðru leyti eru gerðar breytingar á lögunum annars vegar með hliðsjón af því að heiti laga um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti hefur verið breytt í heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 7/1998, þ.e. 3. gr. þeirra laga, og hins vegar í tengslum við setningu gjaldskrár vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða samkvæmt 8. og 9. kafla laganna og vegna matvælaeftirlits. Setja þarf í lögin sambærileg ákvæði um gjaldtökuheimildir og gjaldskrár og sett hafa verið í önnur hliðstæð lög á undanförnum árum, sbr. a-lið 3. gr. og 4. gr.

Ég vil í lokin geta þess að aðgerðir sem gripið var til á síðasta ári tóku að skila merkjanlegum árangri í lægri tíðni kampýlóbakters í kjúklingaeldishópum undir lok síðasta árs. Það sem af er þessu ári hefur tíðni bakteríunnar í eldishópum verið mjög lág. Í framhaldi af aðgerðum í kjúklingaeldinu var gripið til aðgerða á síðari framleiðslustigum, þ.e. í flutningi og slátrun. Samkvæmt fyrirliggjandi niðurstöðum hefur náðst verulegur árangur af þessum aðgerðum.

Frv. sem hér er mælt fyrir, virðulegur forseti, var lagt fram á 125. löggjafarþingi. Það er hér lagt fram efnislega óbreytt að öðru leyti en því að bætt hefur verið við nýju ákvæði, a-lið 3. gr., er varðar gjaldtöku vegna matvælaeftirlits.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[13:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til að fagna þessu framkomna frv. frá hæstv. umhvrh. Það er ljóst að kampýlóbaktersýkingar geta valdið fólki miklu heilsutjóni og því mjög brýnt að yfirvöld grípi til allra tiltækra ráða til að stemma stigu við smithættu og sýkingum. Ég hygg að þetta frv. sé skref í rétta átt til öflugra eftirlits og neytendaverndar hér á landi. Það er brýnt að auka fræðsluna, ekki síst fyrir starfsmenn matvælafyrirtækja, um rétta meðferð matvæla og um smitleiðir og efla þar með námskeiðahald á þessum vettvangi. Einnig tel ég fulla ástæðu til þess að fagna hér ákvæði um tilkynningarskyldu telji menn minnsta grun leika á því að um sýkingu sé að ræða.

Ljóst er og reynsla síðasta árs kennir okkur að víða hefur pottur verið brotinn í þessum efnum. Því er ekki seinna vænna fyrir íslenska neytendur að þessi vernd verði efld með þessum hætti og víst er að hv. umhvn. mun taka þetta mál til rækilegrar og jákvæðrar skoðunar.

[13:43]

Ragnheiður Hákonardóttir:

Virðulegi forseti. Á síðasta ári hafa umræður um aukið eftirlit með framleiðslu, meðferð og dreifingu matvæla orðið æ háværari. Það er ekki síst vegna mjög alvarlegra sýkinga sem rekja má til neyslu matvæla og í sumum tilfellum hefur verið um endurtekningu að ræða og mjög alvarlega horft við þegar ekki hefur verið brugðist við strax.

Hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um matvæli og þar af leiðandi komið nokkuð til móts við ástandið. Umhvrn. lét kanna útbreiðslu kampýlóbakters og lagði fram tillögur til úrbóta til að draga úr hættu á sýkingum. Fyrrgreint frv. er liður í þessari aðgerð.

Virðulegi forseti. Gera má ráð fyrir því að umfang starfa eftirlitsaðila vaxi á komandi árum og eftirlit með framleiðslu, meðferð og dreifingu matvæla verði m.a. meira í höndum innra eftirlits framleiðenda og gæðaþróunar þeirra sjálfra. Því væri rétt að færa eftirlit ríkisins eða opinberra aðila í einfaldara form, t.d. með því að fella slíkt undir eitt ráðuneyti.

Aukin menntun starfsfólks og atvinnurekenda, aukin gæði í meðferð matvæla og ekki síst skyldur og aukin ábyrgð framleiðenda á meðferð, framleiðslu og dreifingu verða óneitanlega þeir þættir sem ber að leggja ríka áherslu á. Í þeim breytingum sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir þessu í auknum mæli. Skyldum opinberra eftirlitsaðila verður því fremur beint að því að sinna forvörnum og rannsóknum í stað þess að sinna einvörðungu eftirliti í komandi framtíð.

Þær stofnanir sem haft hafa með höndum eftirlit með matvælum eru m.a. Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, héraðsdýralæknar og Fiskistofa. Hver um sig sinnir veigamiklu hlutverki á þessu sviði en eru þær í stakk búnar til að sinna að fullnustu hlutverki sínu?

Fiskistofa rekur útibú vítt um landið, sums staðar mjög ófullbúin. Heilbrigðisnefndir og eftirlit sveitarfélaganna glíma víðast hvar við fjármagnsskort. Gert er ráð fyrir því að gjald notenda vegna þjónustu dragi dám af vegalengdum og kostnaði við ferðir, sbr. 3. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég beini því þeim tilmælum til hæstv. umhvrh. að kannaðir verði fjárhagslegir burðir viðkomandi eftirlitsaðila í matvælaeftirliti á að rækja skyldur sínar svo að fullnægjandi verði samkvæmt þeim lögum og reglugerðum

sem þeim ber og þeim tryggt nægt fjármagn til þess.

[13:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna sem orðið hefur um þetta litla en þó ágæta mál. Þetta er ekki umfangsmikið frv. eins og menn sjá.

Það er rétt sem dregið hefur verið fram af hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að þetta er skref í rétta átt og þetta er að mínu mati mjög stórt skref. Einnig er rétt sem hér kom fram að víða hefur pottur verið brotinn í matvælaeftirlitsmálum.

Hér var sérstaklega tekið fram af hv. 1. þm. Vestf., Ragnheiði Hákonardóttur, að einfalda þyrfti eftirlit með matvælum og fella undir eitt ráðuneyti. Ég tek undir þau orð og lýsi því við þessa umræðu að sú er hér stendur flutti um það tillögu í ríkisstjórninni að reyna að einfalda matvælaeftirlitið. Nefnd forsrh. um opinbert eftirlit fékk það mál til umfjöllunar og hefur verið að skoða það. Ég tel mjög æskilegt að matvælaeftirlitið verði einfaldað og fellt undir ekki þrjú ráðuneyti eins og það er í dag heldur tvö eða eitt þannig að það verði einfaldað frá því sem nú er.

Við höfum reynt að skoða þessi mál í umhvrn. á jákvæðan hátt og ég tel að það verði að nálgast þau mál þannig að menn verða að hugsa aðallega um neytendur þegar þeir eru að reyna að færa á milli eftirlit og einfalda það en hugsa ekki einungis um stöðu sinna ráðuneyta og hvar málaflokkurinn tilheyrir í dag. Við höfum því reynt að vera ekkert að tala um hvar matvælaeftirlitið eigi nákvæmlega að lenda heldur tala fyrir því að það verði að einfalda það.

Hv. þm. Ragnheiður Hákonardóttir kom líka inn á hlutverk heilbrigðisnefndanna og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og dró það fram að ef til vill væru þær ekki í stakk búnar til að sinna eftirlitinu í héraði og kanna þyrfti fjárhagslega burði slíkra eftirlitsaðila svo að þeir gætu staðið undir því. Nú er það þannig að heilbrigðiseftirlit í sveitarfélögunum er á þeirra ábyrgð og þeirra könnu og þeir bera kostnað af því en þeir hafa heimildir og hafa nýtt sér þær til að setja gjaldskrá til að innheimta eftirlitskostnaðinn og í 4. gr. þessa frv. er einmitt hnykkt á því að undirbyggja verði enn frekar og samræma í lagatexta þessar heimildir til að innheimta eftirlitsgjöld þannig að menn hafi öll þau tæki sem þeir þurfa til að innheimta gjöld fyrir það matvælaeftirlit sem þeir sinna.

Virðulegur forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessar jákvæðu umræður sem hér hafa orðið um þetta mál og vænti þess að það verði skoðað frekar í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75.

[13:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Með frv. því sem ég mæli fyrir, um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum, eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð og mun ég gera grein fyrir þeim.

Lagt er til að stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður og að forstjóra stofnunarinnar verði falin þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum en þau eru að móta stefnu stofnunarinnar og hafa eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laganna. Eru breytingarnar í samræmi við stefnu umhvrn. varðandi rekstur stofnana þess.

Af hálfu umhvrn. hefur verið unnið markvisst eftir þessari stefnu þannig að forstjórum þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið er falin sú ábyrgð sem stjórnir þeirra höfðu áður. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var stjórn Hollustuverndar ríkisins lögð niður og forstjóra falið það vald sem stjórnin hafði haft, og með lögum nr. 169/1998, um breytingar á lögum nr. 60/1992, um Náttúrfræðistofnun Íslands og náttúrustofur, var stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands lögð niður og forstjóra fengin þau verkefni sem henni höfðu verið falin.

Þá er í frv. kveðið á um ný verkefni Landmælinga Íslands. Þannig er lagt til að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands verði fjarkönnun en í því verkefni felst öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var samþykkt að veita 4,5 milljónir til Landmælinga Íslands vegna fjarkönnunar og hefur nú þegar verið ráðið í eitt stöðugildi hjá stofnuninni til að sinna því verkefni. Landmælingum Íslands ber í tengslum við fjarkönnun að hafa samráð við hlutaðeigandi opinbera aðila sem að þessum málum koma, svo sem Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, Orkustofnun og sveitarfélögin. Stofnunin mundi því sinna því hlutverki fyrst og fremst að vera sameiginlegur vettvangur ríkisstofnana og sveitarfélaga sem nota eða hyggjast nota fjarkönnunargögn og skal stofnunin hafa að leiðarljósi að stuðla að umhverfisvöktun með reglubundinni loftmyndatöku og notkun gervitunglagagna.

Landmælingum Íslands var einnig falið það hlutverk að miðla upplýsingum um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands, auk þess að annast kortlagningu örnefna eins og stofnuninni ber að gera samkvæmt gildandi lögum.

Þá ber Landmælingum Íslands að annast skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríkisins. Hér er fyrst og fremst átt við mælingar, punktlýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir. Mikilvægt er að skráning og miðlun þessara upplýsinga sé á einni hendi svo að þær séu aðgengilegar fyrir notendur og er eðlilegt að Landmælingum Íslands verði falið það hlutverk. Ekki er með þessu verið að leggja til að stofnunin geymi þessar upplýsingar heldur viti hvar þær er að finna til þess að hægt sé að fá upplýsingar á einum stað. Þau gögn sem hér er um að ræða er að finna hjá mörgum stofnunum í dag og hafa Landmælingar Íslands í samvinnu við LÍSU — Samtök um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi, þegar hafið slíka skráningu og miðlun upplýsinga á vefnum.

Verkefni sem tengjast fyrirhugaðri Landskrá fasteigna hafa verið til umfjöllunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum en henni er ætlað að verða samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Með endurskoðun á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, sem nú er lokið, var lagður grunnur að Landskrá fasteigna. Í tengslum við að komið verður á Landskrá fasteigna er lagt til að starfandi verði sérstakir mælingamenn sem fái þá vottun til að starfa sem slíkir.

Landmælingamenn eiga að hnitasetja eignamörk landa og lóða en fyrirhugað er að allt landið verði hnitasett. Sett hefur verið reglugerð um landshnitakerfi og viðmiðun allra mælingakerfa í landinu. Nokkur sveitarfélög hafa þegar hafist handa við að hnitasetja lóðir og eignarlönd t.d. í Reykjavík. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk að ræða sem á að tryggja að þær upplýsingar sem skráðar verði í Landskrá fasteigna séu réttar hvað varðar eignamörk landa og lóða. Lagt er til að mælingamenn uppfylli ákveðnar hæfiskröfur, enda er þeim falið mikilvægt hlutverk eins og hér hefur verið lýst. Komið hefur fram að nauðsynlegt sé að fagaðili hafi umsjón með vottun mælingamanna og störfum þeirra og er í frv. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi það verkefni með höndum, enda verður að telja að stofnunin sé best til þess fallin að sinna því hlutverki.

Að lokum er lagt til í frv. að heimild sé fyrir Landmælingar Íslands til að gjaldtaka verði gerð skýrari þannig að ótvírætt sé fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjöld. Lagt er til að Landmælingar Íslands setji sér sjálf gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

Frv. það sem hér er mælt fyrir, virðulegur forseti, var lagt fram á Alþingi á 125. löggjafarþingi og er hér lagt fram efnislega óbreytt.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að að aflokinni 1. umr. verði því vísað til hæstv. umhvn.

[13:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi þetta frv. til laga, um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, sem hér liggur fyrir vil ég í fyrsta lagi taka undir þær breytingar sem hér eru kynntar varðandi stjórn stofnunarinnar. Ég gat þess líka á síðasta þingi þegar frv. kom þá fram að ég teldi að þetta væri einmitt samkvæmt stjórnsýslulögum eins og þau eru nú, að forstjóri stofnunarinnar skuli bera ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðherra og ráðherra síðan gagnvart Alþingi, þannig að þessar stjórnir sem verið er að setja yfir A-hluta stofnanir ríkissjóðs með forstjórum eiga sér ekki neina stjórnsýslulega réttarstöðu og því, eins og fitjað hefur verið upp á á undanförnum árum og menn eru nú almennt að átta sig á, er stjórnsýslulega rangt.

Ég fagna því að hæstv. umhvrh. skuli hreinsa til í þessu. Það geta verið ýmsar skoðanir á því hvort stjórnir fyrir svona A-hluta stofnanir séu nauðsynlegar eða ekki en það þýðir ekki að setja eitthvert apparat á laggirnar sem ekki á sér lagalega stoð. Ég fagna því að þarna sé kveðið alveg skýrt á um ábyrgð og skyldur hvers og eins sem þarna fer.

Þá vil ég í öðru lagi, herra forseti, víkja að 4. gr. sem fjallar um mælingamenn og vottun mælingamanna. Mér er ekki alveg ljóst hvað hæstv. ráðherra á við, hvort þarna sé verið að stofna nýja starfsstétt sem ætlunin sé að heiti mælingamenn Íslands, á hverra ábyrgð þeir eigi þá að starfa og hvar þeir eigi þá að starfa. Nú vitum við að slík verkefni eru úti um allt land og þær mælingar sem hér er vitnað til og hafa verið leystar af hendi hafa verið unnar af ýmsum aðilum, svo sem í ráðuneytum, hjá búnaðarsamböndum, vegagerðarmönnum, verkfræðistofum og byggingarfulltrúum. Úti um allt land, allan hringinn í kringum landið eru störf á þessum vettvangi í gangi og unnin af fólki sem til þess hefur þekkingu.

Það er svo sem góðra gjalda vert að samræma slík störf í einhverju og skýra það en ég átta mig ekki alveg á því hvað hér er verið að leggja til.

Hæstv. ráðherra gat þess að þetta ætti að vera hluti af verkefnum Landskrár fasteigna en ekki mun Landskrá fasteigna ætla að finna upp hjólið og senda mælingamenn á alla staði á landinu til að mæla upp.

Herra forseti. Ég ítreka að mér finnst þessi staða og tilurð þessarar stéttar vera óljós. Ég ber fulla virðingu fyrir því verkefni sem þarna er ætlunin að vinna og þarna eigi að vera afrakstur af því starfi en vildi fá skýrar fram hvað er á ferðinni varðandi þessa mælingamenn.

Herra forseti. Ég fagna því að með frv. er verið að kveða enn skýrar á um verkefni Landmælinga Íslands og fá þeirri stofnun aukin skilgreind verkefni þó svo að gæta þurfi að skörun. Ég nefni t.d. örnefnaskráningu, sem er líka á lagalegri forsjá ýmissa annarra aðila, en þarf sjálfsagt samræmingar við (**ÖS:** Og samstarf.) og samstarf. Já, hv. þm. Össur Skarphéðinsson er alveg með þetta á hreinu. Þarna þarf að gæta þess að þetta allt vinni saman.

Herra forseti. Það er margt gott á ferðinni í þessu frv.

[14:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að margt ágætt sé í þessu frv. og gott að afmarka betur starfsumhverfi stofnunarinnar. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að þó ekki sé gert ráð fyrir því í þessu frv. og er ekki í lögum um þessa stofnun, að þar eigi að vera stjórn, er ég almennt þeirrar skoðunar að opinberar stofnanir eigi að hafa stjórn. Ég tel að það eigi ekki að vera eins manns forusta fyrir þeim og að heppilegt sé upp á framtíðarskipulag stofnana að fleiri séu valdir með það í huga að þeir hafi víðtæka þekkingu á starfseminni til ráðgjafar fyrir þá sem stjórna. Ég tel því að almennt eigi að hafa það í huga þegar verið er að skipa stofnun eins og þessari forustu að annars vegar sé forstjóri, sem ber fulla ábyrgð á rekstrinum, en hann hafi sér til ráðuneytis fólk sem getur svo sem verið hluti af starfsfólki stofnunarinnar en er til ráðuneytis við stefnumörkun og stjórn þessara stofnana.

Mér finnst ástæða til að nefna þetta vegna þess að það hefur verið stefna undanfarinna ára að leggja niður stjórnir stofnana og við taki forstjórar sem bera alla ábyrgð á stofnununum og eru nánast einræðisherrar á því sviði sem þeir hafa þar tekið að sér að stjórna.

Ég vil vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði um mælingamenn og vottun beina því þá til ráðherra að spyrja um það. Er ekki átt við þá sömu menn sem eru núna með réttindi sem hafa verið gefin út til manna? Það hafa verið gefin út skírteini og réttindi til manna til að gera eignaskiptasamninga og mæla út lóðir og lönd í tengslum við þá og þarna er verið að tala um menntunarkröfur og eftirlit með útgáfu á slíkum réttindum sem þar eru á ferðinni en þau eru til staðar núna og hafa verið um skeið að tilteknir aðilar hafa fengið þessi réttindi. Ég geri ráð fyrir að á bak við það sé einhver krafa um þekkingu sem hefur verið lögð þar til grundvallar.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál nánar. Ég fæ tækifæri til þess í umhvn. en vildi eingöngu að skoðun mín á því sem varðar stjórnir stofnana kæmi fram vegna þess sem sagt var hér á undan.

[14:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta atriði með stjórnir er bara stjórnsýslulega gerður greinarmunur á A-hluta og B-hluta stofnunum og þetta er A-hluta stofnun sem heyrir beint undir ráðherra og sá sem er þar í forstöðu er embættismaður og hefur ráðherra sem næsta yfirmann sinn. Því er útilokað að skipa fyrir fram stjórnir sem fara með ekkert vald.

Hitt er svo annað mál hvort skipuð er einhver ráðgefandi nefnd honum til aðstoðar við stofnunina og hvernig innra starf stofnunarinnar er síðan skilgreint. Þetta er aðeins þessi stjórnsýslulega staða þannig að mjög mikilvægt er að varðandi ábyrgðina séu hreinar línur. Sjálfsagt er hægt að skipa ráðgefandi nefndir sem hafa þá ekki annað hlutverk en að veita ráð en bera ekki stjórnskipulega ábyrgð.

[14:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er hægt að hafa báða möguleikana í þessu. Ég er hins vegar ekki að halda því fram að ekki megi hafa þann hátt á að forstjórar beri fyllilega ábyrgð á þessum stofnunum. Ég tel það hins vegar vera þeim styrk í þeirri ábyrgð ef þeir hafa samráðshóp eða stjórnarmenn með sér sem þeir geta rætt málin við. Ég tel reyndar að það eigi að velta því fyrir sér í hverju einstöku tilviki hve langt eigi að ganga í því að láta einn mann bera ábyrgð á stofnun og að það eigi ekki að vera svo fast í þessu byrokratíið að menn geti ekki tekið ákvörðun um að stjórn sé yfir stofnun einfaldlega af þeim ástæðum að þær tilheyri tilteknum hluta í þeirri skiptingu sem mönnum hefur þóknast að raða þeim í nánast gagnvart fjárlögum.

[14:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn á ný vekja athygli á því hver þessi stjórnskipulega staða er. Varðandi stofnanir sem heyra beint undir ríkið er það ekki þannig að forstjórunum sé það í sjálfsvald sett heldur heyra þær í rauninni mjög beint undir Alþingi og undir ákveðin lög. Því er mjög mikilvægt að þarna sé ekki ógreinileg, framkvæmdaleg, fjármunaleg og stjórnunarleg ábyrgð. En hitt er svo annað mál, eins og hv. þm. kom inn á, að með ráðgefandi nefndir og ráðgefandi ráð til stuðnings, það er svo aftur matsatriði hverju sinni og þær nefndir geta haft völd og áhrif þó að það sé ekki bundið í stjórnskipuninni.

[14:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég minni á að ýmsar stofnanir hafa stjórnir þó að þær tilheyri þessum flokki. Sjúkrastofnanir hafa t.d. stjórnir og þær hafa mikil ráð. Það eru ekki forstjórarnir sem ráða þar fullkomlega ferðinni. Það er því ekki með þessum hætti að þetta sé einhlítt og ég held heldur ekki að það eigi að vera það. Það er á hv. Alþingi sem menn eiga að taka ákvarðanir um það hvernig þessum hlutum er fyrir komið í einstökum tilfellum ef menn telja það skynsamlegt en ég tel ekki að það eigi að halda sig við einhvern lagabókstaf sem blífur yfir allt enda gerir hann það ekki í dag.

[14:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem talsmaður Samfylkingarinnar í þessu máli, Jóhann Ársælsson hefur rætt, en þó vil ég varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra. Ég vil fyrst koma að því að það sem mér finnst áhugavert í þessu frv. er að verið er að leggja nokkuð mikla áherslu á aukna upplýsingagjöf þessarar stofnunar. Það sem þarna er tekið fram í umfjöllun um 3. gr. er að í raun og veru er verið að leggja mikla áherslu á vinnu sem mér sýnist að hafi ekki verið lögð nægileg rækt við fram að þessu og er þá ágætt, bæði þetta með að vinna að kortlagningu og t.d. að miðla upplýsingum um kortlagningu örnefna og líka að miðla upplýsingum um skráningu og fleira af því sem þarna er tekið upp. Ég bind a.m.k. vonir við að þetta sé þá áhugavert nýmæli sem við erum þá að setja í lög.

Ég kvaddi mér hljóðs til að koma með fyrirspurn til ráðherrans varðandi tekjur þessarar stofnunar. Í 6. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins.

2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði landupplýsinga, loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska sérstaklega eftir.

3. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna, ...“ Og þar er kannski skýrasta dæmið um kostnað.

Í greinargerðinni er talað um að fjármögnunarleiðir stofnunarinnar verði gerðar skýrari og vísað til þessara efna. Þá langar mig að spyrja hvort gert sé ráð fyrir auknum tekjum hjá þessari stofnun og jafnframt af því að það er nefnt í umsögn um 6. gr. að stofnun setji sér gjaldskrá um efni og þjónustu þar sem hún er í samkeppnisrekstri og að ráðherra eigi ekki að staðfesta hana enda þykir það ekki viðeigandi þar sem um sé að ræða samkeppnisþjónustu og það mundi þykja samkeppnishamlandi ef ráðherra væri að hafa afskipti af gjaldskránni. Þá vaknar sú spurning hvort útgjöld hafi lent á ráðuneyti áður sem flokkast undir efni og þjónustu í samkeppnisrekstri. Hefur þetta fyrirtæki verið að greiða niður einhverja þá þjónustu sem skoðast í samkeppnisrekstri?

Ef svo er, er það í einhverjum mæli? Er gert ráð fyrir auknum tekjum í einhverjum mæli? Þessi 6. gr. sem kveður á um hvernig Landmælingar afli sér tekna fyrir utan framlög á fjárlögum, er eitthvað vitað hvernig sú skipting verður? Að hvaða leyti mun stofnunin afla sér tekna og að hve miklu leyti verður hún á fjárlögum?

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en vegna þess að færður hefur verið í tal annar meginþáttur þessa frv., nefnilega sú breyting sem gera á á stjórnskipan hennar og niðurlagningu stjórnar og orðaskipti sem átt hafa sér stað í því samhengi, þá get ég ekki orða bundist.

Herra forseti. Ég er algerlega andvígur þeirri stefnumörkun sem hér er lögð og haldið er áfram með. Það er ákaflega létt í vasa hjá mér þó að hæstv. ráðherra beri því við að þetta sé í stíl við annað hjá hinu háa ráðuneyti. Af því að menn hafi gert það áður að leggja niður stjórnir, þá sé allt í lagi að gera það áfram. Ég held að við séum að mörgu leyti að fara í þveröfuga átt þegar kemur að lýðræðislegri uppbyggingu Stjórnarráðsins. Ég heyrði orðaskipti hv. þm. í þá veru að verið væri að undirstrika ábyrgð forstjóra. Hún hefur ævinlega verið skýr og augljós þó stjórn stofnunar væri til staðar. Engar efasemdir eða grá svæði hafa verið hvað varðar ábyrgð forstjóra ríkisstofnana, hvort heldur stjórn er yfir honum eður ei. Það er alger útúrsnúningur og hefur ekkert með málið að gera. Hér er fyrst og síðast verið að

auka vald ráðuneytisins á viðkomandi stofnun og setja viðkomandi forstjóra og viðkomandi stofnun undir beina stjórn ráðuneytisins og embættismanna þess. Það er kjarni málsins og menn verða að svara því: Er það þannig sem menn vilja hafa stjórnsýsluna? Ég hef miklar efasemdir um að það sé mjög heppilegt. Tökum eftir því að í hinni tilvitnuðu frumvarpsgrein, 2. gr., er stærsta breytingin sú að engin stjórn hefur lengur tillögurétt til ráðherra um það hver skuli skipa í forstjórastöðu í viðkomandi stofnunum, í þessu tilfelli Landmælinga, heldur hefur ráðherrann sjálfdæmi um það og þarf enga milligöngu stjórnar í þeim efnum. Það held ég að sé líka skref aftur á bak.

Þetta helgast líka af því sem gerst hefur í stórauknum mæli á yfirstandandi kjörtímabili og ekki síður hinu síðasta undir stjórn þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar, þ.e. að auka mjög framkvæmdarvaldið á kostnað þingræðisins. Í hverju málinu á fætur öðru og í hverri stofnuninni á fætur annarri hafa stjórnir verið lagðar niður sem Alþingi hafði fram að því kosið og verið færðar beint undir ráðherrann. Í öðrum tilfellum hefur verið gengið enn lengra og stofnanirnar hreinlega slegnar af. Ég spyr: Hvað næst? Ætlar Alþingi að láta bjóða sér það trekk í trekk og í síauknum mæli að klippt sé algjörlega á eftirlitshlutverk þess, sem er m.a. fólgið í því að kjósa stjórnarmenn í sumum tilfellum og þar með tengsl inn í framkvæmdarvaldið í formi eftirlits, og að einu samskiptin sem Alþingi og alþingismenn geta út af fyrir sig haft við stórar og miklar undirstofnanir framkvæmdarvaldsins séu í gegnum ráðherra? Ég vil það ekki. Því segi ég: Hvað næst? Er þá ekki ósköp eðlilegt að hér komi flokkssystir hæstv. umhvrh., heilbrigðisráðherra, og leggi til að leggja niður stjórnir heilsugæslustöðva, að það verði bara ráðherrann sjálfur sem sjái um beina stjórnun þeirra og ráðningu forstjóra?

Af því að ég veit að í ágætu ráðuneyti, umhvrn., er að finna menn sem eru mjög glöggir í heilbrigðismálum líka, þá gæti þetta smitast upp í heilbrrn. Vilja menn það? Nei, ég held ekki. Vilja menn hafa sjúkrastofnanir með þeim hætti að menn leggi niður stjórnir þeirra? Nei, tæplega. Hvaða önnur lögmál út af fyrir sig gilda þar en hjá Landmælingum Íslands eða Hollustuvernd ríkisins? Er ekki hægt að nota nákvæmlega sömu röksemdir og hæstv. ráðherra gerði áðan, að það glöggvi og skýri betur ábyrgð og stöðu forstjóra eða yfirmanns viðkomandi stofnunar að hann hafi enga stjórn yfir sér, heldur þurfi bara að lúta ráðherra og taka við skipunum þaðan? Ég held að við séum hér á mjög hættulegri braut og þurfum aðeins að staldra við í þessum efnum.

Ég vek athygli á því að þetta mál hefur auðvitað víðfeðmara samhengi eins og ég gat um áðan því að það er markviss stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja framkvæmdarvaldið, ráðherravaldið og ráðuneytisvaldið og ganga þar með á svig við lýðræðið. Þó að það kunni ekki að vera neitt sérstaklega vinsælt eða til vinsælda fallið að halda stjórnum, nefndum og ráðum til haga og við þekkjum það í almennri fjölmiðlaumræðu að það þykir yfirleitt ekki mjög vinsælt að vera að fjölga þeim, þá er það nú einu sinni stór og snar þáttur í okkar lýðræðislegu uppbyggingu í íslensku stjórnkerfi.

Ég þekki það til að mynda úr sveitarstjórnargeiranum að ef þessi lína hæstv. ráðherra, sem kemur reyndar líka úr sveitarstjórnargeiranum, ætti að ganga eftir sér maður það fyrir að bæjarstjóri í miðlungsstóru sveitarfélagi, eins og í hennar heimabæ, hefði náttúrlega ekkert með stjórnir, nefndir eða ráð að gera yfir einstökum stofnunum eða einstökum málaflokkum, það væri þá langheppilegast að hann sæi bara um þetta. Það er þessi lína og hin meðvitaða og kannski ómeðvitaða stefnumörkun sem ég dreg mjög í efa. Þetta er kannski lítið mál í sjálfu sér og ræður engum úrslitum hvað varðar stjórnskipan í heild og breidd. En þetta er þó þáttur í stefnumörkun eins og hæstv. ráðherra gat um og er í réttri línu við það sem áður hefur verið gert í þessu ráðuneyti og í öðrum ráðuneytum sömuleiðis, og ég bið hv. þm. að hafa gát og gaumgæfa það mjög í hvaða átt við erum að stefna í þessu sambandi.

Stundum eru haldnar hér tilfinningaþrungnar ræður um mikilvægi þess að efla lýðræði í landinu og efla þá stofnun sem við hér erum kjörin til. Á sama tíma eru hv. þingmenn býsna lausbeislaðir í því sambandi að skáka þeim áhrifum og völdum frá sér til framkvæmdarvaldsins í smáu og stóru. Það getur vel verið að þetta sé ákaflega smátt í sniðum og er það vafalaust, en þetta er þó enn einn þátturinn í þeirri þróun sem því miður hefur átt sér stað. En nóg um þetta.

Mér þykir óhjákvæmilegt annað en að ráðherra fari í síðari ræðu sinni, sem ég vænti að hún haldi, aðeins örfáum orðum um þá stofnun sem hér er verið að gera tillögur um. Þá á ég við að okkur hafa birst fjölmiðlafréttir annað slagið í kjölfar flutnings stofnunarinnar upp á Akranes um að þar gangi mál með mismunandi hætti, mismunandi vel. Ég var flutningsmaður þess á sínum tíma að sú stofnun yrði flutt á Skagann úr Reykjavík og hef ekki breytt þeirri skoðun minni. Mér þætti hins vegar vænt um að ráðherrann verði nokkrum mínútum í að fara almennt yfir stöðu þeirrar stofnunar og reynsluna af þeim tilflutningi nú þegar um hefur hægst, og hvort menn séu ekki yfirleitt kátir og glaðir og afskaplega hamingjusamir með það að hafa farið í þennan tilflutning eða hvort einhver sérstök vandamál umfram byrjunarörðugleika sem öllum eru kunnir hafi birst á síðari tímum þegar menn geta horft til nokkurra missira reynslu. Mér þykir það mikilvægt þegar við erum að ræða um þá stofnun. Hún er mjög mikilvæg og þessi tilflutningur, jafnumdeildur og hann var skulum við segja og mikið japl, jaml og fuður í kringum hann af ýmsum ástæðum, segir okkur auðvitað dálítið um það hvort tilflutningur ríkisstofnana úr þéttbýli í dreifbýli sé skynsamlegur, hvort reynslan af Landmælingum Íslands, þessari litlu stofnun, hafi sýnt okkur það eða hið gagnstæða.

[14:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða. Í fyrsta lagi er í allri stjórnun mjög mikilvægt að skipuritið sé rétt þannig að hver og einn einasti viti hvar ábyrgð hans liggur og hverju hann ræður. Ef stjórn stofnunar er kosin af Alþingi og forstjórinn af ráðherra, þá telur stjórnin náttúrlega eins og liggur í orðinu að hún eigi að stjórna. Forstjórinn sem fulltrúi ráðherrans telur líka að hann eigi að stjórna og svo stjórna báðir og hvorugur ber ábyrgð. Ekki gagnvart Alþingi vegna þess að hvernig gæti Alþingi látið ráðherra bera ábyrgð á því sem stjórn skipuð af Alþingi hefur ákveðið? Um leið og stjórnin er kosin af Alþingi ber ráðherra ekki lengur ábyrgð á þessum hluta framkvæmdarvaldsins, þ.e. þessari framkvæmd og þannig er veikleiki í skipuritinu og ábyrgðin er horfin. Ábyrgðin sem ráðherra ber gagnvart Alþingi er horfin vegna þess að Alþingi ber ábyrgð á stjórn sem það skipaði sjálft. Þetta er mikill veikleiki og þetta er það sem hefur kostað íslenskt efnahagslíf fleiri hundruð milljónir, að það ber enginn ábyrgð.

Við stefnum að því, herra forseti, og ég vona að hv. þm. sé sammála því að skerpa á þrískiptingu valdsins, skilja að framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Það er einn liður í því að Alþingi sé ekki að kjósa stjórnir heldur skipi ráðherrann sína stjórn og beri fulla og óskoraða ábyrgð á því sem slík stjórn gerir.

[14:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti satt að segja von á þessu andsvari frá hv. þm. og gerði ráð fyrir því að hann kæmi hér með slíka ræðu. Auðvitað má skipa stjórnir með ýmsum hætti. Við þekkjum það að stjórnir eru ráðgefandi. Stjórnir eru annaðhvort skipaðar án tilnefninga af ráðherrum eða öðrum aðilum eða eftir tilnefningum þar sem kallaðir eru til skrafs og ráðagerða fulltrúar starfsmanna, fulltrúar hagsmunaaðila eða sérfróðir aðilar í málum. Það er stjórn af því tagi sem ég var að nefna áðan til sögunnar, og oft hefur forstjóri viðkomandi stofnunar, ég tala nú ekki um ráðuneyti þegar það á í hlut, gott af því að láta ferska vinda blása um æðstu stjórnir þeirrar stofnunar en bein lína milli ráðherravalds og einstaks forstjóra þurfi ekki vera þar óslitin.

Hitt er síðan það sem hv. þm. vakti sérstaklega athygli á að hann hefur verið með þá skoðun sína að Alþingi eigi hvergi að komi nærri því að kjósa til stjórna, nefnda og ráða og hefur einnig endurtekið það hér margsinnis að það þýði að viðkomandi ráðherra verði þar ábyrgðarlaus. Ég held að þetta sé alger útúrsnúningur í málflutningi hans.

Við skulum ekki gleyma því að ráðherrar eru líka hér samkvæmt ábyrgð Alþingis og valdir af þingmeirihlutanum og starfa undir forsjá og eftirliti Alþingis, þannig að það breytist ekki neitt. Þessu eftirlitshlutverki er skipt meðvitað þegar Alþingi er að kjósa sér sína trúnaðarmenn í stjórnir, nefndir og ráð og hver hefur reynslan verið? Hún er yfirleitt ólygnust, herra forseti, með þeirri nýbreytni mála sem hefur verið með þeim hætti sem ég lýsti áðan og er sérstaklega samkvæmt velþóknun hv. þm. Péturs Blöndals. Veikleiki Alþingis gagnvart viðkomandi stofnunum, upplýsingum þaðan og stjórnun allri hefur stórlega aukist og það er öfugþróun.

[14:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnun sem á að vera ráðgefandi er ekki stjórnun, það er ekki stjórn. Fyrirbærið á ekki að heita stjórn því að í orðinu stjórn felst að viðkomandi fyrirbæri, hópur manna, eigi að stjórna. Þá köllum við þetta bara ráðgjafardeild eða eitthvað því um líkt en ekki stjórn.

Varðandi það að þetta sé skoðun mín, þá ég er aldeilis frægur. Þetta er bara ekki skoðun mín, þetta er viðtekin venja í stjórnun um allan heim og ekkert mín skoðun sérstaklega. Ég hef ekki fundið þetta upp. Það að hafa stjórnir yfir fyrirtækjum og að stjórnir ráði og reki forstjóra er ekki mín uppfinning. Ég fann ekki upp hlutafélagalögin um allan heim. Ég þakka hv. þm. reyndar fyrir traustið en það er ekki þannig. Það þykir bara eðlilegt að skipuritið sé skýrt, að ábyrgð, stjórnun og hverjir eigi að ráða sé alveg á hreinu og að ekki sé einhver vafi á því hver ráði og hver beri ábyrgð.

Það er einmitt þetta sem hefur verið galli við stjórnir sem skipaðar eru af Alþingi eða kosnar af Alþingi að ekki er á hreinu hver á að ráða. Alþingi er ekki framkvæmdarvald. Alþingi á ekki að skipa stjórnir sem eru í framkvæmdum. Alþingi er löggjafarvald og Alþingi hefur eftirlitshlutverk. Það á að geta spurt ráðherrann hvernig viðkomandi fyrirtæki gangi en ekki spyrja fulltrúa sína í stjórn hvernig reksturinn hjá þeim gangi því þá ber ráðherrann enga ábyrgð. Þá er það stjórnin sem Alþingi kaus sem ber ábyrgð, þ.e. Alþingi sjálft og það gengur ekki upp. Þannig að ef við viljum hafa ábyrgð ráðherrans skýra verðum við að láta hann skipa stjórnina og stjórnina ráða og reka forstjóra, þá er ábyrgð og hlutverk hvers manns alveg skýr.

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við tölum auðvitað í austur og vestur eins og ég gerði ráð fyrir. Ég gerði glöggan greinarmun annars vegar á ráðgefandi stjórnum og hins vegar stjórnum sem hefðu ráð í hendi sér. Við skulum hins vegar tala tæpitungulaust. Auðvitað hefur þróunin í þeim stofnunum þar sem Alþingi hefur afsalað sér valdi til að skipa viðkomandi stjórnir einfaldlega verið í þá veru að ráðherrarnir hafa hver af öðrum raðað flokksgæðingum sínum í þær viðkomandi stjórnir (Gripið fram í.) og borið ábyrgð á þeim, haft þær hreinar flokkslegar stjórnir. Íbúðalánasjóður kemur upp í hugann, Byggðastofnun í auknum mæli, Íslandspóstur, Landssíminn. Það er hver silkihúfan upp af annarri, flokkshestar, íhaldsmenn og framsóknarmenn og til þess er auðvitað leikurinn gerður, herra forseti. Það er bara þannig, því miður. Við skulum því tala algerlega tæpitungulaust um málið og ekki vera að setja það í neinn umtalsverðan búning.

Hér bregður að vísu við annan tón, þ.e. verið er að leggja niður stjórn viðkomandi stofnunar þannig að það á ekki við í þessu sambandi. En af því að hv. þm. ræðir sérstaklega um þennan þátt máls, þá skulum við bara taka umbúnaðinn utan af og sýna okkur til hvers þessi leikur er gerður og af hverju menn fara í þennan leik. Það er alveg ljóst. Það er til þess að tryggja hin flokkslegu tök stjórnarflokkanna á viðkomandi stofnunum og þeir gera það algerlega blygðunarlaust og allt tal hér þegar í þessi mál er farið á hinu háa Alþingi um að þar eigi að gæta jafnvægis í þingstyrk stjórnmálaflokkanna hefur algerlega brugðist og verið svikið jafnharðan. Það er kjarni málsins, en kannski er það líka hv. þm. þóknanlegt.

[14:30]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp í fyrsta lagi til þess að fagna því að þetta frv. hefur nú litið dagsins ljós í annað sinn. Ég tel að með því sé verið að koma rekstri Landmælinga Íslands á traustari grunn en verið hefur og að tryggja starfsemi Landmælinga Íslands enn frekar.

Ég vil hins vegar gera athugasemdir við ummæli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem mér finnast í hæsta máta sérkennileg, en í ræðu sinni rétt áðan lýsti hann því yfir að þetta tiltekna frv. væri ógn við þingræðið og taldi að með því að leggja niður stjórn þessarar stofnunar væri verið að vega að lýðræðislegri uppbyggingu Stjórnarráðsins. Eins og ég sagði finnst mér þetta í hæsta máta mjög sérkennilegt.

Hér er einmitt verið að leggja drög að því að skilgreina verkefni ákveðinnar stofnunar, fagstofnunar, sem hefur vel skilgreind verkefni. Hér er einnig verið að skilgreina tekjustofna þessarar stofnunar. Þegar þetta tvennt liggur fyrir, þ.e. verkefni stofnunarinnar og tekjustofnar hennar, ráðinn hefur verið forstjóri sem ber ábyrgð á að þessum verkefnum sé sinnt, forstöðumaður sem ber ábyrgð gagnvart ráðherra en hefur jafnframt í liði með sér fagfólk ráðið eftir hæfni, þá sé ég ekki vandamálið.

Hvað varðar þá staðhæfingu að þetta frv. sé ógn við þingræðið þá er rétt að benda á þá einföldu skilgreiningu að þingræði er það þegar ríkisstjórn situr í skjóli meiri hluta þings. Við höfum þetta fyllilega tryggt í stjórnsýslu okkar og stjórnskipan. Ríkisendurskoðun er stofnun sem rekin er á vegum Alþingis og hefur það með höndum að fjalla um rekstur ríkisstofnana og annarra þeira aðila sem þiggja almannafé. Ég sé ekki hvernig umrædd breyting á störfum Landmælinga Íslands sem mælt er fyrir í þessu frv. getur ógnað þingræði á Íslandi.

[14:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti ætla af þessari ræðu að frv. til laga um Landmælingar og kortagerð markaði upphaf fyrsta dags í starfsemi nýrrar stofnunar, eins og Landmælingar Íslands hafi ekki verið til áður, að nú væri hér brotið í blað og í fyrsta skipti skilgreind verkefni stofnunarinnar og tekjustofnar, nú væri í fyrsta skipti gerð grein fyrir því hvað forstjórinn ætti að gera o.s.frv. Auðvitað er það fjarri öllu lagi. Þessi stofnun hefur starfað um nokkurt árabil og ég veit ekki betur en að henni hafi gengið svona bærilega a.m.k. að halda úti þeim lögbundnu verkefnum sem núgildandi lög kveða á um þannig að ég skil ekki þennan ræðuflutning.

Ég er hins vegar að gera það umtalsefni að verið er að gera kerfisbreytingar á þessari stofnun og taka af lífi eitt stykki stjórn, sem að minni hyggju þarf að gaumgæfa. Þó að um litla stofnun sé að ræða og litla stjórn þá er þetta eitt skrefið af mörgum sem þegar hafa verið tekin og fleiri á eftir að taka vafalaust í þá veruna að beintengja ráðuneytið og viðkomandi stofnanir. Ég hef efasemdir um það, miklar efasemdir um það.

Ég segi: Hvað næst? Og vek á því athygli að ég er hræddur um að einhverjum mundi nú bregða í brún þegar og ef heilbrrh. til að mynda eða á vettvangi velferðarkerfisins skulum við segja, menn gengju með sama hætti fram og tækju af ráðgefandi stjórnir, valdameiri stjórnir og ráð sem hafa haft það með höndum að tryggja gang velferðarkerfisins með sinni sérfræðiþekkingu og öðru.

Hér á það nákvæmlega sama við. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fleiri fái að koma að ráðgjöf og stjórn svona stofnana en ráðherra einn og hans embættismaður og síðan forstjórinn. Ég held að stofnunin hafi gott af því og ég hef ekki orðið var við nein sérstök vandamál á ferðinni vegna þessarar stjórnar. Eða er það svo?

[14:34]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að mér er ágætlega vel kunnugt um starfsemi Landmælinga Íslands. Þar er á ferðinni starf sem er mikils virði og í þessu frv. er verið að leggja traustari grunn að þeirri starfsemi.

Hins vegar hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ekki svarað þeirri spurningu hvernig þessar breytingar sem hér eru fyrirætlaðar séu ógn við þingræði á Íslandi.

[14:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. hefði nú lagt við hlustir í ræðu minni áðan og orðaskipti mín við hv. þm. Pétur H. Blöndal þá hefði hún fengið svar við þessari spurningu og hefði ekki þurft að spyrja hennar.

En ég get auðvitað ekki látið hjá líða, af því að hv. þm. situr hér sem varamaður heilbrrh. og er ofan af Skaga, að nefna það að ég kastaði hér fram nokkrum vangaveltum um framtíð .... (Gripið fram í.) Fer ég villur vegar? (**Gripið fram í:** Já.) Er það annar maður hér kannski? (**Gripið fram í:** Magnús Stefánsson.) Nú jæja, þá ætla ég að kippa því til baka í grænum hvelli.

Ég vakti hins vegar athygli á því hér áðan og ætla samt að hnykkja á því atriði máls, hvernig mönnum brygði við ef stjórnir, nefndir og ráð yrðu teknar úr sambandi í velferðarkerfinu. Með nákvæmlega sömu rökum væri hægt að segja að skynsamlegra væri að forstjóri sjúkrahússins, við skulum segja á Akranesi af því mér dvaldist nú við það, hefði bara beint samband við ráðherrann. Það væri skýrari verkaskipting. Þá væri klárara hvar hans ábyrgð lægi og stjórn þessa sjúkrahúss á Akranesi væri algjörlega óþörf.

Ég velti því fyrir mér hvort einhver önnur lögmál gildi þar en hér, af því að þessi stofnun á nú heima á Akranesi? Nei, auðvitað ekki. Það er hægt að nota nákvæmlega sömu rök og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði, síðasti hv. ræðumaður gerði og ráðherra gerði hér. Það mun styrkja vald og öryggi ráðherrans. Það mun styrkja stöðu forstjórans og ég spyr: Er það þetta sem þingheimur er að kalla yfir sig og er að biðja sérstaklega um? Ég hef miklar efasemdir um það.

Það er í þessu samhengi sem ég vil að menn ræði þessi mál. Ég ítreka það að ég hef ekki orðið var við, herra forseti, og hæstv. ráðherra svarar því þá, að þessi stjórn Landmælinga Íslands hafi verið til sérstakra vandræða. En ef svo er þá skulum við ræða málið.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill geta þess að Stefanía Óskarsdóttir er varamaður 19. þm. Reykjavíkur, Ástu Möller.)

[14:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór að ræða þessi mál almennt, og ég get tekið undir allt sem hann sagði um þetta mál, þá vil ég bæta örlitlu við þá umræðu. Það er nefnilega full ástæða til þess að fara yfir þessi mál öðru hverju á hv. Alþingi vegna þess að þeir stjórnarflokkar sem nú sitja hafa gengið fram í því sem aldrei fyrr hefur verið, að kollvarpa því sem má kalla kjörnar stjórnir og setja í staðinn hlutafélagastjórnir í fyrirtæki. Mörg fyrirtæki hafa verið gerð að hlutafélögum á undanförnum árum og síðast bankarnir svo maður nefni dæmi.

Hvað gerist þegar slíkt er gert hér? Það sem gerist er að ráðherra skipar síðan í stjórnir þessara fyrirtækja. Ég hef sjálfur verið boðaður á fund ráðherra, hafandi verið skipaður í stjórn af Alþingi áður, kallaður á fund ráðherra þar sem hann var að gera mér grein fyrir því að nú hugsaði hann sér að til greina kæmi að skipa mig í viðkomandi stjórn eða bankaráð sem þá var. Og hann fór mjög kirfilega yfir það að ég ætti að vera fulltrúi hans í bankaráði, ég ætti að líta á það sem hlutverk mitt að vera fulltrúi ráðherrans.

Þannig veit ég að mönnum er gerð grein fyrir hlutunum þegar þeir eru settir inn í stjórnir fyrirtækja sem ráðherrar eru að skipa í. Mér féll ekki nægilega vel við þessa skilgreiningu ráðherrans og sagði honum það strax enda kom í ljós að afskipti hans af því fyrirtæki voru slík að ég sagði mig þar úr að lokum.

Ég held að það sé ekki heppilegt í neinni stofnun sem ríkið á eða rekur, að ráðherrar fari með vald sitt með þeim hætti sem hefur tíðkast á undanförnum árum gagnvart svona fyrirtækjum. Þau eru býsna mörg. Ég ætla ekki að fara að

telja þau hér upp. En síðan hefur þetta haldið áfram og svo langt gengur þetta að mönnum finnst bara allt í lagi að *yfirgripsmikil starfsemi með margþættum verkefnum sé* sett á ábyrgð eins manns og hann eigi síðan að bera ábyrgð gagnvart ráðherra og engum öðrum. Auðvitað er þetta mjög óheppilegt og dregur úr lýðræðislegum áhrifum fólksins. En því miður hefur þessi stefna ekki bara riðið yfir í sölum Alþingis og í kringum ríkisstjórn. Þetta hefur verið að gerast í sveitarstjórnunum í kringum landið líka. Þar hafa menn verið að steypa saman nefndum og fækka þeim sem taka þátt í því að taka ákvarðanir á vegum sveitarstjórnanna sem er að mínu viti mjög óheppilegt. Það er óheppilegt vegna þess að í þeim sveitarfélögum þar sem menn hafa gengið langt í þessu hefur þeim sem vita eitthvað og hafa þekkingu á málefnum sveitarfélagsins fækkað. Menn munu örugglega í framtíðinni uppskera þannig að fólki sem tekur þátt í umræðunum mun fækka, þær munu skila minna og að teknar verði fleiri rangar ákvarðanir í andstöðu við íbúana en hefur verið.

Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og tel að menn eigi þarna að staldra við. Það er full ástæða til þess að fara yfir þetta og ég þakka fyrir að hann skuli hafa sett þessa umræðu hér á dagskrá með þessum hætti. Ég var eingöngu áðan að nefna það í ræðu minni að það væri skoðun *mín* að heppilegra væri að það væru stjórnir í öllum fyrirtækjum sem ríkið ætti. Það er skoðun mín að annaðhvort eigi þær að vera ráðgefandi eða ráða sér forstjórann sjálfar. Þar eru þær tvær aðalleiðir til staðar og þetta er út af fyrir sig ekkert vandamál. Ábyrgðin er alveg nákvæmlega skilgreind á þann hátt. Hún þarf auðvitað að vera það. Ég sé ekki að stjórnir fyrirtækja séu ekki alveg jafnfærar um að velja forstjóra fyrirtækjanna og hæstv. ráðherrar, með fullri virðingu fyrir þeim. Það hefur nú komið í ljós að átök um það hverjir eigi að vera í fyrirsvari fyrirtækja, forstjórar, hafa orðið bæði við skipanir ráðherra og þar sem kjörnar stjórnir hafa átt hlut að málum.

Þetta eiga menn að meta í hverju einstöku tilfelli en því miður er það ekki gert. Nú er uppi sú stefna að hér skuli fækka sem allra mest þeim sem taka ákvarðanir.

[14:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér bara til að taka undir þau orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að fleiri stjórnir fyrirtækja og verkefna á vegum ríkisins mættu vera kosnar af Alþingi. Ég tek undir gagnrýni hv. þm. á ríkisstjórnina og þá sem hafa á síðustu árum starfað við stjórn landsmála fyrir það að gera að hlutafélögum fyrirtæki sem áður lutu stjórnum kosnum af Alþingi. Ég tek alveg hjartanlega undir með honum að þar er verið að veikja lýðræðið.

Ráðherra fer í auknum mæli með stjórn stofnana sem hefðu átt að heyra með sterkari hætti undir Alþingi beint. Ég nefni bankana, ég nefni Landssímann og Byggðastofnun. Það hefði verið eðlilegt að Alþingi kysi þeim stjórn en ekki að ráðherra skipaði hana því það veikir lýðræðið. Ég tek því undir þessa gagnrýni hans á það.

Hvað varðar aftur á móti stofnanir sem heyra lagalega undir ráðherra sem A-hluta stofnanir og þar af leiðandi þannig beint undir Alþingi, þá er mjög mikilvægt einmitt að þar sé ábyrgðarhlutinn líka skýr.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tek undir gagnrýni hv. þm. á það hvernig verið er að breyta stjórnum fyrirtækja, hlutafélagavæða þau. Alþingi á því þrengri og erfiðari leið að meðferð mála og ákvarðanatöku.

[14:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta hafa verið athyglisverðar umræður. Vegna þeirra orða sem hér féllu síðast frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þá sagði viðkomandi þingmaður við síðustu umræðu um málið varðandi Byggðastofnun að eðlilegra hefði verið að hafa þar einungis framkvæmdastjóra því að stofnunin heyri hvort eð er beint undir ráðherrann sem slík og stjórnin því marklítil. Fyrir ári síðan var þingmaðurinn því þess (**JB:** Já, þetta stendur óbreytt.) fylgjandi að hafa ekki stjórn yfir Byggðastofnun eins og ég skil ... (**JB:** Ekki eins og ...) Nú á að bæta sem sagt aðeins við. En þetta stendur mjög greinilega í fyrri ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Ég ætla að vitna í hana. Hún er svona, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég hefði m.a. viljað benda hæstv. umhvrh. á að hún hefði átt að koma þessum skoðunum sínum á framfæri, t.d. þegar verið var að endurgera Byggðastofnun og færa hana undir iðnrn. með skipan stjórnar sem á sér vart heldur neina stjórnsýsluréttarlega stöðu. Þar hefði verið eðlilegra að hafa bara framkvæmdastjóra því að stofnunin heyrir hvort eð er beint undir ráðherrann sem slík og stjórnin því marklítil."

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti. En þetta hafa verið fróðlegar umræður um landmælingar og kortagerð. Umræðan hefur reyndar aðallega snúist um stjórn eða ekki stjórn yfir ríkisstofnunum almennt. Það er svo sem eðlilegt að menn hafi miklar skoðanir á því en það hefur verið mjög sérkennilegt að fylgjast með umræðunni þar sem hinir pólitísku litir hafa tekist á að sumu leyti en að öðru leyti verið mjög sammála. Má draga það fram að hv. þm. *Pétur Blöndal* og hv. þm. Jón Bjarnason eru mjög sammála þessu máli. Má segja að þeir séu hvor á sínum endanum á hinu pólitíska litrófi. (Gripið fram í.) Já, ég tel að það sé nokkuð víst þannig að þetta er allsérstakt.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um starf mælingamannanna og réttindi þeirra. Í 4. gr. kemur fram að mælingamenn eiga að fá vottun og eiga að sjá um að mæla eignarmörk landa og lóða. Mér heyrðist hv. þm. tala eitthvað um eignaskiptasamninga en það er undir öðrum lögum, fjöleignarhúsalögunum, þannig að hér er einungis verið að tala um mælingamenn sem eiga að mæla eignarmörk landa og lóða. Verið er að setja lagagrein til þess að geta sett reglugerð sem á að kveða á um menntun, réttindi og skyldur mælingamanna og um eftirlit Landmælinga Íslands með vottun þeirra og störfum. Þá þurfa menn að fá vottun frá Landmælingum Íslands til að geta fengist við þessar mælingar. Ég á ekki von á því að þetta muni valda neinum vandkvæðum.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ræddi líka um miðlun upplýsinga og það er rétt sem hún dró fram að verið er að hnykkja á hlut Landmælinga Íslands gagnvart miðlun upplýsinga. Viðkomandi hv. þingmaður spurði einnig um hvort Landmælingar Íslands hefðu niðurgreitt þjónustu í einhverjum tilvikum. Mér er ekki kunnugt um það á þessari stundu hvort svo sé en a.m.k. er búið að aðskilja algerlega núna samkeppnisreksturinn frá öðrum rekstri þannig að það á ekki að geta komið til. Varðandi fyrirspurn sem kom um sértekjurnar miðað við framlög ríkisins til stofnunarinnar að öðru leyti sýnist mér í fljótu bragði á fjárlögunum að sértekjurnar séu um $^1/_4$ hluti tekna Landmælinga Íslands.

Aðalumræðan hefur verið um stjórnir og það er alveg ljóst að á vegum umhvrn. hefur verið unnið markvisst að því að leggja niður stjórnir eins og hér hefur komið fram. Stjórnin hefur verið lögð niður hjá Hollustuvernd ríkisins og

Náttúrufræðistofnun. Við erum ekki með neina stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins og ekki er stjórn yfir Veðurstofunni. Ég býst við því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, sem hefur talað um að það sé ógn við þingræðið, séð í víðu samhengi, ég get nú alls ekki tekið undir það — ég heyrði að hv. þm. Stefanía Óskarsdóttir fékk ekki heldur alveg svör við því — en ég býst þá við því að hv. þm. flytji frumvörp um að settar verði stjórnir yfir þessar stofnanir fyrst það liggur svo þungt á viðkomandi þingmanni varðandi þessar stjórnir að það mundi styrkja þingræðið að hafa þær.

Á síðasta þingi lögðum við niður stjórn Brunamálastofnunar Íslands. (**GÁS:** Var ég á móti því?) Viðkomandi þingmaður var fjarstaddur. (**GÁS:** Umræðu um málið?) Ég get rifjað það upp, ég man að viðkomandi þingmaður tók þátt í umræðunni en ég lét fletta því sérstaklega upp hvort viðkomandi þingmaður tók þátt í atkvæðagreiðslu um það mál en svo var ekki. Viðkomandi þingmaður var með leyfi eða fjarstaddur en enginn greiddi atkvæði á móti þessu. Allir studdu það frv. enda var það mjög framsýnt frv. eins og ég man að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom aðallega inn á í umfjöllun sinni þá. Þá settum við hins vegar upp ráðgefandi ráð, brunamálaráð, en hér heyrðist mér umræðan vera svolítið ruglingsleg þar sem talað var um ráðgefandi stjórnir.

Ég tek undir þau orð sem féllu hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að stjórnir eru til að stjórna en þær hafa aðra stöðu en ráðgefandi ráð og okkur þótti mjög eðlilegt að leggja til við Alþingi að brunamálaráð yrði starfandi gagnvart Brunamálastofnun sem ráðgefandi ráð. Þar sitja í ýmsir hagsmunaaðilar sem hafa ekki sömu völd og stjórn. Maður hlýtur að spyrja sig þegar stjórn er yfir stofnun og auðvitað skiptir máli hver stofnunin er, ég vil taka undir það sem hér hefur verið dregið fram og ég ræði einungis núna um stofnanir sem heyra undir umhvrn., þá geta menn lent í því að óskýrt sé hver á að stjórna, og hafa lent í því, að stjórnir og forstjórar eru ósammála, forstöðumenn og stjórnir eru ósammála og koma til ráðherra nánast til þess að klaga hvor annan. Ég býst við því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson þekki það hugsanlega frá fyrri tíð í sínum stjórnmálastörfum að slík staða hafi komið upp. Sumir forstjórar hafa lent í því að skýla sér á bak við stjórnir þannig að mjög óskýr vinnubrögð hafa komið með þessari skipan mála. Ég tel mjög eðlilegt að leggja niður stjórn Landmælinga Íslands og vænti þess að hið háa Alþingi samþykki það. Ég sé enga þörf á þessari stjórn og ég mæli ekki með því að sett verði stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Veðurstofuna né aðrar stofnanir umhvrn. Það er ágætt að taka það fram að þetta er síðasta stjórnin hjá umhvrn. (Gripið fram í.) Síðasta vígið sem nú fellur og tel ég það vera til bóta.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom aðeins inn á stöðu Landmælinga sem stofnunar almennt og mig langar aðeins að fjalla um það hér að lokum. Það var dregið fram að flutningarnir voru sársaukafullir og það er rétt. Þetta voru sársaukafullir flutningar og það er erfitt þegar stofnun er flutt frá þeim stað þar sem hún var og út á land eins og þetta var á sínum tíma í dreifbýli – ég tel reyndar núna að það sé svona innan gæsalappa að menn geti sagt að Akranes sé dreifbýli vegna tilkomu Hvalfjarðarganganna. En þetta var sársaukafullt og það kostaði líka ákveðna fjármuni að flytja stofnunina en það hefur gengið mjög vel. Að vísu sögðu starfsmenn upp í upphafi en það hefur gengið mjög vel hjá stofnuninni á Akranesi. Hún hefur verið að stóreflast, það hefur tekist afar vel að manna stofnunina. Búið er að ráða sérfræðinga, m.a. tvo landmælingaverkfræðinga að mér skilst. Það er mjög menntað starfsfólk á stofnuninni og hefur ekki verið vandamál að ráða það. Það er metnaðarfullt starf hjá stofnuninni og góður andi og aukin verkefni þannig að það hefur gengið vonum framar með þennan flutning.

Hér var líka dregið fram að stofnunin hefur verið nokkuð til umræðu í fjölmiðlum og það er rétt, og með neikvæðum hætti því miður. Í fyrsta lagi hefur verið talað um kostnaðinn við flutninginn og það er rétt að það var talsverður kostnaður vegna flutningsins en síðan hefur það verið dregið fram að gagnasafn hafi horfið af stofnuninni að því hefði bara verið hent, hafi týnst. Það er alger firra. Það hvarf ekki og týndist ekki, heldur var ákveðið af hálfu stofnunarinnar í samráði við Ríkisendurskoðun að endurnýta gömul ónýt kort sem voru í miklu magni á lager. Ákveðið var að endurnýta þau en allt gagnasafnið er til, bæði hjá Landmælingum og á Landsbókasafninu. Það er skylda að geyma gögn þar. Í heildina má segja að stofnunin hafi eflst upp á síðkastið og flutningurinn upp á Akranes gengið vonum framar.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og tel eðlilegt að menn hafi rætt nokkuð ítarlega um stöðu stjórna yfir ríkisstofnunum. Það er hægt að draga það hér fram af því að menn hafa það á tilfinningunni að verið sé að leggja niður stjórnir í stórum stíl, að það er hægt að benda á stofnanir sem hafa fengið stjórn yfir sig tiltölulega nýlega eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ef ég man rétt var sett stjórn yfir þá stofnun á síðasta kjörtímabili. Það var ekki stjórn þar áður, ég man ekki hvort það var ráðgefandi ráð eða eitthvað svoleiðis en a.m.k. var sett stjórn, ef ég man rétt, yfir þá stofnun á síðasta kjörtímabili.

[14:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vegna ummæla sem hæstv. ráðherra hafði eftir mér úr umræðum um ný lög um stjórn Byggðastofnunar, er það alveg hárrétt að skipan þeirrar stjórnar var með þeim hætti sem hún þar tilgreindi. Síðan varðandi það að við Pétur H. Blöndal séum sammála. Við erum kannski sammála í þessu afmarkaða máli eins og það var túlkað hér. Í mínum augum er alveg skýrt að eigi að skipa stjórnir yfir stofnanir eða verkefni sé það Alþingi sem kýs þær, ekki ráðherra. Ráðherra getur staðfest stjórnir sem yrði þá kveðið á um í lögum um viðkomandi stofnun þar sem eru þá tilnefningaraðilar sem tilnefna aðila í stjórn sem ráðherra staðfestir og oft eru slíkar stjórnir þá ráðgefandi stjórnir. En eigi stjórnir að hafa vald kýs Alþingi þær stjórnir og mér finnst miður hvernig hefur verið farið að á undanförnum árum að fara þannig fram hjá löggjafanum og að ráðherra fái vald til að skipa stjórnir, annaðhvort beint eða þá í skjóli hlutafélagavæðingar fyrirtækja. Það er lýðræðislega mjög veikur gjörningur.

[14:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um stöðu þessarar stofnunar. Ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra um að þar séu mál í góðum gangi og byrjunarörðugleikar að baki. Það er fagnaðarefni.

Umræðunni um stjórnskipun í stofnunum ríkisins ljúkum við ekki í þessu samhengi. Til að taka af öll tvímæli vil ég hins vegar rifja upp að í umræðum um Brunamálastofnun ríkisins, af því að hæstv. ráðherra vék að þeirri stofnun og umræðum sem áttu sér stað fyrir réttu ári eða svo, a.m.k. á

síðasta þingi, þá lýsti ég miklum efasemdum um þær breytingar í umræðum um það mál, gott ef það var ekki við 1. umr. Ég þekki nefnilega þá stofnun býsna vel, var stjórnarformaður í henni á árum áður og veit vel hvernig gangur mála var þar á bæ.

Það er alveg hárrétt að auðvitað er það ósköp skiljanlegt að ráðherra, hvaða nafni sem hann nefnist, þyki þægilegra og einfaldara að þurfa ekki að fara með sín mál í gegnum einhverja stjórn, að þurfa ekkert að hafa fyrir því að láta einhverja stjórn segja sér eitt eða annað, að hafi bara bein völd og geta stjórnað stofnuninni nánast þrábeint í gegnum viðkomandi forstjóra hverju sinni, þ.e. ef ráðherrann er þannig gerður. Ég er þessu andvígur. Auðvitað er það léttara í hendi og auðveldara með allan gang að gera þetta svona. Ég ber hins vegar það mikla virðingu fyrir lýðræði í þessu landi að ég tel mjög mikilvægt að fleiri raddir fái að hljóma, að það sé bara mjög mikilvægt fyrir lífsanda viðkomandi stofnunar, hvort heldur hún er til þess að stjórna í umboði þings eða ráðherra eða hvort hún er ráðgefandi. Og þó að það kunni að flækja málið í einhverjum tilfellum þá bara er það þannig. Þannig er nú lýðræðið saman sett í okkar landi. Þess vegna höfum við þessa stjórnskipun sem heitir lýðræði og þingræði. Ég vil halda mig fast við það. Það er mergur þessa máls.

Ég vil líka nefna það að lyktum varðandi þessa tilteknu stofnun, þó að lýðræðið falli nú ekki á hné út af henni, að þar meðal stjórnarmanna er bæjarstjórinn á Akranesi. Ég er fullviss um að hann hefur gert þessari stofnun mikið gagn sem einn stjórnarmanna.

[15:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi Brunamálastofnun þá hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lýst því að hann hafði efasemdir um að leggja niður stjórnina á sínum tíma. Það er eflaust hárrétt. En ég vil draga það fram að þá er hv. þm. algjörlega einn um þá skoðun í stjórnarandstöðunni vegna þess að enginn greiddi atkvæði í þessum sal á móti því.

Varðandi hitt að það sé tengt lýðræðinu að leggja stjórn Landmælinga Íslands niður þá get ég ekki tekið undir það. Þessi stjórn er þriggja manna og skipuð af ráðherra. Það er ekki einu sinni tilnefnt í hana. Hún er algjörlega skipuð af ráðherra. Ég tel því ekki að hún skipti máli fyrir lýðræðið í landinu. (**GÁS:** Ég sagði það líka.) Hv. þm. var kannski ekki að segja að hún skipti sköpum en hefur samt lagt út af því að það að við séum að leggja niður stjórn Landmælinga Íslands geti ógnað lýðræðinu og að þingræðinu getið staðið ógn af því. Ég sé ekkert samhengi þar á milli.

Ég vil hins vegar taka fram að það er auðvitað ekki hægt að segja að við eigum að keyra eftir algjörlega einni línu í stjórnkerfinu með þetta. Sums staðar er eðlilegt að hafa stjórnir. Sums staðar er eðlilegt að hafa ráðgefandi ráð. Sums staðar er eðlilegt að hafa hvorugt. En a.m.k. hjá umhvrn., miðað við það hvernig okkar stofnanir eru saman settar, þá teljum við ekki eðlilegt að hafa stjórn yfir Landmælingum Íslands og leggjum þess vegna til þessar breytingar.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við leiðum þetta ekki til lykta hér. Enda sagði ég það áðan að þessi einstaka tillaga ræður auðvitað ekki úrslitum um framtíðarskipan þessara mála. Hún er merki um það að enn er haldið áfram á sömu braut. Það er kjarni þessa máls.

Ég nefndi það í lok síðasta andsvars míns að meðal stjórnarmanna í þessari litlu stofnun væri bæjarstjórinn á Akranesi. Ég endurtek að ég er alveg handviss um það, þekkjandi þann mann prýðilega, að hann hefur verið í lykilhlutverki við að festa þessa stofnun í sessi sökum staðarþekkingar sinnar og víðtækrar annarrar þekkingar þannig að ekki hefur hann nú mikið þvælst fyrir, held ég, við uppbyggingu þessarar stofnunar. Það getur því ekki verið ástæða þess að mönnum þyki mjög mikilvægt að leggja niður þessa stjórn. En allt að einu. Það verða lokaorð mín að sinni um þessi mál.

Ég minni á að ég held að öllum stofnunum sé hollt að fleiri en einn eða fleiri en tveir komi að. Ég vek líka athygli á því að í mörgum tilfellum eiga starfsmenn viðkomandi stofnunar þá kannski möguleika á því að heyra í stjórnarmönnum ef viðkomandi forstjóri er þeim óvilhallur eða vill ekki leggja við hlustir. Ýmsa þætti þessa máls er vert að gaumgæfa í breiðu samhengi.

[15:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að bæjarstjórinn á Akranesi er ítrekað dreginn inn í umræðuna þá er rétt að hann hefur setið í stjórn Landmælinga Íslands og staðið sig vel. Það er ekki verið að leggja niður stjórn Landmælinga Íslands til þess að losna við viðkomandi aðila, alls ekki, og viðkomandi hefur ekki þvælst fyrir eins og ég heyri að við hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson erum sammála um.

Bæjarstjórn Akraness og Akurnesingar almennt hafa staðið gífurlega vel við bakið á Landmælingum Íslands og reynt að efla þá stofnun með ráðum og dáð. Og ég er alveg sannfærð um að þó við leggjum niður þessa stjórn þá munu Landmælingar Íslands áfram eiga hauk í horni þar sem bæjarstjórinn á Akranesi er og einnig hjá íbúum staðarins.

[15:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur gengið mjög vel hjá þessari stofnun á Akranesi. Ég var staddur á sýningu sem var opnuð í haust á Akranesi sem Landmælingar tóku þátt í og hæstv. umhvrh. var þar líka. Þar þakkaði forstjóri stofnunarinnar í ræðu sinni mjög bæjaryfirvöldum á Akranesi og bæjarstjóranum fyrir þátttöku í því að koma þessari stofnun fyrir á Akranesi. Ég tel að það hafi skilað sér mjög vel að bæjarstjórinn var þar í stjórn á meðan þessir hlutir voru að ganga yfir.

Ég tek hins vegar undir það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan að auðvitað eru þessi mál ekki eins í hverju tilfelli. Ég tel að í langflestum tilfellum þar sem um er að ræða flókna starfsemi og margbrotna þá eigi að vera stjórn á bak við, annaðhvort ráðgefandi stjórn eða stjórn sem ræður sér sjálf forstjóra og ber ábyrgð. Það eru aðferðirnar. Mér finnst t.d. undarlegt að hæstv. ráðherra nefndi það sem röksemd gegn því að þessi þróun væri öll í eina átt að Áfengisverslun ríkisins hefði fengið stjórn. Ég hefði talið, þó ég hafi síður en svo á móti því að hún hafi stjórn og tel að stjórnir eigi almennt að vera í fyrirtækjum, að þá sé þar er á ferðinni tiltölulega einfaldur rekstur. Og úr því að menn telja ástæðu til þess að hafa stjórn þar þá væri nú hægt að halda því fram að hún ætti að vera býsna víða.

Það er sem sagt ekki sama um hvaða stofnun er að ræða og mér finnst að það eigi að taka afstöðu í hverju tilfelli. En

það er alveg auðséð hvaða stefna ræður ríkjum og hvernig menn hafa keyrt hana á undanförnum árum. Þar eiga menn að doka við og fara yfir þau mál að nýju. Það var full ástæða til þess hafa tekið þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 1. umr.

Stjfrv., 80. mál (heildarlög). — Þskj. 80.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dómtúlka og skjalaþýðendur. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur frá árinu 1914, en þau lög eru nefnd lög um heimild fyrir Stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en hlaut eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum á ákvæðum þess um skilyrði til að hljóta löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði árið 1998 til að endurskoða fyrirkomulag prófa til löggildingar dómtúlka og skjalaþýðenda. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög sem nú eru komin á níræðisaldur og þarfnast lagfæringar í ýmsum atriðum.

Herra forseti. Ég mun nú í helstu atriðum gera grein fyrir efni frv.

Í 1. gr. frv. segir að með dómtúlk og skjalaþýðanda sé í lögunum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi. Einnig segir að dómtúlkar og skjalaþýðendur séu opinberir sýslunarmenn og njóti réttar og beri skyldur samkvæmt því.

Í 2. gr. frv. eru sett ákveðin skilyrði til þess að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi en þau eru að viðkomandi sé svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar og hafi staðist próf.

Í 3. gr. frv. eru síðan nánari ákvæði um próf og fyrirkomulag þess.

Í 4. gr. frv. eru nánari ákvæði um löggildingu og störf dómtúlka og skjalaþýðenda. Þar segir m.a. að dómsmrh. skuli halda skrá um þá sem hafi löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur. Með þessu verður unnt að veita upplýsingar fyrir þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda og er fyrirhugað að veita aðgang að skránni á heimasíðu ráðuneytisins.

Þá segir í 6. gr. frv. að þeir einir megi nefna sig dómtúlka eða skjalaþýðendur sem hafa til þess löggildingu. Lagt er til að brot gegn þessu varði sektum.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 1. umr.

Stjfrv., 81. mál (framfærsluskylda með maka, barni eða móður barns o.fl.). — Þskj. 81.

[15:11]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga.

Með frv. þessu er lagt til að heimilt verði að fullgilda tvo Norðurlandasamninga á sviði sifjaréttar sem undirritaðir voru í Ósló 25. febrúar 2000. Annars vegar er um að ræða samkomulag um breytingar á samningi frá 6. febr. 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarfarsákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og hins vegar samkomulag um breytingar á samningi frá 23. mars 1962 um innheimtu meðlaga. Með frv. er einnig lagt til að samningar þessir öðlist lagagildi, en stofnsamningarnir sem verið er að breyta hafa lagagildi hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndum.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. samningsins um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð getur yfirvald meðal annars tekið ákvarðanir um framfærsluskyldu með barni og maka í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað. Í 2. mgr. 8. gr. samningsins er síðan mælt fyrir um meðferð mála þegar ágreiningur rís eftir að skilnaður að borði eða sæng eða lögskilnaður hefur verið veittur. Slíkt mál skal úrskurðað í því ríki er það hjónanna sem kröfunni er beint gegn á heimilisfesti í. Þetta á einnig við þótt ákvörðun hafi upphaflega verið tekin í einhverju hinna ríkjanna. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. samningsins hafa þótt þung í vöfum fyrir þá sem gera kröfu um framfærslueyri eða hækkun hans. Auk þess gildir ákvæðið einungis að því er varðar meðlag með barni þegar foreldrar þess hafa verið í hjúskap og því gilda ekki sömu reglur um börn foreldra utan hjónabands. Af þessum ástæðum eru ákvæði 8. gr. samningsins sem lúta að málum um framfærsluskyldu felld úr gildi með samkomulagi ríkjanna.

Af því leiðir að lögsaga í þessum málum mun ráðast af samningum um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum frá 16. sept. 1988, svokölluðum Lugano-samningi. Þetta felur í sér að unnt verður að úrskurða í því ríki þar sem maki eða barn býr eða dvelur að staðaldri. Þetta mun einfalda málsmeðferðina auk þess sem breytingin felur í sér að sömu lögsögureglur munu gilda án tillits til þess hvort börn fæðist í eða utan hjónabands.

Af þeirri breytingu á 8. gr. samningsins um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem hér hefur verið rakin, leiðir að 22. gr. samningsins um viðurkenningu á úrskurðum milli ríkjanna gildir ekki um ákvarðanir um framfærsluskyldu. Af þeim sökum var gerð breyting á samningnum um innheimtu meðlaga sem felur í sér gagnkvæma viðurkenningu milli Norðurlandanna á ákvörðunum um framfærsluskyldu með maka, barni eða móður barns og skyldu til fullnustu á slíkum ákvörðunum.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 20. mál (skýrslutaka af börnum). — Þskj. 20.

[15:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 20 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni. Frv. þetta felur í sér að horfið verði frá þeirri tilhögun sem komið var á með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, að því er varðar skýrslutöku af börnum fyrir dómi sem sætt hafa kynferðislegri misnotkun og að fyrri tilhögun verði lögfest að nýju. Meginbreytingin var sú að skýrslutaka var á vegum dómara með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum en ekki lögreglu eins og áður var.

Það er skoðun mín og margra fleiri, og m.a. hefur fjöldi félagasamtaka sent dómsmrh. áskorun þar um, að eldri lagaákvæði tryggðu betur velferð barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Hin nýju lagaákvæði frá maí á síðasta ári hafa að auki skapað mikinn glundroða við framkvæmd þessara mála, óvissu og ósætti sem verður ekki við unað. Það er meginmarkmið þessa frv. að koma málunum aftur í sama horf og var áður.

Ég held að fullyrða megi að þingmenn hafi talið með umræddri lagabreytingu sem var gerð að þeir væru að treysta réttarstöðu barna en ekki veikja hana. Reynslan hefur því miður orðið önnur en í kjölfar lagabreytingarinnar var komið upp aðstöðu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar ég segi að fullyrða megi að þingmenn hafi talið að þeir væru að styrkja réttarstöðu barna en ekki veikja hana átti ég sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mál og þar var aldrei talað um að með þessu yrði sú mikla breyting sem varð á Barnahúsi með lagabreytingunni eins og raunin hefur orðið á. Ég vitna í því sambandi til þess að Barnaverndarstofa, sem hefur gagnrýnt lagabreytinguna mjög og talið hana til hins verra, andmælti henni ekki og stóð í þeirri sömu trú og þingmenn að verið væri að styrkja réttarstöðu barna. En síðan lagabreytingin var gerð hefur stærsti hluti skýrslutöku barna farið fram í Héraðsdómi.

Ég held að rétt sé að rifja aðeins upp forsögu Barnahússins. Því var komið á laggirnar í kjölfar upplýsinga sem komu fram á Alþingi um að barnaverndarnefndir hefðu fengið til meðferðar 465 mál vegna meintra kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis á árunum 1992–1996 en aðeins var birt ákæra í 45 þeirra. Því má segja að Barnahúsið sé svar við eindregnum óskum þingmanna sem fram komu í umræðum á þingi um þessa skelfilegu tölur sem birtust fyrir nokkrum árum. Ég tel að þar hafi verið brugðist við með ábyrgum hætti, bestu úrlausna leitað og þeim hrint í framkvæmt. En meginmarkmiðið með starfsemi Barnahúss er að veita börnum, sem þolað hafa kynferðisofbeldi, alla nauðsynlega þjónustu á einum stað. Þannig er unnt að forða börnum frá því að endurtaka frásagnir af viðkvæmum atvikum fyrir ólíka viðmælendur á mörgum stöðum. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að slíkt er líklegt til að auka enn á þjáningu þeirra. Að auki getur slíkt spillt rannsókn málanna þar sem hætta er á að saga barnsins brenglist eftir því sem viðmælendur eru fleiri.

Starfsemi Barnahúss má greina í þrennt, þ.e. skýrslutöku af börnum, læknisskoðun og greiningu meðferðar. Skýrslutöku af börnum annast sérfræðingar sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess erlendis. Á stuttum starfstíma Barnahúss, sem sett var á laggirnar sem tilraunaverkefni og vert að hafa í huga að því tilraunaverkefni á að ljúka 1. nóvember nk., hefur fengist meiri reynsla við framkvæmd slíkrar skýrslutöku en áður hefur þekkst hérlendis þar sem tekin hafa verið viðtöl við hátt á þriðja hundrað börn. Þá er Barnahúsið sérstaklega hannað með það fyrir augum að börnunum líði vel í viðtölum en það er forsenda þess að þau geti tjáð sig greiðlega um viðkvæm mál.

Eins og ég sagði áðan hefur Barnahúsið sannað sig og gerði mjög fljótlega þannig að allir sáu fyrir sér a.m.k. áður en þessi lagabreyting varð að Barnahúsið yrði fest í sessi og það væri komið til að vera til framtíðar.

Ástæða er til að nefna það að sænskur sálfræðiprófessor sem rannsakað hefur sérstaklega skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi segir að Barnahús geti verið fyrirmynd annarra norrænna þjóða en hann var hér á landi fyrr á þessu ári. Hann undraðist þær lagabreytingar sem færðu skýrslutökur úr Barnahúsi í Héraðsdóm.

Ég vil að það komi skýrt fram þar sem ég er að mæla fyrir breytingu að málin verði færð aftur til fyrra horfs að ég tel að sérútbúin aðstaða í Héraðsdómi eigi fyllilega rétt á sér. Henni ber að fagna og má segja að hún sé löngu tímabær. En ég tel að hana eigi að nota í öðrum tilgangi en hér er gert varðandi skýrslutöku af ungum börnum vegna kynferðisbrota. Hana má vissulega nýta að því er varðar nauðgunarmál og þegar ekki er um að ræða börn og þegar um er að ræða skýrslutökur af fólki sem þarf sérstakar aðstæður við. Ég er alls ekki að gagnrýna þessa sérútbúnu aðstöðu, ég tel bara að hana eigi ekki að nota að því er varðar skýrslutöku af börnum sem sætt hafa kynferðislegri misnotkun.

Ég held að margir hafi bundið mjög miklar vonir við að málið mundi leysast farsællega hjá hæstv. dómsmrh. og félmrh. sem hafa fjallað um þetta mál og nokkur munur kom fram á afstöðu félmrh. hæstv. og hæstv. dómsmrh. til þessa máls. Því miður held ég að þær verklagsreglur, sem settar hafa verið og kynntar voru nýlega af dómstólaráði, breyti í engu því sem kom í ljós eftir að þetta lagaákvæði var sett. Það eru í raun og sanni lítil leiðbeinandi fyrirmæli í þessari verklagsreglu og ekki þar að finna, sem menn töldu þó að væri hægt að fá fram sem sáttaleið, þ.e. að skýrslutaka af börnum undir 14 ára aldri mundi ávallt fara fram í Barnahúsi en þá af eldri börnum í dómhúsi.

Verklagsreglurnar eru alls ekki á þá leið enda kom fram í viðtali sem haft var við formann dómstólaráðs að hann tók sérstaklega fram í tilkynningunni varðandi skýrslutökuna að dómarinn geti ákveðið að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi ef fyrir liggur að barnið þurfi að gangast undir læknisrannsókn sem fram getur farið þar, þ.e. dómarinn ákveður það í öllum tilvikum og þá virðist það bara vera sérstaklega þegar barnið þarf að gangast undir læknisrannsókn. Hann tók skýrt fram að reglurnar væru einungis leiðbeinandi að því er þetta varðar. Ég tel reglurnar því mjög máttlausar og alls ekki til þess fallnar að gera hér breytingu á sem ég held að flestir séu sammála um að þurfi að gera.

Ég vil taka það fram að það hefur komið fram að dómararnir sjálfir eru ekkert sérstaklega sáttir við þá leið sem þeir telja sig þurfa að fara miðað við þessa lagabreytingu. Ég batt því miklar vonir við að hæstv. dómsmrh. mundi beita sér fyrir lagabreytingu á Alþingi til að færa málið aftur til fyrra horfs. Það hefur ekki orðið og því höfum við nokkrir

þingmenn í Samfylkingunni flutt þetta frv. og séð ástæðu til þess miðað við hvernig mál þróuðust og hvaða mynd það fékk eftir að verklagsreglurnar voru settar.

Í þessum verklagsreglum eru því engin tilmæli að finna til dómara um að nota Barnahúsið, ekki einu sinni fyrir yngstu börnin. Ég tel að tilraunir ráðherra félags- og dómsmála eða það samkomulag sem menn bundu við að yrði lausn á málinu, sem þeir höfðu boðað, hafi ekki miklu skilað.

Í raun og sanni eru til tvær leiðir í þessu máli sem gætu komið til álita við lagabreytingu. Það er sú sáttaleið sem margir töluðu um, þ.e. að skýrslutaka af börnum yngri en 14 ára fari fram í Barnahúsi, og hin leiðin varðandi lagabreytinguna er sú sem ég mæli fyrir, þ.e. að taka upp fyrri skipan, að losa dómarana undan þessu og fela lögreglu á nýjan leik þetta verkefni.

Alls staðar í hinum vestræna heimi utan Noregs er skýrslutaka af börnum við frumrannsókn kynferðisbrotamála gegn börnum á ábyrgð lögreglu. Engin áform eru um breytingu þar á svo mér sem kunnugt um eins og í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, að breyta þessu og færa þessi verkefni yfir til dómaranna eins og hér er gert og er í Noregi líka.

Ég vil vitna í grein sem forstöðumaður Barnahúss skrifaði fyrr á þessu ári þar sem hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Enginn þeirra sem koma að vinnslu kynferðisbrotamála á Íslandi bað um þá breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem varðar skýrslutöku af börnum. Þvert á móti lögðust dómarar gegn henni, ríkissaksóknarinn og lögreglan. Landlæknir, barnalæknir, fjölmargir félagsmálastjórar og félagsráðgjafar, Barnaheill, Samtök um kvennaathvarf og margir aðrir, auk Barnaverndarstofu, hafa beðið um leiðréttingu þessara mála nú þegar áhrif lagabreytinganna hafa komi fram."

Ástæða er undir þessari umræðu að vitna til fréttatilkynningar sem dóms- og kirkjumrh. var send og undirskriftir 33 samtaka og stofnana sem henni voru afhentar þar sem fram kemur eindregin ósk um að hún, þ.e. hæstv. dómsmrh., tryggi áframhaldandi starfsemi Barnahúss. Í fréttatilkynningunni segir:

„Við teljum að yfirheyrslur yfir börnun í Barnahúsi séu betur til þess fallnar að tryggja réttaröryggi sakbornings sem brotaþola en yfirheyrslur annars staðar vegna þeirrar sérþekkingar sem fyrir hendi er í Barnahúsi á yfirheyrslum yfir börnum."

Undir það skrifar framkvæmdastjóri Barnahúss. Með þessu fylgir yfirlýsing um þetta efni þar sem fram kemur hvatning til hæstv. dóms- og kirkjumrh. til að tryggja áframhaldandi starfsemi barnahúss og undir það skrifar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Barnaheill, fagdeild geðhjúkrunarfræðinga, Félag ábyrgra feðra, Félag íslenskra barnalækna, Félag einstæðra foreldra, Félag heyrnarlausra, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra leikskólakennara, Foreldrafélag geðsjúkra barna og unglinga, Geðhjálp, Heimili og skóli, Hitt húsið, Hlaðvarpinn, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kennarasamband Íslands, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Ljósmæðrafélag Íslands, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Ný dögun, Prestafélag Íslands, Rauði kross Íslands, Samfok, Samtök um kvennaathvarf, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna, Vímulaus æska og foreldrahópurinn, Öryrkjabandalag Íslands.

Hér er eindregin áskorun til hæstv. dómsmrh. frá flestum þeim félagasamtökum sem láta sig með einum eða öðrum hætti þetta mál skipta þar sem óskað er atbeina hennar til þess að færa málið til fyrra horfs en allt kemur fyrir ekki. Ég skil satt að segja ekki af hverju hæstv. dómsmrh. kemur ekki til móts við þessi sjónarmið og skoðanir og eindregnu óskir sem hér koma fram. Þau rök, eru mjög ítarleg, sem sett eru fram m.a. af hendi Barnaverndarstofu og þeirra aðila sem fjalla um barnaverndarmál þar sem eindregið er óskað eftir að málinu verði snúið við og tilvist Barnahússins tryggð og að skýrslutaka af börnum vegna kynferðisbrota fari fram í Barnahúsi. Mér er hreint óskiljanlegt, ekki síst þegar fyrir liggur að dómararnir hafa ekki óskað eftir þessari breytingu og gætu fullkomlega sætt sig við það að málið verði aftur fært til fyrra horfs með lagabreytingu. Þetta er því ekki að þeirra eindregnu ósk að málið sé með þessum hætti heldur telja þeir sig fyrst og fremst vera að fylgja lögum frá Alþingi. Mér er því óskiljanlegt hvernig málið hefur komist í þetta horf sem það er í. Hafi Alþingi gert þessi mistök, vegna þess að ég tel að það hafi verið mistök að gera þetta með þessum hætti, ber Alþingi skylda til þess að færa málið aftur til fyrra horfs.

Ég hvet til þess hér í þessum þingsal og í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar að sátt geti tekist um þetta mál og að þingið og nefndin sem fær málið til umsagnar geti unnið í sátt með hæstv. dómsmrh. og hæstv. félmrh. að niðurstöðu sem allir geti sætt sig við. Ég held að allir vilji það og auðvitað vilja allir að friður sé um þetta mál. Við erum að fjalla um mjög viðkvæmt mál og ég hef ekki heyrt ein einustu rök fyrir því að það sé betra, skynsamlegra eða eðlilegra, ekki síst náttúrlega fyrir þolendur og fórnarlömb kynferðisbrota og aðstandendur þeirra, að hafa málið í þeim búningi og í þeim farvegi sem það er nú.

Ég vil aðeins vitna til Barnahússins aftur. Í upphafi var það samstarfsvettvangur allra sem koma að rannsókn og vinnslu kynferðisbrota gegn börnum en í undirbúningi Barnahúss tóku þátt fulltrúar ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, félagsmálastjóra, Barnaspítala Hringsins og barna- og unglingageðdeildar Landspítalans ásamt sérfræðingum frá barnaverndarnefndum og Barnaverndarstofu. Þessir aðilar, sem hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna við rannsókn og meðferð þessara mála, vildu allir leggja sitt af mörkum til að tryggja velferð barnanna og auka öryggi og gæði málsmeðferðar með samvinnu ólíkra sérfræðinga. Það var auðvitað meginmarkmiðið með Barnahúsi, megintilgangurinn og markmiðið einmitt að skýrslutakan gæti farið fram þar. Með því fyrirkomulagi næst heildarsýn sem er mikilvæg ásamt því að þekking og reynsla skapast í þessu erfiða og viðkvæma máli og ekki síst það sem var meginatriðið að fórnarlömbin, ung börn, þyrftu ekki margsinnis að endurtaka skelfilega reynslu sína og upplifa hana aftur og aftur með skýrslutökum á hinum ýmsu stigum málsins.

Fyrirmyndin að starfsemi Barnahúss var sótt til Bandaríkjanna og aðlöguð að íslensku réttarfari og velferðarkerfi. Það er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Norðurlöndum og hefur vakið mikla athygli. Það hefur verið fjallað um Barnahúsið í fagtímaritum og á ráðstefnum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og hópur sérfræðinga hefur komið í heimsókn til að kynna sér starfsemi Barnahúss og starfsmanna þess, sem m.a. hafa verið beðnir um að halda námskeið um framkvæmd rannsóknarviðtala. Því er ljóst að Íslendingar geta verið stoltir af því skrefi sem stigið var með stofnun Barna-

húss og auðvitað er það afturhvarf inn í fortíðina ef mál fá að þróast á þann hátt sem þau eru í nú og ekki verði gripið til þess að ná breiðri samstöðu um það á þinginu að hverfa aftur með málið til fyrra horfs.

Ég vil segja, herra forseti, í lokin að afar brýnt er að Alþingi nái viðunandi niðurstöðu í þessu máli og að hér verði tryggð framtíð Barnahúss. Reyndar tel ég að þurfi og eigi, og ætti raunverulega að skoða samhliða frv. eða alla vega á þessu þingi, að festa í sessi með lögum starfsemi og framtíð Barnahúss sem, eins og ég gat um í máli mínu, var einungis tilraunaverkefni. Barnahúsið hefur margsannað sig.

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. er viðstödd umræðuna og vænti þess að hún taki þátt í henni og hvet til þess um leið og ég lýk máli mínu að við getum náð fullri sátt um málið. Til þess stendur vilji minn og flutningsmanna þessa frv. að sátt geti náðst um málið á þingi, það er eindregin von mín og ósk. Það skulu vera mín lokaorð um leið og ég óska þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að koma að nokkrum athugasemdum í umræðu um þetta frv. sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi. Með frv. þessu er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi við skýrslutöku af börnum sem ákveðið var með lögum nr. 36/1999 og að baki búa þau sjónarmið að þetta sé nauðsynlegt til að Barnahús geti starfað áfram. Þessu er ég ósammála.

Rétt er að huga nánar að þeim röksemdum sem lágu til grundvallar umræddri lagabreytingu. Eins og nánar er rakið í frv. því sem varð að lögum nr. 36/1999 og breytti tilhögun við skýrslutöku af börnum var markmiðið einmitt að styrkja réttarstöðu barna og í samræmi við þau tilmæli sem komið höfðu fram af hálfu umboðsmanns barna. Með þessari breytingu átti að haga rannsókn á málum þar sem grunur lék á að barn hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þannig að barni væri hlíft við því að þurfa að rifja oftar en einu sinni upp atburði sem valdið hafa því miklum andlegum og jafnvel líkamlegum þjáningum.

Því var lagt til að reynt yrði eins og frekast væri kostur að taka einungis eina skýrslu af barni í stað þess að yfirheyra það fyrst hjá lögreglu og síðan aftur fyrir dómi. Þessi rök taka mið af hagsmunum og velferð barna en fram hjá þessum augljósu rökum er algjörlega litið í frv. því sem hér er til meðferðar þar sem lagt er til að þróuninni verði snúið við hvað þetta varðar.

Til að unnt verði í sem flestum tilvikum að ná því markmiði að barn gefi einungis skýrslu einu sinni vegna rannsóknar kynferðisbrots er nauðsynlegt að vandað verði til þeirrar skýrslutöku. Af þeim ástæðum var lagt til að skýrslutakan færi fram fyrir dómi þótt mál væri enn á rannsóknarstigi. Þetta helgast m.a. af því að fyrir dómi hafa sakborningur og verjandi betra tækifæri til að fylgjast með skýrslutöku og koma að spurningum. Einnig er dómari sjálfstæður og óhlutdrægur í störfum sínum meðan lögregla heyrir undir ákæruvaldið.

Það er því engum blöðum um það að fletta að réttaröryggis er betur gætt fyrir dómi en þegar rannsókn fer fram hjá lögreglu. Að þessu athuguðu má ætla að skýrslur sem gefnar eru fyrir dómi hafi almennt ríkara sönnunargildi en lögregluskýrslur. Með því að haga skýrslutöku af börnum á þennan vandaða hátt er helst hægt að koma í veg fyrir að þau þurfi ítrekað að rifja upp þjáningar sínar en samhliða er markmiðið að tryggja öruggari og traustari sönnunarfærslu til grundvallar niðurstöðu dóms.

Í frv. því sem hér liggur til grundvallar segir að tilraunir til að skapa Barnahúsi starfsgrundvöll hafi beðið skipbrot með útgáfu verklagsreglna um skýrslutöku á börnum sem dómstólaráð gaf nýlega út. Í þeim reglum sé ekki að finna nein tilmæli til dómara um slíkt heldur sé Barnahússins einungis getið sem valkosts við framkvæmd skýrslutöku. Og með hliðsjón af því að unnið er að uppbyggingu aðstöðu til skýrslutöku í fleiri dómstólum megi búast við því að málum sem vísað er til Barnahúss fækki enn. Við blasi að ekki verði unnt að starfrækja það áfram að óbreyttum lögum.

Þetta tel ég alrangt. Þvert á móti vil ég líta svo á að dómstólaráð hafi treyst starfsgrundvöll Barnahússins með því að gera beinlínis ráð fyrir því í starfsreglum sínum. Þá verður að hafa í huga að sérstök aðstaða til skýrslutöku í dómhúsum er á engan hátt til höfuðs Barnahúsi heldur er um að ræða fjölgun úrræða sem koma að notum við meðferð mála. Sérherbergi til skýrslutöku er ekki eingöngu ætlað til afnota vegna yfirheyrslu á börnum heldur nýtist það einnig á ýmsa aðra vegu eins og reynslan sýnir við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hér má t.d. nefna skýrslutöku á börnum í forsjármálum en ekki er gert ráð fyrir að slíkar skýrslutökur fari fram í Barnahúsi. Einnig má nefna að sérútbúin skýrslutökuherbergi í dómhúsi geta einnig komið að góðum notum þegar eldri börn eiga í hlut en menn hafa verið á einu máli um að ekki sé ástæða til að fara með þau til skýrslutöku í Barnahús.

Þá má líka benda á önnur viðkvæm mál þar sem fullorðnir eiga í hlut, t.d. konur í nauðgunarmálum sem vilja ekki þurfa að hitta meintan geranda. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. flm. frv., vék einmitt að þessu máli áðan og er sammála mér um nauðsyn þess að slíkri aðstöðu verði komið upp við dómstóla og tel ég það fagnaðarefni því að þetta eru merkileg nýmæli í dómskerfinu. En ég tel rétt að líta nánar á þessi mál og rifja upp þær verklagsreglur sem settar hafa verið. Ég vil taka það fram að ég átti þess kost ásamt hæstv. félmrh. að fara og skoða starfsemi Barnahúss. Ég tel þar margt til fyrirmyndar og mjög gott starf sem þar hefur verið unnið og á sama hátt fór hann og skoðaði sérútbúnu yfirheyrsluaðstöðuna í Héraðsdómi Reykjavíkur sem er reyndar skipulögð að tilmælum sérfræðinga í barnaverndarmálum, og við áttum mjög gott samstarf í þessu máli.

Tilkynning dómstólaráðs fyrir skömmu markar í raun tímamót þar sem nú er í fyrsta sinn sérstaklega gert ráð fyrir notkun Barnahúss við skýrslutökur af börnum í vinnureglum dómstólanna. Því má segja að tilkynning dómstólaráðs styrki starfsgrundvöll Barnahúss og í því sambandi er ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi.

Hinar nýju viðmiðunarreglur gera ráð fyrir að skýrslutökur geti farið fram í Barnahúsi af börnum allt að 14 ára gömlum og jafnvel eldri í sérstökum tilvikum. Sérstaklega er gert ráð fyrir að skýrslutökur fari fram í aðstöðu Barnahúss í þeim tilfellum þar sem barn þarf að gangast undir læknisrannsókn og umræddar viðmiðunarreglur eru settar til bráðabirgða þar til samræmdar verklagsreglur liggja fyrir. Það má því líta svo á að með þessum reglum nú sé stigið í fyrsta sinn ákveðið skref í þá átt og að reglur um nýtingu Barnahúss við skýrslutökur verði útfærðar nánar síðar.

Hæstv. forseti. Frá 1. maí 1999 gengu í gildi lagabreytingar um skýrslutökur af börnum í kynferðisbrotamálum.

Frá þeim tíma til 15. sept. sl. hafa verið teknar 111 skýrslur af börnum fyrir dómi sem meintum brotaþolum í kynferðisbrotamálum, skýrslutaka einkum af yngri börnum — og bið ég hv. þm. að fylgjast sérstaklega vel með — hefur farið fram í 60 skipti í Barnahúsinu en 51 sinni, einkum af eldri börnum, í húsnæði dómstólanna. Og hvað segja þessar tölur okkur? Þær segja okkur það að dómarar nýta sér aðstöðuna í Barnahúsinu í meiri hluta þessara mála og sú aðstaða er því þegar farin að nýtast vel sem kostur við hlið aðstöðu dómstólanna.

Fleiri úrræði eru þannig fyrir hendi sem hægt er að nýta eftir þörfum hverju sinni og eðli þeirra mála sem til meðferðar eru. Með ákvörðun dómstólaráðs er Barnahús orðið fast í sessi sem úrræði í þessum erfiðu málum, sem er ekki síst til hagsbóta fyrir yngri börnin. Ég er viss um að við erum öll sammála um það hér hv. þm. að það er auðvitað markmið okkar allra.

Þar að auki vil ég rifja upp að sérstakt teymi dómara hefur nú verið skipað til að vinna að þessum erfiðu málum og ég tel það mikið fagnaðarefni.

Þetta er mergurinn málsins. Það hefur aldrei verið nefnt af minni hálfu, aldrei, að til stæði að leggja niður starfsemi Barnahússins, þvert á móti hef ég fagnað því að fjölgað sé þeim úrræðum sem börnum stendur til boða í þjóðfélaginu. Því miður virðist sem einhver misskilningur hafi komist inn í umræðuna. Það er leitt og sérstaklega vegna þess að það er svo mikilvægt að friður og ró ríki einmitt í þessum málum.

Ég ítreka þau rök sem hafa komið fram í máli mínu og læt hér staðar numið. En ég vil líka benda á það að Barnahúsið heyrir að sjálfsögðu undir hæstv. félmrh. og ég veit ekki annað en að næg fjárframlög séu til rekstrar þessa húss. Þetta var tilraunaverkefni eins og bent var réttilega á hér áðan og væntanleg er greinargerð en ég veit ekki til þess að til standi að loka Barnahúsi. Ég tel svo sannarlega að það geti starfað áfram og að þetta frv., með þeim breytingum sem það gerir ráð fyrir, breyti engu í því sambandi.

[15:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er afskaplega vonsvikin yfir þessari ræðu hæstv. dómsmrh. Satt að segja var ég farin að vona það að dómsmrh. mundi skoða þetta mál með opnum huga, en svo er ekki. Ég er líka undrandi á þeim tölum sem hún grípur til máli sínu til stuðnings vegna þess að frá 1. maí 1999 og næstu mánuði á eftir var ekki komin sú aðstaða sem dómarar fengu síðar og allir dómarar urðu fyrstu mánuðina að nýta Barnahúsið, það átti eftir að breytast. Þess vegna eru hlutfallstölurnar rangar. Á einum tímapunkti spurði ég um tölur og þá höfðu af 24 málum 18 farið í dómhúsið og þar var verið að yfirheyra börn alveg niður í fjögurra ára aldur.

Þess er líka skammt að minnast að það varð fjölmiðlamál að réttargæslumaður sex ára stúlku vildi gæta hagsmuna barnsins og krafðist þess að Barnahúsið væri notað. Dómarinn neitaði því og málinu var skotið til úrskurðar Hæstaréttar sem studdi neitun dómarans. Móðirin hafði líka krafist þess að yfirheyrsla færi fram í Barnahúsi og þegar það náðist ekki í gegn ákvað móðirin að barnið færi ekki í yfirheyrsluna. Það er ekki hægt að halda því fram að hlutirnir séu í lagi eins og þeir eru vegna þess að það er núna sem börnin munu þurfa að fara í marga staði á meðan áður fóru þau í einn stað, í Barnahúsið.

Og það er athyglisvert, herra forseti, að dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness reynir að leysa úr þessu máli með því að setja fram hugmynd í Degi miðvikudaginn 11. október um að skoðað verði hvort ekki sé hægt að útbúa Barnahúsið tækjalega á þann hátt að það sé tengt í dómhúsin, þannig að yfirheyrslur á báðum stöðum lesist, að yfirheyrslan fari fram í Barnahúsinu af sérmenntuðu fólki og í því umönnunarumhverfi sem þar hefur verið byggt upp og hlustað sé á í dómhúsunum. Mér finnst hæstv. dómsmrh. afvegaleiða þessa umræðu, herra forseti.

[15:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir nú miður að hv. þm. kjósi að haga máli sínu á þennan veg þegar við erum að ræða um jafnerfið og vandmeðfarin og viðkvæm mál og þessi, um kynferðisafbrot gagnvart börnum. Ég sé ekki ástæðu til að elta ólar við ýmislegt sem fram kom í máli hennar, nema það að ég tek undir allar góðar hugmyndir sem fram koma samanber það sem hv. þm. minntist á og fram kom í frétt frá Héraðsdómi Reykjaness, ef slíkt fyrirkomulag gæti orðið til þess að bæta enn frekar aðstöðuna í þessum málum, þá finnst mér sjálfsagt að skoða það.

[15:51]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að koma hér í andsvar en mun flytja ræðu síðar í umræðunni. Ég vil vekja athygli á því að frsm. í þessu máli hefur farið mjög ítarlega og málefnalega í það. Ég kem hér upp með viðbrögð við ræðu ráðherrans, sem á engan hátt er að ræða við okkur um það hvort ástæða sé til að gera breytingar. Ráðherrann hafnar því strax í upphafsræðu sinni og ég er að bregðast við því. Ég er líka að benda á það að dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, og það eru að vísu fleiri dómstjórar sem hafa tekið þannig til orða, eru hlynntir Barnahúsinu og telja að yngstu börnin eigi tvímælalaust að fara þangað. Og af hverju? Af því að í Barnahúsinu fer læknisskoðun fram. Í Barnahúsinu fer sálfræðiþjónusta fram. Í Barnahúsinu fer fyrsta yfirheyrsla fram án nokkurra afskipta annarra og án þess að sakborningur sé viðstaddur t.d. Og þar er reynt að búa til það umhverfi sem best er fyrir börn. Ég trúi því ekki að það finnist nokkurt foreldri, ekki nokkur afi eða amma, sem kýs það þegar barn hefur verið flekað á þann hátt sem við erum að ræða um, að labbað sé inn í kuldalegt dómhús þó þar finnist eitt herbergi sem hefur verið sérútbúið.

Barnahúsið er allt annar hlutur en dómhús og ég hef verið að benda á að mikilvægt sé að yngstu börnin fari þangað. Nú er það nákvæmlega í valdi hvers dómara og liðnir mánuðir hafa sýnt það að dómarar telja það ekkert sjálfgefið að yfirheyrsla yfir yngstu börnunum eigi að fara fram í Barnahúsinu. Þess vegna hefur sex ára barn verið úrskurðað til yfirheyrslu í dómhúsi og þess vegna hafa fjögurra ára börn verið yfirheyrð í dómhúsi, vegna afstöðu sumra dómara. Um þetta er rætt, herra forseti. Nákvæmlega þetta, hagsmuni barnsins og ekkert annað.

[15:53]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki orða bundist. Lýsingar á dómhúsum landsins, kuldalegt umhverfi, skikkjuklæddir dómarar, palesandergólf o.s.frv. eru alveg ótrúlegar lýsingar sem hafa komið fram í umræðunni. En þeir hv. þingmenn sem hafa farið að skoða þessa aðstöðu í Héraðsdómi Reykjavíkur vita betur. Þeir vita að þar er búið að koma upp mjög góðri aðstöðu, með mjög hlýlegu umhverfi, þar sem sérfræðingar í barnaverndarmálum voru fengnir sérstaklega til þess

að veita ráðgjöf um hvernig best væri að koma slíkri aðstöðu fyrir. Ég beini því til þeirra sem hafa ekki haft tækifæri til að skoða þessa aðstöðu að gera það endilega.

Þar að auki finnst mér sú umræða svolítið sérstök að það sé einhver á móti því að yngstu börnin fari til Barnahússins, ekki hef ég sagt neitt um það, ég held einmitt að mjög margir séu á þeirri skoðun að það sé ákaflega heppilegt. Það kemur einmitt fram í verklagsreglum dómstólaráðs. Þar er meira að segja aldursmarkið miðað við 14 ára, hv. þm., og jafnvel eldri börn. Hins vegar er það þannig að dómsvaldið er sjálfstætt í þessu landi.

[15:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við ræðum einhver þau vandmeðförnustu mál sem um getur í meðferð lögreglu á Íslandi, þ.e. kynferðisafbrotamál. Það eru líklega fá ef nokkur jafnvandmeðfarin, þannig að menn verða að ganga gætilega um þær dyr.

En það sem fékk mig til þess að biðja um andsvar við ræðu hæstv. dómsmrh. er að ríkissaksóknari, yfirmaður lögreglumála, sem fer með og stjórnar jafnan rannsóknum í slíkum málum, og eins dómarafélagið, hafa lagst gegn því fyrirkomulagi sem nú ríkir. Og ég skil hæstv. dómsmrh. vel þar sem hún segir að það sé mjög óæskilegt að börn komi tvisvar eða oftar í skýrslutöku út af svona málum vegna þess að þau eru gríðarlega viðkvæm. Við megum heldur ekki gleyma því, ef við nálgumst þetta líka frá öðru sjónarhorni, að lögregluranssókn er fyrst og fremst ætlað að upplýsa um það sem gerðist. Við vitum að dómarar eru ekki sérhæfir í að rannsaka mál. Þeir hafa ekki fengið sérþjálfun í því og það er því dálítið sérstætt þegar bæði yfirmaður ákæruvalds og lögreglumála á Íslandi og eins þeir sem eiga síðan að koma að og hafa umsjón með yfirheyrslum, dómarar, skuli leggjast gegn þessu fyrirkomulagi, en þrátt fyrir það skuli dómsmrh. koma hér og telja sig vita mun betur.

Ég ætla ekki að setja mig í dómarasæti í þessu máli. Ég stjórnaði hins vegar oft og tíðum rannsóknum í slíkum málum fyrir nokkrum árum og ég segi það alveg eins og er, að það er mjög erfitt fyrir utanaðkomandi aðila, eins og í þessu tilviki dómara, að koma inn í miðja rannsókn og stjórna skýrslutöku þegar lögreglumenn hafa kannski unnið alla aðra vinnu. Ég tek því undir viðhorf ríkissaksóknara og dómarafélagsins um að það fyrirkomulag sem var á þessum málum sé mun betra en það sem nú er og tek því undir það frv. sem hér liggur fyrir.

[15:57]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er auðvitað alveg sammála hv. þm. að hér erum við að ræða um líklega erfiðustu mál sem hægt er að hugsa sér í dómskerfinu, þar sem við erum að ræða um slík afbrot gagnvart börnum okkar. En í sambandi við dómarana þá var það nú þannig að þeir fengu sérstaka sérfræðinga í lið með sér í þessum yfirheyrslum, það voru sérfræðingar m.a. frá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, sérfræðingar sem voru vanir í yfirheyrslum í barnaverndarmálum. Ég þekki til þessara sérfræðinga þar sem ég var um árabil formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þekki vel til þessa málaflokks og ég held að það hafi almennt gengið vel fyrir sig.

En þess utan eins og ég upplýsti áðan er nú búið að skipa sérstakt teymi dómara sem sérhæfir sig í þessum málum og ég tel að það sé fagnaðarefni.

[15:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til viðbótar þessu. Dómarar eru nú mannlegir eins og annað fólk og það að fylgjast með yfirheyrslu yfir þessum börnum tekur verulega á. Og það þarf enginn að segja mér að dómari sem hefur tekið þátt í yfirheyrslu á þessum börnum komi þaðan nánast óhlutdrægur, því það er gríðarlega erfitt. Ég lít svo á að mjög erfitt sé fyrir dómara að taka hlutlægt á málum eftir yfirheyrslur af þessum toga. Við verðum líka að líta fram hjá því að rannsókn hefur það eitt markmið að upplýsa um það sem gerðist. Og sá sem sakaður er hefur einnig sinn rétt. Ég tel því að mjög erfitt sé fyrir dómara að taka hlutlægt á málum eftir að hafa tekið þátt í rannsókn eins og nú er lagt fyrir þá. Ef ég man rétt, hæstv. dómsmrh. getur þá leiðrétt mig, þá sagði héraðsdómari á Akureyri sig frá slíku máli, en Hæstiréttur hafnaði því. En ég get vel ímyndað mér að héraðsdómurum og dómurum sem koma að þessu þyki óþægilegt að taka á málum eftir að hafa tekið þar þátt í yfirheyrslu af þessum toga.

[16:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað get ég verið sammála því að það geti verið erfitt að standa í þessum yfirheyrslum en er hv. þm. að halda því fram að dómarar geti ekki sinnt þessum störfum?

[16:00]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Vissulega eru þetta erfið mál og viðkvæm og þyngri en tárum taki. Ég efast ekki um góðan tilgang hv. flutningsmanna þessa frv. en sé hins vegar ekki annað en að niðurstaðan virki öfugt við ætlun þeirra. Með samþykkt frv. væri tekið upp það fyrirkomulag sem áður var með tvöfaldri skýrslutöku framkvæmdarvalds og dómsvalds. Ég skal skýra það betur.

Það hlýtur að vera mat dómarans hver er trúverðugur. Það er erfitt að meta eftir lögregluskýrslu sem tekin er áður, jafnvel alllöngu áður. Ég bendi líka á að þetta getur stangast á við mannréttindasáttmála Evrópu um milliliðalausa sönnunarfærslu þar sem vitnin þurfa auðvitað að tala fyrir og við dómara. Fyrirkomulagið mundi og stangast á við 1. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem segir, með leyfi forseta:

„Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi."

Herra forseti. Ég efast um að segulbandsupptökur gildi í því. Dómari þarf sjálfur að tala við málsaðila og hann er sjálfstæður í sínum ákvörðunum. Yrði, samkvæmt ætlun flutningsmanna þessa frv., horfið til fyrra fyrirkomulags þannig að lögreglan tæki skýrsluna er heldur ekki hægt að binda það í lög, lögreglan ræður sjálf hvar hún tekur skýrslur. Tilraunir til þess að nota Barnahúsið stöðvast alltaf á því að menn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Barnahúsið er ágætt, það er prýðilegt og ég vona að dómarar og lögregla noti það sem oftast. En við getum ekki skyldað dómendur til að nota það og heldur ekki lögregluna.

Ég get því ekki séð annað en að frv. feli það fyrst og fremst í sér að hverfa til fyrra fyrirkomulags um tvöfalda skýrslutöku. Að því leyti er það ekki til bóta fyrir blessuð börnin sem eiga afar erfitt og þarf ekkert að útskýra það eða lýsa því. Þannig að frv. er frekar flutt fyrir fasteign en lifandi fólk, frekar fyrir Barnahúsið en börnin. Ég endurtek að það er

ábyggilega ekki ætlun flutningsmanna en niðurstaðan hlýtur að vera sú.

Herra forseti. Dómstólaráð gaf út leiðbeinandi reglur. Flutningsmenn ætlast annars vegar til þess að löggjafinn hafi óeðlileg afskipti af dómsvaldinu, þ.e. nánast að skikka þessi mál, rannsókn þeirra og dómsmeðferð inn í Barnahúsið. Það væri ekki gott því að aðalreglan er sú að dómari skal halda dómþing í dómsal. Hann má víkja frá því við sérstakar aðstæður en — það athugist — eftir eigin ákvörðun. Hann er sjálfstæður í störfum sínum og ekki eðlilegt að löggjafinn og heldur ekki framkvæmdarvaldið skikki hann til þess. Því er eðlilegt að reyna á þessar leiðbeinandi reglur dómstólaráðs og sjá hvort Barnahúsið verður ekki áfram notað þannig að það sanni gildi sitt fremur en að við samþykkjum það sem hér er lagt til. Ég lýsi mig mótfallinn því. Löggjafinn væri að blanda sér í aðra grein hins þrískipta valds, dómsvaldið.

[16:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram mikill misskilningur í málflutningi hv. þm. Ef aðrir þingmenn byggja afstöðu sína á þessum málflutningi er illt í efni. Mér fannst líka gæta þessa misskilnings hjá hæstv. dómsmrh. Af hverju var Barnahúsi komið upp? Einmitt til þess að fyrirbyggja að barn þyrfti að fara ítrekað í skýrslutökur.

Það er einu sinni svo að af þeim fjölda mála sem kærð eru fara kannski ekki nema 10–20% fyrir dóm, fara alla leið fyrir dóm. Í um 80% mála er því um ræða eina skýrslutöku sem væri þá fyrir Barnahúsið vegna þess að oft er það svo að vegna skorts á sönnunargögnum þá fara málin ekki lengra. Því er verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni vegna þess að átta af hverjum tíu börnum fara bara einu sinni í skýrslutöku og þá í Barnahúsi, en málið fer ekki fyrir dóm. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú er fara öll börnin í skýrslutöku í dómhúsinu en til aðalmeðferðar koma kannski ekki nema 10–20% þeirra.

Einnig ber að hafa í huga að margir dómarar efast um að hægt sé að komast hjá því að yfirheyra barnið aftur þegar málið kemur til aðalmeðferðar og búið er að yfirheyra sakborning, þá þurfi e.t.v., ef frásagnir eru mismunandi, barnið að koma aftur til yfirheyrslu við aðalmeðferðina. Því er alls ekki fyrir það tekið, jafnvel þó það sé í dómhúsi, að barnið þurfi að koma tvívegis til skýrslutöku.

Ég mun ræða þetta aftur í seinni ræðu minni á eftir en ég vona að þingmenn byggi ekki málflutning sinn á því að með því sem hér er lagt til sé stuðlað að því að börn þurfi að koma margsinnis til skýrslutöku.

[16:07]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögreglan hefur auðvitað ekki dómsvald. Hún rannsakar það sem gerst hefur, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan. Dómarinn rannsakar hins vegar fyrir dómi hver er trúverðugur og þar þarf hann að hafa milliliðalausa sönnunarfærslu.

Breytingunni á lögunum 1. maí 1999 var ætlað að stuðla að því að barnið þyrfti aðeins einu sinni að koma í skýrslutöku með því að dómari kæmi að því strax. Þess vegna var sú breyting gerð. En með þessu væri tryggt að barnið þyrfti að fara tvisvar og endurtaka öll þessi erfiðu mál og rifja upp allt það sem það vonandi getur einhvern tíma gleymt.

[16:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers vegna skyldi það vera svo í öllum löndum sem við berum okkur saman við, öllum löndum Vestur-Evrópu, sé það fyrirkomulag að lögreglan rannsaki mál í frumrannsókn? Það er sú leið sem þessi lönd hafa farið, öll nema Noregur. Það er vegna þess að það er talið eðlilegra og réttara að dómarar taki við málinu í aðalmeðferð en séu ekki með mál í frumrannsókn þar sem, eins og ég var að segja áðan, ekki nema 80% þessara mála koma fyrir dóminn. Af hverju ætti að hafa dómara við skýrslutöku í frumrannsókn þessara mála þegar einungis hluti þeirra kemur fyrir dóm? Þar fyrir utan getur barn þurft að koma tvívegis til skýrslutöku þrátt fyrir þessa nýju tilhögun.

Ég tel að ástæðan fyrir því að Barnahús var sett upp hafi verið að allt gæti verið á sama stað, þ.e. læknisskoðun, greining, meðferð og skýrslutaka, sem yfirleitt þarf að vera í öllum þessum málum. Varla fer læknisskoðun fram í þessari sérútbúnu aðstöðu. Allt þetta ætti að fara fram á sama staðnum og það var tilgangurinn með Barnahúsi. Við værum að hlífa 80% barna, þar sem ákæra liggur fyrir að hafi orðið fyrir kynferðisbroti, við því að fara í dómhúsið og fara ítrekað í skýrslutöku. Í þessu máli er misskilningur sem greinilega þarf að leiðrétta. Auðvitað er það rangt, sem fram hefur komið, að frv. sé fyrst og fremst flutt til þess að Barnahús þurfi ekki að leggjast af. Það er ekki megintilgangurinn heldur að málið sé fært til fyrra horfs, þ.e. að skýrslutakan fari fram í Barnahúsi í frumrannsókn.

[16:10]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samt sem áður segir í grg. með frv. þessu að það þurfi að tryggja rekstur Barnahússins og að það verði aðalvettvangur fyrir rannsóknir og dóma í slíkum málum.

Hv. þm. talar um misskilning. Ég verð að segja að mér finnst misskilningurinn einkum og sér í lagi liggja í flutningi þessa frv. Eins og ég sagði efast ég ekki um góðan tilgang þeirra sem flytja þetta frv. en það leiðir hins vegar ekki til góðrar niðurstöðu í reynd. Ég bendi á, af því að hv. 1. flm. vitnar til þeirra landa sem við berum okkur helst saman við, að fyrir skömmu var máli í Danmörku vísað frá og maður sýknaður um alvarleg kynferðisafbrot gagnvart barni vegna þess að ekki var tekið mark á segulbandsupptökum lögreglunnar fyrir dómi.

[16:12]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa farið fram mjög fróðleg orðaskipti og verð ég að játa að ég er örlítið hissa á þeim. Mér finnst þetta ekki snúast um það að vera með eða á móti Barnahúsi þó að hv. þm. Hjálmari Jónssyni finnst það. Auðvitað snýst þetta um spurninguna: Hvernig við tryggjum að börn fái besta meðferð í vondum málum. Einfalt mál fyrir mér, afar einfalt.

Í fskj. með frv. sem var samþykkt á sínum tíma stendur einmitt: „Megintilgangur frv. er að styrkja réttarstöðu brotaþola“ — lesist: barna. Einnig er gaman að skoða umsagnir um það frv. Þar er auðvitað alls staðar minnst á að börnunum verði sem minnst íþyngt, að þau verði fyrir sem minnstum óþægindum, komi ekki nálægt vitnunum o.s.frv., og sérstaklega eigi að taka tillit til þess ef börnin eru mjög ung.

Gott og vel. Ef praxísinn í málunum gengur ekki eftir verður að gera eitthvað. Hvað á að gera? Við höfum þrjá

valkosti. Kannski er rétt að segja frá því að hv. allshn. og hv. félmn. eru báðar búnar að kynna sér Barnahús og héraðsdóm. Auðvitað er þetta ekki alveg sambærilegt. Það var gríðarlega fróðlegt, ég játa það, að fara í dómhúsið. En auðvitað hefur það yfir sér annan blæ þó að viðtalsherbergið sé afskaplega notalegt. Öll leiðin að því er vitanlega flóknari en það er reynt að gera hið besta úr því. Við megum heldur ekki horfa of mikið á þessa aðstöðu. Þetta er spurning um afstöðu en ekki aðstöðu.

Auðvitað þarf að vera góð aðstaða í dómhúsi eins og bæði hæstv. dómsmrh. og 1. flm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndu. Það er fullt af öðrum viðkvæmum málum sem þurfa sérútbúna aðstöðu. Það eru nauðgunarmál, þroskaheftir einstaklingar geta átt í hlut, áreitismál og ýmis þannig mál. Auðvitað á aðstaða í dómhúsi alltaf að vera til fyrirmyndar, það er gott mál. En það á ekki að tefla þessari aðstöðu gegn annarri í stað þess að þær bæti hvor aðra upp.

Þegar við vorum í heimsókn í dómhúsinu var auðvitað rætt um að það er ákveðið stílbrot að þar skuli mál rannsökuð. Það er ákveðið stílbrot að þar skuli fara fram rannsókn á jafnviðkvæmum málum. Þetta er eini málaflokkurinn þar sem rannsókn fer fram í dómhúsi og því skyldi það vera? Samt erum við með ákvæði í lögum um að við getum fært dómþing hingað og þangað. Af hverju er það ekki gert ef hagsmunum barna er best borgið þannig?

Ég stend með börnum. Ég vil vera talsmaður barna í þessum málum og að horft sé á hagsmuni þeirra númer eitt, tvö og þrjú og ekkert annað. Hvort er dómari hreyfanlegur eða ekki? Snýst þetta um að það megi ekki hreyfa dómara úr stað? Mér finnst mjög erfitt og vont þegar maður er farinn að hugsa þannig og ég vil forðast það.

Það er stílbrot að þetta skuli fara fram í dómhúsi. Dómarafélagið, ríkissaksóknari og aðrir voru gegn því þegar frv. var flutt á sínum tíma að þessu yrði breytt. Þeir vildu að áfram yrði sú teymisvinna sem var með lögreglu, barnaverndarnefndum og félagsmálayfirvöldum. Það var grunnurinn að Barnahúsi, þ.e. sú teymisvinna. Hún var auðvitað mjög fín. Eins og ég segi eru það ekki nema 10% af þessum málum sem fara fyrir dóm. Það er líka mjög alvarlegt, ef við horfum á þessar tölur, hversu mörg þessi mál eru, hvað við erum að tala um stóran hóp barna sem lenda í þessum hremmingum.

Það eru þrjár leiðir til í málinu. Ég hef skrifað margar blaðagreinar um þetta mál og ég hef alltaf sagt: Það á að semja um þetta mál börnunum til hagsbóta. Annars vegar á að gera samkomulag um að yngri börn, undir 14 ára, séu í Barnahúsi en börn eldri en 14 ára í dómhúsi. Síðan þarf að taka tillit til séraðstæðna ef þær koma upp.

Dómstólaráð sendi frá sér frétt sem var kannski í sjálfu sér ekki frétt þó það hafi átt að líta svo út. Dómstólaráð hefur samt sem áður ekkert yfir dómurum að segja og sagði í sjálfu sér ekkert annað en að dómstólaráð vildi leysa þetta mál. Það er hægt að leysa þetta með samningum. Það má kannski ekki því enginn má ráða yfir öðrum og auðvitað ræður enginn yfir dómurum.

Það var afskaplega góð grein í Degi, viðtal við Ólöfu Pétursdóttur, dómstjóra á Reykjanesi, þar sem hún nefndi þá leið að tæknin — sem er líka möguleiki og við ræddum það í heimsókn í héraðsdómi — byði upp á að börnin geti verið í Barnahúsinu og aðilar máls sitji í dómhúsi. Það er í sjálfu sér mjög farsæl lausn.

Númer eitt er að semja um þetta reglur, númer tvö að nýta sér tæknina og númer þrjú að breyta lögunum eins og hér hefur komið tillaga um. Við höfum þessar þrjár leiðir og allar miða þær að því að gæta fyrst og fremst hagsmuna barna.

Ef í sjónmáli væri — ég veit að það vakir líka fyrir flutningsmönnum — sátt í þessu máli og aðstaða barnanna væri ekki fyrir borð borin á þennan hátt, því að það eru þau sem verða bitbein í þessu máli og enginn annar, hefði þetta frv. sennilega ekki komið fram. Þurfi Alþingi að leiðrétta eitthvað þá eigum við að gera það. Mér finnst málið ekki flóknara en svo. Ef við þurfum að breyta lögunum til að þjóna hagsmunum barnanna þá verður svo að vera. Ef hægt er að leysa það á annan farsælan hátt þá verður það að vera tryggt meðan við klárum þetta frv. í nefnd.

[16:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir margt af því sem hv. þm. sagði í ræðu sinni. Mér hefur fundist hún mjög málefnaleg í umræðum um Barnahús og yfirheyrslur yfir börnum í þessum erfiða málaflokki. Ég er að sjálfsögðu sammála henni um það, eins og ég hef alltaf sagt, að hafa eigi hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

En það er hins vegar ekki rétt hjá hv. þm. að við einhver stór vandamál sé að etja í þessu máli. Það er einmitt sátt í þessu máli. Eins og hv. þm. benti á eru nú í fyrsta skipti komnar fram leiðbeinandi reglur frá dómstólaráði. Það er fyrsta skrefið sem stigið er til þess að styrkja Barnahúsið enn frekar í sessi. Ég vona svo sannarlega að við sjáum framhald á þeim málum því að við erum öll sammála um það, bæði hv. flutningsmenn sem og aðrir sem taka þátt í þessum umræðum, að við viljum hafa sátt í þessu máli.

[16:20]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mjög gott ef við fengjum bráðlega að sjá og sérstaklega í vinnu hjá nefndinni hvernig þessar leiðbeinandi reglur eru. Það er mjög mikilvægt að þær komi þá fram þannig að við getum kallað eftir þeim þegar við fjöllum um málið í allshn. Eins og ég segi: Númer eitt, tvö og þrjú þarf að hafa hagsmuni barnanna í fyrirrúmi. Kannski endar það með því að valin verður sú tæknilausn sem bæði var rætt um á fundi með dómurum í Reykjavík og dómstjóri Reykjaness nefndi. Fínt, ef það leysir málin.

[16:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það með Guðrúnu Ögmundsdóttur þingmanni Samfylkingarinnar að þessi umræða á fyrst og fremst að snúast um hagsmuni barnsins. Það eigum við að árétta aftur og aftur. Þetta mál snýst ekki um hagsmuni dómara, ekki um virðingu dómhússins, ekki um hvort togstreita sé á milli dómhúss og Barnahúss heldur um að hagsmuna barna sé gætt í hvívetna. Það er nöturlegt ef við þurfum að enda þessa umræðu með því að vona að tæknin komi til hjálpar, að þegar fólk er ófært um að beygja sig og gera það besta fyrir börnin sé gripið til nettenginga til að fara að lögum sem eflaust eru mistök.

Hér var fjallað um það áðan að eðlilegt væri að dómari færi með frumrannsókn á barni af því að annars þyrfti það að fara í fleiri rannsóknir. En hjá flutningsmanni kom fram að 80–90% mála sem dómarar yfirheyra börnin vegna núna færu ekki fyrir dóm og það er að mínu mati, sem ekki er löglærð, algjör bakhlið á dómskerfinu, að dómari fái mál upp í dómhús sem ekki verður kært í.

Þá má spyrja hvort, í þeim tilfellum sem dómari fer með frumrannsókn og á síðan eftir að yfirheyra sakborning og mismunandi upplýsingar koma fram hjá báðum aðilum, þolandanum og sakborningnum, annar dómari sem fær mál eftir ákæru láti sér nægja það sem fram kom í frumrannsókn annars dómara áður en sakborningur var yfirheyrður. Við sjáum sjálf hversu andstætt þetta er hugsuninni um dómskerfið, um löggæsluna og barnavernd.

Ég ætla líka að leyfa mér, virðulegi forseti, að nefna norsku lögin. Það kom fram í máli framsögumanns að þetta sé alls staðar með þeim hætti sem var áður en þessi blessuð lög voru sett nema í Noregi. Í umræðuþáttum í fjölmiðlum hef ég heyrt vísað til norsku laganna til að styðja það að lögunum um meðferð opinberra mála var breytt hér. En þar er grundvallaratriði að skýrslutaka er ekki fyrir dómi. Þar er notuð svokölluð „uten ret adferd" sem ég ætla ekki að gera tilraun til að þýða hér þó mér sé norskan nokkuð töm. Samkvæmt því eru settar reglur um hver yfirheyri og hvar. Þar eru beinlínis settar reglur, þær reglur viðurkenndar og eftir þeim farið að barn undir 14 ára aldri fari alls ekki í dómhús. Svo einfalt er það. Þetta eru norsku lögin sem eru sennilega eina undantekningin í allri Evrópu frá því að barn sem hefur lent í kynferðisafbroti fái ekki frumyfirheyrslu eða rannsókn eins og tíðkaðist í Barnahúsinu og við höfum öll verið svo grobbin af.

Hér búum við við það að enginn, ekki hæstv. dómsmrh., ekki dómstólaráð, getur sett dómurum reglur eða sagt þeim fyrir verkum. Þess vegna er fundið eitthvert leiðbeinandi verklag. Ég minni á að félmrh. var ekki hrifinn þegar þessi niðurstaða varð.

Nei, herra forseti. Þetta mál er ekki svo einfalt sem hæstv. dómsmrh. vill vera láta og hv. þm. Hjálmar Jónsson tók undir með. Þetta mál er erfitt og slæmt. Það er slæmt vegna þess að við hér á Alþingi settum lög og vissum ekki hvað við vorum að gera. Ég fullyrði að þessi lög hafi verið sett vegna vinnubragða okkar í þinginu. Ætli megi ekki leiða að því getum að þetta mál hafi komið inn í málahrúgunni á vorönn þegar alltaf er hætta á mistökum. Hvort sem svo var eða ekki þá urðu mistök.

Það reiknuðu allir með að þetta orðalag „sérútbúin aðstaða" þýddi Barnahúsið, hver einasti maður. Hvergi fóru menn að ræða það inni í þingflokkunum að nú ætti að flytja yfirheyrslur yfir smábörnum, jafnvel niður í fögurra ára, upp í dómhús. Ímyndið ykkur umræðuna á því vori ef við hefðum vitað hvað fólst í þessari lagasetningu.

Barnahúsið er að mínu viti einhver stærsta fjöðrin í hatti félmrh. Ég sagði það á sínum tíma, þegar þetta hús var opnað, að hann mætti vera stoltur af því. Jafnvel þó að hann gæti ekki hreykt sér af neinu öðru eftir veruna í félmrn. þá mætti hann vera stoltur af því að hafa komið á Barnahúsinu. Ég sagði það þá og get alveg endurtekið það hér. Þess vegna skil ég að hann hafi verið svekktur þegar ljóst var hver niðurstaðan væri, fyrir tveimur, þremur vikum, að dómararnir héldu þessu hjá sér. Hann lét þá þau orð falla að þar með væri þetta með Barnahúsið búið mál.

Barnahúsið hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Þar þykir góð starfsemi og þar eru nærgætin vinnubrögð viðhöfð, svo ég vísi í orð félmrh. Það er ekki oft sem ég vísa í hans orð. Það hefur oft komið fram í fréttum að þeir sem hafa kynnt sér starfsemina telji þetta réttu leiðina við skýrslutöku, við læknisskoðun eða rannsókn og umönnun eftir meint kynferðisafbrot.

Enn á ný vísa ég til þess sem fram kom hjá Guðrúnu Ögmundsdóttur hér áðan, að þetta snýst ekki bara um yfirheyrslu, þetta snýst um að barnið þurfi ekki að fara á fleiri en einn stað. Jafnvel þó að barnið fari í yfirheyrslu í dómhúsið þá þarf það líka að fara í læknisrannsókn. Aðstaðan í Barnahúsinu býður einnig upp á læknisrannsókn vegna þess að það er líka sértæk rannsókn. Börn hafa komið þangað alls staðar að af landinu.

Í hvert skipti sem fjallað hefur verið um Barnahúsið í fréttum var það með jákvæðum formerkjum þar til togstreita dómsmrh. og barnaverndaryfirvalda fór í gang. Þá kom það við hjartað í hverju foreldri og hverri ömmu og menn fundu til þakklætis vegna þess að yfirvöld hefðu útbúið þannig aðstöðu að leitað væri bestu úrræða fyrir barn sem lenti í þessum hörmungum.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hvað fram undan var en þegar farið var að innrétta aðstöðuna í dómhúsinu var mér alveg ljóst hvað væri í uppsiglingu. Ég ræddi það strax í þinginu og kom með fyrirspurnir til ráðherrans. Ég vonaðist til að ekki væri fyrirhugað að gera slíkar grundvallarbreytingar í svo viðkvæmu máli. En það er alveg sama með hvaða formerkjum maður hefur rætt um þetta mál við dómsmrh., það er ekki nokkur vegur að fá hæstv. dómsmrh. til að ræða þetta mál frá öðrum sjónarhóli en dómara. Þannig er staðan og engin leið að ná umræðunni á annað plan.

Þetta snýst ekki um eitt yfirheyrsluherbergi í dómhúsinu. Þetta snýst um allt hitt sem felst í Barnahúsi. Fólk hefur verið sent til útlanda að læra sérstaka yfirheyrslu- eða samtalstækni, aðbúnaður allur er miðaður við að taka á móti barni sem er í sárum. Svo er reynt að láta líta svo út að það sé jafngott að keyra upp að dómhúsinu við Hverfisgötu og ganga þar inn í herbergi með sérstakri yfirheyrsluaðstöðu. Ég a.m.k. hugsaði þetta mál á allt öðrum nótum og skil því ekki málflutninginn.

Það hefur líka verið sagt að yfirheyrslan verði á einum stað en það er öðru nær. Barnahúsið var útbúið þannig að allt væri á einum stað. Barnið segir sögu sína á einum stað þegar það fer í Barnahúsið en ekki á mismunandi stöðum. Þetta eru mjög ólíkar aðferðir, annars vegar að flakka með barnið á milli staða, á einn til yfirheyrslu, annan til læknisskoðunar eða sérfræðiaðstoðar og hins vegar að sinna öllu á sama staðnum. Þetta eru gjörólíkar aðferðir í barnavernd og umönnun.

Ég gat þess áðan að mér fyndist ekki rétt farið með tölur þegar vísað er í málin frá 1999. Ég ætla ekki að endurtaka það en tölurnar sem ráðherrann hefur farið með eru ekki réttar vegna þess að á fyrstu mánuðum lagasetningarinnar urðu allir dómarar að fara í Barnahúsið. Um leið og þeir fengu valið fóru þeir að flytja litlu krakkana til sín.

Það kemur fram í grg. með frv. að Barnahúsið varð til í kjölfar þess að upplýst var á Alþingi um gífurlegan fjölda mála sem barnaverndarnefndir hafa fengið til meðferðar og í hve fáum þeirra var birt ákæra. Með sameiginlegu átaki var reynt að taka þannig á málum að ljóst væri og fullkannað hvort ástæða væri til ákæru í öllum tilfellum. Reynt var að forðast þær kringumstæður að hags barnsins væri ekki gætt.

Ég held að með þessu áframhaldi lendum við í sömu stöðu og varð tilefni að Barnahúsinu. Miðað við yfirlýsingar félmrh. er ekki grundvöllur fyrir Barnahúsinu ef allar yfirheyrslurnar eiga að fara í Héraðsdóm Reykjaness, í Héraðsdóm Norðurlands eystra og í dómhúsið í Reykjavík, en af þessum þremur svæðum koma langflest börn í Barnahúsið.

Um leið og þessi rannsóknarviðtöl hafa verið flutt þangað má segja að búið sé að taka stóran þátt í starfsemi Barnahússins frá því.

Ég vakti athygli á því um daginn að svo virtist sem kominn væri upp grundvallarágreiningur milli félmrh. og dómsmrh. Meðan dómsmrh. hélt því fram að verklagsreglur dómstólaráðs treystu starfsemi Barnahúss var afstaða félmrh. þvert á móti sú að niðurstaðan þýddi að fljótlega mundi Barnahúsinu lokað.

Við stöndum frammi fyrir því að enginn getur sagt dómurum fyrir verkum. Ef einn dómari ákveður að fara sína leið hvað sem öllum verklagsreglum líður þá fer hann sínu fram. Við höfum ekki horft upp á að fjögurra og sex ára börn væru færð í dómhús til yfirheyrslu nema af því að dómarar telja að samkvæmt lögum eigi þeir að haga málum svo. Þannig er það. Enda lýsti dómsmrh. því yfir og ég batt við það mjög miklar vonir að hún ætlaði að leysa þetta mál. Það héldu allir. Meðan við vissum ekki annað þá héldum við að hægt væri að búa til reglur sem segðu afdráttarlaust að börn undir einhverjum tilteknum aldri mundu fara í rannsóknarviðtöl í Barnahúsið. Þetta var hægt í Noregi og er gert þar af því þar er um að ræða „uten ret adferd", en hér var þetta sett með lögum inn í meðferð opinberra mála.

Þannig blasir þetta mál við, herra forseti. Ég var að vona að þegar þetta mál kæmi til umræðu væri einhver lausn í sjónmáli af hálfu dómsmrn. Satt best að segja óraði mig ekki fyrir því að þegar við tækjum þetta mál til umræðu núna, hálfum mánuði eftir að þing kemur saman, þá fyndist ráðherranum þetta harla gott og engin ástæða til breytinga. Þrátt fyrir að ég viti að hún hefur heimsótt Barnahúsið þá spyr ég, miðað við hvernig ráðherrann flytur mál sitt, hvort hún skilji ekki hvað um er að ræða. Ef hún skilur það ekki þykir mér það mjög miður og þá skil ég líka þessi viðbrögð. En hins vegar skil ég alls ekki af hverju ráðherrann ætti ekki að skilja um hvað málið snýst.

Það hefur verið bent á að Dómarafélagið væri ekki sátt við þetta, ríkissaksóknari hefur talið að þetta þurfi að endurskoða, barnaverndaryfirvöld vilja breytingu og fagfólk gagnrýnir þetta fyrirkomulag. *Hér hefur verið lesin auglýsing þar sem allir sem máli skipta lýsa því yfir að þeir vilji hafa það fyrirkomulag sem við höfum beitt okkur fyrir, allir nema dómsmrh.* Mér er til efs að dómararnir vilji sjá þetta en *þeir hafa fengið yfir sig lög sem segja að svona skuli það* vera og sjálfsagt er það hið eina sem skiptir máli fyrir þá.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur, sem talaði af hálfu Samfylkingarinnar ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur, sem flutti framsögu í þessu máli, þá liggur við að við séum þar stödd að okkar eina von sé hin skynsama afstaða Héraðsdóms Reykjaness þar sem dómstjórinn lýkur lofsorði á Barnahúsið og segir að rétturinn hafi notað það allan tímann, en nú er verið að innrétta samkvæmt lögum aðstöðu þar líka eins og á Norðurlandi eystra. Eini kosturinn sem hún sér er að e.t.v. sé hægt að skoða hvort ekki megi útbúa einhver tæki í Barnahúsinu þannig að dómararnir geti setið annars staðar og yfirheyrt í gegnum þetta tæki en börnin séu í hinu verndaða umhverfi.

Þá spyr maður sig, ef það yrði niðurstaðan: Var þá ekki óþarfi og hefði peningunum ekki verið betur varið öðruvísi til barnaverndarmála en með að innrétta þessa aðstöðu?

Ég enda ræðu mína, herra forseti, með því að minna á að í Noregi fara öll börn yngri en 14 ára í rannsóknarviðtöl „utan réttar" í vernduðu umhverfi, samkvæmt norskum lögum sem voru þó þau einu sem ekki gerðu ráð fyrir sama fyrirkomulagi og var hér á landi, áður en þau lög voru sett á Alþingi sem hér er reynt að breyta.

[16:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nokkuð erfitt mál. Hver skilur hvað í þessu máli? Hæstv. dómsmrh. skilur ekki hvað er um að ræða, segir hv. þm. en lýsti því jafnframt yfir í ræðu sinni að hún skildi það ekki heldur. Það er gott að vita til þess að frv. mun fara til allshn. þar sem ég er viss um að skilningsríkir hv. þm. geta fjallað um það.

Það sem mér finnst erfitt að skilja í máli hv. þm. er hvers vegna hún heldur því fram að ekki verði grundvöllur fyrir rekstri Barnahússins ef þetta frv. verður ekki að lögum. Það er rétt að undirstrika að í Barnahúsi fer fram mjög mikilvægt barnaverndarstarf. Eins og margoft áður hefur komið fram í umræðunni, m.a. hjá 1. flm., eru mjög margar skýrslur teknar þar af börnum en aðeins hluti af þeim málum fer fyrir dómstóla. (**Gripið fram í:** Þetta er örugglega misskilningur.) Þar að auki finnst mér rétt að ítreka að það er engin togstreita í þessu máli þó að sumir hv. þm. vilji halda því fram.

Því var líka haldið fram áðan að hv. þm. hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera er þeir samþykktu lög um breytingu á meðferð opinberra mála. Ég var einmitt formaður allshn. á þeim tíma og held því fram að hv. þm. hafi verið það mjög vel ljóst að þarna væri um að ræða ákaflega mikilvæga réttarbót fyrir börn.

Að lokum, herra forseti. Hvers vegna ríkir þetta vantraust í garð dómara?

[16:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vantreysti ekki dómurum almennt í þessu landi. Ég ber meira að segja mjög mikla virðingu fyrir dómurum, jafnvel meiri virðingu fyrir dómurum en ýmsum öðrum stéttum. Það er e.t.v. eitthvað úr uppeldinu. Þeir eru fjarlægir, hafa mikið vald og eiga að greina milli þess sem er rétt og rangt í þessu samfélagi. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim.

Ég tel bara að dómarar hafi ekki þannig bakgrunn og menntun sem gagnast best í að vera með lítið, skaddað barn í höndunum og eiga að ræða við það um jafnviðkvæma hluti og kynferðislegt afbrot.

Í öðru lagi. Það eru orð félmrh. að starfsemin í Barnahúsi verði svo takmörkuð ef frumrannsóknir verði felldar niður í starfsemi þess, þar sem þær hafa verið stór þáttur í starfsemi Barnahúss, að það verði ekki grundvöllur fyrir því. Ég held að margir aðrir séu sömu skoðunar.

Þetta er greinilega hrikalega erfitt mál. Kynferðisbrotamálin eru meira en erfið, þau eru óhugnanleg. En þetta mál sem við erum að ræða, hvar eigi að vinna með málið, það er erfitt.

Ég sagði ekkert um að hæstv. dómsmrh. skildi ekki málið. Ég spurði hvort það gæti verið að dómsmrh. skildi ekki málið. Sjálf skil ég ekki dómsmrh. En það er alveg rétt hjá ráðherranum að ég á ekki sæti í allshn. og ég get vel skilið að ráðherrann fagni því.

[16:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er einn þeirra þingmanna sem hafa átt þess kost að heimsækja Barnahús og kynna mér starfsemi þess. Án þess ég sé sérfræðingur um þau mál þá virkaði sú heimsókn og allt annað sem ég hef kynnt mér í sambandi við

starfsemi þess húss þannig á mig að þar sé unnið að málunum þannig að til fyrirmyndar sé. Við ættum að geta verið stolt af því, svo langt sem það nær a.m.k., að þar er þó reynt að takast á við þau hörmulegu mál sem þar eru til umfjöllunar á þann hátt að ekkert sé til sparað við að gera öllum málsaðilum, þolendunum fyrst og fremst, það sem auðveldast að komast í gegnum þau ósköp sem þessu eru samfara, þegar grafist er fyrir um atburði af þessu tagi, teknar skýrslur o.s.frv. og í hlut eiga börn eða unglingar sem hafa sætt þessu óhuggulega ofbeldi.

Ég er, svo það liggi ljóst fyrir, mikill stuðningsmaður þess að reynt verði að hlúa að starfsemi Barnahússins. Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að það væri dapurlegt ef það dagaði uppi í einhverjum sviptingum í kringum fyrirkomulag málsmeðferðar eins og hér á í hlut í lögunum um meðferð opinberra mála. Þar væru menn af einhverri stífni, að mínu mati, að festa sig í lagabókstaf sem ekki á að ráða ferðinni. Lögin eiga ekki að lifa sjálfum sér heldur því viðfangsefni sem þau eru sett til þess að leysa úr eða fjalla um.

Í öðru lagi sýnist mér, herra forseti, að núverandi ástand sé alveg fráleitt. Ég verð að segja að hafi ég haft efasemdir um að þessi mál væru í nógu góðu horfi þá hef ég nú sannfærst um það eftir þessa umræðu hér. Ég botna ekkert í henni, að það skuli þurfa að skiptast á skoðunum í þeim tón sem hér hefur verið gert.

Ég held að það sé hið mesta ólán ef, þrátt fyrir tilvist Barnahússins og einróma vitnisburð liggur mér við að segja næstum því allra málsaðila um hversu gott það sé, ekki er hægt er að nýta sér kosti Barnahúss við að leysa þar úr öllum málsatvikunum á einum og sama staðnum, í sérhæfðu umhverfi og í höndum sérhæfðra aðila. Á sama tíma er byggð upp aðstaða í öllum héraðsdómum landsins og starfsemin er þrátt fyrir þetta að flytjast þangað. Þá eru málin greinilega ekki á góðu spori.

Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að taka endanlega afstöðu til þess hvort eina lausnin er fólgin í samþykkt frv. en mér finnst eiga að skoða það eins og annað hvort það sé þá eina leiðin að snúa til baka.

Varðandi það sem kom fram, að með því væri verið að hlutast til um hlutverk dómstólanna, þá er ég ósammála því.

Það mun hafa verið hv. þm. Hjálmar Jónsson sem taldi það freklega íhlutun í hið óháða dómsvald ef Alþingi leyfði sér að breyta lögunum. Ég hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu. Alþingi setti þessi lög og Alþingi hlýtur að geta breytt þeim líka. Það vill svo til að Alþingi setur líka lögin sem eru grundvöllur dómstólanna til að dæma eftir þannig að þetta er einhver misskilningur. Nú verður hv. þm. að lesa sér betur til áður en hann heldur því fram við okkur að Alþingi megi ekki breyta lögum sem það hefur sjálft sett þó svo að þau varði málsmeðferð og dómstólar komi þar við sögu. Dómstólar setja ekki lögin sem þeir dæma síðan eftir, það gerir Alþingi. Hins vegar dæma dómstólarnir eftir þeim eins og þau eru á hverjum tíma og eru fullkomlega sjálfstæðir og óháðir í því. Við segjum þeim ekki fyrir verkum en þeir heldur ekki okkur um það hvernig við viljum ganga frá löggjöf í þessum efnum.

Eins og ég segi, herra forseti, bakka ég ekki með það að ég teldi það mikla afturför ef Barnahúsið væri að daga uppi í þessum sviptingum. En á því virðist vera borðleggjandi hætta. Ég held við hljótum að taka mark á forsvarsmönnum þess og þar með meira að segja hæstv. félmrh. sem hefur látið ummæli falla í þá átt.

Nú er ég síður en svo að sakast við þá forsvarsmenn dómara eða forsvarsmenn dómstigsins sem telja rétt og skylt samkvæmt lögunum að útbúa þessa afstöðu í dómhúsunum og mér sýnist alveg ljóst að að óbreyttum lögum, að óbreyttri framkvæmd, stefni þetta í tvær áttir. Það held ég að væri ekki gott.

Herra forseti. Einhver stífni hlýtur að vera komin í þetta mál úr því ekki er hægt að ræða þetta á mýkri nótum og reyna að hafa það að leiðarljósi númer eitt, tvö og þrjú að leita lausnar í málinu. Það jaðrar við að ég segi, herra forseti, að ég telji skynsamlegast að fara að stytta umræðuna, kannski ljúka henni hið fyrsta og fela hv. þingnefnd að leggjast vandlega yfir málið og skora á alla viðkomandi í leiðinni að gefa nefndinni frið til að gera það og sjá hvort allshn., þangað sem það væntanlega fer, kemur upp með einhverjar þær lausnir sem varða annaðhvort lagaumhverfið eða framkvæmdina og geta tryggt að við losnum út úr því leiðinlega ástandi sem nú er uppi. Ég held að engum sé til góðs að ræða þetta í þeim tón sem hefur einkennt umræðuna og fleiri orðaskipti í fjölmiðlum eða úti í samfélaginu ef hægt er að komast hjá slíku. Mönnum ber í raun og veru, herra forseti, alveg sérstök skylda þegar í hlut á málaflokkur af þessu tagi að spara stóru orðin og setjast yfir það hvort ekki er hægt að finna þarna betri lausn.

Mér finnst líka, sem hér hefur komið fram og liggur reyndar fyrir í málinu, að fordæmið sem við erum að fylgja sé svo sérstakt að það hlýtur að leita á mann að kannski sé ekki endilega alveg einboðið að við höfum þessa framkvæmd á.

Til að draga þetta eitthvað saman að lokum, herra forseti, sýnist mér málið vera óskaplega einfalt, alveg sáraeinfalt. Í fyrsta lagi eru allir fagaðilar sammála um að það hefur mikla kosti ef hægt er að afgreiða málin öll á einum stað og í einu lagi í sérhæfðu umhverfi eins og Barnahúsið er. Ég hef eiginlega enga rödd heyrt hníga í aðra átt en að það hafi alveg ótvíræða kosti, sérstaklega frá sjónarhóli þolandans, að nýta sér þá kosti sem fólgnir eru í sérhæfingu og sérfræðiþekkingu í Barnahúsi.

Í öðru lagi hafi það mikla kosti og liggur í hlutarins eðli ef hægt er að komast hjá því að þolendurnir þurfi endurtekið að fara með vitnisburð sinn eða þola að af þeim séu teknar skýrslur eða þeir yfirheyrðir.

Þá er málið ekki flóknara en svo að í þessari jöfnu eru tvær breytur. Það er þetta tvennt sem málið snýst um. Að reyna að leysa það saman, að nota kosti hinnar sérhæfðu aðstöðu og losna við fleiri en eina skýrslutöku. Svo mikið veit ég í stærðfræði að það gefast varla einfaldari jöfnur en þær sem hafa bara tvær breytur. Er þá virkilega ekki til einhver lausn í þessu máli? Er það virkilega svo að menn þurfi að strekkja í sundur með mál af þessu tagi?

Herra forseti. Ég endurtek að ég skora á menn að setjast vandlega yfir hvort þarna sé ekki hægt að finna lausn. Það er auðvitað eðlilegur vettvangur til þess úr því sem komið er og kannski hvort sem er að það sé í höndum allshn. Alþingis. Það var allshn. sem vann að lagabreytingunni á sínum tíma í þeirri trú að menn væru að auka réttaröryggi og bæta stöðu þolendanna, svo mikið munum við öll sem vorum hér þegar það var til umræðu. En ef það er ekki að takast með þeim hætti sem til stóð eiga menn að fara yfir það. Það þarf ekki fleiri orð um það.

Hér hefur verið nefndur einn möguleiki sem er sá að nýta sér möguleika tækninnar til að þetta geti farið fram samtímis,

þ.e. meðferðin í Barnahúsinu, skýrslutakan þar og hlustun dómarans, eða eftir atvikum það sem sé ígildi eða komi í stað yfirheyrslu sem standist kröfur réttarmeðferðar. Það væri ákaflega góð lausn ef menn vilja halda því fyrirkomulagi að dómarar séu þátttakendur í þessu á rannsóknarstigi málsins sem hefur verið viðhaft nú um sinn með þessum lögum. Ellegar þá einhverjar aðrar lausnir sem ég vil ekkert gefa mér hverjar ættu að vera, þaðan af síður útiloka að séu til og finnanlegar. Ég held það hljóti að vera svo. Hugsanlega er eftir atvikum hægt að leggja eitthvert format á eðli málsins, hversu alvarlegt það sé eða hversu líklegt það sé að til að enda fyrir dómstólum og þá hugsanlega til að forðast tvíverknað að kalla þá til dómara í slíkum tilvikum en sæta því frekar að í einstöku tilvikum lentu mál fyrir dómstólum þó svo að dómari hefði ekki stjórnað yfirheyrslu á rannsóknarstigi og menn væru þá í öllu falli að fækka til muna þeim tilvikum þar sem upp kæmi að þolendur þyrftu að endurtaka vitnisburð sinn eða annað slíkt.

Þetta er ekki fyrir okkur leikmennina í sjálfu sér að bollaleggja um frekar og ég ætla ekki að gera það, herra forseti, enda tel ég það kannski málinu ekki sérstaklega til framdráttar að við séum að toga það og teygja í allar áttir. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð í umræðunni en þau ein að lokum að endurtaka áskorun mína til allra málsaðila að menn leyfi málinu nú að fá frið og vandaða skoðun í þingnefnd þannig að á það verði látið reyna í alvöru að finna lausn á málinu.

[16:52]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitthvað hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tekið skakkt eftir þegar hann bar upp á mig vitleysur í málflutningi, jafnvel þannig að hann hefði ekki heyrt annað eins og hefur hann þó marga fjöruna sopið í þessum sal og víðar. Það sem ég sagði var að Alþingi skikkar ekki dómara til að fara út úr dómhúsunum eitthvert annað til þess að halda þar dómþing. Það er andstætt lögum, það er andstætt dómstólalögunum og það er andstætt lögunum um meðferð opinberra mála. Alþingi setur lög og dómarar fara eftir þeim. Þeir eiga einfaldlega að halda dómþingin í dómhúsunum. Þeir geta vikið frá því í undantekningartilfellum, það er rétt en það verður ekki meginreglan andstætt lögunum.

Herra forseti. Ég vitna, með þínu leyfi, í lög um meðferð opinberra mála, 7. gr. laganna:

„Dómþing skulu haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stöðum ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið eða á heimili eða sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni."

Þetta er í lögum um meðferð opinberra mála frá 1991.

Og í dómstólalögunum segir í 21. gr., með leyfi forseta:

„Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls."

Herra forseti. Það sem ég segi er að dómarar eru sjálfstæðir í störfum sínum og þeir starfa á grundvelli laga sem Alþingi setur en Alþingi skipar þeim ekki að fara út úr dómsölunum eitthvað annað nema þá með sérstökum lögum þar um að dómstólarnir séu ekki staðir þar sem eigi að halda dómþing.

[16:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki hef ég áhuga á því að leggja hv. þm. Hjálmari Jónssyni orð í munn né gera honum upp skoðanir, honum er rétt leiðrétting orða sinna ef eitthvað hefur verið ranglega eftir honum haft. En ég var litlu nær eftir þessa ræðu.

Mér fannst hv. þm. staðfesta allt sem ég var að segja. Auðvitað setur Alþingi lögin, líka lögin um meðferð opinberra mála, líka dómstólalögin. Það kom fram í máli hv. þm. Alþingi setur þann lagaramma og grundvöll sem dómstólarnir starfa eftir og síðan dæma dómstólarnir á þeim grunni.

Þar af leiðandi var, af því hv. þm. var að ræða þetta í samhengi við þetta frv., voðalega erfitt annað en að skilja hv. þm. svo að hann teldi það íhlutun í sjálfstæði dómstólanna að gera þessa breytingu. Því er ég algjörlega ósammála. Hitt liggur fyrir að Alþingi hefur sett þannig starfsgrundvöll, m.a. fyrir dómhaldinu, að að jafnaði fari það eðlilega fram í dómsal en það eru líka heimilaðar frá því undanþágur. Úr því það má á sjúkrahúsum og annars staðar má alveg eins hugsa sér að í þessum sérstöku tilvikum gengi Alþingi þannig frá málum að þegar í hlut ættu erfið mál af þessu tagi færi dómþingið fram á sérhæfðum vettvangi til þess að hlífa þolendunum og skapa þá umgjörð utan um þær aðstæður sem við teldum bestar. Réttaröryggið þarf ekki að bera fyrir borð þrátt fyrir það. Það er fjarri öllu lagi. Það má ganga þannig frá því að það sé jafnrækilega tryggt að réttarhaldið fari fram við aðstæður sem tryggja fullt réttaröryggi o.s.frv.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég held að það sé ekkert innlegg í þetta mál þegar við ræðum um hvort gera eigi þessa litlu breytingu á lögunum um meðferð opinberra mála, færa hana til baka til fyrra horfs, sem er að sjálfsögðu í valdi Alþingis, að tala í því sambandi um óhæfi dómstólastigsins.

[16:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nauðsynlegt er að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að því hvort hann vilji breyta lögum um dómstóla og lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að öll mál sem snerta kynferðisafbrot gagnvart börnum skuli fara fram í dómhúsi og þar með að skikka dómara alfarið til þess að heyja dómþingið í Barnahúsi.

Með breytingunni, sem lögð er til í frv. til laga sem hér er til umræðu, er um það talað að færa til fyrra horfs þar sem lögreglan tekur skýrsluna, væntanlega í Barnahúsi, sem er þó engin trygging fyrir heldur nema þá að breyta öðrum lögum þar um. Þá þarf að fara eftir segulbands- og vídeóupptökum af yfirheyrslu og rannsókn lögreglunnar. Þá er dómari ekki lengur með milliliðalausa vitnaleiðslu gagnvart barninu og öðrum málsaðilum í því máli. Mér er afar mikilvægt að réttaröryggi sé tryggt og ekki verði á grundvelli þess að til er Barnahús farið að líta á það sem aðalatriðið og við þurfum að lengja á milli dómarans, sem þarf að meta um trúverðugleikann, og málsaðilanna sem eru í mjög erfiðri aðstöðu og aðstæðum.

Ef hv. þm. vill breyta öllum þessum lögum og skylda menn til að fara í Barnahúsið hef ég varla heyrt aðra eins vitleysu.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að eiga einkunnagjöf sína við sjálfan sig. Ef hv. þm. hefði hlýtt á ræðu mína þá kom

svarið við spurningu hans fram þar. Ég lýsti því sem skoðun minni að það bæri að leita lausna á þessu máli sem hefðu í sér fólgna þá tvo kosti sem við erum að sækja eftir, það er annars vegar að geta nýtt okkur þá sérhæfðu aðstöðu og þá umgjörð sem allir fagaðilar eru sammála um að er fyrir hendi í Barnahúsinu og hins vegar að losna við endurteknar skýrslutökur af börnunum. Þetta er það sem ég kalla að leysa saman þessar tvær breytur.

Varðandi það hvort það feli í sér stuðning við þetta frv. eða ekki þá kom það skýrt fram hjá mér. Ég sagðist ekki vilja binda mig í því að það væri eina úrræðið, eina mögulega lausnin að afgreiða frv. eins og það væri því ég get vel séð fyrir mér að menn reyni að leita lausna sem leysa þetta saman með einhverjum öðrum hætti til að fyrirbyggja eða forðast endurteknar yfirheyrslur og skýrslugjafir af þolendunum án þess að fórna því að kostir Barnahússins séu nýttir. Ég vil ekki gefa mér fyrir fram að það feli í sér annaðhvort eða, að færa það alfarið yfir í Barnahús eða dómþing í öllum tilvikum eða hafa núverandi ástand sem er heldur ekki gott vegna þess að þetta er að sigla í sundur eins og við höfum orðið vitni að. Þróunin ber greinilega með sér þar sem þeim tilvikum fækkar og fer væntanlega enn fækkandi í framhaldinu, ef svo heldur sem horfir, þar sem notast er við Barnahúsið eftir því sem aðstæða kemur upp hjá fleiri héraðsdómum. Við sjáum alveg fyrir hvað er fram undan í þessum efnum.

Þetta er mín afstaða í málinu og ég held að stór orð hafi ekkert upp á sig frekar í þessum efnum. Við skulum ekki vera að reyna að bera hvert annað ofurliði í lögspeki eða með einhverjum lagaklækjum. Þetta mál er tiltölulega einfalt eins og það snýr við mér og þetta er spurning um að finna á því lausn.

[17:01]

Hólmfríður Sveinsdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að fagna frv. sem hér um ræðir. Á árunum 1992–1996 fengu barnaverndarnefndir til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis. Aðeins var birt ákæra í 45 þessara mála sem þýðir að í 420 málum var ekki birt ákæra. Þegar þessar upplýsingar komu fram á Alþingi var brugðist við með ábyrgum hætti og Barnahúsi var komið á laggirnar.

Meginmarkmiðið með starfsemi Barnahússins er að veita börnum sem hafa þolað kynferðislegt ofbeldi alla nauðsynlega þjónustu á einum stað. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þess fyrir börn. En þeir aðstandendur barna sem þurft hafa að nota aðstöðu Barnahússins og sérfræðingar sem þar hafa komið að eru sammála um að Barnahúsið hafi markað mikil þáttaskil.

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að tugir félagasamtaka hafa lýst yfir stuðningi við Barnahúsið og skorað á yfirvöld að tryggja áframhaldandi starfsemi þess. Barnahúsið er hið fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum og hefur, eins og hér hefur komið fram, vakið mikla og verðskuldaða athygli.

Það frv. sem hér um ræðir hefur þann megintilgang að komið verði í veg fyrir að leggja þurfi Barnahús niður og sérstaklega hina mikilvægu starfsemi þess, en við blasir að ekki verður unnt að starfrækja það áfram að óbreyttum lögum. Ég vona að alþingismenn beri gæfu til þess að forða þjóðinni frá því slysi.

[17:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er flest komið fram sem máli skiptir í þessari umræðu. Ég hef setið og hlýtt á umræðuna nánast í allan dag og ég verð að viðurkenna að sá tónn sem í þessari umræðu er hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Hann hefur valdið mér vonbrigðum sökum þess að hann hefur einkennst af stífni og þvermóðsku sem að mínu viti á ekki við í umræðum af þessum toga og þar hefur mér fundist hæstv. dómsmrh. ganga hvað lengst. Mér hefur fundist málflutningur hennar minna mig dálítið á lítið barn sem vill ekki gefa eftir sælgætið sitt.

Þetta mál er miklu vandmeðfarnara og miklu erfiðara en svo að hægt sé að ræða það á þessum nótum. Ástæða þess að ég kem upp aftur er fyrst og fremst sú að í andsvari sem ég átti við hæstv. dómsmrh. áðan lauk hún máli sínu á þeim nótum að við treystum ekki dómurum vegna þess sem ég sagði í andsvari við hana. Þar sagði ég að erfitt væri og að dómarar væru settir í erfiða stöðu að taka á málum með hlutlægni eftir að þeir hafa þurft að standa í því að yfirheyra börn sem hugsanlega hafa orðið fyrir kynferðisbrotum.

Við megum ekki gleyma því heldur að lögreglurannsókn og rannsóknir yfir höfuð hafa það markmið að rannsaka bæði það sem leiðir til sektar og það sem getur leitt til sýknu og það getur verið dálítið erfitt að horfa á börn gefa skýrslu um það sem þau hugsanlega hafa orðið fyrir og ætla sér síðan að taka hlutlægt á þeim málum.

Dómarar eru settir í mjög erfiða stöðu. En þó að þetta sé sagt er langur vegur frá því að á nokkurn hátt sé verið að vega að dómurum. Það má segja sem svo kannski að það eina vantraust sem við höfum orðið varir við í garð dómara undanfarið kemur frá hæstv. dómsmrh. sem valdi alla aðra en dómara síðast þegar skipað var í Hæstarétt. Það er kannski það eina vantraust sem við höfum orðið varir við í garð dómara.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að þessi umræða hefur valdið mér vonbrigðum sérstaklega hvað varðar þá stífni og þá hörku sem virðist vera í þessu máli því að fyrst og fremst eigum við að reyna að komast að niðurstöðu sem þjónar rannsóknarhagsmunum og hagsmunum barnanna sem best. Það er sú niðurstaða sem við eigum að leita að. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan. Ég held að við þessar aðstæður þjóni ekki mikum tilgangi að halda umræðum áfram á þeim nótum sem hér hefur verið heldur tek undir það sjónarmið sem sett var fram áðan, að allshn. setjist yfir málið og reyni að leita lausna á því sem þjónar rannsóknarhagsmunum best, sem þjónar hagsmunum barna best og getur leitt til þess að við getum haldið áfram að þróa okkar réttarkerfi þannig að allra hagsmuna sé gætt og réttaröryggi við meðferð þessara mála sé sem best.

[17:07]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar og álögur á landflutninga, 143. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 143.

Flutningur á félagslegum verkefnum, 139. mál, fsp. RG, þskj. 139.

Fyrirtæki í útgerð, 138. mál, fsp. LB, þskj. 138.

Hlutafélög, 122. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 122.

Hlutfall kynja í nefndum og ráðum á vegum ríkisins, 142. mál, fsp. HólmS og ÁRJ, þskj. 142.

Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, 136. mál, þáltill. ÁGunn, þskj. 136.

Landsmiðstöð fyrir útlendinga búsetta á Íslandi, 145. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 145.

Meðferð ályktana Alþingis, 140. mál, fsp. RG, þskj. 140.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 125. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 125.

Þróun kornræktar á Íslandi, 144. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 144.

[17:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál og þeim sem þátt tóku í henni. Ég verð þó að segja, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, að málflutningur hæstv. dómsmrh. olli mér verulegum vonbrigðum. Ég hafði vænst þess þegar ég kom í ræðustól og mælti fyrir málinu að hægt væri að haga málflutningi þannig í dag að hægt væri að leita sátta. Ég reyndi að orða framsöguræðu mína þannig að við gætum náð sátt og lendingu. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vona að svo sé þrátt fyrir þau orð sem fallið hafa af hálfu hæstv. dómsmrh. sem mér finnst hafa bundið sig óskiljanlega í óhagganlega niðurstöðu. Ég get ekki fundið nokkur efnisleg rök í málflutningi hennar þó ég leiti með logandi ljósi.

Hæstv. dómsmrh. sagði: „Við viljum hafa sátt í þessu máli.“ En hæstv. dómsmrh. verður að gera sér grein fyrir því að hún er í fullkominni ósátt við marga og það skiptir verulegu máli. Hæstv. dómsmrh. er í mikilli ósátt við stóran hluta þingheims og trú mín er sú að ef þetta kæmi hér til atkvæðagreiðslu þá væri meiri hluti fyrir því að samþykkja frv.

Hæstv. dómsmrh. er líka í málflutningi sínum í fullkominni andstöðu við fagaðila, sérfræðinga sem hafa fjallað um þessi mál. Hún er í málflutningi sínum í fullkominni andstöðu við 33 fagaðila og félagasamtök sem hafa samið áskorun og hvatt hæstv. dómsmrh. til þess að leita sátta. Mér sýnist líka að hæstv. dómsmrh. sé í fullkominni ósátt við hæstv. félmrh. sem hefur lýst allt annarri skoðun en hæstv. dómsmrh. Fram kom hjá félmrh. nýverið, rétt áður en þing var sett, að hann vildi að skýrslutökur af yngri börnum færu fram í Barnahúsi. Eftir að leiðbeinandi reglurnar komu frá dómstólaráði hef ég ekki heyrt að hæstv. félmrh. væri sáttur við þá niðurstöðu sem fékkst í þeim leiðbeinandi reglum sem þar voru settar fram enda eru þær að mínu mati hvorki fugl né fiskur og munu litlu breyta um framkvæmd mála. Ég verð að setja núna allt mitt traust á hv. allshn. sem fær málið til meðferðar og ég leyfi mér að spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort það breyti engu í hennar huga ef umsagnir ríkissaksóknara, Dómarafélagsins og dómstólaráðs væru á þann veg að styðja breytingu í þá veru sem hér er lögð fram eða einhverja aðra breytingu sem tryggði að skýrslutakan færi fram þar sem hagsmunum barnanna er best borgið sem flestir viðurkenna að sé í Barnahúsinu þar sem sérhæfð aðstaða er til þessarar skýrslutöku og markmiðið er samhæfing þannig að að skýrslutökunni komi allir þeir sem þess þurfa á rannsóknarstigi málsins. Markmiðið er að samhæfa eins og unnt er hlutverk barnaverndarnefnda og félagsmálayfirvalda annars vegar og hins vegar hlutverk lögreglu, saksóknara, lækna og fleiri við rannsókn mála. Ég spyr hæstv. dómsmrh. um það af því að það hefur komið fram hér að þessi breytta tihögun er í andstöðu við álit ríkissaksóknara og dómaranna.

Vegna þess sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan eftir framsögu mína þá vil ég mótmæla því sem ég held að sé ekki rétt og er raunverulega sannfærð um að það er ekki rétt sem hæstv. dómsmrh. teflir fram í rökstuðningi fyrir sínu máli. Ég hef sagt það hér að a.m.k. yfir 80 ef ekki nær 90% þeirra mála sem kærð eru vegna meintra kynferðisbrota koma ekki til kasta dómstólanna vegna þess m.a. að sönnunarkröfur eru mjög harðar og krafist er mjög skýrra sönnunargagna. Það eru því ekki nema 10–20% málanna sem koma til kasta dómstóla. Þá spyr ég: Er ekki vanhugsað að dómararnir fari í skýrslutöku allra mála þegar svona lítið brot af þessum málum kemur síðan til dóms? Er ekki skynsamlegra að dómarar taki skýrslu af börnum fyrir dómi í þeim málum sem ákært er í eins og áður var og nýtist þá þessi sérstaka aðstaða til skýrslutöku af börnum í húsakynnum dómstólsins í því skyni?

Ég held að það sé ekki rétt sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. þegar hún segir að með lagabreytingunni sem var gerð 1999 höfum við verið að koma í veg fyrir að börnin þyrftu margsinnis að fara í skýrslutöku. Ég held að hvorki með lagabreytingunni sem var gerð 1999 né heldur með Barnahúsinu sé hægt að tryggja að barnið þurfi aldrei að koma tvívegis í skýrslutöku. En með því að færa málið til fyrra horfs er hægt að tryggja að 80–90% barnanna þurfi ekki að koma í dómhúsið heldur nægi að fara í Barnahúsið þar sem allt fer fram í senn, læknisskoðun, greining, meðferð og skýrslutaka. Það er ávinningurinn.

En eins og ég sagði er það þannig að meira að segja margir dómarar efast um að hægt sé að komast hjá því að yfirheyra barnið aftur fyrir dómi. Það á sér þá skýringu að ekki sé hægt að yfirheyra sakborning fyrr en eftir að barnið hefur gefið upphaflega skýrslu sína. Sé um mismunandi frásagnir að ræða getur þurft að kalla barnið aftur til skýrslutöku. Lagabreytingin frá 1999 tryggir því ekki að barnið þurfi ekki tvívegis að fara í skýrslutöku. En Barnahúsið tryggir að 80–90% barnanna þurfi aldrei að koma í dómhús þegar um er að ræða ákæru vegna kynferðisbrota gegn börnum. Það er ávinningurinn og hann er ekki svo lítill.

Með þessari lagabreytingu, eins og hún hefur verið framkvæmd, erum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Alveg eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi í máli sínu er hvergi sama fyrirkomulag í Vestur-Evrópu og við búum við, ekki einu sinni í Noregi sem er þó líkast því fyrirkomulagi sem við höfum hérna þar sem börn undir 14 ára þurfa ekki að leita í dómhús.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi líka, sem er mikilvægt í þessu máli vegna málflutnings hæstv. dómsmrh., milliliðalausa málsmeðferð sem dómarar kalla eftir, þ.e. að dómari sem dæmi geti rætt við barnið á rannsóknarstigi þannig að það sé sami dómari sem er með barnið á rannsóknarstigi og með málið fyrir dómi. Mér finnst rökstuðningurinn og málatilbúnaðurinn sem hæstv. ráðherra setur fram falla algjörlega um sjálfan sig.

Ég ætla mér ekki, herra forseti, þó að mér finnist hæstv. dómsmrh. hafa stundum gefið tilefni til þess, að hafa stór orð uppi í þessum ræðustól því að ég vil freista þess að ná sátt í málinu. En ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort hún geti ekki fallist á að skoða t.d. þá leið að börn undir 14 ára aldri fái skýrslutöku sína og frumrannsókn ávallt í Barnahúsi. Ég held að það sé sáttargjörð í málinu. Dómsmrh. mundi þá rétta út sáttarhönd í málinu sem allir gætu tekið í. Þó menn séu ekki fullkomlega sáttir við þetta og ég vilji hafa það

eins og það var þannig að börn undir 18 ára aldri komi í Barnahús, þá mundi ég taka í höndina á dómsmrh. og það væri sátt í málinu ef hún væri tilbúin að ganga þá leið. Það er hægt. Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort hún vilji ekki svara því ákalli sem kemur fram hjá þessum 33 félagasamtökum, sem kemur fram hjá þingmanni eftir þingmann sem hefur komið í ræðustól, að leita sátta í þessu máli við þingið.

Það er ekki svo eins og hæstv. dómsmrh. hélt fram þegar hún varpaði fram spurningunni: Hvers vegna ríkir þetta vantraust á dómara? Þetta er ekki vantraust á dómara. Þeir hafa sagt að þeir séu að framfylgja lögum. Við erum fyrst og fremst að tala um hvað er best fyrir hagsmuni barnsins. Flest okkar telja, ekki bara við sem höfum komið í ræðustól, heldur margir aðilar sem um þetta mál fjalla, að hagsmunum barnsins sé best borgið með þessum hætti.

Mér fannst hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hitta naglann á höfuðið þegar hún sagði: Snýst þetta mál orðið um hreyfanleika dómaranna, hvort það megi hreyfa þá til með einum eða öðrum hætti? Menn eru farnir að tala um að hugsanlega verði þetta mál leyst með tækninni þannig að dómararnir geti setið í dómhúsi sínu og hlýtt á barnið og yfirheyrt í Barnahúsi. Ef svo er snýst þetta um hreyfanleika dómaranna. En ég trúi því ekki.

Mér finnst málið liggja með þeim hætti að allshn. fjallar nú um málið og kemst væntanlega að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Einhver sagði áðan að málið mundi ekki hafa komið á borð þingmanna, það mál sem ég hef mælt fyrir, ef niðurstaða hefði fengist með þeim hætti, sem ég lýsti, að börn undir 14 ára aldri yrðu yfirheyrð og skýrslutaka færi fram af þeim í Barnahúsi. Það er rétt. Ég hefði sætt mig við þá niðurstöðu. Þess vegna skulu það vera lokaorð mín, herra forseti, að hafa þá trú og von að dómsmrh. sé fús til samstarfs við hv. allshn. í málinu. Enginn er bættur með því að hafa uppi stóryrði í þessu viðkvæma máli, við erum að fjalla um hræðilega glæpi sem eru framdir eru gagnvart börnum og setja kannski mark sitt á allt þeirra líf. Það er fyrst og fremst útgangspunkturinn og leiðarljósið sem við eigum að hafa: Hvernig eru hagsmunir barnanna best tryggðir í málinu?

Þegar við höfum það fyrir framan okkur, herra forseti, að við getum forðað því að t.d. 80–90% af þeim börnum sem talið er að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þurfi aldrei að koma í dómhúsið, þá er það þó nokkur ávinningur, herra forseti.

Ég hef lagt raunar tvær spurningar í lokin fyrir dómsmrh. Er hún reiðubúin til sátta, að fara þá leið að börn undir 14 ára aldri fái yfirheyrslu í dómhúsi? Spurning númer tvö: Ef umsögn Dómarafélagsins, ríkissaksóknara, lögreglu og dómstólaráðs verður jákvæð um þessa breytingu er hæstv. dómsmrh. þá opin fyrir því að skoða aðrar leiðir í málinu en nú er niðurstaðan og blasir við okkur í þeim leiðbeinandi reglum sem dómstólaráð vinnur eftir?

Ég skora á dómsmrh. að leita sátta í málinu. Í raun og sanni finnst mér það vera skylda hæstv. dómsmrh. að leita sátta við alla aðila í málinu.

[17:24]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í dag vil ég láta þess sérstaklega getið að óskað var eftir því af hálfu 1. flm. að ég sem dómsmrh. yrði viðstödd umræðuna og tæki þátt í henni og svaraði fyrirspurnum. Ég varð við því. Ég hef alltaf sagt að ég telji mikilvægast í málinu að hagsmunir barnanna verði hafðir að leiðarljósi. Jafnframt vil ég ítreka að ég tel mjög mikilvægt að Barnahúsið haldi áfram starfsemi sinni. En ég tel að efni frv. komi því máli ekki beint við. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að hv. allshn. þingsins fjalli um þetta mál.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um þennan aldur, 14 ár, þá vil ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðum mínum, að það er einmitt sú tillaga sem kom fram frá dómstólaráði að viðmiðunaraldur væri 14 ár og jafnvel eldri börn. Það er alveg ljóst að ákveðnar tillögur hafa komið fram til sátta í þessu máli. Ég vil bæði trúa því og treysta að allir geti og hafi áhuga á að ná fram sáttum sem leiði til sem farsælastrar niðurstöðu fyrir börn í þessum erfiðu og viðkvæmu málum.

[17:25]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Hæstv. dómsmrh. nefndi að tillögur hefðu komið fram í dómstólaráði um að skýrslutaka, ef ég skil hæstv. dómsmrh. rétt, af börnum undir 14 ára aldri og jafnvel eldri fari fram í Barnahúsi. Ef sú tillaga hefur komið fram hvers vegna sér þeirrar tillögu ekki stað í leiðbeiningarreglunum sem hafa verið gefnar út? Ég spyr: Eigum við þá von á breytingum á þeim reglum þar sem verður tryggt að a.m.k. börn undir 14 ára aldri fái skýrslutöku sína í Barnahúsi? Ef það er niðurstaðan að þess sé að vænta held ég að dómsmrh. hafi komið í ræðustól til að rétta sáttarhönd í málinu.

Ég spyr því hæstv. dómsmrh. um það vegna þess að það greiðir fyrir starfi nefndarinnar ef von er á slíkri afgerandi breytingu á leiðbeinandi reglum dómstólaráðs.

Ég spurði líka hæstv. dómsmrh. að því, vegna þess að það hefur komið ítrekað fram, að ríkissaksóknari og Dómarafélagið og að mér skilst dómararnir sjálfir fagni ekki lagabreytingunni sem var gerð 1999 og gætu vel hugsað sér breytingu, hvort hæstv. dómsmrh. gæti þá fallist á slíka breytingu ef umsagnir þessara aðila yrðu jákvæðar. En kannski er hægt að fá lyktir í málið ef dómsmrh. telur að hér séu á ferðinni breytingar á leiðbeinandi reglum sem gangi í þá veru sem ég hef talað fyrir.

[17:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að upplýsa það, sem ég hélt að hv. flutningsmönnum þessa frv. væri kunnugt um, að í tilkynningu dómstólaráðs nr. 2/2000, frá 28. sept., segir í lokin að skýrslutökur af börnum 14 ára og eldri fari fram í dómsal nema dómari telji heppilegt af sérstökum ástæðum, t.d. vegna þroska barns, að skýrslan verði tekin í sérútbúnu skýrslutökuherbergi í húsnæði dómstóls eða annars staðar, að skýrslutökur af yngri börnum en 14 ára fari fram í sérútbúnu skýrslutökuherbergi í húsnæði dómstóls eða Barnahúsi. Dómari getur t.d. ákveðið að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi ef fyrir liggur að barnið þurfi að gangast undir læknisrannsókn sem þar getur farið fram.

Þetta var samþykkt á fundi dómstólaráðs 28. sept. sl.

[17:29]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að hæstv. dómsmrh. sé að lesa upp úr leiðbeinandi reglum sem allir hérna inni þekkja sem hafa fjallað um þetta mál og komu fram áður en þing kom saman og einn dómari í viðtali sagði að væru leiðbeinandi reglur og dómarar gætu ákveðið hver fyrir sig hvort skýrslutaka af börnum undur 14 ára færi fram í dómhúsi eða í

Barnahúsi. Það væri fullkomlega á valdi dómaranna hvor leið væri farin. Hann hélt því fram að það mundi þá aðallega vera ef um væri að ræða nauðsyn á læknisskoðun. Það er ekki ásættanleg niðurstaða í málinu sem hæstv. dómsmrh. er að lesa upp. Þetta þarf að liggja miklu skýrar fyrir en gerði í þessum leiðbeinandi reglum frá því í lok september.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að karpa lengur við hæstv. dómsmrh. Við fáum enga niðurstöðu í málið hversu mikið sem ég hef lagt mig fram um að reyna að fá dómsmrh. inn í umræðuna með opnum huga, til þess að leita einhverrar niðurstöðu sem við gætum sæst á. Málið er núna í höndum allshn. Ég bind vonir við að hún komist að sameiginlegri niðurstöðu og málið komi aftur til kasta þingsins og þá verði látið á það reyna í þessum sal, ef ekki fæst önnur niðurstaða, hvort meiri hluti er fyrir því að breyta þessum lögum sem í framkvæmd hafa valdið miklum óróa og eru langt í frá fallin til þess að gæta hagsmuna barnanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 12. mál. — Þskj. 12.

[17:32]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk verði ekki látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi."

Þáltill. sama efnis og sú sem hér liggur fyrir var lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillagan er því endurflutt nú enda er um að ræða alvarlegt misrétti sem virðist aukast í þjóðfélaginu og því full ástæða til að bregðast við.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks.

Eins og ég gat um virðist það færast í aukana að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað. Þessi fylgifiskur æskudýrkunar er víða við lýði í atvinnulífinu og ég held að flest okkar þekki dæmi um það þegar einstaklingum er vísað út á guð og gaddinn, fólki sem starfað hefur í langan tíma, jafnvel áratugum saman, er skyndilega sagt upp störfum áður en lífeyrisaldri er náð.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu nauðsynjamáli nú í ljósi þeirrar uppstokkunar sem fyrirsjáanleg er í bankakerfinu. Þar eiga í hlut mjög fjölmennir vinnustaðir, stórir kvennavinnustaðir. Það er augljóst að ef af sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka verður án þess að sérstaklega sé hugað að hag starfsmanna hvað þetta snertir þá er sú hætta fyrir hendi að fjöldi starfsfólks á miðjum aldri eða þaðan af eldra verði látinn gjalda þess og sagt upp störfum. Ég held að það sé nauðsynlegt að reyna að stemma stigu við þessu og þess vegna brýnt að þessi þáltill. fái skjóta afgreiðslu og kannað hvort hægt sé með einhverjum hætti að tryggja í lögum að fólki verði ekki mismunað með þessum hætti.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir að það er ekki hlaupið að því verki. En fyrst er að hafa viljann og síðan er að finna veginn.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þáltill. þá sem hér er til umræðu, um að hugað verði að starfshögum eldra fólks. Það má ekki verða sjálfgefið að sú reynsla og þekking sem eldra fólk hefur aflað sér og hefur nýst því vel í starfi, ekki síður en fyrirtækjum sem það hefur unnið hjá, verði fyrir borð borin eins og reyndar hefur verið ríkjandi tilhneiging til á undanförnum árum. Starfsmenn hafa verið látnir víkja úr störfum sínum aðeins vegna árafjöldans en ekki vegna þess að þeir væru ekki hæfur vinnukraftur. Ég held að efni þessarar tillögu sé mjög þarft og umhugsunarvert í þjóðfélagi okkar og eðlilegt að málið verði tekið til skoðunar. Meta þarf hvort ekki megi haga málum á annan hátt en þróast hefur á undanförnum árum, að störf fólks þegar það kemst á fullorðinsár séu beinlínis skorin niður eftir ákvörðun fyrirtækjanna en lítið litið til þess starfsaldurs, kunnáttu og hæfni sem eldra fólk getur miðlað yngri starfsmönnum.

[17:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um þessa þáltill. sem ég fagna að hafi komið fram og vona að fái bæði jákvæða og skjóta afgreiðslu.

Hér er ekki eingöngu verið að tala um starfslok heldur starfsöryggi fólks sem komið er yfir fertugt. Það er einkennilegt að segja þetta en æskudýrkunin virðist allsráðandi, að vísu misjafnlega mikið eftir fyrirtækjum en í mörgum fyrirtækjum svo ráðandi að fólk á allra besta aldri finnur fyrir óöryggi og missir jafnvel stöðu sína.

Það er ótrúlegt að menn sem hafa staðið sig vel í vinnu og búa að mikilli starfsreynslu og menntun skuli fyrir það eitt að vera 50 ára eða á besta aldri missa atvinnuna af þeim sökum einum. Eins er alvarlegt hversu oft það tekur langan tíma fyrir þessa einstaklinga að fá vinnu aftur. Ekkert bendir til að þar ráði nokkuð annað en það að viðkomandi sé talinn of fullorðinn, kominn á sextugsaldur eða á miðjum aldri. Það

þarf að tryggja starfsöryggi þeirra sem standa sig vel í vinnu og því fagna ég þessari þáltill.

[17:41]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna fram kominni þáltill. um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs. Aldur er mjög afstæður. Sumir eru fæddir gamlir en aðrir eru ungir til níræðs. Ungt fólk er alls maklegt í því að fá góð störf en það er orðið ansi furðulegt þjóðfélag sem lítur á þá sem eru komnir yfir fertugt sem ruslahaugamat og leyfir þeim ekki að sinna þeim störfum sem þeir hafa áhuga á að vinna.

Það er mikill mannauður í eldra fólki. Það hefur mikla reynslu sem það getur miðlað til annarra og þjóðfélagið hefur ekki efni á að kasta frá sér þeirri þekkingu sem það býr yfir. Þar sem ég þekki til, t.d. í umönnunarstörfum, eru eldri konur með áratuga starfsreynslu allra besti starfskraftur sem hægt er að hugsa sér. Yfirleitt taka þær ekki veikindafrí, þær þurfa ekki að vera heima yfir veikum börnum og eru afar trúar sínum vinnustað. Ég er þeirrar skoðunar að sveigjanleg starfslok séu það sem koma skal og fólk eigi að fá að ráða því að miklu leyti hvenær það hættir störfum. Sumir eru tilbúnir að hætta í kringum 65 ára aldur en ekki aðrir sem hafa mikið starfsþrek. Við vitum að margir hafa starfsþrek jafnvel langt yfir áttrætt og þetta fólk á að fá að njóta sín í starfi.

[17:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel afar tímabært að taka til umræðu efni þeirrar þáltill. sem hér er flutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Mér finnst full ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur á umliðnum árum. Menn verða að gera sér grein fyrir orsökum og afleiðingum þessarar þróunar. Hverjir eru það sem er sagt upp eða verða fyrir mismunun í starfi vegna aldurs eins og hér er nefnt? Ég hefði haldið að á þessu þyrfti að fara fram ítarleg athugun og rannsókn svo menn geri sér grein fyrir því hvort ekki sé ástæða til að bregðast við.

Ég hef grun um að það séu ekki síst konur sem lenda í slíkum uppsögnum. Þó að karlmenn lendi vissulega líka í slíku held ég að þetta séu að meiri hluta til konur. Maður hefur heyrt mörg dæmi um að konur á miðjum aldri, besta aldri, sem missa vinnu sína eigi í erfiðleikum með að fá vinnu aftur á vinnumarkaðnum hvort sem er hjá hinu opinbera eða á almenna markaðnum. Mér finnst, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að við förum illa með dýrmæta reynslu sem fólk hefur aflað sér á vinnumarkaðnum. Ég held að þetta séu konur, ég held að þetta sé ófaglært fólk sem hefur hugsanlega orðið að einhverju leyti undir í þeirri öru tækniþróun sem við búum við. Ég held líka að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi að því er varðar starfsmenntun fyrir ófaglærða til að gera ófaglært fólk í stakk búið til að mæta þessari tækniþróun. Ég held að við verjum tiltölulega lítilli fjárhæð frá hinu opinbera í starfsmenntun.

Ég minnist þess að í minni tíð sem ráðherra var stofnaður starfsmenntasjóður. Hann var að vísu með lítilli fjárhæð, ég man ekki hver hún var, 50 milljónir fyrir þó nokkuð mörgum árum. Ég held að ég fari með rétt mál að sú tala sé óbreytt og taki varla mið af hækkun á verðlagi og vísitölu. Sjóðurinn var fyrst og fremst hugsaður til starfsmenntunar og endurmenntunar fyrir ófaglærða. Ég veit það og fylgdist með því kannski meira á þeim tíma en nú að sjóðurinn gerði verulegt átak að því er varðar starfsmenntun ófaglærðra.

Vissulega er tímabært að þessi tillaga sé skoðuð. Það er alveg rétt sem hér segir, að sú þróun sem orðið hefur hefur skapað óöryggi hjá eldra fólki. Og ekki bara eldra fólki. Hvað köllum við eldra fólk? Ég er að tala um fólk á miðjum aldri, konur um fimmtugt sem oft og tíðum eiga í erfiðleikum með að fá starf aftur.

En tillagan er þannig orðuð að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk verði ekki látið gjalda aldurs á vinnustað hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Nú hlýtur hv. flm. að hafa hugsað einhverjar leiðir í því efni eða hvernig hann gæti hugsað sér slíka lagasetningu. Þetta er ekki einfalt mál eins og þetta er sett fram. Ég vildi gjarnan sjá að sú nefnd sem fær þetta mál til umsagnar og umfjöllunar setji markmið í tillöguna, um hvernig við ætlum að ná því sem er sett fram og hvaða leiðir Alþingi sjálft sér í því að ná þessu markmiði. Við gerum of mikið af því að fela ríkisstjórninni með einföldum tillöguflutningi að ná fram leiðum að einhverju settu marki sem við setjum ríkisstjórninni en við í þinginu eigum að hafa meiri skoðun á því hvernig við viljum ná þeim markmiðum sem við setjum fram. Mér finnst svo stórt mál á ferðinni að ég hefði gjarnan viljað sjá t.d. að nefnd yrði skipuð með aðild allra flokka sem sæti eiga á þingi og við settum þeirri nefnd ákveðið markmið að vinna að, t.d. eins og ég hef nefnt varðandi starfsmenntun.

Ég held að sú markaðsvæðing sem við búum við og frjálshyggja, opið hagkerfi o.s.frv., kalli á miklu styrkari stoðir almennt í velferðarkerfinu, öryggisnet, vinnumiðlun o.s.frv. Erum við t.d. með nægileg úrræði að því er varðar atvinnumiðlunina? Mér finnst að nefndin eigi að skoða þessa þætti og setja skýrari markmið og leiðbeiningar um hvernig eigi að vinna að þessu máli. Ef þessi tillaga er samþykkt eins og hún er sett fram, og mér finnst mjög góð hugsun og meining á bak við hana og stórmál út af fyrir sig á ferðinni, þá held ég að þetta mál, þó að það yrði samþykkt á þingi, mundi lenda, eins og því miður svo margar þáltill., í einhverri lokaðri skúffu ríkisstjórnar og aldrei yrði neitt úr framkvæmd. Við verðum því að setja ríkisstjórninni, og það var erindi mitt upp í þennan ræðustól, skýrari leiðbeiningar um hvernig við ætlum að ná þeim góðu markmiðum sem sett eru fram í tillögunni.

[17:50]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með flm. tillögunnar, Ögmundi Jónassyni, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og tek undir að það er einnig um alvarlegt misrétti að ræða þegar fólki er sagt upp sökum aldurs.

Ég vil taka upp nokkrar af þeim hugmyndum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir varpaði fram áðan. Ég tel nefnilega að margar leiðir séu að því markmiði að útrýma misrétti vegna aldurs. Ég tel að það sé góð hugmynd að einhvers konar nefnd verði falið að fara yfir markmið og leiðir því að það eru nefnilega margar leiðir að þessu sama markmiði. Ég vil benda á í þessu sambandi t.d. nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum sem hefur að mínu viti orðið mjög vel ágengt í því að vekja fólk til vitundar um ákveðið misrétti í þjóðfélaginu sem snýr að konum.

Ég tel t.d. að rannsókn eða samantekt eins og sú sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að gæti orðið góður undanfari að víðtækari opinberri umræðu um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

[17:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var fyrst og fremst að taka undir þau sjónarmið sem ég setti fram og ég þakka fyrir það. Það eflir mig í því að það sé kannski rétt þetta tvennt sem ég nefndi, að einhver ákveðin rannsókn fari fram á orsökum og afleiðingum þess sem við erum að fjalla um og síðan fari nefnd í málið. Fróðlegt verður að hlýða á það hér á eftir hvort flm. þessarar tillögu geti tekið undir þau sjónarmið sem komu fram hjá mér og síðasta ræðumanni í málinu.

[17:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka flutningsmanni fyrir þessa athyglisverðu þáltill. Ég er ekki alltaf sammála hv. þm. þegar hann stendur í þessum stól og mér finnst hann oft mála dálítið sterkum litum, en hver þingmaður hefur sinn hátt í þeim efnum og hverjum og einum er frjálst að túlka sitt mál á sinn hátt. Á því byggist lýðræðið.

Hér er engu að síður um mjög merkilegt mál að ræða sem hv. þm. bendir á. Það er afar brýnt að ræða þessi mál og íhuga þau og finna úrlausnir. Ég get tekið undir orð hv. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún segir að það væri fróðlegt að heyra í hv. þm., á hvern hátt hann sér fyrir sér hvernig hægt er að ná þessum markmiðum.

Ég er sjálfur fyrrverandi starfsmannastjóri og hef þurft að vinna mjög mikið í starfsmannamálum. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig við getum sett lög um þetta. Í fljótu bragði á ég erfitt með að sjá fyrir mér þegar um frjáls fyrirtæki er að ræða hvernig við getum bundið þetta fast í lögum. Hins vegar þurfum við með einhverjum hætti að breyta þessum móral ef ég má nota það orð. Við þurfum ekki að fara lengra en til Danmerkur. Þar sjáum við t.d. hvað eldra fólk er oft í alls konar þjónustustörfum, í verslunum, á veitingahúsum og þar fram eftir götum. Hér á Íslandi, sérstaklega þó í Reykjavík, er þetta til þess að gera fátítt. Hér er fyrst og fremst ungt fólk við afgreiðslustörf, hvort heldur er í verslunum eða veitingahúsum. Við sjáum yfirleitt aldrei eldra fólk þar. Hins vegar er þessu öðruvísi farið t.d. á Akureyri þar sem hæstv. forseti þekkir mjög vel til. Þar er algengara að sjá eldra fólk í þjónustustörfum en t.d. í höfuðborginni og þetta er ákveðið íhugunarefni.

Í ákveðnum verslunum er alltaf sama fólkið. Mér finnst mjög algengt á Íslandi að fólk stoppar stutt við í þjónustustörfum. Í raun er brýnt að finna leiðir til að nýta eldra fólk sem hefur gríðarlega reynslu eins og hefur komið fram. Þetta er ekki einungis vandamál kvenna. Það er fullt af körlum í samfélaginu sem hafa misst vinnuna um fimmtugt og hafa lent í mjög miklum vandræðum með að fá vinnu aftur.

Enn og aftur fagna ég þessari þáltill. Ég endurtek að ég sé ekki alveg fyrir mér að við getum beinlínis skyldað fyrirtæki í þessum efnum. En ég hlakka til að heyra í hv. 13. þm. Reykv. Hann hefur sjálfsagt íhugað þetta meira og betur en sá sem hér stendur. En ég fagna engu að síður þessari þáltill.

[17:57]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmasaon var að ræða um að erfitt væri að koma þessu í framkvæmd. Ég bendi á að í jafnréttislögum er bannað að segja upp barnshafandi konum. Það þarf að vera mjög rík ástæða til þess að þeim sé sagt upp.

Ég vil reyndar taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan að það þarf að vinna málið á svolítið annan hátt. Ég vona að hv. þm. Ögmundur Jónasson skoði það til þess að ná fram árangri.

Ég tek undir að það er mikið áhyggjuefni að í öllum þjónustustörfum er mikið af ungu fólki sem ætti að vera í skóla en ekki vinna í verslunum jafnvel langt fram á kvöld og þar að auki jafnvel að selja tóbak eins og verður kannski til umræðu á eftir.

[17:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að í lögum er bannað að segja upp barnshafandi konum, það er hárrétt. Ef við hins vegar hugsum okkur til þess að gera stórt fyrirtæki sem einstaklingur á og stjórnar sé ég ekki alveg fyrir mér að setja beinlínis lög um það að hann sé skikkaður til að hafa samsetningu starfsmanna með einhverjum ákveðnum hætti. Mér finnst sjálfum að einstaklingar í rekstri eigi að geta ráðið þessu. Mér finnst þessu öðruvísi farið t.d. með ríkisfyrirtæki. Þar gætum við alveg skikkað menn í þessum efnum. En ef um einkafyrirtæki er að ræða finnst mér að fólki sem rekur slík fyrirtæki ætti að vera nokkuð frjálst um það hvernig starfsfólk það er með. En ég er mjög sammála því að við þurfum að gjörbreyta þessum hugsunarhætti í þjóðfélagi okkar. Það er mjög nauðsynlegt og ég ímynda mér að á þeim nótum hugsi hv. 13. þm. Reykv. þessi mál. Hann vill í raun og veru breyta þessum hugsunarhætti. Ég sé ekki alveg hvernig hann getur skikkað frjálsa einstaklinga sem eiga fyrirtæki sín. Þeir hljóta nokkuð að eiga að fá að ráða hvernig samsetning starfsfólksins er.

[18:00]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að það þarf að breyta hugsunarhættinum og það er erfitt að eiga við einstaklinga sem eru með eigin rekstur. En verður ekki sá sem er með rekstur og ætlar að segja upp starfsmanni að hafa ríka ástæðu til þess, ekki aðeins að verið sé að rýma fyrir yngra fólki? Það þarf að vera einhver önnur ástæða fyrir því. Auðvitað er sjálfsagt að losa sig við óhæfa starfsmenn. Ég tek undir það. Það er örugglega ekki það sem er verið að hugsa um með þessari þáltill. en meðan starfsmaður sinnir starfi sínu af dyggð á að sjálfsögðu ekki að segja honum upp vegna þess að hann er kominn á fertugs- eða fimmtugsaldur.

[18:01]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að það á ekki að segja fólki upp að ástæðulausu og það er alveg sama á hvaða aldri menn eru. Það er náttúrlega alveg klárt mál. En eins og ég sagði kom mér á óvart að fulltrúi sjálfstæðismanna í þessari umræðu, þar sem er oft talað um einkaframtakið, notaði ekki tímann til þess að ræða þann hlut sem ég er að reyna að vekja athygli á. Ég held að erfitt sé að setja í lög samsetningu á starfsmönnum, að þeir eigi að vera svona og svona. Ég er alveg tilbúinn til að hugsa þetta út frá hinum opinbera geira, ríkisfyrirtækjum, fyrirtækjum sveitarfélaga o.s.frv., en ég á annars erfitt með að sjá að þetta sé mögulegt. Það kann vel að vera að flm. þáltill. hafi lausnir á þessu. En gaman væri að þrengja hringinn og skoða á hvern hátt hann hugsar þennan þátt.

[18:02]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það hefur oft orðið einhver misskilningur á milli okkar hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Ég held að ég hafi einmitt sagt í máli mínu að erfitt væri að stjórna því hvernig einkareksturinn hefur það. Mér er alveg fullkunnugt um það. Það sem ég vildi leggja áherslu á var að þegar fólki væri sagt upp störfum væri það gert af ríkri ástæðu vegna vanhæfni í starfi en ekki vegna aldurs. Ég vildi að það kæmi skýrt fram.

[18:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Út af þeim umræðum sem fóru fram áðan og þeim vangaveltum sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason fór með úr þessum ræðustól, vil ég leggja þau orð inn í umræðuna áður en henni lýkur að það eru fjöldamargar aðferðir til þess að finna starfsöryggi fyrir fólk. Það getur bæði tengst starfsaldri hjá viðkomandi fyrirtæki eða starfsaldri í viðkomandi starfsgrein sem færist á milli fyrirtækja eftir því hvað fólk hefur starfað, hvort fólk hefur verið iðnaðarmenn eða verkamenn. Það er líka hægt að tengja saman aldur og starfsaldur. Það er kannski það sem ég held að menn þyrftu virkilega að velta upp, hvort ekki á að tengja saman sérstaklega þegar réttindi manna sem eru komnir t.d. yfir fimmtugt eða þar yfir með aldri og starfsaldri þannig að uppsagnarfrestur atvinnurekandans sé mun lengri en uppsagnarfrestur launþegans. Ég held að þetta sé virkilega umhugsunarefni.

Við vitum vel að þau viðhorf hafa þróast í sumum fyrirtækjum að það þykir gott, ekki bara jákvætt út á við heldur þykir gott að vera með ungt starfsfólk. Það þykir „selja" fyrirtækið að vera með ungt starfsfólk á sínum snærum. Jafnframt er ungt fólk vel menntað sem betur fer. En í nútímaþjóðfélagi er það ákveðin ímynd fyrirtækjanna að gera þau unglegri í útliti, ef það er hægt að orða það þannig, með því að hafa tiltölulega ungt starfsfólk og þeir sem eru eldri og eftir eru í störfum eru kannski settir til hliðar þannig að þeir eru ekki beinlínis til hliðar í starfi heldur eru þeir kannski ekki alveg sýnilegir í aðkomu að fyrirtækinu, t.d. fyrirtæki í þjónustugreinum.

Þetta vildi ég sagt hafa. Ég held að það megi finna þessu farveg og væri eðlilegt að það væri litið bæði til starfsaldurs og aldurs þegar menn kæmu fram yfir ákveðinn aldur þannig að í raun og veru væri örðugra að segja fólki upp þegar það væri komið yfir ákveðinn aldur en ella væri og það hefði lengri aðdraganda til þess að mæta þeim breytingum.

[18:06]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft við máli sem hið háa Alþingi Íslendinga hefði eflaust þurft að taka á fyrir löngu enda var gerð atrenna að því af hv. þm. Ögmundi Jónassyni einnig í fyrra. Ég held að við séum að hreyfa mjög mikilvægu máli, ekki síst vegna þess að á síðustu árum hefur verið stunduð skipulögð gerbreyting nánast á öllu atvinnuumhverfi, a.m.k. því opinbera, í þessu landi og hefur kallað á gríðarleg umbrot sem hafa vægast sagt bitnað mjög hart á miðaldra og eldra fólki. Það er mjög mikilvægt að mínu mati, og þess vegna líst mér vel á þá tillögu sem hér hefur komið fram, að skipuð verði nefnd allra flokka sem gefi hreinlega nýjan tón út í samfélagið vegna þess að í kjölfar þeirra breytinga sem átt hafa sér stað undanfarin ár hefur sprottið upp stétt stjórnenda, gjarnan ungra, sem hafa ekki þá lífssýn eða innstillingu sem er nauðsynleg þegar við lítum á samfélagsreksturinn og nauðsynleg er gagnvart fólki.

Hér eiga sér stað eftir minni tilfinningu miklu harðari stjórnunarhættir en gerast nokkurs staðar nema þar sem ríkja stjórnunarhættir þeirra manna sem eru nýríkir. Það hefur ekki þótt góð latína hingað til.

Ég átti þess kost að búa hjá stjórnanda stórfyrirtækis í Ameríku fyrir allmörgum árum. Þar á bæ eru allt öðruvísi viðhorf uppi gagnvart starfsmönnum en tíðkast nú á tímum hérlendis. Hinir nýju stjórnendur og ungdómsbylgjan í vali á nýjum stjórnendum hefur ráðið því að þeim hefur hreinlega verið gefinn tónninn af samfélaginu og ekki síst héðan úr hinu háa Alþingi. Þar sem á að breyta, bæta og laga sé ástæða til þess að henda út. Og hverjum á að henda út? Helst öllum, en a.m.k. miðaldra og eldra fólki. Þetta er óþolandi ástand og það er óþolandi út frá því að vinnuaðferðir síðustu ára eru farnar að hafa áhrif á yfirbragð þjónustunnar í landinu. Við vitum það öll að við þurfum að hafa breiddina, við þurfum að læra af þeim eldri þó að það sé ekki nema mannasiði eða góðra manna siði. Allt þetta yfirbragð er að koma í ljós núna á síðustu missirum.

Það hefur t.d. verið nefnt að við verslun og þjónustu er þreytt skólafólk við störf. Það hefur komið fram að það er kannski fólk sem ætti að vera í skólum. Það hefur líka komið fram, sem þegar sést á yfirbragði samfélagsins, að ástandið varðandi þau mál er þó sýnu skárra þar sem þrýstingurinn eða þenslan er ekki ríkjandi eins og á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er svo stórt mál að það varðar alla þætti, ekki bara þann aldurshóp sem hér um ræðir, miðaldra og eldra fólk. Þetta varðar það að við höldum menningarlegu yfirbragði. Við eigum að gefa þann tón héðan út í samfélagið að ekki sé hægt að henda fólki út úr fyrirtækjum vegna breytinga bara til þess að gera það. Fólk er ekki vélar. Sú hugsun hefur verið ríkjandi hjá mörgum af okkar yngri stjórnendum að það sé um að gera að láta allt gossa og velja ný og falleg andlit í fyrirtækið. Þetta er algerlega óásættanleg lína og hið háa Alþingi á að gefa þau skilaboð að þetta sé ekki í þeim stíl eða með þeim hætti sem við viljum sjá hlutina gerast. Þess vegna held ég að sú ábending sem hefur komið fram við þáltill. hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að skipuð verði nefnd allra flokka sem fari yfir þessi mál og geri sér fyllilega grein fyrir því hvað við erum að vinna okkur mikið tjón með því að hafa ekki meiri festu í þessum málum, sé mjög gott innlegg enda var hv. þm. á því í framsögu sinni að allra leiða ætti að leita til þess að ná samstöðu um að ná sem bestum árangri í þessu máli. Ég held fyrir mína parta að það gæti verið stórt skref að skipa slíka nefnd og fá meiri umræðu um þessi mál.

[18:11]

Útbýting þingskjals:

Sveitarstjórnarlög, 146. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 146.

[18:11]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir mjög góðar undirtektir við þessa þáltill. en fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi hafa tekið til máls og lýst stuðningi við þau markmið sem hér eru sett fram. Í þáltill., sem fjallar um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, er vísað bæði til uppsagna og starfsöryggis. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ekki er hlaupið að því að tryggja þetta og það er líka rétt, sem bent hefur verið á, að hið sama þarf ekki að gilda um opinber fyrirtæki og

önnur og eitt getur átt við um stórfyrirtæki og annað um smáfyrirtæki. Ég vísa þar t.d. í reglur sem eru við lýði um réttindi starfsfólks við aðilaskipti fyrirtækja og stofnana. Þar er vísað í stærðarmörk.

Ein leið sem mætti hugsa sér er að við svokallaða hagræðingu eða stórfelldar breytingar á opinberum stofnunum eða í stórum fyrirtækjum verði á einhvern hátt sett í lög eða reglur að litið skuli til starfsaldurs starfsfólksins. Einnig kæmi til álita, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á, að tryggja í lögum eða samningum sem ættu sér einhverja lagastoð að uppsagnarfrestur hjá eldra fólki eða fólki með langan starfsaldur væri miklu lengri en hjá fólki með styttri starfsaldur.

Ýmislegt annað hefur verið bent á. Það kom m.a. fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að tengja starfsöryggið opinberum úrræðum á borð við starfsmenntun eða annað af því tagi. Alla þessa þætti þarf að skoða og á að skoða.

Þáltill. er viljandi sett fram tiltölulega opin en sú umræða sem hér hefur farið fram og þær hugmyndir sem varpað hefur verið fram, þær leiðir sem stungið hefur verið upp á, gefa til kynna að það er vilji til að taka á þessum málum og það er hægt að taka á þessum málum. Hinu er ég alveg sammála að best væri að sjálfsögðu að við kæmumst hjá því að setja nokkur lög um þetta efni eða festa þessi sjálfsögðu mannréttindi í reglur eða reglugerðir og endanlega ætti þetta að snúast um viðhorf. Það kom m.a. fram í máli hv. þm. Stefaníu Óskarsdóttur að við þyrftum að hyggja að þeim þætti og þeirri hlið og ég tek undir það.

Það er því miður staðreynd að viðhorfsbreyting hefur orðið í gagnstæða átt í þjóðfélaginu. Það er rétt, sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson benti á, að til áhrifa í fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum í landinu eru komnir ungir karlar og konur sem eru með æskuglýju í augum og kunna ekki að meta þann mannauð sem er fólginn í eldra fólki svo ég vitni í orðalag hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Það er staðreynd að þetta er ekki sett fram af einhverri meðaumkun eða aumkun. Spurningin er um að fólk sé látið njóta sjálfsagðra réttinda. Þótt allir hafi skilning á ákafa æskunnar og telji að hún eigi að blómstra á hún ekki að blómstra á kostnað eldra fólks. Út á það gengur þetta tal um breyttan hugsunarhátt og breytt viðhorf.

Það er líka rétt, sem fram hefur komið, að fólk sem missir vinnuna eftir fimmtugt, sérstaklega ófaglært fólk, getur átt í miklum erfiðleikum með að fá starf að nýju. Það á vissulega við um konur en það á líka við um karla. Margir karlar, sem missa vinnuna þegar þeir eru komnir yfir miðjan aldur, eiga í miklum erfiðleikum og ekki síður en konur hvað þetta snertir.

Hér er með öðrum orðum lagt til að við setjumst yfir þetta mál og ríkisstjórnin hafi forgöngu um að setja það í gang þótt ég sé vissulega opinn fyrir hinni leiðinni og finnist hún ekki síðri, að skipuð verði nefnd fulltrúa allra flokka til að semja tillögur sem við gætum sameinast um. Þessi umræða hefur fært okkur heim sanninn um að það er þverpólitískur vilji til að taka á málinu og finna á því einhverjar skárri lausnir en við búum við í dag.

Ég geri mér engar grillur um að hlaupið sé að þessu, að það sé einhver ein lausn sem leysi allan vanda, alls ekki. Þetta er eflaust blanda af lögum sem þarf að setja og reglum en ekki síður hinu að stuðla að breyttum viðhorfum í samfélaginu sem tryggja það sem ég vil kalla mannréttindi á vinnustað.

[18:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli 1. flm. er hann opinn fyrir þeim leiðum sem hafa komið til umfjöllunar. Spurningin er ekki um það, að ég hygg, að flestir og allir sem hafa talað séu ósammála markmiðunum en svo er spurning um leiðirnar.

Það er eitt sem ég vildi nefna áður en umræðunni lýkur og spyrja flm. að því. Það er ákveðinn hópur sem líka lendir í erfiðleikum og ekki síst þegar um atvinnuleysi er að ræða og einnig þó ekki sé um atvinnuleysi að ræða. Það eru fatlaðir og þarf að skoða mál þeirra sérstaklega. En hérna beinir flm. sjónum sínum bara að öldruðum og talar um að koma í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, bæði í heiti þáltill. og í tillgr. Nú hefur ekki verið mikið talað um atvinnumál fatlaðra sem þarf auðvitað að gera alveg sérstaklega vegna þess að mál þeirra eru nokkuð sérstök á vinnumarkaðnum. Getur flm. hugsað sér að í þessari tillögu eða þá í einhverri sértillögu væru þetta hópar sem ætti að skoða saman?

Ég vildi ekki láta umræðuna hjá líða án þess að nefna þennan hóp og spyrja flm. hvað hann hafi hugsað sér að því er hann varðar.

[18:20]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til að taka undir sjónarmið hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég er hjartanlega sammála henni um að brýnt er að tryggja starfsöryggi fatlaðra og þeir séu ekki látnir gjalda fötlunar sinnar á vinnustað þegar hagræðing er annars staðar eða breytingar á starfsemi. Ég tek undir það og fyndist vel koma til álita að þau mál yrðu skoðuð samhliða því starfi sem fer vonandi í hönd til að tryggja réttindi starfsmanna sem komnir eru um og yfir miðjan aldur og eru látnir gjalda aldurs síns í starfi. Ég tek undir þessi viðhorf og tel að með einum eða öðrum hætti, eins og þar er sagt, verði að tryggja réttindi þeirra. Ég tek undir þau sjónarmið um leið og ég legg til að þessari tillögu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Smásala á tóbaki, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[18:22]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Flutningsmenn með mér á tillögunni eru Sigríður Jóhannesdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Drífa Hjartardóttir og Katrín Fjeldsted.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem gera smásölu á tóbaki háða leyfisveitingu."

Þáltill. um sama efni hafa verið fluttar á undanförnum þingum en ekki náð fram að ganga og því er hún endurflutt hér enda er góð vísa aldrei of oft kveðin.

Skaðsemi tóbaks er óumdeild og þrátt fyrir að þó nokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförnum áratugum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu

síður algengar eins og fram hefur komið í fjölda kannana. Kannanir hafa einnig sýnt að dregið hefur úr reykingum barna og unglinga síðustu tvö árin. Þannig má nefna að hlutfall þeirra sem einhvern tíma hafa reykt lækkar úr 59% árið 1998 í 52% árið 2000 og hlutfall þeirra sem reykja daglega lækkar úr 24% árið 1998 í 16% nú í ár.

Þessum árangri verður að fylgja eftir með þeim aðferðum sem talið er gagnist best í tóbaksvörnum, svo sem aðgengi að tóbaki. Það er að heyra að tillaga eða hugmyndir í þessa átt hafi náð eyrum fleiri eftir því sem tíminn hefur liðið og því trúi ég að þessi þáltill. fái góðar undirtektir og afgreiðslu í þinginu.

Áður hefur komið fram að samkvæmt upplýsingum tóbaksvarnanefndar úr könnunum, sem gerðar hafa verið, má ætla að unglingar hafi varið 110 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Þetta er upphæð sem unglingar undir 18 ára aldri hafa varið til tóbakskaupa, unglingar sem hafa ekki leyfi til að kaupa tóbak samkvæmt lögum.

Af þessum 110 millj. kr. má ætla að nemendur í 8. bekk, 13 ára, hafi keypt sígarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. En það hefur líka margoft komið fram í rannsóknum að því yngri sem einstaklingur er þegar hann byrjar að reykja, þeim mun líklegra er einnig að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Yfir 80% allra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri. Því yngri sem unglingurinn er því líklegra er að hann verði háður tóbaki og því líklegra er að skaðinn verði meiri.

Þá er þess einnig að geta að talin er sterk fylgni milli tóbaksreykinga ungmenna og hættu á að þeir leiðist út í neyslu annarra og enn hættulegri vímuefna. Því hefur verið haldið fram að takist að koma í veg fyrir að unglingar reyki eða neyti áfengis eru nánast engar líkur til að þeir ánetjist sterkari fíkniefnum. Samkvæmt ársskýrslu SÁÁ reykja yfir 95% þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvandamála og er næsta fátítt að sá sem verður eiturlyfjum að bráð reyki ekki. Því er ljóst að mikils er um vert að allra leiða sé leitað til að draga úr reykingum almennt og þó sérstaklega reykingum barna og unglinga.

Í upplýsingum frá tóbaksvarnanefnd, sem birtar voru í janúar á þessu ári, kemur fram að u.þ.b. 26,6% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára reyktu daglega árið 1999 en það er um fjórðungur Íslendinga á þessum aldri. Kannanir á þessu ári hafa sýnt lægri tölur og má leiða líkur að því að sú verði niðurstaðan eftir árið. Notkun vindlinga er langalgengust eins og áður eða 74,6% í hópi karla sem reykja og 96,6% í hópi kvenna sem reykja.

En af því sem hér hefur verið rakið má ráða að með því að draga úr möguleikum, einkum unglinga, til að nálgast tóbak væri stórt skref stigið í þá átt að draga úr reykingum barna og unglinga. Það hefur líka komið fram að það er í um 70% tilvika sem unglingar undir 18 ára aldri geta keypt sígarettur ef þeir fara og versla, þeir fá vöruna afgreidda. Víða vantar því mikið á að verslanir sem selja tóbak framfylgi lagaákvæðum um bann við sölu þess til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Leiða má líkur að því að ef sölustöðum tóbaks fækkaði yrði mikilvægt skref stigið til að draga úr reykingum unglinga. Samhliða leyfisskyldu á smásölu tóbaks þyrfti að auka eftirlit til muna en það er tæplega nokkurt eins og málum er háttað nú.

Ég vil þó geta samstarfsverkefnis Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur og tóbaksvarnanefndar og Verslunarmannafélags Reykjavíkur um aukið eftirlit í Reykjavík með smásölu tóbaks og ég vona að þetta átak standi undir þeim væntingum sem gerðar eru.

Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1999 kom fram að meiri hluti fólks, eða 56%, er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að fækka sölustöðum tóbaks. Athyglisvert er að sjá að rúmlega 43% þeirra sem reykja daglega eru hlynntir því að sölustöðum verði fækkað.

Mikil þörf er á róttækum úrræðum til að stuðla að því að lagaákvæðum um sölu tóbaks verði framfylgt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett tóbaksvarnir sem eitt af forgangsverkefnum stofnunarinnar og er þar fremst á lista að hefta sölu tóbaks til barna og unglinga.

Því er farin sú leið að leggja til að í lögum um tóbaksvarnir og í heilbrigðisreglugerð verði sett ákvæði um að til að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi. Lagt er til að leyfi til tóbakssölu verði tímabundið, t.d. til þriggja ára í senn, en skilgreind ákveðin viðurlög ef um brot á reglunum er að ræða. Þá sé einnig skýrt að leyfi til tóbakssölu verði ekki endurnýjað ef sannað er að brotið hafi verið verulega eða ítrekað gegn lagaákvæðum um sölu tóbaks.

Herra forseti. Nú hefur komið fram að hæstv. heilbr.- og trmrh. mun í vetur leggja fram frv. um endurskoðun laga um tóbaksvarnir. Hugsanlegt er að þar verði ákvæði eittvað svipað því sem er í þessari þáltill. Gott væri ef svo yrði. Ég hef flutt þáltill. sama efnis áður og er sannfærð um að þetta sé sú leið sem fara þarf. Ég vil nefna það að umsagnir tóbaksvarnanefndar varðandi fyrri þáltill. voru mjög jákvæðar og þar var tekið undir tillögurnar.

Helstu úrræðin í baráttunni gegn neyslu á tóbaki eru mjög öflugt áróðurstarf gegn tóbaksnotkun og markviss vinna að því að draga úr reykingum og koma í veg fyrir að börn og unglingar byrji að nota tóbak. Einnig þarf að hækka tóbaksverðið verulega og smásalan þarf að vera háð leyfisveitingu. Taka þarf upp strangt eftirlit með smásölum eins og hér er lagt til. Tóbak þarf að taka út úr vísitölunni svo að hægt sé að hækka verðið og lög um tóbaksvarnir verður að endurskoða til að stemma stigu við tóbaksnotkun og vernda fólk enn frekar fyrir áhrifum tóbaksreyks. Við væntum nýs frv. nú í vetur þar að lútandi.

[18:31]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Sem meðflutningsmaður þessarar tillögu finnst mér skylt að leggja þessu máli lið. Eins og fram kemur í grg. er hér um uggvænlegar tölur að ræða. Áætlað er að tóbakskaup ungmenna nemi 110 millj. kr. og þar af hafi nemendur í 8. bekk, 13 ára, keypt sígarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. Þetta eru ótrúlegar tölur.

Eins og fram kemur í greinargerð þáltill. hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sett tóbaksvarnir sem eitt af forgangsverkefnum stofnunarinnar og er þar fremst á lista að hefta sölu tóbaks til barna og unglinga. Hér er farin sú leið að leggja til að í lögum um tóbaksvarnir og í heilbrigðisreglugerð verði sett ákvæði um að til þess að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi.

Það er mjög ánægjulegt til þess að vita að tóbaksvarnanefnd, Reykjavíkurborg og Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafa hrundið af stað átaki til að stöðva ólöglega sölu tóbaks til barna og unglinga í Reykjavík en kannanir hafa sýnt að 70% útsölustaða tóbaks selja börnum tóbak þrátt fyrir ákvæði tóbaksvarnalaga. Ég tel þetta átak mjög mikilvægt og vona að önnur sveitarfélög fylgi þessu fordæmi eftir.

Herra forseti. Allir deyja einhvern tímann en reykingar auka dánarlíkur verulega. Talið er að fimmta hvert dauðsfall sé af völdum reykinga. Þannig deyr að meðaltali einn Íslendingur á hverjum degi vegna reykinga og afleiðingar reykinga eru eitt helsta heilbrigðisvandamálið í dag.

Í Tímariti hjúkrunarfræðinga, í grein eftir Nönnu Friðriksdóttur, segir um lungnakrabbamein, með leyfi forseta:

„Lungnakrabbamein er annað algengasta krabbamein hjá konum á Íslandi en það er öfugt við Norðurlöndin í heild þar sem það er í þriðja sæti. Árlega greinist nú að meðalali 51 kona með lungnakrabbamein og hefur aukning á árlegu nýgengi þess verið mest miðað við aðrar tegundir krabbameina, úr 6,6 í 32,0. Þannig hefur tíðni lungnakrabbameins meira en fjórfaldast hjá konum á fjórum áratugum. Meðalaldur kvenna sem greinast með lungnakrabbamein er 67 ár og á mismunandi aldursskeiðum er aldursbundið nýgengi mest hjá þeim sem eru 70 ára og eldri. Miðað við karla hafa konur hærri nýgengi í báðum aldursflokkunum yngri en 70 ára og er það talið skýrast af auknum reykingum kvenna eftir síðari heimsstyrjöldina.

Hjá konum er nýgengi lungnakrabbameins hæst í Reykjaneskjördæmi og í Reykjavík en lægst á Vestfjörðum. Árlega deyja nú að meðaltali 46 konur vegna lungnakrabbameins og þar af er rúmlega helmingur yngri en 70 ára. Dánartíðni af völdum lungnakrabbameins hjá konum hefur aukist um 20% á síðustu 20 árum en staðið í stað hjá körlum. Lungnakrabbamein er mannskæðasta krabbameinið hjá báðum kynjum og fimm ára lífshorfur eru um 5–12%. Í árslok árið 1998 voru 97 konur á lífi sem greinst hafa með lungnakrabbamein."

Þetta eru ógnvænlegar tölur og ljóst er að þeim mun yngri sem menn byrja að reykja, þeim mun meiri er áhættan. Þeir þættir sem greinilega hafa áhrif á að börn og unglingar byrja að reykja er aðgangur að tóbaki, verð á tóbaki og þrýstingur frá félögum, auglýsingum, tískuheiminum, kvikmyndum, fyrirmyndum og umhverfinu almennt. Einnig virðast stúlkur með lítið sjálfsálit og þær sem álíta sig ekki hafa stjórn á heilsu sinni vera líklegri til að byrja að reykja. Forvarnir þurfa því að beinast að mörgum þáttum. Þar skiptir máli þátttaka heimila, skóla og íþróttafélaga þar sem börn fá sitt uppeldi.

Unglingur sem byrjar að reykja eða fikta við reykingar ætlar sér ekki að verða reykingamaður alla ævi. Í nýlegri rannsókn þar sem kannað var af hverju unglingar byrja að reykja kom m.a. í ljós að þeir sem byrjuðu ætluðu sér ekki að verða reykingamenn. Unglingurinn gerir sér hvorki grein fyrir afleiðingunum né hve sterk tóbaksfíknin er. Afleiðingar reykinga á hjarta- og æðakerfi koma oft ekki í ljós fyrr en mörgum árum eftir að viðkomandi byrjar að reykja og unglingurinn er ekkert að velta sér upp úr því hvort hann fái kransæðastíflu um miðjan aldur. Það er svo óralangt frá unga fólkinu. Áhyggjulaus unglingur hefur ekki miklar áhyggjur af því hvernig heilsa hans verður um fertugt.

Í riti Hjartaverndar kemur fram að á árunum 1991–1995 dóu að meðaltali 1.780 Íslendingar árlega og samkvæmt útreikningum Hjartaverndar má áætla að 370 þeirra hafi dáið af völdum sjúkdóma sem rekja má til reykinga. Hlutfallið er hátt á aldursbilinu 35–69 ára og þá má rekja nær þriðja hvert dauðsfall hjá fólki í blóma lífsins til reykinga.

Herra forseti. Þetta eru óhugnanlegar tölur en þeir sem hætta að reykja, á hvaða aldri sem er, hafa í raun heilmikla möguleika á að koma heilsu sinni í betra horf. Ég tel því að þetta mál sé mjög nauðsynlegt og að hugað verði að því að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu.

[18:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Með þessari þáltill. er lagt til að í heilbrigðisreglugerð verði sett ákvæði um að sækja skuli um sérstakt leyfi til að selja tóbak. Þá er einnig lagt til að slíkt leyfi verði tímabundið og veitt til þriggja ára í senn.

Eins og hv. þm. Þuríður Backman gat um í framsögu sinni áðan byrja yfir 80% allra reykingamanna að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri. Það eitt er vísbending um hversu illa reglum um að ekki megi selja tóbak til þeirra sem eru yngri en 18 ára er framfylgt. Því er augljóst að nauðsynlegt er að hefta aðgengi yngstu neytendanna að tóbaki. Með þáltill. sem hér er til umræðu væri kaupmönnum gert skylt að sækja um skilyrt leyfi til að selja tóbak.

Hingað til hefur ekki verið hægt um vik með að beita virku aðhaldi eða þá refsingum ef tóbak er selt of ungum neytendum. En verði þessi þáltill. samþykkt er ljóst að unnt verður að svipta þá söluleyfi sem ekki fara að lögum í þessum efnum. Jafnframt er æskilegt að eftirlit með sölustöðum verði skilvirkara en nú er.

Þá má telja líklegt að sölustöðum fækki að einhverju marki ef menn þurfa að sækja um sérstakt söluleyfi vegna sölu tóbaks. Reykingar eru lífshættuleg fíkn sem við viljum forða æskunni frá ef mögulegt er.

Herra forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við þessa þáltill.

[18:40]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar. Af einstökum áhættuþáttum krabbameins eru reykingar sá alvarlegasti. Það á ekki bara við alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein, það á líka við um hjarta- og æðasjúkdóma. Kostnaður heilbrigðiskerfisins og þjóðfélagsins alls er mjög mikill af reykinga- eða tóbakstengdum sjúkdómum.

Alvarlegust er staða kvenna hvað það varðar því að reykingatengdum sjúkdómum hefur fjölgað mikið hjá þeim. Þær byrjuðu seinna en karlar að reykja og þeirra sjúkdómar eru að koma fram núna eftir reykingar í 20–30 ár og tíðni krabbameina hjá þeim, t.d. lungnakrabbameins, hefur verið að ná tíðnitölum karlanna þó það hafi ekki verið eftirsóknarvert. Þannig standa málin í dag að jafnræði er á milli karla og kvenna í tíðni lungnakrabbameins og eins eykst tíðni hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum sem má rekja beint til reykinga í gegnum árin. En þetta er allt þekkt. Afleiðingarnar verða æ ljósari. Til eru kílómetralangar skýrslur um áhrif reykinga á heilsu manna en það er eins og það þurfi meira til. Þótt fleiri og fleiri rannsóknir sanni tengslin á milli sjúkdóma og tóbaksnotkunar hafa þjóðfélögin, ekki bara hér heldur út um allan heim, brugðist seint við og þar ráða auðvitað peningalegir hagsmunir ferðinni.

Núna virðist hins vegar komið að vatnaskilum. Til þjóða heims hafa borist tilmæli frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Alþjóðabankanum um að gera allt sem hægt er til að hefta sölu eða aðgengi barna og unglinga að tóbaki. Mikilvægt er að við tökum þátt í þeirri áætlun og þeirri vinnu, verndum æskufólk okkar og spörum þar með peninga og bætum heilsu þjóðarinnar. Það er ekki að ástæðulausu að af fyrstu markmiðunum í íslensku heilbrigðisáætluninni eru tvö sem snúa að tóbakinu. Fyrsta markmiðið er auknar

tóbaksvarnir og fjórða markmiðið er krabbameinsvarnir og þar kemur tóbakið mjög sterkt inn.

Með þessari tillögu er ekki lagst gegn því að þeir sem nú selja tóbak fái að öllum líkindum leyfi til að selja tóbak. Það mun gerast sjálfkrafa að sé sala tóbaks ekki umfangsmikil hjá verslunarmanni þá missi hann áhugann vegna leyfisskyldunnar. Ef sú yrði raunin þá mundu ekki allir óska eftir leyfi og þeir sem brjóta lögin verða sviptir leyfi og þannig mundi útsölustöðum fækka.

Ég óska eftir því, herra forseti, að eftir þessa umræðu verði tillögunni vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkusjóður, 1. umr.

Frv. ÁSJ, 15. mál (dreifikerfi hitaveitna). — Þskj. 15. [18:45]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að veita hitaveitum styrk til stækkunar á dreifikerfi í þeim tilfellum þegar notendur eru of fáir til þess að bera stofnkostnað, enda megi ætla að slík framkvæmd styrki atvinnulíf, þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda til lengri tíma litið.

Lög um Orkusjóð, nr. 49 19. mars 1999, skilgreina hlutverk sjóðsins. Í 1. gr. segir: „Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Í 2. gr. segir:

„Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,

2. að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,

3. að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,

4. að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir,

5. að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis."

Það er einmitt hér sem lagt er til að settur verði inn töluliður sem er svohljóðandi samkvæmt frv.: „að veita hitaveitum styrk til stækkunar á dreifikerfi í þeim tilfellum þegar notendur eru of fáir til þess að bera stofnkostnað, enda megi ætla að slík framkvæmd styrki atvinnulíf, þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda til lengri tíma litið."

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið miðar að því að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess að stækka dreifikerfi sín. Víða um landið háttar þannig til að hitaveitur geta með tiltölulega litlum tilkostnaði stækkað dreifikerfi sín en í mörgum tilfellum eru notendur of fáir til þess að bera stofnkostnað við veitu. Með því að gera Orkusjóði kleift að veita framlög til stofnkostnaðar má ætla að víða um land skapist möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi, svo sem þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda.

Ég nefni sérstaklega í þessu sambandi þær veitur þar sem ég þekki til en það er t.d. Hitaveita Öxarfjarðar. Þar er möguleiki á því bara með 15 km lögn að lengja dreifikerfið þannig að það nái inn í Kelduhverfi, í Ásbyrgi. Ég nefni sem dæmi úr Eyjafirði þar sem möguleiki er á því að samtengja Hitaveitu Dalvíkur, Hitaveitu Árskógsstrandar og Hitaveitu Akureyrar með tiltölulega litlum tilkostnaði og ég nefni sem dæmi hitaveitur á Suðurlandsundirlendinu þar sem slíkt getur vel komið til greina.

Það er alveg ljóst að framlög til framkvæmda af þessu tagi eru ef til vill einna best fallin til þess að styrkja byggð á viðkomandi svæðum. Þau gera það mögulegt að menn sjái fyrir sér uppbyggingu á iðnaði, á þjónustu sem ella hefði ekki átt sér stað og styrkja þannig á óbeinan hátt byggð á viðkomandi landsvæðum.

Eins og Orkusjóðurinn er byggður upp í dag fær hann framlög úr ríkissjóði. Orkusjóður fær árlega framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum til ýmissa verkefna og þessum framlögum er m.a. ráðstafað til styrkveitinga samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um Orkusjóð, nr. 49/1999. Á fjárhagsárinu 1999 voru framlög ríkissjóðs sem hér segir:

Framlag vegna nýtingar innlendra orkugjafa 16,8 millj. kr., framlag til jarðhitaleitar 6 millj., framlag til reksturs Orkusjóðs rúmar 3 millj., framlag vegna notenda utan samveitna 2 millj. og framlag vegna virkjunarrannsókna 50 millj.

Athyglisvert er að frá 1998 hafa þessi framlög stóraukist. Þau voru 1998 rúmlega 26 millj. en eru samkvæmt reikningum árið 1999 tæpar 78 millj.

Í framhaldi af breytingu á lögum um Orkusjóð vil ég boða hér, virðulegi forseti, úr ræðustól að ég mun jafnframt flytja þáltill. um að Orkusjóði verði falið að ráðstafa framlögum ríkisins til hitaveitna á köldum svæðum. Þannig háttar til að á síðasta ári réð stjórn Orkusjóðs framkvæmdastjóra sem staðsettur er á Akureyri og vegna þess að Orkusjóður heldur um og fylgist með öllum grunnrannsóknum sem verið er að fara í, og eins og fram kemur í lögunum um Orkusjóð innir hann af hendi framlög til vissra þátta, þá er það í mínum huga ljóst að þekkingin á málinu er helst til staðar hjá stjórn Orkusjóðsins og hjá framkvæmdastjóranum og tel ég því mikilvægt að Orkusjóði verði falið að ráðstafa framlögum ríkisins t.d. til hitaveitna á köldum svæðum og á grunni þessara brtt. sem eru settar hér fram með breytingu á lögum nr. 49/1999.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu um málið legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksverð og vísitala, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[18:53]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um tóbaksverð og vísitölu. Meðflutningsmenn mínir eru Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frv. til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frv. fram hið allra fyrsta og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 2001."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Þingsályktunartillaga þessi hefur þrívegis áður verið flutt en ekki orðið útrædd. Hún er endurflutt hér óbreytt, en greinargerð hefur verið aukin og nýjum upplýsingum bætt þar inn auk þess sem nýjar upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

Á 122. löggjafarþingi voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta þótt ekki hafi þar verið gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði. Þótt tóbaksverð hafi vissulega hækkað á þeim árum sem liðin eru síðan lögunum var breytt hefur ekki verið gripið til þess ráðs að hækka verð á tóbaki verulega umfram aðrar verðbreytingar í forvarnarskyni.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu og hækkun á tóbaksverði er talin ein einfaldasta og áhrifaríkasta leiðin til að draga úr reykingum. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hefði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve margir reykja en hitt hve mikið er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja. Á alþjóðlegri ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Chicago í Bandaríkjunum í byrjun ágúst sl. kom fram að kunn og árangursrík ráð til að draga úr tóbaksnotkun væru fyrst og fremst að hækka verð á tóbaki, leggja bann við tóbaksauglýsingum, birta áhrifaríkar auglýsingar gegn reykingum, auðvelda aðgang að aðferðum til að hætta að reykja og berjast ötullega gegn smygli á tóbaki. Á ráðstefnunni kom einnig fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin undirbýr nú fyrsta alþjóðlega tóbaksvarnasáttmálann. Tvær blaðagreinar sem birtust í kjölfar ráðstefnunnar eru birtar sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 er mælt með hækkunum á verði tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni" en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs" og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa tengsl tóbaks við vísitölu neysluverðs. Lagt er til að jafnhliða útreikningi heðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi."

Mér er ekki kunnugt um nýrri kannanir, en miðað við þær hugarfarsbreytingar sem hafa verið hjá þjóðinni gagnvart tóbaki þá ætla ég að frekar fleiri en færri mundu þá styðja það að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu.

En eins og kom fram áðan eru tvö fylgiskjöl með tillögunni, hvort tveggja greinar sem birtust í Morgunblaðinu, önnur þriðjudaginn 22. ágúst og hin þriðjudaginn 15. ágúst þar sem greint var frá alþjóðlegri ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Chicago í byrjun ágústmánaðar. Mjög sterk peningaöfl, fjármálaöfl, hafa ráðið ferðinni hvað varðar áherslur þjóða í tóbaksvörnum og má kannski fyrst og fremst nefna Bandaríkin þar sem tóbaksframleiðendur hafa verið mjög sterkt þjóðfélagsafl og haft áhrif á lagasetningar og alla tilburði til þess að draga úr tóbaksneyslu. En þeirra varnir eru að bresta heima fyrir og áhrif þeirra erlendis. Eina mögulega leiðin til þess að berjast gegn þessari drepsótt. 20. aldar eins og hún hefur verið kölluð, tóbakssóttin, er að bindast alþjóðasáttmála í tóbaksvörnum og það er verið að undirbúa slíka sáttmála. Með leyfi herra forseta, ætla ég að fá að lesa örlítið úr fyrra fylgiskjalinu, þ.e. úr þessari grein frá 22. ágúst 2000, til þess að skýra mál mitt betur:

„Fyrsti alþjóðlegi sáttmálinn um tóbaksvarnir er nú í undirbúningi hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO, og eru miklar vonir bundnar við sáttmálann í baráttunni gegn tóbaksnotkun í heiminum. Tóbaksreykingar eru að mati WHO stærstar af þeim dauðavöldum sem hægt er að koma í veg fyrir, en næstu 30 árin er áætlað að fleiri muni deyja af völdum tóbaks heldur en samanlagt af völdum alnæmis, berkla, bílslysa, morða og sjálfsvíga."

Það er áætlað að um 10 millj. manns muni deyja á ári innan fyrsta aldarfjórðungs nýrrar aldar en tala þeirra sem látast af völdum tóbaks og þá sérstaklega reykinga hækkar mjög ört og kemur til af því að þær þjóðir sem byrjuðu seinna að nota tóbak eins og við notum það nú, eru mjög fjölmennar, t.d. þjóðir í Asíu. En miklar reykingar hjá þeim eru að skila

sér núna og er orðið mjög mikið heilsufarsvandamál víða í þróunarlöndum.

Ég vil rekja það aðeins að aðdragandi að gerð sáttmálans hófst í maí 1999 þegar allar þjóðirnar, 191 að tölu, sem eru aðilar að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni samþykktu að hefja samningaviðræður um frumdrög að alþjóðasáttamála um tóbaksvarnir, en viðræðurnar skyldu hefjast formlega 16. október árið 2000 í Genf þannig að ef ég hef dagsetninguna rétta þá hófst þessi vinna í gær. Vonir eru bundnar við að þessi fyrsti alþjóðlegi sáttmáli um baráttu gegn tóbaki geti haft söguleg áhrif á heilbrigði í heiminum, með fjölþjóðlegri samvinnu sem nær yfir landamæri ríkja til þess sérstaklega að stemma stigu við markaðssetningu tóbaks og smygli. Það er ekki að ástæðulausu að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett tóbaksvarnir í forgang og það má einnig nefna nafn Gro Harlem Brundtland sem hefur verið ötull talsmaður tóbaksvarna og haft mikil áhrif á vinnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Ég vísa til fylgiskjalanna og í raun til heilbrigðrar skynsemi því að ef við ætlum að ná verulegum árangri og að hækka verð eins og þarf þá hefur það áhrif á vísitöluna og eina mögulega leiðin er þá að slíta þessa þætti í sundur.

Ég vil fá að vitna í orð Guðmundar Þorgeirssonar, lyflæknis og sérfræðings í hjartasjúkdómum, sem sagði í fréttum í sjónvarpinu 2. október sl. að hátt verð á tóbaki væri besta vörnin gegn reykingum og kæmi helst í veg fyrir að ungmenni byrjuðu að reykja. Hann nefndi líka að til þess að hækkunin hefði eitthvað að segja þyrfti að hækka verðið tvöfalt ef ekki þrefalt.

Herra forseti. Að loknum þessum umræðum óska ég eftir að þáltill. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[19:06]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey. Flutningsmenn ásamt mér eru þau Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backmann. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við Hríseyjarhrepp að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróa þar sjálfbært samfélag í anda Staðardagskrár 21."

Í grg. með þáltill. segir:

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt nær óbreytt með lítils háttar breytingum á greinargerð.

Ráðamenn í Hrísey á Eyjafirði hafa lýst yfir miklum áhuga á að kanna möguleika á að fá eyjuna viðurkennda sem vistvænt samfélag. Eyjan er um margt sérstök hvað varðar náttúrufar og miklir möguleikar eru taldir á að nýta sérstöðu hennar og sögu ásamt kyrrlátum lífsstíl íbúanna til atvinnusköpunar. Árið 1998 sneri sveitarstjórn Hríseyjarhrepps sér til stjórnar Áforms – átaksverkefnis. Stjórn Áforms fór síðan til Hríseyjar í september 1999 og kynnti sér aðstæður.

Á seinni hluta ársins 1999 urðu straumhvörf í atvinnumálum í Hrísey. Langstærsti atvinnurekandinn í eyjunni, Snæfell hf., ákvað að hætta allri starfsemi þar snemma árs 2000. Má segja að þá hafi nánast allur fiskveiðikvóti horfið frá Hrísey.

M.a. vegna sérstaks áhuga Hríseyinga á að þróa vistvænt samfélag er hér lagt til að ríkisvaldið komi myndarlega að slíku verkefni og styðji sveitarstjórnina við framkvæmd þess og að öll ráðuneyti veiti stuðning við starf að því markmiði að gera samfélagið vistvænt. Líta ber á verkefnið sem tilraunaverkefni, t.d. til fimm ára. Hér að neðan eru talin upp helstu verkefni sem æskilegt væri að vinna í þessu sambandi:

1. Að þróa og gera tilraun með vistvænar fiskveiðar frá Hrísey sem fengið gætu lífræna vottun. Æskilegast væri að Hríseyingar sem hafa átt lögheimili í eyjunni sl. 12 mánuði gætu stundað slíkar veiðar á fiski. Hér yrði um fullkomlega frjálsar veiðar að ræða en með kröfu um vistvæn veiðarfæri. Samkvæmt upplýsingum frá Hrísey má áætla að að á bilinu 8–15 eigendur smábáta væru í stakk búnir til þess að taka þátt í tilrauninni. Gæti því verið um að ræða veiðar á 800–1.200 tonnum en þá yrði sú kvóð á veiðunum að aflanum yrði landað í Hrísey og hann unninn og markaðssettur sem lífrænt vottaður fiskur.

2. Að Hríseyjarhreppi verði gert kleift að koma vistheimilinu Hlein í notkun. Hlein er dvalarheimili fyrir aldraða sem stendur að mestu leyti autt og ónotað. Á Hlein er aðstaða til þess að vista sex manns við fullkomnustu aðstæður og gæti húsnæðið nýst skjólstæðingum innan heilbrigðis- eða félagsþjónustugeirans.

3. Að einangrunarstöðin í Hrísey verði efld þannig að hún megi með góðu móti þjóna öllu landinu um fyrirsjáanlega framtíð.

4. Að aðstoða Hríseyjarhrepp við að styrkja grundvöll sjálfbærrar ferðaþjónustu í eynni og kanna möguleikann á að fá alþjóðlega vottun fyrir þjónustuna. Fyrir liggur að ráðast verður í miklar framkvæmdir til að styrkja ferðaþjónustuna. Má þar nefna vegagerð frá þorpinu norður að vita, en það er um 7 km leið, áframhaldandi merkingar á gönguleiðum um eyjuna, uppbyggingu safns sem tileinkað er Hákarla-Jörundi og hafnarmannvirki fyrir Hríseyjarferju, bæði í Hrísey sjálfri og á Árskógssandi. Einnig að náttúrufarsrannsóknir í eyjunni verði efldar og þannig lagður grunnur að kortlagningu og kynningu á því sviði.

5. Að aðstoða Hríseyjarhrepp til þess að verða til fyrirmyndar hvað varðar fráveitu- og sorphirðumál. Í anda Staðardagskrár 21 verði þetta gert með markvissri fræðslu eyjarskeggja og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru.

6. Að stofnaður verði nýsköpunarsjóður fyrir Hrísey. Sjóðurinn hafi það að markmiði að veita aðstoð þeim fyrirtækjum sem hugsanlega vildu setja niður starfsemi í Hrísey og vinna að framleiðslu sinni með vistvænum eða lífrænum aðferðum. Þegar hafa borist fyrirspurnir til sveitarstjórnarinnar í Hrísey um uppsetningu á slíku fyrirtæki og hvað þau áform snertir hefur ímynd eyjarinnar sem náttúruperlu verið helsta aðdráttaraflið.

Hér eru einungis taldir upp helstu möguleikar á þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey. Gert er ráð fyrir að um verði að ræða samstarfsverkefni heimamanna og allra ráðuneyta, enda tekur þróun samfélags í anda Staðardagskrár 21 til allra þátta samfélagsins. Það er von flutningsmanna að þessi tilraun í Hrísey geti orðið til fyrirmyndar við þróun annarra

sveitarfélaga landsins í átt til sjálfbærrar þróunar samfélagsins.

Að svo mæltu legg ég það í hendur hæstv. forseta hvort þessi þáltill. fer til umfjöllunar. í allshn. eða iðnn. sem er nefnd hæstv. byggðamálaráðherra.

[19:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér held ég að sé hreyft merku máli sem ég tel einboðið að styðja á allan hátt. Ég held að það væri mjög áhugavert að sjá hvort og hvernig slík stefnumótun sem hér er lagt upp með tækist og vel væri að verki staðið.

Það er aðeins einn liður sem mér finnst ég þurfa að víkja aðeins að vegna þess að mér finnst að 5. liðurinn, þar sem talað er um fráveitumál, sé að sumu leyti kannski settur upp eins og að fráveita frá smáum samfélögum eins og Hrísey sé mikið vandamál. Svo er í reynd ekki. Það hefur verið rannsakað þó nokkuð, t.d. af Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, að í sjávarþorpum þar sem íbúar eru ekki margir og sérstaklega þar sem fráveita liggur til sjávar þar sem strauma gætir vel, er nánast um mengunarlausa fráveitu að ræða. Fram á þetta hefur hreinlega verið sýnt með rannsóknum m.a. í Bolungarvík og á Ísafirði. Pollurinn á Ísafirði er nú nokkuð lokað kerfi, en samt sem áður hefur komið í ljós við rannsóknir að fráveitumál í minni byggðarlögum þar sem mikilla sjávarfallastrauma gætir eru ekki það vandamál sem menn höfðu kannski haldið og örskammt frá fráveituopunum er sjór í raun algjörlega orðinn mengunarlaus eða langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem allir staðlar um mengun taka til.

Ég vildi einfaldlega vekja athygli á þessu atriði vegna þess að ég held að varðandi fráveitumál hinna minni byggða, ef hægt er að taka svo til orða, á Íslandi þar sem á annað borð gætir góðra hafstrauma, sé ekki um neina mengun að ræða sem hægt sé að kalla því nafni. Auðvitað er sjálfsagt að koma fyrir einhverri grófsíun á sorpi til þess að taka burtu það sem helst ekki á til sjávar að ganga, en annar lífrænn úrgangur virðist hverfa mjög skjótt og ekki vera það vandamál sem menn höfðu almennt ímyndað sér í smærri samfélögum.

[19:16]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ábendingar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar varðandi fráveitumál í þessari þáltill. um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey. Ég er honum innilega sammála. Ég held að t.d. með því að skoða þessi fráveitumál minni sveitarfélaga þá geti niðurstaðan orðið sú, eins og hv. þm. benti á, að það sé hreinlega ekki þörf á að fara í eins kostnaðarsamar framkvæmdir og menn hafa stefnt að til þessa. Í gangi eru nýjar rannsóknir á þessu en það liggur engu að síður fyrir að gera þarf lagfæringar og ákveða hversu langt er farið út með fráveitukerfið o.s.frv. Ég bind miklar vonir við að athugun á þessu á grunni þáltill. og úrlausn mála í Hrísey geti orðið fyrirmynd þess sem við viljum gera annars staðar.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á, að nú eru uppi efasemdir um þær lausnir sem við höfum valið okkur í fráveitumálum, vægast sagt. Mér er kunnugt um rannsóknir á fráveitukerfi miklu stærra bæjarfélags en í Hrísey þar sem mengunarmælingar leiddu í ljós að það stóðst allar kröfur þó að almennt hefði holræsakerfið verið talið í ólagi. Það eru margir sem efast núna um kosti þess að safna saman úr öllum lögnum eins og nú er gert og dæla út á örfáum stöðum eða jafnvel bara einum stað frá stórum bæjarfélögum. Það væri ekki ónýtt fyrir fátæka og tekjulitla sveitarsjóði minni sveitarfélaganna ef við gætum komist niður á formúlu með markvissri vinnu fyrir þetta samfélag í Hrísey og fundið lausn sem uppfyllti öll skilyrði en væri miklu ódýrari. Það eru allar líkur á því að það gæti tekist.

En í þessum málum eru líka aðrir hlutir sem þarf að athuga. Varðandi samfélag sem er afskekkt eins og Hrísey og á erfitt með flutninga kvikna spurningar um jarðvegsgerð úr sorpi sem mundi náttúrlega spara á allan hátt auk þess að búa til nýjan og ferskan jarðveg. Jafnframt verður að reikna með flokkun á sorpi þannig að ekki sé flutt í land eða út um allar trissur sorp sem getur farið í endurnýtingu o.s.frv. Endurvinnsluhugsunin og allt þar að lútandi getur breytt miklu.

Með þessari tillögu held ég að við gætum fengið formúlu fyrir rekstur og uppbyggingu margra sveitarfélaga af þessari stærðargráðu, frá kannski 250 manns og upp undir þúsundið. Vinnan samkvæmt tillögunni mundi þá gagnast öðrum.

Ekki vil ég gera minna úr þeirri hugsun sem felst í vistvænum veiðum. Kryfja þarf til mergjar, bæði hvaða veiðarfæri skuli notuð, hvernig fiskurinn er sóttur og taka upp meðvitaða stefnu í því hvernig fiskurinn er unninn og hvernig hann er markaðssettur. Auðvitað getur svona tilraun innan nokkurra ára gefið okkur vísbendingar og þekkingu sem orðið gæti mikilla peninga virði. Vera kann að augu okkar opnuðust fyrir því að markaðssetning á vistvænum afurðum gæfi okkur meiri tekjur en okkur nokkurn tímann óraði fyrir.

Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni ábendinguna og lýk svo máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10. og 16.–18. mál.

Fundi slitið kl. 19:21.

---

12. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Dómtúlkar og skjalaþýðendur, stjfrv., 80. mál, þskj. 80. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Meðferð opinberra mála, frv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Smásala á tóbaki, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn. [13:31]

Útbýting þingskjala:
Félög og fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi, 141. mál, fsp. SighB, þskj. 141.
Hlutafélög, 148. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 148.
Þingsköp Alþingis, 147. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 147.

Matvæli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landmælingar og kortagerð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 80. mál (heildarlög). — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 81. mál (framfærsluskylda með maka, barni eða móður barns o.fl.). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 20. mál (skýrslutaka af börnum). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Smásala á tóbaki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Orkusjóður, frh. 1. umr.

Frv. ÁSJ, 15. mál (dreifikerfi hitaveitna). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Tóbaksverð og vísitala, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:37.

---

13. FUNDUR

miðvikudaginn 18. okt.,
að loknum 12. fundi.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Skipun hæstaréttardómara, fsp. JóhS, 32. mál, þskj. 32.
2. Umferðaröryggisáætlun og umferðaröryggismál, fsp. SJS, 39. mál, þskj. 39.
3. Hlutverk ríkislögreglustjóra, fsp. LB, 86. mál, þskj. 86.
4. Fangelsismál, fsp. GÖ, 99. mál, þskj. 99.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Fjárveitingar til mennta- og þróunarstofnana landbúnaðarins, fsp. JB, 94. mál, þskj. 94.

Til fjármálaráðherra:

6. Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum, fsp. ÖJ, 36. mál, þskj. 36.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Atvinnumöguleikar kvenna í fiskvinnslu, fsp. SvanJ og ÞSveinb, 64. mál, þskj. 64.
8. Hrefnuveiðar, fsp. SvanJ, 65. mál, þskj. 65.

Til umhverfisráðherra:

9. Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi, fsp. MS, 89. mál, þskj. 89.

Skipun hæstaréttardómara.

Fsp. JóhS, 32. mál. — Þskj. 32.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur með nýlegri skipun sinni í stöðu hæstaréttardómara gengið fram hjá þremur konum með mikla og farsæla reynslu af dómarastörfum. Það er skoðun mín og margra fleiri að með því hafi dómsmrh. brotið gegn ákvæðum jafnréttislaga, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og markmiðum sem hennar eigin ráðuneyti hefur sett sér í jafnréttismálum. Þetta tel ég vera alvarleg embættisafglöp og högg fyrir jafnréttisbaráttuna á Íslandi og það er kaldhæðnislegt að það skuli vera kona í starfi dómsmálaráðherra sem þannig stendur að málum.

Ég vil rifja upp fyrir hæstv. dómsmrh. túlkun núv. hæstaréttardómara, Guðrúnar Erlendsdóttur, á jafnréttislögunum fyrir liðlega tveimur áratugum. Þessi hæstaréttardómari túlkaði þá jafnréttislög með þeim hætti að ef sú staða kemur upp að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skuli veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Ástæða er til að undirstrika að Hæstiréttur hefur lagt til grundvallar sömu meginreglu á túlkun jafnréttislaganna. Ákvörðun núv. dómsmrh. við skipun í embætti hæstaréttardómara gengur þvert á þá meginreglu sem dómstólar landsins hafa unnið eftir.

Ég vil líka vitna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem gildir til loka ársins 2000, með leyfi forseta, en þar segir:

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar að konur og karlar skuli njóta jafnra tækifæra og hafa sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu."

Jafnframt segir:

„Íslenskum stjórnvöldum ber, á grundvelli laga, sem og vegna alþjóðlegra sáttmála sem þau hafa staðfest, að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum til að auka jafnrétti kynjanna."

Herra forseti. Hvernig sem á málið er litið og hvaðan sem að því er komið er afstaða hæstv. dómsmrh. í málinu óskiljanleg og gengur þvert á jafnréttislög, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, jafnréttisáætlun dómsmrn., meginreglur sem Hæstiréttur hefur lagt til grundvallar við túlkun jafnréttislaga og alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að í jafnréttismálum. Því hef ég leyft mér að leggja eftirfarandi spurningar fram til hæstv. dómsmrh.:

Hvernig rökstyður ráðherra það að nýleg skipun í starf hæstaréttardómara sé ekki brot á jafnréttislögum?

Hvaða ástæður lágu til grundvallar þeirri skipun?

Hafa ráðuneytið og undirstofnanir þess sett sér jafnréttisáætlanir til að vinna eftir?

Hvernig hljóða þær jafnréttisáætlanir?

Hver er ástæða þess að auglýsing um umrætt starf hæstaréttardómara var ekki í samræmi við verkefnaáætlun ráðuneytisins?

[13:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. er efnismikil og því erfitt að svara henni á þeim tíma sem hér er til umráða en ég skal reyna að gera mitt besta.

Í fyrsta lagi er spurt um rökstuðning fyrir því að skipunin sé ekki brot á jafnréttislögum. Núgildandi jafnréttislög, nr. 96/2000, hafa að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. „Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði." Síðan er talið upp í nokkrum liðum hvernig markmiði laganna skuli náð og er þar í fyrsta

lagi sagt að gæta skuli jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins.

Í því máli sem hér um ræðir var ekki um brot á þessum ákvæðum að ræða. Fyrir liggur að umsækjendurnir fjórir voru allir hæfir að mati Hæstaréttar en þar með er ekki sagt að þeir væru allir jafnhæfir. Það var ráðherra sem gerði hið endanlega mat og niðurstaða mín var sú að einn umsækjendanna, þ.e. sá sem valinn var, væri langhæfastur.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða ástæður lágu til grundvallar ákvörðun um skipunina, með vísan í 4. mgr. 24. gr. jafnréttislaga?" Eftir að hafa farið vandlega yfir feril umsækjanda í námi og starfi var það tvímælalaust í mínum huga að sá umsækjandi sem ég valdi hefði yfirburði yfir aðra umsækjendur. Hann er með hæsta lagapróf í sögu lagadeildar Háskóla Íslands, hann var annar umsækjendanna sem stundað hafði framhaldsnám við erlendan háskóla, hann er sérmenntaður á sviði skattaréttar og með starfsreynslu á því sviði. Hann hefur verið lykilmaður í stjórnsýslu ríkisins um árabil og þekkir því til löggjafar á því sviði og framkvæmdar hennar betur en aðrir umsækjendur. Hann hefur stýrt samningsgerð við önnur ríki og hefur mikla innsýn í alþjóðarétt og þekkingu á þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem á íslenska ríkinu hvíla. Að þessu samanlögðu taldi ég ljóst að skipun Árna Kolbeinssonar gæti ekki brotið í bága við bannið í 24. gr. jafnréttislaganna.

Í þriðja lagi er spurt hvort ráðuneytið og undirstofnanir þess, og þá hvaða, hafi sett sér jafnréttisáætlanir til að vinna eftir. Jafnréttisáætlun ráðuneytisins kemur fram í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fyrirspyrjandi hv. vitnar til í síðasta lið fyrirspurnar sinnar. Eftir henni hefur verið unnið.

Til viðbótar er rétt að greina frá því að um nokkurt skeið hefur verið unnið að gerð sérstakrar jafnréttisyfirlýsingar ráðuneytisins þar sem til viðbótar almennum ákvæðum er m.a. fjallað um kynferðislega áreitni á vinnustað og viðbrögð við kvörtunum um slíkt af hálfu stjórnenda.

Í fjórða lagi er spurt hvernig ákvæði jafnréttisáætlunar ráðuneytisins hljóði að því er varðar jafnan hlut kvenna og karla á vinnumarkaði. Hér verður að vísa til inngangsins að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2001 sem hv. fyrirspyrjandi vitnar til í 5. lið. Þar er lögð áhersla á jöfn tækifæri og jöfn áhrif kvenna og karla í samfélaginu.

Í fimmta lagi er spurt hvers vegna umrætt starf hæstaréttardómara hafi ekki verið auglýst í samræmi við verkefnaáætlun ráðuneytisins að því er varðar hvatningu til kvenna, að þær jafnt sem karlar sæki um starfið. Því er til að svara að ekki þótti viðeigandi að hafa slíka hvatningu í auglýsingu um starf hæstaréttardómara og því var gerð undantekning frá hinni almennu reglu.

Hér er um að ræða eitt af virðulegustu embættum landsins og leitað er eftir lögfræðingum sem yfirburði hafa á sviði lögfræðiþekkingar. Það þótti því ekki viðeigandi að hafa sérstaka hvatningu í auglýsingunni, hvorki að því er varðar kyn eða annað. Þótt konur væru ekki sérstaklega hvattar til að sækja um starfið var niðurstaðan engu að síður sú að þrjár konur sóttu um en aðeins einn karlmaður. Ég tel það sérstaklegt gleðiefni að þrjár konur hafi í þetta sinn sótt um starfið.

Ætla verður að nánast allir þeir sem starfa við úrlausnarefni á sviði lögfræði við dómstóla, lögmennsku eða í stjórnsýslu hafi tekið eftir eða frétt af auglýsingunni enda er skipun hæstaréttardómara sígilt umræðuefni hjá þeim starfsstéttum í hvert sinn sem dómaraskipti eru fyrirsjáanleg.

[13:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eftir að niðurstaða ríkisstjórnarinnar um skipun í starf hæstaréttardómara lá fyrir í sumar setti ég fram þá skoðun að skýringin á ráðningu fyrrv. ráðuneytisstjóra sjútvrn. til nokkurra ára væri sú að hann hefði sérþekkingu á því að túlka lögin um stjórn fiskveiða í þágu sérhagsmuna, en eins og þekkt er virðist sá hugsunarháttur býsna ríkjandi að ráðuneytin eigi að gæta sérhagsmuna þeirra greina og stofnana sem undir þau heyra fremur en almannahags. Ef þekking hins nýskipaða hæstaréttardómara á lögunum um stjórn fiskveiða réð ekki ráðningu hans sérstaklega þá vantar enn nokkuð upp á skýringar hæstv. dómsmrh. Sú upptalning sem hér var reidd fram sagði okkur að Árni Kolbeinsson er jú ágætur en sagði okkur ekkert um að þær þrjár konur sem sóttu væru ekki jafnágætar. Það vantar sem sagt enn upp á skýringu hæstv. ráðherra en þess gætti reyndar í málflutningi hennar í gær að hún virðist undir sömu sök seld með það að gæta sérhagsmuna og ýmsir aðrir því að dómarastéttin virtist þá standa henni nær en ýmsir aðrir hagsmunir.

[13:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ekki mátti hvetja konu til að sækja um þetta embætti er auðvitað augljós. Það stóð aldrei til að ráða konu í þetta embætti. Það var löngu búið að ákveða hver ætti að hljóta embættið og hafði reyndar kvisast út að það þyddi ekkert að sækja um það. Þannig lá í málinu. Ég tek undir það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði áðan. Það er auðvitað vegna sérþekkingar viðkomandi á fiskveiðistjórnarmálunum og þess að hann er höfundur að ýmsum lausnum þar sem í flestum tilfellum mundi vera álitið að væri mönnum fjötur um fót. Þarna telja menn það helst til kostanna að hann hafi komið að slíkum málum, a.m.k. telja menn svo í ríkisstjórninni. Þetta mál verður auðvitað hæstv. ráðherra til ævarandi skammar vegna þess að hún er að brjóta reglur ráðuneytis síns og reglur um jafnrétti kynjanna sem menn hafa sett á undanförnum árum. Það er mikið umhugsunarefni að það skuli einmitt vera kona sem gerir það.

[13:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði í stólnum áðan að störf hæstaréttardómara krefðust yfirburðaþekkingar. Um það ætla ég ekki að deila við hæstv. dómsmrh. en að það þýði að ekki eigi sérstaklega að höfða til kvenna í auglýsingum um slík störf þykir mér, hv. þingmenn, algerlega óskiljanlegt. Ég bara skil ekki hvernig kvenkyns hæstv. dómsmrh. getur látið svona fávisku út úr sér. Ég ætla að minna ykkur á það kæru félagar, hv. þingmenn, að í næstu viku eru liðin 25 ár frá kvennafrídeginum á Íslandi og við erum ekki komin lengra en þetta.

[13:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það ber að harma að hæstv. dómsmrh. skuli ekki hafa nýtt það tækifæri sem hér gafst til þess að fjölga konum í Hæstarétti. Hæstarétti ber að vera sem bestur spegill þjóðarinnar. Við höfum líka það markmið að auka hlut kvenna í stjórnum og ráðum og sé við ráðningu í ný embætti hægt að ráða konu í stað karls með sömu hæfileika, þá ber

að gera það. Ég harma þessa ákvörðun hæstv. dómsmrh. og að hún skuli ekki hafa nýtt sér þetta tækifæri.

[13:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá einum hv. þm. áðan að skipun í Hæstarétt hafi verið fyrir fram ákveðin. Ég held, virðulegi forseti, að flestir geri sér grein fyrir því að svo var. Ég held einmitt að þessi skipun dragi fram þann veikleika sem nú er á því fyrirkomulagi að skipa hæstaréttardómara, að fyrir fram skuli ákveðið hver fái embættið. Hins vegar vöktu eftirtekt hjá mér þær röksemdir í máli hæstv. dómsmrh. sem hún setti áðan fram fyrir því að skipa þann sem skipaður var.

Í fyrsta lagi er hefðbundið dekur við hátt próf, í öðru lagi framhaldsnám og í þriðja lagi stjórnsýsla. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, virðist stjórnsýsla í ráðuneytunum betri reynsla en dómarastarf sem allir aðrir sem sóttu um hafa gegnt um nokkuð langt skeið. Það þykja mér talsvert merk tíðindi að stjórnsýslustörf séu hærra metin en dómarastörf þegar kemur að því að meta hvern eigi að skipa í dómaraembætti.

[13:52]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra loksins rökstuðning hæstv. dómsmrh. fyrir þessari ákvörðun sem mörgum blöskraði. Í þeim rökstuðningi kom fram, að því er mér þykir, ofuráhersla á háar einkunnir á lagaprófi sem tekið var fyrir einhverjum áratugum síðan og mikil áhersla á reynslu í stjórnsýslu en minni áhersla á þekkingu á sviði dómarastarfa. Þannig lítur þessi ákvörðun út í augum almennings, herra forseti.

Herra forseti. Ég vildi einnig gera að umtalsefni þann rökstuðning hæstv. ráðherra að ekki hafi verið sett í auglýsingu hvatning til kvenna um að sækja um vegna þess að hér væri um að ræða svo virðulegt embætti. Ég held að einmitt þegar kemur að hinum virðulegri embættum þá þurfi sérstaklega að hvetja konur til að sækja um. Þær þurfa þá jafnframt að fá hvatningu þegar þær sækja um og í þessu tilviki erum við að tala um hæfa einstaklinga. Allir þessir einstaklingar eru mjög hæfir og engin ástæða til að ætla að þessar konur hafi ekki verið jafnhæfar og sá karl sem var ráðinn. Við megum ekki taka þessu þannig að vanhæfar konur séu hvattar til að sækja um störf í stað hæfra karla.

[13:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Til viðbótar því sem hér hefur komið fram langar mig að beina einni spurningu til hæstv. dómsmrh. Hún er þessi: Telur dómsmrh. að upp gæti komið sú staða í Hæstarétti Íslands að vegna tengsla Árna Kolbeinssonar við samningu ákveðinnar löggjafar og þess sem hann hefur þar lagt til mála á undanförnum árum, þá gæti hann talist óhæfur við að dæma í málum sem sneru að sömu löggjöf?

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Svör hæstv. dómsmrh. við fyrirspurnum mínum voru bæði furðuleg og til vansa fyrir hæstv. dómsmrh. Það vantaði ekki lýsingarorðin þegar hæstv. dómsmrh. hrósaði karlinum sem sótti um starfið. Hann hafði yfirburði umfram konurnar og hann var langhæfastur. Svo tók auðvitað steininn úr og verður ráðherra til ævarandi skammar að hafa sagt úr ræðustól að ekki sé viðeigandi að hvetja konur til að sækja um eitt virðulegasta embætti landsins. Hún vílar ekki fyrir sér að brjóta þar eigin jafnréttisáætlun sem kveður á um það að ráðuneytið hafi sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfslýsingar með þeim hætti að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf. Hæstv. ráðherra fylgdi ekki þessari áætlun, sem var samþykkt hér á Alþingi, af því að þetta embætti er svo virðulegt að það hæfir ekki konum. Er það það sem hæstv. dómsmrh. er að segja?

Það er alveg ljóst að ráðherrann hefur brotið hér jafnréttislög. Ég skora á Jafnréttisráð að hafa frumkvæði að því að láta reyna á þetta mál fyrir dómstólunum. Það er alveg ljóst að jafnréttislög eru brotin, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar ekki fylgt, málsmeðferð sem Hæstiréttur hefur farið eftir við að túlka jafnréttislögin er heldur ekki fylgt. Alþjóðlegar samþykktir eru hunsaðar og ráðherra stendur hér keik og hrósar karli fyrir að hafa unnið í stjórnsýslunni en gerir lítið með þær þrjár konur sem allar hafa reynslu af dómarastörfum. (**Gripið fram í:** Enda eru bara 25 ár frá kvennafrídeginum.) Kvennafrídagurinn á næsta leiti og þetta er ráðherranum virkilega til skammar.

Ég vorkenni hæstv. ráðherra að standa í þessum sporum, að hafa farið þessa leið og láta eins og hún hefur gert í ræðustól. Mér finnst þau ummæli hennar sem hún viðhafði hér verðskulda það að sérstaklega verði rætt um jafnréttismálin að viðstöddum hæstv. dómsmrh.

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér finnst afar ánægjulegt að sjá hve margir hv. þm. hafa áhuga á jafnréttismálum og sannarlega fagna ég umræðu um þau mál. En ég vil að það komi skýrt fram, ég hef sagt það áður á opinberum vettvangi, að ég er sammála þeim sjónarmiðum að æskilegt sé að konum fjölgi í Hæstarétti. Ég er sannfærð um að svo mun fara á næstu árum, enda eðlileg þróun í samfélaginu og í samræmi við fjölgun kvenna í lögfræðingastétt og þann árangur sem þær hafa náð í störfum sínum.

Í þetta sinn gerðist sá einstæði atburður að þrjár konur sóttu um stöðuna. Það er í fyrsta skipti sem það gerist þannig að auglýsingin hafði engin áhrif í þessu sambandi, hv. fyrirspyrjandi. Það skipti ekki máli hvort þar væri sérstök hvatning til kvenna. Ég tel að það sé gleðiefni. Þessar þrjár konur eru þar að auki, og það hef ég áður margsagt, mjög hæfar og frambærilegar og vafalaust hefði það verið pólitískt einfaldara fyrir mig að velja konu í þetta sinn. En skylda mín var að velja hæfasta umsækjandann. Það hafði ég að leiðarljósi eftir bestu samvisku við ákvörðun mína.

Ég get ekki komist hjá því, herra forseti, að nefna það hér í síðara svari mínu að eitt af því sem ráðherra þarf að taka tillit til við svo vandasama ákvörðun sem hér er til umræðu er samsetning Hæstaréttar. Þegar litið er á skipan Hæstaréttar kemur sá sem nú er skipaður í stað dómara sem áður var prófessor í lögfræði. Ef litið er til þeirra átta dómara sem sitja í réttinum, þegar Árni Kolbeinsson hefur þar störf, eru fjórir skipaðir úr hópi héraðsdómara; einn starfaði um árabil sem dómarafulltrúi og héraðsdómari en var prófessor í lagadeild þegar hann var skipaður hæstaréttardómari; einn dómari var dósent í lagadeild er hann var skipaður hæstaréttardómari og þá eru ótaldir tveir dómarar sem áður voru lögmenn. Í Hæstarétt hafa oftast valist dómarar úr hópi héraðsdómara, lögmanna og kennara við lagadeild Háskólans. Þetta þarf að sjálfsögðu að hafa í huga við slíkt val.

Umferðaröryggisáætlun og umferðaröryggismál.

Fsp. SJS, 39. mál. — Þskj. 39.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þegar umferðaröryggisáætlun var sett á hinu háa Alþingi 1996 hafði hún það markmið að fækka alvarlegum umferðarslysum um 20% á áætlunartímanum, þ.e. fyrir árslok 2000. Nú liggur því miður fyrir, herra forseti, að þróunin undanfarin ár og á þessu ári er alls ekki með þeim hætti sem vonir stóðu til og markmið áætlunarinnar gera ráð fyrir.

Þetta er sérstaklega sláandi því miður þegar skoðaður er fjöldi dauðaslysa. Þar er þróunin þannig ef litið er yfir tölur frá árinu 1994 að telja að þá eru látnir 12 í 12 slysum, á árinu 1995 eru látnir 24 í 19 slysum, á árinu 1996 10 í 10 slysum, á árinu 1997 15 í 14 slysum, á árinu 1998 27 í 27 slysum, á árinu 1999 21 í jafnmörgum slysum og það sem af er þessu ári, miðað við 18. október, eru látnir 23 í 17 slysum.

Herra forseti. Í öllu falli er ljóst hvað varðar markmiðið um fækkun dauðaslysa þá hafa þau ekki náðst nema síður sé. Það er leitun að þriggja ára tímabili þar sem tölur er jafnóhagstæðar og þær eru nú á árunum 1998 til og með yfirstandi ári og er því þó ekki lokið.

Ef litið er til alvarlegra slysa þá hef ég ekki tölur yfir þau nema til og með ársins 1998 eins og þau eru flokkuð samkvæmt alþjóðlegri flokkun en þar er sömuleiðis ljóst að ekki hefur náðst neinn umtalsverður árangur ef skoðuð eru öll umferðarslys þar sem meiðsli eða slys hafa orðið á fólki og er um mjög svipaðan fjölda að ræða allt þetta árabil. Þau eru rétt í kringum 1.000 og eru þá dauðaslys væntanlega meðtalin. Þau voru 1.058 á árinu 1995 og voru 1.043 á árinu 1999 þannig að ef endaárin eru tekin þá hefur þar sömuleiðis ekki náðst mikill árangur.

Herra forseti. Ég held að við hljótum af þessum ástæðum að spyrja hvar við séum á vegi stödd. Ég tel að þær niðurstöður sem liggja fyrir kalli á að farið verði yfir þessi mál öll á nýjan leik. Hvað hefur ekki tekist eins og til var ætlast í sambandi við fræðslu, umferðarlöggæslu og aðra slíka hluti. Og það er nærtækt að spyrja hvort sá mikli niðurskurður á fjárveitingum til löggæslu og umferðarlöggæslu, sem er staðreynd frá undanförnum og yfirstandandi ári, sé þarna að einhverju leyti orsakavaldur.

Ég hef því leyft mér að spyrja, herra forseti, hæstv. ráðherra tveggja spurninga sem varða annars vegar endurskoðun umferðaröryggisáætlunar og hins vegar hvort vænta megi sérstakra aðgerða af þessu tilefni.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er okkur öllum skylt að ræða það.

Tímabil gildandi umferðaröryggisáætlunar sem samþykkt var á Alþingi þann 28. febr. 1996 sem þál. rennur út um næstu áramót. Umferðaröryggisnefndin vinnur nú að skýrslu fyrir yfirstandandi ár sem vonast er til að verði afhent í byrjun janúar nk. Á grundvelli hennar mun ég svo leggja skýrslu fyrir Alþingi.

Einnig er hafinn undirbúningur að langtímaáætlun til 12 ára ásamt verkáætlun til fjögurra ára og eru þessi tímabil valin í samræmi við yfirstandandi vegáætlun. Vonast er til að skýrslurnar verði tilbúnar í byrjun næsta árs og verði þá lagðar fyrir Alþingi.

Umferðaröryggisnefndin og Vegagerðin hafa ráðið starfsmann til að vinna að gerð skýrslnanna undir stjórn umferðaröryggisnefndarinnar. Starfsmenn Umferðarráðs munu leggja nefndinni lið eins og undanfarin ár.

Á yfirstandandi ári hefur verið mikið um banaslys samanborið við undanfarin ár. Erfitt er að meta nú hverjar eru helstu ástæður þess. Fjöldi óhappa er sá sami í ár og var á sama tíma í fyrra en fleiri hafa nú látist í hverju umferðaróhappi. Á þessu ári hafa 134 slasast alvarlega í umferðinni á fyrstu níu mánuðum ársins og 23 látist eða samtals 157. Er það svipað og á sama tíma sl. tvö ár. Ef sama þróun verður til áramóta verður fjöldi alvarlega slasaðra og látinna á bilinu 200–210 um næstu áramót sem er svipaður fjöldi og á sl. tveimur árum.

Eðli alvarlegra slysa hefur verið með öðrum hætti í ár en undanfarin ár en meiri rannsóknir þarf til að segja til um núna hvað veldur. Umferðaröryggisnefndin hefur ásamt rannsóknarnefnd umferðarslysa og Umferðarráði undirbúið samantekt til að kanna hvort ákveðin fylgni er á milli slysanna eða hvort samverkandi þættir eru áberandi. Rétt er að hafa niðurstöðu nefndarinnar að leiðarljósi áður en ráðist er í einstök ný verkefni.

Fjöldi skráðra brota voru í lok september 27.709 en voru 35.974 allt árið 1999 og 31.381 árið 1998. Ef mæla má umsvif lögreglu í fjölda skráðra umferðarlagabrota eru þau því heldur meiri fyrstu níu mánuðina í ár en árin 1999 og 1998. Umferðarlöggæslan er því að eflast hér á landi. Meiri umræða hefur verið um umferðaröryggismál en mörg undanfarin ár. Fjölmiðlar hafa sýnt umferðarmálum mikinn áhuga og umfjöllun þeirra til varnar slysum verið óvenju mikil. En þrátt fyrir aukna fræðslu og áróður hefur því miður ekki tekist að fækka banaslysum á þessu ári miðað við meðaltal síðasta áratugar.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að tölfræðileg frávik umferðarslysa eru mikil vegna þess hve tölur hér á landi eru lágar, sérstaklega á þetta við um banaslys. Á árunum 1990–1999 voru að meðaltali 20 banaslys í umferðinni. Tölfræðileg frávik eru milli fjögur og fimm þannig að fjöldi banaslysa samkvæmt því getur verið á bilinu 15–25. Frávik frá þessu meðaltali eru meiri í ár en tölfræðileg frávik og það sama á einnig við á síðasta ári.

Til að skýra þessi frávik er nauðsynlegt að skoða fjölgun bifreiða og aukinn akstur. Fjöldi bifreiða hefur aukist um 27% frá árinu 1995 og akstur á þjóðvegum hefur aukist um a.m.k. 10% á árunum 1995–98 eða um 2,5% á ári. Vafalaust hefur þetta haft áhrif á slysatíðni og aukið fjölda umferðarslysa. Þau eru auðvitað allt of mörg og á því þarf að taka.

Í síðari lið fyrirspurnarinnar er spurt hvort vænta megi sérstakra aðgerða og aukinna fjárveitinga til umferðaröryggismála. Því er til að svara að í fjárlagafrv. er sérstök fjárveiting til umferðardeildar lögreglustjóra en komið hefur verið á samstarfi löggæslu og Vegagerðar með nýju sniði þar sem hlutverk vegaeftirlitsins er nú útvíkkað og því fengið lögregluvald með því að lögreglumenn séu ásamt Vegagerðinni við eftirlitsstörfin. Þeir geta því tekið á umferðarlagabrotum ökumanna jafnframt því sem fylgt er eftir ákvæðum um önnur atriði er umferð ökutækja varðar. Ég mun einnig funda áfram með lögreglustjórum um frekari aðgerðir í umferðarmálum og mun leggja sérstaka áherslu á það mál.

Þá vil ég geta þess að ég hef skipað sérstakan starfshóp undir formennsku hv. formanns allshn. og er hlutverk hópsins að fara yfir núgildandi umferðarlöggjöf, umferðarlögin og reglugerðir samkvæmt þeim í þeim tilgangi að koma með ábendingar um það sem betur má fara í regluverkinu og stuðlað getur að bættri umferð.

[14:07]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins um þá fyrirspurn sem hér hefur verið lögð fram þá er ég eiginlega hissa á seinni spurningunni sem þarna kemur fram vegna þess að ríkisstjórnin hefur nýlega brugðist við á mjög faglegan hátt á sviði þessara mála, þ.e. að fjölga og búa til 20 pappírslöggur til umferðarátaks. Að vísu var þremur löggunum stolið strax fyrstu nóttina en það er nú annar handleggur. Sumir héldu að það væri niðurskurður Hafnarfjarðarlögreglunnar um 1,7% sem boðaður var í fjárlagafrv. og Hafnarfjörður hafi þá strax tekið niður þrjár löggur.

En ég held að þetta sé nákvæmlega það sem er í hnotskurn, það sem sýslumaðurinn í Borgarnesi segir í Dagblaðinu í dag þar sem hann óskar eftir auknu fé til umferðaröryggismála, þá er honum boðaður niðurskurður upp á 1,7%, og sýslumaðurinn í Borgarnesi svarar því akkúrat þannig, með leyfi forseta:

„Ætli við fáum ekki bara pappalöggur."

[14:08]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Herra forseti. Ég var formaður nefndar um umferðaröryggismál sem umferðaröryggisáætlunin til ársins 2001 tekur til og sem hv. þm. og fyrirspyrjandi Steingrímur J. Sigfússon átti einnig sæti í og við áttum einstaklega góða samvinnu.

Þrátt fyrir að þau markmið sem sett voru á sínum tíma um að fækka alvarlega slösuðum og látnum niður í 200 manns þá langar mig til að benda á að við höfum enn ekki náð því markmiði, við erum örlítið yfir því markmiði og ástandið er enn þá algjörlega óásættanlegt. Þetta var mjög varlega gerð áætlun á þeim tíma. En í þessu sambandi langar mig líka til að geta þess að í ár hefur þeim tilvikum fækkað þar sem banaslys hafa orðið. En það er sorglegt og jafnframt viðvörun um að enn hafi ekki nóg verið að gert að fjöldi látinna í hverju slysi hefur aukist. Ég vænti þess að umferðaröryggisáætlun sjái dagsins ljós á næsta ári og að betri framkvæmd náist fram en verið hefur hingað til og við munum vera í stöðugri endurskoðun eins og verið hefur.

[14:10]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Svör ráðherra sýna máttleysi og stefnuleysi og það er hörmulegt til þess að vita að ekki skuli koma fram frá hæstv. ráðherra þættir sem gætu bætt stöðu í umferðarmálum, hugmyndir eins og um bætta ökukennslu, bætta vegi í þéttbýli, færa upp bílprófsaldur og ýmsar aðgerðir sem er hægt að hugsa sér í stefnumótun sem þyrfti að vera.

Hæstv. ráðherra hefur valdið vonbrigðum í sínu starfi. Það er einungis tvennt sem stendur upp úr sem hún hefur afrekað á sínum ferli. Annað er hið rándýra salerni sem hún innréttaði í ráðuneytinu og hitt eru blaðamannafundir um lítil efni með borðalögðum lögreglumönnum sem þar standa heiðursvörð. Það er dauðans alvara sem hér er verið að ræða um, þ.e. mikla aukningu á banaslysum í umferðinni, og það er til vansa, hæstv. forseti, að ráðherrann sem fer með málaflokkinn skuli ekki leggja fram skýrari hugmyndir um umbætur í þessum efnum.

[14:11]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það ríkir vargöld á íslenskum vegum. Hér um bil enginn allra ökumanna, hér um bil enginn hlýðir þeim lagafyrirmælum sem um hraðakstur gilda.

Hæstv. dómsmrh. tilkynnti um átak í þessum efnum á sl. sumri með myndaseríum og fundahöldum og ætlaði að fjölga um fjóra bíla í landinu til þess að herða eftirlit. Ég veit ekkert hvað hefur orðið af því. Ég lagði til opinberlega að fjölgað yrði um 30 bíla og tryggingafélögin látin borga helminginn af kostnaðinum.

Hér er allt eftir að vinna af því sem lífsnauðsynlegt er ef þessi ófarnaður á ekki að halda áfram að vera við lýði. Og við væntum þess að hæstv. ráðherra komi með eitthvað fleira en pappírsgögn eða pappírslögregluþjóna til að sinna þessum lífsháskamálum.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og öðrum fyrir þátttöku í umræðunni þá held ég að ég hljóti að verða að láta í ljósi þá skoðun mína að ég hafði vonast eftir efnismeiri svörum. Þetta ástand er ósköp einfaldlega þannig að ég tel að menn geti ekki sætt sig við það. Fjöldi dauðaslysa og slysa sem hafa í för með sér meiri háttar líkamstjón eða örkuml er svo hlutfallslega hár hér á landi að við getum ekki sætt okkur við það baráttulaust að reyna ekki að ná þar einhverjum árangri.

Ég benti á að þróunin á Íslandi sker sig í úr frá nálægum löndum þar sem menn hafa nánast alls staðar náð umtalsverðum árangri nokkurn veginn í takt við þau markmið um fækkun slysa sem umferðaröryggisáætlanir t.d. hinna Norðurlandanna ganga yfirleitt út frá. Hér er þetta ekki að takast. Í besta falli erum við að halda í horfinu og þó sennilega tæplega það ef tekin eru allra alvarlegustu slysin, þ.e. banaslys eða þar sem meiri háttar líkamstjón verður.

Ég á erfitt með að fá þá fullyrðingu hæstv. ráðherra til að ganga upp að umferðaröryggisgæsla eða löggæsla sé að aukast. Í ljósi þeirrar staðreyndar að umferðardeild lögreglunnar hefur nánast verið lögð niður, enginn sérstakur bílafloti er eftir til að sinna þessu verkefni sem slíku, aksturshæfni ildir lögreglunnar almennt í landinu hafa verið stórskertar á undanförnum árum þannig að sum embættin komast varla endimarka á milli nema taka til þess vikukvóta og þar fram eftir götunum, þá ber nú held ég flest að sama brunni. Lögreglan telur a.m.k. sína stöðu til að sinna slíkum verkefnum hafa stórlega verið skerta, bæði hvað varðar möguleika til akstur, yfirvinnu og slíkra hluta.

Ég held að fara verði yfir málið í heild sinni, herra forseti. Við verðum að spyrja hvort þarna sé um að kenna of lítilli gæslu. Er fræðslan að bregðast, er hún ónóg, eru ökuréttindin, ökukennslan ekki eins og hún þyrfti að vera? Og síðast en ekki síst að taka á hraðanum í umferðinni sem er auðvitað meginsökudólgurinn.

Ég vonast til þess, herra forseti, að hæstv. ráðherra reyni að taka þessi mál föstum tökum.

[14:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram í máli hv. þingmanna að afar brýnt er að við leggjumst á eitt um að sporna gegn slysum í umferðinni, enda hefur það verið eitt helsta áherslumál mitt frá því að ég tók við embætti dómsmrh.

Hv. fyrirspyrjandi óskaði eftir nánari upplýsingum. Ég verð að benda honum á að fyrirspurn hans er nú nokkuð takmörkuð. Ég held að við þyrftum mun lengri tíma til þess að fara yfir allt það sem hefur verið gert og það sem stendur til að gera en ég er auðvitað alveg sammála hv.þm. um að það þarf virkilega að snúa við þessari öfugþróun.

Hv. þm. Kristján Möller sá ástæðu til að gera að umtalsefni svonefndar pappalöggur. Ég get glatt hv. þm. með því að sú hugmynd er að vísu ekki frá mér komin, en það er miður að það umferðarátak sem fjórir lögreglustjórar standa nú í fyrsta skipti fyrir skuli drukkna í umræðu sem þessari. Hv. þm. Ágúst Einarsson mun fljótt sjá að það verður margt til viðbótar því sem nú þegar hefur verið gert. Hann getur þá vakið athygli á því á heimasíðu sinni.

Hv. fyrirspyrjandi hélt því fram að til stæði að skera niður fé til umferðarlöggæslu. Í fjárlögum er hins vegar gert ráð fyrir eflingu vegaeftirlits með auknum framlögum til umferðardeildar ríkislögreglustjóra. Þar er jafnframt hugsað til þess að gera embættinu kleift að styrkja lögregluembætti um land allt í tengslum við umferðareftirlit og viðbrögð við alvarlegum slysum. Fjárlagafrv. felur þannig í sér framlög til umferðarlöggæslu, ekki niðurskurð.

Ég lýsti í fyrri ræðu minni þeirri vinnu sem fer fram í starfshópi sem ég hef skipað. Unnið er að því að koma upp svokölluðu ökugerði, æfingarsvæði fyrir ökunema sem verður mikið framfaraspor í umferðarmálum. Það er mjög margt sem er á döfinni og ýmsar tillögur munu koma fram fljótlega. Það er því engin lognmolla í umferðaröryggismálunum heldur er mikið starf í gangi og ég legg áherslu á að þetta eru fyrstu skrefin. Vitaskuld er mikið starf óunnið, enda eru umferðarmál langtímaverkefni og á ábyrgð okkar allra. Við þurfum því þjóðarvakningu.

[14:17]

Útbýting þingskjals:

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 116. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 116.

Hlutverk ríkislögreglustjóra.

Fsp. LB, 86. mál. — Þskj. 86.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 86 að leggja fram svohljóðandi fsp. til dómsmrh.:

1. Hefur ráðherra fallið frá þeim markmiðum sem að var stefnt við setningu lögreglulaga um hlutverk ríkislögreglustjóra?

2. Hvernig sér ráðherra fyrir sér þróun embættisins í framtíðinni?

Með lögum nr. 90/1996 var komið á fót embætti ríkislögreglustjóra. Hugsunin á bak við það embætti var að taka við að hluta til hlutverki RLR, en að öðru leyti að vera lítið samræmingarembætti fyrir lögregluna í landinu og fara með yfirstjórn lögreglu í umboði dómsmrh. Enn fremur var hugmyndin sú að ríkislögreglustjóri tæki við ýmsum verkefnum sem heyrðu þá undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumrn. Hugmyndin var því sú að leggja RLR niður á þeim tíma, að lögreglumenn sem unnu hjá RLR víða um landið réðust til annarra embætta, kæmu þar inn með þekkingu sína og visku til þess að styrkja þau embætti, en til yrði lítið samræmingarembætti sem tæki við þeim verkefnum sem hér hafa verið nefnd. Þetta má glöggt greina líka í framsöguræðu þáv. hæstv. dómsmrh., Þorsteins Pálssonar, sem gerði þannig grein fyrir þeirri hugmynd sem lá að baki ríkislögreglustjóraembættinu og stofnun þess.

Það er því umhugsunarvert, virðulegi forseti, þegar maður horfir til þeirra hugmynda sem menn höfðu og þann veruleika sem við upplifum í dag að sjá að embætti ríkislögreglustjóra er farið að birtast okkur með allt öðrum hætti og farið að taka að sér allt önnur verkefni en upphaflega var lagt af stað með en um leið hefur embættið ekki nema að litlu leyti tekið við hlutverki löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumrn. Því leyfi ég mér að leggja fram þá fyrirspurn sem ég las upp áðan, hvort ráðherra hafi fallið frá þeim hugmyndum sem upphaflega lágu að baki stofnun embættisins. Því það vekur augljóslega athygli að í fjárlögum fyrir árið 1999 var reiknað með að rekstrarkostnaður embættisins væri 248,8 millj., en núna tveimur árum síðar er á fjárlögum fyrir árið 2001 gert ráð fyrir að kostnaður við embættið verði 684,9 millj., sem er u.þ.b. 170–180% hækkun á tveimur árum. Og maður hlýtur að gera þá kröfu til hæstv. dómsmrh. að hún skýri þessar gríðarlegu breytingar sem átt hafa sér stað á embættinu.

[14:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Stofnun embættis ríkislögreglustjóra var í samræmi við stefnu í löggæslumálum á Norðurlöndunum. Slíkt embætti er til í þeim öllum og var nú síðast stofnað í Noregi og tekur til starfa á næsta ári.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur á þeim tíma sem liðið hefur frá stofnun þess sannað gildi sitt. Embættið hefur stuðlað að aukinni samvinnu milli einstakra lögregluembætta, að betri nýtingu lögregluliðanna og styrkt starf þeirra. Embættið hefur stuðlað að samræmingu og framþróun í löggæslunni.

En hv. fyrirspyrjandi spyr að því í fyrsta lagi hvort ráðherra hafi fallið frá þeim markmiðum sem að var stefnt við setningu lögreglulaga um hlutverk ríkislögreglustjóra. Svar mitt er að svo sé ekki. Hlutverk embættisins er skýrt útlarlega í 5. gr. lögreglulaga sem ég þarf ekki að lesa upp.

Síðan ég tók við embætti dómsmrh. hafa orðið þrjár breytingar sem aukið hafa umsvif embættisins. Allar eru þær fallnar til þess að efla meðferð ákveðinna miðlægra verkefna lögreglu og stuðla að samræmingu í löggæslunni. Í fyrsta lagi má nefna Schengen-upplýsingakerfið og SIRENE-lögreglusamstarfið sem hvort tveggja fellur undir e-lið 1. mgr. 5. gr. og d-lið 2. mgr. Það er að embættið eigi að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu og það eigi að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti. Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt starf sem hér er um að ræða. Ég hef raunar áður sagt að í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í sambandi við aukinn vanda í fíkniefnamálum sé mjög mikilvægt að Ísland standi að því að auka samstarf við lögreglulið í öðrum löndum til þess að taka betur á í þeim efnum.

Þá hefur embættið tekið við þremur miðlægum verkefnum á sviði löggæslu sem eru í fyrsta lagi rekstur svokallaðs bílabanka lögreglunnar en í því felst að halda utan um rekstur lögreglubifreiða fyrir lögregluembættin. Í öðru lagi hefur það tekið við rekstri fjarskiptamiðstöðvar fyrir lögregluembættin á suðvesturhorninu og í þriðja lagi hefur það tekið við umferðareftirliti á þjóðvegum sem framkvæmt er í samvinnu við Vegagerð ríkisins. Þessi verkefni voru falin embættinu í samræmi við g-lið 1. mgr. 5. gr. laganna.

Til viðbótar þessu vil ég nefna að safnliðir í fjárlögum til lögreglumála sem áður voru í umsjá ráðuneytisins hafa verið fluttir í umsjá embættisins, enda býr ríkislögreglustjóri yfir nauðsynlegri fagþekkingu varðandi löggæsluna svo sem varðandi tækjamál lögreglu o.fl.

Í öðru lagi er spurt hvernig ráðherra sjái fyrir sér þróun embættisins í framtíðinni. Ég svara því til að ég sé ekki fyrir mér neinar stórfelldar breytingar á embættinu. Hér er um stofnun að ræða sem bæði sinnir stjórnsýslu og einnig löggæsluverkefnum sem talið er skynsamlegt að leysa á landsvísu og hún mun halda áfram á þeirri braut. Veruleg starfsmannaaukning hefur orðið hjá embættinu að undanförnu vegna tilflutnings verkefna sem að framan greinir og nýrra verkefna en ég sé ekki fyrir mér að hún haldi áfram á næstu árum.

Ég vona að ég hafi þar með leyst úr spurningum hv. fyrirspyrjanda.

[14:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni um þetta „monster" sem er að verða úr embætti ríkislögreglustjóra og átti bara að verða lítið samræmingarembætti en bólgnar nú út um hundruð milljóna króna á ári. Fari svo sem horfir, herra forseti, þá verðum við öll bara komin ofan í litlar skúffur á skrifstofu eða í húsakynnum ríkislögreglustjóra.

Herra forseti. Þetta er mjög alvarleg miðstýringarþróun sem hér er á ferðinni. Ég vil varpa þeirri spurningu fram til hæstv. dómsmrh.: Er ætlunin og er það stefnan að leggja niður löggæsluhlutverk sýslumannanna úti um allt land, eins og heyrist talað um, og fela það þessu bákni eða þessu „monsteri" sem við erum að fá hér í embætti ríkislögreglustjóra? Er það ætlunin og hvernig standa þau mál?

[14:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er nokkuð hugsi yfir þeim upplýsingum sem komið hafa fram í svari dómsmrh. til fyrirspyrjanda, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar frá Samfylkingunni. Við litum öll svo á að með stofnun ríkislögreglustjóraembættisins væri honum ætlað að taka við ákveðnum samræmingarverkefnum og fara með yfirstjórn lögreglu eins og hér hefur komið fram, þetta yrði nokkuð lítið embætti með stjórnsýslu.

Ráðherrann hefur svarað hér að fjarskiptaeftirlit, umferðareftirlit, eitthvað fleira og safnliðir hafi verið fluttir til embættisins. En getur það skýrt þá miklu aukningu í fjármunum að upp undir 690 millj. séu í fjárlagafrv. fyrir næsta ár á sama tíma og við höfum átt umræðu um umferðaröryggismál þar sem ekki er að heyra að neinir sérstakir fjármunir séu veittir til? Ég vil fá frekari útskýringu á þessu frá hæstv. ráðherra.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég lagði af stað í þessa umræðu með það að markmiði að reyna að upplýsa og fá það skýrt hvort fallið hafi verið frá þeim grunnhugmyndum sem lagt var upp með þegar embætti ríkislögreglustjóra var komið á laggirnar. Ég vil líka segja að með þessari umræðu er á engan hátt verið að veitast að embætti ríkislögreglustjóra, enda starfa þar mjög hæfir menn.

Hins vegar virðist mér vera ljóst að hæstv. dómsmrh. hefur algjörlega snúið af þeirri braut sem fyrirrennari hennar lagði, þ.e. að leggja þetta upp sem lítið embætti, stjórnsýsluembætti sem tæki við verkefnum frá ráðuneytinu. Allsherjarnefnd var í heimsókn hjá ríkislögreglustjóra í vikunni og þar hefur sem sagt lítið sem ekkert verið fært til af verkefnum. Þrátt fyrir það hefur kostnaður aukist úr 250 milljónum við reksturinn í 690 millj. á sama tíma og verið er að skera niður um 1,7%, ef ég man rétt, af öllum sýslumannsembættum í landinu. Það er því augljóst að hér hefur átt sér stað mikil áherslubreyting og ráðherra svaraði í rauninni engu þeirri spurningu hvort fallið hafi verið frá þeirri hugmyndafræði sem lagt var upp með.

Eins svaraði ráðherra að mínu viti ekki miklu um þá framtíðarsýn sem hún hafi á þetta embætti og hvernig hún sæi fyrir sér lögreglustjórn þróast á næstu árum því að uppi hafa m.a. verið hugmyndir um það, bæði í umræðum hjá sýslumönnum, lögreglustjórum o.fl., að fækka lögreglustjóraembættum um landið. Einnig væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra skýra betur hvaða framtíðarsýn hún hefur á lögregluna því að löggæsla er eitt merkilegasta verkefnið sem ríkið innir af hendi og því mikilvægt að þar sé skýr framtíðarsýn og menn átti sig á því hvað hæstv. dómsmrh. er að fara því að það hefur verið mjög erfitt hingað til.

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér þykir miður að sumir hv. þm. hafi ekki áttað sig á öllum þeim nýju verkefnum sem ég lýsti í fyrri ræðu minni, m.a. vegna Schengen-samningsins. Hann kostar auðvitað mikið fé. Ég vil taka það skýrt fram að ríkislögreglustjóraembættið hefur líka þurft að hagræða um 1,7% alveg eins og allar aðrar stofnanir dómsmrn. og það hafa engar ákvarðanir verið teknar um breytingar á löggæslu á landinu né heldur í sambandi við sýslumenn.

Ég tel rétt að fjalla nánar um hlutverk ríkislögreglustjóraembættisins. Eitt af meginhlutverkum þess er að miðla upplýsingum innan lögreglunnar og koma í framkvæmd ákvörðunum framkvæmdarvaldsins. Honum ber m.a. að vera dómsmrh. til ráðgjafar um stjórnun lögregluliða, þróun nýrra vinnuaðferða og vinnubragða, forvarnastarf, nýmæli í tæknilegum efnum og þjálfun og menntun þeirra sem starfa að löggæslu. Ég er viss um að hv. þm. geta leitað að þessum atriðum í lögreglulögum ef þeir hafa áhuga á því.

Ríkislögreglustjóri gegnir lykilstöðu í alþjóðlegri samvinnu og vex vægi þess hlutverks stöðugt eins og ég nefndi áðan. Þar ber fyrst að nefna Schengen-upplýsingakerfið og rekstur Schengen-skrifstofu en einnig öll samskipti við Interpol og í framtíðinni Europol. Jafnframt hefur embættið mikilvægar stoðdeildir fyrir öll lögregluumdæmi í landinu sem aðstoða lögreglustjóra við úrlausn erfiðra mála þegar þeir leita eftir því. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar öll meiri háttar skatta- og efnahagsmálabrot, þar með talin peningaþvættisbrot sem er mikilvæg hlið fíkniefnamála. Þar hefur safnast fyrir mikil sérþekking á flóknum brotamálum. Sú deild hefur verð efld í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Stofnun embættis ríkislögreglustjóra var mikilvægt skref í þá átt að svara kröfu nútímans um öfluga og vel skipulagða löggæslu. Ég tel að þeim markmiðum sem stefnt var að með setningu lögreglulaga og með hlutverki ríkislögreglustjóra hafi verið náð. Umfram allt starfar ríkislögreglustjóri í umboði dómsmrh. og meiri háttar skipulagsbreyting á starfsemi lögreglunnar í landinu verður aðeins framkvæmd með sam-

þykki ráðherra og lagabreytingum eftir atvikum.

Fangelsismál.

Fsp. GÖ, 99. mál. — Þskj. 99.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er með fsp. um fangelsismál til hæstv. dómsmrh. Ég geri mér grein fyrir því að þetta eru yfirgripsmiklar spurningar þannig að vel má vera að ég endurtaki þær og biðji um skriflegt svar síðar ef svo ber við. Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvað líður áformum um byggingu fangelsis á höfuðborgarsvæðinu? Mikil umræða hefur að undanförnu verið um áætlaða byggingu fangelsis hér. Við vitum vel að það er alltaf verið að flytja gæsluvarðhaldsfanga á Litla-Hraun. Það eru einungis tvö pláss í Reykjavík, í hegningarhúsinu, sem er eiginlega ekki annað en safn. Ég er forvitin að fá að heyra um þessi áform.

2. Er fyrirhugað að opna sérstaka meðferðardeild á Litla-Hrauni fyrir þá fanga sem þurfa á áfengis- og/eða fíkniefnameðferð að halda? Ég vil meina að slíkt þurfi í upphafi fangelsisvistar þannig að hún nýtist sem best.

3. Er kynferðisafbrotamönnum boðið upp á sértæka meðferð innan fangelsanna? Mig langar að vita hvort við höfum nýtt okkur þau módel sem t.d. hefur verið komið upp í Skandinavíu sem meðferðarúrræði fyrir fólk með slík brot á bakinu.

4. Hvaða verkefni standa föngum til boða meðan á afplánun stendur? Ég tel mjög mikilvægt að hugað sé að þessum málum og ég vil gjarnan líta á fangelsi sem betrunarhús þannig að möguleiki sé á því að verða betri með því að sitja inni.

5. Geta afplánunarfangar sótt námskeið, og ef svo er, eru þau sértæk fyrir konur, ungt fólk, síbrotamenn, fíkla o.s.frv.? Ég minni á að gerðar hafa verið mjög góðar skýrslur um mörg af þessum málum, en það sem ég tel mikilvægast nú er að heildarstefnumótun verði mörkuð í málefnum fanga og þar verði margbreytileiki úrræða í fyrirrúmi. Þá er ég auðvitað að hugsa um unga fólkið, um konur, um fíkla og kynferðisafbrotamenn. Ég held fangelsisdvöl eigi líka að nýtast til ákveðinnar uppbyggingar þannig að við reynum að loka þeim vítahring sem umlykur stóran hóp þeirra sem sitja inni.

Ég vil líka minna á skýrslu, sem ég kom að vísu að sjálf, um málefni ungra afbrotamanna. Það er afar mikilvægt að gera áætlun um hvernig þeim málum sé best borgið.

[14:35]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurningarnar. Ég tel reyndar að það væri góð hugmynd að leita eftir frekari svörum við þessum spurningum vegna þess að það skiptir svo sannarlega máli að mínu mati að við ræðum fangelsismál. Ég tel þau ákaflega mikilvægan málaflokk.

Varðandi fyrstu spurninguna um áform um byggingu fangelsis á höfuðborgarsvæðinu þá er verið að vinna að undirbúningi málsins. Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg um lóðamál og verið er að móta hugmyndir um gerð og innra fyrirkomulag fangelsis sem hugmyndin er að verði byggt í áföngum eftir því sem þörf kallar á.

Fangelsið er í fyrsta áfanga hugsað sem móttöku- og gæsluvistarfangelsi. Ég vildi gjarnan hafa fleiri orð um hvaða væntingar ég hef til þess en ég held ég verði að láta það bíða að sinni.

Í öðru lagi er spurt hvort fyrirhugað sé að opna sérstaka meðferðardeild á Litla-Hrauni fyrir þá fanga sem þurfa á áfengis- og/eða fíkniefnameðferð að halda. Það eru ekki reknar sérstakar meðferðardeildir í fangelsum á Íslandi. Fangelsinu á Litla-Hrauni er þó skipt niður í sjö almennar fangadeildir og er föngum raðað þar niður með tilliti til ástands þeirra, hegðunar og framtíðaráforma. Fangelsismálastofnun hefur frá árinu 1990 verið í samstarfi við SÁÁ um áfengis- og vímuefnameðferð í afplánun. Þetta samstarf hefur gefið góða raun og hafa fangar sem á meðferð hafa þurft að halda og óskað eftir því farið í meðferð síðustu sex vikur afplánunar og stundum lengur.

Síðustu missiri hafa nokkrir ungir fangar verið sendir til meðferðar hjá SÁÁ við upphaf afplánunar, þ.e. ef ástand þeirra við komu í fangelsi hefur verið alvarlegt. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði. Þá hefur föngum í nokkrum tilfellum verið heimilað að stunda göngudeildarmeðferð utan fangelsa, t.d. í samráði við Krýsuvíkursamtökin og einnig hafa þeir verið vistaðir í meðferð á almennum sjúkradeildum svo sem Gunnarsholti. Meginreglan er því sú að fangar fara í áfengis- og vímuefnameðferð utan fangelsanna nema þegar um einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingi er að ræða. Hið síðastnefnda er að sjálfsögðu þýðingarmikill þáttur í meðferð fyrir fanga þar sem margir þeirra glíma við slík vandamál.

Í þriðja lagi er spurt hvort kynferðisafbrotamönnum sé boðið upp á sértæka meðferð innan fangelsanna. Tveir sálfræðingar eru í fullu starfi í fangelsiskerfinu, annar hjá Fangelsismálastofnun og hinn í fangelsinu að Litla-Hrauni. Þeir veita kynferðisafbrotamönnum einstaklingsmeðferð eins og öðrum föngum, en ekki er um hópmeðferð að ræða. Rúmlega 80% fanga, sem á tímabilinu 1999–2000 hafa verið dæmdir fyrir kynferðisafbrot, eru eða hafa verið í viðtölum hjá sálfræðingi. Föngum stendur öllum meðferð til boða en eru ekki þvingaðir í meðferð gegn vilja sínum. Íslenskt fangasamfélag hefur nokkra sérstöðu að því er varðar hópmeðferð. Vegna þess hve fáa einstaklinga er um að ræða og vegna smæðar íslensks samfélags er líklegt að fangarnir eða fjölskyldur þeirra þekkist. Því er gjarnan talið vandkvæðum bundið að fá þá til að tjá sig um viðkvæm persónumálefni sín í hóp.

Í fjórða lagi er spurt hvaða verkefni standi föngum til boða meðan á afplánun stendur. Í upphafi er rétt að geta þess að frá árinu 1995 hefur 30–60 föngum á hverju ári verið gefinn kostur á að stunda nám eða vinnu, allt að sex síðustu mánuði afplánunartímans, frá áfangaheimili félagssamtakanna Verndar í Reykjavík. Þetta er þýðingarmikill þáttur í þeirri viðleitni fangelsisyfirvalda að undirbúa menn fyrir komu þeirra út í hið frjálsa samfélag.

Föngum í fangelsum stendur til boða vinna, nám, íþróttaiðkun og að sinna þeim áhugamálum sínum sem samrýmast fangavistinni. Vinnuframboð er mismunandi eftir fangelsum. Í hegningarhúsinu og fangelsinu á Akureyri er lítil aðstaða til vinnu þannig að föngum þar stendur aðeins til boða að vinna við þrif og þvotta en þannig vinna er í öllum fangelsunum. Í þessum fangelsum eru fangar því yfirleitt vistaðir í skamman tíma nema þeir óski sjálfir eftir lengri dvöl.

Í fangelsinu á Kópavogsbraut 17 er viðunandi vinnuaðstaða, t.d. við ýmiss konar pökkun. Í fangelsinu á Litla-Hrauni er fjölbreytt vinna, m.a. við framleiðslu skráningarnúmera á bifreiðar, hellusteypu, brettasmíði, framleiðslu á skjalatöskum og snittbútagerð. Í fangelsinu á Kvíabryggju er góð vinnuaðstaða við beitningu, brettasmíði og viðgerðir á fiskikörum. Námsaðstaða er góð í fangelsinu á Kópavogsbraut í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Svo er einnig á Litla-Hrauni í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Á Akureyri er náið samstarf við Verkmenntaskólann á Akureyri. Íþróttaaðstaða er mjög góð á Litla-Hrauni þar sem reist var sérstakt íþróttahús fyrir nokkrum árum.

Í Kópavogsfangelsinu er íþróttaaðstaða viðunandi og á Kvíabryggju mun aðstaðan verða góð í nýrri viðbyggingu sem á að verða tilbúin í desember.

Ég læt síðustu spurninguna bíða þar til í seinni ræðu.

[14:40]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Auk ýmissa meðferðarúrræða fyrir fanga sem nefnd hafa verið í þessari umræðu vek ég athygli á þörf sem virðist vera fyrir meðferðarúrræði á geðsviði fyrir fanga á Litla-Hrauni. Dæmi eru um fanga sem hafa þurft sérstaka geðmeðferð og vart eru hæfir til vistar á Litla-Hrauni þess vegna. Í einstökum tilfellum hafa slíkir fangar verið vistaðir á Sogni þar sem dæmdir ósakhæfir afbrotamenn eru vistaðir og fengið geðmeðferð þar þótt sú stofnun sé ekki til þess stofnuð né ráð fyrir því gert.

Ég vek athygli á þessu og hvet hæstv. dómsmrh. til að taka þessi mál til sérstakrar athugunar sem hluta af málefnum fanga. Þarna er úrlausna þörf með hagsmuni fanganna í huga. Ég er einfaldlega að tala um að það virðist vanta úrræði einhvers staðar mitt á milli þess að vista fanga í fangelsi á Litla-Hrauni og ósakhæfa afbrotamenn á Sogni.

[14:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægum spurningum. Alþingi á að ræða stöðuna í fangelsis- og meðferðarmálum á Íslandi. Ég vek athygli á því hve mikilvægt er að meðferð sé til staðar vegna áfengis- og fíkniefnamála. Það er grundvallarúrræði til þess að fangar geti nýtt sér það sem í boði er, vinnu, námskeið og frekara nám. Ég tel því mjög mikilvægt að boðið sé upp á samvinnu við SÁÁ í upphafi meðferðar ef við ætlum að reyna að þróa fangelsismál okkar þannig að um sé að ræða einhvers konar endurhæfingu og enduruppbyggingu fanga en ekki bara geymslu þar sem þeir geta komist í fíkniefni og annað sem því miður virðist reynslan á Litla-Hrauni.

Í lokin, virðulegi forseti, spyr ég dómsmrh. hvort það hafi verið mistök að byggja fangelsi á Litla-Hrauni.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör þó að ég, eins og ég sagði í upphafi, gerði mér grein fyrir að þetta væri kannski fullveigamikil fsp. Hún má búast við að ég biðji um skriflegt svar við sömu spurningum þannig að málin verði skýrari.

Ég er mjög ánægð að heyra um uppbygginguna á Reykjavíkursvæðinu. Ég vildi gjarnan sjá áætlun um að á næstu tveimur árum eða svo komist móttakan, gæsluvarðhaldsvistin og annað í almennilegt húsnæði þannig að ekki þurfi að fara með fanga á Litla-Hraun vegna þessa.

En hjá mér vakna spurningar um meðferðardeildina. Ég tel að nú sé lag þar sem heil álma er laus á Litla-Hrauni. Það er spurning um hvort byggt hafi verið of hratt upp þar. En við megum heldur ekki horfa á þetta þannig að það þurfi 100% nýtingu eins og á hótelunum. Það væri alger della, við eigum ekki að gera það. En ég held að sem stendur væri gott að reyna að nýta þá álmu. Ég er þeirrar skoðunar og mjög margir sem hafa unnið að slíkri meðferð að það væri æskilegt að byrja fangavistina á meðferð og nýta tímann. Það er mjög algengt að fíkniefni séu notuð meðan á fangelsisdvölinni stendur, því miður. Það er ekki alltaf hægt að koma í veg fyrir það.

Ég vil líka gjarnan taka undir það sem hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi varðandi ósakhæfa fanga og t.d. væri mikilvægt er að reyna að nýta þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi. Nú er ákveðið lag.

Ég var mjög ánægð með að heyra um meðferðina fyrir kynferðisafbrotamennina. Ég veit að hópmeðferð er ekki það úrræði sem gagnast þeim. Aðalatriðið er að tryggja að þeir fari — ég vil meina að það eigi að skylda þá — í einhvers konar einstaklingsmeðferð hvort sem þeir vilja eða ekki. Það mun samt sem áður nýtast þegar fram í sækir. Við erum farin að sjá gegnumgangandi í þeim málum að menn sem hafa fengið dóma áður eru settir inn aftur.

En ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin.

[14:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í fimmta lagi var spurt: Geta afplánunarfangar sótt námskeið og ef svo er, eru þau sértæk fyrir konur, ungt fólk, síbrotamenn, fíkla o.s.frv.? Fá formleg námskeið eru haldin í fangelsunum fyrir utan reglubundið skólanám. Þó eru haldin regluleg námskeið í stjórn vinnuvéla og nám til 30 tonna skipstjórnarréttinda í fangelsinu á Litla-Hrauni. Ekki hefur verið farin sú leið að skipta föngum sérstaklega í tilgreinda hópa í slíku námskeiðahaldi enda er ekki gert ráð fyrir því í lögum um fangelsi og fangavist né öðrum reglum. Hins vegar er þessara sjónarmiða gætt að vissu marki við niðurröðun fanga í fangelsi.

Síðustu tvö ár hafa félagsráðgjafar frá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar heimsótt fangelsin, einkum til þess að hitta þá sem eru að ljúka afplánun. Sérstakt samkomulag er á milli Fangelsismálastofnunar og Félagsþjónustunnar hvað þetta varðar.

Við þetta má bæta að fangar læra oft og tíðum ný vinnubrögð í þeirri vinnu sem stendur til boða í fangelsum sem þeir geta nýtt sér þegar afplánun lýkur en vinna er þar talin gegna mjög veigamiklu hlutverki í fangavist.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi viðbætur við Litla-Hraun. Ég bendi hv. þm. á að mörg ný úrræði hafa orðið til sem betur fer, t.d. samfélagsþjónusta sem gerir það að verkum að ekki þarf að nýta fangelsin eins mikið og þörf var á áður en það er auðvitað ekki markmið að fangelsin séu alltaf höfð full, síður en svo.

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir áhuga hans á málinu. Ég vil sérstaklega nefna að ég bind miklar vonir við tilkomu nýs fangelsis þar sem veitt verður sérstök þjónusta við upphaf fangavistar. Þar munu sérfræðingar greina vandamál hvers fanga og leggja til úrræði sem eiga við í tilviki hans. Ég mun líka halda til haga þeirri athugasemd sem hv. þm. Magnús Stefánsson minntist á. Það þarf að athuga þau mál sérstaklega.

Sem betur fer er vaxandi umræða um fangelsismál í þjóðfélaginu og ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægur málaflokkur og þess vegna ítreka ég þakkir mínar til hv. fyrirspyrjanda.

Fjárveitingar til mennta- og þróunarstofnana landbúnaðarins.

Fsp. JB, 94. mál. — Þskj. 94.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur: „Ríkisstjórnin vill auka veg menntunar og rannsókna sem eru forsenda fyrir nýsköpun í atvinnulífinu."

Enn fremur stendur þar:

„Að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni."

Í þál. um byggðamál stendur:

„Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni.

Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám.

Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins."

Herra forseti. Í mars 1999 voru samþykkt ný lög um búnaðarfræðslu þar sem verksvið menntastofnana landbúnaðarins var gert mun víðtækara og metnaðarfyllra en áður, til að standa „í fremstu röð á nýrri öld". Hvanneyrarskólinn var formlega gerður að háskóla og Hólaskóli og Garðyrkjuskólinn fengu aukið verksvið sem sérhæfðar rannsóknar- og menntastofnanir. Gerðir hafa verið árangursstjórnunarsamningar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Hólaskóla þar sem aðilar stefna að því að fylgja eftir áformum um eflingu þessara stofnana á metnaðarfullan hátt. Við þessar stofnanir landbúnaðarins starfa hópar, tugir sérhæfðra starfsmanna. Starfsmenn með hæstu menntunargráður. Starfsemi þeirra lýtur ekki einungis að kennslu og endurmenntun heldur víðtæku rannsóknar- og þróunarstarfi. Þar er ekki einungis unnið á innlendum vettvangi heldur eru þessar stofnanir allar í víðtæku alþjóðlegu samstarfi í menntun og rannsóknum. Allar eru þessar stofnanir með höfuðstöðvar sínar á landsbyggðinni og ekki einungis með fjölþættum verkum heldur einnig með því sterka vísindasamfélagi sem er á þessum stöðum hafa þar víðtæk áhrif ekki aðeins út í nærumhverfi sitt heldur margfeldisáhrif út um allt dreifbýli á Íslandi.

Árangursríkar aðgerðir í byggðamálum lúta ekki hvað síst að því að efla þá starfsemi sem fyrir er. Ekki síst þá sem getur miðlað styrk, þekkingu og ráðgjöf út í samfélagið. Fjárveitingar til Landbúnaðarskólans á Hvanneyri, Hólaskóla og Garðyrkjuskólans eru skornar beint niður miðað við fyrri ár. Svo er einnig með Landgræðsluna. Skógrækt ríkisins er með uppsafnaðan halla frá fyrri árum sem fjárveitingar í ár munu ekki brúa.

Í anda stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, ályktunar Alþingis í byggðamálum, metnaðarfullra laga og árangursstjórnunarsamninga hefur maður búist við að sjá þessu fylgt eftir í verki með auknum fjárveitingum og flutningi verkefna til þessara stofnana en því miður eru fjárframlög þeirra skert. Því spyr ég hæstv. landbrh.:

1. Er niðurskurður fjárveitinga til menntastofnana landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum og Reykjum og til Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum til marks um stefnubreytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar?

2. Hvernig samræmist það áherslum ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og markmiðum nýrra búnaðarlaga að skerða fjármagn til þessara stofnana landbúnaðarins sem allar starfa á landsbyggðinni — og sem eru stærstu háskóla- og vísindasamfélög sem starfa utan stórþéttbýlanna í Reykjavík og á Akureyri?

[14:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. hugsjónaríka ræðu og gott efni sem hann flutti, þakka honum þann áhuga sem hann sýnir málefnum landbúnaðarins. Ég minni hann þó á að fjárlagafrv. var lagt fram og rætt fyrir nokkrum dögum þannig að fjárlög Alþingis verða afgreidd í desember. Málið hefur verið lagt í hendur þingsins, þingið fer með fjárveitingavaldið og setur endahnútinn á þessi mál.

Ég hef átt þeirri gæfu að fagna að eiga gott samstarf bæði við ríkisstjórnina og þingið og spyr að leikslokum jafnan hver staðan verður. Ég hef séð mig tilknúinn til að líta svolítið yfir farinn veg hvað hefur gerst í málefnum skólans á einhverju tímabili og ef ég fer aftur til þess tíma er við framsóknarmenn tókum við, aftur til 1994, þróun fjárlaga frá þeim tíma til 2001, til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Hólaskóla og Garðyrkjuskólans, kemur eftirfarandi í ljós:

Framlög til þessara stofnana hafa hækkað sem hér segir á verðlagi október 2000:

Hækkun til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er 14,7% á þessu tímabili, til Hólaskóla 35%, til Garðyrkjuskólans á Reykjum 18%.

Ef skoðuð eru framlög til Landgræðslunnar hafa framlög á verðlagi í október 2000 frá 1994 lækkað um 14%, hjá Skógræktinni hafa framlög lækkað um 18%, hjá Héraðsskógum hafa framlög hins vegar hækkað um 9% á umræddu tímabili. Ef skoðað er heildarframlag til Landgræðslu og Skógræktar þá er átak í landgræðslu og skógrækt og er landshlutabundin skógræktarverkefni eru reiknuð með kemur í ljós að framlög til málaflokksins hafa hækkað frá 1994 um 22%. Auðvitað er núna verið að fara í gríðarleg átök, ekki síst í Skógræktinni og landshlutabundin verkefni. Hlutverk Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins eru breytt. Þetta eru ekki lengur framkvæmdastofnanir heldur færum við í vaxandi mæli þessi verkefni til bændanna sjálfra, skógræktarfélaganna og áhugafólksins til að sinna þeim en eigi að síður hafa þessar miklu stofnanir góðu og mikilvægara hlutverki að gegna en fyrr. Sama má segja um bændaskólana. Ég vil standa vörð um þá, styrkja þá, það skiptir landbúnaðinn og framtíðina mjög miklu hvernig til tekst á næstu áratugum.

Eins og ég sagði áðan vonast ég til að um þessi mál verði fjallað í þinginu. Ég er að vinna að ýmsum málum fyrir þessar stofnanir þannig að ég þakka allan þann góða stuðning sem kemur fram í ræðu hv. þm. og hvaðan sem þær góðu hugmyndir kunna að koma fyrir utan hitt að ég vona að ég geti lagt fram langtímaáætlun í landgræðslu á haustþinginu, frumvörp til laga um skógrækt og landgræðslu til að geta fylgt því eftir af enn meiri þrótti að þessi öflugu

fyrirtæki og menntastofnanir landbúnaðarins geti siglt áfram á miklum hraða.

Ég held að ég þurfi ekki að orðlengja þetta fremur en minni á, hæstv. forseti, að auðvitað eru þessi mál eins og ég sagði í upphafi í höndum fjárln. núna þar sem sitja hinir vænstu menn og þar á meðal sá sem hóf þessa umræðu. Treysti ég þar á gott afl til stuðnings við þessar stofnanir landbúnaðarins.

[14:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að þessi mál ættu að halda áfram á miklum hraða. Við vitum á hvaða hraða það er. Það er á hraða snigilsins sem hefur einkennt störf ráðherrans í þessum efnum. Hér er verið að benda á samdrátt í fjárframlögum til menntastofnana og stofnana hins opinbera í landbúnaðarmálum. Ráðherrann er ekki að fylgja eftir því starfi sem hann var með á síðasta kjörtímabili, þá sem formaður landbn. Ég og fleiri áttum gott samstarf við hann í sókn fyrir menntamálum í íslenskum landbúnaði. Því fylgir hann ekki eftir, herra forseti, þegar hann hefur núna stöðu til þess, orðinn ráðherra. Forveri hans þótti ekki mikill átakamaður í málefnum landbúnaðarins en ég hefði ekki trúað því að óreyndu að hæstv. ráðherra, Guðni Ágústsson, léti ekki fylgja eftir fyrri ummælum sínum í sókn í menntamálum í landbúnaði einfaldlega vegna þess að menntamál í landbúnaði eru besta byggðastefnan. Þau eru mikilvæg eins og maður sér á fjölmörgum þáttum, m.a. uppbyggingu Háskólans á Akureyri, hvað það var gott byggðamál og því á þessi stefna í sókn í landbúnaði að halda áfram.

[14:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ákaflega ólíkt hæstv. landbrh. að leggja á flótta, en sú ræða sem hæstv. ráðherra flutti áðan fól í sér uppgjöf gagnvart félögum sínum innan ríkisstjórnarinnar. Hann komst ekki lengra með málið og hann óskar eftir liðsinni og stuðningi fjárln.

Nú er það svo að við hv. þm. Jón Bjarnason og sá sem hér stendur erum báðir í nefndinni og má vel vera að okkur takist að snúa ofan af stefnu ríkisstjórnarinnar í menntamálum landbúnaðarins og koma þannig hæstv. ráðherra til hjálpar. En hæstv. ráðherra óskaði eftir ráðum og ráðgjöf. Mig langar að leggja inn litla hugmynd, herra forseti.

Í fjárlagafrv. sem liggur fyrir fyrir næsta ár er gert ráð fyrir því að 10 millj. kr. verði varið til þess að gera gagnagrunn á tölvutæku formi um íslenskar jarðir. Ég spyr, herra forseti: Er ekki alveg tilvalið að láta þetta verkefni t.d. út til Hólaskóla? Ég mun óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessu síðar í þinginu því að ég hef þegar lagt fram fyrirspurn um þetta en hér er dæmi um verkefni innan ráðuneytisins sem mundi falla ákaflega vel að Hólaskóla.

[14:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að útkoma þessara stofnana landbrn. eða landbúnaðarins í fjárlagafrv. sé gott dæmi um það að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. Þrátt fyrir byggðaáætlun, þrátt fyrir stefnumótun í landbúnaði um að efla þessa starfsemi og þrátt fyrir allt talið um að flytja verkefni og störf út á landsbyggðina, sæta þessar stofnanir niðurskurði sem þó eru staðsettar á landsbyggðinni og eru til í dag. A.m.k. er tækifærið ekki notað til að byggja á þeirri starfsemi sem fyrir er úti í byggðum landsins og efla hann og styrkja þennan málaflokk í leiðinni.

Svo kemur hæstv. ráðherra og bregður á það gamalkunna og lúna ráð þegar hann treystir sér ekki til að forsvara fjárveitingatillögur í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar til stofnana sinna að skjóta sér á bak við þingið. Þá er allt í einu ráðherrann, ríkisstjórnin og meiri hluti hennar gufaður upp og eitthvað ópersónulegt sem heitir „þingið er með málið". Þar með er ráðherra laus allra mála og ekki við hann að sakast þó að skammarlega lélegar fjárveitingatillögur í frv. beri ekki frammistöðu hans gott vitni í ráðherrahópnum.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka umræðuna og þær undirtektir sem hv. þm. hafa komið með um þetta mál. Sömuleiðis þakka ég hæstv. landbrh. fyrir undirtektirnar og að hann skuli lýsa einlægum vilja sínum til að berjast áfram fyrir málinu og hafi nú falið það fjárln. og þinginu.

Að sjálfsögðu munum við í fjárln. gera eins og við getum fyrir þessar stofnanir og beita okkur líka áfram í þinginu. Eins og hefur komið fram er það vilji þingmanna að staðið sé á bak við þessar stofnanir. Þetta eru sterkustu dreifbýlisstofnanirnar sem við eigum. Þetta eru sterkustu vísindasamfélög sem eru úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Byggðastefna sem tekur ekki mark á þeim raunveruleika er hjóm. Það fer kannski vel á því, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn leggi byggðastefnu sína inn í Alþingi og þar verði tekið á henni vegna þess að hún hefur sjálf ekki myndugleika til þess.

Herra forseti. Ég treysti því að hæstv. landbrh. styðji við fjárln. og Alþingi af sínum dug og dugnaði komi þessum málum til betri vegar en þau hafa verið lögð fram í frv. til fjárlaga.

[15:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Auðvitað er það vilji þingsins sem ræður en ég þarf ekki að kvarta yfir stjórnarflokkunum hvað landbúnaðarmálin varðar. Þeir hafa stutt vel við bakið á mér í þeim efnum og við höfum náð mörgu fram. Unnið er að mörgum góðum verkefnum í þessum skólum. Framlögin hafa ekki verið skorin niður en vissulega mættu þau hækka meira á milli ára. Það eru mörg verkefni þar sem nú er verið að fara yfir og skoða þannig að ekki eru öll kurl komin til grafar.

Vinur minn, hv. þm. Ágúst Einarsson, setur alltaf upp önnur gleraugu þegar hann er í ræðustól eða sjónvarpsviðtali. Þá er hann ekki sá prúði og duggóði eða ráðagóði maður sem starfaði með mér í landbn. Þá er hann beinskeyttur og illvígur stjórnmálamaður sem fyrst og fremst er í pólitík og hikar ekki við að fara rangt með ef því skiptir eða snupra mann um aumingjaskap sem hann meinar ekkert með.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson þarf ekki að hafa áhyggjur af að hér sé um uppgjöf að ræða. Það verður kraftur í þessum málum og ég svara fyrirspurn hans síðar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er ekki laus allra mála. Hann ber ábyrgð og það verður spurt eftir úrræðum hans. Ég tel mjög mikilvægt að hafa þingið með.

Hvað hv. þm. Jón Bjarnason á Hólum varðar, þá þakka ég honum fyrir fyrirspurnina. Hann er ofarlega enn á Hólum. Ég minnist þess þegar ég kom þangað í fyrravor þá ætlaði ég að láta mig dreyma þá nótt hetjurnar fornu, Guðmund góða, Jón Arason og Gottskálk grimma en undir morgun dreymdi mig bara Jón Bjarnason. Andi hans er því enn sterkur yfir þeim stað, og þakka ég honum fyrir þessa fyrirspurn. Hún er gott innlegg í fjárlagaumræðuna, góð brýning fyrir mig til

þess að sækja enn fram eins og góður lax mót straumi.

Atvinnumöguleikar kvenna í fiskvinnslu.

Fsp. SvanJ og ÞSveinb, 64. mál. — Þskj. 64.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar segir í tölul. 11.1, um konur í fiskvinnslu, að skipuð verði nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni á að fela að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra og fleira þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þetta stendur í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar.

Þetta er afar mikilvægt, herra forseti, vegna þess að afskaplega miklar breytingar hafa átt sér stað í sjávarútvegi. Ný tækni gerir það sífellt að verkum að færri hendur þarf við fiskvinnslu og það hefur haft mikil áhrif á stöðu kvenna víða í sjávarbyggðum. Ef til vill er heiti vélar sem notuð er í rækjuvinnslu og kölluð er kvennabani lýsandi fyrir þá þróun sem verið hefur í gangi þar sem vélar eru að taka við af mörgum höndum oft og einatt.

Það er jafnframt ljóst að atvinnumöguleikar kvenna hafa mikil áhrif á búsetuþróun og samdráttur veldur byggðaröskun. Það er þess vegna svo mikilvægt að áhrif nýrrar tækni séu skoðuð og að upplýsinga sé aflað þannig að unnt sé að meta möguleika kvennanna til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Það er líklega virkasta aðferðin til að takast á við þær miklu atvinnuháttabreytingar sem eru að ganga yfir í sjávarútvegi og valda allt of mikilli félagslegri röskun. Ég hef þess vegna lagt fram eftirfarandi spurningar til hæstv. sjútvrh.:

1. Hefur ráðherra skipað þá nefnd sem um ræðir til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina?

2. Liggur eitthvað fyrir af þeim upplýsingum sem nefndin átti að afla svo hægt væri að meta möguleika kvenna í fiskvinnslu til starfsþjálfunar og endurmenntunar?

Herra forseti. Eins og ég gat um er þetta afskaplega mikilvægt ákvæði, ef ríkisstjórninni er einhver alvara með að takast á við þessar breytingar með skapandi hætti, einhver alvara í því að styðja við fólk sem vill búa áfram úti á landi, þá er mjög nauðsynlegt að kannanir eins og þessi og úrræði í framhaldinu liggi fyrir.

[15:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Nefndin sem hér um ræðir hefur ekki verið skipuð og þar af leiðandi liggja ekki fyrir neinar niðurstöður úr starfi hennar. Nefndin mun hins vegar verða skipuð í dag og mun formaður nefndarinnar verða Ásgerður Halldórsdóttir viðskiptafræðingur og með henni í nefndinni munu starfa Hulda Lilliendahl, starfsmaður sjútvrn., og Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður.

Ég vil að lokum þakka fyrirspyrjanda fyrir að minna mig á þessa nefnd og vonast til að geta rætt þetta málefni á þessum vettvangi síðar.

[15:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það var ekki seinna vænna að spyrja hæstv. sjútvrh. um nefndina en það er ýmislegt sem bendir til þess að huga þurfi sérstaklega að stöðu kvenna í fiskvinnslunni, starfsþjálfun þeirra og öðru sem sérstaklega varðar þá miklu tæknivæðingu sem orðið hefur.

Í eina tíð áttu flæðilínurnar að bjarga öllu en rannsóknir hafa leitt í ljós að þær gerðu störf kvenna í fiskvinnslunni einhæfari. Þetta hefur m.a. komið fram í rannsókn sem Hulda Ólafsdóttir gerði þegar hún vann hjá Vinnueftirlitinu. Betri og fullkomnari tækni hefur heldur ekki orðið til þess að konur hafi hlotið meiri framgang innan fyrirtækjanna að því er virðist. Flestar þeirra vinna enn á gólfinu og fæstar þeirra eru verkstjórar. Það gleður mig að hæstv. ráðherra skuli hafa skipað nefndina í dag og ég vona að hún skili niðurstöðum sem fyrst.

[15:07]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tel mig þekkja alveg þokkalega til fiskvinnslunnar og stöðunnar þar. Það mál sem hér um ræðir er afleiðing þróunar sem menn hafa getað séð fyrir og mun halda áfram, þ.e. vél- og tæknivæðing sem byggir á því að menn eru farnir að nota tölvur og aukna sjálfvirkni í sjávarútvegi.

Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé fyrir þá nefnd sem tekur til starfa frá og með deginum í dag að hún skoði í raun og veru fleira en beinlínis störfin á færibandinu, hún skoði hvaða atvinnumöguleikar eru fyrir konur sem missa störf vegna þess að störfin leggjast niður í vinnslunni, hafa gert það og munu gera það um ókomna framtíð.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér þykir miður að þessi nefnd skyldi ekki hafa verið skipuð þegar þessi áætlun var samþykkt vorið 1998 og er kannski dæmigert, herra forseti, fyrir þau tök sem ríkisstjórnin virðist hafa á ýmsum málum sem lúta að stöðu landsbyggðarinnar og þeim möguleikum og aðstæðum sem fólk þar er að glíma við.

Nefndin verður skipuð í dag, sagði hæstv. ráðherra, og við skulum vona að það ágæta fólk sem hann nefndi til sögunnar vinni fljótt. Það er mikið rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan að sú þróun sem við höfum séð í fiskvinnslunni mun halda áfram. Tæknin mun halda áfram að leysa mannshöndina af hólmi og beinum störfum við fiskvinnslu mun fækka. Hins vegar fjölgar störfum við ýmiss konar tækni og úrvinnslu upplýsinga, gagnavinnslu, tölvuvinnslu og ýmislegt þess háttar. Þá þarf að gæta þess, herra forseti, að þau störf verði þá til á þeim stöðum þar sem hinum störfunum er að fækka. Því miður hefur þessi þróun verið það handahófskennd ef má orða það þannig á undanförnum árum að nýju störfin hafa flest orðið til annars staðar. Þau hafa orðið til í stærra þéttbýli, einkum hér syðra og eru hluti af í rauninni þeim þrönga atvinnumarkaði sem konum víða um landið er búinn.

Það er svo alveg sérstakt mál sem ástæða væri til að ræða á Alþingi, en það er staða kvenna sérstaklega vítt og breitt um landið, ekki bara vegna þess að atvinnumöguleikar þeirra hafa skerst heldur líka vegna ýmissa annarra þátta sem hafa áhrif á byggðaþróunina.

Hrefnuveiðar.

Fsp. SvanJ, 65. mál. — Þskj. 65.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Á hv. Alþingi hafa undanfarin ár reglulega verið umræður um hvalveiðar, nú síðast í síðustu viku vegna þáltill. sem hér var rædd um inngöngu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið en það er ljóst að fyrir liggur samþykkt Alþingis frá vorinu 1999 um að hvalveiðar verði hafnar.

Ekki liggur fyrir samkvæmt þeirri tillögu hvenær á að hefja hvalveiðar, en menn hafa rætt mikið hver ástæða þess er að Íslendingar telja nauðsynlegt að hefja hvalveiðar að nýju. Þau rök sem helst hafa verið tínd til eru þau að við höfum ákveðinn rétt til þess að nýta þá dýrastofna sem sjálfbærir mega teljast að mati vísindamanna okkar. Í öðru lagi tefla menn fram rökum um mikilvægi menningarlegrar fjölbreytni sem mér persónulega geðjast afar vel að og held að séu kannski þau mikilvægustu þegar upp er staðið. Og í þriðja lagi hafa menn teflt fram þeim rökum að það sé mikilvægt að *við veiðum hval vegna þeirrar samkeppni sem hvalurinn* er í við veiðimenn um fiskinn, þ.e. þeirrar samkeppni sem er við okkur. Þessi rök hafa virkað afar vel, ef má orða það þannig, ekki síst gagnvart þeim íbúum sjávarbyggðanna sem lifa af veiðum.

Í umræðunum hefur komið fram, herra forseti, að ef menn ætluðu sér að veiða það mikið af hrefnu — hrefnan hefur *sérstaklega verið tiltekin kannski umfram seli eða sjófugla* sem menn vita að eru líka býsna afkastamiklir — en ef menn ætla sér að fara í þessar veiðar, þá þurfi þær að vera býsna miklar svo að þess sjái stað.

Nú er það mjög mikilvægt ef við erum að undirbúa það að hefja hvalveiðar að nýju að þau vopn sem við ætlum að nota, þær röksemdir sem við ætlum að beita þegar til stykkisins kemur, standist allar, þær séu þá allar þannig að við getum gengið býsna keik fram og borið þær fram fyrir alþjóðasamfélagið. Það er þess vegna mikilvægt, herra forseti, að það komi hér fram hversu miklar, og út á það ganga spurningar mínar, veiðar okkar á hrefnu voru á sínum tíma, hversu miklar þær voru þegar þær voru merktar í fyrsta lagi og í öðru lagi hversu miklar þær þurfa að vera til að þess sjái stað í lífríkinu.

Eins og ég sagði, herra forseti, er þetta mikilvægt. Það er mikilvægt að við höfum það á hreinu hvernig við þyrftum þá að haga veiðum okkar ef þessi þriðja röksemd sem ég rakti áðan fyrir veiðunum ætti að standast.

[15:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrri fyrirspurnin er um hvaða fimm ár voru flestar hrefnur veiddar hér á landi og hversu margar þær voru hvert ár.

Árið 1982 voru veidd 212 dýr, 1983 204, 1979 202, 1980 201 og 1981 200 dýr.

Síðan er spurt: Hve margar hrefnur er talið að veiða þyrfti árlega til að um það munaði í lífríkinu vegna fæðuvals þeirra?

Óskað var eftir mati Hafrannsóknastofnunarinnar á spurningunni. Í svari stofnunarinnar, sem hefur verið dreift til upplýsingar, kemur m.a. fram að hrefna sé mjög mikilvægur *hluti vistkerfisins á landgrunninu. Samkvæmt bestu áætlunum* sé heildarneysla hrefnustofnsins við Ísland um 2 millj. tonna, þar af ein millj. tonna af fiski. Þá segir að rannsóknir bendi til að hrefnustofninn hér við land sé nálægt upprunalegri stofnstærð, hámarksstofnstærð. Við slíkar aðstæður sé afrakstursgeta stofnsins lítil og því líklegt að veiðar í svipuðum mæli og á árunum fyrir hvalveiðibann, um 200 dýr árlega, hefðu strax nokkur áhrif á stofnstærðina eða hömluðu a.m.k. gegn frekari stækkun stofnsins.

Hefjist hrefnuveiðar á ný hafi verið gert ráð fyrir reglubundinni vöktun stofnsins sem hluta stjórnkerfisins sem miði að því að stýra stofninum í þá stærð sem gefur hámarksafrakstur til langs tíma litið, þ.e. við 60–70% af upprunalegri stofnstærð.

Fjölstofna athuganir benda til þess að vöxtur hrefnu-, langreyðar- og hnúfubaksstofns við landið úr um 70% upphafsstofnstærðar *í 100% leiði til þess að afrakstur þorskstofns* minnki um allt að 20%. Samkvæmt þessum athugunum vegi hrefnan langmest í þessu tilliti. Því megi ætla að breytingar á stærð hrefnustofnsins úr 90% í 60–70% af upphaflegri stærð séu líklegar til að hafa veruleg vistfræðileg áhrif, þar með talið á aukna afrakstursgetu þorskstofnsins.

Í nánari skýringum Hafrannsóknastofnunar kemur m.a. *fram að nýleg úttekt NAMMCO bendi til að hrefnustofninn* hér við land sé yfir 90% af upphaflegri stofnstærð og hafi samkvæmt því ekki mikla vaxtarmöguleika ef gert er ráð fyrir því að upphafleg stofnstærð sé föst óbreytanleg stærð. Það sé hins vegar ekki líklegt, t.d. virðist hnúfubaksstofninn þegar vera kominn yfir upphaflega stofnstærð án þess að sjáanleg merki séu um að hægt hafi á vexti stofnsins sem hefur verið 10–15% undanfarna áratugi. Ef hrefnustofninn sé hins vegar við burðarmörk vistkerfisins megi líta svo á að áhrifin séu þegar komin fram sem hluti af náttúrulegri dánartíðni þorsks. Í því tilfelli mundi endurupptaka hrefnuveiða, sem miðast við að halda stofninum í þeirri stærð sem gefur hámarksafrakstur, 60–70% af upphaflegri stofnstærð, líklega hafa svipuð hlutfallsleg áhrif og áður getur.

Undanfarin ár hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að hrefnuveiðar takmarkist við 250 dýr á ári komi til endurupptöku hvalveiða hér við landi. Þessi ráðgjöf byggir á nýlegri úttekt vísindanefndar NAMMCO á ástandi mið-Norður-Atlantshafsstofnsins, hrefnu, sem grundvallast á aðferðum sem þróaðar hafa verið innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Samkvæmt þessari úttekt mundi stofninn minnka nokkuð fyrst í stað við slíkt veiðiálag, enda er almennt talið að afrakstursgeta hvalastofna sé lítil við hámarksstofnstærð.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og svör hæstv. sjútvrh. Þannig er með hrefnuna að hún er sú hvalategund af miðstærðarhvölum og stærri hvölum öðrum en smáhvölunum, sem heldur sig mest á grunnslóðinni. Hún sækir inn á firði og flóa og sækir mjög sterkt í sömu lífkeðju og uppvaxandi fiskar. Það hefur sérstaklega komið fram nýverið að fiskstofnar, sérstaklega þorskur, *hafa leitað inn á firði og flóa* norðanlands sér til uppvaxtar og viðurværis og fara einmitt inn á sömu slóðir og stór hluti hrefnustofnsins leitar. Ég held því að það sé einboðið að hrefnustofninn hafi veruleg áhrif á lífríkið hér við land.

[15:19]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og upplýsingar frá hæstv. ráðherra. Það má náttúrlega sjá af þessum upplýsingum sem öðrum sem þingið hefur fjallað um áður að

það er bráðnauðsynlegt að hefja strax veiðar á hrefnu m.a. Við erum í bullandi samkeppni við þessa stofna um nýtingarstofnana. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvað líði framgangi ályktunarinnar sem Alþingi samþykkti á síðasta kjörtímabili. Við vorum báðir meðflutningsmenn þeirrar tillögu ásamt fleiri hæstv. ráðherrum sem nú sitja í ríkisstjórn. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. sjútvrh. hvað framgangi þess máls líður.

[15:19]

Árni Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Ég held að bráðnauðsynlegt sé að hefja sem allra fyrst hvalveiðar og þá sérstaklega hrefnuveiðar af því hún sækir inn á grunnslóðina eins og hér hefur réttilega verið bent á, sækir þar á hrygningarstofna og er í samkeppni við veiðar mannskepnunnar þar. Ég held að ekki sé síður nauðsynlegt að hefja sem allra fyrst hvalveiðar hreinlega út af vígstöðu okkar gagnvart þeim sem vilja hvalveiðarnar banna og jafnvel veiðar á uppsjávarfiski.

Það dylst ekki þeim sem fer um landið og þeim sem sækja út á grunnmið að stórum hvölum fer fjölgandi og þarf ekki annað en að fara um Strandirnar til þess að sjá að hvalirnir eru meira að segja sjálfir farnir að synda á land.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér liggja fyrir. Það er afskaplega vel til fundið hjá honum að dreifa þessu svari vegna þess að það er efnismikið og mikilvægt innlegg í þá umræðu sem farið hefur fram og fer ugglaust fram áfram um hugsanlegar hvalveiðar okkar Íslendinga.

Það er ljóst að hér koma fram alveg nýjar upplýsingar vegna þess að fram til þessa hafa menn talið að það þyrfti að veiða allt að 1.500 dýr til þess að þess sæi stað í lífríkinu. Hér kemur hins vegar fram samkvæmt nýjum rannsóknum, og ég treysti því að vísindamenn okkar leggi til grundvallar það sem nú er best vitað um þessa hluti, að það mundi þegar breyta miklu eða muna um það að við veiddum ámóta mörg dýr og við gerðum fyrir hvalveiðibann, þ.e. rétt um 200 dýr árlega. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar, herra forseti, og munu ugglaust hafa áhrif á alla umræðu hér og ákvarðanatöku um það hvort menn eru tilbúnir til að hefja hvalveiðar eða ekki.

Það er ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem hér koma fram að stofninn mundi strax minnka nokkuð jafnvel þó menn hæfu einungis veiðar á 250 dýrum eins og Hafrannsóknastofnun hefur lagt til á undanförnum árum. Herra forseti. Hér er um algjörlega nýjar upplýsingar að ræða, upplýsingar sem ekki hafa komið fram áður. Eins og ég segi þá þakka ég hæstv. ráðherra fyrir að leggja þær fram með þessum hætti vegna þess að ég met það svo að þetta gagn sem hér liggur fyrir, svarið frá Hafrannsóknastofnun, sé býsna mikilvægt innlegg í umræðuna.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kom hér fram að menn telja að hrefnustofninn sé kominn yfir 90% af hámarksstærð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort vísindamenn hafi farið yfir það hvort þessi hámarksstærð geti ekki orðið miklu meiri núna þar sem menn eru farnir að skipta sér vísindalega af stærð allra stofna á Íslandsmiðum sem þýðir auðvitað að þeim stofnum sem bera uppi fæðuöflun fyrir hrefnuna er ævinlega haldið við og þeir auknir í takt við það sem hún étur og að í framtíðinni getum við þá átt von á því að hrefnustofninn, ef við byrjum ekki hvalveiðar, haldi áfram að stækka við Íslandsstrendur ef menn halda áfram að varðveita tegundirnar.

Síðan langar mig til þess að spyrja vegna þess að ég var skammaður fyrir það í umræðum um þetta mál í fyrra að hafa efasemdir um að til stæði að fara að veiða hvali: Hvenær verður það gert?

[15:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrst varðandi fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns um hámarksstærðina þá kemur einmitt fram í svari mínu sem ég hef frá Hafrannsóknastofnun að þessi svokallaða hámarksstærð er ekki endilega algjörlega hárétt og ábendingar eru um að hnúfubaksstofninn sé kominn jafnvel fram yfir það sem menn a.m.k. áður töldu vera hámarksstærðina og að ekkert linni vexti í þeim stofni. Það getur sjálfsagt verið eitthvað breytilegt hver hámarksstærðin er.

Það er vissulega rétt eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að þessar upplýsingar eru mjög mikilvægt innlegg í umræðuna um hvalveiðar og auðvitað þegar við vonandi komum að ákvarðanatöku um hvenær þær eiga að hefjast.

Ákvörðun um hvenær hvalveiðar eiga að hefjast hefur ekki enn þá verið tekin. Hins vegar er verið að vinna eftir ályktun Alþingis um að kynna afstöðu Alþingis Íslendinga til málsins og verið að undirbúa á margvíslegan hátt að ákvörðun verði tekin. Kynningunni miðar vel áfram á þann hátt að það hefur verið hægt að tala við marga aðila, stjórnmálamenn, embættismenn og fjölmiðlamenn. En það er hins vegar ekki hægt að segja að undirtektir við málstað okkar séu nokkuð betri en áður var.

Síðan er verið að vinna að sérstakri kynningu í Bandaríkjunum. Ég geri mér vonir um að hún verði okkur til framdráttar. Eins og sakir standa, á meðan kosningabaráttan þar stendur yfir, er ekki mjög þægilegt að vera með slíka starfsemi í Bandaríkjunum og þar af leiðandi er hlé á þeim undirbúningi. En þráðurinn verður síðan tekinn upp aftur þegar við vitum hver staðan verður í Washington næstu árin.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum.

Fsp. ÖJ, 36. mál. — Þskj. 36.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Á árinu 1996 voru gerðar breytingar á skattalögum þar sem fjármagnstekjuskatti var komið á, auk þess sem breytingar voru gerðar á skattlagningu á arði af hlutafé og ýmsum öðrum þáttum. Þessar lagabreytingar voru umdeildar og var ég í hópi þeirra sem þótti nóg um hve mjög skattstofn af arðgreiðslum var þrengdur, auk þess sem gagnrýnendum þótti ámælisvert hve lágt skatthlutfallið á hámarkstekjur var.

Minna fór fyrir gagnrýni okkar á þessum tíma á það ákvæði laganna sem heimilar frestun á skattlagningu á söluhagnað hlutabréfa. Í stað þess að greiða tekjuskatt af hagnaðinum gátu einstaklingar nú frestað skattlagningunni með því að fjárfesta á nýjan leik. Þetta hefur síðan orðið til þess að margir virðast hafa farið þá leið að fjárfesta fyrir söluhagnað í eigin eignarhaldsfélögum, ekki einvörðungu hér á

landi heldur jafnvel erlendis þar sem skattar eru lægri, t.d. í Lúxemborg og öðrum svæðum sem gera út á það að laða til sín auðmenn sem vilja hlíðra sér hjá því að greiða skatta og skyldur af fjármagni í heimaríkinu.

Við þessa lagasetningu á sínum tíma hafa margir eflaust þóst eygja þann möguleika að frestun á skattlagningu söluhagnaðar gæti stuðlað að uppbyggingu í atvinnulífi því heimildarákvæðið byggir á því að hagnaðurinn renni til fjárfestingar í öðru félagi. Að vísu rifjaði Kristján Jónsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, upp í blaðagrein nýlega umsögn skattrannsóknarstjóra frá þessum tíma þar sem hann varar við því að menn kynnu að taka fé út úr atvinnurekstri og skapa sér rekstrarumgjörð sem kæmi þeim undan að greiða skatta til samfélagsins.

Það var reyndar einnig blaðamaður á Morgunblaðinu, Egill Ólafsson, sem setti þetta mál að nýju í brennidepil með ítarlegri úttekt í byrjun þessa mánaðar. Þar kom fram að lagasetningin hafi beinlínis hvatt til fjármagnsflutninga úr landi. Þetta er alvarlegt mál hvernig sem á það er litið og eflaust svíður margan Íslendinginn að horfast í augu við þá staðreynd að miklir fjármunir, mikil þjóðarverðmæti, kunni að hafa verið tekin út úr sjávarútvegi og öðrum atvinnurekstri og lætt til annarra landa í skjóli þessarar lagasetningar.

Á fyrsta degi þingsins lagði ég fram þá fyrirspurn sem nú kemur til umræðu, en í ljósi þess að hæstv. fjmrh. boðaði þá breytingar á þessum lögum ákváðum við að láta sitja við það eitt á þessu stigi að fá fram nánari upplýsingar um málið og upplýsingar um áform ríkisstjórnarinnar um lagabreytinguna, en munum að sjálfsögðu fylgja málinu eftir og sjá til þess eða leggja okkar af mörkum til að breyting verði gerð á þessum lögum.

Fyrirspurnir mínar til hæstv. fjmrh. eru tvær. Þær eru svohljóðandi:

1. Hvernig metur fjmrh. reynslu af þeirri breytingu sem gerð var á skattalögum árið 1996 sem heimilar frestun á skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa, sérstaklega með tilliti til fjármagnsflutninga úr landi?

2. Eru upplýsingar fyrir hendi um hversu miklum skattgreiðslum af söluhagnaði hefur verið frestað með þessum hætti og hversu stór hluti þeirra er vegna kaupa á erlendum hlutabréfum?

[15:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þegar þessi frestunarheimild var lögleidd árið 1996 var markmið hennar yfirlýst að auðvelda skipulagsbreytingar í atvinnulífinu, stuðla að því að fjármagn héldist í íslensku atvinnulífi. Það markmið hefur vissulega náðst að vissu marki enda er innlendur hlutabréfamarkaður nú mun virkari en áður var og kaup á hlutabréfum eru orðin sjálfsagður þáttur í sparnaðarkörfu hins almenna borgara, ef mætti orða það svo.

Á hinn bóginn er því haldið fram, og er vafalaust rétt, að breytingin hafi ýtt undir að fjárfestar, sérstaklega hinir stærri, hafi leitað á erlendan markað þar sem skattumhverfið er hagstæðara en hér, eins og í Lúxemborg. Þar á bankaleyndin áreiðanlega líka einhvern hlut að máli en þessi þróun stríðir gegn hinu upphaflega markmiði lagabreytingarinnar frá 1996 sem við munum mörg eftir hér.

Ég tel því að breytingin hafi ekki að öllu leyti náð tilgangi sínum. Þess vegna hef ég sagt opinberlega að ég sé að velta fyrir mér, og við í ríkisstjórninni, hvernig unnt sé að gera þarna breytingar en þó þannig að þær stuðli að hinum upphaflegu markmiðum breytingarinnar frá 1996, þ.e. að auðvelda skipulagsbreytingar, viðskipti með hlutabréf og stuðla að því að fjármagn haldist áfram í íslensku atvinnulífi. Ekki er mjög einfalt mál að gera slíkar breytingar en ég hef þó fullan hug á því að beita mér fyrir þeim og þær eru til athugunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Meira er því miður ekki hægt að segja um það fyrr en slíkt frv. sér dagsins ljós.

Að því er varðar síðari spurningu hv. þm. um hversu miklum skattgreiðslum hafi verið frestað með þeim hætti sem núverandi ákvæði heimila og hversu stór hluti þeirra sé vegna kaupa á erlendum hlutabréfum er því til að svara að ekki liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um þetta, reyndar hvorki um heildarskattgreiðslurnar, sem hefur verið frestað á grundvelli þessa ákvæðis, né skiptingu milli innlendra og erlendra hlutabréfa. Ég hef hins vegar farið fram á það í tilefni af þessari fyrirspurn að embætti ríkisskattstjóra kanni hvort unnt sé að nálgast þessar upplýsingar með einhverju móti, m.a. úr ársreikningum þeirra fyrirtækja sem embættið heldur til haga. Vænti ég þess að þær upplýsingar reynist það aðgengilegar að hægt sé að búa til úr þeim gagnlegar upplýsingar fyrir þingið og mun ég þá koma þeim til skila á hinu háa Alþingi.

[15:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðunni að nú þegar liggur fyrir þinginu frv. frá þingmönnum Samfylkingarinnar þess efnis að þau ákvæði, sem heimila þessa frestun, verði felld út úr lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í fyrravor þegar fjallað var um sjávarútvegsmál á Alþingi lýstum við því yfir að við værum að undirbúa slíkt mál og lögðum síðan málið fram núna í haust, þ.e. mál 27.

Það er rétt og það er gott að það kemur fram hjá hæstv. ráðherra að þessi lög hafa greinilega ekki náð þeim tilgangi sem ætlað var, e.t.v. vegna þess að þau ná líka til erlendra félaga en væntanlega var ekki hægt að komast hjá því vegna samninga okkar og EES þannig að auðvitað þarf að leita annarra leiða ef menn vilja fara þær leiðir að reyna að styrkja íslenskt efnahagslíf og þá aðrar leiðir en þær sem svo stórfellt skattfrelsi hefur í för með sér.

Ég hef skilið það svo, herra forseti, að mál okkar verði á dagskrá á morgun og þá gefst tilefni til frekari umræðu sem ég vænti að hæstv. ráðherra taki þá þátt í.

[15:35]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég held að verið sé að víkja að mjög merkilegu máli sem þarf að taka á. Ég get staðfest það sem ráðherra sagði að ekki var ætlunin að þetta mundi leiða til fjárflótta eins og raunin hefur hugsanlega orðið á, þegar lögin voru sett, heldur til að efla íslenskan hlutabréfamarkað. Hvora leið verður farið, hvort heimildin verður þá takmörkuð við kaup á erlendum hlutabréfum sem er kannski ekki auðveld aðkomu heldur, það að taka með afgerandi hætti á skattaparadísarleiðum eða flótta er mjög mikilvægt mál og hér hefur verið bent á að það liggur fyrir frv. sem tekur sérstaklega á þessu máli. Ég hvet, herra forseti, til þess að þetta verði rætt ítarlega í tengslum við frv. þingmanna Samfylkingarinnar en það er þó mjög jákvætt að hér hefur komið fram að seinni hlutinn í fyrirspurninni verður einmitt framkvæmdur, þ.e. þessara upplýsinga verður aflað. Það tel

ég vera mjög jákvætt að verði gert þannig að við getum rætt ítarlegar um málið síðar.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þar kemur fram að markmið laganna hafi ekki gengið eftir og eðlilegt að þau séu endurskoðuð. Í annan stað liggja upplýsingar sem ég óskaði eftir ekki fyrir en fram hefur komið að reynt verður að afla þeirra. Þetta er ágætt, en það segir sína sögu um þróun íslensks samfélags á liðnum árum að þegar Morgunblaðið, í fyrrnefndri úttekt á málinu, reynir að varpa ljósi á málið og stöðu þess, tekur blaðamaðurinn dæmi sem er svohljóðandi, með leyfi forseta. Þetta er úr Morgunblaðinu frá 1. október:

„.... einfaldast að taka dæmi af manni sem fyrir einhverjum árum eða áratugum lagði 2 milljónir í hlutafélag og selur nú hlut sinn á 100 milljónir. Maðurinn er því með 98 milljóna króna söluhagnað í höndunum."

Síðan er viðfangsefnið þetta: Hvernig á að skattleggja þessar tekjur? Einstaklingurinn stendur frammi fyrir því að greiða fulla skatta af þessum tekjum eða nýta sér lögin og skjóta sér undan því að greiða af þeim skatta. Þetta er náttúrlega brot á allri almennri reglu í skattlagningu sem byggir á því eða á að byggja á því að skattar séu greiddir þegar verðgildi eignar hækkar eða í síðasta lagi þegar það raungerist í hendi eigandans. Einstaklingur sem aflar tekna með launavinnu sinni, við skulum segja 5 millj. króna sem hann ætlar að fjárfesta, á engan kost á því að fresta því að greiða skatta af þeim tekjum en fyrrnefnd hjón, sem eru með 98 milljónir á milli handanna, hafa lagaheimild til að fresta sköttunum. Þetta er ekki jafnræði og þetta er óeðlilegt. Þessu þarf að breyta og þessu á að breyta. Ég fagna því að hæstv. ráðherra segir að það sé nú í athugun hjá ríkisstjórninni að hafa forgöngu um það, auk þess hefur verið bent á að lagafrv. þess efnis liggur þegar fyrir þinginu.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég lét þess getið að markmið breytinganna frá 1996 hafa ekki náðst nema að hluta til. Að einhverju leyti hefur þróunin orðið önnur en menn sáu fyrir. Út á það gengur umræðan.

En ég vil líka taka fram að ég tel að fólk, sem hagnýtir sér þessar frestunarheimildir, sé ekki neinir sérstakir sakamenn því lögin heimila þetta beinlínis og lögin gera ráð fyrir því. Það er því ekki neitt athugavert við það enda kemur í ljós að ekki eru nema nokkrir tugir einstaklinga, örfáir tugir einstaklinga, sem telja fram söluhagnað af hlutabréfum umfram það lágmark sem lögin gera ráð fyrir að skattleggja beri sem fjármagnstekjur. Það þýðir þá að þúsundir annarra aðila í þjóðfélaginu sem hafa selt hlutabréf hagnýta sér frestunarheimildina. Það segir heilmikla sögu.

Aftur á móti vildi ég segja það út af því frv. sem nefnt var áðan og kemur kannski til umræðu á morgun að ég tel ekki að sú leið sem þar er lögð til sé rétta svarið við því atriði sem við erum að tala hérna um, þessu vandamáli. Þar er reyndar líka blandað saman lögaðilum og einstaklingum með þeim hætti sem ég tel ekki að sé eðlilegt en ég kem kannski nánar að því þegar það frv. verður rætt.

Að öðru leyti ítreka ég það sem ég sagði áðan að við munum reyna að afla þessara upplýsinga sem um er beðið. Það er hins vegar ekkert einfalt mál vegna þess að hvergi er í gögnunum gefið upp hvað skattgreiðslurnar hefðu orðið miklar, það þarf að reyna að reikna það út. En það var spurt hve miklum skattgreiðslum hefði verið frestað. Kannski er auðveldara að tína til aðrar tölur í kringum þetta og slá á þessar stærðir en það munum við sem sagt reyna að gera þó það kosti eflaust mikla vinnu hjá embætti ríkisskattstjóra.

Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi.

Fsp. MS, 89. mál. — Þskj. 89.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Á undangegnum árum hefur verið unnið að stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi. Mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin í því sambandi þar sem m.a. hefur verið gerð ítarleg úttekt á náttúru, dýralífi, minjum og öðru á því landsvæði sem þjóðgarðurinn á að ná yfir. Mikill áhugi og eftirvænting ríkir meðal Snæfellinga á stofnun þjóðgarðsins enda er svæðið afar áhugavert og sérstakt í íslenskri náttúru. Heimamenn líta til ýmissa möguleika sem fylgja stofnun þjóðgarðsins, bæði er varðar verndun svæðisins og eins á þjónustu sem því fylgir.

Nú er hluti þess landsvæðis sem þjóðgarðurinn á að ná yfir er í einkaeigu og viðræður munu hafa staðið yfir í einhvern tíma um eignarhald þeirra landareigna. Hins vegar er löggjöf þannig að ekki er skilyrði að landsvæði þjóðgarða séu í eigu ríkisins, hluti þess getur allt eins verið í eigu annarra aðila og að því leyti ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að stofna þjóðgarðinn formlega.

Eins og fyrr segir eru allmörg ár liðin frá því að ákveðið var að stofna þjóðgarðinn og undirbúningur málsins hófst, en það mun hafa verið árið 1994. Fjárlög undanfarinna ára hafa einnig gert ráð fyrir fjárútlátum ríkissjóðs vegna þessa máls. Sveitarstjórnarmenn á svæðinu, Snæfellingar og fjölmargir aðrir, hafa lagt sitt af mörkum við að koma málinu í höfn og þykir mörgum málið ganga hægt fram.

Til að fá fram upplýsingar um stöðu þessara mála, herra forseti, hef ég borið upp fyrirspurn til hæstv. umhvrh. og hún er mjög einföld: Hvað líður stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi?

[15:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það mun hafa verið í febrúar árið 1994 að ríkisstjórnin samþykkti tillögu þáv. umhvrh. að hefja undirbúning að stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Í framhaldi af því skipaði þáv. umhvrh. nefnd til að gera tillögu um mörk þjóðgarðsins og hvernig mætti standa að undirbúningi málsins. Undir lok árs 1997 skilaði nefndin tillögum um frekari útfærslu þjóðgarðs, allt frá Dagverðará vestur að Gufuskálum ásamt stórum hluta Snæfellsjökuls. Lagði nefndin jafnframt til að gengið yrði til samninga við landeigendur um kaup á viðkomandi jörðum þannig að allt þjóðgarðslandið yrði í eigu ríkisins í þeim tilgangi að einfalda og auðvelda stjórnun svæðisins og tryggja að markmið með stofnun þjóðgarðsins mundu nást. Sérstakri nefnd um uppkaup jarðanna var síðan komið á um mitt árið 1998.

Á væntanlegu þjóðgarðssvæði eru 11 jarðir eða jarðarskikar. Þrjár jarðir í eigu ríkisins, ein jörð í eigu sveitarfélags og sjö jarðir í eigu einkaaðila. Samningaviðræður um kaup ríkisins á jörðum í einkaeign hafa staðið síðan um mitt árið

1998 og hafa því miður ekki leitt til endanlegrar niðurstöu en nú er margt sem bendir til þess að það sjái fyrir endann á þeim viðræðum. Ég hef ástæðu til að ætla að fyrir lok ársins hafi náðst samkomulag við alla jarðeigendur, þannig að hægt verði að snúa sér að formlegri stofnun þjóðgarðsins á næsta ári.

Nú hefur náðst samkomulag við nánast alla einkaaðilana en það eru tveir sem út af standa. Þó svo samningar hafi ekki náðst við alla landeigendur, er ekki útilokað að stofna þjóðgarðinn, eins og hér kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, því skv. 51. gr. laganna, nr. 44/1990, um náttúruvernd, er heimilt að stofna þjóðgarða án þess að allt land viðkomandi þjóðgarðs sé í eigu ríkisins, að því gefnu að samkomulag náist milli ráðherra og landeigenda.

Hins vegar vil ég benda sérstaklega á vegna þessa að í 51. gr. segir: „Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign" — það er meginreglan en síðan kemur: — „nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag ..." Og þegar maður rýnir í röksemdafærsluna fyrir þessum lagabreytingum þegar þær voru gerðar 1996, þá stendur:

„Samkvæmt gildandi lögum er það skilyrði að umrætt landsvæði sé í ríkiseign."

Áfram þykir eðlilegt að það sé meginreglan. En í 2. mgr. er heimilað að í undantekningartilvikum séu landsvæði þjóðgarða í eigu annarra, enda náist samkomulag þar að lútandi milli umhvrh. og landeigenda.

Virðulegur forseti. Þannig er ljóst að meginreglan er að hafa landið í ríkiseigu. Í undantekningartilfellum er heimilt að stofna þjóðgarð með landi í einkaeigu en þá þarf að ná samkomulagi um það. Ég tel að við séum ekki enn komin á það stig að réttlætanlegt sé að nota undantekningartilfellið, þ.e. að stofna þjóðgarðinn með einkalandi innbyrðis, vegna þess að *sem stendur gengur vel í viðræðunum við eigendur* þessara jarða.

Að mínu mati er afar æskilegt að landið sé í ríkiseign sé þess nokkur kostur. Það einfaldar m.a. stjórn þjóðgarðsins og minnkar líkur á ýmiss konar árekstrum. Lögð hefur verið áhersla á að ná kaupsamningum vegna einkajarða. Sá tími sem farið hefur í nauðsynlegan undirbúning er orðinn langur og grunar mig að þegar farið var af stað í ársbyrjun 1994 með háleitum markmiðum hafi menn ekki gert sér grein fyrir öllum þeim hindrunum sem á vegi manna geta orðið *þegar stofnaðir eru þjóðgarðar á landi sem ekki er alfarið í* ríkiseign.

Ekki er endilega sjálfgefið að eigendur jarða séu reiðubúnir til samninga og að selja frá sér jarðir, þó undir þjóðgarð sé. Snúið getur verið að ná samkomulagi um verð við einstaka landeigendur, ekki síst þegar gæta verður samræmis í verðmætamati jarðanna. Umhvrn. hefur ekki viljað greiða það verð sem upp hefur verið sett í öllum tilvikum og því hafa ekki náðst samningar við alla.

Ég hef beitt mér, virðulegur forseti, í þessu máli frá *því ég kom í ráðuneytið og hefur ráðuneytið átt mjög gott* samstarf við bæjaryfirvöld í Snæfellsbæ og fleiri aðila um það. Ég geri mér því góðar vonir um að við getum stofnað Snæfellsþjóðgarð á næsta ári. Það er markmið okkar. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, Magnúsi Stefánssyni, að miklar væntingar eru hjá heimafólki vegna stofnunar þjóðgarðsins og mikill áhugi. Ég deili þeim áhuga og þeim væntingum með heimamönnum og við stefnum að stofnun þjóðgarðsins á næsta ári, enda er um mjög sérstakt svæði að ræða frá náttúrunnar hendi.

[15:47]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að brýnt sé að reyna að ljúka þessu máli um þjóðgarð um Snæfellsjökul og nágrenni hans. Það þarf ekki að lýsa landslagi þar fyrir fólki. Þarna er eitt allra fegursta landsvæði sem við eigum og allir sammála um það fyrir löngu að ef einhvers staðar á að vera þjóðgarður á landi hér þá er það í kringum þennan jökul. Það er synd að þetta skuli taka svo langan tíma sem raun ber vitni.

Ég tek undir það að ekki er hægt að bíða endalaust eftir svörum. Spurningin er hvort ekki sé í lagi þó einhverjar af *þessum jörðum séu hluti þjóðgarðsins. Eftir því sem þetta* dregst lengur verður flækjan oft erfiðari.

Ég held að betra sé, herra forseti, að ljúka þessu máli sem fyrst því annars getur orðið í Dritvík daufleg vist.

[15:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er liðið á sjöunda ár síðan þáv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson lagði umrædda tillögu fram í ríkisstjórn og hún var samþykkt. Ég bar upp svipaðar spurningar um málið í fyrra, í mars, og þá var hæstv. umhvrh. mjög bjartsýnn á að þetta væri allt að koma og mundi ganga. Hæstv. ráðherra er enn þá bjartsýnn en mér finnst að málið *hafi gengið hægar en ráða mátti af orðum hennar í fyrra.* Ég tek undir með þeim sem spyrja hvort ekki sé rétt að láta til skarar skríða ef ekkert gengur með þá samninga sem eftir eru og ganga í málið þrátt fyrir að annmarkar séu á því. Ég er hins vegar á þeirri skoðun eins og hæstv. ráðherra að best sé að klára þessa samninga. Ég vona sannarlega að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér, að það sé komið að lokum þessa máls því heimamenn eru orðnir óþolinmóðir og er vissulega ástæða til að ljúka þessu verki.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og skýringar á stöðu málsins. Ég fagna því sérstaklega ef það er staðreynd að á allra næstu vikum eða fyrir árslok náist samningar um kaup á þeim landareignum sem um er að ræða. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað er æskilegt að ríkið eigi þetta land og ráðuneytið hefur unnið að því að svo verði. Það verður afar ánægjulegt ef tekst að stofna þjóðgarð með formlegum hætti á næsta ári og ég hlakka til þess, ásamt fleirum auðvitað.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta svæði, náttúruna, jarðfræðina og þá sögu sem er þar við hvert fótmál, svo ekki sé talað um Snæfellsjökul sjálfan, frægð hans á heimsvísu og sérstöðu. Allt þetta kallar á að þetta svæði verði allt innan marka þjóðgarðs.

Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál, sérstaklega hæstv. ráðherra fyrir svörin og ítreka að ég hlakka til að upplifa það, á næsta ári vonandi, að þjóðgarður verði formlega stofnaður á Snæfellsnesi.

[15:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég heyri að þeir hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu taka undir með mér í að æskilegt sé að ríkið eigi þetta land. Það er þess vegna sem við reynum til þrautar að semja um að kaupa landið. Ég er hins vegar u.þ.b. að missa þolinmæðina líka í þessu máli. Það er búið að

ýta talsvert á eftir því upp á síðkastið og kannski þess vegna sem allvel gengur um þessar mundir með viðræður.

Hins vegar er alveg ljóst að ekki er hægt að bíða endalaust eftir því að ná samningum um verð. Ég vona að við náum að kaupa þetta land alveg á næstunni en takist það hins vegar ekki þarf að reyna að ná samkomulagi við landeigendur um að þeir eigi þá land inni í þjóðgarði. Menn sjá ekki fyrir sér á þessari stundu nákvæmlega hvernig slíkt samkomulag gæti litið út. Hugsanlega þarf að heimila eigendum einhver afnot af landinu, geti menn fallist á það. En maður vill helst ekki lenda í slíku varðandi þjóðgarða, að geta ekki haft fulla stjórn á þeim og því sem þar fer fram. Þess vegna er æskilegast að ríkið eigi landið, að það sé á hendi eins aðila.

Náist ekki samkomulag er hugsanlegt að stofna þjóðgarðinn án þessara einkajarða innbyrðis. Það er staða sem ég vil helst ekki sjá. Við munum því reyna til þrautar að kaupa þær jarðir sem eftir eru og ganga frá öllum samningunum í einum pakka. Menn bera auðvitað saman það verð sem þeir fá fyrir þessar jarðir.

Markmið okkar er að stofna þjóðgarðinn á næsta ári og ég vona sannarlega að við náum því. Það er ekki hægt að bíða endalaust í þessu máli eins og hér hefur komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda og öðrum hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunum.

Fundi slitið kl. 15:54.

---

14. FUNDUR

fimmtudaginn 19. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 119. mál, þskj. 119. — 1. umr.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 120. mál, þskj. 120. — 1. umr.
3. Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
4. Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
5. Almannatryggingar, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr.
6. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
9. Almannatryggingar, frv., 78. mál, þskj. 78. — 1. umr.
10. Samkeppnishæf menntun og ný stefna í kjaramálum kennara, þáltill., 92. mál, þskj. 92. — Fyrri umr.
11. Hlutafélög, frv., 122. mál, þskj. 122. — 1. umr.
12. Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, þáltill., 103. mál, þskj. 103. — Fyrri umr.
13. Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, þáltill., 105. mál, þskj. 105. — Fyrri umr.
14. Þjóðarleikvangar, þáltill., 106. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, frv., 107. mál, þskj. 107. — 1. umr.
16. Kynbundinn munur í upplýsingatækni, þáltill., 123. mál, þskj. 123. — Fyrri umr.
17. Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.
18. Viðskiptabankar og sparisjóðir, frv., 137. mál, þskj. 137. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Samfylkingar í Suðurl., Björgvin G. Sigurðsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl."

„Það tilkynnist hér með að undirrituð getur ekki vegna anna tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur í fjarveru hennar nú á haustdögum.

Selfossi, 18. október 2000.

Virðingarfyllst,

Katrín Andrésdóttir."

Björgvin G. Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleyfi útlendinga, 150. mál, fsp. SÓ, þskj. 150.

Fjáraukalög 2000, 156. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 156.

Frumkvöðlafræðsla á landsbyggðinni, 151. mál, fsp. SÓ, þskj. 151.

Gagnagrunnur um jarðir á Íslandi, 153. mál, fsp. ÖS, þskj. 153.

Innflutningur dýra, 154. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 154.

Konur í lögreglunni, 152. mál, fsp. SÓ, þskj. 152.

Víkingaskipið Íslendingur, 149. mál, fsp. JÁ, þskj. 149.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 119.

[10:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Í frv. felst að Fiskistofu er í ákveðnum tilvikum heimilað að setja eftirlitsmenn um borð í veiðiskip á kostnað útgerðar. Miðað er við að afli tiltekins skips að einhverju leyti skeri sig úr afla einhverra annarra skipa sem sambærilegar veiðar stunda og því ástæða til að ætla að fiski hafi verið hent fyrir borð. Ástæða brottkasts er sú að viðkomandi útgerð eða áhöfn telur ekki hagkvæmt að hirða fisk. Getur það stafar af því að fiskur er verðlítill, t.d. smár eða lélegur að gæðum, eða því að báturinn hefur ekki aflaheimild til tiltekinnar tegundar og telur óhagkvæmt að veiða hana eða nýta heimild laganna til færslu milli tegunda.

Samkvæmt gildandi lögum um veiðar í lögsögu Íslands er Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í hvaða fiskiskip sem er. Hins vegar eru það aðeins útgerðir frystitogara sem greiða sérstaklega fyrir veru eftirlitsmanna um borð. Rík ástæða er til að efla verulega möguleika Fiskistofu til eftirlits með brottkasti og þyngja viðurlög fyrir slík brot, en sönnunarbyrði í slíkum málum hefur reynst afar erfið. Verði frv. að lögum er staða Fiskistofu til eftirlits mun sterkari til að fylgjast nánar með veiðum tiltekinna skipa, þyki ástæða til þess. Eftir sjö daga um borð í skipi ætti að jafnaði að liggja fyrir hvort veiðar skipsins séu í samræmi við gildandi reglur en telji Fiskistofa ástæðu til að kanna veiði báts um lengri tíma yrði það gert á kostnað útgerðar hans. Ráðuneytið er þess fullvisst að slíkt fyrirkomulag gæti orðið til að efla mjög allt eftirlit Fiskistofu auk þess sem slík heimild hefði veruleg varnaðaráhrif.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til sjútvn.

[10:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Brottkast hefur sjálfsagt tíðkast á Íslandsmiðum frá því að menn fóru að gera út að marki. Menn hefur þó greint á um það frá því að kvótakerfið kom til sögunnar hvort og hve mikið brottkast hafi aukist við tilkomu þess. Hæstv. sjútvrh. hefur oft látið hafa það eftir sér að hann telji kvótakerfið ekki eiga neinn þátt í því að brottkast hafi aukist. Þó hefur honum orðið á að benda á þær ástæður brottkasts, og nú síðast í ræðu sinni áðan, sem eru til komnar eftir að kvótakerfi var komið á, þ.e. að verðmunur á fiski sé ástæða fyrir brottkastinu.

Það bættust nefnilega við ýmis tilefni fyrir menn til að henda fiski í sjóinn við tilkomu kvótakerfisins. Það þýðir ekki annað en horfast í augu við það, enda hafði það þau áhrif strax eftir að kvótakerfið kom til sögunnar að úr lönduðum afla hurfu vissar fisktegundir. Menn urðu t.d. mjög undrandi á því hve gæði netafisks urðu allt í einu miklu meiri en áður og leituðu skýringa á því. Sumir héldu því fram að það væri vegna þess að menn sinntu netunum betur eftir tilkomu kvótakerfisins en aðrir töldu að ástæðan fyrir þessu væri einfaldari, sem sagt að minna fengist fyrir þann fisk, auk þess sem hann teldi að fullu í kvótanum. Auðvitað er það aðalástæðan fyrir þessu. Skemmdur fiskur hætti að koma að landi en hafði þó komið að landi áður. Það sem þó er kannski skelfilegast við þetta er að það eru sannanir fyrir því, a.m.k. tel ég það fullkomlega sannað, að menn eru að henda fiski í sjóinn vegna þess að þeir fá lægra verð fyrir hann og vegna þess að hann telur að fullu í kvóta. Sé það borið saman að landa honum eða fleygja honum í sjóinn og halda síðan áfram að veiða og fá verðmeiri fisk upp í kvótann reynist óhagstætt að koma með fiskinn að landi svo menn freistast til að fleygja honum í sjóinn.

Í sumar fór fram um þetta mjög þörf umræða. Menn gengu fram og voru tilbúnir að segja frá því að þeir hefðu tekið þátt í þessu sjálfir. Enginn þarf að efast um að þar sögðu menn satt. Ástæðan fyrir því að þessi umræða kom ekki upp fyrr var auðvitað sú að í lögum eru refsiákvæði sem taka á þessu, lögin eru í gildi þó ekki hafi þeim verið framfylgt mjög. Ég kem betur að því á eftir. Þetta er auðvitað ólöglegt og menn skammast sín líka fyrir að ganga svona um auðlindina. En þessi umræða er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að menn eru ekki tilbúnir að halda þessum spjöllum áfram og vilja vinna gegn þeirri ósvinnu sem felst í að henda fiski í sjóinn.

Af ýmsum yfirlýsingum hæstv. ráðherra var ljóst að hann var afar órólegur yfir þeirri umræðu sem var í gangi í sumar. Honum leiddist hún greinilega og henni lauk mjög skyndilega. Það er athugunaefni hvernig henni lauk. Henni lauk með því að hæstv. ráðherra og forstöðumenn Fiskistofu urðu sammála um það á opinberum vettvangi að nú ættu lögreglan og sýslumenn að koma til og taka skýrslur af þeim sem meðgengju opinberlega að þeir hefðu hent fiski í sjóinn. Ætlunin var að fylgja málinu eftir á grundvelli þeirra laga sem brotin hefðu verið. Þar með hættu menn að mæta í fjölmiðla og greina frá því að þeir hefðu tekið þátt í að henda fiski í sjóinn. Öllum er ljóst sem hafa fylgst með þessum málum að menn hafa ekki verið dæmdir fyrir að fleygja fiski í sjóinn fram að þessu, einfaldlega vegna þess að lögin og úrræðin til þess að taka á málinu hafa aldrei verið nothæf.

En þessi umræða hafði þó sín áhrif. Hún hafði þau áhrif að hæstv. ráðherra er mættur til leiks með tillögur sínar um hvernig við eigum að koma í veg fyrir þetta. Hann lýsti því yfir að brottkast yrði ekki liðið á hans vakt. Það kom líka fram að hann hafði verið til sjós og tekið þátt í að henda fiski í sjóinn þá, á öðrum stað. Hann ætlar hins vegar ekki að líða brottkast á sinni vakt og kemur með sínar hugmyndir um hvernig eigi að taka á málinu.

Það hefur áður komið fram að menn telja koma til greina að skoða að setja upp myndavélar um borð í fiskiskipunum og fylgjast með þessum glæpaverkum og dæma menn á þeim forsendum. En því miður eru menn enn haldnir sama misskilningi. Þeir halda að það muni einhvern tíma takast með lögregluaðgerðum, hótunum um refsingar og refsingum að fá menn til þess að ganga vel um fiskimið þrátt fyrir heimskulegar reglur. Núna er því fyrst og fremst bætt við möguleikum til refsingar en þeir eru ekki mjög merkilegir. Þeir ganga út á að menn eigi að borga áttunda daginn um borð og útgerðarmenn 1.700–1.800 fiskiskipa sem róa frá Íslandi óttast svo mikið að einhver einn af fimm eða tíu eftirlitsmönnum sem Fiskistofa hefur yfir að ráða muni vikum saman halda til um borð og þeir þurfi að borga uppihaldið.

Ég held að þessar ráðstafanir muni ekki vekja mikinn ótta hjá mönnum. Í grg. með frv. er talað um að þarna séu nýjar aðferðir við það að koma í veg fyrir brottkast. Það væri gott ef svo væri en því miður eru þessar aðferðir ekki nýjar. Auðvitað hafa starfsmenn Fiskistofu fylgst með fram að þessu og gert sér grein fyrir því að aflasamsetning landaðs afla væri stundum ekki mjög trúverðug. Það er ekkert nýtt í því að þeir

fylgist þar með. Hið nýja í frv. er að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji fjölga eftirlitsmönnum úr fimm í tíu og kannski fimmtán og beita þeirri ógn að setja eftirlitsmenn um borð í skipin til að fá menn til þess að fara að lögunum.

Fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra um það hve margir hafi verið dæmdir fram til þessa á grundvelli þessara laga er enn ósvarað. Ég hef ekki fengið svar við því. En ég held að ég hafi það sjálfur. Ég held að enginn hafi verið dæmdur. Ég held líka að enginn hafi verið ákærður. En það kann vel að vera að ég hafi rangt fyrir mér og það mun upplýsast þegar hæstv. ráðherra svarar þessari spurningu.

Ég hef líka þá skoðun að þó að menn bæti einni grein til viðbótar við refsikaflann í þessum lögum muni ekki verða mikil breyting á.

Ég hef haldið því fram og held því enn fram að allar aðferðir við það að meta brottkast afla sem menn hafa bent á fram að þessu að sé mjög vafasamt að það muni koma eitthvað út úr þeim athugunum sem hægt er að treysta. Hins vegar hefur ítrekað verið lögð fram tillaga á hv. Alþingi um það að kanna til hlítar hve mikið brottkastið væri með því að leyfa mönnum að landa afla utan kvóta. Ég held að menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafi stutt þessa tillögu. Mér finnst full ástæða til þess að menn fari yfir tillöguna í sameiningu og velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að þessi athugun fari fram einu sinni þannig að menn geti byggt á skynsamlegri vitneskju um það hvað fer fram á miðunum við Ísland. Ég vona sannarlega að það verði niðurstaðan að Alþingi taki þá ákvörðun að fá þetta á hreint. Þó hv. þm. Gunnar Birgisson, sem er hinn besti maður, sé að láta fara fram skoðanakönnun á því á vegum Gallup hve miklu af fiski sé hent í sjóinn, þá hef ég ekki trú á því að út úr því komi einhver áreiðanleg vitneskja. (Gripið fram í.) Í fjölmiðlum hefur komið fram að skoðanakönnun af þessu tagi sé á leiðinni.

En við lögðum fram tillögu í fyrra og það er tillaga sem margir aðrir hafa átt hlut að að leggja fram, um að í tvö ár verði leyft að landa fiski utan kvóta. Ákveðið verði þannig verð á honum að menn muni ekki sækjast eftir því að veiða hann en það muni þó fást fyrir hann það verð að menn skaðist ekki á því að koma með hann að landi. Þannig verði í tvö ár farið mjög nákvæmlega yfir þessa hluti og menn sjái þá eftir þennan tíma með nákvæmni og vissu hvað er að gerast hér á miðunum.

Mér finnst satt að segja að við séum komnir á ótrúlega braut í því að ræða þessi mál. Þegar farið er að tala um að hafa flokka eftirlitsmanna um borð í atvinnutækjunum, hafa myndavélar til að fylgjast með hverri hreyfingu manna fer að rifjast upp bók sem oft er nefnd og í henni aðalpersónan Stóri bróðir. Ef menn ætla sér að stjórna fiskveiðum við Ísland með slíkum aðferðum og sjá engin önnur ráð en refsingar og viðbætur við refsikafla laga sem hafa ekki virkað fram að þessu þá tel ég að menn séu áfram á villigötum.

Flotinn er þó þetta stór, 1.600–1.700 skip sem leggja upp afla á ári hverju. Ég er hræddur um að hæstv. ráðherra verði að bæta þó nokkuð mörgum eftirlitsmönnum við. Auðvitað mun ekkert þýða að senda einhvers konar pappaútgáfu um borð í þessi skip til að fylgjast með. Því miður er ég á þeirri skoðun að það sé vægast sagt gagnslítið sem hæstv. ráðherra er að leggja til.

Ég vek athygli á því að með þessu frv. fylgir álit fjmrn. á því hvaða áhrif þetta hafi. Í áliti fjmrn. kemur fram að þar er talið að þetta hafi engin kostnaðarleg áhrif. Hvernig skyldi standa á því? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega um þetta atriði.

Fjmrn. gerir ekki ráð fyrir því að þessi nýju lög hafi nein áhrif til aukins kostnaðar. Samt er það þannig að gert er ráð fyrir að fjölga eftirlitsmönnum og gert er ráð fyrir því að þeir séu sjö daga um borð á kostnað Fiskistofu. Hvergi kemur fram að það eigi að hækka einhver gjöld til að koma á móti þessum aukna kostnaði. En fjmrn. hefur ekki nokkra trú á því að þetta muni auka kostnað ríkissjóðs. Hvaðan koma þá þessir peningar eða er það kannski skoðun fjmrn. að það muni bara ekkert breytast?

Ef það gerist ekki er náttúrlega ekki hægt að draga aðra ályktun af þessu en þá að Fiskistofa muni halda áfram eftirlitinu með þeim hætti sem fram að þessu hefur verið og að áttundi dagurinn verði borgaður í einhverjum vissum tilfellum af útgerðinni. Þar af leiðandi mun Fiskistofa ekki standa straum af því en heildarumsvifin hafi þá ekkert aukist. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra útskýri nánar hvernig gert er ráð fyrir því að fjármagna þetta aukna eftirlit.

En ég ætla ekki að tala um þetta langt mál. Ég tel að það sé eitt af stærstu málum sjávarútvegsins núna að menn komist út úr umræðunni, menn finni leið til að meta þetta umfang þannig að menn viti nákvæmlega hvað er að gerast á Íslandsmiðum og geti stjórnað veiðum með tilliti til þess og hafi sem sagt til þess nægilega góðar forsendur. Það er ekkert að gerast í því efni með því sem sem hæstv. ráðherra er að leggja hér fram. Mér finnst hæstv. ráðherra koma með einhvers konar málamyndahugmyndir sem eiga að slá á umræðuna um brottkastið og eiga að segja mönnum að hann vilji vel í þessu, ég efast svo sem ekkert um að hann hefur góðan hug til að koma í veg fyrir brottkast. Ég hef hins vegar enga trú á því að þessar aðgerðir muni valda straumhvörfum hvað varðar brottkast fisks á Íslandsmiðum. Það þarf að taka á málunum með öðrum hætti, það þarf að víkja af refsilagabrautinni og það þarf að setja reglur sem eru þannig að mönnum sé ekki refsað fyrir að koma með þann fisk að landi sem kemur í veiðarfærin eins og nú er gert.

[10:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson er greinilega ekki einn af aðdáendum kvótakerfisins og finnur því allt til foráttu og öllum tilraunum sem gerðar eru til að fylgjast með því séu einnig fálmkenndar og til einskis annars en að ergja sjómenn að hans mati.

Ég er dálítið hissa á því að hv. þm. Jóhann Ársælsson skuli vera svona á móti þessu, komandi úr sjávarútvegsplássi. Hann mælir á móti því að meðferð afla og umgengni um mið hafi batnað með kvótakerfinu.

Við munum vel að fyrir kvótakerfið voru netabátar að fara með 12 og upp í 15, 16 trossur á hverjum einasta degi á sjó eða voru með í sjó og reyndu að draga en tókst að sjálfsögðu misjafnlega. Í dag eru menn að fara með á sjó þetta fjórar, fimm og sex trossur vegna þess að þeir vilja koma með sem bestan afla að landi. Það er hagur þeirra að koma með allan afla fyrsta flokks og ná sem hæstu verði.

Það var ekki þannig í sóknardagakerfinu. Það var aðalatriðið þá að ná sem mestu magni á land. Nú er aðalatriðið að ná sem mestu verðmæti á land. Það er náttúrlega munurinn annars vegar á kvótakerfinu og hins vegar sóknardagakerfinu sem ég held að hv. þm. dái hvað mest.

Ég held að það sé alveg sama hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með kvótakerfinu, það er alltaf óvinsælt að vera með refsiaðgerðir. En ef hv. þm. ætlar ekki að fylgjast með kvótakerfinu með neinu móti heldur hleypa þessu frjálsu þá spyr ég: Hvað næst, hv. þm.?

[10:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki aðdáandi kvótakerfisins — nei, ég get ekki sagt að ég hafi verið neinn sérstakur aðdáandi þess. Hins vegar erum við að ræða um afmarkaðan þátt sem er brottkast afla og það er alveg ljóst að kvótakerfið hefur haft áhrif bæði til þess að menn auki vöruvöndun en líka til þess að menn fleygi fiski í sjóinn. Hv. þm. nefndi einmitt að menn vildu bara koma með fyrsta flokks afla að landi. Tvær leiðir eru til þess.

Önnur er fólgin í því að ganga vel um, draga netin sín t.d. á hverjum degi og svoleiðis. Hin er fólgin í því að henda því í sjóinn sem er ekki í lagi. Báðar þessar aðferðir eru í gangi.

Ég held að það sem er langbrýnast af öllu sé að vita nákvæmlega hvað er að gerast í þessu. Sú vitneskja mun ekki birtast okkur eftir eftirlitsferðir fiskistofumanna þó að þeir séu settir fáeinir um borð í einhverja fiskibáta sem hafa landað með einhverri annarri aflasamsetningu en fjöldinn í kring. Allir vita að aflasamsetning á fiskiskipaflotanum er mjög mismunandi eftir bátum, jafnvel þó það sé stutt á milli þeirra á miðunum.

Í þessu eru fólgnar vísbendingar sem á auðvitað að fara eftir og allt það og ég ætla ekki að lasta það að eitthvert eftirlit sé haft. En ég hef miklar efasemdir um að refsiákvæði muni bæta. Reynslan hefur sýnt okkur að refsiákvæði vantar ekki. Það má dæma menn í fangelsi og 4 millj. kr. sekt fyrir að fleygja fiski í sjóinn. Hvenær hefur þeim ákvæðum verið beitt?

Ég segi: Þau lög eru gagnslaus og menn verða að leita annarra leiða og af öðru tagi en því sama og hefur verið gagnslaust að hafa í lögum fram að þessu.

[10:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. viðurkenndi að menn ganga öðruvísi um miðin í dag en þeir gerðu áður og það er náttúrlega fyrsta skrefið. Sjómenn sýna það fyrst og fremst með því að hafa fækkað veiðarfærum eins og netum í sjó, veiðarfærum sem þeir gátu ekki annað, af því það voru svo mörg net að ... (**SvH:** Þingmaðurinn veit ekkert um hvað hann er að tala.) Ég veit nákvæmlega um hvað ég er að tala, hv. þm. Sverrir Hermannsson. Ég hugsa að ég viti það mun betur en hv. þm. sjálfur. Ég hef ekki heyrt um að hv. þm. hafi verið á netaveiðum eða smáfiskaveiðum eða á veiðum yfirleitt.

En ég ætla mér að mótmæla því að þær aðferðir, sem verið er að kynna, geti ekki haft tilætluð áhrif. Það er viðurkennt í auðlindanefnd, sem gerði sérstaka úttekt á þessu, að brottkast afla er ekki eins mikið vandamál og menn hafa viljað vera láta og alls ekki sé hægt að segja að brottkast afla sé vegna kvótakerfisins sjálfs. Mér finnst margt hafa komið fram í þeirri umræðu sem hefur skapast um skýrsluna sem bendir okkur á að kvótakerfið er kannski aðferð sem hægt er að nota til þess að prjóna við virkt eftirlitskerfi sem leiðir til þess að umgengni um fiskimiðin verði með þeim sóma sem við viljum allir. Ég heyrði eftir þá umræðu sem varð í sumar, þegar sjómenn voru að koma og lýsa því yfir að afla hafi verið hent, að þeim fannst það öllum leiðinlegt og þeir vilja allir ganga þannig um miðin að sómi sé að.

[11:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði það og mér er engin launung á því að auðvitað hafa bæði komið inn kostir og ókostir við tilkomu kvótakerfisins hvað varðar umgengni um miðin. Ókosturinn er sá að menn henda núna miklu magni af fiski í sjóinn að mati mjög margra fyrrum félaga hv. þm. á sjó hér fyrr. Ég sé enga ástæðu til að halda því fram að þessir menn séu ekki að segja satt og þó þeim þyki það leiðinlegt hafa þeir samt gert það. Ég á ekki von á því að það breytist í sjálfu sér við það sem hér hefur verið lagt til að verði gert. Síðan er ástæða til að velta því fyrir sér vegna þess að ævinlega er sama röksemd dregin fram um netaveiðarnar, að þær hafi batnað við það að kæmi á kvótakerfi, að það eru ekki veidd í net nema u.þ.b. 9% af þorskaflanum, þó að umgengnin um miðin hafi batnað hvað varðar netaveiði sem getur verið rétt en þarf ekki að vera það vegna þess að enginn dauður fiskur skilar sér á land úr netum núorðið og hefur ekki gert síðan kvótakerfið fór að virka. Kannski væri rétt að fiskistofumenn settust að í netabátum í allan vetur og kæmust endanlega að því hvað hefði gerst hvað varðar netaveiði en netaveiðar eru einungis lítill hluti af heildarveiðinni. Full ástæða er til að skoða þessi mál miklu víðtækar en gert hefur verið fram að þessu og ég hvet til þess að menn nái saman um þær tillögur sem hafa verið lagðar fram í því efni.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Menn kannast við það í skólahaldinu ef mönnum hefur gengið böksulega við úrlausn prófverkefna og lítið fengið af réttum svörum er stundum gefið svolítið fyrir viðleitni engu að síður. Ég veit ekki hvort hugsanlega er hægt að líta með jákvæðum augum á prófverkefni hæstv. sjútvrh. þannig og gefa honum pínulítið fyrir viðleitni án þess að honum hafi tekist að leysa dæmið. Ég held að flestir séu sammála um að það sem hér er á ferðinni sé í besta falli eitthvað í þeim dúr, einhvers konar viðleitni til að taka eitthvað á því vandamáli, sem mikið hefur verið til umræðu svo lengi sem kvótakerfi hefur verið við lýði eða aflamarkskerfi og reyndar lengur, að menn séu að henda fiski í sjóinn. Ég tek skýrt fram að ég tel ekkert athugavert við að menn herði löggjöf og jafnvel, ef ástæða þykir til, þyngi refsiákvæði við aðstæður af því tagi að grunur leikur á stórfelldum lögbrotum. Við getum náttúrlega aldrei umgengist lögin þannig að réttlætanlegra sé að brjóta sum þeirra en önnur. Ég held að menn hljóti að reyna eftir því sem kostur er að hafa andrúmsloftið í þjóðfélaginu þannig að menn beri virðingu fyrir lögunum og brjóti þau ekki, jafnvel þó þeir telji þau vitlaus því lög eru lög og þeim ber að framfylgja og þeim ber að hlíta.

Hitt er svo annað mál að stundum er það kannski óraunsærra en í öðrum tilvikum að ætla að lögin haldi eða að eitthvað sé með þau gert. Það er það dapurlega í þessu tilviki að almannarómur hefur á síðari árum gengið í þá átt að þetta væri í raun dauður bókstafur, að ekki megi henda fiski í sjóinn, og umræðurnar um hve stórfellt eða mikið þetta vandamál er hafa verið miklar. Flestir viðurkenna nú, hygg ég, að þetta gerist í einhverjum mæli, en ýmsir telja að um tiltölulega smávægilegt vandamál sé að ræða og yfir í hitt að margir telja að þarna sé hent stórfelldu magni af t.d. verðmætum fisktegundum eða smáfiski að það skekki verulega allar upplýsingar okkar um hve mikið er verið að

taka úr viðkomandi stofnum. Ég held að þarna séu öfgarnar í báðar áttir slæmar.

Mér finnst líka alvöruhlutur að sakfella með þeim hætti að ósönnuðu máli sjómenn, skipstjórnarmenn og útgerðarmenn fyrir þvílíkt afbrot eins og ef verið væri að henda svo næmi jafnvel hundruðum þúsunda tonna af verðmætum fiski í sjóinn. Hitt er jafnbarnalegt að horfast ekki í augu við að það er næsta öruggt að talsvert er til í þeim sögum sem okkur eru bornar af brottkasti. Ég hygg að ég sé ekki einn um það að hafa í einkasamtölum við menn fengið býsna ljótar lýsingar á því sem stundum gerist. Það eru upplýsingar af því tagi sem maður verður að fara með sem slíkar og er ekki hægt að kalla sannanir en þegar við erum að mynda okkur skoðun á því hversu stórfellt vandamál sé á ferðinni held ég að við hljótum að gera eitthvað með það sem okkur er með trúverðugum hætti sagt af mönnum sem til þekkja. Á það er bent og er alveg rétt að brottkast fisks er ekki bundið við aflamarkskerfi og það hefur tíðkast áður.

Af því það er mjög í tísku að tíunda afrek sín til sjós og menn taka sér gjarnan sjóaraorð í munn þegar við á, þá getur ræðumaður að sjálfsögðu státað af afrekum í þeim efnum og upplýst um leið að hann hefur mokað fiski í sjóinn með stórri reku í stórum stíl norður á Hala, t.d. í áramótatúr 1976. Þá var nú ekki aflamarkskerfið sem var okkur til vandræða, það var ekki einu sinni komið skrapdagakerfi, það var bara græðgi. Það var ósköp einfaldlega græðgi og sóðaleg umgengni um auðlindina sem virtist vera meira og minna gegnumgangandi. Þegar kom góð aflahrota sáust menn ekki fyrir og tóku stærri höl en hafðist undan að koma niður og í staðinn fyrir að bíða og klára upp úr móttökunni var togað aftur og næsta hal sett ofan á afganginn af því fyrra o.s.frv. Þegar loksins dró úr aflanum eða lestin var orðin full beið okkur það verkefni að moka með rekum nokkrum tonnum af ónýtum og krömdum fiski út úr botninum á móttökunni. Þannig var nú þetta. Svipaðar sögur og ljótari hafa menn auðvitað heyrt þar sem ekkert aflamarkskerfi kom við sögu en það breytir bara engu. Það er engin réttlæting fyrir brottkasti í aflamarkskerfinu þó að fiski hafi við aðrar aðstæður og í einhverjum öðrum kerfum verið hent eða sé hent. Það er jafnslæmur glæpur fyrir það að ganga þannig um auðlindina og henda þannig verðmætum sem menn hafa ofan í kaupið fengið úthlutað til að nýta í þágu þjóðarhagsmuna úr sameiginlegri auðlind. Ég er þeirrar skoðunar. Ég held að því verði tæplega á móti mælt að aflamarkskerfi hafa í sér fólginn ákveðinn hvata eða við skulum kalla það hættu í þessu efni umfram önnur. Ég held að flestir séu sammála um að aflamarkstakmarkanir hafi þessa hættu fólgna í sér í ríkari mæli en t.d. sóknartakmarkanir. Það liggur nokkuð í hlutarins eðli að freistingin til að sortera aflann og reyna að velja úr verðmætasta hlutann og telja hann fram upp í takmarkaðar aflaheimildir sínar er þarna mjög sterk.

Ég er í öðru lagi þeirrar skoðunar, herra forseti, eftir að hafa sagt þetta um brottkast og varað við öfgum í báðar áttir í þeim efnum í mati á því hversu stórfellt það vandamál sé, að það væri miklu líklegra til árangurs að reyna að útfæra svokallaða meðaflareglu og gera tilraunir með hana. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé undarleg stífni af hálfu þeirra sem vilja aflamarkskerfi eða kvótakerfi að fást a.m.k. ekki til að skoða í einhverri alvöru að reyna að útfæra og gera tilraunir með einhvers konar meðaflareglu. Ég hef margtalað fyrir því á Alþingi og flutt um það tillögur og það hafa fleiri gert eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Það var rifjað upp hér, mig minnir í fyrra, að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hafi sennilega fyrst manna flutt slíkar hugmyndir inn á þing. Síðan eru sjálfsagt að verða 15 ár og af og til hafa þessar hugmyndir verið að skjóta upp kollinum og gerjast í mönnum en aldrei hefur verið gerð nein almennileg gangskör að því að skoða ofan í kjölinn hvernig þetta mætti útfærast. Ég man að ég gerði nokkrar atrennur að fyrrv. sjútvrh., núverandi virðulegum sendiherra þjóðarinnar í London, hvort ekki mætti prófa eitthvað í þessa veru en hæstv. fyrrv. ráðherra brá gjarnan á það ráð að gera grín að öllum slíkum hugmyndum og finna þeim allt til foráttu frekar en að sýna vilja í því að reyna að útfæra þær. Menn gengu jafnvel svo langt að tala um að með þessu væru búnir til algjörlega ótakmarkaðir möguleikar til að auka veiðarnar en ég held að enginn hafi slíkt í huga. Væntanlega yrði um að ræða einhverja takmarkaða skilyrta heimild, hugsanlega hlutfallslega í tengslum við þann afla að öðru leyti sem menn væru að koma með að landi o.s.frv. Dæmin eru svo nærtæk og skýr fyrir okkur, t.d. þegar menn eru að reyna fyrir sér við sérstakar veiðar, segjum að reyna að veiða flatfisk í snurvoð, og menn hafa kvóta í þeim tegundum en sáralítinn eða engan í bolfiski. Það vita flestir sem eitthvað vita að erfitt er að eiga við að veiða kola í snurvoð án þess að fá af og til eitthvað af þorski með. Ég hef ekki upplifað að auðvelt væri að senda þorskinum tilkynningu um að forða sér því nú kæmi snurvoðin og hún mætti bara veiða kola. Það gengur ekki þannig fyrir sig niðri í sjónum. Eða tökum ýsuveiðarnar á Faxaflóa o.s.frv. Allir vita að alltaf er í einhverjum mæli um blandað fiskirí að ræða en stundum stöndum við frammi fyrir því að aflasamsetning bátanna, sem koma að landi, er mjög mismunandi því þeir sem hafa kvóta í öðrum tegundum koma með slæðing af þorski og ýsu og einhverju slíku með en þeir sem hafa engan kvóta í slíkum tegundum koma ekki með neitt. Þetta horfa menn upp á í verstöðvunum hringinn í kringum landið að kvöldi dags, dag eftir dag. Sami bátafloti með sömu veiðarfæri er á sömu miðum að koma með mjög ólíka aflasamsetningu að landi. Því er ég kominn að þessu, herra forseti, að ég vil segja það um þessa breytingu í frv. að ég tel hana út af fyrir sig eðlilega svo langt sem það nær að styrkja heimildir Fiskistofu til þess að nota breytilega eða grunsamlega aflasamsetningu til eftirlits. Ég tel það sjálfsagt mál. Þess vegna ætla ég ekki að gera lítið úr því að menn geri þessa breytingu en þetta er ekkert stórt mál og þetta er ekki líklegt til að ná utan um vandamálið í heild sinni. Þar er ég sammála síðasta ræðumanni. Efnislega er breytingin ekkert óeðlileg vegna þess að það má að mínu mati ef á því er þörf. Ef Fiskistofa telur sig ekki hafa haft nógu sterkar heimildir samkvæmt gildandi lögum til að nota m.a. þennan þátt til eftirlits, að skoða breytilega aflalsamsetningu, þá er það sjálfsagt mál vegna þess að það hefur stundum hrópað algjörlega í himininn hvernig þetta er. Ég get nefnt annað dæmi sem ég hef áður rakið í þingsölum við litlar undirtektir þáv. sjútvrh., að á grásleppuveiðum gerist það oft að fiskur sækir í grásleppuna, t.d. ufsi. Ég hef horft upp á það í verstöðvum þar sem u.þ.b. 10–15 grásleppubátar hafa verið að landa afla á kvöldin að helmingur þeirra hefur kannski komið með tonn af ufsa á dag, dag eftir dag og viku eftir viku, hirt hann úr grásleppunetunum og landað honum, en hinn helmingurinn ekki eitt einasta kíló. Dögum og vikum saman hafa hlutirnir gengið svona til og allir vita hvað er að gerast og auðvitað á ekki að láta það afskiptalaust. Mér finnst það í sjálfu sér hið besta mál að á þessu verði eitthvað

tekið.

Ég endurtek að frekar hefði ég viljað sjá, eða a.m.k. jafnframt, að menn væru að gera tilraunir þarna, t.d. með eða boða heimildir fyrir svokallaðri meðaflareglu. Ég vil líka nefna annan þátt, úr því að við erum farin að tala um sjávarútvegsmál á annað borð, og það er það fiskleysi sem er á miðunum hringinn í kringum landið í dag. Ég held að kannski væri meiri ástæða til þess að við ræddum það stundarkorn á Alþingi og það væri stærra mál en þetta sem undir er. Það eru skelfilegar fréttir sem er að hafa af miðunum hringinn í kringum landið núna, meira eða minna að verða algjört fiskleysi hvað varðar fisk af millistærð. Það er skelfingarástand og það er skelfilegt hljóð í sjómönnum og útgerðarmönnum um þessar mundir. Fiskvinnslan emjar af hráefnisleysi, sú litla sem eftir er í landinu, og verð á mörkuðunum endurspeglar þetta ástand. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir því að á mann leita mjög alvarlegar hugsanir af því tagi að við höfum verið að misreikna okkur stórfellt með einhverjum hætti á undanförnum missirum, að það vanti í miklu meira mæli fisk af millistærð á miðin við Ísland og þá væntanlega í stofninn en við höfum talið.

Öllum ber hins vegar saman um að mikið er af smáfiski og þá koma auðvitað næstu áhyggjur að veiðin hafi tilhneigingu til að leggjast í hann, fisk sem liggur rétt við undirmálsmörkin.

Fróðlegt væri að heyra hvort hæstv. sjútvrh. vill eitthvað tjá sig um þetta mál. Auðvitað er þetta kannski óáþreifanlegt sem slíkt eins og aflabrögð gjarnan eru en ég læt það eftir mér að viðra áhyggjur mínar eftir að hafa heyrt í nokkrum sjómönnum og útgerðarmönnum undanfarnar vikur um þetta mál.

Auðvitað er svo stutt í að við veltum fyrir okkur hvort einhverjar viðameiri grundvallarbreytingar á kerfinu þurfi ekki að koma til og hvort þar sé ekki að finna aðferðir til að ná betri tökum á þessum málum. Manni verður t.d. hugsað til þess sem var almælt í Færeyjum og var í raun og veru tiltölulega óumdeild niðurstaða þar eftir það stutta tímabil sem Færeyingar bjuggu við kvótakerfi eða aflamarkskerfi, sem var í raun og veru þvingað upp á þá af Dönum í efnahagskreppunni, að þar var sáralítill stuðningur við það að halda því áfram og horfið var yfir í sóknartakmarkandi kerfi. Meginröksemdirnar voru þær að Færeyingar töldu að það yrði allt of mikið brottkast ef notast yrði við aflamarkskerfið. Það má vera okkur dálítið umhugsunarefni hvort ekki þarf að taka á því af meiri alvöru. Það stendur sérstaklega upp á þá sem hafa trú á aflamarksfyrirkomulaginu sem stýrikerfi, að bregðast þá við og reyna að útfæra einhverjar breytingar eða leiðir til að mæta þessu vandamáli ef menn ætla að vera sjálfum sér samkvæmir.

Af því að hér eiga í hlut, herra forseti, lögin um umgengni um nytjastofna sjávar vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort það standi til að gera eitthvað í sambandi við nýtingu úrgangs á flotanum. Hefur núv. sjútvrh. eitthvað meiri metnað en sá sem var á undan honum í því efni að gefast ekki upp með þeim ömurlega hætti sem gert var árið 1996 þegar menn heyktust á því, eða öllu heldur braut útgerðin það einfaldlega niður sem Alþingi hafði áður sett í lög að frá og með 1. sept. 1996, ég held ég muni dagsetninguna rétt, þá skyldi komið með allan úrgang að landi. Þetta var sett í lög einhvern tímann á árunum 1993–1994 og það átti að gefa þessu góðan aðlögunartíma. Það var hugsað þannig að skip sem væru smíðuð eftir lagasetninguna þyrftu að koma með þennan búnað og önnur eldri fengju aðlögunartíma til að undirbúa sig undir þær breytingar að koma með allt að landi.

Nú er þetta orð, úrgangur, bölvað í þessu sambandi því í rauninni er miklu nær að tala um að skylda menn til að fullnýta það hráefni sem þeir taka úr lífríkinu. Enginn gerði neitt í því að undirbúa breytingar á sínum skipum. Menn stóðu því frammi fyrir því á sumarmánuðum árið 1996 að allur flotinn hefði orðið að fara í land ef menn hefðu ætlað að láta lagabreytinguna standa. Auðvitað réðu menn ekki við það og Alþingi gafst upp og breytti lögunum. En ég segi að fyrr má nú aldeilis fyrr vera að gefast alveg upp. Ég hef af og til síðan reynt að minna á hvort ekki væri ástæða til að taka einhver skref í þeim efnum að reyna að nýta betur allt sem nýtanlegt væri a.m.k. og jafnvel þótt það kostaði eitthvað. Sú röksemdafærsla að af því að það hefði verið eitthvert tap á þessu og einhver óþægindi af því að fullnýta fiskinn sem kemur um borð þá sé ekki hægt að skylda menn til þess. Ég spyr nú: Ef menn telja að það sé hægt að leggja á útgerðina auðlindagjald svo einhverjum milljörðum nemur er þá ekki alveg eins hægt að leggja á hana einhverjar kvaðir um fullnýtingu á því hráefni sem hún tekur úr fiskstofnunum? Ég held það, og hafa þá auðlindagjaldið frekar einhverjum krónum lægra í staðinn. Mér finnst þetta jaðra við að vera siðferðileg spurning um að reyna að nýta þetta sem allra best. Ég held að það sé líka stórvarasamt fyrir okkur upp á framtíðina og orðstír sem þjóðar sem stundi hér eins sjálfbærar veiðar og kostur er og gangi vel um lífríkið að reyna ekki að ná einhverjum árangri í þessum efnum. Ég held að það sé ekki góð auglýsing út á við fyrir okkur ef farið er ofan í saumana á því hvernig við göngum um lífríkið að þessu leyti.

Vissulega hafa menn verið að þróa aðferðir og meira er hirt í dag af viðbótarverðmætum en kannski gert var hér í eina tíð. Það breytir því ekki að þarna er verk að vinna en fróðlegt væri að heyra hvort hæstv. sjútvrh. er með einhverjar meiningar í þessum efnum eða eitthvað á prjónunum til að taka á þessu máli.

Síðan verð ég að segja, herra forseti, að maður spyr sig að sumu leyti að því — þó að eins og ég segi megi náttúrlega líta á þetta frv. sem viðleitni og það frv. sem er næst á dagskrá — hvort það sé að öllu leyti endilega skynsamlegt að vera að hræra í þessu núna í ljósi þess að svonefnd endurskoðunarnefnd er að störfum. Er þetta ekki eitt af þeim viðfangsefnum sem sú nefnd á að taka á og leysa? Ég vona a.m.k. að ekki beri að skilja þessi frv. þannig að þar með sé þetta mál úr sögunni, það sem snýr að brottkasti og umgengni um auðlindina. Það væri mjög miður ef það bæri að skilja frumvarpsflutning hæstv. ráðherra þannig — frekar sem einhverjar bráðabirgðaráðstafanir eða einhverjar lagfæringar sem gætu komið með öðru. Ég vil lýsa því sjónarmiði mínu að þetta sé hiklaust eitt af mikilsverðari verkefnum endurskoðunarnefndarinnar, þ.e. að ræða þessa hluti, vegna þess að það hangir algjörlega saman við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við ákveðum að viðhafa í framtíðinni. Umgengnin um auðlindina, spurningin um brottkast fisks verður ekki aðskilin frá því hvaða fyrirkomulag er á veiðistjórninni, hvaða grundvöllur er undir þeim réttindum sem menn hafa, og hvernig reglur eru í sambandi við þær. Ég kýs nú að líta svo á þangað til annað kemur í ljós að þetta sé einhvers konar bráðabirgðaráðstöfun af hálfu hæstv.

sjútvrh. en eigi ekki að þýða að endurskoðunarnefndin verði ekki jafnframt með þessa hluti til skoðunar.

[11:22]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon varaði menn við öfgum á báðar síður þegar rætt væri um brottkast afla. Þær öfgar sem ég fer með eru ekki ættaðar frá þeim sem hér stendur. Einn þekktasti fiskiskipstjóri þessa lands, Hrólfur Gunnarsson, lýsti því yfir fyrir nokkrum árum að brottkast á Íslandsmiðum mundi nema sem svarar 200 þús. tonnum af fiski. Menn mega ekki rugla þessu saman við þorsk, af fiski sagði hann. Við skulum deila í þetta með tveimur en samt er útkoman ofboðsleg. Formælendur fiskveiðistjórnarkerfisins hafa predikað það frá upphafi að ein aðalforsenda kerfisins væri að bjarga aðalfiskstofnunum við landið og þeir halda því fram að svo hafi orðið. Niðurstöður þeirra veiðitalna sem við höfum og ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar benda í allt aðra átt nema skýringuna sé að finna í því að þessum viðgangi fiskstofnanna sé hent. Það er eina skýringin sem þeir hafa á því að þetta kerfi hafi séð um viðgang fiskstofnanna, að aflanum sé hent. Það er þekkt staðreynd að á fyrstu nóttu sem net liggur í sjó drepst 35–45% af aflanum. Ekkert af þessum afla kemur lengur að landi.

[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að nota orðið öfgar um þá lýsingu sem hv. þm. viðhafði eða í tengslum við þann nafngreinda einstakling sem hann nefndi. En þegar vitnað er til endanna í þessu þá eru þeir eins og ég segi allt frá því að menn telji þetta lítils háttar mál og yfir í að um hundruð þúsunda tonna af nýtanlegum eða verðmætum fiski sé að ræða. Það er gífurlegt bil. En við getum væntanlega orðið sammála um að þó þetta lægi einhvers staðar þarna á milli er það stórfellt og hrikalegt vandamál. Svo langt er nú gengið í umræðunni að meira að segja forstjóri Hafrannsóknastofnunar hefur langleiðina játað að þar á bæ gætu menn jafnvel tekið undir að um eitthvað sem mældist í tugum þúsunda tonna gæti verið að ræða, og þá er það auðvitað þegar orðið umtalsvert. Ég óttast að sú sé rauninn að þarna sé á ferðinni það mikið brottkast að það valdi umtalsverðum skekkjum. Þegar við erum hér að velta á milli okkar fáeinum þúsundum tonna til eða frá, hvort hægt sé að hafa byggðapott upp á 500 eða 1.500 tonn eða eitthvað því um líkt, þá hrekkur maður náttúrlega við ef sterkar vísbendingar eða líkur eru á því að á sama tíma sé brottkastið af þessari stærðargráðu. Ég held að líklegt sé að það sé hvort tveggja vegna stærðarsorteringar og af því fara sögur að ákveðnir aðilar vilji helst engan fisk undir fimm eða sjö kg. Hann er það sem gefur hæsta verð á mörkuðum og svo hins vegar vegna tegundasorteringar þegar kvótasamsetning báta er þannig að þeir eru kvótalitlir eða kvótalausir í ákveðnum tegundum en eru engu að síður í blönduðum veiðiskap. Þetta verður þá að skoðast eins og það er.

Mér finnst aðalatriðið ekki endilega vera að þrátta um magnið sem þarna er á ferðinni. Ef við teljum sterk rök vera fyrir því að um umtalsvert brottkast sé að ræða þá eigum við bara að líta á það sem vandamál óháð stærð og bregðast við sem slíku.

[11:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða breytingu á lögum um umgengni um auðlindir sjávar. Frv. hæstv. sjútvrh. gengur út á að þar verði bætt inn ákveðnum ákvæðum sem eru svohljóðandi að meginstofni:

„Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess.“

Það er ekki svo að í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar sé ekki ákvæði um þetta að einhverju leyti en e.t.v. hefur ráðherra talið nauðsynlegt að styrkja þessi ákvæði.

Mig langar aðeins að vitna, með leyfi forseta, í þau lög sem við erum að fjalla um breytingu á. En í II. kafla þeirra, um veiðar, segir:

„Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla. Þó getur ráðherra ákveðið með reglugerð að sleppa skuli lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri.“

Síðan segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi.

Einnig getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru sem til fellur við verkun eða vinnslu, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.“

Ég les þessa grein upp vegna þess að ég mun síðar vitna í skýrslu auðlindanefndar um brottkast, skýrslu, sem ég hef stundum nefnt að væri sums staðar full af texta sem ég hef kallað sýndarveruleika.

Mig langar einnig, með leyfi forseta, að lesa upp 1. mgr. 3. gr. þessara laga, sem kemur mjög nálægt þeim efnisatriðum sem ráðherra leggur til varðandi breytingu á 13. gr. laganna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipa þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma.“

Mér finnst þessi 3. gr. laganna koma ansi nálægt því sem stendur í 1. efnismgr. í frv. hæstv. sjútvrh. en ég ætla að lesa það aftur:

„Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess.“

Í rauninni má segja að í lögunum um umgengni um nytjastofna sjávar í 1. mgr. 3. gr. séu þessi ákvæði sem núna birtast að nýju sem viðbót við 13. gr. laganna, og kannski spurning hvernig Fiskistofa hefði þá fylgt eftir núgildandi lögum. Ég tel að 1. mgr. 3. gr. segi í raun og veru fyrir um það að Fiskistofu beri að fylgjast með aflasamsetningu skipa, kanna ástandið og bregðast við eftir því sem við á á hverjum tíma. Oft hefur það auðvitað verið rætt við forstöðumenn Fiskistofu að það þyrfti að skoða sérstaklega ef í ljós kæmi að afli einstakra fiskiskipa væri til muna öðruvísi á sambærilegri slóð við sambærilegar veiðar en annarra skipa. Í rauninni má segja að þessi heimild sé nú þegar í lögunum en e.t.v. finnst ráðherra í ljósi þess sem uppi hefur verið að nauðsynlegt sé að efla og styrkja ákvæði í lögunum um

umgengni um nytjastofna sjávar eins og hann leggur til og vafalaust verða þessi rök öll vegin og metin í sjútvn.

Ég tel hins vegar að einn aðalgalli þessa máls sé, fyrir utan það að víkja hreinlega að grundvallaratriðum fiskveiðistjórnarinnar, að við erum með kvótakerfi sem gerir það að verkum að menn umgangast auðlindina með allt öðrum hætti en væri gert í öðrum kerfum að mínu áliti. Það er skoðun mín. Ég tel að sóknarkerfið sé besta kerfið til þess að tryggja það að allur afli komi að landi, rétt útfært sóknarkerfi sé í raun og veru eina kerfið sem tryggir það að afli komi að landi. Þá er ég ekki að segja að ekki sé hægt að breyta og bæta núverandi ástand. Ég tel að tillaga ráðherrans sé viðleitni í þá átt. Þó finnst mér að það vandamál sem við erum að tala um og greinin hefur aðallega snúið að, eins og kemur fram í greinargerðinni þar sem vikið er að brottkasti, taki varla til þess eða geti ekki komið í veg fyrir það vandamál sem fylgir núverandi kvótakerfi með frjálsu framsali og ofurverði varanlegra aflaheimilda og óeðlilega háu verði leiguheimilda á aflaheimildum sem hvort tveggja veldur auðvitað brottkasti samhliða því að almennt er viðurkennt að kvótakerfi hafa tilhneigingu til þess almennt að auka brottkast eða val úr þeim afla sem veiddur er í kvótakerfum. Ég held að menn þurfi ekki að rífast mjög mikið um það, þannig er það, og víðast viðurkennt að í kvótakerfinu er hvati sem leiðir til þess að menn velja úr aflanum og er það auðvitað til viðbótar við annan þann hvata sem kann að leiða til verðmyndunar fisks og annars slíks. Ég hef þó álitið að einn virkasti þáttur þess að menn komi og sækist eftir sem bestu hráefni séu rétt verðmyndunarkerfi og að uppboð fisks þar sem gæðin fengju virkilega að ráða væri besta tryggingin fyrir því að menn leituðust við að fiska og koma með að landi afla sem gæfi mest verðmæti. En þá má heldur ekki vera sá hvati sem er fyrir hendi, þ.e. að varpa aflanum fyrir borð. Hann er í raun og veru einmitt í 1. mgr. 14. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar. En 1. mgr. 14. gr. hljóðar svo:

„Fiskistofa skal svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram aflaheimildir."

Þetta er auðvitað agalegur galli í löggjöf sem ætlað er að efla umgengni um nytjastofna sjávar, ekki síst þegar við erum að stýra fiskveiðum eftir kvótakerfi eins og nú er og þar að auki kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum og framseljanlegum kvóta, sem ég hef leyft mér að kalla kvótabrask oftast nær og stýringu fiskveiðanna eins og hún gengur fyrir sig í dag eyðibyggðastefnu Íslands. Ég ætla að halda áfram að nota það orð þangað til menn geta sýnt mér fram á að kvótakerfið hafi ekki valdið byggðaröskun hér á landi.

Ég vil láta þess getið að verkefni veiðieftirlitsmanna Fiskistofu eru vissulega fjölmörg og snúa ekki eingöngu að því að eltast við það hvort einhverjum afla sé varpað fyrir borð eða ekki. Þau snúa að mörgu öðru eins og nýtingu veiðislóðarinnar, gerð og notkun veiðarfæra, hvernig aflasamsetning er í veiðarfæri og síðan með tilliti til þeirra viðmiðunarmarka sem við höfum varðandi það hversu mikið hlutfall smáfisks má vera í afla og veiðislóð hér á landi. Síðan er það lokun svæða sem er aðgerð sem við höfum notað mjög mikið samhliða kvótakerfinu, ég hef sagt það oft áður að ég tel að menn hafi notað þá aðferð, svæðalokanir og uppeldisskápa vegna þess að menn hafa ekki treyst kvótakerfinu til þess að byggja upp fiskstofna og reyndar er það reyndin, hin kalda staðreynd þess veruleika í því kerfi sem við höfum verið að nota undanfarin ár. Og breytir þá engu þó skrifað sé einhvers staðar í skýrslu auðlindanefndar sýndarveruleiki um það að kvótakerfið valdi ekki meira brottkasti en önnur kerfi, sóknarkerfi.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í eina setningu á bls. 52, með leyfi forseta, í skýrslu auðlindanefndar, en þar segir:

„Í frjálsum fiskveiðum og sóknarkerfi gildir að eingöngu sá fiskur er hirtur sem hægt er að selja við hærra verði en sem nemur löndunarkostnaði að frádregnum kostnaðinum við sjálft brottkastið."

Þetta er setning í skýrslu auðlindanefndar. Ég ætla að fá að endurtaka hana, herra forseti. Ég hef kallað þetta sýndarveruleika.

„Í frjálsum fiskveiðum og sóknarkerfi gildir að eingöngu sá fiskur er hirtur sem hægt er að selja við hærra verði en sem nemur löndunarkostnaði að frádregnum kostnaðinum við sjálft brottkastið."

Ég hefði nú haldið að þetta ætti ekkert sérstaklega við sóknarkerfið eða frjálsar fiskveiðar því að þetta er sá kostnaður sem fylgir öllum fiskveiðum alveg burt séð frá því hvort við erum með kvótakerfið eða eitthvað annað.

En það er margt fleira sem hægt væri að vitna í í skýrslu auðlindanefndarinnar. Þeir segja t.d. þegar vikið er að kvótanum, með leyfi forseta:

„Í aflamarkskerfi verður aftur á móti að miða þennan nettókostnað við það verð sem hægt væri að leigja kvótann á."

Þá virðist ekki vera lengur til staðar sá kostnaður sem á undan var talinn. Í aflamarkskerfi verður aftur á móti að miða þennan nettókostnað við það verð sem hægt væri að leigja kvótann á. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í þeim tilvikum þar sem leiguverð kvótans er hærra en nettókostnaðurinn er því líklegt að aflamarkskerfið ýti undir brottkast."

Þeir draga sem sagt þá ályktun að það geti verið, en á öðrum stöðum er dregið úr þessu eins og ég hef oft áður vikið að úr þessum ræðustól undanfarna daga og þar finnst m.a. þetta gullkorn, með leyfi forseta:

„Fyrir fram er því örðugt að segja til um hvort brottkast á fiski við veiðarnar sé meira eða minna í aflamarkskerfi með varanlegum aflahlutdeildum en í frjálsum fiskveiðum eða veiðum þar sem annars konar stjórnun er beitt." Síðan kemur þetta loka gullkorn. „Hins vegar hvetur aflamarkskerfið til veiða á verðmætari fiski og eykur þannig gæði sjávarfangsins." Hins vegar er orðinu „landaðs" sjávarfangs sleppt sem hefði auðvitað átt að vera þarna inni, — þ.e. eykur þannig gæði landaðs sjávarfangs. Því er sleppt, enda skýrslan að stórum hluta skrifuð í þeim sýndarveruleika að kvótakerfi með frjálsu framsali sé forsenda þess að hér skuli vera hægt að búa áfram í landinu og ná einhverri arðsemi við fiskveiðar. Í lokakafla nefndarinnar segir samt sem áður, með leyfi forseta:

„Að mati nefndarinnar er brýnt að brottkast íslenskra fiskiskipa verði kannað miklu rækilegar en gert hefur verið til þessa og leitað leiða til að draga úr óhagkvæmu brottkasti. Nefndin telur að kanna eigi hvernig hægt sé að hvetja útgerðir til að koma með allan nýtanlegan afla að landi. Þetta er best gert með því að beita hagrænum aðgerðum og með því að umbuna útgerðum fyrir rétta breytni."

Þarna held ég að í niðurlaginu sé komið aðeins að þeim kjarna að ef á að stýra fiskveiðum með kvótakerfi sem er meirihlutavilji núverandi stjórnarflokka að verði gert, þá er líklegasta aðferðin samhliða kvótakerfinu að tryggja það að

menn hafi einhvern hag af því að koma með aflann að landi. Margir hafa einmitt vikið að því fyrr í umræðunni, bæði hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Í þeirri leiðalýsingu sem við í Frjálslynda flokknum skrifuðum í tillögu um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, þar sem við veltum upp þeim möguleikum hvernig væri hægt að komast frá núverandi kvótakerfi, segir í 13. lið, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir skyldu til að allur afli, sem á skip kemur, verði fluttur í land. Til að tryggja þetta og búa til hvata fyrir sjómenn og útgerðir til að sinna þessari lagaskyldu, þvert ofan í það sem núgildandi kerfi gerir, er gert ráð fyrir að slíkur lágverðsafli verði seldur á hæsta fáanlegu verði og andvirðinu skipt til helminga milli sérstaks brottkastsjóðs annars vegar en skips og áhafnar hins vegar. Reglunni er ætlað að ná því jafnvægi í þessum skiptum að hvatningin sé næg til að komið sé með fiskinn í land, en ekki svo mikil að slíkur veiðiskapur verði stundaður sem viðvarandi útgerð."

Ég vildi vekja athygli á þessu. Ég held að menn úr öllum flokkum, ekki bara þeir tveir hv. þm. sem ég nefndi áðan — og síðan tilvitnunin í tillögu Frjálslynda flokksins sem byggist á að takast á við það að koma á breytingu frá núverandi kerfi. Ég sagði í upphafi máls míns að ég teldi að sóknarkerfið væri mun heppilegra til stýringar fiskveiða og til að taka á þeim vanda heildstætt en núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Eftir sem áður búa menn við þann veruleika að hér er þingmeirihluti á Alþingi sem vill viðhalda að stórum hluta óbreyttu fiskveiðistjórnarkerfi og menn eru því að reyna að koma með skynsamlegar tillögur sem gætu nálgast það að menn m.a. í hinni svokölluðu endurskoðunarnefnd fiskveiðistjórnarkerfisins taki þá mið af því hvað væri hægt að gera ef það er einstefna stjórnarflokkanna að viðhalda núverandi kvótabraskskerfi svo til óbreyttu. Þá þarf auðvitað að taka á þessu vandamáli sem brottkastið er.

Ég hef sagt sem svo að næg verkefni séu fyrir fleiri eftirlitsmenn á Fiskistofu og ég held að svo sé. Og þó að ég hafi ekki beinlínis trú á því að sú tillaga sem hér er sett fram dugi til þess að taka á því vandamáli sem henni er ætlað að taka á, þá held ég að hún sé ekki til annars en að bæta þó það ástand sem nú er að einhverju leyti. Hitt er hins vegar alveg ljóst að þó að við fjölgum eftirlitsmönnum og þeir fari fleiri ferðir með fiskiskipunum, þá munu þeir ekki sjá mikið af brottkasti meðan þeir eru um borð. Það er alveg klárt. (**Gripið fram í:** Þeir sofa.) Þá kannski dreymir það, hv. þm. En ég held að ljóst sé að þótt þeir væru 40 og færu reglulega um allan flotann sæju þeir ekki mikið af brottkasti meðan þeir væru um borð í skipunum. Það er því illmögulegt að leysa þetta vandamál, brottkastið, með veiðieftirlitsmannafjölda nema því aðeins að það sé skoðun stjórnarliða að það skuli enda með því að einn veiðieftirlitsmaður yrði um borð í hverju einasta skipi og það er stefna sem hefur sums staðar verið tekin upp í veröldinni, að menn hafi eftirlitsmenn með sér við veiðar. (Gripið fram í.) Já, það skapar ný atvinnutækifæri.

Ég held hins vegar að ekki eigi að leysa vandann með því móti heldur eigi að leysa hann þegar við endurskoðum fiskveiðistjórnarkerfið. Og skoðun mín er sú að það eigi að hverfa sem fyrst frá þessu kerfi sem við erum að nota við fiskveiðistýringuna og snúa af þeirri braut.

Ég vil hins vegar í lokin vekja athygli á svari sem hæstv. sjútvrh. gaf við fyrirspurn Bergljótar Halldórsdóttur, varaþm. Frjálslynda flokksins á Vestfjörðum, á síðasta þingi, en þar kemur fram í töflum hvernig leiguverð og verð aflaheimilda og allt þetta er. Þar sést hvenær menn standa frammi fyrir því að velja á milli þess hvort verðgildi aflans nær því að verða fyrir leiguverðinu þegar kemur að landi eða hvort menn velja úr aflanum. Þar að auki er þetta refsiákvæði í 14. gr. laganna um umgengni um nytjastofna sjávar sem verður til þess að menn taka ekki sjensinn á að missa rétt til að stunda atvinnu sína og þess vegna er brottkast mikið.

[11:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Hv. þm. las rangt upp úr 1. mgr. 3. gr. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips ..."

Hv. þm. las: „Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipa" og svo lagði hann út af því að Fiskistofa hefði heimild til að fylgjast með einstökum skipum. Hún hefur það ekki, hún hefur eingöngu heimild til að fylgjast með öllum flotanum.

[11:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það skilningur hv. þm. að ef sagt er í lögum að fylgjast skuli með hópi manna, fjölda skipa eða flota, þá beri ekki að fylgjast með einu skipi eða einstökum mönnum í hópnum?

[11:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einmitt sá skilningur sem komið hefur fram í sambandi við gagnagrunna og annað slíkt. Það er heimilt að fylgjast með hópum en ekki einstaklingum innan hópsins. Þar er mikill munur á.

[11:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef þetta væri skilningur sjútvrn. og þeirra sem stjórna Fiskistofu þá held ég að það væri ansi lítið fylgst með aflasamsetningu skipa og nýtingu veiðislóða. Ég hygg að þetta sé ekki skilningur þeirra sem hafa unnið eftir þessum lögum.

[11:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, sem fjallar um brottkast og reynir að koma í veg fyrir slíkt. Í sumar var mikil umræða um brottkast og menn komu út úr skápnum unnvörpum og sögðu frá syndum sínum, að þeir hefðu stundað brottkast.

Í kosningabaráttunni síðast komu til mín tveir sjómenn, ungir strákar, og settust fyrir fram mig. Annar sagði: Pétur, veistu hvað gerist þegar við förum út á sjó og okkur er sagt að veiða þorsk sem er a.m.k. 5 kíló stykkið? Ég horfði á manninn og sagði: Nei, það veit ég ekki. Þá sagði hann: Við veiðum bara 5 kílóa þorsk. Svo hlógu þeir stórkarlalega, báðir tveir.

Þetta er vandinn. Menn eru sendir út á mið til að ná í ákveðna stærð af þorski og þeir henda bara öllu hinu. Það vita þeir sem farið hafa á sjó að það koma alls konar kvikindi upp í veiðarfærum.

Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi, svo að ég taki niður í ævisögunni eins og menn hafa gert hérna, að hafa farið einn túr á sjó. Það var með ólíkindum hvílíkur dýragarður kom upp í toginu. Fyrir utan krabba og svoleiðis dót var þar

humar, síld, þorskur, koli, ufsi og ég veit ekki hvað. Fyrir öllum þessum tegundum þurfti skipið að eiga kvóta.

Mér finnst að lögin, eins og þau eru núna, taki ekki mið af þessu. Þar er rökleysa. Í 1. mgr. 2. gr. segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla, hvern einasta sporð. Síðan stendur í 3. gr.:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru. "

Hvert einasta skip á Íslandi þarf því að hafa kvóta fyrir hverri einustu tegund ef vel á að vera. Það er tæknilega óframkvæmanlegt. Ég hef spurt að því hvað gerist ef skip sem ætlar að veiða þorsk veiðir óvart eina síld. Þá er mér sagt að áhöfnin verði bara að éta hana. Áhöfnin gæti orðið dálítið feit ef hún þyrfti að borða alla þá fiska sem koma að auki upp með veiðarfærunum. Þessi lagaákvæði bæði tvö eru í rökfræðilegri mótsögn og ganga ekki upp. Þau neyða fólk til lögbrota, hreinlega neyða sjómenn til lögbrota.

Eftir að menn komu svo út úr skápnum í sumar og játuðu syndir sínar þá fór ráðuneytið í gang og eins og oft vill verða fundu menn þá leið að auka eftirlit og þyngja refsingar. Menn sömdu texta sem minna dálítið á lögregluríki:

„Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess."

Hún skal ef hún telur þetta. Og þegar veiðieftirlitsmaður hefur verið um borð í skipi í sjö daga þá skal Fiskistofa ákveða hvort eftirlitsmaður verði þar áfram, hún á að ákveða þetta. Ef ég væri að gera út þá mundi ég vona að Fiskistofa væri mér ekki óvinveitt og ég hefði aldrei gert neitt á hlut hennar eða starfsmanna hennar persónulega.

Menn hafa ekki velt mikið vöngum yfir mannlegum samskiptum. Við skulum hugsa okkur að veiðieftirlitsmaður séu um borð í skipi. Þeir sem hafa verið á sjó vita hvers slags samfélag er um borð í skipi. Þetta eru örfáir menn, kannski svona 10–20 menn sem lifa og hrærast í litlum matsal í litlu skipi og mjög þröngu plássi. Þeir verða annaðhvort perluvinir eða miklir óvinir. Ef þeir skyldu nú verða perluvinir og veiðieftirlitsmaðurinn kemst allt í einu að því að verið er að moka fyrir borð kola, ætli hann mundi nú ekki bara loka fyrir því augunum og fara niður og fá sér kaffi. Þar fyrir utan fer maðurinn stundum að sofa og þá er náttúrlega fiski mokað fyrir borð. Ég held að þessi aðgerð sé ekki sérstaklega vænleg og ég vil að menn skoði hana mjög nákvæmlega.

Málið sem við þurfum að leysa hér er ekki spurning um pólitík, ekki spurning um einstaklingshyggju, samtryggingu eða eitthvað slíkt. Þetta er spurning um tæknilega útfærslu til að leysa ákveðinn vanda sem er fyrir hendi. Mér finnst að menn eigi að líta á það þannig. Þetta er ekki spurningin um stjórnmálastefnu, hvernig koma á í veg fyrir brottkast. Allir vilja koma í veg fyrir brottkast, hver og einn einasti maður, líka sjómenn og ekki síst þeir.

Ég hef nokkrum sinnum lagt fram tillögu til lausnar á þessum vanda og ég hyggst gera það aftur þannig að hv. sjútvn. hafi fleiri tæknilegar lausnir til að moða úr og menn geti fundið bestu leiðina. Mín lausn felst í að skipstjóri ákveður við löndun hvaða hluti af afla skips skuli teljast til kvótans sem skipið ræður yfir. Allur annar afli telst eign Hafrannsóknastofnunar, Hafró, og útgerðin sjái um að selja afla Hafró og greiða Hafró söluverðmætið að frádregnu gjaldi sem útgerðin fær fyrir að flytja aflann í land. Gjaldið sem ákveðið yrði af ráðuneytinu er það lágt að menn mundu aldrei gera út á þennan afla en er nægilega hátt til að menn hafi hvata til að koma með aflann að landi. Ég sting upp á því að það nemi frá 5–15% af verðmæti aflans, mætti hugsanlega vera krónutala en það yrði að skoða í samráði við þá sem veiða fiskinn, þ.e. sjómenn og skipstjórnarmenn.

Þessi leið kemur í veg fyrir þann rökfræðilega galla sem er á núverandi lögum að menn geta ekki stundað veiðar án þess að brjóta lög. Gjaldið sem lagt er til að borgað verði er nægilega lágt til að menn mundu aldrei gera út á þennan fisk. Gallinn við þessa leið er að hugsanlegt er að menn verði ekki eins varkárir í að forðast þann afla sem hugsanlega gæti komið upp, þ.e. þeir mundu ekki forðast þorskinn eins mikið ættu þeir ekki kvóta fyrir honum. En það er aftur á móti smávægilegur galli að miðað við þær sögur sem maður heyrir af brottkasti, um tugi þúsunda tonna og jafnvel hundruð þúsunda tonna, sem mér finnst reyndar harla ólíklegt. Það væri léttvægt ef allur afli kæmi að landi og nýttist Hafrannsóknastofnun til aukinna rannsókna, til hagsbóta fyrir þjóðina og fyrir sjómenn líka.

Fernt mun hvetja sjómenn til að koma með þennan fisk að landi ef þessi leið yrði farin. Í fyrsta lagi færu þeir að lögum. Það þykir fólki yfirleitt betra en að brjóta lög. Í öðru lagi fá þeir nokkurt verð fyrir aflann, fyrir að koma honum í land og landa honum, og í þriðja lagi finnst flestum leitt að henda verðmætum. Mönnum leiðist að henda rígaþorski af því að þeir eiga ekki kvóta fyrir honum eða glansandi síld. Auk þessa rennur andvirðið til verkefnis sem er til hagsbóta fyrir sjómenn, þ.e. Hafró. Menn gætu líka skoðað fleiri möguleika, t.d. Lífeyrissjóð sjómanna, að hluti af aflanum rynni þangað til þess að bæta bágborna stöðu hans sem hefur leitt til skerðingar á lífeyrisréttindum sjómanna. Þetta held ég að sé að öllu leyti betri leið en sú að fjölga eftirlitsmönnum, þyngja refsingar og að koma á anga af lögregluríki um borð í skipum.

Herra forseti. Ég legg til að hv. sjútvn. taki slíkar hugmyndir til skoðunar. Það mun koma fram frv. á hv. Alþingi um þetta efni mjög bráðlega. Ég legg til að hv. sjútvn. taki allar þessar hugmyndir til skoðunar og finni lausn sem er þannig að allir megi vel við una. Ég vil undirstrika að þetta er ekki spurning um stjórnmálastefnu eða slíkt. Þetta er hreinlega spurningin um að finna góða leið, tæknilega útfærslu á að hindra brottkast.

[11:59]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta frv. er hluti umræðu sem lengi hefur verið í gangi í þjóðfélaginu og hófst raunverulega þegar núverandi fiskveiðistjórnarkerfi komst á. Þær deilur hafa staðið ansi lengi og eru kannski ekki mjög frjósamar alltaf. Mig langar hins vegar að fara aðeins yfir þetta. Þegar við settum á þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum núna við, þ.e. aflakvótakerfið, komu upp miklar efasemdir um það í þjóðfélaginu.

Skoðun mín er sú að það liggi fyrir að þetta magnkerfi eða kvótakerfi gangi ágætlega í uppsjávarfiskum, þ.e. þar sem við erum að veiða einsleita fiska eins og loðnu, síld, makríl, spærling og eitthvað fleira. Það hefur sýnt sig að þetta gengur ágætlega. Það hefur sýnt sig að sóunin er mjög smávægileg og þetta gengur mjög eðlilega fyrir sig. Þarna virðast hvergi vera árekstrar.

Hins vegar virðist vera alveg öfugt upp á tengingnum þegar við komum að botnfiskinum, þ.e. botnlægu tegundunum, þar sem veiðarnar eru þannig að mjög erfitt er að koma í veg fyrir að við séum að veiða margs konar fisktegundir á sama tíma með margvíslegum veiðarfærum á mismunandi sjó.

Fullyrðingar um sóunina eru mjög háværar. Við stundum fiskveiðar af mörg hundruð skipum og mörg þúsund manns taka þátt í þessu en því miður er það þannig að þeir sem fylgja hvað ákafast þessari aðferð til að stjórna fiskveiðum, þ.e. kvótaaflamagninu, hafa kvótakerfi á þessu, aflakvótakerfi. Þeir hafa því miður tekið umræðurnar þannig að best og einfaldast sé að þræta, segja þetta allt saman ósannindi, allar frásagnir af sóun séu rangar. Þær séu ýkjur og rangar og þess vegna séu það bara vondir menn sem vilji endilega kerfið feigt sem séu að búa þetta allt saman til.

Nýjasta dæmið um hvernig menn ánetjast ríkjandi hugmyndum er útkoma skýrslu svokallaðrar auðlindanefndar. Þar er bókstaflega skautað yfir þetta vandamál. Það virðist vera að í hugarheimi þess fólks sem semur þá skýrslu sé þetta ekkert vandamál eða a.m.k. sáralítið. Margsinnis hefur verið vitnað í þessa skýrslu í dag, herra forseti, og ég ætla ekki að gera það frekar, en þetta er mjög áberandi.

Á sama tíma og skýrslan kemur út kemur hæstv. sjútvrh. með þetta frv. Frv. felur í sér að herða eftirlitið. Það er því greinilegt, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. er ekki sömu skoðunar og auðlindanefndin. Hæstv. sjútvrh. lítur á þetta sem mikið vandamál. Annars væri hann ekki að flytja frv. til breytingar á lögum þetta efni, hann hlýtur að gera það, enda umræðan um þetta mjög hávær.

Ég ætla ekki að dæma neitt um það sérstaklega hver hefur nákvæmlega rétt fyrir sér, ég held að enginn okkar hafi það í sjálfu sér, um það hversu mikið brottkastið er, en í mínum huga er það fáránlegt að neita umræðunni, þræta og segja að þetta sé allt lygi. Ég hef heyrt mjög háar tölur um þetta, ég hef heyrt að menn eru langt frá því að vera sammála. Sjálfur hef ég reynt að meta þetta margsinnis en það er bara persónulegt mat. Mitt mat er að sóunin nemi u.þ.b. 20 milljörðum í útflutningsverðmætum á ári, það er mat mitt á því, þetta sé svona eitthvað þar um bil.

En látum það liggja milli hluta. Það er alveg tilgangslaust annað en að horfast í augu við þetta. Stjórn fiskveiða er ekkert annað en ákvörðun um hvaða búskaparhætti við ætlum að hafa við sjávarbúskap okkar. Þetta fjallar ekki um neitt annað. Þess vegna er þessi þráhyggja að vilja ekki skoða opnum huga hvaða leiðir kunna að vera til mjög einkennileg og veldur miklum vonbrigðum.

Ég sá þó á dögunum í grein eftir hagfræðing, Þórólf Matthíasson, sem er mikill kvótasinni, a.m.k. tillögu sem fól í sér heila hugsun þó að ég skuli ekki dæma um hvort hún sé framkvæmanleg. En hagfræðingurinn gerði sér mjög vel grein fyrir því hvers vegna menn eru að henda fiski, hann hafði alveg nákvæmlega rétt fyrir sér í því, og hann kom með tillögu um að flokka þorskinn. Við vitum að við veiðum þorsk allt frá einu og hálfu kílói upp í 15, 20, 30 kíló. Hann er mjög mismunandi verðmætur. Hann lagði til að við reyndum að flokka hann og útdeila þannig kvótum í ýmsum flokkum. Þorskur væri t.d. kominn í tíu flokka. Framkvæmdin væri kannski erfið, ég ætla ekki að gera þetta að tillögu minni, en hugsunin er alveg rétt og heil, til þess að reyna að forða brottkastinu.

Ég veit það og það hefur komið fram í umræðum, herra forseti, að Færeyingum var boðið upp á þetta snilldarkerfi fyrir nokkrum árum. Það var við lýði hjá þeim í eitt og hálft ár. Þá ákváðu þeir að hætta því. Ég veit líka að fyrir lok þessa mánaðar ætlar færeyska þingið að ljúka mjög víðtækri endurskoðun á þessu fiskidagakerfi þar sem þeir ætla að reyna að vega og meta galla og kosti þess hvað hefur heppnast og hvað hefur misheppnast. Ég get upplýst það, herra forseti, að við nokkrir þingmenn höfum þegar gert ráðstafanir til að fá þessar niðurstöður hingað þannig að hið íslenska Alþingi fái kost á því að fylgjast með þeirri umræðu og athuga hvað Færeyingar eru að gera.

Færeyingar eru sú þjóð sem lifir næst okkur og lifir eingöngu á fiski, á allt sitt undir fiski. Við skulum því ekki vanmeta það að þeir vilji vanda sig og reyna að finna réttar leiðir í þessu.

Ég átta mig heldur ekki á því hvers vegna menn vilja ekki nýta sér mjög góða og mikla starfskrafta, bæði Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar, til að skoða þetta opnum huga. Ég þekki mjög marga ágæta starfsmenn Fiskistofu. Þeir vita nákvæmlega hvað gengur á á Íslandsmiðum. Það er ekkert við þá að sakast frekar en sjómenn eða útgerðarmennina. Það er eingöngu við löggjafann að sakast. Fiskistofumenn standa algjörlega ráðþrota gagnvart því sem er að gerast. Þó að það sé rétt að það sé góð viðleitni sem hæstv. sjútvrh. sýnir með þessu frv. og eflaust mjög mikill vilji hans til að bæta það sem slæmt er er ég sömu skoðunar og þegar þessi lög voru fyrst lögð fram 1996. Ég er sannfærður um að þau eru tilgangslaus. Þau eru tilgangslaus alveg sama þó að við setjum sektarramma, sex ára fangelsi fyrir að kjafta frá, sex ára fangelsi fyrir hinu og þessu, keyra fram hjá vigt o.s.frv. Þetta hefur engin áhrif því að þeir menn sem stunda sjó og stunda útgerð eru ekki glæpamenn. Þeir eru hins vegar í þeirri stöðu að þeir eiga engra kosta völ annarra en að reyna að lifa af. Það er ekkert annað sem er að gerast, það er ekkert annað sem þeir eru að gera.

Ég held, herra forseti, að við verðum að skoða þessa hluti opnum huga. Ég veit að Hafrannsóknastofnun hefur á sínum snærum menn með mikla þekkingu, t.d. á meðferð veiðarfæra. Ég held að við ættum að skoða hvort við gætum reynt að ná árangri í botnfiskveiðunum með því að setja saman ýmsar reglur, t.d. með því að setja reglur um notkun og stærð veiðarfæra. T.d. með því að skoða svæði og svæðaskiptingar, með því að skoða hið færeyska kerfi, með því að skoða tillögur sem liggja fyrir og gömlu tillögurnar frá tæknideild Fiskifélagsins um að setja aflavísa á skipin.

Ég er alveg sannfærður um að þegar stjórnvöld eftir dóm Hæstaréttar gáfust upp á því að stjórna stærð fiskiskipaflotans urðu allar tilraunir til að hefta brottkastið endanlega vonlausar. Brottkastið er bara eðlilegt. Að það er í öfugu hlutfalli við kvótaeign skipa kemur bara af sjálfu sér. Þau skip sem eiga mesta kvótana og eru best gerð út hafa náttúrlega minnstra hagsmuna að gæta við að henda fiski, þau standa það vel að vígi. Þetta er alveg í öfugu hlutfalli. Við vitum alveg hvernig þetta á sér stað.

Áskorun mín, herra forseti, er sú, bæði til þings og hæstv. ráðherra, að menn hætti að deila um þetta, hætti að taka undir með þeim sem þræta um að þetta sé. Þetta er verulega mikið efnahagsvandamál. Og öllum, allri þjóðinni, mönnum í öllum stjórnmálaflokkum hlýtur að vera skylt að reyna að lágmarka þetta því að við erum þó að reyna að fá sem mest við getum út úr íslenskum sjávarútvegi og til þess þurfum við að vanda okkur. Þess vegna þýðir ekki að vera með

neina fordóma um það. Við eigum að skoða alla möguleika. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur verið hvað harðast í því að taka þá afstöðu að neita og þræta. Ég held að þeir verði að endurskoða afstöðu sína.

Ég held að mjög mikill meiri hluti þjóðarinnar ætli að það sé farsælast og best að veiðiheimildir, hvernig sem við skilgreinum þær, eigi og skuli vera í eigu útgerðarmanna. Ég er einn af þeim, herra forseti, sem vilja breyta þessu kerfi og það hefur aldrei hvarflað að mér að taka veiðiheimildirnar af skipunum. Útgerðarmennirnir verða að eiga þær. Ég er þeirrar skoðunar. Það er best að það sé alveg ljóst hvar ég stend í því. En við verðum á hverjum tíma að breyta því kerfi sem hefur reynst illa. Annars gengur búskapur okkar ekki upp. Við verðum að leita þeirra leiða að finna betri aðferðir ef ljóst er að ein aðferðin sem við reyndum reyndist íslensku þjóðarbúi illa.

[Fundarhlé. — 12:11]

[13:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir tel ég til komið vegna þeirrar umræðu sem upp kom í sumar um brottkast afla, umræðu sem lengi hefur staðið yfir. Ég mundi segja að sú umræða hafi ekki farið leynt af hálfu nokkurs. Mér finnst sérstakt, herra forseti, að heyra jafnágætan mann og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson segja að reynt sé að þegja þessa umræðu í hel eða gleyma brottkastinu í kvótakerfinu. Að það skuli koma úr hans munni finnst mér merkilegt því að hv. þm. á að vita betur. Þessi umræða hefur staðið yfir frá því að kvótakerfið varð til og var líka í gangi löngu fyrir þann tíma.

Ég held að þetta frv., herra forseti, sé til bóta. Ef við lítum á 1. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess.“

Ég hitti í sumar, herra forseti, skipstjóra á litlum netabát sem stundaði veiðar fyrir Suðurlandinu. Hann sagði mér að í fyrra hefði staðið þannig á hjá sér að hann átti eftir fjögur tonn af ýsu. Hann sagðist hafa verið í vandræðum vegna þess að hann átti svo lítið eftir af þorski, nánast ekki neitt. Hann brá á það ráð að hringja í félaga sína og spyrja hvar hann gæti náð þessari ýsu, þessum fjórum tonnum af ýsu í netin þannig að vel færi. Honum var bent á einhverja slóð, lagði net sín þar og þegar hann var búinn að ná þessum fjórum tonnum af ýsu þá hafði hann hent 20 tonnum af þorski.

Ég spyr: Hvers vegna spyr vanur skipstjóri að því hvar fiskurinn er, hvar veiðislóðin sé, hvar þorskurinn sé og ýsan? Mér virtist viðkomandi ekki vera að leita að miðum sem pössuðu fyrir hans kvóta heldur væri hann frekar að leita að afsökun fyrir veiðum á þessari slóð. Einmitt svona dæmi sýna okkur að nauðsynlegt er að hafa þann möguleika að þegar sjómenn, skipstjóri í þessu tilfelli, eru á veiðum á slóðum þar sem greinilegt er að þeir muni ekki ná þeim afla sem þeir í raun eiga samkvæmt kvóta þeirra, að þá sé hægt að grípa þar inn í.

Ég sé heldur ekki ástæðu til að þræta fyrir það að þessi svokallaða sóun á sér stað í kvótakerfinu. Menn reyna einfaldlega að hámarka möguleika sína í kvótanum nákvæmlega eins og þeir gerðu þegar sóknardagakerfið var og jafnvel fyrir tíma sóknardagakerfis. Þá voru einfaldlega ákveðnar stýringar á stærð aflans, þ.e. takmörk fyrir því hvað mátti koma með smáan fisk að landi.

Ég hef áður sagt þá reynslusögu úr þessum ræðustóli að í Reykjafjarðarálnum 1975 var veiðin svo mikil en þorskurinn svo smár að af hverjum tíu tonnum sem menn fengu inn fyrir borðstokkinn þá fóru átta tonn til baka sem of smár fiskur. Ég veit að okkar ágæti hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson man þessa tíma.

Styrkleiki kvótakerfisins er eigi að síður veikleiki sóknarmarksins um leið. Kvótakerfið er varðandi brottkast ekkert öðruvísi en sóknardagakerfið en styrkur kvótakerfisins er sá að við náum að hámarka verðmæti að nánast flestu öðru leyti. Við náum mestum verðmætum aflans. Menn nota m.a. færri net í sjó, ganga betur um aflann en þeir gerðu áður, t.d. með því að reyna að koma með hann verðmætari, kældan í körum o.s.frv. Menn stytta jafnvel veiðiferðirnar.

Í kvótakerfinu er útgerðin mun hagkvæmari af því að sóknin verður minni, olíueyðslan þar með minni, veiðarfærakostnaður verður minni og takmörkun flotans verður auðveldari.

Veikleikar sóknardagakerfisins eru einmitt þessir. Sóunin á veiðarfærum var gríðarleg. Þar er markmiðið að vera nógu mikið á sjó án tillits til veðurs. Menn höfðu sem mest af netum til að ná sem mestum afla, sama í hvaða ástandi hann var. Þannig gerðu menn út ár frá ári og að sjálfsögðu var um leið hagkvæmast að vera með sem flest skip á sjó. Það er fyrst og fremst á þessum rökum sem ég byggi skoðun mína. Sóun á sér stað í öllum kerfum og hvergi er hægt að koma beinlínis í veg fyrir hana en það er hægt að hámarka afraksturinn af auðlindinni með því að gera sóknina sem hagkvæmasta.

Við þekkjum mörg dæmi um sóknarkerfi. Við munum eftir dæmi frá Kanada. Þegar þeir byrjuðu með sóknarkerfi á lúðuveiðum við strendur Kanada var fyrst ákveðið að miða sóknina við 100 daga. Nokkrum árum seinna var sóknin komin niður í einn dag.

Ég held, herra forseti, að eftir því sem umræðan hefur þróast hafi meira að segja þeir sem upphaflega voru andstæðingar kvótakerfisins komist á þá skoðun að þarna hafi verið fundin leið til að stjórna veiðum og hámarka afraksturinn þó að hægt sé að notast við aðrar aðferðir við einstakar greinar veiðanna. Ég lít svo á að framtíðin muni segja okkur að við höfum þarna hitt á góða aðferð. Til þess að hún verði eins fullkomin og kostur er þá verður að fylgjast með því hvernig menn umgangast miðin og að þeir haldi þau lög sem um þetta eru sett hér á hv. Alþingi. Með því eftirlitskerfi sem verið er að þróa held ég að við munum smám saman ná að lægja þær óánægjuraddir sem heyrst hafa. Ég er ekki að segja að það takist með þessu frv., það mun áfram verða heilmikil umræða um þessi mál. Ég held þó að eftir því sem umræðunni vindur fram komi fleiri hugmyndir og við náum betri sátt um þetta kerfi en verið hefur fram að þessu.

[13:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að með þessu kerfi næðum við að hámarka verðmætin og annars staðar í ræðu sinni lýsti hann því hvernig menn næðu þessu hámarksverðmæti. Skipstjóri sem átti fjögurra tonna kvóta í ýsu hugðist hámarka verðmæti aflaheimilda sinna, fór á veiðislóð þar sem hann ætlaði að veiða ýsu og þurfti að henda 20 tonnum af þorski

í sjóinn áður en hann náði því að hámarka verðmætin. Þetta er vandinn. Í þessu kerfi er fólginn hvati til að ganga illa um auðlindina. Við höfum rætt þetta hér í dag og það er full ástæða til þess að leita jákvæðra leiða. Refsileiðin hefur ekki skilað árangri enn. Það er ekki svo að það vanti reglur eða ákvæði í lög um að refsa eigi mönnum annaðhvort með fangelsi eða miklum sektum. En það hefur einfaldlega ekki dugað og menn hafa reyndar aldrei verið dæmdir. Það mun reynast mjög erfitt að koma höndum yfir menn með þeim hætti að ætla sér að refsa þeim og berja til hlýðni. Það verður að fara aðrar leiðir.

Hv. þm. bar einnig saman sóknardagakerfi og kvótakerfi og nefndi Kanada til sögunnar. Ég veit ekki betur en það hafi verið kvótakerfi í gangi í Kanada þegar þorskstofninn hrundi þar. Svo hafði verið í einhver ár. Ég minnist þess að Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, skrifaði einmitt mikla lofgrein um veiðistýringarkerfið í Kanada fáum árum áður en stofnarnir þar hrundu. En þá var þar komið á aflamarkskerfi, því miður.

[13:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var nú einmitt að benda á þetta dæmi, þennan skipstjóra sem fór að ná sér í 4 tonn af ýsu en þurfti að henda 20 tonnum af þorski um leið. Hann fór augljóslega á veiðislóð þar sem mjög erfitt var að ná ýsu — hann valdi sér þorskslóð. Það er hægt að fylgjast með hve mikið menn eiga eftir af kvóta og menn vita hvar skipin eru og því er hægt að gera athugasemd við viðkomandi í tíma og láta hann vita að ekki sé hægt að ná þeim afla sem hann hefði yfir að ráða á þessari fiskislóð, miðað við veiðar annarra skipa í kring. En benti einfaldlega á að þetta er akkúrat dæmi um hve nauðsynlegt er að styrkja svona reglur.

Vissulega er alltaf erfitt að sanna að menn séu að henda fiski því að það þarf einhver að vera vitni, einhver þarf að kæra og það þarf að vera hægt að sanna það. Það hefur verið reynt, m.a. hafa verið teknar myndir með myndbandstökuvél þar sem menn sjá fiskinn koma út fyrir borðstokkinn. Reynt var að kæra en það gekk ekki. Dómsvöld taka ekki mark á því. Það er náttúrlega vandamálið við að hafa stjórn á þessu að sönnunarbyrðin er svo erfið. Þess vegna eru eftirlitsmenn kannski eina úrræðið sem menn geta haft og notað þannig að þetta virki.

[13:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru engin úrræði í þeim tillögum sem liggja núna fyrir hvað það varðar að sanna þessi mál betur en hægt hefur verið fram að þessu. Eingöngu er gert ráð fyrir því að eftirlitsmenn geti farið um borð og menn geti gert það á þeim forsendum að aflasamsetning hafi verið eitthvað undarleg. Ég tel reyndar að Fiskistofa hafi haft möguleika til að gera þetta eins og lögin voru fyrir, en út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja að gera það skýrara og klárara. En það að menn munu sanna einhver brot á útgerðarmenn með því að hafa menn um borð til þess að fylgjast með mun auðvitað ekki ganga, því að það er varla þannig að menn treysti sér til að fara að henda í sjóinn undir augum eftirlitsmannanna og þeir geti kært á þeim forsendum. Yrðu þeir þá ekki að vera tveir svipað og þegar lögreglan er að taka menn fyrir of hraðan akstur, þá þarf að hafa tvo lögregluþjóna til þess að sanna það? Þetta er auðvitað óraunhæf umræða. Ég geri ráð fyrir því að áhrifin eigi að vera fólgin í því aðhaldi sem er í því að fá menn um borð, hafa þá um borð í viku og þurfa síðan að borga áttunda daginn ef þeir skyldu endast svo lengi um borð hjá manni. (**Gripið fram í:** ... pappírslöggur.) Ekki mundi ég telja að meira gagn yrði að því að taka mynd af hæstv. sjútvrh. og hafa hana um borð heldur en lögregluþjónunum sem voru settir við Reykjanesbrautina, en það mætti reyna það.

[13:17]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig er ekki mikið meira um þetta að segja. Úrræðin eru þau að fjölga eftirlitsmönnum. Hv. þm. viðurkennir að á meðan eftirlitsmaðurinn er um borð verði trúlega ekki kastað fiski rétt á meðan og það er einmitt tilgangurinn.

Það gæti líka verið að móralskt séð mundi það líka virka þó að hann væri einn um borð og þyrfti sinn svefn. Ég a.m.k. þekki sjómenn ekki að öðru en vilja fara að lögum og þeim sárnar þessi umræða sem hefur verið um brottkast og leiðist virkilega að liggja undir einhverjum ámælum um að fara illa með sameign þjóðarinnar. Þess vegna held ég að þetta sé þó virðingarverð tilraun. Mér heyrist menn vera sammála um að hún gæti virkað að einhverju leyti og þá er tilganginum náð.

[13:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Kristjáns Pálssonar vil ég segja svo það valdi ekki misskilningi þegar hann vitnar í þetta lúðuveiðidæmi í Kanada, þá var það sóknarkerfi. Það vildi hins vegar svo til að í því sóknarkerfi voru menn alltaf fljótari og fljótari að ná aflanum, kerfið sem slíkt var ekki að minnka fiskstofnana eða rýra þá. Lúðuveiðin var alveg þokkaleg. Það var hins vegar alveg öfugt sem gerðist í Kanada í aflamarkskerfinu sem þeir tóku upp því að aflamarkskerfið við austurströnd Kanada varð til þess að þorskstofninn þar gjörsamlega hrundi. Þar hafði aflamarkið einmitt safnast á hendur mjög fárra fyrirtækja, stórra fyrirtækja, og þar varð afleiðingin sú að fiskveiðarnar gjörsamlega hrundu, að vísu voru fleiri atriði sem komu inn í það eins og skilyrði sjávar sem er auðvitað oft og tíðum stór þáttur í því hvernig fiskstofnum reiðir af.

Ég tek alveg undir það sem komið hefur fram hjá ræðumanni og ræðumönnum á hv. Alþingi að sjómenn vilja fara að lögum. Ég held að það sé ekki spurning að þeir vilji fara að lögum. Við höfum hins vegar alveg klárlega verið á undanförnum árum að ala upp sjómenn sem aldrei hafa kynnst fiskveiðum öðruvísi en taka þátt í brottkasti, því miður. Ég hef hitt unga menn og spurt þá hvort þeir hafi tekið mikinn þátt í brottkasti seinni árin. Þá hefur svarið verið: Þú átt við að við séum að velja úr aflanum. Það er það sem þeir kalla brottkast í dag. Þeir velja úr aflanum og finnst það orðið sjálfsagt.

[13:21]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þekkjum það og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson örugglega manna best hér inni að brottkast hefur tíðkast alla tíð. Feður okkar, a.m.k. faðir minn sem var sjómaður, sóttu miðin til Grænlands eða til Bjarnareyjar eða annað á togurum á árum áður og miklum sögum fór af brottkasti á þeim veiðum. Verið var að veiða í salt og siglt með aflann og þá þurfti að veiða ákveðna tegund, þ.e. þorsk, og helst af ákveðinni stærð. Ef eitthvað annað kom með var því öllu hent og ég man eftir að á togurunum var

hent öllum aukaafla sem kallaður var þá sem var nánast þessi skrapfiskur, nema karfinn var hirtur.

Ég er ekki viss um að við séum að afmóralísera sjómenn þó svo að eitthvert brottkast hafi orðið því umræðan um brottkastið hefur verið mjög mikil og á þann hátt að brottkast væri óæskilegt, verið sé að eyða verðmætum o.s.frv. Þessi verðmætahugsjón kom ekki inn í umræðuna fyrr en kvótakerfið varð til. Áður var aldrei talað um verðmæti, það var fyrst og fremst talað um magn. Að þessu leyti hefur umræðan batnað og ég held að skilningur sjómanna á því hvað sé rétt og rangt í þessu efni sé mjög skýr.

Varðandi þau kerfi, sóknar- og aflamarkskerfi, sem notuð voru í Kanada, þá hrundi aflamarkskerfið í sjálfu sér hjá þeim vegna þess að þeir fóru ekkert að ráðum fiskifræðinga. Gert var út á lúðuveiðina með sífellt meiri sókn þannig að það var alltaf auðveldara og auðveldara að ná þeim hámarksafla sem leyfður var og þess vegna fór þetta niður í einn dag.

[13:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við bætum ekkert umræðuna þó að við förum alltaf í fortíðina og segjum að afla hafi líka verið kastað 1970, afla var líka kastað 1980, 1985 og 1990. Vissulega er það staðreynd að menn hafa iðulega hent úr aflanum á Íslandsmiðum og menn fiskuðu líka í gúanó bolfisk á árum áður. Menn stunduðu þorskveiðar í gúanó fyrir Norðurlandi fyrir ekki svo svakalega mörgum áratugum síðan. Ég held að umræðan og vandamálin sem við erum að takast á við batni ekkert þó að við förum alltaf í fortíðina og tínum upp dæmi um það hvernig við gerðum þetta áður fyrr. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er það að við ætlum að reyna að umgangast þessa auðlind eðlilega og ná sem mestum verðmætum úr henni. Ég held að eins og ástandið er í dag, þá séum við alls ekki að því. Við erum að sóa talsvert miklum verðmætum og þess vegna ber okkur að reyna að skoða málin eins og þau eru núna. Það er auðvitað það verkefni sem við verðum að takast á við.

Skoðun mín er sú að fiskveiðikerfið eins og það er útfært í dag sé ekki hentugt til þess að hámarka verðmæti. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi einmitt fyrr í umræðunni lýst skoðun sinni, að við værum sennilega að losa okkur við 20 milljarða sem við ella gætum komið með að landi og selt sem afurðir. Menn geta vissulega haft margar tölur uppi um hvað þetta er mikið en það getur enginn farið í grafgötur um það að vandamálið varðandi brottkastið er stórt og verið er að ala upp nýja kynslóð fiskimanna sem er að velja úr aflanum allt aðrar stærðir en voru hér á áratugum áður þegar menn voru að velja smáfiskinn til hliðar.

[13:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má kannski segja sem svo að við bætum ekkert umræðuna með því að vera að draga einhverjar sögur upp úr fortíðinni. En það er samt nauðsynlegt vegna þess að andstæðingar kvótakerfisins hafa viljað reyna að halda því fram að það væri allt saman kvótakerfinu að kenna að afla væri hent og það er verið að reyna að draga það fram að þetta er ekki rétt. Það hefur alla tíð verið gert og þessi aflastýringarleið hefur í raun ekkert með það að gera að afla sé kastað. Það er kannski gert öðruvísi en þetta hefur alla tíð verið tíðkað.

Að sjálfsögðu erum við öll sammála um að reyna eigi að koma í veg fyrir sóunina og ég held að við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson séum mjög sammála um það. En þær tölur sem komið hafa fram í umræðunni eins og frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, um að þetta væru 20 milljarðar, eru alveg út í loftið. Það er ekkert á bak við þá tölu hv. þm. frekar en þá tölu sem kom frá hv. þm. Sverri Hermannssyni þar sem loðnuskipstjóri sagði honum að kastað væri 200 þús. tonnum. (Gripið fram í.) Það voru ekki meiri vísindi í kringum þetta en það að einhver maður hafði sagt honum þetta á fundi hjá Frjálslynda flokknum og þar með eru þau orðin heilög sannindi.

Auðvitað eru þetta algerar ágiskunartölur og engin ástæða til að hafa þær yfir hér sem einhverja sönnun um að þetta kerfi gangi ekki upp.

[13:27]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja nokkur orð í belg í þessari umræðu um frv. hæstv. sjútvrh. varðandi lög um umgengni um nytjastofna sjávar.

Ég tek undir það sem fram hefur komið að frv. lýsir viðleitni hæstv. sjútvrh. til að tryggja að farið sé að lögum um umgengni um nytjastofna sjávar með það að markmiði að draga úr svonefndu brottkasti á afla. Ég tel því miður að sú ráðstöfun sem hér er um að ræða muni eflaust ekki koma í veg fyrir brottkast, en ég hins vegar ítreka að ég met þá viðleitni sem fram kemur í frv. hjá hæstv. ráðherra.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að sjávarafla hefur auðvitað í langan tíma verið sóað með brottkasti og það hefur algerlega verið óháð því fyrirkomulagi sem við lýði hefur verið við stjórn fiskveiða. Ég held að fullyrða megi að allir þeir sem hafa stundað sjómennsku að einhverju marki þekki af eigin reynslu að afla hafi verið kastað í hafið í einhverjum mæli og það gildir einu um hvaða fiskveiðistjórnarkerfi hefur verið að ræða, kvótakerfi, sóknarmarkskerfi eða jafnvel frjálsar veiðar. Meira að segja í sóknarmarkskerfinu í gamla daga var afla hent, í því kerfi sem sumir hv. þm. vilja taka upp á ný.

En allt að einu er hér um vandamál að ræða sem hefur í för með sér sóun á auðlindinni og við megum alls ekki láta það viðgangast og þurfum að finna leiðir út úr því. En ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu sem fram hefur farið um hve mikið magn hefur verið að ræða eða hve mikil verðmæti það eru. Ég held að menn geti skipst á skoðunum um það án þess að komast að hreinni niðurstöðu þar.

En hvaða úrræðum má beita í þessu sambandi? Ég er einn þeirra sem hafa talið að skoða eigi það úrræði sem hefur verið nefnt meðaflaregla og lítillega hefur við rætt hér í dag, sem felst í því að fiskiskip geti landað afla umfram heimildir í einhverjum mæli í stað þess að viðkomandi afla sé kastað í sjóinn. Með þessu væri dregið úr sóun auðlindarinnar og umgengni um auðlindina yrði þar með frekar í anda þeirra laga sem hér um ræðir. Hins vegar má þessi meðaflaregla ekki fela í sér fjárhagslegan hvata fyrir útgerð og sjómenn til að landa óeðlilega miklum afla umfram heimildir þannig að heildaraflinn verði ekki þess vegna meiri en fiskveiðiráðgjöf gerir ráð fyrir hverju sinni.

Herra forseti. Ég vil eingöngu hvetja til þess hér við umræðuna að sú nefnd sem fjallar um endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna taki þetta úrræði til sérstakrar umfjöllunar með það að markmiði að afli fiskiskipa berist á land fremur en að honum sé kastað í hafið í einhverjum mæli. Okkur

ber auðvitað skylda til að leita leiða að því markmiði að umgengnin um auðlindina sé í lagi og nýtingin sé sem best og ég vil leggja það inn í þessa umræðu að sú nefnd sem um ræðir taki þetta úrræði til skoðunar með það í huga að ná því markmiði sem við öll viljum stefna að, að sjávarauðlindirnar séu nýttar, þeim sé ekki sóað. Ég tel að þetta sé leið sem gæti hugsanlega komið til greina í því sambandi.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Umferðarframkvæmdir í Reykjavík.

[13:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að Vegagerðin dragi úr framkvæmdum fyrir 800 millj. kr. á árinu frá því sem vegáætlun gerði ráð fyrir. Enn liggur ekki ljóst fyrir hvar þessar frestanir koma til framkvæmda. Á síðasta ári var framkvæmdum frestað fyrir 585 millj. kr. og var lunginn úr því í höfuðborginni. Nú heyrast enn þær raddir að frestanir muni koma til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og því er þessu máli hreyft utan dagskrár til að spyrja hæstv. samgrh. nánar út í þessi frestunaráform.

Af stórum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu sem eiga að koma til framkvæmda á næsta ári má nefna gatnamót við Víkurveg upp á 304 millj. kr., mislæg gatnamót við Breiðholtsbraut upp á 760 millj. kr., auk færslu Hringbrautar niður fyrir Tanngarð og tengingu Hallsvegar við Víkurveg samanlagt að fjárhæð rúmlega 120 millj. kr.

Þá koma til viðbótar framkvæmdir sem frestað var frá árinu 2000–2001. En samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins eru alls áætlaðar framkvæmdir fyrir 1.852 millj. kr. á öllu höfuðborgarsvæðinu árið 2001 verði þeim ekki frestað. Til viðbótar við þær eru svo fleiri brýn verkefni að leysa úr í vegamálum borgarinnar, svo sem bygging Sundabrautar og lausn vandans á horni Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ég tel mjög brýnt að það verði gert en Miklabrautin er tjónamesta gata landsins. Þetta horn hefur verið til umræðu hjá borgaryfirvöldum eins og kunnugt er en enn hefur ekki fengist niðurstaða í það hvernig vandinn skuli leystur þótt skref hafi verið tekin með ákvörðun um breikkun Miklubrautar á kafla.

Herra forseti. Öllum sem búa á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að vegakerfi þess annar ekki þeim mikla umferðarþunga sem er á álagstímum. Mikið ófremdarástand skapast á ákveðnum tímapunktum og eigi að leysa það verður að tryggja að áætluð fjárframlög til vegaframkvæmda séu ekki skorin niður við afgreiðslu fjárlaga. Má með rökum halda því fram að meira þyrfti að koma til ef vel ætti að vera enda hafa sveitarfélögin á svæðinu talið að svo sé. Fjöldi aðfluttra umfram brottflutta á höfuðborgarsvæðinu hefur verið um tvö þúsund á ári síðustu ár og stefnir í að ástandið breytist ekki til hins betra. Í gögnum um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að fólksfjölgunin verði 36% á næstu 20 árum og að aukning bílaumferðar verði 40–50% á tímabilinu.

Viðleitni ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu er góðra gjalda verð. En að leita fanga í vegaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu væri fásinna og vil ég hvetja hæstv. samgrh. til þess að láta ekki verða af slíku. Ekki aðeins er með því verið að framlengja hið óþolandi ástand sem skapast í umferðinni á álagstímum heldur er það mikill ábyrgðarhlutur vegna umferðaröryggis og slysahættu.

Þá er vert að benda á það, herra forseti, að þenslan á verktakamarkaði hefur verið mun meiri á sviði húsbygginga en jarðvinnu og tilboð í verkefni hjá Vegagerðinni hafa verið hagstæð miðað við kostnaðaráætlanir. Því er mun skynsamlegra fyrir ríkisstjórnina að snúa sér að öðrum þáttum þegar draga á úr þenslu.

Þær framkvæmdir sem vegáætlun gerir ráð fyrir í höfuðborginni að komi til framkvæmda á næsta ári eru allar mjög brýnar og til þess fallnar að leysa úr miklum vanda og auka umferðaröryggi vegfarenda. Arðsemi slíkra framkvæmda er gríðarlega mikil. Má nefna sem dæmi mislæg gatnamót í Mjódd, en í arðsemismati Línuhönnunar kemur fram að slysum muni fækka um 40% og tafir minnka til muna þegar gatnamótin verða komin. Þá muni nýju gatnamótin stuðla að minni eldsneytisnotkun og draga þannig úr mengun. Samkvæmt mati Línuhönnunar munu mislæg gatnamót í Mjódd skila nærri 60% arðsemi og er talið að framkvæmdin borgi sig upp á innan við tveimur árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er algengt að sjá háar arðsemistölur þegar um vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu er að ræða enda ljóst að kostnaður vegna slysa og tafa í umferðinni er gríðarlegur. Það hlýtur að ráða miklu við ákvörðun af því tagi sem samgrh. stendur nú frammi fyrir hver arðsemi framkvæmdarinnar er en inn í slíkt mat eru teknir þættir eins og umferðaröryggi, slys, tafir, mengun o.fl. Við slysasmatið er gjarnan stuðst við reynslu af slysatíðni eftir byggingu annarra umferðarmannvirkja og má sem dæmi nefna Höfðabakkabrúna þar sem slysum hefur fækkað gríðarlega eftir byggingu hennar.

Herra forseti. Ég vil í lokin minna á umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar en markmið hennar var að fækka alvarlegum umferðarslysum um 20% á árinu 1995–2001. En því miður hefur raunin orðið allt önnur og það er ljóst að meira þarf til en pappírslöggur til að breyta því.

Herra forseti. Í ljósi þessa vil ég spyrja hæstv. samgrh.:

Telur ráðherra koma til greina að 800 millj. kr. fyrirhuguð frestun vegaframkvæmda komi að einhverju leyti til framkvæmda í höfuðborginni? Ef svo er, hvaða framkvæmdir telur ráðherra helst koma til álita í því sambandi? Telur ráðherra slíka frestun vera í samræmi við þau markmið sem sett voru með umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar? Hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar við ákvörðun af þessu tagi? Er arðsemismat að einhverju leyti lagt til grundvallar?

[13:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál til umræðu í þinginu. Ég fagna því að fá tækifæri til þess að fara yfir stöðu þessara mála.

Ef eingöngu er litið til stöðu á verktakamarkaði um þessar mundir ætti að fresta framkvæmdum fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Það er alveg ljóst að mikil spenna er hér á markaði og á byggingarmarkaði sem mislæg gatnamót tengjast eru tilboð 15–20% hærri um þessar mundir en hefði mátt búast við miðað við ástand sem hefur verið á þessum markaði á undanförnum missirum. Ef við ætlum eingöngu að nota það sem mælikvarða þá er höfuðborgarsvæðið það svæði sem spennan er hvað mest.

Það er ljóst hvers vegna þetta er. Það er verið að byggja hér bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila mikil mannvirki. Má þar nefna stækkun Flugstöðvarinnar sem er með allra stærstu verkum sem hefur verið ráðist í. Það má líta til framkvæmda við verslunarhús í Kópavogi og Íslensk erfðagreining er að fara af stað með miklar framkvæmdir. Þetta eru allt saman mjög stórar framkvæmdir sem hafa áhrif á verktakamarkaðinn í heild sinni.

En við gerum hins vegar ráð fyrir því að leggja í mjög miklar vegaframkvæmdir á næsta ári samkvæmt fjárlögum í vegagerð. Samkvæmt fjárlagafrv. er hækkun á framlögum til vegagerðar 30% á milli áranna 2000 og 2001. Það er að sjálfsögðu liður í þeim markmiðum sem tengjast umferðaröryggisáætlun að stórauka framlög til vegagerðar. Það er fyrsta skrefið. Hins vegar er ljóst að bættir vegir og uppbygging umferðarmannvirkja leysa ekki þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í umferðinni því að þar verður fyrst og fremst að treysta á ökumenn.

En framkvæmdir eru mjög miklar og verða á næsta ári og þrátt fyrir 800 millj. kr. frestun þá er um að ræða 30% hækkun á framlögum. Það er alveg nauðsynlegt að átta sig á þessu þegar verið er að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að vilja hægja á framkvæmdum.

Þær miklu framkvæmdir sem ég gat um eru að sjálfsögðu byggðar á arðsemismati og mati á pólitískum markmiðum okkar, t.d. tengdum byggðaáætlunum og tengdum nýtingu auðlindanna um allt land. Bættar samgöngur skipa mjög mikilvægan sess í að nýta auðlindirnar ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur um landið allt. Og síðast en ekki síst þarf að bæta vegakerfið, bæta samgöngurnar, til að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Allt eru þetta mjög mikilvægir þættir sem við verðum að líta til.

En þegar kemur að því að við neyðumst til — auðvitað orða ég það þannig — við neyðumst til þess vegna stöðu á verktakamarkaði að fresta framkvæmdum þá hljótum við að líta til þeirra verka sem standa þannig hvað varðar undirbúning og aðra stöðu að markmiðum okkar megi ná. Ég vil nú fara yfir þau verkefni sem ég tel að hljóti að koma til skoðunar. Það er ekki búið að taka neina ákvörðun.

Framkvæmdir við nýja brú yfir Þjórsá þurfa frekari skoðunar við, ekki síst vegna jarðskjálfta, og þess vegna er búist við því að við þurfum að fresta þeirri framkvæmd. Hún er á vegáætlun upp á rúmlega 200 milljónir. Framkvæmdir við orku- og iðjuvegi á Austurlandi eru verk sem ég tel að muni hægja á. Verulegar fjárhæðir á þessu ári hafa ekki nýst þannig að þær færast yfir á næsta ár þannig að ég geri ráð fyrir að þar megi hægja á og að það muni ekki koma að neinni sök.

Þá kemur að höfuðborgarsvæðinu. Vegna þess að hér var talað um Breiðholtsbrautina, gatnamótin Reykjanesbraut/Breiðholtsbraut, þá stendur ekki til að fresta þeirri framkvæmd. Hún verður boðin út núna í febrúar og það er ein allra stærsta framkvæmdin á næsta ári. Hins vegar er færsla Hringbrautar, gatnamót Víkurvegar og Vesturlandsvegar og framkvæmdir við Hallsveg þannig í sveit sett hjá höfuðborginni að annars vegar er um það að ræða að ekki liggur fyrir klárt með skipulag og svo hins vegar kröfur um umhverfismat, nú síðast hvað varðar mislægu gatnamótin á gatnamótum Vesturlandsvegar og Víkurvegar. Því er alveg ljóst að þessar framkvæmdir, hvort sem okkur líkar það betur eð verr, munu frestast vegna þess að skipulags- og umhverfismatsvinnunni er ekki lokið.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að horfast í augu við það að mikil fjölgun fólks á höfuðborgarsvæðinu og stóraukin einkabílaeign hefur aukið þörfina fyrir miklar og dýrar samgönguframkvæmdir á þessum slóðum. Ekki verður hjá því komist, það er held ég öllum ljóst, nú og á næstu árum að ráðast í mjög miklar framkvæmdir þannig að þær eru með því mesta sem við höfum séð í samgöngusögu okkar þegar tekin eru stærstu gatnamótin, Sundabraut og aðrar slíkar framkvæmdir. En þessar framkvæmdir, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, verða ekki umflúnar. Við stöndum frammi fyrir þeim aðstæðum í umferðinni að þetta er óhjákvæmilegt til þess að fólk komist yfirleitt leiðar sinnar, til þess að auka öryggi í umferðinni, draga úr tjóni á ökutækjum og slysum á fólki og til þess að tengja ört stækkandi og mjög dreifða byggð og ný hverfi í þessari stórborg sem er að rísa við innanverðan Faxaflóa.

Auðvitað er slæmt í sjálfu sér að þessar framkvæmdir skuli ekki vera hægt að vinna samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum jafnvel þó svo að efnahagsleg rök og aðstæður á vinnumarkaði tímabundið mæli með því að úr þeim væri dregið. Reyndar er sú áhersla hæstv. ríkisstjórnar athyglisverð að láta innlendar framkvæmdir og uppbyggingu á innviðum samfélagsins sífellt víkja og mæta afgangi á sama tíma og engir tilburðir eru t.d. uppi hafðir til að takmarka fjárfestingar útlendinga, þvert á móti er þar tekið við öllu sem býðst eins og á færibandi væri.

Herra forseti. Loks er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi hversu lítil áhersla er hér lögð á að leysa þessi vandamál a.m.k. að hluta til með því að efla almenningssamgöngur. Enn ber þar allt að sama brunni. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh.: Hafa stjórnvöld tekið upp viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um að gera átak í að efla samgöngur, almenningssamgöngur, sem lið í þessum málum? (Forseti hringir.) Ég held að það sé alveg einboðið að í því eru fólgnir miklir hagsmunir ríkisvaldsins að leggja þar eitthvað af mörkum.

[13:44]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Aukinn umferðarþungi á höfuðborgarsvæðinu kallar auðvitað á vegaframkvæmdir. En sá aukni umferðarþungi er meira og minna til kominn vegna þess að á þessu svæði hefur fólki fjölgað allverulega. Við erum að tala um byggðavanda, byggðavanda sem er afleiðing þeirrar byggðaþróunar sem hefur verið undanfarin ár. En við erum eingöngu að tala um hluta af þessum byggðavanda á höfuðborgarsvæðinu. Við getum líka fjallað um þörf fyrir uppbyggingu og framkvæmdir á mörgum öðrum sviðum, svo sem í menntamálum, leikskólamálum og við getum nefnt ýmislegt í því sambandi.

Varðandi uppbyggingu samgöngumannvirkja hér á þessu svæði þá liggja fyrir stór verkefni sem rætt hefur verið um að ráðast í á næstu árum og unnið er að undirbúningi þeirra. Eins og hæstv. samgrh. hefur farið yfir þá er ekki verið að draga úr framkvæmdum á þessu svæði heldur hefur fjármagn til þeirra verið aukið verulega á síðustu missirum. Einnig stöndum við frammi fyrir ákveðnu vandamáli varðandi ástandið í atvinnulífinu, þ.e. þeirri þenslu sem er á þessu svæði.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á að þær aðstæður sem við erum að tala um í þessu sambandi eru ákveðinn byggðavandi sem stafar m.a. af miklum flutningi fólks af

landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Að sjálfsögðu þarf að leysa það mál alveg eins og önnur sem tengjast byggðamálum og úrlausn þeirra er í gangi eins og hæstv. ráðherra fór yfir.

[13:45]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þegar hæstv. ríkisstjórn þarf að finna sér skálkaskjól fyrir því að draga lappirnar í nauðsynlegum framkvæmdum þá er skálkaskjólið það að hér sé svo mikil spenna í efnahagslífinu. En á öðrum tímum þegar þarf að mæla gegn allri bólgunni og spennunni þá er engin hætta á ferðum. Hæstv. ríkisstjórn velur þess vegna vegagerðir og nauðsynlegar framkvæmdir í þeim.

En hvernig tekst hæstv. ríkisstjórn til við að draga úr þessari spennu, til að mynda með frestun framkvæmda? Tók ég ekki rétt eftir því að nýverið hefði hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, tekið það fram að þeim hefði ekki tekist betur til en svo við gerð fjárlaganna að hér væri um að tefla aðeins 1% af útgjaldalið fjárlaganna?

Það hefur orðið bylting í íslenskum vegamálum á undanförnum árum og áratugum og spurningin er auðvitað sú, ef það á að draga úr spennu sem um munar, að fresta svo til öllum slíkum framkvæmdum í eitt, tvö ár. Komandi kynslóðir geta þá bætt það upp. En það eru tvö landsvæði þar sem vegagerð er hvað mest aðkallandi. Við ræddum í gær við hæstv. dómsmrh. um slysagildrurnar, um slysafaraldurinn á vegunum og um það fánýti sem hún hefur staðið fyrir í því sambandi, mest auglýsingar en svo kemur staðreyndin fram á fjárlögum þar sem dregið er úr framlögum til lögreglunnar. Í Reykjavík er þessi vá fyrir dyrum víða og eins varðandi Reykjanesbrautina. Þar þarf að herða á framkvæmdum. Það er harkalegt að menn skuli vera þeirrar skoðunar að viðhorf hæstv. ríkisstjórnar skapist af viðhorfum hæstv. forsrh., dr. Davíðs, til núverandi meiri hluta í Reykjavík.

[13:48]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að gera grein fyrir tillögu sem samþykkt var í borgarráði 11. október sl., en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að gatnakerfi borgarinnar annar ekki þeim mikla umferðarþunga sem er á álagstímum. Mikið ófremdarástand hefur því skapast af þeim sökum og má búast við að ástandið versni enn þegar kemur fram á vetur. Mikilvægt er að borgaryfirvöld leiti allra leiða til að tryggja öruggari og greiðari umferð fólks um borgina og ríkið tryggi þau fjárframlög sem ætluð voru á vegáætlun til framkvæmda við stofnbrautir í Reykjavík en skeri þau ekki niður við afgreiðslu fjárlaga, eins og gert hefur verið undanfarin ár og áformað er í fjárlögum næsta árs.

Borgarráð samþykkir að beina þeirri áskorun til þingmanna Reykjavíkur að þeir standi vörð um hagsmuni höfuðborgarinnar þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga."

Fréttir til okkar þingmanna af niðurskurði í vegaframkvæmdum í Reykjavík hefur öll verið í véfréttastíl sem mér finnst alveg með ólíkindum og eitt er víst að þær hafa ekki verið bornar til baka. Ég vil leggja sérstaka áherslu á færslu Hringbrautar og fá skýr svör hjá ráðherra hvað þá framkvæmd varðar. Það er ekki að ástæðulausu því að sú framkvæmd er óhjákvæmileg vegna byggingar barnaspítala á Landspítalalóð. Þetta hefur öllum verið ljóst og var undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og þriggja ráðherra í desember 1998 þar sem skýrt er tekið fram að þetta tvennt fylgist að.

Í samkomulaginu sem er á milli allra þessara aðila er kveðið á um að framkvæmdir Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar við færslu Hringbrautarinnar skuli hefja sumarið 2001. Það leikur enginn vafi á nauðsyn þessarar framkvæmda, færslu Hringbrautar, og það reynir á þingmenn í því máli. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur stutt þetta og sagt að þetta mál væri í höfn, það ætti ekki að skera neitt þarna niður. Málið er klárt frá hendi Reykjavíkurborgar. Nú vil ég spyrja hæstv. samgrh. og fá um það skýr svör en ekki í örlitlu framhjáhlaupi eins og áðan: Á að standa við þá samninga sem voru undirritaðir af þremur ráðherrum?

[13:50]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Á sl. átta til níu árum hafa framlög til vegamála á suðvesturhorni landsins farið stigvaxandi, enda þörfin brýn. Mikilvægar samgöngubætur eins og tvöföldun Vesturlandsvegar og Reykjanesbrautar eru ekki einungis komnar inn á vegáætlun, heldur koma þær framkvæmdir til með að hefjast strax að loknu útboði eða innan tveggja ára. Auknum fjármunum hefur verið varið í mislæg gatnamót og kosta t.d. framkvæmdirnar við Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut um milljarð, en þær hefjast innan tíðar.

En það dugar skammt að deila peningum í framkvæmdir á suðvesturhorninu ef sveitarfélögin eru ekki tilbúin með skipulagsþáttinn. Það er til að mynda með ólíkindum að Reykjavíkurborg skuli ekki enn vera tilbúin með endanlegt skipulag á annasömustu og þyngstu gatnamótum landsins sem eru gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Af hverju er borgin ekki reiðubúin með áætlun um þessi fjölförnu gatnamót? Jú, vegna þess að Reykjavíkurlistinn getur ekki komið sér saman um hvernig þessi gatnamót eiga að vera. Reykjavíkurlistinn getur ekki komið sér saman um hvernig almenningssamgöngur í höfuðborginni eiga að vera og Reykjavíkurlistinn getur ekki komið sér saman um hvert hlutverk einkabílsins í lífi borgarbúa á að vera. Það er ekki bara þetta skeytingarleysi R-listans gagnvart íbúum suðvesturhornsins sem er illskiljanlegt heldur eru ráðamenn borgarinnar að koma í veg fyrir einar arðsömustu vegaframkvæmdir á landinu öllu. Hér erum við að tala um framkvæmdir sem borga sig upp á tveimur árum.

Samgrn. og Vegagerðin hafa lengi verið í startholunum vegna Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar en þetta stórverkefni hefur sem sagt alltaf strandað á borði borgarstjóra.

Hins vegar er ljóst, herra forseti, að raddir okkar sem búum á suðvesturhorninu verða háværari í framtíðinni. Hér lifa tveir þriðju hlutar þjóðarinnar sem krefjast þess að vegasamgöngur séu í takti við líf og tilveru íbúanna. Skilvirkar samgöngur, sér í lagi á þessu landsvæði, þjóna ekki eingöngu fjölmörgum einstaklingum og fyrirtækjum heldur finnast vart arðbærari samgönguframkvæmdir. Líkt og mikill skilningur hefur ríkt um áratugi til samgönguúrbóta á landsbyggðinni þá er það sjálfsögð krafa að á Alþingi ríki eining um betri og bættari samgöngur á höfuðborgarsvæðinu enda er það allra hagur.

[13:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vissi ekki að við værum komin inn á einhvern borgarstjórnarfund í Reykjavík með þátttöku þingmanna úr öðrum bæjarfélögum. En það er gott. Vissulega er

afar nauðsynlegt að styrkja umferð, styrkja öryggi í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Það er afar brýnt.

Ég vil þó hér á þeim stutta tíma sem ég hef draga fram þátt almenningssamgangnanna. Ég hefði viljað sjá, herra forseti, að það lægi fyrir gott skipulag í almenningssamgöngum sem ekki aðeins næði til Reykjavíkur heldur einnig til nágrannasveitarfélaga, til Kópavogs, til Garðabæjar, til Hafnarfjarðar, til Mosfellsbæjar og út á Seltjarnarnes. Það væri svona heildarstefna í almenningssamgöngum sem jafnframt væri hluti af skipulögðu almenningssamgangnaneti við aðra hluta landsins þannig að almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu nytu forgangs í umferð. Það væri í skipulaginu gert ráð fyrir því að strætisvagnar ættu forgangsbrautir til að fara um og almenningssamgöngur væru efldar. Það er líka vistvæn borgarumferð. Ég hefði viljað sjá af hálfu samgrn. í samvinnu við öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu samræmda, sterka og metnaðarfulla áætlun í almenningssamgöngum sem hrifi.

[13:54]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það dálítið fróðlegt að hlusta á þingmenn vinstri grænna tala um almenningssamgöngur eins og þær sé hægt að lögbinda og fyrirskipa fólki að fara í strætó. Það vill bara þannig til að fólk vill nota einkabíl og kýs að nota einkabíl og því breyta menn ekki með lagasetningu, fyrirskipunum eða boðvaldi að ofan.

Það kemur náttúrlega til kasta hv. Alþingis að forgangsraða í þessum málum eins og öðrum. Og þegar við lítum á framkvæmdir og frestun framkvæmda vegna þenslu þá verðum við að horfa á hagsmuni heildarinnar líka. Ég hef átt þess kost að ræða til að mynda við fólk sem er í byggingariðnaði og er að byggja á höfuðborgarsvæðinu og þannig er ástandið hér að menn þurfa að flytja inn vinnuafl í þó nokkuð miklum mæli til þess að vinna verk. Yfirborganir eru algengar eins og hv. þingheimur þekkir og ég er ekki viss um að það sé neinn greiði til lengri tíma litið að bregðast ekki við og draga úr framkvæmdum hér.

Að hluta til er verið að tala um framkvæmdir sem frestast vegna skipulagsmála og umhverfismats eins og fram hefur komið en að hluta til eru menn að bregðast við þenslunni og þar verða menn að horfa á hagsmuni heildarinnar eins og ég nefndi.

Við ákvarðanir um frestum verða menn líka að forgangsraða og þar er lágmörkun alvarlegra umferðarslysa númer eitt, tvö og þrjú. Við erum að horfa upp á mjög dýr slys. Þau eru dýr fyrir samfélagið og fórnarlömb þessara slysa lenda því miður oft inni á heimilum fyrir alvarlega fatlað fólk og það er líka dýrt, herra forseti. Við verðum því að forgangsraða og setja í forgang það sem skiptir máli og varast stundarhagsmuni og fagurgala í þessu.

Ég vil í lokin, herra forseti, nefna eitt sem ekki hefur verið nefnt í þessari umræðu og það er færsla sjóflutninga yfir á þjóðvegina. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. samgrh. hvort það kunni ekki að skapa ný vandamál varðandi þjóðvegi landsins að nú eru allir sjóflutningar komnir á landflutningaleiðina?

[13:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er engu líkara en hæstv. samgrh. hafi verið að fíflast með þingheim þegar hann við afgreiðslu vegáætlunar í maímánuði sl. jók framkvæmdafé til sérstakra verkefna í vegamálum á árunum 2001 og 2002 um 700 millj. kr. en ætlar svo að skera niður til vegamála nú við fjárlagaafgreiðsluna fyrir næsta ár um 800 millj. Mér heyrðist af orðum hæstv. ráðherra áðan að a.m.k. helmingur þess muni koma niður á höfuðborgarsvæðinu. Mér sýnist því að sýndarmennskan sé söm við sig í þessu máli hvort sem í hlut á hæstv. samgrh. eða borgarfulltrúar sjálfstæðismanna í Reykjavík. Þeir vekja með réttu athygli á ófremdarástandi sem skapast hefur vegna þess að gatnakerfi borgarinnar annar ekki umferðarþunga á álagstímum en sitja hjá við tillögur Reykjavíkurlistans þess efnis að mikilvægt sé að ríkið tryggi þau fjárframlög sem ætluð voru á vegáætlun til framkvæmda við stofnbrautir í Reykjavík en skeri þau ekki niður. Það hefði hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir átt að hafa í huga þegar hún kvartaði yfir Reykjavíkurlistanum áðan.

Landsbyggðin á vissulega allan minn skilning varðandi þörf fyrir bættar samgöngur en það þarf líka að ríkja skilningur á því á hv. Alþingi að á höfuðborgarsvæðinu er öryggi borgarinnar í sífellt meiri hættu vegna ofurálags á vegakerfið og ekki er lengur hægt að láta niðurskurð á vegafé bitna með ofurþunga á höfuðborgarsvæðinu. Á vegáætlun fyrir 1995–1999 fóru einungis 30% af heildarfjárveitingum til nýframkvæmda til höfuðborgarsvæðisins og á nýrri vegáætlun fara þessi 30% niður í 20% af heildarfjárveitingum til nýframkvæmda á landinu öllu sem ætlað er til höfuðborgarsvæðisins. Því er kominn tími til að hæstv. samgrh. hlífi einu sinni höfuðborgarsvæðinu við niðurskurði og með því verður glöggt fylgst hvernig það gengur eftir.

[13:59]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég var satt að segja hálfundrandi þegar Samfylkingin bað um þessa utandagskrárumræðu um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu því að í vor sem leið þegar jarðgangaumræðan stóð sem hæst á þinginu heyrðist ekkert í Samfylkingunni né öðrum vinstri mönnum um samgöngumál höfuðborgarsvæðisins. Nokkrir þingmenn Sjálfstfl. mótmæltu því kröftuglega að suðvesturhornið væri afskipt í þeirri umræðu og síðan náði þingheimur lendingu í samgöngumálum suðvesturhornsins. En ég fagna þessari hugarfarsbreytingu Samfylkingarinnar.

Fyrir tíu árum eða svo þegar samgöngumálin voru í höndum vinstri manna voru fjárveitingar til samgöngumála höfuðborgarsvæðisins við frostmark. Eftir að Sjálfstfl. tók við samgrn. jukust fjárveitingar jafnt og þétt til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu og eru nú 1.200 millj. kr. á ári. Við það bætist fjármagn vegna sérstakra verkefna í samgöngumálum, 200 millj. 2001, 100 millj. 2002, 500 millj. 2003 og 450 millj. 2004. Miklar framkvæmdir í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins eru í gangi, eru að fara í gang og eru í hönnun, t.d. mislæg gatnamót við Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut og Nýbýlaveg; mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði; breikkun Miklubrautar, breikkun Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar að Garðabæ; gatnamót við Víkurveg; Álftanesvegur; færsla Hringbrautar o.fl. Þá er einnig búið að ákveða tvöföldun Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar og tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi að Mosfellsbæ.

Góðar samgöngur eru lykilatriði í byggða-, félags- og efnahagsmálum þjóða. Ríkisstjórnin hefur fylgt þeirri stefnu með auknum framlögum til samgöngumála. Auðvitað vilja allir fá meira fé til þessa málaflokks, en sérstaklega er nauðsynlegt að auka enn frekar fjárframlög til suðvesturhornsins þar sem flest er fólkið og mestur fjöldi bifreiða.

[14:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Um leið vil ég harma það að niðurskurðurinn eigi u.þ.b. að hálfu að bitna á höfuðborgarsvæðinu þó það komi mér í sjálfu sér ekki á óvart.

Hæstv. ráðherra nefndi það hér að skipulagsyfirvöld á svæðinu og umhverfismatsframkvæmdir réðu því að ekki væri hægt að ráðast í þessar framkvæmdir. Það kemur mér líka á óvart vegna þess að samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá borginni þá er a.m.k. kosti þeirra þáttur í þessu máli fullkomlega í lagi, samkvæmt borgaryfirvöldum í Reykjavík er hægt að fara í þær framkvæmdir sem eru á vegaáætlun þannig að þessi rökstuðningur kemur mér mjög á óvart.

Ég vil líka minnast á að hér voru nefnd til sögunnar fræg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar sem ég vakti reyndar athygli á í ræðu minni. Hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir nefndi þau sérstaklega og talaði líkt og við höfum heyrt áður í árásarstíl gegn borgaryfirvöldum í Reykjavík fyrir að hafa ekki staðið sig sem skyldi í þeim málum. Ég ætla nú ekki að fara að verja borgaryfirvöld í Reykjavík. Þau kunna fullkomlega að svara fyrir sig þó að þingmenn sjálfstæðismanna virðist ekki treysta minni hlutanum til að fara með stjórnarandstöðuna, sem ekki er skrítið. Ég vil hins vegar benda á að skipulagsyfirvöld í Reykjavík eru tilbúin varðandi framkvæmdir á vegáætlun fyrir 2001. Hér er einungis svarað með klassískum klisjum, herra forseti, og ég harma það.

Í lokin vil ég líka benda á að það sem fullyrt var hér af hv. síðasta ræðumanni um framlög til vegamála er ekki í samræmi við þær upplýsingar sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun. Framlög ríkisins til þessara mála voru t.d. á árunum 1993–1995 mun hærri en þau eru í dag, sem hlutfall af vergri framleiðslu, og á þessu þriggja ára tímabili voru þau hærri en þau hafa nokkurn tímann verið síðan. Þannig að ekki stemma tölurnar (Gripið fram í.) sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun annars vegar og hins vegar frá hv. þm. Gunnari Birgissyni.

Herra forseti. Að lokum þakka ég fyrir þessa umræðu og hv. ráðherra fyrir svörin.

[14:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu og málefnalegu umræðu sem sýnir að hv. þm. átta sig á því hver staðan er í raun. En það kom mér mjög á óvart að heyra hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kvarta undan þeirri ofuráherslu sem lögð sé á vegakerfið, eins og hv. þm. orðaði það og á þá væntanlega við vegakerfið utan höfuðborgarsvæðisins. Ég vil vekja athygli (Gripið fram í.) á því að yfir 43% alvarlegra slysa verða á vegum utan höfuðborgarinnar. Það virðist oft gleymast. Flest dauðaslysin verða á vegum utan höfuðborgarsvæðisins. Flest slys og óhöpp verða hins vegar í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu, það er alveg ljóst. En alvarlegu slysin verða ekki síður og því miður í flestum tilvikum úti á vegunum. Þess vegna hefur það verið samdóma niðurstaða þingsins að leggja þessa ofuráherslu, eins og hv. þm. kalla það, á uppbyggingu vegakerfisins um allt land. Um það hefur verið býsna mikil sátt, (Gripið fram í.) a.m.k. varð ég ekki var við annað við afgreiðslu vegáætlunar.

Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að nauðsynlegt er að huga betur að almenningssamgöngum. Það hefur því miður ekki verið gert en það er hlutverk sveitarfélaganna. Ríkið hefur komið til móts við sveitarfélögin með niðurfellingu á gjöldum og með beinum styrkjum vegna almenningssamgangna. Það þarf auðvitað að huga að því áfram.

Varðandi Kringlumýrarbrautina vil ég minna á að það er algerlega á valdi höfuðborgarinnar, borgarstjórnar Reykjavíkur, að þar verði á bragarbót. Það liggur fyrir að borgin vill ekki annað en ljósastýrð gatnamót og á meðan svo er þá er það á valdi borgaryfirvalda.

Varðandi það að ekki sé hægt að fara í framkvæmdir sem ég nefndi þá liggur fyrir (Forseti hringir.) að það er nauðsynlegt að setja gatnamót (Forseti hringir.) Víkurvegar og Vesturlandsbrautar í umhverfismat og það mun því miður (Forseti hringir.) hægja á þeirri framkvæmd. Hún verður þó ekki skorin niður. Ég legg áherslu á að við erum að tala um frestun framkvæmda en ekki niðurskurð.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 119.

[14:06]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þar er segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Á eftir 1. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess.“ Þetta er síðan útlistað nánar.

Virðulegi forseti. Það veldur að vissu leyti vonbrigðum að þessi leið skuli valin af hálfu sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. Í raun virkar þetta á mig eins og dúsa upp í þjóðina vegna óánægju hennar með stjórn fiskveiða í landinu almennt. Ég tel að þessi breyting muni í sjálfu sér ekki skipta mjög miklu þegar á heildina er litið.

Fram hefur komið að hafa þarf eftirlit með um 1.600–1.700 fiskiskipum og bátum og þegar upp er staðið held ég að breytingin verði ekki mikil. Ég vil þó ekki leggjast gegn þessari breytingu. Hún miðar fyrst og fremst að því að lappa upp á það kerfi sem hér er til umræðu og margra hugur stendur til að breyta verulega. Nefnd um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu er að störfum. Kannski hefði verið ástæða til að bíða eftir áliti nefndarinnar og samkomulagi um tillögur um breytingar á stjórn fiskveiða.

Það sem ásamt öðru hefur komið til umræðu í nefndinni er brottkast afla. Vitanlega eru margar leiðir færar til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða þannig að það stemmi stigu við brottkasti. Það er augljóst að lögregluaðgerðir skila mjög takmörkuðum árangri þegar komið er í óefni í atvinnugreinum. Það á ekki bara við um fiskveiðar. Við vitum að í öðrum greinum getur álíka staða komið upp, t.d. í landbúnaði þegar farið er að keyra tómata á haugana, og þá er einhver kerfislægur vandi í gangi. Þegar farið er að urða kjöt þá er það til marks um kerfislægan vanda. Og þegar upp úr sýður þannig að fólki blöskrar yfir stjórnunarháttum þá dugar ekki að efla

bara lögreglueftirlit, a.m.k. ekki til frambúðar. Þess vegna er mikilvægast, í sambandi við brottkast og önnur vandamál tengd sjávarútvegsstefnunni, að fara heildstætt yfir málin og gera tillögur sem leiða þá til að þessi vandi minnkar.

Í umræðunni hefur komið fram að brottkast afla hafi alltaf átt sér stað. Menn hafa verið stóryrtir um umfang brottkastsins. Raunar held ég að á seinni tímum hafi brottkast afla minnkað mjög t.d. á frystiskipaflotanum. E.t.v. má ímynda sér og það er margra álit, að brottkast afla sé fyrst og fremst á smærri bátum vegna kvótastöðu þeirra og vegna þess að *þeir megi ekki hafa meðafla o.s.frv. og því þurfi að skoða* þau mál sérstaklega.

Það er áhyggjuefni að hæstv. sjútvrh. skuli bregðast við með eftirlitsaðgerðum einvörðungu þegar flestir meta það svo að fara þurfi í róttækar aðgerðir í sjávarútvegsmálunum til að leysa þau vandamál sem hvað mest brennur á og t.d. það sem hér er til umræðu, þ.e. brottkast afla.

Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að staða fiskstofna er misjöfn. Kvóti og brottkast eru t.d. ekki vandamál varðandi uppsjávarstofna í eins miklum mæli og í botnfiskveiðum. Það er auðveldara að vera með kvóta, eins og fram kom í málflutningi hans, á loðnu og síld og kolmunna, þ.e. uppsjávartegundum. Brottkastið virðist miklu meira vandamál við botnfiskveiðar og þar sem menn hafa kannski einvörðungu kvóta til veiða á einni tegund eins og margsinnis hefur komið fram.

Ég leggst þess vegna ekki alfarið gegn þessari ráðstöfun. Ég tel hins vegar að betra hefði verið að bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar sem á að fjalla um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu og sjá hvaða tillögur þar koma fram, heildstætt. Eins og ég nefndi áðan er þörf á grundvallarbreytingum og það þarf að taka miklu fleiri sjónarmið inn í. Grundvallaratriðið er að breyta fyrirkomulagi fiskveiðistjórnarinnar og móta heildstæða sjávarútvegsstefnu sem *m.a. leysir þann vanda sem þessu frv. er ætlað að takast á* við. Í því samhengi er mikilvægt að aðgreina í umræðunni fyrirkomulagsatriði eins og leigu og sölu á aflaheimildum í kvótakerfi annars vegar og hins vegar verndunaraðgerðir og fiskveiðistjórnarsjónarmið byggð á áliti vísindamanna, auk upplýsinga frá atvinnugreininni sjálfri.

Það er mikilvægt að landsmenn nái að sameinast um farsæl markmið í sjávarútvegsmálum og *meginlínur í þróun* greinarinnar á komandi árum. Nauðsynlegt er að við endurskoðun kerfisins sé hugsað um, t.d. hvernig við eigum að haga samsetningu flotans og hugmyndir um betri nýtingu. Í umræðunni hefur komið fram að gríðarlegum verðmætum er hent, sérstaklega af frystitogurunum og er þá ekki um brottkast að ræða heldur afganga sem menn nenna ekki að hirða. Þetta eru sjónarmið sem verða að koma sterklega inn í umræðuna um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Bæta þarf nýtingu, huga að samsetningu bátaflotans, huga að möguleikum byggðarinnar í því samhengi, m.a. að því hvernig aflinn er sóttur, mögulega með landhelgi fyrir strandveiðiflotann o.s.frv.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan tel ég að þetta séu plástursaðgerðir og dúsa, eins konar friðþæging vegna máls sem er í brennidepli og bullandi óánægja er með í samfélaginu. Ég tel að frv. breyti í sjálfu sér engu og verð því að binda vonir við að vinna endurskoðunarnefndarinnar um stjórn fiskveiða skili árangri á allra næstu mánuðum þannig að fram komi heildstæðar tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn brottkasti afla.

Við erum öll mannleg og við sem höfum komið nálægt sjávarútveginum vitum vel að um hann gilda kannski alveg sömu lögmál og hjá þeim sem eiga lítinn kartöflugarð, að brottkast er alls staðar, við vitum það, en það er spurning um hversu mikið það er og spurning um samsetningu og stærð. Úr litlum heimilisgarði er hægt að þræla smælkinu í fjölskylduna í viku eða svo þannig að það nýtist, en það er verra ef maður fer í fimm hektara og ætlar að selja öðrum. Þetta eru bara grundvallratriði sem mannskepnan þarf að slást við í sínu eðli. Smælkið verður ekki selt ef maður gerist stór og brottkast verður í einhverjum mæli.

En kerfi sem undirbyggir og gerir það fýsilegt að eyðileggja og henda verðmætum er vont kerfi. Og það er kerfislægt vandamál sem verður að taka á í heild sinni. Það verður ekki gert með lögregluaðgerðum. Það verður gert með breytingum á strúktúr í greininni og þá er ég að tala um uppbyggingu flotans, nýja sýn varðandi veiðar og vinnslu, *hvernig við tökum aflann, og heildstæðar lausnir til að fyrirbyggja* það mál sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu ætla ég að ljúka máli mínu, en leggst ekki á neinn hátt gegn frv. Ég tel að það skipti í aðalatriðum ekki stórmáli og ég held að það bæti ekki stöðuna en það er heldur ekki til tjóns.

[14:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að mörgu leyti ágætar umræður sem hér hafa farið fram í dag. Ef marka má fyrirliggjandi upplýsingar, þá er brottkast vandamál og það á sér stað í einhverjum mæli, þó að við vitum ekki hversu miklum mæli. En við virðumst þó öll vera einhuga um að við viljum koma í veg fyrir það þótt við höfum vissulega svolítið mismunandi sýn á það hvernig vandamálið verður til og hvar vandamálið er að finna. Ég held reyndar að hætta sé á brottkasti í öllum fiskveiðistjórnarkerfum, ég verð var við það a.m.k. í umræðum við starfsbræður *mína* erlendis, þeir eru með mörg mismunandi fiskveiðistjórnarkerfi, enginn þeirra sem ég hef átt samskipti við eins og okkar, og þar er brottkast líka vandamál. Það er hins vegar eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni engin afsökun fyrir því í okkar kerfi, að brottkast viðgangist annars staðar.

Ég held að það sé líka rétt sem hefur komið fram að *sjómenn vilja ekki henda afla. Og þess vegna held ég að* ráðstafanir eins og þetta frv. felur í sér, aukið aðhald, muni hafa áhrif. Menn þurfa ekki að gera því skóna að eftirlitsmennirnir séu einhverjir sem þurfa að standa í deilum um borð og sé ekki líft í matsalnum vegna þess að þeir séu í slíkri andstöðu við áhöfnina sem þeir þurfa að vera samskipa með. Þar af leiðandi held ég að við getum náð árangri með því að veita aðhald og vonandi verða fyrirbyggjandi áhrif breytingarinnar sem allra mest. Vegna þess að ég er alls ekki að tala um það að við ættum að hafa eftirlitsmenn í hverju skipi, hugmyndin er sú að þeir sem eru grunaðir um brottkast á málefnalegum grundvelli vegna samanburðar við aðra, að eftirlitsmenn verði settir um borð í skip þeirra.

Frv. sem hér er til umræðu er ekki einu viðbrögð ráðuneytisins eða ráðherrans við þessari umræðu eins og ætla mætti af orðum hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, því næsta mál á dagskrá er jafnframt tengt brottkastinu og komum við væntanlega að því síðar í dag.

Ég er hins vegar ánægður með að viðbrögð þingmanna hafa yfirleitt verið á þann veg að ef eitthvað er sé þetta til bóta, sumir hafa jafnvel sagt að þetta sé eðlilegt og hv. þm.

Steingrímur J. Sigfússon sagði að það væri jafnvel sjálfsagt að gera þessa breytingu. En það er hins vegar rétt að þetta leysir ekki allan vandann og ekki er lagt upp með málið til að leysa allan vandann og þess vegna er um það að ræða að verið er að leggja fram fleiri frv. sem tengjast málinu.

En kallað er eftir frekari viðbrögðum og þá tala menn sérstaklega um meðaflareglu, um að Hafró eignist hlut af aflanum sem menn eigi ekki kvóta fyrir eða þá að menn geti valið sér hvað þeir vilja eiga af aflanum í sinn kvóta og láti síðan Hafró eiga restina og síðan er verið að tala um tillögur um löndun utan kvóta.

Í fiskveiðistjórnarlögunum er tegundartilfærslunni ætlað að koma til móts við þetta að hluta og viðskipti með aflaheimildir, þeim möguleika er einnig ætlað að koma til móts við þetta vandamál að hluta. En áhrifin sem reglur um meðafla hefðu væru þau að úthlutaður kvóti í hinum einstöku tegundum yrði minni, því við gætum ekki tekið meðaflann neins staðar annars staðar frá, því varla ætlum við að hafa meðaflann sem viðbót við heildaraflann af hverri tegund. Ef meðafli væri leyfður sérstaklega, þá hlyti hann að koma af þeim úthlutaða afla í tegundunum sem úthlutað er á skipin samkvæmt venjulegum reglum.

Síðan er það, eins og kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að ef um svona reglur er að ræða þá er minni hvati til þess að forðast það að veiða þær tegundir sem menn hafa ekki aflamark fyrir, og voru merkilegar umræðurnar sem hér fóru fram fyrr í dag einmitt um þetta efni. Einnig er hætta á því að meðaflinn verði markmiðið með veiðunum að einhverju leyti. Síðan má segja líka að reglur um meðafla mundu á engan hátt sporna við því sem talað er um þegar að menn eru að stærðarflokka úti á sjó eða þann möguleika eða þann hluta hins meinta brottkasts sem felst í því að menn stærðarflokki úti á sjó. Meðafli mundi á engan hátt leysa það vandamál. En heildarniðurstaðan af þessu sem ég var að segja varðandi meðafla er sú að við mundum væntanlega fá lakari og ónákvæmari fiskveiðistjórn.

Það frv. sem hér um ræðir er um tiltölulega einfalda breytingu á lögum og þess vegna taldi ég ástæðulaust að bíða með hana, jafnvel þótt að störfum séu tvær nefndir sem munu örugglega báðar skoða þetta vandamál, þ.e. brottkastsnefndin sem sérstaklega var skipuð vegna þessa máls eða verkefnisstjórnin, því verkefni hennar er ekki bara að skoða málið, heldur líka að reyna að bæta vinnubrögðin, og síðan er það endurskoðunarnefndin. Hugsanlega munu koma fram fleiri breytingar eftir störf þessara tveggja nefnda en um það getum við ekki sagt strax, en ég taldi ástæðulaust að bíða með að leggja fram þessi tvö frv., annars vegar það sem hér er til umræðu og hins vegar það sem er næst á dagskrá, þangað til störfum þessara tveggja nefnda væri lokið. Þessi breyting stendur út af fyrir sig ekki ein og sér, verið er að reyna aðrar aðferðir eins og komið hefur fram, en um tiltölulega einfalda breytingu er að ræða og ég þakka fyrir ágæt viðbrögð hjá hv. þingmönnum.

[14:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að næsta mál tengdist brottkastinu. Þar er verið að draga úr möguleikum manna til að færa milli tegunda, sem ég er út af fyrir sig sammála um að verði gert, en það hlýtur þá að auka aftur á móti hættuna á því að brottkastið aukist, þannig að það getur nú varla verið hugsað í þeim tilgangi að draga úr brottkasti. Það hljóta að vera einhver önnur sjónarmið þar á bak við en að draga úr brottkastinu. Þess vegna finnst mér hæstv. ráðherra býsna óheppinn að vera að nefna þetta sem hluta af þessu máli, að það sé hluti af því að draga úr brottkastinu.

Síðan hélt hann því fram að það yrði verri fiskveiðistjórn ef menn færu einhverja af þeim leiðum sem hafa verið nefndar til að fá aflann að landi. Ég tel að það dæmi sig sjálft að segja þessa hluti á þennan hátt, vegna þess að sú fiskveiðistjórn sem býður upp á að miklum fiski sé kastað í sjóinn og sífelld umræða sé uppi um það er ekki góð fiskveiðistjórn.

[14:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var kannski ekki rétt hjá mér að nefna hér annað þingmál til sögunnar, en það var að gefnu tilefni. Það kom hér fram í ræðustól að mönnum þætti miður að þetta væru einu hugmyndirnar sem uppi væru, að auka einungis eftirlitið, en það er ekki svo því næsta mál tengist þessu máli líka, alla vega er það ætlun ráðherrans sem flytur málið, og þótt hv. þingmenn hafi kannski aðra skoðun á því geta þeir væntanlega tjáð sig um hana á eftir.

Eins og kom fram í umræðunum áðan virðist niðurstaðan vera sú, alla vega hjá flestum, að öll fiskveiðistjórnarkerfi bjóði á einhvern hátt upp á áhættu á brottkasti og ég tel sannarlega að svo sé. Ég tel að þær hugmyndir sem ég nefndi áðan, og var að gefnu tilefni að svara þar sem um það var beðið, bjóði upp á lakari fiskveiðistjórn en þá sem við eigum að geta haft miðað við núverandi kerfi.

[14:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér leiðist dálítið hve menn taka mikið þannig til orða að öll fiskveiðistjórnarkerfi bjóði upp á brottkast. Við erum að ræða um fiskveiðistjórnarkerfi sem er núna í gildi og meiri hluti á Alþingi virðist ekki ætla að breyta út frá því kerfi. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að menn tali bara út frá því kerfi og þeim hvötum sem eru fólgnir í því kerfi til að kasta fiski í sjóinn. Það liggur fyrir hverjir þeir eru, menn hafa farið yfir það hér. Menn fá m.a. hærra verð fyrir hluta af aflanum og henda þess vegna þeim ódýrari í sjóinn. Menn hafa ekki kvóta og kvótinn er dýr í leigu og menn henda fiski í sjóinn. Þetta eru hvatarnir sem fylgja þessu kerfi og um það eiga menn að tala en ekki eitthvað óskilgreint, annaðhvort aftur í tímanum eða í einhverjum fiskveiðistjórnarkerfum sem menn ætla sér alls ekkert að taka upp. Mér finnst menn vera að drepa málum á dreif með slíkum málatilbúnaði og mér finnst að menn ættu að halda sig meira við það sem er eðli málsins, þ.e. tala um vandamálin í kerfinu sem við höfum hér.

[14:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað ákveðin nálgun á umræðunni hjá hv. þm. og ekkert við því að segja. Það kom hins vegar hér upp í umræðunni og eru rök fyrir því hjá ákveðnum þingmönnum að við eigum að taka upp annað fiskveiðistjórnarkerfi, að brottkast sé svo mikið í kerfinu eins og það er núna. Hv. þm. verður bara að afsaka það við ráðherrann þó hann reyni að svara öðrum þingmönnum líka en ekki bara honum.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst umræðan hrökkva í gamalkunnugan farveg þegar hæstv. ráðherra fór að finna því allt til

forráttu eða sjá á því öll tormerki að unnt væri að útfæra einhvers konar meðaflareglu eða gera tilraun í þá átt. Röksemdafærslan var á þá leið að það yrði þá að áætla fyrir fram fyrir meðaflanum og skerða úthlutaðan kvóta í viðkomandi tegundum sem því næmi. Í þessu er fólgin sá hugsanafeill, ef svo má að orði komast, að meðaflareglunni er ætlað að mæta því brottkasti sem fyrir er. Ef við segjum að meðaflaheimildir væru upp á 10% í þorski og úthlutað væri 200 þús. tonnum, þá kæmu þessi 20 þús. tonn að landi í staðinn fyrir þau sem áður hefði verið hent í sjóinn. Þá ætti stofninn að standa jafnréttur eftir og það sem við hefðum fengið væru verðmætin að landi og upplýsingar um veiðiálagið á stofninn. Og jafnvel þó að þetta gengi ekki alveg svona upp, þó það gerði það ekki nema 50%, værum við þó að ná umtalsverðum árangri í báðum tilvikum, að fá verðmætin að landi og þá réttari upplýsingar um veiðiálagið.

[14:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. hlyti meðaflinn að vera eitthvert tiltekið magn í upphafi jafnvel þótt það væri mælt í prósentum af einhverri upphæð. Hann var að miða það við eitthvert tiltekið brottkast, en við vitum hins vegar ekki hversu mikið brottkastið er, það er því erfitt að útfæra það. Að mér læðist sá grunur að jafnvel þótt við gerðum þetta mundi brottkastið eins og það er í dag jafnvel bara bætast ofan á og þá væri verr af stað farið en heima setið, því við værum þá búin að veiða meira en við hefðum ætlað okkur í upphafi.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrði það, eftir að hafa átt viðtöl við fjölda sjómanna og hugsað um þessi mál og fylgst nokkuð grannt með þeim í ein 17 ár eða svo, að það mundi draga úr því sem ég kalla þvingað brottkast ef svona möguleikar væru fyrir hendi. Ég er sannfærður um að í talsverðum mæli láta menn sig hafa það sárnauðugir að henda fiski í sjóinn, einfaldlega vegna þess að annars tapa þeir fjármunum. Þegar verðið á leigukvótanum er komið verulega upp fyrir það sem menn fengju fyrir að landa viðkomandi afla með öllum viðbótarkostnaði þá liggur dæmið ósköp einfalt fyrir. Menn réttlæta þetta fyrir sjálfum sér með því að þetta sé vitlaust kerfi og þeir mundu tapa peningum á að koma með aflann að landi og það ýtir undir að það er ekki gert. Ég er ekki að segja að þetta mundi leysa vandamálið. Ég held því ekki fram að ekki yrði eitthvert brottkast eftir sem áður en ég fullyrði að þetta mundi örugglega draga úr því og vera mjög vel séð af mörgum sem líður illa yfir ástandinu eins og það er.

[14:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi 10% í fyrri ræðu sinni en nú er það svo að tegundartilfærslan er 5% í dag. Henni er einmitt ætlað það að leysa það vandamál þegar menn veiða tegundir sem þeir hafa ekki kvóta fyrir. Meðaflinn mundi beinast að því sama. Eins og ég sagði áðan mundi hann ekki leysa það þegar menn eru að stærðarflokka úti á sjó. Ég held að við mundum ná mjög skammt og jafnvel eyðileggja meira fyrir okkur með því að reyna þessa leið.

[14:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ef menn ætla að áætla um dauðan fisk sem ekki kemur að landi þá lendi menn í afar erfiðu máli. Ég mundi ráðleggja ráðherranum að leyfa algjörlega frjálsa löndun a.m.k. í tvo mánuði á undan svo hann gæti þá yfirleitt áttað sig á hverju hann ætlaði að gera ráð fyrir þannig að vandamálið væri sýnilegt.

Svo vildi ég gefa eitt ráð í viðbót áður en ég fer úr þessum ræðustóli. Eftir því sem fisktegundir eru færri í kvótakerfi, sérstaklega á það við um botnfiskveiðarnar, því auðveldara verður kerfið og auðveldara að fara eftir því. Ég held að flestir, hvaða skoðun sem þeir hafa á fiskveiðum, hallist að því að kvótakerfið dugi vel til að stjórna veiðum á einsleitri fisktegund, þ.e. síld eða loðnu eða öðru slíku, en í fjölbreytilegum botnfisktegundum á allt annað við.

[14:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi verið kominn í andsvar við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ég ætlaði ekki að áætla fyrir neinu brottkasti, það var hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon sem ætlaði að gera það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (tegundartilfærsla). — Þskj. 120.

[14:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frv. er lagt til að ákvæði laganna um tegundartilfærslu verði þrengd. Tegundartilfærsla felst í því að heimilt er að veiða yfir aflamarki í tiltekinni tegund botnfisks, enda skerðist aflamark í öðrum tegundum botnfisks hlutfallslega miðað við þorskígildisstuðla. Heimild þessi hefur verið óbreytt frá upphafi, eða frá 1. jan. 1991, og miðast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilgangurinn með þessu ákvæði var fyrst og fremst að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að síður kæmi til brottkasts þegar fisktegund fengist sem við komandi bátur hefði ekki aflamark í. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú að þessi heimild hefur fyrst og fremst verið nýtt til að auka afla í eftirsóknarverðari tegundum á kostnað annarra. Hér er því lagt til að sú takmörkun verði sett á heimildina að aldrei verði heimilt að breyta meira en sem nemur 2% af botnfiskkvótanum í hverja tegund. Með þessu móti væri komið í veg fyrir tegundarbreytingar í þeim mæli sem verið hafa án þess að horfið væri frá upphaflegum tilgangi ákvæðisins.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að breyting þessi hefði lítil áhrif þar sem á síðasta ári hefði heildarbreyting vegna tegundartilfærslu verið 1,63% og þar af hefði aukning í karfaveiðum aðeins verið um 0,35%. Þessar tölur eru að vísu réttar út af fyrir sig en það ber að athuga að hér aðeins litið til síðasta fiskveiðiárs þegar tegundartilfærslan var lítið notuð. Þá skal þess getið að hér er miðað við þorskígildistonn en ef miðað er við raunaukningu í karfa nemur hún 2,7%.

Sé hins vegar litið til fiskveiðiáranna 1993–1994 til 1998–1999, leiddi tegundartilfærslan til þess að veiddar

voru 57 þús. lestir umfram leyfilegt aflamark. Hefði tegundartilfærsluheimildin verið með því móti sem hér er lagt til, hefði sá umframafli orðið um 26 þús. lestir.

Það má segja að svipuð þróun hafi verið í veiðum á grálúðu. Þetta sýnir að þrenging á tegundartilfærslu er nauðsynleg til að tryggja að veiðin í ákveðna stofna fari ekki úr böndunum og auk þess stuðlar breytingin í raun að því að hún nýtist með þeim hætti sem til var ætlast, þ.e. komi í veg fyrir brottkast.

[14:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan eru þessi tvö mál sem rædd hafa verið skyld að því leyti að hann telur að þeim sé báðum ætlað að koma til móts við þörf fyrir brottkast. Ég er ekki alveg búin að ná þessum tengslum en við yfirferð yfir málin í hv. nefnd vænti ég þess að skilningur minn vaxi. Mér sýnist að það sem hér er lagt til sé ekki beinlínis til þess fallið að koma í veg fyrir brottkast, þvert á móti er ætlunin að þrengja möguleika manna til tegundartilfærslu. Það er verið að minnka möguleika manna til að spila ólsen ólsen með fiskveiðistjórnarkerfið. Ég get út af fyrir sig verið sammála því að eðlilegt sé, miðað við það sem fram hefur komið um hvernig þessi heimild hefur verið nýtt, að slíkir hlutir séu skoðaðir.

Breytingin sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst sú að lögð er til sú þrenging að ekki megi breyta meiru en sem svarar 2% í hverri botnfisktegund en áður var miðað við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarksins. Möguleikinn til tilfærslunnar hefur verið rýmri en lagt er til með breytingunni sem ráðherrann leggur hér fram.

Rök ráðherrans fyrir þessu, eins og fram kemur í ræðu hans og í fjölmiðlum, hafa verið að þetta fyrirkomulag komi í veg fyrir að menn nýti sér þetta ákvæði með þeim hætti sem hann rakti hér og fram kemur í frv., að menn gætu farið svo gífurlega fram úr því heildaraflamarki sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til eins og dæmi eru um í frv., t.d. varðandi karfann og hann nefndi grálúðuna að auki.

Út af fyrir sig er eðlilegt að menn vilji taka á því þegar svo stór og mikil frávik geta átt sér stað frá ráðleggingum fiskifræðinga enda eru ráðleggingar þeirra eins og við þekkjum, oft og tíðum ótrúlega nákvæmar. Reyndar geta þær verið það nákvæmar að þær virka hlægilegar. Í því sambandi kemst ég ekki hjá því að rifja upp þegar ráðlögð var breyting frá 250 þús. tonnum af þorski fyrir tveimur árum síðan í 247 þús. tonn, sem sýndi mér kannski í fyrsta skipti virkilega fram á það hversu merkileg þessi vísindi eru.

Það er eiginlega furðulegt, herra forseti, að á sama tíma og vísindamenn okkar treysta sér til að reikna út lífríkið í sjónum með svo ótrúlegri nákvæmni, þá skuli þessi ólsen ólsen möguleiki vera í lögunum um stjórn fiskveiða.

Það er ljóst að menn hafa haft á þessu ýmsar skoðanir í gegnum tíðina. Sjómenn hafa t.d. ekki talið þörf fyrir þetta ákvæði. Ég minni þar á orð formanns Sjómannasambandsins sem lætur hafa eftir sér að þeir hafi áður lagt til að afnema ætti þessar reglur. Því er ljóst að þeir hljóta að líta svo á að hér sé um spor í rétta átt að ræða. Hins vegar hafa útvegsmenn tekið þessu máli öðruvísi og það má kannski segja að það sé vegna þess hvernig ráðherra hagaði orðum sínum þegar hann kynnti þetta mál. Hann gaf þar til kynna að menn hefðu misnotað reglurnar. Það er nú kannski aldrei hægt að segja að menn misnoti löggjöf þegar farið er eftir henni. Hins vegar er ljóst að það var aldrei ætlast til þess að menn færu eftir lögunum á þann hátt sem gert var. Útvegsmenn segja að það sé rangt og ósanngjarnt að halda því fram að þeir hafi misnotað þessar reglur. Þeir benda á síðasta ár. Hæstv. ráðherra rakti hins vegar hér áðan að ef einungis er miðað við síðasta ár þá sé ekki um það að ræða að menn hafi farið fram yfir þau 2% sem hér er verið að leggja til. Eins og ég sagði þá kann þar að ráða mestu hvernig málið var kynnt fremur en að menn hafi gerst brotlegir við lögin sem hér um ræðir.

Það er ljóst, vegna þess sem hér hefur þegar komið fram og áður í umfjöllun um þetta mál, að hv. sjútvn. hlýtur að kalla eftir ýmsum gögnum um málið til að átta sig á því hvort það spor sem hér á að stíga er hið rétta eða hvort það er fullnægjandi. Við hljótum að skoða það í ljósi reynslunnar hvernig þessum hlutum verður best fyrir komið. Við munum þá líta aftur til sögunnar og skoða hvernig þetta ákvæði hefur virkað á hverju fiskveiðiári fyrir sig. Það hlýtur að vera mismunandi eftir árum, bæði mismunandi hvaða tegundir menn hafa ekki talið borga sig að veiða og eins hvaða tegundir menn hafa talið borga sig að sækja í.

Ég held a.m.k. að nauðsynlegt sé að fara yfir þessi mál í ljósi sögunnar og því sé út af fyrir sig gott að þetta frv. er komið hér fram, þessi mál þar með komin á dagskrá og til skoðunar í hv. nefnd.

Ég vil hins vegar, vegna umræðunnar um brottkastið og meðaflann, rétt aðeins víkja að því máli, ekki síst með tilliti til þess að ráðherrann telur þetta tengjast með einhverjum hætti. Áðan talaði ég um hve nákvæma ráðgjöf vísindamenn okkar telja sig geta veitt. Þegar þeir hafa verið inntir eftir því hvernig hugsanlegt brottkast kæmi inn í þeirra ráðgjöf þá hef ég skilið þá þannig að þeir gerðu ráð fyrir ákveðnu magni brottkasts. Ég hef ekki getað skilið það öðruvísi. Enda þótt við kysum að breyta reglunum þannig að beitt yrði því sem kallað er hagrænar aðferðir, þ.e. þegar um er að ræða umgengni við náttúruna, fremur en þeim aðferðum sem ráðherrann kýs að beita og flokkast undir boð og bönn, þá sé ég ekki að það ætti að þurfa að breyta ráðgjöfinni neitt vegna þess að það getur ekki verið allur munur á því hvort fiskurinn kemur að landi eða hvort honum er fleygt, þ.e. hver ráðgjöfin ætti þá að verða miðað við þær upplýsingar sem ég þykist hafa um það hvernig Hafrannsóknastofnun áætlar fyrir þeim málum.

Aðeins aftur að þessari umfjöllun um brottkastið og hvernig á að bregðast við. Ég hef lengi verið áhugamanneskja um að menn reyndu að beita hagrænum aðferðum, að menn reyndu að laða útvegsmenn og sjómenn til réttrar breytni í þessum efnum með því að þeir fengju nokkra umbun fremur en refsingu fyrir að koma með allan afla að landi. Ég hef þó ekki verið talsmaður þess að menn fengju að gera þetta nánast eins og það væri sjálfsagt mál og að þetta gæti beinlínis orðið hvati til þess að menn veiddu umfram. Einhvers staðar hlýtur það jafnvægi að vera að menn komi með afla að landi og fái þá umbun sem dugar án þess þó að þetta sé gert beinlínis aðlaðandi. Þar held ég að aðhald af ýmsu tagi geti komið til. En ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að þó að menn bæti við veiðieftirliti þá séu menn fyrst og fremst að sinna eðlilegri eftirlitsskyldu sem alltaf á að vera í gangi hvað varðar nýtingu auðlindarinnar, en séu kannski ekki að fara að rótum þessa vanda sem er auðvitað sá og hefur alltaf verið sá að sjómenn vilja fá kaup fyrir sína vinnu og að þegar um útgerð og fiskveiðar er að ræða þá eru menn auðvitað að hugsa um það hvað borgi sig, alveg eins og

í öllum öðrum atvinnurekstri. Þess vegna liggur lausn þessa máls að mínu mati, og hefur gert frá því að ég fór að velta þessu fyrir mér, í því sem er í tísku í dag að kalla hagrænar aðferðir. Hún liggur í því að laða menn til réttrar breytni, að mönnum sé umbunað fyrir rétta breytni.

Þetta er aðferð sem menn virðast farnir að vera á einu máli um að sé það sem dugar þegar verið er að reyna að fá fólk til þess að umgangast náttúruna á viðeigandi hátt og hlýtur að eiga við í þessu tilfelli eins og annars staðar.

Herra forseti. Ég gæti sagt margt fleira um þessi brottkastsmál, ástæður brottkasts og hvernig á að taka á því. En þar sem ég á sæti í hv. sjútvn. og hef tækifæri til þess að koma sjónarmiðum mínum þar á framfæri og svo áfram, ef þetta mál kemur til 2. umr., þá ætla ég að hlífa mönnum við þeim umræðum að sinni enda við komin hér í annað dagskrármál.

Herra forseti. Hvað varðar þetta mál sem snýst um tegundartilfærslurnar þá er greinilega fullkomlega réttmætt að taka þetta ákvæði laganna um stjórn fiskveiða upp, að menn skoði hvernig þetta ákvæði hefur reynst, líti til reynslunnar og skoði hvort sú niðurstaða sem hér liggur fyrir er þá það svar sem menn eiga að gefa eða hvort það liggur e.t.v. annars staðar. Það mun koma í ljós þegar búið er að fara yfir málið.

[14:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir tekur að hluta til undir röksemdafærslu mína varðandi breytingar á tegundartilfærslunni en hefur hins vegar ekki alveg skilið það sem ég er að reyna að segja varðandi tengslin við brottkastið.

Eins og ég nefndi áðan hefði umframaflinn í karfa verið 26.000 tonn á tilteknu árabili en ekki 57.000 tonn eins og raunin var ef tegundartilfærslan hefði verið eins og ég er hér að leggja til. Þetta hefði þýtt að rúm 30.000 tonn hefðu verið til ráðstöfunar á þessu tímabili til þess að mæta veiðum úr tegundum sem viðkomandi skip höfðu ekki aflamark fyrir. Það hefði verið hægt að færa yfir í tegundir sem menn voru að veiða og þeir höfðu ekki aflamark fyrir í stað þess að færa það yfir í karfann. Þetta eru 5 þús. tonn á ári. Og ég held að það sé umtalsvert þegar við erum að tala bara um þessa einu tegund af brottkasti, þ.e. brottkast vegna þess að menn eiga ekki aflamark fyrir tegundinni sem þeir eru að veiða. Ég er ekki að tala um það þegar menn eru að stærðarflokka úti á sjó heldur þegar menn eru að veiða tegundir sem þeir hafa ekki aflamark fyrir.

Tegundartilfærslan er til þess að menn geti þá fært af kvóta sínum í öðrum tegundum yfir í þá tegund. En vegna þess hvernig þessu hefur verið háttað hefur verið hagstæðara að færa það yfir í eftirsóknarverðar tegundir og verið hægt að færa það að fullu yfir í tegundir eins og karfann. Það hefur gert fiskveiðistjórnina ónákvæmari og hefur gert það að verkum að brottkast hefur væntanlega verið meira en það hefði ella orðið.

[14:51]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það að hæstv. ráðherra lítur svo á að ef löggjöfin hefði virkað eins og henni var e.t.v. ætlað að virka þá hefði það hugsanlega getað komið í veg fyrir brottkast. Eigi að síður er líka hægt að líta á málin frá öðrum sjónarhóli, sem sé þeim að ef verið er að þrengja þennan möguleika þá sé með því verið að hvetja til brottkasts.

En ég held að það sé ekki vinnunni við þetta mál endilega til framdráttar að við förum nákvæmlega tæknilega yfir þetta hér í stólnum. Þetta mál verður skoðað eins og þarf í hv. nefnd og fulltrúar ráðuneytisins hafa þar auðvitað tilefni til að koma og tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og við nefndarmenn þá að spyrja nánar út í hvernig þeir hafi hugsað sér framkvæmdina, hvernig hún hafi verið og hvernig menn ætli sér með breyttri framkvæmd að mæta þeim vanda sem brottkastið vissulega er.

[14:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Raunverulega er ekki verið að takmarka möguleikann til tegundartilfærslu því að 5% möguleikinn verður áfram fyrir hendi. Það er einungis verið að takmarka það þannig að ekki sé hægt að fara með nema 2% yfir í eina tegund.

Hins vegar er það auðvitað þannig að ef útgerðarmenn og sjómenn vilja ekki nota tegundartilfærsluna til þess að komast hjá því að henda tegundum sem þeir veiða og þeir hafa ekki aflamark fyrir þá er það þeirra ákvörðun og það er eitthvað sem gerist án þess að við getum raunverulega neitt gert við nema þá með auknu eftirliti. (Gripið fram í.) En við erum líka að reyna að aðlaga kerfið að þessu vandamáli til þess að koma í veg fyrir það og að þeir möguleikar sem við höfum til sveigjanleika í kerfinu nýtist til þess að koma í veg fyrir brottkast.

[14:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum nú um tegundartilfærslu innan núverandi kvótakerfis er mál sem hefur lengi verið til umræðu og ályktunar hjá sjómannasamtökum. Ég minnist þess a.m.k. að í ályktunum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands hefur verið bent á þetta atriði í nokkur skipti.

Ég vil geta þess að á síðasta þingi, 125. löggjafarþingi, lagði ég fram mál sem tengdist einmitt þessu máli. Það var frv. til breytinga á 10. gr. fiskveiðistjórnarlaganna varðandi tegundartilfærsluna. Ég lagði þar til að heimildin yrði alfarið tekin úr sambandi og að þar yrðu felldar niður málsgreinar úr núverandi 10. gr., þ.e. 1. mgr., og kæmi þar ný málsgrein í staðinn og síðan lagði ég til að 2., 4. og 5. mgr. féllu einnig niður. Og í stað þess að vera með tegundartilfærslu inni í kvótakerfinu gætu menn veitt fram fyrir sig í hverri tegund í hlutfalli við aflamark sitt, en þeir yrðu þá að borga það árið á eftir af þeirri úthlutun sem þeir fengju á næsta fiskveiðiári.

Ég stakk upp á því að þessi heimild yrði 2%. Út af fyrir sig er sú tala ekkert heilög. Það hefði alveg verið hægt að ræða það að hafa hana rýmri. En ég taldi í þeirri tillögu sem ég lagði fram að rétt væri að taka tegundartilfærsluna alfarið út úr lögunum og til þess að mæta tilfallandi uppákomum manna við það að stunda fiskveiðar og þeir stæðu frammi fyrir því að eiga ekki aflamark af ákveðinni tegund, þá væri mönnum heimilt að veiða fram fyrir sig. En það yrði hins vegar dregið frá árið á eftir og tegundartilfærslan í raun og veru hyrfi.

Þetta frv. fékk þá afgreiðslu í sjútvn. að málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar með sérstöku nefndaráliti. Það nefndarálit var samþykkt í þinginu og í því segir, með leyfi forseta:

„Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því og telur að tegundartilfærslur eins og þær hafa verið tíðkaðar gangi gegn markmiði

laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um vernd og uppbyggingu fiskstofna."

Undir þetta skrifuðu allir nefndarmenn. Ég held ég fari rétt með það. Og málið var afgreitt þannig úr nefnd. Hins vegar var tekið undir það í nefndinni að þetta sjónarmið ætti við rök að styðjast.

Það frv. sem hæstv. sjútvrh. leggur nú fram kemur að vissu leyti að þessu máli en er samt með talsvert annarri hugsun en málið bar að í fyrra og kom til sjútvn. og eins og það var afgreitt þaðan, finnst mér. Málið mun auðvitað aftur fara til sjútvn. og verður rökrætt þar. En eins og það er fram sett þá nær það aðeins til þess að minnka notkunina í hverri tegund niður í 2%.

Þessi tegundartilfærsla er auðvitað dálítið flókið mál og það eru margar hliðar á henni. Tegundartilfærslan hefur m.a. verið verslunarvara í kvótakerfinu. Menn hafa jafnvel gert um það samninga að þegar afli færist á milli skipa þá tilheyri tegundartilfærslan þeim sem væri að fá til sín eða jafnvel sæti eftir eða þá að borgað yrði sérstaklega fyrir tegundartilfærsluna sem hugsanlega fylgdi með pakkanum. Menn hafa hreinlega litið á þetta sem aðferð til þess að auka aflamarkið og þannig hefur það í reynd verið notað því að í þeirri töflu sem fylgdi með þessu máli á liðnu þingi þá kom fram að tegundartilfærslan hafði verið notuð til þess að framleiða kvóta þó nokkuð langt umfram ráðgjöf fiskifræðinga og heimilaðar aflaheimildir stjórnvalda. Það hafði mest borið á því að menn höfðu notað þetta gat — löglega gat því þetta var í lögunum og þess vegna var verið að leggja til að því yrði breytt — til þess að framleiða sér til handa meiri heimildir í ákveðnum fisktegundum, sem nýttust þeim sérstaklega, heldur en lögin höfðu heimilað.

Það er svo að tegundartilfærslan sem hlutfall af verðmætisstuðli kvótanna nýtist best þeim fyrirtækjum sem stærstar hafa og mestar aflaheimildirnar og mest hafa verðmæti reiknuð eða kvótann reiknaðan í verðmætum. Því verðmætari sem kvóti fyrirtækja er því betur nýtist tegundartilfærsla hjá þeim. Þess vegna varð reyndin sú að tegundartilfærslan leitaði að langmestu leyti í tvær fisktegundir. Hún leitaði annars vegar í karfa og hins vegar í grálúðu.

En það komu líka upp skrýtin dæmi í þessum tilfærslum því að stundum var ein fisktegund notuð ótæpilega til að breyta í þessar tegundir. Á fiskveiðiárinu 1996–1997 voru t.d. notuð tæplega 16 þús. tonn af 50 þús. tonna veiðiheimild á ufsastofninum til að framleiða 9.300 tonn af karfa og 630 tonn af grálúðu í gegnum tegundartilfærslu. Þá þótti einfaldlega hagkvæmt að fara með breytingarnar yfir í karfann annars vegar og grálúðuna hins vegar. Eins og fram kom voru til þessa notuð tæplega 16 þús. tonn af 50 þús. tonna kvótaúthlutun í einni fisktegund, ufsanum.

Síðan hefur ufsinn ævinlega verið notaður í kvótatilfærslur og hafa verið notuð um þúsund tonn á fiskveiðiárinu 1997–1998. Síðan voru á árinu 1998–1999 notuð aftur rúmlega þúsund tonn eða tæplega 1.100 tonn og síðasta fiskveiðiári voru enn á ný notuð þúsund tonn af aflaheimildum ufsans í breytingar í tegundartilfærslunni.

Hins vegar vekur athygli við tegundartilfærslu sl. árs að svo virðist sem útgerðin hafi komist í þrot með að hafa nægt magn af óveiddum fiski til að búa til fyrir sig þann karfa- og grálúðukvóta sem þeir höfðu stundað í mörg undanfarin ár. Það kemur til af ýmsum ástæðum. Það kemur til m.a. af því að sjútvrn. breytir verðmætastuðlunum. Verðmætastuðull ufsa lækkar um 0,65 niður í 0,50 sem þýðir að menn fá færri þorsktonn eða færri tonn af öðrum tegundum — reyndar ekki þorsktonn því það má ekki breyta í þorsk — menn fá færri tonn þegar þeir nota karfa á síðasta fiskveiðiári en árið á undan vegna þess að hlutfallið lækkar úr 0,65 niður í 0,50. Sama á við um steinbítinn sem er líka tegund sem menn hafa verið mjög iðnir við að nota í þessa tegundartilfærslu. Verðmætiskúrfa hans lækkar úr 0,70 niður í 0,65. En á móti kemur að ekki þarf eins mörg tonn til að breyta í grálúðu því að verðmætiskúrfa grálúðunnar lækkar úr 1,75 niður í 1,65.

Hvað gerðist þá á síðasta fiskveiðiári? Jú, það gerðist að eins og ég sagði lækkaði verðmætisstuðull grálúðunnar og þá fara menn að breyta meira yfir í grálúðu, það færðist meira af breytingunni þangað. Það sem kemur út úr tegundartilfærslunni á síðasta ári er að til viðbótar við tíu þúsund tonna heimild, sem var kvóti í grálúðu á síðasta ári, hefur útgerðarmönnum tekist með þessari tegundartilfærslu að breyta og framleiða grálúðukvóta upp á 1.505 tonn eða 15% umfram það sem úthlutað var. Það gerðist vegna þess að menn ákveða að þarna sé hagkvæmast að breyta, það þurfi færri tonn núna í að breyta í grálúðu en áður. Það lækkaði um 0,10 eins og ég sagði áðan.

En í karfanum breyta menn hins vegar yfir í tæplega 1.800 tonn sem framleidd eru af karfa. Hvaða tegundir eru þá notaðar á síðasta fiskveiðiári í þetta? Jú, það eru eins og ég gat um áður ufsinn 1.000 tonn, steinbítur 2.000 tonn, sem hefur reyndar alltaf verið notaður í þetta fyrirbæri. Alla tíð meðan hann hefur verið inni í kvótakerfi hefur verið notaður steinbítur, þetta frá 1.700 tonnum upp í 3.000 tonn til að breyta og framleiða karfa- og grálúðukvóta. Það er svolítið sérstakt að sú tegund, steinbíturinn, sem veiðist að stærstum hluta upp við landið og innan tólf sjómílna og er strandveiðitegund, er notuð til þess að framleiða þessar djúpsjávartegundir, grálúðu annars vegar, sem veiðist á 400, 500 til 600 föðmum, og karfa og aðrar tegundir líka sem veiðast sérstaklega á grunnslóðinni, eins og sandkola og skrápflúru, og það eru hvorki meira né minna en tæplega 50% af öllum úthlutuðum sandkolakvóta á síðasta fiskveiðiári sem eru notuð í þessa tegundartilfærslu. 4.232 tonn af 7.000 tonna veiðiheimild, 7.000 tonna kvóta eru notuð í tegundartilfærslu á síðasta fiskveiðiári. Af skrápflúrunni, sem heildarkvótinn var af 5.000 tonn, eru notuð 2.300 tonn tæplega í tegundartilfærslu.

En það sem er hins vegar nýtt á síðasta fiskveiðiári er það að menn hafa farið að framleiða ýsukvóta með tegundartilfærslunni, en ýsan var oft áður notuð einmitt í tegundartilfærslu. Mest sé ég á töflunni að það voru notuð 1997–1998 langt á fimmta þúsund tonn af ýsu til þess að framleiða þessar fisktegundir, karfa og grálúðu.

Þetta er saga tegundartilfærslunnar. Ég held að það hefði verið miklu nær að afnema hana alveg og leyfa mönnum þá að veiða fram fyrir sig meðan þeir eru með þetta aflamarkskerfi og það yrði þá að skila því inn af afla næsta árs en þessi tegundartilfærsla og þessar tilfæringar allar væru lagðar af.

Ég vil svo í lokin enn á ný ítreka að því einfaldara verður að stjórna botnfiskveiðum eftir því sem fisktegundirnar eru færri ef menn ætla að nota kvótakerfið. Upptalning mín á tegundartilfærslum og hvaða fisktegundir hafa í raun og veru verið nýttar í tegundartilfærsluna og hvert þær hafa leitað segir okkur auðvitað að tegundir sem nýtast bátaflotanum og minni fiskiskipunum í meira mæli eru færðar yfir til stærri útgerðanna og eru framleiddar tegundir sem stórútgerðin notar að langmestu leyti, sem eru karfi og grálúða. Það er sú

ríka tilhneiging sem hefur verið í tegundartilfærslunni árum saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[15:08]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Við endurflytjum þetta mál. Það var flutt á síðasta ári og flutningsmenn ásamt mér eru Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Lúðvík Bergvinsson.

Tillgr. er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að láta Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins endurskoða mælistuðla sem nú eru notaðir við mat á þyngd sjávarafla og ígildi fiska af einni tegund í annarri í fiskveiðum íslenskra skipa og slægingu og vinnslu sjávarafla."

Í grg. kemur eftirfarandi fram:

Mælistuðlar sem notaðir hafa verið við mat á þyngd sjávarafla og þorskígildisstuðlar sem notaðir eru við mat á gildi þorsks og annarra tegunda vegna meðferðar kvóta hafa oft verið gagnrýndir harkalega á opinberum vettvangi. Þessar viðmiðanir eru afar mikilvægar fyrir útgerðarmenn og fiskverkendur og mælistuðlarnir geta skipt sköpum hvað varðar samkeppni milli fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu í fullvinnsluskipum. Þeir ráða miklu um það hvort afla er landað slægðum eða óslægðum og skipta miklu þegar útgerðaraðilar og fiskverkendur taka ákvarðanir um í hvaða vinnslu eða sölumeðferð fiskurinn fer hverju sinni. Þeir ákvarða gildi aflaheimilda sem útgerðir skiptast á.

Það gefur augaleið að þegar reglur af þessu tagi eru settar er mjög mikilvægt að besta fáanleg þekking á áhrifum mismunandi meðferðar aflans sé til staðar. Slík þekking er ótvírætt til staðar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þess vegna er hér lagt til að stofnuninni verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Komi í ljós að núgildandi reglur hafi mismunað aðilum í útgerð og fiskvinnslu skapast þannig tækifæri til að leiðrétta þá mismunun. Verði það hins vegar niðurstaðan að núgildandi stuðlar séu réttir ætti endurskoðunin að draga verulega úr tortryggni gagnvart gildandi reglum.

Nú er það svo að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa sett út á þá stuðla sem eru notaðir núna og enn heldur sú þróun áfram að aflaheimildir eða réttur til að veiða fisk færist til. Togveiðiflotinn er sífellt að auka hlut sinn í fisktegundunum og það er svo komið að líklega 41–42% af öllum afla koma nú að landi af togveiðiskipum.

Margir telja að þetti sé að hluta til vegna þess að mælistuðlarnir sem notaðir eru í fullvinnsluskipunum séu þeim mjög hagstæðir en fiskvinnslunni í landi óhagstæðir. Um þetta hefur staðið styrr til margra ára og full ástæða er til að taka á þessu máli núna. Mikið hefur líka verið deilt um slægingu á fiski og þá stuðla sem eru notaðir þegar verið er að ákvarða hve mikill kvóti skuli vera á móti hverju tonni í fiski, hvort sem hann er slægður eða óslægður.

Nú er það þannig að óslægður afli, sem landað er, er býsna stór hluti af þeim fiski sem kemur að landi. Það kemur t.d. í ljós að á árinu 1999 var þetta um 24% af öllum afla upp úr sjó sem kom óslægður að landi. Árin 1997–1998 var þetta 29%. Það er afskaplega misjafnt hve mikill hluti aflans er óslægður eftir því hvaða veiðiaðferðir eru notaðar. Þetta er allt frá því að vera upp í 91% af afla sem landað er á árinu 1998–1999 í krókabátum á þorskaflahámarki. En á bátum með aflamarki er þetta einungis 18% árinu 1999. Greinilegt er að það fer mikið eftir útgerðarformum hvernig menn nýta sér eða hvort menn nýta sér að koma með fisk að landi óslægðan eða ekki.

Nú hef ég ekki skoðun á því út af fyrir sig hvort þessir stuðlar séu réttir hvað varðar slægðan fisk. En ég hef hins vegar vitneskju um að það er býsna misjafnt á milli árstíða og svæða hve mikið slóg er í fiskinum og hef satt að segja aldrei getað skilið að menn treystu sér yfirleitt til að hafa þennan hátt á. Satt að segja fyndist mér að það kæmi til greina að skoða einhverja aðra möguleika til þess að meta þessa hluti. Þar gæti alveg komið til greina að auðvitað er hægt að beita svipuðum aðferðum í landi og gert er úti á sjó. Þar er fiskurinn metinn í fullvinnsluskipunum eftir á hve mikill kvóti er á bak við það sem menn unnu. Það er líka hægt að taka á þessu í landi ef menn vilja skoða möguleika til þess því að fiskurinn er allur slægður að lokum. Einhvern tíma í ferlinu er hann slægður. Það mun ekki vera mikið um það að hann sé fluttur úr landi óslægður. Þannig mætti skoða ýmsa möguleika í því. En aðalatriði málsins, og það sem er lagt hér til, er að farið verði yfir þessi mál.

Í umræðum um þetta mál í fyrra kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann taldi að full ástæða væri til að skoða þessi mál, a.m.k. hvað varðar slægða fiskinn, og sagði þá, með leyfi hæstv. forseta, að hann væri sannfærður um að bæta mætti úr þessu og þetta mál hafi legið á borðinu hjá honum um nokkurn tíma en að það væri flókið og hann hefði ekki alveg áttað sig á því hvernig væri rétt að nálgast það.

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi áttað sig á því hvernig eigi að nálgast málið og hvort tillagna sé að vænta frá honum eða hvort hann muni kannski vera tilbúinn að styðja þær tillögur sem hér eru sem eru skynsamlegar að mínu mati. Ég tel að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sé einmitt sá aðili sem gæti best framkvæmt þessa endurskoðun. Hún er að mínu viti afskaplega nauðsynleg og þá læt ég algerlega liggja á milli hluta hvort það verða breytingar eða ekki. Það kann að vera að niðurstaðan verði sú að þær verði litlar. Ég býst samt við því að þær verði einhverjar. En það er á því mikil nauðsyn að menn verði meira sammála um hvort þessar reglur séu sanngjarnar og alveg sérstaklega er ástæða til að fara yfir þetta vegna þeirrar gagnrýni sem hefur verið og er uppi um að sífellt sé verið að flytja meira af aflaheimildum yfir á fullvinnsluskipin á kostnað landvinnslunnar vegna þess að þessar reglur séu ósanngjarnar.

Ég fer svo fram á það, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til sjútvn. að lokinni umræðunni.

[15:16]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er raunverulega um þrjú mál að ræða. Nýtingarstuðlarnir í frystiskipunum eru breytilegir og reiknaðir út miðað við hvert skip. Það mál er til athugunar í þeirri nefnd sem fer von bráðar að skila af sér varðandi samanburð á starfsaðstöðu frystingar á sjó og frystingar í landi.

Annað málið er þorskígildisstuðlarnir. Þeir eru einfaldur reikningur á verðmæti hinna mismunandi tegunda út frá

verðmæti þorsks og ekkert um þá að segja. Þeir eru mælistika sem við notum og óskynsamlegt að breyta mælistikunni.

Hins vegar hafa slægingarstuðlarnir verið á borðinu hjá mér eins og hv. þm. nefndi réttilega. Úttekt var gerð á þeim á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fyrir þremur árum, held ég að ég megi segja, og sú skýrsla sýnir einmitt hversu flókið mál er um að ræða vegna þess að hlutur innyfla er mjög mismunandi eftir árstíðum og landsvæðum. Sá stuðull sem við erum með í dag er nokkurs konar meðaltal. Þetta getur haft áhrif á hvort menn slægja og hvenær menn slægja aflann til að fá sem besta nýtingu á sínum kvóta.

Ég hef ekki séð í hvaða átt ætti að fara til að leita að betri aðferð en við höfum nú þrátt fyrir að ég hafi ígrundað þetta nokkuð. Þar til ég fæ einhverja betri hugmynd um það hvert ætti að fara mun ég ekki leggja til breytingar á slægingarstuðlunum í ljósi þess að til er tiltölulega ný úttekt frá RF um þetta efni og ég tel ekki ástæðu til að biðja þá um nýja úttekt að svo stöddu.

[15:19]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svörin og hvað varðar þessa stuðla í fullvinnsluskipunum tel ég virkilega fagnaðarefni ef þar væri hægt að leggja fram góða vinnu sem gæti sannfært menn um að það sé sanngjarnt að hafa þá þar uppi og er spennandi að sjá hvort þar eru breytingar á ferðinni.

Ég tel reyndar að það eigi að fara yfir þetta mál í heildina og það væri hið besta mál að það yrði gert. Það gæti leitt til þess að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að þessir slægingarstuðlar ættu að vera mismunandi. Ég sé ekki að það væri neitt að því. Ég tel að ráðuneytið ætti jafnvel að hafa þann háttinn á að ráðuneytið gæfi út reglugerðir vegna slægingarstuðla, kannski mismunandi eftir svæðum og árstíðum og það er ekkert að því. Það er mjög óeðlilegt að menn séu að spila á þetta út frá því hvort það kemur þeim vel vegna einhvers meðaltals sem menn reikna yfir allt landið og getur verið býsna óhagstætt fyrir suma sem mundi kannski henta að landa fiski óslægðum en gætu ekki gert það vegna þess að það kemur svo óhagstætt út. Auðvitað eru menn alltaf að horfa á veiðiheimildir sínar og eru að nýta þær að fullu. Þannig hugsa allir sem eru í útgerð og vinna undir þessu kerfi og það er eðlilegt. Þetta getur verið ósanngjarnt og valdið því að menn geti ekki valið þær aðferðir við veiðarnar sem eðlilegt væri að þeir gerðu.

[15:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nánast sé útilokað vegna eftirlitsþáttarins að vera með mismunandi slægingarstuðla eftir landshlutum. Hins vegar væri mögulegt að hafa mismunandi slægingarstuðla eftir árstíðum en það hefur líka erfiðleika í för með sér og snýst þá m.a. um það á hvaða formi úthlutunin á afla er. En auðvitað er ekkert í því sem ekki má breyta.

Ég hef ekki séð, a.m.k. sem komið er, að breytingar í þessa veru mundu raunverulega gera stöðuna eitthvað betri en hún er í dag. Það væri enn þá um að ræða að menn væru með meðaltöl og ég þarf talsvert betri rökstuðning en ég hef fengið hingað til til þess að telja ástæðu til að leggja þetta til.

[15:22]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er reyndar á annarri skoðun en hæstv. ráðherra hvað það varðar. Ég held að það sé ekkert mjög flókið mál að hafa mismunandi slægingarstuðla eftir árstímum og jafnvel eftir svæðum. Það liggur alveg fyrir hvar menn landa aflanum. Það liggur alveg fyrir á hvaða tíma það er gert. Það liggur alveg fyrir hvort það var slægt eða óslægt sem kom að landi. Þetta er ekki mjög flókið mál því að allar þessar tölulegu upplýsingar koma til Fiskistofu. Að mínu viti er hægðarleikur hjá þeim að koma saman fyrir hádegi í tölvukerfum sínum einhvers konar vöktun á þá hluti sem gæti alveg reiknað út hvað hver hefur fengið í sinn hlut eða hvað hann eigi að leggja mikinn kvóta á móti því sem hann hefur veitt. Það kann þó vel að vera að þarna séu einhver vandkvæði sem ég hef ekki áttað mig á. Ég tel hins vegar að þetta sé mál sem þurfi að fara yfir og menn þurfi að gera þessa hluti býsna nákvæmt vegna þess að þetta kerfi gerir aflaheimildirnar svo óskaplega verðmætar. Það er það sem veldur því að menn eru þá að breyta háttum sínum vegna kerfisins en ekki vegna þess hvað hentar þeim og væri eðlilegt að þeir gerðu.

Þess vegna finnst mér að það eigi að fara yfir þetta. Ég fagna því hins vegar, sem er aðalatriði málsins, að endurskoðunin á stuðlunum hvað varðar veiðar fullvinnsluskipanna er á leiðinni. Ég vona sannarlega að það verði þá meiri friður um þá stuðla þegar fyrir liggur hvað kemur út úr þeirri skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, fyrri umr.

Þáltill. MS o.fl., 103. mál. — Þskj. 103.

[15:24]

Flm. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál., sem er á þskj. 103, um mat á áhrifum lögfestingar stjfrv. á byggða- og atvinnuþróun. Flutningsmenn tillögunnar, auk þess sem hér stendur, eru hv. alþm. Einar K. Guðfinnsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Gísli S. Einarsson og Árni Steinar Jóhannsson.

Tillagan var áður lögð fram á 123. löggjafarþingi en var ekki rædd. Tillagan er nú flutt á ný með smávægilegum breytingum.

Herra forseti. Eins og allir vita hefur þróun byggða og búsetu í landinu verið á þann veg undanfarin ár að þúsundum fleiri einstaklingar hafa flutt búferlum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en til landsbyggðarinnar. Sú þróun hefur haft í för með sér margvíslegar breytingar í þjóðfélagi okkar og því hafa fylgt ýmiss konar vandamál sem munu að líkindum verða mun meiri og erfiðari úrlausnar í framtíðinni ef hún heldur áfram. Afleiðingar hennar birtust okkur í ýmsum myndum. Mikil verðmætasóun á sér stað víða á landsbyggðinni vegna fólksfækkunar á stórum svæðum og mikill byggðavandi birtist okkur á höfuðborgarsvæðinu, nefnilega þannig að ráðast þarf í gríðarlegar fjárfrekar framkvæmdir og uppbyggingu á mörgum sviðum til að mæta fólksfjölgun á þessu afmarkaða svæði.

Byggðaþróun hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf víða á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu en einnig má leiða rök að því að breytingar á atvinnulífi hafi haft áhrif til byggðaþróunar undanfarinna ára. Þessu öllu saman fylgir mikil félagsleg röskun. Er nú svo komið á ákveðnum

landsvæðum að félagsleg staða íbúanna er farin að valda ákveðnum vanda vegna mikillar fækkunar fólks að undanförnu.

Mikið hefur verið fjallað um hvað veldur þessari þróun og margt hefur verið dregið fram í því sambandi eins og umræður um byggðamál bera vitni á síðustu árum. Ljóst má vera að lögfesting einstakra lagafrumvarpa á Alþingi getur haft bein og óbein áhrif á þróun byggðar og atvinnulífs í landinu til lengri og skemmri tíma. Sem dæmi um þetta má nefna að fjárlög hvers árs eru stefnumótandi um það hvernig ráðstafa eigi fjármunum ríkissjóðs í hina ýmsu málaflokka. Ákvæði fjárlaga um útgjöld í einstökum málaflokkum geta haft einföld og bein áhrif á byggðaþróun jafnt til lengri sem skemmri tíma. Þannig geta fjárlög stuðlað að sterkari stöðu byggðanna á sama hátt og áhrif fjárlaga geta orðið til að veikja byggðirnar.

Lögfesting stjfrv. í einstökum málaflokkum hefur einnig haft bein áhrif á þróun byggða. Nefna má einstaka málaflokka í því sambandi en því má halda fram að þetta eigi við um nánast alla málaflokka. Því er afar mikilvægt að mat á áhrifum lagasetningar á byggða- og atvinnuþróun liggi fyrir bæði þegar frumvörp eru unnin og eins við umfjöllun Alþingis um þau.

Eins og þingheimur þekkir eru stjórnarfrumvörp unnin að frumkvæði ráðuneyta. Oft koma viðkomandi hagsmunaaðilar að vinnslu mála að einhverju leyti. Pólitískir samherjar hafa samráð um málin og í einstaka tilfellum koma almennir þingmenn að vinnslu frumvarpanna. Áður en lokið er við að vinna stjfrv. gefur fjmrn. umsögn um áhrif viðkomandi frumvarpa á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Á sama hátt hlýtur að vera nauðsynlegt að skoðað sé hvaða áhrif lögfesting frumvarpa getur haft á byggða- og atvinnuþróun, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem verið hefur í þeim málum og þeirrar stöðu sem við blasir.

Þegar mótuð er stefna um ákvæði frumvarpa á fyrstu stigum vinnslu þeirra er mikilvægt að þeir sem að þeirri vinnu koma geri sér sem besta grein fyrir áhrifum þeirra eftir að frumvörp verða að lögum. Færa má rök fyrir því og eflaust nefna til dæmi um að hagsmunir íbúa og atvinnulífs á landsbyggðinni hafi verið látnir víkja fyrir öðrum hagsmunum, jafnvel án þess að þeir sem vinna að málinu geri sér grein fyrir því. Í því sambandi má nefna fjárhagslega hagsmuni í tengslum við útgjöld ríkissjóðs sem lúta tölulegum lögmálum en í slíkum tilvikum skortir oft á að hugað sé að heildarhagsmunum til lengri tíma litið. Við slíkar aðstæður er líklegt að áhrif lagasetningar hafi orðið til að ýta undir byggða- og atvinnuþróun undanfarinna ára.

Einnig má nefna sem dæmi að þegar unnið er að smíði frumvarpa sem fela í sér stofnun nýrra stofnana eða ný störf er mikilvægt að hugað sé að staðsetningu þeirra. Leiða má líkur að því að a.m.k. til skamms tíma hafi nánast verið litið á það sem sjálfgefið að slík starfsemi væri staðsett á höfuðborgarsvæðinu eftir lögfestingu viðkomandi frumvarpa. Stjórnsýslan og framkvæmdarvaldið hefur að langmestu leyti aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn þess og embættismenn eru langflestir búsettir á því svæði og hafa margir hverjir takmarkaðan skilning á aðstæðum og hagsmunum landsbyggðarinnar. Þessir aðilar ráða miklu um útfærslu lagafrumvarpa, hafa hagsmuni landsbyggðarinnar kannski ekki efst í huga við frumvarpsgerðina eða þegar þeir fjalla um ýmis atriði á sviði framkvæmdarvaldsins. Ekki skal fullyrt að þetta sé algengt en líklegt er að svona hafi málum oft verið háttað.

Nú kann einhver að spyrja að því hvort með framansögðu sé verið að skella allri ábyrgð á áhrifum lagasetningar á embættismenn og starfsmenn framkvæmdarvaldsins og þeir beri ábyrgð á byggðaþróun sem orðið hefur þess vegna. Svo er ekki. Pólitískir ráðamenn og ráðherrar viðkomandi ráðuneyta bera að sjálfsögðu pólitíska ábyrgð. Hins vegar er verið að ítreka mikilvægi þess að þeir sem vinna að smíði frumvarpanna hugi að þessum málum og geri sér sem best grein fyrir áhrifum þeirrar vinnu.

Herra forseti. Þegar meta á afleiðingar lögfestingar lagafrv. á byggða- og atvinnuþróun í landinu má telja eðlilegt að Byggðastofnun sé falin sú vinna. Starfsmenn stofnunarinnar búa yfir alhliða þekkingu á málefnum og hagsmunum landsbyggðarinnar og í reynd landsins í heild og því má telja rökrétt að Byggðastofnun fái þau verkefni að leggja mat á þessi áhrif.

Herra forseti. Að lokinni fyrri umr. um þessa þáltill. legg ég til að henni verði vísað til iðnn. sem fjallar um byggðamál.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að sú till. til þál. sem hér var mælt fyrir af hv. þm. Magnúsi Stefánssyni sé mjög af hinu góða og hefði í raun löngu átt að vera búið að velta upp þessu sjónarmiði, að við samningu löggjafar skuli leggja mat á það hvaða áhrif hún hafi á byggð og byggðaþróun og atvinnuþróun í landinu.

Við höfum hér í dag m.a. rætt ýmislegt sem snýr að sjávarútvegi, eftirliti og eftirlitsstörfum. Það eru ekkert mörg ár síðan Fiskistofa var stofnuð. En starfsemi hennar var sett niður í Reykjavík þó að mikið af störfunum sé unnið vítt og breitt úti um land og á fiskimiðunum og sennilega minnst af þeim við höfuðborgina.

Ég held að það mál sem hér er hreyft sé ákaflega þarft og ég held að það sé réttur vettvangur að láta Byggðastofnun leggja mat á hvort fyrirhuguð lagasetning hafi áhrif á byggðirnar og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Ég hef a.m.k. skilið umræður svo í hv. Alþingi að flestallir þingmenn sem tjáð sig hafa um byggðaþróunina og flutning fólks af landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorninu séu því hlynntir að slík þróun verði stöðvuð og helst snúið við.

Vandamálin sem hafa fylgt hinum öru fólksflutningum hafa ekki bara orðið til úti á landsbyggðinni. Þau hafa líka orðið til í ákveðinni þenslu á höfuðborgarsvæðinu. En það má samt sem áður segja um svæði sem er að taka við fólki og fólk sem er að koma inn á svæði og veldur þar uppbyggingu og þenslu, að áhrifin séu þó frekar í jákvæða átt fyrir það svæði þó svo að vissulega sé hægt að finna því mörg rök að sá öri fólksflutningur sem hefur verið inn á Reykjavíkursvæðið sé farinn að valda miklum erfiðleikum í borginni, m.a. í samgöngukerfinu.

En þróunin er miklu sárari fyrir byggðir landsins þaðan sem fólkið fer, skilur eftir oft eignir verðlitlar, þaðan sem fólki fækkar. Sveitarfélögin sitja eftir með samdráttinn og tekjutapið og menn sjá ekki þá festu og það öryggi sem þeir vilja hafa við búsetu sína.

Ég held að stór hluti af áhrifum löggjafar hér á landi á undanförnum árum hafi einmitt snúið að þessari öryggistilfinningu fólksins, að fólk viti að þeir atvinnuhættir sem byggðirnar hafa byggst á á undanförnum árum og áratugum

séu til staðar en séu ekki háðir duttlungum þeirra sem með fara, þ.e. hvort atvinnurétturinn fer í næsta mánuði eða á næsta ári. Þetta hefur orðið til þess að jafnvel fólk sem hefur ekki verið að hugsa sér til hreyfings af landsbyggðinni hefur skyndilega farið að velta því fyrir sér eða taka ákvörðun um að það væri sennilega rétt að selja og koma sér í burtu áður en atvinnutækifærunum fækkar.

Þetta hefur einkanlega tengst stefnunni í sjávarútvegsmálum sem ég ætla að leyfa mér að kalla eyðibyggðastefnu eins og hún hefur verið útfærð. Hún hefur valdið því að mikil röskun hefur orðið á undirstöðu byggðanna og það er sama hversu vel við reynum að standa að verki við að koma inn með ný atvinnutækifæri. Það verður ákaflega erfitt að fara inn í sjávarútvegsþorp með svo mörg atvinnutækifæri þegar t.d. útgerð fimm fiskiskipa er hætt á einu bretti og allar aflaheimildir þeirra hverfa burtu, öll atvinnutækifæri sem þeirri umsetningu fylgdi. Þá verður erfittt að bæta það með tiltölulega fáum störfum sem ekki hafa þau margfeldisáhrif sem störf í sjávarútvegi hafa.

Þetta vildi ég sagt hafa um þetta mál og lýsi því einfaldlega yfir að þetta mál munum við styðja í Frjálslynda flokknum og ég tel til mikilla bóta að það verði skoðað gaumgæfilega hvernig áhrif af lagasetningu koma að byggð og atvinnuþróun í landinu.

[15:36]

Flm. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessa umræðu. En ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir jákvæð viðbrögð við þeirri tillögu sem hér var mælt fyrir og þykir mér vænt um að heyra að Frjálslyndi flokkurinn muni styðja hana.

Það er í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem ég fór yfir í framsögu minni. Hv. þm. Guðjón Kristjánsson fór yfir nokkur atriði sem þessu tengjast og ég get svo sem tekið undir flest af því. Hann nefndi sjávarútvegsmálin og hefur kallað það eyðibyggðastefnu. Ég vil ekki alveg taka undir þá nafngift. En auðvitað er því ekki að neita að þróunin í sjávarútvegi á mörgum síðustu árum — það má færa rök fyrir því að hún hafi ýtt undir byggðaþróunina að einhverju leyti þó svo að ég sé ekki alveg tilbúinn að samþykkja að kvótakerfið sem slíkt hafi valdið því. Það hefur verið mikil þróun í sjávarútvegi og við getum ekki útilokað að þróunin hefði að einhverju leyti getað orðið önnur ef við hefðum búið við öðruvísi fiskveiðistjórnarkerfi. Það er ekki hægt að fullyrða um það.

Herra forseti. Ég ítreka þakkir fyrir jákvæð viðbrögð við þessu máli af hálfu hv. þm.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins um eitt atriði sem hv. þm. Magnús Stefánsson vék að áðan. Það er auðvitað erfitt að fullyrða hver þróunin hefði verið hefðum við verið með öðruvísi stýrikerfi í fiskveiðunum. Ég tek undir það sjónarmið. En við getum einfaldlega ekki dregið aðrar ályktanir en af því kerfi sem við höfum í höndunum. Eins og hann réttilega gat um telur hann að kerfið sem slíkt hafi ákveðin áhrif, jafnvel til þess að fækka í byggðum eða myndi ákveðið óöryggi. Það er einfaldlega það sem ég held að fylgi þessu fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Við getum ekki dregið af því ályktanir hvernig ástandið væri ef við hefðum verið með annað kerfi í höndunum og unnið eftir því á undanförnum árum. Þetta höfum við haft og af því hljótum við að draga ályktanir. Það er það sem við getum byggt á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, fyrri umr.

Þáltill. PM, 105. mál. — Þskj. 105.

[15:39]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga. Tillagan er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að beita sér fyrir endurskoðun reglna um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn þannig að öll börn undir sjálfræðisaldri fái endurgreiddan hluta kostnaðar sjónglerja og linsa."

Í gildandi reglum um þetta efni er kveðið á um að endurgreiðslur séu háðar því skilyrði að umsókn komi frá lækni. Endurgreiðslur koma því aðeins til greina að barn eigi við ákveðna augnsjúkdóma að stríða eða skilgreind sjónvandamál. Þannig er ekki um almennan fjárhagsstuðning vegna gleraugnakaupa að ræða heldur styrk vegna læknismeðferðar. Þau börn sem þurfa gleraugu til að koma í veg fyrir starfræna sjóndepru fá styrk, en nærsýn börn fá til að mynda enga styrki.

Á síðasta ári bárust Sjónstöð Íslands 1.556 umsóknir um endurgreiðslu sjónglerja og linsa. Kostnaður stofnunarinnar af þessu verkefni nam á síðasta ári um 12 millj. kr. að því er fram kemur í ársskýrslu hennar. Þrátt fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár hafa 16 og 17 ára börn ekki notið endurgreiðslna vegna sjónglerjakaupa. Sjón er í mótun til 12 ára aldurs og því kemur sú meginregla að styrkir séu einungis veittir í lækningaskyni í veg fyrir það.

Að hámarki er hverju barni veittur einn styrkur á 12 mánaða tímabili. Í flestum tilfellum dugir það, nema hjá yngstu börnunum þar sem vöxtur er hraðari en svo að ein gleraugu dugi þann tíma. Þetta þyrfti að endurskoða. Um 50–60% kostnaðar við kaup á sjónglerjum og linsum eru endurgreidd. Um fastar upphæðir er að ræða sem taka mið af eðli og gerð glerjanna.

Það gengur ekkert barn með sjóngler nema af illri nauðsyn, hvort sem sjónglerið er liður í læknismeðferð eða ekki. Kostnaður foreldra getur verið umtalsverður. Meðalgreiðslur Sjónstöðvar Íslands á síðasta ári námu 7.503 kr. en meðalaldur barna sem styrk hlutu var 11,6 ár. Ætla má að sjóngler barna endist mun skemur en fullorðinna, bæði vegna álags í leik þeirra og ekki síður vegna uppvaxtar.

Eins og kunnugt er taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði vegna almennra tannlækninga barna að 17 ára aldri. Auk öflugra forvarna sem Tryggingastofnun veitir greiða sjúkratryggingar 75% kostnaðar við almennar tannlækningar allra barna og unglinga 17 ára og yngri. Heyrnar- og talmeinastöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1980, sér um úthlutun og viðhald heyrnartækja. Öll heyrnarskert börn sem hafa not af heyrnartækjum fá heyrnartæki og rafhlöður ókeypis til allt að 18 ára aldurs. Með hliðsjón af þátttöku ríkisins í tannlækningum barna og stuðningi þess við kaup á heyrnartækjum byggist sú hugmynd á sanngirni að stuðningur við

kaup á sjónglerjum og linsum fyrir börn verði aukin og að hans njóti í framtíðinni öll börn án tillits til eðlis sjóngalla.

Herra forseti. Ég óska eftir því að tillögunni verði vísað til hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu.

[15:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel ákaflega mikilvægt að afla því máli stuðnings sem efni þessarar þáltill. felur í sér og því vil ég þakka flutningsmanni fyrir það og það viðhorf sem fram kemur í þessari þáltill.

Ég tel þó ástæðu til að vekja athygli á því að það er ekki í fyrsta sinn sem þetta mál kemur til þingsins. Það var flutt á 122. löggjafarþingi fyrir fjórum árum. Þá flutti ég það í frumvarpsformi ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Þar var um að ræða breytingu á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra þar sem efnisatriði þessarar þáltill. eru sett í frumvarpsbúning.

Ég tel ákaflega virðingarvert af varaþingmönnum sem koma hér inn í stuttan tíma að flytja slíkar þáltill. En ég tel að þingið sjálft eigi eins og kostur er að reyna að hafa frumkvæði að frumvarpsflutningi um það efni sem það telur brýnt að löggjafinn setji lög um. Ég segi það vegna þess að ég tel brýnt að löggjafarvaldið sýni styrk sinn gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þess vegna vildi ég vekja athygli á því að það er tilbúið frv. í þingsölum um efni þáltill., en það var líka flutt á síðasta þingi og hefur nú verið endurflutt.

Það er alveg rétt sem fram kemur í þessari þáltill. og rakið er í ítarlegu máli í grg. sem ég hef flutt með því frv. sem liggur fyrir, að með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Það er rétt hjá hv. þm. að nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök starfrænnar sjóndepru. Eins er mikill mismunur á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp eftir því hvort í hlut eiga sjónskertir eða heyrnarskertir. Eins og hv. þm. tók dæmi um og einnig kemur fram í frv. mínu þá er þátttaka ríkisins einnig töluverð vegna tannlæknakostnaðar. Þannig stendur þetta mál eftir og engin ástæða til þess að mismuna í því efni, heyrnarskertir fá töluverða aðstoð frá ríkinu sem vissulega er eðlilegt og nauðsynlegt en það þarf að rétta hlut sjónskertra.

Það hamlar að miklu leyti og getur valdið börnum ýmsum félagslegum óþægindum að búa við sjóndepru, svo sem í skólagöngu og fleiri félagslegum þáttum. Því er full ástæða til þess að hið opinbera taki þátt í að bæta þar úr líkt og hjá heyrnarskertum.

Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hve dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börn, komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Þannig mæla öll rök með þessu. Ég vil vekja athygli á því að það er ekki gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnarskerðing stafar eins og raunin virðist varðandi sjónskerðingu.

Ég vil líka nefna að samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár og nærsýnum fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Ég hef látið gera úttekt á kostnaði við það fyrirkomulag sem mælt er með í þáltill. Í frv. mínu kemur fram ítarlegt kostnaðarmat á þeirri leið sem hv. þm. leggur til en lögfesting frv. mundi kosta ríkið um 50 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru, þ.e. um sjón þessa hóps og meðalkostnað við endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með 12–15% barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru um 7.300 kr. Börn undir 18 ára aldri eru 80 þús. og samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu. Af þeim fá nú þegar um 1.300 endurgreiðslur af læknifræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 80 millj. árlega miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári og miðað við það sem þegar er greitt af tryggingunum þá yrðu viðbótarútgjöld um 50 millj. kr. árlega.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umræðu. Ég þakka líka, þar sem frv. mitt hefur verið flutt áður á tveimur þingum eða alveg frá því fyrir fjórum árum síðan, þann stuðning sem fram kemur hjá hv. þm. og þykist viss um að hann hefur þá borið þetta mál upp í Framsfl. Ég geri ráð fyrir því að þetta mál hafi þá fullan stuðning þar og ítreka að það er eðlilegra, sé vilji og meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að bæta réttindi barna sem þurfa á gleraugum að halda, að samþykkja frv. bæði vegna þess að Alþingi á að hafa frumkvæði í lagasetningu og eins mundi það flýta fyrir því að málið kæmist til framkvæmda.

[15:50]

Flm. (Páll Magnússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur undirtektirnar. Þær komu auðvitað ekki á óvart í ljósi þess að hún hefur, eins og hún kom inn á í ræðu sinni, flutt frv. til laga í anda þessarar þáltill. Ég hafði ekki séð efni þeirra frv. þegar ég lagði þessa þáltill. fram en sá frv. þegar það kom inn í þingið í vikunni. Ég fagna því að sjálfsögðu og get í sjálfu sér tekið undir orð hv. þm. um frumkvæði þingsins til setningu laga og framlagningu frv. Ég get auðvitað lýst stuðningi við þetta frv. eða efni þess eins og það liggur hér fyrir en því miður get ég líklega ekki tekið þátt í afgreiðslu þess þar sem ég fer af þingi eftir þennan þingdag.

Ég hef ekki meira um málið að segja að sinni en ítreka að ég tek undir orð þingmannsins um að þingið haldi frumkvæði í lagasetningu og afgreiði því frv.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til að fagna þessari till. til þál. frá hv. þm. Páli Magnússyni. Ég ætlaði einmitt að benda honum á frv. til laga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að og við höfum flutt í tvígang áður á þinginu.

Þessi mál hafa þó nokkuð oft komið til umræðu, málefni þeirra barna sem bera mikinn kostnað af því að þau þurfa að nota gleraugu. Við vitum að oftar en ekki er það ættgengt og fleiri en eitt barn í fjölskyldu notar gleraugu. Þetta eru mikil útgjöld fyrir þær fjölskyldur sem eiga börn sem þurfa gleraugu. Lítil börn brjóta líka oft gleraugu sín og þurfa kannski mörg gleraugu á ári. Það er mjög óréttlátt hvernig almannatryggingakerfið kemur til móts við þessa foreldra.

Hér við þessa umræðu hefur verið bent á stuðning við þá sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir og alls konar stuðningur er veittur vegna ýmissa fatlana. En börn sem þurfa á gleraugum að halda fá ekki sama stuðning.

Ég vil líka benda á að almannatryggingar, t.d. í Danmörku, styðja ekki bara börn heldur fleiri sem þurfa á gleraugum að

halda. Þar veitir kerfið ákveðinn stuðning, ekki aðeins við sjóngler heldur einnig við gleraugnaumgjarðir þannig að full ástæða er til þess að þetta verði endurskoðað. Við höfum þess vegna ítrekað lagt til að ríkið taki þátt í kostnaði við gleraugnakaup.

Mig langaði aðeins, herra forseti, til að spyrja hv. þm. Pál Magnússon um afstöðu hans til þess að almannatryggingarnar tækju þátt í kostnaði vegna aðgerða til að laga sjóndepru. Nú er hægt að fara í aðgerð sem lagar sjóndepru þannig að menn geta gengið gleraugnalausir á eftir. Þetta eru dýrar aðgerðir, kosta um 250 þús. kr. á hvort auga. En þeir sem gangast undir aðgerðina þurfa hins vegar ekki á gleraugum að halda eftir það. Mér þætti fróðlegt að heyra afstöðu hans til greiðsluþátttöku vegna slíkra aðgerða.

Ég vil sérstaklega, herra forseti, fagna því að þessi þáltill. er komin frá þingmanni Framsfl. Ég geri ráð fyrir að vilji sé fyrir því í Framsfl. að farið verði í að taka þátt í þessum kostnaði. Ég mun sannarlega leggja mitt lóð á vogarskálarnar í hv. heilbr.- og trn. þegar þetta mál kemur þangað. Þegar frv. hv. þm. Samfylkingarinnar um sama mál kemur inn í nefndina þá fæst það væntanlega samþykkt og afgreitt úr nefndinni því að ég get ekki séð annað en meirihlutavilji hljóti að vera fyrir því í þinginu.

[15:55]

Flm. (Páll Magnússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra spurninga sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir beindi til mín vil ég segja að skoðun mín er að Tryggingastofnun hljóti að taka þátt í kostnaði við aðgerðir vegna lækninga á sjóndepru þegar óyggjandi er að það leiði til árangurs. Kannski er það það sem beðið er eftir. Aðgerðir sem þessar eru auðvitað enn þá í þróun og enn að komast á það stig að vísindalegar forsendur séu öruggar fyrir því að þarna sé um læknismeðferð sem dugar að ræða. Ég held að lög um réttindi sjúklinga og heilbrigðislög tryggi í raun að þegar það liggur fyrir þá muni ríkið taka þátt í niðurgreiðslu slíkra aðgerða.

[15:56]

Útbýting þingskjala:

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 164. mál, fsp. JóhS, þskj. 166.

Fjarskipti, 159. mál, frv. LB o.fl., þskj. 161.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, 158. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 160.

Hagræðing í viðskiptabönkum, 167. mál, fsp. JóhS, þskj. 169.

Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, 155. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 155.

Jafnréttisráð, 168. mál, fsp. HólmS, þskj. 170.

Rekstrarstöðvanir fyrirtækja af völdum náttúruhamfara, 163. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 165.

Ríkisábyrgðir, 165. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 167.

Sjálfsábyrgð á fasteignum vegna tjóns, 162. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 164.

Umsvif Ríkisútvarpsins á netinu, 161. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 163.

Þingvallabærinn, 169. mál, fsp. RG, þskj. 172.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 77. mál (framlög til menningarmála o.fl.). — Þskj. 77.

[15:58]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 77 flyt ég frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Tilgangur frv. er að efla menningu, kvikmyndagerð og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Við getum tekið dæmi: Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frv. draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þessi aðferð hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi. Flutningsmenn telja brýnt að sú aðferð að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis en frv. felur ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í frv. er fjallað um að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi.

Með vísindastarfsemi er átt við starfsemi innan æðri menntastofnana, t.d. mundu framlög fyrir tæki til eflingar rannsóknum og kennslu innan háskóla falla undir þetta frv.

Flutningsmenn telja brýnt að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og um framlög til annarrar menningarmálastarfsemi. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að mati flutningsmanna að nýta sér þá frádráttarmöguleika sem frv. gerir ráð fyrir.

Einnig má benda á, herra forseti, að ríkisvaldið fær til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu, en það hefur verið skoðað, herra forseti, að tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 400 millj. kr. á ári eða álíka upphæð og varið hefur verið í Kvikmyndasjóð.

Kvikmyndagerð getur þannig orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur og eins og menn þekkja, herra forseti, hafa íslenskir kvikmyndagerðarmenn oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Þess vegna er brýnt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frv. mundi leiða til. Benda má á, herra forseti, að sú aðferð sem hér er lögð til hefur víða verið reynd erlendis með góðum árangri.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að samþykkt frv. mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist, myndlist og starfsemi safna, en allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frv.

Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi

fyrirtæki og aukin tengsl milli atvinnulífs og menningar- og vísindaheims eru af hinu góða.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, en stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frv. gerir ráð fyrir.

Á 121. löggjafarþingi var eldri útgáfa frv. send til umsagnaraðila og fékk hún þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkja vel til mála. Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð. Þannig *er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í* frv. leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 78. mál (tryggingaráð). — Þskj. 78.

[16:03]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 78 hef ég leyft mér að flytja frv. til *laga um breyting á lögum um almannatryggingar ásamt þeim* hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Frv. gerir ráð fyrir að í grein laga um tryggingaráð komi tveir nýir málsliðir sem orðast svo:

„Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara."

Frv. er einfalt í útfærslu, en með samþykkt þess er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og viðskiptavina stofnunarinnar og því er eðlilegt að mati flutningsmanna að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð þannig skipað að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara en verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingarorlofi, og að sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á margvíslegum þáttum í starfsemi Tryggingastofnunar.

Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt, herra forseti, að mati okkar þingmanna Samfylkingarinnar að sjónarmið eldri borgara og öryrkja komist skýrt til skila í starfsemi stofnunarinnar og því er þetta frv. lagt fram.

Undanfarin ár hefur það verið áberandi í opinberri umræðu að ekki hefur verið hlustað af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmálamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi og það að hlutirnir eru ekki reknir í sátt við þessa hópa sjáum við m.a. á endurteknum mótamælaaðgerðum þessara þjóðfélagsborgara.

Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Starfrækt eru ein 45 félög eldri borgara víðs vegar um landið. Stærst *þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, en* þessi félög starfa innan heildarsamtakanna Landssamband eldri borgara. Aðgerðahópur aldraðra er mjög virkur hópur eldri borgara sem hefur starfað undanfarin missiri. Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Og það má dæma um samfélagið, herra forseti, hve vel því gengur að uppfylla þá kröfu. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkst. Þess vegna, herra forseti, er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála eins og lagt er til í frv. Þess má geta, herra forseti, að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum um svipað efni, þ.e. að fjölga í tryggingaráði, og má þar nefna Karl Steinar *Guðnason, fyrrv. þingmann* Alþfl., og hv. þm. *Kristin H.* Gunnarsson.

Ef frv. verður að lögum yrði tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frv. er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa og annan til vara og jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa og annan til vara.

Frumvarp þetta, herra forseti, var lagt fram á 122. þingi og var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar og fékk einstaklega góðar umsagnir allra þeirra sem að málum hafa komið, hvort sem þeir voru starfandi í félögum eldri borgara eða á öðrum vettvangi. Flutningsmenn, herra forseti, eru þess fullvissir að lögfesting frv. yrði mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

Að svo mæltu, herra forseti, og að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frumvarpið sem hv. þm. Ágúst Einarsson flytur hér í þriðja sinn kom eins og segir í grg. til heilbr.- og trn. eftir umræðu á 122. þingi og var þá sent út til umsagnar. Eins og sést í grg. fékk þetta þingmál mjög jákvæðar umsagnir. Það eina sem virtist eitthvað hamla því að málið færi til samþykktar var að á þeim tíma var tryggingaráð með verkefni sem mönnum þótti kannski ekki eðlilegt að þessir hópar kæmu að, en það var þá úrskurðaraðili í kærumálum.

Frá því að þetta frv. kom fram síðast hefur orðið breyting á almannatryggingunum þannig að nú hefur verið sett á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd. Það ætti ekkert að koma í veg fyrir að þetta frv. nái fram að ganga. Það er sanngirnismál að

þessir hópar, sem eru stærstu viðskiptavinir Tryggingastofnunar, fái fulltrúa sína í yfirstjórn stofnunarinnar og sjónarmið þeirra fái þar að heyrast því að eins og hv. þm. Ágúst Einarsson kom að hér í máli sínu eru verkefni tryggingaráðs fjölþætt. Þar eru einnig settar ýmsar vinnureglur og farið yfir ýmsar aðrar reglur sem farið er eftir í stofnuninni og það er mjög mikilvægt að fulltrúar bæði aldraða og öryrkja komi að þeirri reglusetningu. Oftar en ekki hefur orðið ágreiningur um slíka reglusetningu þegar ekki hefur verið leitað til þessara hópa. Það er því full ástæða til að þeir fái þarna fulltrúa.

Herra forseti. Ég vil taka undir efni frv., enda er ég einn af flutningsmönnum þess og vonast til að hv. heilbr.- og trn. afgreiði málið til þingsins. Það er orðið ansi hvimleitt að aldraðir og öryrkjar þurfi sífellt að vera að minna á rétt sinn og kjör í samfélaginu og að mínu áliti, herra forseti, tel ég það lágmark að þeir fái a.m.k. þá réttarbót að eiga fulltrúa sína í yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

[16:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög góðu máli sem felst í því að þeir sem eru notendur eða viðskiptamenn Tryggingastofnunar hafi einhver áhrif í stjórn þeirrar stofnunar. Þetta er sambærilegt mál og það sem ég hef lagt til varðandi lífeyrissjóði, að sjóðfélagar lífeyrissjóða komi að stjórn þeirra stofnana sem eru að mínu mati eign sjóðfélaganna.

Þannig er að fá lög eru með jafnmikið af heimildum til stjórnar og lögin um almannatryggingar. Þau eru morandi í heimildum. Þetta eru varla lög, þetta er bara rammi og stjórn Tryggingastofnunar þarf að fylla út í þennan ramma alla daga. Þetta er til vansa. Svona á þetta ekki að vera. Lögin eiga að vera miklu skýrari, en þau eru það ekki. Afleiðingin af því er að stjórn Tryggingastofnunar er að leggja pólitíska línu alla daga í því hvernig bætur eigi að greiða. Afleiðingin af því er svo aftur að fólk veit ekki um rétt sinn, fær ekki rétt sinn og stundum hefur komið fyrir að það hafi verið úrskurðað rangt, því miður, sem er afskaplega slæmt fyrir fólkið sem er viðskiptamenn þessarar stofnunar, gamalt fólk og öryrkja, oft og tíðum fólk sem ekki getur varið sig.

Ég tel því mjög mikilvægt að þessir aðilar fái fulltrúa í stjórn. Ég hefði reyndar talið heppilegra ef því væri við komið að allir öryrkjar og allir aldraðir eða allir sem eru á lífeyrisbótum gætu kosið þá fulltrúa, en það er sennilega of þunglamalegt þó að það sé vel mögulegt í dag á tímum netsins og nýrrar tækni. Ég fellst því á það að landssamtök öryrkja og aldraðra kjósi þessa menn.

Ég vil endurtaka, herra forseti, að ég styð þetta og tel þetta jafnmikla réttarbót og að sjóðfélagar lífeyrissjóða fái að kjósa stjórnir í sína sjóði.

[16:14]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég vil einungis í lok umræðunnar þakka þeim hv. þm. sem hafa tjáð sig um málið. Ens og kom fram í máli hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur má segja að eðlilegri forsendur séu til að málið nái fram að ganga núna en var fyrir tveimur árum eða svo. Það reynir þá á hinn pólitíska vilja meiri hlutans á hinu háa Alþingi, hvort menn telji að þessi réttarbót nái fram að ganga. Ég treysti því að hv. heilbr.- og trn. láti reyna á það og reyni þá frekar að láta málið koma til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu í þingsölum en láta málið daga uppi. Málið er einfalt. Það er ekki flókið mál að fjölga í tryggingaráði um tvo. Og ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir stuðning við málið. Ég veit ekki hvort sú afstaða þýðir að þar með sé Sjálfstfl. á móti málinu, en það er kannski ekki rétt, herra forseti, að hafa í flimtingum eins alvarlegt mál og hér er heldur þakka það sem vel er gert. Hv. þm. rökstuddi líka efnislega vel af hverju hann teldi frv. vera til bóta.

Ég legg að lokum áherslu á það enn og aftur, herra forseti, að þingið sem slíkt, og vil beina því til forseta, á að hlutast til um að svona mál, einföld og skýr mál, sem menn geta reyndar haft mismunandi skoðanir á pólitískt, komi aftur úr nefndum og komi þá til atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnishæf menntun og ný stefna í kjaramálum kennara, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 92. mál. — Þskj. 92.

[16:16]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 92 sem ég flyt ásamt sjö öðrum hv. þm. úr þingflokki Samfylkingarinnar. Tillagan fjallar um samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara og hún snýst um að Alþingi álykti að kjósa nefnd til að vinna að tillögum um menntamál og efla þannig menntun og skólastarf hérlendis til að standast alþjóðlegan samanburð. Eftirfarandi markmið eru sett að leiðarljósi í þeirri tillögugerð:

a. auka fjármagn til menntamála til samræmis við nágrannalöndin, einkum norrænu löndin,

b. fjölga þeim sem ljúka framhaldsskólaprófi,

c. lækka útskriftaraldur úr framhaldsskólum um eitt til tvö ár,

d. gera fjölþjóðlegan samanburð á kjörum og vinnutíma kennara,

e. bæta kjör kennara samhliða bættu skólakerfi á alþjóðlegum mælikvarða,

f. verja álíka fjármagni til háskólastigsins og nágrannalöndin,

g. tengja öll heimili og skólastofur netinu og efla rafræn bókasöfn.

Á þessu sést, herra forseti, að lagt er upp með metnaðarfull markmið og einnig er lagt upp með að Alþingi kjósi þessa nefnd sem sýnir þá stefnu jafnaðarmanna að Alþingi eigi að hafa frumkvæði í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji fulltrúar samtaka á sviði skólamála, svo sem frá félögum kennara, nemenda og skólastjórnenda, fulltrúar einstakra skólastiga, helstu skóla, sveitarfélaga, bókasafna og samtaka foreldra, svo og fulltrúar samtaka á vinnumarkaði. Það er því augljóst, herra forseti, að hér er lagt upp með stórsókn í menntamálum sem flutningsmenn telja að sé eitt mikilvægaasta verkefni samtímans. Mikið vantar á á mörgum sviðum að við séum með sambærilega stöðu og aðrir og við viljum þjóðarsátt til að efla menntakerfið og gera það samkeppnishæft við nágrannalöndin.

Flutningsmenn telja það skynsamlega aðferðafræði að setja sem viðmið í menntamálum það sem best gerist erlendis og það er í fyrsta skipti, herra forseti, sem það er gert svona nákvæmt eins og lýst er í tillögunni. Tillögunni er fyrst og fremst ætlað að taka mið af samanburði við útlönd og skipun

nefndarinnar af fólki sem vel til þekkir er líka til marks um að hér eiga vönduð vinnubrögð að vera í fyrirrúmi.

Flutningsmenn, sem eru allir í þingflokki Samfylkingarinnar, byggja á stefnumótum Samfylkingarinnar eins og hún kom fram á stofnfundi hennar sl. vor og líka þeirri vinnu sem flokkar sem stóðu að stofnun Samfylkingarinnar höfðu mótað á undanförnum missirum.

Samfylkingin vill stórauka fjárfestingu í menntun til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði og bæta lífskjör og mannlíf á Íslandi. Við í Samfylkingunni viljum hindra að stéttaskipting verði meðal þeirra sem fá tækifæri til að afla sér menntunar og hinna sem ekki fá slíkt tækifæri. Þess vegna leggur Samfylkingin höfuðáherslu á að tryggja aðgang allra að þeirri þekkingu sem nú byltir fyrri atvinnuháttum. Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera, samtaka launafólks og atvinnufyrirtækja að veita fólki möguleika á símenntun og starfsmenntun. Flutningsmenn telja að efling starfsmenntunar í atvinnulífinu stuðli að bættum hag starfsfólks og fyrirtækja og sé ein meginleið þeirra sem ekki finna að öðru leyti úrlausn í almennu skólakerfi. *Fólk í atvinnulífinu verður að eiga kost á símenntun, ekki* hvað síst ófaglært starfsfólk, enda verður menntakerfið að ná til allra.

Við lítum svo á, herra forseti, að menntamál sé hið nýja *almannatryggingakerfi jafnaðarmanna. Starf nefndarinnar* krefst margvíslegrar gagnaöflunar og er bent á að byggja á svörum við ýmsum spurningum við mótun tillögunnar. Alþjóðlegur samanburður er sífellt að verða betri og meira lagt upp úr honum í þjóðmálaumræðu erlendis. Þess vegna vekur það meiri furðu, herra forseti, hversu litlu er skilað af upplýsingum til alþjóðlegra stofnana af hálfu Íslands eins og raun ber vitni, t.d. til OECD, en ábyrgir aðilar fyrir þessu eru menntmrn., Þjóðhagsstofnun og Hagstofa. Ein af tillögum nefndarinnar er að bæta úr þessum upplýsingaskorti til alþjóðlegra stofnana.

Helsti mælikvarði í alþjóðlegum samanburði er að líta til þess hve miklum fjármunum er varið til menntamála sem hlutfall af landsframleiðslu. Landsframleiðslan á þessu ári er áætluð 680 milljarðar. Við vörðum á viðmiðunarári, sem er byggt á nýjasta samanburði frá OECD-gögnum sem komu út á þessu ári, 5,1% af landsframleiðslunni til menntamála og við vorum þar í 13. sæti af 28 ríkjum. Svíþjóð varði á þessu viðmiðunarári 6,8% af landsframleiðslunni til menntamála, Noregur 6,6%, Danmörk 6,5% og Finnland 6,3%. Jafnvel, herra forseti, þó að við hækkuðum hlutfall okkar um eitt prósentustig, sem kostar tæpa 7 milljarða og það eru engin teikn á lofti um að við ráðumst í slíkt, þá erum við enn langt frá því að ná öðrum Norðurlöndum. Þetta sýnir kannski betur en margt annað hvað við höfum verið að dragast aftur úr.

Eitt helsta vandamálið í íslensku menntakerfi er hversu fáir hafa lokið framhaldsskólaprófi í samanburði við önnur lönd. Í ljós hefur komið að í meira en áratug hefur það legið fyrir að allt að þriðjungur þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla hverfur frá því án þess að ljúka námi formlega og aðgerðir til að bæta úr þessu hafa borið lítinn árangur. Einungis 55% landsmanna hafa lokið framhaldsskólaprófi og við erum í 21. sæti af 29 þjóðum OECD. Meðaltal allra þjóða er 61% og við erum langt fyrir neðan meðaltal í þessum efnum. Norðurlandaþjóðir, sem við berum okkur oft saman við, einkum á hátíðarstundum, eru með útskriftarhlutföll upp á 76%, við með 55% og sést enn og aftur hversu langt við höfum dregist aftur úr.

Herra forseti. Sýnt hefur verið fram á beint samband milli hagvaxtar og fjölda þeirra sem sækja framhaldsskóla í einstökum löndum. Þannig getum við einfaldlega aukið hagvöxt og bætt lífskjör ef fleiri stunda nám í framhaldsskólum og ljúka því. Við viljum því hækka þetta hlutfall og leggjum til tilteknar aðgerðir í þeim efnum.

Við viljum líka, herra forseti, að aflað verði gagna um kostnað á hvern nemanda á einstökum skólastigum en ekki hefur verið skilað inn gögnum til að slíkur alþjóðlegur samanburður geti átt sér stað. Í tillögunni kemur einnig fram að meðalaldur við lok framhaldsskóla er 20 ár en meðaltalið innan OECD er 18 ár. Við erum þarna í efsta sæti af OECD-ríkjum og þó að ekki sé rétt að alhæfa um kosti útskriftaraldurs, enda er oft erfitt að bera þetta saman, bendir þó margt til þess að skynsamlegt sé að lækka útskriftaraldur úr framhaldsskóla til samræmis við það sem er algengt erlendis. *Slíkt krefst uppstokkunar í skólakerfinu, grunnskólum* og framhaldsskólum. En við teljum að slík uppstokkun sé nauðsynleg, m.a. til að bæta kjör kennara.

Við leggjum upp með nýja kjarastefnu í tillögunni. Við *höfum skoðað laun íslenskra grunnskólakennara í alþjóðlegum* samanburði og þar kemur í ljós að íslenski kennarinn er í 14. sæti af 26. Við leggjum til að samanburður verði gerður á launakjörum og vinnutíma kennara hérlendis og erlendis. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt könnun Félags grunnskólakennara kom í ljós að tæpur fjórðungur kennara í grunnskólum er í annarri launaðri vinnu á veturna samhliða skólastarfinu.

Við leggjum til, herra forseti, að í kjaraviðræðum sem nú eru í gangi við samtök kennara verði höfð til hliðsjónar sú stefnumótun sem kemur fram í tillögunni, að efla íslenska menntakerfið í samanburði við önnur lönd. Það hefur í för með sér uppstokkun í skólastarfi.

Með þessum hætti er brotið í blað í kjarabaráttu hérlendis þar sem í fyrsta lagi er gert átak til að bæta þá mikilvægu opinberu þjónustu sem skólastarfið er, í öðru lagi er sú endurbót tengd góðum árangri á heimsmælikvarða og í þriðja lagi taki launakjör starfsmanna mið af slíku. Jafnaðarmenn telja þetta farsæla leið til eflingar skólastarfi sem stuðli að bættum kjörum með endurskipulagningu og er í fullu samræmi við markmið jafnaðarmanna um stöðugleika í efnahagslífinu og ábyrga hagstjórn.

Ýmis teikn sýna að við höfum dregist aftur úr þó að ekki eigi að alhæfa um það efni, eins og t.d. TIMSS-rannsóknin sýndi á sínum tíma, en upplýsingar um hana er einnig að finna í tillögunni. Á grunnskólastiginu komum við ekki vel út og það sýnir enn og aftur að við höfum dregist aftur úr.

Háskólaskýrsla sem var lögð fram árið 1997 að frumkvæði okkar jafnaðarmanna sýndi að við höfðum dregist mjög aftur úr öðrum þjóðum og á viðmiðunarárinu erum við hvað fjárframlög varðar í 23. sæti af 28 þjóðum og við verjum einungis 0,7% til háskólastigsins, en aðrar Norðurlandaþjóðir eru langt fyrir ofan okkur.

Í hinu nýja þekkingarsamfélagi ræður menntun mestu um hvernig lífskjör og búseta verður í framtíðinni og við verðum að tryggja gott menntakerfi til að ungt fólk setjist frekar að hér á landi en erlendis.

Það kemur sömuleiðis fram í alþjóðlegum samanburði að við erum slök í rannsóknum og þróun. Þar vantar tæplega þriðjung á að við náum meðaltali OECD-ríkja. Þó svo að aukning hafi orðið á því undanfarin ár erum við enn langt frá því að ná máli á alþjóðlegan mælikvarða. Við féllum í sviss-

neskri samkeppnisskýrslu um sex sæti milli ára m.a. vegna þess hversu slök við erum í rannsóknum og þróunarvinnu.

Við jafnaðarmenn viljum gera kynslóðasamning um æsku þessa lands um framtíðina. Við teljum að það sé ekki einungis um að ræða mikilvægustu fjárfestinguna heldur er þetta samfélagsleg skylda okkar og við teljum að betri menntun og aukin samskipti auki líkur á friði í heiminum og meiri samstöðu milli þjóða og skapi þannig skilyrði fyrir réttlátari heimi. Jafnrétti kvenna og karla í menntun, starfi og samfélagi er rauði þráðurinn í stefnu jafnaðarmanna í mennta- og menningarmálum. Við viljum að allir eigi sömu möguleika til sambærilegrar menntunar og við viljum ekki samfélag þar sem menntun barna ræðst af efnahag foreldra. Jafnaðarmenn hafna skólagjöldum sem er mismunun einstaklinga á samfélaginu á sviði þar sem jafnræði er hornsteinn. Skólagjöld tryggja forgang hinna ríku að góðri kennslu en aðrir sitja eftir. Það er stefna sem hægri menn hér og erlendis hafa haldið fram en sem við jafnaðarmenn munu berjast gegn af alefli.

Við lítum svo á að menntun ljúki aldrei vegna þess að á starfsferli sérhvers einstaklings eru fundin upp 80–90% af þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem menn nota og helmingur tækniþekkingar úreldist á hverjum tíu árum og helmingur tölvuþekkingar á hverjum tveimur árum. Við viljum sátt milli opinberra aðila og kennarastéttarinnar og að allir landsmenn fái annað tækifæri á sviði menntunar. Margir hafa hrökklast frá námi. Þennan hóp þyrstir í menntun og við viljum veita honum þá möguleika. Við viljum sömuleiðis byggja upp markvissari vinnu í að efla námsgagnagerð á íslensku, en þau mál hafa líka dregist aftur úr eins og annað í menntamálum hérlendis. Við teljum að efla eigi námsgagnagerð með auknum fjárframlögum, nýtingu nútímalegri tækni þannig að á því sviði höfum við einnig sambærilega möguleika og best gerist í öðrum löndum.

Herra forseti. Jafnaðarmenn telja að menntakerfið sé mikilvægasti þátturinn í að tryggja samkeppnishæfni landsins, einstaklinga og fyrirtækja. Samkeppni hefur aukist og betri menntun verður sífellt mikilvægara tæki fyrir einstök fyrirtæki og einstaklinga að skapa sér samkeppnisforskot.

Nýir möguleikar blasa við í menntamálum, hagnýting upplýsingasamfélagsins, aukin endurmenntun, fjarnám og aukin alþjóðavæðing í hinu nýja hagkerfi. Þessi tækifæri öll er ekki hægt að nýta nema til komi ný menntastefna og snúið sé af braut metnaðarleysisins sem einkennt hefur menntamál í tæpa tvo áratugi. Jafnaðarmenn í Samfylkingunni eru reiðubúnir til að leiða þá stefnubreytingu.

[16:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar flytja hér afar mikilvægt mál um samkeppnishæfa menntun sem er eitt stærsta mál samtímans. En þetta er jafnframt afar pólitískt mál og það er merkilegt, herra forseti, að fleiri stjórnarþingmenn skuli ekki vera hér til að taka þátt í umræðu þessari miðað við það hvernig þetta mál er lagt upp og hversu stórt það er í dag og í raun og veru á öllum tímum.

Ekki síst ber að geta þess að fjárlagaumræðan mun fara fram innan fárra vikna og það er full ástæða til þess hjá stjórnarmeirihlutanum að menn leggi fyrir sjálfa sig áleitnar spurningar um menntun, menntunarstigið hjá okkur og framlag til menntunar. Við erum að leggja til að auka fjármagn til menntamála til samræmis við nágrannalöndin og að verja álíka fjármagni til háskólastigsins og nágrannalöndin gera. Á báðum skólastigum er þessu mjög ábótavant. Það kemur fram í þessu ítarlega þingmáli hversu mikið vantar á að við séum með sambærilega stöðu í menntamálum og aðrar þjóðir. Við verjum aðeins 5,1% af landsframleiðslunni til menntamála og erum langt á eftir Evrópuþjóðunum, að ég tali ekki um háskólastigið, en þar erum við í 23. sæti af 28 þjóðum OECD. Þetta er auðvitað mál sem þingmenn í dag ættu að vera að ræða í tengslum við fjárlagagerð.

Það er alvarlegur brestur í kerfinu hjá okkur hvað varðar laun, ekki bara laun kennara heldur líka laun leikskólakennara, því eins og lögð er áhersla á í málflutningi okkar og í þessu þskj. á í raun að leggja áherslu á menntun frá leikskólasviðinu og upp í háskóla í gegnum allar þær brautir sem eru þar á milli, verknám, tækninám eða hvað það er. Það kom fram í áhugaverðum morgunþætti fyrir skömmu að byrjunarlaun leikskólakennara væru lægri en almennar launagreiðslur á skyndibitastöðunum þar sem aðallega starfar ungt fólk sem ekki hefur menntað sig og er tímabundið að störfum á þessum vinnustöðum. Það hlýtur að vekja hvern mann til umhugsunar.

Hér er líka lagt til að gera fjölþjóðlegan samanburð á kjörum og vinnutíma kennara og það, herra forseti, er mjög mikilvægt vegna þess að bæði menntun kennara og kjör kennara tengjast þeirri uppstokkun sem við tölum um að þurfi að fara í þar sem við viljum að einn hluti þess sé að útskrifa nemendur fyrr. Það hlýtur að þýða lengri skólagöngu á hverju ári. Það hlýtur að þýða mjög mikla breytingu á starfi og starfskjörum. Ef við ætlum að meta kennarastarfið betur til launa en nú er verðum við líka að sýna það í áherslum á menntamál kennara og endurmenntun, í raun og veru að setja þessi mál, menntun leikskólakennara, kennara og kjör þeirra algjörlega í öndvegi.

Ef við skoðum launakjör kennara og þau eru borin saman á alþjóðlegum vettvangi kemur í ljós að Íslendingar hafa ekki skilað inn gögnum í alþjóðlegan samanburð og þess vegna er erfitt að ná þessum samanburði. Það er erfitt fyrir kennarana og það er erfitt fyrir okkur sem ætlum að meta hvað við gerum í þessum mikilvæga málaflokki. Þess vegna er lagt til af okkar hálfu að ítarlegur samanburður verði gerður á bæði launakjörum og vinnutíma kennara hérlendis og erlendis.

Ég vil líka leggja áherslu á að þegar gerðar eru skoðanakannanir og rætt á hinum ýmsu sviðum um stöðu kennara þá virðist það vera viðhorf hjá þjóðinni allri að það eigi að gera vel við kennara, enda eigi að gera til þeirra miklar kröfur. Það eru kennararnir, bæði leikskólakennarar og kennarar sem eru með yngstu börnin og okkar ungviði í höndunum á mjög róstusömum tímum. Þetta er erfitt starf og það hefur sýnt sig og kemur fram í greinargerð hjá okkur að mjög margir kennaramenntaðir hverfa úr starfi. Auðvitað eigum við að spyrja hvernig á því standi og hvað við getum gert til að bæta úr því og snúa af þeirri braut.

Herra forseti. Ég vil líka gera að umtalsefni hversu miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði, hvernig störfum fækkar með aukinni tækni í rótgrónu atvinnugreinunum, bæði sjávarútvegi og landbúnaði. Það verða til ný störf á sviði ferðaþjónustu, hátækni og upplýsinga. Það er dálítið undarlegt að hugsa til þess hversu lítið þessi ríkisstjórn gerir af því að spá í framtíðina og átta sig á því hvers konar menntunar og starfsþjálfunar er þörf á næstu áratugum. Það fer ekki fram umræða um það í þessu þjóðfélagi, a.m.k. ekki að frumkvæði þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þess vegna skortir heildarsýn yfir þær breytingar sem bæði eiga og hafa

átt sér stað. Það er enginn einn aðili innan stjórnkerfisins sem fæst við það meginverkefni að beina sjónum að því sem koma skal í atvinnumálunum og sem kallar á það að stjórnvöld átti sig á hvernig þörfin er bæði fyrir almenna menntun, starfsmenntun, og ekki síst endurmenntun þegnanna. Það er margbúið að nefna það á Alþingi að því er spáð að á næstu öld þurfi nánast hver einasti einstaklingur að mennta sig fyrir allt að þrjú störf á ævinni sem kallar augljóslega á miklu öflugra mennta- og starfsmenntakerfi en við höfum. Það er alveg ljóst að framtíðin kallar á vel menntað vinnuafl og sérhæfingu því að þeir sem ráða yfir færni og nýrri tækni munu standa sig vel. En hætt er við því að þeir sem ekki eru læsir á tæknina verði undir. Ekki síst þess vegna er þetta mál borið fram eins og það er sett upp.

Ég vil líka, herra forseti, í lok máls míns vekja athygli á því að síðar á dagskrá þessa fundar er til umræðu till. til þál. frá Hólmfríði Sveinsdóttur og nokkrum fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar. Sú tillaga er um kynbundinn mun í upplýsingatækni og er skyld því máli sem við erum að flytja hér fram að því leyti að hún felur í sér hvernig auka megi áhuga og þekkingu stúlkna á upplýsingatækni. Bæði í því máli og því máli sem er borið hér fram er áhersla okkar lögð á jafnrétti og jafnræði í menntun stúlkna og drengja, á menntun þjóðarinnar og ekki síst á að sú menntun verði til þess að bæta hag allra.

[16:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Þáltill. þeirri sem hér er til umræðu ber að fagna, enda um merka tillögu að ræða sem tekur á flestum vandamálum íslenska menntakerfisins líkt og flutningsmaður gerði grein fyrir áðan. Það verður aldrei of oft sagt að leiðin til að tryggja fólki jöfn tækifæri í lífinu byggist á aðgangi að menntun. Í flóknu þekkingarsamfélagi framtíðarinnar verður menntakerfið helsta jöfnunartækið og því viljum við jafnaðarmenn auka fjárfestingu í menntun verulega eins og fram kemur í þessari viðamiklu, metnaðarfullu og merku þáltill. hv. þm. Ágústs Einarssonar.

Íslenskt menntakerfi er fjársvelt til tjóns til margra ára eins og dæmin sanna og fram kemur í þáltill. Til dæmis má nefna að íslenskt menntakerfi fékk minna fjármagn sem hlutfall af landsframleiðslu árið 1998 en það gerði tíu árum áður. Opinber útgjöld til menntamála voru, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson, nefndi áðan, 5,1% árið 1998, en voru 5,23% árið 1988. Íslenskir háskólar fá um helmingi minna fjármagn en háskólar á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt tölfræðihandbók um háskólastigið sem menntmrn. gaf út vorið 2000 ver íslenska ríkið aðeins um 0,72% af landsframleiðslu til háskólastigsins. Á meðan fá háskólar á öllum hinum Norðurlöndunum tæplega helmingi hærra hlutfall eða frá 1,3–1,7%.

Menntunarstig Íslendinga er allt of lágt eins og fram kemur í þáltill. og er það eitt af því sem tillagan tekur á. Tæplega helmingur íslensku þjóðarinnar hefur aðeins grunnskólapróf, 40% íslenskra nemenda falla á samræmdu prófunum í 10. bekk grunnskólans. 30% íslenskra nemenda flosna upp úr framhaldsskólanámi. Í Háskóla Íslands er brottfallið upp undir 30%. Hlutfall einstaklinga á aldrinum 25–64 ára sem höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi er lægst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum eða einungis 55%. Um helmingur þjóðarinnar hefur einungis lokið grunnskólaprófi. Innan við 16% aldurshópsins 25–64 ára hefur lokið háskólaprófi. Þetta eru ömurlegar staðreyndir sem verður að breyta með róttækum aðgerðum og þær aðgerðir eru lagðar til í þeirri þáltill. sem hér var mælt fyrir áðan.

Eins er afar brýnt að stytta stúdentsnámið, en núverandi fyrirkomulag veldur því að íslenskir námsmenn standa jafnöldrum sínum í Evrópu langt að baki, enda munar allt að þremur árum á útskriftaraldri nemenda til stúdentsprófs á milli Evrópulandanna og Íslands eins og fram hefur komið. Samkvæmt tölum OECD ljúka Íslendingar framhaldsskólaprófi langelstir eða að meðaltali tveimur árum á eftir OECD-meðaltalinu. Slíkt hefur gífurleg áhrif á Íslendinga sem keppa ekki einungis um vinnu við aðra Íslendinga heldur alla Evrópubúa. Nú hefur nýleg skýrsla um samkeppnishæfni ríkja sýnt að Ísland hefur fallið um sex sæti frá því í fyrra og þar vega menntamálin þungt.

Brýnast af öllu er að stórauka menntun í tölvufræðum framhaldsskólanna, en í framhaldsskólum í dag eru einungis þrjár einingar af um 140 sem þarf til stúdentsprófs skyldugar til tölvunarfræða. Það segir sig sjálft að það er allt of lítið og verður að gera róttækar breytingar á því hið snarasta. Tölvukunnátta er lykilatriði á vinnumarkaði framtíðarinnar og eins og sakir standa er ekki verið að mennta unga fólkið sem skyldi í þeim fræðum.

Herra forseti. Á þessu og fjöldamörgu öðru tekur tillaga hv. þm. Ágústs Einarssonar og fleiri í þingflokki Samfylkingarinnar um samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara. Kjör kennara eru til skammar og eru ein helsta ástæða slaks ástands á skólakerfinu íslenska.

[16:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar við ræðum menntamál, ekki síst þegar við förum almennt yfir þau eins og hér er að ákveðnu leyti gert, er ekki nema sjálfsagt að menn byrji á því að velta því fyrir sér hvaða kröfur verða gerðar á nýrri öld. Hvaða kröfum ætlum við að mæta með því menntakerfi sem við viljum sjá? Ætlum við að mæta þeim kröfum sem gerðar voru á öldinni sem er að líða, kröfum iðnaðarsamfélagsins, eða ætlum við að mæta kröfum þekkingar- og upplýsingasamfélagsins?

Herra forseti. Við höfum mætt hinum kröfunum, af vanefnum þó, en það er alveg ljóst að við þurfum á nýrri öld að mæta þeim kröfum sem uppi verða og uppi eru til þess að Ísland geti verið samkeppnishæft í samfélagi þjóðanna. Við erum að tala um Ísland, en við erum líka að tala um samfélögin á Íslandi og við erum að tala um einstaklingana.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að kosin sé nefnd sem hafi það hlutverk að skoða alþjóðlegan samanburð og eru tiltekin sjö atriði sem á að fara yfir og síðan eiga að koma tillögur, nefndin komi með ábendingar um hvað má hér betur fara. Það er reyndar svo, herra forseti, að þegar í greinargerðinni og þeirri reifun sem á sér stað kemur mjög ljóslega fram hvað má betur fara. Og það er býsna margt, herra forseti.

Við höfum fylgst með því á undanförnum árum hvernig því skólakerfi sem við ætlum börnum okkar og ungmennum að þroskast í hefur verið stýrt inn í ákveðinn samkeppnisfarveg, hvernig í rauninni verið er að stýra skólakerfinu í þann farveg sem það var í um miðja og upp úr miðri þeirri öld sem er að líða. Við horfum á það gerast að mælikvarðarnir eru að verða þeir sömu og voru hér á liðnum áratugum. Við horfum til þess að samkeppnisnámið leiðir af sér aukinn fjölda samræmdra prófa og við horfum á það að verið er að vinna að því með ýmsum leiðum að gera skólakerfið þannig að flestir þættir séu mælanlegir þannig að hægt sé að gera

samanburð, þannig að hægt sé að láta skólana keppa, láta einstaklinga keppa. Þetta er gert, herra forseti, algjörlega án tillits til þess að það er ekkert í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á menntamálum á Vesturlöndum sem leiðir í ljós að nám sem kallast samkeppnisnám, og ég var að lýsa hér áðan, hafi meiri árangur í för með sér en það nám sem er á móti kallað samvinnunám og byggir á því að menn vinni saman og efli samvinnu sín í millum og þroski sig þannig.

Herra forseti. Það er svolítið merkilegt að þegar maður les skrif þeirra sem hafa verið að velta framtíðarsamfélaginu fyrir sér, og þá er miðað við þær aðstæður sem eru að skapast og munu halda áfram að þróast, þá er það fullvissa ýmissa sérfræðinga að það sem kallað verður eftir á nýrri öld verði einmitt samvinna í stað samkeppni, verði frumkvæði í stað þess utanbókarnáms, þess mælanlega náms sem nú um stundir er lögð áhersla á, verði sköpun, frjó hugsun og sköpun. Herra forseti. Alls þessa getum við saknað úr því skólakerfi sem við búum við núna.

Það hefur komið hér fram og er hluti af greinargerð þessarar tillögu hversu mikilvægt er að efla menntakerfið til þess að koma í veg fyrir þá nýju stéttaskiptingu sem ýmsir óttast að geti orðið ef þess ekki er gætt að passa upp á það að hér sé jafnrétti til náms. Við berum ugg í brjósti einnig vegna þessa, herra forseti, þegar við horfum til þeirrar þróunar sem við höfum hér orðið vitni að, þar sem augljóslega er um að ræða ákveðið dekur við einkaskóla og ákveðnar tilraunir til að koma hér á skólagjöldum. Þetta hvort tveggja stríðir í rauninni gegn þeim markmiðum sem við viljum setja um jafnrétti til náms, þ.e. um að möguleikar allra til náms séu jafnir, að fjárhagslegar aðstæður fjölskyldna eða einstaklinga komi ekki í veg fyrir að menn fái notið hæfileika sinna.

Herra forseti. Í þessari tillögu er nokkur áhersla lögð á það hversu fjársvelt íslenska skólakerfið er og auðvitað vekur athygli sá samanburður sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var hér með áðan á því hlutfalli þjóðartekna sem var hér fyrir 1990, þ.e. hann tók árið 1988 til viðmiðunar við árið 1998, og það kemur í ljós að þetta hlutfall er lægra nú en það var þá. Auðvitað vekur það athygli og undirstrikar það metnaðarleysi sem hér er gert að umtalsefni, að í menntamálunum, sem eru þó svo mikilvæg, skuli menn ekki hafa getað haldið í, hvað þá að menn hafi nú bætt við eins og virkilega hefði verið nauðsyn og er nauðsyn miðað við þær breyttu og nýju aðstæður sem við stöndum frammi fyrir.

Auðvitað er það vegna þessa, og að ekki hefur verið metnaður til þess hjá Sjálfstfl. sem hefur farið með þessi mál að bæta hér við fjármálum, að þróunin hefur verið í þá átt sem ég var að lýsa áðan. Menn tala um það á góðum stundum hversu mikilvægt sé að minnka vægi bóknáms, auka vægi starfsnáms, hversu mikilvægt starfsnámið sé og starfstengt nám í framhaldsskólunum til að koma í veg fyrir brottfall sem því miður er allt of mikið. En það gerist afskaplega lítið einfaldlega vegna þess að starfsnám og starfstengt nám og sú fjölbreytni sem þarf til þess að mæta hinum mismunandi kröfum ungmenna og barna, er svo dýr. Hún kostar nefnilega peninga, herra forseti. Og því hefur skólakerfið, hvað svo sem lögin segja, ekki mætt þessum breiða hópi nemenda og brottfall er enn mikið í kerfinu.

Herra forseti. Að lokum vil ég gera að umtalsefni hversu mikilvæg menntunin er þegar menn fjalla um byggðamál. Þegar menn horfa til þeirrar atvinnuháttabreytingar sem á sér stað í landinu og kemur hvað verst við sjávarbyggðirnar og sveitirnar þá er augljóst að það virkasta sem menn gætu gert í þessari stöðu er að efla menntunarmöguleika þess fólks sem nú þarf að hverfa frá þeim störfum sem það hefur hingað til unnið og takast á við ný. En þetta er ekki gert, því miður. Það eru tilburðir uppi um stofnun símenntunarmiðstöðva og margt gott fólk stendur að þeim. En það er sama sagan þar og í skólakerfinu, herra forseti. Fjárskortur ræður því miður allt of miklu um hvernig það nám er og hefur verið að þróast.

[16:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um að auka samkeppnishæfa menntun. Það er alveg ljóst að mikilvægi menntunar fer sívaxandi og ég held að allir séu sammála um það. Upplýsingaþjóðfélagið krefst þess að þjóðir séu vel menntaðar og gildi menntunar hér á landi hefur vaxið ótrúlega mikið á síðustu þrem, fjórum árum eftir að hér komu fyrirtæki sem byggja á menntun, eins og Íslensk erfðagreining og mörg önnur sem byggja útflutning á menntun en ekki á fiski eða öðrum efnislegum gæðum.

Sú tillaga sem við ræðum hér ber mikinn keim af fortíðinni. Það er rætt um að auka fjármagn. Aukið fjármagn þýðir ekki endilega meiri menntun. Það að tvöfalda fjármagn í einhverja grein þýðir ekki endilega að maður fái tvöfalt meira út úr henni, alls ekki. Ef stjórnun er ekki aukin og stjórnun og framleiðni ekki bætt þá gerist ekki neitt.

Hér er rætt um kjör kennara og að láta gera fjölþjóðlegan samanburð og slíkt og að tengja öll heimili og skólastofur netinu. Þetta er allt saman gott og gilt en þetta er allt saman fortíð. Þetta er bara kjarabarátta kennara eins og hún hefur verið og ekkert annað. Það er engin framtíð í þessu.

Það sem mér finnst vanta í þetta er í fyrsta lagi: Hvernig ætla menn að hverfa af þeirri braut meðalmennsku sem tröllríður menntakerfinu í dag? Duglegir kennarar og duglegir nemendur sjá ekkert liggja eftir sinn dugnað. Þeir njóta þess í engu. Það verður enginn var við duglegan kennara sem kennir af áhuga í skólastofunni. Það er enginn mælikvarði til eða neitt sem segir að þessi kennari sé sérstakur, og hann fær enga umbun umfram kennara sem ekkert leggur á sig. Og til hvers leiðir það? Eftir örfá ár gefst duglegi kennarinn upp og verður eins og allir hinir.

Sama á við um nemendur. Allir nemendur skulu vera jafnir, jafnlélegir. Ekkert er gert til að örva og hvetja duglega nemendur til þess að skila árangri. Reyndar er verið að gera tilraunir til þess núna sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, var nú að gagnrýna, þ.e. að koma með samræmd próf til þess að mæla á einhvern máta frammistöðu skóla, kennara og nemenda. Það hefur ekki mátt hingað til. Nú er farið að gera það, loksins. Og hv. þm. gagnrýndi það sem mér finnst þó ljósi punkturinn í því sem verið er að gera.

Þessi tillaga kemur ekkert inn á þá miklu breytingu sem ég sé fyrir mér í kennslumálum á næstu fimm árum, ekki á næstu áratugum heldur á næstu fimm árum, sem felst í notkun kennsluhugbúnaðar. Það er ekki orð um það. Hér er talað um rafræn bókasöfn en ekki orð um kennsluhugbúnað þar sem nemendurnir í litlum hópum, einn nemandi, tveir eða þrír, geta unnið saman að lausn verkefna við eina tölvu. Þetta er framtíðin. Þetta er nýsköpun og algjör umbylting á þeirri kennsluaðferð sem hefur verið.

Ef við lítum til ýmissa atvinnugreina þá hefur framleiðni orðið gífurlega mikil. Ég nefni t.d. skrifstofur. Framleiðnin á skrifstofunni hefur verið alveg gífurleg, framleiðni í sjávarútvegi, í iðnaði og alls staðar, en ekki í kennslu. Í

grundvallaratriðum kenna menn enn í dag eins og fyrir tvö þúsund árum í Grikklandi hinu forna þar sem kennarinn sat undir tré með 20 nemendur í kringum sig. Ekkert hefur breyst, sama taflan, sama krítin. Menn eru kannski örlítið farnir að nota netið, örlítið.

Hér þarf að verða stórbreyting á. Það þarf að krefjast miklu meiri framleiðni í menntun og það gerum við með hjálp upplýsingatækninnar, með hjálp kennsluforrita sem gjörbreyta allri uppbyggingu kennslunnar. Það verða ekki lengur bekkir. Það verða ekki lengur árgangar. Það verða nemendur sem hafa áhuga á ákveðnu verkefni sem hópa sig saman og kennarar fylgjast með og örva nemendur til dáða. Ég held því að þessi tillaga sé eiginlega arfur úr fortíðinni. Hún tekur ekkert á þessu.

Það sem vantar í dag á Íslandi er að greiða kennurum, góðum og duglegum kennurum fyrir gerð kennsluhugbúnaðar í samvinnu við forritara, góða forritara sem eru sérfræðingar í gerð leikjaforrita. Ég hef fylgst með því hvað krakkar geta verið endalaust í einhverjum leikjaforritum. Hvatningin er alltaf til staðar. Ef hægt er að tengja svona leikjaforrit og kennsluforrit getur verið leikur að læra. Það getur verið leikur að læra ensku eða þýsku eða stærðfræði eða eðlisfræði, nákvæmlega eins og það er leikur að skjóta niður einhvern náunga í einhverjum skriðdreka í leikjaforriti. Þessu þurfum við að vinna að og það þýðir gjörbyltingu á menntakerfinu. Það er ekki tekið neitt á þessu í þessari tillögu.

Það sem við þurfum að gera er að koma með kerfi sem býr til greiðslur til þeirra sem búa til slíkan kennsluhugbúnað á netinu og að nemendur geti sótt þann kennsluhugbúnað frá sínum kennslustofum og þannig unnið sjálfstætt, hver og einn einasti nemandi á sínum hraða að sínu áhugasviði og hann fær stöðuga hvatningu frá forritinu sem uppeldisfræðingar og góðir kennarar og skapandi hafa búið til. Þetta sé ég að sé framtíðin og hún er eitthvað allt annað en þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Það sem þarf að gera líka er að auka sjálfstæði skólanna, helst að einkavæða þá, og sjálfstæði kennaranna líka og koma með enn frekari mælikvarða á frammistöðu kennara, gæðaeftirlit á kennsluna eins og er gert í öllum öðrum greinum.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að menntastefna sé sérmál vinstri manna eða Samfylkingarinnar. Auðvitað er ekki svo. Það er að sjálfsögðu jafnmikið áhugamál sjálfstæðismanna og annarra hér í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir?) Það er mjög mikið atriði og eiginlega eru allir sammála um að það er mjög mikið atriði að stuðla að góðri menntun barna okkar og símenntun fullorðinna líka, sem er mikilvægt. Ég held því að þessi tillaga sé arfur aftur úr fornöld. Menn þurfi að líta til nýrra kennsluhátta ef þeir ætla sér að skoða hvernig kennslan verður á næstu öld.

[17:00]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Með aukningu samræmdra prófa er gamla landsprófið lifandi komið aftur — arfur frá öldinni sem er að líða. Gallinn við samræmd próf í dag er ekki bara sá að þau séu notuð til að bera saman hluti sem gefa síðan fullkomlega ófrjóa niðurstöðu, því að ekki getur þú flutt barnið þitt á milli skóla þó að þú sért ósáttur þar sem skólahverfi og sveitarfélög koma einfaldlega í veg fyrir það, heldur kannski miklu frekar hitt að smám saman byrjar skólastarfið að snúast meira og minna um þessi samræmdu próf vegna þess samanburðar sem er í gangi og staðreyndanámið tekur yfir alla aðra vinnu í skólanum.

Nú er það svo að það er út af fyrir sig mjög gott að menn geti borið saman ýmislegt í skólastarfi eins og annars staðar en hvernig þessum prófum hefur verið beitt er ekki ásættanlegt að mati þeirra sem vilja að skólarnir sinni öðru hlutverki, ekki síst á nýrri öld, en staðreyndamötun og mælingum á því hversu miklar staðreyndir nemendur geta síðan innbyrt. Það er einfaldlega ekki sú skólastefna sem við viljum sjá. Mér finnst merkilegt af því að hv. þm. Pétur Blöndal er stundum býsna frjór í umræðum og frjórri en margir flokksbræður og flokkssystkin hans að hann skuli sjá þetta sem einu glætuna í því sem er að gerast. Mér finnst þetta nefnilega vera dálítið mikið afturhvarf til þeirrar fortíðar sem ég held að sé best að við kveðjum en kannski nauðsynlegt miðað við ríkjandi aðstæður þar sem svo litla peninga er að hafa að sú þjónusta og sá fjölbreytileiki og þeir möguleikar sem hv. þm. rakti fyrir okkur áðan eru algerlega utan seilingar því að það eru engir peningar til, hvorki til að borga góðum kennurum né til að standa að öllu því sem hv. þm. telur að sé nauðsynlegt.

[17:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er endilega víst að gamla landsprófið hafi verið slæmt og ég held að samræmdu prófin hafi hrært ansi mikið upp í mörgum skólum úti á landsbyggðinni. Sumir hafa tekið sér tak og hafa bætt kennsluna allmyndarlega. Samræmdu prófin eru því þegar farin að virka þó að ekki séu nema örfá ár síðan þau voru tekin upp. Þau veita bæði kennurum aðhald, foreldrarnir gera kröfur til sveitarfélagsins hvað varðar þessa grunnskóla og sveitarfélagið gerir kröfu til skólans. Þetta er því farið að virka fyrir utan að nemendur hafa líka samanburð sín á milli. Nemandi á Súgandafirði getur borið einkunn sína saman við einkunn vinar síns eða frænda í Reykjavík eða á Akureyri og það er líka samanburður sem ég held að sé mjög mikilvægur og samkeppni. Ég held að mjög mikilvægt sé einmitt að samræmdu prófin leiði fram samanburð milli kennara, milli skóla, milli sveitarfélaga og milli nemenda.

[17:03]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er það svo að litlir og nánast engir peningar hafa fengist í að skoða niðurstöður samræmdra prófa. Þess vegna hefur ekki verið hægt að vinna með þessar upplýsingar. Þær hafa hvergi komið að gagni til að bæta skólastarf, einfaldlega vegna þess að peningar hafa ekki fengist til að fara í þær rannsóknir á niðurstöðunum sem hefði þurft.

Annað sem gerir þetta enn þá vafasamara og þar með málflutning hv. þm. í þessu efni er það að ef skoðað er hvernig það munstrar sig upp, hvernig einstakir skólar koma út, sjáum við nákvæmlega sömu niðurstöðu og þær þjóðir hafa séð hjá sér sem hafa farið í að yfirfara þessi mál af einhverju viti. Þar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að það sem skiptir mestu máli varðandi skólastarf og gæði þess er félagslegur stöðugleiki, það er það umhverfi sem börn og unglingar alast upp í. En það vill þannig til að á Íslandi búum við við mjög mikinn félagslegan óstöðugleika. Hv. þm. getur skoðað þetta eftir hverfum í Reykjavík ef hann hefur áhuga á því að bera saman og hann getur litið til þess hvernig þetta er gagnvart einstaka stöðum úti á landi.

Á meðan ekki eru settir peningar í að rannsaka niðurstöður samræmdra prófa þannig að hægt sé að vinna með þau og á meðan menn eru ekki tilbúnir til að takast á við þessa félagslegu röskun sem allt of mörg börn þurfa að búa við verð ég að endurtaka það, herra forseti, að lítið gagn er að samræmdum prófum og eins og ég sagði áðan í ræðu minni, verður niðurstaðan fullkomlega ófrjó og fáum til gagns.

[17:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það nokkuð hreystilega mælt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að halda því fram að við legðum þetta mál fram eins og það væri eitthvert sérmál vinstri manna og samfylkingarsinna, eins og hann orðaði það, að fjalla um menntamál. Ég er viss um að það er fullt af sjálfstæðismönnum sem hafa áhuga á málinu. Það er hins vegar þannig, herra forseti, að þessir sjálfstæðismenn sjást ekki í þingsal. Í þessari umræðu eru aðeins tveir sjálfstæðismenn, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og vera má að hér í afhýsi sé stödd ágæt þingkona að vestan.

Herra forseti. Það skiptir ekki máli. Ef það er þannig að Sjálfstfl. hafi svona ákaflega mikinn áhuga á menntamálum, hvar er þá stefna Sjálfstfl. varðandi nýja hagkerfið, varðandi þá nýju framtíð sem hv. þm. var að tala um. Hvar er sú stefna? Hennar sér hvergi stað, hvorki í máli hv. þm. Péturs H. Blöndal né í stefnu hæstv. menntmrh. og ég auglýsi eftir þeirri stefnu.

Hv. þm. kemur hér og ber hv. félaga sinn Ágúst Einarsson þungum sökum og segir að hann sé fastur í forneskju. Allt mál hv. þm. Péturs H. Blöndals sýndi að hann hefur ekki lesið tillöguna. Hv. þm. hefur augljóslega ekki farið yfir greinargerð tillögunnar þar sem talað er um námsgagnagerð og fjarkennslu. Framtíðin hlýtur að verulegu leyti að byggjast á því.

Herra forseti. Hvar er stefna Sjálfstfl. um það? Það mál hefur þróast hér á landi fyrir frumkvæði einstakra skólamanna, einstakra skóla, áhugasamra félagasamtaka en ekki vegna þess að þetta sé stefna af hálfu þess flokks sem hefur farið með þennan málaflokk í 13 ár á síðustu 16 árum.

Herra forseti. Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að í framtíðinni þarf að búa til byltingarkenndan námsbúnað, þar á meðal kennsluforrit. En er ekki hv. þm. staddur aftur í forneskjunni þegar hann segir að nemendurnir geti setið í skólastofu sinni eins og hann orðaði það og sótt sér kennsluforritin? Við erum að reyna að búa til nýja veröld þar sem menn geta setið heima hjá sér eða úti á sjó eða í öðrum löndum og numið samt við íslenska menntakerfið. Það virðist hv. þm. ekki skilja.

[17:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess að þetta væri frv. Samfylkingarinnar vegna þess að orðið Samfylkingin kemur fyrir mörgum sinnum á hverri síðu eins og það væri eitthvert einkamál hennar að stunda menntamálaþróun. (**Gripið fram í:** Hún flytur málið.)

Það sem Sjálfstfl. hefur verið að gera er að hann hefur undið ofan af áratuga einokun vinstri manna á menntakerfinu. Hægt og rólega hefur hann undið ofan af þessu, tekið upp samræmd próf, tekið upp samkeppni, aukið einkavæðingu eftir getu en það er við ramman reip að draga.

Að undanförnu hefur tölvuvæðing stóraukist. Ákveðin stefna er í gangi um að allir nemendur fái aðgang að tölvum. Stóraukin áhersla er lögð á kennsluefni á tölvutæku formi. Ég var einmitt að heimsækja þessa ágætu sýningu, Agora, og rakst þar á bás Námsgagnastofnunar og þar var verið að kynna mjög mikið af nýjum kennsluhugbúnaði. Það er verið að gera marga góða hluti og verður unnið frekar að því að búa til marga góða hluti í samræmi við þá hugmynd eða hugljómun sem ég og margir aðrir sjá að það verði bylting í kennslumálum á næstu 5 eða 10 árum, hvort sem við Íslendingar viljum eða ekki. Þetta verður alþjóðleg bylting.

[17:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki oft sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur í ræðustól og talar þannig að mál hans er fullkomlega laust við sannfæringar- og ástríðuþróttinn sem einkennir hann þó endranær. Það var alveg ljóst að þessi hv. þm. veit a.m.k. ekki hver er stefna Sjálfstfl. í þessum málum. Ég mundi í hans sporum ekki tala mikið um fartölvuvæðingu hæstv. menntmrh. Hvernig var hún, herra forseti? Menntmrh. gefur út tilskipun um að allir skuli fá fartölvur. Hvernig fá þeir fartölvurnar? Þeir þurfa að kaupa þær sjálfir eða leigja þær sjálfir. Sumir geta það, sumir geta það ekki. Hvað með kennarana?

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að framtíðin í menntakerfi Íslendinga mun mótast af byltingu en það verður ekki fyrr en hæstv. núv. menntmrh. er kominn í annað starf og annar flokkur kominn í þetta ráðuneyti. Það er nefnilega þannig að sá sem hefur ráðið flest af því starfsfólki sem vinnur í menntakerfinu í dag er flokkurinn sem hefur stjórnað síðustu 16 árin, það er Sjálfstfl. Nú kemur í ljós að hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að það sé efst á stefnuskrá Sjálfstfl. að ryðja vinstri mönnum burt úr skólakerfinu. Hvað heitir þetta? Þetta hét á síðasta áratug „Berufsverbot". Þetta hét það, herra forseti, að mönnum skyldi meinað að sinna ákveðnum störfum af því að þeir höfðu tilteknar pólitískar skoðanir. Síðan hvenær varð þetta stefna Sjálfstfl.? Hvenær gerðist það að þingmaður kemur hingað í ræðustól og leyfir sér að segja að það þurfi að ryðja burt fólki úr hinum opinbera geira vegna þess að það hefur tilteknar pólitískar skoðanir?

Herra forseti. Á hvaða öld lifir þessi þingmaður?

[17:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heldur áfram fyrri iðju um að gera mönnum upp skoðanir. Ég sagði aldrei að það ætti að ryðja burt fólki. Ég sagði að það tæki mörg ár að ryðja burt þeirri vinstrimennsku sem hefur tekið yfir skólakerfið á undanförnum áratugum, ekki fólkinu, að sjálfsögðu ekki. Það eru viðhorfin, það er skipulagið sem þarf að breyta. Þetta er alls ekki spurningin um „Berufsverbot", Jesús minn, það er alls ekki meiningin, heldur bara að viðhorfinu sé breytt, að litið sé til þess að duglegir og metnaðarfullir kennarar fái að njóta árangurs starfs síns, að duglegir og metnaðarfullir nemendur fái að njóta þess og sjá árangur starfs síns. Það er það sem menn vilja sjá. Samkeppnin verði aukin innan skólakerfisins og þáttur í því er að taka upp samræmd próf og koma á einhvers konar mati á því starfi sem er unnið í skólunum. Það hefur vantað. Það hefur ekki mátt skara fram úr, það hefur verið viðhorfið. Enginn hefur mátt skara fram úr í menntakerfinu, hvorki nemendur né kennarar. Þessu verður að breyta. Það tekur langan langan tíma að breyta þessum viðhorfum.

[17:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara. Í upphafi þáltill. eru listuð áherslumarkmið hennar sem ég get tekið undir í öllum höfuðdráttum. Það er augljóst mál að auka þarf fjármagn til menntamála en það er ekki einungis nóg að auka fjármagn til þessara mála heldur þarf líka að gera á þeim skipulagsbreytingar og ná fram bæði aukinni almennri menntun og auknu jafnræði til menntunar. Það er alveg hárrétt að fjármagnið eitt segir ekki allt. Það er líka skipulagið sem einnig er vikið að síðar í þessari till. til þál.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni það áhersluatriði sem lagt er hér fram, það er að lækka útskriftaraldur úr framhaldsskólum um eitt til tvö ár.

Ég vil í því sambandi vekja athygli á till. til þál. sem ég flutti ásamt nokkrum fleiri þingmönnum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í fyrra um 12 ára samfellt grunnnám sem lýtur að mörgu leyti að þeim áherslum sem þarna eru dregnar fram. Í tillögunni er lögð áhersla á að aukin grunnmenntun þjóðarinnar, aukin almenn grunnmenntun þjóðarinnar sé forsenda aukinnar velferðar, aukinnar hagsældar í samfélaginu. *Það er jafnframt einn veikasti hlekkurinn í uppbyggingu* menntunar hér á landi og þess vegna er nauðsynlegt að taka sérstaklega á þessu.

Ég tel líka, herra forseti, að skipan framhaldsskólanámsins, sem við köllum svo, þessa fjögurra ára framhaldsskólanáms, sé að mörgu leyti barn síns tíma og þær tilraunir sem hafa verið gerðar til að lappa upp á það á síðustu árum tefji í raunninni fyrir frekari framþróun á grunnmenntun í landinu.

Fjögurra ára nám í framhaldsskóla, sem er í rauninni aðfaranám að öðru námi, reynist mörgum að mörgu leyti bæði tilgangslítið og ekki innihaldsríkt til að undirbúa nemendur undir framtíðina, undir atvinnulífið og aukið framtíðarnám. Auk þess sem tíminn þar gæti nýst betur og miklu fyrr til sérhæfðs náms, starfsnáms, tækninám og háskólanáms, enda er raunin sú að gífurlegt brottfall og tafir eru hjá nemendum í þessu námi.

Þá ber og að horfa til þess, herra forseti, að við höfum hækkað sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár sem þýðir að það er ætlun samfélagsins að foreldrar og heimili beri ábyrgð á börnum sínum til þess aldurs og veiti þeim allan þann stuðning og styrk í hinu daglega lífi þeirra og í undirbúningi fyrir framtíðina. Þess vegna ætti það að vera skilyrði að um allt land sé boðið upp á samfellt nám til 18 ára aldurs sem nemendur geti sótt heiman frá sér í sem allra flestum tilvikum. Það ætti að vera undantekning ef svo væri ekki. Hugsið *ykkur það sem er að gerast nú á þessum haustdögum* að þúsundum saman er ungt æskufólk að fara frá heimabyggð sinni til fjarlægra staða til að sækja nám sjálfu sér til mikils kostnaðar, bæði persónulegs kostnaðar og kostnaðar fyrir það samfélag þar sem þetta unga fólk býr og hefur vaxið upp í, en auk þess sem þetta unga fólk verður að taka það á sig að fá ekki að njóta styrks heimilisins og fjölskyldusamfélagsins til þess að takast á við þessi raunar afdrifaríkustu ár í uppvexti sínum, þ.e. unglings-, æsku- og mótunarárin. Þess vegna tel ég, herra forseti, og vísa til tillögunnar sem ég flutti ásamt fleirum í fyrra og verður endurflutt nú á þessu þingi, um brýna nauðsyn þess að styrkja, efla og taka með allt öðrum hætti á þessu menntunarstigi, aldrinum 16–18 ára, tengja það atvinnulífinu, samfélaginu, fjölskyldulífinu og tengja það líka betur markmiðum menntunar þessara ára, þ.e. að undirbúa þetta fólk til að takast á við sérhæfð störf, sérhæfða menntun og margvíslega framhaldsmenntun að því loknu. Háskólar gætu tekið við nemendum mun fyrr en þeir gera nú og sérnám og sérhæft tækninám væri mun betur komið sem sjálfstætt eða meira og minna sjálfstætt framhald af sterku grunnnámi sem þarna væri. Þess vegna, herra forseti, skýtur það afar skökku við sem snýr að okkur í menntuninni þegar við heyrðum í sumar að það framhaldsnám sem í boði var fyrir ungt fólk 16–18 ára, t.d. á Dalvík, hefði verið fellt niður vegna fjárhagslegra sjónarmiða að langmestu leyti, þetta þótti of dýrt.

Jafnframt kom fram að einmitt í það nám, vélstjórnar- og skipstjórnarnám sem þar fór fram, hefðu sótt skipstjórar í Ólafsfirði sem báru ábyrgð á að draga þar björg í bú og safna auði fyrir þjóðina. En samt þótti ástæða til að skera þetta nám niður. Sama er að segja, herra forseti, um 2. bekk við framhaldsdeildina í Stykkishólmi þar sem allir nemendur eða nánast allir nemendur í því sveitarfélagi óskuðu eftir að fá að taka þar annan vetur í framhaldsnáminu. Það þótti ástæða til að skera það niður og valda þar með miklu raski á högum fólks.

Herra forseti. Við getum svo sannarlega tekið á í *menntamálunum*.

[17:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist eftir ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals og verð að leggja hér orð í belg um þá ágætu till. til þál. sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram ákaflega merkilega till. til þál. þar sem gert er ráð fyrir að sett verði niður nefnd til að móta stefnu um hvernig eigi að gera menntun samkeppnishæfa á Íslandi. Ástæðan fyrir því að þessi tillaga kemur fram er auðvitað sú að þá stefnu skortir hjá hæstv. menntmrh. Það er einfaldlega þannig að á svo ákaflega mörgum sviðum menntamála í dag höfum við ekki sýnilega stefnu. Nú er skýringin komin fram á því af hverju hæstv. menntmrh. hefur ekki haft tíma til að móta þá stefnu. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði í ræðu sinni áðan er hann svo önnum kafinn við að ryðja burt ef ekki vinstri sinnuðu fólki þá vinstri sinnuðum hugsunum.

Herra forseti. Hvenær hafa þær óæskilegu hugsanir rutt sér til rúms í menntakerfinu? Væntanlega á síðustu 15 árum. Hver er það, herra forseti, sem hefur farið með stjórn menntamála í 13 ár á síðustu 16 árum? Það er flokkur hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það er því alveg ljóst að þær óæskilegu hugsanir sem hv. þm. Pétur Blöndal segir að hafi heft *framgöngu íslenska menntakerfisins hafa verið gróðursettar* undir forsjá þess flokks sem hv. þm. styður. Ég vísa þessu því algerlega til föðurhúsanna. Það er með engu móti hægt að afsaka stefnuleysi Sjálfstfl. í menntamálum með því að það sé í raun Samfylkingin eða vinstri menn sem ráði menntamálunum vegna þess að þeir séu búnir að gróðursetja sig hér og hvar úti um menntakerfið.

Herra forseti. Það skortir stefnu. Það kom augljóslega fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það er t.d. engin stefna um fjarkennslu. Það er engin stefna um hvernig á að reyna að skjóta styrkum stoðum undir þær greinar sem við köllum nýja hagkerfið í dag. Það er með engu móti hægt að finna neina stefnu hjá hæstv. menntmrh. um hvernig á að nota upplýsingatæknina einmitt til þess að gróðursetja vaxtarsprota nýja hagkerfisins.

Ég bendi á það, herra forseti, af því að hv. þm. kom hérna og hafði kjark til að tala um fjarkennslu, að svo vill til að það er í fyrsta skipti núna á þessu ári sem fjarkennsla er orðin fastur liður á fjárlögum og tengist Verkmenntaskólanum á Akureyri sem var eins konar frumkvöðlasetur í þessu efni. Svo kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal og talar hér af nokkrum belgingi, fannst mér, um stefnu flokks síns í fjarkennslumálum. Sú stefna er ekki til, herra forseti, og það er nauðsynlegt að það komi fram.

Hv. þm. talaði líka um nauðsyn þess, og það var eitt af því góða sem flokkur hans væri að gera, að ryðja brautina fyrir einkavæðingu í skólakerfinu. Það er gott að hv. þm. hefur kjark til að segja þetta vegna þess að félagar hans í Sjálfstfl. hafa ekki kjarkinn til þess. Hins vegar blasir það við að þetta er eitt af því sem hæstv. menntmrh. er að gera núna.

Hv. þm. Jón Bjarnason gat um ákveðna tilraun sem verið er að gera í Grundarfirði. Við sáum hina dauðu hönd hæstv. menntmrh. í því efni. Hvernig var það, herra forseti? Þar var að frumkvæði heimamanna sett á stofn ákaflega merkileg tilraun um lítinn framhaldsskóla, tiltölulega ódýran, á landsbyggðinni sem byggði á fjarkennslu. Þetta skipti miklu máli fyrir fjölskyldur barnanna vegna þess að þetta þýddi það að ef hægt væri að halda úti framhaldsskóla af þessu tagi, þá gætu börnin verið heima í héraði í fjögur ár til viðbótar og þau væru þess vegna orðin fleyg þegar þau færu úr hreiðrinu og foreldrarnir þyrftu ekki að fljúga með þeim burt frá staðnum. Þetta skiptir ákaflega miklu máli.

Hvað gerði Sjálfstfl.? Sjálfstfl. skellti á þetta unga fólk, 16 ára, jafnháum skólagjöldum og fullfrískt fullorðið fólk í Reykjavík þarf að borga til þess að nema við fyrsta flokks einkarekinn háskóla. Þetta er glaðningurinn sem felst í stefnu hæstv. menntmrh. og Sjálfstfl.

Herra forseti. Eitt af því sem Sjálfstfl. hefur t.d. ekki getað mótað stefnu um er hvort stytta eigi framhaldsskólaferilinn. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur lýst stefnu Samfylkingarinnar um þetta efni. Við teljum að það eigi að gera. Við teljum að gefa eigi ungum Íslendingum það forskot sem í því felst. Ég gæti reyndar farið lengra, herra forseti, og sagt: Það á líka að stytta grunnskólann um eitt ár og það er auðvelt. Þar með er ákaflega létt verk að gera það að verkum að ungt fólk sem lýkur háskólanámi hér sé jafngamalt ungu útlendu fólki sem er að ljúka háskólanámi. Þetta gerir það að verkum að Ísland verður samkeppnishæfara og það er það sem þetta snýst um.

Hver er stefna hæstv. menntmrh. í því? Jú, hann hefur einhverjar dreggjar af stefnu sem forveri hans, Ólafur Garðar Einarsson, skildi eftir í ráðuneytinu, en hæstv. menntmrh. hefur ekki getað gert upp við sig hvort stytta eigi framhaldsskólann né heldur um hve mikið vegna þess að deilur eru um það meðal framhaldsskólakennara og ekki er enn ljóst hvorum megin meiri hlutinn liggur. Hann er því bara með puttana á lofti og ætlar að bíða eftir því hvaðan vindurinn blæs og síðan ætlar hann að móta stefnuna.

Herra forseti. Það er ekki á þann hátt sem menn móta stefnu í jafnmerkilegu máli og íslenska menntakerfinu.

Athyglisverðar upplýsingar hafa komið fram um framleiðni í íslenska atvinnulífinu og í samanburði við framleiðni erlendis. Það kemur t.d. fram á heimasíðu Fjárfestingarbankans í síðustu viku að framleiðni í Bandaríkjunum hefur vaxið á hverju ári síðasta áratug um 2,2%. Á Íslandi hefur framleiðni vaxið að meðaltali um 1,4%. Hvað segir Ari Edwald, sem er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um framleiðniþróunina síðustu árin? Hann segir að hún hafi ekkert aukist. Það er jafnvel mögulegt, segja talsmenn atvinnulífsins, að framleiðni hafi minnkað á síðustu árum. Þetta er afrakstur stefnunnar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er að hrósa sér af.

Herra forseti. Það eru talsmenn fjármálalífsins og atvinnulífsins sem draga þá ályktun af þessari stöðu í samanburði við aðrar þjóðir að okkur hafi ekki tekist að festa rætur nýja hagkerfisins í jarðvegi íslensks atvinnulífs. Af hverju er það, herra forseti? Það er vegna þess að við höfum ekki náð tökum á þessari tækni. Af hverju höfum við ekki gert það? Vegna þess að menntakerfið er ekki nógu gott, herra forseti. Hvað er það sem nýja hagkerfið þarf að byggjast á? Það er auðvitað víðtæk og útbreidd æðri menntun og það eru rannsóknir. Hvernig hafa rannsóknir þróast undir forustu flokks hv. þm. Péturs H. Blöndals? Förum bara í það frv. sem við eigum eftir að eyða mestum tíma í að ræða hér um á næstu vikum, þ.e. fjárlagafrv. Hvað kemur þar fram, herra forseti? Þar kemur fram að framlög til rannsókna hafa lækkað samkvæmt fjárlögum. Árið 1998 voru framlög til rannsókna á Íslandi um 6,9 milljarðar. Ári síðar, þ.e. í fyrra, voru þau 7,6 milljarðar. Hvað eiga þau að vera á næsta ári, herra forseti? Samkvæmt fjárlagafrv. og tillögu ríkisstjórnarinnar og samkvæmt tillögu hæstv. menntmrh. 6,7 milljarðar, minna en í fyrra, minna en í hittiðfyrra. Er þetta leið og stefna Sjálfstfl. til þess að gróðursetja nýja hagkerfið á Íslandi?

Herra forseti. Tökum einfalt dæmi af vísindunum eins og liðinn sem heitir Almenn þróun vísinda. Hann var á fjárlögum þessa árs sem við erum á núna, ársins 2000, 2,64 milljarðar. Hann er 2,599 milljarðar fyrir næsta ár samkvæmt fjárlögum. Og þegar fjárlagafrv. er skoðað, herra forseti, kemur í ljós að milli 1999 og 2001 minnka framlög til rannsókna á sviði fiskveiða, landbúnaðar, skógræktar, iðnaðar og orkumála. Þau aukast á einu sviði, á sviði heilsuverndar.

Herra forseti. Og svo hafa fulltrúar Sjálfstfl. kjark til þess að koma hingað og tala um að þeir séu í fararbroddi við að gróðursetja nýja hagkerfið. Heyr á endemi.

[17:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur mér stöðugt orð í munn, hugsanir og skoðanir. Hann segir að ég hafi viljað ryðja burt óæskilegum hugsunum og fólki, hugsunum úr menntakerfinu. Ég sagði viðhorfum og það er allt annar handleggur. (**ÖS:** Vinstri mennsku.) Vinstri mennsku, já. Það er allt annar handleggur.

Ég man heldur ekki til þess að ég hafi nefnt orðið fjarkennsla, það getur vel verið en ekki var lögð nein áhersla á það. Hann segir að ég hafi talað um það, haft hugrekki til þess. Þetta er um það sem hann sagði.

Varðandi minni framlög opinberra aðila í fjárlögum, þá getur það vel verið rétt. Ég hef enga trú á opinberri rannsóknarmennsku. Ég hef enga trú á opinberum rannsóknum eða vísindamennsku. En vísindamennska hefur stóraukist hér á landi. Þökk sé ríkisstjórninni, og þar er ég að tala um Íslenska erfðagreiningu. Þar eru fleiri hundruð vísindamenn að starfa á Íslandi sem ekki gerðu það áður og nýjar rannsóknir á Íslandi kosta milljarða. Og gleyma þessu, Jesús minn. Þetta eru miklu stærri tölur en nokkurn tíma hafa verið í fjárlögum. Þarna er vaxtarbroddurinn. Þegar einstaklingar og fyrirtæki þeirra stunda rannsóknir, það eru hin raunverulegu rannsóknir en ekki opinberar rannsóknir. Ég hef enga trú á þeim, því miður, herra forseti. Það sem við þurfum að gera er að búa til jarðveginn fyrir slíkar rannsóknir. Við gerðum það með

lagasetningu um gagnagrunninn mikla og við höfum stuðlað að því að hér eru komin mörg fyrirtæki í þekkingariðnaði og í hugbúnaðargerð. Þau hafa blómstrað á síðustu árum vegna þess að búin hefur verið aðstaða til þess í atvinnulífinu.

[17:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri að vísindi sem kostuð eru af opinberu fé séu annars flokks vísindi en það er það sem hv. þm. er að halda fram. Hv. þm. segir líka að það sé rangt að hann hafi verið að tala um að koma þyrfti burt einhverju fólki úr menntakerfinu.

Herra forseti. Hann talar um að ryðja þurfi burt óæskilegum viðhorfum. Hvernig gera menn það, herra forseti? Með því að ryðja burt þeim sem hafa þessi óæskilegu viðhorf. Þannig er það nú. Við vitum alveg hvað í þessu felst, herra forseti.

Hv. þm. heldur því fram eða ekki er hægt að ráða annað af máli hans en að engu máli skipti hvað mikið kemur af opinberu fé til menntamála. Það liggur bara fyrir í endalausum rannsóknum að bein tengsl eru milli opinberra framlaga til menntamála og hagvaxtar. Hvernig stöndum við í þeim efnum? Það vill svo til að hans eigin ráðherra, hæstv. menntmrh., stóð fyrir því að hér var gefin út skýrsla fyrr á þessu ári sem var gerð á vegum OECD og hét Education at a Glance og þar kemur fram að opinber framlög t.d. í Svíþjóð til menntamála eru 6,8% af landsframleiðslu, í Danmörku eru þau 6,4%, í Noregi eru þau 6,5%, í Finnlandi eru þau lægst, 6,3%. Hvað eru þau mikil á Íslandi, herra forseti? 5,1%. Hvað þyrftum við mikið til að lyfta þessu upp bara um prósent og væri þó enn vel fyrir neðan hin? Sjö milljarða? Hvað jafngildir það miklu? Öllu framhaldsskólakerfinu.

Herra forseti. Þessi þróun hefur orðið til undir forsæti Sjálfstfl. Hvar birtist hún? Hún birtist í lægri framleiðni í atvinnulífinu en annars staðar. Hún birtist í því að þegar íslenskir námsmenn eru prófaðir í samanburði við erlenda námsmenn, t.d. í grunnfögum eins og náttúrufræði og stærðfræði. Hvar eru þeir í röðinni af 29 viðmiðunarþjóðum? Við erum nr. 26. Hver ber ábyrgðina á því, herra forseti? Flokkur hv. þm. Péturs Blöndals og Björns Bjarnasonar menntmrh.

[17:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur er verið að leggja mér orð í munn. Ég sagði ekki að opinber vísindi væru annars flokks vísindi. Ég sagðist bara ekki hafa trú á þeim sjálfur og það er bara allt annar handleggur. Ég hef bara ekki trú á þeim sjálfur. Ég má hafa þá skoðun og trú sem ég vil. Ég er ekkert að flokka þetta sem annars flokks vísindi.

Það að íslenskir námsmenn fái ekki góða einkunn í útlöndum þegar þeir koma þangað eftir 10–15 ára nám í íslensku menntakerfi, það getur ekki verið Sjálfstfl. að kenna, hann er ekki búinn að vera svo lengi við völd. Það tekur mörg ár að breyta þeim viðhorfum sem tröllríða íslensku menntakerfi. Það tekur mörg ár og áratugi að koma með ný viðhorf eins og þau að meta gildi samkeppni, meta gildi þess að duglegir kennarar og duglegir nemendur fái umbun fyrir starf sitt og dugnað, það eru viðhorf sem tekur langan tíma að breyta. Sú meðalmennska sem hefur tröllriðið hér að allir skulu vera jafnir, bæði kennarar og nemendur, það tekur langan tíma að breyta slíkum viðhorfum. Það er ekki spurning um að reka fólk eða eitthvað slíkt, heldur að þessi viðhorf séu viðurkennd, þ.e. að styðja duglega kennara og duglega nemendur.

Hvað varðar framlög til vísinda, þá er það miklu meira virði að búa atvinnulífinu þann ramma og þá umgjörð að fyrirtæki vilji stunda rannsóknir, að fyrirtæki hafi frelsi til að stunda rannsóknir og séu ekki í endalausri samkeppni við opinberar rannsóknir. Þetta er skoðun mín.

[17:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að skapa fyrirtækjunum umhverfi sem örvar þau til þess að fjárfesta í rannsóknum. Það hefur Samfylkingin gert og þingmenn hennar með því að leggja fram þingmál sem boða það að fyrirtæki sem það geri geti notað slík framlög til skattfrádráttar. Við erum því á sama máli í þessu, herra forseti.

Ég hlýt hins vegar að vera ósammála hv. þm. um að allar rannsóknir þurfi endilega að vera framkvæmdar af einkafyrirtækjum. Ég held t.d. að ákveðið samspil þurfi þar á milli. Ég held að það verði ákaflega erfitt að fá fjármagn til tiltekinna grunnvísinda, ákveðinna grunnrannsókna, nema fjármagn til þeirra komi frá ríkinu. Um þetta getum við deilt.

Herra forseti. Hv. þm. talaði um nauðsyn þess að umbuna kennurum sem gerðu góða hluti. Hverjum er umbunað í menntakerfinu í dag? Flokksbræðrum hv. þm. Péturs H. Blöndals. Þeir geta gengið inn af götunni, inn á skrifstofu hæstv. menntmrh. og fengið hann til að samþykkja áætlun um að búa til sérstaka hraðbraut innan framhaldsskólakerfisins sem gerir það að verkum að námsmenn geta lokið framhaldsskólanum á tveimur árum og við skattborgararnir eigum að borga kannski tvöfalt meira með þessum námsmönnum á hverju ári en greitt er t.d. með hverjum námsmanni við minn gamla skóla, Menntaskólann í Reykjavík. Er það einhver sanngirni? Er það kannski það sem hv. þm. kallar heiðarlega samkeppni? Að sjálfsögðu ekki? Ef fara á í slíka tilraunastarfsemi að byggja hraðbrautir, hvers vegna er það ekki gert við þá framhaldsskóla sem búa við áfangakerfi þar sem er auðvelt að gera það.

Herra forseti? Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn þurfa að vera flokksbræður hæstv. menntmrh. til þess að fá þá umbun sem þarf til að geta búið til slíkar hraðbrautir? Í því felst ósanngirni, herra forseti, gagnvart framhaldsskólakerfinu, gagnvart námsmönnum og gagnvart kennurum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 122. mál (aðild starfsmanna að stjórn). — Þskj. 122.

[17:38]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, á þskj. 122. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Frumvarp þetta fjallar um atvinnulýðræði, og ég vek sérstaka athygli á því að flutningsmenn auk mín eru varaformaður og formaður Samfylkingarinnar.

Hér er verið að ræða um leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja, en það er oft rætt um tvær meginleiðir til þess. Það er annars vegar að gera ráð fyrir að starfsmenn komi að málum sem snerta vinnutilhögun, aðbúnað, kaup og kjör og svo hins vegar sú leið að auka áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Hvorugt er útbreitt hérlendis og erum við langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagningu atvinnulífsins.

Í nútímafyrirtækjarekstri er einkum talað um þrjá ráðandi hópa, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Æðstu stjórnendur eru framkvæmdastjórar, þeir eru oft meðal eigenda. Það er hins vegar ekki algilt en eigendur og æðstu stjórnendur starfa mjög náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum, m.a. við samningu um kaup og kjör. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa áhrif og völd æðstu stjórnenda aukist verulega um hinn vestræna heim undanfarna áratugi í atvinnulífinu.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði, þ.e. áhrif starfsmanna innan fyrirtækja í nokkur stig, þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfið eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að ráðandi hópur fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess.

Rök fyrir að starfsfólk fái aðild að stjórnun fyrirtækja eru m.a. að tekið er þá tillit til hagsmuna starfsmanna, betri aðgangur að reynslu og upplýsingum og ráðstöfunarfrelsi stjórna sé takmarkað þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar og tekið er meira tillit til þjóðfélagslegra afleiðinga af stefnu fyrirtækis meðan starfsmenn eru þátttakendur í stjórn þess. Þá má nefna þætti eins og tryggingu atvinnu, mengun, líðan starfsmanna á vinnustað og ýmsa aðra þætti. Einnig fellur þetta vel inn í það fráhvarf frá miðstýringu sem hefur einkennt fyrirtækjarekstur síðustu ár og áratugi í atvinnulífinu, einkum á Vesturlöndum. Atvinnulýðræði er góð aðferð til að styrkja fyrirtæki, bæta framleiðni, hækka laun og auk þess, sem er mjög mikilvægt, er þetta góð aðferð til að auka eftirlit sem er mjög nauðsynlegt í atvinnulífinu ekki hvað síst í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært víða erlendis þótt þetta hafi ekki fengið neinn hljómgrun og varla nokkra umræðu hér, en erlendis hefur t.d. hlutabréfaeign starfsmanna verið komið skipulega á. Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði. Vikið er að þeim í kafla um félagaréttarákvæði í EES-samningnum. Það er eitt, herra forseti, sem við þurfum að hafa mjög í huga hér að búast má við að slík ákvæði eða ákvæði um atvinnulýðræði verði tekin upp í íslenskum rétti þegar þau hafa hlotið afgreiðslu innan Evrópusambandsins og þess vegna er mikilvægt að við séum búnir að stíga skref í þessum efnum á okkar forsendum í stað þess að þurfa að taka það hrátt upp í löggjöf okkar án umræðu og án útfærslu sem hentar íslenskum aðstæðum.

Úfærslur sem hafa verið til umræðu innan Evrópusambandsins eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn. Þessi regla er kölluð þýska reglan en ákvæði um atvinnulýðræði voru lögfest þar fyrir mörgum áratugum eins og reyndar víða í Evrópu.

Í öðru lagi er rætt um sérstakt starfsmannaráð og að hvert félag hafi reglur um starfsmannaráð í samþykktum sínum.

Í þriðja lagi að samkomulag sé milli stjórnar fyrirtækis eða stjórnar æðstu stjórnenda og starfsmanna um samstarf.

Þessi umræða innan Evrópusambandsins er í samræmi við hina fræðilegu uppbyggingu á atvinnulýðræði sem ég greindi frá áðan, þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf, næsta stig samráð og þriðja stig sameiginleg ákvarðanataka.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman, þá takast þessir aðilar á, einkum um kaup og kjör. Það sem er mikilvægt í þessu efni er að fyrirtækjasamningar verða væntanlega gerðir í vaxandi mæli hérlendis eins og reyndin hefur orðið erlendis og það er mjög líklegt að slíkir samningar þróist innan fyrirtækja með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Kjarasamningar síðustu missira hjá einstökum stéttarfélögum hafa markað mjög spor í þá átt. Þetta er vitaskuld eins og flest annað í íslensku samfélagi vel þekkt erlendis og hefur verið þar í föstum skorðum. Verkalýðsfélög á heildargrunni og vinnuveitendur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilvikum sameiginlega fram gagnvart ríkisstjórn og það er fyrirkomulag sem við þekkjum hérlendis en er einnig algengt erlendis.

Samstarf launþega og vinnuveitenda hefur verið sérstaklega mikið hér á landi innan lífeyrissjóðanna. Þetta frv. er mikilvægt um þátttöku starfsmanna í stjórnum félaga vegna þess að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu mun aukast verulega á næstu árum. Nú þegar eru lífeyrissjóðir orðnir mjög stórir í íslenskum hlutafélögum og eru yfir 500 milljarðar bundnir í eignum lífeyrissjóðanna og ef þróunin heldur áfram eins og er erlendis munu þeir verða mjög stórir eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum.

Ekki hefur farið fram, herra forseti, mikil umræða um hvernig lífeyrissjóðir eiga að koma að stjórnun einstakra fyrirtækja. Yfirleitt hafa þeir ekki skipt sér mikið af stjórnun fyrirtækja. Hér hefur hlutabréfamarkaður rutt sér mikið til rúms og eignarhald dreifst í fjölmörgum fyrirtækjum sem knýr enn frekar á það að starfsmenn komi að aðild að stjórnun eins og frv. gerir ráð fyrir.

Meginefni frv. kveður á um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags af tiltekinni stærð, það er miðað við hlutafélög sem hafa fleiri en 35 starfsmenn. Það er mikilvægt að hafa í huga að við erum mjög vanþróuð á þessu sviði og áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Ég held, herra forseti, að á fáum sviðum atvinnu- og efnahagslífs og félagsumhverfis höfum við dregist meira aftur úr eða fylgst minna með þróun mála erlendis, einkum í næstu löndum, og á þessu sviði.

Meginatriði frv. eru sótt í danska löggjöf. Eins og kunnugt er, herra forseti, tekur íslensk hlutafélagalöggjöf mjög mið af þeirri dönsku. Útfærsla frv. er sú að starfsmenn kjósi stjórnarmenn. Það er hluti af hugmyndafræðinni um atvinnulýðræði. Slík ákvæði voru sett í þýsk lög fyrir hálfri öld og starfsmönnum ríkisfyrirtækja í Noregi var veittur réttur til að velja sér fulltrúa í stjórn þegar árið 1947. Þannig er býsna langur tími síðan hafist var handa við umræðu um þetta efni í nágrannalöndunum.

Ákvæðin í dönsku hlutafjárlögunum eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel í Danmörku. Hér er lagt til, líkt og í dönsku löggjöfinni, að í félögum þar sem 35 manns eða fleiri hafi starfað síðustu þrjú ár kjósi starfsmenn fulltrúa í stjórn, sem svarar til helmings þeirra stjórnarmanna sem eru kosnir af öðrum. Það þýðir að ef fimm manns væru í stjórn þá kæmu þrír fulltrúar til viðbótar frá starfsmönnum. Væru

stjórnarmenn sex mundu starfsmenn einnig kjósa þrjá og þá yrði stjórnin skipuð níu mönnum.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn sem sækja umboð sitt til starfsmanna hafi sama rétt á stjórnarfundum og aðrir. Hlutverk þeirra er að taka þátt í stjórnun fyrirtækisins, koma fram með skoðanir starfsmanna, m.a. í tillöguformi og ræða stefnu og stjórnun út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Um þessa stjórnarmenn gilda öll önnur ákvæði laga um stjórnarmenn, þar á meðal um hæfi og trúnað varðandi málefni sem rædd eru á stjórnarfundum. Í frv. er lagt til að almennur starfsmannafundur sé haldinn a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúar starfsmanna yrðu kosnir.

Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum og nýta hina vel heppnuðu dönsku löggjöf í því skyni. Hér er líka vert að hafa í huga að gert er ráð fyrir að fulltrúi í stjórn félags komi úr hópi starfsmanna, en sums staðar er gert ráð fyrir að hann geti verið tilnefndur af verkalýðsfélagi. Hér er, eins og er víðast hvar, gert ráð fyrir að starfsmenn stilli upp einum af sínum til stjórnarsetu. Það er hægt að hugsa sér útfærslu á vinnustaðasamningum í samvinnu við stéttarfélög og þar skapist þá betri tengsl, m.a. út frá þessu fyrirkomulagi.

Formið sem hér er lagt til þekkist víða. Reyndar er þátttaka starfsmanna í stjórnun fyrirtækja tryggð með víðtækari hætti í ýmsum löndum en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það má geta þess, herra forseti, að meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir ákvæði frv. eru velflest þau fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Þessi fyrirtæki starfa fyrir opnum tjöldum og eru með stærstu fyrirtækjum Íslendinga. *Ákvarðanir um stjórn þeirra hafa mikil áhrif á starfsmenn og aðra.* Að mati okkar í Samfylkingunni er mjög eðlilegt að starfsfólk komi þar að með þessum formlega hætti.

Frv. gerir einungis ráð fyrir breytingum á hlutafjárlöggjöfinni en það er vitaskuld hægt að útfæra í meðförum viðkomandi þingnefndar gagnvart einkahlutafélögum og samvinnufélögum, en það er mikilvægt að okkar mati að halda áfram á þessari braut.

Flutningsmenn frv. telja brýnt að Íslendingar marki sér sjálfstæða stefnu á þessu sviði. Það má búast við að innan Evrópusambandsins verði þetta form eitt af mörgum sem verði lögfest á næstu missirum og þar á meðal hér á landi. Það er því, herra forseti, skynsamlegra að við höfum þá sett lög um slíkt kerfi í atvinnulífinu og unnið nokkurn tíma með það og öðlast þannig reynslu á nýju og mikilvægu sviði.

Eins og ég gat um þá er forusta Samfylkingarinnar meðflutningsmenn mínir að frv. sem sýnir mikilvægi þessa máls í almennri stefnumótun Samfylkingarinnar. Flutningsmenn frv. eru þess fullvissir að samþykkt þess muni styrkja íslenskt atvinnulíf, leiða til bættra kjara launafólks, jafnframt því að bæta möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og þar með samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðlegum markaði.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynbundinn munur í upplýsingatækni, fyrri umr.

Þáltill. HólmS o.fl., 123. mál. — Þskj. 123.

[17:51]

Flm. (Hólmfríður Sveinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðgerðir til að draga úr kynbundnum mun í upplýsingatækni.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa vinnuhóp sem geri tillögur um hvernig auka megi áhuga og þekkingu stúlkna á upplýsingatækni. Hópurinn hafi eftirfarandi hlutverk:

a. að safna fyrirliggjandi upplýsingum um kynbundinn mun á tölvunotkun íslenskra leik- og grunnskólanemenda,

b. að gera ítarlega könnun á orsökum minni áhuga stúlkna en drengja á upplýsingatækni og tölvum almennt,

c. að gera tillögur um aðgerðir sem hvetja stúlkur til að nýta upplýsingatækni, einkum tillögur að námsefni.

Vinnuhópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 2001."

Herra forseti. Upplýsingatækni og þekkingariðnaður eru þær greinar atvinnulífsins sem hraðast vaxa um þessar mundir um heim allan. Er oft talað um hið nýja hagkerfi í þessu samhengi. Upplýsingasamfélagið er í örri mótun og framvinda ræðst ekki aðeins af lagasetningu og ákvörðun stjórnvalda heldur ráða þar miklu hinir ýmsu hönnuðir, forritarar og stjórnendur í þekkingariðnaði. Þessum störfum sinna í langflestum tilfellum karlmenn. Þó er hverjum manni ljóst að mikilvægt er að sjónarmið beggja kynja hafi áhrif á þetta mótunarstarf og þessa uppbyggingu.

Hér á landi hefur þróunin verið afar hröð og í dag er mikill skortur á starfsfólki með þekkingu og menntun á þessu sviði. Mikið fjármagn streymir inn í þessar nýju atvinnugreinar og laun í þessum geira eru með því hæsta sem þekkist hér á landi. Þessi þróun er því afar jákvæð og mikið fagnaðarefni að vel launuð störf sem krefjast menntunar hafi orðið til. Það hlýtur að vera eitt af meginmarkmiðum stjórnvalda að greiða götu þeirra atvinnugreina sem krefjast menntunar og skapa hálaunastörf.

Herra forseti. Það er verulegt áhyggjuefni að konur eru aðeins *lítill* hluti þeirra sem vinna við þessar nýju atvinnugreinar. Í erindi Guðbjargar Sigurðardóttur, formanns verkefnastjórnar um upplýsingasamfélagið, sem hún flutti um konur og upplýsingasamfélagið í apríl sl. kom fram að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að hlutfall kvenna í þessum störfum er í besta falli 20%. Því miður er ekkert sem bendir til þess að það sé að breytast. Það á jafnt við *hérlendis* sem erlendis. Þetta þýðir einfaldlega að mjög fáar konur eru í þessum hálaunastörfum. Ekki er síður alvarlegt að samkvæmt þessu taka konur ekki virkan þátt í að móta þær afurðir og það umhverfi sem þessar atvinnugreinar skapa. Tölvur, og þá sérstaklega netið, skapa æ ríkari sess í lífi karla og kvenna. Það er staðreynd að kynin eru ólík og því er mikilvægt að sjónarmið, gildi og viðhorf beggja kynja komi að mótun þessarar nýju tækni.

Herra forseti. Við Íslendingar erum í fararbroddi hvað varðar tölvueign og tölvunotkun. Rannsóknir benda til þess að tölvuaðgangur kynjanna er nokkuð jafn en af einhverjum *óþekktum ástæðum hafa piltar verið mun duglegri við* að tileinka sér þessa nýju tækni. Það staðfestir kynjahlutfallið á þessu sviði og þá er sama hvort litið er til vinnumarkaðarins eða á námsval. Þannig er hlutfall kvenna í tölvunarfræði á

háskólastigi hér á landi aðeins um fimmtungur og virðist því miður ekki vera að aukast.

Með leyfi forseta nefni ég hér nokkur sláandi dæmi sem staðfesta kynbundinn mun í upplýsingatækni. Upplýsingarnar eru fengnar af heimasíðu forsrn. um konur og upplýsingasamfélagið.

Í Skýrslutæknifélagi Íslands, sem er fagfélag þeirra sem starfa við eða hafa áhuga á upplýsingatækni, eru fullgildir félagar alls 771, þar af er 141 kona, eða 18,29%.

Í Félagi tölvunarfræðinga eru 426 félagar, 81 kona, eða 19%.

Frá upphafi, eða frá árinu 1978, hefur Háskóli Íslands brautskráð alls 427 nemendur með BS-próf í tölvunarfræði. Þar af eru 79 konur, 18,5%.

Í Háskólann í Reykjavík innrituðust haustið 1999 150 nemendur í tölvunarfræðideild og var skiptingin 72% karla á móti 28% kvenna.

Í Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum sem síðasta vetur bauð upp á átta bekki í heilsársnámi í forritun og kerfisfræði, voru alls 102 nemendur, þar af 8 konur.

Svona mætti því miður lengi áfram telja.

Herra forseti. Vissulega ber að nefna það sem vel er gert. Ég vil því að hér komi fram að sett hefur verið af stað átaksverkefni til tveggja ára á vegum jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs Íslands. Verkefnið hefur það markmið að auka hlut kvenna í forustustörfum og stuðla að jafnari kynskiptingu í raun- og tæknigreinum. Er það vel. Ég tel þó enn mikilvægara að grípa fyrr inn í þetta ferli og leita orsaka þess að stúlkur sækja sér síður en piltar menntun í þessum greinum.

Herra forseti. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að mótun lífsviðhorfa og starfsval hefst strax á barnsaldri. Því er nauðsynlegt að bregðast við þá þegar. Í þessu samhengi er eðlilegt að horft sé til menntakerfisins og þeirra möguleika sem það býður upp á. Ég minni á að í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að íslenskum skólum er skylt að vinna að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna og búa bæði kynin undir virka þátttöku í atvinnulífi og mótun samfélagsins. Ekki er síst talið brýnt að skólar reyni að stuðla að auknu jafnrétti í tölvu- og uppýsingatækni.

Þessi þáltill., herra forseti, sem hér er borin fram, styður mjög vel við þessa stefnu menntmrh. Piltar virðast einhverra hluta vegna ekki þurfa jafnmikla hvatningu og stúlkur þegar upplýsingatæknin er annars vegar. Innlendar og erlendar rannsóknir staðfesta að verulegur munur er á því hvernig stúlkur og piltar nota upplýsingatækni. Hér á landi hefur Sólveig Jakobsdóttir hjá Kennaraháskóla Íslands verið í fararbroddi á þessu sviði og hafa rannsóknir hennar sýnt að stúlkur nota tölvur helst til rit- og gagnavinnslu en piltar vinna með tölvugrafík, vefnað, forritun og þess háttar.

Mismunandi kynni stúlkna og pilta af tölvum og mismunandi viðhorf þeirra til upplýsingatækni birtast í náms- og starfsvali. Vafalítið er hér um samspil margra og flókinna þátta að ræða og sjálfsagt er ekki til nein ein allsherjarlausn á vandanum. Því er mjög mikilvægt að kanna ítarlega orsakir þess að stúlkur sýna upplýsingatækni minni áhuga en piltar, áður en brugðist verður við.

Erlendar rannsóknir sýna að færni stúlkna á þessu sviði er alls ekki minni en pilta og standa þær þeim jafnvel framar ef þær gefa sig að tölvum. Vandinn er hins vegar sá að stúlkur sýna tölvum einfaldlega minni áhuga en strákar. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hve miklu leyti þessi munur skapast vegna þess efnis sem boðið er upp á í tölvum og á netinu. Piltar eyða miklum tíma í tölvuleikjum og fikra sig síðan yfir í annað, svo sem netið. Stúlkur sýna tölvuleikjum almennt minni áhuga þó ekki sé vitað hvort það er vegna lítils áhuga á leikjum eða á þeim tegundum leikja sem helst er boðið upp á.

Í erlendum rannsóknum er því haldið fram að tölvur og tækni höfði einfaldlega ekki til stúlkna vegna þess að þar ríki „karllæg viðhorf". Lítið tillit sé tekið til þarfa stúlkna, enda vita markaðsmenn tölvufyrirtækja að markhópur þeirra er fremur drengir en stúlkur. Þannig hefur myndast ákveðinn vítahringur sem erfitt er að losna út úr án þess að gera sér vel grein fyrir orsökum og afleiðingum í þessu samhengi. Markmiðið hlýtur því að vera að skapa aðstæður þar sem tölvur og tækni vekja áhuga stúlkna og skapa þeim forsendur til að hasla sér völl á þessu sviði. Langtímamarkmiðið er svo að jafna hlut kynja í hópi þeirra sem móta þessa tækni og skapa til langframa þær aðstæður að tölvur og tækni uppfylli þarfir beggja kynja og allra aldurshópa.

Herra forseti. Eins og áður er getið er mikilvægt að greina orsakir þessa mismunar og byggja aðgerðir á þeirri þekkingu sem út úr þeirri vinnu kemur. Í ljósi þess að kynjamunur á þessu sviði er svipaður um heim allan er ekki ólíklegt að hér spili inn í þættir eins og félagsmótun, áhugi og hvatning, auk ýmissa þátta sem móta einstaklinginn allt frá fæðingu.

Það sem best gagnast til þess að vinna með þessa þætti er menntakerfið. Þar gefst færi á að ná til allra barna og gefa þeim tækifæri til að kynnast veröld tölvunnar og netsins. Námið og námsefnið verður að miða að því að vekja áhuga á tölvutækninni út frá forsendum hvers og eins. Í ljósi þess að stúlkur sækja síður í upplýsingatækni er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að vekja áhuga þeirra út frá þeirra eigin forsendum. Fyrsta skrefið er að viðurkenna að þessi munur er fyrir hendi. Síðan þarf að finna leiðir til að minnka þennan mun. Ef ekkert breytist mun tölvuheimurinn áfram vera mótaður af körlum fyrir karla. Ef vilji er til að breyta þessu þá þarf að byrja snemma á mótunarskeiði einstaklingsins.

Herra forseti. Tölvur og netið fela í sér ákveðinn lífsstíl og hugsunarhátt. Tölvukunnátta opnar fólki möguleika til að nýta sér tækifæri framtíðarinnar í hinu nýja hagkerfi. Í hinu nýja hagkerfi er gott tölvulæsi algjört grundvallaratriði til þess að einstaklingar séu gjaldgengir á vinnumarkaði. Ef stór hópur kvenna nær ekki tökum á tölvutækninni, skapar það nýjan og aukinn ójöfnuð kynjanna á vinnumarkaði. Þessi þekking á erindi við bæði kynin og alla aldurshópa, enda er markmið tölvunnar og netsins að gera líf okkar þægilegra. Því er mikilvægt að berjast gegn því að viðhorf og gildi annars kynsins ráði ríkjum í þróun og uppbyggingu hins nýja hagkerfis.

[18:04]

Útbýting þingskjala:

Óheftbundnar lækningar, 173. mál, þáltill. LMR o.fl., þskj. 176.

Réttindi sjúklinga, 170. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 173.

Tólf ára samfellt grunnnám, 166. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 168.

Umferðarlög, 157. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 157.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 171. mál, frv. PHB, þskj. 174.

Úrgangur frá verksmiðjubúum, 172. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 175.

[18:05]

Stefanía Óskarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. hv. þm. Hólmfríðar Sveinsdóttur þess efnis að Alþingi álykti að fela menntmrh. að skipa vinnuhóp sem geri tillögur um hvernig megi auka áhuga á þekkingu stúlkna á upplýsingatækni.

Ég tel að tillaga sú sem hér er á ferðinni sé allra góðra gjalda verð en jafnframt óþörf, þ.e. þessi tillaga er nokkrum árum of seint á ferðinni. Ég tek undir allt það sem kemur fram í grg. hv. þm. Hólmfríðar Sveinsdóttur þar sem rakin er nauðsyn þess að hlutur kvenna sé sem mestur í upplýsingatækninni en jafnframt vil ég gera grein fyrir því hvers vegna ég tel óþarft að Alþingi álykti að fela menntmrh. að skipa slíkan vinnuhóp.

Ástæðan er þessi: Á þessu ári hefur mikið starf verið unnið í víðtæku samstarfi sem nú á sér stað meðal ráðuneyta, einkafyrirtækja, stofnana í þjóðfélaginu og annarra sem miðar einmitt að því að koma þessum málum til betri vegar.

Í kjölfar ráðstefnunnar Konur og lýðræði sem haldin var sl. október, þ.e. fyrir rúmu ári, komu fram margar hugmyndir að verkefnum sem öll miða að því að auka hlut kvenna á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Skrifstofa jafnréttismála og Háskóli Íslands voru framkvæmdaraðilar að þessari ráðstefnu og áttu frumkvæði að því, eins og réttilega kemur fram í grg. með þáltill., að setja á laggirnar átaksverkefni sem miðar að því að jafna námsval kynjanna. Forsrn. veitti verkefninu strax mikinn stuðning. Sama er að segja um félmrn., menntmrn. og iðn.- og viðskrn. Einnig komu til liðs við þetta verkefni Eimskipafélagið, Gallup-Ráðgarður, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Félag íslenskra framhaldsskóla og Stúdentaráð HÍ og e.t.v. Sjóvá-Almennar, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og fleiri aðilar. Þessu verkefni um jöfnun á námsvali kynjanna er ætlað að sjá til þess að hlutur kvenna í þeim greinum þar sem þær hafa ekki verið margar verði aukinn og þá sérstaklega í upplýsingatækni og verkfræðigreinum.

Hv. þm. gat þess í máli sínu að ekki hefði mikið áunnist, að vandamálið hefði verið skilgreint m.a. á ráðstefnu sem forsrn. stóð fyrir í apríl sl. í samvinnu við Skýrslutæknifélag Íslands, Rannsóknarstofu í kvennafræðum, Jafnréttisráð, Félag tölvunarfræðinga, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, menntmrn. og Verkfræðingafélag Íslands, um konur og upplýsingatæknina. Á þeirri ráðstefnu komu fram margvíslegar upplýsingar og fjölmörg erindi voru haldin um stöðu kvenna á hinum ýmsu sviðum upplýsingatækninnar. Við undirbúning ráðstefnunnar var hannaður vefur sem hv. þm. gat jafnframt um í ræðu sinni. Þar voru teknar saman ýmsar upplýsingar um stöðu kvenna á þessu sviði, reynslusögur kvenna sem höfðu haslað sér völl á þessu sviði o.s.frv.

Þessar upplýsingar og undirbúningsvinnan fyrir ráðstefnuna hefur nýst í átaksverkefninu sem ég gat fyrr um. Þar hefur verið skipuð verkefnisstjórn sem hefur í bígerð að ná til háskólastúdenta en jafnframt til framhaldsskólanema og grunnskólanema. Það skal unnið m.a. í samráði við námsráðgjafa, fjölmiðla og ýmsa aðra sem veitt geta liðsinni í þessu máli. Hér er um mjög metnaðarfullt átak að ræða og verkefninu verður formlega ýtt úr vör nk. fimmtudag 26. október. Á kynningarfundi sem þá verður haldinn verður gerð grein fyrir þessu verkefni. Nú þegar eru farin af stað sérstök verkefni sem miða t.d. að því að að efla konur innan tölvunarfræðinnar, í verkfræði innan Háskóla Íslands og ýmislegt annað sem nefna má síðar.

Ég kom aðeins inn á það áðan að hv. þm. Hólmfríður Sveinsdóttir hefði sagt að lítið hefði áunnist. Ég vil mótmæla því. Ég tel þvert á móti að þessum málum hafi mjög miðað áfram og umrædd ráðstefna sem ég gat um áðan, sem haldin var sl. apríl, var afar fjölsótt, vakti mikla athygli fjölmiðla og e.t.v. má hugsa sér að sú mikla athygli hafi orðið til þess að fleiri konur en nokkru sinni fyrr hafa nú sótt um nám í bæði tölvunarfræði og verkfræðigreinum í Háskóla Íslands. Það má minna á það að t.d. í byggingaverkfræði eru nú konur í meiri hluta og ég held að kynjahlutfallið í vélaverkfræði sé mjög svipað.

Að sjálfsögðu er margt sem þarf að vinna að og ég tel að sú vinna sé þegar komin í gang. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að menntmrn. skipi sérstaka nefnd um þetta og vil jafnframt geta þess að á vegum menntmrn. hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að skilja með hvaða hætti börn, þ.e. drengir og stúlkur, tileinka sér námsefni og finna hugsanlegar úrbætur á því sviði. Innan menntmrn. hefur jafnframt verið í gangi vinna sem miðar að því að taka saman upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum. Sú nefnd mun fljótlega skila af sér niðurstöðum. Af þessari upptalningu má sjá að um langt árabil hefur verið unnið að þessum málum innan menntmrn. Ég bendi einnig á átaksverkefnið og þá fjölmörgu aðila, bæði opinberar stofnanir, ráðuneyti og einkafyrirtæki sem koma að þeirri vinnu. Ég býst við góðu samstarfi við fjölmiðla hvað þetta varðar.

Ég tek undir það sem kom fram í meginmáli hv. þm. Hólmfríðar Sveinsdóttur, að hér er um mikilvæg markmið að ræða en ég sé enga ástæðu til að menntmrn. skipi sérstaka nefnd til að hafa forgöngu um vinnu í þessu máli. Vinnan er þegar farin af stað og ekki bara á einum stað heldur á mörgum stöðum.

[18:13]

Flm. (Hólmfríður Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Stefaníu Óskarsdóttur fyrir gott innlegg. Ég tel mig þekkja öll þau verkefni sem hún taldi upp hér, alla vega allflest. Ég er þó ósammála því þegar hún segir að þessi tillaga sé óþörf. Það rökstyð ég með því að hér er ég og samflutningsmenn mínir að tala um yngri hópana. Í þeim verkefnum sem komin eru af stað nú þegar, sem er gott, er einblínt á eldri nemendur. Það er ekki það sem við þurfum að gera. Vissulega þarf líka að sinna því starfi en við þurfum að grípa inn í fyrr á aldursskeiði fólks.

[18:14]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka fyrri orð mín. Það starf sem vinna á í þessu átaksverkefni um jafnara námsval kynjanna miðar jafnframt að því að ná til yngstu hópanna. Það eru margar leiðir að því markmiði. Að þessu þarf að vinna m.a. í samvinnu við námsráðgjafa, og einnig með því að sýna fyrirmyndir. Þess vegna er mikilvægt að fá fjölmiðla með sér í lið. Það er mikilvægt að hafa alls konar uppákomur þar sem konur sem sinna þessum störfum eru í sviðsljósinu.

Ég tel að þetta verkefni og fleiri slík verkefni, ég get reyndar nefnt fleiri dæmi, eins og t.d. verkefni sem FBA stendur fyrir en það er samantekt á jafnréttisnámsefni fyrir grunnskóla, sem miða að því með einum eða öðrum hætti að ná til yngstu kynslóðarinnar og breyta þannig hugarfari

hennar. Auðvitað þarf svo einnig að ná til foreldra sem skipta vissulega miklu máli í þessu sambandi.

[18:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur oft gerst í umræðum um menntamál á hv. Alþingi að fulltrúar Sjálfstfl. koma og segja: „Þetta er óþarfi. Þetta er allt í svo fínu lagi hjá okkur. Þið þurfið ekkert að vera að fytja þessar tillögur. Það er alveg rétt sem þið segið, en þetta er bara í svo fínum gangi hjá okkur að það þarf ekkert að vera að samþykkja þessar tillögur ykkar."

Herra forseti. Ég hef orðið fyrir þessu. Ég hef verið að flytja hér fínustu mál og þá hafa menn komið hér, ráðherrann stundum sjálfur, stundum aðrir með honum, og stappað framan í mig og skilaboðin: „Burt af minni torfu. Um þetta sé ég sjálfur." Og það er nákvæmlega þetta sem mér finnst vera að gerast núna. Mér finnst að hv. þm. 19. Reykv. komi hér og flytji beinlínis þau skilaboð sem oft hafa verið flutt áður, og það kemur mér svolítið á óvart. Ég er nefnilega á þeirri skoðun að það eina sem gæti bent til þess að óþarft væri að fela hæstv. menntmrh. að gera það sem hann á að gera varðandi þetta mál, er að þó það væri samþykkt þá myndi hann gera það bæði illa og seint.

[18:16]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir með menntmrh. að það er allt í ógurlega fínum gangi. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á góðu starfi menntmrh. og dreg í efa þau stóru orð sem hafa verið höfð hér uppi fyrr í dag um að allt sé í miklum voða í menntamálum þjóðarinnar. Það er þvert á móti. Menntmrh. hefur verið alveg sérstaklega ötull við að endurskoða námsefni og námsefnisgerð og menntastefnu bæði eins og hún snýr að grunnskólum og framhaldsskólum og ekki síst háskólastiginu. Það er einmitt undir forustu hans sem við höfum séð mikla sókn í menntamálum.

[18:17]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar staðfestir fyrst og fremst það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. „Allt er í fínum gangi," sagði hv. þm. Það vill svo til að fyrir skömmu síðan var ég að yfirfara mál sem ég flutti á 121. þingi um fjarkennslu, þ.e. um að þar yrði mótuð stefna. Og ég verð að segja, herra forseti, að ef menntmrh. og fylgismenn hans hér í salnum hefðu tekið því máli öðruvísi en þeir gerðu, væru þau mál í svolítið betra ástandi en þau eru nú.

Ég get nefnt fleira. Ég ætla að nefna tillögu um stöðu drengja og stúlkna í grunnskólum. Varðandi það mál var samþykkt þáltill. sem ég var 1. flm. að, um könnun í þeim efnum sem átti að leiða til þess að farið yrði faglegar í að reyna að jafna stöðu kynjanna í grunnskólanum. Síðast þegar ég frétti (Gripið fram í.) hafði sú nefnd haldið þrjá fundi og skilaboðin voru þau að ekkert frekar þyrfti að gera, þetta væri allt í svo fínu lagi.

En ég segi, herra forseti, að þetta er ekki í fínu lagi. Það er illt í efni þegar menn eru eins hrokafullir og mér finnst koma hér fram er þeir segja: „Þetta er í svo fínu lagi að það þarf ekkert að gera. Við þurfum ekki einu sinni að hlusta á þá sem vit hafa á málum." Og það er illt í efni, herra forseti.

[18:19]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lenda í orðakasti við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um önnur mál en þau sem eru hér til umræðu, þ.e. að fela menntmrh. að skipa nefnd sem á að hvetja konur til virkari þátttöku í upplýsingatækninni.

Ég spyr: Af hverju að skipa nefnd í þessum málum þegar mikil vinna er í gangi og aðrar nefndir eru að störfum?

[18:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér verulega á óvart að hv. 19. þm. Reykv. skuli bregðast svona við þessari tillögu sem hér er til umræðu. Ég hefði talið að hv. þm., sem er formaður jafnréttisnefndar Sjálfstfl., fagnaði svona tillögu. Auðvitað þarf að vinna að þessu á öllum stigum.

Ég ætla bara að minna á það að margar eru nefndirnar og ýmsar eru efndirnar í þeim efnum. Það þarf að búa að þessum málum. Það þarf að vinna að þessu snemma í skólakerfinu, í grunnskólanum, í leikskólanum. Ég minni á að lengi býr að fyrstu gerð. Þó svo að nefnd færi að vinna í þessum málaflokki, held ég að það ætti ekkert að trufla annað starf á vegum menntmrn. í jafnréttismálum sem er vissulega þarft. En að slá hendinni á móti góðri tillögu sem þessari um viðbótarstarf finnst mér alveg ótrúlegt af hv. þm., sérstaklega ef litið er til þeirrar stöðu sem hv. þm. gegnir í sínum stjórnmálaflokki.

[18:20]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að benda á að það geti nú verið varasamt að skipa nefndirnar því eins og hún sagði þá eru margar nefndirnar en litlar efndirnar. Það er nú oft þannig. Þess vegna tel ég að málum sé ágætlega fyrir komið eins og þeim er háttað í dag. Við höfum hér á ferðinni samstarf margra aðila í þjóðfélaginu. Við erum að tala um flest ráðuneyti. Við erum að tala um samstarf við einkafyrirtæki og stofnanir. Ég sé því ekki annað en að hér sé bara allt í góðum gangi svo ég taki þá undir svokölluð orð menntmrh.

[18:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð að þetta andsvar hv. þm. bæti neinu við þessa umræðu eftir það sem ég sagði áðan. Það er vissulega þörf á að fara í þessa vinnu. Ég hefði haldið að hv. þm. hefði gert sér grein fyrir því, þar sem hún hefur unnið að jafnréttismálum, hefur unnið að kvenfrelsismálum og ég veit að hún þekkir vel til í þessum málaflokki. Hún veit að staðan er þannig að ekki veitir af að farið sé í víðtæka vinnu og það kannski á fleiri sviðum en þeim sem hv. þm. nefndi áðan í ræðu sinni. Og eftir því sem er meira unnið því meiri ætti nú árangurinn að verða, hefði maður haldið. Ég hefði því frekar talið að þetta væri ágætis viðbót við það sem verið er að gera í ráðuneytinu.

[18:22]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflutningsmaður þessarar þáltill. um aðgerðir til þess að draga úr kynbundnum mun í upplýsingatækni, sem hv. þm. Hólmfríður Sveinsdóttir er 1. flm. að.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að bæta við ræðu hv. flm. Þar kom allt fram sem mestu máli skiptir er varðar kynbundinn mun í upplýsingatækni. Hins vegar er ég nokkuð hugsi yfir þeim orðaskiptum sem síðan hafa átt sér stað í salnum. Vissulega er það rétt eins og hv. þm. Stefanía Óskarsdóttir hefur tekið fram að ýmis átaksverkefni eru í gangi í samvinnu við fyrirtæki og margs konar aðila um að reyna að hafa áhrif

á námsval kynjanna. En af upptalningu hv. þm. gat ég ekki betur heyrt en flest það væri miðað við nám á framhalds- eða háskólastigi.

En hér er nefnilega verið að reyna að glíma við vandann í grunninn, ef þannig má til orðs taka, með því að safna saman upplýsingum um kynbundinn mun á tölvunotkun íslenskra leikskóla- og grunnskólanemenda og að gera ítarlega könnun á orsökum þess að minni áhugi er meðal stúlkna en drengja á upplýsingatækni og tölvum almennt og að gera tillögur um aðgerðir sem hvetja stúlkur til að nýta upplýsingatækni, einkum tillögur um námsefni.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég tel fulla þörf á því að farið sé í þessa vinnu. Það væri ánægjuleg tilbreyting á hinu háa Alþingi ef stjórnarliðar gætu einu sinni leyft sér að taka málefnalega og góðum tillögum sem þessari. Kannski á ég einhvern tímann eftir að lifa það en mér heyrist á öllu að svo verði ekki hvað varðar afgreiðslu þessarar tillögu.

Mig langar líka að víkja að því sem hv. flm. ræddi í sinni ræðu og það er hvernig við ættum að losna út úr þessum vítahring karllægra viðhorfa í tölvubransanum. Það litla sem ég hef kynnt mér þessi mál þá sýnist mér markaðssetningin og innihald tölvuleikja beinlínis vera gerð út á drengi. Það er gert út á ofbeldisleiki t.d. og það er gert út á ýmiss konar hasar sem af einhverjum ástæðum höfðar minna til stúlkna en drengja og það verður m.a. til þess að drengir fá af einhverjum ástæðum meiri áhuga á tölvuleikjunum fyrr en stelpurnar.

Mér fyndist mjög mikilsvert að reyna að rýna betur í ástæður þessa og ekki síst að rýna í þann frumskóg þessa iðnaðar sem ég held að sé ekki allur þar sem hann er séður, t.d. er ljóst að ýmislegt er markaðsett með mjög vafasömum hætti fyrir börn, svo ég komi nú inn á það, herra forseti, og það væri mjög fróðlegt, í það minnsta fyndist mér það, ef það væri m.a. skoðað með tilliti til tölvuleikja og hver munurinn er á notkun þeirra meðal stúlkna og drengja.

Annað hafði ég ekki hugsað mér að leggja til málanna í þessari umræðu að svo stöddu. En mig langar hins vegar og get ekki stillt mig um, herra forseti, að draga fram litla úrklippu sem ég fann á baksíðu DV fyrr í þessari viku. Mér finnst hún eiginlega lýsa því sem ég vil kalla karlssýki þekkingariðnaðarins í hnotskurn. Víða birtist hún, en hvergi eins og í þessari litmynd af tveimur ungum fáklæddum stúlkum sem sitja hér á sandbing og voru að leika blak. Það væri kannski í góðu lagi ef þessar stúlkur hefðu ekki vakið, með leyfi herra forseta:

„... verðskuldaða athygli þar sem þær spiluðu strandblak á Agora, alþjóðlegri fagsýningu þekkingariðnaðarins sem haldin var í Laugardalshöll í síðustu viku."

Þar var ljósmyndari DV á ferðinni og smellti þessari skemmtilegu mynd af þeim. Ég get svo sem sýnt hv. þingmönnum þetta á eftir. En ég vona að þetta sé ekki rétta myndin af stöðu kvenna í íslenskum þekkingariðnaði.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Má ég sjá?)

Hún er svona, herra forseti. Og þess vegna þurfum við m.a. að beina sjónum að yngstu börnunum og sjá til þess að upplýsingatæknin verði á allra færi, bæði stúlkna og drengja.

[18:27]

Stefanía Óskarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni gerði ég grein fyrir því að ég tæki undir flest það sem kæmi fram í greinargerð með þessari þáltill. og ég ítreka það hér. Ég sagði jafnframt að ég teldi ónauðsynlegt að skipa umrædda nefnd því mikið starf er nú þegar í gangi og að því starfi koma fjölmargir aðilar, ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir. Stjórnvöld hafa sýnt þessu verkefni sérstaklega mikinn velvilja og skilning og látið fé af hendi rakna, sem m.a. hefur verið notað til þess að ráða starfsmann í starf sem mun á næstu tveimur árum vera þessari verkefnisstjórn til ráðuneytis um ýmislegt sem betur má gera. Nú þegar hefur farið af stað starf sem miðar að því að ná til kvenna í háskólum, í framhaldsskólum og á grunnskólastigi og jafnframt til foreldra þeirra. Það má vel vera að leikskólar komi þar jafnframt inn í. Ég skal ekki segja um það.

Ég fagna því að hér hafi komið fram þessi þáltill., þ.e. að vakið hefur verið máls á þessu efni og ég óska eftir samstarfi við flutningsmenn þessarar tillögu. Ég læt þess kannski getið að ég sit í verkefnisstjórn þessa verkefnis og við erum einmitt að leita eftir víðtæku samstarfi við alla því hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og mikilvægt er að sem flestir séu með í liði. Ég sé samt enga ástæðu til þess að þetta starf sé lokað inni í starfi í menntmrn.

Að lokum ætla ég að gera grein fyrir því að ég tala hér ekki í nafni menntmrn., heldur tala ég í nafni sjálfrar mín.

[18:29]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv. klifar á því að ónauðsynlegt sé að skipa þennan vinnuhóp sem þessi tillaga fjallar um vegna þess að allt sé þetta starf unnið í verkefnisstjórn sem hún á sæti í.

Ég eiginlega skil ekki þessa lensku stjórnarliða að geta aldrei tekið upp góðar hugmyndir og jafnvel gert að sínum. Ég hygg að þessi tillaga sé mjög þörf viðbót í þá vinnu sem nú fer fram og sé þess vegna ekki hvaða meinbugir eru á því að hið háa Alþingi samþykki hana og að menntmrn. skipi þennan vinnuhóp.

[18:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Það er tilefni til að fagna framkominni *þáltill. hv. þm. Hólmfríðar* Sveinsdóttur því eins og fram kom í máli hennar er afar brýnt að grípa strax til aðgerða gegn kynjabundnum mun í þeim sívaxandi geira atvinnulífsins er lýtur að netinu og upplýsingatækni. Það gerir tillaga hv. þm. Hólmfríðar Sveinsdóttur svo sannarlega og ber að fagna henni og veita framgang á hinu háa Alþingi. Tölurnar tala sínu máli um kynjamuninn strax hjá börnum í notkun á netinu og við notkun á tölvum. Þessi munur leiðréttir sig ekki sjálfkrafa og aðgerða er þörf, t.d. að grafist sé fyrir um orsakir þess að áhugi stúlkna sé svo miklu minni en drengja á tölvum, tölvuleikjum og notkun á netinu.

Mikilvægasti þátturinn lýtur að menntakerfinu og gerð námsefnis. Það er tækifæri til að grípa inn í áður en kynjamunur við notkun netsins verður að rótgrónu vandamáli í samfélaginu.

Tölvukunnátta opnar fólki möguleika til að nýta sér tækifæri framtíðarinnar í atvinnulífinu og í hinu nýja hagkerfi er tölvulæsi algjört grundvallaratriði til að einstaklingar séu gjaldgengir á vinnumarkaði eins og hv. þm. Hólmfríður Sveinsdóttir gat um í grg. með tillögu sinni. Ef stór hópur kvenna tileinkar sér ekki tölvutæknina leiðir það til aukins ójafnaðar kynjanna á vinnumarkaði og er nóg fyrir. Það má

aldrei gerast og því er þörf róttækra aðgerða og þessi tillaga gefur tóninn í þeim aðgerðum.

[18:32]

Ragnheiður Hákonardóttir:

Forseti. Ég þakka hv. þm. Hólmfríði Sveinsdóttur fyrir grg. sína og að vekja máls á þessu með þáltill. sinni eins og það er sett fram að draga úr kynbundnum mun í upplýsingatækni. En maður getur ekki annað en spurt í hverju þetta felst.

Í ágætri grg. kemur fram að mestmegnis er stuðst við rannsóknir sem gerðar hafa verið á fámennum hóp sem og vísað til rannsókna sem gerðar hafa verið erlendis. Þar kemur fram að á áhugasviði stúlkna og drengja liggja þættir varðandi tölvunotkun. Ég held að í hverju og einu fagi og í hverju því sem snertir okkur í daglegu lífi liggi einmitt mismunandi þættir, mismunandi áhugasvið einstaklinga á hvers konar vali. Ég er ekki að mæla þessu bót. Ég er ekki að mæla því bót að stúlkur skuli í minna mæli en drengir sýna upplýsingatækni áhuga — en það er átt við tölvunotkun, upplýsingatækni er hluti hennar.

Í grunnskólum í dag og niður í allflesta leikskóla er það markmið að allir nemendur, drengir og stúlkur, hafi jafnan aðgang að tölvum. Ég þekki ekki til staða þar sem þetta er ekki veruleikinn.

Aftur á móti má spyrja: Hvernig má vekja áhugann á þessari tækni frekar hjá stúlkum en verið er? Ég get ekki svarað því en ég get sagt að í því umhverfi sem ég kem úr sé ég ekki mun á áhuga drengja og stúlkna hvað varðar tölvunotkun og upplýsingatækni að leita sér upplýsinga í gegnum þetta kerfi. Hitt er annað mál að það er mismunandi hvernig einstaklingar vinna og það kemur líka fram hjá Sólveigu Jakobsdóttur.

Ég held að það að ýta þessari þáltill. áfram og setja upp nefnd sé ekki það markmið sem hún ætti að vera. Hún ætti að vera hluti af verkefnum menntmrn. í almennri útfærslu menntunar. Ég vísa til grunnskólalaga þar sem tekið er á þessu og í framhaldsskólalög. Í leikskólum hefur þetta komið inn eins og ég nefndi áðan. Ég held að þetta sé framkvæmdaratriði.

Ég bendi á að þættir eins og þessir eru dýrir í framkvæmd. Það tekur tíma. Þessi viðhorfsbreyting tekur líka tíma sem kemur þá í gegnum eldri kynslóðir til einstaklinga. Það er ágætt dæmi að vísa til tæknibreytinga sem urðu þegar bíllinn kom til Íslands. Lengi vel tóku aðeins karlar bílpróf. Þannig er það viðhorf jafnvel þeirra eldri sem skal heldur breyta en þeirra yngri vegna þess að þau yngri telja þetta sjálfsagðan hlut.

[18:36]

Flm. (Hólmfríður Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja tvennt. Það er ástæða fyrir öllum hlutum. Ástæða er fyrir því að það er kynbundinn munur í upplýsingatækni. Við vitum kannski ekki í dag hverjar þær ástæður eru en við þurfum að finna þær. Fyrr er ekkert hægt að gera í málunum.

Hv. þm. Ragnheiður Hákonardóttir talaði um rannsóknir á fámennum hópi. Það er því miður ekki rétt að svo sé því þetta eru ekki bara rannsóknir sem ég er að vitna í heldur eru tölurnar sem ég bar upp áðan staðreyndir úr skólakerfinu. Svo einfalt er það.

[18:37]

Flm. (Hólmfríður Sveinsdóttir):

Herra forseti. Mig langar til að þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þessa þáltill. Ég vil líka segja að umræðan hefur í engu breytt þeirri skoðun minni að þetta mál sé mjög brýnt og það er mjög nauðsynlegt að setja á laggirnar slíkan vinnuhóp og breytir það engu þótt hv. 19. þm. Reykv. sitji í nefnd sem er að kanna svipaða hluti en þó alls ekki sömu hluti.

Ég vil líka segja að mér finnst dapurlegt að tvær konur úr stjórnarliðinu komi upp til að mæla þessu mót.

Samt sem áður þakka ég fyrir mjög góða, þarfa og málefnalega umræðu og vona og legg til að þetta fari til menntmn. og fái þar góða umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarleikvangar, fyrri umr.

Þáltill. PM, 106. mál. — Þskj. 106.

[18:38]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um þjóðarleikvanga. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að beita sér fyrir setningu laga um byggingu þjóðarleikvanga.“

Á 121. löggjafarþingi var samþykkt till. til þál. um eflingu íþróttastarfs. Flm. tillögunnar voru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni M. Mathiesen, Magnús Stefánsson og Vilhjálmur Egilsson. Þessi ályktun var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna nefnd til að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og um samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Markmið nefndastarfsins verði m.a. að skilgreina og gera tillögur um þátt hins opinbera í þeirri viðleitni íþróttahreyfingar að:

1. laða æskufólk, pilta og stúlkur, svo og almenning til iðkunar íþrótta,
2. efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi,
3. auka skilning þjóðarinnar á gildi líkamsræktar, heilbrigðis og hollra lífshátta.

Nefndin verði skipuð tveim fulltrúum Íþróttasambands Íslands, einum frá UMFÍ, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af fjmrh., einum tilnefndum af heilbr.- og trmrh. og einum tilnefndum af menntmrh. og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili skýrslu og tillögum eigi síðar en 1. nóvember 1997.“

Niðurstöður nefndarinnar komu fram í skýrslu í desember árið 1997. Nefndin lagði áherslu á þrjú atriði sem hún sagði geta skipt sköpum í allri framþróun og voru þau á sviðum barna- og unglingaíþrótta, afreksíþrótta og almenningsíþrótta. Á sviði afreksíþrótta var ein tillaga nefndarinnar þessi, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi þarf að vera til staðar öflug afreksmannastefna með þátttöku ríkisins til að skapa þá umgjörð sem þarf fyrir afreksíþróttafólk í landinu. Mikilvægt er að ríkið komi

aftur inn í mannvirkjaþáttinn með því að styrkja sveitarfélög og sérsambönd í byggingu þjóðarleikvanga.

Skilgreining nefndar á orðinu þjóðarleikvangur er eftirfarandi:

„Þjóðarleikvangur er íþróttaaðstaða sem tengist sérstaklega ákveðinni íþróttagrein. Hér er um íþróttamannvirki að ræða sem þegar er til staðar eða á eftir að reisa. Hver íþróttagrein sem hér á landi er stunduð fær því „fastan samastað" eða þjóðarleikvang. Einkenni þessa staðar væri að þar væru fullkomnar aðstæður til keppni og æfinga viðkomandi greinar. Hér er því um löglegar aðstæður að ræða sem nota má til keppni á landsmótum eða mótum landa á milli, Evrópukeppni, heimsmeistarakeppni o.s.frv.""

Nefndin gerir því tillögu um að ríkið komi að byggingu þjóðarleikvanga í ýmsum íþróttagreinum. Um yrði að ræða samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar, sveitarfélaga og ríkissjóðs. Markmiðið væri að hver íþróttagrein eignaðist einn þjóðarleikvang með fullkominni aðstöðu. Ljóst er að einn veigamesti þáttur þess að okkar besta íþróttafólk geti keppt um verðlaunasæti á alþjóðavettvangi er að það geti æft og keppt hér á landi við bestu mögulegu aðstæður.

Lengi hefur verið talað um aðstöðuleysi sundíþróttamanna og hugmyndir verið uppi um yfirbyggðar 50 metra keppnislaugar til lausnar þeim vanda. Líklegt má telja að innilaug til keppni væri löngu komin í gagnið ef ríkið tæki þátt í slíkri byggingu með sveitarfélögum. Vart er hægt að gera þær kröfur til sveitarfélaganna í landinu að þau leggi í aukinn kostnað við byggingu íþróttamannvirkja til að þau megi standast alþjóðlegan samanburð. Slíkt framlag þarf að koma frá ríkinu enda nýtast slík mannvirki afreksfólki hvaðan af landinu sem það er.

Á 125. löggjafarþingi lagði ég fyrir hæstv. menntmrh. nokkrar spurningar um tillögur nefndar um eflingu íþróttastarfs eins og áður er getið. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að *íþróttanefnd ríkisins hafði verið falið að gera tillögur um* hvernig nefndarstarfinu yrði fylgt eftir. Í umsögn íþróttanefndar virðast hins vegar ekki koma fram neinar tillögur *um útfærslu hugmyndarinnar um þjóðarleikvanga. Einnig* var spurt hvort sveitarfélög hefðu kynnt ráðherra hugmyndina um þjóðarleikvang á grunni tillagna sem fram komu í skýrslu nefndarinnar.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram að svo hefði ekki verið að því frátöldu að Reykjavíkurborg hefði kynnt áform um byggingu yfirbyggðrar sundlaugar í Laugardal.

Ég leyfi mér að benda á við umræðuna, herra forseti, að bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa lýst vilja sínum til þess að reisa þjóðarleikvang í fimleikum í bænum á grundvelli tillagnanna sem fram komu í nefnd menntmrh. um eflingu íþróttastarfs. Í skipulagi bæjarins er gert ráð fyrir að reisa nýtt íþróttahús í Salahverfi við grunnskóla þar. Hefur Íþróttafélagið Gerpla lýst áhuga á að fytja starfsemi sína í þetta nýja íþróttahús en Gerpla, sem er að uppistöðu fimleikafélag, býr nú við þröngan kost í gömlu iðnaðarhúsnæði.

Ef þær tillögur, sem eru ræddar hér, ná fram að ganga gæfist kostur á að byggja sérhannað fimleikahús í samvinnu íþróttahreyfingar, sveitarfélags og ríkisvalds. Í því fælist gríðarlegur stuðningur við fimleikaíþróttina í landinu. Rétt er að benda á að eini fulltrúi Íslendinga í fimleikum á síðustu Ólympíuleikum stundar æfingar sínar erlendis vegna aðstöðuleysis hér á landi.

Rúm tvö ár eru síðan Kópavogsbær lýsti vilja sínum til samstarfs um byggingu þjóðarleikvangs í fimleikum.

Fámenn þjóð eins og okkar getur ekki byggt upp aðstöðu á mörgum stöðum á landinu sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur í ólíkum íþróttagreinum. Því er réttast að ríkið komi að þeirri uppbyggingu. Í fyrsta lagi með því að velja úr þá staði hvar þjóðarleikvangar verða staðsettir. Augljóst má vera að *mannvirki líkt og Laugardalsvöllur* sem þegar hafa verið uppbyggð verða skilgreind þjóðarleikvangar, að völlurinn verði til að mynda þjóðarleikvangur í knattspyrnu og *frjálsum íþróttum. Frekari uppbygging* við aðstöðuna yrði þó fjármögnuð að hluta með framlögum úr ríkissjóði.

Herra forseti. Það yrði íþróttastarfi í landinu mikil lyftistöng ef tillögur um eflingu íþróttastarfs er varðar byggingu þjóðarleikvanga næðu fram að ganga. Víst má telja að þátttaka ríkisins í byggingu þeirra mannvirkja mundi ráða miklu um hvort sveitarfélög treystu sér til þess að reisa mannvirki sem uppfylli alþjóðakröfur einstakra og ólíkra íþróttagreina.

Því er lagt til með þessari þáltill. að menntmrh. verði falið að beita sér fyrir lagasetningu um byggingu þjóðarleikvanga.

Herra forseti. Ég óska eftir því að tillögunni verði vísað til hv. menntmn. að loknum þessum umræðum.

[18:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Örstutt. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. flm. Páli Magnússyni fyrir að hreyfa þessu máli og raunar öðrum skyldum. Tillaga hans snýr fyrst og síðast að byggingu þjóðarleikvanga. Það er út af fyrir sig mál sem ástæða er til að hreyfa fram á veg og sannarlega nefndi hann til sögunnar þá staðreynd, sem við okkur blasir, að yfirbyggð 50 m sundhöll er ekki til staðar hér á landi og er löngu orðið brýnt að bæta þar úr. Fleiri íþróttagreinar mætti nefna til sögu sem geta ekki í raun boðið upp á þær aðstæður sem mundu gera sig á alþjóðlegum vettvangi og á alþjóðlegum mótum. Þetta er því hið besta mál.

Ég stend hins vegar fyrst og síðast upp til að undirstrika það sem fram kom í ágætri yfirferð flutningsmanns á þeirri staðreynd að ekkert hefði verið gert með þá niðurstöðu *sem nefnd menntmrh. frá 1997 komst* að um stóreflingu íþróttastarfs í landinu og þá ekki síst hvað lýtur að þátttöku æskufólks í þeim efnum. Það er til vansa hversu hið opinbera, *þá á ég við ríkisvaldið, kemur í litlum mæli* að *þessum málaflokki* með beinum fjárframlögum. Þetta hefur sannarlega verið að miklu leyti verkefni einstakra sveitarfélaga en ríkisvaldið hefur meira og minna verið stikkfrí í *þessum efnum* og látið sveitarfélögum það eftir að langmestu leyti að leysa úr þeim viðfangsefnum sem þar við blasa. Íþróttanefnd hefur úr litlum fjármunum að spila, íþróttasjóður sömuleiðis, og er löngu kominn tími til að menn taki sér tak í þessum efnum og kalli ríkisvaldið til ábyrgðar og þátttöku í uppbyggingu íþróttastarfs í landinu.

Nýverið sá ég í blöðum að menntmrh. hafði skipað sérstaka nefnd til að gera úttekt og tillögur um sérstakan afreksmannasjóð í kjölfar góðs árangurs á Ólympíuleikum. Það er svo sem allt gott og blessað. Auðvitað var sú nefnd skipuð, eins og venja er til á síðustu og verstu tímum í tíð þessarar ríkisstjórnar, tveimur þingmönnum stjórnarliðsins og síðan fulltrúum frá Íþróttasambandi Íslands og viðkomandi ráðuneyti. Það þurfti ekkert á stjórnarandstöðunni að halda í því frekar en fyrri daginn og það er gagnrýnivert út af fyrir sig.

Ég hefði hins vegar kosið að sjá líka aðra nefndarskipan sem hefði að markmiði að leggja fram tillögur beint hvernig

og í hversu miklum mæli ríkisvaldið ætti að leggja íþróttastarfi lið almennt og þá ekki síst því sem lýtur að rekstri íþróttafélaga og æskulýðsstarfs á þeirra vegum á þessum síðustu og verstu tímum. Allir þekkja sem nærri koma að rekstur íþróttafélaga er æðikostnaðarsamur. Flest þeirra berjast í bökkum, njóta í mörgum tilfellum einhverra styrkja og stuðnings frá viðkomandi sveitarfélagi, heimahéraði sínu, í ýmsum tilfellum frá velviljuðum atvinnufyrirtækjum, en ríkissjóður situr eftir. Á þessu þarf að verða breyting.

[18:48]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni stuðninginn við þetta mál. Ég get tekið undir það með honum að það eru vonbrigði að ekki skuli hafa verið gert meira með tillögur nefndar sem skilaði af sér 1997. Það kom skýrt fram með samþykkt þáltill. sem var undanfari þeirrar nefndar að vilji þingsins stóð til að efla íþróttastarf en ekki eingöngu að fá fram tillögur um það.

Ég tek líka undir það með hv. þm. að við hljótum að hafa í huga orð menntmrh. að loknum Ólympíuleikum þar sem hann lýsti sérstökum vilja til að styðja við bakið á afreksíþróttafólki í landinu. Sú tillaga sem ég dreg fram úr skýrslu nefndarinnar frá 1997 er einmitt til þess fallin að styðja mjög vel við bakið á afreksíþróttafólki í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, 1. umr.

Frv. PM, 107. mál (rannsóknir og þróunarstarf). — Þskj. 107.

[18:50]

Flm. (Páll Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, og lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

Þekking er undirstaða hins nýja hagkerfis. Til þess að afla þeirrar þekkingar þarf að efla fyrirtæki til aukinnar þátttöku í rannsóknum og þróun enda er nýsköpun í atvinnulífinu forsenda efnahagslegra og félagslegra framfara. Í frv. þessu er lögð til breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um Rannsóknarráð Íslands. Tilgangur frv. er að hvetja fyrirtæki til nýrrar sóknar á sviði nýsköpunar- og þróunarverkefna. Íslensku atvinnulífi er nauðsynlegt að auka framleiðni, en nauðsynleg forsenda þess að framleiðsla verði verðmætari er að fyrirtæki stórauki rannsókna- og þróunarstarf. Með því styrkist staða á heimamarkaði, innflutningur minnkar og útflutningur eykst. Það hefur í för með sér bætta afkomu fyrirtækja og hærri laun starfsmanna. Til þess að fyrirtæki treysti sér í slíka vinnu er nauðsynlegt að veita þeim skattalegt hagræði vegna rannsókna og þróunar. Verði þetta frv. samþykkt er líklegt að skatttekjur muni aukast þegar horft er til lengri tíma þó þær muni ef til vill dragast saman í byrjun.

Í 1. gr. frv. er lagt til nýr tölul. bætist við 31. gr. laga nr. 75/1981 sem hljóðar svo:

„Fjárhæð sem svarar til 50% af frádráttarbærum kostnaði (útgjöldum eða afskriftum) í tengslum við rannsókna- eða þróunarverkefni. Það er skilyrði þessa frádráttar að rannsókna- eða þróunarverkefni hafi fyrir fram verið samþykkt af Rannsóknarráði Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1994.“

Hér er um að ræðan frádráttarlið sem kemur til viðbótar frádrætti sem fyrirtæki hafa þegar. Með þessari breytingu gefst fyrirtækjum tækifæri til að draga helming kostnaðar af rannsókna- og þróunarverkefnum frá tekjum fyrirtækjanna við álagningu skatta. Þannig veitir ríkið í raun stuðning við rannsókna- og þróunarstarf fyrirtækja í formi skattafsláttar. Í gildandi skattalögum er ekki að finna neina hvatningu fyrir fyrirtæki til að leggja út í slíka vinnu. Eins og fram kemur í grg. með frv. á þessi hugmynd sér danska fyrirmynd.

Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa aukist nokkuð á liðnum árum, var 0,8% árið 1987, en fór í um 1,8% árið 1997. Framlag hins opinbera hefur verið stöðugt síðustu ár, en það er framlag fyrirtækjanna sem hefur aukist. Heildarútgjöld til þessara mála námu innan við fjóra milljarða kr. árið 1987, en voru um tíu milljarðar kr. árið 1997. Þó Ísland sé meðal þjóða sem hvað mest hafa aukið útgjöld til rannsókna og þróunar á liðnum árum er Ísland enn undir meðaltali OECD-landa. Því frv. sem hér er lagt fram er ætlað að auka enn hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu Íslendinga.

Með 2. gr. frv. er lagt til að Rannsóknarráði Íslands verði falið að fara yfir rannókna- og þróunaráætlanir og samþykki ráðsins verði forsenda þess að til skattafsláttar komi. Þannig verði fyrirtækjum veitt aðhald og það skilyrði sett að RANNÍS hafi fyrir fram viðurkennt verkefnið sem raunverulegt rannsókna- og þróunarverkefni. Gert er ráð fyrir að frádrátturinn geti aldrei orðið meiri en helmingurinn af þeirri kostnaðaráætlun sem liggur til grundvallar samþykktinni.

Ekki er gert ráð fyrir að það verði sett sem skilyrði að verkefnið hafi notið styrks úr sjóðum RANNÍS og einnig getur afslátturinn komið ofan á opinbera styrki, hvort sem þeir koma úr sjóðum íslenska ríkisins eða til að mynda úr vísindaáætlunum Evrópusambandsins.

Í 2. gr. frv. er lagt til að nýr tölul. bætist við 2. gr. laga um Rannsóknarráð Íslands þar sem Rannsóknarráði er falið að meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni sem fyrirtæki hyggst eiga aðild að teljist þess eðlis að þau geti notið frádráttar skv. 31. gr. tekju- og eignarskattslaga. Jafnframt segir í ákvæðinu að ríkisstjórnin ákveði á ári hverju hámarksupphæð sem samþykkja megi. Hámark þetta er samanlagður heildarkostnaður við þau verkefni sem samþykkt eru.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að ákvæði laganna komi til framkvæmda við álagningu árið 2003 vegna tekna á árinu 2002.

Ástæða þess að lagt er til að gripið verði til skattafsláttar en ekki að þeirri fjárhæð sem komi til frádráttar verði bætt við sjóði RANNÍS er sú að með þessari leið er um að ræða hvatningu til fyrirtækja á meðan stór hluti styrkja RANNÍS fer til opinberra stofnana.

Herra forseti. Nauðsynleg forsenda þess að íslensk framleiðsla verði verðmætari er að stórefla rannsókna- og þróunarstarf, ekki síst beina þátttöku fyrirtækjanna sjálfra. Ein þeirra leiða sem getur virkað mjög hvetjandi til þess að fyrirtæki treysti sér til að leggja í þetta mikilvæga starf er að veita þeim skattalegt hagræði vegna rannsókna og þróunar.

Herra forseti. Ég óska eftir því að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að loknum þessum umræðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Frv. VÞV o.fl., 137. mál (stjórnir sparisjóða). — Þskj. 137.

[18:55]

Flm. (Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir og Ragnheiður Hákonardóttir.

Í frv. þessu felst sú meginbreyting að í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna komi nýr málsliður, svohljóðandi: „Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn kosnir af stofnfjáreigendum samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins."

Elstu lög um sparisjóði eru frá árinu 1915, breytt 1941, 1942, 1985 og 1993. Gildandi lög gera ráð fyrir að sveitarfélög eigi a.m.k. tvo stjórnarmenn af fimm í öllum sparisjóðum landsins algerlega óháð því hvort viðkomandi sveitarfélag eigi nokkra aðild að stofnun sparisjóðsins eða leggi fram fjármuni þar að lútandi.

Í dag eru sparisjóðirnir í landinu alls 25, en sveitarstjórnir kjósa tvo fulltrúa í stjórnir 24 sparisjóða eða samtals 48 fulltrúa. Einn sparisjóður er alfarið í eigu sveitarfélaga, Sparisjóður Mýrasýslu í Borgarnesi. Sveitarstjórnir kjósa alla stjórnarmenn þess sjóðs, enda eru sveitarfélögin stofnfjáreigendur.

Þegar lögum um sparisjóði var breytt 1993 taldi meiri hluti forsvarsmanna sparisjóðanna að rétt væri að sveitarstjórnir kysu áfram fulltrúa sína í stjórn sjóðanna, aðallega vegna viðskiptalegra tengsla sveitarfélaga við marga þeirra.

Veruleg breyting hefur orðið á undanförnum árum á rekstri sparisjóðanna og annarra lánastofnana almennt. Viðskipti þeirra eru ekki lengur byggð á tengslum við einstök sveitarfélög heldur frjálsum markaði sem byggist að meira eða minna leyti á frjálsum viðskiptum milli fjármálastofnana og viðskiptamanna þeirra.

Á sínum tíma var ekki óeðlilegt að svipað fyrirkomulag og nú er gilti, en í 2. gr. laga um sparisjóði, nr. 69/1941, segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar."

Rekstrarumfang og rekstrarumhverfi sparisjóðanna hefur breyst mikið frá þeim tíma og verulega mikið á undanförnum árum. Þeir eru nú í mikilli samkeppni við aðrar bankastofnanir og eðlilegt að í slíku rekstrarumhverfi séu stjórnendur lánastofnana fulltrúar þeirra sem bera í raun ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar, í þessu tilviki stofnfjáreigenda. Sveitarstjórnir sem kjósa tvo fulltrúa í stjórnir sparisjóðanna, án þess að vera stofnfjáreigendur, bera enga ábyrgð á rekstri viðkomandi sparisjóðs og því afar óeðlilegt að slíkir fulltrúar séu með 40% af aðild að stjórnun þeirra.

Ég vil hins vegar taka fram í þessu sambandi að ég hef ekki kynnst öðru en að fulltrúar sveitarfélaga, hvort sem þeir eru kjörnir sveitarstjórnarmenn eða aðrir, hafi gegnt vel þessum ábyrgðarmiklu störfum. Það breytir því ekki að þeir eru ekki fulltrúar stofnfjáreigenda sem aðalfundur kýs hverju sinni heldur fulltrúar viðkomandi sveitarstjórnar sem, eins og áður segir, ber enga ábyrgð á rekstri viðkomandi sparisjóðs. Ekki verður því séð að nein rök séu fyrir því í dag að sveitarstjórnir taki með þessum hætti þátt í stjórnum lánastofnana sem eru í mikilli samkeppni við aðrar lánastofnanir. Hlutverk sveitarstjórna er fyrst og fremst að sinna lögbundnum verkefnum sveitarstjórna almennt sem snúa aðallega að samfélagslegri þjónustu og öðrum hefðbundnum rekstri sveitarfélaga en ekki að sinna rekstri lánastofnana sem sveitarfélag ber enga ábyrgð á.

Hæstv. forseti. Ég tel því rétt að fyrrgreint ákvæði um skyldu sveitarstjórnar til að kjósa fulltrúa í stjórnir sparisjóða eigi að afnema og það verði eingöngu hlutverk stofnfjáreigenda að kjósa alla fimm stjórnarmennina.

Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef nokkrar efasemdir um þann málatilbúnað sem hér er hafður í frammi af hv. 1. þm. Reykv. Vilhjálmi Þ. Vihjálmssyni og flokkssystrum hans um þær breytingar á fyrirkomulagi um stjórnarkjör í sparisjóðum sem hér er gerð tillaga um. Mér finnst satt að segja þessi tillaga vekja miklu fleiri spurningar en hún svarar. Það er að sönnu alveg hárrétt hjá 1. flm. að miklar breytingar hafa orðið á hinu fjárhagslega og viðskiptalega umhverfi sparisjóðanna og allra annarra fjármálastofnana á síðustu árum. Það er líka rétt að ákveðnar sögulegar ástæður liggja að baki þessu fyrirkomulagi um hlutdeild sveitarfélaga í stjórnum sparisjóða.

En við skulum hins vegar glöggva okkur áður en lengra er haldið á fyrirkomulagi, eignarhaldi og uppbyggingu sparisjóðanna í dag. Ég held það væri nær lagi að hið háa Alþingi og löggjafarvaldið færi yfir það frá a til ö hvernig þeim málum væri skynsamlegast að skipa fremur en að taka einn þátt út úr eins og hér er gert, þátt sem mér vitanlega hefur ekki þvælst fyrir rekstri sparisjóða, eins og raunar hv. þm. kom sérstaklega inn á. Fulltrúar sveitarstjórna hafa eðli máls samkvæmt sýnt þar ábyrgð og festu eftir því sem ég best veit.

En sparisjóðirnir eru þannig saman settir að þar eru, eins og hér kom fram, stofnfjáreigendur mjög mismunandi margir eftir hinum fjölmörgu sparisjóðum hringinn í kringum landið. Þeim var fjölgað verulega í mörgum sparisjóðum á síðustu árum, en lengst af voru þeir í mörgum stórum sparisjóðum örfáir tugir. Lögin eru ekkert mjög skýr heldur hvað það varðar hvernig þeir eru valdir. Það er ekki með stofnfjáreigendur í sparisjóðum eins og hlutafélagabanka, að þessir hlutir liggi á markaði og áhugasamir geti hreinlega óskað eftir því að fá að leggja fé í sparisjóði, vera einn stofnfjáreiganda. Nei, það er þannig raunverulega að sparisjóðsstjórnirnar og aðalfundur ábyrgðarmanna sparisjóðsins taka um það ákvörðun hverjir mega.

Það var óneitanlega þannig á árum áður, þó það hafi sem betur fer breyst til betri vegar, að það fór dálítið eftir flokkslínum og pólitískum flokkslínum í hinum einstöku sveitarfélögum hver væri í hópi stofnfjáreigenda og ábyrgðarmanna og hver ekki. Sums staðar gekk það svo langt að nánast einlitur hópur ábyrgðarmanna tiltekinna stjórnmálaflokka réð þar ríkjum. Í því ljósi gefur augaleið að

sparisjóðirnir af þessum sökum einum eru allt annars eðlis en hinir almennu viðskiptabankar.

Ég sagði að það væru sögulegar ástæður fyrir því að sveitarfélögin komu að stjórn sparisjóðanna. Í einstaka tilfellum var það þannig að sveitarfélögin höfðu frumkvæði að stofnun þeirra. Í sumum tilfellum komu þau að stofnun þeirra. Í öðrum tilvikum studdu þau mjög stofnun þeirra, það þótti mikilvægt á þeirri tíð að öflug fjármálastofnun væri í viðkomandi byggðarlagi, og lögðu þannig talsvert af mörkum, ekki endilega alltaf fé, þó í sumum tilfellum það, til þess að gera þá að veruleika. Það er kannski þess vegna sem í samþykktum margra sparisjóða eru ákvæði þess efnis að komi til slita á þessum stofnunum, og um það getur raunar í 70. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði, skuli þeim fjármunum ráðstafað sem eftir liggja þegar stofnfjáreigendum hefur verið greiddur til baka sinn hlutur — því þeim er ekki heimilt að fá krónu meira en þeir lögðu fram — þá skuli því ráðstafað, þ.e. eigið fé sparisjóðanna — og sem betur fer eru margir sparisjóðir það stöndugir að þeir búa yfir talsverðu eigin fé — samkvæmt ákvæðum samþykkta hvers sparisjóðs fyrir sig. Í mörgum tilfellum er það þannig að þessir fjármunir, komi til slita sparisjóðanna, þetta eigið fé sparisjóðanna þegar frá hefur verið dregið og endurgreitt stofnfjáreigendum í sumum tilfellum hundruð milljóna króna, skuli gjarnan renna til tiltekinna málaflokka heima í héraði. Í sumum tilfellum eru nefnd þar sérstaklega líknar- og menningarmál. Tengingin við heimahéraðið og byggðarlagið er því í langflestum tilfellum mjög skýr, klár og ákveðin.

Það er því ekki mjög nákvæmt sem er að finna í greinargerð flutningsmanna þar sem kveðið er á um það og sköpuð sú hliðstæða að sömu lögmál gildi um sparisjóði og ábyrgð stofnfjáreigenda og hlutafjáreigenda í viðskiptabönkum. Þannig er það ekki og ég hef rakið nokkur tilvik sem undirstrika það.

Hér er gengið í raun svo langt að tala um að það að skipan stjórna sparisjóðanna samkvæmt gildandi lögum sé óeðlileg og óholl bæði fyrir sveitarfélögin og sparisjóðina. Mér finnst þarna satt að segja talsvert fast að orði kveðið, ekki síst í ljósi bakgrunns 1. flm., hv. 1. þm. Reykv. Ég hef ekki orðið var við það hringinn í kringum landið að sveitarstjórnirnar hafi haft af því ama að koma nærri rekstri þessara fjármálastofnana. Þvert á móti hafa þessir aðilar gjarnan styrkt hvor annan. Þannig er það enn eftir því sem ég best veit í fjölmörgum byggðarlögum hringinn í kringum landið.

Ég sé því ekkert í augnablikinu sem kallar á þessa einstöku breytingu á stjórnskipan sparisjóðanna, en undirstrika þó að ég er til viðræðu um að menn fari yfir hlutverk sparisjóðanna í nýju umhverfi fjármála- og bankaviðskipta og skoði hvernig þeim verði þar best fyrir komið.

Ég held að starfsemi þeirra sé mjög mikilvæg nú á síðustu og verstu tímum, ekki síst í ljósi þess að stóru viðskiptabankarnir eru að renna saman. Samkeppni er að minnka á þessum markaði og þess vegna hef ég litið á sparisjóðina sem snaran þátt í þessu. Það er hins vegar önnur saga sem ég ætla ekki að fara yfir hér.

Ég vil þó segja það eitt að ég hefði viljað sjá sparisjóðina leika stórt hlutverk í því sem átti að vera tilraunir til þess að hagræða og einfalda okkar bankakerfi en viðhalda jafnframt virkri samkeppni. Þar var þeim ýtt til hliðar og þeir skildir eftir. Það er kapítuli sem út af fyrir sig á ekki við þessa umræðu.

Herra forseti. Ég vænti þess að nefnd fari yfir þetta mál og ég trúi því að hún komist að þeirri niðurstöðu að þessi ráðstöfun ein og sér er ekki það fyrsta sem ber að gera í málefnum sparisjóðanna í landinu. Ég held þvert á móti að á meðan núgildandi lög eru eins og þau eru þá sé það í mjög réttu samræmi og eðlilegum samhljómi við annan anda þessara laga, nefnilega nátengingu í starfsemi sparisjóðanna og viðkomandi byggðarlaga.

[19:08]

Flm. (Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ræddi þetta mjög efnislega og ég þakka honum ágætar umræður um þetta mál sem ég lít á sem mikilvægt, mikið prinsippmál. Auðvitað er það rétt sem hv. þm. sagði í ræðu sinni að margvísleg söguleg rök eru fyrir þessum tengslum sparisjóðanna og sveitarfélaganna. Ég gat þess sérstaklega í framsöguræðu minni að í lögunum frá 1941 var sérstaklega tekið fram að það séu aðallega sveitarfélög og bæjarfélög og hreppsnefndir með samþykki sýslunefnda sem stæðu að stofnun sparisjóða. Ég tek því mjög undir þau sögulegu tengsl sem þarna eru á milli sveitarstjórna og sparisjóða.

En það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að á síðustu árum hefur orðið mjög mikil þróun í starfsemi sparisjóða og lánastofnana og rekstrarumverfi og rekstrarvettvangur sparisjóðanna er allur annar en þegar lagt var af stað með sparisjóðina fyrir 70, 80 árum eða svo. Allt önnur sjónarmið gilda og allt önnur lögmál í rekstri þessara stofnana.

Ég hef fylgst mjög vel með rekstri sparisjóðanna, sérstaklega eins sparisjóðs í Reykjavík. Þrátt fyrir að þar hafi verið ágætis fulltrúar í gegnum tíðina, kjörnir af borgarstjórn, þá hef ég betur og betur skynjað það hversu umboðslausir þessir aðilar eru í stjórnum þessara stofnana. Það er auðvitað svo eins og ég sagði áðan að sveitarfélögin hafa engin formleg tengsl við þessar stofnanir, það getur vel verið að þau hafi einhver viðskiptatengsl eins og við aðrar lánastofnanir, og þau bera enga ábyrgð á því sem gerist innan veggja þessarar stofnunar eða í rekstri viðkomandi stofnunar. Þess vegna hefur mér fundist afar óeðlilegt að sveitarstjórnir væru undir þessum kringumstæðum að kjósa 40% stjórnarmanna í stjórnir þessara stofnana.

Ég tel að þrátt fyrir þetta stofnfjáreigendakerfi þá breyti það ekki aðild fulltrúa sveitarstjórna að þessum stofnunum sem enga ábyrgð bera. Það má auðvitað ræða um hvernig þetta stofnfjáreigendakerfi er til komið og hvernig einstaklingar geta orðið aðilar að þessu kerfi. Það er bara allt annað mál. Ég er einfaldlega að tala um ábyrgðarhluta sveitarstjórna í þessu máli og að leggja það til að það verði stofnfjáreigendur sem kjósi alla fimm fulltrúana í stjórnina. Nú er það þannig að þeir kjósa þrjá. Síðan kemur bara tilkynning frá viðkomandi sveitarstjórn um að þessir og þessir hafi verið skipaðir í stjórnina. Þetta finnst mér óeðlileg skipan mála í því rekstrar- og samkeppnisumhverfi sem þessar stofnanir búa nú við.

Ég er mikill talsmaður þess að sveitarstjórnir og sparisjóðir og aðrar lánastofnanir reyni að rækta sín á milli góð tengsl og góð viðskiptasambönd. En það nákvæmlega sama á að gilda um aðrar lánastofnanir af hálfu sveitarfélaga og um viðskipti þeirra við sparisjóðina í landinu. Það eiga engin önnur grundvallarlögmál að gilda í samskiptum þessara aðila sín á milli.

Þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ræddi þetta efnisatriði sérstaklega þá hugsaði ég með mér að ef hann

virkilega meinti það, sem ég tel að hann geri, þ.e. að það þyrfti að efla tengsl sparisjóða og sveitarfélaga og rækta þau, þá er einmitt auðveldara að gera það með þeim hætti að við séum ekki bundnir inni með tvo fulltrúa vegna þess að ef til að mynda Reykjavíkurborg færi að beina viðskiptum sínum til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis eða Sparisjóðs vélstjóra sem eru í þessu sveitarfélagi, þá tel ég að það mundi ekki samrýmast góðum viðskiptaháttum. Reykjavíkurborg á hreinlega að leita tilboða hjá lánastofnunum, þar á meðal sparisjóðunum, varðandi sín viðskipti og taka því tilboði sem er best hverju sinni.

Það eru þessar breytingar sem hafa orðið í rekstrarumhverfi, í öllu siðferði í fjármálalegum samskiptum og í fjármálaframkvæmd yfirleitt, bæði sveitarfélaga og fyrirtækja, sem gera það að verkum að mér finnst óþægilegt — ég segi það sem borgarfulltrúi í Reykjavík, án þess nokkurn tímann að vísu að hafa setið í stjórnum þessara virðulegu stofnana, en segi það líka sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga — að sveitarfélög séu lögbundin á þennan hátt.

Ég legg áherslu á það sem ég sagði áðan að aðalverkefni sveitarfélaga er að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þeim verkefnum sem ríki og sveitarfélög semja um hverju sinni, samfélagslegum verkefnum og öðrum nauðsynjamálum í viðkomandi sveitarfélagi, en ekki að taka þátt í stjórnum lánastofnana sem þau bera enga ábyrgð á.

[19:15]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég spyr þó: Kann hv. þm. einhver dæmi þess að sveitarfélög hafi farið illa út úr og haft erfiðleika af því að vera með þessi beinu samskipti við öflugustu lánastofnun í viðkomandi byggðarlagi í mörgum tilfellum hringinn í kringum landið?

Ég spyr líka: Í ljósi þess að í samþykktum margra sparisjóða eru ákvæði þess efnis að ef komi til slita þeirra renni eigið fé þeirra til uppbyggingar í viðkomandi byggðarlagi, gjarnan í líknar- og menningarmálum, telur hv. þm. það ekki nægilega hagsmuni til þess að fulltrúar sveitarstjórnanna hverju sinni leggi á það áherslu að efla vöxt og viðgang viðkomandi lánastofnunar?

Ég undirstrika enn og aftur að stofnfjáreigendur hverju sinni sem endurnýjast innan frá — því ekki kann ég þá leið og hv. þm. bendir mér þá á á hana hvernig menn ætli sér að gerast stofnfjáreigendur að einstökum sparisjóðum komandi utan af götu til þess — fá hvorki meira né minna til baka komi til slita sparisjóðsins, hversu öflugur hann annars er, en þá fjármuni sem þeir lögðu fram í upphafi. Hliðstæðan við hlutafélagabanka er því ekki til staðar. Þannig er það bara.

Herra forseti. Ég árétta að mér finnst þetta ekki veigamesti þátturinn og sá þáttur sem mestum erfiðleikum hefur valdið í sannarlega breyttu umhverfi á fjármála- og lánamarkaði hér á landi og mér finnst þetta ekki fyrst í röðinni þegar menn ætla að fara að taka á þeim málum.

[19:17]

Flm. (Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson beindi spurningu til mín. Nei, ég veit ekki um eitt einasta mál sem hefur komið upp í starfsemi sparisjóða sem hefur valdið einhverjum fjárhagslegum skaða eða öðrum skaða hjá þeim sveitarstjórnum sem eiga aðild að sparisjóðunum. Það var ekki ástæðan fyrir því að ég flyt þetta frv. Ég er búinn að segja það einu sinni ef ekki tvisvar hverjar grunnástæðurnar séu fyrir því þannig að ég þarf ekki að ítreka það.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. að getið er sérstaklega um það í lögum um sparisjóðina að verði um slit að ræða muni peningarnir renna til viðkomandi sveitarfélaga. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert, ekki veitir þeim af sumum að fá meiri fjármuni í sveitarsjóði sína. Ég tengi það heldur ekki saman. En slíkt ákvæði má heldur ekki vera til þess að sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli beini viðskiptum vegna þessa ákvæðis til þeirra stofnana án þess að ástunda eðlilega og heiðarlega viðskiptahætti.

Það getur vel verið að frv. til breytingar þurfi ekki vegna þess að nú vita allir að í náns er að sparisjóðunum verði breytt í hlutafélag og það segir sig sjálft að þá fara væntanlega fulltrúar sveitarfélaganna út, nema sveitarfélögin gerist hluthafar í viðkomandi sparisjóðum, hver veit. En það er auðvitað mál sem væri þarft að ræða og verður örugglega rætt á hinu háa Alþingi hvernig á að standa að þeirri breytingu að gera sparisjóðina, eins og þeir eru uppbyggðir með sínum stofnfjáreigendum, að hlutafélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–7. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

15. FUNDUR

mánudaginn 30. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 119. mál, þskj. 119. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 120. mál, þskj. 120. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 77. mál, þskj. 77. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almannatryggingar, frv., 78. mál, þskj. 78. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, frv., 107. mál, þskj. 107. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hlutafélög, frv., 122. mál, þskj. 122. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Viðskiptabankar og sparisjóðir, frv., 137. mál, þskj. 137. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Samkeppnishæf menntun og ný stefna í kjaramálum kennara, þáltill., 92. mál, þskj. 92. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, þáltill., 103. mál, þskj. 103. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, þáltill., 105. mál, þskj. 105. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Þjóðarleikvangar, þáltill., 106. mál, þskj. 106. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Kynbundinn munur í upplýsingatækni, þáltill., 123. mál, þskj. 123. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, beiðni um skýrslu, 155. mál, þskj. 155. *Hvort leyfð skuli.*
16. Almannatryggingar, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr.
17. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
18. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
19. Könnun á umfangi vændis, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
20. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
21. Lagaráð, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
22. Umboðsmaður aldraða, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðarmenn, 160. mál, frv. LB o.fl., þskj. 162.

Blindrabókasafn Íslands, 177. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 184.

Húshitunarkostnaður, 44. mál, svar iðnrh., þskj. 171.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 175. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 182.

Námsmatsstofnun, 176. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 183.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu.

[15:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Sá orðrómur fer nú hraðbyri um þjóðfélagið að í bígerð sé að koma á fót einkareknu sjúkrahúsi. Mikill áhugi mun vera á slíkum rekstri í ákveðnum hópi fagmanna og nú þegar hefur verið leitað til fjárfesta í þessu skyni þannig að undirbúningur virðist vera í fullum gangi. Reyndar spáðu margir því að sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík mundi hafa í för með sér vaxandi áhuga á einkareknu sjúkrahúsi sem veitti samkeppni og virðist áhuginn greinilega vera fyrir hendi.

Mér er ekki ljóst hver stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er varðandi einkarekstur í heilbrigðiskerfinu almennt og virðist fremur handahófskennt hvernig að slíkum rekstri hefur verið staðið. Einstök mál hafa komið inn á borð í þingsölum, eins og fyrirtækið Öldungur hf. Þau eru gjarnan tengd sparnaði í heilbrigðiskerfinu sem hefur eins og menn vita þann eiginleika að vaxa stöðugt hvað útgjöld varðar.

Herra forseti. Einkarekið sjúkrahús hér á landi mundi óneitanlega vera stefnumarkandi framkvæmd og hafa mikil áhrif á þróunina á þeim sjúkrahúsum sem hér eru rekin fyrir. Það er eðlileg og sjálfsögð krafa að ríkisstjórnin gefi upp skýra stefnumótun um hvert hún ætlar að fara varðandi slíkan rekstur. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Telur ráðherra koma til greina að veita starfsleyfi fyrir einkarekið sjúkrahús?

Telur ráðherrann slíkan sjúkrahússrekstur geta samrýmst stefnu ríkisstjórnarinnar í rekstri og veitingu heilbrigðisþjónustu?

Hefur ríkisstjórnin yfirleitt mótað sér stefnu varðandi einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og hvernig hún skuli framkvæmd?

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að þessi fsp. komi fram því að mikið hefur verið rætt um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni á undanförnum missirum.

Hvað sjúkrahúsin varðar þá er engin einkavæðing í bígerð. Það er einfalt svar við spurningu hv. þm.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég skil svar hæstv. heilbrrh. þannig að af hálfu heilbrrn. sé ekkert í bígerð varðandi einkarekstur á sjúkrahúsum. Ég vakti hins vegar athygli á því að áhugi væri á slíku í samfélaginu og væntanlega mundi koma upp beiðni um slíkan rekstur. Þess vegna spurði ég ráðherrann hvort til greina kæmi að veita slíkt starfsleyfi og hvort hún teldi slíkan rekstur geta samrýmst stefnu ríkisstjórninnar í rekstri og veitingu heilbrigðisþjónustu.

Ég spurði líka, herra forseti, og ítreka ósk um að ráðherra svari því, hvort ríkisstjórnin hafi mótað sér stefnu varðandi einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og hvernig hún skuli framkvæmd. Ég gagnrýni að slíkt komi alltaf inn á borð til okkar í einstökum málum sem gerir það að verkum að erfitt er að hafa yfirsýn yfir það hvert stefnir í þessum efnum. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. ráðherra svari nánar þessum hluta fsp. minnar.

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Stefnan er að gera þjónustusamninga um einstaka þætti og það höfum við gert. En hvað varðar einkavæðingu á heilu sjúkrahúsi, í því er ekki nokkur einasta stefna. Við erum ekki að vinna að því.

Það kann að vera áhugi á slíku hjá mörgum í þjóðfélaginu. Við höfum skoðað einkavæðingu á stórum sjúkrahúsum erlendis og höfum ekki séð að þar sé betri þjónusta. Það kostar alls ekki minna en það sem við rekum í dag og auk þess höfum við ekki mannskap til að koma á skipulagi eins og einkavæðing sjúkrahúsa mundi hafa í för með sér. En varðandi einstaka þjónustuþætti höfum við um langt árabil gert þjónustusamninga við einstaka aðila í heilbrigðisþjónustunni. Ég vona að þetta svari fullkomlega hv. þm.

[15:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á að þessi áhugi sem ég ræddi um snýst um einkarekið sjúkrahús sem veita mundi stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík samkeppni. Ég skil svör hæstv. ráðherra þannig að hún mundi ekki telja líklegt eða koma til greina að veita starfsleyfi fyrir slíku sjúkrahúsi. Ég tel mikilvægt að fá það skýrt hver sé stefna ríkisstjórnarinnar, einmitt vegna þess að við höfum orðið vör við mikinn ágreining milli ríkisstjórnarflokkanna í þessum efnum. Það heyrast háværar kröfur frá Sjálfstfl. um að auka eigi einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu á meðan Framsfl. hefur frekar staðið á bremsunni. Ég lít svo á að hæstv. ráðherra hafi lýst því yfir hér að ólíklegt sé að hún mundi gefa út starfsleyfi fyrir einkarekið sjúkrahús.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér var rætt um samkeppni en ég held að það sé ekki beint það sem við þörfnumst í heilbrigðisþjónustunni. Við höfum gert samninga og munum áfram gera samninga við einstaka aðila eins og við höfum gert, t.d. í öldrunarþjónustunni sl. 30–40, jafnvel 80 ár.

Löggæsla á Akranesi og í Borgarnesi.

[15:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Árum saman hafa löggæslumál á Vesturlandi, þ.e. á svæði sýslumannanna á Akranesi og í Borgarnesi, verið í ólestri. Það hefur ekki verið hægt að nýta lögreglumenn sem hafa verið ráðnir til starfa til þess að sinna svæðinu á eðlilegan hátt. Á Akranesi eru 11 lögreglumenn, 9 af þeim ganga vaktir eingöngu á Akranesi og svæðinu umhverfis bæinn. En í Borgarnesi, þar sem eru 8 stöðugildi og einungis 7 skipuð, ganga fimm lögreglumenn vaktir. Þeir þurfa að sjá um svæðið allt frá Hvalfjarðarbotni upp á Holtavörðuheiði, að Hítará og upp á Langjökul.

Árum saman hafa menn gagnrýnt þetta fyrirkomulag. Hver dómsmrh. á fætur öðrum hefur haldið því fram að hann ætlaði sér að leysa þessi mál en þau hafa aldrei verið leyst.

Er hæstv. dómsmrh. að vinna að því að koma á eðlilegu skipulagi varðandi nýtingu lögreglumanna á þessu svæði?

Hvenær munum við sjá breytingu sem hefur það í för með sér að hægt verði að nýta löggæslumenn eðlilega, þannig að t.d. sé hægt að nýta lögreglumenn á Akranesi til að sinna löggæslu bæði inn að Hvalfjarðarbotni og á öllu svæðinu frá Akranesi til Borgarness? Eða hvaða annarra úrræða hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að grípa til svo leysa megi þau vandamál sem lengi hafa verið til staðar á þessu svæði?

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fsp. enda vissulega þörf á að ræða ýmislegt sem snertir þetta svæði. Það hafa orðið ákveðnar breytingar, t.d. með tilkomu Hvalfjarðarganganna, sem gera það að verkum að segja má að umferðarþungi hafi aukist og e.t.v. sé þörf á meira eftirliti þarna í kring. Hins vegar er í gildi samstarfssamningur milli sýslumannsembættanna í Borgarnesi og á Akranesi. Þeir hafa reynt að samnýta liðin eftir því sem kostur er. Vafalaust er þó rétt að betur mætti gera í þeim efnum. Ríkislögreglustjóraembættið hefur einmitt haft forgöngu um að fá embætti um allt land til að samnýta betur mannafla lögreglunnar og ég tel að það skipti mjög miklu máli.

Ég tel rétt að hafa augun opin fyrir því sem er að gerast á þessu svæði. Við vitum að í kringum Borgarnes er mikið af sumarbústöðum, veiðiám og öðru slíku sem kallar á mikla umferð, sérstaklega að sumrinu. Ég kom reyndar með þá

tillögu á sínum tíma til sveitarfélaganna á þessu svæði að kannski væri rétt að breyta eitthvað umdæmamörkum en sú tillaga fékk ekki góðar undirtektir.

[15:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er ekki mjög ánægður með þessi svör. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að beita eigin ráðum til að koma á breyttu skipulagi þarna. Hægt er að fara margar leiðir að því. Hægt væri að sameina lögsagnarumdæmi þessara sýslumanna. Hægt væri að stækka lögsagnarumdæmi Akranessýslumannsins þannig að hann hefði yfir því svæði að segja sem nær frá Hvítá og í Hvalfjarðarbotn. Það væri miklu eðlilegri skipting. Einnig væri hægt að gera aðrar skipulagsbreytingar eins og að setja einn sýslumann yfir allt Vesturland þannig að menn gætu stjórnað löggæslumálum eðlilega á öllu svæðinu. Mér heyrist ekki að hæstv. ráðherra sé að gera neitt í þessu. Þó að einhverjir oddvitar á þessu svæði hafi kannski haft athugasemdir og ekki verið hrifnir af þeim tillögum sem hæstv. ráðherra lagði fram er engin ástæða til að gefast upp í málinu. Það er fráleitt að þetta ráða- og úrræðaleysi sem hefur verið í mörg ár á þessu svæði skuli halda áfram ár eftir ár.

[15:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Mér kemur reyndar ekkert á óvart þó hv. þm. sé ekki ánægður með þessi svör. Það hefur reyndar verið svo yfir línuna hjá þingmönnum Samfylkingarinnar upp á síðkastið. Það er ekkert við því að segja. En það eru engin vandamál á þessu svæði. Ekkert hefur komið fram um að lögreglan þarna sinni ekki störfum sínum. Mjög margir koma þarna að, ellefu plús sjö lögreglumenn, eins og hv. þm. minntist á hér áðan. Menn eiga auðvitað að vinna saman í þessum liðum og skipuleggja sín mál og það er auðvitað undir þeim sjálfum komið. En að sjálfsögðu fylgist ég með því hvernig það gengur til og ef þarf að grípa inn í mun ég að sjálfsögðu gera það.

[15:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er ekkert hissa á því þó að ráðherranum finnist þetta sem hann sagði áðan um Samfylkinguna, þ.e. að hún sé ekki ánægð. Hún er hér til að gagnrýna og hér er full ástæða til að gagnrýna. Hæstv. ráðherra hefur ekki komið fram neinum skipulagsbreytingum á þessu svæði. Enn eru sömu vandamálin uppi hvað það varðar að nýta lögreglumenn. Það eru sömu samstarfsörðugleikarnir milli sýslumannsembættanna í gangi. Örfáir lögreglumenn sem vinna frá Borgarnesi sinna óskaplega stóru svæði en það eru margir lögreglumenn sem sinna mjög litlu svæði sem vinna frá Akranesi. Hæstv. ráðherra er greinilega komin í hóp þeirra hæstv. dómsmrh. sem hafa verið á undan henni, að ætla að gefast upp á því að gera þessar breytingar vegna þess að höfðingjarnir í héraði og sýslumennirnir vilja ekki að þær verði gerðar.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ósköp auðvelt að setja sig á þann stall að gagnrýna. En ég ítreka það sem ég hef sagt áður. Það eru engin vandamál á þessu svæði. Það koma tímabundnar sveiflur þar sem þarf að skipuleggja störf lögreglunnar betur og það verður gert. Þessi mál eru í skoðun. Hins vegar langar mig til að varpa fram þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann hafi orðið var við mikinn áhuga hjá hv. þm. almennt séð á að fækka sýslumannsembættum.

Gengisþróun íslensku krónunnar.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Gengi íslensku krónunnar hefur sigið hratt að undanförnu. Það væri nær að orða það svo að það hafi fallið eins og í viðskiptum sl. föstudag þegar gengið hafði fallið um meira en hálft prósentustig þegar viðskiptum dagsins lauk. Frá áramótum hefur gengið lækkað um 7,6% og yfir 9% frá því að það var hæst á vormánuðum sl.

Frá því að fjárlagafrv. sjálft var lagt fram um síðustu mánaðamót hefur gengi íslensku krónunnar lækkað um 2,7% miðað við lokagengi sl. föstudag. Í ljósi þessa, herra forseti, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. — og ég tel ekki síður ástæðu til að hæstv. ráðherra svari því á Alþingi en í viðtölum við fjölmiðla: Hyggst ríkisstjórnin bregðast við afleiðingum þessarar gengislækkunar krónunnar, svo ekki sé talað um ef þessi þróun á eftir að halda áfram? Væntanlega er óþarfi að vitna til þess hér hversu afdrifarík slík breyting er þegar orðin og mundi verða eftirleiðis, hvað varðar verðbólgustigið og forsendur kjarasamninga svo að aðeins tvennt sé nefnt.

Ég tel eðlilegt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. bregðist a.m.k. við að því leyti að hann gefi þinginu svör hvað varðar þetta: Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við afleiðingum þess gengisfalls sem þegar er orðið eða hyggst ríkisstjórnin bregðast við?

[15:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Að okkar dómi er engin sérstök ástæða til þess um þessar mundir að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á gengi krónunnar að undanförnu. En að sjálfsögðu getur engin ríkisstjórn, hvorki þessi né önnur, útilokað sérstakar aðgerðir af slíku tilefni síðar meir en tilefnið er ekki fyrir hendi í dag að mínum dómi.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta var mjög biblíulegur texti hjá hæstv. ráðherra að það væri ekki sérstök ástæða til þess um þessar mundir að bregðast við gengisfalli krónunnar. Er það um einhverjar aðrar mundir sem við sambærilegar aðstæður væri kannski ástæða til þess?

Staðreyndin er sú að hér hefur orðið þetta mikið gengisfall eins og ég fór yfir áðan. Mér finnst eðlilegt að ríkisstjórnin geri betur en kom fram í svari hæstv. fjmrh. hvað það varðar að þetta kallar væntanlega á einhver viðbrögð vegna afleiðinga þessa gengisfalls. Er t.d. ekki ástæða til að fara að endurmeta þjóðhagsforsendur nú þegar? Er ekki alveg ljóst að frá því að gengið var frá forsendum þjóðhagsáætlunar í aðdraganda þess að fjárlagafrv. var lagt fram, þ.e. í ágústmánuði eða fyrri hluta septembermánaðar sl., er orðið umtalsvert gengisfall? Það hlýtur að hafa einhver áhrif á mat þjóðhagsforsendnanna og það hvernig horfur eru í m.a. ríkisbúskapnum á næsta ári. Eða er hæstv. fjmrh. að reyna að segja það að þetta breyti engu?

[15:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit eru þjóðhagsforsendur endurmetnar á haustmánuðum áður en fjárlagafrv. er afgreitt héðan frá hinu háa Alþingi. Allt sem skiptir máli í því sambandi, gengisþróun og annað, er að sjálfsögðu tekið með í reikninginn í slíku endurmati. Þetta veit þingmaðurinn eftir 17 ára setu á hinu háa Alþingi. Ekkert hefur breyst í þeim efnum. Þá kemur í ljós hvort sú breyting sem orðið hefur á gengi krónunnar skiptir einhverju verulegu máli að því er varðar gengisforsendurnar. En það er ekkert tilefni til að rjúka til sérstaklega núna og grípa til einhverra aðgerða eins og mér sýnist og heyrist að hv. þm. sé í rauninni að leggja til eða hvað?

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé ákaflega óskynsamleg taktík sem hæstv. ríkisstjórn hefur tamið sér þegar rætt er um augljós veikleikamerki í efnahagsstjórnun eða hvað varðar viðskiptahalla eða annað slíkt að neita alltaf tilvist vandamálsins. Það er það sem hér er ævinlega gert. „Það er ekkert tilefni um þessar mundir, engin ástæða til að hafa áhyggur." Hæstv. forsrh. hefur farið með sömu tugguna gagnvart verðbólgunni í eitt og hálft ár. Hún er alltaf alveg að hverfa. Það er bara handan við hornið að verðlagið hjaðni niður og hverfi. Hér kemur líka hæstv. fjmrh. og fer með sömu þuluna: Það er ekkert vandamál, það er engin ástæða til þess að gera neitt.

Þetta eru ekki trúverðug viðbrögð. Skylda stjórnvalda við þessar aðstæður er að reyna að róa menn og fullvissa þá um að hlutirnir séu undir góðri og styrkri stjórn. Það gera menn ekki með þessum aðferðum. Þess vegna væru skynsamlegri svör hjá hæstv. fjmrh. en að reyna að snúa út úr eða kenna þeim sem hér stendur þingleg vinnubrögð að reyna að útlista fyrir okkur í einhverju málefnalegu svari hvað ríkisstjórnin sé að gera til að halda þessum hlutum í traustum skorðum.

Fráveitumál sveitarfélaga.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar við gerðumst á sínum tíma þátttakendur í Evrópska efnahagssvæðinu tókumst við á hendur margvíslegar skyldur í umhverfismálum. Þar á meðal var að gera stórátak í fráveitumálum sveitarfélaga. Sveitarfélögin standa því mörg hver frammi fyrir ákaflega dýrum verkefnum á sviði fráveitukerfa og skolpmannvirkja til að hreinsa skolp og leiða það á haf út. Allar áætlanir gera ráð fyrir að hér sé um að ræða mjög miklar upphæðir.

Ég nefni sem dæmi, herra forseti, að á Bolungarvík, þar sem aðeins 1.000 manns búa, er áætlað að þetta kosti um 150 millj. kr., á Tálknafirði um 60 millj. kr., á Hólmavík um 60 millj. kr. og á Siglufirði um 180–190 millj. kr. Það er því alveg ljóst að til að leysa þetta mikla verkefni af höndum er líklegt að sveitarfélögin þurfi að axla byrðar sem kunna að hlaupa á milljörðum króna.

Nú blasir hins vegar við að starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið á Vestfjörðum hafa gert ákaflega merkilega rannsókn þar sem þeir könnuðu mengun við átta byggðarlög á norðausturströndinni. Þarna var um að ræða mælingar bæði á gerla- og efnamengun auk þess sem smádýralíf á botni var líka kannað. Samkvæmt þessum niðurstöðum, sem ég tel enga ástæðu til að rengja, kom í ljós að á öllum þessum stöðum var sjólag með þeim hætti að talið var líklegt að blöndun væri svo mikil að öll mengun mundi hverfa innan nokkurra metra. Þetta bendir til þess, herra forseti, að hægt sé að leysa fráveitumál fjölmargra smærri sveitarfélaga miklu ódýrar en menn töldu áður og ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. umhvrh.:

1. Í ljósi þess að hér var um að ræða rannsókn sem náði til átta staða finnst hæstv. ráðherra þá ekki góður kostur að hefja þegar í stað rannsókn á öðrum byggðarlögum við Ísland?

2. Telur hún ekki rétt að hefja þegar í stað viðræður við þar til bær stjórnvöld innan Evrópska efnahagssvæðisins um að heimilt verði að ganga frá fráveitumálum sveitarfélaga með mun ódýrari hætti í ljósi þessara nýju upplýsinga sem nú liggja fyrir?

[15:28]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér þykir sjálfsagt að skoða það ef til eru ódýrari lausnir en menn hafa áður séð og reiknað út. Við höfum hins vegar ekki fengið, svo ég viti, upplýsingar um það í ráðuneytinu að hægt sé að gera þetta miklu ódýrar. Hins vegar tel ég að við eigum að skoða það í ljósi þessara upplýsinga sem hér koma fram.

Þingmenn voru í kjördæmavikunni síðustu að hitta sveitarstjórnir og þá komu einhverjar upplýsingar, einnig í Mosfellsbæ hjá sveitarstjórnarmönnum þar að þeir hafa skoðað lausnir sem menn hafa farið út í í Sviþjóð með svokallaðar tjarnir, þ.e. að láta skolp fara í tjarnir en ekki út í sjó í þann viðtaka sem við höfum valið hér. Þeim reiknaðist því svo til að hugsanlega væri hægt að fara þessa tjarnaleið og borga aðeins $^1/_3$ af þeirri leið sem þeir annars gætu farið, þ.e. að tengjast Reykvíkingum í skolprör þeirra og láta skolpið fara út í sjó. Ég tel því eðlilegt að við skoðum þessi mál miðað við þær upplýsingar sem hér koma fram og þær upplýsingar sem hafa komið fram í Mosfellsbæ. Auðvitað þarf að skoða þetta nánar og í framhaldinu, ef þetta er svona, reynum við að velja ódýrustu leiðirnir og þá getum við tekið málið upp við Evrópusambandið því að sjálfsögðu viljum við nýta fjármagnið sem best. Það þarf að leita hagkvæmustu lausna í hvert sinn.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tel að þær upplýsingar sem hér liggja fyrir gætu leitt til þess að hægt væri að leysa þessi verkefni með miklu minni tilkostnaði en við töldum áður. Ég held að það væri jafnvel hægt að spara heilan milljarð fyrir sveitarfélögin með þessum hætti. Mér sýnist að þessar niðurstöður bendi til þess að það sé hægt að nýta svokallaða fyrsta stigs hreinsun sem felur í sér einungis grófa síun og síðan að leiða þetta út fyrir lægstu fjörumörk. Þetta eru allt önnur viðhorf en voru uppi fyrir nokkrum árum og ég held þess vegna að það sé einboðið að menn ráðist í þetta.

En spurning mín til hæstv. umhvrh. var m.a. þessi: Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að þeir menn sem hafa staðið fyrir þessum rannsóknum fái fjármagn til þess að halda þeim áfram? Ég spyr vegna þess að þetta hafa verið eins konar kaffitímarannsóknir. Þessir ágætu rannsóknarmenn Vestfirðinga hafa verið að vinna þetta með öðrum verkefnum og þeir hafa ekki fengið nægilegan skilning af hálfu fjárveitingavaldsins. Ég spyr þess vegna: Ætlar hæstv.

ráðherra í ljósi þessa að beita sér fyrir auknum framlögum nú þegar til þess að hægt sé að kanna hvort ekki sé hægt að nota þessar aðferðir sem víðast við Ísland?

[15:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að við eigum að skoða þessi mál í umhvrn. miðað við þær upplýsingar sem hér komu fram og líka þær upplýsingar sem komu fram á fundinum í Mosfellsbæ sem ég nefndi áðan. Ég tel algjörlega ótímabært að útlista það hér hvort fé verður veitt í frekari rannsóknir eða ekki. Ég tel að málið sé ekki komið á það stig. Við þurfum að skoða það áður en við tökum einhverjar slíkar ákvarðanir.

[15:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki taka nægilega jákvætt undir þetta. Hvenær kemst málið á það stig að hægt sé að taka ákvörðun um það hvort það eigi að veita frekari fjármuni til rannsókna á þessu sviði? Það liggur einfaldlega fyrir núna að þessir ágætu vísindamenn hafa við nauman kost sýnt fram á að hægt er að spara þarna alveg gríðarlega fjármuni.

Hæstv. ríkisstjórn hefur með ýmsum hætti verið að leggja meiri og meiri álögur á sveitarfélögin. Hérna verður frumkvæði sveitarfélaganna til þess að benda á aðrar leiðir. Ég spyr þess vegna, herra forseti: Er það ekki nægilegt tilefni til þess að hæstv. umhvrh. reyni að skjóta þarna þó ekki væri nema nokkrum milljónum til þessara ágætu vísindamanna þannig að þeir geti fullunnið þessar rannsóknir? Þær fáu milljónir gætu orðið til þess að spara sveitarfélögunum milljarð króna. Er það ekki nægilegt tilefni?

[15:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að við séum ekki með nægjanlegar upplýsingar í höndunum til að skjóta einhverjum milljónum í þessar rannsóknir frekar. Við þurfum að skoða þetta mál miklu betur en svo en að hægt sé að svara því í óundirbúnum fyrirspurnatíma hvort við ætlum að setja einhverjar x milljónir króna í frekari rannsóknir. Við viljum fara yfir þessi mál og ég tel það mjög jákvætt og að sjálfsögðu, ef hægt er að spara í heildina, þá verður það gert. Við munum reyna að gera það og fá skilning hjá Evrópusambandinu fyrir því að hægt sé að fara út í ódýrari lausnir, ef það er rétt. En það er algjörlega ótímabært hér að nefna einhverjar upphæðir í frekari rannsóknir. Málið er ekki komið á það stig.

Flutningur á fjarvinnslustörfum út á land.

[15:34]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við umræðu á hinu háa Alþingi nú nýlega í tengslum fyrirspurn frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um flutning fjarvinnsluverkefna út á land, m.a. til Ólafsfjarðar, vitnaði ég í ummæli hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur sem hún viðhafði eftir borgarafund í Ólafsfirði 6. mars sl. Þar sagði hún m.a. með leyfi forseta:

„Í lok þessa mánaðar eða fyrir lok þessa mánaðar þá trúi ég því að það verði eitthvað að frétta ...“ — af þessu verkefni.

Svar hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn minni var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„En af því að ég er spurð um það svona u.þ.b. einu sinni á dag hvað sé að frétta af þessu síðan í mars þá held ég að ég verði að fara að greina eitthvað nánar frá því. Það sem ég var að tala um á fundinum í Ólafsfirði var landskrá lausafjármuna sem var verkefni og er verkefni sem búið er að móta og er til umfjöllunar í dómsmrn. Það verður að spyrjast fyrir um það þar.“

Herra forseti. Ég vil því taka áskorun hæstv. iðn.- og viðskrh. og spyrja hæstv. dómsmrh. út í þetta atriði með landskrá lausafjármuna sem búið er að móta og vinna í iðnrn. að sögn hæstv. iðnrh. en hefur legið ansi lengi í dómsmrn. að því er mér virðist.

Hver er staða þessa máls í dómsmrn. í dag, hæstv. dómsmrh.?

Verður þetta verkefni flutt til Ólafsfjarðar og þá hvenær?

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Þetta lítur vissulega vel út, þ.e. landskrá lausafjármuna, og verið getur að menn telji að þarna sé um stórkostlegt verkefni að ræða. En þegar þetta mál var skoðað í dómsmrn. þá kom í ljós að slík skráning var í mesta lagi vinna fyrir einn mann hálfan daginn, því miður.

Ég vil segja það sérstaklega að starfsmenn dómsmrn. hafa farið til Ólafsfjarðar og hafa leitað eftir tillögum í sambandi við vinnslu á ýmiss konar verkefnum en því miður hefur það starf ekki borið árangur. Hins vegar varðandi Ólafsfjörð, vegna þess að hér áðan var verið að ræða um sýslumenn, þá er það tímabundið að sýslumaður starfar ekki þar. Ég taldi rétt að láta það koma í ljós að engin önnur ákvörðun hefur verið tekin í því sambandi.

[15:37]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. dómsmrh. vera á þá leið að þetta hafi litið vel út og hafi frá hendi iðnrh. virst stórkostlegt verkefni sem mætti flytja til Ólafsfjarðar, en svo hafi komið í ljós að þetta er í mesta lagi hálft starf. Það er kannski af svipaðri ástæðu sem hæstv. forsrh. hefur ekki enn getað svarað annarri fyrirspurn minni um það hversu mörg störf hafi verið flutt til landsbyggðarinnar á síðasta ári, en það er búið að taka um það bil sex mánuði að fá svar við því.

Ég vil í lokin, herra forseti, vitna í dæmigerð ummæli sem viðhöfð eru af ráðherrum á tyllidögum eins og eftir umræddan borgarafund í Ólafsfirði. En þar sagði hæstv. forsrh. m.a.:

„Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin.“

Mér virðist, herra forseti, að frá hendi dómsmrh. sé skilað auðu.

[15:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef ekki verið með neinar yfirlýsingar í þessu máli um nein verkefni í sambandi við Ólafsfjörð þannig að hv. þm. getur nú ekki gagnrýnt mig fyrir það. Mér finnst líka afskaplega ósanngjarnt að hann skuli ráðst á hæstv. iðnrh. sem hefur lagt sig fram um að finna upp og koma með tilögur um ýmis verkefni sem hægt væri að flytja út á landsbyggðina enda fer hún með þann málaflokk, byggðamálin.

Eins og allir hv. þm. vita er þetta nokkuð erfitt við að eiga og ekki alltaf sem lausnir blasa við. Mér finnst ástæða til að spyrja, hæstv. forseti, í framhaldi af þessu vegna þess að hér er fyrirspyrjandi sem er væntanlegur þingmaður þessa kjördæmis: Hvaða tillögur hefur hann í málinu?

[15:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sá hv. þm. sem stendur hér og verður vonandi þingmaður fyrir m.a. Ólafsfjörð næst hefur þau ráð á takteinum að flytja fjarvinnsluverkefni til Ólafsfjarðar, að ríkisvaldið fari að flytja fjarvinnsluverkefni út á land líkt og einkafyrirtækin hafa verið að gera. Dæmi um það er ágætur tilflutningur Kaupþings á fjarvinnslustörfum til Siglufjarðar. Það er nóg af tækifærum. En það þarf vilja hjá hæstv. ríkisstjórn en hann er ekki fyrir hendi.

Þetta er ekki nein árás á hæstv. iðnrh. Ég er að vitna hér í svar hæstv. iðnrh. þar sem fram kemur að þetta mál liggi í dómsmrn. og hæstv. iðnrh. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Það verður að spyrjast fyrir um það þar" — þ.e. hjá hæstv. dómsmrh. hvað gangi með flutning fjarvinnslustarfa til Ólafsjarðar.

Svarið höfum við fengið: Ef til vill hálft starf.

[15:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. telur sig nú hafa fengið svör við þessari fyrirspurn. Það er vissulega svo um þetta eina einstaka verkefni. En hann hefur ekkert spurt um önnur og það mál er enn þá í skoðun í dómsmrn. eins og öllum öðrum ráðuneytum. Það er að sjálfsögðu á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að bregðast við þeim byggðavanda sem því miður er staðreynd í þessu þjóðfélagi og væntanlega munum við sjá tillögur í þeim efnum fljótlega.

Tilkynningarskylda olíuskipa.

[15:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Á umliðnum árum hefur mikið verið fjallað um mengun hafsins og vernd strandlengju Íslands vegna sérstöðu landsins, útflutnings og hreinleika þeirra afurða sem við flytjum frá landinu.

Það eru líklega ein þrjú ár síðan samþykkt var þáltill. sem ég lagði fram um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Þessi þáltill. var samþykkt svohljóðandi í samgn.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi."

Nú er það nokkuð óljóst hvernig eigi að halda á þessum málum á milli ráðuneyta, þ.e. dóms-, samgöngu- og umhverfismála. Í framhaldi af þessu sem ég las hér áðan var skipuð nefnd af hæstv. samgrh. 18. febrúar 1998 til að fjalla um þessi mál. Ég verð að segja að mig er nokkuð farið að lengja eftir skilum þessarar nefndar á þessu þýðingarmikla hagsmunamáli. Flest önnur ríki sem telja sig eiga hagsmuna að gæta varðandi hreinleika sjávar og stranda hafa sett reglur sem afmarka og takmarka siglingaleiðir olíuskipa og skipa sem sigla með hættuleg efni.

Vil ég því beina fyrirspurn minni til hæstv. samgrh.: Hvað líður störfum þessarar nefndar?

[15:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er afar mikilvægt að skýrar reglur séu um siglingaleiðir þeirra skipa sem flytja hættulegan varning. Þess vegna var það ágætistillaga sem flutt var á sínum tíma um að vinna að því á vettvangi ráðuneyta að koma þessum málum í betra lag. Af þessari nefnd er það að segja að hún er u.þ.b. að ljúka störfum. Ég hef nýlegar upplýsingar um það. Það er afskaplega vandasamt verkefni að leggja á ráðin um það hvernig skuli leggja línur um þær siglingaleiðir sem skip skuli fara sem flytja hættuleg efni þannig að það þarf að undirbúa vel og ég á von á því að alveg á næstunni muni liggja fyrir tillögur frá þessari nefnd í samgrn.

[15:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Málið er náttúrlega mjög alvarlegt og brýnt með tilliti til þess að þau kaupskip sem koma hingað til landsins hafa stækkað, þau nota meiri sjóballest, þau eru óbundin af því að mega ekki dæla út sjóballest með ströndum fram og jafnvel í höfnum. Það er ekkert sem bannar það nú.

Kanadamenn hafa hins vegar tekið upp mjög skýrar reglur um þetta atriði. Áður en skip með sjóballest koma inn í kanadíska landhelgi og ætla að fara að dæla henni út, verða þau að tilkynna þarlendum yfirvöldum um hvernig málin standa með sjóballestina. Eins er þeim bannað að dæla út sjóballest við strendur landsins nema í svo og svo mikilli fjarlægð.

Það er ljóst að hér hefur sjóballest frá kaupskipum oft og tíðum verið dælt í hafnir og það hefur valdið verulegri mengun sem menn hafa verið nokkuð undrandi á hvernig hafi til komið, nefni ég þá t.d. Elliðaárnar.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[15:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hinn 12. október sl. lagði ég fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Ég spurði hvort það væri krafa ríkisins að andvirðið gengi upp í skuldir vegna félagslega íbúðakerfisins. Þessari fsp. er enn ósvarað.

Síðan þá virðist þetta mál hafa verið á fullri ferð. Samkvæmt fréttum í fjölmiðlum, m.a. í ítarlegri grein í Morgunblaðinu sl. föstudag, er þessa dagana gengið hart að sveitarfélögunum um að gefa svar um breytingu á eignarstöðu fyrirtækisins og sölu á hlut þeirra. Jafnframt kemur fram skýr krafa um að andvirðið renni til greiðslu skulda vegna félagslegra íbúða.

Herra forseti. Hver er réttur Alþingis og einstakra þingmanna til að fá svör við fsp. sem þessari áður en ákvarðanir eru teknar og alþingismenn sem og aðrir standa frammi fyrir gerðum hlut?

Í öðru lagi. Þegar mál sem þetta er formlega komið til umræðu á Alþingi, hefði þá ekki verið eðlilegt að hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því að fresta frekari aðgerðum í málinu uns gefist hefði tóm til að svara fsp. á Alþingi?

Í þriðja lagi, herra forseti: Er ekki eðlilegt að sýna Alþingi þá virðingu að svara þeim fsp. sem bornar hafa verið fram hér í þingsölum en ekki í gegnum fjölmiðla?

Að lokum vil ég, herra forseti, beina því til hæstv. forseta að hann þrýsti á hæstv. ráðherra með að umræddri fsp. minni um Orkubú Vestfjarða verði örugglega svarað nk. miðvikudag.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Reyndar var spurningunni kannski frekar beint til hæstv. forseta en þar sem málið varðar mig þá langar mig til að segja hér örfá orð.

Ég er sammála hv. þm. en vegna þess að formleg fsp. hefur borist hér á Alþingi þá vil ég ekki svara henni efnislega núna. Ég mun svara þessari fsp. eftir tvo daga. Ég var hins vegar með fjarvistarleyfi þann miðvikudag sem eðlilegt hefði verið að svara fsp. þessari og svo vita allir að kjördæmavikan var í síðustu viku. Svona atburðir geta átt sér stað.

Ég hef hins vegar ekki tjáð mig um málið í fjölmiðlum, ef hv. þm. er að ýja að því. Það hef ég ekki gert. Þetta mál hefur þó nokkuð lengi verið til meðferðar í ráðuneytinu og um það hefur ekki farið fram opinber umræða svo heitið geti. Ég tel að málið sé í ágætum farvegi og vonast til að það leysist farsællega.

[15:49]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um störf þingsins skal upplýst að þingsköp eru ákaflega skýr hvað þetta varðar. Þar er við það miðað að fsp. skuli að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt en í fyrsta lagi hafi henni verið útbýtt þremur virkum dögum fyrir fyrirspurnafund.

Forseta heyrðist að á næsta fyrirspurnafundi yrði þessi fsp. tekin til umræðu.

[15:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svar hennar. Þannig er að ég er með úrklippu úr Degi, frá 21. október. Þar er mynd af hæstv. fjmrh. og haft eftir honum að unnið sé að því að eignir sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða geti gengið upp í skuldir þeirra við félagslega íbúðakerfið. Þetta er allnokkru eftir að ég lagði fyrirspurn mína.

Hinn 13. október er líka sent bréf frá formanni stjórnar Orkubús Vestfjarða, sem er fulltrúi iðnrh., þar sem harðar er eftir því gengið og ítrekað þar, að sveitarfélögin svari þessu bréfi sem allra fyrst. Þar virðist þeim enginn griður gefinn og þetta er þó degi eftir að ég lagði fsp. mína fram.

Ég leyfi mér, herra forseti, að ítreka spurningar mínar: Eru þetta eðlileg vinnubrögð af hálfu hæstv. ráðherra þegar fsp. um málið er komin fram á hv. Alþingi? Ég tel að hægja hefði átt á aðgerðum og gefa þingmönnum kost á að tjá sig um þetta viðkvæma mál, a.m.k. áður en hart væri gengið að sveitarfélögunum með að skila svari. Þau eiga þá sennilega að vera búin að skila svari áður en fsp. er svarað hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég vænti þess að fsp. minni verði svarað næsta miðvikudag.

[15:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er einhver óskaplegur misskilningur á ferðinni hjá hv. málshefjanda. Sem stendur er unnið að lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru sum — ég tek fram að það á ekki við um þau öll — í mjög miklum fjárhagsvanda. Við viljum aðstoða þau við það að leysa þann vanda. M.a. hefur komið til tals að koma eignum þeirra í Orkubúi Vestfjarða í verð, þ.e. líkt og fjárhagsvandi Siglufjarðar var leystur á sínum tíma þegar Rarik keypti veitustofnanir á Siglufirði.

Það er hverju orði sannara að skuldir sveitarfélaganna á Vestfjörðum eru m.a. vegna hins félagslega íbúðakerfis. Hugmyndin er ekki að taka Orkubúið til að borga þær skuldir upp í topp. Það er alls ekki hugmyndin og mikill misskilningur ef hv. þm. stendur í þeirri trú. Ætlunin er að gefa sveitarfélögunum tækifæri til að koma fjárhag sínum og skuldastöðu í það horf að hægt sé að reka þau.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill að gefnu tilefni rifja upp að hér er verið að ræða störf þingsins en ekki efnisatriði máls.)

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér fer einmitt fram grundvallarumræða um störf þingsins. Þetta snertir sjálfan kjarna þess sem þingræðið byggir ekki síst á, þ.e. rétt þingmanna til að krefja upplýsinga, spyrja hæstv. ráðherra út úr og veita framkvæmdarvaldinu þannig aðhald. Ég tel mjög alvarlegt ef sú venja er smátt og smátt að skapast að þrátt fyrir að búið sé að festa mál á dagskrá þingsins með formlegri fsp., tillögu eða með öðrum hætti, þá geti ráðherrar látið eins og ekkert sé, haldið áfram að vinna að málinu og jafnvel tekið ákvarðanir eða aðhafst þannig að forsendur verði breyttar þegar fsp. er svo loksins svarað eftir dúk og disk.

Ég lít svo á að ef mál er á hreyfingu þegar óskað er eftir upplýsingum um það á þinginu með formlegri fsp. þá beri mönnum skylda til að svara þeirri fsp. áður en frekar er aðhafst í málinu. Þannig tel ég að þessi samskipti eigi að vera. Alþingi getur síðan metið hvort svörin eru fullnægjandi eða hvort tilefni er til frekari aðgerða af hálfu þingsins. Hér er um að ræða einhvern mikilvægasta, mér liggur við að segja helgasta rétt þingsins og þingmanna, þ.e. réttinn til að krefja upplýsinga og spyrja ráðherra út úr. Ég held að í þessu máli hafi verið ansi mikil hreyfing á hlutunum og greinilegt, m.a. af uppkomu hæstv. félmrh., að ýmsum er órótt, enda von ef ríkisstjórnin ætlar að nota bága fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis til að pína þau til að láta af hendi eina helstu eign sína.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það var rétt þegar hv. síðasti ræðumaður sagði að þessi umræða snerti mörg mikilvæg atriði sem lúta að samskiptum Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Enginn dregur í efa rétt þingmanna til að spyrja ráðherra spurninga með þeim formlega hætti sem þingsköp gera ráð fyrir eða skyldu ráðherra til að svara slíkum spurningum. Menn geta hins vegar ekki, með því að leggja fram einfalda fsp. á Alþingi, stöðvað framgang mála, komið í veg fyrir að framkvæmdarvaldið og handhafar þess geti unnið sín skyldustörf. Það er einhver grundvallarmisskilningur. Menn þyrftu að setja slík fyrirmæli í lög til þess að það gilti.

Ég vil bæta því við að ég hef ekki tjáð mig efnislega í fjölmiðlum um málið sem þingmaðurinn vakti athygli á. Ég hef hins vegar ekki neitað því að það mál væri á umræðustigi enda eðlilegt að maður svari aðspurður. Þessu máli verður svarað formlega í fyrirspurnatíma en það hefði verið fráleitt ef þeir ráðherrar sem að þessu máli koma hefðu lagt hendur

í skaut og beðið eftir því að þingmaðurinn fengi svar við fsp. sinni hér á Alþingi. Ég skil ekki hvernig mönnum dettur það í hug. Þetta minnir dálítið á tillögu hv. þm. við umræðu um fjárlögin, um að fresta hefði átt fjárlögunum vegna þess að ekki voru komnar tillögur um fjárhagsvanda sveitarfélaganna. (**JB:** Já, það held ég að sé hárrétt.)

[15:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er einmitt mikilvægi umræðunnar sem ætti ævinlega að vera hv. alþm. ofarlega í huga. Nú virðist í gangi það sem ég vil kalla einhvers konar baktjaldamakk sem felst í því að taka eignir af sveitarfélögum fyrir vestan og horfa fram hjá því að leysa vanda félagslega íbúðalánakerfisins með almennum aðgerðum sem ganga mundu yfir alla. Ég hef grun um leysa eigi tiltekinn hluta þessa vanda með allt öðrum aðferðum og það eigi að taka inn í umræðurnar um verð á eignum þessara aðila og verðið ákveðið með öðrum hætti en eðlilegt getur talist.

Ég tel fulla ástæða til að fara í umræður um þessa hluti vegna þess að þeir hafa ekki verið uppi á borðunum. Menn passa hér að sýna ekki á spilin sín og hæla sér af því að þeir hafi ekki verið að segja neitt um þetta mál. Nær væri að menn legðu spilin á borðið og segðu nákvæmlega hvað þeir eru að hugsa þannig að eðlileg umræða geti farið fram. Ég held að þarna eigi að nota aðferðir sem ekki verði beitt varðandi önnur sveitarfélög sem eiga íbúðir í þessu félagslega kerfi og eru að sligast undan afleiðingum þess.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að forðast efnislega umræðu um þetta mál. Hv. þm. Jón Bjarnason lagði fram formlega fyrirspurn um málið og henni verður svarað eftir tvo daga. Ég átta mig ekki á ástæðum þess að hv. þm. kveður sér hljóðs til þess að taka upp mál sem ekki má tala um. Hann biður um að um það sé ekki talað. Þetta er að verða ein hringavitleysa sýnist mér.

Það eina sem ég vil segja er að það eru engin brögð í tafli. Hins vegar er unnið af ábyrgð í þessu máli og ég held að það sé full þörf á því.

[16:00]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er mikill talsmaður þess að þingið hafi rétt til að kalla eftir upplýsingum um mál sem eru á döfinni hjá framkvæmdarvaldinu. Hins vegar veit ég ekki hvort ég hef skilið rétt umræðuna um að það sé virkilega ætlun manna að hægt sé að frysta mál í meðförum framkvæmdarvaldsins með því að leggja fram fyrirspurn á Alþingi. Þó að ég sé mikill þingræðissinni finnst mér það allt of langt gengið því að t.d. þetta mál kemur til umræðu á sínum tíma og afgreiðslu í tengslum við heimildir eða fjárframlög enda hefur það komið fram að það stendur til að svara fyrirspurn um málið. En ég tek undir með hæstv. fjmrh. með það að ég hlýt að hafa misskilið eitthvað ef það er ætlunin að með því að leggja fram fyrirspurn á Alþingi sé hægt að stöðva mál í meðförum framkvæmdarvaldsins. Ég held ég hljóti að hafa misskilið eitthvað í umræðunni.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er eitt atriði sem mér láðist að nefna áðan sem er líka mjög mikilvægt í þessu sambandi og síðasti ræðumaður vék óbeint að, að hvað sem gert kann að verða í þessu máli eins og öðrum sambærilegum málum, er það auðvitað með fyrirvara um samþykki og eðlilegar heimildir Alþingis. Það er því ekkert um það að ræða að menn séu í einhverju heimildarleysi að vaða út í einhverjar aðgerðir sem eru ekki leyfilegar. Alþingi getur auðvitað þegar þar að kemur hafnað slíkum samningum. Það verður bara að koma í ljós. Á meðan ekkert slíkt er komið í ljós vinna menn að málinu óháð fyrirspurnum frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherrar og þess vegna hv. formaður fjárln. ættu ekki að vera alveg svona sperrtir í þessu máli. Ég held að hlutur þeirra í því sé ekki þess efnis að þeir hafi efni á því að koma hingað upp og vera með útúrsnúninga. Enginn er að halda því fram að með því að leggja fram fyrirspurn á Alþingi sé almennt framkvæmdarvald tekið af ráðherrum. Það hefur enginn gert nema þá e.t.v. að hæstv. fjmrh. skildi umræðuna þannig og er hann þá vonandi einn um það.

Hitt er jafnljóst að ef lögð er fram fyrirspurn um mál og síðan stendur Alþingi frammi fyrir orðnum hlut, kannski fjórum vikum síðar, hvert er þá búið að fara með rétt þingmanna til að fá umræður um mál og fá heiðarleg svör? Er það ekki það sem er að gerast hér? Á meðan fyrirspurnin liggur hér og er ósvarað eru ráðherrarnir, og það liggur við að maður fari að halda öll ríkisstjórnin, með hnúana á sveitarfélögunum á Vestfjörðum um að svara.

Það liggur alveg fyrir og við höfum í höndum bréf um það hvernig verið er að þjarma að sveitarfélögunum á Vestfjörðum til að láta þessa eign sína, ein sveitarfélaga í landinu, upp í skuldir sínar vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Þetta mál, herra forseti, þarf greinilega miklu meiri umræðu en gefst í þessum tíma og í einum fyrirspurnatíma sem verður á miðvikudaginn. Það er því mjög líklegt, herra forseti, að Alþingi hafi ekki séð það síðasta af þessu máli.

[16:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú er sá tími á enda runninn sem ætlaður er fyrir umræður um störf þingsins. Forseti áréttar að samkvæmt 49. gr. þingskapa verður margnefndri fyrirspurn svarað innan tilskilins frests það sem um getur. Forseti á ekki annan kost en að ljúka umræðunni en ef hæstv. ráðherra vill ræða fundarstjórn forseta er það heimilt. Svo virðist ekki vera.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (tegundartilfærsla). — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 77. mál (framlög til menningarmála o.fl.). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 78. mál (tryggingaráð). — Þskj. 78.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur og Rannsóknarráð Íslands, frh. 1. umr.

Frv. PM, 107. mál (rannsóknir og þróunarstarf). — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 122. mál (aðild starfsmanna að stjórn). — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Frv. VÞV o.fl., 137. mál (stjórnir sparisjóða). — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Samkeppnishæf menntun og ný stefna í kjaramálum kennara, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 92. mál. — Þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, frh. fyrri umr.

Þáltill. MS o.fl., 103. mál. — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Endurgreiðsla sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. PM, 105. mál. — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Þjóðarleikvangar, frh. fyrri umr.

Þáltill. PM, 106. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kynbundinn munur í upplýsingatækni, frh. fyrri umr.

Þáltill. HólmS o.fl., 123. mál. — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 155. mál. — Þskj. 155. [16:12]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Fram hefur komið óske um frestun á atkvæðagreiðslu á 15. dagskrármáli, hvort leyfð skuli beiðni um skýrslu um iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, og mun forseti verða við því.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 26. mál (tekjutenging bóta). — Þskj. 26. [16:13]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það er dálítið um liðið síðan það mál sem hér er verið að ræða var fyrst rætt. Ég hafði svo sem ekki blandað mér mikið í þá umræðu fyrr en í nokkrum andsvörum sem komu þar fram og ummælum sem hafa komið fram annars staðar út af því frv. sem hér er flutt, sem hv. þm. Pétur Blöndal viðhafði bæði á Alþingi í umræðu utan dagskrár um málefni aldraðra og öryrkja og eins í ákveðnum sjónvarpsþætti.

Ég er í nokkrum vanda hvernig ég ætti að ræða málið nú þegar það kemst loksins á dagskrá vegna þess að hv. þm. er með fjarvist í dag. Hann er erlendis á vegum þingsins. Mig skortir þekkingu á því hvernig má ræða þau mál á hinu háa Alþingi. Mér er mjög illa við að ræða þau mál að þingmanninum fjarverandi en ég mun að sjálfsögðu koma inn í þá umræðu á eftir og vitna til nokkurra ummæla sem þar hafa fallið sem urðu kveikjan að því að ég óskaði eftir að taka til máls og ræða þessi mál.

Mér fannst með öðrum orðum það ekki vera Alþingi sæmandi að héðan úr ræðustól Alþingis væru sögð þau orð sem þar voru sögð um aldraða og öryrkja þar sem menn voru hálfpartinn að leiða líkur að því að vandræði margra í þessum þjóðfélagshópum væru hreint og beint vegna óreglu. Mér finnst mjög sárt að þurfa að sitja undir því þegar maður þekkir marga í þessum þjóðfélagshópum, bæði aldraða og ég tala nú ekki um öryrkja, sem hafa það ekki nógu gott á þeim bótum sem hið háa Alþingi skammtar eða ríkisstjórn er umsagnaraðili um. Þetta kom mér verulega á óvart og varð kveikjan að því að ég ákvað að koma í ræðustól.

Töluvert stór hluti aldraðra hefur það slæmt í efnalegu tilliti og mjög stór hluti öryrkja er lítt efnum búinn og á verulega undir högg að sækja í þessu þjóðfélagi á þeim bótum sem þeim eru skammtaðar. Það má segja að þessir hópar eigi verulega bágt í þjóðfélaginu. Þessir þjóðfélagshópar eiga að fá stóraukna aðstoð frá samfélaginu hvað varðar þessa lægstu og lélegustu taxta. Þær strípuðu bætur sem þessir hópar verða að skrimta á valda hreint og beint útskúfun úr velmektarsamfélaginu. Þetta er aðskilnaðarstefna sem er í raun siðlaus og hættuleg og maður getur spurt sig að því hvernig t.d. börn öryrkja eiga að hafa nokkra möguleika á að taka þátt í þjóðfélaginu eins og aðrir, t.d. íþróttalífi, menningarstarfsemi, skólastarfi o.s.frv., öryrkja sem hafa kannski verið öryrkjar frá fæðingu og hafa ekki getað unnið sér inn lífeyrisréttindi og fá bara strípaða taxta frá Tryggingastofnun. Hvernig eiga þær rúmlega 50 þús. kr. að duga fyrir þetta fólk til þess að lifa með reisn í þessu velmektarþjóðfélagi og hvernig eiga þeir að geta skilið að það sé ekki hægt að láta smábrauðmola falla af borðinu frá hendi ríkisvaldsins til að bæta kjör þessa hóps sem verst er settur þegar ríkissjóð á á næsta ári að afgreiða, ef svo má að orði komast, með 30 milljarða tekjuafgangi? Er ekki kominn tími til að þessir hópar fái nokkra leiðréttingu sinna mála? Það er sannarlega rétt að þetta eru ólíkir hópar á vissan hátt og það er sannarlega rétt líka að sem betur fer hafa töluvert margir aldraðir það ágætt, hafa góðan lífeyri til að lyfta upp tekjum sínum, hafa jafnvel miklar fjármagnstekjur af stórum og miklum eignum sem þeir hafa e.t.v. selt. En það er allt of stór hópur í þjóðfélaginu sem hefur hreinlega orðið út undan og það eru þessir verst settu sem ég er hér að gera að umtalsefni og það, herra forseti, þolir ekki neina bið að leiðrétta kjör þeirra.

Strípaðar tryggingabætur frá Tryggingastofnun ríkisins eru rétt rúmar 50 þús. kr. sem einstaklingur fær eftir að búið er að taka um 7.500 kr. í skatta sem er náttúrlega síðustu ára vandamál, ef svo má að orði komast, þar sem sífellt er verið að ráðast á eða seilast ofan í vasa þessa fólks og sækja hluta af tryggingabótunum til baka í sköttum, sem er nýmæli.

Herra forseti. Lífeyrissjóðir eru ekki gamlir. Í kringum 1970 verða þessir almennu lífeyrissjóðir til og þá hafði fólk aðeins tækifæri til að greiða af dagvinnulaunum. Árið 1986 er samið um að heildarlaun komi þar inn en það tók ekki gildi fyrr en 1990. Áttundi og níundi áratugurinn voru ákaflega óhagstæðir fyrir það fólk sem þá var á efri árum og var á vinnumarkaði og þeir voru líka ákaflega óhagstæðir fyrir marga lífeyrissjóði sem töpuðu miklum peningum.

Ég vil t.d. spyrja að því hvaða möguleika heimavinnandi húsmæður höfðu á þessum árum til að vinna sér inn lífeyrisréttindi, húsmæður sem þá voru að ala okkur upp, fólk sem nú er milli fertugs og fimmtugs? Ekki voru leikskólar sem samfélagið rak og borgaði. Vinna var jafnvel stopul, stundum bara sumarvinna og mjög litlar tekjur. Hvernig átti þetta fólk að vinna sér inn stórkostleg lífeyrisréttindi til að lyfta upp tryggingabótum dagsins í dag? Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að svo stór hópur aldraðra hefur það slæmt nú.

Á þessum tíma komst fólk meira að segja oft og tíðum ekki út á vinnumarkaðinn vegna þess að það var að annast aldraða ættingja sína. Þá voru ekki dvalarheimili eins og nú. Þá voru heldur ekki greiddar umönnunarbætur þannig að þetta varð fólk að gera á þessum árum og ekki fengu heimavinnandi húsmæður lífeyrisréttindi.

Konur sem nú eru á efri árum hafa mjög léleg lífeyrisréttindi. Þær höfðu á þessum árum miklu lægri laun en karlar og þetta er fólkið sem fær í kringum 3–5 þús. kr. úr lífeyrissjóði á mánuði. Ég sagði áðan að rétt væri að minna á atvinnuleysisárin sem vafalaust komu verr við konur en karla. Fiskvinnsla var oft stopul. Ég spyr t.d.: Hver er réttur

bænda og bændakvenna til lífeyrisréttinda? Ætli það séu ekki mjög léleg réttindi?

Herra forseti. Fjöldi Íslendinga hefur mjög litlar greiðslur og það eru greiðslur sem eru ekki nægjanlegar til framfærslu í landinu. Það er ekki mannsæmandi ráðstöfunarfé og þess vegna verður ríkisvaldið að hlaupa undir bagga með einhvers konar afkomutryggingu þar sem farið er í hlutina og skoðað úr hverju fólk hefur að spila. Þetta er mjög auðvelt að gera í gegnum skattframtöl fólks og tryggja þar með einhvers konar lágmarksafkomutryggingu. Ríkið verður að hækka þessi lágmarksframlög og það verður að gerast í samræmi við það hvernig laun hafa almennt hækkað og þróast í þjóðfélaginu.

Okkar kynslóð, þeirra sem eru á aldur við mig sem hér stend, fólk á besta aldri, við munum vafalaust fá mjög góð lífeyrisréttindi. Það koma inn um bréfalúguna liggur við á hverjum einasta degi tilboð um að borga meira í lífeyrissjóð, séreignarsjóð o.s.frv. Ég held að tryggingakerfið þurfi ekki að hafa áhyggjur af okkur þegar við verðum komin á ellilífeyrisaldur. En í dag er nauðsynlegt að koma inn í þetta. Það er misjafnt hvernig aldraðir hafa lagt fyrir. Mjög margir hafa ekki átt neitt annað en fasteignir og það er mikill munur á aðstöðu aldraðra, þ.e. hvort menn hafa átt fasteignir úti á landi eða í Reykjavík. Með öðrum orðum hafa margir aldraðir átt góðar eignir á höfuðborgarsvæðinu sem hafa haldið verðgildi. Þeir hafa getað selt þær og farið á öldrunarheimili og lifað góðu lífi e.t.v. á sínum fjármagnstekjum og því sem kom inn fyrir fasteignina. Úti á landi er þessu ekki svo farið. Þar eiga mjög margir aldraðir húsnæði sem er nánast verðlaust, hefur m.a. verið gert verðlaust vegna samþykkta frá hinu háa Alþingi, t.d. með breytingu á fiskveiðilögum og vegna landbúnaðarins, sem tvímælalaust hefur dregið úr þrótti landsbyggðar og gerir það að verkum að mjög margir aldraðir sitja í sínu húsnæði, eiga jafnvel ekki fyrir viðhaldi eða venjulegum rekstri. Húsnæðið er að grotna niður og fólk getur ekki selt það.

Vegna þenslunnar á höfuðborgarsvæðinu er svo þetta fólk ofan á allt látið greiða fasteignagjöld af sínum lágu bótum til samræmis við það hvernig fasteignamat hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Það má segja að nokkur mánaðarlaun þessa fólks fari í að borga fasteignagjöld, dýran hita, rafmagn, síma, viðhald o.s.frv.

Herra forseti. Ég sagði áðan að mjög stór hluti öryrkja er lítt efnum búinn og á verulega undir högg að sækja í þjóðfélaginu. Til eru hópar sem eiga verulega bágt í þjóðfélaginu í dag og þetta er fólk sem er ætlað að lifa og draga fram lífið á strípuðum tryggingabótum frá Tryggingastofnun, sem eins og ég sagði áðan, eru eitthvað í kringum rúmar 50 þús. kr. þegar ríkissjóður er jafnvel búinn að taka nokkrar þúsundir í skatta. Þetta er smánarblettur á þjóðfélagi okkar. Það er smánarblettur á þjóðfélaginu hvernig komið er fram við þessa hópa nú um aldahvörf og það er hreint og beint skammarlegt fyrir íslenska þjóð að koma fram við fólk eins og raun ber vitni. Þess vegna finnst mér mjög miður þegar menn láta sér detta í hug að segja að aldraðir hafi látið glepja sig, eins og kom fram í ræðu eins þingmanns, niður á Austurvöll til að mótmæla bágum kjörum, til að mótmæla því að það telur ekki nóg að fá 157 krónurnar sem það fékk í bætur 1. apríl sl. og fjöldi manns hélt að væri aprílgabb þegar það fékk þessa seðla og þessa hækkun, þá voga menn sér að tala um að þetta fólk láti glepja sig hingað niður á Austurvöll til að mótmæla þessu. Menn tala um að það sé búið að koma því inn hjá þessu fólki að það hafi það slæmt. Þessi málflutningur er alveg með ólíkindum og ég segi alveg hiklaust að það er Alþingi ekki til sóma að þetta skuli vera sagt bæði héðan úr ræðustóli og í umræðum alþingismanna á milli.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég hefði mjög gjarnan viljað eiga orðaskipti við hv. þm. Pétur Blöndal sem er fjarverandi í dag. En ég get ekki annað en minnst á þau ummæli sem féllu á hinu háa Alþingi við umræðu utan dagskrár sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hóf á fyrstu dögum þingsins. Þar kom fram í máli umrædds hv. þm., með leyfi forseta:

„Auðvitað eru slæmar fjárhagsástæður hjá öldruðum eins og hjá öðrum hópum þjóðfélagsins. Fólk hefur fjárfest glannalega, tapað í atvinnurekstri, skrifað upp á og svo er auðvitað óreglan sem er allt of víða. Það má ekki gleyma því."

Herra forseti. Það voru þessi ummæli sem mér gramdist mjög og að láta sér detta í hug að þetta eigi við. Ég segi bara stutt og laggott: Ég er hér með seðla frá ótal ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem hafa þessar smánarbætur sem ég hef hér nefnt. Þetta fólk hefur ekki fjárfest glannalega. Það hefur heldur ekki tapað í atvinnurekstri. Það hefur heldur ekki látið glepjast til að skrifa upp á og það hefur heldur ekki verið í óreglu, hvorki í fjármálalegri né vegna áfengis. En þetta fólk er samt sem áður í vandræðum. Þetta er fólk sem er með 53 þús. kr. í bætur frá Tryggingastofnun útborgað eftir skatta og fær kannski einhverjar 10 þús. kr. úr lífeyrissjóði eða í makalífeyri vegna þess sem ég sagði áðan og var að tala um, að við upphaf lífeyrissjóðakerfisins hafði fjölmargt af því fólki sem er aldrað í dag bara ekki tækifæri til að vera úti á atvinnumarkaðnum. Eins og ég segi, það var að ala okkur upp, fólkið sem nú lifir í vellystingum praktuglega og kemur til með að hafa mjög góða lífeyrissjóði, það var jafnvel að annast aldraða foreldra sína og það þurfti að líða fyrir atvinnuleysi. Öryrkjar sem hafa kannski verið öryrkjar allt sitt líf og gátu ekki stundað neina vinnu og unnið sér inn nein lífeyrisréttindi, hvað hefur þetta fólk í bætur? Svipaða tölu. Treystir einhver hér inni sér til að lifa á þessum skammarlega lágu töxtum? Ég tek það skýrt fram að ég held að það sé mjög mikill munur á hvort við erum að tala hér um ellilífeyri aldraðra eða öryrkja.

Ég þekki þess dæmi að margir aldraðir eru mjög ánægðir og harma ekki hlutinn sinn. En það eru líka aldraðir sem hafa það mjög skítt og í þessu þjóðfélagi er allt of stór hópur öryrkja sem hefur það verulega skítt og á ekki fyrir nauðsynlegri framfærslu.

Ég hafði mikla ánægju af því um helgina, herra forseti, eins og margir aðrir alþingismenn og landsmenn, að ganga í hús með rauðan bauk og safna fyrir Rauða krossins vegna þess átaks sem þar var í gangi. Göngum til góðs, hét það. En það var ákaflega dapurt að koma í hús þar sem maður þekkir aðstæður — búi maður í smáum samfélögum þekkir maður kannski betur aðstæður fólks en hér í margmenninu á höfuðborgarsvæðinu — og spyrja sig jafnvel að því hvort maður hefði átt að ganga fram hjá vegna þess að maður vissi að þar var ekkert til afgangs. Maður spurði sig hvort ástæða væri til að banka upp á, sem varð kannski frekar úr, og fá þau svör að fólkið væri bara ekki aflögufært. Það var allt að því sorglegt. Það vekur okkur enn einu sinni til umhugsunar um hve illa við komum í raun fram við þetta fólk á sama tíma og flæðir út úr ríkissjóði og hæstv. fjmrh. er jafnvel í vandræðum með hvað gera skuli við allan afganginn.

Ég held, herra forseti, að allir hv. þm. ættu að hugsa aftur til þingsetningarinnar. Í kirkjunni flutti ágætur prestur okkur mikla og góða ræðu og hér úti á Austurvelli stóð mikill hópur aldraðra og mótmælti kjörum sínum og á Hótel Borg höfðu safnast saman öryrkjar til að mótmæla sínum kjörum. Meira að segja nokkrir sálmar sem sungnir voru í kirkjunni voru áminning til okkar þingmanna. Eitt af því sem presturinn sagði vil ég gera að lokaorðum mínum. Hann sagði: „Heiðra skaltu föður þinn og móður."

[16:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Þó er eitt sem ég tel rétt að draga fram. Ég tel að það muni líða a.m.k. 10–20 ár þangað til sumir hópar launþega fái þann lífeyrisrétt sem muni duga. Það liggur m.a. í því að t.d. íslenskir sjómenn, ef þeir hafa ekki verið hátekjumenn frá 1985, því þá byrja þeir að greiða í lífeyrissjóð hlut af öllum launum sínum og af fullum launum 1987, eru aðeins búnir að greiða í lífeyrissjóð af fullum launum í 13 ár, það er ekki lengra síðan. Almennt er talið að menn þurfi að greiða í lífeyrissjóð í um 35–40 ár til að ná viðunandi lífeyrisréttindum.

Sama á auðvitað við um bændur og heimavinnandi húsmæður eins og þingmaðurinn nefndi réttilega hér áðan. Þess vegna vil ég bara láta það koma fram að það verða ábyggilega til hópar í þjóðfélagi okkar næstu 10–15 ár og jafnvel 20 ár sem ekki munu, þrátt fyrir þá framtíðarsýn okkar að lífeyririnn komi til með að duga fólki, hafa ásættanlegan lífeyri. Þess vegna þarf sérstaklega að huga að þeim hópi, þ.e. öryrkjum og hluta ellilífeyrisþega. Ég held að því miður verði ákveðinn hópur áfram í slæmri stöðu, alveg fram undir 2020, þó sá hópur fari vonandi minnkandi.

[16:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem kom hér og tók fyrir lífeyrismál sjómanna, sem ég fjallaði ekki um í ræðu minni. Það var ekki hægt að komast yfir allt en auðvitað er það hárrétt hjá hv. þm. að sjómenn hafa ekki borgað í lífeyrissjóð af fullum launum nema í 13 ár. Það sýnir okkur náttúrlega hve skammt á veg kerfið er í raun og veru komið.

En íslenskir sjómenn eins og þingmenn og aðrir hafa nú margfalt fleiri tækifæri til að leggja í þá sjóði sem standa til boða, séreignarsjóði og annað, og leggja fyrir. Ég hygg að það hafi verið með sjómenn, svipað og með heimavinnandi húsmæður og aðra hér áður fyrr þegar aflabrestur varð og annað slíkt, að þeir hafi ekki getað myndað mikinn og sterkan sjóð. Vafalaust eru aldraðir sjómenn nú í svipuðum sporum og þeir sem ég gerði að umtalsefni og hafa ekkert annað en strípaða taxta og lélegar bætur.

Það sem ég var að reyna að draga fram var að meðan það millibilsástand ríkir, sem enn varir og verður e.t.v. í 15–20 ár í viðbót, verður samfélagið, ríkisvaldið, að koma á einhvers konar afkomutryggingu til að tryggja lágmarkslaun til framfærslu. Ég er ekki að tala fyrir bótum sem muni ganga upp allan stigann. Ég held að það þurfi að grípa til bráðaaðgerða, aðgerða sem við aldahvörf ættu eiginlega að vera keppikefli allra stjórnmálamanna og allra stjórnmálaflokka, að mynda einhvers konar þjóðarsátt um afkomutryggingu til handa þeim sem hafa léleg lífeyrisréttindi í dag.

Við skulum heldur ekki gleyma því, herra forseti, að upphafsár lífeyrissjóðanna, 8. og 9. áratugurinn, voru lífeyrissjóðunum mjög erfið þar og fé þeirra brann upp.

[16:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom fyrr í dag er með þessu frv., sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og raunar allir þingmenn Samfylkingarinnar leggja fram, lagt til að tekjutenging tekjutrygginga lífeyrisþega við tekjur maka þeirra verði afnumin og að tekjutengingin einskorðist við tekjur lífeyrisþeganna sjálfra. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu í upphafi vegna þess að umræðan hefur snúist upp í það og því hefur jafnvel verið haldið fram að hér sé verið að leggja til afnám allra tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Það er svo sannarlega ekki það sem við leggjum til með þessu frv. Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram hér strax í upphafi máls míns.

Frv. beinist fyrst og fremst að þeim hópi sem tengdur er við tekjur maka og það viljum við afnema. Við höfum lagt fram fyrir því réttlætisrök. Við höfum bent á það að sú framkvæmd er ekki mjög dýr miðað við þann kostnað sem þjóðfélagið er tilbúið að greiða fyrir gott almannatryggingakerfi. Við höfum bent á að þetta kosti 360 millj. og þá erum við að tala um tölur sem eru fengnar áður en síðasta leiðrétting var gerð þar sem ríkisstjórnin kom í raun og veru til móts við þessa kröfu. Sennilega er því um töluvert lægri fjárhæð að ræða.

Við teljum því að hér sé um að ræða mjög mikið réttlætismál sem kosti kannski ekki svo mikla peninga þegar upp er staðið. Þess vegna eigum við í Samfylkingunni mjög erfitt með að skilja að ekki sé hægt að koma til móts við þennan hóp. Við höfum bent á að sú stefna sem mótuð er með því að hafa tengingu við tekjur maka sé til þess fallin að brjóta upp fjölskyldur og við þekkjum mörg dæmi þess að fólk sér þann kost vænstan að skilja til að losna við þessa tengingu. Við höfum líka bent á að það er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins.

Til samanburðar höfum við nefnt að t.d. þeir sem eru atvinnulausir fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka en það sama gildir ekki um lífeyrisþegana. Við höfum vakið athygli á fleiri atriðum sem snúa að fjölskyldum öryrkja, þá erum við að tala um þennan þrönga hóp sem er tiltölulega illa settur. Það er fleira í þessu kerfi sem gerir mörgum öryrkjum mjög erfitt fyrir að búa við fjölskyldulíf, ekki aðeins það að þeir séu háðir framfærslu maka með þeim ákvæðum hér sem við erum að leggja til að verði breytt. Þeir sem þurfa t.d. að fara af heimilinu og leita annað eftir betri þjónustu vegna sjúkdóms verða líka fyrir tekjutapi þannig að þeir eiga í raun og veru ekkert eftir fyrir fjölskyldu sína. Oft á tíðum neyðist þetta fólk til þess að fara þangað sem það fær betri þjónustu og þarf meiri umönnun vegna sjúkdóms síns. Þannig er margt í þessu sem þarf að skoða, herra forseti, en hér erum við fyrst og fremst að horfa á tekjutenginguna.

Ákvæði þessarar skerðingarreglu hafa í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru jaðarskattanna þar sem tekjur maka auk tekna lífeyrisþegans sjálfs geta skert tekjutryggingu hans. Á þennan hátt er lífeyrisþegum í raun mismunað eftir hjúskaparstöðu líka, ef maður horfir á þetta út frá þeim sjónarhóli. Það má líka segja að fólki á vinnualdri sé mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Við viljum halda því fram að þetta sé

ekki í anda stjórnarskrárinnar, mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, enda hefur verið höfðað mál í þá veru af hálfu öryrkja.

Í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslensku leiðinni, sem fjallar um íslenska velferðarkerfið segir hann í kafla um þessa tekjutengingu, með leyfi forseta:

„Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum, þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild, áður en til fátækraaðstoðar gæti komið með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn."

Þetta segir Stefán Ólafsson prófessor í bók sinni Íslensku leiðinni sem er úttekt á íslenska velferðarkerfinu.

Nú hefur því verið mótmælt af hálfu einstakra ráðherra og fleiri aðila, m.a. kom þetta fram í viðtali í Morgunblaðinu fyrir skömmu síðan að þetta væri ekki alveg rétt og að víða væru þessar tekjutengingar við tekjur maka viðhafðar. Ég hef aðeins verið að reyna að átta mig á því hvað sé rétt í þessu og hef gögn um það undir höndum. Maður rekur sig fljótt á það þegar maður fer að reyna að bera þessa hluti saman að í raun er afar erfitt að bera saman slík kerfi, ef við tökum t.d. kerfi hér og í Danmörku. Ég held að til þess að önnur kerfi séu marktæk viðmiðun þá sé mjög mikilvægt að horfa á samanburðinn í heild.

Það vantar svolítið upp á að aðbúnaður og kjör öryrkja hafi verið skoðuð af einhverju viti í samanburði við Norðurlöndin. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bað um skýrslu á sínum tíma, sem lögð var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi, af forsrh., um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja. Þar kemur fram ákveðinn samanburður og það sem er sláandi í þeim samanburði er kannski fyrst og síðast hve erfitt er að bera svona kerfi saman. Það er mismunandi hversu mikið lífeyriskerfið kemur inn í, hvort það er í raun grunnurinn, þ.e. almannatryggingarnar, hversu mikið þær koma inn í o.s.frv.

Ég held að það sé ágætt að rifja upp þá skýrslu í tengslum við þessa umræðu og það er mjög mikilvægt í fyrsta lagi, þegar verið er að bera saman hvort við séum að nota tekjutengingu á borð við það sem notað er annars staðar, hvort um grunninn sé að ræða eða hvort um viðbótarframlög sé að ræða, þ.e. þegar við erum að tala um tekjutengingu við tekjur maka. Mér finnst það skipta miklu máli.

Það skiptir líka máli í því samhengi hvort við erum að tala um svipuð framlög frá velferðarkerfinu til þessara hópa. Ég er hér með samanburð upp úr þessari skýrslu sem forsrh. lagði fram um kjör og aðbúnað öryrkja. Þar kemur fram ef við berum saman Ísland og Danmörku að grunnlífeyrir og tekjutrygging á Íslandi — þetta er væntanlega 1998 geri ég ráð fyrir eftir samnorrænum samanburðartölum — þá erum við að tala um að grunnlífeyrir og tekjutrygging sé samtals á Íslandi 39.988 kr. en í Danmörku á sama ári 69.728 kr. Þarna munar nú bara upp undir helmingi á þessu tvennu. Það hlýtur vissulega að hafa ýmislegt að segja auk þess sem það er þá ekki búið að taka inn í það hvort auðveldara sé fyrir öryrkja hér á landi eða í Danmörku að afla sér t.d. húsnæðis eða hvernig búið sé að þeim varðandi slíka hluti, að ekki sé nú talað um innkaup á matvöru o.s.frv. og verðlag almennt.

Í þessari skýrslu um slíkan samanburð segir m.a. að þótt greina megi ákveðinn líkindi með lífeyriskerfum Norðurlanda sé fjölmargt sem skilji á milli. Nefna má að í Danmörku eru örorkugreiðslur einvörðungu frá almannatryggingum, í Noregi er engin tekjutenging, en aftur eru reglur í Finnlandi þannig að þegar örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði fer yfir ákveðið mark, falla örorkugreiðslur almannatrygginga alveg niður. Og það er sagt að hér sé afar vafasamt að bera saman fjölda þeirra sem fá óskertar bætur á Norðurlöndum.

En það er þess vegna sem ég held að það sé mikilvægt fyrst og fremst að horfa bara á stöðu þessara einstaklinga og hvernig þeir hafa það í heildina litið þegar upp er staðið hvernig þeim gengur að lifa af því sem þeir hafa á milli handanna. Það verður að skoða þetta þannig. Og það væri mjög æskilegt að gerð yrði frekari úttekt á þessu og slíkur samanburður yrði framkvæmdur af einhverju viti og þá yrðu teknir fyrir þeir hópar fyrst og fremst sem þurfa úrbætur t.d. hér á landi, þ.e. þeir sem búa við almannatryggingakerfið berstrípað.

Við vitum að lífeyriskerfið hefur bjargað miklu í okkar velferðarkerfi. En það gengur bara ekki að koma alltaf með meðaltal sem miðar við þá sem hafa verið á vinnumarkaði, vegna þess að það eru nú einhverjir sem hafa bara ekkert verið á vinnumarkaði, en verða samt sem áður öryrkjar.

Í skýrslu hæstv. forsrh. um kjör og aðbúnað öryrkja, varðandi töfluna sem ég nefndi hér áðan þar sem verið er að bera saman fjárhæðirnar sem öryrkjar á Íslandi og Norðurlöndunum fá, segir m.a., með leyfi forseta:

„Taflan gefur ekki góða mynd af stöðu öryrkja í þessum löndum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú hversu mikill munur er á uppbyggingu lífeyriskerfa og þá einkum er varðar þátt almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Til þess að bera saman þessi lífeyriskerfi er nauðsynlegt að setja fram „dæmigerð tilvik", sem sýna hvernig kerfin starfa nú.

Dæmi um Ísland er unnið þannig" — þá kemur önnur tafla síðar þar sem samanburðurinn er óneitanlega hagstæðari Íslendingum — „að gert er ráð fyrir að maður afli meðallauna (um 125 þús. kr.) frá tvítugu til fimmtugs og hann verði þá öryrki. Gert er ráð fyrir að hann hafi greitt af þessum launum í lífeyrissjóð samkvæmt þeim reglum er í gildi voru hjá almennu lífeyrissjóðunum 1996."

Síðan er lýst nákvæmlega hvernig þetta meðaltalsdæmi er reiknað og þá verður samanburðurinn mun hagstæðari fyrir Ísland. En þarna erum við nú bara að tala um að maður hafi verið á vinnumarkaði í 30 ár og það náttúrlega tryggir honum ákveðinn rétt eins og við vitum ef hann greiðir í lífeyrissjóð. En við erum fyrst og fremst að einbeita okkur að þeim hópum sem búa ekki við þau fríðindi að hafa getað verið á vinnumarkaði í 30 ár. Þeir hópar eru til og við verðum að skoða þá svolítið sérstætt og horfa svolítið einangrað á þá hópa sem eru verst settir.

Í skýrslunni sem hæstv. forsrh. lagði fram að beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, segir líka um áform ríkisstjórnarinnar um að treysta hag og aðbúnað öryrkja, með leyfi forseta:

„Bótakerfi landsmanna er flókið í uppbyggingu og getur leitt til ósamræmis og getur fólk í sams konar aðstöðu fengið mismunandi bætur. Á næstu árum er mikilvægt að einfalda kerfið og gera það þá skiljanlegra fyrir almenning og þá sérstaklega þá sem það er ætlað. Þeir sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda eiga að hafa greiðan aðgang að slíkri þjónustu. Ljóst þarf að vera hvaða þjónusta er í boði. Það á ekki að leggja á þá einstaklinga sem í hlut eiga mikla og oft flókna vinnu til að fá notið þess sem þeim er ætlað. Tryggja verður jafnræði allra öryrkja."

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem við erum að reyna að draga fram og viljum því leggja lóð okkar á vogarskálar þessa markmiðs ríkisstjórnarinnar. En því miður teljum við að ekki hafi sést mikið af þessum markmiðum. Kerfið er gríðarlega flókið. Það er mjög óljóst vegna þessara tekjutenginga og sérstaklega við tekjur maka er fólk í raun að átta sig á stöðu sinni fjárhagslega þegar það er komið í þær aðstæður sem það getur ekki losað sig út úr. Ég held að margir hverjir átti sig ekki á því hvernig kerfið virkar fyrr en þeir lenda í þessari aðstöðu og eiga þá engin úrræði.

Ég vil líka draga fram í lokin, herra forseti, að því hefur oft verið haldið fram í umræðunni hér um þetta mál og önnur sem tengjast hag öryrkja eða lífeyrisþega almennt, að lífeyrisþegar hafi fengið miklar úrbætur í tíð þessarar ríkisstjórnar og kaupmáttur þeirra hafi aukist og það kemur m.a. fram í þessari skýrslu sem ég hef nefnt hér margoft og víðar í umræðunni. En ég var rétt í svipinn áðan að glugga í staðtölur almannatrygginga frá árinu 1999 sem voru að koma á borð þingmanna nú nýverið og þar er á bls. 26 er samanburður á vísitölu kaupmáttar lágmarkskaups verkakarla og lífeyristryggingagreiðslna, lífeyris- og tekjutryggingar á árunum 1987–1999. Þar get ég nú ekki betur séð, herra forseti, en að á síðustu u.þ.b. fimm árum hafi mjög dregið í sundur eins og við þingmenn Samfylkingarinnar höfum margoft haldið fram, að lífeyrisþegar hafi komið illa út í samanburðinum miðað við hvað kaupmáttur annarra hefur aukist. Það kemur skýrt hér fram á línuriti. Það hefur örlítið dregið saman aftur á árunum 1998 og 1999, en á tímabili, árin þar á undan, kannski frá 1994–1995, er mjög sláandi hversu bilið hefur síðan þá verið að breikka á milli annars vegar þeirra sem eru á launum og hins vegar lífeyrisþega.

Ég sé ekki betur, herra forseti, en að opinberar tölur ríkisstjórnarinnar sjálfrar væntanlega, sanni og staðfesti það sem haldið hefur verið fram um kjör lífeyrisþega á síðustu árum og í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Ég ítreka einungis að hér er um að ræða mikið réttlætismál, mikið mannréttindamál sem kostar ekki svo mikla peninga ef við horfum til þeirra fjárhæða sem við erum tilbúin að greiða með glöðu geði til þess að halda hér uppi öflugu velferðarkerfi á Íslandi.

[16:54]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum frv. en átti þess ekki kost að vera viðstödd fyrri hluta umræðunnar vegna starfa erlendis á vegum þingsins. En mig langar aðeins að koma inn í þessa umræðu núna þótt ýmislegt hafi komið hér fram hjá þeim hv. þm. sem töluðu hér á undan mér sem ég get ekki annað en tekið undir.

Frv. fjallar um tekjutengingu tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka, þ.e. að hún verði afnumin og tekjutengingin verði aðeins við eigin tekjur lífeyrisþegans. Mér finnst þetta eitthvert það mesta réttlætismál sem fyrir liggur á þessu þingi og er þó af ýmsu að taka. Það er alveg deginum ljósara að það er kannski ekkert ákvæði í íslenskum tryggingalögum núna sem veldur annarri eins úlfúð í þjóðfélaginu og þessi tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega.

Það hefur aðeins verið slakað á þessu í tvígang núna á undanförnum árum, en ekki sem neinu munar í sjálfu sér og þarf að taka mun betur á.

Málið er að hluta til fyrir dómi núna. Héraðsdómur kvað upp sinn úrskurð á liðnu ári og mér skilst að úrskurður Hæstaréttar sé væntanlegur og í mínum huga er alveg ljóst hvernig hann mun verða.

Mér finnst gríðarlega mikið réttlætismál að þetta sé miðað við einstaklingana sjálfa, þ.e. þessi tekjutryggingarhluti, en ekki við maka vegna þess að meðan þetta fólk var vinnandi sem núna nýtur lífeyris þá borgaði það tryggingagjald, en í því var falin þessi tekjutrygging. Mér finnst mjög óréttlátt að svo sé hægt, alveg án tillits til þess hvað er búið að borga inn í þessa tekjutryggingu, að afnema þetta bara vegna hjúskaparstöðu þegar svo annaðhvort fólk missir heilsuna eða fer á ellilífeyri.

Ég hef kynnst því sjálf að það finnast fjölmörg dæmi um að fólk hefur ekki séð neina útgönguleið aðra en að slíta hjúskap til að njóta réttlætis í þessum málum. Og ég verð nú að segja að mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar þeir flokkar sem núna eru við völd í landinu og mjög hafa haldið á lofti gildi fjölskyldunnar, skuli ekki geta — hvar er nú hæstv. heilbr.- og trmrh.? Nú er hún horfinn úr salnum þegar ég er að flytja þessa mögnuðu hugvekju og þykir mér skarð fyrir skildi. Ég vil biðja forseta að sjá til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. geti verið viðstödd þessa umræðu til enda.

(Forseti (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu og forseti mun senda henni skilaboð um að hennar sé óskað í þingsalnum.)

Á fundinum hafa öll þau ákvæði í íslenskum lögum sem eru andstæð þessu að okkar mati verið mjög vel rakin og ég ætla svo sem ekki að endurtaka það. En ég vil taka það sérstaklega fram að við öll sem hér erum inni þekkjum ábyggilega dæmi um að til sambúðarslita eða skilnaðar hafi komið, einmitt vegna þessarar reglu, vegna þess að fólk getur ekki staðið undir sjálfu sér þegar það verður fyrir svo mikilli skerðingu og það ætti að réttlæta það að þessi regla verði afnumin og það fyrr en síðar.

Ég vil líka taka undir það sem fram kemur í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslensku leiðinni, sem sumir hafa nú kallað Íslensku neyðina vegna þess að hún leiddi vel í ljós þá mjög bágbornu stöðu sem þeir eru í sem verst standa gagnvart tryggingakerfi okkar, en þar er fjallað einmitt um það að þessi regla sé arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild áður en til fátækraaðstoðar gæti komið með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Ég held að þegar almannatryggingalögin voru sett á sínum tíma hafi það tvímælalaust verið andi laganna að allir ættu að vera jafnir án tillits til hver staða þeirra væri að öðru leyti og líka án tillits til hver hjúskaparstaða þeirra væri.

Það gegnir öðru máli með annars konar uppbætur sem koma svo á bætur lífeyrisþega eftir að tekjutryggingunni sleppir, t.d. heimilisuppbót eins og hér er minnst á. Eftir því sem ég þekki erlendis, þó að þessar tölur séu auðvitað aðrar þar og miklu hærri og þó að það sé eins og hér hefur verið drepið á mjög erfitt að bera þetta saman, er það þannig að tekjutenging kemur þá fyrst til sögunnar þegar slíkar uppbætur koma inn. En þetta frv. fjallar ekki um þær.

Ég vil að lokum ekki fara úr ræðustól í umræðum um tryggingamál án þess að taka undir það sem kom fram fyrr á fundinum að auðvitað þurfum við fyrst og fremst að taka á fyrir þá sem verst standa og það er ótrúlega stór hópur sem stendur verulega illa. Það eru t.d. ótrúlega margar ekkjur á áttræðisaldri og ég tala ekki um eldri sem voru alla tíð heimavinnandi húsmæður og áttu menn sem áttu ekki rétt í lífeyrissjóði eða áttu mjög lítinn rétt í lífeyrissjóði, sem hafa tekjur sem eru að mínum dómi, jafnvel þó þær hafi þær uppbætur sem völ er á, undir framfærslumörkum. Ég tel að við verðum að taka sérstaklega á til að rétta hlut þessa fólks. Við getum ekki liðið það í velferðarríkinu Íslandi að stór hópur lífeyrisþega, sumir segja 25%, séu undir þeim mörkum að þeir geti með góðu móti framfleytt sér, hvað þá fjölskyldu. Ég vil vekja athygli á því að það þarf að koma upp öryggisneti meðal þjóðarinnar sem tryggir að enginn lendi undir þeirri tölu sem er t.d. meðalverkamannalaun til að framfleyta fjölskyldunni.

[17:04]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að fagna því að hæstv. heilbrrh. er viðstaddur þennan hluta umræðunnar en eins og kom fram í upphafi fundar erum við að halda áfram umræðu sem var mjög fjörug og málefnaleg að hluta til, a.m.k. frá því 12. október. Þá söknuðu margir þess að ráðherra var ekki til staðar og varla sást hér flokksmaður úr flokki hennar en þó kom formaður fjárln. aðeins inn í umræðuna. En þessi umræða hefur að hluta til fjallað um kjör lífeyrisþega almennt þó svo að frv. sem hér um ræðir sé um afnám tekjutengingar við tekjur maka lífeyrisþegans eða laun hans. Ég verð að segja að aldrei er of oft bent á bág kjör þeirra sem þurfa að treysta á almannatryggingarnar að mestu sér til framfærslu. Daginn eftir að umræðan fór hér fram, fyrri hluti umræðunnar, komu fram staðtölur almannatrygginga sem staðfestu allt það sem kom fram í umræðunni um málið. Má segja að einmitt umfjöllun um staðtölurnar hafi, m.a. í Morgunblaðinu, staðfest það sem við Samfylkingarþingmenn sögðum í umræðunni. Bætur almannatrygginga hafa ekki hækkað eins mikið og launavísitala og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti einmitt á það í máli sínu áðan og vitnaði til staðtalna Tryggingastofnunar. Þessi umræða þarf að fara fram þangað til kjör lífeyrisþega verða leiðrétt í samræmi við launaþróunina.

Það er mjög mikilvægt og það kom einnig fram í umræðunni fyrir 20 dögum eða svo að það væri mikilvægt að fram fari heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum frá 1971. Ég tek undir það og fagna því að einhver vinna skuli vera farin af stað í því eins og kom fram í andsvari hjá formanni fjárln., hv. þm. Jóni Kristjánssyni. En við erum sem sagt að tala um afmarkað réttlætis- og sanngirnismál í almannatryggingunum sem er afnám tekjutengingar við laun maka. Það hefur margoft komið fram í umræðunni að þessi regla sundrar fjölskyldunni, hún leiðir til skilnaða eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir benti réttilega á, við þekkjum öll dæmi um það. Fólk neyðist til að flytja að heiman þegar það stendur frammi fyrir því að geta ekki framfleytt sér vegna heilsubrests eða fötlunar. Þetta hefur leitt af sér margar hörmungar í fjölskyldum og það þekkjum við örugglega öll dæmi um.

Það er líka þjóðhagslega óhagkvæmt að vera með reglu eins og þessa. Hún gerir það að verkum að hópur fólks, sem býr við heilsubrest, lifir við kröpp kjör. Börn þessa fólks geta ekki tekið þátt í samfélaginu eins og önnur börn. Þetta þekkjum við vel og menn hafa verið að tala um aðskilnaðarstefnu í því tilliti, sem er rétt, og hún á ekki að líðast.

En ég vil vegna þess að hæstv. ráðherra er viðstaddur minna á að ráðherrann hefur sagt það opinberlega að hún hyggist stíga skref til að afnema þessa óréttlátu tekjutengingu. Hún sagði m.a. á aðalfundi Tryggingastofnunar fyrir kosningar að hún teldi ekki siðferðilega rétt að vera með þessa tekjutengingu og sagðist mundu afnema hana. Nú hefur hún stigið tvö skref í áttina til að minnka tekjutenginguna og það er af hinu góða en ég vildi gjarnan fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvenær hún hyggst ganga þessa leið til enda og afnema tekjutenginguna.

Herra forseti. Ég vil líka vegna umræðu og fullyrðinga um að þessi tekjutenging viðgangist í nágrannalöndum okkar mótmæla því. Tekjutenging við tekjur maka í almannatryggingunum viðgengst ekki. Ég hef verið að fara í gegnum gögn sem ég hef fengið úr heilbrrn. og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vitnaði einmitt til í máli sínu áðan. Ég get ekki séð betur en að þær upplýsingar séu allar í þá veru að þar sem einhver tekjutenging er við maka þá séu það félagslegu bæturnar.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég þarf að rifja það upp fyrir þingheimi að þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var tekinn hér og löggiltur á Íslandi voru almannatryggingalögin tekin upp og þeim skipt upp í tvennt. Þar voru lífeyristryggingarnar settar í tvennt, annars vegar voru almannatryggingabætur og hins vegar félagslegar bætur. Þar með voru heimildabæturnar, sem voru viðbót við grunnréttindin sem var grunnlífeyrir og tekjutrygging, settar í önnur lög sem voru félagslegar bætur. Ég get ekki betur séð en að það sem bæði embættismenn í ráðuneytinu og ráðherrar hafa verið að vitna til í ræðum hér og í blöðum, og ég minni sérstaklega á Morgunblaðið þar sem var úttekt á kjörum öryrkja eftir aðalfund Öryrkjabandalagsins þar sem embættismaður staðhæfði að verið væri að tekjutengja í þessa veru í nágrannalöndunum, að verið sé að fjalla um félagslegar bætur en ekki almannatryggingar. Þar verða menn að gera skýran greinarmun á. Ég vil benda á að í félagslegu bótunum hér þar sem m.a. heimilisuppbótin er ekki tengd við tekjur maka heldur er hún tengd við hvort maki er til staðar eða ekki. Þeir sem eru með maka eða búa með öðrum fá ekki heimilisuppbót sem flokkast undir félagslegar bætur. Þannig getum við haldið áfram endalaust og talið upp ýmsar félagslegar bætur. Ég get ekki séð annað en að þær bætur sem tilteknar eru og menn hafa verið að vitna til séu allt saman félagslegar bætur en ekki almannatryggingabætur. Mér finnst því ekki við hæfi að menn séu að gera þetta enn þá ruglingslegra en það er. Kerfið er nógu flókið, fólk á erfitt með að átta sig á reglunum í því vegna þess að það er mjög flókið og löngu tímabært að einfalda það eins og hefur komið fram í ræðum hjá mörgum þeim sem ræddu eða tóku til máls í umræðunni, bæði í fyrra skiptið sem málið var á

dagskrá og einnig núna og það er ekki til bóta þegar menn eru að gera þetta enn þá ruglingslegra.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Kristjáni Möller sem benti á í máli sínu að það er þannig í dag að mjög margir hafa ekki náð því að öðlast mikinn lífeyrissparnað á vinnualdri sínum. Þetta á sérstaklega við um konur, heimavinnandi húsmæður eiga lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðakerfinu og þurfa að treysta á almannatryggingarnar. Sömuleiðis minntist hv. þm. á atvinnuleysisárin sem bitnuðu vissulega mjög illa á konum. Ég vil því benda á að þetta mál, afnám tekjutenginga við tekjur maka, er líka jafnréttismál vegna þess að það hefur komið fram í opinberum tölum, og m.a. í staðtölum almannatrygginga sem komu út núna á dögunum, að þessi regla bitnar mjög illa á konum.

Sömuleiðis er það að leiðrétta kjör lífeyrisþega mjög mikið réttlætismál gagnvart konum því að það kemur einnig fram í staðtölunum að konur í hópi lífeyrisþega eru mun verr settar en karlar. Það er því stórpólitískt jafnréttismál að afnema tekjutenginguna.

Herra forseti. Ég veit ekki hversu langt ég á að ganga í því að endurtaka og taka undir það sem hefur komið fram í umræðunni. Það er ýmislegt sem rætt var þann 12. október sem væri full ástæða til að nefna og einnig það sem hefur komið fram í opinberum upplýsingum síðan. M.a. var því haldið fram af málsvara Sjálfstfl. í málefnum aldraðra og öryrkja, hv. þm. Pétri Blöndal, að meiri hluti lífeyrisþega hefði það góðar greiðslur úr lífeyrissjóðum að þeim væri engin vorkunn. Þá langar mig til að benda á þá staðreynd sem kemur fram í staðtölum almannatrygginga, að 43% öryrkja eru ekki með greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þetta er hátt í helmingur allra öryrkja, fyrir utan það að það er stór hópur aldraðra sem ekki er með greiðslur úr lífeyrissjóði eða eru með mjög lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Það er því full ástæða til að skoða þessi mál og mótmæla þeim rangfærslum sem hafa í rauninni komið fram og komu fram í umræðunni frá hv. þm. Pétri Blöndal. Hann er reyndar ekki viðstaddur og ætla ég því ekki að fara frekar út í fullyrðingar hans enda svaraði ég þeim nú yfirleitt jafnharðan í andsvari þegar þessi mál voru til umræðu síðast.

Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá þeim sem hafa rætt þetta mál á undan mér að það er mjög mikilvægt að komið verði á afkomutryggingu þannig að gerður verði samningur þar sem afkomu þessara hópa sem eru verst settir, þeirra lífeyrisþega sem þurfa að treysta á almannatryggingarnar með afkomu sína — það þarf að koma á slíkri afkomutryggingu. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum barist fyrir því og munum koma með þingmál í þá veru á næstu dögum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mun vera 1. flm. að.

Það er vissulega sérkennilegt að ríkisstjórnin skuli ekki taka á þessum málum, leiðrétta kjör þessara hópa núna í góðærinu og að þegar menn skila hér miklum tekjuafgangi þá skuli hópar eins og öryrkjar og aldraðir sífellt að þurfa að minna á kjör sín. Það er sérkennilegt að þeir skuli ekki ná eyrum stjórnarliða í baráttu sinni.

Herra forseti. Ég á tök á því að taka einu sinni enn til máls. En ég vil nú þakka samt fyrir þá umræðu sem hefur verið um þetta þingmál. Það mun koma til umræðu í hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu.

Ég kalla eftir svörum frá hæstv. heilbrrh. um það hvenær hún hyggst ganga skrefið til enda.

Hún hefur ítrekað lýst því yfir að þetta séu byrjunarskrefin. Hún er búin að taka tvö skref en við bíðum óþreyjufull og við viljum að þessi regla verði afnumin að öllu og fullu. Það er nógu mikil tekjutenging samt í kerfinu. Þeir sem búa með öðrum fá þriðjungi lægri greiðslur. Það er nú bara þannig. Þar er nú komin þó nokkuð mikil tekjutenging þó ekki sé verið að tala um tekjutenginguna sem við viljum afnema. Þeir fá þriðjungi lægri greiðslur við það að búa með öðrum. Manni þykir nú nóg um það. Fyrir utan það að lífeyrisþegar sem búa tveir saman fá 90% af fullum grunnlífeyri. Það er auðvitað verið að tengja á ýmsan hátt við sambúðarform eða fjölskylduform.

Einnig vil ég nefna það áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, að það er ekki eins og einhver græði eitthvað ofboðslega mikið á því að afnema þessa tekjutengingu, það er ekki eins og einhver verði ofboðslega ríkur á þessu. Það er alls ekki þannig. Tekjutengingarnar í íslenska velferðarkerfinu eru það miklar gagnvart tekjum hvers einstaklings að það nær því enginn að verða sterkefnaður á því að vera á greiðslum frá almannatryggingunum þannig að það er orðið býsna brýnt að afnema þessa óréttlátu reglu sem, eins og við höfum sýnt fram á, er brot á mannréttindum, brot á stjórnarskránni og ýmsum þeim alþjóðasáttmálum sem við höfum gerst aðilar að. Það er því réttlætismál að þessi tekjutenging við laun maka lífeyrisþega á tekjutryggingu hans verði afnumin.

[17:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér hafa orðið mjög góðar umræður um stöðu og kjör öryrkja og er það vel og mætti vissulega vera meira af því vegna þess að kjör öryrkja hafa dregist mjög aftur úr því sem gerist almennt í þjóðfélaginu í því góðæri sem ríkt hefur á undanförnum árum.

Við erum að fjalla um eina hliðina á kjörum öryrkja sem snertir tengingu við tekjur maka og skerðingu þess vegna, mál sem hefur verið flutt nokkrum sinnum af þingmönnum Samfylkingarinnar undir forustu Ástu R. Jóhannesdóttur. Ég fullyrði að hér er á ferðinni mál sem mikil sátt er um í þjóðfélaginu almennt að nái fram að ganga. Ég fullyrði líka að svo er einnig í röðum þeirra sem styðja þá stjórnarflokka sem hér hafa verið við völd frá 1995 en ekki gengið þá leið sem Öryrkjabandalagið hefur lagt áherslu á, þ.e. að afnumin verði að fullu tenging við tekjur maka.

Ég fullyrði einnig að það er sátt um það hér, a.m.k. meiri hluti fyrir því, í þingsölum að fara þá leið sem hér er lagt til og það er ekkert ofsagt við það sem hefur fram komið hjá þeim sem hér hafa talað að vissulega er um mannréttindabrot að ræða og brot á ýmsum lögum og alþjóðasamþykktum eins og hér hefur verið talið upp, bæði stjórnarskránni, stjórnsýslulögum, mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum. Það verður að segjast eins og er að það er til skammar fyrir ríkisstjórnina að Öryrkjabandalagið hefur þurft að fara með þetta mál til dómstólanna til að reyna að fá leiðréttingu á þessu sjálfsagða réttlætismáli.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé fullur vilji hjá hæstv. heilbrrh. að leiðrétta það misrétti sem er á ferðinni og hæstv. ráðherra hefur reyndar gengið tvö mikilvæg skref í því máli í átt til þess að afnema þessa tekjutengingu. Reyndar hefur hæstv. ráðherra einnig haft orð uppi um að það beri að afnema tekjutengingu við tekjur maka að fullu og eins og fram kom í máli hv. 1. flm. þá hefur ráðherrann viðhaft þau orð að hér væri um siðferðisbrot að ræða.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvenær við megum vænta þess að skrefið verði stigið til fulls og þetta verði að fullu afnumið?

Við erum ekki að tala um háar fjárhæðir, herra forseti. Við erum að tala um 360 millj. kr. sem er helmingi minna en sú fjárhæð sem á að verja á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu til að koma á sendiráði í Kína (**Gripið fram í:** Í Tókíó) — í Tókíó, segi ég, í Japan. Það eru til peningar til þess til þess að koma á sendiráði í Japan sem krefst tvöfalt hærri fjáhæðar en kostar að stíga þetta skref sem ég held að flestir séu sammála um að fara.

Við erum að tala hér um fjárhæð, 360 millj., sem hæstv. fjmrh. munaði nú ekkert um á síðasta þingi að setja til jeppaeigenda til þess að létta þeim þunga skattbyrði. Hér er auðvitað um að ræða forgang ríkisstjórnarinnar, hvaða forgang hún hefur á málum. Spurningin er ekki hvort til séu fjármunir til að fara þessa leið. Það er nú staðreynd málsins.

Samstarfsflokkur hæstv. heilbrrh. lofaði heldur betur að rétta af kjör öryrkja og aldraðra fyrir síðustu kosningar. Ég man ekki betur en landsfundur sjálfstæðismanna hafi lofað því að setja 7,6 milljarða til þess að afnema allar tekjutengingar í kerfinu. Það er kominn tími til þess að fara að efna þau loforð. Við erum ekki að biðja um neina 7,6 milljarða. Við erum að tala um 360 millj. til að fara þessa leið. Sjálfstfl. og landsfundur Sjálfstfl. lofaði 85 þús. kr. greiðslu til allra, óháð tekjum. Hvar eru þau loforð? Ég hef grun um það, og ég vona þá að einhver þingmaður sjálfstæðismanna sé hér inni til þess að leiðrétta mig, að það sé ekki síst Sjálfstfl. sem standi í vegi fyrir því að hæstv. heilbrrh. geti gengið þessa leið að afnema tengingu við tekjur maka. Ég held að hæstv. ráðherra sé full af vilja til að ganga þessa leið.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er það rétt og samþykkir hún það að það kosti ekki nema 360 millj. að afnema að fullu tengingu við tekjur maka?

Ég held að það bæti ekkert þá leið sem við viljum fara að hæstv. ráðherra komi hér upp í ræðustól og segi að þetta hafi viðgengist allar götur frá því almannatryggingakerfið var sett á fót. Þessu var breytt með reglugerð. Það var ekki gert með lögum frá Alþingi, fyrr en á árinu 1998 þegar hæstv. ráðherra lögfesti þetta mannréttindabrot, einmitt á sama tíma og hún var að stíga jákvætt skref í að draga úr þessari tekjutengingu. Ég held að það sé ekki jákvætt í ýmsum góðum málum sem ráðherrann hefur komið til leiðar að fara þá leið að lögfesta þetta mannréttindabrot.

Þegar litið er til kjara öryrkja á þessu kjörtímabili og þó litið væri til þess frá 1995 þá vitum við, og hæstv. ráðherra er auðvitað sannfærð um það í hjarta sínu, að hvorki öryrkjar né aldraðir hafa fengið réttmætan hlut af því góðæri sem við höfum búið við.

Hæstv. ráðherra veit líka í hjarta sínu að 26 milljarða tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári er m.a. fenginn með því að skerða kjör öryrkja miklu meira en nemur því sem aðrir hafa búið við í þjóðfélaginu á umliðnum fimm árum.

Aldraðir sáu sig t.d. knúna til þess að standa fyrir framan Alþingishúsið þegar Alþingi kom saman á haustdögum til að minna á bág kjör sín, minna á að hlutfall af launum aldraðra þegar það er borið saman við laun verkamanna, er miklu minna en það var á árinu 1991 þegar við bjuggum þó við mikla lægð í efnahagsmálunum. Þar munar 18% og þyrfti að setja þrjá milljarða í kjör öryrkja og aldraðra í dag til þess að þeir stæðu jafnfætis því sem var 1991.

Ég verð að segja eins og er að mér liði ekki vel í stóli ráðherra eða ef ég væri í sporum hæstv. heilbrrh. við slíkar kringumstæður, horfandi á hvernig kjör öryrkja og aldraðra hafa dregist aftur úr á umliðnum árum.

Það er eins og þessi ríkisstjórn miði alltaf hækkanir á lífeyrisgreiðslum til öryrkja við lægsta viðmið sem hún getur nokkurs staðar fundið. Það er bara leitað og leitað eftir lægsta viðmiði og síðan er það sett til öryrkja og þeir fá molana sem hrjóta af borði ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur ríkisstjórnin, eftir að hún tók upp ákveðið viðmið 1997 eða 1998, miðað við neysluvísitölu. Talað er um að miða við almenna launaþróun en þó ekki lægri en neysluvísitölu og af því að neysluvísitalan hefur verið lægri en launavísitalan á undanförnum árum þá hefur ríkisstjórnin auðvitað fundið sér það viðmið til þess að miða kjör lífeyrisþega við. Það finnst mér ekki sýna að ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir beri kjör lífeyrisþega fyrir brjósti.

Við getum litið til þess að frá 1995 til október 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um 25% en launavísitalan hefur hins vegar hækkað frá sama tíma um 41,5%. Það mundi muna töluverðu ef ríkisstjórnin hefði miðað við launavísitöluna í staðinn fyrir það viðmið sem hún hefur notað sem skammtar lífeyrisþegunum eins lítið og hægt er. Mér sýnist, herra forseti, nema hæstv. heilbrrh. beiti sér í þessu máli, að fjárlagafrv. fyrir næsta ár gefi lífeyrisþegum enga von um betri tíð á næsta ári vegna þess að forsendur fjárlaga eru byggðar á því að lífeyrisþegar fái 3% hækkun ... (*Gripið fram í.*) Fjögur prósent, segir hæstv. ráðherra, og finnst mér sú hækkun bitamunur en ekki fjár. Spurning er hvenær sú hækkun á að koma. Það skiptir verulegu máli hvort þessi 4% koma strax í upphafi ársins eða ekki. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það hvaða áform séu uppi í því efni.

Vissulega mætti tína fleira til um það hvernig kjör aldraðra hafa dregist almennt aftur úr kjörum annarra hópa og eins það hvað ýmislegt annað í aðbúnaði öryrkja hefur orðið til að skerða framfærslu þeirra og auka á framfærslubyrði eins og hækkunin á lyfjum, hækkun á leigukostnaði eða hækkun á leigu á almennum markaði, styrkir til bifreiðakaupa öryrkja færri að raungildi en þeir voru 1995 og síðan mætti draga ýmislegt annað fram. Við getum talað um biðlista eftir þjónustuíbúðum, eftir leiguíbúðum o.s.frv., þar sem staða aldraðra er vægast sagt ömurleg að horfa upp á. Vissulega er það svo að við erum ekki að tala um alla heildina af öryrkjum eða lífeyrisþegum en við erum að tala um verulega stóran hóp, herra forseti, vegna þess að staðreyndin er sú að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum og 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Það kom fram í skýrslu sem ég bað forsrh. um á sl. ári að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði og einnig að 22% ellilífeyrisþega eða 5.800–5.900 voru með tekjur undir 4.000 kr. á mánuði árið 1999.

Ekki er óeðlilegt, herra forseti, að umræðan leiðist almennt út í afkomu aldraðra og öryrkja undir þessum dagskrárlið en ég vil á þeim stutta tíma sem ég hef aflögu í þessum ræðustól fara nákvæmar inn á það mál sem er til umræðu. Vonandi gefst tími til þess fljótlega aftur að taka upp almenna umræðu um kjör öryrkja en mér hefur fundist vera misskilningur a.m.k. í *málflutningi* hæstv. forsrh. — ég skal ekki fullyrða hvort það hefur komið fram hjá hæstv. heilbrrh. — um það að þetta sé ekkert einsdæmi á

Íslandi að það sé þessi tenging við tekjur maka. Hafa þeir vitnað til Norðurlandanna í því sambandi. Hv. þm., Ásta R. Jóhannesdóttir, 1. flm. þessa máls, kom einmitt inn á það sem er staðreyndin í þessu máli. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún geti þá ekki tekið undir að það sé rétt, til að við séum að tala um málið út frá réttum forsendum og réttum staðreyndum, að það sé einungis sums staðar tenging við tekjur þegar um er að ræða félagslegar bætur eins og heimilisuppbót o.s.frv. en ekki þegar um er að ræða almennar lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu eins og annars staðar Norðurlöndunum að þá sé greiddur lífeyrir óháð tekjum maka. Mér finnst mikilvægt að leiðrétta það ef þetta hefur verið uppi í umræðunni þannig að við tölum um málið út frá staðreyndum.

Síðan finnst mér hafa komið fram líka hjá forráðamönnum ríkisstjórnarinnar að þeir hafa talað um að miklu dýrara væri að afnema að fullu tekjutengingunа en er í raun og sanni. Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta tvennt að því viðbættu að hún upplýsi okkur þá um það líka hvenær megi vænta þess að skrefið verði stigið til fulls sem ég veit að hæstv. ráðherra hefur fullan hug á.

Það hefur verið dregið fram í umræðunni hvaða félagsleg áhrif það hefur að binda lífeyrisgreiðslurnar þannig að þær séu háðar tekjum maka. Það hefur réttilega verið bent á að þegar bæði hjón eru lífeyrisþegar þurfa þau að sæta því, alveg óháð þessu, að búa við þriðjungs lægri greiðslur úr almannatryggingakerfinu en þeir sem eru einir, þannig að því til viðbótar kemur það að þetta fólk eða hjón hafa þegar þurft að sæta þessari skerðingu.

Það er alveg rétt sem kom fram í greinargerð með frv. og hefur komið fram opinberlega, að við erum ekki einungis að skerða afkomu þessa fólks heldur grefur þetta undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Það er ekki svo lítið og full ástæða til að fella þann þátt undir mannréttindabrot þegar þetta er afleiðing af því að fara þessa leið.

Herra forseti. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur kvatt sér hljóðs til að fjalla um þetta mál eða vera með andsvar við ræðu mína eða hvað það var nú. Ég sá að ráðherrann hæstv. bað um orðið og ég held að það sé afar mikilvægt að fá innlegg hæstv. ráðherra í málið og að hér geti farið fram málefnalegar umræður um það hvenær og hvernig hægt verður að ná sátt í málinu í þingsölum þannig að við getum stigið skrefið til fulls. Það er það sem skiptir máli fyrir öryrkja og þá sem hafa þurft að búa við tekjutengingunа. Ég vona svo sannarlega, herra forseti, að málið fari ekki í þann farveg eða þá stöðu að enn einu sinni þurfi að mæla fyrir þessu máli á næsta þingi.

[17:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er þannig farið með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrv. félmrh., að hún segir manni yfirleitt hvað maður megi segja og hvað maður megi ekki segja áður en maður stígur í ræðupúlt. Það er eins núna. Hún segir að ég megi alls ekki segja að tekjutengingin hafi ávallt átt sér stað því það vill hún ekki heyra. Þá þarf ég auðvitað að spyrja hana að því og hún hlýtur að vilja svara því hér:

Barðist hún fyrir því að afnema þessa tekjutengingu þegar hún var ráðherra í sex ár? Minnkuðu tekjutengingar í almannatryggingakerfinu á meðan hún sat sem ráðherra? Ég held að við verðum að fá svar við þessu.

Það er rétt að ég sagði það fyrir þremur árum að þetta væru allt of miklar tengingar. Ég sagði það ekki aðeins heldur hef ég stigið tvö skref til að minnka þessar tengingar. Hér er ég spurð að því hvort 360 millj. dugi til að afnema þetta alveg. Ég tel að það dugi ekki því við erum þegar búin að setja 500–700 millj. til að minnka þessar tekjutengingar. Ég tel að við þurfum meira fjármagn til að afnema það alveg því að við erum búin að stíga þau tvö skref sem sumum fannst vera hænuskref en það eru þær upphæðir sem það hefur kostað.

Ég er fegin að heyra það að hv. þm. Samfylkingarinnar eru sammála mér í því að það eigi að koma til móts við þá sem minnst hafa. Það höfum við verið að gera á ýmsa vegu en við þurfum að ganga miklu lengra í því. Sú nefnd sem er að starfa fyrir ríkisstjórnina er einmitt að vinna að því að koma með tilögur í þá áttina og þær verða tilbúnar fyrir áramót.

Spurt er að því hvort tekjutengingin sé annars staðar Norðurlöndum varðandi bætur maka, hvort það sé rétt að það séu aðeins félagslegu bæturnar. Ég er með upplýsingar frá NOSOSKO sem sýna það að a.m.k. í Danmörku og í Noregi og í Svíþjóð eru þessar tekjutengingar við almannalífeyri. Ég er búin með tímann en ég skal í seinna andsvari mínu lesa nákvæmlega upp úr skýrslunni.

[17:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nauðsynlegt er að komast til botns í því hvað afnám á tekjutengingunni kostar vegna þess að þær upplýsingar sem ég hef eru að þetta sé beint úr Tryggingastofnun að þetta kosti 360 millj. Við skulum fá málið á hreint þannig að við tölum út frá réttum forsendum.

Um það hvort ég hafi barist fyrir kjörum lífeyrisþega og afnámi á tekjutengingunni get ég þó státað mig af því að meðan ég var ráðherra voru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga a.m.k. mjög nálægt því að vera þau sömu og lágmarkslaun. En nú er orðið gap þarna á milli. Þó hafði ríkisstjórnin þá miklu minna umleikis en þessi ríkisstjórn. Á fimm ára tímabili meðan ég sat í ríkisstjórn, frá 1988 til 1992, var tekjuauki sem ríkisstjórnin hafði þá um sex milljarðar. Nú hefur ríkisstjórnin haft á síðustu fimm eða sex árum um 64 milljarða í tekjuauka og samt vantar 18% upp á að kjör lífeyrisþega séu eins og þau voru 1991. Það er afar mikilvægt að hafa þetta í huga. Það hefði ég aldrei látið yfir mig ganga, hvað þá heldur að standa fyrir því að lögfesta þetta mannréttindabrot eins og hæstv. ráðherra gerði 1998. Það er alveg öruggt að ég hefði aldrei látið það yfir mig ganga.

Herra forseti. Mér fannst mál mitt ekki gefa tilefni til að við færum í karp eða deilur um fortíðina heldur hvernig hægt væri að ná sátt um að fara þá leið að afnema tekjutengingunа sem kostar þó t.d. helmingi minna en að stofna sendiráð í Japan eða það sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta þingi, þ.e. að létta sköttum af jeppaeigendum sem kostaði nálægt því sama og við erum að tala um núna. Ég hefði a.m.k. í ríkisstjórn ekki látið það ganga yfir mig að samþykkja slíka skattaívilnun fyrir jeppaeigendur á sama tíma og kjör lífeyrisþega eru með þessum hætti.

[17:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst slæmt ef hv. þm. hefur sárnað við mig. Ég spurði bara og ég endurtek spurningu mína: Minnkuðu tekjutengingar á árunum sem Alþfl. stýrði

málaflokknum? Finnst hv. þm. betra eins og var að þessar tekjutengingar sem áttu sér stað voru þá ólöglegar? Er það það sem hv. þm. er að segja?

Ég vil ekkert vera að skattyrðast um þetta mál. Ég hef sýnt það í verki að ég tel þetta vera mannréttindamál. Þess vegna höfum við gengið þessi skref. Það eina sem ég er að segja er að við höfum í það minnsta sett yfir 500 milljónir í þetta mál og kallar hv. þm. það oft í ræðustól hænuskref og þess vegna efast ég um að 360 millj. dugi.

En það sem ég ætlaði að segja var hvernig þetta er á öðrum Norðurlöndum, með leyfi forseta: Í Danmörku byrjar tryggingin að skerðast þegar sameiginlegar tekjur eru orðnar hærri en 93.200 danskar kr. Það er svonefnd viðmiðunarupphæð. Þetta felur í sér að fyrir öryrkja sem er giftur launþega með meðaltekjur fellur tekjutryggingin eða viðbótarupphæðin venjulega niður. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið og ber hér fram. En ég er fegin að heyra það, eins og ég segi, ef menn eru sammála mér um að það eigi ekki að ganga yfir allan grunnlífeyri, alveg sama hvað fólk er með í tekjur, að menn vilji gera virkilega vel við þá sem þurfa mest á því að halda og það er um 20% þessara lífeyrisþega.

[17:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að kalla það ekki stórt skref að hafa látið 500 milljónir í það eins og hæstv. ráðherra nefndi, sem ég veit ekkert hvort er rétt tala, til að draga úr tekjutengingunni á sama tíma og fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur hlunnfarið lífeyrisþega um 3 milljarða þegar miðað er við kjör þeirra í dag og eins og þau voru 1991. Það vantar 3 milljarða upp á að kjörin séu þau sömu. Því er ríkisstjórnin að státa sig af tekjuafgangi upp á 26 milljarða, sem ættu þá ekki að vera nema 23 milljarðar ef ríkisstjórnin hefði látið lífeyrisþegana hafa þó sömu kjör og voru t.d. á árinu 1991 þar sem reynt var að passa upp á að þessi kjör fylgdu lágmarkslaunum ef það væri ekki langt frá þeim.

Hæstv. ráðherra kallar það frv. sem við erum að fjalla um mannréttindamál. Vissulega er það mannréttindamál. Þess vegna er skrýtið að hæstv. ráðherra hafi beitt sér fyrir því að festa þetta mannréttindabrot í lög á árunum 1998.

En það sem er mikilvægast og hefur ekki enn komið svar við hjá hæstv. ráðherra, sem er nauðsynlegt að ráðherrann upplýsi um, er að vita hvenær við megum eiga von á því að þetta verði afnumið að fullu. Hvenær megum við eiga von á því að þessi óréttláta, ósanngjarna tekjutenging, eða tenging við tekjur maka, verði afnumin að fullu? Það skiptir meginmáli. Það er það sem við eigum að reyna að ná sátt um. Þá á eftir að skila til baka, þó að sú leið verði farin, því sem ríkisstjórnin hefur verið að hlunnfara öryrkja um á síðustu fimm árum.

[17:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum þakka fyrir það frv. til laga sem hefur hér verið lagt fram og lýsi yfir stuðningi við það og þær breytingar sem eru lagðar til.

Hér hefur eitt orð verið nefnt í ræðu næstum hvers einasta ræðumanns sem hér hefur tekið til máls um þetta frv. og það er orðið „mannréttindabrot". Eins og lögin eru í dag og tekjutenging maka við tekjutryggingu lífeyrisþega eru það mannréttindabrot. Undir það tek ég og eins þá þætti í þessari 1. gr. að bætur almannatrygginga fyrir ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega skuli vera þær sömu.

Hér hefur margt komið fram í máli manna sem tengist þessu máli, áhrif á fjölskyldulíf og hjónabönd og margt annað. Áhrif á þjóðfélagshópa sem búa við skert lífeyrisréttindi og hvernig þeir hópar hafa það í þjóðfélaginu í dag. Mjög góðar umræður hafa orðið um þetta frv. og þakka ég fyrir þær. Það þarf að leiðrétta kjör lífeyrisþega, hvort heldur ellilífeyrisþega eða örorkulífeyrisþega, og það verður að bæta þann mun sem er í dag á viðmiðunartekjum launþega og lífeyrisþega. Breyta þarf útreikningi á bótum til lífeyrisþega svo hægt sé að leiðrétta það gap sem hefur orðið á kjörum launþega og lífeyrisþega.

Hér hefur verið nefnt, og er rétt að þakka fyrir það sem vel er gert, að dregið hefur verið úr skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna tekna maka í tvígang en hér er lagt til að tekjutengingin verði alfarið afnumin. Að því þarf að stefna og ég treysti því að hæstv. heilbrrh. vinni að því og láti það verða eitt af fyrstu verkum sínum á komandi ári að leiðrétta þetta sem við höfum öll og hæstv. ráðherra líka nefnt mannréttindabrot.

Ég vil aðeins nefna einn hóp til viðbótar sem á erfitt hvað varðar kjör á eftirlaunaaldri og það eru bændur því lífeyrissjóður bænda hefur ekki verið sterkur. Það eiga eftir að líða einhverjir áratugir þangað til hann getur orðið það og þyrfti verulegan stuðning til að hann geti staðið undir nafni. Það eru einnig heimavinnandi húsmæður, fullorðnar konur sem hafa alla tíð verið heima og eiga lítil eða engin lífeyrisréttindi. Í framtíðinni verður það e.t.v. það unga fólk sem vinnur nú sem svokallaðir undirverktakar, sem áður fyrr voru venjulegir launamenn, en á nú sjálft að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóði og tryggingar en því miður vill oft verða brestur á því, heldur tekur þetta unga fólk oft allan launapakkann til neyslu og framfæris og vill þá oft dragast að greitt sé í lífeyrissjóði. Þetta eru þeir sem standa hugsanlega frammi fyrir því í framtíðinni að hafa takmörkuð lífeyrisréttindi.

Ég vil bara nefna þetta í umræðunni, þó það eigi kannski ekki beint við um þetta mál, þ.e. um afnám tekjutengingar, en samt hefur þetta allt saman áhrif á kjör manna þegar aldurinn færist yfir og kjör þessa unga fólks í framtíðinni.

Herra forseti. Að lokum vil ég þakka það að þetta frv. skuli hafa verið lagt fram og treysti því að hæstv. ráðherra haldi áfram að stíga sín skref og afnemi þau ákvæði sem eru í lögunum í dag.

[17:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa eindregnum stuðningi við það frv. sem er til umræðu og felur í sér að tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka verði afnumin. Það veit á gott að hæstv. heilbrrh. tekur undir að þetta frv. fjalli um mannréttindi. Það eru vissulega nokkur sannindi að orð eru til alls fyrst. Vandinn er sá að við höfum verið að orða þessa hluti í nokkuð mörg ár. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar í þinginu a.m.k. síðan ég kom hingað í þingsal árið 1995 án þess að nægilega stór skref hafi verið stigin í átt til þess að leiðrétta þetta.

Hvers vegna segja menn að þetta frv. fjalli um mannréttindi? Jú, það kemur í ljós þegar við drögum upp hver myndin er. Öryrki sem fær engar tekjur eða bætur annars staðar en úr almannatryggingakerfinu getur mest fengið um 70 þús. kr. í sinn hlut en ef hann er í sambúð eða giftur hrapar hann niður fyrir 50 þús. kr. markið, fer niður í um 49 þús. kr. Ef makinn hefur einhverjar tekjur að marki, skerðast jafnvel þessar litlu greiðslur og geta farið niður í um 17 þús. kr. á

mánuði hverjum sem þættu ekki miklir vasapeningar fyrir fullorðna manneskju.

Hvar liggja þá mannréttindin og brotið á þeim? Jú, það liggur í því að gera þá sem verða fyrir áföllum, eru sjúkir eða missa heilsuna, algerlega upp á maka sinn kominn, gera þá að þurfalingum í því samhengi, gagnstætt því sem gerist hjá öðrum aðilum sem fá framfærslulífeyri úr almannasjóðum eins og atvinnulaust fólk. Atvinnulaust fólk fær atvinnuleysisbætur óháð því hverjar tekjur makans eru. Hvergi er spurt um það á launamarkaði hverjar tekjur makans eru, alls staðar fá menn greiðslur á eigin forsendum. Þetta vilja menn að gildi um öryrkja og lágmark að mínum dómi að gengið verði að þeirri tillögu sem hér er sett fram. Reyndar hef ég heyrt það á málflutningi flutningsmanna og margra annarra að lengra þyrfti að ganga en hér er skref sem ég held að allir þyrftu að sameinast um að stíga hið allra fyrsta.

Mönnum ber ekki alveg saman um hversu mikið þetta mundi kosta. Vitnað hefur verið í upplýsingar frá Tryggingastofnun, 1. flm. Ásta R. Jóhannesdóttir hefur gert það í máli sínu, að þetta kæmi til með að kosta um 360 millj. kr., en hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að tilkostnaðurinn kynni að verða eitthvað meiri þótt sennilega mundi það ekki fara upp í eina sendiráðsbyggingu í Tókíó sem samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar á að kosta litlar 700 millj. kr.

Því vek ég máls á þessu að allt hlýtur þetta að snúast um forgangsröðun í samfélaginu. Finnst okkur eðlilegt að forgangsraða með þessum hætti? Við vöktum máls á því, mörg hver, þegar ríkisstjórnin var að lækka skatta og aðflutningsgjöld af skotvopnum, nasli og poppkorni, að ógleymdum jeppunum náttúrlega, en skattar og gjöld á þá lækkuðu um hálfa milljón á stærstu tækin, þá væri nú vitlaust gefið og hefði verið nær að grípa til ráða eins og lagt er til í þessu frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að hafa mörg orð um þetta. Ég ætla ekki að fara að núa hæstv. ráðherra því um nasir hvað gerst hafi á undangengnum árum. Ef við gætum sameinast um það að gera eitthvað raunhæft í málunum núna skiptir það að sjálfsögðu miklu meira en hvað gerst hefur eða gerst hefur ekki, öllu heldur, á liðnum mánuðum og liðnum árum. En eitt má hæstv. ráðherra vita að vilji hún knýja fram breytta forgangsröðun innan ríkisstjórnarinnar þessu málefni í vil þá á hún stuðning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í því efni.

[17:59]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að ljúka umræðunni með því að þakka fyrir stuðning við það mál sem komið hefur fram hjá nánast öllum sem til máls hafa tekið.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir, sem hún hefur reyndar gert áður, að þetta sé mannréttindamál og það held ég að við séum öll sammála um. Mér finnst ekki ástæða til að kýta um það hver beri ábyrgðina á hverju í þessu kerfi öllu saman. Það eru ýmsir fyrirrennarar okkar sem okkur ber að þakka fyrir að komið var á þessu almannatryggingakerfi. Okkur ber að hlúa að því og okkur ber að gæta að því að það verði ekki eyðilagt og okkur ber að sníða af því vankanta sem eru fyrir. Til þess er auðvitað þetta frv. lagt fram að það er lagt til að sníða af því þann agnúa að tekjutengja við laun maka tekjutryggingu þeirra sem geta ekki lengur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér.

Vegna samanburðar við Danmörku í andsvari hæstv. ráðherra verð ég árétta hvaða tölur við erum hér að tala um. Hæstv. ráðherra talaði um að tekjutenging hefjist í Danmörku þegar tekjur hafa náð einni milljón ísl. kr. (Gripið fram í.) Já, það væru um 50 þús. kr. á mánuði á Íslandi. Hins vegar er hægt að skerða tekjur lífeyrisþega niður í 17 þús. kr. á Íslandi þannig að við verðum nú að athuga hvað við erum að tala um. Það er eins og að bera saman appelsínur og epli að fjalla þannig um málið.

Ég hef upplýsingar úr heilbrrn. um þessar tekjutengingar og þekkti mjög vel til málsins meðan ég var hjá Tryggingastofnun enda sinnti ég þar Norðurlandasamstarfi og þá var engin slík tekjutenging. Hér stendur að „pensiontillægget", sem er náttúrlega uppbót, byrji að skerðast í þessa veru vegna maka en það er bara allt annar handleggur. Þar fyrir utan tel ég að við Íslendingar eigum að sýna þessu fólki þann sóma að greiða þeim persónulífeyri sem svarar til tekjutryggingar og grunnlífeyri án þess að það tengist tekjum maka. Við eigum að leyfa þessu fólki að halda reisn sinni, þeim sem lenda í þeim hremmingum að missa heilsuna og geta ekki unnið. Þeir gera það ekki þegar tekjur maka skerða tekjur þeirra eins og gerist með þessari reglu.

Vissulega er virðingarvert að hæstv. ráðherra hefur stigið tvö skref í átt að því minnka þessa tekjutengingu. En hæstv. ráðherra hefur einnig talað um að afnema þessa tekjutengingu. (**Gripið fram í:** Hvar?) Samstarfsflokkur hæstv. ráðherra hefur ályktað í þá veru á landsfundi sínum að afnema beri allar tekjutengingar. Við erum ekki að fara fram á það hér. Samstarfsflokkur hæstv. ráðherra er tilbúinn til að setja í það mikla peninga, eins og hér kom fram í umræðunni, að afnema allar tekjutengingar. Það væri strax í áttina ef hæstv. ráðherra kæmist að samkomulagi við samstarfsflokkinn, sem er svo stórhuga í málefnum lífeyrisþega þó að það komi ekki fram hér í þinginu, um að fá fjármagn til að afnema þessa óréttlátu tengingu. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra verði ágengt í þeim efnum og svo sannarlega munum við styðja hæstv. ráðherra í því máli þegar það kemur hér inn í þingið, að afnema þessa tengingu við tekjur maka.

Auk þess þarf auðvitað að taka á ýmsum fleiri málum í almannatryggingunum. Það þarf að einfalda kerfið og leiðrétta kjör lífeyrisþega, þeirra sem verst eru settir, eins og við höfum margoft talað um hér í dag. Það þarf að gera þetta einfalt, það þarf að leiðrétta kjör þessa fólks sem dregist hefur aftur úr. En fyrst og fremst þarf að afnema þessa óréttlátu tekjutengingu eins og við leggjum til hér, þ.e. afnema tekjutengingu tekjutryggingar við laun maka lífeyrisþega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

[18:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga sem ég flyt ásamt hv. þm. Drífu Hjartardóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni, Ólafi Erni Haraldssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna árið 1995 hefur umboðsmaður barna vakið athygli stjórnvalda á því

hve brýnt sé að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum barna og unglinga og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda á ýmsum sviðum er snerta hagi þeirra. Á hinum Norðurlöndunum hefur með góðum árangri verið farið með málefni barna með þeim hætti, mótuð heildarstefna í málefnum þeirra og síðan framkvæmdaáætlun á grundvelli slíkrar stefnumótunar. Þessi þáltill. er sniðin að þeirri leið sem farin hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum en tillagan orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsrn., félmrn., heilbr.- og trmr., dómsmrn., menntmrn., umhvrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þar með talin félagasamtök unglinga."

Í lokin á þessari tillögu er lagt til að framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2001.

Eins og ég sagði áður hafa hin norrænu ríkin mótað sér heildarstefnu í málefnum barna og unglinga. Árið 1986 var t.d. lögð fyrir danska þingið af hálfu þáverandi félagsmálaráðherra tillaga um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, en á grundvelli þeirrar tillögu, sem samþykkt var í janúar 1987, var skipuð nefnd með aðild þeirra ráðuneyta sem málefni barna og unglinga heyra til. Á grundvelli stefnumótunar var síðan unnin ítarleg framkvæmdaáætlun sem tók einnig mjög mikið tillit til sjónarmiða unglinga sem að stefnumótuninni komu. Þá var og komið á reynslusveitarfélögum sem sérstaklega tóku þátt í að þróa ýmsar nýjungar í stefnumótun og framkvæmdaáætlun um málefni unglinga.

Ég held að hér séu á ferðinni mjög skynsamleg, eðlileg og rétt vinnubrögð. Ég ítreka að hér er á ferðinni þverpólítísk tillaga sem að standa fulltrúar allra flokka. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi og fékk nær undantekningarlaust mjög jákvæðar umsagnir frá þeim sem um hana fjölluðu og vil ég þar nefna: Barnaheill, Barnaverndarstofu, umboðsmann barna, barna- og unglingageðdeildina, Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglinga og Barnaverndarráð. Þeir sem til þessara mála þekkja, þ.e. til málefna barna og unglinga, hafa því sýnt jákvæð viðbrögð og komið fram með jákvæðar umsagnir í nefndinni sem fjallaði um málið.

Ég tel líka ástæðu til að benda á að íslenska ríkisstjórnin hefur í samræmi við 44. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna, um réttindi barnsins, skuldbundið sig til að láta nefnd sem stofnuð er með samningum samkvæmt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna í té skýrslur um það sem gert hefur verið til að tryggja réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum og hvernig hafi miðað við það. Nú liggur fyrir önnur skýrsla íslensku ríkisstjórnarinnar til barnaréttarnefndarinnar en nefndin hefur ekki enn fjallað um efni hennar. Að því kemur líklega ekki fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári. Í þessari skýrslu ríkisstjórnarinnar segir m.a. að haustið 1999 hafi verið lögð fram till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Enn fremur segir í skýrslunni, með leyfi forseti:

„Þá er þess vænst að tillaga um heildarstefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum barna og unglinga verði samþykkt á Alþingi fyrri hluta árs 2000."

Loks segir orðrétt:

„Í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir kjörtímabilið er lögð áhersla á bætta þjónustu við börn, að auka forvarnaaðgerðir og meðferðarúrræði vegna áfengis- og vímuefnavandans og að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni og að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags."

Herra forseti. Hér segir í skýrslu, sem liggur fyrir hjá Sameinuðu þjóðunum, að þess sé vænst að tillaga sem lögð var fram á síðasta þingi um heildarstefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum barna og unglinga verði samþykkt hér á Alþingi fyrri hluta ársins 2000. Ég hlýt því að líta svo á, herra forseti, að þessi tillaga hafi fengið jákvæða umfjöllun í ríkisstjórninni sem og hér á hv. Alþingi og í þeirri nefnd á vegum þingsins sem um hana hefur fjallað. Ég geri mér þannig vonir um að hún nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Ég held að það sé grundvallaratriði, herra forseti, hjá þjóðum sem kenna sig við velferðarsamfélög, að búa vel að börnum og unglingum og tryggja þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Ég tel að það sé forsenda fyrir markvissum og skipulögðum vinnubrögðum að fara í slíka stefnumótun sem þessi tillaga gerir ráð fyrir og að byggja síðan á henni framkvæmdaáætlun. Það gæfi okkur heildarsýn í þessum mikilvæga málaflokki sem snertir börn og unglinga og hlýtur að vera mikilvægt stýritæki fyrir stjórnvöld. Reyndar er mjög mikilvægt að svo verði gert hér á landi, ekki síst þar sem málefni barna heyra undir mörg ráðuneyti, félmrn., heilbrrn., dómsmrn., umhvrn., menntmrn. Málefni barna eru raunar einnig mikilvægur málaflokkur hjá sveitarfélögunum og því er mikilvægt að til sé heildarsýn í þessum efnum og að til sé stýritæki til að vinna eftir. Þannig mætti forgangsraða brýnustu verkefnum sem undir þennan málaflokk heyra.

Ég vil nefna, herra forseti, að ýmsar samnorrænar kannanir sem gerðar hafa verið sýna líka að framlög til málefna barna og fjölskyldna þeirra eru langminnst á Íslandi. Í úttekt og skýrslu sem gerð var af landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994 kom fram að börn og málsvarar þeirra muni halda áfram að gera kröfur um bætta réttarstöðu þeirra, uppeldisskilyrði og tilfinningatengsl við báða foreldra.

Í úttekt á framlögum Íslendinga til málefna barna samanborið við hin Norðurlöndin kemur fram að börn undir 15 ára aldri á Norðurlöndunum eru hlutfallslega langflest hér á Íslandi. Börn undir 15 ára aldri eru tæpur fjórðungur þjóðarinnar eða 24,5% af heildinni meðan hlutfallið á hinum Norðurlöndunum er á bilinu 17–19,4%. Þegar kemur að útgjöldum á íbúa sem hlutfall af landsframleiðslu þá er þau langlægst hér á landi og ekki nema 2,4% sem varið er til þessa mikilvæga málaflokks meðan útgjöldin annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem börn á þessum aldri eru hlutfallslega miklu færri, eru allt frá 3,9% af landsframleiðslu upp í 5,2%. Hér er hlutfallið einungis 2,4%.

Herra forseti. Ég held að það muni margfaldlega skila sér aftur til þjóðarinnar ef við munum auka verulega framlög til málefna barna og unglinga. Það mun skila sér í minni útgjöldum til félagsmála og til heilbrigðismála. Ef við setjum aukna fjármuni í forvarnir mun það skila sér í því að við munum ná betri árangri í baráttunni við fíkniefnavandann og í baráttunni við umferðarslys. Ástæða er til að nefna

það að slysatíðni á börnum er mjög há hér miðað við aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Verkefnin eru ærin. Fyrir utan það sem hefur komið fram og kemur fram í þingmáli Samfylkingarinnar látum við miklu minna fjármagn til menntunar en aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Það hlýtur auðvitað að koma inn í slíka framkvæmdaáætlun þegar við erum að móta stefnuna í málefnum barna og unglinga.

Herra forseti. Hvernig sem á málið er litið kemur allt heim og saman í því efni að það standa öll rök til þess að tillagan verði samþykkt.

Ég sagði í upphafi máls míns að umboðsmaður barna hefði að ég best veit nánast í hverri skýrslu sinni allt frá stofnun þess embættis lagt áherslu á þessa heildarstefnumótun og Ísland stendur eitt Norðurlanda utan við það að hafa mótað heildarstefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Ég vil t.d. grípa niður í eina skýrslu umboðsmanns þar sem segir orðrétt:

„Umboðsmaður barna ítrekar nauðsyn þess að ráðist verði í það brýna verk sem mótun opinberrar stefnu í málefnum barna og ungmenna er og telur að bók, sem umboðsmaður hefur staðið fyrir og nefnist „Mannabörn eru merkileg", geti verið gagnlegur grunnur til að byggja þessa stefnumótun á."

Herra forseti. Ég vil í lokin vitna í þær umsagnir sem þegar liggja fyrir um þetta mál og komu fram á síðasta þingi. Barnaheill fagnar þessari framkomnu tillögu. Ég vil nefna menntmrn. sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stefnumörkun og stjórnsýsla á vegum ríkisins í málefnum er varðar börn og ungmenni fellur undir verksvið ýmissa ráðuneyta. Veigamiklir þættir í starfi menntamálaráðuneytisins beinast að slíkum viðfangsefnum. Er þar bæði um að ræða skólamál og almenn menningarmál, stuðning við æskulýðsstarf og íþróttir.

Skipulegt samráð um málefni barna og unglinga ætti m.a. að beinast að því markmiði að skýra hlutverk og verkaskiptingu á þessu sviði, bæði milli ráðuneyta og að því er tekur til félagasamtaka og einstaklinga."

Mér finnst það afar mikilvægt sem þarna kemur fram hjá menntmrn. Það er alveg ljóst að félagasamtök gegna afar miklu hlutverki varðandi málefni barna og unglinga og ættu að vera virkir þátttakendur í þeirri stefnumótun sem fer væntanlega fram verði þessi tillaga samþykkt.

Sama gildir um umsagnir frá Barnaverndarstofu sem er afar jákvæð gagnvart þessari stefnumótun. Dóms- og kirkjmrn. telur að samstarf þeirra aðila sem tilgreindir eru í þáltill. við stefnumótun þar sem framangreind sjónarmið eru höfð að leiðarljósi þyki til þess fallið að tryggja hag og velferð barna á breiðum grundvelli. Það er mat ráðuneytisins að slík stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar á grundvelli hennar sé almennt í þágu hagsmuna barna og unglinga.

Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana tekur undir málið í ítarlegri umsögn sem er mjög jákvæð, sama gildir um barnaverndarráð, svo nokkur dæmi séu tekin úr þeim umsögnum sem liggja fyrir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. allshn.

[18:19]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Hv. 1. flm. tillögunnar hefur farið ítarlega yfir tillöguna en sem meðflutningsmaður vil ég leggja áherslu á hve mikilvægt er að komið verði á heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga með það að markmiði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðfélagsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Því er afar mikilvægt að það verði til heildstæð, langtíma, opinber stefna með skýr markmið til að koma í veg fyrir handahófskennd vinnubrögð í málefnum barna og unglinga.

Herra forseti. Markmið íslenskra stjórnvalda er að öll börn eigi þess kost að alast upp í öruggu og örvandi umhverfi.

Í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að bæta þjónustu við börn og unglinga, að auka forvarnaaðgerðir og meðferðarúrræði og efla áfengis- og vímuefnavarnir, og bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni og tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags.

Viðurkennt er af flestum að fjölskyldan er ein elsta og um leið mikilvægasta stofnun samfélagsins. Hún er í reynd grunneining þjóðfélagsins í þeim skilningi að hver einstaklingur er eða hefur verið hluti af fjölskyldu enda þótt fjölskyldugerð og tengsl kunni að vera breytileg. Í löggjöf á sviði sifjaréttar er að finna hina lagalegu umgjörð fjölskyldunnar, réttindi og skyldur hjóna og réttindi barna.

Í barnalögum er að finna ítarleg ákvæði um rétt barna og skyldur foreldra, svo sem vegna feðrunar barns, réttar til framfærslu, forsjárréttar og umgengnisréttar við það foreldri sem hefur ekki forsjá.

Í barnaverndarlögum er fjallað um markmið og stjórn barnaverndarmála. Lögin taka til þess hvernig skuli með farið þegar gengið er á rétt barnsins til öruggra þroskavænlegra uppeldisskilyrða eða ef andlegri og líkamlegri líðan þess er ógnað. Þau veita barnaverndaryfirvöldum nokkuð víðtækar heimildir til að hafa afskipti af högum fjölskyldna ef þau telja sig hafa gildar ástæður til.

Meginreglan er sú að þau afskipti skuli vera fólgin í stuðningi við fjölskyldur þannig að foreldrarnir geti annast börn sín sómasamlega.

Börn og unglingar 18 ára og yngri eru fjölmennasti aldurshópur í íslensku samfélagi og er mun hærra hlutfall en í öðrum nágrannalöndunum og því enn nauðsynlegra fyrir okkur Íslendinga að búa vel í haginn fyrir þennan aldurshóp. Af mörgu er að taka. Brottfall nemenda úr skólum, bæði úr grunn- og framhaldsskólum, er áhyggjuefni.

Hvað er það sem veldur? Hvernig er tekið á þeim málum? Hvernig stendur á því að börnum líður illa í skóla?

Að öllu þessu verðum við að huga. Aðstæður á Íslandi eru á margan hátt frábrugðnar aðstæðum annars staðar á Norðurlöndum. Mikil atvinnuþátttaka og langur vinnutími hefur í langan tíma verið eitt af einkennum íslensks samfélags. Vinna barna og unglinga yfir sumartímann er mun algengari en í þeim löndum sem við miðum okkur við. Ég álít reyndar að sumarvinna unglinga á Íslandi sé af hinu góða. Það er bæði þroskandi og góður skóli að taka þátt í atvinnulífinu.

Vinna unglinga með skóla er mjög áberandi og þátttaka í því lífsgæðakapphlaupi, sem einkennir Íslendinga, er aftur á móti mjög umhugsunarvert. Við höfum séð það að þau steypa sér í skuldir því að það kostar sitt að reka bíl, síma o.s.frv. Í neyslusamfélaginu eru foreldrar oft að kaupa sig frá uppeldishlutverkinu.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tók gildi á Íslandi 27. nóvember 1992, en hann hefur að geyma fjölmörg atriði er lúta að réttindum barna. Barnasáttmálinn felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Í 3. gr.

segir að það sem sé barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar yfirvöld taka ákvarðanir er varða börn. Engu barni má sýna mismunun og það sem barninu er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang.

Barnasáttmálinn hefur að geyma fjölmörg atriði er lúta að réttindum barna. Lög barnanna fela í sér full mannréttindi allra barna og unglinga og öll eiga þau sama rétt til að alast upp í friði og öryggi og virðingu fyrir hugsunum sínum og skoðunum. En öllum réttindum fylgja einnig skyldur og því þurfa börn og unglingar að gera sér grein fyrir eins og aðrir.

Framtíð barns byggir í raun á fortíð þess. Það að skapa börnum góð lífsskilyrði á æskuárum sínum er arðbær fjárfesting þegar til lengri tíma er litið. Aðstæður barna og unglinga eru misjafnar en sem betur fer alast börn upp við góðar aðstæður í flestum tilfellum. En víða eru þær samt ótryggar og það sést glöggt á öllum þeim fjölda barna sem barnaverndarnefndir landsins hafa afskipti af á hverju ári. Við vinnslu þeirra mála kemur oft fram skortur á ákveðinni stefnu í málefnum barnanna og hinar ýmsu stofnanir sem sinna þeim, til að mynda skólar, heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld vinna í allt of miklum mæli einangrað án þess að tekið sé mið af heildarþörfum barnanna og fjölskyldna þeirra.

Ýmislegt hefur verið gert af hálfu stjórnvalda í málefnum barna og unglinga. Umdæmi barnaverndarnefnda hafa m.a. verið stækkuð og barnaverndarnefndum fækkað og nauðsynlegt er að sú þróun haldi áfram þannig að nefndirnar geti ráðið til sín sérhæft starfsfólk sem hefur þá þekkingu sem til þarf við úrvinnslu viðkvæmra mála.

Mikil breyting hefur orðið í íslensku samfélagi með auknum flutningi fólks til landsins. Fleiri og fleiri börn fæðast hér sem eru ekki af íslensku bergi brotin eða hafa fæðst erlendis og flutt hingað til lands af ýmsum ástæðum. Nauðsynlegt er að huga vel að þeim börnum sem eru í þeirri aðstöðu að vera í nýju landi og þurfa að læra nýtt tungumál. Aðstaða þeirra barna er mjög ójöfn aðstæðum annarra barna. Það er umhugsunarvert hvernig þau aðlagast íslensku samfélagi. Hvernig vegnar þeim í skólum, bæði í grunn- og framhaldsskólum?

Herra forseti. Það er mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að málefni barna og unglinga séu í sem bestum farvegi og þar eigum við að standa í fremstu röð meðal þjóða heimsins.

Herra forseti. Mig langar að ljúka orðum mínum með broti úr ljóði eftir Matthías Johannessen. Það er minning um dreng og það hljóðar svo:

> Við uxum úr grasi með glitrandi vonir,
> en gleymdum oftast að hyggja að því,
> að það er ekki sjálfsagt, að sólin rísi
> úr sæ hvern einasta dag eins og ný.

[18:27]

Útbýting þingskjala:

Ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum, 180. mál, þáltill. SJS, þskj. 188.

Ákvæði skipulagsreglugerðar um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó, 186. mál, fsp. SJS, þskj. 195.

Fjöldi afbrota og fjölgun lögreglumanna, 188. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 197.

Málefni barna og unglinga í hópi nýbúa, 184. mál, fsp. SvanJ, þskj. 193.

Ráðningar í stöður minjavarða, 187. mál, fsp. SvanJ, þskj. 196.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 179. mál, þáltill. SJS, þskj. 187.

Sokkin skip og önnur mengunarhætta í sjó umhverfis landið, 185. mál, fsp. JÁ, þskj. 194.

Stangveiði í ám, 182. mál, fsp. HjÁ, þskj. 191.

Útgjöld sveitarfélaga samfara nýrri námskrá, 183. mál, fsp. SvanJ, þskj. 192.

[18:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum, sem sæti eiga á Alþingi, standa að þessari till. til þál. en 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur þegar gert ítarlega grein fyrir henni og einnig hefur hv. þm. Drífa Hjartardóttir farið ágætlega yfir málið. Ætla ég fyrst og fremst að koma hingað upp til að lýsa eindregnum stuðningi við að þetta mál nái fram að ganga hratt og fljótt.

Það er grundvallaratriði hjá þjóðum sem kenna sig við eða vilja kenna sig við velferðarsamfélög að búa vel að börnum og unglingum og tryggja þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Hugmyndin að baki tillögunni er að kalla saman fulltrúa allra anga framkvæmdarvaldsins ef svo má að orði komast, fulltrúa úr forsrn., félmrn., heilbr.- og trmrn., dómsmrn., menntmrn., umhvmrn. og einnig frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að koma að gerð heildstæðrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga. Þetta á sér fyrirmynd í öðrum ríkjum og vísum við til þess í grg. með þáltill. að m.a. hafi verið gerð slík stefnumótun „í Noregi sem tekur á öllum þáttum þjóðlífsins sem snúa að málefnum barna og unglinga, en í þeirri stefnu er þungamiðjan að öryggi, umönnun og góð uppvaxtarskilyrði barna og unglinga séu meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda" svo ég vitni, með síðbúnu leyfi hæstv. forseta, orðrétt í greinargerðina með till. til. þál.

Staðreyndin er sú að þessi mál mættu vera í mun betri farvegi hjá okkur. Í greinargerð þáltill. vísum við m.a. í aðra slíka tillögu sem flutt var hér snemma á tíunda áratugnum. En þar segir, með leyfi forseta:

„Í tillögu til þingsályktunar um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem flutt var á 122. löggjafarþingi undir forustu Rannveigar Guðmundsdóttur, er þess m.a. getið að þótt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hafi lýst yfir ánægju með ýmsa þætti í framkvæmd barnasáttmálans hér á landi hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmdarinnar."

Og síðar í greinargerðinni vísum við í þá staðreynd að samkvæmt ýmsum samnorrænum könnunum sem gerðar hafa verið á framlagi til málefna sem tengjast börnum og unglingum, kom í ljós að hlutfallslega er þetta framlag minnst hér á landi.

Það er einnig vísað í úttekt sem gerð var af landsnefnd um Ár fjölskyldunnar frá árinu 1994. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í samfélagi okkar er nú brýnna en áður að búa börnum traust og stöðug uppvaxtarskilyrði ..."

Kemur mér þá í hug ljóðið sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir las áðan og fjallar um óöryggi barnsins og mikilvægi þess að það búi við öryggi í öllu sínu lífi.

Eins og hér hefur komið fram viljum við að tekið sé á öllum þáttum, bæði hinum efnalegu, uppeldi og umönnun og fræðslu. Og við viljum horfa til hins andlega fóðurs að sjálfsögðu einnig. Það hlýtur að vera öllum umhugsunarefni

og áhyggjuefni hvaða menningarumhverfi við búum uppvaxandi kynslóð eða öllu heldur hve menningarsnautt það er á stundum og hve ábyrgð fjölmiðla og allra þeirra sem koma að uppfræðslu og skemmtun í samfélaginu er mikil. Á öllum þessum þáttum viljum við að sjálfsögðu taka.

Verður búin til eða yrði búin til einhver ein allsherjarpatentlausn sem mundi duga um alla framtíð? Nei, það er ekki trú okkar að svo yrði. Við teljum hins vegar að með samræmdu átaki muni vera hægt að vekja þjóðfélagið og ábyrgðaraðila innan þess til vitundar um hlutverk sitt og skyldur gagnvart börnum og unglingum þannig að umræðan ætti að geta orðið til góðs og að sjálfsögðu viljum við að hún skili sér í raunhæfum tillögum til úrbóta.

Eins og fram kom í máli hv. 1. flm., Jóhönnu Sigurðardóttur, hefur þessi tillaga verið flutt áður. Hv. þm. vitnaði í umsagnir sem fram höfðu komið frá aðilum á borð við Barnaheill, Barnaverndarstofu, umboðsmann barna, BUGL, Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir börn og unglinga og barnaverndarráð. Allir þessir aðilar hafa lýst eindregnum stuðningi við þessa tillögu. En stuðningurinn hefur komið úr fleiri áttum og ætti að gefa okkur von um að hún nái fram að ganga, því stuðningurinn hefur einnig komið fram hjá ríkisstjórn Íslands.

Í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kom fram að í skýrslu, sem flutt var á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hefði því verið lýst yfir að tillaga með þessu innihaldi yrði samþykkt á fyrri hluta ársins 2000 og að því yrði stefnt. Og ef sú er raunin, ef menn ætla að standa við þessi orð sín og þessar yfirlýsingar þá er þess að vænta að sú þverpólitíska tillaga sem hér er flutt undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur nái fram að ganga á þessu þingi og yrði það vel.

[18:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við það mál sem hér er til umfjöllunar, þ.e till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Segja má að hægt sé að líta svo á að kannski sé búið að ákveða að samþykkja þessa tillögu, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti hér áðan og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, í tengslum við þá stefnumótun sem lýst var á þingi Sameinuðu þjóðanna og ég vona að sú sé raunin,

Ég hef litið svo á að það væri forgangsverkefni hvaða ríkisstjórnar sem er að hafa málefni barna og ungmenna í fyrsta sæti. Það er auðvitað verið að vinna mjög víða að hagsmunum barna og ungmenna, þ.e. í sveitarfélögunum, í skólum, stofnunum, í barnaverndinni og íþróttafélögum. En það sem vantar er einmitt sú samræming sem heildarstefnumótun af þessu tagi býður upp á. Ég hef líka litið svo á að vinna við slíka heildarstefnumótun væri tæki sérhverrar ríkisstjórnar til þess að vinna í málaflokknum og ekki bara í þessum málaflokki heldur mörgum öðrum. Síðan er það auðvitað forgangsröðun og annað sem markar hina pólitísku áherslu á hverjum tíma.

Ég held að samfara svona heildarstefnumótun sé líka mjög mikilvægt að vera með sérstaka framkvæmdaáætlun. Við sjáum að það er eitt af því sem Danir hafa t.d. gert og byrjuðu strax að gera upp úr 1986. En slík framkvæmdaáætlun þarf náttúrlega líka að haldast í hendur við stefnumótunina og það má auðvitað bæta því við þegar við ræðum málið í nefndinni.

Þegar þáltill. var send til umsagnar ýmissa samtaka þá fögnuðu henni allir. Skemmst er að minnast t.d. umsagnar umboðsmanns barna og líka þess sem hún segir í bók sinni „Mannabörn eru merkileg– staðreyndir um börn og unglinga“ sem nefnd er í greinargerðinni, þ.e. að þessi áætlanagerð varðandi börn og ungmenni sé lykilatriði í því að farsælt starf verði samræmt þannig að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera og báðar hendur jafnvígar.

Ég vil leggja þessu máli lið og ég veit að það mun fara til hv. allshn. og fá þar góða umfjöllun.

[18:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu ásamt 1. flm. Jóhönnu Sigurðardóttur og þingmönnum úr öllum flokkum. Þingsályktunartillagan fjallar um að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga.

Hér er á ferðinni hið besta mál og ég tel að það hljóti að fá hér jákvæðar undirtektir. Tillagan var reyndar flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt og eins og fram kemur í greinargerð fékk hún góðar undirtektir og jákvæðar umsagnir. Ég kom eingöngu hér upp til þess að lýsa stuðningi mínum við málið og vona að Alþingi afgreiði það fljótt og vel.

[18:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég stend einungis upp til þess að þakka þeim þingmönnum sem hér hafa talað og tekið undir efni þessarar tillögu. Þeir þingmenn sem hér hafa talað koma úr flestum flokkum sem sæti eiga á þingi og margir hverjir þeirra eru flutningsmenn þessarar tillögu, enda tillagan þverpólitísk eins og hér hefur komið fram.

Það er ekki oft á þingi sem við fjöllum um mál sem svo breið og víðtæk samstaða er um eins og virðist vera í þessu máli, herra forseti, þannig að það er mjög ánægjulegt að mæla fyrir þessari tillögu og finna þær jákvæðu undirtektir sem hún hefur fengið.

Það rétt eins og komið hefur fram í málflutningi þeirra sem hér hafa talað að málefni barna spanna yfir mjög vítt svið á vettvangi stjórnsýslunnar, bæði á sveitarstjórnarstiginu og hjá hinu opinbera. Þau spanna raunverulega flesta málaflokka. Margir koma að þessum málum í fag- og félagasamtökum. Það segir sig því sjálft að það er mjög brýnt að samræma aðgerðir og heildarstefnumótun í þessum málaflokki.

Enn og aftur, herra forseti, þakka ég fyrir þær undirtektir sem málið hefur fengið sem styður það sem við höfum sagt og mælt fyrir, þ.e. að þessi tillaga fái brautargengi og framgang á hv. þingi á næstu vikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á umfangi vændis, fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

[18:42]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um könnun á umfangi vændis. Flutningsmenn þessarar tillögu ásamt mér eru Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur

Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Þingsályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa vinnuhóp sem kanni umfang vændis á Íslandi. Í vinnuhópnum verði m.a. fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Stígamótum og embætti ríkislögreglustjóra og landlæknis.

Vinnuhópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 2001."

Þessi tillaga var lögð fram á síðasta löggjafarþingi og er núna flutt óbreytt, en hún var lögð fram 20. mars og aldrei náðist almennilega að mæla fyrir henni. Sú tillaga var líka í öðru samhengi. Hún var í samhengi við skýrslubeiðni mína um samanburð á lagaumhverfi á Norðurlöndunum og milli Norðurlandanna og Íslands. Sú tillaga var flutt í apríl. En allt þetta hófst nú með utandagskrárumræðu sem ég tók upp í þinginu um mansal.

Greinargerðin er svohljóðandi, herra forseti:

„Mikil umræða hefur farið fram á síðustu mánuðum um það hvort vændi sé stundað á Íslandi og þá hvert sé eðli þess og umfang. Ekki hafa nýlega verið gerðar rannsóknir sem hægt væri að nýta í þeim tilgangi að skoða þessi mál.

Vændi er alþjóðlegt vandamál sem spyr ekki um landamæri og það er ekkert sem segir að það sé ekki hér á landi eins og annars staðar. Sifjaspell og kynferðisafbrot, t.d. gagnvart börnum, reyndust hlutfallslega engu færri hérlendis en í nágrannalöndunum þegar farið var að ræða þessi viðkvæmu mál.

Mikilvægt er að skoða eðli vændis, þ.e. fylgdarþjónustu, símaþjónustu, netið, dansstaði o.fl., og hvort það er frábrugðið því sem gerist annars staðar, t.d. í öðrum norrænum ríkjum. Áríðandi er að athuga hvaða hópar stunda vændi hér á landi. Hér er ekki einungis átt við konur því einnig er vitað um vændi meðal karlmanna í öðrum löndum og nauðsynlegt að skoða hvort um slíkt er að ræða hér, enn fremur í hvaða mæli yngri aldurshópar eiga í hlut. Jafnframt er mikilvægt að reyna að komast að því hverjir það eru sem nýta sér vændi. Margar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis, t.d. í Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Einnig þarf að kanna sérstaklega vændi sem fram fer á netinu og gera úttekt á því en vitað er að þar eiga sér stað kaup á margs konar kynlífsþjónustu. Í Svíþjóð hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á þessu sviði, bæði á umfangi og eðli þess sem er í boði og hvernig hægt er að stemma stigu við því.

Til þess að koma með lausnir og viðbrögð við því sem virðist vera að gerast í samfélaginu er nauðsynlegt að skoða þessi mál frá sem flestum hliðum til að koma með raunhæfar tillögur og lausnir á vandanum eins og aðrar þjóðir hafa gert. Unnt verði að skoða hvaða lagabreytingar þarf að gera til að stemma stigu við vændi og hvort og þá hvaða samfélagslegar lausnir eru til staðar sem eru nothæfar til þess að leysa vandamál þeirra sem ratað hafa í slíka ógæfu. Slík könnun gerir kleift að áætla hvernig á að bregðast við vandamálum sem upp koma, svo sem varðandi forvarnir og kynsjúkdóma, en slíkt er mikið vandamál, t.d. í Eystrasaltslöndunum og í Rússlandi. Þar er glímt við kynsjúkdóma sem fyrir löngu hefur verið útrýmt á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að vinnuhópur af þessu tagi sé samsettur þverfaglega. Þannig sé tryggt að fram komi sem flestar hliðar á málinu og þar af leiðandi fjölbreyttar lausnir."

Ítrekaðar hafa verið fyrirspurnir til dómsmrh. í blöðunum og núna er verið að svara fyrirspurnum frá því í maí í vor sem lúta að því sama og þessi tillaga er um. Þar kemur líka greinilega í ljós að verið er að vinna sérstaka rannsókn hjá ráðuneytinu sem er gerð af ákveðnu fyrirtæki hér í bæ. Ég var að vona að þegar þessi tillaga kemur inn í nefnd sé hægt að koma henni hreinlega sem fyrst upp í ráðuneyti þannig að sú könnun sem verið er að gera fái örlítið meiri breidd. Í grein í Morgunblaðinu eftir Ingva Hrafn Óskarsson, sem vinnur í dómsmrn., segir m.a., með leyfi forseta:

„Í rannsókninni hefur verið leitast við að kanna hvort vændi sé stundað meðal ungs fólks og hvað knýi það til þess að afla fjármagns með þeim hætti. Leitast hefur verið við að draga upp mynd af aðstæðum þessara ungmenna. Þá hefur athygli beinst að starfsemi nektardansstaða, með það að markmiði að varpa ljósi á hugsanlegt vændi í tengslum við starfsemina."

Þarna á að skoða þetta. Einnig þarf að skoða fylgdarþjónustuna en nýverið hafa verið viðtöl, t.d. á Skjá einum, við ný fyrirtæki sem eru með slíka þjónustu. Eins og ég sagði í einu sjónvarpsviðtalinu ætlum við líka alltaf að ganga örlítið lengra en margar aðrar þjóðir hafa gert. Við þekkjum fylgdarþjónustu t.d. frá Norðurlöndunum og Bretlandi og ekki er þar endilega innifalin kynmök en það þykir alveg sjálfsagt í þeirri nýju fylgdarþjónustu sem er verið að bjóða upp á í Reykjavík. Við virðumst því ætla að taka eiginlega allar öfgar sem til eru. Jafnframt bjóða nektardansstaðirnir hér á landi upp á einkadans en það þekkist heldur ekki í Skandinavíu enda þótt þar séu slíkir staðir. Við virðumst alltaf ganga skrefinu lengra.

Herra forseti. Það er mjög gott að þetta mál er loksins komið á dagskrá. Ég sagði frá því að það var lagt fram á þinginu 20. mars og það er löngu tímabært. Sú viðbót sem ég geri ráð fyrir í þessari könnun á umfangi vændis gæti komið til viðbótar þeirri rannsókn sem er verið að vinna að í dómsmrn. Skýrslan um samanburðarlagaumhverfi milli Íslands og allra Norðurlandanna er að verða tilbúin og hún er mjög góð til að safna saman þekkingu á þessu sviði. Ef ég sé fram á að ekkert verði við þetta gert þá fæ ég ekki betur séð en að það endi þá í einhvers konar skýrslubeiðni en ég veit að þetta er mál sem allir vilja vinna að og reyna að koma almennilegu skikki á.

Ég læt því máli mínu lokið og mælist til þess að málinu verði vísað til hv. allshn.

[18:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er flutt till. til þál. um að kanna umfang vændis hér á landi og lagt til að dómsmrh. skipi vinnuhóp í málinu.

Ég held að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Talað er um það umbúðalaust að í samfélagi okkar sé vændi orðið útbreitt. Það þekkist á veitingastöðum og það er stundað gegnum síma og jafnvel gegnum aðra þjónustu sem veitt er þó þau fyrirtæki gefi sig alls ekki upp í þessari starfsemi. Svona er talað í þessu þjóðfélagi. Ég held að það sé þess vegna verið að hreyfa ákaflega þörfu máli og virkilega nauðsynlegt að menn tali um þetta mál eins og það virðist vera að þróast í þjóðfélagi okkar.

Löngum hefur verið talið að Ísland væri laust við það sem hefur viðgengist víða í öðrum löndum að vændi væri opinbert og til staðar. Nú virðist hins vegar umræðan í þjóðfélaginu eindregið benda til þess að vændi eigi sér stað í þjóðfélagi

okkar og fari vaxandi. Þess vegna held ég að sú tillaga sem er nú flutt sé mjög tímabær og ég lýsi yfir stuðningi mínum við hana. Ég vonast til þess að hún nái fram að ganga þannig að menn geti reynt að átta sig betur á því hvað hér er á ferðinni svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 18. og 20.–22. mál.

Fundi slitið kl. 18:52.

---

16. FUNDUR

þriðjudaginn 31. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, beiðni um skýrslu, 155. mál, þskj. 155. *Hvort leyfð skuli.*
2. Almannatryggingar, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Könnun á umfangi vændis, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
6. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 1. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr.
8. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
9. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 115. mál, þskj. 115. — Fyrri umr.
10. Tímareikningur á Íslandi, frv., 124. mál, þskj. 124. — 1. umr.
11. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 125. mál, þskj. 125. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Davíð Oddsson forsrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Bætt staða námsmanna, 189. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 198.

Hlutabréfaeign einstaklinga, 53. mál, svar fjmrh., þskj. 185.

Tekjuskattur og eignarskattur, 181. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 190.

Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 155. mál. — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

[Atkvæðagreiðsla hófst með rafrænum hætti og einn þingmaður gerði grein fyrir atkvæði sínu.]

[13:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eftirlit með vátryggingafélögum er í höndum Fjármálaeftirlitsins. Taki Fjármálaeftirlitið rekstur eftirlitsskyldra aðila til skoðunar hefur eftirlitið aðgang að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu viðkomandi eftirlitsskylds aðila. Í kjölfar síðustu hækkana vátryggingafélaga á bifreiðatryggingum tók Fjármálaeftirlitið þær hækkanir til athugunar í því skyni að meta hvort tilefni væri til aðgerða af þess hálfu. Athugun eftirlitsins byggðist á gögnum frá félögunum og fyrri athugunum á iðgjöldum af ökutækjatryggingum. Niðurstaða þeirrar athugunar leiddi í ljós að félögin hafa sýnt fram á aukinn tjónakostnað og óstöðugleika í greininni. Fjármálaeftirlitið taldi sig því ekki hafa forsendur til að grípa til aðgerða á grundvelli þess að iðgjöld félaganna væru ósanngjörn í skilningi 2. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994.

Þannig hefur sá aðili sem Alþingi hefur með lögum fengið það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga framkvæmt athugun á iðgjöldum vátryggingafélaganna og ekki talið (Forseti hringir.) tilefni til aðgerða. Umbeðnar upplýsingar munu ekki koma fram í þeirri skýrslu sem hv. þingmaður og hv. þingmenn biðja um. Þess vegna mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þm. á að þeir eiga að biðja um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu í upphafi atkvæðagreiðslu en ekki er ætlast til að almennar umræður hefjist undir þessum þingskapalið. (**ÖJ:** Þá er óskað eftir nafnakalli.) (**SJS:** Eru það bara ráðherrar sem mega ...) Ég vil að gefnu tilefni frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni segja að þingsköp ganga jafnt yfir alla, ráðherra, þingmenn stjórnarandstöðu og þingmenn sem ekki eru í stjórnarandstöðu. (**SJS:** Má ég þá klára frammíkallið? Er það bara ... hefja almennar umræður?) Hv. þm. fær ekki að klára frammíkallið. — Óskað hefur verið eftir nafnakalli. Atkvæðagreiðslan fer fram með nafnakalli.

Beiðni leyfð með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KolH, KLM, BjörgvS, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB.

22 þm. (JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, VS, VE, ÞKG, ArnbS, ÁRÁ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, JHall, HjÁ, ÍGP, HBl) greiddu ekki atkv.

18 þm. (KF, LMR, LB, ÓÖH, SP, StB, TIO, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GE, GHall, GÁ, HjálmJ, IP) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Tilefni þessarar skýrslubeiðni er miklar hækkanir tryggingafélaganna á sl. tveimur árum eða um 70–80%. Tryggingafélögin hafa borið fyrir sig að ástæða þess að þau hafi þurft að hækka svona mikið iðgjöld bifreiðatrygginga sé til að mynda skaðabótalögin, skaðabótalög sem Alþingi hefur sett. Einnig er hér um lögboðnar skyldutryggingar að ræða og þannig er mjög eðlilegt, þegar ekki hafa komið fram viðunandi skýringar á þessari iðgjaldahækkun þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi farið ofan í málið, að Alþingi, sem hefur eftirlitshlutverki að gegna, taki málið til sín. Rök ráðherra ganga ekki, að þar sem Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með tryggingafélögunum þá geti Alþingi ekki komið að málinu. Með sama hætti má segja að Alþingi geti ekki fjallað um neinar stofnanir hjá hinu opinbera af því að Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með þeim stofnunum. Við getum líka tekið sem dæmi Samkeppnisstofnun, að þá megi heldur ekki fjalla um mál sem Samkeppnisstofnun hefur á sinni könnu. Þessi rök eru fjarstæða og þess vegna segi ég auðvitað já.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að samþykkja þessa skýrslubeiðni. Ég tel sjálfsagt og einboðið að þeir sem eiga síðan að gefa upplýsingar samkvæmt skýrslunni geri það. Ég undrast ummæli hæstv. ráðherra hér sem gefur sér þá niðurstöðu fyrir fram, þau jöðruðu við að vera í hótunarstíl, að þessar upplýsingar mundu ekkert koma þó svo Alþingi heimili hér beiðni um skýrslugjöf um þessa hluti. Ég verð að segja að ég hef æ meiri áhyggjur af því, herra forseti, að það sé með ýmsum hætti verið að grafa undan og veikja stöðu Alþingis til þess að krefjast upplýsinga um mál. Alþingi hefur ekki framselt Fjármálaeftirlitinu vald sitt og rétt sinn til að krefjast upplýsinga um opinber eða hálfopinber málefni og hvaðeina annað sem ekki á leynt að fara samkvæmt beinum ákvæðum í öðrum lögum. Þannig er það og verður að vera áfram. Ég segi því já.

[13:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að tryggingar hafa hækkað mikið á síðustu mánuðum og missirum. Hins vegar getum við ekki horft fram hjá því að við höfum komið málum í ákveðinn farveg á hv. Alþingi hvað varðar eftirlit. Við höfum sett lög um Fjármálaeftirlit. Sú stofnun fer með það hlutverk að hafa eftirlit með vátryggingafélögunum. Þess vegna samræmist þessi beiðni um skýrslu ekki þeim reglum sem við höfum sjálf sett okkur. Það er undarlegt að tveir hv. þingmenn sem hér tala hæst, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hafa hvað mesta þingreynslu, skuli ekki átta sig á þeim reglum sem við höfum sjálf sett okkur. Ég get ekki annað en setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu vegna þess að ég get ekki gefið þessar upplýsingar. Mér finnst betra að segja það hér strax heldur en þurfa að segja það þegar skýrslan kemur fram því að hún mun valda miklum vonbrigðum hvort sem hv. þingmönnum líkar betur eða verr. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:43]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Efh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál í sumar en því miður hefur ekki náðst samstaða um að ljúka umfjöllun nefndarinnar. Nú kemur fram þessi beiðni um skýrslu af hálfu ráðherrans. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við að þingið taki þetta mál fyrir frekar en ýmis önnur sem hér er fjallað um. En það sem mér finnst athugavert við þessa skýrslubeiðni er hinn langi listi af spurningum sem fjalla á um í skýrslunni. Mér finnst að margar þeirra séu alls ekki þingtækar og þess eðlis að það sé mjög ólíklegt að við þeim fáist svör. Þess vegna skil ég vel afstöðu hæstv. viðskrh. og ég sit hjá við atkvæðagreiðslu um þessa skýrslubeiðni.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Alþingi setur lög um skyldutryggingar bifreiðatrygginga. Tryggingafélögin ákvarða síðan iðgjaldið fyrir þær tryggingar. Á undanförnum mánuðum hafa þessi iðgjöld verið að hækka um tugi prósenta, 70–80% á tveimur undangengnum árum. Það er skylda Alþingis að fylgjast með því að iðgjöldum sé í hóf stillt, að tryggingafélögin komi sér ekki saman um að hafa viðskiptamenn sína að féþúfu á grundvelli laga sem Alþingi setur, lögþvingaðri féþúfu.

Fjármálaeftirlitið hefur að sönnu skoðað þessi mál en fulltrúum stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. finnst mörgum spurningum ósvarað og höfum við óskað eftir skýringum í þessu skýrsluformi. Nú sætir það furðu, ef ekki er hægt að taka dýpra í árinni og tala um pólitískt hneyksli, að hæstv. viðskrh. skuli ætla að slá skjaldborg um tryggingafélögin og þögn þeirra í málinu. Alþingi gerir kröfu um að upplýsingar verði hér fram reiddar.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hvers konar samtrygging er á ferðinni milli um stjórnvalda og tryggingafélaganna? Það liggur fyrir að tryggingafélögin hafa gerst uppvís að því að hafa hækkað iðgjöld sín langt fram yfir það sem sæmilegt má telja og auðvitað er það skylda Alþingis að fara djúpt ofan í það mál. Þess freistuðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. og fengu ekki skýr svör. Þá eru það einfaldlega réttindi Alþingis að fara þá leið að biðja um skýrslu til þess að krefjast skýrra svara um þetta mál. Það er ekkert annað en hneisa þegar hæstv. viðskrh. kemur hingað og lýsir því í reynd yfir að verði skýrslubeiðnin samþykkt hyggist hún ekki verða við þessu. Hvers konar vinnubrögð eru menn að taka upp á hinu háa Alþingi?

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 26. mál (tekjutenging bóta). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Könnun á umfangi vændis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖ o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáraukalög 2000, 1. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 156.

[13:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000 sem er að finna á þskj. 156. Með frv. er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 15,4 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins og sótt er um 5,7 milljarða viðbótarfjárheimildir vegna meiri útgjalda en fyrirséð voru við afgreiðslu fjárlaga.

Frv. ber með sér að staða ríkissjóðs er sterk og einkennist af áframhaldandi hagvexti sem skilar sér í auknum tekjum ríkisins. Útgjöld hækka umfram forsendur, einkum vegna útgjalda sjúkratrygginga, kjarasamninga, sérstakra ákvarðana um sendiráðsbyggingar í Japan og Kanada, endurskoðunar vaxtagjalda og fleiri tiltölulega stórra útgjaldaliða en umframkostnaður í rekstri stofnana er nú mun fyrirferðarminni en verið hefur undanfarin ár. Frv. einkennist þannig af hertri framkvæmd fjárlaga og því að brugðist er við umframútgjöldum innan ársins og halli eða afgangur stofnana eftir atvikum fluttur yfir á næsta ár eða milli ára.

Tekjuáætlun ríkissjóðs byggði á áætlaðri niðurstöðu ríkisreiknings árið 1999 og spá Þjóðhagsstofnunar frá því í desember 1999 um þróun helstu hagstærða árið 2000. Þessar forsendur hafa breyst í nokkrum atriðum. Annars vegar sýnir ríkisreikningur fyrir árið 1999 mun hagstæðari niðurstöðu en tekjuáætlunin byggði á. Hins vegar hafa helstu efnahagsforsendur breyst og er nú spáð helmingi meiri vexti þjóðarútgjalda en þá var. Mest hækka skattar á tekjur og hagnað eða um 7,5 milljarða kr. Þar af skila tekjuskattar einstaklinga 2,8 milljörðum meiri tekjum og fjármagnstekjuskattur er 1,5 milljörðum umfram áætlun. Hækkun tekjuskatta einstaklinga stafar af minna atvinnuleysi og meiri hækkun launa en áætluð var og aukin umsvif á fjármagnsmarkaði skila ríkissjóði einnig auknum tekjum.

Loks er í frv. gert ráð fyrir að tekjuskattar fyrirtækja skili meiri tekjum en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Sú áætlun verður hins vegar endurskoðuð í ljósi þeirrar álagningar sem hefur nú farið fram í októbermánuði og liggur fyrir en fyrstu vísbendingar þaðan eru reyndar um að tekjurnar geti orðið nokkru minni en áætlað er í þessu fjáraukalagafrv.

Skattar á vörur og þjónustu eru tæplega 5 milljörðum kr. umfram áætlun. Þar af er virðisaukaskattur tæplega 6 milljörðum kr. umfram áætlun en á móti eru vörugjöld eða aðrir sértækir veltuskattar tæplega milljarði kr. lægri en áætlað var. Hækkun virðisaukaskatts frá áætlun má annars vegar rekja til breyttra þjóðhagsforsendna og hins vegar reyndust tekjur af virðisaukaskatti á síðasta ári mun hærri en gengið var út frá í áætlun fjárlaganna.

Aðrar tekjubreytingar eru minni og skýrast einkum af auknum vaxtatekjum sem eru nú áætlaðar 2 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum. Koma þar einkum við sögu hærri vaxtatekjur 1999 en gert var ráð fyrir við áætlun fjárlaga og flytjast áfram milli ára og sömuleiðis vaxtatekjur af inneign ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Að því er varðar útgjaldahlið frv. er sótt um rúmlega 5,7 milljarða kr. viðbótarfjárheimildir til að mæta auknum útgjöldum. Þar af eru framlög til launa- og rekstrargjalda um 2,2 milljarðar, neyslu- og rekstrartilfærslur nema tæpum 1,2 milljörðum og viðhald og stofnkostnaður tæplega 1,7 milljörðum kr. Loks eru vaxtagjöld áætluð 700 millj. kr. hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Er þar fyrst og fremst um að ræða hærri skammtímavexti innan lands, kostnað vegna fyrirframinnlausnar spariskírteina en einnig hærri vaxtagjöld í útgjöldum. Frávik í rekstrarútgjöldum skýrast einkum af kjarasamningum, breyttri framsetningu á mótframlagi vegna lífeyrissparnaðar, samningi um rekstur strandstöðva og áforma um að hreinsa olíu úr flaki El Grillo í Seyðisfirði. Þá er lagt til að rekstrarkostnaður Þjóðminjasafns og Hollustuverndar umfram heimildir verði bættur að hluta í tengslum við skipulags- og mannabreytingar sem orðið hafa hjá þessum stofnunum.

Aðrar breytingar eru að mestu leyti vegna ýmissa ófyrirséðra atvika, samninga og lagabreytinga. Rekja má nær öll frávik í tilfærsluútgjöldum til umframútgjalda í sjúkratryggingum og eru þau frávik nánar skýrð í athugasemdum með frv. Þá hækka tilfærsluútgjöld um 200 millj. kr. vegna jarðskjálfta á Suðurlandi og um 100 millj. kr. vegna framlaga til Byggðastofnunar. Á móti kemur að útgjöld vegna atvinnuleysis verða 600 millj. kr. minni en áætlað var. Loks hækka framlög til stofnkostnaðar um tæplega 1,7 milljarða kr. eins og áður var nefnt. Þar af eru 900 millj. vegna sendiráðsbygginga í Japan og Kanada og um 400 millj. vegna breytinga á vegáætlun.

Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1999 var mikil umræða um umframútgjöld stofnana, einkum sjúkrastofnana og ábyrgð forstöðumanna í þeim efnum. Í kjölfarið gaf fjmrn. út verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga þar sem fram kemur ábyrgð forstöðumanna og kröfur um að viðkomandi ráðuneyti fylgi eftir ákvörðunum Alþingis. Þá voru gefnar út reglur um lánsviðskipti ríkisstofnana til að koma í veg fyrir að stofnanir safni skuldum án heimildar. Loks hefur upplýsingastreymi um fjármál stofnana sem standa utan bókhaldskerfis ríkisins verið bætt. Þannig hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga verið hert auk þess sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa fjárln. um hvernig tekist hafi til með rekstur sjúkrastofnana á árinu. Fjmrn. mun áfram leggja ríka áherslu á að fjárlögum verði framfylgt enda er það forsenda fyrir trúverðugleika í ríkisfjármálum og jafnframt því að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum nái fram að ganga.

Heildaráætlun fjáraukalagafrv., hin endurskoðaða áætlun um tekjur og gjöld samkvæmt frv., sýnir að tekjuafgangur hækkar um 9,6 milljarða kr. frá fjárlögum 1999 og verður samkvæmt þessari áætlun 26,3 milljarðar. Hreinn lánsfjárjöfnuður batnar um tæplega 6,6 milljarða kr. og er áætlaður 27,5 milljarðar. Auk almennrar endurskoðunar á tekjum og útgjöldum í meðförum þingsins geta hins vegar orðið aðrar breytingar á þessu frv. sem geta breytt þessari mynd nokkuð. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir því að heildartekjur af sölu eigna á þessu ári nemi 7,1 milljarði kr. og þar af eru 4,6 færðir sem söluhagnaður á tekjuhlið fjárlaganna. Ef ekki verður af sölu á eignarhlutum fyrir áramót sem þessu nemur verður að endurskoða þessa áætlun fyrir áramótin fyrir 3. umr. en væntanlega færist þá söluhagnaðurinn yfir áramót þannig að samanlagður lánsfjárafgangur beggja ára ætti ekki að breytast að ráði og hefur þar af leiðandi ekki mikla þýðingu þó að það lækki niðurstöðutölur þessa árs en hækki þær á næsta ári.

Einnig eru tvö önnur mál nú til meðferðar á vegum ríkisstjórnarinnar sem hér geta haft áhrif og þurfa að koma til skoðunar við endanlega afgreiðslu frv. Það er í fyrsta lagi niðurstaða svokallaðrar tekjustofnanefndar um tekjustofna sveitarfélaga og aðild ríkisins að breytingum í því efni. Þar liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um að leggja til á þessu ári 700 millj kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem ætlunin er að ráðstafa með svipuðum hætti og á síðasta ári og þarf að gera ráð fyrir þessu við lokaafgreiðslu frv. með brtt. Einnig er hugsanlegt ef niðurstaða fæst í málefnum Orkubús Vestfjarða, sem bar örlítið á góma í gær, að gera þurfi ráð fyrir sérstökum útgjöldum vegna þess samkomulags inn í þetta frv. Sú niðurstaða liggur ekki fyrir en verður vonandi áður en frv. verður endanlega afgreitt frá Alþingi.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum almennum orðum um þetta frv. og þau áhrif sem það hefur til að auka rekstrarafgang ríkissjóðs. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda frekar einstaka liði í frv. umfram það sem gert hefur verið. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[13:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. orðaði það svo að hann hefði farið nokkrum almennum orðum um þau áhrif sem þær upplýsingar sem koma fram í þessu frv. hafa á gang efnahagsmálanna. Ég tel að heppilegt að nota þetta tækifæri til að fara lítillega yfir stöðu efnahagsmálanna eins og hún blasir við í dag. Áður langar mig þó, herra forseti, til þess að ræða lítillega um eðli fjáraukalaga.

Til hvers eru fjáraukalög? Þegar við settum lög um fjárreiður ríkisins árið 1996 þá var það m.a. til þess að koma skikk á það hvernig við ætluðum að nýta fjáraukalög. Samkvæmt því sem við samþykktum þá varð niðurstaða sú að í fjáraukalögum freistuðu menn þess að hafa einungis það sem kalla mætti gjörsamlega ófyrirsjáanleg útgjöld. Sem dæmi um útgjöld af því tagi nefni ég jarðskjálfta á Suðurlandi og ýmislegt annað sem upp á kann að koma. Ég er hins vegar giska ósáttur við það, herra forseti, þegar ég sé að það er aftur komið á víð og dreif hvað menn setja inn í fjáraukalögin. Mér finnst það t.d. nokkuð umhendis að skjóta inn í fjáraukalög fé til að mæta rekstrarkostnaði Safnahússins vegna þess að áætlanir um hita og ræstingar hafi farið fram úr áætlun. Það er ekki tilefni til að setja slíkt í fjáraukalög.

Sömuleiðis velti ég því fyrir mér, herra forseti, hvort setja eigi á fjáraukalög kaup á bústað undir sendiráð í Japan þegar fyrir liggur að það kostar 800–900 millj. kr. Menn hljóta að undirbúa það nokkuð tryggilega og það er auðvitað dæmi um mál sem á að vera inni á fjárlögum, sér í lagi vegna þess að í þessu fjáraukalagafrv. virðist ekki ljóst hvort ráðast eigi í þau kaup á þessu ári.

Ég nefni líka, herra forseti, að jafnprýðilegt verkefni og að hreinsa olíu úr El Grillo sem hér fær 100 millj. kr. framlag er að sjálfsögðu nokkuð sem ég leggst ekki á móti heldur fagna. Hins vegar er ljóst að það verkefni verður ekki unnið á þessu ári og þar af leiðandi sýnist mér að rétt hefði verið að hafa þetta alfarið inni í fjárlögum. Mér sýnist, herra forseti, að við höfum ekki alveg náð þeim markmiðum sem við settum okkur með setningu fjárreiðulaganna 1996. Við í stjórnarandstöðunni, bæði Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, höfum gert við þetta athugasemdir og ræddum þetta nokkuð hér í fyrra. Þá var tekið undir málflutning okkar af hv. þingmönnum stjórnarliðsins sem töldu að betra væri að koma sæmilegra skikki á þessi mál og fylgja bókstaf fjárreiðulaganna.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat þess að í ýmsum atriðum hefðu áætlanir ríkisins um tekjur breyst. Það er vægt til orða tekið, herra forseti. Það má orða það svo að í meginatriðum hafi grundvallarforsendurnar fyrir tekjuáætlun ríkisins breyst. Reyndar er það svo að höfundar frv., sem að sjálfsögðu er sett saman á ábyrgð hæstv. ráðherra, taka svo til orða að meginforsendur hafi breyst. Það stendur varla steinn yfir steini varðandi þær forsendur sem lágu til grundvallar fjárlögum fyrir árið 2000. Það kemur t.d. fram í þessu fjáraukalagafrv. að þjóðarútgjöld vaxa næstum því tvöfalt meira en spáð var og það skiptir auðvitað gríðarmiklu máli.

Herra forseti. Upplýsingar í þessu fjáraukalagafrv. gefa tilefni til að ræða almennt, eins og hæstv. fjmrh. gerði, um stöðu efnahagsmála. Við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt ríkisstjórnina harkalega fyrir að bregðast ekki nægilega við þenslu í þjóðfélaginu en ég tel að hún sé nú komin á þau mörk að segja má að efnahagslífið hafi sjóðhitnað og ákaflega lítið megi út af bregða til þess að upp úr sjóði. Hins vegar er það þannig, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn hefur aftur og aftur hafnað því að það steðji í reynd nokkur vá að íslensku efnahagslífi. Hún hefur t.d. spáð því að viðskiptahallinn muni minnka. Staðreyndin er hins vegar sú að viðskiptahallinn hefur ekki einu sinni staðið í stað heldur hefur hann beinlínis vaxið. Það er fróðlegt að skoða þær efnahagsspár sem lagðar hafa verið fram af hálfu stjórnvalda og hvað þar er sagt um viðskiptahallann. Ég hygg að fullyrða megi að við hverja einustu spá stjórnvalda þá hefur spáin um viðskiptahalla aukist frá fyrri spám.

Ég rifja það enn upp, herra forseti, að stjórnarandstaðan hélt því fram í fyrra að viðskiptahallinn mundi aukast í 50 milljarða á þessu ári og verða líklega 7,6–7,8% af landsframleiðslu. Það er gríðarlega hátt hlutfall. Ríkisstjórnin hafnaði því m.a. í umræðum hér í þessum sal og hélt því statt og stöðugt fram að það væru meiri líkur á því að viðskiptahallinn mundi minnka.

Herra forseti. Við höfum rangt fyrir okkur. Stjórnarliðið hafði rangt fyrir sér og líka við í stjórnarandstöðunni. Viðskiptahallinn jókst nefnilega ekki upp í 50 milljarða heldur var síðasta spá upp á 55 milljarða. Hann verður ekki 7,6–7,8% af landsframleiðslu heldur um 8%. Þetta er auðvitað fáheyrð staða og það sem er enn meira ógnvekjandi er að spáin til ársins 2004 gerir ekki ráð fyrir því að viðskipta-

hallinn minnki neitt að ráði. Ég rifja það upp, herra forseti, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir úr þessum stól fyrir nokkrum árum, árið 1996 minnir mig, fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar að það væri höfuðatriði að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess, eins og hann sagði, með leyfi forseta: „... að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári".

Þegar þessum áhyggjum var lýst þá var viðskiptahallinn einungis 8 milljarðar kr. Í dag er hann næstum sjöfalt meiri eða 54–55 milljarðar kr. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Það blasir meira að segja við að Þjóðhagsstofnun telur að á næsta ári muni viðskiptahallinn að öllum líkindum hækka upp í 57 milljarða. Þetta hefur að sjálfsögðu gríðarleg áhrif á stöðu okkar erlendis og það er vert að hafa af því áhyggjur.

Mér sýnist sem hæstv. ríkisstjórn hafi ekki áhyggjur af þessu. Hún deilir því ekki með Þjóðhagsstofnun sem sagði í tengslum við umfjöllun sína um viðskiptahallann í áliti stofnunarinnar sem var dreift til okkar þingmanna hér fyrr á þessu hausti, með leyfi forseta:

„Áframhaldandi hár viðskiptahalli mundi því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu."

Reyndar gaf stofnunin í og sagði jafnframt, með leyfi forseta:

„Sífelld aukning skulda fær ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Þarna er Þjóðhagsstofnun að segja, eins og Samfylkingin hefur bent á mörgum sinnum, að mikill og vaxandi viðskiptahalli er hættulegur íslensku krónunni. Stjórnvöld hafa hins vegar alltaf haldið því fram að lítil eða engin hætta væri á því að gengið léti undan síga vegna útstreymis á gjaldeyri umfram það sem kemur inn í samfélagið. Þegar Samfylkingin varaði við því að viðskiptahallinn græfi undan genginu þá minnist ég þess að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar brugðust við með því að gera góðlátlegt grín að spádómum af því tagi. Þeir gerðu sér ljóslega enga grein fyrir þeirri hættulegu þróun sem var þó í gangi.

Við höfum síðan séð hvernig raunveruleikinn hefur fellt sinn dóm yfir því hver hafði rétt fyrir sér í þessu. Gengið hefur frá því í maí á þessu ári veikst um 8% og það hefði einhvern tíma þótt dálagleg gamaldags gengisfelling hér fyrr á árum. Ég minnist þess að 1993 var gengið fellt um 7,5% og þótti heldur mikið. Tímasprengjan sem menn hafa talað um í þessu sambandi, herra forseti, er því í reynd sprungin þó að afleiðingarnar séu ekki að öllu leyti komnar fram. Krónan hefur veikst að því marki að hún er orðin leiksoppur spekúlanta sem tvívegis gerðu atlögu að henni í sumar í þeim mæli að Seðlabankinn þurfti að grípa inn í til að koma í veg fyrir ákaflega alvarlegar afleiðingar fyrir gengið. Krónunni er m.a. haldið uppi með því að Seðlabankinn hefur þurft að grípa til þess ráðs að taka erlend skammtímalán upp á eina 15 milljarða.

Vegna vangetu ríkisstjórnarinnar til að ná utan um efnahagsmál þjóðarinnar er umhverfi gjaldmiðilsins orðið svo veikt að ríkissjóður getur ekki einu sinni notað metafgang sinn til þess að greiða niður erlendar skuldir af því að það mundi einfaldlega vera of mikið álag á gengið. Þetta er auðvitað ákaflega alvarleg staða, herra forseti, og mér sýnist að eins og þróunin hefur verið allra síðustu vikur og miðað við umhverfið sem nú hefur skapast þá þurfi ekki mikla atburði til að setja gengið enn frekar úr jafnvægi þó ég telji ekki rétt að orðlengja frekar um það að sinni.

Þetta hefur að sjálfsögðu, herra forseti, haft umtalsverð áhrif á verðbólguna. Stjórnarandstaðan, ekki síst Samfylkingin, varaði við því að búið væri að leysa fjöturinn af verðbólgudraugnum en stjórnvöld skelltu fullkomnum skollaeyrum við því. Þess er skemmst að minnast að hæstv. forsrh. hélt ræðu 17. júní og sagði þar þjóðinni í skjóli Jóns forseta að nú væri verðbólgan á niðurleið. Það var skammgóður vermir, herra forseti, ekki síst vegna þeirrar veikingar sem orðið hefur á genginu. Við höfum séð að verðbólgan er aftur á uppleið og hún er samkvæmt því sem Íslandsbanki-FBA spáir líkleg til þess að verða 6%. Það fer auðvitað algjörlega eftir því hvernig gengið þróast. Verði frekari sveiflur á því þá getur verðbólgan jafnvel aukist meira þó við vonum að í lengstu lög sé hægt að koma í veg fyrir það.

Hvað halda menn svo að þessi stjórn efnahagsmála hafi í för með sér fyrir fjölskyldur í landinu? Þær hafa í krafti þeirra væntinga sem haldið var að þeim af stjórnvöldum með eilífu tali um mikið og varanlegt góðæri að sjálfsögðu steypt sér í talsverðar skuldir. Það má segja að Seðlabankinn hafi lengi vel bjargað því sem hægt var að bjarga hvað verðbólguna áhrærði með því að halda genginu háu og tryggja þannig að verðbólgu á innfluttum varningi var fyrir komið og reyndar í þeim mæli að um sinn lækkaði verð á innfluttum varningi sem vó þá upp á móti verðhækkunum innan lands. Nú er hins vegar ljóst að sú vörn er í reynd brostin. Gengið er í reynd fallið nú þegar um 8% og óljóst um framtíðina. Þar að auki er ljóst að erlend verðbólga fer vaxandi sem ekki bætir stöðuna hvað varðar innflutning.

Þetta hefur, eins og ég hef sagt, herra forseti, ákaflega þungbær áhrif á skuldsettar fjölskyldur í landinu. Það má líka spyrja: Hvaða áhrif hefur þessi þróun efnahagsmála á jafnvægi á vinnumarkaði? Kjarasamningar ASÍ voru gerðir miðað við ákveðnar verðlagsforsendur eins og menn muna. Það er ljóst að miðað við þær spár sem ég hef hér rakið, m.a. frá greiningardeildum Íslandsbanka – FBA, þá bendir allt til þess að þær fari úr böndum gagnvart kjarasamningum. Launaliður samninganna kemur til skoðunar í febrúar og það er einboðið að klúður ríkisstjórnarinnar í þessum málum hefur sett samningana í uppnám, það er ekkert flóknara en svo, herra forseti.

Það er líka alveg ljóst að það stenst ekki til lengdar fyrir íslenskt atvinnulíf og íslensk fyrirtæki að verðbólga verði hér á landi tvisvar til þrisvar sinnum hærri en í samkeppnislöndunum. Það hlýtur auðvitað að taka sinn toll þegar fram í sækir og er þegar farið að gera það. Ríkisstjórnin hefur hins vegar neitað að horfast í augu við að eitthvað sé að. Ég vísa til umræðna um það fyrr á árinu, í sumar, þegar fram komu tölur um stöðu ríkissjóðs, að þar þóttust hæstv. ráðherrar finna röksemdir til að túlka stöðuna þannig að draga mundi úr þenslu. Mér finnst hins vegar, herra forseti, þvert á móti að í þessu fjáraukalagafrv. sé að finna tölur sem benda til þess að þessar staðhæfingar og þær röksemdir hafi verið byggðar á sandi.

Ég rifja það upp að hæstv. ráðherrar vísuðu í það að tölur um tekjuaukningu ríkissjóðs eftir fyrstu sex mánuði ársins bentu til þess að þenslan væri að minnka. Ég man það að sömu rök voru notuð af fimm sendimönnum hæstv. ráðherra sem gengu á fund fjárln. fyrr í haust. En þegar maður skoðar fjáraukalagafrv. þá virðast mér blasa við aðrar tölur. Þar kemur fram að tekjuaukning ríkisins fyrstu sex mánuðina var miðað við að áætlun 7 milljarðar en nú stefni í að hún verði talsvert meiri á seinni hluta ársins, 8–9 milljarða hið

minnsta samkvæmt þessu og líklega meiri. Ég get því ekki séð merki um það, herra forseti, að það sé að draga úr þessari þenslu. Það er ekkert sem segir mér að þenslan sé einfaldlega að hverfa.

Hæstv. ráðherra hefur vísað til þess að nú sé minni bílainnflutningur en áður var. En Drottinn minn dýri, einhvern tímann verða menn einfaldlega að hætta að kaupa bíla vegna þess að allir eru búnir að kaupa sér nýjan bíl, þ.e. þeir sem ætla sé það eða geta gert það. Það hlýtur auðvitað að koma að einhverjum mettunarmörkum á markaðnum. Þessum mettunarmörkum er náð, herra forseti, og ég er ekki viss um að hægt sé að nota tölur um bílainnflutning til að staðhæfa að þenslan hafi minnkað. Ég held að því miður sé þensluskeiðið enn á fullu skriði.

Viðskiptahallinn er knúinn áfram af mikilli neyslu og tekjuauki ríkissjóðs stafar að stórum hluta af honum. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sem komst svo hnyttilega að orði að hinn mikli tekjuauki ríkisins væri að verulegu leyti froðufé sem kæmi úr þessu trogi sem strokkað væri og kalla mætti viðskiptahalla.

Fleira gerir það að verkum að tekjuaukinn og tekjuafgangur ríkissjóðs hefur vaxið, það er ekki bara viðskiptahallinn. Það er mikil ofspenna á vinnumarkaði sem kemur fram í því, eins og hæstv. fjmrh. bendir á, að sem betur fer er lítið sem ekkert atvinnuleysi en jafnframt svara menn þessum mikla þorsta markaðarins í vinnuafl með því að menn eru í tveimur eða þremur störfum. Menn vinna mun lengur en áður og ljóst er að þessi ofspenna kemur fram í því, ef ég man rétt, að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti hafa aukist um 10% umfram það sem ætlað var. Þetta bendir auðvitað til þess, herra forseti, að þenslan sé í fullum gangi. Í framhjáhlaupi vil ég taka fram að ég held að það sé ekki hagkvæmt miðað við ástandið að menn séu ofan í þetta að tala um það að ráðast í gríðarlega miklar framkvæmdir á allra næstu missirum eða árum.

Þjóðarútgjöldin, sem spáð var í forsendum fjárlaga að mundu vaxa um 2,8%, hafa vaxið um 5,1% þannig að ég sé ekki merki þess að það sé að draga úr neyslu þjóðarinnar. Þetta helst í hendur við vaxandi viðskiptahalla og ég leyfi mér því að draga það í efa þegar hæstv. fjmrh. heldur því fram að þenslan sé í rénun og meira logn blasi við í efnahagslífinu. Ég held þvert á móti að efnahagslífið sé að sjóðhitna og það megi ekkert út af bregða til þess að það sjóði upp úr.

Herra forseti. Hver er ólygnasti mælikvarðinn á stefnuna í efnahagsmálum? Það eru líklega markaðirnir. Og hvernig eru markaðirnir að greiða atkvæði þessa dagana? Með fótunum. Þeir sem ráða fyrir fjármagni og vilja fá fyrir það góða ávöxtun eru sem óðast að flytja það til útlanda vegna þess að þeir telja að það sé miklu betra að geyma það þar heldur en hér heima. Hlutabréfamarkaðurinn er líka sterkur mælikvarði á efnahagsstefnuna. Hvernig hefur hann verið að þróast? Þróunin þar hefur endurspeglað vaxandi vantrú á efnahagsstefnuna.

Líka eru sterkir váboðar finnst mér í umhverfi fyrirtækjanna. Kostnaðarþróunin hefur vegna verðbólgunnar verið í vaxandi mæli óhagstæð fyrir þau. Hörð samkeppni hefur víða getað verndað okkur neytendur og komið í veg fyrir að þessum hækkunum sé beinlínis velt þegar í stað út í verðlagið. En þetta hefur gengið á hagnað fyrirtækja. Þetta hefur leitt til þess að hagnaður þeirra hefur minnkað verulega og það hefur komið fram í milliuppgjörum sem hafa sýnt snöggt um verri afkomu en jafnvel góðar greiningardeildir fjárfestingarbankanna hafa spáð fyrir um. Þetta stafar af óhagstæðri verðbólguþróun en líka vegna ofspennunnar á vinnumarkaði. Hvernig fara svo fyrirtækin að þegar kreppir að vegna kostnaðarhækkana? Þau eiga í reynd um þrjá kosti að velja. Að ganga á hagnað fyrirtækjanna, að velta verðhækkunum út í verðlagið og auka framleiðni. Og af þessum þremur kostum er auðvitað sá þriðji langbestur. Það skiptir ákaflega miklu máli að hægt sé að mæta kostnaðarhækkunum með aukinni hagræðingu og aukinni framleiðni. En það hefur hins vegar komið fram, og það tel ég vera með alvarlegri váboðum í íslensku atvinnulífi í dag, að framleiðni er ekki að aukast á Íslandi í sama mæli og í öðrum löndum. Það sem verra er, herra forseti, samkvæmt þeim upplýsingum sem hafa komið fram hjá Samtökum atvinnulífsins, og eru m.a. birtar á heimasíðu þeirra, er framleiðni bókstaflega að minnka á Íslandi. Þetta finnst mér vera ákaflega alvarlegt mál, herra forseti. Ég er því þeirrar skoðunar að þrátt fyrir þau góðu orð sem hæstv. fjmrh. hafði um fjáraukalagafrv. þar sem hann taldi að í því mætti finna staðfestingu á því að staða efnahagsmála væri býsna sterk, þá er ég þvert á móti þeirrar skoðunar að upplýsingar sem hafa komið fram í þessu frv. bendi til þess að fyrri staðhæfingar ríkisstjórnarinnar um að það sé að draga úr ofþenslu í samfélaginu standist ekki. Mér finnst það auðvitað slæmt, herra forseti, að það sé ekkert sem bendi til þess að ríkisstjórnin skilji þetta því að hún hefur ekki uppi nein áform um að grípa til nokkurra ráða.

[14:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000. Í lögum um fjárreiður ríkisins frá 1997 stendur:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Einnig stendur í V. kafla frv. til fjáraukalaga:

„Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir."

Herra forseti. Þarna er í tveimur greinum kveðið á um hvernig á að nota og beita fjáraukalögum í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Í fyrsta lagi skv. 33. gr. er ráðherra aðeins heimilt í afar brýnum tilvikum og ef það þolir alls ekki bið, að samþykkja slíkar greiðslur, enda séu þær þá þegar tilkynntar og bornar undir fjárln. og síðan er leitað eftir endanlegum heimildum í fjáraukalögum. Þarna er skýrt kveðið á um afar brýna nauðsyn.

Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga og einstakar ákvarðanir þar hefur í sjálfu sér ekkert verið borið undir fjárln. Og ekki verður þar alls staðar séð að þau útgjöld sem þegar hefur verið stofnað til og eru tilkynnt í þessu frv. til fjáraukalaga séu öll svo afar brýn að ekki hefði mátt láta þau fara annað hvort eðlilegan farveg við gerð næstu fjárlaga eða þá taka tillit til þeirra við fjárlagagerð þess árs er þau fjárlög voru unnin því að flest þau atriði sem hér eru talin og samþykkt voru í sjálfu sér fyrirsjáanleg þegar fjárlög voru samþykkt skömmu fyrir áramótin, þ.e. fjárlög fyrir árið 2000. Það er engin afsökun hjá framkvæmdarvaldinu eða hæstv. fjmrh. að skýla sér á bak við það að ríkisstjórnin

og hann sem fjmrh. og einstakir ráðherrar hafi meiri hluta þingsins á bak við sig í hverju sem þeim dettur í hug að gera. Það er í sjálfu sér vafalaust líklegt þó að aldrei megi ganga að því fyrir fram. En allir þingmenn og allar nefndir hafa sama rétt og þeir sem þar sitja, óháð því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu enda kveða lög um fjárreiður ríkisinks skýrt á um að það eigi að gera fjárln. Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær en ekki að tilkynna bara meiri hlutanum um þær eftir dúk og disk.

Herra forseti. Það er virkileg ástæða til að staldra við það hvernig framkvæmdarvaldið kemur fram gagnvart löggjafarsamkomunni. Það umgengst hana hreinlega eins og afgreiðslustofnun, eins og stimpilpúða.

Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins er sagt að ef þörf krefur skuli í frv. til fjáraukalaga leita eftir heimildum til frekari greiðslu. Það á að leita eftir heimildunum og ekki samþykkja greiðslurnar fyrr en þær heimildir eru fengnar.

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að ræða þessa framkvæmd. Ég tel að það sé fyllilega og afar tímabært að breyta lögum um fjárreiður ríkisins þannig að fjáraukalög verði afgreidd oftar á ári og að það sé t.d. alveg sjálfsögð krafa að á vorin, áður en þing fer heim, liggi fyrir eða að þá sé borið upp frv. til fjáraukalaga varðandi þær skuldbindingar sem er sýnt að menn verða að taka á sig og hafa komið fram frá því að fjárlög hafa verið samþykkt undir lok fyrra árs. Þá getur Alþingi sagt sitt. Alþingismenn gætu viljað koma þar á framfæri athugasemdum og ákvörðunum sem ástæða væri til að greiða fyrir þannig að ekki væri bara um óskir ráðherranna að ræða sem þeir afgreiða á sinn hátt.

Ég veit að víða erlendis, í nágrannalöndum okkar t.d., er sá háttur hafður á að fjáraukalög eru afgreidd oftar á ári en eru ekki eins og hér þar sem Alþingi er í megindráttum notað sem stimpilpúði þegar teknar eru ákvarðannir.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að þetta er til þess að styrkja ekki aðeins framkvæmdarvaldið í því að það sé að gera eins og löggjafinn vill heldur líka að styrkja og efla sanna aðkomu löggjafarsamkomunnar að fjáröflun og fjárútlátum ríkisins.

Ég mun nú aðeins víkja að einstaka þáttum í sjálfu frv. til fjáraukalaga. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á í framsögu sinni er þetta bara fyrsti kaflinn í því sem var dregið upp til þess að setja saman í þessi fjáraukalög. En við höfum kynnst því og vitum af því í fjárln. að þegar er búið að samþykkja allmörg önnur atriði til greiðslu á þessu ári og önnur brýn bíða úrlausnar og verða ekki umflúin vegna þess að það er búið að binda slíkar skuldbindingar að baki þeirra að það verður að verða við þeim. Verulega margt á eftir að koma í þetta frv. áður en það verður að lögum eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Það er eiginlega formálinn að fjáraukalagafrv. sem hann leggur nú fram.

Tökum ráðuneytin fyrir í röð og lítum á forsrn. fyrst:

„Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 12 millj. kr. viðbótarframlag til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna."

Þetta hefði svo sem verið eðlileg setning í fjárlagafrv. en í frv. til fjáraukalaga er þetta afar óeðlilegt nema þá að einhver meiri skýring fylgi með um hvers vegna þetta reynist svo afar brýnt. Halda menn að það sé ekki búið að ráða þessa starfsmenn? Jú, vafalaust er búið að stofna til þessa kostnaðar.

Flettum upp á utanrrn. Ég vitna aftur til þess, herra forseti, sem stendur í lögunum um fjárreiður ríkisins.

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið."

Undir kaflanum um utanrrn. stendur:

„Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 50 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er sótt um 30 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum kostnaði, m.a. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ráðgjafar og annarra útgjalda á árunum 1998–2000."

Voru þetta skyndileg útgjöld sem ráðherra þurfti að bregðast við strax eftir helgina? Nei. Þetta er bara vinnulag sem ekki á að líðast.

Ég er ekki að fella dóm um það hvort þessi kostnaður hafi í sjálfu sér verið nauðsynlegur. Ég dreg enga dul á að svo gæti hafa verið og ég hygg að flestöll ráðuneyti og stofnanir telji sig ekki of sæl og finnist að þeim þrengt og af þeim skorið. Það er engin fyrirmynd að láta uppsafnaðan vanda, sem verður ekki leystur nema með því að greiða hann, dragast og dragast óafgreiddan.

Herra forseti. Þetta á að koma í frv. til fjárlaga. Þar á þetta heima. Það er ekki þörf á skyndilegri afgreiðslu fyrir fjmrh. og viðkomandi fagráðherra vegna einhverra afar brýnna eða skyndilegra náttúruhamfara sem verða í ráðuneytinu og verður ekki brugðist öðruvísi við en með því að greiða þetta þegar í stað. Þessi vinnubrögð ganga einfaldlega ekki upp.

Fleira væri hægt að tína til. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að ég er ekki að leggja dóm á það hvort viðkomandi ráðuneyti eða stofnanir leggja sig fram við að skila góðum rekstri og sinna þeim verkefnum sem þeim er boðið að sinna. Ég hygg að það sé eindregin ósk, vilji og ætlan allra sem þarna koma að að gera sem best og fara sem best með fjárframlög ríkisins, a.m.k. langflestra.

Iðnrn. fer fram á 10 millj. kr. aukaframlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að á undanförnum árum hafa iðn.- og viðskrn. verið rekin sem ein skrifstofa. Ráðuneytið hefur unnið að mörgum viðamiklum verkefnum án þess að sérstakar fjárveitingar hafi komið til. Þetta gerist ekki á einum degi enda höfum við verið upplýst um að jafnvel nokkurra ára vandi liggi þarna að baki. Herra forseti. Svona á ekki að nota fjáraukalög, svona á ekki að fara með lög um fjárreiður ríkisins. Hið sama er upp á teningnum hjá viðskrn. Þar er líka uppsafnaður kostnaður á aðalskrifstofu upp á 10 millj. kr.

Herra forseti. Okkur datt allt í einu í hug að fara að byggja sendiráð í fjarlægum löndum, okkur datt þetta svona bara í hug og þá þurftum við að gera það í einum hvelli. (Gripið fram í.) Jú, en þá hefði verið eðlilegt að það kæmi inn á fjárlög, ekki inn á fjáraukalög. Ég er hlynntur því að við eflum utanríkisþjónustu okkar eftir því sem kostur er á og skynsamlegt er. En það gerum við skipulega, förum þá að lögum og fellum það inn í umræðu um fjárlög fyrir hvert ár en látum það ekki falla undir fjáraukalög, en í þeim stendur:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið."

Herra forseti. Ég ítreka að allt eru þetta vafalaust hin bestu málefni. En ég tel afar brýnt fyrir stöðu Alþingis, vegna þeirrar vinnu og ábyrgðar sem það hefur á hendi

til lögboðinna verka sem það síðan framselur framkvæmdarvaldinu að sinna, að styrkja starfsgrundvöll þess. Þegar fram koma lagalegir veikleikar á því sviði þá ber okkur að taka á þeim. Það er ekki sprottið af vantrausti heldur til að skapa eðlilegan starfsgrunn, trúnað og eðlilega framkvæmd á verkefnum ríkisins, trúnað og gott vinnulag milli löggjafarsamkundunnar og framkvæmdarvaldsins.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara ítarlegar í einstök atriði að sinni en kannski síðar í umræðunni.

[14:34]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Umræður um frv. til fjáraukalaga sem hér er til 1. umr. í dag hafa að hluta snúist um form og það lagaumhverfi sem frv. er lagt fram í. Ég get í sjálfu sér tekið undir að æskilegt væri að þetta frv. til fjáraukalaga væri sem minnst að umfangi, að hér væru ekki nema fjárframlög sem vart þola bið eins og kveðið er á um í lögunum. Auðvitað má lengi deila um þær fjárveitingar sem hér eru lagðar til, hversu brýnar þær eru. Ég get hins vegar sagt það í þessu sambandi að við í forustu fjárln. höfum ítrekað rætt við fjmrn. um samskiptareglur okkar varðandi fjáraukalögin og ákvarðanir um að sækja eftir aukafjárveitingum. Við þurfum að koma þeim samskiptareglum í fast form og ég vona að svo verði. Ég fullyrði að það er fullur vilji til að koma þar á föstu formi í samræmi við þau nýlegu lög sem við störfum eftir og horfðu til mikilla framfara á sínum tíma.

Ég vil ekki segja að umgengni við framkvæmdarvaldið sé þannig að Alþingi sé stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið á hverjum tíma. Ég vil ekki skrifa undir það vegna þess að auðvitað eru fjölmargar ákvarðanir sem teknar eru hér á Alþingi ekki lagðar til af ríkisstjórn í fjárlögum. Ég gæti talið upp langa lista af ákvörðunum sem átt hafa rætur sínar að rekja til umræðna hér á Alþingi. Að sjálfsögðu er náið samstarf milli Alþingis og þess meiri hluta sem á hverjum tíma styður ríkisstjórn og framkvæmdarvaldið og það hlýtur ætíð að verða svo. Ég vil undirstrika þetta varðandi þessa þörfu umræðu. Ég dreg ekkert úr því að það er þörf fyrir okkur í fjárln. og fjmrn. og fagráðuneyti að móta sem bestar vinnureglur um samskipti okkar á hverjum tíma.

Þetta fjáraukalagafrv., eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., sýnir betri afkomu ríkissjóðs en reiknað var með í upphafi ársins. Sú breyting er vegna aukinna tekna, það sýnir tekjuhlið frv. Af tekjuhliðinni má sjá að tekjur hækka af tekjuskatti, það eru auknar tekjur af fjármagnstekjuskatti og það eru hærri tekjur af tekjuskatti lögaðila. Þetta þrennt er til komið vegna þess að það er kraftur í efnahagslífinu, miklar tekjur og batnandi afkoma fyrirtækja þó að ýmis sólarmerki séu á lofti í því, ég vil taka það fram og það hefur reyndar komið fram í þessari umræðu áður. Við getum tæpast vænst þess að fjármagnstekjur og tekjuskattur lögaðila hækki með sama hraða og raunin hefur verið undanfarið.

Tekjur af virðisaukaskatti hafa einnig hækkað umfram áætlanir, um 5,9 milljarða. Þennan tekjuauka má auðvitað rekja til veltu í þjóðfélaginu, viðskiptahalla og þeirra afleiðinga sem af honum eru. Allt þetta verður til þess að afgangur af ríkissjóði verður meiri en áður var. Ég hef ávallt lagt áherslu á það í ræðu og riti að tekjuafgang sem þannig er saman settur verði að leggja fyrir. Ein leið er að greiða niður með honum skuldir en það eru vissir annmarkar á því að greiða niður erlendar skuldir vegna gengisins eins og komið hefur fram. En það er nóg til af öðrum leiðum til að koma afganginum fyrir til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs og gera hann færan um það í framtíðinni að taka á öllum þeim þörfu málum í samfélaginu sem hann á að sinna. M.a. hefur staða Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna verið styrkt og það kemur til góða í framtíðinni. Ég hef lagt áherslu á þetta.

Mikið hefur verið rætt um mikinn afgang ríkissjóðs á þessu ári og næsta ári. Mér hefur ekki heyrst skorta tillögur um það hvernig eigi að koma þessum afgangi í lóg og úthluta honum strax. Ég tel að svo eigi ekki að gera og það sé hygginna manna háttur að nota tækifærið nú þegar miklar tekjur koma inn í ríkissjóð að laga til fyrir framtíðina. Ég held að þetta verði seint nægilega vel undirstrikað.

Hv. 7. þm. Reykv. hélt hér ræðu um efnahagsmál og efnahagsástandið almennt. Hann taldi vera hættuástand í þeim efnum. Ég tel að það sé þarft að ræða um efnahagsmálin, viðskiptahallann og afleiðingar hans en mér fannst vanta í ræðu hv. þm. tillögur um það hvernig hann vilji bregðast við viðskiptahallanum. Viðskiptahallinn er m.a. saman settur af versnandi viðskiptakjörum, miklum olíuverðshækkunum, eldsneytishækkunum og versnandi kjörum fyrir útflutning okkar á ýmsum afurðum. Þau áhrif eru ekki að öllu leyti í valdi stjórnvalda en ég tek undir það að reyna beri að draga úr þessum mikla viðskiptahalla.

Við höfum t.d. rætt um frestun á tilteknum framkvæmdum til að gefa skilaboð út í samfélagið um að óæskilegt sé að hafa slíka þenslu í samfélaginu, a.m.k. á ákveðnum landsvæðum. Ég vonast til að ef slík umræða kemur upp þá eigum við stuðningsmenn í því. Ég hef hins vegar heyrt að þingheimur, a.m.k. hluti hans, hafi miklar áhyggjur af þessum frestunum, telji þær varla réttlætanlegar, en þær eru eitt tækið sem stjórnvöld hafa. Stjórnvöld hafa satt að segja ekki mörg önnur tæki en ríkisfjármálin til að draga úr þenslu í samfélaginu, að reyna að stilla útgjöldum ríkisins í hóf, sýna aðhald og greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Útgjöld þessa frv. hafa ekki vaxið með sama hraða og tekjurnar og því sýnir það bætta afkomu. En nokkur mál skera sig úr varðandi útgjöld. Það eru einstakar ákvarðanir, sumar komnar til vegna ófyrirsjáanlegra atburða eins og jarðskjálfta á Suðurlandi. Ég held að menn deili ekki um að það séu brýn útgjöld.

Deila má um hvort útgjöld vegna El Grillo hefðu átt að vera á fjárlögum síðast eða á fjáraukalögum núna en ég held að ekki sé deilt um að ekki verði undan því vikist að fara í þetta verk. Þar eru 102 millj. inni til þeirra hluta til að geta hrint þessu verki af stað sem þolir ekki bið en verkið þarf að bjóða út til þess að fá endanlega úr því skorið hvað það kostar í raun því að alþjóðlegt útboð sker úr um slíkt.

Hér eru hækkanir til sjúkratrygginga. Það er til komið af lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu. Við höfum eytt töluverðum tíma í það í fjárln. að fara yfir þessi mál bæði varðandi fjáraukalög og fjárlög. Það þurfum við að gera áfram. Þarna eru áætlanir sem hafa ekki staðist eða kostnaður hefur farið fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru. Það er staðreynd að lyfjakostnaðurinn hækkar um ein 12% á ári vegna útgáfu nýrra lyfja en ekki hafa gengið eftir áform um kerfisbreytingar í lyfjunum sem voru áætlaðar í upphafi árs. Þess vegna er beðið um aukafjárveitingar þarna.

Fjárveitingar til utanrrn. varðandi sendiráð í Japan hafa valdið mikilli umræðu hér. Það er í rauninni ekki í fyrsta skipti sem utanríkisþjónustan er til umræðu í þessu efni. Vissulega má deila um hvort þetta eigi að vera í fjáraukalögum eða fjárlögum. Ég vildi undirstrika í þessu sambandi að

á Alþingi var flutt þáltill. eftir þáltill. um að stofna sendiráð í Japan. Mér er kunnugt um að fyrrv. samþingmaður minn á Austurlandi, Hjörleifur Guttormsson, var 1. flm. að þáltill. um þetta efni fjögur ár í röð á Alþingi. Hann var einn af frumkvöðlunum í þessu en það þótti eðlileg ákvörðun að stofna þarna sendiráð og Alþingi tók ákvörðun um það en síðan kom að því að koma sendiráðinu í húsnæði í Tókíó sem er ekkert auðvelt mál. Menn stóðu frammi fyrir þeim kostum að leigja húsnæði eða kaupa og þó að það hljómi kannski einkennilega í ljósi þeirra talna sem hér eru þá stóðu menn frammi fyrir afar hagstæðu tilboði um húsnæði og annaðhvort var að hrökkva eða stökkva og ákveða hvort ætti að kaupa þarna, fjárfesting sem borgar sig upp á tíu árum. Það er ljóst. Þess vegna er þessi upphæð til komin. Það er ósköp eðlilegt að hún veki umræðu. Þetta eru miklar fjárhæðir og það er ósköp eðlilegt að spurt sé hvort eðlilegt sé að verja slíkum fjárhæðum. En ákvörðunin er tekin og staðfest hefur verið að það verði gagnkvæmni, að Japanar opni hér sendiráð með miklu starfsliði og þá væntanlega fasteignakaupum hér þó að það verði lægri upphæðir en þarna er um að ræða. Ég vildi fara yfir þetta mál í ljósi þessa því að eðlilega blöskrar mörgum þær miklu fjárhæðir sem þarna eru. En ég vil undirstrika að að þetta er fjárfesting. Þetta eru ekki rekstrarútgjöld. Hins vegar er sendiráð í Japan eðli málsins samkvæmt mjög dýrt og verður það. En ákvörðunin var tekin hér og ég man ekki til að nokkrar deilur hafi verið um það á Alþingi þegar sú ákvörðun var tekin.

Ég hjó eftir því að hv. 7. þm. Reykv. talaði um að ríkisstjórnin hygðist standa fyrir eða stuðla að miklum framkvæmdum á næstu árum. (**ÖS:** Hún ræddi um það.) Ræddi um, já, svo ég hafi þetta nú allt saman rétt, hv. þm. Ég er þeirrar skoðunar að hver ríkisstjórn verði að horfa fram í tímann að þessu leyti. Þó að vel ári núna í atvinnulegu tilliti og umframeftirspurn sé eftir vinnuafli er alls ekki víst að svo verði á næstu árum. Það er ekkert sjálfgefið í því efni að það ástand haldist. Það er að fækka fólki vegna tæknibreytinga í mörgum atvinnugreinum. Það þarf að huga að því að nýsköpun verði í atvinnulífinu í stað þeirra starfa sem falla út í eldri atvinnugreinum, m.a. vegna tæknibreytinga. Sú þróun hefur verið mjög í gangi á undanförnum árum. Þess vegna held ég að menn verði að halda vöku sinni í þessu efni og við megum vara okkur á því að blanda þessu saman þó að ég taki vissulega undir áhyggjur hv. þm. af því að það er yfirspennt atvinnulíf í landinu núna enda sést það í þessum fjáraukalögum að farið er fram á 600 millj. kr. lækkun vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs sem sýnir náttúrlega hve atvinnuástandið er gott núna og í rauninni umframeftirspurn eftir vinnuafli. En við megum varast að hugsa sem svo að það sé náttúrulögmál og það haldist til frambúðar.

Þetta frv. fer til skoðunar í fjárln. og ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson tók undir áhyggjur mínar varðandi þróun efnahagsmála en hann spurði hins vegar: Hvar eru ráð og andmæli Samfylkingarinnar? Hvað hefur Samfylkingin fram að færa í þessum efnum?

Herra forseti. Ég hef áður bent á að hæstv. ríkisstjórn urðu á alvarleg mistök sem gera það að verkum að við erum núna stödd í þeirri stöðu sem við horfum framan í núna. Ég benti á að menn hefðu ekki átt að lækka skatta yfir línuna í góðæri. Ég benti líka á það á sínum tíma að menn hefðu ekki átt að fara þá leið sem hv. þm. tók þátt í, að ausa fé í húsnæðiskerfi með þeim afleiðingum að verð á húsnæðismarkaði rauk upp úr öllu valdi og átti verulegan þátt í verðbólguþróuninni um sinn. Sömuleiðis vöruðum við í Samfylkingunni við þeim aðferðum sem brúkaðar voru í fyrstu lotu einkavæðingar á bönkunum, þ.e. þar sem selt var nýtt hlutafé úr bönkunum í staðinn fyrir að selja það sem fyrir var. Þetta gerði það að verkum að bankarnir höfðu meira eigið fé og gátu farið í það að slá sér miklu meiri lán erlendis sem þeir síðan prýstu út á tombóluprís vegna þess að þeir voru að búa sig undir endurskipulagningu á bankamarkaði. Þetta var með öðrum orðum tilraun þeirra til þess að bæta vígstöðu sína og ríkisstjórnin leyfði þeim það. Það held ég að hafi orðið einhver mesti hvati verðbólguþróunar og þenslunnar sem við urðum vör við. Ég spyr hv. þm.: Telur hann t.d. að sú ákvörðun að leyfa Búnaðarbankanum að auka enn við eigið fé sitt núna undir því yfirskini að verið sé að setja upp útibú í útlöndum sé ekki líka líkleg til að ýta undir útlán bankanna og þenslu hér á landi?

[14:55]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. taldi að það hefðu verið mistök að lækka skatta. (Gripið fram í.) Þetta kemur manni örlítið á óvart og þá er hægt að gagnálykta að það sé tillaga Samfylkingarinnar að hækka skatta en ég hef ekki orðið var við það, t.d. í umræðum um tekjustofna sveitarfélaga því þar hefur verið varað sérstaklega við því að sveitarfélögin fái möguleika til að afla sér tekna með rýmri heimildum til álagningar sem er að vísu ekki skattahækkun nema að hluta til, ekki nema þær séu nýttar og skattalækkun kemur þar á móti. En það kemur mjög á óvart ef þetta er tillagan að skattheimtan sé of lítil. Það sé ráðið til að draga úr þenslu.

Varðandi sölu hlutafjár í bönkunum má vera að það rýmki möguleika bankanna til útlána. Það er þörf á því að útlánastefna þeirra sé aðhaldssöm, ég tek undir það, en einhverjir hljóta að kaupa þetta hlutafé og það er þá fé sem er kallað inn til þeirra hluta.

[14:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur ákaflega á óvart ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að skattalækkanir og skattahækkanir hafi ekki áhrif á þenslu. Auðvitað er það það heimskulegasta sem hægt er að gera í góðæri þegar menn sjá fyrir sér að þensla fer vaxandi að lækka skatta yfir línuna. Menn hefðu þá frekar átt að nota þá upphæð sem til þess fór til að hjálpa þeim hópum sem verst voru staddir. Þetta er bara skólabókardæmi í hagfræði, herra forseti.

Ég vek líka eftirtekt á því að ef grannt eru skoðaðar þær tölur sem liggja t.d. á heimasíðu ríkisskattstjóra, fæ ég ekki betur séð en að meðaltekjuskattar hafi nettó verið að hækka örlítið, m.a. undir styrkri forustu formanns fjárln. Það er aðgerð sem hefur að öllum líkindum eitthvað slegið á þensluaukninguna.

Herra forseti. Það var fleira sem ég vildi segja. Hv. þm. nefndi hvað það væri sem við í Samfylkingunni mundum grípa til og hvaða ráð við bendum á. Ég fór yfir nokkur úrræði og spurði hv. þm. spurningar, m.a. um þá ákvörðun sem tekin var gagnvart Búnaðarbanka. Hann svaraði henni ekki og það er allt í lagi. En það eru fleiri úrræði til.

Nú vill svo til að það eru ekki síst ríkisbankarnir sem hafa verið sökudólgar í þessari miklu þenslu og viðleitni þeirra til þess að skapa sér vígstöðu áður en samruninn á

bankamarkaði gekk yfir. Herra forseti. Hvað mælir gegn því að eigendur þessara banka, þ.e. ríkisstjórnin, gefi skipanir til bankaráðanna og bankastjórnanna um að þeir stemmi stigu við útlánum? Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að koma hingað og segja að með þeim hætti sé verið að grípa fram fyrir hendur markaðarins vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur einmitt á síðustu vikum gefið bankaráðunum beinar skipanir sem varða þróun þeirra. Ég á við, herra forseti, þá skipun sem hæstv. viðskrh. gaf bankaráðum Landsbanka og Búnaðarbanka fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að sameina bankana. Það er auðvitað ekkert annað en inngrip í þróun þeirra og markaðinn.

[14:59]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir hagfræðikennsluna hjá hv. 7. þm. Reykv. Ég hef reyndar aldrei haldið því fram að skattahækkanir og skattalækkanir hafi ekki áhrif á þenslu. Auðvitað er það eitt af þeim tækjum sem geta haft áhrif á þenslu. Hins vegar hafa menn ekki verið í þeim stellingum að nota það tæki í ríkum mæli til að hafa áhrif á þensluna og þær skattalækkanir sem hann nefnir hafa ekki verið af þeirri stærðargráðu að þær hafi haft úrslitaáhrif í þessu efni.

Varðandi það hvort ríkisstjórnin á að stjórna útlánum bankanna þá er ég ekki þeirrar skoðunar að svo eigi að vera. Við höfum stofnun í samfélaginu, Seðlabanka Íslands, sem er ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með málefnum bankanna. Ég tel að hann eigi að hafa það hlutverk. Eigi að síður er ég þeirrar skoðunar að þegar svo háttar til sem nú er eigi bankarnir að hafa aðhald í útlánum. Það er skoðun mín. Ég geri engar kröfur til að setjast í stól bankastjóra til að framkvæma þá skoðun mína og hef aldrei gert neina kröfu til þess og tel það ekki skynsamlegt.

[15:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna undirtektum hv. formanns fjárln. við gagnrýni mína um að í frv. til fjáraukalaga skuli vera mörg atriði sem ættu með miklu eðlilegri hætti heima í frv. til fjárlaga og þeim orðum hans að hann muni beita sér fyrir því ásamt nefndinni að koma enn betra skikki á þessi mál milli fjárln. og Alþingis annars vegar og framkvæmdarvaldsins hins vegar.

Varðandi sendiráðið stendur hér: „Óskað er eftir 958 millj. kr. aukafjárveitingu.“ Vafalaust er hárrétt að sú samþykkt að stofna sendiráð bæði í Japan og Kanada hafi legið fyrir. Hins vegar stendur í textanum:

„Ríkisstjórnin ákvað í febrúar árið 2000 að opna sendiráð í Japan á næsta ári.“

Til þess að ríkisstjórnin gæti gert þetta ákvað hún í skyndingu að veita sér 958 millj. kr. aukafjárveitingu, ekki aðeins til Japan, heldur líka til Kanada.

Í fyrsta lagi er það gríðarlega há upphæð sem er þarna verið að taka skyndiákvarðanir um. Ríkisstjórnin gat alveg eins tekið þá ákvörðun fyrir jól og látið þetta koma fram í fjárlögum og fengið þar eðlilega umræðu og afgreiðslu. Það er það sem ég er að gagnrýna. Þessi upphæð er svipuð og sú sem átti að skera niður í endurgreiðslum á lyfjakostnaði. Sumir hefðu kannski alveg eins viljað fá hækkun á það á fjáraukalögum, að það væri bætt, en ekki væri verið að skera þar niður. Það eru sjónarmið, ekki síst þegar það snertir svona háar upphæðir sem eiga að koma þarna inn í fjáraukalög en fara ekki eðlilega í gegnum þingið.

[15:04]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta mál sagði hv. þm. réttilega að ákvörðunin hefði verið tekin í febrúar. Það er rétt. Þá voru fjárlög afgreidd fyrir yfirstandandi ár. Hins vegar hafði þetta mál verið rætt hér fyrr. Ég get flett því nánar upp en ég man að það var oftar en einu sinni gerð grein fyrir áformum í þessu efni í umræðum um utanríkismál og í fjárlagaumræðu hvað væri fram undan í þessu því málefni sendiráða hafa verið rædd mjög mikið varðandi fjáraukalög og fjárlög.

Ég vara við því að blanda einskiptisaðgerðum eins og þessari saman við rekstrarútgjöld ríkissjóðs í tryggingakerfinu eða lyfjum þó ég sé síður en svo að draga úr mikilvægi þeirra mála. Við erum náttúrlega alltaf með þessa málaflokka inni í fjáraukalögum eins kemur fram. En hér er um að ræða fjárfestingu, hér er um að ræða einskiptisaðgerð og hér er um að ræða fjárfestingu sem kannað hefur verið að borgar sig miðað við þær ákvarðanir sem hafa verið teknar á Alþingi um þetta mál.

[15:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa enn til þess sem stendur um lög um fjárreiður ríkisins:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið.“

Þetta voru engar þær náttúruhamfarir að stofna þyrfti þessi sendiráð. Þarna er er um tæplega milljarð að ræða. Óháð því hvort þetta er skynsamleg ráðstöfun eða ekki er þetta ekki réttur farvegur fyrir afgreiðsluna. Það var alveg nægur tími, annars vegar til að taka þetta fyrir á síðasta ári við afgreiðslu fjárlaga, eða þá á næsta ári hér. Svona lagað getur ekki borið að Alþingi eins og hverjar aðrar náttúruhamfarir. Því vil ég mótmæla þessum vinnubrögðum.

[15:06]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Endalaust má deila um þetta mál en ég rakti áðan í ræðu minni að menn stóðu frammi fyrir tilboði um ákveðið húsnæði í Japan. Auðvitað má deila um hve mikill hluti af rekstrarkostnaði eða undirbúningskostnaði, ef það er fram yfir húsnæðiskostnaðinn, á að fara inn á fjáraukalög eða fjárlög. Ég er tilbúinn til að fara yfir það með hv. þm. í fjárln. þegar þar að kemur. En ég tel að ákvörðun um þessa fjárfestingu eigi heima á fjáraukalögum og sé ekki neitt athugavert við það í sjálfu sér. Staðið var frammi fyrir þessum kosti, tilboði um þetta húsnæði, og ekki voru möguleikar á því að bíða eftir því að taka afstöðu til þeirra mála enda get ég bætt því við að þetta mál var kynnt í utanrmn. í sumar, ráðuneytið kynnti það þar, og þau áform sem voru þar uppi. Málið var ekki tekið upp í framhaldi af þeim fundi. Ég er ekki að skýra frá umræðum þar vegna þess að þær eru trúnaðarmál og ég ætla ekki að brjóta þann trúnað. En þetta var mál sem hefur verið á döfinni og tilboð kom um þetta húsnæði sem hentaði mjög vel og ekki varð undan því vikist að svara því.

[15:09]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við umræður um fjáraukalög á liðnum árum hef ég oft bent á að það hefur vantað á að farið sé að fjárreiðulögum. Svo er enn. Það felst í því að fyrirséð útgjaldatilefni sem eiga í rauninni að vera í fjárlagafrv. eru

þar ekki en eru sett inn í frv. til fjáraukalaga. Ekki nóg með það, ég tel að á þessari stundu liggi málin þannig að það eigi eftir að koma verulegur viðauki við þá tölu sem er núna í útgjaldaaukningu, eða rúmir 5,7 milljarðar, sem útgjaldaaukningin er orðin og það á eftir að koma veruleg viðbót við þá tölu þegar líður fram til áramóta.

Mér fyndist ástæða til að ræða við hæstv. fjmrh. um það að þegar umræða fer fram, 3. umr. eða lokaumræða um fjáraukalög, þá skili hæstv. fjmrh. því til samráðherra sinna að það sé rétt að þeir verði viðstaddir svo það þurfi ekki að kveðja þá hvern og einn til að biðja þá að gera grein fyrir því sem þeir hafa farið fram úr á fjárlögum. Við í stjórnarandstöðunni munum bíða með að ræða málin þangað til þeir verða viðstaddir, svo það liggi alveg hreint fyrir. Kannski er ekkert við því að segja við 1. umr. þegar hæstv. fjmrh. leggur fram plaggið að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir en við 3. umr. tel ég að þeim sé skylt að vera hér sé einhver af fjárlaganefndarmönnum eða þm. hv. sem óski eftir að fá skýringu af hverju var farið út í fjárfestingar eða fjárráðstafanir jafnvel þær sem voru fyrirséðar þegar fjárlögin voru samþykkt síðast. Þetta er bara ósk um að koma þessu á framfæri, herra forseti.

Það frv. sem við erum að ræða er, eins og mörg önnur systkini þess á liðnum árum, vottorð um óráðsíu æðstu stofnana ríkisins. Þær stofnanir eru m.a. forsetaembættið, forsrn. og síðan hvert ráðuneytið og hver stofnun ríkisins á fætur annarri.

En ég tel að þó að svona sé þá verði að afgreiða þessi mál og það á að afgreiða þau þegar þetta liggur ljóst fyrir eins og nú gerist en ég tek aftur fram að mörg af þeim útgjaldatilefnum sem gerð er grein fyrir í þessum fjáraukalögum voru fyrirséð, eins og hægt er að rekja upp, lið fyrir lið. Ég ætla að fara í sparðatíning á öðrum vettvangi en þetta er samtals upp á 5,7 milljarða.

Kannski er rétt að geta um þetta japanska sendiráð sem er verið að karpa svolítið um hér. Ég tel að menn hafi ekki haft það á hreinu hver upphæðin yrði en ég tel mig vera búinn að fá fullvissu fyrir því að það sé skynsamlegra að kaupa en leigja. Þótt þetta sé há tala, upp á nærri milljarð sem menn hefðu auðvitað átt að vera með einhverja tölu inni fyrir, þá er verið að gera skynsamlega hluti í þessu efni. Ég tel mig vera búinn að fá vitneskju um það.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ástæða til að velta fyrir sér ástandinu hjá ríkissjóði. Það er alveg ljóst hver svör stjórnarliða eru um þau efni. Þau eru bara á einn veg: Stjórnarliðar segja að ástand ríkissjóðs sé frábært. Ég get vitnað um ágæta stöðu ríkissjóðs, en mér dettur ekki í hug að loka augunum fyrir 9 milljarða skuldaaukningu vegna gengisfalls krónunnar á liðnu ári. Mér dettur heldur ekki í hug að loka augunum fyrir því að fjárhagsstaða ríkissjóðs væri allt önnur ef sveitarfélögin hefðu fengið sanngjarnan hlut í sjóði sína til að standa undir þeim verkefnum sem þeim hefur verið gert að standa undir með lögum og reglum.

Það er alveg ljóst að það sem menn eru að velta fyrir sér varðandi tekjuskiptingu sveitarfélaga og ríkisins, er að þar vantar að bæta verulega í. Það liggur fyrir sem staðreynd að það er a.m.k. yfir 5 milljarðar sem hallar á sveitarfélögin sem þarf að leiðrétta. Þó verið sé að gera þeim kleift að hækka tekjur sínar með útsvarshækkunum dugir það ekki nándar nærri til til þess að vega á móti þeim verkefnum sem þeim hefur verið gert að sinna.

Það er kannski rétt eina ferðina enn að minna á að það er í 18 liðum, og það var kallaður sparðatíningur hér við fjárlagaumræðu þegar ég fór yfir það hvern lið fyrir sig hversu hallaði á sveitarfélögin. Ég gat þá um nokkra liði og ætla að bæta við, herra forseti, það sem ég ekki tíndi upp þá. Ég vil bara benda á að lögin sem við settum um umhverfismat hafa að sjálfsögðu í för með sér verulega útgjaldaaukningu fyrir sveitarfélögin. Hvar er gert ráð fyrir því? Hvergi nokkurs staðar.

Ég er ekki á móti umhverfismati, síður en svo. Ég vil að almennt sé látið fara fram umhverfismat við allar þær framkvæmdir þar sem þörf krefur.

Ég minni á lagabreytingu sem hér var gerð varðandi meindýraeyðingu þar sem hlutur sveitarfélaga var verulega aukinn. Þetta er einn þátturinn. Og staðan er orðin þannig að með virðisaukaskattsgreiðslu sveitarfélaganna er ríkið farið að hafa tekjur af eyðingu refa og minka. Annað í því máli er að umhvrn. átti að taka sérstaklega á vanda minni sveitarfélaganna þar sem víðáttumikil svæði eru og þau þurfa að standa í meindýraeyðingu, umhvrn. átti að taka á því máli en hefur gjörsamlega vísað því frá sér í hvert einasta skipti sem til þeirra hefur verið leitað varðandi þessi vandamál svoleiðis að ég heiti því hér að það skal verða suðað um það mál og hamast á því þangað til það verður kominn fastur grundvöllum um að bæta stöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga.

Það má tína til mörg atriði. Ég get nefnt t.d. heilbrigðiseftirlit, lögin frá 1998 þar sem gjaldskránni um hollustuhætti og mengunarvarnir var gjörbreytt þannig að það hallar beint á sveitarfélögin. Ég get nefnt hafnamálin þar sem lögum var breytt þannig að sveitarfélögin sem greiddu áður 10% vegna hafnarframkvæmda greiða núna 25%. Hvað kom í tekjur á móti hjá sveitarfélögunum? Ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég get talað um lög frá 1997 um skipulags- og byggingarmál. Þar hallar einnig á sveitarfélögin. Ég get talað um hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár sem hefur í för með sér kröfur um aukið þjónustuframlag sveitarfélaganna. Það koma engar tekjur á móti, ekki nokkrar tekjur á móti. Svona get ég haldið áfram, herra forseti, og minnt hæstv. fjmrh. á að ekki er allt sem sýnist í þessum málum og sveitarfélögunum ber hluti af þessum mikla afgangi sem hæstv. fjmrh. er svo ánægður með.

Ég ætla að bíða með að fjalla um vitnisburðinn um vanáætlanir og mistök ríkisstjórnarinnar. En mig langar að benda á, herra forseti, hvað Íslendingur dagsins í dag þarf að búa við. Ég tók með mér greiðsluseðil bara til vitnis um það hvað Íslendingur dagsins í dag þarf að búa við. Ég er hér með greiðsluseðil vegna láns sem tekið er 21. janúar 1988. Það eru um það bil tólf ár síðan þetta lán var tekið. Lánsupphæðin á þeim tíma var 1.200 þús. kr. Lánsupphæðin nú, þegar búið er að greiða vexti og afborganir reglulega allan þennan tíma og aldrei verið um vanskil að ræða, er 2 millj. 162 þús. kr. Það þarf töluverða talnaleikfimi til þess að koma þessu í þetta ástand og það þarf töluverða leikfimi til að segja fólki að það sé jafnvægi í efnahagsmálum, góð staða í efnahagsmálum. Halda menn að heimilin finni ekki fyrir þessu?

Og hvað er svo á þessum blessuðum seðli? Það er fróðlegt að lesa það. Þegar búið er að greiða afborgunina þá eru eftirstöðvar nafnverðs eftir greiðslu 1 millj. 39 þús. 549 kr. og 30 aurar. En áfallnar verðbætur eftir greiðslu eru 1 millj. 122 þús. 691 kr. og 50 aurar. Það er eðlilegt að fólk hrökkvi við þegar það fær slíkan seðil. Alls eru eftirstöðvarnar, eins og ég sagði áðan, 2 millj. 162 þús. 240 kr. En hvað kemur

svo fyrir meðaljóninn að lesa? Jú, staða jöfnunarreiknings fyrir greiðslu er 136 þús. 472 kr. Lánaðar verðbætur, herra forseti, á jöfnunarreikning eru 967 kr. Lánaðir vextir á jöfnunarreikning 1 millj. 683 þús. kr. Flutt af jöfnunarreikningi 3 millj. 371 þús. kr. Staða jöfnunarreiknings eftir greiðslu 135.751 kr.

Hvernig á nú meðaljóninn að taka við svona seðli? Hann verður auðvitað að gera það því að hann stofnaði til lántökunnar í upphafi. En þetta, herra forseti, er nákvæmlega dæmið um það sem Íslendingurinn í dag þarf að búa við. Á tólf árum er verðbólga 100%. Þetta er glæsilegt, þetta er glæsileg einkunn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um tekjuaukninguna sem gerð er grein fyrir í fjáraukalagafrv. Sá tekjuauki byggist á óhóflegri eyðslu og skuldasöfnun. Það er slæmt að það megi rekja tekjuauka ríkissjóðs að verulegum hluta til eyðslu og óhófs. Ég hef rætt hér um og gert að umræðuefni ráðstöfun fjármuna hjá ríkissjóði og ég segi: Ríkisstjórnin ber fyllilega ábyrgð á þeirri umframkeyrslu sem er fram yfir fjárlög.

Það er kannski rétt að skoða raunástandið í þjóðfélaginu. *Og hvernig er best að skoða það? Ég tel að það sé einfalt* fyrir hvern sem er að sjá hvernig ástandið er. Ef menn fletta dagblöðum núna þá er þar síða eftir síðu með nauðungaruppboðsauglýsingum fyrirtækja og einstaklinga. Er til nokkuð annað betra til að sjá ástandið hjá almenningi eða hjá þjóðinni í dag en að vitna í það að þegar ástandið var skást þá sáust varla nauðungaruppboðsauglýsingar en núna eru viku eftir viku auglýsingar um nauðungaruppboð hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Ég segi bara að þetta er skýr vitnisburður um mun verra efnahagsástand en ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, vill vera láta.

Herra forseti. Ég tel að efnahagsforsendurnar séu ekki í lagi. Það má kannski segja eins og hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, sagði: „Þær eru gjörsamlega út úr kortinu." Þjóðhagsþróun hefur farið langt fram úr því sem menn spáðu. Frávik í fjárfestingum eru upp á 7,8%. Áætlunin var 2,7%. Ég nefni þetta bara til þess að menn sjái hversu mikill munurinn er á því sem menn ætla og þess sem raunin er. Gjöldin hafa vaxið um 5,1%. Hver var áætlunin? Ég minni, herra forseti, hæstv. fjmrh. á að áætlunin var upp á 2,8%. Það vantar mikið á að menn haldi stöðugleikanum í þessum málum.

Ég tel að ekkert sé að draga úr þenslu eins og er. Menn voru með óskir og vonir um að draga mundi úr þenslunni. Því miður sé ég engin merki þess. Því miður óttast ég að það eigi eftir að verða frekara gengishrun eða gengissig á krónunni og það kemur beinustu leið inn á þennan greiðsluseðil sem ég var að lesa áðan. Þessi greiðsluseðill gæti orðið eftir áramót svona 200–300 þús. kr. hærri en hann er nú, þó svo að greitt sé reglulega af honum á réttum gjalddögum með öllu því sem tilheyrir.

Herra forseti. Ég læt þetta duga en minni á að þegar við getum raunverulega rætt fjáraukalagafrv. sem mun væntanlega liggja fyrir hér eftir mánaðartíma eða svo þá tel ég að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eigi að vera hér viðstaddir, ekki bara hæstv. fjmrh. Við getum rætt við hann um útgjaldatilefni sem hans ráðuneyti hefur stofnað til. Hinir ráðherrarnir eiga að svara líka, en ekki bara hæstv. fjmrh.

[15:27]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er athyglisvert hversu hv. þm. Sjálfstfl. taka lítinn þátt í umræðum um fjáraukalög. Hv. þingmenn virðast ætla að láta hæstv. fjmrh. einan um umræðuna og er það í raun mjög athyglisvert í framhaldi af ýmsum ummælum sem þeir hv. þingmenn létu falla hér á síðasta ári þegar umræður stóðu sem hæst um fjárlög og það hvernig fjáraukalög mundu hugsanlega líta út á þessu ári. Ég kem nánar að því síðar í ræðu minni.

Hæstv. ráðherra gat þess að fjmrn. hefði í kjölfar þeirrar umræðu sem átti sér stað hér um fjárlög síðast gefið út svokallaðar verklagsreglur, en hæstv. ráðherra fjallaði minna um það hvernig til hefði tekist með framkvæmd þeirra reglna. Vonandi er að ekki eigi eftir að koma í ljós að þar hafi eitthvað ekki gengið eins og best verður á kosið. Umræða um það verður hins vegar að bíða þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

Þá vék hæstv. ráðherra að því að ljóst væri að í fjáraukalagafrv. nú vantaði nokkrar tölur og nefndi m.a. niðurstöðu svokallaðrar tekjustofnanefndar, 700 milljónirnar sem *mundu væntanlega koma inn og gat þess einnig að hugsanlega* gætu komið fram tölur vegna kaupa ríkissjóðs á Orkubúi Vestfjarða.

Vonandi er að ekki skorti fleira í þetta frv. Það kæmi að vísu ekki mjög á óvart því að ýmislegt virðist liggja í loftinu um að við megum eiga von á að fleiri tölur eigi eftir að koma fram.

Það er athyglisvert að skoða yfirlit sem birt er fremst í frv. til fjáraukalaga, á bls. 5. Þar eru einmitt tekin út ráðuneytin og fróðlegt að sjá að þar er útkoman sú, og ekki í fyrsta sinn, herra forseti, að oddvitar ríkisstjórnarinnar virðast ganga hvað léttast um gleðinnar dyr þegar kemur að fjáraukalögum. Ljóst er að kostnaður eykst um 30% hjá hæstv. utanrrh. og tæplega 10% hjá hæstv. forsrh. en þeir raða sér í efstu sætin. Í þriðja sæti er hæstv. iðnrh. með tæplega 8% og síðan hæstv. umhvrh. með rúmlega 6%. Aðrir hæstv. ráðherrar virðast ná að halda sér undir 5% markinu og er vonandi að svo verði áfram þegar öll kurl koma til grafar.

Hins vegar er býsna athyglisvert að sjá á þessari töflu, og líklega það athyglisverðasta, að æðsta stjórn ríkisins, þ.e. embætti forseta Íslands, hv. Alþingi, ríkisstjórnin sjálf, Hæstiréttur, umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun halda sér á núlli. Þar er væntanlega komin fyrirmyndin sem aðrir eiga að horfa til. Þetta er ekki síst athyglisvert í ljósi þess að sú ágæta stofnun sem við erum stödd í stendur nú í miklum framkvæmdum. Ýmsar sögusagnir hafa gengið um að þar væri ekki eftir öllum áætlunum farið. Hér er hins vegar staðfesting á því, væntanlega, að þær sögusagnir séu algerlega úr lausu lofti gripnar. Hér í töflunni, eins og ég sagði, kemur fram talan núll sem þýðir þá væntanlega, miðað við lög um fjárreiður ríkisins, að ekki hafi verið heimilaðar neinar greiðslur úr ríkissjóði til þessara framkvæmda fram yfir það sem áætlað var. Ef þetta er reyndin þá væri fróðlegt fyrir aðrar stofnanir að horfa hingað til fyrirmyndarinnar því að vissulega hafa menn þá staðið sig býsna vel í þeim framkvæmdum sem hér standa yfir.

Það væri fróðlegt, herra forseti, ef hæstv. fjmrh. gæti staðfest þá niðurstöðu sem mér virðist blasa við með því að skoða þessa töflu og frv. til fjáraukalaga. Það er ekki minnst á að neitt sé í vændum, hæstv. ráðherra minntist a.m.k. ekki á að hér mætti eiga von á útgjöldum.

Annars staðar megum við búast við, miðað við það sem heyrst hefur, m.a. í viðtölum okkar í fjárln. við ýmsa aðila, að eitthvað gæti verið í farvatninu. Ég nefni ýmsar heilbrigðisstofnanir en þegar við fjölluðum um þær við fjárlagagerðina síðast fóru ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. nokkuð geyst. Ég vil, með leyfi forseta, vitna til nokkurra ummæla. Þau fyrstu hljóða svo:

„En höfum við kjark og dug til þess að fella niður heimildir á fjáraukalögum? Við erum ekki að setja inn hótanir um hvað við munum gera, hvernig við munum bregðast við án þess ætla að standa við það, það liggur ljóst fyrir. Það er líka ljóst ef svo skyldi fara að einhverjir stjórnendur standi sig ekki í því að fara að fjárlögum og séu út úr korti með sinn rekstur, þá eru þeir náttúrlega óhæfir ... "

Áfram heldur hv. þm.:

„Þá er að sjálfsögðu ekkert annað að gera en að þeir taki pokann sinn og aðrir betri taki við, það gengur þannig í rekstri. Þannig þarf það að verða, menn þurfa að standa sig í rekstrinum."

Herra forseti. Hér er talað mjög skýrt og því er eðlilegt að spurt sé hvort þessi ummæli séu ástæða þess að hv. þm. Sjálfstfl. sjást bara hreinlega ekki í salnum, ekki nokkur einasti maður. (Gripið fram í.) Fyrirgefið, hv. þm. Drífa Hjartardóttir situr hér undir þessu öllu saman. Það er rétt að geta þess að hún viðhafði ekki þessi ummæli en fram skal haldið. Sami hv. þm. og ég vitnaði í áðan bætti við, með leyfi forseta:

„Auðvitað verða gerðir þjónustusamningar og það er það sem út af stendur núna, þjónustusamninga er eftir að gera við svo margar heilbrigðisstofnanir og það er auðvitað sú vinna sem menn fara í mjög fljótlega."

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh.: Er ekki búið að ljúka gerð allra þessara þjónustusamninga sem fljótlega átti að fara í þegar þessi ummæli voru viðhöfð þann 10. desember 1999?

Enn hélt hv. þm. áfram, með leyfi forseta:

„Ég hef verið fullvissaður um það að lögum um fjárreiður ríkisins og lögum um opinbera starfsmenn verði fylgt þannig að framkvæmd fjárlaga verði eðlileg og rétt á árinu 2000. Lögin eru til eins og ég sagði, þeim þarf að sjálfsögðu að hlíta og ég treysti orðum hæstv. fjmrh. að þannig verði fram gengið."

Herra forseti. Með vísun til þess sem hér er sagt um lög um fjárreiður ríkisins þá leikur a.m.k. vafi á að markmiðunum hafi öllum verið náð. Enn spyr ég: Getur þetta verið ástæðan fyrir því að hv. þm. sem svo töluðu og hægt væri að vitna meira í, nokkrir hv. þm. Sjálfstfl., í umræðum um fjárlög í fyrra, sjást nú ekki hér í salnum?

Herra forseti. Víða er hægt að bera niður í þessu ágæta frv. til fjáraukalaga. Ég mun nú fara yfir nokkra málaflokka og tína til einstök dæmi sem sýna það að því miður virðast áætlanir ekki vera nægilega traustar eða þá að ekki er nægilega farið eftir lögum um fjárreiður ríkisins. Ég vil byrja á forsrn. en á bls. 60 í frv. segir, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi er 10 millj. kr. tímabundið framlag í þrjú ár til styrktar íslenskum fræðum og íslensku bókasafni við Manitoba-háskóla í Kanada. Framlagið er í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 26. nóvember 1999."

Ég vek sérstaka athygli á þessu. Hér er að sjálfsögðu um hið besta mál að ræða en samþykktin í ríkisstjórninni var gerð 26. nóvember 1999. Þannig er ljóst að þessi upphæð hlýtur að hafa átt heima á fjárlögum fyrir árið 2000. En undir sama ráðuneyti, á bls. 61, segir varðandi lið 251 Safnahús, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er 37 millj. kr. framlag til kaupa á ýmsum húsbúnaði í Safnahús en Endurbótasjóður, sem fjármagnar endurbyggingu hússins, greiðir ekki slíkan búnað. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að sjóðurinn greiddi búnaðinn og því var ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum."

Herra forseti. Hvað er þarna á ferðinni? Þekktu þeir sem sömdu og fóru svo gaumgæfilega í gegnum fjárlagafrv. ekki reglurnar eða lögin um Endurbótasjóð eða neitaði Endurbótasjóður að greiða? Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. því að hann er eins og bent hefur verið á áður einn ráðherra í salnum. Við verðum að vona að hann geti gefið okkur rétt svör við þessari spurningu.

Áfram skal haldið og næst litið á menntmrn. Þar er enn fjallað um safnahús, á bls. 62:

„Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 95 millj. kr. til framkvæmdanna en útgjöldin urðu 63 millj. kr. meiri og er sótt um þá fjárhæð."

Enn er verið að tala um Safnahúsið við Hverfisgötu. Hér er um 66% hækkun að ræða. Einhver hlýtur skýringin að vera og það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi svörin við því hvað fór þarna úr böndum. Svona áætlunargerð hlýtur a.m.k. að kalla á að nánar verði yfir farið og skoðað.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið rætt um aukin útgjöld utanrrn. og sérstaklega varðandi nýjar byggingar úti í hinum stóra heimi, annars vegar í Tókíó og hins vegar í Ottawa. Ég geri út af fyrir sig ekki athugasemdir við að þarna sé farið í framkvæmdir eða kaup. Hins vegar verður að benda á, í samhengi við það sem við höfum æðioft sagt, að því miður virðist áætlunargerðin vera á of veikum grunni. Það er ekki mjög langt síðan fjárlagafrv. var dreift og þar voru nefndar tölur í sambandi við þessi kaup, annars vegar varðandi Tókíó og þar gert ráð fyrir að kostnaðurinn yrði um 700 millj. kr. Í frv. til fjáraukalaga er talan orðin 800 millj. kr. Hér er um býsna mikla hækkun að ræða á nokkrum vikum eða rúmlega 14% hækkun. Ef fram heldur sem horfir þá veit ég ekki hver upphæðin verður.

Sama á við þegar við horfum yfir hafið til Kanada. Þar hefur hækkunin einnig orðið mjög mikil. Kostnaðurinn í Ottawa hefur hækkað um rúm 20% og enn vek ég athygli á því hversu veikar forsendurnar eru, annaðhvort í fjárlagafrv. eða frv. til fjáraukalaga, því að hér hefur töluvert breyst á nokkrum vikum.

Næst ber mig niður hjá landbrn. Þar er fjallað um stofnun sem ekki er mjög stór, einangrunarstöð gæludýra í Hrísey. Ég vek hins vegar athygli á því að eitthvað hefur málum verið blandið, annaðhvort í vinnslu frv. til fjárlaga eða frv. til fjáraukalaga, vegna þess að hér skortir örlítið á samræmið. Neðst á bls. 65 segir varðandi stækkun einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey:

„Það sem á vantar verður fjármagnað með þjónustugjöldum."

Í 7. gr. fjárlagafrv., á bls. 76, er hins vegar fjallað um heimildir. Þar segir að fjmrh. sé heimilt, með leyfi forseta:

„Að selja íbúðarhúsið Austurveg 8, Hrísey, Eyjafjarðarsýslu, og verja andvirðinu til uppbyggingar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey."

Hér þarf, herra forseti, að fá skýringar. Á einangrunarstöðin að fjármagna þetta með þjónustugjöldum eða er þarna verið að velta fyrir sér íbúðarhúsinu Austurvegi 8, Hrísey,

nema hvort tveggja sé? Nauðsynlegt er að fá upplýst hvar villan liggur eða hver skýringin er á þessu misræmi.

Varðandi dóms- og kirkjumrn. kemur fram athyglisverður þáttur sem vekur spurningar um hvort menn hafi farið nákvæmlega eftir lögum um fjárreiður ríkisins. Hér segir, með leyfi forseta, á bls. 67 og er þar átt við prófanefnd vegna öflunar hæstaréttarlögmannsréttinda:

„Ákvæði um nefndina var bætt við í meðförum Alþingis og var því ekki gert ráð fyrir henni í lagafrumvarpinu sem kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis byggðist á og sem fjárveiting fjárlaga miðast við. Nefndin tók til starfa í nóvember 1998 ...“

Það tekur býsna langan tíma til að átta sig á því að mistök hafi verið gerð vegna þess að það sem menn eru hér að ræða um er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000. Það hlýtur að hafa verið eðlilegt að taka mið af þessum upplýsingum fyrir fjárlög ársins 2000.

Undir sama ráðuneyti á bls. 67 er kannski eitt athyglisverðasta málið sem ég rakst á við lestur þessa ágæta frv. Þar er verið að fjalla um liðinn 427–428 Sýslumaðurinn í Neskaupstað og á Eskifirði. Miðað við það sem hér segir er ljóst að ráðuneytið hefur greinilega talið ástæðu til að fara ekki að fjárlögum. Hvers vegna segi ég það? Jú, vegna þess að það sem hér er um að ræða í frv. til fjáraukalaga er í anda þess sem kom á borð fjárln. rétt undir lok starfa hennar við fjárlög fyrir árið 2000. Þá var þessari beiðni ráðuneytisins synjað í nefndinni. Hún fór þar af leiðandi ekki inn í 3. umr. fjárlagafrv. og var þar af leiðandi ekki í fjárlögum. Hins vegar virðist ráðuneytið hafa tekið sér það vald að fara samt sem áður fram með sínar hugmyndir. Hverjar eru þessar hugmyndir? Jú, að færa 3,6 millj. kr. frá þessum lið og yfir á safnlið sýslumannsembætta. Verði þetta samþykkt þá er ekki staðið við munnlegt heiðursmannasamkomulag sem gert var í dómsmrn., að vísu af hæstv. fyrrv. dómsmrh., um að við sameiningu embættanna fengju þau að njóta þess hagræðis sem af því væri til að byggja embættin upp og styrkja þau. Ég vil vekja athygli á þessu en að sjálfsögðu mun frekar um þetta fjallað í fjárln. Vonandi verður hægt að kippa þessu í liðinn.

Enn er rétt að vekja athygli á því hversu slakar ýmsar áætlanir eru. Á bls. 70 er verið að ræða um nauðsynlegar framkvæmdir við byggingu lögreglustöðvar á Hólmavík en svo illa virðist hafa tekist til í áætlunargerðinni að farið er fram á rúmlega 40% hækkun á því sem áætlað var til framkvæmdarinnar. Að vísu, sem óvenjulegt er í frv., er gefin á þessu ákveðin skýring og segir m.a., með leyfi forseta, að hækkunin hafi m.a. verið „vegna fárra tilboða sem bárust í verkið og fjarvistarálags sem greiða þarf til verktaka“. Hér hefur greinilega verið um töluvert álag að ræða í þeim efnum og væri nauðsynlegt að fá nákvæma skýrslu hér um þó ekki væri nema í fjárln.

Áfram skal flett. Að vísu verð ég að fara örlítið hraðar en ég ætlaði á tíma mínum en rétt er að vekja sérstaka athygli á yfirskattanefnd. Hér er komið að ráðuneyti hæstv. fjmrh. að skoða vegna þess að aukafjárveitingin sem sótt er um núna er 14,5 millj. vegna stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði yfirskattanefndar. Því miður hef ég ekki undir höndum þær tölur sem eru í fjárlögum þessa árs. Fróðlegt væri að vita hversu mikil aukning er á ferðinni en það er ekki síður athyglisvert að bera þetta saman við það að í fjáraukalögum fyrir árið 1999 var einnig veitt 21 millj. kr. til að mæta útgjöldum við breytingar á húsnæði hjá þessari annars ágætu nefnd sem segir að í þessi tvö ár hefur í fjáraukalögum verið veitt rúmlega 35 millj. kr. til að bæta við það sem fram úr hefur farið við það sem áður var áætlað.

Herra forseti. Á bls. 81 er býsna athyglisvert atriði sem nauðsynlegt er að fá skýringar á og væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. gæti gefið þær en það er væntanlega hæstv. iðnrh. sem veit betur um málið. En neðst á síðu 81 segir, með leyfi forseta:

„Einnig er farið er fram á 10 millj. kr. framlag til Byggðastofnunar sem renni til að styrkja vetrarsamgöngur á snjóþungum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.“

Herra forseti. Ég vil taka sérstaklega fram að ég tel að styrkja þurfi vetrarsamgöngur á snjóþungum svæðum og er það býsna mikilvægt og þarf örugglega að auka fjármuni til þess en ég veit ekki betur en í að samgrn. sé verið að sýsla við þessi mál. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fá nánari skýringar á því hvernig á því stendur að þessi liður er kominn undir Byggðastofnun.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka fyrir prýðilegar umræður og málefnalegar um þetta frv. og ýmislegt sem því tengist því eins og verða vill ber ýmislegt á góma í umræðum um fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv.

Ég vil ekki fara mikið út í einstök atriði en skal þó svara eftir mætti ýmsu sem hefur komið fram en verð að öðru leyti að vísa mönnum á þá umfjöllun sem er fram undan varðandi einstaka þætti í fjárlaganefndinni.

Ég vil víkja aðeins að því sem margir hafa gert að umtalsefni og er vissulega mikilvægt málefni, þ.e. spurningunni um það hvaða tillögur er eðlilegt og réttmætt að gera í fjáraukalagafrv. Hvenær eiga tillögur um fjárveitingar heima þar og hvenær eiga þær heima í fjárlagafrv.?

Lesið hefur verið upp úr lögunum um fjárreiður ríkisins og þær reglur eru í sjálfu sér alveg skýrar og ég man að það mál fékk nákvæma umfjöllun á sínum tíma í þinginu. Hins vegar geta verið, þó að reglurnar séu skýrar, álitamál og vafaatriði sem koma upp í þessu efni.

Tökum sendiráðsbyggingarnar sem ítrekað hefur verið talað um. Gert er ráð fyrir því í fjáraukalagafrv. að ráðstafa þar ákveðnum fjármunum. Ekki er búið að inna þær greiðslur af hendi, verið er að leita heimilda til að gera það á þessu ári vegna þess að samningaumleitanir um þessar húsbyggingar hafa staðið yfir nú þegar á þessu ári og allt eins líklegt að þeim ljúki fyrir áramót. Menn eru með ákveðnar byggingar í huga, annars vegar í Ottawa og hins vegar í Tókíó. Ef samið verður um þessi hús, að kaupa þau eins og skynsamlegt er talið og skynsamlegra en að leigja, þá fellur til skuldbinding á ríkissjóð um leið og sá samningur er gerður. Ef það gerist fyrir áramót er rétt að hafa borð fyrir báru hvað það varðar í þessum heimildum. Um það snýst málið. Það er vegna þess að ætlunin var að ljúka þessu máli og með tilliti til þeirrar samningsstöðu sem er uppi á báðum stöðum gagnvart seljandanum er nauðsynlegt að geta gert það nú þegar.

Annað mál er svo t.d. El Grillo. Ekki er eins augljóst hvort það ætti að vera á fjáraukalögum eða fjárlögum en hugmyndin er sú að setja það mál af stað þannig að hugsanlega gæti fallið til skuldbinding á þessu ári og þess vegna er þetta gert með þessum hætti.

En ég vil taka undir það alveg sérstaklega sem hefur vakað fyrir þeim þingmönnum sem hafa ljáð máls á þessu að það á ekki að opna fyrir misnotkun á fjáraukalagaheimildinni og

þeim reglum með þeim hætti sem tíðkaðist árum og áratugum saman og sérstaklega ekki á meðan fjármálaráðherrann hafði bara einn aukafjárveitingavaldið og tók stundum ákvarðanir þvert á það sem þingið hafði hafnað áður. Við megum ekki lenda í þeim sama farvegi og eigum að gæta okkar með þessa hluti og það höfum við reynt að gera í þessu frv. eins og áður þó vissulega sé hægt að viðurkenna að í þessu frv. eru málefni sem má deila um og hefðu hugsanlega frekar átt heima í fjárlögunum en þó eru þar alls staðar skýringar af því tagi sem ég var núna að gefa.

Varðandi það hvort greiðslur eru inntar af hendi er það líka mikilvægt að það er yfirleitt aldrei gert fyrr en eftir að heimildin er komin. Þó kemur það fyrir í einstöku undantekningartilfellum og þá er það á ábyrgð mína sem fjármálaráðherra og viðkomandi fagráðherra og aðeins gert ef aðstæður eru það knýjandi að ekki verður beðið með greiðslu.

Ég er því í rauninni að taka undir með mönnum varðandi þetta mál, þetta atriði, en jafnframt að gefa ákveðnar skýringar á nokkrum einstökum atriðum.

Auðvitað er það því miður stundum þannig að þær áætlanir sem menn hafa gert varðandi einstakar framkvæmdir hafa ekki staðist. Það á við um lögreglustöðina á Hólmavík sem varð því miður dýrari en búið var að veita fjármagn til en samt mál sem þurfti að klára og var gerður verksamningur um sem þurfti að standa við og borga.

Það á líka við um Þjóðmenningarhúsið. Þar fóru útgjöldin fram úr því sem reiknað hafði verið með. Bæði að því er varðar endurbótasjóðinn sem er vistaður í menntmrn. og svo þeim hluta útgjaldanna sem fóru í gegnum forsrn. Sem betur fer er það nú þannig að þess háttar umframútgjöld eru mjög á undanhaldi. Ef maður skoðar hvað er verið að fara fram á miklar heimildir til umframútgjalda í þessu frv., 5,7 milljarða, miðað við heildarútgjöldin í fjárlögum ársins 2000, er það miklu lægra hlutfall en oft hefur verið, um 3% af heildarútgjöldum ársins 2000 og það liggur við að maður geti sagt að það sé innan skekkjumarka. Margt af því er vegna stórra ákvarðana eins og um sendiráðin og þess háttar hluti sem er ekki vegna almennrar umframkeyrslu og á sér þar af leiðandi þessar sérstöku skýringar.

Einstök mál hafa menn nefnt og hafa haft rétt fyrir sér í því að hefðu sennilega frekar átt að koma inn í fjárlögin á þessu ári. Ég hygg að fyrsta greiðsla varðandi háskólabókasafnið í Manitoba hefði að réttu lagi frekar átt heima í fjárlögum þessa árs. Þar eru mistök á ferðinni. Slík greiðsla er inni í fjárlögunum 2001 en til að leiðrétta þau mistök af því að þetta féll niður fyrir vangá, var þetta einnig sett inn í fjáraukalögin til þess að unnt sé að greiða það sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að gera gagnvart háskólanum í Manitoba og starfsemi Vestur-Íslendinga þar.

Að því er varðar sendiráðin og mismuninn á fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. er það vegna þess að betri vitneskja var fyrir hendi nokkrum vikum eftir að fjárlagafrv. kom fram. Þess vegna fór nýrri og réttari tala inn í fjáraukalagafrv. og kannski ekki miklu við það að bæta. Menn voru að vonast til þess að þetta gæti verið lægri tala en það reyndist ekki raunin þó ekki sé endanlega búið að ganga frá þeim samningum eins og ég sagði áðan.

Prófanefndin, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, ég býst við því að það sé svipað mál og með háskólabókasafnið að þar hafi verið einhver gleymska á ferðinni. Það getur því miður komið fyrir í þessu kerfi þó það sé býsna gott að eitthvað slíkt falli niður og þá verða menn að leiðrétta það við fyrsta tækifæri.

Hvað varðar þjónustusamninga er sí og æ verið að vinna að gerð slíkra samninga jafnt og þétt, ekki er hægt að segja að búið sé að gera alla þá samninga sem ætlunin er að gera en það miðar í áttina.

Að því er varðar yfirskattanefnd þá er þar um það að ræða að verið var að koma þeirri ágætu stofnun, sem starfar eins og kunnugt er eins og dómstóll, fyrir í nýju húsnæði. Kannski má segja svipað og um Hólmavík og Þjóðmenningarhúsið að þar féll til umframkostnaður, og það er leitt. Ég ber að sjálfsögðu ábyrgð á því þar sem þessi stofnun heyrir undir fjmrn. en við reynum að koma því í réttan farveg og læra af reynslunni á þessum sviðum. En það er óhjákvæmilegt að biðja um þessa fjárheimild til þess að geta gert upp málið.

Varðandi snjóþungu svæðin þá er það mál sem annar þingmaður hér inni átti frumkvæði að og byggðist á því að greiða fyrir samgöngum að vetri til þar sem er sérstaklega erfitt vegna snjóþyngsla. Í stað þess að grípa til sértækra ráðstafana í öðrum lögum var ákveðið að fara þessa leið og talið eðlilegt að Byggðastofnun, sem hefur með byggðamálin að gera eins og allir vita, ráðstafaði því fjármagni. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það, ég tel að það falli eðlilega að verkefnum Byggðastofnunar.

Að öðru leyti vil ég vísa fyrirspyrjendum á meðferðina sem er fram undan í fjárln. um þetta frv. en þakka á ný fyrir ágæta umræðu.

[15:58]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem aðallega upp til að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og iðrunarmerkin sem fram komu í ræðu hans varðandi ýmis þau atriði sem ég benti á í ræðu minni. Það vekur athygli mína sem hæstv. ráðherra segir undir lokin varðandi Byggðastofnun og aðgang Byggðastofnunar að vetrarsamgöngum. Ég er alls ekki að mæla gegn því að Byggðastofnun fari inn í þennan þátt, ég held að það eigi að skoða það og vel getur verið að það verði niðurstaðan að eðlilegra sé að Byggðastofnun komi að þessu jafnvel í meira mæli en samgrn. hefur gert. Það hafa a.m.k. ýmsir erfiðleikar verið þar á framkvæmdum á stundum og má vel vera að Byggðastofnun geti bætt þar úr.

Herra forseti. Það var eitt örlítið atriði sem mér hefði fundist gott að fá skýringu á hjá hæstv. ráðherra ef einhver möguleiki væri. Á bls. 83 í þessu frv. til fjáraukalaga kemur fram að ein stofnun undir umhvrn. er að fara í nýtt húsnæði, nýtt leiguhúsnæði. Fram kemur að þar er aukinn leigukostnaður stofnunarinnar, og stofnunin er Náttúruvernd ríkisins, rétt tæpar 460 þús. kr. á mánuði. Ég velti fyrir mér hver sé í raun og veru stærð þessa húsnæðis fyrst stækkunin er slík eða hvort stofnunin er þá að fara í svona miklum mun betra húsnæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:01]

Bætt réttarstaða barna, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 115. mál. — Þskj. 115.

[16:03]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Flutningsmenn ásamt mér eru þrír aðrir þingmenn Samfylkingarinnar, þær Guðrún Ögmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

Ályktunargreinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá geri nefndin í sama tilgangi úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum. Einnig verði metið hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, Barnaheilla og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nefndin skili tillögum um úrbætur fyrir 1. maí 2002."

Herra forseti. Ég vil taka fram að þessi tillaga er flutt í þriðja sinn. Hún var fyrst lögð fram á 121. löggjafarþingi. En hún er jafntímabær í þetta sinn og hin tvö fyrri. Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans og áhrif á íslenska löggjöf frá gildistöku hans og meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Þessi tillaga um bætta réttarsöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fellur að annarri tillögu sem var til umræðu hér í gær, um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, en þar er 1. flm. Jóhanna Sigurðardóttir. En sú tillaga er jafnframt flutt af þingmönnum þverpólitískt úr öllum flokkum. Þar er verið að leggja til að undirbúin verði heildstæð og samræmd opinber stefna í málefnum barna og unglinga til að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og skapa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska.

Segja má að til þess að sú vinna verði farsæl þá sé eðlilegt að fara yfir barnasáttmálann til að byrja með og síðan fella hann að þeirri undirbúningsvinnu sem þarna er fjallað um. Og herra forseti, svo sannarlega er mikilvægt að taka á málefnum barna eins og málum er nú komið.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og þá voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi, m.a. lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda.

Það kemur líka fram þegar skoðaðar eru töflur sem m.a. fylgja með í greinargerð með þessari tillögu að það er í barnaverndarmálunum sem við höfum staðið okkur best í samanburði Norðurlandanna. En þó að við höfum tekið á fljótlega eftir undirritun samningsins þá er í mörgu ábótavant enn og nauðsynlegt er að barnasáttmálinn verði fyrirmynd að okkar löggjöf í málefnum barna og að við sýnum það í verki að viljum fullgilda og staðfesta þennan samning.

Með þessari tillögu er það náttúrlega alveg ljóst að við flutningsmenn teljum að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að lagaframkvæmd sé ekki enn í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Og það er þess vegna sem mælt er fyrir um þá vinnu sem hér er lögð til.

Á liðnum vetri var hér umræða um skýrslu utanrrh. og í þeirri skýrslu var vísað til þess að búið væri að gera viðbótarsamning við barnasáttmálann og í skýrslunni var þess getið í kafla um málefni barna og barnasáttmálann hversu mikilvægur hann væri og sérstaklega er getið um þennan viðbótarsamning sem gerður var í janúar, um að börnum yngri en 18 ára væri óheimil þátttaka í vopnuðum átökum og þótti mjög mikill áfangi að ná þessu inn í viðbótarsamningi.

Það kom líka fram að alls staðar er hvatt til framkvæmdar barnasáttmálans og sömuleiðis í umræðu um Norðurlandaskýrsluna sem utanrrh. lagði jafnframt fram. Þar kom fram að í Norðurlandaráði hefur verið rætt mikið um málefni barna og að Norræna ráðherranefndin hefur verið að vinna með þessi mál og sömuleiðis norðurnefndin í Norðurlandaráði og þar hafa mörg spennandi verkefni varðandi börn verið tekin fyrir. Norræna ráðherranefndin hvatti til framkvæmdar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og bæði í Norðurlandaskýrslunni og í skýrslu utanrrh. til þingsins var barnasáttmálanum og stöðu barna gerð umtalsverð skil. Þess vegna átti ég von á því, herra forseti, að þverpólitísk samstaða næðist um það að þessi tillaga næði fram að ganga í vor, en því miður varð ekki svo.

Ég vil hins vegar taka það fram að fyrir utan tillögu um heildarstefnumörkun í málefnum barna og það að yfirfæra barnasáttmálann og gera úrbætur í lögum í samræmi við hann, hefur Samfylkingin freistað þess að þoka aðskildum málum fram með því að flytja frv. um þau sérstaklega í von um að ná úrbótum í mikilvægum málaflokki, þ.e. að það væri von til þess að e.t.v. væri hægt að samþykkja eitt og eitt af þessum góðu málum þó svo að ekki náist fram það sem auðvitað er mikilvægast, að yfirfara barnasáttmálann og búa til heildarstefnumörkun í málefnum barna. Þegar ég segi að við höfum verið með aðskilin mál þá mundi ég vilja drepa á nokkur þeirra, með leyfi forseta, til þess að draga athygli að því að við höfum virkilega skoðað þessi mál og hversu mikilvæg þau eru.

Þar mundi ég nefna frv. um að refsivert sé að framleiða og dreifa barnaklámi, frv. um að barni verði skipaður talsmaður ef ágreiningur verður um umgengni barns við annað foreldri, frv. um vandaða skilnaðarlöggjöf við hjónaskilnað og sambúðarslit og frv. sem á rætur í barnasáttmálanum eins og fyrr segir, um að tryggja skuli barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða og taka réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Sömuleiðis vil ég nefna frv. um rétt til stjúpættleiðinga og frv. um breytingu á barnalögum um að auka rétt feðra gagnvart börnum sínum sem hafa fæðst utan hjúskapar og tillögu um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota, einkum barna og unglinga, aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna og eru þá ekki nefndar fjölmargar fyrirspurnir sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa

lagt fram um mál sem þarf að þoka fram og sem hefur verið hreyft og er verið að inna eftir framkvæmd á. Þannig hefur Samfylkingin lagt verulega áherslu á málefni barna í vinnu sinni, bæði sl. haust, á sl. vetri og enn á ný á þessu hausti. Auðvitað væntum við þess að eitthvað af þessum málum nái fram að ganga ef stjórnarflokkarnir meina eitthvað með því að þeir séu sammála um mikilvægi þessara mála.

Á bls. 5. í þeirri tillögu sem ég er að mæla fyrir um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er að finna nokkrar töflur. Þar eru nýjar tölur sem ég hef aflað mér til þess að vera með ferskar upplýsingar um samanburð á framkvæmd okkar við önnur Norðurlönd. Ef við byrjum á því að skoða hvert sé hlutfall íbúa 0–17 ára á Norðurlöndunum af heildaríbúafjölda árin 1993–1998 þá kemur auðvitað í ljós það sem við vitum. Þessi hópur er 28% af heildaríbúafjölda á Íslandi en samanburðarhópurinn fer niður í 21% í Danmörku. Ef við skoðum útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna árin 1993–1998 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu þá er hlutfall á Íslandi 2 en á öllum öðrum Norðurlöndum utan Finnlands er það 4, helmingi meira sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, og Finnland liggur í þremur.

Ef við skoðum útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í svokölluðum jafnvirðisgildum á íbúa á árunum 1995–1998, og þar eru upphæðirnar settar fram í ekum, þá liggur tala Íslands í 480 á meðan hin Norðurlöndin eru með 636, 688, 800 og 835. Þetta er auðvitað fullkomlega óviðunandi, að við skulum vera svona slök í norrænum samanburði og ég vek athygli á því að þessar upplýsingar eru frá Hagstofu Íslands og úr bæklingunum Social tryghed i de nordiske lande og Nordisk Social-Statistisk Komité, þannig að þetta eru ekki tölur sem stjórnarandstaðan er að búa til. Þetta eru faglegar upplýsingar, samanburðartölur úr Norðurlandasamstarfi.

Fróðlegt er að skoða það og útgjöld til dagvistarmála á Norðurlöndum í jafnvirðisgildum á íbúa á sama tíma, 1995, og upphæðir í ekum. Þar erum við með 171 á meðan t.d. Danmörk er með 383 en það sem vekur athygli er að Noregur er með sömu tölu, 171. Ef við lítum á árið á undan þá er Noregur með 209 og er freistandi að ætla að breyting, sem gerð var í Noregi á þeim tíma um að byrja að greiða foreldrum beint upphæð til að vera heima ef þeir nýta sér ekki þjónustu eins og leikskólann, hafi þarna áhrif á tölurnar, að inni í þessari tölu séu að sjálfsögðu ekki beinar greiðslur til þess fólks sem þar með freistast til þess að veita barninu ekki þann viðbótaruppeldisþátt sem leikskólinn er.

En ef við skoðum svo útgjöld til barnaverndarmála á Norðurlöndum í jafnvirðisgildum á íbúa á sama tíma, 1995–1998, þá byrjum við að standa okkur vel, þar er Ísland með 38, Danmörk að vísu með 107 en síðan eru hin löndin með 56, 22 og 22. Þarna stöndum við okkur sæmilega vel og þarna byrjuðum við að gera breytingar um leið og við vorum búin að fullgilda barnasáttmálann. Við höfum tekið okkur á bæði í verkefnum félmrn., nefna má að Barnaverndarstofu var komið á, mörgum meðferðarheimilum sem varða uppeldi og aðbúnað barna að ógleymdu Barnahúsinu sem mörg okkar berum fyrir brjósti en nú er hætta á að verði látið víkja í pólitískri togstreitu.

Herra forseti. Þetta eru afar mikilvæg mál og það að taka á í málefnum barna er eitthvað allt annað en bara að tala í þessum sal um það hvernig við viljum hafa hlutina ef við meinum ekkert með því. Ef við fullgildum barnasáttmálann skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll réttindi samkvæmt sáttmálanum. Ég hef tekið það fram að ákveðin skref hafa verið stigin í átt til réttarbótar en samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þó þeir hafi verið fullgiltir heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarrétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum fyrir íslenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamrýmanleg. Því er mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú er.

Það er hins vegar ekki tillagan í þessari till. til þál. heldur að bæta réttarstöðu barna samkvæmt sáttmálanum og að skipa nefnd sem geri úttekt á lögum og beri þau saman við barnasáttmálann til að við tökum á í þessum málum.

Auðvitað mun sumt af því sem þarna er tekið á kosta eitthvað en í mörgum tilvikum, eins og kemur fram í upptalningu minni á þeim sértæku málum sem við höfum flutt tillögur og frumvörp um, kostar það ekki endilega mikið heldur er um að ræða réttindamál sem tryggja hag barna okkar í þjóðfélaginu, mikilvægasta verkefni samtímans.

[16:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um mjög mikilvægt mál í þeirri till. til þál. sem við ræðum um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að margt sem kemur fram í grg. með tillögunni eigi mjög mikið erindi í þá umræðu sem hefur farið fram í þingsölum, m.a. í gær um málefni og réttarstöðu barna. Það er alveg rétt sem fram kemur í tillögunni og grg. að með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum réttindi samkvæmt sáttmálanum. En eins og hér segir: „Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar.“ En jafnframt er tekið fram að „samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarrétti“. Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt að farin verði sú leið sem hér er lögð til að „fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands“.

Ég held einmitt að sú leið, sem sett er fram og það markmið að dómsmrh. skoði réttarstöðu barna með hliðsjón af því að hann uppfylli skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, styðji mjög við það mál sem við ræddum í gær sem er heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Um hana urðu nokkrar umræður í gær en hún felur í sér að að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga en á grundvelli þeirrar stefnumótunar er gert ráð fyrir ákveðinni framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Liðin eru rúmlega tíu ár frá gildistöku barnasmáttmála Sameinuðu þjóðanna og það kemur einmitt fram í skýrslu sem ríkisstjórnin hefur kynnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að gert er ráð fyrir því að tillaga um heildarstefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum barna og unglinga verði samþykkt á Alþingi. Það er mjög veigamikið að það komi fram og mikilvægt að ná sátt um það á Alþingi að fara þá

leið sem bæði er mörkuð í þeirri tillögu sem við fjöllum um og eins þeirri tillögu sem rædd var í gær. Það kemur einmitt fram í tillögunni að þótt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hafi lýst yfir ánægju með ýmsa þætti í framkvæmd barnasáttmálans hér á landi hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmdarinnar. Í grg. með till. til þál. kemur einmitt fram að enn skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita. Ég held einmitt í því sambandi að ástæða sé til þess að nefna að við höfum ekki nægjanlega rætt það á þingi eða skoðað það hvort ástæða sé til að fara í breytingar á ýmsum lögum sem tryggja betur réttarstöðu barna á aldrinum 16–18 ára í tilefni af hækkun á sjálfræðisaldrinum. Ef ég man rétt liggur fyrir skýrsla frá dómsmrh. um hvaða lagabreytingar séu nauðsynlegar, æskilegar eða rétt sé að fara í, í tilefni þeirra laga sem samþykkt voru hér á Alþingi um hækkun á sjálfræðisaldrinum. Mér finnst að Alþingi eða allshn. þingsins þurfi að gefa sér tilefni til þess að fara yfir þá skýrslu og skoða hana með tilliti til æskilegra breytinga á ýmsum lögum.

Ég nefni t.d. tekjuskattslög sem snerta barnabætur sem koma væntanlega fljótlega til umræða. Það er spurning hvort barnabætur eigi ekki að ná til 18 ára aldurs og hvort ekki sé brýnt í tengslum við þá ákvörðun sem Alþingi hefur tekið um hækkun á sjálfræðisaldrinum. Það er einmitt í samræmi við það sem kemur fram í tillögunni að megininntak barnasáttmálans sé að skilgreina alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem börn.

Mér finnst líka athyglisvert sem fram kemur í tillögunni og bent er á í grg. að vakin er athygli á því og sett fram sú spurning hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hafi fengið sé fullnægjandi og hvort ekki sé rétt að barnasáttmálinn verði kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi og hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilji og dreift sé til þeirra. Ég held að það sé afar mikilvægt að það verði gert og farin verði sú leið sem lögð er til í þessari tillögu og að við fáum þá heildarsýn sem lögð er til og yfirsýn yfir hvernig við stöndum að því að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Tillagan hefur verið lögð fram á nokkrum þingum en ekki náð fram að ganga. Ég tel afar brýnt að tillagan sé skoðuð einmitt samhliða tilögunni um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga og væntanlega fer þessi tillaga í sömu nefnd og kemur þá aftur hingað til kasta þingsins. Það er einmitt mikilvægt, sem kemur fram í tillögugreininni, að það á að meta hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og mannréttindasáttmála Evrópu og mikilvægt einnig að að þessu verki komi fulltrúar Barnaverndarstofu, Barnaheilla og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Greinargerðin með tillögunni er mjög vel unnin og rekur raunverulega sögu barnaverndarmála innan stjórnkerfisins. Ég held að afar mikilvæg breyting hafi átt sér stað þegar málefni barna voru að talsverðu leyti flutt frá menntmrn. yfir til félmrn. með breytingu á lögum 1992. Ég held að sá flutningur hafi verið mjög jákvæður fyrir stöðuna í málefnum barna og hafi leitt mjög margt gott af sér sem íslensk börn búa að og er rakið í tillögunni og ég hef tímans vegna ekki tækifæri til þess að ræða hér.

Ég er meðflm. að tillögunni og vænti þess að hún fái framgang á hv. Alþingi.

[16:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hægt sé að ræða þessi mál hérna en það er eitt og annað sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á, m.a. þáltill. sem við ræddum í gær. Því miður gat ég ekki verið viðstödd þá umræðu. En ég spyr sjálfa mig og þá um leið hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort sú tillaga sem rædd var hér í gær muni ekki í rauninni tæma það hlutverk að ræða um leið það mikilvægi að lögfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hvort sú nefnd mundi ekki taka til þeirrar þáltill. sem við ræðum núna.

[16:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það afar jákvætt og mikilvægt að fá viðbrögð formanns allshn. við þeirri mikilvægu tillögu sem er til umræðu vegna þess að þangað fara báðar þær tillögur sem hv. þm. nefndi. Ég vil nefna það að þegar ég var með í undirbúningi þá tillögu sem hv. þm. nefndi, um heildarstefnumótun í málefnum barna, þá vann ég hana í samráði við umboðsmann barna. Þá lá fyrir tillagan um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og við ræddum einmitt það sem hv. þm. nefndi og hvort hér væri ekki um sjálfstæða tillögu að ræða sem mundi þá standa og ætti rétt á því að standa alveg sjálfstæð og væri eðlilegt að hún gerði það af því hér eru mjög víðtæk skilyrði sem við þurfum að uppfylla samkvæmt barnasáttmálanum. Það varð niðurstaða okkar eftir að hafa farið yfir málið að eðlilegt væri að samþykkja sérstaklega þá tillögu sem við erum hér að ræða, um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og skoða sérstaklega og gera úttekt á ýmsum lögum sem varða réttarstöðu barna til þess að uppfylla skilyrði barnasáttmálans. Hitt væri sérstakt verkefni sem sneri að mörgum ráðuneytum, að undirbúa heildstæða, samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga sem síðan yrði grundvöllur að framkvæmdaáætlun. Sú úttekt sem hér er gert ráð fyrir er eðlilegt að komi sem sjálfstætt verkefni og mun örugglega treysta mjög það verkefni sem yrði síðan unnið í stjórnsýslunni um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

[16:30]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga kemur fram að framkvæmdaáætlun skuli lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2001. Í þáltill. sem við erum að ræða hér núna er lagt til að nefndin skili tillögum um úrbætur fyrir 1. maí 2002. Ég tel, þ.e. ef þáltill. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga nær fram að ganga á hinu háa Alþingi, í raun óhjákvæmilegt að tekið verði á málefnum sem tengjast barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég hlýt að gera þær kröfur að þeir sem koma að því að semja þá framkvæmdaáætlun, þ.e. dómsmrn., heilbr.- og trmrn., menntmrn. o.s.frv., taki tillit til þess og leggi til hvaða leiðir beri að fara varðandi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Skoðun mín er sú að tillagan sem við ræddum í gær nái yfir það sem rætt er um í dag.

[16:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tillögur eiga eftir að fara til meðferðar og umfjöllunar í hv. allshn. og til umsagnar þar. Það má vel vera að betur þurfi skoða samræmi í dagsetningum í

tillögunum, annars vegar um að niðurstöður og úrbætur að því er varðar barnasáttmálann eigi að liggja fyrir 1. maí 2002 og hins vegar að framkvæmdaáætlun á að vera tilbúin 1. janúar árið 2001. Það má vel vera að skoða þurfi samræmið í þessum dagsetningum. Ég get hins vegar ekki séð að þessar tillögur geti ekki staðið sjálfstæðar en það er þá nefndarinnar sem fær málið til meðferðar að skoða það.

Ég ítreka enn að ég fór vandlega yfir þetta með umboðsmanni barna og niðurstaða okkar var að betur færi á því að þessar tillögur væru afgreiddar hvor í sínu lagi.

[16:33]

Útbýting þingskjals:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 191. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 200.

[16:33]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég er afskaplega ánægð með viðbrögð formanns allshn. en vil aðeins bregðast við þeim athugasemdum sem hún gerði hér í andsvörum við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sérstaklega varðandi það hvort heildarstefnumörkun í málefnum barna mundi ná yfir þá till. til þál. sem hér er flutt.

Mér fannst ekki ástæða til þess á sínum tíma, ekki heldur á þessu hausti, að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir samræmdum þessar tillögur. Ég vil gjarnan fá tækifæri til að útskýra það. Ég hef farið yfir það hve mörg aðskilin mál Samfylkingin hefur flutt varðandi umbætur í málefnum barna. Það væri líka hægt að segja að tillagan um að fara yfir barnasáttmálann til að bæta réttarstöðu barna og gera úrbætur í öllum íslenskum lögum tæki yfir aðskilin mál. Þess vegna gæti ég svarað hv. formanni allshn. þannig að ef allshn. mundi ákveða að styðja málið og beina því til Alþingis að samþykkja stefnumörkun í málefnum barna þá væri það ekki mikið verk fyrir allshn. að taka inn í þá samþykkt tillögu um að þá verði farið yfir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

En það er líka hugsanlegt, af því að við í stjórnarandstöðu vitum að við þurfum að þoka málum fram, að hv. allshn. mundi íhuga að samþykkja þetta mál en ekki vera tilbúin í heildarstefnumörkun. Þá næðist a.m.k. sá ávinningur að farið yrði að skoða barnasáttmálann. Ef allshn. fellst á að það sé ástæða til að búa til heildarstefnumörkun þá held ég að Samfylkingin yrði því mjög fylgjandi að getið yrði þeirra mála sem mikilvægt er að taka á og sem ég hef drepið á hér. Samfylkingin beitir sér fyrir úrbótum í þessum málaflokki og leitar allra leiða til þess. Það er svar mitt til formanns allshn. En það sem gladdi mig varðandi andsvar hennar var að mér fannst gæta jákvæðni í orðum þingmannsins. Það gefur mér tilefni til að vona að eftir nokkurra ára tilraunir sé kannski von til að þessi góðu mál verði samþykkt á þessu þingi.

Þá komum við að gildistökuákvæðinu. Það er alveg hárrétt. Ég breytti gildistökuákvæðinu í tillögunni sem ég er að flytja vegna þess að ég gekk út frá því að ef þessi tillaga yrði samþykkt þá yrði það ekki fyrr en undir vorið, það er reynslan af því þegar stjórnarandstaðan fær tillögur samþykktar. Með því vildi ég gefa stjórnarflokkunum tækifæri til að vinna þessa vinnu áður en hún yrði lögð fyrir þingið. Allt þetta má samræma og laga ef allshn. ákveður að hleypa tillögunum í gegn og gera þetta sem best.

Hitt er svo annað mál, af því ég notaði samanburð við Norðurlönd máli mínu til stuðnings og fór yfir þær töflur sem fylgja þáltill. varðandi barnasáttmálann, að við erum miklir eftirbátar Norðurlandanna. Við þurfum að taka okkur á í mjög mörgum málum. Ég fór bara örstutt yfir það í framsögu minni og nefndi aðeins samanburðartölur. Ef við reynum hins vegar að finna í hverju mismunurinn felst þá er ljóst að þar til við breyttum lögunum um fæðingarorlof á sl. vori og tókum þar með ágætt skref fram á við, þó enn þurfi að gera betur til að ná Norðurlöndunum, þá vorum við sl. vetur hálfdrættingar á við það sem lakast var annars staðar á Norðurlöndunum. Auðvitað hefur það lagast örlítið en þetta segir nokkuð mikið um útkomuna úr þeim samanburði.

Varðandi fæðingarorlofsgreiðslur til feðra. Það voru 1.112 feður sem fengu fæðingarorlofsgreiðslur á síðasta ári. Sex fengu aðeins styrkinn, en fjórir fengu hálfa dagpeninga að auki en 1.102 fengu fullar greiðslur. Þetta er auðvitað sáralítið í samanburði við þróunina annars staðar á Norðurlöndunum því lifandi fædd börn voru á árinu 1997 4.151. Við höfum ekki tölur frá árunum 1998 eða 1999 en fæðingartíðnin hefur verið ápekk að undanförnu þannig að það er um fjórðungur feðra á þessum tíma sem tekur fæðingarorlof.

Við í Samfylkingunni höfum mótað stefnu varðandi fæðingarorlof. Við teljum að það eigi að verða tólf mánuðir á fullum launum, það verður auðvitað að vinnast í áföngum, og að foreldrar skipti orlofinu með sér. Um það var samþykkt ákveðið skref hér síðasta vetur.

Ef við skoðum aðbúnað á íslenskum vinnumarkaði þá er hann því miður fjölskyldufjandsamlegur. Ísland þráðaist t.d. við að samþykkja samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í fimm ár var ýtt á það með málflutningi og tillögum að fullgilda þá samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óheimilt sé að segja starfsmanni upp vegna fjölskyldu-ábyrgðar. Loksins á sl. vori tosaðist þetta fyrst inn í tillögu um fjölskyldustefnu og síðan var málið borið hér fram, eftir fimm ára málflutning og fyrirspurnir. Stjórnarflokkarnir hafa þannig ekki hlaupið til að gera þær úrbætur sem mikilvægar eru.

Hlutfall svokallaðra hinsegin fjölskyldna hefur hækkað mikið síðari ár, t.d. hafa hjónaskilnaðir þrefaldast á síðustu 35 árum. Aðrar tegundir fjölskyldna hafa fengið viðurkenningu á síðustu árum og það er hlutverk okkar, löggjafans, að fylgjast með og aðlaga lög og rétt að þessum nýja veruleika. Sambúðarslit og skilnaðir eru um 1.300 á hverju ári og í um 59% tilvika eru börn í dæminu, þannig að árlega missa 1.140 börn á um 760 heimilum annað foreldri sitt út af heimilinu. Hvers lags samfélagsmynd erum við að draga upp?

Það hefur oft komið fram í umræðu hér að börn einstæðra foreldra eru fjárhagslega verr stödd en börn hjóna og sambúðarfólks. Þetta kemur fram í minni möguleikum þeirra til að stunda ýmiss konar nám, tónlistarnám, tómstundir ýmsar, íþróttir og dans, t.d. ballettiðkun. Margt væri hægt að tína til þar sem þessi börn standa verr að vígi. Það er hlutverk stjórnvalda, a.m.k. ef þau bera einhverja virðingu fyrir sinni pólitísku stefnu, að skapa jöfnuð meðal þessara ungu íbúa landsins. Þess vegna verður bæði að skoða skattbyrðina, barnabæturnar, meðlagsgreiðslurnar og feðra- og mæðralaunin. Auðvitað kemur það meira inn í heildarstefnumörkunina en barnasáttmálinn sem er réttindamál.

Í mínum þingflokki höfum við sérstaklega verið að skoða skilnaðarfjölskylduna á undanförnum missirum. Þeir sem fylgjast með málflutningi okkar og tillöguflutningi hafa séð það. Við höfum skoðað löggjöfina út frá stöðu allra einstaklinganna sem tilheyra fjölskyldunni og flutt mörg þingmál

sem miða að því að bæta aðbúnað barnanna og jafna stöðu kynjanna. Staðan er t.d. þannig í dag varðandi forsjá barna að af 8.665 einstæðum foreldrum í landinu fara um 8.100 konur með forsjá tæplega 12.000 barna en 573 karlar fara með forsjá 700 barna. Þetta eru mjög athyglisverðar tölur. Það lætur nærri að konur fari með forsjá barna sinna í 98% tilvika. Sem betur fer gera foreldrar samkomulag um forsjá í flestum tilvikum því aðeins lítill hluti skilnaðarmála fer út í forsjárdeilur, kannski 25–30 tilvik á ári. En ef ágreiningur rís milli foreldra þá á dómsmrn. að leysa úr ágreiningnum. Í lögunum standa foreldrar jafnir en sagt er að við úrlausn ágreiningsmála um forsjá skuli ávallt miða við það sem barni er fyrir bestu.

Þegar forsjárdeila kemur til úrlausnar er byrjað á að taka afstöðu til þess hvort foreldrar séu hæfir til að fara með forsjá. Raunin er sú að í flestum forsjármálum eru báðir foreldrar taldir hæfir til að fara með forsjána og valið er því á milli foreldra út frá framtíðarhagsmunum barnsins.

Eins og ég sagði áðan verða um 1.100 börn skilnaðarbörn á ári hverju. Undanfarin ár hafa börn fædd utan hjónabands verið um 450 og alls er greitt meðlag með um 13.500 börnum í landinu. Samkomulag er um umgengni í 85–90% tilvika en það kemur heldur ekki á óvart að 70% þeirra erinda sem berast sýslumanni eru frá forsjárlausu foreldri og þá oftast feðrunum. Um þetta hefur m.a. karlanefnd Jafnréttisráðs fjallað og stöðu feðra í þessum málum.

Það er afskaplega lítið hægt að gera þegar brotið er gegn umgengnisrétti á hvorn veginn sem það er. Við í Samfylkingunni höfum flutt mál á þinginu um að bæta réttarstöðu barns til umgengni við báða foreldra og lagt til að komið verði á fót endurgjaldslausri vandaðri ráðgjöf fyrir alla þá sem hyggjast skilja eða slíta óvígðri sambúð. Við viljum að sett verði í lög að skipa skuli barni talsmann um leið og ágreiningur kemur upp á milli foreldra. Það er full ástæða til að í forsjármálum og ágreiningi um umgengni sé skylda að setja barni talsmann.

Ég er að drepa á örfá mál þar sem þarf mjög að taka á og sem yrði tekið á í heildarstefnumörkun í málefnum barna. Réttindamálin og það að tryggja barni rétt er það sem barnasáttmálinn kveður á um og auðvitað skarast þessi mál á ákveðinn hátt.

En við í Samfylkingunni munum áfram freista þess að knýja á um að sett verði heildarstefnumörkun í málefnum barna, að barnasáttmálinn verði skoðaður og íslensk lög til að tryggja að við séum í raun að fullgilda hann í okkar lögum. Og ef þetta dugir ekki þá munum við flytja aftur og aftur í aðskildum þingmálum, ýmist tillögum eða í frumvarpsformi, úrbætur um hvert einstakt mál sem við vitum að brennur mjög á eins og komið hefur fram í umræðunni. Læt ég þar með máli mínu lokið, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímareikningur á Íslandi, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 124. mál. — Þskj. 124.

[16:46]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um tímareikning á Íslandi. Frv. þetta er í einum fjórum greinum og felur það í sér að taka upp sumartíma hvarvetna á Íslandi sem mundi hefjast kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í mars og ljúka kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í október. Þessar tímasetningar eru í samræmi við það sem gildir í Evrópusambandsríkjum og er þess vegna vel við hæfi að þessi umræða skuli fara fram nú í fyrstu vikunni eftir að vetrartími hefur aftur byrjað í Evrópu á þessu hausti.

Frumvarp þetta var lagt fram á þremur löggjafarþingum, 120., 122. og 125., en varð ekki útrætt. Ég vonast því til þess að hv. þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar geti notað tímann í vetur og afgreitt þetta úr nefnd þannig að þingið megi taka afstöðu til þessa máls.

Um þetta mál hefur verið töluvert mikið rætt bæði hér innan þings og utan. Þetta mál var líka mikið rætt á vettvangi Evrópusambandsins og um þetta gerð merk skýrsla á þess vegum. Þar var m.a. fjallað um áhrif sumartíma á orkunotkun, heilbrigði, vinnuaðstæður, lífsstíl, landbúnað, umhverfisvernd, umferðaröryggi, ferðamennsku og afþreyingariðnað og niðurstaða skýrslunnar leiddi í ljós að það var ekkert meiri háttar vandamál því samfara að viðhalda sumartíma í ríkjum Evrópusambandsins.

Síðan má segja að það hafi verið ein aðalniðurstaða þessarar skýrslu, sem hefur líka verið ein aðalröksemdin almennt fyrir sumartíma í þeim löndum þar sem hann er, að þau birtuskilyrði sem sumartíminn hefur í för með sér hafi betri áhrif á möguleika fólks til þess að stunda útivist og hafi auk þess áhrif á mannlíf og annað að sumarlagi. Það hefur jákvæð áhrif á ferðamannaþjónustu og bætir almennt séð líf fólks. Þess vegna hefur það verið ákveðið í Evrópusambandinu að viðhalda sumartíma þar.

Helstu rökin fyrir því að taka upp sumartíma á Íslandi felast fyrst og fremst í því að þá erum við að stilla klukkuna þannig af að sólin verður hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins. Þetta þýðir að dagurinn er almennt tekinn fyrr miðað við það sem nú er og vinnutíma lýkur því fyrr á daginn á sumrin, því hefur þá almenningur meiri möguleika á því að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þess vegna eru líkur til þess að hér á landi geti skapast almenn sumarstemning á sumrin, fólk geti verið meira úti og notið þess. Það verður meira um að fólk geti t.d. borðað úti og almennt séð verið úti.

Þetta hefur líka mikil áhrif þegar birtu fer að bregða, ekki síst á haustin. Þá tökum við eftir því að það þrengist mjög um útivist og íþróttaiðkun. Knattspyrnuleikir eru yfirleitt allir færðir framar, golfáhugamenn hætta að geta stundað íþrótt sína og eins eru gönguferðir og útivist af því tagi takmörkunum háð þegar birtu fer að bregða.

Það hefur stundum verið rætt um það að fólk ætti einfaldlega þá að vakna fyrr á sumrin og hefja vinnu fyrr og hætta þá fyrr á daginn ef það kysi svo. En það er ákveðnum erfiðleikum bundið. Á mjög mörgum vinnustöðum hefur viðleitni verið í þessa átt og við tökum eftir því að þegar sumarið fer í hönd þá auglýsa mjög margir vinnustaðir sumartíma þar sem byrjað er klukkutíma fyrr en á vetrum og fólk þess vegna komið fyrr heim til sín á daginn. En það eru ákveðin takmörk á því hvað hægt er að gera í þessum efnum fyrst og fremst vegna þess að þjóðfélagið stillir sig almennt saman að þessu leyti og ef einn vinnustaður ætlar t.d. að hefja vinnu klukkan sjö þá rekst það iðulega á barnaheimilisopnanir og síðan hvenær skóli byrjar á morgnana þegar er komið fram í

september eða á vorin þannig að það er ákveðnum takmörkunum háð hvað einstakir vinnustaðir geta tekið sig til og flutt til vinnutíma. Þó er það mjög algengt að vinna hefjist klukkan sjö á morgnana. En það er hins vegar mjög erfitt fyrir foreldra sem eiga börn að þurfa að sæta slíku ef börnin komast ekki í skóla eða á barnaheimilið fyrr en klukkan átta á morgnana.

Þannig má segja að öll rök sem snúa að því hvernig við skipuleggjum okkar líf og okkar vinnutíma mæli með því að taka upp sumartíma og nýta okkur þessar stundir á sumrin þegar við höfum birtuna og þegar við höfum þau hlýindi sem við á annað borð fáum á Íslandi.

Það hefur töluvert verið rætt um að það sé heilsuspillandi í sjálfu sér að stilla vinnutíma okkar þannig af að við höfum sólina ekki í hádegisstað, eða hæst á lofti, þegar við teljum klukkuna vera tólf. Menn ræða í því sambandi um líkamsklukkur og annað slíkt. En þá vil ég vísa til þess að það er að sjálfsögðu mjög einstaklingsbundið að því leyti hvenær fólki hentar að vakna á morgnana og fara að sofa á kvöldin og ekki er hægt að draga svo afdráttarlausar almennar ályktanir sem sumir gera í þessum efnum.

Ég vil sérstaklega benda á að á þeim vinnustöðum þar sem vinna hefst klukkan sjö á morgnana verður fólk að sæta því og ekki er séð að neinn munur sé á heilsufari á þeim stöðum þar sem byrjað er að vinna klukkan sjö eða þar sem byrjað er að vinna klukkan níu. Þess vegna held ég að allar þessar vangaveltur um líkamsklukku og slæm áhrif á svefn og annað byggi á ákaflega hæpnum forsendum. Ég vil líka vekja athygli á því, ef við skoðum hnattstöðu Íslands og hvernig aðrar þjóðir haga þessu, að vesturströnd Írlands liggur t.d. ekki svo miklu austar en austurströnd Íslands, svo maður tali ekki um norðvesturhluta Spánar sem er á svipaðri lengdargráðu. Ef við lítum t.d. til vesturstrandar Írlands, þegar sumartími er þar, þá er klukkan þar klukkutíma á undan klukkunni Austfjörðum og ekki hafa menn orðið varir við að sumartími á vesturströnd Írlands hafi nein sérstök heilsuspillandi áhrif á þá sem þar búa. Þvert á móti virðast þeir sem búa á vesturströnd Írlands vera almennt mjög lífsglatt fólk og hefur náð miklum efnahagslegum árangri á undanförnum árum. Ef við lítum t.d. líka til Norðvestur-Spánar, sem er á Evróputímanum, sem sé fylgir Mið-Evróputímanum, þá mundi ég segja að á sumrin þegar þeir eru með sinn sumartíma þá er sólin einmitt hæst á lofti þar um klukkan hálfþrjú eða á svipuðum tíma og sólin mundi vera hæst á lofti hér ef við tækjum upp sumartíma. Og ef við lítum á heilsufar þeirra sem búa á Norðvestur-Spáni þá verður ekki séð að þeirra heilsa sé neitt lakari en okkar. Þvert á móti þekki ég fólk sem býr þar og ég veit ekki betur en að í stakasta lagi sé með það og það er ekkert geðtruflaðra en annað fólk sem ég hef umgengist í gegnum tíðina. Þvert á móti þekki ég fólk frá þessum slóðum sem er hið kraftmesta og hefur náð miklum árangri í sínum störfum. Ég álít því að allar þær efasemdir sem hafa komið fram um sumartímann að því leyti til að hann sé heilsuspillandi og raski ró fólks, séu á mjög hæpnum forsendum reistar.

Þetta frv. hefur verið sent mjög mörgum til umsagnar í gegnum tíðina og umsagnir sem hafa borist hafa almennt séð verið jákvæðar. Ég vek sérstaka athygli á umsögnum sem hafa borist frá ferðaþjónustunni og umsögnum sem hafa borist frá aðilum sem eiga í miklum viðskiptum við Evrópu. Það er einfaldlega svo að í Vestur-Evrópu skipuleggja menn sinn vinnutíma og matarhlé og annað með þeim hætti að það fellur afar illa saman við það að tveggja tíma munur er á milli Íslands og Vestur-Evrópu. Það þarf ekki að tala við marga sem vinna hjá fyrirtækjum sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu á þeim tíma þegar sumartími er þar í gildi til að komast að því hvers konar erfiðleikum þetta veldur í þessum samskiptum, samskiptatíminn minnkar afar mikið þarna á milli.

Ég ætla í lokin, virðulegi forseti, að ítreka það að nefndin taki þetta mál til umfjöllunar alvarlega enn á ný og leitist við að afgreiða þetta mál nú í vetur. Tíminn til þess er nægur. Það hafa flest rök í málinu verið lögð fram. Ég tel að þetta sé mál sem Alþingi getur og eigi að taka afstöðu til.

[16:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef í gegnum tíðina verið með efasemdir um að alvara væri á bak við þennan málflutning en nú kemur hv. þm. og fullyrðir að hann segi þetta allt í alvöru og ég hlýt að taka því þannig. En ég vildi spyrja hann hvort það séu einhverjar efasemdir í heiminum um það að klukkan fari eftir lengdarbaugum. Jörðin er örugglega hnöttótt og hún snýst. Eru nokkrar deilur um þetta svona almennt í heiminum? Er ekki nokkurn veginn um þetta sátt? Menn hafa gengið út frá þessari sólarklukku svo lengi sem við vitum.

Klukkan á Íslandi er samkvæmt sumartíma allt árið. Það kemur villa fram hjá hv. þm. þegar hann talar um að taka upp sumartíma. Sumartími er hér fyrir. Vissulega er virðingarvert að skapa sumarstemningu á sumrin, það er náttúrlega mun betra en að gera það á öðrum tíma, en við erum að færa klukkuna í öfuga átt ef við ætlum að hafa rétta sólklukku, við mundum færa hana aftur á bak en ekki áfram. Ég skil ekki alveg nákvæmlega hvernig við ætlum að haga okkur. Nú höfum við samband við Japan og við höfum samband við Bandaríkin. Við erum bara á þessum lengdarbaug, að vísu einir þjóða. Ef aðrar þjóðir eins og Japanar verða að lifa við það að vera á sínum lengdarbaug, er þá ekki eðlilegt að við miðum þetta við það og að við reynum að hafa rétta klukku? Það er náttúrlega gagn af því í heiminum að hafa rétta klukku. Við getum að vísu hagað okkur eins og við viljum. Hver og einn má vakna klukkan fimm eða sex og það er eflaust mjög hollt og gott að gera það en verðum við ekki að haga okkur þannig að við séum að fara eftir sólarklukkunni eins og aðrar þjóðir?

[17:01]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að koma inn á þessi atriði. Málið snýst miklu frekar um það almennt séð að við stillum okkur saman um það hvenær við viljum hefja störf á morgnana og hvenær við viljum ljúka störfum á daginn, þ.e. á hvaða tíma sólarhringsins við vinnum og á hvaða tíma sólarhringsins við tökum okkur frítíma. Til þess eru í grundvallaratriðum tvær leiðir. Önnur leiðin gengur út á það að við mundum t.d., ef við teldum það skynsamlegt á annað borð, öll þjóðin og allir vinnustaðir, taka okkur til síðasta sunnudaginn í mars og hefja vinnu klukkutíma fyrr en við gerum venjulega og ljúka vinnudeginum klukkutíma fyrr en við gerum venjulega. Þetta væri í sjálfu sér ein leið til að skipuleggja vinnu og störf alls þjóðfélagsins á einu bretti.

Málið er einfaldlega að það er nokkuð flókið og í sjálfu sér viðurhlutameira. Þess vegna hafa aðrar þjóðir farið þá leið að færa klukkuna fram á vorin og færa hana svo til baka

á haustin sem gerir alla þessa skipulagningu miklu þægilegri en ella. Þetta er nákvæmlega það sem tillagan gengur út á, þ.e. að við förum að dæmi annarra sem eru í kringum okkur og tökum daginn fyrr á sumrin og ljúkum þess vegna vinnu fyrr á daginn á þeim tíma og reynum að nýta okkur þá birtu og þann yl sem er þó að finna á þessum tíma.

[17:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einmitt þetta sem ég kom inn á. Við erum með sumartíma allt árið, klukkan á Íslandi er stillt rúmum klukkutíma fram fyrir sig. Hádegi á Íslandi er rúmar tuttugu mínútur yfir eitt, aðeins breytilegt eftir tímum og hvort við erum á Austfjörðum eða Vestfjörðum, það er hin rétta klukka. Við byrjuðum einhvern tímann á öldinni, ég man ekki hvenær það var, að hafa sumartíma eins og Evrópuþjóðirnar. Síðan ákváðum við að hafa sumartíma líka á veturna, þ.e. við erum allt árið með þennan sumartíma. Nú kemur hv. þm. og fer fram á að við bætum bara við öðrum sumartíma, þannig að við séum komin með tvo klukkutíma í sumartíma, þ.e. við erum orðnir þá vitlausir í tímanum um nærri tvær og hálfa klukkustund. Þá get ég sagt sem svo: Af hverju vill hann ekki bara fara þrjá tíma fram o.s.frv.?

Hins vegar liggur það þá fyrir að öllum einstaklingum er frjálst að vakna hvenær sem þeir vilja. Verkalýðsfélögin geta samið um breytilegan vinnutíma. Margir aðilar gera það nú þegar og það er mjög algengt og eflaust mjög hollt að vakna snemma á morgnana. Menn hafa þetta því alveg frjálst ef þeir vilja vakna klukkan sjö. Menn sem vakna klukkan sjö á Íslandi í dag eru að vakna raunverulega klukkan hálfsex. Ef við breytum þessu eins og hv. þm. vill gera þá fer maður að vakna kl. hálffimm.

Kannski er þetta allt mjög hollt og hann þekkir eflaust menn sem eru við mjög góða heilsu á Norður-Spáni og ég þekki marga á Íslandi sem eru við ágætis heilsu þrátt fyrir að við séum bara einn og hálfan tíma á undan. Við getum lengi haldið áfram að tala um þetta. Ég get ekki komið auga á það til hvers í ósköpunum við ættum að vera að þessu yfirleitt.

[17:05]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er illt í efni ef hv. þm. skilur þetta svona herfilega illa. Málið snýst einfaldlega um það að mjög margir vilja vakna og hefja vinnu fyrr á morgnana á þessum tíma. Því er velkomið, heldur hv. þm. fram, að gera svo, en þá snýst málið um samstillingu þjóðfélagsins í heild. Það þýðir ekki nema að ákveðnu marki að hver og einn ákveði á hvaða tíma hann vinnur og vinnur ekki og á hvaða tíma menn taki sér frí. Þetta er svipað og með umferðarreglurnar, að menn velja sér umferðarreglur. Þær geta verið mismunandi heppilegar fyrir hvern og einn en einhverjar umferðarreglur verðum við að hafa og einhverjar reglur verðum við að hafa í þessu líka. Ef einhver vinnustaður vill t.d. hefja störf klukkan sjö á morgnana þarf öll þjónusta í kringum þann vinnustað að vera til staðar. Það þýðir ekkert að koma og halda því fram að einn vinnustaður geti byrjað klukkan sjö og annar klukkan ellefu eða tólf. Það er einfaldlega þannig að þjóðfélagið stillir sig af nokkurn veginn þannig að allir byrja störf á svipuðum tíma og ljúka störfum á svipuðum tíma. Barnaheimili og skólar eru opin á svipuðum tíma og þess vegna verðum við að finna einhverja leið í þessu. Einfaldasta leiðin og sú leið sem menn hafa yfirleitt farið er að nota klukkuna, þ.e. að færa hana fram og til baka, til að ná þessu markmiði.

[17:07]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Kannski var þetta málið í hnotskurn eins og þessir tveir heiðursmenn, hv. þm., tókust á um núna rétt áðan.

En málið er miklu víðfeðmara og víðtækara en það sem hefur verið komið inn á og líka það sem kemur fram í greinargerð flutningsmanna. Hringlinu með klukkuna lauk með frv. til laga um tímareikning á Íslandi sem lagt var fyrir 88. löggjafarþing 1967–1968. Þá voru margir fegnir því að tilfærslu með klukku skyldi lokið. Þá voru sett lög á Alþingi sem festu sumartímann í sessi þannig að þegar flutningsmenn segja nú að það eigi að koma á einhverjum sumartíma eru þeir að fara með rangt mál vegna þess að miðað við hnattstöðu landsins er sumartími í gildi á Íslandi allt árið.

Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var áðan í andsvari við 1. flm. þessa frv., vil ég aðeins nefna það sem snertir kannski hans byggð ef tekið er dæmi um klukkuna. Ef færa á klukkuna er gott að rifja upp hvernig það virkar í birtingu. Í Reykjavík er birting 1. október klukkan 6.48 en eftir breytingu, nái þetta mál fram að ganga, verður klukkan 7.48. Það samsvarar í kringum 22. október í dag ef við tökum þetta tímabil. Ef við tökum svo Ísafjörð, segjum að það sé 1. október og klukkan er 6.50, þá verður hún eftir breytingu 7.50 og það samsvarar því að við værum komin fram til 20. október. Ég nefni þetta af því menn eru að tala um að þetta sé nauðsynlegt fyrir þá firði sem hafa há fjöll. Ef við tökum 30. október þá er birting á Ísafirði klukkan 8.22, yrði eftir breytinguna 9.22, það samsvaraði því í tímareikningi að komið væri fram til 19. nóvember.

Því hlýtur að vakna sú spurning hvort það séu hagsmunir hins almenna borgara sem hafðir eru að leiðarljósi eða er það viðskiptalífið sem verið er að hugsa fyrst og fremst um að meginhluta til?

Ég geri mér grein fyrir því að það eru staðir úti á landi sem gjarnan vildu hafa þetta með þessum hætti. Siglfirðingar hafa hótað að taka upp eigin tíma og tala þá alltaf um sumartíma eins og hann sé ekki fyrir. Þeir hafa talað um að þeir vilji gjarnan breyta tímanum án tillits til þess hvað gert verður annars staðar.

Ég sé ekki þann vanda sem blasir við vegna þessa máls því að á sumrin breytir skrifstofufólk vinnutíma sínum almennt, hættir að mæta klukkan níu á morgnana en mætir klukkan átta til að losna fyrr alveg eins og kom fram hjá hv. flm. áðan.

Herra forseti. Frv. til laga um tímareikning á Íslandi er ekkert smámál og ég hef fjölmargt við það að athuga. Hv. þm. koma í greinargerð sinni enn einu sinni inn á að Evrópusambandið hafi gefið út tilskipun. Svo kemur texti sem ég ætla að biðja menn um að taka eftir, um samræmdan sumartíma, þar sem klukkunni er flýtt á annað borð, biður Evrópusambandið um að þjóðir skuli gera það á sama tíma.

Það er líka athyglisvert þegar fréttir frá Frakklandi bárust um það að þeir væru orðnir nokkuð leiðir og þreyttir á tilfærslu klukkunnar þar og hefðu mikinn hug á að færa sig og nálgast það sem Íslendingar gera, þ.e. að láta klukkuna í friði. Láta hana standa allt árið um kring án þess að nokkuð sé hringlað með hana. Það kom fram hjá þeim sem gleggst vita um málið í Frakklandi að það sé áberandi vegna hringls

með klukku að fólk sofi minna, það vaki of mikið, þetta sé líffræðilegt atriði sem hafi áhrif á vellíðan eða vanlíðan fólks, klukkan breyti matarvenjum og valdi svefntruflunum. Þeir segja að það taki fólk þrjár vikur að jafna sig og ná áttum eins og líkaminn þarf í hvert sinn sem klukkunni er breytt. Læknar þar ytra merkja aukna lyfjanotkun samfara breytingu á klukkunni. Kúabændur kvarta sáran og þeir sem þurfa að sjá um tölvur og klukkur hafa í ærnu að snúast þegar þegar þetta gengur yfir. Þá tala þeir um það sama og hér hefur verið nefnt áður, þ.e. aðlögunarvandamál aldraðra, sjúklinga og kornabarna. Þeir þekkja þetta þar ytra alveg eins og hér á landi en vart varð við þetta hér með þessum tímareikningi meðan hann var enn við lýði.

Við skulum ekki gleyma öllum tilskrifum í dagblöðum á sínum tíma þegar þetta hringl var með klukkuna. Eilíf lesendabréf, óánægja, ósætti með tilfærslu á klukkunni og svo voru menn sammála um það að festa klukkuna á sumartíma. Svo kemur frv. um það að nú skuli taka upp sumartíma.

Í frv. eru rök flutningsmanna fyrir því að taka upp þennan nýja sumartíma í fyrsta lagi að tímamunurinn milli Íslands og annarra landa í Vestur-Evrópu mundi styttast úr tveimur stundum í eina stund yfir sumartímann og yrði það til hagræðis fyrir þá sem stunda viðskipti við Evrópulöndin. Í öðru lagi þyrfti ekki að breyta áætlunum Flugleiða þegar honum yrði breytt. Í þriðja lagi þyrftu flugfarþegar á leið til Evrópu ekki að vakna eins snemma fyrir flug. Í fjórða lagi mundi almenningur njóta sólar lengur að sumrinu til eftir vinnutíma á daginn.

Rökin gegn nýjum sumartíma eru m.a. að tímabreytingin mundi raska verulega svefnvenjum manna eins og ég hef getið um áður hvað Frakkland varðar. Á þeim árum sem sérstakur sumartími var í gildi hérlendis var þetta algengasta umkvörtunarefni þegar klukkunni hafði verið breytt. Lesendadálkar dagblaðanna voru yfirfullir af athugasemdum frá almenningi vegna þessa hringlanda með klukkuna.

En fleiri eru rökin. Stilla þarf allar klukkur á landinu tvisvar á ári og það er í mörgum tilvikum mikil fyrirhöfn. Gleymska og mistök eru óhjákvæmileg. Það getur haft óþægilegar afleiðingar og meðan reglur um sumartíma voru í gildi, var algengt að menn kæmu of seint eða of snemma í vinnu, á fundi og samkomur daginn eftir tímabreytingar.

Í þriðja lagi mundu þeir sem eiga viðskipti vestur um haf missa eina stund af sameiginlegum skrifstofutíma og er hann þó skammur fyrir.

Í fjórða lagi þyrfti að breyta veðurfregnatímum í útvarpi. Athuganir eru gerðar á föstum tímum eftir miðtíma Greenwich.

Í fimmta lagi þyrfti að breyta mjaltatíma í sveitum og heyvinnutímum mundi seinka.

Í sjötta lagi yrðu þeir sem nota flóðatöflur, töflur um sólargang, hliðstæðar töflur í almanökum að muna eftir að leiðrétta tölur á réttan veg meðan „sumartími" er í gildi því að töflurnar verða að fylgja sama tíma allt árið. Að víkja frá þeirri hefð mundi aðeins auka hættu á misskilningi og mistök í túlkun slíkra talna geta haft alvarlegar afleiðingar.

Síðan er merkilegt að hv. flutningsmenn tala um að breytingin taki gildi 1. jan. 2001. Búið er að vinna allar töflur, flóðtöflur og allar þær töflur sem menn þurfa á að halda til sjós, lands og í lofti. Þeir sem sinna rannsóknum, samgöngum og fjarskiptum þar sem tímaviðmiðanir GMT eða Greenwich Mean Time gilda mundu ekki lengur njóta þeirra forréttinda og þæginda að búa við þann tíma í daglegu lífi allt árið. Um leið eykst hætta á mistökum við tímaskráningar.

Í áttunda lagi yrði tímarerikningur að sumri víðs fjarri því upprunalega markmiði að hádegi sé kl. 12 og miðnætti kl. 24. Orðin hádegi og miðnætti yrðu nánast óræð ef ekki fylgdu nánari skýringar. Sól yrði í hádegisstað frá kl. 13:38 til 14:53 allt eftir landshlutum og árstímum og miðnætti eftir sólinni yrði á sama hátt frá tímabilinu kl. 01:38 til 02:53.

Helsta gagnrýni sem ég vil flytja í sambandi við röksemdafærslu frv. er að í greinargerðinni segir:

„Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári."

Þetta er alrangt. Fyrirhöfnin við að stilla klukkuna þótt ærin sé er ekki þyngsta röksemdin í málinu. Höfuðröksemd flutningsmanna er sú að með nýjum sumartíma fáist ein klukkustund í viðbót við samskiptin við Evrópulönd á sameiginlegum skrifstofutíma. Ef klukkustundarviðbót við sameiginlegan skrifstofutíma er svo afgerandi í viðskiptum, hvers eiga þeir þá að gjalda sem stunda viðskipti við Bandaríkin og mundu missa klukkustund af þeim stutta tíma sem þeim stendur til boða? Hvers vegna eru þeir ekki nefndir á nafn? Satt best að segja er ástæða til að efast um að sameiginlegur skrifstofutími skipti jafnmiklu máli í viðskiptum og flutningsmenn vilja vera láta. Ekki virðist tímamunurinn hafa staðið Japönum fyrir þrifum þegar þeir voru að hasla sér völl á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tvær af fjórum röksemdum flutningsmanna vísa til hagsmuna Flugleiða, Eimskipafélagsins og Samskips. Rétt er að benda á að það er ekkert náttúrulögmál að flugvélar Flugleiða þurfi að leggja af stað frá Íslandi á föstum tímum miðað við klukkuna einhvers staðar á meginlandi Evrópu. Ef svo væri hefði brottfarartímum flugvéla frá Íslandi átt að seinka í hvert skipti sem Flugleiðir hafa fengið hraðfleygari flugvélar. Sú hefur ekki orðið raunin nema síður sé. Ef það er vandamál hve farþegar þurfa að fara snemma á fætur til að ná morgunflugi eru Flugleiðir einfærir um að leysa það með því að breyta flugáætlunum sínum. Til þess þarf ekki lagasetningu sem skikkar alla landsmenn til að breyta klukkunni tvisvar á ári.

Það sem flutningsmenn hafa haldið fram um sumartíma, sumarstemningu eins og hún gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu, heilbrigðari lifnaðarhætti, hvetjandi áhrif á viðskiptalífið, götulíf og allt mannlíf á Íslandi er nánast hjákátlegt. Það er eins og flytjendur frv. haldi að það að breyta klukkunni jafngildi því að flytja landið á suðlægara breiddarstig.

Bent hefur verið á að í stað þess að færa klukkuna megi breyta vinnutíma á sumrin. Þetta telja flutningsmenn illfæra leið. Það kosti í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja. Fullyrðingin er illskiljanleg í ljósi þess að margar stofnanir hafa þegar þennan háttinn á og breyta skrifstofutímanum á sumrin. Ef þetta yrði gert að almennri reglu fengist auk þess betra samræmi við skólatíma og opnunartíma dagheimila og leikskóla.

Flutningsmenn telja einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þá sérstöðu að hafa ekki sumartíma hliðstæðan því sem gerist í nágrannalöndunum. Hefur þó margsinnis verið bent á hvaða rök liggja að baki sumartímanum erlendis. Sumartíminn var upphaflega innleiddur til að spara orku á ófriðartímum og orkusparnaðarsjónarmið vegur enn þungt

þegar kostir sumartíma eru metnir erlendis. Hér á landi er þetta ekki atriði sem taka þarf tillit til, því veldur bæði hnattstaða landsins og orkubúskapur. Á sumrin er bjart mestan hluta vökutímans og á vetrum dimmt hvort sem klukkunni er hagrætt eða ekki. Við spörum ekki heldur eldsneyti sem neinu nemur með því að færa klukkuna. Sunnar í löndum eru aðstæður gerólíkar að þessu leyti.

Óþægindin við að flytja klukkuna tvisvar á ári eru ekki léttbær. Sífelldar kvartanir vegna hringls með klukkuna leiddu til þess að núverandi skipan mála var tekin upp árið 1968. Þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur minnast þess áreiðanlega hve erfitt var að vakna klukkutíma fyrr á morgnana, venja börnin á nýjan svefntíma, muna eftir að breyta klukkunni o.s.frv. Lesendadálkar dagblaðanna voru fullir af kvörtunum tvisvar á ári vegna þess. Eftir breytinguna heyrðust engar kvartanir í áratug, ekki fyrr en á allra síðustu árum þegar farið var að fyrnast yfir efnisatriði málsins og komin var til sögunnar ný kynslóð sem hefur enga reynslu af hringlinu með klukkuna.

Erlendis finna menn líka fyrir þeim óþægindum sem fylgja því að breyta klukkunni tvisvar á ári. Þetta má sanna með lítilli gamansögu úr hinu útbreidda tímariti New Scientist. Þar birtist fyrir nokkru forustugrein þar sem vakin var athygli á því að Japanar og Íslendingar yrðu allra manna elstir. Í greininni sagði að á ristjórn blaðsins hefðu menn verið að velta því fyrir sér hvað gæti verið sameiginlegt með þessum tveimur þjóðum. Á endanum höfðu menn komið auga á lausnina, þessar tvær þjóðir væru ekkert að hringla með klukkuna.

Reyndar eru Íslendingar og Japanar ekki þeir einu sem kjósa að hafa klukkuna óbreytta allt árið. Mikill meiri hluti sjálfstæðra ríkja heims hefur þennan háttinn á. Stilling klukkunnar er samkomulagsatriði og verður alltaf málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða eins og þegar núverandi skipan var tekin upp og gamli sumartíminn lögleiddur allt árið. Því fylgdu vissir ókostir. Sá helsti var að seinna birti á morgnana, *einkum vestast á landinu og var það mest áberandi í* skammdeginu á Vestfjörðum. Þessi ókostur yrði enn greinilegri ef tekinn væri upp tvöfaldur sumartími eins og nú er lagt til.

Þegar tímanum er flýtt og misræmi skapast á milli klukkunnar og þess hvenær dagur rennur upp veldur það því að margir hafa tilhneigingu til að vaka lengur á kvöldin og eiga erfiðara með að vakna á morgnana. Kannanir hafa verið gerðar á svefnvenjum Íslendinga sem sýna að Íslendingar fara að *jafnaði einni klukkustund seinna að sofa en aðrar* Evrópuþjóðir og vakna að jafnaði einni klukkustund síðar að morgni en þær. Lífið á Íslandi er því einni klukkustund seinna á ferðinni miðað við klukkuna en annars staðar. Ekki er hægt að kenna neinu sérstöku um nema ef vera skyldi því að hér er klukkan núna rangt stillt miðað við sólargang og hnattstöðu landsins. Það misræmi vill hv. 1. flm. auka enn frekar. Kannað hefur verið á Íslandi hversu margir eiga í svefnerfiðleikum og hefur komið í ljós að 20–30% Íslendinga eiga erfitt með að sofna á kvöldin og stór hópur á í erfiðleikum með að vakna á morgnana, sérstaklega ungt skólafólk. Framangreind vandamál munu næstum örugglega aukast enn frekar ef misræmi á milli klukku og sólargangs verður aukið enn frekar. Miklu skynsamlegra væri að fara öfuga leið og seinka klukkunni hér þannig að sem best samræmi yrði á milli hennar og sólargangs.

[17:25]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Hann ræddi um birtingartíma í október og ég vil þá spyrja hvort sólin setjist þá ekki einum klukkutíma síðar. Hann ræddi líka um að það væri líffræðilegt atriði varðandi svefnvenjur fólks. Við vitum að útlendingar sem koma til Íslands eiga mjög erfitt með að venja sig við birtuna á sumrin því að sólin er nánast á lofti allan sólarhringinn þannig að það breytist ekki.

Hann ræddi líka um kúabændur. Það má alveg breyta mjaltatíma í áföngum því einn klukkutími til eða frá skiptir nú ekki öllu máli. Svo má upplýsa hv. þm. um að það eru t.d. komnir mjólkurróbótar þar sem kýrnar ráða nákvæmlega sjálfar hvenær þær eru mjólkaðar.

Hann ræddi líka um veðurfréttir í útvarpi. Ég veit ekki betur en það hafi verið endalaust hringl með veðurfréttir í útvarpinu síðustu ár þannig að margir eru hættir að treysta á að ná veðurfréttum og fara bara inn á tölvuna og ná sér í veðurfréttirnar. Hann gerði lítið úr því að hægt væri að nýta kvöldin. Ég vil aftur á móti segja að það er um að gera að nýta kvöldin því að þá lygnir og að geta verið einmitt í útivist fram eftir kvöldi hlýtur að vera öllum til góða. Að fara að breyta klukkunni aftur á bak — fyrr má nú aldeilis fyrr vera, segi ég.

[17:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að fá þetta fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur um það sem snýr að bændum. Það er dálítið merkilegt að þegar flett er upp í blöðum frá þeim tíma þegar hringlið var sem mest með klukkuna voru bændur ekki síður með kvartanir, lesendabréf í blöðin, yfir hringlinu með klukkuna. Hvaða áhrif þetta hefur á kýrnar skal ekki mikið um fjallað hér en hins vegar væri fróðlegt að taka það inn í það dæmi sem er nú mest rætt um, þ.e. hinar norsku kýr, hvernig áhrif það muni hafa á þær.

Hvað snertir veðurtöku þá er það þeirra mál, hvernig sem spáð er, hvort menn hlusta á spárnar eða ekki. Hins vegar miðast veðurtaka við miðtíma, Greenwich Mean Time, þannig að það er margt sem miðast við það. Hvaða varðar birtuna á sumrin, það hefur engin áhrif á það varðandi færslu á klukkunni þegar ferðamenn eru hér yfir hásumarið. Það er bjart allan sólarhringinn.

Það er alveg ljóst að við erum með sumartíma á vetrarmánuðunum. Miðað við hnattstöðu erum við með rangan tíma yfir vetrarmánuðina. Það er alveg ljóst, það fer ekkert á milli mála. Hvernig það virkar á fólk, það getum við bara séð úti í þjóðfélaginu.

[17:29]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi um að bændur hefðu skrifað mörg lesendabréf þegar við breyttum klukkunni á árum áður. Ég held að í rauninni hafi verið miklu meiri andstaða hjá bændum þegar kvöldfréttatími Ríkisútvarpsins breyttist. Þá urðu aldeilis hávær mótmæli hjá bændum.

Ég er sannfærð um að norsku kúnum er nokkuð sama hvort klukkan er einum tímanum fyrr eða seinna. En þetta hefur áhrif á ferðamannatímann, þetta hefur áhrif á þá ferðamenn sem koma til Íslands því að við vitum að þeir ganga mun fyrr til náða en Íslendingar gera yfirleitt og það skarast oft verulega á í ferðaþjónustunni.

[17:29]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þá lærðu ræðu sem hann flutti um þetta mál og tel hann sýna málinu sem slíku mikla virðingu. Hins vegar verð ég að segja að ég var ekki að öllu leyti sammála honum um málið eins og gefur að skilja.

Mér finnst vanta í málflutning hv. þm. að hann skýri út af hverju hann telur sæma, út frá heilsufarssjónarmiðum, að menn hefji vinnu klukkutíma fyrr á sumrin en þeir gera á vetrum. Af hverju er það svo miklu betra fyrir heilsuna en að færa klukkuna og vakna klukkutíma fyrr eftir henni? Menn eru á nákvæmlega sama hátt að hringla með svefn- og vökutíma með því að hefja vinnu klukkustund fyrr á sumrin, bara með því að ákveða að byrja fyrr.

Í annan stað. Hvernig stendur á því að krakkar verða ekki allir kolvitlausir þegar skólar hefjast á haustin og þau þurfa að vakna snemma á morgnana til að komast í skólann á réttum tíma? Ekki virðist það hafa nein sérstök áhrif á geðheilsu íslenskra barna þótt svefnvenjur og vökuvenjur breytist þegar skólar hefjast.

Þriðja spurning: Hefur hv. þm. einhverja hugmynd um eða tölur sem staðfesta það að geðheilsa Íslendinga hafi almennt batnað 1968 þegar hætt var að breyta klukkunni? Ég hygg að það sé nú ansi djúpt á slíkar tölur.

Síðan held ég, til að kóróna allt saman, að það séu ekki sérstök vandræði með skipströnd eða neitt slíkt í Evrópu þegar sumartími er tekinn upp, þrátt fyrir að breyta þurfi flóðatöflum og færa slíkt til.

Síðast en ekki síst, af því að hv. þm. fann að gildistímanum og nefndi að búið væri að prenta allar flóðatöflurnar. Ef eina vandamálið varðandi frv. er gildistíminn þá held ég að það sé létt að koma til móts við hann í þeim efnum.

[17:32]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski ég byrji á því sem hv. þm. endaði á, flóðatöflum. Þetta eru nú kannski fyrst og fremst til marks um slök vinnubrögð að leggja málið fram þannig að ætla að fljótt og auðveldlega sé hægt að breyta því sem þegar hefur verið unnið og lagt upp með.

Varðandi tímaklukkuna þá er hún nú tengd lífsklukkunni, það er nú bara einu sinni þannig, það liggja ótal rök fyrir því.

Af hverju verða krakkar ekki vitlausir þegar þeir fara að vakna á vetrarmorgnum til að fara í skólann? Það er fyrst og fremst vegna þess að klukkunni hefur ekkert verið breytt. Hún er sú sama og hún var þegar krakkarnir luku skóla að vori.

Varðandi skipsströnd og annan skaða sem hlotist gæti af vegna ýmissa útreikninga á flóðatöflum þá hef ég ekki orðið var að slíkt hafi valdið strandi erlendis. Ég sagði hins vegar í ræðu minni áðan og þekki það af eigin raun að meðan þessar tímabreytingar voru viðhafðar, var alltaf verið að reikna með klukkutíma í plús eða mínus. Ég minnist þess hvað þetta var óþægilegt. Ég þekki það frá árum mínum sem farmaður að færa klukkuna til og frá. Þetta hefur áhrif.

Það hefur áhrif á golfleikarann sem stundar íþróttina klukkan ellefu á kvöldin ef lífsklukka hans er orðin tólf. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Gildistakan er ekki eina vandamálið sem snýr að þessu, það er ekki málið. Spurningin er: Eru hér hagsmunir almennings hafðir að leiðarljósi fyrst og fremst eða eru það hagsmunir viðskipta og verslunar?

[17:34]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hagsmunir viðskiptalífsins eru líka hagsmunir fólks. Það vill svo til að í fyrirtækjum í landinu vinnur fólk sem þarf á því að halda að halda góðum samskiptum við Vestur-Evrópu. Ég vona að hv. þm. taki eftir því þegar hann kemur í fyrirtæki að þar vinnur fólk. Það er ekki hægt að segja að viðskiptalíf sé eitthvað annað en líf og starf fólksins í landinu.

En ég vek athygli hv. forseta á því að hv. þm. svaraði alls ekki þeim spurningum sem var beint til hans. Hann var beðinn um að skýra út hvort það hefði slæm áhrif á geðheilsu manna, í ljósi þess sem hann hefur sagt, að fólk almennt breytti vinnutíma sínum á sumrin. Þá þarf fólk að taka sig til og vakna fyrr, breyta vökutíma sínum og svefni út frá líkamsklukku sinni. Hvernig stendur á því að það er ekki allt vitlaust að gera hjá geðlæknum á sumrin?

Svo svaraði hv. þm. heldur ekki spurningunni um hvort geðheilsa fólks hefði batnað við breytinguna árið 1968?

[17:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt ég hefði komið inn á það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ræddi um. Hann spurði: Af hverju verða krakkarnir ekki vitlausir þegar þeir byrja í skóla á haustin? Var það ekki rétt eftir haft? Ég svaraði því og sagði: Það er vegna þess að klukkunni hefur ekkert verið breytt frá því þau hættu í skólanum á vorin.

Varðandi geðveiki eða sálarflækju Íslendinga, þá er ég því miður ekki menntaður til að geta svarað hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni um þetta mál. En hv. þm. á eflaust eftir að sækja sér upplýsingar um það. En þær upplýsingar sem ég hef sótt til lærðra manna um þetta mál segja mér að þetta hringl með klukkuna hafi veruleg áhrif. Þegar leitað verður umsagna um þetta mál verður sjálfsagt hægt að leita til þessara aðila og þeir munu ábyggilega gefa hv. þm. góða umsögn sem styður það sem ég hef milli handa, að þetta hringl með klukkuna hafi veruleg áhrif á sálarlíf fólks.

[17:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem mjög hefur talað gegn því frv. sem hér er flutt, um að breyta klukkunni, að hann gerði mikið úr því og velti fyrir sér hvort við flutningsmenn værum hér að hugsa um hagsmuni viðskiptalífsins fremur en hagsmuni almennings. Það hefur komið fram hjá hv. 1. flm. að hagsmunir viðskiptalífsins og almennings fari saman.

En ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, þm. Sjálfsfl. í Reykjavíkurkjördæmi: Er það eitthvað voðalega slæmt ef hagsmunum viðskiptalífsins væri eitthvað betur borgið með því að breyta klukkunni og taka upp sumartíma í samræmi við það sem er hjá öðrum Evrópuþjóðunum eins og við erum hér að leggja til? Er það eitthvað slæmt? Er eitthvað slæmt við það að viðskiptalífið hefði hag af því?

[17:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er í annað sinn komið inn á það að hagsmunir fólksins og viðskiptalífsins fari saman. Ég dreg það svo sem ekki í efa. En í grg. á einum stað segir að

meginástæða þess að þetta sé lagt fram sé vegna viðskipta við útlönd, að þá sé nær því að skrifstofutími á Íslandi sé sá sami, aðeins klukkutímamunur, á milli Evrópulanda. Þetta er eitt af meginatriðum sem er vitnað til í greinargerðinni.

Ég tel að ef þeir sem stunda verslun og viðskipti telja að ástæða sé til þess að breyta klukkunni og raska tíma Íslendinga vegna viðskipta, þá sé of langt gengið. Þá er gengið á hagsmuni landans vegna hagsmuna 300–400 aðila sem eiga í miklum samskiptum við fyrirtæki í Evrópu. Það er líka gengið á hagsmuni þeirra sem eiga viðskipti við Bandaríkin og Japan.

Meginatriðið er, hvar svo sem menn vilja finna mínum orðum stað, að miðað við hnattstöðu landsins er tímareikningurinn rangur í dag svo munar einni klukkustund. Hann er skakkur sem nemur einni klukkustund í dag. (**Gripið fram í:** Einni og hálfri.) Með því að færa klukkuna enn frekar til þá skekkjum við dæmið enn frekar.

[17:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar hér áðan að hann ræddi mikið um lífsklukkuna, hvaða áhrif hún hefði á landann. Spurt hefur verið hvort geðheilsa Íslendinga hafi eitthvað skánað 1968 þegar við hættum að breyta klukkunni en frekar lítið verið um svör.

Ég vil aðeins spyrja hv. þm. út í lífsklukku ferðamanna. Ferðamennska er nú vaxandi atvinnugrein og viðskiptalífið hefur hag af henni sem og land og þjóð og þar með talinn almenningur. Hefur lífsklukka ferðamanna þarna engin áhrif? Áðan kom fram að ferðamenn fara yfirleitt snemma að sofa. Þeir fara líka á fætur, kannski eftir lífsklukku sinni, á þeim tíma sem þeir eru vanir. Við höfum séð hvernig ferðamenn reyna að drepa tímann, kannski frá fimm til sjö að íslenskum tíma, svona fram að morgunmat. Hvað segir hv. þm. um lífsklukku ferðamanna? Er þetta ekki slæmt fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi, að við skulum búa við þennan tímamismun?

[17:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er gengið eftir svörum við því hvort sálarástand Íslendinga hafi batnað árið 1968 þegar hringlinu með klukkuna var hætt.

Ég get ekki sagt annað en að ég tel líkur á að svo hafi verið. Ég tel líkur á því vegna þess að þá hættu að berast lesendabréf um þetta vandamál til blaðanna. Blöðin hættu að skrifa um þetta hringl með klukkuna, fólkið hætti að tala um það, fólki leið bara vel með óbreyttri klukku eins og þá var sett í lög á hinu háa Alþingi árið 1968.

Aðeins út af lífsklukku ferðamanna og lífsklukku alþingismanna. Ætli þeir kannist ekki við það sjálfir þegar þeir koma frá Bandaríkjunum að það tekur nokkra daga að stilla saman klukkuna við eigin kropp, það tekur dálítinn tíma. Það er alveg ljóst. (**KLM:** En þegar þú kemur frá Evrópu?) Það munar miklu minna, það munar miklu minna en þegar menn koma t.d. frá Japan eða Indónesíu.

[17:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir röksemdafærslu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem töluðu hér áðan gegn frv. sem hér liggur fyrir. Mér líður eins og hér sé verið að flytja frv. sem stríðir gegn náttúrulögmálum.

Það er staðreynd að Íslendingar lifa nú þegar við tíma sem er ekki réttur út frá hnattstöðu landsins. Um það var tekin ákvörðun árið 1968 eins og hér hefur komið fram að festa skyldi sumartíma. Hér ríkir sem sagt sumartími allan ársins hring.

Hér er hins vegar verið að flytja frv. til laga um tímareikning á Íslandi og lagt til að á Íslandi skuli ríkja sumartími yfir sumartímann. Þetta stríðir gegn því sem er til staðar hér núna því hér ríkir sumartími allan ársins hring. Eru menn þá að flytja tillögu um að hér ríki sumar-sumartími?

Herra forseti. Mér finnst þessi tillaga líkjast því að hægt væri að flytja tillögu um að það rigndi minna á suðvesturhorninu yfir sumartímann, eða að hægt væri að flytja tillögu um að jólunum yrði frestað þegar það hentaði.

Mér finnst ekki gaman að lesa það í grg. með frv. hve lítið er gert úr þeim vísindalegu upplýsingum sem þó hafa verið sendar inn til Alþingis vegna frv. þegar það var flutt hér. Þegar frv. var flutt síðast var send inn afar efnismikil umsögn frá svefnrannsóknarstofu geðdeildar Landspítalans.

Herra forseti. Ef vísindamenn á sviði heilsuvísinda telja ástæðu til þess að reka svefnrannsóknarstofu á vegum geðdeildar Landspítalans þá er þar um ákveðin vísindi að ræða. Það vill þannig til, herra forseti, að ég hef kynnt mér þessa níu síðna umsögn sem 1998 var send inn vegna frv. sem þá lá fyrir um tímareikning. Hún er afar vönduð, herra forseti, og er studd vísindalegum rökum. Mér þykir því í hæsta máta leiðinlegt að lesa í niðurlagi grg. með þessu frv. að umsögn sérfræðinga geðdeildar Landspítala Íslands uppfylli ekki þær kröfur sem gera verði til vísindalegrar þekkingar.

Herra forseti. Ég fullyrði að þetta sé hrokafull afstaða flutningsmanna til vísindalegra upplýsinga sem koma fram í þessari umsögn. Og ég dreg í efa, herra forseti, að flutningsmenn tillögunnar hafi kynnt sér nægilega vel þá umsögn sem hér er um rætt.

Ég vil vísa þessari fullyrðingu sem ég hér vitna til til föðurhúsanna með því að nefna lokagrein greinargerðar þessa frv. sem hér liggur fyrir, en þar segja flutningsmenn, með leyfi forseta:

„Upptaka sumartíma með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu er því mikið hagsmunamál almennings í landinu. Málið hefur víðtækan stuðning meðal félagasamtaka og sveitarfélaga“ — og, herra forseti, rúsínan í pylsuendanum er eftirfarandi: „og víst að mannlífið á Íslandi yrði stórum betra ef það nær fram að ganga.“

Herra forseti. Ég spyr: Eru þetta nú vísindaleg rök? Hvar eru rökin með þessari fullyrðingu? Nánast í sömu setningu og gert er lítið úr afstöðu vísindamanna til þeirra hugmynda sem hér koma fram þá slá flutningsmenn fram fullyrðingu af þessu tagi. Mér finnst þetta ekki sæmandi, herra forseti.

Mér finnst þetta talandi dæmi um illa ígrundaða tillögu sem, eins og hefur komið fram í máli þeirra þingmanna sem hér hafa talað gegn henni, miðar við viðskiptalífið í Evrópu. Ég fullyrði, herra forseti, að flutningsmenn misskilja tilskipun Evrópusambandsins með því að gera henni þau skil sem gert er í greinargerðinni, þar sem sagt er að Evrópusambandið hafi gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Það er rétt. Samræmdan sumartíma, þ.e. að öll aðildarríkin hefji sinn sumartíma á sama tíma eða sama degi og endi á sama degi, þ.e. þeir sem hafa sumartíma.

Hér er ekki verið að fjalla um þau ríki sem ekki hafa sumartíma þannig ég held því fram að hér sé um misskilning að ræða á Evróputilskipuninni. Ég vil nú meina að skrifræð-

inu í Brussel sé líka gert fullhátt undir höfði með því að taka þessa tilskipun jafnalvarlega og raun ber vitni og vil ég nú meina að ýmsar aðrar tilskipanir sem Evrópusambandið hefur gefið út væru þess virði að taka hér upp í lög frekar en þessi misskilningur sem hér kemur í ljós.

Mig langar til að fara örfáum orðum um hin vísindalegu rök, herra forseti, því það er algjör óþarfi að gera lítið úr því þegar talað er um lífsklukku eða innri klukku fólks.

Það þekkja allir sem starfað hafa í skólum landsins að það er erfiðara að kenna börnum að morgni til en um eftirmiðdag. Það er erfiðara að kenna börnum klukkan átta að morgni en klukkan fjögur að degi. Staðreyndin er sú að lífsklukka barna er mjög viðkvæm, það hafa rannsóknir sýnt og það hafa verið skrifaðar um það ótal skýrslur og ótal bækur.

Mig langar til að vitna í þessu sambandi, herra forseti, í bréf sem allshn. Alþingis barst snemma árs 1998 þegar þessi tillaga var til umfjöllunar. Þetta er úr bréfi sem er skrifað af Júlíusi K. Björnssyni, sálfræðingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hin líffræðilega staðreynd málsins er sú að reglubundnar breytingar ljóss og myrkurs stjórna svefni og vöku manna. Þetta gerist þannig að þegar ljós kemur í augun stöðvast framleiðsla hormónsins melatóníns í svokölluðum heilakóngli og á sama hátt hefst þessi framleiðsla þegar dimmir. Því stjórnast þær mikilvægu breytingar sem eiga sér stað í líkama manna á hverjum sólarhring af birtu og myrkri. Dægursveifla líkamans er því stjórnandi svefns og vöku og svefn sem kemur á röngum tíma sólarhringsins er alltaf lélegur, léttur og slæmur eins og allir þeir vita sem stundað hafa vaktavinnu. Í könnun á svefnvenjum Íslendinga sem gerð var á vegum rannsóknarstofu okkar fyrir áratug" — þarna er bréfritari að tala um svefnrannsóknir geðdeildar Landspítalans — „kom í ljós að Íslendingar sofna og vakna klukkutíma seinna en aðrar Evrópuþjóðir, og einasta skýringin á því er sú að hér er klukkan nú þegar einum og hálfum tíma rangt stillt. Nú vilja flutningsmenn tillögunnar auka þetta misræmi enn frekar og þar með auka þann vanda sem margir Íslendingar eiga við að stríða við að sofna á kvöldin og vakna á morgnana."

Herra forseti. Það hafa verið gerðar kannanir á Íslandi á svefnvenjum. Það eru vísindalegar kannanir og það liggja fyrir vísindalegar niðurstöður úr þessum könnunum. Þær niðurstöður mæla eindregið gegn því að tillaga eins og við erum að ræða hér fari í gegnum hið háa Alþingi. Það hefur því kannski verið guðslukka að hún hefur ekki verið afgreidd út úr nefnd, herra forseti, hingað til og ég satt að segja hef efasemdir um að hún verði afgreidd út úr nefnd núna eða a.m.k. miklar efasemdir um að Alþingi fari að samþykkja hana, því svo einföld þykir mér hún og illa ígrunduð. Breyting af þessu tagi mundi nánast jafngilda því að þjóðin þjáðist af því sem kallað er þotuþreyta árið út og árið inn.

Herra forseti. Ég legg til að klukkan verði látin í friði og henni haldið eins og hún hefur verið frá 1968. Það hefur verið okkur heilladrjúgt.

Herra forseti. Mín ósk er að svo verði áfram.

[17:50]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð með þessari tillögu kemur fram að á 120. löggjafarþingi var frv. sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, m.a. einstökum sveitarfélögum og samböndum sveitarfélaga sem öll lýstu yfir eindregnum stuðningi við frv. og gerðu engar athugasemdir við efni þess. Samband íslenskra veitingahúsa og Flugleiðir lýsa einnig yfir stuðningi við frv. og vísa til þeirra röksemda sem fram koma í greinargerð. Þá koma líka fram röksemdir frá Knattspyrnusambandi Íslandi um að í fyrsta lagi sé keppnistímabil íslenskra knattspyrnumanna það stutt að það verði æ erfiðara að koma fyrir öllum þeim leikjum sem þarf í öllum aldursflokkum frá klukkan sautján til nítján.

Varðandi geðheilsu þá er nú kannski ekki rétt að segja að þessi greinargerð sé hrokafull. Ég veit ekki annað en við höfum verið upplýst um það á Alþingi að geðlyfjanotkun Íslendinga hafi aldrei verið meiri en nú um þessar mundir, því miður, og er ekki rétt að henda gaman að því.

Ef við lítum á skólagöngu þá eru börn yfirleitt snemma á fótum ef þau fara í rúmið á eðlilegum tíma og gamalt fólk er það líka. Það er yfirleitt vaknað löngu á undan öllum öðrum og vill hefja sitt starf á skikkanlegum tíma.

[17:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu að svara. Ég vil þó nefna það sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði um geðlyfjanotkun Íslendinga. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að geðlyfjanotkun er skelfilega mikil. Íslendingar eiga við geðræn vandamál að stríða, jafnvel meiri en nágrannaþjóðir okkar. Um það höfum við vísbendingar og það er sannarlega hryggilegt. En, herra forseti, ég tel að sú tillaga sem við ræðum hér geti jafnvel aukið á þann vanda.

[17:53]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins nefna eitt í ræðu hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnar Halldórsdóttur, þ.e. fullyrðingu hennar eftir að hún var búin að ræða um hin vísindalegu rök frá 1998 upp á níu síður sem hún las og leiðir líkur að því að þetta hafi slæm áhrif á geðheilsu Íslendinga.

Hv. þm. fullyrti líka að það væri vísindalega sannað að miklu erfiðara væri að kenna börnum klukkan átta á morgnana en klukkan fjögur á daginn. Þetta kom fram í ræðu hv. þm. rétt áðan. Ég hafði nú ekki efni á því að vera kennari nema í tvö ár. En ég er á annarri skoðun en hv. þm. hvað þetta varðar. Ég ætla ekkert að líkja því saman hvað það var betra að kenna á morgnana en seint um dag. Ég hygg að það væri t.d. töluvert betra á hinu háa Alþingi ef við mundum byrja að vinna í þingsölum Alþingis fyrr á daginn en ekki yfirleitt langt fram á kvöld. Mér finnst stundum geðheilbrigði ýmissa þingmanna vera miklu verra seinni hluta dags en á morgnana.

Þessu vildi ég nú koma að og spyrja hv. þm. út í hvaða vísindalegu rök og hvaða vísindalegu skýrslur hún hefur upp á það að þetta sé betra gagnvart blessuðum börnunum og skólalífinu.

Jafnframt vil ég ítreka þá spurningu sem hér hefur verið lögð fram og mér finnst að ekki hafi verið svarað af hv. þm. Hún leiðir líkur að því að ef þetta frv. yrði samþykkt þá mundi geðheilsa Íslendinga versna mikið í kjölfarið. Batnaði hún mikið árið 1968 þegar við hættum að taka upp sumartímann? (**Gripið fram í:** Já, já.)

[17:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir misskilnings í máli hv. þm. Kristjáns Möller varðandi það að ég hafi sagt að það væri vísindalega sannað að auðveldara væri að kenna börnum að morgni en um eftirmiðdag. Ég sagði einungis að það þekkja allir sem starfað hafa í skólum að það er erfiðara að

kenna börnum klukkan átta að morgni heldur en fjögur um eftirmiðdag. (Gripið fram í.)

Sannleikurinn er sá að það er ekki svo langt síðan við vorum sjálf nemar í skólum og við eigum örugglega þá reynslu sameiginlega að það var æðioft erfitt að vakna á morgnana eftir 1968. Sjálf hef ég kennt. Ég hef reyndar aldrei kennt í samfellu eins og hv. þm. Kristján Möller, aldrei haft efni á því. En ég hef kennt að morgni og ég veit að í mínu fagi hefur verið mun erfiðara að fá heilann til að virka hjá börnum og ungmennum snemma að morgni heldur en um miðjan dag. Og ég tala einungis af reynslu en ekki af neinu sem ég get sagt að sé vísindalega sannað, enda sagði ég það ekki.

Varðandi hina spurningu hv. þm. um geðheilsu fólks þá held ég jafnvel að ég hafi ekki einu sinni nefnt geðheilsu í ræðu minni. Ég talaði hins vegar um að samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram frá svefnrannsóknum Landspítalans séu miklar líkur á því að geðheilsan gæti jafnvel versnað heldur en hitt við þessa breytingu.

Spurning hv. þm. um það hvort geðheilsa fólks hafi skánað frá og með 1968 þegar breytingin var gerð, þá höfum við auðvitað ekkert um það á pappírum. En ég vísa bara til orða hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem sagði áðan að lesendabréfunum til dagblaðanna hefði þó fækkað með kvörtunum um hringlið í klukkunni, þ.e. fólk varð mjög sátt við að hætt væri að hringla með klukkuna.

[17:57]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að árið 1968 hafi lesendabréfum í dagblöðunum fækkað eftir að menn hættu að breyta klukkunni. Það getur vel verið. Ég bara minnist þess ekki hvernig það var í blöðum á þessum tíma.

En aðeins aftur að því sem mér finnst megininntak í ræðu hv. 17. þm. Reykv., þ.e. áliti svefnrannsókna geðdeildar Landspítalans út í þessa meintu geðheilsu sem kann að versna við þetta að mati hv. þm. Hefur hv. þm. aldrei lent í því að fá hringingu erlendis frá frá vinum og vandamönnum sem hafa kannski hringt þegar þeir eru komnir á ról, en þá sefur hv. þm. værum blundi heima hjá sér? Hefur hv. þm. aldrei verið vakinn þannig?

Hefur hv. þm. aldrei hringt og áttað sig á því að við erum á svo vitlausum tíma miðað við næstu nágranna okkar, t.d. í Danmörku, að við höfum vakið kunningja okkar þegar við erum kannski bara að hringja á eðlilegum tíma hjá okkur klukkan níu að kvöldi?

Og hvaða áhrif hefur þetta á geðheilsu manna til eða frá, annars vegar ef hringt er í okkur og eins ef við klikkum á því að muna eftir tímanum úti og hringjum í vini og vandamenn og vekjum þá rétt þegar þeir eru búnir að festa svefn og sofna svo kannski ekki fyrr en tveimur, þremur tímum seinna þannig að út úr þessu kom bara smáblundur?

[17:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held fyllilega ró minni þó vinir mínir í útlöndum hringi stundum til mín á einhverjum tíma þegar ég er að fá mér lúr. Ég held líka fyllilega ró minni og vinir mínir í útlöndum gera það líka þó það hendi að ég hringi til þeirra án þess að hafa áttað mig á að reikna út tímamuninn, sem ég reyndar tel mig alltaf muna eftir.

Ég vil bara segja sem svo: Íslendingar njóta ákveðinnar sérstöðu á við aðrar þjóðir. Við búum í miðju Atlantshafinu, norðarlega, norður við ysta haf. Það er hluti af sérstöðu okkar sem þjóðar og það er hluti af þeim skemmtilega karakter sem erlendir ferðamenn upplifa við að koma til landsins. Það er hluti af því að vera öðruvísi en aðrar þjóðir (Gripið fram í.) og það er hluti af því að hafa spennandi einkenni að við erum ekki á sama tíma og lönd annars staðar á jarðkúlunni.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan að þessi tillaga jaðrar við að vera svipuð því að menn væru að leggja til að hnattstaða Íslands væri önnur en hún er.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál er nú að verða gamall kunningi og ég verð að vísu að játa — það er náttúrlega hroðaleg játning að gera — að ég hef ekki tekið þetta mál mjög alvarlega fram undir þetta. Ég hafði satt að segja ekki áttað mig á því að mönnum væri full alvara með að leggja það til í alvöru að breyta tímanum á Íslandi eins og hér hefur verið lagt til. En kannski er það svo að flutningsmönnum sé dauðans alvara, a.m.k. 1. flm., og væntanlega er það skýringin á því að þetta er endurflutt trekk í trekk.

Ég hef stundum sýnt það ábyrgðarleysi í umfjöllun um þetta mál að slá á létta strengi enda hafa ýmis tilefni gefist og ég sagði einhvern tímann sögu í umræðum um þetta mál sem alveg má endurtaka — ég fékk reyndar áskoranir um það — sögu af aldraðri konu sem var að ferðast með Akraborginni og lenti á tali við kunningja minn. Hún fór að hrósa þessum unga manni á Alþingi sem ætlaði að bæta klukkutíma við sólarhringinn, það væri nú meiri snillingurinn. Hann ætlaði að bæta þessum klukkutíma við sólarhringinn síðdegis á sumrin, það yrði alltaf gott veður og svo mundu menn sitja úti í góða veðrinu og grilla, drekka rauðvín og þetta yrði svo huggulegt allt saman. Og mikið væri hann nú vænn þessi drengur að norðan sem ætlaði að leggja þetta til.

Að mínu mati er ekki tilefni til að taka þetta mikið alvarlegar en þetta, satt best að segja. Staðreyndin er sú að hér er sumartími og Ísland er, ef eitthvað er, þegar með það skakkan tíma miðað við landfræðilega legu að það væri að mínu mati fremur gagnrýnisvert en hitt að láta það hvarfla að sér að tvöfalda hér þann sumartíma sem fyrir er og gera það að verkum að vestari hluti landsins yrði skakkur frá sinni náttúrulegu klukku, sem sólin býr okkur, sem nemur næstum þremur klukkutímum. Þannig að sól yrði ekki í hádegistað vestast á landinu fyrr en klukkan hér á Íslandi væri af þessum undarlegu ástæðum að verða þrjú, frá því síðla vetrar og fram á haust.

Ég gef ekki mikið fyrir þau rök sem færð eru fyrir breytingunni þó ég skilji þau reyndar. Ef það eina sem menn hugsa um í lífinu er að viðskipti fyrirtækja við Evrópu gangi sem greiðast fyrir sig þá er út af fyrir sig hægt að hugsa þetta svona: Mannfólkið skal láta sig hafa það hvort sem bjart er eða myrkur og þó klukkan sé ekki í samræmi við náttúrufræðileg lögmál og líffræðileg bara ef bisnissinn við Evrópu getur haft sinn gang. Um það er þetta frv. og einu haldbæru rökin eru þau að auðveldara verði fyrir fyrirtæki sem eiga mikil viðskipti við Evrópu að stunda þau. Þá er auðvitað spurning hvort ekki eigi að stíga skrefið til fulls og taka upp Mið-Evróputíma. Er þá ekki óþarflega hógvært að ætla bara að fylgja Bretunum? Eigum við þá ekki að fara inn á Frankfurt-tíma. (**Gripið fram í:** Þetta er málamiðlun.) Já, þetta er kannski málamiðlun við það.

En þetta mundi líka þýða, herra forseti, að við yrðum næstum næstum þremur og fjórum tímum á undan, hvað

klukkuna varðaði, okkar næstu landfræðilegu nágrönnum, Grænlendingum. Mönnum finnst auðvitað óskaplega vitlaust að nefna Grænlendinga í þessu sambandi. Við þá er ekki svo mikill bisniss og hið virðulega Verslunarráð er ekki mikið að hugsa um Grænland.

Af hverju eru þá ekki Grænlendingar með sama tíma og Danir? Nei, Grænlendingar taka þetta svo bókstaflega hjá sér að þeir eru með tímabelti á Grænlandi. Íbúar Scoresbysunds eru með sitt tímabelti. Svo kemur Mið-Grænlandstími og svo er vestasti hlutinn á sínum náttúrulega rétta tíma. Veldur þetta ekki ægilegum vandræðum í Grænlandi, er þetta ekki óskaplegt vesen? Nei, þeir bara taka þetta eins og þetta er. Jörðinni er skipt í tímabelti eftir lengdarbaugum samkvæmt ágætri formúlu sem menn fundu upp, miðuðu núllpunktinn við Greenwich-turninn í Bretlandi og þannig gengur þetta og gengur bara ágætlega. Það er eins og menn gleymi því alveg að það eru fjölmörg lönd, fjölmörg markaðssvæði sem búa við mörg tímabelti og eru ekkert að ergja sig yfir því.

Hvað mega aumingja Rússarnir hugsa? Eru það ekki ein tólf tímabelti sem viðskiptin í Rússlandi verða að láta sig hafa, Bandaríkin þrjú o.s.frv.? Ætla menn þá líka að leggja til að við skekkjum okkur um klukkutíma í viðbót hvað varðar samskiptin við Vesturheim? Ég held einmitt að ef eitthvað væri þá væri betri málamiðlun, út frá viðskiptum í báðar áttir frá Íslandi vegna þess að við erum mitt í Atlantshafinu, að seinka klukkunni um klukkutíma. Þá væri landið mun nær því að vera á réttum tíma og við mundum halda sama tíma allt árið. Það eru engin rök fyrir þessu hringli með klukkuna, það vita allir. Menn eru bara fastir í því á meginlandi Evrópu af því að Bretarnir eru íhaldssemin uppmáluð og vilja ekki hrófla við þessu. Íhaldsemin er slík að þeir hafa meira að segja barist í því innan samveldisins gamla, sem enn er á löppunum að nafninu til, að verjast því að samveldisríki í fjarlægum heimsálfum hættu að breyta tímanum. Það vill svo til að ræðumanni er kunnugt um að uppi hafa verið viðræður um það t.d. á Nýja-Sjálandi, Ástralíu og víðar að hætta þessu rugli, sem þar heitir því aldagamla heiti „daylight saving". Nú skiptir þessi tilhögun þá auðvitað engu máli og þessi orkusparnaðarrök eru löngu horfin út úr myndinni.

Þetta skapar heilmikið óhagræði og vandræði. Þannig hafa t.d. bændur á Nýja-Sjálandi margendurtekið reynt að fá þessu breytt. Þeim finnst alveg nóg að vakna klukkan sex á morgnana þó ekki verði bara allt í einu breyting á og þeir verði að vakna klukkan fimm en þannig er þetta og ýmiss konar óhagræði og rask skapast við þessi mörk bæði að vori og hausti. Að það sé slíkt mál með viðskiptin við Evrópu að víkja eigi öllum öðrum sjónarmiðum og rökum til hliðar, ég ansa því ekki.

Mér finnst grg. þessa frv. satt að segja nálgast hneyksli. Hér er gefið í skyn að það sé nánast einróma gleði með þetta í Evrópusambandinu, en til þess að slá varnagla er látið koma fram að athuganir framkvæmdastjórnarinnar hafi engin meiri háttar vandkvæði leitt í ljós þó að til séu þeir sem telja breytingarnar hafa óþægindi í för með sér. Herra forseti, ég endurtek: ... þó að til séu þeir sem telja að breytingarnar hafi óþægindi í för með sér. Hverjir skyldu vera þessir þeir sem fyrirfinnast? Það mætti ætla af orðalaginu að það væru svona þrír menn, þrír kverúlantar í Evrópu sem væru eitthvað óánægðir með þetta. Það eru m.a. Frakkar eins og þeir leggja sig. Í Frakklandi hefur verið bullandi umræða um að hætta þessu af því að þetta er meiri háttar vesen. Það er fyrst og fremst þvingunin frá Evrópusambandinu, við að reyna að halda hópnum saman, sem hefur aftrað Frökkum frá því að hætta fyrir alvöru hringlinu með klukkuna. Þar hafa verið færð fram mörg sterk rök fyrir því að það sé löngu úrelt tímaskekkja að hringla þarna með klukkuna. Það viðhorf finnst mér hafa gleymst í þessari umræðu og þetta sé bara spurningin um hvort við eigum að vera klukkutímanum fyrr eða seinna. Gleymum því ekki að menn eru líka að tala um að fara aftur í að hringla með klukkuna sem hefur margvísleg óþægindi í för með sér. Greinargerð, herra forseti, þar sem reynt er að hagræða hlutunum með þessum hætti er ekki mikils virði. Menn geta fært kraftmikil rök fyrir því sem þeir telja rétt og skylt, það er sjálfsagt. Ugglaust er það einnig gert hér af ýmsum aðilum en það á ekki að reyna að hagræða staðreyndum og búa þannig um að það finnist engin önnur sjónarmið og allir séu á máli flutningsmanna því að svo er ekki.

Ég, herra forseti, vil nefna einn þátt í þessu sem mér finnst menn ættu líka að athuga mjög vandlega vegna hinnar landfræðilegu legu Íslands. Rökin fyrir klukkubreytingunni, ef við værum að horfa á birtuna, eru engin á Íslandi. Það eina sem skiptir máli hér er að vera ekki með mjög skakka klukku. Vegna hinnar norðlægu legu Íslands og þess að birtan er hér mikil allan sumartímann er það eins og hver annar brandari að tala um að taka upp sumartíma vegna birtunýtingar, það er hvort sem er bjart að langmestu leyti allt þetta tímabil, er það ekki? Eða er það þannig í hugum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og flutningsmanna að það sé myrkur á nóttunni í júní? Hafa þeir rekist á það hér á Íslandi? Er það til þess að lengja dagsbirtuna og seinka þessum dimmumótum morguns og kvölds um hásumarið sem menn ætla að færa til klukkuna á Íslandi? Sérkennilegt væri ef svo er. Ísland er nefnilega á 64–66° norðlægrar breiddar og nýtur þar af leiðandi góðs af því yfir sumartímann. Að sama skapi er hér dimmt á vetrum.

Herra forseti. Ég held að menn ættu fremur að skoða hvort líklegt sé að þetta yrði talin jákvæð breyting með tilliti til öryggis. Hvað veldur mönnum mestum áhyggjum, a.m.k. þeim sem eiga börn sem eru að hefja skólagöngu á haustin? Og hver er einn hættulegasti tíminn hvað varðar slys á gangandi vegfarendum? Það er í myrkrinu á morgnana þegar börnin eru á ferð. Yrði til bóta að láta vera myrkur klukkutíma lengur, þangað til klukkunni væri seinkað í lok október? Halda menn að það væri til bóta í þessum efnum? Hið sama gerðist aftur að vorinu? Það er þó farið að birta með hækkandi sól á útmánuðum. En þarna eru menn að tala um að flýta klukkunni aftur um klukkutíma, að færa myrkrið upp um klukkutíma. Ég held að menn ættu líka að horfa á þessi atriði og spyrja sig hvort séð sé fyrir endann á slíku.

Ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, að út frá líffræðilegu og náttúrufarslegu tilliti sé ákaflega hæpið að hafa tímareikninginn, hinn mælda tíma, þ.e. klukkuna svo fjarri hinni náttúrulegu klukku. Menn gera hér lítið úr tali um líffræðilega klukku en hafa menn efni á því? Hafa menn stúderað það svo, öll þau vísindi sem liggja fyrir í þeim efnum? Ég held t.d. að þingmenn, sem eru þekktir fyrir að bregða sér einstöku sinnum í ferðir, ættu þá að lesa sér til. Það er nú ekki talið mjög hollt að hringla mjög mikið á milli tímabelta og er eitt af því sem er talið valda verulegu álagi bæði á sál og líkama. Það er langhollast að hafa reglubundinn hvíldartíma og auðvitað er hollt að fara snemma að sofa og snemma á fætur. (**Gripið fram í:** Eins og þingmenn gera.) Eins og þingmenn gera meira og minna. Allt hringl með þetta er ekki til góðs.

Það er nokkurn veginn öruggt og allt sem bendir til þess samkvæmt rannsóknum á hinni líffræðilegu klukku manna að hún sé geymd í erfðamengi mannsins, í þeim skilningi að manninum líði best þegar hann er í tilteknum takti við náttúrulögmálin, það sem drífur hlutina hér hjá okkur, ekki síst sólina, nótt og dag og öll þau áhrif sem þau hafa á okkur.

Herra forseti. Ég tel að það geti varla komið til mála að menn láti sér detta í hug að ræða þetta mál út frá því hvað kunni að henta einhverjum stöðum á landinu. Það vill svo til að vísu að ég hef ákveðnar grunsemdir um að þetta mál sé þannig til komið að 1. flm. hafi verið á fundi með frystihússfólki á Siglufirði. (Gripið fram í.) Ja, það er eins og mig rámi í að einhvern tímann í fyrndinni hafi mér verið sögð sú saga, gott ef ekki af hv. flm. sjálfum, að kveikjan að þessu sé sú að þar, við tilteknar landfræðilegar aðstæður, hefði mönnum fundist sniðugt að færa klukkuna fram vegna þess að þar er morgunsól og miðdegissól en skuggsælt á kvöldin. En ætli það sé þá ekki einhvern veginn öðruvísi annars staðar á landinu af því að það vill svo til að landið er eyja?

Það var einu sinni ungur drengur á hlaðinu á Svalbarði og þar komu að ferðamenn og fóru að hlýða honum yfir hversu vel hann væri að sér. Þeir spurðu: Í hvaða átt er sjórinn? og bentu út á sjó. Hann benti í aðra og sagði: Í þessa átt. Þeir spurðu: Í þessa átt? Já, sagði hann. Og í þessa átt? Já, sagði hann. Og í fjórðu áttina. Já, sagði drengurinn. Þeir héldu að þetta væri nú meira fíflið en þá sagði hann: Ísland er jú eyja, ekki satt? Og fór þá mesta brosið af ferðamönnum.

Þess vegna er það þannig að það sem mundi henta einum stað vel í þessum skilningi mundi henta öðrum miður af augljósum ástæðum og þarf ekki að ræða það meir. Hér ber að skoða hið almenna og stóra samhengi hlutanna og mér fyndist það ákaflega sérkennileg niðurstaða ef Ísland ætlaði að fara að skera sig úr öllu sem ég þekki á byggðu bóli og taka upp tíma sem væri svo bjagaður frá því sem hér ætti að vera miðað við landfræðilega legu landsins að ég trúi því varla að svo verði.

Landið er þar sem það er og það er ekkert til að skammast sín fyrir, það er þvert á móti mjög gott. Mér sjálfum finnst eðlilegt, t.d. þegar maður kemur úr ferðalagi frá Evrópu og flýgur með sólinni, að það sé kannski roðagyllt kvöldsól utan flugvélarinnar nánast alla flugleiðina, að fylgja henni og lenda hér í nokkurn veginn sömu birtu og maður fór af stað í, enda er það alveg í takt við það sem vera á og er eðlilegt miðað við aðstæður. Að fara að hringla enn þá meira með þetta teldi ég alls ekki til bóta, herra forseti.

Hér áðan voru orðaskipti um símtöl sem menn fengju á mismunandi tímum sólarhringsins. Í þeirri röksemdafærslu fannst mér felast að viðkomandi, hv. þm. Kristján L. Möller, ætti bara erlenda kunningja á einum stað á jörðinni, þ.e. í Evrópu. Ef svo er með hann er skiljanlegt út frá hans persónulegu hagsmunum að hann vilji helst hafa sama tíma og þeir. En svo er t.d. ekki með þann sem hér stendur. Það vill svo til að mínir kunningjar eru alveg eins í Ameríku, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Það er ekki stórkostlegt vandamál í sjálfu sér. Ég hringi yfirleitt til Ástralíu og Nýja-Sjálands á bilinu frá tíu á morgnana til tólf vegna þess að þá er kvöldmatarleyti og komið fram undir háttatíma þar en fólk enn á fótum. Svona hafa samskipti mín verið við þetta ágæta kunningjafólk mitt í yfir 20 ár og ekki komið upp nein sérstök vandamál. Ég á marga kunningja og á stundum erindi við menn, t.d. starfsins vegna, í Vesturheimi, Kanada og Bandaríkjum Norður-Ameríku, jafnvel Mexíkó — það er lélegt símasamband við Kúbu að vísu — og það er ekki nokkurt vandamál heldur. (Gripið fram í.) Það ekkert vandamál að haga því þannig að hringja þá á þeim tíma sólarhringsins, síðdegis og um kvöld, sem vel er fallinn til samskipta þangað vestur.

Þetta með opinn skrifstofutíma er að mínu mati víkjandi rök hvort sem er vegna þess að þessi samskipti eru mikið notuð. Menn nota netið og ýmsa aðra tækni sem hafa auðveldað samskiptin og ég held að það séu ekki gild rök sem við þurfum að falla fyrir að Verslunarráðið sem á hér ötulan talsmann hefur áhuga á þessu út frá þröngum hagsmunum viðskiptalífsins við Evrópu.

Mér finnst það fremur smátt í hugsun í raun og veru að Ísland geti ekki að þessu leyti staðið sjálfstætt og haft sinn sjálfstæða tíma, réttan tíma, og byggt upp samskipti við nágranna sína í austri og vestri bara út frá því að við erum þar sem við erum. Ekki drögum við landið til, þó að þjóðsögur segi að risar hafi haft slík áform uppi, alla vega í Færeyjum. Það tókst ekki vel og ég held að það eigi bara að líta á það sem hluta af því að vera sjálfstæð þjóð með menningu og tungu sem býr í tilteknu landi að við höfum þann tíma sem okkur er eðlilegastur út frá legu landsins og byggjum upp samskipti okkar og viðskipti á þeim grunni. Ég sé ekki nein haldbær rök fyrir því að það sé ekki hægt og hitt allt of léttvægt til þess að ljá máls á því að gera þessar breytingar. Í öllu falli ætti ekki að gera þær fyrr en að undangenginni mjög rækilegri skoðun á kostum þeirra og göllum. Þá held ég að málið færi aldrei lengra því að þegar farið yrði að skoða þetta í alvöru þá sæju menn að það eru of veigamiklar röksemdir gegn þessu til að fara lengra með málið.

[18:19]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði lagt eyrun við þegar 1. flm. þessa máls ræddi um þetta frv. þá hefði hann heyrt það að hann lagði mjög ríka áherslu á að ætlunin væri ekki að breyta sólarganginum heldur værum við að stilla okkur saman þannig að við mundum hefja vinnu á sama tíma og hætta á sama tíma. Við tækjum daginn fyrr og mundum nýta birtuna og ylinn, eins og hann komst að orði.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði líka um þrönga viðskiptalega hagsmuni. Eru hagsmunir ferðaþjónustunnar þröngir viðskiptalegir hagsmunir? Það hefur komið fram í umsögn frá ferðaþjónustunni að ferðaþjónustan mundi njóta góðs af. Þar tel ég að miklir hagsmunir séu í húfi.

Einnig hefur töluvert verið rætt um skólagöngu. Við megum ekki gleyma því að á Íslandi er mikið skammdegismyrkur og yfir þrjá mánuði, háveturinn eru flest börn á leið til skóla í myrkri. Þá skiptir ekki máli hvort þau leggja af stað klukkutíma fyrr eða seinna. Ég vil einnig segja frá því að börn sem búa á landsbyggðinni og eiga langan veg í skóla, þau eru oft lögð af stað í skólann um klukkan sjö á morgnana. Ég er alveg sannfærð um það og veit að börn eru miklu næmari og læra betur snemma á morgnana en þegar líða tekur á daginn.

[18:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar mikilsverðu upplýsingar. Það mun hafa komið hér fram í ræðu hv. þm. Vilhjálms

Egilssonar að það væri ekki efni þessa frv. að breyta sólarganginum. Það er nú aldeilis innlegg í þetta mál. Mér er stórlega létt og tel þetta náttúrlega mjög mikilsvert.

Að taka daginn fyrr og hætta fyrr — já, það er nefnilega það. Hér eru ákveðnar þjóðarvenjur og siðir sem Íslendingar hafa mótað sér og þær eru eins og þær eru. Ég hef auðvitað oft upplifað þennan mun þegar ég hef verið búsettur annars staðar eða ferðast á milli landa. Það er t.d. alveg sláandi munur á Íslendingum annars vegar og Svíum hins vegar hvað þetta varðar, að dagurinn er tekinn seinna hér og menn rölta lengur fram eftir á kvöldin. En þannig er það hjá okkur. Ég sé ekki að rétta aðferðin til að breyta því, ef menn eru ósáttir við þessi þjóðareinkenni okkar, sé að þvinga það fram með því að skekkja klukkuna. Eru menn í raun og veru að segja að þeim finnist að Íslendingar eigi að hegða sér öðruvísi en þeir hegða sér og þá eigi að þvinga það fram með því að skekkja klukkuna?

Ef menn telja að betra væri fyrir þjóðina almennt að hjól atvinnulífsins og samfélagsins færu fyrr af stað á morgnana og menn tækju sér hvíld fyrr síðdegis þá væri miklu betra að ná því fram með breytingum í þjóðfélaginu, í gegnum kjarasamninga, gegnum opnunartíma opinberra stofnana, þjónustustofnana o.s.frv., en ekki með því að hafa kolvitlausa klukku. Það held ég að sé bara ekki skynsamleg nálgun.

Varðandi hagsmuni ferðaþjónustunnar er það auðvitað alveg rétt að ýmislegt væri þægilegra í samskiptum ferðaþjónustunnar við Evrópu ef við værum þar á sama tíma. En að sama skapi er meira óhagræði að því þegar kemur að samskiptum í vesturátt. Sé það sameiginlegt álit allrar ferðaþjónustunnar að það séu hagsmunir hennar að breyta þessu þá er ég ósammála því. Ég leyfi mér að hafa þá skoðun þó að ég reki ekki ferðaskrifstofu eða því um líkt.

[18:23]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hera forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að Íslendingar taka daginn mun seinna en aðrar þjóðir og þessu taka erlendir ferðamenn eftir þegar þeir koma hingað, þessu drolli okkar fram eftir öllum kvöldum og því að við förum aldrei á fætur á morgnana.

Sagt er að morgunstund gefi gull í mund. Bændur eru vanir því að fara snemma á fætur. Þeir taka daginn snemma og vita að morgunverkin eru oft æði drjúg.

Þegar rætt er um opnunartíma opinberra stofnana og verslana þá hefur það oft vakið furðu mína að verslanir eru ekki opnaðar fyrr en klukkan tíu á morgnana eða klukkan ellefu þegar ég vil byrja morgunverk mín t.d. klukkan sjö. Þetta hef ég bara ekki getað skilið.

Ferðamennirnir ganga yfirleitt mjög snemma til náða og við vitum að það fer oft ekki saman, sérstaklega á tjaldstæðum, að íslenskir ferðamenn og erlendir séu á sama svæði. Oft þarf að aðskilja þá, e.t.v. vegna þess að Íslendingar eru að þessu drolli fram eftir öllum kvöldum meðan erlendu ferðamennirnir fara snemma í háttinn og fara snemma á fætur á morgnana.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér sé á ferðinni alveg ótrúlegur reginmisskilningur á því af hverju þessi þjóðareinkenni Íslendinga stafa. Þau eru ekki bara Íslendinga. Það vill svo til að þetta er sameiginlegt einkenni allra þjóða sem byggja norðlægar slóðir. Hér er munur birtu sumars og veturs svo mikill að það myndast sérstök þjóðareinkenni sem ég hélt að allir þekktu.

Það er vel þekkt að virkni þjóðfélaga á hánorrænum breiddargráðum er langmest yfir sumartímann. Þá er sólarhringurinn og vinnudagurinn oft mjög langur en síðan leggjast þessi samfélög kannski í ákveðinn dvala eða dróma yfir skammdegistímann. Að þessu leyti erum við verulega frábrugðin þeim sem hafa alist upp og búa miklu sunnar á hnettinum af ósköp skiljanlegum og eðlilegum ástæðum. Eigum við að breyta þjóðareinkennum okkar og hegðun vegna þess að það færi betur á tjaldstæðum þar sem íslenskir ferðamenn eru innan um útlendinga á sumrin?

Ég kaupi ekki svona röksemdir. Mér finnst menn vera hér að ætlast til ansi mikils út frá því hvernig við lítum á okkur sem sjálfstæða þjóð og stjórnum okkar málum. Auðvitað eiga menn að leysa slíkt með öðrum hætti en þeim að skekkja klukkuna þannig að hún verði næstum þremur tímum á undan því sem eðlilegt er hér um vestanvert landið. Það er að mínu mati gjörsamleg fráleit lausn á þessu vandamáli ef menn vilja nálgast málið þannig.

Hér hefur vissulega verið í gangi ákveðin þróun sem ég held að sé ekkert óeðlileg. Víða í minni samfélögum þar sem hægara er að koma því við þá gera menn breytingar á tímasetningu, opna kannski leikskóla klukkutíma fyrr á sumrin en á veturna. Það er gert án þess að breyta klukkunni. Hún er áfram rétt í grófum dráttum eins og hún á að vera. Þannig geta menn auðvitað gert breytingar. Enginn bannar bændum að fara snemma á fætur og það þarf ekkert að hýða þá til þess með klukkunni, með klukkubreytingum. Mér finnst þessar röksemdir, herra forseti, ekki halda.

[18:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á hv. þm., 3. þm. Norðurl. e., í öllum þeim mótrökum sem hann tínir hér til fyrir þessu máli. Eitt af því sem fram kom hjá honum voru birturökin, um sólarganginn, að það væri bjart alla nóttina í júlímánuði, sem er ekki nýtt. En það kom fram hjá hv. þm. að sólin væri drifkraftur lífsklukkunnar og það er alveg hárrétt. En e.t.v. er það tilgangurinn með frv., að færa tímann aðeins til svo að menn geti notið sólarinnar aðeins lengur og betur.

Hvað með það fólk sem býr í þröngum fjörðum vítt og breitt um landið og lýkur vinnu klukkan, við skulum segja sex? Það er ekki mikill tími eftir af deginum til að njóta sólarinnar, drifkrafts lífsklukkunnar eins og hv. þm. komst hér að orði. Það er einmitt verið að fjalla um það í þessu frv., sem okkur flutningsmönnum er alveg dauðans alvara með. Við viljum gefa fólki kost á að hlaða batteríin með sólinni og að fólk geti komið heim úr vinnu og notið hennar í stað þess að koma heim úr vinnu þegar sólin er komin niður fyrir fjallahring. Það er akkúrat málið.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. verði að koma með seinni spurninguna í seinna andsvari sínu. Vandinn er m.a. sá að það snúa ekki allir firðir Íslands eins og Siglufjörður, þar sem kaupstaðurinn stendur undir skuggsælum vesturhlíðum. Hv. þm. verður í fyrsta lagi að átta sig á því. Það sem hentar einum getur verið mjög óhagkvæmt og óheppilegt fyrir annan, t.d. þá sem njóta góðrar sólar síðdegis og fram á kvöld hér í okkar björtu og fallegu vornótt. Það sem ég vildi segja með þessu, herra forseti, hefur greinilega ekki skilist. Annaðhvort setti ég hlutina svona óskýrt fram eða

þetta er svona torskilið mál. Ég sagði ósköp einfaldlega að í norðlægu landi sem er blessað af birtu allan sólarhringinn yfir sumartímann þá væri eitthvert tal um tímabreytingu sem birtusparnað bara misskilningur. Það bara á ekki við hjá okkur. Það er í örstuttan tíma, þ.e. haust og vor, sem hægt væri að færa einhver slík rök en þau eru bara alls ekki gild. Þau rök halda ekki hér stærstan hluta sumarins.

Það er öðruvísi í þeim löndum sem liggja sunnan 60. breiddargráðu eða svo, þar sem eitthvert umtalsvert myrkur er allan ársins hring á nóttunni. Þá gildir það vissulega að betri nýting er á birtunni virka daga út úr svona breytingum. En þau rök gilda ekki hér nema í einhverjum afmörkuðum tilvikum við ákaflega staðbundnar aðstæður.

Ég held að það sé miklu náttúrlegra og eðlilegra að menn aðlagi sig sjálfir að birtubreytingum jafnt og þétt, fari fyrr á fætur eða seinna og fyrr eða seinna að sofa o.s.frv. Það gera veiðimenn, það gera bændur og sjómenn og þurfa engar tímabreytingar til. Þessi breyting gerist í einu stökki tvisvar á ári. Það er mikill galli því að ef menn vildu fylgja hinni náttúrlegu klukku þá væri miklu betra að gera það jafnt og þétt, ekki satt, en ekki svona.

[18:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að klukkan fór illa með mig áðan þá ætla ég að koma með seinni hluta spurningarinnar til hv. 3. þm. Norðurl. e.

Hvað með sumartíma sem einstök fyrirtæki taka upp — einstök fyrirtæki, ekki öll — m.a. að kröfu fólks sem vill njóta síðdegisins? Leikskólar þurfa stundum að taka upp sumartíma fyrir þau fyrirtæki og vegna atvinnulífsins hjá þeim fyrirtækjum sem taka upp sumartímann. En það hentar kannski ekki öllum og væri þá ekki betra að gera þetta í einu lagi fyrir alla.

Hitt atriðið er að ég tók eftir því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræddi áðan um og taldi miður að þetta væri fyrst og fremst fyrir viðskiptalífið en ekki almenning. Þó held ég að við séum sammála um að hvort tveggja fari saman. Hann á hér einn skoðanabróður, hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrím J. Sigfússon. Þeir finna frv. allt til foráttu og telja að hv. 1. flm. þess, Vilhjálmur Egilsson, sé eingöngu að flytja þetta vegna þess að hann starfar einnig sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs og þetta frv. sé fyrst og fremst flutt fyrir viðskiptalífið. Það er bara alls ekki rétt.

Rétt í lokin, herra forseti. Hv. þm. ræddi um að 1. flm. og okkur flutningsmönnum væri ekki alvara í þessu máli. Okkur er alvara. En ég verð að segja að dæmisagan sem hv. þm. skýrði frá í byrjun er ekki þess eðlis að hægt sé að taka hv. þm. alvarlega í þessu máli, nema ástæðan sé að hann kunni hreinlega ekki við sig í þessum ágæta ræðustól nema vera á móti því sem kemur frá öðrum en honum sjálfum og samflokksmönnum hans.

[18:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði að gamni mínu í upphafi ræðu minnar og tók það sérstaklega fram að þetta væri gamansaga. Ég tók líka fram og sagði ósköp heiðarlega frá því að ég hefði ekki tekið þetta mál mjög alvarlega fyrr en þá núna, af því að mér fannst allt í einu kominn meiri alvörublær í málflutning þeirra sem að þessu máli standa. Ég sé að 1. flm. hefur safnað miklu liði, á orðið allmarga liðsmenn sem eru ódeigir og ólatir í baráttunni með honum. Þá fór ég að velta því fyrir mér: Er það kannski svoleiðis í alvöru að menn mundu bara skella sér í þessar breytingar ef naumur meiri hluti skapaðist fyrir þessu hér á Alþingi? Menn yrðu væntanlega að gera það. Það stendur þá ekki til að byggja það á traustari grunni en þeim sem fyrir liggur og ég tel grg. þessa frv. vera hina mestu hrákasmíð og afflytja þetta mál að miklum hluta. Það er t.d. ekki einu orði eytt í stórt mál í þessum efnum sem er hin landfræðilega lega Íslands og það kerfi sem þetta tímatal byggir á í heiminum, hvernig frá þessum hlutum er gengið yfirleitt. Það er látið eins og það sé ekkert vestan við Ísland, þar sé ekkert til o.s.frv.

Ég verð að segja um þau rök að sumum henti betur að hefja vinnu fyrr á morgnana: Fínt, þá gera þeir það. Í samfélögum þar sem svo háttar til er upplagt að menn geri breytingu í þá veru. Auðvitað breytum við öll hegðun okkar í þó nokkrum mæli. Við hegðum okkur öðruvísi á sumrin og þurfum engar tilskipanir utan frá um það efni. Ég fer fyrr á fætur, það gerist svona smátt og smátt með vorinu. Þannig vil ég hafa það. Ég kæri mig ekki um þvingun á atferli mínu að þessu leyti með því að hringla klukkunni svona. Ég tel miklu betra að þeir, sem það hentar, reyni að leita samkomulags við starfsfólk og þjónustustofnanir og geri það á frjálsum grunni eftir því sem hæfir hverju sinni. Það getur verið hálftími eða klukkutími, það getur verið í maí, það getur verið í júní, það getur verið bara í júlí o.s.frv. Hér er ekki verið að tala um neitt slíkt. Nei. Hér er verið að tala um þvingaða aðgerð, tilskipunarlega aðgerð og allt í einu eru ótrúlegustu menn komnir í það hlutskipti að ætla að hafa forræði fyrir mönnum í þessum efnum.

[18:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. og ég kem hér til þess að skora á þingheim að samþykkja frv. Þetta frv. er byggt á afar góðum og traustum rökum sem ég vonast til að þingheimur kynni sér vel. Ég verð að segja að í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í dag hafa mótrökin gegn því sem kemur fram í grg. verið afar máttleysisleg. Ég hef ekki fundið neitt í þeim rökum sem getur snúið afstöðu minni til þessa máls.

Ég vil í fyrsta lagi minnast á viðskiptarökin, sem menn hafa jafnvel reynt að gera lítið úr hér í dag. Það er athyglisvert að menn telja ekki mikilsvert að huga að því hvað hentar viðskiptalífinu, sérstaklega hvað varðar ferðaþjónustuna. Flug og ferðalög Íslendinga til annarra landa er stór þáttur í íslensku þjóðlífi og lífi Íslendinga. Þeir ferðast til útlanda og skiptir auðvitað gífurlega miklu máli fyrir þá hvernig flugið er og hversu snemma menn þurfa að fara af stað til að ná flugi. Auðvitað væri betra að hafa sama hátt á því allan ársins hring.

Varðandi þá erlendu ferðamenn sem hér koma þá skiptir þetta mjög miklu máli. Einnig veitingahús og annað, tilheyrandi ferðaþjónustunni. Samskipti íslenskra fyrirtækja við Evrópu og Ameríku skipta líka miklu máli, að menn séu alltaf með sama tímamismun að menn þurfi ekki að vera að hugsa um hvort núna sé eins eða tveggja tíma munur, þegar þeir hafa samskipti við Danmörku eða fimm eða sex tíma, þegar menn hafa samskipti við Ameríku. Það er auðvitað best fyrir alla að hafa þennan tímamismun alltaf þann sama.

Hér hefur einnig verið nefnt að menn gætu breytt til í fyrirtækjum, vilji menn breyta til um tíma og eins og fyrirtæki hafa víða gert sérstaklega úti á landsbyggðinni. En það á einnig við um fyrirtæki í Reykjavík. Það er einu sinni þannig að það er afar óhentugt að sum fyrirtæki breyti þessu en

önnur ekki. Atvinnulífið er allt samtengt og við getum ekki neitað því. Sjálf hef ég starfað í fiskvinnslufyrirtæki sem breytti vinnutímanum að ósk starfsfólks þannig að vinna hófst kl. 7 á morgnana og lauk kl. 3 á daginn til þess að starfsfólk gæti notið sumars og sólar yfir sumartímann. Þetta hentaði auðvitað ekki öllum, m.a. vegna þess að leikskólarnir breyttu ekki sínum tíma frekar en mörg önnur fyrirtæki í bænum. Þetta olli því barnafjölskyldum erfiðleikum. Þetta varð samt sem áður niðurstaðan og þess vegna hafði þetta, sérstaklega fyrir þær fjölskyldur sem voru með lítil börn, verulega erfiðleika í för með sér. En það hentaði auðvitað mjög mörgum öðrum að hafa á þennan háttinn.

Mér fannst það afar sérstakt þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að gera lítið úr hagsmunum fiskvinnslufólks á Siglufirði. En þetta var ósk starfsfólks í minni heimabyggð og ég reikna með því, af því að hann vitnaði til Siglufjarðar, að þetta hafi einnig verið ósk fiskvinnslufólks þar. Þess vegna finnst mér það sérstakt að hv. þm. skuli gera lítið úr hagsmunum og óskum fólks sem vinnur við þessa atvinnugrein. Eins og ég sagði áðan á þetta við um fleiri atvinnugreinar, þ.e. að opnunartíma sé breytt að ósk starfsfólks en það hentar auðvitað ekki öllum fyrirtækjum.

Ég verð að segja, fyrir mína parta, að ég er ekki alltaf sammála því sem kemur frá Brussel í skýrslum og öðrum pappírum en í þessu tilfelli fellur sú skýrsla frá Evrópusambandinu, varðandi það að hafa samræmdan sumartíma, sem vitnað hefur verið til algerlega að sjónarmiðum mínum. Mér finnst skemmtilegt að þar er m.a. komið inn á umhverfissjónarmið, orkusparnaðarsjónarmið og umferðaröryggissjónarmið. Maður hefði haldið að miðað við málflutning sumra stjórnmálaflokka hér á Alþingi undanfarin ár væri þetta eitthvað sem hentaði m.a. sjónarmiðum vinstri grænna. Þeir hafa hins vegar ekki getað fundið sér samsvörun í þessu en ég bið hv. þm. um að skoða frv. með þessi sjónarmið í huga. Þar eru umhverfissjónarmið sem skipta mjög miklu máli.

Eins og hér hefur komið fram var svipað mál sent til umsagnar fyrir fáum árum. Umsagnir bárust m.a. frá talsmönnum íþróttalífsins í landinu. Hér á Alþingi eru ekki fáir vinir knattspyrnunnar og það kemur einmitt mjög sterkt fram hjá Knattspyrnusambandi Íslands að þetta er stórt hagsmunamál fyrir knattspyrnumenn, að fá þessu breytt. Í umsögnum þeirra kemur m.a. fram hversu erfitt það er að skipuleggja keppni í öllum aldursflokkum vegna mismunandi birtuskilyrða og sjónvarpsútsendinga frá knattspyrnuleikjum. Það getur orðið vandamál þegar tíminn hentar ekki til sjónvarpsútsendinga. Þarna eru gífurlega miklir hagsmunir fyrir þá sem stunda íþróttir, t.d. golf. Það komu einmitt fram mjög sterk sjónarmið frá golfurum varðandi þessi mál. Þessar útvistaríþróttir mundu því njóta mjög góðs af breytingunni.

Síðast vildi ég nefna þau rök sem varða lífsstíl. Það er auðvitað mikill þáttur í lífsstíl fólks að geta notið sólar og birtu sem lengst og geta notið útivistar, geta notið þess í sumri og sól að grilla okkar ágæta lambakjöt — þar með erum við komin inn á hagsmuni landbúnaðarins, að selja meira af okkar ágætu afurðum.

Þetta eru allt góð og gild sjónarmið hvað varðar lífsstíl okkar Íslendinga og að hann geti enn þá batnað. Ég vil halda því fram út af þeirri heilsufarsumræðu sem hér hefur farið fram í dag að einmitt það að geta notið aukinnar útivistar mun bæta heilsu okkar Íslendinga.

Af því að sjónarmið þeirra sem búa í þröngum fjörðum hafa einnig verið nefnd er þetta einnig mikið byggðasjónarmið. Sjálf hef ég búið í þröngum firði með háum fjöllum og ég fullyrði að þetta mundi hafa mikil áhrif fyrir íbúa margra Austfjarða. Og þeirra fjarða og byggðarlaga sem þannig eru staðsett að sólin hverfur mjög snemma á bak við fjöllin þannig að menn geta ekki notið þess í þeim byggðum eins og annars staðar að vera lengi fram eftir úti í görðum sínum og notið sólarinnar. Mönnum finnst þetta kannski lítil rök en ég fullyrði jafnframt að flestir íbúar þessara staða eru sömu skoðunar og ég. Það skiptir gífurlega miklu máli að geta notið þess að vera lengur úti og sinnt görðum sínum, grillað og átt notalegt garðlíf eins og aðrir þekkja annars staðar þar sem sólar nýtur lengur og mönnum finnst alveg sjálfsagt. Einn klukkutími í þessu skiptir mjög miklu máli og ekki síst með tilliti til þess að bæta lífsstíl okkar þá er það sjónarmið mitt að við eigum að breyta til og fylgja öðrum stórþjóðum. Vel má vera að það þyki einhver hroki að við ætlum að fylgja þeim en þetta er svona, þetta skiptir okkur gífurlega miklu máli til að bæta líf okkar og ekki síst fjölskyldulíf.

Þeir þingmenn sem treysta sér ekki til að vakna þetta fyrr á morgnana geta auðvitað haldið lífsstíl sínum í því að vakna aðeins seinna og haft það þannig en ég skora samt sem áður á þá að samþykkja þetta mikla hagsmunamál alls almennings í landinu, íþróttahreyfingarinnar og viðskiptanna.

Allar umsagnir sem við fengum um þetta mál í því formi sem það var lagt fram síðast þegar það kom fram á þinginu voru mjög jákvæðar utan kannski einnar eða tveggja. Ég endurtek að hér er um mikla alvöru að ræða og mikill þungi í þessum meiningum okkar sem leggjum þetta mál fram. Ég skora á þá þingmenn sem hafa efasemdir um þetta að kynna sér málið betur og fylgja því þegar við greiðum um það atkvæði.

[18:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Röksemdafærslan hjá hv. flm. frv. til að sveigja menn inn á fylgispekt við framkvæmd þessa er alveg með ólíkindum. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sú mæta kona af Austfjörðum, heldur því fram að útivist muni aukast og viðskiptalífið blómgast sem aldrei fyrr ef tímanum verði breytt og klukkunni flýtt um einn klukkutíma.

Ég átta mig ekki á því hvernig menn geta fengið sig til að tala svona. Allir vita að viðskipti Íslendinga eru um allan heiminn, þau eru jafnt við Japana sem Bandaríkjamenn og Evrópubúa, þannig að vera að tönnlast á þessu svona fram og til baka er eiginlega óskiljanlegt og halda því síðan fram að lambakjötið muni seljast betur og garðlífið verði betra og ástarlífið blómlegra, þetta er náttúrlega bara orðinn einn farsi.

Ég velti því einnig fyrir mér, herra forseti, það er á bls. 4 í þessari greinargerð, þar segir svo, með leyfi forseta:

„Írar hafa sumartíma og þeir sem búa á vesturströndinni eru því í mjög svipaðri stöðu gagnvart nýtingu birtunnar og Austfirðingar væru ef Ísland fylgdi sama tímareikningi og Írland. Ekki hafa borist neinar spurnir af því að geðheilsa íbúa vesturstrandar Írlands sé sérstaklega slæm eða að þar séu svefntruflanir meðal almennings meiri eða heilsufar almennt verra en gengur og gerist. Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, þrátt fyrir sumartímann."

Ég spyr því, herra forseti, er geðheilsa Austfirðinga eitthvað verri en almennt gerist? Er hún verri en Íra? Ég ætla

að spyrja hv. þm. að því, herra forseti. Ég spyr einnig: Er atvinnulíf Austfirðinga verra vegna þess að tíminn er einum klukkutíma aftar en hv. þm. óskar eftir?

[18:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki orðið vör við að geðheilsa Austfirðinga væri nokkuð verri en Íra. Hins vegar tekur þingmaðurinn þetta út úr samhengi. Þetta er einmitt dregið fram vegna þeirrar umræðu að breyting á klukkunni hafi slæm áhrif á geðheilsu fólks og klukkunni á Írlandi er breytt þannig að þar er sumartími. Geðheilsa Íra er bara ekkert mjög slæm og þar er mjög mikill hagvöxtur og gott efnahagslíf svo að eftir er tekið um allan heim. Í því samhengi er þetta dregið fram. Ég skora því á hv. þm. Kristján Pálsson að lesa alla greinargerðina. Ég held að það mundi bæta málflutning hans mjög.

Varðandi það að viðskiptalífið og útivistin mundi blómgast fullyrði ég það og hef til stuðnings þær umsagnir sem komu um málið þegar það var lagt fram síðast, ekki síst frá íþróttafélögum, og frá viðskiptalífinu, ferðaþjónustunni, Verslunarráði, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Eimskipafélaginu og fleiri aðilum sem sendu inn umsagnir um þetta og töldu að málið væri allt til mikilla bóta og þetta mundi einmitt hjálpa til við viðskiptin að hafa alltaf sama mismun á tímanum því að eins og hér hefur komið fram er Ísland ekki á sömu breiddargráðu og Evrópa og þess vegna breytist tíminn og ástæða til að hafa alltaf sama tímamismun.

[18:54]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta hv. þm. að breiddin hefur ekkert með tímann að gera, heldur er það lengdin og lengd Íslands er, ef við miðum við Reykjavík, 24 gráður. Við ættum að vera tæpum tveim tímum frá meðaltíma Greenwich.

Ég ætla bara að endurtaka, herra forseti, að það stendur í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, þrátt fyrir sumartímann." Mér finnst svo makalaust að koma með þetta í greinargerð að það er engu líkara en það bjargi Írum í atvinnulífinu að tíminn hjá þeim sé eitthvað öðruvísi en hér. Er virkilega svona slæmt ástand á Austfjörðum að menn þurfi að draga fram einhverjar slíkar hártoganir eða fullyrðingar sem gera ekkert annað í sjálfu sér en gera menn enn ruglaðri í öllu þessu máli en þörf er á?

[18:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að endurtaka það sem ég sagði áðan hér að ég bið hv. þm. Kristján Pálsson um að lesa alla greinargerðina. Þar er verið að draga það fram að atvinnulífið hjá Írum sé býsna gott þrátt fyrir að þeir hafi sumartíma. Af hverju? Af því að það var verið að tala um það og þær rannsóknir sem verið var að vísa til að þetta hafi áhrif á geðheilsu fólks og að þess vegna er sýnt fram á að á Írlandi virðist þessi tímamismunur, að menn skuli hafa sumartíma, ekki hafa nokkur einustu áhrif á Íra þrátt fyrir að menn séu að breyta tímanum og geta þess vegna rekið viðskipti og stundað störf sín ekkert síður en aðrir.

[18:57]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til að taka undir röksemdafærslu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur þar sem hún var að ræða um þjónustuna við fólkið og hvernig sum fyrirtæki hafa breytt afgreiðslutímum sínum því að víða breytist sumartíminn yfir í að byrja kl. 8 og er þá vinnutími til kl. 4 en vetrartíminn er þá frá kl. 9–5 og fiskvinnslufólkið byrjar yfirleitt kl. 7 á morgnana og er þá jafnvel hætt í vinnu kl. 3. Það skiptir miklu máli því að atvinnulífið er allt samtengt og hvert fyrirtæki tekur mið af öðru varðandi afgreiðslutíma.

Sumartíminn hefur mikil áhrif og góð áhrif á mannlíf víða á landsbyggðinni og ekki sakar það að ef við getum aukið söluna á lambakjötinu, ekki veitir okkur af, og við skulum ekki gleyma því að sumarkvöldin og sumarnóttin er einstök á Íslandi.

[18:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega ekki hægt að ræða bara um jákvæða þætti þessa máls og gleyma neikvæðu þáttunum. Ef við breytum klukkunni með þeim hætti sem hér er lagt til til að skapa okkur meiri birtu í eftirmiðdaginn þýðir það meira myrkur vor og haust að morgni dags. Þá þýðir það að börnin okkar fara í meira myrkri í skólann ákveðinn hluta ársins. Þá þýðir það að allt útivinnandi fólk hefur vinnu í meira myrkri en ella, t.d. fólk í byggingariðnaðinum sem vinnur mikið úti. Við megum ekki taka þetta þannig að við séum öll lokuð inni í sölum og það skipti okkur engu máli hvað gerist nema bara í þessa klukkutíma í eftirmiðdaginn eftir að við höfum lokið vinnu. Það er ekki þannig að öll þjóðin labbi út af vinnustað sínum og setjist niður við að grilla lambakjöt og drekka rauðvín í sólskini og þetta snúist bara um svoleiðis hluti. (Gripið fram í.) Þannig er þetta upp sett. Mikið var rætt um það í fyrra eða hittiðfyrra þegar ónefndur flutningsmaður var að tala um að þetta mundi auka sölu á lambakjöti og ég held að hann hafi verið upphafsmaður að því að taka þetta inn í umræðuna.

Rök sem menn sækja sér í skýrslur Evrópusambandsins hvað varðar öryggi, orkusparnað eða aðra slíka hluti eiga ekki við á Íslandi. Það er barnalegt að jafna því saman sem gerist á milli 60. og 40. breiddargráðu við allt aðrar birtulegar aðstæður og líka vegna þess að klukkan á Íslandi er þegar vitlaus. Hún er þegar skökk um einn og hálfan til tvo tíma.

Þetta mál, herra forseti, snýst auðvitað um tvennt. Um það hvort við viljum hafa sumartíma og svo um það hvernig við viljum stilla klukkuna af á Íslandi, hvort hún eigi að fylgja sólarúrinu í grófum dráttum eða ekki. Ég skil út af fyrir sig rök t.d. sumra fyrirtækja sem segja að það væri til bóta að tímamismunurinn milli Íslands og Evrópu væri alltaf sá sami allt árið. En það eru ekki rök fyrir þessari aðferð að hafa klukkuna skakka um næstum þrjá tíma á Íslandi, og ég held að það sé gengið býsna langt í því að túlka þessi rök ákveðinna fyrirtækja og aðila í viðskiptalífinu sem meðmæli með þessu frv. Það er sú aðferð sem hér er lögð til sem ég er mest á móti, ekki í sjálfu sér spurninguna um sumartíma og ekki sumartíma.

[19:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt í þessu sambandi, af því að hér var minnst á byggingariðnaðinn og að menn þyrftu að starfa úti um vetrartímann, að geta þess að við erum ekki að tala um að breyta neinu þar. Við erum að tala um að

hafa sama tíma yfir veturinn sem menn þekkja núna og eru að starfa við núna. Þannig mundu líklega vera áfram sömu birtuskilyrðin yfir veturinn. Þetta eru því ekki rök sem duga.

Ég er satt að segja dálítið undrandi á því hve lítið hv. þm. gerir úr orkusparnaðarþættinum. Ætli tímabreyting hafi ekki upphaflega komið til vegna þess að menn voru að spara orku og nýta birtuna með öðrum hætti þegar þetta var sett á um allan heim. Orkusparnaðarrökin hafa stundum þótt gild rök í sumum stjórnmálaflokkum og þess vegna kemur það mér á óvart að hv. þm. geti ekki samþykkt að þarna er auðvitað ávinningur. Það er ekki hægt að neita því að hér er um ávinning að ræða. Hann er að tala um hvað þetta sé afar lítill ávinningur en þetta er ávinningur. Ég get svo sem farið í umræðu við hann um það við annað tækifæri hversu mikill hann er. En þetta er vissulega ávinningur í orkusparnaði og út frá umhverfissjónarmiðum.

[19:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held því fram að röksemdir sem menn sækja sér í skýrslur Evrópusambandsins um úttekt á aðstæðum á meginlandi Evrópu, þess vegna suður á Ítalíuskaga, dugi ekki. Ég held að ætli menn að heimfæra þær upp á íslenskar aðstæður og ganga út frá því sem sönnuðu að þessi breyting væri jákvæð með tilliti til umferðaröryggis og orkusparnaðar þá geti þeir ekki fullyrt slíkt. Ég óttast jafnvel að hið gagnstæða kæmi í ljós ef gerð yrði á því sjálfstæð íslensk könnun. Mér sýnast ýmsar vísbendingar um að frekar væri ástæða til að hafa áhyggjur af hinu gagnstæða, öryggi t.d. gangandi vegfarenda vor og haust sem yrðu meira á ferðinni í myrkri á morgnana ef þessi breyting yrði gerð. Það er í öllu falli algerlega fráleitt að gefa sér að hægt sé að yfirfæra niðurstöður úr evrópskri könnun, umfjöllun um hverja ég held að sé mjög fegruð í greinargerðinni, yfir á íslenskar aðstæður. Ég var að reyna að benda á það.

Mér finnst heldur óþarft af hv. þm. að nota alltaf það orðalag að maður sé að gera lítið úr öllu sé maður ekki sammála hv. þm. Ég tel mig ekki hafa lagt það í vana minn að gera lítið úr fiskvinnslufólki á Siglufirði eða hagsmunum þess. Ég bið þá hv. þm. að rökstyðja slíkt betur ef hún telur sig geta það.

[19:03]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fullyrði, og þar stendur þá orð gegn orði á milli okkar hv. þm., að hér sé um verulega hagsmuni að ræða í orkusparnaði og umferðaröryggi. Það væri hins vegar full ástæða til þess, ég og hv. þm. gætum kannski orðið sammála um það, að gera slíka úttekt. Ég mundi fagna því ef það væri gert.

Það hefur komið fyrir hv. þm. eins og kannski kom fyrir mig áðan að leggja honum þau orð í munn um það að hann væri að gera lítið úr hlutunum. Hins vegar vill svo til að hv. þm. dró það upp heldur til gamans að þetta mál hefði kannski upphaflega orðið til í fiskvinnslufyrirtæki á Siglufirði. Ég gat ekki túlkað það öðruvísi en svo að hann væri heldur að gera lítið úr því með því segja að það hefði orðið til í fiskvinnslufyrirtæki á Siglufirði. Hv. þm. verður að virða mér það til vorkunnar.

[19:05]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nú líður að kvöldi og ég býst við að forseti vilji fara að ljúka þessum fundi. Ég skal vera stuttorður en ég vil aðeins lýsa andstöðu minni við þetta frv. Sú andstaða stafar kannski fyrst og fremst af því að ég man enn hversu góð breyting mér þótti það fyrir rúmum 30 árum þegar við hættum að hringla með tímann. Ég hef aldrei séð eftir þeirri breytingu. Mér fannst hún í alla staði hin ágætasta.

Alþingi samþykkti þá lög þar sem sumartíminn var festur í sessi. Mér finnst því ekki alveg rétt þegar menn tala í þessum umræðum um sumartíma því við erum með sumartíma allt árið á Íslandi.

Hv. þm. hvatti menn til að lesa spjaldanna á milli þá grg. sem fylgir frv. og það höfum við að sjálfsögðu gert. Mér finnst hún vægast sagt afskaplega sérkennileg. Ég gæti vitnað í margt í henni en ætla ekki að eyða miklum tíma í það.

Í upphafi er mikið vitnað í Evrópusambandið og sagt að í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins, hvorki meira né minna, sé fjallað um áhrif sumartíma. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Athuganir framkvæmdastjórnarinnar leiddu í ljós að engin meiri háttar vandamál væru því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu þó að til séu þeir sem telja breytingar hafa óþægindi í för með sér."

Þá segi ég: Athuganir mínar hafa leitt í ljós að engin meiri háttar vandamál eru því samfara að viðhalda sumartíma allt árið á Íslandi þó að til séu þeir sem telja að þær breytingar hafi óþægindi í för með sér, svo sem eins og hv. flutningsmenn þessa frv.

Í grg. er einnig vitnað í umsögn þar sem segir, með leyfi forseta, að það væri „tvímælalaust til bóta ef beinar sjónvarpsútsendingar frá knattspyrnuleikjum gætu hafist klukkustund síðar á deginum". Mér finnst þessar útsendingar frá knattspyrnuleikjum — ég og börn mín horfum mikið á þær — á ágætum tíma. Börn og unglingar horfa mikið á þessar útsendingar og við sjáum t.d. að í meistarakeppni Evrópu eru sýndir tveir leikir á kvöldi. Síðari leiknum lýkur einhvern tímann að ganga 11 og ég held að það sé ágætur tími fyrir fjölskyldurnar og fyrir börnin, að þessum útsendingum ljúki á þeim tíma. Mér finnst þetta ekki gott innlegg í málið nema síður sé.

Svo er það þessi makalausa tilvitnun í reynslu Íra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki hafa borist neinar spurnir af því að geðheilsa íbúa vesturstrandar Írlands sé sérstaklega slæm eða að þar séu svefntruflanir meðal almennings meiri eða heilsufar almennt verra en gengur og gerist. Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, ..."

Það skyldi þó ekki vera að það leysti öll vandamál Austfirðinga að taka upp þennan Evrópusambandstíma. Við höfum rætt byggða- og atvinnumál á Austurlandi af miklum þunga í þinginu, ekki síst á síðasta þingi. Menn hafa rifist um hvort þar ætti að koma upp álveri til að leysa atvinnuvandann. Nú deila menn um hvort leyfa eigi sjókvíaeldi þar til að skapa atvinnu. En mér sýnist á þessu að hægt sé að leysa öll þessi vandamál með því að taka upp Evrópusambandstíma. Mér finnst þessi rök gersamlega út í hött. Þetta er svipað og við segðum: Það er búið að vera góðæri á Íslandi í fjöldamörg ár. Það er sennilega af því að við erum með sumartíma allt árið. Það eru álíka skarpleg rök.

Af því að Evrópusambandið vitnar um að menn séu almennt ánægðir með þetta þó að einhverjir telji að það hafi óþægindi í för með sér, hefur verið vakin athygli á því að Frakkar eru almennt mjög óánægðir með þetta. Það hefur

komið fram í fréttum að þeir séu þreyttir á tilfærslu klukkunnar og hafi mikinn hug á að breyta í þá veru sem er hér á Íslandi, þ.e. láta klukkuna í friði, láta hana standa allt árið um kring án þess að hringlað sé með hana. Það hefur komið fram að þeir telja að þetta hringl með klukkuna leiði til þess að fólk sofi minna, þetta hafi áhrif á vellíðan eða vanlíðan fólks, breyti matarvenjum og valdi svefntruflunum. Frakkar hafa haldið því fram að það taki fólk allt að þrjár vikur að jafna sig og ná áttum eins og líkaminn þarf í hvert skipti sem klukkunni er breytt. Læknar í Frakklandi telja einnig að merki séu um aukna lyfjanotkun samfara breytingum á klukkunni og einnig hafa þeir sem þurfa að sjá um stillingu á tölvum og klukkum mikið að gera þegar skipt er um tíma. Það er því ekki svo að allir séu í himnasælu með slíkar breytingar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það mætti svo sem tína margt fleira til úr þessari grg. sem er allsérkennileg að mínu áliti. Ég læt hér staðar numið en hvet hv. þm. að fara að ráðum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur og lesa grg. alla. Ég býst við að við þann lestur muni þeim fækka sem verða við þeirri áskorun hv. þm. að samþykkja þetta frv.

[19:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér nokkuð á óvart að hv. þm. Guðjón Guðmundsson skuli mæla gegn þessu frv. þar sem hann er kunnur af miklum stuðningi við íþróttahreyfinguna og starfar mjög mikið fyrir hana. Það kemur fram í umsögnum frá Knattspyrnusambandinu, Frjálsíþróttasambandinu og fleiri samtökum íþróttamanna að þarna sé um afar mikilsvert mál að ræða sem muni skipta íþróttahreyfinguna mjög miklu. Þar sem hv. þm. finnur ekki rök fyrir breytingunni í grg. sem fylgir frv. skal ég koma til hans þeim umsögnum sem íþróttahreyfingin sendi varðandi málið. Þar koma fram mjög góð rök fyrir því að sumartími skuli tekinn upp og að það varði hagsmuni íþróttahreyfingarinnar mjög miklu.

Hann dró fram að engin sérstök vandamál fylgdu því að halda áfram þessum tíma en ég bendi þá einmitt á þessa hagsmuni íþróttahreyfingarinnar. Ég bið hv. þm. um að íhuga það mjög vandlega.

Að síðustu nefndi hann atvinnumál á Austurlandi og spurði hvort þetta mundi bjarga öllu þar. Ég fullyrði að þetta mundi hafa mjög góð áhrif á atvinnulíf á Austurlandi. Það mun bæta mjög mannlíf á Austurlandi ef sumartími verður tekinn upp sem hefur jafnframt góð áhrif á atvinnulífið þar.

[19:13]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég mikill íþróttaáhugamaður. Ég hef starfað mikið að þeim málum og starfa enn sem betur fer. Það er afskaplega skemmtilegt og mannbætandi að starfa að íþróttamálum. En ég verð að segja að þær tilvitnanir í Knattspyrnusambandið sem eru í greinargerðinni vega ekki þungt í mínum huga. Það er í fyrsta lagi þetta sem ég nefndi áðan með beinar útsendingar á knattspyrnuleikjum. Ég er einfaldlega ósammála því eins og ég tók fram. Þó að ég starfi að íþróttamálum er ég ekkert endilega sammála því þegar menn senda frá sér dellu eins og þessa.

Eins er greint frá því varðandi knattspyrnusambandið, með leyfi forseta, að það sé „í miklum samskiptum við önnur knattspyrnusambönd í Evrópu, sem og UEFA og FIFA sem eru í Sviss, og væri það til mikilla hagsbóta ef tími til samskipta við þessa aðila ykist".

Ég segi bara, þegar hv. þm. nefnir hagsmuni íþróttahreyfingarinnar: Ef þetta eru hagsmunir íþróttahreyfingarinnar, þá hef ég eitthvað misskilið út á hvað hennar hagsmunir ganga.

[19:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að ég skuli ekki vera með umsagnir íþróttahreyfingarinnar við höndina. Það er ekki tekið nákvæmlega upp í grg. það sem kannski varðar hana *mestu, að fá rýmri tíma til þess að skipuleggja íþróttaleiki.* Það voru þau rök sem ég tók best eftir á sínum tíma í umsögnum frá knattspyrnusambandinu, ÍSÍ, og einnig frá golfmönnum. Að hafa lengri tíma til að stunda útiíþróttir yfir sumartímann. Það eru þau rök sem mér finnst skipta mestu. Ég býst við að það sé sama óhagræði fyrir þessi sambönd að eiga viðskipti sín við systursambönd sín í Sviss og annars *staðar eins og er fyrir atvinnulífið. Hv. þm. hefur ekki veitt* því mikla athygli að atvinnulífið hafi eitthvert gagn af þessu. Ég bendi enn og aftur á þau rök sem komu fram í umsögnum íþróttahreyfingarinnar og mun koma þeim til hv. þm. þannig að hann sjái það sem þar er tínt til og varðar það að hafa lengri tíma til þess að stunda útiíþróttir að sumrinu.

[19:16]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. nefnir atvinnulífið, þá er atvinnulífið auðvitað í samskiptum við ýmsar aðrar þjóðir en Evrópusambandsþjóðirnar. Atvinnulífið er í miklum samskiptum við Bandaríkin, austur í Asíu og víðar og víðar. (**Gripið fram í:** Það skiptir máli að ...) Þurfum við þá ekki að hlaupa eftir tímanum þar líka?

Af því að hv. þm. nefndi í fyrra andsvari sínu þetta með Austfirðingana þá finnst mér satt að segja ekki boðlegt í greinargerð með frv. að gefa í skyn að það hafi tekist mun betur að skapa ný störf og laða fólk að á Írlandi en á Austurlandi vegna þess að þeir séu með klukkuna öðruvísi stillta. Þetta er svo gjörsamlega út í hött að ég trúi því ekki að hv. þm. ætli að taka undir þessa dellu.

Enn á ný með íþróttahreyfinguna. Hún er auðvitað í samskiptum út og suður, ekki bara við Evrópu. Ég hef ekki orðið var við annað en að þau samskipti hafi gengið ágætlega þrátt fyrir að við séum með klukkuna öðruvísi stillta en þjóðirnar í kringum okkur.

[19:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerir lítið úr greinargerð með frv. Ég vil nefna tvennt í andsvari mínu.

Það er í fyrsta lagi hvort honum finnist ekki skipta neinu máli fyrir flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu að hér á landi verði tekinn upp sumartími til samræmis við önnur Evrópulönd. Þá þarf ekki að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða, en því fylgir jafnan töluverð fyrirhöfn og kostnaður. Enn fremur leiðir sumartíminn til þess að flug til Evrópu frá Keflavíkurflugvelli klukkan sjö á morgnana yrði einum tíma síðar eins og á vetrum. Þetta kemur sér vel fyrir farþega í morgunflugi til Evrópu. En nú er það mjög algengt umkvörtunarefni hversu snemma brottfarir eru, enda skapar það oft óþægindi fyrir farþegana. Það er ekki óeðlilegt að ætla að farþegar í Reykjavík þurfi að fara á fætur tveimur

og hálfum til þremur tímum fyrir brottför frá Keflavík.

[19:18]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega farin að sækja einhver þreyta að manni þegar fer að líða á kvöldið, en ég sé ekki annað en að fólk þurfi að fara jafnmikið fyrr á fætur, tveimur eða þremur tímum fyrir flug, hvernig sem klukkan er stillt, hvort heldur flugvélin fer klukkan sjö eða fer klukkan átta. Það tekur jafnlangan tíma að komast út á Keflavíkurflugvöll hvernig sem klukkan er stillt.

Varðandi það hvort þetta sé ekki óþægilegt upp á flugið. Þá getur vel verið að einhverjum finnist það. Mér finnst það raunar ekki. Auðvitað má tína til eitthvað svona sem einum finnst þægilegra en öðrum ekki. Ég held að óhagræði af því að hringla með klukkuna vegi miklu þyngra en þetta.

[19:19]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir auðvitað verulegu máli hvort þú ferð á fætur klukkan fimm eða sex á morgnana.

Svo langar mig til að ræða annað og það var um viðskipti sem hv. þm. gerði lítið úr, en $^{2}/_{3}$ hlutar vöruflutnings fara til ríkja ESB og EFTA og þaðan koma $^{3}/_{4}$ af öllum vöruflutningi. Jafnframt koma um $^{3}/_{4}$ erlendra ferðamanna til Íslands frá þessum ríkjum. Til viðbótar öllum þeim samskiptum sem fylgja viðskiptum með vörur og þjónustu við þessi helstu viðskiptalönd okkar eru margvísleg önnur samskipti við þau, m.a. á sviði menningarmála. Eins tíma munur allt árið milli Íslands og meginlands Evrópu gerir samskiptin auðveldari og markvissari sem hefur afar mikla þýðingu fyrir alla sem að þeim koma.

[19:20]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vann við fyrirtæki sem hafði mikil samskipti við útlönd áður en ég settist á þing. Ég varð ekki var við þetta óhagræði. Ég hef verið að spyrja menn sem eru í þessum fiskbransa í mínu kjördæmi hvort þeir leggi mikið upp úr þessari breytingu á tímanum. Þeir hafa ekkert gert með það. Ég held því að viðskiptin og atvinnulífið gangi alveg eðlilega fyrir sig þó að við höldum okkur við okkar tíma. (Gripið fram í.)

[19:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er mjög áliðið dags. Ég minnist þess að þegar þetta mál kom fyrir 125. og 122. löggjafarþing var líka mjög áliðið kvölds og er það miður því að málið er merkilegt. Það er þverpólitískt og þarf vissulega umræðu við í Alþingi.

Það sem kemur mér mest á óvart er þegar ég hlusta á flutningsmenn þessa máls tala um þá bábilju að hér sé verið að taka upp sumartíma. Ég verð að benda á það í lokaorðum mínum að með lögum sem sett voru á Alþingi 1968 þegar hringli með klukkuna var hætt, segir að þessi lög sem sett voru á Alþingi hafi fest sumartímann í sessi. Það gilda lög um sumartíma þannig að hv. þm. eru að tala um eitthvað annað en það sem er satt og rétt.

Í greinargerðinni er tvennt sem ég vildi vitna til. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

Athuganir framkvæmdastjórnarinnar" — þ.e. Evrópusambandsins — „leiddu í ljós að engin meiri háttar vandamál væru því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu þó að til séu þeir sem telja breytingar hafa óþægindi í för með sér.

Í annan stað, með leyfi forseta:

„Allar ályktanir sem dregnar verða af skýrslunni benda til þess að kostir þess að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu og nágrannalöndum þess séu yfirgnæfandi."

Þegar þessi texti er lesinn, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur bent á, þá má lesa það út úr textanum að þetta er ekki jákvætt, en þó ekki heldur afar slæmt. Það má eiginlega lesa úr því sem flutningsmenn hafa sett hér á blað.

Ég vildi líka geta þess að ekki eru margir mánuðir síðan að fram fóru skoðanakannanir í Frakklandi. Ég nefndi í ræðu minni fyrr í kvöld að Frakkar væru andvígir þessu og það kom fram fyrir þremur árum að forsætisráðherra Frakka væri á móti þessu hringli með klukkuna. Síðan hafa farið fram skoðanakannanir meðal Frakka og þær sýndu að 72% þjóðarinnar eru á móti þessu hringli með klukkuna og vilja festa klukkuna við tíma með sama hætti og Íslendingar gera. Það er dálítið merkilegt.

Að lokum vil ég segja að mér finnst tilhlýða, herra forseti, í umræðunni, svo að í þingskjöl komist þessi vinsæla vísa eftir Piet Hein í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Það er ágætt að enda umræðuna með þessu:

Ef klukkan er eitt hjá okkur
þá er hún á Spáni tvö,
en átta á Indlandsskaga
og austur hjá Volgu sjö.

Hve gæfan er okkur örlát
sem ekki verðskuldum neitt
að kjósa okkur land með þeim kostum
að klukkan er eitt klukkan eitt.

(**Gripið fram í:** Hún er ekki eitt klukkan eitt.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 125. mál. — Þskj. 125.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:26.

17. FUNDUR

miðvikudaginn 1. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 156. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 115. mál, þskj. 115. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Tímareikningur á Íslandi, frv., 124. mál, þskj. 124. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 125. mál, þskj. 125. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að lokinni atkvæðagreiðslu fer fram umræða utan dagskrár um kjaramál framhaldsskólakennara. Málshefjandi er hv. 4. þm. Austurl., Einar Már Sigurðarson, en hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, 178. mál, frv. JÁ og ÞSveinb, þskj. 186.

Þingsköp Alþingis, 192. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 201.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 1. nóvember 2000.

Þar sem Guðjón Arnar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., óskar leyfis vegna veikinda og getur ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfir hann sér, með vísan til 53. gr. þingskapa, að óska þess að varamaður hans taki sæti hans á meðan eða frá og með deginum í dag. Því er þess óskað að 1. varaþm. flokksins í Vestf., Pétur Bjarnason, taki sætið.

Þetta tilkynnist yður, herra forseti.

Sverrir Hermannsson,
varaformaður þingflokks Frjálslynda flokksins."

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Fjáraukalög 2000, frh. 1. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Bætt réttarstaða barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 115. mál. — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tímareikningur á Íslandi, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 124. mál. — Þskj. 124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, JÁ, JóhS, JB, JHall, JBjart, KolH, KLM, KPál, LB, PBj, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, DO, GE, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SF, SP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 125. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Kjaramál framhaldsskólakennara.

[13:35]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í dag er 1. nóvember. Það eru aðeins þrír kennsludagar þar til boðað verkfall framhaldsskólakennara skellur á ef ekki takast samningar fyrir þann tíma. Það er því full ástæða til að ræða utan dagskrár hér á Alþingi stöðuna í þessari erfiðu kjaradeilu. Nauðsynlegt er að hæstv. ráðherrar fjármála og menntamála geri þingheimi grein fyrir mati sínu á stöðu deilunnar og hvort vænta megi einhvers útspils af þeirra hálfu á næstunni. Því miður virðist ekkert benda til þess að lausn sé í sjónmáli nema til komi eitthverjar aðgerðir af hálfu stjórnvalda sem komið geti samningaviðræðum í sáttafarveg. Ekkert hefur gerst á samningafundum síðustu daga sem færir deiluna nær sáttum en næsti fundur verður kl. 3 í dag og vonandi kemur þar fram stefnubreyting af hálfu ríkisvaldsins.

Komi til boðaðs verkfalls blasa við skelfilegar afleiðingar. Ungmenni á viðkvæmum aldri geta flosnað úr námi. Framhaldsskólastigið gæti þurft mörg ár að ná jafnvægi á ný. Hætta er á að t.d. yngri framhaldsskólakennarar hætti störfum en því má framhaldsskólinn síst við. Eitt af vandamálum síðustu ára er lítil nýliðun í stéttinni. Lokun framhaldsskólans getur haft uggvænlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið í heild, m.a. vegna fylgni sem sýnt hefur verið fram á milli fjölda útskrifaðra framhaldsskólanema og hagvaxtar.

Hvað hafa stjórnvöld gert til að koma til móts við kröfur framhaldsskólakennara? Harla lítið. Í raun má segja að hæstv. ráðherrar hafi verið í felum gagnvart deilunni og því er kominn tími til það þeir komi fram í dagsljósið og beri sína pólitísku ábyrgð. Framhaldsskólakennarar hafa upplifað kjaradeiluna á þann hátt að þeir séu hunsaðir af yfirvöldum. Mál er að linni.

Einn vanda þessarar kjaradeilu má rekja aftur til ársins 1997 en þá fóru framhaldsskólakennarar aðra leið við gerð kjarasamninga en aðrir háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins. Þetta hefur m.a. leitt til verulegs munar á þróun launa framhaldsskólakennara í samanburði við þá hópa.

Margar tilraunir hafa verið gerðar af hálfu viðsemjenda ríkisins til að leysa þennan vanda. Eftir árangurslausar viðræður við samstarfsnefnd aðila var t.d. boðað til fundar með hæstv. ráðherrum fjármála og menntamála þann 6. september 1999. Þar var óskað eftir því að hæstv. ráðherrar beittu sér fyrir því að skoðað yrði hvernig lagfæra mætti mismunandi launaþróun framhaldsskólakennara og sambærilegra hópa innan BHM. Þessari ósk var hafnað 24. september 1999. Reynt var áfram með bréfaskriftum þann 6. október 1999 en aftur var því hafnað, í svari 20. október 1999, að hreyfa við launalið samningsins. Enn var gerð tilraun á fyrri hluta þessa árs en undirbúningsviðræður strönduðu í mars árið 2000 vegna þess að fulltrúar fjmrn. höfnuðu sameiginlegri skoðun á launaþróun framhaldsskólakennara. Alvara framhaldsskólakennara í málinu sést m.a. á þátttöku og úrslitum í kosningu um verkfallsboðunina en hún var samþykkt með miklum meiri hluta. Um 82% samþykktu boðunina og þátttakan var um 91%. Slík þátttaka er mun meiri en áður hefur sést hjá þessum hópi.

Af hverju er enn verið að ræða um vanda sem skapaðist á árinu 1997 þegar fyrir liggja óyggjandi tölur frá kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna sem sýna m.a. að munur dagvinnulauna er 32,4% milli framhaldsskólakennara og meðaltals annarra starfsmanna í BHM hjá ríkinu en munur heildarlauna er um 10,3% milli sömu hópa? Er það virkilega stefna stjórnvalda að framhaldsskólakennarar eigi að hafa mun lægri laun en aðrir háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins? Í stað þessarar umræðu ætti umræðan að snúast um hvernig skapa megi betri framhaldsskóla, hvernig gera megi hann hæfari til þess að takast á við framtíðina. Hvar eru hin fallegu markmið stjórnvalda? Hvar er menntastefnan? Allir vita að engin menntastefna næst fram án góðra og ánægðra kennara. Hvað er að gerast? Framhaldsskólinn er að lokast í miðju góðæri stjórnvalda. Er ekki tími góðærisins hinn rétti tími til þess að efla menntun og horfa til framtíðar? Hvaða samhengi er á milli hinna fögru orða um góðærið og mikilvægi menntunar og aðgerðar- og stefnuleysis stjórnvalda í þessari erfiðu kjaradeilu?

Ráðherrar hafa vísað deilunni frá sér eins og áður er sagt og ekki tekið á málinu af þeirri pólitísku ábyrgð sem nauðsynlegt væri. Þess vegna, herra forseti, ættu hæstv. ráðherrar að nota það tækifæri sem nú skapast til að gefa þær pólitísku yfirlýsingar sem þörf er á svo að næsti samningafundur deiluaðila skapi grunn til sátta. Það skortir pólitíska stefnu um lausn málsins. Ef tryggja á framgang menntastefnu ríkisstjórnarinnar þarf að gera heildarsamning við kennara um breyttan og betri skóla. Vandinn í framhaldsskólunum hefur varað of lengi. Ljóst er að Sjálfstfl. hefur á 10 ára valdaferli í fjmrn. og menntmrn. mistekist að skapa þær aðstæður í framhaldsskólum landsins að ná megi í fram þeirri mikilvægu endurskipulagningu sem þörf er á vegna breyttra þjóðfélagshátta. Fjárframlag til menntamála sem hlutfall af landsframleiðslu er mun minna en hjá nálægum þjóðum. Þetta skapar vanda (Forseti hringir.) í að standast alþjóðlegan samanburð.

Herra forseti. Hæstv. ráðherrar mennta- og fjármála verða að gefa öllum þeim fjölda sem áhyggjur hefur af stöðunni í kjaradeilu framhaldsskólakennara (Forseti hringir.) og ríkisins ákveðin svör varðandi hugmyndir þeirra um hvernig koma megi í veg fyrir að boðað (Forseti hringir.) verkfall framhaldsskólakennara komi til framkvæmda.

(**Forseti** (HBl): Hv. ræðumaður er kominn 27 sekúndur fram yfir.)

[13:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Kjaradeilur eru alltaf vandmeðfarin mál en í þeirri deilu sem hér er rætt um er staðan óvenjuflókin að þessu sinni. Framhaldsskólakennarar gera kröfu um 34% hækkun dagvinnulauna við undirskrift samnings og síðan 15% hækkun á ári næstu tvö árin. Þessar kröfur eru nærri því tífalt það sem um hefur samist í almennum kjarasamningum á þessu ári og fimmfalt það sem félagar í almennum verkalýðsfélögum hafa samið um fyrir næstu tvö ár.

Til glöggvunar má geta þess að heildarlaun framhaldsskólakennara fyrstu níu mánuði þessa árs voru að meðaltali rúm 220 þús. samkvæmt upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Þar af var dagvinnuhlutinn, eins og hann er skilgreindur í samningum kennara, talinn um 135 þús. Launakröfur kennara, eins og fram kom í máli málshefjanda, eru rökstuddar með tilvísun til launaþróunar annarra háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna á síðasta samningstímabili, þ.e. frá 1997. Í þeim samanburði er þó einungis tekið tillit til þróunar dagvinnulauna en ekki heildarlauna þar sem allt önnur niðurstaða fæst.

Í þeim samningum sem aðrir háskólamenn gerðu á haustinu 1997 voru í flestum tilfellum gerðar miklar breytingar á uppbyggingu kjarasamninganna með nýrri röðun í ramma og tilkomu svokallaðra aðlögunarsamninga. Þeir fólu m.a. í sér aukinn hlut dagvinnu á kostnað annarra greiðslna sem aftur hafði í för með sér stóraukin lífeyrisréttindi starfsmanna.

Það er óumdeilt að margir hópar ríkisstarfsmanna höfðu verulegan hag af þessari kerfisbreytingu. Breyting af þessu tagi stóð framhaldsskólakennurum einnig til boða árið 1997 en þeir höfðu þá ekki hug á slíkri breytingu og höfnuðu henni. En hún stendur kennurum enn til boða í yfirstandandi samningum.

Einn helsti vandinn sem nú er við að fást í kjaradeilu kennara er ekki síst að uppbygging kjarasamninga þeirra er ekki lengur í takt við tímann og dagvinnuhluti launanna lágur miðað við yfirvinnuhlutann. Ástæðan er ekki síst sú að verkþættirnir eru fastbundnir mati á vinnutíma og ekki sambærilegt svigrúm til skipulagningar og vinnuhagræðingar og víða í öðrum kjarasamningum. Þess vegna er greitt fyrir drjúgan hluta af vinnuframlagi kennara sem yfirvinnu þótt vinnan sé unnin á hefðbundnum dagvinnutíma.

Um þetta kerfi ríkti löngum ágæt sátt milli kennara og ríkisins en nú er áreiðanlega tímabært að gera grundvallarbreytingar á þessu gamla kerfi. Um það hafa tillögur samninganefndar ríkisins snúist. Ég tel að með slíkum kerfisbreytingum sé unnt að færa kennurum umtalsverðan ávinning á næstu árum og jafnframt hækka hlutfall dagvinnulauna í heildarlaunum þeirra.

Ég tel líka að það sé rétt og nauðsynlegt fyrir skólastarfið í landinu að framhaldsskólakennarar fái slíkan ávinning. Með slíkum breytingum verður að auka sveigjanleika í vinnuskipulagningu en einnig koma til móts við breytta tíma í skólastarfi m.a. með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.

Það hljóta allir að sjá að krafa um 34% upphafshækkun launa er ekki raunhæf eða líkleg til að stuðla að farsælli lausn deilunnar. Slík krafa er fremur líkleg til að stefna málum í hnút og leiða til ófarnaðar.

Það er alveg ljóst að til að deila af þessu tagi leysist þurfa báðir aðilar nokkuð á sig að leggja. Að mínum dómi hefur hraðinn í ferli kennara við verkfallsboðun ekki verið í neinu samhengi við framgang viðræðnanna. Almennt séð boða verkalýðsfélög ekki til verkfalla fyrr en viðræður eru komnar í hnút en í þessari deilu var efnt til atkvæðagreiðslu um verkfall eftir einn fund hjá sáttasemjara, áður en formleg kröfugerð var lögð fram. Einhver mundi segja að þetta ferli ásamt sjálfri kröfugerðinni bæri meiri vott um verkfallsvilja en samningsvilja.

Herra forseti. Ég hef lýst því hér á hvaða nótum ég tel að unnt sé að leysa þessa deilu. Til þess að það verði unnt án tjóns fyrir nemendur framhaldsskólanna verða báðir að leggja sig fram. Það mun ekki standa á ríkisvaldinu eða samninganefnd ríkisins í því efni.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir orð hæstv. fjmrh. áðan er mergurinn málsins sá að engin alvörutilboð hafa komið frá samninganefnd ríkisins í kjaradeilunni. Það er ekki af því að tíminn hafi ekki verið nægur, herra forseti, því að kennarar hafa haldið sjónarmiðum sínum til streitu frá því í fyrrahaust þegar lá fyrir að forsendur gildandi kjarasamninga væru að bresta vegna launaþróunar annarra háskólamanna. Samninganefnd ríkisins hefur bara ekki notað tímann.

Þess vegna þarf ekki að koma neinum á óvart að málum sé svo komið sem raun ber vitni, starfsemi framhaldsskólanna stöðvast að óbreyttu 7. nóvember nk. vegna þess að skólarnir eru ekki samkeppnisfærir um fólk á vinnumarkaði. Nóg framboð er af störfum fyrir fólk sem hefur bakgrunn framhaldsskólakennara. Hættan er auðvitað sú, ef ekki verður tekið af alvöru á þessu máli núna af ríkisins hálfu, að fólk skili sér ekki aftur inn í skólana. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera komi sú staða upp? Herra forseti. Málið er nákvæmlega svona alvarlegt.

Málshefjandi í umræðunni beinir eðli máls samkvæmt máli sínu til hæstv. fjmrh. öðrum fremur og það er vissulega mikil ábyrgð sem hvílir á herðum hæstv. fjmrh. En þó að hann beri ábyrgðina í samningamálum ríkisins er ábyrgðin líka hæstv. menntmrh. Hvar hefur hann verið í umræðunni í þessum málum hingað til? Er hæstv. menntmrh. í felum? Það hefur heyrst í honum við önnur eins tækifæri. Nú getur hann ekki hlaupist undan ábyrgð á sama hátt og hann hefur gert svo léttilega í málefnum grunnskólanna eftir að málefni þeirra voru flutt undir sveitarfélögin.

Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar allrar og það er holur hljómur í málflutningi ríkisstjórnarinnar þegar hún gortar af aukinni áherslu á menntamálin á síðustu árum. Ríkisstjórnin veit fullvel að við leggjum minna fé til menntamála en önnur OECD-lönd og ríkisstjórnin sýnir í reynd engan vilja til að efla framhaldsnám á Íslandi. Það kemur í ljós þegar fjárlagafrv. fyrir næsta ár er skoðað því að þar eru nýmælin í málefnum framhaldsskólanna fólgin í gæluverkefni hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar. Námsmenn og skólafólk á annað skilið af ríkinu en það að þessi deila verði ekki leyst strax.

[13:48]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í upphafi 20. aldar töldust Íslendingar í hópi fátækustu þjóða Evrópu. Í aldarlok teljumst við meðal ríkustu þjóða innan ríkja OECD. Þessi stórkostlegi árangur náðist með samstilltu átaki þjóðarinnar þar sem hún var staðráðin í að hækka menntastig Íslendinga. Í því skyni komum við m.a. á skipulögðu menntakerfi, glæsileg skólahús risu og sú var tíð að kennarastarfið naut virðingar í þjóðfélaginu. Birtist sú virðing jafnt í umfjöllun um kennara sem og í kjörum þeirra enda er það einföld staðreynd að gott skólakerfi þrífst einfaldlega ekki án hæfra og góðra kennara.

Ég varpa hins vegar fram þeirri spurningu hvort virðingin fyrir mikilvægi starfs kennarans sé enn til staðar í þjóðfélaginu almennt. Illu heilli neyðist ég til að svara þeirri spurningu neitandi. Allt of oft má sjá og heyra í fjölmiðlum neikvæðan tón í garð kennara. Spyrja má hvort foreldrar tali alltaf af virðingu um kennara í eyru barna sinna. Spyrja má hvort hótanir annarra stéttarfélaga um meintar kjarabætur kennara feli í sér mikla virðingu fyrir gildi menntunar.

Herra forseti. Ég kalla það þjóðarskömm hvernig viðmót til kennara og kjör hafa verið látin þróast síðustu áratugina, kjör og viðmót sem virðast langt komin með að brjóta niður sjálfsmynd stéttarinnar. Við erum í raun ekki að ræða um kennara sem einstaklinga heldur spurninguna um það hvort unnt verði að halda áfram að hækka menntastig þjóðarinnar í alþjóðlegri samkeppni. Það er hvorki einkamál kennara né alþingismanna, þar er um að ræða mál sem þjóðin öll hlýtur að láta sig varða enda hefur sama þjóð stöðugt verið að trúa

kennarastéttinni fyrir stærri og erfiðari verkefnum þó að þess gæti ekki að öðru leyti.

[13:50]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Framhaldsskólakennarar hafa dregist verulega aftur úr í launakjörum ríkisstarfsmanna með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi. Aðrar ríkisstofnanir og einkafyrirtæki sækjast í vaxandi mæli eftir að ráða kennara til starfa enda um vel menntaða og hæfa starfsmenn að ræða. Nauðsynlegt er að meta kennarastarfið betur til launa en nú er gert og í því felst einnig að bæta vinnuaðstöðu þeirra. Kennsla er afar krefjandi starf og það hefur sýnt sig að sífellt fleiri sérmenntaðir kennarar hverfa úr starfi og erfitt reynist að fá aðra í þeirra stað. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé ríkjandi viðhorf hjá þjóðinni allri að það eigi að gera vel við kennara enda á að gera og eru gerðar til þeirra miklar kröfur.

Herra forseti. Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði. Störfum hefur fækkað í rótgrónu atvinnugreinunum en fjölgað á sviði hátækni og upplýsinga. Því hefur verið spáð að á næstu öld þurfi einstaklingur jafnvel að mennta sig fyrir allt að þrjú störf á ævinni sem kallar augljóslega á miklu öflugra mennta- og starfsmenntakerfi en við höfum í dag. Stjórnvöld slá gjarnan um sig með staðhæfingum um forustu Íslendinga á sviði þekkingar og mannauðs en á sama tíma mega verðandi fulltrúar okkar á þeim vettvangi sæta því ár eftir ár að skólaganga þeirra er sett í uppnám vegna þess að ekki er talið fært að greiða kennurum laun í samræmi við þýðingu starfa þeirra.

Herra forseti. Á sínum tíma var ég mjög á móti flutningi grunnskólans til sveitarfélaga og ég tel enn að þar þurfi að hyggja að afar mörgu. Hins vegar verð ég að bera sveitarfélögum í landinu það að viljann skortir ekki þar til að gera vel við skólakerfið og þá sem þar starfa. Reynslan síðustu daga sýnir að þarna skilur verulega á milli þar sem ríkisvaldið setur skólastarfið í uppnám aftur og aftur og veldur með því tjóni sem seint verður bætt.

Góð menntun verður lykill að framtíðinni og til að tryggja góða menntun verðum við Íslendingar að setja kennara og kjör þeirra í öndvegi svo festa skapist á þessum mikilvæga vettvangi, sömuleiðis að gæta samræmis í yfirlýsingum um forustu á sviði þekkingar og hugvits og aðgerðir til þess að tryggja að svo megi verða.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sjaldan hefur hæstv. fjmrh. talað sannara orð en þegar hann sagði áðan að í svona erfiðri deilu þurfi báðir aðilar að leggja allt sitt af mörkum. Hið sérkennilega við þessa deilu er nefnilega það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert lagt af mörkum. Hún hefur ekki gert neitt til að reyna að leysa þennan erfiða hnút. Mér finnst hæstv. fjmrh. hafa sýnt verulegt ábyrgðarleysi með framkomu sinni í málinu og hæstv. menntmrh., sem fer með veggjum og lætur sem þetta mál varði sig ekki, deilir með honum þessu ábyrgðarleysi.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. talaði um það áðan að kröfur kennara væru miklar. En hverjir eru það sem hafa sett viðmið í þessari deilu? Hverjir eru það sem hafa samið um ákaflega drjúgar launahækkanir til opinberra starfsmanna með svipaða menntun? Það er hæstv. ríkisstjórn. Hver er það sem hefur talað um það hátt og í hljóði að hér ríki ómuna góðæri og gríðarleg velsæld sem menn hafi aldrei séð áður? Það er að sjálfsögðu hæstv. ríkisstjórn. Hver er það sem hefur ítrekað sagt að góðu starfsfólki eigi að launa með góðu kaupi? Það er hæstv. ríkisstjórn. Það er þess vegna hæstv. ríkisstjórn sem hefur með framkomu sinni og yfirlýsingum skapað væntingar framhaldsskólakennara.

Herra forseti. Það hlýtur líka að verka eins og blaut tuska framan í framhaldsskólakennara þegar þeir sjá forgangsröðun íslenskra stjórnvalda í menntamálum. Á sama tíma og það blasir við að hæstv. ráðherrar segja að ekki sé svigrúm að ganga til samninga við framhaldsskólakennara þá er því beinlínis lýst yfir í fjárlagafrv. að á hverju ári eigi að verja u.þ.b. 100 millj. kr. í gæluverkefni á borð við einkavæddan framhaldsskóla. Herra forseti. Þetta er milljarður á einum áratug og á sama tíma er ekki hægt að greiða nægilega góð laun innan framhaldsskólans til þess að halda þar úrvalskennurum.

Herra forseti. Við viljum öll hafa góðan skóla fyrir börnin okkar en til þess að hafa góðan skóla þurfum við góða kennara og til þess að fá góða kennara þá þurfum við að greiða þeim góð laun. Svo einfalt er það.

[13:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vegna ummæla um fjárlagfrv. á næsta ári og framhaldsskólann vil ég geta þess að þar er verið að ræða um 35 millj. kr. af um 500 millj. kr. hækkun til framhaldsskólans þegar menn tala um sérstök gæluverkefni mín. Ber það vott um það hvernig þessi málflutningur allur er hjá stjórnarandstöðunni þegar hún veltir þessum málum fyrir sér. Einnig það að menntmrn. hafi ekki látið að sér kveða í þessari deilu er algjörlega rangt. Menntmrn. hefur komið meira að þessum viðræðum um kjaramál kennara núna en nokkru sinni fyrr og lagt fram meiri upplýsingar og er betur í stakk búið en nokkru sinni fyrr til að koma að þessum málum. Fram hafa komið fjölmargar fyrirspurnir frá kennurum sem hefur öllum verið svarað skriflega um öll þau atriði sem fulltrúar kennara hafa spurt um. Ráðuneytið hefur lýst þeirri skoðun sinni, sem er alveg skýr, að við viljum búa við sveigjanlegt og opið kerfi þar sem faglegar forsendur stýri þróun og breytingum sem gerðar eru á skólastarfinu. Þetta höfum við sett skýrt fram og að skólastarf þurfi að vera með þeim hætti að nemendur eigi kost á fyrsta flokks þjónustu og kennarar búi við skapandi og gefandi starfsumhverfi.

Um leið og kjarasamningum er ætlað að kveða á um skyldur starfsmanna og tryggja rétt þeirra þurfa þeir að bjóða upp á sveigjanleika sem gerir skólum kleift að bregðast við breyttum kröfum til þeirra. Þetta eru meginsjónarmið menntmrn. sem við höfum sett fram um leið og við höfum svarað öllum spurningum sem fram hafa komið til okkar um nýbreytni í skólastarfi, um málefni einstakra starfsmanna, um skipulag fjarkennslu og alla þá þætti sem við höfum verið spurð um. Þetta liggur allt skriflega fyrir fyrir samninganefnd ríkisins og eins og ég segi þá hefur menntmrn. aldrei komið jafnskipulega að gerð kjarasamninga og verið hefur í þessari samningalotu.

[13:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að menn láti ekki fipast í þessu máli enda þótt nokkurrar taugaveiklunar og talsverðrar óbilgirni gæti í málflutningi hæstv. ráðherra, menntmrh. og fjmrh., þá stendur þjóðfélagið frammi fyrir mjög alvarlegu vandamáli, að framhaldsskólarnir í landinu lokist 7. nóvember. Við eigum að leggjast á eitt að koma í veg fyrir þetta.

Ef það er nokkuð sem ég hefði talið að sátt væri um í þjóðfélaginu þá er það mikilvægi þess að búa vel að skólastarfi og því starfsfólki sem þar starfar. Þetta ræð ég af ummælum manna á meðal í samfélaginu almennt og af yfirlýsingum ráðamanna. Þannig hefur hæstv. menntmrh. marglýst yfir vilja til að bæta kjör kennara þótt ég skrifi ekki upp á pólitískar formúlur hans eða hæstv. fjmrh. sem byggja á því að auka vægi einstaklingsbundinna launa, væntanlega með *tilheyrandi bónusálagi, kerfum sem ganga engan veginn upp* innan skólans. En það sem er mikilvægt er að þeir lýsa því yfir að þeir vilji bæta kjörin. Nú reynir á að eitthvert innihald sé í þessum yfirlýsingum. Þá verður það að koma fram að þeir séu reiðubúnir að lýsa því yfir að viðbótarfjármagn komi til skólanna til að standa straum af þessum kostnaði. Ég á eftir að trúa því, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin, með þessa tvo hæstv. ráðherra í fararbroddi, ætli að standa að því að loka framhaldsskólunum í landinu 7. nóvember með óbilgirni sinni. Ætla þeir að refsa kennarastéttinni fyrir að taka ekki upp það launakerfi sem er sannarlega mjög umdeilt á meðal starfsmanna og gengur engan veginn upp innan skólanna? Ætlar þeir að refsa þessari stétt? Ætla þeir með óbilgirni sinni að loka framhaldsskólunum í landinu 7. nóvember? Við það verður ekki unað.

[13:59]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í skýrslu hæstv. menntmrh. um skólahald í framhaldsskólum 1996–1999 er greint frá ýmsum staðreyndum og þar er að finna ýmis merki um hættu sem steðjar að menntakerfinu. Brottfall nemenda nemur allt að helmingi þeirra sem innritast við 16 ára aldur í framhaldsskóla, réttindakennurum fer fækkandi svo og nemendum á uppeldisbrautum skólanna. Jafnframt liggur fyrir að meðalaldur kennara er hár, nýliðun í stéttinni lítil, aðsókn í kennaranám hefur dregist saman og réttindakennarar skila sér að námi loknu í sífellt minna mæli inn í skólana. Ástandið er slæmt *bæði í framhaldsskólunum og í grunnskólunum.*

Herra forseti. Nefnd sem í febrúar 1999 skilaði skýrslu um mat á kennaraþörf í grunnskólum fram til ársins 2010 sýndi fram á að á næstu árum muni vanta hundruð kennara til starfa og hún bendir á að það hljóti að vera forgangsverkefni að fjölga kennurum til að mæta fyrirsjáanlegri þörf. Hún lagði áherslu á að fjölga nýnemum, auka fjarnám, ná inn fólki með kennsluréttindi og halda sem flestum nýliðum. Leiðirnar sem nefndin benti eðlilega á voru að gera laun og kjör kennara samkeppnisfær við önnur störf með bættri vinnuaðstöðu í skólum og með því að gera kennarastarfið eftirsóknarvert að öðru leyti. Raunveruleikinn í dag er hins vegar sá að sífellt fleiri hæfir kennarar hverfa kjaranna vegna til annarra og betur launaðra starfa.

Við tölum á hátíðastundum um gildi mannauðsins fyrir samkeppnihæfni þjóðarinnar og yfirskrift nýrra aðalnámskráa sem komu út í fyrra, Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda, felur vissulega í sér fyrirheit sem ekki verður staðið við nema tryggt sé að hægt sé að manna skólana vel hæfum og vel menntuðum kennurum. Óánægja kennara með kjör sín, stöðug kjarabarátta, brotthvarf kennara til annarra og betur launaðra starfa og sífelld yfirvofandi verkföll stuðla ekki að betri skóla heldur grefur það undan þeim markmiðum sem við höfum gert okkur að bæta. Herra forseti. Ég held að menntakerfið þoli ekki enn eitt verkfallið.

[14:02]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólanna skellur á ef ekki hafa náðst samningar fyrir 7. nóv. Ekki er því annað sýnna en að af því verði því þó ríkisstjórnin hafi haft heilt ár til að semja við framhaldsskólakennara hefur hún varla lyft til þess hendi og það er með ólíkindum að engar alvöruviðræður hafa farið fram fyrr en þá í þessari viku, sé hægt að kalla þær þreifingar samningaviðræður. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa á hinn bóginn lagt sig fram um að gera framhaldsskólakennara tortryggilega vegna launakrafna sem fjalla þó að miklu leyti um það eitt að fylgja í launum öðrum viðmiðunarstéttum.

Nú er það svo að standi samningaviðræður undir nafni þurfa viðsemjendur að leitast við að finna þann punkt sem þeir geta mæst á. Ég lít svo á að í þessu efni hafi samninganefnd ríkisstjórnarinnar með öllu brugðist. Engu er líkara en þeir sem á tyllidögum vilja láta hylla sig sem boðbera framfara í íslenskum skólum haldi að takist þeim að flæma *úr starfi þá kennara sem fyrir eru muni þeir í framtíðinni* geta tínt af trjánum þá hugsjónamenn sem helga vilja sig kennslu fyrir þá umbun eina sem felst í smánarlaunum og fimbulfambi sjálfumglaðra ráðamanna um mikilvægi menntunar.

Hæstv. forseti. Kennarar, nemendur, já raunar þjóðin öll hefur fyrir löngu fengið sig fullsadda á því menntakerfi sem gegnum tíðina hjakkar fram brautina dregin fram af yfirkeyrðum, illa launuðum kennurum og stýrt af þeim sem ekki hafa framtíðarstefnu heldur metnað til þess eins að vagninn hökti áfram frá degi til dags. Höfum við ekki þrek til að breyta nú um áherslur og semja um kennaralaun sem laða úrvalsfólk að starfinu þá mun okkar skömm vara lengi.

[14:04]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hér erum við að ræða mjög alvarleg mál og *ég tek heils hugar undir málflutning fjmrh.* og menntmrh. í umræðunum í dag. Það er hins vegar alveg ljóst að framhaldsskólarnir í landinu búa við úrelt og staðnað launakerfi og þar eru dagvinnulaunin auðvitað allt of lítill þáttur í launakjörum kennara þar sem um er að ræða ekki nema rúmlega 60%. Það sem við þurfum er auðvitað sveigjanlegt og opið kerfi sem þjónar þörfum framhaldsskólanna eins og þeir eru í dag og eins og við viljum hafa þá í framtíðinni. Það er þess vegna þung skylda og ábyrgð sem hvílir á báðum samningsaðilum, bæði fulltrúum ríkisins og fulltrúum kennara og það er mikið í húfi, þ.e. hagsmunir 17.000 nemenda og fjölskyldna þeirra og þjóðfélagsins alls því að við viljum ekki að það verði röskun á skólastarfi einu sinni enn.

Það má hins vegar velta því fyrir sér hvaða tilgangi svona umræða þjónar hér á þinginu. Kjaramál og kjaradeilur hljóta alltaf að vera mjög erfið og viðkvæm mál. Þau verða ekki til lykta leidd hér á þinginu. Og vinnubrögð stjórnarandstöðunnar í þessu máli sem öðrum nú í haust eru athyglisverð. Málin eru rædd í upphlaups- og upphrópunarstíl. Í gær voru greidd atkvæði um skýrslubeiðni þar sem voru lagðar fram svo vitlausar spurningar að það er ekki hægt að svara þeim og í dag er umræða sem þjónar engum öðrum tilgangi en að þyrla upp pólitísku moldviðri (Gripið fram í.) um viðkvæm kjaramál sem eru í fullri vinnslu hjá samningsaðilum. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Hér er um hreint lýðskrum að ræða af hálfu stjórnarandstöðu í háalvarlegu máli. Ég endurtek: Hér er um hreint lýðskrum að ræða.

(**Forseti** (HBl): Þó það sé gaman að heyra hv. þingmenn glaða og skemmtilega þá var nú einhver undirtónn í þessu sem ekki var huggulegur núna.)

[14:07]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að þakka þá umræðu sem hér hefur átt sér stað þó svo að ýmsir hv. þingmenn telji hana vera óþarfa. Það tel ég alls ekki hafa verið. Hér hafa nákvæmlega komið fram þau sjónarmið sem ég óttaðist þegar ég hóf umræðuna, þ.e. við heyrðum hjá hæstv. ráðherrum að það er enginn sáttatónn í þeim.

Það er hins vegar athyglisvert að bera saman þær ræður sem hv. þm. Framsfl. fluttu hér og ræður hæstv. ráðherra. Það er greinilegt að það er ekki samhljómur í ríkisstjórnarflokkunum í þessu máli og verðum við að vona að áhrif Framsfl. verði meiri í deilunni ef við eigum að fá lausn í hana sem allra fyrst.

Það var einnig athyglisvert, herra forseti, að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir taldi fulla ástæðu til þess að taka það sérstaklega fram að hún tæki heils hugar undir öll orð hæstvirtra ráðherra. Það var ekki að ástæðulausu því að það hafði enginn annar hv. þm. gert í þessari umræðu.

Herra forseti. Ýmislegt kom fram í máli hæstv. ráðherra sem ástæða væri til að gera athugasemdir við en tími minn leyfir að sjálfsögðu ekki að fara yfir hvert einasta atriði. Það verður þó að minnast á það að misskilningur eða vankunnátta hæstv. fjmrh. á kjarasamningum kennara er hreint ótrúlegur. Það er skelfilegt til þess að vita að sá fundur sem haldinn var fyrir rúmu ári síðan hefur ekki náð að upplýsa hæstv. ráðherra um grundvallaratriði kjarasamningsins og það er einnig skelfilegt til þess að vita að hann skuli hafa gleymt því að hann sat fund fyrir rúmu ári síðan og kjaradeilan hefur því staðið nú í rúmt ár og þess vegna er hæpið að tala um að verkfallið sé boðað með sérstökum hraða.

Herra forseti. Það var einnig athyglisvert þegar hæstv. menntmrh. tilkynnti að ráðuneyti hans hefði nú sem aldrei fyrr komið að samningaborðinu. Og hvað var það þá sem hæstv. ráðuneyti hafði gert? Jú, það var að svara fyrirspurnum. Herra forseti. Er nema von að spurt sé: Er ekki kominn tími til að hæstv. ráðherrar sýni eitthvert frumkvæði í deilunni?

[14:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það hefur komið hér fram í máli manna að kennarar hafi gert athugasemdir við kjör sín þegar fyrir rúmu ári síðan. Það er rétt að það var haldinn fundur um það mál eða réttara sagt um bókanir sem fylgdu kjarasamningnum í september 1999 og kennarar höfðu þá og í kjölfarið uppi kröfur um að samningurinn yrði tekinn upp og þeim yrði borgað umfram samninginn. Það er bara því miður ekki gert meðan samningar eru í gildi.

Hvað skyldi t.d. forustan í BSRB hafa sagt ef tekinn hefði verið einn kjarasamningur við opinbera starfsmenn og allt í einu byrjað að greiða ofan á hann samkvæmt kröfum viðkomandi hóps? Ég er hræddur um að forustan í því bandalagi og öðrum hefði nú kannski ekki tekið því fagnandi. Það verður að horfa hér á ákveðið samhengi hlutanna. (Gripið fram í.) Þess vegna var sú leið ekki fær.

Hins vegar var í janúar sl. gert samkomulag um að greiða kennurunum ákveðna upphæð vegna vinnu sem þeir voru þá að leggja í á vegum skólanna. Það var umfram samninginn en það var ákveðið að gera það vegna þess að það var vegna tiltekins vinnuframlags sem ákveðið var að kaupa af þeim.

Það er rétt að svona deilur leysast ekki í þingsölunum. En það er ágætt að viðra málin hér og ég þakka framsögumanni fyrir málefnalega framsöguræðu. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi. Það þarf að breyta kjarasamningsumhverfi framhaldsskólakennaranna. Það þarf að endurskipuleggja það og ég tel að með slíkum breytingum, eins og ég sagði áðan, sé unnt að færa kennurunum verulegan ávinning á nokkrum árum. Og ég sagði líka og skal endurtaka það að ég tel rétt og nauðsynlegt fyrir skólastarfið í landinu að framhaldsskólakennararnir fái slíkan ávinning.

Þá er spurningin: Eru samtök þeirra tilbúin að leggja í slíkar kerfisbreytingar með ríkisvaldinu? Ég vona svo sannarlega að svo sé.

Fundi slitið kl. 14:11.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 1. nóv.,
að loknum 17. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna, fsp. ÞSveinb og SvanJ, 104. mál, þskj. 104.
2. Flutningur á félagslegum verkefnum, fsp. RG, 139. mál, þskj. 139.
3. Meðferð ályktana Alþingis, fsp. RG, 140. mál, þskj. 140.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Átak gegn fíkniefnaneyslu, fsp. SJS, 38. mál, þskj. 38.
5. Áhættuhegðun karla, fsp. SvanJ og ÞSveinb, 61. mál, þskj. 61.
6. Skert þjónusta Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, fsp. ÞBack, 128. mál, þskj. 128.

Til félagsmálaráðherra:

7. Túlkun jafnréttislaga og skipun í embætti hæstaréttardómara, fsp. JóhS, 33. mál, þskj. 33.
8. Móttaka flóttamanna frá Júgóslavíu, fsp. GHall, 112. mál, þskj. 112.
9. Ný stétt vinnukvenna, fsp. SvanJ og ÞSveinb, 126. mál, þskj. 126.
10. Þjónusta við börn með einhverfu og skyldar raskanir, fsp. RG, 127. mál, þskj. 127.

Til umhverfisráðherra:

11. Þátttaka Íslendinga í þingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fsp. KolH, 34. mál, þskj. 34.
12. Mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, fsp. KolH, 35. mál, þskj. 35.
13. Störf nefndar um jarðskjálftavá, fsp. GHall, 109. mál, þskj. 109.

Til iðnaðarráðherra:

14. Búsetuþróun, fsp. KLM, 58. mál, þskj. 58.
15. Kaup ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða, fsp. JB, 95. mál, þskj. 95.

Til menntamálaráðherra:

16. Rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu, fsp. SvanJ og ÞSveinb, 62. mál, þskj. 62.

17. Bygging menningarhúsa, fsp. SJS, 130. mál, þskj. 130.

Til samgönguráðherra:

18. Konur í ferðaþjónustu, fsp. ÞSveinb og SvanJ, 96. mál, þskj. 96.

19. Fjöldi skipstjórnarmanna og vélstjóra á fiskiskipum og kaupskipum, fsp. GHall, 110. mál, þskj. 110.

Til fjármálaráðherra:

20. Flutningur Landskrár fasteigna til Akureyrar, fsp. SJS, 131. mál, þskj. 131.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Á síðasta fundi Alþingis, fyrir örfáum mínútum, bar það til tíðinda að einn forustumanna þingsins, formaður þingflokks Sjálfstfl., kvartaði yfir því að stórpólitísk mál sem hafa verið í umræðu manna á meðal hér á landi á síðustu dögum og vikum væru tekin til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Hún ræddi þar sérstaklega um tvö mál. Annars vegar þá staðreynd að framhaldsskólum mun að óbreyttu lokað innan örfárra daga þar sem framhaldsskólakennarar hafa boðað til verkfalls. Á hinn bóginn tilgreindi hún umræðu sem hér fór fram og atkvæðagreiðslu um beiðni um skýrslu vegna ítrekaðra hækkana á iðgjöldum bifreiðatrygginga og tryggingafélaga almennt.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort hann deili skoðunum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur í þessu samhengi. Ég er þessu algerlega andvígur og teldi Alþingi vera að bregðast skyldu sinni með því að taka þessi mál ekki á dagskrá.

[14:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þau mál sem hv. þm. ræddi um voru til umræðu á síðasta fundi og það er ekki viðeigandi að halda umræðum utan dagskrár áfram undir liðnum um störf þingsins.

[14:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta gengur ekki. Hér var farið í umræðu utan dagskrár um stórpólitískt og alvarlegt þjóðfélagsmál, eins og fram hefur komið, þ.e. lokun framhaldsskólanna. Menn hafa sett sig á mælendaskrá og ekki hægt að lengja hana. Í einni af síðustu ræðunum kemur þingflokksformaður Sjálfstfl. og lýsir því yfir að í gær hafi verið bornar fram vitlausar spurningar sem sé ekki hægt að svara og í dag tekin upp umræða sem eigi ekki að taka fyrir hér í þinginu. Þegar þingmenn bregðast við þessum ummælum um leið og þeir geta, herra forseti, þegar settur hefur verið nýr fundur, þá slær forseti með dæmalausum hætti á þá umræðu. Það er sjálfsagt að bera fram þá spurningu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur borið fram til forseta. Ég ætlast til að forseti svari henni.

[14:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að það er ekki við því að búast að hægt sé að bregðast við ummælum í utandagskrárumræðum eftir að þeirri umræðu er lokið.

[14:15]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Forseti má ekki misskilja orð mín þannig að ég sé að gagnrýna hans stjórn hér á þinginu. Því er alls ekki til að dreifa. Það sem ég gerði hér áðan var að vekja athygli á þeim sjónarmiðum sem fram koma af hálfu formanns stærsta þingflokksins hér á hinu háa Alþingi, þingflokks Sjálfstfl. með 26 þingmenn, sem er jafnframt í ríkisstjórnarsamstarfi og hefur þar af leiðandi talsvert um það að segja hvernig mál ganga hér fram. Ég var að lýsa viðhorfum mínum til þess og viðbrögðum hæstv. forseta til þess hvort óeðlilegt væri að taka á dagskrá málefni á borð við þau sem ég nefndi hér til sögu. Ég er ekki að framlengja efnislega umræðu og ætla ekki að gera það. Ég var að leita eftir viðhorfum forseta til þessa. Ef þau liggja ekki fyrir þá er það bara þannig.

Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram að ég tel þau sjónarmið sem hv. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl., kom fram með gersamlega út úr korti og segja í raun allt um viðhorf forsvarsmanns þessa stærsta þingflokks hér á hinu háa Alþingi til þessarar samkomu, að ekki megi ræða stórmál á borð við þau sem ég nefndi áðan.

[14:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég sagði, að það hefur verið venja hér að halda ekki áfram utandagskrárumræðum á nýjum fundi undir liðnum um störf þingsins.

[14:16]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ég hef velt því fyrir mér hvaða tilgangi umræða af því tagi sem fram fór áðan, í upphrópunar- og upphlaupsstíl, þjónaði. Ég sagði ekki að það mætti ekki ræða þessi mál í þinginu. Það er alger mistúlkun á ummælum mínum og sýnir auðvitað ekki annað en að svo virðist vera sem sumir hér hafi málfrelsi en aðrir ekki.

Það er alveg augljóst hvaða ummæli það voru sem menn þoldu ekki. Stjórnarandstaðan þoldi ekki að því væri lýst yfir af minni hálfu að hún væri með lýðskrum.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er algerlega ósammála þínum orðum um að það sem hér fer fram, þessi umræða ...

(**Forseti** (HBl): Það á að segja herra forseti.)

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar hafi ég ekki ávarpað herra forseta rétt. Ég vil hins vegar halda máli mínu áfram. Það sem ég vil segja er að þessi umræða snýst um störf þingsins, um hvaða mál eigi að vera hér til umræðu. Á þeim forsendum var hún sett fram.

Hér var sett út á mál frá því í gær og því haldið fram að þar hefðu verið bornar fram svo vitlausar spurningar að ekki væri hægt að svara þeim. Hvort svo er kemur auðvitað í ljós. Ég efast ekki um að fjallað verður um það mál með eðlilegum hætti af þeim sem svörin eiga að veita. Síðan er því haldið fram að sú umræða sem fram fór á síðasta fundi hafi ekki átt erindi hingað.

Ég tel að full ástæða sé til þess að þingið fjalli um þessi mál. Sú umræða snýst, hæstv. forseti, um störf þingsins. Mér finnst að við eigum ekki að þurfa að deila um það við hæstv. forseta hvort umræður sem þessar séu eðlilegar. Þær snúast um þau störf sem sinnt er hér á hv. Alþingi.

[14:19]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti hlýtur að taka fram að hér hafa orðið umræður sem eru efnislega um þær umræður utan dagskrár sem áðan fóru fram og um ummæli sem þá voru látin falla. Það var samkomulag um það og enginn ágreiningur um að utandagskrárumræðan skyldi standa í hálftíma. Þingmönnum er kunnugt að það er vel hægt og vandalaust að halda uppi umræðum um störf þingsins í hálftíma þegar þannig liggur á þingmönnum.

[14:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. forseta, að utandagskrárumræðu er lokið en menn fjalla hér um störf þingsins. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið, að sú umræða sem fram fór hér um kjaradeilu kennara og væntanlega lokun allra framhaldsskóla í landinu var nauðsynleg, mikilvæg og málefnaleg. Þar tek ég m.a. undir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. En ég harma yfirlýsingar formanns þingflokks Sjálfstfl. um þetta efni og þá ekki síður gagnrýni þingflokksformannsins á Alþingi, sem samþykkti í gær að fara að lýðræðislegri venju þegar fram kom beiðni frá tilskildum fjölda þingmanna. Það var samþykkt hér með meiri hluta atkvæða á Alþingi að ganga eftir því við hæstv. viðskrh. að veita svör við tilteknum spurningum. Þar var Alþingi að sinna lögboðnu hlutverki sínu.

[14:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að taka fram að mjög margar fsp. liggja fyrir sem ekki hefur verið unnt að svara. Forseti varð við því, vegna þeirrar áherslu sem á það var lögð, að flýta umræðu utan dagskrár um kjaramál kennara. Forseti varð við því að sú umræða færi fram í dag þó svo dagskrá væri svo þröng sem raun ber vitni og þó svo að fyrir liggi að ekki yrði unnt að svara jafnmörgum fsp. og forseti hefði kosið í dag. Ég vonast því til þess að þessi umræða dragist ekki á langinn.

[14:21]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið en mér finnst hv. þm. orðnir dálítið hörundsárir ef þeir þola ekki að látnar séu í ljós skoðanir um hvort mál eru góð eða slæm. Ég geri ekki athugasemdir við þá umræðu sem fram fór utan dagskrár. Hins vegar kemur þessi þingskapaumræða mér spánskt fyrir sjónir. Við gengum til atkvæðagreiðslu í gær og þessi skýrslubeiðni hlaut þinglega meðferð. Ég hélt að því máli væri lokið.

Síðan ætla ég að ljúka máli mínu hér og vona að þingstörf geti haldið áfram. Ég ætla ekki að tefja fundinn lengur.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Samkvæmt því sem ég kann í þingsköpum þá þarf ekki leyfi frá formanni þingflokks Sjálfstfl. til að taka hér til máls. Það er heldur ekki hlutverk þingflokksformanns Sjálfstfl. að ákveða við hvaða tækifæri og af hvaða tilefni þingmenn geti nýtt sér lögbundinn og stjórnaskrárvarinn rétt sinn til að taka mál á dagskrá og hafa á þeim skoðanir. Hitt er ákaflega fróðlegt oft að heyra skoðanir hv. þm. á því hvað sé við hæfi og hvað ekki og jafnvel velta því fyrir sér af hvaða hvötum hv. þm. kemur hér upp eins og hún gerði áðan.

Við getum auðvitað velt því fyrir okkur hvernig Sjálfstfl. vildi helst hafa þetta ef hann mætti ráða því einn. Ég fæ ekki annan botn í þau mál en þann að hann mundi senda þingið heim svo þeir gætu ráðið þessu einir. Það er fyrir og heldur til vandræða. Það er tónninn sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hafði hér fram að færa og sú virðing sem hv. þm. sýndi þessari samkomu með dæmalausum ummælum sínum og forræðislegu tali um hvað væri við hæfi að taka hér fyrir og hvað ekki.

Það er langt síðan ég hef heyrt svona sjónarmið viðruð en ég virði rétt hv. þm. til að hafa þessar skoðanir þó ég vorkenni henni um leið.

[14:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég verð að ítreka það sem ég áður sagði. Umræðu um utandagskrármálið lauk á síðasta fundi. En þær 20 mínútur eru liðnar sem heimilt er að umræður standi um störf þingsins og til allrar hamingju er ekki þriðji fundur boðaður í dag.

Rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna.

Fsp. ÞSveinb og SvanJ, 104. mál. — Þskj. 104.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til þess að ná fram jafnrétti kynjanna, sem samþykkt var í maí 1998 og gildir til ársloka 2001, eru skilgreind fjögur verkefni sem heyra undir ríkisstjórnina sérstaklega. Eitt þeirra er að skipa nefnd sem leggja muni tillögu að rannsóknarverkefni fyrir ríkisstjórnina um efnahagsleg völd kvenna og karla, þ.e. hvar þau liggi í íslensku samfélagi.

Nú spyr ég hæstv. forsrh. hvort rannsókn þessi hafi farið fram og ef svo er, hverjar séu niðurstöður hennar.

Liggi niðurstöður hennar ekki fyrir spyr ég hæstv. forsrh. á hvaða stigi rannsóknin sé og hvenær niðurstaðna megi vænta.

Herra forseti. Konur hafa sótt fram á flestum sviðum þjóðfélagsins undanfarna áratugi. Margir halda því fram að lagalegu jafnrétti kynjanna hafi verið náð og því sé lítið annað en gera en halla sér aftur og njóta afrakstursins. Staðreyndir eins og viðvarandi launamunur kynjanna og lök staða kvenna á vinnumarkaði tala hins vegar sínu máli.

Íslenskar konur er ekki að finna í helstu forstjóra- og framkvæmdastjórastólum hér á landi. Árið 1998 voru konur 9% stjórnarmanna í 50 stærstu fyrirtækjum landsins. Á lista sem Frjáls verslun birti yfir tekjuhæstu stjórnendur hér á landi á síðasta ári var hlutur kvenna sláandi lítill. Í hópi 200 tekjuhæstu stjórnenda á Íslandi voru, herra forseti, 9 konur af 200. Varla þarf fleiri vitna við.

Lagalegt jafnrétti og stóraukin menntun kvenna hefur ekki fært þeim þann efnahagslega ávinning sem fellur í hlut karla við sömu skilyrði. Því hlýtur rannsókn á efnahagslegum völdum kvenna og karla að vera forsenda þess að hægt sé með einhverjum hætti að bregðast við og vinda ofan af þessari óheillaþróun.

[14:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrirspyrjandi vísar til 4. tölul. II. kafla framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná

fram jafnrétti kynjanna sem samin var á Alþingi í maí 1998, en þar segir, með leyfi forseta:

„Skipuð verður nefnd sem mun leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi."

Könnunin sem spurt er um var sett af stað á haustdögum og nefndastarfið er því nýlega hafið. Skipuð hefur verið nefnd til að hafa umsjón með þessu verkefni og í henni sitja Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur og Unnur Dís Skaftadóttir mannfræðingur.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að verkefni nefndarinnar skuli skipt í tvo meginátfanga. Í fyrsta lagi mun nefndin leggja fyrir forsrn. skilgreiningu á verkefnu og gera tillögu um hvernig í það skuli ráðist. Það er ljóst að verkefnið er víðfeðmt í eðli sínu og því ber nauðsyn til að nefndin afmarki viðfangsefni sitt af kostgæfni.

Í öðru lagi er nefndinni ætlað að hafa umsjón með hinni endanlegu framkvæmd verkefnisins en til greina kemur að fela t.d. stofnunum háskólans og sjálfstæðum aðilum að vinna þá þætti könnunarinnar sem ákveðið verður að ráðast í á grundvelli tillagna nefndarinnar.

Ekki liggja fyrir áætlanir um hvenær nefndarstarfinu skuli lokið og nefndinni hafa ekki verið sett tímamörk. Hins vegar er við það miðað að fyrri áfanga í starfi nefndarinnar geti verið lokið í kringum næstu áramót og verkefninu í heild fyrir lok ársins 2001, þ.e. áður en gildistími áætlunarinnar er úti. Að öðru leyti má vísa til þess að félmrh. undirbýr nú framlagningu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála og verður í henni gerð ítarlegri grein fyrir því hvað líður framkvæmd á einstökum verkefnum og viðfangssefnum sem talin eru upp í framkvæmdaáætlunni, bæði þeirra sem eru á verkefnaskrá ríkisstjórnar og þeirra sem eru á verkefnaskrá einstakra ráðuneyta.

[14:29]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að sú nefnd sem talað er um í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar hafi verið skipuð og vonandi tekur hún fljótlega til starfa. Það er afar mikilvægt, enda þótt fyrir liggi ýmsar upplýsingar, að menn fylgi þeim eftir og tekist sé á við það viðfangsefni jafnréttisbaráttunnar að hver fái að njóta sín og verðleika sinna en fari ekki í fyrir fram gefna ramma vegna kynferðis.

Það er athyglisvert, herra forseti, hvernig konur á vinnumarkaði hafa á síðustu missirum sýnt hve meðvitaðar þær eru um stöðu sína, öfugt við það sem haldið hefur verið fram. Ég vil þar minna á niðurstöðu sem kom úr skoðanakönnun sem grunnskólakennarar gerðu þar sem fram kom að konur í kennarastétt kröfðust hærri launa en karlar — þetta skiptir máli — og einnig þá skoðanakönnun sem birt var í gær og leiðir í ljós að mun fleiri konur eru óánægðar með kjör sín en karlar. Þetta, herra forseti, tel ég að sýni að konur eru mun meðvitaðri um kjör sín nú en áður. Að því þarf að hlúa og þess vegna er mikilvægt að könnun eins og þessi sé gerð.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það er gott að þetta verkefni er farið af stað og eiginlega ekki seinna vænna því að hér er að vissu leyti um mjög flókið verkefni að ræða. Það krefst mikils undirbúnings og yfirlegu og því ekki seinna vænna að hefjast handa eigi þessu að vera lokið eða komið í farveg innan árs eða svo en eins og hér hefur verið rætt tekur framkvæmdaáætlunin um jafnrétti kynjanna yfir fjögur ár og rennur út á næsta ári, í árslok 2001.

Mjög brýnt er að átta sig á stöðu kynjanna í efnahagslegu tilliti hér á landi. Allt of lítið hefur verið gert af því að rannsaka þessi mál. Það er ekki síst brýnt svo stjórnvöld geti brugðist við þeim niðurstöðum sem þar koma fram, vilji þau gera það. Mér segir svo hugur að grípa þurfi til ýmissa aðgerða til að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði. Ég vona svo sannarlega að niðurstöður þessarar könnunar færi okkur skref áfram í þeirri viðleitni.

[14:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var Alþingi sem gaf ríkisstjórninni fyrirmæli um það að láta framkvæma þessa könnun. Vegna þess að nefnt var að nauðsynlegt væri að fylgja síðan niðurstöðum hennar eftir lít ég svo til að ríkisstjórninni beri, þegar könnun þessi er fullfrágengin, að afhenda þinginu hana fullgerða og það sé síðan þingsins að ákveða næstu skref á grundvelli þeirrar könnunar.

Flutningur á félagslegum verkefnum.

Fsp. RG, 139. mál. — Þskj. 139.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Vorið 1997 skipaði forsrh. starfshóp og fól honum verkefni, annars vegar samkvæmt ályktun Alþingis um að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbr.- og trmrn. séu í raun félagsleg verkefni sem heyrðu undir félmrn. og hins vegar að tillögu menntmrh. að fjalla um skiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Haldnir voru þrír fundir á árinu þar sem fulltrúar ráðuneyta fóru yfir þau verkefni sem skarast milli ráðuneytanna og brýnt væri að taka á.

Í stuttu máli má nefna þjónustu við einhverfa, þjónustu við geðfatlaða, þjónustu við atferlistruflaða, mál barna og unglinga, þ.e. heimili og stofnanir, útskriftir af Kópavogshæli, framtíðarskipan táknmálstúlkunar, sérfræðiþjónustu í leikskólum og grunnskólum, sérdeildir, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra o.fl.

Erindi bárust nefndinni bæði frá Umsjónarfélagi einhverfra og Félagi heyrnarlausra og teknar voru fyrir skýrslur nefnda sem skipaðar höfðu verið um þessi málefni. Segja má að félagsþjónustukerfið hafi þróast upphaflega innan heilbrigðiskerfisins og skýrir það mikla skörun í viðfangsefnum þeirra enn í dag. Viðvarandi ringulreið er í verkaskiptingunni milli ráðuneyta, félagslegur og jafnvel faglegur aðbúnaður þeirra sem eiga undir högg að sækja geldur fyrir það.

Því miður voru aðeins þrír fundir haldnir í nefndinni fram til ársloka 1997. Ákveðnar aðstæður réttlættu þá töf á fundahöldum um stund, aðstæður sem ég virti fullkomlega en þrátt fyrir eftirgangsmuni voru ekki haldnir fleiri fundir fram til alþingiskosninga en skilja mátti að brátt tæki nefndin til starfa á ný.

Hins vegar lýsti formaður nefndarinnar þeirri skoðun á sl. vetri að ekki væri sjálfgefið að nefndin héldi áfram störfum. Því er spurt hvort forsrh. geri ráð fyrir því að nefndin skili honum tillögum. Ef ekki, er full ástæða til að hér verði upplýst hvers vegna nefnd, skipuð samkvæmt ályktun Alþingis, er sæfð með þessum hætti.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á að nota orðin hæstv. og hv. um ráðherra og þingmenn.)

[14:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil svara fyrirspurn hv. þm. Hv. þm. vísar til þál. um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbr.- og trmrn. til félmrn. sem Alþingi samþykkti hinn 5. júní 1996. Samkvæmt henni var því beint til ríkisstjórnarinnar að skipa starfshóp, m.a. með fulltrúum þingflokkanna, til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbr.- og trmrn. væri í raun félagslegt verkefni sem væri eðlilegra að heyrði undir félmrn. Um svipað leyti hafði ríkisstjórnin ákveðið að koma á fót starfshópi til að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Þar eð verkefni þess hóps þótti fara að verulegu leyti saman við hlutverk starfshóps sem skipa bar samkvæmt framangreindri ályktun voru þessi viðfangsefni falin einum starfshópi sem forsrh. skipaði hinn 26. september 1996 samkvæmt tilnefningum félmrh., heilbr.- og trmrh. og menntmrh., svo og þingflokkum stjórnarsinna annars vegar og þingflokkum utan ríkisstjórnar hins vegar. Viðfangsefni starfshópsins hafa að vonum reynst bæði viðamikil og afar margvísleg og ólík innbyrðis.

Þá hefur ekki reynst með öllu unnt að fjalla sjálfstætt um verkaskiptingu ráðuneytanna án tillits til inntaks þeirrar þjónustu sem um ræðir á hverju sviði um sig. Störf starfshópsins hafa dregist eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og hefur hópurinn ekki skilað ráðuneytinu neinu áliti eða tillögum að svo stöddu.

Nú er til athugunar að taka verkaskiptingu ráðuneyta til skoðunar sem hluta af endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sem ríkisstjórnin hefur boðað í stefnuyfirlýsingu sinni frá 28. maí 1999. Sú endurskoðun mundi eftir atvikum einnig ná til verkaskiptingar milli félmrn. og heilbr.- og trmrn. enda er starfssvið þeirra og verkefni um margt skyld líkt og bent var á með þál.

Rétt er að nefna að skipting verkefna milli þeirra tveggja ráðuneyta sem koma við sögu hefur verið til skoðunar og verkefni hafa verið flutt milli þeirra. Þar má nefna lög um foreldra- og fæðingarorlof en með gildistöku þeirra um næstu áramót færist sá málaflokkur frá heilbr.- og trmrn. og að hluta til frá fjmrn. til félmrn. Ráðuneytin vinna einnig saman að ýmsum málum, t.d. að því er varðar stefnumótun um læknismeðferð barna, forvarnir, meðferð og úrræði fyrir fíkniefnaneytendur og málefni fatlaðra.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að hluti þeirra málaflokka sem um ræðir er ekki eingöngu í höndum ríkisins heldur einnig á höndum sveitarfélaga í vaxandi mæli. Dæmi um tilflutning verkefna sem til skoðunar hafa verið er flutningur á þjónustusviði fatlaðra og langveik börn. Flutningur svo viðamikilla verkefna er vandasamur enda þarf að gæta vel að hag þeirra sem reiða sig á þjónustuna og hann getur reynst flókinn, t.d. hvað fjárhagsleg atriði varðar. Smæð sumra sveitarfélaga er annað atriði sem taka þarf tillit til. Þessi verkefnaflutningur mun koma til kasta þingsins innan skamms og gefst þá tækifæri til að ræða nánar um verkaskiptingu milli ráðuneyta annars vegar og milli ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Með hliðsjón af þessum orðum tel ég rétt að sá hópur sem fyrirspurnin tekur sérstaklega til skoði það mál sérstaklega hvort ekki sé rétt að hann ljúki störfum sínum með hliðsjón af þeim ákvörðunum ríkisstjórnarinnar að taka verkaskiptingu milli einstakra ráðuneyta til sérstakrar athugunar á sínum vettvangi.

[14:39]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vil fá að leggja orð í belg af því að ég hef verið formaður í þeim starfshópi sem er til umræðu. Það kom fljótlega í ljós við vinnu hópsins að þetta voru mjög viðamikil verkefni og raunar er verið að skoða verkaskiptinguna innan félmrn. og í heilbrn. Eins og forsrh. nefndi verður síðan ráðist í það að fara yfir verkaskiptingu ráðuneytanna. Fljótlega kom í ljós að þau verkefni sem starfshópnum voru ætluð voru svo viðamikil að varla var von til þess að hann mundi ljúka störfum án þess að það yrði þá stórkostleg vinna, þ.e. að ráðnir yrðu starfsmenn í fulla vinnu til að vinna verkið. Því má segja að nokkuð snemma hafi verið ljóst að ekki yrði unnt að ljúka því með öðrum hætti.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Þetta hafa verið afar athyglisverð svör og innlegg af hálfu formanns nefndarinnar. Margt af því sem hæstv. forsrh. gat um í svari sínu til mín þekkti ég að sjálfsögðu þar sem á þeim þremur fundum sem nefndin hélt var farið yfir það sem skaraðist á milli ráðuneytanna og eins og hér hefur komið fram voru það mjög mörg verkefni. Mér finnst það undarlegt á sama tíma og talað er um að nauðsynlegt hafi verið að skoða verkaskiptinguna. Þessi nefnd, þar sem eingöngu tveir alþingismenn sátu, aðrir voru fulltrúar ráðuneytanna, átti að skoða þarna ákveðin mál en sú nefnd er bara látin leggja upp laupana eftir því hvernig málið snýr að mér á meðan verið er að skoða málin á öðrum stöðum. Þar vil ég nefna fréttatilkynningu sem send var út í mars á þessu ári þar sem segir frá því að menntmrh. hafi kynnt skýrslu um réttarstöðu heyrnarlausra og ákveðið að skipa nefnd skipaða fulltrúum sömu ráðuneyta og við erum að tala um til að gera tillögur um fyrirkomulag túlkaþjónustu og hvernig eigi að fara með þann kostnað. Núna fyrir örfáum dögum voru til umræðu fjáraukalög og þar kemur fram að á árunum 1995 og 1996 hafi félmrn. varið 2 millj. hvort ár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og árið 1997 hafi heimildir verið þrengdar og fjármagni verið varið síðan til þessarar þjónustu af sameiginlegum lið ríkisstjórnarinnar en nú sé farið fram á að þessi mál séu sett í fastan farveg. Þetta er meðal þeirra mála sem nefndin góða ætlaði að taka og setja í öndvegi árið 1997 að skoða og núna árið 2000 er enn verið að skoða þessi mál.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. kveði upp úr með hvort hann með orðum sínum hér fyrir stundu hafi verið að leggja nefndina af. Það er hreinskilnislegt.

[14:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og ég gat um hafa forsendur í máli þessu breyst verulega frá því að það var fyrst opnað og sérstaklega breyst með þeim hætti að ríkisstjórnin hefur sjálf ákveðið að á sínum vettvangi skuli öll verkaskipti ráðuneyta tekin til endurskoðunar sem verður viðamikið verkefni. Mér þykir út af fyrir sig ekki eðlilegt að samhliða því verkefni muni sú nefnd sem hér hefur verið til umræðu starfa. Í því felst ekki að ég sé á þessu augnabliki hér og nú að kveða upp úr um það að þessi nefnd hafi þar með lokið störfum sínum. Ég vil að nefndin komi saman, fari yfir þessi mál og síðan

fái ég álit frá nefndarmönnum um það á þessum vettvangi í ljósi þeirra orða sem ég þegar hef sagt hér.

Meðferð ályktana Alþingis.

Fsp. RG, 140. mál. — Þskj. 140.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Það fer vel á því að þessi fyrirspurn komi til umræðu í kjölfar þeirrar sem við vorum að enda við að fjalla um. Þegar tillögur frá þingmönnum ná fram að ganga á hv. Alþingi væntum við þingmenn þess að með samþykkt tillögunnar hefjist það ferli sem tillagan gerir ráð fyrir en það er því miður ekki alltaf raunin. Á árum áður voru lagðar fram skýrslur um ályktanir Alþingis en nú er langt um liðið síðan slík skýrsla hefur séð dagsins ljós.

Ég hef orðið mér úti um eina skýrslu um ályktanir Alþingis fyrir árin 1986–1991, þ.e. fyrir 109.–113. löggjafarþing, en vil taka það fram að það er rangt með farið í fyrirspurninni að skýrslur hafi komið fram síðar. Einhver misskilningur hefur verið í upplýsingagjöf þar og að skýrslan er um ályktanir sem fengust samþykktar á viðkomandi þingum en ekki um framkvæmd þeirra. Þingmenn eiga að fylgja ályktunum eftir og fá tækifæri til þess og geta fengið mjög gott tækifæri til þess ef yfirlit yfir samþykktir liggur fyrir í aðgengilegu formi eins og hér er kallað eftir. Hér höfum við rætt um þá nefnd sem sett var á laggir 1997 og síðan heyrðist ekkert af á þriðja ár. Ég er með í höndunum aðra samþykkta tillögu um mikilvægt réttindamál sem flutt var fyrir nokkrum árum eða í maí 1998 um að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Þessi tillaga var flutt að gefnu tilefni og að henni stóðu allir þingflokksformenn, ekkert minna en það. Allir þingflokksformenn sem þá voru á hv. Alþingi. En þetta er aðeins dæmi. Ég hef ekkert frétt um að af þessu hafi orðið, stutt er síðan ég spurði hvort búið væri að setja reglur. Engar reglur hafa verið settar. En hér er ég aðeins að taka dæmi, ekki gera þessa sérstöku þál. að umtalsefni sem slíka. Við eigum að fylgja því eftir af fullum þunga að ályktunum þingsins sé fylgt eftir að framkvæmdarvaldinu og í raun er full ástæða til að þinginu sé gerð grein fyrir ekki bara hvaða þáltill. voru samþykktar á hinu háa Alþingi heldur ekki síður afdrifum ályktana sem það sendi frá sér. Þess vegna hef ég flutt þá fyrirspurn sem hér er sett fram til hæstv. forsrh., hvort hann hyggist leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis eins og gert hefur verið á fyrri þingum en nokkur ár hafa liðið síðan slíkt var gert.

[14:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að í fyrirspurn hv. þm. felist þörf áminning varðandi efni fyrirspurnarinnar. Í fyrirspurninni er vísað til þess að fyrir Alþingi hafa verið lagðar skýrslur um framkvæmd þingsályktana. Hin fyrsta þessara skýrslna var tekin saman að beiðni nokkurra þingmanna en hinar síðari hafa verið lagðar fram að frumkvæði forsrh. Hefur það verið gert í samræmi við og með skírskotun til laga um þingsköp Alþingis.

Ástæður þess að skýrslurnar hafa verið lagðar fram er að telja verður æskilegt og í anda vandaðra vinnubragða, eins og hv. þm. nefndi, að Alþingi fái upplýsingar um meðferð og framkvæmd á þeim ályktunum sem Alþingi hefur samþykkt. Ég tek undir þessi sjónarmið. Því miður hefur ekki orðið framhald á þessari skýrslugjöf til Alþingis og hefur hún fallið niður um fjögurra ára skeið. Þar er ekki öðrum skýringum til að dreifa en önnum í ráðuneytunum. Því fylgir mikil aukavinna að taka þessar skýrslur saman, bæði fyrir forsrn. og aðra, og nokkur dráttur hefur orðið á svörum þegar átt hefur að efna í skýrslur.

Í tilefni þessarar fyrirspurnar mun ég beita mér fyrir því að forsrn. taki saman skýrslu um meðferð þingsályktana og skýrslugjöf þar um verði reglulegri en hún hefur verið til þessa.

Efni ályktana Alþingis er margvíslegt eins og hv. þm. nefndi. Sumt er almenns eðlis og kallar ekki á sérstaka framkvæmd en annað sem samþykkt er kann að vera flókið og tímafrekt í framkvæmd. Þess vegna tel ég heppilegt að stefna að því að áfram verði hafður sá háttur á að hver skýrsla fjalli um ályktanir sem samþykktar voru á næstliðnu þingi þar á undan og taki til eins árs í senn og mun ég í tilefni þessarar fyrirspurnar beita mér fyrir því að það verði gert.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Fyrst vil ég taka það fram að þær tvær fyrirspurnir sem hér hafa verið teknar til umræðu af minni hálfu voru fluttar á Alþingi 13. og 15. mars sl. og ég gerði að sjálfsögðu ráð fyrir því að þær yrðu ræddar þá mjög fljótlega á eftir. Þær komust ekki á dagskrá þingsins fyrr en undir lok þess og þá bar svo við að forsrh. hvarf úr sal án þess að svara þeim fyrirspurnum. Harmaði ég það mjög þegar það gerðist vegna þess að ég tel að með báðum þessum fyrirspurnum hafi ég verið að hreyfa mikilvægum málum.

En ég er afskaplega ánægð með svar hæstv. forsrh. um að hann hyggist leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis og að í framtíðinni verði það gert fyrir næstliðið þing á undan. Það eru fagleg og góð vinnubrögð. En ég hvet forsrh. til þess að fram komi í þeim skýrslum hvernig farið var með viðkomandi ályktun. Í þeirri skýrslu sem ég er með undir höndum er bara farið yfir hverjar ályktanirnar eru og ekkert um framhaldið, þ.e. hvort nefnd var skipuð á þeim tíma sem skýrslan er gerð og hvort viðkomandi ályktun hafi haft einhvern framgang. Og það er mjög æskilegt að samhliða því að lista upp ályktanirnar komi fram hvernig með var farið. Ég þakka þetta ágæta svar hæstv. forsrh.

[14:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ítreka það að ég tel að nauðsynlegt sé, eins og hv. þm. nefndi, að þetta verði ekki eingöngu upptalning á því hvaða ályktanir þingið hafi gert. Ég hygg að það hafi ekki mjög mikið gildi, heldur miklu fremur hitt hvernig þeim hefur reitt af og hvernig brugðist hefur verið við þeim ályktunum og þeim fyrirmælum sem þingið er þar með að gefa framkvæmdarvaldinu.

Túlkun jafnréttislaga og skipun í embætti hæstaréttardómara.

Fsp. JóhS, 33. mál. — Þskj. 33.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. félmrh. sem yfirmaður jafnréttismála í landinu hefur þær skyldur að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt. Jafnréttislög kveða á um að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum samfélagsins og að unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Með jafnréttislögunum hafa stjórnvöld tekist á herðar þá ábyrgð, ekki síst hæstv. jafnréttisráðherra, að sýna gott fordæmi og frumkvæði til að ná markmiðum laganna.

Nú liggur fyrir að hæstv. dómsmrh. hefur gengið svo langt að mínu mati að brjóta jafnréttislög og ganga gegn framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum jafnframt því að ganga á svig við alþjóðasamþykktir í jafnréttismálum við ráðningu í embætti hæstaréttardómara þegar karl úr stjórnsýslunni var ráðinn til starfans en gengið fram hjá þremur konum sem allar höfðu mikla reynslu af dómarastörfum. Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu hefur einnig sett fram það álit sitt að gengið hafi verið gegn jafnréttislögum.

Því kalla ég eftir viðbrögðum hæstv. félmrh. með þessari fyrirspurn. Ég bendi á að fram kom opinberlega að boðað hafði verið til sérstaks ríkisstjórnarfundar vegna þessarar ráðningar áður en frá henni var gengið. Leikur mér hugur á að vita hvort ekki sé öruggt að hæstv. jafnréttisráðherra hafi gert athugasemd á ríkisstjórnarfundi við þessi áform sem gengu gegn jafnréttislögum, einnig hvort hann sem yfirmaður jafnréttismála í landinu ætli að beita sér í málinu þegar jafnréttislög eru svo ljóslega brotin. Því hef ég leyft mér, herra forseti, að bera eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

„1. Er ráðherra sammála framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, sem látið hefur þá skoðun opinberlega í ljós að skipun hæstaréttardómara nýlega hafi verið brot á jafnréttislögum og farið í bága við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?

2. Gerði jafnréttisráðherra athugasemd á ríkisstjórnarfundi þegar dómsmálaráðherra kynnti áform sín um skipun hæstaréttardómara?

3. Er jafnréttisráðherra sammála þeirri túlkun á jafnréttislögunum að sæki karl og kona með sömu hæfileika og menntun um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi skuli það hljóta starfið sem er af því kyni sem er í minni hluta í starfsgreininni?

Einmitt þetta sjónarmið er lagt til grundvallar og er meginreglan sem dómstólar hafa haft þegar þeir túlka jafnréttislögin.

[14:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu hefur ekki, svo að mér sé kunnugt, fullyrt að skipun hæstaréttardómara hafi verið brot á jafnréttislögum né heldur að skipunin hafi farið í bága við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Í útvarpsviðtali við hana sem ég hef aflað mér útskriftar af og var tekið þegar tilkynnt var um skipunina, segir hún að við fyrstu sýn virðist henni að um brot kynni að vera að ræða en áskilur sér allan rétt til að kanna það nánar. Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu hefur m.a. farið á fund dómsmrh. til þess að ræða skipunina.

Önnur spurningin var:

„Gerði jafnréttisráðherra athugasemd á ríkisstjórnarfundi þegar dómsmálaráðherra kynnti áform sín um skipun hæstaréttardómara?"

Það eru starfshættir í þessari ríkisstjórn að það sem fram fer á ríkisstjórnarfundum er trúnaðarmál og ég mun ekki greina frá orðaskiptum manna þar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.:

„Er jafnréttisráðherra sammála þeirri túlkun á jafnréttislögunum að sæki karl og kona með sömu hæfileika og menntun um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi skuli það hljóta starfið sem er af því kyni sem er í minni hluta í starfsgreininni?"

Svar mitt við þessari spurningu er já.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra reyna að koma sér hjá að svara beint þeim spurningum sem til hans er beint og sé í raun á svolitlum flótta í málinu og mér finnst það svo sem ekkert skrýtið þegar svo ljóslega er brotið gegn jafnréttislögum. Um það er spurt í fyrstu spurningunni og ég spyr ráðherrann beint: Er hann sammála því að jafnréttislög hafi verið brotin við þessa ráðningu, gengið gegn jafnréttisáætlun, jafnréttislögum og jafnréttissamþykktum? Ég spyr ráðherrann beint um það vegna þess að hann hlýtur að hafa kynnt sér þetta mál.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu sagði orðrétt — og er ég hér með útskrift frá Ríkisútvarpinu 6. september og ég vitna til þess, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu álítur að Sólveig Pétursdóttir, dómsmálaráðherra hafi gengið gegn jafnréttislögum og jafnréttisáætlun eigin ráðuneytis þegar hún mælti með Árna Kolbeinssyni í stöðu hæstaréttardómara."

Varðandi það að ráðherra telji sig ekki geta upplýst um hvaða afstöðu hann hafði á ríkisstjórnarfundi þegar hæstv. dómsmrh. kynnti sín áform, þá er það mjög sérstakt, þ.e. að ráðherrann beitir því fyrir sig að það sé trúnaðarmál sem fram fari á ríkisstjórnarfundum. Út af fyrir sig er það rétt. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er það sem bannar ráðherra að greina frá þeirri skoðun sem hann hefur haft í þessu máli á ríkisstjórnarfundi? Ég hef verið ráðherra og ég kannast ekki við það að manni sé meinað að segja frá þeirri skoðun sem maður hefur haft á einstaka málum í ríkisstjórn. Það er alveg ný túlkun fyrir mig. Ýmislegt sem fram fer á ríkisstjórnarfundi á auðvitað að vera trúnaðarmál. En varla getur sú skoðun sem ráðherrann hefur haft á þessu máli átt að vera trúnaðarmál. Ég lít svo á að á meðan ráðherrann vill halda málinu með þeim hætti þá hafi hann ekki gert athugasemd við þau makalausu áform hæstv. dómsmrh. sem hún kynnti á ríkisstjórnarfundi, að láta karl fá þessa stöðu hæstaréttardómara en ganga fram hjá þremur hæfum konum með dómarareynslu við þessa stöðuveitingu.

[14:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þessum spurningum er út af fyrir sig fljótsvarað. Ég tel ekki að jafnréttislög hafi verið brotin. Ég tel ekki að framkvæmdaáætlun um jafnréttismál hafi verið brotin. Ég fæ ekki lesið út úr því sem haft er beint eftir Valgerði H. Bjarnadóttur í viðtali í útvarpinu 6. september að hún fullyrði nokkurs staðar að svo hafi verið.

Í öðru lagi get ég upplýst það hér að ég er samþykkur þeirri niðurstöðu sem hæstv. dómsmrh. komst að, að skipa Árna Kolbeinsson. Ég tel að Árni Kolbeinsson sé hæfastur þeirra umsækjenda sem um stöðuna sóttu og geri ekki athugasemdir við það þó hann sé skipaður þarna. Ég er að vísu ekki alltaf sammála lögfræðilegu mati og skoðunum Árna Kolbeinssonar. En það er önnur saga.

Í umsögn Hæstaréttar er ekki lagt mat á það hver sé hæfastur heldur að allir umsækjendurnir fjórir geti komið til greina sem hæstaréttardómarar.

Móttaka flóttamanna frá Júgóslavíu.

Fsp. GHall, 112. mál. — Þskj. 112.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um móttöku flóttamanna frá fyrrverandi Júgóslavíu. Tilefni þess er að í fréttabréfi félmrn. frá því í júlí sl. kemur fram eftirfarandi frétt:

„Ríkisstjórn Íslands ákvað að tillögu félagsmálaráðherra að taka á móti flóttamönnum frá fyrrum Júgóslavíu árið 2000 líkt og gert hefur verið síðastliðin fimm ár en fyrsti hópurinn kom til landsins árið 1995. Flóttamannaráð Íslands er ráðherra til ráðuneytis um hvernig standa skuli að móttöku flóttamannanna ár hvert en við val á flóttamönnum hefur ráðið notið aðstoðar frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) um hvaða hópar skulu koma til landsins í hvert og eitt skipti. Í framhaldi af þessu er auglýst eftir umsóknum sveitarfélaga og við val á sveitarfélagi eru margir þættir metnir en einna þyngst vega eftirfarandi þættir: staða félagsþjónustu, heilbrigðisþjónusta, atvinnuástand, skólamál og framboð á húsnæði."

Í framhaldi af þessu, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. félmrh.:

1. Hve margir flóttamenn hafa komið til landsins frá fyrrverandi Júgóslavíu sl. fimm ár?
2. Hvaða sveitarfélög hafa tekið á móti flóttafólkinu og hve margir fóru á hvern stað?
3. Hve margir hafa flutt frá upphaflegum aðsetursstað til höfuðborgarsvæðisins?
4. Hve margir hafa flust búferlum frá Íslandi aftur?

[15:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Frá árinu 1996 hafa stjórnvöld tekið árlega á móti hópi flóttamanna frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Venjulega hafa verið 20–25 í hverjum hópi en árið 1999 komu hingað 75 flóttamenn frá Kosovo vegna stríðsástands sem ríkti þar á þeim tíma. Alls hefur því verið tekið á móti 171 flóttamanni í þetta sérstaka verkefni stjórnvalda.

Við val á þeim hópum sem hafa komið hingað til lands hefur flóttamannaráð notið aðstoðar frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna en þeir senda svokallaða forvalslista yfir fjölskylur og einstaklinga sem þurfa hvað mest á hjálp að halda. Jafnframt hefur flóttamannaráð notið góðrar aðstoðar Rauða kross Íslands, bæði við endanlegt val á hópum og framkvæmd verkefnisins.

Eftirtalin sveitarfélög hafa tekið á móti flóttamönnum, þ.e. þeim hefur verið komið fyrir í viðkomandi sveitarfélagi og gerður við það sveitarfélag samningur um að annast flóttamennina fyrsta árið hér á landi. Eftir það þá njóta þeir félagsþjónustu eins og aðrir borgarar:

Fyrst komu 30 manns til Ísafjarðar, árið 1997 komu 17 til Hornafjarðar, árið 1998 komu 23 til Blönduóss og árið 1999 þegar Kosovo-Albanarnir komu þá komu 24 til Fjarðarbyggðar. Það komu 26 til Dalvíkur og 25 til Hafnarfjarðar. Síðar komu 3 til Dalvíkur í nóvember sama ár. Í sumar komu 23 til Siglufjarðar. Þetta er 171 flóttamaður alls.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir hafi flutt til höfuðborgarsvæðisins frekar en um aðra borgara á þessum stöðum. Einhverjir hafa flust á milli landshluta og einhverjir hafa farið hingað til Reykjavíkur. Til baka hefur farið dálítill hópur.

Sem betur fer komst á friður í Kosovo og allur hópurinn sem fór til Fjarðarbyggðar, sem í voru 24 Kosovo-Albanir, sneri aftur til heimalands síns og það var vel að þeir áttu kost á því. Einnig var ein fjölskylda, sem kom til Dalvíkur, þar hafði húsbóndinn orðið viðskila við fjölskyldu sína og kom ekki til Íslands. Hann kom í leitirnar síðar en vildi þá ekki yfirgefa aðra ættmenn sína í Kosovo og kona hans og börn fóru til baka til Júgóslavíu.

[15:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Um heiminn reika tugir milljóna flóttamanna, flestir dökkir á hörund, og flestir ómenntaðir. Til Íslands koma eingöngu hvítir flóttamenn og margir menntaðir. Ég bið menn að hugleiða þetta.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans en verð um leið að segja að mér kemur mjög á óvart að ekki er betur fylgst með hvernig þróun íbúamála verður hjá þessu fólki. Við erum að flytja inn og hjálpa fólki sem er statt í nauðum en ég taldi að betur og gleggra væri nú eftirlit með fólkinu, ekki af því að einhver hætta stafi af því, heldur velferð þess fyrst og fremst.

Vegna athugasemda hv. þm. Péturs H. Blöndals um litarhætti fólks þá held ég að Íslendingar séu ekki að setja það fyrir sig. Hins vegar hlýt ég sem alþingismaður að spyrja sjálfan mig og ráðherra hvort það sé rétt stefna að flytja hópa fólks hingað til Íslands í stað þess að senda út fólk og fjármagn frá Íslandi til að aðstoða þetta fólk við að koma undir sig fótum á ný og hefja nýtt líf. Ég tel að það sé eðlileg stefna og rétt stefna okkar Íslendinga að gera fólki þannig kleift að búa áfram í landi sínu og styðja það með ráðum og dáð til þess að það þurfi ekki að fara landa á milli eins og raunin er.

[15:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held einmitt að okkur hafi tekist afar vel með móttöku þessara flóttamannahópa. Að þeir eru frá Júgóslavíu eða ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu er vegna þess að Alþjóðaflóttamannastofnunin mat það svo að þeir væru í nauðum staddir og þeir væru best komnir hér. Við höfðum engin áhrif á það, það var mat Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar að þessum einstaklingum yrði boðið hingað. Þeir eru yfirleitt af blönduðum hjónaböndum, þ.e. þetta fólk, sem bjó í Kraina-héraði, var hrakið þaðan út og vegna þess að annar makinn var Serbi og hinn Króati. Þetta fólk var hvergi boðið velkomið og bjó við hinar ömurlegustu aðstæður í Serbíu.

Hvað eftirfylgnina varðar þá sjáum við um þetta fólk í eitt ár, síðan bjargar það sér sjálft. Sem betur fer hefur það gert það. Mér er kunnugt um eina fjölskyldu sem hefur lent í fjárhagsvandræðum af þessum hópi. Að öðru leyti veit ég ekki til annars en að þessu fólki vegni vel í íslensku þjóðfélagi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að kenna því íslensku og þetta er fólk sem hefur getað bjargað sér og verið duglegt og gott fólk og er fengur að hafa það. Afar vel hefur verið staðið að móttökunni á öllum þeim stöðum þar sem þessir hópar hafa verið settir niður.

Ég held að ekki hefði verið farsælt eða gæfulegt eða borið mikinn árangur að senda fólk og peninga til Serbíu undir stjórn Milosevic til að hjálpa þessu fólki.

Svolítið hefur verið fjallað um þessi mál opinberlega og þann vanda sem kann hugsanlega að vera á ferðum. Ég er með ljósrit úr dagblaðinu Degi þar sem verið er að fjalla um „au-pair" sem var í beitningavinnu sem er auðvitað fyrir utan það atvinnuleyfi sem hún hafði. Þar er, herra forseti, vitnað í forseta ASÍ sem segir að upplýsingar frá aðildarfélögunum sem taka þátt í að veita öðrum atvinnuleyfi bendi til þess að tilvikum um misnotkun á erlendu vinnuafli sé að fjölga.

Þess vegna, herra forseti, hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það hvort hann hafi látið kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum, hverjar niðurstöður könnunarinnar eru, ef henni er lokið, og hvaða tillögur ráðherra sjái til úrbóta og stöðu á réttindum þessara kvenna.

Ný stétt vinnukvenna.

Fsp. SvanJ og ÞSveinb, 126. mál. — Þskj. 126.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í lið 3.11 í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar frá vorinu 1998 segir undir fyrirsögninni „Ný stétt vinnukvenna – aðfluttar konur" og nú vitna ég beint, herra forseti:

„Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við starfsmannafélagið Sókn kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að gera tillögur til úrbóta þar sem þess er talin þörf."

Herra forseti. Hvaða fólk skyldi vera um að ræða?

Nú vil ég taka það fram að ég tek undir með hæstv. ráðherra þau orð sem hann sagði áðan að fengur væri að því aðflutta fólki sem kemur hingað og mikilvægt að við getum nýtt hæfileika þess og þekkingu. En ekki er tekið eins á móti öllum. Það fólk sem hér fyrr var til umfjöllunar kemur til landsins og fer inn í skipulagt kerfi þar sem kennd er íslenska, veitt er þjónusta og aðlögun að samfélaginu.

Hér erum við hins vegar að tala um allt annan hóp. Við erum að tala um stúlkur sem koma til að vinna sem svokallað „au-pair" eða við erum að tala um konur sem eru fluttar inn til þess að vinna sem vinnukonur inni á heimilum.

Þess vegna, herra forseti, er mikilvægt að við skoðum hvaða umgjörð fólkinu er sköpuð. Það er alveg ljóst að lögin um atvinnuréttindi útlendinga ná yfir þetta fólk eins og aðra vegna þess að þetta fólk þarf líka að leita eftir atvinnuréttindum, jafnvel þó ekkert stéttarfélag sé til að fara með mál þess ef eitthvað kemur upp á, einfaldlega vegna þess að það eru ekki gerðir kjarasamningar fyrir þetta fólk.

Það er þó svo að Verkamannasambandið gerði á sínum tíma kjarasamning við Bændasamtökin um laun og kjör vinnukvenna í sveitum og sá kjarasamningur mun vera notaður sem viðmið í þessu sambandi en hver getur séð í hendi sér hvernig gengur að fylgja slíku eftir þegar ekkert er félagið eða félagsskapurinn.

Það er líka ljóst, herra forseti, að Alþýðusambandið hefur í samvinnu við félmrn. eða Vinnumálastofnun gefið út leiðbeiningar til þeirra sem ætla að ráða vinnukonur inn á heimili sín. Talið er að þær leiðbeiningar hafi bætt það ástand sem hér var varðandi stöðu þessara kvenna en eigi að síður er ekkert eftirlit og stéttarfélögin hafa engin tæki eða úrræði til að takast á við þann vanda sem upp kann að koma.

[15:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rétt er áður en ég byrja að svara spurningunum að upplýsa um hve stóran stóran hóp er að ræða.

Fjöldi atvinnuleyfa sem voru veittar vegna vistráðningar á einkaheimilum voru 1997 17, 1998 15, 1999 16 og 26 á þessu ári til dagsins í dag.

En framkvæmdaáætlunin um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna tekur til fjögurra ára og því tímabili lýkur í árslok á næsta ári.

Framkvæmd verkefnisins sem um er spurt er í undirbúningi í ráðuneytinu og verður að öllum líkindum unnið á nokkuð annan hátt en lýst er í áætluninni. Í ráðuneytinu fer fram endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga og einnig er nefnd sem falið hefur verið að kanna aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi að hefja störf. Nefndinni er jafnframt falið að skila tillögum um úrbætur þar sem þess er talin þörf. Alþýðusamband Íslands á m.a. fulltrúa í báðum nefndum.

Við endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga verða viðhöfð sérstök vinnubrögð sem eiga að kalla fram kynjahliðar laganna. Má af því sjálfu leiða að aðstæður þeirra sem vinna á einkaheimilum með atvinnuleyfi verða sérstaklega skoðaðar því þar er nánast eingöngu um konur að ræða. Vegna erlendra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna á einkaheimilum þarf að sækja um atvinnuleyfi á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími og réttur til að stunda nám. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis. Útlendingur sem óskað er eftir að ráða til starfa á einkaheimili má ekki vera yngri en 17 ára. ASÍ veitir umsögn um umsóknir um atvinnuleyfi en atvinnuleyfið er veitt af Vinnumálastofnun. Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð um nokkurn tíma að veita leyfið í fyrstu einungis til sex mánaða og ef um framlengingu er að ræða að kalla þá eftir upplýsingum um greidd laun, greiðslur opinberra gjalda, greiðslur í lífeyrissjóð og tryggingar. Að fengnum þeim upplýsingum er tekin ákvörðun um hvort veita eigi framlengingu leyfisins.

Í einhverjum tilvikum hefur Vinnumálastofnun jafnframt samþykkt annað atvinnuleyfi til einstaklinga sem hafa haft leyfi til að vinna inni á einkaheimilum þannig að þeir geti unnið hlutastarf utan heimilis. Þetta hefur þótt bæta réttarstöðu þeirra og koma í veg fyrir einangrun þeirra. Og ASÍ

hefur veitt þessum konum góða aðstoð ef eitthvað hefur bjátað á.

Könnuninni er sem sagt ekki lokið þannig að ég svara ekki spurningu númer tvö.

Spurningunni um tillögur sem ég sé til úrbóta vil ég svara þannig: Við endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga verður réttarstaða allra þeirra sem hér eru með atvinnuleyfi skoðuð og þegar hafa verið rædd ákveðin atriði sem ættu m.a. að geta bætt stöðu þessara einstaklinga. Það má nefna öruggari tryggingar fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu, íslenskukennslu, aukna tryggingu fyrir því að þeir sem hingað koma og starfa fái kennslu eða upplýsingar um samfélagið, réttindi sín og skyldur. Þá eru Vinnumálastofnun og ASÍ þessa dagana að vinna að verklagsreglum sem ættu að auðvelda samskiptin og gera aðilum betur kleift að grípa inn í eða gera lögreglu viðvart ef um hugsanleg brot kynni að vera að ræða.

[15:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er gott til þess að vita að þetta starf er hafið í félmrn. og að verið sé að endurskoða lög um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. Það er mjög brýnt að hin svokallaða nýja stétt vinnukvenna gleymist ekki í þessari yfirferð. Hér er oftast um farandverkakonur að ræða af erlendum og oft fjarlægum málsvæðum. Þessi hópur kvenna hefur kannski að miklu leyti verið ósýnilegur í samfélaginu hingað til, einangraður og réttarstaðan ótrygg. Þær hafa jafnvel ekki haft neina kjarasamninga sem á er stólandi þannig að ekki er seinna vænna en að við gerum gangskör að því að bæta hag þessara kvenna hér á landi.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem komu fram við fyrirspurn minni. Ég harma það að hann skyldi ekki hrinda þessari könnun í framkvæmd strax eftir að þessi jafnréttisáætlun var samþykkt. En batnandi mönnum er best að lifa og nú kemur hér fram að það er ríkur vilji til þess að til þessa hóps verði litið bæði við endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga og sömuleiðis í þeirri nefnd sem hann vísaði til áðan að var verið að setja á laggirnar til þess að fara yfir þessi mál.

Það er prýðilegt að Alþýðusambandið skuli eiga fulltrúa í þessum nefndum. Það er mjög mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins séu með í þeim ákvörðunum sem teknar eru vegna þess að það eru þeir sem oftast koma inn í svona mál ef eitthvað fer úrskeiðis og leita réttar fyrir hönd þessa fólks.

Ég sé af þeim tölum sem hæstv. ráðherra hefur nefnt hér um fjölda þessara kvenna að það hefur orðið mikil aukning á þessu ári. Ég bind vonir við að þær verklagsreglur eða þær reglur sem Alþýðusambandið og félmrn. eða Vinnumálastofnun hafa komið sér saman um að haldi þannig að það sem ég hafði hér eftir forseta Alþýðusambandsins um að misnotkun virtist vera að aukast, eigi sér ekki stað hvað varðar þennan hóp, því eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir benti á áðan, þá er þessi hópur auðvitað kannski réttminnstur og lítt sýnilegastur af því erlenda fólki sem kemur hingað til lands til að vinna.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Ég gleymdi því áðan, herra forseti, að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli því að það er sannarlega ástæða til þess að ræða málefni útlendinga sem hingað koma og vinna. Við þurfum að taka okkur sjálfum tak og reyna að gera betur en við höfum gert til þess að aðlaga þá að íslensku samfélagi, þ.e. þá þeirra sem ákveðnir eru í að setjast hér að. Tölur sýna að af þeim sem fengu atvinnuleyfi fyrir fjórum árum, tímabundið atvinnuleyfi fyrir fjórum árum, eru 40% hér enn þá. Fleira fróðlegt sem ég get upplýst er að 8% af konum á Íslandi milli tvítugs og þrítugs eru erlendar. Það eru þessar konur sem eru að eiga börnin og það eru þessar konur sem eru að framleiða stóran hluta af Íslendingum framtíðarinnar.

Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af þeim konum sem eru með atvinnuleyfi. Þetta er ekki stór hópur og þeirra réttarstaða er nokkuð trygg eins og annarra sem koma með atvinnuleyfi. Ég hef hins vegar grun um að hér séu miklu fleiri konur sem komi sem gestir og sæki ekki um atvinnuleyfi, komi hér í skjóli ættingja í heimsókn og slái sér síðan kannski til rólegheita. Og við höfum ekki neina stjórn á því hvernig þeim líður eða við hvaða kjör þær búa. En þetta eru konur sem eru vistráðnar á einkaheimili og hafa um það samning sem er trygging þeirra að réttar þeirra sé sæmilega gætt.

Þjónusta við börn með einhverfu og skyldar raskanir.

Fsp. RG, 127. mál. — Þskj. 127.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Þegar Barna- og unglingageðdeild Landspítalans hætti að taka við nýjum tilvísunum vegna einhverfu og skyldra raskana árið 1996 vísaði hún til laga um máefni fatlaðra og taldi að félmrn. bæri að annast þjónustu við einhverfa samkvæmt þeim lögum.

Félmrh. tók þá ákvörðun um að fela Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að koma á fagteymi vegna einhverfu í samræmi við skýrslu nefndar frá 15. jan. 1996. Um leið hlýtur Greiningarstöðin að hafa tekið yfir hlutverk barnageðdeildar Landspítalans sem var og er umtalsvert verkefni.

Ég spyr því: Hvernig var gengið frá flutningi á þessum málaflokki milli ráðuneytanna og hvernig var gengið frá flutningi á þessum málaflokki milli barnageðdeildar og Greiningarstöðvarinnar? Það er stórmál hvort fjármagn og stöðugildi fylgdu þessum tilflutningi.

Í skýrslu Greiningarstöðvar um þjónustu við börn og ungmenni með einhverfu, kemur fram að greindum tilvikum einhverfu hafi fjölgað verulega. Í stað áætlana sem áður byggðu á einum til tveimur börnum með einhverfu í hverjum árgangi þarf nú að gera ráð fyrir allt að níu til tíu börnum. Þá er aðeins talin dæmigerð einhverfa. Börn með ódæmigerða einhverfu þurfa sams konar þjónustu og börn með einhverfu og það á einnig við um heilkenni Aspergers, a.m.k. framan af ævinni.

Ég spyr: Hvernig hefur félmrn. brugðist við þessari fjölgun?

Þess má geta að umboðsmaður barna sendi félmrh. bréf í apríl 1997 með fyrirspurn um málefni einhverfra barna, m.a. um hvort rétt væri að einhverf börn fengju lakari þjónustu eftir 1996 en fyrir þann tíma þegar bæði Greiningarstöðin og barnageðdeild sinntu þessum málaflokki. Í svarbréfi ráðherra kemur m.a. fram að Greiningarstöðin hafi annast

greiningu og ráðgjöf vegna einhverfra og að ætlunin sé að efla verulega þennan þátt í starfsemi stofnunarinar. Á hvern hátt hefur þessi þáttur verið efldur verulega? Við hvað er miðað? Var t.d. gerð áætlun um mannahald og ef svo er, hvernig hefur henni verið fylgt eftir?

Herra forseti. Hver er framtíðarsýn félmrn. í þessum málaflokki og hvert er framtíðarhlutverk Greiningarstöðvar ríkisins í málaflokknum?

[15:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar ákveðið var í ársbyrjun 1997 að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins tæki að sér að veita börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra þjónustu sem áður hafði verið veitt af BUGL var ekki gengið frá formlegu samkomulagi þannig að ekki var um að ræða tilfærslu á stöðugildum frá unglingageðdeild til Greiningarstöðvar.

Varðandi flutning einstaklingsmála milli stofnananna þá varð samkomulag um að það mundi gerast smám saman að því er snerti þá einstaklinga sem voru í þjónustu á BUGL og voru nær eingöngu börn á skólaaldri, en Greiningarstöðin sinnti áfram þeim sem voru nýlega greind, þ.e. yngri börnum, svo og þeim sem bættust í hópinn.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur má ætla að fimm börn greinist með einhverfu á hverju ári en ekki níu til tíu eins og fram kemur í fyrirspurninni. Í skýrslu nefndar um framtíðarskipulag og þjónustu við einhverfa frá árinu 1996 var áætlað að fjögur börn mundu greinast á næstu árum á ári og áætlanir hafa satt að segja tekið verulega mið af því.

Stofnað hefur verið sérstakt svið á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni sem hefur umsjón með einhverfu og málhömlun. Áður hafði hlutverk stofnunarinnar takmarkast að mestu við greiningu en nú ber henni í auknum mæli að sinna ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra og fagmenn. Árinu 1997 var 1.750 þús. kr. varið til undirbúningsstarfs vegna þessara nýju verkefna. Ári síðar var 7 milljónum varið til Greiningarstöðvarinnar vegna yfirtöku hennar á þjónustu við einhverfa og á árinu 1999 var aftur varið 7 millj. kr. til að bæta mannafla. Þar af runnu 3 millj. kr. til að ráða sérfræðing í meðferð einhverfra.

Frá 1997 hafa bæst rúmlega tvö og hálft stöðugildi við þann hóp sérfræðinga sem sinnir sérstaklega greiningu og ráðgjöf vegna einhverfu og málhamlana. Stöðugildi á einhverfu og málhömlunarsviði voru í ársbyrjun 1997 5,26 en eru í dag 7,85 og vinnubrögð hafa líka skerpst. Það hefur verið lögð áhersla á að bæta þekkingu á einhverfu og skyldum röskunum, bæði innan Greiningarstöðvar og meðal þeirra sem vinna með einhverfa á vettvangi.

Á árinu 1999 var opnað heimili fyrir einhverf börn við Dimmuhvarf í Kópavogi. Þar geta dvalið sex ungmenni. Í undirbúningi er að byggja sambýli fyrir einhverfa við Jöklasel í Reykjavík sem yrði tekið í notkun síðla næsta árs.

Síðan er spurt um framtíðarsýn ráðuneytisins í málefnum einhverfra. Hún er í stuttu máli sú að þeir og fjölskyldur þeirra fái þjónustu í samræmi við þarfir sínar. Þessi sýn tengist því að málefni fatlaðra færist frá ríki til sveitarfélaga. Í frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem ég mun væntanlega leggja fram innan skamms er rík áhersla lögð á að þjónusta sé veitt í samræmi við þjónustuþarfir. Það er ljóst að einhverft fólk býr við alvarlega fötlun og hefur þörf fyrir víðtæka og ævilanga aðstoð í flestum tilvikum. Það er trú ráðuneytisins að sveitarfélögin geti veitt nauðsynlega þjónustu, ekki síst í ljósi þess að áhersla er lögð á samvinnu og samstarf við önnur stjórnvöld þegar svo á við. Það má heldur ekki gleyma því að mikil ábyrgð hvílir á menntakerfi og heilbrigðiskerfi.

Í nýju frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skiptir réttaröryggi miklu máli. Í frv. er að finna fjölmörg ákvæði sem eiga að tryggja rétt manna til þjónustunnar. Frv. til laga um sérstaka réttindagæslu fatlaðra rennir enn frekar stoðum undir það að fatlaðir fái þá aðstoð og þjónustu sem þeim ber.

Þó svo að til standi að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þá er gert ráð fyrir að Greiningarstöðin verði áfram á vegum ríkisins og það hefur verið samið sérstakt frv. til laga um hana sem er fylgifrv. með félagsþjónustufrv. Þar er lögð áhersla á skyldu Greiningarstöðvarinnar til að sinna greiningu og ráðgjöf vegna flókinna eða sjaldgæfra fatlana, sem einhverfan fellur vissulega undir, og að viðhalda þekkingu.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég er harla undrandi á svari ráðherrans vegna þess að barna- og unglingageðdeild lýsti því yfir að hún gæti ekki tekið við fleiri einhverfum börnum til meðferðar þrátt fyrir að slík þjónusta hefði verið veitt þar áratugum saman. Þvílíkt álag var á deildina og ekki mannahald til að sinna þessari miklu aukningu. Þetta var örþrifaráð af hálfu barna- og unglingageðdeildar vegna þess að börnum hafði fjölgað án þess að stöðugildum fjölgaði eða endurskipulagning ætti sér stað. Þetta er enginn faraldur, herra forseti, heldur vegna þess að þekking á röskun í taugaþroska fleygir fram. Alþjóðleg greiningarviðmið hafa breyst og greiningin er áreiðanlegri en áður. Þetta hefur komið fram í greinum sem birtust á þeim tíma sem barna- og unglingageðdeild hafnaði því að taka við fleiri börnum.

Greiningarstöðin tekur nú við verkefnum sem tvær stofnanir höfðu áður auk þeirrar fjölgunar sem er að verða. Það kemur mér mjög á óvart að heyra ráðherrann nefna fimm börn en ekki níu til tíu vegna þess að það sem fram kemur í fsp. minni er unnið upp úr skýrslum, þar hef ég m.a. skoðað skýrslur og vef Greiningarstöðvar, skýrslu umboðsmanns barna og fleiri skýrslur sem ég hef undir höndum þar sem ég hef komið að þessum málaflokki til margra ára. Að gera ráð fyrir fjórum börnum á næstu árum við þessar aðstæður er í raun hörmulegt svar. Þó að engin lækning sé til á einhverfu þá skiptir miklu máli að fjölskyldan og þjónustuaðilar skilji þarfir einstaklingsins og geti brugðist við þeim. Greining er gífurlegt réttindamál fyrir fjölskyldurnar sem eiga þessi börn.

Mér finnst ekki nóg að heyra að framtíðarsýnin sé að börn fái þjónustu í samræmi við þarfir sínar ef ekki liggur fyrir, herra forseti, áætlun um mannahald og hvernig því skuli fylgt eftir þegar svo mikilvægur málaflokkur er fluttur á milli ráðuneyta og stofnana án samnings.

[15:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga að málefni barna með einhverfu falla undir a.m.k. þrjú ráðuneyti og margar stofnanir, þar með taldar svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, leikskóla, skóla og ráðgjafarþjónustu skólanna, félagsþjónustu sveitarfélaganna og heilbrigðisstofnanir. Þjónustan sem á sínum tíma var flutt frá barna- og unglingageðdeild til Greiningarstöðvarinnar er sérfræðiþjónusta sem felur m.a. í sér eftirfylgni, fræðslu og skráningu í faraldsfræði. Þannig er vart hægt að tala um flutning málefna barna með einhverfu til Greiningarstöðvarinnar heldur á þetta við

um afmarkaða þjónusta. Önnur þjónusta er enn innan fyrrgreindra kerfa.

Um það bil fimm börn úr hverjum árgangi greinast með dæmigerða og ódæmigerða einhverfu en annar eins hópur þarf athugun og ráðgjöf. Það er líklega þar sem okkur ber í milli í þessum tölum, mér og fyrirspyrjanda. Annar eins hópur þarf athugun og ráðgjöf vegna hamlandi einhverfuþátta þó að þeir einstaklingar nái ekki greiningarviðmiðum einhverfu. Talan sem kemur fram í fsp. hv. þm. er væntanlega byggð á þessari sýn sem kemur m.a. fram á námskeiðum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð. Í þessum tölum eru ekki, ég tek það skýrt fram, einstaklingar með Asperger-heilkenni en sá hópur býr við litla skipulagða þjónustu og hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. Þeir einstaklingar greina sig frá einhverfunni að því leyti að greindin er óskert, svo og málþroski. Algengi þessa ástands er ekki fullkannað en sennilega er það talsvert algengara en einhverfa, enda vægari og þarf ekki á jafnmiklum sérhæfðum stuðningi að halda. Greiningarstöðin hefur ekki haft tök á að sinna þessum hópi sem skyldi.

Meðal starfsfólks sviðsins á Greiningarstöðinni eru sálfræðingar, þroskaþjálfar og sérkennari auk barnalæknis, félagsráðgjafa, iðjuþjálfa og talmeinafræðings, sem að vísu eru í hlutastörfum.

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Rekstur skipasmíðastöðva, 42. mál, svar iðnrh., þskj. 179.

Skipulags- og byggingarlög, 190. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 199.

Suðurnesjaskógar, 174. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 181.

Þátttaka Íslendinga í þingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Fsp. KolH, 34. mál. — Þskj. 34.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég beini fsp. til hæstv. umhvrh. sem lýtur að mögulegri aðild Íslands að Kyoto-bókuninni um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Tilefni spurningarinnar er að nú er fram undan 6. aðildarríkjaþing loftslagssamningsins en það verður haldið í Haag í Hollandi frá 13.–24. nóvember nk. Í formála að spurningu minni langar mig að vitna til svars sem hæstv. utanrrh. gaf þeirri sem hér talar á síðasta vetri þegar spurt var um skilyrði íslenskra stjórnvalda fyrir væntanlegri aðild Íslands að Kyoto-bókuninni og hvenær þess væri að vænta að endanleg afstaða yrði tekin til hins svokallaða íslenska ákvæðis sem stjórnvöld hafa unnið að að fá viðurkennt á vettvangi samningsins.

Hæstv. utanrrh. sagði í svari sínu á síðasta vetri að endanlegrar afstöðu til hins svokallaða íslenska ákvæðis væri að vænta á 6. aðildarríkjaþingi samningsins sem nú er rétt handan við hornið. Til að rifja upp efnisinnihald ákvæðisins, þá er það svo að íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi haft áhyggjur af því að takmörkun losunar bitni m.a. á stefnu þeirra í stóriðjumálum og hafa frá því 1997 eða jafnvel lengur unnið að því að fá viðurkennda svokallaða sérstöðu Íslands felur í sér ósk um auknar losunarheimildir umfram það sem Íslandi er heimilað samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Hugmyndir eða tillögur íslenskra stjórnvalda um umframheimildir hafa ekki legið á lausu en þó er ljóst að farið hefur verið fram á undanþágur fyrir losun stóriðju sem leiði til meira en 5% aukningar í heildarlosun einstaks ríkis. Því verði haldið utan við losunarmörk Kyoto-bókunarinnar með tilteknum og ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði eru síðan:

Í fyrsta lagi að heildarlosun viðkomandi ríkis sé ekki meiri en 0,05% af heildarlosun allra ríkja sem skráð eru í Viðauka I við samninginn miðað við losun þeirra árið 1990.

Í öðru lagi að endurnýtanlegir orkugjafar séu notaðir til framleiðslu þeirrar orku sem notuð er í iðnverinu.

Í þriðja lagi að notast sé við bestu umhverfisvenjur við framleiðsluna.

Á mannamáli hefur þetta, herra forseti, verið þýtt á þann veg að íslensk stjórnvöld fari fram á allt að 65% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda umfram þau 10% sem bókunin heimilar.

Það er reyndar á reiki hvort krafa íslenskra stjórnvalda hefur ætíð verið sú sama. Mínar heimildir segja að upphaflega hafi ósk stjórnvalda einungis verið 20% losunarheimildir umfram bókunina en líklegt er að nú þurfi enn að hækka beiðnina ef í það stefnir að auk mögulegrar álframleiðslu á Reyðarfirði verði heimiluð stækkun Norðuráls í 300 þús. tonna framleiðslugetu einhvern tíma á næstunni.

En spurning mín til hæstv. ráðherra er sem sagt þessi:

„1. Hver verður tillaga íslensku sendinefndarinnar á 6. þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP6) sem haldið verður í Haag í nóvember? Hefur tillaga að hinu svokallaða „íslenska ákvæði" breyst frá því að hún var lögð fram á 5. þinginu?

2. Hyggjast íslensk stjórnvöld taka boði hollensku ríkisstjórnarinnar, sem boðar til sérstakrar ráðstefnu ungs fólks í tengslum við aðildarríkjaþingið, og senda fólk á aldrinum 12–18 ára til Haag?"

[15:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur beint tveimur spurningum til mín um þátttöku Íslendinga í 6. þingi aðildarríkja rammasamningsins hjá Sameinuðu þjóunum um loftslagsbreytingar. Fyrri spurningin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver verður tillaga íslensku sendinefndarinnar á 6. þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP6) sem haldið verður í Haag í nóvember? Hefur tillaga að hinu svokallaða „íslenska ákvæði" breyst frá því að hún var lögð fram á 5. þinginu?"

Því er til að svara að á 4. aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Buenos Aires í nóvember 1998 lagði Ísland fram tillögu að útfærslu hins svo kallaða íslenska ákvæðis sem er að finna í lokasamþykkt aðildarríkja þingsins í Kyoto sem haldin var réttu ári áður. Þetta ákvæði felur í sér að skoðað verði hvernig taka megi á sérstöðu þeirra ríkja þar sem einstök stóriðjuverkefni geta haft mikil áhrif á heildarlosun vegna smæðar hagkerfis þess ríkis sem í hlut á. Þetta vandamál kom berlega í ljós á lokastigum Kyoto-ráðstefnunnar þegar setja átti Íslandi losunarmörk og leiddi til samþykktar á umræddu ákvæði sem er í raun pólitísk skuldbinding um að taka á þessum vanda.

Tillaga Íslands sem kynnt var á aðildarríkjaþinginu í Buenos Aires felur í sér að losun frá nýjum stóriðjuverum eða stækkun eldri vera sem leiðir til meira en 5% aukningar á

heildarlosun í landinu á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, þ.e. 2008–2012, verði haldið utan við losun landsins að uppfylltum ströngum og skýrt tilgreindum skilyrðum eins og hér kom ágætlega fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Tillagan hefur verið til umfjöllunar á vettvangi samningsins og verður samkvæmt þeiri verkáætlun sem unnið er eftir tekin til lokaafgreiðslu á 6. þingi aðildarríkja loftslagssamningsins í Haag sem hefst 13. nóvember nk. og mun standa í tvær vikur.

Ísland hefur á síðustu vikum átt í viðræðum við Kanada og nokkur ríki ESB sem hafa látið málið til sín taka í þeirri von að farsæl lausn fáist. Allt bendir til þess að þær viðræður og umfjöllun í undirnefnd aðildarríkjaþingsins í Haag leiði til breytinga á útfærslu lausnarinnar á sérstökum vanda Íslands. Ekki er tímabært að fjalla um það í einstökum atriðum á þessu stigi í hverju slíkar breytingar gætu falist. Endanlegt form ákvörðunar 6. aðildarríkjaþingsins mun ekki liggja fyrir fyrr en á lokastigum þeirrar vinnu.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að Ísland gerist aðili að bókuninni þegar ásættanleg lausn hefur fengist í sérmálum Íslands.

Fyrirspyrjandi spyr, virðulegi forseti, í sinni seinni spurningu:

„Hyggjast íslensk stjórnvöld taka boði hollensku ríkisstjórnarinnar, sem boðar til sérstakrar ráðstefnu ungs fólks í tengslum við aðildarríkjaþingið og senda fólk á aldrinum 12–18 ára til Haag?"

Því er til að svara að íslenskum stjórnvöldum hefur ekki borist boð um að senda fulltrúa á umrædda ráðstefnu.

[15:43]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur hæstv. umhvrh. svarað fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vegna Kyoto-samningsins. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að fátt af því sem ráðherra sagði kom mér á óvart. Hún staðfesti enn og aftur að þó stefnan sé í orði kveðnu að gerast aðili að Kyoto-bókuninni, það er stefna íslenskra stjórnvalda ef viðunandi niðurstaða fæst, þá virðast íslensk stjórnvöld ekki ætla að taka þau skref sem taka þarf til þess að Ísland geti orðið aðili að Kyoto-samningnum. Það er umhugsunarvert að einhver ríkasta þjóð heims ætli að ganga á undan með svo slæmu fordæmi sem raun ber vitni. Við vitum öll að Kyoto-samningurinn er bara fyrsta skrefið í átt að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda hér um langa framtíð og að þeim samningi verðum við að eiga aðild þó ekki sé nema af siðferðilegum ástæðum.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að það voru mér ákveðin vonbrigði að hlýða á svar hæstv. umhvrh. Ég hafði vonast til að vinnan í ráðuneytinu væri komin það langt, varðandi þessa breytingu á útfærslu tillögunnar, að hægt væri að upplýsa Alþingi frekar um málið en hæstv. umhvrh. virðist geta. Það liggur þá kannski beint við að spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún telji að einhverjar frekari upplýsingar kunni að verða látnar Alþingi í té áður en sendinefnd Íslands fer til Haag þann 13. nóvember.

Varðandi síðari spurningu mína þá hef ég sjálf fengið í þeim gögnum sem send hafa verið út um fundinn eða þingið, vitneskju um þá ráðstefnu sem ætluð er ungu fólki og ég verð að segja, herra forseti, að mér fyndist það til sóma fyrir íslensk stjórnvöld að leitast eftir því að fá að taka þátt í þeirri ráðstefnu og að hafa innan sinna vébanda ungt fólk því að hér er sannarlega um framtíðarmál að ræða.

Ég held að það væri Íslandi til framdráttar í fleiri en einu tilliti að sýna að við lítum á okkar hlutverk sem ábyrgt hlutverk fyrir kynslóðirnar sem eiga að taka við. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að almenn áhyggja ríkir í samfélagi manna sem hafa fylgst með þessum málum varðandi árangur aðildarríkja þingsins sem fram undan er vegna þess að það er þvermóðska í gangi hjá stórum þjóðum, fjölmennum þjóðum á við Bandaríkjamenn og Íslendingar eru nefndir þar í sama orði þegar rætt er um þessi mál því að það eru þjóðir sem eru ríkar og geta mögulega dregið úr losun sem ætla sér ekki að gera það. Og Íslendingar eru þeirra á meðal, herra forseti. Satt að segja er ég afar döpur yfir því.

[15:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur komið fram hjá bæði hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að við séum að standa okkur eitthvað illa og menn eru daprir yfir þessu. Þetta er alveg fráleitur málflutningur. Ísland hefur ekki staðið sig illa. Ísland hefur staðið sig, má segja, best af þjóðum heims vegna þess að við erum að nýta endurnýjanlega orkugjafa. Ísland er heimsmeistari í að nýta endurnýtanlega orkugjafa. Engin önnur þjóð nýtir endurnýjanlega orkugjafa betur heldur en Ísland, ekki svo að ég viti til. Noregur er á eftir okkur í því, Evrópusambandið langt á eftir okkur. Þeir eru að nota kol, olíu og kjarnorku. Við erum ekki að nota kjarnorku. Við erum að nota frekar lítið af olíu og kolum en við erum að nota endurnýjanlega orkugjafa. 67% af okkar orku er endurnýjanleg. Aðrar þjóðir standa okkur langt að baki.

Evrópusambandið stefnir að því að ná fram 12% endurnýjanlegra orkugjafa árið 2020, 12%. Við erum með 67% núna. Hver er að segja að við stöndum okkur illa? Þetta er fráleitur málflutningur. Það er einmitt vegna þess hvað við höfum staðið okkur vel sem við viljum ekki taka á okkur þær skuldbindingar að geta ekki notað okkar orku, eins og mér heyrist að hv. þm. séu að tala um, þannig að þetta er fráleitur málflutningur.

Varðandi það hvort þessi mál verði frekar rædd hér á þingi og hingað komi inn upplýsingar þá vil ég benda á að það mun verða utandagskrárumræða, að mér skilst, um þetta mál í næstu viku sem vinstri grænir hafa beðið um og mun beinast að hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni, þannig að þessi mál verða rædd hér þá aftur.

Mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Fsp. KolH, 35. mál. — Þskj. 35.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. umhvrh.:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, þ.e. svæðinu kringum Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum, í þeim tilgangi að geta borið saman áhrif ólíkra nýtingarmöguleika svæðisins?

Herra forseti. Ástæða þessarar fyrirspurnar er auðvitað sú að fyrir dyrum stendur umhverfismat og reyndar stendur yfir umhverfismat vegna mögulegrar Kárahnjúkavirkjunar á svæðinu norðan Vatnajökuls. Í umsögn eða úrskurði skipulagsstjóra um matsáætlun viðkomandi framkvæmdar sagði Skipulagsstofnun eitthvað á þá leið að eðlilegt væri að umhverfisáhrif þjóðgarðs yrðu metin eða aðrir nýtingarmöguleikar svæðisins en það yrði ekki séð að slíkt væri í verkahring framkvæmdaraðila.

Af því tilefni ályktaði Vinstri hreyfingin – grænt framboð um málið og sendi hæstv. umhvrh. áskorun um að láta slíkt mat fram fram og þá mögulega á forræði Náttúruverndar ríkisins. Við þessari áskorun hefur ekki borist neitt svar og af því tilefni legg ég þessa spurningu hér fram til hæstv. ráðherra.

Mig langar til að vitna í það bréf sem ráðherranum var ritað af þingflokki og varaþingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í því bréfi segir, með leyfi herra forseta:

„Í samræmi við ályktun fundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stóriðjuframkvæmdir er þeim eindregnu tilmælum beint til umhvrh. að gert verði sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, svæðinu kringum Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum og að Náttúruvernd ríkisins verði falin gerð matsskýrslu eins og um framkvæmdaraðila væri að ræða. Þannig verði framkvæmd matsins á forræði umhvrn. og unnin af þeirri stofnun sem lögum samkvæmt hefur friðlýstar náttúruminjar og stofnun þjóðgarða á sínu verksviði. Matsskýrsla þjóðgarðs á þessu svæði þyrfti að liggja frammi á sama tíma og matsskýrslur vegna álvers á Reyðarfirði og virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka. Þannig yrði hægt að meta samhliða helstu nýtingarkosti sem rætt hefur verið um í tengslum við svæðið norðan Vatnajökuls."

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er sem sé þessi:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sjálfstætt mat af þessu tagi fari fram?

[15:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum þjóðgarðs á svæðinu norðan Vatnajökuls, þ.e. svæðinu kringum Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum í þeim tilgangi að geta borið saman áhrif ólíkra nýtingarmöguleika svæðisins.

Því er til að svara að í lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, er annars vegar kveðið á um matsskyldar framkvæmdir, sbr. 5. gr. laganna, og hins vegar framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. laganna. Í fyrra tilvikinu eru taldar upp þær framkvæmdir sem skilyrðislaust skal meta en í síðara tilvikinu er um að ræða framkvæmdir sem skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður hvort framkvæmdin skuli metin með hliðsjón af forsendum sem taldar eru upp í III. viðauka með lögunum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er kæranleg til umhvrh. í báðum tilvikum.

Það er því ekki hlutverk umhvrh. samkvæmt lögunum að beita sér fyrir því að sjálfstætt mat fari fram á umhverfisáhrifum, hvorki þjóðgarða né annarra framkvæmda eða rekstri sem þeim fylgir. Samkvæmt lögum sem og reglugerð nr. 671/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eru þjóðgarðar sem slíkir hvorki mats- né tilkynningarskyldir en lögin taka mið af einstökum framkvæmdum og áhrifum þeirra, sem og reksturs sem þeim fylgir, á umhverfið.

Hitt er annað mál að þess hefur verið farið á leit við verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðorku að hún kanni hvort og þá hvernig unnt sé að taka á yfirlýsingu níu náttúru- og umhverfisverndarsamtaka frá því í lok júnímánaðar í tenglsum við mat á þjóðgarði á svæðinu norðan Vatnajökuls. Verkefnisstjórn rammaáætlunar fékk bréf frá hæstv. iðnrh. sem sendi það í kjölfar bréfs frá þeirri er hér stendur sem var sent eftir að haldinn var fundur með þessum náttúruverndarsamtökum til að reyna að skoða hvort þetta væri hægt.

Á fundi verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar sem haldinn var 22. sept. sl. var fjórum aðilum úr verkefnisstjórn fengið það hlutverk að gera tillögu um hvernig hægt væri að koma til móts við óskir þessara samtaka — óskir þeirra eru mjög samhljóma óskum vinstri grænna — þannig að niðurstöður gætu legið fyrir um svipað leyti og mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, sem væntanlega munu liggja fyrir í marsmánuði nk.

Málið var tekið til afgreiðslu á fundi 27. okt. og samþykkti stjórnin að taka verkið að sér sem sérverkefni. Í kjölfar þess að verkefnisstjórnin samþykkti að taka að sér þetta verkefni var bréf sent til iðnrh. þar sem falast var eftir því að fá viðbrögð ráðuneytisins um hvort það teldi æskilegt að fara í verkefnið með þeim hætti sem verkefnisstjórnin telur að hægt sé að vinna það.

Nú er staðan þannig að iðnrh. fékk þetta bréf frá verkefnisstjórninni 30. okt., þ.e. í fyrradag, og er það til skoðunar í iðnrn. Á þessari stundu er því ekki nákvæmlega hægt að segja hvernig staðið verður að málinu en það er alveg ljóst að við höfum skoðað það og fulltrúar umhvrn. sem eru í verkefnisstjórninni hafa verið með í þeirri vinnu. Ég hef skoðað þau plögg sem þeir hafa notað og hafa sent til iðnrn. Við höfum fengið afrit af því. Þar kemur fram að verkefnisstjórnin sér það fyrir sér að ef vilji er til þess að fara í þetta mat — þetta er efnahagslegt mat má segja, mat á gildi svæðisins fyrir þjóðgarð. Þetta er ekki hefðbundið umhverfismatsferli — þá mundi sérstakur umsjónarhópur hafa með málið að segja og vinna það, fá til sín sérfróða aðila. Sá hópur sem verkefnisstjórnin sér fyrir sér að mundi halda utan um vinnuna er þannig saman settur að þar eru formenn faghópanna sem vinna núna undir rammaáætluninni auk þess sem tillaga er um það hjá verkefnisstjórninni að formaður í þessum umsjónarhópi yrði Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins.

Mér finnst því sú vinna sem hefur farið fram hjá rammaáætluninni við að skoða þetta mál vera mjög í anda þess sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi um í fyrirspurn sinni og kom fram í bréfi vinstri grænna til umhvrh.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Nú líkar mér lífið. Nú líkar mér tónninn í hæstv. umhvrh. Það gleður mig sannarlega mikið að heyra að þessi mál skuli vera í þessum farvegi. Ég vil líka ítreka það sem ég hef áður sagt að starf rammaáætlunarinnar og verkefnastjórnar rammaáætlunarinnar er afar mikilvægt og þar er greinilega verið að halda vel á málum. Þar er öflugt fólk að störfum og mjög lærdómsríkt hefur verið að fylgjast með vinnu þeirra og algjörlega til fyrirmyndar hversu opin sú vinna er og aðgengileg á heimasíðu Landverndar. Mér

þykir því afar vænt um að heyra að málið skuli vera komið í þennan farveg, að verkefnisstjórn rammaáætlunar skuli ætla að taka það að sér sem sérverkefni að líta á þetta mál.

Það er auðvitað rétt sem hæstv. ráðherra segir að það er kannski ekki hægt að segja að hið hefðbundna umhverfismatsferli mundi henta í þessu tilfelli. En mig langar þó, og ég get eiginlega ekki látið hjá líða, herra forseti, að vitna til nefndarálits sem hv. umhvn. skilaði frá sér 8. maí sl. þegar verið var að fjalla um og fylgja úr hlaði nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þar var umhvn. einróma sammála því að það yrði að skoða ólíka nýtingarmöguleika svæða mjög gaumgæfilega þegar um mat væri að ræða. En í athugasemd umhvn. segir um 9. gr., með leyfi herra forseta:

„Bent var á við umfjöllun um 9. gr., þar sem segir að ávallt skuli gera grein fyrir og bera saman helstu möguleika sem til greina koma við framkvæmd, að rétt væri að gera grein fyrir þeim möguleika að aðhafast ekkert, svokallaðri „núll"-lausn. Nefndin lítur svo á að í næstsíðasta málslið 2. mgr. 9. gr. felist sá möguleiki, þ.e. að einn þeirra möguleika sem koma til greina sé að aðhafast ekkert."

Það er í raun þessi grein í lögunum og þetta álit umhvn. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur notað sem stuðning í þeirri málaleitan sinni að óska eftir að þessir nýtingarmöguleikar verði skoðaðir ofan í kjölinn.

Ég ítreka þakkir til hæstv. umhvrh. fyrir svarið.

[15:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að verkefnisstjórn rammaáætlunar er reiðubúin að taka að sér þetta verkefni sem sérverkefni. Hins vegar er það ekki endanlega ákveðið í dag. Verkefnisstjórnin hefur sent bréfið til iðnrh. sem fer með rammaáætlunina og málið liggur þar núna. Það þarf að taka afstöðu til þess hvort fara eigi í málið eins og verkefnisstjórnin leggur til, sem ég tel að sé ágætisleið. Það er líka alveg ljóst að það þarf að útvega eitthvert fé til þess að fara í verkið. Nákvæmlega hvað það er há upphæð er mér ekki ljóst á þessari stundu. En það þarf líka að skoða það á vettvangi ráðuneyta.

Það hefur verið mín skoðun að eðlilegt sé að skoða alla nýtingarmöguleika, að við eigum að fara í þá vinnu með opnum huga. Hins vegar er mér ljóst að þetta er mjög erfitt mat og verður örugglega umdeilt, bæði hvernig farið verður í það og niðurstaðan verður örugglega umdeild. Það er mjög erfitt að setja krónutölu á land sem ekki er á markaði. Það eru ekki kaupendur að landinu þannig að ekki er hægt nota markaðslögmálin til þess að verðleggja þetta land. Það er því erfitt að meta þetta. Hins vegar hafa menn verið að reyna að nálgast það að meta náttúruauðæfi til verðs með ýmsum aðferðum þó að þær aðferðir séu kannski skammt á veg komnar. Þær hafa ekki verið notaðar þannig að menn hafa ekki samanburð. En þrátt fyrir að þetta sé svona flókið og verður umdeilanlegt finnst mér eðlilegt að skoða alla fleti og fara í þessa vinnu með opnum huga.

Eins og ég segi þá er ekki búið að taka endanlega ákvörðun en mér finnst mjög ánægjulegt að verkefnisstjórnin er búin að skoða þetta og telur sig vera bæra til að takast á við verkefnið.

[Fundarhlé. — 16:01]

[17:30]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 193. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 203.

Póst- og fjarskiptastofnun, 194. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 204.

Störf nefndar um jarðskjálftavá.

Fsp. GHall, 109. mál. — Þskj. 109.

[17:31]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. umhvrh. spurningar um jarðskjálftavá. Tilefni þess er að 22. nóvember á síðasta ári var nokkuð rætt um þetta vegna fyrirspurnar minnar um hvaða nefndir væru starfandi vegna jarðskjálftavár og hvað liði störfum þeirra, en þær höfðu verið skipaðar nokkrum árum áður, eða í nóvember 1996.

Í svari hæstv. umhvrh. kom þá fram að þegar nefnd sú sem ég gat um áðan skilaði af sér hefði verið skipuð önnur nefnd til þess að vega og meta þær tillögur sem fram komu. Lokaorð hæstv. ráðherra voru þau að reiknað væri með að nefndin mundi ljúka störfum og skila ráðuneyti tillögum á næstu vikum. Þetta svar var gefið 22. nóvember á síðasta ári.

Nú hefur komið fram í viðtölum við marga aðila sem eru sérmenntaðir í jarðvísindum að búast megi við fleiri hörðum jarðskjálftum á Suðurlandi. Það skiptir verulegu máli hér á þéttbýlissvæðinu hvernig á verður haldið. Það skiptir miklu máli hvaða tillögur hafa verið lagðar fram eða eru í smíðum varðandi jarðskjálftavá á höfuðborgarsvæðinu. Og varðandi mat jarðeðlisfræðinga á því hvort höfuðborgin, höfuðborgarbúar og íbúar hér á þéttbýlissvæðinu séu í hættu, gangi spár þessara aðila fram, þ.e. þeirra jarðvísindamanna sem hafa mikið um þetta fjallað og verið m.a. í fjölmiðlum nokkru eftir að síðustu tveir skjálftar gengu yfir Suðurland, þá hafa þeir verið nokkuð stórorðir og sagt að ljóst væri eða reynslan kenni mönnum og segi að meiri líkur en minni séu á að allstórir jarðskjálftar gætu orðið aftur. Fólk er því í nokkurri óvissu.

Þess vegna hef ég, virðulegi forseti, leyft mér að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem fyrrv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, skipaði til að fjalla um jarðskjálftavá?

Ríkisstjórnin ákvað að skipa nýja nefnd til að leggja mat á tillögurnar og móta tillögur til ríkisstjórnarinnar um framhald málsins. Því spyr ég hæstv. umhvrh.: Hvað líður störfum þeirrar nefndar?

[17:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt:

„Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að leggja mat á tillögur og móta nýjar á grundvelli starfs nefndar sem skipuð var af fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að fjalla um jarðskjálftavá og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta og skilaði af sér í september 1996?"

Því er til að svara að í framhaldi af tillögum nefndar sem skilaði af sér í september 1996 var annarri nefnd falið að útfæra tillögurnar. Sú nefnd sem skipuð var 1997 hefur lokið störfum og skilaði hún skýrslu til ráðuneytisins þann 17. mars

sl. Í skýrslu nefndarinnar er að finna mat á tillögum fyrri nefndar frá september 1996 og frekari tillögur að aðgerðum til að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta. Nefndin taldi að tillögurnar frá 1996 væru góðar svo langt sem þær næðu og nauðsynlegt væri að þær kæmu til framkvæmda á næstu árum. Veikleikar tillagnanna væru hins vegar þeir að einungis er gerð grein fyrir rannsóknum og varðveislu gagna en ekki fyrir því hvernig niðurstöður rannsókna og önnur gögn um jarðskjálftavá geti dregið úr áhættu af völdum jarðskjálfta.

Í tillögum nefndarinnar frá því í mars sl. var því lagt til að viðfangsefnið yrði nálgast með aðferðum áhættugreiningar og áhættustjórnunar, þar sem m.a. rannsóknir og önnur gögn um jarðskjálftavá yrðu notuð til þess að meta og greina áhættu. Nefndin lagði fram þá hugmynd að tekið yrði heildstætt á málefnum náttúruvár, en ekki yrðu sett einstök lög um hverja vá. Nefndin lagði því til að lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, verði endurskoðuð og gildissvið þeirra útvíkkað þannig að þau taki til varna gegn allri náttúruvá. Þar með yrði starfssvið Ofanflóðasjóðs útvíkkað og hann hugsanlega nefndur Hamfarasjóður og allt forvarnahlutverk yrði í höndum hans.

Í framhaldi af Suðurlandsskjálftunum í sumar hefur skýrsla nefndarinnar verið til umfjöllunar í nefnd ráðuneytisstjóra sem falið var að vera í forsvari fyrir stjórnvöld vegna nauðsynlegra aðgerða í kjölfar jarðskjálftanna. Því höfum við ekki viljað taka ákvörðun á þessu stigi um innihald skýrslunnar fyrr en nefnd ráðuneytisstjóranna hefur fjallað um hana í ljósi atburðanna sem urðu í sumar. Um þessar mundir er skýrslan því í sérstakri skoðun hjá nefnd ráðuneytisstjóra sem er að fara yfir afleiðingar af jarðskjálftunum í sumar og hugsanlegar breytingar sem gera þarf á málefnum sem snúa að jarðskjálftum á Íslandi.

[17:37]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Mér finnst þó enn skilið eftir nokkurt tómarúm í málinu eins og ég gat um áðan og vitna þá til orða þeirra jarðeðlisfræðinga sem hafa haldið því fram að við eigum von á fleiri skjálftum. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að flýta þessari vinnu.

Ég nefni sem dæmi þá deilu sem upp hefur komið um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Margir höfuðborgarbúar hafa viljað leggja hann af. Hvað þýðir það ef jarðskjálftar dyndu yfir höfuðborgina og mundu rjúfa t.d. allar samgönguleiðir út úr borginni? Og hvað þýðir það ef við þyrftum á aðstoð að halda flugleiðis og þá væri ekki um neinn annan flugvöll að ræða en Keflavíkurflugvöll, svo einhver dæmi séu nefnd? Ég geri mér alveg grein fyrir því að auðvitað verður að standa vel að verki.

Mér finnst hins vegar að það þurfi að svara borgarbúum um stöðu málsins og enn fremur þeirri fullyrðingu sem komið hefur fram hjá jarðeðlisfræðingum, að væntanlega munu upptök jarðskjálftanna færast í vesturátt frá því sem var í sumar. Og hvað þýðir það? Það þýðir að hann verður nær höfuðborginni.

Þess vegna er ég nú að vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, og tel að málið sé mjög mikilvægt og því er því hreyft hér og nú.

[17:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er sennilega rétt tilfinning hjá hv. fyrirspyrjanda að um nokkurt tómarúm sé að ræða miðað við þau svör sem hér hafa verið gefin. Það er rétt að ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um það í hvaða farveg þessi skýrsla fer og hvort farið verði eftir tillögum sem þar eru. Það er til skoðunar í ráðuneytisstjóranefndinni eins og fjölmörg önnur mál sem snúa að jarðskjálftunum sem urðu í sumar. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær við megum vænta niðurstöðu frá þeirri nefnd. Það verður vonandi bráðlega.

Varðandi hugrenningar hv. fyrirspyrjanda um að ef fleiri jarðskjálftar yrðu og stöðu Reykvíkinga í því sambandi, þá heyrðist mér að það beindist nú kannski meira að almannavörnum almennt. En eins og ég hef skilið niðurstöður þeirrar skýrslu sem kom út í mars þá er lagt þar til að Ofanflóðasjóður verði útvíkkaður sem nokkurs konar hamfarasjóður en þau mál snúa ekki beint að því hvernig flytja eigi fólk af svæðum við skyndihættu sem verður.

Átak gegn fíkniefnaneyslu.

Fsp. SJS, 38. mál. — Þskj. 38.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Mönnum er eflaust í fersku minni að Framsfl. fór mikinn í loforðum í aðdraganda síðustu kosninga 1999, rétt eins og hann gerði 1995. Það má segja að í aðalatriðum hafi Framsfl. byggt kosningastefnuskrá sína upp á loforðum um allt hið góða sem flokkurinn hygðist gera ef hann kæmist í ríkisstjórn eða yrði áfram í ríkisstjórn eins og átti við í síðustu kosningum.

Það var t.d. mjög frægt og hefur orðið til umræðu nú upp á síðkastið að Framsfl. lofaði þá að skila fólki aftur hluta af barnabótunum sem hann hafði sjálfur á undanförnum árum staðið fyrir að taka af því. Það var sem sagt orðið að kosningaloforði hjá Framsfl. að bæta fyrir þær misgjörðir gagnvart barnafólki í landinu sem flokkurinn hafði sjálfur staðið fyrir og er mér til efs að sambærileg dæmi úr stjórnmálasögunni séu mörg. Að vísu átti að gefa þessu nýtt nafn. Það átti að kalla barnabæturnar kort og það gerði náttúrlega gæfumuninn, eða hvað? Nú höfum við séð glitta í væntanlegar efndir og þá á að skila þessu að litlum hluta til baka miðað við t.d. ótekjutengdar bætur eins og þær voru hér áður og aðeins upp að sjö ára aldri í staðinn fyrir fullan aldur eins og áður var.

Annað frægt loforð er það sem hér er gert að umtalsefni, herra forseti, þ.e. þegar Framsfl. lofaði stórátaki í baráttunni gegn fíkniefnavá eða neyslu. Ég var í hópi þeirra sem töldu það heldur hvimleitt að stjórnmálaflokkar í miðjum hita kosningabaráttu gerðu mál af þessu tagi að sérstöku loforðatilefni sínu fyrir kosningar. Nú er auðvitað að sjálfsögðu allt gott um það að segja að menn heiti átaki í samfélagslegum vandamálum af þessu tagi. En mér finnst það, herra forseti, jaðra við það að vera komið út fyrir þau mörk sem séu við hæfi að menn ætli sér að gera út á loforð af þessu tagi í kosningabaráttu þegar um er að ræða vandamál eins og fíkniefnaneysla ungmenna sem ég held að allir stjórnmálaflokkar, stjórnmálamenn og í raun allir landsmenn hljóti að vera sammála um að við viljum berjast gegn.

Ég hef þess vegna leyft mér í ljósi þess m.a., herra forseti, að í fjárlögum þessa árs bólaði lítt á efndum því hér var lofað viðbótarfjármagni upp á 1.000 millj. kr., viðbótarfjármagni við það sem fyrir var og sömuleiðis sýnist mér að í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir fari lítið fyrir því að sérstakt

viðbótarframlag merkt þessu viðfangsefni sé til staðar, að biðja hæstv. heilbr.- og trmrh., ráðherra forvarnamála, að útlista það fyrir okkur hvar ríkisstjórnin eða Framsfl. sé á vegi staddur í að efna þetta kosningaloforð.

[17:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að gefa mér tækifæri til að svara þessari fyrirspurn hans.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. að samfélaginu ber að beita sér með öllum ráðum til að forða ungmennum frá vímuefnum og það er þess vegna sem Framsfl. ákvað að beita sér sérstaklega gegn þessum vágesti.

Við höfum náð árangri, þess sjást merki í grunnskólunum að baráttan er að skila sér. Við erum að ná árangri í tollgæslunni og á Keflavíkurflugvelli hefur aldrei verið tekið jafnmikið af efnum eða jafnmargir handteknir sem reyna að flytja þau inn.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki tilviljun. Þarna fer saman aukið fjármagn, betri tæki og skýrari áherslur, áherslur stjórnmálamanna, áhugafólks, félagasamtaka og þeirra einstaklinga sem hafa helgað sig þessum störfum. Það er ekki tilviljun að nú eru engir biðlistar fyrir unglinga í meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Það er árangur af markvissu starfi og auknum fjármunum og þannig viljum við vinna.

Af því hv. þm. spyr sérstaklega um hve miklu fjármagni við höfum bætt við til þessara verkefna skal ég upplýsa hann um að frá því í byrjun kjörtímabilsins hafa bæst við 832,4 millj. kr. Nákvæmlega skiptist það þannig:

Í fjáraukalögum árið 1999 var bætt við 106,4 millj. Á fjárlögum árið 2000 er 381,5 millj. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1999. Samkvæmt frv. til fjárlaga 2001 verður fjárhæðin 344,5 millj. kr. á næsta ári, en á árinu 1999 og 2000 var keyptur ýmis búnaður og lagt í stofnkostnað sem nýtist áfram í baráttunni.

Virðulegi forseti. Þegar hafa verið lagðar 832,4 millj. kr. til þessa starfs þannig aðljóst er að hér er ekki um skammvinnt átak að ræða. Þetta eru fjármunir sem lagðir hafa verið í baráttuna gegn vímuefnum og verða þar áfram. Þessi mikla viðbót í forvarnir, meðferð, lög- og tollgæslu er árangur skýrrar stefnu og aukinnar áherslu á baráttuna gegn vímuefnum.

Vissulega erum við ekki komin á leiðarenda og betur má ef duga skal. Við sjáum að enn fjölgar þeim sem þurfa meðferð t.d. hjá SÁÁ, enda var opnuð þar ný unglingadeild um síðustu áramót þannig að enn fleiri komast í meðferð heldur en áður og auk þess komast þeir fyrr að.

Virðulegi forseti. Ég vona að þau svör sem ég hef gefið sýni að við höfum staðið við þau loforð sem við gáfum í kosningunum, bæði í þessum málum og varðandi barnabætur.

[17:48]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er rætt um baráttuna gegn fíkniefnum. Það skiptir máli í því sambandi hvaða árangri þær aðgerðir skila sem í hefur verið farið. Stefna ríkisstjórnarinnar í áfengis- og fíkniefnamálum var samþykkt árið 1996 og hún hefur verið höfð að leiðarljósi í þessu starfi síðan. Þeir sem hafa unnið að þessum málum hafa sagt mér að þessi stefnumótun sé þeim mjög verðmæt. Þarna er tekið til margra þátta, t.d. samstarfs ýmissa aðila og sérstök áhersla hefur verið lögð á að virkja foreldra til ábyrgðar og almennt verið hvatt til heilsusamlegs lífernis.

Ég hef fyrir framan mig útdrátt úr könnun um ungt fólk árið 2000, þar sem fjallað er um árangur af því sem gert hefur verið undanfarið. Þar segir m.a. að niðurstöður rannsóknarinnar sýni að dregið hafi úr áfengisneyslu, reykingum og neyslu ólöglegra vímuefna, þ.e. hass og sniffefna meðal nemenda. Þannig að þegar í stað er hægt að sjá árangur.

[17:49]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur þegar gert ágæta grein fyrir því aukna fjármagni sem bætt hefur verið til þessa málaflokks en málaflokkurinn heyrir í raun undir ein fimm ráðuneyti, ekki eingöngu undir heilbrrn. Þessar upplýsingar eru öllum aðgengilegar sem og sundurliðunin á þeim, sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hún nefndi.

Það skiptir Framsfl. auðvitað máli að hafa sýnt fram á efndir kosningaloforðs en það sem skiptir framsóknarmenn þó mestu máli, og vonandi alla aðra sem láta þessi mál sig skipta, er árangurinn af því fjármagni sem lagt er til þeirra.

Aukinn árangur fjármagns sem veitt hefur verið til eftirspurnarþáttarins, til forvarna- og meðferðarúrræða, er sá að biðlistum unglinga eftir meðferð hefur verið útrýmt með úrræðum heilbrigðiskerfisins og þeim sem heyra undir forsjá félmrn. Kannanir sýna að dregið hefur úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglinga.

Framboð fíkniefna ræðst á hinn bóginn að miklu leyti af árangri lögreglu og tollgæslu og ég ætla að það sé óumdeilt að þeir lykilaðilar beiti öllum úrræðum sem völ er á.

Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni vil ég þakka fsp. og honum gengur vísast til, eins og Framsfl. fyrir síðustu kosningar, að vekja athygli á fíkniefnavandanum og gott er að vita af þeim liðsmanni.

[17:50]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Víða um landið eru að myndast samtök foreldra, skóla, íþróttafélaga, lögreglu og annarra sem vilja hefja einarða baráttu gegn fíkniefnavánni. Ég hvet hv. þm. Steingrím J. Sigfússon til að kynna sér þá vakningu sem á sér stað meðal þjóðarinnar allrar gegn þessum mikla vágesti.

Staðreyndin er einfaldlega sú að árangur næst aldrei nema þjóðin öll vinni saman, jafnt innan þings sem utan. Þess vegna ætti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fremur að fagna því að Framsfl. skuli hafa sett þetta mál á stefnuskrá sína. Hv. þm. ætti fremur að ganga í lið með öllum þeim sem vilja vinna saman í baráttunni gegn fíkniefnum en að reyna að sá fræjum tortryggni og ýta undir sundrungu í stað samvinnu. Þannig næst aldrei árangur í þessu mikilvæga og viðkvæma máli.

[17:52]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ef ég hef skilið hv. fyrirspyrjanda rétt, þá sagði hann að það hefði verið á mörkunum hjá Framsfl. að setja þetta mál á oddinn í kosningabaráttunni. Mér skildist að það væri á mörkunum að það væri siðlegt.

Ég spyr: Eiga talsmenn stjórnmálaflokka að tala bara um daginn og veginn í kosningabaráttunni eða um veðrið? Eiga menn ekki að setja sér takmörk? Eiga menn að vera svo hræddir við að setja sér takmörk, við að menn lendi í vondri umræðu eftir kosningar, að þeir tali bara um veðrið? Er það skoðun hv. þm.?

Við þurfum reyndar ekki að óttast umræðuna í þessu efni. Það hefur verið rakið hér. En ég er undrandi á ræðu hv. þm. sem hann flutti hér sem inngang að fsp. sinni, að það væri á mörkum þess að geta talist siðlegt að tala um þetta mikla vandamál þjóðfélagsins í kosningabaráttunni.

[17:53]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar við tölum um þessi mál og þau markmið sem menn vilja setja sér þá er fremur óeðlilegt að menn skuli tíunda hér fjármuni umfram árangur.

Ég verð að segja, herra forseti, að þegar fyrir liggur að þó að svo mikið af efnum sé tekið í tolli en samt er svo mikið í umferð að aldrei hafa fleiri verið í meðferð en nú og enn aukning, samanber orð hæstv. ráðherra, þá hlýt ég að setja spurningarmerki við árangurinn og það veit ég að fleiri gera.

Hins vegar er kannski ekki við hæstv. heilbr.- og trmrh. að sakast í þeim efnum. Við hefðum auðvitað þurft að hafa hér hæstv. dómsmrh. til að ræða þessi mál, því þau heyra mun frekar undir hana. Það má jafnvel, herra forseti, setja spurningarmerki við áherslur hæstv. dómsmrh. í þessum efnum. Það er sannarlega ástæða til að vefengja hinn meinta árangur í þeirri miklu baráttu sem menn hafa lagt í gegn vímuefnum undanfarin ár. Árangur þyrfti að vera margfalt meiri, herra forseti.

[17:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér eru háalvarleg mál til umræðu. Sú þjóðarvakning sem orðið hefur á Íslandi skiptir miklu máli. Samstarf sveitarstjórna, foreldra, skóla og lögreglu í þessum málaflokki skiptir afar miklu.

Ég vil minna á að oft eru reykingar byrjun á því að unglingar fari að neyta eiturlyfja. Við skulum ekki gleyma því að áfengisneysla er háalvarlegt mál. Ég vil minna á átak sem unglingar gerðu í samtökum sínum í félagsmiðstöðvum, átak gegn unglingadrykkju sem felst í að unglingar segi: Við kunnum að segja nei. Við vitum hvað við viljum, við drekkum ekki. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt þegar í upphafi.

En hvað varðar lögregluna þá tel ég að hún hafi staðið sig afar vel núna sl. ár í því sem hún á að sinna.

[17:55]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn inn á þing og eins hæstv. ráðherra fyrir svör hennar.

Auðvitað er alveg ljóst að allir flokkar hafa vímuvarnir á stefnuskrá sinni en þeir setja hana fram með mismunandi hætti. Framsetning Framsfl. fyrir síðustu kosningar, með milljarðinn í farteskinu, var áberandi. Árangurinn hefur komið í ljós og hann er bæði góður og slæmur, eftir því hvernig á það er litið.

Aukin samvinna milli sveitarfélaga og lögreglu er hins vegar fagnaðarefni og það er mjög mikilvægt að vímuvörnum á öllum sviðum verði fylgt vel eftir og það haft í huga þegar við erum að ræða hér um tóbaksvarnir, frjálsari sölu á áfengi o.s.frv.

[17:57]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vísa á bug orðum hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um að hæstv. dómsmrh. hafi ekki beitt sér sem skyldi í þessum málum. Náðst hefur geysilegur árangur, sérstaklega í löggæslu og tollgæslu, í þessum málum á þessu ári. Skemmst er að minnast mikillar upptöku á e-pillum núna nýlega í Keflavík. Gríðarlegur árangur hefur náðst í þessum málum og það er náttúrlega unnið að því markvisst. Það er engin tilviljun að samvinna lögreglu, skóla og nemenda hefur aukist. Þetta er gert á markvissan hátt en ekki út í loftið.

Þannig að hv. ríkisstjórn leiðir þetta starf mjög farsællega. Enginn einn flokkur getur eignað sér þessi mál, það er alveg rétt eins og hér hefur komið fram.

[17:58]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Fsp. sem hér er til umræðu er beint til hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er slæmt að svona fsp. skuli ekki beint til hæstv. dómsmrh. vegna þess að maður leiðir hugann að því hvort það telst átak í að berjast gegn fíkniefnum og þeirri vá sem þeim fylgir, þegar fíkniefnalögreglan, nú í september og október, er búin með alla fjárveitingar og komin í yfirvinnubann. Þegar dagvinntíma fíkniefnalögreglu lýkur þá er bara allt frjálst á þessum markaði.

Maður veit eiginlega ekki hvort maður á að gráta eða hlæja að þessum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar nema e.t.v. hafi verið ákveðið í ríkisstjórn að berjast gegn fíkniefnavánni með pappalöggum.

[17:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Við hv. þm. Hjálmar Jónsson vil ég segja: Ég efast um að ég fylgist nokkuð lakar en hann með því hvernig viðhorf almennings og sveitarfélaga og annarra aðila í þessu landi hafa mótast í þessum efnum. Ég hygg að segja megi, að öðrum sveitarfélögum ólöstuðum, þá hafi Akureyri, höfuðstaður í mínu kjördæmi, tekið hvað myndarlegast á forvarnamálum á undanförnum árum. Þar hefur náðst mikill árangur eins og viðurkennt er og bænum m.a. verið hrósað sérstaklega af ýmsum yfirvöldum þessara mála.

Ég vil einmitt þjóðarsamstöðu um baráttuna gegn þessari vá. Ég tel að þverpólitísk samstaða sé mjög mikilvæg. Þess vegna vara ég við því að einhver einn stjórnmálaflokkur reyni að slá eign sinni á árangurinn og láti sem hann einn skari fram úr hvað það varðar að hafa einhverja meðvitund í þessum efnum. Ég skal glaður taka það hlutskipti á mig að halda fram þessu sjónarmiði þó ég verði var við það hér í salnum að framsóknarmenn gerast mjög órólegir þegar þetta er sagt.

Það er mín meining að við eigum að reyna að varðveita þverpólitíska samstöðu um aðgerðir gagnvart samfélagslegum stórvandamálum af þessu tagi og fara gætilega í þeim efnum að gera út á þau í kosningabaráttu.

Höfum við náð árangri? Jú, það hefur náðst meira af fíkniefnum. En það vita líka allir sem til þekkja að bak við þá mynd getur verið sú óhugguleg staðreynd að miklu meira sé að berast til landsins. Oft er notuð sú þumalputtaregla að kannski tíundi hluti af því sem flutt er inn náist, og ef mun meira er flutt inn er líklegra að meira náist. Með þessu geri ég síður en svo lítið úr baráttu tollgæslu- og lögregluyfirvalda. Hún er mjög mikilvæg. En það eru margir sem óttast að við séum pínulítið að plata okkur í þessum efnum og nota sem mælikvarða á það þá staðreynd að verð á fíkniefnum á markaði hefur ekki hækkað þrátt fyrir að meira náist. Hvers vegna? Er það ekki væntanlega vegna þess að framboðinu er fullnægt?

Ég fagna hverri krónu sem bætist við í baráttuna gegn þessu. En ég geld varhug við því að taka þessa samlagningu hæstv. heilbrrh. á öllu sem bætt hefur verið við til allra forvarnastarfa og allrar tollgæslu- og löggæslu í landinu sem eyrnamerktar efndir á kosningaloforðum Framsfl. Fallast t.d. ráðherrar Sjálfstfl. á það að um sé að ræða eyrnamerkingu á kosningaloforði framsóknarmanna?

[18:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég er fegin því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon datt ekki í þann pytt að vera á móti þessu samfélagsverkefni eins og svo mörgum öðrum verkefnum sem hér eru til umfjöllunar. En hann var rétt dottinn í þann pytt.

Það er alveg rétt sem hér hefur fram komið að það næst enginn árangur nema samfélagið sé tilbúið til að vinna saman. Það má enginn hlekkur bresta. Það vill svo til að ég talaði við sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli fyrir nokkrum stundum og hann sagði mér að það er sú samvinna sem náðst hefur um landið allt sem er að skila árangri.

Það er nú svo skrýtið að ég hóf ekki þessa umræðu. Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hóf þessa umræðu og spurði hvernig Framsfl. hefði staðið sig í þessu máli. Það er meira að segja spurning hvort það hafi verið þingleg fyrirspurn eins og hún var borin fram.

En aðalatriðið er þetta: Eru menn að ná árangri? Það er aðalatriðið. Við höfum gert kannanir hvað það varðar, gerum það reglulega og við erum að ná verulegum árangri í grunnskólanum. Og það er vegna þess að samfélagið allt hefur tekið á sig ábyrgð og foreldrar hafa tekið á sig rögg. Hann minntist á Akureyri. Ég vil minnast á Ísafjörð og ég vil minnast á Grundarfjörð. Ég vil minnast á mörg bæjarfélög þar sem samfélagið allt á stöðunum hefur tekið höndum saman og náð árangri. Þannig náum við árangri og þess vegna fannst mér svolítið sérkennileg fyrri ræða hv. þm., þ.e. hvernig hann ætlaði að tortryggja alla hluti. Svo held ég að hann hafi verið hissa á hve miklir fjármunir hafa raunverulega farið í þetta.

Áhættuhegðun karla.

Fsp. SvanJ og ÞSveinb, 61. mál. — Þskj. 61.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í lið 6.10. í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar sem var samþykkt vorið 1998 segir undir yfirskriftinni Áhættuhegðun karla, með leyfi forseta:

„Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir."

Herra forseti. Ísland er á ótrúlega skömmum tíma að breytast úr samfélagi veiðimanna og bænda í upplýsinga- og þekkingarsamfélag. Þessi staðreynd og tölfræðilegar upplýsingar um raunverulega stöðu karla á ýmsum viðkvæmum sviðum þjóðlífsins hljóta að leiða til endurmats á því hvað telst karlmennska og að ný staða karla sé skilgreind, ekki síður en kvenna.

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um mismunandi stöðu kynjanna, bæði í skólum og á vinnumarkaði. Að breyta þessu, herra forseti, er viðfangsefni jafnréttisbaráttunnar, ekki síst með það fyrir augum að allir fái að njóta sín og verðleika sinna, en sé ekki þrýst inn í staðlaða ramma.

Ég nefndi skólana og vinnumarkaðinn, herra forseti. En augu þeirra sem láta sig jafnréttismál varða hafa hins vegar ekki beinst í jafnríkum mæli að þáttum sem snúa að slysum og sjálfsvígum og þeim kynbundna mun sem þar er á ferðinni.

Um 65% gesta Unglingaheimilis ríkisins hafa verið drengir. Afskipti lögreglu af unglingum sýna einnig að drengir eru mun líklegri til að komast í kast við lögin og vera undir eftirliti lögreglu, eða 86% á móti 14% stúlkna.

Dauði vegna slysa er margfalt algengari meðal drengja og pilta og sama á við um sjálfsvíg.

Á aldrinum 15–19 ára er dánartala karla tvöfalt hærri en kvenna og á aldrinum 20–24 ára er hún þrefalt hærri.

Nýleg umræða um aukningu á sjálfsvígum hlýtur að leiða hugann að þessum staðreyndum og þar með að raunverulegri stöðu karla, stöðu sem á stundum hefur verið kölluð gjald karlmennskunnar.

Það er því mikilvægt, herra forseti, að samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti lætur heilbrrh. kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

Samkvæmt upplýsingum frá landlækni í tengslum við umfjöllun um fjölgun sjálfsvíga hér á landi virðist eina þekkta aðferðin til að stemma stigu við sjálfsvígum vera að uppfræða heilbrigðisstarfsfólk. Það er því mjög við hæfi að heilbrrh. beiti sér í þessu máli.

Ég hef þess vegna, herra forseti, og vegna þess að það er sjálfsagt að reyna að komast til botns í því hvort og þá hvaða þátt sú karlmennskuímynd sem drengir eru aldir upp við á í þessari staðreynd, spurt ráðherra eftirfarandi spurninga:

Hefur ráðherra látið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir, eins og segir í jafnréttisáætluninni?

Hverjar eru niðurstöður könnunarinnar ef þær liggja fyrir, en ef ekki, á hvaða stigi er þá nefnd könnun?

[18:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Heilbrrn. og landlæknisembættið hafa á undanförnum árum unnið að málefnum sem tengjast slysum og sjálfsvígum á mörgum vígstöðum. Ég vil nefna helstu atriði sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Mikil vinna hefur verið í greiningar- og forvarnastarfi gegn sjálfsvígum á undanförnum árum og hefur landlækni verið falin umsjón þeirra af hálfu ráðuneytisins. Þannig hefur landlæknir komið á samvinnu milli héraðslæknis og geðlæknis á vegum landlæknisembættisins, sálfræðings og prests vegna áberandi sjálfsvígsbylgju sem upp kom í einum landsfjórðungi. Ræddu þeir við aðstandendur þeirra sem framið höfðu sjálfsvíg og héldu almenna borgarafundi um málið. Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur vinnur að skýrslu um sjálfsvíg sem mun koma út á næstunni og landlæknisembættið átti aðild að nefnd sem kannaði tíðni og orsakir sjálfsvíga á Íslandi og lagði fram tillögur til úrbóta.

Fyrir ári skipaði landlæknir starfshóp til þess að vinna að þessum málum sem mun væntanlega skila af sér innan tíðar. Lögð er áhersla á að tillögur hópsins verði raunhæfar og áhersla lögð á framkvæmdir fremur en frekari kannanir.

Samstarfsverkefni um þriggja ára átak í geðrækt er þegar hafið og hafa verið ráðnir til þeirra tveir starfsmenn í hlutastarf og áhersla er þar lögð á fræðslu- og forvarnir.

Í júlí óskaði ég eftir úttekt landlæknis á áhrifum e-pillunnar, tíðni þess að fólk leiti til læknis eftir neyslu hennar og hlut hennar í sjálfsvígum og innlögnum á sjúkrahús. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir, en ég mun fá hana innan tíðar.

Ljóst er að búið er að gera ýmsar kannanir varðandi eitranir sem eru af ýmsum toga og ekki kynbundnar. Þær eru af mörgum orsökum, þ.e. vegna bæði fikts og fíknar, og svo hafa náttúrlega orðið margar eitranir af völdum efna sem börn hafa komist í og réði ég fyrir tveimur árum síðan sérstakan slysavarnafulltrúa barna sem hefur gert átak hvað þetta varðar.

Varðandi kynjaskiptingu í slysum almennt hefur verið sett á laggirnar sérstök slysaskráning og nú eru öll slys á landinu skráð sérstaklega. Það er ekki nema tæpt ár síðan það hófst þannig að við höfum ekki úttekt úr þeim skýrslum. En það er auðvitað grunnurinn að því að við getum svarað þessu og farið í þá nefndarvinnu sem Alþingi ákvað 28. maí 1998. Öll þessi forvinna er alveg nauðsynleg áður en við göngum til þeirra starfa.

Við höfum verið að einbeita okkur á mjög mörgum vígstöðvum eins og fram hefur komið í máli mínu og hef ég þó talið aðeins lítið eitt upp af því sem við erum að vinna á þessu sviði.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir þau svör sem hér hafa komið. Ég tek þó eftir því að ráðherra hefur ekki farið í það að láta vinna samkvæmt því sem fram kemur í áætlun ríkisstjórnarinnar, þ.e. að láta kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun sem þar er tilgreind.

Ég fór áðan yfir það hversu miklu algengara er að drengir og piltar verði fyrir slysum sem valda dauða og líka hvað varðar sjálfsvíg. Ég met það svo að það sem hæstv. heilbrrh. greindi okkur frá um störf landlæknis sé allt mjög í áttina. Hitt væri hins vegar mjög áhugavert ef ráðherra léti skoða þátt karlmennskuímyndarinnar, vegna þess að eins og fram kom í inngangi mínum hlýtur að liggja að baki þessum mikla kynbundna mun eitthvað sem ástæða væri til þess að skoða og ætti að skoða ef menn vilja horfa til þess að við búum báðum kynjum bærilegar aðstæður, þ.e. aðstæður sem ekki framkalla þá þessa óæskilegu hegðun.

Ég tek eftir því hjá hæstv. ráðherra að áherslan liggur mjög í fræðslu- og forvarnastörfum. Það er mjög gott og í samræmi við það sem ég þykist hafa lesið að geti borið árangur þegar sjálfsvíg eru annars vegar. Varðandi slysaskráninguna hins vegar sem hún gat um áðan fannst mér ekki alveg koma fram hjá ráðherra hvort þessi slysaskráning er kynbundin. Getur ráðherra svarað því? Vegna þess ef svo er erum við auðvitað að fá tæki til mun betri skráningar en verið hefur.

[18:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá mér áðan er verið að vinna á mörgum afmörkuðum sviðum. Varðandi slysaskráninguna þá er hún kynbundin og það er út af fyrir sig alveg útilokað annað en að vera komin með fyrstu útskrift úr þessari slysaskráningu til að geta farið formlega í þá vinnu sem hér hefur verið rætt um. Og til þess að ná þeim upplýsingum sem þurfa að vera í vinnu eins og Alþingi gerði ráð fyrir þá er náttúrlega tekið á geysilega mörgum þáttum og það þurfa mjög margir að koma að verkinu. Þess vegna höfum við verið að viða að okkur þessum ólíku gögnum sem ég hef hér nefnt.

Við megum hvergi hvika frá þessari áætlun. Það er ekki einfalt að ætla að stúdera karlmennskuímynd í þá veru sem Alþingi ákvað á sínum tíma þannig að við þurfum ýmis gögn áður en við komumst lengra.

Skert þjónusta Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Fsp. ÞBack, 128. mál. — Þskj. 128.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Það má segja um þessa fyrirspurn eins og fleiri sem nú er verið að svara að umfjöllun og upplýsingar um efnið hafa komið fram í fjölmiðlum frá því fyrirspurnin var lögð fram.

Heilbrigðisstofnun Austurlands starfar frá Bakkafirði til Djúpavogs og skiptist í heilsugæslusvið og sjúkrasvið. Stofnunin varð til við sameiningu nær allra heilbrigðisstofnana á þessu svæði og starfar nú á öðru starfsári. Þann 1. janúar sl. bættist rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar á Vopnafirði við Heilbrigðisstofnun Austurlands. Stofnunin hefur nokkra sérstöðu innan heilbrigðisþjónustunnar vegna þess hve hún er dreifð um stórt landsvæði og eins sökum þess að sameinaðar voru í eina stofnun að mörgu leyti ólíkar en sjálfstæðar heilbrigðisstofnanir.

Herra forseti. Heilbrigðisþjónusta hefur mikil áhrif á búsetu fólks og það er líklegra að fólk velji sér búsetu á landsbyggðinni ef það getur treyst á góða og örugga heilbrigðisþjónustu. Stöðugleiki í mönnun heilbrigðisstofnunar í heimabyggð, og þá sérstaklega lækna, hefur mikið að segja.

Hvatinn að sameiningu heilbrigðisstofnana á Austurlandi var m.a. að bæta mönnun á þeim stöðum sem erfitt hafði verið að manna mörg undanfarin ár. Mikil vinna hefur verið lögð í að ná fram hagræðingu í rekstri hinnar nýju stofnunar samfara styrkingu bæði inn á við sem og út á við. Til að halda rekstri stofnunarinnar innan ramma fjárlaga þessa árs hefur þurft að beita ströngu aðhaldi og því miður að skerða nokkuð þjónustu. Lokun fæðingardeildarinnar í Neskaupstað í sex vikur í sumar olli töluverðum blaðaskrifum og leiðindum heima fyrir, sérstaklega hjá konum sem að öllu jöfnu hefðu sótt fæðingarþjónustu til Neskaupstaðar.

Því miður hefur nú komið í ljós að þrátt fyrir strangt aðhald í rekstri þá hefur það ekki dugað og við átta mánaða uppgjör kom í ljós að stofnunin hafði farið rúmlega 6% fram úr áætlun og er því nú gripið til frekari skerðingar á þjónustu.

Ljóst er að þó stofnunin sé í heild nokkuð stór þá er hver eining lítil og vegur því hver og einn mikið veikur sjúklingur sem nýtur þjónustu á viðkomandi stað mikið í rekstri þeirrar einingar.

Það er ómannúðlegt að senda sjúklinga til meðferðar í annan fjórðung ef hægt er með góðu móti að sinna honum í heimabyggð. Hvaða sparnaður er það fyrir heilbrigðiskerfið að vísa sjúklingum til stóru sjúkrahúsanna í sömu meðferð og þeir gætu fengið heima fyrir? Meðferðin verður ekki

ódýrari og við bætist kostnaður vegna ferða, vinnutaps, að viðbættum óþægindum fyrir sjúklinginn.

Einn af mörgum þáttum til sparnaðar í rekstri Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað hefur verið að koma á ferliverkum sérfræðinga við sjúkrahúsið, þ.e. að framkvæma rannsóknir og minni háttar aðgerðir án innlagnar. Ferliverkin voru tekin upp þann 1. október á síðasta ári og samhliða því var rúmum fækkað um átta og starfsmönnum eftir því.

Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Hvað veldur því að ákveðið hefur verið að draga stórlega úr starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað á síðasta ársfjórðungi þessa árs, þar á meðal sérfræðiþjónustu í formi ferilverka? (Forseti hringir.)

Herra forseti, má ég aðeins klára tvær setningar?

2. Hvaða sparnaður felst í því fyrir heilbrigðiskerfið í heild þegar ljóst er að viðkomandi sjúklingar verða í staðinn að leita sér læknisþjónustu út fyrir fjórðunginn?

3. Mun ráðuneytið á næstunni leita til Alþingis eftir aukafjárveitingu fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands til að sjúkrahúsið í Neskaupstað geti sinnt nauðsynlegri starfsemi eins og hér um ræðir?

[18:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spyr mig þriggja spurninga. Í fyrsta lagi er spurt hvers vegna dregið sé stórlega úr sérfræðiþjónustu í Neskaupstað.

Það er ekki rétt að það sé dregið stórlega úr sérfræðiþjónustu í Neskaupstað. Í fyrra voru unnin sérfræðilæknisverk, ferliverk, sem svara til 15 þúsund eininga samkvæmt gjaldskrá lækna. Í ár fékk spítalinn leyfi til að láta sérfræðilæknana vinna 41.500 einingar, eða þrefalt meira en í fyrra. Og þessi áætlun hefur legið fyrir síðan um áramót.

Í öðru lagi er spurt að því hvort það sé sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið að senda sjúklinga til læknis milli landsfjórðunga.

Svarið við því er auðvitað nei, enda lögðum við í grunninn fyrir árið 2000 120 millj. kr. meira til Austurlands en við gerðum árið á undan.

Svo er í þriðja lagi er spurt að hvort aukafjárveitingu sé að vænta til FSN.

Svarið er þetta: Það mun liggja fyrir í nóvember að undangengnum viðræðum við þá sem bera ábyrgð á rekstrinum eystra og ég veit að fyrirspyrjanda er kunnugt um að þessi vandi í Neskaupstað er hvorki nýr né óalgengur. En hann er mjög alvarlegur hins vegar.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef að austan, var veitt meira fé til reglulegrar starfsemi fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Greiddar voru upp allar skuldir sjúkrahússins í Neskaupstað um sl. áramót og það hefur ekki gerst áður, a.m.k. ekki síðustu tíu ár að enginn hali sé í byrjun árs. Og ekki hafa verið unnin hlutfallslega fleiri læknisverk þar í ár araraðir fyrr en á árinu í ár. Þetta er staðreynd málsins og þetta er líka mikilvægt vegna þess að við viljum nýta þessa ágætu stofnanir eins og í Neskaupstað.

Ég veit hvert tilefni umræðunnar er. Það er bréf frá sjúkrahússlækninum sem hann skrifaði sjúklingunum sínum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa bréfið. Það hljóðar svo:

„Fjárveitingar heilbrigðisráðuneytisins til FSN vegna sérfræðistarfa fyrir sjúklinga utan spítala eru nú uppurnar. Ekki hefur tekist að fá viðbótarfjármagn þannig að þessi þjónusta fellur niður frá og með deginum í dag og til áramóta. Þar sem þú ert á biðlista eftir skoðun og rannsókn hjá mér verð ég því miður að biðja þig að leita til sérfræðinga í Reykjavík eða á Akureyri, getir þú ekki beðið til áramóta. Við hörmum að ekki skuli unnt að veita þessa þjónustu hér, en því miður höfum við ekki svigrúm til þess. Varðandi nánari skýringar og upplýsingar vísa ég til heilbrigðisráðuneytisins."

Undir þetta skrifar læknirinn.

Þetta er mjög mikið umhugsunarefni fyrir okkur öll. Þarna erum við að skoða vísi að einkapraxís, þ.e. þessi svokölluðu ferliverk sem við byrjuðum með í Neskaupstað í fyrra. Ef öll sjúkrahúsþjónusta væri undir þessum ferliverkum þá getum við spurt okkur sjálf að því hvernig rekstrinum væri háttað. Ég held að þetta sé mjög lærdómsríkt dæmi sem við þurfum öll að skoða mjög grandvart í okkar huga vegna þess að því er ekki þannig farið að læknarnir séu ekki á launum á sjúkrahúsinu og í fullri vinnu. Þeir eru í fullri vinnu og það er ekkert sem stoppar það af að þessi verk sem hér um ræðir séu unnin á sjúkrahúsinu þar. Ekkert stoppar það af. Við höfum unnið þessi verk í áravís. Þetta er aðeins um ferliverkin.

Ég sagði áðan að við bættum við grunninn 120 milljónum til Austurlands á síðasta ári og tókum hala burt frá sjúkrahúsinu í Neskaupstað sem var ansi drjúg upphæð. Það segir mér enginn að það þurfi að stoppa allar aðgerðir vegna þess að talið er að það vanti eina og hálfa milljón í svokölluð ferliverk. Þetta skulum við íhuga.

[18:23]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur staða fjórðungssjúkrahússins verið styrkt fjárhagslega. Hins vegar er ferilverkamálið og ferilverkakvótinn úrlausnarefni sem þarf að yfirfara í ljósi reynslunnar. Þetta fyrirkomulag er tiltölulega nýtt af nálinni í Neskaupstað. Ég er þeirrar skoðunar að nýta eigi hæfileika lækna og sérþekkingu sem er á staðnum til að gera aðgerðir, nýta þá aðstöðu sem á staðnum er að finna og efla sérfræðiþjónustu í héraði. Ég veit að það er fullur vilji til að vinna að því. Það þarf að fara yfir þetta mál sem til er komið vegna þess að forráðamenn Heilbrigðisstofnunar Austurlands leita leiða til að halda stofnuninni innan fjárlaga. Ég held að það þurfi að skoða þessi mál þannig að hægt sé að halda þessum aðgerðum áfram.

[18:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér gefst ekki langur tími til að gera athugasemdir við mál hæstv. ráðherra en því miður er hér verið að blanda saman tveimur óskyldum málum. Meginvandinn sem nú er við að etja og stendur upp úr eystra er að sjálfsögðu ferilverkin og þær einingar sem úthlutað var til þeirra við sjúkrahúsið. Að vísu er dregið úr sértekjumöguleikum sjúkrahússins með því að fella niður þessi verk. En það sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra um er:

Í fyrsta lagi. Hvaða reglur voru viðhafðar við úthlutun á ferilverkaeiningunum í upphafi fyrir þetta ár?

Í öðru lagi. Hvernig er staðan almennt á landinu vegna ferilverkana?

Og í síðasta lagi. Er hugsanlegt að endurskoða þá úthlutun sem gerð var fyrir árið í ljósi þeirra staðreynda sem nú liggja fyrir, þ.e. að heill landshluti er nú án þessara ferilverka?

Það er auðvitað augljóst Austfirðingar geta ekki sætt sig við að fá ekki að njóta þessarar þjónustu.

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Eins og komið hefur fram eru hér tvö mál í gangi, þ.e. aðhald vegna almenns rekstrar á allri stofnuninni og eins vegna þess að ferlieiningarnar eru uppurnar. Ég tek því undir orð síðasta ræðumanns varðandi þann möguleika að endurskoða úthlutun ferlieininga og auka hana til stofnunarinnar út þetta ár og athuga viðmiðin fyrir næsta ár. Að mínu áliti væri Ísafjörður hugsanlega sá staður sem við ættum að líta til.

Ég vil að það komi fram að ég hef ekki bréf læknisins undir höndum og var ekki að vitna til þess heldur almennt um þá stöðu sem stofnunin er í, sérstaklega fjórðungssjúkrahúsið og þá stöðu sem það hefur fyrir allan fjórðunginn.

Það er ljóst að aðstaða er til að efla starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað langt umfram það sem verið hefur. Því er mikilvægt, bæði vegna heilbrigðis- og byggðasjónarmiða, að fullnýta þá starfskrafta, húsnæði og tækifæri sem starfsemi sjúkrahússins býður upp á, bæði fyrir íbúa fjórðungsins og eins fyrir sjúklinga utan hans sem annars þyrftu að bíða eftir meðferð eða endurhæfingu.

Aðhald í rekstri verður að vera innan þeirra marka sem sameiningin út af fyrir sig getur leitt af sér og getur t.d. falist í einfaldari stjórnun, sameiginlegum innkaupum, afleysingum og mönnun, svo eitthvað sé nefnt. Sameining heilbrigðisstofnana á að vera til þess að efla heilbrigðisþjónustu á Austurlandi.

Herra forseti. Það verður að viðurkennast að sameiningin út af fyrir sig hefur kostað meira en menn gerðu ráð fyrir. Ef ekki fæst aukafjármagn til rekstursins á þessu ári þá er hætt við að þetta sameiningartákn fjórðungsins muni eiga erfitt uppdráttar í framtíðinni.

[18:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég deili þeirri skoðun með þeim sem hér hafa talað um að við eigum að auka öll þau verk sem hægt er úti á landi. Ekki síður en hér, því alltaf þarf aukna þjónustu alls staðar. Að því hefur verið unnið. Ég minntist á það hér áðan að við höfum aukið fjárframlög til stofnunarinnar verulega og létt henni róðurinn.

Bréfið sem ég vitnaði hér í olli því að mikil umræða hefur orðið um málið, ég vildi bara að það kæmi upp á borðið. Það er út af ferilverkunum.

Ég var spurð að því við hvað við miðuðum. Við miðuðum við 15.000 einingar í fyrra og þrefölduðum það í ár. Það dugir greinilega ekki.

Ég var einnig spurð: Fær sjúkrahúsið aukafjármagn? Ég svaraði því líka áðan. Það er verið að vinna með stjórnendum stofnunarinnar fyrir austan að greina hver staðan raunverulega er.

Ferilverk er svolítill einkapraxís sem hefur verið við lýði alveg frá 1992 eða 1993 og sumpart hefur það gengið ágætlega, en á þeim eru margir annmarkar sem ekki hefur verið auðvelt að sníða af. Þess vegna sagði ég áðan að við yrðum að skoða málið í heild sinni, bæði þetta atriði og önnur.

En ég endurtek að við höfum byggt þannig upp úti á landi að sjúkrahúsin séu sterkari og stærri. Ég vil taka fram að við höfum verið mjög heppin í Neskaupstað og mig langar ekki að standa í stríði við einn eða neinn þar. Þar höfum við haft alveg geysilega sterkt og gott starfsfólk sem hefur komið sér afskaplega vel fyrir fjórðunginn.

Búsetuþróun.

Fsp. KLM, 58. mál. — Þskj. 58.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. iðn.- og viðskrh. um búsetuþróun. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur kostnaður samfélagsins af búsetuþróuninni sem hefur orðið frá árinu 1986 verið metinn og hefur Byggðastofnun metið áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu, í samræmi við 16. tölul. þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?“

Skemmst er frá því að segja að flestöll erum við sammála um að búsetuþróunin er mikill þjóðarvandi, ekki landsbyggðarvandi heldur þjóðarvandi. Undanfarin 8–10 ár höfum við þurft að horfa upp á að tæplega 12.000 manns hafa flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hæstv. forsrh. hefur sagt að kostnaður við hvern nýjan íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem flyst frá landsbyggðinni sé um 3–6 millj. kr. á ári og miðað við 2.000 manna flutning á ári er því um að ræða 6–12 milljarða kr. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sáu ástæðu til þess á aðalfundi sínum í fyrra að gera sérstaka samþykkt og óska eftir viðræðum við ríkisstjórn um að ríkisvaldið taki þátt í þeim mikla kostnaði sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verða fyrir vegna þessara miklu búferlaflutninga.

Þess vegna er spurning mín sett fram um hvort eitthvað hafi verið gert með þá þál. sem samþykkt var, hvort Byggðastofnun hafi metið áhrif lagasetninga, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á þessi atriði. Hefur t.d. verið metið hver kostnaður samfélagsins verður af nýlegum breytingum á þungaskatti? Áður olli breyting á þungaskatti því að flutningskostnaður út á land hækkaði mjög mikið og margir spá því að síðasta breyting á þungaskattinum, sem er að koma fram núna við álagningu um þessar mundir, muni stórauka tekjur ríkissjóðs vegna þess að þessir skattar hafi hækkað. Hefur t.d. verið lagt mat á áhrif þess að miða fasteignagjöld á landsbyggðinni við fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu? Og síðast en ekki síst, eins og ég sagði áðan: Hefur verið lagt mat á þessa byggðaröskun og er hæstv. iðnrh. sammála hæstv. forsrh. um að kostnaður á hvern íbúa sem flyst til höfuðborgarsvæðisins sé 3–6 milljónir á hvern íbúa, þ.e. 6–12 milljarðar á ári, miðað við að 2.000 manns flytji hingað suður?

[18:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir fsp. sem hér er flutt og svar mitt er þetta:

Kostnaður samfélagsins hefur ekki verið metinn að fullu. Byggðastofnun óskaði eftir slíku mati frá verkfræðistofunni VST á síðasta ári. Verkfræðistofan var þá að vinna að mati á kostnaði höfuðborgarsvæðisins af uppbyggingu nýrra svæða, þ.e. kostnaði aðflutnings sveitarfélaganna, og liggur sú niðurstaða fyrir.

Hinum þætti athugunarinnar sem snýr að kostnaði brottflutnings sveitarfélaganna var frestað og lagði þróunarsvið Byggðastofnunar til við stjórn Byggðastofnunar að þessi

kostnaðarathugun yrði hluti af víðtækari athugun á samfélagslegum áhrifum búseturöskunar. Gerð hefur verið verkefnalýsing og leitað eftir samstarfi við ýmsa aðila um það mál. Verkefnið er því á verkefnalista stofnunarinnar.

Áhrif lagasetningar á byggðaþróun hafa verið metin þegar erindi þar um hafa borist Byggðastofnun. Á síðasta ári gaf stofnunin umsögn um þrjú þingmál en það voru frv. til breytinga á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þáltill. í byggðamálum og frv. til breytinga á lögum um Byggðastofnun.

Það sem af er þessu ári hefur stofnunin veitt umsagnir um fimm þingmál. Áhugi hefur verið á því innan stofnunarinnar að meta kerfisbundið öll lagafrv. sem lögð eru fram á Alþingi. Hv. þm. Magnús Stefánsson hefur ásamt fleiri hv. þm. lagt fram till. til þál. þess efnis að með stjórnarfrv. sem lögð eru fyrir Alþingi fylgi mat á því hvaða áhrif lögfesting frv. kunni að hafa á byggða- og atvinnuþróun í landinu.

Áhrif einstakra stjórnvaldsaðgerða hafa verið metin þegar erindi hafa borist til Byggðastofnunar. Á árinu 1999 gaf stofnunin umsagnir um ellefu mál og það sem af er þessu ári hefur hún veitt umsagnir um níu mál.

Að öðru leyti vil ég taka undir margt sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda. Ég hef ekki minni áhyggjur af byggðaröskun en hann, vil ég meina. Ég vil þó láta koma fram, til þess að eitthvað jákvætt komi inn í þessa umfjöllun, að miðað við Hagvísi Þjóðhagsstofnunar frá því í október er þróunin, a.m.k. tímabundið, eitthvað að breytast. Ég ætla að lesa, hæstv. forseti, nákvæmlega það sem stendur þar:

„Tölur Hagstofu Íslands um búferlaflutninga fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2000 staðfesta að breyting sem fyrst varð vart við á öðrum ársfjórðungi ársins hefur fest sig í sessi, að minnsta kosti um sinn. Enn dregur úr búferlaflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og flutningar þaðan út á land aukast."

Það er langt frá því að ég telji, þrátt fyrir þessa þróun, að björninn sé unninn heldur þurfum við svo sannarlega að halda vel á málum til að sú óheillaþróun sem verið hefur í mörg ár haldi ekki áfram.

Hv. þm. kom með nokkrar viðbótarspurningar í ræðu sinni áðan, sem hann hafði ekki flutt skriflega, og ætla ég aðeins að svara þeim. Í fyrsta lagi vil ég segja í sambandi við þungaskattinn sem hefur verið mikið vandræðamál hér á hv. Alþingi, sem þingmenn hafa lagt mikla vinnu í að reyna að haga sem sanngjarnast, að töfraorðið hefur ekki verið fundið í þeim efnum. Síðasta breyting frá því í vor er langt frá því að leiða til þess að allir verði sáttir. En ég tel hins vegar að sú tekjuaukning sem orðið hefur vegna þungaskatts sé fyrst og fremst vegna þess að bílum undir 4 tonnum hafi fjölgað mjög og þeir eru inni á þessum skattstofni.

Um fasteignagjöld vil ég segja að þar hefur ríkisstjórnin tekið stórt skref með nýlegum ákvörðunum. Með því fer rúmur milljarður kr. af hálfu ríkisvaldsins í að lækka fasteignagjöld á landsbyggðinni, sem ég lýsi sérstakri ánægju með. Í þriðja lagi vil ég segja um það sem haft er eftir hæstv. forsrh. um kostnaðinn, að í mínu ráðuneyti liggja ekki fyrir vísindalegar rannsóknir sem segja til um þær upphæðir þannig að ég þori ekki að staðfesta það.

[18:39]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Nú síðustu missiri hefur orðið nokkur breyting á fólksflutningum en fleiri flytja nú út á land en til höfuðborgarsvæðisins.

Mig langar að taka á nokkrum atriðum. Í fjárlagafrv. er niðurgreiðsla á húshitun eða rafhitun 790 millj. kr. og mig langar til að beina því til hæstv. iðnrh. hvort ekki sé rétt að huga að jöfnun húshitunarkostnaðar á hinum svokölluðu dýru svæðum. Ég vil nefna það að jöfnun námskostnaðar er á fjárlögum 440 milljónir og er það hækkun um 81,7 milljónir. Það er mikilvægt að við sem búum á landsbyggðinni tölum á jákvætt um landsbyggðina. Þar er sem betur fer mikið og blómstrandi mannlíf og menningarlíf. Ég vil þá tilnefna sérstaklega störf tónlistarskólana og að með markvissum aðgerðum ríkisstjórnar og sveitarfélaga eru gerðir margir góðir hlutir.

[18:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu afar mikilvægt og alvarlegt mál. Það er vissulega rétt að nokkuð hefur hægt á búferlaflutningum til þéttbýlisins frá dreifbýlinu en þó ber að hafa í huga að skilgreining á dreifbýli er þar nokkuð villandi. Fólki hefur fjölgað á svæðinu umhverfis Reykjavík, hringurinn sem fólki fjölgar á umhverfis vesturhornið stækkar, en á öðrum svæðum fækkar fólki.

Ég held, herra forseti, að hér þurfi að grípa til raunverulegra aðgerða sem beri árangur. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Eru engar beinar aðgerðir í gangi? Er verið að vinna að einhverjum markvissum aðgerðum sem einstaklingarnir geta fundið fyrir, t.d. í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja? Það er hið sterka stýritæki sem ríkisvaldið hefur til að hafa áhrif á byggðamálin.

[18:41]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Því miður verður að segjast um svar hæstv. iðnrh. að það er mjög í anda þeirra svara sem komið hafa þegar spurt hefur verið um framkvæmd ýmissa liða í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Því miður hefur það ekki verið framkvæmt sem þar segir í 16. tölul., m.a. vegna þess að það eigi að fara inn í hluta af víðtækari rannsókn. Vonandi að gott á viti en því miður virðist þetta einkenni á framkvæmdinni, að það er sett í annan farveg en ákveðið var og málin tefjast.

Ég vil með leyfi forseta spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sé reiðubúin til að beita sér fyrir því nú við fjárlagagerð að fjárlagafrv. fái þá meðhöndlun sem gert er ráð fyrir í þessum títtnefnda 16. tölul.

Varðandi það að hægt hafi á þróun byggðaröskunarinnar þá verður að taka undir það sem hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Því miður virðist þetta eingöngu eiga við um að nú hafi höfuðborgarsvæðið stækkað en fólki fækki áfram á öðrum svæðum landsins.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu sem er sannarlega allt of stutt. Hér gefst ekki tími til að fara í gegnum öll þau mál sem þyrfti.

Ég styð það og bind miklar vonir við að málaflokkurinn hefur verið fluttur frá forsrn. til iðn.- og viðskrn. Ég hika ekki við það og hæstv. iðnrh. hefur fullan stuðning minn við að spýtt verði í lófana hvað þetta varðar. Í þessum málum, meðan þau voru í forsjá hæstv. forsrh., gerðist ekki neitt. Það verður að segjast eins og er.

Hér hefur verið fjallað um húshitun, að þar fari 790 milljónir til niðurgreiðslu. Ég vil aðeins benda á að í fjárlagafrv.

sem nú liggur fyrir er ekki aukið við þann lið eins og lofað var áður og það er ekki tekið á vandamálum dýrra hitaveitna.

Það er sannarlega rétt að mannlíf og menningarlíf er gott á landsbyggðinni en menn lifa ekki á því einu saman.

Svo ég komi aftur að fsp. minni þó ekki gefist mikill tími til að fara um það mörgum orðum þá tel ég ákaflega mikilvægt að Byggðastofnun fái fjármuni til að meta þessa byggðaröskun alls staðar, ekki bara varðandi það sem komið hefur fram, um hvað það kosti sveitarfélögin sem taka við fólkinu hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur komið fram í ræðu forsrh. að séu 6–12 milljarðar. Það eitt út af fyrir sig væri nægjanleg ástæða til að skipta um gír. Hitt sem fram kom í svari hæstv. ráðherra er það að ekki hefur verið metið eða gerð nein tilraun til að meta hvað breytingarnar kosta sveitarfélögin sem fólkið flytur frá. Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að Byggðastofnun og iðnrn., nýtt ráðuneyti byggðamála, taki á þeim málum sem allra fyrst.

[18:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þann stuðning sem hann vill veita mér í þessum mikilvæga málaflokki. Á þessum stutta tíma er erfitt að fjalla um það sem unnið er að í iðnrn. Hv. þm. Jón Bjarnason spurði um skattamálin og ég var búin að koma inn á fasteignaskattinn sem er mikið réttlætismál fyrir landsbyggðina. Hann spurði um raunverulegar aðgerðir. Ég vil þá segja honum að ég tel að það verði raunverulegar aðgerðir þegar við förum út í stórframkvæmdir á Austurlandi. Ég vænti svo sannarlega að hv. þm. og aðrir þingmenn vinstri grænna standi með okkur í því mikla máli.

Varðandi kostnað við upphitun húsnæðis á landsbyggðinni þá hefur hann farið stórlega hækkandi á síðustu árum. Nú er hann orðinn það hár, vil ég segja, að það setur dýrar hitaveitur í ákveðinn vanda. Ég tel að þingið þurfi að fjalla um það í tengslum við fjárlagagerðina hvort rétt væri að hækka niðurgreiðslur á rafmagnsupphitun, þannig er að fólk greiðir um 40% af raunverulegum kostnaði þar sem rafmagn er notað.

Hins vegar eiga nokkrar hitaveitur vissulega í miklum vanda. Ég tel að í tengslum við fjárlagagerðina og reyndar í nefndastörfum þurfi að móta tillögur um hvernig farið skuli í það mál. Það þarf að veita fjármagn til aðstoðar þeim hitaveitum sem þarna eiga í hlut, það er líka réttlætismál að koma þeim sveitarfélögum sem þannig er ástatt um til hjálpar.

Dreifbýlisstyrkur vegna námsmanna hefur verið stórhækkaður en þar má alveg gera betur. Eins held ég að þær reglur sem hæstv. menntmrh. hefur kynnt núna í sambandi við það fyrirkomulag sem beita skal við úthlutun sé í réttlætisátt og lýsi stuðningi við það. Það má því tína eitt og annað til.

Varðandi flutning stofnana út á land þá er öllum kunnugt um flutning Byggðastofnunar. Þar má einnig nefna Jafnréttisstofu og Orkusjóð, yfirkjötmatsmann og eitt og annað. Allt er þetta í frekar smáum stíl en hv. þingmenn verða að hafa skilning á því að viljinn er fyrir hendi.

Kaup ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða.

Fsp. JB, 95. mál. — Þskj. 95.

[18:48]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Nýlega hefur frést af áformum ríkisstjórnarinnar um að taka yfir meirihlutaeign vestfirskra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða og láta andvirðið ganga upp í skuldir þeirra við félagslega húsnæðiskerfið. Þetta hefur birst í fjölmiðlum undanfarna daga.

Orkubú Vestfjarða tók til starfa 1. janúar 1978. Það er sameignarfélag ríkissjóðs og sveitarfélaganna í Vestfjarðakjördæmi þar sem ríkissjóður á 40% en sveitarfélögin 60%. Þetta eignarform byggir á þeirri hugsjón að rétt sé að hlutur hvers einstaklings í þessu almenningsfyrirtæki vegi jafnmikið hvar sem hann er búsettur á Vestfjörðum og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra hinna.

Orkubú Vestfjarða er lýsandi dæmi um samtakamátt vestfirskra sveitarfélaga. Það annast orkuöflun og dreifingu við erfiðar aðstæður með þeim ágætum að Vestfirðingar njóta lægra orkuverðs en margir aðrir landsmenn. Við Orkubúið starfar hópur tæknimenntaðs fólks og þar eru mikilvægar stjórnunarstöður og tiltölulega öflugar þjónustudeildir dreifðar um þjónustusvæðið. En einkavætt orkubú selt hæstbjóðanda mun trauðla hafa þessa hagsmuni Vestfirðinga efst á blaði þegar til koma arðsemiskröfur við ákvörðun raforkuverðs.

Félagsíbúðakerfið er tilkomið fyrir atbeina ríkisvaldsins, samtaka launþega, atvinnurekenda, opinberra lánasjóða og sveitarfélaga og er hluti af kjarasáttmála atvinnulífsins. Þeirri fyrirætlan ríkisins að taka þetta orkufyrirtæki af Vestfirðingum má líkja við það þegar lénsherrar til forna tóku bestu kúna úr fjósi leiguliða sinna til að standa skil á leiguskilmálum sem landeigendur settu sjálfir í upphafi.

Þegar lánastofnanir lána fé taka þær áhættu sem þeim ber að standa við. Þegar ríkisvaldið og Samtök atvinnulífsins leggja út stefnu og taka á sig skuldbindingar ber þeim einnig að taka afleiðingum. Þessar félagslegu íbúðir komu að miklu gagni á sínum tíma og gera það enn. Þeir sem stóðu að þeim í upphafi og bera hér allir ábyrgð eiga að taka höndum saman og leysa úr vandamálinu á landsvísu. Sú ætlan stjórnvalda að taka Orkubúið upp í skuldir við gjaldþrot byggðastefnunnar jaðrar við kúgun af hálfu stjórnvalda.

Herra forseti. Þrátt fyrir að fyrirspurn minni hafi að langmestu verið svarað í fjölmiðlum óbeint að undanförnu leyfi ég mér samt að spyrja hæstv. iðnrh.:

Hvernig standa raunverulega viðræðukaup ríkisins á 60% hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og er það virkilega satt að ríkisstjórnin hyggist knýja sveitarfélögin á Vestfjörðum til að selja hlut sinn í Orkubúinu til að greiða skuldir vegna félagslegra íbúða?

[18:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Viðræðunefnd ríkisstjórnarinnar og sameigenda ríkisins í Orkubúi Vestfjarða hóf störf sl. vor. Þar sem sjónarmið sveitarfélaga til sölunnar eru ekki einhliða leggur nefndin til að rekstrarformi Orkubúsins verði breytt í hlutafélagsform en af því mundi leiða að þau sveitarfélög sem þess óskuðu gætu kvaðalaust selt ríkinu eignarhlut sinn. Í kjölfar þessa ákvað viðræðunefndin að láta athuga

ýmis lagaleg atriði tengd hlutafélagavæðingu og verðmeta fyrirtækið með tilliti til hugsanlegra kaupa.

Um þessar mundir eru yfirfarin ýmis lagaleg atriði er snerta hugsanleg kaup ríkisins og framkvæmd þeirra kaupa. Gengið er út frá því að einvörðungu verði breytingar á rekstrarformi og eignarhaldi fyrirtækisins en fyrirtækið haldi að öðru leyti núverandi stöðu sinni sem mest óbreyttri þar til breytingar verði á skipulagi raforkumála með nýjum raforkulögum sem taka gildi eigi síðar en 1. júlí 2002. Sveitarstjórnir sameigenda ríkisins í Orkubúi Vestfjarða þurfa hver fyrir sig að samþykkja breytt rekstrarform Orkubúsins. Jafnframt þarf að halda fund sameigenda þar sem sameignarfélaginu er slitið og hlutafélag stofnað í framhaldinu. Þá þarf hver sveitarstjórn að taka sjálfstæða afstöðu til sölu á eignarhluta sínum.

Forsendan fyrir því að þetta gangi fram er að Alþingi geri breytingu á lögum um Orkubúið þar sem kveðið er á um breytt rekstrarform og ýmis fleiri atriði, þar með talið áframhaldandi skattleysi fyrirtækisins, a.m.k. á gildistíma núgildandi raforkulaga. Loks þarf Alþingi að samþykkja kaupin, sbr. 29. gr. laga nr. 88/1997. Komi til þess að ríkið kaupi eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúinu hafa fulltrúar heimamanna lagt áherslu á eftirfarandi atriði:

Að gjaldskrá Orkubúsins verði aðlöguð gjaldskrá Rariks í áföngum á gildistíma núverandi raforkulaga.

Að störfum við Orkubúið fækki ekki á gildistíma núverandi raforkulaga.

Að sem minnst breyting verði á skipan stjórnar Orkubúsins á gildistíma núverandi raforkulaga.

Að þau sveitarfélög sem ekki vilja selja ríkinu eignarhluta sinn nú geti gert það innan tiltekins frests og þá á sama verði og þau sveitarfélög sem nú selja.

Með bréfi, dagsettu 24. september 1999, óskaði nefnd á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirrar hugmyndar að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi og/eða ganga til viðræðna um sölu á eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúinu. Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. október 1999 var samþykkt að ganga til viðræðna við sameigendur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða um hugsanleg kaup ríkisins á eignarhlut þeirra í Orkubúinu. Náist samningar um kaup ríkisins á hlut sveitarfélaga í Orkubúinu verða þeir gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þeir munu byggja á þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi viðræðunefndarinnar en þess má geta að nefndin átti fund í sumar með fulltrúum allra þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga í Orkubúi Vestfjarða.

Verði af stofnun hlutafélags og vilji einstök sveitarfélög ganga að tilboði ríkisins þá verða kaupin bundin því skilyrði að sveitarfélög með mikla greiðslubyrði lána verji hluta söluverðmætisins til að greiða niður hluta áhvílandi skulda. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti söluverðmætisins gangi til lausnar á þeim vanda sveitarfélaganna í félagslega íbúðakerfinu sem skilgreindur hefur verið sem bráðavandi. Það er sveitarfélaganna að ákveða hvert fyrir sig hvort þau selja hlut sinn. Ríkisstjórnin er ekki að knýja sveitarfélögin til eins eða neins.

[18:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er því miður ekki sannfærður um að það séu innstæður fyrir síðustu orðum hæstv. ráðherra. Málið allt ber þann svip að sveitarfélögin séu einmitt knúin til ákveðinna hluta í þessum efnum og ríkið neyti þar aflsmunar.

Á undanförnum árum hefur byggðaþróun hvergi á landinu verið jafnóhagstæð og á Vestfjörðum og þar af leiðandi standa sveitarfélög þar frammi fyrir alveg sérstökum erfiðleikum vegna fólksflóttans, þ.e. tekjutapi og miklum erfiðleikum á húsnæðismarkaði sem endurspeglast einnig í félagslega kerfinu. Þegar þetta er skoðað og erfiðleikarnir greindir þá er auðvitað fráleitt að ætla að þvinga sveitarfélög á Vestfjörðum ein sér til að láta eina helstu eign sína upp í skuldir og greiðsluerfiðleika sem stafa af þessum ástæðum. Vanda sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna fólksfækkunar og byggðaröskunar á að leysa sérstaklega og óháð öðrum viðfangsefnum þeirra. Það er sanngirniskrafa og eina réttlætið í þessu máli.

[18:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það virðist augljóst að verið er að þvinga sveitarfélögin í þessu máli og algerlega öfugt farið að. Ef hugmyndin er að sveitarfélögin selji og vilji þau selja þessa eign til ríkisins þá hef ég svo sem ekkert við það að athuga. Því á hins vegar ekki að blanda saman við vandann í húsnæðiskerfinu. Auðvitað þarf að finna lausn á þeim vanda en ekki með því að fyrst séu þessi sveitarfélög látin greiða niður skuldir sínar og síðan verði tekið á því sem eftir stendur í tengslum við lausn á vanda annarra sveitarfélaga.

Mér finnst nauðsynlegt að heildarlausnin hvað varðar þessi íbúðamál og vandann í íbúðalánakerfinu liggi fyrir áður en menn fara að selja eignir sínar til að greiða þær skuldir. Það er öfug röð á hlutunum ef fyrst á að ganga í að láta sveitarfélögin selja og síðan að taka á málinu.

[18:58]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Orkubú Vestfjarða var stofnað til að ná forræði yfir orkulindum fjórðungsins íbúum til hagsbóta. Það hefur gengið eftir. Sýnt hefur verið fram á kostnaður við rafhitun íbúðarhúsa hjá Orkubúinu stenst samanburð við aðra.

Erfiðustu árin eru að baki og Vestfirðingar eru farnir að njóta arðsins. Af hverju eru þeir þá að velta fyrir sér sölu á Orkubúinu? Það er fyrst og fremst, herra forseti, nauðungarúrræði til þess að reyna að létta skuldabyrði sem er löngu orðin þeim um megn. Þar við bætist að það dugir ekki einu sinni til. Sveitarfélag eins og Vesturbyggð fær ekki einu sinni nóg til þess að borga vanskil sín, hvað þá lánin.

Hvað kemur í staðinn? Orkuverð mun hækka, störfum mun fækka og þar með fólkinu. Vestfirðingar mega síst við því. Sala Orkubúsins er neikvætt innlegg ríkisstjórnarinnar í húsnæðisklúðrið sem stafar m.a. af fólksflótta og eyðingu landsbyggðar sem nú stendur sem hæst án sýnilegrar viðspyrnu af hálfu stjórnvalda. Finna verður önnur ráð en þessi.

[18:59]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér er fyrst og fremst rætt um vanda sveitarfélaga á Vestfjörðum sem hefur skapast þar vegna þess að ríkisvaldið hefur gengið hart fram í því að skerða tekjustofna sveitarfélaga á öllu landinu. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa orðið fyrir sérlega miklu tekjutapi vegna mikillar búseturöskunar sem þar hefur verið, m.a. vegna stjórnvaldsaðgerða við breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og öðru sem hefur kannski komið einna harðast niður á vestfirskum byggðum.

Herra forseti. Ég tel að hugsanlega sölu vestfirskra sveitarfélaga á eignarhlut sínum í Orkubúi Vestfjarða, sem e.t.v. er ekkert óskynsamleg aðgerð hjá sveitarfélögunum, eigi ekki að tengja skuldum vegna félagslegra íbúða sem margar hverjar voru byggðar þegar mikill uppgangur var á Vestfjörðum. Verði það gert er ríkisvaldið að beita sveitarfélög á Vestfjörðum miklu ofríki með hreinni og beinni eignaupptöku. Sölu á Orkubúi Vestfjarða og vanda félagslega íbúðakerfisins á ekki að blanda saman á þennan hátt.

[19:00]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir undirtektir hv. þm. við þessa umræðu. Ég harma reyndar að þingmenn úr þessu kjördæmi, úr Framsfl. og Sjálfstfl., skuli ekki vera hér til að taka þátt í einu stærsta máli sem Vestfirðingar standa frammi fyrir þessa dagana.

Hugur Vestfirðinga er ljós. Í skoðanakönnun á vegum blaðsins Bæjarins besta — þeir höfðu samband við mig núna fyrir skömmu — höfðu kl. hálfsjö í kvöld alls 351 greitt atkvæði í gegnum tölvu og af þeim eru rúmlega 92% andvíg því að Orkubúið gangi upp í skuldir sveitarfélaganna. Þar er augljós vísbending um hver hugur Vestfirðinga er. En það eru kannski einhverjir aðrir hagsmunir sem liggja að baki hjá ríkisstjórninni sem ásælist þessa eign þeirra. Það er nokkuð líklegt að einka- og hlutafélagavætt Orkubú Vestfjarða verði selt hæstbjóðanda. Það er ekki víst að það muni fyrst og fremst bera hagsmuni Vestfirðinga fyrir brjósti.

Herra forseti. Ég skora á ríkisstjórnina að endurskoða afstöðu sína í þeim kúgunaraðgerðum sem hún ætlar að beita Vestfirðinga. Það á að leysa félagslega íbúðavandann á öðrum vettvangi. Þar bera miklu fleiri aðilar ábyrgðina. Það mál á að leysa á landsvísu og ekki blanda þessu saman. Vestfirðingar eiga að fá að hafa sitt Orkubú, eitt besta fyrirtæki sitt, til sóknar í atvinnu og iðnaði til næstu ára.

[19:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst þessi umræða bera nokkurn keim af því að hv. þm. séu að fiska í gruggugu vatni (Gripið fram í.) vegna þess, eins og hv. þm. hafa tekið eftir, að þingmenn Vestfjarða hafa ekki tekið þátt í þessari umræðu nema einn varaþingmaður sem kom inn í dag. Það segir sína (**Gripið fram í:** Þeir eru örugglega á fundi.) sögu þannig að ég held að hv. þm. hefðu átt að hugsa sig aðeins betur um áður en þeir höfðu uppi stór orð um að hér ætti að knýja sveitarfélög á Vestfjörðum út í eitthvað sem þau ekki vilja gera.

Eins og fram kom í svari mínu áðan þá er það með bréfi, dagsettu 24. september 1999, að nefnd sem starfar á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga óskaði eftir því við ríkisstjórnina að upp yrðu teknar viðræður um hugmyndir um að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi og/eða ganga til viðræðna um sölu á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúinu. Það er því skylda mín að verða við beiðni þeirra og taka upp þessar viðræður. Hvernig þeim lýkur ætla ég ekki að fullyrða um á þessari stundu. Öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa sjálfstæði til að taka ákvörðun um það sjálf hvort þau vilja fara út í þetta eða ekki. Málið er þannig statt á þessari stundu. Ég harma að hv. þm. skuli ræða þetta mál á þessum nótum. Okkur gengur ekkert annað til en að bregðast við erindi þeirra og reyna að leysa úr málum Vestfirðinga á þann hátt sem þeir hafa sjálfir farið fram á.

Þessi umræða verður þó vonandi til þess að hv. þm. hafi meiri skilning á því sem hér um ræðir en þeir höfðu áður. Það er a.m.k. einlæg von mín.

Rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu.

Fsp. SvanJ og ÞSveinb, 62. mál. — Þskj. 62.

[19:05]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var vorið 1998 segir í lið 9.4 undir fyrirsögninni Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja."

Rannsóknir hafa leitt í ljós mikinn mun kynjanna þegar kemur að mælanlegum þáttum þeirrar þjónustu og þess stuðnings sem skólakerfið veitir. Drengir hafa t.d. verið 70% þeirra nemenda sem taldir eru þurfa sérkennslu í grunnskólanum. Á móti hefur það hins vegar sýnt sig ítrekað að stúlkur hafa verið með hærri meðaleinkunnir í samræmdum prófum og það í öllum greinum, herra forseti, og í öllum bekkjum. Drengir taka bróðurpartinn af tíma kennarans samkvæmt könnunum og hinn litli tími sem stúlkurnar fá gæti bent til þess að þær fái ekki sinn réttláta skerf af hvatningu og leiðsögn. Af þessu hafa sprottið áhyggjur manna af því að skólinn komi ekki nægilega til móts við þarfir kynjanna.

Á undanförnum árum hafa nokkrir skólar gert tilraunir með að skipta nemendum í bekki eftir kyni. Ég minni á að Gagnfræðaskólinn á Akureyri var með slíka könnun fyrir áratug. Tjarnaskóli í Reykjavík hefur stundað slíkar tilraunir og margir fleiri. Það hefur einnig vakið óskipta athygli, herra forseti, að á leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði hefur ákveðin vinna verið í gangi sem byggir á aðgreiningu kynjanna hluta úr starfsdeginum.

Bæði hér og annars staðar á Norðurlöndum hefur umfjöllun um jafnrétti og kynferði farið vaxandi innan uppeldisgreina. Sú umfjöllun mótast af þeim viðhorfum að kynjamisrétti endurspeglist í skólastarfinu og því sé unnt að vinna gegn misrétti kynja og stuðla að jafnrétti með vinnunni innan skólanna. Í þessu ljósi, herra forseti, hef ég lagt, ásamt hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra látið fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu og látið kanna hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi tryggi betri námsárangur eða líðan þeirra, sbr. lið 9.4 í þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?"

[19:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er dálítill munur á orðalagi fsp. annars vegar og þál. sem samþykkt var um jafnréttið hins vegar. Eins og texti ályktunarinnar hljóðar þá á fyrst að kanna og rannsaka stöðu kynjanna í skólakerfinu og síðan, á grundvelli slíkra athugana, að kanna hvort tímabundin aðgreining

kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

Þegar þessari fsp. er svarað er óhjákvæmilegt að láta þess getið á vegum menntmrn. og aðila sem það hefur stutt hafa farið fram margar og miklar rannsóknir á stöðu kynjanna og á líðan kynjanna í skólum. Þessum rannsóknum lýkur í raun aldrei því þær eru liður í að fylgja eftir góðri skólastefnu, að meta og rannsaka bæði stöðu kynja og einnig nemenda frá öðrum sjónarhóli til að átta sig á því hvaða úrræði eru best.

Menntmrn. lagði jafnréttissjónarmið að grunni þegar unnið var að gerð nýrra aðalnámskráa. Ég hef einnig skipað nefndir sem hafa fjallað um jafnréttismál. Það hefur verið fjallað sérstaklega um tillögur um stefnumörkun í jafnréttisfræðslu og við höfum t.d. gefið út bæklinginn Jafnrétti til menntunar. Við höfum efnt til málþings og rannsókna sem hafa leitt til málþings um stráka í skólum og útgáfu á áðurnefndum bæklingi. Í september 1998 skipaði ég nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna. Þessi nefnd var skipuð í framhaldi af þál. sem Alþingi samþykkti 4. júní 1998 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf. Jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi."

Þessi nefnd er að störfum og fjallar m.a. um efni sem snertir þá ályktun sem vísað er til í fsp. Ég vil einnig láta þess getið að fram hafa farið rannsóknir undir heitinu Ungt fólk '97 á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Sú rannsókn gefur vísbendingar um umtalsverðan kynjamun í grunnskólum, bæði hvað varðar árangur og líðan. Í þeirri rannsókn kom m.a. fram að hlutfallslega fleiri piltum en stúlkum líður illa í skólanum og þeir eru frekar haldnir námsleiða, vilja í fleiri tilvikum hætta í skóla og telja að sér semji illa við kennara. Sama rannsókn leiddi í ljós að sjálfsmat stúlkna er lægra en pilta þrátt fyrir almennt betri námsárangur þeirra.

Einnig höfum við aðrar rannsóknir að styðjast við þegar við könnum þessa stöðu. Ég nefni þar t.d. rannsókn á einelti í skólum sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála annaðist á vegum menntmrn. Það er verið að vinna úr þeirri rannsókn, hún hefur verið kynnt og menn telja að þar sé bent á ýmis úrræði sem m.a. snerta það mál sem við erum að ræða.

Einmitt þessa dagana er í gangi sérstök rannsókn þar sem verið er að kanna hagi og líðan ungs fólks í framhaldsskólum og er menntmrn. meðal þeirra sem standa að rannsóknninni og veita styrk til hennar. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður meðal þessa aldurshóps og í rannsóknninni gefst tækifæri til að kanna m.a. hver sé munur á líðan og árangri pilta og stúlkna í framhaldsskólum.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi tilraun sem gerð var í Gagnfræðaskóla Akureyrar á árinu 1990. Þar var beinlínis farið út í tilraun sem byggðist á að greina á milli kynja. Sú tilraun þótti ekki gefa tilefni til þess að halda áfram á þeirri braut. Það er rétt sem hv. þm. segir, að þetta hefur líka verið tilraunastarf í leikskóla í Hafnarfirði. Með því hefur verið fylgst en það hefur ekkert komið fram, hvorki hér né, held ég, erlendis — að sjálfsögðu væri ástæða til að kanna það líka sérstaklega — sem bendir til að skynsamlegt sé að hafa þessi markmið í sjálfu sér, að greina á milli kynjanna. Það er hins vegar rannsókn, ef út í það væri farið, sem tæki mörg ár og yrði mjög viðamikil, ef menn ætluðu að fá einhvern skóla til þess að fara út í slíkt tilraunastarf. Það þarf að sjálfsögðu að koma til álita.

[19:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þessi fsp. skuli hafa komið fram því ég held að þetta sé mál sem er full þörf á að ræða. Það er í sjálfu sér gleðilegt að hér skuli hafa komið fram að hæstv. menntmrh. er meðvitaður um málið og að unnið sé að ýmsum athugunum á þessu í kerfinu. Ég verð samt að segja að undanfarið hafa borist ýmsar fréttir af atferli og gengi drengja í skólum landsins sem hafa vakið áhyggjur, a.m.k. hjá mér sem gömlum kennara, um að neikvæð þróun sé í gangi í þessum málum. Ég held, þó vissulega beri að þakka það sem vel er gert, að ástæða sé til að hnykkja á og efla enn rannsóknir og tilraunir í þessum málum. Ég tel ástæðu til að ætla að að mörgu leyti megi koma í veg fyrir þessa neikvæðu þróun með því að kenna kynjunum aðskildum, þó svo verði ekki gert að öllu leyti.

[19:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir þessa fyrirspurn sem og aðrar fyrirspurnir sem komið hafa í kippum frá þeim og lúta að jafnréttisstefnu stjórnvalda og jafnréttisáætlun þeirra. Mér þykir ljóst, eftir að hafa hlustað á umræðurnar hér í dag, að hæstv. menntmrh. stendur sig betur en margir aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni hvað þetta varðar. Það er greinilegt að margar rannsóknir eru í gangi og margar fyrir frumkvæði menntmrn.

Mig langar hins vegar að skora á hæstv. ráðherra að láta ekki vísbendingar eða niðurstöður nægja heldur láta kné fylgja kviði og setja afl í þá vinnu sem fram undan er, þ.e. finna hvað þurfi að gera til að bæta úr. Vísbendingarnar eru nógar, um vanlíðan drengja í hinu hefðbundna skólakerfi, um allt sem hér hefur verið talið upp. Nú þarf að gera áætlanir um úrbætur. Af því að hér var minnst á Hjallastefnuna þá vil ég upplýsa að a.m.k. fimm leikskólar á Reykjavíkursvæðinu starfa nú eftir Hjallastefnunni.

[19:16]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér komu fram. Ég ætla samt að byrja á að andmæla því sem mér fannst liggja í orðum hans í upphafi, að fsp. samræmdist ekki texta tillögunnar. Hún gerir það svo sannarlega. Sumt í fsp. er orðrétt tekið upp úr þál. og ég sé ekki að þar sé neinu hallað þannig að efnisatriði komi fram í annarri röð en í ályktuninni. En látum það liggja á milli hluta.

Það eru margar tilraunir og margar rannsóknir í gangi en það er líka kominn tími til að ráðherra láti vinna síðari hluta þessarar tillögu, þ.e. vinna á grundvelli slíkra athugana. Ég held nefnilega að nógu mikið sé komið af efni. Ég held að skólarnir í landinu bíði eftir ákveðinni leiðsögn í þessum efnum. Ýmsir hafa gert tilraunir eins og hér kom fram.

Hæstv. ráðherra nefndi tilraun Gagnfræðaskólans á Akureyri. Hann gat þess að þar hefði ekki þótt ástæða til að halda áfram með slíka tilraun. Það var kannski ekki vegna þess að menn væru ekki sammála því að ýmsir kostir fylgdu því að

aðgreina kynin, a.m.k. að einhverju leyti. Það snerist kannski frekar um kjarasamninga og hvort menn fengju greitt fyrir þau aukastörf sem þeir tóku á sig vegna þessarar tilraunar og ýmislegt þess háttar.

Ég held að það sé afar mikilvægt, herra forseti, að unnið verði markvisst að þessum málum. Allt bendir til þess að taka þurfi betur utan um þetta og ég fagna því sem kom fram hjá ráðherra, að sú nefnd sem hann skipaði haustið 1998 sé að störfum. Þegar ég frétti síðast af þeirri nefnd þá hafði hún haldið þrjá fundi, það var fyrir nokkuð löngu síðan og síðan hefur ekki verið boðað til fundar. En ég tek orð ráðherra þannig að hann muni hnippa í formann nefndarinnar og láta vita að hans skilningur sé sá að þessi nefnd sé enn að störfum enda sé henni ætlað nokkurt hlutverk í vinnu að jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

[19:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að sjálfsögðu er nefndin að störfum. Hún hefur ekki lokið störfum og mun skila tillögum sínum. Við munum halda þessu verki áfram. Þetta er ekki verk sem unnið verður í einni lotu og því lýkur aldrei. Þarna eru mörg álitamál, t.d. spurningin: Á að greina milli kynja í skólum eða greina á milli getu skólabarna og annað slík? Þetta eru álitamál sem þarf að skoða. Við í menntmrn. höfum ekki lokað neinum dyrum í því efni.

En ég vil aðeins árétta það að ég fór ekki með rangt mál, fsp. sjálf er orðuð með allt öðrum hætti en ályktun Alþingis. Ályktun Alþingis sagði að fyrst ætti að fara fram rannsókn og síðan, á grundvelli þeirrar rannsóknar, ætti að kanna hvort tímabundin aðgreining kæmi til greina. En spurningin er:

„Hefur ráðherra látið fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu og látið kanna hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi tryggi betri námsárangur eða líðan þeirra, ...“ Þarna er greinilega um mun að ræða, fsp. er með öðrum hætti en ályktunin og raunar einkennilegt að ég þurfi að ræða þetta sérstaklega við hv. þm. og fyrirspyrjanda sem hlýtur að sjá þetta ef hann les ályktunina.

Þetta mál er sem sagt í góðum farvegi að mínu mati á vegum menntmrn. Í skólakerfinu starfar áhugasamt fólk á þessu sviði og það á að veita því stuðning eftir því sem unnt er. Ráðuneytið hefur gert það með þróunarstyrkjum. Við höfum haft það sem markmið við slíkar styrkveitingar að styrkja jafnréttisfræðslu og átak í jafnréttismálum. Við sem störfum á þessum vettvangi á vegum ráðuneytisins erum vel meðvituð um að hér er um mikilvægan málaflokk að ræða sem þarf að hafa auga með.

Bygging menningarhúsa.

Fsp. SJS, 130. mál. — Þskj. 130.

[19:20]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það mun hafa verið 8. jan. 1999, fyrir hartnær tveimur árum, að tilkynnt var um ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða áform um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni. Í byrjun var talað um fimm staði og möguleika á fleirum, samkvæmt því sem haft var eftir forsrh. í fréttum þann dag.

Stax þann 16. jan. sama ár brást bæjarráð Akureyrarbæjar við, fagnaði þessum hugmyndum ríkisstjórnarinnar og bauð fram samvinnu sína við ríkisvaldið um framkvæmdina hvað varðaði Akureyri. Það má því segja að Akureyringar hafi valið þann kost að taka ríkisstjórnina á orðinu og bjóða strax fram aðstoð sína við að láta þessi áform verða að veruleika.

Þannig var unnið að málinu af hálfu Akureyringa að í kjölfar þessa bæjarráðsfundar skipaði bæjarstjórn starfshóp sem vann ítarlega skýrslu sem skilað var fyrir árslok 1999. Þannig er ljóst að vel innan árs frá því að ríkisstjórnin tilkynnti um áform sín lágu fyrir útfærðar hugmyndir fyrsta sveitarfélagsins sem að þessu máli kom, um hvernig mætti láta þessi áform fram ganga á Akureyri í samstarfi bæjarfélagsins og ríkisvaldsins.

Á Alþingi sl. haust, fyrir rétt rúmu ári, spurði hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ráðherra eftir efndum þessara áforma og þá upplýsti ráðherrann að þess væri að vænta innan skamms að málið mundi koma fyrir Alþingi. Síðan hafa Akureyringar lokið undirbúningsstarfi sínu og kynnt það fyrir ríkisstjórn. Það var gert strax í upphafi þessa árs. Síðasta vetur, á útmánuðum eða með vori, skrifaði hæstv. menntmrh. undir samning við Akureyrarbæ um samstarf í menningarmálum og þar var sérstaklega kveðið á um að stefnt yrði að niðurstöðu í samskiptum þessara aðila um byggingu menningarhúss á Akureyri í ágústmánuði á þessu ári.

Nú er kominn nóvember, herra forseti, og ekki bólar enn á ákvörðunum eða efndum. Menn eru því að verða langeygðir eftir því að niðurstaða fáist í þetta mál. Það háir ýmsum aðilum sem vilja vita hvar þeir standa í þessum efnum að þetta langur tími skuli hafa liðið án þess að málin komist á frekari rekspöl. Það er algjörlega augljóst mál, herra forseti, að aðilinn sem á stendur í þessu tilviki er ríkisstjórnin, henni hefur unnist seint í þessu máli þrátt fyri glæst loforð í aðdraganda alþingiskosninga í jan. 1999.

Nú er tímabært, og þó fyrr hefði verið, að hæstv. menntmrh. upplýsi okkur um hvernig þessi áform standa. Því hef ég lagt fyrir hann spurningar þar um í tveimur liðum, annars vegar hvað varðar málið almennt og hins vegar sérstaklega varðandi tilboð Akureyringa um að reisa menningarhús.

[19:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessar umræður um menningarhúsin hafa verið mjög fróðlegar og ánægjulegar síðan við kynntum áform okkar í ársbyrjun 1999. Þær hafa m.a. leitt til þess að nú hefur verið unnin skýrsla um menningarmál á landsbyggðinni sem er dreift hér til þingmanna. Þar er greint frá því hvernig menn hafa tekið þessum hugmyndum víðs vegar um landið. Nefnd hefur starfað að málinu og ýmsar hugmyndir vaknað í tilefni af þessari umræðu. Eins og ég sagði alltaf þegar þetta mál var rætt á sl. vetri og ári, raunar frá því að ég hóf að kynna þetta mál, þá beinist það ekki einungis að því að reisa ákveðnar byggingar heldur líka að velta fyrir sér með hvaða ráðum ríkisvaldið gæti eflt menningarstarf á landsbyggðinni. Skýrslan sem dreift er hér í dag sýnir margar góðar hugmyndir sem unnt er að líta til þegar menn velta fyrir sér samstarfi sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og ríkisstjórnarinnar í menningarmálum.

Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að hugmyndin var kynnt hefur komið fram að einkum á tveimur stöðum, Akureyri og Vestmannaeyjum, hafa menn hug á því að reisa fjölnota menningarhús. Einnig hafa komið fram hugmyndir um það hvernig að þessu verki skuli staðið á Ísafirði. Þá eru á Austfjörðum, í Fjarðabyggð, hugmyndir um að tengja nýja

kirkju á Eskifirði við menningarstarf og raunar var sú kirkja opnuð sem menningar- og kirkjumiðstöð núna í september. Þannig höfum við unnið að þessum verkefnum víða og verið í samstarfi við marga aðila um land allt til að efla þar menningarstarfsemi.

Skýrslan sem hér er dreift er unnin af starfshópi sem í sátu fulltrúar menntmrn., Byggðastofnunar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Eins og hv. þingmenn geta kynnt sér þá hefur þar verið unnið gott starf. Þarna eru margar góðar tillögur sem ánægjulegt væri að ræða nánar á Alþingi þegar þingmenn hafa náð að kynna sér þetta góða skjal nánar.

Að því er varðar sérstaklega samstarf ríkisins og Akureyrarbæjar þá er það rétt hjá hv. þm. að Akureyringar voru fljótir til að taka þessa góðu hugmynd sem við hreyfðum á sl. ári. Hún var rædd á síðasta ári og við gerðum við þá samninga í febrúar um menningarsamstarf. Í þeim samningi er sérstaklega tekið fram að meta skuli forsendur fyrir hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri menningarhúss á Akureyri. Eftir að þessi samningur hafði verið staðfestur af ríkisstjórn og ég hafði fengið það umboð sem hann veitti mér þá tóku þessar viðræður ráðuneytisins og Akureyrarbæjar nýja stefnu. Ég tilnefndi sérstakan fulltrúa minn með þekkingu á byggingarmálum á þessu sviði til viðræðna við Akureyrarbæ og farið var yfir allar þær hugmyndir sem fram höfðu komið, þær metnar og skoðaðar. Síðan var mér afhent ný skýrsla þar sem hugmyndirnar hafa verið endurmetnar og litið nánar á málið. Eins og alltaf er þegar um slíkt er að ræða komu þar fram ákveðin álitamál en þó hefur að mínu mati ekkert komið fram í þessu máli sem ætti að koma í veg fyrir að það fengi framgang. Ég hef raunar skýrt forseta bæjarstjórar Akureyrar frá því og á milli ráðuneytisins og forsvarsmanna Akureyrarbæjar er ekki um neinn ágreining í þessum efnum að ræða. Þetta eru stórar ákvarðanir sem þarf að taka og eðlilegt, eins og reynslan hefur sýnt okkur, að þeim mun betur sem við undirbúum slík mál, þeim mun betur stöndum við að framkvæmdum þegar í þær er ráðist.

Sömu sögu er að segja um Vestmannaeyjar. Þar hafa einnig verið kynnt áform um hvernig að þessari mannvirkjagerð yrði staðið. Það mál er einnig til athugunar á vettvangi menntmrn. og mun jafnframt koma til athugunar hjá ríkisstjórninni.

Mér finnst þetta eðlilegt framvinda á miklum og merkum málum. Menn hafa ekki hvikað heldur halda sínu striki og leggja grunn að því að þegar þeir hafa lokið þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er þá verði starfsemin sem að er stefnt í þessum húsum öllum til sóma.

[19:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér gerðist sá skemmtilegi atburður, einmitt meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að flytja fyrirspurn sína, að hér var dreift merku gagni, Skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni. Við í leikhúsinu köllum þetta pottþétta „tæmingu" og þetta sýnir að hæstv. menntmrh. hefur tilfinningu fyrir því að gera hlutina á réttum tíma.

Það er afar gott að hafa fengið þetta plagg í hendurnar og ég er sannfærð um að það á eftir að nýtast þingmönnum og öðrum sem láta sig menningarmál á landsbyggðinni varða, þegar við förum að vinna frekari tillögur að úrbótum í þeim efnum.

Mig langaði jafnframt að hér kæmi fram, varðandi Ísafjörð, að þar eru magnaðar hugmyndir í gangi hjá bæjaryfirvöldum um að ákveðin hús njóti þess að verða kölluð menningarhús í þeim bæ. Þar er talað um gamla sjúkrahúsið, um ákveðinn hluta af Tónlistarskóla Ísafjarðar, Edinborgarhúsið sem er virðulegt gamalt hús í hjarta bæjarins, og gamla apótekið. Auk þess vilja yfirvöld Ísafjarðarbæjar að tekið verði á í viðhaldi félagsheimila í byggðarkjörnum og nálægum bæjum.

[19:30]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna orðum hæstv. menntmrh. um þann framgang og framvindu sem hefur átt sér stað varðandi áform ríkisstjórnarinnar um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni. Það hefur komið fram fyrr í ræðu hæstv. menntmrh. að áform eru um að hefja byggingu tónlistarhúss og menningarhúss í Reykjavík árið 2003. Þess er að vænta að ákvörðun um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni verði tekin mun fyrr. Til að mynda er a.m.k. eitt bæjarfélag af þeim sem hér hafa verið nefnd tilbúið með teikningar, tilbúið að vinna, tilbúið að framkvæma strax á næstu mánuðum. Þar er um að ræða fjölnota menningarhús sem mundi ekki aðeins stuðla að menningu á því svæði sem um er að ræða heldur markaðssetja Ísland víða um heim. Þetta er mjög sérstakt hús sem verður vonandi að veruleika og ég fagna framgangi málsins.

[19:31]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt að fagna þeim áherslubreytingum sem hafa orðið hjá hæstv. menntmrh. hvað varðar byggingu menningarhúsa. Það vakti sérstaka athygli þegar fram var farið með þessa hugmynd að ákveðnir fimm staðir voru valdir af hinum hæstv. ráðherrum en ekki af íbúunum sjálfum og eins var það með fyrirkomulagið að það átti eingöngu að reisa menningarhús.

Nú virðist sem hæstv. ráðherra hafi gjörsamlega breytt um áherslur og því ber auðvitað að fagna. Einnig vil ég taka undir með hæstv. ráðherra að það þarf auðvitað að vanda vel undirbúning að slíku þrekvirki.

Herra forseti. Við fengum í hendur, undir ræðu hv. fyrirspyrjanda, merkt plagg. Þar vil ég, með leyfi forseta, vitna til niðurstöðu, þ.e. þar sem fjallað er um menningarhús í kafla 2.1 sem heitir Menningarhús og önnur aðstaða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að ákvörðun ríkisstjórnar frá 7. janúar 1999 um menningarhús verði útfærð með samningum við sveitarfélög á grundvelli mótaðra tillagna þeirra um þessa uppbyggingu."

Það ber sérstaklega að fagna því að sveitarfélögin fá að koma þarna að.

[19:32]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er mjög gleðilegt að öll þessi umræða um menningarhús hefur vakið upp miklar og góðar umræður á landsbyggðinni og hvatt menn mjög til dáða. Það var mjög ánægjulegt að sjá og fá þessa skýrslu núna í hendur og mig langar til þess að nefna að í fjárlagafrv. ársins 2001 er nýr fjárlagaliður undir heitinu Menningarhátíð landsbyggðarinnar, en þar er áætlað 5 millj. kr. á fyrsta ári til þessa verkefnis.

Ég minnist þess hve M-hátíðirnar voru merkilegar á sínum tíma. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að taka þátt í slíku verkefni. Eins vil ég geta um annað verkefni sem hefur verið mjög til fyrirmyndar, þ.e. Tónlist fyrir alla, sem hefur

verið unnið í samstarfi við grunnskólana og sveitarfélögin.

[19:33]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem er um menningarhús á landsbyggðinni og menningarstörf sem þar eru unnin. Í upphafi komu fram margar neikvæðar athugasemdir við það sem sett var fram enda var þetta kannski í dálítið þröngum farvegi. En af því að Ísafjörður var nefndur hér áðan tel ég mjög nauðsynlegt að einmitt á stöðum eins og Ísafirði þar sem starf hefur verið í mjög góðum farvegi, að það verði stutt, og í staðinn fyrir að byggja nýtt menningarhús þá verði stutt það sem þar í gangi, þ.e. Edinborgarhúsið sem er fjölnota menningarhús. Þar er listaskóli með blómlegri starfsemi, Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar. Þar er verið að innrétta leikhús og það vantar einmitt fjármagn til þess að ljúka þeirri leikhúsbyggingu. Ég tel að þannig eigi að vinna, að koma til móts við þau störf sem eru unnin á landsbyggðinni og efla það sem heimamenn eru að gera með þessu framlagi. Ég vona að sú verði raunin og ég reyndar trúi því að þannig verði unnið.

[19:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það ber að fagna þessari skýrslu sem hér var lögð fram einmitt undir þeim umræðulið sem hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hóf. Menntmrh. hefur lagt hér fram athyglisverða skýrslu.

Í viðtali við sveitarstjórnarmann ekki fyrir löngu mátti heyra þau orð hans að það væri allt í lagi að tapa fyrir Reykjavíkurvaldinu í einhverjum málum en alls ekki fyrir nágrannasveitarfélagi. Hér stendur einmitt í skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni:

„Lítil samvinna og skortur á samstöðu er víða til vandræða. Fundir okkar leiddu oft saman hóp sem vinnur að menningarmálum á ákveðnu svæði, en var þarna jafnvel að hittast í fyrsta sinn. Sambandsleysið gat verið af ýmsum toga, t.d. milli stofnana, milli atvinnu- og áhugafólks, milli sveitarstjórnarfólks og menningargeirans."

Þetta er kannski vandamálið sem hæstv. menntmrh. hefur þurft að glíma við og nefndin. Það er athyglisvert fyrir okkur þingmenn Reykjavíkur að horfa upp á þetta. Menn eru sammála í þingsalnum en þegar þeir eru komnir í hina dreifðu byggð þá eru þeir sammála um að vera ósammála.

[19:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp sérstaklega til að þakka þetta ágæta plagg sem verið var að dreifa á borð þingmanna. Ég hef verið að renna augunum aðeins yfir það og mér finnst mjög margar góðar athugasemdir koma hér fram og verður gott að geta moðað úr þessu tillögur og fleira á næstunni. Það er annað sem ég vildi að kæmi fram, þ.e. að í Reykjanesbæ eru gagnmerk gömul hús, elstu hús í bænum, sem standa þar og grotna niður. Þar væri hægt að gera gríðarlega öfluga menningarmiðstöð og tengja við ferðaþjónustu. Þetta eru svokölluð Duushús. Ég vil því gjarnan, fyrst aðrir hafa verið að halda til haga sínum húsum, minna á Duushúsin og vona að þau geti komið til greina sem menningarhús fyrir Reykjanesbæ.

[19:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fyrir skýrsluna góðu sem kom hér svo glóðvolg úr prentverkinu að hún hafði ekki náð að kólna, sömuleiðis fyrir almennar hugleiðingar hæstv. ráðherra sem voru allra góðra gjalda verðar. Það er augljóst að víða eru áhugaverð áform uppi sem tengjast þessu máli á stöðum eins og Vestmannaeyjum, Ísafirði, Fjarðabyggð, Egilsstöðum, Reykjanesbæ o.s.frv. En ég spurði hæstv. ráðherra gagngert um það hvað liði afstöðu ríkisstjórnarinnar eða ákvörðun ríkisstjórnarinnar varðandi tiltekið tilboð frá Akureyrarbæ um að ganga til samstarfs við ríkið um að reisa þar tiltekið menningar- og ráðstefnuhús og ég hafði vonast eftir skýrari svörum. Það er alveg ljóst að það mál er langlengst komið, eftir því sem ég veit eða á sér a.m.k. lengsta (**Gripið fram í:** Nei.) sögu nú þegar. (**Gripið fram í:** Það er ekki lengst komið.) Ég hygg að Akureyringar hafi fyrstir brugðist við þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar. Um það er ekki deilt, (Gripið fram í.) hv. þm. Árni Johnsen, og þeir settu þegar í stað vinnu í gang hvað þetta varðar.

Herra forseti. Mér finnst að þar sem fyrir liggur tiltekin hugmynd tilbúin, um ráðstefnu- og menningarmiðstöð þar sem slá átti tvær flugur í einu höggi og efla jafnframt ferðaþjónustu í leiðinni til hliðar við menningarstarfsemina, þá sé til vansa að það dragist og að það sé að verða ár um liðið frá því að ríkisstjórnin fékk þessar tillögur án þess að nein almennileg svör hafi borist. Þetta var allt meira og minna í þoku hjá hæstv. ráðherra áðan þegar kom að því að svara þessu. Um þetta mál er ekki ágreiningur á svæðinu. Mér er ekki kunnugt um að neinir aðrir séu að gera kröfur um að fá samstarf við ríkisstjórnina um þessa uppbyggingu. Ég þekki ekki til þess. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Getur hæstv. ráðherra gert betur og heitið því að á næstu vikum fáist botn í þetta mál þannig að í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar og í fjárlögum næsta árs sjáist þess stað að nú eigi að efna þessi loforð?

[19:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningin var tvíþætt og ég svaraði báðum þáttum. Ég svaraði fyrri þættinum m.a. með því að leggja fram þessa skýrslu og gott að hún kom í tæka tíð fyrir þessa umræðu. Varðandi seinna atriðið í fyrirspurninni þá er það rangt hjá hv. þm. að ríkisstjórnin hafi fengið tillögur til að taka afstöðu til fyrir einu ári. Það var ekki fyrr en í febrúar sem ég fékk umboð frá ríkisstjórninni til þess að taka upp viðræður við Akureyrarbæ og þá setti ég sérstakan fulltrúa í að fara yfir þær hugmyndir sem lágu fyrir og þær voru endurskoðaðar. Ég held að málið hafi tekið töluverðum breytingum á því stigi sem það hefur verið á þessu ári og eins og alltaf er þegar slík stórmál eru á ferðinni þá er um að gera að fara ofan í hvern einstakan þátt og skoða þau atriði og taka síðan afstöðu til þeirra. Þarna er ekki aðeins um það að ræða að reisa hús sem ríkinu kemur við því það er verið að tala um hótel og það er verið að tala um alls kyns starfsemi sem tengist Akureyrarbæ þannig að það þarf líka að semja um hvað í þessu húsi er eðlilegt að kosta undir þeim formerkjum sem við erum hér að ræða málin og hvað Akureyrarbær ætlar að taka afstöðu til og standa undir á eigin fótum. Þetta eru allt atriði sem við höfum skoðað og það er enginn bilbugur á mér í því að leiða þetta mál til lykta. Hvort það gerist vikunni fyrr eða síðar ætla ég ekki að fullyrða neitt um en við stefnum að sjálfsögðu að því að leiða þetta

mál til lykta eins og við stefnum að því að leiða önnur mál til lykta, gagnvart Vestmannaeyjum og Ísafirði. Við þurfum að raða þessu upp á ákveðinn hátt. En umræðan hefur skilað mjög góðum árangri, jafnvel betri árangri en ég gat búist við þegar við fórum af stað í janúar 1999.

Konur í ferðaþjónustu.

Fsp. ÞSveinb og SvanJ, 96. mál. — Þskj. 96.

[19:42]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 96 er spurt hvort hæstv. samgrh. hafi látið meta framlag kvenna til ferðaþjónustu. Fyrirspurnin er lögð fram til þess að fylgja eftir þingsályktun Alþingis um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um að aðgerðir til þess að jafna stöðu kynjanna. Þar segir í lið 10.1, með leyfi forseta, en liðurinn ber yfirskriftina Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu:

„Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði hægt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum."

Því spyr ég hæstv. samgrh. hvort þetta mat hafi verið gert á vegum á vegum samgrn. og hverjur séu niðurstöður þess. Liggi niðurstöðurnar ekki fyrir væri fengur í því að vita á hvaða stigi matið sé eða vinnan sé og hvenær niðurstaðna úr henni sé að vænta.

Herra forseti. Ferðaþjónustan er í örum vexti hér á landi. Því er spáð að erlendum ferðamönnum fjölgi um 17% á milli 1999 og 2000 og ekkert lát virðist á þeirri þróun. Einnig hafa ferðalög Íslendinga innan lands færst mjög í vöxt. En það er ljóst að ferðaþjónustan er ekki einvörðungu mikil uppspretta gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið heldur einnig gott sóknarfæri kvenna í atvinnurekstri ef rétt er á málum haldið, ekki síst í dreifbýli þar sem atvinna kvenna er mun fábreyttari en gerist í þéttbýli og veldur því m.a. að tækifæri kvenna á landsbyggðinni eru ekki þau sömu og tækifæri karlanna. Margvíslegir möguleikar eru enn vannýttir í íslenskri ferðaþjónustu. Heilsuferðaþjónusta er enn á byrjunarstigi ef svo má segja, grænferðamennska er líka óplægður akur að mestu leyti. Æ fleiri nýta sér kosti menningartengdrar ferðaþjónustu og ljóst er að hún hefur víða eflt þessa atvinnugrein svo um munar.

Herra forseti. Að þessu sögðu er ljóst að framlag kvenna til ferðaþjónustu þarfnast skoðunar ásamt því að meta stöðu kynjanna í atvinnugreininni.

[19:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Á vegum samgrn. hefur ekki verið lagt sérstakt mat á framlag kvenna í ferðaþjónustu. Þjóðhagsstofnun hefur ekki fyrirliggjandi kynjaskiptingu í tölum stofnunarinnar um ársverk í ferðaþjónustu en í árslok 1999 voru þau 5.300 talsins.

Ekki liggja fyrir neinar starfs- eða tekjukannanir innan ferðaþjónustunnar og því erfitt að segja um starfskjör og laun kvenna í greininni miðað við karla. Samkvæmt upplýsingum frá helstu samtökum í ferðaþjónustu, stéttarfélögum og fyrirtækjum sést hins vegar að fjöldi kvenna í ferðaþjónustu er umtalsverður. Þannig eru t.d. félagsmenn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem starfa við ferðaþjónustu 1.331 kona á móti 509 körlum og hjá Flugleiðum starfa 1.050 konur en 750 karlar. Af 120 bæjum innan ferðaþjónustu bænda eru 113 reknir af hjónum og hjá 39 fyrirtækjum innan samtaka ferðaþjónustunnar eru konur í forsvari.

Í samgrn. hafa ekki komið fram neinar vísbendingar um að konur þurfi sérstakar stuðningsaðgerðir til að hasla sér völl í ferðaþjónustu, enda eru þær áberandi víðast hvar á vettvangi ferðaþjónustunnar eins og áðurgreindar tölur gefa til kynna.

[19:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er mikill vaxtarbroddur á landsbyggðinni hvað varðar ferðaþjónustu og þar gegna konur lykilhlutverki, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Þær hafa haslað sér völl og hafa stofnað fyrirtæki, ekki bara sem ferðaþjónustubændur, heldur hafa þær stofnað handverkshópa og þær hafa stofnað ýmis fyrirtæki í tengslum við ferðaþjónustu. Þar hafa konur verið, vil ég meina, í fararbroddi við að skapa sér tækifæri í ferðaþjónustu og þá sérstaklega á þeim svæðum þar sem mikill samdráttur hefur verið í landbúnaði.

[19:47]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Svör hæstv. samgrh. valda mér nokkrum vonbrigðum. Ég hefði kannski getað sýnt því skilning ef þessi vinna væri skammt á veg komin. Lík svör hafa borist frá öðrum hæstv. ráðherrum við öðrum fyrirspurnum um jafnréttisáætlunina. En það að ekkert hafi verið gert og það eigi ekki að kanna þetta finnst mér illskiljanlegt því fyrir liggur í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar að þetta mat þurfi að fara fram eða það eigi að fara fram, og í hana vitnaði ég í fyrirspurn minni.

Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. segir að þessar upplýsingar eru meira og minna ekki fyrirliggjandi. Hins vegar veit ég ekki annað en að frá því hafi verið gengið að kyngreina eigi alla tölfræði sem notuð er í opinberum plöggum hér á landi, hvort heldur það er unnið af Hagstofunni eða Þjóðhagsstofnun eða öðrum. Það hlýtur því að vera hægt að kippa því í liðinn hvað ferðaþjónustuna varðar, alla vega þannig að ljóst sé hvar konurnar eru og hvar karlarnir eru.

Ég vil taka undir með hv. þm. Drífu Hjartardóttur að auðvitað er ferðaþjónustan ekki síst atvinnutækifæri fyrir konur á landsbyggðinni. Í því ljósi teldi ég mjög brýnt að hæstv. samgrh. beitti sér fyrir því að framlag kvenna til ferðaþjónustu verði metið og það kannað þá sérstaklega hvaða stuðningsaðgerðir gagnist konum, eins og segir í þingsályktun Alþingis.

[19:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. og fyrirspyrjandi sagði tel ég nauðsynlegt að það komi fram að auðvitað er vilji til þess að láta kanna og meta framlag kvenna í íslenskri ferðaþjónustu. En ég verð að viðurkenna að í ljósi þeirra talna og upplýsinga sem ég greindi hér frá, þá kann nú að vera að önnur viðfangsefni séu brýnni til þess að styrkja stöðu kvenna í atvinnulífinu en að eyða svo og svo mörgum ársverkum í að framkvæma könnun í atvinnugrein þar sem konur hafa algjöra yfirburði eins og í ferðaþjónustunni.

Engu að síður tel ég það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að auðvitað þurfum við að hafa þessar upplýsingar sem bestar, en það verður hins vegar að viðurkennast að afkastageta og mannafli ráðuneytanna er takmarkaður og við verðum að velja og hafna.

Fjöldi skipstjórnarmanna og vélstjóra á fiskiskipum og kaupskipum.

Fsp. GHall, 110. mál. — Þskj. 110.

[19:50]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að fyrr á þessu ári svaraði hæstv. samgrh. fyrirspurn minni um undanþáguveitingar til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum. Kom verulega á óvart sá fjöldi sem hefur fengið undanþágur á þeim þremur árum sem spurst var fyrir um, þ.e. 1997, 1998 og 1999. Á þessum þremur árum hafði verið sótt um fyrir 714 skipstjórnarmenn, undanþágur voru 580 sem 496 menn fengu. Vegna vélstjóra voru umsóknirnar um undanþágur 2.527. Undanþágur voru 2.166 sem 1.473 menn fengu.

Á síðasta ári voru 160 nemendur í Vélskólanum og á sama tíma 38 nemendur í Stýrimannaskólanum. Nú standa málin hins vegar þannig að í Stýrimannaskólanum eru 50 nemendur og heldur hefur fækkað í Vélskólanum, þeir eru nú 140.

Alvarlegast í þessu er að um 25 vélstjórar útskrifast árlega með 4. stigs menntun vélstjórnar og að meðaltali eru þeir aðeins tveir til þrír sem halda til hafs, hinir fara í margþætta og flókna tækni- og tækjavinnu, sem kallar á svo vel menntaða menn sem vélstjórar eru og er það vel í sjálfu sér. En það er hins vegar umhugsunarefni hvort rétt sé að staðið að í sjómannaskóla séu menn að öðlast menntun sem að meginhluta þjónar fyrirtækjum í landi á sviði véltæknibúnaðar.

Þess vegna hef ég lagt fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh.:

1. *Hve margar stöður yfirmanna eru nú við skipastól* Íslendinga og hvernig skiptast þær milli skipstjórnarmanna og vélstjóra

a. á fiskiskipum,

b. á kaupskipum?

2. Hve margir skipstjórnarmenn og vélstjórar þurfa að útskrifast á ári hverju svo ekki verði skortur á fólki með slíka menntun fyrir skipastól okkar?

[19:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt er hve margar stöður yfirmanna eru nú í skipastóli Íslendinga og hvernig þær skiptast milli skipstjórnarmanna og vélstjóra annars vegar á fiskiskipum og hins vegar á kaupskipum.

Hvað varðar fjölda stöðugilda skipstjórnarmanna á íslenskum fiskiskipum er nærtækast að taka mið af fjölda skráðra fiskiskipa á íslenskri skipaskrá og ákvæðum laga um fjölda skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Út frá því má áætla að stöður skipstjórnarmanna á íslenskum fiskiskipum séu um 1.100. En þess ber hins vegar að gæta að skráð fiskiskip eru ekki öll í rekstri. Ekki er tekið tillit til þess að á mörgum stærri fiskiskipa skipta skipstjórnarmenn með sér stöðugildum og geta fimm menn verið um hverjar þrjár stöður. Auk þess má benda á að á skipaskrá eru skráð 1.500 fiskiskip sem eru 12 brúttórúmlestir og minni og til að stjórna þeim þarf skipstjóri svokallað 30 brúttórúmlesta próf.

Hvað varðar fjölda stöðugilda vélstjórnarmanna á íslenskum skipum er nærtækast með sama hætti að taka mið af fjölda skráðra fiskiskipa á íslenskri skipaskrá og á ákvæðum laga um fjölda vélstjórnarmanna á íslenskum skipum. Út frá því má áætla að stöður vélstjórnarmanna á íslenskum fiskiskipum séu um 1.100, en þess ber hins vegar jafnframt að gæta, að skráð fiskiskip eru ekki öll í rekstri. Þá er ekki tekið tillit til þess að á mörgum stærri fiskiskipa skipta vélstjórnarmenn með sér stöðugildum og geta fimm menn verið um hverjar þrjár stöður. Auk þess eru 448 þilfarsskip og 817 opnir bátar á skrá þar sem krafist er vélgæslumannsréttinda. Þetta eru bátar undir 20 brúttórúmlestum sem eru með vélar að stærð frá 75–220 kílóvött. Þeirri stöðu má skipstjóri gegna hafi hann sótt námskeið vélgæslumanna.

Hvað varðar fjölda stöðugilda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum eru flest kaupskip sem rekin eru af íslenskum skipafélögum og notuð í flutningum til og frá landi ekki skráð á íslenska skipaskrá en samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra kaupskipa er þar um að ræða 43 stöðugildi skipstjórnarmanna og 34 stöðugildi vélstjórnarmanna. Auk þess má gera ráð fyrir 27 stöðugildum skipstjórnarmanna á varðskipum og 39 stöðugildum skipstjórnarmanna á ýmsum skipum, svo sem lóðsbátum, vinnubátum, tollbátum og dráttarbátum og svipuðum fjölda vélstjórnarmanna.

Að öðru leyti er spurt hve margir skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn þurfi að útskrifast á ári hverju svo ekki verði skortur á fólki með slíka menntun. Miðað við fjölda stöðugilda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna má gera ráð fyrir að eðlileg endurnýjun eigi sér stað í þessum starfsheitum eins og hjá öðrum. Til þess að geta sagt nákvæmlega um hve margir skipstjórnarmenn og vélstjórar þurfa að útskrifast á hverju ári svo ekki verði skortur á fólki með slíka menntun, er nauðsynlegt að kynna sér aldursdreifingu starfsstéttanna og einnig þarf að miða við hámarksstarfslengd.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík gerði árið 1998 úttekt um þarfir atvinnulífsins fyrir árlegar brautskráningar skipstjórnarmanna úr Stýrimannaskólanum. Þarfagreining þessi miðaði við að starfslengd skipstjórnarmanna sé 20 ár. Þar kemur fram að úr 4. stigi Stýrimannaskólans sem veitir réttindi til skipstjórnarstarfa á varðskipum, er áætluð þörf allt að fimm brautskráningar.

Úr 3. stigi Stýrimannaskólans sem veitir ótakmörkuð réttindi til skipstjórnarstarfa á farskipum er áætluð þörf 10–15 brautskráningar.

Úr 2. stigi Stýrimannaskólans sem veitir ótakmörkuð réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum er áætluð þörf 25–30 brautskráningar.

Úr 1. stigi Stýrimannaskólans sem veitir réttindi til skipstjórnarréttinda á fiskiskipum minni en 200 brúttórúmlestum er áætluð þörf 55–60.

Samkvæmt þessu má áætla að samtals 90–110 brautskráningar skipstjórnarmanna séu nauðsynlegar á hverju ári og þá aðallega á lægri stigum réttinda. Auk þess er áætlað að úr sjávarútvegsbraut sem veitir réttindi til skipstjórnarstarfa á skipum 30 brúttórúmlestir og minna sé áætluð þörf 80–100 brautskráningar til að viðhalda þeim fjölda sem þegar hafa slík réttindi í dag.

Á þessu skólaári eru nemendur í Stýrimannaskólanum í Reykjavík 50.

Hvað vélstjórnarmenn varðar má gera ráð fyrir að þörfin sé svipuð þar sem starfsgreinin tengist skipstjórnarmenntun náið. Hins vegar er þörfin þar eitthvað minni þar sem skipstjórar á minni bátum geta einnig gegnt stöðu vélgæslumanna ef þeir hafa vélgæslumannaréttindi.

[19:58]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Á þessu ári eru nemendaígildi í Vélskóla Íslands 228 samkvæmt upplýsingum menntmrn. og áætlunin er að á næsta ári verði aðeins 150 nemendaígildi. Í Stýrimannaskólanum eru 60 nemendaígildi en áætlunin þar er reyndar 80 á næsta ári.

Það er greinilegt að þessi fækkun kemur til með að verða vandamál því þetta uppfyllir ekki þörfina sem er fyrir þessi störf. Það er umhugsunarefni hvað er hægt að gera til þess að laða ungt fólk til náms í Vélskóla og Stýrimannaskóla. Þetta eru mjög mikilvæg störf og það er líka umhugsunarvert hvað er hægt að gera til þess að vekja áhuga ungra kvenna til slíks náms.

[19:59]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og jafnframt hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir innlegg hennar í umræðuna sem er alveg full þörf á. Ég veit t.d. að Eimskipafélag Íslands hefur beitt sér fyrir því að reyna að laða konur til starfa á sjó.

Hins vegar setur að manni hroll við að heyra að það vanti á bilinu 90–110 manns, bæði skipstjórnarmenn og vélstjóra, til að manna fiski- og kaupskipaflota Íslendinga. Það skýrir í sjálfu sér hvernig stendur á þeim miklu undanþáguveitingum sem hér hafa viðgengist. Maður hlýtur að spyrja sig: Er eðlilegt að veita allar þessar undanþágur? Það mætti líkja þessu við að ef það vantaði vörubílstjóra þá þyrftu þeir ekki að taka próf heldur gætu hoppað upp í flutningabíla eða fólksflutningabíla, ekkert mál með undanþágur.

Þetta getur náttúrlega ekki gengið svona lengur, hæstv. samgrh. Hér er verk fyrir höndum sem bráðan bug þarf að vinda að. Jafnframt þurfa stjórnvöld, hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, þ.e. útgerðin, fiskvinnslan, sölusamtökin og stéttarsamtök sjómanna að snúa sér að því að bæta ímynd sjómannsstarfsins í nútímaþjóðfélagi.

Ég treysti því hæstv. samgrh. að ráðuneytið beiti sér fyrir því að kalla þessa hagsmunaaðila saman til að gera útrás og kynna starfið frekar fyrir ungu fólki og laða ungt fólk til sjómannsstarfa. Annars fer illa fyrir þjóð sem byggir meginafkomu sína á siglingum, sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Flutningur Landskrár fasteigna til Akureyrar.

Fsp. SJS, 131. mál. — Þskj. 131.

[20:02]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þegar lögum um skráningu og mat fasteigna var breytt á síðasta þingi fólst í þeirri lagabreytingu m.a. endurskipulagning á öllu sem varðaði gagnahald og skráningu fasteigna í landinu. Til á að verða svonefnd Landskrá fasteigna þar sem haldið er utan um allan þennan mikla upplýsingaforða á einum stað. Í tengslum við frv. þegar það kom hér fram á Alþingi var kynnt, bæði í grg. frv. og rækilega í ræðum hæstv. ráðherra, að þannig yrði að þessu staðið að svonefnd Landskrá fasteigna yrði staðsett á Akureyri og umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins þar yrði falið þetta verkefni.

Þannig segir t.d. í grg. með frv., með leyfi herra forseta:

„Efla þarf tölvudeild Fasteignamats ríkisins til að halda Landskrá fasteigna. Ætlunin er að þessi starfsemi verði á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Um er að ræða 10–12 störf sem hafa það verkefni að reka tölvukerfi sem heldur Landskrá fasteigna, þjónusta notendur skrárinnar og annast almenna þjónustu Fasteignamats ríkisins á Norðurlandi en þar starfa nú fimm menn. Grundvöllur þess að Landskrá fasteigna sé haldin á Akureyri er að gagnaflutningur til og frá umdæmisskrifstofunni sé hraðvirkur og öruggur.“

Þetta ítrekaði hæstv. ráðherra rækilega í ræðum sínum í umræðum um þessi mál. Hann taldi það breytingunni sérstaklega til tekna að með því næðist í leiðinni áfangi í að færa verkefni og störf út á landsbyggðina. Það hentar vel þegar í hlut á ný þjónusta eða starfsemi af þessu tagi. Ég held að flestir séu sammála um að þá sé upplagt að nota tækifærið. Ekki vantar tekjurnar til að standa undir verkefninu því sérstakur tekjustofn kom til sögunnar, umsýslugjald, og það ríflegt að flestra mati.

Nú er það svo að hæstv. ráðherra vill vera maður orða sinna og hef ég enga trú á öðru en hugur hæstv. ráðherra standi til að efna þetta að fullu og öllu. Því miður bólar þó ekkert á þessum nýju störfum á Akureyri. Það virðist allt vera á sömu bókina lært, þegar gera á eitthvað af þessu tagi þá lætur það mjög á sér standa.

Nú eiga lögin að taka gildi um áramótin og þar af leiðandi væri eðlilegt að allt væri á fullri ferð á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri við að taka á móti öllum þessum nýju störfum og búa í haginn þannig að þetta gæti farið af stað um áramótin.

Ég ákvað því að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar eru þessi áform á vegi stödd? Ég trúi ekki þeim orðrómi sem ég hef heyrt, að í staðinn fyrir að byggja upp þessa starfsemi norður á Akureyri sé nú tekið að fjölga mannskap hér á höfuðbólinu, öfugt við það sem ætlunin var.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hverju sætir að tekjustofninn sem þarna var eyrnamerktur skuli ekki tekinn í þetta verkefni? Ætlunin mun vera samkvæmt fjárlagafrv. að hluti hans renni í ríkissjóð á næsta ári.

[20:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Við samþykktum á síðasta þingi ný lög um Landskrá fasteigna og breyttum þrennum lögum í þeim tilgangi að setja á stofn þessa merku skrá, sem er gagna- og upplýsingakerfi yfir allar fasteignir í landinu. Lögin um þetta taka þó ekki gildi fyrr en um næstu áramót eins og kunnugt er.

Í grg. frv. kom fram að efla þyrfti tölvudeild Fasteignamatsins til að halda Landskrá fasteigna og ætlunin væri að þessi starfsemi væri á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Í framsöguræðu minni með frv. kom fram að einnig kæmi til greina að fela einkaaðilum þar í bæ, eða eftir atvikum annars staðar, að reka tölvukerfin kringum landskrána frekar en reka hana á umdæmisskrifstofunni sjálfri en slíkt yrði að sjálfsögðu metið þegar málið væri

komið lengra á rekspöl. Undir þetta sjónarmið tók starfandi viðskrh. einnig, sem mælti fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um brunatryggingar, þar sem reynslan sem fengist við að reka slíka skrá gæti fremur nýst fyrirtæki en ríkisstofnun til að taka að sér fleiri verkefni á þessu sviði eða bjóða fram tengda þjónustu.

Þau nýju verkefni sem tiltekið var í grg. að rekin yrðu frá Akureyri eru rekstur tölvukerfis, sem heldur Landskrá fasteigna og þjónusta við notendur skrárinnar. Þrátt fyrir að fjárveitingar til stofnunar skrárinnar hefjist ekki fyrr en árið 2001, hefur Fasteignamat ríkisins þegar hafið undirbúning að stofnun skrárinnar, þar á meðal rekstri hennar á Akureyri. Á þessu stigi er þó ekki mögulegt að nefna tiltekna dagsetningu, þ.e. hvenær skráin tekur til starfa á Akureyri enda verður sennilega um að ræða uppbyggingu sem gerist í nokkrum áföngum en ekki tilflutning á fullbúnu verkefni einn tiltekinn dag. Einnig er líklegt að stofna þurfi til tilraunaverkefna og reynslutímabila á Akureyri áður en skráin tekur endanlega til starfa.

Þrátt fyrir að stofnun Landskrár fasteigna sé fjölþætt viðfangsefni sem nokkurn tíma mun taka að undirbúa þá vil ég fullvissa fyrirspyrjanda um að ötullega er og verður unnið að undirbúningi skrárinnar og fyrirkomulagi skráarhaldsins, þar á meðal rekstri hennar á Akureyri í samræmi við gefin fyrirheit.

Í umræðum um málið á síðasta þingi var þetta atriði nokkuð rætt, að hér gæfist tækifæri til þess að skapa ný störf utan höfuðborgarsvæðisins fyrir sérmenntað fólk. Það var og er ásetningur minn og ríkisstjórnarinnar að standa við þau fyrirheit. Sem stendur er unnið að því að gera samninga milli fjmrn. og dómsmrn. um flutning gagna frá sýslumannsembættunum. Það verður gerður samningur við Landmælingar á vegum umhvrn. til að styrkja samstarfsgrundvöll þessara stofnana og þeirra gagnagrunna sem þar er um að ræða.

Lögin hafa ekki tekið gildi og málið er þess vegna ekki komið í framkvæmd. Undirbúningur er hins vegar á fullri ferð og ég treysti því að við hv. fyrirspyrjandi séum báðir fullvissir og vongóðir um að þetta mál fái þá niðurstöðu sem við báðir höfum talað fyrir bæði á síðasta þingi og núna.

[20:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa oft staðið um það deilur, stundum mjög hatrammar, hvort flytja beri starfsemi á vegum hins opinbera frá Reykjavík út á landsbyggðina. Oft hefur mjög óhöndulega tekist til í þessu efni og nægir þar að nefna deilurnar í kringum flutning á Landmælingum ríkisins frá Reykjavík til Akraness á sínum tíma og nú síðast flutning Byggðastofnunar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mjög eindregið verið á því að stefna beri að því að styrkja opinbera starfsemi utan Reykjavíkursvæðisins, á landsbyggðinni. Hér er dæmi um stofnun eða hluta af stofnun, starfsemi sem er að verða til, sem mikilvægt er að fundinn verði staður utan Reykjavíkursvæðisins, í þessu tilviki á Akureyri. Mér heyrðist á svari hæstv. fjmrh. að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið og mér finnst það vera fagnaðarefni.

[20:10]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Út af fyrir sig er ég ánægður með inntak þeirra, nema að einu leyti. Það er þetta með tímann. Ég sætti mig æ verr við það hvað þetta er alltaf óskaplega erfitt, seinvirkt og tekur mikinn tíma þegar eitthvað á að gerast í þessum efnum. Ég hlýt að spyrja: Geta menn ekki brett upp ermarnar í tilvikum sem þessum? Eru menn að vinna að þessu alls staðar í kerfinu með tóma belgvettlinga á höndunum? Hvernig stendur á því að það er allt svona óskaplega þungt og svifaseint þegar eitthvað á að gerast í þessa veru?

Nú er málið tiltölulega einfalt í þessu tilviki. Um næstu áramót ganga í gildi lög og þá hefði verið, samanber það að Alþingi hefur þegar heimilað þessa stefnumótun, alveg kjörið að hin nýja landskrá tæki til starfa á Akureyri eins og þingið er búið að lýsa blessun sinni yfir. Í grg. frv. sem var samþykkt er sú lögskýring fyrir hendi að stefnt sé að þessari starfsemi á umdæmisskrifstofu Fasteignamatsins á Akureyri. Þá þarf ekkert útboðsrugl, þá liggur það fyrir að ríkið má staðsetja þennan hluta starfsemi sinnar á Akureyri ef því sýnist svo og enginn getur kvartað yfir neinu. Hér hefði átt að vera hægt að ganga í verkin.

Ég sætti mig illa við það, herra forseti, að í hverju málinu á fætur öðru fáum við þetta upp. Við vorum að ræða menningarhúsin hér áðan, þar tekur óratíma að danglast áfram í viðræðum um mál sem menn lögðu til fyrir næstum ári síðan. Við vitum hvernig þetta hefur gengið með hvert slíkt viðfangsefnið á fætur öðru. Fjarvinnslustörf til Ólafsfjarðar og annað í þeim dúr, þar gerist eiginlega ekki neitt. Menn hafa það jafnvel á tilfinningunni ef eitthvað er að heldur sé að síga á ógæfuhliðina því störfunum sé hægt og hljótt séu að fjölga þar sem alls ekki var ætlunin.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka nú á sig rögg og ganga vasklega í að drífa þetta áfram þannig að þetta taki til starfa, a.m.k. formleg starfsemi skrárinnar á Akureyri hefjist um áramótin, eða í öllu falli að allur undirbúningur fyrir það verði unninn þar.

[20:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil nú ekki kannast við það að menn séu með einhverja belgvettlinga á höndunum í þessu máli. (**SJS:** Ríkisstjórnin á nú eitthvað af þeim — eða sú gamla alla vega.) Þetta mál er í vinnslu eins og ég hef hér útskýrt og stendur ekki annað til en að fara eftir því sem ákveðið hefur verið hér á Alþingi í þessu máli. Tvennt kemur til greina varðandi staðsetningu tölvuþjónustunnar sem þessu tengist, annaðhvort yrði það á umdæmisskrifstofunni sjálfri eða í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu sem getur veitt þessa þjónustu. Ég hygg að sá kostur sé ekki lakari.

Eins og ég sagði í framsöguræðu minni á síðasta vetri verður það metið hvort er heppilegra þegar málið er lengra komið. Það styttist nú vonandi í að við fáum ... (**ÖJ:** Þarf þá ekki að bjóða út á öllu landinu?) það styttist þá vonandi í að ... (**ÖJ:** Og öllu Eyjafjarðarsvæðinu?) að við fáum niðurstöðu í það mál. (**ÖJ:** Drífðu bara í þessu.)

Fundi slitið kl. 20:14.

19. FUNDUR

fimmtudaginn 2. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118. — 1. umr.
2. Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
3. Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.
4. Loftferðir, frv., 56. mál, þskj. 56. — 1. umr.
5. Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, þáltill., 93. mál, þskj. 93. — Fyrri umr.
6. Fjarskipti, frv., 159. mál, þskj. 161. — 1. umr.
7. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Fyrri umr.
8. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
9. Almannatryggingar, frv., 102. mál, þskj. 102. — 1. umr.
10. Umboðsmaður aldraða, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.
11. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.
12. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 158. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.
13. Ábyrgðarmenn, frv., 160. mál, þskj. 162. — 1. umr.
14. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 171. mál, þskj. 174. — 1. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.
16. Bætt staða námsmanna, þáltill., 189. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Húsaleigubætur, 195. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 205.
Tekjuskattur og eignarskattur, 196. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 206.

Umræður utan dagskrár.

Laxeldi í Mjóafirði.

[10:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Umhvrn. staðfesti 20. október sl. úrskurð Skipulagsstofnunar frá 9. ágúst um að ekki skuli fara fram mat á umhverfisáhrifum á fyrirhuguðu eldi á norskum laxi í sjókví í Mjóafirði allt að 6–8 þús. tonn af eldislaxi á ári. Þetta er 6–8 sinnum stærri eining en almennt eru sett hámörk um í nágrannalöndum okkar. Í niðurstöðum úrskurðarins eru raktar forsendur fyrir að ekki sé mengunarhætta vegna fóðurleifa, þvags og saurs og þess háttar. Síðan segir: „Tekið verði á hugsanlegum áhrifum er varða sjúkdóma og erfðamengunarhættu í leyfisveitingum samkvæmt lögum og reglugerðum.“

Um þetta segir Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, í Ríkisútvarpinu 30. október sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Mér finnst þessi ákvörðun orka mjög tvímælis vegna þess að Skipulagsstofnun í ákvörðun sinni skoðar bara einfaldlega ekki erfðamengunarþáttinn heldur vísar því til leyfisveitandans. Þá leitaði Skipulagsstofnun ekki álits veiðifélaganna á svæðinu varðandi Mjóafjörðinn og gaf þeim ekki rétt að koma að andmælum og við teljum að þar hafi andmælaréttur verið brotinn á hagsmunaaðilum í ákvörðunarferlinu.“

Landssamband veiðifélaga, Landvernd, Félag stangveiðimanna, sérfræðingar Veiðimálastofnunar og fleiri sem hafa mikla þekkingu á því sviði hafa ályktað um þá ríku hagsmuni sem eru í húfi fyrir lífríki ánna og atvinnulíf í byggðum landsins, að ekki sé skert ímynd og hreinleiki íslenska laxins með erfðablöndun eða sjúkdómum erlendis frá.

Varðandi sjúkdóma- og erfðamengunarþáttinn byggir Skipulagsstofnun úrskurð sinn mjög á umsögn veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri starfar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Lögfræðingur landbrn. segir í greinargerð frá 26. október 2000 um helstu ágalla á íslenskri löggjöf um fiskeldi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að ákvæði IX. kafla laga um fiskeldi eru fremur fábrotin og í þau vantar ýmis ákvæði sem er eðlilegt og rétt má telja að fram komi í þeim. Engin heildarlöggjöf hefur verið sett hér á landi um fiskeldi, en færa má rök fyrir því að slík löggjöf ætti að vera til.“

Áfram er rakið í greinargerð lögfræðingsins hvað þyrfti að vera í heildarlöggjöf um fiskeldi, sem er nánast allt, því að lagasetning um þennan atvinnuveg hefur gersamlega setið á hakanum.

Herra forseti. Í grein í Degi 31. október segir Árni Ísaksson veiðimálastjóri, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil og tel nauðsynlegt að það verði gert umhverfismat fyrir þetta í heild sinni. Þá verða teknir ákveðnir staðir í hverjum landshluta og þeir metnir út frá þeim aðstæðum sem þar eru fyrir hendi.“

Ekki verður séð af þessum ummælum að mælt sé með því að undanþiggja einstaka staði mati á umhverfisáhrifum, þvert á móti. Að mati umhvrn. taka lögin um mat á umhverfisáhrifum einungis til einstakra framkvæmda en ekki til nýrrar heillar atvinnugreinar með svo víðtæk áhrif inn í vistkerfi landsins. Hér er bein missögn og réttaróvissa á ferðinni.

Samkvæmt fréttum í fjölmiðlum eru umsóknir um stórfellt eldi á norskum laxi meðfram ströndum landsins í farvatninu sem nema mörgum tugum þúsunda tonna í ársframleiðslu. Mikil og snörp umræða er nú í nágrannalöndum okkar um eldi á laxi í sjókvíum. Í Skotlandi er talið að a.m.k. um 500 þús. laxar sleppi úr sjókvíum á þessu ári og nýverið samþykkti skoska þjóðþingið að hrinda úr vör opinberri rannsókn á mengun frá laxeldisstöðvum og koma í veg fyrir umtalsvert tjón á náttúrunni, arfleifð Skota, og tryggja hagsmuni þeirra sem eiga lífsviðurværi sitt undir hreinleika strandsjávarins.

Nýverið sprungu sjókvíar í Færeyjum í aftakaveðri og herma fyrstu fregnir að um 40 tonn af laxi hafi þar sloppið. Hlutfall eldislax í sjó við strendur Noregs er 35–40%, þ.e. laxinn hefur sloppið úr kvíum.

Herra forseti. Mun hæstv. umhvrh. endurskoða úrskurð sinn um eldi á norskum laxi í Mjóafirði og fela Skipulagsstofnun að fjalla um hann að nýju í ljósi þeirrar veiku lagastoðar sem hann byggir á? Eða megum við búast við

að úrskurðir á þessum vettvangi renni eins og á færibandi á næstu mánuðum í gegnum ráðuneytið? Hverju ætlar hæstv. umhvrh. að svara eigendum laxveiðiáa í Vopnafirði, í Aðaldal, Húnavatnssýslum, Borgarfirði og Dölum, svo eitthvað sé nefnt, þegar þeir spyrja um öryggi og mat á hagsmunum sínum? Hvernig metur hæstv. landbrh. stöðu sína varðandi þetta mál? Hvenær mun hann leggja fram frv. að heildstæðri löggjöf um fiskeldi á Íslandi og á hvaða forsendum mun hann veita væntanlegum eldisstöðvum fyrir norskan lax rekstrarleyfi? Hvernig mun hann tryggja öryggi, hreinleika og fjölbreytileika íslenska laxastofnsins í fallegum ám austan, norðan, sunnan og vestan lands? Hvernig ætlar hann að svara því þegar hann gefur út rekstrarleyfi á þeim veika grunni sem hann hefur?

[10:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Laxeldi er ekki matsskylt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum heldur tilkynningarskylt. Fyrirhugað laxeldi í Mjóafirði var tilkynnt til Skipulagsstofnunar 30. júní 2000. Skipulagsstofnun úrskurðaði í framhaldinu þann 9. ágúst 2000 að fyrirhuguðu laxeldi í Mjóafirði væri ekki skylt að fara í mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun úrskurðaði á grundvelli ýmissa gagna frá ýmsum aðilum. Sumir mæltu með umhverfismati en aðrir ekki. Náttúruvernd ríkisins mælti t.d. með umhverfismati. Hins vegar mælti Hollustuvernd ríkisins ekki með umhverfismati en hún annast stjórnsýslu varðandi varnir gegn mengun hafsins.

Veiðimálastjóri, sem fer með framkvæmd lax- og silungsveiða, þar með talin vernd íslenska laxastofnsins, og gefur út rekstrarleyfi fyrir laxeldisstöðvar mælti ekki með umhverfismati fyrirhugaðs laxeldis í Mjóafirði. Úrskurður skipulagsstjóra var kærður til umhvrn.

Ráðuneytið staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar þann 20. október sl. um að fyrirhugað laxeldi í Mjóafirði skyldi ekki fara í mat á umhverfisáhrifum. Úrskurður ráðuneytisins er byggður á viðmiðunum sem koma fram í III. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og þeim umsögnum og athugasemdum sem ráðuneytið óskaði eftir. Í niðurstöðu úrskurðarins kemur m.a. fram að líta verði á umfang fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Mjóafirði í ljósi staðsetningar þess en staðsetning vegur þungt þegar metin eru umhverfisáhrif af framkvæmd.

Meginkæruefnið varðandi sjókvíaeldi í Mjóafirði snerist um áhrif sem það kynni að hafa á villta laxastofna hvað varðar hugsanlega erfðablöndun. Miðað við upplýsingar og umsagnir sem ráðuneytinu bárust er ekki dregið í efa að eitthvert strok væri frá kvíaeldi en ágreiningur er um áhrif þess á villta laxastofna. Rannsóknir í nágrannalöndum okkar um langt skeið hafa ekki sýnt fram á að eldislax hafi skaðleg áhrif á náttúrlega villta stofna af sama stofni.

Ég vil einnig draga skýrt fram að umsögn veiðimálastjóra til umhvrn. vó þungt í niðurstöðu ráðuneytisins á þessum þætti þar sem hann fer með vernd villta laxastofnsins á grundvelli laga um lax- og silungsveiði, getur sett reglur þar að lútandi og gefur út rekstrarleyfi fyrir laxeldi. Einnig er bent á í úrskurðinum að lög og reglugerðir sem fjalla um skilyrði og eftirlit með starfsemi laxeldis eigi að koma í veg fyrir eða takmarka hættu á hugsanlegri erfðablöndu og smitsjúkdómum vegna kvíaeldisins.

Í umræðum um laxeldi hefur komið fram þörf á heildstæðri kortlagningu á þeim svæðum sem best eru fallin til laxeldis við Ísland. Við þessum aðstæðum hefur hæstv. landbrh. brugðist og sett á fót nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir þætti sem snerta sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru, m.a. lagalega umgerð fiskeldis og mögulega staðsetningu þess. Umhvrn. á fulltrúa í nefndinni.

Því er ljóst, herra forseti, að ekki er skylt að fara með laxeldi í Mjóafirði í umhverfismat. Hins vegar verða laxeldinu á grundvelli stafsleyfis Hollustuverndar ríkisins og rekstrarleyfis veiðimálastjóra sett nauðsynleg skilyrði til að tryggja að umhverfisáhrif starfseminnar verði ásættanleg.

Ég vil einnig taka fram að niðurstaða Skipulagsstofnunar og umhvrn. að þessu sinni hefur ekki almennt fordæmisgildi gagnvart kvíaeldinu. Skipulagsstofnun mun skoða hvert mál fyrir sig eins og henni er skylt samkvæmt lögum.

Ég vil einnig að það komi fram, virðulegi forseti, að nýlega hefur veiðimálastjóri fundað með veiðimálanefnd og veiðimálanefnd hefur mælt með því að fram fari einhvers konar heildstætt mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis hér við land þar sem verður litið til fjölmargra þátta. Ég býst við því ef af slíku mati verður þá verði unnið á vegum landbrn.

[10:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er skoðun mín að fiskirækt verði mjög mikilvæg atvinnugrein í framtíðinni. Íslendingar þurfa ekki bara að slást í hóp með þeim sem eru í fiskeldi. Þeir þurfa að vera þar í fremstu röð og við eigum afar mikilvægan vísi að framtíðareldi á lúðu. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr gætu hugmyndir manna um eldi á þorski neytt okkur til athafna í framtíðinni. Þar þurfa menn að vera vel á verði og hefja nú þegar rannsóknir á þeim möguleikum. Ýmsum nágrannaþjóðum okkar hefur gengið vel í laxeldi og ég fagna hugmyndum manna um að koma upp slíkri starfsemi.

En við höfum eitthvað að læra af fyrri mistökum — eða hvað? Ég efast um að við höfum gert það. Ég efast um það vegna þess að við erum að ræða úrskurð hæstv. umhvrh. þess efnis að 8 þúsund tonna kvíaeldi í Mjóafirði eigi ekki að fara í umhverfismat. Enginn efi er á því að niðurstaða ráðherrans er lögleg og hann hefur þetta úrskurðarvald og mikilvægir umsagnaraðilar hins opinbera kerfis eru honum sammála. Það hlýtur að mega draga þá ályktun af þessari stöðu að verkefnið hefði fengið jákvæða niðurstöðu í umhverfismati.

En er þessi niðurstaða þá skynsamleg? Þó hún geti sparað 3–6 mánuði í tíma og einhverja peninga, þá tel ég það ekki vera. Er hún heppileg fyrir nýja og öfluga atvinnugrein vonandi inn í framtíðina? Ég segi nei. Þetta fyrirtæki sem hefði getað fengið einhvers konar framkvæmdarleyfi að loknu umhverfismati verður hvort sem er að búa við óvissu, hve umfangsmikið framkvæmdarleyfi það fær að loknu því ferli sem nú fer í gang. Þessi atvinnugrein, sem kemst vonandi hér á fót, þarf á því að halda að vera í sátt við umhverfið. Fiskeldi á Íslandi verður að vera í fremstu röð. Annars spillir það orðspori Íslands sem landi hreinnar náttúru og þar með íslenskra fiskafurða og ferðaþjónustu. Samfylkingin hefur mótað þá stefnu að umhverfismat eigi að vera aðalreglan.

[10:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau gleðilegu tíðindi hafa nú gerst að endurvakin hefur verið trú á fiskeldi við Ísland. Hér er ekki um nýja atvinnugrein að ræða eins og málshefjandi fullyrti. Við höfum reynslu og þekkingu sem við eigum að nýta okkur en við verðum líka að horfa til framtíðarinnar. Öflugir fjárfestar

og atvinnurekendur hafa óskað eftir því að fá leyfi til að hefja fiskeldi við Austurland. Í allri þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um atvinnulíf á Austurlandi hljótum við að fagna því að komin eru ný tækifæri til að byggja þar upp atvinnulíf.

Við erum í raun að tala um hundruð starfa sem skipta mjög miklu máli í fjórðungnum. Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein hjá nágrönnum okkar í Skotlandi, Færeyjum og Noregi og þar hefur byggst upp þekking og reynsla sem við hljótum að geta nýtt og eigum að nýta okkur. Reglugerðaverk sem þar hefur verið byggt upp á að nýtast okkur og embættismönnum okkar.

Það er augljóst mál að á Austurlandi eru heppilegar umhverfislegar aðstæður og um það eru menn sammála. Það er vissulega satt að Austurland er fallegt eins og kom fram hjá málshefjanda en það vegur ekki mjög þungt í buddu Austfirðinga. Það er afskaplega mikilvægt að embættismannakerfið hér á landi geti tekið ákvarðanir hratt í þessu máli þannig að þeir fjárfestar sem ætla sér út í þessa atvinnugrein hér á landi þurfi ekki að bíða endalaust eftir því að menn, sem valdir eru til þeirra starfa, og hafa til þess lagastoðir, geti tekið ákvarðanir. Það er ekki líðandi á Íslandi nútímans.

[10:47]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ekki fer milli mála að hin gamla karakúlhreyfing lætur nú á sér kræla á nýjan leik. Fyrir þá sem átta sig ekki á hvað þar er á ferðinni skal rifjað upp að það var hún sem fékk því ráðið að merino-hrútarnir spænsku voru fluttir til landsins með mæðiveikinni sem voru einhverjar þyngstu búsifjar sem ein atvinnugrein hefur orðið fyrir. Sama hreyfing fékk því ráðið að minkurinn var fluttur til landsins og varla hefur íslenskt dýralíf borið skarðari hlut frá borði eða orðið fyrir meiri búsifjum. En Íslendingurinn ætlar seint að læra af reynslunni. Nýverið henti það að hæstv. landbrh. Framsfl. hélt flórræðu fyrir austan fjall þar sem hann tilkynnti að hann hefði gefið leyfi til að tilraun yrði til þess gerð að útrýma enn einum stofni lífvera í heiminum, íslensku kúnni. Allir hafa sér til ágætis nokkuð og hann verður a.m.k. af því frægur að hafa orðið fyrstur til að kyssa kú Júdasarkossi.

Ég hef ekki nægilega þekkingu á laxeldi til að kveða upp einhverja dóma um það en ýmis spor úr Noregi hræða vissulega. En betur færi að við gætum náð tökum á þessari mikilvægu atvinnugrein. Ég veit hins vegar að Atlantshafslaxinn kynni að vera í hættu og við megum engu til hætta. Þess vegna er það, kæra frú hæstv. umhvrh., að þótt ekki sé skylt að setja þetta í áhættumat eða umhverfismat megum við og hæstv. ráðherra engu til hætta í þessu skyni.

[10:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ekki matsskylt heldur tilkynningarskylt segir hæstv. umhvrh. Þetta er ekki rétt. Þauleldi á fiski þarf samkvæmt lögum að meta í hverju einstöku tilfelli hvort setja skuli í mat á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæma eigi mat, Veiðimálastofnun líka og sú stofnun hefur reyndar ítrekað varað við hættunni sem villtum laxastofnum getur stafað af fiskeldi. Veiðimálastjóri biður um að framkvæmt sé það sem hann kýs að kalla heildstætt mat á fiskeldi í sjó og hæstv. umhvrh. kýs að snúa út úr fyrir veiðimálastjóra og bera það fyrir sig að lögin um mat á umhverfisáhrifum geri ekki ráð fyrir neinu sem kallast gæti heildstætt mat.

Herra forseti. Ekki þarf mikinn vilja til að sjá að það sem veiðimálastjóri óskar eftir í umsögn sinni er stefnumarkandi áætlun um sjókvíaeldi og hann telur greinilega út frá faglegum forsendum að slík stefnumarkandi áætlun eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Hugtakið stefnumarkandi áætlun, herra forseti, er hæstv. umhvrh. ekki framandi því að væntanleg er tilskipun frá Evrópusambandinu um umhverfismat slíkra áætlana. Hún veit fullvel að lögfesta þarf mat á umhverfisáhrifum af stefnumarkandi áætlunum á næstu árum á landi okkar, þar með taldar skipulagsáætlanir, vegáætlanir, hafnaáætlanir og áætlanir um stórfellt þauleldi á fiski í kvíum í sjó.

Þegar Norðmenn fóru út í stórfellt kvíaeldi fyrir 20 árum höfðu þeir unnið heimavinnu sína. Þeir höfðu gert slíka áætlun. Skipulagsstofnun og umhvrh. ætla hins vegar að láta eina einstaka framkvæmd gefa fordæmi og marka stefnu í þessum málum án þess að horft sé á málin í víðara samhengi því að auðvitað er úrskurðurinn í Mjóafirði fordæmisgefandi. Ég segi, herra forseti, að bæði Skipulagsstofnun og hæstv. umhvrh. gera sig sek um skammsýni og vangá í úrskurðum sínum því að í úrskurðum beggja er flúið í leyfisveitingaferlið í stað þess að nýta sér þau ákvæði sem eru í lögunum um mat á umhverfisáhrifum sem gera ætti undir eðlilegum kringumstæðum. Þau lög eru til þess ætluð að taka af allan vafa því ríki vafi á náttúran, herra forseti, að fá að njóta hans.

[10:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svo ergist hver sem hann eldist. Það er ömurlegt að sjá einhvern athafnasamasta og duglegasta ráðherra, bankastjóra fiskeldismanna og loðdýraræktarinnar, koma í ræðustól með útúrsnúningum. Það er aumt hlutskipti og erfitt að horfa á slíkan ágætisdreng í heljarböndum. Ekki er einu sinni hægt að eyða orðum á málflutning hans hér í flestum málum. Mér öðruvísi áður brá. En svona geta menn farið út úr eigin athöfnum.

Ég ætla að segja að ég hef sem landbrh. skipað stóran vinnuhóp sem fer yfir sambýli villtrar náttúru og fiskeldis, jafnframt lagaumhverfi. Ég hvet til þess að menn fari varlega í þessu. Mikil auðlind er til í íslenskum veiðiám. Það eru hátt í 1.800 hlunnindajarðir sem eiga veiðirétt og við eigum að fara gætilega. Fiskeldið á hér mikla möguleika. Við erum fremstir í lúðueldi í heiminum. Það er nýr sóknarhugur og við verðum að stíga varlega til jarðar. Það er sjálfsagt svo að einhverjir firðir henta undir fiskeldi, kvíaeldi, árið um kring. Þeir eru fáir. Skiptieldi er að koma vel út undir Vogastapa sem gefur mönnum vonir. En aðalatriðið er að fara yfir lagaumhverfið, fara yfir reglurnar, setja þær af festu og ná samstöðu um hvernig að þessum atvinnuvegi verður staðið. Ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að við eigum að vera þjóð í fremstu röð á þessu sviði og við þurfum að fara af fullri gætni í þetta mál og munum gera það.

[10:54]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft afar stóru og mikilvægu máli, þ.e. tengslum laga um mat á umhverfisáhrifum og síðan þeirri stóru atvinnugrein sem fiskeldið er. Ljóst er að meginreglan í þessu samhengi er að fara eigi eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum og eins og fram hefur komið hjá hæstv.

umhvrh. er ekki annað að sjá en farið hafi verið eftir þeim lögum í einu og öllu vegna þess að lögin gera ráð fyrir þeirri leið sem hefur verið farin.

Hins vegar er mjög mikilvægt að við ræðum báða þessa þætti af yfirvegun og í ró vegna þess að báðir eru þættirnir afar mikilvægir. Laxeldið í Mjóafirði, sem er sérstaklega fjallað um hér, og hæstv. ráðherra hefur sagt skýrum orðum að það sé ekki almennt fordæmisgefandi. Þeim ummælum ber sérstaklega að fagna vegna þess að eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. ber að fara varlega í þessum málum. Því er rík ástæða til að ætlast til þess af Hollustuvernd og veiðimálastjóra að þegar tilgreind leyfi verða gefin verði mjög skýrar og ákveðnar reglur settar.

Hér verða miklir möguleikar sem við verðum að nýta. Við sjáum það hjá nágrannaþjóðum okkar eins og Norðmönnum að þetta hefur komið sterkt inn í atvinnulífið og við þurfum vissulega á því að halda víða um land.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera markvissar tilraunir og rannsóknir um leið. Við fylgjumst með tilrauninni við Vogastapa. Menn hafa séð hvernig gengið hefur í Lóni í Kelduhverfi og víðar má gera slíkar tilraunir. Ég held að ef grannt er skoðað, og vitna ég þá til orða hæstv. landbrh. að ýmsir firðir henti vel til fiskeldis, sé ekki nokkur vafi að Mjóifjörður er einn af þeim fjörðum sem henta hvað best.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur sett starfshóp í að skoða málið og er mikilvægt að sá starfshópur hraði mjög störfum af þeirri einföldu ástæðu að mikilvægt er að mótuð verði heildstæð stefna í þessari mikilvægu atvinnugrein.

[10:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Á síðasta vori afgreiddi Alþingi frá sér lög um mat á umhverfisáhrifum. Með þeim lögum voru gerðar miklar breytingar á aðkomu almennings að upplýsingum og til athugasemda vegna hugsanlegra breytinga á umhverfi og lífríki vegna framkvæmda sem eru í bígerð. Andi þessarar lagasetningar var sá að hverfa frá svokölluðu kæruferli til samráðsferils þar sem allir aðilar máls komast sameiginlega að lokaniðurstöðu stig af stigi. Þannig má losna við mest af þeim árekstrum sem orðið hafa á undanförnum árum vegna fyrirhugaðra framkvæmda eins og við virkjanir, efnistöku og fleira.

Þauleldi laxfiska í sjó í Mjóafirði upp á 8 þúsund tonn hefur verið úrskurðað hjá skipulagsstjóra undanþegið umhverfismati og hefur umhvrh. staðfest þann úrskurð fyrir sitt leyti. Aðallega er stuðst við álit veiðimálastjóra og Hollustuverndar ríkisins. Lítið er gert með álit Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem vildi frekari rannsóknir áður en úrskurður félli. Ekki var leitað álits Veiðimálastofnunar né tekið tillit til ESB-reglna sem gera nú ráð fyrir að 100 tonna eldisstöðvar fari í mat. Ekkert er heldur gert með áhyggjur NASF um framtíð villtra laxastofna né félög laxveiðimanna. Það verður að telja eðlilegt þegar um jafnstór áform er að ræða og hér eru til umræðu að gætt sé eðlilegrar varúðar og samráðs við alla þá sem hagsmuna hafa að gæta í málinu. Einnig ber að gæta að fordæmum.

Ég hvet til þess að heildstætt mat á umhverfisáhrifum vegna laxeldis í sjó verði unnið fyrir landið allt eða hluta þess sem gæti gagnast öllum. Ekki er hægt að sjá annað en slíkt mat gæti orðið að undirlagi umhvrh. eins og mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri, sbr. 18. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Slíkt mat þarf ekki að kosta mikið fé né taka langan tíma. Það gæti aftur á móti hjálpað mjög við nauðsynlega uppbyggingu á laxeldi á Íslandi og komið í veg fyrir óþarfaárekstra.

[10:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er skammt stórra högga á milli hjá hæstv. ríkisstjórn í umhverfismálum þessa dagana. Það má vera okkur mikið umhugsunarefni að í ekki eitt einasta skipti fellur úrskurður náttúrunni, innlendum tegundum eða hinu villta lífríki í hag. Það er sama hvort í hlut á íslenska kýrin, laxinn eða náttúra Mývatns. Úrskurðirnir eru allir á einn veg. Eins og stundum áður hjá íslenskum stjórnvöldum er byrjað á öfugum enda. Við höfum ekki unnið heimavinnuna okkar í þessu máli. Það vantar grundvallarforsendur til að taka jafnafdrifaríka ákvörðun og þá að hefja kvíaeldi í sjó í stórum stíl á erlendum laxastofni. Það vantar úttekt á reynslu erlendis frá, það vantar grundvallarrannsóknir innan lands, eða a.m.k. samantekt á öllu sem fyrir liggur, það vantar stefnumótun, hún er ekki til í málinu eins og hefur glöggt komið fram í máli hæstv. ráðherra og það vantar allt lagaumhverfi. Engin löggjöf er til um þessa starfsemi. Við slíkar aðstæður, herra forseti, er með ólíkindum að það skuli geta orðið niðurstaða að ekki þurfi einu sinni umhverfismat þegar fyrsta umsóknin berst um laxeldi í sjó í stórum stíl á erlendum stofni.

Hér eru miklir hagsmunir í húfi, herra forseti, vissulega á báða bóga, það skal viðurkennt. En við slíkar aðstæður ber stjórnvöldum skylda til að vanda vinnubrögð og viðhafa eðlilega varúð í samskiptum við náttúruna. Það hafa íslensk stjórnvöld undirgengist og þjóðréttarlega skuldbundið sig til þess að gera, m.a. með samþykkt sinni á svonefndum Ríó-sáttmála. Hvorugt hefur verið gert í þessu tilviki, herra forseti, að vanda vinnubrögðin eða viðhafa eðlileg varúðarsjónarmið.

[11:01]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Áhugi manna á kvíaeldi í sjó hefur aukist á ný enda hefur þessi atvinnuvegur verið rekinn um árabil *í nágrannalöndum okkar með góðum árangri. Tækniþróun* hefur orðið gífurlega mikil í þessari atvinnugrein og sjónir fjárfesta hafa beinst að Austurlandi varðandi uppbyggingu og er þá sérstaklega horft til Mjóafjarðar og Berufjarðar.

Það hefur komið fram í umræðunni að við þessa ákvörðun umhvrh. hefur verið farið að lögum og staðfestir úrskurðir skipulagsstjóra og Hollustuverndar ríkisins. Hins vegar er ég ekki að segja með því að ekki eigi að fara varlega í þessu efnum og það eigi ekki að gaumgæfa starfsleyfi og skilyrði fyrir því þegar þar að kemur. En hér hefur verið farið að lögum í einu og öllu.

Ég bendi á að sjókvíaeldi er ekki nýtt af nálinni hér og það er ekki nýtt af nálinni í nágrannalöndunum. Það er t.d. stutt til Færeyja frá Austurlandi og hvernig á að koma í veg fyrir að lax sem sleppur þaðan berist hingað? Auðvitað er hætta fyrir hendi og þess vegna spyr maður: Eigum við að sitja hjá í þessari uppbyggingu þegar nágrannaþjóðirnar eru í fullum krafti í uppbyggingunni hjá sér?

[11:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og þau skynsamlegu varúðarorð sem hafa komið frá allmörgum ræðumönnum. Ég undirstrika að hér er verið að tala um norskan lax.

Þetta er ekki íslenskur fiskur. Það er verið að flytja erlenda stofna inn í íslenskt vatnakerfi.

Ég vil líka ítreka að hættan er sú að missa af lestinni eða lenda aftast í lestinni eða lenda í öllum þeim sömu mistökum og aðrir hafa lent í með því að búa þessari atvinnugrein ekki í upphafi lagaumgjörð.

Varðandi orð hæstv. umhvrh. vil ég benda á að það er alveg hárrétt að samkvæmt lögum ber veiðimálastjóra að gefa þá umsögn sem byggt er á. Ekki veit ég hvort veiðimálastjóri hefur leitað umsagnar Veiðimálastofnunar áður en hann gaf umsögn sína eins og honum ber að gera.

Ég vil líka benda á, herra forseti, að nýlega eða 18. febrúar sl. var gefin út ný reglugerð um flutning, sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna þar sem voru á mjög veikum lagalegum grunni rýmkaðar heimildir veiðimálastjóra til að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi, m.a. um lax af erlendum uppruna.

Hér skal í sjálfu sér ekki lagður dómur á hvort eldi á norskum laxi í kvíum meðfram ströndum landsins sé mögulegt þar eð veðrátta, sjór og ísar búa yfir miklum krafti og eira engu hversu rammgert sem það er. Mun vænlegra væri að skoða strandeldisstöðvar þar sem hægt er að hafa alla þessa þætti undir stjórn og rekstur er öruggari. Það er óþolandi að vegna skorts á lögum og reglum sé ekki hægt að setja fiskeldi nauðsynlegar reglur, skorður og svigrúm og það gefin sem forsenda fyrir því að sleppa nánast öllu lausu. Laxveiði í ám vítt og breitt um landið er ein af stóriðjum dreifbýlisins, talin velta milljörðum kr. með beinum og óbeinum hætti, m.a. í ferðaþjónustu.

Herra forseti. Þetta er eitt af lífakkerum íslenskrar þjóðar og ber að umgangast af virðingu og varúð.

[11:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér sagði hv. þm. Jóhann Ársælsson áðan að hann teldi að þetta laxeldi hefði komist í gegnum umhverfismat með jákvæðum hætti. Það er einmitt þess vegna sem við erum að úrskurða eins og við gerum, bæði Skipulagsstofnun og umhvrn. Hins vegar sagði hv. þm. að það hefði samt verið betra að fara í umhverfismat þó að það hefði kostað eitthvað aðeins af peningum og tíma. Ég er alls ekki sammála því. Það er hlutverk okkar að meta í hverju tilviki fyrir sig og það var okkar mat, Skipulagsstofnunar og Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra að laxeldið ætti ekki að fara í umhverfismat. Ég heyri að hv. þm. er því sammála í hjarta sínu.

Varðandi það sem hefur komið fram hjá nokkrum hv. þm. að það eigi að fara í einhvers konar heildstætt mat á umhverfisáhrifum laxeldis við Ísland almennt er það ekki mat sem umhverfisyfirvöld geta framkvæmt á grundvelli umhverfismatslaganna. Það er ekki heimilt og ekkert svigrúm til þess eins og lögin eru í dag. Við verðum að sjálfsögðu að fara eftir lögunum og skoða hverja einstaka framkvæmd. Hins vegar hafa aðilar bent á að heildstæð könnun þurfi að fara fram á þessu máli. Veiðimálastjóri hefur ítrekað bent á það og þess vegna hefur hæstv. landbrh. brugðist við og sett á stofn nefnd sem ætlar að gera þetta. Einnig er alveg ljóst að veiðimálastjóri er að skoða núna einhvers konar könnun þar sem á að líta til fjölmargra þátta varðandi laxeldi, eins og samantekt á erlendum upplýsingum, mat á líklegum áhrifum eftir landshlutum, helstu atriði varðandi rekstur sjókvía eftir landshlutum, kortlagningu náttúrlegra laxastofna o.s.frv. Þetta er vinna sem fer ekki fram á vegum umhvrn. og umhvrh. Þetta er vinna sem fer fram á vegum landbrn. og ég tel brýnt að farið verði í til að við sjáum fyrir okkur heildstætt hvernig þessi mál verða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framlagning stjórnarfrumvarpa.

[11:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli á dagskrá þingsins í dag. Á dagskránni eru 15 þingmannamál sem er afskaplega ánægjulegt vegna þess að mörg eru það mikilvæg mál sem fá vonandi brautargengi þar sem þau komast svo tímanlega til nefndar sem raun ber vitni. En á dagskránni er eitt stjfrv. og ég spyr hvort forseti geri sér grein fyrir því að ríkisstjórnin kynnti 182 mál sem hún hyggst leggja fyrir á þessum vetri þegar mál voru kynnt með stefnuræðu forsrh. Einungis 18 þessara mála eru komin fram og helmingur þeirra verður kominn til nefndar í dag eða 10 og 8 bíða. Við erum með fund á morgun og væntanlega verða þessi stjfrv. ræddi þá ef ráðherrarnir mega vera því að koma til þings og mæla fyrir málum sínum. Þá höfum við væntanlega á morgun tæmt þau stjórnarmál sem fram eru komin.

Herra forseti. Á þessu þingi eru 196 mál komin fram. 18 þeirra eru frá ríkisstjórninni. Stjórnarandstaðan heldur uppi þinghaldinu á hv. Alþingi. Ríkisstjórnin undirstrikar enn á ný skort á samvinnu við þingið um bætt vinnubrögð. Það stefnir í það að enn á ný verðum við með jólakös á Alþingi, mál sem rutt er inn í þingið til nefndar og krafa gerð um að þau verði afgreidd fyrir jól. Ég spyr: Mun forseti taka þessi mál upp við ríkisstjórnina þannig að einhver möguleiki sé á vitlegum vinnubrögðum á hv. Alþingi fram til jóla?

[11:10]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill taka fram að óþarfi er að afgreiða fyrir jól öll stjfrv. sem fyrir liggja.

[11:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. forseti Alþingis og aðrir sem koma að stjórn þingsins hafa unnið að því að gera starfsemina hér innan veggja, umræður um þingmál, umfjöllun um þessi mál og afgreiðslu þeirra í senn vandaðri og markvissari og reynt hefur verið að stuðla að því að allar tímasetningar um þinghaldið standist. Forsendan fyrir því að allt þetta gangi eftir er sú að þingmál séu tímanlega komin fram svo unnt sé að ástunda þessi vinnubrögð. Þetta hefur stjórnarandstaðan reynt að gera en ekki verður hið sama sagt um ríkisstjórnina eins og kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þingflokksformanns Samfylkingarinnar. Þar kom fram að af 182 boðuðum frv. ríkisstjórnarinnar eru einvörðungu 18 komin fram. Það er dapurlegt að ríkisstjórnin skuli með seinagangi og slælegum vinnubrögðum koma í veg fyrr að við tökum upp markvissari og vandaðri vinnubrögð.

[11:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mótmæli þeim orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að stjórnarandstaðan haldi uppi starfi þingsins með framlagningu frumvarpa. Á dagskránni í dag

var ég að reyna að telja frumvörp frá stjórnarþingmönnum og ég var þegar kominn með 5 eða 6. Ég hugsa að nálægt helmingur af þeim þingmannafrumvörpum sem eru á dagskránni í dag séu frá stjórnarþingmönnum.

[11:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Sem betur fer flytja nokkrir stjórnarþingmanna enn þá þingmál og sérstaklega hefur Pétur H. Blöndal verið bæði duglegur við það og að sitja umræður í þessum sal og ég hrósa honum fyrir það. Ég hef ekki sagt að stjórnarandstaðan eigi öll málin, tæplega 180, heldur að hún haldi uppi þinghaldinu vegna þess að stjórnarandstaðan á langflest málin og hefur verið langduglegust og ötulust í þinghaldinu fram að þessu.

Herra forseti nefndi að ekki væri nauðsyn að afgreiða öll 182 frumvörp ríkisstjórnarinnar fyrir jól. Guði sé lof fyrir þau viðbrögð, en ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það er fullkominn valdhroki ef það á að vera þannig að við fáum málin, eins og ég sagði áðan, í einni hrúgu laust fyrir jól. Þess vegna hvet ég forseta eindregið til að ræða þessi mál við ríkisstjórnina og ég mun svo sannarlega minna á viðbrögðin dagana fyrir jól þegar gerð verður krafa um að við viðhöldum úreltum vinnubrögðum og sitjum fram á nætur til að afgreiða mál af því að það á að ryðja þeim í gegnum þingið, inn og út, á örfáum dögum fyrir jól.

Skráning skipa, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (kaupskip). — Þskj. 118.

[11:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum. Með frv. þessu er lagt til að rýmka heimildir til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá.

Samkvæmt gildandi lögum um skráningu skipa er skilyrði skráningar skips á íslenska skipaskrá að það sé í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa sama rétt að þessu leyti. Hér er lagt til að heimilt verði að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá þegar sá sem óskar skráningar hefur aðeins umráð skipsins með þurrleigusamningi, þ.e. þegar gerður er samningur um leigu á skipi án áhafnar milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja.

Eins og kunnugt er hefur kaupskipum sem skráð eru á íslenska skipaskrá fækkað mjög á undanförnum árum. Þetta er reyndar ekki eingöngu íslenskt vandamál en slík þróun hefur einnig átt sér stað í nágrannaríkjunum. Danir og Norðmenn hafa sett á fót alþjóðlegar skipaskrár í sínum löndum.

Í samgrn. hafa þessi mál verið til skoðunar í nokkurn tíma og reynt að finna leiðir til þess að gera íslenska skipaskrá vænlegan kost fyrir skipafélög. Árið 1998 skilaði nefnd um málefni kaupskipaútgerða áliti til samgrh., en hún gerði tillögu um frv. til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Efni þess frv. er nú til skoðunar í ráðuneytinu. En skoðanir hagsmunaaðila í því máli eru mjög ólíkar.

Eftir tillögu þeirrar nefndar var lögum um stimpilgjald breytt og heimilað að veita undanþágu frá stimpilgjaldi fyrir stimplun afsals og veðbanda á kaupskip. Með þeirri breytingu var talið að íslenska skipaskráin yrði vænlegri kostur fyrir íslenskar kaupskipaútgerðir.

Þegar lög um skráningu skipa voru sett árið 1985 var ákvæði sem heimilaði nokkurs konar þurrleiguskráningu. Þetta ákvæði var fellt brott með 24. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum sem varðar fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Í lögskýringargögnum verður hins vegar ekki á nokkurn hátt séð að það hafi verið vilji löggjafans. Því verður að ætla að mistök hafi orðið við framlagningu frv. sem varð að lögum nr. 23/1991 þegar litið er til þess að óbreytt standa önnur ákvæði í lögum um skráningu skipa sem vísa til leigutaka.

Í efni frv. felst annars vegar heimild til að þurrleiguskrá kaupskip á íslenska kaupskipaskrá og frumskráning þess í heimalandi eiganda skipsins eða leigusalans. Leigutaki tekur þá við skipinu og þurrleiguskráir það í íslenska skipaskrá. Við það færist skipið undir íslenska lögsögu og íslensk lög gilda um allan rekstur þess, þar með talin öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi og það siglir undir íslenskum fána. Með þessu ákvæði geta íslensk skipafélög skráð hér á landi skip sem þau hafa aðeins umráð yfir með leigusamningi og sigla þá slík skip undir íslenskum fána.

Í efni frv. felst hins vegar að kaupskip er frumskráð á íslenska kaupskipaskrá og þurrleiguskráð á erlenda skipaskrá. Með þessu ákvæði geta íslensk skipafélög leigt kaupskip sín tímabundið til erlendra aðila án þess að þau séu tekin af íslenskri skipaskrá og verður skipið þurrleiguskráð erlendis af leigutaka skipsins. Þá gilda lög hins erlenda ríkis um allan rekstur skipsins og það siglir undir fána þess ríkis.

Eins og ég hef nú rakið er markmið þessa frv. að auka svigrúm skipafélaga enn frekar með því að heimila þurrleiguskráningu kaupskipa og bæta þar með starfsskilyrði útgerða og sjómanna.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[11:19]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. mjög. Íslenski kaupskipastóllinn með íslenskum fána er allt of sjaldgæfur og sjaldséður orðinn. Því miður er mikið um það og þær breytingar hafa orðið í hinum viðskiptalega heimi kaupskipa að meira og meira er af því gert að taka skipin ýmist á þurrleigu og almennt mönnuð íslenskum sjómönnum eða tímaleigu og er þá hluti áhafnar eða jafnvel öll áhöfnin erlend. Hér er frv. sem gengur út á það að útgerðarmönnum sem taka skip á svokallaða þurrleigu er gert kleift að setja skip undir íslenska fána og er það vel. Ég fagna því þessu frv. og styð það heils hugar.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart þó að einhverjir tilburðir séu uppi hafðir af hálfu stjórnvalda, þó seint sé vægast sagt, til þess að sporna við þeirri óheillavænlegu þróun sem við höfum mátt horfa upp á undanfarin ár, að íslenski kaupskipaflotinn hefur að mestu leyti yfirgefið Ísland í þeim skilningi að hér eru nánast engin skip orðin eftir skráð á íslenskan fána. Ég treysti mér kannski ekki til þess að segja hversu líklegt þetta frv. er til að breyta þar miklu um. En ugglaust er það þó að einhverju leyti til bóta eða einhverj-

ar líkur á því að um skráningu á íslenskan fána verði að ræða í þeim tilvikum að notast er við leiguskip. Ég hef hins vegar lengi verið þeirrar skoðunar að það þyddi ekki annað en horfast í augu við að við yrðum fyrir barðinu á þessari þróun eins og aðrar þjóðir nema við gripum til sérstakra aðgerða til þess að verja kaupskipaflota okkar innan lands og tryggja þar með að hann lúti íslenskum lögum og ekki síst að starfsumhverfi sjómanna sé samkvæmt íslenskum kjarasamningum og réttindum. Ég varð þess vegna fljótlega þeirrar skoðunar að ekki þyddi annað en gera hér ráðstafanir af því tagi sem gerðar hafa verið í nágrannalöndum okkar þar sem menn hafa haft einhverja umtalsverða kaupskipaútgerð að verja. Fyrir löngu síðan, einum 12–15 árum eða svo, gripu fyrstu Norðurlandaþjóðirnar til þess að heimila alþjóðlega skráningu skipa, svonefnda B-skráningu, og hafa með því og fleiri hliðarráðstöfunum, m.a. að einhverju leyti skattaráðstöfunum, náð miklum árangri í því að verja sína kaupskipaflota. Þannig er norski kaupskipaflotinn enn að stórum hluta til norskur. Að vísu er verulegur hluti hans á alþjóðlegu skráningunni.

Á Alþingi 1993, á 117. löggjafarþingi, fluttum við tveir þingmenn sem báðir eigum sæti hér í dag, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, till. til þál. um alþjóðlega skráningu skipa. Tillögugreinin var á þessa leið, herra forseti, og hún er stutt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa hið fyrsta nauðsynlegar aðgerðir svo að koma megi á alþjóðlegri skráningu skipa hér á landi. Samið verði og lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um alþjóðlega skipaskráningu þar sem:

1. opnað verði fyrir alþjóðlega skráningu kaupskipa með sambærilegum hætti og tíðkast í Danmörku,

2. leyfð verði alþjóðleg skráning, B-skráning, fiskiskipa sem úrelt hafa verið úr íslenska fiskiskipaflotanum eða keypt eru erlendis frá án þess að hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu.

Jafnframt láti ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlegar skattalagabreytingar vegna hinnar alþjóðlegu kaupskipaskráningar og aðrar lagabreytingar sem þörf er á. Stefnt verði að því að lögfesta viðkomandi breytingar fyrir þinglok vorið 1994."

Nú man ég ekki nákvæmlega, herra forseti, hvernig málum var háttað þegar þetta var. Ég þykist þó fullviss um að á þeim tíma hafi upp undir 20 kaupskip verði skráð á Íslandi. Ætli flotinn hafi ekki upp úr 1990 verið um 40 skip og þar af upp undir 20 verið skráð hérlendis. En þróunin lá þá þegar fyrir. Skipunum sem skráð voru á íslenskan fána fór ört fækkandi. Endurnýjun fór yfirleitt þannig fram að tekin voru erlend skip inn í flotann og störfum íslenskra sjómanna fór fækkandi á þessum árum. Síðan eru liðin sjö ár, bráðum átta, og nú stöndum við þar sem við stöndum, líklega með eitt eða kannski þrjú kaupskip, þar af eitt í millilandasiglingum líklega á íslenskum fána.

Ekki er ég að segja að við hefðum getað náð þeim árangri að verja flotann allan á íslenskum fána sem var til staðar upp úr 1990. En ég er þó viss um að við hefðum náð meiri árangri ef menn hefðu horfst í augu við að það var auðvitað engin von til þess í hinu alþjóðlega samkeppnisumhverfi sem þessi starfsemi býr við að við kæmumst hjá því að verða fyrir barðinu á sambærilegri þróun og nágrannaþjóðirnar nema grípa þá a.m.k. til sambærilegra ráðstafana, að gera rekstur innan lands og skráningu að breyttu breytanda jafnhagstæðan og hann er annars staðar. Nú er mér það vel kunnugt að þessi aðferð er umdeild og það hafa ekki allir forustumenn sjómanna verið sammála því að við yrðum að gefa eftir með þessum hætti og sætta okkur við einhvers konar alþjóðlega skráningu. En ég var og er þeirrar skoðunar að það hefði verið skárri kostur en að sætta sig við að þessi þróun gengi fram eins og raun ber vitni.

Herra forseti. Ég vildi koma þessu að vegna þess að mér finnst að það eigi ekki að afskrifa þann möguleika að gera meira en lagt er til í þessu litla frv. ráðherra sem að sjálfsögðu er skynsamleg breyting út af fyrir sig, og að það eigi að hafa það áfram til skoðunar að fara í aðgerðir til þess að ná aftur heim íslenska flotanum ef svo má að orði komast. Það er mikilvægt í mörgum skilningi að svo sé. Það varðar þá þætti sem ég nefndi og marga fleiri. En mikilsverðast tel ég þó að íslenski kaupskipaflotinn sé undir íslenskum fána, lúti íslenskum lögum og sérstaklega að það sé óyggjandi að kjör sjómanna séu samkvæmt íslenskum kjarasamningum og í gegnum það skapist vonandi aðstæður til þess á nýjan leik að gera þessi störf eftirsóknarverð og fjölga þeim sem afla sér menntunar, skipstjórnarmenntunar og vélstjórnarmenntunar, og manna þennan flota. Það hlýtur að vera markmið okkar eftir því sem kostur er að stunda þessa útgerð sjálfir.

Herra forseti. Ég vona því að hæstv. samgrh. hafi þessi mál áfram til skoðunar hvað sem líður lagabreytingum og að við sjáum einhverjar aðgerðir á komandi árum í þessum efnum.

[11:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Nokkur orð um þetta mál. Ég held að almennt megi segja að það sé til bóta. Það er til þess fallið að rýmka möguleika fyrirtækja og einstaklinga að skrá skip hér á landi. Ekki veitir af því í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað undanfarin ár. En það er þó ein spurning, virðulegi forseti, sem ég vildi beina til hæstv. samgrh. vegna þess sem segir í greinargerð með frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í lögskýringargögnum verður hins vegar ekki á nokkurn hátt séð að það hafi verið vilji löggjafans eða að þar væri greint á nokkurn hátt frá því hver tilgangur þess væri. Því verður að ætla að mistök hafi orðið við framlagningu frumvarps sem varð að lögum nr. 23/1991 ..."

Hér er verið að fjalla um að fellt var úr lögum ákvæði um nokkurs konar þurrleiguskráningu og ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, að ef þetta er rétt sem fram kemur í athugasemdum við lagafrv. þetta frá samgrh., þá liggur líka fyrir að þessi mistök hafa væntanlega legið óbætt hjá garði í ráðuneytinu í níu ár. Á þeim tíma hefur þróunin orðið sú sem menn hafa lýst hér í ræðu, þ.e. að skipum hefur fækkað niður í þá tölu sem nú er.

Ég spyr, virðulegi forseti, hæstv. samgrh., því ef þetta er rétt hjá ráðherranum þá hlýtur maður að spyrja: Hvað veldur því að nú fyrst er gripið til aðgerða þrátt fyrir að allir kunni og þekki þá þróun sem hefur átt sér stað í skráningu á kaupskipaflotanum hér á landi?

[11:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það eru ekki mörg ár síðan framkvæmdastjóri Sambands ísl. kaupskipaútgerða lýsti því yfir að það sem háði því einna helst að skip væru skráð undir íslenskan fána væru hin svokölluðu stimpilgjöld. Stimpilgjöld væru fyrir meðalkaupskip á bilinu 20–40 millj. á sama tíma og það þyrfti nánast ekkert fyrir því að hafa að skrá erlendar flugvélar sem lentu á Keflavíkurflugvelli sem íslenskar. Og þetta var rétt. Síðan hefur afnám stimpilgjalda af kaupskipum farið fram. Það varð ekki til þess að skip flæddu hér inn undir íslenska skipaskráningu.

Nú halda útgerðarmenn því fram að með þessum breytingum muni verða breyting á. Ekki er langt síðan Eimskipafélag Íslands tók á móti nýju kaupskipi, sem er stærsta skip íslenska flotans, og það er dálítið hjákátlegt og hálfankannalegt að í orði kveðnu er skipið íslenskt en fáni þess og skráningarstaður ekki Ísland, engar hafnir íslenskar. Það er ekki skráð í Reykjavík, en ég vona að þessi breyting verði til þess.

Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, kom inn á áðan í ræðu sinni að það er náttúrlega ófremdarástand hjá eyþjóð sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og siglingum að svo skuli komið fyrir henni að aðeins þrjú skip séu undir íslenskum fána, eitt millilandaskip og tvö olíuflutningaskip.

Það sem hins vegar er líka að gerast og er alvarlegt fyrir þjóðina er að í gær kom það fram hjá hæstv. samgrh. sem svar við fyrirspurn minni um hvað margir þyrftu að útskrifast úr Vélskóla og Stýrimannaskóla með vélstjóra- og skipstjórnarmenntun til að viðhalda þeirri þörf í íslenska flotanum, að það þyrftu á bilinu 90–110 manns að útskrifast úr hvorum skóla árlega.

Í Stýrimannaskólanum eru 50 nemendur og í Vélskólanum 140 nemendur. Það er engin aðlögun. Það er ekki neitt sem kallar á ungt fólk og langt frá því að það sé áhugavert fyrir ungt fólk að sækja í menntun sjómannastéttarinnar með m.a. þá staðreynd að fáein skip eru undir íslenskum fána, þ.e. kaupskip. Vonandi fjölgar kaupskipum undir íslenskum fána með þeirri breytingu sem hér er lögð til og ég vænti að verði samþykkt.

Það er rétt, eins og komið var hér inn á áðan, að kaupskipin eru orðin fá sem sinna reglubundnum siglingum til og frá Íslandi með vörur. Það kemur til vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur, að skipin hafa stækkað en jafnframt hefur þeim fækkað og jafnhliða því hefur orðið hagræðing í áhöfn. Þar sem áður voru 24 menn á 1.500 tonna kaupskipi eru núna á 10 þúsund tonna kaupskipi 11 manna áhöfn. Það hefur því orðið geysileg þróun til fækkunar í áhöfn.

Lengi vel hafa íslensku kaupskipaútgerðirnar líka kvartað undan því að þær ættu í erfiðleikum vegna hinnar hörðu erlendu samkeppni sem er varðandi áhafnir frá þriðja heiminum. Þeim hefur verið borgað í laun sem samsvarar um 100 dollurum á mánuði. Íslensk stéttarfélög hafa staðið í harðri baráttu við að passa upp á þau skip sem hafa verið í reglubundnum siglingum til og frá landinu, þ.e. þau erlendu skip með erlendri áhöfn sem hafa verið kannski í eitt, tvö til þrjú ár í leigu hjá íslenskum kaupskipaútgerðum. Stéttarfélögin hafa verið að sporna gegn því að þau skip væru mönnuð fólki frá þriðja heiminum eða jafnvel Rússlandi þar sem það hefur gerst að borgað sé um 100 dollara á mánuði í laun. Sum skip hafa stöðvast í höfnum og málssóknir hafa verið á hendur stéttarfélaganna. Vonandi er þessari baráttu að linna og íslenskar kaupskipaútgerðir átti sig á stöðu sinni.

Ég vil líka aðeins koma inn á það að ekki er langt síðan við áttum hér orðastað við hæstv. utanrrh. vegna sjóflutninga fyrir Bandaríkjaher. Ég lagði til þá breytingu á lögum að sama ákvæði varðaði íslenska þáttinn í þeim flutningum, þ.e. sé tilboð gert fær sá sem býður lægra 60% hlutfall en sá sem býður hærra 40% og skiptist þetta á milli Bandaríkjamanna og Íslendinga. Í bandarísku lögunum segir að sjóflutningar fyrir Bandaríkjaher skuli af Bandaríkjanna hálfu vera með bandarísku skipi undir bandarískum fána. Ég vildi fá þetta ákvæði inn m.a. til þess að efla íslenskan kaupskipaflota eins og stendur í greinargerð Eimskips sem vitnaði til fyrri ríkisstjórnar um að þetta væri grundvallaratriði í þeim samningi sem þá varð gerður, þegar áður eingöngu bandarísk skip fluttu vöruna fyrir Bandaríkjaher. Taldi ég að þetta væri eðlilegt til þess að efla íslenskan flota eins og þeir sögðu. Við erum eyríki í Norður-Atlantshafi og afkoma okkar byggist verulega á fiskveiðum og siglingum og við verðum að efla íslenskan kaupskipaflota þess vegna. Því miður var þessi breyting við lögin felld.

En frammi fyrir hverju standa menn nú? Þeir standa frammi fyrir því í fyrsta lagi að íslenski hluti fragtsjóflutninganna er fluttur með tveimur erlendum skipum með erlendum áhöfnum. Og í annan stað, sem er nokkuð merkilegt, segir í þeim ákvæðum laganna, sem við vorum að fjalla um á Alþingi á vordögum, að það skuli vera íslenskur útgerðaraðili sem annist þessa flutninga. Nú hefur það hins vegar komið í ljós að sá aðili sem stendur að þeim flutningum og segir að það sé íslenskt fyrirtæki með erlend leiguskip sem flytji íslenska hlutann er ekki útgerðarfyrirtæki í skilningi laganna. Það er því mjög sérstök staða komin upp varðandi þetta mál.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um tillögu varðandi fiskiskip og B-skráningu fiskiskipa sem hann vitnaði til að hefði verið flutt hér 1994 ef ég tók rétt eftir, þá vara ég alvarlega við því að slík skráning verði til hvað áhrærir íslenska fiskiskipaflotann. Það þýddi einfaldlega að slík fiskiskip væru þá mjög oft að skipta um þjóðfána. Þau væru inni í íslenskri landhelgi í dag undir íslenskum fána en á morgun jafnvel með rússneskan fána og búið að henda íslenskri áhöfn í land og væru um stundarsakir í Barentshafi eða guð má vita hvar. Mér finnst að það sé allt annað mál sem lýtur að fiskiskipunum en kaupskipunum. Fiskiskipin eru í allt öðru umhverfi, en hins vegar eru þau ekki í því umhverfi sem íslenskar kaupskipaútgerðir hafa kvartað undan, að þau væru í harðri samkeppni við erlend skipafélög. Hvaða skipafélög eru það sem sigla reglubundið til og frá Íslandi? Það eru Samskip og Eimskip. Það er ekkert erlent skipafélag í samkeppni við hinar íslensku útgerðir með fraktina til og frá Íslandi. Umhverfi íslenskrar kaupskipaútgerðar er ekki þannig að það sé í samkeppni við erlendar kaupskipaútgerðir. Þess vegna vísa ég því algerlega á bug þegar útgerðir koma og segja að þær þurfi jafnvel að fá einhverjar sérstakar skattívilnanir til þess að geta rekið kaupskip á einhverju alþjóðasvæði sem ekki er siglt á.

Ég endurtek það aftur sem ég sagði áðan, herra forseti, að ég trúi því og er þess fullviss að þetta frv. muni leiða til þess að kaupskipum undir íslenskum fána muni fjölga.

[11:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning, þá var ég eingöngu að lesa upp þetta ákvæði úr tillögunni frá 1993 sem flutt var og átti við þær aðstæður sem þá voru uppi í þessum efnum. Það er ekki af hálfu ræðumanns á nokkurn hátt verið að leggja slíkt til í dag. Þetta ákvæði var hugsað vegna þess sérkennilega ástands sem ríkti á árunum milli 1987 og 1998, að fiskiskip sem misst höfðu kvóta sinn og veiðileyfi í íslenskri lögsögu máttu ekki haldast á íslenskri skipaskrá. Forsenda þess að annað skip fengi að koma í þeirra stað var að skipin væru afmáð af íslensku skipaskránni og það var á grundvelli reglugerðarákvæðis en ekki heimildar í lögum. Þetta leiddi til þess að skip, algerlega íslensk skip, í íslenskri eigu og með íslenskri áhöfn sem höfðu ekki

veiðiheimildir í íslensku lögsögunni en voru gerð út af íslenskum aðilum frá Íslandi urðu að fara á erlendan fána og menn muna sjálfsagt eftir dæmunum þar um. Þetta leiddi þá aftur til þess að veiðireynsla þessara skipa taldist ekki íslensk heldur tilheyrði hún einhverjum ríkjum í Karíbahafi eða guð má vita hvar. Þetta ástand varði tímabundið á meðan þágildandi úreldingarreglur voru í gildi og þessi ákvæði um að afmá þyrfti skipin af íslensku skipaskránni voru látin standa. Nú er þetta liðin tíð, bæði vegna þess að búið er að fella niður nefndar úreldingarreglur og nú geta íslensk skip verið á íslenskri skrá og íslenskum fána og haft veiðileyfi í íslenskri sérefnahagslögsögu burt séð frá því hvort þau hafa veiðiheimildir, þannig að málið er úr sögunni sem slíkt. Reyndar var þessi skráning heimiluð síðar nokkrum árum eftir að þetta var og nokkur íslensk skip sem höfðu áður þurft að vera á erlendum fána af þessum ástæðum komu inn í landhelgina eins og skip sem m.a. aðilar á Siglufirði gerðu út. Þetta mál, til að fyrirbyggja allan misskilning, snýr alfarið að liðinni tíð.

[11:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem frv. fær hjá hv. þm. og það bendir þá væntanlega til þess að það fái greiða leið í gegnum þingið. Það er deginum ljósara að tilgangurinn með flutningi frv. er að reyna að styrkja stöðu kaupskipaútgerðarinnar í harðri alþjóðlegri samkeppni og auðvelda skráningu þeirra skipa.

Aðeins vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þá er það rétt að sumar þjóðir hafa reynt að bæta stöðu kaupskipaútgerðarinnar með skattalegum ívilnunum o.fl. fyrir sjómenn. Það hefur verið til skoðunar hjá okkur en engin niðurstaða er í því máli. Þess vegna er ekki flutt nein tillaga um það að þessu sinni. Það er mjög flókið mál og við þekkjum umræðuna um sjómannaafsláttinn og gagnrýnina sem hefur verið uppi um þá sértæku aðgerð gagnvart sjómönnum, en ég tel engu að síður að við þurfum að skoða alla hugsanlega möguleika til þess að bæta stöðu kaupskipaútgerðarinnar og tryggja það sem mest og best að hún standist samkeppni á hinum alþjóðlega markaði. En ég vil bara ítreka að þetta mál er til skoðunar.

Hvað varðar tvískráningu eða, eins og hv. þm. nefndi, B-skráningu fiskiskipa, þá hefur það mál verið til skoðunar í samgrn. hvort hægt væri að gera breytingar á þessum hlutum hvað varðar fiskiskipin og það hefur vissulega verið sótt mjög á um það af hálfu útgerðarmanna. Það er hins vegar mál sem er mikill ágreiningur um, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Í það minnsta hefur hluti sjómannasamtakanna ekki verið reiðubúinn til að fallast á að heimila tvískráningu fiskiskipa. En ég held að það sé hins vegar alveg nauðsynlegt að vinna áfram að því máli þó að það varði ekki þetta frv. og leita leiða til niðurstöðu því að mér finnst að aðalatriði þess máls hljóti að vera það að hafa reglur sem skapa sveigjanleika og svigrúm til að auka við verkefni fiskiskipaflotans. Ef það gæti gerst með skráningarreglum að skapa útgerðum möguleika á að sækja út enn frekar án þess að þrengja mjög að, þá ætti að skoða það, en þetta er mál sem er annars eðlis og um það er ágreiningur. Það er því ekki hér til meðferðar að þessu sinni.

Hvað varðar ábendingu og fyrirspurn hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um það sem segir í greinargerðinni, að það kunni að hafa verið mistök þegar lögum var breytt 1991 að fella niður ákvæði, þá er það skilningur okkar og niðurstaða í ráðuneytinu að svo hafi verið, en ég geri ekki ráð fyrir því á hinn bóginn að þetta hafi valdið vandræðum enn sem komið er vegna þess að ekki hefur verið leitað eftir neinni breytingu á því ákvæði. Nú erum við hins vegar að taka af skarið og tryggja þessar breytingar með frv. og það er tilgangurinn að koma þessu í það horf sem hér er lagt til, að heimila þessa skráningu. En það fer ekkert á milli mála að það er skilningur ráðuneytisins að þarna hafi í raun orðið fingurbrjótur við lagasetningu sem var partur af bandormi sem fluttur var á sínum tíma.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, vil ég þakka fyrir ágæt viðbrögð við frv. og hef að sjálfsögðu tekið eftir þeim ábendingum sem hér hafa komið fram.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra viðbrögðin við spurningu minni og fagna því að málið verði áfram haft til skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að það sem gert hefur verið, þ.e. niðurfelling stimpilgjaldsins og ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, sé auðvitað til bóta. Það er erfitt að spá fyrir um hvaða áhrif þetta hefur á þróunina.

Mér er líka ljóst að allar hugmyndir um alþjóðlega skráningu kaupskipa eru umdeildar og langt frá því vandalausar. Ég hef þó talið að fordæmi frá Danmörku, þar sem sérstaklega hefur verið leitast við að tryggja stöðu danskra sjómanna og hefur tekist betur en í Noregi, sé eitthvað sem við hljótum að skoða. Það finnst mér rétt að gera áfram.

Hins vegar vil ég taka fram að ég hef miklar efasemdir um að við eigum að ljá máls á B-skráningu eða alþjóðlegri skráningu íslenskra fiskiskipa vegna þeirra breytinga sem þar eru á orðnar hér innan lands. Nú er mönnum enginn vandi að hafa sín fiskiskip skráð á Íslandi og það skiptir ekki lengur máli hver staða þeirra er innan íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins í því sambandi. Sá tími er liðinn að svonefndar úreldingarreglur eða spurningin um hvort skipin hafi veiðiheimildir á heimamiðum eða ekki skipti máli og þar af leiðandi hlýtur það að vera keppikefli að allur íslenski fiskiskipaflotinn sé íslenskur, skráður hér og mannaður íslenskum sjómönnum o.s.frv. Það á auðvitað að vera útgangspunkturinn í allri okkar viðleitni í þessum efnum, að reyna að tryggja stöðu íslenskra sjómanna og að kjör þeirra fari að íslenskum kjarasamningum o.s.frv. Ég sé í sjálfu sér ekki þörfina á að gera þar á breytingu hvað varðar fiskiskipin nema ef hægt væri að gera skráningu skipa einfaldari í vöfum. Það kann að vera æskilegt að einfalda ferlið við að skrá og afskrá skip frá því sem er í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. GAK, 47. mál. — Þskj. 47.

[11:49]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem lögð var fram af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, undir Kollafjarðarheiði. Að sunnanverðu, á

Barðaströnd, yrðu þau tveggja arma og kæmu annars vegar út í Skálmardal, sem gengur inn úr Skálmarfirði, og hins vegar í Fjarðarhornsdal, innst í Kollafirði. Einnig verði könnuð hagkvæmni þess að gera jarðgöng undir Eyrarfjall, sem gengju úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi yfir í Ísafjarðarbotn, og að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð á Barðaströnd."

Ljóst er að samgöngur á Vestfjörðum standa mjög í vegi fyrir frekari framþróun á svæðinu og tengslum manna innan þess. Á það sérstaklega við á vetrum þegar vegir eru iðulega ófærir eða illfærir um langan tíma vegna snjóþyngsla og óveðra. Flutningsmaður þessarar tillögu telur að gerð jarðganga sé í raun eina leiðin til að tryggja vetrarsamgöngur til og frá Vestfjörðum og innan svæðisins. Í tillögunni er gengið út frá því að vegur verði lagður um Arnkötludal milli Strandasýslu og Reykhólasveitar og tekinn í notkun hvort sem unnið verður eftir hugmyndum tillögunnar eða núgildandi vegáætlun.

Lagt er til að borin verði saman hagkvæmni þess að bæta samgöngur innan svæðisins með framkvæmd þessarar tillögu annars vegar og með því að fylgja núverandi vegáætlun hins vegar, en þar er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum á þessum slóðum. Þá verði borin saman hagkvæmni styttingar vegalengdar og aukins öryggis á leiðunum milli Patreksfjarðar og Gilsfjarðar og Ísafjarðarbæjar og Gilsfjarðar, verði hugmyndir þessarar tillögu að veruleika, og hagkvæmni sem næst á sömu leiðum verði núgildandi vegáætlun fylgt. Einnig verði kostir og gallar núgildandi vegáætlunar næstu 10–15 árin bornir saman við kostnað við þessa hugmynd sem kæmi á heilsársvegasambandi milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og við þjóðveg 1 og suðvesturhorn landsins.

Flutningsmaður er eindregið þeirrar skoðunar að jarðgöng sem stytta vegalengdir milli staða og leysa okkur undan snjómokstri á erfiðum fjallvegum sé sú lausn sem stefna beri að þegar leita skal leiða sem talist geta varanlegar samgöngubætur. Þetta á auðvitað best við á snjóþyngstu fjallvegum landsins, t.d. á Vestfjörðum. Það hefur einnig sýnt sig að þverun fjarða bæði styttir vegalengdir og færir vegastæði af snjóþungum hættusvæðum. Þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar á Barðaströnd yrði sams konar samgöngubót og þverun Gilsfjarðar og Dýrafjarðar.

Með varanlegum samgöngubótum eins og hér er lýst má reikna með að gríðarstórum áfanga megi ná í samgöngumálum. Með þessum breytingum væri ekki lengur yfir neina fjallvegi að fara, utan Kleifaheiðar og Hálfdáns, sem talist geta farartálmi að vetri til.

Herra forseti. Sá sem hér stendur hefur lengi verið þeirrar skoðunar að stefna beri að þverun fjarða og gerð jarðganga undir fjallgarða í mun meira mæli en gert hefur verið fram að þessu. Reynslan af jarðgöngum undir Breiðadalsheiði hefur verið mjög góð og umferð um þau mun meiri en gert var ráð fyrir, þrátt fyrir að íbúum hafi fækkað á svæðinu. Það hefur ekki gerst vegna tilkomu jarðganganna heldur þrátt fyrir þau og af öðrum ástæðum sem er ekki hægt að rekja í þessari ræðu. Með jarðgöngum er hægt að stækka atvinnu- og þjónustusvæði eins og reynslan hefur sýnt og þar með renna sterkari stoðum undir búsetuna.

Ég flutti tillögu hliðstæða þeirri sem hér er mælt fyrir á tveimur þingum, um könnun á því hvort hagkvæmt sé að gera jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Sú tillaga varð ekki útrædd. Nú kann einhver að spyrja hvort þessar tvær leiðir séu ekki andstæðar tillögur. Vissulegea kann menn að greina á um hvaða leiðir séu heppilegastar og hvar eigi að byrja. Einmitt af þeim ástæðum tel ég nauðsynlegt að kanna möguleika á þeim kostum sem í boði eru á hverjum stað svo að í framhaldinu verði farin sú leið sem heppilegust reynist. Hér er í reynd farið fram á að könnuð verði hagkvæmnin. Undir það hlýt ég að taka.

Gerð samgöngumannvirkja eru landvarnir okkar Íslendinga og þrátt fyrir þau skref sem stigin hafa verið í gerð jarðganga tel ég að of hægt hafi miðað. Við búum í harðbýlu landi þar sem vetrarveður gera samgöngur erfiðar. Með nútímatækni í vegagerð er hægt að komast hjá ýmsum annmörkum af völdum veðráttunnar og einkum eru jarðgöng hentug í því skyni.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. verði að lokinni umræðu vísað til síðari umræðu og hv. samgn.

[11:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Allt frá árinu 1976 hafa þingmenn Vestfjarða svo og sveitarstjórnarmenn af Vestfjörðum verið algerlega samstiga í því hvar skuli hefjast handa og hvar helst skuli bera niður í áætlunum um vegagerð. Í þeim áætlunum hefur frá upphafi verið lagt til grundvallar að tengja saman byggðir á Vestfjörðum og nú horfir svo að á næsta ári, þegar lokið verður við vegagerð yfir Gemlufallsheiði og vegagerð yfir Kleifaheiði, verði þessum langþráða áfanga loksins náð.

Það er ástæða til að taka undir það með hv. flutningsmanni að of seint hefur miðað við framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum, það er alveg rétt. Hins vegar ber þess að gæta að á síðustu þremur árum hafa Vestfirðingar þó fengið hlutfallslega meira fé en nokkurn tíma áður til vegagerðar, enda var fyrir löngu kominn tími til þess þar sem þeir eru að mörgu leyti langt á eftir öðrum landshlutum.

Þingmenn Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfjarða svo og þær nefndir sem starfað hafa þar að undirbúningi og tillögugerð um vegamál, hafa verið sammála. Það hefur verið unnið nákvæmlega eftir þeim samþykktum. Sem stendur er unnið að Djúpsáætluninni. Við erum að sjá mjög stóra áfanga núna á næsta ári við Djúpið og síðan verður farið í að klára Skötufjörðinn sem er mikil þörf á.

Þá liggur fyrir einn þáttur í Djúpinu sem er vegagerðin yfir Mjóafjörð og hálsana þar inn í Ísafjörð. Það er ekki búið að afla fjár til þessa en við höfum gert ráð fyrir því að sú vinna haldi áfram strax eftir að hinum áföngunum er lokið. Í dag er öllum þeim fjármunum sem við fáum til vegagerðar varið til þess að geta farið í hið stóra og mikla verkefni, að leggja veg yfir Klettsháls. Klettshálsinn er mesti umferðartálminn sem Vestur-Barðastrandarsýsla á við að glíma og það er gríðarlega mikilvægur og stór áfangi að komast yfir Klettsháls. Þegar því er lokið stöndum við frammi fyrir spurningunni: Hvað ætlum við að gera úti á Skálanesi? Héraðsnefndir og hreppsnefndir hafa óskað eftir því að við könnum þar tvo möguleika, að fara yfir Þorskafjörð eða hinn möguleikann — sem ég hef alltaf talið miklu raunhæfari en við skulum sjá hvað kemur upp úr kössunum þegar við höfum skoðað kostnaðaráætlunina — að fara skerjaleiðina, þ.e. fara frá Skálanesi yfir í Grónesið og þaðan yfir í Hallsteinsnesið inn af Þorskafirði norðaverðum.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að það er lífsnauðsylegt fyrir byggðir á Vestfjörðum að komast í heilsársamband við meginlandið. Svo er ekki í dag og það háir okkur gríðarlega mikið. Þetta hlýtur að vera verkefnið. Þannig höfum við unnið og þannig ætlum við að vinna, að

koma okkur í heilsárssamband. Það er skelfilegt ástand oft á veturna í Vesturbyggð og Tálknafirði þar sem við höfum engar samgöngur á landi og við verðum að treysta á Baldur sem er löngu orðinn úreltur og allt of lítill. Þetta hafa verið forgangsverkefnin og verða áfram, að klára Djúpið og gera vegi í Barðastrandarsýslu færa allt árið til að tengja þessar byggðir.

Ég er hins vegar ekki í vafa um að þegar þessu lýkur og við sjáum fram á hvernig við ætlum að fjármagna þetta þá verða Vestfirðingar að taka höndum saman, þ.e. þingmenn og bæjarstjórnarmenn, um að ákveða hvað við ætlum síðan að gera. Hvernig ætlum við að tengja saman byggðirnar? Á undanförnum árum hafa komið fram áskoranir um Arnkötludal og einnig um veginn um Þorskafjörð. Þingmenn Vestfjarða hafa verið samstiga í að láta ekki þessar áskoranir trufla megingerð veganna. Við höfum ekki látið slíkar áskoranir trufla okkur neitt í því sem við erum að framkvæma. Við höfum þannig geymt þetta og enginn tekið afstöðu til þessara hluta.

Hins vegar er ég sannfærður um að þegar þar að kemur að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum og þingmenn taka ákvörðun um hvar eigi að tengja saman byggðirnar þá verði allir á einu máli um að það sé tengingin Vatnsfjörður–Dýrafjörður, vegur yfir Dynjandisheiði og göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Ég er alveg viss um að það verður niðurstaðan. Það hefur óskaplega mikla þýðingu fyrir byggðirnar að tengja vestur- og norðurbyggðirnar saman. Það skiptir máli á öllum sviðum, á sviði félagsmála, heilbrigðismála, menntamála og ég tala ekki um gagnvart atvinnulífinu, að tengja þær saman. Það skapast gersamlega ný viðhorf þegar þar að kemur.

Við höfum borið gæfu til þess gegnum árin að standa saman að þessu. Það hefur verið samstaða meðal Vestfirðinga um það þó að oft hafi töluvert verið deilt áður en samkomulag hefur náðst um hvað ætti að gera. Núna er samkomulag um hvað við eigum að gera og ég veit ekki um neinn sem hefur skorist þar úr leik. Samkomulagið er um að tengja Vesturbyggðina og Djúpið, tryggja vetrarsamgöngurnar.

Herra forseti. Ég verð því segja, með allri virðingu fyrir góðum hug sem að baki þessarar tillögu liggur, að mér finnst hún ekki tímabær. Mér finnst hún alls ekki vera neitt á dagskrá í dag. Það er ekki vegur að Ísafirði að norðanverðu og það er ekki heldur vegur suður þegar komið er inn í Mjóafjörðinn. Svo er ekki. Við eigum eftir að leysa málið frá Skálanesi, þ.e. hvernig við ætlum að komast suður fyrir. Við þurfum að komast fyrir þessa tvo hálsa, Ódrjúgsháls og Fjallháls. Þetta er því ekki á dagskrá nú. Við hljótum hins vegar þegar kemur að okkur, og það er gert ráð fyrir því í vegáætlun að fé sé varið til undirbúnings jarðganga og þar eru Vestfirðir inni að sjálfsögðu, að eyða þeim peningum í að gera það sem er langlíklegast að gagnist byggðunum best. Í dag er verið að vinna undirbúningsvinnu að því að kanna jarðgangagerð milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Þetta er á dagskrá.

Herra forseti. Ég vonast til þess að í framtíðinni verði áfram samstaða milli þingmanna Vestfjarða og héraðsnefndanna og sveitarstjórnanna á Vestfjörðum um hvað og á hvern veg við ætlum að stefna fram vegna þess að ef við förum að vera ósamstæðir hér á þinginu um hvað við viljum gera og hvert á að stefna þá erum við alveg máttlausir, alveg máttlausir. Nógu erfitt hefur verið í gegnum tíðina að afla stuðnings við fjármagn til Vestfjarða. Við verðum að vera samstæðir um þetta í framtíðinni og ég vona að svo verði. Þess vegna, herra forseti, er ég ekki mjög hrifinn af þessum tillöguflutningi. Ég get ekki séð að okkur miði neitt áfram þó að fram komi slík tillaga.

[12:02]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er í mínum huga hugleiðingar, skoðanir á því hvað mætti gera og hvernig það kæmi út í skoðun miðað við eitthvað annað. Ég er ekki hér kominn til þess að blanda mér í áhersluatriði Vestfirðinga í vegamálum og styð þá heils hugar í öllum þeim málum sem varða bættar samgöngur til Vestfjarða.

Ég varð aftur á móti dálítið hrifinn af þeim hugmyndum sem koma fram í þessari tillögu, þá sérstaklega að grafa göng frá Ísafjarðarbotni og komast þannig fram hjá heiðunum, Þorskafjarðarheiði og Steingrímsfjarðarheiði, og þar með létta af þeim mikla farartálma sem þarna er á leiðinni. Við þekkjum það sem förum þessa leið að bara það að geta farið Þorskafjarðarheiðina á sumrin styttir ferðatímann jafnvel um klukkutíma, eða hálftíma til klukkutíma, í stað þess að þurfa að fara Steingrímsfjarðarheiðina. Þetta er einfalt dæmi.

Að grafa göng undir Eyrarfjallið er líka mjög mikið hagsmunamál í mínum huga og eitt af því sem menn hljóta að sjá fyrir sér að gerist í framtíðinni. En ekki er að þetta sé eitthvað sem sé á næsta leiti.

Í mínum huga hefur alla tíð verið einn af akkillesarhælum Vestfirðinga, og þá Ísafjarðar sérstaklega sem langstærsta svæðisins og bæjarins á Vestfjörðum, að samgöngur hafa verið erfiðar. Þær hafa batnað mjög mikið. En þær eru samt mjög erfiðar. Það er hægt með miklum kostnaði og á löngum tíma að stytta þessa leið um einn til tvo klukkutíma í akstri í dag ef allar styttingar sem mögulegar eru yrðu gerðar. Þá erum við að tala um frá Skutulsfirði, þverun Álftafjarðar, Hestfjarðar, Seyðisfjarðar og þaðan inn í Mjóafjörð og undir Eyrarfjall og þaðan undir fjallið og yfir í Kollafjörð. Þetta yrði algjör bylting. Það er gríðarlegt verk og mun taka langan tíma. En þetta yrði langmesta styttingin á leiðinni frá Ísafirði til höfuðborgarsvæðisins og forsenda þess í mínum huga að þarna verði blómleg byggð til langs tíma litið.

Ég vildi segja örfá orð um þetta mál vegna þess að mér rennur blóðið til skyldunnar og ég lít á þetta sem gott innlegg í umræðu. En forsenda þess að hægt sé að ná fram verulegum bótum í samgöngumálum Vestfirðinga er að sjálfsögðu samstaða þingmanna sjálfra. Og ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

[12:06]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það eru örfá orð vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. Ég vek athygli á því hvað hér segir í ályktuninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar ...“

Og hagkvæmni þess að leggja veg yfir þvera firði, Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð. Þarna er ekki verið að leggja til að hverfa frá þeim áætlunum sem uppi hafa verið eða rjúfa eina eða neina samstöðu. Ég held að til framtíðar litið hljóti það að greiða fyrir málum ef slíkar rannsóknir hafa farið fram.

Hitt liggur alveg ljóst fyrir, að samgöngur eru undirstaða búsetunnar, ekki síst í svo erfiðum landshluta sem

Vestfjörðum, undirstaða alls, félagsmála, heilbrigðismála og atvinnumála. Það þarf ekki upp að telja.

Ég undrast þess vegna að hv. þm. skuli leggja lykkju á leið sína til þess að lýsa yfir andstöðu við þessa tillögu vegna þess að auðvitað rær þessi tillaga að framförum í þessum málum. Annað mál er forgangsröðun sem kemur þessu ekki við.

[12:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Förum aðeins yfir þetta. Ég sagði áðan í ræðu minni að við vissum að það er góður hugur og mikill skilningur á því að menn vilja fara Arnkötludal. Við höfum mikinn skilning á því að það þarf að stytta leiðina fyrir sumarkeyrsluna og fara Þorskafjarðarheiðina. Við skiljum það mætavel. En við höfum verið sammála um það þingmenn að það væri svo mikið grundvallaratriði að koma byggðunum í heilsársvegasamband að það mætti ekkert trufla þá gjörð. Það væri svo brýnt, við hefðum svo litla peninga, tíminn væri svo naumur. Við höfum ekki viljað láta trufla okkur á nokkurn hátt. (Gripið fram í.) Það hafa verið tillögur um að taka Arnkötludalinn sem forgangsverkefni. Það hafa verið áskoranir með 800–900 undirskriftum. Við höfum líka fengið 800–900 undirskriftir til hvatningar þess að gera Þorskafjörðinn færan. Við höfum ekki viljað láta trufla okkur frá þessu meginverkefni þó hugurinn og tillögurnar séu góðar. Það liggur fyrir, og við höfum haft mikið fyrir því, að hafa Vestfirði inni í áætluninni um jarðgangagerðina. Það er mjög brýnt fyrir okkur að Vestfirðir séu þar.

Í okkar huga hefur það verið alveg ljóst að þegar þar að kemur væri langsamlega þýðingarmest fyrir byggðir Vestfjarða, fyrir allt atvinnulíf, fyrir alla þá mannlegu starfsemi sem þar er, ef okkur tækist að tengja saman Vestfirði norðanverða og vesturbyggðina, þ.e. Vestur-Barðastrandarsýsluna.

Því er núna verið að verja þeim takmörkuðu peningum, mjög takmörkuðum peningum, sem við höfum við rannsókna og undirbúnings jarðgangagerð, til þess að skoða og hefja undirbúning að jarðgangagerð milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Við höfum verið alveg sammála um þetta. Það eru litlir peningar í þessar rannsóknir, allt of litlir. (**SvH:** Þessi tillaga truflar ekkert þann framgang.) Það truflar þetta ef menn eru ekki alveg vissir um það hvernig þeir vilja ráða hlutunum. Við viljum ráða hlutunum svona og þess vegna hafa vestfirskir þingmenn staðið saman að þessu með sveitarstjórnarmönnunum.

[12:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum hlýtur að leiða umræðuna að samgöngum Vestfjarða almennt enda tel ég tilgang hennar einmitt vera að árétta stöðu fjórðungsins varðandi vegasamgöngur og að þar beri að huga að öllum þeim leiðum sem gætu verið til þess að takast á við og styrkja samgöngur til framtíðar innan þessa fjórðungs og til hans og frá.

Þess vegna verður að harma það, herra forseti, að ekki skyldi hafa verið myndarlegar og markvissar fylgt eftir þeim jarðgangaframkvæmdum sem hafnar voru fyrir hartnær um tíu árum á Vestfjörðum. Síðan þeim framkvæmdum lauk hefur orðið langt hlé á framkvæmdum á vegum hins opinbera við jarðgangagerð hér á landi. Jarðgöng eru fyrir einangraðar byggðir, fjallabyggðir eins og Vestfirði, Austfirði og eins og víðar háttar til einnig, t.d. á Norðurlandi, einmitt einn mesti möguleikinn til að styrkja samgöngur. Og við erum að upplifa stöðugt meiri tækni og hagkvæmari vinnu við að gera jarðgöng.

Því ber að harma að það skuli kannski líða heill áratugur, og jafnvel meir, frá því að jarðgangagerð lýkur á Vestfjörðum og þangað til næstu jarðgöng verða opnuð á vegum hins opinbera. Þetta hljótum við að gagnrýna í þeirri sýn og þeirri framkvæmd sem fylgt hefur verið og unnið er eftir af hálfu stjórnvalda í vegamálum. Hér þarf virkilega að taka á.

Þá ber einnig að horfa til þess að á liðnu ári — eða reyndar á þessu ári, á síðasta þingi — var samþykkt vegáætlun til næstu fjögurra ára þar sem góðu heilli var lagt til að stóraukið fjármagn yrði veit til vegamála, vegagerðar og jarðganga vítt og breitt um landið. En því miður, herra forseti, urðu þeir landshlutar þar sem eru hvað erfiðastar vegasamgöngur, þar sem eru hvað lengstir malarvegir, þ.e. Vestfirðir og Norðausturland, út undan þegar verið var að úthluta stórauknu fé til samgöngubóta samkvæmt vegáætlun. Herra forseti. Það hlýtur að skjóta skökku við miðað við þær gífurlegu þarfir og þá erfiðu stöðu sem fólk býr við þarna.

Herra forseti. Ég tel að þessi tillaga ætti síður en svo að raska samstöðu þingmanna Vestfirðinga um þá forgangsröðun að ráðast í auknar vegasamgöngur á Vestfjörðum. Hún ætti miklu frekar, herra forseti, að hvetja þingmenn Vestfirðinga til að beita sér enn harðar og taka enn harðar á vegamálefnum á Vestfjörðum og fá til samgangna aukið fjármagn á næstu árum. Það er það sem málið snýst um. Ég tek því svo að þessi tillaga sé einmitt ábending um fleiri kosti að skoða, en fyrst og fremst hvatning til Alþingis og jafnframt þingmanna Vestfirðinga um að sækja fastar á fyrir sinn fjórðung um fjármagn til vegamála.

[12:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil blanda mér aðeins í þessa umræðu um till. til þál. um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum eins og þar stendur.

Ég vil minna á að Alþingi afgreiddi jarðgangaáætlun fyrir stuttu, en sú áætlun gerði ráð fyrir því að á árunum 2000–2004 yrðu settir verulegir fjármunir til rannsókna og síðan til framkvæmda við jarðgangagerð. Þau verk sem þar er um að ræða í fyrsta áfanga eru annars vegar jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og hins vegar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Gert er ráð fyrir rannsóknum og framkvæmdum hvað varðar þau göng og síðan rannsóknum til undirbúnings jarðganga á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þarna er um að ræða 100 millj. í ár og 200 millj. á næsta ári til rannsókna og síðan 50 millj. á ári til rannsókna, en 1.400 millj. til framkvæmda hvert þessara þriggja ára, 2002, 2003 og 2004.

Þessi áætlun sem var samþykkt byggði á ítarlegri skýrslu um jarðgangagerð sem ég lagði fyrir þingið og hafði verið unnin af Vegagerðinni, að sjálfsögðu í samráði eða í samstarfi við hina ýmsu aðila í landshlutunum.

Þess vegna verð ég að viðurkenna að sú tillaga sem hér er til umræðu kom mér nokkuð í opna skjöldu og á óvart vegna þess að sú hugmynd sem hér er sett fram var ekki til skoðunar í þeirri stóru skýrslu sem Vegagerðin vann og ég lagði fyrir þingið. Þar var um að ræða tillögur um jarðgöng á 24 stöðum á landinu. Sú hugmynd sem hér er til umræðu var ekki á þeim lista. Ég minnist þess ekki að í þeim umræðum sem fram fóru kæmu margar tillögur um að það bæri að taka inn í þessa skoðun þau mjög svo umfangsmiklu jarðgöng sem hér er verið að tala um.

Auðvitað er nauðsynlegt að hv. þm. fái færi á að koma hugmyndum sínum fram, en það er alveg ljóst að hér er um að ræða verkefni sem er ekki á dagskrá og þess vegna held ég að ekki sé rétt að vekja neinar falskar vonir um að farið verði út í þá framkvæmd sem hér er verið að gera tillögu um að hefja skoðun á. Auk þess sem það liggur fyrir að þau feiknarlegu miklu umsvif, þær miklu framkvæmdir sem eru í vegagerð og undirbúningur við jarðgangagerðina hefur nánast tekið alla afkastagetu Vegagerðarinnar og ríflega það hvað varðar frekari rannsóknir um sinn.

Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga að menn setji fram tillögur, en ljóst er að ég gæti ekki lofað því, ef þessi tillaga verður samþykkt, að Vegagerðin gæti sett af stað neins konar rannsóknir eða athugun á þeirri hugmynd sem hér er til umræðu.

Ég vildi að þetta kæmi fram þannig að ekki væri verið að vekja neinar falskar vonir um að hægt yrði að leggja í mikla vinnu við skoðun á þessari hugmynd.

[12:21]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um tillöguna og um margt ágætar undirtektir.

Upphaf aðgerða í samgöngumálum frá því hugmynd kemur fram fyrst og þangað til af framkvæmdum verður á sér æðilangan meðgöngutíma. Ég vil benda á að þó að hér hafi komið fram hjá sumum ræðumönnum að þetta sé ekki á dagskrá þýðir það ekki að rangt sé að taka það á dagskrá.

Ég gat áðan um hugmynd um jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Ég setti þá hugmynd fram í þinginu 1987. Eftir jarðgangaáætlun, sem ég fagna reyndar að er fram komin og er um margt mjög merkileg, þó að þar skorti á fjármagn eins og vert væri til að hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd, eru horfur á að meðgöngutími þess verks geti, ef vel gengur, orðið eitthvað á þriðja áratug.

Ég ítreka að þess vegna er síður en svo ótímabært að koma með tillögu eins og þessa til að vekja athygli á einum möguleikanum enn. Hæstv. ráðherra segir að þetta komi á óvart. Það er kannski ekki ástæða til þess því þrátt fyrir að þetta hafi ekki verið með í þeirri skýrslu sem notuð var við úrvinnslu þegar jarðgangaáætlun var sett fram komu þessi mál samt inn í umræðuna á þingi. Flutningsmaður þessarar þáltill. kom með þá hugmynd í umræðuna og vakti athygli á þessari leið. Í framhaldi af því er þessi þáltill. síðan fram komin.

En ég veit að bæði flm. og mér og mörgum öðrum er ljóst að þetta er ekki hespað af í einum hvelli. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að með þessu sé verið að reka fleyg í samstarf þingmanna á Vestfjörðum. Því fer víðs fjarri. Eins og ég gat um áðan er það staðreynd að tíminn sem tekur að framkvæma tillögur af þessu tagi er geysilega langur og það er staðreynd að á Vestfjörðum eru samgöngur í rauninni lykilatriði búsetunnar.

Ég gat um það í framsögu að ég teldi allt of litlu fjármagni varið til jarðgangagerðar og mín skoðun er sú að gerð varanlegra samgöngubóta, eins og jarðganga og þverana fjarða, sé í rauninni landvarnir okkar Íslendinga og við þurfum út frá þeim grundvelli að stórauka fjárframlög til vegagerðar af þessu tagi.

Ég held að þingmenn Vestfjarða greini ekkert á um að tenging byggða er forgangsverkefni og þess vegna hlýtur að koma að því að heilsársamgöngur verði milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eins og hefur verið stefnt að, en ég vil líka vekja athygli á því að þegar tillagan um slíkt var lögð fram 1987 og aftur einu eða tveimur þingum seinna var ekki tekið undir þetta í umræðunni nema af þingmönnum Vestfjarða og þetta kom ekki á dagskrá þeirra aftur fyrr en á allra síðustu árum. Það er því æðilangur vegur sem þarf að fara.

Fyrir rúmum áratug, líklega 12–13 árum átti ég leið í Noregi frá Bergen til Hermansverk við Sognsfjörðinn. Þetta er létt dagsleið og ekki mjög löng. Þá var farið í gegnum 37 jarðgöng og ein ferjuleið var á þessari leið. Síðan er komið vel á annan áratug. Ég held að við þurfum að fara að huga einmitt að þessum þáttum í samgöngukerfi okkar meira en verið hefur og tek sérstaklega undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að það er forkastanlegt að eftir jarðgöngin á Vestfjörðum hafi ekki verið haldið áfram jafnt og þétt með jarðgangagerð í dreifbýlinu á vegum samgönguyfirvalda.

Hæstv. ráðherra sagði að ekki væri ástæða til að vekja falskar vonir með undirtektum við tillöguna. Þrátt fyrir að ég óski honum velgengni í starfi og þakki honum á margan hátt þann hug sem hann hefur til samgangna í dreifbýli, þá er ég ekki svo bjartsýnn að búast við því að þessi framkvæmd geti orðið í embættistíð hans. Mér er alveg ljóst að þetta mun taka sinn tíma.

Ég ítreka það, sem hefur komið fram í umræðunni, að hér er fyrst og fremst verið að benda á einn kostinn enn og jarðgangagerð er það dýr framkvæmd að ég tel fráleitt að fara í hana öðruvísi en að búið sé að kanna alla þætti sem hentugir eru og verði tekinn sá sem hagkvæmastur er. Könnunar- og undirbúningskostnaðurinn er þess virði að til hans sé mjög vel vandað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

[12:27]

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru gegnt Vestmannaeyjum. Tillögugreinin byggir á því að álykta að fela samgrh. að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru, nánar tiltekið Landeyjasandi.

Um 90.000 farþegar fara árlega milli lands og Eyja með flugi og um 80.000 með Herjólfi. Þegar miðað er við fjölda ferðamanna eru Vestmannaeyjar þriðji staðurinn á landinu á eftir leiðinni Reykjavík–Gullfoss–Geysir og Reykjavík–Mývatn–Akureyri–Reykjavík.

Það er því engin spurning að mikill stöðugleiki er í þessum ferða- og farþegafjölda. Hann er sívaxandi frá ári til árs, hefur verið það um áratuga skeið og þá sérstaklega eftir að aðstaða til flugs og siglinga batnaði til muna fyrir 20–30 árum, þó ekki nema fyrir kannski 10–15 árum hvað varðar flugleiðina eftir að Vestmannaeyjaflugvöllur varð nánast sólarhringsflugvöllur.

Það liggur fyrir að farið verði í meiri rannsóknir hjá Vegagerðinni á frekari möguleikum á byggingu jarðganga á milli lands og Eyja. Þær rannsóknir munu jafnframt tengjast

rannsóknum sem íslenskir vísindamenn telja bráðnauðsynlegt að gera með tilliti til jarðfræði, eldvirkni og jarðskjálfta, sérstaklega á svæðinu Hekla–Katla–Vestmannaeyjar. Það eru til allmiklar upplýsingar um þessa þætti, en þá þarf að vinna skipulega og koma því faglega fyrir þannig að unnt sé að meta áhættuþættina í gerð jarðganga milli lands og Eyja sem Vegagerðin hefur staðfest að sé tæknilega mögulegt og gert frumkostnaðaráætlanir, en eins og í öllum öðrum jarðgangahugmyndum þarf að sinna rannsóknum til þess að ganga úr skugga um einmitt áhættuþættina.

Lengi vel voru samgöngur sjóleiðis milli lands og Eyja á milli Eyrarbakka og Vestmannaeyja. Í byrjun aldarinnar, upp úr 1920 og fram til 1950 eða 1955 var siglingaleiðin með fólk á milli Eyrarbakka og Eyja. Síðan kom Herjólfur fyrir u.þ.b. 40 árum. Þá var siglingaleiðin fyrst til Reykjavíkur, Reykjavík–Vestmannaeyjar, og síðan upp úr eldgosinu 1973, þegar alþjóðastofnanir veittu fjármagn til uppbyggingar höfninni í Þorlákshöfn í tengslum við eldgosið, kom siglingaleiðin milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja inn í dæmið. Sú siglingaleið var lengi vel fjórir og hálfur til fimm tímar, en með núverandi skipi tveir tímar og fjörutíu og fimm mínútur.

Þegar nýi Herjólfur, eins og hann er kallaður, kom til sögunnar fyrir sjö árum urðu allmikil þáttaskil. Þá kom mun fullkomnara skip en áður hafði verið á þessari erfiðustu farþegasiglingaleið í heimi. Það var að vísu framgangi málsins til óhamingju þegar tekin var ákvörðun um byggingu nýs Herjólfs, þess skips sem nú er, að hv. alþm. Steingrímur J. Sigfússon var þá samgrh. Hann lét minnka teikningu sem þá lá fyrir af Herjólfi um átta metra til þess að innlend skipasmíðastöð gæti boðið í verkefnið. Hún bauð í verkefnið ásamt öðrum erlendum skipasmíðastöðvum. Íslenska tilboðið var upp á 1.800 millj. en það norska, sem var tekið, var 1.100 millj. Það hefði hins vegar ekki kostað nema 40 millj. á þeim tíma að lengja skipið eins og upphaflega hafði verið teiknað. Það hefði þýtt bæði stærra skip, sem nú þegar er orðið í rauninni of lítið, og gangmeira skip og það hefði þýtt skip sem hefði kostað minna að reka. Það hefði verið svokallað tveggja öldu skip þegar núverandi Herjólfur er einnar og hálfrar öldu skip.

Því miður komst þáv. hæstv. samgrh. ekki út úr þeirri músarholu sem hann var í og hefur löngum dvalið í. (Gripið fram í.) Það hefði engu breytt, hv. þm., því músarholusjónarmiðin koma sjaldan nokkru á legg.

Þetta er rétt að rifja upp vegna þess að menn þurfa ávallt að stefna að því að gera eins vel og hægt er og hafa enga þröngsýni í þeim efnum heldur nota skynsemina og hagkvæmnina og þora að taka ákvarðanir í því sambandi.

Þegar könnuð er ferjuaðstaða milli lands og Eyja á Bakkafjöru er hugmyndin sú að fara stystu leiðina milli lands og Eyja, hún er tíu og hálfur kílómetri. Hún er ámóta og vegalengdin frá Lækjartorgi og inn að Elliðaárbrú. Það er nú ekki lengra. Hún tekur hálfa leið til Hafnarfjarðar frá Öskjuhlíðinni, svo ekki er það langt. En nota þarf nýjustu tækni til að opna dyr að þeirri náttúruperlu og atvinnutæki sem Vestmannaeyjar eru, stærsta verstöð landsins í 100 ár sem skilar u.þ.b. 10–12% af þjóðartekjum úr sjávarframleiðslu með um 1,5% af íbúunum.

Það er ekki síður ástæða til að auka aðgengi fastlendinga til að komast út í Eyjar, fyrir utan þann mikla ferðamannastraum erlendra ferðamanna sem sækir þangað í vaxandi mæli. Þannig er þetta mál lagt fram beinlínis á viðskiptalegum grunni og er öllum ætlað að hagnast á því.

Hugmyndin að ferjusiglingu stystu leið milli lands og Eyja miðast að sjálfsögðu við flutning á fólki, bílum og tækjum og gámum eða vöruflutningum. Slík framkvæmd mundi gjörbylta samgöngum milli lands og Eyja og aðstöðu allri á Suðurlandsundirlendinu. En Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla eru einu hafnlausu sýslur landsins og það ætti að vera metnaðarmál landsmanna að kögra frekar en gert hefur verið landið sjálft með aðgengilegum höfnum, ekki síst á því aðgengilega og byggilega svæði sem Suðurlandsundirlendið er.

Fyrir skömmu ferðaðist ég um Suðurland, um Árnessýslu og Rangárvallasýslu með norðlenskum bónda. Hann hafði aldrei komið á Suðurland, þekkti þó hvern bæ af bókum og blöðum og hafði á orði hvað það væri einstaklega aðgengilegt allt á Suðurlandi. Það var fallega sagt af Norðlendingnum. En orð að sönnu.

Með ferjuaðstöðu á Bakkafjöru eða Landeyjasandi væri ekki óraunhæft að ætla að ferðir gætu verið á klukkutíma fresti, jafnvel hálftíma fresti, á tuttugu mínútna siglingaleið. Það þyrfti auðvitað tvö skip til að vera á hálftíma fresti, en þarna eru kannski til umræðu skip sem eru á stærð við skuttogara af minni gerð og væru mun ódýrari fjárfesting til að mynda en nýi Herjólfur.

Það eru ekki til mikil gögn um rannsóknir á sjólagi og efnisflutningum fyrir suðurströndinni. Áhuginn hefur hingað til einkum beinst að Þorlákshöfn í vestri og Hornafirði í austri, en þar á milli eru 350 km vatnaríkt svæði, fljót sem eru þung og flytja mikið magn til sjávar, og m.a. þess vegna er vandamálið við sandflutningana fyrir ströndinni. Þó er það víðast á Suðurlandi að þar eru rif fyrir landi, yfirleitt þrjú rif og mismunandi dýpi niður á þau en oftast eru um sjö metrar niður á innsta rifið næst landi.

Við frumskoðun Siglingastofnunar hefur komið í ljós miðað við könnun á rituðum gögnum um útræði fyrir Suðurlandi að a.m.k. á tveimur stöðum á Landeyjasandi þar sem útræði var virðist vera allmikill stöðugleiki í svokölluðum hliðum milli rifja. Siglingastofnunarmenn hafa nefnt að það kynnu að vera þar aðstæður sem væru ekkert ósvipaðar og við Hornafjarðarós þar sem Hvanney og sjávarföllin í ósnum halda aðstæðum stöðugum. Þetta kynni að létta róðurinn og er það ögrandi verkefni að kanna möguleika á hafnargerð fyrir miðju Suðurlandi eða ferjuaðstöðu. Grunnurinn í þessari hugmynd er að þarna sé ferjuaðstaða. Það er ekki verið að tala í sjálfu sér um sextíu þúsund tonna höfn heldur haganlega leið til þess að þjóna þessum þætti. Það gæti opnað aðrar dyr, a.m.k. ef næðist á haganlegan hátt að gera siglingaleið inn að fjöruborði. Þá væri þess vegna auðveldur eftirleikurinn að rýmka til í sandinum fyrir innan þar sem er allt að 270 m djúpur sandur niður á berg. Svo nóg ætti dýpið að vera í höfn þar ef skjólveggur gæti myndast.

En með þekkingu á hegðun sandrifjanna og hliðanna við Bakkafjöru er mjög líklegt að finna megi aðstæður sem eru kannski auðveldari kostur til þess að vinna úr en menn hafa hugsað um og gert sér grein fyrir hingað til.

Það tekur vissulega tvö, þrjú ár að gera slíkar rannsóknir. Áætlað er að þær mundu kosta alls um 30 millj. sem er í rauninni ekki mikið til slíks verkefnis þar sem jafnmikið er umleikis og raun ber vitni. Til að mynda er aðgengilegt að nota hinn nýja lóðsbát í Vestmannaeyjum til mælinga eftir

hverjar brimlotur og sjá hvort stöðugleiki er í rifjum eða hvort sandflutningar eru eitthvað sem menn ráða ekki við.

Farið er að nota margs konar tækni í gerð hafnarmannvirkja, ný tækni er komin víða um heim, í Asíu, Afríku og Ameríku, en þó standa íslenskir sérfræðingar hvað fremst í heiminum í þessum efnum og einnig íslenskir verktakar. Það er því spennandi að ganga til þessa verkefnis og skoða það í fullri alvöru.

Ég legg til að málinu verði vísað til samgn. að lokinni umræðu.

[12:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég var á ráðstefnu úti í Eyjum fyrir nokkrum dögum og varð þá var við mikinn hug í fólki, mikinn baráttuhug fyrir því að halda öflugri byggð í Eyjum og reyna að leita leiða til þess að koma í veg fyrir fólksfækkun sem menn hafa óttast þar síðustu árin. Ljóst er að byggð eins og í Eyjum á alltaf undir högg að sækja fyrst og fremst vegna þess að samgöngur eru erfiðar og stopular og háðar veðrum. Við vitum vel hvað það hefur slæm áhrif í för með sér. Það pirrar fólk þegar samgöngur eru með þeim hætti að ekki er hægt að treysta þeim. Það verður kannski aldrei hægt að gera samgöngur það góðar út í Vestmannaeyjar og aðrar eyjar að það sé alveg tryggt að hægt sé að fara hvenær sem fólk vill, en það er hægt að reyna og leita allra leiða til að þær verði sem öruggastar og þannig reynt að tryggja þá sjálfsögðu öryggiskennd sem er því samfara að geta komist ferða sinna.

Það er ljóst að með því að fara út í að byggja höfn á þeim stað sem hv. þm. Árni Johnsen er að leggja til að verði skoðað með þessari tillögu er í raun alveg ný leið farin og eins og kom fram kannski ein af þeim leiðum sem gætu, ef fær er, tryggt að samgöngur gætu bæði verið örar og öruggar allt árið um kring. Ef þetta er leið til að tryggja samgöngurnar er að mínu áliti mjög sjálfsagt og eðlilegt að skoða hana.

Ég var meðflutningsmaður að tillögu um að skoða jarðgangagerð til Eyja, mér fannst mjög eðlilegt að það yrði skoðað sérstaklega.

Sú skoðun hefur leitt ýmislegt í ljós og enn er verið að skoða það að einhverju marki en það gæti orðið langt í að slík göng yrðu að veruleika.

Ég held sjálfur að ef hægt er að byggja örugga höfn á þessum stað, sem er mjög brimasamur og getur verið erfiður í því mikla ölduróti sem er á suðurströndinni, þá yrði það tvímælalaust eitthvað sem mundi leysa það vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Nýr Herjólfur mun kosta marga milljarða og höfn eins og hér er um að ræða mundi einnig kosta mjög marga milljarða og viðhald á henni yrði mjög erfitt.

Ég held að stöðug leit að bættum samgöngum til Eyja sé eitthvað sem allir geti tekið undir að sé nauðsynlegt og ég fagna því að tillaga eins og hér er verið að ræða sé komin fram og vona að hún nái fram að ganga.

[12:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Sá er hér stendur, 8. þm. Reykv., er meðflutningsmaður þessarar þáltill. af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að góðar samgöngur séu á milli Vestmannaeyja og lands, svo mikilvæg verstöð sem Vestmannaeyjar eru, og í annan stað til að koma með aðrar leiðir til sjóflutninga en hefur verið staðið að til þessa. Þá hlýtur fyrst að koma upp í huga mér: Hvers vegna völdu Vestmanneyingar þá leið að smíða farþegaskip og vöruflutningaskip eða vöruflutningaskip og farþegaskip? Það er dálítið merkilegt að menn skyldu leggja út í það vegna þess að þegar siglt er með vöru á milli tveggja hafna gildir ekki sama og þegar flytja skal farþega. Farþegunum liggur yfirleitt miklu meira á. Sá ferðamáti er orðinn margþættur og margir möguleikar í dag.

Það að eyða mikilli olíu til að ná mikilli ferð með frakt og fólk er umhugsunarefni í dag. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að fara þá leið að tvískipta þessari þjónustu við Vestmannaeyjar, annars vegar væru það vöruflutningarnir einir og sér og síðan væri hugsað um hvernig ætti að koma fólki og bílum sjóleiðina á milli lands og Eyja.

Í till. til þál. segir, með leyfi forseta, að möguleiki er á að stytta verulega ferjusiglingu milli lands og Eyja með ferjuaðstöðu á Bakkafjöru sem er stysta sjóleið, allt niður í 20 mínútna siglingu. Þetta kallar á geysilegt fjármagn ef menn ætla sér að byggja þarna alvöruhöfn. Ég tek líka undir það, eins og segir hér, að með þekkingu á hegðun sandrifja og hliðanna við Bakkafjöru er talið að finna megi aðstæður sem hægt væri að nýta fyrir sérbúið ferjuskip til að sigla að ferjuaðstöðu þar sem leitast væri við að finna sem haganlegastar aðstæður.

Nú er það svo að ekki er langt síðan frétt kom frá Vestmanneyingum um aðila sem eru að skoða alvarlega möguleika á loftpúðaskipi. Ég tek þeirri frétt með mikilli alvöru og tel að frétt frá þessum djarfhuga Vestmanneyingum eigi fullan rétt á sér.

Eflaust muna menn þegar rætt var um og mikið í fréttum talað um Sleipnisslysið svokallaða, norska tvíbotna skipið sem fórst í sinni fyrstu ferð. Nokkur rannsókn hafði farið fram á því, en ekki nægjanleg, hvernig ætti t.d. að haga málum varðandi siglingu þessa tveggja skrokka farþegaskips miðað við misjafnar aðstæður og ölduhæð. Þess vegna var sett takmarkað farleyfi á skipið þannig að í ákveðnum veðrum og ákveðinni ölduhæð mátti skipið ekki sigla. Í Skagerak er mikið af þessum tvíbytnum og þær geta siglt í meiri ölduhæð en loftpúðaskipin sem mikið er af í Ermasundi. En það sem skilur að þessi tvö skip, þ.e. tvíbytnuna og loftpúðaskipið, er að það fyrra eyðir miklu meiri olíu.

Ég tel að full ástæða sé að skoða þetta, miðað við þær samgöngur sem nú þekkjast í Eyrarsundi og víðar. Nú hefur mörgum af þessum skipum verið lagt. Við sjáum stór loftpúðaskip víða sem taka bæði farþega, bíla og jafnvel vörur. Þessi loftpúðaskip þurfa ekki sömu hafnarmannvirki og t.d. Herjólfur. Það væri umhugsunarefni: Getur loftpúðaskip athafnað sig flesta daga ársins milli Eyja og lands? Ég er alveg sannfærður um að ekki væru margir dagar sem væru frátök vegna ferðamáta eins og með loftpúðaskipi. Auðvitað koma til álita áhættuþættir eins og t.d. ef skipið bilaði nálægt landi og einhver ölduhæð væri.

Ég kemur aftur að því að ég tel nauðsynlegt þegar við erum að ræða þessi mál núna, að taka upp málið tvíþætt, þ.e. við horfum fyrst og fremst á farþegana og bílaflutninga, hvernig við komum bílum og fólki sem skjótast á milli Eyja og lands. Síðan eru vöruflutningarnir allt annað mál sem mér finnst að eigi að leysa um leið og við ræðum þessi mál en þau eigi að leysa með öðrum hætti.

Jafnhliða þeirri rannsókn sem yrði gerð ætti að skoða Breiðafjarðarferjuna og ferðir um Ísafjarðardjúp. Stóru loftpúðaskipin, eins og ég sagði áðan, þurfa ekki sömu hafnaraðstöðu og skip sem við erum að nota í dag og eru miklu hraðskreiðari. Ég er sannfærður um að ef við lítum t.d.

til Breiðafjarðar, mundi kaup á loftpúðaskipi breyta öllum áætlunum um vegaframkvæmdir þar vestra.

Herra forseti. Ég tel samt sem áður að þó að hugrenningar mínar séu kannski dálítið á skjön við þessa þáltill. sé full ástæða til að vinna áfram að málinu og eins og kemur fram í þáltill. þarf að setja upp sjálfvirkt veðurathugunardufl á Bakkafjöru og öldudufl með ströndinni þar til að rannsaka hvort möguleiki sé á að loftpúðaskip gangi þarna á milli og þá með það í huga að geysilegar hafnarframkvæmdir þurfi ekki að vera í sama mæli og ef við notuðum venjulegt skip.

Þáltill. er af hinu góða og auðvitað styð ég hana sem meðflutningsmaður, en ég beini því til hæstv. samgrh. að full ástæða er til að fara af fullum krafti í að kanna þennan flutningamáta.

[12:54]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa komið fram ágætisábendingar og vangaveltur hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Þó er engin tilviljun að Herjólfur, sem nú er, er smíðaður og teiknaður eins og hann er. Flutningar á fólki og bílum fara nefnilega saman, 83.000 farþegar á ári og 23.000 bílar, þannig að það gengi ekki að flytja bílana í annarri ferð. Þetta er bíla- og farþegaferja en með vöruflutningamöguleikum. Á ári eru samtals u.þ.b. 3.000 gámar og flutningatæki þannig að það er í raun ekki stór hluti af þeim flutningum sem eru með Herjólfi. Skipafélög sinna fyrst og fremst vöruflutningaþættinum, Eimskip með mjög stóran þátt og Samskip með nokkuð stóran. En auðvitað má alltaf velta upp mörgum möguleikum.

En uppsetningin byggist á langri reynslu. Menn hafa velt upp hugmyndunum um Katamaran-skip sem kynnu að geta siglt helmingi hraðar en Herjólfur sem siglir með um 18 mílna hraða, gæti siglt 35–40 mílur. Það er hins vegar þannig með sjólag á því úthafi sem Vestmannaeyjar þurfa að glíma við að stóran hluta ársins væri ekki hægt að nýta aflið í slíkum skipum. Það er einfaldlega ekki hægt að sigla á fullum hraða.

En sjálfsagt er að skoða alla möguleika, það er spennandi. Þó má ekki tefja við slíkt. Það þarf að ganga ákveðið til verka og ég held að hugmyndin um loftpúðaskip milli lands og Eyja sé ekki inni í myndinni á neinn raunhæfan hátt sem stöðugleikatæki. Það gæti verið gaman að prófa það við ákveðnar aðstæður en þróun hefur verið mjög hæg í þeim efnum og ekkert sem bendir til að það dugi til að leysa þessa þörf.

[12:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen hefur eitthvað misskilið mín orð því ég talaði um farþega og bíla í sama orðinu. En ég tók það margsinnis fram að ég liti á vöruflutningana með allt öðrum hætti. Á farþegaskipi verða bílar auðvitað að fylgja með.

Ég fór með slíku loftpúðaskipi 1974 eða 1975. Þá gekkst frammámaður mikill í Vestmannaeyjum fyrir að slíkt loftpúðaskip var tekið á leigu. Síðan var siglt frá Reykjavík um sundin blá og ég tók mér far með skipinu. Ég minnist þess hve sérkennileg tilfinning það var að standa í stafni loftpúðaskipsins og bruna beint upp á land í Viðey. Þar var stoppað og allir farþegar löbbuðu í land og síðan var haldið sömu leið til baka.

Ég sagði það líka áðan að Katamaran eða tveggja skrokka skip eyðir miklu meira en loftpúðaskip. Loftpúðaskipin eru orðin feiknamikil skip. Þið hafið eflaust séð þau sjálf og vitið um umfang þeirra og möguleika á flutningum. Ég er ekki með neinum hætti að tefja málið og ætla ekki að leggja stein í götu þess enda er ég meðflutningsmaður.

Mér finnst að rannsóknin eigi að halda áfram en við eigum jafnhliða að líta alvarlega til þessa flutningsmáta. Þetta er slíkir möguleikar og gætu aukið enn frekar flýtimeðferðina í málinu ef ekki þarf að eyða einhverjum hundruðum milljóna í að byggja nýja hafnaraðstöðu. Það breytir málinu mjög.

Þetta var aðeins til leiðréttingar og ég legg áherslu á að málið haldi áfram og rannsóknin fari fram, bæði á sjólagi og ferð sandsins í fjörunni, en við eigum líka tvímælalaust að horfa á þessa möguleika.

[12:59]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta athyglisverða mál. Helstu rök fyrir þáltill. koma fram í greinargerð og í ágætri inngangsræðu hv. 1. flm. En ég tel málið í alla staði athyglisvert og brýnt því það snýst um samgöngur. Góðar samgöngur eru eins og kunnugt er undirstaða að nútímabyggð þar sem landsmenn og íbúar einstakra byggðakjarna hafa greiðan aðgang að og frá byggðakjörnum sínum.

Vestmannaeyjar hafa verulega sérstöðu hvað þetta snertir, þær eru eyjar og ekki er hægt að fara landleiðina. Við þekkjum umræðuna um flugrekstrinn sem má segja að hafi gengið upp og niður. Sama má segja um sjóleiðina sem er óneitanlega dálítið sérkennilegt í ljósi þeirrar staðreyndar að engin höfn er frá Höfn í Hornafirði og að Þorlákshöfn. Sjóleiðin er nokkuð löng og í misjöfnum veðrum getur hún tekið nokkurn tíma. Það eitt og sér ætti að nægja sem rök fyrir því að fara í slíka könnun sem till. til þál. gerir ráð fyrir.

Að því gefnu að niðurstöður slíkrar könnunar verði jákvæðar opnast ýmsir möguleikar. Í fyrsta lagi vil ég nefna mál sem hlýtur að vega þungt og það er öryggisþátturinn. Með því að ferjustæði kæmist upp beint norður af Vestmannaeyjum, þar sem tæki ekki nema 10, 15 mínútur á sæmilegum bátum að renna upp að landi, yrði öryggisþættinum mun betur sinnt en í dag og þarf ekki annað en að rifja upp þær hörmungar sem urðu við gos í Helgafelli.

Í annan stað hljóta byggðaþátturinn og byggðamálin að vera nefnd þar sem umræðan hefur m.a. snúist um að þétta byggð og tengja saman atvinnusvæði. Með góðri ferjuaðstöðu á Bakkafjöru, og þar með bættum samgöngum milli Suðurlands og Vestmannaeyja styrktist svæðið tvímælalaust sem eitt atvinnusvæði og út frá því getum við sagt að um skýrt byggðamál sé að ræða.

Í þriðja lagi hlýtur slík ferjuaðstaða að auðvelda alla aðflutninga fyrir Vestmanneyinga. Þá er líka rétt að hafa í huga að ótrúlega margir Íslendingar hafa ekki einu sinni gefið sér tíma til að fara til Vestmannaeyja af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar, hve samgöngur eru í rauninni erfiðar. Ég er því sannfærður um að með góðri ferjuaðstöðu opnast gífurlegir möguleikar í ferðaþjónsutu. Segja má að Suðurland hafi hverja ferðamannaperluna um aðra þvera allt frá Vatnajökli og út á Reykjanes. Með góðum samgöngum við Vestmannaeyjar í gegnum ferjuaðstöðu á suðurströndinni opnast gífurlegir möguleikar fyrir skipuleggjendur ferðamála að taka Vestmannaeyjar í vaxandi mæli inn í þann hring eða þær ferðir sem farnar eru um Suðurland en hleypa ferðamönnum fram hjá Vestmannaeyjum vegna erfiðleika við samgöngur.

Fleiri atriði mætti nefna sem hafa þegar verið tíunduð hér. Fyrir þessu eru næg rök. Nú kunna einhverjir að segja og maður hefur svo sem heyrt þær raddir frá því að þáltill. var fyrst kynnt og frá henni greint í fjölmiðlum að ýmsir eru þeir til sem afgreiða málið einfaldlega út af borðinu og segja að slík sé úthafsaldan við suðurströndina að þar muni aldrei verða hægt að reisa einhver hafnarmannvirki. Ég lít á slík sjónarmið sem fordóma því að þáltill. gengur einmitt út á það að kanna. Menn geta ekki kveðið upp úrskurð fyrr en búið er að kanna og færð rök fyrir málum. Þar að auki nægir að nefna að á ýmsum stöðum, bæði hér við land og erlendis hafa ágæt hafnarmannvirki verið reist við mjög erfiðar aðstæður, tæknin leyfir margt.

En þáltill. gengur út á að kanna hvort þetta er möguleg. Auðvitað eiga menn að fagna því að vilja kanna það því rökin eru næg, þau hafa verið nefnd hér. Vegna þeirra umræðna sem hér urðu, þar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræddi m.a. um möguleika á loftpúðaskipi, þá er það tiltölulega einföld könnun og sjálfsagt hægt að tengja hana þessu. Það er ekki flókið mál. Það er kannski fyrst og fremst reikningslegt mál sem á ekki að taka langan tíma. En um leið má líka velta því upp að verið er að ræða um ferjustæði en ekki fullgilda höfn með öllum þeim mannvirkjum sem þar tilheyrir enda hafa svo sem heyrst þær vangaveltur, og kannski rétt að draga það fram hvaða áhrif hefði það t.d. á sjávarútveg og byggðaþróun í Vestmannaeyjum ef fullgild fiskihöfn ásamt viðeigandi mannvirkjum kæmi þarna. En hér er verið að ræða um ferjustæði til að flytja vörur, bíla og fólk.

Rökin eru sem sagt til staðar. Það er fyrst og fremst öryggismál, það eru atvinnumál og byggðamál. Gaman verður að glíma við þetta mál í hv. samgn. og fróðlegt að sjá hvað kemur út úr slíkri könnun nái þessi þáltill. að sigla farsællega í gegnum hv. Alþingi og fá heppilega lendingu.

[13:05]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að með ferjuaðstöðu, tengingu við Vestmannaeyjahöfn skapast stórkostlegir möguleikar eins og menn hafa velt upp. Það kynni að styttast með hverjum deginum í þann tíma að til að mynda höfuðborgin og Hafnarfjörður mundu leita eftir því að sameinast Suðurlandi og Vestmannaeyjum. Það er kannski ekki á næstu árum en styttist í það.

Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns þegar maður veltir fyrir sér ölduhæð og slíku á þessari leið er það engin tilviljun að Suðurland teygir sig lengst til suðurs gegnt Vetmannaeyjum. Harðasta áttin í öldubroti og öldustyrk er suðvestanáttin. Hún er mun harðari en austanáttin og reynir mest á landið, á sjóvarnagarða, í suðvestanáttum. Það er alveg sama á suðurströndinni. En Vestmannaeyjar skýla þessum hluta suðurstrandarinnar verulega fyrir suðvestanáttinni. Þess vegna teygir ströndin sig lengst í átt til Eyja gegnt Eyjum eða rétt austan við þá línu. Það skapar ákveðna möguleika fyrir alla þætti málsins umfram það sem gerist annars staðar á Suðurlandi.

[13:07]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir ágætar jarðfræðilegar og veðurfræðilegar skýringar á því sem er að gerast — hvernig náttúruöflin leika suðurströndina. Auðvitað er það rétt að Vestmannaeyjar skýla ákveðnum hluta suðurstrandar en ljóst er að vandi suðurstrandarinnar og hafnleysa suðurstrandarinnar byggist á þessu tvennu. Annars vegar er mjög opið úthaf og stór úthafsalda og hins vegar hinn gífurlegi framburður í jökulám á Suðurlandi sem gerir það að verkum að milljónir tonna af sandi eru á stöðugu ferðalagi meðfram suðurströndinni.

En tillagan gengur einmitt út á að kanna hvort og þá hvernig megi koma ferjuaðstöðu upp við þessi óvenjulegu skilyrði. Þó að Vestmannaeyjar skýli er vitað að ölduhæð verður mikil en það er það sem á að kanna, hvort ekki megi ráðast gegn þessari stóru úthafsöldu. Af því að ég deili bjartsýni með hv. þm. Árna Johnsen, þá skulum við vona að það takist að finna lausn á þessu en til þess er þáltill. lögð fram.

[Fundarhlé. — 13:08]

[13:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum till. til þál. um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum. Hv. flutningsmenn hafa fyrr í umræðunni farið yfir þau rök sem mæla með því að Alþingi álykti að fela samgrh. að hlutast til um það við Siglingastofnun Íslands að hún hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum til Bakkafjöru.

Í sjálfu sér er ekki miklu við þetta að bæta, virðulegi forseti. Hins vegar er ljóst að öll þau byggðarlög sem ætla sér að lifa af og taka þátt í að bæta sig þurfa að búa við öflugar samgöngur. Það er nánast forsenda þess að þessar byggðir fái áfram að þroskast og dafna. Hér er verið að leggja til að kannað verði hvort möguleiki sé á að byggja upp ferjuaðstöðu við Bakkafjöru.

Ég vil aðeins lýsa því sem skoðun minni í þessu máli að ég styð það heils hugar og lýsi því yfir að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að tryggja að þetta mál komist í gegnum samgn. þingsins.

[13:33]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þeirrar þáltill. sem flutt er af hv. þm. Árna Johnsen og fleirum, þar sem ég er einn af flutningsmönnum, um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru í Landeyjum.

Eins og hefur komið fram er þetta till. til þál. sem er full þörf á að flytja og full þörf á að veita brautargengi til að veita fé og hefja þær rannsóknir á Bakkafjöru sem getið er.

Það er einu sinni svo að oft er mjög langur vegur frá upphafi hugmynda til framkvæmda. Það er sama hvort það voru Hvalfjarðargöng eða jarðgöng á Miðnorðurlandi eða jarðgöng fyrir austan eða vestan. Það er oft og tíðum langur vegur frá því hugmynd kviknar þar til framkvæmdir hefjast. Þess vegna er tillagan mjög góð og full þörf á að flytja hana og að hún fái skoðun í þinginu og í hv. samgn. og þar verði farið yfir þessi mál.

Samgöngumál eru náttúrlega lífsspursmál allra þessara byggða á landsbyggðinni. Sama hvort það eru Vestfirðir, Vestmannaeyjar, Austurland eða Norðurland, þetta er upphafið að öllu ef svo má að orði komast og nauðsynlegur þáttur og full ástæða til að skoða alla möguleika í þessum efnum. Ef hægt væri að stytta ferjusiglingu milli Eyja og lands úr þremur tímum í einar 20 mínútur er það náttúrlega mikið byltingarmál fyrir Vestmannaeyinga og þann mikla

fjölda ferðamanna sem þar fer um og síðast en ekki síst íbúana sjálfa.

Ég hef á síðustu tveimur árum kynnst því dálítið að ferjast frá fastalandinu til Vestmannaeyja, sama hvort það er í flugi eða með ferju. Oft er ófært í flugi og maður hefur spurt sig margra spurninga í framhaldi af því þegar Herjólfur er að sigla þessar þrjár klukkustundir. Síðan hefur maður líka fylgst með því þegar menn, hvort sem það er knattspyrnulið eða ferðahópar, hafa ekki getað flogið, hafa e.t.v. ekki komist með Herjólfi einhverra hluta vegna, tími ekki passað eða eitthvað svoleiðis, og hafa siglt með litlum skemmtibát sem er notaður til að fara með ferðamenn í siglingu umhverfis eyjarnar, að þessi túristabátur er notaður til að sigla til Þorlákshafnar. Maður hefur líka séð erlendis þá miklu byltingu sem hefur orðið í farþegaflutningum með litlum bátum, sama hvort það eru tvíbytnur eða svifnökkvar. Þó svo að við séum hér, eins og hv. 1. flm. sagði, á erfiðustu farþegasiglingaleið í heimi þá er full ástæða til að kanna þetta mjög vel.

Ég hafði líka mikla ánægju af því að hlusta á hv. flm. skýra og segja hér frá því sem ég þekkti ekki, þ.e. þróuninni í siglingum milli lands og Eyja, sama hvort það var á bilinu 1920–1955 að mig minnir þegar siglt var frá Eyrarbakka til Vestmannaeyja eða þegar Herjólfur byrjar siglingar sínar fyrir 40 árum og siglir þá milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég áttaði mig ekki almennilega á þessu. Það sýnir náttúrlega hvaða samgönguerfiðleikar hafa verið við Vestmannaeyjar á þessum tímum en sem betur fer hefur það nú breyst bæði í lofti og á legi.

Ég vil láta það koma fram, herra forseti, að mér finnst full ástæða til þess að þær rannsóknir sem fjallað er um í þessari þáltill. fari fram og sannarlega kostar þetta einhverja peninga. Það er svo með allar góðar hugmyndir að það kostar peninga að koma þeim í framkvæmd. Ég vildi láta það koma fram, herra forseti, að ég er innilega sammála þeim hugmyndum sem koma hér fram. Full ástæða er til að þessi till. til þál. nái fram að ganga á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 56. mál (leiðarflugsgjöld). — Þskj. 56.

[13:39]

Flm. (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir nærveru hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun athuga hvort ráðherra er í húsinu. — Ráðherra er ekki í húsinu og verður ekki.)

Þá vil ég ekki ræða málið, það er langt síðan þetta kom fram.

(**Forseti** (ÁSJ): Þá tekur forseti málið út af dagskrá.)

Aðeins út af því að þetta mál er hér komið á dagskrá. Ég hafði fyrir lifandi löngu óskað eftir því að hæstv. samgrh. yrði viðstaddur umræðuna. Ég tel það afar nauðsynlegt og e.t.v. fleiri fulltrúar úr hv. samgn. en sá sem hér stendur og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Ég get ekki séð að eðlilegt sé að flytja þetta mál nú vegna þess að það hafa líka verið deilur um þær tölulegu upplýsingar sem bæði voru í upphaflega frv. og sem ég er með hér. Ég tel ákaflega mikilvægt að það sé hægt að eiga orðastað við ráðherra í þessu máli.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti hefur ákveðið að taka tillit til óska þingmannsins og málið er tekið út af dagskrá og verður sett inn síðar þegar hæstv. ráðherra getur haft tíma til þess að vera í þinghúsinu.)

Umræðu frestað.

Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 93. mál. — Þskj. 93.

[13:42]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um flutning eldfimra efna um jarðgöng. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Drífa Hjartardóttir.

Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning á eldfimum efnum (eldsneyti og própangasi) um jarðgöng.

Í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skal göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram.

Umferð um jarðgöng var lengst af lítil hér á landi. Göngin voru fá og á leiðum þar sem ekki var mikil umferð. Fyrstu stóru göngin sem byggð voru, Vestfjarðagöngin, voru tekin í notkun í byrjun þessa áratugar og tengdu saman byggðirnar á norðanverðum Vestfjörðum. Umferð um jarðgöng margfaldaðist svo með tilkomu Hvalfjarðarganga sem voru opnuð fyrir umferð í júlí 1998. Almenn ánægja er með Hvalfjarðargöngin og óhætt að segja að einstaklega vel hafi tekist til og að þeir einkaaðilar sem árum saman börðust fyrir því að ráðist yrði í þessa framkvæmd, byggðu göngin og reka þau í dag, eigi heiður skilinn því án þrautseigju þeirra væru engin Hvalfjarðargöng.

Umferð um Hvalfjarðargöngin er miklu meiri en bjartsýnustu áætlanir gerðu ráð fyrir sem hefur leitt til stórlækkunar á gjaldtöku. Samkvæmt svari hæstv. samgrh. við fyrirspurn minni á síðasta þingi jókst umferð gífurlega um Hvalfjörð með tilkomu Hvalfjarðarganga. Árið 1997 fóru 747 þúsund bílar fyrir Hvalfjörð og með Akraborginni en árið 1999 fóru 94 þúsund bílar fyrir fjörð og 1.031 þúsund bílar um göngin eða 1.125.000 bílar alls. Umferðin jókst því um 51% á þessum tveimur árum.

Umferð um göngin er eðlilega misjöfn eftir mánuðum eða frá 50 þúsund og upp í 145 þúsund bíla á mánuði. Þessar tölur sýna okkur að vegfarendur hafa tekið göngunum vel og sem betur fer hafa ekki orðið alvarleg slys í umferðinni um göngin þó að orðið hafi að loka göngunum í örfá skipti vegna minni háttar óhappa.

Margir hafa þó áhyggjur af því að eldsvoði í göngunum gæti valdið stórtjóni og horfa þá til þeirra alvarlegu slysa sem orðið hafa af völdum elds í jarðgöngum erlendis á undanförnum árum. Flutningsaðilar eldfimra efna segja gjarnan að þeir séu með fullkominn öryggisbúnað og engin hætta sé á ferðum. Aldrei er þó of varlega farið og augljóst að erfitt yrði að snúa við stórum bensínflutningabíl í göngunum ef hann kæmi t.d. að bíl sem hefði kviknað í. Einn eldsvoði

ofan í þessum djúpu göngum gæti valdið óbætanlegu tjóni eins og dæmin sanna erlendis frá. Þess vegna þarf að herða reglur um flutning eldfimra efna um göngin.

Það kom fram í fréttum sjónvarps sl. vetur að árlega eru flutt 180 tonn af própangasi frá Straumsvík til Grundartanga um Hvalfjarðargöng. Farið er vikulega og talsmaður gasfélagsins sagði í þeim fréttatíma að farið væri á morgnana og þeir væru búnir með báðar ferðirnar fyrir hádegi, eins og hann orðaði það. Það hrukku margir við sem heyrðu þessa frétt. Á morgnana er mikil umferð um göngin og fjöldi manns fer þar um daglega m.a. til vinnu eða í skóla og það er að mínu áliti fullkomlega fráleitt að leyfa gas- og bensínflutninga um göngin á þessum tíma sólarhrings. Reyndar finnst mér að ekki ætti að leyfa slíka flutninga samhliða annarri umferð um göngin og helst ætti að banna þá alveg.

Í gildi eru takmarkanir sem lögreglustjórinn í Reykjavík setti 19. júní 1998 um flutning á hættulegum farmi um Hvalfjarðargöng. Þær takmarkanir ganga allt of skammt. Þessir flutningar eru bannaðir á eftirgreindum tímum; frá kl. 10 á föstudögum til kl. 24 á sunnudögum allt árið, frá kl. 10 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi, frá kl. 10 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24 að kvöldi þriðjudags eftir páska og frá kl. 10 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.

Vinnueftirlit ríkisins hefur bent á þá hættu sem stafar af flutningi hættulegra efna um Hvalfjarðargöng, einkum eldsneytisflutningum og flutningi á própangasi til stóriðjufyrirtækjanna á Grundartanga. Í bréfi stofnunarinnar til dóms- og kirkjumrh., dags. 8. maí sl., segir, með leyfi forseta:

„Á fundum stjórnar Vinnueftirlitsins hefur komið til umræðu hvort nægar öryggisrástafanir séu gerðar vegna flutnings hættulegra efna um Hvalfjarðargöng. Einkum er átt við eldsneytisflutninga og flutninga á própangasi til stóriðjufyrirtækja á Grundartanga. Mál af þessu tagi eru ekki í verkahring Vinnueftirlitsins og því er þessu erindi beint til hæstv. dómsmrh.

Ljóst er að verði alvarlegt óhapp við eldsneytisflutning um göngin þannig að eldur komist í farm flutningabifreiðar mun mikil hætta stafa af fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera. Flutningur própangass um göngin skapar enn meiri hættu ef slys ber að höndum. Reynsla erlendis sýnir að ef farartæki með slíkan farm lendir í óhappi getur hlotist af sprenging sem veldur gríðarlegu tjóni. Hættan eykst enn frekar ef óhapp á sér stað í lokuðu rými eins og göngin eru. Því ætti að koma til álita að heimila ekki slíkan flutning um göngin, a.m.k. á meðan þau eru opin fyrir annarri umferð.

Stjórninni er kunnugt um að settar hafa verið takmarkanir um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng með auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík í júní 1998 en þær taka einungis til þess á hvaða tíma sólarhringsins flutningurinn er heimill.

Vinnueftirlitið er reiðubúið til að veita sérfræðilega aðstoð varðandi þetta mál ef eftir því er óskað og eins að aðstoða við fræðslu lögreglumanna og gæslumanna."

Dómsmrn. sendi afrit af þessu bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík og Vegagerðarinnar 17. maí en þessi ótvíræða ábending Vinnueftirlits ríkisins hefur ekki orðið til þess að reglum um þessa flutninga hafi verið breytt.

Nú er það svo hvað Hvalfjarðargöngin varðar að það mundi ekki valda erfiðleikum að fara að þeirri ábendingu Vinnueftirlitsins að heimila ekki flutning hættulegra efna um göngin, a.m.k. á meðan þau eru opin fyrir annarri umferð, vegna þess að aðrir kostir eru til staðar. Það er ágætur vegur fyrir Hvalfjörð með lítilli umferð og því upplagt að flytja gas og eldsneyti landveginn. Þá má minna á að áður en göngin urðu til fluttu olíufélögin bensín sjóleiðina til Akraness og dreifðu því þaðan um allt Vesturland og jafnvel víðar. Olíufélögin eiga enn aðstöðu til slíkrar dreifingar á Akranesi. Þar sem umferð um Hvalfjarðargöng er jafnmikil og raun ber vitni getur það ekki talist góður kostur að loka þeim fyrir annarri umferð og hlýtur því að koma til álita að banna flutning á gasi og eldsneyti um göngin.

DV birti sl. vetur frétt um áhættumat á eldsvoða í Hvalfjarðargöngum sem unnið var af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Þar eru líkur leiddar að því að eldur geti komið upp í smábíl í göngunum á sex ára fresti og eldur í stórum bíl á 24 ára fresti. Ekki veit ég hvaða vísindi liggja að baki því mati en það er auðvitað stórhætta á því að slíkur eldur gæti valdið óbætanlegu tjóni. Þess vegna verður að mínu áliti að stórherða reglur um þessa flutninga og helst að banna þá.

En það er hins vegar ljóst að sömu reglur mundu ekki gilda fyrir öll jarðgöng. Það þarf að sjálfsögðu að taka tillit til umferðarþunga og þess hvort aðrar flutningsleiðir eru fyrir hendi. Þar sem þær eru ekki fyrir hendi mætti t.d. loka viðkomandi göngum á ákveðnum tímum meðan slíkir flutningar eiga sér stað.

Herra forseti. Ég hef áður sagt það hér á Alþingi og ítreka það nú að mér finnst flutningur á bensíni og gasi um Hvalfjarðargöng á sama tíma og opið er fyrir aðra umferð eins og rússnesk rúlletta. Eitt óhapp gæti valdið óbætanlegum skaða. Þess vegna tel ég að helst eigi að banna þessa flutninga alveg, alla vega stórherða reglur um þá.

Ég legg til að tillögunni verði að lokinni fyrri umr. vísað til samgn.

[13:51]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú tillaga sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur mælt hér fyrir um flutning eldfimra efna um jarðgöng er mjög góð. Henni verður, eins og hér hefur komið fram, vísað til hv. samgn. og þar sem ég sit í þeirri nefnd mun ég gera mitt til að hún fái hálfgerða hraðferð í gegnum samgn. og Alþingi.

Það er í rauninni undarlegt að það skuli þurfa að flytja till. til þál. um að láta kanna hitt og þetta, hvort heimila og leyfa eigi flutninga á gasi eða bensíni um jarðgöng og þá sérstaklega Hvalfjarðargöng. Það er ótrúlegt að það skuli þurfa að gera það. Það hefði átt að vera sjálfsagður hlutur að setja þetta í reglugerð og tilkynna strax og göngin voru opnuð. Þetta er, eins og kom fram hjá hv. flm., eins og rússnesk rúlletta.

Ég á oft leið um þessi ágætu göng og ég hef það fyrir venju þegar ég kem að norðan og kem að gjaldskýlinu Akranessmegin að spyrja eftir því hvort nokkur bensínflutningabíll eða önnur tæki sem flytja viðlíka sprengiefni vil ég segja, séu í göngunum á sama tíma og ég er að fara í gegn. Ég hef löngu ákveðið að ef ég fengi það svar frá starfsmönnum að svo væri mundi ég ekki keyra í gegn á sama tíma, ég mundi óska eftir því að fá að bíða.

En það er dálítið kyndugt að sett skuli vera í auglýsingu frá lögreglustjóranum í Reykjavík að akstur dráttarvéla og vinnuvéla verði bannaður á tilgreindum tíma eins og kemur fram í fylgiskjali með þáltill. Með öðrum orðum, að menn sjái sig tilknúna til að banna akstur dráttarvéla, og birta

það, en hafa lítið sem ekkert gert með að banna flutning á hættulegum efnum nema á nokkrum dögum, t.d. frá kl. 10 á föstudögum til kl. 24 á sunnudögum allt árið og svo á fimmtudeginum fyrir verslunarmannahelgi til þriðjudagskvölds eftir verslunarmannahelgi. Ef hætta er á ferðum þessa daga er hætta á ferðum að sjálfsögðu alla daga. Sú mikla umferð sem er í gegnum þessi göng sýnir það náttúrlega og sannar að þetta er næstum því eins og dauðagildra ef eitthvað mundi henda, eitthvert óhapp, sem ég tek skýrt fram að þurfi ekki endilega að vera flutningabílstjórunum að kenna. Þeir geta líka fengið á móti sér aðila þess vegna á fólksbíl sem fipaðist eitthvað eða keyrði e.t.v. á of miklum hraða og mundi valda árekstri eða umferðarslysi, þá getum við rétt ímyndað okkur hvað þar gæti gerst ef menn eru á sama tíma að flytja heilan farm af bensíni eða própangasi eða einhverju þess háttar sem hér hefur komið fram.

Fram hefur komið hjá talsmanni þessara gasfélaga, eins og hér er sagt, að slíkir flutningar eigi sér stað á morgnana en þá er mikil umferð samt sem áður um göngin. Hér er talað um að þeir séu yfirleitt búnir með báðar ferðir fyrir hádegi, eins og það var orðað. En það er engu minni umferð þarna á morgnana, held ég, en aðra tíma dagsins.

Sú þáltill. sem hér er flutt á alveg hiklaust að fá skjóta meðferð í gegnum þingið og ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir *því að settar verði reglur sem hreinlega banna flutninga* á hættulegum efnum nema e.t.v. á næturnar og þá sé lokað fyrir aðra umferð á meðan. Það sé þá einhvers konar tilkynningarskylda t.d. norðan megin frá, ef lítil umferð er þegar flutningabílar koma að göngunum sunnan megin, til vaktmanna í skýlinu um að það sé þá hreinlega lokað fyrir umferð á meðan — ef hún verður ekki bara bönnuð alveg og látin fara fyrir Hvalfjörð sem ég held að sé ekki mikið mál. Mér finnst að það komi til álita að heimila slíkan flutning fyrir Hvalfjörð. Mér finnst að slíkt eigi í rauninni skilyrðislaust að eiga sér stað.

Ég vil enn á ný, herra forseti, lýsa yfir miklum stuðningi mínum við þáltill. sem hér hefur verið flutt og ég hvet til þess að hún fái skjóta meðferð í gegnum hið háa Alþingi.

[13:56]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns um að flýta afgreiðslu þessa máls eins og mögulegt er. Það er hins vegar dálítið athyglisvert, eins og fram kemur í tillögunni, sem ég er meðflutningsmaður að, að Vinnueftirlit ríkisins hafi bent á þá hættu sem stafar af flutningi hættulegra efna um Hvalfjarðargöng, einkum eldneytisflutningum og flutningum á própangasi til stóriðjufyrirtækja á Grundartanga.

En hvers vegna hefur Vinnueftirlit ríkisins ekki meira vald en þetta? Sú mikla hætta sem af þessu stafar liggur ljós fyrir og Vinnueftirlitið bendir á hana, en ekkert gerist. Ég tek undir þau orð sem hér voru látin falla áðan að með ólíkindum sé að þetta skuli eiga sér stað.

Ég minnist þess þegar þessi umræða kom fyrst upp að fréttaflutningur kom frá olíufélögunum sem létu í veðri vaka að ef göngunum yrði lokað fyrir flutning eldsneytis þá mundi verð á eldsneyti á bifreiðar og hvers konar ökutæki hækka — væntanlega þá bara á Akranesi og Borgarnesi. Sá málflutningur var með ólíkindum, að ef þyrfti að fara að keyra um Hvalfjörðinn með eldsneytið þá mundi eldsneytið hækka. En ég veit ekki betur en að þeir hafi svokallaðan flutningsjöfnunarkostnað þannig að það er náttúrlega mjög sérkennilegt að olíufélögin skuli bregðast við á þennan hátt.

Það sem hv. flutningsmaður kom hér inn á áðan í sambandi við áhættuþættina og möguleikana á að slys gætu gerst á einhverju ákveðnu árabili er náttúrlega, eins og hann sagði líka réttilega, lógík sem erfitt er að átta sig á og fóta sig á hverjar forsendurnar eru. En engu að síður eru allir sammála um að nokkur hætta sé á ferðum með því að hafa flutninga á olíu og gasi gegnum göngin með þeim hætti eins og nú er og á þessu máli þarf að taka.

Virðulegi forseti. Ég sem meðflutningsmaður og jafnframt nefndarmaður í samgn. mun auðvitað vinna að þessu máli eins fljótt og hægt er og fagna þeim umræðum sem hér fara fram og tek undir með síðasta ræðumanni um þá jákvæðu umræðu sem þetta mál fær hér strax.

[13:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum þáltill. fyrir að flytja hana. Það er sannarlega full ástæða til að flytja þetta mál og ég vona að það komist til framkvæmda sem allra fyrst. Það er engin spurning um það í hugum þeirra sem hafa farið þarna mikið um og þekkja til að veruleg hætta er á ferðum í göngunum. Þar hafa orðið óhöpp sem benda eindregið til þess að við getum átt von á árekstri þar hvenær sem er. Bílar hafa lent á köntum sem eru út við gangaveggina og nokkur óhöpp hafa orðið í göngunum á þann veg að bílar hafa lent á þessum köntum og farið þá þvert yfir göngin og í vegginn hinum megin. Og auðvitað getur annar bíll verið að koma á móti þegar svona lagað gerist og þá verða árekstrar og við árekstur geta auðvitað kviknað eldar. Fyrir utan það að stórir bílar sem fara þarna um eru seinni til að stöðva þegar eitthvað slíkt kemur fyrir á móti þeim eða hendir snögglega.

Það er því engin spurning um að áhættan er þarna fyrir hendi og hún er mikil og ég tek undir það að sú leið sem er þá möguleg, að keyra fyrir Hvalfjörð, er opin og greið, vegurinn er ágætur á þeirri leið og engin umferð eða mjög lítil. Þetta er þá fyrst og fremst spurning um þann kostnað sem hlýst af því að flytja eldsneytið fyrir Hvalfjörð en ég held að menn verði að horfast í augu við það að þar verður að setja öryggið hærra en kostnaðinn ef ekki er mögulegt að skipuleggja flutninga í gegnum göngin þannig að þeir eigi sér stað á tilteknum tímum og á meðan yrðu göngin lokuð fyrir annarri umferð. Það þyrfti svo sem ekki að vera langur tími sem göngin væru lokuð fyrir annarri umferð. Kannski er sú leið talin það óheppileg að hún komi ekki til greina en vissulega mætti kannski skoða það nánar hvort slíkt kæmi til greina.

Stöku sinnum er verið að auglýsa lagfæringar á göngunum sem fara þá fram að næturlagi og ég verð ekki var við það að menn kvarti neitt sérstaklega undan því að umferð sé stöðvuð í gegnum göngin á þeim tíma sem viðgerðir fara fram. Það er því vissulega hugsanlegt að skipuleggja einhverja umferð með þeim hætti gegnum göngin en þessi þáltill. er mjög gagnleg og full ástæða er til þess að hún fái framgang og að menn finni þarna niðurstöðu annaðhvort með því að banna þessa flutninga alfarið eða koma þeim í þann farveg sem tryggir að fullu öryggi.

[14:02]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég er einn af meðflm. þessarar ágætu þáltill. sem varðar í rauninni marga þætti en sérstaklega er mér þó í huga umferðaröryggisþátturinn, einnig sem starfandi for-

maður núna í starfshópi um umferðaröryggismál. Þar hefur einmitt þessi mál borið á góma, þ.e. hvernig hægt er að taka á þeim erfiðu og miklu þungaflutningum um Hvalfjarðargöngin. Því tel ég afar mikilvægt að þessi þáltill. nái fram að ganga á hinu háa Alþingi því að í raun hefur það margoft komið fram í ræðum hv. þingmanna hér á undan að slíkir flutningar eru hættulegir. Við vitum af þeirri hættu sem stafar af þeim og því verðum við að grípa til ákveðinna aðgerða þannig að við lendum ekki í erfiðum slysum eða í súpunni eftir einhver ár.

Það skiptir því mjög miklu að við tökum nú þegar á málinu. Búið er að tala um og benda á bréf frá Vinnueftirliti ríkisins þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „Ljóst er að verði alvarlegt óhapp við eldsneytisflutning um göngin þannig að eldur komist í farm flutningabifreiðar mun mikil hætta stafa af fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera." Ég endurtek: „... mun mikil hætta stafa af fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera."

Ég held að þessi orð vegi afar þungt og við verðum að huga að því hvaða reglur eigi að setja um umferð þungaflutninga með hættuleg efni um göngin. Það er aldrei of varlega farið í umferðaröryggismálum og í þessu máli má náttúrlega aldrei leika vafi á að umferðaröryggi beri að setja á oddinn fyrir alla á þessu svæði.

[14:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem aðrir þingmenn hafa sagt hér fyrr í umræðunni og þakka og lofa fyrir það framtak og frumkvæði sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur komið fram með varðandi framsetningu þessarar þáltill. Þetta er tímabær tillaga og hún varðar mál sem skiptir okkur öll máli, þ.e. umferðaröryggi.

Ég held að okkur öllum sem eru hér inni og fleirum sé mjög minnisstætt þegar slys varð í jarðgöngum í Sviss þar sem eldar loguðu og fólk lést í því slysi. Þetta er okkur öllum lifandi fyrir sjónum og við viljum ekki þurfa að upplifa slíkt hér á landi.

Það vill svo til að ég var fyrr í vikunni á umferðaröryggisþingi í Álaborg og var þar fyrir dómsmrh. í umræðum um umferðaröryggismál og þá sérstaklega varðandi hraða. Þá varð mér einmitt hugsað til þess að í Hvalfjarðargöngunum er hámarkshraði 70 km. Í umræðunum á þessu þingi kom fram að Svíar hafa sett sér ákveðnar reglur varðandi umferðaröryggi og hraða, að á þeim vegum þar sem umferð getur mæst, þ.e. vegirnir eru ekki aðskildir í sitt hvora áttina, þá hafa þeir sett sér þá reglu að þar megi eingöngu keyra á 50 km hraða.

Þetta ætti að vera okkur ákveðið umhugsunarefni í sambandi við jarðgöngin því eins og fram kemur í þáltill. er þetta lokað rými. Það er ekki nokkur leið að koma sér út úr göngunum, það er ekki einu sinni hægt að smeygja sér út fyrir veginn ef hætta kemur á móti. Ég held því að við ættum að athuga þetta.

En ég tek undir það sem aðrir hv. þm. hafa sagt hér á undan að taka eigi alvarlega á þessum þætti og í rauninni undarlegt að það skuli ekki þegar hafa verið gert með því t.d. í fyrsta lagi að banna umferð með hættuleg efni, sem er náttúrlega möguleiki, í öðru lagi mætti hugsa sér það, eins og kom fram áðan í umræðunni, að takmarka þetta við ákveðinn tíma eða í þriðja lagi, eins og hv. þm. Kristján Möller nefndi, að ákveðnar varúðarmerkingar yrðu þegar hættuleg umferð fer um jarðgöngin.

Ég vildi aðeins taka þátt í þessari umræðu og lýsa ánægju minni með hana. Við höfum séð að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur velt þessu máli verulega fyrir sér og hefur komið með fyrirspurnir í þessa veru fyrr á þessu þingi og ég þakka honum fyrir að fylgja þessu máli til enda og mun leggja mitt af mörkum til þess að svo megi verða.

[14:08]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að hafa bent á þessi umferðaröryggisatriði og þau ásamt fleirum sem hafa komið fram hér í dag munum við eflaust taka til endurskoðunar og íhugunar í þeim starfshópi sem ég er formaður í en það er starfshópur um að endurskoða lög og reglur er tengjast umferðaröryggismálum. Ég þakka þær góðu ábendingar sem hafa komið fram hér í dag.

[14:09]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir og undirstrika það sem aðrir hafa reyndar sagt að þetta er hið ágætasta mál og vel hugsað og vonandi að tillagan verði samþykkt.

En af því að eldsneytisflutningar eru hér til umræðu þá vildi ég gjarnan minna á aðra eldsneytisflutninga í gríðarlega stórum stíl sem fara fram alla daga. Allt flugvélabensín er flutt eftir Reykjanesbrautinni, þar sem fara jafnframt um tæplega sjö þúsund fólksbílar á dag, frá Skerjafirði, þ.e. gegnum Reykjavík, og eftir Reykjanesbrautinni til Keflavíkur og þar er þessu tappað á flugvélar eins og allir vita. En allur þessi flutningur er algjörlega óskiljanlegur því að fyrir nokkrum árum var byggð sérstök höfn í Helguvík með þátttöku Bandaríkjamanna og færð voru sem sérstök rök fyrir þörfinni á þeirri höfn að þá þyrfti ekki lengur að flytja eldsneyti eftir Reykjanesbraut. Það urðu allir afskaplega glaðir með það og hlökkuðu til að sú höfn kæmi upp og þar með væru eldsneytisflutningar úr sögunni. En því miður hefur sú raunin ekki orðið á, eldsneytisflutningar aukast með hverju árinu sem líður því alltaf er flugumferð heldur að aukast um Keflavíkurflugvöll.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu. Það mál sem hér liggur fyrir er gott mál og sjálfsagt að taka undir það en það eru því miður víðar eldsneytisflutningar sem þyrfti að taka til endurskoðunar.

[14:11]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær ágætu umræður og góðu undirtektir sem þessi tillaga okkar hefur fengið. Ég tek undir það með hv. þm. Kristjáni L. Möller að það er svo sem undarlegt að þurfa að flytja slíka tillögu á Alþingi en það er gert vegna þess að það gerist ekkert í málinu. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni voru lögreglustjóraembættinu í Reykjavík sendar þessar alvarlegu ábendingar Vinnueftirlitsins 19. maí í vor. Það er tæplega hálft ár síðan og ekki hefur bólað á neinum breytingum á reglum um umferð um göngin. Þess vegna er tillagan flutt til þess að Alþingi geti sýnt vilja sinn í að þessar reglur verði settar.

Í bréfi Vinnueftirlitsins sem sent var lögreglustjóra og Vegagerðinni kemur náttúrlega fram mjög alvarleg ábending þar sem stjórn Vinnueftirlitsins segir að þeir hafi fjallað um hvort nægar öryggisráðstafanir séu gerðar vegna flutnings hættulegra efna um Hvalfjarðargöngin, og eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, með leyfi hæstv. forseta, segir þar:

„Ljóst er að verði alvarlegt óhapp við eldsneytisflutning um göngin þannig að eldur komist í farm flutningabifreiðar mun mikil hætta stafa af fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera. Flutningur própangass um göngin skapar enn meiri hættu ef slys ber að höndum. Reynsla erlendis sýnir að ef farartæki með slíkan farm lendir í óhappi getur hlotist af sprenging sem veldur gríðarlegu tjóni. Hættan eykst enn frekar ef óhapp á sér stað í lokuðu rými eins og göngin eru. Því ætti að koma til álita að heimila ekki slíkan flutning um göngin, a.m.k. á meðan þau eru opin fyrir annarri umferð."

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hugleiddi það einmitt hvort ekki mætti bregðast við með því að loka göngunum á tilteknum tíma sólarhrings og það er auðvitað alveg til skoðunar og er reyndar eitt af því sem lagt er til í tillögunni að verði athugað. Göngin hafa t.d. þessa viku verið lokuð að ég held í þrjár nætur frá miðnætti til klukkan sex vegna þess að verið er að koma þar upp einhverjum búnaði til þess að mæla ökuhraða, sem er auðvitað hið ágætasta mál og öryggismál í göngunum.

Persónulega teldi ég best að banna þessa flutninga algjörlega. Það mundi leysa öll vandamál hvað varðar Hvalfjarðargöng vegna þess að góður vegur er fyrir Hvalfjörð og það er sjóleið upp á Akranes þar sem olíufélögin eiga sínar birgðastöðvar og þess vegna er alveg að meinalausu hægt að banna flutninga um Hvalfjarðargöng. Það gildir auðvitað nokkuð annað um ýmis önnur göng þar sem ekki eru aðrar leiðir til staðar og þar verða menn auðvitað að bregðast við með því að loka fyrir umferð.

Ég nefndi áðan áhættumat Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem birtist í DV fyrr á þessu ári þar sem leiddar eru líkur að því að eldur geti orðið í smábíl í göngunum á sex ára fresti og í stórum bíl á 24 ára fresti. Það eru auðvitað engin sérstök vísindi, held ég, á bak við þessa úttekt, en hvort sem þessi úttekt er rétt eða ekki og hvort sem slík óhöpp verða á margra ára fresti eða skemur megum við einfaldlega ekki bjóða upp á möguleikann á slíku slysi því að einn eldsvoði í þessum göngum gæti valdið óbætanlegum skaða. Það er rétt sem hv. þm. Ásta Möller nefndi í ræðu sinni að skelfilegt slys varð í jarðgöngum í Sviss á síðasta ári og ég held að það sé rétt með farið að það hafi verið annað stórslysið sem varð vegna eldsvoða í jarðgöngum í Evrópu núna á tveimur eða þremur árum. Þess vegna verðum við að bregðast við og herða reglur, því fyrr því betra. Ég vona að samgn. þingsins taki á þessu máli af velvilja og afgreiði það sem fyrst eins og hér hefur komið fram hjá einstökum nefndarmönnum. Ég ítreka síðan þakkir mínar fyrir ágætar umræður og góðar undirtektir við þetta mál.

[14:16]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki miklu að bæta við þetta brýna og góða mál sem hér hefur verið flutt. En það að ekkert hefur gerst frá því bréf gengu á milli í byrjun maí á þessu ári til dagsins í dag sýnir einmitt hvað þetta er stundum þungt í vöfum og að búið sé að setja reglugerð um akstur dráttarvéla en ekki flutningabíla og olíubíla er náttúrlega mjög furðulegt.

Þess vegna segi ég alveg hiklaust að þetta mál ætti í rauninni að fá nokkurs konar flýtimeðferð í gegnum þingið til þess að settar verði reglur sem allra fyrst til að banna umræddra flutninga. Ég ætla ekki að hugsa þá hugsun til enda hvernig okkur mundi líða ef eitthvert slys henti í göngunum þann tíma sem við erum að ræða þetta sjálfsagða mál hér á hinu háa Alþingi. Slysið í Sviss, sem hv. þm. Ásta Möller minntist á, ætti að vekja okkur til umhugsunar um þetta atriði.

Ég vil aðeins í lokin geta þess, herra forseti, að þeir sem keyra oft í gegnum þessi göng verða náttúrlega varir við mjög misjafnan akstursHraða. Ég hef heyrt að á tiltekinni bifreiðastöð hangi uppi svokölluð ökuskífa sem sýni að þar hafi flutningabíll verið keyrður í gegn á allmiklum hraða, ég ætla ekki nefna tölur í þeim efnum, þar sem nánast var komið að því að bremsuborðar bráðnuðu í sundur. Þetta sýnir hvað málið er í raun alvarlegt. Að vísu eru einhverjar lokanir núna í Hvalfjarðargöngum á meðan verið er að setja upp búnað vafalaust til að mæla hraða — maður vonar náttúrlega að lenda ekki sjálfur í því strax á fyrstu dögum — en það ætti þá alla vega að verða til þess að vara menn við að keyra of hratt þarna í gegn. Það er náttúrlega langbrýnast að taka fyrir þessa flutninga og lækka akstursHraða stórra flutningabíla, en akstur þeirra hefur stóraukist um þjóðvegakerfi landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 56. mál (leiðarflugsgjöld). — Þskj. 56. [14:18]

Flm. (Kristján L. Möller) (frh.):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Frumvarpið er um að 4. mgr. 71. gr. a laganna falli brott.

Í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Á síðasta þingi voru með lögum nr. 74/2000 tekin upp svokölluð leiðarflugsgjöld á flugleiðum innan lands. Þessi gjöld eru nýmæli hér á landi. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til framangreindra laga er þessu gjaldi ætlað að standa straum af kostnaði vegna flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Á fundi samgöngunefndar kom fram hjá fulltrúum samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar að þessi kostnaður væri tæpar 200 millj. kr. á árinu 2000 og gert var ráð fyrir að innheimta 30 millj. kr. fyrir árið 2000 (júní–desember) og tæpar 50 millj. kr. á árinu 2001. Var á þeim að heyra að stefnt væri að því að gjaldið stæði straum af öllum kostnaðinum í framtíðinni.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar sem allir mótmæltu þessu nýja gjaldi á innanlandsflugið. Þeir bentu á að ný gjaldheimta mundi fara beint út í verðlagið, með öðrum orðum yrði tekinn upp flugmiðaskattur."

Í umsögnum ýmissa aðila var þessari nýju gjaldheimtu mótmælt.

„Í umsögn Flugleiða og dótturfélagsins, Flugfélags Íslands hf., sagði m.a.:

„Öðru máli gegnir um nýmæli í síðari hluta 2. gr. þar sem ætlunin er að lögfesta álagningu nýrra leiðarflugsgjalda í innanlandsflugi, og innheimta á „fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum". Samkvæmt formúlu, sem gilda á um þessi nýju gjöld, þýðir að greiða þarf t.d. 10,65 kr. fyrir hvern floginn kílómetra Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur

fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila Flugmálastjórn um 30 millj. kr. viðbótartekjum í ár."

Aðdragandi þessarar nýju gjaldtöku af innanlandsfluginu kom fram á fundi sem samgönguráðuneytið hélt 19. ágúst 1999 með fulltrúum sex íslenskra flugrekenda. Á þeim fundi kom m.a. fram að hér væri „aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu" að ræða."

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, að hér er aðeins rætt um þetta sem fyrsta stig. Það bendir til þess sem kom fram á fundi nefndarinnar frá fulltrúum samgrn. að hér hafi verið ætlunin að láta flugrekendur greiða allan þann kostnað sem væri af þessu flugi, eða tæpar 200 millj. Hér kemur fram, herra forseti, í umsögn þeirra aðila sem sátu þennan fund að boðað hefði verið að þetta væri fyrsta stig. Flugrekendurnir mótmæltu harðlega slíkum viðbótarálögum og vitnuðu í því sambandi til þeirrar staðreyndar að íslenskt innanlandsflug hefur um árabil verið rekið með töluverðu tapi. Talið er að tap þessara flugrekstraraðila síðustu þrjú ár sé um 1 milljarður kr.

Samtök ferðaþjónustuaðila mótmæltu þessum nýja skatti einnig og vitnuðu þar í samþykkt þáltill. um byggðamál þar sem þeir telja að þessir auknu skattar á innanlandsflugi muni hamla gegn því sem þar kom fram. Einnig varar Alþjóðaflugmálastofnunin mjög við þessu og segir m.a.:

„Í yfirlýsingu fastaráðsins eru aðildarríkin sérstaklega hvött til varkárni í stefnumörkun sinni við álagningu leiðarflugsgjalda og að þau taki tillit til þeirra áhrifa sem slík gjaldtaka hafi á notendur, sérstaklega flugrekendur sem gætu þurft að hækka gjaldskrár með hliðsjón af auknum kostnaði við ný og hærri gjöld."

Það er einmitt þetta sem komið hefur fram og kom fram núna síðsumars þar sem flugfélögin vitnuðu til þess að hinn nýi flugmiðaskattur ríkisstjórnarinnar væri að leggjast þar á og að hækka þyrfti farmiða sem því næmi.

Íslandsflug mótmælti þessari upptöku líka. En það sem er ansi skondið er það að flugráð fjallaði um þetta frv. á 32. fundi sínum 23. mars sl. og í b-kafla umsagnar þess segir svo um leiðarflugsgjöldin:

„Í ljósi þeirrar erfiðu afkomu á innanlandsflugi sem raun ber vitni, þar sem sífellt fækkar flugrekendum og áfangastöðum er nauðsynlegt að sýna varkárni við ný gjöld og skoða þarf vel hvaða áhrif þau hafa á notendur. Flugráð er því mótfallið því að setja leiðarflugsgjöld á við núverandi aðstæður og án samhengis við aðra gjaldtöku Flugmálastjórnar."

Fram kemur í bréfi flugráðs að umsögnin hafi verið samþykkt með fjórum atkvæðum, en einn flugráðsmaður sat hjá.

Það er rétt, herra forseti, að lesa hér upp hverjir sitja í flugráði en þeir eru: Hilmar Baldursson og Óli J. Gunnarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, sem eru skipaðir af hæstv. samgrh. Í flugráði sitja einnig Gunnar Hilmarsson, sem starfar sem framkvæmdarstjóri þingflokks framsóknarmanna, Árni Johnsen, formaður samgn. Alþingis, og Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður og héraðshöfðingi í Bolungarvík. Árni Johnsen var reyndar fjarstaddur þennan fund en varamaður hans, Guðmundur Hallvarðsson, sat fundinn. Ég legg áherslu á að flugráð lagðist gegn þessari nýju skattheimtu.

Í grg. segir enn fremur:

„Þessi nýju leiðarflugsgjöld valda íslenskum flugrekendum enn meiri vandræðum og bætast við þann mikla kostnaðarauka sem orðið hefur vegna olíuverðshækkana undanfarið. Þessi gjaldtaka leggst hlutfallslega þyngst á rekstur smærri flugvéla og gerir rekstur þeirra enn erfiðari en ella. Með þessum flugvélartegundum hefur flugi til ýmissa staða á landsbyggðinni verið þjónað, og veldur þetta nýja gjald því m.a. að flugfélög eru að gefast upp á flugi til minni staða sem eru mjög háðir góðum og öruggum flugsamgöngum."

Um þetta höfum við rætt nýlega hér á hinu háa Alþingi en við verðum að bíða og sjá hvað kemur út úr því útboði sem nýlega átti sér stað þar sem boðið var út flug til ýmissa minni staða og sjúkraflug.

Upptaka leiðarflugsgjaldanna mun því auka álögur á íbúa landsbyggðarinnar sem nota flug mikið, svo og höfuðborgarbúa og síðast en ekki síst ferðamenn sem fljúga mikið innan lands. Má með sanni segja að þessi flugmiðaskattur, sem lagður hefur verið á af ríkisstjórnarflokkunum, sé enn einn landsbyggðarskatturinn.

Þegar ég segi landsbyggðarskattur þá er eiginlega alveg með ólíkindum hvað mikið fer í gegnum hið háa Alþingi af frv. og tillögum sem innihalda auknar skattaálögur á íbúa landsbyggðarinnar. Það er sama hvort tekinn er hinn svokallaði flugmiðaskattur eða tvær síðustu breytingar á þungaskatti, sem báðar hafa orðið til þess — ég fullyrði það, það er reyndar alveg sýnt með þá fyrri — að stórhækka flutningskostnað til landsbyggðarinnar með vöruflutningabílum um allt að 16–60% eftir pakkastærð. Við höfum ekki alveg fengið að sjá hvað kemur út úr nýjustu breytingunni vegna þess að álagning á þungaskatti er að eiga sér stað einmitt um þessar mundir, það er sem sagt að koma að fyrsta tímabili eftir þá breytingu, en ég fullyrði að þungaskatturinn mun töluvert aukast og flutningsgjöld með vöruflutningabílum munu töluvert hækka.

Þegar ég segi landsbyggðarskattur má náttúrlega líka nefna fasteignaskattinn eins og hann hefur verið innheimtur undanfarið. Notað hefur verið grunnverð á fasteignamati á höfuðborgarsvæðinu sem hefur síðan verið flutt yfir á landsbyggðina og íbúar þar látnir borga eftir því. En sem betur fer er það kannski það eina nothæfa úr tillögum tekjustofnanefndar að breyta þeirri skattheimtu þó svo að íbúar landsbyggðarinnar njóti nú ekki þeirrar skattheimtu nema í eitt ár vegna þess að væntanlega munu þeir fá hærra útsvar á sig árið á eftir.

Herra forseti. Í grg. segir að lokum:

„Auknar gjaldtökur leiða til hærra verðlags og gjald þetta hefur nú þegar átt sinn þátt í þeim miklu verðhækkunum sem orðið hafa á innanlandsflugi og frekari hækkanir eru fram undan."

Þegar þessi skattur kemur að fullu fram og verður rukkaður á heilu ári mun hann skila meiru til ríkissjóðs og flugfélögin þurfa að hækka fargjöld þegar.

„Hátt verð á farmiðum í innanlandsflugi mun einnig fækka flugfarþegum á mörgum innanlandsflugleiðum sem aftur leiðir til þess að flugfélög sjá sér ekki fært að stunda slíkan rekstur og gefast upp á starfseminni." Eða að við þurfum að borga margfalt meira með því flugi sem við ætlum að styrkja til litlu staðanna úti á landi.

Í frv. eru líka tekin nokkur dæmi um kostnað af flugi innan lands. Til dæmis er tekið sem dæmi Reykjavík–Vopnafjörður. Það kostar tæpar 25 þús. kr. að fljúga fram og til baka. Ég tek það skýrt fram að þetta er fyrsta fargjald, nokkurs konar forgangsfargjald sem maður getur keypt en það er líka tekið sem dæmi að á sama tíma getur maður keypt á nettilboði hjá Flugleiðum ferð til Barcelóna fyrir 17.200 kr. Flugleiðin Reykjavík–Akureyri kostar 16.500 kr.

en hægt er að kaupa far til Glasgow fyrir 15.300 kr. á sama tíma. Til Kaupmannahafnar kemst maður fyrir 18.400 kr. sem er svipað gjald og borgað er fyrir flug frá Reykjavík til Egilsstaða. Það er því ljóst að flug hér innan lands er mjög dýrt og líka ljóst að þetta mikla tap og taprekstur sem hefur verið hjá flugfélögum undanfarin ár sýnir að þau þola ekki neinar álögur. Þess vegna er það í rauninni arfavitlaus leið hjá hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir þessari skattheimtu sem vitað var fyrir fram að mundi fara beint út í miðaverðið eins og allar umsagnir allra aðila sögðu til um, sama hvort það var Flugfélag Íslands, Íslandsflug, samtök ferðaþjónustuaðila, flugráð eða hver sem var. Allir vöruðu við þessu sem svo hefur komið á daginn.

Herra forseti. Það er af þessum sökum sem við flm. leggjum til að gjaldtökuákvæði þetta verði fellt úr gildi og að hæstv. ríkisstjórn viðurkenni að þetta hafi verið mistök. Þessi skattheimta á sér enga stoð í raunveruleikanum. Verið er að leggja skatt á þá sem geta ekki greitt af þessu innanlandsflugi sem berst í bökkum og á í miklum erfiðleikum og við erum í miklum vandræðum með.

Staðreynd málsins er sú að flugmiðaskatturinn, sem talið er að geti orðið um 30 millj. á þessu ári, sem er ekki fyrir nema kannski hálft árið, hann gæti farið upp í um 50 millj. á næsta ári, hefur farið út í verðlag flugmiða og mun gera það áfram á næsta ári þegar af þessu verður.

Ég vek líka athygli á því að á fundi í samgn. kom það skýrt fram hjá fulltrúum samgrn. sem kynnti þetta frv. og fylgdi því þar úr hlaði að þetta væri aðeins fyrsta stig. Með öðrum orðum var talað um það þar að notendur þessarar þjónustu, flugrekendur, ættu að borga allan þennan kostnað 100%. Það kemur líka fram í gögnum, m.a. sem menn hafa séð hjá fjárln., að þar var þetta hugsað svolítið öðruvísi. Þetta var hugsað sem stighækkandi jafnvel þó að breyta þyrfti lögum í því sambandi eins og hér hefur komið fram. Þessi skattheimta er sannarlega bundin í lög og það þyrfti þá að breyta þeim lögum til þess að það gerðist. Það er því alveg ljóst að ætlunin var í byrjun að gera þetta, enda kom það fram á fundi samgn. meðal samgöngunefndarmanna að álögur væru að hrannast upp á flugið í landinu og þetta væri enn einn skatturinn sem lagður væri á þá aðila. Það kom með öðrum orðum fram hjá fulltrúum samgrn. að þeir sem nota þessa þjónustu ættu að borga hana að fullu þegar fram líða stundir.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. til frekari umfjöllunar.

[14:33]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara efnislega í frv. sjálft heldur í orð hv. þm. sem talaði hér áðan, og fór rangt með. Hann las upp þá sem sátu í flugráði og gat þess að þeir hefðu fjallað um málið. Hv. þm. nefndi það jafnframt að Árni Johnsen hefði ekki setið þennan fund flugráðs en gat mín þar. En ekki þess sem meginmáli skiptir fyrir mig sem samgöngunefndarmann, þ.e. að ég sat hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Það kom ekki fram í máli hv. frummælanda. Mér þykir rétt að leiðrétta það því að eðlilegt er að menn fari með málið eins og það er satt og rétt en hagræði ekki sannleikanum.

[14:34]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt ef það hefur ekki komið nógu skýrt fram að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem sat fundinn fyrir hv. þm. Árna Johnsen, sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Það kemur ekki fram í þeim gögnum sem ég hef frá flugráði hver sat hjá, ekki í gögnunum, en ég hef heyrt það, sem ég veit að er rétt, að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sat hjá við afgreiðslu um þetta álit í flugráði.

En það er líka alveg hárrétt og ég held að ég fari ekki með neina vitleysu og spyr þá bara eftir því hvort hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem situr með mér í hv. samgn., hafi ekki setið hér á hinu háa Alþingi og samþykkt þennan flugmiðaskatt.

[14:34]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að ég taki þetta fram vegna þess að ég tel rétt að málum sé ekki hallað úr þessum stóli. Ástæða þess að ég sat hjá er sú að ég sit í samgn. þar sem átti eftir að fjalla um málið. Þess vegna sat ég hjá. Það er ekki eðlilegt að leika tveim skjöldum þó að í nefndastörfum sé unnið úti í bæ, þá verða menn í upphafi að skoða endinn. Þess vegna sat ég hjá en greiddi jú atkvæði, eins og hér kom fram hjá hv. þm., með þessu máli.

[14:35]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er mér ljúft og skylt að segja það aftur að ég vissi um það, hafði munnlega frásögn af flugráðsfundinum um að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefði setið þar hjá. Það kemur ekki fram í gögnum flugráðs, því miður, en það sem ég vildi segja hér og nú er akkúrat það sem hv. þm. gat um í restina, að þegar hann var í sölum hins háa Alþingis og fjallaði um þetta mál m.a. í samgn. þá stóð hann að meirihlutasamþykkt samgn. um að þessi flugmiðaskattur yrði tekinn upp og hv. þm. samþykkti að leggja á flugmiðaskatt hér á hinu háa Alþingi sem er að skila 30–40 millj., e.t.v. 50 millj. á næsta ári í ríkiskassann en sem sóttur er beint í vasa þeirra sem ferðast með flugi innan lands. Flugmiðaskatturinn er með öðrum orðum kominn á fyrir tilstilli og með samþykki hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. (**GHall:** Meðal annarra.) Já.

[14:36]

Útbýting þingskjala:

Stéttarfélög og vinnudeilur, 201. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 211.

Tekjuskattur og eignarskattur, 197. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 207.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 200. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 210.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 198. mál, þáltill. GHall, þskj. 208.

[14:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum. Ég kem hér til þess að lýsa ánægju minni með þetta mál og styð að það fái umfjöllun í samgn. en á sama tíma held ég að nauðsynlegt sé að fara yfir flugmálin innan lands í breiðara samhengi.

Við verðum að átta okkur á því að það er ekkert tilfallandi að flugferð frá Akureyri til Reykjavíkur er orðin dýrari en

frá Keflavík til næstu stórborga í Vestur-Evrópu. Það er engin tilviljun. Samkeppnistímabilið varð okkur dýrt. Mönnum var att saman í samkeppni án nokkurra skilyrða sem leiddi til þess að á örskömmum tíma át það upp eigið fé tveggja flugfélaga sem hlýtur síðan að leiða til þess að við stöndum frammi fyrir þeim verðum sem við höfum í dag meðan eitt flugfélag stendur í samkeppninni og er að byggja upp sitt eigið fé á nýjan leik eftir hrunadans samkeppninnar. Þetta er ömurleg staða og það verður að skoða þessi mál í nýju ljósi.

Þetta frv. til laga tekur að vísu á þessari nýorðnu skattlagningu sem ég hlýt að styðja að verði farið yfir en við skulum ekki gleyma öðru. Úti á landi eru tveir flugvellir, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Í umræðunni um Schengen á síðasta þingi var hér rætt um það fullum fetum að nauðsynlegt væri samfara uppbyggingunni í Keflavík að byggð væri upp aðstaða á Egilsstöðum, Akureyri og í Reykjavík til þess að standast samkeppni varðandi Schengen. Í mínu sveitarfélagi, á Akureyri, hefur verið eytt milljónum króna til þess að geta tekið á móti beinu flugi frá útlöndum. Það hefur tekist að ná beinu flugi á Akureyrarflugvöll með ferðamenn frá Sviss. Nú standa mál þannig að vegna aðstöðuleysis, eins og bent var á í sambandi við flugið á Egilsstaði, Reykjavíkurflugvöll og Akureyri, og vegna Schengen-krafna verður ekki hægt að taka á móti flugi inn á þessa velli sem búið er að fjárfesta milljónir í. Það er ekki eitt, það er allt í þessu dæmi. Engin yfirsýn, engin stefnumótun. Þetta er alveg eins og í öðrum málum sem við fjöllum um á þinginu, það er eins og þingmenn gleymi því að við erum í 103 þús. ferkílómetra landi og við verðum að huga að innanríkismálum. Þetta snýst ekki bara um að fljúga frá Keflavík. Þannig standa málin. Fólk á höfuðborgarsvæðinu trúir því ekki þegar við erum að segja frá því hvað miðarnir kosta okkur í dag, hvort sem það er til Egilsstaða, Ísafjarðar, Vestmannaeyja, Akureyrar eða á þessa flugvelli sem flogið er á núna. En eins og ég segi, það kom engum á óvart að þetta leiddi til þessa vegna þess að samkeppnin var sett af stað algerlega óheft. Menn sáust ekki fyrir og við stöndum frammi fyrir afleiðingunum.

Staðan er sú að í staðinn fyrir að leggja skatta á innanlandsflug þyrfti að taka jafnvel einhver ár í að styðja og bæta samkeppnisstöðuna, e.t.v. með framlögum úr ríkissjóði til þess að gefa þeim sem standa í rekstrinum tækifæri á að byggja upp eigið fé og koma á samkeppni innan einhvers skynsamlegs ramma þannig að verðlagning á þessum flugleiðum verði eðlileg.

Við verðum líka að horfast í augu við það að við erum sýknt og heilagt aðstöðulega séð og á annan hátt að búa í haginn fyrir þessi ódýru fargjöld frá landinu og til Evrópu. Það er bara staðreynd mála. En þegar kemur að innanlandsfluginu, þá á allt að borga sig, þá eiga menn að éta það sem úti frýs. Þannig er staða mála gagnvart okkur sem búum úti á landi og kemur okkar ekkert á óvart. Þess vegna vildi ég, virðulegi forseti, fagna þessu fram komna frv. og vona að það fái skynsamlega og góða umfjöllun í samgn. en undirstrika enn og aftur að þessir nýju skattar eru bara eitt þeirra mála sem verður að taka fyrir í sambandi við allt innanlandsflugið vegna þeirrar stöðu sem við erum komin í í dag, út af þeirri hörðu samkeppni sem varð, út af því að bæði félögin misstu sitt eigið fé á leiðinni og þurfa uppbyggingu aftur og út af uppbyggingu flugvallanna. Sérstaklega vil ég þó bera fyrir brjósti flugvellina á Egilsstöðum og Akureyri. Og það er alveg óásættanlegt, virðulegi forseti, ef þingið og hæstv. samgrh. sjá ekki til þess að á sama tíma og Schengenreglurnar taka gildi og farið verður að fljúga á Keflavík eftir þeim aðferðum, að á sama tíma og sama degi verði til aðstaða til að taka á móti slíku flugi á þeim völlum sem við höfum byggt upp til að taka á móti flugi erlendis frá og þá hugsa ég auðvitað fyrst og fremst um Egilsstaðaflugvöll og Akureyri.

[14:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi ekki allt af því sem sagt var áðan en einhverju náði ég. Ég verð að segja í fyrsta lagi að ég held að innanlandsdeild Flugleiða eða Flugfélags Íslands fyrrverandi hafi verið rekið með tapi í áratugi og hafi ekkert að gera með þann hrunadans samkeppninnar sem hv. þm. talaði um áðan.

Í öðru lagi velti ég því fyrir mér undir ræðu hv. þm. hvort hann sé þeirrar skoðunar að taka eigi um það sérstaka ákvörðun og þá væntanlega af opinberum aðilum hverjir mega reka fyrirtæki og hverjir ekki, hverjir eigi að fljúga og hverjir ekki því að ef ég skildi hv. þm. rétt var hann mjög ósáttur við þá verðmyndun sem varð til í umræddri samkeppni. Ef hann er með einhver önnur verðmyndunartæki en að láta fyrirtæki keppa á markaði, þá held ég að hv. þm. verði að gera grein fyrir því. Væntanlega er hann að vísa til afturhvarfs til gömlu Verðlagsstofnunarinnar sem tók um það ákvörðun hvað hlutirnir ættu að kosta, hvað sokkabuxurnar ættu kosta, hvað skórnir ættu kosta o.s.frv. og jafnvel voru verðstöðvanir. Væntanlega er hv. þm. að vísa til þess. Ég held að mikilvægt sé að þetta liggi fyrir því að það er algerlega fráleitt að koma hér upp og tala um hrunadans samkeppninnar o.s.frv. í ljósi þess að innanlandsflugið hefur meira og minna verið rekið með tapi í áratugi ef ekki meira. Hv. þm. verður þá að skýra miklu betur hvað hann á við því það þjónar engum tilgangi að koma með allt að því ofstopayfirlýsingar án þess að neitt sé á bak við þær.

[14:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er ákaflega hrifinn af frjálsri samkeppni, ég geri mér grein fyrir því, og vill jafnvel hafa hana frjálsari en nokkur þjóð með frjálsa samkeppni í kringum okkur hefur hana.

Ég er að tala um að rammi verði að vera um starfsemi og menn verði að átta sig á því til hvers hlutirnir leiða. Í þessu litla landi okkar upp á 280 þús. manns gefur það augaleið að frjáls samkeppni hefur ekki leitt til þeirra ávinninga sem menn telja að hljótist af, miðað við hvernig efnahagskerfi stærri þjóða er. Ég veit ekki betur en hér í þingsölum hafi verið upphrópun á síðustu dögum út af fákeppni við skulum segja olíufélaganna og við skulum segja tryggingafélaganna. Var ekki verið að biðja um skýrslu af hv. samflokksþingmönnum hv. þm. út af stöðu tryggingafélaganna? Þar er samkeppni en þar er fákeppni vegna stöðu hins íslenska markaðar og það er það sem ég var að benda á.

Ég ætla ekki að fara út í stöðu félaganna sem slíkra. Ég veit ekki betur en það félag sem fór í samkeppni við þetta félag sem hafði verið þá rekið að mati þingmannsins á hausnum allan tímann, hafi verið það sem púkkað hafi verið undir en ekki gamla félagið sem, eins og hv. þm. segir, hefur verið rekið um áraraðir með tapi.

[14:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki gott að skilja þessa ræðu heldur. En hv. þm. sagði að rammi yrði að vera utan um starfsemina sem út af fyrir sig má túlka þannig að hann hafi þá einhverja hugmynd um hvernig eigi að reka slíka starfsemi, þ.e. að búa þurfi um hana einhvern ramma og þá náttúrlega ekki þann ramma sem var þegar þetta var rekið sem nánast einokunarfyrirtæki og ekki þann ramma sem hann er að gagnrýna, þ.e. þegar fleiri fyrirtæki voru á markaðnum. Ég hlýt því að spyrja: Hvaða ramma er hv. þm. að tala um? Það gengur náttúrlega ekki að koma hér upp og æpa og góla án þess að færa nein rök fyrir máli sínu.

Í annan stað vil ég líka segja að farmiðaverð hefur aldrei verið hærra en núna þegar samkeppnin er ekki lengur við lýði. Í ljósi orða hv. þm. held ég að menn hljóti að geta dregið þá ályktun að hann hljóti að vera glaður í dag því að nú er samkeppnin, þessi ógurlega, fyrir bí að mestu og því hlýtur hv. þm. að vera einstaklega ánægður með núverandi fyrirkomulag. Ég verð bara að lýsa því yfir að ég botna ekki nokkurn skapaðan hlut í því sem hv. þm. sagði áðan, hvorki skil hugmyndina sem hann var með né nokkuð af því sem hann sagði.

[14:47]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að ég hefði sagt skýrt og klárt í máli mínu áðan að sú samkeppni sem átti sér stað leiddi til þess að bæði félögin átu upp sitt eigið fé og það kemur mér í sjálfu sér ekkert á óvart. Ég hef talað um það í mörg ár frá því þetta ástand byrjaði að það að bjóða miða upp á kannski 5–6 þús. kr. frá Akureyri gengi aldrei og þetta væri skammgóður vermir. Það kemur mér því ekkert á óvart að miðinn sé kominn upp í 16 þús., enda sagði ég það skýrt áðan í máli mínu að þegar félögin væru bæði búin að éta upp sitt eigið fé, þá er það bara lögmálið sem hv. þm. vill svo gjarnan fylgja, að sá sem eftir stendur hækkar auðvitað þjónustu sína upp í það verð sem hann þarf að fá. Það er lögmál markaðarins, er það ekki? Það líkar þingmanninum vel. (**LB:** Hvaða hugmyndir ertu með?)

[14:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir. Ég ætla að leyfa mér að taka þátt í umræðunni og trufla aðeins orðræður hv. þm. Samfylkingarinnar og vinstri grænna sem endurspegluðu mjög rækilega þann djúpstæða skoðanaágreining sem er millum þeirra fyrrum félaga í þessum tveimur stjórnmálaflokkum. En það er svo sem gagnlegt að þetta komi fram sem oftast og skýrast, ekki síst fyrir kjósendur.

Frv. sem hér er til meðferðar er hins vegar flutt af hv. þm. úr Samfylkingunni og ég hef mjög margt við það að athuga og vil gera grein fyrir því.

Í fyrsta lagi finnst mér algerlega fráleitt að setja fram í greinargerð fullyrðingar um afstöðu starfsmanna samgrn. og byggja síðan tillöguflutning á meintri afstöðu embættismanna. Til að fá fram fóður í greinargerðina hefði verið eðlilegast að hv. flm. óskuðu eftir því skriflega hverjar væru tillögur samgrn. um þessa gjaldtöku. En að vitna í ótilgreinda starfsmenn um að fyrirhuguð hækkun sé á flugleiðsögugjöldum, það eru ekki vönduð vinnubrögð og ég vara við því að menn noti þvílíkar aðferðir við undirbúning að málum. Pólitísk stefnumótun er ekki á ábyrgð einstakra embættismanna, hvorki í skattlagningu né öðru og þetta eiga hv. þm. að vita.

Í annan stað vil ég vekja athygli þingheims á því að hér er verið að reyna að skjóta stoðum undir rökstuðning fyrir frv. með því að vekja athygli á kostnaði við farmiða ótilgreindra flugfélaga sem verið er að selja á uppboðsmarkaði sem síðustu sæti væntanlega. Þegar búið er að selja allt er verið að bjóða vildarkjör og ég efast um að hægt sé að byggja á slíkum verðum og bjóða hverjum sem er að nota þau verð sem hér er verið að sýna og bera saman og sýna fram á hve innanlandsflugið sé dýrt. Þetta eru heldur ekki vönduð vinnubrögð og ekki rétt að reyna að slá ryki í augu fólks með því að fara svona með hlutina.

Að öðru leyti um frv. vil ég segja þetta. Það liggur fyrir að í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár á að innheimta 30 millj. í flugleiðsögugjaldið og 15 millj. vegna veðurþjónustu hjá innanlandsfluginu. Það eru engin áform um að hækka þær fjárhæðir. Ástæðan fyrir því að ég taldi eðlilegt að innanlandsflugið greiddi einungis lítinn hluta af þessari þjónustu, af kostnaði við flugleiðsöguna, er að ég tel fullkomlega eðlilegt að flugfélögin hafi nokkra vitneskju um hver þessi kostnaður er, þ.e. að reynt sé að skapa kostnaðarvitund hjá aðilum um það sem ríkissjóður er að leggja til. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt, fyrir utan það að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að innheimta kostnað vegna þjónustu eins og veðurþjónustunnar við flugið.

Fullyrðingar um að þetta sé að ríða flugfélögunum að fullu eru náttúrlega gersamlega fráleitar. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn greiðir farþegi sem flýgur með Fokker til Akureyrar 76 kr. í flugleiðsögugjaldið. Ef hann fer með Dornier er það heldur meira, rúmlega 100 kr. Ég held að það muni væntanlega ekki ráða úrslitum um það hvort viðkomandi fer með flugi að greiða 70–80 kr. á farmiða með Fokkervélinni. Ég held að flugfélögin hafi nóg ráð með að hagræða til þess að ná árangri í rekstri sínum þannig að þetta valdi ekki neinum stórum vandræðum.

Þegar litið er til þess hvaða stefnubreyting hefur orðið hjá stjórnvöldum hvað varðar flugið, þá ætti hv. flm. sem er mikill áhugamaður um ferðir innan lands að hlusta. Það hefur orðið grundvallarstefnubreyting af hálfu stjórnvalda í stuðningi við innanlandsflugið. Ég tel að menn verði að átta sig á því að hagnaður er a.m.k. af rekstri hjá flugfélögunum á tiltekna staði, á aðalflugleiðirnar, þ.e. Akureyri, Ísafjörð, Sauðárkrók, Vestmannaeyjar og Egilsstaði. Og sem betur fer eru þær flugleiðir mikið notaðar og það er verulegur og góður árangur af rekstrinum þar. Á hinn bóginn er og hefur verið halli á flugi á ýmsa aðra staði og ég hef sem samgrh. beitt mér fyrir því að það yrði viðurkennt í raun og að við þyrftum og vildum halda úti flugi á staði eins og frá Akureyri til Þórshafnar og til Vopnafjarðar svo tekið sé dæmi og til Grímseyjar, sömuleiðis frá Reykjavík að Gjögri og milli staða á Vestfjörðum, þ.e. milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar yfir veturinn þegar allt er ófært. Þessar leiðir höfum við boðið út með það í huga að til komi ríkisstyrkur til að halda þeim flugleiðum uppi þannig að þetta sé allt saman uppi á borðinu, að veittur sé stuðningur við þessar flugleiðir og flugfélögin að öðru leyti setji það þá væntanlega inn í sín tilboð, en greiði eðlilega hlutdeild í kostnaði eins og við flugleiðsöguna. Þetta liggur alveg á borðinu hvað þetta kostar og flugfélögin geta gert áætlanir sínar út frá þessum staðreyndum öllum. Þess vegna finnst mér alveg af og frá að hv. þm. leggist gegn því að innheimtur sé smáhluti af

þeim kostnaði til þess fyrst og fremst að skapa aðhald og kostnaðarvitund svo aðilar viti svo sannarlega hvað þetta kostar allt saman.

Ég vil bara undirstrika það að við leggjum mikla áherslu á að reyna að byggja upp innanlandsflugið, bæði með því að bæta aðstöðu á flugvöllunum og ekki síst í Reykjavík. Það hefði kannski átt að fylgja með í þessari umræðu smástuðningsyfirlýsing við samgrh. í þeirri orrustu sem hann stendur í til að tryggja hagsmuni innanlandsflugsins sem er í miklu meiri hættu ef vinstri meiri hlutinn í höfuðborginni fengi sínu framgengt og sæi til þess að allir innanlandsfarþegar yrðu að fara til Keflavíkur. Hver yrði kostnaðurinn hjá flugfarþegum þá? Það væri miklu fremur ástæða til þess fyrir hv. þm. Samfylkingarinnar að snúa sér að því verki að koma í veg fyrir að innanlandsflugið verði lagt í rúst eins og yrði gert ef vilji Samfylkingarinnar næði fram að ganga hjá höfuðborginni um að hrekja Reykjavíkurflugvallarþjónustuna burtu.

[14:58]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. samgrh. fyrir að vera viðstaddur umræðuna og þau orðaskipti sem við höfum átt út af þessum flugmiðaskatti.

Í ræðu hans eru ýmis atriði sem vert væri að fara í gegnum en ég hef ekki tíma til þess núna í stuttu andsvari og mun því þess vegna koma að þeim síðar í ræðum mínum. Hæstv. samgrh. fullyrðir að flugmiðaskatturinn sé aðeins 76 kr. á farþega í flugi til Akureyrar. Í flugi til Akureyrar, þ.e. ein ferð með Fokker Friendship, þarf að borga tæpar 5.500 kr. í flugmiðaskatt fram og til baka. Ef maður deilir þessu niður sjáum við hvað kemur út. Ef við tökum dæmi af flugi til Egilsstaða, þá er þessi skattur tæpar 8.500 kr., 8.200–8.300 kr. Þessi skattur er gott betur meira en nokkrar 76 kr. sem hér er verið að fjalla um, ætli þetta nái ekki frekar hinni margfrægu tölu 157 kr. eða svo. Það er svipað og ellistyrkurinn hækkaði hjá öldruðum 1. apríl sl. Fram hefur komið að ýmsir í hópi hinna öldruðu héldu að þetta væri aprílgabb, en það er annar handleggur, þetta er svona til að tala um hvaða tölur þetta eru. Vafalaust eru þetta mjög litlar tölur í okkar huga, tölur sem skipta ekki neinu máli, þetta eru smáaurar sem menn tína jafnvel stundum upp úr vösum sínum, en safnast þegar saman kemur.

Það sem stendur upp úr er það að Flugfélagi Íslands verður gert að greiða á næsta ári 40–45 millj. kr. í flugmiðaskatt vegna flugs síns. Það er það sem stendur upp úr. Síðan getum við leikið okkur að því að deila og margfalda og allt það. En ég mun koma inn á ýmis önnur atriði í ræðu hæstv. samgrh. hér á eftir.

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að fá þær upplýsingar sem hér er deilt um, þ.e. hvaða upphæðir er um að ræða. Ég hef mínar upplýsingar frá Flugmálastjórn og tel eðlilegt að samgn. fái það svart á hvítu frá Flugmálastjórn hvaða tölur er hér um að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að hv. þm. Kristján L. Möller þurfi að efast um að þær séu réttar fyrr en hann fær upplýsingar um annað. Ég hef hins vegar fengið þessar upplýsingar.

Mér heyrðist hv. þm. reyndar tala um nánast sömu upphæð og ég. Hann talaði um báðar leiðir en ég talaði um aðra leiðina, 76 kr. aðra leiðina. Að sjálfsögðu er hægt að skoða þær tölur sem hv. þm. hafði reiknað út og þetta er allt að skýrast. Ég hef hins vegar ástæðu til að ætla að fleiri flugfélög en Flugfélag Íslands greiði þennan skatt. Það eru fleiri félög sem tryggja kannski einhverja samkeppni sem er af hinu góða. Í það minnsta buðu nokkuð mörg félög í innanlandsflugið, þ.e. í leiðir sem boðnar voru út. Sem betur fer eru fleiri félög í landinu.

[15:02]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vonandi verða fleiri flugfélög í landinu á næsta ári en bara Flugfélag Íslands svo við fáum einhverja samkeppni og fleiri til að þjóna hinum minni stöðum. Þannig munu fleiri en Flugfélag Íslands greiða þennan skatt á næsta ári. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Flugfélagi Íslands og rekstraraðilum þar þá áætla þeir að þeir sjálfir greiði 40–45 millj. kr. á næsta ári í þennan flugmiðaskatt. Þá erum við komin í þá tölu sem við erum að tala um en skatturinn gæti kannski á næsta ári gefið rúmar 50 millj. til ríkissjóðs.

En hvaða gjöld erum við að tala um? Það er alveg hárrétt að auðvitað förum við í gegnum þetta í samgn. Það stendur upp úr að til Egilsstaða eru 376 flugkílómetrar og tvisvar sinnum það báðar leiðir að sjálfsögðu. Ein vél þarf að borga 8.200 kr. fyrir þessa flugleiðsögu eða í þennan flugmiðaskatt. Ef 25 farþegar borguðu fyrir sæti í vélinni þá væru það tæpar 300 kr. á mann. Sem betur fer eru yfirleitt fleiri en þetta í Fokker-vélum en við getum líka hugsað okkur minni vélar. Við getum reiknað með vélum eins og Dornier eða Metro sem taka 19 í sæti. Þessar vélar þurfa að borga í kringum 4.500 kr. Ef við gerum ráð fyrir 9 farþegum þá væru það um 500 kr. sem flugmiðaskatturinn gæfi af hverju fari. En ég tek það skýrt fram að ef vélin væri alltaf fullsetin þá væri það aðeins helmingur.

Ég vek athygli á því að ríkissjóður gæti innheimt 500 kr. fyrir flugfar í skatt af hverjum þeim sem þarna kaupir flugmiða og þá skiptir ekki máli hvort það eru aldraðir sem kaupa miðann á 7–8 þús. kr. eða fullorðnir og fullbókaðir sem borga 25 þús. eða 20 þús.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkur orð um það sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan. Í fyrsta lagi fannst mér það ekki merkilegt af honum að vísa til þess að ekki sé hægt að segja frá því í grg. sem boðberar ráðuneytis hans leggja fyrir nefndina. (Gripið fram í.) Ég skal ekki segja hver það var en menn höfðu frétt af þeim fyrirrætlunum sem liggja fyrir og mér finnst dálítið hart, virðulegi forseti, ef ekki er hægt að vitna til þeirra ummæla.

Í öðru lagi fannst mér ræða hæstv. samgrh. vera einn samfelldur grátkór því að hann kvartaði undan því að borið væri saman verð á innanlandsflugi annars vegar og verð til ýmissa borga erlendis hins vegar. Ég segi það eins og er, virðulegi forseti, að hann má þakka fyrir að samanburðurinn var ekki við þau afsláttarflugfélög sem hingað fljúga því þá hefði munurinn verið enn meiri. En fyrir hann, virðulegi forseti, þá ákvað ég að gera þetta svona.

Í þriðja lagi fannst mér lítið fara fyrir vígamanninum þegar hann óskaði eftir stuðningi Samfylkingarinnar í orrustu sem hann ætti í við Reykjavíkurborg. Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en Reykjavíkurborg hafi einungis ákveðið að setja það í lýðræðislegan farveg, þ.e. að kosið verði um það hvort Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera hér áfram eða ekki og þá miðað við árið 2016 ef ég man það rétt. Mér

kemur ekki til hugar lýðræðislegri farvegur fyrir ákvörðun um hvort völlurinn eigi að vera hér áfram eða ekki. Ég held að ef hæstv. samgrh. óskar eftir liðsinni þá verði hann að vonast til þess að flokksbræður hans í Reykjavík fjölmenni á kjörstað.

[15:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svona á mörkunum að miklu sé að svara í þessu andsvari. Það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, hæstv. forseti, að grg. í frv. til laga þarf að semja án þess að þar sé vitnað til orða embættismanna sem auk þess liggur fyrir að eru ekki staðfest. Það var sú athugasemd sem ég hafði hér uppi.

Varðandi ósk mína um stuðning frá Samfylkingunni þá verð ég að viðurkenna að í erfiðum málum þá er sama hvaðan gott kemur í stjórnmálum. Þannig er að við þurfum í mjög mörgum málum að vinna saman í þinginu og séum við sannfærð um að unnið sé gegn innanlandsfluginu með áformum um að leggja niður Reykjavíkurflugvöll þá hljóta fulltrúar allra flokka að sameinast gegn því.

Ég vil segja hv. þm. að sjálfstæðismenn munu að sjálfsögðu, í öllu sínu veldi, sameinast um að koma á kjörstað, hvað svo sem um er kosið, og þeir eru býsna margir í höfuðborginni. Ég held að það sé mikill vilji til þess að standa þannig að málum að við byggjum upp í höfuðborginni fremur en, eins og með því að leggja af flugvöllinn, að rífa niður atvinnustarfsemi sem er mikilvæg, bæði höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild.

[15:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta en ef ég þekki þessa sögu rétt undanfarin ár þá held ég að eina aðförin gegn innanlandsfluginu hafi verið umræddur flugmiðaskattur. Ég man ekki eftir einni einustu aðför annarri. Í kjölfar þess að fyrirætlanir voru kynntar um þennan svokallaða flugmiðaskatt þá hætti annar aðalaðilinn á innanlandsmarkaði flugi, Íslandsflug. Það var nokkurn veginn í kjölfarið á því að þessi fyrirætlun um flugmiðaskatta var tilkynnt 19. ágúst 1999, ef ég man það rétt, að annar meginaðilinn í innanlandsfluginu hætti áætlunarflugi.

Ég held, viðurlegur forseti, að ef einhver aðför hefur verið gerð að innanlandsfluginu þá sé það flugmiðaskatturinn. Ég held að það sé algerlega út úr kortinu að hæstv. samgrh. ætli síðan að koma þeirri aðför yfir til Reykjavíkurborgar. Því miður fer Sjálfstfl. enn með samgrn. en það er náttúrlega ekki útséð með hvort það breytist ekki fljótlega.

[15:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fjarri öllu lagi halda því fram að kostnaður sem flugfélögunum er ætlað að greiða af flugleiðsögu, sem er vel að merkja 30 millj. en ekki tæpar 50 eins og hv. 1. flm. þessa frv. hefur talað um, hafi leitt til þess að flugfélag hafi hætt starfsemi sinni, af því að það hafi þurft að greiða lítinn hluta af kostnaði við flugleiðsögu. Þar eru allt aðrar ástæður. Breytingarnar í innanlandsfluginu eru m.a. vegna þess að vegasamgöngur hafa lagast og flugfarþegum fækkað á tiltekna staði. Það er partur af þessum vanda. Með því að breyta stefnunni og koma til stuðnings rekstraraðilum á þeim flugleiðum sem verið er að bjóða út þá er meiri von til þess að árangur náist í því að byggja upp flugið.

Það er hins vegar staðreynd að flugfélögin leggja mikla áherslu á að hasla sér völl. Þau gera það svo sannarlega núna með því að bjóða í innanlandsflugleiðir sem við höfum boðist til að styrkja og ekkert bendir til annars en að flugfélögin hugsi sér að styrkja stöðu sína og veita sem besta þjónustu.

[15:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér fer fram sérstaklega áhugaverð umræða. Mörg gullkornin hafa fallið úr þessum ræðustól og eiginlega alveg dæmalaust hvað hæstv. ráðherra hefur leyft sér að segja við umræðuna máli sínu til stuðnings. Það er dálítið gaman að því, af því að hann er að velta fyrir sér eiginlega milli flokka í stjórnarandstöðunni, að í þessari umræðu kemur berlega í ljós að það er ekki alltaf eining í Sjálfstfl. Það hefur komið fram í þessari umræðu.

Hins vegar sakna ég Framsfl. við umræðuna. Ég hefði svo gjarnan viljað að fulltrúar þess flokks hefðu tekið þátt í þessari umræðu. Hvort skilja beri fjarveru þeirra þannig að þar sé fullkomin eining um málið sem við erum hér að gagnrýna en ráðherrann ber svo fyrir brjósti og ver svo hatramlega skal látið kyrrt liggja.

Ráðherrann notar óspart orðið kostnaðarvitund. Það er sennilega uppáhaldsorð íhaldsins. Þegar setja skal á þjónustugjöld eða álíka álögur í stað sameiginlegra útgjalda í sérstökum málum, þegar verkefni eru flutt frá samneyslunni og fólk látið borga fyrir með þjónustugjöldum, þá er alltaf talað um kostnaðarvitund. Þegar gjöldin hækka á erfiðum tímum til að halda öllu í skefjum þá heita það ekki hækkanir eða íþyngjandi afgreiðsla mála hjá ríkisstjórninni. Nei, þá heitir það að efla kostnaðarvitund.

Mér finnst einnig athyglisvert þegar ráðherrann réttlætir það að taka upp þessi nýju gjöld sem munu valda hækkunum. Það er óumdeilt þó menn togist á um hversu hátt gjaldið er á sæti, á autt sæti, á ferð báðar leiðir eða aðra leiðina og aldrei aftur heim. Ráðherrann talar hins vegar um málið í því samhengi að hann ætli að bjóða út flug til smærri staða og styrkja það flug. Það er auðvitað sjálfsagt mál. Ég veit ekki hvernig ríkisstjórnin mundi lifa af ef hún ætlaði ekki að að tryggja flug á þá fjarlægu staði sem ráðherrann nefndi. En það mál er algerlega óháð því sem við erum að tala um nú.

Hins vegar kemur ráðherrann alltaf að Reykjavíkurlistanum hvort heldur er í umræðu um vegamál eða núna um flugmál og skatta á flugið. Mér er farið að virðast sem Reykjavíkurlistinn sé eins og rauða hættan í augum samgrh. og e.t.v. flokksins alls vegna þess að hann getur ekki varist í nokkru máli öðruvísi en reyna að tengja það Reykjavíkurlistanum. Nú er það Reykjavíkurlistinn sem er vondi flokkurinn sem ógnar innanlandsflugi af því að það hefur verið nefnt að hugsanlega fái fólk að greiða um það atkvæði hvað eigi að verða með flugvöllinn árið 2016. Ég hefði haldið að þetta væri lýðræðislegasta afgreiðsla sem hægt er að hugsa sér, að gefa íbúunum tækifæri á að segja hug sinn og hlusta á raddir þegnanna. Nei, Reykjavíkurlistinn er orðinn ógnvaldur og það er Reykjavíkurlistanum að kenna er ráðherrann setur fjármagn í hina eða þessa vegagerðina og Reykjavíkurlistinn er dreginn inn sem óþolandi ógnvaldur þegar við erum að ræða það að ráðherrann er að setja á nýtt gjald sem er íþyngjandi í fluginu.

Hvað segir þessi afstaða okkur og það að ráðherrann fer að tala um vinnubrögð varðandi greinargerð og hvort það megi vísa til orða manna sem fari ekki vel á þegar ráðherrann virðist sjálfur — eða það hlýtur að vera með vitund ráðuneytis hans þegar fulltrúar úr ráðuneytinu koma inn í nefndir

þingsins, inn í flugráð til þess að tilkynna um fyrirhugaðar álögur og það liggur fyrir og hefur komið fram í þessari umræðu að það var gengið til atkvæða í flugráði um þessa ráðstöfun. Ég veit ekki betur en flokksbróðir ráðherrans hafi viljað að það kæmi fram í umræðunni að hann hefði setið hjá við afgreiðslu þessa máls í flugráði. Af hverju er þá verið að tala um að það sé leyndarmál hvernig afgreiðslan var eða um hvað var rætt varðandi fyrirhugaðar álögur? Þegar búið er að taka málið fyrir bæði í flugráði og samgn. fer að verða erfitt fyrir ráðherrann að leggjast gegn því eða gagnrýna það að menn skuli hafa áhyggjur af því sem fram kom á þessum stöðum og í þessum nefndum og ráðum.

Staðreyndin er auðvitað allt önnur en að þetta sé að vefjast fyrir hæstv. ráðherra samgöngumála. Málið er að hér er rekin afar ólánleg byggðastefna. Málið er að orð og athafnir fara hvergi saman hjá þessari ríkisstjórn. Það er að. Um það snýst málið. Það eru haldnar lærðar ræður um það hvernig menn vilja halda á málum til þess að byggð sé tryggð um allt land og til að afstýra flutningi til suðvesturhornsins. En gjörningurinn er fullkomlega í blóra við þessar yfirlýsingar eins og berlega kemur fram í þessari umræðu. Menn segja eitt en gera allt annað.

Hér hefur verið tekin umræða um samkeppni í fluginu. Ég ætla ekkert inn í þá umræðu. En það er alveg ljóst að það hefur verið að gerast að flug er fellt niður á fleiri og fleiri staði. Á hverjum bitnar það? Fyrst og fremst landsbyggðarfólkinu. Landsbyggðarfólk er órólegt. Sveitarstjórnarmenn kalla harkalega eftir aðgerðum og skilningi á þeim vanda sem við blasir. Ég minnist þess þegar Samfylkingin var á Húsavík og ræddi við bæjarstjórnina þar í vor að það voru heitstrengingar varðandi það að nú ætti að fara að leggja af flugið og það mætti ekki gerast að gerð væri krafa um að heimamenn, líka í þessum málaflokki, þyrftu að leggja fram fé af takmörkuðum tekjum sveitarfélaganna. En hvað gerðist í kjölfarið? Nákvæmlega það að menn enduðu með því, til að reyna að fresta því að flugið legðist af, að borga fyrir einhver ákveðin sæti á viku í fluginu. Nákvæmlega það sem menn höfðu sagt um: „Þetta má ekki gerast. Það er ekki hægt að gera kröfu um að við komum líka með greiðslu þarna inn af takmörkuðum tekjustofnum okkar. Jú, jú, greiðum niður flugið til að það flug leggist ekki af á Húsavík."

Hæstv. ráðherra segir að verið sé að fara rangt með tölurnar í þessu máli, þær séu ekki 50–60 millj., heldur 30 millj. núna. Það hefur komið fram í orðum framsögumanns í þessu máli að þessi nýi skattur á flugfarþega í innanlandsflugi muni skila ríkissjóði 50–60 millj. kr. á næsta ári. „30 núna", segir hæstv. ráðherra. Hvað verða þær næst? Hvað verða þær þar næst? Við vitum nefnilega hvaða þróun verður þegar menn byrja með þessi svokölluðu gjöld, hvort sem þau heita þjónustugjöld eða annað. Um þau gildir bara eitt lögmál og það er upp á við. Ég spyr: Hvað er að þessari ríkisstjórn? Hún virðist fullkomlega úr takti við fólkið í landinu. Hún virðist alls ekki skilja hvað felst í ákvörðunum sem teknar eru og ekki hafa hugmynd um á hverjum þær bitna.

Samt kemur það fram að samtök í ferðaþjónustu hafa sent bréf til samgrh., forsrh., fjmrh., flugráðs, flugmálastjóra, Sambands ísl. sveitarfélaga og vakið athygli bæði á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem eru orð á blaði um að treysta undirstöðu byggðar í landinu og að auka veg ferðaþjónustunnar. Svo er bara reynt að gera lítið úr þessu og reynt að deila niður í flugvélarnar með sætum, setnum eða ósetnum, seldum eða óseldum og finna út einhverja lága krónutölu.

Það sem stendur upp úr er lánleysi og ólánleg byggðastefna. Nákvæmlega það og ekkert annað, stefnuleysi og skortur á yfirsýn í samgöngumálum yfirleitt. Það hefur komið hér fram, ekki bara í þessu máli heldur í öðrum málum í dag. Við hljótum að spyrja: Hvenær ætlar ríkisstjórnin að reyna að fara að skoða mál í samhengi og axla ábyrgðina sjálf í stað þess, eins og hér gerist aftur og aftur, að benda á rauðu hættuna og Reykjavík og að Reykjavíkurlistinn sé óvinur allra. Það er staðreynd eins og hér hefur komið fram hver fargjöldin eru og það er auðvitað fullkomlega úti í vindinum að fólk skuli þurfa að borga nærri 25 þús. kr. á einhvern stað á Íslandi í innanlandsflugi. Þó þetta sé að stærstum hluta byggðamál eins og komið hefur fram í umræðunni í dag þá verðum við að líta á það að þetta hefur líka áhrif á suðvesturhorninu. Auðvitað viljum við að fólk sæki landsbyggðina heim. Við viljum að fólk ferðist innan lands. Við viljum að fólk skoði landið sitt, dvelji á landsbyggðinni og nýti sér ágæta þjónustu sem þar er nú. En þegar það er orðið svo miklu hagstæðara að skreppa til útlanda þá er verulega pottur brotinn. Ég geri ekkert með að það orsakist af hinum og þessum tilboðum. Þetta er spurning um yfirsýn. Þetta er spurning um stefnu og þetta er spurning um skilning á högum fólks úti á landi.

Herra forseti. Mér finnst dapurlegt hvernig brugðist hefur verið við þessari umræðu í dag af hálfu ráðherrans. Ég get ekki sagt í þetta skipti af hálfu stjórnarmeirihlutans vegna þess að flokksbróðir ráðherrans kom hér upp og kallaði eftir því að það kæmi fram að hann hefði setið hjá við afgreiðslu málsins í flugráði.

[15:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því vegna síðustu orða hv. þm. að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði grein fyrir því hvers vegna hann sat hjá í flugráði við afgreiðslu málsins. Það getur fólk lesið í þingtíðindum. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að það var verið að reyna að gera það tortryggilegt og láta líta út sem svo að hann væri í einhverri andstöðu við ráðherra í þessu máli sem ekki er.

[15:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlaut að vera að þetta mál hefði skýrst meðan ég brá mér frá áðan. Það gat eiginlega ekki verið að það hefði fundist stjórnarliði sem þorði að hafa sjálfstæða skoðun í tveimur nefndum, bæði í flugráði og líka þegar hann var kominn inn í þingið. (Gripið fram í.) Það gat ekki verið að hann þyrði að hafa sömu skoðunina frá því að hann var skelfingu lostinn yfir málinu fyrst og þar til hann kom í salinn þar sem á að greiða atkvæði í þágu ráðherrans. Þetta var of gott til að vera satt. Þetta er allt jafnólánlegt, virðulegi forseti, og ég get ekki annað en brosað að þessu til hæstv. ráðherra.

[15:26]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að hafa mætt til umræðunnar því ég held að það eitt út af fyrir sig hafi gert umræðunni mjög gott og skýrt hana að miklu leyti. En það breytir ekki því að undrun þess sem hér stendur og ýmissa annarra á því hver hin raunverulega stefna sé er enn til staðar og hefur ekki verið skýrð svo neinu nemi.

Virðulegi forseti. Ég vildi nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi er það þessi grundvallarspurning eða hugmyndafræði sú sem

hæstv. samgrh. virðist ganga út frá, þ.e. þessi hugmynd um kostnaðarvitund, að með því að leggja þetta gjald á sé líklegt að farþegar væntanlega skynji hvað kosti raunverulega að segja mönnum til vegar í loftunum þannig að það þeir komist klakklaust á leiðarenda.

Til þess að fjármagna þetta eru náttúrlega tveir möguleikar. Annars vegar er hægt að greiða þetta af almennum skatttekjum, en að sögn fjmrh. og fleiri þá flýtur út úr öllum hirslum ríkissjóðs nú um stundir svo ég hefði kannski haldið að þær litlu fjárhæðir sem hér eru lagðar á skipti ekki sköpum.

En höldum áfram með umræðuna um kostnaðarvitundina. Sú skattlagning sem um er að ræða er um það bil 10–11% á þessu ári, þ.e. 90% eru fjármögnuð úr ríkissjóði, og um það bil 15–20% á næsta ári ef þessar tölur sem hér eru uppi eru réttar. Ég geng út frá því sem vísu. Kostnaðarvitundin er þá fyrst og fremst falin í því að fá fólk til að átta sig á því hver kostnaðurinn er og að það skuli leggja til 10–15% af heildarkostnaðinum. Það er þá væntanlega sú kostnaðarvitund sem verið er að reyna að draga fram og gera almenningi grein fyrir að það kosti að segja flugvélunum til vegar. Niðurstaða hæstv. ráðherra er því sú að leggja þennan skatt á.

En þá kemur næsta fullyrðing, virðulegi forseti, sem er þessi: Samgrn. hefur nú ákveðið nýja stefnu í þessum málum. Hafa menn ekki orðið varir við þessa nýju stefnu? Þessi nýja stefna felst í því að styrkja ákveðnar leiðir þannig að þegar búið er að skattleggja ákveðinn hluta og taka út úr greininni, þá eigi væntanlega að taka einhverja peninga aftur og setja þá eitthvert annað. Virðulegi forseti. Hugsunarháttur af þessum toga var hér á árum fyrr, og sérstaklega í tíð framsóknarmanna, kallaður sjóðasukk af verstu gerð. Þó hér sé kannski ekki beinlínis um sjóði að ræða þá er a.m.k. verið að færa þetta einhvern veginn fram og til baka og ein skattlagning er rökstudd á grunni einhvers konar kostnaðarvitundar á meðan útgjöldin eru síðan einhvers konar ný stefna í ráðuneytinu. Og ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, eins og ég sagði í upphafi: *Ég er í sjálfu sér ekki miklu nær um hver sé stefna* samgrh. í flugmálum en mér finnst mjög gott að þetta hafi komið fram við þessa umræðu og vil þakka hæstv. samgrh. fyrir það.

Það liggur líka fyrir að Íslandsflug hætti rekstri í kjölfar þess að ákvörðun var tekin um þetta gjald þá, þ.e. þessum áætlanarekstri. Enn þá er þó verið að fljúga einhverjar leiðir innan lands en í þessum samkepnisrekstri er Íslandsflug að mestu leyti hætt og það gerist rétt á eftir að ákvörðun um þetta er kynnt á fundi. Hvort þetta hafi verið kornið sem fyllti mælinn skal ég ekkert um segja en þannig er veruleikinn í tíma.

Virðulegi forseti. Í öllum hátíðarræðum sem hafa verið haldnar á hinu háa Alþingi um byggðamál, um að efla byggðastefnu o.s.frv., hafa samgöngur verið grundvallaratriði. Samgöngur eru og verða grundvallaratriði svo við getum haldið þessu stóra landi okkar í byggð. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvaða byggðastefna er það að ráðast á flugvélar og flugrekendur með þessum hætti og leggja á sérstakan flugmiðaskatt? Og ekki bara það heldur er flugmiðaskatturinn bundinn við innanlandsflugið. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti. Að koma síðan upp og tala um nýja sýn ráðuneytisins nær því vart að vera brandari, það nær því vart að vera fyndið, virðulegi forseti.

Í morgun ræddum við frv. frá hæstv. samgrh. um þurrleigu, skráningu og fleira og kom þar fram að verið væri að leiðrétta mistök frá því á árinu 1991. Það tók ein níu ár að leiðrétta þau mistök en þau eru a.m.k. komin inn í þingið. Ég held sjálfur að það frv. sé til góða þó að það sé ekki rætt hér. En væri ekki lag, hæstv. samgrh. og virðulegi forseti, að við leiðréttum mistökin frá því í fyrra með því að samþykkja þetta frv.?

Auðvitað eru þetta grundvallarmistök. Ég veit svo sem ekki af hvaða ástæðum flugmiðaskatturinn varð til því að honum er í raun og veru ekki ætlað að standa undir kostnaði nema brotabrots af því að reka þetta flugleiðsögubatterí. Það *er ekki til þess fallið að skapa neina kostnaðarvitund af því* að það er aðeins brot af þeim kostnaði sem mönnum er ætlað að borga. Því segi ég það, virðulegi forseti: Eigum við ekki að leiðrétta þessi mistök?

Sá sem hér stendur á sæti í hv. samgn. og ég mun leggja þessu máli mikið lið. Ég held að flestir muni gera það og ég held að í samræmi við þá stefnu sem birtist í frv. hæstv. samgrh. í morgun eigum við að leiðrétta þau mistök þegar okkur verður á. Auðvitað varð Alþingi á í þessu máli, þetta er ekkert öðruvísi. Við sjáum það líka af þeirri þróun sem hefur í kjölfarið komið á verði á farmiðum innan lands og er á síðu 3 í frv. þar sem það er borið saman við farmiðaverð til útlanda. Auðvitað leysir þetta ekkert öll mál og langur vegur frá því. En þegar okkur verður þannig á held ég, virðulegi forseti, að við eigum að leiðrétta það. Og að reyna að fjármagna *10% af þessum kostnaði, virðulegi forseti*, það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. En ég ítreka að allt sem hefur gerst eftir að þessar fyrirætlanir voru kynntar hefur verið til þess fallið að gera möguleika landsmanna á því að fljúga innan lands erfiðari, dýrari og verri.

Því segi ég, virðulegi forseti, við skulum sameinast um að samþykkja þetta frv. því að það gerir a.m.k. það að leiðrétta mistök hæstv. samgrh. og meiri hluta þingsins.

[15:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu að bæta við þessa umræðu, *hér er svo sem ekki á ferðinni neitt mjög stórt* mál í upphæðum. Hins vegar er ákaflega athyglisvert að við skulum þurfa að vera að ræða þetta mál. Það er mjög athyglisvert að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir skuli hafa tekið upp flugmiðaskatt í því umhverfi sem flugfélögin hafa starfað þar sem engin spurning er um að mjög erfitt hefur verið að reka starfsemina með einhverjum hagnaði og sumir hlutar hennar hafa verið reknir með verulegum halla í mörg ár. Þá taka menn upp á því til þess að auka kostnaðarvitund, eftir því sem hæstv. ráðherra lýsti áðan, að setja á þennan flugmiðaskatt.

Ég er nærri viss um að ekki hefur skort kostnaðarvitund hjá þeim sem hafa rekið flugfélögin. Þeir lögðu hins vegar út í sjálfseyðingarstríð sem átti að verða til þess að annað hvor lægi dauður og hinn gæti rekið sig sæmilega á eftir en olli því að báðir voru *illa farnir að leikslokum og annar þeirra* er svo til hættur rekstri á þeim flugleiðum sem slegist var um. Eftir stendur að svokallað samkeppnisumhverfi er nú orðið afskaplega bágborið sem samkeppnisumhverfi og að ríkisvaldið hefur tekið upp á því að styðja sumar flugleiðirnar með framlögum sem ég ætla ekki að gagnrýna en það er undarlegt að á sama tíma skuli menn vera að leggja á nýja skatta. Mér finnst þetta allt saman bera vott um stefnuleysi og óljósa hugsun í því hvernig eigi að tryggja samgöngur. Mér finnst að það þurfi að verða til einhver skýr hugsun í þessu vegna þess að það er alveg greinilegt að flugsamgöngur á

Íslandi munu í framtíðinni verða á tiltölulega fáa staði miðað við það sem áður var og það verður að vera vel skilgreind stefna á bak við það ef það er niðurstaðan að menn ætli að styðja við flugið á einhverjum tilteknum flugleiðum vegna mikilvægis þess að flug þangað haldist uppi.

Þetta er allt saman í einhvers konar farvegi hjá ríkisstjórninni en það er voðalega erfitt að átta sig á því hvað menn vilja á þeim bæ. Það er erfitt að skilja menn sem skattleggja með annarri hendinni og rétta svo peninga upp úr vasanum með hinni. Þetta er ekki eitthvað sem maður hefði haldið að þessir stjórnarflokkar og Sjálfstfl. sérstaklega mundi vilja standa fyrir, þ.e. sú skattlagningarárátta sem kemur fram í þessu til að efla kostnaðarvitundina.

En það er annað sem hæstv. ráðherra sagði áðan sem fékk mig til að fara í ræðustól og það er það að í hvert einasta skipti sem hæstv. ráðherra finnur tilefni til með nokkrum hætti bryddar hann upp á einkastríði sínu við R-listann í Reykjavík. Hann stendur í stríði við meiri hlutann í Reykjavík út af öllu sem hann getur fundið sér til. Samgöngumálin í borginni eru sett þannig upp að ráðherrann setur fram alls kyns fullyrðingar um að borgaryfirvöld hafi ekki staðið sig við undirbúning samgöngumannvirkja og notar það sem átyllur og rök í umræðunum um það þegar framlög til samgöngumála í borginni eru skorin niður. Þó að allir viti að nóg sé til af fullhönnuðum framkvæmdum til þess að vinna í borginni þá eru svona rök færð fram.

Síðan er slagurinn um Reykjavíkurflugvöll, sem hæstv. ráðherra nefndi áðan, sem hann dregur inn í umræðuna hvenær sem hann getur og hvar sem hægt er að tala um Reykjavíkurflugvöll og þetta stríð R-listans gegn vellinum í Reykjavík eins og hæstv. ráðherra virðist líta á málin.

Ég tel mjög eðlilegt að menn fjalli um Reykjavíkurflugvöll og hvaða framtíð hann eigi á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið hefur verið að hann verði hér nokkur ár í viðbót. En hvað er eðlilegra en að menn ræði í fúlustu alvöru á þessu svæði hvort hann eigi að vera þar til allrar framtíðar? Það hafa orðið slys í kringum þennan flugvöll, það hafa orðið fleiri en eitt slys og það hafa orðið ljót slys í kringum völlinn. Við sjáum margar lendingar á hverjum einasta degi og heyrum héðan úr þinghúsinu. Við vitum að auðvitað eru hættur fólgnar í því að hafa þennan völl hérna. Þess vegna þarf að horfa til langrar framtíðar og vanda til ákvarðanatöku hvað varðar framtíð flugvallarins á þessum stað.

Þess vegna finnst mér gjörsamlega út í hött af hæstv. ráðherra að ætla að etja saman fólki á landsbyggðinni og úr höfuðborginni vegna þessa máls. Þetta mál verður ekki leyst nema með góðum undirbúningi og að þar komi að þeirri umræðu allir sem eiga hlut að máli, bæði landsbyggðarmenn og höfuðborgarbúar. Það eru svo sem ekkert síður höfuðborgarbúar sem eru að nota þennan völl til að fara út á land og koma heim og landsbyggðarmenn eru kannski í einhverjum minni hluta af þeim farþegum sem fara um Reykjavíkurflugvöll. Ég frekar á von á því en hef ekkert fyrir mér í því annað en tilfinningu.

Þetta mál er ekki til enda komið enn og það er eftir að sjá hvernig það endar að lokum en ég legg áherslu á að það á ekki að setja málið í einhvers konar einkastríð, það á ekki að ljúka því í einhvers konar einkastríði milli hæstv. samgrh. og yfirvalda í Reykjavík heldur þarf þar að koma til miklu víðtækari umfjöllun.

Ég tek undir það sem hefur komið fram í umræðunni að ég held að mönnum væri hollt að viðurkenna það að sú skattlagning, sem hér var gripið til og tillagan gengur út á að taka til baka, var ekki skynsamleg. Það lýsir sér mjög vel í því að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um það og hæstv. ráðherra hefur haft forgöngu um það og á heiður skilið fyrir, að styrkja það að hægt verði að halda áfram að fljúga aðrar leiðir. Ég held að það sjái nú hver maður að ekki er mjög björgulegt að hafa það fyrir sið að færa peninga mjög oft á milli vasa og ætti að gera sem allra minnst af því. Ég hvet hæstv. ráðherra þess vegna til að taka þátt í því að koma þessari skattlagningu af aftur, því þó að hún sé ekki mjög mikil þá munar um hana og hún er í andstöðu við þá stefnu sem menn þykjast hafa í byggðamálum.

[15:43]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þetta hefur verið um margt fróðleg umræða sem segja má kannski um lítið mál, þ.e. í peningalegu tilliti, en málið er stórt að því leytinu til að með álagningu þess gjalds sem hér um ræðir er verið að senda ákveðin skilaboð út í samfélagið og þá ekki síst til landsbyggðarinnar. Hér er verið að hafa áhrif á kostnað við innanlandsflug. Ef farið er í gegnum allar þær viðvaranir sem fram komu þegar verið var að fjalla um það hvort það ætti að leggja gjaldið á eða ekki skín það ætíð í gegn að þetta muni hafa áhrif í þá átt að hækka flugmiða. Þess vegna er þetta sannkallaður flugmiðaskattur.

Ekki nóg með það heldur er einnig bent á að þetta geti valdið ákveðnum vanda hjá þeim aðilum sem átt hafa raunverulega í nægum vanda fyrir áður en þetta gjald var lagt á. Þess vegna m.a. er það með ólíkindum að gengið sé fram með þessum hætti og síðan skömmu síðar komist að þeirri niðurstöðu sem rétt er að það sé miklum mun nær að styðja innanlandsflugið á einhvern hátt. Nú er það mál í ákveðnum farvegi og við eigum eftir að sjá hvernig það kemur út en við skulum vona að það verði til þess að efla innanlandsflugið því að vissulega er þörf á því. (Gripið fram í.)

Ég vil sjá, hæstv. ráðherra, hvernig það skilar okkur fram. Það eru auðvitað ýmsir möguleikar í því að styðja innanlandsflugið. Ég er alla vega ekki í þeirri stöðu að hafa uppi mikinn hávaða um það að verið sé að fara alranga leið í því. Ég sé ekki strax nákvæmlega hvað út úr henni kemur því að við þurfum auðvitað líka að velta fyrir okkur samkeppninni í innanlandsfluginu. Ég er auðvitað sammála hæstv. ráðherra um að málið er ekki einfalt og það þarf auðvitað að vanda sig við það.

Sá þáttur málsins sem hér er til umræðu er hins vegar af þeirri gerðinni að vænlegast væri að samþykkja það frv. til laga sem hér er til umræðu og koma þannig skilaboðum þveröfugum fram um það að menn vilji í raun og veru hlúa að innanlandsfluginu á allan hátt.

Herra forseti. Það var annað sem hæstv. ráðherra kom inn á sem ég held að sé nauðsynlegt að nefna örlítið. Það var varðandi framtíð innanlandsflugsins og tengsl þess við Reykjavíkurflugvöll. Ég get hresst hæstv. ráðherra með því að ég er talsmaður þess að innanlandsflugið verði áfram á Reykjavíkurflugvelli, ég tel það afar mikilvægt, m.a. vegna þess að menn hafa gert svo mörg mistök í uppbyggingu stjórnsýslunnar að fólk þarf að eiga greiðan aðgang að henni eins og henni er fyrir komið nú og þess vegna m.a. er mjög nauðsynlegt að Reykjavíkurflugvöllur sé staðsettur hér. Það skapar mikið hagræði að vera svo nálægt miðbæ borgarinnar þar sem stjórnsýslan er að mestu leyti. Það mun því ekki standa á mér í þeim stuðningi ef á þarf að halda að reyna að tryggja framtíð flugvallarins hér að þessu óbreyttu. Ég

er hins vegar ekki að segja það í þessu frekar en öðru að það skuli ætíð vera svo að Reykjavíkurflugvöllur skuli vera þarna. Það geta vissulega skapast þær aðstæður að rétt væri að færa hann en þær aðstæður eru ekki til staðar í dag og þess vegna er eðlilegt að hann verði þarna áfram.

Það er eitt atriði, herra forseti, sem rétt er að vekja athygli á og það er að hæstv. forseti er sá eini hér í þessum sal sem tilheyrir hinum merka þingflokki framsóknarmanna. Þess vegna er óhjákvæmilegt að velta fyrir sér þeirri staðreynd að framkvæmdastjóri þingflokks Framsfl., sem sæti á í flugráði, greiddi þar atkvæði gegn því gjaldi sem við ræðum hér. Allt í kringum þetta mál ber þess merki að Framsfl. hafi að líkum ekki glaður greitt því atkvæði að leggja þetta gjald á og því verður fróðlegt að fylgjast með hvort þeir ágætu hv. þm. ganga ekki til liðs við okkur í því að reyna að koma þessu gjaldi frá.

Herra forseti. Meginástæðan fyrir því að ég tók hér til máls var að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um tölur þótt lágar séu vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að ekki væri ætlunin að hækka það gjald sem hér um ræðir og það sé ekki fyrirhugað á næstunni. Eðlilegt er að við tökum fullt mark á þeim orðum og fögnum þeim í raun og veru svo langt sem þær ná vegna þess að með þessu er að sjálfsögðu verið að bakka örlítið frá því sem augljóslega var fyrirhugað. Eins og við vitum hefur þetta gjald ekki verið innheimt allt þetta ár en hins vegar er árið 2001 gert ráð fyrir að það verði innheimt allt árið.

En meginástæðan fyrir því að ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í tölurnar er sú, ef ég hef heyrt rétt, að hæstv. ráðherra sagði að innheimtar yrðu 15 millj. vegna veðurþjónustugjalds. Í frv. til fjárlaga segir á bls. 455, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi vegna kaupa á veðurupplýsingum frá Veðurstofu Íslands þar sem samsvarandi fjárhæð verður innheimt af flugleiðsögugjaldi. Þetta mun ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.“ — Eðlilega.

Hér er verið að tala um 5 millj. en hæstv. ráðherra talaði hins vegar um 15 millj. og nefndi einnig að á þessu ári væru innheimtar 30 millj. og það yrði áfram, en veðurþjónustugjaldið væri sem sagt 15 millj. og samtals yrðu þetta 45 millj. kr. á árinu.

Í minnisblaði sem við fengum sent til fjárln. frá samgrn. segir hins vegar orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frv. til fjárlaga fyrir 2001 er gert ráð fyrir að innheimta af flugleiðsögugjöldum aukist um 10 millj. kr. á næsta ári og innheimta af veðurþjónustugjaldi um 5 millj. kr. Því er gert ráð fyrir að leiðarflugsgjald til Flugmálastjórnar verði 45 millj. kr. á árinu 2001.“

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. ráðherra skýri fyrir okkur hvort fyrirhugað sé í raun og veru að innheimta eingöngu 30 millj. kr. fyrir þá þjónustu sem verið er að innheimta fyrir í ár og að það muni þá eingöngu, ef rétt er í fjárlagafrv., bætast við 5 millj., þannig að við séum þá í rauninni að tala um 35 millj. en ekki 45 millj. eins og nefnt hefur verið og þar með sé afturábakgírinn orðinn langlífari en búist var við í upphafi.

[15:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við spurningu hv. þm. get ég sagt frá því eins og kemur fram í fjárlagafrv. og er skýrt á bls. 288, minnir mig, að gert er ráð fyrir að flugleiðsögugjaldið fyrir árið 2001 verði 30 millj. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er það ekki innheimt á þessu ári nema hluta ársins og verður þess vegna lægri upphæð, væntanlega 20 millj. og þar af leiðandi er um 10 millj. kr. hækkun að ræða milli ára, vegna þess að það er ekki innheimt nema hluta ársins.

Hins vegar er um að ræða með sama móti breytingu á veðurþjónustugjaldinu sem nemur þessum 5 millj. þannig að þar verða innheimtar 15 millj. Samtals eru þetta 45 millj. sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að innheimta á árinu 2001. Þetta er því alveg réttur skilningur sem hv. þm. leggur í hið ágæta minnisblað sem kom frá samgrn.

[15:52]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp aftur vegna þess að hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, átti erfitt með að skilja fyrri ræðu mína og vil ég því hnykkja á í mjög fáum hnitmiðuðum setningum hvað ég meina í þessu máli.

Ég vil minni álögur. Þess vegna skrifa ég undir þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum. Þar erum við sammála, ég tel þetta mjög óheppilegt skref í ljósi staðreynda, í ljósi stöðunnar eins og hún er í dag gagnvart flugi út á landsbyggðina.

Ég styð það líka að styrkt sé flug til smærri staða og er því sammála áformum hæstv. samgrh. um að styðja flug til Siglufjarðar og væntanlega Húsavíkur, Þórshafnar og Vopnafjarðar og síðan Akureyri–Ísafjörð og Akureyri–Egilsstaði. Þetta finnst mér sjálfsagður hlutur, en álögur á flugið í heild sinni tel ég að geri hlutina enn verri en þeir eru þegar orðnir. Það er búið að lýsa því hvernig þróun verðlags hefur verið, *að það sé orðið dýrara og í sumum tilfellum miklu dýrara að* fljúga á innanlandsleiðum en fljúga frá Keflavík til útlanda.

Ég get ekki betur fundið en að þessu leyti séum við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson algjörlega sammála. Hins vegar vafðist það fyrir þingmanninum að ég sæi fyrir mér að setja ramma um þessa starfsemi. Ég tel að samkeppnin á svona litlum markaði sé ákaflega hæpin. Við höfum líka reynsluna og við erum að súpa seyðið af reynslunni. Það var fyrirséð hvernig færi. Það var fyrirséð að svo hörð samkeppni á svo litlum markaði mundi leiða til þess að bæði félögin sem kepptu færu mjög illa út úr því og þau verð sem við erum að sjá núna eru einfaldlega afleiðing af því að bæði félögin átu upp sitt eigið fé.

Að borga 16 þús. fyrir flug frá Akureyri til Reykjavíkur er algjörlega óviðunandi. Ég vil þess vegna lýsa eftir stuðningi við áform og setja inn í umræðuna nauðsyn þess að grípa til fleiri aðgerða til að styrkja innanlandsflugið. Það er algjör nauðsyn. Gripið hefur verið til aðgerða til að styrkja flugið til útlanda með ýmsum hætti og auðvitað eru neytendur í landinu öllu að njóta góðs af því og fá ferðir til útlanda fyrir smápening miðað við það sem það kostar að fljúga hér innan lands.

Við höfum mörg dæmi um að settur er rammi um opinbera þjónustu af ýmsu tagi þó svo að sú þjónusta sé rekin af einkaaðilum. Það er t.d. rammi um rekstur leigubíla. Mönnum finnst ekki heppilegt að því sé sleppt lausu og markaðurinn sé látinn ráða þannig að einn daginn séu nokkrir leigubílar í rekstri og annan daginn nokkur hundruð. Þetta er til þess að hafa stöðugleika og styrkja stöðu neytenda gagnvart þjónustunni. Það er líka fyrirkomulag í sérleyfisbílarekstri o.s.frv.

Það er nauðsynlegt að bæta aðstöðuna úti á landi hvað varðar nýjar blikur sem eru á lofti vegna samvinnunnar um Schengen. Það er okkur lífsspursmál á Akureyri og Egilsstöðum að við getum á sama tíma og í Keflavík, og því vil

ég koma sterkt inn í umræðuna, komið inn í þjónustuna á jafnréttisgrundvelli. Það er búið að vinna gríðarlega mikla heimavinnu, kosta til miklum fjármunum bæði austan lands og á Akureyri til þess að auka ferðamannaþjónustu og það er þegar í gangi reglubundið flug að sumarlagi frá landi sem er utan Schengen-svæðisins þannig að á þessi mál verður að líta.

Ég vil fara örfáum orðum um Reykjavíkurflugvöll. Ég er sammála hæstv. samgrh. að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir landið í heild er auðvitað gríðarlegt. Ég fagna því að sú staða skuli vera uppi að á honum er verið að vinna að endurbótum og staða hans er trygg a.m.k. til 2016. En við megum alls ekki gleyma því að Reykjavíkurflugvöllur er ekki bara fyrir innanlandsflug í landinu. Í gær vorum við að tala um viðbrögð við hugsanlegum eftirskjálftum eða meiri jarðskjálftum á Suðurlandi sem kæmu nær Reykjavík. Ég tel fyrir mína parta að nauðsynlegt sé að Reykjavíkurborg, sem er jú á nesi, hafi flugvöll innan sinna borgarmarka ekki síður sem öryggisatriði fyrir borgarana í borginni en sem þjónustuflugvöll fyrir flugið innan lands. Þetta er nefnilega stórt mál, borgin er byggð á nesi eins og ég segi og fyrir íbúa borgarinnar tel ég að það sé mjög mikið öryggismál hvort sem við erum að tala um jarðskjálfta, eldgos eða aðra náttúruvá að hér sé flugvöllur sem hægt yrði að nota ef til slíks kæmi, sem vonandi verður aldrei.

Virðulegi forseti. Ég vil að síðustu spyrja hæstv. samgrh. hvort það sé ekki hugsunin hjá samgrn. og hvort ekki sé áformað að við gildistöku Schengen verði búið að ganga þannig frá málum á þessum þremur flugvöllum, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, að í þeim tilfellum sem þarf að nota þá flugvelli vegna flugs erlendis frá verði hægt að nota þá alla á sama tíma. Ég hef upplýsingar um það að ekki er um verulegan kostnaðarauka að ræða, þetta hleypur á kannski 10–20 millj. kr. hvað varðar Akureyri. Ég hef ekki kostnaðartölur um hina vellina tvo. Ég spyr því: Má gera ráð fyrir að þetta geti tekið gildi samtímis þannig að Schengen-skoðun geti átt sér stað á sama hátt á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík og gildistakan verður á Keflavík?

[15:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir það fyrsta vil ég segja að það er ólíku saman að jafna um málflutning Samfylkingarinnar og hins vegar vinstri grænna þegar þeir tala um innanlandsflugið og þá sérstaklega Reykjavíkurflugvöll. Það kom fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að hann hefur skilning á mikilvægi uppbyggingar á Reykjavíkurflugvelli á meðan hv. þm. Samfylkingarinnar reyna að gera mig og málflutning minn tortyggilegan þegar ég er að leggja áherslu á að það sé ekki af hinu góða í þágu innanlandsflugsins að leggja af fyrr eða síðar flugvöllinn í Reykjavík.

Hvað varðar Schengen þá er deginum ljósara að auðvitað verðum við að skapa aðstæður til þess að þeir flugvellir sem hv. þm. nefndi geti tekið á móti millilandaflugi. Vel kann að vera að það þurfi að leggja í nokkurn kostnað. En það liggur ekki fyrir. Að sjálfsögðu mun ég fara yfir það mál og leita leiða til þess að þær kröfur sem við höfum undirgengist verði uppfylltar.

[16:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta en vil bara árétta þá skoðun mína að ég tel að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar sé mjög mikið og eins og ég sagði áðan í ræðu minni bæði fyrir innanlandsflugið og ekki síður fyrir öryggi borgaranna í Reykjavík. Það er mjög mikilvægt út frá landfræðilegri legu borgarinnar á nesi að hér séu möguleikar á að komast í burtu loftleiðis. Ég er innilega sammála hæstv. samgrh. hvað það varðar.

Að síðustu vil ég árétta að það er mjög mikilvægt, í þeim uppbyggingarfasa sem er í gangi á Egilsstöðum og á Akureyri varðandi flug frá útlöndum og vonina um að geta eflt það, að við sitjum á þessum stöðum við sama borð og flugstöðin í Keflavík. Ég heyri að hæstv. ráðherra hefur góð áform og ég mun styrkja hann í einu og öllu í því með því afli sem ég á til og félagar mínir til þess að svo megi verða.

[16:02]

Flm. (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Nú þegar komið er að lokum þessarar umræðu um þetta frv., sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt um að afnema hinn svokallaða flugmiðaskatt, vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa verið hér og tekið þátt í þeirri umræðu þannig að við höfum getað skipst á skoðunum um það sem við erum hér að deila um og ég vil líka þakka öllum hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni fyrir þeirra innlegg.

Það er náttúrlega alveg ljóst og kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að það væri óviðeigandi af mér eða okkur að vitna í samtöl sem áttu sér stað á fundi samgn. með fulltrúa ráðuneytisins. En ég þarf ekki eingöngu að vitna í þau samtöl vegna þess að á einum stað í umsögn Flugleiða og dótturfélags þess, Flugfélags Íslands, sem kom fram á fundinum 19. ágúst 1999 þar sem þessi flugmiðaskattur var kynntur í fyrsta skipti fyrir flugrekendum, kom fram, eins og segir orðrétt í þeirra greinargerð, að þetta væri aðeins fyrsta stig slíkrar innheimtu. Á það vil ég leggja þunga áherslu. Það kom fram m.a. hjá fulltrúum Flugmálastjórnar þegar þeir áttu fund með hv. fjárln. Þá kom þar fram áætlun og þar var skýrt frá þessu eins og þetta var hugsað í byrjun. Hugsunin var sú að ná í meiri peninga en þessar 30 milljónir í ár og 40 eða 50 milljónir á næsta ári.

Herra forseti. Það er mjög gott að stjórnarsinnar eru á flótta frá þessum flugmiðaskatti og það er vel. Það er vel ef þessi umræða hefur orðið til þess að hæstv. ríkisstjórn mun hætta við að seilast ofan í vasa flugfarþega og ná í meiri og hærri flugmiðaskatt eins og ætlunin var. Og ég hika ekki við að halda því fram og ætla ekki að draga það til baka að það var ætlunin, eins og kom fram, að þeir sem nota þessa þjónustu eigi að greiða hana.

Herra forseti. Það hefur komið hér fram að þegar sjálfstæðismenn leggja á nýja skatta þá er það kallað kostnaðarvitund. Og það kom fram í máli hæstv. samgrh. að með því að ná í 40–50 milljónir í skatt þá ætti kostnaðarvitund flugfarþega að aukast mikið. Ég gef nú ekki mikið fyrir þennan málflutning. Ég verð að segja það alveg eins og er. Þetta er ekkert annað en skattur. Þetta er flugmiðaskattur sem sóttur er beint til þeirra sem nota flugið.

Það er líka athyglisvert, herra forseti, að inni í þessari umræðu hér í dag hefur ekki einn einasti framsóknarmaður tekið til máls sem er þó ... (**Gripið fram í:** Þeir skammast sín.) Þeir skammast sín e.t.v. Já, það væri vel ef hv. framsóknarmenn skömmuðust sín. Þeir ættu að skammast sín fyrir þennan flugmiðaskatt sem jafnframt er landsbyggðarskattur eins og aðgerðir þeirra í byggðamálum. Það er alveg hárrétt. Það er

kannski eðlilegt að þeir fari úr húsi og láti ekki sjá sig og taki ekki þátt í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað.

Hv. þingmenn hafa ýmsum skyldum að gegna. Það er alveg hárrétt. Meðal annars veit ég að margir þeirra eru vafalaust á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. En það afsakar það ekki að þeir sem bera ábyrgð á þessum skatti, t.d. þeir sem sitja í hv. samgn., eru ekki hér viðstaddir og taka ekki þátt í umræðum.

Hér hefur líka komið fram hjá hæstv. ráðherra að hann gerði lítið úr samanburði á flugfargjöldum innan lands og utan lands í frv. Það kemur hér fram að fargjöld milli Reykjavíkur og Vopnafjarðar kosta tæpar 25 þús. kr. á dýrasta fargjaldi. Og það kemur fram að það er hægt að fara með nettilboði hjá Flugleiðum til Barcelóna fyrir 17.200 kr. Það kemur líka fram, af því að menn vilja ekki nota nettilboð, að ef menn kaupa sér ferð til Amsterdam bara á venjulegu verði þá kosti það ekki nema 27 þús. kr., herra forseti. Það kostar 27 þús. kr. Það er með öðrum orðum 2 þús. kr. dýrara að fljúga á venjulegu fargjaldi til Amsterdam en að fljúga á venjulegu fargjaldi frá Reykjavík til Vopnafjarðar.

Fullyrðingar hafa komið hér fram og við áttum orðastað, ég og hæstv. samgrh., um hvað þessi skattur leiðir af sér, hvað það er í krónum á hvern farþega o.s.frv. Við getum endalaust haldið áfram að deila um það. Það er hins vegar rétt, og það stendur upp úr, að það þarf að borga 8.200 kr. í skatt fyrir hverja einustu flugferð á Fokker Friendship vélum frá Reykjavík til Egilsstaða og aftur til baka. og það kostar 4.500 kr. að fljúga á sömu flugleið með 19 sæta flugvél. Ef við deilum þessu svo niður á farþega þá getum við alveg leikið okkur að tölum, 350–500 og 900 kr. Það er t.d. alveg ljóst að ef tíu, við skulum segja ellilífeyrisþegar, taka sér far með 19 sæta vél til Egilsstaða þá er skatturinn u.þ.b. 5% af heildartekjum flugfélagsins á þeirri flugleið ef hver ellilífeyrisþegi væri að borga í kringum 8 þús. kr. Og ef það væri nú ekki nema helmingurinn af þeim þá getum við reiknað það út.

Grundvallaratriðið er bara þetta: Flugfélag Íslands áætlar að það þurfi að borga 40–45 millj. kr. í flugmiðaskatt á næsta ári. Það stendur upp úr.

Ég get tekið undir það með hæstv. samgrh. og er sammála honum í því að það hefur átt sér stað stefnubreyting í ríkisstjórninni. Það átti sér stað stefnubreyting í ríkisstjórninni gagnvart innanlandsflugi eftir þá utandagskrárumræðu sem við áttum í vor sem kom upp í framhaldi af því að Íslandsflug hætti að fljúga innan lands á áætlunarflugleiðum. Þá er ákveðið í hæstv. ríkisstjórn að fara í útboð á ákveðnum flugleiðum til minni staða á landsbyggðinni og tengja það sjúkrafluginu. Ég er alveg hjartanlega sammála þessari leið og það er rétt sem hér hefur komið fram, að stefnubreyting varð í ríkisstjórninni og henni ber að fagna.

En það ber ekki að fagna þeirri miðstýringarárátttu sem kemur fram frá hæstv. ríkisstjórn í því að skattleggja flugrekendur, skattleggja flugfélögin og styrkja þau svo e.t.v. daginn eftir. Þetta er miðstýringarárátta sem ég hefði haldið að kæmi ekki frá fulltrúum Sjálfstfl. á Íslandi. Ég hefði haldið að Jeltsín og aðrir karlar austur í Rússlandi gætu haft uppi þessi áform og þessar aðferðir og þess vegna finnst mér miður að það skuli vera tekið hér upp.

Hæstv. samgrh. fór líka nokkrum orðum um samstöðuleysi, eins og hann sagði, okkar vinstri manna. Hann var eitthvað að gera því skóna að við jafnaðarmenn á Alþingi og félagshyggjumenn eða jafnaðarmenn og félagar okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði værum ekki sammála og e.t.v. hefur hann átt við þau orðaskipti sem urðu hér milli tveggja hv. þm. áðan út af samkeppni í flugi. Hann talar um samstöðuleysi okkar í þessum efnum. Mér varð nú bara hugsað til ályktunar sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum, þó ég ætli nú ekkert að leggja neinn dóm á þá ályktun, flokksfélaga hæstv. samgrh. í Vestmannaeyjum sem var nú ansi harðorð um það hvernig staðið var málum með Herjólf. En það ætla ég ekki að gera hér að umræðuefni. En ályktun sjálfstæðismanna varð til þess að maður fór að leggja eyru við. Það er nú ágreiningur meðal sjálfstæðismanna vegna þessa máls. Það skyldi nú ekki vera ágreiningur milli sjálfstæðismanna á hv. Alþingi um flugmiðaskattinn, þó að hann komi ekki hér fram.

Ég held að þessi skattur sé mistök. Það voru algjör mistök að leggja hann á og menn eiga hiklaust að viðurkenna þau mistök og fella þennan skatt úr gildi.

Ég vildi aðeins draga inn þessar ályktanir frá sjálfstæðismönnum í Eyjum vegna þess að það getur líka hitt menn illa fyrir þegar þeir tala um samstöðuleysi hjá stjórnarandstæðingum eða leiða líkur að því.

Herra forseti. Hér hefur líka orðið mikil umræða um samkeppnina sem var í fluginu sem upphófst 1997 þegar sérleyfin voru afnumin. Þá hófst mikið stríð og flugfargjöld lækkuðu. Að mínu mati dó sú samkeppni fyrst og fremst vegna þess að Flugfélagi Íslands, sem var ráðandi á markaðnum, leyfðist að lækka fargjöldin sín um leið og þessi samkeppni hófst og elta þar með lág flugfargjöld Íslandsflugs. Ef leikreglur væru eins á Íslandi og erlendis hefðu þeir ekki mátt lækka verðið og þetta hefði farið allt öðruvísi. Til þess að samkeppni verði á markaðnum þarf annar aðilinn sem er að hefja starfsemi að hafa möguleika á að koma sér þar fyrir. Erlendis hafa fallið þungir dómar í svona málum og heilu flugfélögin hafa farið á hausinn vegna þess að þau brugðust rangt við og voru dæmd í sektir vegna slíkra mála. Og það má alveg spyrja hvort Samkeppnisstofnun hefði ekki átt að grípa inn í þessa atburðarás á sínum tíma. Það má líka spyrja sig hvers vegna Flugfélag Íslands var ekki búið að lækka flugfargjöld löngu áður? En það var auðvitað vegna þess að þeir gátu það ekki vegna þess að hér hefur komið fram að íslenskir flugrekendur í innanlandsflugi hafa verið að tapa um einum milljarði síðustu þrjú ár.

Herra forseti. Umræðan um þetta mál hefur verið nokkuð lífleg og góð. Hér hefur komið mjög skýrt fram mikill munur á afstöðu okkar þingmanna Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarflokkanna og þeirra þingmanna sem styðja hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh., til þessa flugmiðaskatts. Við viljum að hann verði lagður niður. En mér heyrist að stjórnarsinnar vilji halda í þennan flugmiðaskatt. En ég ítreka það sem ég sagði hér áðan: Ég held að við höfum gengið til góðs götuna fram eftir veg vegna þess að mér heyrist að hv. stjórnarsinnar séu komnir, eins og ég sagði áðan, á flótta frá þessu máli, að menn komi þá a.m.k. í veg fyrir frekari hækkanir og vonandi þá frekar að þessi skattur lækki þegar fram líða stundir.

[16:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Aðeins í lok þessarar umræðu sem um margt hefur verið athyglisverð vil ég aðeins draga fram vegna þess sem hér hefur verið sagt um stefnu gagnvart innanlandsflugi þau meginatriði sem skipta innanlandsflugið miklu, bæði í lengd og í bráð.

Stefna mín hvað innanlandsflugið varðar er alveg skýr. Í fyrsta lagi legg ég mjög mikla áherslu á að byggja upp flugvelli landsins, bæði í Reykjavík og úti um land þar sem flugsamgöngur eru lykilatriði í þjónustu við íbúana. Þar á ég bæði við mannvirkjagerðina og ekki síður allan öryggisbúnað og aðflugsbúnað sem er forsenda fyrir því að flugfélögin geti með góðu móti sinnt þessari þjónustu.

Í annan stað vil ég undirstrika og leggja áherslu á að við hljótum þegar við lítum til samgöngukerfisins í heild að líta til allsherjaruppbyggingarinnar, þ.e. annars vegar uppbyggingar vegakerfisins og hafnanna, og svo hins vegar flugsins og taka auðvitað tillit til þess að þegar mikil úrbót verður í vegamálum þá megi búast við því að úr innanlandsfluginu dragi á tilteknum leiðum. Þetta eru alger grundvallaratriði í þessu öllu saman og þarf að horfa til.

Ég vil draga fram það sem ég hef vakið athygli á við þessa umræðu, þó það virðist vekja minni athygli þeirra hv. þm. sem standa að þessum frumvarpsflutningi og umræðum sem fyrst og fremst er ætlað að draga athygli frá aðalatriðum málsins, annars vegar þá staðreynd að tilteknar flugleiðir standa undir sér sem betur fer og þar er vaxandi umferð. Það er nauðsynlegt að undirstrika að á undanförnum árum hefur, hvað sem öllu öðru líður, verið vöxtur í innanlandsfluginu. Annars vegar ber að leggja áherslu á að þessar meginleiðir standa undir sér.

Hins vegar hef ég vakið athygli á því að við verðum að tryggja flugsamgöngur við dreifðari byggðir. Þess vegna hef ég staðið fyrir útboði á tilteknum flugleiðum sem ég þarf ekki að tilgreina. Það er mikilvægt skref til að tryggja samgöngur í landinu. Þetta vildi ég að kæmi hér fram ef það hefði farið fram hjá hv. þm., að það er mjög skýr og klár stefna hvað varðar flugið af hálfu samgrn. og ríkisstjórnarinnar. Á hinn bóginn verðum við að sjálfsögðu að taka tillit til þess að fólk nýtir sér vegina og þess vegna hefur farþegum fækkað á sumum flugleiðum. En í það heila hefur orðið aukning í innanlandsfluginu og það er vel.

[16:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt í upphafi máls hæstv. samgrh. að nýtt mál hefði verið tekið á dagskrá. Ég hélt, virðulegi forseti, að á dagskrá væri komin almenn áætlun um samgöngumannvirkja- og flugvallagerð. Ég spurðist fyrir um það og fékk upplýsingar um að svo væri ekki.

Ég segi eins og er, virðulegi forseti, að ég get tekið undir umbætur í samgöngum og held að þar geti ég talað fyrir munn Samfylkingarinnar í heild sinni. Við styðjum uppbyggingu mannvirkjagerðar á Íslandi að því er varðar flugsamgöngur. Við styðjum þessi mál alveg klárlega og að þær flugleiðir sem eiga undir högg að sækja verði styrktar.

Kjarni málsins er hins vegar sá að við styðjum ekki að áður en ráðist er í þessa uppbyggingu þá sé reynt að drepa flug til þessara staða með álagningu flugmiðaskatts. Um það snýst málið. Við höfum boðið upp á það í þessari umræðu, virðulegi forseti, að hjálpa hæstv. samgrh. við að leiðrétta þau mistök sem áttu sér stað. Það hefur komið fram í þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag að það eru engin ásættanleg rök fyrir málinu. Ég tel að það að breytingin mundi auka kostnaðarvitund eins og hæstv. samgrh. bar fyrir sig, sem kannski var eina tilraun hans til röksemdafærslu í málinu, gangi vitaskuld ekki upp þegar það er útfært með þeim hætti sem hér er gert.

Virðulegi forseti. Ég vil samt sem áður þakka hæstv. samgrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu. Það hefur ýmislegt skýrst í þessu en um leið vil ég bjóða honum liðsinni mitt til að koma okkur út úr þessum ógöngum sem hæstv. samgrh. kom sér í í fyrra. Samfylkingin er vissulega tilbúin til að leggja lið til þeirrar baráttu.

[16:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í umræðunni áðan að ég fagnaði öllum stuðningi. Það er sama hvaðan gott kemur ef menn ganga til stuðnings af heilum hug.

Ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að segja hér nokkur orð í lokin er hins vegar sú umræða sem hér hefur farið fram í dag um innanlandsflugið. Hv. þm. Samfylkingarinnar hafa talað eins og ekkert væri unnið að uppbyggingu innanlandsflugsins. Ég taldi nauðsynlegt að hafa þessa kennslustund hér og rifja upp stöðu mála fyrir hv. þm. Ég heyri að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tekur því afskaplega vel og við gætum sjálfsagt rætt þetta nokkuð lengi dags.

Aðalatriðið er að það er vöxtur í innanlandsfluginu og það er eðlilegt að við bætum mannvirkin og þjónustuna. Það er í fyllsta mála eðlilegt að flugfélögin, þegar þau annars vegar eru rekin með hagnaði og fá hins vegar ríkisstyrki, taki með eðlilegum hætti þátt í þeim útgjöldum sem hið opinbera verður að leggja til svo sinna megi þessum þætti samgöngumála.

[16:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. samgrh. að þessi umræða er að verða tæmd.

En það sem helst gerði það að verkum að ég fór í andsvar við hæstv. ráðherra er að uppbygging innanlandsflugs felst ekki í því að leggja á svokallaðan flugmiðaskatt. Það er engin uppbygging. Álagning þess skatts hefur ekkert með það að gera hvort sætanýting hafi batnað eða ekki í innanlandsfluginu. Og það þarf enginn að segja mér það, virðulegi forseti, þrátt fyrir allar kennslustundir hæstv. samgrh., að þessi flugmiðaskattur hafi orðið til þess að innanlandsflug sé að eflast. Það liggur alveg fyrir að frá því að áætlanir um þennan skatt voru teknar upp þá hefur annað aðalflugfélagið í áætlunarflugi innan lands nánast lagt niður starfsemi sína þar sem samkeppni var. Það er vitaskuld af og frá, þrátt fyrir góðan vilja hæstv. samgrh. til að leiða okkur í allan sannleikann um það út á hvað flugið gengur, að halda því fram að álagning flugmiðaskattsins, sem liðar í að tryggja að fólk viti hvað hlutirnir kosta þó að það sé ekki nema brotabrot af raunverulegum kostnaði, sé til þess fallin að byggja upp innanlandsflugið. Þar erum við ósammála.

Hins vegar vil ég segja og ítreka það boð mitt að við erum tilbúin að hjálpa hæstv. samgrh. í öllum góðum málum. Þess vegna leggjum við þetta mál til að hægt sé að bjarga honum úr þeim ógöngum sem hann er kominn í með þetta flugmiðaskattsmál.

[16:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst og fremst Samfylkingin sem er í ógöngum þegar hún áttar sig á því að innanlandsflugið er í vexti. Hvers vegna? Jú, vegna þess að stefna stjórnvalda er mjög skýr, annars vegar í uppbyggingu á þjónustuþættinum og svo hins vegar í að veita ríkisstyrki þar sem um óarðbærar flugleiðir er að ræða. (Gripið fram í.)

Ég man nú ekki alveg eftir því hvort það var ... (**LB:** Hvar er vöxturinn?) Vöxturinn er í innanlandsfluginu í heild. Hv. þm. getur kynnt sér það ef hann leitar eftir því í samgn. t.d. þar sem hann starfar.

Ég tók eftir því að því var fagnað af hálfu þingmanna við þessa umræðu að nú yrðu gerðar breytingar á fasteignagjöldum. Það var tekið sem dæmi um aðgerðir, nauðsynlegar aðgerðir til þess að snúa frá einhverri villu stjórnarflokkanna varðandi álagningu fasteignagjalda. (Gripið fram í.) Það er nauðsynlegt að minna á, að gefnu tilefni og vegna þess að hv. þm. fór um víðan völl í andsvari sínu, að lögin um tekjustofna sveitarfélaga — sem er allt annað mál auðvitað — eru frá árinu 1989 þegar Alþfl. fór með þau mál. Við erum að styrkja landsbyggðina þessa dagana með því að efla innanlandsflugið og lækka fasteignagjöld á íbúum landsbyggðarinnar, sem ráðherra Alþfl. stóð á sínum tíma fyrir að yrði að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 159. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 161. [16:25]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107 frá 28. des. 1999. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eiga sér þó nokkurn aðdraganda. Þegar frv. til laga um fjarskipti, sem síðan varð að lögum nr. 107/1999, var samþykkt á sínum tíma þá var inni í því frv. ákvæði þess efnis að lagt var bann við því að hljóðrita samtal. Við sem sátum þá í minni hluta samgn. gerðum athugasemdir við þessa niðurstöðu og skiluðum í tengslum við það minnihlutaáliti.

Síðan gerðist það í fyrra að meiri hluti samgn. ætlaði að keyra í gegn breytingu á þessu ákvæði með því að fella það alfarið niður. Á sama hátt og okkur fannst of langt gengið áður of langt gengið í hina áttina þegar svo var komið. Það varð að lokum til þess að hæstv. ríkisstjórn ákvað, eftir að málið hafði farið í gegnum tvær umræður, að hætta við þessa breytingu.

Því leggjum við flm. fram eftirfarandi frv. Við leggjum til í 1. gr. breytingu á 3. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti. Greinin orðast svo, með leyfi forseta:

„3. mgr. 44. gr. laganna orðast svo:

Sá aðili símtals, sem vill hljóðrita samtalið, skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan sína. Slíkt á þó ekki við um:

a. Hljóðritun í þágu lögmætra viðskiptahagsmuna, til sönnunar á inntaki samningssambands, eða ef ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt eða megi vera kunnugt um hljóðritunina, eins og t.d. vegna fréttaöflunar fjölmiðla.

b. Hljóðritun af hálfu stjórnvalds, enda sé hún eðlilegur þáttur í starfsemi þess og nauðsynleg vegna almannahagsmuna eða allsherjarreglu og ótvírætt megi ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

c. Hljóðritun sem er einstaklingi nauðsynleg til að verjast meiðandi hótunum eða áreiti, svo sem af kynferðislegum toga.“

Eins og ég sagði í upphafi voru heildarlög um fjarskipti samþykkt rétt fyrir sl. áramót. Í þeim lögum var að finna ákvæði sem kvað á um skilyrðislaust bann við upptöku samtals. Eftir frekari skoðun virðist ljóst að löggjafinn gekk of langt í lagasetningu sinni með því að setja skýlaust bann við upptöku, þegar mið er tekið af 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins, nr. 97/66/EB frá 15. desember 1997, um úrvinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta, sem er fyrirmynd 3. mgr. 44. gr. núgildandi fjarskiptalaga.

Meginreglan í tilskipun nr. 97/66, sem fjallar um persónuvernd á sviði fjarskipta, er tvímælalaust sú að óheimilt sé að hljóðrita símtal nema hinn aðili samtals samþykki upptökuna.

Tillagan sem hér er lögð fram felur í sér að meginreglan verði bann við upptöku samtala án vitundar viðmælanda, en eðlilegar undanþágur verði heimilaðar sem er sú leið sem önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu hafa farið. Í ákveðnum tilvikum er þá heimilt að taka upp samtöl. Þau sjónarmið sem liggja að baki undanþágunni eru einkum nauðsyn samfélagsins á því að halda uppi allsherjarreglu og tryggja sönnun. Þá er enn fremur hnykkt á mikilvægi hlutverks fjölmiðla við að tryggja aðhald og upplýsingaöflun og gengið út frá því að viðmælendum fjölmiðlamanna megi vera ljóst að líkur standa til þess að samtalið sé tekið upp.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að við leggjum til að þessi leið sé farin er fyrst og fremst sú að við lítum svo á að meginreglan um það að gagnaðili viti af því að samtal sé tekið upp sé virt og sé við lýði. Það er meginreglan sem ætlað er að tryggja friðhelgi einkalífs en það breytir ekki því að nauðsynlegt er að hafa á þessu undanþágur.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið skýrt á um það að ekki megi nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild nota samtal eða rannsókn á samtali en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“

Virðulegi forseti. Af þessari reglu verður vart annað ráðið en þegar veita á undantekningar frá friðhelgi einkalífs, þ.e. nota hugsanlega símtöl í rannsókn, þá verði í þeim tilvikum að vera um skýrar lagaheimildir að ræða. Því leggjum við hv. þm. fram það frv. sem hér liggur fyrir til þess í fyrsta lagi að tryggja að núverandi reglur skerði ekki möguleika manna á því sem ég talaði áðan um, þ.e. að tryggja að geta varist meiðandi hótunum, að núgildandi regla hindri ekki stjórnvöld í störfum sínum og í þriðja lagi að hún komi ekki í veg fyrir að menn geti notað samtöl til sönnunar á inntaki samningssambands.

Virðulegi forseti. Við leggjum til að það frv. sem ég hef mælt fyrir fari að lokinni umræðunni til hv. samgn.

[16:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. frv., Lúðvíks Bergvinssonar, er hér verið að gera tillögu um breytingu á lögum sem samþykkt voru í árslok 1999, breytingu á 44. gr. fjarskiptalaga.

44. gr. fjarskiptalaganna er í þremur málsliðum og er fyrsti liðurinn svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi."

2. málsliður er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum."

Þetta eru tveir fyrstu málsliðir 44. gr. fjarskiptalaganna. Þarna kemur fram að bannað er með lögum að misnota upplýsingar sem menn komast yfir í fjarskiptakerfinu, hvort sem það er af ásetningi eða af tilviljun, hafi þeir ekki til þess sérstaka heimild. Þarna er líka vísað í símtöl enda ganga verndarákvæði fjarskiptalaga, bæði austan hafs og vestan, út á að koma í veg fyrir slíka misnotkun og koma í veg fyrir símhleranir. Út á það ganga verndarákvæðin.

En ég átti einn málslið 44. gr. ólesinn og hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína."

Hv. flutningsmenn vilja gera breytingu á þessari málsgrein og vilja að það sé skilgreint skýrar og afmarkaðar í lögunum hvenær megi bregða út af þessu. Það er hugmyndin að baki því frv. sem við erum að ræða hér.

Ég vil hins vegar fara aðra leið og ég mun leggja fram frv. í þá veru í næstu viku þar sem lagt verður til að þriðji málsliður 44. gr. laganna verði felldur á brott. Hann er óþarfur og kemur ekki að nokkrum notum, ekki síst þegar menn hafa sett alls kyns varnagla og undantekningar eins og menn hafa reyndar verið að gera, ekki bara í lögum, heldur með yfirlýsingum sem hafa komið frá samgrn. í kjölfar lagasetningarinnar á sínum tíma eftir harða gagnrýni, m.a. frá Blaðamannafélagi Íslands.

Staðreyndin er sú að flestir fréttamenn notfæra sér segulbandstæki sem vinnutæki án þess að þeir ætli að nota þá upptöku til útsendinga eða nota þær gegn þeim sem þeir eru að taka viðtal við. Þetta er vinnutæki og þetta er gert í hagræðingarskyni, þetta gera flestir fréttamenn. Ég hef reynslu af því sjálfur þegar ég var fréttamaður á útvarpinu að nota slíkt tæki í hagræðingarskyni.

Ég hefði hins vegar samkvæmt þeim lögum sem ríkja nú í landinu verið að brjóta landslög ef ég hefði ekki upplýst viðmælanda minn að ég væri að taka samtal okkar upp á segulband.

Að mörgu leyti getur verið ágætt að gera það ekki. Menn setja sig í allt aðrar stellingar ef þeir óttast að það verði notað gegn þeim til hins ýtrasta en yfirleitt er þetta notað í eðlilegu hagræðingarskyni af hálfu fréttamanna. Ekkert er við það að athuga og menn þekkja það flestir sem eiga viðtöl við fréttamenn, hvort sem það er á blöðum eða ljósvakafjölmiðlunum, að mönnum er yfirleitt gerð grein fyrir því í ljósvakaviðtölum hvenær verið er að taka upp við þá samtöl til útsendingar sem er allt annar hlutur.

Ég spyr, ef menn eru að hugsa um þetta sem einhvers konar vörn fyrir einstaklinga sem eru í viðtölum við fjölmiðla, hvort þeim finnist líklegri vörnin vera sú að fá alltaf að vita hvenær verið er að taka upp samtal upp og eiga það þá á hættu, hafi slík yfirlýsing verið gefin, að allt sem þeir segja verði hugsanlega notað, hvort sem er í blaðaviðtali eða í viðtali í útvarpi. Hætt er við því að sagt yrði við þá: Ég var búinn að gefa þér upplýsingar um að þetta væri fréttaviðtal og þú sagðir þetta og ég er búinn óbeint eða beint að fá heimild þína fyrir því að nota þetta. Þú gengur til þessa viðtals vitandi að ég er að taka þig upp á segulband sem fréttamaður.

Þannig er fréttamennska sums staðar í útlöndum, vissulega. Hafi menn náð viðmælanda sínum inn á band telja menn sig geta notað það, jafnvel þótt ambögur eða mistök komi fram í máli viðmælandans, þá eru menn ekki viljugir að leiðrétta málið.

Það er verið að torvelda fréttamönnum að taka upp samtöl í vinnslu sinni og menn ætla að setja það í landslög að þetta sé bannað með öllu.

Ég er ansi hræddur um að menn séu að misskilja tilskipanir sem koma frá Brussel þar sem kveðið er á um bann við símhlerunum sem er allt annar handleggur. Nú ætla menn að setja það í landslög að allar upptökur á samtölum séu bannaðar með lögum ef viðmælandinn veit ekki að verið er að taka hann upp á band.

Mér finnst spurningin snúast um það til hvers upptökurnar eru notaðar og hvernig megi nota þær upptökur. Þá gilda allt önnur lögmál sem eru aldrei tryggð í lögum. Það er tryggt í góðum samskiptum fólks við fjölmiðlana almennt en ekki í landslögum með þessum hætti.

Síðan er það svo að með þeim lögum eins og þau eru núna í gildi væri óheimilt fyrir rannsóknarfréttamann sem hefði komist á snoðir um að hér væri fjársvikamaður frá útlandinu, við þekkjum slíka menn sem hafa samband við fyrirtæki, t.d. frá Nígeríu, það eru margir sem þaðan hafa komið sem staðið hafa í slíkum tilraunum til svikaviðskipta hér á landi, einnig frá Sviss, ég þekki dæmi þess að fréttamönnum sem vildu góma slíka aðila, er samkvæmt lögunum eins og þau eru nú í gildi óheimilt að leita til þeirra með segulbandsupptöku með það í huga að fletta ofan af þeim. Þeim er það bannað nema þeir tilkynni þeim áður að þeir ætli að taka það upp á segulband. Það er bannað. Það er bannað með lögunum eins og þau eru nú í gildi. Þetta er náttúrlega fráleitt og stríðir gegn öllum venjum sem tíðkast í fréttamennsku í lýðræðisríkjum.

Frv. sem hér liggur fyrir hins vegar gengur út á að rýmka möguleika rannsóknarfréttamanna þannig að frv. sem hér er til umræðu er vissulega spor fram á við og vissulega til mikilla bóta. Ég vil taka það mjög skýrt fram. Þetta er tilraun til þess að laga það sem fyrir er.

En ég held að einfaldasta leiðin í því efni sé einfaldlega að nema 3. mgr. 44. gr. brott úr lögunum og eins og ég sagði í upphafi mun ég leggja fram frv. í næstu viku þar sem svo er gert.

[16:43]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu um það frv. sem liggur fyrir og sýn hans og hugmyndir sem hann hefur og þá ekki síður lýsingu á þeirri reynslu sem hann er líka öðrum þræði að lýsa frá því hann var fréttamaður.

En til að skýra þetta örlítið er það skoðun flm. okkar að það eigi áfram sem hingað til að vera meginregla að ef menn ætla að hljóðrita samtal láti þeir vita af því. Það er meginreglan. Það er alveg í samræmi við eins og vitnaði til áðan þeirra ákvæða sem eru í stjórnarskránni o.s.frv., það er í samræmi við það sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu sem við erum partur af, hvort sem okkur líkar það betur eða verr og það er í samræmi við það eins og þessi mál hafa þróast annars staðar í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

En í ljósi þessarar meginreglu og í ljósi þeirrar nauðsynjar sem er á því að frá henni séu undantekningar er vitnað til þess sem hér er talið upp í a-, b- og c-lið í því skyni að þessi *meginregla sé þó ekki til þess fallin að takmarka starfsemi* sem er mjög mikilvæg í samfélaginu. Þá er í fyrsta lagi verið að tala um lögmæta viðskiptahagsmuni því það er einfaldlega orðið þannig á tímum þessara rafrænu viðskiptasamtala o.s.frv. að mjög mikilvægt er að fyrir liggi sönnun um það hvað fór fram. Það skiptir viðskiptalífið mjög miklu máli og því er lagt til að það sé undanþegið. Það er undanþegið m.a. sökum þessarar nauðsynjar og eins því að mönnum má vera kunnugt um að svo sé. Á sama hátt er lögð til undantekning fyrir fréttamenn og í fréttaöflun þeirra. Frv. er til þess fallið að hjálpa fréttamönnum í starfi sínu og hér er á engan hátt verið að gera þeim það upp að þeir séu líklegir til þess að misnota þetta. Undanþáguna er m.a. verið að veita vegna þess að fréttamenn hafa sýnt að þeim er treystandi. C-liður skýrir sig sjálfur.

[16:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. *vísaði í tilskipanir Evrópusam*bandsins og lög þar. Tilskipun 97/66 frá Evrópusambandinu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðildarríkin skulu með landslögum tryggja trúnað í samskiptum sem fara um almenn fjarskiptakerfi svo og í þjónustu sem býðst almenningi um slík fjarskiptakerfi. Einkum og sér í lagi skulu aðildarríkin banna öðrum en notendum" — öðrum en notendum — „hlerun, upptöku, geymslu eða annars konar inngrip í eða eftirlit með fjarskiptum liggi ekki fyrir samþykki notenda í hverju tilfelli, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum."

Hér er greinilega verið að vísa til hlerunar á símtölum. Hér er verið að vísa til annarra en þeirra sem þátt taka í samtalinu. Þetta er bann við hlerun en ekki við því að fréttamenn notfæri sér segulbandstæki sem vinnutæki í hagræðingarskyni.

[16:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að ég hef átt svolítið bágt með að skilja hvert hv. 13. þm. Reykv. er að fara í málflutningi sínum þó svo að hann sé mjög jákvæður í garð þessa frv. sem ég er meðflm. að. Ég held að hollt sé að hafa meðalhófið að leiðarljósi í þessari lagasetningu eins og annarri. Farsælasta lausnin er að hvorki sé um skilyrðislaust bann við upptöku að ræða né það að allt sé opið. Hér þarf að gæta meðalhófs og frv. gengur út á það að þess sé gætt og það varðar þá sérstaklega starf blaðamanna og lögmæta viðskiptahagsmuni og svo ekki síður ef fólk þarf að vernda sig gegn hvers konar áreiti.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að allir eigi að geta tekið allt upp og að ég geti tekið upp öll samtöl mín við hv. þm. Ögmund Jónasson í síma og það sé bara allt í lagi. Slíkt býður bara upp á misnotkun og ég er því fylgjandi að meginreglan sé sú að persónuverndin sé höfð að leiðarljósi og að upptökur séu ekki leyfðar en á því þurfi að gera undantekningar eins og þær sem við flm. þessa frv. nefnum.

Hvað varðar samskipti blaðamanna og viðmælenda þeirra þá hljóta þau auðvitað alltaf að byggja á trausti. Eins og flestir í þessum sal vita eru þau samskipti með ýmsum hætti og þar eru gildandi ýmsar bæði óskrifaðar og skrifaðar reglur. Það hefur hins vegar borið á því hér á landi, finnst mér, að menn þekki ekki þessar reglur, hvorki fólk sem starfar í blaðamannastétt né þeir sem eiga kannski í sem mestum viðskiptum við það fólk, þ.e. stjórnmálamennirnir. Auðvitað fer það eftir ákvörðun blaðamanns og viðmælanda hvers *konar samtal er í gangi, hvort menn eru — og nú þarf ég að* sletta á ensku, herra forseti, — í samtali on record, off the record eða hvort þeir eru að tala um bakgrunnsupplýsingar. Og þegar menn þekkja þessar reglur vita þeir alveg hvað það þýðir að fara í samtal við blaðamann.

En ég hygg hins vegar, eins og ég sagði hér í byrjun, að við þurfum að gæta meðalhófs í þessu eins og öðru og þess vegna eigi meginreglan að vera sú sem lögin kveða á um en þó með þessum undantekningum.

[16:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til að upplýsa hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur sem finnst erfitt að skilja málflutning minn. Ég er að leggja það til að í stað þess að prjóna við 3. mgr. 44. gr. laganna eins og það frv. sem hér er til umræðu byggir á þá legg ég til að þessi 3. mgr. verði felld niður vegna þess að ég tel rangt að setja það í landslög að bannað verði að *hljóðrita samtöl án þess að viðmælanda hafi verið tilkynnt* það í upphafi og ég hef fært rök fyrir því. Þetta er vinnugagn, vinnutæki fréttamanna, og óeðlilegt að setja þetta í landslög á þennan hátt.

Hv. þm. telur rétt að hafa meðalhófið í heiðri. Ég hefði haldið að það væri kannski nær lagi að hafa skynsemina að leiðarljósi.

[16:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er nú ekki miklu nær þó að handhafar skynseminnar hafi talað. Hvað er unnið með því að fella þetta úr gildi eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur til? Við erum þá bara ósammála um þetta, honum finnst það bara í góðu lagi að hér geti allir tekið allt upp og notað það eins og þeim sýnist. Ég verð að segja eins og er að ég er svolítið undrandi á þessari skoðun þingmannsins, enda hefur hann hingað til verið einn helsti talsmaður persónuverndar á hinu háa Alþingi.

[16:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég farinn að átta mig á misskilningnum hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur því að hún segir að ég vilji nema á brott bann við því að fréttamenn noti segulband í hagræðingarskyni og sem vinnutæki, það er rétt. En síðan bætir hv. þm. því við að mér finnist eðlilegt að það sé hægt að nota þetta hvernig sem menn lysti. Það sagði ég aldrei. Þar kemur sitt hvað annað til, t.d. siðareglur blaðamanna. Og ef hv. þm. á erfitt með að skilja málflutning minn eða hvað fyrir mér vakir þá hvet ég þingmanninn til að vera viðstadda þegar áður boðað frv. mitt kemur hér til umræðu og þar mun ég að sjálfsögðu leiða fram ýmis rök og benda t.d. á rökstuðning sem komið hefur frá Blaðamannafélagi

Íslands sem ég þykist tala hér nokkuð einum rómi með.

[16:53]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi tillaga fullnægir algjörlega þeim kröfum sem Blaðamannafélag Íslands hefur sett fram. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það er ekki verið að skerða athafnafrelsi blaðamanna á einn eða annan hátt með því að samþykkja þessa tillögu. Kannski liggur hundurinn þar grafinn í misskilningi okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

En ef mig misminnir ekki var hv. þm. vinstri grænna, Jón Bjarnason, meðmæltur breytingu í þessu formi hér síðla vetrar, þannig að eitthvað hefur breyst í ranni vinstri grænna. (**ÖJ:** Nei, nei, hver talar fyrir sig í þessu máli.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 91. mál. — Þskj. 91.

[16:54]

Flm. (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um heilsuvernd í framhaldsskólum. Flm. tillögunnar auk framsögumanns eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þuríður Backman og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað."

Víða um hinn vestræna heim er viðurkennd þörf fyrir að koma til móts við heilbrigðisþarfir ungmenna sem eru í framhalds-, sérskólum eða háskólum með sérstakri skipulagðri heilsugæslu í þessum skólum. Slík þjónusta er hins vegar ekki veitt hér á landi með skipulegum hætti frá hendi heilbrigðisyfirvalda þótt nokkrir framhaldsskólar bjóði upp á ákveðna þjónustu ýmist í samvinnu við heilsugæslustöð á viðkomandi svæði með sérstökum samningum við einstaka heilbrigðisstarfsmenn eða að hjúkrunarfræðingar sem starfandi eru kennarar í viðkomandi skóla hafi tekið að sér slíka þjónustu. Frumkvæði að þessari heilsuvernd hefur jafnframt ýmist komið frá skólakerfinu eða heilsugæslunni. Hins vegar hefur ekki verið mótaður sérstakur rammi um þessa þjónustu, henni hafa ekki verið sett sérstök markmið né hefur hún verið samræmd og ekki er gert sérstaklega ráð fyrir slíkri þjónustu í fjárveitingum til heilsugæslunnar eða til skólanna sjálfra.

Í 13. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er kveðið á um að allir framhaldsskólar skuli rækja heilsuvernd. Samkvæmt þessum lögum er heilsugæslustöð í nágrenni skólans falið að annast heilsuverndina undir umsjón héraðslækna í umboði heilbrigðisstjórnar. Ber héraðslækni að líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólki við heilsuvernd í skólum er gert skylt að hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

Heilsugæsla í grunnskóla er skipulögð í beinu framhaldi af heilsugæslu ungbarna. Henni sinna hjúkrunarfræðingar og læknar á heilsugæslustöð í nágrenni skólans. Þannig njóta börn og unglingar þjónustu skipulagðrar skólaheilsugæslu þar til þau ljúka grunnskólanámi árið sem þau verða 16 ára gömul.

Eins og ég nefndi hér að framan hefur heilsugæslustöð í nágrenni framhaldsskóla eða aðrir aðilar í nokkrum tilvikum annast takmarkaða heilsugæslu nemenda, og þar má m.a. nefna heilsugæsluna á Egilsstöðum. Það er mat þeirra sem hafa sinnt þessu starfi að það hafi skipt sköpum varðandi námsframvindu og líðan margra nemenda í þeim skóla. Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla bjóða hjúkrunarfræðingar sem eru kennarar í heilbrigðisfræðum nemendum reglulega viðtalstíma og eru þeir núna þrisvar í viku. Nemendur hafa nýtt sér þjónustuna og er talin vera full þörf á henni. Meginástæður fyrir komu nemenda í viðtal samkvæmt könnun hjúkrunarfræðinganna eru kvíði og þunglyndi, en einnig líkamlegir kvillar.

Mér er jafnframt kunnugt um að Menntaskólinn í Hamrahlíð vinnur að tilraunaverkefni um skólaheilsuvernd í samvinnu við heilsugæsluna í hverfinu og að sérstakur skólalæknir sinnir nemendum í Verslunarskóla Íslands. Eflaust eru fleiri dæmi til þótt þau verði ekki rakin hér.

Eitt mesta mótunarskeið í lífi hvers manns eru árin frá 16 ára til tvítugs. Ákvarðanir sem ungmenni taka geta haft mikil áhrif á lífsskeið þeirra til góðs eða ills. Það er sameiginlegt með ungu fólki hvarvetna í heiminum að það gengur í gegnum ákveðið ferli á leið sinni til vits og þroska, sálrænt, félagslega, líkamlega og tilfinningalega. Ungmenni mynda sér skoðanir um eigin heilbrigði og viðhorf til lífsins um leið og þau leita eigin sjálfsmyndar innan fjölskyldu, hóps, skóla, vinnustaðar og í þjóðfélaginu.

Á þessum aldri getur komið upp margvíslegur vandi sem varðar heilbrigði og þroska þar sem faglegrar aðstoðar er þörf. Á þessum árum byrjar fólk að stunda kynlíf og felur það í sér hættu á ótímabærum þungunum, kynsjúkdómum og öðrum alvarlegum smitsjúkdómum, svo sem HIV-smiti. Unglingar stunda áhættuhegðun í meira mæli en fólk á öðrum aldursskeiðum, sem kemur m.a. fram í virðingarleysi fyrir ýmsum reglum samfélagsins. Til dæmis má rekja fjölda umferðarslysa þar sem ungmenni eiga í hlut til áhættuhegðunar þótt reynsluleysi megi þar einnig kenna um. Ungt fólk tekur einnig þá áhættu að prófa að neyta tóbaks, áfengis og eiturlyfja sem því er vel kunnugt um að felur í sér hættu á heilsuskaða. Þá eiga ungmenni á hættu að koma sér upp átröskun, svo sem lotugræðgi og lystarstoli. Vel þekkt er einnig að svörun ungmenna við álagi getur verið öfgakennd sem lýsir sér m.a. í hárri tíðni þunglyndis og kvíða. Einnig má benda á að sjálfsvíg eru alvarlegt vandamál hér á landi, sérstaklega hjá ungum karlmönnum. Hvernig heilbrigðisþörfum ungmenna er sinnt getur markað framtíð þeirra alla og vellíðan.

Heilsufar ungmenna fær gjarnan litla athygli þar sem almennt viðhorf er að ungt fólk sé heilbrigt og þurfi ekki sérstaka heilbrigðisþjónustu. Á hinn bóginn má fullyrða að með því að sinna heilbrigðis- og þroskaþörfum ungs fólks sé verið að fjárfesta til framtíðar og kemur sú fjárfesting til með að skila arði til lengri tíma.

Af þeim ástæðum sem að framan eru greindar er þessi þáltill. lögð fram.

Samkvæmt íbúaskrá Hagstofu Íslands frá 1. desember 1999 voru Íslendingar á aldrinum 16–20 ára rúmlega 22 þúsund talsins. Samkvæmt upplýsingum sömu stofnunar

voru tæplega 20 þúsund nemendur skráðir í nám á framhaldsskólastigi haustið 1999. Því má fullyrða að stór hluti íslenskra ungmenna stundi nám í framhaldsskólum landsins. Hins vegar er það áhyggjuefni hve brottfall nemenda á þessu námsstigi er hátt en nýleg rannsókn bendir til þess að brottfallið sé þriðjungur, þ.e. 33%. Einn af hverjum þremur krökkum hverfur sem sagt frá námi af ýmsum ástæðum. Mörgum sem hætta námi líður illa og standa þeir oft frammi fyrir ýmsum erfiðleikum. Það er talið að stuðningur foreldra og stuðningur við nemendur innan veggja skóla skipti mestu um hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla. Þá er það sérstakt íhugunarefni að brottfall tvítyngdra unglinga sem notið hafa aðstoðar nýbúafræðslu er á bilinu 90–100% og þarf að taka sérstaklega á því.

Ungt fólk nýtir sér síður heilbrigðisþjónustu en fólk í öðrum aldurshópum. Í rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 komust Rúnar Vilhjálmsson o.fl. að þeirri niðurstöðu að verulegur munur væri á aðgengi einstakra hópa að heilbrigðisþjónustu hér á landi. Samkvæmt erlendum stöðlum um áætlaða þjónustuþörf er íslensk læknisþjónusta vannýtt, sérstaklega af yngstu aldurshópunum. Í umfjöllun um niðurstöðu rannsóknarinnar kemur fram að miklu hærra hlutfall nemenda er í þessum hópi en öðrum aldurshópum, bæði framhaldsskólanemendum og háskólanemendum, en hins vegar er ekki boðið upp á hjúkrunarþjónustu eða aðra heilsugæslu fyrir þennan hóp í skólum.

Það hafa verið nefndar nokkrar ástæður fyrir því að ungt fólk nýtir sér ekki skipulagða þjónustu heilbrigðisstofnana. Þar má m.a. nefna að ungt fólk áttar sig ekki á eigin þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Það veit ekki hvaða aðstoð heilbrigðisþjónustan veitir eða hvaða gagn hún gerir. Það veit ekki hvernig maður nýtir sér heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan er oft opin á óhagkvæmum tímum sem hentar ekki þessum unglingum. Ungt fólk er oft hrætt við að ræða trúnaðarupplýsingar við heilbrigðisstarfsmenn og það jafnvel óttast fordæmingu eða refsingu fyrir tiltekna hegðun sem hefur leitt til heilbrigðisvandamáls. Kostnaður fyrir heilbrigðisþjónustu er oft ástæðan og síðan er það staðreynd að ungt fólk er oft tregt til að ræða ákveðna hluti, t.d. tengda kynlífi og kynheilbrigði.

Nýlegar íslenskar rannsóknir sem fjalla um kynheilbrigði ungs fólks benda til að ungmenni óska eftir að heilbrigðisþjónusta standi þeim til boða utan hefðbundinna heilbrigðisstofnana. Ljóst virðist því að ungt fólk vill geta leitað til fagfólks um heilbrigði og þroskaviðfangsefni á skólatíma og á svæði sem er kunnuglegt og þeim vinsamlegt.

Í fyrrgreindri rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar o.fl. um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„... að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmennin sé í gegnum skólana. Hér hefur Ísland þá sérstöðu í samanburði við mörg nágrannalönd, að ekki er boðið upp á nemendaheilsugæslu á framhaldsskóla- eða háskólastigi ...“

Jafnframt segir:

„Eðlilegt er að hérlendis fari fram skipuleg athugun á því hvort og með hvaða hætti reglubundin heilsugæsla í framhaldsskólum og háskólum landsins geti verið fýsilegur kostur.“

Ýmsar rannsóknir hér á landi gefa vísbendingar um heilbrigði íslenskra ungmenna og þætti sem geta haft áhrif á heilsu og möguleika þeirra til aukins þroska. Í greinargerð með frv. eru teknar saman upplýsingar og gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum sem gerðar hafa verið á síðustu árum um atriði er snerta heilbrigði ungmenna. Í þessu sambandi vil ég jafnframt benda á að nú standa yfir yfirgripsmiklar rannsóknir á högum og líðan íslenskra ungmenna. Kannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla um árabil sem gefur möguleika á að fylgjast með þróun þessara mála og meta sérstaklega árangur tiltekinna aðgerða sem eiga að leiða ungmenni til heilbrigðs lífernis.

Nýverið voru t.d. kynntar niðurstöður um neyslu ungmenna á áfengi og fíkniefnum og reykingavenjum þeirra. Þær hafa vakið athygli því að þær benda til þess að heldur hafi dregið úr neyslu þessara efna í grunnskólum, sem aftur vekur vonir um framhaldið þegar þeir árgangar verða athugaðir þegar þeir koma upp í framhaldsskóla.

Ég vil hér nota nokkrar mínútur til þess að tæpa á nokkrum þáttum í heilbrigði ungmenna sem fjallað er um í greinargerðinni. Varðandi næringu þá bendir margt til að hún sé ófullnægjandi. Margt bendir til þess að unglingar neyti allt of mikils sykurs og einnig eru ákveðnar vísbendingar um að þeir telji sig vera of feita.

Ótímabærar þunganir unglingsstúlkna er annað atriði sem er vert að fjalla um sem skólarnir geta tekið verulega á. Það er staðreynd að tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi er allt of há. Tíðnitölur segja til um það að fimmta hver stúlka í árgangi verður ófrísk áður en hún verður tvítug. Þar af hefur helmingur þeirra látið eyða fóstri. Þetta er óhuggulegt staðreynd. Tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi er tvisvar til þrisvar sinnum meiri hér á landi en á Norðurlöndum og tíðni fóstureyðinga er mun meiri en á öðrum Vesturlöndum og hefur þeim fjölgað hér á landi á síðustu árum, sérstaklega hjá ungum stúlkum. Það þarf sérstaklega að taka á þessu vandamáli með sérstöku átaki heilbrigðis- og skólakerfisins og nýverið var tekin ákvörðun í ríkisstjórn um sérstakar aðgerðir til þess að sporna við þessu ástandi með það að markmiði að fækka ótímabærum þungunum um 50% á næstu tíu árum. Aðgerðirnar lúta að ýmsu, t.d. aukinni fræðslu og ráðgjöf, sem og lækkun verðs á getnaðarvörnum og heilbrigðisþjónustu. Þá er m.a. lagt til að bæta aðgengi að neyðargetnaðarvörn og þar er sérstaklega gert ráð fyrir hlutverki skólahjúkrunarfræðings. En þar sem skólahjúkrunarfræðingur er ekki til staðar í framhaldsskólanum þá er náttúrlega tómt mál að tala um að auka hlutverk þeirra í þessu.

Slys eru algengasta dánarorsök og helsta orsök örorku ungmenna. Það er alveg ljóst að fræðsla um slysavarnir ætti að vera hluti af skólaheilsugæslu ekki síst með hliðsjón af því að ungmenni hljóta ökuréttindi einmitt á þeim tíma sem þau eru í framhaldsskóla, en umferðarslys eru ein alvarlegasta ástæða slysa og örorku hjá ungmennum.

Reykingar hafa verið til umfjöllunar undanfarið og munu verða það innan tíðar aftur. En ýmislegt bendir til þess að nú sé að sjá árangur af áróðri gegn reykingum ungmenna og fer þeim núna fækkandi, a.m.k. tímabundið, sem reykja. Skólarnir geta haft verulega áhrif þar á bæði með fræðslu og með þeim reglum sem settar eru og með því að hugsa um hvernig hægt er að skapa heilsuhvetjandi umhverfi í skólunum.

Um önnur atriði sem varða áfengi og önnur vímuefni, geðheilsu, sjálfsvíg og annað vil ég vísa til greinargerðarinnar. Það er full ástæða til þess að ræða hvert og eitt þeirra sérstaklega á hinu háa Alþingi en ég taldi ástæðu til þess við undirbúning þessarar þáltill. að fara í gegnum ýmis gögn til

þess að hægt sé að átta sig á hver staðan er og það kemur sem sagt fram í greinargerðinni.

Rannsóknir hafa sýnt að skipulag og aðgerðir samfélagsins hafa áhrif á tíðni þunglyndis, sjálfsvígshugleiðinga, eineltis, hollustu mataræðis, slysatíðni, notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, þátttöku í íþróttum og öðru samfélagslegu starfi, svo fátt eitt sé nefnt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hvatt ríki heims til að leggja áherslu á að skólastarf verði skipulagt með hliðsjón af hvatningu til heilsueflandi hegðunar eða það sem kallað er Health promoting schools. Heilsugæsla nemenda er mikilvægur þáttur þess.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal veita heilsuvernd í framhaldsskólum. Skipulögð heilsugæsla er hins vegar ekki í framhaldsskólum hér á landi og leiðbeiningar um slíkt fyrirfinnast ekki. Hins vegar hafa verið gerðar tilraunir með heilsugæslu í framhaldsskólum, ýmist að frumkvæði heilsugæslunnar á viðkomandi svæði eða skólastjórnenda, og hefur það gefist vel. Ungmenni glíma við ýmsan heilsufarsvanda og þurfa stuðning fagfólks í heilbrigðisþjónustu til að leysa hann. Margt bendir til þess að æskilegt sé að nálgast ungt fólk á þeirra vettvangi, þ.e. í framhaldsskólum. Því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég til að þáltill. verði send til hv. heilbr.- og trn. að lokinni umræðu.

[17:09]

Útbýting þingskjala:

Fíkniefnanotkun í fangelsum, 204. mál, fsp. GÁS, þskj. 214.

Flugfloti og varðskip Landhelgisgæslunnar, 206. mál, fsp. GHall, þskj. 216.

Orkukostnaður, 202. mál, fsp. EKG, þskj. 212.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar, 205. mál, fsp. GHall, þskj. 215.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 199. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 209.

Vegasamband á Breiðamerkursandi, 203. mál, fsp. ÞBack, þskj. 213.

[17:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum borin fram af Ástu Möller og fleiri þingmönnum og hefur þegar verið kynnt hérna. Þessi tillaga fjallar um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað.

Ég vil byrja á því að þakka þessa tillögu. Hún er mjög þörf og fólk hefði mátt taka fyrr við sér í þessum málum því að þörfin er mikil.

Við sem höfum starfað að skólamálum þekkjum það, og ég tala nú ekki um að flest höfum við líka verið foreldrar, að árin frá 16 ára til tvítugs eru kannski viðkvæmasti tíminn í mótunarskeiði ungs fólks. Það er einmitt á þessum árum sem ýmislegt dynur yfir sem oft er óafturkallanlegt og verður til að hafa úrslitaáhrif á það hvernig lífi fólks vindur fram.

Á þessum árum t.d. byrjar fólk að stunda kynlíf og það stundar oft ekki kannski nákvæmlega það kynlíf sem er fyrirskrifað af foreldrum og umsjónarmönnum og er stundum ekki mjög ráðþægið, en það gerir það samt. Það getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Það er líka á þessum aldri sem ungt fólk byrjar að neyta áfengis og tóbaks og á það hefur verið bent að það sé á þessum aldri sem algengast er að fólk þjáist af átröskun, þ.e. ýmist lotugræðgi eða þá að það sveltir sig. Svo er náttúrlega þetta vandamál sem hefur yfir okkur dunið í auknum mæli á undanförnum árum svo að sumir vilja jafna við faraldur og það eru sjálfsvíg ungs fólks sem eru mikið vandamál hér á landi og við því miður eigum ekki skýr svör við.

Eins og fram kemur í þessari tillögu viljum við gjarnan líta svo á að ungt fólk á þessum aldri sé heilbrigt og því ekki sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af heilsufari þess. En annað hefur komið á daginn. Fyrir þessu öllu saman er mjög vel gerð grein í tillögunni. Vandinn er mikill vegna þess hvernig þessum málum er fyrir komið hér í lögum, þ.e. heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um þetta á einhvern hátt. Samt er það ekki skýrt þannig að fæstar hafa þær getað sinnt svo nokkru nemi skipulagðri heilsugæslu innan skólanna þó að um það séu vissulega dæmi. Það hefur verið betra skipulag á þessum málum innan grunnskólanna og að mínum dómi var það þó enn þá betra áður fyrr þegar við vorum með sérstakar skólahjúkrunarkonur í skólunum og sérstaka skólalækna sem stunduðu skipulagðar rannsóknir eftir ákveðnu kerfi. En samt er það enn svo að mun betra form er á þessu hjá grunnskólabörnum.

Það hefur verið tiltekið hérna að heilsugæslan á Egilsstöðum hafi sinnt þessu sérstaklega og að það hafi skipt sköpum varðandi námsframvindu barna sem áttu í erfiðleikum hvernig heilsugæslan hafi gripið inn í og mér þykir þetta mjög trúlegt. Einnig hefur verið á það bent að hjúkrunarfræðingar við Ármúlaskóla hafi haft reglulega viðtalstíma sem hafa verið mikið nýttir. Auðvitað þurfum við ekki eingöngu að hafa áhyggjur af ungmennum í framhaldsskólum vegna þess að stór hlutinn, og kannski sá sem er í mestri hættu, fer ekki í framhaldsskóla eða fellur þar fljótlega brott. Samt sem áður stundar stærstur hluti þessa aldurshóps nám í framhaldsskólum.

Það kom í ljós í Ármúlaskólanum að nemendur sem komu í viðtöl til hjúkrunarkvenna komu flestir vegna kvíða og þunglyndis sem hefur farið mjög vaxandi að mínum dómi meðal ungmenna og kannski allra á undanförnum árum. Ástæða er til að ætla að stór hluti þeirra 33% sem hér er bent á að falli úr framhaldsskóla, ég held að það sé kannski aðeins meira samkvæmt þeim tölum sem ég hef alla vega skoðað, falli brott úr námi vegna kvíða og þunglyndis. Oft hefur verið talað um að það væri þá ágætt að þetta fólk færi bara að vinna. Sumir hafa orðað það þannig að best væri að það færi bara í fisk en ég held að það í sjálfu sér hafi ekki bætandi áhrif á líðan þessa hóps og verði t.d. oft til þess að þegar það án þess að nokkuð sé að gert fer að vinna og hefur peninga þá verði það til þess að neysla á áfengi og tóbaki frekar aukist heldur en hitt.

Ég held að það skipti mjög miklu máli að koma upp heilsugæslu innan skólans þannig að þar sé sérstök miðstöð sem unglingar geti komið til viðtals. Ég held að það skipti ekki síst máli hvað snertir ráðleggingar varðandi kynlíf, bæði fyrirbyggjandi ráðleggingar og eins ráðleggingar til þeirra sem eru búnir að koma sér í eitthvert klandur.

Ég vona að þessi góða þáltill., sem er mjög vel úr garði gerð og ég vil hrósa greinargerðinni alveg sérstaklega, fái góða þinglega meðferð og verði samþykkt.

[17:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sleppti honum og lýsa einnig yfir eindregnum stuðningi við þessa þáltill. og vona að hún fái

skjóta meðferð og umfjöllun í þinginu og verði samþykkt hið allra fyrsta. Eins og komið hefur fram er hér kveðið á um að efla heilsuvernd í framhaldsskólum, heilsuvernd fyrir ungt fólk og þar er vísað til forvarnastarfs, meðferðar og stuðnings af ýmsu tagi. Komið hefur fram við umræðuna að þar sem boðið hefur verið upp á slíkan stuðning, t.d. í Ármúlaskólanum í Reykjavík, hefur eftirspurnin verið mikil og það vekur athygli eins og kemur fram í grg. að unglingarnir leita eftir aðstoð vegna kvíða og þunglyndis en einnig líkamlegra kvilla.

Ég vil hrósa flm. fyrir mjög vandaða grg. sem fylgir þáltill., hún er fróðleg og vönduð í senn. Ég spyr sjálfan mig þeirrar spurningar hvort tillagan ætti eða hefði átt að vísa einnig í grunnskólastigið. Að sönnu er það svo að þar er eftirlit með heilsufari barna og unglinga í mun fastari skorðum en á framhaldsskólastiginu en spurning þó hvort hægt sé að bæta það enn frá því sem nú er, sérstaklega hvað varðar alla aðstöðu í skólunum.

Þar er það tvennt sem mig langar til að gera að umræðuefni. Í fyrsta lagi er það kerfi sem við búum við í sambandi við tannlækningar og eftirlit með tannheilsu í eins konar millibilsástandi. Menn hafa rætt það, ekki síst á Reykjavíkursvæðinu þar sem aðstaða er í mörgum skólum til slíks eftirlits, hvernig beri að nýta en þegar ég vakti máls á þessu á síðasta þingi kom fram að verst væri ástandið hjá tiltölulega fámennum hópi barna og unglinga. Kunnáttumenn í þessum efnum töldu brýnast verkefni að finna þennan hóp barna og unglinga sem væri með slæmar tennur og fengi ekki nauðsynlega aðhlynningu. Ég hef verið talsmaður þess að aðstaðan í skólunum væri nýtt til þessa.

Í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram um eftirlit með tannheilsunni kom fram að aðstaða er mjög mismunandi eftir því hvar er á landinu. Hún hefur verið betri á þéttbýlissvæðinu en hún hefur verið annars staðar. Að vísu kom fram að ágæt aðstaða er víða á landinu. Utan Reykjavíkur er aðstaða til tannlækninga á 48 stöðum þar sem sjálfstætt starfandi tannlæknar vinna m.a. við tannlæknaþjónustu grunnskólabarna. Ég ætla ekki að vísa nánar í svarið sem ég fékk á þeim tíma en vil aðeins vekja athygli á þessu atriði.

Hitt atriðið sem ég vil nefna og tengist reyndar hinu fyrra er sú staðreynd að í skýrslu sem landlæknisembættið gekkst fyrir fyrir nokkrum árum, á fyrri hluta 10. áratugarins, kom fram að þess væri farið að gæta að efnalítið fólk leitaði ekki læknis vegna kostnaðar, það kostaði of mikið. Sérstaklega var þetta reyndar í tannlækningunum en þetta ætti einnig við um önnur svið.

Þetta nefni ég til að árétta mikilvægi þess að efla forvarnastarf og eftirlit í skólum, að finna þá einstaklinga sem ekki fá nægilega þjónustu eða nauðsynlegar lækningar, aðstoð eða aðhlynningu og ég held að ef vel er að þessu starfi staðið í skólakerfinu, þá sé það vel. Ég tel tvímælalaust að hér sé verið að undirbúa nauðsynlegar umbætur, að við stígum skref fram á við og styð því þessa tillögu.

[17:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Ástu Möller, fyrir góða yfirferð og kynningu á þáltill. um heilsuvernd í framhaldsskólum. Hún gerði það mjög ítarlega svo að ég mun ekki halda hérna langa ræðu en taka undir það sem hún sagði.

Það er löngu tímabært að huga að aukinni heilsuvernd í framhaldsskólunum því eins og málin standa í dag og hafa gert um nokkurt skeið hefur þessi þáttur heilsuverndar fallið á milli stafs og hurðar ef svo má segja. Ábyrgðin á að vera hjá viðkomandi heilsugæslustöð, eða heilsugæslustöð sem er næst framhaldsskóla, og skólanum en hvorug stofnunin hefur fjármagn eða mannafla til þess að sinna þessari heilsuvernd eins og þyrfti. Og á mjög mörgum stöðum er hún alls ekki til staðar.

Þar sem samkomulag hefur náðst og áhugi er til staðar að koma heilsuvernd inn í framhaldsskólana, þá hefur það sýnt sig að það er mikil þörf og sú heilsuvernd sem staðið hefur til boða, þó ekki hafi verið annað en viðtöl, viðvera, hefur virkilega skilað sér til nemendanna, er vel metin og kemur að góðu gagni. Þetta á við um svo marga þætti því að á unglingsárunum er margt að gerast, mótunarskeiðið er hratt, áhrifin frá félögum og utanaðkomandi og þjóðfélaginu öllu er mikið. Áreitið er því mikið og margir unglingar eiga erfitt með að fóta sig. Margir eru líka fjarri heimilum, í heimavistarskólum eða framhaldsskólum fjarri heimabyggð og án þess að hafa stuðning foreldranna dags daglega og þeir þurfa þar af leiðandi enn þá frekari stuðning í skólunum heldur en ella.

En þetta á ekki bara við þá nemendur sem eru í heimavistarskóla, auðvitað á þetta við alla nemendur því unglingar vita ekki alveg hvert þeir eiga að leita með vandamál sín, vita það jafnvel ekki sjálfir eða átta sig ekki á því að eitthvað sé að sem hægt er að laga eða bæta heilsu þeirra, bæði andlega og líkamlega. Þeir eru jafnvel fullir af minnimáttarkennd, það getur verið geðdeyfð, það getur verið eitthvað sem þeir telja að ekkert sé hægt að gera við eða vita ekki hvert þeir eiga að leita með vandamál sín. Það að geta boðið upp á viðtalstíma, viðveru og geta haft einhvern sem er sérmenntaður til að veita beint ráðgjöf og þjónustu og sem veit hvert á að vísa annað ef vandamálið er þess eðlis, er unglingnum mikill styrkur og það hefur sýnt sig að það er miklu auðveldara fyrir börn og unglinga að leita til sérfræðinga sem eru innan skólans og í því umhverfi sem þeir treysta en aðstoðar á heilbrigðisstofnunum. Aðgengi er sem sé mikilvægt.

Það er svo margt sem hægt er að hjálpa með eins og hér hefur komið fram. Hægt er að leiðbeina t.d. um næringu, bæði hvað varðar ofát og lystarstol og ýmsa kvilla sem koma af rangri næringu og spennu. Og það sem er enn þá mikill styrkur fyrir allar ungar stúlkur er að hafa einhvern nálægan til þess að ráðleggja sér varðandi getnaðarvarnir og eins ef ótímabær þungun hefur átt sér stað, hvað þær geti þá gert. Það er ekki alltaf sem þær treysta sér til að fara strax á heilsugæslustöð eða tala við foreldrana og ef þær vilja láta eyða fóstrinu, hvert þær eigi að snúa sér. En áður en til þungunar kemur er það allra besta að hafa einhvern sem bæði fræðir og kennir innan skólans öllum á framhaldsskólastiginu hispurslaust um notkun getnaðarvarna þannig að til ótímabærrar þungunar komi ekki. Það hefur sýnt sig að fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir er ábótavant í skólakerfinu allt frá grunnskólanum og upp úr. Það er ekki nóg að vita hvernig smokkurinn lítur út eða hvernig á að taka pilluna, heldur þarf að fá betri fræðslu með auknum þroska og hafa síðan einhvern til að ráðfæra sig við þegar kemur að því að þurfa að nota getnaðarvarnir.

Hið sama gildir um neyðargetnaðarvörnina. Hún þarf að vera aðgengileg, ekki bara að hægt sé að fara út í apótek og kaupa hana, heldur þarf fólk að hafa einhvern til að ráðfæra sig við og fá leiðbeiningar um hvort þörf sé á að taka þessa töflu eða ekki.

Hér var búið að nefna slysin, sem eru mjög algeng á þessum aldri, ofbeldi og svo reykingar.

Það þarf stöðugt að fræða um skaðsemi reykinga en þegar komið er upp í framhaldsskólana þarf ekki síður að hafa þar sérmenntað fólk sem getur leiðbeint, bæði með námskeiðum og eins með einstaklingsfræðslu, þeim sem þegar eru byrjaðir að reykja við að hætta að reykja og styðja þá í reykbindindi. Það væri mjög æskilegt ef það væri hægt að koma því inn í framhaldsskólana. Þetta gildir einnig um áfengi og vímuefni.

Geðheilsa unglinga er sveiflukennd. Þeir eru oft þunglyndir og eiga við dulin vandamál að stríða sem mjög mikilvægt er að grípa inn í, vandamál sem þeir sjálfir gera sér ekki grein fyrir.

Ég tek undir með hv. 13. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, að það væri æskilegt ef hægt væri að yfirfæra þessa tillögu á grunnskólana, þann hluta sem snýr að meiri viðveru, viðtölum og aðgengi að heilbrigðisstarfsmönnum.

[17:32]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um afskaplega brýnt og mikið mál. Ég þakka 1. flm., hv. þm. Ástu Möller, fyrir vandaðan málflutning í þessu mikilvæga máli.

Ég minnist þess, herra forseti, að í tíð minni sem skólameistari þá komu vitanlega upp mörg mál í stórum skóla, framhaldsskóla með á milli sjö og átta hundruð nemendum. Eins og nærri má geta þá komu upp hin ólíklegustu vandamál hjá ungu fólki sem er á mjög viðkvæmu skeiði, er að ganga inn í fullorðinsárin ef svo má að orði kveða. Þar voru margir að stíga sín fyrstu skref inn í nýjan heim. Á þessum aldri er algengt að unglingar kynnist áfengi, fíkniefnum, kynlífi og þannig má áfram telja. Auk þess er líkamsvöxtur, tilfinningaþroski og annað í mjög miklu uppnámi ef svo má segja.

Þess vegna má líka segja að það skjóti afskaplega skökku við að skipulag heilbrigðismála okkar undanfarna áratugi skuli ekki hafa náð með markvissum hætti inn í framhaldsskólana. Við verðum að líta til þess að til allar hamingju hefur það aukist verulega á síðustu áratugum að ungmenni hafa haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Um eða yfir 90% ungmenna í dag hefja a.m.k. nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla og á þessu mikilvæga og viðkvæma mótunarskeiði í lífi einstaklingsins, hlýtur þess vegna að vera eðlilegt og brýnt að halda uppi markvissri heilsuvernd í framhaldsskólum.

Í tíð minni sem skólameistari reyndi ég að leita eftir samstarfi um þetta, ritaði læknum skólahverfisins, heilsugæslulæknum, héraðslæknum, landlækni og til heilbrigðisyfirvalda, en það var eins og að vaða um í þoku og blindni því hver benti á annan. Að sumu leyti var þetta spurningin um hver ætti að fjármagna markvissa heilsuvernd í framhaldsskólum en niðurstaðan var augljós. Þarna var algjört skipulagsleysi og skortur á stefnumörkun. Ég fagna því þessari þáltill. enda einn af meðflutningsmönnum hennar og hlýt þess vegna að styðja hana heilshugar. Ég tel að hér sé um mjög þarft verk að ræða.

Í umræðunni hafa verið rakin mjög nákvæmlega og vel rök fyrir því hvers vegna þáltill. eða stefnumörkun fyrir heilsuvernd í framhaldsskólum er mikilvæg. Ég vil aðeins leyfa mér að bæta einum þætti við þá umræðu um leið og ég tek undir allt sem hér hefur verið sagt. Við þurfum að hafa það í huga að í framhaldsskólum eru ólíkar námsbrautir. Þó að starfsmenntabrautir mættu vissulega vera fleiri þá eru þær nú samt töluvert margar í framhaldsskólum. Þar eru margir nemendur að læra fyrir framtíðarstarf sitt. Þar á ég sérstaklega við svokallað verknám eða starfsþjálfun, þar sem nemendur kynnast því að handleika ýmis verkfæri og tileinka sér vinnustöðu við þau tæki og tól sem nemendurnir eiga síðan eftir að vinna með, jafnvel ævilangt.

Þetta gildir ekki bara um hinar hefðbundnu gömlu iðngreinabrautir, tréiðnaðarbraut, málmiðnaðarbraut, vélstjórnarbraut. Ekki síður á það við um tölvunám sem er að verða mjög ríkur þáttur í námi og daglegu lífi allra. Þess vegna hef ég — reyndi það á sínum tíma í starfi mínu sem skólameistari, án árangurs þó — viðrað þá hugmynd að við hvern framhaldsskóla ætti í raun að vera sjúkraþjálfari, hjúkrunarfræðingur eða einhver með sérmenntun, til að kenna fólki réttar vinnustellingar.

Við erum ekki bara að ræða um forvarnir gegn fíkniefnum, reykingum og öðru slíku. Við erum ekki bara að ræða um það að nemendur læri af bókinni eða læri að kveikja og slökkva á tækjum, heldur er jafnmikilvægt og ekki síður mikilvægt, að nemendur læri réttar vinnustellingar.

Ég er sannfærður um að þó að einhver kostnaður hljótist af því að ráða, þó ekki væri nema hálft stöðugildi við venjulegan framhaldsskóla, sjúkraþjálfa eða einhvern slíkan gagngert til að sinna þessum þætti þá væri það langtímasparnaður fyrir þjóðfélagið. Þó ekki væri nema einum einstaklingi forðað frá hryggskekkju eða slæmri vöðvabólgu með viðeigandi afleiðingum þá mundi kostnaðurinn skila sér til þjóðfélagsins til lengri tíma litið, fyrir utan það að komist yrði hjá hinum mannlega harmleik.

Ég ætla ekki, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta. Ég fagna þessari þáltill. og ítreka þakklæti mitt til hv. þm. Ástu Möller fyrir hennar frumkvæði og framlag. Ég og vonast til að þessi þáltill. fái farsæla afgreiðslu hér í meðförum þingsins en ég vildi aðeins bæta þessum lokaþætti við, um líkamsbeitingu í forvörnum og heilsuvernd framhaldsskóla.

[17:39]

Flm. (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið á hinu háa Alþingi. Það sem skiptir mestu í þessu sambandi er að í framhaldi af samþykkt þessarar þáltill., sem ég vona að af verði og hún hljóti skjóta afgreiðslu, þá verði þjónustan skilgreind, sett markmið um hana og tekin ákvörðun um fjármagnið sem standa á undir þessari þjónustu.

Reynslan hefur sýnt að það er hægt að ná góðum árangri með krökkum þegar umhyggja og stuðningur skóla er fyrir hendi, hvort sem krakkarnir eiga við sjúkdóma að stríða og þurfa stuðning þess vegna eða eru heilbrigð og þurfa stuðning vegna þroskaverkefna sem þau standa frammi fyrir. Við vitum að krakkar eru mismunandi undir það búin að fara í framhaldsskóla og takast á við þroskaverkefni sín.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að mikilvægt sé að það sé sérstök miðstöð innan skóla sem sinni heilsufarsvandamálum krakka. Krakkar eiga ekki að þurfa að setja sig í stellingar til að leita sér aðstoðar. Þeir eiga að geta gengið inn um einar dyr til heilbrigðisstarfsmanns sem þeir geta fengið stuðning hjá, hvort sem vandinn varðar kynlíf og barneignir, hvort sem vandinn er sértækur, t.d. að ungar stúlkur þurfi að ná í neyðargetnaðarvörn vegna

ógætilegrar hegðunar tveimur dögum fyrr, eða til að leita stuðnings vegna hugsanlegs þunglyndis eða kvíða.

Það vakti t.d. athygli mína þegar ég skoðaði úttekt skólahjúkrunarfræðinga í Fjölbrautaskólanum í Ármúla að helsta ástæða fyrir því að krakkar leita til skólahjúkrunarfræðinga í viðtal er vegna kvíða og þunglyndis. Þetta snertir líka hið háa brottfall í skólum. Það er alveg ljóst að brottfall í skólum er vegna vanlíðunar nema. Það er hægt að vinna gegn þessu brottfalli og þeim aðstæðum sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir lýsti, þ.e. að krakkar sem falla úr skóla eiga í meiri hættu að lenda í óreglu. Með góðri skólaheilsugæslu, góðum stuðningi, er hægt að koma í veg fyrir þetta, minnka brottfallið.

Í grg. með þáltill. er sérstaklega fjallað um geðheilsu og sjálfsvíg. Mig langaði aðeins að grípa þar niður vegna þess að þar eru upplýsingar sem valda manni áhyggjum. Þar er sagt frá nýrri kandídatsritgerð í lyfjafræði um algengi þunglyndis meðal ungs fólks á aldrinum 15–25 ára sem unnin er af Tinnu Traustadóttur lyfjafræðingi. Þar kom fram að algengi þunglyndis og kvíðaröskunar hjá þessum aldurshópi er tæplega 40%. Með frekari nálgun var fundið út að 17,2% ungs fólks þjáist af þunglyndi og 4% þeirra notuðu þunglyndislyf á árinu 1999. Rannsóknin benti einnig til þess að samband væri á milli þunglyndis og áfengis- og vímuefnaneyslu. Samkvæmt niðurstöðum hennar hafði helmingur þátttakenda neytt ólöglegra vímuefna og 17% — 17% ungs fólks á Íslandi — hneigðist til þess að misnota áfengi.

Í því sambandi vil ég benda á að rannsóknir hafa sýnt fram á að krakkar sem neyta áfengis, öllu heldur íslenskir krakkar sem neyta áfengis, eru líklegri til að lenda í vandræðum en aðrir krakkar á Norðurlöndum. Það er t.d. staðreynd að 15% ungmenna í 10. bekk grunnskóla hafa orðið fyrir óæskilegri kynlífsreynslu vegna eigin áfengisneyslu, 16% hafa lent í slagsmálum, 14% hafa orðið fyrir meiðslum og 9% hafa verið rænd vegna eigin áfengisneyslu. Ef hægt er að koma í veg fyrir eitthvað af þessu með skipulagðri heilsugæslu, náttúrlega í grunnskólum og eins og hér er lagt til, í framhaldsskólum, þá getum við fagnað því.

Einnig kemur fram í grg. með þáltill. að sjálfsvíg eru mjög algeng hér á landi. Þetta er vandamál hér á landi, sérstaklega sjálfsvíg ungra karla. Það kemur fram í þeirri rannsókn sem ég nefndi áðan, sem Tinna Traustadóttir gerði, að af þeim sem tóku þátt höfðu 5,4% reynt að fyrirfara sér. Það er mjög alvarlegt.

Annað atriði varðandi skólaheilsugæslu sem ég held að gæti leitt til góðs. Fyrir utan allt það sem ég hef nefnt hér á undan þá tel ég að skólaheilsugæsla í framhaldsskólum geti skapað betri tengsl á milli skóla og heimilis. Mér hefur oft fundist að þegar krakkar fara í framhaldsskóla þá sé viðhorf þjóðfélagsins þannig að þessir krakkar séu orðnir svo fullorðnir að þeir geti spjarað sig, það þurfi ekki að vera nein tengsl á milli heimilis og framhaldsskóla, þess skóla sem þeir eru að sækja. Ég held að skólaheilsugæslan geti þarna byggt ákveðna brú, skapað tengsl sem verði krökkum til góðs, sama í hvaða aðstæðum krakkarnir lenda.

Að lokum langaði mig aðeins að ræða það sem hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi. Það var varðandi vinnuvernd. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að vinnuvernd skiptir verulegu máli í starfsnámi og það er mjög mikilvægt að grundvallaratriði vinnuverndar séu hluti af námskrá nemenda alveg sama í hvaða námi þeir eru. Hún er hluti af námskrá nemenda sem eru t.d. í framhaldsskólum og að læra ýmsar greinar innan heilbrigðisvísinda, t.d. þeirra sem eru að læra til sjúkraliða. Þetta ætti að vera hluti af námsefni í viðkomandi grein því að við vitum að stoðvandamál eru eitt algengasta vandamál sem við glímum hérna við og er vandamál sem kannski hefur alls ekki fengið nægilega mikla athygli en er í rauninni einn af stóru þáttunum þegar fólk stendur frammi fyrir því að vera óvinnufært.

Ég vil þakka fyrir þær góðu undirtektir sem till. til þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum hefur fengið og vonast til þess að hún fái afgreiðslu fljótlega í gegnum nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 102. mál (búsetuskilyrði örorkutryggingar). — Þskj. 102.

[17:47]

Flm. (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Flutningsmenn frv. auk mín eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Hallvarðsson og Katrín Fjeldsted.

Með frv. er lögð til breyting á ákvæðum laga um almannatryggingar sem snertir rétt öryrkja sem hefur átt heimili á Íslandi um lengri eða skemmri tíma fyrr á ævi sinni en verið búsettur tímabundið í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins og tekur ákvörðun um að flytjast aftur heim. Hér er lögð til breyting á ákvæðum laga um almannatryggingar sem hefur ekki snert marga einstaklinga hingað til vegna eðlis málsins og mun sennilega ekki koma til með að hafa áhrif á marga einstaklinga verði frv. að lögum en skiptir þá sem málið varðar því meira máli verði frv. samþykkt. Hér er því um að ræða ákveðið réttlætismál, sanngirnismál gagnvart tilteknum hópi öryrkja.

Með frv. eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993:

„a. A-liður 1. mgr. orðast svo: hafa verið búsettir á Íslandi í a.m.k. þrjú almanaksár eftir 16 ára aldur, þar af a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en umsókn er lögð fram.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo: Þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára og uppfylla því ekki skilyrði a-liðar 1. mgr. eiga rétt til örorkulífeyris hafi þeir verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram."

2. gr. frv. fjallar um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í 12. gr. laga um almannatryggingar kemur fram að rétt til örorkulífeyris hafi þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi og eru á aldrinum 16 til 67 ára. Jafnframt er gert að skilyrði að viðkomandi hafi verið búsettur á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir settust hér að. Þá verður viðkomandi að vera metinn til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

Þeir sem hafa búið í löndum Evrópska efnahagssvæðisins flytja réttindi sín milli landa í samræmi við milliríkjasamninga. Skilyrðið um þriggja ára búsetu á Íslandi á því við um þá sem hafa verið búsettir í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru öryrkjar þegar þeir flytjast til landsins, en

miðað er við sex mánuði ef starfsorka þeirra er óskert er þeir tóku sér búsetu hér á landi. Frv. varðar þannig rétt þeirra sem hafa verið búsettir í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru öryrkjar þegar þeir flytjast heim á ný.

Til samanburðar má nefna að skv. 11. gr. laganna, sbr. I. kafla A laganna, hafa rétt til ellilífeyris þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi a.m.k. í þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur réttur miðast við 40 ára búsetu hér á landi á þessu aldursbili en skerðist í hlutfalli við skemmra búsetutímabil.

Samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, var það skilyrði fyrir rétti til örorkubóta að viðkomandi væri íslenskur ríkisborgari og hefði haft hér lögheimili í a.m.k. tíu ár eftir 16 ára aldur eða fimm síðustu árin áður en umsókn var lögð fram. Lögheimilisreglan gilti þó ekki ef viðkomandi hafði óskerta starfsorku þegar hann eignaðist hér lögheimili. Jafnframt var tryggingaráði heimilt að að víkja frá tímaákvæðunum ef sérstaklega stóð á. Með lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sem tóku við af lögum nr. 40/1963, var skilyrðið um íslenskan ríkisborgararétt fellt brott en í stað þess gerð krafa um að viðkomandi hefði átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn var lögð fram eða haft óskerta starfsorku er hann eignaðist hér lögheimili. Í greinargerð með frumvarpinu segir það eitt um breytinguna að hún sé æskileg vegna þess að hún auðveldi Íslendingum samskipti við aðrar þjóðir í tryggingamálum. Í frumvarpi til gildandi laga um almannatryggingar var ákvæðið tekið óbreytt upp að því undanskildu að lagt var til að sett yrði skilyrði um eins árs lögheimili hér á landi með óskerta starfsorku. Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis lagði til breytingu á biðtímanum úr einu ári í sex mánuði á grundvelli sanngirnissjónarmiða og var greinin samþykkt þannig. Í nefndaráliti kemur fram sú skoðun að nefndin telji eins árs biðtíma of langan, t.d. þegar Íslendingur sem lengi hefur verið búsettur erlendis ákveður að flytjast á ný til landsins. Nefndin taldi að sex mánaða biðtími teldist nægjanlega langur til að girða fyrir hugsanlega misnotkun. Með lögum nr. 60/1999, sem breyttu almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð, var ákvæðinu breytt og í stað lögheimilis er nú miðað við búsetu. Var talið að ekki síst yrði að gera þá breytingu til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika í þeim margvíslegu tilvikum sem upp geta komið vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Almannatryggingalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum er mismunandi milli landa varðandi rétt til örorkulífeyris.

Í Danmörku er krafist þriggja ára búsetu milli 15 og 67 ára aldurs, samanber skilyrði til réttar til ellilífeyris hér á landi. Hins vegar setja Danir sem skilyrði fyrir örorkulífeyri að erlendir ríkisborgarar hafi búið í tíu ár samtals í landinu, þar af fimm síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Taka verður þó tillit til réttar ESB-borgara og EES-samningsins í þessu sambandi.

Að undanförnu hefur farið fram umræða í Danmörku um þessa kröfu um lágmarksbúsetuskilyrði erlendra borgara til að öðlast rétt til örorkulífeyrisins þar sem hefur verið dregið í efa að Dönum sé stætt að mismuna fólki sem búsetu hefur í landinu á þennan máta.

Í Finnlandi er skilyrði um þriggja ára búsetu eftir 16 ára aldur.

Búsetuskilyrði eru einnig í sænskum lögum og er miðað við þriggja ára búsetu í landinu milli 16 og 64 ára aldurs og að viðkomandi sé í launaðri vinnu sem gefur lífeyrisrétt í sænska tryggingakerfinu.

Í Noregi er lágmarksskilyrði laganna búseta þrjú síðustu árin áður en til örorku kom. Þó getur viðkomandi öðlast rétt til örorkulífeyris eftir ár hafi hann ekki verið lengur en fimm ár utan norska tryggingakerfisins eftir 16 ára aldur. Skilyrðið um þriggja ára búsetu á þó ekki við um þá sem verða öryrkjar fyrir 26 ára aldur, né tekur það til réttar til grunntryggingar o.fl.

Af framangreindu má sjá að öryrki sem flyst til landsins, til Íslands, frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur í ýmsu lakari rétt hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi eru skilyrði einna líkust ákvæðum í íslenskri löggjöf, en þó er réttur viðkomandi betri, því að sá sem hefur verið utan norska tryggingakerfisins skemur en fimm ár eða verður öryrki fyrir 26 ára aldur hefur óskertan rétt. Þá hafa öryrkjar sem uppfylla ekki þriggja ára skilyrðið ákveðinn grunnrétt sem tryggir þeim tiltekinn fjárhagslegan stuðning þar til fullum rétti er náð.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hefur einungis í örfá skipti reynt á ákvæði 12. gr. laga um almannatryggingar um búsetutíma þeirra sem eru öryrkjar þegar þeir flytjast til landsins. Hins vegar eru mjög erfið þau tilvik þegar viðkomandi þarf að bíða í þrjú ár eftir að öðlast rétt til örorkulífeyris. Eðli málsins samkvæmt getur viðkomandi ekki framfleytt sér með launaðri vinnu og þarf því fjárhagslega hjálp frá samfélaginu á þessu tímabili. Ákvæðið um að öryrki þurfi að eiga búsetu hér í þrjú ár eftir heimkomu frá ríki utan EES áður en hann öðlast rétt til örorkulífeyris er nú orðið um þriggja áratuga gamalt. Áður var ríkisborgararéttur skilyrði fyrir slíkum rétti. Þegar ákvæðið var sett var það til samræmis við reglur þeirra þjóða sem Íslendingar hafa mest samskipti við en slíkt samræmi er ekki lengur til staðar. Einnig er líklegt að hugsanleg misnotkun á almannatryggingakerfinu hafi haft áhrif á breytinguna. Reynslan sýnir að tilvik sem ákvæðið tekur til eru ekki þess eðlis eða í þeim mæli að hætta sé á misnotkun. Hið sama á við þó að til framkvæmda komi breytingin sem hér er lögð til, þ.e. að viðkomandi hafi verið búsettur á Íslandi í a.m.k. þrjú almanaksár eftir 16 ára aldur og að tilskilin verði sex mánaða búseta áður en umsókn er lögð fram í stað þriggja ára eins og nú er. Ljóst er að þessi breyting mun ekki varða marga einstaklinga en hún getur hins vegar stytt biðtíma viðkomandi til réttar til örorkulífeyris frá því sem nú er.

Eins og fram hefur komið varðar frv. rétt þeirra sem hafa verið búsettir í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru öryrkjar þegar þeir flytjast á ný heim. Hér er um að ræða Íslendinga sem hafa alist upp hér á landi, hafa flust utan og verið búsettir í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins um lengri eða skemmri tíma. Þetta á t.d. við um konur sem hafa fylgt erlendum eiginmönnum sínum til heimalands þeirra en kjósa af ýmsum ástæðum að snúa aftur heim. Einnig getur verið um að ræða útlendinga sem hafa verið búsettir hér á landi að lágmarki um þriggja ára skeið fyrr á ævi sinni.

Við undirbúning þessa frv. komu fram vangaveltur um hvort sú breyting á lögum um almannatryggingar sem hér er lögð til opni fyrir flóð útlendinga sem hafa áður átt búsetu hér á landi um a.m.k. þriggja ára skeið og verða öryrkjar eftir að þeir hafa snúið aftur heim til heimalands síns en kjósa að koma aftur til Íslands til að njóta þeirra réttinda sem frv. mundi veita þeim yrði það að lögum. Það er mitt mat að þó hugsanlegt sé að einhverjir erlendir ríkisborgarar sem átt

hafa búsetu hér á landi fyrr á ævinni mundu hafa áhuga á að nýta sér þetta ákvæði laganna, þá sé sú hætta ekki mikil. Í því sambandi er rétt að benda á að samkvæmt núgildandi lögum hafa þeir sem flytjast til landsins frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins þegar þennan rétt og þeir sem koma frá öðrum löndum heims geta skapað sér þann rétt með þriggja ára búsetu áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram.

Þegar hugað var að breytingu á þessu ákvæði almannatryggingalaga var ákveðið að fara þá leið sem farin er annars staðar á Norðurlöndum og setja skilyrði um þriggja ára búsetu í landinu á tímabilinu frá 15/16 ára aldri til 64/67 ára aldurs, samanber skilyrði fyrir ellilífeyri og skilyrði laganna fyrir örorkulífeyri eins og þau eru núna. Ætla má að flestir Íslendingar sem á annað borð kjósa að snúa aftur til landsins og njóta réttinda sem fullgildir borgarar þess á ný uppfylli það skilyrði. Telja má einnig að það sé nægilega langur tími til koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun annarra er vildu nýta sér þetta ákvæði. Þá þykir flutningsmönnum rétt að miða við að viðkomandi hafi búið a.m.k. sex mánuði hér á landi áður en umsókn er lögð fram og er það í samræmi við önnur ákvæði í lögum, samanber rétt til sjúkratrygginga sem fæst eftir sex mánaða búsetu, sbr. 32. gr. laga um almannatryggingar. Í núgildandi lögum hafa þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára fullan rétt til örorkulífeyris. Til að tryggja rétt þeirra til lífeyris er lagt til að um þessa einstaklinga gildi sú regla að þeir hafi búið á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram.

Grundvallarhugmynd almannatryggingalaga er samhjálp og aðstoð við þá sem hafa farið halloka í lífinu og hafa ekki tækifæri til að nýta hæfileika sína til fullnustu sökum heilsubrests, skertrar hæfni til að ná fullum þroska eða vegna fátæktar. Verði þessi breyting á 12. gr. laga um almannatryggingar samþykkt er þeim sem ákvæðið nær til gefnir auknir möguleikar á að spjara sig þrátt fyrir fötlun sína.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[18:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem er mikilvæg réttarbót fyrir þá sem koma til með að njóta hennar. Eins og fram kom í máli 1. flm., Ástu Möller, er ekki um marga einstaklinga að ræða. En hér er um mjög mikilvæg réttindi engu að síður að tefla.

Í almannatryggingalögunum eins og þau eru nú er kveðið á um rétt til örorkulífeyris og þar segir á þá lund að þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi og eru á aldrinum 16–67 ára eigi rétt á örorkulífeyri en þó með því skilyrði að viðkomandi hafi verið búsettur í landinu a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka er óskert er þeir settust hér að.

Í greinargerðinni er vísað í fyrri ákvæði þessara sömu laga, í lögin eins og þau voru 1963, þar sem það skilyrði var fyrir rétti til örorkubóta að viðkomandi hefði haft hér lögheimili í a.m.k. tíu ár eftir 16 ára aldur, eða fimm síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Þar er sem sagt kveðið á um fimm ár í stað þriggja ára eins og í lögunum nú.

Síðan kemur fram að breyting hafi verið gerð á almannatryggingalögunum 1999 og þá er ekki lengur vísað í lögheimili heldur búsetu.

Það kemur fram í samanburði við hin Norðurlöndin, sem er tíundaður í greinargerðinni, að staðan í Noregi er einna líkust því sem gerist hér, a.m.k. samkvæmt þeim breytingum sem hér er verið að tala fyrir. En í Noregi er lágmarksskilyrði laganna búseta þrjú síðustu árin áður en til örorku kom.

En síðan segir í greinargerðnni, með leyfi forseta:

„Þó getur viðkomandi öðlast rétt til örorkulífeyris eftir ár hafi hann ekki verið lengur en fimm ár utan norska tryggingakerfisins eftir 16 ára aldur. Skilyrðið um þriggja ára búsetu á þó ekki við um þá sem verða öryrkjar fyrir 26 ára aldur ...“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Í Noregi eru skilyrði einna líkust ákvæðum í íslenskri löggjöf, en þó er réttur viðkomandi betri, því að sá sem hefur verið utan norska tryggingakerfisins skemur en fimm ár eða verður öryrki fyrir 26 ára aldur hefur óskertan rétt.“

Nú er á það að líta að þeir einstaklingar sem eru innan Evrópska efnahagssvæðisins flytja réttindi sín milli landa í samræmi við milliríkjasamninga þannig að skilyrðið um þriggja ára búsetu á Íslandi á einvörðungu við um þá sem búa utan þessa svæðis. En eins og hér hefur komið fram er lagt til að þeir skuli eiga rétt til örorkulífeyris sem hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú almanaksár eftir 16 ára aldur, þar af a.m.k. sex mánuðina áður en umsókn er lögð fram. Þarna er sem sagt verið að stytta þennan tíma úr þremur árum í sex mánuði.

Ég tel þetta vera mjög til góðs og mikið framfaraskref og réttarbót fyrir þá sem hlut eiga að máli og styð þetta mjög eindregið.

[18:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar hvað varðar biðtíma, biðtíma eftir því að fá rétt í íslenska almannatryggingakerfinu fyrir þá sem flytja til landsins.

Biðtíminn er settur inn í tryggingakerfið til þess að koma í veg fyrir að stór hópur manna komi til landsins og nýti sér þennan rétt sem er veittur án iðgjalda og án tillits til þjóðernis eða ríkisfangs og hann er eingöngu bundinn við búsetu í landinu.

Í gegnum tíðina hafa komið hingað til lands útlendingar í alls konar tilvikum, þ.e. bæði útlendingar sem hafa gifst Íslendingum, það eru útlendingar sem hafa unnið í síld hér áður fyrr og það eru t.d. Pólverjar sem núna eru svo hundruðum skiptir, eða þúsundum, í vinnu hér á landi.

Herra forseti. Laun í heiminum eru afskaplega lág og íslensk laun eru afskaplega há í augum margra sem eru úti um allan heim. Þó okkur þyki lífeyrir frá almannatryggingum lágur og það sé sífellt verið að kvarta undan honum, er hann himinhár miðað við laun í mörgum löndum. Ég nefni t.d. Pólland.

Fólk sem hefur einhvern tímann haft rétt hér á landi og búið hér í þrjú ár eða tvö og hálft ár gæti komið hingað ef það verður öryrki heima hjá sér, og átt rétt eftir hálft ár til þessa himinháa lífeyris í þeirra augum.

Ég vil að menn gangi afskaplega hægt um gleðinnar dyr í því að vera góðir við alla út um allt vegna þess að það lendir að sjálfsögðu á íslenskum skattgreiðendum ef hingað koma þúsundir manna til að njóta örorkulífeyris. Það eru sífellt meiri líkur á því eftir því sem meira er flutt inn af erlendum farandverkamönnum að þeir njóti áfram örorkulífeyris í sínu heimalandi hér á Íslandi.

Öll félagsleg kerfi eru misnotuð með sama hætti og skattkerfin, þ.e. að menn svíkja undan skatti. Það er nú vandinn við félagslegu kerfin. Ef ekki væri um misnotkun að ræða þá

mætti búa til virkilega góð félagsleg kerfi. Við höfum fullt af dæmum um misnotkun. Ég býst við því að margir hv. þm. þekki fólk sem býr saman en býr ekki saman á pappírunum og nýtur kjara sem einstæðir foreldrar. Þetta eru afskaplega algeng bótasvik.

Ef útlendingar eignast rétt með þessum hætti hér á landi þá er það bara allt að því eðlilegt að þeir komi hingað, leigi sér húsnæði eins og þeir eru vanir í sínu heimalandi, eitt herbergi eða eitthvað slíkt, eða jafnvel heila íbúð og njóti húsaleigubóta að auki, og setjist hér að og njóti þess háa lífeyris, í þeirra augum, sem við erum að greiða hér á landi. Ég vil því vara menn mikið við.

Mér finnst öll þróun almannatrygginga bera einmitt keim af þessu. Menn eru alltaf að laga einn og einn enda, einn og einn skanka. Það er aldrei tekið heilsteypt á öllu kerfinu, hvernig við ætlum að hafa kerfið í heild sinni, enda ber það þess merki. Það er orðið svo flókið og útjaskað, órökrétt og vitlaust að það er með fádæmum. Sem dæmi þá borgar Tryggingastofnun yfir 130 tegundir lífeyris. Og fólk sem þarf að njóta bóta frá almannatryggingum á í miklum vandræðum með að finna út úr því hvar það á rétt og hvernig.

Það eru margir aðrir vankantar á almannatryggingakerfinu, t.d. það einkenni á Íslendingum, einum þjóða sem ég þekki til, að verða annaðhvort 100% öryrkjar eða ekki neitt. Menn eru annaðhvort úrskurðaðir 75% öryrkjar og þá fá þeir 100% örorkulífeyri eða þeir fá engan örorkulífeyri. Það er ekki til 68% örorkulífeyrir þar sem gert er ráð fyrir að því maðurinn geti unnið 32%, hafi 32% starfsorku eins og er víðast hvar annars staðar þar sem ég þekki til. Þetta gerir það að verkum að öryrkjar eiga í vandræðum vegna þess að þeir eru annaðhvort 100% öryrkjar eða ekki neitt og þó að töluverð starfsorka sé eftir hjá þeim mega þeir ekki vinna. Það dregst frá lífeyrinum. Þetta væri ekki til staðar ef við borguðum 68% lífeyri. Þá mættu menn vinna 32%. Þetta er eitt vandamál.

Í greinargerðinni kemur fram að það sé ákveðin sjóðssöfnun í almannatryggingakerfinu en svo er að sjálfsögðu ekki, heldur er það borgað með sköttum beint. Þannig er afkoma þeirra sem eru hjá almannatryggingakerfinu, og það er gallinn við kerfið, háð afkomu þjóðfélagsins og vilja meiri hluta kjósenda. Upp getur komið sú staða einhvern tímann í framtíðinni, ef þetta verður of þungur baggi á þjóðfélaginu, að vilji kjósenda standi til þess að borga ekki háan ellilífeyri, að einstaklinghyggjan, sem hér hefur komið fram í umræðum um almannatryggingakerfið, verði ríkjandi. „Við skulum ekki borga neitt nema fyrir okkur sjálf.“ Þetta er hætta sem almannatryggingakerfið stendur frammi fyrir. Þess vegna væri eðlilegra að byggja upp réttindi sem byggja á sjóðssöfnun í almannatryggingakerfinu og það er hægt. Það er hægt að breyta almannatryggingakerfinu í lífeyrissjóð þeirra sem ekki hafa tekjur og ríkissjóður borgi iðgjald inn í það kerfi fyrir þá sem ekki hafa tekjur.

Ég nefni þetta vegna þess að það þarf að gera miklar breytingar á almannatryggingakerfinu. Það er mjög nauðsynlegt að gera það einfaldara og rökréttara.

Inn í þetta spilar fjöldinn allur af kerfum. Við erum með skattkerfi. Þar eru bótaákvæði, um barnabætur og vaxtabætur. Við erum líka með 66. gr. í skattkerfinu um endurgreiðslu á skatti til þeirra sem eiga bágt. Við erum með skaðabótalögin. Við erum með húsaleigulögin. Við erum með lög út um allt sem mynda þetta velferðarkerfi okkar og þetta er allt of flókið. Menn mega ekki heykjast á því vegna þess hve kerfið er flókið að taka á því í heild sinni. Menn verða að taka á því í heild sinni þó það sé flókið.

Herra forseti. Þessi tillaga kann að eiga rétt á sér. Hún kann að vera rökrétt. Það getur verið að þetta sé eðlilegt miðað við þróun í öðrum löndum. En ég vil vara við því að menn taki þetta of létt og ætli að vera of góðir vegna þess að það getur komið í kollinn á okkur seinna að kerfið verði opnað fyrir misnotkun og þá verið erfiðara að bakka út úr því en nú.

Þess vegna vil ég að menn skoði almannatryggingakerfið í heild sinni, heildstætt, og vinni að því að koma með heildstæða breytingu á þessum tryggingakerfum öllum og samspili þeirra við lífeyrissjóðina og samspili þeirra við skattkerfið.

[18:13]

Útbýting þingskjala:

Flutningur eldfimra efna, 212. mál, fsp. SJóh, þskj. 223.

Kostnaður við lýsingu vega á Reykjanesi, 213. mál, fsp. HjÁ, þskj. 224.

Málefni innflytjenda, 210. mál, fsp. ÖJ, þskj. 221.

Málefni innflytjenda, 211. mál, fsp. ÖJ, þskj. 222.

Slátrun og vinnsla landbúnaðarafurða, 43. mál, svar landbrh., þskj. 158.

[18:14]

Flm. (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að fjalla um nokkur atriði sem kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Ég vil byrja á að taka undir það sem kom fram í máli hans varðandi þá þætti sem snúa að endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Almannatryggingalöggjöfin er allt of flókin og ég rakst sérstaklega á það við undirbúning á þessu frv. að það voru endalausir angar hingað og þangað sem þurfti að athuga sem leiddu mann í ákveðnar blindgötur.

Ég er líka sammála því að skoða þarf þennan pakka og skoða þau réttindi sem einstaklingarnir hafa innan almannatryggingakerfisins, bæði hvað varðar slysatryggingar og sjúkratryggingar og varðandi rétt til lífeyris og við þurfum að skoða hvort þau réttindi eigi að skapast í gegnum iðgjöld eins og hv. þm. nefndi, eða hvort þau eigi að skapast í gegnum skattana. En það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að réttindin séu skilgreind þannig að fólk geti áttað sig á því hver réttur þess er og hvar réttur þess liggur ekki svo fólk geti metið það hvort það þurfi að tryggja sig sérstaklega með öðru móti. Það hefur t.d. alltaf valdið mér ákveðinni undrun að einstaklingur sem verður veikur er nokkuð vel tryggður en ef hann verður veikur í munninum, þ.e. ef hann þarf á tannlækningum að halda, þarf hann að borga það öðru verði en aðra heilbrigðisþjónustu.

Það hefur líka vakið ákveðnar spurningar af hverju tæknifrjóvgun þarf að borgast með háum upphæðum en ekki einhver önnur þjónusta sem varðar kynheilbrigði.

Það eru því ýmsir þættir sem þarf að skoða í þessu samhengi, hver rétturinn er og hvernig til hans er unnið svo að fólk geti áttað sig á því hver staða þess er varðandi aðrar tryggingar.

Hv. þm. Pétur Blöndal hafði ákveðnar áhyggjur af þeirri styttingu á biðtíma sem kemur fram í frv. Ég er þeirrar skoðunar að biðtíminn sé nauðsynlegur til þess að forðast misnotkun í kerfinu. Biðtíminn hefur verið þrjú ár fyrir öryrkja sem flytjast heim að utan, úr landi utan Evrópska efnahagssvæðisins, hann styttist um tvö og hálft ár við þetta. Einstaklingur sem kemur hingað og hefur ekki verið búsettur

hér áður um þriggja ára skeið, eða ekki búsettur frá 16 ára aldri, þarf að bíða þessi þrjú ár. Vissulega gat ég séð að ákveðin hætta væri þarna fyrir hendi, en mér finnst við þurfa samt sem áður að skoða það að þarna eru Íslendingar sem lenda milli stafs og hurðar, eiga mjög erfitt í þessi þrjú ár og við þurfum að skoða það.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að búa eigi til einhverjar sérreglur fyrir Íslendinga í þessu sambandi. Þær hugmyndir komu m.a. fram að það ætti að hafa þetta svona lokað áfram en taka ætti sérstaklega á málefnum Íslendinga. Einhvern veginn truflar það réttlætiskennd mína að það sé gert á þann máta. Þótt fólk sé annarrar þjóðar, ef það kýs að búa hér á landi, þá finnst mér að hafi Íslendingar skapað sér ákveðinn rétt eigi það jafnt við um útlendinga. Kannski er þetta óskaplega mikil góðmennska hjá mér en einhvern veginn er það réttlætiskenndin sem þar hefur þó tekið yfir fram yfir góðmennskuna.

Ég vil jafnframt benda á að þeir útlendingar sem koma til landsins frá Evrópska efnahagssvæðinu hafa þennan rétt. Og það svæði er að stækka, við vitum það. Við getum gert ráð fyrir því að gerðir verði samningar við þau lönd sem fara inn í ESB um gagnkvæman rétt. Þannig að við erum að tala þarna um einstaklinga sem búa þar fyrir utan.

Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta frv. og ég tel að um ákveðið réttlætismál sé að ræða. Hvatinn að frv. var samræður við konu sem hafði lent afskaplega illa í kerfinu og átti mjög erfitt með að fóta sig einmitt vegna allra þeirra þröskulda sem þjóðfélagið hefur sett upp gegn þeim aðstæðum sem konan hafði lent í. Það varð til þess að ég fór að skoða þetta og komst að þeirri niðurstöðu að ástæða væri til að ræða þetta og ástæða væri til að breyta þessu og þá er það þingsins að vega og meta hvort áhættan er of mikil eða hvort hún er ásættanleg.

En ég tek aftur undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að brýn þörf er á að endurskoða allt almannatryggingakerfið.

[18:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum með á Íslandi núna þúsundir Pólverja sem hafa komið hingað í lengri eða skemmri tíma. Nú er mér ekki kunnugt um það af því að ég kann ekki almannatryggingalögin alveg utanað alla daga, ég þarf alltaf að lesa þau öðru hverju mér til heilsubótar, hvort það sé skilyrði að menn búi í landinu til að fá örorkulífeyri. Ég held nefnilega ekki. Það er því nóg fyrir þetta fólk ef það skyldi verða öryrkjar í Póllandi einhvern tímann eftir 10, 20, 30 ár að koma til Íslands í hálft ár, fara svo aftur út og taka örorkulífeyri sinn hér á landi sem væru þá mjög há laun í Póllandi hafi ástandið þar ekki batnað þeim mun meira. Ég held að þetta sé hættulegt. Þetta hefur kannski ekki verið hættulegt hingað til vegna þess að útlendingarnir vissu bara ekkert af þessum möguleika, en með tilkomu netsins og betri upplýsinga verður þetta sífellt hættulegra og hættulegra. Ég vil að menn gái að því nákvæmlega hvort þessi hætta sé til staðar því að ef við fengjum hérna þúsundir örorkulífeyrisþega, ég er ekki að segja að það gerist, en það gæti hugsanlega gerst, þá líst mér illa á stöðu almannatrygginga.

[18:22]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er kannski ekki betur að mér en hv. þm. Pétur Blöndal í einmitt þessu. Ég var nú að reyna að fara í huganum yfir það hvort þessi skilyrði væru fyrir hendi, ég bara man það ekki og get í rauninni ekki svarað þessu. En hins vegar verðum við að átta okkur á því að þær þúsundir Pólverja sem eru hér búsettar og hafa verið í lengri eða skemmri tíma, a.m.k. þá þrjú ár, greiða skatta til þjóðfélagsins. Og það má einmitt velta því fyrir sér hvort Pólverjar eigi þá ekki að hafa sama rétt og Íslendingar sem eru búsettir hér á landi til þess að njóta þeirra réttinda sem almannatryggingakerfið veitir þeim.

Mér er vel kunnugt um þær áhyggjur sem komu fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals og ég veit að ýmsir deila þessum áhyggjum með honum. En niðurstaða mín var sem sagt sú að þetta væri breyting sem réttlætanlegt væri að fara fram með.

[18:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu á fólk sem býr hér á landi rétt í almannatryggingakerfinu, það finnst mér mjög eðlilegt, en það sem ég átti við er að þegar og ef þær þúsundir Pólverja sem nú eru hér starfandi, eða þeir útlendingar sem hafa verið starfandi áður á Íslandi, flytja út, þá eru þeir með tryggingunum hjá sér. Þeir eiga þessa tryggingu, þeir þurfa bara að búa Íslandi í hálft ár til að ná í hana. Það er það sem ég er að benda á. Þeir þurfa þó samkvæmt núgildandi lögum að búa hérna í þrjú ár til að ná í tryggginguna. Og ef þeir geta flutt aftur út eftir hálft ár með lífeyrinn greiddan í hverjum mánuði til Póllands eða hvar sem þeir búa um allan heim, það er hættan sem ég sé.

[18:24]

Flm. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það er rétt að þessi viðkomandi Pólverji hafi skapað sér þennan rétt og með því að koma aftur og geta þá sótt hann og byrjað í áskrift að þessum lífeyri, þá þarf hann a.m.k. að koma hingað og bíða í sex mánuði til þess að fá þennan rétt á ný. (Gripið fram í.) Kannski má segja það. En hann þarf að bíða í sex mánuði. Og það eru nú kannski ekki óskaplega miklar líkur á að viðkomandi verði öryrki. Sem betur fer er ekki stór hluti fólks sem verður öryrkjar, og er það þá óheppið, en sem sagt, svona lítur þetta út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt staða námsmanna, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 189. mál. — Þskj. 198.

[18:25]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Tillaga sú til þál. sem hér er mælt fyrir kveður á um bætta stöðu námsmanna og tekur til margra þátta, þátta sem mjög brenna á námsmannahreyfingunni nú um stundir og er brýnt að ráða bráða bót á hið fyrsta. Ef ekki verður tekið af festu og snerpu á þessum málum fjölgar þeim sem ekki sjá sér fært að stunda nám vegna námslána sem eru fjarri raunverulegri framfærsluþörf, hárrar húsaleigu og skorts á námsmannaíbúðum. Svo ekki sé minnst á þá staðreynd að húsaleigubætur skerða námslán vegna ákvörðunar stjórnar LÍN um að svo skyldi vera. Þessar brotalamir í stöðu námsmanna bitna harkalega á námsmönnum utan af landi, efnaminna fólki og barnafólki.

Það er fjarri lagi að jafnt aðgengi allra að námi sé tryggt eins og ástandið er nú. Því leggja flutningsmenn tillögunnar

til að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að bæta stöðu námsmanna. Meðal aðgerða sem skoða skal sérstaklega er hækkun á grunnframfærslu LÍN, afnám skattlagningar á húsaleigubætur, að húsaleigubætur skerði ekki námslán og barnabætur og hámark húsaleigubóta verði hækkað. Á meðan skattlagning á húsaleigubætur hefur ekki verið afnumin verður því jafnframt beint til stjórnar LÍN að bæturnar skerði ekki námslánin. Einnig þarf að tryggja að byggingaraðili félagslegs húsnæðis á borð við Félagsstofnun stúdenta þurfi ekki að fjármagna uppbyggingu félagslegs húsnæðis fyrir námsmenn með lántökum á almennum markaði.

Brýnt er að bæta stöðu námsmanna verulega. Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur á meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar og hefur Jóhanna Sigurðardóttir hv. þm. Samfylkingarinnar lagt fram frv. til laga um tekju- og eignarskatt þar sem skattlagning húsaleigubóta er afnumin.

Ástandið á húsaleigumarkaðnum snertir fjölmarga námsmenn, hvort heldur er skortur á félagslegu húsnæði, húsnæðisekla á almennum leigumarkaði eða skattlagning húsaleigubóta og skerðing þeirra á námslánum og barnabótum. Margir námsmenn líða fyrir það að húsaleigubætur skerði námslán og barnabætur og gerir þeim erfitt fyrir að stunda nám.

Flutningsmenn tillögunnar telja afar brýnt að breyta þessu þar sem núverandi fyrirkomulag bitnar mjög harkalega á námsmönnum utan af landi eins og áður er getið um.

Herra forseti. Íbúðir á stúdentagörðum og námsmannaíbúðir er ákjósanlegur kostur fyrir námsmenn, enda er um ódýrt húsnæði að ræða í nágrenni við háskólann. Því er mikilvægt að Garðahverfið svokallaða við Háskóla Íslands haldi áfram að vaxa, ekki síst í ljósi mjög erfiðs ástands á almennum leigumarkaði sem gerir það að verkum að námsmenn og þeir efnaminni og námsmenn utan af landi hrekjast frá námi. Einnig er mikill sparnaður fólginn í því fyrir námsmenn og samfélagið allt að námsmenn búi í nágrenni við skóla sína og þurfi ekki að nota ökutæki til að ferja sig í skólann.

Herra forseti. Í ágúst 1998 skipaði félmrh. nefnd til að vinna að úttekt á leigumarkaði og kanna þörf fyrir félagslegar leiguíbúðir. Nefndin skilaði af sér snemma á þessu ári og skýrslan er nú til athugunar innan ráðuneytisins og í viðræðum ríkis og sveitarfélaga. Í skýrslunni er m.a. lagt til að hætta beri vaxtaniðurgreiðslu til byggingaraðila en í staðinn komi stofnstyrkir til þessara aðila, hækkun húsaleigubóta eða hugsanlega hvort tveggja.

Hinn neikvæði hluti þessara tillagna hefur þegar komið fram þar eð vextirnir hafa hækkað og áhrifa þess er þegar farið að gæta hjá Félagsstofnun stúdenta. Hins vegar hefur því fjármagni sem hið opinbera sparar með þessu ekki verið komið aftur til byggingaraðila félagslegs húsnæðis þar sem enn er verið að ræða þessi mál. Þetta kemur byggingaraðilum húsnæðisins auðvitað illa, enda er þeim með þessu gert mjög erfitt fyrir á meðan þörfin fyrir húsnæði eykst stöðugt.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það aðför að námsmönnum að þurfa að vera á leigumarkaði, að hækka vexti af lánum til leiguíbúða sem árum saman hafa verið 1% og gert mögulega uppbyggingu á námsmannaíbúðum og hóflegri leigu námsmanna. Ljóst er að ef hækka á vextina þá annaðhvort hækkar leigan hjá námsmönnum verulega eða dregur úr uppbyggingu leiguíbúða.

Flutningsmenn tillögunnar leggja því áherslu á að vextir af leiguíbúðum hækki ekki. Verði hins vegar um hækkun að ræða er brýnt að mæta henni með sambærilegri hækkun á húsaleigubótum og byggingarstyrk til félagasamtaka sem standa að uppbyggingu leiguíbúða. Ástandið var slæmt í fyrra og mörgum nemendum tókst ekki að finna sér fast húsnæði áður en skóli hófst. Allt bendir til að ástandið verði verra í ár. Ljóst er að Alþingi verður að grípa til markvissra aðgerða til að snúa við þessari þróun sem stefnir í óefni.

Aldrei hafa jafnmargir stúdentar sótt um vist á stúdentagörðum og í ár, en alls bárust 835 umsóknir. Aðeins verður mögulegt að úthluta til um 60% þeirra sem sóttu um íbúð. Talið er að helstu ástæður fyrir fjölgun umsókna um vist á Görðum í ár sé lítið framboð og hátt leiguverð á almennum markaði. Leiguverð á stúdentagörðum virðist mun lægra en á almennum markaði og því eru Garðarnir góður kostur fyrir stúdenta. Til að þessi góði kostur dafni áfram er mikilvægt að markviss uppbygging stúdentagarða haldi áfram, en til þess þarf að skapa Félagsstofnun stúdenta skilyrði til að svo megi verða.

Stúdentar hafa oft lýst áhyggjum af því að leiga á stúdentagörðum hækki vegna aukins fjármögnunarkostnaðar. Það er því mikilvægt að eigið fé Félagsstofnunar stúdenta til upp byggingar byggist ekki á lántöku á almennum markaði. Ef Félagsstofnun þarf að leita fjármögnunarleiða með lántöku á almennum markaðsvöxtum mun það óhjákvæmilega leiða til verulegrar hækkunar húsaleigu á stúdentagörðum.

Öflugir stúdentagarðar og uppbygging námsmannaíbúða eru ein af forsendum þess að allir hafi jafnan aðgang að námi. Landsbyggðarfólk, fjölskyldufólk og fólk sem býr við bágan fjárhag á æ erfiðara með að stunda nám vegna hækkandi framfærslukostnaðar.

Flutningsmenn telja brýnt að tekið sé á þessum málum hið fyrsta til að tryggja jafnan að gang allra að námi. Núverandi ástand mismunar fólki eftir efnahag og búsetu og við það verður ekki unað. Framfærslugrunnur námslána er úreltur og endurspeglar ekki raunverulega þörf námsmanna til framfærslu. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að reglulega séu gerðar kannanir á framfærsluþörf námsmanna og námslán taki mið af því. Námslán sem duga til framfærslu námsmanna eru lykilatriði til að tryggja og koma á jafnrétti til náms.

Herra forseti. Samfylkingin hefur sett menntamálin í öndvegi. Samfylkingin vill umbylta íslensku menntakerfi. Ég vil að endingu, með leyfi forseta, vitna til ræðu hv. alþm. og formanns Samfylkingarinnar, Össurar Skarphéðinssonar, frá stofnþingi Samfylkingarinnar sl. vor. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nær allar kannanir hafa sýnt að við drögumst hratt aftur úr öðrum þjóðum í menntamálum. Þverfaglegu námi, starfsnámi, verknámi og endurmenntun er hér ábótavant. Við sættum okkur aldrei við það að íslenska skólakerfið veiti lakari menntun en gerist meðal fremstu þjóða. Við höfnum því að þrengt sé að starfsmöguleikum og lífskjörum ungs fólks með því að hafa framlög til háskólakennslu miklu lægri en í grannlöndum okkar og innleiða háskólagjöld fyrir meistaranám. Tilfærsla á fé til menntamála verður fyrsta úrlausnarefni ríkisstjórnar okkar."

[18:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir þau ummæli hv. framsögumanns að menntun sé afskaplega mikilvæg og hún er sennilega ein besta fjárfesting hvers þjóðfélags og að sjálfsögðu á að gera vel við stúdenta.

Hins vegar finnst mér sú tillaga og sú hugmynd sem hv. þm. reifaði sýna einmitt það sem ég hef margoft bent á að menn líta á eina skúffu í öllu velferðarkerfinu en gleyma allri kommóðunni. Nú ætla ég að koma með eitt dæmi.

Herra forseti. Gefum okkur að einstæð móðir með tvö börn undir sjö ára aldri stundi nám við Háskóla Íslands. Hún er með 265 þús. kr. á ári í tekjur, borgar enga skatta. Hún vinnur þetta í mánuðunum júní, júlí og ágúst, um 88 þús. kr. á mánuði. Hún borgar 50 þús. kr. á mánuði í húsaleigu, annaðhvort á stúdentagarði eða annars staðar. Og þá lítur dæmið út eftirfarandi:

Hún fær í lán 66 þús. kr. sjálf, 29 þús. kr. með fyrra barninu eða 30 þús. kr. með hvoru barni. Samtals 126 þús. kr. fær hún í lán á mánuði þá níu mánuði sem Háskóli Íslands starfar. Síðan fær hún 24.750 í húsaleigubætur. Sjálf fær hún 8 þús., fyrsta barnið fær 7 þús. og annað barnið 6 þús. á mánuði og síðan fær hún 15% af leigu umfram 20 þús. kr., allt að 40 þús. kr. eða 3.750. Samtals fær hún 24.750 í húsaleigubætur, skattaðar, og dragast líka frá sem tekjur frá láninu. En svona lítur dæmið út fyrsta árið. Síðan fær hún barnabætur samkvæmt skattalögum, hún hefur litlar tekjur þannig að hún er ekkert skert. Hún fær með fyrra barninu 14.218 og af því að barnið er undir sjö ára aldri fær hún að auki 2.515., 17 þús. kr. með fyrra barninu á mánuði allt árið í kring. Með seinna barninu fær hún eilítið meira, 14.585 og 2.515. Hún fær sem sagt 33.800 kr. með báðum börnunum á mánuði í barnabætur frá skattkerfinu. Svo fær hún mæðralaun frá Tryggingastofnun, 3.891, það er nú ekki mikið. Svo fær hún meðlag frá föður 13.361 með hvoru barni, það er lágmark, hugsanlega fær hún meira ef faðirinn er tekjuhár, samtals 26.722 á mánuði. Svo fær hún í júní til ágúst 88 þús. kr. í laun á mánuði og hún er með í laun og bætur mánuðina september til maí 215 þús. kr. í ráðstöfun. Það lækkar þegar hún er að vinna — því þá fær hún ekki lánið — niður í 177 þús. kr. í ráðstöfun mánuðina júní til september, í þrjá mánuði.

Ef litið er á allt árið í heild þá er þessi einstæða móðir með tvö börn með 206 þús. kr. í ráðstöfun alla mánuði ársins. *Hún þarf að hafa hátt yfir 300 þús. kr. á mánuði í tekjur á* almennum markaði til að borga af því skatta og fá skertar barnabætur o.s.frv. Ég skil því ekki þetta mál. Af þeim 206 þús. kr. sem hún er með í ráðstöfun á mánuði allt árið um kring borgar hún enga skatta, hún er langt undir skattleysismörkum, og af þeim eru 46% lán eða 94 þús. kr. á mánuði *allt árið um kring, allt hitt eru bætur, meðlög og laun,* 20 þús. kr. á mánuði. Svo nýtur hún auk þess niðurgreiðslu og forgangs á barnaheimili sem námsmaður og borgar þar miklu lægra gjald en annað fólk, 10 þús. kr. í staðinn fyrir 20. Svo getur hún, af því að hún er með tvö börn fengið húsnæði í stúdentagörðum sem hafa verið reistir með niðurgreiddu fé, *1%, þó að leigan sé furðu há miðað við það, mér skilst að* leigan í stúdentagörðum fari upp í 50 þúsund krónur þrátt fyrir það að þeir séu reistir með niðurgreiddu lánsfé. Það er athugunarvert í sjálfu sér.

Spurning mín er sú: Er það virkilega þannig að launþegar sem margir hverjir eru með miklu lægri tekjur þurfa að borga *til lánasjóðsins, því að þau lán eru niðurgreidd,* stórlega niðurgreidd, helmingurinn er gefinn af lánum frá lánasjóðnum miðað við markaðsvexti og þeir falla niður ef maðurinn verður öryrki eða fellur frá. Er það virkilega þannig að launþegar í þessu landi, sem margir hverjir eru með 150 þús. á mánuði og borga af því í skatta, fara niður í svona 120, þurfi að horfa upp á það að þeir séu núna að borga 206 þús. kr. til einstæðrar móður með tvö börn á mánuði, hún fái 206 þús. kr. í ráðstöfun, er þetta ekki of mikill munur?

Ekki er nóg með það heldur gengur tillagan út á það að þetta verði stórlega aukið. Ég ætla að biðja hv. þm. að líta á alla kommóðuna en ekki einstakar skúffur í hvert skipti.

[18:39]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það viðhorf sem fram kemur hjá hv. alþm. Pétri H. Blöndal er lýðnum kunnugt og endurspeglar viðhorf Sjálfstfl. til menntamála í landinu. Kommóðuna hef ég skoðað alla frá a til ö, hv. þm. Pétur Blöndal, og það einstaka dæmi sem hann tók af einstæðri móður með tvö börn og að hún hafi sér til framfærslu 206 þús. kr. á mánuði er ákaflega gleðilegt dæmi. Það er ákaflega gleðilegt að málum sé þó það langt fram þokað að einstæð móðir með tvö börn geti framfleytt sjálfri sér og tveimur börnum sínum og auk þess stundað nám. En þetta er einstakt dæmi og það er Pétur sem er að draga þarna eina skúffu út úr kommóðunni og tæta hana í sundur og það er ekki til annars fallið en að undirstrika það að brýnt er að gera vel við námsmenn. Það er enginn of sæll af því að framfleyta sér og tveimur börnum með 206 þús. kr. á mánuði. Það væri sorglegt ef staðan væri sú að talan væri lægri. Viðhorf hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem endurspeglar um leið viðhorf hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar til menntamála í landinu og einkennir þá menntastefnu sem hér hefur verið rekin síðasta áratuginn, er bæði sorglegt og hryggilegt.

[18:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar með hroka til þess fólks sem vinnur í landinu og borgar skatta af tekjum sínum sem renna til þessa kerfis. Það er fjöldinn allur af einstæðum mæðrum með tvö börn úti í þjóðfélaginu sem vinnur myrkranna á milli, fyrst á vinnustað og síðan heima hjá sér, og þarf að borga skatta af kannski 120, 130 þús. kr. tekjum á mánuði og fá skertar barnabætur því að þær eru sumar hverjar með of háar tekjur. Og þær sjá ekki slíkt ráðstöfunarfé. Þær sjá ekki 206 þús. kr. á mánuði allt árið í kring sem ráðstöfun.

Þær sjá 100 þús. kr. á mánuði og þær þurfa að lifa af því með tvö börn. Og það er þetta sem ég er að benda á. Það er þessi mismunur á milli þeirra sem greiða — og ég ætla að vona að hv. þm. virði það fólk líka þó að það sé verkamenn og verkakonur og þvottakonur og slíkt — það fólk er að greiða þetta kerfi sem gefur 206 þús. kr.

Það getur vel verið að einhverjir agnúar séu á þessu kerfi til námsmanna. En menn þurfa að líta á alla kommóðuna. Ég mótmæli því að hv. þm. sagði að ég liti á eina skúffu, ég var einmitt að líta á alla kommóðuna. Ég var að líta á bætur alls staðar frá. Þegar maður lítur á það þá er í fyrsta lagi lánað fyrir börnunum, framfærslu þeirra og húsnæði, síðan er lánað fyrir húsnæði sérstaklega af því að þeir námsmenn sem búa heima hjá sér fá lægri lán. En húsaleigubætur eru líka veittar út á húsnæðið þannig að það er verið að bæta sama hlutinn aftur og aftur. Það leiðir til þess að einstæða móðirin í háskólanum er með 206 þúsund krónur. Ef hún hefur hærri launatekjur þá hefur hún enn þá meiri ráðstöfunartekjur.

[18:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að mjög mikilvægt er að við skoðum alla kommóðuna, eins og hann orðar það, og það er rétt sem má ráða af málflutningi hans að laun eru allt of lág í landinu hjá stórum hópum. Eins og hann nefnir búa margir einstaklingar við launakjör sem duga engan veginn til framfærslu. Hann hefur fundið það út sem eitthvert stórkostlegt hneykslunarefni að einstæð móðir með tvö börn, sem stundar nám við háskólann, hafi til framfærslu fyrir sig og börn sín 206 þús. kr. á mánuði. Það eru ekkert mjög miklir peningar. Það er alveg rétt hjá honum hins vegar að margir fá enn þá minna. Það er þá úrlausnarefni að fá úr því bætt.

Við skulum ekki gleyma því að leiga fyrir íbúðir á almennum leigumarkaði, agnarsmæstu íbúðir, tveggja herbergja íbúðir er um 60 þús. kr. á mánuði. Leiga fyrir þriggja herbergja íbúð er þaðan af meira. Það er áhyggjuefni sem kom fram í máli 1. flm., hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, og ég tek undir það, hver framtíð hins félagslega leigukerfis verður vegna þess að þar er óvissa mikil. Samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar kemur þessi óvissa reyndar fram. Minnt er á það í frv. að samkvæmt húsnæðislögunum hangir það inni í bráðabirgðaákvæði hvernig farið verður með stuðning við félagslegt leiguhúsnæði og fyrir árslok á að verða frá því gengið. Lögin eru orðin tveggja ára gömul og voru gefin tvö ár til þess að finna leiðir til stuðnings við félagslegt íbúðarhúsnæði. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að sá stuðningur kom áður fram í formi lágra vaxta eða lægri vaxta, niðurgreiddra vaxta kallar þingmaðurinn það, sem miðar alla hluti við markaðinn, en það er rétt að félagslega kerfið bar lága vexti, 1% um tíma, fór upp í 2,4% og síðan reyndar yfir 3%.

En í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar kemur fram á bls. 407 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Loks er 50 millj. kr. fjárveiting á lið 205 Leiguíbúðir til húsaleigubóta eða til stofnkostnaðarstyrkja. Niður fellur af sama lið 100 millj. kr. tímabundin fjárveiting samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál um niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða fram til ársloka 2000."

Hér er vísað í fyrrnefnt bráðabirgðaákvæði þar sem varið var 100 millj. kr. til stuðnings. Þessar 100 millj. eru samkvæmt þessu komnar niður í 50 millj. og eiga síðan að birtast í nýju formi.

Reyndar skal á það minnt að þegar 1. umr. fór fram um fjárlagafrv. þá risu miklar deilur meðal ráðherra um hvað þetta þýddi. Hæstv. félmrh. benti reyndar á að frá þessu deilumáli hefði ekki verið gengið, það væru ekki komnar endanlegar lyktir í þetta mál.

Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að taka undir með 1. flm. þáltill., hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, og reyndar einnig til að taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, a.m.k. í viðleitni minni til að skilja orð hans hér á besta veg, skilja þau þannig að hann hafi áhyggjur af lágum launum í landinu.

[18:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kvartar undan því að laun í landinu séu lág. Ég á aðeins til eitt svar við því: Af hverju stofnar hv. þm. ekki fyrirtæki og borgar há laun? Ekkert bannar það. Menn bara reka það glimrandi vel og borga há laun. Það vill svo til að hv. þm. er í atvinnurekstri, hann er í stjórn Samvinnuferða–Landsýnar og er að reka fólk núna þessa dagana vegna þess að launin eru of há, eða hvað?

[18:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér bendir hv. þm. Pétur H. Blöndal á hryggilega staðreynd, þá hryggilegu staðreynd að verið er að fækka fólki hjá Samvinnuferðum–Landsýn. Það er ekki vegna þess að launagreiðslurnar hafi verið of háar, heldur vegna þess að ráðist var í framkvæmdir sem ekki stóðu undir væntingum en verða væntanlega til þess að fyrirtækið eflist og getur borgað bærilegri laun.

Mér finnst þetta hálfgerður útúrsnúningur frá því sem hér var til umræðu, um að laun á Íslandi væru of lág. Það er of mikil misskipting á því sviði. Þar eru ýmsir sem taka óþarflega mikið til sín, ekki síst í þeim heimi sem Pétur H. Blöndal, fyrrverandi eigandi Kaupþings, þekkir vel til. Fjármagnseigendur og þeir sem hafa tök á fjármagninu klóra til sín mörgum hundruðum þúsunda, jafnvel milljónum á mánuði hverjum, ekki aðeins í formi launagreiðslna heldur og arðgreiðslna margvíslegra eða fjármagnstekna. Það ætti að vera sameiginlegt viðfangsefni allra velviljaðra manna í landinu að reyna að draga úr því hróplega misrétti sem hefur aukist á undanförnum árum í skjóli þeirrar ríkisstjórnar sem hér fer með völdin.

[18:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég stofnaði Kaupþing á sínum tíma. Þess vegna get ég með sanni sagt að þeir sem kvarta undan háum launum í landinu eiga bara að stofna fyrirtæki og borga há laun. Kaupþing borgar há laun og ég er bara afskaplega ánægður með það. Þau laun eru ekki tekin frá neinum því að sú starfsemin sem Kaupþing rekur er væntanlega þjóðhagslega skynsamleg. Kaupþing er með útibú úti um allan heim og ég get ekki séð að það skaði íslenska launþega nokkurn skapaðan hlut. Ég skammast mín ekkert fyrir það að hafa stofnað Kaupþing. Þar vinna núna 150–200 manns á háum launum, bara virkilega gott mál og þar hefur engum verið sagt upp.

[18:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú ekki mjög málefnaleg umræða sem hér fer fram. Hér birtist okkur einföld heimssýn eða skyldi hún fremur stjórnast af einfeldni?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 10.–15. mál.

Fundi slitið kl. 18:53.

20. FUNDUR

föstudaginn 3. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Loftferðir, frv., 56. mál, þskj. 56. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, þáltill., 93. mál, þskj. 93. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Fjarskipti, frv., 159. mál, þskj. 161. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Heilsuvernd í framhaldsskólum, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, frv., 102. mál, þskj. 102. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Bætt staða námsmanna, þáltill., 189. mál, þskj. 198. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Námsmatsstofnun, stjfrv., 176. mál, þskj. 183. — 1. umr.
11. Blindrabókasafn Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 184. — 1. umr.
12. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 175. mál, þskj. 182. — 1. umr.
13. Endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
14. Fjarskipti, stjfrv., 193. mál, þskj. 203. — 1. umr.
15. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 204. — 1. umr.
16. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 1. umr.
17. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199. — 1. umr.
18. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
19. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.
20. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.
21. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 158. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.
22. Ábyrgðarmenn, frv., 160. mál, þskj. 162. — 1. umr.
23. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 171. mál, þskj. 174. — 1. umr.
24. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill tilkynna að atkvæðagreiðslur fara fram kl. hálftvö í dag.

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði. Málshefjandi er Jóhanna Sigurðardóttir en hæstv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, 207. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 217.

Umræður utan dagskrár.

Greiðsluþátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði.

[10:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Komið hefur fram í fjölmiðlum að áformað væri að hætta að greiða niður að fullu nokkra lyfjaflokka og voru þar nefnd sem dæmi sykursýkislyf og krabbameinslyf. Hér er um að ræða lyf við lífshættulegum sjúkdómum og alveg ljóst að fjöldi þeirra sem fá slíka sjúkdóma hefur alls ekki efni á að greiða hluta af slíkum lyfjum en kostnaður við þau getur skipt hundruðum þúsunda eins og t.d. við krabbameinslyf.

Þessi frétt hefur vakið mikinn kvíða hjá sjúklingum og hefur Félag sykursjúkra ályktað harðlega gegn slíkum áformum. Ég held að hér hljóti að vera á ferðinni einhver misskilningur sem nauðsynlegt er að hæstv. heilbrrh. leiðrétti og taki af allan vafa um að ekki á að auka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði enda hefur þar verið nóg að gert á undanförnum missirum. Síðast var það um mitt þetta ár að allt að 37% hækkun varð á algengum lyfjum sem kom mjög illa við sjúklinga.

Í þessari sömu frétt er vísað til þess að líklegast væri að niðurgreiðslum almannatrygginga vegna lyfja yrði breytt að danskri fyrirmynd sem gerir ráð fyrir að þátttaka almannatrygginga í niðurgreiddum lyfjum verði hlutfallslega sú sama. Ég spyr um það: Stendur til að taka upp kerfi þar sem hlutfallslega verður greitt það sama fyrir öll niðurgreidd lyf? Það er ekki bara í þessari tilvitnuðu frétt sem vitnað hefur verið til þess að til stæði að taka upp danska kerfið hér á landi heldur var líka vísað til þess í greinargerð með fjárlagafrv. yfirstandandi árs að áform séu uppi um að taka upp nýtt fyrirkomulag í niðurgreiðslu lyfja að sænskri og danskri fyrirmynd.

Greiðsluþátttaka sjúklinga í Danmörku á öllum dýrari lyfjum er 15% og almannatrygginganna 85% en talið er að þetta fyrirkomulag uppfylli ekki, sem er mikilvægt, það skilyrði að enginn þurfi að hverfa frá lækningameðferð eða lyfjakaupum vegna efnahags. Mér sýnist að verði þetta kerfi tekið upp hér á landi þýði það algjöra stefnubreytingu og verið sé með því að snúa heilbrigðiskerfinu enn frekar frá því

sem almenn sátt hefur lengst af ríkt, þ.e. að heilbrigðiskerfið sé opið öllum óháð efnahag. Framkvæmdin á danska kerfinu virðist því fráleit og ég spyr hæstv. ráðherra: Eru uppi áform um að taka upp þetta fyrirkomulag þannig að greiðsluþátttaka almannatrygginga í lyfjum verði hlutfallslega sú sama og þar ekki gert upp á milli sjúkdóma? Samkvæmt því sem fram hefur komið eykst greiðsluþátttaka almannatrygginga eftir því sem fólk notar lyfið meira og upplýsingar um lyfjanotkun hvers sjúklings er geymd í miðlægum gagnagrunni í Danmörku sem hlýtur vægast sagt að vera mjög umdeilt. En það er gert til þess að geta haft eftirlit með þessum kostnaði t.d.

Ég spyr líka ráðherra hvort þess séu dæmi að lágtekjufólk eða lífeyrisþegar hafi ekki getað notið nauðsynlegrar læknis- eða lyfjameðferðar sökum fátæktar og hvort ráðherrann muni tryggja að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag. Ég tel ástæðu til þess að fram fari úttekt á því hvort brögð séu að því, eins og komið hefur reyndar fram opinberlega, að láglaunafólk eigi ekki fyrir nauðsynlegum lyfjum eða læknisþjónustu og hvort ráðherrann geti tekið undir það og sé þá tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að slík úttekt fari fram, hvort það geti verið í velferðarsamfélaginu Íslandi að svo sé komið að það séu brögð að því að fólki geti ekki leitað sér læknishjálpar eða leyst út sín lyf. Ég held að við þurfum að fá fram það sanna í þessu máli og því er hæstv. ráðherra sérstaklega spurður að því.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 1 milljarðs kr. sparnaði. Hvað má ætla að hæstv. ráðherra nái miklu fram af þeim sparnaði á þessu ári? Um það spyr ég og einnig hvort að með sparnaði í lyfjakostnaði þessa árs verði enn frekar aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði frá því sem gert var í sumar og hefur komið mjög illa við marga eins og láglaunafólk og lífeyrisþega. Eftir því sem ég best veit hefur ráðherrann ekki enn náð fram þeim sparnaði. Síðan eru áform uppi um 370 millj. kr. sparnað í fjárlagafrv. næsta árs. Eru þar uppi einhver áform um frekari greiðsluþátttöku sjúklinga til að ná fram þeim sparnaði?

Grundarvallarspurningin sem varpað er fram til ráðherra í þessari umræðu er því: Má gera ráð fyrir aukinni þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði frá því sem nú er á þessu eða næsta ári?

[10:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín fjórum efnismiklum spurningum sem ég fagna að fá að svara hér.

Fyrst vil ég fá að taka fram eftirfarandi:

Það hefur staðið til að gera grundvallarbreytingar á endurgreiðslukerfi Tryggingastofnunar vegna lyfja. Því var slegið á frest í ár m.a. vegna þess að við vildum sjá hvernig málin þróuðust í Danmörku en þeir tóku upp nýtt kerfi núna í mars sl. Tryggingastofnun var síðan falið að útfæra það hér sem kallað hefur verið danska kerfið. Sú útfærsla hefur ekki ratað á borð ráðherra enn þó svo umfjöllun hafi fari fram um það opinberlega og ég get heldur ekkert sagt um það hér hvort sú útfærsla sem fyrir liggur hjá Tryggingastofnun þá og þegar verði ofan á fyrr en ég hef farið yfir það með ráðuneytinu.

Áður en ég svara fyrstu spurningunni vil ég líka útskýra hugmyndafræðina sem hið svokallaða danska kerfi hvílir á. Það byggir á að draga úr kostnaði þeirra sem nota lyf að staðaldri, eru langveikir og nota mikið af lyfjum. En á móti er greiðsluhlutur þeirra sem nota lyf endrum og sinnum og eru frískir að öðru leyti, aukinn. Í velferðarríkjum Skandínavíu er þetta fyrirkomulag talið réttlátara.

Fyrsta svarið er þetta: Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um að fella alveg niður endurgreiðslur á lyfjum sem hv. þm. spurði um og ég endurtek það sem ég hef sagt á öðrum vettvangi, þ.e. krónískir sjúklingar sem nota lífsnauðsynleg lyf að staðaldri þurfa ekki að hafa áhyggjur af breyttri greiðsluþátttöku. Í þessu sambandi er rétt að taka fram til að forðast misskilning að Danir taka ekki þátt í greiðslu á öllum lyfjum og Svíar eru nú að tína út úr sínu kerfi fjölmörg lyf sem notendur hafa fengið greidd en verða í framtíðinni að greiða að fullu.

Annað svarið er svona: Almennar niðurgreiðslur vegna lyfja lækka ekki hlutfallslega þótt við tökum upp nýtt greiðslufyrirkomulag. Kerfið er ekki sett upp til að spara heldur til að draga úr sjálfvirkum vexti lyfjaútgjalda og gera kerfið sanngjarnara. Ég sé engin rök fyrir því að þetta hlutfall þurfi að breytast þótt endurgreiðslukerfi breytist.

Af því að hér er spurt um greiðsluhlut þeirra sem nota lyf þá er rétt að fram komi að hann hefur sáralítið breyst þótt breytingar hafi verið gerðar á greiðsluþátttökunni. Lyfjaliður vísitölu neysluverðs eins og Hagstofan reiknaði hann út hefur til að mynda lækkað hlutfallslega frá áramótum þrátt fyrir mikla umræðu um annað og það vil ég gjarnan sýna ykkur á línuriti á eftir.

Svar þrjú er þetta: Ég tel brýnt að jafnan liggi fyrir sem nákvæmastar upplýsingar um hvernig hinir ýmsu þjóðfélagshópar nýta heilbrigðisþjónustuna. Ég geri mér grein fyrir að aðgengi ræðst af efnahag og einmitt þess vegna hafa allar breytingar á endurgreiðslureglugerðum lyfja tekið mið af að halda niðri kostnaði þeirra sem við teljum viðkvæma í þessu sambandi.

Ég lýsti þeirri skoðun minni á ársfundi Tryggingastofnunar ekki alls fyrir löngu að ég teldi afar brýnt að efla rannsóknir á þessu sviði svo heilbrigðisyfirvöld hefðu jafnan haldgóðar upplýsingar í þessum efnum.

Varðandi síðasta lið fyrirspurnarinnar þá hefur það verið meginatriði í starfi mínu sem heilbrrh. að stuðla að jöfnuði og að allir hefðu jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni íslensku.

Virðulegi forseti. Ég tel mig þegar hafa svarað fjórðu spurningunni með því að gera grein fyrir grundvallaratriði hins svo kallaða danska kerfis, þ.e. að flytja niðurgreiðslurnar til þeirra sem bera þyngstan kostnað vegna sjúkdóma sinna en auka hlut þeirra sem eru frískir. Almennt er ekki fyrirhugað að auka hlut þeirra sem kaupa mikið af lyfjum.

Ég tel rétt að það komi sérstaklega fram að danska og íslenska heilbrigðiskerfið og lyfjakerfið eru ekki þau sömu. Því þarf að taka mið af íslenska kerfinu og ég vænti þess að tillögur frá Tryggingastofnun liggi fyrir í vetur þar um.

[10:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta mál til umræðu utan dagskrár vegna þess að margt er mjög óskýrt í þessum efnum nú um stundir.

Í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta, að áformað sé að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi en markmið þess er að flytja greiðsluþátttöku almannatrygginga frá einstaklingum með lítinn lyfjakostnað yfir til þeirra sem nota mikið af lyfjum.

Þetta er afar óljóst orðalag sem hæstv. ráðherra reyndi að skýra fyrir okkur og bætir því við að það sem vaki fyrir stjórnvöldum sé að draga úr sjálfvirkum vexti og gera kerfið sanngjarnara.

Það var hæstv. fjmrh. sem reið á vaðið með sanngirnispólitíkina í vor þegar hann lýsti því yfir að ríkið hygðist draga úr þátttöku í lyfjakostnaði um 1 milljarð til viðbótar því sem áður hafði verið ákveðið. Síðan létu þeir verkin tala, bæði um áramót og síðan aftur í sumar. Þegar þessar hækkanir eru lagðar saman kemur eftirfarandi í ljós um hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjakostnaði að hámarksgreiðsluhlutfall sjúklinga mun hafa hækkað um 72,22% frá áramótum eða úr 1.800 kr. fyrir hvern lyfseðil í 3.100 kr. Þetta á við um svokölluð b-lyf, en í þeim flokki eru m.a. lyf við hjarta-, astma-, psoriasis- og geðsjúkdómum. Hvað elli- og örorkulífeyrisþega snertir er hækkun í báðum lyfjaflokkum heldur minni en þó 58,33%. Þetta er sú sanngirnispólitík sem ríkisstjórnin stendur fyrir gagnvart sjúklingum.

Núna lýsir hæstv. ráðherra því yfir að þrátt fyrir þessa hækkun hafi lyfjakostnaðurinn lækkað. Ég auglýsi eftir upplýsingum um þessi efni því að eitt er alveg víst að ríkisstjórnin hefur haft forgöngu um að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði sem því nemur sem ég hef hér gert grein fyrir.

[10:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Lyfjakostnaður mun að óbreyttu aukast um 12% milli áranna 2000 og 2001. Að koma böndum yfir síaukinn lyfjakostnað ár frá ári er eins og að reyna að temja baldinn fola. Vissulega eru sífellt að koma fram á sjónarsviðið ný og betri lyf sem geta læknað eða linað sjúkdóma sem herja á fólk og vissulega viljum við að Íslendingar njóti tækni- og vísindaframfara í þróun lyfja. Stjórnmálamönnum og heilbrigðisyfirvöldum ber hins vegar að leita bestu leiða til að nýta sem best það fjármagn sem er til lyfjamála á hverjum tíma og um leið að leita leiða til að stemma stigu við aukningu á þessu fjármagni. Að leiðarljósi verður að hafa að það kerfi sem skiptir fjármagninu sé réttlátt, það mismuni ekki sjúklingahópum og um leið hvetji það til varfærni í nýtingu lyfja og spyrni gegn sóun.

Við erum ekki ein um það að standa frammi fyrir því verkefni að halda niðri lyfjakostnaði. Aðrar þjóðir standa þar í sömu sporum.

Að undanförnu hafa heilbrigðisyfirvöld haft til skoðunar kerfi sem upprunnið er í Danmörku með það að markmiði að nýta grunnhugmynd þess til notkunar hér á landi vegna lyfseðilsskyldra lyfja. Grunnhugmyndin byggist á því að þeir sem þurfa að lifa við langvinna sjúkdóma hvers eðlis sem þeir eru fái sambærilega fyrirgreiðslu kerfisins fyrir kostnaðarþátttöku í lyfjameðferð. Ég hef grun um að svo sé ekki í dag þegar allir kostnaðarþættir varðandi meðferð eru teknir saman.

Í hinu nýja kerfi yrði reynt að tryggja að þeir sem þurfa á stöðugri lyfjagjöf að halda vegna langvinnra sjúkdóma beri aðeins takmarkaðan kostnað vegna þeirra. Þeir sem á hinn bóginn þurfa á tímabundinni lyfjagjöf að halda vegna tiltekins sjúkdóms geti hins vegar vænst þess að bera aukinn kostnað upp að vissu marki. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er að finna jafnvægi milli þess að fólk fái nauðsynleg lyf án þess að það standi frammi fyrir óeðlilegum útgjöldum vegna þess og hins að útgjöld ríkisins vegna þessa málaflokks séu innan skynsamlegra marka. Þetta er stöðugt og óendanlegt verkefni heilbrigðisyfirvalda.

[10:47]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Lyf eru mun dýrari hér en annars staðar á Norðurlöndum og lyfjakostnaður almennings er hærri. Þetta stafar ekki af því að við neytum meiri lyfja en aðrar þjóðir. Þvert á móti erum við lægstir í Evrópu ásamt Norðmönnum hvað snertir lyfjanotkun í heildina.

Með reglugerð 15. júní sl. var ætlunin að spara ríkissjóði 700–800 millj. í lyfjakostnaði. Þessi sparnaður er tekinn beint úr vasa sjúklinga og aldraðra og kostnaður þeirra hefur aukist hvað sem sagt er um heildina. Ekki verður séð að gengið hafi verið úr skugga um að þessar álögur skiptist á réttlátan hátt milli sjúklingaflokka. Hlutdeild aldraðra í lyfjakostnaði hefur aukist á bilinu 14–37,5% eftir lyfjaflokkum samkvæmt könnun Félags eldri borgara í Reykjavík. Hlutdeild hjartasjúklinga í lyfjakostnaði hefur hækkað mun meira í mörgum tilvikum en eitthvað minna hjá ýmsum öðrum.

Hafin er vinna við ítarlega könnun á vegum sjúklingafélaga, samtökum aldraðra og ýmissa félagasamtaka á kostnaðarhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði og þeim breytingum sem hafa orðið á henni á undanförnum árum. Ríkisvaldið getur ekki beint sparnaðarhugmyndum sínum að þessum hópum, þ.e. sjúklingum og öldruðum umfram aðra. Það er ekki þar sem breiðu bökin er að finna í þjóðfélaginu. Þótt þessi hópur sé alla jafnan hljóður og hógvær þá má að lokum brýna svo deigt járn að bíti. Það virðist vera komið að þeim mörkum núna.

[10:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Árið 1994 voru gerðar þær breytingar á lögum að innleidd var samkeppni í lyfjaverslun. Hæstv. heilbrrh. var andvígur þeirri breytingu og gerði allt sem hún gat til að tefja fyrir því að hún gæti gengið í gegn. Þessi samkeppni leiddi samt til þess að verðstríð varð á milli lyfjabúða um hlut sjúklinga þannig að lyfjaverslanir lækkuðu hlut sjúklinga. Þetta hefur hæstv. heilbrrh. notað a.m.k. fimm sinnum til þess að auka hlut sjúklinganna. Í skjóli samkeppninnar hefur því hlutur sjúklinga verið aukinn. Það hefur leitt til þess, eins og hér hefur komið fram, að hlutur bæði ellilífeyrisþega og hjartasjúklina í lyfjakostnaði hefur aukist.

Gott og vel. Það sem hins vegar hefur verið rauði þráðurinn í gegnum allar þær aðgerðir sem gripið var til á erfiðleikatímum en ekki á blómaskeiði eins og núna var að verja hag þeirra sem væru króníska sjúkir. Nú hafa komið upp, vonandi af misskilningi, áhyggjur um það að til stæði að breyta þessu, til stæði að auka hlut þeirra sem bæru langvinna sjúkdóma. Hæstv. ráðherra getur ekki sagt að hún hafi ekki á því skoðun, að hún sé að bíða eftir tillögum Tryggingastofnunar ríkisins um hvernig eigi að framkvæma hlutina. Hún verður að leggja línurnar sjálf. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka af öll tvímæli um það að í þeim breytingum sem verið er að vinna að standi ekki til að gera þá grundvallarbreytingu í málefnum sjúklinga að láta þá sem langveikir eru greiða hluta af lyfjakostnaði sínum. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að taka af öll tvímæli um þetta og þá ekki aðeins öll tvímæli um að ekki standi til að gera þá breytingu að langveikir sjúklingar þurfi að greiða hluta af lyfjunum við sjúkdómi sínum, heldur einnig ef á að fara að láta þá greiða lyf sem þeir þurfa

á að halda við ýmsum hliðarverkunum þeirra sjúkdóma sem þeir hafa.

[10:51]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur nú gefið mjög skýr svör við spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eða svo tel ég vera eða jafnskýr svör og spurningarnar leyfa. Í máli hæstv. heilbrrh. kom m.a. fram að staðið hefur til að gera grundvallarbreytingu á endurgreiðslukerfi Tryggingastofnunar og að menn þar eru að horfa til útfærslu á danska kerfinu. Hvað sem kerfið er nú kallað þá hljótum við öll hér að vera mjög sammála um þörfina fyrir að draga úr sjálfvirkum vexti lyfjaútgjalda en ráðherra hefur jafnframt lýst því yfir að tryggt skuli að þeim sem mesta þörfina hafa og beri þyngstu byrðina verði best mætt.

Í þessu samhengi vil ég taka undir orð ráðherra áðan um þörfina fyrir rannsóknir og haldgóðar upplýsingar þegar verið er að móta stefnu og ákvarða hvert skuli halda og minna á breytingu sem var gerð á lyfjalögum á síðasta vori og var ætlað að tryggja Tryggingastofnun aðgang að öllum gögnum frá lyfsölum í tölvutæku formi. Slík gögn tel ég vera nauðsynleg þegar verið er að móta stefnu en þegar það ákvæði kemur til framkvæmda mun það auðvitað nýtast Tryggingastofnun og heilbr.- og trmrn. við hvers konar ákvarðantöku og stefnumótun á sviði lyfjadreifingar og við mat á greiðsluþátttöku sjúklinga. Þetta eru gögn sem okkur hefur töluvert mikið skort og von til þess að úr rætist. En prósentuhækkanir sem menn eru oft að kasta fram upp á hundruð prósenta skulum við líka hafa í huga að eru oft mjög villandi og oft er ekki nema um fáar krónur að ræða.

[10:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stöðugt hefur dregið úr framlögum ríkisins til lyfjakaupa svo nemur gífurlegum upphæðum. Það er alveg ljóst, herra forseti, að ríkisstjórnina skortir í þessum málaflokki stefnumótandi ákvarðanir og í umræðum á Alþingi á síðasta vetri þegar rætt var um breytingar á lyfjalögunum var því lofað af hæstv. ráðherra heilbrigðismála að stefnumótandi ákvarðanir yrðu teknar og að umræða um stefnumótun í lyfjakaupamálum færi fram. Hún fór ekki fram í fyrravetur og hún er greinilega ekki að fara fram hér og nú. Það er alveg ljóst á svari hæstv. ráðherra við mjög þörfum og greinargóðum spurningum hv. málshefjanda að stefnan er enn jafnóljós og loðin og hún hefur verið undanfarin ár. Kerfið er orðið svo mannfjandsamlegt og óaðgengilegt að það liggur við að sjúklingar þurfi að hafa með sér umboðsmann og túlk til þess að fá að vita hver réttur þeirra innan þessa kerfis er. Stöðugar breytingar á kerfinu eru mannfjandsamlegar í garð sjúklinga og ekki til þess fallnar að fólk geti bætt heilsuvernd eða aukið við heilsu sína.

Það er algerlega ljóst að þetta stöðuga og óendanlega verkefni heilbrigðisyfirvalda eins og hv. þm. Ásta Möller kallaði hefur legið á hillunni og það er synd og skömm ef svo á að vera áfram.

[10:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki nýtt að verið sé að reyna að ná utan um lyfjakostnaðinn í landinu. Allir heilbrigðisráðherrar hafa haft þetta mikla verkefni með höndum á síðustu árum. Það er einfaldlega þannig að lyfjakostnaður í landinu hefur smám saman verið að vaxa og margar eðlilegar skýringar eru á því. Á markaðinn koma ný og dýrari lyf sem leysa önnur af hólmi og oft er það þannig að einmitt ný lyf gera það að verkum að innlögnum sjúklinga fækkar, þær styttast o.s.frv. Það er því út af fyrir sig ekki alltaf óeðlilegt að lyfjakostnaðurinn vaxi.

En engu að síður er það nauðsynlegt verkefni á hverjum tíma að reyna að halda utan um lyfjakostnaðinn í ljósi þess að um gríðarlega miklar upphæðir er að ræða. Á síðasta ári greiddi Tryggingastofnun ríkisins um 4,7 milljarða kr. vegna lyfjakostnaðar og jókst sá kostnaður um 700–800 millj. kr. milli ára. Það er því ljóst mál að sá heilbrrh. sem ekki reyndi að ná utan um þennan lyfjakostnað væri auðvitað ekki vanda sínum vaxinn og hæstv. heilbrrh. er auðvitað að reyna að glíma við heilmikið og risavaxið verkefni sem líka er viðkvæmt.

Þegar við skoðum þessi mál í einhverju samhengi liggur það fyrir eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. að hlutur lyfja í heildarvísitölunni hefur síst verið að aukast á undanförnum árum og raunar lækkað það sem af er þessu ári þegar skoðaður er hlutur sjúklingsins í þessu samhengi. Og ef við skoðum það jafnframt líka þá hefur hlutfall sjúklinga verið nær óbreytt allan þennan síðasta áratug þó að auðvitað séu innbyrðis breytingar á milli ýmissa lyfja og lyfjaflokka.

Hið nýja fyrirkomulag sem hæstv. heilbrrh. var hér að nefna felur í sér, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að reyna að nýta þá fjármuni sem við notum núna til þess að greiða niður lyfjakostnað þannig að það komi sem mest og best að notum fyrir þá sem þurfa helst á því að halda. Ég trúi því ekki að neinn geti verið á móti því né trúi ég því að nokkur hv. þm. sé andsnúinn þeirri viðleitni hæstv. heilbrrh. að halda aftur af lyfjakostnaðinum og hækkun hans í landinu.

[10:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Lækkun ríkisútgjalda hjá þessari ríkisstjórn þýðir að dregið úr samneyslu og kostnaði er velt yfir á heimili eða í þessu tilfelli yfir á sjúklinga. Að taka upp danska fyrirkomulagið á niðurgreiðslum almannatrygginga byggist á að flytja greiðsluþátttöku ríkisins frá einstaklingum sem nota lítil lyf yfir til þeirra sem þurfa á meiri og dýrari lyfjum að halda sem þýðir á mæltu máli að spara á milljarð með því að hækka almennt útgjöld fjölskyldna til lyfjakaupa, minna til þeirra sem nota dýr og mikil lyf. Enginn verður tekinn út úr, enginn mun fá ókeypis lyf. Sjúklingar greiða niður lyf fyrir aðra sem þurfa meira á þeim að halda.

Þetta er hinn einfaldi sannleikur í því sem við erum að ræða hér. Með þessu móti á að sækja milljarð í vasa almennings til viðbótar við það sem ríkið hefur þegar sparað á umliðnum missirum í kostnaði þessa fólks með lækkun tryggginga og örorkubóta, með lækkun barnabóta, með lækkun vaxtabóta og nú á að hækka útsvar til viðbótar á sama hópinn og verið er að leggja á aukinn lyfjakostnað með þessari aðferð. Þá hlýt ég að spyrja: Hefur hæstv. heilbrrh. lagt það til í ríkisstjórninni að skoðað verði hvernig alhliða sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar hitta ákveðna þjóðfélagshópa fyrir þannig að við vitum á hverjum þessar aðgerðir bitna samtals? Þegar hæstv. ráðherra talar um að Danir og Svíar fari þessa leið þá bendi ég á að þar er allt annað samfélagsmunstur, sterkara öryggisnet, meira veitt til fjölskyldna, barna og félagsmála, betur tryggt að enginn búi við fátækt.

[10:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef fyrir framan mig töflu Þjóðhagsstofnunar sem sýnir að útgjöld heimilanna vegna lyfjakostnaðar hefur aukist sl. tíu ár hvort sem litið er til þeirra sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eða í krónum talið og munar þar verulega sem sýnir, hvað sem ráðherrann segir, að þátttaka sjúklinga og útgjöld heimilanna hafa vaxið á tíma góðæris meðan minni hlutdeild sjúklinganna var þegar við vorum í ríkisstjórn á tímum niðursveiflu.

Hæstv. ráðherra segir að hún sé að bíða eftir reynslunni af danska kerfinu þegar ráðherra ætlar að fara í grundvallarbreytingar á niðurgreiðslukerfinu á lyfjum. Ég hef fyrir framan mig minnisblað sem segir að það sé talið að kerfi Dana uppfylli ekki það skilyrði að enginn þurfi að hverfa frá lækningameðferð vegna efnahags. Þetta er kerfið sem hæstv. ráðherra er að láta skoða í ráðuneyti sínu sem er þannig að fólk þarf að hverfa frá lækningameðferð og kaupum á lyfjum vegna fátæktar.

Ég held að ráðherrann ætti að athuga vel sinn gang. Það hefur ítrekað komið fram í góðærinu að fólk hefur ekki getað leyst út lyfin sín vegna þeirra hækkana sem sífellt eru að dynja yfir frá þessari ríkisstjórn, síðast á miðju þessu ári um 37%. Hér kemur fram t.d. í ágústmánuði að hjartalyf hafi í sumum tilvikum hækkað um 80% á einu ári. Hjá Landssamtökum hjartasjúklinga kemur fram að hækkunin sé svo mikil að sumir sjúklingar sjái sér ekki fært að leysa lyfin sín út. Og mér finnst ráðherrann þurfi að vera afdráttarlausari í máli sínu en hún var áðan og segja skýrt og skorinort að ekki komi til greina að hækka þátttöku sjúklinga sem eru með langvinna sjúkdóma og að ekki standi til að auka greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði. En mér fannst ráðherrann ýja að því að það stæði ekki til, ekki hjá þeim sjúklingum sem væru með langvinna sjúkdóma en hjá öðrum stæði það til. Er það svo? Stendur til að hækka greiðsluþátttöku sjúklinga almennt í lyfjakostnaði þó undan eigi að skilja þá sem eru með langvinna sjúkdóma?

[11:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram þyrfti náttúrlega að taka lengri tíma en við höfum núna. Við erum að tala um danskt kerfi sem jafnaðarmenn í Danmörku hafa skapað. Ég trúi ekki að menn haldi að það sé afskaplega óheiðarlegt kerfi gagnvart sjúklingum, sérstaklega ekki þeir sem tala fyrir hönd jafnaðarmanna nema þeir hafi skipt um skoðun. En íslenska kerfið er ekki eins og þess vegna vil ég aðlaga það danska að íslenska kerfinu. Íslendingar taka t.d. miklu fyrr en Skandinavar dýr og betri lyf inn til landsins, sem betur fer. En við höfum líka endurgreiðslureglugerðir og höfum gætt þess að greiða þeim sem eru tekjulágir til baka og það er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt þegar menn tala um lyfjahækkanir að þeir séu með það á hreinu um hvað er verið að tala.

Hér er til að mynda talað um hjartalyf. Talað er um að hjartalyf hafi hækkað upp í 270%. Við skulum sjá hvað það þýðir. Til að mynda fyrir ellilífeyrisþega eða öryrkja þýðir það 200 kr. á þriggja mánaða skammt, sem sagt um 80 kr. á mánuði. Það er hækkunin sem um er að ræða. En varðandi danska kerfið þá byggir það á því að króníska, langveikir sjúklingar borgi tiltölulega minna en þeir sem eru sjaldan veikir og þurfa á litlum lyfjum að halda borgi tiltölulega meira. Ég vona að við getum verið sammála um þetta og tölurnar eru alveg skýrar varðandi lyfjavísitölu, að fólk greiðir minna núna fyrir lyfin sín en það gerði áður og ég bið þingmenn að kynna sér endurgreiðslureglugerðirnar. Það verður alveg eins með nýja kerfið að það verður að bindast endurgreiðslureglugerð þannig að við náum til fólksins og við séum að segja og gera það sem við viljum. Það er að allir hafi jafnan aðgang að íslensku heilbrigðiskerfi. Það er *númer eitt, tvö og þrjú.*

Námsmatsstofnun, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 183.

[11:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um Námsmatsstofnun. Með lagafrv. er lagt til að heiti og hlutverki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt og með nýjum lögum breytist hún í Námsmatsstofnun sem annist hluta þeirra verkefna sem hafa verið unnin hingað til á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála samkvæmt þeim lögum sem eru nú í gildi um stofnunina frá 1993.

Í frv. er lagt er til að lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar með taldar samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin annist aðrar rannsóknir innan lands á sviði uppeldis- og menntamála en lúta að námsmatsrannsóknum.

Undanfarin ár hafa átt sér stað veigamiklar breytingar á löggjöf um menntamál. Sett hefur verið ný heildarlöggjöf um háskóla og innan Kennaraháskóla Íslands hefur menntun grunnskólakennara, leikskólakennara, íþróttakennara og þroskaþjálfa verið efld og aukin áhersla er lögð á meistaranám, rannsóknir og þjónustu við skólakerfið.

Síðan Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála tók til starfa hefur auk þess verið stofnað til kennaramenntunar og rannsókna á því sviði við Háskólann á Akureyri og rannsóknastarfsemi í uppeldis- og kennslufræðum hefur jafnframt aukist í Háskóla Íslands, einkum á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Við alla helstu háskóla landsins starfa þannig rannsóknastofnanir sem sinna m.a. rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og er því að mati menntmrn. óþarfi að á vegum ríkisins sé rekin sérstök rannsóknastofnun á þessu sviði eins og nú er gert með *Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.*

Þá vil ég láta þess getið, herra forseti, að í lögum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að lokapróf í framhaldsskólum verði samræmd í tilteknum greinum og er miðað við að þau verði lögð fyrir í fyrsta skipti árið 2003. Í *núgildandi* lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála er ekki veitt heimild fyrir stofnunina til að sinna samræmdum prófum í öðrum skólum en grunnskólum en með þessu frv. er *lagt til* að stofnunin annist framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi og nauðsynlegt er með skýrum lagaákvæðum að heimila stofnuninni að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Óhjákvæmlegt er að taka mið af þessum breytingum á skólakerfi okkar við lagasetningu um Námsmatsstofnun og þess vegna er þetta frv. lagt fram og gerð breyting á gildandi lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Við gerð frv. er einnig stuðst við tillögur sem komu frá stýrihópi sem ég skipaði um mat á starfsemi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og í greinargerð með frv. er að finna samantekt á tillögum stýrihópsins. Þar er m.a. lagt til að sett verði ný lög um stofnunina sem taki mið af nýjum viðhorfum í stjórnsýslu og breyttu hlutverki stofnunarinnar innan nýrra laga um grunnskóla og framhaldsskóla og það beri að treysta sjálfstæði stofnunarinnar og skipa henni stjórn. Einnig er tekið á stjórnarháttum stofnunarinnar í þessu frv. og þeim breytt frá því sem nú er. Ég tel því að tekið sé tillit til helstu ábendinga í áliti stýrihópsins í frv. og legg til að það verði tekið til meðferðar og því vísað að lokinni umræðunni til 2. umr. og hv. menntmn.

[11:08]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér hefur verið lagt fram, frv. til laga um Námsmatsstofnun, gerir ráð fyrir að sú stofnun taki við því hlutverki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála að annast prófagerð og námsmat. Ég verð að segja eftir að hafa lesið þetta frv. er mér ekki alveg ljóst hvað á svo að verða um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eftir að þetta hlutverk hefur verið tekið frá henni og ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra gæti gefið mér svör við því.

Það er náttúrlega eðlilegt að sett séu ný lög um námsmat eftir að við höfum samþykkt ný framhaldsskólalög sem gera ráð fyrir samræmdum prófum í framhaldsskólum en ekki var gert ráð fyrir því í lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að hún annaðist prófagerð í framhaldsskólum.

En það er sérstaklega eitt sem ég rak augun í í frv. í 2. gr. sem ég er svolítið undrandi á. Ég hélt að allir hefðu séð að ákveðinn þáttur í framkvæmd samræmdra prófa hefur ekki haft góð áhrif að mínum dómi og mjög margra annarra á þróun skólastarfs í landinu. Það er sá þáttur að reikna út meðaleinkunn í hverjum skóla úr niðurstöðum samræmdra prófa og nota þetta í ákveðinni keppni milli skóla og byggðarlaga. Það er vitað mál að af mörgum ástæðum standa byggðalög mjög misjafnlega að vígi í þessu kapphlaupi og ég vil meina að þetta hafi haft sitt að segja í þeirri byggðaröskun sem hefur verið undanfarið þar sem fólk hefur farið að trúa vegna niðurstaðna úr samræmdum prófum að þeirra skólar á landsbyggðinni væru eitthvað lakari en þeir skólar sem börn ættu völ á t.d. í Reykjavík. Ég hélt að nú yrði tækifærið kannski notað og lögum breytt í sambandi við þetta.

Auðvitað er mjög gott fyrir nemendur að sjá hvar þeir standa á samræmdum prófum. Það er mjög gott fyrir kennara að sjá hvar þeir standa með sinn hóp gagnvart samræmdu prófi og hvað þarf að laga og hverju þarf að breyta en ég held að það kapp sem hér hefur verið efnt til kunni engri góðri lukku að stýra og það hefði verið einmitt tækifæri núna þegar sett eru ný lög um Námsmatsstofnun að breyta þessu og taka þetta út úr myndinni. Það virðist ekki vera ætlunin samkvæmt því sem ég les út úr 2. gr. frv.

Það er líka eitt annað sem gerir það að verkum að það hefði verið tækifæri til að taka þetta út nú. Ég veit ekki hvernig á að fara að því nú þegar sett hefur verið í lög að nemendur eiga kost á því að segja sig frá samræmdum prófum, t.d. upp úr grunnskóla, þá sé ég ekki hvernig það á að koma því við að halda áfram því samanburðarkapphlaupi sem hér hefur verið stundað á undanförnum árum.

Það er svo sem ekki fleira sem ég hef um þetta frv. að segja á þessu stigi en ég vildi gjarnan að það kæmi fram að ég hefði talið mjög gott tækifæri núna til að breyta þessu hugarfari og hafa samræmd próf sem eru til góðs þegar þau eru notuð á réttan hátt en ekki til þess að fjölmiðlar geti verið að velta sér upp úr hvaða skóli sé góður og hvaða skóli ekki vegna niðurstaðna á samræmdum prófum án þess að þeir hafi nokkra möguleika á að sjá hvaða ástæður liggja þar að baki.

[11:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er að sjálfsögðu rétt með farið að þörf er á breytingu laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála í ljósi þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á lögum upp á síðkastið um samræmd próf í framhaldsskólum og fleira því tengt. Ég vil taka undir gagnrýni síðasta ræðumanns varðandi það ofurkapp sem lagt er á samræmt próf og stefnu hæstv. menntmrh. í þeim efnum sem hefur verið gagnrýnd í þingsölum og er kannski ekki tilefni eða ástæða til að fara djúpt ofan í þau mál hér. Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. ráðherra um þá áráttu sem virðist vera hjá hæstv. ríkisstjórn að breyta alltaf nöfnum á stofnunum þegar hlutverk þeirra eru endurskipulögð og lýsa þeirri skoðun minni að mér þykir nafnið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála afar lýsandi og skýrt. Það gefur mjög vel til kynna hvert hlutverk stofnunarinnar er og ég sé ekki að því eigi að breyta í grundvallaratriðum þannig að ég sé ekki þörfina fyrir því að breyta nafni stofnunarinnar í Námsmatsstofnun og finnst mér orðið Námsmatsstofnun hljóma hálflokað, klént og ankannalegt. Ég hefði gaman af því að fá hæstv. menntmrh. til að svara því í einhverjum orðum hvað ráði þessari hugmynd. Ég lýsi vantrú á því að þetta sé rétt stefna að breyta alltaf nöfnum á stofnunum hins opinbera þegar hlutverk þeirra er endurskipulagt eða eitthvað við því hreyft.

Að öðru leyti vil ég segja það að hv. menntmn. Alþingis kemur til með að fjalla um þetta frv. og leita umsagnar um það hjá þeim aðilum sem láta sig þetta mál varða og varðandi samræmdu prófin er auðvitað ekki séð fyrir endann á þeirri umræðu, hún er sígild og á eftir að halda áfram og áherslumál ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar í þeim efnum eru nokkuð klár.

[11:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar umræður um frv. Þegar spurt er hvert sé hlutverk stofnunarinnar þá er hægt að lesa 2. gr. frv. um verkefni stofnunarinnar. Þar kemur fram, eins og ég var að leitast við að segja í framsöguræðu minni og menn geta einnig lesið í greinargerðinni með frv., að það er verið að skilgreina verkefni stofnunarinnar upp á nýtt, ekki aðeins vegna þess að hún tekur nú við því hlutverki að sinna samræmdum prófum sem eiga að koma til sögunnar á framhaldsskólastigi samkvæmt framhaldsskólalögunum heldur einnig með tilliti til þess að frá því að lögin voru fyrst sett um þessa stofnun hefur orðið veruleg breyting að því leyti að innan allra þriggja háskólanna sem sinna menntun kennara, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, hafa orðið til sérstakar rannsóknastofnanir og aukin áhersla er þar lögð á meistaranám og rannsóknarnám af öllu tagi. Nýlega var haldið málþing t.d. í Kennaraháskóla Íslands þar sem voru kynnt hátt í 100 verkefni sem unnið er að og tengjast rannsóknum á skólastarfi og þróun þess þannig að af hálfu menntmrn. hefur verið mörkuð sú stefna að ekki sé starfandi utan háskólanna sérstök stofnun með því víðtæka hlutverki sem Rannsóknarstofnun uppeldis- og

menntamála hafði samkvæmt þeim lögum sem lagt er til að verði breytt með þessu frv. Það er meginkjarninn í þessum þætti frv. og tekur mið af þeirri þróun sem verið hefur á undanförnum árum.

Hins vegar er hlutverk stofnunarinnar að þessu leyti skilgreint eins og kemur fram í d-lið 2. gr.: „vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum.“ Þetta eru rannsóknir sem tengjast beint hlutverki stofnunarinnar og ekki á annarra færi en hennar að leggja stund á slíkar rannsóknir. Ég held að þegar menn kynna sér málið sjái þeir að hér er um skynsamlega verkaskiptingu að ræða og að ekki sé skynsamlegt að hafa rannsóknastofnun utan háskólanna með því víðtæka hlutverki sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur haft til þessa.

Ég er þeirrar skoðunar að heitið á Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hafi alls ekki gefið rétta mynd af meginverkefnunum hennar og ég tel að með því að breyta heitinu og kalla hana Námsmatsstofnun sé í fyrsta lagi verið að gefa til kynna með heiti stofnunarinnar nákvæmlega hvaða verkefni hún á að sinna og einnig verið að árétta að við erum að þrengja verksviðið frá því sem nú er og lýsa því yfir að *það sé nauðsynlegt að hafa stofnun sem sinnir* þessu hlutverki sérstaklega. Ég tel því rökrétt að breyta heiti stofnunarinnar bæði til þess að gefa betur til kynna hvaða hlutverki hún gegnir að meginhluta nú þegar og einnig til þess að árétta þá breytingu sem frv. hefur í för með sér.

Varðandi spurninguna um upplýsingamiðlun og miðlun niðurstaðna á samræmdum prófum þá er það svo eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir gat um, að ólík sjónarmið eru um þetta og það eru margir sem eru eindregnir talsmenn þess að þessar upplýsingar liggi fyrir. Ég verð ekki var við annað en það hafi almennt mælst vel fyrir og til mín hafa komið fulltrúar fámennra skóla sem ekki hafa komist inn í þennan samanburð vegna þess að nemendur sem þar taka próf eru færri en 11 eins og tölvunefnd lagði til að yrði sett sem lágmark í þessu og þessir skólar hafa beðið um að komast inn í samanburðinn með því að fá að bera saman þrjú ár, taka saman nemendafjölda í þrjú ár og komast þannig inn í samanburðinn og við höfum í sjálfu sér heimilað það. Það hefur frekar verið áhugaefni skóla að komast inn í þessar samanburðartölur heldur en að forðast þær.

Hvað sem líður þessum lögum þá er okkur skylt að gera þetta samkvæmt upplýsingalöggjöf. Það voru tvær ástæður sem ollu því að við fórum út á þessa braut, ef ég man, rétt í ársbyrjun 1997. Það var annars vegar tilkoma nýrra upplýsingalaga sem voru túlkuð á þann veg að það bæri að gefa þessar upplýsingar og í öðru lagi var það hluti af stefnumörkun í skólamálum sem laut *að því að með því að* veita þessar upplýsingar stæðu allir betur að vígi, nemendur, kennarar og foreldrar og það eru þessir þrír aðilar sem koma að því að gera góða skóla. Það eru nemendur, kennarar og foreldrar. Og til þess að foreldrar hafi upplýsingar um þetta *er nauðsynlegt að þær liggi* fyrir og séu gefnar út eins og gert hefur verið. Ég er því eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé til bóta í íslensku skólakerfi. Það hafa verið ólík sjónarmið um þetta á Alþingi eins og við vitum. En mín reynsla af þessu er sú að ekki beri að hverfa frá þessu og það sé nauðsynlegt að hafa um þetta lagaákvæði með þeim hætti sem segir í 2. gr. frv.

Ég þakka þessar umræður. Ég tek ekki undir að það hafi verið sérstakt markmið mitt í sjálfu sér að leggja ofurkapp á samræmd próf. Þvert á móti hef ég verið að beita mér fyrir þeim breytingum á löggjöf sem gerir fólki kleift að komast á milli grunnskóla og framhaldsskóla án þess að taka samræmd próf og það hefur verið skapaður aukinn sveigjanleiki í skólakerfinu með því að aflétta þeirri skyldu af öllum nemendum að þurfa að taka samræmd próf þannig að mér finnst það heldur skjóta skökku við að koma hér og segja að ég sé að leggja ofurkapp á samræmd próf þegar ég hef verið að beita mér fyrir þessum sveigjanleika.

[11:23]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég er alveg sátt við það að rannsóknir færist inn í háskólana frá rannsóknastofnuninni ef meiningin er að leggja hana niður, þ.e. ef fjármagnið færist með líka. Það hlýtur að vera hugsunin.

Hæstv. ráðherra mátti ekki skilja mig svo að þó að ég áttaði mig ekki alveg á því með því að lesa þetta frv. hvort meiningin væri að leggja stofnunina niður eða ekki og spyrði um hvort svo væri, að ég væri eitthvað ósátt við þá skipan mála. Ég held að það geti í sjálfu sér verið mjög rétt stefna að einmitt, eins og hæstv. ráðherra sagði, að færa þessar *rannsóknir inn í háskólana.*

Ég vil vara við því sem mér finnst koma fram í máli hæstv. ráðherra og mjög margra annarra, og það er alveg rétt hjá honum að hann er ekkert einn um þessa skoðun, að það er ekki samasemmerki milli góðs skóla og einkunna endilega. Það getur verið svo fjölda margt sem fer fram í skóla sem gerir hann að verulega góðum skóla jafnvel þó að nemendur þar nái ekki einhverjum himinháum einkunnum á samræmdum prófum og ég vil vara við því að þarna séu sett samasemmerki á milli.

Svo vil ég spyrja hæstv. ráðherra vegna þess sem stendur í 4. gr. þar sem er verið að veita sérstaka heimild til að bjóða út vissa þætti og þá væntanlega í prófagerð og prófayfirferð. Er þetta eitthvað sem stendur til að auka frá því sem nú hefur verið? Ég verð að segja að þó að útboð geti átt heima á mörgum stöðum þá finnst mér þau ekki endilega vera sjálfsögð í þessum þætti.

[11:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þessa fyrirspurn um 4. gr. þá finnst okkur nauðsynlegt að hafa slíka heimild í lögunum miðað við fjárreiðulög og aðrar slíkar heimildir sem menn hafa almennt í ríkisrekstrinum. Þarna er m.a. verið að huga að því ef menn ætla að fara út í prófabankagerð eða kerfisbreytingar sem leiða af aukinni notkun tölvutækninnar þannig að ekki sé verið á þessum stað endilega að byggja upp allan *þann búnað sem þarf heldur sé hægt að leita til annarra aðila* sem eru sérhæfðir í að gæta fyllsta öryggis. Það eru öflugir aðilar hér sem sinna slíku. Það eru slík atriði sem við erum að velta fyrir okkur.

Ég fagna því að hv. þm. er sammála mér um þá verkaskiptingu sem þarna er mælt fyrir um. Varðandi fjárveitingarnar þá er það svo að meginfé hér á landi sem kemur til rannsókna er samkeppnisfé og við erum þá að fækka samkeppnisaðilum með því að skilgreina þetta upp á nýtt og gefa, að mínu mati, skólunum færi á að láta meira að sér kveða og sinna sínum verkefnum með þeim hætti.

Ég er líka sammála hv. þm. um það, og hefur komið fram í öllum greinargerðum sem menn senda frá sér þegar þeir birta niðurstöður í samræmdum prófum, að þau eru ekki eina

mælistikan sem á að nota. Mats- og eftirlitsdeild menntmrn. hefur unnið að því að búa til fleiri mælistikur. Ég hef lagt fram skýrslur á Alþingi bæði um framhaldsskólastigið og grunnskólastigið og þar sjá menn hvaða mælistikur aðrar er sjálfsagt að líta til og vonandi tekst okkur að þróa það líka vel þannig að hægt sé að beita þeim til þess að veita upplýsingar um fleira en niðurstöður á prófum.

[11:27]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Mér til mikillar hugarhægðar hefur komið fram að ekki er sérstaklega áætlað með þessu atriði í 4. gr. að bjóða út prófagerð og yfirferð heldur varðveislu og ég sætti mig mjög vel við það svar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Blindrabókasafn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 177. mál (verkefni og stjórn). — Þskj. 184.

[11:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum.

Í frv. eru lagðar til breytingar á verkefnum og stjórn Blindrabókasafns Íslands og stefnt að því að starfsemi Blindrabókasafnsins taki til miðlunar hugverka til tiltekinna hópa án tillits til þeirrar tækni sem notuð er til að koma verkunum á framfæri. Frv. gerir ráð fyrir að safnið þjóni öllum sem eru lesfatlaðir og noti þá tækni sem er til á hverjum tíma til að koma hugverkum á framfæri við þá.

Meginbreytingarnar samkvæmt frv. þessu eru eftirfarandi: Lagt er til að námsbókadeild Blindrabókasafns Íslands þjóni einnig grunnskólanemendum. Reynsla, tækni og kunnátta eru til staðar á blindrabókasafni til þess að framleiða efni fyrir blinda og sjónskerta. Þar af leiðandi hefur safnið tekið að sér að framleiða einnig efni fyrir grunnskólanemendur að beiðni Námsgagnastofnunar enda hafa kröfur um gæði námsefnis aukist og verða þeir að fá jafngóða þjónustu og aðrir.

Í öðru lagi miðar frv. að því að tryggja að þjónusta Blindrabókasafnsins geti einnig nýst fötluðum, veikum og öldruðum sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt auk blindra og sjónskertra. Með því er verið að laga starfsemi safnsins að nútímanum og raunverulegu umhverfi.

Enn fremur er opnað fyrir möguleika á samstarfi við aðra hópa en Blindrafélagið, t.d. félög aldraðra og sjúkra.

Í þriðja lagi miðar frv. að því að breyta stjórnarfyrirkomulagi Blindrabókasafns Íslands til samræmis við almennar reglur þannig að starf forstöðumannsins verði auglýst með almennum hætti í stað þess sem nú er kveðið á um í lögum að ráðherra skipi einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar.

Herra forseti. Þetta frv. lætur í sjálfu sér ekki mikið yfir sér en snertir ákaflega mikilvæga þætti og snertir það að menn eru að nýta sér þá góðu reynslu sem fengist hefur af Blindrabókasafni Íslands undanfarin ár til þess að sækja fram á nýjum sviðum og veita aukna þjónustu. Menntmrn. hefur beitt sér fyrir því á undanförnum missirum að gera ýmsar athuganir t.d. varðandi lesblindu og stöðu lesblindra nemenda í skólum og er núna að hefja á næstu dögum samvinnuverkefni um lesskimun allra sex ára barna í landinu til þess að átta sig betur á þessum vanda. En þjónustan við þessa nemendur byggist ekki síst á því að til sé efni sem er þannig úr garði gert að þessir nemendur geti nýtt sér það í skólastarfi. Blindrabókasafnið hefur sinnt efri skólastigunum, framhaldsskólanum og einnig háskólastiginu, og hér er gert ráð fyrir því að það fái nú heimild til þess að sinna einnig grunnskólastiginu. Ég tel að með því sé verið að stíga mikilvægt skref til þess að auðvelda nemendum á því skólastigi að nýta sér þá miklu þekkingu og reynslu sem Blindrabókasafnið býr yfir og hefur sinnt með miklum og góðum árangri á undanförnum árum.

Ég legg til að frv. verði sent til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[11:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Blindrabókasafn Íslands er afar merk stofnun og er að vinna mjög þarft og gott starf. Þetta frv. til laga um breytingu á þeim lögum sem nú gilda um Blindrabókasafnið er þarft og þessi breyting eðlileg. Það er aðeins eitt sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra aðeins út í og það varðar mögulegan kostnaðarauka af slíkri breytingu. Það kemur fram í fylgiskjali með frv. í umsögn frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðarauka af frv. nema sem nemur kostnaði við forstöðumann, þ.e. 4 millj. kr. Það er sem sagt lagt til samkvæmt frv. að forstöðumaður komi ekki úr hópi þeirra deildastjóra sem um ræðir og þess vegna megi ætla að það auki kostnað safnsins um 4 millj. kr. á ári. En ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaðarauka sem kæmi af breyttri lagaskyldu stofnunarinnar varðandi námsefni fyrir grunnskólanema.

Ég skil þetta ekki alveg, herra forseti, og væri þakklát hæstv. menntmrh. fyrir að skýra þetta atriði örlítið nánar.

[11:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fjmrn. hefur lagt mat á kostnað vegna frv. eins og skylt er. Þar kemur fram að frv. breyti ekki þeirri lagaskyldu Námsgagnastofnunar að tryggja að í grunnskólum sé ætíð völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrá. Að mati fjmrn. hafa breytingar á verkefnum Blindrabókasafns því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs en það kemur fram í greinargerðinni að undanfarin tvö skólaár hafi Blindrabókasafnið komið að samvinnu við Námsgagnastofnun og séð um að færa á blindraletur efni frá Námsgagnastofnun gegn greiðslu frá stofnuninni. Ákveðið er samkvæmt þessu að það sé flæði milli þessara tveggja ríkisstofnana og ef Blindrabókasafnið tekur að sér verkefni sem nú eru á verksviði Námsgagnastofnunar, þá ætti það í sjálfu sér ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

[11:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem liggur hér fyrir til 1. umr. um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands er hið þarfasta mál. Mig langar að nota tækifærið til í fyrsta lagi að þakka þetta frv., að það skuli vera fram komið. Ég mun beita mér fyrir því í menntmn. að það fái góða og skjóta afgreiðslu og tek undir það með hæstv. ráðherra að Blindrabókasafnið eins og það hefur þróast nýtist ekki eingöngu þeim sem eru

blindir eða sjónskertir heldur nýtist það öldruðum sem eiga orðið erfitt með að lesa vegna aldurs og það nýtist þeim sem eru lestregir og það nýtist líka og ekki síst þeim sem stunda íþróttir og maður sér ótal manns hlaupa um með heyrnartól á eyrunum og ég hef verið að spyrja hvað fólk er að hlusta á og þá er það oft bókmenntaverk sem það mundi annars ekki hafa tíma til að kynnast ef það nýtti ekki þann tíma sem það er að hlaupa til að hlusta. Ég held því að Blindrabókasafnið og það sem það hefur gert hafi verið hið merkasta mál og til mikils menningarauka hér á landi og þessi stofnun eigi skilið að fá mikinn stuðning og athygli frá okkur sem látum okkur menningarmál varða í landinu.

[11:36]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við frv. sem mér sýnist fyrst og fremst vera til þess að efla og bæta starfsemi Blindrabókasafns Íslands sem hefur á undanförnum árum gegnt afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir landsmenn, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir sem eiga erfiðara með aðgengi að efni sem Blindabókasafnið hefur verið að miðla og mér sýnist allt sem hér er vera frekar í þá veru að efla starfsemina.

Hvað snertir 2. gr. þar sem lagt er til að starfsemi námsbókadeilda geti einnig þjónað grunnskólanemendum, þá hlýtur það að vera til mikilla bóta. Ég vil vekja athygli á því að við flutning grunnskólans til sveitarfélaga og á þeim árum sem síðan hafa liðið hafa námsgögn sem áður voru í miðlægri nýtingu frá fræðsluskrifstofum deilst nokkuð víða og aðgengi einstakra nemenda að námsgögnum eins og hljóðbókum og fleiru sem var á vettvangi þeirra er misjafnara nú en áður. Þarna hefur Blindrabókasafnið komið inn og aðstoðað áður og mun vafalaust gera það í ríkari mæli með eflingu stofnunarinnar sem er af hinu góða. Ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni með þennan þátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 182.

[11:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem er 175. mál þingsins á þskj. 182.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur sem hafa þann tilgang að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til slíkrar starfsemi á landgrunni Íslands. Rétt er í upphafi að taka fram að með hugtakinu kolvetni er átt við jarðolíu, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Jarðvísindalegar rannsóknir í Norður-Atlantshafi og olíuleit á landgrunni nágrannaríkja okkar benda til þess að verðmæt olíuefni kunni að leynast á landgrunni Íslands. Helstu svæðin sem talin eru geta komið til greina í þessu sambandi eru Jan Mayen-hryggurinn, Hatton-Rockall svæðið og setlagasvæði undan ströndum Norðurlands. Engir tæknilegir þættir virðast geta komið í veg fyrir olíuvinnslu á þessum svæðum ef slíkar auðlindir finnast í nægjanlegu magni.

Erlend olíufyrirtæki hafa sýnt áhuga á olíuleit á landgrunni Íslands. Viðræður stjórnvalda við aðila tengda olíuleit hafa hins vegar leitt í ljós að forsenda þess að erlend fyrirtæki fáist til þess að fjármagna leit að olíu og gasi á landgrunni Íslands er að hér verði sett sérstök lög um þessa starfsemi. Slík löggjöf er til staðar í öllum nágrannaríkjum okkar. Þó skal tekið fram að á grundvelli laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenskra ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er iðnrh. heimilt að veita leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga. Þau lög eru þó mjög fábrotin, einungis sjö greinar og taka ekki á mikilvægum atriðum sem varða réttarstöðu handhafaleyfis til leitar, rannsókna eða vinnslu auðlinda hafsbotnsins. Horfa því ákvæði þessa frv. mjög í þá átt að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til slíkrar starfsemi á landgrunni Íslands.

Meginmarkmið frv. er að bæta úr brýnni þörf á lagaramma á þessu sviði. Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf sem gildir um hliðstæð efni. Í megindráttum er löggjöf þeirra ríkja mjög svipuð en sammerkt með þessum lögum er að þau leggja til grundvallar að sérleyfi séu veitt til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Þá er nauðsynlegt vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu að samræma ákvæði frv. löggjöf Evrópusambandsins. Í EES-rétti er miðað við að aðildarríkin hafi yfirráðarétt yfir kolvetnisauðlindum á sínu yfirráðasvæði, þar á meðal rétt til þess að ákveða á hvaða svæðum kolvetnisstarfsemi fer fram.

Í frv. er miðað við að rannsóknar- og vinnsluleyfi feli í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Hentugt er að miða við að veita slíkt sérleyfi með sama hætti og gert er í nágrannaríkjunum. Í fyrsta lagi er til þess að líta að öll ríki við Norður-Atlantshaf styðjast á einn eða annan hátt við sérleyfisveitingar og hefur það fyrirkomulag reynst vel.

Í öðru lagi má benda á að á Íslandi skortir sérþekkingu á leit, rannsóknum og vinnslu á kolvetni, bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera. Olíufyrirtæki búa yfir þekkingu og reynslu á slíkri starfsemi og hafa fjárhagslegt bolmagn til að stunda olíu- og gasleit. Ef fyrirtæki eru reiðubúin að kosta slíka leit er eðlilegt að íslensk stjórnvöld komi til móts við þau með því að búa þeim góð starfsskilyrði en tryggi jafnframt að starfsemin samrýmist efnahagslegum markmiðum og nútímakröfum um umhverfisvernd og starfsöryggi.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að það fyrirkomulag sem valið er tryggi að erlend olíufyrirtæki telji það raunhæfan kost að hefja kolvetnisleit á landgrunni Íslands.

Í fjórða lagi fela sérleyfisveitingar í sér að íslenska ríkið heldur eftir sem áður hefðbundnum eignarráðum yfir kolvetnisauðlindum á landgrunninu og getur tryggt að greitt verði hæfilegt endurgjald fyrir afnotin.

Með lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, var lögfestur eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Í frv. sem hér er lagt fram er miðað við að íslenska ríkið hafi hefðbundinn eignarrétt yfir kolvetnisauðlindum á landgrunninu og geti tryggt að greitt verði hæfilegt endurgjald fyrir afnotin. Frv. er byggt upp sem rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Ef síðar kemur til þess að ráðist verði í þær framkvæmdir er lagt til að settar verði ítarlegar reglugerðir um einstaka þætti framkvæmdanna í

samráði við sérfræðinga. Einnig er leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfið mikilvægur þáttur í frv. Þar er gert ráð fyrir að kveðið verði eins nákvæmlega og hægt er á um réttindi og skyldur leyfishafa í leitar-, rannsóknar- og vinnsluleyfi. Í rannsóknar- og vinnsluleyfi er hægt að taka tillit til þarfa leyfishafans, m.a. með tilliti til þeirrar áhættu sem hann tekur og möguleika á að kolvetni finnist. Í heildina tekið má þó segja að frv. sé byggt upp með svipuðu sniði og önnur löggjöf hér á landi sem varðar auðlindir.

Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir efni frv. sem er 33 greinar og skiptist í átta kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið og skilgreiningar, en lögin gilda í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands utan netlaga, en innan netlaga gilda lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í II. kafla frumvarpsins er ákvæði um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Ákvæði kaflans er í samræmi við gildandi rétt og sett til áréttingar reglu sem fram kemur í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Í III. kafla er fjallað um umsókn um leyfi til kolvetnisleitar, leyfið sjálft og tímalengd þess.

Reglur IV. kafla frumvarpsins geyma ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjallað er um leyfi og skilyrði leyfisveitingar, auglýsingu, efni leyfisins og skyldur leyfishafa, tímalengd o.fl.

Á það skal bent að samkvæmt frv. er miðað við að leyfishafar fá einkarétt til rannsókna og vinnslu á tilteknum svæðum, en eins og áður segir byggir löggjöf í öllum nágrannaríkjum Íslands á sérleyfisfyrirkomulagi.

Í V. kafla er fjallað um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir við kolvetnisstarfsemi. Í VI. kafla eru fyrirmæli um eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Miðað er við að Orkustofnun hafi stjórnsýsluverkefnum að gegna við framkvæmd laganna en ákvæðin eiga sér að nokkru fyrirmynd í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í VII. kafla eru heimildir bundnar eignarnáms- og bótaákvæði, þ.e. almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra og ákvæði um skaðabótaábyrgð. Í VIII. kafla eru ýmis ákvæði, þ.e. meginregla um bann við framsali á leyfi samkvæmt lögunum, reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

Herra forseti. Það verður að leggja áherslu á mikilvægi þess að frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nái fram að ganga. Vegna umsókna sem fram hafa komið og áður hefur verið lýst er afar mikilvægt að frv. nái sem fyrst fram að ganga.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til iðnn. og 2. umr.

[11:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því að þetta frv. er hér fram komið. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er þörf á því að til sé löggjöf sem skýri réttarstöðu þeirra sem áhuga kynnu að hafa á því að leita, rannsaka eða vinna, ef svo heppilega vildi til, kolvetni af íslenska landgrunninu.

Það hefur ekki verið til slík löggjöf og fyrir liggur að þeir aðilar sem kynnu að hafa á því áhuga að hefja rannsóknir eða eftir atvikum vinnslu, treysti sér ekki til slíks nema réttarstaða þeirra sé skýrð með svipuðum hætti væntanlega og gert er hjá nágrannaþjóðum okkar, sem hefur verið leitað í smiðju til við gerð þessa frv., og þá einnig í samræmi við það hvernig þessum málum er háttað hjá Evrópusambandinu.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er talað um að lögin taki til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan þá hafa þær takmörkuðu rannsóknir, eða sú takmarkaða leit skulum við segja, sem fram hefur farið við Ísland leitt í ljós að það kann að vera einhver möguleiki á því að olía eða gas finnist. Sá möguleiki er ekki mikill á setlögunum fyrir norðan landið en þó einhver og það kann líka að breytast við frekari skoðun. Við erum auðvitað líka að horfa til annarra svæða eins og Jan Mayen-svæðisins og Hatton-Rockall svæðisins og þá skiptir verulegu máli að við náum að rökstyðja kröfu okkar gagnvart landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna í samræmi við hafréttarsáttmálann á þann veg að við fáum þau réttindi sem við teljum að okkur beri miðað við íslenska landgrunnið og hvernig það verður skilgreint.

Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum sem ég vil ýmist fá svör við eða velta upp vegna þess að mér finnst að þau þurfi að skoða frekar í nefnd.

Það er í fyrsta lagi spurningin um viðkomandi 2. gr. þar sem verið er að skilgreina leit og síðar 6. gr. þar sem talað er um leyfi til leitar. Af hverju er ekki gert ráð fyrir því að auglýst sé eftir þeim aðilum sem fá leyfi til leitar? Það kemur ekki fram í greininni að það eigi að gera. Það kemur ekki heldur fram í þeim skýringum sem fylgja. Eigi að síður kemur fram í skýringu að það geti hugsast, eða eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Þó getur hugsast að svo ólíklegt sé að kolvetni finnist á ákveðnum svæðum að stjórnvöld semji svo um við aðila, sem fær leyfi til þess að leita að kolvetni, að hann njóti forgangsréttar þegar kemur að því að rannsaka og vinna kolvetni."

Ég svona velti því fyrir mér af hverju ekki er gert ráð fyrir auglýsingu gagnvart þeim aðilum sem vilja leita fyrst menn gera þó ráð fyrir því að slíkur aðili geti hugsanlega samið um forgangsrétt af því að um leið og við erum komin inn í rannsóknir og síðan vinnsluþáttinn, sem hangir að ákveðnu leyti saman, þá erum við auðvitað komin að atriðum þar sem við teljum, og fram kemur í frv. og er í reglum nágrannaþjóðanna, að mikilvægt sé að aðilar njóti jafnræðis, að allir eigi aðgang að. Mér finnst þetta vera atriði sem við þurfum að skoða nánar, þ.e. hvort við getum verið með þetta í þessum búningi, að menn geti fengið leitarleyfi án undangenginnar auglýsingar og þá hugsanlega samkeppni um leitarleyfið fyrst gert er ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum geti síðan verið um forgang að ræða til rannsókna og vinnslu.

Herra forseti. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra í hvaða tilvikum það geti komið til að úthlutað sé rannsóknar- og vinnsluleyfum án auglýsinga. Í 4. mgr. 8. gr. er slíkt ákvæði, ákvæði um að iðnrh. sé heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar. Þetta ákvæði um leyfisveitingu án auglýsingar kemur eftir að búið er að tíunda í fyrri málsgreinum að að jafnaði skuli auglýsa eftir umsækjendum, hvernig standa eigi að auglýsingu og sérstaklega tekið fram að við veitingu leyfis skuli umsækjendum ekki mismunað og að jafnræðis skuli gætt. Jafnframt að leyfið skuli veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana og að þessar hlutlægu viðmiðanir þurfi að hafa verið gerðar opinberar, þ.e. allir aðilar eiga að vita hver skilyrðin eru. Því spyr ég: Hvernig

víkur því þá við eða hvaða aðstæður eru það sem upp geta komið að iðnrh. geti veitt leyfi til rannsókna og vinnslu án auglýsingar? Svo kemur hér ákvæði um að þessa ákvörðun *eigi að tilkynna í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum* Evrópubandalagsins.

Herra forseti. Miðað við þá almennu reglu sem er í frv. þurfum við að skoða undantekningar eins og þessar mjög nákvæmlega.

Í 11. gr. er síðan farið yfir þau atriði sem þurfa að vera í rannsóknar- og vinnsluleyfi. Þetta eru 15 atriði og í inngangi segir að í rannsóknar- og vinnsluleyfi skuli m.a. tilgreina þessi 15. Ekkert mælir á móti því að þau geti jafnvel orðið enn þá fleiri ef svo ber undir. En þarna eru sem sé rakin þau atriði sem talið er nauðsynlegt að komi fram strax þegar rannsóknar- og vinnsluleyfi er veitt og ég tek eftir því, herra forseti, að í 13. og 14. lið er gert ráð fyrir kostnaðargreiðslum, *bæði greiðslu kostnaðar við mat á umsækjanda og veitingu* leyfisins og einnig greiðslu kostnaðar vegna eftirlits með starfseminni.

Í 15. lið er síðan talað um önnur gjöld. Þar virðist vera um valkosti að ræða, að það geti verið gjald í samræmi við stærð svæðisins eða gjald í samræmi við verðmæti þess kolvetnis sem unnið er. Nú veit ég ekki hvort þetta er haft svona vegna þess að ráðuneytið vill hafa ákveðinn sveigjanleika í því hvernig önnur gjöld eru innheimt, hvaða viðmið eru notuð. Ég velti því líka fyrir mér hvort nokkuð í þessu ákvæði komi í veg fyrir að tilboð geti verið aðgengileg. Mér finnst að það sé mjög eðlilegt að menn reyni að búa til strax í þessum reglum ákveðin viðmið og það þarf að fara yfir það hvernig *þetta virkar í rauninni gagnvart leyfishöfum og einnig hvern*ig þetta virkar gagnvart eigandanum sem samkvæmt frv. er íslenska ríkið. Við þurfum að skoða þessi ákvæði mjög vandlega með tilliti til þess að hér kynni að vera um þannig auðlind að ræða að þess gæti verið að vænta að af henni yrðu tekjur sem um munaði. Þess vegna er mjög mikilvægt að þannig sé um búið að íslenska ríkið, íslenska þjóðin fái það afgjald af nýtingu auðlindarinnar sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist.

Herra forseti. Hér er líka atriði sem lýtur að umhverfismálum sem ég held að við ættum að skoða betur. Í 21. gr., grein sem heitir Mat á umvherfisáhrifum, segir að við veitingu leyfis eða samþykkis fyrir starfsemi samkvæmt þessum kafla skuli gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. Það er gert ráð fyrir því að hér verði farið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum og væntanlega þarf þá að breyta þeim til þess að taka til þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem kann að leiða af þessari löggjöf ef leit gefur tilefni til.

Ég velti því hins vegar fyrir mér af hverju við förum ekki svipaða leið og mér sýnist að Norðmenn hafi farið en samkvæmt þeim upplýsingum sem koma í greinargerð virðist það vera þannig hjá þeim að áður en leitin hefst, ekki áður en rannsókn og vinnsla hefst heldur áður en leitin hefst, þurfi að hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum auk mats á efnahagslegum og félagslegum áhrifum starfseminnar. Ég held að það skipti máli fyrir okkur að þannig sé gengið frá þessum málum að ekki þurfi að skapast deilur um það hvort leyfi til leitar, rannsóknar eða vinnslu þurfi að fara í unhverfismat, að löggjöfin sé alveg skýr að þessu leyti. Ég velti fyrir mér hvort þessi vísun í lögin um mat á umhverfisáhrifum er nægjanleg eða hvort það þarf að kveða sterkar að orði. Fyrst og fremst velti ég því fyrir mér hvort við getum fundið leiðir til að koma í veg fyrir deilur og tortryggni sem ávallt fylgir deilum sem upp kynnu að koma ef þessir hlutir eru ekki algjörlega á hreinu hjá okkur. Þetta er það sem slær mig við fyrsta yfirlestur frv. og þess vegna held ég að nauðsynlegt sé *að á þetta verði litið.*

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að sérleyfi mundi vera það fyrirkomulag sem hentaði okkur best, enda væri það það fyrirkomulag sem nágrannaríki okkar og þeir sem við erum að miða okkur við og erum í rauninni að leita til varðandi löggjöf okkar er sú aðferð sem þeir aðilar hafa notað. Ég sé í sjálfu sér ekkert í fljótu bragði sem ætti að koma í veg fyrir að það yrði líka sú aðferð sem við mundum nota. Við hljótum auðvitað fyrst og fremst að horfa til þess að jafnræðis sé gætt við úthlutun slíkra leyfa, að þjóðin fái eðlilegan og sanngjarnan arð af þessari eign sinni og að umhverfismálin séu í því horfi að umhverfinu verði ekki spillt. Ef þessi ákvæði eru uppfyllt sýnist mér að það fyrirkomulag að veita sérleyfi geti af efnahagslegum ástæðum verið ákjósanlegt fyrirkomulag.

Eins og fram hefur komið er hér um rammalöggjöf að ræða, rammalöggjöf til að skýra réttarstöðu og þess vegna eru ótal mörg atriði, ótal margar greinar sem enda á því að síðan sé það ráðherra að setja frekari reglur. Við erum að fjalla um löggjöf sem getur skipt verulegu máli, en það kom mér satt að segja svolítið á óvart, herra forseti, og ég vildi gjarnan fá frekari skýringar á því, að fram kemur að ekki þótti ástæða til að setja jafnítarlega löggjöf og í nágrannalöndunum af því að minni líkur væru á að kolvetni fyndist hér í nægjanlegu magni. Mér finnst svona röksemdafærsla kannski ekki alveg boðleg, að af því að minni líkur séu á að kolvetni finnist sé ekki ástæða til jafnítarlegrar löggjafar og í nágrannalöndunum. Ég velti fyrir mér, á þá að mæta óvæntum uppákomum, sem þó eru þekktar í nágrannaríkjunum og tekist er á við með löggjöf, með reglugerðum eða hvaða úrræði hafa menn þá ef löggjöfin er of takmörkuð og bregðast þarf við? Hvaða atriði eru það aðallega sem eru ekki jafnítarleg í okkar löggjöf og löggjöf nágrannaríkjanna? Almennt séð er það ekki góð venja í lögum að segja að ekki þurfi ítarlega löggjöf þar sem minni líkur séu á einhverju. Geta menn þá velt fyrir sér t.d. refsilöggjöfinni íslensku þar sem eru jú ítarleg ákvæði, það er ítarleg löggjöf með ítarlegum ákvæðum jafnvel gagnvart brotum sem eru tiltölulega litlar líkur á, blessunarlega, að verði framin. Mér finnst, herra forseti, þessi rökstuðningur ekki algjörlega boðlegur og kemur væntanlega fram skýring á því annaðhvort hér á eftir eða síðar við vinnslu málsins.

Ég er sammála því sem fram kemur að auðvitað er æskilegast að þetta mál fái skjótan framgang en sá framgangur þarf líka að byggja á vandaðri umfjöllun því að hér er um það mikilvægt mál að ræða.

Ljóst er að það frv. sem við erum með í höndunum er að ákveðnu leyti framhald af ályktun Alþingis frá árinu 1997 þar sem farið var í að skoða möguleika á olíu- eða gasfundi á landgrunni Íslands en eins og menn þekkja kom út ágæt skýrsla um þau atriði haustið 1998 þar sem niðurstaðan varð sú að verðmæt olíuefni kynnu að leynast á íslenska landgrunninu. Eins og ég gat um áðan eru það kannski ekki stórir möguleikar í dag en mjög ítarleg leit hefur heldur ekki farið fram.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum er þörf á löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu og eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra er sú þörf ekki hvað síst sprottin af því að erlendir aðilar hafa sýnt því áhuga að skoða þessi mál nánar. En af því að hér er um svo kostnaðarsamar aðgerðir að ræða eru menn ekki tilbúnir til að fara inn í slíka hluti nema réttarstaða

þeirra sé skýrð sem er þá verið að gera atlögu að með þessu frv.

Eins og ég sagði, herra forseti, hefur komið fram að þetta frv. er byggt á norsku og dönsku lögunum auk þess sem vísað er til Evrópusambandsins og þeirrar samþykktar sem um þessi mál gildir þar. Ég tek eftir því þegar ég skoða það sem fram kemur í greinargerðinni um löggjöf nágrannaríkjanna að þar er ekki mikið fjallað um gjaldtöku eða hvernig farið er með slík mál. Einhvern grun hef ég um að þar sé um að ræða sérstök lög sem lúta að sköttum og gjöldum. Það er því spurning til hæstv. ráðherra hvort við eigum þá von í framhaldinu á frv. um slíka hluti eða hvernig ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hefur hugsað sér þá nálgun. Eins og ég fór yfir áðan er í 11. gr. farið yfir kostnaðargjöld og önnur gjöld en það væri fróðlegt samt sem áður að heyra hvernig þetta er hugsað í framhaldinu.

[12:08]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég fagna frv. því sem hér er lagt fram af hæstv. iðnrh. Það mun hafa verið líklega 1996 sem ég lagði fyrst fram þáltill. um þetta mál og má kannski segja að þó að einhverjum finnist hraði ekki hafa verið mikill á þessu þá er samt sem áður hér mikill áfangi á leið til þess sem sú þáltill. fól í sér, þ.e. að styrkja og efla áhuga erlendra aðila til að koma að landgrunni Íslands og leita að olíu.

Segja má að á fjárlögum fyrir árið 2001 sé gert ráð fyrir 15 millj. til þess að stunda botnrannsóknir hér við Ísland en þegar litið er aftur til áranna 1992, 1993 og 1994 voru veittar 4 millj. til þeirrar starfsemi, 1995, 1996 og 1997 voru veittar um 2 millj. Hér er því nokkur áfangi. Hins vegar er ég enn sannfærður um að það hefði átt að vera búið að vinna heimavinnuna betur til að efla enn frekar áhuga erlendra aðila til að koma hér og leita að olíu eða gasi. Eftir upplýsingum sem komu nýlega fram í fréttum frá iðnrn. er einn erlendur aðili sem hefur áhuga á að hefja leit við Ísland og er það vel en vissulega hefði það þó verið ánægjulegra ef fleiri hefðu haft áhuga.

Ég veit að nokkuð margir eru með böggum hildar yfir því að nokkurt vit sé í þessari lagasetningu og vit í málflutningi alþingismanna yfir höfuð að vera að tala um olíu við Ísland. En ef litið er aðeins til fortíðar, t.d. til Norðmanna, þá segir í ágætri skýrslu frá Orkustofnun um frásögn kynnisferðar til Óslóar í nóvember 1998 en þrír aðilar frá Orkustofnun fóru þangað. Í hluta skýrslunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Í lok sjötta áratugarins höfðu fáir trú á því að olíulindir fyndust á landgrunni Noregs. Gasfundur í Groeningen í Hollandi árið 1959 varð til þess að jarðfræðingar öðluðust nýjan skilning á olíulíkum í Norðursjó. Haustið 1962 sótti olíufélagið Phillips um leyfi til olíuleitar á norska landgrunninu. Önnur olíufélög fylgdu þar fast á eftir. Norðmenn lýstu kröfum sínum til yfirráða yfir auðlindum á landgrunni Noregs 1963 og ný lög festu eignarrétt ríkisins á auðlindum þar. Til leitar og vinnslu þurfti leyfi konungs. Olíufélög fengu það ár leyfi til undirbúningsrannsókna, þar með endurvarpsmælinga á setlögum, en ekki til leitarborana."

Það er nokkuð merkilegt og sagt hefur verið að Norðmenn hafi alveg fram að þeim tíma verið algjörlega fráhverfir því að í Norðursjó gæti verið um nokkra olíu að ræða, en eins og tilvitnaður texti segir til um kom nú heldur betur annað í ljós og nú skiptir þetta orðið milljörðum sem Norðmenn eru að fá vegna olíuframleiðslu sinnar, milljörðum í norskum krónum talið.

Ég ætla þá aðeins að víkja að frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þegar greinargerðin er skoðuð með einstökum lagagreinum er ýmislegt sem forvitnilegt er að fá frekari skýringar á. Ég vil þó fyrst vitna í bls. 9 í kafla II, Þörfin á löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er til sérstök löggjöf á Íslandi er tekur til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Þörf á slíkri löggjöf er þó fyrir hendi, enda sýnir reynslan að erlend olíufyrirtæki veigra sér við að hefja leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni nema til sé slík löggjöf."

Það velkist óneitanlega fyrir mér hvað dregist hefur lengi að fara í þetta ákvæði. Ég minnist þess, það hefur líklega verið í kringum 1972 eða 1973, að þá voru samkvæmt upplýsingum sem voru gefnar frá iðnrn. einir 20 erlendir aðilar sem höfðu hug á að hefja hér olíuleit við Ísland. Hvers vegna var þá ekki gripið til þess að fara frekar ofan í málið?

Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið frumvarpsins er að koma til móts við þessa þörf með því að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Við samningu frumvarpsins þurfti að taka afstöðu til þess hvernig standa ætti að veitingu leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis. Löggjöf nágrannaríkjanna er að ýmsu leyti heppileg fyrirmynd eins og rakið er nánar hér á eftir. Þó verður að gera þann fyrirvara að aðstæður í þessum ríkjum eru að ýmsu leyti frábrugðnar aðstæðum á Íslandi. Þannig eru líkur á því að á landgrunni Íslands finnist kolvetni í nægjanlegu magni til að vinnsla þess sé efnahagslega hagkvæm minni en í nágrannaríkjunum. Þess vegna er ekki ástæða til að hafa eins ítarlega löggjöf og þar er að finna."

Hæstv. iðnrh. Í þessum skrifaða texta eru menn með böggum hildar yfir því að leggja þetta frv. fram. Hafa menn ótrú á verkinu? Ef svo er þá held ég að menn ættu ekkert að vera að fara af stað með þessa löggjöf. Ef iðnrn. hefur enga trú á því að þetta sé verk sem eigi að vinna þá held ég að menn ættu að athuga sinn gang. Ekki þar fyrir að ég tel það alveg nauðsynlegt og kannski er textinn góður þegar grannt er skoðað. Ég tel að full ástæða sé til þess og við megum vara okkur á því að setja ekki slíka löggjöf um þessa starfsemi að enginn erlendur aðili eða erlent olíufélag hafi nokkurn áhuga á að koma nálægt leit við Ísland. Það er hin hliðin á málinu sem við þurfum að gæta okkur á. Mér finnst hins vegar textinn alls ekki til þess fallinn að vekja bjartsýni meðal þjóðarinnar og það er kannski heldur engin ástæða. Mér finnst úrtölurnar í þessum skrifaða texta vera heldur miklar. En allt um það. Tilgangurinn er góður og ég vona að menn horfi fram hjá þessari setningu.

Ég ætla ekki að hafa langa tölu um frv. en það voru þó nokkur atriði sem ég vildi aðeins koma inn á. Í athugasemdum um 20. gr. segir:

„Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að krefjast þess að tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir verði samnýttar af hagkvæmnisástæðum. Þetta ákvæði er til fyllingar reglu 19. gr. sem kveður á um skiptingu kolvetnisauðlindar af landfræðilegum ástæðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra skyldað leyfishafa til að veita öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði í því skyni að samnýta kolvetnisauðlindir. Verður að sjálfsögðu að miða við að þessi ráðstöfun valdi leyfishafa ekki verulegum óþægindum eða raski."

Fyrir leikmann virkar þessi texti sem algert gerræðisvald ráðherra á starfsemi sem væri komin í fullan gang og bjart liti út og þá væri ráðherra heimilt að hleypa þar öðrum að. Ekki það að ég hafi þekkingu á málinu en þessi skrifaði texti kemur þó nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar þess er gætt að við erum ýmist að veita aðilum ákveðinn lagaramma til þess að starfa innan í nokkru frjálsræði, þá finnst mér þó að hér sé *lagaramminn nokkuð þrengdur* að þeim sem vel hefur árað og vel hefur gengið í þá veru að hægt væri að opna með sérstökum hætti öðrum aðilum aðgang að þar sem jákvæð niðurstaða hefur fengist.

Í 21. gr. er talað um það eins og segir í greinargerðinni. „Frumvarpsgreinin felur fyrst og fremst í sér áréttingu á þeirri lagaskyldu sem felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er ljóst að leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra fyrir starfsemi samkvæmt lögunum er ávallt háð því að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þar að *lútandi* þegar við á.“ Ekki veit ég og man ekki texta allan hvað áhrærir umhverfismatið en skyldu þau lög taka mið af þessari starfsemi eða eru þau lög kannski fyrst og fremst í þá veru að horft er til lands og grunnlína umhverfis landið? Ég vildi aðeins benda á þetta og vænti þess að hv. iðnn. skoði þetta mál þannig að við lendum ekki í einhverri flækju þar sem kannski stangast verulega á texti um umhverfismat sem er ekki ætlaður eða hugsaður vegna starfsemi sem gæti verið jafnvel utan landhelginnar en þó innan efnahagslögsögunnar.

Í 23. gr. komu fram reglur um sérstök öryggisbelti um*hverfis hafstöðvar. Ákvæðið veitir iðnrh. heimild til að* setja nánari reglur um þessi svæði í samræmi við þær alþjóðavenjur sem eru í gildi. Enn fremur getur ráðherra sett nánari reglur um takmarkanir á rétti skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

Herra forseti. Ég hef oft og tíðum deilt á það hve mörg ráðuneyti koma að ýmsum þáttum þessa þjóðlífs og er það stundum mikið vandamál. Til hvaða ráðuneytis á að leita og eru þá jafnvel mörg ráðuneyti sem koma með einum og öðrum hætti að og t.d. því sem lýtur að sjávarútveginum. *Það er dómsmrn., sjútvrn., samgrn. og umhvrn. Hér er* það iðnrn. sem á að fara að setja takmarkandi siglingaleiðir fyrir skip. Það hlýtur að vanta í þennan texta að hér sé auðvitað ætlað að iðnrn. geri þetta í samstarfi við Landhelgisgæsluna eða dómsmrn. Það hlýtur að vera.

Síðan segir hér: „Í lokamálslið 23. gr. kemur fram sú regla að ráðherra geti sett reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað. Hér er gengið skemur en í fyrri hluta ákvæðisins þar sem í þjóðarétti er almennt litið svo á að strandríki hafi ekki *eins ríkar heimildir* til þess að koma á fót öryggisbeltum í nágrenni við leiðslubúnað. Hins vegar verður að líta svo á að heimilt sé að setja reglur af öryggisástæðum.“ Þetta kemur alveg heim og saman við það sem við stöndum frammi fyrir varðandi afmarkaðar siglingaleiðir skipa sem sigla með olíu eða hættulegan varning. Það mál er í vinnslu hjá samgrn. og mun væntanlega eins og samgrh. skýrði frá fyrir nokkrum dögum þegar ég gerði fyrirspurn til hæstv. samgrh. um hvað liði störfum þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar í framhaldi af þáltill. sem ég flutti um sama efni. Mér sýnist því að hér séu nokkur atriði sem lúta að öryggisgæslu sjófarenda vegna nálægðar við hugsanlega olíuborpalla eða olíuleiðslur að þar þurfi aðeins að horfa yfir völlinn í víðara samhengi en hér er sett fram. Er það ekkert nýtt í sjálfu sér því að við rekumst víða á það eins og ég gat gat um áðan, þegar horft er yfir lagasetningar hinna ýmsu ráðuneyta, þar er víðáttumikil flóra sem er erfitt fyrir hinn almenna mann að fóta sig á vegna þess að þetta er ekkert allt á einni hendi eins ráðuneytis.

Í 27. gr. kemur fram að iðnrn. sé heimilt að taka eignarnámi fasteignir til þess að kolvetnisstarfsemi geti farið fram og bætur til handa eignarnámsþola verða ákveðnar með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignar*náms. Þetta er ákaflega hvimleitt. Ég verð* að segja að enn á því herrans ári 2000 er verið að setja inn frekari reglugerðir eða lög sem lúta að því að beita eignarnámi vegna ýmissar starfsemi.

Í 30. gr. er svo talað um að óeðlilegt þyki að leyfi, sem er hér til umfjöllunar, geti gengið kaupum og sölum eða að þau séu hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum. Það er eðlilegt. Tilgangurinn með því að áskilja leyfi ráðherra til að framselja leyfi er sá að fyrirtækið sem fær leyfið framselt fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru að öðru leyti fyrir *veitingu leyfis í frv. Síðan kemur: „Þetta ákvæði tekur* ekki einungis til beins framsals á leyfi heldur einnig til framsals með óbeinum hætti, t.d. breytinga á eignarhaldi fyrirtækis sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis.“ Ég skil vel fyrri hluta þessarar greinar en alls ekki þann seinni. Við getum auðvitað staðið frammi fyrir því að skipt sé um eigendur í olíufyrirtæki þó að það standi þannig að vel hafi vegnað í leitinni og tilraunin að skila einhverjum árangri, að það geti orðið eignaskipti, þá hefur ráðherra heimild til að ráða því hver sé næsti eigandi þessa fyrirtækis.

Ég er helst að velta vöngum yfir þessum ákvæðum en það var eitthvað fleira sem ég mun þá væntanlega koma að síðar í umræðunni.

[12:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að það frv. sem við ræðum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis skuli vera komið fram því að hvort sem komi til þess að við vinnum eða finnum kolvetni í landgrunninu eða annars staðar þá held ég að það sé mjög mikilvægt að um þetta *sé mjög skýr rammalöggjöf enda í samræmi* við þá stefnu sem menn eru að reyna að framkvæma nú um stundir að það sé almenn löggjöf um auðlindir og nýtingu þeirra. Ég fagna mjög að þetta frv. skuli vera komið fram og lít kannski á það sem tæknilegan galla það sem stendur hér, og menn voru að vitna til áðan, að lögin þyrftu kannski ekki að vera vel úr garði gerð sökum þess að líkur til þess að finna eitthvað væru ekki sérlega miklar.

Almennt vil ég lýsa því að ég er mjög ánægður með að þetta frv. skuli vera komið fram.

Það fyrsta sem stingur í augu þegar maður les þau ákvæði sem hér er að finna er spurningin um það hvort þetta frv. beri með sér stefnubreytingu að því er varðar hugmyndafræði á bak við nýtingu auðlinda því að í þessu frv. er ekki að finna skýr ákvæði um afgjald vegna nýtingar auðlindanna. Það virðist vera í þessu frv. valkvætt en hér eru ekki á ferðinni skýr ákvæði um að greitt skuli einhvers konar afgjald fyrir að nýta auðlind, þ.e. finnist hún, sé hún til staðar. Ég velti því fyrir mér í ljósi þeirrar nýlegu lagasetningar sem hér hefur farið í gegn og eins og varðar þjóðlendulögin, landgrunnslögin og rannsóknir og nýtingu á auðlindum á landi þar sem hugmyndafræðin í þeim lögum er almennt sú að greitt skuli fyrir nýtingu þeirra auðlinda. Í þessu frv. er frekar um valkvæðan möguleika að ræða. Í ljósi nýlegrar skýrslu sem auðlindanefnd sendi frá sér þar sem hin almenna

stefnumótun er sú að greiða skuli þetta gjald þá beini ég þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort í frv. felist einhver stefnubreyting að því er varðar hugmyndafræðina eða hvort nefnd sé aðeins ætlað að fjalla um þetta frekar.

Í umræðunni hafa hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og Svanfríður Jónasdóttir farið yfir þau atriði sem vert er að skoða og staldra við. Ég vil kannski aðeins taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur eða athugasemdir hennar við 8. gr. og auglýsinguna og möguleika ráðherra á að veita leyfi án auglýsinga. Ég held að mjög mikilvægt sé að það verði skýrt frekar.

Þá vil ég einnig vekja athygli á 19. gr. en þar virðist mér vera einhver hugsanavilla á ferðinni, þ.e. ef ég fæ með leyfi forseta fæ að lesa beint upp úr þessari grein:

„Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsóknar- og vinnsluleyfi er leyfishöfum skylt," þ.e. leyfishöfum er skylt að gera með sér samstarfssamning en takist það ekki er iðnrh. heimilt að kveða á um innihald hans, þ.e. takist aðilum ekki að ná samstarfssamningi, þá verður valkvæmt hvort slíkur samningur verður til eða ekki því að ráðherra hefur þá heimild til þess að kveða á um innihald hans en virðist ekki vera skylt að koma slíkum samningi á. Ég held að hér sé um að ræða smávegis tæknilegan misskilning á þessu frv.

Í 21. gr., virðulegi forseti, er kveðið á um að við veitingu leyfis eða samþykkis fyrir starfsemi samkvæmt þessum kafla skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. Þetta ákvæði fullnægir vitaskuld á engan hátt þeim nútímakröfum sem gerðar eru til nýtingar auðlinda og á sama hátt þarf ekki að fara um það mörgum orðum að nýting auðlinda sem hefur það m.a. í för með sér að dæla upp olíu að hættan á umhverfistjóni í tengslum við það hlýtur að vera mjög veruleg. Við þurfum því að gera mjög skýrar kröfur til þess hvað átt er við og komi í framtíðinni til vinnslu á þessum auðlindum, hvernig menn ætla sér að stjórna því þannig að það sé sem best í samræmi við umhverfið og náttúruna. Hvað sem öðru líður held ég að þeim viðhorfum um að náttúran njóti vafans við aðstæður eins og þessar sé gert það hátt undir höfði að undan því verði ekki vikist að skýra þetta mun betur en hér er gert.

Að undanskilinni þessari meginspurningu minni til hæstv. iðn.- og viðskrh. um það hvort með þessu sé verið að hverfa frá þeim hugmyndum sem hér hafa verið uppi núna um nokkurt skeið að almennt skuli greiða gjald fyrir nýtingu auðlinda og að afgjald af því skuli renna til þjóðarinnar vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég fagna mjög þessu framkomna frv. og lít svo á að það sé skylda Alþingis og stjórnvalda að hafa í gildi og koma á ákveðinni rammalöggjöf um þessa hluti. Ég segi því enn og aftur: Ég fagna þessu frv.

[12:32]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á umhverfismatið og það er rétt að auðvitað þarf að gæta þess. Ég kom inn á það áðan hvort lög um umhverfismat væru þannig úr garði gerð að hugsað hefði verið til þess að það gæti hugsanlega orðið olíuvinnsla við Ísland. Við megum gæta okkar á því og hugsa um það hvar slys verða á sjó vegna olíuleka. Það eru ekki borpallarnir sem hafa valdið vanda svo við tökum sem dæmi Norðursjó. Þeir eru ekki vanamálið. Það eru olíuflutningaskipin sjálf, þar hefur vandinn verið, og siglingaleiðir þeirra.

Það er dálítið merkilegt að einmitt daginn eftir að ég spurði hæstv. samgrh. um starf nefndar sem er að skoða siglingaleiðir olíuskipa og skipa sem sigla með hættulegan varning hér við land fórst skip við strendur Frakklands með fimm þúsund tonn af mjög hættulegum mengandi farmi.

Það sem ég er að segja hér og mér fannst hv. þm. aðeins ýja að var að það yrði að gera sérstaklega strangar kröfur um umhverfismat vegna borpalla. Það er rangt. Það er rangt vegna þess að við höfum til staðar þekkingu og reynslu sem við getum sótt til þeirra aðila sem hafa staðið í olíuborun um áratuga skeið og þar er mikið öryggi viðhaft. En ef við ætlum að gera hér einhverjar sérstakar kröfur þá gæti það leitt til þess að ekki nokkurt olíufélag hefði áhuga á að leita að olíu við Ísland.

[12:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við þegar ég nefndi ákvæðið um mat á umhverfisáhrifum var fyrst og fremst að það er dálítið óskýrt í frv. hvernig menn ætla að viðhafa þá hluti. Hins vegar er það kjarni málsins í mati á umhverfisáhrifum að þau lög byggja á þeirri grundvallarhugsun að náttúran njóti vafans. Það er sú grundvallarhugsun sem býr að baki þeim lögum og sú hugsun á ekkert endilega frekar við á landi en á sjó. Það er bara þessi grundvallarhugsun sem þarna er á ferðinni. Mér fannst svona í niðurlagi ræðu hv. þm. hann ýja að því að hugsanlegt væri að fáir mundu vilja leita að, rannsaka og vinna olíu við Íslands ef við gerðum skýra körfu til umhverfismála, þá mundu menn jafnvel falla frá því að fara út í slíka vinnslu eða leit eða rannsóknir. Um leið finnst mér eins og hv. þm. sé að segja að náttúran eigi ekki að njóta vafans heldur að í tilvikum sem þessum eigi áhugi manna á fjárfestingum og þess háttar að ganga framar.

Ég veit ekki hvort ég skildi hv. þm. rétt en mér fannst koma fram í orðum hans að ef við gerðum ríkar kröfur til umhverfismála þá væri hættan sú að menn mundu ekki vilja leggja fjármagn í rannsókn, leit og vinnslu. Vel má vera að ég hafi misskilið þetta en þetta fannst mér koma fram í niðurlagsorðum hv. þm. Hafi ég misskilið hann þá vænti ég þess að hann skýri það betur í sínu síðara andsvari.

[12:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er misskilningur á ferðinni hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Það eina sem ég sagði var að ég vitnaði til þess að til staðar væri þekking og reynsla erlendis, og benti t.d. á Norðursjó, hvað áhrærði umhverfismat og gæslu til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þar er því reynsla og þekking fyrir. Ég var að segja að við mættum ekki ganga lengra en almennt gerðist í nágrannalöndunum. Við það átti ég, þ.e. að við værum ekki með stífari og strangari reglur.

Auðvitað þurfum við að gæta umhverfisins við strendur Íslands, við hin gjöfulu fiskimið. Auðvitað þarf að fara með mikilli aðgát. En samt verður að reyna að ná sáttum á milli aðila þannig að ýtrustu varkárni verði gætt ef leitað verður á landgrunni Íslands að olíu eða gasi.

[12:37]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara sömu leið og Norðmenn hafa farið, þ.e. að kveða skýrt á um að þetta skuli vera háð umhverfismati. Hins vegar finnst mér, a.m.k. að því er varðar þá ríkisstjórn sem nú situr, að það sé mjög algengt að í þeim tilvikum þar sem spurningin

lýtur að því hvort náttúran eigi að njóta vafans eða ekki, séu peningasjónarmið jafnan sett skör hærra.

Við vorum í gær m.a. að ræða hugsanlegt laxeldi, kvíaeldi í Mjóafirði. Þar einmitt kom fram að hæstv. umhvrh. fann sér einhverja útgönguleið frá því að láta það fara í mat á umhverfisáhrifum þrátt fyrir að hér væri jafnvel vísir að stóriðju. Það má nefna fleiri og fleiri dæmi. Mér finnst, virðulegi forseti, að það sé jafnan þannig ef það kemur til umræðna um umhverfið eða umhverfismat að þá sé svona einhver tónn í ríkisstjórninni — kannski er hann meiri hjá sjálfstæðismönnum — mér finnst alltaf vera þannig tónn að það sé dálítill óþarfi að láta náttúruna njóta vafans, heldur skuli fjármagnið njóta hans í vafatilvikum. Mér finnst þessi viðhorf og þessi stefna ekki eiga við á þeim tímum sem við nú lifum í ljósi þess hvað maðurinn getur í raun gert með aðgerðum sínum á kostnað náttúrunnar og þeir hlutir verða hugsanlega ekki endurbættir. Ég segi því fullum fetum að við eigum að gera ríkar kröfur til þess að gæta að umhverfinu við mál af þeim toga sem við ræðum hér.

[12:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum núna að ræða spennandi mál á Alþingi. Oft hefur Alþingi tekið til snarprar umræðu mál af minni toga en það sem hér er sett fram frv. um. Auðvitað gæti þetta frv., þegar að lögum verður, verið upphafið að grundvallarbreytingum í þeim þáttum sem skapa umgjörð um efnahagsmál okkar. Hins vegar er e.t.v. ekki bein ástæða til óhóflegrar bjartsýni og engin ástæða til þess að við förum strax að huga að því að okkar bíði óhemjulegur olíugróði, þaðan af síður að fara að eyða honum fyrir fram. En við eigum að sjálfsögðu að skoða stöðu okkar og hefðum átt að vera búin að því nokkuð fyrr og kanna hvort hugsanlegt sé að svo dýrmætan orkugjafa sé að finna í okkar efnahagslögsögu og landgrunni.

Það er umhugsunarefni að það er talsvert langt síðan Bretar hófu slíka könnun og Norðmenn og nú síðast Færeyingar. Þrátt fyrir að bornar hafi verið fram fyrirspurnir á Alþingi aftur og aftur á undanförnum árum og þessi mál tekin til umræðu með þeim hætti þá hefur dregist óhóflega að mínu mati að leggja fram þetta frv. og skapa þar með grundvöll fyrir því og ástæðu fyrir þau stórfyrirtæki sem leita eftir heimildum til að bora eftir olíu, að reyna að gera samninga við Ísland vegna þess að ekkert fyrirtæki mun gera það óðruvísi en fyrir liggi lög þar sem skýrt er kveðið á um þann ramma sem um þá starfsemi er settur. Þetta er mjög mikilvægt, herra forseti, og þess vegna eigum við að taka við þessu frv., fara mjög ítarlega yfir það og ekki síst þær ábendingar sem hafa komið fram hjá þeim sem hér hafa talað. Ég tek t.d. sérstaklega undir ábendingar þingmanna Samfylkingarinnar, þeirra Svanfríðar Jónasdóttur og Lúðvíks Bergvinssonar, varðandi leyfisveitinguna o.fl.

Auðvitað á umhverfismat að vera línan í öllum stórverkefnum á Íslandi, Íslandi sem kynnir sig sem hreint og ómengað land og ætlar að leita í atvinnuháttum sínum eftir enn annars konar samskiptum við útlendinga en þeim sem felast í því að fá þá til að koma hingað og fjárfesta í stóriðjuverum eða olíuborunum. Við eigum að vera ströng um ákveðin atriði og við eigum alltaf að skapa ramma um heilbrigða samkeppni án undansláttar. Þetta á að vera línan hjá landi eins og okkar og þannig er línan hjá nágrannalöndunum eins og kom svo vel í ljós í orðum Svanfríðar Jónasdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, sem var málshefjandi Samfylkingarinnar í þessari umræðu.

Herra forseti. Það kemur fram í upphafsathugasemdum við lagafrv. að það virðast engir tæknilegir þættir vera til staðar sem gætu komið í veg fyrir olíuvinnslu á landgrunni Íslands ef slíkar lindir fyndust í nægjanlegum mæli. Það kemur fram að lauslegt mat bendi til að hagkvæmt yrði að vinna lindir stærri en 100–200 milljónir fata sem er magn sem rúmast gæti í einum rúmkílómetra bergs, og í öðru lagi að nokkrar líkur séu á að almenn skilyrði fyrir olíu eða gasmyndun séu fyrir hendi í setlögum undan ströndum Norðurlands eða einn á móti tíu fyrir gas en einn á móti fjörutíu fyrir olíu. Það kemur líka fram að þessar líkur séu minni en svo að þær freisti olíufyrirtækja að svo stöddu en frekari rannsóknir gætu þó hugsanlega bætt þetta mat. Við skulum aðeins staldra við það að frekari rannsóknir gætu hugsanlega bætt þetta mat.

Síðasta vetur fór iðnn. á afskaplega athyglisverðan fund hjá Orkustofnun þar sem farið var yfir verkefni stofnunarinnar og önnur mál sem þingmenn iðnn. lögðu þar fyrir starfsmenn Orkustofnunar. Þar var m.a. rætt um möguleika á olíuvinnslu. Það kom fram að uppi eru hugmyndir um ákveðin svæði og það var líka talað um tvennt, mjög mikilvægar áframhaldandi forrannsóknir og að mikilvægt væri að setja lög um þessa möguleika.

Skömmu seinna var tekin fyrir á Alþingi fyrirspurn frá Guðmundi Hallvarðssyni og þessa heimsókn bar á góma. Þar kom fram að ríkisstjórnin hefur verið að setja í rannsóknir um það bil 2 millj. eða eitthvað á aðra milljón og að samráðsnefnd sem svo er kölluð og hefur unnið með þessi mál hafi óskað eftir að rannsóknir yrðu gerðar á árinu 2000, byggðar á tillögum nefndarinnar, og þær mundu hafa kostað 8 millj. kr. En af því að óvissa var um niðurstöður viðræðna við olíufyrirtæki var ekki tekin afstaða til þessara tillagna starfshópsins við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 og við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 héldu menn sig því eingöngu við fjárveitingu upp á 2 milljónir.

Það er ekki mikil framtíðarsýn í þessu eins og hefur komið fram í umræðunni og ekki flýtum við mjög fyrir þeim forrannsóknum sem Íslendingar verða sjálfir að gera til að ákveðnar upplýsingar liggi fyrir þegar rætt er við erlend félög eða fyrirtæki sem hingað kynnu að vilja koma. Auðvitað hefðum við strax í september 1999 átt að sameinast um að veita á fjárlögum þær 8 millj. kr. til að geta farið í frekari forrannsóknir. Það eru ákveðnar ransóknir sem Ísland sjálft þarf að gera þó að allir viti að Íslendingar sjálfir geta ekki farið í stóru rannsóknirnar sem skera úr um hvort hér er hægt að vinna olíu eða ekki.

Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvaða fjárhæð er gert ráð fyrir til þessara forrannsókna í frv. til fjárlaga fyrir árið 2001? Ég hef ekki sjálf skoðað það og það er mjög mikilvægt að það komi fram í umræðu eins og þessari á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Það kom fram áðan — 14 millj.) Kom það fram áðan, 14 millj.? Þá þarf ráðherrann ekki að endurtaka það.

Það kom fram í umræðum um þessi mál hjá Orkustofnun og í umræðunni um þessa fyrirspurn í fyrra að það er kannski fyrst og fremst út af Norðurlandi sem menn hafa fundið það út með dýptarmælingum sem Sjómælingar Íslands hafa gert á undanförnum árum að hugsanlega sé hægt að finna þar eða a.m.k. staðsetja visst misgengi þar sem setlögin eru þykkust og olíulíkur ættu að öðru jöfnu að vera hvað mestar og að

með ákveðnum rannsóknum sé gert kleift að kanna með tiltölulega ódýrum og einföldum hætti hvort olía eða gas leki til yfirborðs eftir misgengjunum.

Þetta er auðvitað það sem er áhugavert — hvað hafa rannsóknir sýnt hjá okkur? Þess vegna spyr ég: Hvaða önnur svæði er verið að tala um? Hvað er búið að gera af rannsóknum sem gefa okkur vísbendingar um hvar þessi svæði liggja? Þá er ég að tala um þetta svæði norður af Íslandi eða Öxarfirði. Hvernig er þessum málum háttað annars staðar, t.d. í lögsögunni? Ég geri mér grein fyrir því að það er verið að tala um svæðin frá Jan Mayen að Hatton-Rockall í suðri.

Ég átti sæti í utanrmn. á þeim tíma sem Eyjólfur Konráð Jónsson sýndi því hvað mestan áhuga að Íslendingar sýndu meira kapp í því að sækjast eftir Hatton-Rockall svæðinu og að Ísland ætti þar kröfu. Mér fannst hann tala á þeim tíma fyrir daufum eyrum en nú er einmitt Hatton-Rockall svæðið nefnt sem vænlegt svæði til olíuleitar, einkum austurjaðar þess, og Bretar og Írar hafa þegar veitt olíufyrirtækjum leyfi á þessu svæði. Auk Íslands hafa Danmörk, Færeyjar, Bretland og Írland gert kröfu til svæðisins og réttarstaðan því óljós. Þegar maður veltir því fyrir sér hversu mörg ár eru liðin frá því að við fórum að tala um rétt okkar til að gera kröfu til þessa svæðis er ekki laust við að sú tilfinning vakni að við höfum flotið sofandi að feigðarósi í þessum málum og ég beini þeirri fsp. til iðnrh.: Hvað hefur verið gert á þeim árum sem liðin eru? Fyrr í umræðunni var vísað til kröfu okkar samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Þessi mál þarf að vinna með sérstökum hætti, hvernig hafa þau verið unnin á undanförnum árum?

Herra forseti. Það er enn eitt sem ég vil alveg sérstaklega undirstrika að gefnu tilefni, sem mér finnst afar mikilvægt, og það er í raun fyrsta efnisgreinin sem er 1. gr. Í 3. gr. II. kafla, Eignarréttur að kolvetni, segir einfaldlega:

„Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis eru háðar leyfi iðnaðarráðherra í samræmi við ákvæði laga þessara."

Það er mjög mikilvægt að undirstrika að finnist olía hér við Ísland eða í landhelgi okkar, efnahagslögsögu eða landgrunni er hún óumdeild sameign okkar. Þetta er auðlind sem Íslendingar eiga. Ég ætla að óska þess, ef sú auðlind á eftir að verða eitthvað sem við getum unnið og fengið arð af, að okkur auðnist að fara þannig með þann arð bæði í fyrstu lögum sem sett verða til að skapa rammann um hugsanlega vinnslu og líka í framtíðinni að tryggja að sá arður auðlindar renni til þjóðarinnar. Það er ósk mín í upphafsumræðu, alvöruumræðu um olíuleit við Íslandsstrendur, sem er samkvæmt þessu frv. Og af því að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Lúðvík Bergvinsson hafa gert svo ágætlega skil hinum ýmsu efnisatriðum í þessu frv., þá held ég, herra forseti, að ég láti mér nægja þær spurningar sem ég hef borið fram við forseta. Ég undirstrika að það getur verið að við séum að byrja að ræða mál sem eigi eftir að verða stórmál bæði fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 214. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 225.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 209. mál, frv. PHB, þskj. 220.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 215. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 226.

Tjónagreiðslur vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi, 60. mál, svar viðskrh., þskj. 177.

Veiðieftirlitsgjald, 216. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 227.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (kaupskip). — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK, 47. mál. — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 56. mál (leiðarflugsgjöld). — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 93. mál. — Þskj. 93.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 159. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Heilsuvernd í framhaldsskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMöl o.fl., 91. mál. — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 102. mál (búsetuskilyrði örorkutryggingar). — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Bætt staða námsmanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 189. mál. — Þskj. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Námsmatsstofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Blindrabókasafn Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 177. mál (verkefni og stjórn). — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 182.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um frv. Ég vil fyrst og fremst fagna komu þess hingað inn á þing. Það var reyndar sýnt hér í fyrravor til kynningar og legið hefur fyrir eða verið í farvatninu að löggjöf af þessu tagi yrði sett, enda ljóst að hún er forsenda þess að um áframhaldandi rannsóknir og ef svo vildi til einhvern tíma í framtíðinni vinnslu á kolefnum, olíu eða gasi yrði að ræða á íslenska landgrunninu. Ég held að hvað sem öllu öðru líður sé rétt og skylt að við Íslendingar höfum eins og allar nálægar aðrar þjóðir lagaramma af þessu tagi til að styðjast við og framtíðin verður svo að leiða í ljós hvað það hefur í för með sér. En í öllu falli væri óeðlilegt að það strandaði á skorti á skýrum réttarreglum að hér væri t.d. hægt að gera frekari rannsóknir en hingað til hafa verið gerðar á því hvort mögulega finnast auðlindir af þessu tagi í vinnanlegu magni á landgrunni okkar eða í efnahagslögsögunni.

Löggjöfin er sniðin að löggjöf nágrannalandanna og eins og hér kemur fram í fylgiskjali hefur verið litið til Færeyja, Grænlands, Noregs og fleiri landa í þeim efnum og það er að sjálfsögðu skynsamlegt og rétt. Að mörgu leyti má ætla að aðstæður t.d. við Grænland séu ekki ósvipaðar því sem gætu orðið hér ef til olíuvinnslu kæmi á hafsbotni þar sem allra veðra er von og möguleiki á hafís er til staðar, en Grænlendingar hafa eins og kunnugt er lagt mikla vinnu í það að reyna að sníða löggjöf sína að því að reynt sé með öllum ráðum að fyrirbyggja að umhverfisslys geti orðið þó til vinnslu kæmi við þær sérstöku aðstæður. Reyndar er einnig mikla reynslu að hafa í þessum efnum frá Noregi þar sem olíuvinnsla hefur verið að færast sífellt norðar á norska landgrunnið og menn eru að glíma við aðstæður þar í dag sem fyrir 10–15 árum hefði verið talið næsta ólíklegt að nokkurn tíma yrði reynt við.

Hér er að sjálfsögðu og með eðlilegum hætti byggt á þeirri löggjöf sem fyrir er um auðlindir hafsbotnsins og í 3. gr. er tekið skýrt fram að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis samkvæmt 1. gr. og að hvers kyns rannsóknir og vinnsla séu háðar leyfi íslenskra stjórnvalda í samræmi við ákvæði þessara laga. Um þetta er samstaða hygg ég vera og þarf ekki að fjölyrða neitt um það að þarna eigi tvímælalaust að byggja á sameignarákvæðum, að um sameiginlega auðlind þjóðarinnar sé að ræða og aldrei geti komið til framsals á henni

heldur eingöngu úthlutun vinnsluréttinda eða nýtingarréttar sem aldrei hrófli við eignarhaldi íslenska ríkisins fyrir hönd þjóðarinnar á þessari sameiginlegu auðlind.

Varðandi spurninguna um hvort líklegt sé að hér finnist í fyllingu tímans olía eða gas í vinnanlegu magni, þá hefur það kannski ekki mikið upp á sig að við þingmenn séum með getgátur út og suður í þeim efnum. Við höfum þó stundum rætt það á undanförnum þingum, ekki síst ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem er mikill kappsmaður í þessu máli og er það vel og á hann heiður skilið fyrir áhuga sinn á því. Ég hef stundum tekið að mér hlutverk bölsýnismannsins og varað við óhóflegri bjartsýni í þessum efnum ósköp einfaldlega út frá því að þegar horft er til landfræðilegra og jarðfræðilegra aðstæðna eru líkurnar um margt kannski heldur minni á því að auðveldlega vinnanleg jarðefni af þessu tagi finnist í nægjanlega miklu magni til þess að það mundi reynast arðbært að fara í slíka vinnslu. Það breytir að sjálfsögðu engu um að við eigum að hafa lagarammann til staðar og rétt og skylt er að ýta undir að rannsóknir séu gerðar og menn fái sem fyllsta vitneskju um hvað mögulegt sé í þessum efnum. Ég held reyndar að mestu líkur Íslendinga á því að eiga aðild að einhverjum olíugróða, ef svo má að orði komast, séu fólgnar í mögulegri sameign okkar á Jan Mayen eða Hatton-Rockall svæðinu þar sem vinnslumöguleikar væru sennilega meiri en á eigin landgrunni. Þó er engin ástæða til að útiloka að í setlögunum úti fyrir Norður- og Norðausturlandi gætu leynst möguleg vinnslusvæði og líklegt er að þar séu einhver kolefni í jörðu. Óvissan er meira fólgin í því hvort þau hafi safnast saman í nægilega miklu magni og séu finnanleg við aðstæður sem bjóða upp á vinnslu. Kannski verður þá aðalóvissan að lokum fólgin í spurningunni um arðsemi slíkrar vinnslu þegar eða ef á það reyndi að menn færu að reikna það dæmi út í alvöru.

Flestir eru þeirrar skoðunar að tæpast verði það á næstu 10–20 árum sem vinnsla við slíkar aðstæður verður samkeppnisfær við þær olíulindir aðrar sem menn hafa aðgang að í dag. Heilmikið hefur gerst á síðustu árum í þeim efnum að endurmeta vinnanlegan olíuforða jarðarinnar. Kemur þar hvort tveggja til, stóraukin tækni við rannsóknir og líka aukin tækni við vinnslu sem hefur gert vinnslu mögulega á svæðum og jafnvel endurvinnslu eldri svæða sem menn töldu áður útilokaða. Á það hefur stundum verið bent að olíuforðinn hefur haldist svipaður, þ.e. það hefur bæst nokkurn veginn jafnmikið aftan við það sem unnið er sl. 10–20 ár af þessum sökum. Samt er um tæmanlegan forða að ræða. Síðan hafa komið til sögunnar aðrir hlutir eins og áhyggjur manna af loftslagsbreytingum og gróðurhúsaáhrifum sem gera það að verkum að stóraukinn kraftur hefur verið settur í rannsóknir af öðrum orkugjöfum. Ef menn ná þar miklum árangri gæti að sjálfsögðu farið svo að ýmislegt yrði þess valdandi að menn mundu ekki ganga jafnnærri síðustu olíu- og gaslindum jarðarinnar og menn hefðu ella gert og aðrir orkugjafar komi til með að leysa þá af hólmi í meira mæli en nú er.

Þetta segi ég, herra forseti, til að mæla nokkur varnaðarorð gagnvart því að menn gefi sér það sem mjög líklega niðurstöðu að við verðum farin að útdeila olíugróða innan 10–20 ára. Ég tek það fram aftur að ég er ekki að útiloka að einhver slík vinnsla geti á endanum orðið niðurstaðan eða möguleg sameign okkar eða hlutdeild í vinnslu sem yrði t.d. unnin á Hatton-Rockall svæðinu eða Jan Mayen.

Nú stendur einmitt þannig á, herra forseti, að unnið er að því að lýsa eða móta kröfugerð Íslands á grundvelli ákvæða alþjóðahafréttarsáttmálans, landgrunnsákvæða hans. Það er mjög mikilsverð vinna og afar mikilvægt að þar verði vel haldið á málum Íslands hvað varðar að lýsa kröfum okkar til landgrunnssvæðanna suður og suðvestur af landinu. Ef vel tekst til og sanngjörn niðurstaða fæst mælir margt með því og ótvírætt að við eigum að standa á þeirri kröfu okkar að við eigum umtalsverða hlutdeild til auðlinda á þeim hluta landgrunnssökkulsins sem er tengdur Íslandi á Hatton-Rockall svæðinu. Hvort sem um yrði að ræða niðurstöðu sem byggðist á uppdeilingu svæðisins eða mögulegri sameiginlegri hlutdeild aðliggjandi landa ætti einhver hlutdeild Íslands að geta komið út úr þeirri niðurstöðu sem þar verður.

Eitt er víst og það er, herra forseti, að það hefur gildi í margvíslegum tilgangi að grunnrannsóknir af því tagi sem fara fram í aðdraganda þess að menn séu að reyna að meta líkur á olíuvinnslu verði gerðar. Við Íslendingar höfum notið góðs af rannsóknum annarra þjóða að þessu leyti, rannsóknum Rússa fyrr á árum, síðan Norðmanna og fleiri þjóða og átt einhverja aðild að þeim sjálfir nú upp á síðkastið. Þær auka vitneskju okkar um landið og landgrunnið og uppbyggingu jarðlaga á þessum slóðum og sú vitneskja getur verið verðmæt í margvíslegu tilliti sem grundvöllur ýmissa hluta, jafnvel þó að útkoman yrði ekki endilega umtalsverð vinnsla kolefnisauðlinda í kjölfarið.

Herra forseti. Ég tel að þetta mál sé á góðri leið og í réttum farvegi og vonandi vinnst Alþingi tími til að fara rækilega ofan í saumana á þessu máli í vetur og afgreiða það fyrir vorið. Ég held að það sé tímabært og rétt og skylt. Mér finnst í raun og veru óþarfi að taka það fram en nefni það þó af því að umræður urðu um það fyrir hádegishlé að við hljótum að sjálfsögðu að gæta ýtrustu umhverfisvaráðarsjónarmiða í umhverfislegu tilliti í öllu þessu ferli og ég hef gefið mér að um það geti ekki verið neinn minnsti ágreiningur. Hvort ekki sé nógu vel um það búið eins og frv. er úr garði gert, þ.e. með því einfaldlega að vísa yfir í lögin um mat á umhverfisáhrifum, skal ég svo sem ekki dæma um, en ég held að það sé þó að mörgu leyti eðlilegur frágangur að setja ekki sjálfstæð matsákvæði inn í löggjöf á mörgum stöðum heldur byggja á einni meginlöggjöf um mat á umhverfisáhrifum og vísa til hennar annars staðar þar sem það er eðlilegt að gera. Það er sú leið sem hér er valin og mér finnst fljótt á litið að það sé eðlilegt og eigi að geta verið algerlega fullnægjandi. Aðalatriðið er auðvitað það að enginn vafi leiki á því að menn ætli sér að fara þarna fram með fyllstu gát og varúð. Hins vegar kemur ekkert á óvart að menn séu tortryggnir um þessar mundir eins og hæstv. ríkisstjórn stendur að málum í hverju tilvikinu á fætur öðru þessa dagana og þessar vikurnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

[13:54]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það var margt sem hægt er að taka undir í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og það er rétt sem kom fram hjá honum að við höfum verið nokkuð margir djarfhugar og viljað geysast fram en hann hefur verið maður umhyggjunnar og kannski pínulítið afturhaldsseminnar líka um leið en auðvitað er það bara vel. Aðgát skal höfð við slík mál sem hér er á ferðinni.

Ég vildi taka það fram, hæstv. forseti, þótt ég hafi komið með athugasemdir áðan, þá voru þær fyrst og fremst til ábendingar um það sem betur mætti fara og líka til umhugs-

unar hvort betur eða öðruvísi ætti að fara með og beinist þá málið fyrst og fremst til iðnn.

Ég fagna þessu frv. og segi að það er stórt framfaraspor þegar litið er til þess að upp úr árinu 1970 sýndu aðilar olíuleit við Ísland áhuga, þá áttu stjórnvöld að sjálfsögðu að bregðast við sem hér hefur verið gert núna tæpum 30 árum síðar með framlagningu frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Það mun skapa erlendum aðilum réttaröryggi og sambærilegt starfsumhverfi og þeir hafa verið að starfa við annars staðar, t.d. í Norðursjó og víðar. Þetta mál er þess eðlis að nú er hægt að halda áfram. Komi ekki erlendir aðilar að þessu máli nú, þýðir það að við verðum að vinna heimaverkefni okkar betur, rannsaka enn frekar og gera þennan kost álitlegri. Það er af nógu að taka og þetta er hið besta verk. Við erum á leið fram á við og ríkisstjórnin er með mörg spennandi verkefni á döfinni og hefur verið að vinna að. Þetta er eitt þeirra verka sem mun örugglega skila góðu búi þegar fram líða stundir.

[13:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og mjög svo jákvæðu umræðu að ég tel. Ég þakka hv. þm. stjórnarandstöðunnar fyrir hvað þeir hafa verið jákvæðir gagnvart málinu. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson bætti mjög úr í síðari ræðu sinni en mér fannst tónn hans í hinni fyrri ekki alveg eðlilegur miðað við það að hann hefur viljað láta líta á sig sem aðalbaráttumann þess að sett verði lög á þessu sviði og nú lítur frv. dagsins ljós að hans mati 30 árum of seint. Þá hlýtur hann að vera glaður og ég skildi seinni ræðuna þannig að hann er glaður og það gleður mig líka.

Það eru nokkur atriði sem hv. þm. hafa spurt um eins og eðlilegt er og að vísu er það hin hefðbundna regla að farið sé ofan í hverja einstaka grein í nefndarstarfi. Ég efast ekki um hv. iðnn. mun leysa það vel af hendi. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni og ýmsum fleirum hvað það varðar að engin ástæða er til að vera allt of bjartsýnn um að hér finnist miklar auðlindir af kolvetni eða olíu. Hins vegar er algerlega ljóst að við þurfum að setja um þetta lög til þess að á þetta geti reynt fyrir einhverri alvöru og til þess er leikurinn gerður. Þetta er rammalöggjöf og má kannski gagnrýna að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um ýmis atriði í lagatextanum. Hins vegar er það þannig með t.d. Norðmenn að þeir hafa látið framkvæmdina ráða miklu um löggjöfina. Miðað við það að á þessari stundu vitum við ekkert um árangur væri það að mínu mati dálítið broslegt ef við færum þannig í þetta mál að setja löggjöf sem kvæði á um hin smæstu atriði. Ég tel að það sé frekar seinni tíma mál ef svo vel vill til að þarna verði um árangur að ræða og auðvitað er það ósk okkar allra.

Um það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir talaði og varðar auglýsingar er ekki talin ástæða til þess í sambandi við leitina að það sé sérstaklega auglýst því það á að vera auðvelt að fá leyfi til þess að leita. Þegar að því kemur að rannsaka eða vinna er meginreglan sú að það þurfi leyfi. Hins vegar er það þannig á þeim svæðum sem þykja mjög ólíkleg og má segja að viðkomandi fyrirtæki taki það mikla áhættu sjálft að ekki sé ástæða til að hafa mjög þröngar skorður. Þetta er pólitík sem er stunduð og meira að segja sjálft Evrópusambandið er með tilskipun sem varðar þetta ákvæði, Open Door Policy kallast það.

Ég held því að við hljótum að líta til þjóða sem hafa meiri reynslu og laga okkur að þeim ákvæðum og reglum sem þær setja sér.

Síðan var talað um gjöldin og þó nokkuð margir töldu ástæðu til þess að gera 15. lið 11. gr. að umtalsefni. Að sjálfsögðu verður að skoða í nefndinni hvort það sé ekki rétt nálgun og réttur texti sem hér er tillaga um. En hvað það varðar að nánar þurfi að kveða á um mat á umhverfisáhrifum í þessari löggjöf þá tel ég að svo sé alls ekki. Langar mig í því sambandi að lesa upp 2. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem er svona, með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands."

Í lögum sem sett voru í vor um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er ákvæði í 4. gr. sem segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum."

Ég vil því leyfa mér að halda því fram að þetta sé hin hefðbundna leið sem hér er farin og að ekki þurfi frekar að kveða á um mat á umhverfisáhrifum í þessum lögum. En auðvitað er það allt til athugunar í nefnd.

Hv. þm. sögðu að ráðherra ætti að setja mikið af reglum og hefði kannski dálítið mikið vald samkvæmt þessum lagatexta. En þá vitna ég til þess sem ég sagði áður að það er að mínu mati ekki rétt að kveða mjög nákvæmlega á um öll atriði í þessari löggjöf sem er rammalöggjöf eins og svo oft hefur komið fram.

Um skattahlið málsins er það að segja að auðvitað er farið að lögum um tekjuskatt og eignarskatt og um þau hlutafélög sem hugsanlega ættu hér í hlut gilda lög um skattlagningu hlutafélaga. Ef þetta yrði umfangsmikil atvinnugrein yrði að sjálfsögðu til skoðunar að velta fyrir sér sérstakri löggjöf hvað skattaþáttinn varðar í samvinnu við fjmrn.

Svo er það í sambandi við 20. gr. Komið var inn á þá grein af nokkrum þingmönnum, a.m.k. nefndi hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson 20. gr. Það sem þarna liggur til grundvallar er að ástæða þykir til þess að „infrastrúktúr", ef svo má að orði komast, sé ekki byggður upp af mörgum aðilum heldur sé um það að ræða að nýta það sem til er og skylda menn á vissan hátt til þess að samnýta. Það er líka leið sem aðrar þjóðir hafa farið.

Spurt var um auðlindalöggjöfina almennt og hvort hér væri um stefnubreytingu að ræða í sambandi við greiðslu gjalds og vitnað til auðlindaskýrslunnar í því sambandi. Hér er ekki um stefnubreytingu að ræða og ef hv. þm. vilja setja þetta í rétta röð má gjarnan láta það koma fram að frv. leit dagsins ljós sl. vor, en hins vegar skilaði auðlindanefnd ekki af sér fyrr en síðar þannig að vera má að auðlindanefndin hafi haft þetta frv. sérstaklega í huga þegar hún setti niður ákvæði í sína skýrslu.

Ég held ég komi ekkert inn á fleiri atriði sem sérstaklega var spurt um í sambandi við greinar frv. en ég vil segja í lokin um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um varðandi Hatton-Rockall svæðið þar sem líkurnar eru kannski mestar á því að þessa auðlind sé að finna, að réttarstaða er ekki ljós á þessari stundu hvað það varðar. Hins vegar munu íslensk stjórnvöld skila kröfum og verða að skila kröfum fyrir árið 2004 um þetta svæði og önnur þar sem ekki hefur náðst niðurstaða og síðan hefur nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna það hlutverk að vinna úr kröfugerð

ríkjanna. Mörg ríki gera kröfur inn á þetta svæði og við höfum þar engu minni möguleika en aðrar þjóðir. Á þessari stundu eru þessi mál því miður ekki algjörlega skýr. En úr því verður bætt.

Ég vil að lokum segja að frv. er rammalöggjöf. Möguleikarnir eru nokkrir. Það er ljóst að erlend fyrirtæki sem hafa sýnt áhuga munu ekki koma og leggja í kostnað í efnahagslögsögu okkar án þess að hér gildi lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þess vegna er mikilvægt að við setjum lögin og ég vonast til þess að eiga gott samstarf við þingið um það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og GE, 13. mál. — Þskj. 13.

[14:07]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Gísli S. Einarsson.

Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála í landinu. Nefnd sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka meti reynslu af núverandi fyrirkomulagi og geri tillögur til Alþingis um nýskipan á þessu sviði.“

Staðhæft hefur verið að rafmagnseftirliti sé mjög ábótavant í landinu í kjölfar þess að horfið var frá opinberu eftirliti með háspennu- og lágspennuvirkjum, þ.e. dreifikerfum rafveitna og neysluveitum til hins almenna notanda. Þess í stað var tekin upp takmörkuð úrtaksskoðun á vegum einkaaðila undir umsjón Löggildingarstofu.

Við fengum staðfestingu á þessari gagnrýni í fjölmiðlum núna nýlega. Þannig var greint frá því í útvarpsfréttum 28. okt. og í sjónvarpi 30. okt. að frágangi á raflögnum og rafbúnaði í hesthúsum landsins væri ábótavant í 98% tilvika. Þetta kom fram í úttekt sem Löggildingarstofan gerði í rúmlega 100 hesthúsum vítt og breitt um landið. En í 75% tilfella voru tenglar í ólagi og 70% lampa. Aðeins tveir af hundraði höfðu tölvuskápinn í lagi. Þetta er aðeins eitt dæmi.

Það hefur verið haft eftir formanni Bændasamtakanna að víða í sveitum ríki ófremdarástand á þessu sviði. Það hefur verið staðhæft að í sumarbústaðahverfum t.d. sé eftirliti mjög ábótavant, að ógleymdum venjulegum íbúðum sem aðeins sæta úrtaksskoðun.

En breytingin sem gerð var á kerfinu — ég mun halda áfram þegar þessum fundi lýkur — breytingin sem gerð var á kerfinu er í grófum dráttum sú að hér áður fyrr önnuðust opinberir aðilar eftirlit með rafmagnslögnum og þá var sá háttur hafður á að hver einasta veita sem kölluð er var skoðuð. Hver einasta íbúð var skoðuð. Hugmyndin var sú að það ætti við um allt húsnæði þar sem rafmagn væri nýtt.

Frá þessu fyrirkomulagi var síðan horfið og hugmyndafræðin að baki breytingunum er sú að það beri að draga úr miðstýrðu eftirliti á öllum sviðum í þjóðfélaginu og það eigi að reyna að innræta þeim sem framkvæmdina annast það hugarfar og þau vinnubrögð að hann hafi eftirlit með sjálfum sér nánast, Löggildingarstofa setji almennar reglur þannig að verktakinn viti á hvaða forsendum hann eigi að inna sitt verk af hendi og síðan til að tryggja að hann geri það, sé gerð úrtaksskoðun, þ.e. að hver einasti verktaki megi búast við því að hans verk verði tekið til skoðunar og það sé framkvæmt undir eftirliti Löggildingarstofu þótt einkaaðilum sé falið að annast framkvæmdina.

Þetta er hugsunin og hún hljómar ágætlega. En hún gengur einfaldlega ekki upp eða hefur ekki gengið upp að mati margra þeirra sem koma að þessum málum.

Þetta kerfi hefur reyndar verið gagnrýnt á mörgum forsendum. Menn hafa bent á að það er byggðafjandsamlegt. Fyrirtækin sem annast þessar úrtaksskoðanir eru staðsett á suðvesturhorninu í báðum tilvikum. Ég held þau séu ekki fleiri en tvö sem sinna þessu verki núna. Áður fyrr fór þetta eftirlit fram víðs vegar um landið af fólki sem þar var búsett og staðsett. Ég held þó að í einu tilviki sé einn starfsmaður annars fyrirtækisins sem sinnir þessu núna staðsettur utan Reykjavíkursvæðisins, á Austurlandi. En ég held að sú gagnrýni eigi rétt á sér að breytingin sem gerð var á kerfinu hafi fært þetta eftirlit, það sem eftir er af því, hingað til suðvesturhornsins.

Sumarið 1999 var skipuð þriggja manna nefnd. Þáverandi hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson skipaði hana til þess að kanna þessa gagnrýni. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni m.a. vegna þess að ekki var samstaða um að leita upplýsinga sem allir nefndarmenn teldu fullnægjandi. Fram kom í minnihlutaálitinu að ekki hefði verið farið að óskum um að hlýða á mál fjölmargra aðila sem höfðu sett fram gagnrýni og vildu koma henni á framfæri við nefndina. Þetta varð til þess að nefndin klofnaði.

Í ljósi þessa ákváðu flutningsmenn þáltill. að gangast fyrir könnun á viðhorfum til rafmagnsöryggismála í landinu og voru send bréf til löggiltra rafverktaka. Það var einfaldlega farið í skrá yfir alla rafverktaka á landinu sem var að finna á vefnum. Sent var til rafveitna, tryggingafyrirtækja og aðila sem sinna brunavörnum. Um 600 aðilar voru spurðir álits og fengust svör frá 200 eða um það bil þriðjungi þeirra sem spurðir voru. Reynt var að haga þessu þannig að sem gleggst svör fengjust og sem óhlutdrægast væri gengið að þessu verki. Það var reynt að tryggja að menn ynnu þetta á óhlutdrægan hátt.

Á könnunarblaði því sem sent var út var spurt, með leyfi forseta:

„Telur þú núverandi ástand rafmagnsöryggismála viðunandi?“

Menn krossa síðan í reiti.

„Telur þú að öryggi almennings og raforkuvirkja sé vel fyrir komið með úrtaksskoðunum?“

Síðan krossa menn já eða nei.

„Hvert telur þú vera það fyrirkomulag sem tryggir best öryggi raforkuvirkja og almennings og besta þjónustu rafmagnseftirlits?“

Síðan eru nokkrir valkostir gefnir. Fyrirkomulag eins og nú er, þ.e. einkareknar skoðunarstofur, eins og áður var þegar Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur fóru með eftirlitið, nýtt fyrirkomulag, t.d. eitt fyrirtæki á vegum ríkisins með aðsetur starfsmanna á hinum ýmsu landsvæðum, dreifing starfsmanna líkt og áður var. Í fjórða lagi er boðið upp á að merkja við þann valkost að brydda upp á einhverju öðru og beðið er um lýsingu á því í stuttu máli.

Síðan er spurt hvort menn telji að aflað hafi verið nægra upplýsinga um raunverulega stöðu rafmagnsöryggismála eftir að breyting var gerð á rafmagnseftirliti í landinu.

Spurt er hvort eftirlit með ástandi raffanga á markaði sé í lagi að mati þessara aðila:

„Ef þú telur að svo sé ekki, hvernig er því þá best fyrir komið:

a) í höndum þess sem fer með eftirlit raforkuvirkja,

b) framkvæmt af einkareknum skoðunarstofum,

c) annað?"

Þetta eru þær spurningar sem menn voru beðnir að svara í þessari könnun. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru:

Í fyrsta lagi þær að aðeins einn af hverjum fimm sem svöruðu telja núverandi ástand rafmagnsöryggismála viðunandi, aðeins einn af hverjum fimm. Rúmlega þrír fjórðu, 76,5% telja hins vegar núverandi ástand rafmagnsöryggismála óviðunandi.

Í öðru lagi. 78% telja að af hálfu opinberra aðila hafi ekki nægilega verið kannað ástand rafmagnsöryggismála eftir að breytingar voru gerðar á eftirlitskerfinu.

82,5% þeirra sem svara telja að eftirlitskerfinu beri að breyta, þar af vilja 38% hverfa til fyrra fyrirkomulags en 44,5% vilja nýtt eftirlitskerfi þar sem til greina kæmi nýtt fyrirtæki á vegum hins opinbera með dreifingu starfsmanna um land allt.

Í fjórða lagi var spurt um markaðseftirlit raffanga, eins og ég gat um áðan, og töldu 59% svarenda því vera ábótavant. Aðeins 7,5% töldu að einkareknar skoðunarstofur ættu að annast þetta eftirlit. Hins vegar vildi um helmingur að sömu aðilar og sjá um eftirlit raforkuvirkja sinni eftirliti raffanga.

Flutningsmenn þessarar þáltill. telja afar mikilvægt að sátt náist um rafmagnseftirlit í landinu og að ýtrustu kröfur verði gerðar um öryggi. Þess vegna er lagt til að Alþingi skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til þess að safna fullnægjandi upplýsingum um stöðu þessara mála, kanna þá gagnrýni sem fram hefur komið á núverandi skipan mála og gera tillögur til Alþingis um nýskipan sem sátt geti orðið um. Í þessum anda berum við þessa þáltill. fram og vonumst að sjálfsögðu til þess að hún nái fram að ganga.

Ef menn telja þessa gagnrýni sem við höfum sett fram með þátttöku alls þess fjölda einstaklinga sem hefur komið gagnrýni sinni á framfæri í gegnum þessa könnun sem við höfum gengist fyrir, ég og hv. þm. Gísli S. Einarsson, ekki á rökum reista og telja sinn málsstað mjög góðan og að þessi mál séu í mjög góðu lagi, er þá eitthvað að óttast? Er þá eitthvað að óttast að slík athugun fari fram til þess að koma til móts við sjónarmið okkar sem teljum þessi mál ekki vera í góðu lagi og sem teljum að rafmagnsöryggi í landinu sé ábótavant?

Við væntum þess að hæstv. ráðherra taki þessi sjónarmið og þessar óskir okkar til greina og við teldum það hið besta mál ef hann hefði forgöngu um að málið fengi skjóta og jákvæða afgreiðslu hér á þinginu þannig að fulltrúar allra þingflokka geti komið að þessari vinnu.

[14:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Breytt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála hefur áður verið gagnrýnt af þeim hv. þm. sem hér hafa lagt fram till. til þál. um endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála. Árið 1993 hóf iðnrn. vinnu að breytingum á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála og var þeirri undirbúningsvinnu lokið um áramótin 1996 þegar ný lög voru sett um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Ástæður fyrir umræddum breytingum voru fjölmargar. Má þar nefna að um langt árabil höfðu samtök rafveitna, rafverktaka og innflytjenda verið óánægð með fyrirkomulag rafmagnsöryggismála hér á landi, þá gætti óánægju hjá Sambandi íslenskra rafveitna með það að rafveitueftirlitsgjald var látið standa straum af öllum kostnaði við raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins. Starfsemi raffangaprófunar var einnig talin brjóta í bága við samninga Íslands við önnur ríki um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum. Einnig þótti það stangast á við hlutverk rafveitna að láta þær hafa ábyrgð á eftirliti með neysluveitum og skylda þær til að skoða allar nýjar neysluveitur.

Þær breytingar sem nú hafa verið gerðar á rafmagnsöryggismálum eru mjög í samræmi við þróun rafmagnsöryggismála í flestum nágrannalöndum okkar. Þær stuðla að því að draga úr eftirliti stjórnvalda en auka ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja og neysluveitna. Þetta hefur dregið úr kostnaði og tryggir öryggi neytenda. Þetta er gert m.a. með því að krefjast þess að rafveitur komi sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja og rekstur þeirra.

Sama krafa er gerð til löggiltra rafverktaka, þ.e. að þeir vinni eftir skilgreindu gæðakerfi sem tryggi að öll verk sem þeir taka að sér séu unnin samkvæmt settum reglum. Óháðar faggiltar skoðunarstofur beita síðan úrtaksskoðunum við skoðun á verkum þessara aðila.

Lykilþáttur í þessu kerfi er faggilding. Með henni eru gerðar strangar kröfur til skoðunarstofa. Þær þurfa að standast viðamikla úttekt og hlíta reglubundnu eftirliti faggildingaraðila. Með faggildingu er hæfni skoðunarstofa tryggð sem gerir stjórnvöldum kleift að færa veigamikla hluti eftirlitsins út á almennan markað.

Allar þessar breytingar hafa verið unnar í nánu samstarfi við samtök rafveitna, rafverktaka og innflytjenda raffanga sem hafa fagnað þessum breytingum og telja umbjóðendur sína fyllilega í stakk búna til að mæta kröfum um aukna ábyrgð.

Á það skal sérstaklega bent að úrtaksskoðun með nýjum neysluveitum felst fyrst og fremst í skoðun á verklagi löggiltra rafverktaka og er unnið eftir skilgreindum verklags- og skoðunarreglum. Það er því ekki nauðsynlegt að skoða hvert einasta verk löggilts rafverktaka heldur er gengið úr skugga um að rafverktakinn yfirfari sjálfur öll eigin verk og tryggi að þau séu samkvæmt settum reglum.

Samkvæmt eldra fyrirkomulagi var rafveitum gert að skoða öll verk sem rafverktakar unnu og var það eftirlit alls ekki unnið eftir samræmdum verklags- og skoðunarreglum, né var samræmi í skoðunum á milli eftirlitssvæða. Nú er eftirlitið samræmt um allt land. Það sama á við um eftirlit með neysluveitum í rekstri þar sem úrtaksskoðunum er beitt til að afla upplýsinga um ástand neysluveitna í rekstri, en eigendum allra neysluveitna sendar upplýsingar um ástand þeirra.

Í september 1998 skipaði iðn.- og viðskrh. vinnuhóp til að meta árangur af breyttu fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála á þessum áratug. Nefndin var skipuð í samráði við Ögmund Jónasson alþingismann og varð að samkomulagi á milli ráðherra og hv. þm. að ráðherra tilnefndi einn fulltrúa, Guðmund K. Steinbach, rafmagnsverkfræðing, Ögmundur Jónasson tilnefndi Berg Jónsson verkfræðing, fyrrum for-

stjóra Ragmagnseftirlits ríkisins, og samkomulag varð um að Egill B. Hreinsson prófessor yrði formaður nefndarinnar. Vinnuhópnum var einkum ætlað að meta hvaða þróun hefði orðið varðandi eftirlit raforkuvirkja, öryggi neytenda, tilkostnað við rafmagnseftirlitið, flutning og notkun raforku og hvernig til hefur tekist að auka ábyrgð eigenda raforkuvirkja og þeirra fagmanna sem að raforkumálum koma.

Vinnuhópurinn skilaði af sér ítarlegri skýrslu og lagði áherslu á að skoða og meta breytt viðhorf og aðferðafræði í rafmagnsöryggismálum og eðli opinbers eftirlits almennt og rafmagnseftirlits sérstaklega. Sérstaklega var farið yfir þætti, svo sem ábyrgð og hlutverk hins opinbera, rafverktaka, eigenda búnaðar og óháðra skoðunarstofa. Athugað var fyrirkomulag úttaksskoðana miðað við fyrri aðferðafræði. Farið var yfir fyrirkomulag eftirlits fyrr og nú með raflögnum í íbúðir og atvinnuhúsnæði svo og eftirlit með öryggi háspenntra og lágspenntra raforkuvirkja hjá rafveitum og stórum og smáum iðnfyrirtækjum. Skoðað var fyrirkomulag eftirlits með rafbúnaði á markaði og hvernig prófunum raffanga er og hefur verið háttað. Einnig skoðaði vinnuhópurinn heildarkostnað við rafmagnsöryggismál, fyrir og eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Vinnuhópurinn viðaði að sér upplýsingum af ýmsu tagi, m.a. með viðtölum við aðila er starfa að rafmagnsöryggismálum. Hélt vinnuhópurinn 23 formlega fundi og ræddi samtals við 39 sérfræðinga á þessu sviði. Það var mat meiri hluta vinnuhópsins að nægilegar upplýsingar væru fengnar með þeim viðtölum sem fóru fram og ekki hafi verið ástæða til að halda slíkum viðtölum eða upplýsingasöfnun áfram.

Niðurstaða vinnuhópsins var sú að núverandi ástand rafmagnsöryggismála og rafmagnseftirlits væri gott og ný aðferðafræði og hugmyndafræði með notkun úttaksskoðana, innri öryggisstjórnunar, faggiltra skoðunarstofa o.fl., myndaði traustan og góðan grunn fyrir framtíðarskipan þessara mála.

Herra forseti. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á eftirliti með öryggi neysluveitna og rafföngum endurspegla breyttar áherslur íslenskra stjórnvalda í eftirlitsmálum. Ábyrgðin hefur verið flutt frá ríkinu til þeirra sem vinna verkin og eiga vöruna.

Spyrja má hvort ekki sé betra og öruggara að láta opinbera eftirlitsmenn skoða hverja raflögn og hvert raftæki heldur en að aðeins sé hluti af heildinni tekinn til athugunar. Svar mitt er einfalt. Slíkt eftirlit er ekki við hæfi á okkar dögum né í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera í nágrannalöndum og á alþjóðavettvangi.

Löggiltir rafverktakar fá löggildingu út á menntun sína og kunnáttu. Þeim ber skylda til að fylgja settum reglum um rafmagnsöryggi og yfirvara verk sín í verklok. Hið sama gildir um rafveitur. Sé staðið að því á viðurkenndan hátt undir eftirliti óháðrar ríkisstofnunar verður ekki þörf fyrir víðfemt og ómarkvisst opinbert eftirlit og komið í veg fyrir aukinn kostnað.

Þetta nýja fyrirkomulag er enn í mótun. Það á eftir að sníða af því ýmsa vankanta. En það er margfalt markvissara en eldra fyrirkomulag. Því er mikilvægt að segja skilið við fortíðina og halda áfram á sömu braut.

Í ljósi þessa tel ég að fyrirkomulag rafmagnsöryggismála sé gott og að ekki sé ástæða til að skipa nefnd til að meta reynslu af núverandi fyrirkomulagi og gera tillögur til Alþingis um nýskipan á þessu sviði.

[14:31]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhvern veginn finnst mér ég hafa heyrt þessa ræðu áður, þótt það hafi verið úr munni annars ráðherra. Hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir fór yfir sögu þessara mála. Hún segir að fyrirkomulagið núna sé ódýrara en áður var. Að sjálfsögðu er ódýrara að skoða aðeins örlítinn hluta húsnæðis en að skoða allt húsnæðið en öryggið er minna. Við erum að fjalla um öryggismál.

Hæstv. ráðherra segir að þetta hafi verið unnið í góðu samráði við rafverktaka og alla helstu hagsmunaaðila í þessum málum. Staðreyndin er sú að þeir hafa mjög skiptar skoðanir. Margir þeirra eru afar gagnrýnir á þetta nýja fyrirkomulag. Þess vegna vildum við, til að þróa þetta kerfi áfram svo það þjóni hagsmunum landsmanna, að skipuð yrði nefnd til að taka þátt í þeirri þróunarvinnu.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Ráðherrann hæstv. vísaði í vinnuhóp sem skipaður var í samráði við mig sumarið 1999. Það er alveg rétt að við ræddum það fyrrv. hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, og ég hvernig að þeirri skipan skyldi staðið. En vinnuhópurinn klofnaði vegna þess að einn fulltrúanna fékk því ekki framgengt að nefndin ynni sína vinnu á þeim forsendum sem um var rætt. Í áliti hans segir m.a., með leyfi forseta:

„Því miður getur undirritaður ekki tekið undir fullyrðingu í bréfi, sem fylgir niðurstöðum vinnuhópsins til ráðherra, að ástand rafmagnsöryggismála sé gott og tryggi vel öryggi raforkunotenda. Til að unnt sé að setja fram slíka fullyrðingu hefði þurft miklu ítarlegri rannsókn."

Síðan birtir nefndin og ráðuneytið skýrslu sem ber heitið Árangur af breyttu skipulagi. Síðan talar hæstv. ráðherra á þá lund sem hún gerir hér. Mér finnst þetta óskammfeilið.

[14:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki hissa á að hv. þm. taki eftir því að ekki er búið að skipta um stefnu í iðnrn. þó að þar komi nýr ráðherra. Reyndar tel ég mikilvægt að stjórnsýsla okkar sé ekki þannig að með nýjum ráðherra sé ávallt skipt um stefnu, þá er ég hrædd um að hún væri ekki eins sterk og raun ber vitni.

Skýrslan sem hv. þm. vísaði til og ég kom að í máli mínu sýnir að mikið hefur verið unnið í þessu máli af hálfu ráðuneytisins. Það hefur verið tekið tillit til sjónarmiða hv. þm. og farið í ákveðna vinnu til þess að reyna að átta sig á því hvort við værum á réttri leið eður ei. Niðurstaðan er sú að ráðuneytið er þeirrar skoðunar að við séum á réttri leið og að ekki verði horfið til fyrra fyrirkomulags í þessum efnum. Þannig standa málin.

Hv. þm. hefur fulla heimild til þess að hafa athugasemdir við þessi vinnubrögð og þessa stefnu. Hún er nú engu að síður þessi. Hv. þm. gagnrýndi að þetta nýja fyrirkomulag væri ódýrara vegna þess að hver sá sem hefur með rafmagnsmál að gera sé ekki rannsakaður sérstaklega en það er fyrirkomulag sem aðrar þjóðir hafa verið að taka upp. Við erum því sannarlega ekki að sýna neitt minni ábyrgð í þessum efnum en aðrir.

Ég get hins vegar alveg tekið undir það með hv. þm. að þetta er eflaust ekki fullkomið frekar en nokkuð annað sem maðurinn setur á laggirnar eða það sem við setjum hér í lög og reglur.

[14:34]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef kerfið er ekki fullkomið eða ekki nægilega gott, ber okkur þá ekki að leita leiða til að bæta kerfið? Ég hefði haldið að okkur bæri að stefna að því, eins og við gerum reyndar tillögu um hér. Það hefur engin stefnubreyting orðið við ráðherraskiptin, segir hæstv. iðnrh. Ég spyr sjálfan mig: Hver stýrir för? Hvaða hagsmunaaðilar stýra hér för? Þetta er mjög umdeilt og ábyrgir aðilar sem vinna við þessi mál staðhæfa að þau séu ekki í nógu góðum farvegi. Við gerðum ítarlega úttekt á viðhorfum þessara hagsmunaaðila og meiri hlutinn kemur fram með það sjónarmið að okkur beri að breyta þessu kerfi. Mér finnst að við eigum að láta skynsemina ráða hér og ef hún kallar á stefnubreytingu þá eigum við að breyta stefnunni.

En varðandi þennan vinnuhóp þá er það náttúrlega sérstakt umræðuefni út af fyrir sig hvernig Alþingi Íslendinga ætlar að standa að rannsóknarvinnu af þessu tagi. Ég leyfi mér að fullyrða að hæstv. fyrrv. iðnrh. hafi andað öllum stundum niður í hálsmálið á þessum vinnuhópi og reynt að stýra vinnu hans inn í mjög ankannalegan farveg. Það leiddi til þess minni hluti nefndarinnar fékk því ekki framgengt að sú nauðsynlega rannsóknarvinna sem hefði þurft að sinna yrði framkvæmd, enda klofnaði nefndin. Þrátt fyrir það leyfir ráðuneytið sér að birta skýrslu undir fyrirsögninni Árangur af breyttu skipulagi, enda þótt fram kæmi að þriðjungur nefndarinnar teldi að málin væru nú í verra fari en þau voru áður.

[14:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil halda því fram að óánægjan með fyrirkomulagið sem tekið hefur verið upp sé ekkert í líkingu við það sem hv. þm. heldur fram. Ég held því fram að almenn ánægja sé með þetta kerfi þó það sé ekki talið gallalaust. Hv. þm. vitnaði hér til könnunar sem staðið var fyrir af hans hálfu eða þeirra hv. þm. sem hér hafa sig í frammi. Ég mun í síðari ræðu minni koma svolítið inn á þá könnun sem var satt að segja mjög sérkennilega unnin. Hún var t.d. ekki unnin samkvæmt heimild tölvunefndar. Ég held því að hv. þm. ættu ekki að nota hana sem aðalröksemdafærslu fyrir því að breyta þessu fyrirkomulagi.

[14:38]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er ósköp eðlilegt að það hitni í mönnum undir þessari umræðu. Hún er ákaflega merkileg. Ég verð að segja það að hæstv. ráðherra hefur tilteinkað sér sjónarmið og viðhorf sem ég hygg að séu ekki djúpt hugsuð. Ég held að hæstv. ráðherra hafi einfaldlega fengið þessi viðhorf afhent og að nákvæmlega þessi svör og þessi ræða sé skrifuð af sama manninum og lagði fyrrv. ráðherra í hendur svör og upplýsingar í þessum málum.

Það er ótrúlegt að heyra, herra forseti, að hæstv. ráðherra telur ástandið í rafmagnseftirlitsmálum vera gott. Ástandið er þannig, herra forseti — ég veit að ráðherranum er ekki kunnugt um ástandið — að það eru 40 þús. óskoðaðar húsveitur í Reykjavík. Það eru 40 þús. húsveitur óskoðaðar og þar af er hluti með gömlum lögnum, eldgömlum lögnum með einangrun sem nánast er orðin ónýt. Þetta er vitað. Þetta vita menn sem unnið hafa í þessari iðngrein og hafa miklar áhyggjur af. Það eru svör sem hæstv. ráðherra ætti að hafa miklar áhyggjur af og ég vitna alveg hikstalaust um að þau eru rétt. Ég hef ekki hitt einn einasta rafvirkja, sem þarf að standa ábyrgur fyrir þessu áliti, sem ekki hefur áhyggjur einmitt af þessu.

Hve margar húsveitur heldur hæstv. ráðherra að séu óskoðaðar á landinu, gamalveitur? Þær eru um 70 þús. Það eru um 70 þús. húsveitur á landinu sem ekki hafa verið skoðaðar í yfir tvo áratugi. Sumar húsveitur hér (Gripið fram í.) í Reykjavík hafa sennilega ekki verið skoðaðar í fjóra áratugi. Þessi mál voru í ákveðnum ólestri og það þurfti að taka á þeim. En þá valdi ráðuneytið þessa aðferð sem er hvorki viðurkennd í Noregi né í Danmörku og ekki einu sinni Þýskalandi, sem þó er verið að kópera eftir.

Ég verð að segja, af því mér er kunnugt um það og hef séð reikninga, að hver einasta skoðun er framreiknað u.þ.b. 70% dýrari núna en skoðunin í gamla rafmagnseftirlitinu. Það er vegna þess að hver einasta skoðun fer þannig fram að beðið er um úttekt og skoðunarstofa, sem er bara staðsett í Reykjavík — það er bara til skoðunarstofa í Reykjavík — fer út á land með tilheyrandi kostnaði til að gera úttektina. Þess vegna verður kostnaðurinn svona mikill. En í heildina tekið, ef ekki eru skoðuð nema innan við 10% af raflögnum eða nýlögnum af þessum eftirlitsaðilum, þá hlýtur það náttúrlega að vera ódýrara en þegar framkvæmd var nánast að segja alskoðun, sem ég er ekkert viss um að hefði átt að vera.

Við skulum skoða hver ber ábyrgðina. Hver ber ábyrgðina í þessum málum? Það er hver og einn húseigandi sem gerir sér engan veginn grein fyrir því að raflagnir í húsveitum eru á hans ábyrgð. Ég vildi óska að hæstv. ráðherra stæði klár á því að fólk er að fikta — ég kalla það að fólk sé að fikta í rafmagni — og reyna að bjarga sér, ekki síst á tímum sem er vont er að fá iðnaðarmenn til vinnu. Það býður hættunni heim. Hvað með gripahúsin? Hvað með hesthúsin? Hvað með alla brunana undanfarið? Hafa menn komist að niðurstöðu um af hverju þessar þeir hafi orðið? Ég fullyrði að í flestum tilvikum hefur mátt rekja það til einhvers konar vanbúnaðar á rafmagni.

Þess vegna er það að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson förum fram á að Alþingi álykti um að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagns- og öryggismála í landinu. Er farið fram á mikið? Er til of mikils mælst að sett verði á laggirnar nefnd til að skoða þessi mál? Ég er sannfærður um að skýrslan sem hæstv. ráðherra vitnaði í hér í ræðu sinni segir okkur ekki söguna eins og hún í rauninni er. Það veit ég vegna þess að ég hef rætt við a.m.k. á annan tug rafvirkjameistara sem þurfa að annast þessi mál.

Ég minni á þau svör sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson fengum í könnun sem dregið er í efa að hafi verið lögleg. Sú könnun var ekkert annað en útsent bréf frá okkur þingmönnum til 600 aðila sem sinna raflögnum. Við fengum svörin og þau ýkja ekki ástandið. Ég ekki hitt neina nema hönnuðina að þessu kerfi — ég hef líka rætt við þá — sem telja að betur sé komið en áður var.

Hér var minnst á rafmagnseftirlitsgjald. Það væri gott að fá að vita það hjá hæstv. ráðherra hvenær rafmagnseftirlitsgjaldið var fellt niður. Mér segir svo hugur um að það gjald sé enn inni í kostnaði neytenda. Ég held að rafmagnseftirlitsgjald hafi aldrei verið fellt niður.

Ég nefndi úrtaksskoðanir sem fara þannig fram: Ákveðnir aðilar ákveða að taka eitthvert úrtak til skoðunar. Ég tek dæmi um hvernig skoðunin fór fram. Farið var í eftirlit í blokk í Kópavogi sem byggð var á árunum 1960–1970. Ein íbúð var skoðuð og gerðar voru 13 athugasemdir. Kostnaðurinn við lagfæringar átti að vera einhvers staðar í kringum 60–70

þús. kr. Ekki var farið í nokkra aðra íbúð en þessa umræddu og engin ábending var gerð til annarra íbúa í blokkinni um að einhverju væri ábótavant, sem er líklegt að hafi verið á sama máta í öllum íbúðunum í blokkinni, þær eru yfir 40. Svona er nú framkvæmdin. Hæstv. ráðherra hlýtur að vera sammála um að ástæða sé til að taka þetta mál upp og skoða það út frá þeim staðreyndum sem ég hef svo verið að nefna og liggja fyrir.

[14:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um bruna sem hefðu orðið. Hann fullyrti að rekja hefði mátt þá bruna til einhvers konar vanbúnaðar á rafmagni. Ég bið hv. þm. að nefna mér þau dæmi.

[14:46]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur tekið illa eftir frétt-um að undanförnu. Varð hæstv. ráðherra var við að það varð bruni í hesthúsum sem er talinn vera beint af völdum rafmagns?

Man hæstv. ráðherra eftir alvarlegum brunum suður á Strönd og miklar líkur taldar á að rekja megi til rafmagns?

Á ég að halda áfram?

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að taka upp dæmi önnur en blasa beint við og liggja fyrir í fréttum frá síðustu mánuðum eða síðasta ári.

Ég bið hæstv. ráðherra að athuga hvort það sé ekki rétt sem ég er að fara með. Það hefur verið vitnað til vanbúnaðar og að eftirlit hafi t.d. ekki farið fram í þessum gripahúsum.

[14:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Já, það fór eins og mig grunaði að væri ekki mikið á bak við það sem hv. þm. sagði hér. „Miklar líkur", „talið vera", sagði hv. þm. Það er nefnilega þannig að ekki hefur verið hægt að rekja þessa bruna til skorts á eftirliti. Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér mál áður en hann hefur uppi stóryrði í ræðustól á Alþingi.

[14:48]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðan hæstv. ráðherra getur ekki borið annað fram en að þarna sé um fullyrðingar að ræða þá ber ég fyrir mig það sem nákvæmlega stendur í blöðum um þau atvik sem gerðust. Ég bar það fyrir mig og ég segi bara: Það er talið vera af þessum ástæðum og meiri líkur en minni. Ég hygg að skynsamlegt væri að menn skoðuðu þau dæmi sem ég nefndi um hesthúsin og síðan brunana suður á Strönd. Við skulum bara taka þau dæmi.

Vitað er að gamalveitur í Reykjavík, sem eru yfir 40.000, hæstv. ráðherra, bjóða beinustu leið upp á brunahættu. Ef hæstv. ráðherra er sáttur við að ástandið sé svona er eins gott fyrir þjóðina að vita að æðsti maður öryggismála rafmagns er sáttur við að allt að 40.000 húsveitur í Reykjavík eru með innbyggða eldhættu í sér.

[14:49]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn rekur alveg í rogastans yfir þeim miklu fullyrðingum hv. flutningsmanna um rafmagnsöryggiseftirlit í landinu. Það eru dálítið merkilegar kannanir sem þeir leggja til grundvallar, sem byggjast á einhverjum sögusögnum, eins og kemur hér fram í greinargerðinni „staðhæft hefur verið", þetta er sem sagt Gróa á Leiti. Í greinargerð segir að hv. þm. flutningsmenn hafi sjálfir látið gera einhverja könnun. Úrtakið í könnuninni er 600, en aðeins 200 svarað.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hverjir það eru sem svara. Eru það verktakarnir úti á landi eða eru það þeir sem hafa ekki staðið sig, eða hvernig var farið ofan í svörin frá þessum aðilum? Það er alveg ljóst, herra forseti, að ekkert eftirlit er fullkomið en ég held að allir þeir rafverktakar sem vinna í þessu fagi í dag og hafa unnið samkvæmt bæði nýja og gamla kerfinu og hafa bókhaldið sitt í lagi eru mjög ánægðir með það kerfi sem er við lýði í dag. Það er staðreynd og það ætti hv. þm. Gísli S. Einarsson að vita manna best enda hefur hann aðgang að góðum rafverktökum sem ættu að geta sagt honum sannleikann í málinu.

Herra forseti. Þess vegna spyr ég hvernig var farið ofan í þá könnun sem liggur fyrir og þeir segjast hafa látið gera sjálfir, hv. þm., sem er nú út af fyrir sig dálítið sérstakt að það sé gert af flutningsmönnum sjálfum en ekki fengið í hendur hlutlausum aðilum sem eru til þess lærðir að gera kannanir sem geta talist hlutlausar.

[14:51]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir heldur leitt að þurfa að stafa ofan í hv. þm. Kristján Pálsson hvað þessi till. til þál. fjallar um. Hún fjallar um að fara ofan í þau mál sem við erum með staðreyndir fyrir. Við fengum yfir 30% svörum frá þeim verktökum öllum sem okkur voru kunnir sem vinna í rafmagni sem er mjög hátt hlutfall. Og $^3/_4$ þeirra sem svöruðu, eða 76,5% aðila, telja að ástandið sé óviðunandi. Þetta er svo hátt hlutfall og gefur svo mikla ástæðu til að fara betur ofan í þessi mál og þess vegna er till. til þál. sett fram og hún ákaflega kurteisleg.

Til að upplýsta hv. þm. Kristján Pálsson þá hef ég upplýsingar frá þeim aðila sem hann var einmitt að vitna til og við þekkjum báðir mætavel, að hann er óánægður með það ástand rafmagnsmála sem nú er í dag, þ.e. könnun á eða eftirlit með rafmagni. Þarna er þá sitthvað sem hvor hefur að fullyrðingu.

Í morgun ræddi ég kennara sem er með rafmagnskennslu í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Kennarar þar staðfesta að það ástand sem ríkir núna í öryggiseftirlitsmálum er óviðunandi. Ég segi enn og aftur: Ég hef engan hitt nema þá menn sem unnu að því fyrirkomulagi sem eru ásáttir með ástandið eins og það er. Enginn annar, enginn annar.

[14:54]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga einstaka rafverktaka inn í þetta dæmi og þetta sérstaka mál eða að fara að munnhöggvast eitthvað um það. Það kemur bara í ljós og ég vænti þess að hv. þm. fái upplýsingar um það fyrr en síðar.

Allir þeir verktakar sem eru virkir á markaðnum í dag gangast undir ákveðið öryggiskerfi sem er til að tryggja að allir þættir rafkerfa í húsum séu eftir strängustu kröfum. Þar að auki eru námskeið í gangi fyrir sömu aðila þannig að sömu upplýsingar séu hjá öllum rafverktökum á landinu og gætt sé nýjustu upplýsinga og tækni á þessu sviði. Rafverktakar eru skyldaðir til að vera með bókhaldið sitt í lagi, vita hvernig þeir hafa unnið verkið og geta sýnt það í úrtaki hvenær sem er og þegar eftirlitsmönnum þóknast. Með þessum hætti hafa rafverktakar vegna eftirlitsins verið að missa löggildingu, vegna þess að þeir hafa ekki staðið sig. Og að telja að

eitthvert miðstýrt eftirlitskerfi eins og var hér áður fyrr við lýði og sömu mennirnir og taka út hjá kunningjum sínum og halda að það sé eitthvert öryggi, það er falskt öryggi.

Sú könnun sem hv. þm. setja fram er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Allir þeir sem fjalla um kannanir, skilja í rauninni ekki hvernig er hægt að leggja slíkt fram án þess að leggja þá fram um leið forsendurnar og hvað það er sem menn voru í rauninni spurðir um. Ég sé ekkert um það hér og ég geri ráð fyrir því að það skýrist í nefndinni þegar skoðað verður hvað liggur að baki þessu öllu.

[14:56]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla heldur ekki að fara að þvarga við hv. þm. um hvernig þessum málum er komið en ég ætla að undirstrika að nauðsynlegt er að öryggi neytenda verði tryggt með virku rafmagnseftirliti. Það þarf að tryggja það. (**KPál:** Það er gert í dag.) Það þarf að tryggja að eftirlit verði samræmt, að eftirlitið sé sambærilegt alls staðar á öllu landinu, en ekki eins og því er nú fyrir komið að allar gamalveitur eru látnar vera. Þeir ágætu menn, sem ég hef verið að ræða við og komu þessu kerfi á koppinn, viðurkenna einn aðallapsusinn í kerfinu er að gamalveitur hafa ekki verið skoðaðar í áratugi. Það set ég alvarlega fyrir mig.

Ég segi það að það átti að tryggja að neytandinn yrði ekki fyrir meiri kostnaði eftir en áður. En hver er staðan? Reikningur fyrir skoðun í dag er u.þ.b. 70% hærri á núvirði en hann var á sínum tíma, framreiknað. Þetta er hægt að fá upplýsingar um beint og það liggur fyrir. Það er eðlilegt fyrir neytanda austur á landi, fyrir verksmiðju austur á landi, sem þarf að fá skoðunarstofu úr Reykjavík, með tilheyrandi hótelkostnaði, uppihaldi, bíl eða flugi eða hvað það nú er, sem er langtum dýrara en þetta var áður, þar sem eftirlitsmaðurinn var á staðnum. Þetta er breytingin, hv. þm.

Ég hef nægjanlegt og mikið efni til þess að vitna í, reyndar allt frá árinu 1996. Það situr enn við sama í flestum tilvikum, að eftirlitið er ekki eða fór á þann veg eins og menn óttuðust mest, að það varð lakara en áður.

[14:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Hinir ágætu hv. þm. Ögmundur Jónasson og Gísli Einarsson hafa lagt fram nokkuð athyglisverða till. til þál. Hv. þm. staðhæfa að rafmagnseftirliti sé ábótavant í landinu. Þetta er að mínu mati afar alvarleg fullyrðing. Rafmagnseftirlitið er enn opinbert og ég trúi því ekki að þeir hafi neitt út á það að setja. Það er enn þá opinbert og nú undir umsjón Löggildingarstofu.

(**Forseti** (GÁS): Það er hv. 5. þm. Reykn. sem hefur orðið.)

Megintilgangur breytinga á rafmagnsöryggismálum á sínum tíma var að auka ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja og þá um leið líka raflagna og dregið var úr beinum afskiptum stjórnvalda á eftirlitinu. En af hverju að breyta þessu á sínum tíma? Jú, það var til þess viðhalda ekki bara ágætu rafmagnsöryggi, heldur einnig auka öryggi neytenda til að draga úr kostnaði við rafmagnseftirlit og til að bæta þjónustu við neytendur og gera hana skilvirkari.

Mikil gagnrýni hafði lengi verið uppi um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. kom hér inn á og hún fór ágætlega yfir þá sögu. Það var m.a. skoðun Sambands íslenskra rafveitna að eftirlit með neysluveitum ætti ekki að vera í þeirra höndum, þar sem hlutverk rafveitna væri fyrst og fremst að framleiða, dreifa og selja raforku. Ég vil einnig geta þess að rafveitugjaldið var á sínum tíma látið standa undir kostnaði við raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins. Raffangaprófun var í sjálfu sér orðin úrelt vegna samninga Íslands um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum.

Svo við förum aðeins nánar í þetta þá tók fyrirkomulagið á sínum tíma út yfir allan þjófabálk þegar eftirliti með rafföngum var ætlað að skila ríkissjóði töluverðum fjármunum með því að leggja 4 þús. kr. skráningargjald á hvert raffang, hvert einasta raffang. Markaðseftirlitsgjald átti að vera 20 þús. kall og síðan prófunargjald frá 5 þús. og upp 100 þús. kr. Til að átta sig á þessu verðum við að hafa í huga að það eru meira en 40 þús. skráningarskyld rafföng á markaðnum. Og hvað þýðir það? Slík skráning hafi kostað 160 milljónir. Hvert fer það? Það fer auðvitað beint í verðið á rafföngunum sjálfum sem neytendur síðan greiða. Til að geta sinnt þessu eftirliti hefði gamla rafmagnseftirlitið um leið þurft að fjölga mjög tæknimenntuðu fólki til að anna eftirspurn því að þeir tíu starfsmenn sem þá störfuðu í rafprófunardeildinni hjá eftirlitinu náðu einfaldlega ekki að anna eftirspurninni vegna mikils álags. Kostnaður vegna þessa og þar að auki tækjakaupa hefði aldrei orðið minni en 200 milljónir. Af hverju ættum við líka, þessi fámenna þjóð sem Íslendingar eru, að taka fram fyrir hendurnar á viðurkenndum prófunarstofum um heim allan sem skoða og prófa rafföng sem flutt eru hingað til lands? Af hverju á ríkið að eyða mörg hundruð milljónum í að prófa öryggi raffanga sem hafa verið margprófuð á erlendri grund?

Við verðum að átta okkur á því að með aðild Íslands að EES breyttust ýmsar forsendur á sviði rafmagnsöryggismála, þar með talið samningar sem lúta að raffangaprófun og vottun. Ef raffang telst löglega sett á markað í einu aðildarlanda EES og uppfyllir allar kröfur sem settar eru fram innan EES, telst það um leið uppfylla skilyrði annarra landa svæðisins. Því er óheimilt að koma í veg fyrir markaðssetningu slíkra raffanga. Þess vegna byggist markaðseftirlit nú á markaðsskoðunum sem geta verið úrtaksskoðanir eða skoðanir vegna sérstaks átaks eða ábendinga. Slíkar ábendingar geta verið afar nytsamlegar og öflugar, enda er markaðurinn og samkeppnin oft og iðulega besta aðhaldið í þessum sem öðrum efnum. Grundvöllur raffangaprófunar rafmagnseftirlitsins var því á sínum tíma brostin og sem betur fer var farið í það að breyta þessum málum og horfst í augu við nútímann og framtíðina.

Þessu skilvirka markaðseftirliti var komið á og framkvæmd þess falin óháðum, löggiltum skoðunarstofum á rafmagnssviði. Úrtaksskoðanir eru framkvæmdar í umboði Löggildingarstofu á háspenntum raforkuvirkjum og raflögnum í stað aðalskoðana. Núna er gerð krafa um að löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun og er vel fylgst með því að svo sé gert. Ég vil, með leyfi forseta, benda á frétt í Mogganum frá upphafi þessa árs þar sem rætt er við Jóhann Ólafsson, deildarstjóra rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu. Þar segir:

„Löggildingarstofa hefur svipt átta rafverktaka starfsleyfi sem ekki höfðu komið sér upp gæða- og öryggisstjórnunarkerfi fyrir 1. janúar 1999 ...“

Síðar í greininni segir: „„Á síðasta ári unnum við að því að fá rafverktaka til þess að koma sér upp gæðakerfi á eigin starfsemi,“ segir Jóhann og bætir við að Löggildingarstofu hafi tekist að fá alla rafverktakana til að koma sér upp gæða-

kerfinu nema þá átta sem um ræðir, ...“ — Og þeir voru sviptir leyfi.

Síðan er enn vitnað í Jóhann Ólafsson:

„Ekki var því önnur leið fær fyrir okkur en að svipta þá starfsleyfinu. Þetta er gert til að tryggja öryggi almennings í landinu, sem á heimtingu á því að tryggt sé að þeir rafverktakar sem Löggildingarstofa veitir starfsleyfi fari eftir gildandi lögum og reglum.“

Þetta er að mínu mati afar skýrt. Það er gott eftirlit með því að rafverktakar fari eftir þessu gæðastjórnunarkerfi sem tryggir um leið að öll verk séu unnin í þeirra nafni og yfirfarin í verklok. Þannig er tryggt að verkið sé unnið eftir settum öryggisreglum. Til sjálfra rafveitnanna eru síðan gerðar sömu öryggiskröfur og þurfa þær að koma sér upp öryggisstjórnunarkerfi.

Ég eins og fleiri leyfi mér að efast um gildi könnunar hv. þm. sem hér var sett fram og m.a. er vitnað til í grg. með þáltill. en það er kannski annarra að fara betur í það. Ég vil líka minna á þá sem hafa gagnrýnt þessa könnun. Það er m.a. Samorka, samtök raforku-, hita- og vatnsveitna, sem komu m.a. fréttatilkynningu á framfæri eftir að þessi könnun var kynnt. Þar segir m.a.:

„Það er áskorun við að taka upp kerfisbundna gæðastjórnun á rafmagnsöryggi að fá ráðamenn og stjórnendur fyrirtækja til að treysta gæðastjórnuninni til að vinna sitt verk. Þetta hefur Samorku og samtökum rafverktaka gengið ágætlega með á heimavígstöðvum. Í hálfnuðu verki er óheppilegt að þyrlað sé upp í fjölmiðlum niðurstöðum úr óvandaðri viðhorfskönnun.“ — Þetta er því ekki eingöngu skoðun þingmanna. — „Við slíkt dugar ekkert nema viðurkenndar aðferðir, annað kostar óþarfadeilur.

Markviss vinnubrögð Löggildingarstofu í almennri fræðslu- og upplýsingastarfssemi og átaksverkefnum gegn þekktum áhættuvöldum eru til fyrirmyndar. Allt tal um aukið eftirlit er óverðskuldað gagnrýni á vinnu fagmanna.

Samorka hvetur til að haldið verði áfram á sömu braut og barnasjúkdómar kerfisins verði lagfærðir án frekari kerfisbreytinga í rafmagnsöryggismálum.“

Þetta segir náttúrlega ansi margt. Að lokum, herra forseti, vil ég auðvitað taka undir það að við verðum ávallt að hafa þessi mikilvægu mál í stöðugri endurskoðun. Séu einhverjir vankantar á því kerfi sem nú er við lýði verðum við einfaldlega að sníða þá af. Við verðum að horfast í augu við það, það er alveg rétt, en við verðum um leið að treysta bæði Löggildingarstofu, þessu opinbera fyrirtæki, og þeim fagaðilum sem leggja sig alla fram til að öryggi allra í þessum mikilvægu rafmagnsmálum verði sem best.

[15:06]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svona held ég menn hafi oft talað í Sovétríkjunum gömlu. Kerfið er gott. Síðan lýstu menn kerfinu og hvernig það átti að vinna og sögðu: Þarna sjáið þið, þetta er gott kerfi sem við búum við.

Við bendum hins vegar á að fjölmargir aðilar sem koma að þessu kerfi telja því mjög ábótavant. Við leggjum til að skipuð verði nefnd sem gangi úr skugga um hvað er hið sanna og rétta í því máli. Hv. þm. sagði að við byggjum við opinbert eftirlitskerfi og vísar þar í Löggildingarstofu. Í þeim skilningi er það vissulega rétt. Engu að síður eru það einkaaðilar, tvær skoðunarstofur sem gera úrtaksskoðanir þannig að það er búið að einkavæða þetta eftirlit.

Hv. þm. segir að við þurfum að hyggja að tvennu: Í fyrsta lagi hljótum við að horfa til öryggisins, að stefnt sé að því að auka og bæta öryggið. Í annan stað þurfum við að líta á kostnaðinn. Við þurfum að draga úr þessum kostnaði. Hv. þm. vísaði þar einkum til raffangaprófana. En nú vil ég beina sjónum hv. þm. að öðru, að veitum almennt, að íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og spyrja: Hvað ef það kemur á daginn að tvennt hafi gerst, að öryggginu hafi hrakað við það að aðeins úrtak sé tekið til skoðunar, aðeins um 20% eða þar innan við í stað þess að allar veitur séu skoðaðar, og að tilkostnaðurinn við skoðanir hafi aukist? Þó menn hafi náð tilkostnaðinum niður í heild sinni þá er skoðunin nú miklu dýrari en hún var áður eins og ágætlega var rakið í máli hv. þm. áðan.

[15:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér hvort hv. þm. Ögmundur Jónasson, eftir þessar ágætu ræður hans í dag, haldi því fram að öryggið eins og það var áður hafi verið miklu betra, að hver einasta veita hafi verið könnuð? Það hefur komið í ljós, m.a. í máli hv. þm. Gísla Einarssonar, að í marga tugi ára hafi vissar gamalveitur ekki verið skoðaðar, þó að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið við lýði. Ég spyr því: Hvað er það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vill sjá í þessu málum annað en einhverja nefnd?

[15:09]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég flýg með flugvél vil ég vita að fagmenn hafi komið þar að verki. Ég vil líka vita að eftirlit hafi verið haft með þeirra vinnu og þannig tryggt að þar sé ekkert fúsk á ferðinni. Mér nægir ekki að vita að 20% flugvéla séu skoðaðar. Ég vil vita og hafa vissu fyrir því að sú flugvél sem ég flýg með hafi verið skoðuð.

Já, hv. þm., ég vil að allar nýveitur, allt íbúðarhúsnæði, allt verksmiðju- og atvinnuhúsnæði, sveitabæir, hesthús, að allt þetta sæti eftirliti og skoðun. Það vil ég að sé gert þannig að öryggi borgaranna sé í hvívetna borgið. Það vil ég að verði gert.

[15:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, með sama tali fer flugvélin með hv. þm. til Sovétríkjanna gömlu.

Eins og hann var að lýsa hér áðan, að það ætti að skoða hverja einustu veitu, þá er í raun verið að skoða hverja einustu veitu. Síðan er farið í úrtaksskoðanir. Það sem ég geri en hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki, er að ég treysti þeim fagaðilum sem þar koma að verki. Þar er ákveðið innra öryggisstjórnunartæki, innan þeirra fyrirtækja. Það er þeirra að fylgjast með og auk þess er ábyrgð húseigenda aukin. Af hverju eigum við þá bara að taka raflagnirnar fyrir? Af hverju koma ekki hv. þm. með tillögu hér um að auka og bæta við eftirliti á hita- og kaldavatnslögnum? Af hverju ekki? Af hverju búum við ekki bara til eitt allsherjareftirlitsbatterí hérna?

[15:12]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki heyrt annað en að hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir sé á þeirri skoðun að rafmagnseftirlitsmál séu í besta lagi. Burt séð frá því hvernig þetta var áður tel ég ástæðu til að gamalskoðun verði sérstaklega og út af fyrir sig tekin upp og hún athuguð.

Ég er ekki að kasta rýrð á þá rafverktaka sem sætt hafa úrtaksskoðun, komist í gegnum hana og eru ábyrgir fyrir nýlögnum. Ég er ekki að ræða um það. Ég tel að það geti staðist. En við höfum bent á svör 200 aðila, eða líðlega 30% þeirra sem spurðir hafa verið um þessi mál, og við teljum að það nægjanleg rök til að Alþingi geti fallist á að skipuð verði nefnd til að skoða þessi mál.

Ég spyr hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur: Getur hún verið mér sammála um að það sé varhugavert ástand að óskoðaðar gamalveitur séu allt að eða yfir 70 þús., gamalveitur sem sæta engu eftirliti öðru en því að eigandinn þarf að átta sig á að rafmagnið sé ekki í lagi hjá honum? Hann áttar sig kannski ekki á því fyrr en það kviknar í. Þá segir hann þegar hann er spurður: Ég vissi ekki að það væri neitt að hjá mér. Í mörgum húsveitum hér í Reykjavík eru meira að segja gömlu töflurnar með gömlu öryggjunum sem talað var um, það eru ekki einu sinni lekaliðar í þessum húsum. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því. Það væri ágætt ef hæstv. ráðherra áttaði sig á því að ástandið krefst þess að kannaður verði a.m.k. hluti þessa eftirlitskerfis.

[15:14]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alla vega ánægjulegt að heyra að hv. þm. Gísli Einarsson er ánægður með nýveiturnar og fyrirkomulagið þar. En varðandi gamalveiturnar þá bý ég sjálf í gömlu húsi í Hafnarfirði, byggðu 1931. Enn er nokkrum hlutum ábótavant hjá mér en ég hef eftirlit með því og læt löggilta rafverktaka fara yfir þetta. Ég veit að það er kominn tími á að skipta um hjá mér, alveg eins og ég hef í gegnum tíðina fylgst með hitavatnslögnum í mínu gamla húsi sem þegar hafa valdið mér óbætanlegu tjóni.

En ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Gísla Einarssyni að ef verulegar athugasemdir eru við það hvernig fyrirkomulagi á gamalveitum er háttað og eftirliti þar er verulega ábótavant — og þá er ég ekki að tala um þessa könnun. Mér finnst hún ekki vera plagg í þessu máli. Það er mín skoðun. En ef aðrar rökstuddar ábendingar hafa komið fram í því að eftirliti með þessum gamalveitum sé ábótavant þá get ég tekið undir það að beina þeim ábendingum til hæstv. iðn.- og viðskrh. að kanna það mál sérstaklega. En ég sé ekki endilega ástæðu til þess að skipa nefnd í það mál.

[15:16]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. er farinn að taka undir skoðanir mínar og skoðanir okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar á rafmagnseftirlitinu. Það er ástæða til að skoða sérstaklega þennan þátt. En ég tel að það sé ástæða til þess að skoða hvað þessir 200 aðilar af 600 eru óánægðir með. Við erum með svör í þáltill. við þeim spurningum. Við vitum ekkert hvaðan þessir menn koma sem svöruðu. Við vitum ekki hvort þeir eru frá Akureyri, Reykjavík eða hvaðan þeir eru því að við greindum ekki niður hvaðan þessir aðilar komu sem svöruðu. Þetta voru svör alls staðar af landinu og þar til viðbótar fékk ég fjölmargar upphringingar manna sem sögu: „Ég ætla ekkert að fara að svara þessu. Þetta er bara ómögulegt eins og þetta er.“ Ég sagði við menn sem þar áttu í hlut: „Svarið þið. Þið þurfið ekkert að greina frá hverjir þið eruð. Það veit enginn hvaðan svarið kemur. Það verður farið með þetta nákvæmlega á þann máta að það upplýsist aldrei.“ Og þess vegna segi ég bara: Við erum að nálgast, ég og hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir, í þessum málum sem segir að menn eru að viðurkenna það sem að er og það eru sérstaklega gamalveiturnar og ég brýni hæstv. iðnrh. til að skoðaðar verði gamalveitur í landinu og ástand þeirra.

[15:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt ágætt hefur komið hérna fram en mér finnst hv. þingmenn gleyma því sem tilheyrir húseigandanum. Ríkið reddar ekki öllu og eftirlitið af ríkisins hálfu. Það reddar einfaldlega ekki öllu. Ábyrgð húseiganda verður að vera til staðar hvort sem hann býr í nýju húsnæði eða gömlu. Enn hefur mér ekki verið svarað um vatnslagnirnar en það er í raun af minni hálfu meinalaust.

Ég vil ítreka að fræðsla til þeirra sem eiga sérstaklega gömul hús verði aukin. Ég vil að menn átti sig á ábyrgð þess að eiga gamalt. Menn verða einfaldlega að fylgjast með því sjálfir.

[15:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þegar ég var í andsvari áðan taldi ég mig ekki geta rætt um þessa könnun á þann hátt að ég vissi *nákvæmlega hvað í henni stæði. En ég fékk frá hv. þm.* Ögmundi Jónassyni blað í hendurnar sem segir mér hvernig spurt var og ég vil þakka fyrir það.

Ég sé aftur á móti í þessari þáltill. að þar er, með leyfi forseta, verið að vitna í þessa könnun og þar segir að 82,5% þeirra sem svara telji að eftirlitskerfi beri að breyta. Þar af vilja 38% hverfa til fyrra fyrirkomulags, þ.e. 38% af 82,5%. Ég reikna með því að þeir sem fengu þessi bréf í hendurnar hafi verið valdir vegna þess að þeir eru í þessum geira. Þeir eru að sinna raforkumálum hér og þar um kerfið, hafa vit á því og eiga að geta svarað. Samt sem áður velur ekki nema einn þriðji að sinna þessu. Aðrir telja sig ekki hafa ástæðu til þess að svara þessu. Af þeim 200 sem senda svör eru 82% sem telja að það eigi að breyta einhverju. 38% vilja fara til fyrra horfs. Það eru 10% af þeim sem fengu bréf þannig að *ég held að óhætt sé að líta svo á að einungis 10% af þeim* sem fengu tækifæri til þess að hafa skoðun á þessu máli vilja fara til fyrra horfs og setja á stofn Rafmagnseftirlit ríkisins eins og það var hér áður fyrr. Ef maður lítur á þessar tölur svona þá er algjör minni hluti sem hefur nokkurn áhuga á því að fara út í gamla fyrirkomulagið sem allir voru í sjálfu sér sammála um að væri bæði dýrt, eins og kom fram réttilega hjá hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur, og einnig þar fyrir utan er þetta kerfi eitt af því sem hefur sýnt sig að virka ekki því að miðstýrð eftirlitskerfi á vegum ríkisins hafa aldrei virkað. Það þekkja allir sem hafa kynnst þessu eða reynt að kynna sér þetta. Það er dálítið sérkennilegt þegar verið er að draga fram alls konar dæmi um að gömul kerfi í húsum séu óyfirfarin og hafi ekki fengið eftirlit þrátt fyrir að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið til þó í langan tíma, að gleyma því. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að menn vildu fá gamla sovét. Hvað var gamla sovét? Gamla sovét var það að ríki öreiganna ætlaði að sjá um allt. Það ætlaði að sjá um allt fyrir einstaklingana þannig að þeir áttu ekki að þurfa að hafa áhyggjur af neinu. Þeir áttu ekki að þurfa að hafa áhyggjur af öryggi sínu, launum, atvinnu eða neinu þannig að þeir áttu heldur ekki að hafa áhyggjur af rafmagnseftirliti. En hvernig fór það? Það vita allir hvernig fór.

Ég held að óhætt sé að taka undir þau orð sem hafa komið hér fram að að sjálfsögðu er það í höndum fólksins sjálfs að hafa eftirlit með húsum sínum. Ef það þarf að skipta um

peru, ef það þarf að skipta um reykskynjara, setja rafhlöðu í reykskynjara eða halda uppi öðru eftirliti í húsinu, þá er það náttúrlega húseigandinn sjálfur sem ber ábyrgð á því. Það er ekki hægt að kalla til einhverja opinbera starfsmenn til að segja fólki til um allt sem lýtur að rekstri þess eigin heimilis. Það er alveg ljóst og ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson skilji það líka.

Ég held því að fáir taki undir það með hv. þm. að það eigi að hverfa til fyrra horfs sem var í þessum stíl Sovétlýðveldisins, að ríkið ætti að sjá fyrir öllu. Fólkið ber ábyrgð á sínu lífi og í þessu tilfelli hefur þetta virkað vel. Það er komið vel fram í þessum umræðum að eftirlitið hefur virkað vel og mjög nákvæmt eftirlit er með þeim öryggisþáttum sem skipta mestu máli, þ.e. að raforkuvirki í hverju húsi sé gert samkvæmt ströngustu kröfum. Rafverktakar eru teknir á námskeið og þeir eru settir undir eftirlit og þannig hefur þetta eftir því sem þeir segja sjálfir virkað mjög vel og er í augum þeirra manna sem eru að vinna við þetta sem rafverktakar miklu betra. Þetta er meira hvetjandi kerfi en áður var. Þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir því að þetta sé í góðu lagi. Það eru ekki einhverjir aðrir úti í bæ sem eiga að passa upp á það. Þeir verða að gera það sjálfir. Í því felst mismunurinn.

Ég get aftur á móti tekið undir það með þeim sem hér hafa talað að auðvitað er alltaf hægt að gera betur og auðvitað vilja menn hafa rafmagnseftirlit í sem allra bestu horfi og ég á ekki von á öðru en að allir geti tekið undir það. Spurningin er hvernig það er gert. Mér fannst á hæstv. iðnrh. að hún hefði mikinn vilja til þess að þessi mál væru í öruggum höndum og að þarna væri fylgst vel með þannig að öryggi á þessu sviði væri alltaf eins og best verður á kosið.

[15:25]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur eitthvað misskilið tal mitt um Sovétríkin áðan. Ég var að vísa í hans eigin málflutning eða öllu heldur skoðanabræðra hans í þessu máli. Málflutningurinn minnti mig svolítið á það sem maður heyrði stundum frá Sovétríkjunum þegar menn voru að lýsa ágæti þeirra kerfa sem þeir höfðu smíðað. Þau væru góð og allri gagnrýni jafnan vísað á bug.

Hv. þm. segir að miðstýrð eftirlitskerfi á vegum opinberra aðila séu slæm, þ.e. reynslan af þeim sé slæm. Við höfum Vinnueftirlitið, við höfum Hollustuverndina, eftirlitið með geislavörnum og mengunarvörnum, Heilbrigðiseftirlitið. Ég held að fullyrðingar og alhæfingar af þessu tagi séu harla vafasamar svo ekki sé meira sagt.

Hv. þm. segir að það sé mat rafvirkja og rafverktaka þeirra sem að þessum málum komi að kerfið sé mjög gott. Út á það gengur þessi umræða. Þar eru mjög skiptar skoðanir. Þess vegna réðumst við í þessa könnun og mér finnst rangt af hálfu hv. þm. Kristjáns Pálssonar að gefa sér afstöðu þeirra sem ekki svöruðu og leggjast í mikinn prósentureikning á grundvelli slíkra líkinda. Það finnst mér harla vafasamt að gera þannig að mér finnst þessum rökstuðningi nokkuð óbótavant.

[15:27]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég notaði þessar tölur á nákvæmlega eins og hv. þm. er að gera í þessari þáltill. þ.e. að leggja út frá svörum sem hann bað um sjálfur og niðurstaðan er sú að 10% af þeim sem fengu bréf vilja fara yfir í gamla fyrirkomulagið aftur. Það kemur ekki fram hvað allir hinir vilja nákvæmlega.

Eftirlitskerfi eru með allt öðru móti núna en var fyrir nokkrum árum síðan. Við getum tekið dæmi um bifreiðaeftirlit sem er núna boðið út, eftirlit með fiskverkunarstöðvum og ýmsu öðru. Þetta er allt boðið út í dag. Meira að segja eru bifreiðaskoðunarstöðvar að fylgjast með fiskvinnslustöðvum af því að þeir bjóða lægst í það og skila síðan skýrslum sínum til ákveðinna opinberra aðila þannig að það er dálítið mikill munur á því. Auðvitað getur hið opinbera verið með eitthvert yfirlit yfir þetta allt meðan sjálfstæðar skoðunarstofur sjá um eftirlitið sjálft og það er það sem verið er gera með rafmagnseftirlitinu. Að mati þeirra sem við þetta starfa, þ.e. virkra rafverktaka, þá hefur það verið mjög hvetjandi kerfi. Þeir þurfa að halda mjög nákvæmt bókhald. Þeir þurfa að standa sig. Þeir tapa réttindunum ef þeir standa sig ekki og þannig hefur kannski margt unnist hvað þetta varðar gagnvart rafverktökunum sjálfum. Auðvitað töpuðu einhverjir eftirlitsmenn vinnu en sem betur fer er ekki slæmt atvinnuástand í dag og óþarfi að setja upp sérstakan eftirlitsiðnað til að skapa störf.

[15:29]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að við séum að lesa úr þessum tölum á sama hátt. Það voru sendir út spurningaseðlar til 600 aðila, 200 svöruðu og síðan eru þau svör sundurgreind.

Ég er á þeirri skoðun að eftirlit eigi að vera á hendi algerlega óháðra aðila sem hafa ekki nokkurra viðskiptahagsmuna að gæta. Ég bjó í Bretlandi í nokkur ár. Þar var bifreiðaeftirlitið í höndum bílaverkstæðanna sjálfra og einhvern veginn var það svo að ég hafði það á tilfinningunni að aðfinnslurnar sem maður fékk væru í nokkru samræmi við verkefnaskort eða framboð og eftirspurn hjá þessu sama fyrirtæki. Mér hefði liðið heldur betur að þar væri óháður aðili að verki sem hefði ekki nokkurra viðskiptahagsmuna sjálfur að gæta. Ég tel að hið sama eigi að gilda í þessu tilviki. Ég tel óeðlilegt að hagsmunaaðilar á markaði sinni eftirlitinu. Við búum við frjálst markaðskerfi. Við erum að reyna að koma upp eftirliti á þessum markaði og mér finnst það eðlilegt og heppilegast að það sé í höndum óvilhallra aðila og rekið á vegum opinberra aðila.

[15:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom greinilega fram skoðun hv. þm. á hinu frjálsa framtaki, þ.e. að allt þurfi að vera í höndum ríkisins og ekki sé hægt að treysta framtaki einstaklinganna fyrir því að hafa eftirlit með málum eins og því að skoða bíla. Hv. þm. líður illa ef menn á bifreiðaverkstæðum úti í bæ fara yfir bílinn hans því að hann treystir því ekki að þeir geri athugasemdir svo að bíllinn sé í lagi heldur vilji þeir bara gera athugasemdir þannig að þeir hafi næga vinnu, það sé ekki tengt því hvað sé að bílnum.

Mér finnst þetta lýsandi fyrir umræðuna, þ.e. verið er að biðja um miðstýrt sovétkerfi eins og hv. þm. var svo óheppinn að benda á sjálfur en þrætir svo fyrir að hafa meint þetta. (**ÖJ:** Það er þinn málflutningur.) Þetta kristallast líka í því að sovétlýðveldið svokallaða sprakk vegna þess að enginn hvati var fyrir því að gera betur. Enginn hafði í rauninni hag af því að gera betur en næsti maður.

Eftirlitskerfið hefur sem betur fer þroskast í það að vera sæmilega skilvirkt. Eins og með mörg önnur kerfi verður það ekki fullkomið, þetta þarf að þróast. Eftir því sem ég hef talað bæði við rafverktaka og þá sem flytja inn rafmagnsvörur og

efni hefur þetta smám saman verið að þróast í þá átt að menn geta verið öruggari um sinn hag í kerfinu en áður var og sífellt betur eftir því sem innra eftirlit þeirra sjálfra batnar.

[15:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni færði ég rök fyrir því að viðhalda núverandi fyrirkomulagi. Mér fannst það fara dálítið fyrir brjóstið á hv. flutningsmönnum þó ég teldi mig hafa komið fram af mikilli kurteisi og færa einungis rök fyrir málflutningi mínum.

Ég vil halda því fram að ábyrgð sérhvers einstaklings sé mjög mikil á þessu sviði. Ef þessi umræða gæti orðið til þess að fleiri litu í eigin garð og hugsuðu: hvað er að hjá mér, þá er umræðan svo sannarlega einhvers virði, þó ég sé ekki tilbúin til að samþykkja þá nefnd sem hv. þingmenn stinga upp á í sinni þáltill. að skipuð verði.

En ég tek undir að „stóri bróðir", þ.e. ríkið, getur ekki séð um allt. Þess vegna er ábyrgð einstaklinga mjög mikil á þessu sviði enda hefur komið í ljós samkvæmt upplýsingum sem liggja nú fyrir af hálfu rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu um bruna og tjón af völdum rafmagns, að aðgæsluleysi ásamt gömlum, biluðum rafbúnaði er ástæða 89% af rafmagnsbrunum hér á landi á árinu 1999. Einhverjir kynnu kannski að reyna að nota þessar upplýsingar til að benda á að rafmagnseftirlitið sé ekki í lagi. En þá er því til að svara að aukið rafmagnseftirlit hefði ekki áhrif til minnkunar eða ekki eru miklar líkur á því að það mundi hafa áhrif til minnkunar á rafmagnsbrunum því að hér er um að ræða ranga notkun rafmagnstækja, aðgæsluleysi *ásamt gömlum* og biluðum rafmagnstækjum. Brunar vegna lélegra raflagna eru sem betur fer fátíðir. Þetta ítrekar það sem ég var að segja áðan að það er ábyrgð einstaklingana að hver passi sig. Það skiptir mestu máli.

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma inn á þá könnun sem hefur mikið verið til umræðu og hv. þingmenn létu gera á þessu ári. Þar kom fram að mjög mikil óánægja væri með núverandi skipan rafmagnsöryggismála og það hefur verið ítrekað margsinnis í umræðunni. Ég vil hins vegar greina frá því að það gætti mikillar óánægju líka hjá fagmönnum á rafmagnssviði með könnunina. Þess vegna óskaði Löggildingarstofan eftir áliti sérfræðinga, rannsóknardeildar markaðssviðs PricewaterhouseCoopers á könnun þingmannanna. Löggildingarstofan vildi með því fá umfjöllun sérfróðra aðila um það hversu marktæk könnunin gæti talist og hvort hún gæfi raunhæfar vísbendingar um ástand rafmagnsöryggismála.

Í stuttu máli er það niðurstaða sérfræðinga fyrirtækisins að könnun þingmannanna hafi að flestu leyti vikið frá viðteknum og viðurkenndum aðferðum við framkvæmd viðhorfskannana og að það skapi verulega óvissu um marktækni hennar. Í niðurlagi álitsins segir:

„Eftir því sem óvissuþáttum fjölgar í rannsóknum af þessu tagi aukast líkur á villum í túlkun niðurstaðnanna."

Í áliti sínu bendir PricewaterhouseCoopers enn fremur á að samkvæmt lögum og reglum þurfi að afla leyfis tölvunefndar — og ég nefndi það hér áðan — við gerð kannana af þessu tagi. Samkvæmt upplýsingum frá tölvunefnd var ekki aflað leyfis hjá henni fyrir könnun þingmannanna.

Ég ætla að nefna nokkur dæmi um það hversu óvönduð vinnubrögð þarna eru á ferð. Það kemur ekki fram hefðbundinn texti um að viðtakanda sé ekki skylt að svara einstökum spurningum né listanum í heild eins og tíðkast við gerð skoðanakannana. Þess er ekki getið hvernig nafnleynd verður tryggð enda þótt henni sé heitið og er líklegt að það hafi haft áhrif á þátttöku. Svarblöð voru númeruð og svarendum boðið að undirrita þau. Slíkt er ekki í samræmi við viðteknar aðferðir við gerð kannana. Í kynningarbréfinu sem fylgdi könnuninni er leiðandi orðalag sem getur orkað tvímælis og verið til þess fallið að hafa áhrif á svörin. Ekki voru kynnt önnur sjónarmið en þau sem þingmennirnir hafa til viðfangsefnisins, hlutleysis var því ekki gætt. Víða eru svarmöguleikar leiðandi, villandi eða ekki tæmandi og er það til þess fallið að hafa áhrif á niðurstöður. Slíkt er í andstöðu við þá vinnureglu að við gerð og framkvæmd kannana sé orðalag eins hlutlaust og kostur er og varast beri leiðandi spurningar eða takmarkaða svarmöguleika þannig að svarendum sé ekki gefinn kostur á að svara eins og þeir telja rétt hverju sinni. Ekki er að sjá að farið hafi verið eftir hefðbundnum rannsóknaraðferðum við val úrtaks. Meðal þeirra sem spurðir voru álits á ástandi rafmagnsöryggismála voru samkvæmt kynningu á niðurstöðu könnunarinnar starfsmenn trygginga, starfsmenn félagasamtaka, starfsmenn sveitarfélaga, starfsmenn Vinnueftirlitsins og annað. Líklegt er að svör og svarhlutfall tengist að einhverju leyti því að könnunin er framkvæmd af þingmönnunum tveimur og telja verður afar líklegt að fyrirkomulag könnunarinnar í heild hafi hvatt suma en latt aðra. Hafa verður hugfast að hér um álit svarenda að ræða hvað ástand og fyrirkomulag rafmagnseftirlits og rafmagnsöryggismála varðar en ekki endilega hvernig ástandið í raun er, segir í lokaorðum PricewaterhouseCoopers.

Þetta er álit fagmanna á þeirri merku könnun sem getið er um í greinargerð með tillögunni og hv. þingmenn hafa nokkuð hreykt sér af hér í umræðunni.

Ég get hins vegar greint frá því að samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði gerðu könnun á meðal löggiltra rafverktaka og þar kemur fram að 70% töldu eftirlitið of mikið eða eðlilegt. Nú er ég ekki að taka undir að það sé of mikið en þetta segir sína sögu. (**Gripið fram í:** Hvenær var hún gerð?) Þessi könnun var tiltölulega nýlega gerð. Ég tel því að sá málflutningur sem hér hefur verið uppi af hálfu hv. þm. sé að einhverju leyti, ég vil kannski ekki segja á misskilningi byggður, en ég held að þeir hafi farið heldur fram úr sjálfum sér í sambandi við röksemdafærslu fyrir tillögu sinni.

[15:40]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef miklar áhyggjur af viðhorfi hæstv. ráðherra iðnaðarmála og ég hef áhyggjur af því hvað ráðherrann hefur mikið traust á þekkingu einstaklinga á rafmagni. (Gripið fram í.) Það sem er verið að ræða um, hv. þm., eru fyrst og fremst gamalveitur. Það sem ég var að ræða um og hæstv. ráðherra sagði að einstaklingurinn yrði að bera ábyrgð á sínum málum, sínum gömlu húsum. Einstaklingarnir verða að átta sig á því, gamla fólkið, sjötuga gamla konan verður að átta sig á rafmagnsöryggismálum, hvort gamla trétaflan með gömlu öryggjunum, gömlu vírunum, sem ekki má koma við, þá hrynur af einangrunin, sé í lagi.

Þetta er ekki svona. Meira að segja einstaklingar sem eru iðnaðarmenn í öðrum greinum gera sér ekki grein fyrir þeirri hættu sem stafar af rafmagni og þar með talið gömlu veitunum.

Svo þótti mér, herra forseti, ákaflega fróðlegt að komast að því að PricewaterhouseCoopers hafa verið settir í

kerfisbundna skoðun á því hvort álit okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar varðandi rafmagnseftirlit og öryggismál skuli vera sett í sérstaka skoðun eða þá vinnubrögðin okkar. Við komum heilir að þessari vinnu og við sendum þetta heiðarlega út til rafverktaka og við fengum að mínu mati heiðarleg svör. Það getur vel verið að það hafi átt að sækja til tölvunefndar en þá er ég bara svo vitlaus í þeim málum, eins og kannski rafmagnsmálum, að ég áttaði mig ekki á því að það væri eitthvað sem hefði farið öðruvísi en lög gera ráð fyrir.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enginn hefur haldið því fram að neinn væri vitlaus í þessum málum. Auðvitað erum við öll að vinna að sama markmiðinu sem er að draga úr slysum og áföllum sem við verðum fyrir, því miður, þegar brennur.

Hins vegar þegar ég var að tala um traust eða hv. þm. hefur það eftir mér að ég hafi svo mikið traust á einstaklingum að ekki þurfi eftirlit og þá hefur hann algjörlega misskilið mig. Ég var að segja það að ég vonaðist til þess að þó umræðan í dag hefði ekki orðið til annars en þess að hver og einn liti í eigin garð og áttaði sig á því að hann sjálfur ber nokkra ábyrgð því að eins og hefur komið fram í umræðunni getur ríkið ekki séð um alla hluti. Fólk verður að átta sig á því sjálft að það ber mikla ábyrgð við að handfjatla þessi tæki og að reyna að sjá til þess að ekki verði skaðar því að rafmagnið er hættulegt og það er ekkert lamb að leika sér við.

[15:44]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ánægjulegt er að fá það fram í umræðunni að hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir féllst á þau sjónarmið að það þyrfti að athuga þessi mál varðandi gamalveiturnar. Það er líka ánægjulegt, herra forseti, að fá það fram að hæstv. ráðherra er sammála því að verið sé að fjalla um mjög hættulega hluti þar sem eru rafmagnsmálin. Ég skildi ekki betur en hæstv. ráðherra sæi að einstaklingarnir hefðu mjög takmarkaða möguleika til að hafa vit á því hvernig búnaðurinn á að vera í þeirra eigin húsum. Það er þess vegna og fyrst og fremst sem ég er að tala um að þessar gamalveitur. Þar tel ég að liggi langmesta hættan.

Ég er búinn að segja það hér að úrtak eins og þegar um nýlagnir er að ræða getur dugað og hefur gert það. Ég hef enga ástæðu til að vantreysta mönnum. En þegar þeir sjálfir, sömu menn sem eru ábyrgir fyrir skoðununum, hafa miklar áhyggjur af því hvernig öðrum þáttum en bara nýlögnum er fyrir komið þá er eðlilegt að það bergmáli hér í gegnum þann aðila sem hér stendur í stól og er að ræða um þessi mál og er búinn að halda sér við það síðan 1995 að þetta sé ekki eðlilegt og hafi ekki heldur verið gert eðlilega. Reglugerðarsmíðin var heldur ekki eðlileg þar sem hagsmunaaðilarnir sem í hlut eiga, fulltrúar frá skoðunarstofnunum sem þá voru, voru settir í að skrifa reglurnar.

[15:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara hnykkja á einu sem hv. þm. sagði: „Úrtak getur dugað.“ Ég held að við séum bara u.þ.b. að verða sammála, ég og hv. þm. (Gripið fram í.) þannig að þá getur þessari umræðu væntanlega farið að ljúka.

[15:46]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum hér að fjalla um rafmagnseftirlit á Íslandi. Það hefur komið fram að margir telja því vera mjög ábótavant. Við höfum leitt fram rök, ég og hv. þm. Gísli S. Einarsson og reyndar fleiri, fyrir því að rafmagnsöryggi í landinu hafi hrakað. Við gerðum könnun til að reyna að sýna fram á að viðhorf sem við höfðum orðið varir við ætti hljómgrunn í þessari stétt og vildum leiða það fram og gengumst fyrir könnun. Nú er hæstv. ráðherra, sem hefur átt mjög í vök að verjast í þessu máli, komin í mikinn söknarham og það gerir hæstv. ráðherra á einni forsendu og aðeins einni, þ.e. með því að reyna að kasta rýrð á þá könnun sem við gengumst fyrir. Og nú er það upplýst að fyrirtæki úti í bæ hafi verið fengið til þess að fóðra hæstv. ráðherra í þeirri sókn gegn því að athugun fari fram á þessu máli, þverpólitísk könnun fari fram á þessu máli. Það er það sem við erum að óska eftir.

Mér hefði nú fundist ágætt ef þeir aðilar sem voru að kanna hvernig við stóðum að þessari athugun okkar hefðu sýnt okkur þá kurteisi að ræða við okkur, sem aldrei nokkurn tíma var gert. Og hvað er svona óskaplega hlutdrægt við það að senda út könnunarseðil samkvæmt félagaskrá rafverktaka sjálfra og biðja þá að merkja í reit þar sem spurt er hvort þeir telji núverandi ástand rafmagnsöryggismála viðunandi, já eða nei? Telja þeir að öryggi almennings og raforkuvirkja sé vel fyrir komið með úrtaksskoðunum, já eða nei? Hvernig telja þeir það fyrirkomulag sem tryggir best öryggi raforkuvirkja og almennings og besta þjónustu rafmagnseftirlits? Hvernig vilja þeir hafa það? Og þar er vísað í fjóra möguleika.

Mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi okkur nánari skýringar á þeim málflutningi sem hún viðhafði hér áðan.

[15:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nánari skýringar? Ég rakti bara hvernig þetta fyrirtæki fór í gegnum þá könnun sem hv. þm. létu fara fram og þetta er niðurstaða þess. Það er niðurstaða fagaðila í þessum efnum, að könnunin hafi ekki verið þannig fram sett að hún sé marktæk. Það fannst mér nauðsynlegt að kæmi hér fram vegna þess að þetta er grundvallarröksemdafærsla og grundvallarástæða þess að hv. þm. flytja þessa tillögu. Þetta er niðurstaðan.

Hvort ég er í söknarham eða ekki, ég flyt hér rök og staðreyndir og þær eru svona, hvort sem það kemur vel eða illa við hv. þingmenn.

[15:50]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú svolítið saknað rakanna og staðreyndanna í málflutningi hæstv. ráðherra vegna þess að mér finnst hæstv. ráðherra forðast að ræða kjarna þessa máls, þ.e. hvernig rafmagnsöryggi í landinu er fyrir komið.

Við höfum aldrei gert kröfu um eða aldrei nokkurn tíma haldið því fram að hér væru komin fram hin ýtrustu vísindi eða að hér væri fram reiddur einhver stórisannleikur. Við höfum bent á að hér hafi verið gerð könnun sem gefi vísbendingar um afstöðu þeirra sem starfa að þessum málum, rafverktaka sem hafa margir haft samband við okkur sem höfum beitt okkur í umræðu um rafmagnseftirlitið í landinu og lýst yfir áhyggjum sínum og við þóttumst fá þarna vísbendingu um að þeir aðilar sem höfðu samband við okkur

væru ekki einir á báti vegna þess að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem svöruðu tekur undir þessi gagnrýnisviðhorf og sjónarmið. Við erum að óska eftir því með þessari þáltill. að skipuð verði nefnd fulltrúa allra flokka til að fara í saumana á þessum málum og leiða hið rétta í ljós.

[15:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt af því sem fram kemur í greinargerð með tillögunni er að talað er um þá þriggja manna nefnd sem fyrrv. iðn.- og viðskrh. skipaði og var þeirri nefnd falið það verkefni sumarið 1999 að kanna gagnrýni sem hefði komið fram á þetta fyrirkomulag, og eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Nefndin klofnaði í afstöðu sinni m.a. vegna þess að ekki var samstaða um að leita upplýsinga sem allir nefndarmenn teldu fullnægjandi."

Minni hlutinn vildi halda áfram að leita upplýsinga og halda áfram að kalla aðila til nefndarinnar til viðræðu. Ég er með lista yfir 39 aðila sem voru kallaðir fyrir nefndina þannig að eitthvað var nú unnið í þessari nefnd og ég vil reyndar halda því fram að vel hafi verið unnið í nefndinni.

Ég vil í lok þessarar umræðu, ef henni er að ljúka, þakka fyrir hana. Ég held að hún hafi miklu frekar orðið til góðs en til ills. Engu að síður hef ég ekki skipt um skoðun og er ekki fylgjandi því að nefnd verði skipuð.

[15:53]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að þessari umræðu er ekki lokið og henni lýkur ekki hér í dag. Við verðum ekkert afgreidd út af borðinu með þessum hætti. Mér finnst reyndar að þessi mál þurfi einnig að koma til kasta þingsins í öðru samhengi. Við þurfum að íhuga vel hvernig staðið verður að eftirliti og rannsóknarvinnu á vegum Alþingis þegar alþingismenn telja einhverju ábótavant hjá framkvæmdarvaldinu, setja fram gagnrýni og vilja láta kanna og rannsaka málin. Mér finnst það vera mjög mikilvægt verkefni sem við stöndum frammi fyrir.

Reynsla mín af þessu máli er vægast sagt alveg hörmuleg. Þegar þetta mál var afgreitt á sínum tíma fór 3. umr. fram um miðja nótt. Ég held hún hafi hafist klukkan hálffjögur að morgni og hafi lokið um sjöleytið um morguninn. Það var 3. umr. málsins. Þetta mál var sett á dagskrá þegar þingsalir voru nánast tómir og enginn á að hlýða. Vitnisburðinn er aðeins hægt að finna í þinggögnum.

Síðan var málið aftur og ítrekað tekið upp á Alþingi. Við settum fram fyrirspurnir. Við efndum til utandagskrárumræðu þar sem ráðherra hafði jafnan síðasta orðið og yfirleitt var sama ræðan flutt aftur og aftur, kerfið væri svo óskaplega gott, það gengi svo vel upp, það hlyti að vera gott o.s.frv. Þetta voru ræðurnar sem voru fluttar. Og þegar við komum með staðhæfingar um kostnað, um óheyrilegan kostnað af eftirlitinu, sem felst í því að senda skoðunarmenn landshornanna á milli og framkvæma skoðanir sem eru með öllu ófullnægjandi — ég get nefnt fjölmörg dæmi um slíkt þar sem farið er að skoða t.d. sjúkrahús og hætt á miðjum stofugangi þegar fjárveitingin er úti, því að þannig gengur þetta fyrir sig. Þegar fjárveitingin er úti þá er skoðun hætt.

Þótt Löggildingarstofan eða þeir aðilar sem eru á hennar snærum geri athugasemdir þá er ekkert tryggt að það sé skoðað aftur. Ekkert tryggir það. Þegar fjárveitingin er úti, þegar þessar einkareknu skoðunarstofur eru búnar með kvótann, þá er skoðun hætt þótt það stríði gegn skynsemi allra sem koma að máli.

Þetta tókum við upp aftur og aftur og vildum ræða. Undir lokin fengum við því framgengt — ég hafði mig nokkuð í frammi í því máli eins og hæstv. ráðherra hefur bent á — að skipuð var þriggja manna nefnd og lengi var tekist á um hverjir ættu að sitja í þeirri nefnd. Ég hefði helst viljað að það hefðu verið með öllu óhlutdrægir aðilar, algerlega óháðir, óhlutdrægir aðilar. En á endanum, eftir margítrekaðar tilraunir hæstv. fyrrv. iðnrh. að skipa í nefndina aðila sem ég taldi vera beinlínis aðila að málinu, varð niðurstaðan þriggja manna nefnd þar sem ég nefndi einn mann til sögunnar. Það er alveg rétt. Við urðum ásáttir um formanninn sem núna er í stjórn Löggildingarstofu, skilst mér. En þessi fulltrúi sem ég hafði tilnefnt myndaði minni hluta í nefndinni þegar hann fékk því ekki framgengt að sú rannsóknarvinna sem samið hafði verið um að yrði unnin, yrði unnin.

Hæstv. ráðherra andaði öllum stundum niður hálsmálið á þessari nefnd og birti síðan skýrslu sem ber heitið Árangur af breyttu skipulagi, á sama tíma og þriðjungurinn af nefndinni segir, með leyfi forseta:

„Því miður getur undirritaður ekki tekið undir fullyrðingu ... að ástand rafmagnsöryggismála sé gott og tryggi vel öryggi raforkunotenda. Til að unnt sé að setja fram slíka fullyrðingu hefði þurft miklu ítarlegri rannsókn."

En samt er þetta birt, Árangur af breyttu skipulagi. Þetta er ósvífni og þetta er óskammfeilni. Það er alveg jafnmikil óskammfeilni að hæstv. ráðherra reynir nú að drepa þessu máli á dreif með því að gera viðleitni okkar til að fá upplýsingar um hver afstaða rafverktaka á Íslandi er til þessara mála, tortryggilega.

Stóri bróðir á ekki að sjá um allt eftirlit. Ég er alveg sammála því. Ég er líka sammála því sjónarmiði að það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir innra eftirlit, vilja þeirra sem vinna verkin til að gera vel og fara að settum reglum. Ég ber mikið traust til íslenskra rafverktaka og rafvirkja. Ég geri það. Og ég efast ekkert um þeirra faglegu vinnubrögð þegar á heildina er litið. Ég geri það ekki.

Ég er að segja það hins vegar að til eru undantekningar. En kannski miklu fremur er ég að segja hitt, að vegna þess að eftirlitið er ekki fyrir hendi þá hefur fúskið aukist. Þeir sem standa utan þessara stétta og hafa ekki nægileg þekkingu sjálfir eru núna komnir að borði. Þetta segja okkur rafvirkjar og rafverktakar og benda á sumarbústaðahverfin. Við fáum þessar ábendingar frá Bændasamtökunum. Við fáum þessar ábendingar frá rafvirkjum og rafverktökum á suðvesturhorninu og alls staðar á landinu.

En hæstv. ráðherra flytur alltaf sömu ræðuna og segir að þetta sé allt í himnalagi, ástandið sé svo gott og kerfið sé svo fínt og allir séu farnir að hafa eftirlit með sjálfum sér. Ég efast ekkert um að margir geri það og flestir vinni sín störf af mikilli trúmennsku. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að einmitt þessi mál, mál á borð við vinnueftirlit, rafmagnseftirlit, hollustuvernd, geislavarnir, almennt eftirlitshlutverk í landinu eigi að vera á vegum opinberra aðila, eftirlit með markaði sem við viljum að sjálfsögðu að blómstri og sinni hlutverki sínu á markaði. Spurningin snýst einvörðungu um það eftirlit sem við viljum hafa með þessum markaði. Ef það kemur í ljós að örygginu hefur hrakað, það hefur gerst, í stað þess að allar nýjar íbúðir, allt nýtt atvinnuhúsnæði sé skoðað og haft með því eftirlit er núna framkvæmd úrtaksskoðun, aðeins úrtak innan við 20%. Síðan þegar menn reyna að

færa sönnur á að kostnaðurinn hafi farið niður kann það vel að vera en örygginu hefur hrakað vegna þess að skoðaðar eru miklu færri íbúðir og færri vinnustaðir . Þetta er staðreyndin. Kostnaðurinn við hverja tiltekna skoðun, hverja einstaka skoðun, hefur hins vegar rokið upp úr öllu. Við höfum smíðað kerfi sem lýtur ekki lögmálum skynseminnar, það vita þeir sem hafa komið að þessum málum og hafa séð eftirlitsmennina hætta á miðjum spítalagöngunum vegna þess að sjóðirnir voru upp urnir.

Þess vegna erum við að leggja til með þessari þáltill., sem ég átti sannast sagna von á að menn mundu taka betur undir í Stjórnarráðinu og af hálfu stjórnarliða, að eina ferðina enn yrði farið í saumana á þessum málum með þverpólitískri nefnd, fulltrúum skipuðum frá öllum þingflokkum til þess að kanna þetta. Ef hæstv. ráðherra og þeir sem eru á sama máli og hann í þingsal telja að vinna okkar sé öll út í hött, þetta séu vafasöm vinnubrögð o.s.frv. og þetta sýni ekki hver afstaða rafvirkja eða rafverktaka er til þessara mála, hvað óttast menn? Óttast menn að setjast niður og ræða málin, skoða þau? Ef menn telja þessa könnun hafa verið vafasama, eigum við þá bara ekki að framkvæma nýja könnun? Eigum við ekki bara að athuga þessi mál nánar? Hvað er það sem menn óttast? Að þetta þoli ekki dagsljósið? Að þetta þoli ekki umræðu? (Gripið fram í.) Sem betur fer heyrist mér umræðuviljinn vera að aukast, eitthvað að losna um málbeinið, það er vel. Ég vona að við heyrum meira í hæstv. ráðherra um þetta mál líka á eftir, að hann nýti einhver tækifæri til að koma hér upp því að einu get ég alveg lofað hæstv. ráðherra, að við látum ekki plástra fyrir umræðuna með þessum hætti. Það gerum við ekki og eins og ég segi eigum við líka eftir að taka þessi mál upp á annan hátt og kanna og ræða vinnubrögð ríkisstjórnarinnar þegar um það er að ræða að Alþingi sinni lögboðnu eftirlitshlutverki sínu.

[16:05]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harðneita því að við eigum ekki að taka þetta mál til umræðu. Auðvitað eigum við að ræða þessi mikilvægu mál og hæstv. iðnrh. fagnaði sérstaklega málefnalegri umræðu sem hefur farið fram í dag og mikilvægri fyrir rafmagnsöryggismálin. Örygginu hefur ekki hrakað. Hv. þm. Gísli S. Einarsson nefndi að í 40 ár hefðu gamalveitur verið óskoðaðar. Þar af var Ragmagnseftirlit ríkisins hve lengi? Í 35 ár? Ég vil því meina að örygginu hafi ekki hrakað og ef eitthvað er hafi það batnað. Auðvitað eigum við að skoða kerfið sem við erum með og gera það enn skilvirkara og enn betra fyrir neytandann og einstaklingana í þjóðfélaginu. Ef menn hafa akkúrat ekkert að óttast, eiga menn heldur ekki að flýja þá umræðu sem snýst m.a. um helstu röksemdir með þessari þáltill. Hv. þm. Ögmundur Jónasson undrast að það skuli hafa verið tekið fram í máli hæstv. ráðherra áðan hvers slags könnun þetta er, rökstuðningurinn er helmingurinn af þáltill. með þessari skýrslu. Ég minni á að hv. þm. Ögmundur Jónasson var með mér og lagði fram afar vandaða vinnu með okkur í hv. allshn. á sl. vetri þar sem við fórum mjög gaumgæfilega í gegnum persónuverndina. Við ítrekuðum að við vildum gæta nafnleyndar í könnunum, við vildum að fólk nyti persónuverndar, sérstaklega gagnvart skýrslum, könnunum og stofnunum og þar var hv. þm. Ögmundur Jónasson í broddi fylkingar.

[16:07]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við teljum okkur hafa búið svo um hnútana að ýtrustu nafnleyndar sé gætt í þessari könnun. Mönnum er boðið upp á að skrifa nafn sitt undir ef þeir kjósa svo en að öðrum kosti höfum við ekki hugmynd um hvaða einstaklingur stóð að baki hverju svari.

Hv. þm. spyr hvort við óttumst umræðu um röksemdir eða kerfið almennt. Nei, við erum að kalla eftir þeirri umræðu og erum með tillögu um hvernig að henni skuli staðið. Út á það gengur þessi till. til þál.

[16:08]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur vil ég fagna þessari umræðu hér í dag en engu að síður vil ég geta þess og ítreka að það er mjög mikilvægt að hv. alþm. viðhafi vönduð vinnubrögð. Sömu kröfu geri ég til þingheims og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir til vinnubragða ríkisstjórnarinnar. Þegar við erum að leggja fram röksemdir með þáltill., hljótum við sem lesum þær og ætlum að fara eftir þeim að gera kröfu til vandaðra vinnubragða af hálfu þingmanna.

[16:09]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að taka undir þetta. Það er mjög mikilvægt að menn ástundi vönduð vinnubrögð hvort sem það er af hálfu ráðherra eða stjórnarandstöðu eða þingmanna yfirleitt. Það hefur verið gert af okkar hálfu í þessu máli.

[16:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Kannski er ekki tilefni til þess að lengja umræðuna mikið en mér segir svo hugur að sú tillaga sem er á borðum okkar og er hér til umræðu, till. til þál. um endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, komi aldrei aftur í þingsal. Ég er hrædd um að tillagan verði svæfð í hv. iðnn. og þess vegna finn ég mig knúna til að nýta tækifærið sem verður kannski það síðasta til að tjá sig í vetur um þetta mál. Það sem mig langar til að orða fyrst er auðvitað það að mér finnst gæta ótrúlega mikillar óbilgirni og í raun og veru sleggjudóma í máli hæstv. iðnrh. sem fullyrðir hvað eftir annað í ræðu sinni áðan að hún vilji bætta þjónustu við neytendur og hún vilji gera hana skilvirkari og fullyrðir svo að almenn ánægja ríki með kerfið þegar rökstuddar vísbendingar eru um að kerfið fúnkeri illa. Þær rökstuddu vísbendingar koma ekki einasta fram í þeirri könnun sem hér hefur verið mikið rædd í tengslum við þessa þáltill., könnun sem tveir hv. þingmenn hafa látið gera, heldur koma rökstuddar vísbendingar einnig fram um það í skýrslu iðnrn., sem einnig hefur verið nefnd í þessari umræðu, og skýrslan sú er afar veigamikið plagg í þessu máli. Meðan þær ábendingar sem koma fram hjá minni hluta nefndarinnar eru jafnrökstuddar og þær eru þykir mér það harla skrýtið að hæstv. ráðherra skuli ítrekað geta talað um að almenn ánægja ríki með kerfið og í sama orðinu hafnar hún því sem hún kallar víðfeðmt og óábyrgt opinbert eftirlit. Hverju lýsir sú afstaða, hæstv. forseti? Þessi afstaða lýsir fordómum í garð opinberra eftirlitsstofnana almennt. Við eigum ansi margt undir opinberum eftirlitsstofnunum í landinu og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur nefnt þar nokkrar til.

Við vitum það, herra forseti, að hér er um flókið og mjög sérhæft mál að ræða. Vegna þess að hér voru nefndar til sögunnar áðan læknastofur og sjúkrahús þá vil ég bæta tannlæknastofum við því að það er alveg vitað að stofur af því tagi þurfa á að halda eftirliti frá ólíkum aðilum. Þær þurfa heilbrigðiseftirlit, þær þurfa öryggiseftirlit, þær þurfa

vinnueftirlit og þær þurfa rafmagnseftirlit. Eftirlitsmenn frá öllum þessum fjórum batteríum koma til þess að taka út og gera skoðanir á svona stofum.

Við viljum öll að ýtrustu öryggiskröfur séu gerðar hjá tannlæknum, hjá læknum og almennum sjúkrastofnunum. Herra forseti. Af því að ég hef lesið lítillega í skýrslunni um rafmagnsöryggismál langar mig til að vitna til VII. kafla hennar sem segir okkur örlítið meira um grunninn fyrir kerfisbreytingunni. Hvers vegna var kerfisbreytingunni komið á? Jú, herra forseti. Kerfisbreytingunni var komið á vegna þess að við gerðum samning um hið Evrópska efnahagssvæði og hluti af honum fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á vottun og prófun í Evrópu. Sú viðurkenning felur í sér Tamperesamkomulagið sem gert var 1988 en það samkomulag er, herra forseti, um afnám tæknilegra viðskiptahindrana og markmið þess er að greiða fyrir frjálsum viðskiptum innan EES.

Herra forseti. Kann ekki að vera að við séum þarna komin að kjarna málsins? Hluti af þeirri óánægju sem ríkir með þetta kerfi er tengdur því að hér er um viðskiptahagsmuni að ræða. Hvers vegna hleypir hæstv. ríkisstjórn alþingismönnum ekki að umræðunni? Hvers vegna leyfir hún ekki brautargengi fyrir þessari hugmynd um að óháð nefnd sé skipuð til að skoða þessi mál ofan í kjölinn? Ég tel fullt tilefni til, herra forseti, og mér þykir allt hér hafa verið stutt rökum, allar þær vísbendingar sem hafa verið fram reiddar hafa verið studdar rökum.

Herra forseti. Mig langar til þess vitna frekar í þessa skýrslu um rafmagnsöryggismál þar sem fjallað er um í kafla VII skuldbindingar Íslendinga gagnvart því að viðurkenna vörur og búnað sem framleiddur er innan EES því að hluti af umræðunni fjallar um raffangabúnað og viðurkenningu á slíkum búnaði. Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, að viðurkenning á slíkum búnaði þarf einungis að vera viðurkenning framleiðandans sem skuldbindur sig til þess að taka á sig ábyrgð af öryggi viðkomandi búnaðar. Viðkomandi búnaður fær þá svokallaða CE-merkingu og CE-merking er eitthvað sem Alþingi ætti svo sannarlega að vita meira um og fá tækifæri til að fara betur ofan í eftirlit á CE-merkingum. Ég vil fá að vitna í þessa skýrslu í lok máls míns þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framleiðandinn getur fengið staðfest hvort varan (raffangið) uppfyllir kröfur og staðla, hvort sem er með eigin prófunum búnaðarins eða með raffangaprófunum í faggiltum prófunarstofum. Hugsunin er sú, að það sé í raun á ábyrgð framleiðandans að markaðssetja örugga vöru og ábyrgð hans fylgi frelsi til að markaðssetja vöruna.

Þannig er nú samkvæmt EES-samningnum leyfður frjáls innflutningur og sala raffanga til Íslands þar sem nægilegt er að innflytjandinn staðfesti í umboði framleiðanda að raffangið standist viðkomandi öryggiskröfur og staðla. Slík staðfesting skal liggja fyrir og innflytjandinn þarf að geta sýnt hana og staðfest ef eftir því er leitað. Íslensk raffangaprófun, sem vörn hins íslenska markaðar gegn gölluðum og hættulegum innfluttum rafföngum samrýmist því ekki lengur skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi."

Herra forseti. Orð af þessu tagi í opinberri skýrslu gefa fullt tilefni til þess að fara frekar ofan í málið og skipa óvilhalla nefnd kunnáttumanna til að fara ofan í málin og gefa alþingismönnum og þjóðinni þar með staðfestingu á því að hér sé fyllsta öryggis gætt. Okkur nægir ekki, herra forseti, að fá fullyrðingar frá hæstv. iðn.- og viðskrh. þess efnis að dregið hafi úr kostnaði við rafmagnseftirlit og aukið hafi verið á öryggi neytenda.

Herra forseti. Það er ekki nóg. Við þurfum aðgerðir og meðan við fáum þær ekki er ekki óeðlilegt að spurt sé hvað stýri för og hverra hagsmuna hæstv. ráðherra sé að gæta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203. [16:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingar á lögum um fjarskipti. Þar er lagt til að undanþágur verði veittar frá áskilnaði 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaga um að sá sem vill hljóðrita símtal skuli geta þess í upphafi samtals.

Sérstök ákvæði um leynd og vernd fjarskipta hafa um áratuga skeið verið í fjarskiptalögum. Aðgangur að upplýsingum er óvenju greiður í fjarskiptum og trúnaður því grundvallaratriði í fjarskiptarekstri. Þessi ákvæði um leynd og vernd hafa jafnan falið í sér áréttingu á grunnsjónarmiðum um friðhelgi einkalífsins.

Í 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaga, sem samþykkt voru á síðasta þingi, er nýmæli um vernd fjarskiptasendinga. Það felur í sér að öll hljóðritun símtala er óheimil nema sá sem vill hljóðrita tilkynni viðmælanda sínum fyrst um þá fyrirætlun sína. Sú meginregla er í samræmi við sjónarmið um friðhelgi einkalífsins sem byggir á 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. tilskipunar 97/66/EB, um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum. Ákvæði 3. mgr. 44. gr. er þó frábrugðið framangreindum réttarheimildum að því leyti að það mælir á hlutlægan hátt fyrir um hvernig tilkynning um hljóðritun skuli fara fram.

Með tækniþróun og verðlækkun búnaðar hefur umfang hljóðritana í þjóðfélaginu margfaldast án þess að umræða um það hafi farið hátt. Bréf samtaka fjármálafyrirtækja til samgrn., dags. 2. febr. sl., endurspeglar þá þróun. Í bréfinu sagði m.a., með leyfi forseta:

„Íslensk fjármálafyrirtæki rétt eins og önnur evrópsk fjármálafyrirtæki hljóðrita símtöl undir ýmsum kringumstæðum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að í sívaxandi mæli er stofnað til viðskipta símleiðis og hljóðritun símtals er eina leiðin til að sanna hvað fram fór."

Þá sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Þetta gildir um viðskipti á millibankamarkaði hér á landi, í viðskiptum milli íslenskra fjármálafyrirtækja og erlendra, í viðskiptum með verðbréf og gjaldeyri og um hvers konar bankaviðskipti sem framkvæmd eru að beiðni viðskiptamanns í símtali við þjónustuver eða þjónustufulltrúa svo nokkur dæmi séu nefnd."

Eins og bréf þetta ber með sér eru hljóðritanir á fjármálamarkaði umfangsmiklar. Hljóðritun fer hins vegar fram á fleiri sviðum án þess að nokkuð liggi fyrir um að aðilar símtals hafi vitneskju um það. Umfang hljóðritana á hugsanlega eftir að aukast enn frekar með þeirri tækniþróun sem fyrirsjáanleg er og gæti leyst hefðbundinn talsíma af hólmi.

Friðhelgi einkalífs nýtur verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Ákvæði þessarar réttarheimildar eru almennt orðuð og því skiptir túlkun mjög miklu þegar inntak

þeirra er skýrt. Til að taka af öll tvímæli um túlkun þessara ákvæða á sviði fjarskipta var talið nauðsynlegt að fjarskiptalög mæltu nánar fyrir um vernd einkalífs á sviði fjarskipta. Samkvæmt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu er upptaka símtals án vitundar hlerun í skilningi mannréttindasáttmálans. Gildir þá einu hvort þriðji aðili tekur upp samtal eða annar aðili símtals án vitundar hans. Ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessu vegna ummæla hv. 13. þm. Reykv. Ögmundar Jónassonar hér á Alþingi þegar annað frv. svipaðs efnis sem varðaði sömu grein var til meðferðar.

Ég ætla að nefna dæmi úr dómaframkvæmd sem sýnir hve brýnt er að lög kveði skýrar á um lögmæti hljóðritunar. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli A gegn Frakklandi er frá 26. okt. 1993. Málsatvik voru svohljóðandi:

Maður nokkur gaf sig fram við lögregluna í París og sagði að eiginkonan A hefði boðist til að greiða honum umtalsvert fé fyrir að myrða eiginmann hennar. Hann bauðst til að hringja í A og taka samtalið upp til að afla sönnunargagna fyrir lögregluna. Umræddur lögregluþjónn lánaði upptökubúnað og upptakan fór fram, þó án þess að um formlega lögregluhlerun væri að ræða. Lögregluþjónninn varðveitti sjálfur upptökuna sem ekki fór í gagnasafn lögreglunnar. Hljóðritun samtalsins var talin ólögmæt skerðing á einkalífi, sbr. 8. gr. mannréttindasáttamála, þrátt fyrir að það hefði verið viðmælandi hennar sem framkvæmdi hljóðupptökuna.

Af dómum Mannréttindadómstólsins má draga þá ályktun að brotið sé gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og þar með 21. gr. stjórnarskrár Íslands ef samtal er hljóðritað án vitneskju beggja aðila nema sérstök lagaheimild komi til. Þörf sérstakrar lagaheimildar verður því brýnni sem hljóðupptaka hefur að geyma viðkvæmari persónuupplýsingar.

Rétt er að benda á að stjórnarskráin gerir ekki mun á því hvort stjórnvöld eða einstaklingar hlera samtöl, ólíkt mannréttindasáttmálanum. Upptaka samtals, þ.e. hlerun, er því ólögmæt að íslenskum rétti án tillits til þess hvort það eru opinberir aðilar eða einstaklingar sem standa að henni. Þrátt fyrir að menn njóti friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er slík helgi takmörkunum háð því að með lagaheimild og dómsúrskurði má heimila hleranir. Á grundvelli dómsúrskurðar má hlera samtöl þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 44. gr. Ákvæði fjarskiptalaga haggar því ekki slíkum heimildum.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á ákvæði 3. mgr. 44. gr. Fyrst ber að nefna gagnrýni Blaðamannafélags Íslands en stjórn þess telur að blaðamönnum séu settar óeðlilegar skorður. Hefur í því sambandi verið vísað til þess hlutverks sem Mannréttindadómstóll Evrópu ætlar fjölmiðlum í lýðræðissamfélagi nútímans. Þá varð nokkur umræða um þýðingu ákvæðisins gagnvart þolendum persónuofsókna, lögreglu og fjármálastofnunum.

Í frv. því sem ég mæli hér fyrir er leitast við að koma til móts við þessa aðila. Sú meginregla gildir áfram að hljóðritun megi ekki fara fram án vitneskju hlutaðeigandi aðila. Hins vegar eru tvíþættar undanþágur veittar frá þeim áskilnaði 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaga að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita samtal skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína. Þannig segir í 1. mgr. frv.:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Hér skiptir öllu máli að viðkomandi hafi fengið eða getað fengið vitneskju um upptökuna. Ljóst er að með þessu ákvæði er fjallað um alla aðra en stjórnvöld, þar á meðal einstaklinga, félög og fjármálastofnanir sem ekki þurfa að tilkynna sérstaklega um hljóðritun samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hana. Sem dæmi má nefna ákvæði í viðskiptasamningi, almenn ummæli eða tilkynningar í eitt skipti fyrir öll. Fórnarlamb persónuofsókna á samkvæmt því að geta hljóðritað samtöl við brotamann eftir einfalda tilkynningu. Varla getur slík krafa laga um tilkynningu verið talin of íþyngjandi.

Ég tek heils hugar undir þá skoðun stjórnar Blaðamannafélagsins að fjölmiðlar gegni veigamiklu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hljóðritun samtals með vitneskju annars aðila en ekki hins hefur verið jafnað við hlerun af Mannréttindadómstóli Evrópu eins og áður sagði. Ísland hefur verið aðili að Mannréttindadómstólnum frá árinu 1954 og samningurinn var lögleiddur hér á landi árið 1994. Gildandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru samin með hliðsjón af sáttmálanum og mega aldrei fela í sér minni réttarvernd.

Í 2. gr. frv. er opinberum stofnunum heimilað að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis. Um fyrirkomulag slíkrar hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja. Enda þótt gerður sé greinarmunur á stjórnvöldum og öðrum í frv. þessu að forminu til eru ekki gerðar minni kröfur til stjórnvalda. Þvert á móti er tryggt virkt eftirlit Persónuverndar með slíkum hljóðritunum samkvæmt frv.

Þá segir í 3. mgr. að úrvinnsla hljóðritana skuli vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þeir sem hyggjast hljóðrita samtöl í síma ættu því að hafa hliðsjón af almennum lögum sem gilda á hverjum tíma um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk ákvæða fjarskiptalaga. Með því er unnt að ná samræmdri réttarframkvæmd um skilmála hljóðritunar og úrvinnslu.

Að lokum vil ég að það komi fram að tölvunefnd og dóms- og kirkjumrn. hafa farið yfir frv. Tölvunefnd taldi, í ljósi almennra sjónarmiða um persónuvernd, eðlilegt að heimild til upptöku væri háð áskilnaði um tilkynningu. Var í því sambandi vísað til skýringar- og fræðirita um framangreinda tilskipun ESB um persónuvernd í fjarskiptum. Ég get fallist á þessa afstöðu tölvunefndar. Það má ekki hvika frá þeirri meginreglu að fólk fái vitneskju um hljóðritun samtala. Með frv. þessu er sá réttur ekki skertur. Hins vegar er komið til móts við þá aðila sem þurfa að hljóðrita samtöl, m.a. vegna starfs síns. Þeir þurfa ekki að tilkynna um fyrirhugaða hljóðritun ef ætla má að viðmælanda sé um hana kunnugt.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að fá það alveg ótvírætt: Ber að skilja 1. mgr. 1. gr. á þann veg að fréttamönnum sé heimilt að hljóðrita samtöl án þess að tilkynna sérstaklega um upptöku?

[16:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Eins og fram kom í ræðu minni þá liggur fyrir að gert er ráð fyrir því að allir þurfi að láta vita um það aðrir en þeir sem sérstaklega eru tilgreindir í frv. Það þýðir að blaða- og fréttamenn verða að láta vita séu þeir að taka upp samtöl

nema ætla megi að sá sem á símtal við viðkomandi blaða- eða fréttamann megi vita um að upptaka fari fram. Þá þarf ekki að tilkynna það í upphafi samtals.

[16:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta ekki ljóst svar. Ég vildi fá að vita alveg afdráttarlaust hvort fréttamenn þyrftu alltaf að tilkynna sérstaklega um upptöku þegar þeir eiga fréttaviðtöl. Ég vil fá afdráttarlaust svar við þessu. Ef svarið er á þá lund að þeir þurfi ekki að tilkynna um upptöku þá vil ég bæta annarri spurningu við: Ef ég vil taka viðtalið upp sem fréttamaðurinn á við mig er ég þá að fremja lögbrot ef ég tilkynni fréttamanninum ekki um það áður?

[16:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski rétt að lesa það sem segir í 1. gr. frv.:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Grundvallaratriðið í þessu er að það ber að tryggja að vitneskja sé til staðar um að upptaka fari fram. Það er aðalatriði málsins og grunnhugsunin í þessari grein fjarskiptalaganna. Hins vegar er verið að reyna að auðvelda þeim sem eiga í hlut framkvæmdina þannig og það liggur alveg fyrir að það er ekkert sérstakt ákvæði um blaða- og fréttamenn umfram aðra í frv. sem ég er að mæla fyrir. Stjórnmálamenn mega ekkert fremur taka upp án þess að láta vita af því en blaða- og fréttamenn þannig að það gildir það sama um bæði stjórnmálamanninn og blaðamanninn að hann þarf að hafa vitneskju um það að símtöl séu tekin upp ef um það er að ræða.

Ég vil að það komi fram alveg skýrt að ég skil afskaplega vel að blaða- og fréttamenn hafi nokkrar áhyggjur af því að það geri þeim erfiðara um vik að vinna þegar settar eru harðari reglur um þetta. En ég minni á að ég tel að þessi ágæti hópur þurfi auðvitað að semja sig að öllum lögum og reglum eins og aðrir. Ég skil jafnframt að þeir létta mjög sitt verk með því að hafa þá tækni í sínum höndum að taka upp samtöl. En það verða að gilda sömu reglur um þá og aðra í þjóðfélaginu.

[16:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir góða ræðu sem hann flutti hérna áðan og kannski einhverja þá bestu sem hann hefur flutt í þinginu. En það breytir ekki hinu að líklega er ræðan miklu betri en frv. Þetta var framúrskarandi framsöguræða. En þegar maður les frv. yfir þá gengur þetta kannski ekki allt saman upp. Því segi ég þetta? Jú, líkt og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti hér á sýnist mér á öllu að í ljósi þess sem við ræðum gangi 1. efnismgr. 1. gr. þessa frv. ekki upp. Kjarni málsins er sá, eins og hæstv. samgrh. nefndi hérna áðan, að upptaka er hlerun sem er þá um leið brot á mannréttindasáttmálum, stjórnarskrá o.s.frv. nema menn hafi sérstaka lagaheimild. Þá spyr maður líka: Hvernig á þessi heimild að vera? Í stjórnarskránni er sérstaklega tekið á því að það þarf að vera sérstök og skýr lagaheimild til undanþágu ef rannsaka á samtöl o.s.frv. Og þá spyr maður: Hvernig á þessi heimild að vera?

Ef við lesum 1. mgr., sem hefur verið lesin áður en ástæða er til að gera einu sinni enn, þá hljómar hún þannig, með leyfi forseta:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Það er alveg ljóst og það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þetta á ekki við um opinbera aðila heldur einkaaðila. Ég spyr: Hvenær má aðila vera þetta ótvírætt ljóst? Er það í tilvikum eins og þeim að Félag ísl. sparisjóða eða eitthvað þess háttar gefi út fréttatilkynningu um það að öll símtöl við sparisjóði séu tekin upp? Dugar það? Dugar það til þess að menn viti ótvírætt um þessa upptöku?

Dugar það líka ef stjórn Blaðamannafélagsins gefur það út að öll fréttaviðtöl eða viðtöl við menn séu tekin upp? Dugar það til þess að hægt sé að ganga að því vísu að ótvírætt sé að viðmælandi megi ætla að upptaka fari fram? Ég held, virðulegi forseti, að þetta gangi ekki upp svona. Ég skil hugsunina. En ég held að það hafi ekki náðst að fanga hana nægilega vel í frv.

Við ræddum í gær frv. frá okkur nokkrum í Samfylkingunni sem ég held að að þessu leytinu sé betra, þar er skýrt kveðið á um í hvaða tilvikum þessi heimild eigi við. Ég held, virðulegi forseti, í ljósi þess að við erum smám saman að sigla inn í upplýsinga- og tæknisamfélag þar sem að mínu viti þarf að gæta mjög vel að friðhelgi einkalífs í ljósi þeirra tækniframfara og möguleika sem því fylgja, að þeir möguleikar sem í því felast að komast að upplýsingum um einstaklinga o.s.frv. séu svo miklir að við verðum að ganga mjög gætilega um þetta svið. En um leið og við göngum gætilega verðum við að tryggja að við séum ekki að skaða ákveðna starfsemi sem fer fram í samfélaginu. Af þessum ástæðum lögðum við fram frv. sem hefur nokkurn veginn sömu hugsun og hér er verið að reyna að færa fram en að því leytinu skýrara að það er kveðið mjög afdráttarlaust á um það í frv. sjálfu í hvaða tilvikum heimilt er að taka upp, en ekki þannig að það sé lagt í mat hverju sinni því það að leggja þetta upp þannig að aðila megi vera ljóst eða ótvírætt megi ætla að um uptöku sé að ræða því það er svo teygjanlegt. Það er ekki möguleiki að festa þetta niður þannig, eins og stjórnarskráin gerir skýra kröfu um, að það þurfi sérstaka lagaheimild sem verður ekki skýrð öðruvísi en svo að það verði nákvæmlega að tilgreina í hvaða tilvikum þetta á við. Því sagði ég það í upphafi, virðulegi forseti, að mér fannst ræða hæstv. samgrh. til mikillar fyrirmyndar þó að mér finnist sjálfum að frv. megi bæta ögn. Þar sem ég sit í samgn. ásamt fleiri góðum mönnum er ég sannfærður um að við munum leggjast yfir þetta með einhverjum hætti og reyna að koma því þannig frá okkur að það verði í góðu lagi vegna þess að við erum alveg sammála um þau markmið sem að er stefnt þó að útfærslan sé kannski ekki alveg sú hin sama.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég vekja eftirtekt á niðurlagi 2. mgr. 1. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja."

Ég velti því fyrir mér í þessu samhengi og í ljósi ákvæða stjórnarskrár og fleira sem ég hef vitnað til, hvort slíkt valdaframsal sé heimilt, þ.e. að fela eigi stofnun, ríkisstofnun, að setja almennar reglur um það hvernig kynning fyrir almenning skuli fara fram og eftir hvaða skilyrðum. Alþingi er þá að framselja vald um það hvenær slíkar upptökur mega fara fram. Ég er ekki viss um það heldur að þetta valdaframsal gangi upp. En ég ætla þó ekki að fullyrða um það. En ég

er mjög efins um að þetta gangi upp og því geri ég þær athugasemdir sem hér hafa komið fram.

Þá er það 3. mgr. sem ég held að sé sömu annmörkum háð, með leyfi forseta:

„Úrvinnsla hljóðritana“ — þ.e. hugsanlega rannsóknin, það sem kveðið er á um í 71. gr. stjórnarskrárinnar — „samkvæmt grein þessari skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Virðulegi forseti. Ég tel í ljósi þessa að þau markmið sem að er stefnt með frv. séu góð, en því miður held ég að útfærslan sé ekki eins og hún þyrfti að vera ef ætlunin er að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því segi ég það, virðulegi forseti, að við sem erum í minni hluta samgn. munum virkilega taka á þessu máli. Eins og hæstv. samgrh. auglýsti eftir í gær þá munum við leggja honum lið. Hæstv. ráðherra sagði að honum væri nokkuð sama hvaðan gott kæmi. Í þessum efnum skulum við leggja honum lið við að koma frv. og reglunum í það horf að það standist bæði mannréttindaákvæði Evrópusáttmálans, ESB-tilskipunina margumræddu og ákvæði stjórnarskrárinnar. Það skal ekki standa á okkur í þeim efnum að koma þessu í almennilegan búning.

[16:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég boðaði það í umræðu um annað frv. í gær sem hér var til umræðu að ég mundi leggja fram þriðja frv. eftir helgina þar sem lagt er til að 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaganna verði felld brott, en í þeirri málsgrein er kveðið á um bann við upptöku á samtölum án vitundar. Ég hef miklar efasemdir almennt um að setja þetta í lög og tel að þetta muni torvelda fréttamönnum að sinna nauðsynlegu eftirlitshlutverki sínu. Ég minni aftur á dæmisöguna sem ég nefndi í gær um Nígeríumanninn. Ég nefni Nígeríumanninn vegna þess að þeir hafa ýmsir (**Gripið fram í:** Þeir eru alltaf hringjandi.) reynt að ástunda vafasöm viðskipti hér á landi. Það þekkja margir af eigin reynslu. Þótt það gildi að sjálfsögðu um örfáa einstaklinga er það staðreynd.

Ég ætla að rifja upp dæmisöguna af Nígeríumanninum sem er hér að reyna að pretta menn. Fréttamaðurinn kemst á snoðir um athæfi hans og hefur samband við hann og tekur samtalið upp á band með það fyrir augum að fletta ofan af hans ólöglega athæfi. Þetta mætti hann ekki gera samkvæmt núgildandi lögum einfaldlega vegna þess að það er bannað með lögum, 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaganna, að taka upp samtal án þess að tilkynna viðmælandanum það áður. Ég sé ekki að þessi lagabreyting mundi breyta neinu í þá áttina vegna þess að grunnreglan er sú að viðkomandi þurfi að hafa vitneskju um þetta. Einnig þarna væri því fréttamaðurinn að fremja lögbrot. Hann gæti ekki sinnt þessu nauðsynlega eftirlitshlutverk fyrir hönd þjóðfélagsins.

Í öðru lagi finnst mér 1. efnismálsgrein 1. gr. frv. sem hér er til umfjöllunar vera mjög óljós um margt og mér fannst úrskýringar hæstv. ráðherra ekki lýsa málið nægjanlega. Mín skoðun er sú að gagnstætt því sem ég var að halda fram í umræðum um annað mál fyrr í dag þar sem ég vildi lög og eftirlit þá tel ég að á þessu sviði eigi fyrst og fremst hið innra eftirlit að gilda og þar er ég að vísa til siðareglna fréttamanna. Þær eru miklu meira virði en einhver lagatexti af þessu tagi. Það er t.d. ekkert sem bannar fjölmiðli að útvarpa samtali beint. Það væri þess vegna hægt að hringja í hæstv. samgrh. og eiga við hann samtal og útvarpa því til alþjóðar án þess að hann vissi að hann væri á öldum ljósvakans. Það er hægt að gera. En það mætti hins vegar ekki lögum samkvæmt taka samtalið upp á segulband. (**Samgrh.:** Finnst þingmanninum þetta eðlilegt?) Nei, það finnst mér ekki eðlilegt og ég held að flestum fréttamönnum þætti þetta mjög óeðliegt. Það er á málum af þessum toga sem samtök fréttamanna, Blaðamannafélag Íslands, eru að taka öllum stundum. Það hefur sett upp siðanefnd sem tekur á slíkum málum og reynir að koma í veg fyrir athæfi af þessu tagi með því að innræta stéttinni, sjálfum sér, siðleg vinnubrögð. Mér finnst skipta mjög miklu máli að svo sé gert. Reyndar finnst mér skipta mestu máli í þeirri lagagrein sem hæstv. ráðherra er að kynna síðasta málsgreinin þar sem segir, með leyfi forseta:

„Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt grein þessari skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Þetta finnst mér hið kjarnlæga í þessu máli, þ.e. hvernig farið er með upptökur, hvernig farið er með segulbandsupptökur af samtölum. Það skiptir máli og þarna held ég að komi til kasta siðareglna fréttamanna og annarra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það kann vel að vera að ég muni huga að þessu ákvæði þegar ég kynni áður boðað frv. mitt sem ég mun leggja fyrir þingið í næstu viku.

[16:47]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór um víðan völl í umfjöllun sinni um það mál sem hér liggur fyrir. M.a. gerði hann að umtalsefni Nígeríumann nokkurn. Ég veit ekki hvaðan úr Nígeríu hann er en hann gerði að umtalsefni að hugsanlegt væri að menn gætu ekki tekið upp samtöl þar sem menn væru að stunda ólögleg viðskipti ef ég skildi hv. þm. rétt. Það fannst honum vera mjög óeðlilegt.

Nú ætla ég ekki að leggja mat á hvort það sé óeðlilegt eða ekki eða hvort fréttamönnum sé betur treystandi en öðrum mönnum í þessu samfélagi eða ekki. Hitt er ljóst að nákvæmlega þessi spurning var borin fram í þeim dómi sem hæstv. samgrh. vitnaði til áðan. Það var nákvæmlega þessi spurning. Við lögfestum mannréttindasáttmálann 1994, ef ég man rétt, og dómstóllinn dæmdi á grundvelli hans þannig að dómstóllinn er búinn að dæma um það að slík upptaka sé hlerun, það er túlkun dómstólsins. Þá spyr ég hv. þm.: Er það svo að hv. þm. vilji, í þessu tilviki, að við lútum ekki niðurstöðu Mannréttindadómstólsins heldur setjum hjá okkur sérreglur vegna þess að Mannréttindadómstóllinn hefur svarað nákvæmlega sambærilegri spurningu og hv. þm. bar upp um Nígeríumanninn svokallaða. Ég beini því til hv. þm. hvort hann sé þeirrar skoðunar að í þessu tilviki eigum við ekki að lúta þeirri niðurstöðu sem Mannréttindadómstóll Evrópu komst að í þessu máli?

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennt er ég á því að við eigum að lúta niðurstöðu Mannréttindadómstólsins og mannréttindadómstóla yfirleitt og væri vel að við gerðum það í flestum málum. Hins vegar eigum við ekki að lúta niðurstöðum hans sem heilögum sannleika í öllum málum og líta á hann sem heilaga ritningu.

Ég hef t.d. oft gagnrýnt niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í afstöðu hans gagnvart verkalýðshreyfingunni og verkalýðsfélögum sem hann vill stundum að mér sýnist ganga af dauðri og hef haft miklar efasemdir um dóma hans á því sviði. Dómar og lög eru stöðugt að taka þróun

og breytingum og að sjálfsögðu eigum við að leyfa okkur að hafa skoðanir á löggjafarsamkundum um þróun mála og inn í hvaða farveg við viljum að hlutirnir stefni. Mér finnst eðlilegt að reyna að styrkja fréttamenn í starfi sínu. Þeir eru mjög mikilvægur þáttur. Það er reyndar einn af hornsteinum lýðræðisþjóðfélags að hér séu öflugir og kröftugir fjölmiðlar sem sé gert að starfa á opinn hátt og eðlilegan. Ég hef fært fyrir því rök að ég telji að 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaganna torveldi þeim þetta eftirlitshlutverk og mun leggja til að hún verði felld á brott.

[16:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé þannig með öll mannanna verk að ekkert þeirra er fullkomið. En hitt held ég að hafi sýnt sig í gegnum tíðina að það er miklu betra að við fylgjum a.m.k. niðurstöðum dóma og virðum þá. Ég vil í ljósi þess sem hv. þm. sagði áðan benda honum á að komi til þess að hann leggi fram það frv. sem hann hefur nú boðað í ljósi þess að mannréttindasáttmálinn var lögfestur 1994, í ljósi breytinga sem áttu sér stað á stjórnarskránni og í ljósi þess frv. sem við ræddum í gær, þá verður hv. þm. um leið að leggja til, ef ég man rétt, að 8. gr. mannréttindasáttmálans falli brott og þá verður hann líka að leggja til breytingar á 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta eitt dugar ekki í ljósi þeirra laga sem nú eru í gildi og í ljósi þeirrar stjórnarskrár sem er nú í gildi. Ætli hann að leggja til þessa breytingu er alveg ljóst að með í pakkanum og með í för verða þá að vera þessar breytingar ef frv. hans á að ná fram að ganga. En ég vil þá a.m.k. segja það sem skoðun mína að ég er algerlega ósammála hv. þm.

[16:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Ég mun leggja fram frv. í næstu viku sem standast allar grundvallarreglur þeirra mannréttindasáttmála sem við eigum aðild að.

[16:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um það mál sem hér er til umræðu. Ég hef dálitlar efasemdir um 1. gr. í þessu frv. og ég sé ástæðu til þess að efast um að nokkur möguleiki verði til þess að rökstyðja það óljósa orðalag sem er í henni því að „... þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina“ — það er væntanlega að mati þess sem tekur upp. Vel má vera að í sumum tilfellum geti hann út af fyrir sig verið viss um að viðmælandanum sé kunnugt um þetta en viðmælandinn gæti auðvitað þrætt fyrir að það hafi verið skilningur hans að þetta samtal væri tekið upp.

Þá spyr ég: Yrði þá ekki sú niðurstaða fyrir Mannréttindadómstólnum miðuð við að þarna væri um að ræða hlerun samkvæmt skilningi dómstólsins á því að ekki megi taka upp samtal öðruvísi en það sé alveg ljóst að um það sé vitað af viðmælanda viðkomandi aðila?

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að við munum eiga eftir að eiga í miklum erfiðleikum með að skilgreina svona hluti í framtíðinni. Tæknin er einfaldlega alltaf á fullri ferð. Menn hljóta að spyrja sig hvort það sé í raun og veru þannig að ýmis tæki og tól sem verið er að selja á almennum markaði séu kannski ólögleg og brot á friðhelgi einkalífsins.

Hvað með hátalarana í símunum? Er það brot á friðhelgi einkalífsins að kveikt sé á slíkum hátalara og þriðji aðili hlusti á símtal eða á að tilkynna það sérstaklega og á að setja það í lög? Hefði það einhverja þýðingu? Mundi einhver taka mark á slíku? Ég held ekki. Ég held að menn verði að horfast í augu við að þarna verði mjög erfitt að skilgreina hlutina og það verður að byggja fyrst og fremst á því með hvaða hætti menn fara með þessar upplýsingar og upptökur. Ég tel að það þurfi að vera alveg á hreinu að fréttamenn séu að taka upp. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það geti bara vel verið að það eigi að gera það með einum ákveðnum hætti og það er að gefnar séu út tilkynningar hjá viðkomandi fréttastofum um að þær notist ævinlega við slíkar upptökur nema annað sé tekið fram og þannig sé öllum gert ljóst að þetta sé viðtekin venja. Hins vegar held ég að það hljóti að þurfa að spyrja sig að því hvort ekki þurfi að vera eftirlit með því hvernig slíkar upplýsingar eru geymdar og farið með þær ef menn ætla sér að hafa samræmi í því sem verið er að fjalla um um meðferð persónuupplýsinga. Ég tel reyndar að menn séu nú þegar í ógöngum og þær ógöngur munu halda áfram og versna í framtíðinni hvað varðar þennan málaflokk.

Mér finnst að fréttamenn þurfi að bera ábyrgð á texta sínum og ef þeir eru að hafa eftir einhverjum aðilum ætti það að vera venja að þess væri getið hvaða ummæli þeir hyggist hafa eftir viðkomandi ef verið er að vitna beint í samtöl við fólk. En hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um að siðareglur fréttamanna skiptu mestu máli hvað það varðaði hvernig væri farið með svona hluti og ég sannarlega sammála því. En það er ekki mikið eftirlit með þeim siðareglum. Ekki þarf að lesa blöðin marga daga í röð og fylgjast með því hvernig farið er með sumar upplýsingar og hvernig ýmsar upplýsingar verða til sem koma fram í blöðum til að sjá að ekki er endilega víst að menn virði siðareglurnar allt of vel. Ég býst við að flestir alþingismenn hafi t.d. hrokkið við öðru hverju eftir samtöl og viðtöl við fréttamenn þegar búið er að setja einhvers konar fyrirsagnir á viðtölin sem snúa gersamlega við meiningunni í því sem viðkomandi sagði við blaðamanninn. Þetta gerist stundum og mér finnst að siðareglurnar ættu að segja mönnum að slíkt ætti ekki að gerast en það gerist. Ég tel þess vegna að þarna eigi að vera reglur sem eru klárar. Menn eigi að vita um þær en ég legg það eindregið til að menn finni eitthvað annað orðalag um þessa hluti en það sem tryggir að örugglega verði um það ágreiningur í framtíðinni hvort viðkomandi hafi verið kunnut um að símtal væri tekið upp eins og greinilega verður ef þetta orðalag sem er á 1. mgr. í 1. gr. þessa frv. verður haft þar áfram.

[16:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem frv. fær í þinginu. Það ber nýrra við að hv. þm. Samfylkingarinnar eru í grundvallaratriðum sammála þeirri hugsun sem býr að baki þessa frv. Það frv. sem hv. þm. Samfylkingarinnar hafa kynnt og mælt fyrir er raunar í nokkrum atriðum öðruvísi útfært en það frv. sem ég hef mælt fyrir.

Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið hér fram vil nefna að það snýr fyrst og fremst að fréttamönnum. Þar er sérstakt ákvæði um það.

Auðvitað ræddum við þetta mjög ítarlega í ráðuneytinu og ég fór mjög vandlega yfir hvort eðlilegt væri að taka einn ákveðinn hóp út. Niðurstaða mín varð sú að eðlilegra væri að hafa almennt orðalag þannig að fleiri en fréttamenn gætu átt í hlut og gætu fallið undir þetta ákvæði 1. mgr., þ.e að þurfa ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

Grundvallaratriðið í þessu frv. er sú niðurstaða, eins og ég gerði grein fyrir og hér hefur verið undirstrikað af hv. þingmönnum, að upptaka símtala er hlerun á grundvelli laga og dóma Mannréttindadómstólsins þannig að ekki verður undan því vikist að við tökum tillit til þess í okkar lagasetningu. Þess vegna förum við þessa leið í frv. En ég vil að gefnu tilefni segja að ég tel hvað varðar fréttamenn sem hér eru sérstaklega til umræðu í þessu sambandi, að það sé alveg ljóst að almenn auglýsing sem snýr að fréttamönnum um upptökur þeirra dugi til þess að ekki þurfi í hverju tilviki að nefna að samtöl þeirra séu tekin upp. Ég lít svo á að sú framkvæmd hlyti að vera framkvæmanleg og eðlileg. Ég vil að það komi fram. Ég tel að með því væri jafnframt öðrum hópum sem svipað á við um gert jafnhátt undir höfði hvað þetta varðar.

Hvað varðar athugasemd sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni þar sem hann efaðist um hvort eðlilegt væri að ætla Persónuvernd svo mikilvægt hlutverk þarna. Persónuverndin gegnir geysilega mikilvægu hlutverki og ég fæ ekki séð annað en að það sé fullkomlega eðlilegt miðað við þann lagaramma sem henni er settur að hún hafi það hlutverk sem frv. gerir ráð fyrir og að alls ekki sé ástæða til þess að gera það tortryggilegt.

Ég hef heyrt þær athugasemdir sem hér hafa komið fram og bíð spenntur eftir því að sjá það frv. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur boðað að leggja fyrir þingið. En ég vona að hv. þm. sé alveg ljóst að það frv. sem ég er að flytja hér byggir á þeirri hugsun og þeirri niðurstöðu sem við höfum komist að í ráðuneytinu að upptaka samtala jafngildir hlerun og það sé óheimilt að okkar lögum. Ég vona að það sé alveg klárt.

Að öðru leyti þakka ég fyrir ágætar undirtektir og vænti þess að samgn. komist að góðri niðurstöðu og það verði ríkjandi sátt um þetta mál þegar það verður afgreitt frá þinginu.

[17:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fréttamenn hafa verið dálítið í þessari umræðu. En almennt held ég að það sé óumdeilt í þessu að það eru nokkrar starfsstéttirnar sem menn viðurkenna að til þess að starfsemi þeirra geti „fúnkerað" almennilega, ef svo má að orði komast, þá þurfi þær að fá að taka upp. Fréttamenn eru einn af þeim hópum. Viðskiptastofnanir, bankar o.fl. eru aðrir aðilar sem einnig þurfa á þessu að halda. En vegna þess hvernig 1. mgr. er orðuð í frv. og hæstv. samgrh. segir að auglýsing tiltekinna starfshópa dugi til þess að menn megi vænta þess að tekið sé upp þá hlýt ég að spyrja líka vegna þess að það er ekkert skilgreint í 1. mgr. við hverja er átt: Ef t.d. félag glæpamanna í Grímsey gæfi út fréttatilkynningu um að öll samtöl inni á þeirra kontór væru tekin upp, mættu þeir þá sem þangað hringja ótvírætt ætla að þau séu tekin upp og þar með væru þeir undanþegnir þessu ákvæði vegna þess að í 1. mgr. er ekkert kveðið á um hvað við er átt? Þess vegna var ég að segja áðan, virðulegi forseti, að mér finnst hugsunin í þessu frv. góð, en frv. sjálft er handónýtt. Markmiðið er gott. En frv. sjálft gengur ekki upp. Verði þetta frv. að lögum og það dugi að tilteknir starfshópar, stéttarfélög eða ýmiss konar samtök, hvaða markmið sem þau hafa í tilverunni, gefi út almenna auglýsingu um að öll samtöl inni á þeirra kontór og kannski til þeirra félagsmanna séu tekin upp og þar með séu þau undanþegin meginreglu um skyldu til að tilkynna viðmælendum sínum að þau séu að taka upp samtöl, þá held ég, virðulegi forseti, að þessi hugsun gangi alls ekki upp.

[17:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get auðvitað ekki svarað nema hluta af andsvari hv. þm. í alvöru. En þeim hluta andsvarsins sem ég tek alvarlega skal ég svara.

Frv., eins og það er flutt af mér, gengur út frá ákveðnum forsendum og til þess að rýmka fyrir og skapa möguleika á betri framkvæmd er 1. mgr. eins og hún er. Það er alveg ljóst. Vandann við að fara þá leið sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vill má skýra með dæmi. Ef frv. að hans skapi yrði samþykkt þá mundu fréttamenn hringja í hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og þeir mættu taka upp samtalið án þess að láta vita en hann mætti ekki njóta sama réttar. Er það eðlilegt? Ég segi nei. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að aðeins annar aðilinn megi nýta sér slíkar heimildir vegna þess að það er verið að mismuna ef svo er gert.

Ég skil mætavel að sérstaða fréttamanna er mjög mikil og segulbandið er mikið grundvallartæki fyrir þá. Þess vegna spyr ég oft þegar ég á samtöl við fréttamenn: „Er ekki örugglega verið að taka upp?" Það felst heilmikið öryggi í því fyrir báða aðila. Þess vegna þarf auðvitað að reyna að skapa skilyrði, og það erum við að reyna að gera, til að auðvelda þessari stétt verkefni sitt.

[17:08]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram, hafi það valdið einhverjum misskilningi, að að sjálfsögðu er ekkert glæpamannafélag til í Grímsey, a.m.k. ekki svo að ég viti um. Dæmið var nefnt í því skyni að draga fram fáránleika hugmyndarinnar eins og hún birtist í frv. En hæstv. ráðherra spurði: Er þetta þá þannig að viðmælandinn megi ekki taka upp? Nú held ég að hæstv. ráðherra sé á einhverjum villigötum. Meginreglan er sú að það verður að tilkynna viðmælenda um upptökuna. Það er meginreglan. Það er alveg klárt. Hæstv. ráðherra flutti þessa fínu ræðu áðan og sagði nákvæmlega þetta.

Síðan er spurningin: Til þess að starfsemi samfélagsins „fúnkeri" eins og henni er ætlað erum við að veita undanþágur og í þeim tilvikum í frv. því sem við ræddum í gær og er frá mér og fleiri hv. þm. Samfylkingarinnar, eru ákveðnum aðilum veittar undanþágur til að þessi samfélagsstarfsemi „fúnkeri" án hindrana. Þar á meðal eru fréttamenn. Þar á meðal eru viðskipti o.s.frv. Meginreglan er sú að það þurfi að tilkynna. Þess vegna er það svo í því dæmi sem hæstv. samgrh. nefndi að ég, hv. þm. í þessu tilviki, er ekki undanþága frá meginreglunni.

[17:10]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli harðlega þeim ávirðingum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ber á Grímseyinga þó ekki sé nema að láta sér detta í hug að í Grímsey séu glæpamenn. Það er fyrir neðan allar hellur.

Hitt er annað og snertir þetta frv. til laga að ég tek undir orð hæstv. samgrh., sérstaklega það er lýtur að blaðamönnum. Framsetning þessara breytinga hljómar saman við breytingar sem samgn. fjallaði um á síðasta þingi. Þar sem segir í upphafi 1. mgr. að þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritun, þá á það auðvitað fullkomlega við um fréttamenn. Það er grundvallarregla fréttamanna að kynna sig með nafni og stöðu, þ.e. á hvaða fréttamiðli þeir

eru. Þar með á að vera ljóst að verið er að leita eftir upplýsingum og gögnum. Öllum á að vera kunnugt um að það þýðir hljóðritun í mörgum tilvikum. Það er því tryggt og er kannski grundvallaratriðið sem menn hafa fjallað um og deilt um í þessu efni, að hefta ekki vinnu blaðamanna.

Það leyfist hins vegar ekki, eins og hefur komið fram á útvarpsstöðvum á undanförnum árum, að fréttamenn eða þáttagerðarmenn í útvarpsstöðvum hringja í fólk úti í bæ, kynna sig ekki, taka spjall upp eða senda beint og kynna það án þess að menn viti haus eða hala á viðmælanda í raun og veru. Það heitir ekki „ótvírætt" og þess vegna er það ólöglegt og þetta kemur í veg fyrir slíka misnotkun á trúnaði dagskrárgerðarmanns við viðmælanda. Þetta eru atriði sem skipta miklu máli að mínu mati.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að hér er verið að veita andsvör við ræðu hæstv. samgrh. en ekki öðrum ræðum sem hér hafa verið fluttar.)

[17:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orðu hv. 1. þm. Suðurl. um að ábendingar samgn. sem voru settar fram á síðasta þingi runnu í sömu átt og þær breytingar sem við erum að gera hér og það er afar mikilvægt að ná fram breytingum sem meiri sátt verður um. En fjarskiptalögin eru óbreytt. Þess vegna flyt ég þetta frv.

Til þess að forðast allan misskilning þá er það auðvitað svo að enginn getur bannað upptökur heldur er fyrst og fremst um tilkynningarskylduna að ræða. Ef einhver ætlar að taka upp samtal verður hann að tilkynna það. Með útfærslu eins og frv. gerir ráð fyrir þá er verið að skapa skilyrði til að tryggja þessi mannréttindi en auðvelda öllum sem um þetta þurfa að höndla að nýta sér þessa tækni í þágu viðskipta, í þágu öryggis hvers konar og í þágu þeirra sem starfa við og þurfa að nýta sér fjarskiptatæknina.

[17:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á fullyrðingu hans um að allir hafi tekið vel í þetta frv. Mér fannst flestir sem tóku til máls vera með efasemdir um ágæti frv. Sumir hafa lýst stuðningi við þá hugsun sem þar kemur fram, en flestum finnst frv. loðið og óljóst og ekki ganga eins og það er núna.

Frv. eins og það er hugsað er til að verja einstaklinginn gegn því að samtöl við hann séu tekin upp á segulband og því aðeins má taka samtölin upp að ótvírætt megi ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina. Nú segir hæstv. ráðherra að það dugi að birta almenna auglýsingu um að viðkomandi ástundi slíkar upptökur og þá sé öllum skyldum fullnægt. Þar finnst mér hæstv. ráðherra kominn í mótsögn við það sem hann boðar sem grundvallarhugsun frv., þ.e. að verja einstaklinginn. Dugir þá að birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu um að viðkomandi fjölmiðill ástundi upptöku á samtölum? Mér finnst þetta vera allt mjög loðið og óljóst og að mínum dómi ekki ganga sem lög.

[17:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ofsögum sagt hjá mér að það séu sæmilegar viðtökur sem þetta frv. fær þó að ýmsir hafi boðað það, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að þeir muni koma með aðrar tillögur. Mér sýnist að grundvallaratriðið í þessu sé bærilega skilið af öllum þeim sem hér hafa talað.

Hins vegar er allt þetta mjög vandmeðfarið og ég hef lagt mjög mikla og ríka áherslu á að Persónuvernd komi að þessum málum öllum og reglur séu settar af Persónuvernd þar sem það á við. Það á að tryggja örugga framkvæmd í þágu einstaklinganna, þeirra sem gætu hugsanlega orðið fórnarlömb þeirra sem taka upp símtöl án þess að viðkomandi viti um það nema það sé gert með sérstökum aðgerðum og á grundvelli annarra laga.

Hvað um það. Mér finnst hv. þm. Ögmundur Jónasson hafa snúist í dag mun harkalegar sem andstæðingur frumvarpa en hann hefur gert gagnvart þessu frv. Ég treysti því að hann verði góður þátttakandi í því að afgreiða málið í gegnum þingið þrátt fyrir allt.

[17:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að mér finnast ýmsar mótsagnir koma fram í þessu frv. og í málflutningnum sem því fylgir. Mér finnst hins vegar að ótvírætt megi ætla að viðmælendum sé jafnan kunnugt að fréttamenn taki hugsanleg samtöl upp á segulband. Upp á það get ég skrifað. Spurningin snýst hins vegar um hvernig þessi samtöl eru nýtt, hvort þeim er útvarpað. Þá kemur ekki til kasta laga. Þá kemur til kasta siðareglna fréttamanna, hvernig þeir nýta efniviðinn, hráefnið sem þeir eru að vinna úr. Það verður aldrei tryggt með landslögum að þar fari allt á besta veg. Þar kemur innra eftirlitið til sögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 204.

[17:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Með frv. er lagt til að heimiluð verði gjaldtaka að fjárhæð 16,6 millj. kr. vegna úthlutunartíðni til starfsrækslu þriðja rekstrarleyfishafans á GSM-þjónustu.

Rétt er að taka fram í upphafi að frv. þetta og ákvörðun um úthlutun á þriðja GSM-leyfinu er með öllu óháð úthlutunum á leyfum vegna svokallaðrar þriðju kynslóðar farsíma og umræðu um verðmæti tíðna í þriðju kynslóðinni. Ég mun hins vegar fljótlega taka ákvörðun um fyrirkomulag þeirrar úthlutunar og leggja fram frv. þar um.

Markmið þessa frv. er að afla lagaheimildar til gjaldtöku vegna þriðja GSM-900 leyfisins. Fjárhæðin, 16,6 millj., er sambærileg því gjaldi sem Landssíminn og Tal greiddu fyrir sín leyfi en hefur verið uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs. Með því eru væntanlegum handhafa þriðja GSM-leyfisins settir sambærilegir skilmálar.

Eins og kunnugt er starfrækja tveir aðilar, Landssíminn og Tal, farsímanet til GSM-þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að úthluta þriðja leyfinu og hefur nú þegar auglýst eftir umsóknum. Frestur til að skila inn umsóknum er 15. desember nk. Stofnunin hefur jafnframt ákveðið hvaða kröfur verða gerðar til leyfishafa, þar á meðal um útbreiðslu, og fylgja þær upplýsingar frv. þessu í fskj. I.

Í I. kafla fskj. eru skilgreindar upplýsingar sem umsækjendum ber að veita í umsóknum og í II. og III. kafla er

skýrt hvaða sjónarmið munu ráða úthlutun. Stofnunin hefur við samningu þessara krafna haft til hliðsjónar fyrirmæli fjarskiptalaga um að tryggja skuli eðlilegt samkeppnisumhverfi. Jafnframt hefur verið leitast við að hafa kröfur um útbreiðslu og þjónustusvæði svipaðar þeim sem gerðar voru til núverandi leyfishafa. Ég tel eðlilegt að gera þessar kröfur um útbreiðslu, ekki síst við tilkomu ákvæðis um innlenda reikisamninga í gildandi fjarskiptalögum. Hér er mörkuð sú stefna að skilmálar þeir sem þriðji GSM-leyfishafinn þarf að fullnægja verði sem líkastir þeim sem núverandi fyrirtæki hafa þurft að lúta. Það hlýtur að teljast bæði eðlilegt og sanngjarnt.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[17:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. er ekki stórt og mikið í sniðum en ég óska að veita andsvar í því skyni að leggja fyrir hæstv. ráðherra tvær spurningar. Sú fyrri er þessi: Liggja fyrir í ráðuneytinu umsóknir um að fá að reka GSM-þjónustukerfi eða símakerfi á því tíðnisviði sem um er rætt, 900? Í öðru lagi, í ljósi þess að nú eru fyrir tvö fyrirtæki sem reka starfsemi á þessu tíðnisviði og mjög líklegt er að ekki sé pláss fyrr nema eitt fyrirtæki til viðbótar á þessu tíðnisviði, velti ég upp þeirri spurningu: Kom einhvern tíma til tals, þ.e. ef það eru fleiri en einn aðili sem hafa áhuga á því að reka þessa starfsemi, að það þriðja og síðasta starfsleyfi sem hugsanlega er pláss fyrir á þessu tíðnisviði verði boðið út?

[17:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að hjá Póst- og fjarskiptastofnun, sem úthlutar þessum leyfum, liggja þær umsóknir sem kunna væntanlega að hafa borist. Ég get því ekki sagt á þessu stigi hversu margar umsóknir hafa borist en innan tíðar mun það liggja fyrir.

Spurningin var um hvort komi til greina að bjóða þetta þriðja leyfi út. Ég tók þá afstöðu og það liggur fyrir að langeðlilegast væri hvað varðar þetta þriðja leyfi, GSM-900, að því yrði úthlutað með sömu skilyrðum og var gert með hin tvö. Ég taldi ekki eðlilegt að viðhafa aðra aðferð við það vegna þess að með því hefðu verið sköpuð önnur samkeppnisskilyrði á þessum markaði. Ég tel að afar mikilvægt að samkeppni ríki á þessu sviði og þriðja leyfið er þess vegna auglýst og að sjálfsögðu með það í huga að skapa þeim svigrúm sem vilja koma inn á markaðinn og keppa þar.

Á það er hins vegar að líta að íslenski markaðurinn er lítill og það þarf að átta sig á því en það hljóta þeir að gera sem sækjast eftir þessum leyfum.

[17:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og ég fagna því að hæstv. samgrh. skuli lýsa því yfir að hann telji mjög æskilegt að samkeppni ríki á þessu sviði.

Ef maður heldur áfram að velta þessum hlutum fyrir sér, að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að ekki kemur til útboðs eða uppboðs á þessu eina leyfi sem eftir er. Þá hlýtur maður að spyrja: Komi til þess að fleiri en einn aðili sæki um og komi til þess að þeir aðilar sem um sækja uppfylli allir eðlileg skilyrði til að reka slík net, hvernig ætlar hæstv. samgrh. að leggja það fyrir Póst- og fjarskiptastofnun að úthluta þeim leyfum, þ.e. hvaða hlutlægu reglur eiga að gilda í þeim tilvikum ef fleiri en einn aðili sækir um? Maður sér það ekki fyrir að það sé auðvelt að velja á milli komi til þess og því hefði ég haldið í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið, í ljósi þess að pláss er fyrir einn aðila til viðbótar á þessu tíðnisviði, að komi til þess að fleiri aðilar en einn sæki um hefði verið eðlilegra að bjóða það út. Því velti ég því fyrir mér undir ræðu hæstv. samgrh. hvort hugsanlega geti komið til þess að sæki fleiri en einn aðili um komi nýtt frv. sem bjóði upp á það að um útboð verði að ræða.

[17:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf erfitt að gera upp á milli aðila sem sækja um tiltekna hluti sem eru takmarkaðir. En eitt af því sem liggur fyrir og kemur fram í fylgiskjölum með frv. er að gert er ráð fyrr að meta umsóknir og gera upp á milli aðila á grundvelli þess að leitast við að tryggja samkeppni. Það er einn af þeim mörgu þáttum sem þarf að meta við val á þeim umsóknum sem maður fær.

Gefum okkur að umsóknir bærust frá þeim fyrirtækjum, sem eru nú þegar á markaðnum, um þetta þriðja leyfi. Þá er alveg ljóst að það yrði úr vöndu að ráða því að það yrði ekki mikil samkeppnisviðbót ef það væru tveir aðilar að keppa og annar með tvö leyfi en hinn með eitt. Þess vegna er krafa um að þetta þriðja leyfi leiði til meiri samkeppni í þágu neytenda og því eru þessar reglur settar svona. Ég á því von á að ég komi með annað frv. Við þurfum að skapa umhverfið þannig að það sé jafnrétti á milli þeirra þriggja aðila sem reka þessi GSM-900 kerfi. Það vona ég að takist.

[17:28]

Útbýting þingskjala:

Flutningur byggðamála frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis, 219. mál, fsp. KLM, þskj. 233.

Framleiðsla og sala áburðar, 218. mál, fsp. GHall, þskj. 232.

Greiðslur vegna tjóna í jarðskjálftunum á Suðurlandi, 59. mál, svar viðskrh., þskj. 178.

Kosningar til Alþingis, 217. mál, þáltill. SvH og PBj, þskj. 231.

Miðlægur gagnagrunnur lyfjanotkunar, 221. mál, fsp. ÞBack, þskj. 235.

Samræmd samgönguáætlun, 87. mál, svar samgrh., þskj. 230.

Tíðni fjarvista opinberra starfsmanna, 222. mál, fsp. SJóh, þskj. 236.

Útseld þjónusta Siglingastofnunar, 220. mál, fsp. GHall, þskj. 234.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16.–24. mál.

Fundi slitið kl. 17:30.

21. FUNDUR

miðvikudaginn 8. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Þingvallabærinn, fsp. RG, 169. mál, þskj. 172.

Til landbúnaðarráðherra:

2. Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey, fsp. ÞKG, 45. mál, þskj. 45.

3. Gagnagrunnur um jarðir á Íslandi, fsp. ÖS, 153. mál, þskj. 153.

Til viðskiptaráðherra:

4. Félög og fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi, fsp. SighB, 141. mál, þskj. 141.

Til félagsmálaráðherra:

5. Landsmiðstöð fyrir útlendinga búsetta á Íslandi, fsp. ÞSveinb, 145. mál, þskj. 145.

6. Málefni innflytjenda, fsp. ÖJ, 210. mál, þskj. 221.

Til umhverfisráðherra:

7. Jarðskjálftarannsóknir, fsp. ÍGP, 100. mál, þskj. 100.

8. Sokkin skip og önnur mengunarhætta í sjó umhverfis landið, fsp. JÁ, 185. mál, þskj. 194.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Átak til atvinnusköpunar, 69. mál, svar iðnrh., þskj. 180.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 70. mál, svar viðskrh., þskj. 159.

Húsafriðun, 225. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 239.

Lyfjatjónstryggingar, 208. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 218.

Menningarverðmæti, 226. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 240.

Nýjar ríkisstofnanir, 67. mál, svar forsrh., þskj. 229.

Safnalög, 224. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 238.

Þjóðminjalög, 223. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 237.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðvera þingmanna.

[13:33]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Seint á liðnum vetri tilkynnti forseti Halldór Blöndal þá ákvörðun sína að setja ekki þingfund nema fullur meiri hluti þingmanna væri mættur. Nú spyr ég hæstv. forseta hvort þessari ákvörðun hafi verið breytt.

[13:33]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Sá forseti sem hér stýrir fundi hefur ekki heyrt þá tilkynningu og minnir hv. þm. á að það er mjög algengt að hér sé settur fundur þó ekki sé meiri hluti þingmanna í þingsalnum enda segir hvergi í þingsköpum að svo skuli gert.

[13:33]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Víst er það svo að sá forseti sem situr í forsetastól hverju sinni ræður þessu. Ég vildi rifja það upp að sá forseti sem sat á þeim þingfundi sem ég hlýddi á í vetur tilkynnti þessa ákvörðun sína.

[13:34]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að sú regla hefur verið viðhöfð að undirrita ekki gerðabók síðasta fundar nema meiri hluti þingmanna væri í salnum en það er að sjálfsögðu mjög algengt að setja fund þó að ekki séu allir mættir.

Forseti vill líka geta þess að honum láðist að hringja til fundar áður en hann byrjaði en nú eru flestir komnir í salinn sem eru stimplaðir inn í húsið og verður þá gengið til dagskrár.

Þingvallabærinn.

Fsp. RG, 169. mál. — Þskj. 172.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fyrir hæstv. forsrh. tvær spurningar varðandi Þingvallabæinn. Annars vegar hver fari með eignar- og yfirráð yfir bænum og hins vegar hvaða áform ríkisstjórnin hafi um nýtingu Þingvallabæjar í framtíðinni.

Herra forseti. Við höfum ekki oft rætt þjóðgarðinn eða málefni honum tengd á hv. Alþingi og er það athyglisvert miðað við þá stöðu sem þessi þjóðargersemi hefur í hjörtum landsmanna. Segja má að fimm bursta bærinn sé tákn Þingvalla innan lands og utan.

Nú hefur það gerst að togstreita hefur birst okkur í fjölmiðlum um Þingvallabæinn. Um það virðist ágreiningur hvernig nýta eigi húsið í framtíðinni. Í gegnum tíðina hefur búið þar prestur sem var jafnframt lengi staðarhaldari og þjóðgarðsvörður en þetta er nú breytt og sett hafa verið ný lög um þau málefni. Bærinn hefur verið prestssetur, bærinn er nýttur af ríkisstjórninni, m.a. til móttöku tiginna gesta og einhvers staðar er svo Þingvallanefnd sem vélar um málefni þjóðgarðsins.

Biskup Íslands hefur minnt á að prestshús á Þingvöllum hafi verið rifið þegar Þingvallabærinn var reistur fyrir Alþingishátíðina 1930 og eignir prestssetursins hafi verið teknar til þeirra nota og liggi óbættar og hefur spurt: Hvað með verðmæti sem kirkjunni voru ætluð?

Í tilefni af fjölmiðlaumræðunni mundi ég gjarnan vilja heyra hvernig mál standa. Hvernig mun ríkisstjórnin t.d. bregðast við því ef kirkjan óskar að hafa prest áfram á Þingvöllum þar sem prestur hefur haft afnot af húsinu á Þingvöllum í 50 ár og mun nú vanta húsaskjól? Bent hefur verið á 1000 ára sögu kristni í þessu sambandi. Menntmrh., sem er formaður Þingvallanefndarinnar, hefur upplýst að prestur geti þjónað á Þingvöllum án þess að búa í Þingvallabænum og Þingvallanefnd og forsrn. hafi full not fyrir þessa húseign sína. Því er ekki óeðlilegt að spyrja: Hvað með þjóðgarðsvörð? Mun hann búa í húsinu? Hvernig á að nýta húsið? Hver heldur um málin? Er það forsrn., er það Þingvallanefndin o.s.frv.? Ég er mjög áhugasöm um hvert svar hæstv. forsrh. verður um þetta mál.

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er ágætt að fá tækifæri til þess af því tilefni sem hv. fyrirspyrjandi veitir að fjalla um þetta mál þar sem það hefur nokkuð verið rætt í fjölmiðlum. Það var að frumkvæði Þingvallanefndar sem unnin var lögfræðileg

álitsgerð um eignarhald á Þingvallabænum sl. sumar. Niðurstaða þeirrar álitsgerðar er einkar afgerandi og felst í stuttu máli í því að ríkið hafi fullt eignarhald á húsinu og Þingvallanefnd fari á grundvelli valdheimildar sinnar samkvæmt lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, með eignarhald á Þingvallabænum og yfirstjórn þeirra mála er bæinn varða. Til þessarar niðurstöðu liggur greinargóð og ítarleg röksemdafærsla sem byggist, auk áðurnefndra laga um friðun Þingvalla, á könnun ýmissa annarra heimilda, þar á meðal fundargerða Þingvallanefndar.

Að því er varðar nýtingu bæjarins er til þess að líta að hann er eins og nú háttar tvískiptur. Annars vegar hefur vestari hluti hússins, sem reistur var undir tveimur burstum fyrir þjóðhátíðarnefnd 1974, ávallt verið nýttur sem opinber bústaður forsrh. Hefur sá hluti bæði nýst til einkaafnota fyrir ráðherrann sjálfan og í takmörkuðum mæli en miklu fremur og oftar til að taka á móti þeim fjölmörgu gestum sem hingað komi í boði forseta, ríkisstjórnar og einstakra ráðherra, einkum þó forsrh., en segja má að heimsókn til Þingvalla teljist fastur liður í dagskrá opinberra gesta hingað til lands. Hins vegar hefur eystri hluti hússins, sem reistur var undir þremur burstum fyrir Alþingishátíðina 1930, lengst af verið nýttur fyrir umsjónarmann þjóðgarðsins á Þingvöllum sem hefur haft þar bæði skrifstofu og dvalarstað. Seint á sjötta áratugnum tók þáverandi þjóðgarðsvörður, séra Jóhann Hannesson, jafnframt við prestsembættinu á staðnum. Af því tilefni er skýrt tekið fram í gerðabók Þingvallanefndar frá þeim tíma að bústaður prestsins væri í Þingvallabænum aðeins þar til önnur skipan yrði gerð á og fengi hann aðstöðu til búsetu þar meðan hann annaðist önnur störf á vegum nefndarinnar.

Árið 1970 var þessi skipan mála, þ.e. að sami maður gegndi prestsembætti á staðnum og jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar, fest í lög. Þetta ákvæði var aftur numið úr lögum fyrir fáum árum og lá það til grundvallar að ekki væri heppilegt að veitingarvaldshafar væru hvor af öðrum öðrum bundnir við ráðstöfun starfa í þjóðgarðinum. Þingvallabærinn hefur því aldrei verið prestssetur með þeim réttaráhrifum sem því fylgja en búseta prests í Þingvallabænum skýrist af praktískum, sögulegum ástæðum sem eiga ekki lengur við. Ekki þarf að taka fram að allar viðgerðir og allur kostnaður á báðum þessum húsum undir þessum þremur og tveimur burstum hefur jafnan verið greiddur af ríkinu og færður til reiknings hjá forsrn., en ekki af kirkjunni af þessum sökum.

Varðandi fyrirhugaða nýtingu er rétt að hafa í huga að þarfir þjóðgarðsins með tilliti til starfsmannahalds eru aðrar en áður og gestagangur þar gerir kröfur til að ríkisstjórnin hafi meiri og betri aðstöðu til að taka þar á móti gestum. Þá eru hugmyndir alls ekki fullmótaðar um það hvernig bærinn verður nýttur. Þar þarf Þingvallanefnd fyrst og fremst að koma að málum í samráði við forsrn. sem Þingvellir heyra undir samkvæmt stjórnarráðslögum. Ég veit ekki annað en að fullt samkomulag sé milli Þingvallanefndar og ráðuneytisins um meðferð málsins en eins og ég segi er það ekki fyllilega afráðið. Þarna þarf sem sagt þjóðgarðsvörður að hafa ákveðna aðstöðu. Þarna þarf Þingvallanefnd að hafa ákveðna aðstöðu. Þarna þurfa prestar að geta haft ákveðna aðstöðu til undirbúnings athafna í kirkjunni en flestar athafnir eru ekki innan sóknar heldur utan sóknar. Menn koma að eins og í mörgum öðrum kirkjum, Árbæjarkirkju, Viðeyjarkirkju og slíkum kirkjum, en ef ég man þetta nákvæmlega eru aðeins 50 manns í þessari sókn. Hún ber því ekki sóknarprest með þessum hætti og ef þjóðgarðsvarðarhlutverkið er farið er lítið eftir af því.

Kirkjuþing hefur ályktað að halda beri út prestakalli tengdu Þingvöllum og þar sitji prestur. Það er út af fyrir sig málefni kirkjunnar að ákveða það þrátt fyrir að prestakallið sé orðið afar lítið og sjálfsagt það minnsta í landinu. Reyndar hefur verið gert allt of mikið úr öryggishlutverki þess að hafa prest á staðnum, m.a. vegna þess að viðvera prestanna á staðnum hefur alls ekki verið samfelld og langt í frá og ekki hefur verið talið hægt að leggja sérstakar kvaðir um viðveru í Þingvallabænum eða Þingvöllum utan hefðbundins vinnutíma.

Þá er þess að geta að á síðustu 6–10 árum hefur verkefni þjóðgarðsvarðar breyst algerlega frá því að vera aðallega til að segja mönnum sögu staðarins og hins vegar í að reka umfangsmikla starfsemi og þar á meðal verkstjórnarhlutverk yfir tugum manna á sumrin við stígagerð og annað þess háttar sem er ekki beint í hlutverki presta. Forsendur hafa því breyst og ég geri ráð fyrir að sú sé ástæðan fyrir því að Þingvallanefnd og reyndar ráðuneytið vilji skoða aðra möguleika.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. ágæt svör og vil taka það sérstaklega fram að mér finnst mikilvægt að við setjum okkur inn í hvernig þessi mál eru að þróast og ekki síst þegar það gerist, sem gerðist nú á liðnum vikum, að átök eru um málefni Þingvallabæjarins og framtíð hans og framtíð prestssetursins í fjölmiðlum. Ég get alveg tekið undir að umfangsmikil verkefni þjóðgarðsvarðar gera það auðvitað að verkum að það er ekkert sjálfgefið að þjóðgarðsvörður og prestur eigi að vera einn og sami maðurinn. Það er auðvitað sérstök ákvörðun. En það kemur fram í máli hæstv. forsrh. að þjóðgarðsvörður muni þurfa að hafa þarna aðstöðu, Þingvallanefndin og prestar vegna kirkjulegra athafna. Hann nefnir það ekki, hæstv. forsrh., hvort hann telji að forsrh. eigi að hafa þar bæði persónulega aðstöðu eða einkaafnot og halda áfram að vera með aðstöðu fyrir gestakomur af því að það er fastur liður að erlendir gestir komi til Þingvalla. Hins vegar bendir hann á Þingvallanefndina. Tillaga á kirkjuþingi um að sóknarprestur á Þingvöllum mundi sinna að einhverju leyti Suðurlandi var afgreidd þannig, eins og kom fram í máli ráðherra, að áfram verði prestssetur á Þingvöllum. Tillagan er afgreidd þannig að við hljótum að skilja það svo að menn vilji ekki fara nýjar leiðir. Því spyr ég: Ef ríkisstjórnin ætlar að taka Þingvallabæinn til þeirra afnota sem hæstv. ráðherra hefur hér nefnt, hvernig á að leysa mál kirkjunnar? Mun ríkisstjórnin e.t.v. setja upp prestssetur utan þinghelginnar? Er það verkefni Þingvallanefndarinnar að leysa þetta mál og má skilja það svo að það sé Þingvallanefndin sem taki við þeim spurningum sem ég hef borið fram og svari þeim síðar?

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég nefndi í ræðu minni að ég vildi að ríkisstjórnin hefði frekari afnot af byggingunni. Ég nefndi það í svari mínu. Ég get sagt það sem reynslu mína að þetta er kallaður sumarbústaður forsrh. en það er þannig að forsrh., hver sem hann er, a.m.k. sá sem hér talar, nýtir húsið ekki mikið að sumri til. Það er sjálfsagt hugsað til þess eins og í öðrum löndum að forsrh. hafi þess háttar hús til hvíldar og uppbyggingar en sumarið er ekki mjög vel til þess fallið á þessum stað. Allt fram til slyssins 1970 var sumarbústaður

forsrh. annars staðar, ekki við kirkjuna, og þar var girt af og þess háttar. Það er ekki hægt þarna. Það er afskaplega erfitt fyrir hvaða forsrh. sem er að vera þarna til sumardvalar. Það er miklu betra að menn séu í eigin kofum einhvers staðar annars staðar en þarna.

Hins vegar nýtist húsið vel til þess að taka á móti gestum því að Þingvellir eru afskaplega fagrir heim að sækja eins og allir þekkja og það er ágæt starfsemi. Ég hef fyrir mitt leyti notað húsið meira sem vetrarbústað eða kannski á vordögum og haustdögum. Þá er meiri friður í kringum það. Ég er ekkert að finna að þessu. Þarna er kirkjan og þarna er opið svæði þannig að það hefur kannski ekki verið mjög vel hugsað í byrjun að tengja þetta saman. Í þessu sambandi hef ég og Þingvallanefnd aðallega viljað kanna möguleika á því að nýta húsið betur fyrir starfsemi ríkisstjórnarinnar og móttökur og þess háttar. Það verður að segja það alveg eins og er að Valhöll á Þingvöllum hefur hreint ekki dugað á síðustu árum eða verið til þess fallin að hægt sé að nýta hana til starfsemi af því tagi.

Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

Fsp. ÞKG, 45. mál. — Þskj. 45.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur einangrunarstöð gæludýra í Hrísey sinnt fjölmörgum dýrum og gæludýraeigendum. Sú þjónusta hefur hins vegar ekki dugað og nær stöðin ekki að sinna eftirspurn. Þrátt fyrir fyrirhugaða stækkun verða biðlistar eftir sem áður til staðar. Þar fyrir utan er óeðlilegt að flestir þeir sem flytja gæludýr til landsins þurfi í raun að fara eins langt frá flugvellinum í Keflavík og mögulegt er. Það er erfitt fyrir dýrin. Sumir telja þessi löngu ferðalög dýranna vera brot á alþjóðasamþykktinni um flutningavegalengd dýra en jafnframt er þetta erfitt og mikið óhagræði fyrir þá eigendur dýranna sem búsettir eru á suðvesturhorninu.

Ég ætla mér ekki að fast um að farið er eftir ströngustu kröfum um sóttkví og smithættu þegar dýrin eru flutt norður til Hríseyjar og reynt er að halda einangrun dýranna. Megintilgangur með einangrunarstöð gæludýra eða sóttkví fyrir þau er að draga úr hættu á að innflutt dýr beri með sér sníkjudýr og sjúkdóma. Hrísey getur verið hentugur staður fyrir einangrunarstöð en hún er ekki eini valkosturinn.

Yfirdýralæknir hefur sagt að slík stöð gæti verið staðsett t.d. í Krýsuvík þar sem sóttvarnalæknir hefði að sjálfsögðu eftirlit með henni. Í mínum huga er raunhæft að ætla að forsendur séu fyrir slíkri stöð á þessu svæði, ekki bara rekstrarlega heldur umfram allt vegna öryggis sóttvarna og umönnunar dýranna. Landbrn. hefur þegar synjað einkaaðilum í Garðabæ um að reisa einangrunarstöð fyrir gæludýr. Ástæðan var sú að ekki mætti heimila einkaaðilum að reka slíka stöð. Mér finnst þetta hæpinn rökstuðningur þar sem einkaaðilar reka nú þegar einangrunarstöðina í Hrísey. En þetta er kannski ekki meginatriðið heldur það að mikil eftirspurn er eftir plássi í einangrunarstöðinni í Hrísey og að ljóst er að það færi mun betur með dýrin að vera í sóttkví á höfuðborgarsvæðinu þegar eigendur þeirra eru búsettir þar. Það hlýtur að vera æskilegt að einangrunarstöð gæludýra, að uppfylltum öllum öryggiskröfum, sé staðsett sem næst þeim stað þar sem dýrin koma inn í landið og verða síðan staðsett, að flutningsleiðin sé ekki áhættusöm og erfið fyrir dýrin heldur eins stutt og kostur er.

Þess vegna vil ég m.a. fá vitneskju um það frá hæstv. landbrh. hversu margir íbúar höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja nýta sér þjónustu einangrunarstöðvar í Hrísey og hvort hann hyggist ekki koma til móts við þarfir þessa fólks og dýra með því að fjölga einangrunarstöðvum.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Spurt er hversu margir á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafi nýtt sér þjónustu einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey sl. fimm ár.

Frá 1. janúar 1996 og til 1. nóvember 2000 hafa 448 dýr, hundar og kettir, verið vistuð í einangrunarstöðinni í Hrísey. Þar af eru hundar 312 og kettir 136. Af þessum fjölda eru 248 dýr í eigu fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Ef spurt er um fjölda eigenda þessara dýra, þá eru þeir nokkru færri þar eð í sumum tilfellum eru fleiri en eitt dýr frá sama eiganda vistuð samtímis í stöðinni.

Í öðru lagi hafa sömu aðilar nýtt sér þjónustu stöðvarinnar oftar en einu sinni á þessu tímabili.

Spurt er: Hvert er hlutfall íbúa þessara svæða af þeim sem hafa nýtt sér þjónustu einangrunarstöðvarinnar sl. fimm ár? Af þeim 448 dýrum sem vistuð hafa verið í einangrunarstöðinni sl. fimm ár eru 55,4% í eigu fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en 44,6% í eigu fólks í öðrum landshlutum.

Spurt er: Hyggst ráðherra koma fleiri einangrunarstöðvum á fót og ef svo er, hvar þá? Ég hef ekki í hyggju að koma á fót fleiri slíkum einangrunarstöðvum. Stöðin í Hrísey hefur starfað í tíu ár og hefur rekstur hennar gengið áfallalaust þannig að ekki hafa borist til landsins smitsjúkdómar með þeim dýrum sem þar hafa verið vistuð. Þetta er mjög mikilvægt fyrir alla gæludýraeigendur í landinu og fyrir þá hreinleikamynd sem Ísland hefur. Hins vegar hefur það valdið erfiðleikum og óþægindum fyrir það fólk sem þarf að nýta sér þjónustu stöðvarinnar að hún hefur verið of lítil til að geta annað þeirri vaxandi eftirspurn sem verið hefur hin síðari ár og myndast hefur langur biðlisti eftir þjónustunni. Til að bæta úr þessu ákvað ríkisstjórnin í júní 1999 að ráðast í stækkun stöðvarinnar. Nú liggur það fyrir að hana er verið að stækka og fjármagn hefur verið veitt í það. Framkvæmdum við stækkunina er nú að ljúka og verður viðbótarhúsnæði tekið í notkun í byrjun desember nk. Um er að ræða tvöföldun á afkastagetu stöðvarinnar og er þess að vænta að biðlistarnir verði úr sögunni fyrir mitt næsta ár.

Þess ber þó að geta að ákveðinn undirbúning þarf áður en komið er með hunda og ketti til landsins. Dýrin þarf að sprauta gegn ýmsum sjúkdómum, taka sýni og fleira þannig að óhjákvæmilegur aðdragandi þess að geta flutt dýrin til landsins er um það bil tveir mánuðir.

Fyrir um tíu árum var tekin ákvörðun um þetta staðarval. Eyjarskeggjar fórnuðu ákveðnum eigin hagsmunum til þess að þetta væri hægt, að vilji þess ráðherra sem þá fór með þetta starf og þingsins varð í þessa veru. Auðvitað get ég sagt að það er ekki mitt að taka ákvörðun einn í þessu máli. Hér er ég með frv. fyrir þinginu um innflutning dýra og auðvitað fjallar þingið um það mál og tekur sínar ákvarðanir sem ráðherranum ber að fylgja.

[13:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina og hæstv. ráðherra svörin. Í rauninni hafa komið fram meginatriðin í þessu máli. Annars vegar er um að ræða þá staðreynd að einangrunarstöðin í Hrísey sinnir ekki vaxandi eftirspurn þar sem gæludýraeign landsmanna, ekki síður á suðvesturhorninu þar sem 60% þjóðarinnar býr, fer mjög vaxandi.

Hins vegar er um að ræða þessa samfelldu smitleið sem er frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkurflugvallar og síðan norður og út til Hríseyjar. Þess vegna, út frá dýraverndunarsjónarmiðum og út frá öryggissjónarmiðum, er eðlilegt að færa stöð eða a.m.k. heimila rekstur slíkrar stöðvar sem næst flugvellinum þar sem flest þessara gæludýra koma inn og líka til þess að anna eftirspurn. Þar sem ég veit að hæstv. ráðherra er mikill dýravinur, eins og alþjóð veit, þá trúi ég því að hann muni taka undir þessi sjónarmið eins og hann reyndar hefurýjað að.

[13:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrir að hafa vakið máls á þessu. Ég er sammála því að það eigi að reisa fleiri slíkar stöðvar og það á að reisa slíka stöð í nágrenni höfuðborgarinnar.

Ég vek líka eftirtekt á því að ekki er kunnugt um að nokkur sérstök hætta sé á því að vera með slíkar stöðvar í þéttbýli en vil síðan að lokum taka undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni sem skoraði í reynd á Alþingi Íslendinga að taka þetta mál í sínar hendur.

Hæstv. ráðherra vekur eftirtekt á því að hér liggur fyrir lagafrv. sem getur að öllum líkindum tekið á þessu máli. Ég held að við þingmenn sem viljum breyta þessu ættum að notfæra okkur áskorun ráðherrans og beita okkur fyrir breytingum á frv. þannig að hægt sé að taka upp fleiri slíkar stöðvar. Það er löngu tímabært.

Ég sé heldur ekkert að því að slíkar stöðvar verði starfræktar af einkaaðilum.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. svörin og hv. þm. fyrir að hafa tekið þátt í umræðunni og góðar ábendingar. Mér finnst hins vegar nokkuð hryggilegt að hæstv. landbrh. ætlar sér ekki að koma á fót fleiri einangrunarstöðvum en leiðin er þá sú eins og hv. þm. hafa bent á að við á hinu háa Alþingi tökum þetta mál til ítarlegrar umræðu þegar frv. verður tekið til umræðu sem hæstv. landbrh. gat um.

Mikil eftirspurn er eftir einangrunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjunum. Ríflega helmingur þeirra sem notfæra sér einangrunarstöðuna í Hrísey er héðan af þessu svæði og það er sjálfsögð krafa og eðlileg að einangrunarstöð verði komið á fót á þessu svæði. Það er ekki bara vegna þess að við erum að mæta þörfum eigendanna sjálfra og koma í veg fyrir mikið óhagræði sem þeir verða fyrir af þessum miklu flutningum norður í Hrísey heldur líka þess sem ég tel mikilvægast, hagsmuna dýranna sjálfra. Þetta eru miklir flutningar eins og ég sagði áðan. Flutningarnir eru erfiðir fyrir dýrin og við verðum að bæta úr þessu.

[13:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Auðvitað eru hagsmunir dýranna í fyrirrúmi. Ferðalagið byrjar ekki í Keflavík. Smitleiðin hefst ekki í Keflavík. Hún getur legið utan úr Evrópu eða Bandaríkjunum eða hvaðan sem er, en guði sé lof hefur ekki verið um smitleið að ræða hingað til.

Hv. þm. Hjálmar Árnason gerði þetta að umræðuefni. Maður sem ekki hefur hlaðið skammbyssu sína er hættulaus þar til hann hleður hana. Það hefur ekki verið um smitleið eða neitt smit að ræða á þessari leið. Þetta hefur heppnast vel en ég tek undir það sem dýravinur að þessi leið er auðvitað löng fyrir dýrið hvaðan sem það kemur úr heiminum og þetta til viðbótar þannig að það snertir mitt viðkvæma hjarta.

En ég er þakklátur fyrir hvernig þetta hefur tekist til og heppnast vel. Ég sagði áðan: Þingið tók þá ákvörðun fyrir tíu árum að fela eyjarskeggjum þetta í Hrísey af öryggisástæðum. Þeir hafa farið vel með þetta fjöregg íslenskra dýraeigenda og eiga þakkir skilið. Auðvitað er það þingsins að fjalla um þetta mál áfram og fjallar um frv. í vetur í þeim efnum.

Ég vek athygli á því að eins og ég rakti hér áðan er kannski á 4–5 árum um 450 dýr að ræða. Það er ekki mikill rekstur, það er ekki mikil afkoma, það er ekki stór bisness í því. Það eru ekki margir sem geta gert það að atvinnu sinni. Við Íslendingar erum ansi smáir oft og tíðum þegar eitthvað er um að vera. En við vökum yfir Hrísey. Ríkisstjórn, hv. þm. og samstarfsflokkur minn hafa tekið undir það að styðja fjárlagatillögur um að stöðin í Hrísey verði stækkuð og þar með hverfi biðlistar og staða bæði kaupendanna og dýranna batni.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Félög og fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi.

Fsp. SighB, 141. mál. — Þskj. 141.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Í umræðum sem urðu hér á dögunum um frv. nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar, um að heimila erlendar fjárfestingar í vinnslufyrirtækjum í sjávarútvegi, bar á góma þá fyrirætlun sem nú er orðin að veruleika, að Verðbréfaþing Íslands hæfi útrás til að hvetja erlenda fjárfesta til að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum á Verðbréfaþingi. Þá kom upp sú spurning: Hvernig virkar það? Hversu mörg fyrirtæki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands og hversu mörg fyrirtæki af þeim sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eru lokuð fyrir útlendingum?

Til þess að fá þessar upplýsingar varpaði ég fram svofelldri fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

„1. Hvaða félög og fyrirtæki hafa hlotið skráningu á Verðbréfaþingi Íslands?

2. Í hverjum þeirra er erlendum aðilum ekki heimilt að fjárfesta?“

Ég veit, virðulegi forseti, að takmarkaður tími gefst til þess að svara fsp. minni og e.t.v. hefði verið ákjósanlegra að biðja um skriflegt svar en engu að síður vona ég að hæstv. ráðherra geti svarað þessum tveimur spurningum hér í mæltu máli þannig að fullnægjandi megi teljast.

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar upp fsp. til viðskrh. á þskj. 141, hún er 141. mál þingsins, um félög og fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar fyrri liður hennar svo:

„Hvaða félög og fyrirtæki hafa hlotið skráningu á Verðbréfaþingi Íslands?"

Á aðallista Verðbréfaþings Íslands eru í dag skráð 74 félög. Ég hef afhent hv. þm. lista yfir þessi félög þar sem ég get ekki lesið þau upp miðað við þennan stutta ræðutíma. Af skráðum félögum eru sjávarútvegsfyrirtæki flest eða 20 talsins, hlutabréfasjóðir eru 14, iðnfyrirtæki 12, fjármála- og tryggingafyrirtæki 7, upplýsingafyrirtæki 5, þjónustufyrirtæki 5, olíudreifingarfyrirtæki 3, lyfjafyrirtæki 3 og 3 flutningafyrirtæki.

Síðari spurning hv. þm. hljóðar svo:

„Í hverjum þeirra er erlendum aðilum ekki heimilt að fjárfesta?"

Um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri gilda lög nr. 34/1991. Í 4. gr. laganna er fjallað um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila. Í 1. mgr. 4. gr. er að finna takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar í lögsögu Íslands og fyrirtækjum sem eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Bein erlend fjárfesting er óheimil í slíkum félögum.

Óbeinni fjárfestingu í félögum sem stunda fiskveiðar og eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða eru jafnframt settar nokkrar skorður. Þau geta eingöngu verið í eigu íslenskra lögaðila sem ekki eru í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Ef íslenski lögaðilinn á ekki yfir 5% í sjávarútvegsfyrirtækinu má hinn erlendi aðili hins vegar eiga allt að 33% í íslenska lögaðilanum.

Enn fremur er rétt að víkja að því að takmarkanir eru á eignaraðild erlendra aðila í flugrekstri hér á landi. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Slík takmörkun tekur þó ekki til einstaklinga sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðila sem þar eru heimilisfastir.

Af þessu leiðir að fjárfesting erlendra aðila er óheimil í sjávarútvegsfyrirtækjum sem skráð eru á Verðbréfaþingi og takmarkanir eru á eignarhaldi erlendra aðila í Flugleiðum. Einnig eru takmarkanir á erlendri eignaraðild í öllum þeim félögum sem eiga hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta varpar ljósi á furðulegt ástand. Flest þeirra fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eru sjávarútvegsfyrirtæki. Íslenskir aðilar eru að hefja útrás til að laða að sér erlenda fjárfesta. Þá kemur í ljós að þeim er bannað að festa fé sitt í stærsta hópi þeirra fyrirtækja sem eru skráð á Verðbréfaþingi.

Því til viðbótar eru takmarkanir settar á erlenda fjárfesta til að fjárfesta með óbeinum hætti, þ.e. til þess að eiga hlut í fyrirtækjum sem eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, t.d. olíufélögunum. Það er að æra óstöðugan að elta uppi þær breytingar sem kunna að verða á eignarhaldi á slíkum fyrirtækjum sem eru ekki í sjávarútvegsrekstri en eiga hlut í fyrirtækjum í sjávarútvegi. Hvernig í veröldinni láta menn sér detta í hug að við svona aðstæður sé líklegt að erlendir fjárfestar fáist til þess að taka þátt í uppbyggingu í íslensku atvinnulífi, þegar flest þeirra atvinnufyrirtækja sem eru á markaðnum eru algjörlega lokuð og síðan gilda flóknar reglur um öll önnur fyrirtæki? Á sama tíma og aðrar þjóðir berjast um til að reyna að ná til sín erlendum fjárfestum til uppbyggingar í atvinnulífi þá ætla Íslendingar að fara út á markaðinn við slíkar aðstæður.

Ég vona að hæstv. ráðherra sé mér sammála um að þetta nær engri átt. Þetta skilar engum árangri og þessum heimskulegu lagasetningum verður að breyta.

[14:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Furðuleg ástand, segir hv. þm. Ég skal taka undir að það er erfitt að framfylgja þessum takmörkunum. Ég hef látið koma fram opinberlega, m.a. nýlega í tengslum við opnun Verðbréfaþings okkar út á við með því að gerast aðilar að NOREX, að ég tel að íslenskt samfélag verði að fara í gegnum umræðu um hvernig þjóðarhagsmunum verði best varið og hvernig þeir verði best varðveittir á þessu sviði. Ég tel t.d. að nefnd sem er að störfum núna á vegum sjútvrh. og er að endurskoða fiskveiðilöggjöfina ætti að taka þetta mál fyrir. Ég geri mjög mikið með það sem atvinnugreinin sjálf, sjávarútvegurinn, segir í þessum efnum. Ég tel að það gæti orðið okkur sem vinnum að löggjöfinni til hjálpar að heyra álit sjávarútvegsins.

En svona er þetta í dag. Ég held að það sé ágætt að það komi hér fram á hv. Alþingi og þakka hv. þm. fyrir að eiga frumkvæði að því að þessi umræða hefur farið hér fram.

Landsmiðstöð fyrir útlendinga búsetta á Íslandi.

Fsp. ÞSveinb, 145. mál. — Þskj. 145.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Á Íslandi búa núna ríflega 7.000 manns af erlendu bergi brotin. 8% kvenna á aldrinum 20–30 ára eru útlendingar. Hlutfall útlendinga í bæjarfélögum er hæst á Vestfjörðum en meiri hluti útlendinga hér á landi eða um 60% er búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Við þessa upptalningu má bæta að framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins spáir því að íslenskt atvinnulíf þurfi á 10.000 manns að halda á næstu tíu árum. Ljóst er að sá fjöldi verður ekki allur fundinn meðal innfæddra Íslendinga.

Svo er forsjóninni fyrir að þakka að við búum ekki lengur ein á þessari eyju. Á undanförnum árum hefur mátt sjá vísa að fjölmenningarlegu samfélagi spretta víða um land. Fjöldi fólks hefur kosið að setjast hér að og með því auðgað mannlíf og menningu.

En eins og stundum áður, herra forseti, virðist ríkisstjórnin ekki vera með á nótunum og í raun ófær um að takast á við hinar miklu breytingar sem samfélagið gengur nú í gegnum. Sveitarfélögin hafa hins vegar mætt þessari þróun eftir bestu getu og er óhætt að fullyrða að Reykjavíkurborg hafi unnið algjört brautryðjendastarf í málefnum útlendinga. Borgin hefur m.a. starfrækt Miðstöð nýbúa sem hefur þjónað öllum þeim sem þangað hafa leitað burt séð frá búsetu, þar hefur m.a. verið veitt túlkaþjónusta.

Úr ranni ríkisvaldsins berast þær fréttir að starfshópur sem hæstv. félmrh. skipaði í lok síðasta árs til að kanna grundvöll fyrir stofnun landsmiðstöðvar eða annars samstarfsvettvangs um málefni útlendinga hafi verið leystur frá störfum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. félmrh. hvers vegna það hafi verið gert.

Herra forseti. 11. október sl. rituðu borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og sveitarstjóri Bessastaðahrepps, Davíð Oddssyni forsrh. bréf þar sem óskað var eftir viðræðum við ríkisvaldið um málefni nýbúa og samstarf og skyldur ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Þótt bréfið sé ekki stílað á hæstv. félmrh. er ljóst að málefnið hefur að mestu verið á hans könnu í ríkisstjórninni. Því leyfi ég mér að spyrja hvort hæstv. félmrh. hyggist tryggja þátttöku ríkis í stofnun landsmiðstöðvar, svokallaðs Alþjóðahúss, á höfuðborgarsvæðinu, sem veiti útlendingum búsettum hér á landi upplýsingar og þjónustu.

[14:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er nú nokkur misskilningur í því fólginn að telja að starfshópur sem ég setti varðandi málefni útlendinga hafi beinlínis verið leystur frá störfum. Ég vil hins vegar rekja ástæður fyrir því að starfshópurinn var skipaður og í hverju starf hans var fólgið.

Þessi starfshópur var skipaður í desember í fyrra í þeim tilgangi að kanna grundvöll fyrir stofnun landsmiðstöðvar. Starfshópurinn hóf störf í byrjun þessa árs. Forsendur fyrir því verkefni sem starfshópnum var falið á sínum tíma hafa breyst verulega.

Í fyrsta lagi samþykkti Alþingi þann 9. maí sl. þál. um nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Í þál. er félmrh. falið að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum.

Í öðru lagi er félmrn. kunnugt um hugmyndir Reykjavíkurborgar og nokkurra nágrannasveitarfélaga um stofnun Alþjóðahúss í Reykjavík sem hafi það meginviðfangsefni að standa fyrir fjölþjóðlegu starfi, forvörnum og bættri og samræmdri þjónustu við nýbúa. Því fagna ég mjög. Í ljósi þessara aðstæðna taldi ég ekki starfsgrundvöll fyrir hópinn að halda áfram verki sínu að svo komnu máli en þeim gögnum og fróðleik sem starfshópurinn hefur aflað sér verður að sjálfsögðu haldið til haga og komið á framfæri þar sem við á.

Afstaða félmrn. til þátttöku ríkisins í stofnun Alþjóðahúss er með þeim hætti að mér var falið af Alþingi 9. maí sl. að standa fyrir stofnun nýbúamiðstövar á Vestfjörðum. Í samræmi við fyrrgreinda þál. hyggst ég standa vel að stofnun miðstöðvar fyrir nýbúa á Vestfjörðum og er stefnt að því að undirbúningur hefjist bráðlega. Hann er raunar þegar hafinn að nokkru. Enn fremur er talið æskilegt að kanna sérstaklega hvort miðstöðin á Vestfjörðum geti tekið að sér þjónustu við aðra landshluta.

Þau mistök urðu við prentun fjárlagafrv. fyrir árið 2001 að niður féll fjárveiting til þessa verkefnis en hún verður tekin inn við 2. umr. fjárlaga. Ráðuneytið mun því beina kröftum sínum að þessu mikilvæga verkefni í bili.

Hins vegar er afstaða ráðuneytisins til stofnunar Alþjóðahúss mjög jákvæð. Ég tel að þau sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem standa að stofnun Alþjóðahúss séu vel í stakk búin til að reka Alþjóðahús án atbeina ríkisins. Þar af leiðandi mun ráðuneytið ekki koma að þeim rekstri að svo komnu máli. Ég lít svo á að það sé miklu brýnna að beina kröftunum að landsbyggðinni og efla þjónustu og aðstoð við útlendinga sem búa þar fremur en á höfuðborgarsvæðinu þar sem málefnum nýbúa er þegar býsna vel sinnt.

[14:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að draga fram það sem hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á í ræðu sinni að á höfuðborgarsvæðinu búa 60% útlendinga. Með fullri virðingu fyrir því verkefni sem ríkisstjórnin hyggst leggja áherslu á með miðstöðinni á Vestfjörðum spyr maður að því hvort ríkisstjórnin hyggist þá vísa þessum 60% allra útlendinga annaðhvort til Vestfjarða til að leita eftir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda eða hvort þeir hyggist vísa þeim á borgina. Er ekki eðlilegt að byggja upp a.m.k. grundvallarþjónustu þar sem þörfin er fyrir hendi, herra forseti? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að þessu. Mér finnst það í raun og veru mjög merkileg afstaða að vilja líta fram hjá því að hafa þjónustuna þar sem þörfin er. Með fullri virðingu fyrir landsbyggðinni og því mikilvæga verkefni að reyna að halda henni í byggð held ég að við verðum að horfa til þess að þarna er verið að tala um þjónustumiðstöð fyrir tiltekinn hóp fólks sem býr að miklum meiri hluta á höfuðborgarsvæðinu.

[14:16]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. félmrh. um nýbúamiðstöð á Vestfjörðum sem samþykkt var á Alþingi án mótatkvæða í fyrravetur. Ég vil minna á að það mál kemur til vegna frumkvæðis Vestfirðinga í upphafi. Vestfirðingar hafa haft frumkvæði að því að undirbúa stofnun þessarar nýbúamiðstöðvar og þrátt fyrir að 60% útlendinga séu á höfuðborgarsvæðinu, ég mun ekki gagnrýna þá tölu, þá vil ég upplýsa að einstaklingar frá 46 þjóðum bjuggu í Ísafjarðarbæ einum saman fyrir ári. Þar hafa verið haldnar mjög veglegar þjóðahátíðir eða samkomur þar sem farið hefur verið yfir málefni þessa fólks. Ég tel að þar sem Alþingi hafi samþykkt þetta einróma á síðasta þingi sé það mjög vel komið í höndum félmrh. að fylgja því máli eftir og ég treysti því að hann geri það.

[14:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þáltill. sem samþykkt var hér á vorþingi var flutt af öllum þingmönnum Vestfirðinga að gefnu tilefni og brýnni þörf. Hún var flutt öðru sinni og hlaut hér brautargengi og félmrh. vinnur að framgangi þeirrar ályktunar sem samþykkt var.

Mér finnst mjög einkennilegt að þegar svo kemur að því að efna eigi ályktunina rísi upp þingmenn af höfuðborgarsvæðinu og agnúist út í málið og finni því sitthvað til foráttu. Það er eins og ekki megi gera nokkurn skapaðan hlut á landsbyggðinni öðruvísi en að þá rísi menn upp á höfuðborgarsvæðinu og hafi það helst sem markmið að koma í veg fyrir að eitthvað verði af þeim framkvæmdum sem Alþingi hefur ályktað um. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að það eru líka útlendingar á höfuðborgarsvæðinu og menn geta velt fyrir sér hvernig eigi að grípa á því máli en ekki að tengja

það saman við það sem þegar hefur verið samþykkt og reyna að spilla fyrir því.

[14:19]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hvers konar málflutningur er þetta af hálfu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar? Hver hefur komið hér og agnúast út í nýbúamiðstöð á Vestfjörðum? Enginn. Ég veit ekki betur en þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafi nefnilega ekki lagst gegn nýbúamiðstöð á Vestfjörðum og það er hið besta mál að slík miðstöð skuli koma upp enda hefur komið fram í umræðunni og í fjölmiðlum að það eru 46 þjóðir sem þar eiga fulltrúa.

Það sem við erum að ræða hins vegar er þessi spurning: Hyggst hæstv. félmrh. beita sér fyrir því að ríkisstjórnin komi að stofnun Alþjóðahúss í Reykjavík? Við sem höfum verið að vinna að málefnum innflytjenda í Reykjavík vitum alveg hvaða nauður rekur þetta fólk á náðir yfirvalda. Við vitum stöðu þess og þekkjum. Þetta fólk býr við skort á upplýsingum, skort á réttindum, skort á stöðu, og málefni innflytjenda eru hæstv. ríkisstjórn til hneisu. Það er hv. þm. til hneisu að taka með þessum hætti á málinu, reyna að skrumskæla það og halda því fram að þeir ágætu þingmenn sem hafa tekið upp málefni innflytjenda séu með einhverjum hætti að agnúast út í Vestfirðinga. Heyr á endemi.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi umræða fjallar ekki um hvort eigi að reisa miðstöð fyrir nýbúa á Vestfjörðum. Um það hefur Alþingi ályktað og samþykkt og eftir þeirri þál. starfar hæstv. félmrh. að sjálfsögðu. Spurningunni er hins vegar ósvarað, hvort hæstv. félmrh. ætlar hreinlega að afhenda sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þennan málaflokk og hvort ríkisvaldið hafi engum skyldum að gegna við útlendinga á höfuðborgarsvæðinu af því að þeir búa á höfuðborgarsvæðinu, hæstv. félmrh. Það er sú spurning sem hér er uppi. Hún útilokar að sjálfsögðu ekki að byggðar séu miðstöðvar fyrir útlendinga í öðrum landsfjórðungum.

Það sem er einkennilegt í þessum málflutningi er að hann endurspeglar enn og aftur óvild ríkisstjórnarinnar í garð sumra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem birtist m.a. í því að þessi sveitarfélög eru nógu góð til að sinna útlendingum á svæðinu og að ríkisvaldið hefur þar engum skyldum að gegna. Hverjir líða fyrir það? Fyrir það líður það fólk sem er búsett á höfuðborgarsvæðinu, útlendingarnir sem hafa ákveðið að búa hér og það er eins og það komi hæstv. félmrh. hreinlega ekki við.

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að það sé alveg fjarri lagi að kenna mér um einhverja óvild gagnvart Reykjavík, höfuðborginni, eða stjórnendum hennar. Það er síður en svo. En sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sinna málefnum útlendinga vel og af metnaði en það gera sveitarfélög á landsbyggðinni miklu síður. Þar er þörfin að mínu mati miklu brýnni að beina ríkispeningunum í bili a.m.k., að koma þar upp forsvaranlegri aðstöðu.

Vitnað var til þess að 60% útlendinga væru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Ég er ekki tilbúinn að staðfesta þá tölu en ég er svo sem ekkert að rengja hana. Ég get sagt hv. þm. frá því að 17% íbúa á Tálknafirði eru útlendingar. 8% þeirra sem búa á Vestfjörðum eru útlendingar, eða milli 7 og 8%. Þetta fólk nýtur sáralítillar þjónustu frá sveitarfélögum sem eru veikburða og eiga í miklum erfiðleikum og ég tel að okkur beri skylda til að reyna að sinna þessum hópi og láta hann hafa forgang.

[14:24]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 196. mál, brtt. GÁS o.fl., þskj. 243.

Málefni innflytjenda.

Fsp. ÖJ, 210. mál (fsp. til félmrh.). — Þskj. 221.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þetta er nátengt síðustu fyrirspurn og lýtur að málefnum aðflutts fólks en með vaxandi alþjóðavæðingu færist það í vöxt að fólk flytjist landa á milli til búsetu eða í atvinnuleit til lengri eða skemmri tíma.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Bæði hefur fjöldi Íslendinga leitað út fyrir landsteinana og er það reyndar engin nýlunda. Á hinn bóginn hefur sú breyting orðið hér á landi á undanförnum árum að straumur fólks af erlendu bergi brotið hefur vaxið jafnt og þétt. Það hefur enn hraðað þessari þróun að þensla hefur orðið í ýmsum greinum atvinnulífsins með tilheyrandi skorti á vinnuafli og hefur beinlínis verið hvatt til þess að fá erlent vinnuafl hingað til lands.

Víða á landsbyggðinni eru nær allir starfsmenn í sumum fiskvinnslufyrirtækjum aðfluttir og hér á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorninu er það einkum í byggingariðnaði, stærri iðnfyrirtækjum og á sjúkrastofnunum sem sóst hefur verið eftir erlendu vinnuafli.

Mjög mikilvægt er að vel sé búið að fólki sem flyst hingað og er það skylda okkar að tryggja öllu fólki sem hér býr réttindi á vinnustað og í samfélaginu að öðru leyti sambærileg þeim sem aðrir njóta og kveðið er á um í lögum og kjarasamningum. Reynsla þeirra þjóða sem hafa ekki búið nægilega vel um hnúta hvað þetta varðar er sú að til hafa orðið illleysanleg félagsleg vandamál.

Margir Íslendingar sem hafa sest að á erlendri grundu þekkja af eigin raun hvers virði það er þegar vel er tekið á móti fólki og réttindi þess tryggð í hvívetna. Þannig hefur verið sérlega vel hlúð að börnum Íslendinga sem fylgt hafa foreldrum sínum til Norðurlanda til náms eða starfs. Þar hefur bæði skólakerfið og félagsþjónusta tekið þeim opnum örmum. Án efa verður ekki alhæft um hvernig atvinnurekendur sem sóst hafa eftir vinnuafli erlendis frá taka á móti aðfluttu fólki og eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er víðast hvar vel að verki staðið. Á þessu hefur þó verið misbrestur og hafa komið fram í fjölmiðlum upplýsingar um alvarleg tilvik þar sem hvorki kjarasamningar né önnur réttindi eru virt. Til þess að fólk geti staðið vörð um rétt sinn og sótt hann, ef því er að skipta eða hreinlega notið þeirrar þjónustu sem velferðarkerfið hefur upp á að bjóða á sjúkrastofnunum, í skólum eða innan félagsþjónustunnar, verður fólk að geta gert sig skiljanlegt og skilið aðra.

Það er staðreynd að leitað hefur verið eftir því að fá til landsins erlent vinnuafl. Íslendingar verða að átta sig á því að þeim ber lagaleg og siðferðileg skylda til að tryggja aðkomufólki grundvallarréttindi og því er spurt:

1. Hvað líður stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda?

2. Hvaða kvaðir eru lagðar á atvinnurekendur til að tryggja réttindi innflytjenda sem þeir ráða til starfa og á hvern hátt er fylgst með því að þeir fari að lögum og settum reglum?

3. Er innflytjendum sem ekki hafa vald á íslensku tryggð túlkaþjónusta til að leita réttar síns og nýta þjónustu sem þeim ber innan velferðarþjónustunnar og réttarkerfisins eða annars staðar þar sem á þarf að halda?

[14:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjenda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga málefni. Málefni útlendinga varða mörg svið þjóðfélagsins en þau falla undir verksvið margra ráðuneyta og það eru þó einkum félmrn., dómsmrn., heilbr.- og trmrn. og menntmrn.

Ég held að mjög mikilvægt sé að öll stjórnsýsluframkvæmd ríkisins í málefnum útlendinga sé skýr. Því þykir mér afar brýnt að kanna möguleika á því að málaflokkurinn verði undir yfirstjórn eins ráðuneytis og rökin fyrir því eru einkum þau að með því náist betri heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og samræming í aðgerðum verði einfaldari og árangursríkari.

Útlendingum hefur fjölgað mjög undanfarin ár og ekkert bendir til þess að svo verði ekki á næstu árum. Við höfum kannað það í ráðuneytinu hvað hafi orðið um það fólk sem fékk hér atvinnuleyfi fyrir fjórum árum og í ljós kemur að 40% af því er hér enn. Það segir okkur það að þetta fólk ætlar að setjast hér að og okkur ber skylda til að sinna því.

Þegar litið er til þeirrar þróunar hvernig samsetning útlendinga hérlendis er með tilliti til aldurs og kynferðis má búast við að umfang mála að því er varðar útlendinga hér á landi aukist enn að mun. Í ljósi þessa hef ég skipað nefnd sem falið hefur verið að kanna aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi. Nefndinni er jafnframt falið að skila tillögum um úrbætur. Ég bind vonir við það, m.a. á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar, að mótuð verði stefna varðandi aðbúnað og þjónustu við útlendinga hér á landi. Vinnumálastofnun fylgist með þeim sem eru með atvinnuleyfi og reynir að gæta réttar þeirra. Það er afar mikilvægt að vinna að framtíðarstefnu í málefnum útlendinga þar sem verkefninu yrði myndaður fastur rammi hvað varðar skipulag og lagaumhverfi.

Hvaða kvaðir eru lagðir á atvinnurekendur? Þeir verða í fyrsta lagi að sækja um leyfi fyrir tilgreindar persónur, þ.e. nafngreindar persónur. Það skal liggja fyrir undirritaður ráðningarsamningur um tiltekinn tíma eða til verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, samanber lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Atvinnurekandinn verður að undirgangast það að kosta ferðir útlendingsins og þar með heimferð.

Vinnumálaskrifstofan veitir ekki atvinnuleyfi nema ráðningarsamningur uppfylli ofangreind skilyrði. Áður en atvinnuleyfi er veitt hefur viðkomandi stéttarfélag einnig umsögn og umsagnarrétt um ráðningarsamninginn. Í langflestum tilfellum lætur stéttarfélagið annaðhvort átölulaust að viðkomandi atvinnuleyfi sé veitt eða það samþykkir að leyfið sé veitt.

Ef ákvæði ráðningarsamninga eru ekki haldin ber stéttarfélögunum náttúrlega að reyna að leysa slík ágreiningsefni og innheimta t.d. vangoldin laun en það hefur komið fyrir að Vinnumálastofnun hefur orðið að grípa inn í og afturkalla veitt atvinnuleyfi. Vinnumálastofnun hefur líka látið Heilbrigðiseftirlitið gera könnun á aðbúnaði erlends vinnufólks þegar við höfum fengið rökstuddan grun um að misfarið sé með það fólk. Enn fremur höfum við óskað eftir lögregluransókn þar sem upp hefur komið grunur um að milligöngumenn hafi verið að reyna að græða á því að selja útlendingum atvinnuleyfi með okurverði eða útvega útlendinga til vinnu gegn óhæfilegri þóknun.

Varðandi túlkaþjónustuna er réttur til túlkaþjónustu lögfestur í nokkrum tilvikum, þ.e. varðandi rétt sakbornings, vitnis eða annars sem gefur skýrslu fyrir dómi í opinberu máli og er ekki nægilega fær í íslensku.

Í 5. gr. laga um réttindi sjúklinga er kveðið á um rétt sjúklinga til upplýsinga um heilsufar og meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Þegar sjúklingar eiga í hlut sem tala ekki íslensku skal tryggja þeim túlkun.

Íslendingar hafa einnig skuldbundið sig á margvíslegan hátt með milliríkjasamningum á félagslegu sviði þar sem hægt er að veita útlendingum sambærilega þjónustu og Íslendingum.

[14:33]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. félmrh. Páls Péturssonar um að málefni útlendinga heyra undir ein fimm ráðuneyti og gallana við það. En síðast í umræðunni um Schengen á sl. þingi var bent á að brýn nauðsyn væri á því að fram fari heildstæð endurskoðun á íslenskri löggjöf sem snýr að útlendingum en lögin sem við búum við núna eru frá 1965, um eftirlit með útlendingum, og svo höfum við löggjöf um atvinnuréttindi útlendinga. Hvorttveggja tel ég að sé ófullnægjandi bæði hvað varðar meðferð mála, sem snýr fyrst og fremst að verksviði Útlendingaeftirlitsins, svo og hvað varðar réttarstöðu útlendinga almennt, sérstaklega með tilliti til heilbrigðis- og tryggingakerfisins, félags- og skólaþjónustu. Í því tilliti er öll sýnin ávallt á útlendinga sem þiggjendur og ríki og sveitarfélög sem veitendur. Ég tel að við þurfum líka að horfa til hinnar áttarinnar og líta á hagsmuni íslensks samfélags af nýjum íbúum bæði í menningarlegum og efnahagslegum hagsmunum. Við þurfum að skoða þörf íslensks atvinnumarkaðar vegna fyrirsjáanlegrar umframeftirspurnar eftir vinnuafli tengt þeim aukna hagvexti sem spáð er og reiknað er með. Því finnst mér óhjákvæmilegt annað en að fram fari heildarendurskoðun eða heildarmótun innflytjendastefnu líkt og nágrannalöndin hafa gert.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ákaflega brýnt að taka á málefnum innflytjenda og þess vegna hefur minn flokkur, Samfylkingin, lagt mikla vinnu í stefnumótun á því sviði. Segja má að þörfin kristallist í þeim orðum og upplýsingum hæstv. félmrh. að könnun, sem gerð var á högum útlendinga sem fluttust fyrir fjórum árum til Vestfjarða, leiðir í ljós að 40% af þeim er hér enn þá. Með öðrum orðum dregur hæstv. félmrh. þá rökréttu ályktun að þetta fólk vilji flendast hér og verða íslenskir ríkisborgarar. Það þýðir að við þurfum að sinna ákveðnum skyldum gagnvart þeim.

Það sem mér rennur mest til rifja er að heyra sögur af afdrifum barna þessa fólks í skólakerfinu sem hingað kemur og vill dvelja hér á landinu, verða íslenskir borgarar þegar til langs tíma er litið. Mér segir svo hugur um ef við grípum

ekki í taumana þar kunni svo að fara að innan skamms verði til hópur barna af útlendu bergi brotin sem nær ekki að fóta sig í íslenska skólakerfinu og getur orðið að jaðarfólki í íslensku samfélagi. Það brýnir fyrir okkur nauðsyn þess að móta stefnu í málefnum útlendinga, ekki síst barna af erlendu bergi brotin og hvernig hægt er að hjálpa þeim til að fóta sig í skólakerfinu. Það skiptir ákaflega miklu máli.

[14:36]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil halda beint áfram þar sem hv. síðasti ræðumaður sleppti orðinu. Það er mjög þýðingarmikið að þessu fólki verði sinnt í skólakerfinu. Þar sem ég þekki best til, á Vestfjörðum, hefur fyrst og fremst verið verkafólk af erlendu bergi brotið við ýmsar atvinnugreinar, síðan er það farið að átta sig á því að velferðarkerfið, skólakerfið okkar er að mörgu leyti gott og það er því farið að flytja með sér fjölskyldur hingað. Börnin koma inn í skólana við afar erfiðar aðstæður, bæði fyrir þau sjálf, þá sem vinna í skólunum og heimili barnanna. Í íslensku grunnskólalögunum eru engin skýr ákvæði um hvernig fara skuli með mál af þessu tagi og afgreiðsla skólanna, þó þeir séu allir af vilja gerðir, er afar mismunandi. Þessi atriði, hæstv. félmrh., er mjög nauðsynlegt að verði tekin þegar þessi mál verða skoðuð og fundin viðunandi lausn svo að ekki fari þannig að við fáum nemendur sem verða annars flokks í íslensku þjóðfélagi vegna þess að þeim hefur ekki verið hægt að sinna nægilega.

[14:37]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem hafa talað hér á undan um mikilvægi þessa málaflokks og um leið geta þess og minna á að hæstv. dómsmrh. boðaði nýja heildarlöggjöf um málefni útlendinga sem koma til með að leysa lögin frá 1965 af hólmi og er líklegt að það frv. verði flutt á hinu háa Alþingi innan tíðar.

Ég ítreka að það er óskandi að þingheimur nái sátt um jafnmikilvæg málefni og málefni útlendinga eru.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir mjög greinargóð svör miðað við þann tíma sem hann hafði til svara. Í máli hans kom fram að unnið væri að frekari stefnumótun á þessu sviði af hálfu ríkisstjórnarinnar. Staðreyndin er sú að sveitarfélögin vinna einnig að stefnumótun en þau skortir lagastoð að ýmsu leyti. Ríkið hefur ekki mótað skýra stefnu enda þótt ákveðnar kröfur séu gerðar, t.d. í aðalnámskrá gagnvart skólakerfinu.

Hæstv. félmrh. reifaði þá hugmynd að málefni innflytjenda færu öll undir sama ráðuneytið. Þetta kann að hafa ákveðna hagræðingu í för með sér, þótt ég velti einnig fyrir mér hvort einhverjir ókostir kunni að fylgja þessu. Ég geri mér grein fyrir því að þá er skammt í mótsagnakenndan málflutning þegar maður annars vegar vill að tekið sé heildstætt á málunum. Hins vegar vill maður forðast að tekið sé á málefnum innflytjenda sem aðgreindum hópi, hópi sem maður vill í reynd að renni inn í íslenskt samfélag eins og kostur er.

Ég tel mjög mikilvægt að vel sé staðið að túlkaþjónustunni og þá er það ekki aðeins spurningin um að veita slíka þjónustu. Tryggja þarf að hún sé ókeypis, að hún sé án endurgjalds, og mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta sé tryggt. Ég hef grun um að þar sé víða pottur brotinn, að við veitum ekki þá þjónustu alls staðar þar sem þörf er á.

Ég hef sett fram spurningar gagnvart öðrum ráðherrum, gagnvart hæstv. menntmrh. sem bíður væntanlega næstu viku, sem snerta einnig málefni innflytjenda. En tek undir með öðrum hv. þm. sem hafa tjáð sig um þetta mál að mjög mikilvægt er að um það skapist breið pólitísk samstaða að standa hér myndarlega að verki.

[14:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að það er mjög mikilvægt að fylgjast með einmitt unglingunum eða börnunum og hvernig þeim tekst að aðlagast íslensku samfélagi. Ég get sagt góðar fréttir af því og ég get sagt af því slæmar fréttir. Góðu fréttirnar eru t.d. þær að fyrir fjórum árum komu flóttamannafjölskyldur til Ísafjarðar. Ein stelpa úr þessum flóttamannafjölskyldum lauk prófi frá menntaskólanum á Ísafirði í fyrravor og starfar nú sem túlkur á Siglufirði. Hún talar svo góða íslensku að maður áttar sig ekki á því að þar sé um útlending að ræða.

Í Laugabakkaskóla í Miðfirði voru 10% nemendanna í fyrravetur tvítyngd. Í grunnskólum Reykjavíkur eru líklega upp undir 700 nemendur tvítyngdir, þ.e. annaðhvort með annað foreldrið erlent eða eru fæddir erlendis af íslenskum foreldrum en hafa búið mestan sinn aldur í útlöndum og þurfa stuðningskennslu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir 75 þús. kr. á hvern tvítyngdan nemanda í sveitarfélögum sem eru ekki svo núllstillt eins og Reykjavík er, en ég tel að jöfnunarsjóður ætti líka að snúa sér að aðstoða Reykjavík í þessu efni.

Norðurlandsamningur um félagslega aðstoð tryggir t.d. Norðurlandabúum að þeir megi tala á eigin tungu og tryggir þeim túlkun. Miðstöð nýbúa rekur túlkaþjónustu gegn gjaldi en þær stofnanir sem óska eftir túlkaþjónustu greiða yfirleitt fyrir þjónustuna.

Félmrn. hefur gengist fyrir námskeiðum og er með eitt námskeið í gangi núna fyrir hjúkrunarfólk og það lofar mjög góðu. Við höfum verið að gefa út ritlinga eða hefti til stuðnings útlendingum á ýmsum tungum, ásamt með verulega vandaðri handbók fyrir þá sem vinna með útlendinga.

Sokkin skip og önnur mengunarhætta í sjó umhverfis landið.

Fsp. JÁ, 185. mál. — Þskj. 194.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Nú liggja fyrir áform hæstv. umhvrh. um aðgerðir vegna mengunar frá olíuskipinu El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar og ber að fagna því að þeirri mengunarhættu sem vofir yfir þar verði afstýrt og vonandi munu þær aðgerðir ganga vel.

Auðvitað hafa fjölmörg skip sokkið við Ísland og á miðunum í kringum landið í gegnum tíðina. Það hlýtur að vera verkefni stjórnvalda að afla upplýsinga um þá mengunarhættu sem getur skapast af slíkum flökum. Lægju þeir skipsskrokkar á þurru landi, sem eru á hafsbotni í kringum Ísland, er ekki vafi á því að stjórnvöld mundu bregðast við vegna mengunarhættu. Slík flök yrðu fjarlægð og mengunarefni a.m.k. fjarlægð úr þeim. Nú kann að vera að langflest

þessara skipsflaka valdi ekki hættulegri mengun en þó hlýtur að vera nauðsynlegt að fylgjast með og skrá hugsanlega mengunarhættu frá þeim.

Tilgangur minn með því að vekja upp umræðu um þessi mál er að ég vil ganga úr skugga um að þessari mengun, sem er örugglega til staðar í kringum landið, sé fylgt eftir að skoða þannig að mögulegt sé að taka ákvarðanir ef þörf er á aðgerðum. Þess vegna ber ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. umhvrh.:

1. Frá hve mörgum skipsflökum sem vitað er um í sjó umhverfis landið er talið að stafi hætta á mengun?

2. Eru að mati umhverfisráðherra nægilega nákvæmar upplýsingar fyrir hendi um mengunarhættu frá skipsflökum eða öðrum mengunarvöldum í sjó í kringum landið og ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra þá fyrir til úrbóta?

3. Er þörf bráðra aðgerða vegna mengunarvalda í sjó og ef svo er, hver eru þá brýnustu verkefnin?

Ég vil bæta við örfáum orðum. Við vitum um flök þar sem skip hafa sokkið með mengunarefnum um borð. Þekkt dæmi eru um það. Menn hafa lagt hendur í skaut gagnvart þeim málum og talið að lengi tæki sjórinn við en ég hef grun um að vísindaleg umfjöllun um einstök slys sem hafa orðið á miðunum kringum landið og við ströndina hafi kannski ekki verið afskaplega mikil. Ég tel að fjalla þurfi um hvert einstakt tilfelli þegar það kemur upp, skrá það og fylgjast síðan með þeim flökum og mengunarvöldum sem menn telja ástæðu til að fylgjast með og grípa til aðgerða ef þörf er á. Þess vegna er þetta mál vakið upp til umræðu á hv. Alþingi og ég vonast eftir skýrum svörum frá hæstv. ráðherra um hvað hann hyggist fyrir í þessum efnum.

[14:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrsta spurningin er: Frá hve mörgum skipsflökum sem vitað er um í sjó umhverfis landið er talið að stafi hætta á mengun?

Því er til að svara að samkvæmt upplýsingum nefndar sem starfaði á vegum umhvrn. og falið var að fjalla um álitamál er snúa að úreldingu, niðurrifi og förgun skipa og skilaði niðurstöðum í mars í fyrra, liggja 87 skip víða í fjörum, í hafnalegum eða eru naustuð. Flök sem liggja í fjörum eða annars staðar og enginn vill kannast við ábyrgð eða eignarrétt á eru alls 66 og skip sem liggja í höfnum eða slippum og eignarréttur og ábyrgð liggur óumdeilt fyrir eru alls 21.

Samkvæmt svokallaðri flakaskrá sem unnin var á vegum Siglingamálastofnunar á árunum 1994–1996 og geymir upplýsingar um öll skipsflök, sokkin sem ósokkin, frá 1926–1996 eru flökin um þúsund í íslensku efnahagslögsögunni.

Fjöldi erlendra skipa sem sökkt var á stríðsárunum er rúmlega 100. Ljóst er að veruleg mengunarhætta stafar af einu skipi, El Grillo, sem liggur á botni Seyðisfjarðarhafnar og hefur verið ákveðið að grípa til viðeigandi ráðstafana á næsta ári til að koma í veg fyrir mengun eins og kunnugt er.

Annað skip, lítill olíuflutningaprammi, Haskel, 130 tonn að stærð sökk út af Hvammsfirði í Hvalfirði í júlí 1962. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var prammi þessi fullur af þykkri svartolíu sem viðbúið er að sé orðinn einn köggull og því hættulaus. Það mál er til sérstakrar athugunar hjá Hollustuvernd ríkisins sem stendur og verður gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldi af því.

Í örfáum tilvikum hafa olíutunnur úr skipum sem sökkt var á stríðsárunum komið í veiðarfæri. Að öðru leyti er ekki hægt að segja að bein mengunarhætta stafi af skipum sem liggja í fjörum, hafnarlegum eða eru naustuð en óneitanlega eru af því lýti og þeim fylgir sóðaskapur og slysahætta.

Í öðru lagi er spurt hvort fyrir liggi nægar upplýsingar varðandi mengunarhættu frá skipsflökum eða öðrum mengunarvöldum í sjó í kringum landið og sé svo ekki, hvað ráðherra hyggist þá gera til úrbóta.

Því er til að svara að ég tel að nægar upplýsingar séu til staðar. Í áðurnefndri flakaskrá, sem reyndar þarf að uppfæra, og í áliti nefndar sem ég gat um hér á undan er málinu gerð góð skil. Sem stendur er á vegum stjórnskipaðrar nefndar unnið að gerð frv. til nýrra laga um varnir gegn mengun hafsins undir heitinu Verndun umhverfis hafsins og stranda. Þessi vinna er vel á veg komin og vænti ég þess að geta lagt frv. fram fljótlega eftir áramót.

Nefndinni var sérstaklega falið að vinna úr skýrslu þeirrar nefndar sem ég gat um hér á undan, m.a. hvernig skuli taka á skipsflökum sem liggja á víð og dreif umhverfis landið. Samkvæmt upplýsingum frá formanni nefndarinnar er gert ráð fyrir ákvæði í frv. þar sem reiknað er með að gert verði átak í því á næstu árum að fjarlægja þessi flök og koma þeim í endurvinnslu, enda þekking og tæki til þess í landinu hvort sem um er að ræða tréskip, stálskip eða plastbáta. Ég vænti þess að Alþingi fái fljótlega tækifæri til að taka afstöðu til þessa máls.

Varðandi þriðju spurninguna: Er þörf bráðra aðgerða vegna mengunarvalda í sjó og ef svo er, hver eru þá brýnustu verkefnin?

Ekki er þörf á bráðum aðgerðum en á vegum ráðuneytisins starfar sérstök bráðamengunarnefnd sjávar sem fengið er það hlutverk að standa fyrir rannsóknum á þeim þáttum sem vantar í gagnagrunn sem þegar hefur verið unninn, endurskoða og fara yfir áætlanir um viðbrögð við mengunaróhöppum, annast áhættugreiningu í ljósi upplýsinga í núverandi gagnagrunni auk annarra upplýsinga, veita ráðuneytinu ráðgjöf um þau atriði sem upp kunna að koma þegar meiri háttar óhöpp verða og fara yfir atburðarás að aðgerðum loknum og meta árangur þeirra aðgerða sem gripið var til.

Að mati bráðamengunarnefndarinnar er brýnasta verkefnið sem stendur að kortleggja þau verðmæti sem eru í húfi þegar óhapp verður sem getur valdið mengun sjávar og stranda, hvort sem er frá starfsemi í sjó eða landi. Í þessu skyni hefur nefndin í samráði við umhvrn. hafið kortlagningu á ströndinni frá Dyrhólaey, vestur fyrir Reykjanes og norður á Snæfellsnes þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar um þau verðmæti sem væru í hættu ef mengunaróhapp yrði. Þetta kort, svokallað vákort af suður- og suðvesturströnd landsins, yrði notað sem stjórntæki og enn fremur til að veita sjófarendum og öðrum upplýsingar um þau verðmæti sem eru í húfi.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Af þeim virðist mér eðlilega unnið að upplýsingasöfnun og skráningu mengunaróhappa sem verða og orðið hafa síðustu árin. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að einhvers konar yfirferð þar sem skoðað verði hvort alvarleg mengunarhætta geti verið frá skipum sem hafa sokkið við ströndina í gegnum árin sé nauðsynleg.

Eins og hæstv. ráðherra sagði eru eitthvað á annað þúsund skipsflaka sem menn vita að liggja á víð og dreif í kringum landið, skip sem hafa sokkið á síðustu áratugum. Vitað er um staðsetningu ýmissa þessara flaka. Menn vita líka hvað var um borð. Menn vita t.d. að þegar flutningaskipið Haukur sökk á Borgarfirði þá var það fullt af áburði. Ég veit ekki hvort hætta stafar af áburði eins og var í því skipi. Ég geri ráð fyrir því að nefndin hafi farið yfir það mál. Ég býst við því að upplýsingar séu til um mörg af þeim skipum sem hafa sokkið og hugsanlega líka um farm þeirra.

Ég tel ástæðu til að fara nánar yfir þessi mál. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún telji fullnægjandi að koma þeim málum í gott horf sem snúa að mengun sem verða kann á næstunni en aðhafast ekki varðandi aðra mengunarhættu sem hugsanlega kann að verða vegna skipa sem farist hafa á undanförnum árum. Getum við látið aðgerðir miðast eingöngu við þau skip sem liggja í fjörum en ekki þau sem liggja sokkin í kringum landið?

[14:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, Jóhanni Ársælssyni, eru þessi mál í eðlilegum farvegi. Það eru til verulegar upplýsingar og út frá þeim er unnið í aðdraganda þess að hér verður lagt fram frv. til nýrra laga um varnir gegn mengun hafsins. Það er því alveg ljóst að núna stendur yfir vinna við þessi mál.

Langbrýnasta vandamálið hefur verið sú mengunarhætta sem stafar af El Grillo. Það skip hefur verið á botni Seyðisfjarðar síðan 1944 og líklega hefur lekið úr því meira eða minna síðan. Ég hef skoðað gögn í ráðuneytinu sem sýna að send hafa verið gögn frá bæjaryfirvöldum á Seyðisfirði um lengri tíma til umhvrn. og beðið um að tekið yrði á því máli. Nú á að gera það. Þetta verður væntanlega umfangsmikil aðgerð og nokkuð vandasöm en ég tel að við séum að gera afar vel með því að drífa í því að hreinsa upp El Grillo.

Eins og hér kom fram áðan er Hollustuvernd ríkisins að skoða annað skipsflak, þ.e. pramma í Hvalfirði og mun grípa til aðgerða verði það talið nauðsynlegt. Varðandi öll hin skipsflökin þá teljum við að engin bráðahætta stafi af þeim en menn munu núna við frumvarpssmíðina og þegar við tökum frv. til meðferðar hér á Alþingi skoða þau mál enn betur.

Jarðskjálftarannsóknir.

Fsp. ÍGP, 100. mál. — Þskj. 100.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Eftir hina skelfilegu jarðskjálfta sem riðu yfir Suðurland 17. og 21. júní sl. hafa verið gerðar mjög merkilegar rannsóknir af starfsmönnum jarðskjálftamiðstöðvar Háskóla Íslands á Selfossi undir forustu Ragnars Sigurbjörnssonar og starfsmanna hans sem kynntar voru 10. október sl. Þá hefur Veðurstofa Íslands gefið út merkilega skýrslu um jarðskjálfta sem unnin er af Ragnari Stefánssyni og starfsmönnum hans á jarðskjálftadeild Veðurstofunnar.

Tækni fleygir fram í vísindasamfélaginu eins og reyndar í samfélaginu öllu. Vísindamenn eru í raun komnir fram úr stjórnvöldum. Þess vegna er brýnt að nýta þær upplýsingar sem fram koma í þessum skýrslum sem allra fyrst því þær eru afar mikilvægar. Jarðskjálftasérfræðingar geta kortlagt sprungur sem ekki sjást á yfirborði jarðar og þess eru dæmi að fólk hefur ætlað að endurbyggja eða byggja hús sín á sprungum sem ekki sjást á yfirborðinu. Því er mjög brýnt að flýta aðgerðum. Við getum gert betur með þessum vísindarannsóknum og með þeim hætti eigum við að geta skapað meira öryggi íbúa á svæðinu. Því spyr ég hæstv. umhvrh.:

1. Hvernig hyggst ráðherra nýta skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi, um áhrif jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní sl., sem kynnt var 10. október?

2. Mun ráðherra láta gera áhættugreiningu sem nær til allra jarðskjálftasvæða landsins?

[14:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: Hvernig hyggst ráðherra nýta skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi um áhrif jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní sem kynnt var 10. október sl.?

Því er til að svara að umrædd skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hefur hvorki verið send né kynnt umhvrn. Því þekki ég ekki efni hennar að öðru leyti en því sem komið hefur fram í fjölmiðlum. Þessi jarðskjálftarannsóknarmiðstöð er ekki undir umhvrn. Ráðuneytið hefur óskað eftir eintaki af skýrslunni.

Í öðru lagi er spurt: Mun ráðherra láta gera áhættugreiningu sem nær til allra jarðskjálftasvæða landsins?

Í framhaldi af tillögum stjórnskipaðrar nefndar frá því í mars sl. er m.a. til athugunar hvernig unnið skuli að áhættugreiningu sem ég tel að nauðsynlegt sé að verði gerð. Ljóst er að verkefni er lýtur að áhættugreiningu í tengslum við jarðskjálfta þarf að vinna í samráði við ýmsa aðila. Málið tengist t.d. almannavörnum og viðbrögðum á vegum þeirra þannig að hér yrði um að ræða verkefni nokkurra ráðuneyta og stofnana. Það er hins vegar lögbundið hlutverk Veðurstofu Íslands að afla upplýsinga um jarðskjálftamál og meta hættu á jarðskjálftum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 367/1996, um Veðurstofu Íslands. Það er því hlutverk Veðurstofunnar að annast hættugreiningu jarðskjálftasvæða en með henni eru metnar líkur á harðskjálftahreyfingu eða jarðskjálftavá sem er grundvöllur áhættugreiningar. Áhættugreiningin er síðan samstarfsverkefni Veðurstofunnar og annarra aðila eins og Almannavarna ríkisins, Aflfræðistofu Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar háskólans, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, verkfræðistofa o.fl.

Til frekari upplýsinga vil ég geta þess að á næsta ári er ætlunin að leggja aukið fé til bráðaviðvörunarkerfis fyrir náttúruhamfarir en til þess verður samkvæmt fjárlagafrv. varið 16 millj. kr. Einnig er nauðsynlegt að unnir verði sérístenskir staðlar um hönnunarþol bygginga, m.a. með hliðsjón af jarðskjálftum. Það mál er í sérstökum farvegi í ráðuneytinu en reiknað er með að það verk taki a.m.k. eitt ár.

[15:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það kemur mér mjög á óvart að hæstv. umhvrh. hafi ekki kynnt sér innihald skýrslu sem unnin hefur verið á vegum Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Þar er afar vel og ítarlega farið yfir þá áhættuþætti sem þarf

að greina og hvaða vinnubrögð þarf að viðhafa á næstu árum til að gera úttekt á öllum þeim virku jarðskjálftasvæðum sem til eru á landinu. Við höfum, nokkrir þingmenn, lagt fram á þskj., 116. mál þessa þings, tillögu um hvernig staðið verði að þessum málum. Sem fskj. þar með er samantekt frá rannsóknarmiðstöðinni á Selfossi. Þannig hefðu verið hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra a.m.k. að lesa þá samantekt í stað þess að láta taka sig svo í bólinu eftir þá alvarlegu atburði sem urðu á Suðurlandi að hún hefur ekki einu sinni kynnt sér fyrirliggjandi gögn.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það kemur mér mjög á óvart og veldur mér reyndar vonbrigðum að þessi gögn hafi ekki borist virðulegu umhvrn. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að það þau berist fljótt og vel, enda er það í verkahring jarðskjálftamiðstöðvarinnar að koma þessum gögnum til ráðuneytisins.

Ég geri mér líka grein fyrir því að þetta snertir fjölmörg ráðuneyti. Umrædd háskólastofnun á Selfossi sem sér um jarðskjálftarannsóknir tilheyrir auðvitað menntmrn. Eins og fram hefur komið eru þetta mjög merkilegar upplýsingar og í framsögu minni kom fram að segja mætti að vísindasamfélagið sé á undan okkur. Oft er talað um vísindamenn með ákveðinni lítilsvirðingu, eins og þeir séu grúskarar að dunda sér úti í hornum, en í þessum tilfellum eru þeir komnir langt á undan okkur. Það er skylda okkar hér á Alþingi að nýta þessar upplýsingar sem allra best til að búa fólkið sem býr á þessum svæðum undir vá sem þessa. Rannsóknir vísindamanna bjóða upp á þann möguleika.

Ég fagna því sem fram kom í svari ráðherra að hún hyggist láta gera áhættugreiningu í samvinnu jafnmargra stofnana og fram kom. Það er mjög mikilvægt og ég undirstrika að það er skylda okkar á Alþingi að styrkja þetta vísindaumhverfi til að vera betur búin undir atburði eins og þá sem gerðust 17. og 21. júní sl.

[15:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst, eins og hér kom fram, að það er hægt að nýta skýrsluna sem miðstöðin á Selfossi hefur tekið saman en hún var ekki send í umhvrn. Við höfum hins vegar kallað eftir henni og munum síðan fara yfir hana og sjá hvað við getum nýtt okkur varðandi þessi mál.

Það verður hins vegar að viðurkennast að jarðskjálftamálin hafa að mínu mati ekki verið í eðlilegum farvegi. Þar hefur verið núningur á milli stofnana og aðila og ríkt ákveðin samkeppni um þessi mál. Ég tel að það sé ekki málaflokknum til framdráttar að hafa málin áfram í slíkum farvegi.

Um þessar mundir hafa ráðuneytisstjórar viðkomandi ráðuneyta sem koma að þessum málum fundað og haft með sér samráð, m.a. vegna þess að menn vildu fá góðar tillögur um hvernig ætti að nýta það fjármagn sem ríkisstjórnin ákvað að láta renna til fórnarlamba jarðskjálftanna á Suðurlandi. Ráðuneytisstjórahópurinn hefur einnig skoðað hvort hægt sé að koma þessum málum í betri farveg, þannig að ekki verði sá núningur á milli stofnana og hópa sem við höfum séð hingað til. Ég bind miklar vonir við að við getum lært af jarðskjálftunum á Suðurlandi og þannig komið málunum í enn betri farveg en þau hafa verið í hingað til.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 15:07.

---

22. FUNDUR

fimmtudaginn 9. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 175. mál, þskj. 182. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 193. mál, þskj. 203. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 204. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209. — 1. umr.
6. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210. — 1. umr.
7. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211. — 1. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206, brtt. 243. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207. — 1. umr.
10. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 1. umr.
11. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.
13. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Klukkan hálftvö, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um loftslagsbreytingar. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsmenn Fiskistofu, 230. mál, fsp. ÁJ, þskj. 247.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði, 108. mál, svar fjmrh., þskj. 189.

Fjáröflun til vegagerðar og álögur á landflutninga, 143. mál, svar fjmrh., þskj. 202.

Frumkvöðlafræðsla á landsbyggðinni, 151. mál, svar iðnrh., þskj. 219.

Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana, 231. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 248.

Kostnaður við hafrannsóknarskip, 229. mál, fsp. SvanJ, þskj. 246.

Leyfi til sjókvíaeldis, 228. mál, fsp. SvanJ og JÁ, þskj. 245.

Sjókvíaeldi, 227. mál, fsp. SvanJ, þskj. 244.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209.

[10:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta frv. er byggt á tillögum svokallaðrar tekjustofnanefndar sem verið hefur að störfum undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Nefndin var annars skipuð hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Arnbjörgu Sveinsdóttur ásamt fulltrúum sveitarfélaganna, Eggert Jónssyni borgarhagfræðingi, Guðmundi Bjarnasyni, bæjarstjóra í Neskaupstað, og Ingimundi Sigurpálssyni, sem var bæjarstjóri í Garðabæ en er nú orðinn forstjóri Eimskipafélagsins. Frá fjmrn. sat í þessari nefnd Bolli Bollason og starfsmenn félmrn. unnu einnig með nefndinni.

Þessi nefnd náði sameiginlegri niðurstöðu sem allir skrifuðu undir. Fulltrúi stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, skrifaði að vísu undir með fyrirvara og fulltrúar sveitarfélaganna voru með bókun þar sem þeir töldu, eins og þar segir, „öll rök benda til þess að auka þurfi árlegar tekjur sveitarfélaganna í heild um 6–7 milljarða króna.

Í erindisbréfi nefndarinnar var kveðið á um hlutverk hennar og ítrekað að markmið slíkrar endurskoðunar ætti að vera að tryggja að tekjustofnar sveitarfélaganna séu á hverjum tíma í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Þar segir enn fremur að stefnt skuli að því með endurskoðuninni að viðhalda einföldu og sveigjanlegu tekjustofnakerfi sem jafnframt skapi sveitarfélögunum nægilega tekjustofna til að sinna lögbundnum verkefnum.

Í stuttu máli er efni þessa frv. að hámarksútsvarsprósentan verður hækkuð í tveimur áföngum og hækkunin nemur samtals tæpu prósentustigi eða 0,99 prósentustigum. Þessi tekjuauki sveitarfélaganna, ef fullnýttur verður, er um 3,8–4 milljarðar. Í fyrri áfanga er lagt til að frá 1. janúar 2001 hækki hámarksheimild til útsvarsálagningar um 0,66 prósentustig og verði því 12,70 í stað 12,04 eins og nú er. Á móti lækki tekjuskattsprósenta ríkisins um 0,33%. Lágmarksútsvarsprósentan verði óbreytt eða 11,24. Í seinni áfanga er lagt til að frá 1. janúar 2002 hækki hámarksheimild til útsvarsálagningar um 0,33 prósentustig og verði því 13,03% í stað 12,70 miðað við fyrri áfanga og enn þá verði lágmarksútsvarið óbreytt. Þarna skapast sveitarfélögunum svigrúm til að ákveða útsvar á talsverðu bili.

Í þessu frv. er líka gert ráð fyrir því, eins og í tillögum nefndarinnar, að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Sú breyting hefur í för með sér verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins en snertir ekki höfuðborgarsvæðið. En með þessari breytingu er skatturinn lagður á raunverulegt verðmæti fasteigna.

Einnig er samkomulag um það, þó þess sé ekki getið í þessu frv., að ríkið leggi 700 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á fjáraukalögum ársins 2000 og 700 millj. á fjárlögum næsta árs og að á árinu í ár verði þessum 700 millj. varið með svipuðum hætti og fólksfækkunar- og þjónustuframlögunum á síðasta ári en síðan verði framlaginu á árinu 2001 eða úthlutunarreglunum e.t.v. breytt. Ríkið leggur þannig sveitarfélögunum til 1.250–1.300 millj. af tekjuskatti, 1.100 millj. til að leiðrétta fasteignaskatt og tvisvar sinnum 700 millj. eða alls 1.400 millj. í fólksfækkunar- og tekjufallsframlag, þ.e. 3,8 milljarða beint úr ríkissjóði og þar að auki rýmka álagningarheimildir sveitarfélaganna um 0,66% eða um 2.500 millj. í tveimur áföngum.

Rétt er að undirstrika að nefndarinnar var að tryggja að tekjustofnar sveitarfélaga væru í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Það var aldrei meiningin að tekjuauki sveitarfélaga kæmi allur frá ríkinu. Sjálfstæði sveitarfélaganna fylgir nefnilega ábyrgð og möguleikar til ákvarðanatöku fyrir sveitarstjórnarmenn.

Nú skal ég ekki fullyrða um hvort sveitarfélögin telja sig þurfa að nýta þessar heimildir að fullu. Ég geri þó fremur ráð fyrr því að langflest geri það. Ég veit að Samband íslenskra sveitarfélaga er því fylgjandi að sveitarfélögin nýti þá tekjustofna sem þeim eru þarna fengnir.

Í dag er vegið meðalútsvar 11,96% en hámarkið er eins og menn vita 12,04% miðað við álagninguna vegna ársins 2000. 81 af sveitarfélögunum í landinu er með hámarksútsvar, 6 eru með lágmarksútsvar en 37 þar á milli. Fullnýti sveitarfélag heimild til hækkunar útsvars á næsta ári þá hækkar útsvar einstaklings með 2 millj. kr. tekjur á næsta ári um 6 þús. kr. Menn geta velt fyrir sér hvort um skattahækkun yrði að ræða hjá þeim sveitarfélögum sem nýttu hækkunarheimildirnar. Það er ekki alveg gefið. Í fyrsta lagi verkar breyting fasteignaskatta sem skattalækkun þar sem matsverð er lægra en í Reykjavík. Í öðru lagi hefur stórfelld hækkun barnabóta verið ákveðin og í þriðja lagi léttir hinn nýi fæðingarorlofssjóður verulegum kostnaði af sveitarfélögunum.

Þörfin fyrir tekjuaukann er líka mjög mismunandi hjá sveitarfélögunum. Frá 1996–1999 hafa útsvarsstofnar á höfuðborgarsvæðinu hækkað á föstu verðlagi um 31,5%, hæst í Kópavogi um 51,2%. En á móti þessu 31,5% sem útsvarsstofninn hefur hækkað á höfuðborgarsvæðinu þá hefur hann ekki hækkað á landsbyggðinni nema um 17,2%, þ.e. nær helmingi minna en á höfuðborgarsvæðinu. Á milli áranna 1998 og 1999 hækkaði útsvarsstofn í Reykjavík um 10,7 milljarða, í Kópavogi um rúma 3 milljarða og í Hafnarfirði um 2 milljarða. Fasteignaskattsstofnanir hafa líka breyst á milli áranna 1997 og 2000. Á höfuðborgarsvæðinu hafa þeir hækkað um 27,2% en 22,4% annars staðar. Það má geta þess að á Vestfjörðum hefur t.d. útsvarsstofninn ekki hækkað nema um 6,5% á móti þessu 51% sem hæst var í Kópavogi. Á þessu má sjá að aðstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn og þörfin fyrir auknar tekjur mjög mismunandi.

Vinna er að hefjast við endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er líka að hefjast eða í undirbúningi starf við fækkun undanþágna samkvæmt tillögum tekjustofnanefndarinnar, undaþágna frá fasteignaskatti. En eins og menn vita eru ýmsar sameiginlegar eignir undanþegnar

fasteignaskatti, kirkjur, skólar, sum orkuver, félagsheimili o.s.frv.

En það er fleira sem hefur áhrif á möguleika sveitarsjóða og gjaldþol heimila. Mér er sérstök ánægja að tala um frv. sem er til meðferðar í þinginu um stórhækkun barnabóta. Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á fjárhæðum barnabóta og skerðingarmörkum þeirra og eignatengingar eru afnumdar. Föst fjárhæð barnabóta er ákveðin til allra barna yngri en sjö ára 33.470 kr. (**GÁS:** Hvað kemur það sveitarstjórnum við?) og fjárhæðir barnabóta verða hækkaðar í þremur áföngum. Það er rétt að þetta kemur ekki sveitarsjóðunum beint við en þetta kemur hins vegar gjaldendunum við, þ.e. þeim sem eiga börn. Þannig er þetta allt hluti af dæminu.

Skerðingarmörk barnabóta hækka um 17% og skerðingar á árunum 2001–2003 og skerðingarhlutföll hækka um 2 prósentustig eða nálega þriðjung. Eignatenging barnabóta verður afnumin og barnabætur hækka um þriðjung eða alls 2 milljarða. Þessi útfærsla er að mínu mati mjög skynsamleg og þetta fyrirkomulag bætir hag allra fjölskyldna með börn undir sjö ára aldri. Þar að auki bætir það verulega hag allra fjölskyldna með lægri og meðaltekjur auk þess sem eignatenging barnabóta er afnumin. Þarna mun sú fjárhæð sem fer til barnabóta hækka um 2 milljarða í áföngum á næstu þremur árum. Það er meira en þriðjungshækkun á heildarupphæð barnabóta. Þetta tel ég mjög mikilvæga breytingu og fagna henni ákaflega, enda gáfum við framsóknarmenn fyrirheit í þessu efni fyrir síðustu kosningar.

Fæðingarorlofssjóðurinn sem settur var á stofn í fyrravor með lögum sem hér voru samþykkt léttir 400 millj. árlega af sveitarsjóðunum sem þeir hafa borið og greitt í fæðingarorlof. Þegar þetta er allt tekið saman þá leikur enginn vafi á því að hlutur sveitarsjóðanna hefur verið réttur stórkostlega og ríkið hefur spilað út miklum fjárhæðum. Ég fullyrði að sveitarfélögin hafa út úr þessum ákvörðunum, og heimildum sem þau eiga völ á að nota, fyllilega þá upphæð sem fulltrúar þeirra í tekjustofnanefndinni töldu að vantaði, þ.e. 6–7 milljarða. Það kann að vera að ég hafi gleymt að geta þess að ónýttar heimildir í útsvari hjá sveitarfélögunum nú eru samtals um 400 millj.

Þar að auki er unnið að lausn sérstaks fjárhagsvanda nokkurra sveitarfélaga á Vestfjörðum en þau hafa orðið illilega úti m.a. vegna fólksfækkunar og vilji ríkisins stendur til að aðstoða þau til að komast á raunhæfan rekstrargrundvöll.

Samkvæmt samningi skal í ár endurmeta kostnað sveitarfélaga við yfirfærslu grunnskólans, þ.e. breytingar sem ákveðnar er af ríkinu, breytingu á aðalnámskrá, lengdum skóladegi, fjölgun skóladaga og þess háttar. Það er hlutverk sérstakrar nefndar að yfirfara það mál, en sú nefnd hefur ekki lokið störfum, því miður. Ég tek þetta fram hér því að þetta var ekki á verkefnalista nefndar hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Þetta var sérstök nefnd í grunnskólamálinu, grunnskólakostnaðinum.

Það eru nokkur fleiri atriði sem ég vildi koma að, herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég benda á 2. gr. frv. Í því ákvæði sem er í 2. gr. er lagt til að allar jarðeignir og hlunnindi verði skattlagðar á sama hátt, óháð því hvort þær eru nytjaðar til landbúnaðar eða ekki. Núverandi framkvæmd hefur reynst vandkvæðum bundin sökum þess að það getur reynst erfitt að ákvarða hvort jörð er í reynd nytjuð til landbúnaðar. Þá hafa dómar Hæstaréttar Íslands frá 18. júní 1999, í málum nr. 450 og 451/1998, orðið til að vekja vafa um hvort mismunandi álagningarprósenta fasteignaskatts á jarðeignir og hlunnindi eftir notum stríði gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 3. gr. frv. er ákvæði sem ætlað er að skýra hvaða mannvirki sæti hærri álagningarprósentu en þau mannvirki sem falla undir undantekningarákvæði a-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna. Eru því sérstaklega talin upp mannvirki sem valdið hafa vafa við framkvæmd núgildandi ákvæða, svo sem fiskeldismannvirki, mannvirki tengd ferðaþjónustu, veiðihús o.s.frv. Talsverður styr hefur staðið um mismunandi álagningu sem víða hefur verið tíðkuð á annars vegar bændagistingu og sumarhús tengd ferðaþjónustu og hins vegar hótel og veitingahús. Skal í því sambandi bent á úrskurð yfirfasteignamatsnefndar frá 9. maí 1997, í máli nr. 8/1996. Þar varð niðurstaðan sú að bændagisting, þar sem ákveðinn hluti húss hafði verið innréttaður gagngert í því augnamiði að leigja til gistingar, félli utan ramma venjulegs landbúnaðar. Gat sá hluti húss sem þetta átti við um því ekki fallið undir undantekningarákvæði a-liðar.

Síðan vil ég segja um 4. gr. frv. að henni er ætlað að tryggja að þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjutapi vegna breytingar þeirrar sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að ganga út frá fasteignamati eins og það er á hverjum stað, verði jafnsett og áður. Í greininni er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum, eða 1,1 milljarði kr. á núvirði til að jafna stöðu sveitarfélaga. Með þessum hætti er tryggt að lækkunin mun skila sér beint til þeirra gjaldenda sem góðs njóta af breytingunni. Kemur framlagið til viðbótar þeim 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum, sem innheimtir eru í ríkissjóð, er Jöfnunarsjóður fær skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. tekjustofnalaganna.

Herra forseti. Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem nýlega var haldin hér í borginni voru þessar tillögur tekjustofnanefndar ræddar ítarlega og ég verð að segja að sveitarstjórnarmenn tóku þeim yfirleitt og nær undantekningarlaust vel þannig að ég tel að nefnd hv. þm. Jóns Kristjánssonar hafi unnið mjög gott starf og rétt hlut sveitarfélaganna verulega þannig að þau ættu að geta búið við þetta um sinn og sinnt sínum lögskyldu verkefnum með fullnægjandi hætti.

Ég vil að endingu þakka nefnd Jóns Kristjánssonar, tekjustofnanefndinni, fyrir mjög góða vinnu og mikla vinnu við vandasamt verkefni og síðan, herra forseti, leggja til að mál þetta verði sent til hv. félmn. til athugunar að lokinni umræðunni í dag.

[10:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum að sönnu stórmál. Ég verð í upphafi að játa, virðulegi forseti, að ég ruglaðist aðeins í ríminu undir ræðu hæstv. félmrh. þegar hann var farin að ræða í gríð og erg mál sem er síðar á dagskrá í dag, nefnilega barnabætur og þau áform ríkisstjórnarinnar, raunar þann samning sem ríkisstjórnin gerði við verkalýðshreyfinguna í landinu í síðustu samningum, um að skila að hluta til, herra forseti, þeim fjármunum sem þessi ríkisstjórn hefur tekið af barnafólki í landinu á síðustu fimm árum. Mér þykir býsna djarft hjá hæstv. ráðherra að leggja það hér inn í þessa umræðu um fjármál sveitarfélaga og búa til einhverja meinta jöfnu í því sambandi. Á sama hátt verð ég að segja að hæstv. félmrh. hefur sennilega verið á öðrum fundi en ég eða a.m.k. á öðrum stað í salnum á Hótel Sögu á dögunum þegar sveitarstjórnarmenn ræddu fjármál sveitarfélaga þar sem hann upplifði

þann fund á þann veg að þar væri himinhrópandi hamingja með þessa niðurstöðu sem hann er hér að mæla fyrir. Hann hefur sennilega verið í útlöndum ef hann hefur ekki áttað sig á því eða heyrt af því að sveitarfélög og sveitarstjórnir vítt og breitt um landið hafa verið að álykta beinlínis í þá veru að þau lýsa óánægju sinni með þá niðurstöðu sem hann mælir hér fyrir. Og mér finnst leggjast lítið fyrir hæstv. félmrh. ef hann ætlar að vega í sama knérunn og kollegi hans á ráðherrastóli, hæstv. fjmrh., þegar hann ætlar að söngla þann söng hér undir þessum formerkjum að sveitarstjórnarmenn verði að bera ábyrgð og að sveitarstjórnarmönnum sé ekkert of gott að leggja á skatta í sínu sveitarfélagi. Ég segi undir þessum formerkjum því að hér ræðum við það fyrst og síðast, herra forseti, hvernig tekjuskiptingin eigi að vera milli þessara opinberu aðila sem eru ríki annars vegar og sveitarfélög hins vegar.

Hér erum við ekki að ræða þann akademíska þátt þessa máls hvort sveitarfélögin almennt eigi að hafa meira um það að segja, hvort þau eigi að útvega mikla þjónustu eða litla, hvort þau eigi að leggja á háa skatta eða lága. Það er auðvitað önnur ferð sem við förum í og getum rætt undir öðrum formerkjum. Hér erum við hins vegar einfaldlega að ræða það hvernig ríkisvaldið ætlar að bregðast við þeim veruleika sem við hefur blasað og margnefnd tekjustofnanefnd komst að sameiginlegri niðurstöðu um, nefnilega því að á síðasta áratug og í sívaxandi mæli á síðustu árum hefur snúist mjög til hins verri vegar hvað varðar afkomu sveitarfélaga. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, og engar deilur voru uppi um það, að tekjuþörf sveitarfélaganna af þessum sökum væri um það bil 4–6 milljarðar á ári hverju. Ástæður þessa hafa menn í höndum og um það er heldur ekki deilt. Meðal þeirra — það er sennilega á bilinu 1–2 milljarðar, þó sennilega nærri 2 milljörðum — eru breytingar sem hafa verið gerðar í þessum sal á skattalögum að frumkvæði núverandi ríkisstjórnar sem hefur leitt til þess beinlínis að sveitarfélögin hafa séð af tekjum sem þau höfðu áður.

Í annan stað er líka óumdeilt að sveitarfélögin hafa þurft að taka á sig nýjar skuldbindingar án þess að fullnægjandi tekjustofnar hafi fylgt. Nærhendis er auðvitað sá stóri tilflutningur sem átti sér stað fyrir örfáum árum sem er flutningur grunnskólans í heild og breidd. Það er borðliggjandi sömuleiðis, þó að menn deili þar um upphæðir, krónur eða aura, að þar hafa sveitarfélögin þurft að leggja til stóraukna fjármuni án þess að fullnægjandi tekjur hafi fylgt.

Herra forseti. Við skulum ekki deila um forsendur mála. Þær eru einfaldlega þannig að tekjuskiptingin hefur þróast í þá veru að ósanngirni hefur gætt, ríkissjóður hefur haldið eftir meiri fjármunum, meiri tekjum, en honum ber en sveitarfélögin minni. Þennan mismun ætluðum við hér, og til stóð, að leiðrétta.

Herra forseti. En það stóð aldrei til að þriðji aðili leiðrétti hann. Það stóð aldrei til að einhver þriðji aðili borgaði þennan brúsa, nefnilega skattgreiðendur í landinu. Það er alveg sama hvernig þessum peningi er velt upp og honum kastað til eða frá. Hér erum við að ræða frv. sem leiðir til þess að útsvar, skattálögur, munu hækka á almennt launafólk. Er það sú ferð sem lagt var upp í á miðju síðasta ári þegar tekjustofnanefndin var sett á laggirnar? Nei, auðvitað ekki. Ég skil býsna vel að undan sviði hjá hæstv. ríkisstjórn sem hefur gjarnan haft þann háttinn á að benda á stjórnarandstöðuna og telja hana upphaf alls ills þegar kemur að skattálögum á fólk. En hér er öðru til að dreifa. Það hefur aldrei þótt sérstaklega stórmannlegt í lífinu eða pólitíkinni að einn ákvarði og annar framkvæmi. En þannig er það nákvæmlega. Í þessu frv. er það beinlínis þannig að ríkisvaldið ákvarðar skattahækkun til handa sveitarfélögunum. Það ákvarðar nýjan tekjuauka, viðurkennir tekjuþörfina, en segir sveitarfélögunum að bera ábyrgðina á framkvæmdinni. Þessu hafna ég og þessu höfnum við í Samfylkingunni. Því vil ég láta það koma skýrt og glöggt fram strax við þessa umræðu, þó að að forminu til heyri það undir annan lið dagskrárinnar, því að hér er eiginlega um bandorm að ræða, nokkur frv. sem lúta að þessu meginmáli sem við ræðum hér.

Við höfum lagt til breytingartillögu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem við tryggjum að skattgreiðendur borgi ekki þennan brúsa, þessar auknu heimildir í útsvari heldur lækki ríkissjóður, sem er vel aflögufær, tekjuskattinn til jafns þannig að það sé alveg skýrt. Við höfnum með öðrum orðum þessari skattahækkunarleið ríkisstjórnarinnar. Við höfnum henni algerlega. Mér finnst það satt að segja dapurlegt fyrir Framsfl. og hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála að hann skuli fara fram með þeim hætti að bera upp þennan boðskap Sjálfstfl. Auðvitað væri það hollt og gott fyrir hæstv. fjmrh. að vera við þessa umræðu strax frá byrjun því að eins og ég sagði áðan er þetta mál samtengt á alla lund, en hann kemur hér á eftir og mælir fyrir beinum skattalegum áhrifum þessara tillagna. Það er auðvitað þannig, herra forseti, og óþarfi að draga neina dul á það, því með því fylgdust allir, ekki eingöngu við sem sátum í þessari tekjustofnanefnd núna síðsumars heldur þjóðin öll, að oddviti þessarar ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., kom fram í fjölmiðlum með þá yfirlýsingu að sveitarfélögin í landinu þyrftu ekki krónu, þau þyrftu bara að læra að stjórna, þau þyrftu bara að læra að spara, þyrftu bara að læra að draga úr. Ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli í þessu samhengi. Þetta hafði auðvitað veruleg áhrif á störf þeirrar nefndar sem kölluð hefur verið tekjustofnanefnd og ég sat í með öðru ágætu fólki.

Það var einfaldlega þannig að Sjálfstfl. hafði ekki nokkurn áhuga á eða vilja til þess að leggja sveitarfélögunum í landinu lið. Og hver var ástæðan? Margir kunna að spyrja hvernig standi á því að hæstv. forsrh. sér sérstaka ástæðu til að fara fram með þessum hætti, maður sem er þaulvanur sveitarstjórnarmálum og þekkir mætavel hag sveitarfélaganna, hlutverk þeirra og eðli. Það skyldi þó aldrei vera að þarna væri maðkur í mysunni, að Sjálfstfl. þyldi það ekki og vildi ekki á einn eða neinn máta koma til liðs við sveitarfélögin í landinu vegna þess að í hinu langstærsta þeirra væru vinstri menn við völd, væri R-listinn við völd en ekki Sjálfstfl. Það skyldi þó aldrei vera að þarna væri einhver pólitísk flétta á ferðinni? Einhver pólitísk flétta á borð við þá að þegar sveitarfélögin ætla að nýta sér þær auknu heimildir sem hér er lagt upp með, heimildir sem leiða sannarlega til skattahækkana á almenning og Reykjavíkurborg mundi hugsanlega ganga til þeirra verka eins og önnur sveitarfélög, að þá kæmu íhaldsmennirnir í minni hluta borgarstjórnar og segðu: Ha, ha, þarna sjáið þið. Það eru þessir skattakóngar, vinstri menn í Reykjavík, sem ætla að fara að leggja auknar álögur á borgarbúa. Auðvitað verður fylgst með því í þessari pólitísku fléttu íhaldsins, sem hæstv. félmrh. hefur einhvern veginn blandast inn í óafvitandi mestan part, held ég, hvernig þeir munu haga orðum sínum og gerðum í borgarstjórn Reykjavíkur.

Hér erum við að ræða, herra forseti, ekki aðeins þetta mál efnislega heldur er um ramma og klára pólitík að ræða. Það

sýnir allur aðdragandi málsins, öll umgjörð málsins og öll framganga þess, og ég bið hæstv. félmrh. að vanda sig við meðferð þess og ganga ekki frekar í björg íhaldsins en orðið er. Nóg er nú samt. — Já hann hlær.

Herra forseti. Það er hins vegar þannig með það mál sem við ræðum hér og það veldur mér einnig nokkrum vonbrigðum að í þessa ferð var farið á miðju síðasta ári þegar sett var á svokölluð tekjustofnanefnd og menn hafa unnið samviskusamlega síðan, að menn vildu ræða það dálítið vítt og breitt með hvaða hætti sveitarfélögin í landinu skyldu afla tekna. Menn vildu m.a. ræða það sem hæstv. félmrh. ræddi undir þeim formerkjum. Hér væri ábyrgð sveitarfélaganna, hvort til að mynda sveitarfélögin ættu yfirleitt að búa við þak á útsvari og hvort það ætti ekki að vera á hendi sveitarfélaganna eða sveitarstjórnarmannanna sjálfra að taka ákvörðun um það. Að vísu er stjórnarskráin þannig saman sett að það er þessi stofnun hér sem leggur á skatta en ekki sveitarfélögin. En þessu viðhorfi má hins vegar mæta á þann hátt að hækka útsvarsprósentuna upp í 20% eða 30% þannig að í verki væru það sveitarstjórnirnar sjálfar sem tækju ákvörðun um það. Á sama hátt mætti taka ákvörðun um að taka af svokallað gólf í útsvari, og ég hef gjarnan verið til umræðu um það mál, var þess mjög fýsandi og lýsti því margsinnis yfir á mínum stutta tíma sem félmrh. árið 1994. Það er allt gott og blessað. Það á hins vegar ekki við núna þegar menn eru að skila ránsfeng, ríkisstjórnin að skila til baka því sem hún hefur tekið. En um þetta vildi ég ræða.

Ég vildi líka ræða það mjög gjarnan hvort menn vildu festa sig algerlega í sessi með það fyrirkomulag tekjustofna sem nú er til staðar. Sveitarstjórnarmenn og við í nefndinni leituðum með atbeina sveitarstjórna vítt og breitt um landið og kölluðum eftir hugmyndum þeirra og ábendingum og þær voru margar mjög athyglisverðar og í þessari skýrslu er að finna margar góðar hugmyndir í þá veru.

Ég hreyfði því til að mynda í nefndinni hvort menn vildu ekki á einhvern hátt tengja á nýjan leik atvinnurekstur í sveitarfélögum og tekjustofna sem á var skorið á sínum tíma þegar aðstöðugjaldið var aflagt, ekki með því að endurnýja aðstöðugjaldið. Það var barn síns tíma, heldur t.d. með hlutdeild í tekjusköttum atvinnufyrirtækja, hlutdeild í tryggingagjaldi og einnig hitt sem margir hafa bent á, hvort sveitarfélögin eigi ekki líka að vera raunverulegir þátttakendur í neyslu samfélagsins, með öðrum orðum eiga hlutdeild í veltusköttum.

Þá var á það bent líka vegna þess að sveitarfélögin hafa viðamikil verkefni þegar kemur að umferð, hvort ekki væri eðlilegt að sveitarfélögin hefðu þá hlutdeild í umferðarsköttum eða eldsneytissköttum. Það voru því mörg sjónarmið sem þarna var hreyft sem ég hefði viljað að menn hefðu kannski unnið betur með en ekki lent að lyktum í þessari þröngu pólitísku stöðu sem varð til vegna, að minni hyggju, fullkomlega óskiljanlegra en þó skiljanlegra yfirlýsinga forsrh.

Ég velti því til að mynda líka upp í þessari nefnd og bið hv. þm. að hugleiða það hvort þessi mál séu ekki komin á dálitlar villigötur þegar nú er tekin um það ákvörðun sem ég er efnislega sammála að fasteignaskattur verði mismunandi eftir byggðarlögum í landinu og taki mið af raunverðmæti eigna en ekki endurstofnverði eins og áður var. Það þýðir í raun það að fasteignaskatturinn er orðinn jöfnunarskattur, ef svo mætti segja. Er það eðlilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin þar sem hann fellur mjög misjafnlega á skattgreiðendur vítt og breitt um landið og leiðir til þess að enn þarf að leggja fjármuni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, í þessu tilviki um 1,1 milljarð kr.? Ég hef talsverðar efasemdir um það og velti því fyrir mér hvort nú sé ekki málum þannig komið að fasteignaskatturinn eigi að renna til ríkisins vegna þessara breytinga sem hér hafa orðið og ég leggst ekki gegn. Jafnframt velti ég því líka upp, herra forseti, hvort menn þurfi ekki að staldra eilítið við og velta vöngum yfir því á hvaða ferðalagi við erum varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, jöfnunarsjóð sem sannarlega á rétt á sér bara vegna heitisins sem segir allt, þ.e. að jafna stöðu sveitarfélaga sem er auðvitað mjög mismunandi hringinn í kringum landið. En er það mjög eðlilegt að sennilega eftir þær breytingar sem nú verða og hugsanlega þær breytingar sem fram undan eru með tilflutningi málefna fatlaðra, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga telji orðið 13 milljarða kr., sé orðinn um það bil 20–25% af tekjustofnum sveitarfélaga? Nei, mér finnst það umhugsunarefni og ég velti því fyrir mér hvort það ferðalag sé eðlilegt. Ég spyr mig um það.

Nú er það þannig að sveitarfélögin borga 2,8 milljarða kr. sjálf sem hlutdeild af útsvari inn í Jöfnunarsjóð, eru með öðrum orðum að jafna innbyrðis. Ég spyr líka: Er það hlutverk sveitarfélaganna í landinu að eitt greiði niður þjónustu annars staðar? Ég held að það sé ekki þannig. (Gripið fram í.) Ég held að það sé hlutverk annarra. Ég held að það sé hlutverk ríkisvaldsins. Svo sannarlega er ég þeirrar skoðunar að þetta jöfnunarhlutverk þurfi að vera til staðar en spurningin er hvar er eðlilegt að það sé. Ég sé það ekki í hendi mér að tekjustofnar sveitarfélaga séu þannig upp byggðir að það sé sérstakt hlutverk sveitarfélaganna í landinu að jafna sín á milli. Það hefur aldrei verið nein stefna neins staðar en það hefur þróast í þá veru. Ég velti þessu hér upp til umhugsunar og ég held að við þurfum að ræða það mál miklum mun betur.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég áttaði mig ekki fyllilega á því á hvaða fundi hæstv. félmrh. hefði verið á Sögu um daginn eða í hvaða horni salarins því áskoranir sveitarfélaganna í landinu hafa komið inn í stórum stíl þar sem þau hafa lýst yfir óánægju sinni með það hlutverk sem þeim er gert hér, að hækka skatta á almenning. Þannig hafa sveitarfélög í kjördæmi mínu, Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, raunar á fundi sem hæstv. félmrh. var á ályktað í þessa veru mjög klárlega og skorað á Alþingi að lækka tekjuskattsprósentuna til jafns. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur gert hið sama. Mér er kunnugt um að bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerði það í fyrradag og þar eru engin pólitísk skil á milli. Þar er ekkert um það að ræða að stjórnarandstaðan í þessum apparötum eða sveitarfélögum segi eitt og stjórnin annað eins og hæstv. ráðherra vill leggja þetta hér upp, að hér sé framlagning mín og fyrirvari minn í nefndinni, sem er á mjög málefnalegum grunni, eingöngu grundaður á því að hér sé um gamaldagsgaspur í stjórnarandstöðu að ræða. Nei, það er ekki þannig. Það eru allar sveitarstjórnirnar, allir flokkar, og ég vek athygli á því að í mörgum sveitarfélögum hringinn í kringum landið og kannski allt of mörgum er málum þannig háttað að þetta ríkisstjórnarmunstur ræður ríkjum. Það er ekki síst þar sem vandinn er mikill og mestur og það er ekki síst þar sem þeir flokkar þurfa að leggja auknar álögur á skattgreiðendur í landinu.

Herra forseti. Um þetta er engin sátt, það er bara þannig. Það verður auðvitað aldrei sátt um það að vandinn sé einfaldlega leystur með því að leggja auknar álögur á fólk. Og dæmið er einfaldlega svona:

Í útsvari hækka tekjur um 3,7 milljarða og einhver þarf að borga það. Ríkissjóður ætlar að lækka tekjuskatt á móti um 1.250 millj. Það þýðir að hrein og klár skattahækkun er upp á 2,5 milljarða kr. Á móti því kemur það að vísu að fasteignaskattur úti á landi lækkar þannig að skattgreiðendur að óbreyttu samkvæmt þessari jöfnun munu standa jafnsettir eftir á landsbyggðinni. En gætum að. Búið er að lofa fólki á landsbyggðinni því í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og hefur svo sem ekki með þetta mál að gera að lækka fasteignaskatt á fólk. Það hefur talist vera sanngirnismál og eðlilegt mál. Hér eru menn því að missa það tækifæri og ætla að jafna út þessa skattalækkun sem lofað var með því að hækka útsvar á móti. Á höfuðborgarsvæðinu er málið kvitt og klárt. *Útsvarið hækkar einfaldlega um 10 þús. kr. á* hvern einasta einstakling ef þessar heimildir verða notaðar í topp. Það þýðir 50 þús. kr. að meðaltali á fimm manna fjölskyldu og það munar um minna og allt tal um barnabætur í þessu samhengi virkar sem hjóm eitt. Hér eru menn að leggja fram skattahækkunarfrumvarp. Köllum hlutina sínum réttu nöfnum, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð.

[11:12]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt ágætt í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og ég get á vissan hátt deilt áhyggjum hans varðandi jöfnunarsjóð, hvernig framvinda hans er, en hins vegar fannst mér fara dálítið lítið fyrir jafnaðarmanninum Guðmundi Árna Stefánssyni þegar einmmitt var verið að fjalla um jöfnunarsjóðinn.

Ég var einmitt á þessari fjármálaráðstefnu eins og hv. þm. og ég get tekið undir það með hæstv. félmrh. að mér fannst hljóðið í sveitarstjórnarmönnum í stórum dráttum ljómandi gott. Það er ákveðinn þáttur sem menn deila um í þessum tillögum, það var útsvarshækkunin árið 2002, en í stórum dráttum öðrum voru sveitarstjórnarmenn ánægðir með þetta. (Gripið fram í.) Það var t.d., ef hv. þm. hefur fylgst vel með í Suðurlandskjördæmi en hv. 6. þm. Suðurl. kallar hér fram í, þá eru sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi gríðarlega ánægðir með það að nú loksins er verið að breyta álagningu fasteignagjalda. Í gegnum tíðina, a.m.k. um fimm ára skeið, hefur verið mjög mikil ósanngirni í álagningu fasteignagjalda úti á landsbyggðinni og það veit hv. þm. (Gripið fram í.) Já, en hv. þm. gjammaði fram í og það var þess vegna sem ég var að svara honum og ef hann fylgist með í kjördæmi sínu, herra forseti, þá veit hv. þm. að íbúar hafa verið gríðarlega óánægðir með þetta og þetta er verið að leiðrétta.

Ég vil minna hv. þm. á að í stjórnartíð Alþfl. og Sjálfstfl. á árabilinu 1991–1995 fór fjmrh. einfaldlega ofan í kassa sveitarsjóðanna og hirti þaðan peninga til þess að leggja í Atvinnuleysistryggingasjóð.

[11:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á satt að segja dálítið erfitt með að svara þessu andsvari. Í fyrsta lagi skal enginn væna mig um það að ég vilji ekki jafna stöðu sveitarfélaga landshorna í millum. Það voru aldrei mín orð að ég stæði gegn slíku. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort þessi jöfnunaraðgerð væri ekki komin á valtar fætur þegar jöfnunarsjóður, sem er sumpart skömmtunarsjóður og við höfum a.m.k. hér á hinu háa Alþingi í löggjafarsamkundunni lítið um að segja, er kominn í þessar himnahæðir sem raun ber vitni um, 13 milljarða kr. Er það sú leið sem við viljum fara í samskiptum ríkis og sveitarfélaga? Nei, ég held að margir séu mér sammála um að við þurfum að hugsa það mál upp á nýtt.

Ég sagði það líka alveg kvitt og klárt að það væri fagnaðarefni að menn skyldu leiðrétta fasteignaskattinn. Hitt skulum við auðvitað rifja upp að á sínum tíma var það vilji sveitarstjórnarmanna sjálfra, ekki síst úti á landi, að hafa þetta viðmið sem við höfum búið við en í seinni tíð þegar fasteignaverð hefur snarlækkað úti á landi í tíð þessarar ríkisstjórnar og húsin verða meira og minna verðlaus, hefur fólk eðlilega kvartað og því er að mæta, og ríkisstjórnin lofaði því í upphafi þessa kjörtímabils að hún ætlaði að lagafæra það. Það er því gott og blessað.

En hvað ætli kjósendur hv. þm. segi á Suðurlandi þegar *fasteignaskatturinn lækkar í þessu bréfi og útsvarið hækkar í* hinu bréfinu og menn standa bara jafnsettir eftir? Þá fer lítið fyrir þessum stóru loforðum um skattalækkun á landsbyggðinni, á Suðurlandi eða annars staðar. Þá fer hún fyrir ansi lítið. Ég segi á sama hátt að framsóknarmennirnir á þessari fjármálaráðstefnu hafa verið í einhverju skrýtnu horni hafi þeir upplifað þetta sem einhverja hamingju og eilífa hallelújasamkomu. Það er bara ekki þannig. Ég bið menn að gaumgæfa póstinn sinn og skoða þær sendingar sem við erum að fá hér í þinginu í þessa veru. Það er engin gleði og engin ánægja með þetta. Það er alveg sama hvernig menn velta þeim peningi.

[11:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá deili ég áhyggjum hv. þm. af því hvernig farið verði með jöfnunarsjóðinn í framtíðinni. Ég er alveg sammála hv. þm. í þeim efnum. En Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skiptir sveitarfélög þessa lands gríðarlega miklu máli. Jöfnunarsjóðurinn er m.a. notaður til að jafna tekjur sveitarfélaganna, greiða til skólamála og ýmislegt fleira.

Varðandi álagningu fasteignagjalda þá er það ekki nýtt að sveitarstjórnarmenn úti á landsbyggðinni hafi verið óánægðir með álagningarstofn þeirra. Það er gamalt mál. Það er eldra mál og ekki aðeins þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þegar við skoðum málið í heild sinni þá er ríkissjóður að leggja mikla peninga til viðbótar í rekstur sveitarfélaganna. Það er af hinu góða.

Ásteytingarsteinninn í þessum efnum, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, er álagningin, spurningin um hvort sveitarfélögin nýti sér heimildir til að leggja á fasteignagjöld en þegar á heildarpakkann er litið — ég fer ekkert ofan af því eftir að hafa rætt við sveitarstjórnarmenn og fylgst nokkuð vel með sveitarstjórnarmálum — þá er það einungis útsvarsálagningin sem er ásteytingarsteinninn.

[11:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einungis þessi útsvarshækkun sem er ásteytingarsteinninn en hún er bara kjarni málsins, virðulegi þingmaður. Um það snúast þessar tillögur fyrst og síðast. Þar eru peningarnir sem máli skipta. Aðrar tillögur þessarar nefndar, eins og ég sagði áðan, eru sumpart prýðilegar og það er ekkert annað um þær að segja. Það er t.d. prýðilegt ef menn ætla að taka upp það verklag, þó það sé ekki inni í þessu frv., að kostnaðarmeta öll frv. sem lúta að sveitarfélögunum og óháður aðili verði kallaður til þeirra verka. Í þessari skýrslu er margt gott að finna. Hafi ég ekki sagt það áður þá segi ég það núna að undir forustu kollega okkar í þinginu, hv. þm. Jóns Kristjánssonar, var mjög gott starf leyst af hendi. Ég

dró aldrei í efa vilja hans til að leiða þessi mál til lykta. En hann mátti ekki við margnum. Hann mátti ekki við hæstv. ríkisstjórn því að hún greip í taumana og leiddi þetta mál til þeirrar niðurstöðu sem hér blasir við okkur, nefnilega að hækkun skatta. Það er alltaf slæmt, herra forseti, þegar menn fjarlægjast uppruna sinn og týna rótunum.

Þannig er málum háttað að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason stjórnaði áður vaxandi sveitarfélagi á Suðurlandi, Hvolsvelli. Það er sem ég sjái hann í því hlutverki, fagna því sérstaklega að ríkisstjórnin sendi honum ordru um að vilji hann auknar tekjur í sveitarfélagið, þá hækki hann bara skatta á íbúana. Það er sem ég sjái hann gleðjast sérstaklega yfir því. (**ÍGP:** Ég mundi ekki fagna því.) Nei, hann hefur ekki fagnað því. Þess vegna vænti ég þess að hann taki undir breytingartillögur okkar í stjórnarandstöðunni þess efnis að það verði ekki hlutskipti kollega hans og sveitunga á Hvolsvelli að þurfa að fara þá leiðina heldur verði jafnað á sléttu og tekjuskattur lækkaður til jafns við hækkun á útsvari. Þá gætu menn gengið sæmilega glaðir frá þessu verki.

[11:21]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. fór mjög málefnalega yfir það mikilvæga mál sem hér er á dagskrá. Hann vék m.a. að ábyrgð sveitarfélaganna við að ákvarða skatta og gjöld. Fulltrúar Sjálfstfl. hafa unnið af miklum heilindum að lausn þessara erfiðu mála. Hins vegar sá hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sérstaka ástæðu til þess að vera með dylgjur í garð Sjálfstfl. og forsrh. hér áðan. Það er athyglisvert að það skuli gert með þessum hætti og sýnir málefnafátækt Samfylkingarinnar í þessu máli, að blanda forsrh. inn í umræðuna á þennan veg. Tækifærið er notað þegar hann er ekki við umræðuna.

[11:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vandlifað í þessum sal ef maður ætti að hafa þá reglu að ræða aldrei um hæstv. ráðherra nema þeir væru viðstaddir, þá yrði lítið talað hér. Þannig er það bara. Síðasta ræða var ákaflega undarleg en skiljanleg. Auðvitað svíður Sjálfstfl. undan því þegar bent er á þá staðreynd að þeir eru að hækka skatta á fólkið í landinu. Auðvitað svíður Sjálfstfl. þegar bent er á þann veruleika.

Herra forseti. Ég kallaði hæstv. forsrh. ekki inn í þessa umræðu. Hann gerði það sjálfur nú síðsumars þegar hann fór fram með þeim hætti að eftirtekt vakti og sagði við sveitarfélögin í landinu: Þið þurfið ekki meiri peninga. Reynið þið bara að stjórna af einhverju viti. Það voru kaldar kveðjur til hv. þm. á borð við Gunnar Birgisson. Það voru kaldar kveðjur til flokksbræðra hans í Garðabæ, á Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði, í Reykjanesbæ og þá sveið undan því. En það var hæstv. forsrh. sjálfur sem með afskaplega sérkennilegum hætti blandaði sér inn í þessa umræðu, það var óbeint innlegg til þeirrar niðurstöðu sem við ræðum hér, skattahækkana.

Ég skil það vel, herra forseti, að Sjálfstfl. sviði undan þessu. Það er erfitt hlutskipti að horfast í augu við að Sjálfstfl., þessi flokkur sem ræðir um mikilvægi þess að einstaklingurinn fái að ráða sínu, að lækka þurfi skatta, ungliðarnir tala um 60 millj. kr. skattalækkun. En þegar til kastanna kemur og taka þarf ákvarðanir þá fara þeir fram með skattahækkun á almenning í þessu landi, á hinn almenna launamann svo að um munar.

Herra forseti. Ég skil formann þingflokks Sjálfstfl. afskaplega vel, að henni líði illa undir þessari umræðu. En ég get bara ekkert að því gert. Þetta er sjálfskaparvíti.

[11:24]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ómerkilegur málflutningur. Það eru sveitarfélögin sjálf sem ákvarða hvernig þau nýta sína tekjustofna. Svona málflutningur dæmir sig sjálfur og er ekki svara verður.

[11:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki hóf ég orðræðu í þessa veru. Það var hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sem tók að ræða sérstaklega hlutdeild forsrh. í málinu og kvartaði undan því að honum væri blandað í málið, oddvita ríkisstjórnarinnar sem leiðir þetta mál. Hún verður að eiga það við sjálfa sig.

Herra forseti. Þegar menn ræða hér blákalt, og hæstv. félmrh. datt í þann fúla pytt líka, að sveitarstjórnarmenn gætu bara ráðið þessu, þeir hefðu öll völd í hendi sér, á sama tíma og tölur sýna það að ef sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið, með undantekningum þó, ættu að standa við þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig þá verði þeir að nýta þessar auknu heimildir í útsvari. Það er einfaldlega þannig að ríkisvaldið ákvarðar, sveitarstjórnirnar framkvæma. Þannig blasir þetta við, þannig er þetta.

Enn og aftur, herra forseti. Ég hef mikinn skilning á því að Sjálfstfl. líði illa. Á því hef ég mikinn skilning. Það liggur við að ég hafi samúð með þeim en svo er þó ekki.

[11:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Það frv. byggir í megindráttum á tillögum nefndar sem félmrh. skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga. Það er staðreynd að á síðustu árum, ekki síst á þessu ári, hefur hin erfiða fjárhagsstaða sveitarfélaganna orðið til þess að þau hafa orðið að skuldsetja sig í auknum mæli til að geta staðið við þær skuldbindingar og þau verkefni sem þeim ber að sinna.

Til viðbótar þessu hafa lánskjör sveitarfélaga á lánamarkaðnum farið hríðversnandi, sérstaklega á þessu ári, þannig að heita má að þau sveitarfélög sem eru orðin skuldug og háð lánardrottnum í rekstri sínum og verkefnum séu nánast ofurseld þeirri okurvaxtastefnu sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á gagnvart einstaklingum, sveitarfélögum og minni fyrirtækjum.

Ég bendi á að þetta, herra forseti, er staðreynd, fyrir utan þá tæpu og lélegu tekjustofna sem þau hafa haft til að verja í aukin verkefni. Aðgengi þeirra að lánsfé hefur versnað og kostnaður við það stóraukist, sérstaklega núna á síðustu tveimur árum og kastar nú tólfunum á þessu ári.

Vík ég þá aðeins að þeim atriðum sem í frv. eru dregin fram til að jafna tekjumun á milli ríkis og sveitarfélaga. Víkjum fyrst að því sem má segja að gott sé.

Það er vissulega fagnaðarefni að breyta eigi álagningu fasteignaskatts og miða hann við sem næst markaðsvirði fasteignanna. Það er í sjálfu sér réttlætismál og réttlætiskrafa. Í sjálfu sér, herra forseti, hefði ekki verið bein ástæða til að skipa nefnd til að taka á því máli einu og sér. Ekki veit ég betur en í ríkisstjórnarsáttmála hæstv. núv. ríkisstjórnar sé einmitt vikið að þessu máli. Sé einnig litið á tillögur

sem hér hafa verið samþykktar á Alþingi um jöfnun á milli sveitarfélaga og íbúa varðandi búsetu þá hefði þessi breyting í sjálfu sér átt að koma til framkvæmda fyrir ári. Þá lá fyrir, *að því er virtist og var ekki hægt að skilja það með öðrum hætti*, pólitískur vilji Alþingis og stefna ríkisstjórnarinnar. Þetta átti því að geta komið þá strax til framkvæmda. Það er því með blöndnum hug sem maður lofar þetta tiltak. En kannski verður að fagna þarna hverju skrefi þó að því hafi í raun fyrir löngu verið lofað eða gert ráð fyrir að sú leiðrétting kæmi miklu fyrr.

Hvað varðar aðrar leiðréttingar fyrir sveitarfélögin þá held ég að sú staðreynd blasi við okkur sem erum að fjalla um fjárlög ríkis og sveitarfélaga, að á síðustu árum hefur ríkissjóður í rauninni flutt halla sinn og vanda yfir á sveitarfélögin. Samtímis því að sveitarfélögin hafa orðið að axla aukna ábyrgð hefur ríkissjóður létt af sér ábyrgð, og samhliða því að Alþingi ákveður tekjustofnana og hvar hver þeirra skuli lenda vill svo til að þeir tekjustofnar sem eru ríkisins megin eru einmitt þeir tekjustofnar sem vaxa og bólgna upp í því neysluumhverfi sem við höfum búið við hin síðari ár þar sem eru skattar á innflutning, veltu, vöru og þjónustu. En sveitarfélögin hafa átt sína hlutdeild í þeim sköttum sem snúa beint að og eru tekjutengdir einstaklingunum og fyrirtækjunum. Þessar tekjur ríkissjóðs hafa vaxið mun hraðar en aðrir tekjustofnar og þess vegna hallast líka á klakk ríkisstjórnarinnar og klakk almennings.

Ég dreg þetta fram því að þetta er það sem endurskoðunarnefndin átti að skoða, hvernig hægt væri að breyta í grunninn tekjustofnum sveitarfélaga og skiptingu þeirra tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga því að það er nú svo, herra forseti, að þetta eru ekki tvær óaðskiljanlegar stofnanir eða tvö óaðskiljanleg ríki, sveitarfélögin og ríkissjóður, þetta er sameiginlegur opinber aðili okkar allra og getur þess vegna ekki rekið sig einn óháður öðrum.

Í frv. er ekki farið inn í neinar beinar kerfisleiðréttingar á tekjuskiptingunni sem slíkri sem hefði þó verið eðlilegt. Sú leið er valin að auka millifærslur til jöfnunarsjóðsins og síðan sé það þá hans að útdeila. Staðreyndin er sú að jöfnunarsjóði var í sjálfu sér fyrst og fremst ætlað að deila út á milli sveitarfélaga og jafna stöðu þeirra en ekki beint að vera milliaðili fyrir ríkissjóð til þess að skapa eðlilega tekjustofna sveitarfélaganna sjálfra. Þetta hefur þá afleiðingu gagnvart sveitarfélögunum að þau eru í rauninni orðin kannski meira háð jöfnunarsjóðnum en ríkinu því að þar koma svo nýjar og nýjar reglur um úthlutun fjármagns úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna, reglur sem geta í sjálfu sér breyst, þess vegna árlega. Mörg sveitarfélög verða því í hreinustu vandræðum með að gera fjárhagsáætlanir sínar vegna þess að þau verða að bíða með þær, þau fá meginhluta eða stóran hluta ráðstöfunartekna sinna frá jöfnunarsjóðnum og verða því að bíða eftir því að ljóst sé bæði hve mikið fjármagn er þar og hvaða úthlutunarreglur verða í gildi áður en þau geta gert fjárhagsáætlanir sínar og fjárskuldbindingar.

Þó að líta megi á þessa leið sem bráðabirgðaleið, þ.e. að nota jöfnunarsjóðinn með þessum hætti, þá er alveg útilokað að líta á þetta sem einhverja framtíðarleið. Það er hreinlega alveg útilokað að hugsa sér að tekjustofnar sveitarfélaga eigi að vera í auknum mæli bundnir við framlög í gegnum jöfnunarsjóð. Það verður að finna einhverja aðra altæka leið sem sveitarfélögin gætu átt beina hlutdeild að. Eðlilegt hefði verið að þessi nefnd hefði skoðað hvernig sveitarfélögin gætu átt aðild og átt þátt í öðrum tekjustofnum, tekjustofnum sem tengjast rekstri og atvinnustarfsemi og veltu. En nefndin hefur gersamlega vikið sér undan því, enda eins og ég sagði áðan virðist hún hafa verið meira upptekin af hreinum neyðarlausnum og neyðarviðbrögðum frekar en taka heildstætt á málum.

Tökum sem dæmi: Lögð eru til eins konar fólksfækkunarframlög, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, 700 millj. sem gert er ráð fyrir að komi inn á fjáraukalögum þessa árs til jöfnunarsjóðs til útdeilingar og síðan aftur 700 millj. kr. í eins konar fólksfækkunarframlög á fjárlögum næsta árs. Þessi túlkun undirstrikar þá miklu byggðaröskun sem verið hefur í landinu og vanda sveitarfélaganna sem henni tengist. Það er alveg klárt og þess vegna eðlilegt að við því sé brugðist á einhvern hátt. En þetta eru meira skyndilausnir til að bjarga einhverju á líðandi stundu nánast, en fólksfækkunarframlög geta aldrei orðið neinn varanlegur tekjustofn fyrir sveitarfélög. Það væri a.m.k. afar óeðlilegt ef sú pólitíska stefna væri rekin héðan af hinu háa Alþingi, að sveitarfélögin ættu að reikna með því að fjármagna sig stöðugt á fólksfækkunarframlögum.

Það fer nú svo, herra forseti, að það fækkar og fækkar í þeim sveitarfélögum, verkefnin kannski að miklu leyti óbreytt og svo þegar fækkunin er orðin það mikil að ekki getur fækkað meir en áfram standa sveitarfélögin með þessi verkefni, þá munu þau ekki fá þessi fólksfækkunarframlög. Fólksfækkunarframlögin eru því á vissan hátt fölsk gagnvart þessum vanda, þau ná ekki til hans nema akkúrat vegna þeirra sem eru að fara burt á hinni líðandi stundu og er útilokað að líta á þetta sem einhvern varanlegan tekjustofn og því síður að hreykja sér af því að bjarga sveitarfélögum og rekstri þeirra stöðugt með fólksfækkunarframlögum. Þar þarf að koma til stefna í atvinnumálum og í byggðamálum sem gerir slík fólksfækkunarframlög óþörf en þá stefnu skortir.

Hvað varðar þá leið að gefa sveitarfélögunum aukna hlutdeild í útsvarsálagningu að hluta en síðan aukna heimild til að hækka þá skattlagningu, þá gefur þetta í sjálfu sér ekkert aukið svigrúm til tekjuöflunar fyrir þau sveitarfélög sem eru með íbúa sem hafa tiltölulega lágar tekjur. Þetta eru í rauninni skilaboð til þessa fólks um að það verði bara að lifa þarna hvert á öðru. Mér finnst þessi tillaga sem hér er, að bjóða upp á hækkun útsvars í heild sinni, nánast vera móðgun sérstaklega við þau sveitarfélög sem eru í vanda og íbúarnir með lágar tekjur.

Fram hefur komið að tveir stórir málaflokkar eru settir til hliðar í frv. og ekki er tekið á þeim. Það er í fyrsta lagi grunnskólinn og þau auknu fjárútlát og þær auknu skuldbindingar sem sveitarfélögin hafa mátt taka á sig við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin tóku við grunnskólanum eftir langvarandi svelti af hálfu ríkisstjórnarinnar og það var vitað mál að það mundi verða að koma verulega til móts við þau og auka fjármagn til þeirra. Auk þess kom krafan til um einsetningu skólans, síðan hefur verið fylgt fastar eftir ýmsum ákvæðum grunnskólalaga um kennsludaga, um starfsdaga og ýmislegt fleira sem áður var fylgt eftir með öðrum hætti en hefur nú verið fylgt fastar eftir eða á þann hátt að leitt hefur til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin. Það hefur sem sagt ekki verið tekið á vanda grunnskólans og þar er talað um að milljarða króna vanti, bæði vegna undanfarandi ára og þeirra sem fram undan eru. Deilt er um hversu margir milljarðar það eru en það er ljóst að *þarna er samt um milljarða króna að ræða*. Það er því verulegt gat hér á ferðinni meðan það er óleyst.

Þá vil ég líka koma að vanda félagslega íbúðakerfisins en einmitt sömu sveitarfélög sem eru í hvað mestum skuldum og vantar tekjur til rekstrar síns eru í hvað mestum vandræðum þar. Félagslega íbúðakerfið var á sínum tíma hluti af húsnæðisstefnu ríkisvaldsins, það var lagt þannig upp, og síðan var það lagt inn sem hluti og tengt almennum kjarasamningum. Og meira að segja úthlutun fjár og ráðstöfun þessara íbúða var gjarnan tengt kjarasáttmála sem að komu bæði ríki, sveitarfélög og launþegasamtök og síðan opinberir lánasjóðir. Það er því afar óeðlilegt að sveitarfélög vítt og breitt um landið skuli ein sér látin axla stöðu sem uppi er með fólksflótta og flutningi atvinnufyrirtækja úr sínum héruðum sem mun leiða til mikils tekjumissis, að sveitarfélög skuli ein sér vera látin bera þennan opinbera vanda sem er samstarfsverkefni þessara aðila og sú stefna alveg furðuleg sem hæstv. félmrh.ýjaði hér að, að verið væri að leita að því hvaða kýr mætti leiða úr fjósi þessara sveitarfélaga upp í þær skuldir í staðinn fyrir að taka eðlilega og sameiginlega á þessu. Ég tel að frv. um tekjustofna sveitarfélaga og um aðgerðir til tekjujöfnunar milli ríkis og sveitarfélaga sem ekkert taka á þessum tveimur stóru málaflokkum, annars vegar á grunnskólanum og skólamálunum í heild og hins vegar á félagslega íbúðakerfinu, sé harla magurt.

Hins vegar ber að fagna þeirri yfirlýsingu sem gefin er þar sem lagt er til að við samþykktir á nýjum lögum á Alþingi séu þau jafnframt kostnaðartekin, þ.e. hvaða áhrif þau hafi fyrir útgjöld sveitarfélaga. Alþingi hefur á undanförnum árum samþykkt lög á lög ofan sem hafa síðan skuldbundið sveitarfélög til kostnaðar. Dæmi eru um ákveðin verkefni í grunnskólunum og um fráveitumálin sem er stórmál án þess að þeim fylgi tekjustofnar.

Herra forseti. Ég vil ítreka að þó að punktar og atriði séu í lagafrv. sem eru til bóta, sérstaklega tímabundið, þá er fjarri því að fyllt sé upp í þær væntingar sem bornar voru til tekjustofnanefndarinnar um leiðréttingu á tekjustofnum sveitarfélaga. Ég legg áherslu á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum leggja áherslu á að í meðförum þingsins verði barist fyrir leiðréttingum á þessu frv. til handa sveitarfélögunum.

[11:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er frv. sem hér er til umræðu byggt á áliti svokallaðrar tekjustofnanefndar sem ég veitti formennsku. Ég vil taka það fram að í nefndinni var ágætissamstarf um þetta mál sem er viðamikið og hefur hlotið mjög mikla umræðu í samfélaginu og sú umræða var allar götur áður en nefndin lauk sínum störfum.

Markmið nefndarinnar var að tryggja að tekjustofnar sveitarfélaga séu á hverjum tíma í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Í erindisbréfi okkar segir enn fremur að stefnt skuli að því með endurskoðuninni að viðhalda einföldu og sveigjanlegu tekjustofnakerfi sem jafnframt skapi sveitarfélögunum nægjanlega tekjustofna til að sinna lögbundnum verkefnum.

Niðurstaða nefndarinnar var í stuttu máli sú að styrkja þyrfti fjárhagslega stöðu sveitarfélaga. Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem nýlega er liðin komu fram þær raddir, hvað sem segja má um afstöðu sveitarstjórnarmanna almennt til þessara tillagna, að mikilvægt væri að sú viðurkenning hefði fengist. Það er ljóst og þarf ekki að deila um það. Niðurstaða nefndarinnar var að fara blandaða leið í tillögum sínum. Í fyrsta lagi að auka heimildir sveitarfélaganna til álagningar útsvars en jafnframt væri hluti af þeirri hækkun jafnaður með því að lækka hlutfall ríkisins í tekjuskatti sem nemur um 1.300 millj. Í öðru lagi var ákveðið að halda áfram þeim jöfnunaraðgerðum sem hófust á síðasta ári. Ég vil taka það fram, vegna þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði að þetta gæti ekki verið varanlegur tekjustofn, að þetta á náttúrlega ekki að vera varanlegur tekjustofn og við hljótum að stefna að því að ástandið verði þannig í byggðamálum að við þurfum ekki að taka upp framlög sem eru túlkuð sem eða heita fólksfækkunarframlög. Þess vegna höfum við lagt til að þessi jöfnun gildi ekki nema í tvö ár en verði síðan skoðuð. Mér finnst það ekki við hæfi að festa slík framlög í sessi og festa það í sessi að við eigum von á að fólki fækki um alla framtíð í sveitarfélögunum. Þess vegna er ekki lagt til að þetta sé varanlegur tekjustofn.

Nefndin lagði á það áherslu í starfi sínu að greina sem best þróun í fjármálum sveitarfélaga á síðasta áratug frá því að síðasta stóra breytingin var gerð á löggjöfinni um tekjustofnana. Þetta var ekki einfalt verk. Sveitarfélögin í landinu eru ekki einsleitur hópur. Stærðarmunur sveitarfélaga er mikill, aðstæður eru mjög mismunandi og búsetuþróunin á síðustu áratug hefur haft mikil áhrif á afkomu sveitarfélaganna. Sums staðar hefur fólki fækkað og þar með fækkar gjaldendum. Annars staðar hefur fólki fjölgað sem kallar í mörgum tilfellum á aukna þjónustu og fjárfestingar en gjaldendur til að standa undir slíku fjölgar þá jafnframt, svo framarlega sem atvinnuástand er gott og tekjur haldast uppi.

Niðurstaðan af þessari greiningu var að mörgu leyti athyglisverð. Ég hleyp á nokkrum atriðum.

Frá 1990 til 1999 hafa bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69% meðan rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsgjöldum hafa aukist um 97,4%.

Hlutfall rekstrargjalda af skatttekjum jókst úr 78,4% árið 1990 í 91,5% árið 1999.

Í ljós kom að allan síðasta áratug voru sveitarsjóðirnir reknir með halla. Mestur var hallinn 8,6 milljarðar árið 1994 en árið 1999, á síðasta ári, var hallinn 2,7 milljarðar. Miðað við fjárhagsáætlanir ársins 2000 verður um áframhaldandi hallarekstur að ræða. Þó er ekki ljóst hvað sá halli verður mikill en alla vega um 3 milljarðar kr. eða þar um kring. Hallarekstur hefur orðið til þess að heildarskuldir sveitarsjóða voru í árslok 1999 51,8 milljarðar.

Rekstrarafkoma sveitarsjóða á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi hefur versnað mun meira en í Reykjavík og á Reykjanesi. En þrátt fyrir að rekstrarafkoma sveitarsjóða í Reykjavík og á Reykjanesi hafi almennt verið betri hefur fjárhagsstaða þeirra versnað talsvert þegar horft er á peningalega stöðu. Þá þróun má m.a. rekja til meiri fjárfestinga á suðvesturhorninu. Aukinn tilflutningur fólks kallar m.a. á fjárfestingar og aukna þjónustu þó ekki sé hægt að minnka þjónustuna í þeim sveitarfélögum sem fólkið flyst frá.

Áhrif ýmissa laga- og reglugerðarbreytinga hafa leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að í öllum tilvikum hafi verið tryggt að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt í kjölfarið. En ég vil taka fram í þessu sambandi að ríkið hefur ekki verið að taka til sín neinar tekjur í þessu. Breytingarnar hafa orðið til þess að tekjur hafa lækkað bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Því veldur t.d. skattfrelsi lífeyrisiðgjalda og annað slíkt. Það er ljóst að sveitarfélögin hafa tapað tekjum á því en þeir peningar hafa ekki farið í ríkiskassann. Ég vil bara girða fyrir þann misskilning sem mér hefur stundum

þótt gæta í þessari umræðu, að þarna sé um einhvern ránsfeng að ræða. Það er alger oftúlkun á málinu.

Hér hefur verið mikið rætt um hvort skynsamlegt hafi verið að binda sig við útsvarið í tillögum tekjustofnanefndar. Það var að sjálfsögðu mikið rætt í nefndinni hvort rétt væri að sveitarfélögin fengju hlutdeild í öðrum tekjustofnum, svo sem virðisaukaskatti, fjármagnstekjuskatti, tekjum af umferðinni eða einhverju slíku. Það var alveg skýrt miðað við athuganir nefndarinnar að útsvarsstofninn hefur reynst sveitarfélögum mjög vel. Hann hefur verið stöðugur tekjustofn og vaxið jafnt og þétt allan þennan áratug. Hann er einfaldur og skilvirkur í innheimtu og hefur reynst sveitarfélögunum mjög traustur tekjustofn. Sannleikurinn er sá að við samanburð á tekjustofnakerfinu hér og tekjustofnakerfinu í nágrannalöndunum var samdóma álit og það var ekkert deilt um það í nefndinni — við lögðum mikla vinnu í þennan samanburð — að tekjustofnakerfi okkar fyrir sveitarfélögin er einfalt og skilvirkt.

Mér finnst umræðan um þetta hafa einkennst of mikið af því að menn væru að horfa á miklar tekjur af veltu einmitt núna þessi eitt, tvö, þrjú ár. Þessir tekjustofnar eru hins vegar miklu valtari og sveiflukenndari en útsvarið. Þess vegna lagði nefndin ekki til að þessi háttur yrði upp tekinn og leggur til að viðhalda kerfinu í stórum dráttum. Ég vil taka þetta sérstaklega fram vegna þess að eðlilega hafa þessi mál mikið verið í umræðunni. Menn höfðu slíka tekjustofna, t.d. aðstöðugjaldið hér á árum áður, en ég man eftir áralöngum deilum um það gjald. Það endaði með því að það var fellt niður með löggjöf frá Alþingi. Mér finnst hafa gætt of mikilla skammtímasjónarmiða í umræðunni. Útsvarið er traustur tekjustofn. Það sýna allar athuganir sem á þessu hafa verið gerðar og íslenska tekjustofnakerfið er einfalt og skilvirkt kerfi. Mér finnst að við eigum að halda þeim grunni.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um fasteignaskattinn. Það er rétt að þetta var verkefni sem okkur var fengið til að leysa úr og við þurftum auðvitað að koma á samkomulagi um að jafna þetta með Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það var samkomulag um það en það lá ekki alveg fyrir hvernig átti að jafna þennan tekjumissi í upphafi en menn náðu þar lendingu að nota jöfnunarsjóðinn í þessu sambandi vegna þess að hann er tæki sem menn hafa í höndunum. Jöfnunarsjóðurinn er tæki sem sveitarfélögin hafa auðvitað fulla aðkomu að, þau hafa mikil áhrif í ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðsins. Sjóðurinn er tæki sveitarfélaganna til að jafna og ég fæ ekki séð að við hefðum átt að búa til eitthvert annað tæki til að jafna á milli sveitarfélaganna, úr því að samkomulag var um það, en Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er nóg af alls konar fyrirbrigðum af þessu tagi í samfélaginu þó að við séum ekki að bæta nýju við í staðinn fyrir jöfnunarsjóð sem sveitarfélögin hafa sem tæki til þess að jafna á milli sín. Mér fannst sjálfsagt og ég held að ekki hafi verið um það deilt að nota jöfnunarsjóðinn til þessara verka.

Mig langar að minnast á fleiri mikilvæg atriði þó að þau komi frv. sem nú er verið að ræða hér kannski ekki beinlínis við. Ég vil taka undir það sem reyndar hefur verið nefnt áður af þeim ræðumönnum sem hafa talað hér á undan, að það er mikilsvert að meta áhrif löggjafar á tekjur sveitarfélaga. Það á eftir að ganga frá því í samvinnu ríkis og sveitarfélaga hvernig þetta verður gert og hvaða aðilar koma til með að gera þetta. Í sumum tilfellum getur þetta verið flókið mál og mikil vinna. Í sumum tilfellum er það minna en við látum ríki og sveitarfélögum eftir að ganga frá því hvernig að því verður staðið. Það er fullkomin samstaða um að taka þetta upp og ég tel það afar mikilvægt. Við teljum líka mikilvægt að það samráð sem verið hefur milli ríkis og sveitarfélaga með fundum í fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga og samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga verði fest í sessi við fjárlagagerð hverju sinni.

Einstakir nefndarmenn höfðu bókanir uppi og einn þeirra situr á Alþingi, hv. 6. þm. Reykn., og ég ætla ekki að orðlengja það neitt. Hann hefur munninn fyrir neðan nefið til að koma þeim bókunum á framfæri sjálfur. Einnig komu fram í skilabréfi bókanir frá Guðmundi Bjarnasyni, bæjarstjóra í Fjarðabyggð, og Ingimundi Sigurpálssyni sem er núverandi forstjóri Eimskipafélagsins. Þær bókanir voru einfaldlega að það hefði átt að ganga lengra og þá var einkum í því sambandi að veita sveitarfélögunum meira svigrúm til þess að ráða við þær skuldir sem þau eru með frá liðnum árum eftir langvarandi hallarekstur.

Ég leyni því ekki neitt að ábyrgð mín á þessum tillöguflutningi er nokkur. Sem formaður nefndarinnar reyndi ég að leiða til lykta eins og ég gat starf hennar. Ég lagði áherslu á að nefndin skilaði tillögum sem næðu fljótt fram að ganga í hv. Alþingi, að menn þyrftu ekki að eyða tíma í það þegar nefndin væri búin að skila að koma sér saman um hve langt ætti að ganga. Auðvitað má lengi deila um það verklag og rætt var um það í nefndinni en niðurstaðan var að það ætti að vera.

Tillögurnar hafa fengið mikla umræðu síðan þær sáu dagsins ljós og gagnrýnin hefur einkum beinst að því að sveitarfélögunum sé ætlað að leysa hluta málsins með auknum álagningarheimildum og ríkið skyldi ekki lækka tekjuskattsprósentuna til fulls á móti.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að sveitarfélögin þurfi að hafa eitthvert rúm í álagningarheimildum sínum. En það er alveg ljóst að vegna stjórnarskrárákvæða er ekki hægt að létta þakinu af. Það var ljóst. Það hefði verið túlkað sem framsal á skattlagningarvaldi. Hins vegar er ljóst að eitthvert rými stenst í þessu sem er ákveðið af Alþingi, gólf og þak. Ég tel nauðsyn að sveitarfélögin hafi slíkt rými og ég treysti þeim alveg til þess að nýta það. Ég hygg að þau verði að nýta það við þær aðstæður sem nú eru en ég treysti þeim hins vegar alveg til þess að nýta eitthvert rými í þessu efni.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að aldrei var lagt upp með það að breytt tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga ætti að leysa allt málið. Menn mega ekki falla í þá gryfju þó að afkoma ríkissjóðs sé bærileg um þessar mundir þá hefur margsinnis verið á það bent í umræðum á Alþingi, sem er alveg rétt, að hluti af þeirri afkomu er vegna þenslunnar og aukinnar veltu í samfélaginu. Þess vegna stendur ríkið í rauninni í sömu sporum og sveitarfélögin varðandi það að mikið er af tillögum um það hvernig á að verja þessum fjármunum ríkissjóðs. Ég hef sagt að það eigi að verja þeim til þess að greiða niður skuldir, laga fjárhag ríkissjóðs til að hann verði sterkari í framtíðinni til þess að eiga við verkefni sín. Eigi að síður er ljóst af þessum tekjuafgangi ríkissjóðs að nú þegar verður varið rúmlega 3 milljörðum kr. til þess að koma til móts við þessi verkefni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga en hluti af því er fasteignaskattsmálið sem er afar mikilvægt mál fyrir landsbyggðina og eitthvert mikilvægasta mál sem hefur verið fjallað um í hennar þágu núna um langt skeið.

Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra að sinni enda er tími minn þrotinn. Ég vil aðeins að lokum segja að hv. 6.

þm. Reykn. sagði að aldrei hefði staðið til að þriðji aðilinn, þ.e. skattgreiðendur í landinu, borgaði brúsann ef ég hef tekið rétt niður eftir honum. En menn verða að gá að því að skattgreiðendur í landinu eru líka þeir sem borga til ríkisins þannig að skattgreiðendur borga alltaf brúsann hvar sem það er tekið. Það er ljóst.

[12:06]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka málefnalega ræðu hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni og var ekki við öðru að búast af hans hálfu. Hann fór yfir efnisatriði málsins. Ég vil árétta það sem ég sagði fyrr í umræðunni að að minni hyggju hélt hann prýðilega um stjórn þessarar margnefndu tekjustofnanefndar. Á hinn bóginn er því ekkert að leyna að ég hygg að hann hafi á lokasprettinum verið að vinna starf sitt við ákaflega þröngar pólitískar aðstæður þar sem stjórnarflokkarnir, ráðherrarnir lágu mjög þungt á honum. Ég þori nánast að fullyrða að niðurstaða nefndarinnar er ekki að fullu og öllu í samræmi við væntingar hv. þm. þó hann beri sig sæmilega mannalega hér og geti ekki annað.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að með starfi nefndarinnar var ekki lagt til að ríkið eða nokkur annar borgaði eitt eða annað. Það var einfaldlega fyrir lagt að tekjustofnar stæðu undir verkefnum sveitarfélaga. Síðan kom það í ljós eins og skýrslan ber glöggt vitni um að á sama tíma og tekjur ríkisins hafa stóraukist hafa tekjur sveitarfélaganna líka aukist en í langtum minna mæli og útgjöldin langtum mun meira. Það er það sem blasir einfaldlega við okkur. Ríkissjóður er að skila 30 milljarða kr. afgangi og það er gott og blessað. Sveitarfélögin eru að skila ár eftir ár 2 og 3 milljörðum í halla. Það er viðfangsefnið og það er sú skipting sem er óréttmæt og óraunhæf. Þarna þarf að jafna í millum án þess að skattgreiðendur þurfi að leggja til nýja peninga. Það er kjarni málsins. Ég held satt að segja að hv. þm. sé mér sammála um það og ef hann hefði lausari tauminn þá mundi hann auðvitað greiða brtt. okkar samfylkingarmanna atkvæði sitt.

[12:09]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði unnið starf mitt á lokasprettinum við þröngar pólitískar aðstæður. Ég sagði að ég bæri nokkra ábyrgð á þessum tillögum. Ég hefði kappkostað að tillögurnar næðu fljótt fram að ganga og þyrfti ekki að eyða tíma í það að ræða niðurstöðuna eftir að nefndin hefði lokið störfum.

Ég hef ekkert undan samskiptum mínum við einstaka ráðherra að kvarta í þessu efni. Ég hafði eðlilega gott samráð við bæði sveitarstjórnarmenn og ríkisstjórnina í starfi mínu. Ég þurfti þess. Ég gerði það. Ég held að þeir geti alveg borið vitni um það, þeir sem ég hafði samband við. Það voru heilmikil samráð í kringum þetta og það tók tíma. Ég kappkostaði að ná þessari niðurstöðu og ég hef ekkert undan því að kvarta að ekki hafi verið horft á þær niðurstöður sem nefndin náði. Ég lagði á það kapp í sumar að stýra nefndarfundum þannig að töluleg niðurstaða um afkomu sveitarfélaga næðist sem best. Við erum með afar miklar upplýsingar um það í höndunum. Ég lagði það fyrir aðila. Ég hef ekki undan þeim samskiptum að kvarta.

[12:10]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við þurfum ekkert að deila um það og hv. þm. leiðréttir mig þá ef ég fer rangt með. Það er einfaldlega þannig að ríkissjóður er að skila tugmilljarða kr. afgangi. Sveitarfélögin hafa verið að skila milljarða kr. halla á hverju einasta ári með þeirri afleiðingu að nettóskuldaaukning þeirra á síðustu 10 árum er upp á 21 milljarð kr. á sama tíma og ríkissjóður er að greiða niður skuldir sínar.

Ég spyr hv. þm. undir þessum kringumstæðum: Er ekki ósköp rökrétt og eðlilegt að sæmilegt jafnræði sé með þeim tveim opinberu aðilum sem sinna þessari mikilvægu þjónustu við almenning í landinu og gefur það ekki augaleið undir þessum kringumstæðum að þarna þurfi að renna fjármunir frá einum til hins? Er þá ekki sjálfsagt og eðlilegt að undir þeim kringumstæðum sem ég lýsti að sveitarfélögin fái þá fjármuni sem allir eru sammála um að þau vanti en ríkissjóður leggi þá til en ekki skattgreiðendur? Ég spyr: Fer ekki léttur hrollur um hv. þm. þegar hann sendir kjósendum sínum reikninginn eins og hér er ráðgert, útsvarshækkun, skattahækkun á almennar launatekjur upp á tæpa 4 milljarða kr. sem eru þó mildaðar eins og segir í greinargerð með þessu frv. upp á 1.250 en engu að síður hrein og klár skattahækkun upp á 2,5 milljarða kr.? Fer ekki léttur hrollur um hann? Finnst honum þetta ekki erfitt hlutskipti af því að við vitum það af fréttum að samstarfsflokkurinn, Sjálfstfl. hefur knúið sérstaklega á um þetta? Ég vil trúa því að hv. þm. sérstaklega og kannski hugsanlega hæstv. ráðherra hafi viljað gera þetta með öðrum hætti, einmitt með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Ég vil trúa því þar til annað sannast.

[12:12]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er ekki neinn hrollur í mér í sjálfu sér. Ég held að þessar tillögur séu tiltölulega sanngjarnar og ég hef þá trú að verkefni sveitarfélaga séu það mikilvæg og það mikilvæg á ýmsum félagslegum sviðum að menn sjái að þau þurfi auknar tekjur. Þær tekjur koma frá almenningi hvort sem það er ríkið eða sveitarfélögin sem leggja þær á.

Það er tilfellið að það er eitt atriði sem er náttúrlega allra mikilvægast í sambandi við framtíðarafkomu sveitarfélaga að það takist að halda uppi launum, kaupmætti í landinu og að tekjur þeirra vaxi í samræmi við það. Þær hafa gert það á undanförnum árum. Útsvarstekjurnar hafa vaxið langt fram yfir verðlagsþróun á síðustu árum. Það er langsamlega mikilvægast að hægt sé að stýra efnahagsmálum þannig að sú þróun haldist. Það er mikilvægt fyrir ríkið en ekki síður mikilvægt fyrir sveitarfélögin. Ef við missum efnahagsþróunina niður þá megum við biðja fyrir okkur, bæði ríkið og sveitarfélögin, þannig að þetta er náttúrlega langmikilvægasta atriðið í öllu saman.

[12:14]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir tveimur árum hafði ég þá ánægju að sitja við fótskör hv. formanns fjárln. og yfirfara stöðuna. Þá hlustuðum við líka saman á alla sveitarstjórnarmenn á landinu nánast koma og bera upp áhyggjur sínar. Ég verð að segja að þessi samvera, sem ég þakka fyrir, verkaði svo sterkt á mig að ég hef varla á heilli mér tekið síðan af áhyggjum út af fjármálum sveitarfélaga.

Það koma núna loksins einhverjar tillögur og ég verð að segja það að mér finnst þær frekar léttvægar miðað við það sem ég hafði búist við og sérstaklega til að bjarga fjármálum skuldugra sveitarfélaga úti á landi. Ég sé einhvern veginn ekki að jafnvel þó að þær hækki útsvar um þetta eina prósent sem er gefið svigrúm til þá breytti það stöðu þeirra sem verst standa. Ég sakna þess að sjá ekki einhverjar tillögur til að

taka t.d. á málefnum þeirra sveitarfélaga sem eru allra verst sett. Ég fagna því auðvitað að nú skuli komnar tillögur um að lækka fasteignaskatta á landsbyggðinni en ég er kannski hrædd um að sveitarfélögin úti á landi muni veigra sér við að hækka útsvar eins og þó er gefin heimild til. Þetta er þvert á þær væntingar sem fólki höfðu verið gefnar um að til standi að lækka álögur þeirra sem búa í dreifbýli. Ég er hrædd um að þetta gangi í öfuga átt þegar upp verður staðið.

[12:16]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ýmis sveitarfélög komu til fjárln. til að tjá áhyggjur sínar af afkomu sinni. Hins vegar er ljóst að afkoma þeirra er mjög misjöfn og mörg sveitarfélög í landinu eiga við sértæk vandamál að glíma, t.d. vegna félagslega íbúðakerfisins. Það hefur verið rætt um skólana að ekki hafi verið tekið að fullu tillit til þeirrar yfirfærslu. Þessi mál eru til meðferðar í sérstökum nefndum, þ.e. málefni grunnskólans og málefni félagslega íbúðakerfisins. Það var ekki á verksviði okkar nefndar.

Það er alveg rétt að þarna er vandi sem ekki er búið að leysa úr, sérstaklega t.d. varðandi félagslega íbúðakerfið. En það verður ekki leyst með almennum tillögum tekjustofnanefndar. Þarna er um sértæk mál að ræða sem eru í vinnslu og það voru ýmsar áhyggjur af þessu tagi sem komu til fjárln. á þeim tíma þegar hv. þm. sat þar við fótskör mína sem var ágætur tími.

[12:18]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er strax hugarhægra þegar ég heyri að formaður fjárln. deilir áhyggjum mínum um stöðu þessara sveitarfélaga. Við erum sammála um að þessi skattalagabreyting í sjálfu sér, jafnvel þó að sveitarfélögin hafi dirfsku til að notfæra sér þetta prósent, verður ekki til að bæta stöðu þeirra sveitarfélaga sem verst standa.

Ég vildi spyrja hv. formann nefndarinnar hvort kannski sé von á einhverju öðru frv. sem leysir úr vanda þessara sveitarfélaga svo að ég kannski sofi betur um nætur, þ.e. ef hv. formaður fjárln. gæti stuðlað að því.

[12:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég get sungið hv. þm. í svefn en ég verð því miður að segja að ég hef ekki svör við þessu. Þessi mál voru ekki á okkar borði og e.t.v. kann hæstv. félmrh. svör við þeim spurningum vegna þess að þetta er í starfshópum sem starfa undir félmrn. og ég ætla ekki að svara fyrir það hvar þessi vinna er stödd.

En ég vil endurtaka að það stóð aldrei til að tillögur þessarar nefndar leystu öll sértæk vandamál í sveitarfélögum nema að því leyti til að það var tekin upp jöfnun vegna búseturöskunar. Það var almenn aðgerð. En að öðru leyti voru þessi sértæku mál sem eru erfið viðfangs, ég leyni því ekki og þurfa úrlausnar við, í vinnu sérstakrar nefndar á vegum félmrn.

[12:20]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu þetta fjárskilafrv. ríkisstjórnarinnar um að skila sveitarfélögunum til baka einum milljarði af þeim sex sem á hefur vantað og um hefur staðið heilmikill ágreiningur.

Það er mjög fróðlegt að fara yfir þetta mál. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Það er greinilega orðið þannig að jöfnunarsjóður er orðinn ríki í ríkinu. Ég tel að það ætti að skipa nefnd þar og hefði gjarnan viljað sjá í niðurstöðum þeirrar vinnunefndar að málefni þess sjóðs yrðu dálítið skoðuð og hvernig úr honum er deilt því að það er vinna sem ég tel að ætti að fara í á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég vil því gjarnan taka undir það og það væri ekki verra ef af slíku gæti orðið.

Ef ég fer aðeins yfir helstu niðurstöður þessarar nefndar þá er afar fróðlegt að sjá hvað þetta hefur verið mikið í járnum hjá sveitarfélögunum. Í helstu niðurstöðum stendur, með leyfi forseta:

„Allan síðasta áratug voru sveitarsjóðirnir reknir með halla. Mestur var hallinn 8,6 milljarðar árið 1994 en árið 1999 var hallinn 2,7 milljarðar."

Við sjáum líka að hlutfall rekstrargjalda af skatttekjum er farið úr 78% upp í 91% sem segir að allt er dálítið mikið í járnum. Það fer ekkert á milli mála að með aukinni þjónustu sveitarfélaga færist þjónustan nær og það verður meiri þrýstingur á þá þjónustu sem sveitarfélög eru að veita þannig að mörg sveitarfélög, eins og kemur hérna fram, hafa séð sig knúin til að mæta kröfum íbúanna um aukið þjónustustig umfram fjárhagslega getu því að það er oft og tíðum algerlega óhjákvæmilegt.

Í tillögum nefndarinnar eru líka margar mjög góðar tillögur eins og með kostnaðarmatið og samráðið. Það er lykilatriði að þetta samráð verði niðurneglt. Eins er þarna tillaga um breytta verkaskiptingu og um að stofnkostnaður sjúkrastofnana, heilsugæslustöðva, framhaldsskólanna, heimavistanna og Innheimtustofnunar fari yfir á ríkið. Þar með væri sá kaleikur tekinn af sveitarstjórnunum. Þar erum við að tala um gríðarlegar fjárhæðir.

Með aukinni þjónustu sveitarfélaganna kemur mjög skýrt fram í töflu sem ég hef undir höndum að þegar útgjöld vegna þjónustu við fjölskyldur með börn eru skoðuð frá árunum 1991–1998 þá hefur hlutur sveitarfélaganna farið úr 30,8%s upp í 48,2% og að sama skapi lækkað hjá ríkinu. Þetta er afar fróðlegt. Þarna erum við að ræða um 18% hækkun á átta árum. Og ef við skoðum þjónustu við aldraða þá hefur þessi hækkun hjá sveitarfélögunum orðið 10% þannig að við vitum alveg í hvað þessir peningar sveitarfélaganna hafa farið. Um það þarf ekkert að deila þannig að um það eru allir sammála. Ég held því að það sé afar mikilvægt að þessi sameiginlegu verkefni og þetta samráð sé neglt algjörlega niður þannig að þessir aðilar geti báðir treyst hvor öðrum, aðallega þó að sveitarfélögin geti treyst ríkinu, og jafnframt að fá kostnaðarmat á ýmis þau frv. sem hér renna í gegn.

Þetta frv. er um að almenningur þurfi að axla þessa ábyrgð því að það er verið að vísa þessu yfir á sveitarfélögin þannig að þau þurfa að hækka sína skatta sem þessu nemur. Ég hefði talið afar eðlilegt að ríkið mundi lækka tekjuskatta á móti þannig að almenningur þyrfti ekki að axla þessa ábyrgð á þennan hátt. Ég á líka eftir að sjá hvað t.d. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga mun gera í borgarstjórn Reykjavíkur. Ætlar hann að axla þá ábyrgð sem sveitarfélögunum er falin? Ætlar Kópavogsbær með oddamann hér í þingi að axla sína ábyrgð? Ég á eftir að sjá það hvernig þetta muni gerast og ég á líka alveg eftir að sjá að aðaláherslan verði lögð á Reykjavík og þar verða skattakóngarnir taldir mestir. Við eigum eftir að sjá mjög margar bókanir og annað frá sveitarfélögum

í landinu. Ég er hér með eina, með leyfi forseta, sem ég vildi gjarnan fá að lesa. Hún er í tengslum við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar og hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að skora á Alþingi að samfara auknum heimildum til hækkunar útsvars um 0,99% á næstu tveimur árum lækki ríkisvaldið tekjuskatt jafnmikið. Það er ljóst að í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur hallað á sveitarsjóðina og er það viðurkennt í niðurstöðum tekjustofnanefndar sveitarfélaga. Ástæður þess eru m.a. ákvörðun ríkisvaldsins og Alþingis í skattamálum og enn fremur varðandi kröfur um aukna kostnaðarsama þjónustu sveitarfélaga án þess að tekjur hafi fylgt. Lætur nærri að tekjuþörf sveitarfélaga af þessum sökum liggi á bilinu 5–6 milljarðar kr. árlega. Um þetta er ekki deilt.

Auknar hækkunarheimildir í útsvari til handa sveitarfélögunum mæta að hluta til þessum tekjuvanda sveitarsjóðanna. Hins vegar er óviðunandi að þessari sannanlegu tekjuþörf sveitarfélaganna sé mætt með auknum álögum á íbúa sveitarfélaganna. Þess vegna er mikilvægt að tekjuskattur ríkisins lækki til jafns við hækkun útsvars. Með þeim hætti er leiðrétt að hluta óréttlát tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga en án þess að skattgreiðendur borgi brúsann, án þess að komi til skattahækkana.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á alþingismenn að verða við þessum réttmætu ábendingum."

Undir þessa tillögu rita allir í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Svona mun líka fara í öðrum sveitarstjórnum. Það eina er að ég óttast örlítið um Reykjavík. Ég játa það. Þar er kannski sterkari stuttbuxnadeild en á mörgum öðrum stöðum. En ég held líka að það sé mjög mikilvægt að sveitarfélögin standi saman og axli ábyrgðina. Hins vegar held ég að það verði aukinn þrýstingur á að það komi lækkun á tekjuskatt á móti.

Málið fer núna til hv. félmn. til umsagnar og umfjöllunar og mér finnst heldur ekki óeðlilegt að svona skattafrv. fari líka til efh.- og viðskn. Ég tel það liggja í augum uppi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það má heldur ekki vera þannig að tíminn sé svo knappur að ekki sé hægt að fá skriflegt álit sveitarstjórnanna í málinu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að álit þeirra liggi fyrir. Þó svo að einhverjir verði teknir til viðtals í félmn. þá held ég að það sé afar mikilvægt að sveitarfélögin í heild og sveitarstjórnir í heild fjalli um málið og komi með sína niðurstöðu og kynni fyrir nefndinni. Það er ekkert að því að vera með stuttan umsagnarfrest. Þetta er mál sem var rætt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þannig að sveitarfélög eru alveg undir það búin að koma með álit á mjög stuttum tíma.

[12:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég átti sæti í þessari nefnd sem kom með þær niðurstöður sem við erum að fjalla um hér og ég fullyrði að þar var unnið mikið starf og fyrir liggja miklar upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna í þeirri skýrslu sem nefndin skilaði af sér. Það ber að þakka öllum sem tóku þátt í þessari vinnu og ekki síst Sambandi ísl. sveitarfélaga sem innti mikið starf af höndum varðandi þær niðurstöður sem náðust og safnaði heilmiklum upplýsingum sem við unnum síðan út frá.

Í morgun hefur nokkuð verið rætt um þennan útsvarsálagningarstofn sem var ákveðið að hækka í áföngum þannig að 1. janúar geti sveitarfélögin hækkað útsvarsálagninguna um 0,66% óski þau þess. Ég tel afar mikilvægt að sveitarfélögin hafi visst svigrúm í sinni skattlagningu. En ég get ekki tekið undir það hjá þeim sem hafa nefnt það að það eigi að sleppa hámarki á útsvari. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir borgarana í þessu samfélagi að nokkurt öryggi ríki varðandi það hvernig skattlagningu er komið á og þess vegna sé mjög mikilvægt, enda er það í stjórnarskránni þannig, að það sé eingöngu hægt að leggja á skatta með lögum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að hér séu hámörk og jafnvel lágmörk — þó held ég að það sé umræðu vert hvort það sé nauðsynlegt — en að svigrúm sveitarfélaganna sé þá nokkurt þannig að þau geti sýnt hvað í þeim býr varðandi rekstur sveitarfélaga og geti þá búið þegnum sínum það umhverfi sem þau óska eftir innan ákveðinna marka.

Það er alveg ljóst að það er verið að gera töluvert miklar breytingar í skattaumhverfinu og eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. er verið að leggja mjög verulega inn í þennan skattapakka með því að barnabæturnar munu hækka. Það þýðir þá að það er verið að færa áherslurnar þannig að verið er að létta á skattlagningu til fjölskyldufólks og barnafólks. Það er auðvitað mjög mikilsvert fyrir fjölskyldupólitíkina í landinu að þannig sé hlutunum komið fyrir að álögum sé létt af barnafólki og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn haldi því til haga einmitt í þessari umræðu að þetta skiptir mjög miklu máli og við erum hér allan tímann að tala um álögur á einstaklinga. Skattar lenda hvergi nema hjá þegnunum á endanum þannig að við erum að breyta þessu umhverfi til hagsbóta fyrir fjölskyldufólk og það er mjög mikilvægt.

Það hefur jafnframt komið hér fram og er búið að fara mjög vel yfir að útsvarsálagningarstofninn hefur á undanförnum árum hækkað mun meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þess vegna er það mjög mikilvægt að það er komið sérstaklega til móts við landsbyggðarsveitarfélögin með því að leggja til jöfnunarsjóðsins á þessu ári 700 millj. og síðan er gert ráð fyrir að á næsta ári komi svo aftur 700 millj. sem verða lagðar inn til jöfnunarsjóðsins. Þessum fjárhæðum verður væntanlega skipt líkt og gert var á síðasta ári. Mörg sveitarfélög hafa orðið fyrir miklum skaða við tekjuöflun sína vegna þess að það hafa orðið miklir flutningar til höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélögin þá misst tekjur vegna færri útsvarsgreiðenda og augljóst er að sveitarfélögn geta ekki dregið það hratt úr þjónustu að þau verða fyrir mjög miklum skaða af þessu. Þess vegna er nauðsynlegt að koma til móts við þau með svokölluðum fólksfækkunarframlögum. Ég hef ekki orðið vör við annað en sveitarfélögin séu mjög ánægð með að fá þarna aukið framlag í jöfnunarsjóðinn til þess að mæta þessu. Umræða um jöfnunarsjóðinn er náttúrlega sér á parti. Auðvitað er umfang jöfnunarsjóðs sífellt að aukast. En það er mikilvægt að halda því til haga að það eru mjög skýrar reglur um það hvernig jöfnunarsjóðurinn úthlutar sínu fé þannig að það er alveg ljóst hvernig t.d. þessum hluta sem kemur þarna til aukningar verður skipt og síðan eru aðrar reglur um bundin framlög og aðrar skiptingar jöfnunarsjóðsins mjög skýrar. Það er hins vegar ljóst að reglur jöfnunarsjóðsins þurfa sífellt að vera til endurskoðunar og nauðsynlegt að það sé gert. Það hefur komið upp sú umræða sem við þekkjum öll sem höfum starfað í sveitarstjórnum og verið á fundum með sveitarstjórnarmönnum að í sumum tilfellum eru reglur jöfnunarsjóðsins slíkar að þær hamla sameiningu sveitarfélaga. Það er náttúrlega ekki heppilegt að þannig hagi til ef menn að öðru leyti sjá hagræðingu í því að sameina sveitarfélög sem auðvitað er í mjög mörgum tilfellum. Því er ekki heppilegt

að þær reglur sem jöfnunarsjóðurinn starfar eftir verði til þess að hamla sameiningu.

Jafnframt var í nefndinni rætt m.a. hvernig skattbreytingar sem hafa verið lagðar til á Alþingi hafa haft áhrif á sveitarfélögin, skattfrelsi lífeyrisiðgjalda og fleiri skattalagabreytingar sem hafa orðið. Það er ljóst að tekjur ríkisins hafa jafnframt lækkað vegna þess. En það er líka alveg ljóst að góðærið í landinu hefur aukist vegna efnahagslegra og skattalegra aðgerða og það leiðir þá líka til aukinna tekna einstaklinga sem hafa þá aftur á móti þau áhrif að tekjur sveitarfélaganna aukast vegna þess hversu tekjustofnar sveitarfélaga eru tengdir við tekjur einstaklinganna í útsvarsstofninum.

Útsvarsstofninn er býsna góður tekjustofn. Við fórum töluvert í þá vinnu að skoða hvernig tekjum sveitarfélaga í öðrum löndum væri háttað og við komumst að því að sennilega værum við með besta fjáröflunarkerfið til sveitarfélaga hér á landi af því sem við skoðuðum þannig að við gátum afskaplega lítið lært af öðrum í þessum efnum. Þess vegna eru í þessari skýrslu ekki lagðar til neinar róttækar breytingar á þessu tekjuöflunarkerfi. Þrátt fyrir allt höfum við því *sennilega betra kerfi hér en þekkist víðast annars staðar. En* það er auðvitað svo að mjög miklu máli skiptir, þar sem sveitarfélögin hafa sífellt meira vægi í rekstri hins opinbera og í opinberum fjármálum, að enn sé styrkt það samráð sem er á milli ríkis og sveitarfélaga og það undirstrikum við í niðurstöðum nefndarinnar. Það er mjög mikilvægt að þetta samráð sé fyrir hendi.

Jafnframt var lagt til að það kæmi til sérstakt kostnaðarmat á þeim lagafrumvörpum og stjórnvaldsákvörðunum sem fara í gegnum Alþingi og hvernig þau skulu metin fyrir fjárhag sveitarfélaganna. Þetta er eitt af því sem ég held að skipti afskaplega miklu máli, þ.e. að menn hafi fyrir framan sig hvaða áhrif lagafrumvörp hafa á fjárhag sveitarfélaga. Það hefur tíðkast nokkuð lengi á Alþingi að frumvörp væru kostnaðarmetin varðandi fjárhag ríkisins. En í þessum tillögum gerum við ráð fyrir því að þau verði einnig kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögunum þegar álitið er að *það sé verið að setja á einhverja reglu sem gæti haft áhrif á* rekstur sveitarfélaga.

Ég held að eitt af því merkara sem við gerðum hafi verið að laga það óréttlæti sem var og er varðandi álagningu fasteignagjalda. Ríkjandi fyrirkomulag, sem er þannig að álagning fasteignaskatta á allar eignir hvar sem þær eru á landinu er miðað við að þær séu staðsettar í Reykjavík, hefur auðvitað ekki traustan grundvöll, sérstaklega ekki ef litið er til þess að fasteignaverð á landsbyggðinni hefur lækkað mjög verulega þannig að þetta er mikið óréttlæti eins og þetta er núna gagnvart borgurunum, þ.e. að álagningarstofninn sé í engu samhengi við raunveruleikann. Þarna er tekið á þessu máli og auðvitað hefði þetta í för með sér að tekjur sveitarfélaganna mundu minnka. En til móts við það er komið með framlögum til jöfnunarsjóðsins sem eru um 1.100 millj. kr. og koma sem framlag ríkisins til jöfnunarsjóðsins. Þetta skiptir afskaplega miklu máli fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni. Ég held að þarna sé mjög mikið réttlætismál komið í höfn og muni skipta mjög marga miklu máli.

Það er einnig ljóst að undanþágur frá fasteignagjöldum eru þó nokkuð víða í lögum. Til móts við það kemur að rætt var um það í niðurstöðu nefndarinnar að sérstök vinna yrði sett af stað til þess að fækka þessum undanþágum. Þarna er sérstaklega átt við ríkisfyrirtæki, kirkjur og fleiri stofnanir sem mönnum hefur þótt í gegnum tíðina að ættu að sleppa við að greiða fasteignagjöld. Í gegnum þetta þarf auðvitað að fara og skoða hvar hægt er að fækka þessum undanþágum.

Ég vildi svo nefna það að þó að nefndin hafi ekki haft það hlutverk þá nefnir hún augljós verkefni þar sem er um samrekstur ríkis og sveitarfélaga að ræða, þ.e. að það þurfi að breyta þeirri verkaskiptingu. Í niðurstöðu nefndarinnar er sérstaklega nefndur stofnkostnaður sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva. Þarna er um verkefni að ræða sem sveitarstjórnarmenn hafa mjög oft talað um að væri ekki eðlilegt að lenti á sveitarfélögunum þar sem reksturinn er að öðru leyti hjá ríkinu. Þetta á einnig við um stofnkostnað framhaldsskóla og heimavistir þar með. Síðan nefndum við Innheimtustofnun sveitarfélaga sem er svona gamall draugur sem sveitarfélögin eða jöfnunarsjóðurinn situr uppi með og væri kannski eðlilegt, miðað við annað tryggingakerfi í landinu, að væri hjá ríkinu. Þetta eru allt atriði sem er eftir að skoða því að auðvitað voru þessar niðurstöður ekki endanlegur sannleikur alls. Það er stöðugt viðfangsefni okkar að fást við þennan málaflokk og það munum við auðvitað *gera áfram. Það er t.d. ljóst að ekki vannst tími til* þess hjá nefndinni að fara yfir þjónustugjöld sveitarfélaga. Þar er einfaldlega stór málaflokkur sem þarf að vinna í og nefndin leggur til að fram fari heildarúttekt á gjaldheimtu sveitarfélaga, þjónustugjöldum, og sú vinna fer væntanlega af stað upp úr þessu.

Ég vildi að síðustu, hæstv. forseti, óska eftir því að eiga góð samskipti við nefndarmenn í félmn. Það er afskaplega nauðsynlegt að þetta frv. klárist sem fyrst þannig að sveitarfélögin fái þessa tekjustofna aukna sem hér er verið að leggja til og augljóst er að sveitarfélögunum veitir ekkert af því eins og fram kemur reyndar í skýrslu nefndarinnar. Ég ítreka það að ég tel afskaplega mikilvægt að um þetta náist góð samstaða í félmn. og treysti félagsmálanefndarmönnum til þess að leggja á sig aukna vinnu nú í framhaldinu við að ljúka þessu máli.

[12:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur talsmaður Sjálfstfl. talað og það er út af fyrir sig athugunarefni hvers vegna hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur umræðuna því að hér er um bandorm að ræða, nátengd mál. Talsmaðurinn skautaði býsna létt yfir meginefni þessa máls og ég bið hv. þm. að halda sig við efnið. Ef hv. þm. ætlar að svara mér því kannski á hvaða fundi það var í tekjustofnanefnd sem barnabæturnar voru sérstaklega ræddar, þá þætti mér vænt um að heyra það en það er bara ótengt mál. Eigum við ekki að ræða bensínverðið eða verðbólguna eða veðrið? Við skulum halda okkur við kjarna málsins.

Ég spyr hv. þm. einnar spurningar. Hafði hv. þm. um það sérstök orð í kjördæmi sínu, Austurlandskjördæmi, gagnvart íbúum sveitarfélaga þar á bæ þegar lofað var fasteignaskattslækkuninni að hún yrði tekin jafnharðan til baka í hækkun útsvars? Fylgdi það með í loforðapakkanum fyrir síðustu kosningar? Eða ætlar hv. þm. að neita því að hún er að leggja auknar álögur á kjósendur sína?

[12:48]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er málfrelsi hér fyrir fleiri en talsmenn Samfylkingarinnar og við erum að ræða hér skattamál, það er augljóst, þetta tengist. Við erum að ræða það að sveit-

arfélögin fái auknar heimildir til útsvarsálagningar. Einnig verður það rætt seinna í dag að gera ráð fyrir því að tekjuskattsálagning til ríkisins muni lækka. Hún mun lækka til helmings á móti þessu, á móti þeim hækkunum sem gert er ráð fyrir til sveitarfélaganna. En það er auðvitað heilmikið mál að inn í skattumhverfið allt komi aukin framlög vegna barnabóta. Við erum að tala um annars vegar skattlagningu sveitarfélaganna og hins vegar ríkisins og inn í þann pakka, ef við erum að tala um skattahækkanir, þá eru barnabætur skattalækkanir.

[12:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að við höfum grundvallaratriðin á hreinu, erum við ekki sammála um það, ég og hv. þm., að með hækkun barnabóta er að hluta til verið að skila til baka skerðingu þeirra á umliðnum fimm árum, aðeins að hluta til? Getum við ekki verið samála um það? Tala tölurnar ekki því máli?

Í annan stað. Erum við ekki líka sammála um það að fasteignaskattslækkunin sem landsbyggðinni var lofað er að engu gerð vegna útsvarshækkana á sömu svæðum? Er þetta ekki býsna einfalt mál? Ég endurtek því spurningu mína: Var því sérstaklega lofað af hálfu þingmannsins og Sjálfstfl. úti á landsbyggðinni í Austurl. að hækka ætti útsvar, að hækka ætti skatta á fólk? Ég held ekki. Mér þætti vænt um að fá hreinskilið svar við því, en því er nú tæpast að heilsa vænti ég því að eins og ég sagði áðan er verið að hella í þennan súpupott ýmsum óskyldum málum til þess að flækja þetta einfalda mál, þessa einföldu skattahækkun Sjálfstfl.

[12:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott ef þetta er allt svona einfalt en það voru samt sem áður margar tillögur sem við lögðum til í niðurstöðum okkar í okkar ágætu nefnd sem við áttum bæði sæti í, ég og hv. þm.

Við erum auðvitað að tala um mjög mikilsverða réttarbót varðandi fasteignagjöldin og hún kemur helst fram úti á landi. Það liggur í hlutarins eðli. Hækkun barnabótanna skiptir auðvitað mjög miklu máli líka. Við erum að tala um breytingar sem hafa áhrif á allan skattapakka hvers einstaklings og þetta eru margvíslegar breytingar. Verið er að breyta áherslum og það er augljóst mál að þó svo við leggjum til auknar heimildir til sveitarfélaganna til að hækka útsvarið, þá er ekkert alveg jafnaugljóst að sveitarfélögin muni nýta sér þetta. Sveitarfélögin verða að hafa sínar heimildir.

[12:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir að við þurfum að skoða þessi mál heildstætt. Þegar við ræðum um tekjustofna sveitarfélaga þurfum við líka að ræða um barnabætur sem reyndar er alls óskylt efni en hv. þm. segir að við þurfum að halda til haga hvað hafi verið gert til hagsbóta fyrir barnafólk gegnum barnabótakerfið. Ég ætla að aðstoða hv. þm. við að halda þessu til haga.

Það er vissulega rétt að 4,2 milljarðar, eins og gert er ráð fyrir á fjárlögum fyrir næsta ár til barnabóta, er hækkun frá árinu í ár. Í ár er það 3,6 og hækkun frá því í fyrra, 3,9, en það er ekki hækkun frá árinu 1997. Þá eru það 4,5 milljarðar. Það er ekki hækkun frá 1994, 4,4. Það er ekki hækkun frá 1992, 4,2 milljarðar. Það er ekki hækkun frá 1991, þá voru það 4,8 milljarðar á móti 4,2 milljörðum sem menn ætla að láta á næsta ári. Það eru 600 millj. kr. í mínus frá því sem barnabætur voru fyrir einum áratug. Ég tek undir það með hv. þm. Við skulum halda þessum stærðum til haga.

[12:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við vitum það bæði, hv. þm. Ögmundur Jónasson og ég, að tekjur hafa verið að hækka í landinu og það hversu barnabæturnar voru tekjutengdar hafði auðvitað þau áhrif að heildargreiðslur inn í þann pakka höfðu mikil áhrif á það hversu heildarupphæðirnar voru miklar þegar allt kom til niðurstöðu í álagningu. Það er verið að breyta þessu núna með barnabæturnar. Verið er að draga úr tekjutengingum. Er það eitthvað sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur mikið á móti? Erum við ekki að tala um aukin framlög til barnabóta? Er það eitthvað sem hv. þm. mælir á móti?

[12:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Nei, herra forseti. En ég er á móti útúrsnúningum. Hv. þm. er að skýra hvers vegna framlög hafi verið skert til barnabóta. Um 600 millj. kr. frá því sem þær voru fyrir einum áratug. En í reynd er þetta rangt sett fram hjá mér. Auðvitað á að núvirðisreikna þessar upphæðir. Það er eðlilegt að gera vegna þess að samkvæmt núvirðisreikningum eru barnabætur 1991 5,8 milljarðar. Þær eru og verða samkvæmt fjárlögum næsta árs 1.600 millj. kr. lægri en þær voru fyrir einum áratug og þessi mismunur er meiri en framlagið sem á að koma til viðbótar úr sjóðum ríkissjóðs á næstu þremur árum því að þar er talað um 1.500 millj. Hér er ég að tala um tæpar 1.600 millj. Ég ætla því í ræðu minni á eftir að fara ítarlega yfir þetta og hjálpa hv. þm. að halda þessum stærðum til haga því ekki virðist veita af.

[12:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að hv. þm. Ögmundur Jónasson er með þetta allt saman á hreinu, tölurnar í þessu, en þá skal hann jafnframt tína til þær tölur sem hafa orðið til þess að þau framlög hafa lækkað sem eru vegna tekjutenginga í skattkerfinu. Því erum við að breyta núna, hv. þm., og það hlýtur að teljast inn í hvernig hag almennings og fjölskyldufólks í landinu er fyrir komið ef tekjurnar aukast það mikið að tekjutengingarnar (Gripið fram í.) fara að hafa þetta mikil áhrif og það skulum við þá líka taka inn í heildarmatið.

Núna erum við að draga úr tekjutengingum. Ég tel það mjög gott og ég vona að hv. þm. Ögmundur Jónasson styðji það, (Gripið fram í.) hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, ef ég má klára þetta, það er auðvitað líka til hagsbóta fyrir almenning í landinu.

[12:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, talsmanni Sjálfstfl. í þessu máli, öðrum sjálfstæðismönnum höfum við ekki heyrt í, kom fram að hún leiddi líkur að því að t.d. skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hefði ekki eingöngu haft í för með sér skerðingu útsvarstekna heldur líka á tekjuskatti ríkisins. Það er alveg hárrétt. Munurinn er hins vegar sá, og það kom ekki fram í ræðu hv. þm., að ríkisvaldið hafði tækifæri til þess að bæta sér tekjutapið upp og það var gert svo sannarlega. Í fyrsta lagi hækkaði tryggingagjaldsprósentan um 0,5% og í öðru lagi, og það sem kannski er rétt

að vekja sérstaka athygli á, að persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum var haldið óbreyttum á milli áranna 1995 og 1996, á því tímabili sem við erum að ræða um. Það er rétt að það komi fram, herra forseti, hvernig hv. þm. ræðir um skattleysismörk og annað slíkt.

[12:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur auðvitað mjög margt breyst í skattumhverfinu, bæði hjá ríkinu og sveitarfélögum, ekki síst hefur það breyst hjá sveitarfélögunum vegna þess að góðærið í landinu hefur aukist og því hafa sveitarfélögin fengið auknar tekjur. Það er augljóst mál þegar maður lítur á handbók sveitarfélaganna að mjög misjafnt er hvernig sveitarfélögin nýta sér tekjustofna sína og það er gott að svo sé vegna þess að sveitarfélögin eiga að hafa ákveðið frelsi til að ákveða sína skattlagningu og það kemur auðvitað fram að sveitarfélögin vilja hafa það svigrúm að geta ákveðið rekstur sinn og umfang með því að hafa mismundi álagningu innan þeirru ákveðnu marka sem lög leyfa.

[12:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um annað atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Þegar stjórnarsinnar eru að hæla sér af þeirri breytingu sem á að verða á fasteignasköttum á landsbyggðinni þar sem verið er að efna það loforð sem gefið hefur verið að breyta þeim álagningarstofni sem verið hefur, sem hefur verið mjög ósanngjarn og hefur bitnað mjög á íbúum landsbyggðarinnar, þá mun sú skattalækkun ekki nýtast nema rétt á næsta ári vegna þess að heimildin er um það að ríkisvaldið veiti þá heimild til sveitarfélaganna, sem sveitarfélögin geta ekki annað en notað, að hækka útsvarið árið á eftir. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Hvernig getur hv. þm. sagt það hér að sú breyting á fasteignasköttum muni nýtast íbúum landsbyggðarinnar til lægri skatta? Telur hv. þm. sveitarfélög á landsbyggðinni ekki þurfa að nýta sér þá möguleika sem eru til hækkunar útsvars árið á eftir — þannig að íbúar landsbyggðarinnar standa svipaðir eftir eða jafnvel verr settir?

[13:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið sammála um að fasteignagjöldin eru mjög óréttlátur tekjustofn eins og þau eru lögð á núna, miðað við það að fasteignir séu staðsettar í Reykjavík.

Ég skildi ekki alveg hv. þm. en reikna með því að hann sé samþykkur þessari breytingu. Við áttum hins vegar sennilega bæði þátt í þessu á sínum tíma þegar verið var að koma þessu á ... (**KLM:** Ég var að spyrja hvort ... mundu hækka 2002.) þegar sveitarstjórnarmenn börðust fyrir þessu. Þetta mun ekki hafa þau áhrif að tekjur sveitarfélaganna lækki vegna þess að það koma framlög til þeirra í gegnum jöfnunarsjóðinn á móti þeim upphæðum sem íbúar sveitarfélaga á landsbyggðinni munu fá í lækkun á sínum sköttum og álögum og það skiptir auðvitað mjög miklu máli. Það varð að leysa þetta mál á þann hátt að koma þessu réttlæti á með því að sveitarfélögin fengju þá tekjur á móti annars staðar frá.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Endurskoðun á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og GE, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Loftslagsbreytingar.

[13:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Umræðan um loftslagsbreytingar af manna völdum og mögulegar afleiðingar þeirra er fyrirferðarmikil um allan hinn vestræna heim um þessar mundir. Frambjóðendur í forsetakosningum í Bandaríkjunum hafa hver um sig orðið að móta stefnu og svara áleitnum spurningum fréttamanna um efnið. Breskir fjölmiðlar eru mjög uppteknir af efninu og um alla Evrópu gætir hugleiðinga um þetta efni. Það er kannski helst á Íslandi að maður saknar umfangsmikillar og efnismikillar umræðu um málið.

Hluta af þessari auknu umfjöllun má rekja til frétta af væntanlegri skýrslu frá alþjóðlegri milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar IPCC og tengist hún umræðunni um væntanlegt sjötta aðildarríkjaþing rammasamnings Sameinuðu

þjóðanna um loftslagsbreytingar sem haldið verður í Haag 13.–24. nóvember nk. Það er víst að draga mun til tíðinda í Haag en þar munu ráðherrar og aðrir fulltrúar 160 þjóðríkja gera úrslitatilraun til að hraða aðgerðum svo koma megi böndum á losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum.

Herra forseti. Ef ég mætti biðja um að það yrði bara einn fundur haldinn í salnum þá yrði ég ánægð.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér finnst þetta mjög sanngjörn beiðni hjá hv. þm.)

Herra forseti. Yfirlýst markmið sjötta aðildarríkjaþings rammasamnings Sameinuðu þjóðanna er að ná niðurstöðu um þau sérákvæði sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi samningsins. Eitt af þeim ákvæðum sem leiða á til lykta í Haag er hið svokallaða íslenska ákvæði, en íslensk stjórnvöld hafa sem kunnugt er frá því að aðildarríkjaþingið var haldið í Buenos Aires 1998 lagt til ákveðna útfærslu þess ákvæðis sem enn hefur ekki verið tekin afstaða til. Íslenska ákvæðið felur það í sér að losun frá stóriðju á Íslandi sem komið hefur til eftir viðmiðunarárið 1990 og er áætluð fram yfir fyrsta skuldbindingartímabil samningsins, verði haldið utan við bókhald Kyoto-bókunarinnar. Með öðrum orðum, þar væri um að ræða a.m.k. 70% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda til viðbótar við þau 10% sem Kyoto-bókunin heimilar Íslandi.

Herra forseti. Það er ekki oft sem hæstv. forsrh. eða aðrir stjórnarherrar á Íslandi tjá sig um þessi mál en þó má rifja upp áramótaræðu hæstv. forsrh. við áramót 1997–1998, en þar er ekki mikið gert úr þeim vanda sem stafar af sívaxandi losun gróðurhúsalofttegunda og lítið gert raunar með vísbendingar um tengsl öfgakenndra veðurfarsbreytinga og hlýnunar andrúmsloftsins af manna völdum. Í ræðunni segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„.... umræður um leyndardóma lofthjúpsins, vistkerfi og veðurfar þurfa að byggjast á hógværð, en ekki á hleypidómum. Við þurfum að viðurkenna að þekking okkar er brotakennd. Við höfum ekkert leyfi til að mála skrattann í sífellu á vegginn. Skollinn er æðileiðigjarnt veggskraut.

Menn verða að fara afar sparlega með stórslysaspárnar og forðast að skapa ótta hjá fólki með vísun til fræða, sem byggja á veikum grunni."

Herra forseti. Þegar þessi orð voru töluð þá hafði milliríkjanefnd vísindamanna um loftslagsbreytingar, IPCC, sem er farvegur vísindaráðgjafar til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna, sent frá sér skýrslu þar sem gróðurhúsaáhrif voru sögð merkjanleg og alvarlega varað við þeirri ógn sem af þeim gæti stafað. Um þessar mundir er væntanleg ný skýrsla frá þessari sömu milliríkjanefnd þar sem kveðið mun enn fastar að orði en fyrr um alvarleik ástandsins.

Herra forseti. Hafi árið 1997 verið um að ræða fræði sem enn voru hulin nokkurri óvissu þá verður slíku ekki haldið fram í dag. Vísbendingarnar eru orðnar það sterkar að ráðherrar bresku ríkisstjórnarinnar hika ekki við að tengja skelfileg áhrif öfgakennds veðurfars þar í landi við loftslagsbreytingar af manna völdum. Hér eru sem sé ekki lengur á ferðinni tilgátur byggðar á veikum grunni, herra forseti, heldur vísbendingar sem þjóðarleiðtogar iðnríkja heims hafa kosið að taka af fyllstu alvöru og væri óskandi að það sama mætti merkja í málflutningi íslenskra stjórnvalda.

Herra forseti. Nú styttist óðum í þingið í Haag og ljóst að menn eru uggandi um niðurstöðurnar, óttast jafnvel að einhver iðnríkjanna muni skorast undan því að taka ákvarðanir sem gætu orðið óþægilegar fyrir efnahag þeirra. Af því tilefni er spurt hér, herra forseti: Hver verður tillaga íslensku sendinefndarinnar í Haag? Og í framhaldi af því: Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera ef hún nær ekki fram að ganga? Enn fremur er rétt að spyrja: Hvenær má vænta þess að ný framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar muni líta dagsins ljós? Með öðrum orðum, hvar er stödd vinna hins svokallaða stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsmál? Og lokaspurningin er, herra forseti: Telur hæstv. ráðherra enn að niðurstöður rannsókna og ábendingar vísindamanna upp á síðkastið um tengsl veðurfarsbreytinga og hlýnunar lofthjúps af manna völdum séu leiðigjarnt veggskraut?

[13:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Tillaga Íslands snýst um hvernig skuli framkvæma íslenska ákvæðið svonefnda sem samþykkt var á aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Kyoto árið 1997 í tengslum við gerð Kyoto-bókunarinnar. Þar með hafði verið samþykkt á vettvangi samningsins að skoða sérstaklega vandamál lítilla hagkerfa þar sem einstök verkefni eins og stóriðjuver auka losun gróðurhúsalofttegunda hlutfallslega mjög mikið. Þannig eykur t.d. 200 þúsund tonna álver losun á Íslandi um 11–13% meðan aukningin frá slíku veri er dropi í hafið í stóru iðnríkjunum.

Tillaga Íslands felur í aðalatriðum í sér að leiði nýtt stóriðjuver eða stækkun eldri vera til þess að losun aukist um meira en 5% þá skuli losunin undanþegin en að því tilskildu að við framleiðsluna séu notaðir endurnýjanlegir orkugjafar.

Eins og fram hefur komið hefur tillagan verið til umfjöllunar í viðræðum við önnur ríki og á vettvangi loftslagssamningsins. Í þessari umræðu er unnið að nánari útfærslu á tillögunni til að ná lausn í málinu sem gerir Íslandi kleift að verða aðili að Kyoto-bókuninni. Ekki er unnt að greina nánar frá þessari vinnu nú, enda verður viðræðum við önnur ríki haldið áfram á aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins og í undirnefnd þess, en þingið hefst, eins og hér kom fram, í Haag í næstu viku og stendur til 25. nóvember. Hvort lausn finnst þar á máli Íslands verður væntanlega ekki einungis háð efni þess heldur og hvernig muni ganga að ná samkomulagi um mörg önnur mál á þinginu í Haag og þar með heildarniðurstöðu um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem ríkisstjórnin samþykkti í október 1996 setur markmið um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2000. Áætlunin er byggð á rammasamningnum um loftslagsbreytingar sem undirritaður var í Rio de Janeiro 1992. Á vegum nefndar ráðuneytisstjóra um loftslagsmál er nú unnið að því að gera tillögur um aðgerðir sem taki við af þeirri áætlun sem nú er í gildi og setji markið um aðgerðir fram til ársins 2005, en það er í samræmi við Kyoto-bókunina. Undirbúningur að þeirri tillögugerð gengur vel og er líklegt að tillögur geti legið fyrir fyrri hluta næsta árs. Þær tillögur munu eðlilega taka mið af niðurstöðum aðildarríkjanna í Haag, bæði hvað varðar útfærslu svonefndra sveigjanleikaákvæða og bindingu kolefnis í gróðri, svo og afgreiðslu á íslenska ákvæðinu. Ljóst er að niðurstaða fundarins í Haag mun hafa veruleg áhrif á framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja og er Ísland þar engin undantekning og bíða því öll önnur vestræn ríki með að ganga endanlega frá framkvæmdaáætluninni og að staðfesta bókunina þar til niðurstöður fundarins liggja fyrir.

Fyrsta skuldbindingatímabil Kyoto-bókunarinnar er frá 2008–2012 og þó að enn sé nokkur tími til stefnu og nokkur óvissa ríkjandi um útfærslu Kyoto-bókunarinnar þá taldi

stýrihópur ráðuneytisstjóra rétt á síðasta ári að leita ráðgjafar hjá sérstökum ráðgjafarhópi efnahagssérfræðinga á vegum Þjóðhagsstofnunar um hagkvæmar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Skýrsla ráðgjafarhópsins liggur fyrir og hefur verið höfð til hliðsjónar við undirbúning við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar.

Spurt er hvort nýjar vísbendingar um samband loftslagsbreytinga og losunar gróðurhúsalofttegunda hafi að einhverju leyti breytt afstöðu íslenskra stjórnvalda.

Það er og hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni að því gefnu að ásættanleg lausn finnist á okkar máli þar. Tilteknar skýrslur og spár um gróðurhúsaáhrif breyta því ekki. Stefnan er eftir sem áður að Ísland verði aðili að bókuninni.

Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga að um hugsanlegar loftslagsbreytingar af manna völdum ríkja deilur meðal vísindamanna, m.a. vegna óvissuþátta sem lúta að sumum lykilforsendum þeirra líkana sem stuðst er við þegar reynt er að spá fyrir um slíkar loftslagsbreytingar.

Það hefur verið haft á orði hér á stundum að Íslendingar séu með einhverja stefnu í þessum málaflokkum sem sé Íslendingum til vansa. Við verðum aldrei vör við það, fulltrúar íslensku þjóðarinnar og ríkisins á ferðum okkar erlendis og í viðræðum við erlenda aðila, að nokkrum þyki Íslendingar ganga fram í óhófi eða undarlegum háttum. Þvert á móti er fullur skilningur, góður og mikill skilningur, á stefnu og sjónarmiðum Íslands hvarvetna þar sem við komum á fundi. Hitt er annað mál að menn vilja og þurfa að laga þá þætti að sinni eigin stefnu og vilja auðvitað huga að því hvort sjónarmið Íslands geti gert öðrum ríkjum erfitt fyrir. En skilningur á okkar sjónarmiðum og hvað við leggjum og berum fyrir okkur er mjög ríkur hvar sem við förum um.

[13:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Stundum líður mér í þessum sal eins og Íslendingar búi á öðrum hnetti en aðrir jarðarbúar. Fyrir liggur að tveir þriðju hlutar losunar gróðarhúsalofttegunda af manna völdum á sér stað í iðnríkjunum. Það er því ekki óeðlilegt að þau, sem eru um leið ríkustu lönd í heimi, axli þyngstu byrðarnar þegar að því kemur að taka fyrsta skrefið á alþjóðlegum vettvangi til þess að minnka losun gróðarhúsalofttegunda.

Íslensk stjórnvöld telja ófært að gerast aðili að Kyoto-bókuninni nema viðunandi niðurstaða náist í sérmálum Íslands eins og það heitir. Um þetta er Samfylkingin ósammála ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Okkur ber siðferðileg skylda til að ganga fram með góðu fordæmi í samfélagi þjóðanna í þessu máli. Þessi siðferðilega og pólitíska krafa er ein og hin sama þótt tveir þriðju hlutar orku okkar séu endurnýjanlegir. Sérstöðupólitík stjórnvalda á sér rætur í stóriðjustefnunni.

Í óútgefinni skýrslu frá ráðgjafarnefnd um minnkun og losun gróðurhúsalofttegunda frá 15. febrúar 1999 má lesa þær ráðleggingar til handa ríkisstjórn Íslands að að því gefnu að ekki verði ráðist í stóriðju umfram þau verkefni sem þá höfðu verið ákveðin, í febrúar 1999, bendir flest til þess að hægt verði að mæta skilyrðum Kyoto-bókunarinnar án þess að það verði mjög íþyngjandi fyrir íslenskt atvinnulíf. Það er merkilegt út af fyrir sig, herra forseti, að þessi skýrsla hefur aldrei verið gefin út.

Til lengri tíma litið á Ísland bjarta framtíð fyrir sér innan rammasamningsins um loftslagsbreytingar. Þess vegna er óskiljanlegt að skammtímahagsmunir skuli látnir ráða ferðinni þegar gengið er til fundar í Haag. Utanríkisstefna Íslands á ekki að snúast um undanþágur heldur ábyrgð en ofurkröfur ríkisstjórnarinnar gera okkur þegar allt kemur til alls stikkfrí í samfélagi þjóðanna.

[13:46]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Oft hefur verið bent á mismun á strandveiðum og vinnslu afla með innlendum vistvænum orkugjöfum annars vegar og úthafsveiðum og vinnslu fiskaflans með olíukyntum úthafsveiðiskipum hins vegar.

Í umhverfislýsingu sjútvrn. segir m.a, með leyfi forseta:

„Draga skal úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda eins og unnt er að teknu tilliti til þess hvað þjóðin er háð sjávarútvegi."

Sú stefna sem rekin hefur verið um árabil að hlaða undir stórútgerðir með sívaxandi vélastærðir sem þurfa mikla innflutta og mengandi orku er ekki til þess fallin að ná þessu marki. Fyrir utan þau áhrif sem nú eru að koma fram í vaxandi þunga vegna síhækkandi olíuverðs.

Ekki eru líkur á því að olíuverð fari lækkandi á næstunni og fátt bendir til þess að Íslendingum takist að standa að fullu við markmið gagnvart Kyoto-bókuninni nema gripið verði til róttækra ráðstafana. Þar sem nú fer fram á vegum stýrihóps ráðuneytisstjóra greining á aðgerðum stjórnvalda til að mæta kröfum sem við höfum skuldbundið okkur til að uppfylla er bent á vænlega leið til þess að ná árangri, þ.e. að grípa til almennra róttækra aðgerða til að efla strandveiðar og landvinnslu á ný. Það væri fróðlegt að fá samanburð á mengun annars vegar og kostnaði hins vegar milli land- og sjóvinnslu þar sem tekið væri tillit til aukins vélarafls úthafsveiðiskipanna og hækkunar olíuverðsins.

Með þessum róttæku aðgerðum mætti fá tækifæri til þess að nýta innlenda orkugjafa, draga úr mengun og nýta fjárfestingu í mannvirkjun sem eru vannýtt víðs vegar um landið. Hæstv. sjútvrh. yrði þar að auki léttara að uppfylla umhverfislýsingu ráðuneytis síns.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Framganga hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli öllu er vægast sagt umdeilanleg og reyndar má segja það um umhverfismál yfirleitt. Það er því miður þannig að leitun er að þeim undantekningartilvikum þar sem afstaða hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í umhverfismálum er ekki á einn veg, þ.e. vernd náttúru og umhverfis í óhag.

Ísland fékk í Kyoto, og það er kannski ástæða til að rifja það upp, heimild til að auka losun gróðurhúsalofttegunda umtalsvert á sama tíma og flestar aðrar þjóðir í sambærilegri stöðu eiga og eru að keppast við að gera ráðstafanir til að draga úr losun. Hér hefur verið stjórnlaus aukning síðan á losun gróðurhúsalofttegunda og enn þá a.m.k., hvað sem fallegum áætlunum líður í skúffum ráðuneyta, eru engir sýnilegir tilburðir til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda neins staðar.

Við mengum nú þegar síst minna miðað við höfðatölu en aðrar þjóðir gera. Þá staðreynd er oft einnig reynt að fela í tali um svokallaða vistvæna orkugjafa.

Þá verð ég að segja, herra forseti, að tilburðir hæstv. forsrh., dr. Davíðs Oddssonar, til að gera lítið úr niðurstöðum vísindamannahóps Sameinuðu þjóðanna bæta ekki málstað íslensku ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það er nú einu sinni svo, herra forseti, að það verður ekki alltaf bæði sleppt og haldið. Ísland verður ekki bæði gert að fyrirmyndarríki á

sviði umhverfismála, vetnissamfélagi og hvað það nú heitir, en um leið sé það opið hús fyrir alla þá mengandi erlendu stóriðju sem hingað kynni að vilja koma. Þannig er ástandið í dag. Það er opinn faðmur. Komið þið! Komið þið! er sagt við erlenda auðhringa sem hingað vilja koma með mengandi atvinnustarfsemi. Þetta tvennt, herra forseti, fer ekki saman. Þetta heitir að reyna bæði að sleppa og halda.

[13:50]

Gunnar Birgisson:

Herra forseti. Losun lofttegunda út í andrúmsloftið sem geta orsakað loftslagsbreytingar er mjög alvarlegt mál. Margar ráðstefnur hafa verið haldnar um málefnið og samþykktir gerðar sem hafa verið m.a. samþykktar af stóru iðnríkjunum t.d. í Ríó og Kyoto. Þrátt fyrir fögur orð og góð fyrirheit virðast stóriðjuríkin fara sér hægt í að minnka magn óæskilegra lofttegunda sem þau sleppa út í andrúmsloftið en fagurgalinn heldur áfram. Það er ekki nóg að skrifa undir yfirlýsingar og fara síðan ekki eftir þeim.

Orkugjafar margra þjóða eru mjög mengandi eins og kol og olía. Kostnaður við að minnka magn óæskilegra lofttegunda er gífurlegur og er orsök fyrir hægri þróun í þeim málum.

Hér á landi er aftur á móti allt önnur staða. Orkugjafar okkar eru margir mjög vistvænir sem betur fer. Mest af orku okkar kemur frá vatnsafls- og ~~gufuafls~~virkjunum og nú er verið að skoða notkun vetnis og metangass sem orkugjafa fyrir bifreiðir. Staða okkar Íslendinga í þessum málum er einstök í heiminum.

Það sem er mengandi fyrir andrúmsloftið hér á landi er útblástur frá bifreiðum og fiskiskipaflotanum og lofttegundum sem koma frá Ísal, Norðuráli og járnblendinu á Grundartanga. En magn lofttegunda af þessum orsökum er hverfandi í samanburði við önnur lönd. Innan fárra áratuga er hugsanlegt að bifreiðir og skipavélar gangi fyrir rafmagni, vetni eða metangasi.

Ísland á að halda áfram að vera leiðandi í notkun vistvænna orkugjafa og sýna með því umheiminum gott fordæmi.

[13:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það eru fleiri og fleiri váboðar uppi sem sanna spádóma fyrri tíma um að umfang iðnaðar í heiminum valdi gróðurhúsaáhrifum og Íslendingar standa frammi fyrir því hvort þeir ætla að standa með öðrum þjóðum við það að taka á því vandamáli til þess að skila jörðinni byggilegri til afkomenda okkar.

Íslendingar hafa ekki gert neitt til að koma þeim fyrirætlunum sínum fram. Við erum þvert á móti sífellt að auka útblástur okkar og þó að við færum ekki í stóriðju, þá erum við sennilega búnir að ná hinum OECD-ríkjunum á næstu fjórum til fimm árum. Ef við förum í stóriðjuframkvæmdir, þá erum við komnir langt fram úr þeim, komnir upp í 14–15 tonn á íbúa á móti 12 tonnum sem þar eru, þannig að við þurfum að gá að okkur í þessu.

Ég tek eftir því, herra forseti, að í umræðunni hafa ekki tekið þátt af stjórnarinnar hálfu nema sjálfstæðismenn. Ég tel ástæðu til þess að spyrja eftir því hvort hæstv. umhvrh. ætli ekki að blanda sér í umræðuna og segja álit sitt og þar með Framsfl. á þeim málum sem hér eru til umræðu.

Við erum með stórkostlegan bílaflota sem er stærri en fyrirfinnst á jarðríki á hvern mann nema í Ameríku. Við erum með fiskiskipaflota sem er enn þá stærri í samanburði við aðrar þjóðir. Það hefur ekkert verið gert til þess að draga úr mengun eða beina notkun á orkugjöfum inn á einhverjar brautir til sparnaðar af hendi ríkisvaldsins.(Gripið fram í.) Hvaða aðgerðir eru það? Við höfum engar séð. Þó að mengunin á Íslandi muni ekki valda heiminum óbætanlegum skaða þá getur mengunin í heiminum valdið Íslandi óbætanlegum skaða. Það þurfum við að hafa í huga þegar við erum að ræða um þessi mál á alþjóðavettvangi. Við verðum að taka á okkur fulla ábyrgð og taka þátt í þeim aðgerðum sem aðrar þjóðir vilja fara í til þess að bjarga jarðkúlunni.

[13:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um að skollinn væri leiðinlegt veggskraut og ég get svo sannarlega tekið undir það. Hins vegar gleymum við því oft að við Íslendingar höfum náð mjög langt í nýtingu hreinna orkugjafa, mun lengra en flestar eða allar aðrar þjóðir. Við sjáum það mjög vel þegar við ferðumst með útlendinga um landið, að þeim kemur mjög á óvart á hvern hátt við framleiðum rafmagnið okkar, á hvern hátt við hitum upp húsnæði okkar, með hreinum orkugjöfum.

Ég minni á að hið fyrsta mál hinnar nýstofnuðu Samfylkingar á síðasta kjörtímabili var einmitt það að þeir vildu að skrifað yrði þegar í stað undir Kyoto-samkomulagið. Hins vegar þegar við fórum að inna það ágæta fólk eftir því hvort það væri tilbúið að afsala sér því að byggð yrði t.d. magnesíumverksmiðja á Suðurnesjum, þá varð býsna fátt um svör hjá hv. þm. Samfylkingarinnar.

Það hefur líka komið fram að til stendur að nýta orkugjafa á Íslandi eins og vetni. Við getum náð mjög langt í þeim efnum og það verða gerðar mjög merkilegar tilraunir í þeim efnum.

Þá minni ég líka á að t.d. í Vestmannaeyjum og Selfossi stendur til að virkja vindorku til raforkuframleiðslu. Það eru líka hreinir orkugjafar. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um að skollinn væri leiðinlegt veggskraut og við eigum að draga upp jákvæðari myndir af landi og þjóð en við gerum í þessari umræðu.

[13:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum að tala um hnattrænt vandamál sem verður því miður ekki vandamál í óljósri framtíð heldur er það þegar komið fram eins og rannsóknir á veðurfari á jörðinni sýna. Hlýnun í heild sinni síðustu 100 árin eru miklu meira en tilviljunarkenndar breytingar á veðurfari undanfarin 1000 ár en passar aftur á móti nokkuð vel við vaxandi styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti, þ.e. hún getur talist vera af mannavöldum. Afleiðingar hlýnunar verða margvíslegar eins og mönnum ætti að vera kunnugt og munu hafa mikla röskun í för með sér á lífsskilyrðum í heiminum. Því er mikilvægt að þjóðir heims vinni af krafti að því að ná alþjóðlegum samningum til að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda. Iðnríkin verða að taka á sig mesta ábyrgðina við að draga úr loftmengun því að þau menga mest á hvern íbúa og þar erum við Íslendingar engir eftirbátar. Markmiðið er að allar þjóðir heims komi inn í rammasamning Sameinuðu þjóðanna með skuldbindingar sínar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti eins og samræmdri samgönguáætlun, bindingu kolefna í jarðvegi og gróðri, draga úr nýtingu jarðefna og eldsneytis og nota hreina endurnýtanlega orku til hreinni framleiðslu. Við eigum að undirrita Kyoto-bókunina

í Haag með þeim undanþágum eða sem kallað er íslenska ákvæðið og við eigum að laga okkur að þeirri staðreynd að til framtíðar mun það verða okkar þjóð til heilla. Við eigum að aðlaga orkunotkun og atvinnustefnu okkar til framtíðar að skuldbindingum samningsins og hverfa frá stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. *Aðild að samningnum verður skuldbinding* okkar til sameiginlegrar ábyrgðar á möguleikum þjóða heims til nokkurra lífsgæða í framtíðinni.

[13:58]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er eðlilegt af þingmönnum að æskja þess að Ísland standi framarlega í athöfnum ríkja til að vinna gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda eins og hér er rætt og koma í veg fyrir óæskilegar loftslagsbreytingar með slíkum aðgerðum. Það verður hins vegar að geta þess að fyrir fáeinum árum kom fram í skýrslu til Alþingis að útblástur þessara lofttegunda á Íslandi var miðað við hvern íbúa um það bil 30% minni en í öðrum löndum OECD. Það er allnokkur munur. Þó að dregið hafi saman síðan þá er ég alls ekki viss um að hv. stjórnarandstæðingar sem tekið hafa þátt í umræðunni hér í dag séu sammála um að við séum að nálgast þá þó aðeins sé vísað til orða þeirra sjálfra. *Ég hygg að* það muni koma fram betur í umræðunni eða skömmu áður en henni lýkur að Ísland er enn meðal fremstu ríkja í þessu efni. En það skiptir þó máli að viðmiðanir sem gerðar voru í Kyoto-bókuninni voru Íslandi fremur óhagstæðar. Við stóðum á þeim tíma mjög framarlega vegna þess að við vorum á undan öllum öðrum þjóðum þar á meðal grannþjóðum okkar að nýta vistvænar orkulindir í þeim mæli sem við höfum gert. Við höfum haldið því áfram en það styttist nokkuð í að við komumst jafnhratt áleiðis í því efni, m.a. vegna þess hve mikið af þeim útblæstri kemur frá fiskiflota okkar og samgöngutækjum. $^2/_3$ hlutar slíkra efna sem við blásum út koma frá samgöngum og fiskveiðum. Það segir sig sjálft að til þess að ná verulegum árangri þar þarf að koma í gagnið gjörbreyttri og nýrri tækni við að geyma og flytja orku í þeim miðlum sem vistvænir orkugjafar krefjast. Sú tækni er ekki komin fram.

Það er hins vegar ljóst að við þurfum einnig að geta nýtt þær orkulindir sem við eigum nú ónýttar í öðrum iðnaði og þar kemur að því að aðrar þjóðir taki undir málstað okkar eins og hér hefur komið fram að þær gera. Þær meta þá stöðu, þann árangur sem við náðum áður. Margar þeirra vilja gjarnan feta sama veg og við.

[14:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það má segja að akkillesarhæll okkar Íslendinga sé af tvenns konar toga. Í fyrsta lagi gerðum við mjög vel fyrir 1990. Sem stendur eru 67% af orkunni sem við nýtum endurnýjanleg orka, þ.e. við gerum best í heiminum á þessu sviði. Evrópusambandið streitist við að ná 12% í endurnýjanlegri orku árið 2020. Í dag erum við í 67%. Þetta gerðum við fyrir 1990 og nú er það talið mjög slæmt fyrir okkur *í samhengi við samninginn.*

Í öðru lagi erum við fá. Við búum við lítið hagkerfi og hér var dregið fram af forsrh. að t.d. 200 þúsund tonna álver, ef við viljum byggja slíkt, losar 11–13% miðað við útblásturinn 1990. Sama verksmiðja mundi losa um núll komma núll núll einhver prósent annars staðar. Við stöndum frammi fyrir vandamáli sem er erfitt að skýra nema með orðunum „hlutfallslegt vandamál" vegna þess hve við erum smá. Við höfum fengið ágætisskilning á þessu hjá öðrum þjóðum. Þegar við höfum tekið tíma í að útskýra þetta þá skilja aðrar þjóðir málflutning okkar. Ég vona að þær muni styðja okkur áfram í að útfæra þann texta sem við fengum viðurkenningu á í Kyoto á sínum tíma. Þjóðirnar eru að vísu hræddar við það fordæmi sem það gefur en ég vona sannarlega að þær *standi með okkur á lokasprettinum.*

Ég vil einnig benda á að við höfum verið að binda kolefni undir forustu stofnana landbrn. Það er búið að binda kolefni með landgræðslu og skógrækt, um 100 þús. tonn á ári. Við höfum lagt 450 millj. kr. í það þannig að við höfum gert mjög margt gott og jákvætt á þessum vettvangi.

[14:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt að þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og ræðu hans áðan sem þó var að mínu mati afar bragðdauf. Ég hef oft heyrt mergjaðri orð úr hans munni. Ég vil sömuleiðis, herra forseti, lýsa vonbrigðum með að hæstv. umhvrh. skuli halda hér sömu ræðu og hún hélt fyrir viku síðan. Ég, herra forseti, hafna þessum rökum um hreinu orkuna sem notuð er til þess að knýja mengandi álbræðslu. Ég hafna þeim vegna þess að með þeim eru íslensk stjórnvöld *að segja að það sé í lagi að búa til álbræðslur, málmbræðslur* og mengandi stóriðju út um allan heim svo fremi sem þær séu knúnar með vatnsorku. Geta íslensk stjórnvöld skrifað undir það?

Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera í sambandi við forustuna í vetnissamfélaginu þegar hinar takmörkuðu orkulindir okkar eru allar farnar í mengandi stóriðju? Ég verð að benda á, herra forseti, að við eigum ekki ótakmarkaða auðlind í vatnsafli okkar. Hún er afar takmörkuð og ef fram heldur sem horfir þá verður ekkert eftir í vetnisframleiðslu þegar öll álverin verða komin hér upp. Það er tómt mál að tala um þegar hv. þm. tala um vetnisframleiðslu og stæra sig af því sem aldrei verður möguleiki á að koma á fót.

Herra forseti. Við erum skuldbundin rammasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1994. Við höfum undirritað hann og hvar eru markmið hans ef ríkisstjórnin ætlar að halda *fram sem horfir?*

Enn talar hæstv. forsrh. um að vísindamenn deili um áhrif hlýnunar lofthjúpsins. Þess ber að geta, herra forseti, að sú milliríkjanefnd sem hér er talað um er ekki bara eitthvert ótilgreint samstarf vísindamanna. Þetta eru þúsundir vísindamanna sem starfa hjá skilgreindri stofnun og meira að segja íslenska vísindanefndin sem fjallað hefur um málið segir að þarna séu flestir færustu vísindamenn samtímans á viðkomandi fagsviðum. Úr þessu gera íslensk stjórnvöld lítið og það er forkastanlegt, herra forseti.

[14:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. málshefjandi fann að því að hæstv. umhvrh. hefði flutt sömu ræðuna og fyrir viku. Ég verð að viðurkenna að það var ekki allt alveg nýtt í ræðu hv. málshefjanda áðan. Ég held að ég hafi a.m.k. heyrt sumt áður.

Ég tók eftir því að aðaltalsmaður Samfylkingarinnar sagði að sér fyndist hún vera eins á öðrum hnöttum þegar hún væri að hlusta á umræður á Alþingi Íslendinga. Það er sjálfsagt erfitt fyrir ákafan alþjóðasinna að hlusta á venjulega Íslendinga tala og koma fram með sjónarmið sín.

En mér þótti það þó sæta meiri tíðindum en þetta að hv. þm. sagði að Samfylkingin — og er rétt að Íslendingar taki nú vel eftir því — að Samfylkingin ætlaðist til þess

að ríkisstjórnin gætti ekki sérstakra hagsmuna Íslendinga í þessu máli, Samfylkingin hefði ákveðið og ætlaðist til þess að ríkisstjórnin gætti ekki sérstakra hagsmuna Íslendinga í þessum málum. Það skal ég segja hv. þm. að ef við kæmum með þetta sjónarmið til Haag eða til annarra þeirra staða þar sem þessi mál eru rædd, þar sem allar þjóðir gæta hagsmuna sinna en við segðum að ákveðið hefði verið á Íslandi að við kæmum sérstaklega til að gæta ekki eigin hagsmuna, þá yrði haldið að við værum komnir frá öðrum hnöttum. Þá mundu menn halda að þeir hefðu loksins séð fólk frá öðrum hnöttum sem kæmi á alþjóðlega ráðstefnu, rétti upp höndina og segði: Við erum komin hingað til að gæta ekki hagsmuna Íslendinga (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) á þessari ráðstefnu.

Þetta eru staðreyndir máls og ekki útúrsnúningar, því miður fyrir hv. þm. sem er í Samfylkingunni. Þetta var yfirlýsingin sem hér var gefin áðan, skýrt og örugglega. (Gripið fram í.) Lestu bara ræðu þingmannsins fyrst þú gast ekki hlustað á hana hér í salnum. Þar kom fram að íslenska ríkisstjórnin ætti að gæta þess að gæta ekki sérstaklega hagsmuna íslensku þjóðarinnar þarna. Þetta eru orð Samfylkingarinnar. Þetta eru skilaboð Samfylkingarinnar. Eftir þeim orðum verður munað og eftir þessum orðum munu Íslendingar taka. Það er einmitt vegna þess að Samfylkingin talar jafnan eins og hún gerir í þessu máli sem hún hefur engan hljómgrunn meðal Íslendinga.

[14:07]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 232. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 250.

Verðbréfaviðskipti, 233. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 251.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209.

[14:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fremur hefði ég viljað halda áfram með þá umræðu sem hér hefur staðið í hálftíma, eftir síðari ræðu hæstv. forsrh. En ég hef, herra forseti, því miður ekki tækifæri til þess hér og nú. En þeirri umræðu verður fram haldið síðar og þess minnst hvernig forustumaður ríkisstjórnarinnar heldur á stærstu málum bæði okkar og annarra og faglegrar umræðu hans.

Herra forseti. Hér er afskaplega mikið góðæri og ríkisstjórnin þreytist ekki á að minna okkur á það. Við vitum hins vegar að það ratar misvel í hina ýmsu vasa heimilanna í landinu. Ríkisstjórnin er glöð vegna þess að hún skilar 30 milljarða afgangi og telur sig reka gott bú. Ríkisstjórnin er einangruð við fjárlög sín. Hún skynjar ekki stöðuna hjá sveitarfélögunum í landinu og hér ræðum við um það hvernig þessi ríkisstjórn telur að sinna eigi þörfum þegnanna, annars vegar af hálfu ríkisins og hins vegar af hálfu sveitarfélaganna.

Ég vil minna á að ríkisstjórnin skellti skollaeyrum við þenslueinkennunum áður en darraðardans efnahagslífsins hófst af alvöru með tilheyrandi viðskiptahalla, með sjö vaxtahækkunum Seðlabankans á 20 mánuðum. Ég bið hv. þm. að taka sérstaklega vel eftir því, sjö vaxtahækkunum Seðlabankans á 20 mánuðum með verðbólgu og tilheyrandi afleiðingum fyrir heimilin í landinu. Með þessu og öðrum aðgerðum hefur ríkisstjórnin sjálf náð umtalsverðum tekjuafgangi ríkissjóðs þrátt fyrir að hið sama hafi ekki gerst hjá sveitarfélögunum. Þenslan og viðskiptahallinn skapar viðbótartekjur til ríkissjóðs eins og frægt er á meðan sveitarfélögin berjast í bökkum.

Í þessu góðæri virðist mér að ríkisstjórnin hafi setið með hendur í skauti. Hún virðist ekki hafa neina framtíðarsýn og er ekki að sjá að farið sé í uppbyggingu, t.d. í mennta-, rannsóknar- og þróunarmálum til að undirbyggja nýja sókn og ganga til nýrra átaka. Nei, miklu fremur er ríkisstjórnin upptekin við risavirkjanir og stóriðju. Það er það eina sem hugurinn fangar hjá þessari ríkisstjórn, engin skapandi hugsun, engin ný sókn í þekkingarsamfélaginu.

Herra forseti. Ég var að lesa litla grein í Børsen sem er danskt blað. Fyrirsögn þeirrar greinar er að Danmörk sé betri í samkeppninni. Betri en hver? mundi einhver spyrja. Svarið er: Betri en nærri því flestir. Í samanburðarmælingu er Danmörk komin upp í sjötta sæti. Mælingin birtist hjá svokölluðu World Economic Forum í Sviss sem árlega gefur út sérstaka skýrslu og mælir samkeppnishæfustu hagkerfin. Í ár toppar Finnland þennan lista og fer upp fyrir Bandaríkin. Ég bið menn að taka eftir þessu. Finnland, sem barðist við efnahagskreppu og atvinnuleysi um svipað leyti og við og átti í miklum erfiðleikum fyrir fáum árum, hefur rifið sig upp í efsta sæti á þessum alþjóðlega mælikvarða.

Sú könnun sem ég vísa til og fjallað er um í Børsen raðar löndum í samræmi við alþjóðlega samkeppnishæfni. Í skýrslunni er fjallað um styrk landanna og veikleika. Vissulega væri áhugavert fyrir okkur að skoða þessa skýrslu og sjá hvaða veikleikar eru í okkar hagkerfi vegna þess að það er óumdeilt að hér býr kraftmikil þjóð sem á mikla möguleika en er undir landsstjórn sem tekur ekki á þeim málum. Sá stuðull sem ég vísa til miðar við nýja hagkerfið og tekst á við samanburð með nýjum hætti. Þar vega nýjungar og tækniþróun þyngra en áður og í fyrri mælingum. Þetta er mjög athyglisvert fyrir okkur sem viljum horfa fram á veginn. Eins og ég sagði áður er Danmörk í 6. sæti á þessari skrá um samkeppnishæfni landa annað árið í röð. Finnland er í fyrsta sæti og fyrir ofan okkur eru flest ríki vesturveldanna. En við höfum þokast upp í 17. sæti úr 24. Vel er það en þetta er ekki til að hrópa húrra fyrir hjá svo vel menntaðri þjóð vegna þess að notkun internets ásamt rannsóknum og ekki síst þróun skilur hafrana frá sauðunum í þessum samanburði. Þar erum við í 17. sæti en ef við ætlum að sækja fram þá verðum við að taka á og undirbyggja það en ekki sitja með hendur í skauti eins og núverandi ríkisstjórn gerir.

Við erum í þessu umhverfi að fjalla um erfiðleika sveitarfélaganna og ósk þeirra um að tekin verði til endurskoðunar tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga vegna þeirra verkefna sem verða æ stærri og þýðingarmeiri hjá sveitarfélögunum og færri verkefna ríkisins. Það hvernig ríkið fer hins vegar í þessa uppstokkun sýnir algera uppgjöf þess við að endurskoða forræði mála, ábyrgð á eigin verkefnum, tekjur og þau verkefni sem ríkið sjálft hefur fært yfir til sveitarfélaganna. Það er sams konar uppgjöf og ég vísaði til þegar ég greip niður í þessa áhugaverðu grein, um samanburð á samkeppnshæfni vestrænna þjóða í dag, m.a. með tilliti til tækniþróunar, notkunar internets og nýrra möguleika sem sú þróun gefur.

Í tekjustofnanefndinni, sem við erum að fjalla um niðurstöðurnar frá, átti Samfylkingin öflugan fulltrúa, hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Hann hefur afburðaþekkingu á málefnum sveitarfélaganna og lagði áherslu á það í nefndinni að tekið yrði á þeim vanda sem skapast hefur. En því miður mátti hann sín lítils í hópi stjórnarliða sem á endanum ákváðu að fara þessa veiku leið, að kroppa í málið sem áfram er í raun óleyst. Tillaga ríkisstjórnarinnar er að hækka megi útsvarið um tæplega 1% á tveimur árum en hún ætlar að halda sínu að mestu. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar sem kemur frá þessari nefnd.

Auðvitað er þetta ekki, eins og fram hefur komið í umræðunni, niðurstaða nefndarinnar sem slíkrar, heldur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvað nefndin megi setja fram í lokin. Niðurstaðan er í engu samhengi við verkefnið sem nefndinni var falið að leysa.

Í helstu niðurstöðum nefndarinnar sem fylgja tillögunum kemur fram að frá 1990–1999 hafa bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69% meðan rekstrargjöld, þar með talin fjármagnsgjöld, hafa aukist um 97,4%. Þetta er enginn smávegis munur fyrir sveitarfélög sem sinna þurfa jafnþýðingarmiklum verkefnum. Það kemur líka fram að hlutfall rekstrargjalda af skatttekjum hefur aukist úr 78,4% 1990 í 91,5%. Við í þessum sal verðum að hafa í huga þá uppbyggingu sem sveitarfélögin eiga að standa fyrir.

Heildarskuldir sveitarsjóðanna voru í árslok 1999 51,8 milljarðar og hafa rúmlega tvöfaldast síðan 1990. Þetta eru afar háar upphæðir fyrir sveitarfélögin. Eins og komið hefur fram við þessa umræðu hefur forsrh. sent þeim tóninn og sagt að þetta sé óráðsía og skuldasöfnun sem sveitarfélögin hefðu ekki átt að leyfa sér. En allir sem hafa þekkingu á sveitarstjórnarmálum vita betur, þeir vita að til sveitarfélaga hafa verið flutt verkefni og gerðar til þeirra kröfur um uppbyggingu heima fyrir sem þau verða að sinna.

Hér er ákveðið að leyfa sveitarfélögunum að hækka útsvarið. Á landsbyggðinni mun fasteignaskattur lækka á íbúana á móti og það vegur salt nokkurn veginn. En það gerist t.d. ekki hér á suðvesturhorninu. Í þéttbýlinu verður útsvarshækkunin því viðbótarskattur fyrir alla skattgreiðendur. Við skulum líka hafa í huga, af því hér hefur verið talað um jöfnunarhlutverkið og jöfnunarsjóðinn, að sjóðurinn verður ekki bara til hjá ríkinu heldur greiða sveitarfélögin í æ ríkari mæli í þann sjóð. Þannig eru sveitarfélögin sjálf, sem flest hafa nóg með sitt, að jafna sín í milli með þeim greiðslum sem þau leggja inn í jöfnunarsjóðinn.

Það er áhugavert að í því umhverfi sem ég er að vísa til, í efnahagsumhverfinu þar sem við erum mæld á kvarða samkeppnishæfni meðal þjóðanna, í margumræddu góðæri sem ríkisstjórnin er svo ánægð með og notar svo hræðilega lítið til að horfa fram um veg, hefur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., undir forustu Davíðs Oddssonar, sparað með sérstökum hætti og ekki bara í nokkur ár. Allan þann tíma sem þessi ríkisstjórn hefur setið hefur hún verið að spara. Þær sparnaðaraðgerðir nýtast ekki sveitarfélögunum. Það er miklu fremur að vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar lendi sveitarfélögin í því að leysa vanda fjölskyldna sem verður til við þennan sparnað.

Þannig hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar árlega sparað milli 3–4 milljarða í tryggingagreiðslur til aldraðra og öryrkja, 3–4 milljarða á hverju einasta ári. Þessar tölur hafa verið settar fram, m.a. af Samtökum aldraðra og þær sjáum við einnig í samanburðartölum Hagstofunnar.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur sparað í barnabótum svo nemur milljörðum, um 1,5 milljarða á ári. Hún hefur reyndar lofað verkalýðshreyfingunni, í tengslum við samninga, að skila 1,5 milljörðum til baka árlega og ætlar að fikra sig í átt til þess að auka barnabæturnar, sem hún er búin að spara svona vel undanfarin ár, um 600 millj. — ekki 1,5 milljarða í góðærinu mikla, heldur um 600 millj.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar afnam lögin um félagslegt húsnæði, þær breytingar tóku gildi með litlum sem engum fyrirvara. Markaðurinn var ekki tilbúinn að byggja þær íbúðir sem Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í kring höfðu árlega byggt, eftirspurnin sprengdi upp markaðinn ásamt því að fólk flutti unnvörpum suður. Verð og leiga hækkaði upp úr öllu valdi, fasteignamat hækkaði í framhaldi af því og barnabætur og vaxtabætur heimilanna í landinu voru skertar gífurlega þó að fjárhagsrammi fjölskyldnanna væri óbreyttur.

Þannig töpuðu fjölskyldurnar, bara á þeim þremur þáttum sem ég hef hér nefnt, milljörðum króna en ríkið sparaði. Þarna hefur ríkissjóður náð sér í hluta af ríkisafganginum á meðan viðskiptahallinn hefur nært hinn hluta afgangsins.

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um niðurstöðu tekjustofnanefndar eða réttara sagt frv. ríkisstjórnarinnar og ákvörðun ríkisstjórnarinnar út frá þeirri vinnu. Á sama tíma og nefndin skilaði niðurstöðu sinni vorum við þingmenn Reykjaness á ferð um Reykjanes. Við ræddum þar við sveitarstjórnirnar og það vill svo til að í flestum tilfellum stjórna flokkssystkin framsóknar- og sjálfstæðisfólks við ríkisstjórnarborðið sveitarfélögum á Reykjanesi. Alls staðar var sami tónninn. Það var sama hvort við sátum á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eða á fundum með hverri sveitarstjórn í okkar kjördæmi fyrir sig, það var alls staðar sami tónninn. Þar var rætt um þau nýju verkefni sem sveitarfélögin hafa fengið, ný verkefni sem mikilvægt er að gera skýr skil í framtíðinni, t.d. að öldrunarþjónusta og málefni fatlaðra fari alveg til sveitarfélaganna, önnur verkefni alveg til ríkisins og að tekjur fylgi með.

Sömuleiðis kveinkaði hvert einasta sveitarfélag sér undan löggæslunni og samskiptum við ríkið. Þau hafna samskiptum við ríkið um þátt eins og löggæsluna um leið og dómsmrh. kemur fram í fjölmiðlum, ber sér á brjóst og segir: Það er allt í lagi hjá okkur varðandi löggæslu og lögregluna. Það var afar merkileg lífsreynsla, herra forseti, að funda með sveitarstjórnum í svo stóru kjördæmi sem Reykjanes er, jafnöflug sveitarfélög og þar eru, og hlusta á það sem menn höfðu að segja um verkefnin sem þau skiptast á við ríkisstjórnina, þau verkefni sem þau deila með henni og þau sem sveitarfélögin hafa fengið til sín.

Það var sama hvar borið var niður. Í Grindavík var komið inn á skattamálin og menn tjáðu sig um að mikil vonbrigði væru með þessa niðurstöðu tekjustofnanefndar, að þurft hefði víðtækari uppstokkun og þar greindi menn ekki á, hvar í flokki sem þeir stóðu.

Í Hafnarfirði tóku menn stórt upp í sig á þessum fundum. Það hafa verið lesnar hér upphátt af öðrum í Samfylkingunni bókanir Hafnarfjarðarbæjar varðandi niðurstöðu tekjustofnanefndar. Þeir hafa bent á að helmingurinn af hagvexti og tekjum sveitarfélaganna hafi farið bara í grunnskólann og að oftar þurfi að endurskoða tekjuskiptinguna, það sé til lítils gagns að kroppa bara í eins og hér á að gera.

Í Garðabæ var bent á að hallarekstur og fjármagnskostnaður sveitarfélaganna nemi um 6 milljörðum króna og það hafi lengi vantað um 6–7 milljarða til sveitarfélaganna.

Einnig kom fram að hallarekstur síðasta áratugar væri fullkomlega skilinn eftir í þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar frá tekjustofnanefnd. Þar sem ríkið lækkar tekjurnar ekki á móti þegar sveitarfélögunum verður heimilað að hækka útsvar þá er hætt við að tekjuheimildin nýtist sveitarfélögunum alls ekki. Við eigum eftir að sjá hvernig sveitarfélögin taka á málum þegar boltanum verður hent til þeirra.

Í Kópavogi var sagt að þetta væri ósanngjarnt, að sveitarstjórnarmennirnir eigi að vera vondu karlarnir. Ríkisstjórnin hefur sitt á þurru, hún situr að gróðanum af aðgerðum liðinna ára hjá sér, að gróðanum af því að hafa lækkað greiðslur til aldraðra og öryrkja, gróðanum af skertum barnabótum og hún er með gróðann af því að hafa dregið úr félagslegum aðgerðum. Hún er einnig með gróðann af viðskiptahallanum en sveitarstjórnirnar hafa ekki lengur beinar eða sérstakar tekjur af atvinnurekstrinum eins og var áður fyrr. Þeim er úthlutað útsvarsprósentu og þegar hún er hækkuð er sagt að þau megi hækka en ríkisstjórnin ætli að halda áfram sínu striki. Sveitarstjórnirnar eiga að vera vondu karlarnir.

Það er auðvitað mikið umhugsunarefni, herra forseti, hvernig haldið er á málum gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Það er óumdeilt að ef við ætlum að koma á framþróun í landinu þá verður hún ekki öðruvísi eftir þessa reynslu en að sveitarfélögin taki við nærverkefnum fjölskyldunnar.

Við sjáum að á meðan ríkið var með grunnskólann þá var því frestað ár eftir ár að fækka börnum í bekk af því það kostaði. Ár eftir ár var því frestað að lengja skólatímann og fjölga kennslustundum af því það kostaði. Svo var reynt að leggja mat á hvað þetta mundi kosta þegar skólinn yrði fluttur til sveitarfélaganna af því menn vissu að sveitarfélögin gætu ekki frestað þessu, þau yrðu að taka á málum út frá hagsmunum barnanna í bænum.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara yfir niðurstöður sveitarfélaganna af því að hafa tekið við grunnskólanum frá ríkinu. En sveitarfélögin hafa lært. Þess vegna eru málefni fatlaðra í biðstöðu. Það verður engin leið að fá sveitarfélögin til að taka við þeim málaflokki, jafnsveltum og hann hefur verið undanfarin ár, án þess en það dæmi verði reiknað til fulls.

Við vitum það að ef við ætlum að reka öfluga nærþjónustu þá verður að taka á þessum málum. Það verður að taka á þeim þannig að ríkið taki til sín ákveðna erfiða kosti og sveitarfélögin fái svigrúm til að reka þjónustu við heimilin og íbúana. Um þetta hafa málin snúist hjá öllum sveitarstjórnum í kjördæminu sem við höfum heimsótt á liðnum vikum, burt séð frá því hvaða flokkar réðu þar ríkjum.

Herra forseti. Ég spái því að það líði ekki langur tími þangað við stöndum hér aftur og ræðum þessi mál vegna þess að þessari niðurstöðu munu sveitarfélögin ekki una til lengdar.

[14:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja í upphafi máls míns að það kemur á óvart hve fáir þingmenn úr stjórnarliðinu eru viðstaddir þessa mikilvægu umræðu. Hér hafa verið sjö þingmenn Samfylkingarinnar fylgst með umræðunni, einn frá vinstri grænum, einn ráðherra frá Framsfl. og svo þingforseti frá Sjálfstfl. Mér finnst þetta dálítið sérkennilegt.

Herra forseti. Ég tel að hér séum við að ræða stórmál og ætla að vera með smáinnlegg í þessa umræðu. Reyndar hafa hv. þm. Samfylkingarinnar, sem talað hafa á undan mér, gert mjög skýra grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir. Auk þess hefur Samfylkingin lagt fram brtt. þar sem lagðar eru til breytingar sem við teljum þurfa að gera til þess að við getum sætt okkur við þetta mál.

Ríkisstjórnin er sem sagt að leggja til að aukin fjárþörf sveitarfélaganna verði að miklu leyti sótt til almennings, þ.e. með almennri skattahækkun. Auknar heimildir eru hjá sveitarfélögunum til að hækka útsvar um u.þ.b. 3.750 millj. en ríkissjóður lækkar tekjuskattinn aðeins um 1.250 millj. Ljóst er að ef sveitarfélögin nýta þessar heimildir munu skattar hækka á fólkið í landinu og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að úti á landi lækkar fasteignaskatturinn á móti.

Þessu mótmælti fulltrúi Samfylkingarinnar í tekjustofnanefndinni með sérstakri bókun og ég vil, með leyfi forseta, vitna aðeins í þá bókun hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, fulltrúa okkar í nefndinni:

„Megintillaga formannsins snýr þó að breytingum á útsvari. Þar er gert ráð fyrir auknum heimildum sveitarfélaga á næstu tveimur árum sem gætu aukið tekjur þeirra um 3.750 milljónir króna ef auknar heimildir yrðu nýttar til fullnustu. Ríkissjóður mun að sama skapi aðeins lækka tekjuskatt um næstu áramót um 1.250 milljónir króna.

Veikleiki þessara tillagna er ljós. Þær eru ávísun á skattahækkanir, fyrst og fremst á suðvesturhorni landsins. Nefndin viðurkennir umtalsverða viðbótarfjárþörf sveitarfélaga, en meiri hluti hennar leggur þá ábyrgð á hendur sveitarfélögum að hækka skatta á gjaldendur í stað þess að ríkissjóður, sem er aflögufær, mundi lækka sína skatta á móti. Ef heimildir eru nýttar hjá sveitarfélögum hér á suðvesturhorni landsins, sem sum hafa safnað miklum skuldum, þá gæti það þýtt skattahækkanir á íbúa á þessu svæði í kringum 1,6 milljarða króna. Það jafngildir nærri 50 þúsunda króna hækkun á hverja fimm manna fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali miðað við höfðatölu. Það er óásættanlegt. Eins má gera ráð fyrir að lækkun fasteignaskatts á íbúa landsbyggðarinnar jafnist út í útsvarshækkun á landsbyggðinni — þannig að íbúar landsbyggðarinnar verði jafnsettir á eftir."

Það er niðurstaða okkar í Samfylkingunni að nauðsynlegt sé að ríkissjóður lækki álögur á tekjuskatti samsvarandi auknum heimildum til hækkunar útsvars. Og það var tillaga fulltrúa okkar í nefndinni. En hún hlaut ekki samþykki meiri hluta nefndarmanna þó svo að fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni hafi tekið undir efnisatriði tillögunnar í sérstakri bókun sem þeir lögðu þar fram.

Eins og ítrekað hefur komið fram í umræðunni hafa útgjöld sveitarfélaganna aukist mjög mikið og í skýrslu um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á árunum 1990–1997 kemur fram að fjárhagur sveitarfélaga hafi skerst um 14–15 milljarða á þessum sjö árum vegna beinna aðgerða eða afskipta ríkisins.

Menn hafa talað hér um, m.a. formaður fjárln., að það þurfi að gera sér grein fyrir því þegar lagasetning er gerð hversu mikið það muni koma niður á sveitarfélögunum. Þetta er vissulega rétt og ég ætla að vitna í nokkur atriði sem koma fram í skýrslu vinnuhóps sem lauk störfum í ágúst og fjallaði um fjárhagsleg áhrif ýmissa skattkerfisbreytinga á fjárhag sveitarfélaga. Þar eru tiltekin nokkur atriði, bara til að menn geri sér grein fyrir því hvaða áhrif þessar breytingar hafa haft fyrir sveitarfélögin.

Hlutabréfaafsláttur samkvæmt lögum hefur þýtt lækkun á útsvarsstofni. Lækkunin hefur verið áætluð 782 millj. fyrir öll sveitarfélög í landinu sl. þrjú ár.

Skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hefur verið við lýði frá árinu 1995, en þá var ákveðið að undanþiggja greiðslur launþega í lífeyrissjóð að hámarki 4% af launum frá álagningu tekjuskatts og útsvars. Talið er að það hafi kostað rúma 3 milljarða.

Sveitarfélög þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutabréfa. Erfitt er að meta niðurstöður þessara liða til fullnustu, en í niðurstöðum þessa vinnuhóps er áætlað að þetta hafi kostað sveitarfélögin um 93 millj. kr.

Yfirfærsla grunnskólans og ákvörðun um einsetningu grunnskólans hefur þýtt útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin og sömuleiðis má benda á aðalnámskrá fyrir grunnskólann, leikskóla og tónlistarskóla. Slík breyting hefur óhjákvæmilega mikil útgjöld í för með sér, m.a. framkvæmd nýrra námskráa, en stjórnvöld hafa ekki viljað viðurkenna að þessar breytingar hafi haft útgjöld í för með sér.

Menn hafa verið að tala um lagabreytingar en það eru ekki síður reglugerðarbreytingar sem hafa haft þessar afleiðingar, þ.e. aukin útgjöld, í för með sér því ljóst er t.d. að bara með yfirfærslu grunnskólans hafa brunavarnir og ýmislegt fleira varðandi einsetninguna haft töluverð útgjöld í för með sér án þess að menn hafi viljað viðurkenna það.

Einnig má nefna aðalnámskrána. Hún kostar heilmikið. Ekki er hægt að koma henni á án þess að kennarar leggi fram ákveðna vinnu og auðvitað þarf að greiða þeim laun fyrir það. *En menntmrn. hefur ekki viljað viðurkenna að það muni* kosta sveitarfélögin að koma henni á. Það eru því ýmis atriði sem vissulega er full ástæða til að tiltaka í þessari umræðu. Til dæmis hefur kostnaður vegna félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögin þurfa að framkvæma aukist vegna lagabreytinga, m.a. vegna sparnaðar í heilbrigðiskerfinu og ýmissa lagabreytinga vegna félagsþjónustu.

Einnig hefur komið í ljós að útgjöld vegna málefna fatlaðra hafa farið vaxandi sem kemur niður á sveitarfélögunum.

Lög um umhverfismat hafa haft með sér mikla útgjaldaaukningu. Þar má t.d. nefna sorpförgun og ýmislegt annað *sem snýr að umhverfismálum, auk þess sem ýmsar framkvæmdir* sveitarfélaganna eru umhverfismatsskyldar, sem eru mikil útgjöld fyrir sveitarfélögin.

Það eru ýmsar aðrar lagabreytingar sem full ástæða er til að nefna hér. Það er t.d. lagabreyting um minni kostnaðarhlutdeild ríkisvaldsins við meindýraeyðingu. Það má nefna breytta kostnaðarskiptingu við sjóvarnir. Nú þurfa sveitarfélögin að greiða 1/8 hluta af þeim kostnaði. Og sömuleiðis þegar lögum var breytt um snjóflóðavarnir og snjóflóðaeftirlit þar sem sveitarfélögunum er gert að greiða 10% af snjóflóðavörnum. Sömuleiðis breytingar sem hafa verið gerðar og varða greiðslu fasteignagjalda, en stofnanir og fyrirtæki ríkissjóðs eru undanþegin þeim. Það má nefna sjúkrastofnanir, kirkjur, skóla og ýmislegt fleira.

Með lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá 1998 var gjaldskrá við heilbrigðiseftirlit gjörbreytt og sömuleiðis var færður yfir til sveitarfélaganna mikill kostnaður af þessu. Síðan má nefna hafnamálin. Kostnaðarhlutfalli ríkis og sveitarfélaga vegna framkvæmda á höfnum var einnig breytt og nú þurfa sveitarfélögin að greiða 25% en greiddu áður 10%. Stjórnsýslulögin höfðu líka áhrif til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin, m.a. vegna þess að gerðar hafa verið strangari kröfur um breytta málsmeðferð, t.d. vegna álitsgerðar lögmanna, og ýmislegt annað. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár hefur haft í för með sér auknar kröfur um þjónustu frá sveitarfélögunum og svona mætti lengi telja.

Það er full ástæða til að halda þessu til haga. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um aukna hlutdeild t.d. vegna ákvæða í EES-samningnum sem hefur verið lögbundinn hér, *hversu mikið af þeim kostnaði hefur færst yfir á sveitarfélögin.* Í því tilviki vil ég nefna, herra forseti, að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lagði fram fyrirspurn í upphafi þings um það hversu mikill sá kostnaður væri sem enn hefur ekki verið svarað hér. Það finnst mér sérkennilegt þar sem ég hefði talið að í félmrn. ættu þær upplýsingar að liggja fyrir. (**Félmrh.:** Það er verið að vinna að svarinu.) Það er verið að vinna að svarinu, herra forseti, segir hæstv. ráðherra og það er gott að heyra, en full ástæða er einmitt til þess að þær upplýsingar komi fram hér áður en þetta mál verður fullrætt í þinginu, þ.e. í hv. félmn. sem fær það til umfjöllunar.

Einnig hefur komið fram hjá formanni Samtaka sveitarfélaga og hann hefur kveinkað sér undan því hversu mikið af þessum kostnaði hefur bitnað á sveitarfélögunum og verður fróðlegt að sjá þegar svar kemur við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur hvernig þessi kostnaður kemur niður á sveitarfélögunum og er full ástæða til að félmn. skoði þann þátt sérstaklega.

Herra forseti. Það kom mér á óvart þegar ég hlustaði á hæstv. ráðherra fjalla um barnabætur í sambandi við frv. Ég get ekki séð hvernig það tengist í raun. Hæstv. ráðherra talaði um að það kæmi íbúunum til góða í sveitarfélögunum að verið væri að skila barnabótunum aftur til barnafjölskyldnanna. En ég verð að segja að þá getum við alveg eins talað um bensínshækkanir sem koma niður á íbúum í sveitarfélögum og annars staðar. Það má auðvitað taka alls konar þætti inn í sem breyta fjárhagsstöðu og útgjöldum og tekjum fjölskyldna í landinu í framhaldi af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málum en mér fannst þetta ekki alveg koma þessu máli við.

Ég verð einnig að segja, herra forseti, að það kemur mér á óvart að Framsfl., sem er hluti af borgarstjórnarmeirihluta Reykjavíkurborgar, skuli fara fram með þetta mál og sætta sig við að afgreiða þetta mál á þennan hátt vegna þess hvernig það kemur niður í rauninni á höfuðborgarbúum og fólkinu á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem þetta bitnar aðallega bitnar aðallega á. Maður hefði haldið að Framsfl. léti ekki Sjálfstfl. teyma sig út í þetta á þennan hátt, en því miður virðist það vera staðreyndin.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra en vitna í ræður félaga minna sem hafa gert góða grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Við viljum ekki og munum ekki sætta okkur við þetta á þennan veg og höfum lagt fram tillögur og auk þess sérstaka bókun þar sem við mótmælum þeirri leið sem farin er í þessu máli.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem á að tryggja sveitarfélögunum auknar tekjur. Ágreiningur okkar við stjórnarflokkanna í þessu máli felst í því að við teljum að ekki sé nógu langt gengið. *Út af fyrir sig held ég að menn* geti ekki fært fram sterk rök fyrir því að þarna sé komið nógu langt til móts við sveitarfélögin. Þau hafa lagt fram greinargóðar skýringar á auknum kostnaði undanfarinna ára sem hefur fallið á sveitarfélögin vegna nýrra verkefna sem

ríkið hefur falið þeim. Sveitarfélögin hafa samið við ríkið um að taka þessi verkefni að sér en kostnaðurinn við þau er svo mikill að þarna er einungis hluta þess sem koma hefði þurft á móti skilað aftur, þ.e. aðeins hluta teknanna er skilað þangað sem þær eiga að vera miðað við verkefnin sem sveitarfélögin tóku að sér.

Það er mikið umhugsunarefni hvernig hæstv. félmrh. lagði málin upp í ræðu sinni. Hann talaði eins og sveitarstjórnarmenn væru almennt þokkalega ánægðir með þessa niðurstöðu. Það kann vel að vera að hæstv. ráðherra hitti aðra menn en ég. Ég hef talað við ýmsa sveitarstjórnarmenn og enginn þeirra hefur verið ánægður með þau býti sem er boðið upp á. Ég ætla ekki að vitna að ráði í sveitarstjórnarmenn í ræðu minni en ég ætla að lesa eina samþykkt frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 27. október. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, haldinn að Laugum í Sælingsdal 27. október 2000, telur framlagðar niðurstöður nefndar um tekjustofna sveitarfélaga ófullnægjandi þar sem þær nægja ekki til að standa undir kostnaði vegna yfirtekinna verkefna. Jafnframt er lýst yfir áhyggjum af þeim hækkunum á staðgreiðslu sem tillögurnar kunna að fela í sér."

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða á þessum fundi. Ég veit að sveitarstjórnarmenn eru ekki kátir yfir þeim málalokum sem hér eru. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. stjórnarflokkanna telja sig feta þröngan stíg og vilja sjálfsagt ekki að það bætist í tilefnin til aukinnar verðbólgu og spennu í þjóðfélaginu en það kemur niður á sveitarfélögunum. Þau eiga áfram að safna skuldum, sem sum þeirra munu örugglega gera, en öll önnur að halda að sér höndum í bráðnauðsynlegum framkvæmdum og þjónustu sem þau þurfa að inna af hendi. Þessi hækkun á útsvarinu mun auðvitað skila sér, eins og hv. alþm. vita, ákaflega misjafnt til sveitarfélaga.

Það liggur fyrir að útsvarið skilar sér mjög misjafnt til sveitarfélaganna eins og er og svo mun einnig um þá hækkun sem hér um ræðir. Talið er að útsvarið skili sveitarfélögunum allt frá 100 þús. kr. á gjaldanda og upp í 270 þús. kr. Meðaltalið er rúmlega 190 þús. kr. Þessi hækkun mun líklega skila sér í að vera allt frá 8 þús. kr. upp í 22 þús. kr. á gjaldanda. Þau sveitarfélög sem minnst bera úr býtum fá þannig ekki nema þriðjunginn af því sem þau sem mest geta fengið út úr svona hækkun. Mismunur á milli sveitarfélaga mun því örugglega vaxa eftir þessar breytingar.

Ég vil gera að umtalsefni þá breytingu sem ætlunin er að gera á skatti af íbúðarhúsnæði. Nú vil ég taka það skýrt fram í upphafi að ég er ekki á móti þeirri breytingu. Ég vil hins vegar að hlutirnir heiti réttum nöfnum. Það verður að líta á þessa breytingu sem byggðaaðgerð. Hún styrkir þau byggðarlög sem standa lágt og þar sem íbúðarhúsnæði fellur í verði af einhverjum ástæðum, yfirleitt vegna atvinnumála eða fólksfækkunar í viðkomandi byggðarlagi, þar sem erfitt er að selja íbúðarhúsnæði með þeim afleiðingum að verðið fellur.

Ég held að það liggi í augum uppi að auðvitað virkar þetta ekkert öðruvísi. Þetta hlýtur að vera hugsað af hæstv. ríkisstjórn sem byggðaaðgerð. 1.100 millj. kr. á ári eru töluverður peningur í þessari byggðaaðgerð. En við skulum láta þetta heita það. Að mínu viti á að líta þannig á þetta mál. Breytingin mun virka svona. Þar sem byggðarlög fara niður á við falla húseignir í verði og þar lækka fasteignagjöld.

Sveitarfélögin fengu það á sínum tíma fram að fasteignagjöldin væru miðuð við fasteignagjöldin á Reykjavíkursvæðinu undir þeim kláru formerkjum að fasteignagjöldin væru þjónustugjöld til sveitarfélaganna vegna fasteignanna. Það var ekki ágreiningur um það á sínum tíma að þannig ætti að líta á það. Ríkisstjórnin, með því að fara þessa leið, breytir fasteignagjöldunum úr þjónustugjöldum til sveitarfélaganna í eignarskatt og lætur eignarskattinn, sem eðlilegt er ef menn líta á þetta sem eignarskatt, taka mið af því verðmæti viðkomandi húsa eða eigna. Þar með hafa menn breytt eðli þessarar innheimtu. Auðvitað átti fasteignaskatturinn aldrei að heita fasteignaskattur úr því að menn ætluðu sér að láta hann vera þjónustuskatt til sveitarfélaganna. Ef hann hefði heitið eitthvað annað en fasteignaskattur þá hefðu menn aldrei tekið þetta upp með þeim hætti sem hér var gert. Þetta eru klárlega fjármunir sem sveitarfélögin hafa þurft til að sinna þjónustu við íbúana vegna eigna þeirra.

Mér finnst því eðlilegt að líta á þessa aðgerð sem byggðaaðgerð og hef ekkert nema gott um það að segja að hv. ríkisstjórn vilji styðja við bakið á íbúum sveitarfélaga þar sem húseignir falla í verði vegna minni atvinnu eða fólksfækkunar. Ástæður þess eru auðvitað margvíslegar en ég ætla ekki að fara nánar út í þá umræðu hér.

Ég tel hins vegar að það bráðvanti skilning hjá hæstv. ríkisstjórn á vanda sveitarfélaganna. Það vantar sárlega stefnu í málefnum sveitarfélaganna, einhverja framtíðarhugsun um stærð og umfang sveitarfélaga. Ég veit að hv. ráðherra vill hugsa hærra en þetta. Ég er viss um að hann hefur farið yfir þau mál þann tíma sem hann hefur setið í ráðuneytinu og velt fyrir sér hver framtíð íslenskra sveitarfélaga eigi að vera. Hann hlýtur að hafa komist að þeirri niðurstöðu að ef sveitarfélögin á landsbyggðinni eiga að lifa af þurfi þau að stækka og styrkjast og tryggja þurfi þeim tekjustofna sem duga til að veita fólki sambærilega þjónustu hvar sem er á landinu.

En það er ekki nóg að hugsa um hlutina það þarf líka að koma þeim í framkvæmd. Það gerist ekki með þessu frv. Það er einungis verið að framlengja líf sjúklings í öndunarvél. Við megum þakka fyrir ef ástand hans helst óbreytt. Ef hægt verður að lýsa því svo að ástand hans sé stöðugt þá getum við þakkað fyrir það miðað við þessa aðgerð. Það verður ekki meira.

Nú er aftur á móti lag. Nú hefði verið hægt að gera meira. Ríkissjóður bólgnar út af peningum og sveitarfélögin eru að safna skuldum. Ég get ekki séð neina skynsemi í að láta það ástand halda áfram. Það verður ekki stöðvað með þeirri breytingu sem hérna er verið að leggja til. Ég er þess vegna afskaplega óánægður með hve stutt er gengið. Ég tel líka og vil taka undir þá gagnrýni að endurskoða þurfi tekjustofna sveitarfélaganna frá grunni. Það gengur ekki lengur að láta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga leika sama hlutverk og hann hefur gert undanfarin ár og er alltaf að aukast. Það verður að tryggja sveitarfélögunum tekjustofna sem eru tengdir íbúunum á svæðinu og þeim fyrirtækjum sem þar eru rekin með beinum hætti.

Auðvitað hefur þetta breyst á undanförnum árum. Þarna hefur verið að snarast á skepnunni alveg frá upphafi, frá því að aðstöðugjaldið var tekið af. Það er kannski rétt að minna á feril hæstv. forsrh. í því sambandi sem virðist hafa það efst á stefnuskrá sinni að reyna að koma höggi á pólitíska andstæðinga sína sem stjórna Reykjavíkurborg. Þegar hann yfirgaf borgarstjórastólinn í þeirri frægu borg og gekk yfir

í Stjórnarráðið lét hann það verða sitt fyrsta verk að taka tekjustofnana af borginni. Hann hafði áður safnað skuldum fyrir þessa borg með því að byggja fræg hús og monthallir en labbaði síðan beint yfir í Stjórnarráðið og tók tekjustofnana af borginni. Hann og félagar hans í Sjálfstfl. gagnrýna síðan þá sem eru við stjórn í Reykjavíkurborg núna fyrir skuldahala og að þeir standi sig ekki nógu vel í fjármálunum. Þetta er ferill hæstv. forsrh. í þessu efni og enn er haldið áfram.

Framsfl. er teymdur í múlnum til að gera þessa hluti eins ömurlega lélega og mögulegt er að komast frá. Þar virðist ekki nægilegt skap í mönnum til að berja í borðið. Þeir eiga þó aðild að ýmsum sveitarstjórnum og þar á meðal stjórn höfuðborgarinnar. Þeir hafa hvað eftir annað sýnt, hæstv. ráðherrar og hv. þm. Sjálfstfl., að þeir geta aldrei á sér setið ef þeir sjá tækifæri til að koma höggi á pólitíska andstæðinga sína í stjórn Reykjavíkurborgar.

Nú er svo komið, hæstv. forseti, ég ætla að koma að því aftur, að jöfnunarsjóðurinn leggur til um 25% af tekjum sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eru sjálf að borga stóran hluta af þessu til sveitarfélaganna. Það þyrfti að fara fram rannsókn á því hvers konar tekjutilfærslu er um að ræða, meira og minna, frá ríkinu, tilfærslu sem orðið hefur til á undanförnum árum og enginn veit lengur hve mikil hún er. Sveitarfélögin greiða t.d. skipulagsgjald. Ef þau sjá um sitt skipulag sjálf þá fá þau helminginn felldan niður en halda áfram að borga helminginn til Skipulagsstofnunar. Þessir peningar eru notaðir til þess að greiða skipulag fyrir önnur sveitarfélög. Hvað er það? Það er auðvitað jöfnunaraðgerð og allt gott um það en menn virðast ekki kæra sig um að finna út hvernig þessi mál eru í raun og veru, reyna að hafa þetta í einhverjum einum farvegi þannig að þeir geti fylgst með, séð hvað er á seyði og hve langt er gengið.

Það er greinilegt að sveitarfélögin í landinu halda sameiginlega uppi sveitarfélögum sem hafa lélega afkomumöguleika. Þau eru með því að styðja við óhagræðið af sveitarfélagasamsetningunni í landinu. Svona hefur þetta verið til margra ára. Yfir þetta þarf að fara. Það er hluti af vanda sveitarfélaganna að mörg sveitarfélög eru ekki nógu burðug til að sinna hlutverki sínu á eðlilegan hátt. Þau eru ekki tilbúin að taka við verkefnum frá ríkinu sem þarf að flytja til þeirra, þó það væri ekki nema af byggðaástæðum. En af nánast öllum ástæðum sem hægt er að tiltaka vegna þarfa íbúnanna er betra að sveitarfélögin sjái um alla þá þjónustu sem hægt er að kalla nærþjónustu og líka fleiri tegundir af þjónustu. Það hefur sýnt sig að eftir því sem þjónustan er nær fólkinu, því betri verður hún og því betur er þá metið hve mikil þörf er á henni.

Mig langar til að bera fram spurningu til hæstv. ráðherra vegna þess að ég átta mig ekki nægilega vel á hvað eitt atriði þýðir. Það er í sambandi við 2. gr. frv. þar sem verið er að samræma innheimtu á fasteignagjöldum á bújörðum, þ.e. eignum sem eru í sveitum landsins sem eru nýttar til einhvers annars en búskapar. Mig langar að spyrja hvort hæstv. ráðherra er viss um að sú breyting þýði ekki að ef lönd og jarðir sem farin eru úr búskap verði seld á háu verði í einhverju tilteknu byggðarlagi, sem gerist öðru hvoru nú til dags, þá mundi það valda því að eignir á því svæði fari allt í einu að bera miklu hærri skatta en áður. Nú er það þannig að margar jarðir eru að fara úr byggð og hafa farið úr byggð á undanförnum árum. En menn eiga þær kannski áfram sem hafa verið bændur á þessum jörðum þó enginn búskapur sé á þeim. Verður þessi breyting þá til þess að menn sem eiga slík lönd og eignir verði að fara að borga fasteignagjöld sem miðast þá við sölu á viðkomandi svæði sem hefur kannski orðið á einhverri jörð sem einhver vellríkur hefur haft sérstakan áhuga á að kaupa til þess að byggja sér sumarhöll eða ástarhof?

Ég vil síðan, svo ég fari ekki að endurtaka mikið af því sem hv. þm. og ráðherrar hafa verið að tala um á undan, ljúka þessu með því að segja: Ég vona sannarlega að menn láti ekki staðar numið við þetta. Ég vona satt að segja að í hv. nefnd verði farið yfir þetta mál og reynt að kafa ofan í það hve langt þurfi að ganga til þess að lagfæra frv. þannig að sveitarfélögin haldi ekki áfram að safna skuldum og að menn a.m.k. líti þá á þessa breytingu í vetur sem áfanga og að næsta vetur verði tekinn annar áfangi til þess að koma til móts við sveitarfélögin.

Ég endurtek að ég tel að það þurfi kannski sárlegast að ná fram stefnu í málefnum sveitarfélaganna þar sem verður horft yfir allt sviðið og menn geri sér grein fyrir því hvernig framtíð eigi að vera hjá sveitarfélögunum á Íslandi. Þar kemur inn það sem ég var að ræða um áðan: Stækkun og efling sveitarfélaganna, flutningur verkefna frá ríkinu til þeirra og nýjar menntastofnanir og opinber þjónusta sem á að vera í hverju burðugu sveitarfélagi á Íslandi. Sýna þarf mikinn manndóm og reisn í þessum málum öllum ef hægt á að vera að snúa við þeirri öfugþróun sem nú hefur verið lengi úti um landsbyggðina og það er ekki gert með því átaki sem hér er í því að rétta hlut sveitarfélaganna í landinu.

[15:04]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. gerði að umræðuefni það sem áður hefur komið fram í umræðunni, að heppilegra hefði verið að breikka tekjustofna sveitarfélaganna og sveitarfélögin fengju hlutdeild í fleiri tekjustofnum. Ég var reyndar búinn að svara því í ræðu minni í morgun.

Hv. þm. kom inn á aðstöðugjaldið, að það hefði verið fellt niður. Ég vil taka það fram að aðstöðugjaldið var fellt niður eftir mikla gagnrýni og ég man ekki betur en að hún hafi komið frá landsbyggðinni. Hún var þannig til komin að menn sögðu að þetta gjald kæmi svo misjafnlega niður að höfuðborgarsvæðið mokaði saman peningum á þessu gjaldi sem var tengt fyrirtækjum, en önnur sveitarfélög stæðu þar allt öðruvísi að vígi. Ég man ekki betur en að um þetta væri nokkuð gott samkomulag á sínum tíma og ég man ekki annað en að um þetta hafi ríkt nokkuð góð samstaða.

Að öðru leyti endurtek ég að í starfi nefndarinnar kom fram að útsvarið er langsamlega stabílasti og traustasti tekjustofninn sem sveitarfélögin eiga völ á. Hitt eru sveiflukenndir tekjustofnar og margt sem bendir til þess að t.d. fjármagnstekjuskattur og fyrirtækjaskattar hækki ekki í sama mæli næsta ár t.d. og var á síðasta ári og hækki ekki í sama mæli á yfirstandandi ári og var síðast.

[15:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki einn af þeim sem sjá mikið eftir aðstöðugjaldinu. Mér fannst það koma misjafnt niður. Ég var hins vegar að minna á feril hæstv. forsrh. sem beitti sér fyrir þessu máli og auðvitað vissu allir að það kæmi mest niður á Reykjavík, en hann hafði einmitt gengið þar úr stól og skilið þá borg eftir í skuldafeni þegar hann gekk til Alþingis og tók af henni tekjustofnana.

Ég held hins vegar að fleira þurfi að koma til en útsvarið til að auka tekjur sveitarfélaganna vegna þess að það kemur

mjög misjafnt niður. Auðvitað er það rétt af með jöfnunarsjóði og öðru slíku, en ég held samt að nauðsynlegt sé að atvinnulífið á hverjum stað taki þátt í þörfum sveitarfélagsins og greiði gjöld til þess. Það er nauðsynlegt til þess að allir hlutir gangi eðlilega fyrir sig.

Það verða sveiflur vegna atvinnulífsins, og sú aðgerð af því tagi sem menn voru að gera þegar þeir tóku aðstöðugjaldið af á sínum tíma var fyrst og fremst að koma til móts við atvinnulífið sem var þá í miklu lamasessi. Ég tel að í framhaldi af því hefðu menn þurft að skoða hvort ekki ætti að koma til móts við sveitarfélögin með einhverjum öðrum hætti, með því að sveitarfélögin fengju hlutdeild í öðrum sköttum og fleiru en bara útsvarinu sem ég tel reyndar að megi vera býsna stór hluti af tekjum sveitarfélaganna. Alla vega þurfa menn að horfa alvarlega á það að jöfnunarsjóðurinn má ekki vera eins stór hluti af tekjum sveitarfélaganna og hann er núna.

[15:08]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má til sanns vegar færa að fara mætti yfir — enda er það hluti af tillögum tekjustofnanefndar — málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ég útiloka ekkert í því efni að farið verði yfir m.a. þær reglur sem jöfnunarsjóðurinn hefur til að vinna eftir og ég veit að það er eitt af því sem er fram undan í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Hitt finnst mér meginmálið, eins og ég kom inn á í morgun, að atvinnulífið sé öflugt í hverju sveitarfélagi og það sé þess umkomið að greiða fólki laun og starfsfólkið borgi síðan af launum sínum útsvar. Mér finnst það vera meginmálið að við reynum að halda þannig á málum að atvinnulífið, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar, geti haft góða afkomu og höfuðhlutverk atvinnulífsins að mínu mati er að halda uppi atvinnu og borga laun sem fólkið borgar síðan gjöld sín af. Það finnst mér meginmálið og sem betur fer hafa tekjurnar af útsvarinu aukist mjög undanfarin ár. Það hefur komið misjafnt niður eins og hér hefur fram komið og þess vegna hefur verið farið í meiri jöfnunaraðgerðir milli sveitarfélaga en verið hefði ella ef engin röskun hefði orðið á búsetu eða tekjumöguleikum sveitarfélaga.

[15:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því ef það er staðfasur vilji að menn gangi í það að skoða Jöfnunarsjóðinn og skoða tekjustofnana áfram til að koma þessu í betra horf en það er núna því að enginn vafi er á því að þarna þurfa menn að taka á og gera betur. En hitt er annað mál að ég tel alveg nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi ákveðnar tekjur sem eru tengdar atvinnurekstrinum á svæðinu og ekki bara launum fólksins heldur líka fyrirtækjunum sjálfum vegna þess að öll sveitarfélög veita þessum fyrirtækjum þjónustu. Og auðvitað þarf að vera einhver umbun fyrir þá þjónustu. Það þarf líka að vera möguleiki hjá sveitarfélögunum að fá til sín atvinnurekstur. Við þekkjum það í gegnum tíðina að ýmis sveitarfélög hafa haft stefnu í þessum málum, reynt að ná til sín tilteknum atvinnurekstri, jafnvel stuðlað að einhvers konar sérhæfingu byggðarlaganna í atvinnurekstri og þjónustað þessi fyrirtæki vel. Mér finnst eðlilegt að þarna sé til tekjustofn sem er tengdur beint við sveitarfélögin og að atvinnulífið á hverjum stað finni að það á heima þar en á ekki samskipti sín alltaf og alfarið við ríkið hvað varðar skatta og gjöld. Ég held því fram að í framtíðinni muni margt af því sem ríkið er núna að skipta sér af gagnvart atvinnurekstri í landinu færast til sveitarfélaganna og þess vegna sé það eðlileg þróun að flytja eitthvað af þeim gjöldum og álögum sem atvinnureksturinn borgar til sveitarfélaganna.

[15:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til að setja mikið út á fundarstjórn forseta sem slíks, en aftur á móti gerði ég þá athugasemd í máli mínu áðan að í allri umræðunni um þetta mikilvæga mál, sem eru tekjustofnar sveitarfélaga, hafi varla sést hér þingmaður frá sjálfstæðismönnum og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það gæti verið svo að sjálfstæðismenn hafi ekki áhuga á því að fylgjast með þessu máli. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita hversu margir sjálfstæðismenn eru hér í húsinu. Reyndar verð ég að fagna því að einn hv. þm., Gunnar Birgisson, rak hér inn nefið í mýflugumynd áðan þannig að hann virðist a.m.k. vera í húsinu. Aftur á móti furða ég mig á því satt að segja að þingmenn Sjálfstfl. skuli ekki taka þátt í umræðunni og hvort það séu bara framsóknarmennirnir sem eigi að bera það uppi að verja það að svona sé farið að í þessu máli. (**Félmrh.**: Þeir fara létt með það.) Ja, þeir fara létt með að fara þá leið fyrir Sjálfstfl. að leggja þessar álögur á höfuðborgarbúa. Það er greinilegt og mér sýnist hæstv. ráðherrann glaðhlakkalegur yfir þessu.

En aftur á móti, herra forseti, hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar um hversu margir sjálfstæðismenn eru í húsinu. Get ég fengið upplýsingar um það?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að í þinghúsinu eru 19 þingmenn. Hér eru ekki upplýsingar um hversu margir eru á skrifstofum sínum. En það munu vera sjö sjálfstæðismenn í þinghúsinu.)

Herra forseti. Þeir hafa ekki sést hér eftir hádegið í þessari mikilvægu umræðu. Aftur á móti hafa hér verið einn til tveir þingmenn úr öðrum flokkum en Samfylkingunni. Ég verð að segja það aftur, herra forseti, mig undrar að þingmenn Sjálfstfl. skuli ekki vera hér því að maður hefði a.m.k. haldið að þeir þingmenn sem eru líka sveitarstjórnarmenn og það sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu, sem þetta frv. kemur mjög illa niður á, vildu taka þátt í umræðunni hér í dag.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti telur sig hafa upplýst hv. þm. um hversu margir eru staddir í þinghúsinu og hversu margir sjálfstæðismenn eru af þeim 19 sem hér eru skráðir með viðveru.)

[15:15]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér leikur forvitni á að vita hvaða aðferðum hæstv. forseti og hæstv. forsetar yfirleitt beita við það að fá þingmenn til þess að sitja hér í salnum. Það hefur a.m.k. mistekist alfarið gagnvart Sjálfstfl. í dag. Hann er ekki hér, hann fyrirfinnst ekki við þessa umræðu. Ég tek undir að auðvitað er afskaplega nöturlegt að menn skuli ekki fá að hlusta á sjónarmið hins stjórnarflokksins hvað varðar þessi mál. Á maður kannski að álykta sem svo að þeir séu svo ánægðir með þær niðurstöður sem hér liggja fyrir að þeir telji ekki nokkra ástæðu til þess að vera hér til staðar og láti bara framsóknarmenn sjá um það að draga þessa kerru. (**Félmrh.**: Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, segir hæstv. ráðherra og virðist ánægður með hlutskipti sitt þó hann hljóti að finna fyrir múlnum og svipunni öðru hverju.

[15:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig langar að bæta örlitlu í þennan belg. Ég sagði í ræðu minni í morgun að það hefði verið eðlilegt og raunar sjálfsagt að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur umræðuna því hér er um bandorm að ræða. Þó að hlið hans á málinu komi ekki formlega inn á dagskrá þessa fundar fyrr en síðar í dag hafa menn rætt málið í heild og breidd. Það er augljóst mál að Sjálfstfl. ætlar að hafa þann háttinn á að Framsfl. sér um að hækka álögurnar en svo kemur fjmrh. *í eftirmiðdaginn og ætlar að lækka tekjuskatt um þriðjung.* Ef framsóknarmönnum líður vel undir því, að draga vagninn enn og aftur, þá þeir um það, ég ætla ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Hitt er annað mál að mér hefði þótt ástæða til að eiga orðastað við Sjálfstfl., flokk með 26 þingmenn á hinu háa Alþingi. Ef þeir eru innan dyra þætti mér vænt um ef forseti hefði nokkur tök á því að koma þeim í þennan sal þannig að þeir verði a.m.k. viðstaddir umræðuna og læri eitthvað af henni.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun gera sitt besta til að fulltrúar beggja stjórnarflokkanna séu viðstaddir umræðuna.)

[15:18]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins í framhaldi af þeirri umræðunni um hvernig þessi mál eru unnin á hinu háa Alþingi er rétt að geta þess að einn þingmanna Sjálfstfl. rak inn nefið rétt sem snöggvast núna. Hann var að vísu ekki í mýflugumynd en *rak rétt inn nefið.* En það er alveg hárrétt sem hefur komið fram, og það er mjög undarlegt að stærri stjórnmálaflokkurinn, leiðandi afl ríkisstjórnar, skuli hreinlega skila auðu og hverfa úr þingsal þegar þetta mál er rætt. Það er alveg með ólíkindum, að ég tali ekki um blessaða hv. þm. Sjálfstfl. af landsbyggðinni sem hafa riðið um héruð fyrir kosningar og boðað lækkun fasteignaskatta á landsbyggðinni sem mun ekki virka nema í eitt ár eins og ég kem að betur á eftir. Þeir eru flúnir af hólmi og vilja ekki standa hér og ræða um það að árið 2002 verður lækkunin tekin til baka með því að hækka útsvar íbúa landsbyggðarinnar, þessara litlu sveitarfélaga, og *taka þar með til baka allan þann fjárhagslega ávinning* sem átti að vera við að breyta hinu vitlausa kerfi sem hefur verið við álagningu fasteignagjalda á landsbyggðinni undanfarin svo og svo mörg ár.

Þingmenn Sjálfstfl. eru flúnir af hólmi og það er eðlilegt í raun og veru. Það er aumkunarvert hlutskipti aumingja hv. þm. Framsfl. að sitja hér. Tveir eru skildir eftir. Hæstv. félmrh. og hv. þm. Jón Kristjánsson, sem stýrði þessari ágætu nefnd, eru skildir eftir í salnum til andsvara fyrir stjórnarflokkana báða. Aumt er þeirra hlutskipti.

Það er alveg hárrétt sem kemur fram í skýrslu nefndarinnar þegar hún leggur mat á hvers vegna hefur hallað svo á sveitarfélögin í fjárhagslegum skilningi. Það er hárrétt mat sem kemur hér fram. Það er mikil búseturöskun síðustu tvö ár sem hefur leitt til þess að sveitarfélög þar sem fólki fækkar lenda í rekstrarörðugleikum þegar færri íbúar standa undir fjármögnun þeirrar þjónustu sem er nauðsynlegt að veita. Það er alveg hárétt.

Þetta er það sem kemur fram í reikningum svo margra sveitarfélaga á landsbyggðinni, hjá þeim sveitarfélögum sem hafa átt hluta af þeim 12.000 íbúum sem hafa þurft að fara frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins undanfarin tíu ár. Það er sá fórnarkostnaður sem þar er að koma fram, enda kemur fram í öllum tölum um sveitarsjóði að hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum hefur aukist úr 78,4% árið 1990 í 91,5% 1999. Ætli það sé ekki töluvert miklu verra hjá mörgum sveitarfélögum og litlum sveitarfélögum úti á landi? Ég hygg það.

Þess vegna finnst mér ótrúlegt að sú nefnd sem hér er að skila af sér skuli ekki taka betur á því og skilgreina hreinlega vandann milli litlu sveitarfélaganna á landsbyggðinni og stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þar er mikill munur á. En það tækifæri sem gafst núna til að koma með tillögur í því efni hefur verið látið fram hjá fara, því miður.

Það er með ólíkindum að þetta skuli vera gert svona. Um niðurstöðu þeirrar nefndar sem hefur, eins og ég sagði áðan, skilað ágætum pappírum í raun og veru, vil ég segja að ég tel að ástæða þess að hún skili ekki betri tillögum til sveitarfélaganna, um að einhverju verði skilað til baka sem af þeim hefur verið tekið, tekjustofnum sem þau hafa átt að *fá undanfarin ár, ástæðan er sennilega vegna þess* að hæstv. forsrh. greip inn í störf nefndarinnar á ákveðnum tímapunkti og sendi sveitarfélögunum tóninn um að þau hefðu ekkert með meira fé að gera, þau þyrftu aðeins að taka til heima hjá sér, spara og skera niður.

Þetta voru mjög kaldar kveðjur til sveitarfélaga út um allt land, en þetta voru ákveðin skilaboð sem sýnist því miður hafa orðið ein meginniðurstaða nefndarinnar eftir að hæstv. forsrh. tjáði sig með svo afgerandi hætti sem hann gerði á sínum tíma. En þetta, því miður, ætla hv. þm. Framsfl. að láta yfir sig ganga og gera að málum sínum og verja þrátt fyrir að þeir viti miklu betur og séu sennilega aðeins betur þenkjandi en sjálfstæðismenn gagnvart sveitarfélögum á landsbyggðinni eða a.m.k. var það einu sinni svo að Framsfl. taldi sig vera málsvara fyrir landsbyggðina og það sem þar væri. En mér sýnist það hafi horfið enda sagði hæstv. félmrh. í útvarpsviðtali norður á Akureyri að það væri sennilega hárétt að Framsfl. hafi gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu *sinni á mölinni á höfuðborgarsvæðinu.*

Herra forseti. Ég held að ástæða væri til að fara yfir áhrif ýmissa laga og reglugerðabreytinga sem hafa leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að í öllum tilvikum hafi verið tryggt að nægilegir tekjustofnar hafi fylgt í kjölfarið. Þetta er kannski það sem ásamt með ýmsum skattalagabreytingum undanfarin ár hefur skert útsvarstekjur sveitarfélaga og þannig skapað ákveðið ósamræmi milli þróunar útgjalda og tekna. Það er full ástæða, herra forseti, að fara nokkuð yfir þessi atriði og taka nokkur atriði úr þessum kafla.

Það er sannarlega rétt að álögur ríkisins á sveitarfélög í formi skerðingar vegna tímabundinnar þátttöku þeirra í rekstri ríkissjóðs, beinnar skattlagningar og strangari reglna sem sveitarfélög þurfa að framfylgja hafi verið gríðarlega miklar árin 1990–1997. Það kemur kannski best fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. með frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 þar sem er táknrænt dæmi um afstöðu ríkisvaldsins í þessu efni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þau nýmæli eru í frv. þessu frá fyrri lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum að flest skerðingarákvæði“ — takið eftir: flest skerðingarákvæði — „sem endurtekin hafa verið árum saman eru nú sett fram í varanlegu formi.“

Þetta er kannski grundvallaratriðið. Svo getum við farið yfir ýmislegt af því sem þarna kemur fram. Tökum t.d. *um fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri eða svokallaðan*

hlutabréfaafslátt. Hann hefur aldeilis komið við og skert tekjur sveitarfélaganna allra, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni, en með þeim lögum sem samþykkt voru um þetta, sem voru nr. 38/1987, um tekjustofna sveitarfélaga, var lögfest að útsvarsstofn skyldi vera sá sami og tekjuskattsstofn. Eftir það fór hlutabréfaafslátturinn svokallaði að hafa veruleg áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga, fyrst við álagningu útsvars árið 1989 vegna tekna ársins 1988. Eigum við að fara aðeins yfir, herra forseti, hvað þetta eru miklar tölur?

Í þeim gögnum sem ég hef sýnist mér að það séu um tæpar 800 milljónir á verðlagi ársins 1997 sem þetta hefur gert gagnvart sveitarfélögunum á tímabilinu 1990–1997. Árið 1998 var talið að þetta mundi skerða útsvarsstofn um 258 milljónir og tæpar 300 milljónir á síðasta ári, 1999.

Þetta er með öðrum orðum talandi dæmi um hvernig ríkisvaldið hefur komið í bakið á sveitarfélögunum með samþykktum um að skerða tekjustofna sveitarfélaga.

Nákvæmlega sama er með skattleysi lífeyrisiðgjalda. Byrjað var á þeim hlut 1995. Talið er að skattleysi lífeyrisiðgjalda hafi skert tekjustofna sveitarfélaga um hvorki meira né minna en 1.846 milljónir á verðlagi ársins 1997 og við það hafa bæst hin síðari ár 1998 tæpur milljarður og 1999 tæpar 1.300 milljónir kr. Það er hægt að fara í gegnum þessa liði lið fyrir lið og komast að því, að aðgerðir ríkisvaldsins hafa skert tekjur sveitarfélaga um samtals 14–15 milljarða kr. á tímabilinu eða kringum 1,8–1,9 milljarð kr. á meðaltali hvers árs til ársins 1990–1997. Það er hluti af því vandamáli sem sveitarfélögin í landinu búa við í dag, nettóskuldaaukning sl. tíu ár upp á 21 milljarð króna þegar tekjustofnar eru skertir.

Frá hinu háa Alþingi eru samþykkt ýmis lög og ýmsar reglugerðir koma frá ráðuneytum þar sem hlutur sveitarfélaga er aukinn án þess að fá tekjur á móti.

Þess vegna er það kannski eitt af því besta sem í þessum tillögum er að nú á að fara að kostnaðarmeta ýmsar samþykktir og ákvarðanir Alþingis gagnvart sveitarfélögunum. Það er ósköp einfalt að senda reikninginn annað.

Herra forseti. Hér hefur einnig verið töluvert mikið talað um það og stjórnarþingmenn allir hæla sér af því að nú séu loksins komnar fram tillögur sem taka á og breyta því óréttlæti sem hefur viðgengist við álagningu fasteignagjalda, þ.e. að nota fasteignamatsverð á höfuðborgarsvæðinu til að leggja á fasteignagjöld úti á landi. Talið er að jöfnunarsjóður þurfi að greiða út til sveitarfélaga á landsbyggðinni um 1.100 milljónir í þessum efnum til þess að sveitarfélögin standi svipuð á eftir.

En skyldi vera að sú marglofaða breyting, sem fulltrúar stjórnarflokkanna ríðu með um héruð fyrir síðustu kosningar og boðuðu lækkun á fasteignagjöldum á landsbyggðinni virki svo áfram? Nei, svo er ekki vegna þess að ríkisstjórnin hefur í leiðinni boðað að skattar verði hækkaðir árið 2002 á sömu íbúum og eiga að fá lækkunina árið 2001. Með öðrum orðum, það er tekið og gefið á næsta ári og tekið hitt árið til baka. Hver er þá lagfæringin?

Ég vil nota tækifærið og spyrja þá hv. þm. sem eru í salnum, sem eru m.a. af landsbyggðinni, stjórnarþingmenn, hv. þm. Jón Kristjánsson, hvort hún muni nýtast íbúum Austurlands vel eða annarra svæða á landsbyggðinni, þessi breyting á fasteignagjöldum gagnvart árinu 2002 þegar útsvarið verður hækkað.

Var það þetta, hæstv. félmrh., sem var boðað að mundi rétta hag sveitarfélaganna og lækka fasteignaálögur á íbúum á landsbyggðinni?

Ég hef ekki tíma í þessari ræðu að fara út í annan þátt sem er ansi skyldur þessu, þ.e. að nota eingöngu fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu til að mæla vísitölu neysluverðs. Sú stórhækkun sem hefur verið á höfuðborgarsvæðinu á fasteignaverði, m.a. vegna þessarar miklu byggðaröskunar, mælist svo beint inn í vísitölu neysluverðs og hækkar lán hjá íbúum landsbyggðarinnar á sama tíma og eignir þeirra eru að hríðfalla í verði vegna aðgerða héðan frá hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég held að það sé afar brýnt að fá það betur skýrt en komið hefur fram að þessi breyting á fasteignasköttum gagnvart íbúum landsbyggðarinnar mun ekki virka í raun nema í eitt ár fyrir íbúa þessara svæða. Árið á eftir hefur ríkisstjórnin ákveðið að útsvarsstofninn skuli hækkaður, að skattar skuli hækkaðir. Það eru skilaboð frá hæstv. ríkisstjórn í dag að skattar skulu hækkaðir bæði á íbúa landsbyggðarinnar og íbúa höfuðborgarsvæðisins. Sú breyting sem hér er boðuð og hefur komið fram getur þýtt um 50 þús. kr. hækkun á útsvari íbúa höfuðborgarsvæðisins miðað við fimm manna fjölskyldu.

Það er aumt, í því mikla góðæri sem nú er þar sem ríkissjóður er virkilega og vissulega aflögufær til að koma til móts við þær litlu breytingar sem hér eru boðaðar, að skattar skuli ekki vera lækkaðir að sama skapi á móti.

Herra forseti. Í blaðaumfjöllun ekki alls fyrir löngu um það sem ég hef gert hér að umræðuefni, þ.e. fasteignaskatt á landsbyggðinni, kom fram frá hæstv. fjmrh., sem því miður er ekki viðstaddur þessa umræðu og er afar undarlegt, að ef fólk væri ekki ánægt með þessa breytingu á fasteignasköttum á landsbyggðinni geti fólk bara greitt atkvæði með fótunum og farið. Herra forseti. Þarna voru sögð ansi stór og þung orð og er alveg með ólíkindum að einn ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli láta sér detta í hug að tala svona til þess að réttlæta þær skattahækkanir sem hér eru boðaðar. Þetta er alveg með ólíkindum.

Herra forseti. Það hefur líka komið fram að á þeim vitlausa álagningarstofni sem hefur verið á fasteignagjöldum á landsbyggðinni undanfarin ár hefur ríkissjóður stórhagnast. Hann hefur stóraukið tekjur sínar með alls konar sköttum sem eru tengdir við fasteignaverð eins og eignarsköttum og stimpilgjöldum. (Gripið fram í.) Og það er alveg með ólíkindum að menn séu svo að hæla sér af því að verið sé að skila 700 milljónum til baka í fólksfækkunarframlög til sveitarfélaga á landsbyggðinni. Gera menn sér grein fyrir því að talið er að ríkissjóður hafi aukið tekjur sínar á þessu ári um allt að einn milljarð vegna tengingar við fasteignamatið og fasteignaskattana í tengslum við ýmiss konar eignarskatta sem hann leggur á? Síðast þegar við vorum að ræða fjárlög fyrir þetta ár, á lokadögum þingsins fyrir síðustu jól, kom það fram þegar fasteignamatið og hækkun fasteignamats á höfuðborgarsvæðinu lá fyrir, að ríkissjóður gat endurmetið sína tekjustofna og út úr því jukust tekjur ríkissjóðs um tæpar 400 milljónir við það að í ljós kom að hækkun fasteignamats var upp á 18% þá? Og hvað skyldi það svo verða núna?

Herra forseti. Því miður verð ég að segja alveg eins og er að ég batt miklar vonir við þá tekjustofnanefnd sem hér var að störfum, að hún mundi skila raunhæfum tillögum um vanda sveitarfélaganna og skilgreina vanda sveitarfélaganna, annars vegar litlu sveitarfélaganna úti á landi og hins vegar höfuðborgarsvæðisins, allt öðruvísi en hér hefur verið gert.

Sveitarstjórnarfólk úti um allt land er hundóánægt með þessar tilögur og finnst lítið gengið í átt til að leiðrétta það mikla misvægi sem hefur skapast hér á undanförnum árum og við höfum talað um að geti verið á bilinu 14–15 milljarðar kr.

Herra forseti. Þetta eru björgunaraðgerðir settar fram undir hótunum, liggur við að megi segja, frá hæstv. forsrh. til sveitarfélaganna. Þetta er einn plástur í viðbót. Tækifæri sem nú var hægt að grípa til þess að ganga í þetta verk hefur því miður runnið okkur úr greipum. Það er dapurt til þess að vita að að þessum tillögum skuli m.a. standa tveir hv. þm. af landsbyggðinni, frá landsbyggðarkjördæmum, sem ættu nú að þekkja vanda litlu sveitarfélaganna mjög vel og ég efast ekki um að þeir geri það. En sennilega hafa þau tilmæli frá æðsta prestinum sem látin voru koma fram í fjölmiðlum orðið til þess að allir hafa sest ofan á skottið á sér og ekki þorað að gera meira. Það stendur upp úr þessum tillögum. Og það stendur upp úr þessum tillögum að höfuðborginni er ekki stjórnað í dag af þeim sem hæstv. forsrh. hefur velþóknun á. Og hv. þm. Framsfl., allir sem einn, hafa gengið í þá gildru, því miður, og þess vegna kemur ekki meira út úr þessu en raun ber vitni.

Herra forseti. Hér rétt í lok ræðutíma míns í þessari umræðu vil ég leyfa mér að nota tækifærið, af því að hér sitja nú loksins þingmenn frá Sjálfstfl. — hér situr einn hv. þm. Sjálfstfl., Pétur H. Blöndal, sem jafnframt á sæti í hv. félmn. — til að spyrja út í þær tillögur sem hér koma fram og eiga orðastað við hann. Ég ætla að ítreka spurningu sem ég lagði fram áðan um breytingu á fasteignasköttum á landsbyggðinni, þ.e. hvort það sé velþóknanlegt þeim þingmönnum af landsbyggðinni sem hér sitja, hv. þm. Jóni Kristjánssyni t.d. og hæstv. félmrh. Páli Péturssyni, hvort menn séu virkilega ánægðir með það skref sem hér er verið að stíga, að ætla að lækka fasteignaskattana á fólki á landsbyggðinni á næsta ári en með opinni heimild frá hæstv. ríkisstjórn um að hækka skatta árið eftir á þeim íbúum sem eiga að fá lækkun á næsta ári. Er þetta það sem menn boðuðu fyrir kosningar? Ég spyr.

Ég held að allt annað hafi komið fram í þeirri yfirferð sem menn áttu þá um landið. Ég held að það hafi verið boðað að það ætti að lækka álögur á íbúa landsbyggðarinnar en ekki aðeins að færa fé í raun milli vasa, úr vinstri vasa í hægri vasa.

[15:37]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. reynir allt hvað hann getur að gera lítið úr þessum tillögum. Það er út af fyrir sig mannlegt. Hins vegar talar Samfylkingin út og suður og upp og niður í þessu máli. Hv. þm. segir að við framsóknarmenn höfum gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu okkar á höfuðborgarsvæðinu. Síðan talar hann um að það hafi verið farið illa með höfuðborgarsvæðið í þessu og síðan er talað um skattahækkanir og hv. formaður Samfylkingarinnar sagði í ræðu fyrir nokkrum dögum að það hafi verið rangt að lækka skatta. Það var í umræðu um fjáraukalög fyrir nokkrum dögum. Það er náttúrlega enginn botn í þessum málflutningi yfirleitt (**Gripið fram í:** Hver er að ætlast til þess?) og er skylt að vekja athygli á því.

Beint var til mín einni beinni spurningu og það er ástæða þess að ég fór í andsvar, þ.e. hvernig fasteignagjaldalækkunin mundi nýtast skattgreiðendum á Austurlandi þegar útsvar á þeim yrði hækkað árið 2002. Ég get upplýst að til eru skattgreiðendur fasteignagjalda á Austurlandi þar sem þessi gjöld munu lækka um ein 60%. (**Gripið fram í:** Hvað margir?) Hvað margir? Þeir eru því miður allt of margir. Þar eru byggðarlög þar sem fasteignamatið er mjög lágt (Gripið fram í.) og þó að sveitarfélögin komi til með að nota útsvarshækkunarheilmildina fullyrði ég að þarna er verið að bæta úr mjög tilfinnanlegu óréttlæti sem er alveg sérmál. Ég er ekkert að rifja upp hvenær þetta var tekið upp. Þetta var tekið upp fyrir tíu árum samkvæmt kröfu sveitarfélaganna og hefur verið óbreytt síðan. En núna, vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi, er verið að lagfæra þetta óréttlæti.

[15:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins fara aftur yfir fasteignagjöldin og það sem ég spurði um. Mér finnst hv. þm. ekki hafa svarað að fullu leyti nema með útúrsnúningi því sem við þingmenn Samfylkingarinnar erum að tala um. Ég held að það hafi komið skýrt fram í þessari umræðu hver afstaða okkar þingmanna Samfylkingarinnar er í þessum efnum. Hins vegar er það alveg hárétt hjá hv. þm., og hann tók það upp áðan, varðandi ummæli hæstv. félmrh. í svæðisútvarpi Norðurlands ekki alls fyrir löngu um að framsóknarmenn hefðu gleymt landsbyggðinni við markaðssetningu sína á mölinni. Þau ummæli eru alveg hárrétt og það er það sem ég er að tala um hér.

Mér finnst hv. þm. Framsfl., sem hér á árum áður riðu um héruð og boðuðu fagnaðarerindið, ef svo má að orði komast eða töluðu um að efla landsbyggðina, hafa heldur betur gleymt sér. Eitt af því eru þessar breytingar á fasteignaskattinum. Ég er alls ekki að gagnrýna þá breytingu, að hún skuli gerð. Hún ætti að vera komin fram fyrir lifandis löngu. Ég er auðvitað sammála henni. En ég er ekki sammála því, herra forseti, að árið á eftir skuli ríkisstjórnin senda sveitarfélögunum víxil um að hækka álögur á þessa sömu íbúa með því að hækka útsvarstekjurnar.

Það er sannarlega rétt að á mörgum stöðum á landsbyggðinni mun þetta nýtast íbúunum mjög mikið til lækkunar á næsta ári og það er vel og það hefði átt að vera komið fyrr, eins og ég sagði áðan. En við skulum ekki gleyma því að árið 2002 ætlar ríkisstjórnin að heimila þessum sömu sveitarfélögum, sem mörg hver berjast í bökkum og eru í *miklum fjárhagslegum erfiðleikum*, að hækka útsvarið árið eftir þannig að það er verið að lækka á næsta ári, en taka það til baka árið þar á eftir.

[15:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þetta að Framsfl. hafi gleymt landsbyggðinni og að þessar tillögur sýni það. Það er alveg ljóst að þessar tilögur fela í sér mjög góð ákvæði fyrir sveitarfélögin á landsbyggðinni. Það hefur verið lögð á það mikil áhersla frá sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni að halda þeim 700 milljónum inni sem eru greiddar í jöfnun vegna búseturöskunar. Með breytingunni á fasteignaskattinum er verið að ákveða skattalækkun fyrir landsbyggðina upp á 1.100 millj. kr. Svo koma hv. landsbyggðarþingmenn Samfylkingarinnar og segja að menn hafi gleymt landsbyggðinni, þegar (**Gripið fram í:** Hvað með útsvörin ...?) verið er að mæla hér fyrir skattalækkun fyrir landsbyggðina upp á 1.100 millj. kr. (Gripið fram í.) sem er mesta landsbyggðaraðgerð sem hefur verið hér til umræðu í nokkur ár. (**Gripið fram í:** Þú tekur það svo til baka aftur.) (Gripið fram í.) Menn skyldu nú athuga hvað þeir eru að tala um í þessum efnum því að mér er mjög vel kunnugt um að þær aðgerðir sem þessar tillögur

mæla fyrir um eru mjög vel séðar á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Ég veit að hv. 3. þm. Norðurl. v. veit þetta sem sveitarstjórnarmaður þó að hann vilji láta annað í veðri vaka hér. Það er mannlegt. En raunveruleikinn er nú svona.

[15:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson leiddi þessa nefnd og ég efast ekki um að hv. þm. hefur haft góðan hug til starfa í þessari nefnd og viljað láta gott af sér leiða hvað varðar niðurstöður þar. Hins vegar stendur það upp úr að hæstv. forsrh. tjáði sig um það á ákveðnum tímapunkti þegar nefndin var í vinnu hvernig að þessu skyldi staðið og það er hluti af þeirri niðurstöðu sem hér er að koma fram.

Hv. þm. gerði mikið úr lækkun fasteignaskatta á landsbyggðinni og þar er ég alveg hjartanlega sammála honum. Þetta er löngu tímabær aðgerð og hefði átt að vera komin fram fyrir lifandi löngu. Við fórum svo yfir það áðan hvernig þetta eykur tekjur ríkissjóðs, þ.e. sú breyting sem ég er að tala um og fasteignagjaldsstofninn sem var notaður á þann hátt að ríkissjóður fékk miklu meiri tekjur en ætlað var vegna þessara breytinga. Og þá er ekki verið að skila miklu í gegnum jöfnunarsjóð. Það stendur upp úr. En hv. þm. Jón Kristjánsson hefur ekki svarað fyrir þetta. Hann talar bara um árið 2001, skiljanlega.

En mig langar að fá að vita hvað kemur fram árið 2002 þegar sveitarfélögin ... (Gripið fram í.) Það verður líka varanleg aðgerð, hv. þm. Jón Kristjánsson, árið 2002 þegar sveitarfélögin nota þann víxil sem ríkisstjórnin veitir þeim til þess að hækka útsvarið, hækka skatta árið á eftir. Það liggur í augum uppi.

Mig langar að ítreka þá spurningu sem ég lagði fram áðan til hv. þm.: Hvað með árið 2002?

Nú erum við búnir að tala um 2001, ágæta lækkun fasteignagjalda á landsbyggðinni sem vonandi gengur eftir og það er það besta í þessu, en tölum nú um árið 2002 þegar skattahækkun ríkisstjórnarinnar kemur fram til íbúa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins munu greiða allt að 50 þús. kr. meira fyrir fimm manna fjölskyldu og íbúar á landsbyggðinni munu fara að greiða hærra útsvar sem kemur þá á móti þeirri lækkun sem kemur út úr fasteignaskattslækkuninni árið 2001.

[15:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en frv. er afrakstur nefndar sem hæstv. félmrh. skipaði 2. júní 1999. Nefndina skipa ýmsir sérfræðingar, sveitarstjórnarmenn og stjórnmálamenn héðan af Alþingi, en vakin hefur verið athygli á því áður að aðeins þrír stjórnmálaflokkar eiga þar fulltrúa, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin, en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson átti sæti í þessari nefnd og hefur gert ágreining um niðurstöðuna úr nefndarstarfinu. Við fyrir okkar leyti í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gerðum athugasemd við það á sínum tíma að við ættum ekki fulltrúa í þessari nefnd, en við þeim tilmælum okkar var ekki orðið þegar þau voru gerð á sínum tíma. Þetta vildi ég aðeins rifja upp hér í upphafi.

Ef það er eitthvað sem hefur einkennt opinbera fjármálaumsýslu á liðnum árum, þá er það tvennt, annars vegar hefur ríkið verið að greiða niður skuldir sínar, jafnframt því sem ríkissjóður hefur skilað umtalsverðum tekjuafgangi á síðustu árum, en á sama tíma hefur orðið stöðugt þyngra undir fæti hjá sveitarfélögunum. Það kemur fram í niðurstöðum fyrrnefndrar nefndar og í plöggum sem frá henni eru komin að allan síðasta áratug hafi sveitarsjóðirnir verið reknir með halla. Mestur var hallinn árið 1994, en þá nam hann 8,6 milljörðum, árið 1999 var hallinn 2,7 milljarðar, en miðað við fjárhagsáætlanir ársins 2000 verður um áframhaldandi hallarekstur að ræða. Í niðurstöðum nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Heildarskuldir sveitarsjóða voru í árslok 1999 51,8 milljarðar og hafa þar með rúmlega tvöfaldast síðan 1990. Peningalegar eignir þeirra hafa einnig aukist en þó ekki í takt við skuldirnar og því hefur peningaleg staða sveitarsjóðanna versnað um nærri 21 milljarð síðan 1990, eða um liðlega 72 þúsund kr. að meðaltali á íbúa."

Síðan er þessi fjárhagsgrunnur allur rakinn í ítarlegra máli, en nefndin veltir því einnig fyrir sér hvað það sé sem valdi og getur að sjálfsögðu fyrst um hina miklu búseturöskun, að hún hafi orðið til þess að sveitarfélög þar sem fólki hafi fækkað hafi lent í rekstrarörðugleikum þegar færri íbúar standa undir fjármögnun þeirrar þjónustu sem nauðsynlegt er að veita. Þetta segir sig sjálft, að stofnanir sem eru fámennar, t.d. skólar, litlir skólar, eru miklum mun dýrari í rekstri hlutfallslega fyrir hvern nemanda en fjölmennari skólar og hefur oft verið sýnt fram á þetta tölulega.

Tillögur nefndarinnar til þess að mæta hallanum hafa verið reifaðar hér í dag og ætla ég ekki að eyða löngu máli í það. Menn hafa rætt um hækkun á útsvarsprósentunni, en hún mun hækka í áföngum um tæplega eitt prósentustig. Þetta hefur verið mjög umdeilt. Í annan stað er lagt til að stofn til álagningar fasteignaskatts verði fasteignamat, en sem kunnugt er hefur viðmiðið verið fasteignamatið í Reykjavík fyrir allt landið og hefur þetta leitt til mikils misræmis og peningalegs óhagræðis fyrir landsbyggðina og þetta er breyting sem menn almennt hafa fagnað og tekið undir.

Síðan er unnið að því að fækka undanþágum frá fasteignaskatti. Það kemur til sögunnar sérstakt framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að fjárhæð 700 millj. kr. og það er gert ráð fyrir öðru eins á næsta ári. Þetta er hins vegar ekki ætlað til frambúðar heldur til að mæta þeim vanda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir nú um stundir.

Í umræðunni hefur komið fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er orðinn mjög stór hluti af fjármögnun sveitarfélaganna og sýnist sitt hverjum í því efni hvort eðlilegt er að nýta Jöfnunarsjóðinn á þann hátt eða hvort ríkissjóður eigi frekar að hlaupa þarna undir bagga. Ég get tekið undir þá hugsun sem hér hefur komið fram, að eðlilegt er í ljósi þess mikla vanda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir og í ljósi þess að verulegur tekjuafgangur er hjá ríkissjóði að eðlilegt hefði verið og er að veita peninga úr honum til stuðnings sveitarfélögunum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til sveitarstjórnarráðstefnu um síðustu helgi. Hana sátu um 70 fulltrúar víðs vegar að af landinu og þar voru þessar tillögur, sem núna hafa birst í frumvarpsformi, ræddar ítarlega. Það var mat fundarins að tillögur nefndarinnar og þar með frv. væru ófullnægjandi viðbrögð við útbreiddum fjárhagsvanda meðal sveitarfélaganna sem safnað hafi umtalsverðum skuldum. Og hér segir, og ég leyfi mér að vitna, með leyfi forseta, í yfirlýsingu frá fundinum:

„Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum flutt fjárlagahalla ríkisins yfir á sveitarfélögin í formi kostnaðarsamra verkefna án þess að tryggja sveitarfélögunum fjármagn til að sinna þeim. Nauðsynlegt er þegar verkefni á sviði samfélagsþjónustu eru flutt til sveitarfélaga að þeim séu tryggðar nægar tekjur til að sinna verkefnum með fullnægjandi hætti þannig að allir landsmenn hafi aðgang að góðri þjónustu."

Talað er um að breikka tekjustofna sveitarfélaganna. Hér er hægt að fara ýmsar leiðir. Það er hægt að veita þeim hlutdeild í tekjusköttum fyrirtækja. Hægt er að veita þeim hlutdeild í veltusköttum á einhvern hátt. Það var óneitanlega stór biti að kyngja þegar sveitarfélögin voru svipt aðstöðugjaldinu á sínum tíma sem gaf sveitarfélögunum í landinu samtals um 5–6 milljarða króna, og þótt á einhvern hátt væri komið til móts við þau með öðrum breytingum dugðu þær engan veginn til að rétta af þann halla eða þá bagga sem þá voru settir á sveitarfélögin.

Menn taka ekki á og nefndin vék sér reyndar undan því að fjalla um margvíslegan aðsteðjandi vanda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Hér má nefna tvennt: Annars vegar grunnskólann og rekstur grunnskólans. Það er ljóst að mörg sveitarfélög eru að sligast undan rekstri skólans og að sveitarfélögunum voru ekki tryggðir nægilega sterkir tekjustofnar til að standa straum af kostnaði við skólahaldið þegar grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga á sínum tíma.

Síðan er náttúrlega ósvarað hvernig eigi að bregðast við einu alvarlegasta vandamáli sem við stöndum frammi fyrir nú um stundir og það er húsnæðisvandinn. Þar er ljóst að miklar deilur eru í ríkisstjórninni um hvernig eigi að taka á félagslega leiguíbúðakerfinu sérstaklega, en sem kunnugt er hangir það inni í bráðabirgðaákvæði sem sett var í húsnæðislögin á sínum tíma, bráðabirgðaákvæði sem rennur út núna um næstu áramót, hvernig eigi að tryggja þeim aðilum sem sjá fyrir félagslegu leiguhúsnæði stuðning til frambúðar.

Húsnæðislöggjöfin byggði á því að færa þann stuðning allan úr eða frá því fyrirkomulagi að vextir væru lágir. Það er ekki ýkjalangt síðan vextir á félagslegu húsnæði voru 1%, síðan var það fært upp í 2,4% og síðan yfir 3%, fært úr þessu formi yfir í annars konar stuðning. Við vitum hins vegar ekki hvernig sá stuðningur verður og það komu fram mjög misvísandi yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. annars vegar og hæstv. félmrh. hins vegar hvernig staðið verði að þessu og hvernig stuðningi verði háttað við félagslegt leiguhúsnæði.

Í fjárlögum á þessu ári var gert ráð fyrir 100 millj. kr. að því er mig minnir, en í frv. er þetta framlag helmingað. Þar er talað um 50 millj., en orðalagið ef ég man rétt í frv. er á þann veg, að þetta eigi að vera í einhvers konar styrkjaformi, alla vega ekki í því formi sem áður var að veita lán með lægri vöxtum. En ég man eftir því að hæstv. félmrh. sagði að þetta mál væri óútkljáð. Hann vildi ekki taka undir að það ríktu um þetta miklar deilur. Það er ég sem er að ráða í orðaskiptin sem urðu á ráðherrabekknum þegar fjárlagafrv. var til umræðu. Það er alla vega óútkljáð mál hvernig á þessu verði tekið.

Við úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum koma þannig að þessu máli að leggja til að tekjustofnar sveitarfélaganna verði endurskoðaðir. Við viljum láta breikka þá og skoða aðrar leiðir og við viljum líka íhuga að beinn stuðningur komi frá ríkissjóði í ríkari mæli en verið hefur.

Að lokum vil ég gera eina alvarlega athugasemd við framsetningu hæstv. félmrh. og annarra úr stjórnarliðinu sem hafa talað fyrir þessum tillögum því þeir hafa blandað þessu lagafrv. sem lýtur að tekjustofnum sveitarfélaga sérstaklega við allar aðrar skattbreytingar og millifærslur í skattkerfinu sem eiginlega nánast hugsast getur.

Fyrr við umræðuna kom talsmaður Sjálfstfl., hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, og sagðist sérstaklega vilja halda öllu því til haga sem til stæði að gera fyrir barnafólk á Íslandi. Menn skyldu minnast þess þegar þeir ræddu tekjustofna sveitarfélaganna hvað til stæði að gera fyrir barnafólk á Íslandi, hvað þessi góða ríkisstjórn ætlaði að gera fyrir börnin og barnafólkið. Ég hét henni því að ég mundi aðstoða við að halda upplýsingum um þetta til haga. Ég hef verið að gera það að undanförnu og minni t.d. á að þrátt fyrir margendurteknar yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að eitthvað stórkostlegt sé á döfinni þegar hann tilkynnir okkur að á árinu 2001 verði varið 4.230 milljónum til barnabóta, til stuðnings barnafólki, þurfum við ekki að fara lengra en til ársins 1997 þegar þessi upphæð var hærri í krónum talið. Hún var hærri í krónum talið árið 1997 en fyrirhugað er að hún verði árið 2001. Ríkisstjórnin lýsir því yfir í ofanálag að hún ætli að láta á árunum 2001–2003 1.500 milljónir til viðbótar renna til barnafólks í áföngum.

Ef við reiknum barnabæturnar til núvirðis og horfum aftur í tímann kemur í ljós að árið 1991 námu barnabætur að núvirði 5.867 milljónum. Þá mundi vanta upp á til að ná þessu marki 1.637 millj. En góða ríkisstjórnin, sem er svo góð við litlu börnin og barnafólkið, ætlar bara að láta 1.500 millj. Hún ætlar ekki einu sinni að láta inn í barnabótakerfið það sem var varið til þessa stuðnings fyrir tíu árum. Menn koma hér upp og eru að monta sig af þessu og stæra sig af þessu sem sérstöku átaki til handa barnafólki. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir: Ég vil endilega halda til haga stuðningi ríkisstjórnarinnar við barnafólk. Menn ætla ekki einu sinni að hafa stuðninginn jafnmikinn og hann var fyrir einum áratug. Við skulum bara halda þessu öllu saman til haga. Að sjálfsögðu skulum við halda þessu öllu til haga.

Herra forseti. Ég tel að við 1. umr. þessa máls sé rétt að gera grein fyrir megináherslum. Ég er einn af þeim sem hafa farið mjög varlega í að fordæma skattahækkanir og ætla að halda mig við það einfaldlega vegna þess að við þurfum að sjálfsögðu á sköttum að halda til að geta fjármagnað þá þjónustu sem við viljum að ríki og sveitarfélögin veiti og er mjög mikils virði, hvort sem það er á sviði húsnæðismála, skólamála eða annarra mikilvægra samfélagslegra verkefna. Ég ætla á þessu stigi ekki að kveða upp neina þunga dóma í því efni. Ég tel að við eigum við afgreiðslu þessa máls að víkka sjóndeildarhringinn ögn og horfa til þess að tekjustofnar sveitarfélaganna verði breikkaðir frá því sem nú er, hvort sem menn horfa til veltuskatta, virðisaukaskatts eða tekjuskatta fyrirtækja eða annarrar tegundar skattheimtu. Eins finnst mér einsýnt í ljósi þeirrar bágbornu fjárhagsstöðu sem mörg sveitarfélögin eiga við að glíma hvort ekki er rétt að ríkissjóður láti eitthvað af því umframfjármagni sem hann hefur úr að spila renna til sveitarfélaga og þá að sjálfsögðu einkum þeirra sem eru illa sett og verst sett.

[16:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem gerðar eru þó nokkuð miklar breytingar á útsvarsprósentu og fleiri atriðum.

Nú eru útsvar og tekjuskattur á bilinu 37,65% til 38,45% en verða 37,32% til 39,11%, þ.e. neðri mörkin lækka en

efri mörkin hækka. Þeir hv. þm. sem hafa verið að halda því fram í umræðunni að þetta muni valda skattahækkun á borgaranum eru í rauninni að lýsa vantrú á sveitarstjórnirnar, að þær muni ekki gera annað en fara í hámarkið.

Nú er það þannig að sveitarstjórnirnar eru að sjálfsögðu kosnar af sínum borgurum og eiga þar af leiðandi að gæta hagsmuna þeirra ekki síður en hagsmuna sveitarfélagsins. Þar af leiðandi munu þær væntanlega velja útsvarsprósentu frekar í lægra kantinum. Þetta frv. eykur sjálfræði sveitarfélaganna og það þykir mér vel, þær geta valið útsvarsprósentuna á stærra bili.

Herra forseti. Það sem við ræðum hér um og hefur komið fram í umræðunni er þetta vandamál skattlagningar og skattgreiðandans. Allir opinberir starfsmenn, þingmenn, bæjarráðsmenn o.s.frv. hafa metnað til góðra verka. Þeir vilja byggja falleg íþróttahús eða eitthvað annað. Svo eru sett góð lög á Alþingi sem bera oft keim af útópíu eða einhverri draumsýn og það telja menn sig þurfa að framkvæma þegar kemur heim í hérað og þá vex kostnaðurinn. Venjan er sú hjá sveitarfélögum, andstætt venjulegu heimili, að þegar kostnaður vex heimta menn hærri tekjur. Hjá venjulegu heimili, hjá venjulegri húsmóður eða þeim sem sér um fjármál heimilisins, gerist það þegar útgjöldin vaxa að menn spara. Það verða menn að gera því að þeir geta ekki fengið hærri tekjur, ekki svona að öllu jöfnu. En sveitarfélögin telja sig geta það.

En varðandi vandamál skattgreiðandans og hins opinbera, framkvæmdarvaldsins, vil ég nefna hrossaræktina sem dæmi sem við samþykktum á síðasta þingi fjárframlög til upp á 250 milljónir. Ég greiddi reyndar atkvæði gegn því en hv. þm. voru flestir með á því að setja 250 millj. í hrossarækt á fimm árum. Þetta eru ekki nema þúsund krónur á hvern íbúa, bara pínulítið, 200 kr. á ári, ekki neitt neitt. En þetta eru geysilegir hagsmunir fyrir hrossaræktina, fyrir þá menn sem hafa lifibrauð af því að starfa við það að rækta hross, vinna við það að kenna á hross eða vinna við að starfrækja reiðhús og annað slíkt. Hagsmunirnir eru svo ólíkir, hagsmunirnir rekast á, annars vegar pínulitlir hagsmunir skattgreiðandans í þessu sérstaka tilfelli og hins vegar stórir hagsmunir einhvers lítils hóps manna. Til þess að beina kastljósinu að þessu vandamáli langar mig til að lesa grein sem birtist í Morgunblaðinu 4. nóv. árið 2000 eftir Atla Harðarson heimspeking sem heitir svo: „Hvernig væri að kjósendur veldu skatthlutföll", með leyfi herra forseta:

„Alla 20. öld hafa ríkisumsvif farið vaxandi. Ríkið rekur skóla, fjölmiðla, sjúkrahús, samgöngumannvirki og alls konar eftirlitsstofnanir. Stór hluti af löggjöf fjallar um starfsemi þessara stofnana svo löggjafinn verður að hafa verulegt samráð við þá sem bera ábyrgð á rekstri þeirra. Þetta þýðir ekki að Alþingi sé valdalaust. Þingmenn geta samþykkt vantraust á ríkisstjórn eða sett lög sem Stjórnarráðinu eru lítt að skapi. En þeir geta ekki sett skilvirk lög um framkvæmdir og rekstur á vegum ríkisins án samvinnu við ráðherra, embættismenn og sérfræðinga. Þarna vinna þing og Stjórnarráð því hlið við hlið með þeim afleiðingum að þingmennirnir koma ekki fram sem fulltrúar almennings gagnvart framkvæmdarvaldinu heldur miklu fremur sem samverkamenn þess. Við þessar aðstæður liggur það nánast í hlutarins eðli að löggjafinn lítur ekki á það sem hlutverk sitt að takmarka opinber útgjöld heldur snúa framkvæmdar- og löggjafarvald bökum saman í þeirri viðleitni að afla ríkinu sem mestra tekna.

Nú kann sumum að þykja þetta gott og blessað en ég held að skattheimta sé komin á það stig að draga úr sköpunarmætti og aðlögunarhæfni samfélagsins auk þess að spilla efnalegri afkomu þorra fólks. En hér er við ramman reip að draga. Þingið sem upphaflega átti að standa gegn ásælni ríkisvaldsins er í liði með því.

Ég býst við að flestir þingmenn sinni starfi sínu af lífi og sál. Sé starfið í því fólgið að stuðla að opinberum framkvæmdum í eigin kjördæmi eða styrkja einhver málefni þá mun þeim ætíð þykja þörf á meiri peningum. Dugmiklu fólki sem langar til að gera eitthvert gagn finnst alltaf að það þurfi meiri peninga. Þetta verður svo auðvitað til þess að venjulegir borgarar sem vilja verða ágætir af verkum sínum hafa minna fé handa á milli."

Þetta er vandinn í hnotskurn sem við erum að glíma við. Þess vegna treysta hv. þm. sveitarstjórnunum ekki til að vera með útsvarsprósentuna í lágmarki. Það sem heimspekingurinn Atli Harðarson stingur upp á er að það sé kosið um skattprósentuna og mér líst bara ljómandi vel á það. Mér litist ágætlega á að það yrði kosið í Reykjavík um tvær mismunandi útsvarsprósentur, með menningarhúsi, sem kostar 40 þús. kr. á hvern einasta íbúa í Reykjavík, eða án. Með þessum og hinum góðu málunum eða án. Svo getur borgarinn kosið hvort hann vill hafa hrossarækt, menningarhús o.s.frv. eða hvort hann vill borga minna útsvar. Ég kem þessari hugmynd á framfæri, herra forseti.

Um leið yrði að banna skuldasöfnun sveitarfélaganna, það segir sig náttúrlega sjálft. Ef kjósandinn á að kjósa um útsvarsprósentuna yrði að banna skuldasöfnun og það er gert sums staðar á Norðurlöndum, skilst mér.

Herra forseti. Málið er ekki alveg svo einfalt eins og sumir hv. þm. hafa látið að liggja, að sveitarfélögin muni öll fara upp í hámark. Það er nefnilega samkeppni milli sveitarfélaga um skattgreiðendur, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Menn geta flutt sig um set, keypt íbúð í Garðabæ eða annars staðar þar sem prósentan er lægri. Þetta hafa menn gert. Það er samkeppni milli sveitarfélaga og ekki aðeins milli sveitarfélaga heldur líka milli landa. Það er það sem við erum í síauknum mæli að mæta, þ.e. hvernig stendur Ísland sig í skattalegri samkeppni um launþega við önnur lönd? Því þurfum við að mæta og því þurfum við að svara innan ekki mjög langs tíma vegna þess að heimurinn er orðinn afskaplega lítill, það er orðið mjög ódýrt að ferðast milli landa í hlutfalli við laun og það er líka orðið erfitt að skilgreina hvar menn vinna á tölvuöld þar sem menn geta unnið hvar sem er og verið búsettir einhvers staðar allt annars staðar.

Það að sveitarfélögin geti valið sér útsvarsprósentu þýðir jafnframt kröfu um aðsemi í rekstri þeirra, hagræðingu, sparnað og aðhald. Og það mun einmitt svara því sem seðlabankastjóri, Birgir Ísl. Gunnarsson, sagði í gær, að hann hefði áhyggjur af hægari vexti, framleiðni í þjóðfélaginu. Það er kannski vegna þess hve stór hluti af atvinnurekstrinum er í opinberum höndum þar sem ekki er endilega gerð krafa um aðsemi heldur krafa um að byggja sem mest af íþróttahúsum sem er ekkert endilega aðbært. (Gripið fram í.) Ekki endilega. Sums staðar ekki, t.d. þar sem einungis tólf kílómetrar liggja milli 120 millj. kr. húsa. (Gripið fram í.) Ég er að tala um Hellu og Hvolsvöll.

Herra forseti. Góðærið hefur gagnast sveitarfélögunum eins og ríkinu, eins og einstaklingum. Laun hafa hækkað sem aldrei fyrr í Íslandssögunni, 20–30%, og útsvör hækka hlutfallslega því að það er flatur skattur á tekjum alveg upp úr og niður úr þar sem ríkið borgar nefnilega útsvarið fyrir þá sem eru undir frítekjumarkinu. Útsvarið er flatur skattur ná-

kvæmlega eins og tryggingagjaldið. En tekjuskatturinn vex hlutfallslega miklu meira en launin vegna frítekjumarksins.

Fasteignaverð hefur hækkað líka umfram verðlag umtalsvert, svona svipað og launin, enda kannski ekkert skrýtið. Það er venjan að það haldist í hendur. Það þýðir að tekjur sveitarfélaganna af fasteignagjaldi hafa líka hækkað stórlega umfram verðlag þannig að allir hafa í rauninni notið góðs af góðærinu. Eignarskattar hækka mikið umfram verðlag, umfram hækkanir vegna fríeignamarksins. Allir eru því glaðir og ánægðir í þessari stöðu nema menn hafi verið svo óskaplega duglegir að eyða þannig að útgjöldin hafi vaxið langt umfram verðlag og langt umfram tekjur.

Í umræðunni hafa hv. þm. nefnt að ýmsar breytingar á skattalögum hafi skaðað sveitarfélögin, t.d. að breyting á hlutabréfakaupum sé frádráttarbær. Þeir gleyma að það var forsenda fyrir góðærinu. Það var forsenda góðærisins að liðka um fyrir atvinnulífinu, veita fé í atvinnulífið, auka veltuna og auka umsvifin. Það er nú ekki lítið sem sveitarfélög eins og Siglufjörður hafa grætt á verðbréfamarkaðnum. Þar hefur verið fjárfest fyrir milljarða með hjálp verðbréfamarkaðarins, einnig á Austurlandi og víðar. (**KLM:** En sveitarfélögin borga.) Þessar aðgerðir til að örva verðbréfamarkaðinn hafa komið landsbyggðinni til góða og miklu fremur en þær stofnanir sem settar eru í gang til þess að veita fé út á land.

Iðgjöld til lífeyrissjóða hafa líka verið nefnd sem dæmi. Það er rétt að það hefur skert tekjur sveitarfélaganna sem og ríkissjóðs en samt hafa tekjurnar vaxið umtalsvert.

Sumir segja að góðærið sé í raun náttúrulögmál og komi þeim ríkisstjórnum sem hafa verið hér við völd síðan 1990 ekkert við, það hefði ekki skipt máli hver hefði verið við stjórnvölinn. Ég hef ekki trú á því. Ég held að þær ráðstafanir sem ríkisvaldið hefur gripið til, m.a. þessar sem ég nefndi, hafi örvað fyrirtækin, hvatt þau til dáða og komi þeim öllum til góða, líka sveitarfélögunum.

Þær tillögur sem við ræðum hér byggja á jafnstöðu, þ.e. það á að taka burt þá furðulegu reglu sem sett var upp 1989 að kröfu sveitarfélaganna, að skattar á fasteignir í sveitarfélögunum miðist við verðlag í Reykjavík. Það er ótrúleg krafa og ótrúleg fyrirlitning á skattborgurunum heima í héraði, að ætla þeim að borga af verðlausum eignum eins og borgað er af eignum í Reykjavík. Nú á að taka það til baka af því að skattborgarinn er farinn að kvarta. Nú á að laga þetta með framlagi ríkissjóðs í jöfnunarsjóðinn og gefa sveitarfélögunum aukna heimild til að leggja á aukið útsvar.

Auðvitað geta tekjur sveitarfélaga og ríkisins ekki komið frá öðrum en skattgreiðendum, hvergi nokkurs staðar. Þau geta reyndar farið út í atvinnurekstur en það hefur yfirleitt gefið illa raun. (**Gripið fram í:** Selja eignir.) Þau gætu selt eignir já, en það er skammtímalausn. Það gengur náttúrlega ekki endalaust.

Það sem við erum að ræða hér er í raun að flytja skattgreiðsluna frá fasteignaeigendum úti á landi til launagreiðenda á sama svæði í stórum dráttum, flytja eilítið skattgreiðslu frá launagreiðendum á Reykjavíkursvæðinu út á land gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Svona sé ég þessar tillögur í grófum dráttum.

Ég get ekki séð að borgarstjórn Reykjavíkur ákveði að hækka útsvarsprósentuna þó hún hafi heimild til þess vegna þess að hún hefur hagnast lifandis býsn á hækkandi fasteignaverði. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að skattar hækki hér í Reykjavík. Þeir ættu frekar að lækka vegna þess að tekjuskatturinn er lækkaður um þriðjung úr prósenti.

Ég sé þetta ekki sem skattahækkun, ekki almennt, vegna þess að ég treysti hreinlega sveitarfélögunum til að fara ekki offari á kostnað skattgreiðenda. En það er kannski misskilið traust og kannski ætti ég að ganga í hóp þeirra hv. stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað og reikna með því að sveitarfélögin fari öll í toppinn í útsvarsprósentunni. Ég hef hins vegar enn nógu mikið traust á þeim ágætu mönnum sem stýra sveitarfélögunum.

Þetta mun þýða að krafan um arðsemi og ráðdeildarsemi hjá sveitarfélögunum eykst. Þau þurfa að passa sig á þeim fjárfestingum sem þau fara í því þær lenda á skattgreiðendum í auknum mæli.

Þetta var það sem ég vildi segja um þessar tillögur. Þær eru góðar að því leyti að þær auka sjálfræði sveitarfélaganna og það líst mér vel á. Ég vona að sveitarfélögin geti staðið undir þeirri ábyrgð sem á þau eru lögð. Þetta gefur jafnframt möguleika á skattalækkun hjá þeim sveitarfélögum sem best eru rekin. Það er gott mál því þá getur fólk bara flutt þangað ef sveitarfélagið sem það býr í verður mjög ósvífið.

[16:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki seinna vænna að afstaða Sjálfstfl. til þessara tillagna kæmi fram hér í umræðunni.

Fyrst langar mig að spyrja hv. þm.: Úr því að góðærið í dag er ríkisstjórninni og Davíð Oddssyni að þakka, var þá hallærið þar á undan ekki þeim að kenna sem þá stjórnuðu? Voru þeim svona mislagðar hendur þá?

Síðan vil ég líka spyrja hv. þm.: Telur hann að engin þörf hafi verið á því að leiðrétta tekjur milli ríkis og sveitarfélaga í kjölfarið á þeim verkefnum sem flutt hafa verið á milli þessara aðila? Telur hann að rökstuðning sveitarfélaganna fyrir aukinni tekjuþörf einskis virði og vitleysu? Hefur hann farið yfir það og skoðað?

Hv. þm. nefndi skemmtilega hugmynd um að menn kysu um hve háa prósentu þeir ættu nú að borga í skatta. Hann sagði líka að banna ætti skuldasöfnun og þá vil ég spyrja: Ef hann treystir ekki þeim sem stjórna sveitarfélögunum til að ákveða útsvarsprósentu, út frá því hvort fólk fæst til að búa í byggðarlaginu, ætlar hann þá ekki heldur að treysta kjósendum fyrir því að ákveða hver prósentan eigi að vera? Ef um hana er kosið hlýtur það mat auðvitað að vera í höndum þeirra sem eiga þar atkvæðisrétt. Hverjum treystir hv. þm.?

[16:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég kom inn á þing undraðist ég alltaf að vinstri menn töluðu iðulega í fleirtölu um skoðanir sínar. Þeir sögðu alltaf: Við erum þeirrar skoðunar. Við teljum þetta og við teljum hitt. Þeir sögðu aldrei: Ég. Þeir höfðu sem sagt einhvers konar sameiginlega skoðun. Ég hef hins vegar mína skoðun og mín skoðun er ekki skoðun Sjálfstfl., langt frá því. (**Gripið fram í:** Í hvaða flokki ertu?) Ég er í Sjálfstfl. vegna þess að hans skoðanir fara næst skoðunum mínum. Ég styð þau mál sem þar koma fram en ég er ekki talsmaður Sjálfstfl., langt frá því.

Ég var spurður að því hvort hallærið hér áður hafi verið þeirri ríkisstjórn sem þá sat að kenna. Það tekur töluverðan tíma að bremsa af. Það tekur töluverðan tíma að koma efnahagslífinu af stað. Það tekur mörg ár. Þær ráðstafanir sem farið var út í strax í byrjun til að örva atvinnulífið virkuðu

kannski tveimur, þremur árum seinna. Það er einmitt það sem hefur gerst.

Spurt var hvort ég teldi ekki að með verkefnum sem flutt hafa verið til sveitarfélaganna frá ríkinu ætti að fylgja gjaldstofn. Að sjálfsögðu. Það var líka gert. Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna fengu þau einnig gjaldstofn, þau hafa fengið tekjur á móti auknum útgjöldum og að sjálfsögðu á að gera það. Spurningin er hvort það hafi verið rétt reiknað. Það er spurning. Og hvort kröfurnar hafi vaxið í flutningi, það er önnur spurning.

Varðandi það að banna skuldasöfnun þá skal ég gefa dæmi. Ég og nokkrir kjósendur búum í sveitarfélagi og ákveðum að hafa útsvarsprósentuna eins lága og hægt er, safna miklum skuldum og svo flytjum við úr sveitarfélaginu.

[16:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef menn hafa þá afstöðu sem hv. þm. nefndi gæti auðvitað ýmislegt gerst en sem betur fer er það ekki þannig.

Mér þótti það athyglisverð útskýring á afstöðu hv. þm. að hann kallaði sjálfan sig „ég" en ekki „við" vegna þess að hann vildi ekki taka á sig að vera talsmaður Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Neitar því.) og neitar því að vera talsmaður Sjálfstfl., alla vega í þessari umræðu.

Hv. þm. sagði líka að sveitarfélögin hefðu fengið gjaldstofn. Það er rétt. Hann varpaði líka fram spurningunni: Var rétt reiknað? Mér fannst hann taka afstöðu til þeirrar spurningar í fyrri ræðu sinni þar sem hann sagði að sveitarfélögin þyrftu ekki að fá meira, þau ættu bara að standa sig í rekstrinum. Ég man ekki nákvæmlega hvernig hann orðaði það en þannig skildi ég það sem hv. þm. sagði. Þess vegna spyr ég aftur: Hefur hv. þm. ekki farið þannig yfir þessi mál að hann geti gert sér grein fyrir því hvort hann telji að nægilega langt sé gengið til móts við sveitarfélögin miðað við þau verkefni sem þau hafa núna tekið og það frv. sem hér er til umræðu?

[16:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fylgst með því í fjölmiðlum að sveitarfélögin hafa gert stórfína hluti, svo fína og glannalega að ég mundi aldrei leggja út í slíkt persónulega. Ég nefni sérstaklega byggingu íþróttahúsa. Það má örugglega gera miklu betur í að reka sveitarfélögin skynsamlega og af meiri sparsemi, nákvæmlega eins og heimilin þurfa að gera. Heimilin geta ekki gengið í vasa skattgreiðanda til að greiða þegar þau gera mistök í fjármálastjórn eins og sveitarfélögin vilja oft og tíðum gera.

Ég skoða aftur og aftur með hryllingi fallegar myndir af reiðhöllum og íþróttamannvirkjum sem menn eru að byggja og eiga ekki fyrir.

[16:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins þegar tókst að fá annan sjálfstæðismann í þessa umræðu kom fram ýmislegt sem gott er að ræða um. Hv. þm. agnúast út í sveitarfélög sem hafa byggt íþróttahús, sem er greinilega ekki mjög arðbært að hans mati. En hv. þm. tók dæmi um að hann gæti stofnað sveitarfélag með kunningjum sínum, safnað miklum skuldum, flutt úr sveitarfélaginu og skilið hina eftir með skuldirnar. Þetta er ekki mjög ábyrgur fjármálastjórnunarstíll, hv. þm. Pétur Blöndal.

Ótal margt í ræðu hans væri vert að að ræða um, t.d. tal hans um samkeppni um skattgreiðendur milli sveitarfélaga. Hvernig í ósköpunum á að skapa samkeppni um skattgreiðendur milli sveitarfélaga. Tökum dæmi af Raufarhöfn, Þórshöfn eða Vopnafirði eða öðrum stöðum. Heldur hv. þm. að þessi sveitarfélög séu virkilega þannig stödd og hafi þær tekjur að þau geti lækkað útsvarsprósentuna til að freista þess að lokka til sín skattgreiðendur annars staðar að af landinu?

Sú frjálshyggjustefna sem hér hefur komið fram er gjörsamlega úr takti við allan raunveruleika á Íslandi, meira að segja raunveruleikann á höfuðborgarsvæðinu sem hv. þm. þrífst greinilega best í.

Er það dæmi um óráðsíu og bruðl sveitarstjórnarmanna vítt og breitt um landið sem margir eru sjálfstæðismenn, þegar þeir bregðast við aðkallandi þörf og byggja íbúðir aldraða, leikskóla og annað slíkt, en hafa ekki tekjur til þess?

Við höfum áður farið í gegnum það hvernig hlutfall rekstrargjalda af skatttekjum hefur aukist úr 78,4% árið 1990 í 91,5% 1999. Mér segir svo hugur að hjá mörgum landsbyggðarsveitarfélögunum sé hlutfallið miklu verra. Er það eingöngu vegna óstjórnar?

[16:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á það sem ég gat um, að ef heimilt væri að mynda skuldir og íbúar sveitarfélagsins mundu kjósa um útsvarið, þá gæti það leitt til þess að hópur manna í sveitarfélaginu, því ekki eru allir englar, tækju þá ákvörðun að hafa útsvarið mjög lágt í einhver ár, safna skuldum og flytja svo í burt. Þetta hefur reyndar gerst. Ég er að tala um þá sem ekki eru englar. (**Gripið fram í:** Er þetta ábyrg fjármálastjórn?) Þegar kerfið býður upp á slíkt gerist það því miður, herra forseti, þó það sé ekki sérstaklega ábyrgt.

Síðan kom hv. þm. inn á samkeppni um skattgreiðendur og hafði greinilega misskilið orð mín. Ég bætti því við að þetta væri hægt hérna á Reykjavíkursvæðinu og svo er í reynd.

Ég geri ráð fyrir því að þegar fjölskylda flytur utan af landi til Reykjavíkur þá vegi hún og meti hvar útsvarsprósentan er há, hvar hún er lág og hvort önnur gjöld eru há eða lág, fjöldi annarra gjalda, sorphirðugjald o.s.frv. Þetta kemur allt inn í dæmið. Fólk reiknar með þessu þegar það flytur og velur sér sveitarfélag og auk þess með félagslegri þjónustu, góðum barnaheimilum og skólum eftir atvikum. Það kemur líka inn í dæmið.

Spurningin er hins vegar: Er sú þjónusta eins vel rekin og mögulegt er, er velferðarkerfi sveitarfélaganna skilvirkt? Það skiptir virkilega miklu máli því að stjórnunin er ekki síður mikið mál en aðrir þættir.

Það að byggja íbúðir fyrir aldraða og annað slíkt er líka hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélög veita. Ég benti hins vegar á að það þyrfti að gera á skilvirkan hátt og með góðri stjórn er hægt að veita ódýrari þjónustu en annars staðar.

[16:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram hjá hv. þm. að samkeppni um skattgreiðendur geti átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hvernig á þetta markaðshyggjulögmál að virka á landsbyggðinni? Hvernig á það að

virka þar sem landsbyggðin hefur þurft að horfa upp á, vegna aðgerða og aðgerðaleysis hæstv. ríkisstjórnar, að tvö þúsund manns flytja frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á hverju ári? Hvernig eiga þau sveitarfélög að búa til samkeppni um skattgreiðendur með misjafnri skattprósentu? Ég spyr.

Er það eðlilegt, hv. þm. Pétur Blöndal, sem hér kemur fram? Ég tek í sjálfu sér undir það sem hv. þm. sagði um hlutabréfamarkaðinn, að hann hefur örvað íslenskt atvinnulíf. Vissulega er það rétt. En er eðlilegt að þessi aðgerð, sem búin er til af hæstv. ríkisstjórn, skerði tekjur sveitarfélaga um 14–15 milljarða á árunum 1990–1999? Er það til að auka möguleika sveitarfélaganna á landsbyggðinni, t.d. í samkeppni um skattgreiðendur, þegar tekjustofnar sveitarfélaga eru skertir svo mikið sem raun ber vitni, bara vegna hlutabréfakaupanna?

[16:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mörg sveitarfélög úti á landi eru afskaplega vel rekin með lágri prósentu. Þau standa ekki í neinum glannalegum fjárfestingum. (**KLM:** Dæmi?) Á Vestfjörðum. Það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélögin eru stödd. Sum þeirra eru varkár, önnur eru óvarkár og það kemur í koll skattgreiðenda þeirra þegar fram líða stundir.

Varðandi það að tvö þúsund flytjist árlega af landsbyggðinni þá hef ég margoft sagt að það er afskaplega óæskileg þróun, líka fyrir Reykjavíkursvæðið. Það kostar mjög mikið að taka á móti þessu fólki. Þetta er þróun sem við eigum öll að reyna að vinna gegn. Mér skilst að á þessu ári sé þetta að snúast við og vonandi er það eitthvað varanlegt.

Varðandi afslátt vegna hlutabréfakaupa þá er talið að hann hafi almennt örvað verðbréfamarkaðinn og komið honum í gang. Þeir milljarðar sem streymt hafa til Siglufjarðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðar og fleiri staða úti á landi eru vegna þess að hlutabréfamarkaðurinn komst í gang.

[16:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal flutti ágæta ræðu um að hér væru ekki á ferðinni skattahækkanir. Það var inntak ræðu hv. þm. Hann treysti því að sveitarfélögin mundu sennilega ekki hækka eins og heimildir í frv. sem hér liggur fyrir kveða á um.

Kjarni málsins er hins vegar að tekjustofnanefndin var sett á laggirnar sökum þess að sveitarfélögin sögðu: Við stöndum ekki lengur undir þeim verkefnum sem okkur er falið að sinna nema að fá auknar tekjur. Það var sett á laggirnar nefnd og niðurstaðan varð sú að fara þá gömlu, hefðbundnu leið að hækka skatta til þess að sveitarfélögin geti staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna samkvæmt þeim lögum sem Alþingi setur. Bróðurparti sveitarfélaga er því sjálfsagt nauðugur einn kostur að hækka skattana. Þess vegna er þessi heimild er rýmkuð.

Hér er því ekkert annað á ferðinni en skatthækkun. Ég skil hins vegar vel að hv. þm., sem hefur talað sennilega fyrir flestu öðru en skattahækkunum hér á hinu háa Alþingi, sviði dálítið að hans eigin flokkur skuli standa fyrir skattahækkun sem nemur um 3,7 milljörðum á tveimur árum. Ég skil það ósköp vel og þeir skattar leggjast að sjálfsögðu á íbúa sveitarfélaganna. Það er náttúrlega algjörlega fráleitt, virðulegi forseti, að halda því fram að hér sé um annað ræða en skattahækkanir. Hins vegar á, af einskærri góðvild og þrátt fyrir að sjóðir ríkisins fljóti allir yfir um af peningum að sögn, að gefa eftir, á móti þessum 3,7 milljörðum, 1.250 millj. kr.

Virðulegi forseti. Hér er ekkert annað á ferðinni en frv. um skattahækkanir.

[16:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reikna með að hv. þm. eigi við það sem kemur fram á bls. 7 í frv. um fjárhagsleg áhrif tillagnanna á sveitarfélögin miðað við fullnýtingu álagningarheimilda. Hann reiknar sem sagt með því áfram, eins og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að öll sveitarfélögin, þar með talin Reykjavík, hækki prósentuna eins og þau mögulega geta. Það er ekki mikið traust á sveitarstjórnum að þær eigi allt í einu núna að fá hærri tekjur, jafnvel þær sveitarstjórnir sem verulega hafa hækkað í tekjum vegna fasteignagjalda. Þar sem þessi breyting veldur engu tekjutjóni sé ég ekki að neitt þurfi að hækka, t.d. í Reykjavík.

Hins vegar: Í sveitarfélögum þar sem fasteignagjöldin lækka vegna þessarar breytingar verður skattalækkun. Þau munu væntanlega mæta því með útsvarshækkun sem mætir skattalækkuninni þannig að skattalækkunin verður sú sama og skattahækkunin, reyndar á öðrum hóp greiðenda eins og ég gat um. Ég sé ekki annað en að víða úti á landi þar sem þetta veldur lækkun á fasteignagjöldum muni útsvarið hækka sem því nemur, þ.e. engin hækkun samtals. Hjá öðrum sveitarfélögum, sérstaklega hér í Reykjavík, muni útsvarið ekki hækkað sem þýðir þá skattalækkun. Það er kominn tími til að skattgreiðandinn fái að sjá einhverja lækkun af þessum afgangi ríkissjóðs.

[16:37]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar margumrædd nefnd tók til starfa lá fyrir krafa sveitarfélaganna um nauðsyn þess að fá auknar tekjur vegna þess að verkefnum sem flutt voru til þeirra fylgdu ekki nægir fjármunir. Það er kjarni málsins. Ýmsir hafa talað um það, þar á meðal flokksfélagar hv. þm., að færa hefði þurft sex milljarða til sveitarfélaganna. Hér er opnað á að færa 3,7 milljarða, virðulegi forseti. Það er alveg ljóst eftir alla þá umræðu og vinnu sem hefur farið fram að ef sveitarfélögin eiga að standa undir þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin þá neyðast þau til að hækka útsvarið sem þessu nemur. Það er niðurstaða nefndarinnar. Hér er því verið að tala um að hækka skatta sem þessu nemur, það er algjör neyð. Við gætum hins vegar farið aðra leið og fært verkefni frá sveitarfélögunum til ríkisvaldsins. Þá þyrfti hugsanlega ekki að gera þetta.

Virðulegi forseti. Í óbreyttu umhverfi — við erum að tala um umhverfið eins og það er í dag, ekki „hypótetískt" sveitarfélag einhvers staðar í ótilgreindu landi — er kjarninn málsins einfaldlega þessi: Sveitarfélögin neyðast til að hækka útsvar vegna þeirra aðstæðna sem þau búa við.

[16:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er enn haldinn þeirri meinloku að þegar sveitarfélögin keyra yfir í kostnaði þá verði að hækka útsvarið. Honum dettur aldrei í hug að þau geti sparað eina einustu krónu. Honum dettur ekki í hug að Reykjavíkurborg gæti kannski rekið búskapinn eitthvað betur. Það verða einstaklingar að gera. Ef það vantar pening, ef útgjöld heimilisins aukast þá verða menn að skera niður. Það verður

Reykjavíkurborg að gera. Hún getur þá skorið niður eitthvað af sínum framkvæmdum eða rekið starfsemi sína betur.

Hér er gert ráð fyrir því að tekjuskattar lækki og þau sveitarfélög þar sem fasteignagjöldin lækka geti hækkað útsvarið á móti. Um það er ekki að ræða hjá Reykjavík. Reykjavíkurborg verður ekki fyrir þessu tekjutapi þannig að hún mun ekki þurfa að hækka útsvar sitt sem þýðir að skattar í Reykjavík munu lækka um 0,3%.

[16:39]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég veit ekki í hvaða veröld hv. þm. Pétur Blöndal lifir. Þannig er að í dag nýta nær öll sveitarfélögin það hámark sem er til staðar, þ.e. 12,04%. Meðaltalið er 11,96%. Sveitarfélögin nýta þetta m.a. vegna þess að Alþingi hefur á undanförnum árum fært aukin verkefni yfir á sveitarfélögin. Við höfum verið sammála um að gera það hér á Alþingi en að sama skapi hefur það dregist úr hömlu að lagfæra tekjustofna sveitarfélaga. Þó að ég sé ekki sammála þessu frv. að öllu leyti er þarna verið að stíga ákveðin skref.

Hv. þm. sagði að við sýndum vantrú á sveitarfélögunum. Sveitarfélögin eru í þeirri stöðu í dag að þau verða að fá aukna tekjustofna til að sinna lögbundnum hlutverkum. Yfir 70% af tekjum þeirra fara í launagreiðslur. Þau hafa því ekki mikið til framkvæmda og mjög stór hluti af því sem eftir er fer í fastan rekstur sem er lögbundinn.

Hv. þm. sagði að menn veldu sér sveitarfélög eftir skattprósentu. Menn velja sér líka sveitarfélög eftir þeirri þjónustu sem sveitarfélögin geta veitt. Sveitarfélögin eru að sjálfsögðu að uppfylla þær skyldur sem þau hafa gagnvart íbúum sínum með því byggja, t.d. íþróttahús sem ég gat ekki betur heyrt en að hv. þm. teldi hið mesta bruðl.

Ég spyr: Ef af þeirri atkvæðagreiðslu yrði sem hv. þm. nefndi, ef Alþingi samþykkir að færa málefni fatlaðra yfir á sveitarfélögin, á þá að standa þannig að því að greidd verði atkvæði um það hjá sveitarfélaginu hvort hækka megi útsvarsprósentuna til að geta sinnt því lögbundna hlutverki?

[16:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að öll sveitarfélögin nýti hámarkið (**MF:** Nær öll.) Nær öll. Hún segir jafnframt að það að tekjuskatturinn lækki um 0,3% þýði að Reykjavíkurborg muni hækka útsvarið um 0,3% líka. Til hvers þarf það? Af hverju þarf borgin að nýta tækifærið núna þegar lögunum er breytt til að hækka umfram þessi 0,3%? Ég sé ekki ástæðu til þess.

Þó að 70% af tekjum sveitarfélaganna séu launagreiðslur þá er útsvarið hlutfallslegur skattur af launatekjum þannig að þegar launatekjur í landinu hækka þá hækkar útsvarið jafnmikið, nákvæmlega jafnmikið. Sveitarfélögin ættu því ekki að þurfa auknar skattgreiðslur vegna hækkunar á launum starfsmanna sinna vegna þess að laun skattgreiðenda hækka væntanlega jafnmikið, nema þau geri mistök í kjarasamningum.

Varðandi það að menn líti eingöngu til skattprósentunnar þegar þeir velja sér sveitarfélag. Ég gat þess einmitt áðan, herra forseti, að menn líta til skattprósentunnar, útsvarsprósentunnar, og líka til þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

[16:43]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tekjur einstaklinga innan sveitarfélaga eru afar misjafnar. Það er m.a. mjög misjafnt eftir landshlutum. Til eru láglaunasvæði og það segir sig sjálft að tekjur af útsvari eru afar misjafnar hjá sveitarfélögum.

Hv. þm. sagði áðan að hann væri ekki talsmaður Sjálfstfl. Engu að síður hefur málflutningur hans verið svipaður og hæstv. forsrh., formanns Sjálfstfl., sem hefur talað um bölvaða óráðsíu hjá sveitarfélögunum.

Ég bendi á að annar samflokksmaður hv. þm. er formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Hann hefur rökstutt mjög vel hvers vegna sveitarfélögin þurfi þessa hækkun. Hann reiknar jafnframt með því að hún verði nýtt að fullu og þó að svo verði vanti enn þá um 3 milljarða í rekstur sveitarfélaganna, jafnvel þó þau nýti þessa hækkun að fullu. Þess vegna segi ég að ég skil ekki hvar hv. þm. hefur verið.

[16:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk upplýsingar um að 43 af 123 sveitarfélögum nýta ekki hámarkið. Það er þriðjungur þeirra, hvorki meira né minna. Það er ekkert lítið.

Varðandi það að sveitarfélög séu sum hver á láglaunasvæði þannig að þau fái lágt útsvar. Það skyldi ekki vera að starfsmenn sveitarfélagsins væru þá líka á láglaunasvæði? Eða eru starfsmenn sveitarfélagsins annars staðar en sveitarfélagið sjálft? Ef sveitarfélagið er á láglaunasvæði og fær lágt útsvar þá eru starfsmennirnir væntanlega á sama svæði og fá lág laun.

Varðandi hvort ég sé málsvari Sjálfstfl., þá er ég aðallega málsvari sjálfs mín. Það er kannski dæmi um að við, ég og hæstv. forsrh., erum í sama flokki að við skulum vera sama sinnis í þessu máli.

[16:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er harla erfitt þegar maður stígur í ræðustól að loknum ræðum hv. þm. Péturs H. Blöndals að festast ekki í þeirri röksemdafærslu eða í andmælum við þeirri röksemdafærslu sem hv. þm. kemur einatt með. Ég ætla að reyna að festa mig ekki í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals en ég get ekki látið hjá líða að nefna það sem andsvar við því sem hv. þm. hefur verið í andsvari við Margréti Frímannsdóttur um að nær öll sveitarfélög eru með útsvar nærri hámarkinu. Hv. þm. Pétur Blöndal ætti að athuga að hámarkið er 12,04% en meðaltalið sem sveitarfélögin nýta sér er 11,96%. Ég gef því lítið fyrir töluna að 43 sveitarfélög af 124 skuli ekki nýta sér hana upp í topp ef það er um núll komma eitthvað prósent að ræða, herra forseti, þannig að hér er verið að skrumskæla staðreyndir.

Sannleikur málsins er sá að ríkisvaldið hefur á undanförnum árum verið á lymskufullan og ísmeygilegan hátt að ýta fjárlagahalla undangenginna ára yfir á sveitarfélögin. Ríkisvaldið er farið að skila þessum fína tekjuafgangi á fjárlögum ríkisins en hvað hefur gerst í staðinn? Sveitarfélögin safna skuldum. Nú er svo komið að sveitarfélögin þurfa í viðbótartekjur á hverju einasta ári til að geta staðið undir rekstri sínum allt að sex milljarða kr. á ári á meðan ríkissjóður skilar tekjuafgangi.

Ég fullyrði því, herra forseti, að ríkið hefur verið að velta fjárlagahallanum yfir á sveitarfélögin með því að samþykkja íþyngjandi lagaákvæði án þess að nægilegir tekjustofnar fylgi með. Það eru auðvitað rekstrarverkefni sem hafa fyrst

og fremst verið í fjársvelti. Ég vil varpa þeirri hugmynd fram hér: Hvers vegna fá sveitarfélögin ekki að ræða t.d. möguleikann á því að leggja á hátekjuskatt eða stóreignaskatt í umdæmum sínum ef þau vilja það? Hvers vegna er eingöngu boðið upp á að þau hækki útsvarsprósentuna sína flatt og þvert yfir allt?

Ég vil líka spyrja: Hvers vegna má ekki skoða að hluti eignarskatts fari beinlínis í jöfnunarsjóð? Sú hugmynd er ekki rædd. Nú stendur yfir endurskoðun á bókhaldsmálum sveitarfélaganna og þar er enn verið að íþyngja sveitarfélögunum, t.d. með því að nú er öllum sveitarfélögum gert að sýna húsaleiguna. Ef leikfélagið leigir í félagsheimilinu þá má ekki láta því félagsheimilið í té heldur verður að reikna þetta allt sem kostnað og að því leytinu til eru nýjar bókhaldsreglur sem sveitarfélögunum er gert að fara eftir, líka á þann máta íþyngjandi fyrir sveitarfélögin.

Herra forseti. Nú hef ég látið hv. þm. Pétur H. Blöndal afvegaleiða mig í málflutningi mínum því að svona ætlaði ég ekki að byrja ræðu mína. Nú spóla ég til baka og læt eins og ég sé að byrja upp á nýtt.

Það sem ég ætlaði að gera að aðalumtalsefni í ræðu minni, herra forseti, er að það er ekki rétt sem hæstv. félmrh. heldur fram að almenn ánægja ríki innan sveitarfélaganna með tillögur nefndarinnar sem við erum að fjalla hér um. Það nægir að benda á fskj. með frv. sem við erum að fjalla um hér því að í fskj. II, sem er bókun fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í tekjustofnanefnd, segir skýrum stöfum, herra forseti, og nú vitna ég til þessa fskj., með leyfi forseta:

„Harmað er að fulltrúar ríkisvaldsins í nefndinni hafa ekki fallist á að koma nægjanlega til móts við tillögur okkar um að rétta hlut sveitarfélaganna til samræmis við það sem á þau hefur hallað á undanförnum árum þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning og kröfur okkar þar að lútandi."

Þetta er öll ánægja sveitarstjórnarmanna með þessar tillögur. Það sæmir ekki hæstv. félmrh. að koma hér og lýsa yfir að hann hafi verið nánast á hallelújasamkomu um liðna helgi því að sveitarstjórnarmenn eru afar misánægðir með þetta. Það kemur í ljós í þessari bókun fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í tekjustofnanefndinni.

Í þessari bókun er sömuleiðis lögð áhersla á að fjármálaleg samskipti ríkisins og sveitarfélaganna séu stöðugt til umfjöllunar og mig langar til að vitna aftur í þessa bókun, herra forseti, með yðar leyfi. Þar segir:

„Við treystum því að viðvarandi formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga verði um efnahagsmál þar sem fjallað er um þróun í fjármálum og kjaramálum, sbr. yfirlýsingu aðila frá 16. desember 1999."

Ég lýsi því yfir, herra forseti, það er svo sannarlega nauðsyn á að þessu verði fylgt því að samráðið hefur ekki verið nægilegt og reyndar harla lítið hingað til. Ég vil jafnvel fullyrða, herra forseti, að samstarf ríkisins í þessum málum, í þessum álögum, aukaálögum á sveitarfélögin, samstarfið og samráðið hafi verið skammarlega lítið. Um það vitna yfirlýsingar sveitarstjórnarmanna víða að af landinu.

Áður en ég lýk umfjöllun minni, herra forseti, um bókun fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í tekjustofnanefnd kemur fram í niðurlagi þeirrar bókunar að nefndarmennirnir treysta því að framvegis verði kostnaðarmetin öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir er sveitarfélögin varða eins og gert er ráð fyrir í tillögu nefndarinnar og undirritun við tillögurnar. Sveitarstjórnarmennirnir telja að slíkt kostnaðarmat geti verið skref í áttina til frekari eflingar tekjustofnum sveitarfélaganna.

Ég leyfi mér, herra forseti, að hryggja sveitarstjórnarmenn með því að kostnaðarmat af því tagi sem hér er farið fram á og menn setja traust sitt á virðist vera harla léttvægt í störfum ríkisstjórnarinnar því að lögum samkvæmt fylgir öllum lagafrumvörpum slíkt mat og það hefur verið gagnrýnt á Alþingi að kostnaðarmat af því tagi stenst allt of sjaldan. Ég bendi bara á fjáraukalögin því til staðfestu. Ég er ansi hrædd um að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga í tekjustofnanefnd eigi eftir að verða fyrir vonbrigðum með möguleg áhrif svona kostnaðarmats.

Ég vil meina, herra forseti, að mestum vonbrigðum í allri þessari umræðu í dag hafi valdið það ótrúlega bragð hæstv. félmrh. og reyndar hv. formanns félmn. að tala eins og þjóðinni sé gert kleift að fjármagna auknar skattaálögur með barnabótum og feðraorlofi. Herra forseti, mér finnst það ekki sæmandi málflutningur að það sé notað eins og afsökun fyrir álögunum að nú sé verið að hækka barnabæturnar. Ég minni ég enn og aftur á að hækkun barnabótanna er bara tilbúningur því það er einungis verið að skila barnafjölskyldum aftur það sem þeim hefur borið undanfarin ár og hefur verið frá þeim tekið. Þessi málflutningur er því til skammar, herra forseti. Hér er aldeilis verið að blanda saman óskyldum málum og það er ekki rétt að líða svona málflutning átölulaust.

Það má kannski vitna til orða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánsson, sem situr reyndar núna í forsetastóli, sem hann lét falla í morgun að ríkisstjórnin væri að skila til baka ránsfeng. Þetta eru stór orð, herra forseti, en það er nákvæmlega svona sem fólki líður þegar það fær röksemdafærslu af þessu tagi frá hæstv. félmrh.

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh. hvað valdi því að sveitarfélögin fái ekki hlutdeild í tryggingagjaldi eða tekjustofnum fyrirtækja. Hvað veldur því að sveitarfélögin eru fá ekki hlutdeild í veltusköttum? Hvaða rök mæla á móti því? Ég vil sömuleiðis spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að leysa þann hnút sem félagslega íbúðakerfið er komið í? Hvernig verður t.d. stuðningi háttað við þá sem þurfa að reiða sig á félagslegt leiguhúsnæði? Efnisleg umræða um þessi mál er af skornum skammti, herra forseti, og það er sárt til þess að vita að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki svara henni með rökum. Það er sárt til þess að vita, eins og hefur margoft verið bent hér á, að málefnaleg umræða í þessum sal við þingmenn stjórnarinnar getur ekki farið fram vegna fjarveru þingmanna stjórnarflokkanna. Hér hefur stjórnarandstaðan staðið í allan dag með röksemdafærslur og spurningar og það er ekki við neinn að tala, það eru engin svör. Þetta er ekki málefnaleg umræða, herra forseti, og ber að átelja það.

Það eru mikil vonbrigði, herra forseti, að ríkið skyldi ekki fallast á að lækka hlutfall sitt í tekjuskattinum til móts við hækkun á útsvari, það eru vonbrigði að ríkið skyldi ekki fallast á að lækka hlutfall sitt í tekjuskattinum. Ég krefst þess að ríkisstjórnin gefi okkur rök fyrir því að það var ekki gert. Ég bendi á að samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin verði rekin með tapi um rúma þrjá milljarða á næsta ári. Ég vil fá að vita: Hverju svarar Framsfl. öllum þeim spurningum sem hér hafa komið fram?

Herra forseti. Ég held því fram að málaflokkum, sem færðir hafa verið til sveitarfélaganna eða er í undirbúningi að færa til sveitarfélaganna, er beinlínis haldið í svelti áður en að yfirfærslunni kemur. Þar getum við nefnt menntamálin,

við getum nefnt þar skólamálin því að málaflokknum var beinlínis haldið í svelti og sultarólina var beinlínis ekki hægt að þrengja meira þegar loksins kom að því að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Nú eru sömu vísbendingar uppi á teningnum, herra forseti, hvað varðar málefni fatlaðra. Sá málaflokkur hefur líka þurft að lúta svelti frá hinu opinbera. Nú er verið að færa hann yfir til sveitarfélaganna og þá er alveg ljóst að sultarólin er hert ómaklega áður en málaflokkurinn er settur endanlega yfir til sveitarfélaganna og þær aðferðir eru ekki góðar pönnukökur, herra forseti.

Það er líka eitt í umræðunni, herra forseti, að hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin öll virðist ekki ætla að horfa á þann mismun sem er á sveitarfélögum með tilliti til íbúafjölda. Það er alveg ljóst að fámennari sveitarfélögin líða mest. Ég bendi á það að helmingur sveitarfélaga í landinu telur undir 300 íbúa. Máli mínu til staðfestu um að fámennu sveitarfélögin líði mest nægir að nefna kostnað sveitarfélaganna af menntamálunum því að sannleikurinn er sá að kostnaður á nemanda í litlu skólunum úti á landi er um 900 þús. kr. á meðan kostnaður á nemanda í stærstu sveitarfélögunum er undir 300 þús. kr. Þarna er um 600 þús. kr. mun að ræða á kostnað á hvern nemanda hvað fámennu sveitarfélögin þurfa að borga meira en þau sem eru fjölmenn. Það þýðir ekki, herra forseti, að líta fram hjá þessari staðreynd. Sveitarfélögin búa við afar misjöfn skilyrði hvað þetta varðar.

Ég bendi líka á það að 40% af tekjum sveitarfélaganna renna til fræðslumála. Benda má á að það sem rennur til fræðslumála hjá sveitarfélögunum er svo breytilegt frá einu sveitarfélagi til annars að þau framlög eru á bilinu frá 30% af tekjum upp í 160%, bilið á milli fámennu sveitarfélaganna og þeirra fjölmennu. Þetta er því gífurlegur aðstöðumunur. Tillögurnar sem eru á borðum okkar eru ekki að jafna þennan mun. Það er ekki verið að taka á stærsta vandamáli litlu sveitarfélaganna, það er bara þannig, herra forseti, og það er synd til þess að vita. (**Félmrh.:** Það er sérstök nefnd í grunnskólamálinu.) Jæja, það er gott að heyra frá hæstv. félmrh. að það skuli vera sérstök nefnd í grunnskólamálinu. Það bendir til þess að vandinn sé viðurkenndur. En sú viðurkenning kemur ekki fram í þessum tillögum hér. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég vil frábiðja mér samtal í salnum á meðan ég er að ljúka máli mínu. En sannleikurinn er sem sagt sá að á borðum okkar eru tillögur sem eru allsendis óaðgengilegar fyrir fámennustu sveitarfélögin og þar er ekki tekið á vanda þeirra á þeim nótum sem þyrfti að gera. Það er staðreynd að í heild skortir sveitarfélögin 6–7 milljarða kr. í árlegar tekjur og tillögurnar sem eru á borðum okkar taka á hluta vandans en að mínu mati rista þær alls ekki nógu djúpt og hefði verið mun vænlegra að sjá hér betur gert fyrst og síðast við fámennu sveitarfélögin og lýk ég þar með máli mínu.

[17:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var margt afar merkilegt sem fram kom í ræðu hv. þm. Hún nefndi að ég hefði talað um barnabæturnar í ræðu minni sem er alveg rétt. Ég tel rétt að vekja athygli á því að barnabæturnar eru þáttur því sem við erum að gera til að bæta líf fjölskyldufólks í landinu og hafa áhrif á þær skattalagabreytingar sem unnið er að um þessar mundir. Og ég tel enga sérstaka ástæðu til þess að fela það neitt og ætla að vona að hv. þm. styðji þessar úrbætur á barnabótakerfinu.

Ég nefndi hins vegar aldrei feðraorlofið í ræðu minni og finnst það nú ekki koma þessu máli beint við. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að full ástæða er til að halda því á lofti sem vel er gert varðandi fæðingarorlofið. Það er stórmál og mikil réttarbót fyrir barnafjölskyldur í landinu að verið er að koma á fót mjög merkilegum fæðingarorlofssjóði sem menn víða um lönd hafa tekið eftir og ræða mjög gjarnan um sem fyrirmynd. Það er afrek núverandi ríkisstjórnar og þingmeirihluta að hafa gert þetta og full ástæða til, ég þakka hv. þm. fyrir það, að halda því á lofti.

Hins vegar skil ég ekki hvernig hún ætlar að koma á háttekjuskatti í sveitarfélögum, sem hún kallaði mjög stíft eftir að yrði lagður á, en jafnframt krafðist hún þess að tekjuskattsprósentan yrði lækkuð. Það sérstæðasta sem fram kom í ræðu hennar fannst mér reyndar þegar hv. þm. fór að draga það fram að bókhaldsreglur sveitarfélaga væru sérstaklega útgjaldamiklar og íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Ég hef haldið bókhald og verið fjármálastjóri en ég get ekki séð að það sé mjög útgjaldamikið fyrir sveitarfélögin.

[17:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að ég ræddi í sama orðinu um ræðu hennar og hæstv. félmrh. þar sem ég átaldi þau fyrir að nefna barnabæturnar hér til sögunnar. Það er rétt hjá hv. þm. að það var ekki úr hennar ræðu sem ég hafði feðraorlofið heldur úr ræðu hæstv. félmrh. sem nefndi það í sömu andrá og rætt var um barnabæturnar.

Varðandi hátekjuskattinn þá er ljóst, herra forseti, að hann er nokkuð sem tilefni hefði verið til að fjalla um við þessa umræðu. Um hann á ekki eingöngu að ræða í sambandi við sveitarfélögin. Það á að ræða um hátekjuskatt á breiðum grunni. Það á að ræða um hann í tengslum við skattbreytingar, mögulegar breytingar á skattkerfi okkar. Ég talaði líka mikið um hlutdeild í eignarskatti. Það er ekki sanngjarnt að sveitarfélögin skuli ekki fá meiri hlutdeild í almennum eignarskatti en raun ber vitni. Við vitum að stór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vinna jafnmikið í þágu sveitarfélaganna úti á landi þó að eignir þeirra séu hér.

Allt tal um að ég hafi krafist þess að tekjuskatturinn yrði lækkaður er náttúrlega er slitið úr samhengi við annað sem ég sagði í minni ræðu en ég ítreka það sem ég nefndi varðandi bókhaldsreglurnar. Það er alveg ljóst að lítið fyrirtæki, lítið sveitarfélag úti á landi sem telur kannski örfáa tugi eða kannski hundrað manns, sem þarf að lúta þeim bókhaldsreglum sem sveitarfélögum eru settar, hefur af því talsverðan kostnað. Ég hef líka fært bókhald. Ég er ekki að mæla gegn því að það sé gert á heiðarlegan og réttan hátt en þetta er einungis nefnt sem lítill hluti af öllu ferlinu, að það er verið að leggja álögur á sveitarfélögin með breyttum reglum.

[17:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að elta ólar við þetta. En ég gat ekki skilið annað en að hv. þm. væri að hnýta eitthvað í fæðingarorlofið og fannst það ekki alveg nógu góð lexía. Hins vegar væri mjög fróðlegt að fá skýringar á því hvernig þessar bókhaldsreglur valda sveitarfélögunum útgjöldum. Ég næ ómögulega að skilja það og væri gaman að fá smá námskeið um það mál.

[17:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. misskilur þetta varðandi fæðingarorlofið og barnabæturnar. Ég er ekki að mæla gegn því að fæðingarorlofi feðra sé komið á, svo sannarlega ekki. Ég er hins vegar að mæla gegn því að hér séu notuð þau rök að hækkun barnabóta og innleiðing fæðingarorlofs fyrir feður séu eitthvað sem þurfi að tala um í sama orðinu og þær tillögur sem hér liggja á borðinu. Við erum að tala um auknar skattaálögur og stjórnarþingmenn kjósa að fjalla í sama orðinu um barnabætur og peninga sem fjölskyldur fá í gegnum fæðingarorlof feðra. Í mínum huga þýðir það ekkert annað en að fjölskyldunum sé ætlað að nota væntanlegar barnabætur og greiðslur í fæðingarorlofi feðra í að greiða auknar skattaálögur. Þetta var ég að gagnrýna, tengsl þessara mála og hvernig þau eru spyrt saman af hæstv. félmrh. og þingmönnum stjórnarinnar.

Varðandi bókhaldsnámskeiðið þá skal ég taka hv. þm. í það síðar.

[17:07]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir flutti hér skelegga ræðu sem ég er reyndar í grundvallaratriðum algjörlega ósammála. En það er önnur saga.

Hv. þm. minntist hins vegar á það sem valkost fyrir sveitarstjórnir að leggja á stóreignaskatt og hátekjuskatt. Mig langar að vita hver mörkin eru til að teljast til stóreignamanna og hátekjumanna, þeirra sem mundu falla undir þennan skatt sem yrði þá væntanlega einhvern tímann tillaga hv. þm. Hvar eru mörkin?

[17:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Ég hef það svar ekki á reiðum höndum og get ekki sagt til um þau mörk hér og nú, herra forseti.

[17:08]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þessi umræða um breytta tekjustofna sveitarfélaga hefur um margt verið fróðleg og farið um víðan völl eins og við mátti búast. Þetta er þó kannski býsna einfalt mál, þ.e. að sú ágæta nefnd sem hér hefur verið minnst á komst auðvitað að skýrum niðurstöðum. Hún safnaði merkum upplýsingum og niðurstaðan var ósköp einfaldlega sú, eins og fram kom í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem jafnframt var formaður nefndarinnar, að sveitarfélögin hafa verið rekin með halla allan þennan áratug. Lög og reglugerðir hafa kallað á aukin útgjöld sveitarfélaga en um leið dregið úr tekjum þeirra. Vandamálið lá því ljóst fyrir en síðan kom að tillögugerðinni og þá náðist því miður ekki niðurstaða sem tæki á þeim vanda sem nefndin var á margan hátt svo vel búin að skilgreina.

Meginniðurstaðan er sem sagt sú að tillagan tekur ekki á því sem við getum kallað fortíðarvanda, þ.e. þeim vanda sem safnast hefur upp á þessum áratug. Hins vegar gera tillögurnar ráð fyrir því að þetta verði jafnað miðað við þær áætlanir sem fyrir liggja um næsta ár. Auðvitað má deila um þá leið sem farin er en ég held að nauðsynlegt sé að það komi skýrt fram að þarna skilur í raun á milli. Fortíðarvandinn er skilinn eftir og það kemur fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna í nefndinni að því hafi verið hafnað, þrátt fyrir eftirgangssemi af þeirra hálfu, að farið væri sérstaklega yfir þennan vanda og settur sérstakur hópur til að komast að niðurstöðu um hvernig hann yrði bættur. Það fékk því miður ekki hljómgrunn í nefndinni eða réttara sagt, ekki hljómgrunn hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum, vegna þess að við höfum orðið vitni að því hér í dag að áherslurnar í málinu hjá ríkisstjórnarflokkunum eru æðimisjafnar.

Niðurstaða nefndarinnar er að sjálfsögðu málamiðlun milli flokkanna og þarf ekki að hafa langt mál um það. Á margan hátt er eðlilegt í ríkisstjórnarsamstarfi að stjórnarflokkarnir komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ég held að það fari ekki á milli mála hjá öllum þeim sem fylgst hafa með umræðunum undanfarnar vikur og mánuði að Sjálfstfl. hefur verið annarrar skoðunar en Framsfl. í málinu. Framsfl. hefur greinilega ekki náð lengra með Sjálfstfl. í þessu máli. Auðvitað harma ég mjög að Framsfl. skuli ekki ráða betur við samstarfsflokk sinn í þessu máli því að hér er vissulega um brýnt og mikilvægt mál að ræða.

Ég sagði áðan að því miður hefði ekki náðst niðurstaða í því hvernig taka ætti á fortíðarvandanum. Hins vegar er rétt að halda til haga öllu því sem tengist fortíðarvandanum. Það hefur komið fram hér í dag að utan við verksvið nefndarinnar var sá vandi sem við er að glíma í félagslega íbúðakerfinu og önnur nefnd vinnur að því að fara yfir flutning grunnskólans. Við skulum vona að niðurstöður þeirrar nefndar verði til að bæta hag sveitarfélaganna því að ekki mun af því veita, ekki þarf annað en að vísa til ýmissa talna sem fram hafa komið frá tekjustofnanefndinni.

Ef við skoðum tillögurnar frá meiri hluta nefndarinnar, þ.e. að fara þá leið að heimila sveitarfélögunum að hækka útsvarið en lækka ekki hlutfall ríkisins í staðgreiðslunni nema um þriðjung leyfilegrar hækkunar, þá er auðvitað ljóst og ég held að það hafi komið mjög skýrt fram hjá mjög mörgum ræðumönnum að hér er í raun um skattahækkun að ræða. Í besta falli skilar breytingin sér slétt út, þ.e. hjá þeim sveitarfélögum þar sem lækkun fasteignaskattsins kemur á móti. Ýmsir talsmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa einmitt boðað að lækka beri fasteignaskattinn einmitt á þeim svæðum og það er gert með annarri hendinni á meðan það er jafnharðan gripið til baka með hinni.

Niðurstaðan er vitanlega óásættanleg en eins og ég sagði áðan þá virðist Framsfl. því miður ekki hafa náð Sjálfstfl. lengra í þessum efnum. Við verðum að vona að brátt komi betri tíð og hægt verði að taka á vandanum. Eins og hv. formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson, sagði þá telur hann eðlilegt að afgangur af ríkissjóði sé nýttur til þess að greiða niður skuldir. Það er rétt að taka undir það en hins vegar gengur ekki að hann sé eingöngu nýttur til að greiða niður skuldir ríkissjóðs meðan sveitarfélögin eru látin safna skuldum. Auðvitað lækka ekki skuldir opinberra aðila í heild sinni og því hefði verið eðlilegt að ríkissjóður hefði komið til móts við sveitarfélögin með því að lækka hlutdeild sína í staðgreiðslunni á móti hækkunum sveitarfélaganna.

Það mjög ankannalegt þegar ýmsir hv. þm. úr ríkisstjórnarflokkunum tala um aukið svigrúm sveitarfélaganna. Það er vissulega þannig á pappírnum í en raunveruleikinn er allt annar. Raunveruleikinn er sá, eins og komið hefur fram hjá nær öllum fulltrúum sveitarfélaganna, að það er enginn valmöguleiki í stöðunni, það verður að nýta heimildirnar algjörlega í topp. Sveitarfélögin neyðast til þess.

Herra forseti. Hér hefur ýmislegt fleira markvert komið fram í ræðum hv. þm. Það var býsna athyglisvert að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem verður að teljast einn af talsmönnum Sjálfstfl. í þessu máli, hún átti sæti í nefndinni sem komst að þeirri niðurstöðu sem hér er til umræðu í

frumvarpsformi, taldi eitt af því merkasta í störfum nefndarinnar að hafa komið réttlætismáli í höfn, þ.e. breytingum á álagningu fasteignagjalda.

Herra forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt í þessu samhengi að það komi skýrt fram að í rauninni fékk nefndin það bara í veganesti að landa málinu, ákvörðunin lá fyrir, enda hafði hv. þm. farið víða um héruð og boðað að þetta bæri að gera. En þetta er nú ekki komið meira í höfn en svo, eins og ég sagði áðan, að því er sleppt með annarri hendinni sem síðan er gripið til baka jafnharðan með hinni, þannig að hér hefur ekki mikið komist í höfn annað en það að verið er að lækka álagningu fasteignagjalda á fólk en útsvarið hækkað jafnharðan. Hér er, eins og ég sagði áðan, um algjörlega óviðunandi lausn að ræða.

Það var einnig athyglisvert í máli hv. þm. að hvergi örlaði fyrir neinum rökstuðningi fyrir þeirri skattahækkunarleið sem ríkisstjórnin er að fara í þessu máli. Þar var hvergi komið með rökstuðning um að hér væri t.d. verið að ná niður þenslu með skattahækkunum eða öðru þess háttar. Ég verð því að vænta þess að hv. þm. komi hér í seinni ræðu sinni, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. flytji vegna þess að ekki hafa ræður hv. þingmanna Sjálfstfl. verið mjög margar hér og hv. þm. verður að teljast einn af aðaltalsmönnum Sjálfstfl. í málinu, og þá komi þessi rökstuðningur fram.

Herra forseti. Það var hins vegar athyglisvert að hv. þm. tengdi barnabætur við þessa umræðu og taldi að eðlilegt væri að tengja það saman. Ég tel að í einu samhengi sé sú tenging afar eðlileg vegna þess að það er um margt líkt með því hvernig komið hefur verið fram við barnafjölskyldur í landinu á undanförnum árum og hvernig hefur verið komið fram við sveitarfélögin, þ.e. fyrst er skert og tekið af og síðan er skammtað til baka og reynt að gera málið hið jákvæðasta með því að nú sé verið að taka á málum. En eins og bent hefur verið á hér er eingöngu verið að skila hluta af því sem hallað hefur á í báðum tilfellum. Og í því samhengi var eðlilegt að hv. þm. tæki barnabæturnar inn í umræðuna.

En, herra forseti, það var athyglisvert að heyra ræðu hv. þm. Péturs Blöndals vegna þess að með hv. þm. Pétri Blöndal höfum við heyrt í fjórum hv. þm. Sjálfstfl. um þetta mál. Fyrstur gekk fram á sviðið hæstv. forsrh. og allir þekkja að sjálfsögðu málflutning hans í málinu, þ.e. að sveitarfélögin þyrftu ekkert því að þar væri aðaleinkennið á rekstri þeirra óráðsía í fjármálastjórn. Ég er sannfærður um að það hefur auðvitað valdið miklum vanda í þeirri ágætu nefnd sem hér hefur verið mikið rætt um að slík yfirlýsing hafði komið fram frá hæstv. forsrh. Það verður þó að segja að miðað við þá yfirlýsingu hafa ýmsir nefndarmenn náð verulegum árangri í því að fá hæstv. forsrh. til þess að bakka. En hv. þm. Pétur Blöndal hefur greinilega ekki orðið var við það að hæstv. forsrh. hefur bakkað í málinu og kom og hélt fram sömu rökum og hæstv. forsrh. gerði fyrr í sumar, að fyrst og fremst væri um óráðsíu sveitarfélaganna í fjármálastjórn að ræða. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í ræðu borgarhagfræðings, Eggerts Jónssonar, sem flutt var á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga nú fyrir skömmu en þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Í þessu sambandi má heldur ekki gleyma því, að skuldir sveitarsjóðanna hefðu hækkað mun meira en raun ber vitni, ef ekki hefðu komið til umtalsverðar tekjur af sölu eigna á tímabilinu," — það er rétt að skjóta því inn í að hér er verið að ræða um tímabilið 1991 til 2000 — „auk þess sem hagrætt var í rekstri og ýmsum brýnum verkefnum slegið á frest.

Takið eftir því, að uppsafnaður greiðsluhalli nam 36 milljörðum en skuldirnar hækkuðu um 31 milljarð."

Þarna er vissulega um ákveðinn árangur að ræða sem ber að virða og eðlilegt að hafa í þessu samhengi.

Herra forseti. En það voru fleiri sem héldu ræður á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og það voru fleiri sem svöruðu hæstv. forsrh. og hv. þm. Pétri Blöndal. Þar kemur til að vísu varaþingmaður Sjálfstfl., formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, en með leyfi forseta, sagði formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga m.a. í ræðu sinni:

„Niðurstöður athugana tekjustofnanefndar eru allar á einn veg og leiða ótvírætt í ljós að mjög hefur hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið allt frá árinu 1991. Sú yfirborðslega umræða ..." — Herra forseti. Ég held að rétt sé að endurtaka þetta þar sem hv. þm. Pétur Blöndal gengur hér fram hjá púltinu: „Sú yfirborðslega umræða sem borið hefur á um óvandaða fjármálastjórn og ábyrgðarleysi í rekstri og fjárfestingu sveitarfélaga almennt á sér því ekki stoð."

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að benda hv. þm. á að fara vel yfir gögn nefndarinnar því að hér talar flokksbróðir hans sem verður að teljast þekkja nokkuð til þess sviðs sem hér er fjallað um.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt í samhengi við þessi ummæli, sem ég hef bæði vitnað til og þess sem við höfum orðið vitni að í dag og við höfum einnig heyrt áður, að velta því upp hver er í raun talsmaður Sjálfstfl. í þessu máli. Ég sagði áðan að það væru fjórir aðilar til að vitna og hv. þm. Pétur Blöndal á augljóslega samleið með forsrh., þ.e. fyrr á árinu, spurning hvort það er enn í dag. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir skautaði hins vegar algjörlega fram hjá því að færa nokkur rök fyrir þeirri niðurstöðu sem nefndin komst að og er í því frv. sem um er fjallað. En varaþingmaðurinn Vilhjálmur Vilhjálmsson hefur hins vegar komist að annarri niðurstöðu en þau þrjú hin þannig að ég endurtek spurningu mína: Hver er stefna Sjálfstfl. og hver er talsmaður Sjálfstfl. í því máli sem hér er fjallað um?

[17:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Örfá orð inn í þessa miklu umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga því hér hefur margt komið fram í dag og sérstaklega frá stjórnarandstöðunni sem haldið hefur uppi gagnrýni á frv., þ.e. aðallega í þá átt að það gangi ekki nægilega langt í að rétta stöðu sveitarfélaganna og má rökstyðja það með margvíslegum hætti.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir störf nefndarinnar og sérstaklega formanni nefndarinnar, Jóni Kristjánssyni, sem ég veit að hefur lagt sig fram við að ná þessum árangri, en ég held að við verðum öll að líta á þetta sem eitt skref af mörgum til að leiðrétta stöðu sveitarfélaganna. Og því miður var skrefið ekki tekið til fulls því að hér var tækifærið, hér var hægt að uppfylla væntingar sveitarfélaganna hvað varðaði leiðréttingu á tekjustofnunum og því er þetta bæði mér og mörgum öðrum vonbrigði.

Ég er kannski ekki sleip í reikningi og hef aldrei haldið því fram, en það er alveg sama hvernig ég lít á þetta og skoða frá öllum hliðum og tek tillit til barnabóta og þess sem hér hefur verið nefnt sem innlegg í málið og ég hef nú ekki alveg skilið, þá vantar upp á það að með hækkun á útsvarinu sé samsvarandi lækkun á tekjuskatti. Þarna eru heil 0,66% sem ber á milli og ég get ekki fengið það öðruvísi inn í mitt höfuð

en að þar með sé verið að hækka skatta þar sem jafnvægi er ekki náð. Það getur verið að ekki muni öll sveitarfélög nýta sér hámarksskattlagningu útsvars eða álagsprósentu en því miður held ég að það verði þannig að langflest geri það því að staða þeirra býður ekki upp á annað.

Nettóskuldaaukningin sl. tíu ár er 21 milljarður, eins og hér hefur komið fram, og stafar eingöngu af því að undanfarin ár hafa tekjur sveitarfélaganna verið allt of lágar, vextir á lánum sveitarfélaganna eru háir þannig að skuldastaða sveitarfélaganna vegna lána er líka mjög há.

Sveitarfélögin hafa ekki getað staðið undir lögboðnum og eðlilegum verkefnum. Það er almenn viðbótartekjuþörf upp á 5–7 milljarða á þessu ári og árlega sem vantar inn í þennan pakka og að mínu mati þyrfti í raun og veru að horfa til þess að inn í þetta kæmi enn hærri upphæð, ekki bara til að reka sveitarfélögin eins og gert er í dag heldur að horfa til þess að til að styrkja byggð í landinu verður að setja aukið fjármagn bæði í menntun og atvinnulífið og það verði umfram það sem lögin gera ráð fyrir.

Ég tel að nú þurfi að endurskoða lög um jöfnunarsjóðinn og fara vel yfir þá lagasetningu alla og hvaða hlutverki hann eigi að gegna, hvernig hann eigi að koma inn í þetta. Sömuleiðis er ekki nóg að hafa 700 millj. sem sérstakt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 700 millj. fyrir árið í ár og næsta ár vegna breytinga á tekjum sveitarfélaganna varðandi breytingu á fasteignaskattinum. Þarna verðum við að sjá framhald á.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hafa þetta langa ræðu. Það mætti nefna hér margt fleira en búið er að fara mjög vel yfir frv. og leggja fram mörg rök í þá átt að þetta sé ekki nægilegt til þess að rétta af fjárhag sveitarfélaganna og ég skal segja enn og aftur að ég varð fyrir vonbrigðum með að ekki skyldi nást jöfnuður á milli hækkunar útsvarsins og lækkunar tekjuskattsins því að í mínum huga þýðir þetta aukna skattheimtu.

[17:28]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Mikið hefur verið rætt í dag um frv. en ég vil aðeins koma hér með innlegg í meginatriðum.

Frv. veldur mér mjög miklum vonbrigðum vegna þess að ég hélt að menn ætluðu að stíga afdrifaríkt spor til að rétta stöðu sveitarfélaganna og þá um leið að undirbyggja aðgerðir til þess að sveitarfélögin úti á landsbyggðinni hefðu lífvænlega möguleika. Ekki hefur verið farið í slíkt, það er viðurkennt að rekstrarafkoma sveitarsjóða á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi hefur versnað mun meira en í Reykjavík og á Reykjanesi, er sagt hér.

Það er nefnilega alveg augljóst að hér er um breytingar að ræða sem eru fram komnar vegna mikillar pressu, vegna mikillar óánægju skattborgaranna út af fasteignaskattinum úti á landi. En sú lausn að leggja 700 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er líka til komin vegna þess að verst settu sveitarfélögin klára sig einfaldlega ekki nema slíkt sé gert. Hér er gengið allt of skammt og hugsað allt of lítið um grundvöllinn að því hvernig við ætlum að koma okkur upp úr þessu fari sem við erum komin í. Það er nefnilega ekki hægt að setja rekstrarafkomu sveitarsjóða á allri landsbyggðinni í sama flokk, setja öll sveitarfélögin undir sama hatt vegna þess að staða þeirra er ákaflega misjöfn.

Virðulegi forseti. Úr því að hæstv. félmrh. er staddur í salnum undrar það mig að menn skuli ekki deila landsbyggðarsveitarfélögunum upp í a.m.k. tvo flokka, þ.e. þau sveitarfélög sem eru ekki sjálfbær og þurfa hjálp og síðan þau sveitarfélög sem finnast blessunarlega og eru enn sjálfbær. Stöðu þeirra og náttúrlega sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á auðvitað að leiðrétta með almennum aðgerðum og undirbyggingu tekjustofna en síðan að nota jöfnunarsjóðinn sem neyðarúrræði fyrir þau sveitarfélög sem eru alls ekki sjálfbær. Þarna er meginmunur á og ég er satt að segja hissa á að miðað við þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í málið varðandi öflun gagna skuli menn ekki hafa kortlagt betur hvaða markmiðum þeir vilja ná. Það er algjörlega nauðsynlegt að finna formúlu til þess í gegnum þá vinnu sem hér fer fram og í gegnum önnur lög, sem ég kem að síðar, sem þarf að fara í. Ég á þá við að æskilegt sé að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði breytt og eftirtalin verkefni færð til ríkisins eins og nefndin segir í 7. gr. tillögunnar. Það er stofnkostnaður sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva, stofnkostnaður framhaldsskóla, þar með talið heimavistir og Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Það er algjörlega nauðsynlegt í þeirri stöðu sem við erum í að setja ekki bara plástur á sárið. Hér er sú aðferð viðhöfð að setja plástur á sárið og rekstrargrunnurinn er í engu leiðréttur. Sveitarfélögin standa uppi með bullandi skuldir og ekkert er tekið á kerfisbreytingum, hagræðingu og öðru slíku sem er algjörlega nauðsynlegt ef við ætlum að koma sveitarfélögum, þá sérstaklega á landsbyggðinni, út úr þeirri klemmu sem þau eru í.

Sú formúla sem er notuð, jöfnunarsjóðsformúlan, að smyrja heilt yfir og ganga ekki til verka þannig að aðgerðir sem hið opinbera stendur að með fjárframlögum og stuðningi við kerfisbreytingar miði að því að sveitarfélögin verði lífvænleg á eftir, leiðir til þess að við fáum enn meiri fólksflótta og við fáum enn meiri erfiðleika á næstu missirum eftir að þetta er gert. Danir fóru í gegnum — þó að það sé í öðru samhengi — vandræði með landsbyggðastefnu sína upp úr 1970. Sú formúla sem við ætlum að nota gagnvart landsbyggðarsveitarfélögunum með jöfnunarsjóðsaðferðinni er sú aðferð sem Danir kölluðu „landsbyggðin deyr". Málið er að þeim sveitarfélögum sem hafa á undanförnum árum sameinast í voninni um að tekið yrði á grunnmálum þeirra og þau fengju framlög til að standa að opinberri þjónustu, svo sem vegagerð og skólahaldi, og byrja á nýjum grunni, hefur í flestum tilfellum mistekist algjörlega og nægir að nefna harmakvein frá Vesturbyggð í því sambandi sem forsvarsmenn þeirra hafa úttalað sig um að ekkert sem ríkið þóttist ætla að koma að með og hjálpa til með hafi staðist. Þetta eru grundvallaratriði að mínu mati sem verður að fara í.

Í 3. tillögugreininni er talað um að fækka verði undanþágum frá fasteignaskatti eins og kostur er. Það eru ákvæði sem þarf að ræða miklu betur vegna þess að t.d. í landsbyggðarkjördæmunum, ef við tölum bara um sumarhótel og bændagistingu, eru fjárfestingar sem eru notaðar stuttan tíma ársins. Í þeim geira hafa menn bent á réttlæti þess og ég held að full ástæða sé til að taka undir það að skattlagning eigi sér bara stað á þeim tíma eða miðað við þann tíma sem viðkomandi fjárfesting er notuð vegna stöðu mála úti um landið.

Síðan er talað um að framlag í jöfnunarsjóð verði 700 millj. Ég get ekkert annað en fagnað því að ríkið setji í jöfnunarsjóðinn en ég gagnrýni formúluna fyrir því. Eins og

stendur í séráliti og bókun frá fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, og það hefur verið farið yfir það mörgum sinnum í dag, þá hefur tekjustofnanefnd þeirra í upphafi lagt áherslu á vandaða öflun og úrvinnslu gagna um fjárhagslega stöðu og afkomu sveitarfélaganna. Í sjálfu sér hefur enginn gagnrýnt þann grunn sem er lagður til undirstöðu mála. Tölulegar niðurstöður eru alltaf á einn veg, segir fulltrúi sveitarfélaganna, og leiða ótvírætt í ljós að mjög hefur hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið allt frá 1991. Þeir benda á, eins og hefur margoft komið fram í umræðunni, að hér sé um að ræða 6–7 milljarða. Fulltrúi sveitarfélaganna segir í niðurlagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum að sameiginlegar tillögur nefndarinnar séu fyrsta skrefið í áttina til frekari eflingar tekjustofna sveitarfélaganna í trausti þess að framvegis verði kostnaðarmetin öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir er sveitarfélögin varða eins og gert er ráð fyrir í tillögu nefndarinnar“ við undirritun hennar.

Þetta er allt góðra gjalda vert. En auðvitað er himinn og haf á milli þeirra tillagna og þeirra sem hér eru. Hér er um áfanga að ræða og hér þarf að koma miklu meira til.

Í umræðunni hefur líka verið nefnt að staða sveitarfélaganna úti um allt land og kannski sérstaklega á landsbyggðinni væri enn þá verri ef sum þeirra hefðu ekki verið í þeirri góðu stöðu núna á síðustu tíu árum að geta selt eignir. Sum hafa gert það ótæpilega og sum fyrir hundruð milljóna króna. Einhvers staðar endar sá möguleiki enda skilst mér að þau sveitarfélög sem voru í þeirri stöðu á þessu tímabili séu þó skást sett eins og staðan er í dag, þau séu skást sett sem höfðu möguleika á því að losa um eignir sem þau réðu yfir.

Breytta verkaskiptingu nefnir nefndin sem 7. lið í tillögum sínum. Hér er um að ræða stórmál sem er algjörlega nauðsynlegt að fara ofan í og því fyrr því betra. Í raun og veru hefði verið þægilegra fyrir margra hluta sakir að fá þetta frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á sama tíma og menn setja fram tillögur um breytta verkaskiptingu. Við vitum öll, sem höfum komið nálægt sveitarstjórnarmálum, að menn hafa farið í frekari verkaskiptingu þar sem menn hafa verið með reynslusveitarfélög og þar segja menn farir sínar ekki sléttar af viðureigninni við kerfið hjá ríkinu. Flest þau sveitarfélaga sem hafa farið út í þennan tilraunarekstur kvarta sáran undan því að þau hafi t.d. á tímum þurft að fjármagna reksturinn úr eigin sjóðum. Þau hafa þurft að leggja fram fé og þá er ég að tala um t.d. heilsugæslustöðvar og fleira. Margir hafa kvartað um þetta af sveitarstjórnarmönnum sem hafa tjáð sig um þessi mál undanfarið.

Varðandi 8. liðinn, þ.e. þjónustugjöld sveitarfélaganna, leggur nefndin til, henni vannst ekki tími til að fara yfir gjaldtökuheimildir sveitarfélaganna þar sem var um umfangsmikið verkefni að ræða, að heildarúttekt fari fram á gjaldheimtu sveitarfélaganna og bendir í því sambandi á að slík úttekt hefur þegar farið fram varðandi gjaldtökuheimildir ríkisstofnana.

Nú er það svo að ég veit ekki betur en að langflest ef ekki öll sveitarfélögin hafi farið í gegnum þessa vinnu á allra síðustu árum. Það eru nefnilega lög um samkeppni og ef um samkeppnisstarfsemi er að ræða hefur þess verið krafist, a.m.k. síðan fyrir fimm, sex árum, að þessi vinna sé unnin. Ég hef enga trú á öðru en að í bókhaldskerfi sveitarfélaganna og hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga sé grunnurinn að þessari vinnu alls staðar til. Mér er ekki kunnugt um annað sem gamall opinber starfsmaður hjá sveitarfélagi en að þessar stífu kröfur hafi verið gerðar í mörg ár. Það vandamál hlýtur því a.m.k. að vera úr sögunni. Ég spyr hæstv. félmrh. að því hvort það sé ekki réttur skilningur sem ég legg í það mál.

Mér finnst að síðustu mjög slæmt, ef menn ætla í alvöru að taka á rekstrarvanda sveitarfélaganna, að það skuli ekki vera gert á heildstæðari hátt. Það hefði átt að gera það með þessum lögum og það hefði átt að gera það með heildaryfirsýn yfir samskipti ríkis og sveitarfélaga. Við hefðum þurft að standa frammi fyrir því að geta skoðað á raunhæfan hátt hvernig við ætlum að koma rekstri sveitarfélaganna upp úr því feni sem þau eru í í dag því að plástraaðferðir, þ.e. jöfnunarsjóðsaðferð, duga bara um tíma. Þær eru ekki lausn til lengri tíma litið. Við verðum að standa þannig að málum á hinu háa Alþingi að við búum til nýjan grunn þegar í óefni er komið þannig að það verði rekstrarhæfni á eftir en við stöndum ekki frammi fyrir sama vanda eða e.t.v. verri vanda að örfáum missirum liðnum.

[17:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held einmitt eigi að gefa gaum síðustu orðum ræðumanns sem hér talaði, hv. 6. þm. Norðurl. e., vegna þess að full ástæða er til þess að óttast það, miðað við hvernig tekið er á málum í skýrslunni og því frv. sem er til meðferðar, að við stöndum uppi eftir nokkurn tíma með enn verri vanda hjá sveitarfélögunum en nú er og er hann ærinn fyrir.

Í dag hefur farið fram mjög fróðleg og gagnleg umræða um stöðu sveitarfélaganna og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það er alveg ljóst af þeirri umræðu sem staðið hefur í allan dag að stjórnarandstaðan lætur sig málefni sveitarfélaganna miklu skipta og hefur verulegar áhyggjur af því hvernig á þessum málum er tekið og hver niðurstaðan varð í þeirri nefnd sem um þetta hefur fjallað í nokkurn tíma eða frá því í júní 1999.

Full ástæða er til að þakka fyrir þá skýrslu sem hér liggur frammi og þau gögn sem með henni fylgja vegna þess að þetta er í alla staði mjög fróðleg skýrsla og gefur ítarlegt yfirlit yfir stöðu sveitarfélaganna og samskipti ríkis og sveitarfélaga á umliðnum árum. En því miður er sú niðurstaða, sem meiri hluti nefndarinnar kemst að og sem við ræðum hér í frumvarpsbúningi, ekki til þess fallin að vekja upp bjartsýni um að sveitarfélögin geti sinnt verkefnum sínum og hlutverki eðlilega á komandi mánuðum og missirum.

Það sem er þó fengið í þessari skýrslu er sameiginleg viðurkenning allra aðila sem að þessu verki hafa komið á viðbótartekjuþörf sveitarfélaganna sem menn viðurkenna sameiginlega að er 5–7 milljarðar á ári. Ekki er annað hægt en lesa úr skýrslunni að menn séu líka sammála um ástæður þess að svo er komið varðandi tekjuþörf sveitarfélaganna. Það er alveg ljóst, eins og hér hefur komið fram í dag, að ástæðurnar eru ekki síst ýmsar lagabreytingar sem hafa verið gerðar á hv. Alþingi þar sem hefur ekki verið gætt nægjanlega að hver áhrif hefðu á afkomu sveitarfélaganna og eins varðandi þann verkefnaflutning sem átt hefur sér stað á umliðnum árum, að honum hafa greinilega ekki fylgt nægjanlegar tekjur. Þessi vandi er því viðurkenndur í skýrslunni og af hvaða ástæðum hann er runninn.

Skýrslan vísar auðvitað út í hafsauga orðum hæstv. forsrh. sem hélt því fram ekki alls fyrir löngu að helst væri um að kenna óráðsíu hjá sveitarfélögunum hvernig komið væri en ekki því að ástæðan er ekki síst ýmsar lagabreytingar

sem hafa verið gerðar á Alþingi og að ekki hafi fylgt verkefnunum sem farið hafa yfir til sveitarfélaganna nægjanlegir tekjustofnar.

Það er alveg ljóst að við eigum að stefna að því að flytja verkefni sem eiga betur heima hjá sveitarstjórnunum þangað yfir. Mörg verkefni, sem eru nú hjá ríkinu, eiga ekki að vera þar og eru miklu betur komin hjá sveitarfélögunum, þ.e. ef sveitarfélögin eru í stakk búin til að taka við þeim og eru af þeirri stærð að það sé hagkvæmt. Ef við skoðum t.d. hvernig staðan er hér á landi, þ.e. styrkur sveitarstjórnarstigsins samanborið við ríkisvaldið, ef við tökum bara Norðurlöndin sem dæmi, þá eru sveitarfélögin annars staðar á Norðurlöndunum og héraðsstjórnir með miklu umfangsmeiri verkefni en við höfum fært yfir til sveitarfélaga okkar þó að það hafi smátt og smátt verið að breytast á umliðnum árum.

Ég minnist þess að með frv. sem ég lagði fram um stækkun sveitarfélaganna fyrir sennilega þremur árum setti ég fram töflu um hlut sveitarfélaganna í samneyslunni hér á landi samanborið við hlut sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum og síðan á móti hlut ríkisins. Hlutur sveitarfélaganna í samneyslunni hér á landi var þá, fyrir um fjórum árum, um 4,29% meðan það var hjá sveitarfélögunum annars staðar á Norðurlöndunum frá tæpum 15% upp í 22%. Hér eru sveitarfélögin einungis með lítinn hluta samneyslunnar á sinni könnu á móts við það sem er annars staðar á Norðurlöndunum. Síðan skiptist það yfir þegar við tökum ríkið, að þá er ríkið hér með miklu stærri hluta af samneyslunni en er annars staðar á Norðurlöndum. Auðvitað hlýtur markmiðið að vera að vinna að því að á þessu verði breyting og, eins og hér hefur verið nefnt, að nærþjónusta — sem á að vera hagkvæmara að sé á höndum sveitarfélaga — flytjist þangað en til þess þurfum við bæði að vinna frekar en gert hefur verið að stækkun sveitarfélaganna og sjá til þess að meira samráð sé milli ríkis og sveitarfélaga um lagabreytingar sem snerta sveitarfélögin og þannig sé unnið að verkefnatilflutningi að sveitarfélögin geti staðið undir honum.

Dæmi um þau verkefni sem ég held að eigi að vera hjá sveitarfélögunum eru málefni aldraða og málefni fatlaðra, skólamálin, heilbrigðisþjónustan og heilsugæslan í meira mæli en verið hefur. Mér finnst ástæða til þess að hafa af því áhyggjur að miðað við þá lendingu sem í stefnir í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga með þessu frv. að það verði erfiðara en ella að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaga og ná um það samstöðu bæði við sveitarfélögin og samtök fatlaðra að flytja þann málaflokk þangað. Ég óttast að niðurstaðan leiði til þess.

Í skýrslunni eru raktar ástæður þess að svo er komið varðandi stöðu sveitarfélaganna og það hefur verið gert svo mikið í dag að ég ætla ekki að endurtaka það sem hefur komið fram um tölurnar á bak við hvernig afkoma sveitarfélaganna er núna en búseturöskun er eitt af því sem menn hafa nefnt. Örugglega er töluvert til í því að hér í Reykjavík hefur því verið haldið fram. Það er sennilega nær sanni að það séu um tvö þúsund manns á ári sem hafa flust frá sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni og hingað yfir á suðvesturhornið, yfir á höfuðborgarsvæðið. Ég man ekki betur en að hæstv. forsrh. hafi nefnt að nettó útgjaldaaukning fyrir þau sveitarfélög sem þetta fólk flytur til, sem er þá hér á höfuðborgarsvæðinu, væri 3–6 milljónir á hvern og einn. Við erum að tala um tvö þúsund manns þannig að við erum þá að tala um 6–12 milljarða sem það mundi kosta þau sveitarfélög eins og á höfuðborgarsvæðinu sem taka við þessari aukningu.

Ástæða er til þess að fara nokkrum orðum um það að hverjum þessar tillögur beinast, þ.e. á hvern hallar í þeim tillögum sem hér eru á borðinu. Þar virðist spjótunum sérstaklega vera beint að höfuðborgarsvæðinu, einmitt að því svæði sem hefur tekið við fólkinu sem hefur séð sig knúið af einhverjum og mörgum ástæðum til að flytja á suðvesturhornið. Það eru alveg ótrúlegar tölur sem maður sér koma upp úr skýrslunni og í þetta frv. Hér er verið að heimila útsvarshækkun, þ.e. 0,99% hækkun sem á að gefa — ef hún er að fullu nýtt — 3.750 millj. kr., en ríkið ætlar aðeins að draga úr tekjuskatti á móti um 1.250 millj. kr. Ef þessi hækkun verður að fullu nýtt hjá sveitarfélögunum erum við að tala um hækkun á sköttum upp á 2,5 milljarða kr. ef heimildin verður að fullu nýtt.

Sveitarfélögunum úti á landi er bætt þetta með 1.100 millj. kr. framlagi vegna þeirrar hækkunar sem hefur orðið á fasteignamatinu þannig að þau geta bætt sér verulega upp í tekjum það að fá þó þetta framlag, þessar 1.100 milljónir, meðan sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu geta ekki gert það. Mér sýnist að tillögurnar beinist fyrst og fremst að íbúum á suðvesturhorninu og þeir geti átt von á skattahækkun. Það þýðir lítið ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sjá sig knúin til skattahækkana að ríkisvaldið geti bara bent á sveitarfélögin og sagt: skattahækkunin er þeim að kenna. Það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sem er að knýja sveitarfélögin til að fara út í slíkar aðgerðir ef af verður.

Af því að stjórnarliðar hafa verið að blanda inn í barnabótunum — sem er náttúrlega furðulegt og þingmenn stjórnarflokkanna hefðu átt að passa sig að gera ekki — virðist það svo um þá 2 milljarða sem ríkisstjórnin ætlar að skila til barnafólks á næstu þremur árum að fólkið, sem fær þessar barnabætur, verður sennilega að nota þær til þess að borga hækkun á sköttum sem tillögur ríkisstjórnarinnar ganga út á. Mér finnst þetta er allt saman mikill skrípaleikur hvernig að þessum málum er staðið, og einmitt ástæða til þess, af því barnabætur hafa verið nefndar, að þeir 2 milljarðar sem eiga að koma á næstu þremur árum ná ekki einu sinni því að vera að raungildi framlag ríkisins eins og það var á árinu 1995 þó að barnabæturnar eigi að hækka á næstu þremur árum. Síðan er það tekið aftur með skattahækkun sem er greinilega stefnt að með þeim tillögum sem ríkisstjórnin leggur hér fram.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann eðlilegt að standa þannig að málum, eins og hér er gert, að beina skattahækkununum sérstaklega á suðvesturhornið, sérstaklega á höfuðborgarsvæðið og Reykjavík? Af hverju er stjórnarflokkunum svo í nöp við Reykjavík að sérstaklega er verið að beina spjótum sínum að íbúum Reykjavíkur og þeir eiga að þurfa að standa undir skattahækkun? Það er fyrst og fremst verið að velta þeim vanda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir, m.a. út af verkefnatilflutningi og skattbreytingum sem ríkið hefur staðið fyrir, yfir á íbúana á suðvesturhorninu vegna þess að sveitarfélögin úti á landi geta bætt sér þetta í því framlagi sem ríkisstjórnin setur í breytingu að því er varðar fasteignamatið.

Því skal haldið líka til haga af hverju svo er komið varðandi t.d. fasteignagjöldin. Það er einmitt vegna ýmissa áhrifa af aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Af hverju skyldi þessi mikla hækkun hafa orðið á fasteignagjöldum hjá fólkinu í landinu? Það er vegna þess að verð á húsnæði hækkaði upp úr öllu valdi í kjölfar þess að ríkisstjórnin lagði niður félagslega húsnæðiskerfið. Það varð til þess að fasteignamatið hækkaði gífurlega mikið. Ástæða er til að

spyrja hæstv. ráðherra, af því að afleiðingar af þessari húsnæðisstefnu ráðherrans virðist núna að vera að koma fram, t.d. í aukningu á húsaleigubótum hjá sveitarfélögunum, um stöðuna í því að það voru lyktir í því máli milli ríkis og sveitarfélaga fyrir tveim, þremur árum að því er varðar húsaleigubæturnar sem voru þá fluttar til sveitarfélaganna. Því fylgdu ákveðnar tekjur sem ég man ekki ákvæmlega hverjar voru, 290 millj. ef ég man rétt eða einhvers staðar nálægt 300 millj. En ég býst við að húsaleigubæturnar hafi vaxið mjög sem útgjöld hjá sveitarfélögunum á sl. tveimur, þremur árum og muni vaxa mjög í framtíðinni. Er tekið tillit til þess, ef það er rétt sem nú er verið að tala um, að hætta eigi að niðurgreiða vextina á leigubúðunum? Það hlýtur að koma annaðhvort fram í aukningu á húsaleigu lágtekjufólks, elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í leiguhúsnæði, eða þá í aukningu á útgjöldum sveitarfélaga í formi húsaleigubóta. Ég spyr hvort tekið hafi verið tillit til þess í þessari niðurstöðu og ég spyr hæstv. ráðherra hvort niðurstaða liggi fyrir um það að frá og með næstu áramótum verði hætt niðurgreiðslu á leiguíbúðum. Við erum að heyra núna um langa biðlista eftir leiguíbúðum og mikil vandræði á suðvesturhorninu í því efni. Ef það á að takast að gera átak í því efni er það ekki leiðin að herða að sveitarfélögum eða að knýja þau í einhverja útsvarshækkun sem kemur auðvitað illa við fólk, líka það fólk sem býður eftir leiguíbúðum. Það er alveg ljóst að ef á að hækka vextina upp í markaðsvexti er það ekki hvati fyrir sveitarfélögin til að byggja leiguíbúðir. Það er ástæða til þess meðan þetta mál er til umræðu í þinginu að fá einhvern botn í málið, hvernig á því verður tekið af hálfu hæstv. ráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra um hvenær niðurstaða fæst í það efni og hvort húsaleigubætur hafi verið skoðaðar í tengslum við þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram.

Ég vil líka spyrja af því að það er skilið eftir hjá þeirri nefnd sem þetta mál hefur unnið, þ.e. varðandi þjónustugjöldin, en nefndinni vannst ekki tími til að yfirfara gjaldtökuheimildir sveitarfélaga þar sem um umfangsmikið verkefni var að ræða en það var eitt af verkefnum nefndarinnar, ef ég skil málið rétt, í erindisbréfi hæstv. ráðherra til nefndarinnar. Hér er talað um að gera eigi heildarúttekt sem fari fram á gjaldheimtu sveitarfélaga og bent á að slík úttekt hafi þegar farið fram varðandi gjaldtökuheimildir ríkisstofnana. Ég held að þjónustugjöld sveitarfélaganna hafi vaxið mjög mikið á umliðnum mánuðum og missirum og ég spyr hvenær sú úttekt fari fram sem er lögð til í skýrslunni og hvernig að henni verði staðið.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur lagt fram sérálit í þessari nefnd og þingflokkur Samfylkingarinnar undir forustu hans flutt hér brtt. við frv. sem er auðvitað sú leið sem ríkisstjórnin hefði átt að fara, þ.e. að ríkið hefði átt að draga saman í tekjuskatti það sem þarf til þess að sveitarfélögin gætu haft svigrúm til að hækka útsvarið sem yrði þá staðið að með þeim hætti að það mundi ekki auka skattbyrðina á fólkið í landinu, en það er það sem á að gera. Ég skora á hæstv. ráðherra að skoða hug sinn betur til þeirra tillagna sem eru á borðinu í frv.

Ég held að það sé alveg ljóst að við erum að velta vandanum yfir á næstu framtíð ef þær verða lyktir máls sem koma fram í frv. Þess vegna vona ég að þingið beri gæfu til þess í meðförum málsins á þingi að breyta því frv. sem hér liggur á borðinu og samþykkja tillöguna sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur forustu fyrir.

[18:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og ströng og margt verið sagt í henni og hún er kannski að stærstum hluta tæmd. En ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég bað um orðið er fyrst og fremst sú að mig langaði að velta upp þeirri spurningu við hæstv. félmrh. hvort sú leið sem hér er farin hafi ekki margoft verið reynd og í raun og veru fátt nýtt í henni.

Það er nú einu sinni þannig, virðulegi forseti, að á hinu háa Alþingi og víðar í samfélaginu hefur frekar lítil umræða farið fram um hlutverk ríkis og sveitarfélaga og þá stjórnskipun og það fyrirkomulag sem hér ríkir og samskipti þessara aðila því að kjarni málsins er sá að við á hinu háa Alþingi og ríkisvaldið þar með höfum það nánast í hendi okkar hvaða verkefni sveitarfélögunum er falið að framkvæma. Því er það svo að þau vandræði sem sveitarfélögin eru komin í eru kannski að stórum hluta Alþingi og löggjafarvaldinu að kenna. Því fór þessi umræða af stað á sínum tíma að nauðsynlegt væri að jafna þarna tekjuskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga og því var sú nefnd sem margoft hefur verið rætt um í þessari umræðu, svokölluð tekjustofnanefnd, sett á laggirnar í því skyni að tryggja að sveitarfélögin fengju meira af þessari köku.

Svo virðist sem menn hafi ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en þeirri sem hér liggur fyrir, þ.e. að hækka skatta. Það virðist vera eina hugmyndin sem hæstv. ríkisstjórn hefur í þeim vandræðum sem hún stendur frammi fyrir, að hækka skatta þrátt fyrir, að sögn a.m.k., að ríkissjóður hafi aldrei verið betur haldinn af fé en einmitt núna. Því hefði maður haldið í ljósi þeirra miklu verkefna sem hafa verið sett yfir á sveitarfélögin, í ljósi þess að óháðir aðilar hafa farið yfir það mjög vandlega hvaða fjármunir hafa fylgt þessum verkefnum og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að sveitarfélögin geti sinnt þessum verkefnum sem skyldi þurfi sveitarfélögin meira fé. Því hefði ég haldið, virðulegi forseti, að á þessum tímapunkti við þessar aðstæður í íslensku samfélagi hefði verið ástæða til að leita fleiri leiða. Það hefði verið ástæða til þess að skoða það hugsanlega hvort sveitarfélögin hefðu ekki mátt koma meira inn í veltuskatta og enn fremur kannski að ræða hvort ekki mætti jafnvel gefa sveitarfélögunum meira svigrúm hvað varðar þau verkefni sem þeim hafa verið falin og hvernig þau framkvæmi þau. Að stærstum hluta er eiginlega ákveðið fyrir fram á hvern hátt sveitarfélögin eiga að framkvæma vissa þjónustu og um leið er verið að ákveða hvað kostar að framkvæma þá þjónustu.

Því hefði ég haldið, virðulegi forseti, að í þeirri stöðu sem upp er komin hefði verið tilefni til þess að leita nýrra leiða og jafnvel að velta því upp hvort sveitarfélögin ættu að koma inn í einhverja veltuskatta, en þó hefði ég kannski frekar viljað sjá að opnað yrði á það að heimila sveitarfélögunum að framkvæma þá þjónustu og þau verkefni sem þeim eru falin á þann hátt sem þeim hentar best því að í samskiptum sveitarfélaga og ríkisins er það algjörlega á valdi löggjafans á hvern hátt sveitarfélögunum er ætlað að framkvæma þjónustu sína.

Því velti ég þeirri spurningu upp, virðulegi forseti, í ljósi þess að eina leiðin sem hæstv. ríkisstjórn virðist finna í þessum ógöngum er að hækka skatta, hvort það hafi ekki komið til í þessari umræðu að skoða þann möguleika að löggjafarvaldið — hvað eigum við að segja — linaði takið, gæfi örlítið eftir að því er varðar hvernig þessi verkefni eru

framkvæmd því að hér er í rauninni ekki á ferðinni neitt annað en uppgjöf gagnvart verkefninu og ekkert annað. Það eina sem ríkisstjórninni dettur í hug er að hækka útsvarið í þeim vandræðum sem sveitarfélögin eru komin í. Í ljósi þess góðæris sem hér hefur ríkt undanfarið hefði maður haldið að einhvers staðar væru einhverjir fjármunir aflögu og því hefði kannski verið hægt að leita annarra leiða en að leggja auknar álögur á einstaklingana.

Ég veit ekki betur, virðulegi forseti, en að hæstv. fjmrh., sem greinilega hefur ekki séð sér fært að vera við umræðuna, hafi gortað af tugum milljarða í afgang í umræðu um fjárlög. Það er því alveg ljóst að víða er hægt að leita fanga. En það eina sem hæstv. ríkisstjórn kemur upp með er að í stað 12,04% heimildar sveitarfélaga til útsvars skuli það vera 13,03%, það er allt og sumt. Það er allt og sumt sem þessi ríkisstjórn hefur fram að færa í þessu máli sem snýst fyrst og síðast um það að sveitarfélögin hafa verið látin hafa miklu meiri verkefni en fylgt hafa fjármunir. Það er einfaldlega kjarni málsins.

En af einhverjum ástæðum, mér ókunnugum, er ákveðið að fara þessa leið og maður hlýtur að velta því fyrir sér, virðulegi forseti, í ljósi þess að þetta er bara plástur, þetta er gömul margreynd leið sem í rauninni á sér enga framtíð, hvort það sem hér er á ferðinni sé fyrst og fremst pólitískur gambítur íhaldsins gagnvart R-listanum. Er það allt og sumt sem hér er á ferðinni?

Ég ætla að vona, virðulegur forseti, að svo sé ekki og sérstaklega í ljósi þess að hæstv. félmrh. þekkir betur til R-listans en flestir aðrir, en það er í rauninni það eina sem manni kemur til hugar að hvíli að baki hugmyndum eins og þeirri sem hér er að finna.

En ég vænti þess, virðulegi forseti, og það var fyrst og fremst erindi mitt upp í þennan ræðustól, að hæstv. félmrh. upplýsi okkur í þessari umræðu hvort ekki hafi komið fram í ríkisstjórninni aðrar hugmyndir en sú sem hér er til þess að leita leiða til að koma á móts við að sveitarfélögin eru með fleiri verkefni, þau eru lögbundin mjög massíft og þannig úr garði gerð að þau geta ekki framkvæmt þau miðað við það fjármagn sem þau hafa. Þetta er í rauninni, virðulegi forseti, sú eina spurning sem ég vildi beina til hæstv. félmrh.

[18:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú staðið lengi dags og verið um margt nokkuð fróðleg. Hún hefur aðallega verið borin uppi af þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa tekið til máls og greinilega láta sig varða málefni sveitarfélaganna talsvert miklu meira en þingmenn stjórnarflokkanna.

Að mínu viti, herra forseti, snýst þetta mál um tvennt. Annars vegar snýst það um að Sjálfstfl. er að beita sér fyrir verulegri skattahækkun sem nemur á suðvesturhorninu fast að 1,6 milljörðum eins og hér hefur komið fram og það þýðir í reynd að fimm manna fjölskylda gæti þurft að greiða allt að 50 þús. kr. í aukaskatt. Á hinn bóginn, herra forseti, sýnist mér þetta líka snúast um það að stjórnarflokkarnir eru að ganga á bak ákveðnum loforðum sem þeir hafa gefið.

Í fyrsta lagi gáfu þeir út yfirlýsingar sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en svo að ganga ætti í að skipta upp tekjustofnum með þeim hætti að sveitarfélögin fengju til sín það sem þau þyrftu til þess að geta starfrækt þjónustu í því breytta umhverfi sem hefur skapast á síðustu árum, ekki síst vegna þeirra breytinga sem hafa verið samþykktar á hinu háa Alþingi að frumkvæði ríkisstjórnarinnar.

Í annan stað heyrist mér ekki betur á því sem hæstv. félmrh. hefur sagt í dag en að Framsfl. sé í reynd að ganga á bak þeirra orða og loforða sem hann gaf um bætur til barnafólks í gegnum svokölluð barnakort.

Í þriðja lagi, herra forseti, fæ ég heldur ekki betur séð en að ríkisstjórnin sé í reynd að brjóta það loforð sem hún gaf í stjórnarsáttmálanum sem kynntur var þegar núv. ríkisstjórn tók við störfum, en þar var því lýst yfir að lækka ætti fasteignaskatta á landsbyggðinni.

Um það finnst mér að þetta mál snúist, herra forseti, í fyrsta lagi um skattahækkun Sjálfstfl., sem kemur langverst niður á íbúum suðvesturhornsins, og í öðru lagi um ákveðnar vanefndir á loforðum sem hér hafa komið fram áður af hálfu stjórnarflokkanna. Dylst einhverjum að það sé verið að hækka skatta? Að sjálfsögðu ekki.

Tekjustofnanefndin komst að því eftir mikla yfirlegu að u.þ.b. 4–6 milljarða skorti til þess að sveitarfélögin gætu haldið uppi þeirri þjónustu sem þeim ber lögum samkvæmt. Hvernig brást ríkisstjórnin við þeirri niðurstöðu? Ja, hún beitti auðvitað ítökum sínum í nefndinni til þess að þar var að meiri hluta fallist á tiltekna tillögu sem gengur bara út á það eitt að sveitarfélögin eru knúin til þess að hækka skatta.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gat þess í dag í stuttu andsvari að ómaklegt væri að halda því fram að hér væri hæstv. ríkisstjórn að fara fjallabaksleið til þess að hækka skatta vegna þess að í tillögunum sem við erum að ræða fælist einungis heimild til sveitarfélaganna til þess að hækka útsvar um tiltekna prósentu. Það væri síðan, sagði hv. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl., sveitarfélögunum í sjálfsvald sett hvort þau fullnýttu þessa heimild eða ekki.

Herra forseti. Ég held að hæstv. félmrh. hafi í raun svarað þessari yfirlýsingu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur með upplýsingum sem hann veitti í framsögu sinni í dag. Þá gat hann þess að það væru ekki nema sex sveitarfélög sem hefðu tekið upp lámarksútsvar, en 81 sveitarfélag hefði talið nauðsynlegt að fullnýta útsvarsheimild sína. Þetta þýðir einfaldlega, herra forseti, að sveitarfélögin eru svo hart keyrð að þó að mikill vilji sé innan þeirra að fara með eins mikilli spekt í útsvarshækkunum og hægt er eru þau knúin til þess að notfæra sér heimildir sínar til fullnustu til þess að geta staðið fyrir þeirri þjónustu sem þeim ber lögum samkvæmt.

Það er því alveg ljóst að ríkisstjórnin er að fara fjallabaksleið til þess að leysa vandkvæði sveitarfélaganna með því að knýja þau út í skattahækkun. Og auðvitað er það fyrst og fremst Sjálfstfl. sem hefur beitt sér fyrir því, herra forseti. Hann telur að sér sé ekki stætt á því að fara þá leið sjálfur að leggja fram tillögu um skattahækkun á þinginu til að mæta þessu og hann treystir sér ekki til að skera niður í útgjöldum ríkisins á móti þessu og þess vegna er það svo að hann notar garminn hann Ketil, Framsfl., til að leggja fram þessa tillögu hér í dag.

Það er ekki nema von að fallegt bros læðist á varir hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur yfir því hvernig henni og hv. þm. Sjálfstfl. hefur tekist að leika Framsfl. í þessu máli. Það hefur einfaldlega komið fram að það hefur verið betri vilji af hálfu Framsfl. til að leysa þetta mál en innan Sjálfstfl. En þegar upp var staðið gerðist það sem svo oft hefur gerst að Framsfl. varð undir í þessu máli. og Sjálfstfl. hrósar sigri.

Hæstv. fjmrh. sagði heldur digurbarkalega, fannst mér, í dag að menn gætu velt því fyrir sér hvort hér væri um

skattahækkanir að ræða. Mér þótti það hreystilega mælt af hæstv. ráðherra, ekki síst vegna þess að hann gaf síðan sjálfur upplýsingar í ræðu sinni sem gátu ekki annað en hnekkt fyrri yfirlýsingu hans. Hann sagði að ef sveitarfélögin fullnýttu heimild sína til útsvarshækkunar mundi það þýða, fyrir einstakling með tvær milljónir í árstekjur, útsvarshækkun upp á 6 þús. kr. Nú er það reyndar svo, herra forseti, að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur sýnt fram á það með rökum sem ekki hafa verið vefengd við þessa umræðu að á suðvesturhorninu muni útsvarshækkunin, ef heimildir eru fullnýttar, leiða til samanlagðrar skattahækkunar upp á 1,6 milljarða, ekki fela í sér 6 þús. kr. hækkun á einstakling heldur fast að 10 þús. kr. Að meðaltali mundi fimm manna fjölskylda greiða um 50 þús. kr. til viðbótar. Í fyrsta lagi hefur hæstv. félmrh. í raun svarað spurningu sinni sjálfur. Hann hefur lýst því yfir að þetta felur í sér skattahækkun ef sveitarfélögin fullnýta heimildir sínar.

Í öðru lagi hefur verið bent á það af fulltrúa Samfylkingarinnar, sem hafði sérstöðu í tekjustofnanefndinni, að í reynd er þessi hækkun miklu meiri fyrir tiltekinn hluta landsins, þ.e. hér á suðvesturhorninu mun fimm manna fjölskylda þurfa að sæta útsvarshækkun upp á 50 þús. kr. að meðaltali.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Treystir hann sér til þess að vefengja þessar tölur hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar? Hann hefur ekki gert það við umræðuna hér í dag. Hins vegar sagði hæstv. ráðherra að á móti þessu kæmu aðrar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar sem í reynd fælu það í sér að ekki væri um raunhækkun að ræða að meðaltali. Ástæðan fyrir því var sú, sagði hæstv. ráðherra, að hér liggja líka fyrir tillögur um að hækka barnabætur líkt og Framsfl. hafði lofað eins og hann sagði. Það er alveg rétt. Var það ekki Framfl., herra forseti, sem lofaði að bæta kjör barnafólks með sérstökum barnakortum þar sem hækka átti barnabætur? Jú, það var Framsfl.

En hvað er að gerast hérna, herra forseti? Eins og fram hefur komið í þessari umræðu og hefur heldur ekki verið vefengt af hæstv. félmrh. eða öðrum þeim sem hér tala af hálfu ríkisstjórnarinnar þá á vissulega að veita ákveðnum hópi barnafólks nokkrar kjarabætur. Þær kjarabætur ná því þó ekki samanlagt sem þessi ríkisstjórn tók af barnafólki árið 1997. Það sem meira er: Heildarupphæðin þeirra er um 2 milljarðar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að heildarskattahækkun ríkisstjórnarinnar að fullnýttum heimildum og frádreginni 0,33% tekjuskattslækkun sem í þeim felst þýðir skattahækkun upp á 2,5 milljarða.

Herra forseti. Hækkun ríkisstjórnarinnar á barnabótum er minni en sem nemur sakattahækkunum. Með öðrum orðum: Barnakortin koma ekki til framkvæmda. Framsfl. hefur heykst á því að efna loforð sín gagnvart barnafólki. Það sem hann veitir barnafólki með hægri hendinni núna er tekið til baka með vinstri hendi í formi þeirra skattahækkana sem hér er um að ræða.

Hið sama gildir um lækkun á fasteignaskatti á landsbyggðinni. Í samstarfsyfirlýsingu sinni lofuðu Framsfl. og Sjálfstfl. að lækka fasteignaskatta á landsbyggðinni. Það kemur fram, herra forseti, að sú tillaga sem hér liggur fyrir, að ég hygg eini partur tillögu stjórnarflokkanna sem fulltrúi Samfylkingarinnar, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, mælti með, felur í sér að fasteignaskattur á landsbyggðinni verður samkvæmt tillögunni miðaður við raunverulegt fasteignaverð. Það er auðvitað fagnaðarefni, herra forseti. En í reynd þýðir þetta ekki að meðaltali breytingu fyrir fólkið á landsbyggðinni. Á móti þessu kemur þessi útsvarshækkun. Þegar saman eru lagðir fasteignaskattarnir sem lækka á landsbyggðinni og síðan útsvarshækkunin sem ríkisstjórnin þrýstir í gegn með þessari tillögu sinni eru menn jafnstaddir á eftir.

Í reynd þýðir þetta, herra forseti, að ríkisstjórnin þykist hafa uppfyllt loforð sín um að lækka fasteignaskatta á landsbyggðinni en hefur í raun svikið loforðið vegna þess að þar eru engar umtalsverðar, mælanlegar kjarabætur sökum útsvarshækkunarinnar sem á móti kemur. Það sama gildir um barnakortin sem hæstv. félmrh. hefur gumað af að hann sé að koma í gegn á hinu háa Alþingi. Þær bætur sem barnafólkið fær eru teknar til baka með þessari útsvarshækkun.

Ég tek, herra forseti, undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem spurði hérna áðan: Hvers eiga Reykvíkingar að gjalda? Hvers eiga þeir að gjalda sem búa á suðvesturhorninu? Hvað hafa þeir til saka unnið til þess að hæstv. ríkisstjórn ráðist sérstaklega á þessa borgara landsins? Hér er um að ræða sérstaka árás ríkisstjórnarinnar á íbúa suðvesturhornsins þó hvergi komi fram hvað þeir hafa til saka unnið. Ég get mér ekki til um neinar slíkar sakir. Það er hins vegar alveg ljóst, eins og fram hefur komið, að þessar tillögur fela í sér sérstaka skattlagningu á suðvesturhornið upp á 1,6 milljarða kr. Það þýðir 50 þús. kr. skattahækkun á hverja fimm manna fjölskyldu. Þetta hefur komið fram í umræðunum hér í dag, herra forseti, og hæstv. félmrh. hefur ekki treyst sér til þess að mótmæla því.

Engum dylst, allra síst þeim sem sátu í tekjustofnanefndinni, að sveitarfélögin hafa átt við talsverðan vanda að stríða í fjármálum sínum. Þar hefur verið um að ræða langvarandi hallarekstur. Flestum er þetta ljóst. Það var ekki deilt um það, herra forseti, í tekjustofnanefndinni að sá vandi væri ærinn.

Í skýrslu tekjustofnanefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Frá og með árinu 1991 er á hinn bóginn ljóst að útgjöld sveitarsjóðanna hafi ekki verið í takt við bókfærðar tekjur þeirra og má segja að allan síðasta áratug hafi sveitarsjóðirnir ár hvert verið reknir með halla.“

Á öðrum stað í skýrslunni segir að rekstrargjöld, að meðtöldum fjármagnsgjöldum, hafi á hinn bóginn aukist um 97,4% að raungildi á þessu tímabili. Þar kemur líka fram að á sama tíma og rekstrargjöldin eru að aukast um næstum því 100% hafa bókfærðar tekjur sveitarsjóðanna aðeins aukist um 69%. Herra forseti. Það sjá allir að eitthvað hlýtur undan að láta þegar staðan er svona.

Það kemur líka fram og er ekkert umdeilt af hálfu þeirra sem í nefndinni sátu að aukin vaxtabyrði sveitarsjóðanna, sem er umtalsverður baggi á þeim, er bein afleiðing af verulegri skuldaaukningu þeirra í kjölfar hallareksturs á tímabilinu 1990–1999. Á þessu tímabili, herra forseti, hefur peningaleg staða þeirra versnað um 21 milljarð kr. Hvernig bregst síðan hæstv. ríkisstjórn við í mesta góðæri lýðveldissögunnar við aðstæður þar sem ríkissjóður er rekinn með meiri tekjuafgangi en nokkru sinni fyrr? Hún bregst ekki við með því að reyna að afsala sér tekjum til sveitarsjóðanna, til sveitarfélaganna, sem hefði verið eðlilegt miðað við hin auknu verkefni sem þeir hafa fengið frá ríkinu. Nei, hún bregst við með skattahækkunum. Þetta er auðvitað fordæmanlegt, herra forseti, og þess vegna tek ég hjartanlega undir þá tillögu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur raunar flutt fyrir hönd Samfylkingarinnar í þessari umræðu,

að tekjuskatturinn sem ríkissjóður fær lækki nákvæmlega til jafns við það sem þarf til að bæta sveitarstjórnunum upp aukin útgjöld og tekjumissi.

Herra forseti. Það sem veldur þessum auknu útgjöldum og aukinni þörf sveitarfélaga fyrir fjármagn frá ríkinu eru kvaðir sem hafa verið lagðar á herðar sveitarfélaganna með lögum sem hafa verið samþykkt á þessu þingi, yfirleitt að frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Það kemur margt til greina, herra forseti, en það er einn hlutur sem ég vil sérstaklega nefna hér. Það eru tilskipanir Evrópusambandsins um fráveitur sveitarfélaga sem á síðustu árum hafa sennilega kostað sveitarfélögin um 6–7 milljarða. Heildarkostnaðurinn, miðað við þær skýrslur sem fyrir liggja, gæti orðið 10 milljarðar kr. og skiptist jafnt milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Hér er um gríðarlegar upphæðir að ræða.

Á sínum tíma tókst að koma í gegnum Alþingi lögum sem gerðu að verkum að sveitarfélögin fá þó endurgreitt það sem nemur ígildi virðisaukaskatts á þessar framkvæmdir. Eigi að síður er ljóst að þarna er um að ræða mjög umfangsmiklar framkvæmdir sem kosta gríðarlega mikið. Hver var uppruni þeirra laga? Hann var hér á hinu háa Alþingi. Undirrót þessa var auðvitað að Alþingi samþykkti að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og samþykkti í framhaldi ákveðin lög sem vissulega fólu í sér mikið framfaraspor. Hins vegar er ljóst að þarna er um að ræða kostnað sem er upprunninn í sölum hins háa Alþingis.

Í öðru lagi, herra forseti, nefni ég það að hér á þinginu voru samþykktar breytingar á skattalögum sem höfðu það í för með sér að sveitarfélögin urðu af umtalsverðum tekjum. Ég held að minni mitt bresti ekki þegar ég held því fram að innan tekjustofnanefndarinnar hafi verið samstaða um að þetta næmi fast að 2 milljörðum á ári. Þarna er um að ræða umtalsverðar tekjur sem sveitarfélögin missa vegna þess að hið háa Alþingi, að frumkvæði þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, samþykkti ákveðin lög sem svipta sveitarfélögin tekjum. Á sama tíma og Alþingi samþykkir lagagerninga sem leiða til minni tekna sveitarfélaganna er hið sama Alþingi að samþykkja önnur lög sem leggja sveitarfélögunum á herðar enn meiri útgjöld á ýmsum sviðum, sérstaklega á sviðum félagsþjónustu.

Gerð hefur verið úttekt á því hvernig þjónustubyrði sveitarfélaganna í félagsþjónustu hefur breyst á árunum 1990–1991. Hún leiðir í ljós að byrðin og kostnaðurinn hefur aukist, ekki bara um 10%, ekki 20% og ekki 50%, ekki 70% heldur um 100%. Það er ljóst, herra forseti, að hér er um að ræða mikið af breytingum í rekstrarumhverfi sveitarfélaganna sem þau eiga enga sök á sjálf, sem þau hafa ekki óskað eftir heldur hafa verið ákveðnar hér af hinu háa Alþingi. Þess vegna fannst mér að það nokkuð umhendis þegar hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður þingflokks Sjálfstfl., hélt því fram að sveitarfélögum væri í sjálfsvald sett hvort þau notfærðu sér þær heimildir sem hér er verið að samþykkja. Þau eiga ekki annars úrkosti en að fara þessa leið.

Það liggur fyrir að árum saman hefur hallað á sveitarfélögin, þarna hefur orðið alvarlegt misvægi. Lengi virtist sem samstaða væri um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að ná landi í þessum málum. Vísi að þeirri samstöðu má sjá í því að innan tekjustofnanefndarinnar urðu menn sammála um að sveitarfélögin vantaði 4–6 milljarða á ári.

Herra forseti. Niðurstaðan er auðvitað sárgrætileg. Hún er sú að hæstv. ríkisstjórn, að frumkvæði Sjálfstfl., ætlar sér að leiðrétta þetta misvægi með því að knýja í gegn skattahækkanir á landsmönnum, skattahækkanir sem munu koma langverst niður á íbúum suðvesturhornsins sem þurfa að borga sérstakan skatt upp á 1,6 milljarða sem felur í sér 50 þús. kr. aukna skattheimtu á sérhverja fimm manna fjölskyldu. Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla.

[18:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Langflestir þingmenn Samfylkingar og vinstri grænna hafa talað einu sinni og ég tel rétt að grípa inn í og segja nokkur orð áður en önnur umferð hefst því hv. þm. hafa látið í ljós mikla óánægju með þetta frv. og þær tillögur sem það byggist á.

Vissulega geta sveitarstjórnarmenn fúslega tekið á móti meiri peningum en þarna er rétt að þeim eða þeim fengin heimild til að sækja. En nokkuð finnst mér skrýtið að hv. þm. virðast hafa miklu meiri áhyggjur af hag sveitarsjóðanna í landinu en sveitarstjórnarmennirnir sem sátu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Sú óánægja sem hefur komið fram í dag hjá hv. stjórnarandstæðingum kom ekki fram hjá sveitarstjórnarmönnum á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna og lá þó fyrir hverjar voru tillögur tekjustofnanefndar og voru þær teknar þar sérstaklega til umræðu. Af þeim hópi sem tók til máls á sveitarstjórnarráðstefnunni voru tveir fulltrúar sem gagnrýndu tillögurnar. Annar þeirra var fulltrúi stjórnarandstöðunnar í nefndinni, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, hinn var Ásgeir Magnússon, bæjarfulltrúi á Akureyri, og hann gagnrýndi fyrst og fremst reglur jöfnunarsjóðs, ekki þessar tillögur heldur fyrst og fremst reglur jöfnunarsjóðs og að Ólafsfjörður fengi meira en Akureyri út úr jöfnunarsjóði á íbúa.

Ég hef séð ályktanir frá nokkrum sveitarfélögum og mér koma þær ekkert á óvart. Ég hef athugað afkomu nokkurra sveitarfélaga og kannski er rétt að byrja þá á sveitarfélögum úr kjördæmi hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem hefur lýst hér miklum áhyggjum. Ég ætla að lesa það sem stendur á fréttavef Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Áætlaður tekjuafgangur hjá Hafnarfjarðarbæ á næsta ári. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar verður rekinn með lítils háttar tekjuafgangi á árinu 2001 í fyrsta sinn um langt skeið samkvæmt fjárhagsáætlun sem lögð var fram á fundi bæjarstjórnar í gær. Skatttekjur bæjarsjóðs árið 2001 nema 4.026 milljónum samkvæmt áætluninni og hækka um 580 milljónir frá fjárhagsáætlun 2000 eða 16,8%. Heildarútgjöld bæjarsjóðs 2001 eru áætluð 4.009 milljónir króna og hækka um 53 milljónir frá fjárhagsáætlun ársins 2000.

Tekjur af útsvari eru áætlaðar 3.241 milljón króna og taka mið af álagningarstofni ársins 2000, hækkun útsvarsálagningar um 0,66 prósentustig í 12,7% frá 1. janúar 2001, fjölgun íbúa um 4% og spá Þjóðhagsstofnunar um hækkun atvinnutekna."

Síðan fara þeir yfir fasteignagjöldin og þar er sömu sögu að segja. Sem betur fer virðist þetta vera á réttri leið í Hafnarfirði.

En ég vil líka vitna í ársskýrslu Kópavogs þar sem bæjarstjórinn segir, með leyfi forseta, í formála að ársskýrslu Kópavogs:

„Án þess að þreyta lesendur um of á tölum nefni ég sem dæmi um þróunina undanfarin ár að 1995 var rekstrarafgangur 296 milljónir króna, árið 1996 429 milljónir, 1997 589 milljónir og 1998 964 milljónir og árið 1999 1.287 milljónir. Allt þetta fé fer síðan í uppbyggingu og framkvæmdir utan

það að á sl. ári voru skuldir lækkaðar um rúmlega 210 millj. kr.“

Sem betur fer eru sveitarfélögin ekki alveg á kúpunni.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sem kom í ræðu sinni inn á langflest þau atriði sem hafa verið rædd í dag og ég mun nota þennan tíma til þess að fjalla fyrst og fremst um ræðu hans enda hefur hún verið endurtekin að mestu með ýmsum tilbrigðum.

Hv. þm. vill ekki að sveitarstjórnirnar beri ábyrgð á því að leggja gjöld á íbúana. Það er sjálfsagt fallega hugsað. En sem bæjarstjóri og forustumaður í sveitarstjórn sinni hikaði hann ekki við að skuldsetja Hafnfirðinga, hann hikaði ekki við að skuldsetja Hafnfirðinga þegar hann var bæjarstjóri þar og mestur ráðamaður. Það að skuldsetja sveitarfélag sitt er náttúrlega ávísun á það að borga þurfi þessar skuldir og íbúar sveitarfélagsins þurfi með einhverjum hætti og einhvern tíma að greiða þær skuldir sem til er stofnað.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki bara til að eyða, þeir bera líka ábyrgð á því að afla tekna. Sveitarstjórnir þurfa að hafa heimildir til að lækka útsvar ef þær hafa tækifæri til og síðan er aftur spurningin: Hvað á að skattleggja fyrir sveitarfélögin? Menn hafa verið að tala um að hér ætti að breikka skattstofna og verið með ýmsar vangaveltur þar um.

Í erindisbréfi tekjustofnanefndarinnar er kveðið nánar á um hlutverk hennar og ítrekað að markmið slíkrar endurskoðunar sé að tryggja að tekjustofnar sveitarfélaganna séu á hverjum tíma í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Þar segir enn fremur að stefnt skuli að því með endurskoðuninni að viðhalda einföldu og sveigjanlegu tekjustofnakerfi sem jafnframt skapi sveitarfélögunum nægilega tekjustofna til að sinna lögbundnum verkefnum.

Ég kem ekki auga á annan tekjustofn betri en útsvarið til að vera einfaldur og þó sveigjanlegur.

Menn hafa prófað ýmis kerfi í nágrannalöndunum, t.d. er ákaflega flókið tekjujöfnunarkerfi milli sveitarfélaganna í Danmörku, þ.e. fátæku kommúnurnar rukka ríku kommúnurnar. Ég held að menn væru ekki sælli með það hér.

Ég sagði í upphafsorðum mínum í morgun að útsvar eða staðgreiðsla einstaklings með 2 millj. kr. tekjur mundi hækka um 6 þús. kr. ef fullnýttar væru heimildir á þessu ári. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur verið að tala um 50 þús. kr. hækkun á ári. 50 þús. kr. hækkun á ári á fjölskyldu útheimtir sú sama fjölskylda hafi yfir 8 millj. kr. tekjur. Til þess að ná þessari 50 þús. kr. útsvarshækkun, herra forseti, þarf fjölskyldan að vera með yfir 8 milljóna árstekjur. Ég vorkenni ekkert voðalega fjölskyldu með 8 milljónir þó að staðgreiðsla hennar hækki um 50 þúsund á ári.

Menn hafa verið að tala um jöfnunarsjóð og ég lít svo á að jöfnunarsjóður hafi miklu hlutverki að gegna. Ég vil taka það fram að hann hefur ekki verið skertur í minni tíð sem er meira en sumir aðrir geta státað af. Þörf fyrir tekjuaukningu sveitarfélaganna er mjög mismunandi og eins og ég held ég hafi komið inn á í framsöguræðu minni hækkuðu útsvarsstofnar á höfuðborgarsvæðinu frá 1996–1999 um 31,5% en útsvarsstofnarnir á landsbyggðinni hækkuðu ekki nema um 17,2%. Fasteignaskattsstofnarnir hækkuðu á milli 1997 og 2000 um 27,2% á höfuðborgarsvæðinu og 22,4% á landsbyggðinni. Svo eru menn að tala út og suður, sumir telja að verið sé að fara sérstaklega illa með landsbyggðina, sumir telja að verið sé að fara sérstaklega illa með höfuðborgarsvæðið. Ég held að verið sé að reyna að finna sanngjarna leið bæði fyrir höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina.

Það var rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að í fyrra var í umræðu að miða fasteignaskatt við fasteignamat. En ég lagðist eindregið gegn því að taka það í mál í fyrra vegna þess að ekki var búið að finna leið til að bæta sveitarfélögunum upp þá tekjuskerðingu sem af því hefði hlotist fyrir dreifbýlissveitarfélögin. Nú er búið að finna leiðina og þar af leiðandi er þetta gert.

Útsvarið er ákaflega þægilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin og ég bendi á að þau þurfa ekki einu sinni sjálf að innheimta það. Ríkið innheimtir fyrir þau og skilar þeim útsvarinu þannig að það er ákaflega þægilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin.

Það hefur verið alveg gegnumgangandi í umræðunni hræðsla stjórnarandstöðunnar vegna sveitarstjórnarmanna að þeir þyrftu e.t.v. að standa fyrir lítils háttar skattalækkun á hluta gjaldenda, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. (Gripið fram í.) Skattahækkun, fyrirgefið. (**Gripið fram í:** Lítils háttar?) Lítils háttar, já. Breyting á fasteignaskattinum plús tvisvar sinnum 700 millj. kr. framlag, það er hluti sem kemur þá til lækkunar eða til hagsbóta á landsbyggðinni. Síðan hefur a.m.k. einn ræðumaður ekki áttað sig á því að nú í ár borga sveitarfélögin í fæðingarorlof í kringum 400 milljónir. Fæðingarorlofssjóðurinn sem fer í gang um áramótin léttir þessum 400 milljónum af sveitarfélögunum. Þetta kemur því sveitarfélögunum til hagsbóta líka og í ár er það framlag til dreifbýlissveitarfélaganna eða landsbyggðarsveitarfélaganna kannski í kringum 150 milljónir, ég hef reyndar ekki athugað þetta hlutfall nákvæmlega.

Herra forseti. Nú er það svo að ég hef verið lengi á þingi og ég hef verið í stjórnarliði í meira en 20 ár og ég ber ábyrgð á bæði mörgum skattahækkunum og líka skattalækkunum. Það er bara hluti af starfinu alveg eins og það er hluti af starfi sveitarstjórnarmanna að stjórna sveitarfélögum. Ég hef stundum verið með nokkrum böggum hildar en kannski fyrst og fremst þegar við höfum verið að lækka skatta, ekki þegar við höfum verið að hækka þá. Þegar við höfum lækkað skatta hef ég óttast að það kæmi niður á samneyslunni í landinu. Ég vil halda uppi skynsamlegri samneyslu í þjóðfélaginu og við þurfum að hafa öryggisnet fyrir fólkið sem lakast stendur.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um fasteignaskatt á jarðir sem eru notaðar til annars en landbúnaðar. Það er jafn fasteignaskattur á jarðir hvort sem þær eru notaðar til landbúnaðar eða ekki, þ.e. í lægra þrepi. Öll hlunnindi eru skattlögð eins, og þetta er gert af samkeppnisástæðum og samkvæmt dómum úr Hæstarétti. Gistipláss er hins vegar skattlagt eins og iðnaðar-, skrifstofu- og fiskeldismannvirki. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég er því miður búinn með tíma minn og verð að hlíta því, ég á að vísu nokkuð eftir sem ég get komið að í lokaræðu minni í kvöld.

[18:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt kúnstug ræða hjá hæstv. ráðherra og seinheppinn var hann þegar hann valdi sér dæmigerð sveitarfélög hér sunnan við höfuðborgina. Hann staldraði einkum og sér í lagi við minn heimabæ, Hafnarfjörð og vakti athygli á Morgunblaðsfrétt sem átti að sýna fram á glæstan hag þess sveitarfélags. Betur ef satt væri, segi ég.

Staðreyndin er sú að í þeim forsendum hafa einmitt verið reiknaðar inn þær skattahækkanir sem hæstv. ráðherra og

ríkisstjórn eru að knýja sveitarfélögin allt í kringum landið, og þar á meðal Hafnarfjörð, til þess að nýta sér. Og ekki nóg með það, í Hafnarfirði er allt keyrt í botn í álögum, hækkun sorphirðugjalds, allra þjónustugjalda sem nöfnum tjáir að nefna.

Því miður er það nú þannig með þetta ágæta sveitarfélag, minn heimabæ, að á umliðnum árum, sérstaklega síðustu tveimur, hafa skuldir þar hækkað um 3 milljarða kr. Þar ráða ríkjum framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, nýlegir, að segja, einkavinir hæstv. ráðherra. Og af því hæstv. ráðherra vildi kalla mig til sögu og mín störf þar suður frá, þá voru skuldir Hafnfirðinga 1,2 milljarðar kr. þegar sá sem hér stendur lauk starfi. Þeir eru núna 7. Það þarf ekki frekari vitnanna við.

Herra forseti. Það þarf heldur ekki frekari vitnanna við þegar tölur eru skoðaðar. Í skýrslunni sjálfri er nákvæmlega kveðið á um það hvernig þessar skattahækkanir falla til á einstök héruð. Þær eru upp á 2,5 milljarða rúma á höfuðborgarsvæðinu. Mildandi áhrif eru upp á 800 millj. kr. Það eru með öðrum orðum 160 þúsund manns sem ætla að greiða þessa 1,6–1,7 milljarða kr. Það þýðir að meðaltali 10 þús. kr. á hvern íbúa þessa svæðis.

Þetta er ósköp einfaldur útreikningur. Þannig er það bara. Einhverjir verða að borga þessa hækkun og það eru 160 þúsund manns um þessa 1,6 milljarða kr.

[18:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að dæma eða hæla sveitarstjórnarmönnum í Hafnarfirði, (**GÁS:** Þú gerðir það áðan.) hvorki í nútíð né í fortíð. Ég var einungis að vitna til þess hvað þeir láta frá sér fara. En þurfi hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson að greiða 50 þús. kr. í hækkun á útsvari vegna þessara aðgerða þegar þær eru að fullu komnar fram þá hefur hann líka 8 milljónir í tekjur og ég sé ekkert eftir honum að greiða þessi 50 þúsund.

[18:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst satt að segja hæstv. ráðherra ekki sæmandi að vera með svona útúrsnúninga. Á bls. 34 í þessari skýrslu sem tillögugerð ráðherra sjálfs byggir á er gerð nákvæmlega grein fyrir því, ef heimildir verða nýttar til fullnustu, hvernig tekjur falla til einstakra sveitarfélaga, einstakra svæða og einstakra kjördæma og með öðrum orðum hvernig skattgreiðendur eigi að borga brúsann. Þar kemur einfaldlega fram að í Reykjavík og á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins eru þessar auknu álögur upp á 2,5 milljarða kr. og rúmlega það. Mildandi áhrif vegna þriðjungslækkunar á tekjuskatti á móti eru upp á 800 milljónir. 1.600 milljónir standa eftir.

Getum við ráðherra, virðulegi forseti, ekki orðið sammála um það að þegar 160 þúsund manns eiga að standa skil á þeim greiðslum þá séu þær að meðaltali 10 þús. kr. á hvern íbúa? Það stendur í skýrslunni sjálfri. Ég er ekki að búa þetta til.

Herra forseti. Það er alveg sama, eins og ég sagði margsinnis í morgun, hvernig við veltum þessum peningi. Hér er um hreina og klára skattahækkun að ræða og hæstv. ráðherra viðurkenndi það í raun og sanni. Hann var kominn út í horn og gat ekkert annað en viðurkennt þessar staðreyndir. Hann reynir á hinn bóginn að flytja hér undarlega ræðu í þá veru að kannski sé það samt sem áður þannig að sveitarfélögin þurfi ekki á þessu öllu að halda, þau séu kannski þrátt fyrir allt og vonandi og kannski og e.t.v. þannig í sveit sett að þau geti losnað við að leggja þessar auknu álögur á skattgreiðendur. En skýrslan segir bara allt annað og tillöguflutningur ráðherra segir bara allt annað. Þar er verið að auka heimildir vegna ástandsins. Eða er þetta bara allt upp á grín?

[18:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að koma til móts við sveitarfélögin og gefa þeim svigrúm til að afla sér tekna. Hluta af þeim greiðir ríkið og hluta af þeim verða þau að sækja til íbúanna.

Ég hef látið fara yfir þetta mál í ráðuneyti mínu og ég er með lista um það hvernig þessar skatttekjur þurfi að vera eða hvernig þessar auknu álögur eru miðað við mismunandi tekjustig. Miðað við fjölskyldutekjur sem eru 5 milljónir á ári er skattbreyting að meðaltali 2.750 kr. á mánuði, þ.e. hækkun um 16.500 á ári. Til þess að skattbyrði verði meiri en 50 þúsund þá þurfa fjölskyldutekjur að vera 8 milljónir á ári.

[18:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt vegna ummæla hæstv. ráðherra um hvað gerðist á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaganna 2. og 3. nóvember sl. að rifja örlítið upp fyrir hæstv. ráðherra.

Það verður að vísu einnig fróðlegt að sjá umsagnir sveitarstjórnanna við það frv. sem hér liggur fyrir og kanna þá hvort lýsingar hæstv. ráðherra á viðhorfum sveitarstjórnarmanna eigi við rök að styðjast. Það voru fleiri ræður haldnar á þessari ráðstefnu en þær sem hæstv. ráðherra minntist á. Ég mun þó aðeins grípa niður í eina þeirra vegna þess að ég hef hér undir höndum eina ræðu sem að vísu var ekki flutt á ráðstefnunni af höfundi ræðunnar vegna þess að hann var veðurtepptur austur á landi en hún var eigi að síður lesin yfir ráðstefnugestum og ég trúi því að hæstv. ráðherra hafi heyrt þá ræðu eins og aðrir.

Í ræðu Guðmundar Bjarnasonar, bæjarstjóra í Fjarðarbyggð, sem var einn af fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í títtnefndri nefnd, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að þær niðurstöður sem nú liggja fyrir duga hvergi nærri til að bæta þá miklu tekjuvöntun sem sveitarfélögin hafa átt við að glíma allan síðasta áratug, en þær koma nokkuð til móts við hallarekstur þeirra nú sem stendur. Því lögðum við fulltrúar sveitarfélaganna í tekjustofnanefnd til að skipuð yrði sértök nefnd sem færi ofan í fortíðarvandann. En þær málaleitanir báru ekki árangur."

Hér er varla mikið fagnaðaróp um tillögur nefndarinnar eða tillögur ráðherra sem koma fram í frv. Einnig segir, með leyfi forseta:

„Það er okkur fulltrúum sveitarfélaganna í tekjustofnanefnd vonbrigði að ríkissjóður skuli ekki lækka hlutfall sitt í staðgreiðslunni á móti hækkun útsvarsins nema sem nemur þriðjungi hækkunar þess."

Herra forseti. Hér held ég að sé mjög skýrt mælt og það sé ljóst að ef eitthvað gerðist á ráðstefnunni þá hafi sveitarstjórnarmenn ekki talið ástæðu til að bæta í þann málflutning sem fram var kominn því svo skýr var hann.

[18:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man glögglega þá ágætu ræðu sem Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri í Fjarðarbyggð sendi á

ráðstefnuna. Hún var bæði málefnaleg og lýsti vel ýtrustu kröfum sveitarstjórnarmanna og þó undirbyggðum af skynsemi. Hann sagði að sveitarfélögin þyrftu að fá 6–7 milljarða. Síðan hélt hann reyndar til haga líka, eins og t.d. Eggert Jónsson borgarhagfræðingur og fleiri gerðu, einhverjum fortíðarvanda sem menn hafa verið að deila um og kasta á milli sín. Meginmálið er að koma sveitarfélögunum á grunn sem þau geta rekið sig.

En við skulum sjá hvað sveitarfélögin fengu út úr þessu. Í útsvarinu fengu þau tæpa 4 milljarða í heimild og í endurgreiðslu í fasteignaskatti 1.100 milljónir, leiðréttingu á fæðingarorlofi eða léttingu á fæðingarorlofinu, 400 milljónir og ónotuð heimild í útsvari var 400 milljónir. Þetta gerir því 5,9 milljarða varanlega. (Gripið fram í.) Og til viðbótar þessu eru tvisvar sinnum 700 milljónir, þ.e. 1.400 milljónir, sem fámennari sveitarfélögin fá í leiðréttingu á fasteignaskattinum og í fólksfækkunarframlög og þjónustuframlög.

[18:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var býsna magnaður útreikningur sem ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að fara yfir vegna þess að við þurfum að grandskoða hann og förum kannski yfir hann síðar í kvöld. En eitthvað heyrðist mér að tölur væru mismunandi notaðar hvort þær fóru inn eða út.

Ég vil halda áfram, herra forseti, að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að ég heyrði að hann hafði munað eftir nokkrum tölum úr ræðu bæjarstjórans í Fjarðarbyggð. Þess vegna vil ég koma með enn eina tilvitnunina. Guðmundur Bjarnason segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar þá er gert ráð fyrir að sveitarfélögin verði rekin með tapi um rúma 3 milljarða á næsta ári.

Tekjur þær sem sveitarfélögin fá við framangreindar breytingar nægja til að mæta þeim halla en fortíðarvandi síðustu tíu ára stendur eftir. Hann er um 35 milljarðar og því hefðu 6–7 milljarðar verið það sem sveitarfélögin hefðu þurft."

Hér kemur talan sem hæstv. ráðherra var að vitna til og er nú komin í eðlilegt samhengi.

Herra forseti. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt líka ræðu á þessari ráðstefnu og hans sagði m.a., með leyfi forseta:

„Með vísan til þeirra staðreynda sem fyrir liggja geta fulltrúar ríkisvaldsins ekki með neinum rökum átalið sveitarfélögin fyrir að nýta sér þær rýmkuðu álagningarheimildir sem þau fá þegar tillögur tekjustofnanefndar koma til framkvæmda."

Herra forseti. Hér er einnig afar skýrt mælt og ég ítreka að ég tel að viðbrögð sveitarstjórnarmanna á ráðstefnunni hafi fyrst og fremst verið þau að þeir voru að taka undir með þeim sem áður höfðu mælt skýrt um málið og þess vegna voru skilaboðin mjög skýr til hæstv. ráðherra.

[18:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki svo mikið sem ber á milli okkar núna. Guðmundur Bjarnason taldi að hallareksturinn yrði á þriðja milljarð eða 3 milljarðar og að sveitarfélögin fengju hann uppi borinn núna. Hann hélt til haga fortíðarvandanum eins og ég sagði áðan. Ég ætla ekkert að fara að deila um hvað hann er mikill eða hvernig hann er til kominn en það eru ýtrustu útreikningar að telja hann upp á 35 milljarða.

Ég held að þessi niðurstaða hafi verið sanngjörn. Ég er alveg hjartanlega sammála formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga að auðvitað eiga sveitarfélögin að nota þá tekjustofna sem þeim eru heimilir fremur en að reka sig með halla. Ég hef ekkert á móti því og ég kem ekki til með að álasa sveitarfélögunum þó að þau telji að þau þurfi að nota þær heimildir upp í topp sem þau hafa.

[18:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við ræðum 5. dagskrárliðinn, tekjustofna sveitarfélaga, og höfum gert í allan dag. Ég velti því aðeins fyrir mér þar sem 5., 6. og 8. dagskrárliðir eru allir tengdir því máli sem við höfum rætt hér, hver á sína vísu og verða að hanga saman og geta ekki án hvers annars verið, hvernig forseti hafi hugsað sér að haga framhaldinu.

Nú er ég þess mjög fýsandi að menn gangi hratt og örugglega til verka því að þrátt fyrir annmarka á þessum málatilbúnaði er margt í þessu sem ástæða er til að gangi fram. Því spyr ég, og leita kannski eftir athugasemdum hæstv. ráðherra og formanns félmn., hvernig þau sjá það fyrir sér að þetta gangi fram því að sveitarfélögin þurfa að leggja á fyrir 1. desember og það þarf að ljúka verkinu hér í þinginu fyrir þann tíma og það þarf að senda þetta til umsagnar til allra sveitarfélaga hringinn í kringum landið.

Aðalástæðan fyrir því að ég staldra við á þessum tímapunkti er sú að fjmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu og ég veit ekki til þess að hans sé að vænta til þess að mæla fyrir 8. dagskrármálinu sem lýtur að hinum mildandi aðgerðum, þ.e. lækkun tekjuskatts. Mér þykir algjör óhæfa að við afgreiðum málið í bútum til viðkomandi nefnda.

Ég vildi líka gjarna spyrja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, formann félmn., hvort hún telji ekki eðlilegt og sjálfsagt að skattaþáttur málsins, þ.e. hinar mildandi aðgerðir, lækkun tekjuskattsins, fari til umfjöllunar eða a.m.k. umsagnar í félmn. sömuleiðis og að sá pakki verði líka sendur út til umsagnar sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin og aðrir umsagnaraðilar hafi þessi mál í heildstæðri mynd. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt. En nú virðist stefna í það, a.m.k. eins og sakir standa, að þetta verði eins konar bútasaumur eða umræðu a.m.k. lokið hér að hluta til. Félmn. mun funda á morgun eftir því sem ég best veit og taka hluta málsins til umfjöllunar og útsendingar og það er ekki nógu gott verklag, eins og ég rakti áðan. Ég get látið mér til hugar koma hvort mönnum litist á eða a.m.k. ræði í nefndinni þann möguleika að allur pakkinn fari til útsendingar á morgun, enda þótt 1. umr. um alla þessa dagskrárliði hafi ekki verið lokið. Ég, fyrir mína parta a.m.k., er alveg til viðræðu um það og tel það alls ekki óeðlilegt í ljósi þessara þröngu tímamarka.

Ég vildi færa þetta í tal, herra forseti, í ljósi þess að málið er ekki mjög einfalt úrlausnar. En það er hægt að gera þetta með góðum vilja.

[19:01]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum verið nokkuð lengi á fundi í dag, hann hófst klukkan ellefu í morgun og segja má að fyrir utan matarhlé og eina utandagskrárumræðu hafi menn talað um þetta sama mál í allan dag og býsna margir eru á mælendaskrá enn þá. Ég held kannski að velta þurfi því aðeins fyrir sér hvernig framhald málsins verður. Eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði áðan eru önnur mál tengd þessu sem ekkert er farið að ræða og ég held það

hljóti að fara að verða töluverð spurning með hvaða hætti þinghaldinu verður fram haldið í dag. Því mun örugglega ekki ljúka alveg á næstunni og ég býst við því að hv. þm. þurfi kannski á því að halda að fá sér eitthvað að borða eða eitthvað slíkt og það þurfi þá að gera hlé á störfum þingsins á meðan það gerist.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort eitthvað sé búið að ræða þetta í forsn. þingsins og velta fyrir sér hve lengi á að halda hér áfram. Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst þessi dagur vera orðinn alveg nægilega langur og það hljóti þá að þurfa, a.m.k. ef menn ætla að halda þessum umræðum áfram miðað við þá mælendaskrá sem fyrir liggur, að gera hlé á fundinum þannig að gefinn verði kostur á því að þingmenn fái að fara í mat.

[19:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst það afar sanngjörn og eðlileg ósk sem hér hefur verið fram borin til forseta, að hann upplýsi þingheim um áform sín á þessum fundi, hvort ætlunin sé að hafa kvöldfund. Það hefur hvergi komið fram að til stæði að hafa kvöldfund og hér eru átta eða níu þingmenn á mælendaskrá. Mér finnst eðlilegt að þeir sem hafa setið sleitulaust undir umræðunni í átta, níu tíma verði upplýstir um framhaldið og áform forseta í þessu máli. Ég segi fyrir mig að mér finnst þetta ákaflega áhugaverð umræða sem hér fer fram um tekjustofna sveitarfélaga en ég hafði bundið mig á fundi sem er nú þegar byrjaður og stendur fram til klukkan níu og ég vildi ógjarnan missa af því sem fram fer undir þessari umræðu. Ef halda á áfram er það því ósk mín að fundinum verði þá alla vega frestað til klukkan níu, þannig að ég geti þá setið áfram undir þeirri umræðu sem hér fer fram. Mér finnst líka eðlilegt, herra forseti, það sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að þessi mál verði samferða til nefndar, þ.e. það sem hæstv. fjmrh. á eftir að mæla fyrir sem er þó það sem er eitthvað jákvætt í þeim tillögum sem ríkisstjórnin mælir hér fyrir. Ósk mín er því sú að á þessari stundu upplýsi hæstv. forseti þingheim, eða það sem eftir af honum sem eru nú, sýnist mér, aðallega þingmenn Samfylkingarinnar, hver séu áform forseta á þessum degi.

[19:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið eru þröng tímamörk á þessu máli því sveitarfélögin þurfa að hafa ákveðið útsvarsprósentu sína fyrir 1. desember. Ég ber vissa ábyrgð á því að málið er ekki fyrr fram komið, það kom að vísu ekki fyrr en fyrir nokkrum dögum frá tekjustofnanefndinni, þannig að ekki var hægt að vinna frumvörpin fyrr en að tekjustofnanefnd hafði lokið störfum. En þingið hefur tiltölulega mjög skamman tíma til þess að fara með málið.

Nú fara þau mál sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi til tveggja nefnda, þ.e. sum fara til félmn. en sum verða að fara til efh.- og viðskn., þ.e. tekjuskatturinn. Hér er nú enginn talsmaður frá efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Ja, það kann að vera, a.m.k. sé ég ekki formanninn hér eða varaformanninn, en mér sýnist að ef hv. félmn. treystir sér til eða er fús til þess að senda málið til umsagnar á morgun, þá þurfi það ekki að tefja málið þótt við létum hér staðar numið í kvöld og ég er fyrir mitt leyti sáttur við þá málsmeðferð, enda verði þau mál sem tilheyra mér, eða sem ég ber fram, send til umsagnar á morgun og með stuttum umsagnarfresti, þannig að það þurfi ekki að tefja málsmeðferðina. Ef umræður teygjast úr hófi um þennan pakka, sem hv. þm. talaði um, á mánudag, þá efnum við til kvöldfundar í góðu samkomulagi þangað til það allt er klárt.

[19:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það liggur náttúrlega ljóst fyrir að þessi mál voru öll á dagskrá í dag. Búast mátti við því að eitthvað mundi teygjast úr umræðunni og kannski ekkert fráleitt að það hefði verið ákveðið fyrir fram að halda kvöldfund. Hins vegar get ég vel fallist á það í góðu samkomulagi við nefndarmenn í félmn. að við sendum frumvörpin út til umsagnar á morgun. Reyndar komu hv. þm. Samfylkingar í félmn. að máli við mig og stungu upp á þessu áðan. Ég met það mikils að þeir hv. þm. eru tilbúnir til góðs samstarfs varðandi þessi mál. Þess vegna tel ég það fyrir mína parta mjög til bóta að fá þá niðurstöðu að stjórnarandstaðan er tilbúin til að greiða fyrir málinu og þykir það góðs viti um framgang þess. Eins og hér hefur komið fram er það mjög mikilsvert fyrir sveitarfélögin í landinu að málið geti klárast sem fyrst.

[19:08]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti óskar eftir því við hv. þm. að þeir lýsi skoðun sinni á þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið lýst.

[19:08]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir sjónarmið hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um að eðlilegt hefði verið að þau mál sem hér eru tengd saman yrðu afgreidd sameiginlega til nefndar.

Ég tek líka undir ábendingu um að ekki var boðaður kvöldfundur í kvöld og þess vegna kæmi það mér mjög, ekki íslenskt heldur spánskt fyrir sjónir ef það yrði í sjálfu sér gert.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að þetta mál hefur ekki tafist í meðförum þingsins, síður en svo. Nefndin sem þetta frv. byggði á átti að skila áliti snemma í sumar en gerði það ekki fyrr en núna fyrir nokkrum dögum og frv. er því alveg nýkomið fram. Það er því engan veginn sanngjarnt að segja að Alþingi sé að tefja framgang málsins hafi einhverjir viljað láta að því liggja, þetta er eitt stærsta mál sem hefur komið fram á Alþingi í haust, a.m.k. að mínu mati, þ.e. tekjuskipti ríkis og sveitarfélaga og hvernig standa eigi að því að bæta sveitarfélögunum sinn mikla tekjumissi sem hefur orðið af hálfu stjórnvaldsaðgerða.

Herra forseti. Það er því alveg furðuleg staða að koma hér með þetta mál sem hefði átt að eiga sér svo langan aðdraganda og stilla því upp með þeim hætti að Alþingi geti ekki rætt það eina dagstund, að þá sé farið að tefja það gagnvart þeim sem það á að ná til. Ég vil bara gagnrýna það. Finni menn síðan einhverja aðra málsmeðferð til að bæta hér úr slakri framgöngu ríkisstjórnarinnar við að leggja fram mál, þá má svo sem taka vel undir það að draga hana þar að landi, kunni hún að meta það.

[19:11]

Guðrún Ögmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar í félmn. komum að máli við hv. formann nefndarinnar, Arnbjörgu Sveinsdóttur, og buðum það að mjög eðlilegt væri að senda frv. til sveitarfélaganna strax í fyrramálið, því það er alveg lykilatriði fyrir nefndina að fá þær umsagnir og við

vitum vel að sveitarfélögin munu bregðast mjög skjótt við. Þau vita af málinu þannig að við þurfum ekki að láta það tefja málið. Í þessu er bandormur sem þarf líka að klára, ásamt málum sem fjmrh. mun mæla fyrir. Á mánudaginn ætti því að vera hægt að klára öll þessi mál og þar með að ákveða kvöldfund ef við höldum að það taki svo langan tíma, þannig að okkur sé gefinn sá fyrirvari.

En eins og ég sagði líka í upphafi er auðvitað alltaf dálítið erfitt þegar vinna þarf með of miklum hraða, en þetta er náttúrlega hlutur sem sveitarfélögin vita af og hafa fylgst með. Ég efast því ekki um að þau bregði skjótt við og þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að þegar þessu er lokið verði umræðu frestað, herra forseti.

[19:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir jákvæð viðbrögð við ábendingum mínum um gang þessara mála og er fyrir mína parta ákaflega sáttur við orð hæstv. ráðherra og formanns nefndarinnar í þessa veru. Ég undirstrika að ég veit ekki betur en að stjórnarandstaðan hafi sýnt þessum málum áhuga, enda hefur umræðan hér í dag bent til þess og undirstrikað það og viðvera þingmanna nú og í allan dag raunar, og við erum jafn áfram um það að þetta mál fái hraðan og öruggan framgang.

Ég vil þó halda því ákveðið og rétt til haga þó að á því kunni að vera ákveðnir formgallar, ákveðin vandamál, að það er auðvitað ákaflega kúnstugt ef tvær þingnefndir ætla hvor um sig að senda þetta mál til umsagnar til sömu umsagnaraðila á sama tíma. Ég vek athygli á því að við þskj. 206 — það er rangt númer á þessu en það breytir ekki öllu, það er um skattaþátt málsins — er líka komin fram brtt. frá öllum þingmönnum Samfylkingarinnar, 17 talsins. Það er auðvitað einboðið að hún er hér fram komin strax við 1. umr. til að tryggja að hún fái málefnalega umfjöllun í nefndinni og meðal umsagnaraðila. Ég vil þess vegna halda því mjög klárlega til haga að hún fari einnig til viðkomandi nefndar. Ég sé það raunar þannig fyrir mér og þannig getur það ekki öðruvísi verið en að félmn. hafi forsjá málsins þó að efh.- og viðskh. hafi hina formlegu umfjöllun á hendi, þ.e. skattalegan þátt málsins. Þetta er ekki hægt að slíta í sundur eins og um var rætt. Að lyktum segi ég, og ber sérstaklega vel í veiði núna að varaformaður efh.- og viðskn. gekk í salinn, og ég velti því hér upp hvort í góðu samkomulagi forsvarsmanna þessara tveggja nefnda geti menn sent þetta út sem heildstæðan pakka, svo ég noti enn á ný það orðalag, og ég get ekki séð að það þurfi að ganga á ská og skjön við þingsköp, enda erum við að beygja þau talsvert þegar við sendum þetta út til umsagnar áður en 1. umr. lýkur. En allt má þetta gera í góðu samkomulagi ef viljinn er til staðar, og hann er það a.m.k. hjá stjórnarandstöðunni.

[19:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er skýlaus heimild í þingsköpum til að vinna svona, að nefnd taki mál til meðferðar áður en 1. umr. lýkur, svo ekki þarf að deila um það. En hitt er annað mál að frv. um tekjuskatt og eignarskatt á heima í og verður að vera á forræði efh.- og viðskn. Það getur ekki lent á forræði félmn. og það af leiðandi getur félmn. ekki haft forgöngu um að senda það út, þótt hún geti látið álit sitt í ljósi á málinu við hv. efh.- og viðskn.

[19:15]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram vil ég vekja eftirtekt á því að sú nefnd sem skilaði þessu frv. af sér er sett á laggirnar í júní 1999. Þetta mál kemur núna til þingsins og er ætlast til að það sé afgreitt á 10, 15 dögum og er það náttúrlega út af fyrir sig ákveðin vanvirðing við þingið að þetta skuli vera gert með þessum hætti. Hæstv. félmrh. viðurkenndi hins vegar áðan að það væri að einhverju leyti á ábyrgð hans að málið væri svona seint fram komið og ber að virða það. Ég vil taka undir að ég held að hv. þm. og þingmenn Samfylkingarinnar verði m.a. að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin og reyna að aðstoða ríkisstjórnina í þeim hremmingum sem hún er komin í.

En ég vil líka halda því til haga eins og við höfum rætt þetta mál í dag að þá er ekki þar með sagt að við séum fylgjandi málinu, það er náttúrlega af og frá. Ég vil líka velta því upp við virðulegan forseta hvort ekki sé hægt að verða við þeirri ósk hér, hugsanlega á mánudag eða eftir helgina, að ræða öll þessi mál saman. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessir hlutir séu ræddir í samhengi en ekki að við þurfum alltaf að vera að leita að íhaldinu í umræðunni, virðulegi forseti.

[19:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil leggja aðeins orð í belg og halda því til haga að það er orðið ansi þreytandi þegar alltaf er þessi pressa á þingmönnum þegar ríkisstjórnin er að koma með mál svona seint fram. Það var alveg vitað að það var ákveðin pressa í þessu máli vegna þess að sveitarfélögin þurfa að fara að vinna eftir þessum lögum innan skamms.

Það er rétt að við þingmenn Samfylkingarinnar lögðum það til að málið færi í útsendingu og samþykktum það. Þó að það sé ósiður að senda út mál eða taka mál til umfjöllunar í nefnd áður en búið er að ræða það í þinginu í 1. umr. Við höfum samþykkt það vegna þess hve tímapressan er mikil. Þar með erum við að leggja því lið að málið fái þinglega meðferð og sveitarfélögin geti svarað og komið með umsagnir sínar. Ekki er þar með sagt að við séum að styðja málið sem við erum auðvitað ekki að gera eins og sést á þeirri brtt. sem við höfum lagt fram og alls ekki að samþykkja að það verði einhver regla að viðhafa þessi vinnubrögð þegar ríkisstjórnin er sein fram með mál.

Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að þessi mál verði send frá þinginu saman. Þau hanga í rauninni saman, þar með talin brtt. Samfylkingarinnar við skattamálið. Ég teldi eðlilegt, hv. þm. stjórnarliðsins sem eru hér í salnum, að brtt. Samfylkingarinnar yrði send út með þessum málapakka ríkisstjórnarinnar, það er fullkomlega eðlilegt. Og, herra forseti. Ég fer fram á það hér að þegar þessi mál fara til útsendingar fylgi þessi brtt. með. Ég get reyndar ekki séð að það muni miklu hvort málið fer út á morgun eða mánudaginn en að málin fari öll saman til sveitarfélaganna þannig að þau geti tekið afstöðu til þeirra í heild og síðan væri fullkomlega eðlilegt að félmn. fái skattalega þáttinn a.m.k. til umsagnar.

[19:19]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill upplýsa, ef hv. þm. gera ekki athugasemdir við það, að hann telur að komið sé samkomulag um það hvernig málsmeðferð skuli vera.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um tekjustofna sveitarfélaga og skyld mál.

[19:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að biðja um orðið og ætla að koma því að sem ég vildi segja. Það var að ef menn sjá sér ekki færi á því að ræða þessi mál saman á mánudaginn verði þau mál, sem liggja fyrir á dagskránni og tengjast þessu, tekin á undan í umræðuna og menn ljúki síðan umræðunni sem hefur farið fram í dag. Það er einfaldlega betri bragur á því, menn fá þá tækifæri til þess að ljúka umræðunni þannig að búið sé að fara yfir rökin í hinum málunum. Ég held að það væri þá a.m.k. skárra ef menn treysta sér ekki til þess að leyfa umræður um málin saman.

Ég fagna því að menn hafa náð saman um þessa málsmeðferð og vonast til þess að mánudagurinn henti greinilega betur fyrir þingmenn til að mæta til umræðu hér en þessi dagur, a.m.k. sumum þingflokkum.

[19:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi orð hæstv. forseta um að umræðunni væri einfaldlega frestað án þess að nánar væri kveðið á um hvenær henni verði fram haldið vil ég gera þá athugasemd að ég lít svo á að umræðunni verði fram haldið strax á fyrsta þingdegi eftir helgi og hún verði þá leidd eðlilega til lykta í framhaldi af því en henni sé ekki frestað um einhvern ótiltekinn tíma. Ég ítreka að það er skilningur minn á orðum hæstv. forseta.

[19:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það er eðlilegt að ljúka umræðunni sem hefur staðið í allan dag og níu menn eru enn á mælendaskrá. Það er eðlilegt að þeir fái að tjá sig strax og málið kemst til umræðu aftur. Ég teldi mjög óheppilegt að fara að slíta sundur umræðuna til að taka tekjuskattsumræðuna inn í þessa umræðu. Ég vara eindregið við því.

[19:23]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill árétta þann skilning sinn að hann telur að samkomulagið byggist á því að við tökum málið á dagskrá að nýju á mánudag og ljúkum því eins og fulltrúar allra stjórnmálaflokka hafa úttalað sig um. (**Gripið fram í:** Í tengslum við fylgimálin líka?) Í tengslum við fylgimálin líka.

[19:23]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun laga um leigubifreiðar, 234. mál, fsp. GHall, þskj. 252.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 235. mál, frv. GunnB o.fl., þskj. 253.

Rekstrarstöðvanir fyrirtækja af völdum náttúruhamfara, 163. mál, svar viðskrh., þskj. 241.

Sjálfsábyrgð á fasteignum vegna tjóns, 162. mál, svar viðskrh., þskj. 242.

Skógræktarverkefni, 237. mál, fsp. KolH, þskj. 255.

Út af dagskrá voru tekin 6.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:25.

23. FUNDUR

mánudaginn 13. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr.
3. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210. — 1. umr.
4. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211. — 1. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206. — 1. umr.
6. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 1. umr.
7. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 154. — 1. umr.
8. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199. — 1. umr.
9. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226. — 1. umr.
10. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 216. mál, þskj. 227. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna, 113. mál, svar forsrh., þskj. 228.

Ályktanir NASCO, 238. mál, fsp. KolH, þskj. 257.

Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 236. mál, fsp. GuðjG, þskj. 254.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 242. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 267.

Gerð neyslustaðals, 239. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 260.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 241. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 266.

Konur í lögreglunni, 152. mál, svar dómsmrh., þskj. 263.

Samfélagsþjónusta í tengslum við dóma og refsingar, 98. mál, svar dómsmrh., þskj. 264.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 240. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 265.

Þróun kornræktar á Íslandi, 144. mál, svar landbrh., þskj. 249.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknu 1. dagskrármáli, um kl. hálffjögur, fer fram umræða utan dagskrár um fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum. Málshefjandi er hv. þm. Pétur Bjarnason en hæstv. félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Efnahagsstefnan.

[15:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég spyr um skoðun hæstv. forsrh. á ummælum fyrrv. framkvæmdastjóra peningamálasviðs Seðlabankans þess efnis að sennilega hafi efnahagsstefnan sem fylgt hefur verið á Íslandi á undanförnum árum að nokkru leyti magnað þann vanda sem þjóðarbúið glímir við í dag og að afgangurinn á ríkissjóði sé ofmetinn. Sömuleiðis spyr ég hæstv. forsrh. um afstöðu hans til þeirra ummæla fyrrv. framkvæmdastjóra peningamálasviðs Seðlabankans, Yngva Arnar Kristinssonar, að ýmis einkenni fjármálakreppunnar á Norðurlöndunum 1990 séu hliðstæð og sjá má í efnahagsumhverfi íslensku þjóðarinnar í dag. En orðrétt sagði Yngvi, með leyfi forseta:

„Þá gengu Norðurlöndin í gegnum svipað skeið og við. Það er fyrstu uppsveifluna eftir endurbætur og aukið frjálsræði á fjármálamarkaði. Þeir lentu í verulegum skakkaföllum og verulegri fjármálakreppu sem stóð í tvö til þrjú ár sem leiddi til alvarlegs efnahagssamdráttar."

Yngvi Örn Kristinsson, fyrrv. framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabankans, gagnrýndi líka það sem hann kallaði afleiðingar af óæskilegri stefnublöndu milli ríkisfjármála og peningamála og telur afleiðingarnar vera háa vexti og hátt gengi. Þetta eru alvarleg ummæli sem hér hafa fallið hjá fyrrv. yfirmanni í Seðlabankanum. Þess vegna er nauðsynlegt að fá fram skoðun hæstv. forsrh. á þessum ummælum.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki lesið þau tilvitnuðu ummæli sem hv. þm. nefndi en eftir lýsingu þingmannsins þá er ég ekki sammála þessari útlistun eins og hún kemur fram hjá nafngreindum manni. Ég held að það sé afskaplega mikill munur á þróuninni hér á landi annars vegar og á Norðurlöndum hins vegar frá fyrri tíð. Ég sé raunverulega ekki að þar sé neinu saman að jafna.

Hins vegar verð ég var við að mjög margir, ekki síst þeir sem starfa hjá verðbréfafyrirtækjum og slíkum stofnunum, hafa undanfarið dregið upp dekkri mynd en áður af stöðu efnahagsmála. Ég býst við að ástæðan sé sú að þeir horfa á lækkandi verð hlutabréfa sem kemur þeim á óvart. Ég hafði hins vegar margoft í ræðu varað menn við að gefa fólki til kynna að hlutabréf mundu hækka samfellt og færu ætíð hækkandi, mundu aldrei lækka og það væri samfelldur vindur í seglin hvað það varðaði. Til að mynda er ekki vafi á því að hlutabréf í ýmsum útflutningsgreinum munu fara lækkandi þegar ársreikningar birtast, sérstaklega vegna þess að þegar gengið hefur lækkað er líklegt að þá færist hjá fyrirtækjunum verulegt gengistap í einu lagi. Hins vegar er ekki vafi á því að þessar efnahagsaðstæður verða fyrirtækjunum haldbetri þegar fram í sækir. Staða þeirra styrkist í raun þegar til lengri tíma er horft. En ég hef ekki lesið þessi ummæli þessa tiltekna fyrrv. starfsmanns Seðlabankans.

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við höfum orðið vör við það í þingsölum að hjá hæstv. forsrh. og ríkisstjórninni ríkir mikið andavaraleysi að því er varðar stöðu efnahagsmála þó hver sérfræðingurinn á fætur öðrum vari við þeirri stöðu og þróun sem efnahagsmálin eru komin í. Hæstv. forsrh. nefnir aðeins lækkun á gengi hlutabréfa en það er fleira á ferðinni sem veldur ugg hjá þessum sérfræðingum, t.d. mikil þensla og útlánaaukning hjá bönkum, vaxandi verðbólga og gífurleg aukning á skuldum fyrirtækja og heimila, og minni framleiðni.

Það er eins og viðhorf ráðherrans komi líka fram hjá pólitískum bankastjórum Seðlabankans en þegar kemur að sérfræðingum bankans og sérfræðingum úti í þjóðfélaginu þá hafi þeir allt aðrar skoðanir á stöðu efnahagsmála en ríkisstjórnin, hæstv. forsrh. og bankastjórar Seðlabankans. Það er auðvitað alvarlegt umhugsunarefni.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Sem betur fer eru ýmsir þættir bæði haldgóðir og hressandi um þessar mundir. Aðalvandamálið sem menn hafa verið að horfa á og fundið mest að er hin mikla þensla sem talað hefur verið um. Nú er það svo að flestir viðurkenna að úr þenslunni er að draga og um leið og úr þenslunni dregur er ljóst að hjá þeim sem hafa spáð í þensluna og lifað í skugga hennar eða notað hana sem byr í seglin, getur slegið í baksegl þegar úr þenslunni dregur.

Hins vegar er það ánægjuefni að vanskil einstaklinga í bönkum og hjá Íbúðalánasjóði hafa ekki aukist. Þvert á móti stendur fólk vel í skilum og það er einmitt jákvætt tákn en ekki neikvætt.

Ég hef því miður ekki lesið þessa grein þessa ágæta manns. Það er margt af þessu tagi sem maður reyndar ekki les. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að hv. þm. hafi lesið þetta vel og gaumgæfilega.

[15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vona svo sannarlega að hæstv. forsrh. hafi rétt fyrir sér með að við séum ekki að sigla inn í neina kreppu en í þjóðfélaginu eru mörg einkenni, rauð ljós sem blikka og forsrh. ætti að skoða það alvarlega. Það segir sína sögu að útlánaþenslan í bönkunum er gífurleg. Þar hafði orðið 27% aukning á 12 mánaða tímabili núna í september. Það er auðvitað alvarleg staða þegar hlutfall skulda heimilanna af ráðstöfunartekjum þeirra hækka samkvæmt áætlun Seðlabankans úr 147% um síðustu áramót í 163% um næstu áramót. Það er einmitt varað við því í skýrslu Seðlabankans að fram undan gætu verið vaxandi greiðsluerfiðleikar heimilanna. Ég bið hæstv. forsrh. því að setjast aðeins yfir þessi einkenni sem við sjáum alls staðar í þjóðfélaginu, öll nema hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin, vegna þess að það er alvara á ferðum.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Við fylgjumst mjög nákvæmlega með því sem er að gerast frá degi til dags. Hv. þm. þarf ekki að bera neinn kvíðboga út af því. Við fylgjumst mjög nákvæmlega með stöðunni. Við sjáum til að mynda að fólk fer sér hægar. Það dregur til að mynda úr innflutningi á bifreiðum og þess háttar fjárfestingu. Það er til marks um að fólk fer sér hægar.

Hagvöxtur hafði verið hér um 5% á ári í fimm ár sem er afskaplega gott út af fyrir sig. Hins vegar er erfitt að búa við svo háan hagvöxt um mjög langt skeið. Það reynir mjög á þanþol efnahagslífsins. Nú er spáð að hagvöxtur verði 1,5–3% að meðaltali á næstu árum. Það er afskaplega góður hagvöxtur, viðráðanlegur og hagstæður fyrir íslenskt efnahagslíf.

Innflutningur á fósturvísum úr norskum kúm.

[15:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þann 31. október sl. birti hæstv. landbrh. úrskurð sinn um beiðni um innflutning á fósturvísum úr norskum kúm. Hæstv. ráðherra heimilaði innflutning með ákveðnum skilmálum sem íslenskir kúabændur verða að uppfylla vilji þeir nýta sér fósturvísana. Um þann úrskurð er mikill ágreiningur og fagleg rök hafa verið færð gegn því að heimila innflutning á fósturvísum úr norskum kúm, m.a. vegna hugsanlegrar smithættu og vegna verndarsjónarmiða, þ.e. um verndun íslenska kúastofnsins, samanber skuldbindingar okkar á Ríó-sáttmálanum.

Herra forseti. Þannig vildi til að sama dag og hæstv. ráðherra gerði ljósan úrskurð sinn, eftir að hann hafði legið lengi undir feldi eins og tekið var til orða varðandi þessa beiðni, komu upplýsingar um að í Noregi hefði greinst sjúklingur með Creutzfeldt-Jakobs sjúkdóminn. Þar í landi er það rannsakað af fullum krafti hvernig þessi Norðmaður smitaðist af sjúkdómnum. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi skoðað þá leið að fresta þessari heimild þar til rannsóknir í Noregi leiði í ljós hvernig Norðmaðurinn smitaðist eða hvort einhver hætta sé á ferðum sem ekki var ljós þegar heimildin var gefin.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svarið við spurningunni er að mér er tjáð að Norðmaðurinn hafi dáið úr því afbrigði sem ekki snýr að kúariðu. Þrír Íslendingar hafa t.d. dáið úr því afbrigði. Ég hygg að það liggi fyrir að hann dó úr því afbrigði. Við höfum fylgst með því.

Það má enginn snúa út úr þessari tilraun. Þessir fósturvísar eru ekki komnir til afnota fyrir bændur. Þeir eru komnir hér í tilrauna- og samanburðarskyni þar sem bera á saman íslenskar kýr, norskar og blendingskýr. Ákvörðun um hvort íslenskir bændur muni nýta sér þetta verður ekki tekin fyrr en eftir átta eða tíu ár. Á þeim tíma verður hið mikla ræktunarátak sem ég stóð fyrir að gert yrði, ríkisstjórnin stendur að baki því að setja í gang mikið ræktunarátak, kannski mesta ræktunarátak með íslensku kúna í 1100 ár þannig að hún verður orðin sigurvænleg á þeim tíma, blessunin.

[15:14]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér kemur hæstv. ráðherra með þær upplýsingar að nefndur Norðmaður hafi ekki dáið úr því afbrigði Creutzfeldt-Jakobs sjúkdómsins sem tengist smiti frá kúm en ég vil eftir sem áður benda á hættur af smiti í kúastofnum erlendis. Er því ekki óráðlegt að fara út í þessa tilraun eins og staðan er?

Það hafa líka komið fram ábendingar um kynbætur á íslensku kúnni með öðrum ráðum en innflutningi á fósturvísum. Miðað við þær aðstæður sem við búum við hefði ég talið ráðlegra að byrja á þeim áður en farið er út í þessa tilraun, miðað við þá smitsjúkdóma í nautgripum sem eru í gangi í heiminum í dag.

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. á aðgang að mörgum vísindamönnum. Það var tvennt sem ég vildi hafa alveg á hreinu áður en ég setti tilraunina í gang og kallaði saman hóp, sæg af vísindamönnum og fræðimönnum. Þar á meðal var vinur minn, Sigurður Sigurðarson á Keldum.

Vísindamenn segja að sáralitlar líkur séu á því að sjúkdómar berist með fósturvísaflutningi. Þar fer fram mikil skoðun. Og í tvígang spurði ég andstæðinga þessarar tilraunar um hvort hætta væri á ferðum. Þeir álíta hana sáralitla. Í ljósi þess að áhættan er sáralítil þá var það mál lagt til hliðar. Ég setti stóra nefnd undir feldinn með mér til þess að fara yfir sykursýkiþáttinn — það voru því miður allt saman karlmenn — þar var maður frá landlækni og fleirum, frá kúabændum og Brynjólfur Sandholt. Þessir góðu menn skiluðu mér niðurstöðu í ágúst þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu hvað fósturvísana varðar og val á þeim, þá verði þeir valdir út frá því að það breytist ekkert varðandi sykursýkina, genin verða þannig valin. Tækni heimsins er stórbrotin, hæstv. forseti.

[15:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að smithættan væri sáralítil. Einangrunin fer fram í Hrísey en ég þá vil bara áminna hæstv. landbrh. þegar tilraunin fer í gang að gera allt sem hægt er til þess að fylgja eftir öllum þeim varúðarráðstöfunum sem á að framfylgja vegna þess að það hefur sýnt sig, og það er bara mannlegt eðli, að í byrjun er öllu framfylgt en hætt er við því að þegar á tilraunina líður að varúðarráðstöfunum verði ekki jafn vel fylgt eftir og í byrjun.

[15:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að áminna mig um það, öllum varúðarráðstöfunum verður fylgt út í æsar og tilraunin er leyfð með miklu strangari skilyrðum en rætt var um fyrir nokkrum árum, og hvað það varðar þá verður því fylgt út í æsar. Ég fullvissa hv. þm. um að svo verður.

Hins vegar er það kannski sorglegt í svona umræðu að ákveðnir aðilar vilja fara í hana, og ég hef séð blaðaskrif um málið o.s.frv., þar sem alltaf er verið að halda fram sömu blekkingarrökunum til þess að segja að hættan sé mikil. Auðvitað er einhver áhætta en tilraunin verður eins varfærnislega gerð og mögulegt er og öllum reglum verður fylgt út í ystu æsar. Og meira að segja gæti ég leyft vinstri grænum að fá fulltrúa til að sitja þar yfir svo þeir segi kannski já í lok tilraunarinnar til tilbreytingar frá neiinu eilífa.

Starfsmannamál Ríkisútvarpsins.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í fréttum fyrir helgi kom fram að lélegur vinnuandi ríkti hjá Ríkisútvarpinu í Efstaleiti vegna óánægju með mannaráðningar og fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Menn tala um að útvarpið sé ekki ríkisútvap heldur ríkisstjórnarútvarp.

Samkvæmt könnun um starfsumhverfi hjá ríkisstofnunum sem fjmrh. lét gera eru fjórir af hverjum fimm starfsmönnum Ríkisútvarpsins óánægðir með mannaráðningar hjá stofnuninni, þ.e. af þeim sem svöruðu. Niðurstaðan sýnir að Ríkisútvarpið sker sig algjörlega frá öðrum ríkisfyrirtækjum hvað varðar óánægju að þessu leyti.

Í frétt af þessu ástandi í Degi sl. föstudag vísar menntmrh. þessu á bug. Því spyr ég hæstv. menntmrh., þar sem hann hefur vísað þessu á bug:

Trúir hann því ekki að starfsfólk Ríkisútvarpsins sé að segja satt í þessari könnun? Treystir hann ekki niðurstöðum könnunar fjmrh.? Og í þriðja lagi, mun ráðherrann beita sér fyrir að starfsmannamál Ríkisútvarpsins verði tekin til endurskoðunar af hlutlausum aðila eins og starfsmannafélag Ríkisútvarpsins krefst í nýlegri ályktun?

[15:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það sem ég var spurður um í Degi var að fram kom í fyrirspurninni að það væru ekki málefnalegar ástæður sem réðu því þegar fólk væri ráðið til starfa hjá Ríkisútvarpinu, og ég lýsti undrun minni yfir því ef starfsmenn Ríkisútvarpsins teldu að það væru ekki málefnalegar aðstæður sem réðu þegar fólk væri ráðið til starfa hjá þessari stofnun. Það var það sem ég var að svara.

Varðandi hins vegar viðhorf starfsmanna Ríkisútvarpsins sem koma fram í könnun, sem ég hef ekki kynnt mér sérstaklega, um málefni sem lúta undir forræði fjmrn. um afstöðu opinberra starfsmanna til þeirra stofnana þar sem þeir starfa, um það mál hef ég í sjálfu sér ekki tjáð mig. Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega en tel sjálfsagt og eðlilegt, eins og staðið var að þeirri könnun, að stjórnendur viðkomandi stofnunar taki á þeim málum sem þar eru talin gagnrýnisverð og leitist við að koma til móts við starfsmenn sína. Ég taldi að þessi könnun fjmrn. snerist um að opinberir starfsmenn fengju tækifæri til að lýsa afstöðu sinni, að ræða við sína næstu yfirmenn og koma fram með sjónarmið sín í þeim tilgangi að viðkomandi stofnanir tækju á málum innandyra hjá sér og ég tel sjálfsagt og eðlilegt að Ríkisútvarpið geri það eins og aðrar opinberar stofnanir.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þar sem hæstv. ráðherra er ekki kunnugt um hvernig þessi spurning var orðuð gagnvart ríkisstarfsmönnum ætla ég að lesa hana hér. Það var spurt með fullyrðingu:

„Ávallt er vandað til ráðningar starfsfólks á stofnuninni og fyllstu hlutlægni gætt."

67% af öllum ríkisstarfsmönnum svöruðu þessari staðhæfingu játandi, en hjá Ríkisútvarpinu sögðust 75% vera þessu ósammála af þeim sem svöruðu og það voru tugþúsundir sem tóku þátt í þessari könnun.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum ekki ástæða til að beita sér fyrir því sem æðsti yfirmaður þessarar stofnunar að starfsmannamálin verði endurskoðuð af hlutlausum aðila eins og starfsmannafélagið fer fram í ályktun sinni? Það er altalað að fram fari pólitískar ráðningar, þær eru staðreynd, og þess vegna tel ég ástæðu til að þetta verði skoðað og spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni ekki beita sér fyrir því sem æðsti yfirmaður stofnunarinnar.

[15:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það sem mér finnst einkennilegast í öllu þessu máli er að þeir sem svara þessum spurningum hafa verið ráðnir á þeim forsendum sem þeir telja svona ámælisverðar. Og það er það sem mér finnst skrýtnast við niðurstöður þessar að það starfsfólk sem hefur verið ráðið á þessum forsendum sem það er að gagnrýna með þessu móti skuli telja að ranglega hafi verið staðið að ráðningu þess sjálfs. Því að ég get ekki lesið annað út úr þessum svörum en það að þetta fólk telji að einhverjar ómálefnalegar ástæður hafi ráðið því að það var ráðið til starfa hjá Ríkisútvarpinu. Ef málið snýst um þetta þá segi ég, eins og ég sagði í blaðaviðtalinu, það hlýtur að koma fleirum í opna skjöldu en mér að þetta fólk hafi þá afstöðu þegar spurt er svona.

Ef spurningin snýst hins vegar um önnur atriði eins og þau hvort bera eigi undir útvarpsráð að menn séu ráðnir til starfa við dagskrárgerð o.s.frv. þá er það lagasetningarmál sem ég tel sjálfsagt að taka á og í því frv. sem ég hef hug á að leggja fyrir Alþingi um breytingar á stjórnarháttum í Ríkisútvarpinu verður tekið á því máli.

[15:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Sem betur fer býr Ríkisútvarpið að því að eiga góða starfsmenn sem hafa verið ráðnir fyrir löngu síðan og hafa starfað þar lengi. Aftur á móti virðist það hafa verið þannig að í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. meðan Ríkisútvarpið var undir stjórn Sjálfstfl., þá hafi verið stundaðar þar pólitískar ráðningar. Það er hæstv. ráðherra sem ræður í allar yfirmannsstöður og hann skipar einnig formann útvarpsráðs og síðan eru það þeir yfirmenn sem hæstv. ráðherra hefur ráðið sem ráða aðra starfsmenn.

En auðvitað er mjög stór hópur starfsmanna sem hefur starfað þarna mjög lengi. Er hæstv. ráðherra að segja það með þeim orðum sem hann svaraði mér áðan að hann trúi því ekki að þetta sé afstaða starfsfólks Ríkisútvarpsins, að það sé að segja satt í þessari könnun? Og ég spyr hæstv. ráðherra aftur: Telur hann það ekki alvarlegt mál þegar 80% starfsmanna Ríkisútvarpsins eru þessarar skoðunar?

Það er, herra forseti, óverjandi að hafa Ríkisútvarpið svona áfram. Það mun gera út af við stofnunina.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Miðað við þær röksemdir sem hv. þm. hafði í ræðu sinni þá eru 80% starfsmanna Ríkisútvarpsins starfsmenn sem hafa starfað lengur heldur en ég hef komið að afskiptum af Ríkisútvarpinu og lengur væntanlega heldur en Sjálfstfl. hefur starfað í menntmrn., miðað við þær röksemdir sem hv. þm. gaf sér.

Það sem ég er að segja er að mér kemur mjög á óvart að 80% starfsmanna við eina stofnun, sem hafa verið ráðnir til starfa við stofnunina, telji að ómálefnalega hafi verið staðið að þeirri ráðningu. Menn hljóta að vera að spyrja um eitthvað annað þegar þeir eru að velta þessu fyrir sér og ef spurningin snýst um það að ekki eigi að fara með þessi mál fyrir útvarpsráð og starfsmannamál Ríkisútvarpsins þá ég er tilbúinn að

beita mér fyrir því og hef boðað það áður hér í þingsölum í sambandi við breytingar á lögum um Ríkisútvarpið.

Sjúkraflug.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. heilbrrh. varðandi sjúkraflug. Í hádegisfréttum útvarps í dag var greint frá hremmingum sem sjúklingar á Austurlandi höfðu átt í við að komast til fullkominnar læknishjálpar eftir slys. Í fréttinni var sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Engir samningar eru í gildi um sjúkraflug á Austurlandi. Þetta hefur skapað mikla óvissu í sjúkraflugi fjórðungsins og kom það berlega í ljós á laugardagsmorgun þegar tveir slasaðir sjómenn þurftu að bíða á Egilsstöðum í þrjár klukkustundir. Ekki rætist úr fyrr en ákveðið hefur verið hvaða tilboði í sjúkraflug á landinu verður tekið." — Það er dálítið langt fyrir þá menn að bíða eftir því.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra: Er það svo að engir samningar séu til og í gangi um sjúkraflug í landinu eða er þetta bara einsdæmi fyrir Austurland?

Í öðru lagi, ef svo er að þetta sé bara fyrir Austurland eða aðra landshluta mun þeim úrræðum þá verða beitt að koma á einhverju bráðabirgðaskipulagi þangað til hugsanlega verði búið að ganga frá samningum samkvæmt því útboði sem gert var á haustdögum og gæti komist í framkvæmd í byrjun næsta árs?

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að ekki eru neinir samningar í gangi varðandi flug á Austurlandi. En aftur á móti erum við búin að bjóða út það flug og reyndar á landinu öllu. Samningar eru annars staðar í gangi en okkur hefur ekki tekist að semja fyrir Austfirðinga.

Á þessum tíma sem engir samningar hafa verið í gangi þurfum við að nýta það sem fyrir hendi er og þar á meðal er t.d. þyrlan sem við höfum þurft að nýta í meiri mæli en áður og það gerum við þar til við erum búin að semja um sjúkraflug á Austurlandi, en það mun gerast líklega innan þriggja vikna. En eins og ég segi, það eru ýmis úrræði í dag sem við verðum að beita og höfum beitt.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka fyrir góð orð hæstv. ráðherra. Ég vil þó ítreka spurningu mína: Verður ekki gert eitthvert bráðabirgðasamkomulag varðandi sjúkraflug á Austurlandi sem taki til áramóta ef samningar um sjúkraflug sem eru núna boðin út takast þá? Og, herra forseti, hvernig eru þeir samningar? Við hverja er samið í öðrum landshlutum varðandi sjúkraflug? Eru þeir samningar þá viðhlítandi eða getum við búist við sömu uppákomum þar eins og átti sér stað á Egilsstaðaflugvelli?

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þar sem ég er ekki með alla samninga við höndina mun ég bara leggja þá fyrir hv. þm. og hann getur fengið að sjá þá samninga sem eru í gangi. Ekki verður samið við neinn aðila þar til útboðinu lýkur eða við göngum frá útboðinu vegna þess að við höfum ekki getað samið við aðila. Það er ekki eins einfalt og hv. þm. vill vera láta. Ef það væri þá værum við fyrir löngu búin að semja. En eins og ég segi, við verðum að nýta það sem við höfum, eins og þyrluna, á meðan ekki er samið. En við aðra samninga er það að segja að hann getur fengið þá og skoðað.

[15:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er því miður ekki ég sem ber ábyrgð á þessu sjúkraflugi og ég treysti náttúrlega vilja og ábyrgð hæstv. ráðherra að hún kanni nú þegar hvernig er ástatt með aðra samninga um sjúkraflug í landinu. Mig varðar ekkert um það hvort þetta er einfalt, tvöfalt eða erfitt. Það er bara óviðunandi ef samningar eru ekki ljósir og leiðir ljósar sem tryggja öryggi íbúanna hvar sem þeir eru á landinu, herra forseti.

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið mig. Þegar ég sagði að ég gæti ekki lagt fram alla samninga er ekki þar með sagt að það sé ekki samið. Auðvitað er samið. Það er samið t.d. við flugmann í Vestmannaeyjum og það er samið við Mýflug varðandi Vestfirði og það er reynt að sjá eins vel um þetta og möguleiki er á. Okkur hefur ekki tekist að semja varðandi Austurland og þess vegna höfum við boðið þetta út til að tryggja það mikilvæga öryggisnet sem sjúkraflugið er. Ég heyrði það hér þegar það var í gangi að menn voru sammála því sem þar var gert og það var mikil áhugi hjá flokksbræðrum hv. 5. þm. Norðurl. v. að fara einmitt þá leið sem ég fór.

Aukaframlög til Þjóðmenningarhúss.

[15:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er undir liðnum Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður, farið fram á 63 millj. kr. aukafjárframlag vegna endurbóta Safnahússins við Hverfisgötu sem nefnist nú Þjóðmenningarhús.

Í fjárlögum yfirstandandi árs voru 90 millj. kr. veittar til endurbóta á húsinu en nú er komið á daginn að útgjöld vegna endurbóta hafa farið 67% fram úr áætlun eða um 63 millj. kr. Ástæða er til að spyrja hæstv. fjmrh. hvað valdi því að endurbætur Þjóðmenningarhússins fóru svo gífurlega fram úr áætlun en þá er ekki öll sagan sögð varðandi Safnahúsið við Hverfisgötu. Í lið 251 í frv. til fjáraukalaga er einnig farið fram á 37 millj. kr. fjárveitingu til að kaupa húsbúnað inn í Þjóðmenningarhúsið og tekið fram að farið sé fram á þetta í aukafjárlögum þar sem endurbótasjóður greiði ekki slíkan búnað.

Að lokum er farið fram á 12 millj. kr. vegna umframgjalda í rekstri hússins og landafundasýningin nefnd sérstaklega í því sambandi.

Herra forseti. Þetta gera samtals 112 millj. kr. umfram áætlanir um fjárframlög úr ríkissjóði til Þjóðmenningarhúss á yfirstandandi ári. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hafi helst gert það að verkum að áætlanir stóðust ekki, þ.e. hvað hafi helst valdið ófyrirséðum kostnaði vegna Þjóðmenningarhúss.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að hér er verið að spyrja um þingmál sem er til afgreiðslu í þinginu.

Það er heldur óvenjulegt að draga slíkt mál inn í óundirbúnar fyrirspurnir en þetta mál bar reyndar á góma við 1. umr. um fjáraukalagafrv. Spurt var um þetta og því var svarað. Ég bendi hv. þm. á að kynna sér þær umræður. Þeim spurningum var ekki svarað til hlítar vegna þess að það var ekki hægt í þeirri umræðu en tekið var fram af minni hálfu að fjárln. þingsins mundi að sjálfsögðu fá allar upplýsingar um málið vegna þess að hér er um að ræða frv. sem er til meðferðar í þinginu og er eðlilegt að nefndin afli sér slíkra upplýsinga.

Það liggur líka í augum uppi að ég er ekki í stakk búinn til að gefa óundirbúið nákvæmar skýringar á þessum atriðum. En forsrn., sem ber ábyrgð á þessari byggingu, hefur óskað eftir sérstakri athugun á því hvernig á því stendur að þarna hefur orðið umframkostnaður og ég geri ráð fyrir því að fjárln. fái greiðlega öll þau svör sem eru á takteinum í þessu efni.

[15:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Mér er fullljóst eins og hæstv. fjmrh. bendir á að fjárlögin eru til umfjöllunar á hinu háa Alþingi en ég er hingað komin til að vekja athygli á framúrkeyrslunni við Þjóðmenningarhúsið og það fer heldur ekkert leynt að hér hefur verið um nokkuð umdeilda framkvæmd að ræða. Svo öllu sé haldið til haga þá er upphæðin 112 millj., herra forseti, og má nefna það hér til sögunnar að Þjóðskjalasafnið fær 87 millj. kr. og Stofnun Árna Magnússonar fær 74 millj. kr. samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrv. Mér þætti gott að vita hvort hæstv. fjmrh. þyki framúrakstur með þessum hætti eðlilegur.

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsvandi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

[15:37]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa á undanförnum árum jafnt og þétt tapað frá sér skattþegnum og fyrirtækjum í rekstri. Öll byggðust þau í upphafi vegna nálægðar við fiskimiðin. Nú hafa þau misst réttinn til sjósóknar, atvinna minnkar og fólkið flyst burt. Skuldastaðan er tvö- og þreföld á við landsmeðaltal. Þau skulda um 5,5 milljarða eða nær 650 þús. kr. á hvern íbúa, þar af um 2,5 milljarða vegna félagslegra íbúða sem mjög margar standa auðar. Fólksfækkun á síðustu 10 árum er yfir 15%.

Samkvæmt nýrri skýrslu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga mundu þessi sveitarfélög ekki ná að greiða upp skuldir sínar á 20 árum þó þau nýttu til þess alla framlegð sína og fengju peningalegar eignir greiddar að fullu á bókfærðu verði. Allar framkvæmdir, sem eru þó í lágmarki, ásamt afborgunum lána eru fjármagnaðar með lánsfé. Í skýrslunni segir einnig að veigamikil orsök liggi í brottflutningi fólks og fjárhagsstaðan væri um einum milljarði betri með óbreyttri íbúatölu, hvað þá ef fjölgað hefði. Í þessari stöðu hafa vestfirskir sveitarstjórnarmenn leitað allra leiða í örvæntingu sinni til þess að skrimta. Vænlegast hefði verið fyrir vestfirskar byggðir að tryggja sér kvóta, samanber Básafellsmálið og fleiri skyld en fjárhagsstaðan leyfði það ekki.

Hugmyndin um að selja Orkubú Vestfjarða er fráleit á sama tíma og önnur sveitarfélög treysta aðstöðu sína til orkuöflunar og orkuréttinda. Flestir Vestfirðingar eru þessarar skoðunar.

Nú hefur viðræðunefnd ríkisins sent sveitarfélögunum bréf þar sem m.a. kemur eftirfarandi fram: Heildarverðmæti Orkubús Vestfjarða sé 4,6 milljarðar. Fyrir liggi skuldbindandi aðgerðaáætlun til lausnar á vanda hvers sveitarfélags fyrir sig. Gjaldskrá Orkubúsins verði samræmd gjaldskrá Rariks sem þýðir að hún mun hækka. Orkubú Vestfjarða starfi sem sjálfstæð eining, en hvað þýðir það? Engum starfsmanni verður sagt upp störfum vegna þessara breytinga? Að sjálfsögðu getur það þó orðið fljótlega vegna annarra ástæðna eins og jafnan hefur gerst og dæmin sanna. Orðrétt stendur síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluverðmætinu verði varið til þess að greiða niður skuldir sveitarfélaga á Vestfjörðum og til lausnar bráðavanda sveitarfélaganna í félagslega íbúðakerfinu."

Ég hlýt því að spyrja hæstv. félmrh.: Boðar þetta nýja stefnu gagnvart sveitarfélögunum í heild? Má búast við því að leitað verði eftir eignum á hverjum stað, búinn til verðmiði og síðan selt gegn skilyrðum? Verða kannski hafnarmannvirki, vatnsveitur, skólar, e.t.v. kirkjur komnar á listann áður en langt um líður?

Ég óska hér með eftir því að hæstv. félmrh. geri fulla grein fyrir því hvers má vænta á næstunni. Þetta er ekki einkamál ráðherra og sveitarstjórna. Ég tel algerlega óásættanlegt að Orkubú Vestfjarða verði notað sem skiptimynt til þess að gera upp skuldir vegna félagslega íbúðakerfisins. Það kerfi þarf að taka fyrir á landsvísu og snertir miklu fleiri byggðarlög en þau vestfirsku.

Í skoðanakönnun á vegum Bæjarins besta sást að um 90% Vestfirðinga eru andvíg þessari sölu, enda vita menn hvað það kostaði að missa forræði sitt yfir sjósókninni. Það þýddi atvinnuleysi og fólksflótta. Að missa forræði til orkuöflunar og dreifingar hennar heima fyrir mun hraða enn eyðingu þessara byggðarlaga. Getur það verið þetta, herra forseti, sem við þörfnumst mest um þessar mundir? Svarið er nei og aftur nei.

Orkubú Vestfjarða hefur gegnt hlutverki sínu með prýði og er traustur atvinnurekandi. Þar starfa menn í stjórnunar- og sérfræðistörfum sem hafa allgóð laun. Með sölunni má bóka að stjórnin flyst úr héraði og störfin með, hverju sem lofað er í þeim efnum. Ekki mun það hækka útsvarstekjur sveitarfélaganna. Orkubúið er með lægri taxta í húshitun en Rarik. Því munu textar hækka. Af hverju eru þá sveitarfélögin að velta fyrir sér sölu á Orkubúi Vestfjarða? Er þrýstingur af hálfu ríkisvaldsins á sveitarstjórnarmenn orðinn svo mikill að þeir grípi til örþrifaráða á borð við þessi sem duga svo ekki einu sinni til? Hvað kemur í staðinn? Orkuverð mun hækka. Störfum mun fækka í fjórðungnum og þar með fólkinu og Vestfirðingar mega síst við því. Hvað verður um þau áform sem uppi hafa verið um virkjanir á Vestfjörðum á vegum Orkubús Vestfjarða? Hvað með Glámuvirkjun? Hvað með virkjun vatnakerfis Ófeigsfjarðarheiðar og Hvalár sem gæti orðið um 170–200 megavött eða stærri en Blönduvirkjun? Á það að verða hlutverk Rariks án þess að Vestfirðingar hafi neitt um þær framkvæmdir að segja?

Herra forseti. Telur ríkisstjórnin sig vera að bjarga vestfirskum sveitarstjórnum með tillögum um skuldajöfnun og sölu Orkubús Vestfjarða? Þarf ekki frekar að finna lausn á félagslega íbúðalánakerfinu á landsvísu og aðstoða sveitarfélögin þannig? Verkefnið er frekar að stöðva einstefnu fólksflutninga sem er að sliga jafnt höfuðborgarsvæðið sem

landsbyggðina. Takist það er það besta ráð til þess að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga sem fyrst auk þess að vera gott innlegg í vanda félagslega kerfisins. Aðstoð við sveitarfélög eða landshluta sem felast í því að svipta þau bjargráðum sínum mun verða bjarnargreiði.

[15:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að engin löngun er til þess að fara illa með sveitarfélög á Vestfjörðum eða annars staðar í landinu. Fleiri sveitarfélög hafa komist í fjárhagsvanda en þessi sveitarfélög á Vestfjörðum, t.d. komst Siglufjörður í alvarlegan fjárhagsvanda. Þar var sú leið farin til að bjarga fjárhag Siglufjarðar að selja veitustofnanir Siglufjarðar. Rarik keypti og hefur rekið þær með mikilli prýði og við mikla ánægju bæjarbúa.

Enginn vafi er á því heldur að sveitarfélögin bera fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum vegna félagslega íbúðakerfisins bara svo að það sé tekið fram. En 24. september 1999 skrifaði Fjórðungssamband Vestfirðinga eða framkvæmdastjóri þess til þáv. iðnrh., Finns Ingólfssonar, svohljóðandi bréf um málefni Orkubús Vestfjarða sem ég ætla að lesa hluta úr, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hafa rætt þá hugmynd að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi og/eða ganga til viðræðu við ríkisvaldið um sölu á eignarhluta sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða eða þá að sveitarfélögin á Vestfjörðum kaupi hlut ríkissjóðs í Orkubúi Vestfjarða. Til að koma formlegri vinnu og umræðu af stað skipaði stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnd sem á að meta hvaða kostir standa sveitarfélögum til boða varðandi framtíðarskipan Orkubús Vestfjarða, en nefndin á að skila áliti á Fjórungsþingi Vestfirðinga þann 8. og 9. október nk.

Fyrir hönd nefndarinnar óska ég eftir að þér, iðnaðarráðherra, boðið til fundar með fjármálaráðherra til að ræða þetta mál og skynja hug ríkisvaldsins. Þar sem styttist í fjórðungsþing væri æskilegast að geta komið fundi á sem fyrst" o.s.frv.

Þetta er sem sagt bréf frá Ísafirði 24. september 1999. Hugmyndin um sölu á orkubúinu er komin frá Vestfirðingum sjálfum.

Skuldir einstakra sveitarfélögum á Vestfjörðum eru vissulega mjög miklar og það er alveg ljóst að það þarf að grípa til róttækra ráðstafana ef þau eiga að komast í rekstrarhæft form. Skuldir Bolungarvíkur eru 760 milljónir, skuldir Ísafjarðar nær tveir og hálfur milljarður og 918 milljónir í Vesturbyggð. Vanskilaskuldir við Íbúðalánasjóð eru lítill hluti af þessum fjárhæðum. Vanskilin á Bolungarvík eru ekki nema 10 milljónir, 217 milljónir á Ísafirði og 193 í Vesturbyggð.

Eftirlitsnefnd með fjárhagsstöðu sveitarfélaga hefur hvað eftir annað sent bréf til þeirra sveitarfélaga sem í vandræðum eru og óskað eftir því að þau geri grein fyrir því hvernig þau ætla að vinna sig út úr sínum vanda. Nú seinast 25. maí sendi eftirlitsnefndin bréf til sveitarfélaga m.a. á Vestfjörðum og áréttaði að hún vildi fá greinargerð um þróun á fjármálum sveitarfélagsins á árinu 1999 og hvernig sveitarstjórnin hygðist bregðast við fjárhagsvanda sveitarfélagsins, m.a. við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2000 og þriggja ára áætlunar sveitarfélagsins. Mikilvægt er að slíkri greinargerð fylgi ítarlegar upplýsingar á ársreikningum sveitarfélagsins árið 1999 þar sem fram komi fjármagnshreyfingar, samandregið rekstrar- og framkvæmdayfirlit og yfirlit yfir peningarlegar eignir og heildarskuldir í árslok. Enn fremur er mikilvægt að sambærilegar upplýsingar berist úr fjárhagsáætlun 2000 og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Eftirlitsnefndinni hefur ekki borist áðurnefnd greinargerð né fullnægjandi gögn um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Hér með er sveitarfélaginu veittur frestur til 10. júní nk. að skila umbeðnum gögnum.

Herra forseti. Ráðuneytisstjórar félagsmála-, fjármála- og iðnaðarráðuneytis sendu í umboði sinna ráðuneyta, eigum við að segja sinna ráðherra, bréf til Vestfirðinga, sem hér voru lesnar úr glefsur. Ég sé að ég hef ekki tíma til að lesa það allt saman. En það stendur ekki til að fara að ganga á hlut Vestfirðinga (Forseti hringir.) eða að setja þeim einhverja nauðungarkosti. Það er óskað eftir því að þeir kanni hvort þeir vilji gera Orkubúið að hlutafélagi (Forseti hringir.) þannig að einstök sveitarfélög geti, ef þau vilja, selt hlut sinn í því.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hæstv. ráðherra og hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

[15:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. málshefjanda að skuldastaða sveitarfélaga á Vestfjörðum er verri en víðast hvar á landinu. Ástæðurnar eru þríþættar.

Í fyrsta lagi gengu þessi sveitarfélög í ábyrgðir fyrir atvinnufyrirtæki á sínum tíma sem síðan urðu gjaldþrota og ábyrgðirnar féllu á sveitarfélögin.

Í öðru lagi var á uppgangstímunum mikil þörf á íbúðarhúsnæði á þessu svæði. Fólk vildi flytjast þangað en engar íbúðir voru til og sveitarfélögin réðust í það verkefni að byggja upp félagslegt íbúðarhúsnæði sem síðan reyndist þeim hurðarás um öxl.

Í þriðja lagi hafa fyrirtæki dregið saman, fólki fækkað og því tekjubrestur hjá sveitarfélögunum þannig að vandi þessara sveitarfélaga er miklu verri en víðast hvar á landinu. Það er einfaldlega staðreynd sem menn verða að horfast í augu við.

Það er líka rétt hjá hæstv. félmrh. að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum áttu upptökin að því að menn ræddu við ríkisvaldið um hvort möguleiki væri á því að finna einhverja lausn á þessum erfiðu vandræðum með því að selja hlut úr Orkubúi Vestfjarða. Þar er um að ræða mál sem menn verða að umgangast með fullri varúð og líta á bæði sjónarmiðin því þarna er um að ræða eignir sem eru ekki að skila viðkomandi sveitarfélögum neinum arði.

Þarna er um að ræða eignir sem því eru aðeins í rekstri nú og geta boðið upp á það raforkuverð sem hægt er að bjóða upp á vegna þess að ríkissjóður yfirtók á sínum tíma, að ég held, u.þ.b. tveggja milljarða króna skuld af Orkubúinu. Ef það hefði ekki gerst þá væri orkuverð á Vestfjörðum margfalt hærra en það er nú.

Þá verða menn líka að hafa það í huga að það er spurning hversu verðmætt þetta fyrirtæki verður í frjálsu samkeppnisumhverfi, hversu lengi hægt er að halda því orkuverði sem nú er án þess að til komi sérstök viðbótaraðstoð frá ríkinu.

Þarna er um að ræða vandamál sem sveitarfélögin á Vestfjörðum verða að leysa úr sjálf. Og eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan þá skil ég málið svo að það sé í þeirra valdi hvort þau selja sinn hlut eða ekki. En ég sé ekki fram (Forseti hringir.) á það, virðulegi forseti, svo ég ljúki nú máli mínu, að ríkinu sé neinn sérstakur akkur í að kaupa þetta fyrirtæki.

[15:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um mál sem er ákaflega mikið alvörumál, þ.e. vandi sveitarfélaga á Vestfjörðum. Það er ljóst að þessi vandi stafar af ýmsum orsökum og ég held að það sem er veigamest í því sambandi sé hin alvarlega fólksfækkun sem þar hefur átt sér stað á undanförnum árum, sem smám saman hefur dregið viðnámsþróttinn úr sveitarfélögunum, minnkað tekjurnar og gert sveitarfélögin vanbúin til þess að takast á við verkefni sem þau þurfa að sinna. Það er því eins konar vítahringur sem sveitarfélögin hafa lent í og við sjáum að öflug sveitarfélög hafa getað tekið þátt í mikilli atvinnusköpun og tekið þátt í því að laða til sín atvinnustarfsemi sem síðan hefur styrkt þau.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa ekki verið í þessum færum á undanförnum árum og þess vegna hefur smám saman verið að fjara undan þeim og staðan er þess vegna svona alvarleg.

Við vitum að það er verið með ýmsum hætti að reyna að treysta tekjugrundvöll sveitarfélaganna í landinu með almennum aðgerðum. Í fyrsta lagi með því að hækka tekjur þeirra almennt talað. Síðan eru fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir til þess að mæta vanda þeirra sveitarfélaga sem hafa mátt sjá á eftir fólki úr sínum sveitarfélögum og síðan með því að efla atvinnustarfsemi með sérstökum aðgerðum varðandi fasteignaskattana. Þetta allt er auðvitað liður í því að treysta sveitarfélögin.

Þrátt fyrir þetta er ljóst að þetta mun ekki duga þeim sveitarfélögum sem eru í mestum vanda, svo sem eins og sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Og það er af þeim ástæðum sem sveitarfélög á Vestfjörðum eða sveitarstjórnir á Vestfjörðum hafa leitað eftir því að ríkið kaupi hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða.

Það er alveg ljóst mál og það ber að legga á það mikla áherslu að það er ekki svo að ríkisvaldið hafi verið að slægjast eftir þessari eign, heldur hefur verið litið þannig á að það gæti verið liður í þeirri viðreisn sem nauðsynlega þarf að eiga sér stað á Vestfjörðum, að þessi eignarhlutur sé seldur.

Ég vil segja, herra forseti, að þeir sem gagnrýna þessa aðferð, verða auðvitað þá að leggja fram aðrar hugmyndir a.m.k. jafngóðar því það tjóar örugglega ekki að skilja sveitarfélögin eftir í þeim vanda sem þau eiga í í dag. Við verðum auðvitað að finna á þessum mikla vanda lausn og við erum hér að tala um stórar upphæðir sem hlaupa á milljörðum króna.

[15:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að sveitarfélögum á Vestfjörðum er stillt upp við vegg. Það hefur komið fram að sala á Orkubúinu eða hlutafélagavæðing Orkubúsins sé m.a. skilyrt því að þau sveitarfélög sem skuldi mest, skuldi vegna félagslega íbúðakerfisins, greiði þær skuldir eða andvirði orkubúsins renni upp í þær skuldir. Það er því ljóst að þeim er stillt upp við vegg.

Þessi staða þarna er afar ósanngjörn. Það væri kannski hægt að spyrja hæstv. fjmrh. hvað líði peningunum sem ætlunin var að leggja í varasjóðinn sem átti að koma og taka reyndar á öðrum þætti félagslega íbúðakerfisins. Mér skilst að fjármögnun samkvæmt lögum á öllu þessu kerfi sé hreinlega ekki í samræmi við loforð og væntingar.

Herra forseti. Því er ástæða til þess að tortryggja þær aðgerðir sem hér er verið að leggja upp með og má hugsa sér að annarlegur hugur hvíli að baki, annar en beinn hagur Vestfirðinga.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að spyrja: Hyggst félmrh. ganga að íbúum Vestfjarða þvert gegn vilja þeirra og taka af þeim Orkubúið upp í skuldir við gjaldþrota byggðastefnu ríkisstjórnarinnar? Það er verið að gera hér og leggja upp með.

Herra forseti. Í sveitarstjórnarlögum er ákvæði til að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaga. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hvenær hyggst hann beita ákvæðum sveitarstjórnarlaga um að koma sveitarfélögum á Vestfjörðum sem eru mjög illa stödd fjárhagslega til hjálpar? Því eins og stendur í lögunum, herra forseti: „Geti sveitarfélag ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögunum styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga."

[15:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það á að selja Orkubú Vestfjarða upp í skuldir og það er örugglega þrýstingur frá því opinbera að menn gangi að þeim kaupum. Ástæðan fyrir þessu er að hluta til, og það stórum hluta, gjaldþrota stefna hvað varðar félagslega húsnæðiskerfið. Og því miður er það þannig hjá hæstv. félmrh. að það bólar ekki á neinum endurbótum á því kerfi. Það er ónothæft eins og það er í dag. Það eru engin sveitarfélög að nýta sér þetta kerfi í dag. En það er kannski svolítið önnur saga. Vonandi koma einhverjar tillögur um þá hluti í framhaldinu.

En hér eru menn að ræða um að taka eignir af sveitarfélögum á Vestfjörðum. Það er líka verið að tala um að einkavæða og koma af stað samkeppni í orkugeiranum í þessu landi. Og hvað blasir þar við? Það blasir við að Reykjavík á 45% í Landsvirkjun og Akureyri á 5% í Landsvirkjun. Ef þessi orkufyrirtæki verða sett inn í þá samkeppni sem þarna er á ferðinni þá eru öll önnur sveitarfélög í landinu eignalaus nánast hvað þetta varðar. Það þarf að taka á þessum málum í samhengi og það er að mínu viti frumhlaup að hirða eignir af sveitarfélögunum áður en menn eru búnir að leggja á borðið þær hugmyndir sem eiga að verða að veruleika hvað varðar þennan rekstur á orkuöflunar- og dreifingarfyrirtækjum í orku í landinu.

Hér eru menn að rjúka til og leysa mál áður en tillögur liggja fyrir. Þær ættu þó að vera að verða tilbúnar miðað við yfirlýsingar ríkisstjórnarflokkanna undanfarin ár og ég tel fulla ástæðu að spyrja grannt eftir því hvað hangi á þeirri spýtu og hvernig eigi að leysa þau mál því það er ekki hægt að rífa þessi mál úr samhengi eins og nú er gert.

[15:58]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við höfum verið með í þinginu í síðustu viku og svo aftur í dag umræðu um tekjustofna sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að grundvöllurinn fyrir rekstri sveitarfélaga er mjög veikur nú um stundir og það útspil ríkisstjórnarinnar sem er í gangi núna er aðeins hluti af þeirri lausn eða þeirri neyð sem við sveitarfélögunum blasir. Það liggur í augum uppi að það verður að leysa þau vandamál sem eru komin upp hjá sveitarfélögunum í sambandi við félagslega íbúðakerfið og það gildir ekki bara um Vestfirði þó ástandið sé kannski verst þar. Það gildir um landið í heild. Þetta var hluti af húsnæðisstefnu ríkisins og sveitarfélög voru hvött til að fara fram með þeim hætti sem gert var. Nú búa menn

svo illa á Vestfjörðum að þar hefur orðið mikil fólksfækkun og því er nauðsynlegt, til þess að þessi sveitarfélög eigi möguleika á því að verða sjálfbær og veita þá þjónustu sem *nútímafólk krefst*, að koma rekstri þessara sveitarfélaga á eðlilegan grunn með heildstæðum ráðstöfunum.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort þingið megi vænta þess að frá ráðuneytinu komi heildstæð stefna um lausn á vanda sveitarfélaganna, ekki bara í bútum eins og verið er að gera núna með styrkingu á jöfnunarsjóði, heldur lausn á vanda félagslega íbúðakerfisins, lausn á grunnskólavandanum og fjárþörf hans og sérstaklega tekjustofna sem hafa verið til umræðu en varðandi þá er ekki farið nándar nærri jafnlangt og sveitarstjórnarmenn geta sætt sig við. Þar var talað um 5–6 milljarða að lágmarki. En útspil ríkisstjórnarinnar er ekki nema 3,2 milljarðar og ekki nema 1,2 milljarðar nettó.

[16:00]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem orðið hafa um þetta mál sem skiptir Vestfirðinga gífurlega miklu máli, svo miklu máli að efnt verður til borgarafundar að viku liðinni á Ísafirði þar sem þetta verður tekið til umræðu. Þar mun koma fram vilji almennings og reyndar hefur komið fram í skoðanakönnun sem hér var getið um áðan að um eða yfir 90% Vestfirðinga eru algerlega andvíg þessari ráðstöfun. Ég gat um það áðan að þetta er neyðarráðstöfun sveitarfélaga sem þau gera af illri nauðsyn en ekki af frjálsum vilja.

Hæstv. félmrh. sagði að ekki stæði til að fara illa með sveitarfélögin. Ég býst svo sem ekki við að það sé ætlun hans, síður en svo. Hann sagði líka að sveitarfélög bæru fulla ábyrgð á skuldbindingum sínum. Það er alveg rétt. Sveitarfélögin bera fulla ábyrgð á þeim skuldbindingum sem þau hafa stofnað til en ég er ekki viss um að þau beri fulla ábyrgð á þeim ytri aðstæðum sem þau hafa búið við síðasta áratuginn, reyndar síðustu áratugina. Það eru þær aðstæður sem hafa skapað það vandamál sem nú er uppi, ekki það að sveitarfélög á Vestfjörðum hafi brugðist skuldbindingum sínum.

Sveitarfélögin tóku þessar skuldbindingar á sig við allt aðrar aðstæður en nú eru. Þegar stofnað var til íbúðalánakerfisins voru allt aðrar aðstæður á Vestfjörðum. Þar var mikil fiskveiði, heimilt að sækja fiskinn og mikil vinna í kringum þetta. Það þurfti einfaldlega íbúðir fyrir fólkið sem sinnti þessum framleiðslustörfum og það var gert.

Síðan hafa aðstæður breyst þannig að fiskveiðar frá Vestfjörðum eru orðnar hverfandi litlar, þrátt fyrir að Vestfirðir og hvert einasta þorp sem þar er hafi byggst upp fyrst og fremst eða eingöngu vegna nálægðar við fiskimiðin, til að sækja sjó og vinna fisk. Þegar það er ekki fyrir hendi lengur nema í litlum mæli þá er eðlilegt að sveitarstjórnir krefji aðra ábyrgðar. Þær ættu a.m.k. að gera það en hafa kannski þvert á móti reynt að gangast við ábyrgðinni og leitað eftir lausnum sem til lengri tíma litið gætu orðið þeirra banabiti. Um þetta snýst umræðan og um það snýst þetta mál, um sölu Orkubús Vestfjarða. Það mun verða þegar til lengdar lætur banabiti vestfirskrar byggðar ef þessi mál og önnur svipuð ná fram að ganga.

[16:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er alfarið á valdi sveitarfélaga á Vestfjörðum hvers um sig hvort þau kjósa að ganga til samninga við ríkið um hlut í Orkubúi Vestfjarða. Engum hefur dottið í hug að ætla sveitarfélögunum að greiða upp skuldir sínar í félagslega kerfinu svo að það sé bara ljóst. Menn tala eins og það eigi að taka þetta orkubú til að borga allar skuldir af félagslega íbúðakerfinu, svo er ekki.

Ég ætla ekki að svara aulalegum og illkvittnum tilgátum um fjandskap ríkisvaldsins í garð sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þær eiga sér enga stoð og það er enginn vilji til þess að sölsa eignir sveitarfélaganna undir ríkið. Af okkar hálfu er fullur vilji til að aðstoða sveitarfélögin til þess að komast í rekstrarhæft ástand.

Hv. þm. Jón Bjarnason vitnaði í 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar er um neyðarráðstafanir að ræða. Í 75. gr. segir, með leyfi forseta:

„Komi í ljós við rannsókn að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að tillögu eftirlitsnefndar að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur. Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir og að tillögu eftirlitsnefndar að leggja álag á útsvör og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%."

Ég hef ekki löngun til þess að leggja þetta til og það er ekki hægt að gera öðruvísi við sveitarfélög á Vestfjörðum en önnur sveitarfélög í landinu að breyttu breytanda. Þau eru svo heppin, sveitarfélögin á Vestfjörðum, að eiga fyrirtæki sem þau geta komið í verð ef þau kæra sig um. En það er ekki okkar að gera það. Okkur er hins vegar þægð í að sveitarfélögin séu í rekstrarhæfu standi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við höldum nú áfram umræðu um mál sem fjallað var um daglangt á fimmtudaginn, enda stórmál, tekjustofnar sveitarfélaga og fjárhagur þeirra. Sú umræða var mjög ítarleg og þingmenn stjórnarandstöðu áttu orðastað við hæstv. félmrh. og einn eða tvo flokksmenn hans, m.a. formann svokallaðrar tekjustofnanefndar. Það bar til tíðinda á þeim degi að hlutdeild Sjálfstfl. í þeirri umræðu var nákvæmlega engin. Framlag Sjálfstfl. til umræðu um fjármál sveitarfélaga var í því fólgið að formaður þingflokksins kom upp í stutt andsvar og hvarf síðan af fundi. Til að halda öllu til haga tók hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir einnig þátt í umræðunni.

Þrátt fyrir ítrekaða ósk um að fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu, enda málið nátengt öðru dagskrármáli sem er til umræðu síðar í dag, þ.e. breytingum á tekjuskatti ríkisins, þá tókst ekki að kalla þingmenn Sjálfstfl. til þessarar umræðu.

Nú eru fimm eða sjö þingmenn Samfylkingarinnar á mælendaskrá undir þessum dagskrárlið. Við teljum mikilvægt að Sjálfstfl. komi að þessu máli og fjmrh., enda var hann hafður með í ráðum þegar frá þessum gjörningi var gengið og þessi niðurstaða ríkisstjórnarinnar gerð kunnug. Málið er sumpart á forræði hæstv. fjmrh. og til þess að freista þess að halda Sjálfstfl. við efnið og fá hann til þessarar umræðu mun

ég ekki orðlengja þennan þátt málsins. Ég áskil mér hins vegar rétt til þess, herra forseti, undir 5. dagskrárliðnum, tekjuskattur og eignarskattur — það frv. er ekki mikið að sniðum né með langri grg. en er nátengt öllum þeim tillögum og þeim umræðum sem fram fóru hér á fimmtudaginn um fjármál sveitarfélaga — að fara allítarlega yfir sviðið þegar þau mál ber á góma. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur borið fram brtt. um skattaþátt málsins, hinn stórpólitíska þátt þess, sem hljóðar einfaldlega þannig að skattar ríkisins lækki til jafns við auknar heimildir sveitarfélaganna í útsvari.

Þess vegna hefur það, herra forseti, orðið að ráði að við þingmenn Samfylkingarinnar munum ekki orðlengja þennan þátt málsins undir þessum dagskrárlið en fjalla um hann á annan hátt þegar kemur að 15. dagskrármáli.

[16:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem ég vildi koma inn á til viðbótar því sem ég kom inn á í ræðu minni fyrir helgi, um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi, herra forseti, vil ég spyrjast fyrir um, meðan við höfum hæstv. fjmrh. hér, hvað líði greiðslum í varasjóð vegna íbúðalána sem á að taka á sig áföll í sölu á íbúðum í hinu félagslega húsnæðiskerfi, eignaríbúðum sem ekki seljast fyrir það verð sem þyrfti til að lán og annar kostnaður standi á sléttu. Úti um land er víða svo statt að þessar íbúðir verður að selja með afföllum. Þá er gert ráð fyrir því að þessi varasjóður komi að og taki þátt í að greiða þann mismun.

Ef mig minnir rétt var veitt heimild á fjárlögum þessa árs, fyrir 100 millj. kr. að mig minnir, til þessa verkefnis. Það þótti mönnum samt ekki of mikið. Ég leyfi mér að spyrjast fyrir um hvort hæstv. fjmrh. geti gefið svör um hvort búið sé að inna þessar greiðslur af hendi til sveitarfélaganna. Þó að fjárlagafrv. fyrir næsta ár sé að vísu til umræðu gæti hann samt upplýst okkur um að hverju fjmrn. stefnir varðandi skuldbindingar við félagslega íbúðakerfið.

Hitt atriðið er, herra forseti, spurning til hæstv. félmrh. varðandi reglur um úthlutun á því framlagi sem ætlað er að fari nú til jöfnunarsjóðsins til að mæta lækkun á fasteignaskatti. Í frv. er lagt til að fasteignaskattar, þ.e. fasteignamat skuli miðast við markaðsverð eigna. Nú er stuðst við ýmiss konar matsaðferðir. Við höfum fasteignamat, endurmatsverð fasteigna eða endurstofnverð fasteigna. Fasteignir eru metnar á ýmsa vegu og ég held að það skipti miklu máli fyrir sveitarfélögin að vita hvaða reglur eiga að vera þarna til grundvallar. Einnig þarf að vera ljóst með hvaða hætti þessu fjármagni er síðan úthlutað. Kemur íbúafjöldi eða meðaltekjur inn í þessar reglur eða mun hreinlega, eins og eðlilegast er, þetta koma til sveitarfélaganna eftir því hvaða fasteignir eru fyrir hendi og matsverði þeirra í hlutfalli við matsverð á höfuðborgarsvæðinu?

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt að fyrir liggi stefna um hvernig þessu fjármagni verði úthlutað.

[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrri ræðumenn úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gert ágæta grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls. Ég hef ekki miklu þar við að bæta. Ég kem fyrst og fremst upp til að lýsa mikilli óánægju minni með heildarniðurstöðuna í þessum málum. Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst hlutur ríkisstjórnar í þessum efnum og samskipti hennar við sveitarfélagastigið í landinu á þá leið að mér dettur helst í hug að lýsa því með orðunum: Lengi getur vont versnað. Ég segi bara það, herra forseti. Lengi getur vont versnað.

Um alllangt árabil hafa sveitarfélögin legið undir stórfelldri ágjöf frá hæstv. ríkisstjórn og verið borin þar þungum sökum. Ég hygg að í fyrra frekar en hittiðfyrra hafi ekki færri en tveir hæstv. ráðherrar, meira að segja á ráðstefnu sveitarfélaga um fjármál, ráðist að sveitarfélögum með óbótaskömmum fyrir óráðsíu og skort á aðhaldi í fjármálastjórn. Hæstv. forsrh. hefur gosið um þetta sama efni af og til.

Engu að síður var öllum þó ljóst að við svo búið yrði ekki unað. Öll teikn, allar mælingar, allar úttektir sýna sömu þróun í fjárhagsafkomu sveitarfélaganna. Útgjöld sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga fara jafnt og þétt hækkandi. Skuldir þeirra vaxa og þau eiga í æ minni mæli fyrir framkvæmdum þegar rekstrarkostnaður hefur verið greiddur. Mörg þeirra eru reynar þannig sett nú þegar að hverja einustu krónu sem gengur til framkvæmda verður að taka að láni. Þau eru reyndar ófá sem beinlínis eiga ekki fyrir rekstrarútgjöldum, hvað þá meira.

Ég leit svo á að með þeirri ákvörðun að setja endurskoðunarstarf í gang undir forustu ekki ómerkari trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar en m.a. hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., væru menn a.m.k. að einhverju leyti að viðurkenna þessar aðstæður og ætluðu sér að horfast í augu við þær og gera eitthvað í málinu. Ég lít á niðurstöðu nefndarinnar, ef niðurstöðu skyldi kalla, sem algera frávísun á þessu vandamáli. Það sem er sagt við sveitarfélögin er: Ja, þið getið hækkað skattana. Þið megið hækka skattana. Ekki er á nokkurn hátt brugðist við þeim vanda sem er uppi í málinu, hvað þá að reynt sé að koma þessum samskiptum til einhverrar frambúðar í form. Hefði maður þó ætlað að einhver heiðarleg tilraun yrði gerð til þess ef á að bæta útgjaldafrekum málaflokki í viðbót yfir á sveitarfélögin þar sem er flutningur á málefnum fatlaðra þangað yfir.

Ég lét, herra forseti, þar af leiðandi segja mér tvisvar að út úr öllu þessu mikilvæga starfi, sem hafði mallað næstum í eitt og hálft ár, hefði ekki komið meira en sú stórsnilld að sveitarfélögin gætu hækkað útsvörin. Það er meiri niðurstaðan. Það er von að liðið sé dasað sem var í eitt og hálft ár að hugsa út þá niðurstöðu. Menn hljóta að þurfa að fara í langa hvíld, þessir afreksmenn sem afrekuðu á einu og hálfu ári að láta sér detta það í hug að sveitarfélögin gætu hækkað skattana. Það er eins og punkturinn yfir i-ið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkisvaldið og ríkisstjórnin í krafti meiri hluta síns hefur ítrekað neytt aflsmunar, skammað sveitarfélögin sem eru bundin í báða skó, hverjum eru skammtaðar tekjur og verkefni af hálfu ríkisins eða löggjafans og fá svo þetta í andlitið, að úr því að þau vanti tekjur geti þau hækkað skattana.

Þessi samskipti, herra forseti, verðskulduðu að mínu mati að vera tekin til rækilegrar athugunar og það þyrfti að fara fram óháð úttekt á því, t.d. hvernig Ísland hefur staðið að verki hvað það varðar að virða samningsbundið sjálfstæði sveitarfélaganna. Nú er það þannig að Ísland fullgilti fyrir allmörgum árum Evrópusáttmála um málefni sveitarfélaga. Þar er kveðið mjög skýrt á um að sveitarstjórnarstigið í landinu sé sjálfstætt stjórnsýslustig og það beri að virða sjálfstæði þess og ekki eigi að níðast á því. Ég tel að ríkisvaldið á Íslandi hafi undanfarin ár og reyndar sjálfsagt býsna lengi, ef öll kurl væru komin til grafar, níðst á sveitarfélagastiginu og beitt ítrekað aflsmun.

Ég minnist deilna sem urðu fljótlega upp úr 1990 t.d. um útgjöld sem með beinum ákvörðunum í fjárlögum var hent í sveitarfélögin, stundum hundruðum millj. kr. Þetta voru alveg dæmalaus samskipti og kannski hefur dregið úr slíku en þó má segja að það hafi gengið aftur með þeim hætti að ríkið hafi velt yfir á sveitarfélögin útgjaldafrekum verkefnum.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. í hliðarherbergjum að hafa hægt um sig.)

Þeir eru nú svo skemmtilegir að mér finnst allt í lagi að leyfa þeim að halda áfram, miklir húmoristar þarna.

Herra forseti. Ríkið hefur á sínum forsendum, meira og minna því miður, velt verkefnum yfir á sveitarfélögin. Það hefur komið á daginn að tekjustofnarnir sem reiknað var með og færðir voru yfir hafa engan veginn dugað m.a. vegna þess að menn vanmátu stórkostlega þær væntingar sem voru fólgnar í úrbótum á viðkomandi sviði. Þar held ég að grunnskólinn sé nærtækasta dæmið og sveitarfélögin standa með kröfurnar á sér um úrbætur hvort sem heldur er í fjárfestingu eða launamálum starfsfólks o.s.frv. og ríkisvaldið hefur komist mjög vel frá því að velta þannig yfir til sveitarfélaganna viðfangsefnum sem allt teiknaði til að mundu þurfa aukið fjármagn á komandi árum. En reikningsgrundvöllurinn var sóttur til fortíðarinnar. Hann var afturhverf viðmiðun á því sem hafði verið lagt í viðkomandi málaflokk á einhverjum viðmiðunarárum aftur í tímann og horft fram hjá þeirri þróun og þeirri ferð sem var á þessum málum.

Nú er það svo að ýmiss konar umönnun og þjónusta og hluti af uppbyggingu velferðarkerfisins eru þau svið þjóðfélagsins sem hafa verið að taka aukið fjármagn til sín á umliðnum árum og áratugum. Þetta vitum við. Þessi þróun er í gangi og þar af leiðandi hlýtur það að enda illa ef hin reikningslegu samskipti eru byggð á svona formúlu og það hefur komið á daginn. Þess vegna verð ég líka að segja, herra forseti, að ég hef miklar efasemdir um það ef menn ætla að fara að færa jafnviðkvæman málaflokk og málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og nota sömu gömlu gölluðu aðferðirnar sem hafa þegar gefist illa og engin ástæða er til að ætla annað en muni gera það áfram, ef þeim verður framfylgt að óbreyttu.

Herra forseti. Gaman væri að fá fram óháða úttekt á samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Hún mundi m.a. leiða í ljós að lagaramminn um þessi samskipti á Íslandi er í raun og veru alveg ónothæfur. Það er t.d. enginn óháður sjálfstæður úrskurðaraðili sem sveitarfélögin geta leitað til ef þau telja á sig hallað. Hann er ekki til samkvæmt löggjöfinni eins og hún er hér. Það er bara meiri hlutinn sem ræður. Í krafti atkvæða sinna á Alþingi, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds setur ríkisstjórnin alla skilmála í þessum efnum og sjálfstæði sveitarfélaganna er á köflum ekkert nema orðin tóm. Það er þó þannig víða í nágrannalöndunum að til staðar er einhver óháður úrskurðaraðili eða gerðardómur sem sveitarfélögin geta skotið málum sínum til ef þau telja á sig hallað þannig að þau eru ekki algerlega varnarlaus í samskiptum sínum eins og þau eru hér í raun og veru.

Það er eitt samskiptamál enn, herra forseti, sem ég tel að hafi farið í gegnum þingið án nægjanlegrar skoðunar og síðan komið á daginn eins og stundum áður að sveitarfélögin hafi borið skarðan hlut frá borði og ríkið hagnast alveg stórkostlega á því til frambúðar litið að velta viðfangsefninu yfir til sveitarfélaganna. Þetta voru þær breytingar sem gerðar voru í húsnæðismálum undir forustu núv. hæstv. félmrh. Þegar betur er að gáð var það fyrst fremst ríkið sem græddi á því að gera þær breytingar í húsnæðismálum sem raun ber vitni með því að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið sem er vel að merkja, herra forseti, mikill plagsiður að rægja og kenna um allt sem miður hafi farið, að mínu mati algerlega að ósekju. Þar er ekki við kerfið sem slíkt að sakast og ekki það fólk a.m.k. sem fékk inni í þessu húsnæði og það er gaman að heyra hv. alþm. tala eins og það skipti engu máli að mörg þúsund fjölskyldur í landinu komust inn í gott íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum vegna þessa kerfis. (Gripið fram í.) Það er algengt í umræðum að þannig sé talað um þessi mál sem þetta hafi aldrei verið neitt annað en einn allsherjarhausverkur. Hver skyldi hafa grætt á því að breytingarnar voru gerðar sem raun ber vitni í húsnæðismálum? Fyrst og fremst ríkið. Fyrir því voru birtir mjög trúverðugir útreikningar norður í landi núna í haust þar sem fagmanneskja á þessu sviði var búin að fara ofan í saumana á því hversu mikið ríkið græðir á því að loka félagslega lánakerfinu og losna þannig undan vaxtaniðurgreiðslunum og bakábyrgð sinni á útgjöldum Byggingarsjóðs verkamanna inn í framtíðina. Þar voru milljarðar á ferðinni sem ríkið hagnast á breytingunni og sveitarfélögin eins og stundum áður sitja eftir með sárt ennið.

Svo kemur eitt enn: Tóm svik þegar kemur að því litla sem ríkið átti að leggja í púkkið, þ.e. framlög í varasjóð o.s.frv. Svona, herra forseti, hafa þessi samskipti aftur og aftur verið og stjórnvöld af einhverjum undarlegum ástæðum oftar en ekki komist upp með að halda leiknum áfram. Af hverju skyldi það vera? Jú, það er af því að sveitarfélögin eru auðvitað á hnjánum í samskiptum við ríkið vegna þess hvernig búið er um hnútana og þau hafa ekki efni á því að fara í ágreining eða standa fast á sínu vegna þess að þau þurfa að lúta valdinu upp á framtíðarsamskiptin. Þannig er þetta. Þetta er algerlega óþolandi ástand, herra forseti, og óþolandi samskipti. Þarna verður að ráða bót á með einhverjum þeim stjórnkerfisbreytingum og lagabreytingum, fyrir utan að skipta út þeim mannskap sem hefur sætt færis í þessum efnum sem tryggja með lögum raunverulegt sjálfstæði sveitarfélaganna og eitthvert fjármálalegt og pólitískt vald því að það er ólýðræðislegt og það er óeðlilegt í öllu tilliti að það sem á að heita sjálfstætt og sérstaklega kjörið stjórnsýslustig í einu landi sé svona undir aðra sett eins og raun ber vitni. Það gengur ekki. Gaman væri að heyra hvort hæstv. félmrh. hefur einhverjar áhyggjur af þessu eða hvort hann er hæstánægður með hlutina eins og þeir eru. Hefur hæstv. félmrh. t.d. velt því fyrir sér að koma upp gerðardómi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem geti sjálfstætt og óháð úrskurðað um ágreiningsatriði sem koma upp? Eða finnst honum að þetta eigi bara að vera þannig að ríkisstjórnin ráði þessu á hverjum tíma algerlega eins og henni sýnist?

Í raun er það þannig, herra forseti, að hin almenna og stóra þróun í þessu efni er ósköp ljós. Hún er sú að með vaxandi verkefnum sem færð hafa verið yfir til sveitarfélaga án þess að tekjustofnar fylgdu hefur hallinn sem var áður einkenni á rekstri ríkissjóðs um langt árabil færst yfir til sveitarfélaganna. Þetta er alveg kristaltært. Þegar tölfræðin er skoðuð, sem liggur á bak við, má alveg fylgja þeirri þróun hvernig afkoma sveitarfélaganna versnar, afkoma ríkissjóðs batnar og hallinn færist smátt og smátt úr því að vera hjá ríkissjóði, a.m.k. að hluta til, yfir í að vera allur hjá sveitarfélögunum. Svo sperra menn kassann og hæla sér af því hvað þeir reki ríkissjóð vel, séu miklir menn og skamma

sveitarfélögin fyrir óráðsíu. Það er öll sanngirnin í þessum samskiptum.

Svona getur þetta ekki gengið, herra forseti. Það er þeim mun alvarlegra sem búið er að færa mikilvægari og viðameiri samfélagsleg verkefni yfir til sveitarfélaganna sem er að mörgu leyti gott og þar eru þau ágætlega komin mörg hver og vel flest að því tilskildu að sveitarstjórnarstigið í landinu hafi fjármuni og stöðu til að leysa þau sómasamlega af hendi. En það verður ekki til góðs fyrir velferðarsamfélagið á Íslandi að færa sveitarfélögunum verkefni á sviði velferðarþjónustu ef þeim er ekki gert kleift að sinna þeim sómasamlega, ef þau þurfa að safna skuldum og skera sig inn að beini til þess að ráða við þau. Þá mun fjárhagsleg afkoma sveitarfélaganna valda mismunandi þjónustustigi og innleiða mismunun bakdyramegin í gegnum slíka tilfærslu. Það er það sem ég óttast að sé þegar farið að örla á hér og væri þá sambærilegt við reynslu margra annarra sem hafa misstigið sig í þessum efnum og reyndar margir hverjir lært af reynslunni.

Ég vil líka segja, herra forseti, að ég hef sannfærst æ meira um að sú að því er virðist tilviljanakennda formúla sem hér er fylgt um að verkefnið þurfi að vera annaðhvort alfarið hjá ríkinu eða sveitarfélögunum er vitlaus. Það er skrýtið að hér virðist þriðja leiðin, sem er alsiða að fara í nágrannalöndum, nánast horfin út úr myndinni, þ.e. að vissir málaflokkar, viss verkefni og vissar aðstæður séu þannig að þau séu eðli málsins samkvæmt samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaganna. Það er ekki og á ekki að vera neitt að því enda er það mjög víða þannig að málaflokkar sem við erum að burðast með í okkar litla landi að hafa hrein verkefni annaðhvort hjá ríki eða sveitarfélögunum eru samstarfsverkefni þessara aðila og jafnvel fleiri aðila erlendis. Það eru t.d. mörg þekkt dæmi um að jafnvel þrír aðilar, ríkisvald, fylki eða héruð og sveitarfélög standi sameiginlega að ákveðnum málaflokkum samkvæmt ákveðnum reglum um kostnaðarskiptingu o.s.frv.

En hér hefur verið einhver lenska að þetta skuli vera annaðhvort eða og menn útiloka þann möguleika, sem ég tel að komi oft til greina og gæti í mörgum tilvikum hentað best, að horfast í augu við að hlutirnir geta verið þannig vaxnir í okkar litla landi að það sé heppilegt að þessir aðilar standi með tilteknum hætti sameiginlega að málaflokknum eða beri sameiginlega á honum ábyrgð.

Það þarf engu að breyta um að framkvæmdin sem slík getur sem fyrirkomulagsatriði verið á höndum annars aðilans, t.d. sveitarfélaganna, þó að ríkið sé ekki þar með laust allra mála og geti t.d. hegðað sér þegar það hentar, eins og hæstv. menntmrh. iðulega gerir núorðið í umræðum um málefni grunnskólans, að menntmrn. og menntmrh. komi það ekki við af því að þetta sé komið til sveitarfélaganna og þar með séu menn lausir allra mála. Það er ein útkoman úr þessu, herra forseti, sem komið getur upp ef menn gangast upp í þessu ofstæki.

Um þá niðurstöðu hvað tekjurnar varðar, herra forseti, er það að mínu mati í fyrsta lagi algjörlega ljóst að hér er um ófullnægjandi úrlausn fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna að ræða, algjörlega. Það er algjörlega ófullnægjandi og óásættanleg úrlausn að vísa þeim einfaldlega á að hækka útsvarið.

Í öðru lagi, herra forseti, er ljóst að sú leið mun nýtast sveitarfélögunum mjög mismunandi og kemur misjafnt niður. Það er mjög ósanngjarnt gagnvart þeim sveitarfélögum sem liggja langt undir landsmeðaltali í meðaltekjum að vísa þeim bara á þessa einu úrlausn.

Í þriðja lagi held ég að það hefði alla kosti út frá jafnvægi og stöðugleika í samskiptum þessara aðila að tekjustofnar ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar væru einsleitari þannig að síður væri hætta á misgengi og sveiflum eins og nú hefur komið upp að getur falist í núverandi ástandi. Þar hefði hlutfallsleg — miðað við íbúatölu — hlutdeild sveitarfélaga í breiðari tekjustofnum haft yfirburði vegna þess að þá jafnaðist aðstaða þeirra, það dró úr mismunandi aðstöðu eftir því hversu háar meðaltekjur voru í viðkomandi sveitarfélagi og fleiri þættir geta þarna valdið misgengi.

Í fjórða lagi, herra forseti, held ég að sú leið muni enda með ósköpum að vísa alltaf öllum óleystum vandamálum í tengslum við svona tekjubreytingar eða verkefnatilflutning í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tútnar út um þessar mundir og siglir hraðbyri í að verða einhvers konar lítill ríkissjóður. Munurinn er bara sá að stjórnunarlegt fyrirkomulag hans er allt öðruvísi og þar er jafnvel stórfelldum fjármunum úthlutað á grundvelli reglugerða þar sem reglur um útgreiðslur geta ráðið tugum og jafnvel hundruðum milljóna, hvert þær fara, þannig að sum sveitarfélög sitja uppi með stórkostlega skarðan hlut ósköp einfaldlega vegna þess hvernig þau koma út úr reglum sem settar eru af hæstv. ráðherra og/eða starfsmönnum hans.

Þessa hluti alla, herra forseti, hefði þurft að taka rækilega til skoðunar. Það verður ekki séð að nefnd um tekjustofna sveitarfélaga hafi unnið neitt af þessu. Niðurstaða hennar er harla snautleg svo ekki sé fastar að orði kveðið og vekur mikla undrun yfir hverju menn voru að hanga í næstum eitt og hálft ár.

[16:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Verið er að vinna að regluverki til að koma þeim fjármunum sem renna til sveitarfélaganna í gegnum Jöfnunarsjóð til jöfnunar á fasteignaskattinum. Því er ekki lokið, en reynt er að hafa það með þeim hætti að sveitarfélögin fái sem líkasta fjárhæð og þau innheimtu í fyrra með uppreiknuðum fasteignaskatti. Þessu verki er ekki lokið enn þá, en sveitarfélögin mega gera ráð fyrir því að með þessari endurgreiðslu frá jöfnunarsjóði gefi fasteignaskatturinn og þessi hluti frá jöfnunarsjóði svipaða upphæð og í fyrra.

Herra forseti. Það sem stendur upp úr eftir þessa umræðu er þetta: Stjórnarandstaðan vorkennir sveitarstjórnarmönnum að fá heimildir til að afla tekna. Á hinn bóginn er talað um að sveitarfélögin hafi lögbundið frelsi og sjálfstæði og vitnað í Evrópusamþykktir þar að lútandi. En stjórnarandstaðan virðist efast um að sveitarfélögin hafi pólitískt þrek til annars en eyða, ekki til að afla.

Ég tel að prýðilegt samstarf sé við sveitarfélögin í landinu. Ég hef átt ágætis samstarf við sveitarstjórnarmenn hvarvetna um landið. Jöfnunarsjóður hefur ekki verið skertur í minni tíð. Nú þykir sumum hann vera orðinn of stór. Ég er ekki á því. Ég tel að jöfnunarsjóður hafi miklu hlutverki að gegna, en endurskoða þarf reglur um jöfnunarsjóðinn og það er ýmislegt sem er gamaldags í starfsháttum hans og þyrfti að breytast.

En það hefur verið prýðilegt samstarf við sveitarfélögin í landinu. Og það kom berlega fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga fyrir nokkrum dögum að sveitarstjórnarmenn almennt um landið eru ekki óánægðir með þessar tillögur.

Auðvitað hefðu þeir getað tekið á móti meiri peningum, það er ekki spurning. Það var eitt stéttarfélag sem sendi félagsmönnum sínum bréf og spurði þá hvað þeim fyndist sanngjarnt að þeir hefðu í kaup. Það kom í ljós að þeir vildu 100% kauphækkun eða meira. Ég geri nú ekki ráð fyrir að sveitarfélögin hefðu verið svo óraunhæf, en það voru ekki nema tveir af þeim sem ræddu tillögur tekjustofnanefndar sem höfðu eitthvað við þær að athuga eða einhver andmæli uppi og annar þeirra var hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Hinn var Ásgeir Magnússon á Akureyri sem hafði athugasemdir við jöfnunarsjóð.

Stjórnarandstaðan virðist leggjast gegn því að fjárhagur sveitarfélaganna verði réttur af með þessum hætti, að sveitarfélögin fái heimildir sem sveitarfélögin báðu um. Fulltrúar sveitarfélaganna í tekjustofnanefndinni töluðu um að sveitarfélögin þyrftu árlega að fá tekjuauka upp á 6–7 milljarða. Þau fá 3,8–4 milljarða varanlega í heimildum í útsvari. Þau fá 1.400 millj. í fólksfækkunar- og þjónustuframlög, 1.100 millj. sem ríkið leggur í jöfnunarsjóð til að sveitarfélög á landsbyggðinni geti lækkað fasteignaskatta, sem er myndarleg byggðaaðgerð, ásamt þessum fólksfækkunar- og þjónustuframlögum. Síðan er 400 millj. létt af sveitarfélögunum í útgjöldum vegna Fæðingarorlofssjóðsins sem sveitarfélögin hafa borið til þessa og svo eru 400 millj. sem eru ónýttar heimildir til útsvarsálagningar sem sveitarfélögin hafa nú þegar og hafa haft frá fyrri tíð. Þegar þetta allt kemur saman er staðið við það að rétta sveitarfélögunum það sem þau töldu sig þurfa.

Ég tel að frv. og þær tillögur sem það er byggt á séu sanngjörn og skynsamleg niðurstaða á vandasömu verkefni.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. félmrh. ekki bæta fyrir sér með þessum geðillskutón og útúrsnúningum, eins og að gera stjórnarandstöðunni upp meiningar o.s.frv., að við vorkennum sveitarfélögunum að fá heimildir til aukinnar skattlagningar og við treystum sveitarstjórnarmönnum eingöngu til að eyða en ekki til að afla. Ég ber fullt traust til sveitarstjórnarmanna almennt, en ég viðurkenni hins vegar að hlutskipti þeirra er mjög erfitt og þeir eru í raun og veru í mikilli klemmu eins og málum er háttað, annars vegar með lögbundnar skyldur hvað varðar þjónustu og rekstur á sínum herðum sem þeim er ekki heimilt að víkja frá og hins vegar skammtaður skítur úr hnefa af hálfu ríkisvaldsins. Og svo koma sömu herrar, hæstv. ráðherrar umfram aðra, sem setja leikreglurnar báðum megin og eru með skæting af þessum toga í garð sveitarfélaganna. Það þýðir nú held ég lítið fyrir hæstv. ráðherra að fara að reyna að snúa málflutningi stjórnarandstöðunnar upp í einhverja sérstaka vantrú á sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórnarstigið.

Það sem hér hefur verið grunntónn manna er að þetta er ófullnægjandi úrlausn fyrir sveitarfélögin. Við blasir að ríkisstjórnin er rétt eina ferðina að neyta aflsmunar í samskiptum við þau. Ég þekki engan einasta mann sem ekki varð fyrir miklum vonbrigðum, þ.e. af þeim sem höfðu yfirleitt bundið einhverjar vonir við þetta nefndarstarf þegar það leit dagsins ljós. Þingmenn Norðurl. e. voru á yfirreið um kjördæmið þegar þessi niðurstaða birtist — eða hún birtist dagana áður. Við ræddum við svo til hverja einustu sveitarstjórn í stærri sveitarfélögunum, engin einasta þeirra var ánægð með niðurstöðuna, engin. Hvað sem hefur verið sagt eða ekki sagt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, þá er þetta algjörlega ljóst. Það fullyrði ég, og bið þá hæstv. félmrh. að reyna að rengja það því að fleiri vitni eru að þessum fundahöldum okkar þingmanna með sveitarstjórnunum en ég, að sveitarstjórnir úti á landi almennt, m.a. og ekki síst vegna þess að þar eru meðaltekjur lágar, litu á þetta sem mjög slæma niðurstöðu og langt frá því sem menn höfðu gert sér vonir um.

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tekjustofnanefndin fékk það verkefni að gera tillögur um tekjustofna handa sveitarfélögunum til þess að annast lögbundin verkefni. Það tel ég að henni hafi tekist býsna vel og þeirri niðurstöðu megi sveitarfélögin og ríkið una eftir atvikum.

Nú veit ég ekkert hvernig hefur legið á sveitarstjórnarmönnum á Norðurl. e. en þegar við förum um sveitir og hittum sveitarstjórnarmenn, þingmenn Norðurl. v., liggur yfirleitt vel á sveitarstjórnarmönnum og þeim þykir gaman að sjá okkur og fagna komu okkar og eru ekki með nein leiðindi.

[16:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hæstv. félmrh. er gamansamur, en viðfangsefnið sem hér um ræðir gefur varla tilefni til mikillar hótfyndni. Mér finnst það eiginlega neðan við virðingu hæstv. félmrh., ég hef þó það álit enn á hæstv. félmrh., að ræða eingöngu um þessa hluti í formi útúrsnúninga og hótfyndni. Er hæstv. ráðherra virkilega svo firrtur veruleikanum eins og hann blasir við sveitarfélögunum vítt og breitt um landið að honum finnist þetta vera tilefni til hótfyndni? Mönnum var ekki hlátur í hug almennt í sveitarfélögunum á Norðurl. e. þegar þeir voru að ræða þessi mál við þingmenn sína, það var ekki svo.

Skattahækkun af þessu tagi, sem ríkisstjórnin ætlar þá sveitarfélögunum að standa fyrir af því að ríkisstjórnin sjálf vill geta montað sig af því að hún hafi lækkað skatta eða sé a.m.k. ekki að hækka þá, er náttúrlega ekki auðvelt viðfangsefni fyrir einn eða neinn, sama í sjálfu sér hvernig aðstæður eru, og síst er hún það í þeim sveitarfélögum sem fólksflótti er og menn vildu helst gera eitthvað annað fyrir íbúa sína en hækka á þeim skattana, auk þess sem það er þannig að útsvarshækkun er viðkvæmt atriði innbyrðis milli sveitarfélaganna af því að um heimildarákvæði er að ræða og þau eru að nokkru leyti að keppa í þeim efnum.

[16:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki ekki nokkurt dæmi þess að fólksflutningar hafi orðið á milli sveitarfélaga út af útsvarprósentu og nægir að vitna til þess að hvergi hefur verið meiri fólksfjölgun en í Kópavogi og Hafnarfirði á undanförnum árum sem hafa verið með hærri útsvarsprósentu en t.d. Reykjavík.

En af hverju kom þessi mikla óánægja sveitarfélaganna eða sveitarstjórnarmanna með þessar tillögur ekki fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga? Mér er það alveg hulið ef óánægjan er svo mikil sem hv. þm. vill vera láta. Og jafnframt vil ég undirstrika að sérstaklega er komið til móts við þau sveitarfélög sem eiga erfiðast, dreifbýlissveitarfélögin.

[16:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer hæstv. félmrh. ákaflega illa að vera með þennan gorgeir undir þessum kringumstæðum og raunar ganga lengra í yfirlýsingagleði um meinta ánægju sveitarfélaganna í landinu en sjálft íhaldið. Var hann nú enginn sérstakur aðdáandi þess hér á árum áður. En ég orðaði það þannig á fimmtudaginn að svo virðist sem hann gleðjist yfir því að ganga í þess björg.

Það veit hver maður sem fylgist með og leggur við eyru að það ríkir almenn óánægja og á ráðstefnu sveitarfélaga á Hótel Sögu fyrir nokkrum dögum voru það sveitarstjóri Reykhólahrepps, formaður bæjarráðs Akureyrar, Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri í Fjarðarbyggð sem var einn frummælenda, Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, svo ég gleymi ekki fulltrúum sveitarfélaga í tekjustofnanefndinni sjálfri sem hörmuðu þessa niðurstöðu. Það þarf ekkert vitnanna við og er satt að segja fyrir neðan beltisstað að heyra ráðherra sveitarstjórnarmála halda því fram að sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið séu duglegir við að eyða peningum, en kunni ekki að afla þeirra. Það er ekki mín reynsla af sveitarstjórnarmönnum og mér finnst það kuldalegar kveðjur frá ráðherra sveitarstjórnarmála ef hann hefur þá trú og skoðun á sveitarstjórnarmönnum og þekkir hann þá suma býsna vel að ég hélt.

Herra forseti. Það er svo, það vita allir og það var farið rækilega yfir það á fimmtudaginn, og ástæða er til þess að hætta nú að ræða við Albaníu en snúa sér beint til Kína, að íhaldið réði ferðinni í þessum efnum. Það er nöturlegt hlutskipti sveitarstjórnaráðherrans að hann skuli reyna að verja þennan gjörning, þessa hreinu og kláru skattahækkun á landsbyggðarfólk og þéttbýlisbúa. Það er kjarni þessa máls.

[16:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sé kannski nokkuð djúpt í árinni tekið hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann talar um gorgeir hjá öðrum. Ég held hann ætti að passa sjálfan sig á því. Hann er með fráleita útúrsnúninga um afstöðu einstakra sveitarstjórnarmanna. Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Neskaupstað, og Eggert Jónsson borgarhagfræðingur skrifuðu báðir undir nefndarálit tekjustofnanefndar, að vísu með bókun um að þeir teldu að þeir þyrftu að fá meiri peninga. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, hallaði ekki orði að því að þetta væri ósanngjörn niðurstaða, þetta væri niðurstaða sem menn yrðu að una. Ég fyrir mitt leyti er stoltur af því að hafa átt tækifæri til að „presentera" þetta góða niðurstöðu fyrir sveitarfélögin í landinu, sérstaklega fyrir dreifbýlissveitarfélög.

[16:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þýðir lítið að halda þessari umræðu áfram þegar hæstv. ráðherra segir að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Við komumst að hinu rétta um þetta mál. Þegar sveitarfélögin í landinu fá að segja álit sitt á þessum tillögum og þeim breytingartillögum sem þegar hafa verið kynntar kemur það einfaldlega í ljós. En mér er spurn og ég velti því fyrir mér í sambandi við kjósendur hæstv. ráðherra, til að mynda í Norðurlandi vestra, sem eru svona svakalega ánægðir þegar hann kemur á þeirra fund, hvort hann hafi sérstaklega lofað því þegar hann lofaði fasteignaskattslækkun fyrir síðustu kosningar að henni fylgdi líka útsvarhækkun sem tæki þá fasteignaskattslækkun til baka jafnharðan. Ég spyr hann að því hvort hann hafi sérstaklega lofað því fyrir síðustu kosningar og hvort menn brosi hringinn eftir að þau tíðindi bárust? Mér er það stórlega til efs.

[16:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hafði ég ekki tækifæri til að tala mikið við kjósendur mína fyrir síðustu kosningar því þá lá ég í bælinu. En hækkun útsvars sem hér er verið að tala um er ekki neitt svakaleg. Útsvarsbyrði einstaklings eða fjölskyldu með 8 millj. kr. árstekjur er ekki nema 50.000 þegar heimildir eru fullnýttar og það finnst mér ekki vera neitt sem menn þurfa að hafa voðalega miklar áhyggjur af.

[16:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Á opnum fundi sem þingflokkur Samfylkingarinnar hélt í síðustu viku með borgarstjóra upplýsti borgarstjóri að það ríkti neyðarástand í húsnæðismálum hjá láglaunafólki á höfuðborgarsvæðinu. Borgarstjóri upplýsti að biðlistinn hefði tvöfaldast á stuttum tíma og 300 fjölskyldur byggju við hreint neyðarástand í húsnæðismálum og ættu hvergi höfði sínu að halla. Áætlun sem borgin hafði gert um að leysa biðlistann á örfáum árum fór öll úr skorðum þegar hæstv. ráðherra lokaði félagslega húsnæðiskerfinu og lítið virðist á döfinni til þess að leysa vanda þeirra sem eru á leigumarkaðnum.

Þess vegna spyr ég í lok þessarar umræðu: Hver eru skilaboð hæstv. ráðherra til þessa fólks sem á hvergi höfði sínu að halla?

Ég sé ekki annað en að skilaboðin séu tvenns konar.

Í fyrsta lagi boðar ráðherra hækkun á sköttum á þetta fólk, verulega hækkun á sköttum sem beinist sérstaklega að fólki á höfuðborgarsvæðinu þar sem beinlínis er lagt til að útsvar í Reykjavík hækki.

Í annan stað boðar hæstv. ráðherra í fjárlagafrv. að hækka vexti á leiguíbúðum sveitarfélaga upp í markaðsvexti. Og hvað þýðir það, herra forseti? Annaðhvort mun leigan hækka verulega á fólki sem er í leiguíbúðum eða sveitarfélögin munu hætta að byggja leiguíbúðir eða útgjöld sveitarfélaga munu þenjast út vegna aukningar á húsaleigubótum.

Ég spyr í lok þessarar umræðu: Hver eru skilaboð hæstv. ráðherra til 300 fjölskyldna sem nú búa við neyðarástand í húsnæðismálum og sjá hvergi lausn á sínum málum?

[16:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki hugmynd um hvað gerist á fundum Samfylkingarinnar. Ég veit hins vegar að Reykjavíkurborg fékk lánsloforð fyrir þetta ár fyrir 100 leiguíbúðum, eitt hundrað leiguíbúðum. Það er ekki búið að nota nema helminginn af þessum lánum. Það er ekki búið að nota nema helminginn, eða svo var a.m.k. fyrir helgina, af þessum lánum.

Síðan er spurt hvað ég hyggist fyrir. Hugmyndin er að beina auknu fjármagni til byggingar leiguíbúða í landinu og mér er alveg ljóst að það er ástæða til þess að hvetja til byggingar leiguíbúða eða kaupa.

[16:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra verður að gera sér ljóst að það er ekki sama hvort sveitarfélögunum er boðið lán á 1% vöxtum, eins og verið hefur lengst af á leiguíbúðum þar til þessi hæstv. ráðherra tók við, eða hvort þeim er boðið lán þar sem lánskjörin eru 5–6% vegna þess að annaðhvort mun það hafa þau áhrif að sveitarfélögin geta ekki byggt fleiri leiguíbúðir af því lánskjörin eru svo dýr hjá hæstv. ráðherra eða að leiga mun hækka verulega. Það er enginn vandi fyrir ríkisstjórnina að bjóða 500 leiguíbúðir og lán til 500 leiguíbúða á markaðsvöxtum. Við erum að hverfa frá þeirri niðurgreiðslu sem við höfum búið við og sem hefur verið sverð og skjöldur láglaunafólks til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Það er ekkert mikið þó það sé boðið lán á þessum dýru kjörum sem sveitarfélögin munu örugglega ekki geta nýtt sér. Þetta er engin lausn.

Ég spyr ráðherrann enn: Hefur hann virkilega enga aðra lausn en bjóða láglaunafólkinu upp á 5–6% vexti og hærri leigu en það hefur nokkurn tíma greitt?

[16:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að bjóða lán til leiguíbúða á 5–6% vöxtum, bara svo það sé á hreinu. Það er ekki verið að hverfa frá því að aðstoða leigjendur við að komast í sæmileg kjör. Það eru uppi hugmyndir um að hækka húsaleigubætur til að mæta þessari vaxtahækkun. Það er ekki búið að ganga frá því. Það eru líka uppi hugmyndir um það, sem ég aðhyllist fremur, þ.e. að veita stofnstyrki út á hverja nýja leiguíbúð. En þetta er ófrágengið mál.

[16:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það var ekki hugmynd mín að tefja neitt þessa umræðu sem hefur staðið um alllanga hríð frá því hún hófst fyrir helgi, um tekjustofna sveitarfélaga og það hvernig hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra ætla að afgreiða sveitarfélögin með því að gefa þeim heimild til þess að hækka skatta hér, sérstaklega á íbúa á suðvesturhorninu. En mér fannst ekki hægt að skilja við þessa umræðu með þeim hætti sem hæstv. félmrh. gerði í lokin. Þess vegna bað ég um orðið aftur.

Mér finnst það mál sem snýr að leiguíbúðum og þeirri stöðu sem hundruð heimila eru í í dag skipta svo miklu máli að ekki sé hægt að hætta henni eins og ráðherrann gerði.

Hæstv. ráðherra sagði að ekki ætti að hækka vexti upp í 5–6%. Ráðherrann sagði að það væri ekki meiningin. En samkvæmt fjárlagafrv. er talað um að þetta sé síðasta árið, þ.e. það ár sem nú er að líða, sem vextir eru niðurgreiddir. Og framlög til leiguíbúða miðast við að þessari niðurgreiðslu verði hætt núna á áramótum.

Ef ég man nákvæmlega rétt það sem stendur í fjárlagafrv. er talað um að 100 millj. kr. framlag sem varið var til niðurgreiðslu á þessu ári eigi að lækka í 50 milljónir og það eigi að veita byggingarstyrk eða þá að hækka húsaleigubætur fyrir þessa fjárhæð. Ráðherrann nefndi einmitt í sínu máli hér í lokin að það ætti ekki að hækka vextina upp í 5–6%, það ætti að veita byggingarstyrki.

Nú finnst mér að menn þurfi að skoða hvað þessir byggingarstyrkir mundu gefa ef það væri farið út í þá. Ráðherrann talar um að það eigi að veita lán til 500 íbúða. Ef sveitarfélögin og félagasamtök taka þau lán sem hæstv. félmrh. er að bjóða yrði byggingarstyrkur á hverja þessara íbúða um 100 þús. kr.

Herra forseti. Ég spyr hvort hann haldi að það breyti miklu fyrir sveitarfélögin eða félagasamtök hvort þau fái byggingarstyrk sem svarar þessari upphæð.

Ég held að það breyti ekki þeirri stöðu sem 300 fjölskyldur eru í hérna í Reykjavík þó þessi leið verði farin. Reyndar, herra forseti, ber að halda því til haga að á biðlistum eftir leiguíbúðum og þeirra sem þurfa lausn á leigumarkaðnum eru 2.000 manns sem bíða eftir leiguíbúðum og það er samkvæmt skýrslu félagsmálaráðherrans.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að Reykjavíkurborg hefði ekki nýtt sér þau lánsloforð sem Reykjavíkurborg hefur fengið nema að hluta. Nú hef ég ekki kynnt mér það en dreg í efa að Reykjavíkurborg hafi ekki nýtt sér það sem hún mögulega getur og treystir sér til miðað við fjárhagsáætlanir sínar, miðað við það neyðarástand sem ríkir í þessum málum og út frá þeim áhyggjum sem borgarstjóri lýsti af þessum málum nú fyrir helgina.

Sveitarfélögin gera fjárhagsáætlanir og ég býst við því að hún hafi raskað verulega fjárhagsáætlunum, t.d. hjá Reykjavíkurborg, sú gífurlega hækkun sem hefur orðið á fasteignaverði á sl. tveimur árum. Það hefur hækkað svo tugum prósenta skiptir og hefur auðvitað haft áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélaganna, t.d. í Reykjavík, að geta ekki byggt samsvarandi fjölda íbúða og ætlað var í upphafi. Með sama hætti hefur hækkun á fasteignaverði, sem er bein afleiðing af niðurlagningu á félagslega kerfinu, raskað verulega fjárhagsstöðu heimila.

Hækkað fasteignaverð hefur komið fram t.d. í skertum vaxtabótum fólks, í því að fólk hefur fengið skertar barnabætur og ungt fók sem er að kaupa sitt fyrsta húsnæði hefur þurft að borga upp undir milljón meira fyrir tveggja herbergja íbúð en það hefði þurft að gera fyrir tveimur eða þremur árum.

Herra forseti. Við lok þessarar umræðu vil ég segja að það þýðir ekki að skauta svona létt fram hjá þeim mikla vanda sem fjöldi heimila stendur frammi fyrir. Ráðherrann lætur að því liggja að einhver lausn sé í nánd varðandi stöðu þeirra heimila sem bíða eftir að fá lausn í húsnæðismálum sínum. Ég fullyrði að það gerist ekki, herra forseti, nema með verulega auknu ríkisframlagi núna við fjárlagaafgreiðsluna til sveitarfélaganna.

Ég endurtek, herra forseti, að það er áhyggjuefni að ofan á það að þetta fólk bíði eftir því að fá lausn á húsnæðisvanda sínum þá geti það átt von á verulegri skattahækkun vegna óbilgirni ríkisvaldsins í að leysa þann vanda sem sveitarfélögin eru komin í vegna fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga.

Þessi ríkisstjórn hefur staðið að því á sinni tíð að skattleysismörkin hafa verið skert svo verulega að t.d. lífeyrisþegar, sem hafa lítið meira sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga, eru allt í einu farnir að borga skatta. Lífeyrisþegar kvarta auðvitað sáran yfir því að tekjur þeirra, sem eru langt frá því að duga fyrir framfærslunni, séu skattlagðar, að nú sé svo komið af hálfu ríkisvaldsins að það sjái ekki aðra að höggva í en lífeyrisþega og láglaunafólk. Þetta fólk er allt í einu farið að greiða skatta. Það munar töluvert um þær fjárhæðir þó ekki séu nema kannski 5 eða 6 þús. kr. sem það greiðir í skatta. Þeim sem greiða skatta hefur fjölgað verulega frá því var fyrir nokkrum árum.

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að þetta hittir fyrir það fólk sem býr nú við neyðarástand í húsnæðismálum eins og ég hef lýst. Mér finnst ráðherrann taka því allléttilega hér í ræðustól, svo ekki sé meira sagt.

Ég spyr ráðherrann því hér í lokin: Má búast við því að ... (Gripið fram í.) Það er til nokkuð sem heitir andsvar og ég býst við að ráðherrann megi tala í andsvari. Forseti kinkar kolli.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Má búast við því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir auknu ríkisframlagi við fjárlagagerðina nú þannig að hægt sé að koma til móts við sveitarfélögin þannig að þau geti byggt fleiri leiguíbúðir?

Ég spyr, af því að ráðherrann neitar því að það sé verið að hækka vexti í 5–6%: Er ekki rétt skilið hjá mér að fjárlögin geri ráð fyrir að hækka vexti upp í markaðsvexti, eða skil ég það ekki rétt?

Ég veit ekki betur en við höfum rætt um það, m.a. þegar félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður, að til stæði um nk. áramót að hætta niðurgreiðslu á vöxtunum. Það hlýtur að þýða verulega hækkun á vöxtum sem leiðir auðvitað til hærri húsaleigu, færri félagslegra íbúða, meiri útgjalda hjá sveitarfélögunum, ef þau ætla að halda í horfinu og byggja það sem þarf af leiguíbúðum, eða þá aukins kostnaðar vegna húsaleigubóta. Allt þetta þýðir aukningu á útgjöldum sveitarfélaganna, ef ekki á að koma til móts við þær fjölskyldur sem búa við neyðarástand í húsnæðismálum.

Ég spyr, herra forseti: Hefur hæstv. ráðherra kynnt sér ástandið hjá þeim sem búa við þetta neyðarástand? Það hefur komið fram hjá fleirum en borgarstjóra. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að hundruð fjölskyldna, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, búa við neyðarástand.

Hefur hæstv. ráðherra gert sér það ómak að kynna sér stöðu þeirra fjölskyldna sem búa við þetta ástand? Hefur hæstv. ráðherra virkilega engar aðrar lausnir fram að færa en hann tjáði sig um hér fyrir augnabliki síðan?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (vatnsgjald). — Þskj. 210.

[17:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er afleiðing af tekjustofnafrv. Það byggir á tillögu tekjustofnanefndarinnar og tilgangur frv. er að samræma ákvæði laga nr. 81/1991, sem lúta að innheimtu vatnsgjalds, þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem flutt er samhliða. Í því ákvæði er gert ráð fyrir að framvegis verði álagning fasteignaskatts miðuð við fasteignamat húsa og mannvirkja. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að stofn til álagningar vatnsgjalds skuli vera fasteignamat.

Þetta frv. er einungis afleiðing af þeirri breytingu sem verið er að gera á tekjustofnum sveitarfélaga, eða eins og segir í c. lið 1. gr.:

„Í stað orðanna „0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni" í 4. mgr. kemur: 0,4 hundraðs hlutum af fasteignamati."

[17:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem hér er lagt fram leiðir athyglina að stöðu vatnsveitna almennt en ekki síður að stöðu vatnsveitna í sveitum sem ég vildi gera að umtalsefni.

Á sl. þingi lagði hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson fram fyrirspurn um vatnsveitur á bændabýlum. Þá svaraði hæstv. félmrh. því til að unnið væri að lagalegum grundvelli til að vatnsveitur á bændabýlum gætu einnig fengið styrki eins og vatnsveitur í eigu sveitarfélaga. En við breytingu eða niðurfellingu jarðræktarlaganna urðu vatnsveitur á sveitabýlum lagalega munaðarlausar.

Ég vil með leyfi, herra forseti, vitna til ræðu hæstv. félmrh. frá áðurnefndum umræðum:

„Varðandi vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa í sveitum þá voru ákvæði í jarðræktarlögunum um skyldur ríkisins til greiðslu framlaga vegna þessara vatnsveitna. Búnaðarfélag Íslands hafði með úthlutun þessara framlaga að gera, svo og eftirlit með framkvæmdum. Fyrir nokkrum árum fór að gæta mikillar tregðu með fjármagn til þessara framlaga eins og annarra framlaga sem tengdust einhvern veginn landbúnaði öðruvísi en í gegnum skógrækt eða landgræðslu og þessi framlög voru alveg felld niður, sem er náttúrlega ómögulegt fyrirkomulag."

Ég vek athygli á því, herra forseti, að ég vitna hér til ræðu hæstv. félmrh.

„Ég beitti mér fyrir breytingum á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tók gildi í janúar 1999 þannig að heimilt væri að greiða úr honum framlög til vatnsveitna í sveitum. En eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Árna Steinars Jóhannssonar, eru verulegir annmarkar á því að gera þetta í gegnum sveitarfélögin, koma þessum framlögum til réttra aðila með milligöngu sveitarfélaganna. Ég hef því ákveðið að leggja til við tekjustofnanefndina," — þ.e. nefndina sem skilaði áliti í haust og þetta frv. er byggt á — „og er reyndar búinn að því, að við endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði heimilt að greiða þessi framlög með milligöngu Bændasamtakanna. Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna hefur ekki heimild til að greiða öðrum en sveitarfélögunum. En ég óska eftir því að opnað verði fyrir heimild til þess að greiða þessa upphæð í einu lagi til Bændasamtakanna, sem síðan tækju að sér að koma framlaginu til réttra aðila samkvæmt mælingu þar að lútandi þegar úttekt verður á framkvæmdum. Það er alveg óviðunandi að ekki gildi jafnræði um aðstoð í þessu efni við vatnsveiturnar."

Herra forseti. Ég vitnaði hér til ræðu hæstv. félmrh. frá 125. þingi varðandi stöðu vatnsveitna í sveitum.

Ég þykist vita fyrir víst að hæstv. félmrh. vilji að þarna gildi jafnræði og að þessar vatnsveitur fái stuðning eins og aðrar vatnsveituframkvæmdir. Það er ekki hægt að ætlast til þess að sveitarfélögin axli þá ábyrgð að eiga og reka vatnsveitur á hverjum einstaka sveitabæ. Hins vegar er jafnófært, eins og hæstv. félmrh. kom að í þessu svari sínu við fyrirspurn frá því sl. vetur, að ekki skuli vera á þessu önnur lausn.

Ég verð því að harma, herra forseti, að í þessum tillögum til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er hvergi, að því er ég hef séð, vikið að þessu máli, þrátt fyrir gefnar yfirlýsingar.

Ég leyfi mér hér að ítreka við hæstv. félmrh. að hann gefi okkur svar við því hvað sé að gerast varðandi fjármögnun

og stuðning við vatnsveitur í sveitum. Er þetta ekki þriðja þingið sem við höfum fengið að heyra yfirlýsingar frá honum varðandi þetta mál?

[17:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. hefur lög að mæla. Það er hverju orði sannara að þetta er óviðunandi ástand. Ég beindi því náttúrlega til tekjustofnanefndarinnar að taka á málinu en það gerði hún því miður ekki. Því var það ekki skrifað inn í þetta frv. eins og það stendur núna. Ég hafði hins vegar hugsað mér að fara fram á það við hv. félmn., sem ég óska eftir að þessu frv. verði vísað til, að hún líti á þetta mál og hvort ekki sé mögulegt að taka inn ákvæði um vatnsveitur í sveitum í þetta frv. Það er reyndar hægt að koma þessu við annars staðar en ég held að þægilegast sé að gera þetta svona. Það er komin í gang vinna í ráðuneytinu við að forma það. En í hinni örstuttu framsöguræðu minni áðan láðist mér að geta þess arna.

[17:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeim orðum hæstv. félmrh. um að hann ætli ekki að láta hér við sitja. En ég vil líka minna á að hæstv. ráðherra hefur sagt viðlíka líklega síðustu tvö ár og þess vegna bara leyfi ég mér að spyrja: Er einhver von til þess að nú sé meira að marka vilja hæstv. ráðherra, að hann nái fram að ganga þannig að þetta réttlætismál verði í rauninni virt en ekki bara fallegar og góðar meiningar hæstv. ráðherra hér á þingi og svo punktur og basta?

[17:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örlög þessa litla frv. eru náttúrlega senn í höndum hv. félmn. Það er fyrst og fremst undir vilja hennar komið hvort hún verður við þeirri bón sem ég kem til með að beina til hennar.

Ég hef ekki, að ég muni, lofað þessu hvað eftir annað. Ég beitti mér fyrir því að breyta reglugerð um jöfnunarsjóð en sú breyting var ófullnægjandi. Þegar í ljós kom að hún var ófullnægjandi þá varð að grípa til annarra ráða og það er akkúrat það sem þarf nú að gera.

[17:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur líka reynt fleiri leiðir í þessum efnum, það er að fá breytingar á jarðræktarlögunum. Ég veit ekki betur en það erindi hafi verið sent bændasamtökunum á síðasta búnaðarþingi. Það eru því til fleiri leiðir en engin þeirra hefur náð fram að ganga og ætli það séu ekki komin ein þrjú, fjögur ár sem þetta hefur staðið þannig.

Í lokaandsvari mínu get ég ekki, herra forseti, gert annað en að brýna hæstv. félmrh. að láta nást einhvern árangur en ekki bara orð því hér er mikið óréttlæti á ferðinni gagnvart sveitabýlunum. Það eru eðlilega sjálfsagðar kröfur um að drykkjarvatn og neysluvatn hvar sem er, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, á sveitabæjum sem standa í mikilli matvælaframleiðslu og taka á móti fólki og hvaðeina að neysluvatn þar sé af þeim gæðum sem til er ætlast.

Herra forseti. Ég ítreka við hæstv. félmrh. að hann láti ekki sitja við orðin tóm um það að skoða heldur að það komist í verk með einhverjum þeim hætti sem hann finnur til að því ljúki.

[17:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eins og málið liggur fyrir er það staðfesting á því að sveitarfélögunum sé ætlað að hækka gjöld sín á móti þeim lækkunum sem hafa verið gerðar mögulegar með breytingum á skattinum á húsnæði. Þetta mun leiða það af sér að sveitarfélögin munu nýta sér þá möguleika til hækkunar og eiga ekki annars kost. Síðan mun í framtíðinni koma í ljós hvort ríkið haldi áfram að greiða eitthvert sérstakt framlag til sveitarfélaganna úti á landi vegna lægri fasteignagjalda því að þau geta svo sannarlega ekki neitað sér um þær tekjur sem þarf til að þjónusta íbúðarhúsnæði þeirra sem búa á svæðinu þó að íbúðarhúsnæði sé kannski í lægra verði en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er því staðfesting á því að þannig mun þetta fara.

Hins vegar langar mig til að spyrja hæstv. félmrh. hvort vatnsveiturnar eins og aðrar veitur séu ekki að neinu leyti inni í umræðunni um breytingar á orkudreifingu eða veiturekstri sem virðist núna stefna hraðbyri inn í einhvers konar allt annað umhverfi en hefur verið á undanförnum árum. Það er nefnilega þannig að vatnsveitur eru víða reknar í samhengi og saman með öðrum veiturekstri sveitarfélaganna. Í sjálfu sér er ekki svo mikill eðlismunur á því að útvega íbúunum vatn hvort sem það er kalt eða heitt, svo ég nefni dæmi, eða rafmagn. Veiturekstur sem slíkur gæti hugsanlega og ekki bara hugsanlega, hann hlýtur að verða tekinn til umræðu í tengslum við þá umræðu sem er í gangi, þó hún hafi ekki komið upp á yfirborðið, um það hvernig orkudreifing og veiturekstur verður í framtíðinni á þessu landi.

Mér finnst það orðið mjög tímabært að stjórnvöld fari að sýna á spilin hjá sér hvað þessi stóru mál varðar og í umræðunni sem var í dag utan dagskrár um stöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum nefndi ég þetta einfaldlega vegna þess að ömurlegt er að horfa fram á þá framtíð að einungis mjög lítill hluti af sveitarfélögunum í landinu muni eiga stærstan hluta í þeim fyrirtækjum sem verða rekin á þessu sviði í framtíðinni, eins og núna stefnir, en önnur sveitarfélög ekki neitt, verði eignalaus í þeirri framtíð sem þarna er verið að kokka á bak við tjöldin. Full ástæða er til að ná þeirri umræðu inn á Alþingi hvað menn ætla sér í þessum efnum því að yfirlýsingarnar um að það eigi að koma á breytingum af þessu tagi, þ.e. samkeppnisumhverfi í orkudreifingu, orkuöflun og dreifingu í þessu landi, hafa svo sem legið fyrir en ekkert hvernig menn ætli síðan að láta þetta taka gildi í upphafi og hvernig eignum sveitarfélaganna muni þá vera fyrir komið þar sem það liggur fyrir að Reykjavík á 45% í Landsvirkjun en Akureyri 5%, önnur sveitarfélög eiga ekki umtalsverðar eignir í þessum orkugeira. Þau sveitarfélög sem ég nefndi hafa nánast engar eignir lagt inn í Landsvirkjun en munu fara út með gífurleg verðmæti. Þarna þarf að rétta hlutina af áður en til þessarar uppstokkunar kemur og um þetta vantar alla umræðu.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru veitur, vatnsveitur og aðrar veitur ekkert uppi á þeim borðum þar sem fjallað er um þessi mál?

[17:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga umræðuna á langinn en hér er um að ræða fylgifrv. með meginfrv. um tekjustofna sveitarfélaga og gerð glögg grein fyrir því í athugasemdum við frv. Hér er um að ræða þjónustugjald, vatnsgjaldið, og þjónustan verður ekkert ódýrari við það að fasteignamatsvið-

mið breytist og því eðlilegt og sjálfsagt að auknar heimildir til þeirra sveitarfélaga sem munu í framtíðinni búa við lægra fasteignamat og þar af leiðandi lægri tekjur verði hækkaðar til að mæta því. Ég get mjög vel fellt mig við þetta og þetta er eðlilegur hluti í því góða máli sem ég hef nefnt áður um lækkun fasteignaskatts sem menn hafa þó verið að gera heiðarlegar tilraunir til þess að eyðileggja með því að hækka aðra skatta á móti.

En ekki meira um það, hér hafa menn verið að benda á mál þessu óskylt, þ.e. um vatnsveitur almennt og vatnsveitur einstaklinga og bænda sem er viðfangsefni sem er sjálfsagt að ræða á réttum stað og réttum tíma. Mig rekur ekki minni til þess að boðskapur ráðherra, sem hann lýsti áðan, hafi komið sérstaklega inn í þessa tekjustofnanefnd. Það hefur þá verið á einhverjum þeim örfáu fundum sem viðkomandi var ekki mættur á en ekki var lögð þung áhersla á það. Enda vil ég rifja upp að hér var um að ræða tekjustofnanefnd sveitarfélaga, ekki endurskoðunarnefnd jöfnunarsjóðs né heldur endurbótanefnd í vatnsmálum vítt og breitt. Við orð hæstv. ráðherra velti ég því fyrir mér hvort það sé rétta leiðin að taka á því máli í nefnd milli umræðna eða hvort ekki ætti að gera út sérstaka sjálfstæða ferð í þeim efnum ef menn vilja taka á því viðfangsefni. Ég velti því upp þannig að öllu sé haldið til haga á réttum stað og réttum tíma.

Í þessu samhengi skýt ég því upp hvort það sé ekki of einföld og skjótfengin lausn sem gæti hugsanlega leitt af sér vandamál og flækjur ef breyta ætti lögum eða reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í þá veru að einstaklingar gætu í stórum stíl átt þar aðkomu. Ég spyr sjálfan mig að því hvort menn þurfi ekki að hugsa það mál a.m.k. mjög alvarlega. Þá vil ég á engan hátt draga úr mikilvægi þess að prívatvatnsveitur bænda fái stuðning og styrk en það þarf að vera með réttum hætti.

[17:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Forseti. Hugmyndin gekk út á það að bændasamtökin sæju um verkefnið, þ.e. ekki væri verið að vesenast við einstaka einstaklinga heldur að bændasamtökin gerðu heildaráætlun um hvað þyrfti á hverju ári og sæju svo um útgreiðslu á þessum fjármunum.

En hér er um þjónustugjald að ræða og ég held ég muni það rétt að ég hafi skrifað tekjustofnanefndinni bréf um þetta atriði á sínum tíma. (**GÁS:** Hvar er það bréf?) Það skiptir ekki höfuðmáli en það sem skiptir máli er það að um er að ræða þjónustugjald eins og hv. þm. talaði réttilega um. Þar sem um er að ræða þjónustugjald sem er eingöngu ætlað að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu á breytingin ekki að fela í sér auknar álögur á gjaldendur. Er í því sambandi bent á að langflest sveitarfélög nýta sér einungis að hluta álagningarheimild sína vegna vatnsgjalds.

Varðandi vangaveltur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um stöðu annarra veitna vill svo til að hitaveitur og rafveitur heyra öðru ráðuneyti. Þetta gerir visst ósamræmi og mér fyndist að alveg kæmi til greina að vatnsveiturnar færðust yfir til iðnrn. Ég tel að þær ættu ekkert síður heima þar en hjá félmrn. En það er arfur frá gamalli tíð að þetta er hjá félmrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:28]

Útbýting þingskjala:

Flutningur byggðamála frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis, 219. mál, svar forsrh., þskj. 261.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, 243. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 268.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Stjfrv., 201. mál (sektarákvarðanir Félagsdóms). — Þskj. 211.

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er endurflutt en það náði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Það tekur á tveimur atriðum. Í fyrsta lagi er það leiðrétting í texta, þ.e. í stað orðanna „Vinnuveitendasamband Íslands“ koma „Samtök atvinnulífsins“ og í öðru lagi, og það er nú meginmál þessa frv., að í 1. mgr. 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur kemur fram að Félagsdómur geti dæmt aðila til að greiða sektir. Þetta er síðan áréttað í 70. gr. þar sem segir að brot á lögunum varði sektum samkvæmt 67. gr. og séu dómar Félagsdóms endanlegir og verði ekki áfrýjað.

Pétursson):

Hinn 7. september 1999 tók Mannréttindadómstóll Evrópu þá ákvörðun að kærumál Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu væri tækt til efnismeðferðar fyrir dómstólnum. Mannréttindadómstóllinn lagði jafnframt til að aðilar leituðu sátta í málinu. Kæruefnið í máli þessu laut að því að samkvæmt íslenskum lögum er ekki unnt að áfrýja dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996, þar sem kærandi í málinu var dæmdur til að greiða 500 þús. kr. sekt til ríkissjóðs á grundvelli 65. og 70. gr. laga nr. 80/1938. Í ljósi þessa óskaði dómsmrn. eftir áliti réttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar um hvort nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í niðurstöðum beggja nefndanna kemur fram að þær telja vafasamt að núverandi skipan, þ.e. að Félagsdómur ákvarði sektir sem lúta ekki meðferð refsimála og ekki er unnt að áfrýja, standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og lögðu þær til breytingar á ákvæðum laganna.

Eins og fyrr greinir náði frv. þessa efnis ekki fram á 125. löggjafarþingi. Þann 30. maí 2000 samþykkti Mannréttindadómstóll Evrópu að fella niður mál Siglfirðings ehf. fyrir dómstólnum á grundvelli sáttar aðila í málinu. Í sáttinni er m.a. vísað til að frv. til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem feli í sér að sektarákvæði Félagsdóms verði kærð til Hæstaréttar, hafi verið lagt fram á Alþingi vorið 2000 og verði lagt fram að nýju að hausti. Er því ljóst að frv. þetta var ein þeirra forsendna sem Mannréttindadómstóllinn byggði á er hann samþykkti framangreinda sátt Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu.

Ég vona að frv. fái meðhöndlun í hv. félmn. og því verði vísað þangað að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er systurfrumvarp þess frv. sem hér hefur verið rætt í dag og í síðustu viku um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og byggist á tillögum nefndar sem endurskoðað hefur tekjustofna sveitarfélaganna og lagt fram tillögur þar að lútandi.

Sá hluti tillagna tekjustofnanefndar sem snertir tekjustofna ríkisins, birtist í þessu frv. Lagt er til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki úr 26,41% í 26,08%, eða um 0,33%. Gert er ráð fyrir að þessi breyting komi til framkvæmda 1. janúar 2001, vegna staðgreiðslu á árinu 2001 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2002.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ekki var mikið á þessu innleggi hæstv. fjmrh. að græða til þess stórmáls sem við höfum verið að ræða í dag og þá einkanlega á fimmtudaginn var og lýtur að stöðu sveitarfélaga í landinu og skattlagningu á þegna landsins og pólitískrar stefnumótunar í þeim efnum.

Það frv. sem hann mælir fyrir snýr einkum og eingöngu að því að lækka tekjuskatt um 0,33% 1. janúar nk. Eins og segir í greinargerð og athugasemdum við það lagafrv. orðrétt, með leyfi forseta:

„Til að milda áhrif framangreindrar heimildar sveitarfélaga til hækkunar á útsvari er lagt til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki um 0,33%."

Það er með öðrum orðum þannig að Sjálfstfl. kemur hér til leiks á lokasprettinum til þess að milda þær tillögur sem hæstv. sveitarstjórnarmálaráðherra hefur mælt fyrir og við höfum verið að ræða. Það er nú býsna kúnstugur viðsnúningur á öllu þessu máli — og skil ég mætavel að hæstv. félmrh. og sveitarstjórnarmálaráðherra vilji hverfa úr salnum, sé búinn að fá nóg — en það er skemmtilegur viðsnúningur á þessu máli þegar það er öllum lýðum ljóst að það hefur verið Sjálfstfl. fyrst og síðast sem hefur ráðið för í þessu máli, og ráðið þeim meginniðurstöðum sem við okkur blasa, nefnilega þeim að hækka á skatta á íbúa sveitarfélaganna. Og það er í samræmi við yfirlýsingar oddvita þessarar ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., sem kom síðsumars og sagði að sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið kynnu ekki með valdið að fara, kynnu ekki að stjórna og þyrftu að horfa í eigin rann og fara að spara peninga og fara að stjórna eins og viti bornir menn. Þeir þyrftu enga nýja peninga til að ná niður viðvarandi hallarekstri sem hefur staðið meira og minna þennan áratug, þ.e. einkum og sér í lagi frá árinu 1995 og til dags dato og hinni staðreyndinni að skuldir sveitarfélaga eru núna komnar í 51 milljarð, þar af 21 nettó hvorki meira né minna. Það er við þær aðstæður sem oddviti þessarar ríkisstjórnar sá sérstaka ástæðu til þess að fara fram í fjölmiðla, óumbeðinn, og lýsa því yfir að allt væri þetta tómt plat og algjörlega að ástæðulausu að menn hefðu af þessu áhyggjur.

Þær voru kaldar kveðjurnar sem hann sendi félögum sínum í sveitarstjórnum vítt og breitt um landið. Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, þó að mér þyki erfitt að viðurkenna það, í allt of mörgum sveitarfélögum, stórum og smáum, eru það einmitt ríkisstjórnarflokkarnir sem fara með völdin og áhrifin. Í mínu kjördæmi til að mynda er það þannig að í flestum sveitarfélaganna, með örfáum góðum undantekningum þó, eru það þessir flokkar sem fara með völdin og áhrifin, og þeim félögum sínum var forsrh. að senda slíkar kveðjur.

Það er amen eftir efninu og niðurstaða tekjustofnanefndar eða meiri hluta hennar skulum við hafa það og ríkisstjórnarinnar, var að knýja fram svipaða niðurstöðu, nefnilega þá að vilji sveitarfélögin fá auknar tekjur, sem enginn deilir um að þau þurfa, þ.e. enginn sem hefur sett sig inn í málin á annað borð, þá verði þau að hækka skatta á sitt fólk.

Þetta er niðurstaða sem við í Samfylkingunni ætlum ekki að sætta okkur við, herra forseti. Í tekjustofnanefnd gerði ég ítarlega grein fyrir afstöðu minni til þessara mála sem byggði á sameiginlegri niðurstöðu allrar nefndarinnar þar sem vandinn var greindur, þar sem menn komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að 4–6 milljarða kr. vantaði, þó sennilega nær síðarnefndu tölunni, til þess að endar næðu saman í rekstri sveitarfélaga, og til þess að þau ættu nokkurn kost á því að reyna að ná niður skuldabagga sem safnast hefur upp á örfáum árum. Um það voru allir sammála, en þar skildi leiðir því er nú verr og miður þegar ríkisstjórnin knúði fulltrúa sína til þess að keyra fram niðurstöðu sem leiddi til skattahækkana.

Ég sagði að við ætluðum ekki að sætta okkur við þetta og þess vegna höfum við flutt brtt. við frv. sem hér er til umræðu. Sú brtt. er ákaflega einföld í sniðum. Hún gerir einfaldlega ráð fyrir því að tekjuskattur ríkisins lækki jafnmikið og auknar heimildir sveitarfélaga í útsvari nema. Það þýðir með öðrum orðum að tekjuhreyfing verður milli opinberra aðila frá ríkisvaldinu, sem er aflögufært, til sveitarfélaga sem þurfa svo sannarlega á auknum tekjum að halda, en það þurfi ekki að leggja auknar byrðar á almenning í þessu landi, á hinn almenna skattgreiðanda.

Ég rakti það hér á fimmtudaginn og er ástæða til að hnykkja á því að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur þó að hann viti auðvitað mætavel um þá stöðu, að þetta þýðir einfaldlega það að vítt og breitt um landið á landsbyggðinni mun fasteignaskattshækkunin, sem ríkisstjórnin lofaði fyrir síðustu kosningar, eyðast og ekki verða að neinu. Sú aðgerð sem átti að vera mótvægisaðgerð í byggðamálum mun týnast í því ljósi að þær sömu sveitarstjórnir munu verða nauðbeygðar til að hækka útsvarið jafnmikið og lækkun fasteignaskatts nemur. Það finnst mér vond niðurstaða þegar menn áttu þess kost í þessari lotu að styrkja dreifbýlissveitarfélögin sem eiga mörg í miklum erfiðleikum sökum fólksfækkunar og ýmissar annarrar óáranar.

Ekki skánar ástandið þegar menn horfa síðan til höfuðborgarsvæðisins þar sem fólksfækkunarframlög fást engin. Huga ætti að því satt að segja hvort ekki ætti að búa til nýtt hugtak sem héti fólksfjölgunarframlög því sýnt hefur verið fram á með gildum rökum að það kostar líka verulega fjármuni sveitarfélaga að taka á móti fólki, ekki síður en hinna sem sjá á bak fólki og tekjum. En hér horfir málið einfaldlega þannig við í sveitarfélögum í mínu kjördæmi, þar sem fasteignaskatturinn mun lítið lækka og sums staðar óverulega, að það þýðir einfaldlega hreina og klára skattahækkun, útsvarshækkun, þegar öllu er til haga haldið.

0,33% tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar er eingöngu þriðjungur af þeirri hækkun sem heimiluð er í útsvari á

næstu tveimur árum. Það þýðir hér á þessu svæði hreina nettó hækkun gjalda á greiðendur á höfuðborgarsvæðinu upp á milli 1.600 og 1.700 millj. kr. Flóknara er það nú ekki, herra forseti. Einhverjir þurfa auðvitað að borga þennan brúsa og það eru almennir skattgreiðendur.

Hæstv. fjmrh. ber því við og hefur verið að reyna að halda því hér til haga í umræðunni að hin pólitíska ábyrgð væri eftir sem áður sveitarstjórnarmannanna og ríkisstjórnin sé ekkert að knýja á um það við sveitarstjórnir hér á þessu svæði eða annars staðar að þau nýti endilega þessa heimild, enda þótt það liggi fyrir og það hafi verið til þess stofnað, þ.e. þessarar nefndar og þeirrar niðurstöðu, að auka þyrfti tekjurnar af ástæðum sem ég hef hér rakið og gert ítarlega grein fyrir. Menn geta því ekki í einu orðinu sagt að sveitarfélögin þurfi miklu meiri peninga, en svo þegar það hentar þá segja sömu menn ja, það er náttúrlega þeirra að ákvarða hvort þau sækja þessa peninga. Svona auðvitað gerast ekki kaupin á eyrinni.

Ég vil líka nefna það, því hæstv. ráðherra hefur talið það henta inn í þessa umræðu og gerði það á fjármálaráðstefnunni hér fyrir ekki margt löngu og hæstv. félmrh. hefur sumpart verið að elta þennan málflutning og herma eftir honum, að menn vilji að sveitarstjórnarmenn axli ábyrgð og þess vegna komi það mjög vel til greina að stórauka allar heimildir í útsvari. Ég vil hafa það algjörlega á hreinu, herra forseti, að ég tel það mjög mikilvægt að sveitarstjórnarmenn hafi mjög mikið svigrúm og þurfi að bera pólitíska ábyrgð og eigi að gera það. Það séu með öðrum orðum pólitískar áætlanir sem ráði því hvort skattar séu lægri eða hærri og þjónustustigið hærra eða lægra.

En í þessu tilfelli, herra forseti, við skulum það algerlega á hreinu, erum við ekki að ræða málið undir þeim formerkjum. Núna erum við einfaldlega að ræða um það að sveitarfélögin fái það sem þeim ber, fái það bætt sem ríkissjóður í sumum tilfellum hefur tekið frá þeim vegna skattalagabreytinga og reglugerðarbreytinga og fái það líka bætt sem ríkisvaldið hefur sett á þau í auknum þjónustukröfum, m.a. með tilflutningi verkefna. Það er einfaldlega verkefni okkar núna, að ríkissjóður skili til baka því sem hann hefur af sveitarfélögum tekið. Það eru kaup kaups, jöfn skipti. Við skulum halda því algerlega til haga í þessari umræðu en ekki reyna að flækja hana með einhverjum útúrdúrum.

Herra forseti. Ég sagði það í umræðunni á fimmtudaginn og ætla að endurtaka það, auðvitað lyktar þessi aðferð langar leiðir. Auðvitað þarf engan stórsnilling í fléttuleik íslenskra stjórnmála til að sjá hvað hér er á ferðinni. Hér er Sjálfstfl. einfaldlega að búa þannig um hnúta að komi R-listinn í Reykjavík til með að nýta sér þær heimildir sem boðið er upp á, þá mun oddviti íhaldsins í borgarstjórn Reykjavíkur rjúka upp og við fengum reykinn af réttunum, við fengum forsmekkinn í sjónvarpi í gær, þar sem einn borgarfulltrúi íhaldsins einmitt viðhafði þau orð að hann biði þess nú þegar borgarstjóri legði til auknar álögur á Reykvíkinga með hækkun útsvars en ekki var beinlínis á honum að heyra að Reykjavík þyrfti á því að halda og þá er auðvitað leikfléttan uppgengin.

Það er næsti söngur sem Sjálfstfl. sönglar þegar það á við að það séu vinstri menn í Reykjavík sem séu að hækka skatta en ekki þingmenn stjórnarliðsins á þessum bæ. Þeir eiga að vísu ekki jafnauðvelt með það — og ég sé að hér hafa sumir vaknað upp með gamalkunnugt glott — í sveitarfélögum utan Reykjavíkur þar sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um það í bæjarfélagi eins og mínum heimabæ, Hafnarfirði, að sækja þessa hækkun og leggja hana á íbúa sveitarfélagsins, á alla Hafnfirðinga. Það verður erfitt að kenna vinstri mönnum um það. Það verður jafnerfitt að kenna vinstri mönnum um það í Garðabæ eða Kópavogi eða Seltjarnarnesi því forsvarsmenn þessara sveitarfélaga hafa lýst því yfir í ræðu og riti margir hverjir. Og sumir hafa raunverulega lagt fram tillögur við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar að þeir ætli að sækja þessar hækkanir. Það verður erfitt fyrir íhaldið að snúa því upp á svokallaða vinstri menn. En það ætla þeir svo sannarlega að gera í Reykjavík. Það er algjörlega augljóst mál, til þess eru refirnir skornir.

Við skulum ekki missa okkur út í svona lágkúrupólitík. Það var augljóst hvað forsrh. var að gera hér á síðsumarsdögum þegar hann hélt þessa messu sína um sveitarfélög í landinu og meinti Reykjavík. Það er ný saga og gömul og við þekkjum hana í stóru og smáu, þ.e. hvernig borgaryfirvöld eiga í sífelldri og endalausri baráttu við þessa ríkisstjórn, hvernig 110 þúsund íbúar í Reykjavík þurfa að eiga það undir dyntum, pólitískum dyntum forsvarsmanna þessarar ríkisstjórnar, að þeim sé þjónað eðlilega eins og öðrum íbúum landsins. Þar nægir að nefna til sögunnar samgöngumálin, þ.e. hvernig þessi ríkisstjórn og fulltrúar hennar með samgrh. í broddi fylkingar með liðsstyrk þingmanns Reykjavíkur, hæstv. fjmrh., vega ár eftir ár í þann knérunn að skera niður mikilvægar framkvæmdir hér. Þetta er framhald á því sem áður hefur verið gert og sagt, að nú eigi að búa þannig um hnúta að knýja sveitarfélög og þá einkanlega Reykjavík til þess að hækka útsvar á borgarbúum.

En við skulum bara standa saman um það, herra forseti, að ganga eðlilega hér um þannig að íbúar sveitarfélaga hringinn í kringum landið njóti jafnræðis í þessari umræðu, í þessu tilliti og ekki verði hækkaðir skattar á nokkurn einasta mann. Það er auðvitað einfalt og eðlilegt að gera það með því að samþykkja þá tillögu sem ég hef mælt fyrir, um að ríkissjóður lækki um 0,99% á næstu tveimur árum, jafnmikið og hækkun í útsvari gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég ætla ekkert að orðlengja um þetta. Við þekkjum öll málavöxtu í þessu máli. Ég finn það og skynja að Sjálfstfl. sviður það í þessari umræðu, af eðlilegum ástæðum, þegar á það er bent að nú sé það sérstakt keppikefli Sjálfstfl. að búa þannig um hnúta að skattar séu hækkaðir á almennt launafólk í landinu. Það er í fullkomnu ósamræmi við yfirlýsingar þessa flokks, einkum og sér í lagi á hátíðisdögum, og er undarlegt innlegg í pólitíska umræðu dagsins að gera þetta með þessum hætti.

En þetta er nú veruleikinn sem við okkur blasir. Hér hef ég reynt að draga upp myndina eins og hún er í raunveruleikanum en ekki í plati. Því einu sinni var nú sagt úr þessum ræðustóli að sumir hlutir væru þetta og hétu þetta. Og hér erum við að tala um að skattahækkun er hún og skattahækkun skal hún heita. Það er bara þannig. Sjálfstfl. fer nú fram með þessa skattahækkun á almenning í landinu og það skal vera skráð á spjöld hinnar pólitísku sögu svo um munar.

Herra forseti. Ég vil að lyktum fara þess ákveðið á leit við formann, varaformann og raunar alla efh.- og viðskn., að hún tryggi það við meðferð málsins að sú breytingartillaga sem allur þingflokkur Samfylkingarinnar hefur flutt við 1. umr. málsins fái málefnalega umræðu í nefndinni og að sú breytingartillaga, eins og meginfrumvarpið, verði send til umsagnar til allra sveitarfélaga hringinn í kringum landið eins og eðlilegt er. Ég treysti því að þannig verði það gert. Það er hin málefnalega rétta leið og þess vegna er verið

að kynna þetta frv. hér og bera það formlega fram við 1. umr. málsins þannig að það fái málefnalega umfjöllun hjá hagsmunaaðilum sem um málin munu fjalla. Það er mjög mikilvægt í þessu máli og ég treysti á liðsstyrk herra forseta um að þau mál gangi fram eins og ég lýsti hér, og einnig nefndarmanna annarra.

Að svo mæltu þarf ég ekki að orðlengja þetta. Hér er veruleikinn býsna skýr og einfaldur í allri sinni mynd og þarf ekki að gera hann flóknari en hann er.

[17:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur átt sér stað allfróðleg umræða um niðurstöðu nefndar um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og skiptingu þar á milli, fyrst umræðan sem hæstv. félmrh. var með hér fyrir helgi og að hluta til í dag og síðan framsaga hæstv. félmrh. áðan um tekju- og eignarskatt og þá niðurstöðu sem fékkst hjá nefndinni, sem ég hlýt að skoða fyrst og fremst sem skilaboð frá ríkisstjórninni en ekki eindreginn vilja þeirrar nefndar sem þar átti hlut að máli, vegna þess að mér finnst ítrekað hafa komið fram að ýmsir nefndarmenn, þar á meðal fyrst og fremst sveitarstjórnarmennirnir og síðan fulltrúar sem stjórnarandstaðan átti í þessari nefnd, hafi sagt: „Lengra varð ekki komist. Þetta var það eina sem boðið var upp á og því verðum við að taka."

Það er hins vegar þannig að þróun undanfarinna ára hefur gert það að verkum að fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur verið og er mjög erfið. Margt kemur þar til, ekki bara að verkefni hafi verið flutt yfir til sveitarfélaganna sem við gjarnan viljum sjá, þ.e. að sveitarfélögin höndli meira með þá þætti sem snúa að íbúum hvers sveitarfélags og um það hefur verið samstaða í þinginu að flytja verkefni til þeirra. En það er ekki einungis um það að ræða heldur hafa mjög mörg sveitarfélög í landinu gengið í gegnum erfiðleikatímabil hvað varðar atvinnu og framgang og stöðu fyrirtækja. Þar nægir að nefna sjávarbyggðirnar allt í kringum landið og þann fólksflótta sem verið hefur frá sveitarfélögunum á landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Þar er ekki bara um það að ræða, virðulegi forseti, að það bitni illa á fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélaga sem missa frá sér fólk. Það er einnig mjög erfitt fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að taka við þeim mikla fjölda sem þangað hefur flutt á undanförnum árum. Það hefur því æðimargt orðið til þess að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er nú sú sem lýst hefur verið í umræðunni í dag og fyrir helgi.

Það er einnig ljóst að góðærið svokallaða hefur ekki skilað sér að sama skapi til sveitarfélaganna hvað varðar auknar tekjur þeirra, eins og til ríkisins. Þess vegna hefur verið býsna erfitt að hlusta á helstu talsmenn hæstv. ríkisstjórnarinnar halda því fram að hér væri aðeins um það að ræða að sveitarfélögin hefðu eytt og sóað og að þau þyrftu bara að sýna meira aðhald í peningamálum til þess að laga stöðuna. Það væri ekki vegna þess að tekjustofnar þeirra væru allt of litlir. Það væri ekki vegna þess að verkefnin sem þau hafa fengið væru mörg og þung og tekjustofnar sem hafa fylgt með hefðu verið of litlir. Það væri ekki vegna þess að fólki hefði fækkað mjög í mörgum sveitarfélögum úti um landið. Það væri ekki vegna svikinna loforða ríkisvaldsins í gegnum tíðina hvað varðar uppbyggingu atvinnu á landsbyggðinni. Það væri ekki vegna þess að sveitarfélögin mörg hver hefðu ekki getað nýtt þennan tekjustofn sinn, útsvarið. Hann nýtist þeim afar illa. Útsvarið sem tekjustofn nýtist mjög misjafnlega í sveitarfélögum. Það fer eftir tekjum sem þar eru og það eru mörg láglaunasvæði í landinu. Mér hefði fundist eðlilegra að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. færu yfir þær aðstæður sem sveitarfélögin í landinu búa við í dag, en að menn settu ekki undir sig hausinn og segðu: Þetta er bara eyðsla og sóun. Þetta er það sem við gerum. Hér eru heimildir til sveitarfélaganna, náðarsamlegast, til að hækka útsvarstöku, en við ætlum ekki að lækka okkar tekjustofna á móti, vegna þess að þetta er refsiaðgerð af því þau hafa hagað sér svo illa. Þau hafa eytt svo miklu. Og þetta er beinlínis refsiaðgerð af hálfu ríkisvaldsins.

Við getum auðvitað deilt um það, og það er kannski eðlilegra að sú umræða fari fram í annan tíma, hvort útsvarið er rétt leið hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna, þ.e. að vera með þetta tvískipt, annars vegar tekjuskattinn og eignarskattinn, og hins vegar útsvarið sem tekjustofn sveitarfélaga. Þetta er auðvitað sýndarmennskusjálfstæði sveitarfélaga og ekkert annað, þar sem Alþingi ákveður hámarkið á álögum sveitarfélaga hverju sinni. Síðan sér ríkið um innheimtuna og alla umsýslu og skilar gjaldinu til sveitarfélaganna. Það væri eðlilegra að þetta væri bara einn gjaldstofn, við værum bara með tekjuskatt og sveitarfélögin ættu þar ákveðinn hlut af. Það væri mikil einföldun á því kerfi.

Ég átti satt að segja von á því eftir þennan langa tíma sem tekjustofnanefndin var að störfum að menn ræddu ýmsar aðrar leiðir hvað varðar tekjustofna ríkis og sveitarfélaga. Við erum með úrelta tekjustofna hjá ríkinu, svo ég nefni bara stimpilgjaldið. Við erum líka með úrelta tekjustofna og úrelt fyrirkomulag hvað varðar ríki og sveitarfélög, þessa skiptingu á tekjuskatti og svo útsvarinu. Ég hefði átt von á því að tekjustofnanefndin kæmi með tillögur til úrbóta, þó þarna væri gripið inn í sérstaklega hvað varðar næsta ár, að þá lægju a.m.k. fyrir einhverjar tillögur til að vinna úr hvað framtíðina varðar frá þessari ágætu nefnd.

Síðan er eitt, virðulegi forseti, sem ég hef undrað mig á í þessari umræðu og reyndar í ræðu sem hæstv. félmrh. hélt á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaganna. En þar hefur hann haldið því fram að það sem út úr þessu frv. sem hér er til umræðu kemur og þeim breytingum sem ríkisstjórnin hefur lagt til á tekjustofnunum, þá hafi sveitarfélögin — þ.e. í stað þess að allir fulltrúar sveitarfélaganna halda því fram og þar á meðal flokksbróðir hæstv. fjmrh., að þrátt fyrir þessar ráðstafanir komi sveitarfélögin til með að skorta tekjur og þá miðað við þau verkefni sem við blasa að þau hafa í dag, þó ekki sé verið að taka tillit til þeirra verkefna sem koma hugsanlega á næstu árum. En hæstv. félmrh. og reyndar hæstv. forsrh. hefa ítrekað haldið því fram að þarna sé bara nokkuð vel í lagt. Mig minnir að hæstv. félmrh. hafi orðað það þannig, en það kom fram í útvarpsviðtali við hæstv. félmrh. fyrir stuttu síðan, að eftir þessar ráðstafanir þá vanti sveitarfélögin ekki 7 milljarða króna eins og fulltrúar þeirra í tekjustofnanefnd hafa haldið fram — þar viðurkennir hann þó að fulltrúar sveitarfélaganna í þessari tekjustofnanefnd hafi ekki verið fullkomlega hressir með þetta — heldur eigi þau þvert á móti völ á því að nýta sér 6–7 milljarða króna eftir aðgerðir ríkisins til að rétta hlut sveitarsjóðanna.

Auðvitað munu þau nýta þessar fjárhæðir og auðvitað er það þannig að flest sveitarfélögin munu nýta þessa heimild í botn. Af hverju munu þau gera það? Vegna þess að það er vöntun á tekjum til að sinna lögbundnu hlutverki. Ef hæstv. ráðherrar og ég tala nú ekki um hv. þingmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, hafa ekki tekið eftir því, þá er staðan þannig í dag að nær öll sveitarfélög nýta hámarkið

hvað útsvarið varðar, þ.e. hámarkið er 12,04%, eða hefur verið, en meðaltal allra sveitarfélaga í landinu er 11,96%. Það segir sína sögu. Sveitarfélögin nýta hámarkið og verða að gera það. En það dugar ekki til miðað við þá fjárvöntun sem blasir við hjá þeim.

Ég kom inn á það áðan, virðulegi forseti, að útsvarið er mjög misgjöfull skattstofn fyrir sveitarfélög. Ef við horfum t.d. á árið 1999 þá var útsvarið frá um 100 þús. kr. á gjaldanda upp í um 270 þús. kr. Meðaltalið var um 193 þús. kr. Um helmingur sveitarfélaga hafði minna en 155 þús. kr. í útsvarstekjur á gjaldanda, um helmingur meira. Hækkun útsvarshlutfallsins kemur sér mjög misjafnlega fyrir sveitarfélögin og ef miðað er við 1% hækkun á útsvari gefur það á bilinu frá 8 þús. kr. upp í u.þ.b. 22 þús. kr. tekjuhækkun á gjaldanda. Ástæðan er auðvitað mismunandi tekjur á mann í hverju sveitarfélagi.

Þetta er þannig að sveitarfélögin munu þrátt fyrir þessa leiðréttingu búa áfram við mismunun og þau munu áfram búa við ákveðna erfiðleika hvað varðar afkomu sína og möguleika til að skila þeirri þjónustu sem þau eiga að gera lögum samkvæmt. Auðvitað verður það erfiðast hjá litlu sveitarfélögunum. Auðvitað mun þetta bitna fyrst og fremst á þeim.

Við skulum heldur ekki gleyma því að sveitarfélögin hafa þurft að fjárfesta, sveitarfélögin hafa þurft að taka lán, jafnvel til rekstrar og vextir á lánum eru í dag með því hæsta sem gerst hefur. Það bitnar ekki bara á einstaklingum og fyrirtækjum, það bitnar af fullum þunga á sveitarfélögunum líka.

Sú peningamálapólitík sem rekin er af ríkisstjórninni hefur komið mjög illa niður á sveitarfélögunum. Vaxtahækkanirnar síðustu mánuði munu bitna af fullum þunga á þeim sveitarfélögum sem eru að reyna að veita það þjónustustig að þau séu samanburðarhæf og í samkeppninni um að halda fólkinu á staðnum.

Þetta er í raun stór hluti af byggðastefnunni. Byggðastefna ríkisstjórnarinnar felst í þessu frv. eins og það er raunverulega. Það er að koma ekki til móts við fólkið í landinu með því að lækka tekjuskattinn í sama hlutfalli og útsvarshækkunin er. Þetta þýðir hreina og klára skattahækkun, skattahækkun sem sveitarfélögin eru látin framkvæma. Hvers vegna? Vegna þess að skattahækkun er hagstjórnartæki og ríkisstjórnin hefur ekki haft kjark til að beita því hagstjórnartæki á umliðnum tveimur árum. Það á að velta ábyrgðinni yfir á sveitarfélögin vegna þess að ég býst við að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að mikil þörf er á því að beita annars konar stýringu en eingöngu hækkun vaxta og á vissan hátt sýndarmennskutilburðum í aðhaldi í ríkisfjármálum. Við vitum öll að ríkisútgjöld hafa vaxið, þau hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum. En tekjurnar hafa hins vegar vaxið mikið á móti og langt umfram það sem sveitarfélögin hafa notið.

Nú er ætlunin að flytja yfir til sveitarfélaganna eitt verkefnið enn, það eru málefni fatlaðra og þau munu verða þeim afar dýr miðað við þær tölur sem hafa verið birtar. Möguleikar sveitarfélaga til að mæta þessu verkefni verða áfram mjög misjafnir.

Við hefðum þurft að sjá í niðurstöðu nefndarinnar að tekið væri á þeim mismun sem er á milli sveitarfélaganna til að afla sér tekna með öðrum hætti en þær tillögur sem blasa við og niðurstöður nefndarinnar kveða á um.

En við í Samfylkingunni höfum undir forustu okkar manns í títtræddri nefnd, tekjustofnanefndinni, flutt breytingartillögu um að tekjuskatturinn verði lækkaður til móts við þá hækkun sem er á útsvarinu og að ríkið firri sig ekki þeirri ábyrgð sem þarf að taka í hagstjórninni. Sé samstaða innan ríkisstjórnarinnar um að það þurfi að hækka skatta verði það ríkisstjórnin sem standi fyrir þeirri skattahækkun en henni sé ekki velt yfir á sveitarfélögin og það mun bitna mjög illa á þeim sveitarfélögum sem síst skyldi. Það eru þau sveitarfélög á landsbyggðinni sem eru í mjög erfiðri fjárhagsstöðu og hafa verið að reyna að byggja upp hjá sér til að halda íbúunum á staðnum. Þess vegna stríðir þetta afar mikið gegn þeirri tillögu sem var samþykkt hér að frumkvæði ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í byggðamálum. Þetta stríðir gegn þeim orðum sem hafa verið viðhöfð af hæstv. ráðherrum, æ ofan í æ úr þessum ræðustól, virðulegi forseti.

Það er löngu orðið tímabært að endurskoða skýrar en nefndin gerði tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og koma með úrlausnir til frambúðar, ekki að horfa á þá tekjustofna eins og við höfum þá í dag heldur að koma með aðrar tillögur og taka út þá úreltu skiptingu og þetta úrelta fyrirkomulag sem gildir hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar.

Því hefur verið haldið fram æ ofan í æ af fulltrúum ríkisstjórnarinnar, jafnvel hæstv. félmrh., sem ætti að þekkja stöðu sveitarfélaganna betur en flestir aðrir ráðherrar, að stjórnarandstaðan sé með þessari tillögu beinínis að hvetja sveitarfélögin til eyðslu, hvetja sveitarfélögin til að halda áfram þeirri eyðslu sem ríkisstjórnin hefur gagnrýnt sveitarfélögin fyrir að standa í.

Þetta eru orð sem eru vart svaraverð og á að vísa beint til föðurhúsanna, virðulegi forseti, vegna þess að umræðan og nefndin sem hefur nú lokið störfum er sett á laggirnar og umræðan áður en hún hóf störf sín og meðan hún var að störfum og núna eftir að hún lauk störfum, hefur öll verið um þekktan fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Það er alveg ljóst að mjög stórir verkefnapóstar, sem eru hjá sveitarfélögunum, munu vaxa á næstu árum. Ef við ætlum að standa okkur í samanburði við þær þjóðir sem við höfum verið að bera okkur saman við og þá ekki síður hvað varðar verkefni sveitarfélaganna en verkefni ríkisins er alveg ljóst að Ísland hefur dregist verulega aftur úr hvað varðar framlög til heilbrigðismála og félagsmála, ef við miðum við þær þjóðir sem við viljum gjarnan bera okkur saman við, það eru þær sem eru innan Evrópska efnahagssvæðisins. Stór hluti af þeim útgjaldapóstum sem eru þar eru hjá sveitarfélögunum. Ef við tökum t.d. málefni sem varða fjölskyldur og börn, við tökum málefni aldraðra, tökum málefni öryrkja, húsnæði, húsnæðiskostnað, félagslega aðstoð, heimilishjálp o.fl. þá erum við að leggja miklum mun minni peninga hlutfallslega til þeirra málaflokka en Norðurlandaþjóðirnar og miklu minni peninga en flestar aðrar þjóðir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er alveg ljóst að það verður m.a. verkefni sveitarfélaganna að bæta þarna úr. Fjárþörf þeirra er alls ekki fullnægt með þeirri breytingu sem hér er gerð. Ég held að tekjustofnanefndin hefði átt að horfa á þessa stöðu í samanburði við það sem fer til þeirra málaflokka sem sveitarfélögin fjalla um hjá Norðurlöndunum og gera samanburð á því hvernig staða sveitarfélaganna er og möguleikar þeirra til að mæta auknum útgjöldum sem eru engir. Það breytist ekki, því

miður, við það frv. sem hér er og niðurstöðu ríkisstjórnarinar sem tekjustofnanefndin hefur gert að sinni.

[18:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan í dag er framhald af umræðunni um tekjustofna sveitarfélaga sem fór fram í vikunni sem leið. En það er eitt atriði sem kom fram hjá hv. ræðumanni sem er ekki hægt að láta ómótmælt því hún segir tillöguna stríða gegn stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um átak í byggðamálum. Ef það stríðir gegn stefnumörkun um átak í byggðamálum að leggja 700 milljónir til jöfnunar út á landsbyggðinni, ef það stríðir gegn átaki í byggðamálum að lækka skatta á landsbyggðinni um 1.100 millj., þá veit ég nú ekki hvað snýr upp eða niður. Ég verð að láta þetta koma fram við umræðuna.

[18:11]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend fyllilega við þessi orð mín vegna þess að þarna er verið að ýta skattahækkun yfir á sveitarfélögin, láta íbúa sveitarfélaganna á landsbyggðinni fyrst og fremst, sem hafa verið mjög illa stödd þar sem atvinnuástand hefur verið bágborið, sveitarfélög sem hafa verið að missa frá sér fólk, hafa mun minni möguleika til þess að afla sér tekna en áður, að þessar tillögur bæta alls ekki þar úr. Þvert á móti er verið að leggja til að íbúar í þeim sveitarfélögum, þar sem sveitarstjórnarmenn hafa lýst því yfir að þeir muni þurfa að nýta heimildina í topp og það nægi ekki til að þeir geti mætt þeim kröfum sem íbúar hvers sveitarfélags gera til stjórnenda sveitarfélaga að staðið sé við lög sem Alþingi hefur samþykkt þar sem við höfum ýtt yfir á sveitarfélögin verkefnum sem þau eru ófær um að sinna vegna fjárskorts.

Tillögur ríkisstjórnarinnar, ekki nefndarinnar því nefndin fylgdi bara ríkisstjórninni, þær bæta ekki þar úr. Þess vegna er þetta ekki í samræmi við þá byggðastefnu sem hér hefur verið og þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið í þeim efnum.

[18:12]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þessi ræða bæti nú lítið úr vegna þess að það er staðreynd að tillögurnar gera ráð fyrir jöfnun til sveitarfélaga úti á landsbyggðinni. Engar raddir hafa komið fram um að sú jöfnun sé óréttlát. Þvert á móti hafa sveitarstjórnarmenn úti á landsbyggðinni lagt mikla áherslu á að þessi 700 millj. kr. jöfnun verði áfram og er ákveðið að hún verði áfram í ár og næsta ár. Þetta er einmitt til að jafna aðstöðu þeirra sveitarfélaga sem hafa misst frá sér gjaldendur. Það er mergurinn málsins í þessu sambandi. Svo getum við rætt um allt hitt en það er bara þetta sem ég vildi láta koma fram í þessu andsvari.

[18:13]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór áðan yfir öll þau verkefni sem við blasir að sveitarfélögin munu þurfa að taka á sig — sem sagt bæði verkefni sem þau hafa þurft að taka á sig á undanförnum árum og þau verkefni sem við blasir að þau taki að sér á næstu mánuðum og árum. En auk þess eiga sveitarfélögin eftir að gera kjarasamninga, um 60 kjarasamninga, sem eru lausir núna fyrir áramót. Þar mun örugglega bætast við töluverður kostnaður á sveitarfélögin.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að þrátt fyrir allar þær ráðstafanir sem hv. þm. taldi upp og þær lagabreytingar sem hér er verið að leggja til, vanti engu að síður 2–3 milljarða til að brúa það bil sem sveitarfélögin hafa verið að berjast við að ná í tekjur í þegar tekjustofnarnir séu fullnýttir.

[18:14]

Útbýting þingskjals:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 57. mál, svar forsrh., þskj. 262.

[18:15]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér á sér vissulega stað áhugaverð umræða. Málið sem við fjöllum um núna er eins konar bandormur í því málaflóði sem fylgir með tekjustofnafrv. þar sem fram kemur að ríkið áætlar að lækka hlutdeild sína í sköttum og lækka hlutfallið úr 26,41% niður í 26,08%, eða um 0,33%.

Það er áhugavert að velta stöðunni fyrir sér. Ef maður lítur á heildartekjur sveitarfélaga árið 1997 þá voru þær 29,4 milljarðar, hækkuðu upp í 37,4 milljarða 1998, 1999 í 42,7 milljarða og árið 2000 voru þær 48,5 milljarðar.

En hvað gerist á sama tíma hjá ríkinu? Það eigum að horfa á, nákvæmlega það og velta því fyrir okkur hvað hefur gerst hjá sveitarfélögunum. Við skulum hafa það í huga að árið 1995 voru tekjur sveitarfélaganna skertar um tæpa tvo milljarða, 1996 um 2,4 milljarða, 1997 um 3 milljarða. Þetta eru sannarlega skertar tekjur og þetta kemur fram, herra forseti, í skýrslu um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á árunum 1990–1997. Nákvæmlega svona hefur þetta gerst, þetta eru opinberar tölur og þetta skiptir miklu máli. En almennar tekjur ríkissjóð t.d. árið 1997, hverjar voru þær? 144 milljarðar.

Milli áranna 1997 og 1998 aukast tekjurnar hvorki meira né minna en um 46,8 milljarða kr. Frá 1998–1999 aukast tekjurnar enn um 41,8 milljarða. Á sama tíma eykst skerðingin hjá sveitarfélögunum. Þetta er það sem skiptir máli í umræðunni. Síðan á náðarsamlegast að leyfa sveitarfélögunum að hækka útsvar um 0,99%, um 3,8 milljarða meðan ríkið ætlar að lækka sínar tekjur um 1,2 milljarða sem þýðir beint 2,5 milljarða skattahækkun.

Hverjir eiga að framkvæma skattahækkunina, herra forseti? Sveitarfélögunum er ætlað að hækka skatta um tvo og hálfan milljarð. Hvað er verið að gera? Hagstjórnin, sem ætti auðvitað að vera hjá ríkinu, er færð til sveitarfélaganna og skattahækkun komið á þannig að hægt sé að kenna sveitarfélögunum um skattahækkanir. Ég verð að segja að ég er mjög lítt hrifinn af þessum vinnubrögðum.

Á árunum frá 1990–1997 er sannarlega, samkvæmt þeirri skýrslu sem ég var að vitna í áðan, um 14 milljarða tekjuskerðingu að ræða hjá sveitarfélögunum. Samkvæmt sömu skýrslu má reikna með að á árinu 2000 verði tekjuskerðingin um 5–5,7 milljarðar, það fer eftir því hvaða forsendur menn gefa sér.

Þetta er það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera undir forustu hæstv. félmrh. og fjmrh. Það á náðarsamlegast að leyfa sveitarfélögunum að leggja á viðbótarútsvar til að mæta þeim skerðingum sem ég var hér að ræða um. Afleiðingarnar eru þær sem ég reyndi að koma orðum að hér áðan, að ríkisstjórnin ætlar sveitarfélögunum að hækka skatta. Ríkisstjórnin ætlar að beita sveitarfélögunum fyrir sig á mjög lævísan hátt. Sveitarfélögin geta ekki annað en tekið við þessari prósentu því þau þurfa alla þá skatta sem heimilt er að leggja á.

Þetta er til þess að slá á þensluna. Ég vil að menn átti sig á því að ríkisstjórnin ætlar sveitarfélögunum að slá á þensluna, sveitarfélögum sem berjast í bökkum, sveitarfélögum sem neyðst hafa til að taka lán, jafnvel í dollurum, sem þau standa mjög illa undir í dag. Gengisbreytingar hafa reynst þeim skelfilega illa, alla vega sveitarfélögum sem tóku lán í dollurum eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. Ég tel að með þessari aðferð hafi fundist leið til að geta beinlínis skellt skuldinni á Reykjavíkurlistann.

Herra forseti. Ég hef ítrekað vakið athygli á því, m.a. í umræðum um fjárlög og fjáraukalög, að undir forustu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., hafa verið sett lög um að leggja skyldur á sveitarstjórnir án þess að tekjur fylgdu með. Ég hef rakið þetta lið fyrir lið og gert grein fyrir þessum útgjöldum í 16–18 atriðum, farið nákvæmlega yfir hverja einustu kostnaðarhækkun sem orðið hefur vegna lagasetningar og samþykktar meiri hlutans hér á Alþingi. Stjórnarliðar hafa leyft sér að kalla þetta sparðatíning. Sparðatíningurinn nemur 5–6 milljörðum á þessu ári, það er sparðatíningur. En það eru miklir peningar fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki nema þær tekjur ég gerði grein fyrir hér áðan, 48,5 milljarða á árinu 2000. Þá munar nú aldeilis um 5–6 milljarða.

Ætlunin er, eins og ég hef sagt, að leyfa sveitarfélögunum að hækka skatta vegna þeirra verkefna sem sveitarfélögin hafa orðið að taka á sig með tilheyrandi kostnaði.

Herra forseti. Ég tek þátt í þessari umræðu fyrst og fremst til að benda á að það er brýnt að fjölga tekjustofnum sveitarfélaga. Þeir tekjustofnar gætu verið t.d. í formi neysluskatta. Ég tel að auk þess beri að huga að skattlagningu fyrirtækja. Það er í raun verið að lækka skatta fyrirtækja vegna þess að einu skattarnir sem fyrirtækin greiða til sveitarfélaga eru fasteignaskattar.

Ég spyr bara: Eru þetta rétt skref? Er verið að stíga rétt skref í þessu máli? Ég tel að það ætti að endurskoða skatthlutfall olíufélaga, tryggingafélaga og slíkra og það ættu að koma þarna á móti, þar væru tekjustofnar sem hægt er að ná inn til sveitarfélaganna á sanngjarnan máta.

Ég leyfi mér bara að benda á að það er varasamt að einstakir tekjustofnar séu of stórir sem hlutfall heildartekna sveitarsjóða, eins og t.d. útsvarið. Útsvarið er varasamur tekjustofn vegna sveiflna. Stórir tekjustofnar sem skapa svo mikinn hluta sveitarsjóðanna eru viðkvæmir fyrir sveiflum í atvinnulífinu og ekki síður breyttri íbúasamsetningu. Þetta vitum við öll sem hér erum og höfum tekið þátt í umræðu um vandamál landsbyggðarinnar. Ég er sannfærður um að nauðsyn sé á sterkum jöfnunarsjóði. Hans hlutur verður að vera til staðar og jöfnunarsjóðurinn á að jafna sveiflur í tekjum sveitarfélaganna og veita tekjur vegna mismunandi þjónustuþarfa. Ég vil segja það hér að bak við jöfnun með slíkum sjóði þurfa að vera einfaldar, skilvirkar og gagnsæjar reglur svo ljóst sé hvernig þetta er unnið. Ég tel að reglurnar fyrir jöfnunarsjóði séu flóknar og ekki vel gagnsæjar.

Herra forseti. Ég ítreka að fasteignaskatturinn er eini skatturinn sem fyrirtækin greiða til sveitarfélaganna. Ég tel að sú skattbyrði fyrirtækjanna megi á engan hátt færast til einstaklinganna. Ég óttast að það sé að gerast í þeim tillögum sem fyrir liggja.

Tillögurnar sem eru lagðar hér fram af hálfu félmrh. eru á þann veg að það er ekki hægt að leggjast gegn þeim. Þær eru að sjálfsögðu skref í rétta átt en það vantar bara svo miklu meira. Frv. það sem Samfylkingin hefur lagt fram í þessu sambandi er mun skilvirkara og betra en það sem liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnar.

Ég tel óþolandi að á sama tíma og sveitarfélögin berjast við að sinna skyldum sínum gagnvart íbúunum þá geti ríkisstjórnin gumað af slíkum afgangi sem verið hefur að undanförnu. Menn virðast meira að segja vera í vandræðum með hvað þeir eigi að gera við greiðsluafganginn. Menn eru ekki vissir um hvort þeir eigi að greiða skuldir í dag eða hvort þeir eigi að nota afganginn til að styrkja krónuna. Menn hafa viðrað þær hugmyndir nú. Það er ekki sama áætlunin með greiðsluafganginn í dag og þegar frv. var lagt fram, frv. til fjárlaga fyrir árið 2001. Það er kannski rétt að vekja athygli á því.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að rekja nákvæmlega í tölum og prósentum skiptingu tekna ríkissjóðs frá 1997 til ársins 2000. Ég hef hins vegar staðfestar tölur fram til 1999 úr ríkisreikningi sem ég hef vitnað til hér. Ég hef hér staðfestar tölur frá sveitarfélögunum, alveg klárar tölur og allar réttar.

Hið eina í máli mínu sem efast mætti um er að skerðingin sé ekki meiri en ég greindi frá hér áðan. Það má nefnilega reikna með því að tekjuskerðingin sé meiri en ég gat um.

Herra forseti. Mitt svar við þessu öllu er einfalt. Ég tel að það eigi að losa sveitarfélögin og þar með þjóðina undan ráðleysi og aðgerðarleysi þessarar ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, með því að hún hætti hið fyrsta og fari frá völdum.

[18:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Niðurstaða þeirrar nefndar sem hefur fjallað um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga er fyrst og fremst tvíþætt.

Fyrri þátturinn er sameiginleg niðurstaða þeirra sem að þessu máli komu, þ.e. að viðurkenna að sveitarfélagið hefur farið halloka í samskiptum við ríkið svo nemur um 6–7 milljörðum króna. Það er í fyrsta lagi vegna skattalagabreytinga sem hafa skert útsvarstekjur sveitarfélaga og síðan vegna áhrifa laga og reglugerða sem ríkisvaldið hefur sett hér á Alþingi og leitt hafa til aukinna útgjalda sveitarfélaga.

Hinn þáttur niðurstöðunnar er að bæta sveitarfélögunum þetta upp með því að heimila þeim að hækka skatta. Sú niðurstaða var ekki samhljóða í nefndinni og skilaði einn nefndarmanna, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, séráliti í því efni þar sem hann lagði til að fengju sveitarfélögin heimild til að hækka útsvar þá mundi ríkisvaldið að sama skapi draga saman í tekjuskatti þannig að íbúar sveitarfélaganna yrðu jafnsettir á eftir.

Það varð ekki niðurstaðan, heldur einungis að leggja hér gífurlega skatta á íbúa þessa lands, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar er um að ræða 1,6 milljarða, nýti sveitarfélögin að fullu þá heimild sem hér er óskað eftir að þau fái. Þar er um að ræða hvorki meira né minna en rúmlega milljarðs króna hreina útsvarshækkun í Reykjavík, ef sú heimild verður að fullu nýtt.

Í þessu sambandi þykir mér ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. örfárra spurninga.

Í fyrsta lagi. Ef mig misminnir ekki þá var sú skattalækkun sem samþykkt var frá Alþingi 1997, þar sem skattahlutfallið átti að lækka um fjögur prósentustig í áföngum, gerð í tengslum við kjarasamninga. Ég spyr hvort það sé rétt munað hjá mér að sú skattalækkun sem ríkisstjórnin fór í þá hafi verið gerð í tengslum við kjarasamninga. Ég held að mikilvægt sé

að fá það fram ef svo er. Að vísu hefur það komið fram í umfjöllun manna um þessa skattalækkun að þeir tekjulægri voru látnir borga fyrir hana og hún skilaði sér betur til þeirra sem betur eru staddir með því að skattfrelsismörkin voru fryst. Það kom rækilega fram í þeirri skýrslu sem ASÍ gerði um skattkerfið út frá sjónarhóli launafólks sem kom út í september 1999.

Nú stendur yfir miðstjórnarfundur ASÍ. Í morgun komu skilaboð frá forseta ASÍ um að forseti ASÍ hefur áhyggjur af að verðbólga og þensla ógni stöðugleikanum. Við ræddum það aðeins hér fyrr í dag en hæstv. forsrh. hefur ekki neinar áhyggjur af því, það kom fram í máli hans. En forseti ASÍ hefur áhyggjur af því að þenslan ógni stöðugleikanum og þar með kjarasamningum.

Ég tek eftir því að þó hæstv. forsrh. hafi ekki áhyggjur af stöðugleikanum og þar með kjarasamningum þá lýsti fulltrúaráðsfundur Landssambands sjálfstæðiskvenna um helgina yfir áhyggjum af þenslueinkennum. Þar kemur fram að fulltrúaráðsfundur Landssambands sjálfstæðiskvenna, lýsi jafnframt yfir áhyggjum yfir þenslueinkennum og viðvörunum um að aukna verðbólgu á næstu missirum.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann teldi ekki að sú skattahækkun, sem ríkisstjórnin stendur óhjákvæmilega fyrir með þeirri tillögu sem við fjöllum um hér í þessu frv., ógnaði kjarasamningum sem gerðir voru fyrr á þessu ári, ef taka á aftur verulegan hluta af þeirri kjarabót sem samið var um í kjarasamningum með skattahækkunum. Ég tala nú ekki um ef það er rétt munað hjá mér að skattalækkun ríkisstjórnarinnar á sínum tíma, árið 1997, hafi verið ákveðin í tengslum við kjarasamninga.

Ég vil líka að gefnu tilefni, af því ræða hæstv. ráðherra var nokkuð stutt og hann taldi ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum í framsöguræðu um það frv. sem við ræðum hér, um tekju- og eignarskatt, benda á að í athugasemdum við frv. segir, með leyfi forseta:

„Til að milda áhrif framangreindrar heimildar sveitarfélaga til hækkunar á útsvari er lagt til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki um 0,33%.“

Hæstv. ráðherra taldi enga ástæðu til að nefna hvaða áhrif þessar skattahækkanir hefðu á heimilin í landinu, lágtekjuhópa og lífeyrisþega. Í því sambandi er full ástæða til þess að draga upp þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, sem var samþykkt á Alþingi 13. maí 1997. Þar er í III. kafla getið um hlutverk fjölskylduráðs og sagt að hlutverk fjölskylduráðs sé að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort gerð hafi verið einhver úttekt af hálfu fjmrn. eða annars stjórnvalds á áhrifum útsvarshækkunarinnar á heimilin í landinu, ekki síst lágtekjuheimili.

Ég held að það sé alveg ljóst að lágtekjuheimilin í landinu munu ekki þola þessa skattahækkun. Við þekkjum það, enda hefur verið margfarið yfir það hér í þingsölum, hvernig farið hefur verið með lífeyrisþegana í tíð þessarar ríkisstjórnar. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin ávallt, þegar ákveðnar hafa verið hækkanir á lífeyrisgreiðslum til aldraðra og öryrkja, miðað við þá lægstu viðmiðun sem hún hefur getað fundið hverju sinni, t.d. neysluvísitöluna eftir að hún kippti úr sambandi tengslum vísitölu og lífeyris. Við þekkjum það líka að þessir hópar fóru að greiða skatt fyrir örfáum árum í tíð þessarar ríkisstjórnar, skattleysismörkin hlífðu yfirleitt þessum tekjuhópi sem nú er farinn að greiða skatt.

Ég spyr: Hefur það t.d. verið skoðað hvaða áhrif, ef þessi útsvarsheimild er að fullu nýtt, mun hafa t.d. á lægstlaunuðu hópana, aldraða, öryrkja og þá sem lægst hafa launin á vinnumarkaðnum? Hefur það verið skoðað, ef útsvarsheimildin er að fullu nýtt, hve mikið verður tekið aftur af þeirri kjarabót sem samið var um í síðustu kjarasamningum?

Ég tel nauðsynlegt að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar, sem er bæði félmn. og efh.- og viðskn., skoði þessi áhrif þannig að hægt sé að meta áhrifin á afkomu heimilanna. Við eigum ekki bara að meta áhrifin á afkomu ríkissjóðs og afkomu sveitarfélaganna heldur einnig að meta áhrifin af þessum skattahækkunum á afkomu heimilanna.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp það sem stendur um skattkerfið frá sjónarhóli launafólks í úttekt ASÍ og reyndar skattanefndar BSRB einnig, sem birt var í september 1999, en þar segir með leyfi forseta:

„Breytingar í skattkerfinu hafa áhrif á afkomu alls launafólks. Áður en ráðist er í breytingar er nauðsynlegt að almenningur sé upplýstur um markmið breytinganna, áhrif þeirra á mismunandi tekjuhópa og tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Síðast en ekki síst er eðlilegt að almenningur fái upplýsingar um fjármögnun skattbreytinga. Upplýsingar og fræðsla eru forsenda upplýstrar umræðu og ákvörðunartöku.“

Ég held að það væri til fyrirmyndar og ætti raunverulega að taka upp í störfum þingsins ef það fylgir ekki með frá viðkomandi ráðuneyti, ekki síst þar sem hér hefur verið samþykkt opinber stefna í málefnum fjölskyldunnar, að skoða hvaða áhrif skattalagabreytingar hafa á tekjur heimilanna. Ekki er síður sérkennilegt að fjalla um skattahækkanir á þessa hópa og heimilin í landinu í ljósi þess að hæstv. ráðherra mun væntanlega hér á næstu dögum mæla fyrir breytingum, sem ríkisstjórnin gerir mikið með, á barnabótakerfinu. Ríkisstjórnin ætlar á næsta ári að verja 600–700 milljónum til að hækka barnabætur en á sama tíma á hér að hækka skatta í landinu verulega, ef sveitarfélögin nýta sér þessa heimild.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Á hann ekki von á því að sveitarfélögin nýti sér þessa heimild, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu sem ekki fær á móti fjármagn í formi lægri fasteignaskatta, eins og mörg sveitarfélögin sem geta þannig bætt sér upp þessa hækkun?

Það er afar sérkennilegt, þegar málið er skoðað út frá sjónarhóli fjölskyldunnar og heimilanna í landinu, að á sama tíma og boðaðar eru breytingar á barnabótakerfinu og ríkisstjórnin setur fjármagn í barnabótakerfið eru boðaðar skattahækkanir sem taka þetta auðvitað allt til baka aftur. Við getum rætt það síðar þegar það frv. hæstv. ráðherra kemur hér til umfjöllunar að jafnvel þó ríkisstjórnin standi nú við það, sem ég held hún geri, að setja tvo milljarða í barnabótakerfið á næstu þremur árum þá erum við samt í sömu stöðu með barnabótakerfið, varðandi fjármagn frá ríkissjóði inn í það kerfi, og við vorum á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við.

Herra forseti. Ég mun auðvitað ræða við fulltrúa Samfylkingarinnar í félmn. Annaðhvort þarf félmn. eða efh.- og viðskn. að skoða hvaða áhrif þessar breytingar geta haft á fjölskyldurnar í landinu. Auðvitað er sú málsmeðferð sjálfsögð sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson talaði hér fyrir. Ég mun beita mér fyrir því að þegar þetta frv. fer til umsagnar fari tillaga þingmanna Samfylkingarinnar, um að

áhrif þessarar skattalagabreytingar verði ekki aukin skattbyrði á íbúana í landinu, fari einnig til umsagnar þeirra sem fá málið til meðferðar.

Herra forseti. Það hefur verið rætt hér af ýmsum, ekki síst þeim sem tilheyra flokki hæstv. fjmrh., að nú sé svigrúm til skattalækkana. Ég er ekki endilega talsmaður þess að svigrúm sé til skattalækkana en ég er heldur ekki talsmaður þess að svigrúm sé til að auka skattbyrðina á heimilum í landinu.

Hæstv. ráðherra, ríkisstjórnin og Sjálfstfl., hafa eina ferðina enn beygt Framsfl. til þeirrar niðurstöðu sem við hér ræðum um í dag. Hann fer auðvitað bakdyramegin að skattahækkunum. Sjálfstfl. þorir ekki að koma fram sjálfur heldur beinir spjótum sínum að sveitarfélögunum, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, og skipar þeim raunverulega að hækka skatta. Hvað er þetta annað þegar viðurkennt er að í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga að hafa sveitarfélögin verið hlunnfarin um 6–7 milljarða?

Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í Viðskiptablaðið frá því fyrir nokkrum dögum. Þar er rætt um að nú eigi að lækka skatta, ekki hækka, og þar segir, með leyfi forseta:

„Fram komnar hugmyndir um hækkun á leyfilegu hámarksútsvari sveitarfélaga um 1% án þess að á móti komi jafnmikil lækkun á tekjuskattshlutfalli vekja vægast sagt furðu. Með því að leggja til að leyfilegt hámarksútsvar hækki um 1%, en að tekjuskattshlutfallið lækki aðeins um 0,33% á móti, er beinlínis verið að leggja til skattahækkun."

Þetta eru staðreyndir málsins. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að fjárhagsstaða ríkissjóðs er sérlega góð um þessar mundir, en samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir metafgangi á rekstri ríkissjóðs á næsta ári og útlit er fyrir að nú sé að draga úr þenslu eftir mikið uppgangstímabil, gæti tímasetningin fyrir tillögu um skattahækkanir varla komið meira á óvart. Þvert á móti hníga öll rök að því að nú sé rétti tíminn til að lækka skatta."

Ég er ekki að skrifa undir það að nú sé tími til að lækka skatta vegna þess að ég held að þenslan í þjóðfélaginu sé allt of mikil. En það á heldur ekki að hækka þá, að mínu viti, vegna þess að greiðsluþol heimilanna er ekki meira. Við ræddum það hér fyrr í dag að samkvæmt áætlun Seðlabankans hækkar hlutfall skulda heimilanna og ráðstöfunartekjur þeirra úr 147% um síðustu áramót í 163% um þau næstu. Þetta er náttúrlega gífurleg aukning á skuldum heimilanna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af því að verið sé að leggja skatta á heimilin í landinu undir þessum kringumstæðum.

Í Viðskiptablaðinu var áður búið að tala um mikinn afgang hjá ríkissjóði og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Talsvert svigrúm virðist því vera til að lækka skatta án þess að það þurfi að fela í sér breytingar eða samdrátt í rekstri ríkisins. Fjármálaráðuneytið metur það sjálft svo að um 15 milljarðar kr. af áætluðum rekstrarafgangi ríkissjóðs á næsta ári sé vegna góðs árangurs í ríkisrekstrinum og að sá afgangur mundi því halda sér í venjulegu árferði. Það er því sjálfsögð krafa að skattar verði lækkaðir sem þessu nemur."

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta, það sem ég tek undir:

„Engu að síður er allt annað en að tekjuskattshlutfall ríkisins lækki a.m.k. jafnmikið og sveitarfélaganna, verði heimilað að hækka útsvar, algjörleg óásættanlegt."

Undir þetta er tekið. Það er algjörlega óásættanlegt, og það er skoðun okkar þingmanna í Samfylkingunni, annað en að ríkið lækki á móti það sem það hefur af tekjuskatti sem samsvarar því sem sveitarfélögin þurfa þá að leggja á í útsvari til þess að þeim verði bætt upp það sem á hefur hallað í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar. Ég mun að sjálfsögðu greiða fyrir því að frv. geti farið sem fyrst til umsagnar og að breytingartillaga okkar þingmanna Samfylkingarinnar fylgi þar með. En mér finnst ýmsu ósvarað sem ég hef getið í máli mínu og ætla ekki að endurtaka af því að hæstv. ráðherra hefur setið undir þessum umræðum og væntanlega hlýtt á mál mitt. Eins og hæstv. fjmrh. heyrir þá finnst mér vanta upplýsingar um hvaða áhrif það hefur á einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu ef þetta útsvar verður að fullu nýtt. Ég spyr, herra forseti, hvort það liggi fyrir í fjmrn. Ég mun kalla eftir því í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál þannig að ef það liggur ekki þegar fyrir þá mun það greiða fyrir störfum nefndarinnar ef slík vinna yrði sett í gang að skoða áhrifin af þessari breytingu á einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu.

Síðan spyr ég hvort hæstv. ráðherra hafi ekki áhyggjur af því hvaða áhrif þetta hefur á þá kjarasamninga sem gerðir voru í vor og hvort þetta sé ekki á skjön við þá kjarasamninga sem gerðir voru 1997.

[18:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mörg orð um þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það liggur ljóst fyrir að hér er ágreiningur um mál sem hefur verið margræddur innan þings og utan.

Frv. sem er til meðferðar snýst einfaldlega um það að lækka tekjuskatt einstaklinga um 0,33%. Væntanlega er enginn hér inni á móti því. Væntanlega mun enginn hér inni leggjast gegn frv. þó að flutt hafi verið breytingartillaga um að ganga helmingi lengra.

Það er reyndar athyglisvert að hlýða á ræður manna. Einn þingmaður lagði málið þannig fyrir að efnahagsástandið kallaði á skattahækkun og að ríkisstjórnin væri að ota skattahækkuninni yfir á sveitarfélögin. Samt er flutt hérna tillaga um að lækka skatta. Hvar er samræmið í þessum málflutningi? (Gripið fram í.) Hvar er samræmið í þeim málflutningi sem segir að annars vegar sé rétt að hækka skatta en flytja svo tillögu um að lækka þá? Það er nú ekki mikið gerandi með svona leikfimi, herra forseti.

Þegar tekjustofnanefndin kemst að sinni niðurstöðu um að rétt sé að auka svigrúm á tekjur sveitarfélaganna þá er spurningin: Á ríkissjóður að borga það að öllu leyti? Mitt svar við því er nei. Ég tel ekki að það sé eðlileg eða sanngjörn krafa að ríkissjóður beri allt það tekjutap sem því mundi fylgja og leggi sveitarfélögunum til þennan mismun.

En ríkissjóður hefur ákveðið að leggja til mjög verulegt fjármagn, ríflega 3 milljarða á næsta ári til þess að greiða fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Sumt af því er tímabundið eins og framlögin sem koma munu í ár og á næsta ári í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með svipuðum hætti og gert var í fyrra, 700 millj. á hvoru ári. Annað er varanlegt. Hér er gerð tillaga um varanlega breytingu á tekjuskattshlutfalli til að koma til móts við hækkanir á útsvari. Breytingin á fasteignagjöldunum er líka varanleg. Þar tekur ríkið varanlega yfir u.þ.b. 1.100 millj. kr. sem koma íbúum sveitarfélaga á

landsbyggðinni fyrst og fremst til góða. En sveitarfélögin sjálf standa jöfn eftir.

Hver er þá ástæðan fyrir því að ég tel ekki að ríkið eigi að bera þennan mismun? Hún er sú að það er ekki rétt sem fram hefur verið haldið að ríkissjóður hafi verið að græða og þéna sérstaklega á tekjutapi sveitarfélaganna. Ég er hér með blaðaúrklippu, fréttaúrklippu, þar sem borgarstjórinn í Reykjavík heldur því fram að ríkissjóður hafi haft af því stórfelldan ávinning að sveitarfélögin skyldu tapa tekjum. (Gripið fram í.) Það hafa ýmsir aðrir tekið í svipaðan streng, verið að leggja hér saman tekjur sveitarfélaganna og ríkisins og sagt: „Þetta stemmir alveg nákvæmlega. Ríkissjóður er búinn að hafa allt þetta fé af sveitarfélögunum." Þetta er bara algjör misskilningur og þvæla, virðulegu þingmenn.

Sveitarfélögin hafa í einhverjum tilfellum borið skarðan hlut frá borði vegna lagasetningar hér á Alþingi. Það er rétt. En ríkissjóður hefur ekki tekið þá peninga og stungið þeim í vasann. Þvert á móti hefur ríkissjóður í mörgum tilvikum líka tapað á umræddum lagabreytingum, eins og t.d. þegar viðbótarlífeyrissparnaður var gerður skattfrjáls, eins og t.d. þegar hlutabréfakaup eru gerð frádráttarbær og tekjuskattsstofninn lækkar þá samhliða útsvarsstofninum. Þetta er því bara ekkert rétt.

Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að hafa rúmar álagningarheimildir, vegna þess að það á að treysta forsvarsmönnum þeirra fyrir því að fara með slíkar heimildir. Þeim er vel treystandi til þess. Þeir bera pólitíska ábyrgð alveg eins og við og eru kjörnir fulltrúar alveg eins og við þingmenn. Þess vegna var ég ekki á móti því að rýmka þessar útsvarsálagningarheimildir. Þvert á móti. En það er óeðlileg krafa að mínum dómi að ríkið lækki álagningarhlutfall sitt í tekjuskatti á nákvæmlega sama hátt. Reyndar tel ég að í þeirri álagningu sem birtist almenningi eigi að gera skýrari greinarmun á því hvað rennur til sveitarfélaga og hvað rennur til ríkisins þannig að almenningur geti áttað sig betur á því, því að það vill nú gjarnan ruglast í staðgreiðsluhlutfallinu okkar hvað er hvers í því dæmi, eins og kom t.d. í ljós þegar ríkissjóður lækkaði tekjuskattinn um 1% í ársbyrjun 1999 en Reykjavíkurborg hækkaði útsvarið um það sama, hirti skattalækkunina af borgarbúum á sama tíma. En borgarbúar urðu einskis varir á sínum staðgreiðsluseðli, á sínum launaseðli, vegna þess að það sést ekki hvert þetta rennur, þ.e. hvað rennur hvert.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði mig að því hvort skattalækkunin 1997, sem þessi lækkun 1999 var hluti af, hefði verið hluti af kjarasamningum. Vissulega var hún gerð í tengslum við kjarasamninga 1997 en hún var ekki umsamin partur af þeim enda hefur verkalýðshreyfingin ævinlega sagt að þetta hafi ekki verið sú leið sem hún vildi fara að því er varðaði skattalækkanir. Hún vildi fara aðrar leiðir. Ríkisstjórnin tók að sjálfsögðu á sig ábyrgðina á því. En það var áreiðanlega ekki partur af þeim kjarasamningum sem gerðir voru 1997 að einstök sveitarfélög hirtu skattalækkunina af skattborgurunum eins og gert var hér í ársbyrjun 1999.

Ég tel ekki að útsvarshækkun nú, til að mynda upp á 0,33% yfir línuna ef öll sveitarfélög hækka útsvarið, stefni kjarasamningum í hættu og allra síst í ljósi þeirra aðgerða sem ríkisvaldið er með í pokahorninu og birtast m.a. í því barnabótafrv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi líka, en það felur í sér verulegar skattalækkanir. Meðalfjölskyldan mun fá 3–4% kjarabót þegar öll kurl verða komin til grafar að því er það frv. varðar og það að fullu komið til framkvæmda. Það verður áreiðanlega fleira í þessum dúr sem ríkisstjórnin mun kynna á næstunni. Við höfum t.d. kynnt að við munum beita okkur fyrir lækkun þungaskatts um 300 millj. kr. eða þar um bil nú á næstunni. Það er ekki hægt að tala um það hér að nein stórfelld skattahækkun sé í uppsiglingu, jafnvel þó svo að sveitarfélögin muni notfæra sér sína útsvarshækkunarheimild sem þau gera vafalaust mörg. Þau um það. Þau ráða því sjálf. En það er ekki hægt að tala um að hér sé stórfelld skattahækkun í gangi af þeim sökum þegar það er tekið í samhengi við það sem ríkisvaldið er að gera.

Ég get ekki lagt mat á það fyrir hönd einstakra sveitarfélaga hvað þau þurfa mikið að hækka sitt útsvar og ég hef engan áhuga á því að gera það. Ég tel að það sé verkefni annarra kjörinna fulltrúa á vettvangi sveitarstjórnanna og þeir munu gera það. Þeir þurfa að ljúka því núna í þessum mánuði og tilkynna hvaða álagningarprósentu þeir ætla að hafa við næstu álagningu. Þess vegna er brýnt að ljúka þessum málum í þessum mánuði þannig að það geti legið fyrir hver niðurstaðan í þessum efnum verður.

Fyrir þá sem hafa fylgst með þessum málum og starfi tekjustofnanefndarinnar er það ljóst að um tíma stefndi í aðra niðurstöðu en hér er orðin ofan á og útsvarshækkunarheimildirnar eru rýmri en gert var ráð fyrir um tíma. Þegar það mál var borið undir mig sem fjmrh. taldi ég eðlilegt að fallast á að hún yrði 0,66 nú þegar og 0,33 frá ársbyrjun 2002, af þeim ástæðum sem ég hef skýrt að ég tel að þessar heimildir eigi að vera rúmar.

En ekki er þar með sagt að ríkið eigi að borga þetta, jafnvel þó að ríkið standi vel eins og Viðskiptablaðið heldur fram og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að taka hér undir með því að lesa upp úr Viðskiptablaðinu. Hann stendur vel, það er rétt, en ekki er þar með sagt að eðlilegt sé að gera slíka kröfu og það er margt annað sem þarf að huga að í því sambandi. En ljóst er að afgangurinn sem kynntur var í fjárlagafrv. upp á 30 milljarða kr. fyrr í haust mun minnka af þessum sökum um 3 milljarða á næsta ári að óbreyttu. Nú vitum við að sjálfsögðu ekki hvað gerist með aðra þætti frv., en það liggur fyrir að þetta mun gerast og ljóst er að erfitt verður að bæta þetta upp og þess vegna er mikilvægt að sveitarfélögin noti þessar auknu tekjur til að bæta fjárhagslega stöðu sína almennt séð, borga upp skuldir en eyði þessu ekki í auknar framkvæmdir eða útgjöld sem mætti komast hjá, alla vega meðan verið er að komast yfir kúfinn á þeim skuldum sem þau hafa við að glíma og hafa verið að kvarta undan og sem hér hefur einnig borið á góma.

Þetta vildi ég að kæmi fram af minni hálfu, herra forseti. Ég tel að niðurstaða tekjustofnanefndarinnar sé sanngjörn niðurstaða. Hún er að sumu leyti málamiðlun og millileið milli ólíkra sjónarmiða, að sumu leyti felast í henni leiðréttingar á augljósu misrétti eins og tíðkast hefur hér að því er varðar fasteignaskatta úti á landi sem jafnvel er vafamál að standist ef á mundi reyna fyrir dómstólum. Vonandi gerist það ekki úr þessu þegar við erum að breyta þessu. En einnig er í tillögum tekjustofnanefndarinnar mjög mikilvægur áfangi að því er varðar að koma til móts við hinar veikari byggðir úti um landið sem sérstaklega hafa staðið höllum fæti. Það var gert í fyrra með sérstakri aðgerð og það er ætlunin að gera það núna í tvígang aftur eins og ég hef sagt og ég tel að það sé nauðsynlegt, jákvætt og gott fyrir viðkomandi. Ég hef minni áhyggjur af þeim sem telja sig þurfa að verða sér úti um fólksfjölgunarframlög en þeim sveitarfélögum sem hafa orðið fyrir þeirri fólksfækkun og

því tekjutapi sem við höfum margrætt hér og þekkjum vel. Sveitarfélög með fólksfjölgun eru að koma sér upp nýjum útsvarsgreiðendum og nýjum tekjustofnum og það mun ekki væsa um þau sveitarfélög þegar þeir fara að skila arði til sveitarfélagsins sem vonandi verður innan tíðar.

[19:03]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hafa svona knappan tíma í andsvari, en mun reyna að koma því til skila sem ég hef að segja.

Ég vil bara benda á það sem ég gerði grein fyrir í ræðu minni, að tekjuauki ríkissjóðs á milli áranna 1997 og 1998 er meiri en öll heildarútgjöld sveitarfélaganna, 46,8 milljarða tekjuauki ríkisins er meiri en heildarútgjöld sveitarfélaganna. Ég verð að hryggja hæstv. fjmrh. með því að mörg sveitarfélög geta ekki notað þennan tekjuauka sem þau munu vissulega nota sér sem gefst kostur á núna til að greiða niður skuldir heldur bara til að standa við þær skyldur sem á þau hefur verið lagt með lögum frá Alþingi.

Og að auki, af því talað var um lífeyrisiðgjöldin í ræðu hæstv. fjmrh., þá vil ég nefna að 1997 er tekjutap sveitarfélaganna 863 millj., tekjutapið 1998 972 millj. Gaman væri að fá að vita hvert tekjutap ríkisins var, hæstv. forseti.

[19:05]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. fjmrh. hyggst ekki svara andsvari og býður hv. þm. að taka seinna andsvar sitt nú þegar.

[19:05]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá fæ ég mínútu til viðbótar. Ég þigg það svo sannarlega.

Ég bendi á að hlutabréfaafsláttur samkvæmt lögum frá 1984 þýðir útsvarslækkun hjá sveitarfélögunum um 233 millj. og útsvarslækkun 1998 um 258 millj. og 1999 var það einhvers staðar nálægt 300 millj. Ég spyr þá aftur: Hvert var tekjutap ríkisins vegna hlutabréfaafsláttarins? Og eins og ég spurði áðan: Hvert var tekjutap ríkisins vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda? Þannig að það komist nú allt til skila.

Það er alveg augljóst að þau sveitarfélög sem hafa orðið að taka lán erlendis, ekki síst þau sem hafa tekið dollaralán, standa langtum verr en þau hefðu gert ef þau hefðu haft eðlilegar tekjur og ekki lent í þeirri skerðingu sem ég hef margrakið sem nemur u.þ.b. 14 milljörðum á árunum frá 1990 til 1997.

[19:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef það ekki á takteinum hvert tekjutap ríkisins var af þeim atriðum sem þingmaðurinn nefndi, en það er augljóst mál að það var meira en sveitarfélaganna vegna þess að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti voru á þessum árum hærri en tekjur sveitarfélaganna af útsvarinu. Það hefur að vísu jafnast og ég hygg að við álagningu í ár hafi þetta verið orðið nokkuð jafnt vegna þess að smám saman hefur þarna orðið tilflutningur eins og við þekkjum.

[19:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þá er sú viðleitni uppi að gera þessa einföldu mynd flókna. Það liggur í augum uppi að þær breytingar sem hér er verið að gera tillögur um munu auka heildarskattbyrði, um það þarf ekki að deila. Það er líka staðreynd að ekki er jafnvægi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það birtist m.a. í þeirri staðreynd að á sama tíma og sveitarfélögin hefðu skilað á næsta ári 3 milljarða kr. halla í rekstri plús 2,5 milljörðum til þess að standa skil á fjármagnsgjöldum vegna þungra áhvílandi gjalda er ríkissjóður rekinn með jafnvel einum 20–30 milljarða kr. hagnaði. Það segir okkur í raun alla söguna og er kjarni málsins.

Ef hæstv. fjmrh. er þeirrar skoðunar að svona sé staðan ekki er hann þá að taka undir orð hæstv. forsrh. þess efnis að sveitarstjórnarmenn hringinn í kringum landið kunni ekki með peninga að fara og eigi einfaldlega að taka sér tak? Á að leysa vandann þannig?

[19:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg nú að forsrh. hafi aldrei sagt að sveitarstjórnarmenn hringinn í kringum landið kunni ekki með peninga að fara. Ég hygg að hann hafi sagt það sem við öll getum sagt, að þeim beri að sýna ráðdeild og fyrirhyggjusemi í meðferð almannafjár alveg eins og okkur ber að gera.

Hins vegar varðandi það sem þingmaðurinn sagði í upphafi, þá er enginn að reyna að gera einfalt mál flókið. Málið er nákvæmlega þannig að sveitarfélögin fá rýmri heimildir til þess að leggja á útsvar. Þau ráða því sjálf hvort þau nýta þær heimildir. Ríkissjóður leggur fram $^1/_3$ af útsvarshækkunarheimildinni í beinhörðum peningum til að greiða fyrir þessu og svo verða þau sveitarfélög sem telja sig þurfa á þessum peningum að halda að gera það upp við sig sjálf hvort þau hækka sitt útsvar. Það er ekkert víst að öll þurfi á því að halda. Ég hefði talið fyrir fram að svo væri ekki, en ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það.

[19:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við komum alltaf að kjarna málsins. Til þessa voru refirnir skornir. Það á að vísa þessari pólitísku ábyrgð á hendur einhverra annarra.

En ég árétta það og undirstrika og ég heyri að hæstv. ráðherra er mér sammála um það að verið er að leggja til að auka heildarskattbyrði á íbúa í landinu. Og forustumenn ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin fara fram með þá stefnumörkun. Það er því sem við erum andvíg.

Við samþykkjum það hins vegar, eins og hæstv. ríkisstjórn gerir í raun og sanni og kemst að sömu niðurstöðu og tekjustofnanefndin, að sveitarfélögin hafa þörf yfir þessa fjármuni, það sýna allar tölur, og þess vegna erum við að auka á heimildir þeim til handa. Að segja síðan í öðru orðinu að kannski noti þau þetta ekki er auðvitað aumur flótti frá raunveruleikanum og eins og ég sagði áðan verið að varpa hinni pólitísku ábyrgð á herðar einhverra allt annarra en sjálfs sín. Og það er ekkert mjög stórmannlegt í pólitík, það verð ég að segja, herra forseti.

[19:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er algjör misskilningur að ríkisstjórnin sé að leggja til skattahækkun. Hún er að gera sveitarfélögunum það heimilt og kleift að auka tekjur sínar ef þau telja sig þurfa á því að halda.

Hv. þm. sagði að hann væri algjörlega andvígur skattahækkun af þessu tagi. Því er hann þá að leggja til eða samherjar hans í öðru orðinu í hinni almennu efnahagsumræðu að hækka þurfi skatta? (Gripið fram í.) Kannski ekki

hv. þm. en ýmsir samherjar hans hafa verið að halda því fram.

Það má heldur ekki gleyma því þegar verið er að fjalla um sveitarfélögin hvers góðs þau hafa notið af hinni almennu efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeirri veltuaukningu sem hefur orðið í þjóðfélaginu. Halda menn ekki að útsvarstekjurnar hafi aukist eitthvað í takt við aukningu ríkistekna eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson las hér upp? Ég er ansi hræddur um það.

[19:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi áðan að hallað hefur á sveitarfélögin í þeirri löggjöf sem hefur fært þeim ákveðin verkefni og því þurfi að fara út í þá hækkun sem hér er verið að leggja til að heimiluð verði.

En ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, í þessu samhengi hvort sá tímapunktur sem nú er sé réttur til þess að hækka skatta því að við erum að tala um í dag háa vexti, við erum að tala um að krónan hafi fallið, við erum að tala um á þessum tíma lækkandi gengi hlutabréfa og við erum að horfa upp á verðbólguþróun sem er eins og hæstv. fjmrh. þekkir. Því velti ég fyrir mér hvort skynsamlegt sé að hækka skatta á þessum tímapunkti í því ljósi að hagsveiflan er augljóslega að ganga til baka. Ég held að skynsamlegt hefði verið að reyna þetta í febrúar eða mars á þessu ári því að þá hefði hún hugsanlega getað haft áhrif á þensluna. En að koma með skattahækkunartillöguna á þessum tíma held ég að sé ekki rétt, virðulegi forseti.

[19:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess áðan og hefði kannski átt að rifja það upp fyrr að ef þessar tölur eru allar teknar saman og ef öll sveitarfélögin hækka útsvarið eins og þau mega samkvæmt þessum tillögum núna er ekki um skattahækkun að ræða nema um 150 millj. kr. eða svo þegar tekið er tillit til lækkunar fasteignaskattanna. Þar við bætist náttúrlega að ríkisstjórnin er að lækka skatta með hækkun barnabóta og ýmsum fleiri aðgerðum og þá er alveg ljóst að það er engin stórfelld skattahækkun í uppsiglingu, það er bara ekki rétt.

[19:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í frv. hæstv. félmrh. sem við ræddum fyrir helgi að hækkunin nemi 1.250 millj. að lágmarki. Ég veit svo sem ekkert hvaðan þessar 150 millj. eru komnar sem hæstv. ráðherra heldur hér fram.

Hitt er hins vegar alveg ljóst að ég held að skattahækkun á þessum tímapunkti, eins og rekstrarumhverfi bæði fyrirtækja og einstaklinga er núna, beri þess merki að þegar þurfti að fara í þessa aðgerð hafði ríkisstjórnin ekki pólitískt þrek til þess. Núna á að vísa ábyrgðinni á hendur sveitarstjórnarmönnum og fá þá til þess að taka á sig ómakið.

Ég tek undir það með síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að ekki er stórmannlegt á þessum tímapunkti að reyna að hengja ábyrgðina af skattahækkun á sveitarstjórnarfólkið í stað þess að bera hana sjálfir af því að menn höfðu ekki þrek til þess þegar þurfti að hækka skatta eins og hefði þurft í upphafi þessa árs, virðulegi forseti.

[19:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef öll sveitarfélögin hækka útsvarið sitt um 0,66% og ríkið leggur 0,33% upp í þá hækkun standa eftir 0,33% sem gera 1.250 millj. Á móti lækka fasteignaskattarnir í landinu um 1.100 millj. Þar eru komnar þessar 150 millj. sem ég var að tala um.

Á móti kemur síðan það sem ríkisstjórnin er að gera í barnabótum og fleiru þess háttar þannig að það er auðvitað ekkert hægt að tala um skattahækkun.

Jafnvel þó að einhver sveitarfélög muni síðar meir notfæra sér 0,33% sem verða til ráðstöfunar að ári liðnu, þá er það bara eðlilegur þáttur í starfi kjörinna fulltrúa, bæði á vettvangi sveitarfélaga og á Alþingi, að taka slíkar ákvarðanir og standa og falla með þeim, taka ábyrgð á þeim hvort sem þeir eru að hækka eða lækka sína tekjustofna. Mér finnst það eðlilegur hlutur og ég hefði haldið að það væri almenn skoðun hér í þessum sal.

[19:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. á að viðurkenna að hér er um að ræða sérstakan skatt á höfuðborgarsvæðið. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu fá ekki þessa útsvarshækkun upp borna með lækkun á fasteignasköttum. Hæstv. fjmrh. er þingmaður Reykvíkinga þannig að hann ætti að muna það. Mér fannst hann vera að hvetja til skattahækkunar vegna þess að hann sagði að það væri mikilvægt að sveitarfélögin nýttu sér þessa útsvarshækkun til þess að lækka skatta. Mér fannst hæstv. ráðherra sýna mikið hugrekki að blanda barnabótunum í þetta mál þegar staðreyndin er sú að jafnvel eftir tvö eða þrjú ár, þegar barnabótahækkunin er að fullu komin til framkvæmda, þá hefur hann ekki einu sinni náð að flytja barnabæturnar í það horf sem þær voru 1995.

Síðan spyr ég: Telur hæstv. ráðherra ekki að 0,99% prósent hækkun á útsvari ógni kjarasamningum ef verður nýtt að fullu?

Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra geti tekið undir það.

[19:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru 0,99%, hv. þm., mínus 0,33% — er það ekki? — sem ríkissjóður er að leggja hér til í þessu frv. sem við erum að ræða hérna núna, á tveimur árum, þ.e. 0,33% nettó núna og svo aftur á næsta ári. Ég sé ekki, þegar tekið er tillit til annarra aðgerða, eins og ég er margbúinn að segja hérna, að í því felist í sjálfu sér stórfelld skattahækkun þegar tekið er tillit til allra hinna atriðanna sem við höfum verið að fjalla um.

Barnabótafrv. munum við að sjálfsögðu ræða sérstaklega þegar þar að kemur, vonandi sem fyrst, hér í salnum. En það er algjörlega tilgangslaust að vera að velta því fyrir sér hvort fyrir fimm árum hafi þær verið svona og svona. Það sem er að gerast núna er að verið er að lækka skattana með barnabótafrv. fyrir barnafólk mjög umtalsvert frá því sem er núna, hvað sem líður því sem var fyrir fimm árum. En tekjubreytingar hafa að sjálfsögðu verið mjög miklar á þeim tíma, miklar tekjuhækkanir og fólk færst vegna tekjutengingar niður í því kerfi.

[19:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að þessi fyrirhugaða útsvarshækkun geri gott betur en að taka til baka þennan barnabóta-

auka sem hæstv. ráðherra er að státa sig af og væri fróðlegt að fá útreikninga um það ásamt þeim áhrifum sem þessi útsvarshækkun mun hafa á einstaka tekjuhópa. Síðan segir ráðherra að þegar tekið er tillit til annarra aðgerða þá sé ekki um verulega skattahækkun að ræða.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu fá þessa hækkun ekki upp borna í lækkun á fasteignagjöldum. Og barnabæturnar eru teknar aftur með þessari útsvarshækkun. Ég er sannfærð um, ef útreikningar væru skoðaðir í því sambandi, að þá er þessi barnabótaauki tekinn aftur í þeim áformum sem hér eru uppi um útsvarshækkun.

[19:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þýðir náttúrlega ekkert að vera hér í einhverju svona stagli við hv. þm. Við munum bara kanna þetta og hið sanna mun koma í ljós. Það liggur alveg fyrir að verið er að auka kaupmátt barnafólks að meðaltali um 3–4% með barnabótafrv. yfir það tímabil sem það nær til. Það er fjarri því að verið sé að skerða kaupmátt sama fólks um 3–4% jafnvel þó að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu nýti sér að fullu þær útsvarsheimildir sem við erum búin að vera að tala hérna um. Það verður kannski eitthvað breytilegt milli hópa vegna þess að ekki eiga allir hópar börn og njóta barnabóta o.s.frv. En þetta er náttúrlega ekki dæmi sem hægt er að leiða til lykta hér í andsvörum. Svo mikið er víst.

Að öðru leyti þakka ég þingmönnum fyrir ágætar og snarpar umræður um þetta mál sem vissulega eru skiptar skoðsnir um og ég vænti þess að nefndarstarfið verði gott og gjöfult.

[19:20]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér inn í þessa umræðu nú. Við höfðum rætt þetta undir þeim lið sem hæstv. félmrh. fylgdi úr hlaði fyrir nokkrum dögum síðan. Lítill tími var til andsvara við hæstv. fjmrh. til að koma inn á nokkur atriði sem komu fram í ræðu hans.

Fyrst er það sem hæstv. fjmrh. gat um áðan, að ýmsar breytingar sem gerðar væru á hinu háa Alþingi og skertu útsvarstekjur hafi ekki verið til þess jafnframt að auka tekjur ríkissjóðs. Það er kannski alveg hárrétt. Við getum tekið sem dæmi að það er talið að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hafi skert tekjur sveitarfélaga um hvorki meira né minna en 1.846 millj. kr. þrjú ár, 1995–1997, og áætlað að það hafi verið 972 millj. kr. 1998 og 1.229 millj. kr. 1999. Ef við tökum bara árið 1995 þá hafði, eins og fram hefur komið, skattfrelsi þessara lífeyrisiðgjalda ekki aðeins í för með sér skerðingu útsvarstekna heldur líka skerðingu á tekjuskatti ríkisins.

Það var mat ríkisins árið 1995 að þessi ákvörðun mundi kosta ríkissjóð í kringum 1.600 millj. kr. þegar ákvæðið væri komið að fullu til framkvæmda. En þá er spurningin: Fékk ríkissjóður ekki neitt vegna þessara breytinga eins og sveitarfélögin? Nei, það er nefnilega ekki svoleiðis vegna þess að ríkið bætti sér upp þetta tekjutap í tengslum við skattfrelsi lífeyrisiðgjalda með aukinni skattheimtu á því ári, árið 1995. Í fyrsta lagi hækkaði það tryggingagjaldsprósentuna um 0,5 prósentustig, sem var áætlað að skila ríkissjóði um einum milljarði í viðbótartekjur. Í öðru lagi var persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum haldið óbreyttum milli áranna 1995 og 1996 og sú ráðstöfun var talin auka tekjur ríkissjóðs um 800 milljónir. Ríkissjóður varð því af tekjum upp á 1,6 milljarða eftir reiknikúnstum, væntanlega frá fjmrn., en bætti sér þessar tekjur með þessum atriðum sem ég nefndi hér áðan upp á 1,8 milljarða. Þetta er því alls ekki eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að það gilti það sama með ríkissjóð og sveitarfélögin varðandi þær breytingar og ákvarðanir sem gerðar væru á hinu háa Alþingi, þ.e. að þær skertu bæði tekjur vegna útsvars og tekjuskatts. Þetta sýnir svart á hvítu að ekki er saman að jafna.

Herra forseti. Ég vildi í örstuttu máli nefna það sem hér hefur verið marglofað, þ.e. að breyta eigi álagningarstofni fasteignagjalda á landsbyggðinni. Það er rétt sem hér kemur fram að það eigi að gera og því ber að fagna. En það er í raun og veru ekki hægt að fagna þessu nema í eitt ár og það er næsta ár. Íbúar landsbyggðarinnar munu árið 2002, allflestir vil ég fullvirða, þurfa að horfa upp á að útsvarsstofninn verði hækkaður. Hin litlu sveitarfélög berjast í bökkum um allt land og þurfa jafnvel að leggja í mikil útgjöld til þess að freista þess að halda í íbúana þannig að þeir flytji ekki hingað suður og framhald verði á þeim þjóðarvanda sem hefur verið við lýði og við þurfum ekki að fjölyrða um hér. Allir eru sammála um hvað þar er á ferðinni. Heldur hæstv. fjmrh. virkilega að sveitarfélögin úti á landi geti sleppt því að hækka útsvarsstofninn? Ég er sannfærður um að það verður ekki. Þau geta ekki sleppt því. Íbúar þessara sveitarfélaga sem eiga að fá þessa réttlátu lækkun fasteignagjalda, fá hækkað útsvar árið á eftir.

Þess ber svo að geta líka vegna þeirrar umræðu að ríkissjóður hafi orðið af tekjum alveg eins og sveitarfélögin vegna ýmissa breytinga á hinu háa Alþingi, að það er talið að þetta vitlausa kerfi sem hefur verið við líði varðandi álganingarstofn fasteignagjalda á landsbyggðinni hafi gefið ríkissjóði ansi miklar viðbótartekjur vegna hækkana á ýmsum eignarsköttum, stimpilgjöldum og öðru slíku sem tengt er fasteignamati í hvert sinni. Ég hafði gögn um þetta við fjárlagaumræðuna á liðnu ári. Fram kom að fasteignamatið mundi hækka um 18% á höfuðborgarsvæðinu, sem svo gekk reyndar yfir allt landið. Og þegar verið var að reikna upp á nýtt varðandi fjárlög þessa árs þá duttu allt í einu inn bara 300–400 millj. sem mátti beint rekja til þessa hækkaða fasteignamats á höfuðborgarsvæðinu sem gekk svo yfir allt landið.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, og andmæla því sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, að ríkið verði af tekjum jafnt og sveitarfélögin þegar ýmsar breytingar eru gerðar og kvaðir eru settar á sveitarfélögin á hinu háa Alþingi. Ég tel mig hafa sýnt fram á það hér með tveimur dæmum að ríkissjóður hefur í krafti meiri hluta síns á Alþingi, þ.e. að ríkisstjórnarflokkarnir hafa gengið þá göngu að ná sér í auknar tekjur á móti því tekjutapi sem þeir hafa orðið fyrir, t.d. eins og með skattfrelsi lífeyrisiðgjalda.

[19:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal nú ekki rökræða um þessi ákveðnu dæmi sem hv. þm. nefndi. Það kann að vera svo að í einhverjum tilfellum hafi ríkissjóður bætt sér upp tekjutap vegna lagabreytinga eins og hann nefndi dæmi um. En það þýðir samt ekki að ríkissjóður hafi náð sér í tekjur á kostnað sveitarfélaganna.

[19:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. viðurkennir að það kunni að vera að ríkissjóður hafi náð sér í tekjur við þær ýmsu breytingar sem gerðar hafa verið sem jafnframt

hafa skert tekjur sveitarfélaganna. Ég fagna því. Það er góðs viti að það komi fram. Þá þurfum við ekki að ræða það mikið meira.

En ég endurtek það sem ég sagði áðan og það var þess vegna sem ég kom upp áðan, þ.e. til að andmæla því sem mér fannst koma fram í lokaræðu hæstv. fjmrh., að jafnt væri á komið með sveitarfélögunum og ríkissjóði við ýmsar breytingar, skattkerfisbreytingar, á hinu háa Alþingi, að þær skertu jafnframt tekjur ríkissjóðs.

[19:27]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð við lok fyrstu umræðu þessa máls. Hér hafa farið fram eilítið sérkennileg orðaskipti milli hæstv. fjmrh. annars vegar og nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar hins vegar þar sem hæstv. ráðherra hefur viljað láta í veðri vaka að þegar öllu væri til haga haldið væri í raun um litlar viðbótarálögur að ræða, jafnvel þó að sveitarfélögin öll sem eitt nýttu hinar auknu heimildir í útsvari.

Þessu er ekki svona farið og til þess að öllu sé haldið mjög klárlega til haga þá lítur dæmið einfaldlega þannig út að auknar heimildir í útsvari á næstu tveimur árum eru upp á 3,8 milljarða kr. eða þar um bil. Lækkun ríkissjóðs á móti er upp á 1.250 milljónir. Eftir standa heimildir til hækkunar upp á 2,5 milljarða kr.

Síðan vill hæstv. ráðherra blanda inn í þetta áhrifum af annars vegar fólksfækkunarframlagi upp á 700 millj. kr. og hins vegar lækkun fasteignaskatts upp á 1,1 milljarð kr., sem jafni út þessi heildaráhrif að verulegu leyti.

En, herra forseti, við skulum aðeins velta því fyrir okkur hvar þau falla til þessi áhrif hinna sértæku aðgerða sem eru fólksfækkunarframlög og fasteignaskattslækkun. Við skulum líka velta því fyrir okkur hvað í raun þau blandast tekjustofnakerfi sveitarfélaga, þ.e. þeirri vinnu sem nefndinni var falið á sínum tíma, að mjög litlu leyti.

Rifjum aðeins upp að þessi fólksfækkunarframlög komu til á síðasta ári og voru endurvakin. Menn voru þeirrar skoðunar hér fyrir u.þ.b. áratug síðan að þetta væri ekkert sérlega sniðug aðferð í baráttunni gegn fólksflótta af landsbyggðinni og fyrir jafnvægi í byggð landsins. En það var neyðarbrauð að ríkisstjórnin sýndi lit í þessa veru. Auðvitað er það þannig, sem sértækt atriði, að nú erum við að uppskera eins og til hefur verið sáð af hálfu þessarar ríkisstjórnar á síðustu fimm árum, nefnilega þann vanda sem í því felst að fólk er að flytjast af landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið. Það er auðvitað sjálfskaparvíti sem ríkisstjórnin sjálf hefur búið sér. Hún hefur skapað þetta ójafnvægi og er að reyna á mjög veikan hátt að leysa með þessum sértæku aðgerðum sem hafa að öðru leyti sem heildaráhrif á tekjustofna sveitarfélaga um lengri framtíð, ákaflega lítið vægi.

Menn hafa staldrað við þennan þátt málsins, ójafnvægi í byggð landsins. Hæstv. ráðherra sem þingmaður Reykvíkinga gerði lítið úr því að það kostaði sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu umtalsverða fjármuni að taka á móti fólki af því að þegar til lengri tíma væri litið greiddi þetta fólk sín gjöld, sem það gerir. Lærðir menn, m.a. í flokki hæstv. ráðherra, hafa þó sýnt fram á að a.m.k. til skemmri tíma fylgi þessu umtalsverð útgjöld. Ég vona að menn taki eftir því í þessari skýrslu sem hér hefur verið tekin saman til að greina vandann. Hvar er helst verið að safna skuldum hjá sveitarfélögum í landinu? Það er hér á höfuðborgarsvæðinu, ekki endilega í Reykjavík en hér í nágrannabyggðum, m.a. vegna þess að fólk kemur hingað í stórum stíl á örskömmum tíma, það þarf að ráðast í mjög kostnaðarsama uppbyggingu á skömmum tíma sem leiðir til þess að nettóskuldir þessara sveitarfélaga hækka um milljarða og aftur milljarða. Um þetta var nefndin algjörlega sammála þannig að þessi nýja sýn hæstv. ráðherra á þetta tiltekna vandamál er ákaflega sérkennileg.

Varðandi fasteignaskattinn þá er hér um að ræða kosningaloforð Sjálfstfl. og annarra. Flokknum ber auðvitað að skila því á sama hátt og honum ber að standa við fyrirheit í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði um að skila til baka hluta af barnabótum. En verum ekki að blanda því í þessa stóru jöfnu hér. Hér erum við að tala um tekjustofna sveitarfélaga. Með góðum vilja, með því að taka þessa óskyldu þætti inn í, þá stöndum við eftir sem áður frammi fyrir því að hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fólksfækkunarframlaga og fasteignaskattslækkunar nýtur ekki við, er hrein hækkun eftir hin mildandi áhrif af lækkun tekjuskatts upp á 1.600 millj. kr., á þessum tveimur árum þegar þetta er að fullu komið til framkvæmda. Þessir 160 þúsund íbúar verða að bera það uppi hér á þessu svæði. Ef það þýðir ekki aukna skattbyrði á íbúa þessa svæðis þá veit ég ekki hvað það þýðir. Þá hef ég satt að segja algjörlega misst áttir. Einhver verður auðvitað að borga þennan brúsa og það eru auðvitað engir aðrir en skattgreiðendur í þessu landi.

Mér finnst dálítið sérkennilegt, herra forseti, þegar hæstv. ráðherra segir að á sama tíma og sveitarfélögin hafi séð af tekjum þá hafi ríkissjóður ekki fengið þær. Það getur vel verið að þar sé ekki þráðbein lína á milli en tölurnar tala auðvitað sínu máli. Þær birtast okkur í því að tekjuaukning ríkissjóðs, eins og margir hv. þm. á borð við Gísla S. Einarsson hafa sýnt hér glögglega fram á, hefur stóraukist og mun hraðar en tekjuþróun sveitarfélaga. Það gefur augaleið af hverju það er og hitt að útgjöld sveitarfélaga aukast hraðar en tekjuþróunin. Það segir okkur að þarna hafi orðið breytingar á áherslum og í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin var þó sammála um það. Ég hvet hæstv. ráðherra til að lesa bls. 32 þar sem um þetta er fjallað. Við eigum ekki að þurfa að deila um staðreyndir, þær blasa hér við, herra forseti.

Þetta segir mér, herra forseti, að í miðju góðærinu, sem að vísu er farið að draga eilítið úr, eftir góðæri umliðinna ára, er veruleikinn sá að sveitarfélögin í landinu hafa safnað háum skuldum. Það ber ekki vitni um að hér sé málum vel til haga haldið og viturlega stýrt. Það er það sem við okkur blasir. Nú á að leysa þennan vanda sem orðið hefur til á umliðnum árum með hallærisleiðinni: hækkum bara skatta á fólkið. Þegar menn skoða heildarmyndina þá er þjónusta ríkis og sveitarfélaga auðvitað að fullu og öllu greidd af fólki í þessu landi, ekki hæstv. ráðherra, einstökum sveitarstjórnarmönnum eða einstökum þingmönnum. Fólkið í landinu borgar fyrir þessa þjónustu með sköttum sínum eða þjónustugjöldum. Hér er einfaldlega lagt til að fólkið borgi meira fyrir sambærilega þjónustu en verið hefur. Í minni orðabók hefur það fram til þessa þýtt skattahækkun. Til hamingju, hæstv. fjmrh., með þessa niðurstöðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

[19:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um ríkisábyrgðir. Hér er um að ræða litla breytingu sem byggir á því að 2. mgr. 6. gr. laganna, eins og frá henni var gengið með lögum nr. 121/1997, telst ekki standast EES-skuldbindingar Íslands. Ástæðan er sú að í greininni eins og hún er núna var gerður mismunur á því hvort um var að ræða innlendar eða erlendar skuldbindingar sem báru ríkisábyrgðir. Mál þetta var borið undir EFTA-dómstólinn og í áliti hans frá 14. júlí á þessu ári kemur fram að þetta færi í bága og væri ósamrýmanlegt ákvæðum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga.

Þess vegna, herra forseti, er óhjákvæmilegt að samræma þessa gjaldtöku og það er lagt til með þessu frv.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[19:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta virkar lítið og einfalt frv. en það vekur spurningar. Í fyrsta lagi kemur fram í grg. að ábyrgðargjaldið hefur verið 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga. Hæstv. fjmrh. hefur rakið hér hvers vegna breytingin er gerð, að eftir umfjöllun EFTA-dómstólsins þá megi ekki mismuna innlendum og erlendum lántakendum.

Með hliðsjón af þessu spyr ég: Vegna hvers var farin sú leið að hækka 0,0375% á ársfjórðungi upp í það sem var á erlendu lánin og hversu margir íslenskir lántakendur, ef hægt er að spyrja svo einfaldlega, eiga hér hlut að máli? Þetta er auðvitað hækkun fyrir þá.

Jafnframt, herra forseti, kemur fram að lögfesting frv. hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Það kemur auðvitað ekki á óvart vegna þess að ábyrgðargjaldið rennur til ríkissjóðs. Þá spyr ég auðvitað: Eykur þetta tekjur til ríkissjóðs og ef svo er, hve mikið?

Ef það er eitthvert jafnvægi á milli erlendra og innlendra lána þá hefði maður talið að það hefði átt að finna einhverja nýja prósentutölu þegar tekið var á þessu máli í stað þess að hækka lægri töluna upp í þá hærri. Hins vegar hlýtur þetta allt að ráðast af því hvert umfang þessara lána er og hvort það er ekkert af lánum af innlenda markaðnum.

[19:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að afla upplýsinga um skiptinguna á milli innlendra og erlendra lána og leggja það fram í þingnefndinni. Talan 0,0625 hefur verið hin almenna gjaldprósenta í þessum efnum. Árið 1997 var hins vegar ákveðið í efh.- og viðskn. að reyna fyrir sér með ákveðna ívilnun fyrir innlendar skuldbindingar og lækka þá tölu. Þessi breyting er gerð í ljósi þess að áðurnefnd ívilnun stenst ekki skuldbindingar okkar gagnvart EES-samningnum og því er horfið til þess sem upphaflega var ráðgert sem er hið almenna gjaldstig.

Hversu miklu þetta breytir í tekjum fyrir Ríkisábyrgðasjóð, ekki ríkissjóð, hef ég ekki á takteinum en sem betur fer hefur mjög dregið úr ríkisábyrgðum hér innan lands og reyndar af erlendum lánum þannig að hér held ég að sé ekki um neinn sérstakan herragarð að ræða í tekjuöflun fyrir Ríkisábyrgðasjóð sem starfar sem kunnugt er sem sérstakur sjóður innan vébanda Lánasýslu ríkisins.

[19:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það kemur fram í grg. að Lánasýsla ríkisins höfðaði dómsmál á síðasta ári til innheimtu ríkisábyrgðargjalds og þannig er það til komið að EFTA-dómstóllinn var beðinn um ráðgefandi álit. Það er ljóst að Lánasýsla ríkisins sækir ríkisábyrgðargjaldið, það er alla vega ekki svo lágt að það skipti ekki máli. Ráðuneytið hlýtur því að skoða hvaða umfang er á þessum breytingum. Hér er gjaldið á höfuðstól innlendra skuldbindinga hækkað og þrátt fyrir að dregið hafi úr ríkisábyrgð á lánum finnst mér afskaplega einkennilegt að heyra að þessi breyting hafi verið áætluð og þetta frv. flutt án þess að skoða umfang lánanna eða hvort þetta sé mikið mál fyrir einstaka lántakendur eða einhvern íslenskan hóp.

Ég vil líka spyrja ráðherrann að því hvað menn eigi við með almennu gjaldprósentunni. Heitir það almenn gjaldprósenta af því að hún var sett á einhvern tíma af efh.- og viðskn.? Þá var almenna gjaldprósentan væntanlega 0,0375% á gjaldskyldar innlendar skuldbindingar líka eða hvað?

[19:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er þannig til komið að aðili sem naut ríkisábyrgðar fékk kröfu um greiðslu ríkisábyrgðargjalds í hærra gjaldstiginu vegna þess að um var að ræða erlenda skuldbindingu, erlent lán. Viðkomandi neitaði að greiða hærra gjaldstigið og taldi að þar væri um mismunun að ræða vegna þess að menn með innlendar skuldbindingar þyrftu ekki að borga nema sem næmi lægra þrepinu. Þess vegna kom til þessa ágreinings. Í framhaldinu var leitað til EFTA-dómstólsins um ráðgefandi álit sem kvað upp úr með að þetta stæðist ekki. Þá er farin sú leið að leggja til að hið almenna gjaldþrep, sem gilti áður en þessi breyting var gerð 1997, að því er ég best veit, jafnt um innlendar sem erlendar skuldbindingar, taki gildi á nýjan leik fyrir hvort tveggja. Ívilnunin sem átti að felast í lægra gjaldþrepinu fyrir innlendar skuldbindingar er afnumin. Sú tilraun sem í því þrepi fólst misheppnaðist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjárhæðir). — Þskj. 227.

[19:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um veiðieftirlitsgjald. Fyrir gildistöku þeirra var gjaldtökuákvæði vegna veiðieftirlitsgjalds að finna í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða; lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands; og lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfisksafla um borð í veiðiskipum.

Við gildistöku laganna var lögfest í ein lög grundvöllur nokkurra gjalda sem innheimt eru í tengslum við útgáfu

leyfa til veiða í atvinnuskyni, úthlutun aflaheimilda og veru eftirlitsmanna um borð í fiskiskipum.

Gjöldin nefnast einu nafni veiðieftirlitsgjöld og standa undir kostnaði Fiskistofu af rekstri veiðieftirlits. Jafnframt voru lögfestar grunnfjárhæðir sem áður höfðu verið ákvarðaðar með reglugerð sem og útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem miðað er við. Grunnfjárgjald *vegna aflaheimilda er ákvarðað með hliðsjón af úthlutuðu* aflamarki og verðmætahlutfalli milli tegunda, svonefndra þorskígildisstuðla. Þar sem þessir þættir eru breytilegir var við því búist að breyta þyrfti gjaldinu árlega. Ákvörðun um hámarksafla næsta fiskveiðiárs liggur yfirleitt ekki fyrir fyrr en á miðju sumri. Álagningartíma gjaldsins var því breytt. Í stað þess að gjaldið legðist á við úthlutun veiðiheimilda í upphaf fiskveiðiárs var ákveðið að það yrði lagt á 1. desember ár hvert. Með því var talið að nægilegt ráðrúm gæfist til að endurskoða grunnfjárhæð gjaldsins með tilliti til ákvarðaðs hámarksafla og verðmætahlutfalla einstakra tegunda.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um veiðieftirlitsgjald. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæð gjalds vegna veiðiheimilda innan og utan lögsögu verði breytt til samræmis við áætlaðan kostnað Fiskistofu af veiðieftirliti. Í öðru lagi er lagt til að þegar skipi er úthlutað tilteknu aflamagni sem byggist ekki á hlutdeild taki gjaldið mið af úthlutuðu aflamagni en ekki lönduðum afla eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá er lagt til að gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum verði hækkað og að það verði einnig innheimt fyrir veru veiðieftirlitsmanns um borð í fiskiskipi samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

Veiðieftirlitsgjald sem lagt verður á 1. desember nk. á að standa undir kostnaði af heföbundnu veiðieftirliti Fiskistofu fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Í fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að innheimtan nemi 150,3 millj. kr. Gjaldið skiptist þannig að vegna veiðileyfa eru innheimtar um 38,8 millj. kr. og með gjaldi á aflaheimildir um 111,5 millj. kr. Síðastliðið sumar var ákveðið að bregðast við mikilli umræðu um brottkast afla um borð í fiskiskipum og styrkja eftirlit með því. Af þeim sökum hefur Fiskistofa fengið heimild til að ráða nú þegar fimm veiðieftirlitsmenn. Jafnframt var ákveðið að aðrir fimm yrðu ráðnir frá og með næstu áramótum. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Fiskistofu hækki um 50 millj. kr. á ári við þetta. Í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2000, sem og frumvarpi til fjárlaga ársins 2001, er áætluð hækkun á veiðieftirlitsgjaldi vegna ráðningar fimm eftirlitsmanna. Til að standa undir kostnaði Fiskistofu af veiðieftirliti þarf innheimta vegna gjalds á aflaheimildir að nema samtals 161,5 millj. kr. Á nýhöfnu fiskveiðiári er gert ráð fyrir að úthluta 381.577 þorskígildistonnum til útgerða fiskiskipa og hefur þeim fækkað um 78.600 þorskígildistonn frá síðasta fiskveiðiári. Kemur þar tvennt til, annars vegar hefur orðið hlut fallslega meiri hækkun á verði þorsks en annarra tegunda og hins vegar var leyfilegur heildarafli þorsks minnkaður um 30 þús. tonn. Gjald á aflaheimildir er miðað við þorskígildistonn og er hér lagt til að það verði 424 kr. á hvert þorskígildistonn. Með því má gera ráð fyrir að innheimtan muni nema um 161,5 millj. kr. Þá er lagt til að gjald vegna tegunda sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands verði samræmt almennu gjaldi á aflaheimildir og hækki úr 300 kr. í 424 kr. á hvert þorskígildistonn. Með því er enginn greinarmunur gerður á gjaldtöku eftir fiskstofnum eða veiðislóð þeirra.

Breyting sú sem lögð er til á orðalagi 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laga um veiðieftirlitsgjald felur í sér að þegar úthlutað er tilgreindu magni sem ekki miðast við fasta aflahlutdeild skuli gjaldið miðast við úthlutað magn en ekki landaðan afla. Þetta þykir heppilegra með tilliti til úthlutunar aflaheimilda sem ekki byggist á hlutdeild skips heldur öðrum forsendum eins og t.d. úthlutun norsk-íslensku síldarinnar og sérstakra uppbóta. Orðið hlutdeild í málsgreininni tekur einnig til *krókaaflahlutdeildar.*

Gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum hefur ekki staðið undir kostnaði. Til að mæta því er hér lagt til að gjaldið hækki úr 14.200 kr. á sólarhring í 16.500 kr. Gjaldið hefur verið óbreytt síðan 1996. Frumvarp hefur komið fram þar sem gert er ráð fyrir að í ákveðnum tilfellum sé Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í fiskiskip á kostnað útgerðar í því skyni að koma í veg fyrir brottkast. Nauðsynlegt þykir að kveða á um hvaða upphæð útgerð beri að greiða í þessum tilvikum. Er lagt til að sama gjald verði greitt fyrir það og fyrir veru eftirlitsmanna um *borð í frystiskipum. Þá er lagt til að gjald vegna veru eftirlits*manna um borð í veiðiskipum sem stunda veiðar á grundvelli milliríkjasamnings úr stofni sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands hækki úr 15.000 kr. í 19.500 kr. Gjaldið hefur ekki breyst síðan 1996 og hefur ekki staðið undir kostnaði af veru eftirlitsmanna um borð.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[19:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald. *Út af fyrir sig tel ég* að það sem hér er lagt til sé allt saman eðlilegt og hafi menn reiknað kostnaðinn rétt út og annað fari þar eftir, þá býst ég við að segja megi að hægt sé að taka undir flest af því sem þarna er lagt til.

Ég ætla að neita mér um að fara í langa umræðu um ástæðurnar fyrir því að þetta gjald er lagt til eins og það er, en ég verð þó að segja að þessi hugmynd um að útgerðarmenn borgi einhvers konar refsivist, eða hvað ætti að kalla það, eftirlitsmanna eftir sjö daga um borð hjá sér er ákvæði sem mér fyndist að ætti að hafa öðruvísi. Ég tel reyndar að ef það er þannig að útgerðarmenn eigi eða verði dæmdir til að borga veru eftirlitsmannsins um borð áttunda daginn, þá ættu þeir alveg eins að borga hina sjö á undan. Hafi það sannast að þeir hafi ekki hagað sér með eðlilegum hætti á miðunum, þá er það æði hart að allur kostnaður skuli greiddur af sameiginlegum framlögum í sjö daga en áttundi dagurinn greiddur af útgerðarmanni. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að þetta komi ekki til með að verða mjög raunhæf leið þó að einhvers konar refsihótun sé falin í ákvæðum sem er búið að setja í lög um þessa hluti.

En ég sit í hv. sjútvn. og fæ tækifæri til þess að fara með öðrum nefndarmönnum yfir það sem hér er lagt til og ætla þess vegna ekki að lengja umræðuna neitt en legg áherslu á að mér sýnist í fljótu bragði, miðað við það sem búið er að leggja til, að hér sé eðlilega staðið að framhaldinu þó að ég sé ekki sammála upphafinu.

[19:52]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við ræðu hv. þm. Jóhann Ársælsson að bæta. Þó eru spurningar til hæstv. sjútvrh. varðandi þann kostnað sem lagður er á útgerðina vegna veru eftirlitsmanna um borð. Hver eru laun þeirra

eftirlitsmanna sem um borð eru? Felur þessi kostnaður í sér launin og annan kostnað sem við eftirlitið er? Er greitt til útgerðarinnar á móti vegna fæðis og annars kostnaðar sem útgerðin ber, annan en beinan peningalegan kostnað sem þarna er getið um? Er t.d. miðað við tryggingu sjómanna sem eru á úthaldi um borð í þeim bátum eða skipum sem eftirlit er haft með eða eru launakjör þessara starfsmanna allt önnur en sjómönnum er boðið upp á?

[19:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Laun eftirlitsmanna eru allt önnur en laun sjómanna. Þeir eru að sjálfsögðu á hlutaskiptakerfi en veiðieftirlitsmenn eru á föstum launum. Inni í þeirri tölu eru því laun þeirra og kostnaður við veruna um borð og að koma þeim á staðinn og þar fram eftir götunum. Ég reikna með að fæðiskostnaður sé innifalinn í þeim kostnaði líka. Þó get ég ekki fullyrt um það nákvæmlega hér en sjálfsagt verður hægt að fá ítarlegri upplýsingar um það til að kynna fyrir hv. sjútvn.

[19:54]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um að sjómenn eru á hlutaskiptakerfi en hins vegar þegar ekki fiskast í hlut, þá er föst trygging. Það sem mér leikur forvitni á að vita er hvernig þessi tala, þessi kostnaður er fundinn út. Er þarna einungis um ferðakostnað og laun að ræða og miðað við það sem hæstv. ráðherra sagði megi menn draga frá áætlaðan fæðiskostnað af þessum peningum sem útgerðinni er ætlað að greiða í kostnað af veiðieftirlitsmönnum? Ef hann er innifalinn í þessari upphæð, þá hlýtur að vera miðað við þann kostnað, einhvern meðaltalskostnað hvort sem um er að ræða laun, ferðakostnað eða fæðiskostnað sjómanna, menn hjóta að taka mið af einhverju slíku. Eða er það kannski þannig að menn taka mið af dagpeningum eða ferðakostnaði opinberra starfsmanna? Það væri fróðlegt að vita.

[19:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efaðist ekkert um að hv. 3. þm. Suðurl. kannaðist við hlutaskiptakerfið. Veiðieftirlitsmenn taka hins vegar laun sem starfsmenn hins opinbera en ég get ekki svarað því nákvæmlega hvernig farið er með fæðismálin en útreikningurinn er á þann veg að reiknaður er sá kostnaður sem Fiskistofa hefur af veiðieftirlitsmönnunum og honum er síðan deilt niður á þá daga sem reiknað er með að þeir séu um borð í skipunum.

Eins og kom fram í ræðu minni er gert ráð fyrir tíu veiðieftirlitsmönnum og kostnaður við þá verði til viðbótar á næsta ári um 50 millj., þannig að hægt er að reikna heildarkostnaðinn út frá því. En eins og ég sagði er sjálfsagt hægt að upplýsa nánar um þetta í hv. sjútvn.

[19:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli að kostnaðurinn vegna veru eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum er hærri ef veiðar eru stundaðar utan lögsögu Íslands en innan lögsögunnar og það er einungis þess vegna sem ég velti fyrir mér út frá hvaða forsendum þetta er reiknað.

[19:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Til að svara seinustu athugasemd hv. 3. þm. Suðurl. varðandi mismuninn á kostnaðinum vegna eftirlits utan lögsögu og innan lögsögu, þá er gert ráð fyrir að það sé meiri ferðakostnaður vegna eftirlits utan lögsögu þar sem komið getur til að flytja þurfi menn með flugvélum til að komast um borð í skipin þar sem sum þeirra koma ekki til hafnar á Íslandi nema með nokkurra mánaða millibili, eins og t.d. þegar rækjutogarar eru á Flæmska hattinum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 19:59.

---

24. FUNDUR

þriðjudaginn 14. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 1. umr. (Atkvgr.)
6. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 216. mál, þskj. 227. — 1. umr. (Atkvgr.)
7. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
8. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 79. mál, þskj. 79. — Fyrri umr.
9. Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, þáltill., 180. mál, þskj. 188. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Endurbygging og varðveisla gamalla húsa, 248. mál, fsp. KLM, þskj. 273.

Hagræðing í viðskiptabönkum, 167. mál, svar viðskrh., þskj. 256.

Kostnaður við ljósleiðaravæðingu landsins, 245. mál, fsp. SJS, þskj. 270.

Kyoto-bókunin, 244. mál, fsp. EKG, þskj. 269.

Lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001, 247. mál, fsp. KLM, þskj. 272.

Sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru, 249. mál, fsp. ÞSveinb og JÁ, þskj. 274.

Tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi, 246. mál, fsp. KLM, þskj. 271.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (vatnsgjald). — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 201. mál (sektarákvarðanir Félagsdóms). — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að fá að segja nokkur orð um atkvæðagreiðsluna sem slíka og vekja á því athygli að fyrirliggjandi er í þingskjali breytingartillaga við það frv. sem hér liggur fyrir. Frv. fjallar eins og kunnugt er um mildandi áhrif með lækkun tekjuskatts sem mótvægisaðgerð gegn hækkun útsvars. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt til að þrefalda þessa lækkun tekjuskatts á næstu tveimur árum og mín ósk er mjög eindregin sú að efh.- og viðskn. sem væntanlega mun taka þetta frv. til meðhöndlunar og senda til umsagnar vítt og breitt um landið til sveitarstjórna og fleiri hagsmunaaðila, hafi breytingartillöguna einnig til umfjöllunar í starfi sínu og sendi hana samhliða meginfrumvarpinu til umsagnar til hagsmunaaðila þannig að öllum málefnarökum sé til haga haldið í nefndarvinnu milli 1. og 2. umr. Ég vænti þess og geng út frá því að þessari ósk verði sinnt með heilindum og fullum þunga.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjárhæðir). — Þskj. 227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stöðugleiki og samstaða um grundvallaratriði utanríkismála einkennir íslenskt samfélag. Mikil eining ríkir um þátttöku okkar í norrænu samstarfi, varnarsamstarfinu innan NATO og við Bandaríkin, Sameinuðu þjóðunum, ásamt fjölmörgum stofnunum á sviði málefna Evrópu og annarra alþjóðamála. Aukin alþjóðavæðing, vaxandi þáttur alþjóðlegra viðskipta og annarra samskipta í framförum og velferð þjóða kalla á nýjar áherslur. Aðstoð við útrás íslenskra fyrirtækja, þróunaraðstoð og friðargæslustörf eru þrjú lýsandi dæmi um ný verkefni sem krefjast tíma og mannafla. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur verið efld til að sinna auknu markaðsstarfi og styðja við bakið á íslensku atvinnulífi sem sækir nú fram á alþjóðlegum mörkuðum með meiri krafti og fjölbreytni en nokkru sinni fyrr.

Með auknu framlagi íslenska ríkisins til friðaraðgerða á alþjóðlegum vettvangi áréttum við vilja okkar til virkrar þátttöku í aðgerðum Sameinuðu þjóðanna, NATO, ÖSE og ESB til að varðveita frið og stöðugleika og koma í veg fyrir hernaðarleg átök. Hið sama má segja um aukið framlag Íslands til þróunarsamvinnu, en með því viljum við leggja okkar af mörkum til að berjast gegn fátækt og misrétti í heiminum. Framlög okkar á þessum sviðum eru skerfur til að byggja upp betri framtíð alls mannkyns.

Að kalda stríðinu loknu hafa björtustu vonir manna um útrýmingu ófriðar og átaka því miður ekki ræst. Þarf ekki annað en að vísa til ástandsins á Balkanskaga og í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins í því sambandi. Auk þátttöku í varnar- og öryggismálastarfi krefjast breyttir tímar viðbragða við ýmsum nýjum hættum sem við þurfum að gefa

meiri gaum, t.d. útbreiðslu gereyðingarvopna, skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkahópum, kúgun minni hluta og þjóðerniserjum, svo fátt eitt sé talið. Hermálaútgjöld þjóða heims eru enn gríðarleg. Þau voru samtals um 809 milljarðar dala í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaherfræðistofnuninni í London. Í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust lagði ég áherslu á að þjóðir heims kappkosti í framtíðinni að öryggi þeirra verði tryggt með sem allra minnstum vopnabúnaði. Víst er að þetta mikla fé mætti nýta til uppbyggingar í heiminum og neyðin blasir víða við eins og hvarvetna má sjá.

Sendiráð verða stofnuð á næsta ári í Tókíó, Ottawa og Vínarborg til að takast á við ný verkefni. Í síðastnefndu borginni er þegar starfandi fastanefnd gagnvart ÖSE og stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar. Ráðgert er að hún verði jafnframt sendiráð í Austurríki og fleiri ríkjum þegar tímar líða. Sendiráðinu í Tókíó er ætlað að styrkja tengslin við Japan á hinu pólitíska, viðskipta- og menningarlega sviði. Sendiráð í Kanada mun, auk hefðbundinnar starfsemi að pólitískum tengslum, auknum viðskiptum og menningartengslum, efla enn frekar samskiptin við Vestur-Íslendinga. Bæði Japan og Kanada hafa ákveðið að opna sendiráð hér á landi á næsta ári á gagnkvæmnisgrundvelli. Þá er á næsta ári einnig gert ráð fyrir að opna skrifstofu í Maputo í Mósambík. Opnun hennar er liður í að efla íslenskt framlag til þróunarsamvinnu sem á síðustu árum hefur fyrst og fremst beinst að suður hluta Afríku.

Á síðastliðnum áratug hóf Ísland þátttöku í alþjóðlegri friðargæslu á vegum alþjóðastofnana, einkum Atlantshafsbandalagsins og ÖSE. Þessi þátttaka hefur smám saman verið aukin og að jafnaði hefur um tugur Íslendinga verið við friðargæslustörf á þessu ári í Bosníu og Kosovo. Frá árinu 1994 hafa alls 50 manns starfað að friðargæslu á vegum Íslands í Bosníu og Kosovo, einkum úr röðum lögreglumanna, lækna og hjúkrunarfræðinga.

Í því skyni að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu ákvað ríkisstjórnin í sumar að setja á fót starfshóp fjögurra ráðuneyta til að móta tillögur um það efni. Hópurinn lagði fram tillögur sínar ásamt greinargerð í októbermánuði.

Ríkisstjórnin hefur nú fjallað um tillögur hópsins. Ákveðið hefur verið að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu með það fyrir augum að Ísland geti þegar þörf krefur lagt sitt af mörkum og kostað ákveðinn fjölda einstaklinga til friðargæsluverkefna á hverjum tíma. Stefnt verður að því að á næstu tveimu til árum geti allt að 25 manns starfað við friðargæslu. Með aukinni þátttöku og reynslu af þessu starfi verði stefnt að því að fjölga friðargæsluliðum í allt að 50 manns. Til greina kemur fólk úr ýmsum starfsstéttum, þar á meðal lögreglumenn, verkfræðingar, læknar og hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar, stjórnendur og tæknimenntað starfsfólk.

Undir heitinu Íslenska friðargæslan verður komið upp skrá eða lista yfir allt að 100 manns sem eru tilbúnir til að fara til friðargæslustarfa með stuttum fyrirvara. Íslenska friðargæslan verður undir stjórn alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem mun sjá um ráðningu, undirbúning og þjálfun starfsliðs og almenna umsjón með starfseminni.

Herra forseti. Mannréttindi eru algild og það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim. Við leggjum áherslu á að tryggja beri mannréttindi um heim allan, m.a. á grundvelli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Ísland hefur einkum lagt áherslu á réttindi kvenna og barna og hefur því t.d. verið komið á framfæri með málflutningi á vettvangi allsherjarþingsins og mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísland hefur leitast við að leggja sitt af mörkum til neyðaraðstoðar og til að leysa vanda flóttamanna, en sá vandi er mjög mikill og verður sífellt áleitnara viðfangsefni á alþjóðavettvangi. Ljóst er að vandamál flóttamanna verða ekki leyst án samvinnu allra þjóða.

Niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims, svokallað HIPC-átak, er að líkindum metnaðarfyllsta tilraun sem fram hefur farið til að losa fátækustu ríki heims úr vítahring skulda og afborgana sem hafa sligað efnahag þeirra undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að 30 fátækustu ríki heims fái fyrirgreiðslu, samtals um 50 milljarða dollara. Til þess að fá fyrirgreiðslu þurfa ríkisstjórnir þessara fátæku landa að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru þau að það fólk sem býr við sárasta örbirgð njóti fyrirgreiðslunnar þegar fram líða stundir. Með öðrum orðum á að nýta það svigrúm sem skapast við niðurfellingu skuldanna hjá þessu fátæka fólki, t.d. á sviði menntaog heilbrigðismála og atvinnuuppbyggingar. Þegar hafa tíu lönd lagt fram áætlanir um sinn þjóðarbúskap sem uppfylla skilyrðin. Gert er ráð fyrir að önnur tíu verði búin að skila slíkum áætlunum og fá þær samþykktar fyrir lok þessa árs.

Eins og áður hefur komið fram hafa umsvif Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vaxið umtalsvert á undangengnum árum. Nýlega var undirritaður fyrir hönd stofnunarinnar samstarfssamningur við Úganda sem er nýtt samstarfsland. Stofnunin mun hafa fastan starfsmann og skrifstofu í Kampala frá og með næstu áramótum. Fyrstu verkefnin verða væntanlega á sviði fiskveiða eins og endranær. Um leið og stofnunin hefst handa í Úganda rennur samstarfssamningurinn við Grænhöfðaeyjar út. Stofnunin mun þó áfram veita Grænhöfðaeyjum styrki til einstakra verkefna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfar áfram í Mósambík, Malaví og Namibíu. Einnig hefur stofnunin stutt uppbyggingarstarfið á Austur-Tímor, en þaðan hefur m.a. borist beiðni um aðstoð við gerð fiskihafnar.

Nýlega gerði utanríkisráðuneytið samning við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Þróunarsamvinnustofnun Íslands um það sem við höfum kosið að kalla viðskiptaþróun. Ætlunin er að aðstoða íslensk fyrirtæki við að afla sér viðskipta í þróunarríkjum. Samstarf við Alþjóðabankann tengist þessu starfi, en bankinn hefur látið í ljós áhuga á að eiga samstarf við fyrirtæki hér á landi til uppbyggingar atvinnulífs í þróunarríkjum. Íslensk fyrirtæki eiga mikið erindi til þróunarlanda, ekki einvörðungu í sjávarútvegi heldur í mörgum öðrum greinum. Það býr mikill kraftur og þekkingarauður í íslensku atvinnulífi og honum eigum við að deila með fátækum þjóðum, öllum til hagsbóta.

Sem formennskuríki í EFTA hefur Ísland það hlutverk að vera málsvari EFTA/EES-ríkjanna í samskiptum við ESB, ekki síst við rekstur EES-samningsins. Þetta missiri hefur framkvæmdastjórn ESB hert nokkuð málflutning sinn og minnt á það að þegar EFTA-ríkin skorast undan því að taka samþykktir Evrópusambandsins inn í samninginn getur það leitt til þess að hluti EES-samningsins falli úr gildi. Einkum hefur þessi málflutningur sprottið af því hversu mjög hefur dregist að taka inn í samninginn tilskipun um viðskipti með gas, nokkrar gerðir sem varða aukefni í matvælum og veitingu einkaleyfa í líftækni.

Þó að EES-samningurinn sé traustur grunnur og þess hafi ekki orðið vart að Evrópusambandið víki sér beinlínis undan

samningsskuldbindingum þá telja EFTA-ríkin að samninginn megi nota á markvissari hátt til að tryggja samræmi á svæðinu og koma sjónarmiðum EFTA/EES-ríkjanna betur á framfæri. Hefur verið unnið að því að tryggja dreifingu sjónarmiða og álitsgerða EFTA-ríkja innan stjórnkerfis ESB. Starfsmönnum ESB hefur verið boðið á kynningarnámskeið um EES-samninginn og verið er að fara yfir hvernig efla megi óformleg tengsl og upplýsingaskipti við Evrópuþingið. Samkvæmt nýlegum könnunum rata 82% þeirra breytinga sem Evrópuþingið leggur til inn í endanlegan texta ESB-samþykkta svo það er til mikils að vinna að fylgjast betur með því ferli.

Ríkjaráðstefnunni sem nú stendur yfir er ætlað að laga stofnanir ESB að auknum fjölda aðildarríkja og er þá miðað við þau 12–13 ríki sem nú hafa tekið sér stöðu við dyr ESB. Þeim málaflokkum þar sem niðurstaða fæst aðeins með einróma samþykki verður fækkað á yfirstandandi ríkjaráðstefnu þó að enn séu ekki líkur á því að verulegar breytingar verði t.d. í skatta- og félagsmálum. Væntanlega verður gengið frá einhverri uppstokkun atkvæðavægis sem styrkir stærri ríkin í sessi. Enn fremur verður tekið á því hversu stór framkvæmdastjórnin skuli vera og hver verði verkaskipting innan hennar. Reglur um það hvernig ákveðinn fjöldi aðildarríkja getur efnt til frekara samstarfs sín á milli án þess að öll aðildarríkin séu með verða settar og rætt verður hvernig hægt sé að fara með möguleg mannréttindabrot aðildarríkja, þ.e. hvernig stofnanakerfi ESB geti tekið slík mál til umfjöllunar. Vegna mikilvægis framkvæmdastjórnarinnar sem samstarfsaðila í EES-kerfinu er það í þágu EFTA/EES-ríkja að framkvæmdastjórnin haldi sterkri stöðu. Fróðlegt verður enn fremur að sjá hvort kostur verði gefinn á því í framtíðinni að EFTA/EES-ríki komi að efldu samstarfi tiltekinna aðildarríkja, á svipaðan hátt og Ísland og Noregur taka nú þátt í Schengen-samstarfi á fleiri sviðum en Bretland og Írland.

Þó að sífellt fjölgi þeim efnissviðum sem teljast afgreidd í viðræðum ESB og umsóknarríkja heyrist æ oftar að viljann skorti enn til þes að höggva á hnúta í erfiðustu málunum, til að mynda í landbúnaði, frjálsri för fólks, dóms- og innanríkismálum og umhverfismálum. Það verði ekki fyrr en hægt verði að tímasetja hvenær umsóknarríkin verða aðildarríki. Takist að ná niðurstöðu á ríkjaráðstefnunni í Nice er líklegt að aukinn kraftur færist í aðildarviðræður undir forustu Svía á fyrri helmingi næsta árs. Það er brýnt að efla aðkomu EFTA/EES-ríkjanna að stækkunarferlinu nú þegar undirbúningi lýkur og raunverulegar samningaviðræður um aðlögun og aðlögunartíma hefjast. Nýjum aðildarríkjum ber skylda til að sækja um aðild að EES sem telst hluti af þeim réttindum og skyldum sem þau taka yfir við aðild. Erfitt er að ímynda sér annað en að það verði á þeim forsendum sem um hefur samist milli ESB og þeirra. Því hef ég lagt á það þunga áherslu í viðræðum mínum við Evrópusambandið, t.d. á fundum með framkvæmdastjóranum, Verheugen, sem er ábyrgur fyrir stækkunarviðræðum af hálfu framkvæmdastjórnar, að EFTA/EES-ríkin geti fylgst sem best með þessum viðræðum og fái tækifæri til að koma tímanlega á framfæri athugasemdum og tillögum.

Áfram verður kappkostað að fylgjast sem best með þróun Evrópusambandsins og áhrifum þeirra breytinga á stöðu Íslands. ESB tekur sífelldum breytingum sem krefjast árvekni og stöðugrar vinnu til að tryggja hagsmuni Íslands. Utanríkisráðuneytið mun áfram leitast við að veita sem bestar upplýsingar um það starf þannig að það geti skapað góðan grundvöll fyrir lifandi umræðu um stöðu Íslands í Evrópu.

Ríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hafa í samstarfi gert fríverslunarsamninga við 15 ríki. Til dæmis má nefna að viðræðum við Mexíkó, undir forustu Íslands, um fríverslunarsamning er nýlokið á farsælan hátt. Verður hann undirritaður síðar í þessum mánuði. Að auki standa nú yfir viðræður við Kanada, Jórdaníu, Kýpur, Króatíu, Egyptaland og Túnis. Fríverslunarviðræður EFTA og Chile hefjast í desember á þessu ári. Í farvatninu er einnig að hefja viðræður við Suður-Afríku og fleiri ríki.

Eitt af grundvallarsjónarmiðum EFTA er að ekki verði gerður fríverslunarsamningur nema hann gildi fyrir sjávarafurðir jafnt sem iðnaðarvörur. EFTA-samstarfið við gerð fríverslunarsamninga er því Íslandi afar mikilvægt og tryggir markaðsaðgang fyrir íslenska framleiðslu á erlendum mörkuðum sem við hefðum ekki bolmagn til að gera einir og sér á báti.

Samskipti Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins hafa undanfarið orðið eitt helsta viðfangsefni bandalagsins. Öllum er ljóst að Evrópuríkin þurfa að leggja meira af mörkum til sameiginlegs öryggis aðildarríkjanna. Áform ESB um að skapa sér aukna hernaðargetu er öðrum þræði liður í þeirri viðleitni. Af Íslands hálfu hefur verið lýst stuðningi við aukna ábyrgð Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálasamstarfinu, en einnig er lögð áhersla á að standa þurfi vörð um samheldni ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Í umræðum þeim sem enn standa yfir um evrópsk öryggis- og varnarmál hefur það verið meginmarkmið okkar að tryggja að tekið yrði fyllsta tillit til stöðu landsins sem aðildarríkis að Atlantshafsbandalaginu og aukaaðildarríkis Vestur-Evrópusambandsins. Þannig höfum við farið þess á leit að ESB skýrði betur en gert hefur verið að hve miklu leyti það hyggst taka tillit til evrópsku bandalagsríkjanna sem ekki eru í ESB, ríkja sem þau sjálf buðu aukaaðild að VES á sínum tíma. Þrátt fyrir að sambandið hafi stigið skref í rétta átt á leiðtogaráðsfundinum í Feira í júní eru vonir við það bundnar að sambandið bregðist enn frekar við óskum sem fram hafa verið settar um raunverulega hlutdeild í mótun ákvarðana sambandsins um öryggis- og varnarmál í Evrópu.

Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda undanfarin ár að auka hlut Íslands á sviði tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin og á sviði fjölþjóðlegs varnarsamstarfs við þau ríki sem eiga aðild að Samstarfi í þágu friðar. Auk ákvörðunar um smíði varðskips sem er búið þeim tækjakosti sem þarf til að geta tekið þátt í sameiginlegum æfingum með varnarliðinu á sviði björgunar og sjóferðaeftirlits, hafa utanríkisráðuneytið, Almannavarnir, Landhelgisgæsla og sérsveit ríkislögreglustjóra tekið þátt í æfingum svo sem Norðurvíkingi og almannavarnaæfingunni Samverði, en Almannavarnir ríkisins leiddu þá æfingu sl. sumar.

Nýlega var efnt til skoðanaskipta háttsettra embættismanna og sérfræðinga um afmarkaða þætti varnarsamstarfsins, svo sem fyrirkomulag verktöku fyrir varnarliðið og aðgang að varnarsvæðum. Hafa þessar viðræður gengið vel og umtalsverður árangur náðst, en þeim er ekki að fullu lokið.

Mikilvægi norrænnar samvinnu fyrir Ísland er óumdeilanlegt og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um það hér á hinu háa Alþingi. Umræður í sl. viku um skýrslu um stefnu og skipan Norðurlandasamvinnunnar á nýrri öld, svokallaða framtíðarskýrslu, voru að vonum miklar og áhugaverðar, enda er margt í henni athyglisvert. Skýrslan er unnin að

frumkvæði Íslands og ég er þess fullviss að hún er góður grundvöllur til að styrkja starfsemi Norðurlandaráðs og tengja það betur öðru alþjóðlegu starfi, ekki síst ESB.

Árið 1994 flutti ég ásamt meðal annarra núverandi fjármálaráðherra og forsætisráðherra Finnlands tillögu í Norðurlandaráði um norræna upplýsingaskrifstofu hjá ESB í Brussel. Ekki reyndist unnt að ná samkomulagi um hana því þá þótti ekki rétt að Norðurlöndin kæmu fram gagnvart ESB sem ein heild. Nýr tónn er í framtíðarskýrslunni varðandi þetta og margir stjórnmálamenn á Norðurlöndum hafa skipt um skoðun. Það eru t.d. augljósir hagsmunir fyrir okkur Íslendinga að Norðurlöndin starfi sem nánast saman á alþjóðavettvangi, en með vaxandi starfi ESB hefur orðið breyting þar á.

Eystrasaltríkin þrjú hafa æ nánara samstarf við Norðurlöndin. Tillaga sem rædd var á þingi Norðurlandaráðs um aðild þeirra að Norðurlandaráði hlaut ekki brautargengi, enda ótímabær. Starf Norðurlandaráðs byggist á sameiginlegri sögu, tungu og menningu Norðurlanda og því breyttist grundvöllur ráðsins með afgerandi hætti ef ríkin þrjú yrðu fullgildir aðilar. Samstarf Norðurlanda við Eystrasaltslöndin mun þó eflaust enn styrkjast. Nýlega var ákveðið að kalla sameiginlega fundi ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltríkjanna fundi hinna átta í stað fimm plús þrír fundi. Innan Norðurlandaráðs gæti einnig farið fram samstarf við Eystrasaltsríkin um ákveðin málefni á jafnræðisgrundvelli samkvæmt tillögum í framtíðarskýrslunni, en þar er lagt til að Eystrasaltsríkjunum verði boðin aðild að Norræna fjárfestingabankanum. Það er ánægjulegt að geta skýrt frá því að nú stefnir í að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu geti lokið starfsemi sinni í Eistlandi og Lettlandi þar sem staða mannréttindamála í löndunum er nú í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Það er lykilatriði fyrir framtíðarvelmegun íbúa Evrópu og stöðugleika að þeim pólitísku og efnahagslegu breytingum sem átt hafa sér stað í Rússlandi undanfarinn áratug verði fram haldið þannig að endurreisn rússnesks efnahagslífs verði að veruleika og lýðræðislegir stjórnarhættir festist þar í sessi. Það er nauðsynlegt að hafa það hugfast að það er veikburða Rússland, Rússland á barmi efnahagslegs, pólitísks og hernaðarlegs hruns sem ástæða er til að hafa áhyggjur af, en ekki velmegandi Rússland með markaðshagkerfi og undir lýðræðisstjórn. Ísland styður eftir megni þær breytingar og þá stefnu sem við teljum stuðla að efnahagslegri uppbyggingu og lýðræðislegu rússnesku stjórnarfari.

Í starfi sínu innan Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lagt megináherslu á hafréttarmálefni og mannréttindi. Umræðan um málefni hafsins hefur aukist og er einstaklega mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í henni. Við verðum að tryggja hagsmuni okkar og sjá til þess að alþjóðlegar aðgerðir á þessu sviði taki mið af raunverulegum aðstæðum.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á sviði mannréttindamála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er enn mikið verk ónunnið. Víða eru stjórnvöld treg til að vinna að framgangi mannréttinda innan sinna landamæra. Framlag Íslands til starfsemi UNIFEM í Kosovo er í samræmi við áherslu Íslands á málefni kvenna og barna.

Sem kunnugt er hafa fjögur ríki, Ísland, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Bretland og Írland, gert tilkall til landgrunnsréttinda á Hatton-Rockall svæðinu. Aðilar þurfa að ná samkomulagi um skiptingu svæðisins sín á milli eða um að svæðið verði sameiginlegt nýtingarsvæði. Jafnframt þarf að nást niðurstaða um afmörkun ytri marka landgrunnsins með hliðsjón af tillögum landgrunnsnefndarinnar. Við höfum talið tímabært að koma aftur á viðræðum milli aðila Hatton-Rockall málsins til að endurmeta stöðu þess og áttum frumkvæði að því að koma á tvíhliða viðræðum við Breta síðastliðið vor. Viðræðurnar voru gagnlegar og verður þeim fram haldið nú í vetur. Báðum aðilum er þó ljóst að til að ná samkomulagi í málinu þurfa Írar og Danir fyrir hönd Færeyinga, einnig að koma að því.

Áhugi á málefnum hafsins fer hraðvaxandi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það er að mörgu leiti jákvæð þróun þar sem alþjóðlegt samstarf til verndar hafinu er brýnt hagsmunamál okkar Íslendinga. Á hinn bóginn hefur borið á því að einstök iðnríki vilji fjalla um fiskveiðar á allsherjarþinginu og segja þar öðrum ríkjum fyrir verkum, ekki síst fiskveiðiríkjunum. Þetta er afar varasöm þróun sem við verðum að fylgjast náið með og spyrna gegn.

Öflug fiskveiðistjórn heima fyrir og alþjóðlegt átak um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi eru lykillinn að því að tryggja áframhaldandi sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Í gær hófst í Haag í Hollandi síðasti undirbúningsfundurinn fyrir sjötta aðildarríkjaþing loftslagssamningsins sem stendur yfir alla næstu viku. Þar verða veigamiklar ákvarðanir teknar um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Iðnríkin hafa lýst því yfir að fáist ekki niðurstaða varðandi viðskipti með losunarkvóta á fundinum fullgildi þau ekki bókunina. Eins og kunnugt er hefur ekkert OECD-ríkjanna staðfest bókunina en staðfesting þeirra er forsenda þess að bókunin öðlist gildi.

Á meðal þeirra mála sem eru á dagskrá aðildarríkjaþingsins er íslenska ákvæðið svokallaða. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að Ísland fullgildi ekki Kyoto-bókunina nema ásættanleg niðurstaða náist um það mál. Sendinefnd Íslands á þinginu í Haag undir forystu umhverfisráðherra vinnur að því að sú verði raunin þannig að eðlileg nýting hreinna og endurnýjanlegra orkulinda Íslands geti áfram verið undirstaða framfara í landinu.

Næsta umhverfi okkar, Evrópa, varðar okkur mestu. Mér hefur því nú sem oftar á undangengnum missirum orðið tíðrætt um hagsmuni okkar á þeim slóðum. Það er þó einnig nauðsynlegt að líta til fleiri átta og okkur fjær.

Lungann úr öldinni hafa átök og ófriður einkennt stjórnmálaþróunina í Miðausturlöndum. Friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafsins sem hófst með Óslóarsamkomulaginu fyrir sjö árum virðist nú hafa siglt í strand. Friðarviðræður Ísraels og Palestínumanna hafa ratað í ógöngur sem vandséð er hvernig úr eigi að komast. Ósveigjanleg afstaða deiluaðila hefur leitt af sér óhugnanlegt ofbeldi og grimmd. Sanngirni mun ekki ríkja í þessum heimshluta fyrr en Ísraelar og Palestínumenn líta á hvorir á aðra sem jafningja og Jerúsalem verður sett undir einhvers konar alþjóðlega stjórn.

Ábyrgð Ísraels er mikil þó að við fordæmum harðlega ofbeldisaðgerðir beggja aðila. Gagnkvæmt traust er horfið og það mun taka langan tíma að byggja það upp að nýju. Fyrr er þess ekki að vænta að við getum gert okkur einhverjar vonir um varanlegan frið fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Við skulum vera minnug þess að úr okkar eigin sögu eru dæmi um að atburðir hinum megin á hnettinum hafi haft bein áhrif á þróun utanríkis- og öryggismála. Svo var t.d. um Kóreustríðið, en þess er nú minnst að rétt hálf öld er liðin síðan það braust út og vakti alvarlegan ugg vestrænna ríkja. Þaðan kveður nú sem betur fer við annan tón góðu heilli. Það er eitt af því ánægjulegasta sem gerst hefur á

alþjóðavettvangi upp á síðkastið, hvernig farið er að rofa til á Kóreuskaganum. Leiðtogafundur Suður- og Norður-Kóreu í júní markar þar tímamót. Fundir sem fylgt hafa í kjölfarið eru líklegir til að styrkja hina jákvæðu þróun.

Í nýafstaðinni opinberri ferð til Indlands var með í för viðskiptasendinefnd fulltrúa 18 íslenskra fyrirtækja. Á meðan á dvölinni stóð var efnt til viðskiptaþinga í samvinnu við þarlendar stofnanir. Ljóst er að mikill gagnkvæmur áhugi er fyrir auknum viðskiptum milli landanna. Fjöldi indverskra fyrirtækja, á þriðja hundrað, sótti þingin og átti viðræður við fulltrúa íslensku fyrirtækjanna. Nú þegar er hafið mikið samstarf, sérstaklega á sviði nýsköpunar, svo sem hugbúnaðargerðar og lyfjaframleiðslu.

Þekking á staðháttum á fjarlægum mörkuðum gerir sífellt auknar kröfur til utanríkisþjónustunnar og íslensk fyrirtæki gera nú orðið kröfu um þátttöku hennar í útrásinni. Það er því nauðsynlegt að huga að því hvernig við getum liðsinnt atvinnulífinu í framsókn þess í þessum heimshluta í framtíðinni.

Herra forseti. Í haust hefur farið fram nokkur umræða um stofnun nýju sendiráðanna í Japan og Kanada. Sú umræða hefur svo gott sem einskorðast við þann kostnað sem fylgir kaupum á skrifstofu- og íbúðarhúsnæði. Það er að mörgu leyti skiljanlegt enda um háar fjárhæðir að ræða. Staðreyndin er hins vegar sú, og nauðsynlegt að það komi fram, að kaup á húsnæði í þessum löndum er óumdeilanlega talin hagkvæmasta leiðin og leiðir til lægri húsnæðiskostnaðar þegar til lengdar lætur en leiga. Það er eingöngu af þessum ástæðum sem þessi afstaða var tekin og hún var rædd við utanríkismálanefnd og var nefndin sammála þeirri niðurstöðu eftir því sem ég best taldi.

Dagskrá til að minnast landafunda Ameríku var viðamikil bæði í Bandaríkjunum og í Kanada. Í Bandaríkjunum voru skipulagðir um 250 atburðir víða um landið og um 200 í Kanada. Þetta er án efa mesta kynning á Íslandi og íslenskri menningu sem fram hefur farið vestan hafs. Landafundanefnd vann mjög gott starf við skipulagningu þessa mikla kynningarátaks í góðri samvinnu við utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands í Washington, aðalræðisskrifstofuna í Winnipeg, auk fjölmargra annarra aðila. Í þessu sambandi er rétt að nefna að afar góð samvinna tókst við marga aðila í Bandaríkjunum um þetta mikla verkefni og vil ég sérstaklega nefna samstarfið við aldamótanefnd Hvíta hússins. Einnig náðist gott samstarf við margar aðrar þýðingarmiklar stofnanir svo og ræðismenn Íslands vítt og breitt um Bandaríkin.

Af einstökum atriðum ber auðvitað hæst siglingu víkingaskipsins Íslendings til Grænlands, Kanada og Bandaríkjanna undir skipsstjórn Gunnars Marels Eggertssonar og áhafnar hans. Vil ég þakka Gunnari Marel og áhöfninni fyrir glæsilegt afrek í þágu Íslands og landafundanefnd fyrir metnaðarfulla dagskrá og glæsilegan árangur.

Nú er brýnt að setjast niður og meta á hvern hátt best verður fylgt eftir þeim góða árangri sem náðst hefur í Norður-Ameríku og nýta þann meðbyr sem Ísland nýtur þar um þessar mundir. Umboð landafundanefndar rennur út í janúar næstkomandi og huga þarf að því hvort einhvers konar framhald þjóni hagsmunum okkar. Utanríkisþjónustan mun fyrir sitt leyti fylgja þessum árangri eftir.

Þátttaka Íslands í Expo 2000 í Hannover í Þýskalandi tókst með miklum ágætum. Af þeim 18 milljónum manna sem heimsóttu sýninguna komu 4,6 milljónir í íslenska skálann sem er mun meira en bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir. Einungis þýski skálinn fékk fleiri gesti. Íslenski skálinn léði landi og þjóð jákvæða ímynd og bar vott frumleika, tæknikunnáttu og hugviti sem skiptir miklu máli í svo mikilvægu viðskiptalandi sem Þýskaland er.

Herra forseti. Aldrei hefur verið augljósara en nú hversu mikilvæg öflug utanríkisþjónusta er fyrir hagsmuni Íslands. Hnattvæðingin er helsti drifkraftur framfara. Á vettvangi alþjóðamála er tekist á um málefni sem skipta sköpum fyrir hagsmuni þjóðarinnar. Það er skylda okkar að sinna þeim af festu og kostgæfni og til þess þurfum við sterka utanríkisþjónustu.

[14:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá munnlegu skýrslu sem hann hefur flutt Alþingi. Í skýrslunni eru að vísu engin sérstök nýmæli eða neitt sem vekur sérstaka athygli. Hins vegar er þetta gott yfirlit yfir það sem utanríkisþjónustan hefur fengist við.

Í aðfaraorðum sínum varar hæstv. utanrrh. við þeirri hættu sem útbreiðsla gereyðingarvopna nú felur í sér á sama tíma og verið er að reyna að draga úr hefðbundnum vígbúnaði.

Eins og kunnugt er hefur Bandaríkjastjórn áformað að hefja áætlun sem kennd hefur verið við geimstríð. Núverandi forseti Bandaríkjanna hefur ákveðið að fresta og skilja það eftir í höndum nýs forseta hvort þeirri áætlun verður fram haldið. Verði það gert óttast ég að það hefjist nýr kapítuli í vopnakapphlaupinu í heiminum með geigvænlegum afleiðingum. Nú er rétti tíminn til þess að ríki sem er í vináttusamstarfi við Bandaríkin láti í sér heyra um þessar áætlanir og vari við því að þráðurinn sé upp tekinn af nýjum forseta þar sem honum var sleppt. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. utanrrh. að hann léti fram koma afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa máls og spyrst fyrir um það hjá hæstv. ráðherra, og vísa þá til orða hans í inngangserindi, hvort hann sé ekki sama sinnis og ég í því að þarna sé ástæða til þess að staldra við og þarna sé ástæða til þess að vinátturíki Bandaríkjanna láti frá sér heyra til þess að reyna að koma í veg fyrir að þetta vopnakapphlaup, kapphlaup um nýja gereyðingartækni, hefjist.

Þá minnist hæstv. ráðherra í skýrslu sinni á íslensku friðargæsluna og segir að reynslan af þeirri þátttöku hafi verið góð. Í því sambandi verð ég að minnast á það að nú er á vegum Norðurlandaráðs verið að skoða sameiginlegt norrænt verkefni um friðargæslu í heiminum sem ég tel að við Íslendingar eigum að taka þátt í. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu hans til þess verkefnis sem nú er verið að hefja á vegum Norðurlandaráðs um frekara norrænt samstarf en verið hefur í þessum málum sem yrði þá að einhverju leyti bæði á vegum Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar með þátttöku viðkomandi ríkja.

Herra forseti. Það er ekki langt síðan hæstv. utanrrh. lagði fram mjög ítarlega skýrslu um Evrópumál, þar á meðal um afstöðu Íslands til Evrópusambandsins og líklega framtíð þess samstarfs sem Ísland á nú við Evrópusambandið á vettvangi EES. Í munnlegri skýrslu hans sem flutt var hér áðan hefur hann raunverulega litlu eða engu við það að bæta. Þó hefur sá athyglisverði viðburður orðið að stærstu launþegasamtök landsins, Alþýðusamband Íslands, eru nú í þann veginn að marka sér stefnu um þetta mikilvæga mál. Alþjóðanefnd Alþýðusambandsins hefur skilað tillögum til alþýðusambandsþings þar sem rætt er um að tveir kostir séu í stöðunni fyrir okkur Íslendinga eins og sakir standa.

Annars vegar, eins og þar segir, að styrkja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, en alþjóðanefndin er einróma þeirrar skoðunar að harla lítil pólitísk líkindi séu á að það muni takast, og hins vegar að undirbúa okkur undir umræðu um það hver eigi að vera samningsmarkmið okkar ef við kjósum að ganga til liðs við Evrópusambandið og óska eftir að hefja viðræður við Evrópusambandið um hugsanlega aðild Íslands. Nú veit ég ekki hver verður niðurstaða alþýðusambandsþings um þessi mál. Þetta er tillaga sem alþjóðanefnd Alþýðusambandsins, þ.e. þeir einstaklingar í forustu Alþýðusambandsins sem fyrst og fremst sinna alþjóðamálum hafa komist að sameiginlega og lagt fyrir sitt þing. En það er mjög athyglisvert að umræðurnar skulu vera komnar þó þetta langt hjá fjölmennustu launþegasamtökum landsins. Það hefði vissulega verið ástæða fyrir hæstv. ráðherra að nefna þetta í ræðu sinni áðan því að þetta eru án efa viðbrögð við þeirri skýrslu sem hæstv. ráðherra flutti okkur á liðnum vetri og óskaði eftir því að umræður hæfust meðal þjóðarinnar um efni hennar.

Herra forseti. Ég er ekki að segja, síður en svo, að okkur liggi lífið á í þessum efnum en við megum ekki halda þannig á málum að einhverjir aðrir, þriðju aðilar, komi okkur í kastþröng, þ.e. að við neyðumst til þess að hefja umræðu um kosti og löst af því að einhverjir aðrir úti í heimi séu búnir að taka ákvarðanir sem neyði okkur til þess, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að fara að gera upp okkar hug.

Nú vill svo til í fyrsta lagi að Danir greiddu atkvæði gegn því að taka upp evruna og í öðru lagi var samþykkt sú stefna á flokksþingi norska verkamannaflokksins þegar þessi mál komu til umræðu, að ekki væri gert ráð fyrir því að Norðmenn mundu sækja um aðild að Evrópusambandinu fyrir árið 2005. Þessar ákvarðanir, þ.e. niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Danmörku og ákvörðun norska verkamannaflokksins sem fer með stjórn í Noregi núna, gefa okkur vissulega svigrúm. Hefðu þær ákvarðanir verið með einhverjum öðrum hætti þá er ég hræddur um að Íslendingar hefðu verið komnir í nokkra kastþröng svo maður tali nú ekki um ef forustuflokkurinn í norskum stjórnmálum hefði tekið ákvörðun um að berjast fyrir því í næstu kosningum að Noregur sækti um aðild að Evrópusambandinu á næstu fjórum árum. Þá hefðum við verið komin í nokkra kastþröng. Við erum það hins vegar ekki en það er engin afsökun fyrir því að við búum okkur ekki undir að hefja umræður um þessi mál og taka efnislega afstöðu. Tveir stjórnmálaflokkanna, Framsfl. og Samfylkingin, hafa hafið þessa vinnu. Framsfl. hefur skipað 50 manna nefnd til þess að fjalla um kosti og löst aðildarumsóknar og Samfylkingin fengið 14 sérfræðinga um það verkefni að gera úttekt á hugsanlegum samningsmarkmiðum Íslendinga, ekki vegna þess að Samfylkingin hafi mótað þá stefnu að við eigum að sækja um heldur vegna þess að Samfylkingin hefur mótað þá stefnu að við eigum að hefja þessa umræðu og við eigum að búa okkur undir að taka þessa ákvörðun.

Ég legg áherslu á að það má vel vera að skoðanir séu skiptar í öllum flokkum á þessu stigi málsins, hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki, meira að segja innan vinstri grænna því að það hefur komið í ljós í skoðanakönnunum að um 20% fylgismanna vinstri grænna telja að það sé rétt á þessu stigi að Íslendingar stefni að því að senda inn aðildarumsókn. Meira að segja í þeim herbúðum er ekki einhugur um málið. En það er engin afsökun fyrir því að stjórnmálaflokkar taki málið ekki upp, hefji ekki umræður um það og gangi að því verki með Alþýðusambandi Íslands sem er að hefja umræðuna. Fjölmennustu launþegasamtökin í landinu eru að undirbúa sig undir í fyrsta lagi að fræða almenning um kosti og galla. Í öðru lagi að taka á sig þá ábyrgð sem hver og einn stjórnmálaflokkur verður að taka á sig, að taka afstöðu í málinu þegar þar að kemur og kynna hana fyrir þjóðinni. Við megum ekki í þessu máli tefla okkur í þá stöðu, Íslendingar, að það ráðist af hagsmunum einhverra annarra hvað við gerum, að við séum neydd til að taka ákvörðun vegna þess að einhverjir hafi komið okkur í kastþröng, hvort sem þeir heita Norðmenn eða Svisslendingar. Við eigum að taka ákvörðun út frá eigin hagsmunum og þeir atburðir tveir sem ég lýsti áðan gefa okkur færi á því að gera upp hug okkar án ótta við það að við séum að missa af einhverri lest.

Í þessu sambandi vil ég t.d. varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé að verða tímabært að á Alþingi sé endurreist Evrópustefnunefndin sem vann með hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn við mótun stefnu Íslands í Evrópumálunum fyrir nokkrum árum en var lögð niður eftir að Alþingi hafði samþykkt aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þegar það verður gert, þegar það verður talið tímabært, tel ég að Alþingi Íslendinga eigi að sínum hluta til að vinna með ríkisstjórninni í að marka þessa Evrópustefnu og mér er auðvitað ljóst að í þeirri nefnd eins og hinni fyrri munu sitja þingmenn úr öllum flokkum. Þar mun verða lýst öllum skoðunum á málinu. Þar munu allir hafa jafnan rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en ég tel að þannig eigi menn að vinna að framtíðarskoðun á stöðu Íslands í Evrópu með ríkisstjórninni af hálfu Alþingis og þeim öðrum öflum í samfélaginu sem eru að vinna að skoðun á þessum málum í dag.

Herra forseti. Á bls. 12 í hinni munnlegu skýrslu fjallar hæstv. utanrrh. í örfáum orðum um varnarsamstarfið við Bandaríkin. Það vekur athygli mína að hann víkur ekki að því að neinar viðræður séu í gangi um endurnýjun á bókuninni sem fellur úr gildi árið 2002, bókuninni sem ég hef kallað bókun um framkvæmd varnarsamningsins, heldur nefnir hann aðeins að efnt hafi verið til skoðanaskipta háttsettra embættismanna og sérfræðinga um afmarkaða þætti varnarsamstarfsins. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hinar formlegu viðræður um endurskoðun á bókuninni séu ekki hafnar, ef ekki, hvenær þær hefjist. Jafnframt vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það hvort ekki sé þá alveg tryggt að öllum þingflokkum á Alþingi, hvort sem þeir sitja í stjórn eða stjórnarandstöðu, verði tryggð aðkoma að málinu t.d. með því að hann haldi utanrmn. reglulega upplýstri um hvað fer fram í þeim viðræðum. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. utanrrh. að því sem hann hlýtur að vera búinn að gera upp við sig hver er stefna hans í þeim viðræðum. Hvað er það sem íslensk ríkisstjórn undir forustu hans mun leggja fram, hverjar eru óskir hennar um breytingar eða ekki breytingar á bókuninni um framkvæmd varnarsamningsins sem er um það bil að líða undir lok og verður ekki framlengd af sjálfu sér, ekki nema nýtt samkomulag náist þar um? Þetta skortir í ræðu hæstv. utanrrh. og vil ég því óska eftir því að hann gefi þinginu nokkru gleggri upplýsingar um þetta.

Hæstv. ráðherra ræðir talsvert mikið um norræna samvinnu og tillögur hins svonefnda vitringahóps, enda er mjög eðlilegt að það sé gert því að þetta er einn snarasti þáttur íslenskrar utanríkisstefnu. Við sem sátum á þingi Norðurlandaráðs höfum rætt tillögur vitringahópsins fyrir nokkrum dögum og munum halda þeirri umræðu áfram. Í þeim til-

lögum eru bæði góðar ábendingar og markverð nýbreytni sem fitjað er upp á en þar eru líka viðmið sem ég óttast að sé ekki líklegt að menn nái samkomulagi um svo sem að öll Norðurlöndin tali ávallt einni röddu á vettvangi Evrópu o.s.frv. Þetta er fallegt og gott markmið en reynslan hefur einfaldlega sagt okkur það frá sl. fimm árum, en það eru fimm ár síðan þetta markmið var sett, að harla litlar líkur eru á því að það markmið náist.

Það sem er hins vegar einna athyglisverðast í þessum tillögum vitringahópsins er að Norðurlandasamstarfið myndi kjarna í eins konar regnhlífarsamstarfi um ýmis mál sem geti náð allt frá ströndum Kanada og til Rússlands og væri fróðlegt að heyra álit hæstv. utanrrh. á þeirri tillögu sem ég tel vera þá stærstu og merkustu í hugarsmíðum vitringahópsins, hvort hann vilji leggja því máli lið að Norðurlandasamstarfið verði eins konar kjarnasamstarf í slíku regnhlífarsamstarfi með öllum þeim umsvifum og öllum þeim aukakostnaði sem því fylgir því að það mun auðvitað kalla á aukin útgjöld.

Herra forseti. Að lokum, af því að tími minn er að verða búinn og maður hefur ekki tíma til að koma nema að örfáum atriðum í ræðu utanrrh., þá ræðir hann um viðskiptamál og um Alþjóðaviðskiptastofnunina og markmið hennar sem eru að bæta markaðsaðgang og draga úr ríkisaðstoð sem hann segist vera fylgjandi. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra af þessu tilefni um gamalt deilumál. Að hverju er verið að vinna af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til þess að bæta markaðsaðgang, t.d. landbúnaðarafurða, innfluttra landbúnaðarafurða hér á Íslandi til að ná þessu höfuðmarkmiði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem hæstv. ráðherra tekur undir?

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf má um það deila hvort eitthvað nýtt komi fram í skýrslum eða ræðum sem þessum og ætla ég ekki að segja neitt um það frekar en vil hins vegar vekja athygli hv. þingmanna á því að í dag hefur verið dreift á borð þingmanna skýrslu um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu sem er að mínu mati mjög merkileg nýjung og hefur ekki komið fram áður með þessum hætti. Ég held að það sé óumdeilt að það mál hefur ekki verið lagt fram með þessum hætti fyrr á hv. Alþingi án þess að ég ætli að fara frekar út í það í þessu stutta andsvari.

Ég vildi aðeins koma að Evrópumálunum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék að eðlilega og með réttu. Það var ekki ætlun okkar að gera þau mál að sérstöku umræðuefni í þessari skýrslu en að sjálfsögðu hljóta þau að verða til stöðugrar umræðu á Alþingi. Í fyrramálið er sérstakur fundur í utanrmn. sem snertir þau mál og þangað hef ég verið boðaður en ég tel að sú skýrsla sem flutt var sl. vetur hafi skilað m.a. þeim tilgangi að auka umræðu um Evrópumálin í íslensku þjóðfélagi og hafi verið til þess fallin að þau mál hafi verið tekin skipulega fyrir í stjórnmálaflokkum, í hagsmunasamtökum eins og hjá Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu og fjölmörgum öðrum samtökum. Þetta starf fer nú fram og utanrrn. starfar að því með mörgum samtökum, veitir liðsinni sitt eftir bestu getu og það er af hinu góða. Þess vegna ber sérstaklega að fagna því að Alþýðusambandið hefur farið í þetta viðamikla starf.

[14:25]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég vanmeta þá hina merku skýrslu sem liggur á borðum þingmanna um friðarstarfið. Ég vek aðeins athygli á því að við sáum hana ekki fyrr en við settumst niður til að hlýða á hæstv. ráðherra. Við höfum því ekki haft tíma til þess að kynna okkur efni hennar að nokkru leyti.

Um Evrópumálin vil ég aðeins segja þetta: Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að skýrsla hans frá því á liðnum vetri hefur orðið til þess að vekja umræður í samfélaginu um Evrópumálin. Það er rétt hjá honum að ýmis fjölmenn samtök eins og Samtök iðnaðarins, Verslunarráð og nú stærstu samtök íslenskra launamanna eru ekki bara að ræða þessi mál heldur að taka afstöðu til þeirra. Það er vissulega merkilegt og það má vissulega rekja til skýrslu hæstv. ráðherra.

Ég spurði hæstv. ráðherra: Á Alþingi sem stofnun að vera einhver eftirbátur hér? Þegar þessi umræða er komin af stað, m.a. fyrir tilverknað hans og fleiri góðra karla og kvenna, er þá ekki rétt og eðlilegt að Alþingi íhugi að endurvekja Evrópustefnunefndina með aðild allra þingflokka sem starfaði á árunum áður þannig að Alþingi geti lagt lið þeim umræðum sem fram fara nú í landinu hjá hinum ýmsu aðilum og að þar geti komið að málsvarar allra viðhorfa á Alþingi, ekki bara þeir sem eru jákvæðir fyrir því að þessi umræða leiði til einhvers tiltekins árangurs heldur líka hinir. Auðvitað mun koma að því að þetta verði gert en er það tímabært að gera það nú á þessum vetri eða telur hæstv. ráðherra tímabærara að doka eitthvað eilítið við?

[14:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþingi er samsett af þingflokkum sem stjórnmálaflokkar standa að baki og að mínu mati er mikilvægast af öllu að þessi umræða sé rekin á vettvangi stjórnmálaflokkanna. Auðvitað er fullt tilefni til þess og allir möguleikar á því að ræða þessi mál á Alþingi, bæði í almennum umræðum, í utanrmn. Utanrmn. er sú nefnd þingsins sem ber að fjalla um slík mál og er að fjalla um þau. Það fer eftir nefndinni sjálfri í hvaða mæli hún telur nauðsynlegt og mikilvægt að taka þessi mál til umfjöllunar. Ef Alþingi sjálft telur málið vera þess eðlis að rétt sé að skipa um það sérstaka nefnd þá er það ákvörðun Alþingis. Ég tel í sjálfu sér að utanrmn. hafi alla möguleika og burði til að sinna því viðfangsefni og ég hef skilið það svo að m.a. þess vegna hafi þessi fundur um þessi mál verið boðaður í fyrramálið. Ekki meira um það.

Varðandi viðræður við Bandaríkjamenn í sambandi við hina svokölluðu bókun er svarið einfalt: Þær viðræður eru ekki hafnar. Við Íslendingar höfum ekki farið fram á það enn sem komið er að þær hefjist og stefna okkar er einföld. Við viljum framlengja þá bókun sem er nú í gildi að mestu leyti óbreytta, það höfum við sagt við Bandaríkjamenn og ef þeir eru tilbúnir til þess teljum við ekki sérstaka ástæðu til langra viðræðna um þau mál.

[14:29]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að vissulega er það tímabært og raunar skylda stjórnmálaflokkanna að hefja umræður um framtíð Íslands í Evrópu, undirbúa sig undir það. Það er einfaldlega staðreynd að aðeins tveir af fimm stjórnmálaflokkum hafa hafið þá umræðu. Þrír hafa ekki gert það. Einhverjir þeirra hafa þegar mótað sér afstöðu án þess að umræðurnar hafi farið fram.

Hins vegar er mjög eðlilegt þegar almannasamtök og hagsmunasamtök eins og Alþýðusambandið, eins og Samtök iðnaðarins og aðrir slíkir eru farnir að hefja umræðuna að sambærileg umræða eigi sér stað á Alþingi. Sú leið var farin á sínum tíma að setja til þess sérstaka nefnd, sérstaka Evrópustefnunefnd. Ég tel tímabært að huga að því hvort ekki sé rétt að endurvekja hana. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. hafði út af fyrir sig ekkert á móti því, sagði réttilega að það væri ákvörðun Alþingis sem það er.

Ég þakka hæstv. utanrrh. líka fyrir að svara spurningu minni varðandi endurskoðun bókunar með varnarsamningnum. Hann svaraði á þá leið að þær viðræður væru ekki hafnar. Stefna Íslands eða íslensku ríkisstjórnarinnar væri sú að þar yrði engu breytt en hann svaraði ekki þriðju spurningu minni hvort gera mætti ráð fyrir því að þegar sú umræða hæfist mundi stjórnarandstöðunni með einum eða öðrum hætti verða veitt aðild að henni, a.m.k. þannig að hægt væri að fylgjast með þeim umræðum og ég vildi gjarnan fá svar hans við þeirri spurningu líka.

[14:31]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans. Eins og hann gat um ber skýrslan þess að sjálfsögðu vott að á síðasta þingi var lagt fram ítarlegt yfirlit um utanríkismál og þar á meðal mikil skýrsla um Evrópusamstarfið og var það athyglisvert að þeirri skýrslu var almennt mjög vel tekið hvaða afstöðu sem menn hafa til Evrópusambandsins sem slíks.

Ég get ekki tekið undir það með síðasta ræðumanni að ekki sé imprað á nýjungum í skýrslu utanrrh. Þar er mjög athyglisverður kafli sem fjallar um friðargæslu studdur með skýrslu nokkurra ráðuneyta. Hér er um að ræða athyglisverð og merkileg áform ríkisstjórnarinnar um að efla þátttöku landsins í alþjóðlegri friðargæslu og í friðaraðgerðum eins og hefur nú tíðkast að kalla það flókna ferli sem friðarstarf hefur þróast í. Þennan ásetning ber að skilja sem aukið framlag okkar Íslendinga til öryggismála og þátttaka í friðaraðgerðum er sá hluti öryggismála sem fellur langbest að eðli og uppbyggingu íslensks samfélags sem býr yfir mikilli þekkingu á ýmsum sviðum sem getur nýst til friðargæslustarfa. Ég nefni þar t.d. reynslu og þekkingu á sviði almannavarna og sterkt heilbrigðiskerfi. Aukin þátttaka Íslands í friðargæslu mun styrkja stöðu okkar innan NATO og Öryggissamvinnustofnunar Evrópu og efla tengsl okkar við Evrópuríkin. Hér er því um að ræða mjög mikilvæga ákvörðun sem ástæðulaust er að gera lítið úr.

Það er reyndar löng hefð fyrir því að Íslendingar sinni friðargæslustörfum. Þeir hafa gert það í hálfa öld, en mjög aukinn þungi er á þessum vettvangi nú á síðustu árum. Samstarf hefur tekist við Norðmenn en einkum og sér í lagi Breta um þjálfun íslensks starfsfólks, einkum lækna og hjúkrunarfólks og hefur það staðið sig með afbrigðum vel. Árangurinn er viðurkenndur innan NATO og hjá Sameinuðu þjóðunum og ÖSE og er það vel að svo sé.

Ég tek fram að mér finnst yfirlit hæstv. utanrrh. um Evrópumálin ánægjulegt. Það er mjög mikils virði að EFTA-ríkin nýti EES-samninginn á markvissari hátt til þess að tryggja samræmi á svæðinu og til að koma sjónarmiðum EFTA/EES-ríkjanna betur á framfæri en verið hefur. Ljóst er að kynningarstarf á samningssviðinu, bæði gagnvart starfsmönnum ESB en ekki síst þegar þar að kemur gagnvart nýjum aðildarríkjum ef af stækkun sambandsins verður, að þetta kynningarstarf er afar mikils virði.

Þá verður einnig forvitnilegt að fylgjast með því með hvaða hætti aukin samvinna getur þróast við Evrópuþingið og á hvaða forsendum hægt er að efla það. Nú þegar hefur Alþingi samstarf við Evrópuþingið sem er í góðum farvegi og við eigum þar marga vini innan þingsins sem vilja gjarnan leggja okkur lið.

Að því er ríkjaráðstefnu EES varðar liggur það í loftinu að til standi að styrkja stöðu stærri ríkja sambandsins á kostnað hinna minni. Þessi þróun er merkjanleg í umræðum um uppstokkun atkvæðavægis og í umfjöllun um aukinn hlut ákvarðana með meiri hluta. Þá er einnig ljóst að smærri ríkin í ESB líta á að veikari staða framkvæmdastjórnar ESB gangi gegn hagsmunum þeirra. Að þessu leyti er hægt að líkja saman stöðu smáríkja EFTA-megin í EES-samstarfinu og stöðu smáríkja almennt í ESB. Báðir aðilar telja stöðu sína veikjast með auknum völdum og áhrifum ráðherraráðsins. Nauðsynlegt er að benda á að hér er ekki um að ræða neitt sérvandamál EFTA/EES-ríkjanna heldur sameiginlegt vandamál smærri ríkja í ESB.

Segja má að nokkur óvissa hvíli yfir framtíðarþróun ESB, ekki síst eftir þjóðaratkvæðagreiðslu Dana um evruna. Atkvæðagreiðslan kemur til með að hafa víðtæk áhrif innan ESB þrátt fyrir yfirlýsingar ráðamanna í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi um hið gagnstæða. Innan bresku ríkisstjórnarinnar eru jafnvel mjög skiptar skoðanir um hvort þeir eigi að óska eftir aðild að evrunni, jafnvel skiptar skoðanir um hvort eigi að leggja það í þjóðaratkvæði.

Það er athyglisvert að Gordon Brown, fjármálaráðherra Breta, hefur talið að aðild Breta að evrusvæðinu væri háð fimm skilyrðum. Í fyrsta lagi hvort það væri jákvætt fyrir atvinnuuppbyggingu en á því leikur mikill vafi hvort fjárfestingar nytu góðs af slíkri aðild. Einnig tek ég sérstaklega fram að ein af þeim áherslum sem fjármálaráðherra Breta hefur lagt í þessu máli er sú að það yrði skilyrði að efnahagssveiflur Breta færu saman við efnahagssveiflur í ESB, en það er einmitt sá farvegur, hvort efnahagssveiflur innan Evrópu falla að efnahagssveiflum, uppgangi og erfiðleikum í einstaka ríkjum sem skiptir meginmáli um það hvort menn geti reiknað með því að evrusvæðið sé hagstætt fyrir þjóðir t.d. eins og Íslendinga. Það er ljóst að efnahagsmál á Íslandi þróast með allt öðrum hætti en algengt er í Evrópusambandinu og einnig er ljóst að ef við værum aðilar að ESB og evrusvæðinu núna mundum við sennilega standa frammi fyrir gífurlegri verðbólgu á Íslandi vegna þess hversu evran hefur veikst mikið.

Það sem Gordon Brown hefur einnig nefnt sérstaklega sem skilyrði er að ganga úr skugga um að Bretland hafi nægilegan sveigjanleika í efnahagslífi sínu til þess að standast áraun evrusvæðisins. Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að greinilegt er að jafnvel meðal þeirra í Bretlandi sem hafa einna sterkastan og mestan áhuga á því að efla tengslin við Evrópusambandið og þar með evrusvæðið eru miklar efasemdir um þetta. Flestir túlka þróun mála á þann veg að talsvert hafi dregið kraft úr þeim sem vilja stefna að sem dýpstu heildarsamstarfi ríkjanna og stefna að bandaríkjum Evrópu og að sama skapi hafi staða þeirra styrkst sem vilja að sambandið verði vettvangur lýðræðislegs samstarfs sjálfstæðra Evrópuríkja. Síðarnefnda afstaðan er sterk meðal Skandinava og Breta en á sér einnig marga málsvara í öðrum Evrópusambandslöndum. Reiknað er með að á ríkjaráðstefn-

unni sem nú stendur yfir verði settar reglur um það á hvern veg aðildarríki geti samið um frekara samstarf sín í millum án þess að öll aðildarríkin taki þátt í slíku samstarfi. Sú þróun er grein á meiði þeirra breyttu viðhorfa sem eflst hafa nú á síðustu árum innan sambandsins og beinast gegn myndun evrópsks sambandsríkis en tengjast einnig þeim sveigjanleika sem hugsanleg stækkun sambandsins gæti krafist.

Athyglisvert er að ekki er neinn einhugur um það hvernig eigi að túlka þessi nýju viðhorf. Ýmist eru þau túlkuð sem vilji til að auka sveigjanleika í samstarfi ESB-þjóðanna ellegar þá sem tákn um erfiðleika í samstarfi og stefnuleysi.

Sérstaklega ber að fagna því frumkvæði Finna að vinna að mótun hinnar norðlægu víddar ESB. Sambandið hefur verið mjög sjálfhverft undanfarið vegna stofnanavanda, slagsíðu á lýðræðisþróun innan valdastofnana þess og vegna átaka um innbyrðis valdahlutföll þjóða í millum. Frumkvæði Finna var því mikilvægt og beindi athygli sambandsins til grannsvæða í norðri. Aðgerðaáætlun sambandsins fyrir árin 2000–2003 varðar mjög mikilvæga málaflokka, svo sem orkumál, umhverfismál, kjarnorku- og öryggismál, upplýsingasamfélagið, samgöngumál, rannsóknir og menntamál. Áætlunin kemur til með að hafa áhrif á stöðu grannsvæðanna, ekki síst með samtengingu við Barentsráðið og Eystrasaltsráðið. Möguleg tenging þessarar nýju víddar, stefnumótunar ESB við heimskautaráðið, er afar áhugaverð, ekki síst með tilliti til þess hve mikilla hagsmuna við eigum að gæta í umhverfismálum á heimskautasvæðunum.

Á fjórðu ráðstefnu þingmanna heimskautasvæða sem haldin var í Rovaniemi í lok ágúst sl. fjallaði Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finna, um þá athygli sem stjórnvöld, ekki aðeins innan ESB, heldur einnig í Bandaríkjunum og í Kanada beindu nú að heimskautasvæðunum og þeim tækifærum sem þessi athygli skapaði fyrir aðildarríki heimskautaráðsins. Í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar vakti athygli sú ákvörðun ráðsins að beita sér sérstaklega fyrir því að gerð yrði skýrsla um þróun mannlegs samfélags á heimskautasvæðunum innan ramma þeirrar vinnu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa haft forsögu um. Ákvörðun ráðsins er byggð á tillögu sem fulltrúar Íslands og Finnlands höfðu forgöngu um að móta. Hugmyndin er að færa út vísindalega umfjöllun um heimskautasvæðin þannig að þar gæti jafnvægis milli náttúrufarslegra, efnahagslegra og þjóðfélagslegra þátta. Sú athygli vísindanna sem beinst hefur að heimskautasvæðunum hefur af skiljanlegum ástæðum verið nokkuð einhliða og þá fyrst og fremst frá sjónarhóli náttúruvísindanna. Nauðsynlegt er að breikka sjónarhornið.

Þessi sjónarmið komu einnig mjög skýrt í ljós á fyrstu ráðstefnu NRF, Northen Research Forum, sem haldin var á Akureyri fyrir nokkrum dögum með þátttöku vísindamanna, stúdenta, embættismanna og aðila úr atvinnulífinu frá öllu heimskautasvæðinu. Samstarf stjórnmálamanna og vísindamanna að alþjóðlegum viðfangsefnum eins og þeim sem snerta heimskautasvæðið er afar mikilvægt. Ráðgjöf vísindamanna til stjórnmálamanna verður æ mikilvægari þáttur í stjórnmálastarfinu. Það hefur hins vegar verið mjög áberandi að vísindaleg ráðgjöf hefur verið einhliða og ekki stuðst nægilega við það sem við getum kallað þverfagleg vinnubrögð. Ráðgjöfina hefur því iðulega skort þá vídd sem er í samræmi við viðfangsefni stjórnmálanna. Á þessu er vaxandi skilningur meðal vísindamanna og er það líklegt til þess að styrkja samstarf þeirra og stjórnmálamanna og efla alþjóðlegt samstarf.

Mig langar til að víkja að því sem hæstv. utanrrh. gat um en það er hið mikla menningarátak sem unnið var í Bandaríkjunum og í Kanada til að minnast landafunda og landkönnunarafreka norrænna manna vestan hafs. Ég geri ráð fyrir að flestir geri sér grein fyrir því að mikil áhætta var tekin þegar ráðist var í þetta verkefni. Mjög tvísýnt var að tækist að vekja athygli á málinu jafnvel þótt miklum fjármunum á íslenskan mælikvarða væri varið til þess. Þegar upp er staðið ber að viðurkenna að frábærlega vel tókst til með þetta verkefni. Viðburðirnar vöktu mikla athygli og beindu sviðsljósinu að norrænni menningu en ekki síst að þeirri þjóð, Íslendingum, sem mest hefur lagt af mörkum til að varðveita upplýsingar um framlag norrænna þjóða til heimsmenningarinnar. Ég held að á þessu sviði hafi verið unnið afrek sem eigi eftir að stórefla samband Íslendinga við Kanadamenn og Bandaríkjamenn og muni koma til góða ekki síst á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu hér á landi. Hér er því á ferðinni mikilvægt dæmi um samtengingu utanríkismála og atvinnu- og menningarmála hérlendis sem varpar ljósi á hve samtvinnuð utanríkismálin eru orðin margvíslegum innlendum hagsmunamálum.

Íslendingar hafa verið á undanförnum árum að styrkja verulega stöðu sína í alþjóðlegum viðskiptum. Þessi þróun hefur orðið til þess að skjóta mun fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf en það hvíldi á fyrir um það bil áratug. Utanrrn. hefur leitast við að styðja og efla þá þróun og er það vel. Stofnun þriggja nýrra sendiráða sem ákveðið er að hrinda í framkvæmd á næsta ári er til marks um þessa viðleitni. Við eigum í vaxandi mæli viðskiptalegra og pólitískra hagsmuna að gæta um allan heim og brýnt er að við tryggjum íslenskum fyrirtækjum sem leita fyrir sér erlendis og erlendum fyrirtækjum sem vilja efna til starfsemi hérlendis sem öruggast lagaumhverfi. Þátttaka okkar í EES hefur tryggt stórstígar framfarir í þessa átt. En viðskiptaaðilar okkar eru ekki einungis innan ESB, við eigum líka mikla hagsmuni annars staðar. Í þessu sambandi vil ég í lok máls míns beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort til standi að undirrita og fullgilda fyrir Íslands hönd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um gagnkvæma viðurkenningu erlendra gerðardóma eða svokallaðan New York-sáttmála. Sáttmálinn tryggir okkur, ef við gerumst aðilar að honum, að gerðardómar kveðnir upp á Íslandi verði viðurkenndir erlendis og jafnframt að gerðardómar sem kveðnir eru upp í öðru ríki, aðildarríki sáttmálans, verði viðurkenndir og þeim framfylgt hér á landi. Sáttmálinn er hluti af þeirri réttarstöðu og því gagnsæja umhverfi sem nauðsynlegt er að skapa fyrirtækjum í alþjóðlegum viðskiptum.

Ég vil að lokum taka undir athugasemdir hæstv. utanrrh. um mikilvægi þess að efla tengslin við Rússland. Utanrmn. sendi sendinefnd til rússneska þingsins sem átti þar viðræður við fjölmarga aðila. Í þeim viðræðum kom í ljós að mikill vilji er til þess að efla sambandið milli þinganna tveggja og vil ég sérstaklega nefna athyglisverða og ánægjulega heimsókn sem utanrmn. átti í norrænu- og íslenskudeild háskólans í Moskvu þar sem fer fram íslenskukennsla. Ég vil segja það í lokin að við eigum að standa á bak við íslenskukennslu á erlendum vettvangi því að þeir sem stunda nám í íslensku í erlendum háskólum eru á vissan hátt sendiherrar Íslands erlendis.

[14:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um svokallaðan New York-samning sem hefur það að meginmarkmiði að viðurkenna erlenda gerðardóma og fullnustu þeirra í aðildarríkjum samningsins. Því er til að svara að þess var getið í málaskrá utanrrn. þegar stefnuræða forsrh. var flutt að hann verði lagður fyrir Alþingi sem nú situr. Bæði í utanrrn. og í dómsmrn. er vinna í fullum gangi í við að ganga frá þessu máli en af því getur væntanlega ekki orðið fyrr en á vorþingi.

Þessi samningur er mjög nátengdur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem oft er nefndur Vínarsamningurinn. Sá samningur verður lagður fyrir Alþingi, væntanlega fyrir jól. Þegar hann hefur verið samþykktur, sem ég vænti að verði gert, þá stendur aðeins eftir svokallaður New York-samningur sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Ég vænti þess að þeim málum verði lokið á yfirstandandi þingi.

Forsenda þessa máls er m.a. sú að á sl. þingi voru afgreidd hér lög nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Það var ekki fyrr en búið var að afgreiða þá löggjöf að talið var rétt að leggja þessa samninga fyrir Alþingi. Sú vinna er í fullum gangi eins og ég hef þegar greint frá.

[14:48]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið. Það er ánægjulegt að þetta mál er í fullum gangi. Ég lít svo á að þarna sé um að ræða mikilvægt mál og er þess fullviss að utanrmn. mun taka á þessu máli af festu og reyna að gera það sem hún getur til þess að málið nái afgreiðslu á þinginu.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. eins og aðrir ræðumenn hér fyrir skýrsluna og ræðu hans. Ég fagna því að við eigum þess kost núorðið að ræða utanríkismál í skipulagðri umræðu, að lágmarki tvisvar á þingi sem ég tel vera gott verklag sem hefur fest í sessi og þróast.

Ég hlýt fyrst að gera ákveðnar athugasemdir við þá heimssýn eða það mat á stöðu mála sem hæstv. utanrrh. dregur upp í upphafsorðum ræðu sinnar. Þar tel ég vera um alhæfingar að ræða sem ekki séu innstæður fyrir, því miður gæti ég sagt, vegna þess að þar fullyrðir hæstv. utanrrh. að alger samstaða ríki um megináherslur á sviði utanríkismála. Hann leggur þar hluti að jöfnu sem ég tel ekki réttlætanlegt að gera. Hæstv. utanrrh. fórust svo orð, með leyfi forseta:

„Stöðugleiki og samstaða um grundvallaratriði utanríkismála einkennir íslenskt samfélag. Mikil eining ríkir um þátttöku okkar í norrænu samstarfi," — það helst ég að flestir taki undir, en svo er bætt við — „varnarsamstarfinu innan NATO og við Bandaríkin, Sameinuðu þjóðunum, ásamt fjölmörgum stofnunum á sviði málefna Evrópu og annarra alþjóðamála."

Þetta, herra forseti, er framsetning sem ég tel að fái ekki staðist. Að leggja hér að jöfnu annars vegar þátttöku Íslendinga í norrænu samstarfi og þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum og hins vegar veru erlends hers í landinu stenst ekki. Það liggur algerlega fyrir að um hið fyrra er sennilega meiri samstaða en flest annað, t.d. þátttöku Íslands í norrænu samstarfi. Um hitt er ágreiningur, verulegur ágreiningur og hefur lengi verið.

Menn hafa að vísu lengi reynt að láta sem þessi ágreiningur væri ekki til. Það eru til fjölmiðlar sem í 50 ár hafa í skrifum sínum og umfjöllun látið eins og eingöngu þeirra sjónarmið, þeirra sýn á hlutina, fyndist í landinu en veruleikinn er annar. Það hefur hann lengi verið og er enn.

Ég reyndi að rifja upp hversu langt væri síðan að skoðanakönnun hefði verið gerð, t.d. um viðhorf þjóðarinnar til veru erlends hers í landinu. Það kom mér reyndar mjög á óvart að það þarf að fara aftur á síðasta áratug til að finna ítarlega skoðanakönnun sem mætir öllum kröfum um aðferðafræði þar sem þetta var mælt. Það var gert í tvígang á 9. áratugnum, í fyrra skiptið 1983. Þá voru um 36% þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun andvíg veru erlends hers í landinu. Seinna á sama áratug, 1987 hygg ég að það hafi verið, var aftur gerð könnun, það var vel að merkja í tengslum við ákveðna pólitíska atburði sem hrærðu upp í þessum hlutum. Þá voru 45%, í stórri vandaðri skoðanakönnun gerð af viðurkenndum fagaðila á því sviði, þeirra sem afstöðu tóku andvíg veru erlends hers í landinu og vildu að hann færi. Síðan hefur því miður ekki verið gerð vönduð könnun í þessu efni. Það er mikið umhugsunarefni í ljósi þess að spurt er um eiginlega alla skapaða hluti í könnunum út og suður. Af einhverjum ástæðum hefur enginn sá aðili sem stendur fyrir gerð skoðanakannana eða enginn fjölmiðill sé ástæðu til að fá mælingu á þessu langvinna og mikla deilumáli með þjóðinni. Kannski hentar það þeim sem byggja málflutning sinn á því að ágreiningurinn sé ekki til, allir séu sammála, eins og hæstv. utanrrh. virðist gera. Hann er þar í skipsrúmi með Morgunblaðinu og fleiri slíkum aðilum.

Þó er spurt um ýmsa tengda þætti og jafnvel þetta mál, t.d. í skoðanakönnunum eða spurningaleikjum netmiðla nú um þessar mundir. Einn þeirra setti upp nákvæmlega þessar spurningar um afstöðu til veru erlends hers og aðildar að hernaðarbandalagi. Þeirri spurningu svöruðu um eða yfir þúsund manns eftir því sem ég best veit, á strik.is eða svo heitir netmiðillinn. Þar kom í ljós að 40% af þeirra sem svöruðu vildu herinn burt og að við gengjum úr Atlantshafsbandalaginu. 20% vildu herinn burt en vera áfram í Atlantshafsbandalaginu og 40% eða jafnstór hlutur aftur hinum megin, taldi bæði að herinn ætti að vera og Ísland ætti að vera í Atlantshafsbandalaginu. Að sjálfsögðu, herra forseti, ber að taka svona tölum með miklum fyrirvara. Hér er ekki um að ræða skoðanakönnun sem lýtur sömu lögmálum og uppfyllir sömu kröfur og aðrar slíkar. Ég er ekki að halda neinu slíku fram um þessar niðurstöður en vísbendingin, ef einhver er, úr henni er að um þetta sé ekki samstaða. Á málinu eru mjög skiptar skoðanir. Ég held að flestir mundu treysta sér til að ganga svo langt að túlka þetta sem vísbendingu um mjög skiptar skoðanir um þetta atriði með þjóðinni, úr því að þó þetta stór hópur tekur þátt í svara spurningum með þessum hætti. Þar af eru 40% þeirrar skoðunar að við ættum að láta erlendan her fara úr landinu og segja okkur úr hernaðarbandalagi og 20% í viðbót, samtals meiri hluti þeirra sem svöruðu þarna, vill a.m.k. að herinn fari, jafnvel þó að hluti þess hóps telji að við eigum áfram að vera í hernaðarbandalagi.

Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að mér finnst það veikja málflutning manna, að láta eins og veruleikinn sé annar en hann sannanlega er og við blasir. Það er ljóst að með íslensku þjóðinni er það sjónarmið sem betur fer enn býsna útbreitt að við eigum að láta erlendan her fara úr landinu. Ég trúi því að í hjarta vel flestra Íslendinga blundi

sú von að það gerist.

Ég sætti mig ekki við að Íslendingar hafi að þessu leyti minni metnað en þjóðir almennt hafa og yfirleitt. Alls staðar á byggðu bóli þar sem ég þekki til, býr það í hjarta manna að vilja ekki halda erlendan her í landi sínu hvernig sem viðkomandi þjóðir eru svo settar með ráðamenn þá og þá stundina. Það er hinn almenni þjóðarvilji mjög víða um heiminn. Þeir sem ekki viðurkenna þetta eða hafa ekki heyrt af þessu ættu að kynna sér umræður um þessi mál í langhersetnum löndum eins og Japan, Filippseyjum og mjög víða annars staðar. Þar eru alls staðar hreyfingar í gangi meðal almennra borgara um að koma erlendri hersetu af höndum sér.

Mér finnst, herra forseti, að hæstv. utanrrh. eigi ekki að setja hlutina fram með þessum hætti, gegn því sem fyrir liggur, að um þennan þátt utanríkismálanna er ekki samstaða heldur djúpstæður ágreiningur og hefur lengi verið. Svo verður að mínu mati svo lengi sem hér dvelur erlendur her. Eina leiðin til að sætta þjóðina er auðvitað að ljúka því ástandi eins og allir þóttust vera sammála um í eina tíð, að hér skyldi a.m.k. ekki vera erlendur her í landinu á friðartímum.

Um Evrópumálin, herra forseti, höfum við rætt svo mikið að ég ætla tímans vegna að stytta mjög umfjöllun mína. Það er athyglisvert að lesa texta hæstv. utanrrh. í þessari ræðu. Ég tel að þar kveði nokkuð við annan tón. Þar er ekki sami ákafinn í umfjöllun um nánari tengsl og nálgun við Evrópusambandið og ég hef stundum áður lesið í textum hæstv. utanrrh. Ég lét hvarfla að mér að þar ætti hlut t.d. niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í Danmörku eða sú staðreynd að nú er aðeins þriðjungur sænskra kjósenda hlynntur því að Svíar taki upp evruna samkvæmt könnunum. Sú staðreynd að norskir kratar hafa frestað því til 2005 að gera þriðju tilraunina til að koma Noregi inn í Evrópusambandið. Allt þetta gæti hafa slegið eitthvað á ákafa og væntingar þeirra sem hafa talið að þetta væri handan við hornið.

Það var að vísu gaman að heyra síðan orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem setti á gömlu góðu plötuna um að nú yrði að fara að ræða Evrópumálin, eins og það nafn hefði ekki heyrt í þjóðmálaumræðu á Íslandi sl. 10 ár, og hæla hæstv. utanrrh. fyrir hans framtak. Svo komu þær fréttir að Samfylkingin hefði stofnað nefnd eins og Framsókn þó ekki séu nema 14 í nefnd Samfylkingarinnar. En úr því það er svo fullkominn samhljómur í umfjöllun miðjuflokkanna um þessi mál, má ég þá leyfa mér, herra forseti, að koma með þá tillögu að þeir sameini nefndirnar. Er það ekki einfaldara fyrir Framsfl. og Samfylkinguna að slá þessu saman í eina nefnd? Þar virðist sáralítið bera á milli hvort sem er. Hér koma þeir upp og hæla hver öðrum fyrr framgönguna í Evrópumálum, utanrrh. og talsmenn Samfylkingarinnar, og mér sýnist ekki muna öllu hvort þarna eru tvær nefndir starfandi. Það gæti verið verksparnaður fyrir þá að slá þessu saman í eina nefnd. Það eru 50 í annarri og 14 í hinni, það eru þá 64 og er orðin hin myndarlegasta nefnd. (**JÁ:** Ertu þá ekki að ráðstafa íhaldinu?) Við skulum sjá til með það, hv. framm íkallandi, hvernig aðrir sinna þessu.

Við höfum ekki talið að við þyrftum í sjálfu sér að leggjast undir feld eða stofna fjölmennar nefndir til að hafa meginafstöðu okkar í þessu máli á hreinu. Sem betur fer liggja allar þær upplýsingar í aðalatriðum fyrir sem þarf til að meta þessi mál. Við fylgjumst með þeim frá degi til dags og erum hvenær sem er boðin og búin til umræðna um þessa hluti en reynum að hafa stefnu okkar á hreinu engu að síður.

Það er reyndar margt athyglisvert sem um Evrópumálin er sagt. Ég tel það t.d. mjög áhugaverðar hugmyndir sem aðeins er ýjað að í ræðu hæstv. utanrrh., að huga þurfi að því hvernig EES/EFTA-ríkin gætu tengst þeim kjarna innan Evrópusambandsins sem samkvæmt hugmyndum þar um færu hraðar í samrunaferlinu en önnur lönd. Það er mjög merkilegt að jafnvel þar er gefinn upp boltinn um nánari tengsl Íslands við þetta Evrópusamrunaferli, væntanlega á grundvelli hugmynda eins og fram komu í ræðu utanrrh. Þýskalands, Joschka Fischer, hinni frægu Humboldt-háskólaræðu um tveggja hraða lausn o.s.frv. Það bendir til þess að menn langi býsna mikið til þess að sitja alveg innst við borðið.

Þarna er líka fjallað um breytingarnar á Evrópusambandinu ef af stækkun verður og ekki teikna þær til sérstaklega aðlaðandi aðkomu fyrir smáríki, verð ég að segja, herra forseti, þar sem þróunin er öll í átt til aukinnar miðstýringar sem almennt hefur verið talin óhagstæð frá sjónarhóli smáríkja, valddreifingar og meira lýðræðis um ákvarðanatöku.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tók upp atriði sem ég gerði að umtalsefni fyrir nokkrum vikum, þ.e. spurninguna um Evrópustefnunefnd og hvort tímabært væri að koma henni á fót á nýjan leik. Þá komu lítil svör frá hæstv. utanrrh. og sömuleiðis í dag. Ég tel að það sé gott að halda þeirri hugmynd vakandi og menn eigi skoða hvort ekki eigi á einhverjum tímapunkti að setja sérstaka nefnd í að skoða þessi mál, m.a. til að fullnægja óskum þeirra sem aldrei fá nóg af umræðum um þetta. Það er í sjálfu sér ágætt ef Alþingi kýs að verkaskipta hlutunum þannig.

Um Schengen-framkvæmdina segir utanrrh. í tveimur línum að hún gangi vel. Þá vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Tekur það líka til þeirra umræðna sem nú eru upphafnar á hinum Norðurlöndunum um möguleg vandræði norræna vegabréfasambandsins einmitt vegna Schengen? Eins og við þekkjum af fyrri umræðum um þessi mál var ein meginröksemd fyrir aðild Íslands og hinna Norðurlandaþjóðanna að Schengen að með því ætti að bjarga norræna vegabréfasambandinu. Þess vegna kom mörgum spánskt fyrir sjónir þegar umræða hófst um það í Svíþjóð og síðan Danmörku að kannski mundi einmitt þessi Schengen-aðild granda norræna vegabréfasambandinu vegna þess að krafist er passa, vegabréfa eða sérstakra Evrópupersónuskilríkja eftir að Schengen-samningurinn kemur til framkvæmda eigi menn að geta skráð sig inn á hótel, gist á tjaldstæðum o.s.frv. Það er gert ráð fyrir því að um verði að ræða einhvers konar Evrópusambandspersónuskilríki, einhverja „legitimation" á grundvelli reglna Evrópusambandsins. Þá er náttúrlega eftir spurningin: Hvað með Ísland og Noreg? Er þá meiningin að Íslendingar og Norðmenn fari líka að ganga með sérstakan Evrópupassa upp á vasann? Hefur hæstv. utanrrh. handa okkur einhverjar upplýsingar um þetta atriði?

Það gætir nokkurs söknuðar í umfjöllun um Vestur-Evrópusambandið. Við þekkjum áhuga hæstv. utanrrh. á því að tryggja aðild Íslands að hernaðaruppbyggingu innan Evrópusambandsins. Hæstv. ráðherra hefur verið mjög órólegur yfir því undanfarna mánuði að Íslendingar kunni að eiga ónógan aðgang að því. Ég deili ekki þeim áhyggjum. Mér er nokk sama hvernig þessi væntanlegi Evrópuher er klæddur eða hvað hann étur. Ég tel það ekki sérstakt hagsmunamál Íslendinga að reyna að troða sér inn í framkvæmd þeirra mála.

Um varnarsamstarfið svokallaða við Bandaríkin er fjallað í 13 línum og óðruvísi mér áður brá. Einhvern tíma hefði verið eytt meira púðri á það. Ég get vel tekið undir spurningar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um hvernig menn hugsi sér að vinna að þeim málum. Reyndar er athyglisvert að nú hafa hlutirnir snúist þannig við að Íslendingar vilja ekki ýfa málið upp eða minna á það væntanlega vegna þess að fyrir liggur áhugi Bandaríkjamanna á því að draga úr umsvifum sínum hér samanber skildaboð frúarinnar hjartahlýju, Madeleine Albright, sem kom hingað með þann boðskap að kaninn vildi draga úr umsvifum sínum. Þá hefur taflið snúist þannig og sjálfsagt reyndar fyrir nokkru síðan, að það eru Íslendingarnir sem sækja á um að fá að hafa hér sem mest hernaðarumsvif og er það heldur dapurlegt hlutskipti.

Um norrænt samstarf vil ég segja það eitt að ég geld varhug við því sem aðeins er ýjað að í umfjöllun á bls. 12 í ræðu utanrrh., að það eigi sérstaklega að skipuleggja eða hugsast út frá nánari tengslum Norðurlandaþjóðanna við Evrópusambandið. Ég tel það hættulegt vegna mikilvægis norræns samstarfs í krafti eigin ágætis að leggja hlutina þannig upp. Þó samstarfið verki að einhverju leyti sem samræmingarvettvangur fyrir okkur í því sambandi einnig eigum við sem sérstakir vörslumenn þess, Íslendingar og Norðmenn og aðrir, ekki að gera það að útgangsatriði þegar við erum að tala um framtíð norræns samstarfs. Við eigum að efla það vegna þess sjálfstæða gildis sem það hefur í krafti eigin ágætis en ekki að blanda þar saman tengslum Íslendinga, Norðmanna eða annarra norrænna þjóða við Evrópusamrunann.

Margt fleira, herra forseti, hefði verið fróðlegt að nefna en tíminn leyfir það ekki að þessu sinni.

[15:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í ræðu minni að það sé mitt mat að mikil eining ríki um þátttöku okkar í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi innan NATO og við Bandaríkin. Ég er þeirrar skoðunar. Ég nefni í þessu sambandi ekki veru varnarliðsins hér á landi en ég hef leyft mér að álykta svo að jafnvel þótt ágreiningur sé um veru þess hér á landi sé það almennt álit Íslendinga að okkur beri að vera í varnarsamstarfi með Bandaríkjunum og Atlantshafsbandalaginu. Þannig upplifi ég íslenskt samfélag. Ég upplifi hins vegar ekki málflutning vinstri grænna með þeim hætti svo það sé alveg skýrt, en ég tel að sá málflutningur eigi ekki mikinn hljómgrunn í íslensku samfélagi. Ég tel það ekki vera ástæðu þess að viðkomandi flokkur hefur þó nokkurt fylgi meðal þjóðarinnar. Ég tel að það séu aðrar ástæður.

Nú mál vel vera að hv. þm., eins og hér hefur komið fram, sé mér ósammála um það. Ég kem víða á fundi, víða um land og svara mörgum fyrirspurnum og hef verið alllengi í stjórnmálum og tel að mikil breyting hafi orðið á í þessu sambandi. Þó að oft séu harðar umræður um þessi mál á hv. Alþingi, þá finnst mér þær ekki vera endurspeglun á umræðunni í samfélaginu. Þetta er mitt mat. Það stendur í ræðu minni hvort sem þingmönnum líkar það betur eða verr, þá er þetta mín skoðun. Hv. þm. getur verið henni ósammála en það getur ekki komið í veg fyrir að ég setji þá skoðun fram.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. utanrrh. að sem betur fer búum við í þjóðfélagi sem leyfir honum að hafa vitlausar skoðanir. Það eru mikil hlunnindi að búa í slíku samfélagi og það viljum við öll.

Það sem ég gagnrýndi í sambandi við þessa framsetningu er tvennt: Það er annars vegar framsetningin, þ.e. að leggja þessa óskyldu og ósambærilegu hluti að jöfnu. Ég tel það vera óskylda og ósambærilega hluti að fjalla um lýðræðislega uppbyggt samstarf Norðurlandaþjóðanna á sínum vettvangi sem er samstarf fullvalda ríkja án nokkurs yfirþjóðlegs valds, eins lýðræðislegt í grunninn og nokkuð getur verið og hins vegar aðild að hernaðarbandalagi, að taka afstöðu til vígbúnaðarmála eða halda erlendan her í landi sínu. Það er það fyrra sem ég gagnrýni.

Framsetningin hér leggur þessa hluti að jöfnu í einni og sömu setningunni að um þetta sé samstaða eins og um sambærilega hluti væri að ræða.

Hið síðara er hið efnislega innihald fullyrðingarinnar. Það er rangt. Hæstv. utanrrh. getur vissulega reynt að hafa það mat á hlutum að það sé ekki þetta heldur hitt eða annað sem valdi stuðningi við stjórnmálaflokka, en hæstv. utanrrh. getur varla þurrkað út það sem fyrir liggur í sögunni. Hæstv. utanrrh. hlýtur að vita að þetta hefur lengi verið eitt heitasta og umdeildasta deilumál þjóðarinnar. Það vill svo til að ég fer líka á fundi. Það vill svo til að ég heimsæki líka skóla og ég tel mig geta borið um það með alveg jafngildum rökum og hæstv. utanrrh. að einmitt að þessu leyti t.d. hvað varðar friðarmálin, hvað varðar andstöðu við erlendan her eru skoðanir skiptar og mikill stuðningur við þau sjónarmið sem ég tel mig færa fram í þeim efnum, t.d. í skólum landsins. Það fullyrði ég og hef ýmislegt fyrir mér í þeim efnum, enda verið býsna duglegur við það satt best að segja að heimsækja slíkar stofnanir á umliðnu árum.

[15:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi ekki í ræðu minni að alger samstaða ríki. Ég segi að mikil samstaða ríki. Ég segi ekkert um það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé sammála þessu mati eða hans flokkur. Ég fer ekkert ofan af því að ég tel að mikil samstaða ríki um þessi mál og ég teldi það mjög mikilvægt ef hv. þm. gerði sér betur grein fyrir þeim gífurlegu breytingum sem hafa orðið á þessum málum. Hann ræðir þessi mál eins og ekkert hafi gerst í Atlantshafsbandalaginu sl. áratug. Við erum bara að tala um allt annað Atlantshafsbandalag en þegar hann tók þátt í Keflavíkurgöngum eða öðrum göngum. Við eru hér með allt annað mál á borðinu. Það má vel vera að hann upplifi þetta einhvern veginn öðruvísi en ég og það verður þá bara að hafa það. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um það. En ég hef þessa skoðun og leyfi mér bara að hafa hana hvað svo sem hann segir um það.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. heldur auðvitað þessari skoðun sinni eftir því sem hann vill og það væri gaman ef einhver virtur fjölmiðill yrði okkur til liðs í þessu máli og gerði vandaða skoðanakönnun hvað varðar þetta atriði. Það væri kannski heppilegra að vísu að það væri ekki DV því að hæstv. utanrrh. hefur af einhverjum undarlegum ástæðum óvenjulítið álit á skoðanakönnunum frá þeim fjölmiðli, sérstaklega ef fylgi Framsfl. mælist lítið í þeim. En þannig gengur það ekki fyrir sig.

Varðandi það að ég taki ekki mið af breytingum sem hafa orðið, þá geri ég það. Það er alveg rétt að í umræðunni eru þessi mál ekki í brennidepli með sama hætti og þau voru í

hita kalda stríðsins. En þar með er ekki sagt að skoðanir almennings hafi í stórum dráttum breyst og það held ég að hafi ekki gerst. Ég er ekki viss um að almenningur sé jákvæðari í garð Atlantshafsbandalagsins eða veru erlends hers hér á landi eftir loftárásir hinna fyrrtöldu á Júgóslavíu og eftir þá staðreynd að Ísland varð í gegnum aðild sína að NATO í fyrsta skipti í sögunni beinn aðili að árásaraðgerðum á aðra þjóð. Ég er ekki viss um það, breytingarnar eru því ekki bara í eina átt, herra forseti.

[15:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið mjög undir það að full ástæða væri til að kanna betur afstöðu almennings nú til veru okkar í NATO og veru varnarliðsins hér. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að þegar verið er að vitna í skoðanakannanir frá 9. áratugnum, þá varð grundvallarbreyting á afstöðu manna til NATO, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum þegar Sovétríkin hrundu og fyrrverandi Sovétlýðveldi breyttu um afstöðu sína til Atlantshafsbandalagsins jafnskjótt og þar höfðu verið leidd til öndvegis lýðræðisöfl og mannréttindi. Þá kom í ljós að meðal þessara afla hafði verið litið á Atlantshafsbandalagið sem friðarsamtök, varnarsamtök friðsamlegra lýðræðisþjóða. Þetta sjónarmið endurspeglaðist einmitt mjög sterkt eftir 1990. Það eru að vísu tíu ár síðan það var.

Það er heldur ekki hægt að neita því að eflaust hefur það óyndisúrræði þegar Atlantshafsbandalagið neyddist til að grípa til loftárása á Júgóslavíu haft áhrif á afstöðu manna til bandalagsins en þá er best að taka það með í reikninginn og gleyma því ekki að þar var um algert óyndisúrræði að ræða, aðgerðir sem var ekki hægt annað en grípa til vegna þess að í algert óefni stefndi í Kosovo. Mér finnst því rétt að styðja þá afstöðu þingmannsins að full ástæða sé til að fara að skoða þessi mál, en mér sýnist að svolítið sé horft fram hjá þeim fjölbreyttu viðhorfum sem urðu þarna eftir 1990 í þessum efnum.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessum liðsauka og tek undir að lakara er að þurfa að byggja á svona gamalli skoðanakönnun, sem sagt síðustu ítarlegu og vönduðu könnuninni sem að þessu leyti hefur farið fram frá 9. áratugnum.

Hitt er svo annað mál, a.m.k. er það svo í tilviki ræðumanns, að hrun Sovétkommúnismans og upplausn Varsjárbandalagsins breytti ekki nokkru um andstöðu mína við hernaðarbrölt og veru erlends hers í landinu. Ef eitthvað er var ég enn harðari í þeirri andstöðu að við ættum líka að leggja niður NATO og losna við erlendan her sem lið í þeirri friðvænlegu þróun í heiminum sem var tvímælalaust mjög stórkostlegt tækifæri til að hrinda af stað en menn hafa m.a. klúðrað með því að halda í NATO.

Varðandi það hvernig almenningur metur hlutina núna, þá væri náttúrlega best að hann svaraði því sjálfur í viðamikilli og vandaðri könnun um þessa hluti. En ég er alls ekki viss um að þau viðhorf hafi endilega þróast einhliða í átt til meiri jákvæðni í garð Atlantshafsbandalagsins. Það var að vísu mikið púður sett í að reyna að selja okkur þá hugmynd að NATO væri orðið gjörbreytt. Þetta væri orðið friðarbandalag, þetta væri orðið vinalegur kaffiklúbbur þar sem menn sætu og ræddu vandamál heimsins og hvernig þau áttu að leysast. Svo hrundi sú heimsmynd. Hún hrundi þegar NATO fór í þær árásaraðgerðir, mislukkaðar og ólöglegar að alþjóðalögum, sem raun ber vitni með dapurlegum stuðningi íslenskra stjórnvalda. Ástandið er ekki þannig að það mæli beinlínis með slíkum aðgerðum í dag eða hefur hv. þm. kynnt sér t.d. hvernig mannréttindamálum er fyrir komið núna, hvernig lífið er í flóttamannabúðunum í Serbíu o.s.frv.? Ég er ekki viss um að þegar upp er staðið hafi þessu fyrirbæri tekist þrátt fyrir ofurveldi fjölmiðla og miklar lygar sem til þess er beitt að reyna að fegra framgöngu þess og ímynd eins og nú hefur rækilega verið afhjúpað m.a. þegar raunveruleikinn hefur smátt og smátt verið að birtast okkur á Balkanskaganum og víðar, hafi almenningur í stórum stíl skipt um skoðun á slíku hernaðarbrölti og þessu hernaðarbandalagi.

[15:15]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Heimsmynd NATO er ekki hrunin meira en svo að NATO er enn þá samnefnari flestra Evrópuþjóða í öryggismálum. Þrjár Mið-Evrópuþjóðir eru gengnar í samtökin, Tékkland, Pólland og Ungverjaland. Baltnesku löndin knýja á um inngöngu því þau telja sína stöðu ótrygga og vilja tryggja sig með inngöngu í þetta varnarbandalag og fleiri ríki knýja á um inngöngu. Það er því ljóst að í grundvallaratriðum hefur ekkert breyst í þeirri breyttu mynd sem kom upp eftir 1990 að í augum flestra Evrópuríkja er Atlantshafsbandalagið bandalag sem tryggir frið og öryggi í Evrópu.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástand heimsmálanna er þannig um þessar mundir að það er eitt heimsveldi á sviðinu sem fer sínu fram, gerir nokkurn veginn það sem því sýnist ... (**Gripið fram í:** Þeir voru að kjósa núna.) Þeir voru að reyna að kjósa núna og þeir ganga svo langt, þeir ágætu menn, að það stendur aftan á einum peningnum þeirra — gott ef það eru ekki 25-sentin — að þeir séu vagga lýðræðis í heiminum. „Shrine of Democracy" stendur aftan á einhverjum bandarískum peningi. Svo gengur þetta svona til eins og raun ber vitni hjá þeim að kjósa. En þetta er svona og það er mjög rík tilhneiging hjá mörgum að styggja ekki risann, trufla hann ekki, komast ekki í ónáð hjá honum og við skulum ekki gleyma því þegar við erum að ræða um þróun alþjóðastjórnmála og utanríkis- og öryggismála í heiminum frá því að Sovétríkin liðuðust sundur og Varsjárbandalagið leið undir lok, að þá tók við af því tveggja póla kerfi sem áður hafði verið eins póls kerfi „uni-polar system" og það er við lýði í dag. Það er ekki hægt að ræða um alþjóðastjórnmál öðruvísi en að virða þessa staðreynd til skilnings á þeim hlutum sem þarna eru að gerast.

[15:17]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill stundum svo til í þessum sal að menn gera miklu meira úr ágreiningi en efni standa og það tel ég að menn geri nú. Það er ekkert langt síðan ég var öflugur stuðningsmaður ríkisstjórnar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat í. Það bar aldrei neitt á milli í utanríkismálum að því er varðar herstöðina eða varnarsamstarfið. Ég man aldrei eftir því að okkur hv. þm. hafi orðið sundurorða þar um eða neinar deildar meiningar, enda var það stefna þeirrar ríkisstjórnar að gera engar breytingar svo að ég tel að menn séu að gera allt of mikið úr þeim ágreiningi sem hér hefur komið upp.

Hv. þm. sagði um hugmynd mína að endurvekja Evrópustefnunefndina að þetta væri í samræmi við tillögu sem hann hefði flutt fyrir nokkru síðan. Það er ekki rétt. Till. til ál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum sem hann vísar til, hljóðar svo í upphafi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda ...“

Og lokin eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.“

Með öðrum orðum, fyrst á að taka ákvörðunina og síðan á að skipa nefndina. Tillaga sú sem ég vísaði til hljóðar hins vegar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanrríkisráðherra að skipa nefnd sjö alþingismanna eftir tilnefningu þingflokka til að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu. Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf þeim breytingum sem fram undan eru.“

Þetta er allt annar hlutur. Þarna er um það að ræða að útiloka enga leið fyrir fram heldur vera opinn fyrir öllum möguleikum, öfugt við það sem tillaga hv. þm. gerði ráð fyrir því að hún gerir ráð fyrir því að skjóta fyrst en spyrja svo. Hún gerir ráð fyrir því að umræddri nefnd sem á að kjósa á Alþingi sé upphaflega bannað að komast að ákveðinni niðurstöðu. Það er ekki sú tillaga sem ég orðaði.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Unaðslegt er nú að hafa hv. þm. Sighvat Björgvinsson hér með okkur á þingi og það veit sá sem allt veit að ég á eftir að sakna hans ef hann skyldi hætta á undan mér.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði einu sinni fyrir alþingiskosningar vestur á fjörðum hátt og í heyranda hljóði og eru að hundruð vitna, að hann mundi aldrei styðja ríkisstjórn sem framlengdi kvótakerfið. Ekki leið á löngu áður en hv. þm. var orðinn stuðningsmaður ríkisstjórnar og settist skömmu síðar í ríkisstjórn sem festi kvótakerfið í sessi og framkvæmdi það sem aldrei fyrr. Við getum lengi haldið þessu áfram, hv. þm., að reyna með einhverjum slíkum upprifjunum að gera lítið hvor úr öðrum. Það lyftir ekki umræðunni á hærra plan eins og Nóbelsskáldið bað um forðum.

Varðandi þetta með Evrópunefndina þá er það alveg rétt að það er ekki beinlínis sú nefnd sem er í síðasta málslið tillögugreinar okkar um mótun stefnu í alþjóðamálum. En í umræðum um þá tillögu sem hér urðu allmiklar og hv. þm. tók m.a. þátt í, nefndi ég til sögunnar Evrópustefnunefndina gömlu, veifaði meira að segja bókinni sem hún gaf út og spurði sérstaklega hvort það væri e.t.v. einhver flötur á a.m.k. samstöðu um ákveðna vinnu að þessu leyti og ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi svarað því þá með eitthvað svipuðum hætti og hann svaraði hér áðan. Það var til þessa sem ég var að vísa þegar ég sagði að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði tekið hér upp sama mál og ég ræddi nokkrum vikum áður. En hafi það komið illa við hv. þm. að ég skyldi orða þetta svona þá biðst ég undan því og verð að segja að hv. þm. er orðinn nokkuð viðkvæmur ef jafnvel svona sakleysislegt orðalag stuðar hann.

[15:21]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það síður en svo illa upp að hv. þm. lýsi því yfir að hann geti hugsanlega fallist á þá tillögu sem ég gerði jafnvel þó svo hún gangi í berhögg við þá tillögu sem hann hefur sjálfur flutt. En það er bara af því góða.

Hins vegar ítreka ég að ég sé að sjálfsögðu mikið eftir því ef leiðir okkar hv. þm. skilja. Ég var öflugur stuðningsmaður hans í þeirri ríkisstjórn sem við studdum báðir og hann sat í. Það var aldrei ágreiningur um varnarmál, veru hersins eða aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, enda ítreka ég það að sú ríkisstjórn var mynduð á því að allir samþykktu að þar yrði staðið við fyrri ákvarðanir og engar breytingar á þeim gerðar. Þess vegna held ég að við séum að gera meira úr ágreiningi en efni standa til. Það getur vel verið að hvíni í tálknum á mönnum þegar þeir þurfa ekki bera ábyrgð á athöfnum sínum. En þegar þeir þurfa bera ábyrgð á athöfnum sínum þá kemur í ljós að samstaðan er öllu meiri en þeir vilja vera láta.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal fara einhvern tíma yfir það við tækifæri með hv. þm. sem bar á góma í þessari ágætu ríkisstjórn sem hann vitnar til um utanríkismál. En það var einmitt ein gæfa þeirrar ríkisstjórnar að hún bar ágreiningsmál eða umræður sem þar urðu innan veggja ekki mikið á torg. Ég hygg að í fundargerðum sé hægt að finna að um þessi mál var fjallað oftar en einu sinni og var m.a. rætt þar að setja sérstakan starfshóp ráðherra í það mál. En stjórnin var mynduð á grunni sem var þegar komin hefð fyrir, þ.e. óbreyttu ástandi í þeim efnum, eins og kunnugt er, og það er vel þekkt fyrirbæri við aðstæður af þessu tagi (Gripið fram í.) og er ekkert nýtt. En hver flokkur hélt sinni afstöðu.

Ég geri ráð fyrir því að Alþfl. sálugi — fyrirgefðu, herra forseti, það er víst of snemmt að taka svo til orða — hafi réttlætt setu sína í ríkisstjórnum sem framkvæmdu óbreytt kvótakerfi með einhverjum sambærilegum hætti, þ.e. að það væri um „status quo“ vopnahlésástand að ræða, að menn létu málin liggja þar sem þau væru vegna þess að þeir væru að sameinast um önnur tiltekin verkefni. Það er alþekkt þegar flokkar gera með sér málamiðlanir um stjórnarsamstarf að einhvers konar málamiðlunargrundvöllur er lagður. En flokkarnir hverfa ekki frá afstöðu sinni hver fyrir sig þar með, eða var það (Forseti hringir.) þannig hjá Alþfl. að hann tæki alltaf upp málamiðlanirnar sem sýna stefnu?

[15:23]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Mér varð, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., á að staðnæmast við 1. málsl. í upphafi ræðu hæstv. utanrrh. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stöðugleiki og samstaða um grundvallarþætti utanríkismálanna einkennir íslenskt samfélag.“

Þetta er ekki að undra vegna þess að hvenær sem vikið er að málefnum hæstv. ríkisstjórnar þá er upp hafinn söngur um að allt sé í stakasta lagi, allt sé blúndulagt. Um það predika fyrirsvarsmenn hæstv. ríkisstjórnar seint og snemma. Öllu er svarað á einn veg enda þótt vá sé blátt áfram fyrir dyrum eins og við t.d. sjáum fyrir okkur í gengismálum, svo að það sé nefnt, og fjölmörgum öðrum málum, gegndarlausum viðskiptahalla og gengisfalli sem blasir við. Síðast í gær var hæstv. forsrh. spurður um stöðu þeirra mála og umsagnir

sérfræðinga, sem hann þóttist ekki hafa heyrt, um stöðu íslenskra fjármála og viðskiptamála. Þá var á honum að skilja að alltaf hefði legið fyrir að hlutabréf mundu falla í verði en óðar en varir mundu útflutningsfyrirtæki græða á gengissigi. Þá var það allt í einu orðið að jákvæðri þróun. Það er bullandi halli á heilbrigðiskerfinu og stöðugt talað um að þar sé stórkostlegra úrbóta að vænta þrátt fyrir milljarða halla á hverju ári og að biðlistar lengist. Okur er í orku- og tryggingamálum en aldraðir og öryrkjar vel settir að dómi hæstv. ríkisstjórnar.

En hvað um samstöðu um meginmál í íslenskum utanríkismálum sem er afstaðan til ESB eins og nú standa sakir? Auðvitað getur hæstv. utanrrh. ekki talað fyrir munn annarra flokka þegar hann talar um hina algeru samstöðu en nú er hann væntanlega að tala um samstöðu ríkisstjórnarinnar a.m.k. skyldi maður halda og þar hefur hann áreiðanlega fulla heimild til þess að kveða svo að orði. En hvað blasir við? Hefur formaður Framsfl. ekki stofnað til 50 manna sérfræðinganefndar til þess að rannsaka og ræða sérstaklega hugsanlega aðild Íslands að ESB? Og hver er afstaða hins stjórnarflokksins í því efni? Það er meira að segja svo að hæstv. forsrh. telur málið alls ekki umræðuhæft með neinum hætti. Ef nokkuð er að marka þessa nýju stefnu Framsfl. sem þarna birtist í 50 manna nefndinni, þá eru þessir tveir stjórnarflokkar á öndverðum meiði blátt áfram í sambandi við þessi örlagamál um Evrópusambandið. (**SJS:** Gleymdu ekki nefnd Samfylkingarinnar.) Mikið rétt. En þegar grannt er skoðað, skyldi þá þetta vera rétt sem hæstv. utanrrh. segir að samstaða sé milli flokkanna einmitt í Evrópumálunum, að þessi skipan nefndarinnar sé allt saman sjónarspil sett fram til þess að slá ryki í augu helftar Framsfl. sem hefur verið mjög gagnrýnin á hæstv. utanrrh., formann Framsfl., fyrir að vera algjör taglhnýtingur forsrh. og ekki þora að tala um mál sem hinn bannar? Skyldi þetta vera ástæðan og fullyrðingin um samstöðuna sé þá rétt? Þessu er a.m.k. haldið fram og á daginn mun kannski koma, að hvaða niðurstöðu svo sem nefndin kemst, að hæstv. utanrrh. muni grípa það til ráðs sem blasir við, að benda á að okkur sé inngangan ómöguleg og útilokuð á meðan ákvæði um fiskveiðimál eru eins og þau eru í Evrópusambandinu.

En það er fleira sem ég er ekki viss um að samstaða sé um og það er nýr grundvallarþáttur sem hefur verið tekinn upp af hæstv. utanrrh. og ég sakna þess að það er hvergi vikið að því atriði í þessari ræðu. Það er hin nýja stefna formanns Framsfl. að hleypa erlendu auðvaldi inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Að vísu kemur það undir eins í ljós að máttarstoðir hins stjórnarflokksins eru sammála um það, og Morgunblaðið undir eins, að þetta sé góð og hentug stefna. Nú vantar íslenska auðvaldið meira fjármagn til þess að braska með, til þess að viðhalda kvótabraski sínu, og þá er að leita til Unilever um viðskipti.

Ég verð að segja að mér ofbauð þegar hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., tilkynnti um þessa, sem ég kalla, kúvendingu frá fyrri stefnu og mér hefði aldrei boðið í grun að ætti eftir að koma á daginn af hálfu íslenskra stjórnvalda. Og það sem meira er, þetta er á flugstigi framkvæmdar. Þeir ganga undir þessu allir nema Kristján Ragnarsson, sem að vísu ræður miklu. En útvegsmenn, samtök útvegsins, taka undir þessa nýju stefnu. Ég vildi þess vegna biðja um það að fá einhverja frekari útlistingu á því hvernig framkvæmt skuli.

Á bls. 4 er vikið að mannréttindum og það er, með leyfi forseta, orðað svo í upphafi:

„Mannréttindi eru algild og það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim."

Það kann vel að vera að hæstv. utanrrh. sinni mannréttindamálum sem vera ber á erlendum vettvangi en það vantar dálítið upp á að þess sé gætt að sinna þeim hérlendis. Fyrir forustu hans og LÍÚ-klíkunnar hafa þúsundir Íslendinga verið sviptir grundvallarmannréttindum, mannréttindum, réttindum til lífsframfæris síns, með því að sækja verðmæti í eigin sjó. Um það þarf ekki að fara fleiri orðum. Hér er lagt til að Íslendingar leggi áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim en um leið yfirsést þessum herrum grundvallarmannréttindi sem sjálfur Íslendingurinn er sviptur.

Þá er hér á öðrum stað vikið að ríkisstyrkjum til sjávarútvegs og ef ég man rétt er lýst yfir andstöðu eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Óflug fiskveiðistjórn heima fyrir og alþjóðlegt átak um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi eru lykillinn að því að tryggja áframhaldandi sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins."

Áreiðanlega eru hvergi dæmi um það í veröldinni annars staðar að útvegur sé jafnrækilega ríkisstyrktur eins og á Íslandi þar sem lénsherrunum er rétt að gjöf sjávarauðlindin öll sömul eins og hún leggur sig. Það er meira en lítill holhljómur í svona tali.

Ég tek undir það að þátttaka okkar í friðargæslu er af hinu góða. Það hefur oft verið svo að stórþjóðirnar, sem hafa gegnt slíku hlutverki, hafa gjarnan verið tortryggðar vegna þess að þeir hefðu annað og meira í huga en að gæta friðarins. Það verður áreiðanlega ekki sagt um okkur Íslendinga og þess vegna ber sérstaklega að fagna því framtaki og efla það með öllum hætti því við getum áreiðanlega lagt þar mjög góðan skerf af mörkum.

Ég sé ekki ástæðu til að gerast langorður um þá mögru skýrslu sem hér liggur fyrir. En hæstv. utanrrh. endar skýrslu sína á því að taka fram eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Aldrei hefur verið augljósara en nú hversu mikilvæg öflug utanríkisþjónusta er fyrir hagsmuni Íslands."

Þar af leiðandi skyldu menn halda að nauðsyn bæri til að stöðu utanrrh. gegndi traustur og trúverðugur maður. Enginn mun þekkja betur til starfshátta hæstv. núv. utanrrh. en fyrrv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson. Flogið hafa fyrir þær umsagnir Steingríms úr ævisögu hans sem skilja má á þann veg að varasamt kunni að vera að trúa núv. formanni Framsfl. fyrir sendibréfi milli bæja.

[15:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég mun í máli mínu tæpa á nokkrum atriðum sem hæstv. utanrrh. gerði að umfjöllunarefni í skýrslu sinni og vík fyrst að friðargæslunni.

Frá 1994 hafa alls 50 manns starfað að friðargæslu á vegum Íslands í Bosníu og Kosovo, flestir þeirra hafa komið úr röðum lögreglumanna, lækna og hjúkrunarfræðinga, eins og segir í ritaðri ræðu hæstv. ráðherra. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að 164,5 millj. kr. verði varið til þessa verkefnis. Hæstv. utanrrh. segir Íslendinga hljóta að taka virkan þátt í friðaraðgerðum, þá skyldu leggi aðild okkar að NATO, Sameinuðu þjóðunum og ÖSE okkur á herðar. Um það er ekki deilt, herra forseti, en hins vegar leyfi ég mér að benda á að til eru margvíslegar leiðir. Margvíslegar leiðir eru færar til þess að stuðla að friði og velferð hér í heimi og þær eru margar fleiri en friðargæsla, hvað þá friðargæsla herlausrar þjóðar. Það má t.d. gera með auknum framlögum

ríkisins til frjálsra félagasamtaka sem starfa á sviði neyðarhjálpar og þróunarsamvinnu, en í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að 17 millj. kr. fari til mannúðarmála og neyðaraðstoðar.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í nýframlagða skýrslu frá utanrrn. um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu sem við þingmenn fundum á borðum okkar við upphaf umræðunnar. Þar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta, að kostnaður við hvern starfsmann sem starfað hefur á vegum Íslands við friðargæslu, hafi numið frá 5 til 8 millj. kr. á ári. Vert er að benda á, herra forseti, að þrír starfsmenn, eða fyrir þær 17 millj. kr. sem við ætlum að verja til mannúðar- og neyðaraðstoðar á næsta ári, mætti senda tvo til þrjár friðargæsluliða til útlanda. Það samsvarar sem sagt öllu framlagi til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á næsta ári.

Ég er ekki að halda því fram, herra forseti, að fénu til friðargæslunnar sé illa varið, því fer fjarri. Ég vil hins vegar draga fram mismun í framlögum til friðargæslunnar annars vegar og svo til mannúðarmála og neyðaraðstoðar hins vegar. Ef áætlanir hæstv. utanrrh. um að senda 50 Íslendinga til friðargæslu á næstu árum standast, þá kostar það okkur um 250 millj. kr. ef við miðum við að hver maður kosti 5 millj. á ári, miðum sem sagt við lægri töluna sem kemur í framlagðri skýrslu.

Ég hygg að þetta sýni okkur frekar en nokkuð annað, herra forseti, að við hljótum að geta gert miklu betur og varið meira fé til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á alþjóðlegum vettvangi. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. utanrrh. að litið verði til fleiri verkefna en friðargæslu á þessu sviði á næsta ári og næstu árum. Reynslan sýnir okkur nefnilega að framlög ríkisins til mannúðarmála og neyðaraðstoðar, sem látin eru í hendur traustra, frjálsra félagasamtaka, skila sér margfalt til þeirra sem mest þurfa á aðstoð að halda. Á mannamáli heitir það að fá mikið fyrir peninginn.

Það vekur einnig athygli mína að friðargæsluverkefnið bætist á verkefnalista alþjóðaskrifstofu utanrrn. sem á að sjá um ráðningu, undirbúning og þjálfun starfsliðs og almenna umsjón með starfseminni. Það er augljóslega ærinn starfi, herra forseti, og ég velti því fyrir mér hvort undirbúningur og þjálfun þurfi endilega að vera í höndum ráðuneytisins.

Næst vil ég víkja að mannréttindum, herra forseti.

Hæstv. utanrrh. segir Ísland leggja áherslu á réttindi kvenna og barna í alþjóðlegum samskiptum og bendir á að þeim sjónarmiðum hafi veri haldið á lofti í samskiptum við kínversk og indversk stjórnvöld. Ekkert er hins vegar sagt um hver viðbrögð ráðamanna í þessum löndum hafi verið við málflutningi fulltrúa Íslands. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. ráðherra um það og skoðun hans á því hvort ráðamenn, t.d. í Kína, skelli skollaeyrum við ábendingum okkar, ellegar taki vel í þær. En ófá tækifæri hafa gefist á liðnum missirum til skoðanaskipta við kínverska ráðamenn.

Herra forseti. Mikilvægt er að hafa það í huga í umræðunni að jafnrétti felur ekki aðeins í sér kvenfrelsi og jafnrétti kynja, heldur einnig jafnan rétt þjóða og þjóðarbrota til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða samtíð og framtíð, rétt einstakra hópa innan samfélagsins til að njóta verndar og öryggis, fyrir tilstuðlan samfélagsins og til að njóta virðingar og sama réttar til áhrifa og aðrir þegnar njóta. Utanríkisstefna okkar verður ávallt að hafa mannréttindi og jafnræði að leiðarljósi og gildir þá einu um hvaða málefni er verið að ræða.

Herra forseti. Á leiðtogafundi svokallaðra G-8 leiðtoga í Köln árið 1999 var samþykkt áætlun um að fella niður skuldir allra fátækustu ríkja heims. Samkvæmt henni átti að verja jafnvirði 100 milljarða Bandaríkjadala til verkefnisins. Lítt hefur miðað og eftir Okinawa-fund leiðtoganna í vor sem leið eru þrýstihópar og áhugamannasamtök um velferð fátækustu þjóða heims næsta úrkula vonar um að úr rætist í bráð. Um mitt þetta ár hafði einvörðungu 15 milljörðum dollara verið varið til verkefnisins frá því á Kölnar-fundinum. En tíminn líður og skuldastaða fátækustu ríkja heims versnar frá degi til dags. Þetta hefur m.a. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna bent á á opinberum vettvangi og gagnrýnt G-8 leiðtogana fyrir að standa ekki við gefin loforð um að létta skuldabyrði fátækustu ríkjanna.

Það er til fyrirmyndar, herra forseti, að íslenska ríkið skuli verja 200 millj. kr. til þessa átaks en hitt er jafnljóst að við þurfum að beita okkur af krafti til þess að halda öðrum ríkum löndum við efnið á næstu árum.

Þau lönd sem munu njóta góðs af þessu átaki þurfa víst að leggja fram áætlanir um þjóðarbúskap sinn. Gott væri að fá upplýst, herra forseti, hvaða kröfur eru gerðar til fátækustu ríkja heims í þessum áætlunum og hvaða kröfur hafa verið gerðar til þeirra 20 ríkja sem mér skilst að hafi uppfyllt kröfurnar sem ég er að spyrja um.

Á þessu ári birtist langtímaáætlun Þróunarsamvinnustofnunar fyrir árin 2000–2004 en á árabilinu 1999–2003 eru fjárveitingar til stofnunarinnar auknar verulega. Því ber að fagna þótt enn megi betur gera. Aukin framlög til þróunarsamvinnu leggja enn ríkari skyldur á okkar herðar að skipuleggja faglega starf ÞSSÍ og setja henni langtímamarkmið. Ég er þeirrar skoðunar að heildarstefnumótunar sé þörf í þróunarsamvinnu Íslands við önnur lönd, sú stefnumótun á að leggja þarfir og hagsmuni kvenna og barna til grundvallar. Það er von mín að ný verkefni í Úganda hafi málefni kvenna og barna að leiðarljósi en ég fer fram á að fá nánari upplýsingar frá hæstv. utanrrh. um starfssamning Þróunarsamvinnustofnunar við stjórnvöld í Úganda.

Nýlega hófst útrás íslenskra fyrirtækja til að afla sér viðskipta í þróunarríkjunum. Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni að íslensk fyrirtæki ættu mikið erindi til þróunarlandanna. Ég get tekið undir það að mörg íslensk fyrirtæki eiga vafalítið fullt erindi til að efla viðskipti við fátækari lönd en þau viðskipti verða að vera gagnkvæm ef báðir aðilar eiga að hafa gagn af. Ekki er nóg að við höslum okkur völl í fjarlægum heimsálfum ef við gerum ekki um leið ráð fyrir því að sömu lönd og sömu þjóðir geti selt vörur sínar á íslenskum markaði. Menn þurfa að vera samkvæmir sjálfum sér í þessum málum en ekki verður nógu oft áréttað að besta leiðin til þess að bæta efnahagsástand fátækustu ríkja heims er að opna markaði fyrir vörum þeirra.

Herra forseti. Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs er ískyggilegt og hefur stefnt friðarsamningaferlinu milli Ísraela og Palestínumanna í voða. Það er rétt að líkast til ná þessar þjóðir ekki samningum fyrr en þeim tekst að líta hvorri á hina sem jafningja. Á morgun, hinn 15. nóvember, gæti reynt enn frekar á þann vilja, ef Palestínumenn lýsa yfir sjálfstæði sínu eins og þeir hafa stefnt að að gera á þeim degi.

Ísraelski herinn hefur gengið fram af mikilli grimmd og miskunnarleysi á hernumdu svæðunum á liðnum vikum. Í því ljósi er næsta óskiljanlegt að íslensk stjórnvöld skuli hafa setið hjá við atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sam-

einuðu þjóðanna þegar afgreidd var tillaga þar sem ofbeldi Ísraelshers gegn Palestínumönnum var fordæmt. Samkvæmt mínum upplýsingum samþykktu 92 þjóðir tillöguna, sex greiddu atkvæði á móti henni og 46 þjóðir sátu hjá, þar á meðal Ísland. Eru þetta skilaboðin, herra forseti, sem íslensk stjórnvöld vilja senda stjórnvöldum í Ísrael um þessar mundir? Mér er spurn.

Að lokum, herra forseti, get ég ekki látið hjá líða að spyrja hæstv. utanrrh. út í samninga vegna Kyoto-bókunarinnar.

Hér á hinu háa Alþingi hefur ekki tekist að fá orð út úr ráðherrum ríkisstjórnarinnar um hvernig gangi að ná fram hinu svokallaða íslenska ákvæði.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra, Halldór Ásgrímsson, hvort hann telji líklegt að íslenska ákvæðið fáist í gegn í Haag, og hvað hæstv. utanrrh. hyggist fyrir eða hyggist leggja til, ef það tekst ekki?

[15:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég víki fyrst að síðustu spurningu hv. þm. þá gerum við okkur enn vonir um að íslenska ákvæðið svokallaða nái fram að ganga á lokastigi þeirra samninga sem nú eiga sér stað. Það er hins vegar ekki hægt að fullyrða um það á þessari stundu. Það liggur alveg ljóst fyrir að fyrir hendi er andstaða við þetta íslenska ákvæði, það var hins vegar inni í lokasamþykkt í Kyoto og þess vegna hefur ráðstefnan þær skyldur að tekið sé á þessu máli. Við höfum átt í ítarlegum viðræðum við margar þjóðir um þetta mál. Ég get nefnt sérstaklega í því sambandi Kanada en þær viðræður hafa gengið að mínu mati vel. Við höfum jafnframt átt í mikilvægum viðræðum við þjóðir Evrópusambandsins í þessu máli, sem jafnframt hafa gengið bærilega, en niðurstaða er ekki fengin. Hér er hins vegar um afskaplega stórt hagsmunamál að ræða fyrir Ísland og framtíðarhagsmuni Íslendinga og þess vegna hljótum við að trúa því að okkur takist að verja þá mikilvægu hagsmuni Íslendinga.

Hvað við gerum ef það tekst ekki er að mínu mati ekki tímabært að segja neitt um. Ég tel ástæðu til að ræða það þegar það kemur upp en á þessu stigi vil ég vænta þess að takist að fá aðra niðurstöðu.

Hv. þm. spurði um fjölmörg önnur mál sem ég vildi gjarnan koma að og svara, e.t.v. get ég það að einhverju leyti í síðari andsvörum eða þá á þeim stutta tíma sem ég hef til ráðstöfunar við lok umræðunnar.

[15:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó að það sé með hann eins og aðra stjórnarliða, ég er litlu nær um hvernig þetta fer í Haag, en við verðum auðvitað að vona það besta.

Mig langar til að hnykkja á spurningu minni um kröfurnar sem gerðar eru til þeirra ríkja sem njóta góðs af niðurfellingu skulda. Ef hæstv. ráðherra hefur þær upplýsingar við höndina væri gott að fá þær fram á hinu háa Alþingi.

[15:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins með þessa samninga og alla aðra samninga, við vitum ekki niðurstöðuna fyrir fram. Hv. þm. getur ekki reiknað með því að ráðherra geti svarað til um samninga sem ekki er lokið, það er einfaldlega ekki hægt og þarf ekki út af fyrir sig að ræða það frekar.

Að því er varðar kröfur til hinna fátækustu landa þá er það aðalatriðið að þessi aðstoð komi fátækasta fólkinu til góða og til þess þarf að tryggja lýðréttindi í viðkomandi löndum. Tryggja þarf mannréttindi og umfram allt þarf að tryggja að þessi aðstoð verði ekki til þess að ríkir einstaklingar í þessum löndum njóti góðs af, þ.e. að tryggja að ekki ríki spilling í kringum afgreiðslu þessara mála eins og stundum hefur verið.

Gera þarf áætlanir í viðkomandi ríkjum um hvernig framkvæmd þessara mála verði hagað, og það eru þær áætlanir sem eru teknar til samþykktar, svokallað „powerty reduction stragety plan", eða áætlanir um hvernig dregið verði úr fátækt í viðkomandi löndum. Ég tel að það sé vel að þessu staðið og Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi á þessu sviði.

Ég var þeirrar ánægju aðnjótandi að vera fulltrúi í prónarnefnd Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlandanna og baltnesku ríkjanna í tvö ár og þá var lagt mjög á ráðin um þessi mál og ég gat þar túlkað skoðanir Norðurlandanna í þeim málum. Ég tel afskaplega mikilvægt að Íslendingar skuli taka fullan þátt í þessu og þakka þau ummæli sem hv. þm. sagði í þessu sambandi og við skulum vona að þetta muni leiða til alveg nýrrar þróunar fyrir þennan fátækasta hluta heims.

[15:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. að það er auðvitað von allra að þessar aðgerðir, niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims, leiði til þess að þau fái annað tækifæri eins og segja má. Samt hafa staðið nokkrar deilur, aðallega á milli þá ríkra og fátækra þjóða, um hverjar kröfurnar ættu að vera og hvaða kröfur hin fátæku ríki þyrftu að uppfylla og til hvers konar efnahagsaðgerða þau þyrftu að grípa til þess að vera gjaldgeng til niðurfellingar. Ég hef heyrt það á máli manna sem þekkja vel til að það sé í raun sums staðar ómögulegt að gera miklar kröfur til bættra lýðréttinda eins og hæstv. ráðherra komst að orði vegna þess að að einhverju leyti þurfi fyrst að reyna að vinna bug á fátæktinni áður en hægt er að grípa til annarra aðgerða í samfélaginu.

Þetta er vissulega mjög flókið mál og mikil þörf á að við hér á Alþingi ræðum þetta betur og ég mun sjálf beita mér fyrir því í hv. utanrmn. að við kynnum okkur þessi mál betur í framtíðinni.

[15:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt Alþingi. Það er spurning hve miklar kröfur hægt er að gera til skýrslu á borð við þessa sem sett eru ströng tímamörk. Ef til vill er hún dæmd til að verða almenns eðlis en ekki er þar með sagt að hún sé dæmd til að verða yfirborðskennd. En að mínum dómi er skýrslan einmitt það þegar kemur að ýmsum þeim málefnum sem eru hvað umdeildust á vettvangi utanríkismálanna og vísa ég þar t.d. til viðskiptabannsins á Írak og til Miðausturlanda. Reyndar er það svo að ekki er vikið einu orði að Írak í skýrslunni.

Í henni er fjallað í fáum orðum um starf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þess sérstaklega getið að Íslendingar láti til sín taka á sviði hafréttarmálefna og mannréttinda. En hér er ef til vill komið mesta hitamál samtímans á sviði mannréttindamála og ekki minnst á það einu orði í skýrslu utanrrh. Þetta finnst mér sannast sagna mjög undarlegt og ekki síst í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið á Alþingi margítrekað um viðskiptabannið og tilraunir þingmanna til þess að fá því hnekkt.

Ég hef margoft gert grein fyrir afstöðu minni til viðskiptabannsins og hér hefur ítrekað og árum saman verið flutt þáltill. um það efni. Það er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ásamt nokkrum hv. þm., þar á meðal mér, sem höfum staðið að þessari þáltill. en hún hefur alltaf verið svæfð í utanrmn. og Alþingi aldrei leyft að taka endanlega afstöðu til hennar, aldrei hefur verið látin fara fram atkvæðagreiðsla í þinginu og fengið fram hver raunverulegur vilji þingsins er. Þegar þessi mál komu síðast til umræðu vísaði ég í rannsóknarvinnu sem unnin hefur verið á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, mjög vandað plagg sem hefur verið unnið á vegum hennar með upplýsingum sem bera vott um mjög alvarlegt ástand og styður það sem við margoft höfum lýst á Alþingi í umræðum um viðskiptabannið.

Ég ætla ekki að víkja nánar að því núna í ræðu minni en fara nokkrum orðum um Palestínumálið. Í skýrslu utanrrh. hæstv. segir, með leyfi forseta:

„Ábyrgð Ísraels er mikil þó að við fordæmum harðlega ofbeldisaðgerðir beggja aðila. Gagnkvæmt traust er horfið og það mun taka langan tíma að byggja það upp að nýju. Fyrr er þess ekki að vænta að við getum gert okkur einhverjar vonir um varanlegan frið fyrir botni Miðjarðarhafsins."

Undir hið síðasta skal ég taka. En ekki held ég það fái staðist að Íslendingar hafi fordæmt Ísraelsmenn mjög harðlega vegna ofbeldisaðgerða þeirra gagnvart Palestínuaröbum. Alla vega var það svo þegar greidd voru um það atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hvort fordæma ætti Ísrael, hvort mótmæla ætti harðlega ofbeldinu gagnvart Palestínuaröbum, þá sátu Íslendingar hjá við þá atkvæðagreiðslu, því miður. En á meðal þeirra ríkja sem studdu þessa gagnrýni má nefna Austurríki, Frakkland, Írland, Lúxemborg og Finnland en Íslendingar treystu sér ekki til að fordæma þetta ofbeldi.

Ég held að enginn deili um það að Ísraelsmenn hafa farið með ofbeldi á hendur Palestínuaröbum. Við minnumst þess þegar Sharon, formaður Likud-bandalagsins og einn harðasti haukurinn í framvarðarsveit Ísraelsmanna, þekktur að endemum úr stríðinu frá Líbanon á sínum tíma, fór með fylktu liði, vopnaðri sveit manna, að helgihofum Araba í Jerúsalem og þegar því var mótmælt, þá var ekki svarað eins og oft er þegar kemur til mótmæla með táragasi og kylfum, nei, þar var skriðdrekum og herþyrlum beitt og nú er svo komið að a.m.k. 200 manns hafa látið lífið í þeim átökum. Það fær því ekki staðist að Íslendingar hafi fordæmt ofbeldið, það fær ekki staðist sem hæstv. utanrrh. heldur hér fram í ljósi þess að Íslendingar treystu sér ekki til að fylgja Frökkum, Austurríkismönnum, Finnum og Írum, svo nokkrar þjóðir séu nefndar, sem fordæmdu ofbeldið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Síðan vil ég fjalla um fátækustu þjóðir heims. Um það er fjallað í skýrslu hæstv. utanrrh. Hann svaraði því einnig til eða skýrði nánar mál Íslendinga í andsvari við hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, sem er því miður farin úr salnum. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði hlýtt á þetta og hugsanlega tekið málið upp að nýju í ljósi þess sem mig langar til að segja um það atriði.

Hæstv. utanrrh. nefnir það réttilega að það hafi m.a. verið að frumkvæði Norðurlandanna sem átakinu var ýtt úr vör árið 1996, þ.e. sérstök aðstoð eða niðurfelling skulda við fátækustu ríki heims.

Í skýrslu sinni segir hæstv. utanrrh. orðrétt:

„Gert er ráð fyrir að 30 fátækustu ríki heims fái fyrirgreiðslu, samtals um 50 milljarða dollara. Til þess að fá fyrirgreiðslu þurfa ríkisstjórnir þessara fátæku landa að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru þau að það fólk sem býr við sárasta örbirgð njóti fyrirgreiðslunnar þegar fram líða stundir. Með öðrum orðum á að nýta það svigrúm sem skapast við niðurfellingu skuldanna fátækasta fólkinu til framdráttar, til dæmis á sviði mennta- og heilbrigðismála og atvinnuuppbyggingar. Þegar hafa 10 lönd lagt fram áætlanir um sinn þjóðarbúskap sem uppfylla skilyrðin. Gert er ráð fyrir að önnur 10 verði búin að skila slíkum áætlunum og fá þær samþykktar fyrir lok þessa árs."

Þetta sagði hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gekk á hæstv. ráðherra og spurði: Hver eru þessi skilyrði? Hæstv. ráðherra vísaði í tækniyrði og skammstafanir sem mig langar aðeins að víkja að.

Sú var tíðin að Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerðu þeim ríkjum sem var veitt fyrirgreiðsla að ráðast í það sem kallast var „structural adjustment loans" eða „enhanced structural adjustment facility" og þetta voru lán sem byggðu á því að þessum fátæku ríkjum var gert að ráðast í markaðsvæðingu og einkavæðingu. Oft hafði það þær afleiðingar að fjölþjóðlegir risar, sem höfðu lánað þessum ríkjum, komust yfir eignir þeirra. Þetta var eina leiðin að greiða upp lánin, það var að láta af hendi auðlindir eða almannaþjónusta sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði þeim að einkavæða. Þetta var ein ástæðan fyrir því að Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og þess vegna Alþjóðaviðskiptastofnunin hafa verið gagnrýnd og var einn rauður þráður í gagnrýninni á fundinum í Seattle, Prag og víðar.

Þetta varð til þess að bankinn hefur núna breytt um stefnu að nokkru leyti. Nú er talað um „poverty reduction strategy papers" eða „plans" eins og hæstv. utanrrh. vísaði í hér áðan. Þetta byggir á breyttri hugsun að hluta til. Aðeins að því leyti að nú er ríkjunum sjálfum gert að setja fram áætlanir. Eftir sem áður mun Alþjóðabankinn eða aðilar á hans vegum, IFI, International Financial Institutions, og sérfræðingar bankans fara yfir þessa pappíra og þessi plön og sjá til þess að þau standist þær kvaðir sem alþjóðalánastofnanirnar setja á þessi ríki. Hverjar eru svo þessar kvaðir?

Það er þetta sem er ekki alveg ljóst. En ef ég skil hæstv. utanrrh. rétt eru þær svipaðar og Norðurlöndin lögðu til fyrir fjórum árum 1996 því vísað er í þetta framtak Norðurlandaþjóðanna árið 1996.

Hvað skyldi það hafa verið, hverjar skyldu þessar kvaðir hafa verið þá?

Í fréttatilkynningu frá utanrrh. 22. september 1997 segir m.a., með leyfi forseta, og þetta er sami hæstv. utanrrh. og situr hér í dag og er að skýra þetta fyrir okkur. Hér segir, með leyfi forseta:

„Utanríkisráðherra lýsti yfir fullum stuðningi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna við sérstakt átak Alþjóðabankans til að auka fjárfestingar einkaaðila í orkumálum, samgöngu- og fjarskiptakerfum þróunarríkjanna."

Á fundi þar sem hæstv. ráðherra hafði orð fyrir Norðurlöndunum, sem haldinn var í Hong Kong að ég hygg, þar sem hann útlistar stefnu Íslendinga „Statement by Mr. Halldór Ásgrímsson, Minister of Foreign affairs Iceland, on behalf of the Nordic and Baltic countries" þetta er yfirlýsing hæstv. ráðherra fyrir hönd þessara ríkja. Þar segir hann t.d. af því hann vék hér að spillingunni, að við ættum að reyna að finna

leiðir til þess að koma í veg fyrir að fjármunirnir rynnu til spilltra valdamanna, sem oft hefur gerst og ég tek alveg undir það með honum í sjálfu sér, að sjálfsögðu, eins og dæmin sanna frá Zaír t.d. og ríkjum þar sem einræðisherrar hafa komist yfir gilda sjóði, reyndar aðallega einræðisherrar sem hafa þjónað Bandaríkjunum og Vesturveldunum hafa verið látnir komast upp með það.

En hér segir hæstv. ráðherra:

Ég leyfi mér að vitna í þetta á ensku, herra forseti, „deregulation, open markets and free competition are important instruments in the fight against corruption."

Leiðir til að draga úr spillingu er markaðsvæðingin og hér nokkru síðar í ávarpi hans er rætt um sams konar aðgerðaráætlun og hann vísaði væntanlega til áðan í máli sínu „... action program to facilitated private involvement in infrastructure" – aðgerðaráætlun til að tryggja einkafjármögnun í stoðkerfi samfélagsins.

Hér erum við aftur farin að tala um það sem vakandi fólk um heim allan er að gagnrýna þessar stofnanir fyrir. Ég get svarað hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur því hvernig á því standi að ekki gangi að koma þessum fjármunum út. Hún nefndi það í ágætri ræðu sinni að einvörðungu 15 milljarðar dollara hefðu gengið til þessara ríkja. Ástæðan er sú að þau neita að gangast undir þær kvaðir sem alþjóðafjármagnskerfið setur þeim á herðar. Það er ástæðan.

Nú vil ég að hæstv. utanrrh. upplýsi okkur um þetta. Eru Íslendingar virkilega að taka þátt í því, eins og þeir gerðu því miður 1996, að knýja þessar fátækustu þjóðir heimsins til að umbylta þjóðfélagskerfum sínum og stoðkerfum samfélagsins á þann veg að alþjóðarisarnir geti gleypt þau, eins og dæmin sanna, því miður. Niðurstaðan hefur orðið sú að fjölþjóðlegir risar hafa gleypt upp auðlindir og almannaþjónustu þessara ríkja og þau eru að reyna að berjast gegn þessu og sporna gegn þessu. Hæstv. utanrrh. skuldar okkur *því skýringar á stefnu sinni.*

Herra forseti. Eitt að lokum. Ég veit að það eru ekki margir sem hafa gert þetta í áranna rás en ég er einn af þeim sem setja stórt spurningarmerki og hef um það miklar efasemdir að Íslendingar eigi að fara fram á alþjóðavettvangi til að berjast fyrir banni við stuðningi við fiskveiðar. Ég hef miklar efasemdir um þetta og ég á síðar eftir að gera grein fyrir minni afstöðu í þessu máli.

[16:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að Norðurlöndin og þar á meðal Ísland hafa kvatt til þess að alþjóðlegir fjárfestar fjárfesti í þróunarlöndunum. Það vill svo til að almennt eru öll ríki heims að sækjast eftir erlendum fjárfestingum. Rússar sækjast t.d. mjög eftir því að erlendir fjárfestar komi þar inn. Reynt er að skapa það umhverfi í Rússlandi að alþjóðlegir fjárfestar treysti því að það sé ráðlegt og tryggt að fjárfesta í því landi. Hins vegar hefur verið mjög mikill skortur á því í gegnum tíðina að alþjóðleg fyrirtæki, fyrirtæki frá ýmsum löndum, leggi í fjárfestingar í þróunarlöndunum, þessum löndum til hagsbótar.

Jafnframt er almennt viðurkennt í heiminum í dag að frjáls samkeppni og markaðskerfi sé besta vörnin gegn spillingu. Einræði og forræðishyggja sé hins vegar til þess fallin að ala á spillingu og styrkja völd þeirra manna sem hafa stolið mest frá fátækasta fólkinu í heiminum. Auðvitað er þessi stefna ávallt í mótun og þeirri áætlun sem hér er verið að tala um m.a. undir forustu Norðurlandanna hefur verið afskaplega vel tekið í þessum ríkjum. Góð samvinna er við þessi ríki um það sem fer nú fram þannig að ég vísa því á bug að með þessari aðstoð sé verið að þvinga einhverju óeðlilegu upp á viðkomandi ríki.

[16:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að deilurnar snúist ekki um þetta. Spurningin snýst ekki um það hvort æskilegt eða óæskilegt sé að alþjóðleg fjárfestingarfyrirtæki eða fjölþjóðlegir risar fjárfesti í þróunarríkjunum. Spurningin snýst um það á hvaða forsendum það er gert og á hvern hátt alþjóðasamfélagið kemur að þeim málum.

Við erum að ræða um niðurfellingu á skuldum til fátækustu ríkja heimsins. Menn eru að stæra sig af því sem þeir telja vel gert í þeim efnum. Ég bendi hins vegar á að þetta sé gert að *mínu mati á óásættanlegum forsendum*, forsendum sem þvinga þessi fátækustu ríki til að afhenda hinum fjölþjóðlegu risum eigur sínar, auðlindir sínar og þá almannaþjónustu sem þau hafa komið á fót. Um þetta snýst málið.

Hitt skal ég alveg samþykkja að auðvitað ber að búa svo um hnúta að þetta gangi ekki til spilltra einræðisherra. Að sjálfsögðu á að koma í veg fyrir að slíkt gerist en það held ég að sé barnaskapur að ætla að það verði tryggt með því að markaðsvæða alla samfélagsþjónustuna og markaðsvæða eignir þessara þjóða. Menn skyldu bara skoða dæmin af þeirri þróun og kynna sér hvað þar hafi átt sér stað.

Varðandi hinar góðu undirtektir í þessum fátækustu ríkjum heimsins vil ég upplýsa hæstv. utanrrh. að þar eru heldur betur deildar meiningar. Hvernig heldur hæstv. ráðherra að standi á því að það gengur svo illa að fylgja þessum áformum fram, áformum um að fella niður skuldir og lækka skuldir? Jú, það er vegna þess að þau vilja ekki kyngja þessum pakka. Sú er ástæðan.

[16:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriðið í þessu máli er sú staðreynd að þessi fátækustu ríki heims eru svo skuldug að þau geta sig hvergi hreyft. Þau eru bundin á skuldaklafa. Með því að létta skuldunum af þeim eru opnaðir nýir möguleikar til sjálfsstjórnar þeirra og sjálfsforræðis. Það er aðalatriðið. Auðvitað get ég tekið undir það að ekki á að neyða menn til þess að einkavæða samfélagsþjónustu sína enda er ekki verið að því. Það er ekki verið að neyða menn til þess, það er rangt.

Hitt er svo annað mál að margt af því sem hv. þm. nefndi mundi falla undir samfélagsþjónustu, ég get tekið undir það. Fjarskipti og margt annað er á sviði þar sem einkageirinn er farinn að fjárfesta mjög mikið og það má segja í vaxandi mæli um nokkra aðra þætti þar sem alþjóðavæðingin hefur breytt umhverfinu. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að þessi þróunarríki geti tekið þátt í því, geti verið með í alþjóðavæðingunni og nýtt sér nútímafjarskipti sem eru undirstaða allra framfara í heiminum svo dæmi sé nefnt. Þetta eru grundvallaratriði. Ég tel að Íslendingar og önnur Norðurlönd hafi verið með réttar áherslur í þessum efnum. Aðalatriðið er að þetta verk er komið vel á veg. Ég tel að þetta sé a.m.k. í fyrsta skipti sem einhver ný von er fyrir þessi fátækustu ríki.

[16:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að Norðurlöndin hafi verið með réttar áherslur í þessum efnum. Því miður hef ég trú á því að þessi umræða hafi verið allt of gagnrýnislaus, að menn hafi ekki skoðað þær forsendur sem hér er unnið samkvæmt. Þetta er alltaf kynnt þannig að verið sé að fella niður skuldir, að verið sé að færa á silfurbakka einhverjar gjafir. Svo er ekki. Það er verið að þvinga þessi ríki til að gera breytingar á efnahagskerfi sínu, oft gegn vilja þeirra. Mér fannst því miður þessi forræðishyggja koma örlítið í ljós í tali hæstv. utanrrh. áðan þegar hann talaði um hvað honum fyndist eiga að vera á markaði og hvað ekki. Það kemur náttúrlega mjög eindregið fram í skýrslu hans, sem ég vitnaði í, frá 1997 þar sem hann talaði fyrir hönd Norðurlandanna á fundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Hong Kong. (**Utanrrh.:** Ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.) Alþjóðabankans, mun það hafa verið, í Hong Kong. (**Utanrrh.:** Í Washington.) Var það ekki í Hong Kong sem sú ræða var flutt? (**Utanrrh.:** Í Washington.) Nú? Ég get fundið þau plögg hér á eftir, (**Utanrrh.:** Það skiptir ekki máli.) enda skiptir það ekki öllu máli. Það sem skiptir máli er innihaldið.

Mér finnst að hæstv. utanrrh. þurfi að koma hér upp á eftir, í lok þessarar umræðu þegar hann skýrir málið nánar og segja okkur nákvæmlega hver þessi skilyrði eru. Samkvæmt þeim gögnum sem ég hef undir höndum fæ ég ekki séð að það hafi átt sér stað nein breyting frá fyrrnefndum aðlögunarlánum eða „structural adjustment loans" yfir í fyrirkomulagið sem vísað var hér til áðan. Þetta eru nákvæmlega sömu formúlurnar en það verður fróðlegt að heyra hæstv. utanrrh. upplýsa Alþingi um þær breytingar sem kunna að hafa átt sér stað í þessum efnum. Ég bíð eftir þeim upplýsingum.

[16:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Sú umræða sem hér fer fram í dag um munnlega skýrslu utanrrh. er afar áhugaverð. Að mínu mati er þessi umræða sem við tökum tvisvar á ári um utanríkismál einhver sú áhugaverðasta sem hér fer fram. Kannski er það vegna þess að við reynum að lyfta sjónum út fyrir okkar eigin landamæri og líta á hagsmuni Íslands í samfélagi þjóðanna en ekki síður á það sem er að gerast í alþjóðasamfélaginu. Á margan hátt finnst mér að hverju sinni sé gerð tilraun til að horfa víðar yfir en almennt gerist í þröngri hagsmunaumræðu hér heima.

Nú er það svo að fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn., Sighvatur Björgvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir, hafa talað hér og gert skýrslunni nokkuð góð skil. Ég tek undir það sem fram hefur komið í máli þeirra megintalsmanna okkar en á sama hátt og skýrslan varpar ljósi á ýmis mál þar sem utanrrh. setur fram sína mynd af stöðu okkar í utanríkismálum þá vekur hún líka spurningar.

Það er erfitt fyrir okkur sem komum hér til að ræða þessa skýrslu að gera okkur grein fyrir því að hæstv. utanrrh. hefur mjög takmarkaðan tíma til að bregðast við þeim spurningum sem við berum fram. Hæstv. ráðherra setur fram sjónarmið sín og við lesum þau en þá kvikna spurningar út frá nærri því hverri blaðsíðu. Þannig eigum við auðvitað að taka umræðuna um utanríkismál, við eigum að bera fram spurningar og ráðherrann að leitast við að gefa sem skýrust svör. Aðeins þannig náum við þeirri umræðu sem nauðsynleg er í þessum sal.

Ég ætla ekki að halda áfram umræðu þess sem á undan mér talaði, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, í sambandi við niðurfellingu skulda en auðvitað er það grundvallaratriði bæði í samskiptum okkar í alþjóðasamfélaginu og hjá vestrænum ríkjum með hvaða hætti við berjumst gegn fátækt og misrétti, með hvaða hætti við reynum að vera til gagns bæði í þróunarsamvinnu og á allan annan hátt. Gæðum er svo misskipt milli þjóða Vesturveldanna og þriðja heimsins. Það er auðvitað skelfilegt að sjá að hermálaútgjöld þjóða heims séu yfir 800 milljarða dala á sl. ári og hugsa til þess hvernig hægt væri að nýta það fjámagn ef við hefðum borið gæfu til þess árið 2000 að vera komin út úr því ófriðar- og átakastandi sem einkenndi umliðna öld sem menn voru að vona, eins og hér kemur fram, að hefði verið útrýmt, t.d. þegar múrinn margumtalaði féll.

Án þess að ég ætli að halda áfram þeirri umræðu sem hér fór fram fyrir nokkrum mínútum þá langar mig að spyrja ráðherrann hvort umræða hafi átt sér stað meðal utanríkisráðherra Norðurlandanna eða Evrópu um félagslegar úrbætur í alþjóðaviðskiptasamningum. Það er mál sem var mjög heitt fyrir nokkrum árum. Það náði inn í svokallaða hvítbók Delors þegar hann leiddi Evrópusamstarfið. Menn voru mjög uppteknir af því að þannig væri í raun hægt að koma til móts við þriðja heiminn og þessi fátæku lönd þar sem ríki eða fyrirtæki í Vesturheimi væru í svo ríkum mæli að flytja starfsemi sína til fátækari landa til að láta fátækt fólk vinna fyrir lægri laun til að við hér í auðlegðinni gætum eignast það fyrir enn minna en áður og eignast allt sem hugurinn girnist. Þá var rætt um um að reyna að setja einhvers konar klásúlu um félagsleg réttindi inn í viðskiptasamninga og ég spyr hvort sú umræða haldi áfram.

Mig langar líka að víkja aðeins að því sem fram kom í ræðu ráðherrans um að björtustu vonir manna um útrýmingu ófriðar og átaka hafi ekki ræst. Það var auðvitað mikil gleði þegar múrinn féll og þegar Partnership for Peace varð ráðandi afl innan NATO. Menn töldu að það væri að breytast afgerandi og jafnvel fullkomlega. En maðurinn er samur við sig og þessir draumar rættust ekki og í því sambandi er vísað í stöðuna fyrir botni Miðjarðarhafs. Það virkar á okkur eins og aflsmunar sé neytt í átökum Ísraels og Palestínu. Ísrael hefur notið mikillar góðvildar alþjóðasamfélagsins á liðnum áratugum, notið gífurlegs stuðnings, efnahagslegs og ekki síður siðferðilegs á Vesturlöndum. Ég hef hins vegar á tilfinningunni að nú sé svo komið að menn setji stórt spurningarmerki við það sem þar er að gerast og samúðin sé Palestínumegin. Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur hvernig þessir hlutir hafa gerst, þar sem svo sterkur stuðningur hefur verið við Ísrael.

Það er ánægjulegt að sjá að íslenska ríkið ætlar að efla friðargæslu og þátttöku í henni úti í heimi, senda fólk til þátttöku. Ég hef gluggað í þessa ágætu skýrslu sem utanrrh. leggur hér fram í dag meðan ég hef hlustað á umræðuna og skoðað tillögur starfshópsins sem fram koma í skýrslunni. Markmiðið er að fjölga friðargæsluliðum í allt að 50. Hér eru nefndar ýmsar stéttir og þá vaknar auðvitað spurningin: Á að fara inn á nýjar brautir og á að laða fleiri starfsstéttir að en hingað til? Auðvitað styð ég það en það væri áhugavert að vita hvernig staðið verður að þessum málum.

Í öðru lagi er talað um að tryggja eigi að friðargæsluliðar geti fengið leyfi frá störfum með tiltölulega skömmum fyrirvara og á næstu síðu er fjallað um að setja þurfi reglur um starfsmenn hins opinbera. Ég minni enn einu sinni á að

þingflokksformenn hér í þessum sal stóðu saman að því að flytja till. til þál. um að settar yrðu reglur um rétt opinberra starfsmanna ef þeir færu til starfa erlendis. Það var að gefnu tilefni og þær reglur hafa ekki enn þá verið settar þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt tillöguna, sennilega fyrir nærri þremur árum síðan. Auðvitað verður ríkisstjórnin að ræða þetta innbyrðis. Ég veit að hæstv. utanrrh. meinar vel. Hér er skýrsla sem ég býst við að ráðherrann geri að sinni en það er ekki nógu gott að það hafi verið samþykkt tillaga á Alþingi um að setja reglur en þær ekki settar. Það er ekki nógu gott að oft skuli það virka sem hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. Ég hvet utanrrh. og treysti honum til að taka upp þetta mál.

Ég held að ég hafi ævinlega komið inn á mannréttindamál og málefni flóttamanna þegar ég hef tekið til máls við slíka umræðu. Það ætla ég líka að gera núna. Við skrifuðum nýverið undir viðauka við barnasáttmálann, um börn í stríði, og það er gott. Við undirrituðum einnig í des. í fyrra bókun við kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem opnað var fyrir kæruleið fyrir konur hjá Sameinuðu þjóðunum varðandi hvers kyns brot, að það yrði tekið fyrir í sérstakri nefnd. Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvort við þurfum að gera eitthvað meira en að undirrita þessa bókun. Kemur sú bókun á einhvern hátt fyrir þingið? Þarf að koma einhverju henni tengdu í lög hér eða er í þessu tilfelli nægilegt að hafa skrifað undir bókun hjá Sameinuðu þjóðunum eða þarf að fylgja því eftir og þá með hvaða hætti?

Ég minni líka á, af því að ég nefndi barnasáttmálann, að við höfum ekki fullgilt hann. Við höfum staðfest hann og réttindum barna hér heima er ábótavant. Við höfum ekki farið yfir barnasáttmálann með tilliti til íslenskra laga. Um það hef ég flutt tillögur þrjú ár í röð en þær hafa ekki náð fram að ganga. Samfylkingin hefur flutt margar tillögur og frv. sem varða réttindi barna og byggjast á barnasáttmálanum en við þeim hefur verið skellt skollaeyrunum. Aftur komum við að því að það er mjög fallegt að lesa skýrsluna, um hvað við viljum gera úti í heimi fyrir börn í öðrum löndum, en maður, líttu þér nær. Eigum við ekki líka að gera hið sama hér heima í auðlegðinni og miða við það sem rætt er um í þessari skýrslu?

Ég vil enn minna á að fyrir tveimur árum var kynnt frv. um flóttamenn, þ.e. þá flóttamenn sem ber hér að garði, ekki innflutning okkar sjálfra á þeim flóttamönnum sem við veljum heldur þá sem koma hér að okkar landamærum. Mannréttindasamtök gerðu athugasemdir við þetta frv. og það hefur ekki komið inn í þingið síðan. Það kemur ekki fyrir þingið þó eftir því sé gengið en það er mikilvægt, þó að þetta sé á vettvangi dómsmrn., að við sameinumst um að ganga eftir þessu, setjum hér lög með reisn um hvernig við ætlum að koma fram við þá flóttamenn sem koma til landsins. Ég mun seint þreytast á að minna á þann þátt þar til þau lög hafa séð dagsins ljós.

Síðan er það varnarsamstarfið við Bandaríkin. Ég ætla ekkert að fara inn á það en leyfi mér að segja að þó að ég hafi litið með aðdáun í vestur til þessa mikla lands lýðræðis og framfara þá hefur það sem hefur verið að gerast þar ekki verið gott í samanburði við önnur lönd í vesturheimi. Mér finnst mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. fór til Úkraínu. Hann ræddi þar t.d. dauðrefsinguna. Evrópa er orðin dauðarefsingarlaus. Það má segja að það sé árangur Evrópuráðsins og hæstv. utanrrh., okkar utanrrh., stóð sig vel þegar hann var formaður Evrópuráðsins. En mér finnst og hef á því skoðun að við eigum að halda mannréttindamálum á lofti alltaf við öll ríki gegnumgangandi, alveg sama hvort það er við Úkraínu sem þarf að fá til að afnema dauðarefsingu, eða Bandaríkin. Þess vegna finnst mér að hæstv. utanrrh. eigi að taka það líka upp við Madeleine Albright þegar hann er á fundum með henni t.d. eða annað frammáfólk sem hefur áhrif í þessu veru hvaða skoðun við höfum á þessum málum hjá Bandaríkjamönnum, þ.e. að þeir skuli viðhalda dauðarefsingunni, vegna allra þeirra slysalegu atriða sem þeir hafa orðið uppvísir að. Ég ætla ekki að fara nánar út í það. Mér finnst mjög mikilvægt að samskiptin við Bandaríkin séu góð. Við viljum eiga þessa þjóð að vinaþjóð. En vinur er sá sem til vamms segir og við eigum að gagnrýna þetta. Að öðru leyti tek ég undir það sem hér hefur verið sagt um bæði landafundina og móttökur þeirra og hátíðahöld vegna þúsund ára afmælisins.

Herra forseti. Af því að það er uppáhalds erlenda samstarfið sem ég hef tekið þátt í, Norðurlandasamstarfið, þá verð ég að segja frá því hvað mér fannst undarlegt þegar ég kom til Rússlands með forsætisnefnd Norðurlandaráðs að forráðamenn þar sögðu við okkur að þeir vildu ganga í Norðurlandaráð, að þeir vildu verða aðilar að Norðurlandaráði. Og ég vissi bara ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Ég hélt að öllum væri ljóst að Norðurlandaráð er samstarf þessara fimm þjóða sem eiga menningarlega sameiginlegar rætur, að við hefðum ákveðið og farið í gegnum það mörgum sinnum í umræðu um það samstarf að eiga góða samvinnu við önnur lönd og önnur samtök. Þannig var farið í gegnum það varðandi Eystrasaltslöndin þegar þau urðu frjáls að þau kusu að búa til sitt eigið baltneska ráð og að Norðurlandaráð mundi veita þeim alhliða stuðning á öllum mögulegum sviðum. En ég gerði mér allt í einu grein fyrir því hvernig á því stæði að á hverjum fundi var þetta nefnt, hvernig ættu þeir að fara að þessu, áttu þeir að senda inn umsókn? Það var vegna þess að hægri menn í Norðurlandaráði höfðu allt í einu farið að flytja tillögur í ráðinu um að bjóða baltnesku löndunum aðild að ráðinu. Nú er það ljóst að sú tillaga var felld hér á Norðurlandaráðsþinginu og mér hefur komið þetta mjög á óvart og finnst þetta hið mesta furðumál. En það er ekki að undra að þjóð eins og Rússar, jafnviðkvæmir og þeir eru fyrir því að vera landamæraríkið þarna í austrinu, skyldu bara ákveða það að ef Eystrasaltslöndin færu inn í Norðurlandaráð þá ætluðu þeir líka. Mér finnst þess vegna að við eigum að vanda okkur við þau vinnubrögð sem við viðhöfum, hvort sem það er nú hér eða þar og gera ekki nema það sem við meinum og ekki vera með einhver líkindalæti í Norðurlandaráði.

Að lokum, herra forseti, af því að ég hef alltaf minnst á sakamáladómastólinn og af því að við höfum fullgilt Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, og ég er ánægð með það, þá spyr ég enn og aftur: Af hverju komum við ekki inn með Rúanda-dómstólinn þó ekki sé nema sem siðferðislegt mál?

[16:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á félagslegar úrbætur í þriðja heiminum og tengingu þessara félagslegu úrbóta í alþjóðlegum viðskiptasamningum. Það vita allir að um þetta er afskaplega mikil umræða á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um hvort rétt sé að taka upp staðla, vinnustaðla „Labour Standards" og það hefur verið skoðun margra að þetta ætti fremur heima hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni en

við höfum stutt þau sjónarmið að félagslegar úrbætur ættu heima í þessum alþjóðlegu viðskiptasamningum.

Hitt er svo annað að þegar maður fer að ræða þessi mál við forustumenn í þriðja heiminum þá benda þeir á hina miklu fátækt og örbirgð sem hvarvetna blasir við og þá staðreynd að fjölskyldur eru að reyna að komast af saman og þá staðreynd að mikið af börnum lendir á götunni og lendir í betli, vændi eða glæpum. Það blasir því hvarvetna við að þessi mál eru ekki auðveld úrlausnar, og það eru fyrst og fremst börnin sem líða í þessum löndum. En af því að hér hefur mikið verið talað um börn þá er líka rétt að benda á að Íslendingar hafa tekið að sér að hjálpa börnum víða um heim með frjálsum framlögum og mér finnst það afskaplega merkilegt að sérstakt heimili skuli vera rekið í Indlandi á vegum ABC þar sem eru 1.500 börn sem annars hefðu lent á götunni, munaðarlaus börn sem Íslendingar sjá algjörlega um fyrir íslenskt fé án þess að hið opinbera komi þar að, sem sýnir að almenningur getur hjálpað mikið í þessum efnum víðs vegar í heiminum.

[16:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka utanrrh. svar hans og þetta svar undirstrikar auðvitað hve lítinn tíma utanrrh. hefur til að svara hverjum og einum þingmanni, en eins og ég sagði í upphafi máls míns vakna það margar spurningar við lestur ræðu hans að við þyrftum meiri skoðanaskipti í raun og veru.

Ég skil ráðherrann þannig að það sé skoðun samstarfsaðila hans í Evrópu að þetta ákvæði, ef af verður, eigi heima hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni, að í raun og veru sé búið að víkja því þangað. Ég óska eftir að fá það staðfest.

Varðandi það sem ráðherrann sagði um 1.500 börn á vegum ABC og almennings, þá er það afskaplega gott frumkvæði að fólk í Vesturheimi taki að sér að mennta eitt barn, tvö eða þrjú. Ég á sjálf slíkt barn úti í heimi sem ég hef tekið að mér á Ceylon og ég fæ að jafnaði bréf þaðan og það gleður mig. En það léttir ekki skyldum af hinu opinbera eða samtakamætti þjóða á Vesturlöndum að reyna að taka á því hrikalega misræmi sem er á milli landa okkar og í þriðja heiminum.

[16:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að það léttir engum skyldum af hinu opinbera eða okkar samfélagi. Ég er aðeins að benda á það að við sem einstaklingar getum jafnframt tekið þátt í þessu mikilvæga starfi og það hafa sem betur fer margar íslenskar fjölskyldur gert og því fylgir mikil gleði og hamingja að fylgjast með þeim börnum þó að það sé með allt öðrum hætti en um sé að ræða eigin börn. Það var þetta sem ég vildi leggja áherslu á og viðurkenna það mikilvæga starf sem unnið er á þeim vettvangi. (**ÖJ:** En börnin í Írak?) Öll börn skipta miklu máli, hv. þm. Og ef hann efast eitthvað um vilja einstakra þingmanna hér eða utanrrh. í því sambandi þá fer hann villur vegar. En það er kannski rétt að hv. þm. ræði Írak sérstaklega og gefi utanrrh. tækifæri til þess að skýra frá skoðunum sínum. Því miður hefur hv. þm. haft hér uppi orð sem eru honum ekki sæmandi varðandi börn í Írak og það sem þar er á ferðinni, en ég ætla ekki að fara nánar út í það, við getum gert það við síðari tækifæri vegna þess að hv. þm. hefur oft rætt Írak hér. Ég hef alltaf svarað og tekið þátt í því og mér finnst óþarfi, hæstv. forseti, að hv. þm. séu að fitja hér upp á nýjum umræðuefnum þegar ég er að reyna að svara þingmönnum og hef tiltölulega stuttan tíma. En ég er tilbúinn til þess hvenær sem er að efna til sérstakrar umræðu um Írak og aðrar fullyrðingar hv. þm. í sambandi við Saddam Hussein og alla þá félaga.

[16:39]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti biður hv. þingmenn að virða rétt ræðumanna og leyfa þeim að tala í friði. Ef hv. þingmenn hafa eitthvað fram að færa í þessari umræðu þá geta þeir sett sig á mælendaskrá sem enn er opin.

[16:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt að kvarta undan því að utanrrh. hefði kannski ekki nægilegan tíma til að svara spurningum hvers og eins okkar og mér finnst það hart að hann skuli þurfa að nota lungann úr síðara svari sínu til að svara kalli utan úr sal með fullri virðingu fyrir því efni sem þar var hreyft.

En ég spurði um kvennasáttmálann, hvort hann þyrfti að koma með einhverjum hætti hérna fyrir þingið og ég spurði líka um Rúanda-dómstólinn, ég hef gert það áður. Hann er frábrugðinn alþjóðasakadómstólnum en hann er sams konar og alþjóðastríðsglæpadómstóllinn í fyrrum Júgóslavíu og við settum lög um hann. Það má vel vera að menn hugsi sem svo að það sé frekar ólíklegt að einhverjir komi frá Rúanda og hingað. Það er kannski ekki meginatriðið, heldur að við ætlum að vera fyrirmynd og ef við teljum að ástæða sé til að setja lög um alþjóðlegan stríðsglæpadómstól í einu landi þá eigum við að setja lögin líka varðandi annað land. Það er okkar siðferðilega skylda og ég hvet til þess að ráðherrann beri hingað inn nákvæmlega sams konar mál og hann flutti varðandi alþjóðastríðsglæpadómstólinn í fyrrum Júgóslavíu og setjum nákvæmlega eins lög. Ég hvet hann til þess og að í lokaræðu sinni komi hann þá inn á aðra þætti sem ég hef gert að umtalsefni í ræðu minni.

[16:41]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Tímarnir breytast og mennirnir með. Þetta höfum við fengið að reyna á mjög áþreifanlegan hátt á síðustu áratugum. Breytingarnar eru nú svo örar að við þurfum að hafa okkur öll við til að fylgjast með framförum og tækni á öllum sviðum.

Eitt einkenni hins nýja tíma er stóraukin áhersla á alþjóðlegt samstarf. Hnattvæðingin svokallaða er staðreynd. Íslendingar eru virkir þátttakendur í samfélagi þjóðanna en um leið eykst vægi hefðbundinnar alþjóðasamvinnu Íslendinga, t.d. á sviði Evrópu- og Norðurlandasamstarfs, Atlantshafsbandalagsins og Sameinuðu þjóðanna. Ég vil við þetta tækifæri þakka utanrrh. fyrir yfirgripsmikla skýrslu um utanríkismál á Alþingi í dag.

Það eru fáein atriði sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi er sérstök ástæða til að fagna þeirri ákvörðun að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu með því að koma á fót íslensku friðargæslunni undir stjórn alþjóðaskrifstofu utanrrn. sem mun sjá um ráðningu, undirbúning og þjálfun starfsliðs og almenna umsjón með starfseminni. Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í slíku starfi með öðrum þjóðum og stuðla þannig að því að viðhalda friði og stöðugleika í veröldinni.

Íslendingar hafa tekið þátt í ýmsum friðargæsluverkefnum á undanförnum árum og af því tilefni spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvar nýtist okkar reynsla best og á hvaða sviðum?

Í öðru lagi vil ég nefna EES-samninginn og framkvæmd hans en í skýrslu utanrrh. er því lýst að EFTA-ríkin telji að nota megi samninginn á markvissari hátt til að tryggja samræmi á svæðinu og koma sjónarmiðum EFTA- eða EES-ríkjanna betur á framfæri. Ég bið utanrrh. að fjalla nánar um það með hvaða hætti unnt sé að nýta EES-samninginn betur og einnig hvernig á að tryggja aðkomu EES-ríkjanna að stækkunarferli í Evrópusambandinu þegar undirbúningi lýkur og samningaviðræður um aðlögun og aðlögunartíma hefjast. Einnig spyr ég um stöðu mála varðandi Schengen.

Í þriðja lagi vil ég nefna að það er mjög mikilvægt að tekist hafa fríverslunarsamningar við Mexíkó og nýju lífi blásið í viðræður við Kanada og fleiri þjóðir. Hvernig er staða viðræðnanna við Kanada? Er þess að vænta að þeim ljúki fyrir áramót?

Í fjórða og síðasta lagi fjalla ég um norrænt samstarf. Í síðustu viku var 52. þing Norðurlandaráðs haldið á Íslandi. Það er ástæða til þess við umræður um utanríkismál að flytja Alþingi Íslendinga og starfsfólki þess sérstakar þakkir fyrir vandaðan undirbúning. Öll framkvæmd Norðurlandaráðsþingsins var af hendi leyst með miklum ágætum og trúmennsku í hvívetna og var okkur öllum til sóma.

Á þingi Norðurlandaráðs voru fjölmörg merkileg mál á dagskrá en hæst bar skýrslu ráðgjafarnefndar sem skipuð var af norrænu ráðherranefndinni undir formennsku Jóns Sigurðssonar bankastjóra Norræna fjárfestingabankans. Skýrslan nefnist Umleikið vindum veraldar. Í henni koma fram margar athyglisverðar hugmyndir um innihald norræna samstarfsins og einnig um fyrirkomulag þess til framtíðar. Á næstu mánuðum verður unnið úr þeim hugmyndum og tillögum sem fram koma í skýrslunni á vettvangi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og þess er vænst að sameiginlegur vinnuhópur fulltrúa beggja aðila komi að þeirri vinnu.

Norðlæga víddin hefur verið nokkuð til umfjöllunar í Norðurlandaráði á þessu ári. Það er brýnt að Norðurlöndin öll komi sterkt að þeirri vinnu. Evrópusambandið hefur lýst því yfir að Ísland og Noregur sem EES-samstarfsaðilar taki fullan þátt í stefnumótun og verkefnum hinnar norðlægu víddar. Mikilvægt er að nýta Barents- og Eystrasaltssamstarfið ásamt Norðurskautsráðinu og samstarfi Vestur-Norðurlanda til að fylgja eftir stefnunni um hina norðlægu vídd. Mörg mikilvæg verkefni eru þar á dagskrá svo sem orkumál og þá þar með talin kjarnorka í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, umhverfismál og heilsuvernd á nærsvæðum Norðurlandanna, hagvöxtur og atvinnumál, samgöngur og fjarskiptamál, barátta gegn skipulagðri glæpastarfsemi og efling lýðræðis.

Það er ástæða til að fagna aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á þessu sviði sem samþykkt var í sumar. Vinnuhópur á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs vinnur að samræmingu og framkvæmd þessara mála á vegum þess.

Miklar hræringar eru nú í varnar- og öryggismálum Evrópu. Ákvarðanir Evrópusambandsins í þeim efnum hafa ekki síður áhrif á Ísland og Noreg en þau Norðurlönd sem aðild eiga að sambandinu. Margt er enn óvíst í þessari þróun en höfuðatriði hlýtur að vera að tryggja frá upphafi fullan þátttökurétt Íslands og Noregs í nýjum öryggismálastofnunum. Hér er treyst á að Norðurlöndin standi saman.

Í skýrslunni Umleikið vindum veraldar, er lögð áhersla á að Norðurlöndin tali einum rómi á alþjóðavettvangi og að norræn samvinna sé fyrst og fremst pólitískt starfstæki á alþjóðavettvangi. Þessar áherslur og hugmyndir eru athyglisverðar og hljóta að skoðast í fullri alvöru á norrænum vettvangi.

[16:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Margar spurningar koma fram og ég skal gera mitt besta til að svara þeim þó að ég geri nú ekki ráð fyrir að það verði unnt. Við verðum þá að svara þeim með öðrum hætti hvort sem það er á vettvangi utanrmn. eða síðar í umræðum á Alþingi.

En varðandi spurningar hv. þm. þá ætla ég að víkja frekar að EES-samningnum í lokaræðu minni. Að því er snýr að Schengen má segja að það gangi allt saman eðlilega. Það er gert ráð fyrir að Schengen-samningurinn taki til Norðurlandanna frá og með 1. apríl og við gerum ráð fyrir að við verðum tilbúin hér á Íslandi til þess að standa við okkar skuldbindingar. Það hafa komið upp kröfur um einhverjar viðbótarbreytingar í hinni nýju flugstöð sem verið er að byggja og væntanlega þurfum við að verða við því, sem er óþægilegt vegna þess að við höfðum gengið út frá því að við hefðum gengið að öllum kröfum þegar bygging hennar var hafin.

Að því er varðar samninginn við Mexíkó þá tek ég undir það með hv. þm. að hann er mjög mikilvægur. Í sambandi við samninginn við Kanada þá eru þar ákveðin atriði sem hafa staðið í vegi. Þau lúta einkum að skipasmíðum. Við erum að gera tilraunir til þess að leysa þann ágreining sem þar er uppi. Það eru kosningar fram undan í Kanada og við munum verða í sambandi við kanadísk yfirvöld strax að kosningum loknum og þá einkum hinn nýja viðskiptaráðherra sem þar er tekinn við, sem er Brian Tobin sem áður var sjávarútvegsráðherra og áður forsætisráðherra Nýfundnalands, þannig að við munum halda því verki áfram í okkar formennskutíð. En því er ekki að neita að ákveðin vandamál hafa komið upp í þessum samningum þó við teljum ekki útilokað leysa þau.

[16:50]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að gera athugasemd við þingsköp. Mér finnst svolítið sérkennilegt að hæstv. utanrrh. sé settur í þá stöðu að hann fær ekki nægan tíma til að lesa þá skýrslu sem hann hefur gert þar sem hann varð að stikla mjög á stóru. Síðan er slegið á bjöllu þegar hæstv. utanrrh. er að svara mjög brýnum spurningum frá þingmönnum. Ég verð að segja að þetta finnst mér þurfa að taka til umræðu og athugunar og jafnvel endurskoðunar á hv. Alþingi. Ég treysti því að það verði gert.

Ég las alla þessa skýrslu og mér fannst helst hægt að finna henni til foráttu að hún stiklar nokkuð á stóru. Það er víðtæk samstaða um margt í okkar utanríkismálum og mér finnst að sú leið hafi verið farin hér að taka þau atriði sem samstaða er um og gera þeim ágætlega skil en sleppa jafnvel hinu sem er nú ekki kannski samstaða um eða hefur verið tekist á um. Ég verð að segja að mér finnst það ekki alveg nógu góð pólitík. En það er samt skiljanlegt eins þröngt og þessu er skorinn stakkur í þingstörfum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um fyrri hluta þessarar skýrslu vegna þess að aðrir hafa farið ágætlega yfir þau mál. En mig langar að koma sérstaklega inn á norræna samstarfið sem er sá angi hins erlenda samstarfs sem ég vinn sérstaklega að með Íslandsdeild Norðurlandaráðs á Alþingi. Ég hef unnið þar mér til mikillar ánægju og er mjög stolt af því sem þar fer fram. Frá mínum bæjardyrum séð finnst mér það rétt

sem fram kemur í þessari skýrslu, að norræna samstarfið og mikilvægi þess fyrir Ísland sé óumdeilanlegt.

Af öllu erlendu samstarfi sem við Íslendingar tökum þátt í er norræna samstarfið að mínum dómi sennilega það mikilvægasta því að það er svo víðtækt og nær m.a. inn í aðrar alþjóðastofnanir. Ég varð t.d. vitni að mjög árangursríku norrænu samstarfi þar sem Íslendingar gengu fram af miklum eldmóði er tókst að tryggja Norðmanni sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna núna í október. Það fór ekkert á milli mála á allsherjarþinginu hverjum voru þökkuð þessi úrslit því að okkar stórvaxni sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum, sem hafði farið mikinn í undirbúningi þessa máls, stóð þarna keikur þegar úrslitin lágu fyrir og menn streymdu til hans sérstaklega til að óska honum til hamingju. Þannig að okkar hlutur í því máli fór ekkert á milli mála. Það voru allir alveg með á nótunum í salnum hvað til okkar friðar heyrði í þessum málum. Ég var stolt eins og páfi. Mig langar bara að það komi fram hér.

Á nýliðnu þingi Norðurlandaráðs voru samþykktar margar mikilvægar ályktanir og m.a., svo ég nefni nokkrar, er ályktun um að Norðurlandaþjóðir vinni sameiginlega að því að gera flutninga fólks milli Norðurlanda auðveldari og að lögð verði áhersla á að efla stöðu norrænna mála, sérstaklega í tilefni af evrópska málaárinu, og til þess varið fjármagni, og að stefna Norðurlandanna í málefnum flóttamanna verði samræmd, en það tel ég ákaflega mikilvægt. Ekki síður er mikilvægt að það var samþykkt að Norðurlöndin munu taka sameiginlega á til að vinna gegn kynþáttahatri og andúð í garð nýbúa innan sinna landa. Það er kannski orðið nokkuð langdregið, en gerð var enn ein samþykktin um að áhorf á sjónvarp hinna einstöku landa verði gert aðgengilegt öðrum Norðurlandabúum. En það verður að segja að öll vinna að þessu máli og ég tala nú ekki um árangur, hefur farið með hraða snigilsins, því miður. Það urðu nokkrar umræður um þetta mál, sérstaklega núna í tilefni af þessu þingi og nú er ákveðið að taka hressilega á í þessum efnum. Þarna mun aðallega þurfa að taka á höfundarréttarmálum vegna þess að tæknin er núna til staðar.

Það var samþykkt að unnið verði að því að samræma siðareglur um líftækni milli Norðurlandanna sem er mjög mikilvægt mál og svo má lengi telja. Það voru þarna gerðar samþykktir af hálfu allra Norðurlandanna um málefni sem eru okkur öllum mjög mikilvæg og ekki síst okkur Íslendingum. Hins vegar, af því ég sé hér fyrir framan mig hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þá tíðkast ekki að taka deiluefni milli einstakra landa upp á þingi Norðurlandaráðs sérstaklega, þó að ég vilji að það komi fram hér að auðvitað er samúð mín öll með Færeyingum í því máli og ég stend auðvitað með þeim í þeirra sjálfstæðisbaráttu.

Það er í nefndum ráðsins sem þær ályktanir eru undirbúnar sem lagðar eru fram í endanlegum búningi til samþykktar á þingum Norðurlandaráðs. Meginmálefnavinnan fer fram í nefndunum og þar fara fram skoðanaskiptin og þegar málin koma til afgreiðslu á þinginu þá er oft búið að takast hressilega á í nefndunum. Þá er komin í rauninni samstaða um þessar ályktanir. Þess vegna kemur þeim sem lenda í því að vera flugur á vegg eins og sumum fréttamönnum og sitja þessi þing Norðurlandaráðs svolítið á óvart hversu bragðdaufar umræðurnar eru og menn virðast vera á eitt sáttir. Það er náttúrlega eðlilegt því að þarna er verið að afgreiða það sem hefur náðst sátt um yfirleitt, þó með einstaka undantekningum eins og þegar fram kom þessi sérkennilega tillaga frá hægri mönnum um að taka Eystrasaltslöndin inn í Norðurlandaráð, sem þau höfðu ekki einu sinni sóst eftir sjálf og fékk það mál mjög verðuga afgreiðslu og góða í nefndinni.

Ef við sem sitjum á þjóðþingum Norðurlandanna vinnum áfram sameiginlega að framgangi þeirra mála sem samþykkt voru í Reykjavík 6.–8. nóv. sl. þannig að þau fái farsæla lausn þá finnst mér að tíma mínum að norrænu samstarfi hafi verið vel varið.

Tími minn er ekki endalaus og gengur nú fljótt á hann. En í síðustu umræðum um utanríkismál, sem ég tók þátt í á Alþingi, var nýbúið að stofna norræna sendiráðssvæðið í Berlín og ég hugði gott til glóðarinnar. Það kemur fram í skýrslu utanrrh. að mjög vel hefur til tekist og menningar- og kynningarstarf Norðurlandanna í Þýskalandi aukist mjög með tilkomu norræna sendiráðssvæðisins, aðsókn mjög góð að þessu sameiginlega húsi og sendiráðssvæðinu öllu. Þetta býður upp á frábært tækifæri til að kynna norræna menningu og auðvitað íslenska þar á meðal. Þetta býður okkur upp á tækifæri sem við höfum ekki ef við værum ekki aðilar að þessu norræna samstarfi.

Þó að það sé ekki inni í hinu eiginlega Norðurlandasamstarfi langar mig að minnast á Scandinavian House sem var opnað í síðasta mánuði í New York og verður ábyggilega mikil lyftistöng fyrir alla kynningu á norrænni menningu vestan hafs. Það er náttúrlega alveg einstakt að þarna skuli á besta stað í New York standa þetta glæsilega hús, opið fyrir íslenska listamenn og fræðinga af öllu tagi til að koma fram, stór og glæsilegur samkomusalur sem að vísu er eitt sæti frátekið í, en það ætti a.m.k. að vera hægt að bjóða upp á öll hin. Ég held að þetta eigi eftir að verða menningu okkar og kynningu á íslenskri menningu vestan hafs mikil lyftistöng.

Eins og ég kom lítillega inn á fyrr í ræðu minni átti ég þess kost að sitja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um tveggja vikna skeið núna í október og fylgjast með starfinu í allsherjarþinginu. Mig langar að koma á framfæri þakklæti fyrir að hafa notið þeirra forréttinda að fá að vera þarna og fylgjast með og sérstaklega að fá að fylgjast með því hversu frábærlega vel starfsmenn íslensku utanríkisþjónustunnar, sem annast um málatilbúnað þarna á allsherjarþinginu, standa sig. Þetta fólk var mætt þarna alltaf um leið og fundur var setur á morgnana og var óþreytandi að reyna að koma málstað Íslands að í öllum nefndum. Af því að um mjög fáa einstaklinga er að ræða — það verður náttúrlega að spara þarna eins og annars staðar — þurftu þeir stundum nánast að þeytast á milli funda til að standa nægilega vörð um málstað Íslands, einkum í t.d. hafréttindamálum, mannréttindamálum og málefnum kvenna sem ég fylgdist sérstaklega með. Ég verð að segja að ef allir einstaklingar sem vinna í íslensku utanríkisþjónustunni vinna af jafnmiklum metnaði og maður varð vitni að í New York erum við í góðum málum með íslensku utanríkisþjónustuna.

Mig langar til að þakka sérstaklega framlag Íslands til starfsemi UNIFEM í Kosovo sem er einmitt í samræmi við þá áherslu sem utanrrh. kynnti hér að ríkisstjórnin vildi leggja og við auðvitað öll á Alþingi Íslendinga, ef ég hef skilið það rétt, á málefni kvenna og barna.

Þó verð ég að láta það koma fram að ég hrökk illilega við þegar ég var nýkomin heim af umræddu allsherjarþingi í sæluvímu yfir frammistöðu Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi þegar fram fór atkvæðagreiðsla hjá Sameinuðu þjóðunum um hvort fordæma ætti ofbeldi gegn Palestínu-

mönnum þar sem Íslendingar sátu hjá. Ég verð að segja það að það olli mér vonbrigðum. Ég hef ekki fengið, að mér finnst, viðhlítandi skýringar á þeirri hjásetu, hvað hangir þar á spýtunni, vegna þess að ég held að ekkert fari á milli mála t.d. bara ef maður les þennan texta hér sem hv. utanrrh. hefur skrifað um Miðausturlönd hvar t.d. hjarta hans slær. Eða ég skil það a.m.k. þannig. Þess vegna kemur mér þessi afstaða svolítið á óvart.

Málefni utanríkisþjónustunnar hefur nokkrum sinnum borið á góma hér í haust, t.d. þegar verið var að samþykkja fjárlög og fólki ofbauð sá kostnaður sem var samfara stofnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada. Ég verð nú að segja að ég get ekki tekið undir það því að auðvitað hlaut það að vera öllum ljóst sem studdu það að stofnað yrði sendiráð í Japan að það yrði dýrt því að Japan er eitthvert dýrasta svæði í heimi. Ef við ætlum að standa sæmilega að því hlýtur það að kosta mikla peninga. En ég held líka að við eigum að geta þénað mikið á því að standa vel að vígi á þessum vígstöðvum.

[17:06]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna athugasemda hv. þm. vill forseti taka fram að það er alveg skýrt í þingsköpum að þegar ráðherra flytur Alþingi skýrslu hefur hann til þess 30 mínútur í fyrri ræðu og 15 mínútur í síðari ræðu. Hæstv. ráðherrar verða auðvitað eins og hv. þingmenn að laga ræður sínar að þeim tíma sem þeim er ætlaður samkvæmt þingsköpunum. Forseti hefur ekki orðið var við að hæstv. utanrrh. gerði athugasemdir við þann ræðutíma.

Aðeins varðandi athugasemd hv. þm. að forseti hafi þaggað niður í hæstv. ráðherra í andsvari þá er það misskilningur. Forseti sló í bjöllu til að þagga niður í frammíköllum og samtölum úti í sal en ekki til að þagga niður í hæstv. ráðherra sem átti þá reyndar eftir nokkurn hluta af andsvaratíma sínum.

[17:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég styð að sjálfsögðu hæstv. forseta í að framfylgja þingsköpum og verð að sjálfsögðu að beygja mig undir þingsköp Alþingis eins og aðrir sem hér eiga sæti. Hins vegar er rétt að það er takmarkaður tími til að svara þeim spurningum sem hér koma fram. Við því er sennilega lítið að gera nema þá að breyta þingsköpum því að það er að sjálfsögðu miklu betra ef hægt er að svara jafnóðum og spurningar koma fram en ekki aðeins í lokin. Eins og hæstv. forseti tók fram hefur ráðherra einungis til þess 15 mínútur. Ekki meira um það.

Vegna þess að það hefur komið fram í ræðum margra að við höfum setið hjá við atkvæðagreiðsluna hjá Sameinuðu þjóðunum, þá er það rétt. Rúmlega 40 ríki sátu hjá og ástæðan var sú að í textanum var einhliða fordæmt ofbeldi Ísraels en við ásamt öðrum ríkjum vildum fordæma allt ofbeldi. Með okkur í þessari afstöðu voru þrjú Norðurlandanna og fjölmörg önnur lönd sem standa okkur næst. Við höfum lagt mikið upp úr því að Norðurlöndin stæðu saman í þessum málum, ég bendi á að Norðmenn sem hafa beitt sér mjög í friðarviðræðum í Miðausturlöndum standa með sama hætti að þessu máli. Á síðasta fundi utanríkisráðherra Norðurlanda hér í Reykjavík var rætt að tryggja það í framtíðinni að Norðurlöndin stæðu saman í svona málum. Það kom fram í máli Finna að þeim þótti leitt að svo skyldi fara og það er ætlun Norðurlandanna að samræma betur málflutning sinn í máli sem þessu. Skýringarnar eru því tvær, það er textinn og þau almennu viðhorf að við viljum standa saman með hinum Norðurlöndunum í viðkvæmum málum sem þessum.

[17:09]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að forseti var að framfylgja þeim þingsköpum sem eru í gildi enda var gagnrýni mín ekki í því fólgin að ég þekkti ekki þingsköp hvað þetta varðar. Ég vildi hins vegar benda á að þetta þyrfti að endurskoða. Ég held að ef við reynum að skoða þetta af sanngirni hljóti að vera samstaða um það að þegar er verið að flytja slíka skýrslu um svona viðamikinn málaflokk eins og utanríkismál sé mjög mikilvægt að til þess sé nægur tími, hæstv. ráðherra fái þann tíma sem þarf til að gera grein fyrir því sem hann telur þurfa að gera grein fyrir og svo fái þingmenn skammtaðan tíma en svo geti hann brugðist við fyrirspurnum frá þingmönnum eins og hann telur nauðsynlegt.

Ég geri mér grein fyrir því að í umræddri atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu voru Norðurlöndin að standa saman, eins og ég hef margoft talað fyrir og hæstv. utanrrh. veit en í þessu máli verð ég samt að gera þá játningu að þetta kom illa við mig. Mér hefði þótt miklu meiri reisn að því að Norðurlöndin hefðu staðið saman um að mótmæla því sem þarna fer fram.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Öllum er ljóst að deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs eru afskaplega flóknar og viðkvæmar. Við Íslendingar höfum því miður ekki tækifæri til að fylgjast með þeim í jafnmikilli nálægð og mörg hinna Norðurlandanna, t.d. Noregur. Við mat okkar á ástandinu styðjumst við oft og tíðum allmikið við upplýsingar sem við fáum frá hinum Norðurlöndunum.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrir okkur sé mjög mikilvægt að hafa samráð og samstarf við hin Norðurlöndin í sem flestum málum og hafa áhrif innan þeirra á hvað afstaða er tekin. Þar með er ég ekki að segja að við eigum ávallt að fylgja þeim í atkvæðagreiðslum. En ég held að hv. þingmenn, eins og og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, geti verið mér sammála um að það sé almennt góð afstaða að hafa sem mesta samstöðu með nágrannaríkjum okkar í viðkvæmum málum. Ég heyrði að hún talaði einmitt um mikilvægi Norðurlandasamstarfsins í alþjóðamálum með þeim hætti sem ég er afskaplega sammála.

Ég vil jafnframt þakka henni fyrir mjög góð orð í garð starfsfólks utanríkisþjónustunnar. Ánægjulegt er til þess að vita að þingmenn fái þá fyrirgreiðslu sem þeim ber í alþjóðlegu starfi sínu. Það er afskaplega mikilvægt að þingmenn taki virkan þátt í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og kynnist málum þar. Ég er þeirrar skoðunar að sá tími sem þar er til umráða, þ.e. hálfur mánuður, sé einfaldlega of stuttur. Það þurfi meiri tíma og fleiri þingmenn að taka þátt í samstarfinu og ég hef tekið eftir því að þingmenn hinna Norðurlandaþjóðanna hafa meiri tíma til að fylgjast með málefnum í New York en íslenskir alþingismenn.

[17:13]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það með hæstv. ráðherra að þessar deilur eru óhemjuflóknar. Ef ég vitna til nýliðinnar dvalar í New York kom til mikilla mótmælaaðgerða á meðan ég var þarna, svo mikilla að ég hélt á

tímabili að stríðið væri að færast til New York. Fyrri daginn voru gyðingar að mótmæla og þeir fylltu nánast alla Aðra breiðgötu með fólki sem var alveg yfirgengilega reitt og hrópaði og var með spjöld á lofti gegn aröbum. Daginn eftir voru Palestínuarabar að mótmæla og þeir sem fylgdu þeim að málum og þá voru enn þá fleiri mættir og ábyggilega allt lögregluliðið í ríkinu. Þetta var alveg ótrúlegt, þetta var svo ófriðlegt.

Ég veit að mjög erfitt er að taka á þessu máli í því umhverfi sem er þarna allt um kring. Samt hefði ég viljað í þessu tilfelli, af því að þarna er verið að beita að mínum dómi Palestínumenn þvílíkum órétti í þeim aðgerðum sem Ísraelsmenn hafa haft uppi undanfarinn mánuð, að við og þá allar Norðurlandaþjóðirnar hefðum staðið saman um að fordæma Ísraelsmenn í þessu tilviki.

[17:15]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu heldur aðeins að koma hér vegna þess að ég hét því að í því litla starfi sem ég hef verið í varðandi erlend samskipti, að koma ákveðnum hlutum á framfæri og mun gera það í ræðu minni.

Ég vil hefja mál mitt á því að þakka munnlega skýrslu hæstv. utanrrh. sem er hérna til umræðu. Mín skoðun er sú að aukinn þáttur alþjóðaviðskipta og útrás íslenskra fyrirtækja krefjist stöðugrar aukningar og eflingar utanríkisþjónustunnar. Sókn á alþjóðamarkaði þarf mikinn pólitískan stuðning og markaðsaðstoð. Ég tel af þeirri litlu reynslu sem ég hef af þessum málum að Ísland sé ótrúlega marktækt afl í alþjóðasamstarfi. Þrátt fyrir smæð okkar sem þjóðar hefur það verið þannig, a.m.k. þar sem ég hef verið, að rödd Íslands heyrist mjög greinilega hvar sem fulltrúar okkar eiga seturétt og aðild. Þá vil ég segja það á þann veg að mér hefur virst þetta vera þannig að það er nánast þverpólitísk samstaða í nefndum um þau málefni sem fjallað er um á erlendum vettvangi og ég get verið stoltur af því að hafa verið þátttakandi í umræðum og í samstarfi með fólki bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu þar sem menn töluðu einu máli. Ég tel að það sé einn aðall okkar Íslendinga í þessu alþjóðasamstarfi og því sem við erum að fjalla um á erlendum vettvangi.

Núna er sextugasta afmælisár utanríkisþjónustunnar. Ég vil óska okkur til hamingju með það. Kostnaður okkar vegna alþjóðasamskipta er verulegur og mun líklega aukast. En ég trúi því að að sama skapi muni það gera okkur öflugri efnahagslega og skapa okkur efnahagslega öruggari sess á meðal þjóða.

Herra forseti. Ég ætla, eins og ég sagði í upphafi máls míns, lítillega að nefna það erlenda samstarf sem ég hef átt kost á að taka þátt í. En um leið vil ég gera eins og ræðumaðurinn á undan mér og tel ástæðu til að þakka góð samskipti við starfsfólk utanrrn. og alþjóðadeild Alþingis fyrir góða aðstoð og ábendingar um þau efni sem ég hef þurft að leita til þessa fólks með.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er nefnt hversu mikilvægt norrænt samstarf er fyrir okkur Íslendinga. Ég vil vekja sérstaklega athygli á vestnorrænu samstarfi sem Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar taka þátt í og því starfi sem þar fer fram. Það fer nefnilega ekki mjög mikið fyrir því starfi svona í opinberri umræðu. Ég tel að við megum ekki gleyma því að við erum stærst þessara þriggja þjóða og þurfum að leggja ríkulega okkar af mörkum til þess samstarfs og sýna að við getum verið stór í því samstarfi eins og aðrar stórþjóðir sýna okkur virðingu og hefja okkar mál fram.

Ég vil aðeins nefna það að Vestnorræna ráðið hefur sett fingurna á mörg málefni sem varða menningu og menningarleg samskipti á milli þjóðanna og ég vil biðja hæstv. utanrrh. að fylgja því eftir og skoða þær samþykktir sem hafa verið gerðar. Ég efast ekki um að það hafi hann gert.

Ég nefndi í upphafi að ég hefði lofað að koma hér á framfæri ákveðnu atriði þó það eigi kannski frekar heima undir samgrh., þ.e. samgöngunum milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Vestnorræna ráðið samþykkti ályktun samhljóða frá öllum þar sem við lýsum yfir áhyggjum vegna þeirra frétta að Flugfélag Íslands og Grænlandsflugið hafi ákveðið að leggja niður flugið á milli Nassarsuaq og Íslands frá og með næsta sumri. Þessu höfum við mjög miklar áhyggjur af og ég bið alla þá sem geta beitt sér í þessu máli að taka þar á. Þetta gengur ekki. Það er búið að byggja upp samskipti og ferðamannaþjónustu sem mun hreinlega fara í rúst með þessu. Við verðum að taka þarna á með bræðraþjóðum okkar hvernig svo sem við gerum það. Ég ætla ekki að fara að leggja það upp hér neitt sérstaklega hvaða tillögur ég er með í málinu en ég held að það þurfi ráðast á ráðherraplani hvernig menn sjá um að flugsamgöngur verði í lagi á milli þessara vestnorrænu landa.

Ég er hér með ályktun sem varðar þetta og henni hafði ég lofað að fylgja eftir eða segja frá hér í þingi og ég geri það hér með þó svo að henni hafi verið dreift til hv. þingmanna.

Mig langar örlítið að minnast á fleiri atriði. Ég átti þess kost að sitja fund Alþjóðaþingmannasambandsins nú fyrir skömmu undir forustu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Þar kom í ljós að litla Ísland hafði allverulega nokkuð að segja þar sem hv. umræddur þingmaður var kjörinn til forustu í félags- og efnahagsmálanefnd og hvað sem menn hafa annars um það að segja þá skiptir verulegu máli að rödd þessa litla lands heyrist og er borin virðing fyrir landinu og það er kannski líka arfur frá því að forverar í þessu starfi náðu góðum árangri og á þessum vettvangi tala menn einni röddu. Mér finnst ástæða til þess að nefna öðru hverju jákvæða hluti í samstarfi þingmanna og það er ein af helstu ástæðunum fyrir því, herra forseti, að ég tók hér til máls og ég læt þessu þar með lokið.

[17:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. þm. leggja mikla áherslu á alþjóðasamstarf Alþingis og þátttöku alþingismanna í því. Það er ekki aðeins mikilvægt að framkvæmdarvaldið taki þátt í alþjóðasamskiptum með þá heimsvæðingu í huga sem hvarvetna blasir við. Það er gífurlega þýðingarmikið að þjóðþingin starfi saman á alþjóðavettvangi. Það styður lýðræðisþróunina í heiminum og hefur oft skipt sköpum fyrir framfarir víða um heim.

Að því er varðar samstarf okkar við Grænlendinga og Færeyinga þá tek ég undir mikilvægi þess. Auðvitað eru samgöngurnar á milli þjóðanna mjög þýðingarmiklar í því sambandi. Það eru líka ánægjuleg tíðindi að gerast, t.d. smíði nýrrar ferju sem siglir milli Íslands, Færeyja og Evrópu, nokkurra staða í Evrópu. Það hefur verið ákveðið að smíða nýja ferju sem mun skipta sköpum í samskiptum og samgöngum milli þessara þjóða. Það er hins vegar meiri ástæða til þess að hafa áhyggjur af fluginu milli Íslands og Grænlands. En ég vil einnig nefna eitt í þessu sambandi sem við höfum tekið upp í utanrrn. og það eru samskiptin við önnur

svæði á norðurhveli eins og t.d. Alaska. Það hefur komið til álita að taka flug upp á milli Íslands og Alaska á vegum Atlanta og það er mikill áhugi fyrir auknum samskiptum milli Íslands og Alaska sem m.a. voru rædd þegar utanrrh. Bandaríkjanna átti hér stutta dvöl á landinu og við áttum viðræður við hana og hennar fólk um þau mál. Það hefur verið ákveðið að fylgja því eftir með því að gera alvarlega tilraun til þess að efla samskiptin milli Íslands og þessa nyrsta ríkis Bandaríkjanna.

[17:25]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessi orð. Ég nefndi samstarf okkar á alþjóðavettvangi, Alþjóðaþingmannasambandið, og það mun koma frásögn frá þeim fundi nú til hv. þingmanna mjög fljótlega. Það er ekkert lítið sem þar er að gerast. Þannig háttar til að Bandaríkin hafi ekki tekið þátt í þessu starfi undanfarin ár, sem mér þykir vera mikill ljóður á þeirra ráði og það stendur til að ári liðnu að vísa þeim úr Alþjóðaþingmannasamtökunum. Ég hefði viljað beina því til hæstv. utanrrh. að ef hann ætti þess kost að eiga samskipti við bandaríska ráðamenn um að þeir skoðuðu stöðu sína í tengslum við þetta alþjóðasamstarf. Það er ærið oft sem málefni eru vakin af stað á þessum vettvangi og kláruð á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ef það er möguleiki á einhverjum vettvangi að hafa áhrif á Bandaríkjamenn í þessu efni, jafnvel þó að þeir hafi ekki verið með æðstu völd í þessum samtökum, þá bið ég um að þetta sé orðað ef á því gefst færi. Það eru reyndar fleiri þjóðar sem geta sætt því að vera vísað í burt af þessum vettvangi en það er ekki ástæða til að ræða það frekar hér.

Ég vil bara ítreka að ég hef séð að menn hafa verið að rækja á þessum vettvangi árangursríkt starf og að mínu mati mætti koma miklu betur fram hvað menn hafa verið að fjalla um þarna og ræða.

[17:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér nokkru fyrr við umræðuna var rætt um mannréttindamál og mannúðarstarf og þá ekki síst gagnvart fátækum börnum. Mér varð það á að kalla fram í og óska eftir því að hæstv. utanrrh. viki sérstaklega að fátækum börnum í Írak. Við þetta komst hæstv. ráðherra í uppnám og þetta varð til að trufla andsvar sem hann átti við annan hv. þingmann og vil ég biðja afsökunar á því. Það vakti ekki fyrir mér. (**Utanrrh.:** Nú.) Hitt var svo annað mál að það vakti fyrir mér að efna til umræðu um börn í Írak. Það er alveg rétt. Ég sé til þess ástæðu og hæstv. utanrrh. var ekki að biðjast undan slíku. Hann sagði reyndar að ég hefði oft tekið það málefni til umfjöllunar og einhvern tíma meira að segja viðhaft ósæmileg ummæli, ef ég man rétt. Ég vildi gjarnan að hann skýrði hvað hann á við með því, hvaða ummæli það voru sem voru ósæmileg, því að hitt er ósæmilegt hvernig komið er fram gagnvart fátækum börnum í Írak. Það er ósæmilegt. Og hlutur íslenskra stjórnvalda í því er ósæmilegur.

Ég hef gert að umræðuefni rannsóknarskýrslur sem hér hafa verið unnar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ég vísaði sérstaklega í rannsóknarskýrslu sem unnin var á vegum undirnefndar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem dregin eru saman gögn úr ýmsum áttum. Þar kemur fram um manntjónið af völdum viðskiptabannsins, að deilur geisa um hversu mikið það er. Í þeirri samantekt sem ég vísa til og var birt í júnímánuði segir að ætla megi að á bilinu hálf milljón til hálfrar annarrar milljónar manna hafi látið lífið af völdum viðskiptabannsins og að meiri hlutinn séu börn.

Í þessari skýrslu kemur einnig fram, og er þar vísað reyndar í aðra athugun, nokkuð sem komið hafi fram í umfjöllun á vegum öryggisráðsins, vinnugagn sem það fékk eða kom fram við umræðu, að um 23% barna í Írak fæðast undir eðlilegri þyngd. Það kemur fram að fjórðungur allra barna í Írak undir fimm ára aldri þurfi að búa við vannæringu. Það kemur fram að aðeins 41% þjóðarinnar hafi aðgang að hreinu vatni, að 83% allra skóla í landinu séu í óviðunandi ástandi. Einnig er ítarleg umfjöllun um ástandið í heilsugæslunni, hve bagalegt það sé.

Það var þetta sem ég óska eftir að heyra hæstv. utanrrh. tjá sig nánar um, um stöðu fátækra barna í Írak, vegna þess að þetta eru vandræði af mannavöldum. Barnadauðinn er miklu meiri núna en hann var fyrir Flóastríðið. Það kemur fram í þeim skýrslum sem ég er að vísa til að ástandið í þeim efnum hafi alls ekki verið slæmt í Írak, nú sé það verra en þekkist víðast hvar í heiminum. Allt er þetta af völdum viðskiptabanns á Írak, viðskiptabanns sem er nú u.þ.b. tíu ára. Það var sett á sínum tíma undir þeim formerkjum að það ætti að koma einræðisherranum Saddam Hussein frá völdum. En hann situr sem kunnugt er sem fastast á valdastóli og ekkert sem bendir til þess að hans völd séu að veikjast.

Óhugnanlegt er til þess að vita að á sama tíma og nær allir þeir sem stýra mannúðar- og mannréttindastarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna í Írak segja af sér vegna þeirrar stefnu sem öryggisráðið hefur þvingað fram þá skuli íslensk stjórnvöld, íslenska ríkisstjórnin berja höfðinu við steininn og svara alþingismönnum nánast með skætingi þegar um þetta er rætt og þora ekki einu sinni að láta þáltill. um þetta efni koma til atkvæðagreiðslu í þinginu, þora ekki að láta þáltill. sem hefur verið flutt ár eftir ár um endurskoðun á viðskiptabanninu á Írak koma til atkvæðagreiðslu á Alþingi. Ár eftir ár er hún svæfð í utanrmn. Á síðasta ári var gerð mjög alvarleg athugasemd við þetta en það hefur ekki stoðað.

Denis Halliday, Hans von Sponeck, Jutta Burghart eru dæmi um yfirmenn mannúðarstarfs Sameinuðu þjóðanna í Írak sem hafa sagt af sér vegna þess að þeir treystu sér ekki til að starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Írak á meðan sú stefna sem framfylgt hefur verið núna í tíu ár er rekin.

Ég auglýsi eftir því að hæstv. utanrrh. komi upp og hreki þær staðreyndir sem ég er að setja fram, þær fullyrðingar. Eru þær rangar? Er það rangt að það hafi komið fram í rannsóknarskýrslum á vegum Sameinuðu þjóðanna að mörg hundruð þúsund manns, og þar af mörg hundruð þúsund börn, hafi látið lífið af völdum viðskiptabannsins á Írak? Er það rangt? Er rangt að þetta hafi komið fram í rannsóknargögnum sem eru unnin eru á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna? Er hæstv. utanrrh. að vefengja þetta? Meira að segja vinkona ráðherrans, Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem kom hingað, hefur réttlætt þetta. Hún hefur sagt í viðtali við ameríska sjónvarpsstöð að þetta væri þess virði. Það væru svo miklir stórveldahagsmunir Bandaríkjanna í húfi að það væri þess virði. Þetta sagði utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Er hæstv. utanrrh. Íslands á sama máli?

Er hann að vefengja afleiðingar viðskiptabannsins sem lýst er í skýrslum Sameinuðu þjóðanna? Er það rangt sem haldið er fram?

Að lokum óska ég eftir því að hæstv. utanrrh. skýri hvað hann á við þegar hann heldur því fram að ég hafi haft ósæmi-

legar fullyrðingar um þetta mál. Ég óska eftir skýringum á því.

[17:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri athugasemdir við þann málflutning hv. þm. og ýmissa annarra að því er varðar Írak að lýsa allri ábyrgð á hendur Sameinuðu þjóðunum og aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Það er það sem þingmaðurinn gerir. Ábyrgðin liggur fyrst og fremst hjá Saddam Hussein. Það er hann sem hefur farið í stríð við eigin þjóð. Það er rótin að þessu máli. Það nefnir þingmaðurinn mjög sjaldan.

Hann hefur sagt á Alþingi að Sameinuðu þjóðirnar beri ábyrgð á dauða þessara barna og hann hefur jafnframt gengið svo langt að íslenski utanríkisráðherrann sé ábyrgur prívat og persónulega fyrir dauða barna í Írak. (Gripið fram í.) Já. Það er það sem ég tel nú vera ósæmilegt. Það má vel vera að þingmaðurinn sé ósammála því. En það hefur hann sagt á Alþingi þó að nokkuð sé um liðið.

Vegna þess að hv. þm. vitnar oft í skýrslu sem kom 21. júní á þessu ári um lögfræðileg álitamál er rétt að geta þess að sú skýrsla kom fram. Hins vegar verður jafnframt að taka það fram að hún hefur ekki verið samþykkt af mannréttindaráðinu. Þetta er skýrsla sem er unnin á vegum undirnefndar þannig að þingmaðurinn má ekki túlka skýrsluna sem skoðun mannréttindanefndarinnar eða skoðun Sameinuðu þjóðanna eins og mér finnst stundum koma fram í máli hans. Þegar vitnað er í t.d. að um þjóðarmorð sé að ræða er m.a. vísað til greinargerðar Elíasar Davíðssonar svo það sé alveg ljóst hvaðan þessar upplýsingar eru komnar.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fór allt á sama veginn, við fáum aldrei neinar efnislegar umræður heldur er reynt að sverta hlutina með skírskotun til einstaklinga og annað slíkt.

Hæstv. utanrrh. verður að axla þá ábyrgð sem hann tekur sem utanrrh. landsins. Það er vissulega ábyrgðarhluti af íslensku ríkisstjórninni og þar með hæstv. utanrrh. að styðja viðskiptabannið á Írak. Það er ábyrgðarhluti og þá ábyrgð verður hæstv. utanrrh. að axla og það á hann að gera sem utanrrh.

Ég held því fram að viðskiptabannið á Írak stríði gegn mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, það stríði gegn barnasáttmálanum, það stríði gegn Genfarsáttmálanum frá 1949 og viðauka við hann frá 1977. Ég held því fram að bannið stríði gegn þessum sáttmálum. Við eigum ekki að rugla þessu saman við hvern við teljum hlut Saddams Husseins vera. (**Utanrrh.**: Nú?) Það er allt annar handleggur. Við erum að brjóta alþjóðlegar skuldbindingar, mannréttindasáttmálann, við erum að brjóta barnasáttmálann, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem við höfum gefið og það er mergurinn málsins. Hvað Saddam Hussein viðvíkur er það staðreynd að hann situr sem fastast eftir tíu ára viðskiptabann. Þetta er staðreynd. En í valnum liggur hálf önnur milljón manna, þar á meðal mörg hundruð þúsund börn.

Við eigum að axla ábyrgð í þessum efnum. Því miður styður ríkisstjórn Íslands og hæstv. utanrrh. þá stefnu sem hefur leitt þetta af sér. Það er staðreynd.

[17:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þarf ekkert að deila um hið hörmulega ástand sem er í Írak. (**ÖJ**: Nú?) Það hef ég aldrei gert. (**ÖJ**: Þú hefur gert það.) Það hef ég aldrei gert. Ég hef hins vegar deilt við hv. þm. um það hvar sé rótin að því.

Hv. þm. fer alltaf fram hjá því að það eru Sameinuðu þjóðirnar sem standa að viðskiptabanninu og Ísland stendur að þessu viðskiptabanni sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Það er eins og hv. þm. geri sér aldrei grein fyrir því. Við berum skyldur samkvæmt stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna að standa með Sameinuðu þjóðunum í þessu máli.

Hins vegar er alveg ljóst að Sameinuðu þjóðirnar hafa ávallt haft margvíslega mannúðaraðstoð að leiðarljósi í aðgerðum sínum gegn íröskum stjórnvöldum. Lyf, matvæli og námsgögn hafa ekki sætt neinum takmörkunum inn til Íraks. (**Gripið fram í**: Jú.) Nei. Hins vegar hefur stjórnandinn þar sem öllu ræður gengið svo langt að flytja þessi hjálpargögn út aftur til þess að ná sér í peninga sjálfum sér til framdráttar. Við verðum að líta eitthvað til þess hver ber þarna höfuðábyrgð.

Endalaus tilraun hv. þm. til þess að koma ábyrgðinni af Saddam Husein yfir á alþjóðasamfélagið er náttúrlega dæmd til að mistakast.

[17:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver er rótin að því að verið er að murka lífið úr saklausu, varnarlausu fólki? Hver er rótin að því? Rótin er sú að menn eru að reyna að koma Saddam Hussein einræðisherra frá völdum. Hann situr sem fastast. En afleiðingar þessa viðskiptabanns eru óumdeilanlegar. Stoðkerfi þessa lands, heilbrigðisþjónustan, skólakerfið hafa verið eyðilögð og lífið murkað úr mörg hundruð þúsund einstaklingum. Um þetta deila menn ekki.

Menn geta deilt um hver rótin er og hversu hyggilega er staðið að verki en þetta er staðreyndin. Þetta eru afleiðingarnar.

Ég hef einnig bent á að þessar aðgerðir stríði gegn nánast öllum þeim mannréttindasáttmálum sem við eigum aðild að, mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Genfarsáttmálanum með viðauka, barnasáttmálanum. Mér finnst skelfilegt að hlýða á hæstv. utanrrh. Íslands tyggja upp sömu tuggurnar og við heyrum úr bandarískra utanríkisráðuneytinu á sama tíma og allir þeir sem sinna mannúðarstarfi í Írak á vegum Sameinuðu þjóðanna fordæma þessar aðgerðir, vara við þessum aðgerðum og þegar það hefur ekki tjóað þá hafa þeir sagt af sér. Síðast í mars lýsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna miklum efasemdum, og þær kenningar hafa verið uppi að forveri hans, Butros Butros-Ghali, hafi ekki fengið stuðning Bandaríkjamanna til áframhaldandi setu í embætti aðalritara Sameinuðu þjóðanna vegna andstöðu sinnar við viðskiptabannið á Írak.

Við erum að tala um stórveldahagsmuni og við heyrum hvers taum hæstv. utanrrh. Íslands dregur, því miður.

[17:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa átt sér stað um þá ræðu sem ég lagði hér fram. Vel má vera að hún sé ekki með þeim hætti sem menn hefðu kosið að sjá hana en hún hefur a.m.k. skapað hér umræðu, umræðu um mörg mál og orðið til þess að hér hafa átt sér stað skoðanaskipti um margvísleg alþjóðleg mál.

Ég tel vera merkilegast við þessa umræðu að hún hefur farið mjög inn á mannréttindamál, inn á friðargæslu, inn á mannúðar- og neyðarhjálp, og það hefur komið fram að

almenn ánægja er með það að Íslendingar ætla sér að taka virkari þátt í friðargæslu. Auðvitað má alltaf um það deila hvort við tökum meiri þátt í friðargæslu annars vegar eða mannúðar- og neyðarhjálp hins vegar, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom hér inn á. En þessi mál tvinnast saman með margvíslegum hætti og það er afskaplega erfitt að greina á milli annars vegar neyðarhjálpar og mannúðaraðstoðar á Balkanaskaga, svo dæmi sé tekið, og hins vegar friðargæslu. Friður er forsenda þess að lýðræði geti blómstrað á nýjan leik á Balkanskaga og friður er forsenda þess að hægt sé að koma að mannúðaraðstoð og friður er líka forsenda þess að hægt sé að hjálpa fólki sem þar er í neyð. Í reynd er friður forsenda þess alls staðar í heiminum að fólk geti búið við bærileg kjör og eigi framtíð fyrir sér. Ófriður verður alltaf til þess að þeir sem minnst mega sín þjást mest og það eru oftast börn, konur og gamalmenni.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom einmitt inn á samstarfssamning okkar við Úganda sem er að þróast. Við höfum undirritað þar samstarfssamning og hann liggur að sjálfsögðu fyrir í utanrrn. og langeðlilegast að við afhendum hv. þm. þennan samning þannig að þingmaðurinn geti kynnt sér hann. Hann er alllangur. Ég hef hann ekki hér með mér en hann er að sjálfsögðu opinbert skjal sem ávallt er hægt að biðja um.

Að því er varðar viðskiptamál og hjálp við þróunarlöndin þá get ég tekið undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að þessi viðskipti gangi í báðar áttir, að það sé aflétt þeim takmörkunum sem eru á viðskipti þróunarlandanna við Vesturlönd. En það sem við eigum nú ekki síst við er að fyrirtæki okkar og fyrirtæki á Vesturlöndum komi að starfi í þróunarlöndunum. Ég vil nefna dæmi. Þar eru menn ekki með það í huga að einhverjir alþjóðlegir viðskiptahringir eða fjölþjóðahringir nái völdum heldur að stuðla að því að sú þekking sem verið er að reyna að flytja til þessara landa verði þar viðvarandi og fólk geti notið hennar áfram.

Við höfum t.d. um langt skeið verið með þróunarhjálp í Namibíu og það liggur fyrir að á næstu árum munum við draga okkur í hlé þar vegna þess að Namibía hefur sem betur fer náð því marki að teljast ekki lengur þróunarríki vegna þess að þeir hafa náð það miklum framförum. Þess vegna munum við draga okkur smátt og smátt þaðan út. Það er hins vegar afskaplega mikilvægt að sú þekking sem við höfum verið að reyna að flytja til þessa fólks verði eftir í landinu og þar starfi fyrirtæki, t.d. á vettvangi sjávarútvegs, sem byggja á þessari þekkingu. Og sem betur hefur það gerst í allmiklum mæli að íslenskir aðilar hafi komið þar inn í viðskiptalíf og það hefur orðið sjávarútvegi þeirra til góðs og þeir hafa uppgötvað að það eru ekki aðeins auðæfi í demöntum sem þeir vinna á landi og eru farnir að leita líka að undan ströndum með hörmulegum afleiðingum fyrir landið því gífurleg auðn skapast af greftri eftir demöntum. Það liggur líka mikil auðlegð í auðæfum hafsins undan strönd Namibíu og það er mikilvægt að íslensk þekking sem hefur verið flutt til landsins verði eftir í landinu og menn geti notað hana áfram hvort sem það er á sviði sjómannafræðslu, tölvumála, fiskveiðistjórnar eða fiskveiðirannsókna og þannig mætti lengi telja. Þetta skiptir afskaplega miklu máli. Og vegna þess að hér kom líka til umfjöllunar hjálp við fátækustu ríki heims þá er mjög mikilvægt að sú breyting sem þar átti sér stað, ekki síst fyrir frumkvæði Norðurlandanna, var að nú koma áætlanir um framkvæmd mála, hvernig skuli staðið að málum, frá löndunum sjálfum. Þær koma ekki upphaflega frá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er sem sagt verið að forðast það að neyða upp á þessi ríki aðferðum sem ekki ganga í þeirra umhverfi. Það er nú hugsunin á bak við þetta.

Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir, af því að hér er talað um einkavæðingu, að það er ekki mikið að einkavæða þegar talað er um stoðkerfi þessara fátæku ríkja. Ég vil segja því miður. Án þess að ég sé að mæla sérstaklega með einkavæðingu í stoðkerfum þessara ríkja þá er stoðkerfið oft og tíðum bara ekki til staðar. Þá vantar skólakerfi. Þá vantar heilsugæslu og við Íslendingar höfum svo vel séð þetta þegar við komum inn í þessi lönd og ætlum að fara að hjálpa á sviði fiskveiða, á sviði sjávarútvegs, að þarna er engin heilsugæsla til staðar og engir skólar. Það er eins með þessi þorp og okkar þorp og byggðir í landinu að það er ekki hægt að reka neitt samfélag nema þar sé bæði heilsugæsla og skólakerfi og þess vegna höfum við í ríkum mæli farið í slíka uppbyggingu.

Þess vegna finnst mér það nokkuð sérkennilegt þegar þessi mál eru rædd og áherslur Norðurlandanna í þessu samhengi að við séum þar með að styðja einhvers konar samsæri fjölþjóðahringa. Kröfur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins snúast fyrst og fremst um að skuldaniðurfellingin og nýtast þeim best sem búa við mestu örbirgðina og það er náttúrlega ekki hægt að nefna þar neina eina töfraformúlu. Þess vegna er sú leið farin að biðja viðkomandi ríki um að leggja það niður sjálf hvernig þau telja að best sé að standa að þessum málum.

Hér hefur jafnframt verið rætt allmikið um Evrópumál og EES-samninginn. Það hefur verið kvartað undan því að sú umræða hafi ekki verið nægilega mikil. Ég vænti þess að úr því verði hægt að bæta síðar. Ég vænti þess að við munum eiga góðan fund í utanrmn. á morgun um þau mál. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir spurði sérstaklega hvernig væri hægt að nýta EES-samninginn betur til þess að styrkja okkar stöðu. Það verður að segjast alveg eins og er að það er starf sem við eigum að sinna á hverjum degi og reyna að styrkja okkar stöðu. Vandamálið er hins vegar að í Evrópusamstarfinu hafa komið til nýjar nefndir, nýr samstarfsvettvangur þar sem málefni eru flutt úr einni nefnd yfir í aðra, úr nefndum sem hafa verið á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar yfir í nefndir á vettvangi ráðherraráðsins. Við höfum aðgang að þessum nefndum framkvæmdastjórnarinnar, ekki að nefndum ráðherraráðsins og við erum ávallt að fara þess á leit að fá aðgang að því starfi við misjafnan árangur. Það er líka eitt af vandamálunum sem við búum við að Evrópuþingið hefur fengið vaxandi áhrif og fjallar um gerðir í vaxandi mæli og það sem kemur frá Evrópuþinginu ratar að mestu leyti inn í þessar gerðir sem við verðum síðan að yfirtaka og við getum ekki haft nægileg áhrif þar á. Þess vegna höfum við verið að leita leiða til að nálgast Evrópuþingið meira og ég held að það sé einmitt verkefni sem hv. Alþingi þarf að sinna eftir því sem kostur er, þ.e. hvernig sé hægt að tryggja samskipti Alþingis við þingmenn á Evrópuþinginu. Það eru dálítil samskipti þar á milli en þau eru alls ekki nægileg að mínu mati. Hins vegar er ekkert auðvelt að eiga við þessi mál.

Herra forseti. Fram hafa komið ýmsar spurningar í þessari umræðu. Ég sé að fáir hv. þingmanna sem báru þær fram eru hér enn þá og ég tel að ég hafi reynt að svara því að langmestu leyti sem hér hefur komið fram eftir því sem ég hef aðstæður til. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Hún

hefur verið lífleg og það hefur margt komið fram í henni. Ég vænti þess að við fáum tækifæri til þess að ræða utanríkismál nánar síðar á þessu þingi og við í utanrrn. munum leitast við að gera Alþingi grein fyrir þeim störfum sem fara fram á alþjóðlegum vettvangi. Þetta starf er mjög vaxandi og við getum ekki tekið þátt í öllu því samstarfi sem þar fer fram af augljósum ástæðum. Þar verðum við að velja og hafna. Við verðum að beita okkar litlu utanríkisþjónustu þar sem við teljum mesta von til að við getum gert gagn, að við getum orðið til aðstoðar eða þar sem við teljum að við verðum að beita henni til að gæta hagsmuna Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Þetta er oft og tíðum erfitt val og þess vegna er ánægjulegt að það skuli vera almennur stuðningur, eins og ég hef fundið í þessari umræðu og oft áður, við að efla íslensku utanríkisþjónustuna smátt og smátt, ekki í einu skrefi heldur skref fyrir skref. Það hefur verið að gerast á undanförnum árum, m.a. með því að opna ný sendiráð og taka þátt í ýmsu öðru sem við höfum ekki tekið þátt í áður. Það er mikilvægt fyrir utanrrn. og utanríkisþjónustuna að finna að við það er stuðningur þótt oft og tíðum hljóti að verða einhver ágreiningur um einstök málefni í íslensku samfélagi sem tekist er á um á alþjóðavettvangi. Hjá því verður ekki komist. Það er mjög mikilvægt að hér sé vettvangur á Alþingi til að ræða áherslur og mismunandi sjónarmið í þeim málum og ég tel að í þessari umræðu hafi það komið ágætlega fram.

[17:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. nánar út í aðstoð við fátækustu ríki heims og niðurfellingu skulda og lánveitinga þeim til handa. Það er rétt sem fram kom í máli hans að hér áður fyrr veittu Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lán sem gengið hafa undir vinnuheitinu aðlögunarlán eða „structural adjustment loans". Þetta hefur verið gagnrýnt harðlega og ég hef gagnrýnt að hæstv. utanrrh. hefur talað fyrir slíkum skilyrðum, gerði það m.a. í ræðu sem hann flutti í Hong Kong á sínum tíma og ég vitnaði til áður. En nú segir hann að það hafi orðið breyting á þessu með vinnulagi, sem ég gerði reyndar að umræðuefni í ræðu minni áðan, þar sem ríkjunum er gert að koma með tillögur sjálf um hvað þau hyggist gera í sínu efnahagslífi. Síðan er farið yfir þær tillögur af hálfu þessara sömu aðila, Alþjóðabankans og annarra stofnana sem honum tengjast, til þess að ganga úr skugga um hvort ríkin uppfylli skilyrði því að skilyrðin eru eftir sem áður fyrir hendi. Ég hef spurt: Hver eru þessi skilyrði? Ég veit um þetta breytta vinnulag. En hver eru skilyrðin fyrir lánveitingunum? Kann þar að liggja skýringin á því að aðeins lítið brot af þeim lánveitingum sem ætlað var til niðurfellingar skulda hefur gengið út, að ríkin eru ekki reiðubúin að ganga að þessum skilyrðum sem þeim eru sett?

Í síðara andsvari mínu mun ég koma nánar að einkavæðingu og möguleikum á einkavæðingu í þriðja heiminum því að það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að þar sé eftir engu að slægjast fyrir fjölþjóðarisa.

[18:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem gerist með þessar áætlanir er að þær eru teknar fyrir í Alþjóðabankanum og þær yfirfarnar. Hér er um að ræða skuldaniðurfellingu sem skiptir miklu máli fyrir þessar þjóðir. Það skiptir náttúrlega jafnframt afskaplega miklu máli að niðurfellingin verði til að skapa nýjar forsendur í viðkomandi landi. Af fyrri reynslu er ekki hægt að tryggja það fyrir fram. Lýðræðislegir stjórnarhættir eru ekki með þeim hætti í öllum þessum löndum að við getum gengið út frá því að þetta sé alveg öruggt. En það er lagt á það mat og matið felst fyrst og fremst í því að tryggt sé að þessi aðstoð komi þeim til hjálpar sem mest þurfa á henni að halda, þ.e. fátækasta fólkinu. Það er sú meginkrafa sem gerð er. Ég held að afar erfitt sé að fullyrða það nákvæmlega fyrir fram eða staðla það yfir öll ríkin í einu. Það verður að leggja mat á það í hverju ríki fyrir sig og það er gert. En það er unnið í samvinnu við ríkin, í samvinnu við þarlend stjórnvöld og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það. Með öðrum orðum, unnið er lýðræðislega að þessum málum, með skoðanaskiptum og upphaf málsins kemur frá ríkjunum sjálfum og síðan er það yfirfarið og endar með því að samþykkt er sú áætlun sem þar liggur fyrir og skuldirnar jafnframt felldar niður.

Auðvitað verður alltaf einhver núningur í þessu og mismunandi skoðanir. En ég tel að þarna sé lýðræðislega staðið að málum.

[18:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ætti strax að vekja einhverjar spurningar að tilboði um að fella niður skuldir skuli ekki tekið strax fegins hendi og þeir peningar eða þær styrkveitingar skuli ganga út. Ekki staðlað form, segir hæstv. ráðherra. Það er ekki hægt að alhæfa um öll ríki, það er alveg rétt. En stöðluðum reglum hefur verið fylgt, það er staðreyndin og þessar stöðluðu reglur hafa verið gagnrýndar og skilyrðin hafa gengið út á að ríkjunum hefur verið gert að markaðsvæða innri stoðkerfin. Er eitthvað þar að sælast eftir fyrir fjölþjóða risa og alþjóðlega fjármagnseigendur? Já. Svo er. Menn skyldu kynna sér t.d. fyrirkomulag vatnsveitna í Suður-Ameríku eða í Asíu, vissum ríkjum Asíu þar sem fjölþjóðleg fyrirtæki hafa náð þeim undir sig, samgöngukerfin, orkuveitur og auðlindir margvíslegar sem hafa verið á hendi þjóðanna. Öllum þessum verðmætum hefur þessum ríkjum verið gert að koma í markaðsvætt form. Þegar það hefur farið saman að þær eru skuldsettar og þurfa að greiða skuldir sínar og er gert að færa eignir sínar yfir á búðarborðið hefur það gerst að þessi fjölþjóðlegu fyrirtæki og bankarnir hafa komist yfir þessar eigur. Þess vegna hef ég spurt og spyr enn: Hver eru þessi skilyrði? Af hverju getum við ekki fengið svör við þessu? Hver eru skilyrðin?

[18:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ruglar saman annars vegar þessari fyrirgreiðslu og annarri fyrirgreiðslu sem hefur verið á vegum Alþjóðabankans þegar hann talar um skipulagsbreytingar. Auðvitað er hér eitt brot af því sem er að gerast í aðstoð við þriðja heiminn. Á það hefur verið lögð áhersla að t.d. bæði í Kína og Indlandi, sem eru ekki með í þessum áformum og þurfa mjög á aðstoð Alþjóðabankans að halda og afskaplega stór hluti af aðstoð Alþjóðabankans hefur einmitt farið til Indlands, megi þessi skuldaniðurfelling ekki verða til þess að draga úr annarri aðstoð við ríki þriðja heimsins. Þar hafa ýmis mistök átt sér stað í gegnum tíðina, það er alveg rétt. Það eru hlutir sem menn eru að reyna að ráða bót á. Það er t.d. verið að gera þær breytingar í Indlandi að sú aðstoð sem fer í gegnum Alþjóðabankann fer ekki í gegnum alríkisstjórnina í Indlandi heldur til einstakra ríkja sem eru tæplega 30 talsins og í samvinnu við ríkisstjórnir einstakra

ríkja. Menn telja að með þeim megi ná meiri árangri í aðstoð t.d. í Indlandi. Þarna eiga sér því stað stöðugar breytingar þar sem menn eru að reyna að læra af þeim mistökum sem hafa átt sér stað í gegnum tíðina sem er rétt hjá hv. þm. hvort sem talað er um Suður-Ameríku eða önnur ríki. En því má ekki blanda saman við þessa áætlun, þ.e. um skuldaniðurfellinguna. Þar fyrir utan er margvísleg önnur aðstoð sem mun að sjálfsögðu halda áfram. Þar verða menn að byggja á þeirri reynslu sem menn hafa öðlast á undanförnum áratug.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 79. mál. — Þskj. 79.

[18:07]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég fagna því að fá að mæla fyrir þessari tillögu. Ég treysti því að áhugamenn um utanríkismál sem þrauka enn við umræðuna verði það áfram. Ég skal ekki hafa langa ræðu um tillöguna enda er um endurflutning á þingmáli að ræða sem ýmsir ættu að kannast við.

Tillagan gengur út á að kosin verði á Alþingi nefnd með fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns sem utanrrh. skipar án tilnefningar til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför ameríska hersins og það atriði hvernig Íslendingar mundu taka við rekstri Keflavíkurflugvallar. Lögð er á það áhersla að niðurstaða fáist í málið sem fyrst og að einhverju leyti líti dagsins ljós áfangaskýrsla fyrir apríllok nk. en þá rennur úr gildi núgildandi bókun um umsvif Bandaríkjamanna hér á landi sem bókun önnur sinnar tegundar sem hefur reyndar verið uppsegjanleg frá og með apríl á þessu ári.

Það er ljóst, herra forseti, og hefur komið fram að Bandaríkjamenn hafa á því áhuga að draga úr umsvifum sínum. Þeir hafa reyndar gert það í stórum stíl og má í því sambandi vitna í fylgiskjöl með tillögunni en áhugi Bandaríkjamanna var m.a. staðfestur nú síðast þegar utanríkisráðherra þeirra, Madeleine Albright, kom hingað 30. september sl. Ef marka má fjölmiðlafréttir af þeim atburði kom mjög skýrt fram í máli hennar að bandarísk stjórnvöld vilji minnka kostnað sinn við rekstur herstöðvarinnar og draga úr því sem kallað var á fínu máli varnarviðbúnaður.

Herra forseti. Það hefur verið þannig og það liggur nokkuð ljóst fyrir að það hafa fremur verið íslensk stjórnvöld en bandarísk sem hafa kappkostað að hér yrði haldið uppi þeim umsvifum á sviði vígbúnaðar sem verið hefur síðustu árin. Þetta bera bókanirnar sem birtar eru sem fylgiskjöl með tillögunni glöggt vitni um. Þær voru reyndar þýddar í fyrsta sinn á íslenska tungu. Þegar flutningsmenn tillögunnar, sem auk mín er hv. þm. Ögmundur Jónasson að þessu sinni, efnuðu niður í fylgiskjöl með henni, kom í ljós að þessar ágætu bókanir voru ekki til á íslensku heldur aðeins á bandarísku og voru þýddar fyrir okkur og eru birtar hér með tillögunni sem fylgiskjöl. Þar kemur ljóst fram að skilmálarnir ganga út á að hér sé tiltekinn viðbúnaður. Í raun og veru er um að ræða einhvers konar tryggingu sem bandarísk stjórnvöld hafa þá gefið íslenskum að undangengnum viðræðum um að hér sé að lágmarki fjórar orrustuþotur o.s.frv.

Ef við lítum aðeins á það, herra forseti, hversu dregið hefur úr umsvifum bandarískra hersins eru þar sömuleiðis á ferðinni nýjar upplýsingar voru uppfærðar nú í haust vegna væntanlegs endurflutnings þessarar tillögu, þ.e. í fskj. IV og V. Mér kom reyndar á óvart að opinberar stofnanir hafa t.d. ekki lengur haldið saman með þeim hætti sem áður var tekjum af veru varnarliðsins hér sundurgreint og þurfti að vinna þá vinnu frá grunni þegar beðið var um slíkar upplýsingar frá aðilum eins og Þjóðhagsstofnun eða Hagstofu.

Það má nefna, herra forseti, að á um það bil 10 árum hefur bandarískum hermönnum fækkað um 40% eða úr tæplega 3.300 eins og þeir voru 1990 niður í 1.900 núna. Það er fækkun upp á eins og áður sagði liðlega 40% eða um 1.400 hermenn. Því má segja að miðað við árið 1990 sé ameríski herinn að þessu leytinu til farinn að fjórum tíundu hlutum úr landi. Það er auðvitað vel og vonandi gengur ekki síður með framhaldið að hann flytjist úr landi með þessum hætti í gegnum ákvarðanir Bandaríkjamanna sjálfra að draga úr umsvifunum úr því að ekki vill betur til með þessum hraða. Flugvélum hefur fækkað mikið eða úr 37 í 18 á sama tíma og fleira mætti þar nefna. Íslenskum starfsmönnum hefur einnig fækkað á sama tíma. Þeir voru tæplega 1.100 árið 1990 en eru nú rúmlega 900.

Ef aðeins er litið á upplýsingar um tekjur af veru varnarliðsins hér er það einnig mjög sláandi að frá því að þær urðu mestar eða hæstar að hlutfalli sem t.d. prósent eða hlutfall útflutningstekna upp úr 1980 en þá komust nettótekjur af veru varnarliðsins upp í að vera 8% af útflutningstekjum en þær eru núna komnar vel niður fyrir 5%, voru 4,7% af útflutningstekjum á árinu 1999. Ef þetta er skoðað sem hlutfall af vergri landsframleiðslu komst hlutfall varnarliðsteknanna einnig að því leyti yfir 3% þegar mest var á árunum 1983 og 1984 en var 1999 1,6%. Þetta er lægsta tala sem hefur nokkurn tíma sést á öllu því tímabili sem tekið er fyrir í fskj. V en þar eru skoðaðar nettótekjur af veru varnarliðsins hér frá og með árinu 1970 að telja eða tæplega 30 ára tímabil.

Herra forseti. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar menn velta fyrir sér áhrifunum af því að herinn hyrfi endanlega úr landi og gengið yrði til þeirra samninga hvernig það gerðist sem tillagan gengur út frá. Með öðrum orðum, það yrði þjóðhagslega mun minni breyting við núverandi aðstæður en orðið hefði á þeim árum þegar efnahagsleg áhrif af veru varnarliðsins voru sem mest.

Við tillögumenn teljum einnig að allt sem lýtur að þróun alþjóðamála og utanríkis- og öryggismála í heimshluta okkar mæli með því að nú séu hagstæðar aðstæður til þess að þessi breyting nái fram að ganga. Það er afar erfitt að benda á þá ógnun sem okkur stafar frá einum eða neinum þeim óvini sem réttlætir veru erlends hers á Íslandi um þessar mundir. Að sjálfsögðu er ljóst að þær breytingar sem þessu mundu tengjast kalla á að þetta sé gert samkvæmt einhverri fyrir fram ákveðinni og skynsamlegri áætlun til þess að draga úr þeirri röskun sem þetta gæti haft í för með sér. Eðlilegt er að hinn erlendi her sem hér hefur verið og haft ýmisleg áhrif með veru sinni, hvort sem okkur líkar betur eða verr, sé þátttakandi í því að gera mótvægisráðstafanir til að þessar breytingar geti gengið sem jákvæðast fyrir sig. Slíkt er þekkt víða erlendis frá þar sem Bandaríkjamenn hafa verið að yfirgefa herstöðvar og reyndar fleiri og oftar en ekki á grundvelli sérstakra samninga þar um við stjórnvöld viðkomandi ríkja sem hafa lotið að einhverjum aðlögunartíma, hafa lotið að því hvernig mannvirkjum og aðstöðu er ráðstafað, og síðast

en ekki síst hafa lotið að hlutum eins og þeim að hvaða marki hinn erlendi her eða hinn erlendi aðili tekur þátt í að hreinsa upp menguð landsvæði og reyna að bæta umhverfisspjöll sem hafa mjög víða verið fylgifiskar slíkra herstöðva og slíkrar hersetu.

Sem dæmi þar um má taka viðamiklar áætlanir sem lúta að hreinsun herstöðva á norðursvæðum í Kanada og í Alaska þar sem bæði Bandaríkjamenn og Kanadamenn eru þátttakendur í slíkum verkefnum á grundvelli samninga við heimamenn, fylki eða sveitarstjórnir. Að sjálfsögðu gildir það sama hér, herra forseti, að þessi mál þarf einnig að taka til skoðunar og reyndar væri ærin ástæða til að gera úttekt á því, sérstaklega hver hafi orðið umhverfisáhrif og umhverfisslys vegna erlendrar hersetu hér, bæði breskrar og bandarískrar. Liggur þar náttúran að mestu leyti óbætt hjá garði því heita má að nánast ekkert hafi verið aðhafst til þess að hreinsa menguð svæði eða taka til í ruslahaugum sem menn hafa skilið eftir sig víða um land. Enn eru uppi deilumál sem lúta að stöðu einstakra landeigenda eða sveitarstjórna í slíkum tilvikum. Má þar nefna sem dæmi viðskilnað Bandaríkjahers á Heiðarfjalli og deilur við landeigendur þar og má nefna kröfur sveitarstjórnar í Hornafjarðarhéraði um að tekið verði til á svæðunum á og við Stokksnes.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um tillöguna. Ég vona að hún fái að ganga til nefndar og fái þar umfjöllun. Nú háttar einmitt svo til að mögulega eru fram undan viðræður bandarískra og íslenskra stjórnvalda um framtíðartilhögun mála á Keflavíkurflugvelli. Það bar m.a. á góma í umræðum fyrr í dag og þar lýsti hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þeirri skoðun sinni sem hér skal tekið undir að það væri eðlilegt að fulltrúar allra flokka kæmu að því máli, ef ekki með því að sérstök nefnd verði í slíkum viðræðum með stjórnvöldum eins og hér er lagt til, þá a.m.k. þannig að utanrmn. Alþingis verði gert kleift að fylgjast mjög náið með framgangi mála og vera þátttakandi í því ferli. Ætti ekki að þurfa að hafa á þessu orð svo sjálfsagt er það og reyndar lögbundið að um mikilsverð utanríkismálefni skuli ríkisstjórn hafa samráð við utanrmn. Alþingis. Því verður tæpast á móti mælt að hér er um eitt slíkt mikilvægt viðfangsefni að ræða.

Herra forseti. Við tillögumenn erum sannfærðir um að ekkert er því til fyrirstöðu, hvort sem lýtur að utanríkispólitískum eða öryggispólitískum hagsmunum Íslands né heldur efnahagslegum þáttum, að við Íslendingar göngum í það verk að láta lokið erlendri hersetu í landi okkar þannig að við getum á nýjan leik borið höfuðið hátt meðal þjóðanna sem herlaus og friðelskandi þjóð og lagt þannig okkar af mörkum til friðvænlegra ástands í heiminum. Að mínu mati ætti síðan að fylgja því eftir með stuðningi á alþjóðavettvangi við þá kröfu sem talsvert heyrist orðið nefnd í umræðum um þessi mál að leita eigi alþjóðasamninga á komandi tímum sem fela í sér þá skipan mála að engin þjóð haldi her eða hafi herstöðvar í landi annarra þannig að þjóðarherir verði innan landamæra viðkomandi þjóðríkja og alþjóðleg öryggisgæsla verði byggð upp á öðrum grunni en þeim að einstök ríki haldi heri í fjarlægum löndum og heimsálfum. Það er skipulag, herra forseti, ástand mála sem er sprottið upp úr stórveldapólitík, heimsveldahagsmunum, nýlenduhagsmunum og jarðvegi heimsstyrjalda sem við sitjum því miður uppi með sem arf frá þeim tíma og hefur lítið gengið að komast í burtu frá því ástandi þó heldur horfi til réttrar áttar með talsverðri lokun herstöðva á erlendri grund af hálfu þeirra sem hafa verið afkastamestir í að halda úti slíkum. Að okkar mati á Ísland að sjálfsögðu að reyna að leggja sitt af mörkum og vera þátttakandi í þessari þróun sem vonandi getur haldið áfram á komandi árum og átt sér þann endapunkt, herra forseti, sem ég var hér að nefna.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég svo til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[18:20]

Útbýting þingskjala:

Lækningatæki, 254. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 281.

Notendabúnaðardeild Landssíma Íslands, 257. mál, fsp. LB, þskj. 284.

Ráðningar í stöðu dómara, 255. mál, fsp. JóhS, þskj. 282.

Úrgangur frá verksmiðjubúum, 172. mál, svar umhvrh., þskj. 279.

Þingsályktun um hvalveiðar, 66. mál, svar sjútvrh., þskj. 280.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 18:21.

---

25. FUNDUR

miðvikudaginn 15. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Búsetuúrræði fyrir fatlaða, fsp. ÁRJ, 40. mál, þskj. 40.

Til menntamálaráðherra:

2. Fullorðinsfræðsla fatlaðra, fsp. ÁRJ, 41. mál, þskj. 41.

3. Víkingaskipið Íslendingur, fsp. JÁ, 149. mál, þskj. 149.

4. Útgjöld sveitarfélaga samfara nýrri námskrá, fsp. SvanJ, 183. mál, þskj. 192.

5. Ráðningar í stöður minjavarða, fsp. SvanJ, 187. mál, þskj. 196.

Til sjávarútvegsráðherra:

6. Umgengni um nytjastofna sjávar, fsp. JÁ, 83. mál, þskj. 83.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Gagnagrunnur um jarðir á Íslandi, fsp. ÖS, 153. mál, þskj. 153.

Til umhverfisráðherra:

8. Ákvæði skipulagsreglugerðar um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó, fsp. SJS, 186. mál, þskj. 195.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Miðlægur gagnagrunnur lyfjanotkunar, fsp. ÞBack, 221. mál, þskj. 235.

Til dómsmálaráðherra:

10. Gildistaka Schengen-samkomulagsins, fsp. SJS, 129. mál, þskj. 129.

11. Fíkniefnanotkun í fangelsum, fsp. GÁS, 204. mál, þskj. 214.

12. Umferðaröryggismál, fsp. ÁRJ, 84. mál, þskj. 84.
13. Vegagerðarmenn í umferðareftirliti, fsp. ÁRJ, 85. mál, þskj. 85.
14. Launagreiðslur fanga, fsp. MF, 134. mál, þskj. 134.
15. Flutningur eldfimra efna, fsp. SJóh, 212. mál, þskj. 223.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Búsetuúrræði fyrir fatlaða.

Fsp. ÁRJ, 40. mál. — Þskj. 40.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Í mars 1998 skipaði félmrh. nefnd til að fjalla um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá sveðisskrifstofum um málefni fatlaðra og gera áætlun til nokkurra ára um uppbyggingu og þjónustu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að láta höfuðborgarsvæðið hafa forgang og gerði sjö ára áætlun um hvernig ætti að eyða biðlistum á þessu svæði en 378 manns voru á biðlista eftir búsetu. Nú erum við á þriðja ári áætlunarinnar og því fróðlegt að heyra hjá hæstv. félmrh. hvernig gengið hefur að halda áætlun biðlistanefndarinnar hingað til hér á höfuðborgarsvæðinu. En í skýrslu nefndarinnar var lagt til að byggð yrðu tíu sambýli á þessum tveimur árum, fimm á hvoru svæði, þ.e. fimm í Reykjavík og fimm á Reykjanesi. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hafi gengið að fylgja áætluninni eftir.

[13:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. sagði gerðu áætlanir biðlistanefndarinnar eftir búsetu og annarri þjónustu sveðisskrifstofu málefna fatlaðra frá í desember 1998 ráð fyrir að tíu ný sambýli tækju til starfa á árunum 1999 og 2000 í Reykjavík og Reykjanesi, þ.e. fimm sambýli á hvoru svæði. Þetta hefur gengið eftir hér um bil. Í Reykjavík hafa tekið til starfa þrjú sambýli í samræmi við áætlunina, þ.e. sambýli við Viðarrima, Skúlagötu og Mýrarás og íbúar þessara sambýla eru 14. Í hönnun og í útboði eru þrjú sambýli sem eru staðsett við Hólmasund, Sólheima og Jöklasel og rými á þessum sambýlum verða 16. Þá hefur ráðuneytið keypt lóð við Barðastaði fyrir sambýli.

Á Reykjanesi hafa tvö sambýli hafið starfsemi, þ.e. í Tjaldanesi og í Hulduhlíð í Mosfellsbæ. Íbúar sambýlanna eru níu. Á næsta ári munu þrjú sambýli taka til starfa, í Grindavík og tvö í Hafnarfirði og rými á þessum sambýlum verða 16. Áætluninni hefur sem sagt seinkað aðeins en vonir standa til þess að okkur takist að standa við þá áætlun sem biðlistanefndin gerði.

Þannig er mál með vexti að um það bil 0,5% af íbúum landsins þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda og það er mat kostnaðarnefndar sem sett var upp til að meta félagsþjónustufrv. að kostnaður vegna þjónustu við fatlaða og vegna húsnæðismála verði tæplega 4,1 milljarður. Nú búa 877 á sambýlum í sjálfstæðri búsetu með frekari liðveislu eða á vistheimilum og þeim hefur fjölgað um 42 frá árslokum 1997. Íbúum á sambýlum hefur fjölgað um 55. Þeim sem njóta frekari liðveislu hefur fjölgað um 16 en það hefur fækkað á vistheimilum um 29. Nú vantar 134 búsetu á sambýlum og 75 frekari liðveislu. 17% þeirra sem eru á biðlistum eftir búsetu í Reykjavík njóta skammtímavistunar reglulega og 30% á Reykjanesi. Rétt er að árétta að margir þeirra sem skráðir eru á biðlista njóta dagþjónustu og skammtímaþjónustu.

Á biðlista eftir búsetu eru þrír einstaklingar í fötlunarflokki sjö, þ.e. þyngsta fötlunarflokknum. Þrír einstaklingar eldri en 21 árs eru í fötlunarflokki sjö. Í fötlunarflokki sex eru sjö einstaklingar eldri en 21 árs eða samtals 10 í tveimur þyngstu flokkunum og þar að auki eru 18 einstaklingar í fimmta flokki eldri en 21 árs. Í Reykjavík eru án dagsþjónustu 29. Þar af búa 14 á sambýlum. Innan skamms verður unnið að því að tryggja dagþjónustu fyrir alla í Reykjavík.

Á Reykjanesi eru 11 án dagþjónustu og þar af búa fjórir á sambýlum. Án þjónustu á þessum svæðum eru 22 einstaklingar sem er að sjálfsögðu of mikið en vonir standa til að úr rætist áður en langt um líður.

[13:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. talaði um sambýli á Reykjanesi, Tjaldanes og Hulduhlíð í Mosfellsbæ og þrjú til viðbótar, eitt í Grindavík og tvö í Hafnarfirði. Lítur hann svo á að sambýlið í Grindavík falli undir þann ramma sem verið er að spyrja um? Það er ljóst að það eru heimamenn í Grindavík, sveitarstjórnarmenn, sem höfðu frumkvæði að því að koma því heimili upp og hafa algeran veg og vanda af því og sóttu sjálfir eftir samningi við félmrn. þar um þegar allt annað þraut þar sem svo mjög hefur dregist með úrbætur í Reykjanesi. Metur ráðherrann það svo að þessar áætlanir standist næstum því þegar hann er að lýsa því að það eru bara komin fimm af tíu og kominn nóvember árið 2000?

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að áætlunin hefur ekki staðist. Ekki er rétt að það hafi verið reist sambýli í Reykjavík í samræmi við áætlun biðlistanefndarinnar því að ekki hefur verið reist eitt einasta sambýli á vegum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur ekki greitt fyrir eitt einasta sambýli í Reykjavík á þessu tímabili, þ.e. á undanförnum tveimur árum. Aftur á móti er það rétt að reist hafi verið sambýli. Annað hefur Þroskahjálp séð um að reisa en ríkið rekur og hitt hefur Öryrkjabandalagið séð um að byggja en ríkið rekur það. Þess vegna er alveg hægt að fullyrða að ekki hefur verið staðið við áætlunina hvað snýr að Reykvíkingum en þar bíða 135 manns eftir búsetuúrræðum.

Aftur á móti má segja að nær hafi gengið að standast áætlunina á Reykjanesi en þar má segja með góðum vilja að náðst hafi að reisa fimm sambýli þó svo eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á að það sé á vegum annarra sem þau voru reist eins og hefur gerst í Reykjavík, a.m.k. einhver þeirra.

Ég minni á að markaður tekjustofn til framkvæmda fatlaðra er erfðafjársjóður og í ár renna til hans 607 millj. en aðeins 235 millj. renna til framkvæmdasjóðsins. Ég verð því miður að segja að það eru veruleg vonbrigði að ekki skuli vera staðið við þá áætlun sem gerð var til að minnka biðlistana á höfuðborgarsvæðinu að ekki hefur eitt einasta sambýli verið reist á vegum félmrn. í Reykjavík þótt miðað hafi í áttina á Reykjanesi.

[13:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér þykja þetta undarlegar undirtektir. Sambýlið í Grindavík er tvímælalaust mjög góð lausn. Það er að vísu rétt að heimamenn koma að því verki og byggja þetta sambýli en það er mjög góð lausn. Ég vænti þess að þar komi skjólstæðingum til með að líða vel. Áætluninni hefur seinkað lítillega en sambýlin hafa verið tekin í notkun eða eru í byggingu. Það er ekki neitt skilyrði og var aldrei að það yrði framkvæmdasjóður sem byggði öll sambýlin enda hefur kostnaður við byggingu sambýlanna farið langt fram úr því sem menn gerðu ráð fyrir. Menn gerðu t.d. ekki ráð fyrir því að fermetrinn í sambýli, sem við höfum boðið út í Hafnarfirði, færi yfir 200 þús. kr. í kostnaði.

Við stöndum nálega við áætlunina og ég vænti þess að þegar fimm ár eru liðin verðum við fyllilega búin að klára þessa biðlista.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra.

Fsp. ÁRJ, 41. mál. — Þskj. 41.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. og spyr hvað ræður því að þeir aðilar sem sinna fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða standa ekki jafnir að vígi gagnvart fjárframlögum til þeirrar þjónustu frá menntmrn. Á Siglufirði hefur verið starfrækt fullorðinsfræðsla fyrir fatlaða en þar eru um 12 manns sem nýta sér þann möguleika til náms. Fleiri vildu gjarnan nýta sér fræðsluna en Siglfirðingar hafa ekki getað annað eftirspurn sem kemur sér mjög illa fyrir þá einstaklinga sem hafa ekki komist að.

Nú er það svo að Siglfirðingar hafa ekki fengið sérstaka fjárveitingu frá hinu opinbera til að sinna fræðslunni heldur hafa þeir verið háðir velvilja Akureyringa sem hafa látið þá hafa af fullorðinsfræðslukvóta sínum. Spurning mín er því kannski ekki alveg rétt orðuð að ekki sé greitt fyrir fullorðinsfræðslu á öðrum stöðum en á Akureyri eða í Reykjavík en önnur svæði eru upp á nágrannasveitarfélögin komin. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvernig standi á því að þeir sem sinna fullorðinsfræðslunni þurfi að vera upp á náð annarra sveitarfélaga komnir í þessum efnum. Er ekki tímabært að leiðrétta þann mismun sem fatlaðir búa við hvað þetta varðar eftir búsetu? Ég óttast að það stríði gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga að fatlaðir njóti ekki jafnréttis til náms sama hvar þeir búa á landinu.

[13:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég svara spurningunni eins og hún var lögð fyrir mig á þingskjalinu en þá var spurt: Hverju sætir það að menntmrn. kostar ekki fullorðinsfræðslu fatlaðra á öðrum stöðum á landinu en í Reykjavík og Akureyri? Svarið er að fullorðinsfræðsla fatlaðra er stofnun sem starfar á landsvísu og reynir að verða við óskum fatlaðra einstaklinga um símenntun. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hún aðsetur á þremur stöðum, Blesugróf 27, Borgarholtsskóla og endurhæfingardeild Landspítalans í Kópavogi.

Þá er deild á Suðurlandi með aðsetri að Gagnheiði 40 á Selfossi og á Norðurlandi með aðsetri að Hvammshlíð 6 á Akureyri. Starfsemi fullorðinsfræðslu fatlaðra spratt upp af þjálfunarskólunum sjö sem störfuðu á grunnskólastigi við vistheimili þroskaheftra. Þessir þjálfunarskólar voru lagðir niður á sínum tíma og breyttist starfið smám saman í fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða í námskeiðsformi. Þessi starfsemi hélt áfram að vera á vegum ríkisins þegar grunnskólarnir voru fluttir yfir til sveitarfélaganna. Námsframboð fullorðinsfræðslu fatlaðra hefur staðið öllum fötluðum einstaklingum til boða.

Stefnt er að því innan menntmrn. að skapa skýrari starfsgrundvöll fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra. Í þeim tilgangi skipaði ég starfshóp í byrjun þessa árs um undirbúning sjálfseignarstofnunar fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra. Hlutverk starfshópsins er að semja drög að skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnun er annist um og reki fullorðinsfræðslu fatlaðra. Aðilar í þessum starfshópi koma frá menntmrn., félmrn., fullorðinsfræðslu fatlaðra, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Starfshópurinn hefur unnið að tillögum um stofnun sjálfseignarstofnunar sem sinnir símenntun fyrir fatlaða á öllu landinu.

Hópurinn hefur ályktað á þann veg að menntmrh. hefji formlegar viðræður við Öryrkjabandalag Íslands og Þroskahjálp um stofnun sjálfseignarstofnunar sem taki við núverandi verkefnum fullorðinsfræðslu fatlaðra og gert verði ráð fyrir því að stofnaðilar verði þessi tvö fyrrgreindu samtök auk ráðuneytisins. Stofnunin skipuleggi símenntunarnámskeið fyrir fatlaða einstaklinga á landsvísu en geti auk þess sinnt öðrum verkefnum á grundvelli þjónustusamninga eða annarra sértekna.

Þá er ályktað á þann veg að menntmrn. muni beita sér fyrir rekstrarframlagi til stofnunarinnar sem sé eigi lægra en það sem nú rennur til fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu hópsins hef ég skrifað Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp bréf og óskað eftir því að við göngum til viðræðna um að koma á laggirnar sjálfseignarstofnun sem verði stofnun þessara aðila með samningi við menntmrn. um fjárveitingar til þess að stofnunin geti staðið undir þeim verkefnum sem hún á að sinna og á að ná til landsins alls eins og fullorðinsfræðsla fatlaðra gerir nú þegar. Til þess að þjóna öllu landinu mætti t.d. koma upp sérstökum deildum á landsbyggðinni eða stofna til samstarfs við starfandi símenntunarmiðstöðvar, en þær hafa nú verið stofnaðar í öllum landshlutum. Ég vænti þess að tillögur um næstu skref í þessu liggi fyrir innan skamms og það takist að koma þessu í skýrara horf þannig að einn aðili beri þessa ábyrgð með skipulegri hætti en nú er. En ég árétta það að sú þjónusta sem er í boði nær nú þegar til landsins alls.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mig langaði að inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort ekki væri búið að leggja einhver drög að því að reyna að koma á aukinni fræðslu fatlaðra í gegnum netið. Er ekki einhvern veginn hægt, herra forseti, að beita sér fyrir því að menntakerfið og almannatyggingakerfið yrðu þættuð saman í þessu máli, e.t.v. með því almannatryggingakerfið legði fötluðum til tölvur og menntakerfið legði þeim til menntun til þess að nýta þær og síðan væri hægt í krafti upplýsingatækninnar að koma á fót miklu öflugra menntakerfi fyrir fatlaða en menn hafa í dag.

Ég hjó eftir því í máli hæstv. ráðherra að mér fannst að hann legði ekki áherslu á þennan möguleika þó hann nefndi að vísu símenntunarstöðvar á landsbyggðinni sem í vaxandi

mæli hafa tekið netið í sína þjónustu. En ég held, herra forseti, að framtíðin í menntun fatlaðra fullorðinna einstaklinga hljóti að verulegu leyti að liggja í þessu. Það er alveg ljóst að þetta mun opna miklu fleiri möguleika fyrir þennan hóp til þess að afla sér menntunar.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu því að þetta er málaflokkur sem er virkilega þess virði að ræða. Eins og fram kom á síðasta þingi eru breytingar í málaflokknum greinilega í undirbúningi og það er afar mikilvægt að fá þær upplýsingar sem hér hafa komið fram í máli hæstv. ráðherra.

Mig langar til, ef hæstv. ráðherra getur með nokkru móti í sínu síðara svari, að fá að vita örlítið um húsnæðismálin í Blesugrófinni því þar býr fullorðinsfræðslan við allsendis ófullnægjandi húsakost og sömuleiðis hvað varðar Borgarholtsskólann, að nú hefur fullorðinsfræðslan ekki samning til neinnar framtíðar varðandi aðstöðu þar. Ef það er ekki of mikil fyrirhöfn fyrir hæstv. ráðherra að bæta því við svar sitt hér á eftir þætti mér vænt um að fá að heyra frekar um það.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör og fagna því að verið sé að vinna í að skapa skýrari starfsgrundvöll fyrir fullorðinsfræðsluna því að það er óþolandi að fólk njóti ekki jafnréttis til náms eftir því hvar það býr á landinu eins og virðist vera miðað við núverandi ástand.

Ég vil líka taka undir það hversu mikilvægt það er að nýta netið og fjarnámsmöguleikana. Ég veit til þess að það hefur staðið í vegi fyrir að fatlaður einstaklingur hafi getað stundað nám að hann hefur ekki haft aðgang að tölvu þannig að ég tel að það þurfi nauðsynlega að huga að þeim þætti þessa máls í vinnu hæstv. ráðherra. En ég fagna því að það eigi að taka þessi mál sérstaklega fyrir og leiðrétta þetta því það er óþolandi fyrir fatlaða að búa við það misrétti að hafa ekki jafnan aðgang að fullorðinsfræðslunni eins og virðist vera á Siglufirði og reyndar víðar á landinu.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fjarkennsla fyrir fatlaða er mál sem sjálfsagt er að huga að þegar leitað er úrræða til að koma til móts við þennan hóp. Ég vil láta þess getið að hér erum við að ræða um fullorðinsfræðslu fatlaðra. Það hefur verið gert mikið átak á undanförnum árum til þess að opna framhaldsskólana fyrir fötluðum nemendum og þar er komið til móts við þá með allt öðrum hætti en gert hefur verið nokkru sinni fyrr og það starf hefur skilað mjög góðum árangri og vonandi þróast það áfram og verður til þess að skólarnir komi æ betur til móts við þennan hóp nemenda.

Varðandi fjarkennslu þá er það að sjálfsögðu þáttur sem ber að skoða í öllu tilliti þegar um fatlað fólk er að ræða.

Varðandi húsnæðismál fullorðinsfræðslunnar er rétt að vissulega þarf að búa henni betra húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur lengi verið leitað að góðu húsnæði í því skyni og þeirri leit verður ekki hætt fyrr en við finnum góðan samastað fyrir fullorðinsfræðsluna og raunar á hið sama við um starfsemi hennar á Akureyri. Þar hafa menn einnig haft augastað á öðru húsnæði en að Hvammshlíð 6 og til þessa þarf líta þegar menn huga að þessum málum.

Við erum að þróa þetta starf. Það er greinilegt að það er mikið og þakklátt starf sem unnið er undir merkjum fullorðinsfræðslu fatlaðra og það á að leggja drög að því og styrkja það og efla frekar en nokkuð annað.

Víkingaskipið Íslendingur.

Fsp. JÁ, 149. mál. — Þskj. 149.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Mönnum eru í fersku minni þeir atburðir sem urðu í tilefni af því að þúsund ár eru liðin frá landafundum Íslendinga í Ameríku. Landafundadagskráin er örugglega mesta kynning á Íslandi og íslenskri menningu sem gerð hefur verið. Enginn einn atburður af þeim 250 sem skipulagðir voru í þeirri glæsilegu dagskrá hefur þó vakið aðra eins athygli og sigling víkingaskipsins Íslendings vestur um haf. Undirbúningur að siglingunni og siglingin sjálf var afrek og um leið mikilvæg sönnun um þá getu og þekkingu sem forfeðurnir höfðu sem gerði þeim mögulegt að sigla heimsálfanna á milli.

En smíði skipsins er ekki síður afrek. Þekkingaröflun Gunnars Marels og þeirra sem komu að undirbúningi hennar og framkvæmd hefur verið sannkallað Grettistak og áræði hans og dugnaður til að ráðast í það stórvirki að smíða skipið er aðdáunarvert. Skipið og sögu þess þarf og verður að varðveita og það þarf að fylgja landafundakynningunni eftir. Margir spyrja: Hvernig verður það gert? Ég vil með leyfi hæstv. forseta vitna til orða hæstv. utanrrh. á Alþingi í gær, en hann sagði í skýrslu sinni um utanríkismál:

„Nú er brýnt að setjast niður og meta á hvern hátt best verður fylgt eftir þeim góða árangri sem náðst hefur í Norður-Ameríku og nýta þann meðbyr sem Ísland nýtur um þessar mundir. Umboð landafundanefndar rennur út í janúar næstkomandi og huga þarf að því hvort einhvers konar framhald þjóni hagsmunum okkar. Utanríkisþjónustan mun fyrir sitt leyti fylgja þessum árangri eftir."

Þetta sagði hæstv. utanrrh.

Ég vil aftur á móti komast að því hvort hæstv. menntmrh. telji það ekki vera í sínum verkahring að fylgja þeim hluta málsins eftir sem snýr að víkingaskipinu Íslendingi og ber þess vegna fram tvær spurningar til hæstv. ráðherra. Hin fyrri er:

Hyggst hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að Íslendingur, skip Gunnars Marels Eggertssonar, sem gert hefur fræga ferð vestur um haf í kjölfar Leifs Eiríkssonar, verði varðveitt á Íslandi?

Og hin spurningin:

Telur ráðherra að til greina komi að stofna sérstakt safn um siglingar Íslendinga á víkingatímanum eða að fela einhverjum tilteknum aðila, safni eða stofnun, varðveislu skipsins og ef svo er, hvaða aðilar koma þá helst til greina?

[13:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Menntmrn. hefur ekki sérstaklega komið að siglingu skipsins Íslendings, en ég hef bæði í Grænlandi og einnig í New York orðið vitni að því hve mikla athygli sigling skipsins hefur vakið og það afrek Gunnars Marels Eggertssonar og áhafnar hans að sigla vestur um haf í kjölfar

Leifs Eiríkssonar. Menntmrn. hefur einkum komið að sýningum eins og víkingasýningu sem er enn og verður í nokkur ár enn á ferð um Bandaríkin og einnig sýningu á íslenskum handritum og ráðstefnum og öðrum slíkum þáttum sem lúta að því átaki sem gert hefur verið í Norður-Ameríku á þessu ári og við munum áfram leggja þeim verkefnum lið þótt að landafundaárið líði.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. þá er ég þeirrar skoðunar að það kunni að sjálfsögðu að vera spurning um það, ef menn líta til frekari aðgerða undir þessum merkjum á komandi tímum í Norður-Ameríku, hvort skipið Íslendingur á að verða virkur þátttakandi í því áfram í Norður-Ameríku. Það er spurning sem menn þurfa að velta fyrir sér, en eins og vitað er þá er það skip í eigu Gunnars Marels Eggertssonar og ef menn vilja nota það meira til landkynningar í Bandaríkjunum eða Kanada á komandi missirum í kjölfar landafundaársins þá er það ákvörðun sem þarf að taka í samráði við hann og átta sig þá líka á þeim kostnaði sem því er samfara. Það er líka í höndum hans að ákveða framtíð sinnar eignar. En ég er alls ekki afhuga því. Vilji hann standa þannig að ráðstöfun skipsins að selja það þá hef ég hug á því að það verði keypt af Íslendingum til þess að það verði hér á landi. En þá verður líka að búa þannig um hnútana að skipið haldi sinni reisn og að það verði ekki þannig farið með það eins og við vitum að kann að gerast með skip sem á að varðveita til minningar um stórviðburði að þau verða næsta lítils virði þegar fram líða stundir.

Það er mikið álitamál hvernig að því skuli staðið. En ég vek athygli hv. þingmanna á því að í borgarráði Reykjavíkur liggur nú fyrir tillaga frá fulltrúum Sjálfstfl. þar sem lagt er til að borgarráð samþykki að leita eftir kaupum Reykjavíkurborgar á víkingaskipinu Íslendingi og feli borgarlögmanni að eiga viðræður við eiganda skipsins. Í greinargerðinni segir að sigling víkingaskipsins Íslendings frá Íslandi til Ameríku með viðkomu á Grænlandi í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar hafi vakið verðskuldaða athygli víða um lönd og með hinni frænku siglingu hafi skipstjórinn, skipasmiðurinn og eigandinn Gunnar Marel Eggertsson og áhöfn hans lagt af mörkum þýðingarmikið starf við að kynna land og þjóð, sögu hennar og merkingu. Ekki einungis beri sigling skipsins vitni um hugrekki og áræðni heldur sé ekki síður vert að hafa í huga það mikla afrek sem smíði þess var.

Síðan segir að það eigi að vera metnaðarmál borgaryfirvalda í Reykjavík að þar sem fyrsti landnámsmaðurinn reisti sér bú gefist gestum og íbúum gott tækifæri til að kynnast sögu þjóðarinnar. Þess vegna eigi það að vera keppikefli Reykvíkinga að eignast langskipið Íslending sem sé fyrsta fullkomna eftirmynd víkingaskips sem smíðuð sé hér á landi.

Enn segir í greinargerð með þessari tillögu að brýnt sé fyrir Reykvíkinga að nýta vel þau sóknarfæri sem öflug landkynning vegna menningarborgarársins og landafundahátíðahalda mun væntanlega færa. Víkingaskipið mun án efa hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem hingað leggja leið sína og vera ákjósanleg viðbót við þá möguleika sem hér bjóðast. Hægt verður að hafa skipið til sýnis og fræðslu fyrir ferðamenn, skólanema og allan almenning um víkingatímabilið og siglingar víkinga. Skipið getur þannig orðið fyrsti vísir að veglegu sjóminja- og víkingasafni borgarinnar, segir í greinargerð með þessari tillögu sem liggur fyrir borgarráði Reykjavíkur.

Ef ríkið eignaðist þetta skip lægi beinast við að beina því til Sjóminjasafnsins, sem er safn á vegum ríkisins sem annast varðveislu gamalla skipa, að annast skipið. Það eru því greinilega mörg tækifæri ef menn vilja að þetta skip komi til landsins. Af minni hálfu hefur í sjálfu sér ekki verið mótað neitt ákveðið í því efni en ég er reiðubúinn til að hlusta á góðar hugmyndir þingmanna að þessu leyti því að ekkert mundi menntmrh. geta aðhafst í þessu efni nema með virkum stuðningi Alþingis.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Er það virkilega svo að hæstv. menntmrh. sé hættur að hafa skoðanir? Heldur þykir mér vera lágt risið á einum hæstv. ráðherra að koma hingað og fimbulfamba upp úr einhverri tillögu sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg sem enginn hefur tekið eftir og gengur allt of skammt.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði. Engin einstakur atburður í minningu landafundanna hefur vakið jafnmikla athygli og sigling þessa skips vestur um haf. Þar var um afrek að ræða. Smíði þess var líka afrek og auðvitað ber að nýta það á einhvern hátt. Ég tel, eins og hv. þm. leggur til, að það eigi að fá skipið til Íslands og það eigi að gera það að burðarstoð í nýju safni sem reist verður í minningu landafundanna. Það er auðvitað óskaplega lágkúrulegt að heyra að fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar ber það á borð fyrir okkur að menn hafi ekkert hugsað út í þetta og það er engin stefna í þessu máli. Og hæstv. menntmrh. hefur bersýnilega ekki lagt málið niður fyrir sér. Hann les bara einhverja pappíra frá félögum sínum í borgarstjórn Reykjavíkur. Hvers konar er þetta eiginlega?

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þessu máli var hreyft hér. Það var greinilega þörf á því miðað við svör hæstv. menntmrh. Það er náttúrlega mjög slæmt að þetta mál skuli ekki þegar vera komið í farveg og hefði átt að liggja fyrir áður en skipið lét úr höfn hvernig framtíð þess yrði síðan tryggð. Það má ekki gerast að þetta mál fari að vefjast upp í vandræðagangi og lágkúru.

Ég vil láta það álit mitt í ljós að það sé langeðlilegast að ríkisstjórnin hafi nú þegar samband við eiganda, skipstjóra og höfuðsmið skipsins og falist eftir forkaupsrétti að skipinu. Þ.e. að ef eða þegar eigandinn vill láta það frá sér þá liggi fyrir forkaupsréttur íslenska ríkisins. Það er langeðlilegasta tilhögunin í þessu tilviki og það er heldur rislítið hjá hæstv. menntmrh., eins og hér kom fram áðan, að vísað á tillögur minni hlutans í borgarstjórn Reykjavíkur með fullri virðingu fyrir honum.

Herra forseti. Það er greinilegt að ríkisstjórnin hefur verið svo upptekin af því að ferðast til Vesturheims og taka þátt í hátíðahöldunum að hún hefur gleymt að hugsa fyrir þessu máli. Nú er kominn tími á að ríkisstjórnin taki á sig rögg og tryggi að þetta mál lendi ekki í útideyfu.

[14:02]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég fagna ummælum hæstv. menntmrh. um áhuga á því að staðsetja Íslending til frambúðar á Íslandi. Það er mikilvægt að það sé gert. Við erum með dýrgrip, þjóðargersemi, sem hefur skilað miklum árangri og það er verðugt verkefni að staðsetja hann hér.

Mér líst mjög vel á þá hugmynd sem liggur fyrir í borgarstjórn Reykjavíkur um að kaupa skipið, hafa það í nýju menningarhúsi í Reykjavík, gera það að hluta af húsinu. Þannig hefur það verið kynnt og hæstv. menntmrh. hefur

tilkynnt að væntanlega verði hafin bygging á því húsi árið 2003 þannig að það er hægt að undirbúa það vel og þar væri það í verðugu hlutverki sem kannski er eitt af höfuðlistaverkum hússins og sögugripur um leið. Þeir sem hafa staðið að smíði þessa skips og framgangi þess, þar á meðal sá sem hér stendur, hafa rætt þetta á mörgum vígstöðvum og víða er áhugi. Það þarf að hnýta þetta upp núna þegar komið er að því að skipið er til sölu.

[14:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef kynnt mér nokkuð alla þá umfjöllun sem þetta skip fékk í Bandaríkjunum, Kanada og Grænlandi á liðnu sumri og það kom mér mjög á óvart hvað þetta var gríðarlega mikið, t.d. er á skrifstofu ferðamálaráðs í New York heil hilla af sjónvarpsefni sem var sýnt í tilefni af siglingu þessa skips, t.d. heill klukkutími í morgunsjónvarpinu í Boston bara svo að ég nefni eitt dæmi.

Það er gríðarlega áríðandi að við höfum vit, vil ég segja, og samstöðu til að ná þessu skipi heim, fá forkaupsrétt að því og að ríkið kaupi skipið. Mér finnst sjálfsagt að leggja það ekki á eitt tiltekið sligað sveitarfélag, sem Sjálfstfl. t.d. hefur mjög miklar áhyggjur af fjárhagnum hjá, að kaupa þetta skip. Ríkið á að kaupa skipið og (Forseti hringir.) staðsetja það í sjóminjasafninu.

[14:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp. Í mínum huga og margra annarra er það forgangsverkefni að skipið verði eign Íslendinga, það verði ekki selt hæstbjóðanda úti í Bandaríkjunum. Það er líka áhugi fyrir því að hér á landi verði komið upp víkingasafni eða safni um víkingatímabilið og landnám Íslands. Hæstv. menntmrh. óskaði eftir tillögum. Ég vil þá koma einni að. Það er verið að undirbúa sögusafn um landnámstímann og það er í undirbúningi að koma því fyrir í einum tanki hitaveitunnar uppi í Öskjuhlíð. Það gæti hugsanlega orðið samstarfsverkefni að geyma skipið tengt þessu sögusafni a.m.k. þangað til við kæmum upp öðru safni en fyrst og fremst að þetta geti orðið samstarfsverkefni ríkis, Reykjavíkurborgar og annarra aðila.

[14:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir þau orð sem hér hafa komið fram um siglingu þessa skips. En fyrir nokkrum vikum var einn skipverja á Íslendingi, Ellen Ingvadóttir, í viðtali í morgunþætti og þá kom fram að þetta skip væri til sölu, að skipið væri í Bandaríkjunum. Eftir að hafa upplifað gífurlega siglingahæfni þess og hversu stórkostlegt skip þetta er væri það dapur endir ef það endaði í kálgarði hjá einhverjum ríkum Ameríkana, með fullri virðingu fyrir þeim. Þess var getið í sama þætti að Norðmennirnir hefðu farið heldur öðruvísi að þegar þeirra menn voru að fara í kjölfar sæfaranna, t.d. á Kon Tiki. Það var byggt heilt safn yfir það skip. Það er undarlegt að vera áheyrandi að því nokkrum vikum eftir að skipið lauk siglingu sinni til Bandaríkjanna að stjórnvöld hér hafa ekkert hugsað um hvað um það eigi að verða.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir við þetta mál. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði eiginlega hvorugri spurningunni. Hann svaraði hvorki spurningu um hvort hann hygðist beita sér fyrir því að skipið yrði staðsett á Íslandi eða spurningu um hvort hann teldi að það kæmi til greina að stofna sérstakt safn um siglingar Íslendinga á víkingatímanum. Hann vísaði á þá hugmynd að Reykjavíkurborg komi að þessu máli sem ég útiloka alls ekki. Ég beini því til hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki svarað því skýrt og skorinort að hann hlutist til um að menn missi ekki af því að geta þá keypt þetta skip og það verði haft samband við eiganda þess og menn horfi ekki á eftir því í hendurnar á einhverjum öðrum áður en búið er að fara yfir þá möguleika sem eru til staðar.

Hvernig skipið verður varðveitt, þ.e. í hvers konar safni og hverjir komi að því, er kannski ekki aðalatriði málsins. Það má nefna ýmislegt í því sambandi og það koma upp fleiri nöfn en Reykjavík hvað það varðar. Það er t.d. safnið á Eiríksstöðum í Dölum sem kæmi til greina sem víkingasafn. Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm um þá hluti. Mér finnst hins vegar að hæstv. ráðherra skuldi okkur kannski að segja svolítið skýrar hvað hann vill í þessu og hvort hann ætlar að beita sér fyrir því að skipið verði valkostur fyrir okkur á Íslandi en tapist ekki í hendurnar á einhverjum úti í Ameríku.

Ég geri svo ekkert með það þó skipið yrði notað þar í einhvern tíma til að halda áfram kynningu á Íslandi. Það er ekki spurningin um líf eða dauða hvað þetta mál varðar heldur hver framtíð þess á að vera til lengri tíma og ég tek undir með hv. þm. Árna Johnsen sem sagði: „Þetta er þjóðargersemi sem við eigum að varðveita á Íslandi.“

[14:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það kom ekkert fram í máli mínu sem gefur þingmönnum tilefni til þess að draga í efa hug minn til þess að þetta skip varðveitist á Íslandi. Ég kynnti hins vegar að það liggur fyrir borgarráði Reykjavíkur ákveðin tillaga um það hvernig það megi gera. Ég sagði að ef ríkið ætti að gera það eins og tíðkast með sjóminjar þá mundi Sjóminjasafn Íslands væntanlega taka skipið. Ekkert af minni hálfu mælir gegn því að þetta skip komi hingað til Íslands, verði eign ríkisins eða Reykjavíkurborgar eða hvers þess aðila sem vill nota það til þess að minnast þessarar fræknu siglingar. Það er algjör útúrsnúningur á orðum mínum að segja að það hafi ekki komið skýrt fram hver afstaða mín væri í þessu máli.

Hins vegar er það ljóst að menntmrh. hefur ekki umboð til þess að kaupa þetta skip fyrir hönd ríkisins. En ef til mín er leitað og ef þingmenn óska þess að ég beiti mér sérstaklega í þessu máli þá skal ég kanna hver staða þess er og kynna mér hver afstaða skipstjórans er og eiganda skipsins. (Gripið fram í.) Ég þakka traustið. Ég tel líka að það eigi að kanna hvort nota eigi skipið frekar til þess að kynna Ísland í Vesturheimi eins og hv. þm. vék að í sinni ræðu þegar hann lagði fram spurninguna, ef menn vilja halda áfram landkynningu þar. Það þarf að huga vel að öllu þessu, hvernig við nýtum þá ótrúlegu kosti sem felast í því að eiga þetta skip og að sjálfsögðu ber að sýna því fulla virðingu þegar notkun þess lýkur.

Útgjöld sveitarfélaga samfara nýrri námskrá.

Fsp. SvanJ, 183. mál. — Þskj. 192.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það liggur fyrir að ný aðalnámskrá grunnskóla getur leitt til verulegra útgjalda fyrir sveitarfélögin. Þau hafa þó nokkurt svigrúm til að ákveða útfærslur og ráða því nokkru um hversu hár kostnaðurinn verður. En þau eru líka í afskaplega mismunandi stöðu til að takast á við þau verkefni sem námskránni fylgja. Minni skólar í dreifbýli og nemendur þeirra standa vissulega frammi fyrir ákveðnum vanda vegna ákvæða um aukið val á unglingastigi og þá líka með tilliti til þeirrar staðreyndar að samræmd próf í 10. bekk verða valkvæð.

Herra forseti. Þannig er afskaplega erfitt fyrir fámenna skóla að búa svo um hnúta að nemendur þeirra í 9. og 10. bekk geti notfært sér þá möguleika sem í námskránni kunna að liggja. Það er hægt en það kostar fé. Við getum velt því fyrir okkur hvernig lítill skóli fer að því að bæta við þriðja tungumáli, þýsku eða spænsku, ef hann ekki getur leitað til stærri framhaldsskóla sem getur lagt til kennara. Það er vissulega hægt að kaupa fjarkennslu í viðkomandi grein. Hægt, segi ég. Það eru möguleikar á slíku, a.m.k. tæknilegir. En víða á landinu hafa menn af því áhyggjur hvernig þeir leysa þessa hluti til frambúðar þannig að þeir séu nógu vel gerðir svo ekki sé verið að mismuna nemendum. Eins og ég sagði, herra forseti: Þetta er hægt en það kostar peninga.

Ég hef þess vegna lagt þá spurningu fyrir hæstv. menntmrh., hversu mikill kostnaður er því samfara fyrir sveitarfélögin að bjóða upp á aukið val í 9. bekk grunnskóla, þar með talið í tungumálum. En af því að ég hef líka heyrt áhyggjur af því hversu dýrt er að útbúa náttúrufræðistofur — ágætur kennari sem ég hef fulla trú á sagði mér að það kostaði hálfa millj. fyrir hvern skóla a.m.k. — þá veit ég ekki hvað menntmrn. hefur látið athuga í því efni. En ég spyr einnig um kostnað við slíkan útbúnað.

Herra forseti. Að lokum, vegna þess að mikil umræða hefur verið um tekjustofna sveitarfélaga, bæði um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, spyr ég hvaða tekjustofnum sveitarfélögunum hafa verið tryggðir á móti þessum útgjöldum. Ég veit að fyrir liggur skýrsla þar sem þessi útgjöld eru tekin saman. En það sem ég er að spyrja um hérna er að gefnu tilefni vegna þess að ég hef heyrt af þessu tvennu hafðar sérstakar áhyggjur og sveitarfélögin hafa eðlilega, herra forseti, vegna reynslu sinnar af, ég vil kalla, átökum við ríkið um frekari tekjustofna, áhyggjur af því hvernig þessum kostnaði muni verða mætt.

[14:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„Hversu mikill kostnaður er því samfara fyrir sveitarfélögin

a. að bjóða upp á aukið val í 9. bekk grunnskóla, þar með talið í tungumálum,

b. að útbúa náttúrufræðistofur í samræmi við kröfur námskrár?“

Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla sem sett var samkvæmt fyrirmælum í 29. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, tók gildi 1. júní 1999 en kemur til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku. Sveitarstjórnir hafa því þrjú ár frá gildistöku aðalnámskrárinnar til þess að koma henni í framkvæmd. Það er því ekki fyrr en eftir 1. júní 2002 sem hægt er að sannreyna kostnaðartölur í sambandi við framkvæmd námskrárinnar.

Við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og setningu nýrrar aðalnámskrár var miðað við að ekki yrði farið út fyrir þann kostnaðarramma sem ríki og sveitarfélög sömdu um þegar grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna í ágúst 1996.

Heimild til að viðhafa val nemenda í efstu bekkjum grunnskóla hefur verið í lögum allt frá 1974. Í þeim lögum var gert ráð fyrir að valgreinar gætu tekið allt að helmingi námstímans í síðustu tveimur bekkjunum. Yfirleitt var þessi heimild einungis nýtt í lokabekk grunnskólans vegna þess að svigrúm var ekki í viðmiðunarstundaskrá sem gefin var út af menntmrn.

Í gildandi grunnskólalögum, nr. 66/1995, er sama ákvæði áfram en gert ráð fyrir að allt að þriðjungur námstímans í 9. og 10. bekk geti verið valfrjáls. Hin nýja aðalnámskrá gerir ráð fyrir að nemendum 9. bekkjar standi til boða valgreinar en ekki aðeins 10. bekkingum eins og áður var samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Álitamálið í þessu tilviki er það hvort og þá hve mikill aukakostnaður hlýst af því að bæta 9. bekkingum inn í valið. Rétt er að hafa í huga að allt eins getur verið um að ræða hagræðingu sem fæst við það að hafa nemendur bæði úr 9. og 10. bekk þegar litið er til valgreina, en þá væru þær skipulagðar þannig að 9. bekkingar og 10. bekkingar gætu verið saman í valgreinum. Þannig ættu að fást stærri námshópar. Þannig þarf aukið val í 9. bekk alls ekki að leiða til aukins kostnaðar.

Í umræðu um nýja aðalnámskrá var sérstaklega tekið fram af hálfu ríkisins að breytingar í kjölfar aðalnámskrárinnar yrðu þess eðlis að þær kölluðu ekki á breytingar á skólahúsnæði. Jafnvel greinar eins og ný náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimennt og lífsleikni, sem námskráin skilgreinir og lýsir krefjast ekki nýrra kennslustofa eða öðruvísi kennsluaðstöðu og var fyrir hendi áður en grunnskólinn var fluttur. Hin nýja aðalnámskrá grunnskóla krefst þess því ekki að útbúnar verði nýjar kennslustofur vegna náttúrufræðigreina eins og gefið er í skyn í fyrirspurninni. Fjölgun kennslustunda í heimilisfærði og náttúrufræði veldur því ekki að auka þurfi skólahúsnæði. Vissulega var fjölgað kennslustundum í greinum eins og náttúrufærði en í heild hefur ný aðalnámskrá haldið sér innan þeirra marka sem grunnskólalögin frá 1995 ákvörðuðu varðandi heildarkennslustundafjölda í grunnskólum.

Í samningum ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996 varð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga um hækkun útsvars og tekið mið af henni. Þá var enn fremur kveðið á um að mat á kostnaði og tekjuþörf við framkvæmd grunnskólalaganna á vegum sveitarfélaga yrði endurmetin í ljósi reynslunnar á árinu 2000. Það er unnið að þessu endurmati og hefur sú nefnd sem það er að vinna ekki lokið störfum.

Síðan er spurt:

„Hvaða tekjustofnar hafa sveitarfélögunum verið tryggðir á móti þessum útgjöldum?“

Ekki hefur verið gert ráð fyrir að breyta tekjustofnum sveitarfélaga vegna valgreina í 9. bekk og náttúrufræðistofa. Það hefur aldrei komið til álita að breyta tekjustofnum sveitarfélaga af þeim sökum.

Herra forseti. Hér er því verið er að útfæra gildandi grunnskólalög um aukið val í 9. og 10. bekk með nýju aðalnámskránni og þegar þau lög voru hér til meðferðar lá fyrir kostnaðarmat á því hvað það kostaði að framkvæma lögin.

Síðan hefur verið unnið samkvæmt þessum meginreglum við gerð námskrárinnar og einnig við gerð þeirra samninga sem liggja að baki flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna og gerðir voru í góðri sátt og hafa ekki verið brotnir í neinu tilliti heldur margsinnis staðfest að menn hafa staðið við það samkomulag upp á punkt og prik.

[14:20]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að fagna því að boðið skuli vera upp á fjölbreyttara nám í 9. og 10. bekk, þar á meðal aukið val í tungumálakennslu. Ég sé fyrir mér hvað það er mikilvægt fyrir nýbúa, t.d. börn sem flytja frá öðrum löndum, að þeir geti lagt meiri áherslu á sitt móðurmál, t.d. Chile-búar á spænskunám. Ég held því að þetta sé afar gott.

Það hefur verið þannig að grunnskólinn hefur séð um að útbúa allar kennslustofur í æðimörg ár og vissulega er það kostnaðarsamt. En það er í rauninni forgangsatriði sveitarfélaganna hvernig þau vilja útbúa sína skóla og ég vil bara nefna að það er t.d. miklu dýrara að útbúa heimilisfræðistofu en náttúrufræðistofu. En þetta er hlutverk sveitarfélaganna og það er þeirra að sjá um þetta og það hafa þau gert í æðimörg ár.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það var lærdómsríkt að hlusta á hæstv. menntmrh. svara þessari fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Hún spurði hver kostnaðurinn væri við að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hann teldi að því væri enginn aukakostnaður fylgjandi. Það væri með öðrum orðum hægt að koma þessari aðlögun fyrir innan þess ramma sem samið var um árið 1996.

Það vita auðvitað allir sem eitthvað þekkja til skólastarfs hjá sveitarfélögunum að þetta er alrangt, herra forseti. Ég leyfi mér að vísa í skýrslu eftir Ólaf Darra Andrason frá því í júní í ár þar sem hann leggur mat á þennan kostnað fyrir sveitarfélögin. Þar kemur fram að kostnaður þeirra við að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá verður 290 millj. kr. Og þar kemur líka fram að árlegur rekstrarkostnaður sveitarfélaga eykst um 490 milj. kr.

Herra forseti. Þetta smellur inn í þá umræðu sem við vorum hér með í fyrri hluta þessarar og í síðustu viku, þ.e. um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hér er um það að ræða (Forseti hringir.) að ríkið setur reglur sem stórauka kostnað sveitarfélaganna en því fylgja engar tekjur.

[14:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessar efnismiklu spurningar en að sama skapi lýsa vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra, því aukið val útheimtir fleiri kennara. Aukið val í grunnskólunum útheimtir meira rými. Aukið val útheimtir líka þörf fyrir nýtt og betra námsefni og eins og ástandið er núna hjá Námsgagnastofnun má segja að hún geti varla haldið í horfinu hvað þá aukið við eða eflt námsefni og bætt við nýju.

Það er staðreynd að stjórnvöld eru í þessu tilliti að berja höfðinu við steininn og það kemur afar vel í ljós í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurnunum sem hér liggja fyrir. Og þó að unnið sé að endurmati á stöðu grunnskólanna og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum þá verður að efla þessa umræðu og taka á henni og höggva að rótum vandans því hér bera sveitarfélögin skarðan hlut frá borði, þau sveitarfélög sem fæsta íbúa hafa.

[14:24]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er að vísu alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þessi ákvæði um aukið val í 10. bekk voru ekki í nýju lögunum en þau voru ný hvað varðaði 9. bekk og þeim var líka gefið aukið vægi þannig að nú er virkilega ætlast til að þessu sé framfylgt, þ.e. að það sé um val að ræða. Þetta er auðvitað mjög dýrt fyrir sveitarfélögin og sérstaklega þau litlu, nema það verði þá bara farið út í það að kennarinn velji fyrir hópinn og það var væntanlega ekki meining hæstv. ráðherra þegar hann lét setja þessi ákvæði inn í lögin.

Á eina tegund þessa vals sem er nýtt í lögunum er ekki minnst á hér í dag og það er val nemanda um að geta tekið 9. og 10. bekk saman. Það verður auðvitað aukinn þrýstingur á að komið verði upp slíkum deildum í skólum sem gefa nemendum kost á að taka 9. og 10. bekk saman. Þetta er auðvitað mikill aukakostnaður fyrir sveitarfélögin.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það var á hæstv. *menntmrh.* að skilja að framkvæmd nýrrar aðalnámskrár í grunnskólum krefðist ekki frekari kostnaðar og jafnframt mátti ráða af orðum hans að það gæti jafnvel orðið hagræði af því að auka valið í elstu bekkjum grunnskóla. En það stendur í aðalnámskránni, í almenna hlutanum, herra forseti, svo ég vitni beint:

„Það er afar mikilvægt að nemendum sé ljóst strax í 9. bekk hvað tekur við að loknum grunnskóla til þess að þeir geti nýtt sér valkosti sem þeim bjóðast í 9. og 10. bekk. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að í þeim bekkjum fái nemendur að ákveða sjálfir í samráði við foreldra og kennara og með tilliti til framtíðaráforma á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu. Nemandi, sem t.d. hyggst fara á málabraut, á að geta lagt aukna áherslu á erlend mál með því að leggja stund á þriðja erlenda málið í grunnskóla. Hann á líka að eiga þess kost að velja t.d. náttúrufræði eða listgreinar til að breikka menntun sína ...“

Nemandinn á, stendur hér í almenna hluta aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Þá veltir maður því fyrir sér hversu miklir möguleikar eru fyrir sveitarfélög að hafa þessa hluti eins og passar þeim peningalega, þ.e. að gera þetta ódýrt. Réttur nemandans er ótvíræður samkvæmt aðalnámskránni. Hins vegar, herra forseti, gerir ráðuneytið býsna miklar kröfur til sveitarfélaganna og meiri kröfur en það e.t.v. gerði til ríkisins. Þannig hefur menntmrn. verið að fella úrskurði um skólahald, sem þó hefur ekki breyst frá því að ríkið fór með þessi mál, úrskurði sem hafa kostað sveitarfélögin samkvæmt mati um 130 millj. kr. Þetta hefur heldur ekki verið bætt, herra forseti.

Þannig má reikna með því að ef nemandi kvartar undan því að hann fái ekki að nýta sér þá möguleika sem eru í námskránni, þá verði því fylgt eftir af hálfu ráðuneytisins, eðlilega, að sveitarfélagið svari þessum kröfum. En, herra forseti, það er ekki nóg að gera kröfur. Það þurfa líka að fylgja peningar og um það snýst þetta mál ekki síst.

[14:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Oft er erfitt að átta sig á því hvort umræðan snýst um gott skólastarf eða fjármál. Í þessu tilliti var ákveðið

með lögunum 1995 að valfrelsið yrði þetta sem það er í 9. og 10. bekk. Það lá fyrir þegar grunnskólinn var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaganna að þetta væri svona og það var samið við sveitarfélögin á þeim forsendum um flutning fjármuna til grunnskólans og til sveitarfélaganna þegar grunnskólinn var fluttur. Það er algjörlega út í hött hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda sem talar hér af mikilli þekkingu um skólamál að láta eins og aðalnámskráin hafi ákveðið þetta. Þetta var ákveðið í grunnskólalögunum. Þetta lá fyrir þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna. Þetta lá fyrir þegar samningarnir voru gerðir þannig að það á ekki að koma neitt á óvart að þriðjungur tímans í 9. bekk er valfrjáls og þriðjungur tímans í 10. bekk er valfrjáls. Þetta vissu sveitarfélögin og þau gengu að þessu þegar við sömdum við þau. Að segja að námskráin komi í bakið á sveitarfélögunum að þessu leyti er algjörlega rangt og ég er undrandi á að hv. þm. hafi þá ekki kynnt sér lögin betur þegar staðið er upp með þessum rökum hér.

Húsnæðismál grunnskólans voru náttúrlega ekki til umræðu þegar við fluttum grunnskólann til sveitarfélaganna. Það var búið að ákveða fyrir löngu að húsnæðismál grunnskólans yrðu í höndum sveitarfélaganna. Það sem við fluttum var kennslan og kostnaður vegna hennar og um það var samið. Um það var samið líka hvernig kennslustundum yrði fjölgað, aukinn kostnað ár frá ári og auknar tekjur ár frá ári til sveitarfélaganna. Þetta liggur því allt fyrir í samkomulagi sem hefur verið staðið við, eins og ég sagði, upp á punkt og prik og enginn hefur andmælt. Hins vegar eru sveitarfélögin í þeirri stöðu, eins og hér hefur komið fram, að þau telja að kostnaðurinn sé meiri. Það er þeirra sjónarmið. Við höfum okkar rök alveg á hreinu líka í þessu og erum reiðubúin til þess að leggja þau á borðið og höfum gert í viðræðum við sveitarfélögin. Það er sérstök nefnd starfandi að þessu verkefni og ég vona að hún komist að góðri niðurstöðu.

Ráðningar í stöður minjavarða.

Fsp. SvanJ, 187. mál. — Þskj. 196.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Samkvæmt þjóðminjalögum er landinu skipt í minjasvæði sem eru sjö talsins. Á hverju minjasvæði á að vera minjavörður eða eins og segir í 4. gr. þjóðminjalaga:

„Á hverju minjasvæði skal starfa einn minjavörður. Hlutverk minjavarða er að hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu eða fornleifafræði."

Herra forseti. Það liggur fyrir hver þessi minjasvæði eiga að vera og búið er að ráða í stöður minjavarða eða þeim hefur verið komið fyrir með tilteknum hætti samkvæmt lögunum. Þannig fer Þjóðminjasafn Íslands með minjavörslu á Reykjanessvæðinu og minjavarsla á Reykjavíkursvæðinu heyrir undir borgarminjavörð. Hins vegar hefur ekki verið settur minjavörður í þrjú af þessum svæðum eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Ekki er kominn minjavörður á vesturssvæði, ekki á norðursvæði eystra og ekki á suðursvæði. Þegar fjáraukalög eru skoðuð er ekki gott að sjá hvernig hæstv. ráðherra ætlar að koma til móts við það ákvæði laganna sem segir að ráðið skuli í allar stöður minjavarðar fyrir árslok 2000 en í fjáraukalögum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því að fjárheimild Þjóðminjasafns verði aukin um 69 millj. kr. Annars vegar er um að ræða 65 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda og hins vegar er um að ræða 4 millj. kr. til viðgerða á Bygggörðum á Seltjarnarnesi. Þegar síðan er horft til þess frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir og skoðað þar hvernig megi koma þessum stöðum fyrir verður ekki ráðið af þeim texta sem þar er um Þjóðminjasafn að það standi til. Ég vildi þess vegna óska eftir því við hæstv. menntmrh. að hann gerði þinginu grein fyrir því hvernig hann ætlar að framfylgja þessu ákvæði í þjóðminjalögunum um að ráðið skuli í allar stöður minjavarða fyrir árslok 2000.

[14:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið segir í gildandi þjóðminjalögum að landinu skuli skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð og um þá skiptingu er mælt í reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 334/1998 og eru minjasvæðin sjö. Þar sem Þjóðminjasafn Íslands fer að lögum með minjavörslu á Reykjanessvæði og borgarminjavörður á Reykjavíkursvæði er samkvæmt reglugerðinni gert ráð fyrir fimm sérstökum stöðum minjavarða. Þó er þjóðminjaráði heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á hlutaðeigandi minjasvæði með sérstökum samningi.

Frá og með næstu áramótum verður samkvæmt áætlun Þjóðminjasafns búið að ráða í fjórar stöður minjavarðar af þeim fimm sem reglugerðin gerir ráð fyrir, þ.e. á vesturssvæðið, norðursvæðið vestra, norðursvæði eystra og austurssvæði. Er það í samræmi við launakostnaðarforsendur samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Óráðið yrði þá aðeins í stöðu minjavarðar á suðursvæði.

Eins og kunnugt er hefur nú verið lagt fyrir Alþingi frv. til nýrra þjóðminjalaga. Er þar áfram gert ráð fyrir skiptingu landsins í minjasvæði samkvæmt ákvæðum í reglugerð og þjóðminjaverði ætlað að ráða minjaverði. Þótt ekki sé þannig gert ráð fyrir sérstökum breytingum frá gildandi reglum á þessu sviði er ekki óeðlilegt að ætla að skiptingin á minjasvæði komi til athugunar að nýju við undirbúning reglugerðar á grundvelli nýrra laga ef samþykkt verða. Fer það eftir því hvernig horfir um afgreiðslu frv. hvort rétt kann að verða talið að leita eftir sérstakri lagaheimild til að fresta fullri framkvæmd bráðabirgðaákvæðis gildandi laga um ráðningu minjavarða.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ástæða er til að fagna því sem hæstv. ráðherra upplýsir að sé falið í því frv. sem hér liggur fyrir til fjárlaga að innan launaliðar Þjóðminjasafnsins leynast stöður tveggja minjavarða þó að sú þriðja bíði.

Maður veltir því stundum fyrir sér, herra forseti, þegar maður les lög eins og þessi og verið er að vinna upp eða móta starf um landið allt og síðan eru sett inn ákvæði þess efnis að fyrir tiltekinn tíma eigi að vera búið að ljúka tilteknum verkum, eins og í þessu tilfelli er þetta ákvæði sett inn 1997, hvort það sé gert einungis til að friða þá aðila sem ákafastir eru um uppbygginguna. Það er a.m.k. sú tilfinning sem ég hef fengið gagnvart þessu ákvæði. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þrjár stöður munu enn standa ómannaðar í lok ársins 2000 og þar með verður engan veginn staðið við ákvæðið

til bráðabirgða. Eins og ég sagði áðan er þó fagnaðarefni að það skuli þokast með þessum tveimur stöðum sem eiga samkvæmt orðum hæstv. ráðherra að bætast við á næsta ári en eigi að síður hefur þetta ákvæði ekki verið uppfyllt. Í rauninni ber að harma það að þar sem þetta ágæta tilefni hefur verið til þess ekki bara að flytja störf út á land, herra forseti, heldur að setja peninga í þau störf sem búið er að ákveða að eigi að vera úti á landi, þá skuli það ekki vera gert. Það ber að harma að menn skuli ekki nýta þau tækifæri sem liggja í gildandi löggjöf um uppbyggingu starfa á landsbyggðinni og setja í þau peninga heldur draga lappirnar eins og hér hefur því miður verið gert.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil láta þess getið að ekki eru einungis fjárhagslegar ástæður sem koma til álita við framkvæmd þessa lagaákvæðis heldur einnig kröfur um menntun og starfsfólk á þessu sviði. Það er því ekki ástæða til að láta þau orð verða lokaorðin í þessari umræðu að það sé einungis vegna þess að menn hafa ekki veitt nægt fé til þessa þáttar að það hafi tekið þennan tíma að framkvæma þetta bráðabirgðaákvæði. Það eru líka aðrar ástæður sem hafa ber í huga þegar þetta mál er rætt sem ég fór ekki út í enda snerist fyrirspurnin ekki um það en ég vil láta það koma fram að þetta er ekki aðeins spurning um fjármuni.

Umgengni um nytjastofna sjávar.

Fsp. JÁ, 83. mál (viðurlög). — Þskj. 83.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er ákvæði til að koma í veg fyrir vonda umgengni um fiskimiðin. Þar er útgerðarmönnum gert skylt að koma með allan afla að landi. Eftir miklar umræður á liðnu sumri um brottkast á miðunum mætti hæstv. sjútvrh. með tillögur sínar um það hvernig ætti að koma í veg fyrir sóun og vonda umgengni á miðunum.

Tillaga hans fólst í fjölgun eftirlitsmanna og kostnaðarþátttöku útgerðar í veru þeirra um borð í fiskiskipunum eftir að sjö dagar á kostnað Fiskistofu væru liðnir. Til að geta metið hvort aukið eftirlit og ný refsiákvæði gætu orðið til bóta er nauðsynlegt að vita hverju það eftirlit, sem stundað hefur verið, hefur skilað og hvernig þeim ákvæðum, sem eru nú þegar í lögum, hefur verið beitt. Ég ber þess vegna eftirfarandi spurningar upp við hæstv. sjútvrh.:

1. Hve margir skipstjórnarmenn og útgerðir hafa verið ákærð fyrir brot á 2. gr. laga nr. 57/1996?

Svarið ætti að gefa okkur innsýn inn í það mat sem eftirlitsmenn hafa haft.

2. Hve margir skipstjórnarmenn og útgerðir hafa verið dæmd til refsingar fyrir brot á 2. gr. þeirra laga?

Svarið við þeirri spurningu ætti að færa okkur heim sanninn um það hvort refsiákvæðin eru raunhæf og framkvæmanleg.

3. Hve oft hefur Fiskistofa beitt úrræðum 2. mgr. 4. gr. laganna?

4. Hve oft hefur ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga þessara verið beitt til að krefja eigendur veiðarfæra um greiðslu kostnaðar?

5. Telur sjávarútvegsráðherra að markmið I. kafla laganna hafi náðst með framkvæmd Fiskistofu á II. kafla þeirra?

[14:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég hef fengið eftirfarandi upplýsingar frá Fiskistofu varðandi fjórar fyrstu spurningar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í fyrirspurn á þskj. 83.

Svar við fyrstu spurningunni er að 17 aðilar hafa verið kærðir til lögreglu vegna brots á 2. gr. laga nr. 57/1996. Fiskistofu er kunnugt um að þrír aðilar hafa verið ákærðir af ákæruvaldinu fyrir brot á þessari lagagrein.

2. Fiskistofu er ekki kunnugt um að refsidómar hafi fallið fyrir brot á 2. gr. laga nr. 57/1996.

3. Í einu tilviki.

4. Í einu tilviki.

Varðandi 5. lið fyrirspurnarinnar þá eru markmiðsákvæðin í 1 gr. laga nr. 57/1996 tvenns konar. Annars vegar að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og í öðru lagi að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti.

Ég hef ekki forsendur til að meta fyrra markmiðið. Ekki hafa farið fram athuganir á því sérstaklega hvernig ástandið var áður en lögin tóku gildi og þar af leiðandi ekki upplýsingar til að bera það saman við ástandið sem ríkt hefur eftir að lögin tóku gildi. Hins vegar gæti hugsast að út úr starfi verkefnisstjórnar sem er að kanna brottkast, gætu komið upplýsingar sem gætu gert mér kleift að meta þennan þátt markmiðsgreinarinnar.

Varðandi 2. lið markmiðsgreinarinnar tel ég að starf Fiskistofu stuðli að því að nytjastofnar sjávar verði nýttir með sjálfbærum hætti. Ég held engan vafa á því að starf stofnunarinnar sé þess eðlis að ég gæti svarað þessu á þennan hátt.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég hef eiginlega orðið fyrir miklu áfalli að heyra þessa niðurstöðu. Þau lög sem hafa verið í gildi síðan 1996 virka nákvæmlega ekki neitt. Úrræði hæstv. ráðherra um að bæta við einu ákvæði í þessi lög munu örugglega verða dæmd til að verða ónýt og mistakast. Hæstv. ráðherra upplýsir að 17 útgerðir hafi verið ákærðar eða framferði þeirra hafi verið kært til lögreglu. Þrjár af þeim voru ákærðar í raun og veru, ekki fleiri. Í ljós kemur að Fiskistofa hefur einu sinni beitt úrræðinu hvað varðar 3. spurninguna um það að taka upp veiðarfæri og einu sinni innheimt gjald vegna þess. Lögin eru gersamlega óhæf og ónýt en hæstv. ráðherra heldur því samt fram að þau hafi náð markmiðum sínum og að augljóst sé að markmið 1. gr. laganna um umgengni við nytjastofnana hafi náðst. Ég tel þvert á móti auðséð af því sem hér kemur fram að refsikafli þessara laga hefur enga þýðingu. Menn verða að finna aðrar leiðir til að sjá til þess að menn gangi vel um þessa auðlind en nota ákvæði af því tagi sem hér er um að ræða. Ekki hefur reynst unnt að framfylgja þeim. Ekki er líklegt að nýja ákvæðið um það að menn eigi að borga áttunda daginn um borð í skipunum hjá sér mundi verða haldbetra en þau sem hér hafa verið reynd frá því árið 1996.

[14:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka eins stórt upp í mig og hv. þm. að ég sé að verða fyrir einhverjum áföllum en mér leiðist hins vegar að hlusta á hv. þm. snúa út úr því

sem sagt er í ræðustóli. Hv. þm. Jóhann Ársælsson tvítók að ég hefði sagt að lögin hefðu náð markmiðum sínum — í fleirtölu — en ég skilgreindi markmiðin skv. 1. gr. sem tvö og sagðist ekki geta lagt mat á það fyrra en hvað varðar síðara markmiðið þá sagðist ég hins vegar telja að Fiskistofa stuðlaði að því að nýting á fiskstofnum sjávar væri sjálfbær. Ég held að það væri undarlegt vanmat á stofnuninni og því starfi sem þar er unnið, því það er mjög víðtækt, ef menn teldu ekki að hún stuðlaði að því að nýting fiskstofnanna væri sjálfbær.

Varðandi skoðun hv. þm. á því hvernig breytingar sem lagðar eru til við lögin munu hjálpa til í framtíðinni er það auðvitað annað mál og hefur verið rætt í þingsölum og er nú í nefnd og ekki tilefni eða tími til þess að ræða það sérstaklega en auðvitað mun reynslan leiða það frekar í ljós en nokkuð annað.

Gagnagrunnur um jarðir á Íslandi.

Fsp. ÖS, 153. mál. — Þskj. 153.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að varpa fram til hæstv. landbrh. fsp. sem varðar nýtt verkefni sem er að finna í fjárlögum undir liðnum Íslenska upplýsingasamfélagið í kaflanum um landbrn. Þar er gert ráð fyrir því að verja 10 millj. kr. til gagnagrunns um jarðir á Íslandi.

Mikil umræða hefur verið um það hvort ekki eigi að flytja störf innan ríkisgeirans út á land, ekki síst störf sem tengjast hátækni og hugviti, og ég minnist sérstaklega á byggðaáætlunina í þeim efnum sem var samþykkt hér. En þau góðu áform ríkisstjórnarinnar hafa ekki öll gengið eftir eins og hefur margoft komið fram. Það hefur t.d. verið deilt um það, herra forseti, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi tekist að flytja hálft starf eða þrjú störf út á land með þessum hætti og það voru nú öll ósköpin.

Svo vill til að í tengslum við það verkefni sem ég nefndi hér í upphafi máls míns hefur hæstv. landbrh. prýðilegt tækifæri til að leggja svolítið lóð á vogarskálina í þessu efni. Í umræðum við fulltrúa landbrn. innan fjárln. kom fram að um nýtt verkefni væri að ræða. Þess vegna tel ég tilvalið að flytja þetta verkefni til einhverrar þeirrar stöðvar sem hæstv. landbrh. hefur fyrir að ráða úti á landi. Ég hef sérstaklega í huga rannsóknarstöðina á Hólum í Hjaltadal. Það vill svo til að þingflokkur Samfylkingarinnar heimsótti nýverið þessa rannsóknarstöð og við hrifumst ákaflega af því þróttmikla starfi sem þar er unnið og hversu öflugt það lið var sem þar var að störfum.

Það er alveg ljóst að á Hólum í Hjaltadal eru ungir vísindamenn að vinna að ákaflega merkum efnum. Ég fullyrði að a.m.k. á einu sviði má segja að sú stöð sé í fremstu röð í heiminum. Hins vegar tel ég að hægt væri að skjóta digurri stoð undir störf þessarar rannsóknarstöðvar að Hólum með því að flytja þetta tiltekna verkefni um gagnagrunn um jarðir á Íslandi þangað. Ástæðan er sú að vinnan sem tengist gerð gagnagrunnsins byggist á hátækni, hún byggist á tölvubúnaði, hún byggist á nettengdri vinnu og ég held að það sé einmitt það sem þessi stöð hefur þörf fyrir í dag.

Það má ráða af því sem fram kemur í fjárlagafrv. að þetta verkefni um gagnagrunn og jarðir á Íslandi tengist Landgræðslunni. Það vill svo til að hún er einmitt með stórt útibú að Hólum. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann telji ekki fýsilegt og hvort það sé ekki í anda þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin fylgir að flytja þetta nýja verkefni innan landbrn., gagnagrunn um jarðir á Íslandi, heim að Hólum.

[14:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. hans ágætu fsp. Ég hef orðið þess var að þau góðu ferðalög Samfylkingarinnar eru að þroska þann flokk. Einhvern tíma sagði ég í umræðu að Samfylkingin væri eins og tómatur sem væri ekki farinn að taka lit en ég sé örla fyrir grænum lit svona með því upplýsingastarfi og ferðalögum sem flokkurinn leggur nú á sig og þakka ég fyrir það.

Ég frétti af þessari heimsókn Samfylkingarinnar til Hóla í Hjaltadal og einhver sagði mér að gáfaðasti maður Samfylkingarinnar hefði spurt sem svo: Hvernig getur það gerst að jafnmikið vísindastarf og hér fer fram þrífst í einum af afdölum Norðurlands? Þurfið þið ekki að vera í Reykjavík eins og hinir?

Þá sögðu vísindamennirnir: Hefur þú ekki áttað þig á því, ágæti þingmaður, að hingað er allt netið komið og allar upplýsingarnar. Við erum í samstarfi við vísindastofnanir og skóla úti um allan heim. Hér höfum við næði til að vinna, hér er friður, hér er farsæld yfir störfum.

Það er mikilvægt að menn kynnist og sjái í hverju það er fólgið að reka sterkar vísindastofnanir. Hólaskóli er vissulega sá staður á Íslandi sem fagnar því í dag að hafa flesta erlenda nemendur. Þangað sækja erlendir nemendur í stórum stíl, ekki síst í íslenska hestinn, þannig að þetta er glæsileg vísindastöð og skólastaður í miklum framgangi.

Ég vil sjá Hólastað efla sig í störfum, hann á mikla möguleika. Hann fer núna fyrir þremur stórum þáttum sem skipta íslenskan landbúnað miklu, fiskeldið er þar grundvöllur starfsins og fiskeldið á mikla möguleika fyrir sér fái það að þróast á Íslandi eins og víða annars staðar. Hrossaræktin og reiðmennskan er sú íþrótt á Íslandi og atvinnugrein sem heillar menn hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli. Heimsbyggðin stendur með okkur á því sviði.

Svo er það ferðaþjónustan sem mun fá vaxandi möguleika á Hólum og í þjóðfélaginu. Silfur framtíðarinnar liggur í ferðaþjónustunni og ferðaþjónustan verður ekki að lífi eða starfi nema íslenski bóndinn sé þar grundvöllur. Hólaskóli er lykill landbrh. í þeim störfum. Nú hefur það gerst á þessu hausti að þeir Hólamenn hafa fellt sauðfé sitt til að geta einbeitt sér enn betur að ferðaþjónustubrautinni og verður það gert.

Ég verð svo hins vegar að hryggja hv. þm. með því að það er ekki nýtt verkefni sem hann spurði um. Ég get ekki flutt þetta verkefni, Nytjaland. Það má segja að þrjú verkefni séu mjög stór á þessu sviði. Það er í fyrsta lagi jarðaskrá lögbýla sem er unnin frá Hvanneyri í gegnum Hagþjónustu landbúnaðarins. Það er í öðru lagi verkefnið Brúum bilið sem unnið er í Gunnarsholti og er verkefni sem er nú að fara á fullt skrið. Brúum bilið er landsupplýsingakerfi og gagnagrunnur til nota fyrir bændur, áhugafólk um landgræðslu og skógrækt, almenning, nemendur og menntastofnanir til að þeir hafi aðgang að þessu öllu.

Svo er það þetta stóra verkefni sem hv. þm. minnist hér á, það er Nytjalandið, og Nytjaland er samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Bændasamtaka Íslands

og Landgræðslu ríkisins og með því unnið að gerð gagnagrunns fyrir landgæði allra bújarða landsins. Verkefnið er upprunalega þróað af starfsmönnum RALA m.a. í framhaldi verkefnisins Jarðvegsvernd sem fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlanda. Þetta verkefni er ekki nýtt af nálinni en það er nú á hraðskriði, ekki síst út af nýjum sauðfjársamningum til að gæðastjórnunin geti náð þar árangri. Þetta verkefni er verið að vinna að fullu uppi á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og þó það gæti vel verið vistað einhvers staðar annars staðar get ég því miður ekki lýst því yfir hér og nú að það eigi að fara að Hólum. Ég álít samt sem áður að mörg verkefni þurfi að fara á menntastofnanir okkar hvort sem þær heita Hólar, Hvanneyri eða Reykir í Ölfusi og stend með hv. þm. í hugsjón hans og nýrri lífssýn.

[14:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er erfitt að koma upp eftir svona prestlega ræðu sem hér hefur verið flutt. Ég vil fagna öllu því fallega sem þar hefur verið sagt af hæstv. ráðherra og vona að hann breyti því öllu í framkvæmdir og verk.

Herra forseti. Varðandi það mál sem hér er á dagskrá er ekkert af því sem hann taldi upp í lýsingu á verkefninu sem ætti að hindra að það gæti flust að Hólum í Hjaltadal, síður en svo. Hann lýsti þessu verkefni sem metnaðarfullu og góðu og á Hólum eru tækni og mannskapur til að takast á við þetta verkefni. Það vill einmitt svo til að á vegum Landgræðslunnar, í samstarfi við Hólaskóla og Skógræktina, er einmitt ein miðstöð kortagerðar og úttektar á jörðum varðandi landgæði. Það verk sem hér er verið að tíunda fellur afar vel að því sem þar er þegar kominn grunnur að ekkert af því sem hæstv. ráðherrann taldi hér upp mælir því gegn því heldur með því og ég skora á hæstv. ráðherra að flytja þessi verkefni að Hólum.

[14:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Svar hæstv. landbrh. við þessari fsp. um gagnagrunn, hvort ekki væri rétt að vista hann á Hólum sem fjarvinnsluverkefni þar, var ákaflega sérkennilegt. Það fjallaði að mestu leyti til um tómatsósu, rauða en ekki græna, og hún var ansi miklir útúrsnúningar um það sem spurt var um. Mestur hluti svars hæstv. ráðherra var um fiskeldi og hrossarækt og ferðaþjónustu og annað slíkt en hann kom lítið inn á það nema í tvær, þrjár sekúndur í lok ræðu sinnar sem var um það að þetta verkefni væri ekki nýtt, sem er ekki rétt. Það kom fram hjá fulltrúum landbrn. á fundi fjárln. að þetta væri nýtt verkefni.

Það er kannski talandi dæmi um byggðastefnu núv. ríkisstjórnar það sem fólst í þessum síðustu sekúndum í ræðu hæstv. ráðherra að verkefnið er verið að vinna hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins í Reykjavík.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég hélt um stund að hæstv. landbrh. væri kominn í kórinn í Hóladómkirkju og væri að flytja sína fyrstu ræðu þar því svo geistlega talaði hann hér og eiginlega ljómaði af honum hin kirkjulega sól.

Það er illt til þess að heyra, herra forseti, að Hólamenn hafi nú fellt sauðfé sitt allt í haust eins og hæstv. ráðherra gat um hér. Er þá ekki von til þess að það mætti reyna að flytja eitthvað annað þó ekki væri á fæti norður þangað til þess að styrkja betur þessa rannsóknarstöð?

Ég verð að segja það, herra forseti, að þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra flytur hér koma mér ákaflega spánskt fyrir sjónir. Við sem sitjum í fjárln. hljótum að verða að geta treyst þeim fulltrúum sem hinar og þessar stofnanir senda til okkar eins og hæstv. landbrh. í gegnum landbrn. Þar var spurt ekki einu sinni heldur tveim sinnum hvort um nýtt verkefni væri að ræða og svarið var ákaflega klárt: Hér var um nýtt verkefni að ræða enda er ekki nokkur leið að finna merki um að það hafi áður verið unnið samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir í skjölum og skýrslum fjárln. og varða fjárlög fyrri ára. Mér finnst þetta ákaflega dapurlegt.

Hér er um að ræða verkefni sem hefði verið tilvalið að setja til Hóla, það eru 10 millj. kr. á þessu ári og sennilega er þetta verkefni sem þarf að vinna í nokkur ár. Ég vek líka eftirtekt á því að Landgræðslan er með útibú að Hólum og jafnframt er þar að finna vísi að vinnu sem tengist þessu. Hér hefði því hæstv. ráðherra heldur betur getað lagt lítið lóð á vogarskálar okkar sem viljum freista þess að flytja eitthvað af störfum úr ríkisgeiranum, sérstaklega þeim sem tengjast hátækni og hugbúnaðarvinnu, út á landsbyggðina.

Herra forseti. Eftir umræðuna liggur að allt er á sömu bókina lært hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Hún stendur ekki við neitt. Hún ætlaði sér að flytja störf út á landsbyggðina og það hefur hún gert. Við höfum orðið vitni að því að í þessum sölum hafa menn deilt um það hvort það er hálft eða þrjú störf. Herra forseti. Þessi frammistaða er náttúrlega svo dapurleg að engin orð ná yfir það og verst þykir mér að hæstv. landbrh. skuli a.m.k ekki reka slyðruorðið af henni og sjálfum sér með því að taka undir þetta.

[14:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er nú betur að sér en hann lætur í veðri vaka. Ég nefni í einni andrá eina stofnun sem var vígð á Selfossi í vor og heitir Lánasjóður landbúnaðarins með átta störfum. Það þýðir ekki að hafa svona málflutning hér uppi, það er rangt. Fyrir utan hitt að verið er að gera marga góða hluti á mörgum stöðum.

Aðalatriðið er náttúrlega að minnast þess að ríkisstjórnin og þessir stjórnarflokkar hafa snúið umræðunni og þróuninni í landinu við. Atvinnuleysið er horfið. (**Gripið fram í:** Úti á landi?) Atvinnuleysið er horfið, það er sókn í öllum byggðum. (Gripið fram í.) Menn koma með glæsilegar hugsjónir af því að það er bæði til fjármagn, vilji og þekking til þess að fara í ný tækifæri. Síðast í gær voru hjá mér Dalamenn. Það var glæsileg hugsjón. Ríkisstjórnin reynir að fylgja þessu eftir og þarf að eiga stuðning stjórnarandstöðunnar en ekki niðurrif hennar í þessum málum. Þið eigið ekki alltaf að tala niður til landsbyggðarinnar. Þar er fólk að gera góða hluti og við reynum að standa við bakið á því fólki.

Hvað þetta verkefni varðar þýðir náttúrlega ekki fyrir menn að segja að það sé sorglegt að fé sé fallið á Hólum. Ég er þeirrar skoðunar sem landbrh. að bændurnir þurfi sjálfir að framleiða sem mest af þeim vörum. Ríkisbúin og skólarnir eiga í sjálfu sér ekki að standa í því. Þeir eru þekkingarstofnanir. Auðvitað þarf að vera búpeningur, við höfum staðsett hrossin á Hólum, sauðféð á Hesti, kýrnar á Hvanneyri o.s.frv. — En þessi gagnagrunnur. Ég trúi ekki að fólk mitt hafi farið með rangt mál. Það hefur þá verið misskilningur á báða bóga. Menn hafa verið daufgerðir þann morgun í fjárln. og verið annars hugar ef svo hefur verið. (Gripið fram í.) Ég hef spurt mína menn um það verkefni sem hv. þm. spyr um. Það hefur verið þekking á því bæði í landbrn. og annars

staðar þar sem ég hef spurt að Nytjalandið er á fullri ferð á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. En ég mun beita mér fyrir því sem landbrh. að horfa björtum augum til þeirra staða sem við höfum nefnt hér, flytja þangað verkefni og styrkja þá í nýrri sókn.

Ákvæði skipulagsreglugerðar um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó.

Fsp. SJS, 186. mál. — Þskj. 195.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Eins og kunnugt er af fréttum hefur Kópavogsbær unnið að skipulagningu íbúðahverfis við Elliðavatn og hafa orðið um það mál nokkrar deilur sem eru í sjálfu sér ekki tilefni þessarar fyrirspurnar, enda fær á öðrum vettvangi ...

(**Forseti** (ÁSJ): Ég bið hv. þingmenn að hafa hljóð í salnum.)

Ég get byrjað aftur, herra forseti. Ég er að leiða inn umræður um það mál sem spurt er um, þ.e. fyrirhugaða íbúðabyggð á vegum Kópavogskaupstaðar við Elliðavatn í landi Vatnsenda en um það mál hafa risið nokkrar deilur. Það hefur komið fram og liggur fyrir í gögnum málsins að samkvæmt skipulagsuppdráttum er ætlunin að skipuleggja þar allmikla íbúðabyggð alveg fram á vatnsbakkann.

Nú er þetta svæði um margt sérstakt og er að hluta til náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði. Fyrir utan það sérstaka og fallega umhverfi sem þarna er eru í húfi margvíslegir umhverfislegir hagsmunir sem tengjast möguleikum þessa svæðis og aðliggjandi svæða sem útivistarsvæða. Þarna er lífríki Elliðavatns og Elliðaáa í húfi og fleira mætti nefna af þeim sökum.

Hins vegar vekur athygli að á grundvelli reglugerðar um skipulagsmál virðist ekkert vera því til fyrirstöðu þegar um er að ræða skipulagningu íbúðabyggðar í þéttbýli að byggt sé alveg fram á vatnsbakka sem er óðruvísi en við á þegar um er að ræða íbúðabyggð utan svonefndra þéttbýlissvæða en þéttbýli er í sömu reglugerð skipulagt sem þyrping húsa þar sem búi a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fari að jafnaði ekki yfir 200 m. Nokkuð augljóst er að það gildir um þetta svæði. Væri um að ræða vatn eða vatnsverndarsvæði utan þéttbýlis mundi hins vegar gilda grenndarregla þar sem að lágmarki 50 m skyldu vera frá vatnsborði og að næstu íbúðabyggð.

Þetta vekur upp spurningar, herra forseti, um það hvort eðlilegt sé að við aðstæður eins og ríkja við Elliðavatn gildi þessi ákvæði skipulagsreglugerðar óbreytt eða hvort þörf sé á að endurskoða ákvæði þeirra og setja þarna önnur grenndarmörk, t.d. þegar í hlut eiga sérstaklega viðkvæm svæði, þó innan þéttbýlis sé, þegar í hlut eiga vatnsverndarsvæði eða önnur slík. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. umhvrh. eftirfarandi spurninga í þessu sambandi:

1. Telur ráðherra þörf á að endurskoða ákvæði skipulagsreglugerðar, einkum grein 4.15.2, um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó, í ljósi byggingaráforma í Vatnsendalandi við Elliðavatn?

2. Telur ráðherra að setja þurfi sérstök ákvæði um nálægð byggðar við vatnasvæði sem eru hluti vatnsverndarsvæðis eða hafa mikið verndargildi af öðrum ástæðum?

3. Hver er afstaða ráðherra til aukinnar íbúðabyggðar á bökkum Elliðavatns?

[15:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi fyrstu spurninguna: Telur ráðherra þörf á að endurskoða ákvæði skipulagsreglugerðar, einkum grein 4.15.2, um nálægð byggðar við vötn, ár eða sjó, í ljósi byggingaráforma í Vatnsendalandi við Elliðavatn, þá er því til að svara að í grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er ákvæði um að í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skuli þess gætt að ekki verði byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Hér er um lágmarksákvæði að ræða í reglugerð sem ég tel ekki ástæðu til að breyta. Hins vegar kunna að koma upp kröfur svo sem vegna náttúruverndar eða vegna mengunar í einstökum tilvikum að endurskoða það. Á slíku er þá tekið í aðalskipulagi og deiliskipulagi í samræmi við kröfur í öðrum lögum, svo sem náttúruverndarlögum, nr. 441/1999, og í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Í öðru lagi er spurt: Telur ráðherra að setja þurfi sérstök ákvæði um nálægð byggða við vatnasvæði sem eru hluti vatnsverndarsvæðis eða hafa mikið verndargildi af öðrum ástæðum? Vatnsverndarsvæði eru vernduð til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun og mengun í ám og vötnum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 319/1995, um neysluvatn, og reglugerðar nr. 776/199 um mengun vatns. Sem dæmi skal nefnt að í febrúar 1999 staðfesti þáv. umhvrh. vatnsverndarskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Þar eru skilgreind grunnsvæði, grannsvæði, fjarsvæði A og fjarsvæði B og hvaða takmarkanir á mannvirkjagerð gilda á hverju svæði. Þannig er með skipulagsákvörðun og með vísun í gildandi reglugerð hægt að tryggja vernd vatns. Við gerð skipulags í sveitarstjórnum á Skipulagsstofnun að gæta þess að ákvæði áðurnefndra reglugerða séu virt og sé ég því ekki ástæðu til breytinga.

Í þriðja lagi: Hver er afstaða ráðherra til aukinnar íbúðabyggðar á bökkum Elliðavatns? Því er til að svara að ákvörðun um nýja íbúðabyggð við Elliðavatn hefur verið tekin í aðalskipulagi Kópavogs á grundvelli gildandi laga og reglugerða. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, er það hlutverk sveitarstjórna að annast gerð aðalskipulags og deiliskipulags. Frumkvæði er í höndum sveitarfélaganna og Skipulagsstofnun gætir þess að rétt sé að málum staðið lögum samkvæmt. Umhvrh. staðfestir aðalskipulag en í því er ekki fólginn ákvörðunarréttur um skipulagið. Deiliskipulagið krefst ekki staðfestingar umhvrh.

Ég vek sérstaka athygli á því að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er tryggður réttur íbúa á hlutaðeigandi svæði til að koma að athugasemdum í sjálfu skipulagsferlinu. Ég sé ekki ástæðu til að blanda mér í deilur um skipulagsmál í Kópavogi. Á þeim verða kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn og íbúar að taka. Reyndar er staðan þannig núna að menn hafa nýverið tekið þessi mál fyrir í Kópavogi og að hluta til minnkað þau áform sem þar voru uppi.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er afskaplega fylgjandi því að verkefni flytjist til sveitarfélaga en ég mun seint styðja að skipulagsmálin fari alfarið til sveitarfélaganna vegna varnarleysis íbúa gagnvart framkvæmdagleðinni eins og gerist aftur og aftur. Við höfum horft upp á það að skipulagsslys var í uppsiglingu

í Vatnsendalandi í Kópavogi sem hefur vonandi verið afstýrt og það minnir okkur á að við verðum með öllum ráðum að tryggja ákveðna vernd með lögum og reglugerðum fyrir íbúana og gagnvart náttúruperlum. Ég tók eftir því að ráðherrann nefndi í svari sínu 50 m utan þéttbýlis og vísaði til aðal- og deiliskipulags. Oft verða oft mjög miklar deilur um aðal- og deiliskipulag og sérstaklega varðandi deiliskipulagið fer það til Skipulagsstofnunar. Mér hefur því miður fundist að þegar deilur verða hjá íbúum í sveitarfélagi og málið fer til Skipulagsstofnunar endi það alloft þannig að það falli sveitarfélaginu í hag. En það er alveg ljóst að betur verður að tryggja rétt íbúanna gagnvart offorsi einstaklinga við völd í sveitarstjórnum.

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er skiljanlegt að hæstv. umhvrh. vilji ekki blanda sér í beinar deilur varðandi þetta mál. En ég verð að segja að áframhaldandi blómlegt lífríki Elliðavatns og Elliðaánna er á verksviði hæstv. umhvrh. Hæstv. umhvrh. er fullkunnugt um að skipulagsáætlanir koma til með að þurfa að lúta lögum um mat á umhverfisáhrifum innan skamms. Það er sanngjarnt að hæstv. umhvrh. miðli okkur í síðara svari sínu skoðun sinni á því að skipulagsáætlanir á vatnsverndarsvæðum ættu að lúta lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég vil fá að spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að hæstv. umhvrh. láti skipulagsáætlanir á vatnsverndarsvæðum lúta þeim lögum nú þegar.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Um leið og ég þakka svör ráðherra lýsi ég vonbrigðum með þau. Mér fannst koma fram í raun og veru að hæstv. umhvrh. væri bæði skoðanalaus og aðgerðalaus með öllu í þessum málum og ég tel að hæstv. umhvrh. geti ekki skotið sér á bak við það að þetta sé viðfangsefni sveitarfélaga. Þegar í hlut eiga svæði sem lúta í fyrsta lagi að mörgum sveitarfélögum og í öðru lagi hafa yfir að búa mjög sérstakri náttúru og sérstöku lífríki kemur það umhvrn. við hvernig með þá hluti er farið. Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði átt að reyna að beita sér með einhverjum hætti í þessari deilu og samskiptum sveitarfélaga í því sambandi.

Það virðist vera svo, herra forseti, að staðan sé að sumu leyti veikari hvað varðar umhverfisverndarsjónarmið þegar í hlut á svæði sem fellur innan þeirrar skilgreiningar að vera í þéttbýli. Það er spurning: Vilja menn hafa það svo jafnvel þó í hlut gætu átt sérstakar náttúruperlur, vatnsverndarsvæði eða annað því um líkt?

Mér sýnist einnig vera ákveðið gat í þessu ferli ef staðan er sú sem við vitum að eingöngu aðalskipulag er til staðfestingar hjá umhvrh. Sú staðfesting felur ekki í sér ákvörðunarvald um innihald skipulagsins og síðan er það fyrst þegar deiliskipulag birtist mönnum sem mönnum verður alvara málsins ljós eins og gerðist í þessu tilviki, að það á allt í einu að fara að drífa upp mikla íbúðabyggð og jafnvel blokkabyggingar niður á bökkum Elliðavatns. Ég skora á hæstv. umhvrh. að láta ekki nægja þessi snubbóttu svör hér heldur fara rækilega yfir málin. Ég spái því að þá komist menn að þeirri niðurstöðu að þarna þurfi að taka ákveðna hluti til endurskoðunar. Þetta er ekki í nógu góðu fari eins og það er í dag.

[15:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Umhvrh. hefur ekki vald samkvæmt neinum lögum til að setja skipulagsáætlanir í umhverfismat og ég veit að hv. þm. er kunnugt að umhverfismatslöggjöfin tekur á einstökum framkvæmdum. Það kom ítarlega til umræðu varðandi laxeldi fyrir stuttu að umhverfismatslöggjöfin tekur á einstökum framkvæmdum en ekki áætlunum. Hins vegar er á vettvangi Evrópusambandsins verið að vinna núna að slíku og í framtíðinni verður umhverfismat með einhverjum hætti framkvæmt á áætlunum en ekki eins og framkvæmdin er núna, á einstökum framkvæmdum. Þá munu menn skoða vegáætlanir, hafnaáætlanir o.s.frv. En löggjöfin er ekki þannig í dag að okkur sé unnt að umhverfismeta skipulagsáætlanir.

Það er alveg ljóst að skipulagsmál eru í höndum sveitarfélaganna. Þar er ferlið. Menn fara í gegnum það og í þessu tilviki er mér ekki kunnugt um að menn hafi verið að brjóta lög á nokkurn hátt. Þegar ráðherra staðfestir aðalskipulag er ráðherra ekki að gera það með neinum öðrum hætti en formlegum. Það er ekki verið að breyta skipulaginu þá og ráðherra getur ekki hafnað því að undirskrifa það skipulag. Ferlið hefur farið fram á vettvangi sveitarfélaga. Það er í heimabyggðinni sem menn þurfa að taka á þessum málum og að sjálfsögðu uppfylla þau lög og reglugerðir sem ríkja varðandi skipulagsmálin á Vatnsendasvæði og aðra hagsmuni. Ég tel ekki að ráðherra geti farið að blanda sér inn í deilur sem verða afar oft um skipulagsmál sveitarfélaga.

Miðlægur gagnagrunnur lyfjanotkunar.

Fsp. ÞBack, 221. mál. — Þskj. 235.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Kostnaður við heilbrigðisþjónustuna eykst stöðugt og hafa margir þættir áhrif á þá þróun; hækkandi aldur þjóðarinnar, meiri þekking á sjúkdómum og möguleikar til lækninga, bæði með aðgerðum og lyfjum. Fólk fylgist vel með hugsanlegum meðferðarúrræðum og gerir meiri kröfur til heilbrigðiskerfisins en áður. Lyfjanotkun hefur aukist og stöðugt koma ný lyf á markaðinn, annaðhvort endurbætt lyf eða alveg ný lyf sem lækna eða bæta líðan sjúklinga með sjúkdóma sem ekki hefur áður verið til viðhlítandi meðferð á. Ný lyf eru oft mjög dýr fyrst eftir að þau koma á markaðinn og því er ábyrgð lækna mikil þegar þau eru valin í stað eldri sambærilegra lyfja. En þegar alveg ný lyf koma fram þá er augljóslega eftirspurn eftir þeim hjá mörgum, bæði læknum og sjúklingum.

Lyf eru stærsti útgjaldaliður sjúkratrygginga. Reynt hefur verið að halda þeim kostnaði niðri fyrir ríkissjóð, m.a. var áætlað að spara einn milljarð á þessu ári og koma kostnaðnum yfir á neytendur en sú áætlun gekk ekki eftir nema að hluta. Með þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til og leiða til aukinnar þátttöku sjúklinga er áætlað að allt að 200 millj. kr. sparist á næsta ári.

Herra forseti. Í fjárlagafrv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Því til viðbótar áformar ráðuneytið að ná þeim sparnaði á næsta ári, sem á vantar, m.a. með endurskoðun á smásöluverði, útgáfu viðmiðunarverðskrár og endurskoðun

á greiðsluþátttöku í nýjum lyfjum. Þá er enn áformað að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi en markmið þess er að flytja greiðsluþátttöku almannatrygginga frá einstaklingum með lítinn lyfjakostnað yfir til þeirra sem nota mikið af lyfjum.“

Herra forseti. Hér er verið að boða breytingu frá núverandi kerfi. Því er mikilvægt að fá upplýsingar um með hvaða hætti áætlað er að fylgjast með lyfjanotkun einstaklinga svo hægt sé að ná þessu markmiði.

Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Verður komið upp miðlægum gagnagrunni sem hafi að geyma upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga?

2. Munu lyfjaverslanir hafa aðgang að þeim gagnagrunni ef hann verður settur upp?

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spyr tveggja spurninga um miðlægan gagnagrunn lyfjanotkunar.

Eins og kom fram í máli hv. þm. er hún fyrst og fremst að tala um það sem stendur í fjárlagafrv. um að Tryggingastofnun ríkisins niðurgreiði lyf. Það hefur verið í umræðunni undanfarið.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Verður komið upp miðlægum gagnagrunni sem hafi að geyma upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga?“

Svarið við því er þetta: Verði hið svokallaða danska endurgreiðslukerfi tekið upp þarf að koma upp gagnagrunni sem hefur að geyma upplýsingar um heildarlyfjakostnað einstaklinga. Ég undirstrika að við erum hér að tala um fjárhæðir eða upplýsingar um heildarverð lyfja. Það er forsenda fyrir því að hægt sé að reikna út greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar strax á staðnum og því til hagsbóta fyrir þann sem kaupir lyf. Við erum ekki að tala um viðkvæmar persónulegar upplýsingar. Við erum alls ekki að tala um að setja upp miðlægan gagnagrunn um lyfjanotkun einstaklinga eða hópa eins og spurt er um. Lyfjanotkun er allt annar handleggur og ég þakka hv. þm. fyrir að spyrja og gefa mér hér tækifæri til að svara. Það væri slæmt ef sá misskilningur væri uppi sem hér kom fram í fyrirspurninni.

Í öðru lagi er spurt: „Munu lyfjaverslanir hafa aðgang að þeim gagnagrunni ef hann verður settur upp?“

Svarið er þetta: Lyfjaverslanir hefðu að sjálfsögðu aðgang að upplýsingum um heildarlyfjaútgjöld viðkomandi innan ársins til að hægt sé að reikna út endurgreiðsluhlutfall viðkomandi. Öðruvísi væri þetta að sjálfsögðu ekki hægt.

En ég vil endurtaka til að það sé enginn misskilningur í því máli að hér er ekki verið að tala um lyfjanotkun, heldur lyfjakostnað og engar persónulegar upplýsingar.

[15:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að spyrja þessarar spurningar sem ég tel mikilvægt að fá svör við.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra aðeins nánar út í þetta. Verður skráður í þennan gagnagrunn allur kostnaður viðkomandi sjúklings, þ.e. líka vegna lyfja sem Tryggingastofnun tekur ekki þátt í að greiða, þannig að allur kostnaður viðkomandi sjúklings komi inn í þennan gagnagrunn?

Ég tel mikilvægt að fá upplýsingar um það vegna þess að við vitum að reglur hafa verið þannig að sjúklingar greiða að fullu ýmis lyf og stundum greiða þeir þau að fullu í ákveðinn tíma áður en Tryggingastofnun kemur að því að greiða hluta af kostnaðinum. Það er mjög mikilvægt að fá upplýsingar um það hjá ráðherra hvort allur lyfjakostnaður viðkomandi sjúklinga kemur inn í þennan gagnagrunn.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svarið. Mér finnst rétt að þegar breytingar eru boðaðar séu gefnar góðar upplýsingar um hvað er verið að undirbúa. Hér er vísað til danska gagnagrunnsins og að þetta verði miðlægur gagnagrunnur þar sem heildarverð lyfja komi inn, en ekki um lyfjanotkun og þar verða engar persónuupplýsingar. Mér finnst mjög mikilvægt að það hafi komið fram.

Ég tek undir spurningu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um þau lyf sem ekki eru niðurgreidd af Tryggingastofnun ríkisins. Verða þau einnig skráð í þennan grunn þannig að hægt sé að fá betra yfirlit? Síðan mætti bæta við spurningunni um hvort þessi grunnur verði þá að einhverju leyti tengdur við aðra gagnagrunna. Hér er eingöngu verið að tala um lyfjaverð en er hugsanlegt að þessi gagnagrunnur verði tengdur við aðra gagnagrunna á heilbrigðissviði sem þegar eru til staðar?

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi síðustu fyrirspurn hv. þm., um hvort þetta verði tengt öðrum gagnagrunnum, þá er það ekki fyrirhugað. Við förum eftir danska kerfinu ef það verður tekið upp. Þá verður það meginstoðin varðandi endurgreiðslukerfið líka og í þeim grunni eru öll lyfseðilsskyld lyf. Hann yrði ekki tengdur öðrum grunni. Ég held að fyrirspurninni sé svarað, að hér hafi það komið fram sem spurt var um, hvort hér væri um persónuupplýsingar að ræða. Svo er ekki og ég held að það hafi verið meginatriðið. Ég hef þegar svarað hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur með því svari sem ég gaf hv. þm. Þuríði Backman.

Gildistaka Schengen-samkomulagsins.

Fsp. SJS, 129. mál. — Þskj. 129.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Sá tími nálgast að Schengen-samningurinn svokallaði gengur í gildi hér á Íslandi og annars staðar á Schengen-svæðinu ef að líkum lætur. Af og til skýtur upp kollinum umræða um líkleg áhrif af tilkomu þessa samnings og kennir þar ýmissa grasa. Í umræðum um aðild okkar að samningnum, hversu fýsilegur kostur það væri, og eins síðar hafa aftur og aftur skotið upp kollinum áhyggjur manna af því að tilkoma samningsins og afnám landamæraeftirlits á þessu stóra svæði muni reynast skeinuhætt í baráttunni við dreifingu ólöglegra fíkniefna hér í Evrópu.

Fyrir nokkru síðan, nánar tiltekið í fyrri hluta októbermánaðar, birtist viðtal hér í fjölmiðlum við einn af yfirtollvörðum ríkistollstjóra sem lýsti áhyggjum sínum af því að baráttan gegn innflutningi á fíkniefnum gæti orðið erfiðari eftir að Schengen-samkomulagið gengur í gildi á næsta ári. Ég hef þar af leiðandi leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra um undirbúning undir gildistöku samningsins að þessu leyti og einnig hvort líklegt sé að fyrirhuguð tímasetning gildistöku Schengen-samningsins gangi eftir.

Það mál er að sjálfsögðu ekki eingöngu í höndum hæstv. dómsmrh. ... — Ef ráðherrar vildu leggja eyrun við. Ég

bara bíð, herra forseti, þangað til ráðherrar hafa lokið fundi sínum. Kannski er ýmislegt óklárt í þessu máli eins og þessi skyndifundur hér í þingsalnum bendir til. — Það mætti nefna fleira og það er ánægjuefni að hæstv. ... (**Utanrrh.:** Það er auðvitað ráðherra sem ber ábyrgð á málinu líka.) Já, það er ánægjulegt að hæstv. utanrrh. er hér í salnum en það var spurt hér sérstaklega um fíkniefnin og þann þátt þess máls sem snýr að dómsmrh.

Einnig mætti spyrja hæstv. dómsmrh. um þá hluti sem lúta að persónuvernd og persónuskilríkjum og hefur orðið mjög að umtalsefni. Þannig er að í umfjöllun fjölmiðla í Svíþjóð og Danmörku er því nú haldið fram að aðild Norðurlandanna að Schengen-samningnum muni jafnvel brjóta niður hið svokallaða norræna vegabréfasamband, öfugt við það sem haldið var fram, að því ætti einmitt að bjarga með aðild okkar að Schengen-samningnum.

Nýlega hélt eftirlitsstofnun Schengen-svæðisins blaðamannafund og lýsti þar þeirri skoðun sinni að upplýsingakerfið SIS bryti allar reglur um lýðræðislega og réttarfarslega meðferð persónuupplýsinga. Um leið var lýst mikilli óánægju með að aðildarríki Schengen-samningsins hefðu ekki lagt þessari eftirlitsstofnun til neina fjármuni til að axla sínar skyldur.

Þar af leiðandi, herra forseti, er ærin ástæða til að spyrja hvort eigi, þrátt fyrir þessa vankanta, að láta verða af fyrirhugaðri gildistöku Schengen-samningsins strax í marslok nk.?

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun halda mig við þær spurningar sem hv. fyrirspyrjandi hefur komið með í fsp. sinni.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að undirbúningur þess að Schengen-samningurinn komist til framkvæmda hér á landi næsta vor hefur staðið yfir lengi og er afar margþættur. Ég vil þó í byrjun ítreka það sem margoft hefur komið fram, að samvinna okkar í tengslum við Schengen breytir í engu möguleikum íslenskra stjórnvalda á tollaeftirliti á landamærum og því að gera ítarlega leit að fíkniefnum á fólki og í farangri við landamæri. Þannig er engan veginn hætta á því að slakað verði á fíknieftirliti þannig að meira af fíkniefnum komist inn í landið um hafnir og flugvelli eða að ekki verði unnt að grípa til aðgerða þegar grunur leikur á fíkniefnainnflutningi.

Á hinn bóginn er mikilvægt að benda á að alþjóðleg lögreglusamvinna í tengslum við Schengen-samstarfið mun efla verulega möguleika íslenskrar lögreglu í baráttu við fíkniefnainnflutning. Auk þess hafa yfirvöld gripið til margs konar aðgerða á þessu ári, einkum með auknum fjárveitingum bæði til löggæslu og tollgæslu, til að takast á við fíkniefnabrot. Ég mun nú draga saman í stuttu máli nýjustu aðgerðir og þær sem eru fram undan.

Á þessu ári voru fjárveitingar til fíkniefnalöggæslu hækkaðar um 50 millj. kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þar af runnu 20 millj. til lögreglunnar í Reykjavík, til ráðningar fimm lögreglumanna sérstaklega til að sinna fíkniefnalöggæslu; 12 millj. til ráðningar sérstakra fíkniefnalögreglumanna í Kópavogi, á Selfossi og í Keflavík; 8 millj. vegna nýrra lögreglumanna í efnahagsbrotadeild og fíkniefnastofu ríkislögreglustjóra; 10 millj. til tækjakaupa vegna fíkniefnarannsókna og 2 millj. til kaupa og þjálfunar fíkniefnahunda.

Með Schengen-upplýsingakerfinu og samstarfinu eru veittar veigamiklar upplýsingar sem gera kleift að rekja slóð brotamanna þar sem grunur leikur á brotastarfsemi sem fer milli ríkja, auk þess sem mælt er fyrir um sérstaka löreglusamvinnu.

Á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að ganga til samninga við Evrópulögregluna Europol. Með því getur íslenska lögreglan tekið þátt í náinni alþjóðlegri lögreglusamvinnu, einkum gegn fíkniefnabrotum og peningaþvætti sem teygir anga sína hingað til lands eins og margvísleg alþjóðleg brotastarfsemi. Á þessu ári ákvað ríkisstjórnin einnig að taka þátt í svokölluðu Pompidou-samstarfi en þar er um að ræða samstarf aðildarríkja Evrópuráðsins um sameiginlegar aðgerðir gegn fíkniefnavánni.

Innan Schengen-samstarfsins er starfandi sérstök nefnd sem fjallar um aðgerðir aðildarríkja að samningnum gegn fíkniefnum. Þar er um að ræða vettvang lögregluyfirvalda og tollayfirvalda í því skyni að koma í veg fyrir, upplýsa og rannsaka fíkniefnabrot. Nefndin vinnur m.a. að því að gera tillögur um samræmdar reglur um lögreglusamvinnu og lögregluaðgerðir í fíkniefnamálum. Hún tekur fyrir sameiginleg vandamál sem steðja að aðildarríkjum varðandi fíkniefnamál og gerir tillögur um viðbrögð. Þá hef ég komið af stað margvíslegu samstarfi við bandarísk löggæslustjórnvöld, einkum varðandi þjálfunarmál lögreglumanna á afmörkuðum sviðum. Nú hefur fíkniefnalöggæslustofnun Bandaríkjanna boðist til að veita lögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli sérstaka þjálfun í fíkniefnalöggæslu á flugvöllum. Það mál er nú í skoðun í samvinnu við utanrrn. en átak af því tagi hefur skilað miklum árangri á bandarískum flugvöllum.

Ég gæti lengi talað áfram um aðgerðir dómsmrn. og undirstofnana þess gegn fíkniefnum. Enn eru ótaldar sérstakar aðgerðir á Keflavíkurflugvelli og átak hjá tollayfirvöldum, einkum auknar fjárveitingar til tollgæslu sem hæstv. utanrrh. mun væntanlega reifa hér á eftir. Ég leyfi mér að fullyrða að aldrei áður hefur lögreglan náð jafnmiklum árangri í baráttu við fíkniefnin og undanfarin ár. Hvert stórmálið rekur annað og aldrei fyrr hefur jafnmikið magn fíkniefna verið gert upptækt af lögreglu á jafnstuttum tíma. Aldrei hafa jafnmargir verið ákærðir og dæmdir til jafnþungra refsinga. Nú þegar hefur sýnt sig áþreifanlega að þessi brotastarfsemi teygir sig út fyrir landsteinana og samvinna við lögreglu í öðrum Evrópuríkjum er ekki bara gagnleg heldur algjör forsenda í mörgum málum. Þetta er árangur sem við getum verið stolt af en jafnframt veldur það okkur áhyggjum að þessi barátta er geysilega erfið og tilraunir til innflutnings fíkniefna virðast þrátt fyrir allt enn aukast.

Schengen-samstarfið er samstarf ríkja sem taka höndum saman um sameiginleg markmið að þessu leyti. Það er því rangt að það leiði af sér slakara eftirlit eða auki hættu á meiri innflutningi fíkniefna. Ég tel mig hafa sýnt fram á það hér. Ég hef hins vegar áhyggjur af stöðu fíkniefnamála eins og landsmenn allir. Við höfum náð góðum árangri en vandinn er engu að síður ærinn. Ég get upplýst það hér að enn frekari efling aðgerða er til skoðunar í ráðuneytinu og ríkisstjórninni.

Ég mun svara seinni spurningunni í seinni ræðu.

[15:33]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur greint frá margvíslegum aðgerðum sem ráðuneytið hefur staðið fyrir til að

berjast gegn flæði fíkniefna inn í landið. Í ljósi þess tel ég að hún sé undarleg sú neikvæða umræða sem hefur verið í gangi undanfarið um málefni fíkniefnalögreglunnar. Ég velti fyrir mér ástæðunum fyrir því. Ég held að öllum sé ljóst að lögreglan hefur náð ótrúlegum árangri í baráttunni við fíkniefnin á undanförnu ári. Aldrei hefur verið meira af fíkniefnum verið gert upptækt eða jafnmargir þungir refsidómar fallið. Lögreglan á hrós skilið fyrir þennan árangur.

Það hefur m.a. verið rætt um yfirvinnubann á fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Ég veit ekki betur en að yfirstjórnendur lögreglunnar hafi sjálfir lýst því yfir að ekkert slíkt bann sé í gildi. Tölur lögreglunnar sýna fram á hundruð yfirvinnutíma deildarinnar síðustu mánuði. Hins vegar er alveg ljóst að fjöldi yfirvinnutíma á ekki að vera mælikvarði á árangur, það er miklu frekar skipulag og starfsaðferðir. Ég sé ekki betur en þær virðist vera í lagi.

[15:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í tengslum við þessa fsp. þykir mér rétt að gera grein fyrir því að starfsemi lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið endurskipulögð. Nýtt skipurit fyrir hana mun taka gildi um næstu áramót. Stöðugildi hafa verið færð milli deilda í því skyni að efla þær auk þess sem í undirbúningi er að ráða nýja lögreglumenn til embættisins.

Starfsemi fíkniefnadeildar tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli var endurskipulögð fyrir rúmi ári og tollgæslumönnum fjölgað um tvo. Starfsmenn tollgæslunnar hafa fengið aukna þjálfun í starfi, m.a. hjá starfsbræðrum sínum í Danmörku, Kanada, Svíþjóð og Hollandi. Verulegur árangur hefur náðst í kjölfar þessara breytinga og er stefnt að því að efla tollgæsluna á Keflavíkurflugvelli enn frekar á næstu mánuðum. Sú breyting er í sjálfu sér óháð þátttöku okkar í Schengen.

Hæstv. dómsmrh. hefur gert grein fyrir samvinnu við fíkniefnalöggæslustofnun Bandaríkjanna en ég vil að lokum taka það fram vegna þessarar fsp. að eftirlit með innflutningi fíkniefna um Keflavíkurflugvöll mun ekki á nokkurn hátt skerðast við gildistöku Schengen-samkomulagsins, enda munu reglur um tollaeftirlit almennt ekki breytast við það. Vitanlega mun þurfa að laga starfsemina að nýjum aðstæðum hvað varðar stækkun flugstöðvarinnar og breyttar reglur um persónueftirlit. Það er engin nýlunda að aðstæður og fjölþjóðareglur taki breytingum og hefur tollgæslan í tímans rás þurft að takast á við mörg vandamál í þeim efnum, bæði varðandi eftirlit með fíkniefnum og annað tolleftirlit.

[15:36]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Fíkniefnasala og dreifing er afar umfangsmikil starfsemi og er iðulega skipulögð til hins ýtrasta. Um er að ræða harðsvíraða glæpamenn sem miskunnarlaust ætla sér að græða á veikleikum annarra einstaklinga.

Hér á Íslandi höfum við náð gríðarlega góðum árangri á undanförnum árum við að komast yfir fíkniefni sjálf og uppræta þá skipulögðu starfsemi sem þeim fylgir. Slíkur árangur fellur auðvitað ekki af himnum ofan heldur næst hann með markvissri stjórnun og frábæru starfsfólki. Það er auðvitað ljóst að allt kapp verður lagt á, ekki bara að viðhalda eftirlitinu heldur einnig auka það, bæta og efla. Það getum við m.a. gert í krafti alþjóðlegrar lögreglussamvinnu, eins og hæstv. dómsmrh. kom inn á áðan, sem er eitt af höfuðmarkmiðum Schengen-samningsins. Enginn stjórnmálamaður, innlendur eða erlendur, ætlar sér að auðvelda þessum glæponum leikinn, síður en svo. Í þessu stríði þurfum við samstöðu en ekki sundrung.

[15:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki augljóst að þetta Schengen-samkomulag leiði til þess að þægilegra verði að fylgjast með fíkniefnainnflutningi til landsins. Ég held að flestir séu þeirrar skoðunar að það verði mun erfiðara og kostnaðarsamara. Þeim mun mikilvægara er að það verði þá undirbúið og tekið á því af festu. Ég held að það sé málið sem við stöndum frammi fyrir sé ætlunin að fylgja eftir þessari Schengen-aðild með þeim hætti sem grunnurinn hefur verið lagður að.

En ég leyfi mér hér með að spyrja, herra forseti, um þjálfun og endurmenntun á löggæslumönnum vítt og breitt um landið. Ætlunin var að halda námskeið og tryggja að þeir gætu sótt slík námskeið. Hefur verið veitt sérstakt fjármagn til þess arna, til hinna ýmsu sýslumannsembætta eða lögregluembætta svo þau gætu sent menn sína á slík námskeið án þess að skerða þær fjárveitingar sem þeir annars höfðu og hvernig hefur slíkt námskeiðahald gengið?

[15:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er spurt um áhrif Schengen-samkomulagsins á innflutning fíkniefna. Ég vil trúa því að það samstarf geti verið mikilvægt í gagnkvæmri upplýsingamiðlun Schengen-þjóðanna sem veiti okkur vopn til þess að standast árásir fíkniefnabaróna.

Mér fannst það hins vegar ákaflega sérkennilegt innlegg hér við þessa umræðu, um þetta stóra vandamál sem er við að glíma og enginn deilir um, þegar flokkssystur hæstv. dómsmrh. komu hér, börðu sér á brjóst og töluðu um að frekar þyrfti að sameinast en að sundrast í baráttunni gegn þessum vágesti. Um það geta allir verið sammála.

Hitt er algjörlega óumdeilt að það vantar peninga til löggæslu og lögreglan sjálf hefur upplýst um það. Það er alveg sama hvað menn reyna að hamra þetta járn og tala um góðan árangur, það má allt eins fullyrða að árangur fíkniefnalögreglunnar felist í því að magn fíkniefna sé meira en áður var. Við skulum fara okkur varlega í því að hreykja okkur of hátt, þá verður fallið því meira.

[15:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það efast enginn um að stjórnmálamenn og hæstv. ríkisstjórn vill taka á þeim vaxandi vanda sem aukin fíkniefnaneysla í landinu er. Það hefur verið sett aukið fjármagn í þennan málaflokk. Maður efast heldur ekkert um að vegna Schengen-samstarfsins muni menn reyna að samræma aðgerðir og auka þá gæslu sem þó er til staðar.

En er ekki sjálfshólið orðið fullmikið þegar talað er um gífurlegan árangur meðan horft er upp á gífurlega vaxandi fíkniefnaneyslu og mikið flóð efna hér á markaðnum? Eru menn þá ekki að gleyma sér svolítið í sjálfshólinu? Væri ekki betra að taka á þessu af meiri hógværð en gert hefur verið í athugasemdum hv. þm. við fsp. og ræðu hæstv. ráðherra?

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svörin en verð þó að segja að ég er harla litlu nær. Hæstv. ráðherrar

skjóta sér á bak við þá staðreynd, sem er alþekkt, að heimild til tollskoðunar hverfur ekki, þ.e. til að leita í farangri. En hitt er staðreynd að persónueftirlit á landamærum hverfur. Það verður beinlínis ólöglegt að biðja menn um skilríki á landamærum ríkja. Með öðrum orðum: Maður sem kemst inn á Schengen-svæðið á landamærum Tyrklands eða Búlgaríu eða með báti að næturlagi frá Afríku til Spánar getur eftir það ferðast óhindrað um allt svæðið án þess að heimilt sé að krefja hann um persónuskilríki á landamærum. Þetta er staðreynd.

Þessu tengjast áhyggjur tollvarða, ríkislögreglustjóra, ríkistollstjóra, landlæknis og fleiri manna í umsögnum til Alþingis og viðtölum við fjölmiðla á undanförnum mánuðum. En þetta er, segja hæstv. ráðherrar, allt saman misskilningur hjá þessum góðu mönnum. Við vitum þetta betur, þetta verður allt í himnalagi.

Hvað segir hæstv. dómsmrh. Íslands um álit JSA, hinnar óháðu eftirlitsstofnunar með SIS-upplýsingakerfinu? Í fréttatilkynningu frá þeim samtökum segir, með leyfi forseta:

„The Schengen Information System, SIS, is outside of any democratic or judicial control and is wideopen to abuse by member states which may lead to violation of citizen rights or privacy."

Þarna er gengið mjög langt í því að fullyrða að þetta upplýsingakerfi með upplýsingum um 10 millj. manns á Schengen-svæðinu sé ólöglegt. Verði það nú dæmt af eða notkun þess hindruð ætla menn þá samt sem áður að halda sig við að afnema persónueftirlit á landamærum, opna allar gáttir og reyna að telja okkur trú um að það sé ekki neikvætt í því sambandi að reyna að hefta hér innflutning ólöglegra vímuefna? Eru sem sagt áhyggjur allra, jafnt hér á landi sem annars staðar, af þessu máli bara tómur misskilningur?

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég get sannfært hv. fyrirspyrjanda um að þessi mál eru öll í réttum farvegi. En seinni spurning hans hljóðar þannig:

„Er enn áætlað að fyrirhuguð tímasetning gildistöku Schengen-samkomulagsins hér á landi standist?"

Þær undirbúningsaðgerðir sem snúa að dómsmrn. hafa staðist tímaáætlanir. Þess má geta að nýlega er lokið afar umfangsmiklu menntunarátaki fyrir alla lögreglumenn og yfirmenn löggæslu í landinu, um 700 manns, auk sérstakrar aukinnar fræðslu og verklegrar þjálfunar fyrir u.þ.b. 150 lögreglu- og tollgæslumenn sem koma að persónueftirliti á landamærum. Uppsetning upplýsingakerfa er á áætlun. Í vor og í haust hafa fjórar sérstakar úttektarnefndir komið á vegum Schengen-ríkjanna til að kanna stöðu mála varðandi undirbúning hér á landi og á öðrum Norðurlöndum. Að þeirra mati hefur undirbúningur hér á landi í meginatriðum gengið eins og að var stefnt. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu að Schengen-samningurinn komi til framkvæmda samkvæmt fyrirliggjandi áætlun, en það er þann 25. mars nk. Ég get einnig upplýst það hér að vinna utanrrn. hefur gengið samkvæmt áætlun þannig að þeir sjá því ekkert til fyrirstöðu að samningurinn geti tekið gildi á þessum tíma.

Aukið alþjóðlegt samstarf er lykilatriði í baráttunni gegn fíkniefnum. Landsmenn hafa orðið þess varir í fregnum af þeim fjölmörgu stóru fíkniefnamálum sem upplýst hafa verið að undanförnu að samstarf við lögreglulið erlendra ríkja hefur ráðið úrslitum við lausn margra mála og Schengen mun efla þetta samstarf.

Það er alveg ljóst að margt hefur verið gert til að efla löggæslu hér á landi en það er jafnljóst að við megum ekki sofna á verðinum, við verðum að halda því góða starfi áfram og efla löggæsluna enn frekar. Það mál er í sérstakri skoðun í dómsmrn.

Fíkniefnanotkun í fangelsum.

Fsp. GÁS, 204. mál. — Þskj. 214.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu fíkniefnavandinn er mikill og illviðráðanlegur og ljóst að sölumenn dauðans virða engin landamæri og enga múra eins og kom ljóslega fram í umræðu um fyrirspurn sem er rétt nýlokið.

Annað slagið er það samt þannig að fréttir berast um notkun fíkniefna innan fangelsa, innan múra meðal fanga. Nú á það svo að heita að fangavist heiti betrunarvist og það er því miður líka fyrirliggjandi að mörg afbrot fanga, sem fangar hafa framið, má rekja beint eða óbeint til notkunar fíkniefna. Það hefur líka verið jákvæð þróun innan veggja fangelsanna til að aðstoða fanga við að losna við þessa fíkn í áfengi eða ólögleg fíkniefni, annaðhvort á meðan fangavistin hefur staðið eða við lok hennar og jafnvel utan fangelsa á viðurkenndum meðferðarstofnunum.

Þess vegna er algjörlega úr takti, ef sannleikskorn er í þeim fullyrðingum sem heyrast gjarnan frá fyrrum föngum eða aðstandendum þeirra sem eru að afplána refsingu, að fíkniefnanotkun, jafnvel almenn, sé til staðar í fangelsum hér á landi. Einkum er Litla-Hraun nefnt í því samhengi. Þar eru menn vitaskuld veikir fyrir. Þar er misjafn sauður í mörgu fé. Sumir eru þar með einlægum hug að berjast við fíkn sína og þurfa því allt annað en framboð af þessum eiturlyfjum fyrir framan sig frá einum tíma til annars.

Baráttan gegn fíkniefnum er að sönnu mjög erfið eins og ég gat um í upphafi. Ef hins vegar er ekki hægt að koma í veg fyrir notkun innan fangelsa í því verndaða umhverfi er fokið í flest skjól. Hvar þá?

Spurningar vakna. Hvernig komast þessi fíkniefni inn fyrir múrana? Hvernig fer dreifing fram innan fangelsanna? Hvernig má það vera að fangaverðir og yfirmenn fangelsanna verða ekki varir við ef slíkt fer fram? Nú er ljóst að leitað er á gestum og gangandi. Margar spurningar vakna því.

Ég ætla að hafa allan fyrirvara í spurningum mínum og spyr því fyrst: Er þetta svona? Eru þess nýleg dæmi að fíkniefnamál hafi komið upp innan veggja fangelsanna? Ef það er svo, hvernig má það vera? Og í þriðja lagi: Er það e.t.v. þannig að upplýsingar vanti um þessi mál? Hefur rannsókn ekki farið fram? Eru áformaðar slíkar athuganir sem taki á öllum endum þess máls sem ég hef hér fært í tal?

[15:48]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi hvort þess séu nýleg dæmi að fangar í afplánun í íslenskum fangelsum hafi orðið uppvísir að notkun ólöglegra fíkniefna og ef svo sé, hvernig það megi vera.

Því miður verður stundum uppvíst um fíkniefnaneyslu í íslenskum fangelsum. Það kann auðvitað að þykja undarlegt

að fíkniefni finnist yfirleitt í svo lokuðu umhverfi sem fangelsi eru en það er mikilvægt að hafa í huga að í fangelsum er safnað saman dæmdum mönnum sem hafa margir hverjir tamið sér óeðlilegan lífsstíl og margir verið í félagsskap þar sem fíkniefni eru daglegt brauð.

Eitt af helstu markmiðum fangelsisyfirvalda er að draga úr fíkniefnaneyslu eins og mögulegt er í fangelsum. Eftir upplýsingum mínum frá fangelsismálayfirvöldum munu mun færri tilvik hafa komið upp að undanförnu en oft áður og það tel ég fagnaðarefni.

Þess má geta að reglubundnar þvagsýnatökur fara fram í fangelsunum, leit með hundum og jónaskönnunarleitartæki, auk skyndileita. Eftirlit er með heimsóknagestum. Sífellt er unnið að aukinni þjálfun og bættri menntun fangavarða og í sumar var gerð tilraun með aukna tilsjón fangavarða í fangelsinu Litla-Hrauni. Unnið er úr niðurstöðum þeirrar tilraunar en stefnt er að breyttum og bættum vinnubrögðum sem beinast m.a. að því að draga úr fíkniefnaneyslu.

Helstu möguleikar á að smygla fíkniefnum inn í fangelsi eru með heimsóknagestum og þegar föngum eru veitt dagsleyfi. Að banna heimsóknir með líkamlegri snertingu og í einrúmi og í dagsleyfi samræmist ekki mannúðarviðhorfum í nútímafangavörslu og væri andstætt evrópskum fangelsisreglum. Þess vegna þarf að þræða hinn gullna meðalveg milli persónulegra hagsmuna fanga, möguleika í sambandi við umheiminn, hagsmuna ættingja fanga að hafa samband við þá og strangs eftirlits og takmarkana.

Þegar fangar verða uppvísir að fíkniefnaneyslu eru þeir beittir agaviðurlögum sem eru m.a. fólgin í heimsóknabanni og leiða til takmarkana á dagsleyfum. Um þetta mál er allítarlega fjallað í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins frá 1997 og er ekki tími til þess að rekja þá umfjöllun.

Hv. fyrirspyrjandi spurði sérstaklega um rannsókn á þessum málum og ég skal afhenda honum og öðrum þeim sem áhuga hafa á ljósrit og þessa skýrslu af þeirri umfjöllun.

Ég vil líka undirstrika að fíkniefnaneysla í fangelsum er ekki sérískenskt fyrirbæri, þetta vandamál er því miður meira og minna viðloðandi í fangelsum á Vesturlöndum, t.d. annars staðar á Norðurlöndum.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra hafi áform um að rannsaka hvort fíkniefnanotkun viðgengst í íslenskum fangelsum í ljósi fullyrðinga sem hafa heyrst hvað eftir annað um slíkt og þá hugsanlega ástæður hennar og um aðgerðir til að fyrirbyggja hana.

Svar við þessari spurningu felst að hluta til í svari við fyrri spurningunni. Við vitum að fíkniefnanotkun viðgengst í fangelsunum og áfram verður haldið að berjast gegn slíku framferði. Að hluta til mætti ná auknum árangri með varanlegum jónaskönnunartækjum eða aukinni notkun fíkniefnahunda og fangelsisyfirvöld eru stöðugt að vinna að því að bæta aðferðir sínar til þess að sporna gegn fíkniefnanotkun í fangelsunum.

Ég legg áherslu á að þessi mál verði tekin föstum tökum og mun fylgjast grannt með þróun þessara mála hjá Fangelsismálastofnun. Ég legg jafnframt áherslu á að við eigum ekki aðeins að sporna gegn því að fíkniefnum sé smyglað inn í fangelsin heldur ber okkur ekki síður að draga úr eftirspurninni.

Á síðustu árum hafa möguleikar fanga til þess að fara í meðferð vegna eiturlyfja- og áfengisfíknar aukist. Sérstaklega á það við um hina yngri afbrotamenn sem brýnt er að fái aðstoð sem þeir þurfa á að halda til að komast á réttan kjöl í lífinu.

Ég hef lagt áherslu á að nýtt fangelsi verði reist á höfuðborgarsvæðinu þar sem m.a. færi fram móttaka og greining fanga. Þar gæfist hugsanlega færi á því að þeir sem dæmdir væru til refsivistar mundu undirgangast rannsókn sérfræðinga við upphaf afplánunar, m.a. með tilliti til heilsufars, vímuefnaneyslu, persónuþroska og félagslegra aðstæðna. Á grundvelli slíkrar greiningar yrði síðar tekin ákvörðun um vistunarstað, fíkniefna- og áfengismeðferð, endurhæfingu, menntun og starfsþjálfun eftir því sem við ætti. Slíkt fyrirkomulag mun að mínum dómi auka mjög möguleika til þess að hafa áhrif á lífsstíl afbrotamanna og leysa einhverja þeirra úr viðjum fíkniefnamisnotkunar.

Ég vil að lokum þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál til umræðu. Ég vil leggja á það ríka áherslu hér að ekki er um neina nýlundu að ræða en hins vegar hefur verið unnið markvisst gegn þessum vanda með betri tækjabúnaði til leitar og bættu skipulagi og auknum möguleikum fanga til meðferðar. Ég hef hins vegar fullan hug á því að bæta hér um enn betur.

[15:53]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er merkilegt að heyra hv. þm. fjalla um fíkniefnaneyslu í fangelsum á Íslandi eins og þar sé um að ræða sérískenskt vandamál sem sýni sérstaka óstjórn í þessum málaflokki. Fíkniefnaneysla er viðvarandi vandamál alls staðar í hinum vestræna heimi og það væri því sérískenskt fyrirbrigði ef ekki kæmi öðru hverju fíkniefnamál upp á Litla-Hrauni. Sem betur fer er ástandið hérna betra en víðast annars staðar og betra nú en verið hefur um langa hríð eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Í fangelsum eru að jafnaði margir fíkinefnaneytendur og menn hafa viðamikla reynslu af fíkniefnasmygli og oft er það einmitt ástæða þess að þeir eru að taka út refsingu fyrir verk sín. Yfirvöld hafa hins vegar náð ágætum árangri í því að stemma stigu við þessu vandamáli og því ber að fagna og vona ég og treysti því raunar að hæstv. dómsmrh. haldi áfram á sömu braut.

[15:54]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að ákveðin þverstæða sé í því að lögbrot séu framin í fangelsum, þ.e. að þar sé neysla fíkniefna, þannig að þetta er snúið mál. Dómsmrh. upplýsti í ræðu sinni áðan að mun minna hefur verið vart um fíkniefnaneyslu á Litla-Hrauni nú en áður. Í ræðunni kom einnig fram að margvíslegum úrræðum og aðgerðum hefur verið beitt til þess að stemma stigu við fíkniefnaneyslu fanga í fangelsum og var margt nefnt til. Ég er sannfærð um að starfsfólk í fangelsum leggur sig allt fram til að koma í veg fyrir lögbrot af þessu tagi inni í fangelsum.

En hvaða önnur úrræði eru til staðar en þau sem hafa verið nefnd hér áður? Hvaða úrræði eru það sem hv. þm. telur að grípa eigi til? Hann hlýtur að hafa slíkar tillögur. Vill hann t.d. banna heimsóknir? Vill hann rjúfa samband fanga við umheiminn og slíta sambandi þeirra við þá sem eru þeim tilfinningalega nánir? Er þetta til þess fallið að gera afbrotamennina að betri mönnum? Þetta eru úrræði sem skerða mannréttindi fanga sem ég er ekki tilbúin að taka þátt í.

[15:56]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Auðvitað er það áhyggjuefni að fíkniefni komast í hendur þeirra sem afplána dóma í íslenskum fangelsum. En eins og ráðherra hefur skýrt er þetta ekki sérískenskt fyrirbæri og það er ráðherra eins og okkur öllum mikið kappsmál að stemma stigu við þessu.

Annar flötur er þó á þessu máli en það er hvernig hægt er að veita föngum sem vitað er að háðir eru fíkniefnum viðeigandi meðferð, svo og að þeir læknar sem sinna eiga föngum hafi möguleika á að veita þeim rétta meðferð til að þeir nái heilsu. Um þetta hafa Evrópusamtök lækna ályktað og þótt vandinn hér á landi megi teljast lítill miðað við það sem gerist í fjölmennari löndum er hann eigi að síður fyrir hendi.

Mig langar að spyrja ráðherrann hvernig nýju fangelsi sem fyrirhugað er að koma á stofn verði gert kleift að sinna þessu. Hún hefur reynt að reifa það í máli sínu en ég vil fyrst og fremst spyrja um samstarf dómsmrn. við heilbrrh. hvað þetta varðar í nýju fangelsi.

[15:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að sjá svo marga hv. stjórnarþingmenn taka þátt í umræðu á Alþingi. Ber nýrra við.

En ég heyrði, virðulegi forseti, alls ekki að hv. þm. Guðmundur Árni talaði um fíkniefnaneyslu í fangelsum sem sérískenskt fyrirbrigði. Það er eitthvað sem kom alls ekki fram í máli hans og ég held að þegar hv. þm. undirbúa sig til að taka þátt í umræðum með ráðherra sínum sé ráðlegt að bíða eftir að umræðan eigi sér stað.

En ég vildi beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort hún hafi velt fyrir sér þeim möguleika að meðferðarstarf eigi sér stað í upphafi fangelsisvistar en ekki lok? Þ.e. að hver sá sem afplánar refsingu eigi möguleika á meðferð strax í upphafi fangavistar en ekki við lok eins og er í dag. Mér fannst sérstaklega ánægjulegt í svörum hæstv. ráðherra að heyra um þær hugmyndir sem komu fram um greiningarstarfið.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Mér er ákaflega létt í vasa að ástandið í fangelsum erlendis sé jafnvel verra en hér heima. Ég vil hins vegar þvert á móti gera það að markmiði að við hreinsum okkar íslensku fangelsi. Við búum við þær kjöraðstæður að þau eru lítil og mannfá og við getum notað aðferðina „maður á mann" og það eigum við að gera. Ég bið hv. þm. að fara sér með gát þegar þeir ætla að ljúka upp lofsorði um það ástand sem varir í íslenskum fangelsum.

Ég verð því miður að segja það, herra forseti, að vilji ég trúa því að ástandið á síðustu mánuðum og missirum hafi farið snarbatnandi á Litla-Hrauni get ég það ekki. Upplýsingar mínar eru þvert á móti þær að sjaldan sem fyrr hafi fíkniefnaneysla þar verið almennari, svo ég segi hlutina eins og þeir eru. Ekki rétt, segir hv. þm. á Suðurlandi og veit þá sennilega betur og upplýsir okkur nákvæmar um það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera að mála skattann á vegginn en þetta vandamál er viðvarandi. Mér nægir ekki að fá skýrslu frá 1997 um þau efni. Fæstir sem þá voru inni sitja í íslenskum fangelsum núna.

Sannleikurinn er sá að við verðum að taka á þessum málum með sérískenskum hætti og það getum við ekki með því að meina íslenskum föngum að hafa samneyti við aðstandendur sína, ástvini sína. Engum hefur dottið það í hug heldur þarf að taka á málum þannig að innra eftirlit í fangelsum sé virkt frá einum tíma til annars og tekið verði föstum tökum þegar upplýst verður og menn verða varir við að fangar eru undir áhrifum. Það er líka hægt að gera með ötulli leit á gestum og gangandi.

Þetta er með öðrum orðum vandamál sem er hægt að leysa ef viljinn er til staðar. Það verður hins vegar ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Þetta er sífellt og eilíf barátta og ég segi: Byrjum á því að hreinsa þarna. Við sem höfum staðið upp hér erum sammála um það markmið að gera Ísland eiturlyfjalaust árið 2002. Það virkar hreinlega hlálegt þegar menn koma hér og berja sér á brjóst um að það sé allt í lagi að það sé grasserandi fíkniefnaneysla í fangelsum. Virðulegi forseti. Ertu ekki sammála mér um það?

[16:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til til þess að stemma stigu við fíkniefnanotkun í fangelsum. Þær eru margvíslegar. Ég fjallaði jafnframt um aukna möguleika fanga til að fara í meðferð og rjúfa vítahring fíkniefnaneyslu. Ég fjallaði einnig um aðgerðir sem eru í bígerð og tengjast nýju fangelsi.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted spurði um samstarf við heilbrrh. á þessu sviði og ég er sammála henni í því að það þarf að efla. Það tel ég mjög mikilvægt. Ég skýrði reyndar nokkuð ítarlega frá því hvaða möguleikar fælust í því að reisa nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði um meðferðarstarf í upphafi fangavistar. Það meðferðarstarf er einmitt hafið í upphafi fangavistar. Það er nú byrjað, sérstaklega varðandi unga afbrotamenn, og ég tel það mikið gleðiefni.

Ég heyrði hins vegar ekki eina einustu nothæfa tillögu til úrbóta frá hv. fyrirspyrjanda. Þó var hann mjög gagnrýninn á stöðu mála í þessum efnum og hefði ég vænst þess að hann hefði eitthvað uppbyggilegt til mála að leggja. En svo var því miður ekki. Það er mjög merkilegt að heyra að fyrirspyrjandi skuli halda fram að upplýsingar sínar séu réttari en upplýsingar sem ráðherra hefur frá Fangelsismálastofnun.

E.t.v. kristallast sá vandi sem við er að etja í fíkniefnamálum í þessari umræðu að menn geta séð í hendi sér hversu mikill vandi er að stöðva innflutning efnanna til landsins þegar ekki tekst einu sinni að loka fangelsunum. Þetta er vandi sem blasir við öllum vestrænum þjóðum. Vissulega er hægt að loka fangelsunum algjörlega fyrir fíkniefnum, þ.e. með því að rjúfa allt samband fanga við umheiminn en er það sanngjarnt gagnvart föngum sem neyta ekki fíkniefna? Er það í takt við þá stefnu að vinna að því að brotamenn geti aðlagast samfélaginu þegar afplánun er lokið? Svo er auðvitað ekki enda fara engar þjóðir sem hafa mannréttindi í hávegum slíkar leiðir í fangelsismálum.

Fangelsisyfirvöld hafa náð nokkuð góðum tökum á þessum vanda að undanförnu eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni. En ég legg áherslu á að við verðum að bæta ástandið enn betur og ég get verið sammála hv. fyrirspyrjanda um það.

Launagreiðslur fanga.

Fsp. MF, 134. mál. — Þskj. 134.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hversu margar fyrirspurnir eru til hæstv. dómsmrh. í fyrirspurnatímum Alþingis. Ég held að það sé langt síðan það var annað eins og það segir okkur að hæstv. ráðherra hefur þó tekist að draga þetta ráðuneyti upp úr skúffunni þar sem það hefur verið um allt of langan tíma.

Í lögum um fangelsi og fangavist segir í 13. gr. að í fangelsum skuli vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu. Fanga ber að vinna þau störf sem honum eru falin og fanga skal greiða laun fyrir vinnuna og skal tekið tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Síðan er ákvæði þess efnis að vinnulaun megi taka upp í greiðslur á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsingu.

Nú er það svo að ekki er aðstaða í öllum fangelsum landsins til að veita vinnu en þó eru hún til eins og á Litla-Hrauni, í Kópavogi, Kvíabryggju og á öðrum stöðum, líka á Akureyri. Fangar stunda þar vinnu mjög margir sem eru í afplánun og er það mjög ánægjulegt. Sumir hverjir fá langa dóma og stunda vinnu hvern virkan dag og fá fyrir það greidd einhver laun.

En þegar sá fangi hefur afplánað í langan tíma og kemur aftur út í þjóðfélagið og ætlar að leita sér að vinnu er ekki alltaf auðvelt fyrir fyrrverandi refsifanga að fá vinnu. Þá á að leita á náðir atvinnuleysisbóta eða annarra möguleika til að afla sér tekna á meðan atvinnu skal leitað og þetta er auðvitað hluti af endurhæfingu fanga. Þá bregður hins vegar svo við að viðkomandi einstaklingur á engan rétt. Hann á engan rétt vegna þess að af honum hafa ekki verið greidd tryggingagjöld þó hann hafi unnið mánuðum saman, jafnvel árum saman innan veggja fangelsa. Það kemur í ljós, eftir því sem ég best veit, að ekki eru greidd opinber gjöld af launagreiðslum innan fangelsa. Ekkert í lögum veitir undanþágu launagreiðanda. Þó það sé ríkið og stofnun á vegum ríkisins sem greiðir laun til refsifanga eru engar slíkar undanþágur finnanlegar í íslenskum lögum sem heimila ríkinu þetta.

Ríkisstofnun eins og Litla-Hraun rekur vinnu þar sem m.a. eru framleiddar númeraplötur. Slík starfsemi hefur líklega verið boðin út og Litla-Hraun fengið á allt öðrum forsendum en aðrir sem bjóða í. Það er umhugsunarvert ef ríkið stendur fyrir svartri atvinnustarfsemi og stundar hrein og klár skattsvik vegna þess að hvergi í lögum eru heimildir til annars en að greiða opinber gjöld af launum fanga. Nú eru þeir sjálfsagt undir skattleysismörkum, en það gildir ekki um tryggingagjald. Það skal greiða af útgreiddum launum. Líklega má einnig fullyrða að það ætti að greiða í lífeyrissjóð af launum fanga.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

Eru greidd laun fyrir alla vinnu sem fangar inna af hendi á meðan á fangelsisvist stendur?

Ef svo er, um hversu háar greiðslur er að ræða og eru greidd opinber gjöld af þeim launagreiðslum?

[16:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég undrast nokkuð þau stóru orð sem hv. fyrirspyrjandi notar hér, talar um skattsvik og annað því um líkt. En hún spyr í tveimur liðum:

Eru greidd laun fyrir alla vinnu sem fangar inna af hendi á meðan á fangelsisvist stendur?

Ef svo er, um hversu háar greiðslur er að ræða og eru greidd opinber gjöld af þeim launagreiðslum?

Varðandi fyrri spurninguna er kveðið á um vinnu og vinnuskyldu fanga í 13. gr. laga um fangelsi og fangavist og nám fanga í 14. gr. laganna. Föngum eru greidd laun fyrir alla vinnu sem þeir inna af hendi á meðan á fangavist stendur. Föngum sem stunda nám eru greidd laun fyrir það eins og vinnu og jafngildir þá hver kennslustund einni klst. í vinnu. Um launagreiðslurnar gildir reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga nr. 409/1998. Um vinnu fanga er einnig ákvæði í 71.–76. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og framkvæmd á Íslandi er í samræmi við þær reglur.

Varðandi seinni spurninguna eru skv. 7. gr. reglugerðar nr. 409/1998 laun fyrir hverja unna klst. 220, 250, 275 eða 290 kr. Tímakaupið fer eftir eðli starfs og ákveður Fangelsismálastofnun hvernig launa beri einstök störf. Fanga er skylt að vinna þau störf sem honum eru falin eða stunda nám í þess stað. Vinnan eða námið er því hluti af refsivistinni, hv. fyrirspyrjandi.

Vinna og nám fanga þjóna þeim tilgangi að gefa kost á að nýta tímann til gagnlegra verka, læra almenn vinnubrögð og njóta endurhæfingar á meðan á fangavistinni stendur. Fyrir þetta eru greidd laun og er nám lagt að jöfnu við vinnu. Því er litið svo á að ekki sé um að ræða laun í venjulegum skilningi þess orðs heldur þóknun fyrir ástundun þeirrar vinnu og nám sem í boði er. Opinber gjöld hafa aldrei verið innheimt af launum.

Heildarlaunagreiðslur til fanga á árinu 1998 voru 19.796 þús. kr. og á árinu 1999 21.861 þús. kr. Að jafnaði voru um 110 fangar í fangelsum hvern dag 1998 og 93 árið 1999.

Rétt er að geta þess að í byrjun þessa árs barst ráðuneytinu minnisblað frá ríkisskattstjóra þar sem talið var að greiðslur sem greiddar eru föngum samkvæmt framangreindri reglugerð væru skattskyldar tekjur og bæri því m.a. að greiða af þeim tryggingagjald. Þetta skapar hins vegar ýmis vandamál í framkvæmd sem felast m.a. í því að innheimta tekjuskatts, þótt lítill væri, útilokar notkun maka á skattkorti fanga. Þá er ekki til staðar fjárveiting til greiðslu tryggingaiðgjalds af þessum greiðslum. Ráðuneytið tók upp viðræður við fjmrn. um málið og er þeim viðræðum ekki lokið en ég vona að þær leiði til niðurstöðu innan skamms.

Að öðru leyti get ég tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að það skiptir auðvitað máli að menn nái að fóta sig aftur í samfélaginu að aflokinni refsivist. Ég ítreka það sem ég sagði hér fyrr að þau mál sem hér er spurt um eru nú í sérstakri skoðun hjá ráðuneytunum.

[16:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég undrast að hæstv. dómsmrh. skuli telja að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafi haft stór orð uppi um framkomu ríkisins í þessu máli. Hvað sagði hv. þm.? Hún spurði hvort ríkið stæði fyrir svartri atvinnustarfsemi og hvort það stundaði skattsvik. Þetta kallaði hæstv. dómsmrh. stór orð.

Síðan upplýsir hæstv. ráðherra í sama svari: Nei, það eru ekki greidd opinber gjöld af launum fanga og jú, ríkisskattstjóri telur að það eigi engu að síður að gera. Með öðrum orðum greiðir ríkið ekki opinber gjöld og þar með stundar það svarta atvinnustarfsemi. Ég fæ ekki betur séð.

En út úr þessu vaknar spurning sem mig langar að varpa til hæstv. dómsmrh.: Getur það virkilega verið að vegna þessa fái fangar sem komi út úr fangelsum ekki atvinnuleysisbætur? Getur það verið að ríkið standi fyrir því að svipta menn grundvallarmannréttindum, þ.e. að eiga möguleika á því að framfæra sjálfan sig og sína? Þetta finnast mér ótrúleg tíðindi og ég krefst þess að hæstv. dómsmrh. upplýsi þetta strax.

[16:12]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til að fagna því að fangar fá greidd laun í námi, (**Gripið fram í:** Þóknun.) já eða þóknun, hv. þm., en margir fangar á Litla-Hrauni hafa stundað nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands og hefur það samstarf gengið afar vel. Bæði nýta þeir tímann vel og afla sér menntunar sem gerir þá að betri þjóðfélagsþegnum og gerir þeim kleift að fóta sig á ný úti í samfélaginu. Ég tel að það sé afar mikilvægt samstarf sem þarna hefur verið í mörg ár.

[16:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að bera þessar spurningar upp við hæstv. dómsmrh. En mig langaði aðeins til að velta því upp við hæstv. dómsmrh. hvort það væri þannig að menn litu svo á að sú vinna sem fram færi í fangelsunum væri hluti af refsivistinni. Það hlýtur að vera sérstakt þar sem dómstólar dæma um refsingu ef menn eru síðan skyldaðir til ákveðinnar starfsemi í fangelsunum og í beinu framhaldi af því er það Fangelsismálastofnunin sem tekur ákvörðun um hvað þeir þiggja í laun. Þetta minnir mig á, virðulegi forseti, ýmsa starfsemi sem fór fram fyrr á öldum víða sem er ekki ástæða til þess að hafa eftir hér.

[16:13]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Stór orð? Það er þannig að þeir atvinnurekendur sem standa ekki við lögbundnar greiðslur af þeim sem stunda hjá þeim vinnu hafa verið dregnir fyrir dóm. Það er bara þannig. Það er álitið mjög alvarlegt athæfi að standa ekki við greiðslu opinberra gjalda. Sumir hverjir hafa fengið fangelsisdóm, fjársektir eða samfélagsþjónustu.

Nú er ég ekki að segja að hæstv. ráðherra, sem er fulltrúi ríkisstjórnarinnar eða ríkisvaldsins sem rekur þessa stofnun, eigi að draga fyrir dóm. Hins vegar er það þannig að við hljótum að krefjast þess að lögð verði fram lagabreyting vegna þess að þetta hefur ekkert með gæði við fanga að gera. Þeir stunda vinnu, það er lögbundið, þeir stunda nám og fá fyrir það þóknun, en í 1. málslið 7. gr. í lögum um tryggingagjald segir varðandi gjaldstofninn að öll laun og þóknanir séu gjaldskyld. Það er um engar undanþágur að ræða. Hafi komið fram ábending frá ríkisskattstjóra verður auðvitað að taka á þessu. Þetta er alls ekkert nýtt mál. Þetta er ekkert að verða til með núverandi hæstv. ráðherra. Þetta hefur verið svona alla tíð. En það þýðir ekki að þetta óréttlæti eigi að vera áfram vegna þess að mikil nauðsyn er á því að tryggingagjald sé greitt af vinnulaunum fanga til að þeir eigi möguleika á að fóta sig í lífinu eftir að afplánun lýkur. Það er liður í því að þeir hafi tekið út refsingu sína. Þetta er mannréttindamál. Sama gildir um lífeyrissjóðina. Þegar boðið er í atvinnustarfsemi eins og númeraplötugerð er auðvitað ekki nein jafnræðisregla og þetta hlýtur líka að stríða gegn samkeppnislögum, þegar um er að ræða stofnun sem greiðir laun eins og það væri einhvers staðar í Asíu. Það verður að taka á þessu. Þetta er stórt og mikið réttlætismál.

[16:16]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég veit að hv. fyrirspyrjandi er mjög vel að sér í þessum málaflokki og get verið sammála henni um að það þarf að skoða þessi mál betur.

En það er líka alveg rétt að hún sá það eins og sagt var frá í fyrri ræðu að kveðið er á um vinnu og vinnuskyldu fanga í lögum um fangelsi og fangavist og um nám fanga og ég vísa hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni á að kynna sér þá löggjöf.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, spurði að því hvort þetta fyrirkomulag geti orðið til þess að fangar fái ekki atvinnuleysisbætur. Hv. fyrirspyrjandi hafði einmitt upplýst mig um það fyrir þessa fyrirspurn að svo væri. Ég kýs að taka orð hennar trúanleg en ég get auðvitað óskað eftir nákvæmari svari ef hv. formaður Samfylkingarinnar hefur ekki rætt þessi mál við flokkssystur sína.

Álagning opinberra gjalda á greiðslu til fanga er auðvitað snúið mál. Fyrir utan það sem ég nefndi í fyrri ræðu er spurning hvort telja beri fanga launþega ríkisins með öllum þeim skyldum vinnuveitenda sem því fylgir. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér enda ekki tími til þess en málið er til meðferðar hjá ráðuneytunum eins og ég sagði áður.

Annað mál sem þessu tengist er slysatrygging fanga. Þeir eru ekki slysatryggðir í dag. Hugmyndir hafa verið um að breyta því og slysatryggja þá en það kostar auðvitað einhverja fjármuni. Ráðuneytið hefur málið nú til umfjöllunar og ég tel að hér sé um framfaramál að ræða.

[16:18]

Útbýting þingskjala:

B-landamærastöðvar á Íslandi, 256. mál, fsp. KLM, þskj. 283.

Endurhæfingardeild á Kristnesspítala, 258. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 285.

Húsnæðismál ráðuneyta, 259. mál, fsp. JóhS, þskj. 286.

Ófrjósemisaðgerðir 1938--1975, 252. mál, beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, þskj. 277.

Sjálfbær atvinnustefna, 253. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 278.

Útbreiðsla spilafíknar, 250. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 275.

Út af dagskrá voru tekin 12., 13. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 16:19.

---

26. FUNDUR

fimmtudaginn 16. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 79. mál, þskj. 79. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, beiðni um skýrslu, 252. mál, þskj. 277. *Hvort leyfð skuli.*

3. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1999.

4. Skýrslur umboðsmanns Alþingis 1998 og 1999.

5. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 154. — 1. umr.

6. Jarðalög, frv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.

7. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199. — 1. umr.

8. Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.

9. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 214. mál, þskj. 225. — 1. umr.

10. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251. — 1. umr.

11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250. — 1. umr.

12. Ábyrgðarmenn, frv., 160. mál, þskj. 162. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 13.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár undir heitinu Einangrunarvistun fanga og fjárskortur fíkniefnalögreglu. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara. Sú umræða mun standa í hálfa klukkustund.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 79. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975.

Beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, 252. mál. — Þskj. 277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sú skýrslubeiðni sem hér er til afgreiðslu var samþykkt á 125. löggjafarþingi en óafgreidd. Skýrslubeiðendum er ljóst að gagnasöfnun um svo viðkvæmt mál er vandasamt og tímafrekt verk og allt kapp er lagt á að faglega sé að verki staðið. Þess er vænst að skýrslan megi líta dagsins ljós næsta haust eða haustið 2001.

Ég kem hér upp til að skýra þetta og leggja áherslu á það að efnið er með þeim hætti að bíða þarf enn um sinn eftir skýrslunni.

Beiðni leyfð til heilbrrh. með 33 shlj. atkv.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1999.

[10:36]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir liðið ár var gefin út og birt í maímánuði sl. Líkt og gert hefur verið á liðnum árum mun ég á eftir gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni.

Á liðnu ári var lokið við alls 163 skýrslur um margs konar viðfangsefni er undir stofnunina heyra. Skýrslur vegna hefðbundinna fjárhagsendurskoðunar voru alls 154 en skýrslur þessar eru ekki birtar opinberlega eins og kunnugt er.

Á vegum stjórnsýslusviðs og lögfræðisviðs stofnunarinnar voru á hinn bóginn gerðar 9 skýrslur. Eins og jafnan áður voru nokkrar þeirra gerðar að beiðni eða frumkvæði annarra svo sem forsn. Alþingis. Skýrslur af þessum meiði eru ætíð lagðar fram á Alþingi. Skýrslur þær sem hér um ræðir fjölluðu t.d. um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum, innri endurskoðun, 2000-hæfni vélbúnaðar ríkisaðila, lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins, innheimtusvið tollstjórans í Reykjavík, umhverfissefnu í ríkisrekstri og rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana. Af þessari upptalningu má ráða að verkefni stofnunarinnar á þessu sviði eru mjög fjölbreytt og ólík.

Fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar voru 43 á liðnu ári eða sem næst sami fjöldi og á árinu 1998. Þá störfuðu einnig fjórir verkefna- og tímaráðnir starfsmenn hjá stofnuninni á síðasta ári. Til að leysa af hendi hin víðtæku verkefni sem stofnuninni ber að lögum að sinna hefur hún á liðnum árum samið við ýmsa sjálfstætt starfandi löggilta endurskoðendur um að þeir annist endurskoðun á ársreikningum tiltekinna ríkisaðila. Í árslok 1995 voru 85 samningar af þessu tagi í gildi. Í þessum tilvikum er endurskoðunin unnin í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Kostnaður er greiddur af stofnuninni ef um aðila í A-hluta ríkisreiknings er að ræða en annars af viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Umfangsmestu verkefni af þessu tagi voru boðin út á sínum tíma í samræmi við lög um opinber innkaup og reglur sem gilda í þessu efni á Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar á liðnu ári námu að frádregnum sértekjum alls tæpum 208 millj. kr. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga lækkuðu útgjöld frá árinu 1998 um 3,6% að raungildi. Útgjaldaheimildir stofnunarinnar námu alls tæpum 220 millj. kr. Rekstur stofnunarinnar var því innan fjárheimilda svo nam tæpum 12 millj. kr. Til samanburðar skal þess getið að hallinn á rekstri stofnunarinnar á árinu 1998 nam rúmlega 8 millj. kr.

Á árinu 1999 skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar alls tæpum 63.700 vinnustundum við endurskoðun og tengd verkefni. Þessu til viðbótar nam aðkeypt vinna löggiltra

endurskoðenda samkvæmt samningum um endurskoðun tiltekinna ríkisaðila rúmlega 5.800 tímum. Heildarvinnustundir við endurskoðun urðu samkvæmt þessu alls rúmlega 69.500 í stað tæplega 67.400 vinnustunda á árinu 1998. Endurskoðunartímum fjölgaði þannig um 3,2% á milli ára.

Langmestum hluta þess tíma sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar á hverju ári er varið til hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins. Á árinu 1999 fóru um 37.400 tímar í þessi verkefni sem er mjög svipað því sem raunin var árið 1998. Til verkefna á sviði stjórnsýsluendurskoðunar fóru um 7.000 vinnustundir og var þar um nokkra aukningu að ræða frá fyrra ári. Þá fóru 4.300 vinnustundir til verkefna á sviði endurskoðunar upplýsingakerfa, til umhverfisendurskoðunar fóru 1.300 vinnustundir, til eftirlits með ríkistekjum fóru 2.700 vinnustundir og til eftirlits með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum var varið alls 1.400 vinnustundum.

Loks var alls 9.600 vinnustundum varið til annarra verkefna, þ.e. verkefna sem ekki verða heimfærð beint á endurskoðun. Má þar nefna yfirstjórn, námskeið, endurmenntun starfsmanna, almenna skrifstofustjórn, erlend samskipti o.fl.

Um þau verkefni sem stofnunin tók sér fyrir hendur vísa ég til skýrslunnar sjálfrar. Ég vil þó vekja athygli á því að Alþingi hefur enn ekki mælt fyrir um með formlegum hætti hvernig það eigi að fjalla um og afgreiða skýrslur þær er frá Ríkisendurskoðun berast. Í þessu sambandi er þó þess að geta að á sl. ári tók efh.- og viðskn. skýrslu stofnunarinnar um innheimtusvið tollstjórans í Reykjavík til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar. Kallaði hún fyrir sig bæði skýrsluhöfunda og forsvarsmenn tollstjóraembættisins. Að lokinni athugun sinni gaf nefndin út formlegt álit sitt í formi stuttrar skýrslu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að geta skýrslunnar um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Hún er í sjálfu sér ágætt dæmi um hve verkefni Ríkisendurskoðunar eru fjölbreytileg á köflum. Skýrsla þessi var unnin að ósk menntmrh. í framhaldi af samkomulagi hans og hugbúnaðarfyrirtækisins Microsoft þess efnis að fyrirtækið íslenskaði Windows 98 *stýrikerfið gegn því að ríkisstjórnin útrýmdi ólöglegum hugbúnaði* hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins fyrir árslok 1999. Verkefni Ríkisendurskoðunar fólst í að kanna umfang ólöglegs hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Í skýrslu stofnunarinnar sem kom út í desember sl. er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar sem um margt kom á óvart í ljósi þess að hún tók aðeins til ríkisaðila. Þá er í henni og að finna ýmislegt um höfundarrétt að hugbúnaði og helstu brot gegn slíkum réttindum.

Eins og getið er um í skýrslunni gaf verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið, sem starfar á vegum forsrn., út í apríl á þessu ári vinnuáætlun vegna þróunar rafrænna viðskipta og rafrænnar stjórnsýslu á árum 2000–2002. Af skýrslunni má ráða að ör þróun verði í hinu rafræna viðskiptaumhverfi á komandi árum og að stjórnvöld hafa þegar gert ráð fyrir að þetta verkefni verði eitt af forgangsverkefnum þeirra. Þau hafa þegar haft forgöngu um að semja frv. í því skyni að aðlaga löggjöf að þessari þróun sem og að gefa út reglugerðir *um einstök atriði, svo sem rafrænar undirskriftir, rafrænt* bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa. Löggjöf þessi er fyrst og fremst á sviði fjmrn. og viðskrn.

Við blasir að þróun þessi mun hafa umtalsverð áhrif á störf endurskoðenda og þá ekki síst Ríkisendurskoðunar. Endurskoðun felst m.a. í því að sannreyna og staðfesta tiltekin atriði. Vegna skorts á hinni hefðbundnu endurskoðunarslóð á pappír og þess að verkaskiptingu verður ekki með góðu móti komið við vegna innra eftirlits í rafrænum viðskiptum verður við endurskoðun að nálgast viðfangsefnið með öðrum hætti en gert er við endurskoðun reikninga að baki hefðbundnum viðskiptum. Nauðsynlegt er að þeir sem þessari endurskoðun sinna þekki og skilji rekstur og uppbyggingu þeirra upplýsingakerfa sem notuð eru í viðskiptum. Þeir þurfa að geta kynnt sér og gengið úr skugga um hvort innbyggðir vélrænir eftirlitsþættir kerfanna séu fullnægjandi og hafi verkað eins og til var ætlast á því tímabili sem til skoðunar er hverju sinni. Ríkisendurskoðun hefur af þessum ástæðum lagt æ ríkari áherslu á innra eftirlit en áður. Þá gerir hún ráð fyrir að breyta og laga störf sín og starfshætti að þessari tækniþróun í því skyni að rækja betur hlutverk sitt og samræma það breyttu starfsumhverfi. Í þessu sambandi má geta þess að nýlega gaf stofnunin út sérstakt upplýsingarit um rafræn viðskipti.

En það er ekki aðeins ör þróun hinna rafrænu viðskipa sem mun hafa mikil áhrif á hlutverk og starfsumhverfi endurskoðenda. Í kjölfar ekki síður örrar þróunar á síðustu árum á sviði tölvu- og samskiptatæknu hefur fylgt nokkurs konar upplýsingabylting. Hún hefur haft í för með sér mjög auknar kröfur um að rekstraraðilar, hvort sem þeir eru opinberir eða einkaaðilar, veiti fleirum tíðari og fyllri upplýsingar en áður hefur tíðkast. Upplýsingar um fjárhagsleg atriði fyrirtækja verða aðgengileg fleirum en nú er. Í þessu sambandi má nefna aðila eins og verðbréfaþing, banka, lánardrottna, hluthafa, birgja o.fl. Líklegt er að draga muni úr gildi hefðbundinnar vottunar á reikningsskilum þegar fram í sækir en þess í stað verði meira lagt upp úr vottun á innra eftirliti og upplýsingakerfum þeim sem notuð eru innan fyrirtækjanna.

Í ljósi hinnar öru þróunar og breytinga á starfsháttum og starfsumhverfi endurskoðenda, stofnana og fyrirtækja á því sviði hefur Ríkisendurskoðun lagt umtalsverða áherslu á endurmenntun starfsmanna sinna. Þannig var starfsmönnum hennar gefinn kostur á að taka þátt í námskeiðum um gerð ársreikninga, tölvumál og fjárhagslega ábyrgð í ríkisrekstri, auk námskeiða til undirbúnings löggildingar í endurskoðun. Þá beitti stofnunin sér fyrir fræðslufundi með löggiltum endurskoðendum sem starfa í hennar umboði þar sem m.a. var fjallað um breytingar á framsetningu ársreikninga aðila í A-hluta ríkisreiknings og áhersluatriði í endurskoðun. Þar flutti m.a. yfirmaður innri endurskoðunar Fjárfestingarbanka Evrópu og fyrrum yfirmaður innri endurskoðunar hjá NATO fyrirlestur um innri endurskoðun og innra eftirlit.

Að lokum vil ég fyrir hönd forsn., herra forseti, flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[10:49]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hlustað á hv. 1. þm. Norðurl. e. flytja skýrslu. Mér er spurn, vegna þess að þetta er starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1999, sem fjallar um starfsskýrslur 1998, alls 163 skýrslur og þar af 154 opinberar skýrslur. Því vil ég spyrja, herra forseti: Hver svarar fyrir það sem í þeim skýrslum stendur? Hver svarar fyrir þær skýrslur? Það er verið að ræða skýrslur sem komu út á árinu 1998, alls 163, þar af 154 opinberar.

Það er fyllsta ástæða til þess að spyrja að þessu, herra forseti. Svo ég nefni bara eina skýrslu, endurskoðun ríkis-

reiknings vegna ársins 1998, um hana er fjallað í þessari starfsskýrslu. Því spyr ég, herra forseti, og tel ástæðu til að koma þeirri spurningu að á þennan máta, í andsvari: Hver svarar fyrir rekstur ríkissjóðs og þær breytingar sem urðu við endurskoðunina? Hver svarar fyrir þær stofnanir sem hér er um fjallað, heilbrigðisstofnanir, skóla o.s.frv.?

Það er ástæða til að benda á að hér er enginn hæstv. ráðherra viðstaddur til að svara því sem við höfum heimild, herra forseti, til að fjalla um undir þessari starfsskýrslu. Þá er og kannski rétt að spyrja í lokin, þegar maður horfir á skipulag Ríkisendurskoðunar: Undir hvern heyrir Ríkisendurskoðun miðað við skipurit?

[10:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeim spurnigum sem beint var til mín. Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi, forseta Alþingis og forsn. fyrir þess hönd. Að sjálfsögðu er opið að taka upp málefni Ríkisendurskoðunar á Alþingi ef þingmenn kjósa.

Ég var spurður hverjir væru til andsvara um rekstur ríkisins. Það er að sjálfsögðu fjmrh. og eftir atvikum einstakir fagráðherrar ef stofnanir heyra undir þá. Um einstaka skýrslur um rekstur ríkisins er það að segja að þær hafa eftir atvikum verið teknar til umræðu og athugunar. Ýmist hefur verið beint fyrirspurn eða gerðar athugasemdir við einstaka ráðherra eða þá að skýrslur hafa verið teknar til athugunar hjá einstökum nefndum, t.d. efh.- og viðskn. eins og ég gat um í ræðu minni.

[10:53]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom skýrt fram hjá síðasta hv. ræðumanni að viðkomandi ráðuneyti ættu að svara fyrir það sem fram kemur í þessum skýrslum. Ég verð að segja, herra forseti, að ég sé ekki nokkurn tilgang í að ræða þessar 154 eða eftir atvikum 163 skýrslur sem fjallað er um í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar ef enginn hæstv. ráðherra er viðstaddur. Ég fæ ekki skilið að það sé hægt.

Starfsskýrslan sem slík er auðvitað eins og hvert annað plagg sem lagt er fram á ársfundi. Þó verð ég að benda á það, herra forseti, að hér vantar í skipuritið undir hvern þessi stofnun heyrir. Það er ekki í skipuritinu. Þar á Alþingi að sjálfsögðu að standa efst. Að sjálfsögðu á að standa þar Alþingi. Ég spyr, herra forseti, hvort við megum eiga von á að hæstv. ráðherrar verði viðstaddir til þess að svara fyrir þær skýrslur, eftir atvikum 154 eða 163, þegar við förum að ræða það sem um er fjallað í þessari ársskýrslu.

[10:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst hvert hv. þm. er að fara. Hér er greint frá því að á árinu 1999 hafi Ríkisendurskoðun farið yfir ríkisreikning frá árinu 1998 og er eðlilegt að það sé gert ári síðar. Þegar rætt er um þessar 163 skýrslur þá er það svo að fæstar þeirra, til allrar hamingju, gefa sérstakt tilefni til ályktunar. Þær eru oft til leiðbeiningar og auðvitað til öryggis fyrir þá sem bera ábyrgð á rekstri einstakra stofnana og einstakra sviða innan stofnana.

Að lokum vil ég segja að þegar málefni Ríkisendurskoðunar eru lögð fyrir Alþingi þá finnst mér ekki síður mikilsvert að óbreyttir þingmenn, þó að þeir eigi ekki sæti í ráðherrastóli, fjalli um þau málefni en ráðherrarnir sjálfir. Ég tel að við þurfum ekki að hafa neina minnimáttarkennd þó þeir séu fjarverandi og séum fullfærir um að fjalla um þau málefni sem hér liggja fyrir.

[10:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að drepa á eitt atriði í störfum Ríkisendurskoðunar sem mér þykir afskaplega veigamikið. Ég get þó ekki látið hjá líða, í kjölfar orðaskipta sem hér áttu sér stað um meðferð þeirra skýrslna og stjórnsýsluúttekta sem Ríkisendurskoðun lætur gera og sendir gjarnan þingmönnum, að fjalla eilítið um meðferð þeirra á hinu háa Alþingi. Skýrslurnar hafa engan ákveðinn markaðan farveg í störfum þingsins og það er venja frekar en undantekning að efnisatriði slíkra úttekta komist á dagskrá utan dagskrár, þá að frumkvæði einstakra þingmanna. Það er umhugsunarefni sem við ættum að velta eilítið fyrir okkur hvort ekki ætti að skoða sérstaklega og með hvaða hætti þessi þáttur mála fái afmarkaðan og kláran sess í umræðu Alþingis á hverju ári.

Rétt er að venjan hefur ekki verið sú við þessa umræðu að fara djúpt í einstakar skýrslur og efnisatriði þeirra en á hinn bóginn er það hárrétt athugað hjá hv. 5. þm. Vesturl. þegar hann spyr: Hvar á að ræða efnisatriðin ef ekki undir þessum dagskrárlið? Þetta hygg ég að þingmenn ættu að gaumgæfa og forsætisnefnd ætti að ræða. Þetta er ákveðinn galli og menn hafa bent á þetta um langt árabil.

En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að ræða er hlutverk Ríkisendurskoðunar þegar kemur að endurskoðun hlutafélaga og sameignarfélaga í eigu ríkissjóðs. Þar er um allmörg fyrirtæki að ræða og mér sýnist samkvæmt upplýsingum endurskoðunarskýrslu endurskoðunar ríkisreiknings á árinu 1999 að eigið fé þessa fyrirtækja sé hvorki meira né minna en 70 milljarðar kr.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila."

Þetta er algerlega skýrt. Ef hlutafélag er að helmingi eða meira í eigu ríkissjóðs skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun og hafa ábyrgð á henni. Á þessu er síðan hnykkt í 9. gr. sömu laga en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Enn fremur getur Ríkisendurskoðun gert stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þó að öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra."

Hér er hlutverk Ríkisendurskoðunar afskaplega vel skilgreint og klárt. En hvernig er þessum málum til haga haldið þegar kemur að vinnslu þessara verkefna af hálfu Ríkisendurskoðunar? Hvað er okkur þingmönnum sagt hér í skýrslunni Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999? Með leyfi forseta, eru þau skilaboð sem þinginu eru færð svohljóðandi:

„Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hlutahafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er á hinn bóginn ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs þar sem hlutafélög eru einkaréttarlegir aðilar þó svo þau séu í meirihlutaeign ríkissjóðs."

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Það þýðir í raun og sanni að þau lagafyrirmæli sem er að finna í lögum um Ríkisendurskoðun í 6. og 9. gr. eru marklaus með öllu, hafa nákvæmlega enga þýðingu fyrir hið háa Alþingi og þá efnislegu umræðu sem lagaákvæðin kalla sérstaklega eftir.

Áður en ég fer fleiri orðum um það, herra forseti, vil ég vekja líka á því athygli að í endurskoðun ríkisreiknings er einnig í þessum stutta kafla gerð grein fyrir því hvernig háttað er endurskoðun þessara 12 félaga en eigið fé þeirra er 70 milljarðar kr. Upplýst er að Ríkisendurskoðun annast sjálf fjögur þessara félaga. Endurskoðun ríkishlutafélagabankanna var boðin út á sínum tíma og eru endurskoðuð af endurskoðendafyrirtækjum en meðárituð af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Ég staldra við þennan punkt, herra forseti. Hvað þýðir það? Hver ber hina endanlegu ábyrgð gagnvart hluthöfum, þjóðinni, þinginu? Um það var deilt og hefur verið deilt og er enn óútkljáð. En ég les áfram, með leyfi forseta:

„Endurskoðunarfyrirtæki endurskoða fjögur félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um og hjá fjórum félögum eru endurskoðunarfyrirtæki ráðin af stjórnum þeirra."

Herra forseti. Ég sé því miður ekki annað en hér sé í fyrsta lagi farið á svig við lög um Ríkisendurskoðun þó kunni að vera — og ég hef ekki náð að kanna það sérstaklega — að sérlög gildi um þessi fjögur félög þar sem endurskoðunarfyrirtæki séu ráðin beinlínis af stjórnum þeirra. En í lögum um Ríkisendurskoðun er kveðið á um að meirihlutaeigandi sem er ríkissjóður og handhafi þeirra bréfa eigi að leggja til á hluthafafundum að Ríkisendurskoðun hafi endurskoðun með höndum.

Ég vek hins vegar líka athygli á hugtökum eins og meðáritun og endurskoðun í umboði Ríkisendurskoðunar. Mér finnst þessi svæði vera grá og velti fyrir mér hvar hin endanlega ábyrgð liggur í þessum efnum. Það þarf algerlega að vera kýrskýrt, herra forseti, og við megum ekki velkjast í vafa um það. Slíkir hagsmunir eru í húfi fyrir skattgreiðendur, fyrir eigendur þessara fyrirtækja að enginn má velkjast í vafa um hvar ábyrgð og vald liggur. En nóg um það, herra forseti.

Ég ætla að víkja aftur að því sem ég ræddi um áðan um stöðu Alþingis sem umboðsmann eiganda til þess að fylgjast með því að hlutir gangi fram eins og eðlilegt mætti teljast. Það er með öllu óþolandi og hefur verið rætt mörgum sinnum áður og ég hef fært það hér í tal að fulltrúar framkvæmdarvaldsins, þeir ráðherrar sem fara með hluti ríkissjóðs í viðkomandi fyrirtækjum, þessum stóru fyrirtækjum, geti ítrekað sagt þingheimi það og fái til þess liðsstyrk Ríkisendurskoðunar að þingmönnum komi ekkert við hvernig hlutir gangi fram í þessum fyrirtækjum þjóðarinnar og beri fyrir sig lagatúlkanir sem eru mjög svo umdeildar og hafa verið ræddar árum saman á hinu háa Alþingi og hafa að mínu áliti ekki staðist og geta ekki staðist í ljósi þeirra lagafyrirmæla sem lög um Ríkisendurskoðun segja svo klárt og kvitt um. Eða, herra forseti, til hvers eru þessi ákvæði þá í 6. og 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun ef ekki á að fara eftir þeim?

Vegna þess að menn hafa viljað halda því fram að um lagalega óvissu væri að ræða, réttarlega óvissu og um þetta væri deilt, hef ég flutt tvö frumvörp til að taka af öll tvímæli í þessa veru. Ég gerði það í fyrra, fyrst á 122. löggjafarþingi og flutti það einnig núna á haustdögum. Það mál kemur væntanlega mjög fljótlega til umræðu þar sem tekin eru af öll tvímæli í þessa veru, þar sem gerð er breyting annars vegar á þingsköpum og hnykkt á réttindum þingmanna til upplýsinga frá fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs eða sem ríkissjóður á helming í eða meira og einnig til þess að taka af öll tvímæli í hlutafélagalögum þar sem meðeigendum ríkisins væri gert algerlega ljóst að almenn opinber upplýsingaskylda *lægi á meiri hluta eigenda gagnvart þingi og þjóð þannig* að enginn væri í vafa um leikreglur innan slíkra fyrirtækja.

Þessum atriðum vildi ég halda til haga, herra forseti. Ég hef gert það áður við svipaða umræðu og mun halda því áfram svo lengi sem óbreytt verklag verður við lýði. Þetta er óviðunandi.

[11:06]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í upphafi fór undirritaður í andsvar við flutningsmann skýrslu og fékk þá þau svör að efni viðkomandi skýrslna frá árinu 1998, sem heyrði undir viðkomandi ráðuneyti, yrði væntanlega svarað af viðkomandi ráðuneytum. Nú sé ég, herra forseti, ekki nokkurn hæstv. ráðherra til þess að svara ef ég vildi beina fyrirspurnum vegna þeirra skýrslna sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út og ég spyr virðulegan forseta: Eigum við von á því að einhverjir ráðherrar komi til þess að svara fyrir ákveðin efni? Þarf að tilgreina þau efni sem menn vilja spyrja út í eða getum við átt von á því að þeir birtist hér undir ræðu minni eða á hvern veg verður þessu háttað, herra forseti?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga það.)

Forseti mun láta athuga það hvernig þessu verður háttað. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um starfsskýrsluna að öðru leyti en að þetta er falleg skýrsla og ágætlega vel fram sett og gerð grein fyrir því sem starfað var á árinu 1998 í höfuðatriðum eins og reikna má með í slíkum skýrslum. En ég vil benda á, herra forseti, að heita má að í hverri skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi ríkisreikning hafi komið fram þetta sem ég vil gjarnan vitna til úr endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1998, 1999, 1997 og svo aftur á bak, með leyfi forseta: „Enn má finna dæmi um stofnanir sem árum saman hafa komist upp með að virða ekki fjárheimildir." Í framhaldi af þessu, með leyfi forseta: „Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að tekið sé á þessu vandamáli. Minnt skal á ábyrgð forstöðumanna og stjórna í þessu sambandi skv. 49. gr. fyrrnefndra laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins." Og svo í framhaldi af því, með leyfi forseta: „Það er að sjálfsögðu Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veita meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir."

Herra forseti. Bara þetta atriði er nægjanlegt til að stoppa umræðuna og taka umræðu um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar upp á nýjan veg og það liggi alveg fyrir að starfsskýrslurnar frá 1998 séu til umræðu. Ég segi alveg eins og er að það er með hreinum ólíkindum að þetta skuli gerast ár eftir ár í hinni virðulegu stofnun, Alþingi, að hér er bent á það af hálfu Ríkisendurskoðunar að farið sé fram úr fjárheimildum í stofnunum og menn hafa ekki farið að settum reglum og það er látið viðgangast án nokkurra athugasemda. Í minnsta lagi, herra forseti, skora ég á hv. forsætisnefnd Alþingis að taka þessi mál til skoðunar og það komi ekki fyrir ár eftir ár sama setningin frá Ríkisendurskoðun um að ekki sé farið að fjárheimildum.

Herra forseti. Ég get haldið áfram með hinar 153 skýrslurnar sem eru frá 1998. En þar sem enginn hæstv. ráðherra telur ástæðu til að vera viðstaddur þá mun ég hverfa frá við

svo búið. En ég bendi sérstaklega á að umræðan um skýrslurnar sem eru með mjög margar þarfar ábendingar þarf að vera á allt annan máta. Það þarf að vísa þessum skýrslum til nefnda, jafnvel viðkomandi nefnda þingsins þar sem þær heyra til og það þarf að gefa út nefndarálit til að eftirfylgni geti orðið á réttan máta. Þetta er það sem ég var að vona að framsögumaður starfsskýrslunnar mundi ræða að það þyrfti að breyta eins og áður hefur komið fram um vinnulag varðandi starfsskýrslur og skýrslur Ríkisendurskoðunar.

Síðan má velta fyrir sér ýmsum öðrum hlutum, herra forseti, þ.e. þegar bornar eru fram fyrirspurnir um ýmis atriði sem varða stofnanir sem heyra undir Alþingi og ráðuneytin og svör dragast á langinn og það tekur kannski allt að tvö ár að fá niðurstöður um það sem spurt er. Það er með ólíkindum að það skuli hægt að velkja málum aftur á bak og áfram í kerfinu. Jafnvel þótt búið sé að setja menn frá störfum í ákveðnum stofnunum er ekki hægt að fá nein handföst gögn um hvað hafi verið að gerast. Ástæða er til að draga þær ályktanir að misfarið hafi verið með fé í einstökum stofnunum og það hefur verið sett til skoðunar. Það er náttúrlega undarlegt að það skuli hvergi sjást, ekki enn þá a.m.k., í starfsskýrslum eða endurskoðunum frá Ríkisendurskoðun í ýmsum skýrslum sem voru gefnar út en ég vona að það standi til bóta. Ég ætla ekki að tíunda, nákvæmlega hvað ég á við. Það á ekki við nákvæmlega núna en þegar ríkisreikningur vegna 1999 verður lagður fram mun ég spyrja mjög ákveðið um atriði sem varðar Lánasýslu ríkisins. Ég mun spyrja mjög fast og ákveðið um hvernig mál hafa skipast þar þannig að mönnum má vera ljóst að það mál verður dregið upp þegar ríkisreikningur fyrir 1999 verður til umræðu.

[11:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka fram að skilningur minn er sá að þau atriði sem hv. þm. vék að eiga eðlilega að koma til athugunar og umræðu við afgreiðslu ríkisreiknings á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjáraukalaga eða eftir atvikum fjárlaga. Ég tel á hinn bóginn að þau atriði varði ekki það mál sem er til umræðu sem er starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999. Við erum að ræða um þá stofnun og vinnubrögð hennar en á hinn bóginn eru ekki til umræðu önnur fyrirtæki, stofnanir sem heyra undir ríkið og rekstur þess. Sá er skilningur minn. Af þeim sökum hef ég ekki farið efnislega út í að gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs í heild sinni eða vikið að málefnum einstakra stofnana eða fyrirtækja og eru þó þar mörg áhugaverð efni sem væri kannski rétt væri að víkja að síðar.

[11:15]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Virðulegur forseti hefur gert grein fyrir skoðun sinni á málinu. Ljóst er að undir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar heyra 163 skýrslur útgefnar á árinu 1998 og þar af 154 opinberar skýrslur sem hafa ekki verið ræddar. Þeim hefur aðeins verið dreift til þingsins og þingmenn hafa getað skoðað þær. Að sjálfsögðu hefðu þingmenn getað dregið fram einstaka skýrslu og beðið um utandagskrárumræðu um þá skýrslu. Það er eini möguleikinn sem ég sé að menn hafi til að ræða skýrslur Ríkisendurskoðunar. Þess vegna skoraði ég á virðulega forsn. að taka þessi mál til endurskoðunar og að hverri skýrslu, sem gefin er út af Ríkisendurskoðun, verði fundinn farvegur og vísað til viðkomandi nefnda sem hún tilheyrir og gefið verði út nefndarálit fyrir hverja einustu skýrslu Ríkisendurskoðunar og þeim verði skipað í það rými sem þær tilheyra. Ég var ekki bara að ræða um fjárlög. Ég var að tala um allt sem lýtur að þeim stofnunum sem fjallað er um í skýrslum Ríkisendurskoðunar og starfsemi þeirra sem liggur fyrir frá árinu 1998. Reyndar er það svo að það er náttúrlega hálfhjákátlegt á árinu 2000 að ætla að fara að tala um starfsemina á árinu 1998 og um skýrslu sem er gefin út í maí. Það er verið að ræða hana núna í nóvember. Þá skýrslu hefði átt að ræða í maí hefði verið tækifæri til. Annars hefði að sjálfsögðu átt að ræða skýrsluna í upphafi þings strax þegar þing kom saman í haust.

[11:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo vill til að meðan hv. þm. var að flytja mál sitt var verið að dreifa á Alþingi frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 sem vannst ekki tími til að afgreiða í vor. Það frv. og umræður um það gefur tilefni til þess að hv. þm. geti rætt þau mál sem hann vék að við hæstv. fjmrh. og tekið frv. til athugunar í fjárln. sem ég veit ekki betur en hv. þm. eigi sæti í.

[11:18]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi skýrsla, frv. til lokafjárlaga fyrir 1998, gefur tilefni til annarrar og langrar umræðu. Í nóvember, 16. nóvember nánar til tekið árið 2000, er verið að dreifa frv. til lokafjárlaga. Einhver er nú skilvirknin í kerfinu. Að sjálfsögðu gefst tækifæri, herra forseti, til að ræða við virðulegan forseta Alþingis þetta frv. til lokafjárlaga og við hæstv. fjmrh. Það voru bara ekki nákvæmlega fjármálin sem ég var að ræða. Ég var að ræða um þær athugasemdir sem eru gerðar við starfsemi hinna ýmsu stofnana sem felast í 163 skýrslum, 154 opinberum skýrslum. Það er það sem ég var að tala um, herra forseti, og eftir svona margar ítrekanir vona ég að það skiljist hvað ég er að tala um. Það þurfi ekki að stafa það nákvæmar fram en ég hef gert.

Ég lýsi furðu minni á því að menn skuli draga fram starfsemi frá árinu 1998 seint á árinu 2000. En kannski má segja að betra sé seint en aldrei.

[11:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afar athyglisverð og þörf umræða. Vinnubrögð okkar og afgreiðslur á dagskrá þessa fundar, í upphafi vinnudags, er annars vegar starfsskýsla Ríkisendurskoðunar 1999, sem er í raun og veru starfsskýrsla 1999 um málefni sem áttu sér stað 1998, og skýrslur umboðsmanns Alþingis 1998 og 1999. Þær verða ræddar hér á eftir og ég ætla ekki að fara í umræðu um þær.

Herra forseti. Annars vegar erum við að skoða tvær stórar skýrslur, 1998 og 1999, með yfirliti um öll mál sem umboðsmaður Alþingis hefur tekið fyrir og hvernig með þau var farið. Auðvitað er alveg ljóst, herra forseti, að við munum ekki ræða ítarlega hvert mál jafnmikilvæg og þau eru í þessum tveimur ársskýrslum 1998 og 1999. Við eigum að láta okkur þetta að kenningu verða og ákveða að við tökum hverja skýrslu fyrir á hverju ári en ekki að einhverjum tveimur árum liðnum vegna þess að spurningin sem við eigum að svara hér og nú er sú hvort ástæða er til þess fyrir Alþingi að taka fyrir skýrslur þeirra stóru og þýðingarmiklu embætta sem heyra undir það eins og umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Ef svarið er já eigum við að hafa skoðun á því hvernig þeim skýrslum er skilað til Alþingis og hvernig umræðan skuli vera um þær skýrslur.

Báðar skýrslurnar eru annmörkum háðar. Í öðru tilvikinu eru tvær gífurlega miklar bækur sem er ekki nokkur leið fyrir þingmenn að lesa eitthvað ærlega frá því fyrir helgi að þær voru lagðar fram. Hitt er stutt starfsskýrsla sem er í raun og veru yfirlit þess eðlis að það er spurning hvort hægt sé að taka hana til efnislegrar umræðu eða hvort skýrslan á fyrst og fremst að vera kynning á verkefnum Ríkisendurskoðunar til upplýsingar fyrir þingmenn. Ef svo er, þá er auðvitað allt annað uppi en það sem ég er að vekja máls á og sem hv. þm. *Gísli* S. Einarsson, þingmaður Samfylkingarinnar á Vesturlandi, vakti til umræðu fyrir nokkrum mínútum.

Þetta er vönduð framsetning á því sem fram er sett í þessari stuttu skýrslu, það fer ekkert milli mála. En það eru ekki vönduð vinnubrögð að ræða starfsskýrslu fyrir árið 1999 sem fjallar um málefni sem voru til umræðu 1998. Eins og fram hefur komið er þessi umræða að fara fram núna í nóvember. Næsta haust, haustið 2001, munum við ræða málin frá 1999 sem verða þá orðin hundgömul og 2002 munum við ræða þetta ár. Þetta er fullkomlega óviðunandi. Þess vegna verðum við að ræða það í bróðerni, af því að þetta er mál okkar allra, hvernig við viljum vinna með stofnanirnar sem heyra undir Alþingi því að flestar stofnanir heyra undir framkvæmdarvaldið.

Þá vil ég nefna þriðju skýrsluna um mikilvægt embætti sem er embætti umboðsmanns barna. Það embætti heyrir undir forsrh., ekki undir Alþingi. Það er e.t.v. brotalöm miðað við þá hugsun sem er um umboðsmennina. En umboðsmanni barna er ætlað að gefa forsrh. árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári, prenta og birta fyrir 1. september ár hvert. Þar eru aðrar kröfur en við gerum um vinnulag. Auðvitað ættum við líka með einhverjum hætti að koma skýrslu umboðsmanns barna til umræðu á Alþingi vegna þess að umfjöllun um hana fer eingöngu fram í fjölmiðlum með ófullnægjandi hætti, m.a. um málefni sem eru tekin til umræðu hér.

Herra forseti. Ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að ef við ætlum að hafa þetta svona áfram verðum við að finna annað vinnulag varðandi úttektirnar sem Ríkisendurskoðun gerir og gerir ágætlega. Því hef ég reynslu af.

Á bls. 4 í skýrslunni er talað um að sjálfstæði Ríkisendurskoðunar gagnvart stjórnsýslunni sé mikilvægt til að tryggja trúverðugleika og árangur í störfum stofnunarinnar. Eigi að síður er þýðingarmikið að samvinna sé náin við stjórnsýsluna. Við höfum rifist um hversu náin sú samvinna eigi að vera og hversu formlega Ríkisendurskoðun eigi að koma að verkum stjórnsýslunnar til að trúverðugleikinn verði ekki á reiki. Um þetta höfum við rætt. Síðan er getið á sömu síðu um skýrslu sem efh.- og viðskn. Alþingis lét frá sér fara um úttekt Ríkisendurskoðunar og varðar innheimtusvið tollstjórans í Reykjavík. Tekið er fram að það sé í fyrsta sinn sem nefnd Alþingis afgreiðir þannig skýrslu stofnunarinnar. Ef fleiri nefndir eiga að afgreiða þannig skýrslur verða þær að fá skýrslurnar til sín. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vesturl., þingmanns Samfylkingarinnar, að við verðum að draga nefndirnar inn í þessa vinnu. Máli mínu til stuðnings, herra forseti, ætla ég að leyfa mér að fara yfir skýrslu sem Samfylkingin fékk Ríkisendurskoðun til að vinna á þessu vori og var skilað í maí á sama tíma og starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar er dreift til þingmanna. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að sú skýrsla sem ég er með í höndunum á ekki heima í þessari umræðu árið 2000 um málefni sem Ríkisendurskoðun var að vinna árið 1998. En þetta er þýðingarmikil og afar brýn skýrsla hvað varðar þingmennina og starfsemi okkar. Hún varðar samanburð á rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem var lögð af af hálfu framkvæmdarvaldsins, og Íbúðalánasjóðs sem var komið á laggirnar af hálfu framkvæmdarvaldsins og hæstv. félmrh. Skýrslan er að því leyti mjög merkileg að niðurstaða hennar styður það sem við höfum sagt allan tímann frá því þessar lagabreytingar, sem eru að mínu mati ógæfulegar, áttu sér stað. Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að árlegur rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs er hærri en árlegur meðalkostnaður Húsnæðisstofnunar sem nemur 85 millj. kr. Borinn var saman meðalkostnaður Húsnæðisstofnunar fyrir fimm ár, 1994–1998, við kostnaðinn 1999 hjá Íbúðalánasjóði þannig að þetta voru fagleg og góð vinnubrögð, herra forseti. Síðan var áætlaður kostnaður sjóðsins miðað við umsvif fyrir árin 2000–2003. Þar sem það er nú ljóst og allur þingheimur veit að hæstv. félmrh., sem ég nefni hér þó að hann sé fjarverandi af því að hann kýs eins og aðrir ráðherrar að vera fjarverandi, hefur sagt það aftur og aftur að sparnaður eigi að vera af þeirri breytingu að leggja niður Húsnæðisstofnun og stofna Íbúðalánasjóð þá reyndist það alrangt. Munurinn nemur 80–100 millj. kr. Í greinargerð með frv. til fjárlaga — og ég bið þingmenn að leggja við eyrun — er fullyrt að sparnaður af niðurlagningu Húsnæðisstofnunar með stofnun Íbúðalánasjóðs muni að fullu skila sér þegar á árinu 2000 en það brýtur í bága við þá skýrslu sem Samfylkingin hefur fengið frá Ríkisendurskoðun og ég er með í höndum.

Ég vil líka geta þess af því að ég er að fara inn á þessi mál að launakostnaður sjö stjórnarmanna húsnæðismálastjórnar er langtum lægri en launakostnaður fimm stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs. Hækkun er 60% bara á stjórnarkostnaðinum hvað Íbúðalánasjóður er hærri en húsnæðismálastjórnin gamla og launakostnaður níu æðstu yfirmanna Húsnæðisstofnunar árið 1998 var 46 millj. kr. en launakostnaður tíu æðstu yfirmanna Íbúðalánasjóðs árið 1999 var 56 millj. kr. Það munar 10% eða 5,6 millj. Þetta eru skelfilegar niðurstöður fyrir okkur sem lögðumst gegn þeim breytingum sem gerðar voru. Auðvitað gerði ég ráð fyrir því að þar sem þetta kæmi fram í athugun Ríkisendurskoðunar kæmi þessi mikilvæga könnun fram í skýrslum þegar þær yrðu ræddar á Alþingi. Ég hef að sjálfsögðu ekkert að gera með það, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, að ræða þessa niðurstöðu frá því í maí haustið 2002. Þá er hún úrelt gömul upplýsing og hefur engan tilgang að taka hana til umræðu.

Herra forseti. Hins vegar mun ég fela þingmönnum Samfylkingar í félmn. að óska eftir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir Samfylkinguna verði tekin þar til umfjöllunar og skoðunar og niðurstaða gefin út. Það eru svipuð vinnubrögð og höfð voru af hálfu efh.- og viðskn. varðandi skýrslu eða úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík. Við hljótum að verða enn þá uppteknari af því að fá að vita hvernig breyting, sem hv. Alþingi gerði á jafnmikilvægri stofnun og Húsnæðisstofnun ríkisins með sparnað og aðhald að leiðarljósi, skuli hafa orðið með þessum hætti að ég tali ekki um annan fáránleika, þ.e. hvernig var farið í að leggja niður félagsleg lán og afleiðingar þessa alls á fasteignamarkaðinn og heimilin í landinu því að hækkað fasteignamat hafði áhrif á barnbætur, vaxtabætur og afkomu heimilanna. Auðvitað þarf að ræða þetta og undir hvaða lið, herra forseti?

Ég hef kynnt hvernig ég legg til að farið verði með þessa

skýrslu, enda varð hún til vorið 2000. En ég hef líka hugsað um það sem stendur í skýrslunni, að mjög mikilvægt sé að Alþingi sýni framkvæmdarvaldinu aðhald. Ríkisendurskoðun er stofnunin okkar. Ríkisendurskoðun er stofnunin sem á að hjálpa okkur að vera með þetta aðhald. Ég held að Ríkisendurskoðun sé gott tæki til þess. Þá verðum við að tryggja að þetta tæki og að niðurstöður þessa tækis skili sér inn í þingið þannig að niðurstöðurnar verði til þess að við breytum vinnubrögðum okkar ef þess þarf og að við breytum lögum ef þau hafa reynst svo gersamlega vitlaus að þau hafa bæði orðið dýrari fyrir þá stofnun sem um ræðir og jafnframt erfiðari fyrir fólkið í landinu. Þannig eigum við að vinna, herra forseti. Þannig eigum við að nota tækið Ríkisendurskoðun. Það er ekki gagnlegt fyrir mig sem hef með mér skýrsluna að kvöldi dags eftir langan vinnudag og ætla mér að fara yfir þann boðskap sem er í henni til að geta rætt faglega á þessum morgni að sjá það stutta ágrip sem gefið er af vinnu Ríkisendurskoðunar. Það segir mér að Ríkisendurskoðun er að vinna gott starf en það er ekki nægilegt fyrir mig til að fara í umræðuna. Annaðhvort verða þetta að vera númeruð skjöl sem eru fylgirit við skýrslu Ríkisendurskoðunar þannig að þingmenn geti farið í einstök mál eins og er væntanlega búist við að þeir geri í skýrslu umboðsmanns Alþingis eða þá að við verðum að taka hverja einustu skýrslu, koma henni til nefnda Alþingis, láta fjalla um hana þar og fá nefndarálit um það og ræða í hv. Alþingi. Við skulum því gera þetta, virðulegi forseti. Ég treysti því að hæstv. forseti Alþingis taki undir ábendingar mínar og sé jafnmikið áfram um góð og vönduð vinnubrögð og fara betur í hlutina en við höfum hingað til gert þannig að hann tryggi þau vinnubrögð sem hér hafa verið lögð til.

[11:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka það sem ég sagði áður að hér er starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999 til umræðu og er það skylt samkvæmt 12. gr. laga um Ríkisendurskoðun sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi."

Það er sú starfsskýrsla sem hér liggur fyrir en hér eru ekki til umræðu allar þær einstöku skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur gert. Ég veit ekki betur en Ríkisendurskoðun hafi sent þingmönnum þær skýrslur sem hún hefur samið þannig að alþingismönnum hefur verið unnt að kynna sér þær efnislega. Ég þarf ekki að taka fram við hv. þm. að einstökum þingmönnum er heimilt að flytja frv. um hvaðeina sem þeim dettur í hug og þarf ekki að gera það að sérstöku umræðuefni eða velta vöngum yfir því hvort forseta finnist það skynsamlegt eða ekki. Það er einfaldlega réttur þingmanna.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að vissulega væri ástæða til þess að athuga húsnæðislánakerfið í heild sinni og þá þurfi ekki að vera neitt að binda sig við síðasta áratug. Það væri t.d. fróðlegt að sjá hvernig verkamannabústaðakerfið var leikið á sínum tíma og velta fyrir sér hver sé staða verkalýðsins til að eignast eigið þak yfir höfuðið nú á móti því sem áður var. Kannski væri líka ástæða til þess að velta vöngum yfir því hverjir það voru sem helst fluttu það mál hér á Alþingi að það væri af hinu illa að gefa fátæku fólki kost á því að eignast þak yfir höfuðið og vildu byggja upp leiguíbúðakerfi þess í stað. Líka væri fróðlegt að athuga hvernig leiguíbúðir sveitarfélaga hafa farið með fjárhag sveitarfélaganna. Það er auðvitað umræðuefni sem endalaust er hægt að ræða og líka hægt að velta fyrir sér hverjir bera pólitíska ábyrgð á því.

[11:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. forseta að vissulega er hægt að ræða margt um húsnæðiskerfið og ég gerði grein fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar til Samfylkingarinnar og hvað kom út úr henni og ætla ég ekki að ræða frekar um húsnæðiskerfið. En alveg er það dæmalaust eins og kom fram í máli þess forseta sem stýrir fundinum að nú gerðist sá einstæði atburður og við þessa umræðu að forseti gæfi forseta orðið, að það skuli vera aðalforseti Alþingis sem velur það þegar maður reynir að koma með faglega umræðu að fara í ræðustól og svara með skætingi og útúrsnúningi. Mér finnst það dapurt.

Hæstv. forseti nefndi sérstaklega að Ríkisendurskoðun væri falið að skila til Alþingis heildarskýrslu og má alveg ræða það hvað heildarskýrsla er, hvort það er þessi. Ég var ekki einu sinni að setja út á skýrsluna. Ég nefndi það að eins og hún er sett fram, er hún út af fyrir sig vönduð um það efni sem hún fjallar og með hvaða hætti miðað við úrdrætti. Ég er að fara yfir vanda okkar með það hvernig við ætlum að vinna með það tæki sem Ríkisendurskoðun er. Mér fannst ég gera það vel. Mér fannst ég vera að leggja áherslu á að Alþingi geti gert betur. Ég dró fram efh.- og viðskn. sem hefur unnið með skýrslu um tollstjóraembættið og ég greindi frá því að ég mundi biðja þingmenn mína í félmn. að óska eftir að skýrslan yrði tekin fyrir. Þingmenn vita ekkert um þá skýrslu sem Ríkisendurskoðun vann fyrir Samfylkinguna. Hún var ekki send til þingmanna. Það er fullt af skýrslum sem eru ekki sendar til þingmanna. Ég er að leita að því hvernig við getum gert betur. Fylgirit, skrá, sérstök umræða, svona stórar bækur eins og frá umboðsmanni Alþingis og ég frábið mér að hér sé komið í skæting í tilsvari frá forseta Alþingis.

[11:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því að hvaða leyti ég var með skæting. Hv. þm. gerði að umræðuefni húsnæðismál almennt og gerði það að umræðuefni hvort það hefði verið til góðs eða ills að leggja niður Húsnæðisstofnun og stofna Íbúðalánasjóð. Það var gert þegar til umræðu var starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar sem ég flyt í þinginu. Kannski má hugsa sér að hv. þm. hafi verið að tala yfir höfuðið á þeim manni sem var framsögumaður fyrir skýrslunni en ég tók það svo að hv. þm. væri að hefja umræðu um hvort ástæða væri sérstaklega til þess að ræða húsnæðismálin á Alþingi og flytja um það skýrslu. Ég tók undir að vissulega gefa húsnæðismálin tilefni til að athuga hvernig þau hafa þróast, ekki aðeins á síðasta áratug heldur kannski tvo eða þrjá síðustu áratugi, m.a. vegna þess að þetta tímabil í sögu okkar Íslendinga er mjög lærdómsríkt og það er mjög nálægt í tíma. Við getum rifjað það upp á árunum milli 1970–1980 hvernig verðbólgan lék einstaka sjóði. Við getum velt því fyrir okkur ef við hugsum um áratuginn milli 1980–1990 hvernig lögin um verðtryggingu léku lántakendur og við getum kannski rifjað það upp að í lok 7. áratugarins var samþykkt og ákveðið að húsnæðislán skyldu að hluta til vera verðtryggð sem síðan var fallið frá og lögunum breytt á þinginu milli 1971–1972. Ég álít að ýmislegt í þessari þróun sé lærdómsríkt og ég tek því ekki þegjandi ef því er haldið

fram að með því að ég er þvert á móti að taka undir það sem hv. þm. segir, að ástæða sé til þess að ræða húsnæðismálin, þá sé sagt að ég sé með skæting.

[11:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandi forseta Alþingis er sá að þegar á reynir fellur hann inn í pólitískt hlutverk í stað þess að vera forseti Alþingis og ræða við þingmenn sína sem slíkur, sem forseti allra þingmanna og í skjóli þess kjósum við hæstv. forseta sem sameiginlegan forseta okkar.

Þegar herra Halldór Blöndal kemur í ræðustól til að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar þá er hann ekki að koma sem flokksbróðir Davíðs Oddssonar til verja ríkisstjórn hans. Nei, herra forseti, hann er að koma hér til þess að ræða við okkur hvernig eigi að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það kemur mér kannski ekki á óvart þó það valdi mér vonbrigðum að hæstv. forseti Alþingis heyrði ekkert af því sem ég var að segja nema gagnrýni á húsnæðiskerfið. Ég var nefnilega að tala um að við þyrftum að gera betur og finna leið til að fara faglega með vinnu þessa tækis okkar sem Ríkisendurskoðun er, vinna með skýrslurnar þannig að úttektir skiluðu sér inn í þingið. Hæstv. forseti Alþingis hafði ekkert að segja við mig um það. Þegar ég tala um útúrsnúning er það nákvæmlega þetta að hæstv. forseti kom og sagði: Við erum að ræða skýrslu. Þetta er bara allt í lagi. Það á að skila heildarskýrslu Ríkisendurskoðunar. Hún er hér. Það er verið að ræða hana. Það er útúrsnúningurinn sem ég er að vísa til. Sjálf hafði ég vit á því að segjast ekki ætla að taka til umræðu húsnæðismálin að öðru leyti en að fara yfir naktar niðurstöður Ríkisendurskoðunar á máli sem Samfylkingin óskaði eftir skoðun á.

[11:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mér finnst við vera komin lítið eitt út fyrir efnið en hér er til umræðu starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar og mér finnst ekki ástæða til að hlaupa svona út um víðan völl en freistast þó til þess því að í upphafi máls síns talaði hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, og þá var klukkan um það bil hálftólf, um upphaf starfsdags. Það vill þannig til að ég sit m.a. í fjárln. Alþingis og við hefjum störf um áttaleytið hvern einasta morgun. Hjá mér er þetta a.m.k. ekki upphaf starfsdags. (Gripið fram í.) Oft og tíðum er verið að gagnrýna störf þingsins og þá megum við passa okkur að tala ekki með þessum hætti.

Á sama hátt finnst mér ekki ástæða til að ráðast á forseta Alþingis því að honum hefur tekist afar vel til við að gæta hlutleysis í störfum. Auk þess sitja í forsn. fulltrúar allra flokka og við eigum að kappkosta að gæta hlutleysis í störfum og það held ég að við gerum.

Herra forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til að þakka ríkisendurskoðanda, Sigurði Þórðarsyni, og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Við þurfum ekki að deila um það úr ræðustól Alþingis að Ríkisendurskoðun heyrir að sjálfsögðu undir Alþingi. Þess vegna er mjög eðlilegt að forseti þingsins kynni starfskýrsluna eins og hann hefur gert svo ágætlega í morgun.

Eins og fram hefur komið í máli mínu sit ég í fjárln. Alþingis og núna á þessu kjörtímabili einnig í forsætisnefnd. Ég hef því getað fylgst ágætlega með starfi Ríkisendurskoðunar og ég tel að stofnunin hafi þróast í takt við hinn síbreytilega nútíma og Ríkisendurskoðun beitir mjög nútímalegum vinnubrögðum í úrvinnslu. Það sjáum við á þeim 163 skýrslum sem þeir vinna, þ.e. 154 eru reyndar opinberar en aðrar eru það ekki. Ég tek líka eftir því að Ríkisendurskoðun hefur verið að láta sig umhverfismál varða sem skiptir miklu máli. Gefin hefur verið út skýrsla um umhverfismál á árinu 1991 undir heitinu Umhverfisstefna í ríkisrekstri. Þar er því m.a. fylgt eftir á hvern hátt lögum og reglum er snerta umhverfismál er framfylgt, hvernig staðið er við alþjóðlegar skuldbindingar um samninga á sviði umhverfismála og hvernig framkvæmdaaðilar standa við eigin stefnumörkun á sviði umhverfismála. Ég gleðst mjög yfir því og eins og ég segi er ég fyrst og fremst kominn til þess að lýsa ánægju minni yfir störfum Ríkisendurskoðunar. Ég tel að þeir vinni starf sitt vel og ég endurtek að hér er fyrst og fremst um að ræða þessa skýrslu en ekki eitthvað annað.

[11:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, marka starfsramma Ríkisendurskoðunar. Ég vil leyfa mér, herra forseti, í upphafi ræðu minnar um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar 1999 að vitna í nokkur ákvæði þeirra laga, ekki síst í ljósi umræðna sem hafa átt sér stað nú til þessa um skýrsluna.

Í fyrsta lagi er það athyglisvert og ber að líta á að í 1. gr. stendur: „Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis" en ekki sem hluti af Alþingi þannig að það er erfitt að sjá það gagnvart 1. gr. að hún heyrir beint undir Alþingi sem stofnun heldur að hún starfi á vegum Alþingis enda er í 3. gr. kveðið á um: „Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar."

Í þessum tveimur greinum er ítrekuð stjórnsýsluleg staða Ríkisendurskoðunar.

Mikið fer fyrir hlutverki Ríkisendurskoðunar varðandi endurskoðun og eftirlit með fjármagni og ráðstöfun fjár og reikningsskilum og reikningshaldi. Það er svo sem eðlilegt og mikilvægt og hingað til hefur þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar kannski vegið hvað þyngst en þó er Ríkisendurskoðun að fara inn á aðrar brautir og fylgja eftir og athuga aðra þætti sem lúta ekki beint að fjármálum. Þau atriði vil ég gera aðeins að umtalsefni.

Samkvæmt 9. gr. getur Ríkisendurskoðun framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem um ræðir í 6. gr. Enn fremur getur Ríkisendurskoðun gert stjórnsýsluendurskoðun hjá fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira. Stjórnsýsluendurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og síðan hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt þegar verið er að túlka stjórnsýsluendurskoðun og hlutverk og verkefni Ríkisendurskoðunar á því sviði að ekki sé eingöngu horft til beinna reikningsskila, fjármálalegra og fjárhagslegra reikningsskila, heldur sé líka tekið til þess hvernig staðið er við þær lögboðnu tilskipanir, lög sem kveða á um verkefni og skyldur af hálfu stjórnsýslunnar, bæði ráðuneyta, stofnana og annarra sem fá þar verkefni samkvæmt lögum, hvernig því er fylgt eftir. Ég legg áherslu á að Ríkisendurskoðun skilgreini einmitt hlutverk sitt þar nokkuð víðtækar en hún hefur gert á undanförnum árum og hún er reyndar að fara inn á samanber það sem við höfum hér og hv. síðasti ræðumaður

vitnaði til skýrslu Ríkisendurskoðunar um umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Þar er, herra forseti, verið að taka fyrir stefnumörkun og ályktun ríkisstjórnar, ráðuneyta og Alþingis í ákveðnum málaflokki og kanna hvernig honum er framfylgt.

Í upphafi skýrslunnar er einmitt vitnað til þess að ríkisendurskoðun annars staðar á Vesturlöndum hefur innan vébanda sinna og leggur stund á slíkar endurskoðanir eins og umhverfisendurskoðun, hvernig lögum og reglum sem snerta umhverfismál er framfylgt, hvernig staðið er við alþjóðlegar skuldbindingar og samninga á sviði umhverfismála og hvernig framkvæmdarvaldið stendur við eigin stefnumörkum á sviði umhverfismála.

Ég tel að með þessari skýrslu, herra forseti, sé Ríkisendurskoðun vissulega að brjóta blað í verkefnum sínum og hvernig hún kemur að stjórnsýslunni. Umhverfismálaflokkurinn er afar mikilvægur og þær einkunnir sem gefnar eru í lok skýrslunnar eru síðan afar lærdómsríkar en þetta er að mínu mati fyrsta skref í að Ríkisendurskoðun geti farið og tekið á fleiri málum sem ríkisstjórn eða Alþingi hefur markað, ekki bara á sviði umhverfismála sem er lofsverð. Ég teldi t.d., herra forseti, afar fróðlegt og gott ef Ríkisendurskoðun tæki fyrir framkvæmd markaðrar byggðastefnu í landinu á undanförnum árum til dagsins í dag með sama góða og lofsverða hætti sem Ríkisendurskoðun hefur tekið á umhverfisstefnu. Það er mjög eðlilegt að Ríkisendurskoðun taki á málaflokki sem er afar brýnn og heitur á hverjum tíma og er mjög umdeilt hvernig til hafi tekist og reyndar kannski ekki það umdeilt að ljóst sé að það hefur alls ekki tekist til eins og Alþingi hafði ályktað að skuli takast til. Þar finnst mér einmitt að Ríkisendurskoðun eigi að vera með fingurna á púlsinum og vera Alþingi til aðstoðar í að kanna hvers vegna þessi vilji Alþingis komst ekki til framkvæmda eða hvernig er þá staðan í þeim málum. Ég nefni til dæmis byggðastefnuna þar sem við stöndum frammi fyrir verulegu skipbroti í framkvæmd á stefnu Alþingis í þeim málum.

Ég vil aðeins víkja líka að þeim starfsháttum sem hér hafa mjög verið ræddir og vil þar gera að umtalsefni 11. gr. þar sem segir svo:

„Nú ákveður Ríkisendurskoðun að beita skoðunarheimildum skv. 7. og 9. gr.“ — þ.e. bæði fjárhagslegar og stjórnsýslulegar endurskoðanir — „og skal stofnunin þá gera fjárln. og þeim þingnefndum, sem viðkomandi málaflokkur fellur undir, grein fyrir niðurstöðum sínum.“ Síðan kemur, herra forseti: „Þingnefndir geta samkvæmt nánari reglum sem forsætisnefnd setur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.“

Í lögum um Ríkisendurskoðun er kveðið á um hvaða aðila af hálfu Alþingis ber að setja frekari reglur um meðferð þessarar vinnu Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun hefur að sjálfsögðu ekkert framkvæmdarvald. Hún hefur einungis vald til þess að kalla eftir upplýsingum sem hún þarf til að sinna lögformlegum skyldum sínum, skila um það skýrslum og áliti og kynna það fyrir þeim stjórnsýslulegu aðilum sem henni ber að kynna það fyrir samkvæmt lögum sem gilda um hana. Það er síðan Alþingis að meta hvernig það tekur á þessari framkvæmd. Ég tel, herra forseti, að ástæða væri til að forsn. kannaði það að setja sér formlega þær reglur að allar skýrslur Ríkisendurskoðunar komi inn á hennar fund og hún deili þeim út sem slíkum til þeirra nefnda sem forsn. telur að eigi að fá þær skýrslur til meðhöndlunar og þær nefndir skili síðan forsn. aftur, annaðhvort með umfjöllun, greinargerð og tillögum um hvernig með skuli fara eða þá að ekki sé ástæða til að gera neitt frekar af hálfu nefndarinnar með skýrsluna. Þá geti síðan forsn. tekið þá ákvörðun að leggja skýrslurnar fyrir Alþingi ásamt þeirri umfjöllun sem nefndirnar hafa gefið. Lögin benda meira að segja á að þetta sé farvegur sem væri eðlilegur.

Ég vil draga þetta sérstaklega fram og taka undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess að skýrslur Ríkisendurskoðunar fái þinglegan farveg inn í Alþingi í gegnum fagnefndir Alþingis og inn í Alþingi til umræðu hjá öllum þingheimi.

Þá vil ég líta aðeins á 12. gr., herra forseti. Þar stendur: „Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári.“ Þegar maður lítur á hugtakið heildarskýrsla hlýtur maður að velta fyrir sér hvort heildarskýrsla á ekki að bera með sér ítarlega skýrslu um það sem unnið hefur verið og Ríkisendurskoðun hefur skilað formlega af sér. Ég lít a.m.k. svo á að ekki sé endilega jafnaðarmerki á milli starfsskýrslu og heildarskýrslu og tel að kanna ætti hvort ekki sé eðlilegra og í samræmi við það sem lögin kveða á um að árlega skuli gefa heildarskýrslu, að í heildarskýrslu felist að þar komi fram þau mál og þau verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur skilað formlega frá sér en ekki bara ágrip af því hvað hún hafi gert eða ætli að gera og síðan niðurstöður á ársreikningi sem er bara gott og blessað. Fyrir mér er starfsskýrsla ekki endilega það sama og heildarskýrsla. Þessu vil ég vekja ítarlega athygli á.

Herra forseti. Varðandi enn frekari verkefni, sem mér finnst að Ríkisendurskoðun gæti látið til sín taka, af því að fyrir mér virkar þetta eins og einhvers konar aðalfundur Ríkisendurskoðunar þar sem verið er að fjalla um ársreikninga, starfsmannafjölda og annað því um líkt, vil ég drepa á atriði sem ég tel að Ríkisendurskoðun ætti einmitt að fara áfram að huga að. Ég minntist áðan á úttekt á stefnumörkun og ályktunum Alþingis sem virðast ekki ná fram að ganga, væri ástæða til að Ríkisendurskoðun tæki þær sérstaklega fyrir eða a.m.k. í þeirri forgangsröðun svipað og hún hefur ítarlega og vel gert með umhverfisstefnuna þar sem kemur fram að henni er hrint af stokkunum án þess að nein eftirfylgja liggi fyrir. Ég nefndi byggðastefnuna.

En einu stöndum við frammi fyrir t.d. í fjárln. að æ stærri hluti af fjármunum ríkisins er bundinn í alveg nýjum tegundum af samningum, í einhverjum sem heita árangursstjórnunarsamningar, í einhverjum sem heita rammasamningar, í einhverjum sem heita reiknilíkön og okkur er bara sagt: Þið bara standið frammi fyrir þessu. Það er búið að ákveða þetta í ráðuneytinu. Þessi tegund af fjárlagagerð eða þessi tegund af vinnu hefur að mínu viti ekki verið borin undir Alþingi sem slík eða meðferð hennar. Er þarna náð fram markmiðum þeirra laga og reglna sem ætlunin er að vinna eftir?

Mér finnst ástæða til, herra forseti, að Ríkisendurskoðun fari einmitt að kanna ýmislegt sem við stöndum þarna frammi fyrir. Ég ítreka svo góð orð til Ríkisendurskoðunar sem hér hafa fallið.

[12:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og áður í skýrslum Ríkisendurskoðunar er fyrirferðarmest í þessari skýrslu fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun stofnunarinnar sem er afar þýðingarmikið og mikilvægt starf til þess að halda uppi aðhaldi og eftirliti í stjórnsýslunni og leggja mat á skilvirkni og hagkvæmni í ríkisrekstri.

Eins og fram kemur í skýrslunni er Ríkisendurskoðun að færa sig inn á nýjar brautir eins og þær sem tengjast umhverfismálum og er það vel.

Ég verð að segja, herra forseti, að það sem mér finnst vanta í starfi þingsins þegar við fjöllum um skýrslu Ríkisendurskoðunar og sem mér fannst vanta í máli hæstv. forseta þegar hann fylgdi skýrslunni úr hlaði, er hvernig við ætlum að standa að málum til þess að hafa möguleika á að fylgja skýrslum Ríkisendurskoðunar eftir. Mér finnst það vanta í störfum þingsins og mér finnst að hæstv. forseti hljóti að eiga að hafa forustu um það þegar við ræðum skýrsluna að segja okkur frá því hvernig hann sér fyrir sér að við getum bætt aðstöðu okkar til að fylgja þessum skýrslum eftir. Inn á þær brautir var t.d. farið af hálfu efh.- og viðskn., eins og hér kom fram á síðasta þingi, með góðum árangri. Ég á sæti í efh.- og viðskn. og tók þátt í því starfi sem ég tel að hafi verið afar mikilvægt, gagnlegt og fróðlegt og sé mikilvæg viðbót við það verk sem Ríkisendurskoðun vinnur. Þar gerði nefndin tillögur um úrbætur í mörgum liðum sem hún beindi til fjmrh. sem auðvitað styrkir það mikilvæga verk sem Ríkisendurskoðun er að vinna.

Það er tvennt sem mér finnst vanta og ég vil beina til hæstv. forseta. Við höfum aftur og aftur verið að fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Það stendur upp úr flestum sem hér tala að nefndir þingsins, sem eru allmargar og misjafnlega mikilvægar, eigi að fjalla um skýrsluna en það er eins og þessu sé ekkert fylgt eftir meira. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að einstakar nefndir geta að eigin frumkvæði tekið upp þessar skýrslur, fjallað um þær og sent skýrslur til þingsins með sama hætti og efh.- og viðskn. gerði. En það verður að setja þessar skýrslur í fastan farveg og finna þeim fastan stað í þingsköpum. Það var reynt í þeim drögum sem lágu fyrir um breytingar á þingsköpum, að mig minnir, sem var svo ekkert meira gert með, þannig að ég spyr hæstv. forseta: Megum við eiga von á að hann leggi fram, og þingflokkarnir fjalli þá um, breytingar á þingsköpum þar sem tekið verður á þessu máli? Það eru auðvitað ýmsir aðrir þættir í þingsköpum og störfum þingsins sem þarf að taka á en þetta er einn mjög mikilvægur.

Menn hafa nefnt hér ýmist að ein nefnd ætti að fjalla um þessar sérstöku skýrslur Ríkisendurskoðunar og sérstaklega þegar verið er að fjalla um stjórnsýsluendurskoðunarhluta þeirra eða þá að viðkomandi þingnefndir sem viðkomandi skýrsla fjallar um eigi þá að fjalla um málið. Um þetta eru eitthvað deildar meiningar, væntanlega, en umfram allt þarf að setja þetta í fast form og um það spyr ég hæstv. forseta. Það þarf auðvitað líka að gefa tíma til þess í störfum þingsins, og það má vera að hægt sé að skipuleggja starf þingnefnda með þeim hætti á sumrin þegar meiri tími gefst til, að fara þá skipulega yfir þær skýrslur sem lagðar eru fram frá Ríkisendurskoðun.

Einnig finnst mér vanta hvernig á að fylgja því eftir að framkvæmdarvaldið fari að þeim ábendingum sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun og þá eftir atvikum frá þingnefndum sem fjalla um skýrslurnar. Ég t.d. veit ekki og hef ekki tilfinningu fyrir því hvað einstök ráðuneyti eða stofnanir fara eftir þeim ábendingum og tillögum sem koma fram hjá Ríkisendurskoðun. Ég tek eftir því í síðustu skýrslu Ríkisendurskoðunar og ríkisreiknings að þar er kafli um eftirfylgni þar sem getið er hvernig ákveðnum málefnum hefur verið fylgt eftir eins og það sem varðaði málefni fatlaðra að mig minnir, og síðan ábendingar sem vörðuðu tollstjóraembættið. Við þurfum að fá yfirlit yfir það, ekki síður en að fá hér ársskýrslu stofnunarinnar til umræðu, þá þurfum við að fá yfirlit og skýrslu um það hvernig ráðuneytin fara að þeim tilmælum og ábendingum sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun. Slík málsmeðferð mundi veita framkvæmdarvaldinu miklu meira aðhald en gert er núna. Ég mundi því gjarnan vilja sjá það sem fastan lið í störfum þingsins og störfum Ríkisendurskoðunar að Ríkisendurskoðun legði fram slíka skýrslu um það hvernig ráðuneytin framfylgdu tilmælum og ábendingum hennar.

Ég geri ráð fyrir að allvel sé staðið að því af hálfu ráðuneyta og stofnana, ég er ekkert að draga það í efa, sjálfsagt er það misjafnt. En engu að síður finnst mér að setja þurfi það í fastar skorður.

Ég vil líka undirstrika að þrátt fyrir mikilvægi í starfsemi Ríkisendurskoðunar verður það aldrei nógsamlega undirstrikað að þingmenn eru, með því að Ríkisendurskoðun hefur þarna ákveðið mikilvægt eftirlitshlutverk með höndum, ekki að framselja vald sitt til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu eins og þingmenn eiga að gera. En mér finnst einmitt bera á því í málflutningi ýmissa ráðherra í ýmsum svörum þeirra til þingsins að þeir telji að þingmennirnir sjálfir hafi í raun og sanni ekkert eftirlitshlutverk. Það kom síðast fram á dögunum í ummælum hæstv. viðskrh. þegar hér var lögð fram skýrslubeiðni af hálfu nokkurra þingmanna, að þá kom hæstv. ráðherra upp í ræðustólinn áður en gengið hafði verið til atkvæða um þá skýrslu og sagði bara fyrir fram að umbeðin svör við því sem um var beðið í þeirri skýrslu mundu ekki koma fram, þannig að ég vil halda því til haga í umræðunni þegar við erum að ræða um það mikilvæga verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur með höndum að því er varðar eftirlit.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, sem mér fannst einna athyglisverðast í þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag, og er angi af því sem við höfum mátt búa við á umliðnum árum, það er það sem fram kemur í endurskoðun ríkisreiknings 1999 varðandi E-hluta stofnanir en þar kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun er á hinn bóginn ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs þar sem hlutafélög eru einkaréttarlegir aðilar þó svo þau séu í meirihlutaeign ríkissjóðs."

Hér er bara verið að segja eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi að þinginu komi ekkert við hvað þarna fer fram á vegum ríkisstofnana sem eru í meirihlutaeign ríkissjóðs og velta, eins og hv. þm. nefndi, eru með í eigið fé um 70 milljarða kr. Ráðherrarnir hafa verið duglegir að bera fyrir sig í svörum sínum skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fram í þinginu sem hann fékk lögfræðing til að vinna um hlutafélagalöggjöfina og aðgang þingmanna að upplýsingum úr stjórnkerfinu þar sem ráðherrar bera upplýsingalög og hlutafélagalög fyrir sig til að koma í veg fyrir að Alþingi fái upplýsingar með eðlilegum hætti sem nauðsynlegar eru til þess að þeir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Það er og verður alltaf sífellt meira áhyggjuefni í þingsölunum hve verið er að draga úr og minnka aðbúnað þingsins og þingmanna til að geta sinnt þeim mikilvæga þætti í störfum sínum sem er eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Ekki vantar, herra forseti, að hér hafi verið lögð fram þingmál til að auðvelda þingmönnum þetta mikilvæga starf,

eins og t.d. frv. til laga sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafði forustu um, þar sem einmitt er tekið á þessum málum varðandi t.d. E-hluta ríkisreiknings og að þingmönnum sé tryggður í þingsköpum sá réttur sem fram kemur í stjórnarskránni, sá stjórnarskrárvarði réttur að þeir geti aflað upplýsinga um opinber málefni sem varða hag almennings. Til þess þarf að breyta þingsköpum og á þann hátt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur lagt til. Ég vil minna á í því sambandi að undir þetta er raunverulega tekið í nýlegri skýrslu nefndar sem hæstv. forsrh. lagði fyrir þingið, sem unnin var undir forustu Páls Hreinssonar, sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda. Þar segir, með leyfi forseta:

„Æskilegt er að tekið verið til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“ En þar er áður vitnað í hinn stjórnarskrárvarða rétt þingmanna.

Það er ástæða til að nefna þetta hér vegna þess að við erum að fjalla um eftirlitsþátt í starfi þingsins sem er líka starf þingmanna ekkert síður en er í störfum Ríkisendurskoðunar.

Hér hefur líka þing eftir þing verið flutt breyting á lögum um þingsköp Alþingis þar sem lagt er til að heimila nefndum að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar sem varða framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varðar. En þessi mál fást lítið rædd í þingnefndum. Það er fyllsta ástæða til, herra forseti, að vekja athygli á þessu hér við umræðuna.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við ljúkum því ekki þessari umræðu nema að fá fram álit forseta, ef hann mögulega getur látið okkur það í té, hvernig haldið verði á málum í framhaldinu að því er varðar þessar sérstöku skýrslur þannig að þær fái fastan og fastari sess í störfum þingsins en verið hefur hingað til.

Starf efh.- og viðskn. hefur verið nefnt hér að því er varðar skýrslur Ríkisendurskoðunar um tollstjóraembættið sem ég tel að sé til fyrirmyndar og eigi örugglega sinn þátt í því að ráðuneyti fari í að leggja í þá vinnu sem þarf til þess að fara að þeim ábendingum sem fram koma hjá Ríkisendurskoðun og í starfi nefndarinnar. Ég vil nefna aðra skýrslu sem mér finnst mjög mikilvægt að þingmenn taki á sem er skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom fram í sumar um sérfræðiþjónustu, þ.e. kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu. Þar kemur fram, og maður spyr hvort ekki sé nauðsynlegt að þingið fjalli um þær ábendingar sem þar koma fram, að kostnaður ríkisstofnana vegna kaupa á sérfræðiþjónustu hefur hækkað um 85% á tiltölulega stuttu árabili, þ.e. úr 1,1 milljarði kr. árið 1994 í rúma 2 milljarða kr. á árinu 1998. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom einmitt fram að engar samræmdar verklagsreglur voru til staðar hjá þessum stofnunum og í langflestum tilvikum var ekki um útboð að ræða á sérfræðiþjónustu. Hér eru náttúrlega mjög alvarlegar ábendingar á ferðinni af hálfu Ríkisendurskoðunar sem mjög mikilvægt er að fylgt sé eftir af hálfu þingnefndar. Ég ræddi þetta við formann efh.- og viðskn. og vildi að efh.- og viðskn. tæki þetta mál upp með sama hætti og hún gerði varðandi tollstjóraembættið en það var skoðun formanns efh.- og viðskn. að það væri á verksviði fjárln. að skoða þetta mál ítarlega og vænti ég þess þá að fjárln. taki þetta mál upp með svipuðum hætti og efh.- og viðskn. gerði og skili skýrslu til Alþingis um þetta mál og geri hún það ekki mun ég ítreka það að þetta mál verði tekið upp af hálfu efh.- og viðskn. með sama hætti og sú skýrsla sem hæstv. forseti gat um í máli sínu og hér hefur verið rætt varðandi tollstjóraembættið.

Herra forseti. Meginathugasemdir mínar lúta fyrst og fremst að því að eftirfylgni þeirra skýrslna sem Ríkisendurskoðun vinnur, bæði það að við fáum yfirlit yfir hvernig ráðuneyti og stofnanir framfylgja ábendingum frá Ríkisendurskoðun og hvernig hægt er að styrkja störf Alþingis og festa í sessi umfjöllun nefnda um þessar skýrslur og að þær séu að lokinni slíkri umfjöllun teknar til meðferðar aftur á hv. Alþingi.

[12:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og það hefur borið við í umræðunni að menn vilji ræða um einstakar skýrslur þeirrar stofnunar. En við erum sem sagt að ræða um starfsskýrsluna og ég vildi rétt aðeins koma inn á það að Ríkisendurskoðun heldur sig nokkuð vel innan ramma fjárlaga og gjöldin hækka einungis um 4,5% sem er mjög ánægjulegt þannig að hún hefur látið af þeirri miklu aukningu á gjöldum sem verið hefur undanfarin ár og virðist núna vera með betri rekstur.

Auðvitað er það markmið að fá eins og víðast hvar meira fyrir minna fé, þ.e. meiri endurskoðun fyrir minna fé og það næst væntanlega með betri stjórnun og betri nýtingu á mannskap og fjármagni. En stjórnun er veikur hlekkur í íslensku atvinnulífi og alveg sérstaklega í opinberum rekstri.

Herra forseti. Mikið af umræðunni hefur verið um þær gagnmerku skýrslur sem Ríkisendurskoðun lætur frá sér fara í miklum mæli og það er alveg rétt að þær virðast daga uppi, tilviljunarkennt. Fjölmiðlar grípa eina og eina á lofti og mjög fáar hafa komið til umræðu í nefndum þingsins sem geta að sjálfsögðu tekið þær upp en það er enginn farvegur fyrir skýrslurnar. Ég tel að því þurfi að breyta í þingsköpum. Ég skora á hv. þingheim að taka sér tak og breyta þingsköpum í þá veru t.d. að forseti útdeili skýrslum Ríkisendurskoðunar til nefnda þingsins og að nefndirnar fari yfir skýrsluna og gefi umsögn um hverja einustu skýrslu. Ef einn nefndarmaður óskar eftir verði umræða á Alþingi um viðkomandi skýrslu. Auðvitað eru skýrslurnar mjög margar og mismerkilegar og mismikil þörf á því að ræða þær. Um sumar má segja að málin séu í lagi og þá þarf ekkert að ræða það neitt frekar. Aðrar gefa kannski til kynna að eitthvað sé að og þá finnst mér að hver nefndarmaður í viðkomandi nefnd þingsins eigi að geta gert kröfu til þess að umræða fari fram um skýrsluna á hinu háa Alþingi.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði um eftirfylgni. Það hefur lítið að segja að koma með skýrslur ef enginn fylgist með því að það sé lagað sem er að og bent er á í skýrslunni. Ég tek því mjög undir það sem hv. þm. sagði um að það verði að vera eftirfylgni með skýrslum.

En ég vildi ræða annað. Það eru þær gífurlega miklu breytingar sem við stöndum frammi fyrir á næsta áratug varðandi rafræn viðskipti sem gefa óþekkta möguleika bæði til notkunar og til misnotkunar. Ég er mjög ánægður með að Ríkisendurskoðun ætlar að taka á þessu vandamáli og vera vonandi á undan þróuninni. Eins og ég gat um gefur sú þróun mikla möguleika til nýrrar notkunar sem menn sjá ekki fyrir, sem mun flytja fyrirtæki og starfsmenn milli landa. Ekki er lengur hægt að segja hvar ákveðinn starfsmaður vinnur og hvar hann eigi að borga skatta því hann getur loggað sig inn á tölvu í einhverju allt öðru landi og verið að vinna þar. Hann getur meira að segja verið á baðströnd á Kanaríeyjum og

verið að vinna eitthvert starf hér á Íslandi. Þetta er notkunin og svo eru náttúrlega gífurlega miklir möguleikar á misnotkun. Þar kemur kannski inn í það að Ríkisendurskoðun verði opinberum stofnunum til leiðbeiningar um það hvernig eigi að varast slíka misnotkun á þeim nýju möguleikum sem þessi rafrænu viðskipti gefa okkur.

[12:23]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið á marga lund gagnlegar. Auðvitað hafa þær fallið að sumu leyti í gamlan farveg og áberandi það ágreiningsmál sem hefur verið uppi um það hvernig staðið skuli að rekstri fyrirtækja sem keppa á hinum frjálsa markaði, hvort um þau fyrirtæki skuli gilda sömu reglur ef ríkið á fyrirtækin eða á meiri hluta í þeim og önnur fyrirtæki á markaðnum.

Ég er þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé að sömu lög og sömu reglur gildi um öll fyrirtæki sem eru hlutafélög og ef einhver einstaklingur kaupir hlut í fyrirtæki, sem ríkið á hlut í, geti hann verið öruggur um að um það fyrirtæki gildi þau lög sem gilda almennt um hlutafélög svo að ég taki það sérstaklega sem dæmi. Það er stjórnarskrárvarinn réttur hvers einstaklings að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Ekki nær nokkurri átt að hugsa sér það að einungis með því að ríkið eignast meiri hluta í hlutafélagi skuli rekstrarlegum forsendum fyrirtækisins breytt í einni andrá, öryggi fyrirtækisins verða minna en ella og óhjákvæmilegt að hlutabréfin falli verulega í verði. Það er alveg augljóst mál ef það nær fram að ganga að einstakir alþingismenn geta gert ýmis viðkvæm mál fyrirtækja almennt að umræðuefni, geta upplýst um launakjör einstakra starfsmanna, komið að viðkvæmum samningum og hverju einu og slíkt kallað fram tortryggni um rekstur fyrirtækisins að rétt sé að honum staðið, kallað fram efasemdir um réttmæti fyrirtækisins, slíkt hlýtur að sjálfsögðu að skaða meðeigendur ríkisins. Þess vegna held ég að óhjákvæmilegt sé ef Samfylkingin stendur fast á þeim skoðunum sínum að um fyrirtæki þar sem ríkið á meiri hluta skuli gilda sérstök lög og sérstakar reglur, verði sett sérstök lög um fyrirtæki þar sem ríkið er eigandi þar sem verði nákvæmlega skilgreint hver sé réttur meðeiganda ríkisins í viðkomandi fyrirtæki, hver sé réttur starfsmanna á leynd yfir launakjörum sínum og starfskjörum úr því að hugmyndin er sú að réttur þeirra eigi ekki að vera sá sami eins og í öðrum fyrirtækjum.

Ég hygg raunar að það sé alveg ljóst að þetta mál sé svo vaxið að t.d. stéttarfélög muni láta það til sín taka ef hugmyndin á að vera sú að önnur lög gildi um starfsfólk fyrirtækja sem ríkið eigi en aðra. Að gefnu tilefni hlýt ég að taka þetta fram. Mér finnst ekki hægt að tala um þetta mál í þeim tón að ráðherrar séu að bera fyrir sig hlutafélagalög og upplýsingalög. Alþingi setur lög og eftir þeim ber að fara. Ekki er hægt að tala um það að menn beri fyrir sig lög. Talað er um að menn fari að lögum. Með lögum skal land vort byggja ... (**Gripið fram í:** ... og ólögum eyða.)... já, og ólögum eyða. Ef Alþingi setur ólög eiga þingmenn að ganga fram í því að breyta þeim lögum en ekki að biðja um að menn brjóti í bága við lögin með athöfnum sínum.

Auðvitað er álitamál hve langt upplýsingalögin eiga að ná. Það hlýtur að vera álitamál en ekki er við Ríkisendurskoðun að sakast ef hún vinnur samkvæmt lögum heldur hljóta alþingismenn þá að beita sér á hinu háa Alþingi.

Ég get alls ekki fallist á það að komið sé í veg fyrir eðlilegt eftirlit þingmanna með framkvæmdarvaldinu eða fyrirtækjunum þó svo unnið sé eftir hlutabréfalögum. Ég hefði ekki flutt frv. um það á Alþingi meðan ég var landbrh. og samgrh. að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög ef ég tryði því að með því kæmi ég í veg fyrir það að ráðherrar eða þingmenn gætu haft eðlilegt eftirlit með þeim fyrirtækjum. Ég hlýt að hafna þeirri hugmynd. En hér komum við að pólitísku deiluefni. Er eðlilegt að opinber rekstur á samkeppnismarkaði lúti sömu lögmálum og önnur fyrirtæki? Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt. Ríkisforsjárflokkar hafa á hinn bóginn talið eðlilegt að sveitarfélög og ríki komi öðruvísi að markaðnum en einkafyrirtækin og verður við svo búið að standa á meðan pólitískur ágreiningur er uppi um þessi efni.

Annað atriði sem hefur komið fram vil ég gera að umtalsefni. Það er spurningin um hvort eðlilegt sé að ráðherrar fari að öllu leyti eftir ábendingum og skoðunum Ríkisendurskoðunar. Ég álít síður en svo að það sé sjálfsagt. Meðan ég var landbrh. lagði Ríkisendurskoðun til að Landgræðslan og Skógrækt ríkisins yrðu sameinuð. Ég var algerlega ósammála þeirri niðurstöðu og tel raunar að það mundi skaða bæði Landgræðsluna og Skógræktina ef til slíkrar sameiningar kæmi. Þar er uppi efnislegur ágreiningur sem kemur venjulegu bókhaldi ekkert við og er af allt öðrum toga en ég hygg að hv. þm. hafi verið að tala um. En eftir sem áður getur verið gagnlegt að glöggva sig á því í hvaða efnum og í hvaða atriðum ráðherra greinir á við Ríkisendurskoðun og að því leyti get ég verið sammála hv. þm.

Ég tók líka eftir því að tveir eða þrír alþingismenn viku sérstaklega að umhverfisendurskoðun. Það vill svo til að meðan ég var í samgrn. hafði það frumkvæði að því að taka svokallað grænt bókhald upp hjá ríkinu og var það látið ná til allra þeirra stofnana sem heyra undir samgrn. Auðvitað var það merkilegt frumkvæði og ég þykist vita að þeirri ákvörðun hafi verið vel fylgt eftir. Embættismenn samgrn. og stofnana þess sýndu því máli mikinn áhuga og eins og hér kemur fram í skýrslunni hefur Ríkisendurskoðun lagt verulega mikla áherslu á að vinna á sviði umhverfisendurskoðunar eins og það er orðað hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Áætlað hafði verið að verja 2.600 tímum vegna vinnu á sviði umhverfisendurskoðunar. Útkoman varð hins vegar um 1.300 tímar. Skýrist það af því að annar starfsmaður þessa sviðs fór í ársfrí“ o.s.frv.

Þessi starfsmaður fór til Brussel til þess að kynna sér þar sérstaklega umhverfisendurskoðun og vinna á því sviði. Síðan mun hann hverfa aftur til stofnunarinnar og er auðvitað mjög mikið gagn að því að hann skuli hafa búið sig þannig undir þau störf sem við vitum að muni nýtast mjög vel.

Ég tek undir þá áherslu sem ríkisendurskoðandi og þingmenn hafa lagt á að efla umhverfisendurskoðun og að fylgja henni vel eftir.

Hér hefur verið að því vikið að skýrslur hafi engan ákveðinn farveg. Vitnað hefur verið til þess að á síðasta ári tók efh.- og viðskn. skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtusvið tollstjórans í Reykjavík til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar. Nefndin kallaði fyrir sig bæði skýrsluhöfunda svo og forsvarsmenn tollstjóraembættisins. Að lokinni athugun sinni gaf nefndin út formlegt álit í formi stuttrar skýrslu.

Ég get tekið undir þau sjónarmið sem ríkisendurskoðandi reifar í formála að starfsskýrslunni, og hefur reyndar margoft áður vikið að, að brýnt sé að koma á fastri skipan í þessu efni. Sú aðferð sem efh.- og viðskn. beitti varðandi skýrsluna um

tollstjórann í Reykjavík sýnist koma til álita enda einföld og eðlileg. Ég vil jafnframt geta þess að fjárln. hyggst afgreiða tvær skýrslur Ríkisendurskoðunar með svipuðum hætti.

Ég hef hér í höndum skýrslu um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík frá efh.- og viðskn. og tel að hér hafi verið vel að verki staðið ef það svarar þeim spurningum sem hér hafa komið fram og finnst sjálfsagt í framhaldi af þessum umræðum á Alþingi að málið verði rætt sérstaklega og tekið fyrir og þessar ábendingar í forsn.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa um þetta öllu fleiri orð. Sá ágreiningur sem uppi hefur verið um hlutafélög þar sem ríkið er meirihlutaaðili er ekki nýr, hann er margræddur milli mín og þeirra hv. þm. sem hafa tekið hér til máls þó að ég hafi þá verið í öðru hlutverki. En ágreiningurinn stendur eftir sem áður þó að ég sé nú forseti Alþingis, a.m.k. þegar ég stend ekki í þessum ræðustól, herra forseti. Ég tel líka rétt að það komi fram við umræðuna sem ég hef áður sagt, einnig að gefnu tilefni, að ég tel að forseti Alþingis á hverjum tíma hafi heimild til að taka til máls um hvaðeina sem honum sýnist í þinginu, taka pólitíska afstöðu, hafa pólitískar skoðanir og pólitískar áherslur um þau mál sem upp koma og vitna í því sambandi til Jóns Sigurðssonar sem hefur e.t.v. verið lengur forseti en nokkur annar. Ég þori ekki að fullyrða það en mig minnir að hann hafi ekki verið meiningarlaus maður á Alþingi meðan hann sat á forsetastóli.

[12:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að taka virðulegan forseta á orðinu og leiða í ljós það ágreiningsefni og álitaefni sem hann ræddi hér og ég einnig fyrr í umræðunni. Það er að sönnu hárrétt að þó að samstarf í forsn. sé prýðilegt eru uppi álitamál milli mín sem 1. varaforseta þingsins og forseta þingsins. Það lýtur einmitt að upplýsingagjöf um fyrirtæki í meirihlutaeign ríkisins.

Virðulegum forseta var tíðrætt um hlutafélagalög í þessu sambandi og taldi þau augljóslega ofar öllum öðrum. Ég vil hins vegar vekja á því athygli að í landinu gilda fleiri lög sem lúta að þessu sama viðfangsefni, nefnilega lög um Ríkisendurskoðun sjálfa sem ég fór yfir. Það eru líka þingsköp sem gilda um sama álitaefni. Einnig má nefna til sögunnar upplýsingalög, upplýsingalög sem lúta sérstaklega að rétti almennings, þó að ég vilji taka það sérstaklega fram að ég leggi þau ekki að jöfnu og ákvæði þingskapalaga og stjórnarskrárinnar raunverulega um hlutverk okkar alþingismanna og skyldu til þess að hafa eftirlit með starfsemi framkvæmdarvaldsins. Þar verðum við að gera glöggan greinarmun á.

Það er hárrétt þegar menn segja hér að með lögum skuli land byggja og það eigum við einmitt að gera. En það er einfaldlega þannig hvað þetta atriði varðar að vægast sagt er um réttaróvissu að ræða því að lög stangast á. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. forseti skuli hafa tekið undir mikilvægi þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum og af þeim ástæðum hef ég flutt frumvörp sem gera það skylt og klárt að þingmönnum beri að fá upplýsingar sem þeir biðja um úr fyrirtækjum sem ríkið á að meiru en helmingi. Það er eðlilegt og það er sjálfsagt, það er ekki bara réttur okkar, það er skylda okkar að sinna þessu eftirlitshlutverki.

[12:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að hlutafélagalög væru ofar öðrum lögum, ég sagði að lög um hlutafélög giltu um hlutafélög.

Ég hlýt líka að taka það fram að ef hv. þm. vilja að um þau fyrirtæki sem ríkið á meiri hluta í gildi ekki ákvæði hlutafélagalaga hljóta þeir að flytja frumvarp um það hvaða lög eigi að gilda um þau fyrirtæki sem ríkið á hlut í svo að almenningur viti að hverju hann gengur. Hitt er öldungis ljóst ef slík hlutafélög eiga að verða eitthvað öðruvísi hlutafélög bara við það að ríkið eignast meiri hluta mun það að sjálfsögðu hafa í för með sér að hlutabréfin falla í verði, þykist ég vita. Annars þori ég nú varla að tala um þessi mál á meðan ég tek eftir því að hv. 10. þm. Reykv. hlustar með mikilli athygli, því ég hafði nú ekki borið þessa skoðun mína undir hann sérstaklega. En ég hygg að nú eftir sem áður sé samt nokkuð ljóst að fullyrðing mín sé rétt.

[12:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem ég og félagar mínir hafa gert á hinu háa Alþingi. Við erum með frv. til breytinga á hlutafélagalögum um einmitt þetta viðfangsefni, þess efnis að í hlutafélögum sem ríkið á meira en helming í sé ákvæði um að skylt sé að veita upplýsingar til Alþingis samkvæmt ákvæðum þingskapa. Á þessu viðfangsefni hefur því verið tekið og ég vænti þess þá að hæstv. forseti styðji þetta frv. þegar það kemur til afgreiðslu væntanlega síðar á þessu þingi.

Þetta er hins vegar gömul plata og lúin að minni hyggju þegar stjórnarliðar, og nú ætla ég að ræða það undir þeim formerkjum, og hv. þm. Halldór Blöndal í gegnum árin, á síðasta kjörtímabili töluðu einatt um að það mundi hríðfella verðmæti hlutabréfa í fyrirtækjum ef þingmenn væru að spyrja um hitt og þetta og það þyrfti að segja öll þessi stóru leyndarmál. Reyndar gekk hv. þm. lengra og taldi um að það væru ekki aðeins meðeigendur og réttur þeirra sem þyrfti að huga að heldur væri líka hætta á því að réttur starfsmanna væri fyrir borð borinn. Þingmaðurinn gaf sér það, þessa frjálshyggjuhugsjón, að það væri gefið mál að um leið og fyrirtæki ríkisins væri breytt í hlutafélag mundi vænkast hagur starfsmanna. Ég er hræddur um að sumir þeirra sem hefur verið sagt upp af þeim sökum hafi allt aðra sögu að segja þannig að ég noti þessar öfgar í því samhengi.

En kjarni málsins er sá að við erum hér m.a. að ræða um fyrirtæki í 100% eigu ríkissjóðs, fyrirtæki sem hv. þm. þekkir býsna vel, Póstinn, sem hefur um 98% hlutdeild í markaði hér á landi. Hvar er sú stóra hætta á ferðinni þar að þingmenn að fái svör við spurningum sínum? Spyr sá er ekki veit.

[12:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú get ég alveg tekið undir með hæstv. forseta að þrátt fyrir hans virðulega embætti getur hann alveg viðrað pólitískar skoðanir sínar út og suður eins og hann vill í ræðustól. En mér finnst það satt að segja orka tvímælis þegar hæstv. forseti er að blanda saman hlutverki sínu sem pólitíkus, fyrrverandi ráðherra og forseti þingsins þegar við erum að ræða akkúrat stöðu þingmanna til að gegna eftirlitsskyldu sinni og eftirlitshlutverki þingmanna, aðbúnaði til þess og stöðu til þess. Mér finnst satt að segja það vera hlutverk forseta að taka upp hanskann fyrir þingmenn í slíkri umræðu

en taka ekki upp hanskann fyrir framkvæmdarvaldið eins og mér fannst hæstv. forseti gera í umræðunum hér áðan. Hann á að halda fast á rétt þingmanna. Það finnst mér vera skylda forsetans.

Við höfum lagt fram breytingar á lögum ef hæstv. forseti er að kalla eftir því eins og hefur margoft komið fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Það er ekki boðlegt hjá forseta að bera fyrir sig að hlutabréf falli í verði ef þingmenn gegni eftirlitsskyldu sinni með framkvæmdarvaldinu. Við skulum muna það að um stofnanir í eigu ríkisins, eins og Landssímann, þó að hann væri að fullu í eigu ríkisins og líka bankarnir, að þá voru engu að síður ráðherrarnir að bera fyrir sig hlutafélaga- eða upplýsingalög sem er auðvitað ekki boðlegt. Ég vil bara minna á að það kemur fram í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda að raunverulega er bent á að ástæða sé til þess að setja ákvæði um þann rétt sem þingmenn hafa í stjórnarskránni inn í ákvæði þingskapalaga þannig að hægt sé að tryggja eftirlit þingmanna um opinber málefni og hag almennings. Það er einmitt það sem þingmenn Samfylkingarinnar eru að gera og ég hefði frekar kosið að heyra að forseti Alþingis tæki undir það með okkur frekar en að vera að taka upp hanskann fyrir framkvæmdarvaldið.

[12:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er ekki miklu að svara. Ég tel að þingmenn hafi eftirlitsskyldu og ég tel að þeir geti rækt þá skyldu innan ramma laga og réttar.

[12:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég tek undir hvert einasta orð sem hæstv. forseti sagði núna áðan. En ég vil ítreka það sem ég sagði að mér finnst að forsetinn, sem er yfir okkur öllum í þessari virðulegu samkomu, hafi ákveðnum skyldum að gegna. Þegar við erum að kvarta yfir aðstöðuleysi okkar þingmanna til að rækja eftirlitshlutverk okkar og að framkvæmdarvaldið sé sí og æ að gera okkur erfiðara fyrir að gegna því hlutverki finnst mér að hæstv. forseti eigi að vera í hlutverki forseta þingsins og taka undir með okkur að það þurfi að breyta lögum til að styrkja rétt alþingismanna til þess að kalla eftir upplýsingum.

Ég minni á að Páll Hreinsson, sem er höfundur þeirrar skýrslu sem ég nefndi um starfsskilyrði stjórnvalda, segir að upplýsingar þingmanna ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist þær á sjálfstæðri heimild sem er að finna í stjórnarskránni. Ég ítreka að mér finnst ekki boðlegt að bera fyrir sig þau rök sem hæstv. forseti gerði í máli sínu og mér finnst heldur ekki boðlegt hvernig þingið hefur undanfarin ár farið með þingmál sem hafa haft það að markmiði að styrkja stöðu þingsins til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Þar nefni ég bæði frv. hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og frv. sem ég hef beitt mér fyrir um rannsóknarnefndir þingsins sem taki að eigin frumkvæði upp mál sem lúta að ýmsu sem varða almannaheill. Þau fást vart rædd í þingnefndum. Mér finnst að forsetinn eigi þegar slíkar umræður eiga sér stað hérna, eins og hann nefndi reyndar í sínu máli áðan, að hafa frumkvæði að því að bæta stöðu þingmanna til að gegna hlutverki sínu og fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar sem mér heyrðist að hæstv. forseti ætlaði að beita sér fyrir í forsn. Vonum við að það vísi eitthvað í áttina til þess sem við erum að kalla eftir.

Skýrslur umboðsmanns Alþingis 1998 og 1999.

[12:47]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér eru til umræðu skýrslur umboðsmanns Alþingis fyrir árin 1998 og 1999.

Rétt er að rifja upp að í nóvember 1998 fékk Gaukur Jörundsson leyfi frá starfi umboðsmanns Alþingis og var Tryggvi Gunnarsson settur til að gegna starfinu frá sama tíma allt þar til hann var kjörinn til starfans af Alþingi til fjögurra ára frá 1. jan. sl. Skýrsla fyrir árið 1998 er því rituð af þeim báðum.

Með skýrslu sinni fyrir árið 1998 kveður Gaukur Jörundsson starf umboðsmanns Alþingis. Gaukur var kjörinn fyrsti umboðsmaður Alþingis í desember 1987 og kom það því í hlut hans að móta þetta starf og marka því stöðu. Það verk leysti Gaukur af hendi með þeim hætti að fyrir það ber sérstaklega að þakka á þessum tímamótum. Ég hygg að Alþingi hafi verið mjög heppið og raunar þjóðin að hann skyldi hafa tekið að sér starf umboðsmanns Alþingis á sínum tíma. Jafnframt býð ég velkominn nýjan umboðsmann Alþingis, Tryggva Gunnarsson.

Eins og lýst er í bréfi því til Alþingis sem fylgir skýrslunni fyrir árið 1998 og birt er í upphafi hennar eru þessar ársskýrslur í nokkuð breyttu formi frá því sem áður hefur tíðkast. Á árinu 1999 hófst vinna við heimasíðu fyrir umboðsmann Alþingis. Var ákveðið að þar yrðu m.a. birt álit og aðrar niðurstöður sem umboðsmaður telur rétt að birta ásamt útdrætti í hverju máli fyrir sig, bæði það efni sem birst hefur í áður útgefnum ársskýrslum og ný álit eftir því sem þau liggja fyrir.

Í fyrri ársskýrslum umboðsmanns Alþingis hafa verið birtar að mestu í heild sinni úrlausnir umboðsmanns í málum sem valin hafa verið með tilliti til eðlis þeirra og þýðingar fyrir stjórnvöld auk útdrátta. Umfang þessa efnis hefur farið vaxandi og ársskýrslurnar hafa því verið að stækka að blaðsíðufjölda. Var því ákveðið að nota tækifærið samhliða tilkomu heimasíðunnar og birta almennt í ársskýrslunni aðeins útdrætti eða svonefndar reifanir í þeim málum sem umboðsmaður telur rétt að taka upp í skýrslu sína til Alþingis auk fárra valinna álita sem hafa verulega almenna þýðingu. Álit og annað efni um þau mál sem útdrættirnir fjalla um er síðan hægt að nálgast á heimasíðu umboðsmanns Alþingis sem hefur verið opin frá því í mars á þessu ári.

Vegna þessa og vinnslu á heimasíðunni urðu nokkrar tafir á því að skýrslur þær sem hér er fjallað um yrðu tilbúnar. Það sem mestu skiptir er hins vegar að þetta breytta fyrirkomulag og tilkoma heimasíðunnar á að auðvelda leit að úrlausnum umboðsmanns í einstökum viðfangsefnum og málaflokkum. Ég vil nota tækifærið til að þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir það verk sem þarna hefur verið unnið en slíkt aðgengi að úrlausnum umboðsmanns með auðveldum og skjótum hætti er vissulega mikilvægt innlegg í að upplýsa bæði almenning og starfsfólk stjórnsýslunnar um þær réttarreglur sem gilda um málefni stjórnsýslunnar og umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um.

Umboðsmaður Alþingis vekur einmitt í inngangi að skýrslu sinni fyrir árið 1998 máls á því hvort ekki sé fullt tilefni til þess að starfsfólk stjórnsýslunnar eigi í meira mæli en nú er kost á skipulegri fræðslu og endurmenntun um þær lagareglur sem stjórnsýslan starfar eftir. Er það niðurstaða

umboðsmanns að aukin fræðsla um reglur stjórnsýsluréttarins og þá einkum málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga sé best til þess fallin að bæta almennt úr þeim atriðum sem hafa orðið tilefni athugasemda af hálfu umboðsmanns. Umboðsmaður víkur þarna að viðfangsefni sem er vitanlega fyrst og fremst verkefni ríkisstjórnar og annarra stjórnvalda en fullt tilefni er til þess að við þingmenn hugum að því hvernig við getum stuðlað að framgangi þessa verkefnis.

Á árinu 1998 voru skráð hjá umboðsmanni Alþingis 288 ný mál en þar af tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði tíu mál. Ný mál á árinu 1999 voru 272 og þar af tók umboðsmaður níu mál upp að eigin frumkvæði. Er þetta nokkur fækkun mála hlutfallslega frá fyrri árum en á árunum 1994–1997 voru skráð árlega yfir 300 ný mál og urðu þau flest árið 1997 eða 360. Þennan fjölda mála á þessum árum má væntanlega að einhverju leyti rekja til þess að stjórnsýslulögin tóku gildi 1. jan. 1994.

Fram kemur í skýrslum umboðsmanns að framangreindar tölur um fjölda mála eiga aðeins við um formlega skráð mál en afar algengt er að fólk komi á skrifstofu umboðsmanns eða hringi og beri þannig upp mál sín og leiti upplýsinga. Leitast starfsfólk embættisins þá við að greiða úr þeim erindum og veita fólki nauðsynlegar leiðbeiningar um hvert skuli leita og hvernig. Í skýrslum umboðsmanns kemur fram að starfsmenn embættisins á árunum 1998 og 1999 hafa að jafnaði verið sex auk umboðsmanns.

Þótt það lúti ekki að starfsemi umboðsmanns á þeim árum sem fyrirliggjandi skýrslur taka til er rétt að láta þess getið hér að í maímánuði á þessu ári var skrifstofa umboðsmanns Alþingis flutt í nýtt húsnæði sem tekið var á leigu að Álftamýri 7 í Reykjavík. Með þessu nýja húsnæði, sem þó verður ekki að fullu tekið í notkun fyrr en á næsta ári, hefur húsnæðisaðstaða fyrir starfsemi umboðsmanns verið bætt til muna.

Í þessum tveim skýrslum umboðsmanns Alþingis er greint frá niðurstöðum af athugun hans á alls 155 málum eða um fjórðungi þeirra mála sem komu til afgreiðslu hjá umboðsmanni á árunum 1998 og 1999. Þau viðfangsefni sem um er fjallað í þessum málum eru margvísleg og ekki er tilefni til þess að ég geri hér að umtalsefni einstök mál. Ég vil þó vekja athygli alþingismanna á þeirri umfjöllun sem fram kemur af hálfu umboðsmanns í þeim köflum skýrslnanna þar sem fjallað er um störf umboðsmanns Alþingis árin 1998 og 1999. Þar víkur umboðsmaður sérstaklega að nokkrum þeirra mála sem fjallað er um í skýrslunum og dregur fram atriði úr þeim sem hann telur hafa almenna þýðingu. Ég minni líka á að í nokkrum þeirra álita sem gerð er grein fyrir í þessum skýrslum koma fram ábendingar af hálfu umboðsmanns Alþingis skv. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, um það sem hann telur vera meinbugi á gildandi lögum. Þetta eru ábendingar til Alþingis og það er því okkar alþingismanna að huga að þeim ef hlutaðeigandi ráðherrar hafa ekki frumkvæði að því að bæta þar úr.

Sem dæmi um slíkar ábendingar má taka fyrstu málin í hvorri skýrslu sem bæði fjalla um almannatryggingar.

Að lokum þakka ég umboðsmanni Alþingis og starfsmönnum hans góð og árangursrík störf og trúnað við almenning.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

Umræður utan dagskrár.

Einangrunarvistun fanga og fjárskortur fíkniefnalögreglunnar.

[13:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á sunnudagskvöldið kom fram í fréttum Stöðvar 2 og í dagblaðinu Degi í gær það álit Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns að fjárskortur fíkniefnalögreglunnar hafi leitt til þess að menn sitji í gæsluvarðhaldi og einangrun dögum saman án þess að vera yfirheyrðir. Rannsókn mála dragist úr hófi fram vegna þess að yfirvinnukvóti fíkniefnalögreglunnar kláraðist í september. Rannsóknarvinna er því ekki unnin í yfirvinnu þótt fjöldi erfiðra fíkniefnamála sé nú í rannsókn hjá lögreglunni.

Lögfræðingurinn segir að það hafi verið staðfest af starfsmanni hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík þegar beiðni um framlengingu gæsluvarðhalds skjólstæðings hans var tekin fyrir í héraðsdómi í síðustu viku að yfirvinnubann hafi væntanlega haft áhrif á rannsókn mála hjá fíkniefnadeildinni en einstaklingurinn sem um ræðir hafði þá þegar setið þrjár vikur í gæsluvarðhaldi og aðeins verið yfirheyrður einu sinni á öllum þeim tíma og farið var fram á tveggja vikna framlengingu á gæsluvarðhaldsvist hans.

Jafnframt kom fram að lögmaðurinn hafði skrifað lögreglunni bréf þar sem óskað er eftir skýringum á því hvað valdi töfum á rannsókn í máli skjólstæðings hans en engin skýr svör hafa fengist og sumum spurningum hafi beinlínis verið neitað að svara á þeirri forsendu að leynd væri yfir starfsaðferðum lögreglu, rannsóknarhagsmunir krefðust þess. Fyrir leikmann er erfitt að sjá hvernig rannsóknarhagsmunum lögreglumáls er ógnað með því t.d. að svara spurningum verjanda um þann tímafjölda sem farið hefur á síðustu þremur vikum í yfirheyrslur yfir skjólstæðingi hans. Þvert á móti virðist að það sé verið að neita verjandanum um upplýsingar sem engu máli skipta varðandi rannsóknarhagsmuni og ekki leiða til hættu á því að rannsóknargögnum verði spillt en gætu hins vegar orðið til þess að gæsluvarðhaldi yrði hnekkt. Ef svo er, þá er það auðvitað alvarlegasti hluti þessa máls.

Dvöl þessa umrædda einstaklings í gæsluvarðhaldi hefur nú verið framlengd og mun standa yfir í allt að fimm vikur. Það eru því miður mörg dæmi þess í gegnum árin að einstaklingar hafi setið vikum saman í gæsluvarðhaldi og einangrun meðan á rannsókn mála sendur. Ég minni á að einn heilsugæslulækna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem sinnir föngum á Litla-Hrauni sá sig knúinn til þess fyrir ári síðan að skrifa yfirvöldum fangelsismála bréf þar sem langri einangrunarvist fanga var harðlega mótmælt. Ólafur Ólafsson fyrrverandi landlæknir hefur einnig ítrekað vakið athygli á því að einangrunarvistun sem nær yfir lengri tíma en þrjár til fjórar vikur gæti valdið verulegu heilsutjóni hjá föngum og þá fyrst og fremst skaðað geðheilsu þeirra. Því miður þekkjum við einnig dæmi þess að saklausir menn hafa beðið varanlegt tjón á heilsu sinni vegna langrar einangrunarvistunar meðan mál þeirra voru rannsökuð.

Þá má minna á skýrslu frá nefnd á vegum Evrópuráðsins sem kom fyrir fáum árum til að skoða fangelsin og aðbúnað fanga þar sem kemur fram gagnrýni á íslenskt réttarkerfi fyrir ofnotkun á gæsluvarðhaldi og einangrun. Það er því með öllu óverjandi ef fjárskortur lögreglunnar hamlar því að mál þeirra sem dvelja í einangrun séu rannsökuð svo fljótt

sem auðið er eða að verjendur sakborninga fái ekki eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar sem beðið er um og hugsanlega gætu stytt vistun í einangrun. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hversu margir einstaklingar eru í gæsluvarðhaldi og einangrun í dag og hver er fjöldi þeirra sem hefur verið lengur en þrjár vikur í einangrun?

Hversu margir einstaklingar hafa verið lengur en þrjár vikur samfellt í einangrunarvistun á síðustu þremur árum?

Er rétt að rannsókn mála þeirra sem dvelja í gæsluvarðhaldi og einangrun hafi dregist verulega vegna fjárskorts lögreglunnar og yfirvinnubanns og þar með leitt til lengri einangrunarvistunar en ella hefði orðið?

Er lögreglunni heimilt að neita verjendum einstaklinga sem sitja í gæsluvarðhaldi um upplýsingar er varða starfsaðferðir lögreglu við rannsókn máls viðkomandi einstaklings ef sýnilegt er að upplýsingarnar skaða ekki rannsóknarhagsmuni?

Hefur ráðherra í hyggju að setja reglur er varða hámark þess tíma sem einstaklingur er vistaður í einangrun?

[13:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Þessi utandagskrárumræða um löggæslumál sem hér er beðið um fer fram á sama tíma og lögreglan er að leysa hvert stórmálið á fætur öðru. Engu að síður vill málshefjandi og reyndar fleiri aðilar láta það líta svo út að löggæslan sé öll í kaldakoli og þykir mér illt að sitja undir slíkri síbilju dag eftir dag. Lögreglan hefur þvert á móti aldrei náð jafnmiklum árangri í störfum sínum en á síðustu mánuðum. Hún hefur upplýst stórfelld afbrot og náð að gera upptækt gríðarlegt magn af stórhættulegum fíkniefnum og ég tel ástæðu til þess að þakka lögreglunni sérstaklega fyrir þessi vel unnu störf.

Engu að síður þurfum við ávallt að hafa í huga þá frumskyldu ríkisins að tryggja öryggi borgaranna. Fíkniefnavandinn er áhyggjuefni allra fjölskyldna í landinu og því miður fer Ísland ekki varhluta af þeirri óhugnanlegu þróun sem orðið hefur í nágrannaríkjum okkar og lýsir sér í auknu smygli fíkniefna og mjög alvarlegum afbrotum. Ég tel því fulla ástæðu til þess að lýsa því hér yfir að ég hef þegar lagt fram tillögur til fjmrh. um verulega aukningu fjárframlaga til þessa málaflokks, tillögur sem miða að fjölgun lögreglumanna, fjölgun fíkniefna- og leitarhunda og um sérstakan sjóð til að kosta umfangsmiklar rannsóknir sem ekki rúmast innan venjubundins rekstrar lögreglunnar. Verður unnið að útfærslu þessara tillagna í ríkisstjórninni á næstunni.

Tvennt vekur sérstaka athygli við málflutning hv. málshefjanda. Það er fullyrðingin um fjárskort og svokallað yfirvinnubann lögreglunnar og tengsl þess við ákvörðun dómstóla um gæsluvarðhaldsvist. Vísar hún þar m.a. í viðtal við hæstaréttarlögmann um það efni. Því er til að svara að sá málflutningur hefur nú fallið um sjálfan sig með dómi Hæstaréttar sem staðfesti dóm héraðsdóms um framlengingu gæsluvarðhaldsins. Mat dómstóla í þessu tilviki er að rannsóknarhagsmunir lögreglu vegi þyngra en hagsmunir þess sem í gæsluvarðhaldinu situr. Í tilviki hans er um að ræða mjög stórt fíkniefnamál og það er auðvitað krafa þjóðarinnar að slík mál séu tekin föstum tökum. Þá er það einnig alrangt að í gildi sé yfirvinnubann hjá fíkniefnalögreglunni og mun ég nefna tölur í því sambandi. Ég mun hins vegar ekki ræða um starfsemi fíkniefnalögreglunnar að öðru leyti því að ég hef engan áhuga á því að létta afbrotamönnum iðju sína í þjóðfélaginu og alveg sérstaklega ekki þeim sem vilja græða á því að selja börnunum okkar fíkniefni. Það er af og frá.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri og upplýsa að ég mun fljótlega leggja fram frv. til laga um þyngingu refsinga fyrir fíkniefnabrot.

Svo ég fari yfir þær spurningar sem málshefjandi bar fram í máli sínu, þá spurði hún fyrst hversu margir einstaklingar séu í gæsluvarðhaldi og einangrun í dag og hver sé fjöldi þeirra sem hafa verið lengur en þrjár vikur í einangrun. Svarið er að nú eru 24 í gæsluvarðhaldi og þar af sex í einangrun. Á síðustu þremur árum hefur 241 einstaklingur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, þar af hafa 76 einstaklingar verið í einangrun meira en þrjár vikur samfellt.

Um stöðu verjanda við rannsókn máls eru skýrar reglur í lögum og um störf lögreglu eru ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála og í lögreglulögum. Matið á því hvort upplýsingar um starfsaðferðir lögreglu skaði rannsóknarhagsmuni er hjá lögreglunni sjálfri, en ágreiningi um þetta atriði er ávallt hægt að skjóta til dómstóla samkvæmt 75. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Spurt var hvort ráðherra hafi í hyggju að setja reglur er varða hámark þess tíma sem einstaklingur er vistaður í einangrun. Svarið er að hér er um löggjafaratriði að ræða en ekki reglusetningu ráðherra. Þetta atriði mun hins vegar koma til skoðunar hjá réttarfarsnefnd sem nú vinnur að endurskoðun laganna um meðferð opinberra mála, en í nágrannaríkjum okkar tíðkast a.m.k. sums staðar nákvæmari reglur en hér gilda.

Ég ætla þá að snúa mér að spurningunni um hvort rétt sé að rannsóknir og þar af leiðandi gæsluvarðhaldsvist dragist þessa dagana á langinn hjá lögreglunni vegna yfirvinnubanns eins og fullyrt hefur verið. Ég vísa þessu alfarið á bug. Það er fyrir það fyrsta ekkert yfirvinnubann. Það er rétt sem hefur komið fram að rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík er komin verulega fram úr áætlun ársins hvað snertir yfirvinnu en þrátt fyrir það unnu starfsmenn deildarinnar, sem eru alls 12, um 900 tíma á tímabilinu 11. október til 10. nóvember síðastliðinn. Reyndar fór yfirvinnan upp í allt að 3.000 tíma á mánuði í sumar. En ég gaf fyrirmæli um að rannsókn hinna alvarlegu mála verði haldið áfram þótt það kostaði umframkeyrslu á yfirvinnuliðnum.

Herra forseti. Mál er að þessu moldviðri linni. Lögreglan er að störfum og henni hefur verið gert kleift að mæta óvenjulegu vinnuálagi á síðustu missirum. Svo verður áfram.

[13:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í fyrirspurnatíma Alþingis í gær voru tekin upp nokkur mál sem snerta fíkniefnaneyslu og löggæslu. Því miður er það staðreynd að neysla ólöglegra fíkniefna hefur stóraukist hér á landi á allra síðustu árum. Bæði hið opinbera og samfélagið allt hafa reynt að bregðast við þessari stórhættulegu þróun, oft of seint og af veikum mætti. Fíkniefnadeild lögreglunnar hefur verið efld en fjármagn til hennar hefur ekki fylgt tilteknum verkefnum, þ.e. ekki verið í samræmi við fjölda og umfang mála. Gæsluvarðhaldsföngum hefur að sama skapi fjölgað með fleiri afbrotum og þar af leiðir að einangrunarvistun er algengari. Einangrunarvistun hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu fanga og verður skaðlegri eftir því sem gæsluvarðhaldstíminn er lengri. Því er mikilvægt að mál gæsluvarðhaldsfanga hafi forgang og gangi eins

hratt fyrir sig og mögulegt er, en til þess þarf fíkniefna- og efnahagsbrotadeild lögreglunnar að vera vel mönnuð.

Fíkniefnadeildin hefur verið í yfirvinnubanni síðan í september þó að ráðherra segi hér annað og augljóst er að það hefur mikil áhrif á allt starf deildarinnar en þar starfa 10 menn. Þetta verður til þess að aðeins er hægt að sinna brýnustu verkefnum sem upp koma. Ein alvarlegasta afleiðingin er sú að lögreglumenn í fíkniefnadeildinni geta ekki unnið mikilvæg verkefni sem felast í að vinna úr ýmsum vísbendingum sem gefa fíkniefnabrot til kynna. Þetta hefur fíkniefnalögreglan sjálf margsinnis bent á en ekkert verið að gert. Ég þakka fyrir það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að hún hefði lagt til að fjármagn til fíkniefnalögreglunnar yrði aukið. Ég ætla að vona að það verði í þeim mæli að svona mál þurfi ekki að koma upp á Alþingi dag eftir dag.

[13:48]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Löggæslumál eru einn af grundvallarþáttunum í samfélaginu og svo hefur löngum verið. Því miður hafa mál þróast þannig að harkan í þjóðfélaginu vex. Með vaxandi hraða og spennu á öllum sviðum hafa nýir vágestir knúið dyra, vaxandi slysaalda og fíkniefnaplágan. Rétt er að undirstrika sérstaklega það sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að ekkert yfirvinnubann hefur verið í gildi hjá fíkniefnalögreglunni. Það eru engin áform um að svo verði. Framlög til löggæslu á öllum sviðum hafa aukist síðustu ár og jafnframt hafa miklar skipulagsbreytingar verið í gangi. Það er fullur vilji til að slaka hvergi á kröfum um herta baráttu gegn fíkniefnum. Ég veit að um slíka stefnu hefur verið full samstaða meðal stjórnmálaflokkanna og áfram verður unnið í þeim anda. Dómsmrh. hefur þegar gert grein fyrir tillögum í þessu efni sem eru í vinnslu í ráðuneyti hennar núna og ég lýsi yfir stuðningi við þær.

Á þessu ári hefur náðst mikill árangur í haldlagningu fíkniefna og magnið margfaldast frá því sem áður var. Margir þættir valda þessu. Löggæslan og tollverðir hafa lagt á sig mikla vinnu, hafa fengið aukinn tækjabúnað, skipulag hefur verið endurskoðað og þannig mætti lengi telja. Hins vegar eru málin sem upp koma mjög alvarleg og vandinn sem yfirstjórn lögreglunnar stendur ávallt frammi fyrir er að láta einskis ófreistað til að leysa stórmál en halda jafnframt uppi öflugri löggæslu. Okkur sem um þessi mál fjalla ber að vinna þannig að málum að öflug löggæsla sé tryggð og jafnframt sé unnið af fullum krafti að rannsóknum stóralvarlegra fíkniefnamála. Ég veit að um slíkt er full samstaða.

[13:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Aukinn innflutningur og notkun fíkniefna í íslensku þjóðfélagi er mesti vágestur sem að æsku þessa lands steðjar um þessar mundir. Það er illa hægt að takast á við þann vágest án þess að fíkniefnalögreglan hafi nægilegt fjármagn til sinnar starfsemi. Ég minnist þess að fulltrúar allra stjórnmálaflokka sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar að efla yrði sem frekast væri kostur varnir gegn innflutningi og notkun fíkniefna.

Þingmenn Frjálslynda flokksins telja að eigi megi skorta fjárveitingar til vímuefnavarna. Í þeim málum verði að kosta því til í fjárlögum sem tryggi öfluga starfsemi í fíkniefnalögreglunni, sem þegar hefur skilað góðu verki. Þá er nauðsynlegt að endurskoða refsingar- og betrunarúrræði með tilliti til þess að eðli brota hefur breyst með aukinni fíkniefnaneyslu. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að menn brjóti af sér eingöngu til að fjármagna neyslu með innbrotum, auðgunarbrotum og jafnvel árásum á meðborgara sína. Því er brýnt að bregðast við og tryggja öryggi borgaranna svo sem frekast er kostur.

[13:51]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur hreyft afar mikilvægu máli sem varðar það réttarsamfélag sem við viljum byggja. Gæsluvarðhald og gæsluvarðhaldsúrskurður er tæki sem löggjafinn beitir, annars vegar til að tryggja að sakborningur spilli ekki rannsókn máls og hins vegar ef brot eru talin svo stórfelld að þau varði allt að 10 ára fangelsi. Dómari er sá aðili sem um þetta úrskurðar.

Vitanlega er mikilvægt að sá tími sem gæsluvarðhald stendur yfir sé notaður á markvissan hátt og til hins ýtrasta. Því spyr ég hvort boðlegt sé að einungis sé um að ræða 1–2 yfirheyrslur á t.d. 6 vikum sem gæsluvarðhald varir. Eins og staðan er nú virðist það reyndin í mörgum málum. Þá má spyrja hverju það sæti. Spilar þetta yfirvinnubann og niðurskurður hjá lögreglu inn í þessi mál? Bókað hefur verið hjá lögfræðingi embættis ríkislögreglustjóra að yfirvinnubann fíkniefnadeildar hafi væntanlega haft áhrif á rannsókn mála hjá deildinni. Af hverju er slíkt bókað ef ekki er fótur fyrir því? Hér skal tekið fram að lögreglan hefur unnið eins vel og henni er unnt undir þeim skilyrðum sem henni eru sett. En einangrun er alltaf alvarlegt mál og einangrun í gæsluvarðhaldi er talin ofnotuð hér á landi. Einnig hefur verið gagnrýnt að slíkt úrræði skuli ekki í höndum dómara, þ.e. þessi ákvörðun er alfarið í höndum lögreglu.

Spurningar hafa vaknað um hvort einangrun sé notuð sem þvingunarúrræði hér á landi og til þess að krefja menn sagna. Auðvitað er það alvarlegt mál ef svo er. Mér finnst mikilvægt að við mundum reyna að fá mannréttindaskrifstofuna inn í svona mál til þess að skoða þau því að frelsissvipting og mannréttindi eru alltaf dauðans alvara. Auðvitað eru fíkniefnamál líka dauðans alvara. Um það eru allir sammála, að á þeim þurfi að taka svo þau upplýsist eins fljótt og unnt er. En við verðum líka að reyna að beita þeim meðulum sem ekki ofgera og ekki skaða einstaklingana. Við þekkjum það líka að dómar hafa ekki alltaf verið kveðnir upp í málum þeirra sem sætt hafa einangrun.

[13:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Gæsluvarðhaldsúrskurður er alvarleg ákvörðun og jafnframt mikilvægt tæki við rannsókn mála. Gæsluvarðhaldi er einungis beitt sé rökstuddur grunur til staðar um að einstaklingur hafi framið refsiverðan verknað sem fangelsisvist er lögð við. Því verður ávallt að vera markaður ákveðinn tími. Einangrunarvist er einungis beitt í þágu rannsóknarhagsmuna. Rannsókn refsimála er í höndum lögreglu. Ef framlengja á gæsluvarðhald verður það ekki gert án atbeina dómara og þann dóm er hægt að kæra til Hæstaréttar. Þetta eru reglurnar sem hið háa Alþingi hefur mótað og framkvæmdin miðast við í dag.

Ég hef enga trú á að þeir fagaðilar sem koma að refsimálum eins og fíkniefnamálum fari ekki að lögum. Við vitum að fíkniefnamál taka mun lengri tíma í rannsókn en margir aðrir málaflokkar. Ef slík rannsókn dregst á langinn er það vegna umfangs málsins en ekki vegna skorts á fjármagni til yfirvinnu. Að halda öðru fram er alvarlegt og getur að

ófyrirsynju rýrt traust almennings á lögreglu, dómskerfinu og réttarríkinu.

Hæstv. dómsmrh. hefur þegar tjáð okkur að yfirvinna lögreglunnar í Reykjavík í fíkniefnamálum hafi verið yfir 900 tímar í 12 manna deild í sl. mánuði, sem er um 75 tíma yfirvinna á mann. Slíkt ber ekki mikinn vott um fjárskort eða niðurskurð. Við erum sammála um nauðsyn þess að berjast ötullega við þessa sölumenn dauðans. Sú barátta er á fullri ferð enda er slíkt ekki hægt nema fjármagn sé til staðar. Um þetta er hæstv. dómsmrh. mjög meðvitaður.

Það eru beinlínis rangfærslur að fjárskortur til fíkniefnamála leiði til lengri gæsluvarðhaldsvistunar. Slíkri fullyrðingu er einungis ætlað að slá pólitískar keilur. Hún rýrir lögregluna trausti og kemur að litlu gagni í baráttunni fyrir enn betra réttarumhverfi, hvort sem um er að ræða fanga eða frjálsa menn.

[13:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur ekki verið búið nógu vel að lögreglunni í landinu. Nú þarf ekki að deila um það lengur. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur, með því að upplýsa um tillögur sínar um stórauknar fjárveitingar og aukinn mannafla, viðurkennt að núverandi ástand gangi ekki upp. Þá held ég að hægt sé að taka það út af dagskrá.

Hæstv. ráðherra og skjaldmeyjar ráðherrans hér, hv. þingmenn, þurfa því ekki að ráðast á þá sem bent hafa á að þarna hafi verið um ófremdarástand að ræða. Nú horfir til betri vegar í þeim efnum og það er vel. Það dugir auðvitað ekki bara að stæra sig af því að menn hafi náð árangri í að hneppa grunaða menn í varðhald og taka fíkniefni, sem er gott. Það verður líka að vera hægt að vinna úr málunum. Ef hlutir þróast þannig að óvenjumörg mál koma upp og óvenjumargir menn sitja í gæsluvarðhaldi, þá verður líka að vera hægt að bæta við mannafla eða auka yfirvinnu til að vinna úr þeim málum með eðlilegum hætti. Það tekur auðvitað steininn úr ef menn sitja í gæsluvarðhaldi og jafnvel einangrun vikum saman og upplýst er að það geti liðið vikur á milli þess að tekin sé skýrsla af viðkomandi fanga eða hann yfirheyrður. Þannig má þetta ekki ganga fyrir sig. Ég held að við hljótum öll að geta sameinast um að á borðinu liggja fullnægjandi upplýsingar um að ástandið hefur verið óviðunandi í þessum efnum. Það verður að auka fjárveitingar til lögreglunnar og efla hana, mannafla hennar og burði á allan hátt til þess að sinna þessum málum betur.

Ég leyfi mér að halda því fram, herra forseti, að sú umræða sem orðið hefur í þjóðfélaginu um þessi mál á haustdögum, í fjölmiðlum og hér á þingi hafi hjálpað til við að skapa þann þrýsting sem vonandi nægir til þess að ríkisstjórnin taki á þessu máli í samræmi við þær tillögur sem hæstv. dómsmrh. hefur upplýst að hún hafi gert til hæstv. fjmrh. Við fáum væntanlega fylgjast með lyktum þeirra mála.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki stórmannlegt af hæstv. dómsmrh. að kveinka sér undan þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag og undanfarna daga. Lögreglumál eru einhver mikilvægustu mál sem við fjöllum um á hinu háa Alþingi og fólk gerir almennt kröfu til þess að þau séu í lagi. Kjarni málsins er að lögreglumálin hafa ekki verið í lagi. Það vitnaði hæstv. dómsmrh. um með því að kynna þær tillögur sem hún nefndi.

Ég vil, virðulegi forseti, orða það þannig að þrátt fyrir núv. hæstv. dómsmrh. hafa lögreglumenn náð verulegum árangri í stórum málum undanfarið. Það breytir hins vegar ekki því að fjármál lögreglustjórans í Reykjavík hafa verið í ólestri frá 1997. Það breytir ekki því að vinnu við mörg hundruð auðgunarbrotamál hefur ekki verið úthlutað til almennra lögreglumanna sökum fjárskorts eða þess að öll aukning á fjárframlögum undanfarin ár hefur farið til ríkislögreglustjóra og einskis annars. Taka má sem dæmi að árið 1997, sem var síðasta ár RLR sem var undanfari ríkislögreglustjóra, þá voru fjárframlögin upp á 110 millj. eða svo. Í dag þremur árum seinna eru áætluð framlög á árinu 2001 tæpar 700 millj. Öll viðbótarframlög til lögreglunnar hafa farið í þennan farveg.

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. virðist hafa séð að sér og ætlar a.m.k. að reyna að sjá til þess að aukin framlög renni til lögreglunnar. Kjarni málsins er hins vegar sá að skipulagsleysið sem ríkt hefur þarna er algert. Í stað þess sem upp var lagt með lögreglulögunum sem samþykkt voru 1997, að setja á fót stofnun ríkislögreglustjóra sem samræmingarembættis fyrir allt landið, hefur sú stofnun, í stað þess að verða lítið samræmingarembætti, breyst í stóra löggustöð. Það var langt frá ætluninni, virðulegi forseti, þegar þau lög voru samþykkt.

[14:00]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Meintum fjárskorti fíkniefnalögreglunnar hefur ítrekað verið haldið á lofti undanfarið og er enn endurtekin í yfirskrift þeirrar utandagskrárumræðu sem nú fer fram. Vandinn er hins vegar sá að þeir sem halda þessu fram hafa ekki með sannfærandi hætti getað sýnt fram á þennan meinta fjárskort. (Gripið fram í.) Nema þá að hugtakið fjárskortur verði túlkað svo vítt að það nái til allra tilvika þar sem ríkisstofnun keyrir aðeins út fyrir áætlanir í rekstri. Það er það sem hefur gerst hjá fíkniefnalögreglunni í Reykjavík. Það er ekkert yfirvinnubann. Þar er reyndar unnin afar mikil yfirvinna eins og fram hefur komið.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Reykjavík voru 34 mál til meðferðar í fíkniefnadeild um síðustu mánaðamót og biðu engin mál rannsóknar. Öll málin eru frá þessu ári. Engin eldri mál bíða rannsóknar. Á sama tíma biðu milli 600–700 mál rannsóknar í öðrum deildum lögreglunnar. Af þessu má sjá að rannsókn fíkniefnabrota eru sett í forgang innan lögreglunnar og eru í eðlilegum farvegi. Árangurinn lætur ekki á sér standa. Magn fíkniefna sem gerð eru upptæk vex frá ári til árs. Árið 1998 voru tæp 13 kg af hassi gerð upptæk, en voru rúm 41 í fyrra. Árið 1998 voru rúmlega 2 þús. e-pillur gerðar upptækar, rúmlega 7 þús. í fyrra og búið er að gera yfir 20 þús. e-pillur upptækar í ár. Varla er hægt að finna skýrari mynd sem sýnir þær framfarir sem hafa átt sér stað í fíkniefnalögreglunni. Ég spyr: Bendir þessi árangur til fjársveltis?

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í áfengis-, fíkniefna- og tóbaksvörnum var samþykkt síðla árs 1996. Það hefur markvisst verið unnið að framkvæmd þessarar áætlunar sem tekur til margra aðila og verulega auknu fé hefur verið varið til þessara málaflokka á undanförnum árum. Aðeins á þessu ári hafa 50 milljónir kr. aukalega verið settar í þennan málaflokk og ég fagna því yfirlýsingu dómsmrh. áðan um að enn meira fé verði lagt til þessa málaflokks á næsta ári.

[14:02]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í annað sinn á þessum tveimur dögum finnst mér sjást merki þess að hæstv. ráðherra komi með algjörlega fyrir fram undirbúinn málatilbúnað hér og ég hlýt að fara fram á það að hæstv. ráðherra biðji mig afsökunar á því að hafa það eftir mér hér að ég hafi sagt að löggæslan í landinu sé í kaldakolum. Umræða mín snýst fyrst og fremst um tímalengd varðandi einangrun fanga, ekki um löggæsluna í landinu. Það er lágmark þegar lagðar eru fyrir fram fimm fyrirspurnir til hæstv. ráðherra þar sem hvergi kemur fram sú fullyrðing að löggæslan sé í molum, að ráðherrann svari þeim spurningum og þeim orðum sem til hennar er beint en leggi ekki frummælanda orð í munn.

Hver er hér að slá pólitískar keilur? Skyldi það vera Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður, fyrrum borgarfulltrúi Sjálfstfl., vegna þess að fullyrðingarnar koma ekki frá okkur? Við erum að beina spurningum til hæstv. ráðherra.

Það er auðvitað gott að fjölgun fíkniefnaleitarhunda standi fyrir dyrum en það breytir ekki þeirri staðreynd að fjöldi manns er í einangrunarvistun hér langt umfram þann tíma sem landlæknir, hópur sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins og fleiri og fleiri hafa bent okkur á á undanförnum árum að geti skaðað heilsu viðkomandi einstaklinga. Um það snýst þetta mál. Það er alvarlegur hlutur þegar fram kemur í fjölmiðlum að fjárskortur fíkniefnalögreglunnar, yfirvinnubann sem staðfest er með bókun í héraðsdómi, haft eftir starfsmanni lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, sé til staðar þrátt fyrir ykkar orð. (Forseti hringir.) Það er alvarlegt ef hæstv. ráðherra snýr út úr öllu (Forseti hringir.) því sem hér var sagt.

[14:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég furða mig á þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað. Svo gæti virst sem sumir hv. þm. vilji rýra traust almennings til lögreglunnar þó því sé erfitt að trúa. Fíkniefnavandinn snertir okkur öll og ég tel afar mikilvægt að gæta hagsmuna almennings í þessu máli. (Gripið fram í.) Ég hef þegar skýrt frá tillögu minni um verulegt fjármagn til þessa málaflokks og verður hún rædd í ríkisstjórninni á næstunni og ég á von á því að hún fái þar góðar undirtektir.

Ég var að vona að hv. þm. stjórnarandstöðunnar gætu einu sinni glaðst yfir markmiðum ríkisstjórnarinnar. En því miður var það ekki svo miðað við (Gripið fram í.) ummæli hér áðan. Og fyrirspyrjandi, (Gripið fram í.) hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, spurði í þessari umræðu um fjárhagsvanda fíkniefnalögreglunnar og hún fékk svör. Hún er búin að fá ítarleg svör við öllum sínum spurningum. Þeim hefur öllum verið svarað. Það hefur verið rætt ítarlega um gæsluvarðhald og það mál tekið til sérstakrar skoðunar í tengslum við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála sem nú stendur yfir hjá réttarfarsnefnd dómsmrn. Bent hefur verið á fjölda yfirvinnutíma hjá fíkniefnadeildinni. Þær tölur sýna svart á hvítu að ekkert yfirvinnubann hefur verið sett. Þvert á móti er mikil yfirvinna unnin í deildinni.

Einnig hefur verið upplýst í þessari umræðu um allt það mikla magn fíkniefna sem lögreglan hefur gert upptækt og það er ástæða til að ítreka það hrós sem lögreglan á skilið fyrir góða frammistöðu.

Hæstiréttur hefur staðfest í nýuppkveðnum úrskurði að fullkomlega eðlilega hafi verið staðið að rannsókn þeirra stóru fíkniefnamála sem nú eru til meðferðar hjá lögreglu. Því hefur verið hafnað að gæsluvarðhaldið standist ekki, enda miklir hagsmunir í húfi í þessu stóra máli sem um ræðir.

Í þessu sambandi finnst mér enn fremur rétt að geta þess, herra forseti, vegna þess að vitnað hefur verið til viðtals við hæstaréttarlögmann hér í bæ í dagblaðinu Degi, að mér barst í morgun afrit af bréfi lögmannsins til ritstjórnar blaðsins þar sem hann telur óhjákvæmilegt að gera verulegar athugasemdir við villandi framsetningu blaðsins á viðtalinu og ummælum um störf dómsmrh. Við eigum að taka höndum saman í þessu máli, í baráttunni gegn fíkniefnavandanum. Ég geri það að mínum lokaorðum hér.

[14:07]

Útbýting þingskjala:

Lokafjárlög 1998, 260. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 287.

Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, 263. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 290.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 265. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 293.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 261. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 288.

Tekjuskattur og eignarskattur, 264. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 292.

Skýrslur umboðsmanns Alþingis 1998 og 1999, frh. umr.

[14:08]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Skýrslur umboðsmanns Alþingis fyrir árin 1998 og 1999 voru teknar fyrir á fundi allshn. 13. nóvember sl. Nefndin hefur á undanförnum árum fjallað um skýrslu umboðsmanns Alþingis, enda er um að ræða mikilvægan þátt í eftirliti Alþingis með stjórnsýslunni. Nútímaþjóðfélagið krefst þess einnig að þessi þáttur sé skilvirkur því að hann er til þess fallinn að auka réttarvitund fóks og öryggi þess.

Umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, var kjörinn í embætti frá 1. janúar sl. til fjögurra ára en þá hafði hann gegnt starfinu frá 1. nóvember 1998 sem settur umboðsmaður í fjarveru Gauks Jörundssonar eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um áðan. En þann sama dag, þ.e. þann 1. nóvember 1998, var Gaukur kjörinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Óskaði Gaukur eftir leyfi frá störfum frá sama tíma en skipunartími hans í embætti umboðsmanns rann út 31. des. 1999.

Síðustu ár hefur umboðsmaður Alþingis komið til fundar við allshn. til viðræðu við nefndina um skýrslur sínar en að þessu sinni var nefndinni boðið í heimsókn til umboðsmanns og ný húsakynni embættisins í Álftamýri 7 skoðuð. Nefndin hitti starfsfólk hans og fékk kynningu á nýlegri heimasíðu embættisins en þar er að finna upplýsingar um starfsemi umboðsmanns Alþingis ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hljóð í salnum.)

... og hægt er að nálgast álit umboðsmanns, gömul og ný, og aðrar afgreiðslur sem umboðsmaður hefur ákveðið að birta. Einnig er á heimasíðunni eyðublað fyrir kvörtun til umboðsmanns ásamt leiðbeiningu um útfyllingu þess.

Herra forseti. Er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á mælendaskrá?

(**Forseti** (ÍGP): Það skal upplýst að hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, er næstur á mælendaskrá.)

Einmitt. Þá held ég að hann geti beðið.

Telur nefndin að þar sé um mikilvæga réttarbót að ræða en markmiðið með heimasíðunni er að auka og bæta aðgengi almennings og þeirra sem starfa í stjórnsýslunni að niðurstöðum umboðsmanns Alþingis um einstök álitaefni og auðvelda þannig borgurunum að gera sér grein fyrir réttarstöðu sinni. Geta þeir svo leitað til umboðsmanns ef þeir telja að brotið hafi verið á þeim af hálfu þeirra sem starfssvið umboðsmanns tekur til.

Á árinu 1998 bárust umboðsmanni Alþingis 288 kvartanir og tók hann tíu mál upp að eigin frumkvæði. Á árinu 1999 bárust 272 kvartanir og fjallaði hann um níu mál að eigin frumkvæði. Mál til meðferðar í lok ársins 1999 voru 146. Kvörtunum til embættisins hefur fækkað og er líklegt að gott efnahagslegt ástand hjá fólki sé meginástæða fækkunarinnar.

Umboðsmaður greindi einnig frá því að hann teldi málatímann hjá embættinu orðinn of langan og hefði embættið verið gagnrýnt fyrir það. Sagði hann að stefnt væri að því að reyna að stytta þann tíma sem tæki að afgreiða mál hjá embættinu í sex mánuði og batt hann vonir við að það tækist á næsta ári.

Umboðsmaður vakti máls á því að það kæmi fyrir að mál væru ekki í réttu formi hjá stjórnvöldum þannig að einfaldra formreglna væri ekki gætt. Sagði hann að e.t.v. þyrfti að huga að því að auka fræðslu á nýjan leik og taldi fullt tilefni til þess að stafsfólk stjórnsýslunnar ætti í meira mæli en nú er að eiga kost á skipulagðri fræðslu og endurmenntun um þær lagareglur sem stjórnsýslan starfar eftir.

Að mínu mati er þetta mikilvægt atriði til að stuðla að skilvirkari og réttlátari stjórnsýslu. Sveitarstjórnarmenn eru t.d. um 900 talsins auk starfsfólks sveitarstjórna, stofnana og ráðuneyta. Því er um stóran hóp að ræða sem þarf að vera meðvitaður um leikreglur stjórnsýslunnar hvort sem um er að ræða málsmeðferðarregluna, andmælaregluna, jafnræðisregluna eða aðrar mikilvægar meginreglur. Eflaust væri með slíkri skipulegri fræðslu meðal starfsfólks stjórnsýslunnar hægt að koma í veg fyrir margan ásteytingarsteininn og því ástæða til að taka undir þessar ábendingar umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður nefndi einnig að mál sem varða opinbera starfsmenn væru stærsti einstaki málaflokkurinn sem hann fjallaði um á síðasta ári og sagði svo hafa verið frá stofnun embættisins. Sagðist hann hafa orðið var við að það væri algengt að fyrirmælum stjórnsýslulaga væri ekki fylgt við úrlausn þeirra. Hann gerir þetta að umtalsefni í skýrslu sinni og telur ástæðu til að minnast sérstaklega á að við setningu stjórnsýslulaga var út frá því gengið að ákvarðanir um setningu, skipun og ráðningu opinberra starfsmanna, svo og lausn þeirra frá störfum og brottvikningu, skyldu teljast til stjórnvaldsákvarðana sem stjórnsýslulögin giltu um. Telur hann mikilvægt að lagafyrirmælum sem færa valdheimildir til ákvörðunartöku í jafnviðamiklum málaflokki til allra forstöðumanna ríkisstofnana sé fylgt eftir með nauðsynlegri fræðslu um réttarreglur sem gildi um slíkar ákvarðanir.

Ég vil einnig geta þess að innan skamms er að vænta skýrslu frá umboðsmanni Alþingis um stöðu fangelsismála en hún er gerð að frumkvæði umboðsmanns sjálfs. En á árinu 1999 tók umboðsmaður Alþingis upp níu mál að eigin frumkvæði eins og ég gat um áðan.

Herra forseti. Að síðustu vil ég þakka umboðsmanni Alþingis fyrir greinargóðar ársskýrslur sem gefa glögga mynd af þeim fjölbreytilegu og mannlegu viðfangsefnum sem umboðsmaður þarf að takast á við í starfi sínu. Ég vil einnig árétta nauðsyn þess að umboðsmaður Alþingis hafi það svigrúm sem hann þarfnast svo hann geti sinnt áfram því mikilvæga hlutverki að vera réttarúrræði fólksins. Til þess þarf hann fullan stuðning þingsins.

[14:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kom í máli síðasta ræðumanns, Þorgerðar K. Gunnarsdóttur að allshn. hefur fjallað um skýrslu umboðsmanns Alþingis og er það vel. Mér finnst reyndar að álit allshn. og athugasemdir, ef einhverjar eru, ættu að koma inn í þingið í skriflegum búningi — reyndar fjallaði ég líka um þessa skýrslu í allshn. — en það hefur ekki verið gert. Engu að síður set ég fram þessa ábendingu.

Ég tók eftir að hv. þm. nefndi nauðsyn á menntun og fræðslu innan stjórnsýslunnar og ég get mjög vel tekið undir það með hv. þm. og eins þá umboðsmanni Alþingis. En ég vil minna hv. þm. á í því sambandi og spyrja hann af því að á síðasta þingi kom fram skýrsla forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Þar er mjög ítarlegur kafli um nauðsyn á menntun og fræðslu innan stjórnsýslunnar og tekið á því þar mjög skipulega og lagðar fram tillögur til úrbóta. Ég man ekki betur en allshn. hefði ætlað að fjalla um þá skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda og koma þá með athugasemdir sínar og eftir atvikum skýrslu inn í þingið vegna þess að það eru mjög margar ábendingar í þeirri skýrslu forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda sem þarf að taka á.

En að því gefna tilefni að hv. þm. nefndi nauðsyn á menntun og fræðslu innan stjórnsýslunnar, þá vil ég spyrja: Hefur allshn. fjallað um þessa skýrslu? Ef ekki, mun hún gera það á þessum vetri og skila áliti sínu?

[14:16]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þessa ábendingu því hún hefur auðvitað yfir mikilli reynslu að ráða. Ég tek í rauninni undir með henni um það að fræðslu innan stjórnsýslunnar er ábótavant, það er mín skoðun. Það er rétt sem hv. þm. benti á að þessi atriði koma einnig fram í umræddri skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, sem var kynnt hér í lok þings á síðasta vori. Þá var ætlunin að allshn. mundi taka skýrsluna til umfjöllunar en því miður gafst ekki tími til þess því skýrslan var kynnt það seint á því þingi. Ég vil beita mér fyrir því að skýrslan verði tekin til umræðu innan allshn. ef tími og tækifæri gefast. Meira get ég í rauninni ekki sagt. En ég þakka þessa ágætu ábendingu.

[14:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu umboðsmanns Alþingis og almennt það hlutverk sem hann hefur með hendi.

Ég vil líkt og hæstv. forseti þingsins gerði hér í upphafi ræðu sinnar þakka Gauki Jörundssyni, sem gegndi embætti umboðsmanns Alþingis í mörg ár og á hvað stærstan þátt í að þróa það embætti. Það hefur þróast þannig, að ég held, að mikill sómi sé að því og embætti umboðsmanns hefur virkilega lyft umræðu og stjórnsýslu í landinu. Ég vil því líkt og hæstv. forseti taka undir þakkir til Gauks Jörundssonar.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi vil ég byrja á að nefna að í skýrslu umboðsmanns er farið yfir nokkur atriði sem mér fannst ræðumenn hér áðan ekki gera mikil skil og mun því reyna að hlaupa á nokkrum þeirra.

Í fyrsta lagi vekur umboðsmaður athygli á því í skýrslu sinni að mjög mörg málefni sem lúta að almannatryggingum og félagslegri aðstoð séu þess eðlis að flestir sem þurfa að snúast í þeim málum þurfi að beina erindum sínum til Tryggingastofnunar. Umboðsmaður vekur einmitt athygli á því að það er ekki einungis að þeir aðilar sem þurfa að leita til Tryggingastofnunar verði fyrir fjárhagslegum erfiðleikum heldur verða þeir líka fyrir félagslegum erfiðleikum oft og tíðum og þetta hangir jafnan saman. Umboðsmaður vekur einmitt athygli á þessu að oft og tíðum er það þannig hjá fólki sem svona er komið fyrir, að það á mjög erfitt með að leita réttar síns. Þess vegna vekur umboðsmaður Alþingis einmitt athygli á því að það er svo mikilvægt að stjórnvöld sinni rannsóknar- og upplýsingaskyldu sinni þegar þau fara með þessi tilteknu mál. Ég vil taka einmitt undir með umboðsmanni hvað þetta varðar því það er einfaldlega þannig að þegar menn verða fyrir örorku og öðru slíku og þurfa að leita til þar til gerðra stofnana þá er oft margt annað sem fylgir í kjölfarið sem gerir það að verkum að fólk oft og tíðum er ekki eins vel í stakk búið að leita réttar síns eins og ella væri.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég vekja sérstaklega athygli á atriðum í skýrslu umboðsmanns þar sem fjallað er um endurgreiðslu oftekinna skatta. Fyrir nokkrum árum voru sett lög um það hvernig ríkissjóði eða ríkinu bæri að haga sér í þeim tilvikum sem skattar væru ofgreiddir, þ.e. þegar einstaklingar hefðu greitt hærri gjöld til ríkisins en þeim bar og því eðlilegt í tilvikum sem þessum, þar sem ríkisvaldið sér um þær innheimtur og útreikninga á því hvað mönnum beri að greiða, að ríkissjóður endurgreiði það með vöxtum og í sjálfu sér ekki nema eðlileg krafa, enda voru fyrir nokkrum árum sett lög þar að lútandi. Þess vegna er mjög merkilegt, virðulegi forseti, að í athugun umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun sem honum barst vegna oftekinna skatta og sendi þá væntanlega fjmrn. erindi þar um og óskaði eftir skýringu, þá eru skýringar fjmrn. á því að ekki skyldu vera greiddir vextir af ofteknum sköttum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í skýringum fjármálaráðuneytisins til umboðsmanns í því máli kom fram að þrátt fyrir að lög kveðu á um að innheimtumönnum ríkissjóðs bæri að endurgreiða ofgreidda skatta ásamt vöxtum að eigin frumkvæði hefði verið misbrestur á því af hálfu innheimtumanna. Voru skýringar ráðuneytisins þær að tölvukerfi ríkisins hefði ekki ráðið við að reikna sjálfvirkt inneignarvexti vegna endurákvörðunar skatta og innheimtumenn hefðu ekki haft yfir að ráða starfsfólki til að reikna þá út."

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, að vegna ónógrar tækni í ráðuneytinu og vegna þá væntanlega ónógs starfsfólks telur ráðuneytið sig ekki í stakk búið til þess að endurgreiða oftekin gjöld. Ég held, virðulegi forseti, að í sjálfu sér komist ekki nokkur upp með það að bera slíka hluti fyrir sig eins og hér er og ég vænti þess — því miður er hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur umræðuna — að fjmrn. hljóti að taka þetta til alvarlegrar athugunar því að afsakanir af þessu tagi duga vitaskuld engan veginn.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, vil ég vekja athygli á tveimur málum sem umboðsmaður fjallar um og óska eftir skýringum á þeim málum og það ber þannig við, virðulegi forseti, að núv. hæstv. forseti gegndi þá embætti samgrh. Og þau mál sem ég vitna hér til og er að finna á bls. 167 annars vegar og hins vegar bls. 179 í skýrslu umboðsmanns lúta bæði að samgrn. og eru frá þeirri tíð sem hæstv. núv. forseti sat þá sem hæstv. samgrh. Þar sem hæstv. samgrh. er ekki í salnum væri kannski hægt að beina þeim fyrirspurnum til hæstv. forseta, sem gæti þá hugsanlega útskýrt fyrir okkur það sem hér kemur fram.

En í fyrra málinu, virðulegi forseti, var það þannig að ferðaskrifstofa hætti rekstri og eins og tíðkast í rekstri ferðaskrifstofa verður að leggja fram tryggingu. Í þessu tilviki var það niðurstaða samgrn. að tryggingin skyldi öll notuð í því skyni að hjálpa fólki, sem orða má svo að hafði verið strandaglópar erlendis, til þess að komast heim. En í þessu tilviki hafði fólk einnig greitt inn á ferðir, og þar með tapað sínu fé, en ekki átt þess kost að fá greitt úr þessum tryggingasjóði. Og í niðurstöðu umboðsmanns segir þar, með leyfi forseta:

„Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að samgönguráðherra hefði látið of langan tíma líða frá gildistöku laga nr. 81/1994 þar til ferðaskrifstofunni hafi verið gert að láta í té upplýsingar til grundvallar nýjum ákvörðunum um tryggingar ferðaskrifstofa. Þá taldi umboðsmaður að samgönguráðuneytinu hefði ekki verið heimilt að veita þeim sem staddir voru erlendis á vegum Z ehf. forgang fram yfir þá sem greitt höfðu inn á ferðir með félaginu. Taldi umboðsmaður að ráðuneytið hefði átt að haga málum þannig að hlutfallsleg skerðing gengi jafnt yfir alla sem gerðu og áttu með réttu kröfu í tryggingarféð.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til samgönguráðuneytisins að það tæki mál þeirra A og B til endurskoðunar, kæmi um það ósk frá þeim."

Þegar umboðsmaður leitar eftir því hvernig samgrn. hefur brugðist við tilmælum sínum kemur fram að í stað þess að bregðast við tilmælum umboðsmanns leitaði samgrn. eftir afstöðu ríkislögmanns og í beinu framhaldi af því var ákveðið að aðhafast ekkert frekar í málinu.

Sams konar mál má segja að sé á bls. 179 sem lýtur reyndar að sérleyfi til fólksflutninga, en niðurstaðan er sú sama og í þessu máli, að þrátt fyrir tilmæli umboðsmanns til samgrn. um að það yrði við sínum tilmælum, þá ákvað ráðuneytið að verða ekki við þeim tilmælum umboðsmanns og vísaði þar til afstöðu ríkislögmanns.

Í þessu erum við kannski komin að einhverju leyti að kjarna málsins því umboðsmaður Alþingis hefur ekkert vald. Vald hans felst fyrst og fremst í því, ef hægt er að tala um vald, að stjórnsýslan fari að beiðnum hans. Jafnan hefur umboðsmaður sýnt það í störfum sínum að hann hefur virkilega vandað til verka og bætt stjórnsýsluna til mikilla muna og forsenda þess að hann hafi áhrif er það að stjórnsýslan fari að tilmælum hans.

Jafnan eru úrskurðir hans nánast undantekningarlaust mjög vel unnir. Og ef umboðsmaður á að virka eins og embætti hans er hugsað, þá verður vitaskuld að vera ákveðin samvinna við ráðuneytin sérstaklega og ráðuneytunum ber, a.m.k. að mínu viti, að fara að tilmælum umboðsmanns, nema þau geti fært fram mjög góð rök fyrir öðru sem jafnvel umboðsmaður samþykkir. En það á ekki við í þessum tilvikum heldur virðist vera sem álit umboðsmanns hafi nánast verið að engu haft og verður að telja það miður. En svo vill

til að þáv. hæstv. samgrh. situr hér í salnum og hann mun kannski útskýra hvers vegna á málum var haldið eins og raun ber vitni.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, vil ég nefna eitt tiltekið atriði sem átti sér stað síðla sumars, sem ég held að hafi nú ekki verið embætti umboðsmanns til framdráttar. Það var sú opinbera orðræða sem átti sér stað í tengslum við svokallað flugstöðvarmál þar sem hæstv. utanrrh. ákvað í þeirri umræðu að í stað þess að lúta áliti umboðsmanns Alþingis og viðurkenna niðurstöðu hans, sem laut að ráðningu og auglýsingu starfa á Keflavíkurflugvelli, þá ákvað hæstv. utanrrh. frekar að fara í umræðu um málið og vitnaði til þess að hann *hefði einfaldlega treyst á lögfræðinga sína og hygðist ekkert* breyta frá þeirri niðurstöðu.

Það er einmitt kjarni málsins, virðulegi forseti, að embætti umboðsmanns, stofnun þess og starfsemi frá því það var sett á stofn, hefur tekist alveg einstaklega vel. Það hefur í raun og veru verið mjög erfitt verkefni fyrir umboðsmann að skóla stjórnsýsluna til, því það er einfaldlega svo að það hefur verið mikil vinna að vinna sig út úr þeirri arfleifð sem oft og tíðum hefur verið kennd við Hriflu-Jónas, þ.e. að stjórnsýslan hafi tekið ákvarðanir að mestu leyti að eigin geðþótta. Og ég held að enginn hafi unnið betur í því en umboðsmaður Alþingis.

Því vil ég að lokum, virðulegi forseti, hvetja stjórnsýsluna og ráðuneytin til þess að fylgja áliti umboðsmanns Alþingis þegar fundið er að störfum þeirra í stað þess að hefja oft og tíðum lítt grundaða og lítt málefnalega umræðu um málið.

[14:31]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar ... (**Gripið fram í:** Nei, umboðsmanns Alþingis.) Umboðsmanns Alþingis, fyrirgefið. Ég vil bara segja það sem lítið innlegg í umræðuna að ég tel mjög mikilvægt að viðkomandi skýrslur séu sendar nefndunum og að nefndarálit komi til þingsins. Það tel ég mjög mikilvægt og mun ég beita mér fyrir því að þau vinnubrögð verði viðhöfð, hvort sem við erum að ræða um skýrslur af þessu eða öðru tagi. Það kom fram í umræðunum í morgun að skýrslurnar daga uppi og fá ekki þá umfjöllun sem efni standa til. Ég mun beita mér fyrir því í forsn. þingsins, hvort sem við erum að tala hér um skýrslu umboðsmanns Alþingis eða aðrar skýrslur sem koma frá kerfinu, að þeim verði beint í réttan farveg þannig að niðurstöður nefndanna verði teknar fyrir og við getum fjallað formlega um þær.

Að svo mæltu ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta, en þetta eru þau grundvallarmál sem ég vil fara í.

[14:33]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að byrja á að taka undir orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um hvernig í framhaldi af þessu á að vinna svona skýrslu, því sú skýrsla sem hér er til umræðu — þær eru í rauninni tvær, bæði frá 1998 og 1999 — er afar merkileg og ég hef haft tækifæri til að hafa hana hér á borðinu hjá mér og er búin að glugga í hana núna í nokkra daga. Ég vil líka láta þess getið hér að allshn. þingsins fór í heimsókn til umboðsmanns Alþingis og átti þar afar fróðlegan fund þar sem farið var yfir þessi mál og ég tel mjög mikilvægt að um slíkt gæti verið að ræða einu sinni á ári, því eðli málanna eru líka að breytast. Við sjáum kannski núna hvernig hlutverk umboðsmanns Alþingis er í rauninni að breytast eða er að breyta starfsháttum stjórnsýslunnar. Það er afar mikilvægt að fylgjast með því líka hvernig þeir breytast.

Það kemur reyndar fram í þessum skýrslum að svo virðist sem stjórnsýslan hafi verið dálítið lengi að taka við sér varðandi þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið hér á hv. Alþingi. Það er mikið af skemmtilegum málum sem lúta að því, án þess að ég ætli að fara ofan í einstök mál hér.

Það sem ég tel mikilvægast þar sem þessi stofnun er einn af þeim hornsteinum sem ber að hlúa að, er að hún fái nægilegt fjármagn til þess að standa að sjálfstæðum rannsóknum, sem hún verður auðvitað að gera, þ.e. að sinna þeirri skyldu sinni að sinna öllum þeim beiðnum sem henni berast. Það er afar mikilvægt að hún hafi fjármagn til þess að geta stundað tímabundnar rannsóknir og skoðað málin sjálfstætt og geti þá ráðið til sín fólk, tímabundið, *í þannig verkefni.*

Jafnframt þætti mér ekki óeðlilegt að gerð yrði breyting og viðbót við 11. gr. laga um umboðsmann. 11. gr. heitir Meinbugir á lögum o.fl. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn."

Mér finnst það alveg vera umræðunnar virði að skoða hvernig reglugerðir eru settar í samræmi við lög. Auðvitað á það að vera svo að lögin eiga að vera skýr og reglugerðir í samræmi við lög og það er ábyrgð ráðherra að þannig sé hagað til um reglugerðina. Hins vegar sjáum við í þinginu í raun aldrei þessar reglugerðir fyrr en við komumst að því að *á þeim eru ákveðin göt og við fáum kvartanir um það.* Það er því spurning hvort þetta eigi að skoða á einhvern hátt og ég varpa því fram til umhugsunar hvort þetta sé eitthvað sem ætti þá að vera hjá umboðsmanni. Mér finnst að við eigum að ræða það og skoða.

Núna hefur verið farið fram á viðbótarfjármagn sem mér finnst mjög mikilvægt að fjárlög bregðist við, þar sem umboðsmaður Alþingis er að tala um viðbótarstarfsmann til þess að sinna verkefnum er varða stjórnsýslu sveitarfélaganna. Núna verður það enn mikilvægara. Það eru alltaf að færast aukin verkefni yfir til sveitarfélaganna. Kerfin verða sífellt flóknari. Fólk veit ekki alltaf hvar það stendur. Sum sveitarfélögin hafa, því miður, ekki verið nógu dugleg að vera með gegnsæjar reglur þannig að íbúar þeirra vissu hvar þeir stæðu, hverju þeir ættu rétt á o.s.frv. Ég tel því mikilvægt að þingið standi vörð um það að umboðsmanni sé gert kleift að hafa starfsmann sem gæti farið í slík mál.

Það var líka mjög fróðlegt og var upplýst á þessum fundi með umboðsmanni og starfsmönnum hans, að væntanleg er skýrsla um fangelsismál.

Það sem er alltaf hægt að treysta kannski í öllum skýrslum frá umboðsmanni er að þar eru allar hliðar skoðaðar og þar eru málin sett mjög málefnalega og vel fram.

Það er líka mjög mikilvægt að umboðsmaður standi alveg óháður stjórnsýslunni, að hann standi utan við hana en sé ekki partur af henni eins og kannski gildir fremur um umboðsmann barna sem ég mundi frekar vilja tala um sem opinberan talsmann barna í kerfinu. Umboðsmaður er því ótvírætt sá aðili sem er óháður og sjálfstæður og ekki partur af stjórnsýslunni og það er afar mikilvægt.

Ég vil jafnframt taka undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á og hv. formaður allshn. Þorgerður Gunnarsdóttir tók líka undir og það er að allshn. muni ræða

skýrslu Páls Hreinssonar. Við ætluðum að reyna að gera það á síðasta þingvetri og síðasta vor. En það náðist ekki því sú skýrsla er afar merkileg og ekki væri leiðinlegt að fá sjálfan höfund skýrslunnar til viðræðna við hv. allshn. Höfundur skýrslunnar er Páll Hreinsson.

Þessi skýrsla er afar gagnleg og góð og hún á skilið mun meiri umfjöllun, ekki bara í allshn. heldur í mörgum fleiri nefndum, því mörg þessara mála snerta í rauninni allt sem viðkemur nefndum þingsins.

[14:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um skýrslu umboðsmanns Alþingis sem hér er til umfjöllunar. Ég vil byrja á því að þakka fyrir skýrslurnar báðar sem eru mjög ítarlegar og fróðlegar og eins starf umboðsmanns Alþingis sem er okkur öllum, bæði í stjórnsýslunni og almenningi, mjög mikilvægt.

Eins og hér hefur komið fram hefur starf umboðsmannsins breyst og það er alveg ljóst að starf hans hefur mjög víðtæk áhrif inn í alla stjórnsýsluna, alla okkar vinnu. Þær ábendingar og leiðréttingar sem umboðsmaðurinn hefur bæði komið með og fengið afgreitt eru okkur öllum umhugsunarefni og eiga að vera okkur sá lærdómur að störf okkar brjóti ekki í bága við lög og reglugerðir.

Í skýrslunni kemur fram að embætti umboðsmanns ætlar enn frekar að auka upplýsingar til almennings og þeirra sem þurfa að fylgjast með málum í stjórnsýslunni með því að koma upp heimasíðu. Þetta er lofsamlegt framtak og vonandi fær heimasíðan góða kynningu þannig að sem flestir noti hana.

Það er mjög mikilvægt að embætti umboðsmannsins sé og verði hlutlaust embætti sem hafi það fjármagn sem til þarf að sinna rannsóknum á þeim verkefnum sem það annaðhvort er beðið um að sinna eða tekur upp að eigin frumkvæði, þ.e. að embættið hafi það fjármagn sem til þarf svo það geti unnið eðlilega.

Hér kemur líka fram að helstu málaflokkarnir eru enn þá almannatryggingar og skattar og gjöld. Þetta eru oft erfið mál, sérstaklega þau mál sem snúa að félagsþjónustu sveitarfélaganna, þ.e. þegar einstaklingar sem eiga í einhverjum bágindum fá ekki nægilegar leiðbeiningar í kerfinu til þess að átta sig á því hvert þeir eigi að snúa sér, þ.e. nærþjónusta er til staðar án þess að vísað sé til annarra og æðri stjórnvalda sem væru þá í flestum tilfellum annað hvort Tryggingastofnun ríkisins eða félmrn. Þess vegna er mjög mikilvægt að upplýsingaþjónusta sveitarfélaga sé góð svo fólk geti leitað réttar síns.

Ég tek undir það að í stjórnsýslunni allri er mikilvægt að efla menntun starfsmanna í stjórnsýslulögum og reglugerðum, og ánægjulegt er að lesa í skýrslunni að umboðsmaður Alþingis hefur haldið fund með ráðuneytisstjórum í Stjórnarráði Íslands þar sem farið hefur verið yfir bæði sameiginleg mál og það sem betur hefði mátt fara. Það væri óskandi að þessi siður yrði tekinn upp þannig að málum fækkaði í hvert skipti sem fundur væri haldinn. Þetta yrði svona hluti af því að skóla stjórnsýsluna til eins og kom fram í máli ágæts þingmanns.

Ég tek undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram um að þessari viðamiklu skýrslu svo og öðrum, t.d. frá Ríkisendurskoðun, verði vísað til viðkomandi nefnda þingsins þannig að þær fái þar umfjöllun og skýrari meðferð en nú.

[14:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil líkt og aðrir þingmenn þakka fyrir þá skýrslu sem hæstv. forseti hefur hér fylgt úr hlaði um umboðsmann Alþingis. Ég verð að segja að þessi skýrsla er mjög til fyrirmyndar. Þarna er mikið samansafn af fróðleik um þau mál sem fólkið í landinu hefur talið ástæðu til þess að beina til umboðsmanns Alþingis, þar sem verið er að kvarta yfir ýmsum þáttum stjórnsýslunnar. Hér er hægt að fletta upp þessum málum og fara yfir þau og ég tel mjög til fyrirmyndar hvernig þessi skýrsla er.

Lengi má úr bæta. Ég hefði talið til bóta ef gleggri samantekt væri í inngangi skýrslunnar um atriði sem maður leitar nú oft uppi, þ.e. um hvernig gengur innan stjórnkerfisins að framfylgja þeim ábendingum og tillögum sem fram koma frá umboðsmanni af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þannig gæti maður betur séð árangurinn sem tvímælalaust er og hefur verið alla tíð frá stofnun umboðsmanns Alþingis.

Ég held að það væri mjög til glöggvunar fyrir okkur þingmenn ef hægt væri að fletta því upp og sjá hvernig til hefur tekist, hvort hér séu atriði, sem vafalaust eru ýmis, sem snerta löggjafaratriði sem þingið sjálft gæti haft frumkvæði að því að beita sér fyrir.

Það er mjög athyglisvert, herra forseti, að fara yfir þann fjölda mála sem hér er skipt skilmerkilega niður eftir viðfangsefnum í þessari skýrslu. Þau eru flokkuð eftir ráðuneytum og ljóst að málefni dóms- og kirkjumrn. eru langumfangsmest þegar litið er til þeirrar flokkunar en þar á eftir kemur fjmrn.

Ég tek líka eftir því að umboðsmaður Alþingis getur þess sérstaklega að mál er varða opinbera starfsmenn hafa mjög komið til kasta embættis hans af þeim málum sem þessi skýrsla tekur til. Í skýrslunni er nefnt að mál er varða opinbera starfsmenn séu einn stærsti einstaki málaflokkurinn sem til kasta umboðsmanns hafi komið á árinu. Ég er hér með skýrsluna fyrir árið 1999 og þar er raunar greint frá því að svo hafi verið frá stofnun embættisins. Mér finnst athyglisvert að umboðsmaður Alþingis sér ástæðu til það geta þess að eflaust megi að einhverju leyti rekja það til nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hér segir að þau lög hafi m.a. miðað að því að færa ákvörðunarvaldið í starfsmannamálum ríkisins í auknum mæli til forstöðumanna. Orðrétt segir umboðsmaður, með leyfi forseta:

„Við athugun mína á þessum málum hef ég orðið þess var að allalgengt er að fyrirmælum stjórnsýslulaga er ekki fylgt við úrlausn þeirra. Því tel ég rétt að minna sérstaklega á að við setningu stjórnsýslulaga var út frá því gengið að ákvarðanir um setningu, skipun og ráðningu opinberra starfsmanna, svo og lausn þeirra frá störfum og brottvikningu skyldu teljast til stjórnvaldsákvarðana og því ættu stjórnsýslulögin að gilda um slíkar ákvarðanir."

Í lok 7. kafla segir:

„Ég tel mikilvægt að lagafyrirmælum sem færa valdheimildir til ákvarðanatöku í jafnviðamiklum málaflokki til allra forstöðumanna ríkisstofnana sé fylgt eftir með nauðsynlegri fræðslu um þær réttarreglur sem gilda um slíkar ákvarðanir."

Herra forseti, þetta bendir til þess að ástæða sé til að fylgjast vel með framkvæmd þessara laga að því er þennan þátt varðar.

Í skiptingu mála eftir viðfangsefnum kemur fram, þ.e. ef maður skoðar hvar mesti málafjöldinn er þá er hann í málsmeðferð og starfsháttum stjórnsýslunnar, 31 mál af 272.

Mál um tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála eru 33. Mér finnst þau nokkuð mörg. Þeir sem þurfa að leita réttar síns í stjórnsýslunni kvarta oft yfir því að tafir séu miklar hjá stjórnvöldum varðandi afgreiðslu mála. Ég hélt satt að segja að þar væri búið að bæta verulega úr og kannski meira en þessi málafjöldi gefur tilefni til að ætla.

Ég rek líka augun í að mál sem snerta skattamál eru verulega umfangsmikil hjá embætti umboðsmanns Alþingis. Það gefur tilefni til að staldra aðeins við þann þáttinn. Hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess fyrir einhverjum missirum síðan að koma fram með tillögu um að skoða hvort hér ætti að koma á fót umboðsmanni skattgreiðenda. Ég hygg nú að misjafnlega hafi verið tekið í þá tillögu. Margir urðu til að tjá sig um það og töldu að nær væri að haga málum þannig hjá umboðsmanni Alþingis að hann fengi aðbúnað, mannafla, tök og svigrúm til að taka á þeim málum sem snertu samskipti borgaranna við skattyfirvöld.

Ég vil spyrja hæstv. forseta, sem fylgir þessari skýrslu úr hlaði, hver sé skoðun hans á því máli, hvort hann telji ekki réttara að búa þannig að umboðsmanni Alþingis að hann geti tekið á þeim málum, sem vafalaust eru töluvert mörg, sem snerta samskipti skattyfirvalda og borgaranna fremur en að stofna sérstakt embætti umboðsmanns skattgreiðenda.

Fangelsismálin og almannatryggingar eru líka umfangsmiklir málaflokkar hér og væri ástæða til þess að fara ítarlegar yfir þessa skýrslu en maður hefur haft tíma til frá því hún kom hér fram.

Það er ekki langt síðan lögum um umboðsmann Alþingis var breytt þannig að starfssvið umboðsmanns var fært út gagnvart sveitarfélögunum. Ég held að það hafi vissulega verið jákvætt að haga málum með þeim hætti, að starfssvið umboðsmanns taki til stjórnsýslu sveitarfélaganna. Ég er sannfærð um að með þeirri lagabreytingu muni umfang verkefna umboðsmanns Alþingis aukast verulega og því sé eðlilegt að fallast á þá fjárveitingu sem fram kemur í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár, sérstaka fjárveitingu til þess að hægt sé að ráða tímabundið í stöðu lögfræðings til að sinna verkefnum sem lúta að kvörtunum vegna stjórnsýslu sveitarfélaga.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Ég vildi aðeins þakka fyrir þessa skýrslu og koma á framfæri þeirri skoðun, sem mér finnst að margir hv. þm. tjái sig um í þessum ræðustól líkt og þegar við fjölluðum um skýrslu Ríkisendurskoðunar, að fjalla þurfi betur en við höfum gert um skýrslur þessara eftirlitsaðila, umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Efni þeirra skýrslna og verkefnum þessara eftirlitsaðila ber að gefa meiri gaum en þingið hefur haft tök á hingað til. Það verður að skapa nefndum þingsins betri aðstöðu til að fjalla um þessar skýrslur. Á vettvangi allshn. — ég og hef átt sæti þar eins og ég sagði hér áðan — hlaðast upp mörg mál og það gefst ekki mikill tími í önnun þingsins til að fjalla um skýrslu umboðsmanns Alþingis eins og hún á virkilega skilið að gert sé, að farið sé ítarlega yfir hana. Efnistök þar ættu að vera þannig að flytja ætti inn í þingið aftur niðurstöðu allshn., eftir að hafa fjallað um slíka skýrslu. Maður sér, herra forseti, eins og staða mála er, ekki aðra leið til þess en þessar stóru skýrslur séu skoðaðar betur á vettvangi nefndanna þegar meiri tími gefst í þinghléi, annaðhvort strax eftir jólin eða þá yfir sumarmánuðina.

Ég ítreka að mér finnst að í skýrslunni þurfi að koma fram samantekt á því hvernig eftirfylgni hefur gengið, það að framfylgja þeim ábendingum sem fram koma hjá umboðsmanni.

Það er ástæða til að geta þess hér, að af því að ég fletti stundum í skýrslu sem ég nefndi hér áðan um starfsskilyrði stjórnvalda, að þar er fjallað um umboðsmann Alþingis. Þar er vikið að því, herra forseti, að umboðsmaður Alþingis hafi séð tilefni til að vekja athygli Alþingis á meinbugum á lögum í 45 af fyrstu 2.000 málunum sem umboðsmaður fékk til afgreiðslu. Til samanburðar er þess getið að þetta séu fleiri mál en umboðsmaður danska þingsins hafi fengist við og snerta meinbugi á lögum, allt frá því það embætti var stofnað árið 1954 og þar hafi að meðaltali verið um 3.000 mál til afgreiðslu árlega á sl. áratug.

Það er auðvitað ástæða til að nefna þetta hér, við höfum rætt hér hvort ekki þurfi að skoða betur það sem fram hefur komið einmitt í skýrslu Páls Hreinssonar, að stofna til lagaráðs, annaðhvort á vettvangi Stjórnarráðsins eða Alþingis. Það væri ágætt við þessa umræðu að fá álit hæstv. forseta á því hvort hann telji ástæðu til þess að skoða það af fyllstu alvöru, að stofna til slíks lagaráðs á vettvangi Alþingis. Um það liggur, að ég best veit, þegar fyrir frv. frá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur o.fl. Það á vissulega erindi inn í þessa umræðu að spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi myndað sér skoðun á því hvort rétt og eðlilegt sé að stofna til lagaráðs sem yrði þá á vettvangi þingsins og mundi enn styrkja stöðu Alþingis, til viðbótar því sem embætti umboðsmanns Alþingis vissulega gerir, til að tryggja betur réttaröryggi borgaranna og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.

[14:58]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil að þakka fyrir þessar umræður sem hafa verið mjög skemmtilegar og gagnlegar.

Ég sé að hv. þm. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, er ekki hér. Hann varpaði til mín tveimur fyrirspurnum til að vekja sérstaka athygli á því að mér hefði orðið á í messunni þegar ég var samgrh. Verður því við svo búið að standa ef hv. þm. er farinn úr húsinu því hæpið er að ég geti talað svo hátt að hann heyri þá til mín.

Út af því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér, Jóhanna Sigurðardóttir, vil ég fyrst segja að umboðsmaður Alþingis hefur lagt áherslu á að reyna að svara fyrirspurnum varðandi skattaleg málefni. Það er lögfræðingur starfandi hjá umboðsmanni sem er sérmenntaður í þeim fræðum. Mikið er um að einstaklingar leiti til umboðsmanns munnlega og þá er reynt að greiða úr slíkum flækjum. Auðvitað getur það alltaf tekið nokkrun tíma að leysa úr vandamálum einstaklinga um skattaleg málefni, líka vegna þess að þau geta krafist mikilla gagna og undirbúnings en umboðsmaður leggur áherslu á að reyna að sinna þessum þætti málsins sem ég álít að sé mjög gagnlegt og gott.

Í annan stað kemur mér það ekki á óvart að umboðsmaður danska þingsins fái færri mál en íslenski umboðsmaðurinn. Maður úr samgrn. vann um skeið í samgönguráðuneytinu danska, einn af skrifstofustjórum samgrn., og hann spurðist fyrir um það hvernig danska samgönguráðuneytið ynni úr stjórnsýslukærum sem því bærust. Það komu svolitlar vöflur á þá og síðan kom í ljós að það barst ein kæra á fjögurra ára fresti að meðaltali. En í samgrn. um þetta leyti máttum við þakka fyrir ef ekki barst kæra vikulega. Misjafnlega var því staðið að málum. (Gripið fram í.) Ég ýki kannski nokkuð er ég segi vikulega, en við vorum ævinlega með einhverjar

stjórnsýslukærur á borðinu. Þær tóku mismunandi langan tíma, voru mismunandi flóknar. En svo virðist vera að Íslendingar sæki sinn rétt fastar en hinn almenni borgari í nálægum löndum.

Auðvitað er það svo um margar þessar stjórnsýslukærur að við úrskurð um þær er unað. Aðrar ganga til umboðsmanns. Stundum ber það við að ráðherra er stefnt eins og gengur. En enginn vafi er á því að lögin um umboðsmann Alþingis og vinnubrögð umboðsmanns hafa valdið því að vinnubrögð einstakra ráðuneyta eru betri en áður, aðhald er meira og menn reyna að komast hjá því að tapa málum í eftirrekstri hjá umboðsmanni þannig að enginn vafi er á því að menn reyna að standa sig betur en ella mundi.

Ég álít að á síðustu árum hafi mikið verið gert til þess að vanda betur störf nefnda en áður var. Eins og nú standa sakir eru nefndirnar til húsa úti í Þórshamri í mjög þröngum húsakynnum. En þegar Alþingi kemur saman að nýju eftir áramót verður hægt að taka í notkun hið nýja húsnæði fyrir norðan Austurvöll. Þar verður nefndunum búin miklu betri aðstaða en nú er sem auðvitað á að auðvelda alþingismönnum störfin og á, þegar horft er fram í tímann, að tryggja vandaðri lagasetningu kannski en verið hefur ef við búumst við því að góð vinnuaðstaða alþingismanna valdi því að þeir standi betur að verki. Nema þeir séu svo vel verki farnir að aðstaðan skipti ekki máli sem er auðvitað það sem maður vonar.

En ég álít að það verði líka reynslan á næstu árum að þingnefndir munu nota starfsmenn sína nokkuð með öðrum hætti en verið hefur, að smátt og smátt muni þingnefndir komast upp á lag með að notfæra sér betur þá sérfræðiaðstoð og sérfræðiþekkingu sem þingið lætur í té og Alþingi mun enn fremur leggja ríkari áherslu á það á næstu árum að auka þá sérfræðiaðstoð og sérfræðiþekkingu sem það býr yfir. Af þeim sökum tel ég að það hafi verið óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að bæta húsnæðiskost nefndasviðsins.

Lúðvík Bergvinsson, hv. 6. þm. Suðurl., gerði hér sérstaklega að umræðuefni að í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1999 sé fjallað um tvö mál sem komu til afgreiðslu í samgrn. meðan ég var þar samgrh. Þakka ég honum fyrir það. Það er ekki of oft á það minnt að ég skyldi hafa verið ráðherra einu sinni.

Annað málið lýtur að því að virt ferðaskrifstofa sem hér hafði starfað um áratuga skeið skilaði inn ferðaskrifstofuleyfi sínu þar sem hún var komin í greiðsluþrot. Ef ég man rétt stóð þannig á að ferðaskrifstofan hafði aukið umsvif sín um það leyti með meira framboði á ferðum en áður. En á hinn bóginn hafði árangurinn ekki orðið það góður að hún gæti staðið undir auknum kostnaði vegna þess. Nú þori ég ekki, af því það er svo langt síðan, að fara í smáatriði í þessum efnum. En það kom öllum á óvart að þessi ferðaskrifstofa skyldi eiga í greiðsluerfiðleikum. Þá var það álitamálið að þessi ferðaskrifstofa hafði skilað inn 6 millj. kr. í tryggingarfé. Í hinum eldri lögum var það alveg ljóst að fyrst bar að gera ráðstafanir til þess að menn sem voru á ferð í öðrum löndum kæmust heim. Ég tel raunar að í núgildandi lögum sé sú sama áhersla og er þess vegna ósammála þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá tel ég að samgönguráðuneytinu hafi ekki verið heimilt að veita þeim sem staddir voru erlendis á vegum Z ehf. forgang fram yfir þá sem greitt höfðu inn á ferðir með félaginu. Ég tel að ráðuneytið hefði átt að haga málum þannig að hlutfallsleg skerðing gengi jafnt yfir alla sem gerðu og áttu með réttu kröfu í tryggingarféð."

Þarna er niðurstaða umboðsmanns að það hafi ekki verið skylda samgrn. að tryggja heimferð þeirra sem erlendis voru.

Ég minni á að í 14. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim viðskiptavinum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrir fram greidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir fram ákveðinnar alferðar.

Hafi viðskiptavinur gengið til samnings við ferðaskrifstofu um að hefja alferð og greitt innborgun inn á ferð í því skyni en endanlegur samningur ekki komist á skal engu að síður greiða það fé sem viðskiptavinurinn hefur þegar reitt af hendi, enda leggi hann til fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi."

Hér er lögð áhersla á heimferðina. Hið sama er að segja síðar í lagagreininni þar sem sérstaklega er vikið að því að greiða fyrir því að menn komist heimleiðis. Jafnframt er minnst á það áður, sérstaklega í 13. gr. m.a. að:

„Áður en leyfi til ferðaskrifstofureksturs er veitt skal ferðaskrifstofa eða samtök slíkra fyrirtækja leggja fram sönnun þess að hún hafi nægilega tryggingu til heimflutnings farþega erlendis frá auk þess sem skylt er að gera farþega kleift að ljúka alferð, ..."

Ég tel því að þessar áherslur hafi verið inni og ég tel að þeir sem sömdu lagafrv. á sínum tíma hafi haft það í huga. Nú getur það auðvitað verið svo að texti lagafrv. og laga sé með þeim hætti að upphaflegur tilgangur náist ekki fram vegna þess að ákvæðin eru ekki rétt orðuð. Á það mun nú reyna fyrir dómstólum og þá verður úr því skorið hvort sá skilningur sem ég lýsi er réttur eða ekki.

Hitt er auðvitað líka rétt, sem kemur fram hjá umboðsmanni og ég get tekið undir, að það leið of langur tími frá lagasetningunni þangað til samgrn. hafði farið yfir reikninga einstakra ferðaskrifstofa og endurskoðað tryggingarfé í ljósi þess. Ég hygg þó í því sérstaka dæmi sem við erum hér að tala um, þá ferðaskrifstofu, þá hefði það ekki breytt neinu um tryggingarféð, án þess ég geti um það fullyrt. Eins og ég sagði er langt síðan þetta mál kom upp svo ég man það ekki í einstökum atriðum. Ég vil að það komi skýrt fram að ég náði sérstökum samningum við Flugleiðir um að flytja heim þá sem erlendis voru við lægra verði en flutningurinn hefði ella kostað þannig að um slíka samninga hefði þá ekki orðið að ræða nema til greiðslu hefði komið úr ríkissjóði.

Vel má vera að það sé rétt að skilningur okkar í samgrn. á þessum tíma hafi ekki verið réttur. Þá reynir á það fyrir dómstólum og þá er óhjákvæmilegt að slíkar greiðslur verði greiddar af skattborgurunum úr ríkissjóði.

En ég legg áherslu á að mikil vinna var því samfara að fara yfir allar áætlanir og alla reikninga einstakra ferðaskrifstofa og ferðarekenda. Það má auðvitað velta því fyrir sér í ljósi þessarar reynslu sem við erum hér að tala um hvort rétt sé í slíkum tilvikum að ákvæði eins og það sem lýtur að tryggingarfénu skuli ekki ná fram að ganga fyrr en kannski eftir eitt ár eða eitthvað þvílíkt og hinar eldri reglur gilda,

með því að þar var verið að vinna mikla frumvinnu og það var alls ekki hlaupið að því að átta sig á því hvernig að þessum málum skyldi staðið.

En því verki er nú lokið fyrir nokkrum árum. Ég veit ekki hve mörgum árum. Og ég veit ekki betur en góð reynsla sé af þeirri nýju skipan sem nú hefur verið komið á og því aukna aðhaldi sem þessar nýju reglur veita ferðaskrifstofunum.

Um hið síðara málið — ég sé ég hef gleymt tímanum — er það að segja að í lögum er kveðið á um að sveitarfélag geti fengið einkaleyfi á ferðum innan síns lögsagnarumdæmis og þá er það bindandi með ákveðnum skilyrðum. Ég var þeirrar skoðunar að Ísafjörður hefði rétt til þess að taka rekstur almannasamgangna í sínar hendur fyrst þeir óskuðu þess og á það mun einnig reyna fyrir dómstólum. Ég álít á hinn bóginn að sú skaðabótakrafa sem uppi er — ég hef heyrt talað um 50 milljónir — sé svo há að ég trúi ekki að á hana verði fallist.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beindi í máli mínu tveim fyrirspurnum til hæstv. forseta Alþingis. Í fyrsta lagi um skoðun hans á því hvort hann teldi nauðsynlegt að stofna til embættis umboðsmanns skattgreiðenda með líkum hætti og forsrh. hefur ámálgað fyrir nokkrum missirum og eins hvort hann teldi ástæðu til þess að stofna til lagaráðs eins og fram kemur í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda.

Hæstv. forseti svaraði nú, herra forseti, hvorugri spurningunni beint. Ég skil það svo að forseti Alþingis sé því fremur hlynntur að umboðsmaður Alþingis hafi með höndum umkvartanir sem íbúarnir telja sig þurfa að bera upp vegna samskipta við skattyfirvöld og því ekki sammála því sem forsrh. hefur sett fram, um að ástæða sé til þess að stofna til embættis umboðsmanns skattgreiðenda. Ég held að við eigum einmitt að stefna að því að þannig sé búið að umboðsmanni Alþingis að hann geti með skilvirkum og góðum hætti tekið til meðferðar umkvartanir sem snúa að skattyfirvöldum.

Hitt fannst mér skrýtnara sem hæstv. forseti setti fram þegar hann bar saman stjórnsýsluna hér og í Danmörku. Mér fannst hann túlka það svo að þar sem færri stjórnsýslukærur væru hjá Dönum en hér á landi þá væri það merki um betri stjórnsýslu, af því það væru fleiri stjórnsýslukærur. Ég hefði haldið að það væri alveg öfugt og sýndi frekar að hjá okkur sé meiri losarabragur í stjórnsýslu, í lagasetningu og reglugerðum, fyrst hér eru fleiri stjórnsýslukærur en í Danmörku. Mér fannst hæstv. forseti, með allri virðingu fyrir honum, setja málið nokkuð á hvolf með því að setja slíka túlkun fram á stjórnsýslunni.

[15:16]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef eitthvað mismælt mig ef orð mín skildust þannig að ég hafi verið að bera saman ágæti stjórnsýslu hér og í Danmörku. Ég var ekki að því. Það sem ég sagði var að stjórnsýslukærur hér væru miklu fleiri en í Danmörku og e.t.v. væri skýringin sú að almenningur hér væri nær stjórnsýslunni en þar, munurinn er svo mikill.

Á hinu er enginn vafi að umboðsmaður Alþingis hefur veitt framkvæmdarvaldinu mikið aðhald. Reglur stjórnsýslunnar eru þannig betur virtar nú en t.d. fyrir tíu árum. Ég vonast til að þær séu í nokkuð góðu horfi en er sammála hv. þm. um að við hljótum að leggja áherslu á það.

Ég svaraði óbeint áðan því sem hv. þm. spurði um umboðsmann skattgreiðenda. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að stofna sérstakt embætti af þeim toga heldur sé rétt að styrkja umboðsmann Alþingis til að sinna þeim málaflokki sómasamlega og veit ekki betur en svo sé. Ef svo er ekki tel ég rétt að styrkja þá starfsemi hans.

Það má vera að það sé misskilningur en ég tók það svo að þetta lagaráð, sem um var talað, að hæstv. forsrh. hefði hugsað sér að stofna það í Stjórnarráðinu til að fjalla um stjfrv. Er það misskilningur minn? (**Gripið fram í:** Nei.) Þá hlýtur hæstv. forsrh. að ráða því hvort hann vandar betur sín frv.

Ég lít hins vegar svo á að nefndirnar eigi að hafa það góða sérfræðiaðstoð við sín störf að fullnægjandi sé og æskilegt að þingmenn geti gengið að nauðsynlegri lögfræðiaðstoð vísri við undirbúning frv.

[15:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því hve afdráttarlaust hæstv. forseti hefur hér tekið af skarið um að búa eigi þannig að umboðsmanni Alþingis að hann geti sinnt öllum þeim umkvörtunum sem honum berast varðandi samskipti við skattyfirvöld og það sé óþarfi, sem forsrh. hefur sett hér fram, að skoða ætti stofnun embættis umboðsmanns skattgreiðenda.

Varðandi stofnun lagaráðs þá kom fram í þeirri skýrslu sem forsrh. lagði fyrir þingið, skýrslu nefndar sem starfaði á hans vegum, að rétt væri að athuga það að stofna slíkt ráð við Stjórnarráðið, eins og það var orðað. Auðvitað kemur tvennt til greina, annaðhvort sé þetta við Stjórnarráðið eða stofnun sem heyrir undir Alþingi. Í þá átt gengur frv. sem flutt er af þingmönnum Samfylkingarinnar undir forustu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. Ég held að það sé eðlilegra, ef stofna á til embættis eins og lagaráðs, að þá heyri það beint undir löggjafann frekar en undir framkvæmdarvaldið. Það útkljáum við ekki úr þessum ræðustól og vonandi fær það frv. sem Samfylkingin hefur flutt í því efni farsælan framgang.

[15:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki nema gott ef ríkisstjórnin vandar betur frv. sín. Ef hún telur nauðsynlegt að segja á fót sérstakt lagaráð til þess finnst mér það líka ágætt. En lagaráð í Stjórnarráðinu dregur auðvitað ekki úr nauðsyn þess að Alþingi búi sjálft yfir yfirsýn varðandi lögfræðileg málefni. Ég tel að ekki sé nauðsynlegt að sérstök laganefnd sé sett hér á laggirnar heldur að skynsamlegra sé að bæta starfsskilyrði þingnefnda og þeirra sérfræðinga sem þingmenn geta gengið að við þingstörf, hvort sem lýtur að því að semja lagafrv., vinnu að nál. eða athugun á þingmálum.

[15:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kjarninn í máli mínu áðan var sá að til að þau markmið náist sem að var stefnt með umboðsmanni Alþingis og stofnsetningu þess embættis, verði stjórnvöld að fara að þeim álitum sem frá umboðsmanni koma vegna þess að umboðsmaður hefur ekkert vald til að fylgja álitum sínum eftir. Það er fyrst og fremst orðspor hans sem hefur verið byggt upp og er mjög jákvætt og þau álit sem hann lætur frá sér sem njóta virðingar. Þau gera það ef stjórnvöld fylgja þeim niðurstöðum. Það var kjarni ræðu minnar og þess vegna lagði ég þá spurningu fyrir núv. hæstv. forseta

Alþingis, sem var þáv. hæstv. samgrh. og stjórnaði þá því ráðuneyti sem umrædd atriði lúta að: Hvers vegna fór þáv. hæstv. samgrh. ekki að þessu áliti?

Hæstv. forseti, þáv. samgrh., fór yfir málið og færði rök fyrir því að rétt hefði verið að ljúka málinu líkt og hann gerði. Ef ég skildi hæstv. forseta rétt þá mat hann það svo að þau lög sem Alþingi setti hefðu ekki verið í samræmi við þá hugsun sem samgrn. lagði af stað með þegar frv. var samið. Ég skildi hæstv. forseta þannig að nú yrði látið á það reyna hvort þau lög sem samþykkt voru stæðust fyrir dómstólum eða hvort sú hugsun sem hæstv. samgrh. lagði upp með á sínum tíma gengi framar. Ég bókaði hjá mér ræðu hæstv. forseta. Hún var eitthvað á þá leið að Alþingi hafi sett lög sem ekki væru í samræmi við hugsun ráðuneytisins. Það hafi verið niðurstaðan. Það sagði hæstv. forseti áðan.

Kjarninn er hins vegar að mér skilst að mjög rík rök þurfi til að hafna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis.

[15:23]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er greinilega orðinn nokkuð óskýrmæltur upp á síðkastið. Ég sagði að ef sú yrði niðurstaðan að með tryggingarfénu ætti ekki fyrst og fremst að tryggja heimkomu farþega eða viðskiptavina þá teldi ég að tilganginum hefði ekki verið náð, eins og ég skildi málið. Ég er hins vegar enn þeirrar skoðunar að lögin séu þannig orðuð að heimilt hafi verið að láta tryggingarféð renna til þess að greiða fyrir heimkomu þeirra sem erlendis voru, þeirra viðskiptavina ferðaskrifstofunnar. Á það mun reyna fyrir dómstólum.

Ég er þeirrar skoðunar að þingmenn almennt hafi verið þeirrar skoðunar að það væri frumskylda ferðaskrifstofu að tryggja að menn kæmust heim til sín og að tryggingarféð ætti fyrst og fremst að ganga til þess. Best væri auðvitað að tryggingarféð gæti staðið undir öllum skuldbindingum, endurgreitt hvaðeina sem endurgreiða ber, það væri auðvitað það besta. Ég vona að það sé enginn misskilningur í þessu.

Ég vil að það komi fram, sem ég gleymdi að segja áðan, að með skýrslunni 1997 er úttekt á því hvernig fyrstu 2000 málunum hefði reitt af og síðan er þess getið í skýrslunum hvernig hvert einstakt mál stendur. Ég álít að það sé mjög til bóta og mjög gott. Þá geta þingmenn fylgst með því hvort ráðuneytin fara eftir tilmælum umboðsmanns eða ekki. Í flestum tilfellum gera ráðuneytin það. Í flestum tilvikum hygg ég að ráðuneytin séu sammála umboðsmanni um að athugasemdir hans séu réttar.

[15:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta. Hins vegar segir í áliti umboðsmanns í þessu tilviki að þeir sem séu staddir erlendis hafi ekki forgang að tryggingarfélaginu gagnvart þeim sem hafa greitt inn á ferðir og þar af leiðandi tapað því fé. Það er niðurstaða álits umboðsmanns.

Mér fannst koma fram í máli hæstv. forseta Alþingis, sem þá var hæstv. samgrh., að hann hafi gengið í það á sínum tíma að þetta fólk kæmist heim og fyrir það ber að þakka. Hins vegar virðist mér sem af orðum hans megi ráða að eitthvað hafi skort upp á að tryggingarféð dygði til að koma öllu þessu fólki heim og þar hafi ríkissjóður komið inn í og greitt það sem upp á vantaði. Hins vegar segir í áliti umboðsmanns að í tilvikum sem þessum eigi það fólk ekki forgang sem statt er erlendis.

Það kom líka fram í máli hæstv. forseta að á sínum tíma hafi það a.m.k. verið vilji ráðuneytisins að þetta lagaákvæði væri orðað öðruvísi. Hins vegar er það alveg skýrt í lögum í dag og í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis að þeir sem voru erlendis höfðu ekki forgang. Í sjálfu sér er það ekki aðalatriði heldur er kjarni málsins sá að mínu viti að þegar menn hafna áliti umboðsmanns þá þurfi mjög öflugan rökstuðning til þess. Ég benti á að mér finnst rökstuðningurinn ekki öflugur í þessu tilviki.

[15:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. 14. gr. laga um skipulag ferðamála hljóðar svo, upphaf hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim viðskiptavinum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrir fram greidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir fram ákveðinnar alferðar."

Hér er kveðið alveg skýrt á um að tryggingarféð skuli renna til þess framar öðru að tryggja heimferð viðskiptavina.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 154.

[15:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Tilgangur frv. þess sem hér er flutt er að aðlaga ákvæði laganna um innflutning dýra, nr. 54/1990, að þeirri reynslu og framkvæmd sem mótast hefur á gildistíma þeirra og þeirri þróun löggjafar á sviði landbúnaðar sem orðið hefur frá því lögin voru sett.

Í 6. gr. laganna um innflutning dýra er kveðið á um að landbrn. annist og beri ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögunum. Einnig kveða lögin á um að vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögunum skuli vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð. Í samræmi við ákvæði þessi hafa verið reistar sóttvarnastöðvar fyrir nautgripi og svín og einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey. Hvað varðar innflutning annarra búfjárkynja, loðdýra og alifugla, er innflutningi þannig háttað að dýrunum er komið fyrir á völdum einangrunarbúum í eigu einstaklinga eða viðkomandi búgreinafélaga þar sem þau eru höfð í sóttkví tilskilinn tíma samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis og undir eftirliti sérfræðinga á vegum embættisins.

Meginefnisbreytingin sem frv. felur í sér er að ekki verði lengur skylda landbrn. að annast sjálft innflutning búfjár sem heimilaður kann að verða og framræktun kynja sem inn verða flutt heldur verði hlutverk þess fyrst og fremst fólgið í eftirliti með framkvæmdum.

Á undanförnum árum hefur verið heimilaður umtalsverður innflutningur á lifandi dýrum og erfðaefni þeirra. Fluttir hafa verið til landsins nýir stofnar alifugla og endurnýjun þeirra tryggð með reglubundnum innflutningi erfðaefnis. Nýir stofnar svína og holdanauta hafa verið fluttir inn, svo

og loðdýr til kynbóta á þeim stofnum sem fyrir eru í landinu. Þá fer innflutningur á gæludýrum vaxandi.

Í samræmi við framangreind ákvæði laganna stofnsetti landbrn. sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis í fyrstu um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda 1. jan. 1994 sem hefur síðan annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis.

Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis.

Árið 1990 stofnsetti landbrn. einangrunarstöð fyrir gæludýr, fyrir hunda og ketti, í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði landbrn. en síðari ár hefur einkaaðili séð um reksturinn undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi.

Sá innflutningur lifandi dýra og erfðaefnis, sem heimilaður hefur verið á undanförnum árum samkvæmt ákvæðum laganna um innflutning dýra, hefur í meginatriðum gengið áfallalaust. Ekki hafa komið upp sjúkdómar sem tengja má innflutningnum enda mjög strangar kröfur gerðar um heilbrigði innfluttra dýra og erfðaefnis og sóttvarnir þegar til landsins kemur. Þung áhersla er lögð á það af hálfu landbrn. að tryggja heilbrigði þeirra dýrastofna sem fyrir eru í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd sem Ísland og íslensk matvælaframleiðsla hefur.

Því er með frv. þessu ekki lagt til að breyta þeirri skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings búfjár og gæludýra sem verið hefur. Hins vegar er lagt til að ákvæði laganna verði aðlöguð þeirri framkvæmd í rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðvanna sem er lýst að framan og landbrh. geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis.

Áhersla er lögð á að með þeirri breytingu er á engan hátt slakað á þeim kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um. Önnur meginefnisbreyting sem frv. felur í sér varðar ákvæði 3. gr. laganna, um að landbrh. skipi nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis er sótt er um heimild til innflutnings á búfé.

Í 4. gr. laganna um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, er ákvæði um að landbrh. skipi dýralæknaráð til fimm ára í senn er sé yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal ráðið ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis þess berist umsóknir þar um. Litið er svo á að hið nýja dýralæknaráð leysi af hólmi ráðgjafarnefnd þá sem kveðið er á um í 3. gr. laga um innflutning dýra og er því lagt til að ákvæðið falli brott.

Að öðru leyti felur frv. í sér aðlögun laganna um innflutning að þeirri þróun löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því lögin voru sett árið 1990.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hæstv. landbrh. er hreinskiptinn maður og segir jafnan hug sinn langar mig til þess að spara umræður að spyrja hann einnar spurningar í framhaldi af umræðum sem fóru fram um daginn.

Mundi hæstv. landbrh. leggjast gegn því ef fram kæmi tillaga í þinginu sem mundi beinlínis heimila að settar yrðu upp gæludýrastöðvar utan Hríseyjar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu?

Ég spyr, herra forseti, vegna þess að það kom fram í umræðum um daginn að frumkvæði hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur að u.þ.b. helmingur þeirra sem notfæra sér þjónustu gæludýrastöðvarinnar býr á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það gefur augaleið að þetta fólk vill hafa tækifæri til þess að fylgjast með sínum dýrum, auðvitað samkvæmt þeim reglum sem sóttvarnayfirvöld setja.

Í þeim umræðum sagði hæstv. landbrh. að þingheimur hefði tök á því að breyta þessum lögum vegna þess að inn í þingið væri að koma frv. sem fjallaði um þetta. Hins vegar skiptir nokkru máli að vita um afstöðu hæstv. landbrh. til þessa vegna þess að hann er öflugur ráðherra og menn vita að ef hann leggst af miklum krafti gegn þessu þá er um tómt mál að tala. Ég rifja upp að í hita leiksins talaði hæstv. ráðherra um að maður sem hefði skammbyssu væri ekki svo giska *hættulegur fyrr en búið væri að hlaða skammbyssuna.* Hann botnaði hins vegar ekki þessa hálfkveðnu vísu og það mátti svo sem draga af henni nokkrar ályktanir. En mig langar í fullri einlægni að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann mundi beita sér gegn samþykkt slíkrar breytingar.

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er tvennt sem verður að hafa í huga þegar maður er ráðherra. Það er að virða þingið mikils og þjóðina og taka mark á því sem þar gerist og ráðherra ber auðvitað skylda að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem þar eru teknar. Ég sagði einnig í þeirri umræðu að fyrir tíu árum hefði verið fórnað hagsmunum eyjarskeggjanna í Hrísey. Þeir mega ekki eiga gæludýr, hvorki hunda né ketti, þeir hafa tekið að sér þetta vandasama verk, sem er fólgið í því að vernda hunda og ketti sem fyrir eru í landinu fyrir sjúkdómum, og þeir hafa gert það vel í Hrísey. Sem betur fer hafa ekki orðið nein mistök á þessari löngu leið frá Keflavík til Hríseyjar og allt saman farið fram af öryggi.

Setur nú hlátur að tveimur hv. þm. sem veldur mér töluverðu ónæði, hæstv. forseti. — En það er með hláturinn eins og allt annað í lífinu að hann gengur yfir og hann er tákn gleðinnar og þeirrar sælu sem ríkir í sálarlífi þessara hv. þm. sem gleðjast nú yfir umræðunni.

En ég vil segja við hv. þm. að það sem ég hef sem ráðherra mestar áhyggjur af er ef menn færu að skipta þessum verkefnum þar sem þau hafa heppnast svo vel í Hrísey að á fimm árum hafa aðeins verið flutt inn 448 dýr. Segja má að verkefnið sé ekki til skiptanna. Það er ekki stór bisniss í því að taka þetta verkefni að sér. Auðvitað mun ég hlusta á það sem þingið segir í þessum efnum og framkvæma þau lög sem það setur.

[15:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þetta prýðilega svar. Hann sagði: „Ég mun virða vilja þingsins“ og enginn efaðist um það og hann sagði líka: „Ég mun virða vilja þjóðarinnar“. Ég held að í þessum efnum þurfi menn ekkert að efast um vilja þjóðarinnar. Það liggur fyrir að ákaflega margir vilja fá þessa þjónustu nær heimkynnum sínum og það liggur fyrir að helmingur þeirra sem notfærir sér þjónustu Hríseyjarstöðvarinnar býr á Stór-Reykjavíkursvæðinu og sá helmingur vill hafa þessa sóttvarnastöð sem næst bústað sínum.

Nú er það þannig að með framvindu vísindanna hafa menn getað þróað ráð og varnir til að koma í veg fyrir smit eins og hæstv. ráðherra talaði um. Auðvitað virði ég þær

forsendur sem hann leggur til grundvallar mati sínu. En ég bendi á að erlendis er það þannig að slíkar smitvarnarstöðvar, slíkar sóttkvíar eru hafðar inni í stórborgum. Ég bendi t.d. á að það eru einar tvær í nágrenni Heathrow í Lundúnum og ekki vitað til þess að nokkur óhöpp hafi hlotist af.

Það er líka þannig, herra forseti, að við erum í dag í óðaönn að flytja inn erfðaefni með heimild hæstv. landbrh. til þess að framrækta og útrækta ýmsa búfjárstofna í landinu. Þar fyrir utan vita menn, og ég er ekki að mæla því bót, að menn hafa flutt inn dýr ólöglega, bæði gæludýr og líka dýr til þess að rækta bústofn. Sem betur fer hafa af slíkri óheillaiðju ekki hlotist neinar búsifjar. En af hverju, herra forseti? Vegna þess að þau vísindalegu ráð sem menn nýta í erlendum löndum til þess að tryggja að dýr sem eru látin af hendi séu fullkomlega smitlaus eru nánast 100%.

Ég bendi t.d. á það, af því menn hafa rætt um það áður að flytja erfðaefnið, þ.e. frjóvguð egg spendýra, hingað til lands, að þetta hefur verið gert áratugum saman úti í heimi og ekki er vitað um eitt einasta dæmi þar sem alvarlegt smit eða nokkurt smit hefur hlotist af þeim völdum.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Margt er rétt og gott í ræðu hv. þm. Ég vil aðeins ítreka að auðvitað stöndum við frammi fyrir því að ýmsir aðilar hafa kannski ekki skilning á þessari sóttkví lifandi dýra, gæludýranna sinna sem standa afar nærri hjarta þess sem á dýrin. Þess vegna finnst þeim kannski leiðin til Hríseyjar löng og fjarveran erfið. En það sem við verðum að hafa í huga eru öll hin blessuð gæludýrin sem eru fyrir í landinu og búa við það að vera heilbrigð og langt frá heimsins slóð og þess vegna þola þau kannski lítið. Það er verið að reyna að smygla inn, stundum af skilningsleysi, dýrum sem geta valdið stórum skaða.

En ég vil fyrst og fremst að landbn. fari yfir þetta mál og þingið hugleiði það út frá öryggi hinna dýranna, út frá því að þetta hefur heppnast mjög vel í Hrísey. Það hafa ekki orðið nein áföll og eyjarskeggjarnir sjálfir hafa lagt mikið af mörkum til þess að halda utan um þetta öryggi og sinnt sínu starfi af prúðmennsku.

[15:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög merku máli, húsnæðismálum gæludýra sem flutt hafa verið hingað til lands og eru víðs fjarri heimilum sínum. Það hlýtur að skipta sköpum fyrir velferð þeirra að vel sé búið að þeim.

Það vill svo til að tveir hv. þm. sem hér hafa ræðst við um málið, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. ráðherra, geta leyst þetta mál sín á milli. Það vill nefnilega svo til að þeir eiga báðir sæti í Þingvallanefnd sem hefur á undanförnum mánuðum verið að vandræðast með gamalt hús á Þingvöllum, Valhöll. Væri ekki tilvalið að þeir tækju sig til, enda báðir mjög tilfinninganæmir í garð gæludýra, og reistu þar félagslegt íbúðarhúsnæði undir þessi gæludýr? Það mætti t.d. tileinka það íslenska fjárhundinum en fyrir nokkrum árum flutti hæstv. landbrh. stórmerkt mál um málefni íslenska fjárhundsins sem hann lýsti sem lifandi listaverki. Svo væri ekki úr vegi að landslið hestamanna tæki formlega á móti gæludýrunum þegar þau koma á Keflavíkurflugvöll og fylgdi þeim með viðhöfn til væntanlegs dvalarstaðar. Ég er alveg sannfærður um að gæludýrin mundu gleðjast mjög yfir slíkum móttökum. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann vildi ekki leysa málið í samvinnu við hv. þm. Össur Skarphéðinsson á vettvangi Þingvallanefndar.

[15:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú gerast fleiri gamansamir en ég ætlaði úr ræðustól og fara mikinn. Kemur einn ábyrgðarmesti þingmaðurinn hér og hefur í flimtingum alvörumál. Þingvellir eru heilagur staður og við eigum okkur drauma eins og þjóðin um Valhöll og teljum það vandmeðfarið. En við sjáum ekki Valhöll girta af, hvorki fyrir ríkan höfðinga utan úr heimi né stórefnaðan Íslending, hvað þá gæludýrin, þannig að þessari tillögu hv. þm. er hafnað.

Hitt er rétt hjá honum að íslenski fjárhundurinn er einn besti varðhundur heimsins og er í mörgum löndum notaður sem slíkur. Ég flutti merka tillögu um það um árið og ef ég man rétt var ort í þingsalnum:

Þú, íslenski fjárhundur, lifandi listaverk,
með ljómandi augu sem höfða til réttlætiskenndar,
með hringaða rófu og hálsband um loðna kverk.
Ég heiti á þig að komast til allsherjarnefndar.

[15:45]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög leitt að hæstv. landbrh. skyldi hafna þessari skynsamlegu tillögu sem þýðir að þeir Þingvallanefndarmenn verða að vandræðast með þetta húsnæði í nokkra mánuði til viðbótar.

Hitt verð ég að segja eins og er að þær góðu undirtektir gleðja mig sem hæstv. ráðherra gaf hinni tillögu minni, þ.e. að húsið yrði þá helgað íslenska fjárhundinum í tilefni af m.a. þeirri þáltill. sem hann flutti fyrir nokkrum árum og vitnaði í, en sú vísa sem hann vitnaði til er tekin upp úr grg. þáltill. þar sem hæstv. landbrh. lýsir íslenska fjárhundinum. Að einhverju leyti tekur þó hæstv. landbrh. undir þessar hugmyndir og hann er ekki frábitinn því að tileinka — hvað svo sem gert verður við Valhöll — þá ágætu byggingu hinu merka gæludýri íslenska fjárhundinum.

[15:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég trúi því að Valhöll verði leyst og hún er auðvitað fjarri þessari umræðu. En fyrst umræðan fer inn á svona skemmtilegt plan og farið er að tala um blessuð dýrin, hestinn og hundinn, þá er auðvitað gaman að koma á Þingvöll og sjá þar íslenskan hund með hringað skott og mikilvægt að það fái að vera þar með öflugu mannlífi.

En hv. þm. minntist á hestinn. Ógleymanleg er mér sú stund þegar við stóðum þar, forsrh. landsins, Davíð Oddsson, og frú Clinton, sem nú er orðin þingmaður í Bandaríkjunum, og forsrh. var að sýna henni hæfni og hæfileika íslenska hestsins á fallegu hausti. Auðvitað eigum við að sýna Þingvelli fullan sóma. Þar á að vera skrautreið og hátíð og þess vegna eiga íslenski hundurinn og íslenski hesturinn að koma þar við sögu.

[15:48]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Við þessi skemmtilegheit hér á undan hefur í rauninni allt komið fram. Ég get ekki tekið alveg undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að Valhöll á Þingvöllum sé rétti staðurinn, en þótt við höfum ekki Valhöll í Krýsuvík er það heppilegur staður fyrir einangrunarstöð.

Hér er til umfjöllunar frv. til laga frá hæstv. landbrh. um breytingu á lögum um innflutning dýra, það frv. sem hann boðaði í síðustu viku þegar hann svaraði fyrirspurn

minni um hvort ekki væri ástæða til að koma á fót fleiri einangrunarstöðvum í landinu og þá á höfuðborgarsvæðinu. Hann svaraði þeirri fyrirspurn hreinskilnislega og gat þess um leið hversu margir af suðvesturhorninu nýta sér þessa einangrunarstöð. Því var ég nokkuð spennt að sjá þetta frv. en að sama skapi varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum með að sjá að þess skuli ekki vera getið í rauninni að veita öðrum einangrunarstöðvum tækifæri, en þó mætti túlka það sem stendur í 3. málslið 5. gr. svo að ráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna. Í rauninni gæti ráðherra einmitt tekið sér vald samkvæmt þessu og ákveðið einangrunarstöðvar á fleiri stöðum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom snaggaralega og skilmerkilega upp í andsvari við hæstv. ráðherra og spurði ráðherra þeirrar spurningar sem ég ætlaði mér að spyrja, hvort hæstv. landbrh. kæmi til með að setja sig upp á móti því ef hið háa Alþingi legði fram brtt. Það var alveg skýrt í máli hæstv. landbrh. að hann ætlar ekki að gera það og ætla ég í rauninni að taka hann á orðinu.

Ég vil geta þess að á sínum tíma sótti dýralæknastofa í Garðabæ um leyfi til þess að koma á fót einangrunarstöð í Krýsuvík, en m.a. yfirdýralæknir hefur gefið út þá yfirlýsingu að slík stöð geti verið þar staðsett að uppfylltum öllum skilyrðum sem sóttvarnalæknir, þ.e. yfirdýralæknir, setur um slíka stöð. Auðvitað tökum við heils hugar undir það sem stendur m.a. í grg., að „þung áhersla er lögð á það af hálfu landbúnaðarráðuneytisins að tryggja heilbrigði dýrastofna sem fyrir eru í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd sem Ísland og íslensk matvælaframleiðsla hefur. Því er með frumvarpi þessu ekki lagt til að breyta núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra."

Það er heldur ekki ætlunin með því að setja fram þá kröfu að koma á fót fleiri einangrunarstöðvum að slaka í einu eða neinu á kröfum til sóttvarna, engan veginn. En það er hins vegar verið að taka tillit til hagsmuna eigenda gæludýra sem eru að flytja þau inn og síðast en ekki síst er verið að taka tillit til dýranna sjálfra því að það er deginum ljósara að ferðalagið til Hríseyjar og aftur hingað suður er afar erfitt fyrir dýrin og einnig eigendur að vera svo lengi fjarvistum við þessi ágætu dýr.

Ég er ekki að leggja mat á þá góðu vinnu sem hefur verið lögð fram af hálfu þess ágæta fólks sem stendur að einangrunarstöðinni í Hrísey, engan veginn, en hún fullnægir ekki þörfum og kröfum þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Hæstv. ráðherra gat um það í svari sínu til mín í síðustu viku að u.þ.b. 60% af þeim sem nýta sér einangrunarstöðina fyrir gæludýr í Hrísey væru héðan af suðvesturhorninu og ég get ímyndað mér að það færi upp í um 80% ef Sunnlendingar bætast þar við sem eflaust mundu nýta sér einangrunarstöð á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum, þá einna helst nálægt Keflavíkurflugvelli sjálfum.

En ég fagna því að hæstv. ráðherra muni ekki beita sér gegn því ef þingið mun leggja fram brtt. við frv. sem við erum að ræða hér og beini því til hv. landbn. þingsins að hún breyti þessu á þann veg að komið verði á fót einangrunarstöð eða heimild til að koma á einangrunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og ef hv. landbn. kemur ekki til með að gera það mun ég leggja þá brtt. fram við 2. umr.

[15:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mál sem fengu talsverða umfjöllun bæði í landbn. og raunar á hinu háa Alþingi í almennri umræðu fyrir ári og er um margt endurtekin. Ég fagna því þó sérstaklega að áhugi þingmanna hefur aukist á því mikilvæga máli sem hér um ræðir og fagna sérstaklega nýjum liðsmanni í þessa veru, hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, því að þetta mál fékk, eins og ég sagði, talsverða umfjöllun þegar lítt óbreytt frv. landbrh. um sama efni var til umfjöllunar á síðasta þingi og landbn., m.a. vegna þeirra álitamála sem hér hafa verið rakin, afgreiddi ekki frá sér. Ýmis álitaefni voru á ferðinni, m.a. þau sem nefnd hafa verið hér til sögu, nefnilega hvort eðlilegt og sjálfsagt sé að eingöngu einn staður sé til staðar í landinu þar sem megi geyma gæludýr þar til öllu er óhætt. Af því að það var nefnt til sögu í þessari umræðu, þá lá það fyrir og liggur fyrir að umsókn hefur legið í ráðuneytinu frá öðrum aðilum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa óskað eftir því að fá heimild til reksturs einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Þeir hafa fengið þau svör að lög heimili ekki slíkt og þess vegna voru vonir bundnar við það þegar ráðherra kom á síðasta vetri fram með frv. sitt að þar yrði slakað til. Það gerðist ekki þá, en um það bárust fregnir úr hinu háa ráðuneyti að á hausti komanda, þ.e. um þessar mundir, mundi koma annað og hugsanlega breytt frv. En það hefur ekki gerst. Mér heyrist hins vegar á hæstv. ráðherra að hann sé opinn fyrir því að nefndin geri á þessu breytingar og liðki þarna fyrir.

En það er annað í þessu samhengi sem menn verða auðvitað að skoða líka og það er þetta: Er það óhjákvæmilega þannig að opinberir aðilar og landbrn. í þessu samhengi eigi að bera ábyrgð á rekstri einangrunarstöðvar fyrir gæludýr? Er það endilega sjálfsagt að opinberir aðilar kosti í einu öllu uppbyggingu og styrki starfsemi slíkrar einangrunarstöðvar? Ég er ekkert viss um það. Nú rakti hæstv. ráðherra áðan að þessi markaður væri takmörkunum háður og það er sennilega alveg hárrétt, en hann fer þó sístækkandi. Ég er ekki með það handbært hér en kannski getur hæstv. ráðherra upplýst það í lokaræðu hvaða kostnað einstaklingar hafa af því raunverulega í dag að flytja ketti eða hunda, svo maður noti nærtækt dæmi, til landsins og til geymslu í Hrísey, hvað þetta ferli allt saman kosti. Nú veit ég það ekki, en ég sé það í fjárlögum fyrir komandi ár og fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár að enn þá er verið að verja umtalsverðum fjármunum af skattpeningum almennings til þessarar uppbyggingar fyrir norðan og í fjáraukalögum er óskað eftir 6 millj. kr. aukaframlagi til stækkunar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í mars. Þar segir einnig í grg. að það þýði að heildarkostnaður við stækkun stöðvarinnar er áætlaður um 18 millj. kr. Á fjárlögum ársins *2000 voru hins vegar veittar 6 millj. til verksins og síðan* er bætt við að það sem á vanti verði fjámagnað með þjónustugjöldum. Þau borga engir aðrir en notendur stöðvarinnar væntanlega.

Hins vegar er einnig að finna í fjárlagafrv. fyrir komandi ár ákvæði í 7. gr. heimildum nr. 221 þar sem heimilað er að selja íbúðarhús að Austurvegi 8, Hrísey í Eyjafjarðarsýslu, og verja andvirðinu til uppbyggingar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey. Það er með öðrum orðum eitthvert viðbótarfé sem á að koma líka á næsta ári. Ég finn því ekki stað í tölulegu formi í fjárlagafrv., en væntanlega getur ráðherra upplýst um hvernig heildarmyndin lítur út. Er verið að tala

um sömu fjármunina í fjárlagafrv. í heimildarákvæðum og er að finna í fjáraukalögum? Það getur tæplegast verið nema þessi heimild hér — og nú hef ég ekki flett því upp heldur — sé gömul, þ.e. sé einnig til staðar í heimildum yfirstandandi árs í fjárlagafrv.

Þetta bar eilítið á góma í umræðu um fjáraukalögin. Ég held ég fari rétt með að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafi vakið máls á þessu og spurt hæstv. fjmrh. út úr um þetta atriði því að þetta er dálítið ruglingslegt. En hann hafði ekki svör á reiðum höndum og vísaði því á hæstv. landbrh. Því ber vel í veiði að hann er hér til staðar, þó í óskyldu tilefni sé, en umræðan hefur náttúrlega hneigst mjög í þessar áttir þannig að ég held að okkur væri hollt líka að hafa hina fjárhagslegu hlið málsins dálítið nærhendis, bæði bein útgjöld hins opinbera vegna þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað þarna nyrðra og einnig það sem í farvatninu er.

Þannig er, og hæstv. ráðherra gat þess í framsöguræðu sinni, að nokkur breyting varð á fyrirkomulagi þessara mála ekki fyrir löngu, í þá veruna að einstaklingar sjá nú um reksturinn samkvæmt þjónustusamningi þó að gildandi lög heimili það tæpast. Þetta frv. er í raun eingöngu til að skjóta stoðum undir það fyrirkomulag sem þegar er til staðar, þannig að við höldum því algjörlega kláru og til haga.

Ég velti þessu upp hér af því að ég hef heyrt í áhugaaðilum um þessi mál, af því að áhuga dýralækna bar á góma, hæfra og góðra karla og kvenna sem hafa áhuga á að sinna þessari þjónustu. Ég hef ekki heyrt að þetta fólk sækist sérstaklega eftir peningum skattborgaranna til þeirrar uppbyggingar heldur miði við að þeir sem þjónustuna sækja standi skil á rekstrarkostnaðinum. Þar væri auðvitað grundvallarbreyting á ferð.

Nú vil ég undirstrika að ég veit mætavel að Hríseyingum hefur ýmislegt verið mótdrægt á síðari tímum. Á þeim málum verður með einhverju móti að taka. Það er hins vegar óhjákvæmilegt annað en að horfast í augu við þann veruleika að þeir sem kaupa þessa þjónustu eru af þessu landshorni. Þó ég sé talsmaður flutnings á starfsemi út á landsbyggðina þar sem það á við þá gengur það auðvitað ekki í þeim tilfellum sem almenningur á suðvesturhorninu sækir þjónustuna fyrst og síðast. Það á því miður við í þessu tilfelli. Ég segi því miður, gagnvart þeirri ágætu þjónustu sem nú er veitt norður í landi.

Ég vil ekki undir nokkrum kringumstæðum búa til úr þessu hefðbundna deilu milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þetta mál er ekki þannig vaxið. Ég vil hins vegar láta þess getið að mér þætti vænt um að ráðherra færi yfir fjárhagslegar hliðar málsins, hafi hann tiltæk gögn til að svara spurningum mínum. Einnig ber að hafa í huga að þegar kostnaður er kominn úr böndum og innflytjendum gæludýra finnst hann meiri en eðlilegt getur talist þá ýtir það klárlega undir smygl og ólöglegan innflutning. Þannig er það bara.

Hæstv. ráðherra lagði í ræðu sinni mikla áherslu á mikilvægi þess að öllum reglum væri til haga haldið og vel yrði staðið að verki. Menn mega hins vegar ekki vanmeta þann þáttinn, nefnilega hinn ólöglega innflutning sem sagan kennir okkur að verður æ meiri eftir því sem kostnaðurinn, umstangið og fyrirhöfnin við löglegan innflutning er meiri. Það gefur augaleið að einstaklingur á suðvesturhorninu horfir auðvitað í það að senda hundinn sinn, köttinn sinn eða hvað það nú er norður yfir heiðar með þeim tilkostnaði sem því fylgir, sjá ekki hundinn sinn eða köttinn sinn svo vikum skiptir og eiga þess vart kost að líta við hjá honum. Það eykur á þá freistingu að fara ólöglegu leiðina, stinga dýrinu í handfarangur og lauma því inn í landið.

Þetta vildi ég segja um málið. Ég ætla ekki að orðlengja þetta en heiti hæstv. ráðherra og öðrum þingmönnum því að ég og félagar mínir í landbn. munum fara vandlega yfir þetta mál og gæta heildarhagsmuna.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langar ræður um þetta mál. Um það vil ég þó segja þetta: Þetta er mál sem horfir til aukins frjálsræðis varðandi innflutning á dýrum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við þurfum á auknu frjálsræði að halda í þeim efnum. Ég hef vakið máls á því áður í þessum stól að vísindunum fleygir fram. Það eru komnar fram nýjar aðferðir sem gera það auðveldara en áður að tryggja fullkomnar smitvarnir. Það hefur leitt til þess að erlendis er flutningur á dýrum og erfðavísum milli landa frjálsari en áður. Ísland hefur goldið þess að þeir sem ráðið hafa í þessum efnum hafa haft vantrú á nýjum aðferðum. Það hefur leitt til þess að menn hafa hugsað ákaflega þröngt varðandi óskir og hugmyndir um að leyfa meira svigrúm í þessum efnum.

Nú stígur hæstv. landbrh. hins vegar tiltölulega jákvætt skref í þessum efnum með frv. sínu. Meginbreytingin í frv. felst í að nú þarf ekki lengur atbeina hæstv. landbrh. og ráðuneytis hans til að flytja inn dýr til undaneldis eða til ræktunar innan ákveðinna búgreina. Búgreinarnar geta gert það sjálfar en það eru hins vegar starfsmenn landbrn., einkum yfirdýralæknir og aðrir sem undir hann heyra, sem hafa fullkomið eftirlit með því að allt sé þá gert samkvæmt ströngustu kröfum. Þetta held ég að muni bæta mjög hag þeirra greina sem geta notfært sér þetta.

Það liggur fyrir, herra forseti, að mikil framþróun hefur orðið í greinum eins og svínarækt vegna þess að við höfum fengið heimildir til þess að flytja inn erlend erfðaefni. Það hefur bætt íslenska svínastofninn sem var næsta pervisinn að upplagi í upphafi. Hann er það sem hann er vegna þess að þegar saman fóru þeir eiginleikar sem fylgdu hinum erlendu erfðavísum og innlendu genin sem hér höfðu verið frá landnámstíð þá spratt fram stofn, með ágætri ræktun okkar Íslendinga, sem ég held að standi jafnfætis flestum góðum stofnum í nágrannalöndunum.

Þetta eru menn líka að gera í öðrum stofnum. Menn hafa t.d. flutt inn holdanaut með alveg prýðilegum árangri og blendingar íslenskra nautgripa og hins innflutta holdanauts hafa verið mikil kjörfæða í veitingahúsum og vakið eftirtekt og undrun margra útlendinga sem hingað hafa komið.

Nú hefur hæstv. landbrh. einnig stigið annað skref, loksins tosað af sér feldinum eftir langvinna dvöl undir honum og komist að þeirri niðurstöðu að það sé að öllum líkindum jákvætt fyrir íslenskan landbúnað að gera tilraun með innflutning á norsku kúakyni. Að vísu hefur hæstv. ráðherra stigið ákaflega varlega til jarðar í þeim efnum. Þarna er um tilraun að ræða sem líklega tekur ein 10 ár áður en hún er fullnustuð. Þá kemur í ljós hvort á það er hættandi að taka upp þetta kúakyn að öllu eða einhverju leyti. Samt sem áður er þarna um ákveðið frjálsræði að ræða. Ég tel að menn geti velt því fyrir sér hvort það eigi að fara þá leið að taka hér upp nýtt kúakyn og skipta hreinlega út því gamla en frá vísindalegu sjónarhorni, þ.e. frá sjónarhorni vísindalegra smitvarna, er það í góðu lagi. Menn geta deilt um þær sögulegu og menningarlegu afleiðingar sem af því kunna að hljótast en

það er ekki hægt að deila um að aðferðirnar sem eru til staðar til þess að koma í veg fyrir smit eru 100%.

Menn hafa áratugum saman flutt frjóvguð egg úr veðhlaupahestum milli heimsálfa. Það er ekki vitað um eitt einasta dæmi um að illkynja smit eða eitthvað smit hafi af því hlotist. Ég velti þessu upp, herra forseti, vegna þess að við þurfum auðvitað á öllum ráðum að halda til að halda forustu okkar á ýmsum sviðum landbúnaðar. Við höfum auðvitað haft og höfum enn þá forustu í ræktun íslenska hestsins. En það er sótt að okkur þar á ýmsum sviðum vegna þess að úr landi hafa verið fluttir bestu stóðhestarnir.

Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og minna á að eitt af litafbrigðum íslenska hestsins, litfrótti stofninn, er nánast í útrýmingarhættu. Hálft prósent af íslenska hrossastofninum er litfrótt og bestu stóðhestarnir eru erlendis. Þá er að finna á erlendri grundu. Því í ósköpunum, herra forseti, ef það blasir við að það er í lagi að flytja inn fósturvísa úr norskum nautgripum, er þá ekki hægt að leyfa innflutning fósturvísa úr íslenska hestinum frá útlöndum? Nákvæmlega sömu aðferðir eru notaðar til þess að koma í veg fyrir smit varðandi nautgripina og varðandi hrossin. Því í ósköpunum leyfa menn þetta ekki? Ég spyr hæstv. landbrh. hvort hann telji ekki að í framhaldi af ákvörðun sinni um norsku nautgripina væri rétt að stíga enn eitt framfarasporið og leyfa slíkt hið sama varðandi einstök afbrigði íslenska hestsins sem segja má að séu í útrýmingarhættu. Reyndar hefur hæstv. ráðherra beitt sér fyrir átaki til að efla ræktun litfrótta afbrigðisins hér innan lands og það er auðvitað ákaflega vel. En mér þykja þó þær aðferðir sem kynntar voru á sl. vori ekki nándar nærri nógu sterkar til að tryggja áframhaldandi tilveru þess í íslenska stofninum. Þess vegna varpa ég þessu fram.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson drap á ákaflega mikilvægt mál, að mér þótti, sem varðaði gæludýrastöðina í Hrísey. Hann benti á að á fjáraukalögum eru núna lagðar til 6 millj. kr. til þess að bæta við stöðina. Jafnframt á að selja tiltekna fasteign í Hrísey og líka nota hana til þess að byggja upp þessa stöð. Af hverju þarf að byggja upp þessa stöð, herra forseti? Vegna þess að það er langur biðlisti eftir þjónustu hennar. Ef það er langur biðlisti eftir þjónustu stöðvarinnar, hvers vegna má þá ekki fara þá leið að leyfa öðrum að taka upp sams konar þjónustu?

Eftir því sem ég sé best þá er í 5. gr. þess frv. sem við ræðum um núna verið að fikra sig inn á þá leið. Með vissum hætti er opnuð smuga fyrir þennan möguleika. Þessu frv. virðist ætlað að laga rammann að þróuninni sem hefur átt sér stað.

Í reynd eru einkaaðilar farnir að reka sóttvarnastöðvar. Í Hrísey er um einkarekna sóttvarnastöð að ræða þó að hún sé hins vegar á framfæri og ábyrgð ríkisins, sem er auðvitað ákaflega umhendis að skilja. Í þessu felst ákveðin þverstæða. Ég held hins vegar að að 5. gr. samþykktri ætti það að vera næsta auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að annars staðar yrði sett upp stöð af þessu tagi.

Hæstv. ráðherra færði aðeins ein rök gegn þeirri hugmynd sem hv. þm. Þorgerður Katrín varpaði fram í síðustu viku. Það voru viðskiptaleg rök. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni í síðustu viku og aftur núna: Umfangið er svo lítið. Þetta eru ekki nema 450 dýr á 4–5 árum. Það er svo lítill bisness í þessu, segir hæstv. ráðherra. Samt er bisnessinn nægur til að núna er lagt til að andvirði heillar húseignar og að auki 6 millj. kr. verði varið til að auka þetta umfang. Hvers vegna ekki, herra forseti, að leyfa þessum bisness, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, að vera áfram í Hrísey eins og hann var en hætta við stækkunina og spara ríkinu þann kostnað sem til hennar fellur en leyfa í staðinn einkaaðilum í Garðabæ eða annars staðar að taka upp sóttkvíar af þessu tagi? Það held ég að mundi skipta miklu máli. Þá er ég síst að hugsa um það fjármagn sem frá ríkinu kemur. Það mundi skipta ákaflega miklu máli fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu og basla við að heimsækja þessi dýr sín norður til Hríseyjar. Af hverju má ekki hafa þessi dýr í stöð nálægt Stór-Reykjavíkursvæðinu? Sá hluti þjóðarinnar eða þau 60% sem hér búa, sem samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra notar þjónustu þessarar stöðvar að helmingi, gæti þá farið og séð ketti sína og hunda þegar hann lysti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Þætti honum ekki skelfilegt ef hann yrði viðskila við uppáhaldshrossið sitt svo mánuðum skipti?

[16:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp út af orðum hv. þm. vegna innflutnings á fósturvísum í hesta og því sem kom fram í málflutningi hans, að aðeins hálft prósent hesta á Íslandi væru litfróttir. Þá vildi ég spyrja hann hvort þessir hestar væru til annars staðar í heiminum og um hvað hann er að hugsa í þessum efnum. Ég vil vara við því að farið verði að flytja inn fósturvísa í hesta.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sögunnar vegna skil ég vel að menn óttist innflutning á fósturvísum úr spendýrum. En af hverju varar hv. þm. Drífa Hjartardóttir við innflutningi á fósturvísum úr hestum? Hver eru rökin fyrir því? Af hverju varar hún þá ekki við innflutningi á fósturvísi úr norskum nautgripum? Ef því er að skipta: Af hverju varar hún þá ekki við innflutningi á erfðaefni mannsins? Af hverju varar hún ekki við innflutningi á erfðaefnum úr svínum? Af hverju varar hún ekki við innflutningi á erfðaefnum úr holdanautum sem orðið hefur mikil búbót í hennar héraði?

Ég skil vel áhyggjur hv. þm. og þær eiga sér ákveðnar sögulegar forsendur. Það sem ég er að segja er að vísindunum fleygir fram og það er langt síðan menn fundu ráð til þess að tryggja fullkomlega að ekkert smit bærist með því að flytja fósturvísa milli landa.

Ég get tekið mér hæstv. landbrh. til vitnis vegna þess að ég veit að hann hlýtur að hafa kynnt sér þessi mál ofan í kjölinn þegar hann fjallaði um norsku nautgripina. Ég fullyrði að það eru engin dæmi um það þegar menn hafa verið að flytja frjóvguð egg úr hestum milli landa, milli heimsálfa, að smit hafi komið upp. Þetta veit ég að hæstv. landbrh. hefur ábyggilega verið upplýstur um af þeim sérfræðingum á Keldum sem um þetta véla. Þessar upplýsingar fékk ég þar.

Hvað er það sem gerir að verkum að menn geta ekki gert þetta? Hv. þm. spurði mig síðan um litfrótta hrossið og hvort það væru einhver eintök góð og sterk af því afbrigði erlendis. Og svo er. Besti stóðhesturinn sem talin er litfróttur undan þeim íslenska hesti er til í Þýskalandi og það eru reyndar þrír eða fjórir aðrir sem eru ákaflega góðir stóðhestar erlendis. Þessi stofn er á undanhaldi á Íslandi ýmissa hluta vegna. Við höfum ekki lagt rækt við hann og hvers vegna ekki að taka besta erfðavísinn sem til er í heiminum og nota hann?

[16:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég sönnur á því hvort bestu erfðaefnin séu í Þýskalandi en ekki hér á Íslandi. Ég mundi vilja fá það óyggjað. En ef við göngum í Evrópusambandið eins og hv. þm. vill svo gjarnan verður leyft að flytja inn hvort sem það eru lifandi dýr, fósturvísar eða sæði.

[16:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram í tilefni af þessum ummælum að þrátt fyrir það blíða bros sem líður stundum yfir mínar varir og annarra þegar á Evrópusambandið er minnst, jafnvel hæstv. landbrh. og ýmissa úr flokki hans, þá er það samt þannig að Samfylkingin hefur sagt alveg skýrt að hún vill ekki að svo stöddu að Ísland gangi í Evrópusambandið. Það er alveg klárt að eitt af þeim samningsmarkmiðum sem við Íslendingar hefðum ef við mundum semja um aðild Íslendinga að Evrópusambandinu mundi að sjálfsögðu vera það að við hefðum fullt vald yfir innflutningi á hvers konar jurtum og lifandi dýrum líka. Það er algerlega ljóst.

Að því er varðar síðan hið litförótta hross, sem vakir stundum í draumum mínum, þá er það svo að mér rennur til rifja að Íslendingar sem hafa náð þessum mikla árangri í ræktun íslenska hestins láti líða hjá að halda utan um þetta afbrigði og reyndar ýmis önnur sérstök og einstök litaafbrigði sem er einungis að finna í íslenska hrossastofninum sem eru líka í hættu með að líða undir lok. Litförótt afbrigði er að vísu það sem hættast er komið en það eru einnig önnur, herra forseti.

Ég get að vísu ekki lagt fram skriflegar sannanir fyrir því að besta erfðaefnið sé að finna í Þýskalandi en þessar upplýsingar hef ég af heimasíðu Eiðfaxa og úr grein sem birtist í Morgunblaðinu í fyrra en nokkrar umræður spunnust þá einmitt að frumkvæði mínu um afdrif og framtíð litförótta hestsins. Ég sé ekkert á móti því að menn beiti sér fyrir auknu frjálsræði í þessum efnum. Ef menn vilja hleypa inn erfðaefni úr norskum nautgripum, úr hollenskum svínum, hvers vegna ekki íslenskum hesti sem svo vill til að hefur lögheimili í Þýskalandi?

[16:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra. Það er nú svo að það er litförótt sagan um árangur af innflutningi dýra hér á landi. Þar höfum við mátt líða hvað stærstu, nánast holskeflur fyrir heilu dýrategundirnar í mörgum tilvikum.

Það er svo sem engin sérstök ástæða til að rekja það hér en við getum þó verið minnug allt frá fjárkláða og til mæðiveiki, garnaveiki og fleiri sjúkdóma sem hafa hrjáð íslenskt sauðfé eru til komnir vegna ógætilegs innflutnings. Stöðu íslensku sauðkindarinnar var bjargað fyrst og fremst fyrir framsýni og dugnað einstaklinga en ekki vegna þeirra varúðarreglna sem voru þá uppi að öllu leyti.

Í dag heyrum við stöðugt í fréttum sögur og lýsingar á sjúkdómum sem breiðast á milli landa og enginn veit nánast hvernig þeir smitast en afleiðingin getur orðið svo afdrifarík að það verður að farga heilum stofnum í sumum löndum. Ekki er enn séð fyrir endann á því, t.d. hvað lýtur að nautgripum, þeim sjúkdómum sem þar herja og ganga í fólk, fyrst í Bretlandi og nú í Frakklandi. Við heyrum um þetta víðar í Evrópu og þyrfti ekkert að koma á óvart vegna þess mikla samgangs sem hefur verið á milli allra landa Evrópu að sá sjúkdómur sem þar er verið að kljást við sé kominn í öll lönd Norður-Evrópu, vonandi að undanskildu Íslandi þó að engin trygging sé fyrir því.

Það eru því gríðarlegir hagsmunir í húfi, herra forseti, að hér sé farið að með mikilli gát. Það er svo auðvelt að skemma, það er svo auðvelt að eyðileggja og það er svo auðvelt að vera vitur eftir á í þeim efnum sem við ræðum hér.

Herra forseti. Það er nú svo að það veit enginn hvað átt hefur fyrr en misst hefur hvað varðar hreinleika og heilnæmi þeirra dýrategunda sem við erum með. Því er fyllilega ástæða til að alls öryggis sé gætt. Því ber í sjálfu sér að fagna, eins og tekið er fram í greinargerð með frv. um innflutning, að þessi innflutningur hefur í meginatriðum gengið áfallalaust og ekki hafa komið upp sjúkdómar sem tengja má innflutningi, enda eru mjög strangar kröfur gerðar um heilbrigði innfluttra dýra, erfðaefnis og sóttvarnir þegar til landsins kemur. Þung áhersla er lögð á það af hálfu landbrn. að tryggja heilbrigði dýrastofna sem fyrir eru í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd sem Ísland og íslensk matvælaframleiðsla hefur. Því er með þessu frv. ekki lagt til að breyta núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra.

Markmiðið eða sú sýn sem hefur verið unnið eftir á að vera óbreytt frá því sem þarna kemur fram þannig að þessi lög eiga í sjálfu sér ekki að hafa í för með sér að slakað verði á öllum sóttvarnakröfum sem eru í gildi. Hins vegar er verið að slaka á framkvæmdinni. Með framkvæmd á þeim sóttvarnaaðgerðum sem hafa verið hér á landi er verið að gefa slakann fyrir eftirlitinu og það er verið að gefa slakann fyrir því að meiri hætta sé á að óhöpp og slys verði.

Líka er vert að gera sér grein fyrir því, herra forseti, sem er í húfi varðandi sóttvarnir og heilnæmi og heilsu dýra, að sjúkdómar sem þarna gætu komið upp þurfa ekki endilega að gera vart við sig innan mjög skamms tíma. Það getur liðið ár og jafnvel áratugur uns sjúkdómar geta gert vart við sig á yfirborðinu þó svo þeir hafi borist hingað við innflutning. Þess vegna er þetta svo gríðarlega vandasamt og má ekki hrapa hér að eða láta undan einhverjum tímabundnum þrýstingi eða löngun einstaklinga eða hópa til þess að látið verði af ýtrustu óskum þeirra sem samræmast alls ekki kröfum almannaheilla í landinu.

Ég vil því vara við þeim skrefum sem hér er verið að stíga. Það er verið að stíga það skref um framkvæmd og eftirlit að það eigi að vera möguleiki að færa það úr höndum hins opinbera og einkavæða það, fela það í hendur einstaklinga og félagasamtaka og opna þannig fyrir slakara eftirlit. Það kerfi sem við höfum þó byggt upp með einangrun í Hrísey er að því er við best vitum þannig að enn hefur vel tekist til. En ég undirstrika, herra forseti, „að því er við best vitum enn“ því að það geta liðið mörg ár frá því að innflutningur sjúkdóms á sér stað og þangað til hann kemur fram. Þess vegna undirstrika ég að enn eru ekki merkjanleg bein óhöpp eða slys vegna þess arna. Það ber að lofa og þá ber einmitt að læra af því og treysta það sem fyrir er frekar en að slaka á og gefa hugsanlega lausari taum. Við höfum átakanleg dæmi erlendis frá um hvað þetta getur þýtt. Við höfum t.d. þennan Creutzfeldt-Jakobs sjúkdóm sem er nú að blossa upp og við skulum vona að við séum laus við hann. En það ætti að vera okkur áminning um að taka ekki óþarfaáhættu og ég brýni hæstv. landbrh. og síðan hv. landbn. til að fara mjög ítarlega í það frv. sem hér er og kanna hvort ekki sé farið þarna fram af of mikilli óvarkárni og hvort ekki sé réttara að stíga hægar

til jarðar og hafa meira öryggi og láta öryggissjónarmið og vafann þá vera þeim megin að við sláum ekki á öryggiskröfurnar sem verða að vera um innflutning á dýrum. Í því felst þjóðarheill okkar varðandi það að búa hér í landi með dýr okkar hvort sem þau eru búsmali eða önnur dýr.

[16:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason var án efa mikill búhöldur þegar hann stýrði hinum ágæta búnaðarskóla að Hólum í Hjaltadal.

Herra forseti. Ég veit vel að hv. þm. Jón Bjarnason er mikið á móti einkarekstri og ég geri engar athugasemdir við það. Mín vegna má hann vera þeirrar skoðunar. En er ekki fulllangt gengið þegar hann heldur því fram að einhver sérstök hætta sé fólgin í því að flytja starfsemi eins og þá sem er t.d. rekin í Hrísey yfir til einkaaðila? Ég spyr hv. þm. að því. Er ekki hægt með jafngóðum hætti að fylgja fram því eftirliti sem þarf að hafa við af opinberri hálfu? Að sjálfsögðu. Ég held meira að segja að hægt væri að gera það með ríkari og sterkari hætti en núna.

Hvað vill svo hv. þm. gera við gæludýrastöðina og sóttvarnastöðina í Hrísey sem núna er uppi? Hún er rekin af einkaaðilum. Það er einfaldlega staðreynd að hún er rekin af einkaaðilum. Vill þá hv. þm., sem er búinn að lýsa því yfir að sú stöð hafi tekist bærilega í framkvæmd, leggja hana niður af hreinum hugmyndafræðilegum ástæðum, þ.e. vegna þess að hún er rekin af manni sem tilheyrir ekki starfsmannahaldi ríkisins?

Í annan stað, herra forseti, langar mig líka til þess að inna hv. þm. eftir afstöðu hans til meginefnis frv., meginbreytingarinnar sem felst í því að menn eru núna að leggja til með frv. að búgreinarnar sjálfar geti flutt inn erfðaefni samkvæmt þeim lögum sett verða og verða að sjálfsögðu að hlíta því eftirliti sem hið opinbera mun framkvæma. Er hann á móti þessu eða er hann með því? Sú afstaða kom ekki fram. Eina afstaðan sem kom fram hjá hv. þm. var að menn skyldu hafa varann á. Það eiga menn að gera. Ég er sammála honum þar af sögulegum ástæðum. En síðan lagðist hann gegn því að menn rækju sóttvarnastöð fyrir gæludýr einfaldlega vegna þess að þær yrðu í einkaeigu.

[16:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hafi verið andvígur því að rekin væri sóttvarnastöð fyrir gæludýr, alls ekki. Ég tel einmitt að þessi stöð í Hrísey hafi staðið sig vel. Þar er komin mikil reynsla og þekking og staðsetning þar sem jafnframt hafa verið lagðar kvaðir á íbúa eyjarinnar um dýrahald til að tryggja öryggi sóttvarnanna enn betur. Ég tel því að hún hafi staðið sig vel og tel því ástæðulaust að vera að taka áhættu umfram það að efla þá stöð og gera henni kleift að annast þá þörf sem ég tek undir að þarf að mæta með öruggum hætti og langfarsælast að það verði gert þar sem þessi þekking og aðstaða er.

Varðandi breytinguna í þessi fagráð og að búgreinasambönd komi þarna inn, þá er það meira byggt á breytingu á lögum þar að lútandi þar sem verið er að breyta þessari félagsskipan og þeirri ábyrgð sem einstakir aðilar koma að þarna. Það er ekki mikil breyting í sjálfu sér á því hlutverki heldur er verið að leiðrétta þarna í samræmi við önnur lög.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að reyna að hártoga það sem hv. þm. sagði en hv. þm. sagði að hann væri á móti því að sóttvarnastöðvar fyrir gæludýr verði reknar af einkaaðilum. Nú er það svo að sú stöð sem fyrir hendi er í Hrísey er rekin af einkaaðilum. Ég dreg af því þá ályktun að hv. þm. vilji gjarnan að sú stöð verði lögð niður eða tekin aftur til ríkisins. Það er ekki hægt að leggja aðra merkingu í orð hv. þm.

Hv. þm. Jón Bjarnason er vísindamaður að upplagi. Hann á hrós skilið fyrir að hafa byggt upp litla en ákaflega þróttmikla rannsóknarstöð á Hólum í Hjaltadal sem sannarlega er á einstökum sviðum í fremstu röð. Hv. þm. hefur komið að því máli af elju og dugnaði en mér finnst það skjóta dálítið skökku við að hv. þm. virðist eigi að síður eftir að hann flutti sig inn í þessa sali hafa tapað trúnni á vísindin. Það er einfaldlega vísindaleg staðreynd að við búum núna yfir ráðum sem geta komið í veg fyrir það að við flutning á erfðaefni milli landa, við flutning á jafnvel lifandi dýrum milli landa flytjist smitsjúkdómar.

Hv. þm. hefur í máli sínu gert sérstaklega að umræðuefni þá staðreynd að smitsjúkdómar koma stundum ekki fram fyrr en árum seinna. Hann átti t.d. við kúariðu eða Creutzfeldt-Jakobs sjúkdóminn. Það er eigi að síður svo að með þróun vísindanna er núna hægt að skima fyrir sjúkdómum af þessu tagi.

Mér finnst vera dálítil þverstæða fólgin í því, herra forseti, án þess að ég vilji ganga of nærri hv. þm., að hafa eytt öllu sínu lífi í að byggja upp vísindalega rannsóknarstöð en koma síðan í þennan sal og vera þá á móti því sem vísindin bókstaflega segja okkur í dag. Þau segja okkur að þetta er hægt að gera. Það er hægt að flytja erfðavísa millum heimsálfa án þess að nokkur hætta sé á smiti. Þetta gæti hv. þm. kynnt sér ef hann mundi ráðfæra sig við suma kollega sína úr þeim landbúnaðarvísindum sem hann stundaði sjálfur af svo mikilli elju á fyrri árum.

[16:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo með vísindin og ég tek undir það með hv. þm. að með auknum vísindum, aukinni tækniþekkingu komumst við alltaf nær og nær því að gera hlutina sem við þekkjum hverju sinni betur og betur og það er vel. Hins vegar væri það alger hroki að ætla að halda því fram varðandi það sem lýtur einmitt að rannsóknum á lífi og þróun þess að við getum hér á þessum punkti staðhæft að við vitum núna 100% allt og að við getum gefið 100% öryggi fyrir öllu sem við erum að segja um lífið.

Sem betur fer er lífríkið það flókið að þó við aukum þekkingu okkar á því stöðugt og færumst alltaf stöðugt nær og nær, þá megum við ekki falla í þá sjálfsblekkingu að við séum búnir að komast þar að öllu. Og það gildir um sóttvarnir, smitvarnir og hvað eina.

Ég ítreka, herra forseti, að við þurfum að sýna auðmýkt og bera virðingu fyrir lífinu — við munum vonandi aldrei vita 100% allt um það. Þess vegna getum við ekki gengið fram með þeim hætti. En ég styð það eindregið að við eflum og beitum nýjustu tækni og þeirri bestu þekkingu sem við höfum til þess að tryggja öryggi innflutnings á dýrum.

[16:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. flestum málefnalega umræðu um þetta mál. Ég vil þá fara nokkrum orðum um þau atriði sem hér var komið inn á.

Síðastur talaði hv. þm. Jón Bjarnason. Ég verð að segja eins og er að ég varð dálítið undrandi á ræðu hans, eiginlega verulega undrandi, því að ég veit að hv. þm. veit betur. Annaðhvort var það viljandi eða óviljandi gert að láta liggja að ýmsum hlutum í pólitískum tilgangi og reyna á milli setninganna að segja ósatt. Það sem mér var kennt í bernsku og hafa verið grundvallaratriði mín í lífinu er að segja satt, vera heiðarlegur og hreinskilinn. Það er alltaf vont þegar menn láta liggja að því, eins og kom fram í máli hv. þm., að hér sé verið að gera vonda hluti, fara fram og aftur í ræðustólnum um málið og reyna að segja að ráðherrann sé að slaka á öllum hlutum og verið sé að stíga mjög hættulegt skref o.s.frv.

Stundum spyr ég mig að því hvort þingmenn séu læsir. Sagt hefur verið að eitt mesta vandamál hjá þingmönnum um víða veröld sé að með aldrinum verði þeir ólæsir. Nú hefur hv. þm. setið stutt á þingi og ætla ég að svo sé ekki. Ég hygg að hann hafi fulla lestrargetu og geti þess vegna lesið þetta mál og kynnt sér það eins og það stendur.

Í fyrsta lagi fjallaði hv. þm. um sjúkdóma. Hann lét að því liggja að öll lönd væru mjög illa sett í því. Sem betur fer standa mörg lönd vel að sínum málefnum. Ég hafði það á tilfinningunni að það sé hagur einhverra í þessari umræðu, vegna þess að leyfður hefur verið í tilraunaskyni innflutningur fósturvísa úr kúm frá Noregi, að láta liggja að því að Noregur sé eins og Evrópa. Hv. þm. og flokksfélagi hans hafa í umræðunni og fyrr í vikunni minnst á og spurt eftir Creutzfeldt-Jakobs sjúkdómnum sem upp kom í Noregi og tengdur var kúariðunni. Ég hef þegar skýrt frá því að upplýsingar hafa komið frá Noregi um að Norðmaðurinn dó úr því afbrigði sem ekki snýr að kúariðu. Og það liggur fyrir að kúariða hefur ekki komið upp í Noregi og það liggur fyrir að Íslendingar eiga auðveldara með að eiga samskipti við Noreg en flest önnur lönd að því leyti að þar hefur skýrsluhald verið með þeim hætti í áratugi og aðhald í sjúkdómum að það ætti að vera okkur og mörgum öðrum til eftirbreytni. Ég vil að það komi skýrt fram að þessi sjúkdómur hefur ekki komið upp í Noregi.

Ég tek undir það með hv. þm. að mikilvægt er, og þar erum við samherjar og sammála og ég hygg að þingheimur allur sé það og reyndar þjóðin, að alls öryggis sé gætt hvað innflutning varðar út af sérstöðu okkar. Hér hélt hv. þm. því blákalt fram að verið væri að slaka á framkvæmdinni og verið væri að slaka á eftirlitinu. Það á ekki að slaka á einu einasta atriði. Hins vegar sjá það allir að ríkið á ekki að þurfa að standa í því í hverju einasta tilfelli að gefa leyfi fyrir innflutningi hvort sem það er erfðaefni, lifandi dýr eða sæði, þá er ekki verið að slaka á einu einasta atriði í þessu heldur er verið að aðskilja. Það er eðlilegt að búgreinarnar sjálfar og þeir sem vilja flytja inn geri það sjálfir en eftirlitið sé alveg klárt á hendi ríkisins og þyngri skyldur þess vegna lagðar á herðar yfirdýralæknis í þeim efnum. Það er ekki ætlunin að slaka á þessu heldur herða ef eitthvað er og meiri ábyrgð sé fólgin í því að þetta sé á sitt hvorri hendinni.

Ég er ekkert frá því nema foringi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi gert ýmsar breytingar þá tíð í þeirri fornöld sem hann var landbrh. því að tíminn líður hratt og það er orðið dálítið langt síðan það var. En ég gæti vel trúað því að hann hafi með sínum ágætu störfum tekið ýmsar breytingar sem nú hafa gengið lengi í Hrísey og hér er kannski verið að samræma lögin að því. Því hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var um margt framsýnn landbrh. eins og hann er auðvitað sem stjórnmálamaður. Ég vil því hafa það alveg á hreinu að hv. þm. fer með rangt mál þegar hann heldur því fram að hér sé verið að slaka á. Hann getur lesið frv. og öll þau sóttvarnalög og öll þau öryggisatriði. Hvað innflutninginn varðar þá er verið að koma því á að yfirdýralæknir hafi þriggja dýralækna ráð sér við hlið í öllum þessum málum þannig að hér er mikið öryggi á ferðinni og bið ég hv. þm. um að lesa málið betur.

Hér fór hv. þm. Össur Skarphéðinsson mikinn og hélt prýðilega ræðu og satt að segja hef ég alltaf gaman af því þegar vísindamaðurinn Össur Skarphéðinsson brýst fram og nær yfirhöndinni yfir stjórnmálamanninum. **(Gripið fram í:** Meira gaman ef ...) Ja, vissulega eru þeir báðir skemmtilegir. Ég hygg að sú ræða sem hann flutti sé um margt rétt. Hann spurði mig ýmissa spurninga. Hann ræddi um áhugamál sitt að flytja fósturvísa heim til Íslands úr litföróttum hesti. Hann fór réttilega með margt sem vísindamenn hafa sannfært mig um og þá sérstaklega það að fósturvísaflutningur er talinn mjög örugg leið og menn gátu ekki greint mér frá því að það hefði valdið áhættu. Vissulega fór hv. þm. yfir mörg grundvallaratriði sem skipta landbúnaðinn miklu máli. Það er alveg rétt sem hann minntist á að svínakjötið hefur náð mikilli þróun hér, lægra verði og markaðssókn ekki síst vegna þeirra kynbóta sem hafa átt sér stað vegna þess að menn hafa flutt inn.

Hv. þm. minntist einnig á nautakjöt og annað slíkt. Ég hygg að það sem hefur verið flutt inn í þeim efnum var fyrst Galloway-kyn fyrir mörgum árum, líklega fyrir 1970. Síðan hafa menn á seinni árum fengið að flytja inn til þess að nýta íslenska náttúru, til þess að hafa samkeppnisstöðu við svínakjötið, tvö ný kyn sem heita, eins og ég hef nefnt áður, Aberdeen Angus og Limousin — mér finnst þetta alltaf vera bílategundir. En þetta hefur verið flutt inn og þetta hefur verið að skila þeirri búgrein miklum árangri í samkeppni við aðrar kjöttegundir. Mér er sagt að þessi kyn, þegar gripunum er slátrað, Íslendingnum og þessum, 22 ára gömlum, íslenska kúakynið er ekki holdagripakyn eða kjötkyn, muni það 100 kílóum á gripnum sem skiptir sköpum bæði fyrir markaðinn og afkomu bóndans. Sú staðreynd er því ljós.

Þess vegna var tekin sú ákvörðun sem hv. þm. minntist á, að leyfa mjög takmarkaða tilraun, mjög þrönga tilraun og skýrt afmarkaða, um innflutning á norsku mjólkurkúakyni til tilrauna og fram fer undir ströngustu skilyrðum í tveimur fjósum. Auðvitað hefði orðið erfitt að hafna tilraun þar sem margar aðrar greinar hafa þegar fengið að nýta sér innflutning og kynbætur til búfjárframleiðslunnar í landinu. Ég veit ekki hvort ég á að eyða tíma mínum í það en auðvitað vil ég að það komi fram hvað það varðar að ég bind eigi að síður miklar vonir við þá mikla ræktunarátak sem ég hef minnst á með íslensku kúna, 35 milljónir verða settar í það ræktunarátak og framsýnustu vísindamenn og bændur munu koma að því. Ég er ekkert viss um að íslenska kýrin tapi í þeirri samkeppni en það liggur fyrir t.d. að til þess að sanna hvað hún getur hef ég ákveðið að tveir bændur skuli fá fullt frelsi til þess að framleiða eins og þeir geta úr kúnum og rækta hana hratt því að grunur hefur legið um að kvótakerfi og framleiðsluskerðingar hafi haldið íslensku kúnni niðri.

Aðalmarkmið okkar Íslendinga er auðvitað það að í hinum sökkvandi heimi þess sóðaskapar sem ríkir í matvælaframleiðslu um víða veröld eiga Íslendingar möguleika á mikilli sókn. Við eigum sóknartækifæri af því að við eigum einhverja bestu náttúru heimsins, hreina og óspillta. Við getum kropið að hverjum læk og drukkið tært vatnið. Þetta geta ekki margar þjóðir. Þess vegna eigum við möguleika. Sannleikurinn er sá að þegar fólkið er hætt að borða kjöt þar sem kúariðan hefur tröllriðið stöfnum nú um sinn kann vel að vera að íslenskir bændur með öflug búfjárkyn eigi mikla möguleika á að selja afurðir sínar á markaði til þess fólks sem vill einmitt fá vöru úr náttúru eins og við höfum upp á að bjóða.

Ég sá á dögunum og heyrði í útvarpi að Ítalir eru þegar búnir að kveikja á perunni. Einhver ítalskur bóndi ætlar að selja vöru sína í gegnum internetið. Neytandinn getur farið inn á netið, séð aðstæðurnar þar sem gripurinn bítur grasið og við hvaða aðstæður hann lifir og gert síðan viðskiptasamninga. Auðvitað sé ég þetta fyrir mér sem nýja möguleika sem muni styrkja það að fleiri geti notið afurða úr íslenskri náttúru og að bændurnir muni eiga betri afkomu og náð því að verða frjálsir að því leyti að þeim opnist markaðir á ný fyrir gott verð erlendis.

Hv. þm. ræddi mikið um hrossin og ég ætla að koma að því. Sannleikurinn er nú sá að menn hafa tekist á um marga hluti. Ég sagði áðan að ég tek undir það með hv. þm. að fósturvísaflutningur er talinn áhættulaus. Íslenski hesturinn hefur numið land í 80 eða 100 þjóðlöndum, er elskaður þar og dáður. Ég stend frammi fyrir því að kannski er sama deilan að koma upp aftur sem var hér fyrrum. Eitt sinn deildu Íslendingar og íslenskir bændur um það hvort einungis ættu að fara út geltir hestar. Það mátti helst ekki flytja út stóðmerar, alls ekki graðhesta með háu verði, þá héldu menn að þeir töpuðu. Ég gerði mér alltaf grein fyrir því hér áður að hjörtum manna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Bóndinn, hvar sem hann býr, hvort sem það er á Íslandi eða úti í Evrópu eða Kanada eða Bandaríkjunum, er sama ræktunarbarnið í hjarta sínu og gerir kröfur um að komast yfir það besta. Það er ekkert gaman að vera bóndi ef maður fær ekki að framrækta kynið sitt til að gera það gott. Þess vegna var það alltaf erfitt hjá Íslendingum að standa gegn því að graðhestar yrðu fluttir út og seldir á háu verði.

Nú þegar Ísland er viðurkennt sem Mekka heimsins hvað íslenska hestinn varðar, það er upprunaland hans, þurfum við kannski að svara fleiri spurningum. Þær spurningar eru auðvitað að koma upp sem hv. þm. minntist á, að íslenskir hestamenn sem hafa mikla afkomu af sínum búum og stóðhestum sínum spyrja: Getum við ekki nýtt okkur markað heimsins þegar íslenski hesturinn hefur numið land í 100 þjóðlöndum og menn vilja eiga viðskipti við okkur? Þá eru þeir farnir að leita á um það að þeir vilja flytja út sæði. Sú starfsemi er í þróun í hrossabúskapnum. Það kann vel að vera og ég ætla ekkert að slá hendinni á móti því að einhvern tíma þurfum við Íslendingar kannski að flytja inn fósturvísa til að ná því besta. (Forseti hringir.)

Þá hefur það nú gerst á þessu hugarflugi mínu að ræðunni er allt í einu lokið, hæstv. forseti, og ég hafði ekki svarað nema litlu af því sem ég ætlaði að koma að.

[16:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér komu mjög á óvart hin snörpu viðbrögð hæstv. landbrh. sem gátu ekki annað en opinberað fyrir mér slæma samvisku hjá hæstv. ráðherra sem ég ætlaði ekkert að fara að hræra upp. Ég ætla ekki í þessari ræðu að fara að gerast sálusorgari hæstv. landbrh. í einhverjum málum eða aðgerðum sem hann stendur frammi fyrir eða er að taka. Það var ekki ætlunin í ræðu minni og þess vegna vík ég því algjörlega frá mér að ég hafi hér verið að egna hæstv. ráðherra til að vera að brigsla mér um ósannindi, síður en svo.

Ég vitnaði bara til og lagði áherslu á varúðina sem slíka, að varúðin eigi að gilda. Kannski hefur hæstv. ráðherra ekki hlustað á það að ekki væri ætlunin og þung áhersla væri lögð á af hálfu landbrn. „að tryggja heilbrigði dýrastofna sem eru fyrir í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd Íslands" o.s.frv. Þetta las ég upp, hafi hæstv. ráðherra ekki heyrt það.

Hins vegar á að fjölga möguleikum á því að reka einangrunarstöðvar. Því vildi ég slá varnagla við, þ.e. að farið yrði afar varlega í það og styrkja heldur það sem fyrir væri.

Herra forseti. Ég vísa stórum hluta af því sem hæstv. landbrh. sagði í minn garð heim til hans og harma það að hafa vakið upp hjá honum einhverja slæma samvisku.

[16:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn þá bregst hv. þm. vonum mínum og lætur að því liggja að hann hafi hugmynd um að ráðherrann hafi slæma samvisku og þykist auðvitað getað sannfært menn um það. Samviska ráðherrans er ekki slæm, fremur er hún góð þannig að það er rangt.

Hv. þm. sagði áðan að það ætti að slaka á eftirliti. Fyrst og fremst er verið að færa eftirlitið á eina hendi og örugga og framkvæmdina á aðra eins og það hefur verið um mörg ár, að einstaklingarnir, búgreinarnar eða félögin hafi frelsi til þess að flytja inn undir ströngustu kröfum. Ég held að þetta sé það sem flestir viðurkenna að einstaklingar, félög eða búgreinar hafa alveg vald á málum sínum en þær þurfa aðhald og eftirlit og á því verður ekkert slakað.

Ég hef hins vegar sagt og hv. þm. hlýtur að hafa heyrt það bæði hér í dag og fyrr að ég stend ekki hér til að fjölga möguleikum nema að þessu leyti að þetta eru þeir sem fara með það og verður að gefa leyfi í hvert sinn. Ég hef fremur sagt að ég mundi gjarnan vilja að það starf sem farið hefur fram í Hrísey í kringum gæludýrin fái að haldast þar. Það hefur reynst vel og ekkert þar komið upp á. Þess vegna tel ég að það verkefni eigi að vera þar og hef ekki lagt til að aðrir komi þar inn í.

[16:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna síðustu yfirlýsingu hæstv. landbrh. þar sem hann lét orð falla varðandi einangrunarstöðina í Hrísey. Ég tel einmitt, eins og yfirlýsing hans birtist þar, að hún sé í þeim anda sem við báðir munum geta unnið eftir og ég heiti því, herra forseti, að veita liðsinni mitt til þess að einangrunarstöðin í Hrísey geti eflst og verið fær um að takast á við þessi verkefni eins og hæstv. ráðherra lagði áherslu á í lok andsvars síns.

[16:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. þennan nýja skilning og verðum við þá vonandi samherjar á nýjan leik. Af því að það hefur líka komið fram í máli hv. þm. vil ég minna þingheim á frammi fyrir hverju landbrh. stendur í mörgum

málum. Hann þarf að berjast fyrir því að íslenskir bændur geti bætt stöðu sína og sóknarfæri.

Það gerðist í þinginu fyrir mörgum árum að ákveðið var að undirgangast GATT-samninga og opna glufur, flytja inn vörur. Það var gengist undir EES, landbrh. varð að láta lesa margar hillur af tilskipunum þannig að innflutningur er hafinn, samkeppnin hefur harðnað og íslenskir bændur þurfa að fylgja tímanum á mörgum sviðum hvað búfénaðinn varðar, leggja áherslu á ræktunarbúskapinn af fullum þunga til að geta staðist þá tíma sem eru fram undan.

[16:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þessa skemmtilegu umræðu er einungis ein spurning sem vakir í hugskoti mínu: Ef hæstv. landbrh. telur í lagi að heimila innflutning á fósturvísum úr norskum nautgripum mælir þá eitthvað gegn því að flutt verði inn erfðaefni úr íslenskum stóðhesti þó hann eigi heima í Þýskalandi?

Herra forseti. Í annan stað ætla ég ekki spyrja hæstv. landbrh. beinlínis um eftirfarandi en ég vil samt segja það hér. Ég held að það hljóti að koma til álita hvort það stappi ekki nærri brotum á samkeppnislögum ef ein atvinnugrein fær með þessum hætti styrkja sjálfa sig en öðrum er meinað hins sama. Ég vil einungis vekja máls á þessu því þetta er eitt af því sem menn hljóta að skoða í framtíðinni og hæstv. landbrh. ætti auðvitað, af því hann getur nú verið hraður ef hann kastar af sér ham snigilsins, að kanna á undan öðrum.

[17:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt er þekkt í dýrafræðinni með snigilinn og það er að hann fer aldrei aftur á bak en heldur alltaf áfram og er nú hluti af kostum hans og hann er gætinn á ferðinni.

En hv. þm. ber litförótta stofninn mjög fyrir brjósti og telur að það þurfi endilega að flytja inn til að bjarga honum. Það kann vel að vera. Ég hef frekar trú á því að menn nái því hér. En ég ætla ekkert að hafna því að einhvern tíma komi til þess, það er aðeins eina leiðin ef menn þurfa þess í framtíðinni, þ.e. fósturvísirinn. En ég vil áskilja mér allan rétt til þess að fá að hugsa það með sjálfum mér. Vísindamenn hafa sannfært mig um að búfjárinnflutningur með fósturvísum sé svo til áhættulaus og auðvitað hlýtur það þá að gilda um allar greinar.

Ég segi að lokum, hæstv. forseti, við hv. þm. að miðað við það ræktunarátak sem hann minnti hér á í sambandi við litförótt og liti hestsins og hv. þm. styður, að þá vona ég að ég sjái þar árangur. En við getum ekkert lokað augunum fyrir þeirri staðreynd að sá sem hér stendur getur staðið frammi fyrir þessari spurningu frá einhverjum búfjárræktarmanni fljótlega.

[17:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram um litförótta hrossið sem mér hefur orðið tíðrætt um hér í dag og hæstv. ráðherra ber reyndar líka fyrir brjósti, að ég tel ekki að þetta sé úrslitaatriði varðandi afdrif þess. Ég held að ræktunarátakið sem menn eru byrjaðir á muni nægja til þess að bjarga því og reyndar einum tveimur, þremur öðrum ákaflega sjaldgæfum litaafbrigðum.

Ég er einfaldlega að velta upp eftirfarandi: Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar eins og hann hefur margsinnis staðfest hér í dag að hann telji ekki að nokkur hætta sé fólgin í því að leyfa flutning á fósturvísum milli landa þá tel ég, eftir að hann hefur leyft innflutning á erfðaefni úr norska stofninum, að hann geti ekki — reyndar ekki bara norska stofninum heldur líka úr hollenskum svínum — og að ekki sé hægt að meina íslenskum hrossaræktendum sem einhverra hluta vegna hefðu hug á því að flytja inn erfðaefni úr íslenskum stóðhestum erlendis að gera það. Ég sé ekki að honum sé stætt á því eftir þetta.

[17:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Erfðafræðin er flókið fyrirbæri og ég ætla ekki að fjölyrða um hana. En ég vil segja hér hvað þetta varðar að menn verða í hverju tilfelli að fara yfir málið. Ég geri mér grein fyrir því að íslenski hesturinn er ein mesta auðlegð sem við eigum. Hann er eftirsóttur. Ég hygg samt sem áður að við séum með þá Mekku í höndunum að við munum frekar vilja fá fullt frelsi til þess að flytja út og sú sókn er hafin hjá mönnum. Menn sjá ekki mikla þörf enn þá til þess að flytja inn hvað það varðar. Það kann að koma upp og þá verða menn að skoða það í hverju tilfelli.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilefni þessa andsvars er það sem hæstv. landbrh. kallaði hér áðan hugarflug en ekki ræðu og má það til sanns vegar færa. Ég, eins og fleiri, varð afar döpur þegar hæstv. ráðherra kom undan feldinum. Ég vil ekki gera lítið úr þeim orðum hæstv. ráðherra að hér búum við við hreint umhverfi og hér geti maður beygt sig niður og sopið úr hverjum læk. Ég vil heldur ekki gera lítið úr þeim ummælum hæstv. ráðherra sem hann hefur um hjartagæsku íslenskra bænda eða mögulega markaði fyrir okkar góðu landbúnaðarvörur í hinum fjarlæga heimi.

Ég vil ekki gera lítið úr neinu þessu. Þó vil ég benda hæstv. ráðherra á að nú er svo komið að Íslendingar geta ekki lengur kropið við hvern læk til að súpa úr honum, ekki þegar arsen mælist í hliðaránum okkar sem renna út í Elliðaárnar. Þá er svo komið, herra forseti, að við getum ekki lengur kropið niður og sopið úr hverjum læk.

Þetta vil ég segja til þess að ítreka þá hættu sem er samfara innflutningi á fósturvísum úr norskum kúm. Innflutningur á fósturvísunum er ekki áhættulaus. Hann er það ekki. Ég vildi óska að hæstv. ráðherra hefði borið gæfu til að taka þá ákvörðun að segja nei vegna þess að mín skoðun er sú að hér sé svo mikið í húfi. Mér þykir það uggvænleg tilhugsun að sjá norsku hlussurnar, liggur mér við að segja, kýrnar sem eru búnar til fyrir allt aðra náttúru en þá íslensku sem hæstv. landbrh. hefur miklar mætur á. Þær geta ekki fótað sig í íslensku náttúrunni. Mér liggur við að segja að ég fái hálfgerða velgju þegar ég hugsa um þá framtíð sem getur beðið okkar, að íslenska kýrin hverfi úr íslenskri náttúru fyrir norska, stóra stórgripi.

[17:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir liggur með stærð gripa að ræktunarátak Íslendinga í áratugi með sína kú hefur nú gert það að verkum að stærstu íslensku kýrnar eru alveg sambærilegar þeim norsku þó að meðaltali sé yfir 100 kílóa þyngdarmunur. En stærstu íslensku kýrnar hjá þeim sem lengst hafa náð ná þyngd norsku kýrinnar.

Hvað það varðar að fósturvísar séu ekki áhættulausir, þá er auðvitað ekkert áhættulaust í lífinu. En færustu vísindamenn hafa komist að sinni niðurstöðu og hér á að fara í mjög

takmarkaða tilraun í tveimur fjósum ríkisins undir strangasta eftirliti, bera saman íslenska kú, norska kú og blendingskú. Ef til vill fer svo í þeirri harðnandi samkeppni sem íslenskir bændur eru í að þeir geti í gegnum ræktunarátakið sem ég gat um áðan — 35 milljóna mikið ræktunarátak sem er fyrirhugað með íslensku kúna — náð þeim árangri.

Auðvitað getur það komið upp að þeir kjósi að sækja sér eiginleika, taka hár úr hala þeirrar norsku og kynbæta sína kú þannig að kannski júgurgerðinni fleygi fram. Tilraunin stendur í átta til tíu ár og ég vona að það verði friðartími. Ég trúi því að ekkert slys hljótist af þessu enda er búið að leyfa þessum sömu aðilum að flytja hér inn — hvað hétu tegundirnar Aberdeen Angus, (Gripið fram í.) Limousin og Galloway, þannig að það hefur gerst. Þessir gripir nærast á íslensku grasi í íslenskri náttúru og enda svo sem gæðanautakjöt á diskum íslenskra neytenda.

Ráðherra gat ekki staðið gegn tilrauninni eftir að öll gögn voru komin fram og þar sem hægt er að skilja frá litninga hvað sykursýki varðar þá var erfitt annað en að leyfa þessa tilraun undir ströngustu skilyrðum.

[17:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað vonum við öll að ekki hljótist neitt slys af og að þessi tilraun eigi ekki eftir að orsaka neinn voða eða skaða í okkar íslensku náttúru.

Í lokin langar mig til að brýna hæstv. landbrh. til þess, og herma upp á hann hans eigin orð sem hann sagði áðan, að á eftirliti verði ekki slakað því að mig langar ekki til þess að við þurfum að standa frammi fyrir því sem stórþjóðir á borð við Breta og Frakka standa frammi fyrir núna. Þær hafa viðurkennt að innra eftirlit þeirra hafi brugðist, að þar hafi eftirlit búgreinanna hreinlega brugðist þó svo að ráðamenn þar hafi alla tíð sagt að það væri nægilega mikið. Þeir hafa alla tíð sagt að hert hefði verið á klónni eftir að ljóst var að kúariða gæti borist í menn. En þrátt fyrir þeirra orð hafa þeir nú orðið að éta það ofan í sig því að eftirlitið brást. Það var ekki nægilega mikið svo ég held því fram að hér verði hæstv. ráðherra aldrei of brýndur varðandi eftirlit.

[17:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir brýningar. Það er hárrétt sem hún sagði, að menn verða aldrei ofbrýndir í þessu efni. Það þarf að brýna menn. Þeir þurfa að halda vöku sinni. Það má hvergi slaka á og að því leyti erum við sammála um að þetta er alltaf vandmeðfarið og getur farið úr böndunum. Við eigum að minnast þess nú, Íslendingar, að allt í einu erum við í fremstu röð á mörgum sviðum í veröldinni í matvælaframleiðslu og þá stöðu eigum við að nýta okkur til sóknar um leið og við setjum upp allar þær varnir og varúðarráðstafanir sem þarf til að verja okkar fólk og búpeninginn í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Leiðrétting við ræðu.

[17:10]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er kannski langt teygst að velja sér þessa leið en óhjákvæmilegt er fyrir mig að leiðrétta ummæli sem ég hafði fyrr í dag í sambandi við skýrslu umboðsmanns Alþingis þar sem ég vitnaði til laga um skipulag ferðamála. Mér varð á að vitna þar til greina sem höfðu komið inn í lögin á árinu 1998, eru nr. 73/1998, í stað eldri greinar sem hljóðar svo:

„Ferðaskrifstofa, eða samtök slíkra fyrirtækja, skal setja tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir greiðslu kostnaðar við heimflutning neytandans ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi ferðaskrifstofu kemur."

Þessi grein skýrir niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, herra forseti.

Jarðalög, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 73. mál (endurskoðun, ráðstöfun jarða). — Þskj. 73.

[17:11]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Gildandi jarðalög eiga sér rætur allt aftur til fyrstu ára áttunda áratugarins og eru að sjálfsögðu barn síns tíma. Markmið þeirra, þegar þau voru sett fyrir 30 árum eða þar um bil, var að tryggja að allar þær jarðir sem þá voru nýttar til hefðbundins búskapar skyldu nýttar svo áfram. Til þess að reyna að tryggja það og setja skorður við því að jarðirnar yrðu nýttar með einhverjum öðrum markmiðum í huga var m.a. sett á fót mjög þungt og viðamikið kerfi sem minnir einna helst á hvernig menn höguðu sínum málum í austantjaldslöndunum fyrrverandi, með öðrum orðum var ekki bara sveitarstjórnum veitt mjög víðtæk heimild til þess að ráðskast með fasteignir bænda heldur voru settar á stofn sérstakar jarðanefndir og undir þær urðu bændur að sækja allar þær ráðstafanir sem þeir hugðust gera á bújörðum sínum og raunar eignum sínum í tengslum við bújarðir sem ekki vörðuðu að halda áfram hefðbundnum búskap.

Það varð t.d. að fá leyfi jarðanefnda til þess að nýta bújarðir bænda undir annað en hefðbundinn búskap. Til að reisa þar á sumarbústaði eða taka upp ferðaþjónustu þurfti leyfi opinberrar nefndar. Það þurfti líka leyfi opinberrar nefndar, jarðanefndar, ef bóndi hugðist selja bújörð sína einhverjum aðila sem hefði hug á að kaupa. Því miður eru mörg dæmi um að jarðanefndirnar fóru þannig að ráði sínu og notuðu vald sitt þannig að þær komu í veg fyrir að bóndi gæti selt bújörð sína á hagstæðasta verði til aðila sem var reiðubúinn að kaupa og settu bændum sem áttu í erfiðleikum jafnvel þann stól fyrir dyrnar að ef þeir ekki seldu þeim tiltekna aðila sem jarðanefnd þóknaðist þá mundi jarðanefnd ekki samþykkja ráðstöfun þeirra á bújörð sinni til annarra.

Þá var sú kvöð líka sett um ráðstöfunarrétt bænda á bújörðum sínum að bónda var ekki heimilt að láta t.d. son sinn fá arfahlut úr jörðinni eða ábúðarrétt á jörðinni nema með samþykki jarðanefndar þannig að jarðanefnd var úrskurðaraðili um ráðstöfunarrétt bóndans á fasteign sinni sem á sér engin fordæmi annars staðar eða í öðrum atvinnugreinum.

Eins og ég sagði voru þessi lagaákvæði barn síns tíma og draga dám af því að á þeim árum gerðu menn allt það sem þeir gátu til að koma í veg fyrir að bóndi gæti nýtt bújörð sína til annars en hefðbundins búskapar. Hann mátti ekki selja nema það þóknaðist jarðanefnd, hann mátti ekki breyta búskaparháttum sínum nema það þóknaðist jarðanefnd, hann

mátti ekki láta erfingja sína njóta bújarða sinna nema með samþykki jarðanefndar o.s.frv.

Ég held að flestum þingmönnum sé kunnugt um dæmi þess að valdi jarðanefnda hafi verið gróflega misbeitt. Meira að segja lék á því vafi að upplýsingaskylda stjórnsýslulaga næði til jarðanefnda, þ.e. þær þurfti ekki einu sinni að gera grein fyrir því hvers vegna þær tækju fram fyrir hendur á eiganda bújarðar og kæmu í veg fyrir það að bóndinn ráðstafaði jörð sinni eins og honum best hentaði. Einnig eru dæmi um að jarðanefnd hafi verið spurð um ástæður slíkrar breytni og hún neitað að gefa nokkur svör. Þannig er kerfið sem komið var á í kringum eignir bænda með hreinum ólíkindum og ég ítreka, einna líkast því sem maður hefur lesið sér til um austantjaldsríkin sálugu.

Þegar breyting var síðast gerð á jarðalögum var þessi ráðstöfunarréttur bænda þrengdur jafnvel enn þá meira. Á þeim tímum héldu menn að aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu mundi fylgja það að fjöldinn allur af útlendingum, sem þóttu vondir menn á Íslandi á þeim tíma, mundu streyma til landsins til þess eins að festa kaup á bújörðum bænda og hrekja bændur frá eigum sínum. Til þess að spyrna við því var enn einn þröskuldurinn settur í veg fyrir bændur sem vildu ráðstafa jarðeignum sínum eins og þeim best hentaði. Það var gert þannig að bónda var ekki heimilt að selja jörð sína til annars en þess sem annaðhvort hefði búið á jörðinni eða í næsta nágrenni hennar í þrjú ár.

Ef menn líta aðeins á þær hömlur sem settar eru á íslenska bændur með þessum lögum annars vegar og hins vegar til þeirrar stefnu ríkisvaldsins að reyna eftir föngum að draga úr hefðbundnum búskap með því að kaupa upp framleiðslurétt bænda, með því að hvetja til bændur nýti jarðir sínar til annars en hefðbundins búskapar o.s.frv. en ríkissjóður ver til þessa miklum fjárhæðum á ári hverju, þá gengur þetta auðvitað ekki upp. Það gengur ekki upp að á sama tíma og menn eru t.d. að kaupa upp framleiðslurétt bænda skuli settir slíkir þröskuldar fyrir að bændurnir geti nýtt bújarðir sínar til annars en hefðbundinna búskaparnytja. Það sem ríkisvaldið aðhefst með annarri hendinni er það að reyna að koma í veg fyrir með hinni.

Herra forseti. Nú eru um það bil fimm ár síðan ég lagði fyrst fram frv. til laga um breytingu á jarðalögum hér á Alþingi. Þar lagði ég til þá breytingu að mjög yrði dregið úr þessu valdi jarðanefnda og bændum gert frjálsara að ráðstafa eignum sínum eins og þeir best kjósa sjálfir. Það segir sig sjálft að allar þær hindranir sem settar eru í veg fyrir að bændur geti ráðstafað bújörðum sínum hafa það eitt í för með sér að eignirnar eru verðminni en ella væri og eiga bændur nú við næga erfiðleika að etja þó að ríkið komi ekki í veg fyrir að þeir geti haft út úr eignum sínum það sem þeir mögulega geta, hvort sem þeir heldur kjósa að nýta þær sjálfir til annars atvinnureksturs en hefðbundins búskapar eða kjósa að selja þær öðrum. Víst er að nóg hefur gengið á hjá bændum þessa lands sem eru ein fátækasta atvinnustéttin í landinu þó að ríkið sé ekki með þessum hætti að gera eignir þeirra verðlitlar eða jafnvel verðlausar með því að setja slíkar hindranir í götu þeirra.

Eins og ég sagði þá eru um það bil fimm ár síðan ég lagði fram frv. til laga um breytingu á jarðalögum þar sem lagt var til að mjög yrði dregið úr valdi jarðanefndanna. Engu að síður var gert ráð fyrir því að þær störfuðu áfram að tilteknum verkefnum. Þá var mér tjáð af þáv. landbrh., þeim landbrh. sem sat þegar ég flutti málið fyrst, að málið væri til skoðunar í ráðuneytinu og nefnd ynni að endurskoðun þessara laga. Ég minnist þess sérstaklega að hæstv. núv. landbrh. Guðni Ágústsson sem þá var óbreyttur þingmaður tók mjög undir málflutning minn í þessu máli. Frv. var sent til landbn. og fór þar til umsagnar, hlaut nokkrar jákvæðar umsagnir m.a. frá bændum úr Strandasýslu eða samtökum þeirra ef ég man rétt, en það varð ekki að lögum.

Ég flutti síðan málið aftur fyrir um það bil tveimur árum og minnti þá hæstv. landbrh. á að hann hefði tekið jákvætt í málflutning minn tveimur árum áður. Hann ítrekaði það og sagði jafnframt að hann ætti von á að fá innan skamms tillögur nefndar sem væri að fjalla um endurskoðun á jarðalögum. Síðan hafa liðið tvö ár. Mér er kunnugt um að hæstv. ráðherra hefur ekki enn fengið í hendur þessar tillögur en ég dreg þó ekki í efa að hann hafi áhuga á að gera breytingar á lögunum.

Eftir að hafa hugsað málið aftur hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það sé ástæðulaust að hafa þann hátt á að skipa jarðanefndir í sveitarfélögunum og fela þeim sérstök völd í hendur. Ég tel að eigendur bújarða eigi að njóta sama frelsis til nýtingar á fasteignum sínum, jarðnæði og öðrum fasteignum og aðrir aðilar njóta í atvinnurekstri sem eiga atvinnutæki, lönd eða önnur slík verðmæti. Ég er þannig að færast nær þeim hugsunarhætti að það þurfi ekki önnur lög í þessu efni en lög um fasteignaviðskipti, þ.e. það eigi ekki að setja neinar aðrar hömlur á ráðstöfunarrétt bænda yfir fasteignum sínum, hvort sem þeir vilja nýta þær sjálfir með breyttum hætti eða selja þær öðrum, en settar eru eigendum annarra fasteigna. Þess vegna hef ég ásamt fjórum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt til, í frv. til laga um breytingu á jarðalögum sem er 73. mál þingsins á þskj. 73, að sú leið verði einfaldlega valin að sett verði inn ný lokamálsgrein laga nr. 65 frá 31. maí 1976, þ.e. jarðalaga, að lögin falli úr gildi 1. janúar árið 2002. Við leggjum með öðrum orðum til að sett verði inn í lögin sólarlagsákvæði. Þá munu þessi lög falla úr gildi.

Í 2. gr. frv. er síðan lagt til að fyrir þennan tíma, áður en lögin falla úr gildi, skuli hæstv. landbrh. ljúka við að endurskoða ákvæði jarðalaganna og leggja frv. að nýjum jarðalögum fyrir þingið sem þá hefst. Það er tekið fram hvert skuli vera markmið þeirrar endurskoðunar, þ.e. að tryggja eigendum bújarða sambærileg réttindi til ráðstöfunar á jörðum sínum og fasteignum, sem á þeim kunna að vera, og gilda almennt um ráðstöfunarrétt einstaklinga og lögaðila á fasteignum, þar á meðal rétt til að nýta þær eins og þeir sjálfir kjósa, selja þær eða leigja, ráðstafa þeim til erfingja eða nýta til annars en hefðbundinna búskaparnota, enda gangi það ekki gegn ákvæðum annarra laga, svo sem skipulagslaga og laga um náttúruvernd. Tekið er fram að eigi þurfi að afla leyfis viðkomandi sveitarstjórnar né annarra opinberra aðila um slíka ráðstöfun á bújörðum eða fasteignum á þeim né til annarra nytja en hefðbundinna búskaparnota, enda séu ákvæði skipulagslaga og náttúruverndarlaga virt. Hins vegar lagt til að viðkomandi sveitarstjórn verði gefinn forkaupsréttur sem sveitarstjórn geti nýtt ef hún telur að ætluð ráðstöfun á bújörðinni gangi gegn hagsmunum íbúa sveitarfélagsins. Það séu raunar einu afskiptin sem opinberir aðilar geti haft af þessum viðskiptum, að sveitarstjórn geti nýtt sér forkaupsrétt ef hún telur að tilætluð ráðstöfun á jarðeigninni, bújörðinni eða fasteignum á henni stríði gegn hagsmunum sveitarfélagsins og íbúum þess.

Herra forseti. Þetta er í sjálfu sér mjög einfalt mál. Málið snýst um að innleiða sama frjálsræði í ráðstöfun bænda á eignum sínum eins og gildir um ráðstöfun annarra Íslendinga á sínu eignum. Ég er sannfærður um að ef þessum hömlum yrði aflétt þá mundi verðmæti bújarða og fasteigna á þeim stórvaxa og gera bændum auðveldara en nú er að ráðstafa þessum eignum, annaðhvort í breyttum rekstri eða til að selja þær hæstbjóðanda þannig að bændur gætu notið eðlilegrar ávöxtunar af lífsstarfi sínu.

Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, að það sé ekki almenn skoðun á Alþingi Íslendinga að þessi fornaldarlög, sem miðuð eru við allt aðra atvinnuhætti og allt annan hugsunarhátt en nú viðgengst, verði afnumin. Ég vil trúa því að unnt sé að gera slíka breytingu á því þingi sem nú situr.

Að þessu loknu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

[17:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðu hans. Ég verð því miður að hryggja þingheim með því að heildarendurskoðun á jarðalögum hefur ekki gengið eins hratt og ég ætlaði. Ég vonast þó enn eftir því að sjá frv. eftir áramótin á vorþinginu um þetta mál.

Hv. þm. *ræddi ýmislegt í kringum jarðalögin og sérstaklega* þetta ákvæði um forkaupsrétt sveitarstjórna, jarðanefndir o.s.frv. Ég get enn sem fyrr tekið undir margt í málflutningi hv. þm. um að þar orki ýmislegt tvímælis í dag. Margt hefur breyst á 25 árum. Landbúnaður hefur breyst og það þarf ekki að reka búskap á hverri einustu jörð til að framleiða mjólk og kjöt. Ég er sannfærður um að margar sveitarstjórnir hafa hálsbrotið sig við að neyta forkaupsréttar og þá kannski komið nærri miklum tilfinningum, eignarréttinum og stjórnarskránni þegar forkaupsréttar er neytt. Sá sem taldi sig vera að kaupa dýrmæta eign til framtíðar undir hugsjónir sínar eða atvinnustarfsemi, þess vegna sumarlönd, verður alltaf fyrir miklu tilfinningalegu sjokki í kringum slíkt. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að endurskoða þessi lög og ég styð margt af því sem fram kom í málflutningi hv. þm.

[17:28]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér ekkert á óvart að hæstv. landbrh. skuli styðja málflutning minn því að það hefur hann gert áður. Hæstv. ráðherra sagði að því miður hefði hann ekki enn fengið í hendur álitsgerð eða tillögur þeirrar nefndar sem við ræddum um að hann ætti von á fyrir tæpum tveimur árum. Það hefur ekkert gerst á þessu einu og hálfa ári. Ég trúi því að það sé ekki sök hæstv. landbrh. því að eins og hefur komið fram í máli hans hefur hann áhuga á að breytingarnar nái fram að ganga.

Ég hef síður en svo á móti því, ef það yrði niðurstaðan, að ekki einu sinni forkaupsréttarákvæðin yrðu áfram í lögum. Ég tel miklu mikilvægara og hættulegra að hafa áfram í lögum þó ekki væri nema einhvern hluta af því mikla valdi sem jarðanefndirnar hafa. Út af fyrir sig má segja að vegna forkaupsréttar sveitarfélaga þá neyðist sveitarfélagið til, ef það vill nýta hann, að ganga inn í hæsta tilboð. Það kann að vera erfitt fyrir þann sem gerði boðið en þá er ekki verið að hafa fé af bóndanum því að hann fær þá það verð fyrir eign sína sem hann best getur fengið á frjálsum markaði.

Hitt er miklu alvarlegra þegar jarðanefnd hefur vald til að neita bónda um að ráðstafa jörð sinni eða fasteignum sínum eins og hann vill og getur jafnvel skyldað hann eða neytt til að selja eignir sínar til aðila sem hann vill ekki selja, á miklu lægra verði en hann hefði getað fengið fyrir eign sína. Ef menn vilja opna alfarið ráðstöfunarrétt bónda á eigum sínum með því að fella niður bæði ákvæði um jarðalögin og forkaupsrétt sveitarfélaga þá er ég reiðubúinn til þess. En ég tel meira máli skipta að fella niður þessi miklu völd jarðanefndanna en forkaupsréttinn.

[17:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki heyrt um eitt einasta tilfelli í sjálfu sér þar sem jarðanefndir hafa farið þannig að. En ég tek undir með hv. þm. að hlutverk jarðanefnda hefur mikið breyst, *sveitarfélög hafa stækkað og tímarnir eru líka breyttir* og búskaparhættir einnig. Eitt er ljóst að land, landgæði, eru vaxandi auðlindir um alla veröld. Jarðaverð á Íslandi, þrátt fyrir stöðu landbúnaðarins og erfiðleika bænda, hefur kannski aldrei verið hærra en það er í dag. Það er eftirsótt og *ég sé ný búsetuskilyrði miðað við tæknina í landinu. Jarð*irnar eru fasteignir sem eru eftirsóttar af fólkinu í landinu og auðvitað þurfa þau viðskipti sem mest að samrýmast því sem gerist í nútímaþjóðfélagi. Svo kann að vera að menn þurfi að vaka yfir ýmsum náttúruperlum og halda utan um þær þó að margar séu í góðum höndum hjá einstaklingunum en ég tel samt mikilvægt að vaka yfir þeim.

Í sjálfu sér vil ég ekki taka undir það að ekkert hafi gerst á einu og hálfu ári í jarðalögunum. Nefndin er nú á fullu og ágætur lögmaður ráðuneytisins, Sigríður Norðmann, leiðir það starf. Það er því heilmikið að gerast. Þetta eru flókin mál. Deilur eru um land því að það er oft heilagt mál og tilfinningamál. Ég sé deilur þar sem menn deila um hálfan og heilan hektara og eiga þó kannski þúsundir hektara. Þetta eru alltaf vandmeðfarin mál og skýr lög þurfa að gilda um þessi ákvæði sem stangast ekki á við önnur atriði.

[17:33]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel aftur á móti að málið sé ekkert mjög flókið. Ég held að málið sé mjög einfalt. Ég held að málið sé svo einfalt að þetta er svarið við spurningunni: Vilt þú að íslenskur bóndi hafi sama frelsi til athafna og hver annar atvinnurekandi? Hann megi ráðstafa fasteignum sínum eins og honum komi best svo lengi sem hann gengur ekki á rétt annarra. Þetta er mjög einfalt mál og ekkert flókið.

Það eru hins vegar mörg dæmi um það, hæstv. landbrh., að jarðanefndir hafa stórlega misbeitt valdi sínu. Til dæmis *var fjallað um það í Morgunblaðinu fyrir u.þ.b. fjórum árum*, þar sem jarðanefnd hafði neytt bónda til að selja tilteknum aðila bújörð sína sem jarðanefndinni þóknaðist en bóndanum ekki. Og þegar leitað var eftir upplýsingum frá nefndinni um hvernig á því stæði, hver væru rökin fyrir úrskurði hennar, þá neitaði hún að gefa það upp og sagði að hún teldi að upplýsingalögin næðu ekki til hennar. Það eru u.þ.b. fjögur ár síðan um þetta var fjallað í Morgunblaðinu, um svipað leyti og ég flutti frv. mitt í fyrsta skipti. Ég þekki sjálfur úr mínu umhverfi sem þingmaður Vestfirðinga til bráðum 30 ára nokkuð mörg dæmi um slíkt hið sama, sem meira að segja tengdust fjölskyldu þeirra sem í jarðanefndinni sátu.

[17:35]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ég tek undir með hv. 1. flm., Sighvati Björgvinssyni, að þetta er í rauninni mjög einfalt mál og þessum hömlum þarf að létta af. Það hefur svo margt breyst í landbúnaðinum í dag. Búunum fer fækkandi en þau stækka og landnot eru orðin allt önnur en þau voru hér áður fyrr. Það eru t.d. miklu fleiri jarðir teknar í notkun til skógræktar, svo dæmi sé tekið.

Mig langar til að drepa hér á nokkur atriði. Ég tek undir að mjög óeðlilegt er að bændur sitji ekki við sama borð í fasteignaviðskiptum og aðrir. Ekki þarf sá sem er að selja íbúð í þéttbýli að fara með erindi fyrir sveitarstjórn til að kanna hvort hún vilji hafna eða nýta forkaupsrétt. Þegar jarðir eru seldar og sveitarstjórn fær forkaupsréttinn þá er allt lagt á borðið, allir samningar manna á milli eru lagðir á borðið. Þetta tel ég vera mjög óeðlilegt í frjálsum viðskiptum. Fólk á að hafa frelsi til að sinna viðskiptum sínum, selja jarðir sínar til þeirra sem það vill án þess að það komi nokkrum öðrum við. Mér finnst þetta vera grundvallaratriði í mannréttindum í rauninni að fólk fái að selja eignir sínar eins og því þóknast.

Mig langar til að tæpa aðeins á nokkrum atriðum í jarðalögunum og varðandi jarðanefndirnar sem ég tel vera algjörlega úr takt við nútímann. Í 5. gr. í jarðalögunum segir um jarðanefndir að þær eigi að „fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara."

Þær eiga einnig að „gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og til almennrar útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni."

Hér er sagt líka í 8. gr. að ef sveitarstjórn og/eða jarðanefnd neita „að samþykkja áformaða sölu fasteignar, sbr. 6. gr., og ráðherra staðfestir þá ákvörðun, og getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar gert kröfu til þess, að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms."

Hv. 1. flm. kom mjög vel að þessu í málflutningi sínum.

Í 10. gr. segir:

„Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði."

Í 12. gr. segir:

„Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn, og fyrir liggi umsögn Skipulags ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal þinglýst. Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota."

Síðan segir hér líka:

„Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar."

Hvað í veröldinni kemur það jarðanefnd við ef bóndi vill skipuleggja land sitt til sumarbústaða eða til orlofshúsa?

Einnig segir í 12. gr.:

„Til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta þarf samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Stofnun nýrra býla eða fleirbýlis á jörð er háð samþykki viðkomandi jarðanefndar, sveitarstjórnar og landbúnaðarráðuneytisins."

Um viðurkenningu á nýjum býlum félagsbúa og jarðaskrá segir í jarðalögunum í 22. gr.:

„Til þess að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, þar með talið til ylræktar, garðræktar, fiskræktar og loðdýraræktar eða til smáiðnaðar og þjónustu sem tengd er landbúnaði, þarf heimild landbúnaðarráðuneytisins, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins."

Þetta finnst mér líka vera alveg með ólíkindum að koma þurfi til leyfi allra þessara aðila. Það þarf ekki ef setja á upp smáiðnað í kaupstað t.d.

„Umsókn um stofnun nýs býlis skal senda landbúnaðarráðuneytinu ásamt upplýsingum um hvers konar búskap fyrirhugað er að stunda á býlinu. Þá skulu fylgja umsókn gögn er sýni að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu."

Þetta er í sjálfu sér alveg nauðsynlegt því það gengur ekki að fólk sé með bústofn og eigi ekki yfir jarðnæði að ráða. En það er ekkert sem hamlar því að einhver kaupi sér jörð og setjist að með bústofn án þess að hafa nokkuð í höndunum um það að hann geti í sjálfu sér hugsað um hann á réttan hátt. Hann þarf engin leyfi til þess.

Hvað varðar forkaupsréttinn, eins og ég kom að hér áðan, þá finnst mér hann vera alveg ótækur og gengur ekki að menn geti ekki haft viðskipti sín á frjálsan hátt.

Hvað varðar óðalsjarðir, þá fá sveitarstjórnir oft það verkefni að leysa jarðir undan óðalsrétti og t.d. núna varðandi uppkaup í búfjársamningnum þá geta bændur sem búa á óðalsjörðum ekki lagt inn rétt sinn, þeim er hamlað að ganga til viðskipta við ríkið um að kaupa réttinn, því að lög um óðalsjarðir eru með það miklum skilyrðum.

Í 54. gr. um óðalsjarðir í jarðalögunum stendur:

„Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda."

Og það er trúlegast þetta sem heldur í þá sem vilja halda jörðum í óðalseign.

Í 55. gr. segir:

„Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins."

Í 60. gr. segir:

„Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins."

Í 61. gr. segir að ef óðalsbóndi vill fá óðalið leyst frá óðalsákvæðum þá þarf jarðanefnd líka að mæla með því „og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum."

En þá á það eftir að fara alla þessa leið til baka.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gat þess að þessi lög væru í endurskoðun. Ég held að mál sé að linni og nefndin fari nú að vinna vinnu sína og lögin komi fram eigi síðar en helst í kringum áramótin. Ég tel að þetta séu mikil réttlætismál og veit að landbn. mun fara mjög vel yfir frv.

[17:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef áður rætt ítarlega um jarðalög. Þannig var að mér varð það einu sinni á að lesa þessi lög og þau eru með ólíkindum. Einhverjir sem er mjög illa við bændur eða vondir við bændur hafa sett þessi lög því að þau skerða eignarrétt bænda umfram aðra Íslendinga. Ég efast um að þessi lög fái staðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þvílík er takmörkunin á eignarrétti bænda. Ég tek því undir með hv. 1. flm., Sighvati Björgvinssyni, um þetta mál.

Þessi lög skaða bændur, t.d. forkaupsrétturinn. Það er ekki rétt sem hér var áðan sagt að hann skaði ekki bændur vegna þess að ef einhver gerir tilboð í jörð og má eiga von á því að tilboðið verði eyðilagt með forkaupsrétti þá leggur hann ekki í þá vinnu, þannig að þetta skaðar bændur og einnig þá sem gera tilboð. Og svo er náttúrlega vald jarðanefnda, eins og hér hefur verið nefnt mörgum sinnum, það mikið að það er veruleg skerðing á eignarrétti. Það er með ólíkindum að bændur skuli hafa sýnt þann undirlægjuhátt að láta þessi lög yfir sig ganga og þá niðurlægingu sem felst í þessum lögum.

Ég er hlynntur frelsi einstaklingsins og líka bóndans því hann er jú einstaklingur. Ég er mjög mikið á móti því að þeir geti ekki ráðstafað eignum sínum eins og aðrir landsmenn. Hér voru sett árið 1976, herra forseti, sérlög á bændur og ég vil segja að einhver hefur verið sérdeilis vondur við bændur á þeim tíma.

En það er fleira sem hindrar eignarrétt bænda. Skipulagslög eru í síauknum mæli að hindra það hvernig bændur geta farið með jarðir sínar. Við ræðum þau ekki hér í dag en það má gjarnan koma fram að þar er eignarrétturinn líka takmarkaður.

Ég vil benda á eitt, herra forseti. Nú eru komnir nýir tímar með ljósleiðurum, gagnagrunnum, gagnaflutningum, örbylgjusendum og slíku þannig að nú geta menn farið að búa í sveitum landsins sem ekki stunda búrekstur, t.d. arkitektar, verkfræðingar, læknar og fleiri. Þessi lög hindra það vegna þess að markmið þeirra er að allar jarðir séu í búrekstri. Þannig hefur stöðugt fækkað í sveitum landsins af því að aðrir mega ekki koma inn í sveitirnar en þeir sem stunda búrekstur og það er offramleiðsla í landbúnaði þannig að við sjáum fram á sífellda fækkun í sveitunum með mikilli hættu fyrir félagslíf sveitanna. Þessi lög hindra því það að menn flytji í sveitirnar til að búa þar og stunda aðra starfsemi en búrekstur.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. landbrh. að flýta endurskoðun á lögunum sem á að vera fólgin í því að leggja þau af og fara nú að vera góður við bændur.

[17:48]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til að þakka þeim þingmönnum og hæstv. ráðherra sem tekið hafa hér til máls og lýst yfir stuðningi við þetta frv. eða við þá hugsun sem í því felst og þann málflutning sem ég hef viðhaft um þetta.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að skipulagslög ná orðið til landsins alls. Það er líka rétt hjá hv. þm. að lög um fasteignaviðskipti taka til fasteignaviðskipta. Og það er spurning í mínum huga hvort nokkur ástæða sé til að hafa fleiri lög, hvort ekki sé rétt bara einfaldlega að fella jarðalögin úr gildi, hvort það sé ekki nóg. Ég óttast hins vegar að í þessu langa endurskoðunarferli í landbrn. verði niðurstaðan sú að menn reyni með einhverju móti að halda a.m.k. einhverjum af þeim óréttlátu ákvæðum sem eru í lögunum lifandi áfram. Það er búið að bíða eftir þessu nokkuð lengi og ég áfellist ekki ráðherrann því að mér er alveg kunnugt um að hann hefur áhuga á því að gera breytingu á þessum málum. En ég held að hv. landbn. ætti að taka til alvarlegrar skoðunar að ef ekki koma fram þær breytingar á jarðalögum sem fullnægja þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram og menn eru sammála um þá afgreiði hún þetta mál einfaldlega með því að setja sólarlagsákvæði á jarðalögin og fella þau úr gildi á einhverjum tilteknum tíma eins og þarna er lagt til að gert verði.

Mér hefði kannski verið nær að flytja slíkt mál fyrir fjórum árum þegar ég lagði það á mig að vinna endurskoðað frv. um ný jarðalög, og leggja einfaldlega til í staðinn að þau yrðu felld úr gildi á einhverjum ákveðnum tíma. Þá væri a.m.k. búið að setja tiltekið stopp við framkvæmdina og landbrn. yrði þá að koma fram með skynsamlegar breytingar á jarðalögum fyrir þann tíma ef það vill varðveita þetta nafn í lagasafninu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 199.

[17:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Á síðasta þingi mælti ég fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Þar var gerð tillaga um fjölmargar breytingar á skipulags- og byggingarlögum í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd laganna. Frumvarpið var lagt fram í marsmánuði og náði ekki fram að ganga. Þegar umhvrn. fór yfir þær athugasemdir sem fram komu við frv. þegar það var til meðferðar á Alþingi kom í ljós að þær voru mjög umfangsmiklar margar hverjar og að erfitt yrði að ná samstöðu um nokkur meginatriði í frv. öðruvísi en ráðuneytið og hlutaðeigandi aðilar færu aftur yfir málið.

Með hliðsjón af því hefur verið ákveðið að leggja fram nýtt frv. þar sem eingöngu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar og leiðréttingar á lögunum í ljósi nærri þriggja ára reynslu af framkvæmd þeirra en í staðinn verði hafin heildarendurskoðun á lögunum fljótlega eftir áramót með það að

markmiði að frv. til heildarlaga verði lagt fram á löggjafarþingi 2002–2003.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru unnar í umhvrn. í samvinnu við Skipulagsstofnun og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins.

Framkvæmd skipulags- og byggingarlaga byggir að miklu leyti á setningu reglugerða og skipta þar tvær mestu máli, annars vegar skipulagsreglugerð og hins vegar byggingarreglugerð en þessar reglugerðir öðluðust gildi í júlí 1998. Við gerð þessara reglugerða, þó sérstaklega byggingarreglugerðar og við framkvæmd hennar, hafa komið í ljós ýmsir agnúar á lögunum sem nauðsynlegt er að sníða af hið fyrsta. Mun ég hér á eftir gera í stuttu máli grein fyrir helstu efnisatriðum sem fram koma í frv.

Í 1. gr. eru lagðar til breytingar á hugtakinu nýtingarhlutfall en nokkur óvissa hefur ríkt um hvernig skilgreina beri hugtakið. Því er lagt til að í stað „bruttógólfflatar" komi „bruttóflatarmál" en það er vel skilgreint í staðlinum ÍST 50:1998 sem samanlagt bruttóflatarmál allra hæða byggingar. Með þessu ætti óvissa um skilning á hugtakinu nýtingarhlutfall að vera úr sögunni.

Í 2. gr., sbr. og 6. og 7. gr. frv., er lagt til að kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði í stað þess að svokölluðu skipulagsgjaldi er að hluta til ætlað að standa undir rekstri Skipulagsstofnunar. Í staðinn er lagt til í 6. gr. að komið verði á fót sérstökum Skipulagssjóði sem skipulagsgjöld skulu renna til og hlutverk sjóðsins sé að standa straum af hlut ríkisins í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana.

Í 6. gr. er lagt til að Skipulagsstofnun sjái um umsýslu sjóðsins og fari með ákvarðanir um framlag ríkisins til gerðar einstakra skipulagsáætlana sveitarfélaga. Með þessu yrði algjörlega skilið á milli þátttöku ríkisins í skipulagsgerð sveitarfélaga og fjárhagslegs rekstrar Skipulagsstofnunar.

Í 3. gr. er lagt til að ráðherra geti fengið umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar og veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum skipulagsreglugerðar og í 8. gr. að ráðherra geti með sama hætti veitt undanþágu frá byggingarreglugerð. Í vissum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglugerða og er eðlilegt að ráðherra sem setur reglugerðirnar hafi slíka undanþáguheimild. Þetta er í samræmi við aðra löggjöf á sviði umhverfismála, svo sem lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 4. gr. er lagt til að heimilt verði að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja og áætlana sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem vegna þjóðvega, orkumannvirkja og fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar. Sífellt færist í vöxt að gerðar séu áætlanir sem ná til fleiri sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að hægt sé að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð í slíkum tilvikum.

Í 5. gr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á gerð deiliskipulags. Er það gert til samræmis við framsetningu í 16. gr. laganna um aðalskipulag sem er á ábyrgð sveitarfélags en deiliskipulag er nánari útfærsla á aðalskipulagi. Einnig er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé þó heimilt að vinna deiliskipulagstillögur á sinn kostnað og að slíkar tillögur geti viðkomandi aðilar lagt fyrir sveitarstjórn sem þá taki afstöðu til þess hvort hún geri tillöguna að sinni og auglýsi hana þá samkvæmt lögunum. Kostnaður sem félli til eftir að sveitarstjórn er búin að ákveða að gera tillöguna að sinni mundi falla á sveitarstjórn.

Deilt hefur verið um að undanförnu hvort landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé heimilt að hafa frumkvæði að deiliskipulagi jafnvel á sinn kostnað en ákvæði þar að lútandi er í skipulagsreglugerð og þykir rétt að tryggja lagalegan grundvöll ákvæðisins.

Í b-lið 5. gr. er lagt til að unnt verði að auglýsa deiliskipulagstillögu samtímis auglýsingu á samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að deiliskipulagstillögur hafa verið kynntar samhliða tillögum um breytingar á aðalskipulagi þótt í lögum sé kveðið skýrt á um að deiliskipulag skuli vera í samræmi við aðalskipulag sem strangt til tekið ber að túlka svo að ganga beri frá aðalskipulagsbreytingu að fullu áður en deiliskipulagstillaga er kynnt. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur nýlega kveðið upp úrskurð í þessu efni þar sem fram kemur að gengið skuli frá aðalskipulagsbreytingu að fullu áður en deiliskipulagstillaga er kynnt. Ljóst er að það er framkvæmd skipulagsmála til framdráttar að lögin gefi kost á því að þessar tillögur sé kynntar samtímis. Liggja þá fyrir ítarlegri gögn við kynningu aðalskipulagstillögunnar sem gefa hagsmunaaðilum betri kost á að taka afstöðu til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru og er það því betur fallið til þess að ná markmiði skipulags- og byggingarlaga um öryggi í skipulags- og byggingarmálum heldur en ef tillögurnar eru kynntar hvor í sínu lagi, jafnvel með margra mánaða millibili. Verði þessi heimild nýtt mun það einnig stytta málsmeðferð um u.þ.b. þrjá mánuði. Þetta breytir þó ekki því að óheimilt yrði að auglýsa gildistöku deiliskipulags í Stjórnartíðindum fyrr en auglýst hefur verið í Stjórnartíðindum gildistaka samsvarandi breytingar á aðalskipulagi.

Í 7. gr. er lögð til nánari útfærsla á þeim hugtökum sem marka þann gjaldstofn sem skipulagsgjald hvílir á. Lagt er til að í staðinn fyrir hugtakið stofnkostnaður verði notað hugtakið heildarkostnaður en með því er átt við allan kostnað við gerð mannvirkis, þar á meðal við verkframkvæmd, hönnun og eftirlit. Ekki þykir rétt að kostnaður við rannsóknir komi inn í gjaldtöku skipulagsgjalds, enda framkvæmdaraðili oft að vinna grunnrannsóknir sem nýtast einnig öðrum, þar á meðal skipulagsyfirvöldum.

Í 9. gr. er lagt til að byggingarvörur á markaði skuli uppfylla ákvæði reglugerða um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994 sem sett var til þess að uppfylla skyldur sem Ísland undirgekkst með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi tilskipun hefur að mestu verið óvirk fram að þessu á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ekki hefur verið unnt að ljúka gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta innan Evrópusambandsins. Þessar ákvarðanir hafa nú flestar verið teknar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á grundvelli samþykkta fastanefndar Evrópusambandsins um byggingarmál. Hins vegar mun útgáfa samhæfðra staðla og tæknisamþykkta taka nokkurn tíma. Því verður enn bið á að ákvæði reglugerðarinnar um viðskipti með byggingarvörur verði að fullu virk varðandi allar byggingarvörur hér á landi og er því gerð tillaga um í ákvæði til bráðabirgða, sbr. c-lið, að þar til slíkar reglur hafa tekið gildi skuli vísa framleiðendum og innflytjendum byggingarvara á þá málsmeðferð sem mun gilda um byggingarvöru á Evrópska efnahagssvæðinu í nánustu framtíð. Mun ég fjalla nánar um það í lok ræðu minnar, virðulegur forseti.

Í 10. gr. er lagt til það nýmæli að skipulagsnefnd sé heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar. Framkvæmdin yrði að sjálfsögðu í höndum skipulagsnefndar sem mundi óska eftir slíkri áritun fallist hún á að heimila styttra tímabil en fjórar vikur. Í sumum tilvikum er um tiltölulega einföld mál að ræða og fáa hagsmunaaðila og því ástæðulaust að bíða í fjórar vikur. Hins vegar er mikilvægt að hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að samþykkja og því er nauðsynlegt að þeir riti samþykki sitt á aðaluppdrátt vegna byggingarleyfisumsókna en deiliskipulagsuppdrátt vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi.

Í 12. gr. er lagt til að fyrirtæki þar sem starfa löggiltir hönnuðir geti lagt uppdrætti fyrir byggingarnefnd, sem og einstaklingar sem eru löggiltir hönnuðir, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Í dag er eingöngu heimilt að viðurkenna einstaklinga í slíkum tilvikum. Eðlilegt þykir að fyrirtækið þar sem löggiltur hönnuður starfar geti lagt inn uppdrætti fyrir byggingarnefnd, þ.e. löggiltur hönnuður skrifar undir fyrir hönd fyrirtækisins en það taki síðan ábyrgðartryggingu fyrir verkum sem unnin eru í nafni þess og beri ábyrgð á þeim.

Í 13. gr. er lagt til að allar starfsstéttir sem hljóta löggildingu sem hönnuðir þurfi tveggja ára starfsreynslu áður en þeim er heimilt að fara í próf hjá prófnefnd mannvirkjahönnuða. Í 48. gr. gildandi laga eru kröfur um starfsreynslu mismunandi eftir stéttum. Þannig þurfa arkitektar enga starfsreynslu, byggingarfræðingar 20 mánaða en aðrar stéttir þriggja ára starfsreynslu. Lagt er til að allir standi jafnt að vígi hvað varðar kröfur um starfsreynslu og að þeir verði að loknu starfsreynslutímabili að standast próf.

Í 15. gr. er lögð til sú breyting að blikksmíðameisturum, málarameisturum, stálvirkjameisturum og veggfóðrarameisturum verði heimilt að vera byggingarstjórar auk þeirra sem þegar eru taldir upp í 51. gr. Með þessari breytingu er öllum iðnmeisturum sem hafa heimild til að bera ábyrgð á verkþáttum iðnmeistara fyrir byggingarnefnd og hlotið hafa löggildingu heimilt að starfa sem byggingarstjórar.

Einnig er lögð til sú breyting að arkitektar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar, verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði geti orðið byggingarstjórar, en í gildandi lögum er krafist þriggja ára starfsreynslu af þessum aðilum af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti til þess að þeir geti orðið byggingarstjórar. Það er engin ástæða til þess að krefjast starfsreynslu af þessum aðilum en ekki iðnmeisturum.

Í 15. gr. er enn fremur lagt til að fyrirtækjum og stofnunum verði veitt heimild til þess að vera byggingarstjórar, starfi þar aðili sem uppfyllir skilyrði til þess að vera byggingarstjóri. Samkvæmt 51. gr. gildandi laga geta eingöngu einstaklingar orðið byggingarstjórar og hefur þetta reynst bagalegt enda taka fyrirtæki oft að sér byggingarstjórn og verða þá að ráða einstaklinga með réttindi til að sinna henni og verða þau að taka lögboðna tryggingu. Eðlilegra er að fyrirtækið sjálft sé ábyrgt fyrir þessu og taki lögboðna ábyrgðartryggingu.

Í 17. gr. er lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að taka gjald fyrir yfirferð hönnunargagna, sbr. 46. gr. laganna en samkvæmt henni er byggingarfulltrúa heimilt, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta og að taka gjald fyrir sem nemur þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Sé um að ræða slíka yfirferð hjá byggingarfulltrúa er ekki heimild til gjaldtöku og er nauðsynlegt að breyta þessu því að annars væri verið að mismuna þeim sem sækja um byggingarleyfi eftir því hvort byggingarfulltrúi, prófhönnuður eða faggilt skoðunarstofa sér um yfirferðina.

Í 19. gr., breytingu á ákvæðum til bráðabirgða, er lagt til að sveitarstjórn skuli heimilt að auglýsa deiliskipulagstillögur samkvæmt 25. gr. laganna þar sem ekki er fyrir hendi aðal- eða svæðisskipulag, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Þetta er í samræmi við framkvæmd 3. tölul. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga og áður 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, en rétt þykir að taka af allan vafa um heimild til slíkrar málsmeðferðar. Þar til fyrir liggur aðalskipulag af öllu landi sveitarfélaga, er nauðsynlegt að unnt sé að ganga frá deiliskipulagi af afmörkuðum svæðum í dreifbýli með þessum hætti, þ.e. án þess að fyrir liggi aðal- eða svæðisskipulag.

Enn fremur er í b-lið 19. gr. lagt til að unnt verði að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, þar sem ekki liggur fyrir aðalskipulag. Víða í dreifbýli háttar þannig til að fyrir liggur svæðisskipulag en ekki aðalskipulag. Á þessum svæðum hefur verið litið svo á að unnt sé að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, en beina lagaheimild fyrir slíku hefur skort. Eingöngu verður unnt að vinna deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags í þeim tilvikum sem viðkomandi svæðisskipulagsáætlun markar stefnu um þá landnotkun sem deiliskipulagið fjallar um. Rétt er að geta þess að sveitarfélög skulu hafa lokið gerð aðalskipulags 1. janúar 2008, sbr. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum og miðast því þessi heimild einnig við það tímamark.

Í síðari mgr. b-liðar 19. gr. er fjallað um málsmeðferð varðandi byggingarvöru, samanber það sem ég sagði hér á undan. Þar sem enn hefur ekki verið lokið við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta sem reglugerð um viðskipti með byggingarvörur vísar í, sbr. 9. gr. frv., er nauðsynlegt að kveða á um tímabundna málsmeðferð en markmiðið er að leitast verði við að þar til reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nær til allra byggingarvara fari framleiðendur og innflytjendur byggingarvara að í samræmi við þá málsmeðferð sem gildir um byggingarvörur á Evrópska efnahagssvæðinu. Bráðabirgðaákvæðið tekur mið af þeim kröfum sem fram koma í 9. gr. frv. en út frá því er gengið að vörur hafi vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerða, standist staðla og falli að verklagi og sérlenskum aðstæðum.

Ljóst er að taka verður til hendinni í tengslum við framkvæmd reglugerðar um byggingarvörur á markaði og þarf að leggja í töluverða vinnu þar að lútandi, ekki síst með hliðsjón af stöðlum. Þar til búið er að leysa þetta mál er ljóst að í vissum tilvikum verða byggingaryfirvöld að sætta sig við að fyrir liggi umsagnir um vöruna þar sem erfitt yrði að koma við vottun auk þess sem hún yrði mjög dýr.

Virðulegur forseti. Ég hef hér farið yfir helstu atriði frv. og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

[18:07]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. þess efnis að Alþingi álykti að skora á ríkisstjórnina að tilnefna Eyjabakka á skrá Ramsar-samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Flutningsmenn auk mín eru tveir hv. þm., þær Katrín Fjeldsted og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Herra forseti. Ramsar-samningurinn sem Ísland á aðild að hefur það að markmiði að vernda votlendissvæði sem talist geta mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða, einkum með tilliti til fuglalífs. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1978 og skuldbatt sig þar með til að lúta meginákvæðum hans sem eru þau að tilnefna votlendissvæði á lista samningsins, stuðla að skynsamlegri nýtingu votlendissvæða, stofna friðlönd á votlendissvæðum og þjálfa starfsmenn þeirra, auk þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um votlendisvernd.

Mikilvægi votlendis út frá alþjóðlegum sjónarhóli er óumdeilt. Votlendi er talið mikilvægt á alþjóðlegan mælikvarða þegar það fóstrar reglulega plöntu- og dýrategundir á viðkvæmu stigi lífsferils eða veitir þeim athvarf við erfið skilyrði, þegar það fóstrar reglulega 20.000 votlendisfugla og þegar það fóstrar reglulega 1% af einstaklingum stofns einnar tegundar eða deilitegundar.

Herra forseti. Það er yfirlýst stefna aðila Ramsar-samningsins að gera átak til að fjölga svæðum á skrá hans. Á aðildarríkjafundi vorið 1999 var samþykkt rammaáætlun um þróun Ramsar-skrárinnar. Í þeirri samþykkt er m.a. sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæðin orðin 2.000. Það yrði gífurleg fjölgun því í dag eru þau nýlega orðin 1.000. Í þessari samþykkt eru aðildarþjóðirnar einnig hvattar til að nota rammaáætlunina til að þróa kerfisbundnar aðferðir til þess að ákvarða svæði á skrána.

Já, þetta eru skýr fyrirmæli, herra forseti, og göfug markmið. Þess ber líka að geta að á þessum fundi vorið 1999 var einnig samþykkt ályktun þar sem aðildarríkin eru hvött til að styrkja viðleitni sína til þess að allar framkvæmdir og áætlanir sem áhrif geta haft á vistfræðilega eiginleika votlendissvæða á Ramsar-skránni, eða á önnur votlendissvæði viðkomandi lands, verði háð ítarlegu mati á umhverfisáhrifum.

Um mikilvægi votlendis í íslenskri náttúru er hægt að hafa mörg orð. Það mætti t.d. ræða um hversu kappsamir Íslendingar voru á árum áður við að ræsa fram mýrar, þurrka upp votlendissvæði og vinna þau til ræktunar. Það verður ekki gert hér enda hefur hin seinni ár verið meira lagt upp úr því að endurheimta það votlendi sem einu sinni var. Þær tilraunir benda til að slíkt sé framkvæmanlegt í einhverjum mæli en ekki liggja fyrir nægar rannsóknir til að hægt sé að fullyrða nokkuð um möguleika okkar í þeim efnum. Hitt er ekki heldur ljóst hversu mikill hluti votlendis í náttúru Íslands hefur verið ræstur fram, en talið er að a.m.k. helmingur votlendis í byggð hafi beðið tjón af framræslu.

Herra forseti. Til að uppfylla ákvæði Ramsar-samningsins hefur Ísland tilnefnt þrjú svæði á skrá hans: Mývatn og Laxársvæðið voru tilnefnd 1978, Þjórsárver voru tilnefnd inn á skrána 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði var tilnefndur 1996. Í fskj. með þáltill. þessari kemur nánar fram hvað íslensk stjórnvöld hafa gert til að standa við skuldbindingar sínar. Þar er um að ræða I. kafla úr skýrslu hæstv. umhvrh. um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar sem birt var á þskj. 1376 á síðasta þingi.

Við Ramsar-samninginn starfar eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að kanna hvernig ákvæðum samningsins er framfylgt í þeim ríkjum sem hafa tilnefnt svæði inn á skrá hans. Það verður að segjast eins og er að Ísland hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar að áliti eftirlitsnefndarinnar. Þannig hafa bæði Mývatn og Þjórsárver verið sett á sérstaka skrá yfir svæði sem talin eru í hættu vegna nýtingar sem ekki getur talist sjálfbær, svokallaða Montreux-skrá. Þau hafa að vísu verið tekin af henni aftur vegna yfirlýsinga íslenskra stjórnvalda frá 1993 en eftirlitsnefndin mun hafa á þeim sérstakar gætur.

Eitt af mikilvægum ákvæðum samningsins hefur ekki verið uppfyllt af Íslands hálfu en það er kvöð sú sem hvílir á aðildarríkjunum að gera skrá um votlendissvæði innan sinnar lögsögu sem talist geta mikilvæg á alþjóðlega vísu. Komið hefur fram í máli hæstv. umhvrh. að skrá af þessu tagi komi til með að heyra undir gerð náttúruverndaráætlunar sem er í undirbúningi samkvæmt lögum um náttúruvernd og mun þar með væntanlega verða lögð fyrir Alþingi eigi síðar en árið 2002. Þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra ber að sjálfsögðu að fagna en jafnframt verður að geta þess að frv. til fjárlaga ársins 2001 gerir ekki beint sérlega vel við þá náttúruverndaráætlun og ekki var rausnin heldur of mikil af hendi fjárveitingavaldsins til verkefnisins á yfirstandandi ári en vonandi verður hægt að bæta úr.

Herra forseti. Af þessum inngangi má ljóst vera að skyldur íslenskra stjórnvalda gagnvart Ramsar-samningnum eru miklar og ekki allar uppfylltar. Því er full þörf á því fyrir íslensk stjórnvöld að efla meðvitund um mikilvæg votlendissvæði og er þá komið að kjarna þessarar tillögu.

Herra forseti. Með nokkrum sanni má segja að votlendissvæði sem kjörið er á Ramsar-skrána, Eyjabakkar, hafi hreinlega stokkið upp í fangið á íslenskum stjórnvöldum fyrr á árinu þegar horfið var frá hugmyndum um Fljótsdalsvirkjun með miðlunarlóni á Eyjabökkum. Eyjabakkar uppfylla öll skilyrði þess að vera tilnefndir sem Ramsar-svæði. Svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá síðan 1978 og unnið hefur verið að friðlýsingu þess síðan 1991.

Herra forseti. Í allri þeirri vinnu sem fram fór við þáltill. iðnrh. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun á 125. löggjafarþingi var mikilvægi Eyjabakkasvæðisins staðfest af ótal vísinda- og fræðimönnum. Óhætt er að fullyrða að svæðið sé einstakt í náttúru Íslands því hvergi annars staðar er að finna samfellt gróðurlendi frá sjó að jökli sem liggur í 650 m hæð yfir sjávarmáli. Einu staðirnir sem mögulega er hægt að bera saman við Eyjabakka eru Þjórsárver og Hvítanes. Hvað fuglalífið varðar þá verpa 13 fuglategundir á svæðinu, sem er mikið miðað við önnur afmörkuð svæði á hálendi Íslands, auk þess sem talið er að 4–5% af íslensk/grænlenska heiðagæsastofninum og 2% af íslenska álftastofninum nýti sér svæðið. Þá munu 50–70% geldra heiðagæsa fella fjaðrir á Eyjabökkum. Þessar staðreyndir sýna svo ekki verður um villst að hér er um mikilvægt svæði að ræða sem að mati flutningsmanna er sjálfsagt að fái sess á Ramsar-skránni yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Herra forseti. Snemma í haust gaf ríkisstjórn Íslands út þá ánægjulegu tilkynningu að að hún hygðist stofna Vatnajökulsþjóðgarð árið 2002 á alþjóðlegu ári fjalla. Þessu ber að fagna og ég þori að fullyrða að hugmyndin á mikinn hljómgrunn hér á Alþingi. En þess ber líka að geta að sú

umræða sem fram fer um þá hugmynd er frjó og í henni ber þegar talsvert á þörfinni fyrir að ræða stærð þess svæðis sem færi undir mögulegan þjóðgarð. Það verður að segjast eins og er að allt svæðið umhverfis jökulinn er þess eðlis að mikilvægt er að það sé skoðað og skilgreint. Það má því ljóst vera af núgildandi náttúruminjaskrá að þarna leynast gífurleg verðmæti.

Hinn 29. september sl. var haldin ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri sem fjallaði um Vatnajökulsþjóðgarð. Á ráðstefnu þeirri var það mál manna að Vatnajökull og svæðið umhverfis hann hefði alþjóðlegt verndargildi og því afar mikilvægt að efla náttúruvernd á svæðinu.

Herra forseti. Tilnefning Eyjabakka á lista Ramsar-samningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði væri veigamikið skref í þá átt.

Að svo mæltu legg ég til að tillögunni verði að lokinni umræðunni vísað til hv. umhvn.

[18:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Á 125. löggjafarþingi lagði hæstv. umhvrh. fram skýrslu um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar samkvæmt beiðni minni og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar. Þar er m.a. greint frá skyldum Íslands vegna Ramsar-samþykktarinnar um verndun votlendis. Varla þarf að tíunda fyrir hv. þm. mikilvægi Eyjabakkanna með tilliti til votlendis, fjölbreytni í gróðurfari og dýralífs. Hv. þm. er líklega í fersku minni umræðan um náttúruverndargildi Eyjabakka frá liðnum vetri.

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar uppfylla Eyjabakkar öll skilyrði þess að hljóta tilnefningu sem Ramsar-svæði. Með slíkri samþykkt legði Alþingi sitt af mörkum til verndunar votlendissvæða sem teljast einstök í alþjóðlegum samanburði.

Herra forseti. Ekki er langt síðan flestir landsmenn gerðu sér grein fyrir þeim náttúruauðæfum sem búa í votlendinu en verndun þess miðar beinlínis að því að viðhalda sem mestum líffræðilegum fjölbreytilega á jarðarkringlunni. Votlendi hefur ákaflega margháttuðu hlutverki að gegna í náttúrunni. Það býr alla jafna yfir mjög mikilli framleiðni og raunar eru gróskumestu votlendissvæðin með hærri framleiðni en þekkist í nokkru öðru vistkerfi. Oft eru votlendissvæði stakar gróðurvinjar í eyðimörkum, eða á gróðursnauðum hálendissvæðum, eins og finna má á Íslandi og gegna þau þar mikilvægu hlutverki fræbanka. Þegar aðstæður verða hagstæðari og umhverfi breytist á gróðurvana landi í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, verða fræbankar votlendisvinja ómetanlegir við uppgræðslu þess.

Á síðasta löggjafarþingi var lögð fram tillaga frá Samfylkingunni um vernd votlendis þar sem lagt er til að Alþingi feli umhvrh. að láta gera vistfræðilega úttekt á skráningu votlendis hér á landi með það að markmiði að leggja fram ítarlega áætlun sem miði að vernd þess votlendis sem er í hættu. Tillagan sem er í fullu samræmi við Ramsar-samþykktina verður endurflutt á yfirstandandi þingi. Enn skortir útfærða stefnu stjórnvalda um vernd og endurheimt votlendis en með þeirri tillögu sem mælt er fyrir í dag og fleiri sem fylgja munu í kjölfarið er von til þess að látið verði fyrir fullt og fast af hernaðinum gegn landinu eins og Nóbelsskáldið orðaði það svo eftirminnilega fyrir 30 árum.

[18:18]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég er einn þriggja flutningsmanna að þáltill. um að því verði beint til ríkisstjórnarinnar að votlendi norðaustan við Vatnajökul, Eyjabakkar, verði útnefnd Ramsar-svæði.

Ramsar-samþykktin svokallaða er kennd við bæinn Ramsar, sem er í Íran, nálægt Kaspíahafi og tók samþykktin gildi 2. febrúar 1971. Á Íslandi tók hún gildi 2. apríl 1978 en þá var Eysteinn Jónsson formaður Náttúruverndarráðs. Á þeim tíma var gengið frá megninu af þeim friðlýsingum sem átt hafa sér stað á votlendi á Íslandi í samræmi við samninginn.

Vitað er að stór hluti mýrlendis á Íslandi hefur verið þurrkaður upp á síðustu árum og er jafnvel talið að um helmingur votlendis í byggð hafi verið skertur. Grafnir hafa verið um 33.000 km af skurðum í landinu enda var það keppikefli frumkvöðlanna að ræsa fram mýrar og rækta landið. Árum saman fengu bændur greitt fyrir að grafa skurði, jafnvel þótt landið yrði ekki að túni, en óverulega hefur verið mokað ofan í skurði til mótvægis og til að endurheimta votlendi í byggð. Gengið hefur verið út frá því að til þess að bæta fyrir uppþurrkun á óröskuðu votlendi í byggð þurfi landsvæði, líka í byggð, sem er tvisvar til þrisvar sinnum stærra að flatarmáli en það sem fórnað var.

Gróðurlendi hefur verið eytt á Íslandi eins og allir vita og talið er að skógur hafi þakið 25% af landinu en þekur nú einungis 1%. Mikil vakning hefur verið hér á landi hvað skógrækt varðar og nú er komið að því að votlendi landsins fái að njóta sannmælis og gildi þess metið að verðleikum.

Alþingi Íslendinga þarf að sýna að mark sé tekið á votlendisrannsóknum hér á landi og annars staðar í heiminum. Rannsóknir sýna að í votlendi er að finna gróðurleifar og þar með er það einnig mikilvæg uppspretta af fræi sem nýtist við bættar aðstæður, t.d. minni beit. Votlendi er því verðmætur arfur sem býr í náttúrunni.

Íslendingar hafa uppfyllt mjög lítinn hluta af Ramsar-samningnum. Hver er votlendispólitík okkar? gæti maður spurt. Heildaryfirlit yfir votlendi á Íslandi þarf samkvæmt samningnum að liggja fyrir innan tveggja ára en þá verður næsta Ramsar-ráðstefna haldin. Á fundi aðildarríkjanna vorið 1999 var samþykkt rammaáætlun með það að markmiði að ríkin fjölgi Ramsar-svæðunum úr 1.000 í 2.000 og að aðildarlönd þurfa að standa sig betur í stykkinu.

Ferillinn er sá að það er umhvrh. sem felur stofnun á borð við Náttúruvernd ríkisins að vinna að málinu. Síðan þarf fulltrúi samtakanna að skoða svæðið og utanrrn. að staðfesta gjörninginn.

Í fyrra voru 25–30 slík svæði tilnefnd í Sviþjóð. Ljóst er af því að frumkvæðið er umhvrh. en utanrrh. kemur einnig að málinu. Þess vegna leggja flutningsmenn til að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem báðir þessir ráðherrar sitja. Með samþykkt þessarar þál. sýnir Alþingi vilja sinn í verki.

Ramsar-svæði voru mikið til umræðu á hinu háa Alþingi í fyrra. En fyrir tæpu ári lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. á Alþingi á þskj. 242, mál 208, og var fyrirspurn mín í fjórum liðum. Hún hljóðaði sem hér segir:

1. Hve mörg svæði hérlendis hafa verið útnefnd verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni um vernd votlendis, sem samþykkt var á Alþingi 5. maí 1977, og hvenær voru

þau útnefnd? Hafa borist rökstuddar ábendingar um að fjölga þeim?

2. Hvaða áhrif hefur samþykktin haft á verndun votlendis hér á landi?

3. Hvernig er mikilvægi votlendissvæða metið?

4. Hvaða áhrif mun það hafa á verndun votlendis á Íslandi að síðastliðið vor [þ.e. vorið 1998] var sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæði orðin tvö þúsund, en þau munu nú vera um eitt þúsund talsins?

Hæstv. umhvrh. svaraði fyrirspurninni á greinargóðan hátt 8. des. 1999 og sagði þá m.a., sem skiljanlegt var í ljósi þess hvernig umræður voru þá í gangi um virkjanir norðan Vatnajökuls, að þegar hefði verið ákveðið að fórna votlendinu á Eyjabökkum, það lægi fyrir.

Á Alþingi var einnig rætt um verndargildi Eyjabakka og aðild Íslands að Ramsar-samningnum í desember í fyrra þegar fjallað var um virkjanir og stóriðju á Austurlandi því á þeim tíma blasti við að stjórnvöld ætluðu sér að virkja Jökulsá á Fljótsdal við Eyjabakka og sökkva þar með Eyjabökkum undir uppistöðulón. Þegar umhvn. þingsins fjallaði um umhverfisþætti þeirrar virkjunar var verndargildi Eyjabakka ofarlega á blaði. Var m.a. vitnað til þess að Landsvirkjun hefði bent á aðrar virkjunarleiðir, svo sem að virkja neðar og þyrma þar með innstu fjórum eða fimm km Eyjabakkavotlendisins.

Í ræðu minni um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun 20. desember í fyrra vakti ég athygli á því votlendi sem til stóð að fórna óafturkræft fyrir tímabundinn, ímyndaðan ávinning, í óþökk stórs hluta þjóðarinnar. Að auki vitnaði ég í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens, 3. bindi, bls. 74, en þar segir, með leyfi forseta, og er lýsing á Eyjabökkum:

„Graslendið á eyrunum milli kvíslanna er mjög víðlent og ákaflega loðið, eins og best í byggð, en galli er á gjöf Njarðar: bleyturnar á eyrunum eru svo miklar, að þar kemst víðast enginn yfir, nema fuglinn fljúgandi, alls staðar eru ófær kviksyndi, og menn hafa jafnvel séð hreindýr hverfa í ysjuna, og eru þau þó allvel fær á blautum jarðvegi. Hestarnir okkar höfðu nóg að bíta á útjöðrunum við ystu kvíslarnar, en út á eyrarnar þorðu þeir ekki að fara, enda svignaði jarðvegur fljótt undan þeim, þó þeir stæðu þar sem best var."

Eins og allir vita og öllum landsmönnum er ljóst skipaðist skjótt veður í lofti á fyrri hluta þessa árs hvað margumræddum virkjanaáformum viðvíkur. Nú er verið að meta umhverfisáhrif virkjunar við Kárahnjúka. Í heimsókn hv. umhvn. til Landsvirkjunar nú í haust kom skýrt fram að núverandi virkjunaráform fela ekki í sér spjöll á Eyjabökkum. Er það vel. Því er einsýnt að hægt sé og skynsamlegt að nota hið gullna tækifæri sem nú hefur gefist. Eyjabakkar uppfylla fullkomlega þau skilyrði sem koma fram í Ramsar-sáttmálanum.

Mér finnst eðlilegt, herra forseti, að þáltill. þessari verði vísað til hæstv. umhvn. Ég vonast til að hún fái þar verðugan framgang og verði loks afgreidd sem ályktun Alþingis.

[18:26]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ýmislegt hefur verið gert af hálfu stjórnvalda og einstaklinga til endurheimtu votlendis en votlendi setur mikinn svip á íslenska náttúru og myndar samofið net frá fjörum og leirum upp um ósa, ár og vötn og til mýra og flóa. Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla, smádýra og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Margvísleg ferli eiga sér stað í votlendi, svo sem vatnsmiðlun, mómyndun og uppsöfnun sets. Sökum þessara ferla hefur óraskað votlendi mikið gildi sem samofin eining í landinu, sérstaklega hvað varðar vatns- og efnabúskap stærri landslagseininga.

Okkur er fullljóst að á síðari hluta þessarar aldar hefur votlendi hér á landi tekið miklum breytingum vegna framræslu og ræktunar mýra. Framræsla mýra hefur verið búskap í mýrlendum sveitum lyftistöng og styrkt stoðir landbúnaðarframleiðslu í landinu. Nú er svo komið að á láglendi hafa mýrar víðast hvar verið ræstar fram og lítið er eftir af ósnortnu votlendi.

Frá árinu 1996 hefur verið starfandi á vegum landbrn. nefnd um endurheimt votlendis. Árið 1996 var í fyrsta sinn farið út í endurheimt votlendis á vegum nefndarinnar en hún var skipuð af þáv. landb.- og umhvrh. sem þá var Guðmundi Bjarnasyni. Hafði nefndin það hlutverk að gera tillögur um hvar og hvernig megi gera tilraunir með að endurheimta hluta þess votlendis sem þurrkað hefur verið upp með framræslu.

Fullyrða má að þetta starf hafi vakið jákvæða athygli flestra þeirra sem hugsa um þessi mál, sem hefur m.a. komið fram í fjölda ábendinga og jákvæðra viðbraðga alls staðar að af landinu. Nefndin markaði sér þá stefnu í upphafi að fara hvergi fram með offorsi, heldur vinna að framkvæmdum í samvinnu og með fullu samþykki viðkomandi aðila. Hefur hvergi komið til árekstra en vegna þessa hefur verið hætt við framkvæmdir þar sem einhugur hefur ríkt meðal viðkomandi landeigenda og landnotenda.

Mikilsverðasti árangur af þessu starfi er að það hefur valdið hugarfarsbreytingu í þá veru að nú er ekki ráðist í viðamiklar framkvæmdir sem hafa í för með sér þurrkun lands nema að vel athuguðu máli. Einnig hefur verið mörkuð sú stefna að þar sem votlendi er spillt vegna opinberra framkvæmda verði að endurheimta annað í staðinn.

Í fjárlögum árið 1999 var veitt 1 millj. kr. í verkefnið og það fjármagn var nýtt til að koma til móts við kostnað hjá einstaklingum sem vilja endurheimta votlendi en vantar til þess lítils háttar stuðning.

Á vegum votlendisnefndar og Fuglaverndarfélags Íslands hefur votlendi meðal annars verið endurheimt á eftirfarandi svæðum:

Hestmýri í Borgarfirði er fyrsta votlendið sem endurheimt var á vegum votlendisnefndar.

Kolavatn í Holtum, Rangárvallasýslu er í landi jarðarinnar Þjóðólfshaga II í Rangárvallasýslu.

Friðland í Flóa. Sumarið 1997 voru skurðir stíflaðir í votlendi norðaustan við Ölfusárós. Verkefnið er samvinnuverkefni Fuglaverndarfélagsins og Eyrarbakkahrepps og styrkt af Umhverfissjóði verslunarinnar.

Dagmálatjörn í Biskupstungum. Í maí 1998 fór votlendisnefnd út í aðgerðir til að endurheimta Dagmálatjörn í landi jarðarinnar Múla í Biskupstungum.

Gauksmýrartjörn á jörðinni Gauksmýri í Vestur-Húnavatnssýslu var endurheimt sumarið 1999.

Lútandavatn í Flóa. Aðgerðir til að endurheimta Lútandavatn voru hafnar 1999.

Vallanes á Héraði. Í lok sumarsins 1999 endurheimti Eymundur Magnússon, bóndi að Vallanesi í samvinnu við votlendisnefnd um tveggja hektara mýri með því að ýta ofan í um 1.000 m langan skurð.

Fréttir hafa borist af nokkrum öðrum svæðum þar sem einstaklingar hafa endurheimt votlendi á jörðum sínum. Dæmi um það eru:

Guðsteinn Sigurjónsson endurheimti árið 1995 um fjögurra hektara tjörn skammt norðan við Borgarnes. Tjörnin sem heitir Álatjörn er ákaflega falleg og umkringd birkikjarri.

Álftavatn á Höfða á Héraði sem endurheimt var haustið 1997.

Lambhagavatn í Rangárvallasýslu. Útfallsskurður úr vatninu var stíflaður árið 1998 til að hækka í því, en vatninu hafði verið spillt verulega með framræslu. Þess má geta að nú er í þessu vatni mikil veiði,

Sólheimar í Landbroti. Björn Jónsson hefur með jarðvegsstíflu myndað tjörn með starafló í kring. Þessi framkvæmd hefur aukið fjölbreytileika lands sem var sviplaust og bauð ekki upp á marga kosti. Þar verður athvarf silunga og fugla.

Herra forseti. Ég vildi aðeins geta þess hér að margir eru að huga að þessum málum, hafa áhuga á því að endurheimta votlendi og í rauninni hefur orðið mikil vakning meðal þjóðarinnar til þess að fara út í þá hluti.

[18:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur verið rætt ágætlega um mikilvægi votlendis af framsögumönnum og þeim sem hafa hér stigið í pontu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það hefur verið gengið allt of langt í því að ræsa fram votlendi. Menn sjá það núna þegar þeir líta til baka og þess hefur verið freistað að endurheimta það. Nefnd er með þau mál til sérstakrar skoðunar á vegum landbrn. og hún hefur náð einhverjum árangri og m.a. dreift bæklingi mjög víða um land þar sem mönnum er bent á að koma með hugmyndir um hvar sé hægt að endurheimta votlendi, að senda inn sem sagt upplýsingar um það. Ég tel að það sé mjög góð leið til þess að fá upplýsingar og fá gögn til að setja inn í gagnagrunn um hvar sé votlendi sem hægt er að endurheimta.

Þess ber einnig að geta hér að í umhverfismati er þess oft getið, í því ferli, hvernig eigi að endurheimta votlendi á móti þeirri framkvæmd sem menn ætla í. Það eru sett inn skilyrði um endurheimt votlendis oft og tíðum ef verið er að taka votlendi undir einhverja framkvæmd.

Ramsar-svæðin hér á landi eru þrjú eins og hefur komið fram, þ.e. Mývatn og Laxársvæðið, Þjórsárver og Grunnifjörður. Hér er gerð tillaga um fjórða svæðið, Eyjabakka. Þar hefur Landsvirkjun hins vegar leyfi til virkjunar, sem þeir eru reyndar ekki með áform um að nýta sér núna í augnablikinu. En þetta leyfi er eigi að síður til staðar.

Mál hafa farið í annað ferli eins og hér hefur verið dregið fram. Menn eru núna með Kárahnjúkavirkjun í umhverfismati. Meðan því er ekki lokið sé ég ekki svigrúm til þess að samþykkja þessa tillögu vegna þess að hún afnemur ekkert leyfi Landsvirkjunar. Það er eftir sem áður fyrir hendi. Þannig að ég býst við því að réttasta leiðin væri, vilji menn ná þessu máli fram, að leggja til að sú heimild verði felld úr gildi.

Stjórnvöld hafa haft til skoðunar annað svæði sem fjórða Ramsar-svæðið. Það er reyndar ekki búið að taka neinar ákvarðanir um það, en það hefur verið aðeins til skoðunar og það er Breiðafjarðarsvæðið. Samkvæmt Ramsarsamningnum mega svæði allt niður á, að mig minnir, sex metra dýpt útnefnast sem Ramsar-svæði, virðulegur forseti, miðað við stórstraumsfjörumörk, þannig að í Breiðafirði eru umfangsmikil svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu samningsins. Þessi mál hafa verið til skoðunar, en niðurstaða þeirrar athugunar liggur ekki fyrir og algjörlega óljóst um hvort Breiðafjörðurinn verði Ramsar-svæði. En það er vel hugsanlegt í framtíðinni.

Hér hefur líka verið komið inn á þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem var tekin fyrir skömmu síðan að gera Vatnajökul að þjóðgarði. Þar voru nefndar hugmyndir um stækkun á þeim þjóðgarði. Ég tel að sá þjóðgarður muni stækka í framtíðinni. Hins vegar var tekin sú ákvörðun núna í kjölfar nefndarstarfs að miða mörk þjóðgarðsins við jökulröndina, að það væri fyrsta skrefið, það væri samstaða um það og við mundum vinna að málinu með þeim mörkum. Ýmsar ástæður voru tíndar til um það hvers vegna ætti að skilgreina mörkin þar en ekki víðar, svo sem eignarhald á landi. Það er því verið er að stíga stórt skref með því að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. En ég tel algjörlega einsýnt að hann muni stækka í framtíðinni. Það er alveg ljóst. Það eru svæði þarna í kring sem brýnt er að hafa innan væntanlegs þjóðgarðs. Eða þá hugsanlega að stofna nýjan þjóðgarð sem yrði upp af Vatnajökulsþjóðgarði. Menn hafa nefnt hugmyndir eins og t.d. um eldfjallaþjóðgarð sem mér þykir góð hugmynd. Það er gott að útskýra fyrir fólki hvað í slíkum þjóðgarði er og svæðið norður af Vatnajökli gæti líka verið slíkur þjóðgarður.

[18:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um það hér áðan að til þess að þetta mál gæti náð fram að ganga þyrfti að ná virkjunarleyfinu af Landsvirkjun.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki einna helst í verkahring hennar sem slíks að gangast fyrir því og hvort hæstv. ráðherra muni þá ekki beita sér fyrir því að semja við Landsvirkjun um að leyfið verði fellt niður því öllum Íslendingum er orðið ljóst að þarna verður ekki virkjað. Það væri kannski réttast að hæstv. umhvrh. gengi fram fyrir skjöldu í því að taka til baka hugmyndir sem voru um að virkja á þessu svæði.

[18:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég kom inn á áðan í ræðu minni vegna þessarar þáltill. þá hefur Landsvirkjun þetta leyfi. Eins og ég skil það þyrfti lagabreytingu til þess að afnema það leyfi. Ég mun ekki beita mér fyrir lagasetningu um að leyfið verði afnumið. Málin eru í ákveðnu ferli í dag. Það er verið að skoða Kárahnjúkavirkjun. Sá kostur er í umhverfismati. Ég tel rétt að við förum í gegnum það ferli og skoðum niðurstöðuna sem verður úr því máli áður en við förum að taka einhver skref varðandi þessi svæði.

[18:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér eru það svolítil vonbrigði að heyra að hæstv. ráðherra telur það ekki vera sitt hlutverk að ganga í þetta mál. Ég tel að það sé orðið alveg ljóst að ekki verði af virkjunarframkvæmdum þarna og þess vegna gætu menn svo sem alveg gengið til verka strax. En mér sýnist að hæstv. ráðherra ætli sér að koma í veg fyrir, þar með, að þetta mál nái fram að ganga sem hér er til umræðu. Það er náttúrlega ekki mjög góður bragur á því. Ég geri ráð fyrir að það sé mikill vilji fyrir því að þetta mál nái fram að ganga og það muni koma fram í hv. umhvn. Mér sýnist það á þeim undirtektum sem hafa verið hér í dag og reyndar á vitneskju minni um afstöðu annarra þannig að ég beini því til hæstv. ráðherra hvort ekki sé rétt að hugsa málið vandlega og ræða

það a.m.k. við Landsvirkjun hvort hún, til þess að efla frið við þjóðina, er ekki tilbúin að endurskoða þessa afstöðu sína.

[18:41]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur orðið hér um þessa þáltill. Ég vil líka þakka hæstv. umhvrh. fyrir að hafa verið við umræðuna og taka þátt í henni á þann hátt sem hún gerði. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir að benda okkur á þetta með virkjanaleyfið. Það er lítið mál að flytja hér tillögu þess efnis að þetta virkjanaleyfi verði afnumið og það verður eflaust hugsað vel. Ég er sjálf þeirrar trúar að hæstv. umhvrh. eigi eftir að snúast á sveif með okkur og leggja þessu máli lið á endanum. Ég held að það yrði íslensku þjóðinni til afar mikils sóma ef Eyjabakkar yrðu tilnefndir á þessa merkilegu alþjóðlegu Ramsar-skrá.

Ég ítreka þakkir fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað.

[18:42]

Útbýting þingskjala:

15. regla Ríó-yfirlýsingarinnar, 280. mál, fsp. KolH og SJS, þskj. 308.

Áhrif hrefnustofnsins á viðgang þorskstofnsins, 282. mál, fsp. GAK, þskj. 310.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, 276. mál, stjtill. (heilbrrh.), þskj. 304.

Manneldis- og neyslustefna, 279. mál, fsp. KolH og ÞBack, þskj. 307.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, 266. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 294.

Skógræktarverkefni á Austurlandi, 277. mál, fsp. ÞBack, þskj. 305.

Stofnun og rekstur tónminjasafna á Stokkseyri, 262. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 289.

Tónminjasafn, 267. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 295.

Viðbrögð við úrskurði ráðherra um kísilgúrvinnslu úr Mývatni, 278. mál, fsp. KolH og SJS, þskj. 306.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 18:43.

27. FUNDUR

mánudaginn 20. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 154. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jarðalög, frv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 27. mál, þskj. 27. — 1. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 264. mál, þskj. 292. — 1. umr.
8. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237. — 1. umr.
9. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238. — 1. umr.
10. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239. — 1. umr.
11. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240. — 1. umr.
12. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 281. mál, frv. MF o.fl., þskj. 309.
Bókaútgáfa, 271. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 299.
Bætt þjónusta hins opinbera, 269. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 297.
Eftirlit með útlendingum, 284. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 313.
Félagsleg aðstoð, 275. mál, frv. MF o.fl., þskj. 303.
Fjarskiptalög, 251. mál, frv. ÖJ, þskj. 276.
Fjáröflun til vegagerðar, 283. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 311.
Rekstur björgunarsveita, 272. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 300.
Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, 270. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 298.
Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 285. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 314.
Vetraríþróttasafn, 273. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 301.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég dvelst erlendis næstu tvær vikur og get því ekki sótt þingfundi leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.“

Kjörbréf Soffíu Gísladóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Soffía Gísladóttir, 1. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Soffía Gísladóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um atvinnumál landsbyggðar og byggðastefnu stjórnvalda. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller. Hæstv. iðnrh. verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Verkfall framhaldsskólakennara.

[15:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég vil beina því til hæstv. forseta hvort ekki sé ástæða til þess að ræða um þá stöðu sem komin er upp vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Það hefur staðið í tvær vikur og samkvæmt yfirlýsingum margra skólamanna hefðu samningar þurft að nást um þessa helgi svo bjarga mætti þeirri önn sem nú ætti að standa yfir í skólastarfinu. Það liggur fyrir að samningar hafa ekki náðst enn og samkvæmt yfirlýsingum formanna samninganefnda framhaldsskólakennara hefur ekkert miðað, ef eitthvað er þá aftur á bak.

Það er líka fullyrt að engar vísbendingar séu um það í viðræðunum að ríkisstjórnin hyggist veita aukið fjármagn til skólastarfsins. Er það niðurstaðan að ríkisstjórnin meti bilið á milli framhaldsskólakennara og sín svo breitt að fórna verði þessari önn til óbætanlegs tjóns fyrir nemendur og skólastarfið að öðru leyti?

Því miður er margt sem bendir til að forustu fjmrn. í vinnu að samningum við framhaldsskólakennara hafi verið mjög

ábótavant og hún einkennst af áhuga- og viljaleysi til að ná samningum. Það virðist stór hluti af ástæðunni fyrir þeirri hörmulegu stöðu sem upp er komin. Þá hljóta menn ekki síður að spyrja: Hver er hlutur menntmrh. í málinu? Hefur ráðuneyti hans lagt fram einhverjar tillögur um mögulegar sáttaleiðir varðandi fyrirkomulag skólastarfs eða önnur málefni sem auðveldað gætu lausn þessarar deilu? Telur hann að enn megi bjarga því að ekki fari á versta veg, önnin verði ónýt fyrir nemendum og fjöldi þeirra flosni upp úr námi? Sú spurning hlýtur að vakna hvort það sé staðfastur vilji að ná samningum við framhaldsskólakennara. Eða eiga nemendur og þjóðin að horfa upp á að stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í menntamálum og getu- eða viljaleysi hennar til að leysa þann vanda sem það ástand hefur skapað valdi því óbætanlega tjóni sem nú stefnir í?

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ríkisstjórnin sýnir ótrúlegt andvaraleysi vegna kennaraverkfallsins og það er stóralvarlegt mál ef ríkisstjórnin leitar ekki raunverulegra leiða til þess að leysa þessa deilu. Um 1.400 kennarar eru í verkfalli. Tæplega 20 þúsundum nemenda er haldið utan skólanna vegna þvergirðingsháttar ríkisstjórnarinnar. Það er stóralvarlegt mál ef hún sýnir áfram það andvaraleysi sem hún hefur sýnt í þessu máli.

Það er staðreynd að á liðnum árum hefur verið erfitt að manna skólana og því valda án efa bágborin launakjör. Það er síðan í hrópandi ósamræmi við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið. Íslensk ungmenni eiga að sigla þöndum vængjum inn í framtíðina en án þess að nokkuð sé gert til að efla og bæta skólastarfið. Af hálfu fjmrn. og ríkisstjórnarinnar er hjakkað í saman farinu og talað um breytingar á launakerfum. En það eru ekki ný launakerfi sem þurfa að koma til sögunnar. Það er meira fjármagn sem þarf að koma til ef leysa á þessa deilu.

Auðvitað á Alþingi kröfu á því að fá núna upplýsingar frá hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. um hvað stendur til að gera til að leysa þessa deilu. Hvaða áform eru uppi? Á að bíða dag eftir dag og viku eftir viku? Á að bíða fram á næsta ár? Á að halda þúsundum nemenda utan skólanna? Á að halda 1.400 kennurum í verkfalli? (**Gripið fram í:** Hvað vill þingmaðurinn gera?) Ég vil fá svör. Ég vil viðbótarfjármagn inn í skólakerfið til að leysa þessa deilu.

[15:08]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Staða þessa máls er svo grafalvarleg að ekki verður undan því vikist að taka það upp hér á Alþingi. Það eru ekki góð skilaboð sem berast frá samninganefnd kennara sem í þessari alvarlegu stöðu hefur nánast ekki fengið neitt tilboð af hálfu ríkisstjórnarinnar nema um kjaraskerðingu, þ.e. að afsláttur af kennslu sem kennurum var veittur í samningum 1997 vegna lengingar kennslutíma og þrengingar prófatíma verði tekinn af. Þetta hafa þeir gerst svo djarfir að kalla nauðsynlegar breytingar á vinnutíma sem mundi færa kennurum launabætur. Þvílíkur blekkingaleikur.

Það hlýtur að fara að hvarfla að þeim sem bera skólastarf í íslenskum framhaldsskólum fyrir brjósti að fyrir Sjálfstfl. vaki að nota þetta tækifæri til að slá pólitískar keilur með því að lítillækka framhaldsskólakennara, hvað sem þeir halda svo að þeir geti fengið upp úr því.

Hæstv. menntmrh. hlýtur að gera sér ljóst að það verður enginn framhaldsskóli rekinn án kennara, jafnvel þó allir fái fistölvu. En það er þó gert opinbert í grein, sem hv. talsmaður Framsfl. í þessu máli skrifar í DV í dag, að Framsfl. er einhuga í að styðja grunnskólakennara í þessu máli. Það liggur því fyrir að ríkisstjórnin er klofin í málinu ef marka má orð hv. þm. Það virðist ekki vera málinu til framdráttar nema síður væri og er þá illa komið fyrir garminum honum Katli.

Sem gamall samningamaður get ég sagt að það er ekki gert með annarri hendinni á nokkrum dögum að breyta vinnutímafyrirkomulagi og reisa nýja kjarasamninga á þeim grunni. Hlýtur ekki í þessari stöðu, hæstv. forseti, að þurfa að reyna að gera aðlögunar- og framgangssamning til skamms tíma og nota síðan þann tíma til þess að fara í vinnutímann?

[15:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vildi að maður gæti talað undir þessum lið um störf þingsins. Það er athyglisvert að málshefjendur hér, þrír talsins, skuli sjá sér leik á borði og misnota ákvæði þingskapa til að fjalla um flókna og viðkvæma deilu sem vissulega er hér uppi að því er varðar framhaldsskólakennara.

En þannig er að þegar tveir aðilar deila þá þurfa báðir að leggja sig fram um að ná samningum. Svo hefur ekki verið í þessari deilu. Kjarakröfur kennaranna eru því miður enn þá uppi í skýjunum, rúmlega 70% miðað við tveggja ára samningstíma. Það sjá auðvitað allir og það vita kennararnir líka sjálfir að það er ekki hægt að ganga að þessum kröfum. Það getur núverandi ríkisstjórn ekki gert og það gæti engin ríkisstjórn gert við núverandi aðstæður.

Ég leyfi mér að spyrja hv. fulltrúa Samfylkingarinnar: Mundu þeir treysta sér til að ganga að rúmlega 70% kauphækkunum ef þeir sætu í ríkisstjórn sem þeir svo mjög þrá? Ég þarf ekki að spyrja hv. formann BSRB. Hann mundi auðvitað vilja borga það og þar með öllum félagsmönnum sínum í kjölfarið og öllum landsmönnum.

Það er ekkert gamanmál að reyna að leysa svona deilu. Það verður ekki gert með upphrópunum úr ræðustól Alþingis. Það verður gert við samningaborðið þar sem samninganefndirnar eigast við og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Af hálfu samninganefndar ríkisins hafa verið lagðar fram ákveðnar hugmyndir. Þær hafa verið hunsaðar af hálfu samninganefndar kennara. Það er þess vegna rétt að lítið hefur miðað. En menn verða að halda áfram við samningaborðið, að tala sig fram að niðurstöðu um þessi mál. En, eins og ég segi, það gerist ekki nema kennararnir komi sér niður úr skýjunum.

[15:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Því miður er þessi deila flóknari en svo að við getum leyst hana í umræðum á Alþingi. Sama hve oft menn nota þingsköpin eða misnota til þess að ræða þessi mál, hún leysist ekki hér á þessum stað. Hún leysist við samningaborðið. Við sem höfum fylgst með framvindu mála höfum að sjálfsögðu áhyggjur af því þegar svo er komið eftir tvær vikur að kennarar halda enn við rúmlega 70% launakröfu og telja að hvað eina sem sagt er til þess að koma hreyfingu á málið sé frekar skref aftur á bak en til lausnar.

Ég fullyrði að þær hugmyndir sem menntmrn. hefur komið með inn í þessar viðræður hefðu getað stuðlað að lausn og breyttum aðstæðum í viðræðunum ef kennarar hefðu ekki tekið þeim með því hugarfari sem gert hefur verið. Það vekur mér ekki bjartsýni um lausn þessarar deilu hvernig kennarar

bregðast við þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið. Þeir halda fast við þá kröfu sína að launahækkun verði yfir 70% á tveimur árum.

Ég spyr eins og hæstv. fjmrh.: Hvaða þingmaður, við núverandi aðstæður í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar, telur sig í stöðu til að fallast á slíkar kröfur? Hvaða þingmaður getur staðið hér upp og sagt að skynsamlegasta niðurstaðan á þessari deilu sé að fallast einhliða á kröfur kennara, taka málin út úr því samningaferli sem nú er í stað þess að leitast við að ná niðurstöðu í samningunum, eins og nauðsynlegt er og eins og þær leikreglur mæla fyrir um sem við störfum eftir, jafnt ríkisvaldið sem kennarar?

[15:14]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólakennara hefur nú staðið hálfan mánuð. Það hefur þegar haft alvarlegar afleiðingar fyrir nemendur skólanna. Furðuhljótt hefur verið um þessa alvarlegu stöðu úti í þjóðfélaginu. Eins má segja að hér sé valin óvenjuleg leið til að vekja athygli þjóðarinnar á alvarleika málsins og hvetja samningsaðila til að leggja hart að sér til að ná samningum og leysa þessa deilu.

Samkvæmt nýjustu fréttum miðar ekkert áfram í samningaviðræðunum og ef eitthvað er þá hafi frekar verið stigin skref aftur á bak. Engar vísbendingar eru komnar fram á þinginu um að meira fjármagn eigi að koma inn í framhaldsskólana. Verkfall sem þetta bitnar harðast á þeim nemendum sem veikastir eru fyrir, bæði í námi og eins félagslega. Þeir flosna úr námi ef þeir hafa ekki mætingarskyldu og hafa ekki aðhald og stuðning kennara og skólaumhverfisins. Eftir að framhaldsskólanemendur eru komnir í vinnu er freistandi fyrir marga að sleppa því sem eftir er annarinnar þó að samningar komist á, sérstaklega þar sem mikil eftirspurn er eftir vinnuafli hér á höfuðborgarsvæðinu og þrýstingur á að halda fólki í verslunarstörfum fram að jólum. Þeim sem þegar hafa gefist upp við heimanám og hafa ekki vinnu er hætt við vanlíðan og þunglyndi. Það getur þurft nokkurn dug til að koma sér aftur til náms.

Herra forseti. Framhaldsskólanemar sem verða að sækja nám fjarri heimabyggð hafa lagt út fyrir töluverðum kostnaði vegna búsetuskipta, þ.e. greitt gjald fyrir heimavist eða leigu og mötuneyti auk annarra útláta. Tiltrú nemenda á framhaldsskólanám minnkar eftir því sem verkfallið dregst á langinn. Ef hægt er að halda úti verkfalli svo lengi að allt námsferli raskist þá hlýtur að vera holrúm undir öllum yfirlýsingum stjórnvalda um mikilvægi góðrar menntunar þjóðarinnar og að upp sé runnið nýtt tímabil í atvinnusköpun á tækniöld.

[15:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Viðbrögð *ríkisstjórnarinnar eru* alveg dæmalaus. Hér eru 20 þúsund nemendur utan skóla. Þeir hafa flosnað upp. Sumir eru farnir að vinna, aðrir eru komnir á næturrölt. Þeir sem vinna með félagsleg vandamál hafa lýst því yfir að þeir hafi miklar áhyggjur af því hvað gerist. Í hádegisfréttum var fjallað um hverjar afleiðingar verkfallið 1995 og niðurstaðan þá hafði á það hverjir flosnuðu upp úr skóla.

Svo koma ráðherrarnir hér meðan við erum með áhyggjur af 20 þúsund nemendum og tala um þingskapaumræður og hengja sig í form eða því undir hvaða formi við séum að ræða þetta alvarlega vandamál og segja svo: 70% kjarakröfur, mundi Samfylkingin ganga að því?

Við sitjum ekki við þetta borð. Við höfum ekki aðgang að þessu samningsborði. Við komum hér og spyrjum: Er önnin töpuð? Er enn þá hægt að bjarga? Munu nemendur flosna upp úr skóla? Ætlar ríkisstjórnin að axla ábyrgð og bregðast við? Þetta er spurningar okkar af því að foreldrar eru áhyggjufullir og hafa samband við þingmenn, væntanlega líka þingmenn stjórnarliðsins.

Herra forseti. Það hefur verið langur aðdragandi að því að þessi deila er núna í hnút og á það bentum við í utandagskrárumræðu fyrr í haust, langur aðdragandi meðan ríkisstjórnin gerði ekkert og flaut að feigðarósi með þeim hætti sem nú blasir við. Ekki koma og spyrja: Hvað ætlið þið að gera? Nefnilega vegna þess að þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn valdsins, er með þetta á ábyrgð sinni. Það er hún sem leysir deiluna, ekki stjórnarandstaðan.

En stjórnarandstaðan kemur hér óháð öllu formi og spyr óþægilegu spurninganna sem er ekki hægt að svara.

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér verður að umhugsunarefni yfirlýsing hæstv. fjmrh. og reyndar hæstv. menntmrh. einnig á þá leið að þessi kjaradeila sé ekki viðfangsefni þingsins. Þetta séu flóknir samningar sem eigi að leysa við samningsborðið.

Að hluta til er þetta alveg rétt. En að verulegu leyti er þetta rangt. Vegna þess að kjaradeilan snýst um peninga og hún snýst um fjárveitingar frá Alþingi. Ríkisstjórnin vill hins vegar stilla dæminu upp á allt annan veg. Hún lítur fyrst og fremst á þetta sem deilur um kerfisbreytingar innan skólakerfisins og innan launakerfisins. Kennarar efna til verkfalls til að bæta kjör sín eða berjast fyrir bættum kjörum. Ríkisstjórnin vill hins vegar þröngva þeim inn í annað launakerfi, skapa einstaklingsbundna samninga, og sú spurning vaknar hvort hún vilji helst greiða götu einkalausna í skólakerfinu. Framsfl. lætur hafa sig inn á það þótt hann tali stundum annarri röddu í umræðu um þessi mál.

Um þetta snýst deilan. Hún snýst um hvers konar skólakerfi við ætlum að reka í landinu og hvers konar launakerfi við ætlum að hafa. Síðast stendur hitt eftir óhaggað að til þess að leysa deiluna verður viðbótarfjármagn að koma til sögunnar og þar kemur til kasta Alþingis.

Þess vegna er það rangt sem þeir halda fram, hæstv. ráðherrar, að þetta mál verði ekki leyst í sölum Alþingis. Það er viðfangsefni Alþingis að leysa þessa deilu.

[15:20]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki á mér setið að koma upp öðru sinni og vekja athygli á því að það eru aðallega hæstv. ráðherrar sem stöðugt halda á lofti því sem þeir kalla 70% *kjarakröfur framhaldsskólakennara. Mér er kunnugt um* að innan samninganefndarinnar er ekkert verið að ræða á þeim nótum og í rauninni er eina tilboð um launahækkun sem komið hefur frá ríkinu er á sömu nótum og Flóabandalagið fékk. Ég veit ekki hvernig fólk metur það í dag eftir að allt það hefur gengið í gegn sem við höfum horft upp á hjá öðrum háskólamönnum, og auðvitað miða framhaldsskólakennarar sig við þá. Ég held að engum geti þótt það óeðlilegt.

Ég held að það sé rétt sem hér hefur komið áður, hér þarf að setja inn peninga. Það þarf að setja inn peninga til að launa framhaldsskólakennara þannig að þeir vilji gegna þessu starfi áfram. Annars eru þeir bara farnir og þá verða engir skólar reknir. Ég hef ekki séð glytta í þá peninga enn

í þessum viðræðum og ég held að það hljóti að koma að því að það verði að fara að sýna þá en ég vil að það komi fram að ég tel að það verði mjög erfitt að ná niðurstöðu um miklar breytingar á vinnutíma á svo stuttum tíma sem hér er um að ræða. Ég mundi telja efnilegt að gerður yrði bráðabirgðakjarasamningur og sá tími svo notaður til að ræða breytingar á vinnutíma. Ég held að óásættanlegt sé að halda öllum kennurum og nemendum landsins utan skóla meðan slíkar viðræður fara fram því að þær geta dregist á langinn.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Kennaradeilur undanfarinna ára eru örugglega öllum hv. þm. í fersku minni. Örugglega þekkja allir þingmenn til þess skaða sem slíkar deilur hafa valdið fyrir nemendur, fyrir skólastarfið og fyrir fjölskyldurnar í landinu. Samt sem áður er það þannig að í dag standa menn frammi fyrir því að margra missira vitneskja um að það stefndi í þetta verkfall sem nú er skollið á hefur ekki verið notuð til þess að leysa málið. Ásakanir um að nú sé ekki vilji hjá kennurum fyrir því að ganga til samninga við ríkið eru þess vegna hjákátlegar, einfaldlega af því að hér er orðið ljóst að tíminn var ekki notaður. Fyrir örstuttu kom í ljós að menn stóðu í sömu sporum og þeir gerðu áður en menn vissu að í þetta stefndi.

Menn tala um að hér sé verið að misnota þingsköpin. Gott og vel. Menn geta kallað það því nafni. Hér hefur verið rætt um störf þingsins af minna tilefni en þessu vil ég þó meina. Ég tel enga ástæðu til þess að menn séu feimnir að ræða þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni undir þessum lið ef ekki fæst tækifæri til þess með öðrum hætti. Það verður að segjast eins og er að það er ekki að heyra á þeim umræðum sem hér hafa orðið af hálfu hæstvirtra ráðherra að verið sé á einhverjum sérstökum samningabuxum. Mér finnst miklu fremur hægt að sjá að þar eru menn með ásakanir á lofti og þar er ekki verið að leiða fram þá niðurstöðu sem þarf að nást fram í samningum og hún verður að koma innan mjög skamms tíma svo ekki verði þetta óbætanlega tjón sem allir hafa séð að hefur orðið í þeim verkföllum sem hafa verið á undanförnum árum.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 73. mál (endurskoðun, ráðstöfun jarða). — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tilnefning Eyjabakka sem votlendissvæðis á skrá Ramsar-samningsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnumál landsbyggðar og byggðastefna stjórnvalda.

[15:27]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í frétt frá Þjóðhagsstofnun nýlega var greint frá könnun á atvinnuástandi í september sl. Þar kemur fram að atvinnurekendur á landsbyggðinni vilja helst fækka starfsmönnum um tæplega 400 manns með nokkrum undantekningum þó. Þessi fækkun samsvarar liðlega 1% af vinnuafli á landsbyggðinni og er eftirspurn eftir vinnuafli þar í sögulegu lágmarki og fer minnkandi í flestum atvinnugreinum. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur eftirspurn eftir vinnuafli á landsbyggðinni ekki mælst minni í september frá því að mælingar hófust fyrir 15 árum.

Á höfuðborgarsvæðinu er eftirspurn eftir starfsmönnum hins vegar í sögulegu hámarki. Þar vantar liðlega þúsund manns til starfa sem er um 1,6% af vinnuafli og áætlað er að eftirspurn eftir vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu vaxi um 3% næstu 12 mánuði.

Þetta er ástæða þess, herra forseti, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að ræða um ástand og horfur í atvinnumálum landsbyggðarinnar og byggðastefnu stjórnvalda um þessar mundir. Áframhaldandi byggðaröskun og niðurstaða áðurnefndrar könnunar Þjóðhagsstofnunar eru alvarleg tíðindi sem rétt er að taka til umræðu á Alþingi. Stjórnarflokkarnir hafa sett sér háleit markmið til að sporna gegn byggðaröskun en lítið hefur orðið um efndir þeirra markmiða.

Spyrja má eftirfarandi spurninga:

Hefur byggðaáætlun Alþingis virkað hingað til eða hefur byggðaáætlun kannski aldrei komið til framkvæmda? Rétt er að taka fram að umræður og úttektir á vanda landsbyggðarinnar skortir ekki. Það sem skortir á er að þeim úttektum og umræðum verði fylgt eftir með beinum aðgerðum og hugmyndum verði hrint í framkvæmd. Það hefur ekki verið gert. Íbúar landsbyggðarinnar hafa fengið nægan skammt af loforðum og háleitum markmiðum í ýmsum áætlunum en það sem fólkið býður hins vegar eftir og það sem sárvantar nú eru markvissar úrbætur til þess að sporna gegn áframhaldandi byggðaröskun.

Kröftugt átak í atvinnumálum landsbyggðarinnar er langþýðingarmest um þessar mundir og þolir enga bið. Við þurfum svæðisbundið stöðumat á ástandi og horfum í atvinnumálum fjölda byggðarlaga úti á landi og vil ég hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir slíkri úttekt. Við þurfum tafarlausar aðgerðir til að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og sóknaraðgerðir fyrir nýsköpun í atvinnumálum. Nýsköpun í atvinnumálum landsbyggðarinnar hefur aldrei verið jafnmikilvæg og einmitt nú. Þess vegna er mikilvægasta verkefni stjórnvalda og byggðastefna nútímans að stuðla að stofnun nýrra atvinnutækifæra og skapa aðstæður til að þau nái að festa rætur. Auk þess að efla þá starfsemi sem nú er fyrir hendi.

Herra forseti. Ýmsar nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarflokkanna og stefna þeirra eru sérstaklega íþyngjandi fyrir íbúa og atvinnurekstur landsbyggðarinnar. Nægir þar að nefna breytingar á þungaskatti sem hafa haft í för með sér 30–40% hækkun flutningsgjalda frá árinu 1998 hjá flutningafyrirtækjum sem keyra mest og lengst eða um 100 þús. km á ári. Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka mun hafa í för með sér stórfækkun starfa á landsbyggðinni, sérstaklega hjá konum. Einnig má nefna hávaxtastefnu stjórnvalda og gengislækkun krónunnar sem íþyngir öllum atvinnurekstri stórlega. Svo má líka nefna fjölmarga sérstaka landsbyggðarskatta hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Í samanburði okkar við hin Norðurlöndin kemur fram sú staðreynd að vandinn í byggðamálum er óvíða meiri en á Íslandi en aðgerðir eru þó á fæstum stöðum minni en einmitt hér á landi. Það er líka staðreynd að við Íslendingar verjum minnstu fé til byggðaþróunar á Norðurlöndum. Þess má einnig geta að framlag okkar Íslendinga er að mestu lánsfé og það dýrt lánsfé miðað við vexti í dag. En á hinum Norðurlöndum er um stofnstyrki og skattaívilnanir til atvinnuppbyggingar að ræða á landsbyggðinni.

Þá atvinnuháttabreytingu sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarna tvo áratugi má rekja hingað til Alþingis og á ég þá sérstaklega við stefnuna í sjávarútvegsmálum. Í samantekt Stefáns Ólafssonar prófessors um orsakir búferlaflutninga segir m.a., með leyfi forseta:

„Eigendur kvótans hafa við núverandi skipan fengið vænlega útgönguleið úr greininni með því að selja frá sér kvótann, en með því er lífsbjörgin hins vegar seld frá ... íbúum minni sjávarbyggðanna. Það fólk á um fátt annað að velja en að *flytja brott þegar svo er komið og jafnvel skilja eftir afrakstur* ævistarfsins í verðlausu húsnæði, ef fólkið þarf þá ekki að taka með sér skuldir af því að auki.“

Byggðaröskun undanfarinna ára er vegna ákvarðana Alþingis og á ábyrgð Alþingis og ríkisstjórnar. Um síðustu áramót voru byggðamál flutt til iðnrn. og ný lög sett og ný stjórn kosin fyrir Byggðastofnun. Hvort þessi ákvörðun eigi eftir að verða til góðs kemur vonandi í ljós fljótlega, en reynslutíminn er liðinn. Stjórn Byggðastofnunar hefur farið í kynnisferð til Noregs og Evrópusambandsins til að kynna sér hvernig staðið er að byggðamálum þar.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. iðnrh.:

Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í framhaldi af niðurstöðum könnunar Þjóðhagsstofnunar sem ég hef hér gert að umtalsefni?

Hvaða nýjar hugmyndir er ráðherra með um atvinnusköpun á landsbyggðinni?

Eigum við von á stefnubreytingu í byggðamálum nú þegar eins árs afmæli byggðamála hjá iðnrn. er á næsta leiti?

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Nú liggja fyrir tölulegar upplýsingar um búferlaflutninga fyrstu níu mánuði ársins sem eru með nokkuð öðrum hætti en verið hefur um langt skeið. Þær sýna að dregið hefur úr búferlaflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem er staðfesting á því að breytingin sem við fyrst sáum móta fyrir í vor hefur haldið áfram. Ekki þori ég að vona að orðið hafi viðvarandi umsnúningur í fólksflutningum en þessi þróun ætti engu að síður að geta verið okkur öllum nokkur vísbending um að unnt er í raun að snúa vörn í sókn.

Það sem vekur ekki síst athygli varðandi þessar tölur Hagstofunnar er að flutningur af höfuðborgarsvæðinu út á land hefur ekki aukist. Þetta á þó aðeins við um svæðið umhverfis Reykjavík, en bæði á Suðurnesjum og Vesturlandi eru fleiri aðfluttir en brottfluttir innan lands og á Suðurlandi er munurinn lítill. Það eru þéttbýlissvæðin í þessum landshlutum sem draga helst til sín fólkið. Á Vesturlandi eru það Akranes og Borgarbyggð, og Selfoss og Hveragerði á Suðurlandi. Þá er einnig sýnileg breyting á Akureyri.

Því miður heldur áfram að fækka í sveitunum eins og verið hefur um langt skeið. Eina meginorsök fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins má eflaust rekja til breytinga í hefðbundnum atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði og mikillar þenslu í allri atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1996–2000 sköpuðst 1.900 ný störf í hinu svokallaða nýja hagkerfi, þ.e. hátæknifyrirtækjum í hugbúnaðargerð, líftækni og fjarskiptum. Þetta er um 100 störfum fleiri en þau sem töpuðust í landbúnaði og sjávarútvegi samanlagt á sama tíma. Ég tel að atvinnuþróunarstarf stjórnvalda þurfi í meiri mæli að beinast að því að ný störf sem skapast í þessum tæknigreinum verði hornsteinn atvinnuþróunar á landsbyggðinni á næstu árum.

Flestum er ljóst að hinar hefðbundnu atvinnugreinar munu í framtíðinni ekki standa undir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni í þeim mæli sem verið hefur fram til þessa. Vissulega munu þessar atvinnugreinar eflast í takt við tæknilegar framfarir og nýja þekkingu. En störfum í þessum greinum mun halda áfram að fækka. Ný sókn í byggðamálum sem hefur það að markmiði að tryggja varanlega atvinnuuppbyggingu þarf því að byggja á nýjum forsendum. Við þurfum að hverfa frá aðgerðum er miða að því að viðhalda hefðbundnu atvinnulífi. Reynslan hefur sýnt að slíkar ráðstafanir geta e.t.v. mildað tímabundin skakkaföll en hafa lítil varanleg áhrif. Í stað þess þarf nýja nálgun sem er uppbygging á nýrri atvinnustarfsemi sem byggir á nýrri þekkingu.

Ég tel að við þurfum að laga starfsemi Byggðastofnunar að breyttum tímum. Starfsemi hennar þarf í meiri mæli að beinast að því að stuðla að nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Að sama skapi ætti að breyta áherslum í lánastarfsemi stofnunarinnar, sérstaklega hvað varðar útlán til hefðbundinna atvinnugreina. Hins vegar þarf að verja meira fé til starfsemi Byggðastofnunar en nú er gert til að gera stofnuninni kleift að taka virkan þátt í verkefnum er lúta að atvinnuuppbyggingu.

Í tengslum við flutning Byggðastofnunar á Sauðárkrók gefst tækifæri til að endurskipuleggja starfsemi hennar og

setja fram nýjar áherslur fyrir starfsemina. Ég tel að auk lánastarfseminnar eigi meginviðfangsefni Byggðastofnunar að vera átaksverkefni. Sem dæmi vil ég nefna að stofnunin hafi frumkvæði að því að setja af stað átaksverkefni á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni í samræmi við þær áherslur sem ríkisstjórn og iðnrn. setja á hverjum tíma.

Ég nefni þróunarsetur. Til að tryggja betur yfirfærslu þekkingar þarf að efla starfsemi þróunarsetra. Það þarf m.a. að gera með því að tengja starfsemi þeirra enn betur en nú er við menntakerfið í landinu. Til að framkvæma þetta þyrfti Byggðastofnun að ráða yfir fjármagni til að hafa forgöngu um stofnun og eflingu slíkra setra. Aðilar að þróunarsetrum yrðu fyrst og fremst atvinnuþróunarfélög, háskólar, rannsóknarstofnanir atvinnuveganna og fyrirtæki.

Hæstv. forseti. Byggðastofnun er um þessar mundir að leggja lokahönd á skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar sem Alþingi samþykkti í mars 1999 í formi þingsályktunar. Ég mun leggja skýrsluna fyrir Alþingi þegar vinnu við hana er lokið, en þá gefst jafnframt tækifæri til að fjalla um það hvernig til hefur tekist. Í framhaldi af umræðu um skýrsluna mun ég setja af stað vinnu til að móta tillögur um nýja byggðaáætlun sem þá ætti að koma til framkvæmda þann 1. janúar árið 2002.

[15:38]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að vitna í grein eða úttekt sem Morgunblaðið gerði fimmtudaginn 2. nóvember 2000 og vitnar í Viðskiptablaðið. Þar kemur fram að eftirspurn eftir vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki í annan tíma mælst meiri á þessum tíma árs samkvæmt könnun Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi í september. Eftirspurnin er nú 1,6% af vinnuaflinu eða rúmlega eitt þúsund manns. Þetta hefur komið fram áður. Mest er eftirspurnin í byggingarstarfsemi eða um 5,4% samkvæmt könnuninni og mun eftirspurn haldast mikil áfram á höfuðborgarsvæðinu.

Á landsbyggðinni eru aðstæðurnar aðrar en þar hefur eftirspurn ekki áður verið minni. Þó dró enn úr eftirspurn eftir vinnuafli og er vilji til að fækka þar um 1,1% eða 390 manns. Þetta á þó ekki við um Suðurland, Suðurnes og Akureyri.

Vandi landsbyggðarinnar, virðulegi forseti, er fyrst og fremst stefnuleysi stjórnvalda í innanríkismálum. Hér er ekkert sem kemur á óvart. Það hefur komið fram í þjóðhagsspám og þjóðhagsúttektum að stöðugt er dælt inn fjármunum í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og afleiðingin er sem raun ber vitni. Einkavæðingin hefur líka dregið úr þjónustu á landsbyggðinni án þess að nokkrar mótvægisaðgerðir hafi komið til og ekkert gengur að færa störf út á land eins og góð áform hafa verið um. Þess vegna er við hæfi að spyrja hæstv. iðnrh.:

Hverjar eru mótvægisaðgerðir stjórnvalda vegna einkavæðingar og hagræðingar hjá opinberum fyrirtækjum, en þar hefur störfum fækkað mest úti á landsbyggðinni?

Hvernig gengur að færa opinber störf út á land eins og margoft er rætt um á hátíðastundum á hinu háa Alþingi?

[15:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Störfum fækkar í sjávarútvegi og landbúnaði. Það er staðreynd sem hagtölur sýna okkur. Tæknivæðing og hagræðing hefur leitt til þess. Störfum fjölgar í hátæknifyrirtækjum, í hugbúnaðargerð, í líftækni og fjarskiptum, þ.e. hinu nýja hagkerfi.

Verkefni okkar hlýtur að vera að skapa það umhverfi á landsbyggðinni að þar geti menn tekið þátt í hinu nýja hagkerfi. Það hefur m.a. verið gert með því að stofna framtakssjóði sem eiga að sinna verkefnum á sviði nýsköpunar í þeim greinum sem eru uppistaðan í nýja hagkerfinu. Þingsályktun um stefnu í byggðamálum sem samþykkt var á Alþingi í mars 1999 tekur á þessu atriði. Til að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum hefur verið komið á fót eignarhaldsfélögum í öllum landshlutum og framlag ríkissjóðs til þeirra er samtals 300 millj. kr. á ári. Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs hefur til ráðstöfunar 1 milljarð kr. og er honum ætlað að stuðla að nýsköpun í atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni.

Hafið er átak í þá átt að flytja verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og annarra opinberra fyrirtækja út á landsbyggðina til fjarvinnslu. Það hefur gengið heldur hægar en mörg okkar hefðu óskað. Það kom í ljós í skýrslunni Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni sem kom út síðastliðið haust, að miklir möguleikar eru til ef vilji opinberra stofnana er fyrir hendi. Upplýsingar liggja fyrir um að í ráðuneytum er víða verið að vinna að þessum verkefnatilflutningum af miklu kappi.

Ferðaþjónusta er í örum vexti um þessar mundir. Margt hefur verið gert til að efla þá atvinnugrein út um land. En betur má ef duga skal. Og víða liggur fyrir að leggja þarf í fjárfestingar til að hægt sé að sinna móttöku ferðamanna. Fjármagn til slíkrar grunnfjárfestingar liggur ekki á lausu. Nauðsynlegt er að huga að því hvernig beri best að leysa úr því máli.

Hæstv. forseti. Við vitum að atvinnuástand er gott á landinu í heild. Það er hins vegar augljóst að bregðast verður við þegar atvinnuhættir breytast eins ört og við verðum vitni að um þessar mundir.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við atvinnuástand á landsbyggðinni og byggðastefnu. Ég hef sagt það nokkrum sinnum í þessum ræðustól á þessu hausti að hina raunverulegu byggðastefnu sem mér finnst vera í framkvæmd hafi ég kallað eyðibyggðastefnu og það ekki að ástæðulausu. Það er ekki hægt að halda því fram að landsbyggðarfólk hafi ekki varað við því hvaða afleiðingar stefnan sem á að halda landsbyggðinni í byggð, sjávarútvegsstefnan sem á að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu, hafi haft og muni hafa á landsbyggðina.

Árið 1989 var haldinn sérstakur fundur á Ísafirði um atvinnumál sem Fjórðungssamband Vestfjarða gekkst fyrir og þá var gefin út um það þessi skýrsla hér. Þar kom fram hvaða þróun menn þóttust sjá fyrir varðandi kvótakerfið og aflaheimildir. Og þegar menn voru að velta upp þeirri stöðu sem þeir mundu lenda í þá spurðu þeir auðvitað: Hvað kemur í staðinn fyrir 80% tekjur af sjávarútvegi á Vestfjörðum? Því að þorskur, grálúða og rækja gáfu Vestfirðingum 80% af þeim tekjum sem komu inn af sjávarútvegi á Vestfjörðum. Menn spurðu eðlilega hvað kæmi í staðinn horfandi á að búið var að búa til meðalkvóta í grálúðu og færa hann út um allt land. Þorskstofninn var frekar á niðurleið. Og menn hafa síðan upplifað ástandið. Ég spyr auðvitað ráðherrann sem hér talaði áðan, hæstv. viðskrh.: Hér er verið að tala um hið nýja hagkerfi. Hvað á að koma í staðinn fyrir tekjur á lands-

byggðinni þar sem byggðin hefur fyrst og fremst blómstrað vegna fiskveiða? Hvað ætla menn að hrista fram úr erminni? Það hefur ekki tekist með þessari byggðaáætlun og ég spái því að hið nýja hagkerfi sem á að taka við á landsbyggðinni muni ekki fæðast á næstu þremur fjórum árum hversu margar skýrslur sem menn skrifa um það mál.

[15:44]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Atvinnumál og byggðaröskun á landsbyggðinni eru grafalvarlegt mál og kosta bæði fjárhagslegar og félagslegar fórnir. Hvað mun t.d. gerast ef af samruna bankanna verður sem allar líkur standa til? Tölur sem heyrst hafa eru að það eigi að leggja niður 18 útibú á landsbyggðinni. Þetta kemur auðvitað mest niður á einum hóp sem eru konur. Það er verið að tala um 200 konur og það er ekki lítil tala þegar verið er að horfa til landsbyggðar. Flestar eru eflaust á miðjum aldri, búnar að sérhæfa sig á þessu sviði. Hvað á að gera í málefnum þeirra? Er búið að að hugsa fyrir einhverjum lausnum? Eiga þær kannski allar að flytja suður?

Samkvæmt upplýsingum hæstv. forsrh. er kostnaður sveitarfélaganna 3–6 millj. á hvern einstakling sem flytur á suðvesturhornið. Ef 2 þúsund manns flytja á ári eins og reyndin er þá kostar það 6–12 milljarða á ári. Inn í þetta er ekki reiknað tap sveitarfélagsins sem flutt er frá. Til samanburðar má nefna að allar sjúkratryggingar á ársgrundvelli kosta 11 milljarða. Félmrn. með málefnum, manni og mús, kostar 14 milljarða. Framhaldsskólinn kostar 7 milljarða. Háskólinn kostar 4 milljarða. Við erum að tala um óheyrilega mikið af peningum. Eins og ég segi, þetta eru ekki litlar upphæðir.

Þingmenn geta sjálfir reiknað hvað það muni kosta ef 200 konur ásamt fjölskyldu geta ekki lengur verið í heimabyggð sinni vegna skorts á atvinnutækifærum.

Svona getur þetta ekki haldið áfram, byggðaröskunina verðum við að stöðva á einhvern hátt. Slíkt mundi auðvitað draga úr þenslu og verðbólgu, landsmönnum öllum til heilla. Það þarf að skoða af fullri alvöru hvert við stefnum í þessum málum, það lifir enginn á háleitum markmiðum. Við þurfum aðgerðir.

[15:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Við leysum ekki byggðavandamál með utandagskrárumræðu eins og þessari. Við landsbyggðarmenn eigum það til að tala okkur niður í þunglyndi og gera allt of lítið úr kostum þess að búa úti á landi. Ég er einn þeirra sem fyrir 10 árum fluttu úr höfuðborginni út á landsbyggðina þannig að ég hef ágætisreynslu af því. Við gleymum oft kostum þess að búa úti á landsbyggðinni, gleymum kostum þess að ala þar upp börn, þar er oft stutt í leikskóla, skóla, tómstundaiðju og ýmiss konar starf sem er mun léttara að sækja úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Að sjálfsögðu verðum við að skapa spennandi atvinnutækifæri úti á landsbyggðinni til að enn þá betra verði að búa þar. Ég varð ekki var við miklar lausnir í ræðu hv. þm. Kristjáns Möllers þegar hann fjallaði um málefni landsbyggðarinnar. Ég heyrði hann ekki tala um lausnir í þessum efnum, sem er auðvitað mjög nauðsynlegt.

Mér þótti athyglisvert að heyra þegar hæstv. iðnrh. fjallaði um að í deiglunni væri að setja á ákveðin þróunarsetur. Það er sjálfsagt að tengja þessi þróunarsetur við háskólana á landsbyggðinni og atvinnuþróunarfélögin, vegna þess að atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni hafa unnið mjög gott starf. Það þarf auðvitað að útvega þeim meiri peninga til þess þau geti gert enn þá meira.

Mér fannst líka mjög athyglisvert að hlusta á rektor Menntaskólans á Akureyri þegar hann var að tala um háskólamenntun. Þar kom í ljós að 80% þeirra sem sækja Háskólann á Akureyri fara til starfa úti á landsbyggðinni en einungis 20% af viðskiptafræðingum sem útskrifast úr Háskóla Íslands, 15–20% fara að vinna úti á landsbyggðinni. Allir aðrir vinna hér á höfuðborgarsvæðinu.

Þarna eru atriði sem við þurfum að leggja mikla áherslu á. Við þurfum að byggja upp betri menntun á landsbyggðinni, þannig getum við haldið í það unga fólk sem er að mennta sig.

[15:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa ályktað um aðgerðir í skattamálum til jöfnunar lífskjara. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til þeirrar ályktunar:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra ítrekar ályktun 8. ársþings um byggðamál og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að beita aðgerðum í skattamálum til jöfnunar lífskjara, þannig að búseta á landsbyggðinni verði eftirsóknarverð og atvinnustarfsemi njóti þar jafnræðis. Til að ná fram þessum markmiðum bendir stjórnin á eftirfarandi leiðir:

1. Útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaða verði frádráttarbær frá skatti.

2. Stuðningur ef nám krefst breyttar búsetu.

3. Lægra afborgunarhlutfall námslána.

4. Þungaskattur af ökutækjum utan 100 km radíuss frá Lækjartorgi lækki um 30%.

5. Fella niður flugmiðaskatt.

6. Atvinnustarfsemi utan 100 km radíuss frá Lækjartorgi verði undanþegin almennu tryggingagjaldi sem núna er 3,99%.

7. Landbúnaður verði undanþeginn atvinnutryggingagjaldi sem nú er 1,15%."

Herra forseti. Þeir sveitarstjórnarmenn sem þarna ályktu þekkja vel hvað við er að fást. Þeir bera ekki svartsýni í brjósti gagnvart umbjóðendum sínum en þeir vita hvar á brennur. Þess vegna senda þeir frá sér þessa tillögu.

Það er svo, herra forseti, að í gegnum skattkerfið á ríkisvaldið möguleika á að jafna lífskjör og búsetuskilyrði fólks og þeim aðgerðum ber að beita. Þetta er gert víða í nágrannalöndum okkar og ætti alveg eins að vera hægt hér. Ég vil ítreka að í gegnum skattkerfið getum við jafnað lífskjör og haft áhrif á þær aðstæður sem fólk býr við.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Er eitthvað á döfinni í þessum efnum? Skattpíningin vegna fasteignaskattsins var jú leiðrétt og lagfærð, sem var lofsvert í sjálfu sér, en eru aðrar aðgerðir og virkari á leiðinni?

[15:51]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að heyra í máli hv. málshefjanda að hann var hálfpartinn að tala gegn hagræðingu í atvinnulífinu á landsbyggðinni. Við lifum á hagræðingartímum og það er ekki hægt að bæta lífskjör þeirra sem starfa úti á landi eða hvar sem er, án þess að þessi hagræðing fái að ganga í gegn, hvort sem það er í sjávarútvegi, landbúnaði eða í bankakerfinu. Það þýðir ekki að koma hingað og býsnast yfir hagræðingu í bankakerfinu

og jafnframt yfir háum vöxtum. Það hangir náttúrlega algjörlega saman að hagræða í bankakerfinu og ná vöxtunum niður.

Ef við skoðum aðeins það sem gerst hefur þá sjáum við að aðgangur fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni hefur líklega aldrei verið betri en núna. Það hefur verið nefnt það sem unnið er að í tengslum við Nýsköpunarsjóð og eignarhaldsfélög. Síðan hafa almennir fjárfestar verið óhikandi við að setja fé í góð fyrirtæki úti á landi. Það ætti málshefjandi, hv. þm. Kristján Möller, að þekkja með því að ganga um heimabyggð sína. Líklega hefur hvergi á landinu verið fjárfest jafnmikið að tiltölu og á Siglufirði á undanförnum árum.

Til þess hins vegar að leysa þau vandamál sem fylgja búsetuþróuninni, þá duga engar töfralausnir. Það þarf að sjálfsögðu að hlúa að framtaki, byggja upp grunnkerfið og hlúa að menntamálum. En síðast en ekki síst kom mér verulega á óvart að hv. þm. skyldi segja að lægra gengi krónunnar kæmi sér illa fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni. Það er þvert á móti þannig að lækkun á gengi íslensku krónunnar hefur komið vel við sjávarútveginn, hún kemur ferðaþjónustunni vel og yfirleitt þeim atvinnugreinum sem við erum að reyna að byggja upp úti á landsbyggðinni.

[15:53]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég hef mál mitt á að lýsa yfir skelfingu yfir stöðunni í samningamálum framhaldsskólakennara og ríkisins og horfunum fyrir framhaldsskólanema af þeim sökum.

Með leyfi forseta, þá vitna ég í ræðu Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, um byggðamál, án þess að slíta á nokkurn hátt úr sambandi við innihald þeirrar ræðu. Þar segir:

„Þvert gegn því sem stjórnvöld halda fram hefur byggðastefna sú sem hér hefur verið rekin á undanförnum árum fyrst og fremst miðað að því að efla höfuðborgarsvæðið á kostnað landsbyggðarinnar."

Og síðar í sömu ræðu: „Stjórnvöld hafa stýrt nær allri erlendri fjárfestingu og uppbyggingu þekkingar- og upplýsingagreina inn á höfuðborgarsvæðið og er því ekki að undra að byggðaröskunin verði svo mikil hér á landi."

Þetta er ömurlegur vitnisburður sem ríkisstjórnin og forusta forsrn. fær fyrir byggðastefnu undanfarinna ára. Það er ekki furða að málaflokkurinn sé fluttur þaðan. Í byggðamálum ríkisstjórnar hæstv. forsrh. ber allt að sama brunni. Í stað öflugra skipaútgerða á Vestfjörðum eru aðeins eftir smábátar og smáútgerðir. Afleiðingarnar hafa verið nær stöðugur byggðaflótti og fólk hefur nánast skilið eftir lykla af húsum sínum hjá bönkunum. Nú er ætlunin að fækka bönkum og þar með starfsfólki.

Árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., er: Skortur á fólki til starfa á Reykjavíkursvæðinu og enn meiri fækkun starfa á landsbyggðinni, samkvæmt nýrri könnun.

Herra forseti. Það síðasta sem ég heyrði um atvinnumál er að nú er hugmyndin að fækka stjórnunar-, skrifstofu- og viðhaldsstörfum hjá Rafmagnsveitu ríkisins á landsbyggðinni. Ég spyr því hæstv. byggðamálaráðherra: Er þetta rétt? Ég vil gefa hæstv. ráðherra færi á að neita því.

[15:56]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram þó hún sé stutt, standi aðeins í hálftíma. Það er kannski lýsandi fyrir byggðamálaumræðu á hinu háa Alþingi. Hún er yfirleitt aldrei lengri og ekki hægt að fara í gegnum málið.

Ég fagna hins vegar því sem hæstv. ráðherra hefur boðað, að ræða hér sérstaklega skýrslu um byggðamál og bíð spenntur eftir að það verði.

En það eru nokkur atriði sem ég vil hnykkja á. Ég vil t.d. ítreka spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra: Telur hæstv. ráðherra líklegt að hann muni beita sér fyrir því að farið verði í svæðisbundið stöðumat? Það liggur fyrir að ástandið er mjög misjafnt frá einum stað til annars, þ.e. staðan í byggðamálum. Á mörgum stöðum er ástandið sem betur fer að skána og er nokkuð gott. Sem dæmi má nefna Akureyri sem m.a. er að byggjast upp sem háskólabær og nefna mætti fleiri staði.

En svo eru aðrir staðir, jafnvel í næsta nágrenni við Akureyri: Dalvík, Hrísey og Ólafsfjörður sem skoða þyrfti betur og finna lausnir í málum þeirra.

Nokkur orð um fé til byggðamála, sem hæstv. ráðherra fjallaði um. Hafa menn gert sér grein fyrir því að fjárframlög til gærukaupa, flutnings og geymslu, í búvörusamningi eru töluvert hærri en heildarframlag til Byggðastofnunar, þ.e. um 460 millj. til þess málaflokks í búvörusamningnum? Hafa menn gert sér grein fyrir því? Það er miklu lægri upphæð sem fer til byggðamála almennt.

Aðeins varðandi orð hæstv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar um að við séum að tala okkur niður í þunglyndi. Hér er enginn með neitt þunglyndi út af þessu máli en menn hafa vaxandi áhyggjur. Þær áhyggjur hafa framsóknarmenn því miður ekki, sem kemur best fram í orðum hæstv. félmrh. í svæðisútvarpi Norðurlands ekki alls fyrir löngu. Þar sagði hann að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á mölinni hér í Reykjavík. Þetta eru orð að sönnu.

Herra forseti. Ég vil enn á ný þakka hæstv. iðnrh. fyrir þátttöku hennar í umræðunni og þeim þingmönnum sem hér hafa talað. Ég ítreka að það verður spennandi að ræða skýrslu hæstv. iðnrh. um byggðamál.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og málshefjandi þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst hún hafa verið á þeim nótum sem ég held að sé affarasælla, að tala frekar á rólegu nótunum en í æsingatón sem mér finnst enginn hafa gert hér.

Við erum öll sammála um að við erum óánægð með þá byggðaröskun sem verið hefur. Við viljum öll að þessu verði breytt. Það sem hv. þm. hefur eftir samflokksmanni mínum, hæstv. félmrh., tek ég ekki undir vegna þess að Framsfl. hefur alltaf litið á það sem aðalsmerki sitt að standa með landsbyggðinni og berjast gegn byggðaröskun, þó árangurinn sé ekki meiri en raun ber vitni.

Af því sumir hv. þm. taka það ráð að kenna fyrst og fremst hæstv. forsrh. og Sjálfstfl. um þá þróun sem varð á síðasta kjörtímabili þá vil ég ekki taka undir það. Að sjálfsögðu var Framsfl. líka í þeirri ríkisstjórn og hlýtur að bera ábyrgðina jafnt á við Sjálfstfl.

Ég get hins vegar að nokkru leyti tekið undir það sem hv. þm. hafði eftir Þorsteini Gunnarssyni, rektor Háskólans á

Akureyri, að ríkisstjórnin vissi á síðasta kjörtímabili ákaflega vel að stóraðgerðir hér á suðvesturhorninu, bæði stækkun álversins í Straumsvík og nýtt álver í Hvalfirði, mundu hafa afleiðingar. Hins vegar verð ég að segja að aðkoman, þegar við framsóknarmenn komum að ríkisstjórnarborðinu, var þannig, atvinnuleysið var slíkt, að það hefði verið djörf ákvörðun að afþakka það þegar erlendir aðilar voru tilbúnir að setja mikið fjármagn inn í atvinnureksturinn.

Svo langar mig að segja það af því að nánast allir þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa talað hér hafa talað gegn því að sameina bankana vegna þess að það gæti hugsanlega fækkað störfum á landsbyggðinni. Ég lít þannig á að þetta sé stefnubreyting hjá Samfylkingunni því að formaðurinn talaði þannig fyrir nokkrum vikum að hann vildi sameina bankana en hann vildi láta markaðinn gera það. Er trúlegra að það hefði verið affarasælla fyrir landsbyggðina að fara þá leiðina? Ég segi nei.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, hinum almennu lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nánar tiltekið þeim ákvæðum er fjalla um barnabætur.

Í frv. þessu eru lagðar til breytingar á a-lið 69. gr. laganna er fjallar um barnabætur en breytingarnar byggjast á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar svo og yfirlýsingu hennar frá því í marsmánuði sl. í tengslum við kjarasamninga en þó þannig að frávik eru nokkur í ívilnunarátt frá því sem þar var tiltekið.

Helstu atriði frv. lúta að upptöku ótekjutengdra barnabóta, afnámi eignaskerðingar barnabóta, hækkun á bótafjárhæðum, hækkun á skerðingarmörkum tekna og lækkun á skerðingarhlutföllum vegna tekna.

Meginmarkmið breytinganna er að draga úr tekjutengingum barnabótakerfisins með upptöku ótekjutengdra barnabóta og nálægt þriðjungslækkun á tekjuskerðingarhlutföllum en miðað er við að þessar breytingar komi til framkvæmda í þremur áföngum á árunum 2001, 2002 og 2003. Nánar tiltekið felast breytingarnar á frv. í eftirfarandi atriðum.

Í fyrsta lagi er lagt til í frv. að þegar á næsta ári verði teknar upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn undir sjö ára aldri að fjárhæð 33.470 kr. á ári en þessar bætur voru áður tekjutengdar. Markmiðið með breytingunni er eins og áður segir að draga úr tekjutengingu barnabótakerfisins. Þessi fjárhæð mun síðan hækka um 3% 1. janúar 2002 og um 2,75% 1. janúar 2003 í samræmi við hækkun annarra bótafjárhæða.

Í öðru lagi er lagt til í frv. að afnema eignatengingu barnabótakerfisins strax á næsta ári. Þá er lögð til sú breyting að bótafjárhæðir hækki í takt við almennar umsamdar launahækkanir á árunum 2001–2003. Í því felst að fjárhæðirnar hækki um 3% 1. janúar 2001, 3% 1. janúar 2002 og 2,75% 1. janúar 2003 til viðbótar við þau 2,5% sem áður höfðu verið samþykkt. Heildarhækkun bótafjárhæðar á næstu þremur árum nemur því 11,7%.

Þessar breytingar á fjárhæðum barnabótanna eru í samræmi við samþykktar breytingar á fjárhæðum persónuafsláttar sem breytt var sl. vor með þeirri undantekningu að barnabæturnar hækka um 2,75% árið 2003 í staðinn fyrir 2,25%. Í frv. er einnig gert ráð fyrir að skerðingarmörk tekna hækki nokkru meira en bótafjárhæðirnar. Þannig er lagt til að skerðingarmörkin hækki um 5% 1. janúar 2001, 5% 1. janúar 2002 og 4% 1. janúar 2003. Auk þess hækka skerðingarmörkin um 2,5% við álagningu næsta árs samkvæmt gildandi lögum. Heildarhækkun á skerðingarmörkum barnabóta á næstu þremur árum nemur því 17,5%. Síðast en ekki síst er gerð sú tillaga að skerðingarhlutföll tekna lækki um 2 prósentustig í tveimur áföngum eða um 1% hvort ár, 2002 og 2003, þ.e. úr 5 í 3% með einu barni, úr 9 í 7% með tveimur börnum og úr 11 í 9% með þremur börnum eða fleiri. Þetta jafngildir um þriðjungslækkun á skerðingarhlutföllum tekna.

Áætlað er að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessara breytinga nemi rúmlega 2 milljörðum kr. árlega þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda á árunum 2003.

Eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, eru þessar breytingar til komnar m.a. vegna góðs samstarfs sem efnt var til af hálfu ríkisstjórnarinnar við þá aðila sem gerðu kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði fyrr á þessu ári. Út úr því samstarfi hefur komið, að því er ég tel, mjög vænleg niðurstaða sem gagnast mun öllum barnafjölskyldum í landinu, ekki síst þeim sem minni hafa tekjurnar eða hafa miðlungstekjur og þaðan af minna. Þetta er nánar útskýrt í greinargerð frv. og sést það glöggt á skýringarmyndum sem birtar eru með þeim texta. Ég tel að þó að niðurstaðan í þessu máli kosti meira en ráð var fyrir gert í upphafi – en þá var talað um kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á bilinu 1.300–1.500 millj. kr. að þremur árum liðnum en frv. gerir ráð fyrir 2.000 millj. kr. kostnaði – tel ég að þrátt fyrir þennan kostnaðarauka sé um að ræða mál sem er sjálfsagt að flytja í þessum búningi. Hér er komið til móts við fjölmörg sjónarmið sem hafa verið uppi að því er varðar barnabótakerfið. Að sjálfsögðu er ekki komið til móts við öll sjónarmið sem uppi hafa verið eða allar kröfur sem fram hafa verið bornar en ég held að náðst hafi mjög affarasæl niðurstaða þar sem komið er til móts við flest þau sjónarmið sem máli skipta í þessu efni.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Vissulega er ánægjuefni að verið er að fjalla um að auka nokkuð barnabætur til heimilanna í landinu og ber að fagna því skrefi sem stigið er í þá átt með því frv. sem er til umræðu. En því ber að halda til haga líka sem rétt er í þessu sambandi, að ríkisstjórnin er nokkuð að bæta fyrir það hvernig hún hefur raunverulega farið með barnabæturnar á þessu og síðasta kjörtímabili eða allt frá árinu 1995. Verið er að uppfylla loforð sem hún gerði í tengslum við kjarasamninga og stjórnarflokkarnir telja sig líka vera að standa við þau kosningaloforð sem þeir lofuðu og fóru fram með fyrir síðustu kosningar.

Það er alveg ljóst ef litið er til kosningaloforða þeirra stjórnarflokka sem standa að þessu frv. að engan veginn er verið að standa við það sem kjósendum var lofað á sínum tíma. Í fyrsta lagi lofaði Framsfl. því að taka upp barnakort fyrir öll börn og það verður að líta svo á að það séu þá börn a.m.k. fram að 16 ára aldri ef ekki 18 ára aldri eftir að sjálfræðisaldrinum er breytt og greiða með hverjum barni upp að

vissum aldri 30 þús. kr. en hér er aðeins stigin hálf leiðin vegna þess að einungis er greitt sem svarar ótekjutengdum barnabótum rúmlega 30 þús. kr. fyrir hvert barn upp að sjö ára aldri.

Sjálfstfl. lofaði aftur á móti á landsfundi sínum því að afnema tekjutengingu barnabóta eða að öðrum kosti að taka upp persónuafslátt fyrir hvert barn frá fæðingu til 18 ára aldurs sem foreldrar geta nýtt. Það er alveg ljóst að með þeirri leið sem hér er farin er ekki verið að afnema tekjutengingu barnabóta, aðeins að stíga skref í þá átt að draga úr henni. Að vísu er eignatengingin afnumin en ekki tekjutengingin nema að litlum hluta. Hér er að sjálfsögðu ekki eins og frv. lítur út verið að taka upp sérstakan persónuafslátt fyrir hvert barn frá fæðingu til 18 ára aldurs. Vantar mikið á að Sjálfstfl. standi við það sem hann lofaði í því efni fyrir síðustu kosningar.

Herra forseti. Í raun og veru er ekki verið að stíga mjög stórt skref þegar grannt er skoðað. Hér hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja fjármunum sem nema 2 milljörðum á næstu þremur árum til að auka barnabætur þar sem sett verður framlag sem nemur 600–700 millj. á hverju ári næstu þrjú árin. Jafnvel þegar það skref hefur að fullu verið stigið og er komið til framkvæmda þá stöndum við ekki einu sinni í þeim sporum sem barnabótakerfið var í árið 1995 en á þeim tíma, 1995, voru fastar bætur sem öll heimili fengu á árinu miklu stærri hluti í heildarútgjöldum ríkisins vegna barnabóta en þær verða að þremur árum liðnum þegar tillögur ríkisstjórnarinnar verða að fullu komnar til framkvæmda. Á verðlagi í maí voru barnabætur rúmir 5,4 milljarðar, á árinu 1995 en á yfirstandandi ári eru þeir tæplega 3,6 og fjöldi heimila sem fengu barnabætur var um 71 þús. á árinu 1995 en hefur fækkað í 38 þús. á yfirstandandi ári. Ótekjutengdi hlutinn í nýju barnabótakerfi sem ríkisstjórnin boðar með þessu frv. er líka aðeins um þriðjungur þess sem var árið 1995. Af því sést að ekki er verið að stíga mjög stórt skref í að afnema tekjutenginguna á barnabótum. Þannig kostar ótekjutengdi hlutinn í heild ríkissjóð á næsta ári um milljarð kr. en á árinu 1995 kostaði hann 2,8 milljarða kr. eða nærri þrefalt meira, þ.e. ótekjutengdi hlutinn sem allir fá. Á árinu 1995 var ótekjutengdi hlutinn að meðaltali um 40 þús. kr. á ári með öllum börnum að 16 ára aldri en aðeins verða greiddar í nýju kerfi rúmar 33 þús. kr. á ári að sjö ára aldri barns. Hér er verulegur munur á frá þeirri stöðu sem við vorum þó komin með barnabótakerfið í árið 1995 þegar við á árinu á undan höfum búið við miklu verra efnahagsástand en við búum við í dag og á umliðnum árum þegar ríkisstjórnin hefur verið að krafsa svona í barnabótakerfið með þeim afleiðingum sem við höfum séð.

Það hefur einmitt verið keppikefli að ég hélt flestra stjórnmálaflokka að vinna sig þannig út úr tekjutengingunni á barnabótakerfinu. Við vorum komin töluvert langt með það árið 1995 þegar ótekjutengdi hlutinn var nálægt þrisvar sinnum meiri en hann er í dag og nærri þrisvar sinnum meira fjármagni varið til ótekjutengda hlutans en verður að þremur árum liðnum þegar þetta frv. er að fullu komið til framkvæmda. Það sem meira er, ótekjutengdi hlutinn nær bara til barna að sjö ára aldri en ekki til 16 ára aldurs eða raunverulega 18 ára aldurs sem það ætti að gera eftir að sjálfræðisaldrinum var breytt.

Ég spyr hæstv. ráðherra um rökin fyrir því af hverju staðnæmst er við sjö ára aldur barns. Ég held að við vitum það og flestir geta tekið undir það sem hafa alið upp börn að framfærslubyrði með börnum er raunverulega miklu meiri þegar börn stálpast og eru komin á unglingsaldurinn en þau eru að sjö ára aldri. Raunverulega er það svo með þeim þjóðfélagsbreytingum sem hafa orðið og með auknum menntunarkröfum að það leiðir til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Í könnun sem Félag einstæðra foreldra hefur gert kom fram einmitt að framfærslukostnaður vegna 16 ára barna er miklu meiri en vegna yngri barna. Á árinu 1991 var hann áætlaður hvorki meira né minna en 500 þús. kr. árlega. Það er mjög skrýtið að staðnæmast við þennan aldur, ekki síst þegar mér sýnist að við séum raunverulega að fjalla um það sem ríkisstjórnin ætlar að gera það sem eftir lifir kjörtímabilsins að því er þessar barnabætur varðar. Marka ég það af orðum hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. þegar hann var spurður um það frv. sem við erum að fjalla um að þá var ekki hægt að skilja annað á orðum hans en að ekki yrði meira gert í þessum málum á kjörtímabilinu. Ljóst er að Framsfl. gengur til næstu kosninga með þessu sviknu loforð á bakinu að hafa ekki uppfyllt stærsta loforð sitt sem var að koma á barnakortum fyrir öll börn að 16 ára aldri sem nemur 30 þús. kr. á hvert barn.

Það er líka ástæða til þess að nefna það að barnabætur eru ekki tekjutengdar nema í örfáum löndum innan OECD og flestöll lönd utan Ástralíu, Grikklands, Ítalíu, Kanada, Portúgals og Spánar auk Íslands eru með ótekjutengdar barnabætur. Í skýrslu sem ASÍ hefur gert um skattkerfið segir einmitt, með leyfi forseta:

„Flest ríki OECD líta á barnabætur sem tæki til skattajöfnunar milli fólks með sömu tekjur eftir því hvort það hefur börn á framfæri sínu eða ekki. Barnabætur eru þá greiddar sem fastur framfærslustyrkur óháður tekjum og hefur þróunin síðustu ár í flestum OECD-ríkjum verið í þessa átt. Hér á landi er þessu öfugt farið. Þróunin hér hefur verið frá því að nota barnabætur til skattajöfnunar til að nota þær sem tæki til félagslegrar aðstoðar við tekju- og eignaminni barnafjölskyldur."

Það er einmitt þannig sem þetta hefur þróast í vaxandi mæli.

Það var auðvitað sök sér á þeim árum þegar við gengum í gegnum mikla kreppu í efnahags- og atvinnulífinu að farið var út í nokkra tekjutengingu á barnabótum. En þegar vel hefur árað eins og á umliðnum árum þá áttu menn auðvitað að nota tækifærið til þess að fara algjörlega út úr þessari tekjutengingu á barnabótum.

Ég spyr hæstv. ráðherra, auk þess sem ég spyr hann um þetta viðmið um sjö ára aldurinn, af hverju staðnæmst er þar, hvort hann telji ekki eðlilegra að búa þannig um hnútana varðandi skattkerfið að litið sé á barnabæturnar raunverulega sem lið í fjölskyldustefnu þannig að allir fái barnabætur óháð tekjum sem litið er á raunverulega þá sem eign barnsins. Síðan ef menn vilja jafna skattbyrðina með einhverjum hætti þá sé það gert gegnum mismunandi skattþrep, t.d. í tekjuskatti, en að litið sé á þetta eins og öll þau lönd sem við berum okkur saman við gera, þ.e. að þetta sé óháð tekjum. Ég hefði haldið að við hefðum átt að nálgast málið út frá þeim sjónarhóli.

Ég tel að þó að hægt sé að vísa til þess að sérstök viðmiðun við sjö ára aldur hafi gilt nokkuð langt aftur í tímann — mér skilst raunverulega að hún hafi gilt allar götur síðan 1983 — þá sé nú breytt umhverfi sem við eigum að skoða. Það eru allt aðrar aðstæður en voru í þjóðfélaginu þá og við eigum að skoða málið út frá því en ekki festa okkur í einhverju sem var fyrir 20 árum eða svo varðandi þetta viðmið.

Herra forseti. Ég lít líka svo á, og mun auðvitað skoða þann þáttinn alveg sérstaklega í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti, að skoða þurfi það sem ríkisstjórnin hefur sett fram um hverju þetta skilar að því er varðar auknar ráðstöfunartekjur, sérstaklega til tekjulágra heimila og einstæðra foreldra. Hvernig sem ég reikna og hef látið skoða sérstaklega fyrir mig þá fæ ég ekki það sama út úr því hverju þetta skilar í auknum ráðstöfunartekjum til fólks eins og ríkisstjórnin kynnti á blaðamannafundi 28. okt. þegar hún kynnti þessa fyrirætlun sína að hækka barnabætur. Þar kemur fram að samanlagðar ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra sem hafa lægstar tekjurnar hækki úr ríflega 8% á meðan hækkunin nemur 3,7% í hópi tekjulægstu hjóna og sambýlisfólks. Hvoruga þessara talna fæ ég til þess að ganga upp og hef út af fyrir sig líka reynt að kalla eftir því í fjmrn. að fá útreikningana á bak við þessar töflur sem settar eru fram með frv. en hef ekki fengið og mun því kalla eftir því í meðförum málsins í efh.- og viðskn.

Ég sé ekki betur en að barnabætur til tekjulágra hjóna með tvö börn, ef við tökum tvö börn, annað yngra en sjö ára, sem fengu óskertar bætur samkvæmt gildandi kerfi, hækki aðeins um 2.600 kr. á mánuði eftir þrjú ár þegar breyting á barnabótunum er að fullu komin til framkvæmda. Skýringin er m.a. sú að í nýju kerfi fellur niður á móti tæplega 32 þús. kr. viðbótargreiðsla sem hjónin fengu áður vegna yngra barnsins. Bótafjárhæðirnar og skerðingarmörkin í gildandi barnabótakerfi hafa ekki heldur haldið í við verðlag frá árinu 1995, en barnabætur væru annars 9% hærri í dag. Þær eiga að hækka í rúm 5,5% á næsta ári, síðan um 3% 2002 og 2,75% á árinu 2003. Miðað við verðbólguspár munu bótafjárhæðirnar sennilega ekki ná því að raungildi á árinu 2003 sem þær ættu að vera í dag hefðu bótafjárhæðirnar haldið í við verðlag frá árinu 1995.

Mér finnst mikilvægt að skoða hvort hérna sé um að ræða einhverja verulega hækkun á ráðstöfunartekjum einstæðra foreldra sem lægstar hafa tekjurnar eða tekjulágra hjóna og sambýlisfólks eins og verið er að gefa í skyn að þessi breyting skili.

Ég veit að það þýðir ekki mikið að vera að ræða þá talnalegu hluti hér í ræðustólnum en þetta er atriði sem ég vil skoða í nefndinni og dreg sem sagt verulega í efa það töfluverk sem sýnt er með þessu lagafrv.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji enga ástæðu til þess þegar við erum að líta til barnabótakerfisins sem svo miklu skiptir fyrir heimilin í landinu, að miða barnabætur við sjálfræðisaldurinn. Það eru tvö, þrjú ár síðan fórum í að breyta og hækka sjálfræðisaldurinn og ættu ekki barnabætur þá að fylgja þeirri breytingu þar sem við höfum miðað við að sjálfræðisaldurinn sé 18 ár?

Í svari sem ég fékk frá hæstv. fjmrh. fyrir sennilega tveim árum var farið yfir hvernig þetta er í hinum ýmsu löndum. Sérstaklega var spurt um Norðurlöndin og þar eru barnabætur alls staðar ótekjutengdar. Þær eru greiddar t.d. í Danmörku til 18 ára aldurs barns. Þær eru bæði algjörlega ótekjutengdar og greiddar til 18 ára aldurs. Í Noregi er því öðruvísi farið. Þar er greitt til 16 ára aldurs og í Finnlandi er greitt til 17 ára aldurs barns. Ég vil því spyrja hvort afstaða hafi verið tekin til þess hjá fjmrh. eða í ríkisstjórninni hvort það eigi ekki að fara út í einhverjar breytingar að því er varðar sjálfræðisaldurinn sem ég tel fulla ástæðu til að við skoðum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið hugleitt og hvort nokkuð sé á döfinni að heimila tekjulágum fjölskyldum og einstæðum foreldrum að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna því að á landsfundi Sjálfstfl. sem ég vitnaði til áðan var það einmitt áskorun landsfundarins að taka upp persónuafslátt fyrir hvert barn frá fæðingu til 18 ára aldurs sem foreldrar geti nýtt. Þetta er mál sem Samfylkingin hefur lengi talað fyrir að sé réttlætismál og ætti að skoða. Síðast þegar ég skoðaði það mál var ónýttur persónuafsláttur vegna barna að 16 ára aldri um tveir og hálfur milljarður. Það hefði sennilega kostað töluverða fjármuni að heimila foreldrum að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna, sjálfsagt ekki undir milljarði kr. En mér finnst ástæða til þess að skoða það ekki síst þar sem við vorum nú að fara líka í breytingar á því að heimila hjónum og sambúðarfólki að nýta að fullu ónýttan persónuafslátt þess maka sem ekki nýtir hann að fullu.

Eins hefði ég talið ástæðu til að skoða skattkerfið almennt í heild, hvernig það virkar sem það jöfnunartæki sem við höfum oft talið að skattkerfið ætti að vera. Ég hef t.d. talið að það ætti að skoða það varðandi barnabætur að heimila t.d. fastan frádrátt frá tekjum fólks fyrir hvert barn áður en kemur að skattlagningu tekna og síðan þá að ná jöfnuninni inn í kerfið með því t.d. að taka upp skattþrep eins og t.d. ASÍ hefur talað fyrir. Ég tel að það mál eigi að skoða í því ljósi.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að verða lokið. Enn einni spurningu í viðbót vil ég beina til hæstv. ráðherra undir þessari umræðu vegna þess að við höfum samþykkt opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar og hér er starfandi fjölskylduráð sem á að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir. Þetta er einmitt mál sem slíkt fjölskylduráð hefði átt að fjalla um og spyr ég hvort það hafi fengið þetta mál til skoðunar.

[16:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með þau skref sem stigin eru með þessu frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Með frv. er dregið úr tekjutengingu barnabóta og tengingin við eignir er afnumin frá ársbyrjun 2001. Jafnframt verða viðmiðunarmörk barnabótakerfisins færð upp á næstu árum samkvæmt lágmarks umsömdum launabreytingum, en það mun hafa í för með sér að samsvarandi skerðing á þessu kerfi og við höfum upplifað á síðustu árum verður ekki. Samkvæmt greinargerð frv. má ætla að þetta muni kosta ríkissjóð allt að tveimur milljörðum á ári þegar þær hækkanir sem gert er ráð fyrir í þessu frv. verða allar komnar til framkvæmda.

Í þessu öllu saman felst svolítil mótsögn þegar menn eru að tala um aukið framlag. Skýringin er sú að það er verið að færa upp samkvæmt verðlagsþróun eða þróun launataxtans og þá verður mönnum að sjálfsögðu ljóst að við erum ekki að tala um raunaukningu sem nemur þessum tveim milljörðum til þessa málaflokks enda gefur það augaleið ef það ætti að færa þá fjóra milljarða eða þar um bil sem varið er til barnabótakerfisins upp samkvæmt verðbólgu, sem nú er einhvers staðar í kringum 4%. Hún er sennilega á milli 4 og 5% nú um stundir. Við skulum gefa okkur að hún sé 4% og framlagið til barnabótakerfisins er um fjórir milljarðar. Hvaða erum við þá að tala um? Við erum að tala um 40 milljónir á hvern milljarð. Við erum að tala um 160 milljónir á ári. Við erum að tala um tæpan hálfan milljarð þegar komið er fram til ársins 2003, en það er viðmiðunarverkið.

Þessu vek ég athygli á til að menn átti sig á að við erum ekki að tala um raunaukningu til barnabótanna sem nemur þeim 2 milljörðum sem ríkisstjórnin gumar af. Hins vegar hefði þurft 2 milljarða raunaukningu til að framlag ríkisins til barnabótanna væri svipað og það var fyrir tíu árum. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég sakna þess svolítið að engir framsóknarmenn skuli vera við umræðuna. Það er merkilegt. Ég man ekki betur en þetta væri annað tveggja stóru kosningaloforða Framsfl. fyrir síðustu alþingiskosningar. En hér er verið að leggja fram frv. sem gerir það ekki einu sinni að framlag til barnabóta árið 2003 verði jafnmikið og það var fyrir tíu árum að raunvirði vegna þess að fyrir tíu árum var það að raunvirði 5.867 millj. kr. samkvæmt upplýsingum fjmrn. sem gefnar voru í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram hér á Alþingi sl. vor, 5.867 millj. að raunvirði á móti 3.779 millj. á raunvirði árið 1999. Þarna munar rúmlega tveimur milljörðum kr.

En ríkisstjórnin segist ætla að auka framlagið um tæpa tvo milljarða og að hún verði búin að ná því marki árið 2003. Inni í þeirri upphæð er að sjálfsögðu verðlagið þannig að við erum ekki að tala um sömu upphæð að verðgildi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta langa umræðu, aðeins örstutt um prinsippin í þessu máli. Ég er því samþykkur að draga úr tekjutengingu kerfisins. Ég er einnig samþykkur því að afnema eignatenginguna. Hún hefur komið illa við margt fólk sem á einhverjar eignir, íbúð, íbúðarhúsnæði. Við munum kannski mörg eftir eftirminnilegri grein sem var skrifuð í Morgunblaðið sl. sumar þar sem einstæð móðir rakti raunir sínar og hvernig sú staðreynd að hún átti íbúð varð til þess að hún missti barnabæturnar. Ég er þessu fylgjandi.

Þó verð ég að segja að þegar bætur, millifærslur í skattkerfinu eða bætur í almannatryggingakerfinu, eru annars vegar finnst mér eðlilegt að sums staðar sé tekjutenging. Mér finnst ekki eðlilegt að hún sé afnumin með öllu. En ég hef áður varpað fram þeirri hugmynd að þessi tekjutenging verði tryggð í gegnum skattkerfið, hún verði tekin í gegnum tekjuskattana og þannig verði einnig um aðrar bætur. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan að í reyndinni þurfum við að taka allt skattkerfið til endurskoðunar, ekki einvörðungu barnabæturnar eða almannatryggingarnar. Við verðum að skoða þetta allt í mun stærra samhengi.

En ég vil aðeins að það komi fram að ég tel að einhverjar tekjutengingar eigi rétt á sér. Ég tel t.d. að það verði að vera meiri stuðningur við einstæða foreldra sem eru með börn á framfæri en við aðra. Mér finnst það vera eðlilegt en að öðru leyti vil ég lýsa stuðningi við það meginsjónarmið að dregið verði úr tekjutengingunni og að eignatengingin verði afnumin.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að ríkisstjórnin skyldi varast að skreyta sig miklum fjörðum með þessu frv. Hún er ekki að koma með aukinn stuðning við barnafólk í reynd, hún gengur ekki svo langt að tryggja barnafólki á þremur árum sambærilegan stuðning og það naut fyrir tíu árum en jafnt og þétt hefur verið dregið úr þessum stuðningi. Einnig vil ég vekja athygli á því að þegar fullyrt er að framlag ríkissjóðs verði 2 milljörðum meira á árinu 2003 en það er núna þá er það vissulega svo eða kann að vera svo í krónum talið en ekki að raungildi hins vegar.

[16:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það sem við höfum hingað til kallað barnabætur eru í rauninni ómegðarbætur vegna þess að það eru ekki öll börn sem fá það til framfærslu sinnar. Þau börn sem eiga foreldra með háar tekjur fá ekki barnabætur til framfærslu sinnar og þau börn sem eiga foreldra með miklar eignir fá ekki heldur barnabætur. Við erum því að tala um styrk til þeirra fjölskyldna sem hafa mikla ómegð sem kallað er, tekjulágt fólk og eignalítið fólk. Frá sjónarhóli sumra er réttlátt mál að borga ekki óskertar barnabætur til hátekjufólks og stóreignafólks.

Í reynd er þetta líka tekjuskattur, aukatekjuskattur á foreldra barna. Ef foreldrar, sem eru t.d. með þrjú börn, auka tekjur sínar um 10 þúsund kr. borga þau aukatekjuskatt í formi lægri barnabóta upp á 1.100 kr., sem aðrir barnlausir skattgreiðendur með sömu tekjur greiða ekki. Þetta hefur líka verið aukaeignarskattur vegna þess að þeir foreldrar barna sem eiga eignir fá lægri barnabætur sem nemur 1,5% af eign umfram fríeignarmark þannig að það er aukaeignarskattur á foreldra barna sem aðrir barnlausir skattgreiðendur greiða ekki.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið um það fólk hefur haft samband við mig á netinu og spurt: Hvers vegna í ósköpunum er verið að borga barnabætur? Hvað kemur okkur barnlausa fólkinu við kjör þeirra sem eru að hrúga niður börnum, eins og einn kallaði það, og geta ekki framfært þau? Hann höfðar til þess að menn ættu að vera skynsamir og fara ekki að eiga börn fyrr en þeir hefðu efni á því.

Þetta er viðhorf sem mér finnst vera að aukast og mér finnst það miður vegna þess að barnabætur og alls konar stuðningur við barnafólk er til þess að styðja þær fjölskyldur sem taka á sig, fyrir framtíðarvelferðarkerfið að ala upp börn, sem kostar mjög mikið, umfram þá sem koma sér undan því með því að vera barnlausir og hafa það miklu betra. Þetta er tilraun til að jafna lífskjör þessara hópa tveggja, þeirra sem ala upp börn og þeirra sem ala ekki upp börn. Ég tel algjörlega réttlætanlegt að ríkið komi inn í þetta dæmi til þess að stuðla að barneignum vegna þess að velferðarkerfi framtíðarinnar byggir á engu öðru en þeim sem þá vinna, þ.e. núverandi börnum. Við getum þóst spara eins og við viljum í einhverjum sjóðum en ef enginn er til þess að vinna á þeim tíma þegar fólk verður veikt og gamalt er allur þessi sparnaður einskis virði því hann er ekkert annað en ávísun á vinnu.

Hér er sem sagt verið að hverfa frá því að hafa barnabætur tekjutengdar og eignatengdar. Það er algjörlega horfið frá því að hafa þær eignatengdar enda þykir sumum nóg um að leggja viðbótareignarskatt á foreldra barna til viðbótar við þann háa eignarskatt sem við borgum í dag, sem er með því hæsta sem gerist í heiminum. Það er vel. Auk þess er minnkuð sú mikla tekjutenging sem hefur verið sem eins og ég gat um áðan er ekkert annað en skattur á tekjur foreldra umfram aðra skattgreiðendur. Það er líka vel. En þetta er afskaplega dýrt og þess vegna hafa menn ekki getað stigið stærri skref en hér eru stigin. En þetta minnkar jaðarskattana úr því að vera 57%, þ.e. ef maður tekur barnabætur með þremur börnum, vaxtabætur og staðgreiðsluna, niður í 55%. Skref í rétta átt.

Herra forseti. Við höfum barnabætur mjög víða í öllu velferðarkerfi okkar og það gleymist alltaf í umræðunni. Menn horfa alltaf á eina skúffu í þeirri kommóðu sem

er velferðarkerfið og líta ekki í allar skúffurnar. Ég ætla að nefna það rétt aðeins að við erum með barnabætur í almannatryggingakerfinu fyrir öryrkja og fyrir börn þeirra sem hafa fallið frá og líka börn ellilífeyrisþega. Við erum með barnalífeyri hjá lífeyrissjóðunum, við erum með barnabætur í húsaleigukerfinu, nokkuð umtalsverðar, og við erum með lög um meðlag og við erum með mæðra- og feðralaun fyrir einstæða foreldra sem eiga tvö eða fleiri börn. Svo erum við með aukalánveitingar í LÍN. Þegar þetta allt fer saman, t.d. í LÍN, getur þetta þýtt það að barn getur fengið milli 60 og 70 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði. Það held ég að sé ekki það sem fólk almennt getur veitt sínum börnum sem vinnur fyrir venjulegum launum á vinnumarkaði.

Ég skora á hv. nefnd að um leið og menn taka á þessu máli og ræða það að dæmið verði skoðað allt í heild sinni og allar skúffurnar skoðaðar og athugað hvort einhvers staðar megi þá ekki lækka bætur á móti til að koma í veg fyrir þá oftryggingu sem ég hef áður nefnt.

[16:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða mjög þarft mál. Þó hér sé gengið mun skemmra en ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu í kosningabaráttu þá er þetta skref sem við í Frjálslynda flokknum munum styðja og teljum til bóta.

Því ber að fagna að í þessu frv. skuli vera lagt til að afnema algjörlega tengingar við eignir fólks. Ég get alveg tekið undir það með þeim hv. þm. sem hér hafa talað að ég hefði viljað sjá meira aðhafst í því að afnema tekjutengingar almennt í barnabótum.

Af þeim töflum sem birtast með í þessu frv. má ráða að þeir sem lægstar hafa tekjurnar, reyndar kemur ekki nákvæmlega fram við hve lágar tekjur er verið að miða, hvorki varðandi einstæða foreldra né hjón og sambýlisfólk. Af frv. má ráða að það séu þó a.m.k. tekjur sem hjá þeim sem mest fá út úr þessari breytingu eru einhvers staðar á bilinu 600–700 þúsund hjá einstæðu foreldri og um 1.200–1.300 þúsund hjá hjónum og sambýlisfólki. Þar kemur fram að þeir sem lægstar hafa tekjurnar fá í raun og veru mesta hækkun og það er sjónarmið sem vissulega ber að taka undir.

Hins vegar ber að segjast alveg eins og er að það er margt annað sem menn hefðu viljað skoða í sambandi við skatta sem tengjast börnum og fjölskyldufólki. Eitt af því sem var nefnt í þessari umræðu er ónýttur persónuafsláttur barna. Það er auðvitað þannig að persónuafsláttur barna nýtist mjög misjafnlega hjá fjölskyldufólki og er rétt að fara um það nokkrum orðum.

Þær fjölskyldur eða þeir einstaklingar sem eru í sjálfstæðum atvinnurekstri hafa oft og tíðum tök á því að fullnýta persónuafslátt hjá börnum vegna þess að það er annaðhvort hægt að hafa börnin í vinnu eða þá að skrá tekjur á börnin. Vonandi er það svo að þau vinni þá fyrir þeim en örugglega má færa fyrir því rök að ekki er jafnræði milli sjálfstæðra atvinnurekenda annars vegar og launþega hins vegar hvað það varðar að nýta ónýttan persónuafslátt barna. Það væri auðvitað verðugt verkefni að það yrði skoðað og reynt að átta sig á því hvaða fjölskyldur á Íslandi það eru og hvaða fjölskyldugerð það er sem geta að mestu leyti nýtt persónuafslátt barna. Ég hygg að það sé eins og ég hef nefnt að verulegur munur sé á milli þeirra sem tengjast atvinnurekstri annars vegar og hinna sem ekki tengjast atvinnurekstri.

Ekki er hægt að draga þá ályktun af orðum mínum að ég sé beinlínis að væna fólk þar um skattsvik heldur er það einfaldlega auðveldara hjá fólki sem er með atvinnurekstur að sjá til þess að börn þeirra geti unnið fyrir tekjum en hjá hinum. Allir hljóta að sjá í hendi sér hvernig má koma því við, bæði með að hafa börn í hlutastarfi eða að öðru leyti þar sem menn fá því ráðið.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu vegna þess að ég held að það sé mjög þarft að skoða hvernig fólk hér á landi nýtir persónuafslátt barna.

Að öðru leyti vil ég lýsa því yfir enn á ný að við munum styðja þetta frv. og teljum það til bóta þó við hefðum vissulega viljað sjá að lengra væri gengið.

[16:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. finnist notaleg tilbreyting að koma í þennan sal og mæla fyrir þingmáli þar sem verið er að taka á málum til bóta og heyra ákveðið tekið undir það mál af hálfu stjórnarandstöðunnar. Auðvitað styðjum við öll skref þó við séum ósátt við stærðina í þessu skrefi og teljum jafnvel að leita eigi nýrra leiða til að koma til móts við barnafjölskyldur en hér er farið.

Það er ekki mjög oft sem við upplifum það að ríkisstjórnin sé að koma með þingmál sem eru úrbætur í málefnum fjölskyldunnar og reynt að líta á þau sem slík frá sjónarhóli fjölskyldunnar. Hér er að vísu bara lítið skref og bara verið að skoða fjölskyldur með börn innan sjö ára eins og ég mun koma að síðar. En það tók u.þ.b. þrjú ár frá ársbyrjun 1995 og fram á árið 1997 að þrýsta á ríkisstjórnina að koma fram á Alþingi með þáltill. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og þar með aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. En þar kom að sú tillaga sá dagsins ljós, var lögð hér fram og samþykkt með fullum stuðningi stjórnarandstöðunnar, þó hún hafi látið í ljós vantrú á það sem koma átti í kjölfarið, nefnilega lagasetning á ólíkum sviðum, lagasetning um úrbætur í málefnum fjölskyldunnar, að það væri ákveðin vantrú á því að sú lagasetning mundi fylgja í kjölfarið á samþykkt Alþingis og ályktun þar um.

Þá hefur það því miður gengið eftir að lítið hefur verið um að ríkisstjórnin hafi borið hingað inn í þingsalinn mál þar sem verið er að setja lög um úrbætur í málum fjölskyldunnar. Þvert á móti er algengast að við séum að ræða um það hvernig ríkisstjórnin er að taka ákvarðanir sem skerða kjör heföbundinnar fjölskyldu og einstæðra foreldra og annarra sem kallast í dag eða hinsegin fjölskyldur, eins og stundum er sagt.

Meginforsenda þeirrar fjölskyldustefnu sem ríkisstjórnin bar hér inn og samþykkt var, var að hún skyldi efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi og spannaði því nánast öll viðfangsefni hinnar opinberu stjórnsýslu. Það er fróðlegt með tilliti til þessa, herra forseti, að drepa örlítið á hvað fólst í boðskap Alþingis til ríkisstjórnarinnar, nefnilega að skapa skilyrði til að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu og leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnum og uppeldi barna sinna. Hefur ríkisstjórnin gert þetta? Hefur ríkisstjórnin beitt sér t.d. í því að mjög mikill mismunur er á launum karla og kvenna, að kvennalaunin dragast sífellt niður í samanburði? Ónei, ekki hefur hún gert það. Hér starfaði um árabil nefnd um starfsmat og laust fyrir kosningar rausnaðist félmrh. til að kippa málinu út úr nefndinni með þeim afleiðingum að fulltrúar fjmrn. lýstu því yfir að þeir teldu sig í engu bundna af niðurstöðu þessarar nefndar. Gífurlegar vonir höfðu verið bundnar við

störf nefndarinnar, sem hafði starfað frá 8. mars 1995, 8. mars að sjálfsögu af því það var kvennadagur.

Nei, ekki hefur ríkisstjórnin verið að setja lög um þessi mál, hún horfir í hina áttina og veit lítið hvað er að gerast úti í þjóðfélaginu í miðju góðærinu.

Annað atriði er að grundvallaröryggi fjölskyldunnar sé efnahagslega tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Aldrei hafa verið aðrir eins biðlistar hjá Reykjavíkurborg þrátt fyrir árlegt átak frá því að lögin um félagslegt húsnæði voru afnumin. Yfir 100 íbúðir byggðar á ári og nú á að hækka vextina af lánum til byggingar leiguíbúða. Það er aðgerð hæstv. ríkisstjórnar sem varðar grundvallaröryggi fjölskyldunnar í öryggi húsnæðismálum.

Ef við grípum niður í annan punkt, að gildi hjónabandsins sem hins traustasta hornsteins fjölskyldunnar verði varðveitt og þess vegna verði þess gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti.

Þá má kannski segja að ríkisstjórnin hafi svolítið haldið við þetta ákvæði, bara ekki á þann hátt sem við ræddum það á sínum tíma vegna þess að bæði hjón og einstæðir foreldrar hafa verið að missa barnabæturnar og meira að segja afleiðingar rangrar húsnæðisstefnu sem birtist í stórhækkuðu mati á húsnæði sem fólk hafði ekki verið að kaupa heldur bjóða í með óbreyttar tekjur, urðu til þess að fólk missti bæði barnabætur og vaxtabætur.

Öldruðum átti að gera kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið væri og fjölskyldur fatlaðra, sjúkra og annarra hópa njóta stuðnings í ljósi aðstæðna og grundvallarréttur þeirra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu virtur. Það sem hefur gerst er að ríkisstjórnin hefur verið rýra greiðslur til þeirra sem byggja á greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins, það á við bæði um aldraða og fatlaða og hefur þar með skert kjör. Frægt er bréfið um hvað kostaði fatlaðan einstakling að ganga í hjónaband og hefur komið í hólfið til okkar alþingismanna ekki bara einu sinni, heldur tvisvar.

Ef ég lít svo á einn punkt enn þá, að vernd gagnvart ofbeldi verði efld jafnt innan fjölskyldu sem utan, þá fer ég að hugsa um Barnahúsið. Þetta stórkostlega mál sem við sameinuðumst öll um og bárum fram og hrósuðum félmrh. fyrir að að þetta yrði málið sem yrði rósin í hnappagati hans þegar hann liti um farinn veg. Hvað gerðist þá? Auðvitað kom ríkisstjórnin með nýtt frv. og setti ný lög um að það ætti að yfirheyra börn í sérstöku húsnæði og við vorum svo barnaleg að halda að það væri Barnahúsið, en það var þá bara dómshúsið. Nú er svo komið að dómararnir í dómshúsinu eru að yfirheyra lítil börn út af máli sem verður e.t.v. aldrei dómsmál og yrði ábyggilega frægt langt út fyrir landsteinana ef útlendingar mundu kynna sér þá umræðu sem hér fer fram.

En stærsta málið, herra forseti, að mínu mati og það mikilvægasta sem féll út þegar verið var að samþykkja þessa tillögu um aðgerðir í málefnum fjölskyldunnar, var að ríkisstjórnin felldi það brott að setja skyldi á laggir sjóð sem veitt yrði úr til að rannsaka hvernig stjórnvaldsaðgerðir bitna á ákveðnum og ólíkum hópum. Þetta vildi ríkisstjórnin, sem nú situr, alls ekki hafa. Ríkisstjórnin, sem nú situr, vildi ekki sjóð þar sem hægt væri að veita úr til að skoða hvernig stjórnvaldsaðgerðir bitna á ákveðnum hópum. Ríkisstjórnin, sem nú situr, vill nefnilega alls ekki vita hvernig aðgerðir hennar hitta hópa fyrir. Þess vegna hefur ríkisstjórnin, sem nú situr, alls ekki skoðað hvaða afleiðingar það hefur fyrir fjölskyldur sem eru með börn yfir sjö ára aldri að fá ekki barnabætur eins og var þó búið að lofa aftur og aftur.

Ef ekki væri svona dapurlegt að sjá efndir ríkisstjórnarinnar á þessari þál. sem mörg okkar bundum svo miklar vonir við væri næstum því hægt að grínast með þetta og hafa gaman af og nota þetta til að hlæja að og jafnvel nota það bara þegar maður fer einhvers staðar í boð og segja: Eigum við að segja ykkur hvernig þessi ríkisstjórn er? Og svo mundu allir hlæja. Það gerum við auðvitað ekki vegna þess að þetta er grafalvarlegt mál.

Þessir flokkar koma og álykta. Sjálfstfl. ályktar til ríkisstjórnar sinnar um það hvernig Sjálfstfl. vill að ríkisstjórnin haldi á málum. Landsfundur Sjálfstfl. ályktar og skorar á ríkisstjórnina á alveg réttum tímum. Landsfundur Sjálfstfl. skorar á ríkisstjórnina rétt fyrir kosningar að afnema tekjutengingu barnabóta, eða að taka upp persónuafslátt fyrir hvert barn frá fæðingu til 18 ára aldurs. Sjálfstfl. er ekkert að skora á ríkisstjórn í svona málum núna, ekki eftir kosningar, nei. Sjálfstfl. mun ábyggilega ekkert skipta sér af því þó að þessi ótekjutengdi hluti barnabótanna muni bara vera greiddur til barna að sjö ára aldri af því nú eru ekki kosningar. Í raun og veru er Sjálfstfl. alveg sama hvernig ríkisstjórnin heldur á málum á meðan hún er í þessi fjögur ár að skalta og valta með fjölskyldurnar í landinu.

Það er svolítið verra með Framsókn. Það verður að segjast eins og er, að í þessari óþægilegu umræðu eru þingmenn Sjálfstfl. a.m.k. einstöku sinnum viðstaddir, en ekki þingmenn Framsfl. sem lofaði fyrir kosningar að koma á barnakorti. Þeir endurtaka enn að þeir ætli að standa við kosningaloforðið og hér verði sett á barnakort þar sem föst ótekjutengd greiðsla nái til allra barna að sextán ára aldri. Það er ekki gott fyrir þá að vera í salnum núna og vera spurðir að því hvenær eigi að framkvæma þetta loforð. Ég skil það vel og vorkenni Framsfl. Það er orðið svo augljóst að hann fer halloka út úr þessu samstarfi, þó hann beri sig vel.

Hið alvarlega er að við, í barnalandinu, erum ekki með barnvænt samfélag, alls ekki. Í öllum samanburði förum við halloka. Og í samanburði við sjálf okkur förum við halloka. Þessi ríkisstjórn fer halloka í samanburði við sjálfa sig, a.m.k. hvað Sjálfstfl. varðar. Ef Sjálfstfl. ber sig saman við sjálfan sig milli áranna 1995 og 2000 þá fer hann halloka. Það er merkilegt. Eins og fram hefur komið við þessa umræðu voru barnabætur 5.419 millj. á árinu 1995, en á þessu ári 3.595 millj. Þessir 2 milljarðar hafa verið teknir beint úr vasanum á fólki sem stendur í basli, sem baslar við verðbólgu, við skertar barnabætur og við skertar vaxtabætur. En hver skyldi hafa áhyggjur af því? Ekki þessir stjórnarflokkar af því þeir eru nefnilega ekki með fjölskyldupólitík. Þeir setja nefnilega slíkt í þingsályktun og samþykkja hana en lögin sem koma í kjölfarið eru yfirleitt um skerðingu tekna fjölskyldunnar. Ég þarf víst ekki að endurtaka það að ótekjutengdi hlutinn í nýja barnabótakerfinu er bara þriðjungur þess sem var 1995.

Þetta er umhugsunarefni fyrir þá sem taka þátt í þessari umræðu. Sérstaklega er þetta umhugsunarefni í samanburði við Norðurlöndin. Það þýðir ekkert hjá okkur að bera okkur saman við Norðurlöndin í launum, fólk á Íslandi hefur miklu lægri laun. Það þýðir heldur ekkert að bera saman tryggingagreiðslur til aldraðra og fatlaðra. Þær hanga ekki einu sinni í laununum í okkar landi, hvað þá að þær væri hægt að bera saman við það hvernig haldið er á málum þeirra hópa í löndunum í kringum okkur.

Ef við skoðum bara tölur byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og bæklingnum Social tryghed i de nordiske lande þá kemur fram að árið 1998 höfum við langhæst hlutfall barna miðað við þjóðir Norðurlandanna. Hjá okkur eru 28% þjóðarinnar börn 0–17 ára, á meðan hin Norðurlöndin eru með 21 og 22 og 23 og 24% hlutfall barna. Það næsta á eftir okkur er með 24% barna.

En ef við skoðum útgjöld til félags- og heilbrigðismála sem renna til fjölskyldna og barna, t.d. fyrir árin 1993–1998, þá erum við með langlægst hlutfall. Þá eru hin löndin með hlutfallið 4 en við bara með 2. Við erum svo mikið svoleiðis, við erum alltaf langneðst af því við rekum ekki fjölskyldupólitík, a.m.k. ekki þeir sem ráða og halda um ríkiskassann. Þeir tala bara um góðærið og mikinn tekjuafgang og þeir sækja peninginn í tekjuafganginn í vasana sem hin demókratísku löndin á Norðurlöndunum eru alltaf að reyna að rétta aðeins við, setja meira í vasana hjá þeim sem hafa minnst til að reyna að skapa eins konar jöfnuð.

Ef við skyldum nú skoða útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum í jafnvirðisgildum á íbúa, sem á að vera alveg sérstakur samanburður því þá er búið að taka allt með og vigta allt inn í og þessar upphæðir eru í evrum, þá erum við niðri í svona 480, en hin löndin frá um 700 upp í 800 og 835. Svona er samanburður okkar við velferðarþjóðfélögin. Við segjum alltaf: Okkar aðalsamstarf er við Norðurlöndin, við berum okkur saman við Norðurlöndin og Norðurlöndin byggja á sérstöku þjóðfélagi, þau eru með sósíaldemókratískt þjóðfélag. Við Íslendingar erum svo líkir hinum Norðurlandaþjóðunum, þangað til við förum að skoða tölur þá erum við ekki eins. Þá erum við, herra forseti, allt öðruvísi. Allt öðruvísi.

Við í Samfylkingunni höfum verið að skoða, herra forseti, hvort ekki eigi að fara aðrar leiðir til að koma á einhverjum jöfnuði og reyna að rétta hlut barnafólksins í landinu. Hjá okkur er ákveðin vinna í gangi varðandi það. Við teljum að það eigi ekki að binda sig við gamla hugsun um ótekjutengdan hluta barnabóta og tekjutengdan hluta barnabóta og hreyfa þetta upp og niður eftir geðþótta ríkisstjórnarinnar.

Ég er viss um að hæstv. fjmrh. hefur ákveðinn metnað til að standast samanburð við hin Norðurlöndin, jafnmikið og hann hefur starfað þar og metur mikils þær leiðir sem eru farnar þar. Því spyr ég hann hvort hann hafi skoðað aðrar leiðir til að reyna að búa til jöfnuð fyrir barnafólk og ég spyr hvort það liggi fyrir einhverjar áætlanir um að afnema alveg tekjutengda hlutann.

Ef svo er, hvaða áætlanir eru það? Á hvaða tímabili á að fikra sig upp eftir aldri barnanna frá sjö ára og upp? Enn stend ég í þeirri trú að einhver áform séu um það. Jafnframt vil ég spyrja hvenær menn ætli að hætta tekjutengingunni, ef einhver áform eru um það.

Þetta eru spurningar mínar, herra forseti.

[17:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum við þessa umræðu sem ég hyggst leitast við að svara. Ég mun þá í leiðinni láta í ljós skoðanir mínar á nokkrum þeim þáttum sem hér hafa borist í tal.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði að því hvaðan viðmiðunin við sjö ár væri komin, hvaðan sú regla væri komin í gildandi lögum og hvaðan hún væri komin inn í það frv. sem hér er til umræðu. Þar birtist sjö ára viðmiðunin í því að hinar ótekjutengdu barnabætur takmarkast við börn upp að sjö ára aldri.

Það liggur fyrir að þessi viðmiðum við sjö ár er ekki byggð á neinum sérstökum vísindalegum grunni. Ég man vel eftir því þegar hún var bundin í lög varðandi sérstakar viðbótargreiðslur fyrir börn yngri en sjö ára. Það gerðist árið 1983 þegar mynduð var ríkisstjórn og ákveðið að gera tilteknar breytingar á barnabótakerfinu. Þá var dregin þessi lína við sjö ára aldurinn með þeim röksemdum að fólk með yngstu börnin hefði óhjákvæmilegan upphafskostnað af þeim og því væri ekki út í hött að draga línuna þarna. Sennilega hefur nú einhverju ráðið í dæminu að á þeim tíma hafi fjármunir ekki hrokkið lengra heldur en sem nam því að draga mörkin fyrir viðbótargreiðslur barnabóta við sjö ár.

Hvað sem því líður þá hefur þessi regla verið í lögum núna í 17 ár, þar á meðal öll þau ár sem Alþfl. sat í ríkisstjórn og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ráðherra. Þá voru ekki gerðar neinar sérstakar athugasemdir við þetta. Ég held að öllum hafi verið ljóst að þessi sjö ára regla, eins og hún var í þeim lögum og er enn, byggir ekki á neinum sérstökum vísindalegum forsendum.

Þá er spurt: Af hverju er tekin upp sjö ára regla núna að því er varðar hinar ótekjutengdu bætur? Um það má líka segja að þar er engin sérstök vísindaleg niðurstaða. Það er ekki til fjármagn til að aftengja allar barnabætur tekjum. Einhvers staðar verður að draga mörkin og það kemur ekki illa út að nota sömu viðmiðun og fyrir er í lögunum, þ.e. við sjö ára aldurinn.

Næsta spurning þingmannsins var hvort bæturnar væru ekki í raun eign barnsins og því greiddar óháð tekjum foreldra. Ég er ekki viss um að hægt sé að leggja málið þannig fyrir. Ég tók eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson var ekki sammála þessu sjónarmiði þingmannsins. Ég hygg að ég sé meira sammála honum heldur en hv. þm. sem bar fram spurninguna. Ég tel ekki eðlilegt að hátekjufólk njóti endilega sömu barnabóta og einstæð móðir með litlar tekjur. Ég hygg reyndar að það hafi ráðið töluverðu í afstöðu forvera míns í þessu starfi þegar honum fóru að berast barnabætur á meðan hluti kerfisins var alveg ótengdur tekjum.

Ég held að með þeirri útfærslu sem hér er fundin sé komin tiltölulega ásættanleg málamiðlun gagnvart því grundvallaratriði hvort barnabætur eigi yfir höfuð að vera tekjutengdar. Hér er gerð ákveðin málamiðlun — hluti bótanna er ótekjutengdur, annar hluti er það ekki — sem ég tel að geti verið grundvöllur málamiðlunar gagnvart þessu grundvallarsjónarmiði, þ.e. spurningunni um hvort barnabætur eigi yfirleitt að vera tekjutengdar.

Við skulum rifja upp hvernig þetta var hér á árum áður. Ef ég man þetta rétt þá voru til barnabætur alveg ótengdar tekjum allt þar til árið 1984 eða 1985. Þá var í tengslum við kjarasamninga ákveðið að taka upp svokallaðan barnabótaauka sem var tekjutengdur. Þá þótti flestum mjög gott að það skyldi vera svigrúm til að taka upp barnabótaauka fyrir þá sem höfðu lægri tekjur, tekjutengdan barnabótaauka. Þannig var kerfið um nokkurt árabil, sennilega í ein tólf eða þrettán ár, þar til að segja má að öllum barnabótunum hafi verið steypt yfir í barnabótaauka, hinn tekjutengda. Það sjónarmið varð ofan á árið 1997 að óþarfi væri að borga hinum hærra launuðu sérstakar bætur úr ríkissjóði í þessu formi. Nú er sem sagt horfið til baka á nýjan leik að hluta til og fallist á að rétt sé að upp að sjö ára aldri séu barnabæturnar ótengdar tekjum.

En auðvitað er engin ein niðurstaða rétt í þessu. Þetta hefur gengið dálítið fram og til baka eins og harmonikka, hvaða afstaða hefur orðið ofan á í þessu, eins og svo mörgum málum sem við fáumst við. Menn finna ekki neina eina niðurstöðu sem er rétt vegna þess að hún er náttúrlega ekki til. Það er matskennt og huglægt hvað mönnum finnst rétt í þessu efni.

Ég held því fram að það sem lagt er fyrir í þessu frv. sé ásættanleg málamiðlun milli sjónarmiða þeirra sem annars vegar vilja tekjutengja bæturnar að fullu og hins vegar þeirra sem vilja alls enga tekjutengingu, vilja að allir fá jafnar bætur úr ríkissjóði vegna barna sinna, óháð þeirra eigin tekjum.

Þingmaðurinn spurði í þriðja lagi: Er ekki rétt að greiða barnabætur til 18 ára aldurs? Ég tel ekki að við höfum efni á því. Við getum ekki látið það eftir okkur þó að einhver einstök lönd sem hægt er að nefna geti það. Það er líka rétt að hafa í huga að það er miklu algengara hér á landi að börn eða unglingar á aldrinum 16–18 aldri afli sér eigin tekna og það er minni þörf fyrir slíkar bætur hér á landi, að ég tel, út frá þeim forsendum heldur en sums staðar annars staðar þar sem börn hafa kannski ekki dýft hendi í kalt vatn fyrr en einhvern tímann þegar þau komast á þrítugsaldurinn.

Síðan er spurningin um ónýttan persónuafslátt barna. Þetta er ein hugmynd sem menn hafa verið að velta fyrir sér í gegnum árin. En það er bara aðferð til þess að koma peningum til fólks, að segja sem svo: Getur ekki þessi eða hinn fengið að nota ónýttan persónuafslátt annaðhvort unglinga eða jafnvel barna sem yrði þá úthlutað sérstökum persónuafslætti? Það er alveg hægt að fara einhverjar beinni leiðir að því og við erum að gera það hér með því að auka barnabætur almennt. Þetta er bara mismunandi nafn á hlutunum. Það er bara verið að tala um aðra aðferð til þess að koma bótum til fólks. Eins og staðan er núna teljum við ekki að það sé svigrúm til að ganga lengra í þessu efni, hvort heldur það væri með því að gefa því nafnið ónýttur persónuafsláttur barna eða unglinga eða eitthvað annað.

Hefur þessi pakki verið borinn undir fjölskylduráð? spurði þingmaðurinn. Svarið er nei. Við höfum alla vega ekki gert það í fjmrn. og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert af öðrum. En ég tel eðlilegt að þingnefndin geri það og leiti álits þess ráðs.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði um nokkur atriði. Ég tel mig hafa svarað því að hluta til. Hvenær komumst við út úr tekjutengingunum? Miðað við frv. komumst við ekkert út úr þeim því þetta frv. er hugsað sem tiltölulega varanlegur grunnur þar sem er, eins og ég sagði áðan, gerð ákveðin málamiðlun milli sjónarmiðanna um engar tekjutengingar eða fullar tekjutengingar. Ég held að okkar barnabótakerfi sé ekki galið kerfi og að það þurfi ekki einhverjar aðrar leiðir eins og þingmaðurinn nefndi til þess að koma stuðningi til fólks sem þarf á honum að halda.

Auðvitað geta menn alltaf, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði, látið í ljósi óskir um að meira fjármagn sé sett inn í svona bótakerfi. Við erum að hækka fjárhæðirnar í bótunum umfram þær hækkanir sem fyrirsjáanlegar eru að því er varðar verðlagið. Við erum sem sagt að hækka raunverðgildi bótanna. Staðreyndin er sú, eins og kemur fram í fylgigögnum með þessu frv., að þessar bætur munu koma þeim sérstaklega til góða sem lægstar hafa tekjurnar og það sést greinilega á þeim myndum sem birtar eru í greinargerðinni, en þar eru sýndir tekjuhópar annars vegar einstæðra foreldra og hins vegar hjóna og sambýlisfólks, skipt upp eftir tíundum. Annars vegar eru þeir hópar lengst til vinstri sem hafa lægstar tekjurnar, sá tíundi hluti alls hópsins, og svo lengst til hægri eru þeir hópar sem hæstar hafa tekjurnar innan þessa hóps, allt eftir tíundum. Og þá sést mjög greinilega hvernig þeim sem hafa minnstar tekjur, bæði í hópi einstæðra foreldra og hjóna, er liðsinnt meira en hinum með þessum breytingum. Og það hélt ég að gæti verið sameiginlegt áhugamál og markmið okkar hér í salnum að standa að.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur vitnað, bæði við þessa umræðu og við önnur tækifæri, í svokölluð kosningaloforð stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar. Ég vil láta þess getið að Sjálfstfl. gaf engin kosningaloforð, hvorki um þetta efni né nánast nokkur önnur, nema um það að treysta og tryggja efnahags- og atvinnulífið þannig að við gætum látið gott af okkur leiða, t.d. í því formi sem við erum að gera hér. Aðrir flokkar svara fyrir sín fyrirheit. Við gáfum ekki nein slík fyrirheit í okkar kosningayfirlýsingu, nema ef vera skyldi um að afnema hið óréttláta kerfi fasteignaskatta úti á landi og það erum við að gera með öðru frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Hins vegar er þetta frv. alveg í takt við stefnu okkar að því er varðar skattkerfið, barnabætur og fjölskyldustefnu yfirleitt. En við ákváðum fyrir síðustu kosningar að leggja ekki fyrir þjóðina ákveðin kosningaloforð í þeim efnum. Við erum hins vegar að láta stefnu okkar koma fram í þessu frv. eins og í mörgum öðrum frv. og höfum ekki þurft að gera það á grundvelli neinna sérstakra kosningaloforða.

Að öðru leyfi vil ég þakka fólki hér fyrir málefnalega umræðu um þetta mál og ágætan stuðning sem ég tel að það hafi.

[17:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra nefndi að þessi sjö ár væru ekki byggð á vísindalegum grunni. Hins vegar leiddi hann að því líkur að það lægi í því að yngstu börnin hefðu mest útgjöld í för með sér. Ég vil því spyrja ráðherrann hvort það sé mat hans að börn á þessum aldri, frá fæðingu til sjö ára, séu dýrari í rekstri en þau sem eru eldri en sjö ára, sjö til 16 eða sjö til 17–18 ára.

Ráðherrann nefndi það líka að þessi sjö ára regla hefði verið notuð í 17 ár og dró þar með inn að þessu hefði ekki verið breytt þegar Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður var ráðherra, reyndar félmrh. Hafði það eitthvað að segja fyrir Sjálfstfl. sem lagði til á landsfundi sínum, þrátt fyrir að þessi sjö ára regla hefði staðið í 17 ár og líka meðan Jóhanna Sigurðardóttir var ráðherra, að greitt yrði með börnum frá fæðingu til 18 ára aldurs?

Ég er sammála hæstv. ráðherra um að engin ein niðurstaða sé endilega sú rétta. Það er hægt að fara margar leiðir til þess að jafna útgjöld og kjör. Aðalmálið er og mikilvægast að þær aðgerðir sem eru valdar nái tilgangi sínum, þ.e. að jafna kjör barnafólks. Því langar mig að spyrja, af því að Sjálfstfl. gaf náttúrlega ekki út kosningaplagg. Hann passaði sig á því. En við hin höldum að það sé eitthvað að marka sem landsfundurinn ályktar og landsfundurinn skoraði á sína ríkisstjórn að afnema tekjutengingu barnabóta, annars að fara í persónuafslátt fyrir hvert barn frá fæðingu til 18 ára. Var þá sagt á landsfundinum að ekki þætti æskilegt að fara upp fyrir sjö ár eins og ráðherrann gerir hér? Er landsfundurinn dálítið ómark hjá Sjálfstfl.?

[17:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Landsfundur Sjálfstfl. er auðvitað ekki ómark, hv. þm. Hann gefur frá sér leiðbeiningar og vegvísa fyrir okkur sem erum kjörnir fulltrúar flokksins til þess að starfa eftir. Það er misjafnt í hve miklum mæli slík skilaboð eru skilgreind nákvæmlega eða á hve löngum tíma eigi að ná ákveðnum markmiðum. Okkur hefur tekist í ýmsum málum að ljúka þeim hratt. Annað er tímafrekara, tekur lengri tíma. Það þarf kannski að semja um það við fleiri eða þá að fjárhagur ríkissjóðs getur sett ýmsum góðum málum skorður.

Þessi sjö ára regla er auðvitað ekkert aðalatriði í þessu kerfi okkar. Hún var hugsuð þannig upphaflega að með því að setja hana inn í kerfið væri hægt að gera meira fyrir ákveðinn hóp. Það hefði verið hægt að sleppa sjö ára reglunni og gera bara jafnmikið fyrir þá sem áttu börn yngri en sjö ára og fyrir hina. Þá hefði ríkissjóður sparað sér peninga. En það var ákveðið að taka ákveðna upphæð og dreifa henni á þennan hóp.

Við vitum náttúrlega að unglingar geta verið dýrir í rekstri. Enginn ber á móti því. Eigi að síður hefur enginn stjórnmálaflokkur treyst sér til þess að leggja beinlínis til að afnema núverandi reglu um að foreldrar með börn yngri en sjö ára fái ákveðið álag á barnabæturnar. Ég man í það minnsta ekki eftir slíkri tillögu á undanförnum árum og hef nú fylgst með þessu nokkuð grannt nokkuð lengi.

Aðalatriðið er þó að hin vísindalega niðurstaða í þessu efni er ekki til. Hv. þm. tók undir það. En hér er komin niðurstaða sem ég held að við eigum sem flest að geta sætt okkur við þó allir vildu gjarnan hafa úr meiru að spila í þennan þátt eins og marga fleiri.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde fyrir þessi svör. Mér finnst frekar gott að heyra það að landsfundur Sjálfstfl. sendir frá sér leiðbeiningar og vegvísa til forustu flokksins og til flokksins í ríkisstjórn, þegar hann er í ríkisstjórn, en að þeir geti þurft tíma til að framkvæma þessar leiðbeiningar og vegvísa, vegna þess að við getum þá áfram leyft okkur að tala um það sem stefnu Sjálfstfl. sem landsfundur Sjálfstfl. hefur sent frá sér.

[17:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra voru vissulega skýr og ég þakka fyrir þau. En þau valda mér á ýmsan hátt vonbrigðum. Í fyrsta lagi telur hæstv. ráðherra enga ástæðu til þess að barnabætur séu greiddar til 18 ára aldurs líkt og gerist í mörgum löndum. Rökin sem hæstv. ráðherra ber fyrir sig eru algjörlega út úr kortinu. Ráðherrann ber fyrir sig að hér afli 16–18 ára unglingar sér tekna. Við skulum bara skoða framfærslubyrði heimilanna samanborið við t.d. á hinum Norðurlöndunum þar sem eru ótekjutengdar barnabætur og í sumum tilfellum greitt til 17 og 18 ára aldurs. Hér eru menntunarkröfur orðnar mjög miklar og unga fólkið býr lengur í foreldrahúsum þannig að engin rök eru fyrir öðru en að skoða það að greiða barnabætur til 18 ára aldurs.

Síðan fannst mér á hæstv. ráðherra að hér væri bara allvel gert og nóg raunverulega að gert að því er varðar ótekjutengda hluta barnabótanna. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að árinu 1995, þegar efnahagsástandið var mun verra en er núna, var ótekjutengdi hlutinn að meðaltali um 40 þús. kr. á ári með öllum börnum að 16 ára aldri. Nú er hann einungis 33 þús. með börnum að sjö ára aldri. Ráðherrann minnti á mína ráðherratíð, að þá hefði þetta verið til sjö ára aldurs og bæturnar tekjutengdar. En það er bara ólíku saman að jafna, stöðunni í efnahagsmálum þá og nú. Það munar tugum milljarða á ári hverju sem ríkissjóður hefur úr meiru að spila en þá.

Síðan finnst mér mjög athyglisvert að ekkert virðist að marka samþykktir Sjálfstfl. sem vill afnema tekjutengingu barnabóta, sem hæstv. fjmrh. er ósammála. Það er athyglisvert að fá það staðfest hér úr ræðustól að hæstv. ráðherra er ósammála síðustu landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. Það finnst mér vera athyglisvert í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:29]

Útbýting þingskjals:

Eignarhlutir í Landsvirkjun, 287. mál, fsp. JÁ, þskj. 316.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 27. mál (söluhagnaður hlutabréfa). — Þskj. 27.

[17:30]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, máli nr. 27 á þskj. 27. Meðflutningsmenn mínir að frv. eru þeir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson og Bryndís Hlöðversdóttir.

Í stuttu máli, herra forseti, er hér lagt til að 6. og 8. mgr. 17. gr. laganna um tekju- og eignarskatt falli brott. Þessi greinanúmer, herra forseti, eru að teknu tilliti til þess að 5. mgr. stendur auð sakir þess að lögin, þ.e. málsgreinarnar, hafa ekki verið uppfærðar af hv. efh.- og viðskn. en það er ástæða til þess að nefna þetta hér vegna þess að hæstv. ráðherra hefur uppfært málsgreinarnar í frv. sem hann flytur um hliðstætt efni.

Herra forseti. Í stuttu máli er tilgangur þeirrar breytingar sem hér er lögð til að fella út þau ákvæði skattalaga sem heimila frestun á greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa og að hægt sé að komast hjá skattgreiðslu af slíkum söluhagnaði með því að kaupa ný hlutabréf.

Þegar fjármagnstekjuskattur var settur á árið 1996 varð jafnframt sú breyting á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt að unnt varð að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar einstaklinga af sölu hlutabréfa yfir tvenn áramót af fjárhæð umfram 3 milljónir — það er komið upp í 3,2 núna — og fyrir hjón, eins og þetta stendur núna, fyrir um 6,4 milljónir. Ef keypt eru önnur hlutabréf í stað hinna seldu frestast skattgreiðsla enn og getur tæknilega varað endalaust.

Árið 1998 kemur inn sú breyting að lögaðilar geti farið fram á að fresta tekjufærslu á söluhagnaði af sölu hlutabréfa einnig og líka um tvenn áramót frá söludegi. Sama regla kemur sem sagt inn tveimur árum síðar fyrir lögaðila.

Ef marka má þá litlu umræðu, herra forseti, sem fram fór um breytinguna þegar hún var gerð á Alþingi vorið 1996 var tilgangurinn sá að stuðla að sparnaði og því að fjármagnið héldist áfram í íslenskum atvinnufyrirtækjum. Afleiðingar þessara breytinga hafa e.t.v. orðið aðrar og víðtækari en

reiknað var með. Alvarlegast fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf er líklega að mikið fjármagn hefur verið losað úr íslensku atvinnulífi með sölu hlutabréfa og verið flutt úr landi.

Í svari hæstv. fjmrh. við fsp. frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni um þetta efni lætur hæstv. ráðherra þá skoðun í ljós að vafalaust sé rétt sem haldið er fram, að breytingin hafi ýtt undir að fjárfestar, sérstaklega hinir stærri, hafi leitað á erlendan markað þar sem skattaumhverfið er hagstæðara en hér, t.d. í Lúxemborg. Ráðherrann bendir jafnframt á þá bankaleynd sem þar er en jafnframt, og það skiptir máli, að þessi þróun stríði gegn hinu upphaflega markmiði lagabreytingarinnar frá 1996 og væntanlega þá líka frá 1998. Um þetta hygg ég að allur þingheimur sé sammála, að þarna varð þróun sem menn sáu e.t.v. ekki fyrir. Allt fjármálaumhverfið breyttist svo mjög á þessum árum að menn sáu ekki fyrir hvaða afleiðingar gátu orðið af þessum breytingum.

Þó að upplýsingar um hlutabréfaeign Íslendinga erlendis séu ónákvæmar sýna tölur Seðlabankans að gríðarlega mikið fjármagn hefur flust frá landinu á allra síðustu árum. Frá árslokum 1996 hefur hlutabréfaeign Íslendinga erlendis vaxið úr rúmum 12 milljörðum kr. í 155 milljarða nú um mitt ár. Umræddar skattbreytingar og sá möguleiki að fresta skattgreiðslum með því að fjárfesta áfram í hlutafélögum, ásamt hagstæðu skattaumhverfi erlendis, hefur haft það í för með sér að margir fara þá leið að stofna eigin eignarhaldsfélög erlendis og fjárfesta síðan í þeim.

Í áðurnefndu svari fjmrh. kom fram að örfáir tugir einstaklinga hafi á undanförnum árum talið fram söluhagnað umfram það sem lögin gera ráð fyrir. Á þessum tíma hafa íslensk fjármálafyrirtæki byggt upp útibú erlendis og sú uppbygging hefur áreiðanlega auðveldað mönnum að nýta sér þessa möguleika, e.t.v. hefur þessi breyting einnig hraðað stofnun og vexti dótturfyrirtækjanna.

Dótturfyrirtæki Kaupþings í Lúxemborg hefur vaxið hratt á þessum árum og um síðustu áramót var það með sem samsvarar 35 milljörðum íslenskra króna í fjárvörslu. Aðrar fjármálastofnanir hafa einnig stofnað dótturfyrirtæki erlendis. Landsbankinn er með starfsemi á eyjunni Guernsey í Ermarsundi og í London. Íslandsbanki er einnig með starfsemi í London og Búnaðarbankinn hefur nú stofnað dótturfyrirtæki í Lúxemborg. Það er ekki fyllilega upp talið, herra forseti, með þessari upptalningu. En þótt fleira en þessi eina skattbreyting hafi áhrif á að íslenskar fjármálastofnanir séu með starfstöðvar erlendis er almennt talið að þessi breyting hafi haft áhrif á þessa þróun. Menn geta auðvitað líka velt fyrir sér áhrifum þessa á vaxandi viðskiptahalla á þessum sömu árum.

Það hefur verið fjallað þó nokkuð um þessar breytingar og afleiðingar þeirra, herra forseti, einkum í Morgunblaðinu. Til að halda því til haga þá er áhugavert að skoða hvernig þessi stofnun eignarhaldsfélaga á sér stað og hvernig þetta virkar síðan. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna hér í grein Morgunblaðsins þar sem Egill Ólafsson blaðamaður fjallar um þessi mál en þar segir:

„Til að sjá hvernig þetta gerist er einfaldast að taka dæmi af manni sem fyrir einhverjum árum eða áratugum lagði 2 milljónir í hlutafélag og selur nú hlut sinn á 100 milljónir. Maðurinn er því með 98 milljóna króna söluhagnað í höndunum. Samkvæmt ákvæðum skattalaga verður hann og eiginkona hans að borga 10% skatt af 6,4 milljónum og 45% skatt" — eða 38% — „af því sem er umfram þetta mark ef hann frestar ekki skattlagningunni. Hann gæti því þurft að greiða 42 milljónir í skatt. Auk þess verður hann að greiða 1,45% eignarskatt af eignum sínum.

Maðurinn, sem hagnaðist um 98 milljónir af hlutabréfasölu, getur hins vegar farið aðra leið. Hann getur tekið þá ákvörðun að stofna eignarhaldsfélag í Lúxemborg og notfært sér ákvæði tekjuskattslaga um frestun á söluhagnaði. Hagstæðast er fyrir hann að stofna félagið með tiltölulega litlu hlutafé, t.d. 2 milljónum. Gengi hlutafjár væri þá 50 sem þýðir að verðmæti félagsins er 100 millj. Ástæðan fyrir því að hlutaféð er haft þetta lágt er sú að eignarskattur á Íslandi er greiddur af nafnvirði og augljóst er að hagstæðara er að greiða eignarskatt af 2 millj. en 100 millj.

Kostnaður við að stofna eignarhaldsfélag í Lúxemborg er um 800 þús. Við stofnun félagsins verður það enn fremur að greiða 1% af heildareign þess í skatt til Lúxemborgar. Eftir það greiðir félagið 0,2% árlegan skatt af nafnvirði hlutafjár, í þessu tilfelli af 2 millj.

Auk þess þarf maðurinn að greiða að lágmarki 300 þús. á ári til fjárvörsluaðila, þ.e. þess aðila sem sér um umsjón með fjárfestingum félagsins. Inni í þeirri upphæð er m.a. þóknun til stjórnarmanna í félaginu. Nauðsynlegt er að stjórnarmenn hafi erlent ríkisfang því að ef stjórnarmenn eru íslenskir líta íslensk skattyfirvöld svo á að félaginu sé stjórnað frá Íslandi og félagið er því skattlagt eftir íslenskum skattareglum.

Ef maðurinn vill nota þá peninga sem hann hefur fjárfest í eignarhaldsfélaginu í Lúxemborg getur hann t.d. gert það með því að greiða sér árlega 10% arð. Á þennan arð er lagður 10% fjármagnstekjuskattur sem rennur til íslenska ríkisins. Óhagstætt er fyrir manninn að láta eignarhaldsfélagið greiða út meira en 10% arð vegna þess að greiða þarf 2% skatt til ríkisins í Lúxemborg af arði sem er umfram 10%.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi fyrir manninn að opna bankareikning á Íslandi eða í Lúxemborg í nafni eignarhaldsfélagsins. Hann getur síðan fengið sér kreditkort og tekið út af reikningnum. Samkvæmt skattalögum verður að líta á alla notkun á kreditkortinu sem arðgreiðslur og ber að skattleggja þær sem slíkar. Möguleikar íslenskra skattyfirvalda til að hafa eftirlit með kreditkortareikning í banka í Lúxemborg eru hins vegar mjög litlir. Eignarhaldsfélög í Lúxemborg starfa samkvæmt sérstökum lögum frá árinu 1929 og samkvæmt þeim eru þau undanþegin upplýsingaskyldu. Einu upplýsingarnar sem skattyfirvöld á Íslandi hafa um þetta eignarhaldsfélag er að hlutafé þess sé 2 milljónir. Sú upphæð breytist ekkert þó að félagið kunni að hafa miklar fjármagnstekjur og að ýmis kostnaður falli á það."

Herra forseti. Það hefur eðlilega orðið nokkur umræða um þennan þátt. Það þekkja margir þá sem hafa kreditkort og hafa getað notað þau til þess að koma sér haganlega fyrir með ýmsum hætti eða í neyslu sína. Það er afar slæmt meðan við erum að byggja hér upp hlutabréfamarkað að hlutir skuli gerast með þessum hætti, með allri þeirri neikvæðu umræðu sem hefur fylgt. Það er út af fyrir sig alvarlegt vegna þess að við þurfum á öðru halda.

Herra forseti. Síðasta vor vorum við í Samfylkingunni að skoða breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Við veltum þá vöngum yfir því hvernig eðlilegast væri að mæta þeirri gagnrýni sem hefur verið, ekki bara á að þeir sem fá að nýta auðlindina greiði ekki eðlilegan arð til þjóðarinnar heldur líka vöntun á skattgreiðslum þessara aðila. Þá rákum við okkur fljótlega á ákvæði þessarar 17. gr., þ.e. 6. og 8. mgr., og ákváðum þess vegna að flytja það frv. sem ég mæli fyrir

hér í dag. Það vannst ekki tími til að koma því fram sl. vor þannig að það var flutt nú í haust.

Það var gert, herra forseti, vegna þess að á undanförnum árum hefur það sætt verulegri gagnrýni hve mikinn söluhagnað einstaklingar hafa fengið af sölu hlutabréfa í sjávarútvegsfyrirtækjum. Menn kannast við þau uppþot — ég leyfi mér að nota það orð — sem orðið hafa þegar einstaklingar hafa selt stóra hluti og ekki greitt af þeim skatta. Markaðsverð aflahlutdeilda fór mjög hækkandi eftir að núgildandi lög voru sett. Einstaklingar sem hafa selt aflahlutdeildir og ekki keypt aðrar í staðinn hafa því oft hagnast verulega, jafnvel þó þeir hafi greitt fullan tekjuskatt af ágóðanum. Þeir sem eru óbeint handhafar aflahlutdeilda, með því að eiga hlutabréf í útgerðarfyrirtækjum, hafa hins vegar komist hjá þessari skattlagningu vegna þessarar lagabreytingar. Þegar þeir selja hlutabréf með hagnaði, sem að einhverju leyti er til kominn vegna hækkaðs verðs á aflahlutdeildum félagsins, geta þeir frestað og þar með komist hjá skattlagningu með því að kaupa hlutabréf í öðrum hlutafélögum eða farið eignarhaldsfélagsleiðina sem ég lýsti hér áðan

Menn hafa einnig rætt þetta mál í tengslum við skuldir sjávarútvegsins sem eru giska miklar, menn tala um að þær séu í kringum 160–170 milljarðar og hafi aukist um tugi milljarða á undanförnum árum. Þetta gerist þrátt fyrir að nýfjárfestingar í sjávarútvegi hafi ekki verið miklar á þessum tíma og afkoma í greininni verið viðunandi. Ástæður þessarar miklu skuldaaukingar eru því af ýmsum taldar stafa af því að kvóti og fyrirtæki hafi verið seld fyrir fé sem ekki var varið til endurfjárfestingar í sjávarútvegi.

Herra forseti. Reglan um frestun skattlagningar nær auðvitað til hlutabréfaeigenda í öllum atvinnugreinum en hagnaður af viðskiptum með hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum hafa stungið mest í augu almennings, e.t.v. vegna þess að margir þeirra sem farið hafa með mikla peninga út úr greininni og komist hjá skattlagninu vegna framangreindra ákvæða hafa heldur ekki greitt fyrir þau afnot sem þeir fengu af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Eins og ég gat um var meintur tilgangur þessara breytinga að styrkja íslenskt atvinnulíf, að hleypa lífi í hlutabréfamarkaðinn með því að örva hreyfanleika á því fé sem varið er til hlutabréfakaupa. Aðstæður breyttust hins vegar — ófyrirséð, getum við sagt og þingmenn geta velt því fyrir sér hvað breytingar gerast orðið hratt — og niðurstaðan er sú að fé hefur streymt úr landi þar sem keyptir hafa verið hlutir í erlendum félögum eða eignarhaldsfélög stofnuð. Samkvæmt upplýsingum frá hæstv. fjmrh. hafa sárafáir greitt tekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa síðan þetta ákvæði kom inn.

Tillaga okkar, þ.e. frv. sem ég mæli fyrir, gengur út á að afnema þessar tvær greinar og færa lögin hvað þetta varðar til fyrra horfs, bæði hvað varðar einstaklinga og lögaðila. Það er nokkuð ljóst, herra forseti, að ef einungis verður afnuminn möguleiki einstaklinga til að fresta greiðslu skatta af söluhagnaði hlutabréfa þá er verið að beina þeim í ákveðinn farveg eins og þann að stofna þá eignarhaldsfélög um hlutabréfaeign sína og komast þannig undir þak lögaðila og eiga þar með áfram möguleikann á frestun.

Við vildum á þennan hátt setja þetta mál með afgerandi hætti á dagskrá en í raun, herra forseti, þarf að endurskoða lögin heildstætt með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármálamarkaði og vegna opnunar til útlanda. Það er augljóst að til að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs hvað varðar fjárfestingar þá þarf að skoða fleiri þætti.

Þeir sem hafa verið að tjá sig um þessi mál, herra forseti, hafa m.a. bent á að á sama tíma og þessar breytingar eru gerðar á lögunum þá sé gerð sú breyting að erlendum eignarhaldsfélögum sé gert að greiða 20% skatt af söluhagnaði og stuðli það ákvæði m.a. að því að þau fjárfesti þá ekki hér á Íslandi. Sömuleiðis hefur margítrekað verið bent á þá staðreynd að við séum að verða ein eftir með eignarskatta.

Það er augljóslega orðið brýnt að menn velti því alvarlega fyrir sér hvort ekki sé rétt að skoða betur samspil eignarskatta og skattlagningu þeirra tekna sem menn hafa af viðkomandi eignum.

Herra forseti. Ég sagði að við hefðum viljað setja málið með afgerandi hætti á dagskrá og það má segja að það sé komið með afgerandi hætti á dagskrá Alþingis. Á dagskrá þingsins í dag er tillaga fjmrh. sem gengur út á það að fella út 8. gr. sem hann uppfærir og nefnir 7. eingöngu, þ.e. það sem snýr að einstaklingum og breyta skattprósentunni þá þannig að þeir greiði 10% af öllum söluhagnaði. Í tillögu fjmrh. hæstv. er hins vegar ekki hreyft við lögaðilum.

Það eru fleiri viðhorf uppi í málinu því hér virðist varla vera um stjfrv. að ræða þar sem Framsfl. er ekki búinn að samþykkja nálgun fjmrh. að málinu. Og nú er spurning hvort nokkur framsóknarmaður er í salnum til að gera betur grein fyrir þeirra viðhorfum. En svo virðist því miður ekki vera.

Samkvæmt frétt Morgunblaðsins sl. laugardag hefur þingflokkur Framsfl. afgreitt frv. með fyrirvara. Þeir horfa til þess að verið sé að lækka skattprósentuna hjá einstaklingum úr 38% í 10% á því sem er umfram 3,2 eða 6,4 millj., eftir því hvort um er að ræða einstakling eða hjón og það telja þeir vafasamt. Þeir eru sem sé frekar á línu Samfylkingarinnar hvað þetta varðar en línu fjmrh. En þeir nefna hins vegar ekki lögaðilana þannig að segja má að Framsókn keyri hér þriðju stefnuna í málinu.

„Við þurfum að skoða hvort það er ekki nægjanlegt að afnema frestunarmöguleikann eða hvort önnur viðbrögð komi til greina."

Þetta sagði Kristinn H. Gunnarsson þingflokksformaður Framsfl., og ef ég man rétt, fulltrúi flokksins í efh.- og viðskn., í viðtali við blaðið.

Herra forseti. Mér sýnist ljóst að Framsfl. ætlar að hafa algjörlega frjálsar hendur í þessu máli og hann ætlar að skoða málið í nefnd en er ekki aðili að máli eða nálgun hæstv. fjmrh.

Formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vihjálmur Egilsson, segist í sömu Morgunblaðsfrétt ekki vera ýkja hrifinn af þessari breytingu. Hann telur að ef menn séu með einhverjar upphæðir, þ.e. stóru fjármagnseigendurnir, þá reyni þeir örugglega að fjárfesta í gegnum eignarhaldsfélög hérlendis og þó líklega mest erlendis. Og hann bendir auðvitað á að skattfrestunarmöguleikinn verði áfram hjá lögaðilum.

Herra forseti. Magnús Guðmundsson, bankastjóri hjá Kaupthing Bank í Lúxemborg, segist ekki telja að þær breytingar sem frv. hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir breyti neinu varðandi fjárfestingar Íslendinga erlendis.

Það er því ljóst að álitaefnin eru mörg og efh.- og viðskn. á mikið starf fyrir höndum áður en niðurstaða fæst í það hvaða leið verður farin eða hversu víðtækar breytingarnar verða þegar upp er staðið.

Herra forseti. Ég bendi á að í frv. okkar er að finna yfirlit sem tekið var saman af Árna Harðarsyni, forstöðumanni skatta og lögfræðisviðs Deloitte & Touche, þar sem farið er yfir meðferð þessara mála, skattlagningar söluhagnaðar, í

nokkrum þeirra landa sem við helst berum okkur saman við. Og það er vissulega athyglisvert, herra forseti, að sjá hvaða prósentur menn eru að nota við skattlagningu á söluhagnaði þar af því við erum jafnan að vísa til þess að við þurfum að passa upp á samkeppnishæfni Íslands. Sannarlega vil ég taka undir það og vinna að því. Og þá er auðvitað rétt að við lítum til þess hvernig aðrir eru að gera hlutina. En við þurfum auðvitað líka alltaf að horfa til þess að íslenskur markaður er lítill og þess vegna að sumu leyti erfiðari eða óaðgengilegri af ýmsum ástæðum en aðrir.

Herra forseti. Ég sagði það áðan að það þarf að endurskoða lögin heildstætt hvað þetta varðar. Það er alveg augljóst. Það hafa svo mörg álitaefni komið upp í tengslum við umfjöllun þessa máls að ef menn ætla að passa upp á stöðu okkar þá verður að taka frekara tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármálamarkaði og vegna þeirra samskipta við útlönd, vegna þess frelsis í flutningum fjármagns sem nú er.

Það hefur verið bent á, eins og ég gat um áðan, að erlendum eignarhaldsfélögum sé gert að greiða 20% skatt af söluhagnaði og það leiði m.a. til þess að þau fjárfesti ekki hér. Sömuleiðis spilar eignarskatturinn orðið inn í þegar tekin er ákvörðun um hvar skuli fjárfest. Það er augljóslega orðið brýnt að því sé velt alvarlega upp hvort ekki sé rétt að skoða þetta samspil eignarskatta og skattlagningu þeirra tekna sem menn hafa af viðkomandi eignum.

Herra forseti. Það er orðið brýnt að menn velti því einfaldlega fyrir sér hvort ekki sé rétt að beita sömu reglu á allar tekjur án tillits til þess hvort um er að ræða fjármagnstekjur, skatt af launatekjum eða tekjur af eignum, hvort ekki sé rétt að menn samræmi þessa skatta en séu ekki að mismuna eftir því hvernig tekjurnar eru fengnar. Þegar hér var fjallað um fjármagnstekjuskattinn á sínum tíma þá var það skoðun okkar sem stöndum að Samfylkingunni að það væri óeðlilegt að skattar af fjármagni væru mun lægri í prósentu en þeir skattar sem fólk þarf að greiða af launatekjum. Sú skoðun stendur enn og menn hljóta að velta því fyrir sér hvort þarna þurfi ekki að samræma og þá í leiðinni, herra forseti, þær tekjur sem menn hafa af eignum. Og um leið að skoða hvort ekki sé eðlilegt að taka þá eignarskattinn af. Þannig gætu menn væntanlega lækkað tekjuskattsprósentuna hjá einstaklingum vegna launatekna.

Ég held líka að það væri mjög gott að menn skoðuðu hvort það væri ekki til framdráttar fyrir samkeppnishæfni Íslands að þetta væri samræmt hjá okkur — það væri einfalt — og að á þetta væri litið sem spor í áttina til þess að gera okkar skattkerfi gegnsærra og réttlátara.

Það er alveg ljóst að á undanförnum árum hafa verið að koma upp ýmsir möguleikar sem aðilar hafa verið að notfæra sér. Ég er ekki að tala um að neinn hafi verið að gera neitt sem „krímínelt" getur kallast. Þetta hafa einfaldlega verið möguleikar sem menn hafa nýtt sér, sem gera það að verkum að menn greiða mjög mismunandi skatta eða eru mjög mismunandi settir skattalega eftir því hvort þeir greiða skatta beint af launatekjum sínum, hvort þeir fá tekjur sínar af fjármagni, af eignum eða eftir öðrum leiðum, hvort þeir eiga aðild að atvinnurekstri o.s.frv.

Það er að okkar mati orðið nauðsynlegt að þetta verði skoðað í samhengi og ekki óeðlilegt að það sé gert á sama tíma og menn skoða skattlagningu söluhagnaðar. Er ekki er rétt að þetta verði samræmt, en að athugað verði þá á móti að fara niður með eignarskattinn og líta til þess hvernig aðrar þjóðir haga slíkum málum, þær þjóðir sem við berum okkur saman við og þykjumst vera að keppa við með ýmsum hætti?

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan sýnist mér að efh.- og viðskn. bíði þó nokkurt starf miðað við það hvernig þessi mál eru lögð upp. Það liggja fyrir a.m.k. þrjár skoðanir á þessu máli. Í fyrsta lagi sú skoðun sem ég mæli fyrir um að það beri að fella niður þennan möguleika bæði fyrir einstaklinga og lögaðila. Í öðru lagi sú skoðun hæstv. fjmrh. að það beri að fella niður þetta ákvæði varðandi einstaklinga en að breyta skattprósentunni á móti þannig að 10% skattur sé greiddur af öllu. Og í þriðja lagi er fyrirvari og þá væntanlega skoðun Framsfl. sem er ekki tilbúinn að samþykkja það að færa skattprósentuna niður um 28%, og vilji þeirra til þess að skoða málið í nefnd og að mér sýnist þá algerlega með frjálsar hendur.

Þetta er mjög athyglisvert, herra forseti, og mun óhjákvæmilega leiða til þess að yfirferð nefndarinnar í þessu máli hlýtur að verða ítarlegri en ef hér hefði verið um að ræða stjfrv. sem menn hefðu klappað fyrir í báðum þingflokksherbergjunum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu þá legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að koma inn á frv. í heild sinni í þessu andsvari. Það ræði ég á eftir. En hv. þm. sagði að hún teldi að sama regla ætti að gilda um allar tekjur. Ég get hjartanlega tekið undir það. En þá á að sjálfsögðu að tala um raunvexti. Þegar talað er um vexti þá tala menn um raunvexti. Og að sjálfsögðu tekur maður vaxtagjöld inn í það. Og þegar maður talar um söluhagnað af hlutabréfum þá tekur maður að sjálfsögðu sölutap af hlutabréfum líka með í reikninginn. Og þegar maður talar um arð þá tekur maður sömuleiðis sölutap inn í. Ég hygg að fjöldi manna á Íslandi yrði tekjuskattsfrjáls í áratugi ef það er allt saman tekið með vegna þess að fjármagnstekjur eru ekki eins og launatekjur beint í vasann. Það er áhætta í arði og söluhagnaði, geysileg áhætta.

Geysilegur fjöldi manna er að tapa miklu fé í hlutabréfaviðskiptum, bara þessa dagana, og það geta þeir ekki dregið frá sínum tekjuskatti. Nú eru bankarnir að borga kannski 5% vexti í 5% verðbólgu. Það situr ekkert eftir. En sparifjáreigendur borga samt hálft prósent í fjármagnstekjuskatt. Þeir vildu gjarnan borga bara skatt af raunvöxtunum sem eru þá 0%. Svo er að sjálfsögðu fullt af fólki á Íslandi sem borgar mikla vexti af sínum skuldum og það ætti að sjálfsögðu að dragast frá tekjuskatti þeirra. Þannig að ég hygg, ef hv. þm. skoðar þetta allt í heild sinni, að þetta geti bara verið ágætt fyrir fjármagnseigendur.

[17:58]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að harma að hv. þm. skuli ekki lengur sitja í efh.- og viðskn. þar sem hann hefði getað lagt þessa ágætu skýringu sína inn við vinnu nefndarinnar að málinu.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að skoða þetta í samhengi. Ég tel að það sé tímabært og að menn eigi að ganga til þeirra verka og að þau frv. og þær hugmyndir sem hér liggja fyrir gefi fyllilega tilefni til þess.

Það er alveg ljóst að bara það grundvallaratriði að menn greiða ekki sambærilega skatta af tekjum sínum eftir því

hvernig þær eru upprunnar, vekur ákveðna úlfúð og spurningar. Menn verða þá að svara þeim spurningum betur en gert hefur verið ef þessi mismunur á að vera áfram fyrir hendi.

[17:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi sjónarmið komu öll fram í svokallaðri fjármagnstekjuskattanefnd sem ég átti sæti í og ég átti í eilífum barningi við vinstri mennina í þeirri nefnd um að fá þessi sjónarmið fram. Það fékkst ekki. Þessi sjónarmið hafa líka verið kynnt á hinu háa Alþingi þannig að þetta er þekkt. Þetta er líka þekkt í efh.- og viðskn. þannig að ég þarf ekkert að sitja þar frekar til þess að koma þessum sjónarmiðum að.

Ég hygg að í dag séu raunvextir í bankakerfinu sem sparifjáreigendur eru að fá 0%. Ég hugsa það í þeirri verðbólgu sem við sitjum uppi með. Og menn verða að borga af nafnvöxtum fjármagnstekjuskatt. Ég hugsa því að ríkið muni nú ekki ríða feitum hesti frá þeirri breytingu ef af yrði. (Gripið fram í.)

Varðandi tapað hlutafé. Menn hafa nú aldeilis tapað hlutafé út um allt land í fiskeldisfyrirtækjum og öðru slíku og þeim þætti kannski dágott að geta dregið það tap frá svo sem eins og í tíu ár og verið skattlausir á meðan.

[17:59]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis ítreka það sem kom fram í framsögu minni, að þegar fjármagnstekjuskatturinn var settur á árið 1996 þá var það tillaga okkar að skattprósentan yrði sú sama varðandi fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt. Ég þekki því ekki alveg þá umræðu sem hæstv. ráðherra er hér að fitja upp á einfaldlega vegna þess að ég ... (Gripið fram í.) Já, en a.m.k. hélt ég að það hefði, herra forseti, legið nokkuð ljóst fyrir hverjar tillögur okkar voru í þeim efnum og að við vorum ósátt við þá niðurstöðu sem hér varð, þ.e. að fjármagnstekjuskatturinn er einungis 10% á meðan skattur af launatekjum er til muna hærri.

[18:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þannig háttar að við vorum hér fyrir stundu að ræða stjfrv. um barnabætur sem tengdist mjög stærsta kosningamáli Framsfl. Hér var Framsfl. ekki til staðar í þingsal. Við gátum á engan hátt rætt við Framsfl. um hvernig unnið væri að útfærslu á þessu kosningamáli.

Hér erum við núna að ræða tvö mál af sama toga með ólíkri nálgun, sem varða skattlagningu söluhagnaðar. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., hefur sett alvarlegan fyrirvara við stjfrv. Það er hins vegar óviðunandi fyrir okkur að ræða þessi mál við ríkisstjórnina án þess að hinn stjórnarflokkurinn sé við. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta hvort þannig hátti til að einhver framsóknarþingmaður sé hér í húsinu. Getum við fengið Framsfl. til að vera viðstaddan þessa umræðu? Ég ætla bara að bíða svars hæstv. forseta hér í ræðustól. Leyfist það, herra forseti, að bíða svars hæstv. forseta?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti hefur hlustað á hv. þm. Það eru framsóknarmenn í þinghúsinu og e.t.v. mæta þeir til umræðu.)

Herra forseti. Ég óska eftir því að þeir þingmenn Framsfl., væntanlega þeir þingmenn sem átt hafa að fylgja eftir umræðunni sem fer fram hér í dag, mæti í þingsalinn þannig að okkur auðnist að fá fram sjónarmið beggja stjórnarflokkanna til stjfrv. sem hér verður rætt í kjölfar þess þingmannafrv. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti framsögu um og lýsti þar sjónarmiðum Samfylkingarinnar.

[18:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir að þetta er mjög eðlileg athugasemd sem fram kemur hjá formanni þingflokks Samfylkingarinnar. Við erum að ræða mál sem tengist mjög stjfrv. hæstv. fjmrh. sem hér er á dagskrá á eftir. Það fjallar raunar um sama efni en framsóknarmenn hafa gert mjög alvarlegan fyrirvara við frv. hæstv. fjmrh. Þess vegna er mjög eðlilegt að einhverjir af þingmönnum Framsfl. séu viðstaddir umræðuna. Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að fá þessa þingmenn inn í þingsalinn. Þegar ég var að athuga þetta hér á töflunni áðan sýndist mér aðeins einn þingmaður Framsfl. vera hér í húsi, þ.e. einn af varaforsetum þingsins. Ég spyr: Er ekki hægt að fá a.m.k. þann eina þingmann sem virðist vera í húsinu til þess að ræða við okkur um það mikilvæga frv. sem hér er á dagskrá?

[18:04]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti hefur meðtekið skilaboð hv. þingmanna og mun athuga hvort framsóknarmenn hafi áhuga á að fylgjast með umræðum í þingsalnum. Forseti telur sig hins vegar ekki hafa umboð til að láta ná í þá eins og hv. þm. orðaði það.

[18:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er til umræðu þingmannafrumvarp sem lagt var fram í haust og snýr eingöngu að breyttri meðferð á söluhagnaði hlutabréfa í skattalegu tilliti. Ég hef hugsað mér að tala hér eingöngu um það mál en ekki ýmis önnur atriði eins og hv. frsm. gerði. Ég mun síðan væntanlega hér á eftir mæla fyrir stjfrv. sem að hluta til nær yfir sama efnisatriðið en einnig fjölmörg önnur skattaleg atriði.

Það má segja að menn hafi gefið meðferð söluhagnaðar af hlutabréfum heilmikinn gaum á þessu hausti, bæði hér á Alþingi og annars staðar. Það var borin fram fsp. um þetta efni hér í haust. Það gerði hv. þm. Ögmundur Jónasson. Samfylkingin flytur þetta frv. sem nú er á dagskrá og svo höfum við í ríkisstjórninni sammælst um frv. sem hér verður mælt fyrir á eftir.

Hver er nú ástæðan fyrir öllu þessu? Hún er væntanlega sú að komið hefur í ljós að lagabreytingar sem gerðar voru hér 1996 hafa ekki að öllu leyti skilað því sem vænst var, hafa ekki þjónað tilgangi sínum að öllu leyti. Þá var farið út í það, þegar fjármagnstekjuskattur var upp tekinn, að undanþiggja söluhagnað af hlutabréfum hinni almennu reglu um meðferð á fjármagnstekjuskatti og láta slíkan söluhagnað bera fullan tekjuskatt einstaklinga eða eftir atvikum lögaðila en þó þannig að fresta mætti skattlagningunni um tveggja ára skeið, svo fremi að menn fjárfestu í öðrum hlutabréfum.

Ásamt öðru hefur þetta væntanlega haft í för með sér það að menn eru nú í ríkari mæli en áður farnir að flytja fjármagn sitt til útlanda, en það er m.a. vegna þess opnað hefur verið fyrir fjármagnsflutninga milli landa. Vel má vera að einhverjir hefðu kosið að flytja sitt fé úr landi af öðrum ástæðum en þessum eftir að sú breyting var gerð, þannig að ekki er hægt að hengja alla flutninga á fjármagni til útlanda á þessa einu lagabreytingu frá 1996. Eigi að síður er ljóst að sú breyting hefur frekar ýtt undir það að menn flytji sitt fé milli landa, eins og hv. frsm. rakti að mínum dómi ágætlega áðan.

Við skulum hins vegar hafa það í huga að um margra áratuga skeið var það þannig á hlutabréfamarkaði á Íslandi að lítil sem engin opinber viðskipti voru með hlutabréf. Það var enginn formlegur hlutabréfamarkaður til og lítil viðskipti með slík bréf, fyrirtæki voru gjarnan rekin sem fjölskyldufyrirtæki þó í hlutafélagsformi væri og bréf sjaldan á markaði og skiptu sjaldan um hendur nema við kynslóðaskipti, við uppgjör dánarbúa o.s.frv.

Algjör grundvallarbreyting hefur orðið í þessu efni á undanförnum árum. Hér er kominn virkur hlutabréfamarkaður og búið að gjörbreyta öllu umhverfi á því sviði. Þessi skattalagabreyting árið 1996 hafði það auðvitað í för með sér að fólk var ekki eins tregt og áður var til að innleysa söluhagnað á hlutabréfum. Með öðrum orðum: Fólk leitaði eftir því að selja bréf ef það taldi það hagkvæmt af öðrum ástæðum, jafnvel þó af þeim yrði söluhagnaður sem það gat síðan frestað skattgreiðslum af með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Ég tel að það hafi í mörgum og flestum tilfellum verið mjög eðlileg þróun og jákvæð sem vakti úr dvala starfsemi sem þekkist í öllum siðuðum þjóðfélögum, að það séu einhver viðskipti á markaði með fyrirtæki og hlutabréf. Til þess var áður miklu minni tilhneiging hér á Íslandi. Það var vissulega mjög jákvætt. Þau hliðaráhrif sem birst hafa í tilflutningi fjármagns til útlanda eru hins vegar ekki það sem menn sáu fyrir. Það má halda því fram að þau séu neikvæð. Þau hafa haft ýmisleg áhrif á aðra þætti eins og þingmaðurinn nefndi hér áðan. Ég tel að menn eigi að gefa því gaum hvernig eigi að bregðast við þeirri ófyrirséðu breytingu sem varð.

Samfylkingin leggur til í frv. sínu að aftur verði horfið til gamla fyrirkomulagsins, að menn borgi fullan tekjuskatt af slíkum söluhagnaði og þetta verði sem sagt einu fjármagnstekjurnar sem ekki beri fjármagnstekjuskatt. Ég tel að þetta mundi hafa þau áhrif að viðskipti með hlutabréf mundu fara í gamla farið. Þau mundu minnka mikið, hverfa í mörgum fyrirtækjum og þetta mundi líka ýta enn frekar undir flótta úr landi ef menn fyndu einhverja smugu til þess. Ég tel að þetta frv., eins og það er úr garði gert, gangi gegn yfirlýstum tilgangi sínum. Þá er nú ekki margt hægt að gera, ef menn vilja breyta núverandi fyrirkomulagi, annað en að horfast í augu við þá staðreynd að það er eðlilegt að meðhöndla söluhagnaðartekjur sem fjármagnstekjur og sætta sig við það.

Ég nefndi það í umræðunni um fsp. frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrr í haust, og hv. þm. vitnaði til þess, að eingöngu nokkrir tugir einstaklinga hafa talið fram söluhagnað af hlutabréfum, t.d. á síðasta ári — hvort það var 41 einstaklingur sem það gerði. En allir hinir sem hafa innleyst söluhagnað af hlutabréfum hafa frestað skattgreiðslunni. Allir hinir, já. Hve margir skyldu það vera? Ég veit það ekki fyrir víst, en það var upplýst á þskj. í haust, í tilefni af annarri fyrirspurn, að eigendur hlutabréfa eða þeir sem hafa nýtt sér skattfrádráttinn í tengslum við kaup á hlutabréfum eru hvorki fleiri né færri en 80.000 manns, þ.e. nálægt því að vera þriðjungur allra skattgreiðenda, sjálfsagt stærra hlutfall þeirra sem eru á virkum atvinnualdri og aflar sér tekna. Mun stærra hlutfall, ef maður dregur frá unglinga og eldra fólk sem ekki er á vinnumarkaði.

Við sjáum þannig í hendi okkar að það eru örfáir einstaklingar sem ekki hafa frestað skattgreiðslunni en allir hinir, þúsundir ef ekki tugþúsundir manna, hafa hagnýtt sér þennan frádrátt. Það fólk er ekki einhverjir ljótir, svartir fjármagnseigendur, eins og stundum er nú talað um þann hóp hér í ræðustóli af þingmönnum eins og hv. þm. Ögmundi Jónassyni, hina illu fjármagnseigendur, fólkið sem á hlutabréfin í landinu. Þar er þá ekki einhver ljót minnihlutaklíka á ferð ef það liggur við að vera helmingi stærri hópur en allir félagsmenn í Alþýðusambandinu, kannski álíka stór hópur og allir sem eru í Alþýðusambandinu. Þannig er ekki um það að ræða, enda stendur sá málflutningur á brauðfótum að mínum dómi.

Leiðin til þess að tryggja að ríkið fái einhverjar skatttekjur af þessu er að horfast í augu við þá staðreynd að hér er um að ræða venjulegar fjármagnstekjur. Langfæstir munu setja það fyrir sig, tel ég, að borga 10% fjármagnstekjuskatt af slíkum hagnaði. Fólk mun miklu frekar gera það en fara í einhverjar æfingar við að koma peningum sínum til útlanda, hirða þaðan arð og borga af því alls kyns kostnað sem því fylgir. Það mun sem sagt leysa úr læðingi skatttekjur sem ríkissjóður er að missa af í dag með því að horfast ekki í augu við þá staðreynd að þetta eru fjármagnstekjur eins og hvað annað. Við eigum bara að gera það, við skulum bara horfast í augu við það. Það voru menn ekki tilbúnir til að gera árið 1996 og þess vegna var lagaákvæðið þannig úr garði gert sem raun ber vitni.

Ég tel sem sagt að þetta frv. sem Samfylkingin hefur flutt hér sé reyndar mjög í anda Samfylkingarinnar en að það missi marks og það muni hafa þveröfug áhrif á það sem því er ætlað að gera, það muni draga úr viðskiptum með hlutabréf og draga muni úr tekjum ríkissjóðs af viðskiptum með hlutabréf og færa þennan markað langt aftur í tímann, í stað þess að horfa fram á veginn. Við búum í alþjóðlegu umhverfi, við getum ekki meinað fólki að gera fjárhagslegar ráðstafanir fyrir sjálft sig, hvort heldur það er innan lands eða utan, eftir því sem það sjálft telur hagkvæmast. Við verðum hins vegar að búa skattkerfi okkar þannig úr garði að það standist samkeppni utan lands frá.

Þetta er einn liður í því. Það er margt fleira sem þarf að gera, hlutir sem varða eignarskatta og stimpilgjöld og margt, margt fleira sem ekki er ástæða til að tíunda í þessari umræðu. En þetta vildi ég láta koma fram af minni hálfu gagnvart frv. Samfylkingarinnar. Ég mun síðan fylgja úr hlaði mínu eigin frv., vonandi á eftir.

[18:16]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um að skattkerfi okkar þarf að standast samkeppni. En það er ekki um það að ræða hér að við höfum áhuga á því að skattkerfi okkar standist ekki samkeppni, vegna þess að ég taldi að ég hefði farið yfir það í ræðu minni að við erum tilbúin til að horfast í augu við að e.t.v. þurfi að gera mun víðtækari breytingar. Ég spáði því reyndar að gera þyrfti mun víðtækari breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt heldur en lagt er til í frv. okkar, heldur en lagt er til í frv. hæstv. fjmrh. og lagt er til af hálfu Framsfl. í þeim hugleiðingum sem fram hafa komið varðandi fyrirvara þeirra.

Ég er nokkuð viss um, herra forseti, að menn þurfa að skoða þetta mun víðar en lagt er til í hverri þessari hugmynda eða frv. fyrir sig. Við ætlum okkur ekki þá dul að við séum búin að leysa þetta mál með frv. okkar sem hér liggur fyrir. Það er langt í frá vegna þess að málið er orðið mun stærra og það hefur orðið það á undanförnum árum. Ég er nokkuð viss um það, herra forseti, að þó að hæstv. ráðherra sé að reyna að spá fram í tímann um hvernig hlutir muni verða ef þetta

eða hitt verði með þessum eða hinum hættinum, þá sér hann ekki lengra fram í tímann nú en menn sáu fyrir nokkrum árum síðan.

Menn þurfa að skoða hvernig verið er að gera hlutina annars staðar, menn þurfa að skoða hvernig hægt er að gera þá með samræmdum hætti hér og ef þeim er annt um hlutabréfamarkaðinn, eins og mér heyrðist hæstv. ráðherra vera, þá þurfa menn líka að passa upp á að reglurnar séu þannig að menn hafi trú á því að þar fari fram viðskipti sem séu byggð á heiðarleika, að allir eigi þar einhverja möguleika og jafna möguleika, en ekki að búa þurfi til einhverja sérstaka farvegi fyrir menn til þess þeir geti átt þar einhverja möguleika.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir hv. þm. ekki vera sjálfri sér samkvæm að öllu leyti. Hv. þm. talaði um að gera þyrfti víðtækar breytingar á skattkerfinu og það þyrfti að vera samkeppnishæft og tók undir með mér í því efni. En Samfylkingin hefði náttúrlega ekki í þessu frv. haft allt undir, ekkert frekar en við í ríkisstjórninni eða Framsfl. eða hinir og þessir. Gott og vel.

Vissulega þarf að gera margt fleira í skattkerfinu en þau frv. sem eru á dagskrá í dag ná yfir. Við þurfum að gera margt, margt fleira. Ég er ekki viss um að við munum ná samstöðu um það hér í þessum sal milli allra flokka hvað það er sem þarf að gera þegar kemur að því að lækka skatthlutföll, greiða fyrir atvinnurekstrinum og tryggja það að atvinnurekstrinn búi við samkeppnisfær kjör, það mun tíminn leiða í ljós.

En það sem snýr að frv. Samfylkingarinnar sem er þó innlegg hennar hér í dag um þessi mál mun ekki þjóna þessum tilgangi. Það mun þvert á móti hamla framþróun í þessa átt. Það mun færa okkur til baka og á það stig þegar fólk lagði ekki í að selja hlutabréf, lagði ekki í að innleysa söluhagnað og viðskipti voru lítil með slík bréf. Þó að ég efist ekki um góðan vilja þingmannsins til að bæta skattkerfið á breiðum grundvelli, þá tel ég að þessi tillaga eins og hún birtist í frv. gangi í þveröfuga átt. Þess vegna tel ég að hv. þm. sé ekki sjálfri sér samkvæm.

[18:20]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum svo sem farið í nokkra umræðu um það hver er sjálfum sér samkvæmur í þessari umræðu, einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um það áðan að þær breytingar sem voru gerðar 1996 hafi verið góð örvun á sínum tíma, þ.e. að áður höfðu verið lítil sem engin viðskipti með bréf á markaðnum. En hann virðist vera þeirrar skoðunar að í dag hafi þetta gengið þannig fyrir sig að óhætt sé að fara í að breyta og gera þessa hluti öðruvísi en þeir voru og treystir því að fjármagnstekjuskatturinn, svo lágur sem hann er, 10%, verði ekki til þess að spilla nokkru.

Ég er nokkuð viss um það, herra forseti, að það var alveg rétt á sínum tíma að þá þurfti örvunar við, ekki kannski þessarar, en það þurfti örvunar við og markaðurinn fékk þá örvun. En ég er líka á þeirri skoðun að aðstæður séu allt aðrar í dag.

Hæstv. ráðherra fór sjálfur yfir það áðan hversu margir hlutabréfaeigendur eru orðnir, hvaða fjöldi það er sem á bréf, hversu fólki er orðið miklu tamara að skoða hlutabréf sem sparnað og þessi mikli fjöldi, sem hæstv. ráðherra nefnir, er ekki allt eigendur hlutabréfa með söluhagnað yfir 3,2 eða 6,4 millj. ef seld væru. Ég er því alveg handviss um, herra forseti, að aðstæður eru það breyttar að full ástæða er til að skoða málið að nýju rétt eins og hæstv. ráðherra er tilbúinn til að gera og það munum við ugglaust gera.

Þó svo að frv. okkar gangi út frá því að við förum aftur að þeim byrjunarreit árið 1996 og 1998 þar sem þessar breytingar voru gerðar, þá dettur mér ekki augnablik í hug, herra forseti, að það verði gert án þess að fleira gerist í leiðinni. Mér kemur ekki til hugar eitt augnablik að það gerist einangrað. Enda mun það ekki verða þannig, hvorki með frv. okkar né heldur með frv. ráðherrans, það er alveg ljóst af því sem fram hefur komið, bæði í þessari umræðu og annars staðar.

[18:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Árið 1996 voru gerðar ákveðnar breytingar á skattalögum. Þær höfðu mjög jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaðnum. Þær höfðu hins vegar líkar ákveðnar hliðarverkanir sem við virðumst vera sammála um að séu ekki að öllu leyti jákvæðar. Og við erum að bregðast við þeim hérna með mismunandi frv. Með öðrum orðum er ástæða til að endurmeta málið, það er alveg rétt sem hv. þm. sagði, það er rétt að skoða málið upp á nýtt. Ég tel bara að Samfylkingin hafi komist að rangri niðurstöðu. Samfylkingin skoðar málið og kemst að niðurstöðu sem mun hafa óheppileg áhrif á þennan markað, með öðrum orðum, kemst að vitlausri niðurstöðu að mínum dómi.

Ég tel að sú niðurstaða sem er að finna í frv. ríkisstjórnarinnar sé miklu heillavænlegri og miklu eðlilegri, ekki síst í ljósi allrar þeirrar þróunar sem orðið hefur síðan, bæði hérna innan lands og ekki síst gagnvart opnun hagkerfisins til annarra landa.

[18:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé þegar við ræðum þetta frv., sem flutt er af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar undir forustu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að inn í það blandist það frv. sem er næst á dagskrá og fjallar m.a. um frestun á söluhagnaði, þó það séu ýmis önnur atriði sem hæstv. ráðherra er að beita sér fyrir í því frv.

Eins og fram hefur komið í umræðu um þetta frv. er grundvallarmunur á þessum tveimur frv. Annars vegar er um að ræða að í frv. hæstv. fjmrh. virðist aðeins eiga að afnema heimild til skattfrestunar hjá einstaklingum meðan lögaðilar eiga áfram að hafa allt sitt á þurru. Það er sá þáttur og þessi mismunur sem ég óttast nokkuð og ég tel að hæstv. fjmrh. hljóti að ræða það síðar þegar þetta mál verður á dagskrá, annaðhvort þetta eða hans eigið frv.

Það er alveg ljóst að sú breyting sem gerð var á tekjuskattslögunum 1996 sem heimilaði frestun á skattgreiðslu á söluhagnaði er vissulega lögleg, en hún er siðlaus. Því hér er ekkert annað á ferðinni að mínu viti en undankomuleið á eðlilegum skattgreiðslum til samfélagsins.

Mig undrar raunverulega málflutningur hæstv. fjmrh. af því mér finnst meira og minna að honum finnist þetta vera í rauninni allt í lagi sem gerðist 1996, sem ég lít á sem mistök sem gerð voru á hv. Alþingi 1996. Ég tel að eitt stærsta verkefni þessa þings sé að loka þessari löglegu en siðlausu undankomuleið frá skatti, eins og lagt er til í frv. þingmanna Samfylkingarinnar.

Ég spyr alveg eins og hv. framsögumaður gerði: Er hugsanlegt að verið sé að búa til nýja leið fyrir einstaklinga til að komast hjá skattgreiðslum vegna söluhagnaðar með því að skilja eftir að lögaðilar geti áfram frestað skattlagningu á söluhagnaði?

Við vitum að sú þróun hefur orðið að veruleg aukning er t.d. á einkahlutafélögum. Einkahlutafélögum hefur fjölgað gífurlega, eða um 64% á tæpum fjórum árum, þau voru um 8.700 í árslok 1996 en eru komin í 13.700 í október árið 2000. Með því að skilja þetta eftir varðandi lögaðilana, er þá verið að opna einhverja leið fyrir þá sem eiga mikið af hlutabréfum að halda áfram slíkri frestun á söluhagnaði eins og við höfum búið við á undanförnum fjórum árum?

Mér finnst afar skrýtið að ekki sé hægt að upplýsa það nema með mikilli vinnu hjá ríkisskattstjóraembættinu hve mikil þessi frestun á söluhagnaði hefur verið á þessum þremur eða fjórum árum. Ég minni á að í septembermánuði sl. spurðist þingflokkur Samfylkingarinnar formlega fyrir um það hjá ríkisskattstjóraembættinu hvað þessi frestun á söluhagnaði hefði verið mikil í gegnum árin og mér er kunnugt um að ríkisskattstjóraembættið hefur verið að vinna að því á undanförnum vikum, eða sennilega frá því við spurðumst fyrir um það, a.m.k. síðan þá, að skoða þennan þátt.

Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Liggur eitthvað fyrir um það núna á þessum degi þegar við erum að ræða þetta frv. hve mikil slík frestun hefur verið á umliðnum fjórum árum?

Ég er með fyrir fram mig hver hagnaður af sölu hlutabréfa hefur verið. Það hefur komið fram á skattframtölum alveg frá árinu 1996. Þar er um gífurlega stórar fjárhæðir að ræða og gífurlega miklar breytingar. Söluhagnaður var á skattframtölum 493 millj. árið 1996, en er í bráðabirgðayfirliti sem ég hef undir höndum frá ríkisskattstjóra 7,5 milljarðar á árinu 2000. Við erum því að tala um gífurlega aukningu þarna.

Það sem mér finnst athyglisvert þegar maður skoðar hagnað af sölu hlutabréfa, sem er þá undir þessum mörkum sem greitt er 10% af áður en kemur að tekjuskattsálaginu, þá eru það á síðasta ári 3,5 milljarðar sem eykst í rúma 6,6 milljarða á yfirstandandi ári. Þannig að aukningin á söluhagnaði milli ára þar sem söluhagnaður er undir þessum tilskildu mörkum er 89,5% aukning.

Það sem vekur líka athygli mína er að þeir sem fengu eða voru með þennan hagnað á sölu hlutabréfa á síðasta ári voru 12.900 framteljendur sem töldu fram söluhagnað upp á 3,6 milljarða undir þessum tilskildu mörkum, en á sama tíma og hagnaðurinn tvöfaldast í krónum talið upp í 7,5 milljarða, þá fækkar þeim um 4.300 sem telja fram þennan söluhagnað, voru sem sagt á árinu 1999 12.900 en fækkar niður í 8.600. Það eru því færri einstaklingar með meiri söluhagnað, virðist vera, milli ára samkvæmt skattframtölum sem sýna söluhagnað.

Það er alveg rétt að samkvæmt þessu yfirliti eins og hæstv. fjmrh. benti á þá eru ekki margir sem sýna söluhagnað á skattframtölum umfram þetta hámark sem leyfilegt er með 10% fjármagnstekjuskatti. Þeir voru 19 árið 1997, 33 1998, 21 1999 og 41 á þessu ári. Engu að síður hefur söluhagnaður hlutabréfa umfram hámark, sem fram kemur á skattframtölum, verið á þessum fjórum árum um 700 millj. kr. og jókst verulega milli áranna 1997 og 1998, úr 31 milljón í 259, lækkar síðan aðeins milli áranna 1998 og 1999 og síðan lækkar það á milli síðasta árs og þessa árs úr 241 milljón í 181 milljón. Við erum engu að síður að tala um nokkrar skattekjur sem ríkið hefur haft af söluhagnaði hlutabréfa umfram hámarkið. Það er einmitt það sem Framsfl. hefur verið að mótmæla, að verið sé að lækka skatthlutfallið af söluhagnaði hlutabréfa umfram þetta hámark sem verið hefur sama og tekjuskattshlutfallið og það er fyrirvarinn sem Framsfl. hefur greinilega gert á þingflokksfundi sínum við þetta mál. Það er ekki nægilega gott að enginn framsóknarþingmaður sé í húsinu til að fjalla um þennan fyrirvara utan hæstv. forseta sem hefur bundið sig í forsetastól og getur þá ekki tekið þátt í umræðunni.

Mér finnst þessar tölur segja töluverða sögu um það sem hefur verið að gerast frá því að lagabreytingin átti sér stað. Það er umhugsunarvirði miðað við þingsköp og þinglega meðferð mála að svona stórt mál skuli hafa komið inn við 2. umr. málsins eða hvort það var 3., mér er sama hvort það var 2. eða 3. umr., sem haft hefur þær miklu afleiðingar sem við erum að tala um þar sem tilgangurinn var þveröfugur við það markmið sem menn héldu að þeir væru að ná með þessari breytingu og sem stuðlað hefur að mikilli fjármagnstilfærslu og fjárflótta úr landi. Það er umhugsunarvirði þegar verið er að skjóta inn svona stórum brtt. við aðra umferð á frv. þar sem ekkert er verið að fjalla um þá breytingu sem er síðan gerð í meðferð þingnefndar við málið.

Mér finnst það athyglisvert sem hv. frsm. þessa frv. og reyndar sem fram kom í Morgunblaðinu núna á þessari helgi þar sem Morgunblaðið ræðir nokkuð um þennan söluhagnað og hvaða áhrif þetta hefur haft. Ég gat ekki séð betur á því sem fram kom í Morgunblaðinu en að þeir telji að það sé eðlilegt að um leið og þetta frv. er rætt hljóti að vakna umræðan um fjármagnstekjuskattinn almennt og það að tekjur almennt, hvernig sem þær eru fengnar, séu skattlagðar með mismunandi hætti eftir því hvort við erum að tala um tekjur af fjármagni eða launatekjur. Það er það sem er að gerast hér raunverulega að fjmrh. er að leggja til að bæði söluhagnaður og arður verði alfarið í sama skatthlutfalli, 10%, á meðan við erum með launatekjurnar í 38%.

Ég vil minna á í þessu sambandi að þegar við vorum að fjalla um fjármagnstekjuskattinn á sínum tíma kom fram í umsögn skattrannsóknarstjóra um frv. að um verulega hagsmuni verði að ræða fyrir einstakling í atvinnurekstri að stofna til einkahlutafélaga og taka síðan greiðslur frá þeim í formi arðs. Og síðan stendur hér orðrétt:

„Þetta kom fram í umsögn frá skattrannsóknarstjóra um frv. Þar kemur fram að um verulega hagsmuni verði að ræða fyrir einstaklinga í atvinnurekstri að stofna til einkahlutafélaga og taka síðan greiðslur frá þeim í formi arðs. Ríkisskattstjóri tók í sama streng og skattrannsóknarstjóri í sinni umsögn og taldi að ef allar fjármagnstekjur væru skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur muni það örugglega hafa þau áhrif að þeir aðilar sem eiga þess kost muni taka laun sín út sem arð, vexti og leigu."

Maður veltir fyrir sér hvort þetta hafi verið að gerast á undanförnum árum að tilhneiging hafi verið t.d. með stofnun einkahlutafélaga að taka verulegan hluta launa út sem arðgreiðslur. Greinilegt er að skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri hafa óttast þetta á sínum tíma. Þess vegna er sú umræða fyllilega tímabær sem hér hefur verið sett fram af 1. flm. þessa frv. hvort ekki eigi að skoða það að meðhöndla tekjur, hvernig sem þær eru fengnar, hvort sem það eru tekjur af fjármagni eða launatekjur, með sama hætti og þá væri sennilega hægt að lækka verulega skattprósentuna

í tekjuskatti en að hækka hana þá að sama skapi varðandi skattgreiðslur af arði og söluhagnaði.

Ég vil minna á, herra forseti, í þessu sambandi að þegar verið var að fjalla um það 1998 að lögaðilar kæmu inn með sama hætti og einstaklingar gerðu 1996 eða tveim árum áður, þ.e. varðandi frestunina á söluhagnaði, þá kom fram í frv. hæstv. fjmrh. þegar mælt var fyrir þeirri breytingu að taka lögaðilana inn eins og einstaklinga að ekkert af löndum OECD skattleggur söluhagnað eins og arð. Það stendur orðrétt hér í einhverjum kafla undir yfirskriftinni í þessu frv. „Skattlagning söluhagnaðar í hendi hlutafélaga". Ég sé ekki betur en það sé einmitt það sem hæstv. fjmrh. sé að leggja til, þ.e. að skattleggja söluhagnað með sama hætti arð, allan söluhagnað, þ.e. í 10%, en það virðist vera svo samkvæmt því sem fram kemur í grg. með frv. að ekkert land geri þetta.

Það er athyglisverð samantekt í frv. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um skattlagningu söluhagnaðar í hinum ýmsu löndum. Svo virðist vera að við séum með algjöra sérstöðu hvað varðar lágan skatt af söluhagnaði og arði. Að vísu kemur á móti það sem hér hefur líka fram komið að við erum með mjög háan eignarskatt. Þess vegna er það eðlileg umræða sem hér er sett fram: Eigum við í alvöru að fara út í að skoða skattkerfið með því hugarfari, þá líka að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja þar sem við erum í alþjóðlegu umhverfi, að lækka verulega eða fella niður eignarskattana, stimpilgjöldin sem eru mjög erfið fyrir bæði atvinnulíf og einstaklinga, einstaklinga sem standa t.d. í því að koma sér þaki yfir höfuðið, en fara út í það að hækka skattinn af söluhagnaði og arði og lækka hann af launatekjum?

Ég held að það mundi skila okkur því að við værum með miklu einfaldara og réttlátara skattkerfi sem sýndi miklu meira jafnræði í skattlagningu en nú er, þ.e. að leggja að jöfnu skattlagningu á tekjum hvernig sem þær eru fengnar. Mér finnst að hæstv. fjmrh. ætti að leggja í þá vinnu að skoða kosti þess og galla, hvað væri hægt að lækka skatthlutfallið mikið hjá einstaklingum ef við færum út í slíka breytingu og hvert yrði, ef þá nokkuð, tekjutap ríkissjóðs með því að fella alveg niður eignarskattana og skoða lækkun eða niðurfellingu á stimpilgjöldum. Ég veit að eignarskattarnir gefa ríkissjóði töluverða peninga, eru það ekki um þrír milljarðar og einhver svipuð fjárhæð sem stimpiligjöldin gefa?

En það að hafa söluhagnaðinn, sem er svona mikill eins og hér kom fram, 7,5 milljarðar á þessu ári, í þessum 10% skatti mundi náttúrlega gefa töluverðar tekjur ef hann yrði með sama skatthlutfall og launatekjur, segjum kannski 20, 25, 30% skatti.

Ef við skoðum arðgreiðslur á bráðabirgðayfirliti ríkisskattstjóra þá var arður af hlutabréfum 1996 rúmar 1.100 milljónir en er á árinu 2000 kominn í 6,280 milljónir. Þetta er skattlagt með 10% skatti þannig að við getum séð að það væru verulegir fjármunir sem kæmu þá á móti ef við hækkuðum skattlagningu á arði og söluhagnaði, felldum niður eða lækkuðum eignarskattinn og felldum niður eða lækkuðum stimpilgjöldin. Og það sem væri líka mjög mikilvægt að geta lækkað tekjuskattinn hjá einstaklingum.

Mér finnst, herra forseti, að við eigum að leggja í þessa skoðun og væri mjög gott ef hæstv. fjmrh., sem hefur betri aðgang að mannskap og stofnunum til þess að reikna þetta út, hefði frumkvæði að því að fara í nýja kortlagningu á skattkerfinu sem hér hefur verið opnað á við umræðuna. Það sýndi mikið jafnræði að því er skattalögin varðar og þetta er ágætt tilefni til þess.

Nefndasvið þingsins lét vinna ágæta töflu sem sýnir tekjustöðu þeirra sem eiga hlutabréf. Mér finnst hún mjög athyglisverð og hún ætti að koma til skoðunar líka hjá efh.- og viðskn. í tengslum við þetta frv. vegna þess að við hljótum að skoða þetta mjög víðtækt í nefndinni. Það vakti t.d. spurningar hjá mér að einstaklingar með 0–750 þús. kr. í árstekjur á sl. ári áttu hlutabréf samkvæmt skattframtali að nafnvirði 20 milljónir kr., og má áætla að markaðsvirði þeirra sé ekki undir 100 milljónum. Af 22 þúsund einstaklingum sem áttu hlutabréf var fast að helmingur þeirra eða tæplega 9.800 einstaklingar með árstekjur á bilinu 0–1,5 millj. kr. Ég velti fyrir mér hvernig fólk getur átt fyrir hlutabréfum sem sýnir svona litlar tekjur á skattframtölum. Er hugsanlegt að einhver hluti þessa fólks taki launin sín út í arði og sýni þá litlar tekjur á skattframtölum en hafi aftur á móti tekjur í formi arðgreiðslu til að velta hlutabréfum áfram? Þetta er eitthvað sem væri þess virði að skoða og tengdist athugun á breyttu skattkerfi sem við þingmenn Samfylkingarinnar erum að tala fyrir, sem þjónar bæði hagsmunum atvinnulífsins, ekki síst því að fyrirtæki okkar eru náttúrlega í alþjóðlegri samkeppni og líka það að við værum að lækka verulega skatta á einstaklinga.

En þetta eru upplýsingar sem mér finnst að menn eigi að skoða, þ.e. bæði þá aukningu sem hefur orðið á einkahlutafélögunum sem við erum með upplýsingar um, hve margir eiga mikið af hlutabréfum þó þeir sýni engar tekjur á skattframtölum. Hver er skýringin á því? Eigum við ekki að skoða skattkerfið í því samhengi? Ég spyr, herra forseti, og mun auðvitað koma inn í umræðuna þegar frv. fjmrh. kemst á dagskrá: Hver er hin raunverulega skýring á því að hæstv. ráðherra er að skilja eftir lögaðilana og þar með að opna fyrir nýja smugu til að svíkja undan skatti að mínu viti, herra forseti?

[18:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. sem gerir ráð fyrir breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og er nátengt frv. sem kemur til umræðu eftir að þessari afgreiðslu lýkur, þ.e. afgreiðslu frv. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og fleiri þingmönnum úr Samfylkingunni, en hitt frv. er borið fram af hæstv. fjmrh. og a.m.k. Sjálfstfl. Það er óljóst hver afstaða Framsfl. er til málsins en enginn framsóknarmaður hefur tjáð sig um efni þessa frv.

Ég vil byrja á því að segja hve gott mér finnst að þessi frv. skuli bæði tekin til umræðu samtímis. Sá háttur hefur allt of oft verið hafður á, þegar frv. koma frá stjórnarandstöðu og tengjast frv. sem ríkisstjórnin ber fram, að stjórnarandstöðufrv. er iðulega skotið aftur fyrir og ríkisstjórnin eða málsvarar hennar reyna síðan að þegja þau í hel. Þennan hátt hefur hæstv. fjmrh. ekki haft á heldur tekið þátt í umræðu um þetta frv. frá stjórnarandstöðunni og tjáir sig ekkert síður um það en hann mun væntanlega gera um sitt eigið. Þetta finnst mér gott og ég vil að það komi fram hér í upphafi.

Þetta mál á rætur að rekja til breytinga sem gerðar voru á tekjuskattslögunum árið 1996, reyndar hafa verið gerðar breytingar á þessum lögum síðan, árið 1998 voru m.a. gerðar breytingar á þeim ákvæðum þessa frv. sem hér eru til umfjöllunar. Árið 1996 var hér komið á fjármagnstekjuskatti og ýmsar aðrar breytingar gerðar á skattlagningu á arð af hlutafé og ýmsum öðrum þáttum skattalaganna. Á þessum tíma fór fram mikil prinsippumræða, m.a. um þá þætti sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að hér áðan, hvort eðlilegt væri

að skattleggja allar tekjur á sama hátt óháð því hvernig þær yrðu til. Ég tek undir þau sjónarmið sem hún lýsti. Mér finnst eðlilegt að þar sé ekki gerður á greinarmunur.

Á að gera greinarmun á hverjir það eru sem afla teknanna, einstaklingar eða fyrirtæki? Það er enn önnur umræða. Sjálfum finnst mér eðlilegt að þarna sé jafnræði í milli. Mér finnst ekki óeðlilegt að tekjuskattar fyrirtækja séu endurskoðaðir og þá eitthvert samræmi haft við tekjuskatta einstaklinga. Það er ekki langt síðan tekjuskattar fyrirtækja voru miklu hærri en tekjuskattar einstaklinga. Ætli það sé meira en áratugur síðan tekjuskattar fyrirtækja voru yfir 50%? Nú eru tekjuskattar fyrirtækja komnir niður í 30%, tekjuskattar einstaklinga eru hins vegar á milli 38 og 39%. Þarna hefur orðið mikil breyting á auk þess sem margvíslegum álögum hefur verið aflétt af fyrirtækjum á þessum tíma. Þar nægir t.d. að nefna aðstöðugjöldin en álögur á einstaklinga hafa hins vegar aukist.

Þýðir þetta að prósentan eigi í öllum tilvikum að vera sú sama? Hv. þm. Pétur H. Blöndal vék að þessu áðan þegar hann vakti máls á fjármagnstekjuskattinum annars vegar og tekjuskatti hins vegar. Ég held ekki. Ég held að þetta þýði ekki að skattprósentan þurfi að vera sú sama vegna þess að skattar af fjármagni, alla vega samkvæmt mínum skilningi, eiga að vera skattar á raunávöxtum fjármagnsins, þ.e. að verðbólgan sé dregin frá þannig að hinar raunverulegu tekjur einstaklingsins séu skattlagðar. Það var rætt á þessum tíma, árið 1996 þegar fjármagnstekjuskattinum var komið á, hvort ekki væri rétt að hafa fjármagnstekjuskattinn eitthvað lægri í prósentum talið en tekjuskattinn til að ná þessu markmiði. Prinsippinu yrði eftir sem áður haldið til haga, menn væru ekki að gera greinarmun á skattlagningu eftir því hvaðan tekjurnar eru komnar, hvort þær eru af fjármagni eða launavinnu.

Þessi prinsippumræða fór fram á þessum tíma en þá og síðan við lagabreytingarnar 1998 fór minna fyrir umræðunni um það sem við ræðum um núna, þ.e. því ákvæði laganna sem heimilar frestun á skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa. Í stað þess að greiða tekjuskatt af hagnaðinum gátu einstaklingar frestað skattlagningunni með því að fjárfesta á nýjan leik. Það hefur orðið til þess að margir virðast hafa farið þá leið að fjárfesta fyrir söluhagnað í eigin eignarhaldsfélögum, ekki aðeins hér á landi heldur hafa þessir fjármunir einnig verið fluttir til útlanda, til Lúxemborgar og víðar.

Á þessu var vakin rækileg athygli í fjölmiðlum í haust, þá ekki síst í Morgunblaðinu. Þar var gerð mjög ítarleg úttekt á þessum málum í grein sem birtist í októberbyrjun, ég held að það hafi verið 1. október. Ég setti fram spurningu í upphafi þings sem vitnað hefur verið í hér áður, um hvað ríkisstjórnin hygðist gera í þessum málum og hvort það hafi vakað fyrir henni á sínum tíma að gangast fyrir lagabreytingum sem auðvelduðu fólki að koma fjármunum undan skatti. Á þessum tíma boðaði Samfylkingin, með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur í broddi fylkingar, lagafrv. sem tæki á þessum málum einnig og nú hefur þingmaðurinn upplýst að til hafi staðið að gera þetta á síðasta þingi.

Nú stöndum við frammi fyrir tveimur leiðum sem boðið er upp á. Annars vegar er það leið hæstv. fjmrh. og hins vegar leið hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég lýsi því yfir að ég er hlynntari þeirri leið sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir leggur til. Munurinn á þessum tveimur leiðum virðist mér sá að samkvæmt leið hæstv. fjmrh. er gerður greinarmunur á því hvort einstaklingar eiga í hlut eða lögaðilar hins vegar, þ.e. fyrirtæki. Ég á erfitt með að fá botn í hvers vegna gera ætti þann greinarmun. Ég spyr einnig hvort sú hætta sé ekki fyrir hendi að einstaklingur sem fengi slíkan hagnað í hendur mundi grípa til þess ráðs, sem sannarlega hefur verið gert, að stofna utan um sig fyrirtæki og gerast lögaðili. Mér þætti vænt um að fá skýringar á þessu.

Hitt sem við stöndum frammi fyrir er síðan sjálf skattprósentan, hver hún eigi að vera. Samkvæmt þeirri tillögu sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir leggur til er lagt til að venjulegri tekjuskattsprósentu sé beitt en í leið hæstv. fjmrh. skal skattprósentan núna vera 10% á alla fjárupphæðina, en þetta hefur verið tvískipt fram til þessa. Það hafa verið ákveðin skattleysismörk eða 10% skattur innan við vissa upphæð, 3,2 milljónir fyrir einstaklinginn og 6,4 milljónir fyrir hjónin. Ég vil því byrja á að lýsa stuðningi við þá meginleið sem boðuð er í frv. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég tel að við þurfum að skoða þetta mjög vel í nefnd en lýsi því yfir að mér hugnast sú leið sem hún leggur til.

Aðeins fáein orð um Ögmund Jónasson og hina illu fjármagnseigendur sem hæstv. fjmrh. vék hér að áðan. Það er nú ekki svo að mér sé sérlega uppsigað við fjármagnseigendur sem slíka. Mér er hins vegar svolítið í nöp við það þegar stjórnmálamenn hygla þeim á kostnað annarra þegna samfélagsins. Það segir sína sögu dæmið sem Morgunblaðið, í fyrr ívitnaðri blaðagrein frá 1. október, tekur til að varpa ljósi á það sem er að gerast. Ég vitnaði í á sínum tíma þegar fsp. mín kom til umfjöllunar hér á Alþingi og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerði það einnig í sínu máli. En í þessu dæmi sem varpa á ljósi á málið segir, með leyfi forseta, ég vitna í blaðagreinina:

„Til að sjá hvernig þetta gerist er einfaldast að taka dæmi af manni sem fyrir einhverjum árum eða áratugum lagði 2 milljónir í hlutafélag og selur nú hlut sinn á 100 milljónir. Maðurinn er því með 98 milljóna króna söluhagnað í höndunum."

Um þessar 98 milljónir standa síðan deilurnar, um hvernig eigi að fara með skattlagningu á þessum fjármunum. Það er ekki vegna þess að mér sé eitthvað í nöp við þennan einstakling eða þessi hjón, ef svo skyldi vera, sem hagnast um 98 millj. kr. Hins vegar skil ég ekki hvers vegna eigi sérstaklega að ívilna þessu fólki. Það eigi að búa við einhverja allt aðra skattprósentu en launamaðurinn sem með launavinnu hefur aflað sér fjár. Það eru nú engar 98 milljónir sem menn fá fyrir launavinnu, hvort sem það er hugur eða hönd sem aflar launateknanna. Ef menn horfa á fjárfestingargleðina sem alltaf er vísað til, að það megi ekki deyfa hana, tökum þá einstakling sem hefur aflað talsverðra tekna, við skulum segja 5 milljóna, og ætlar að fjárfesta. Stillum honum upp annars vegar og hins vegar hinum einstaklingnum sem hefur 98 milljóna söluhagnað sem hann hefur fengið af hlutabréfum sem hann fjárfesti í fyrir 2 milljónir á sínum tíma. Ekki stendur annað til en að skattleggja að fullu launatekjurnar sem nema 5 milljónum, það stendur ekki til annað en að gera það. En hitt á að fara allt öðruvísi með, það á að skattleggja það með 10%.

Þetta, herra forseti, á ég við þegar ég tala um hlutabréfamarkaðinn. Hvernig farið er með hann og hvernig mismunað er í þágu hans en á kostnað almenns launafólks í landinu. Við erum stöðugt að takast á um það hvernig við eigum að dreifa skattbyrðinni. Við þurfum að afla samneyslunni tekna og síðan tökumst við á um hvernig við ætlum að deila þessum byrðum niður. Ég gagnrýni það að einstaklingar sem hafa

tekjur af fjármagni eða hlutabréfagróða eða arði fyrirtækja skuli höndlaðir á allt annan hátt en annað fólk í landinu.

Meðal annarra orða, hæstv. fjmrh., þótt hlutafélög og hlutabréfamarkaður og verðbréfamarkaður kunni að vera til góðs að ýmsu leyti og auðveldi viðskipti og tilfærslu á eignum og fyrirtækjum í landinu þá hef ég nú meiri efasemdir um það en hæstv. ráðherra að þar fari fram sú verðmætasköpun í samfélaginu sem mér finnst á máli hæstv. fjmrh. hann trúa að gerist á þeim vettvangi, ég hef miklar efasemdir um það.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég kem hingað upp fyrst og fremst til að lýsa meginsjónarmiðum mínum. Ég er samþykkur því sem kemur fram í frv. sem við erum með til umfjöllunar, að afnema þessa frestunarmöguleika, og ég er samþykkur því að skattprósentan skuli vera sú sama og af almennum tekjuskatti og lýsi almennt stuðningi við þetta frv.

[19:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um að afnema heimild til að fresta skattlagningu af fjármagnstekjum umfram 3 og 6 millj. kr. mörk, sem reyndar hafa hækkað eilítið.

Til að varpa ljósi á hvernig staðan var áður en fjármagnstekjuskatturinn var settur á vil ég nefna aftur, því ég nefndi það dæmi 1996, mann sem ég hitti og átti lítið verkstæði. Hann var 75 ára gamall og var orðinn afskaplega þreyttur. Hann ætlaði að selja verkstæðið starfsmönnum sínum, ungum strákum, á 8 millj. Framreiknað kostnaðarverð verkstæðisins var eitthvað mjög lítið þannig að þetta var nánast allt saman hagnaður.

Sem betur fer fór gamli maðurinn til endurskoðanda sem tjáði honum að þar sem hámarksjaðarskatturinn væri 47% mundi hann borga nærri því 4 millj. í skatt eftir lífsstarfið. Þessi maður átti lítinn lífeyrissjóð og þegar ég talaði við hann áður en fjármagnstekjuskatturinn var settur á var hann enn þá að baksa í verkstæðinu, báðir ungu mennirnir hættir, búnir að stofna sitt eigið verkstæði væntanlega, og þetta gekk ósköp brösuglega og konan hans kvartaði mikið yfir því hvað þetta væri mikil vinna hjá honum. Ég geri ráð fyrir að hann hafi selt við fyrstu hentugleika eftir að fjármagnstekjuskatturinn var settur á og hafi ekki þurft að borga nema 800 þús. kr. í skatt.

Hvers vegna nefni ég þetta dæmi, herra forseti? Vegna þess að sumir hv. þm. virðast ekki átta sig á því að skattstofninn er háður skattinum, það er þetta fræga dæmi um Laffer-kúrfuna. Ef tekjuskattur á einstaklinga væri 100% mundi enginn vinna og tekjur ríkisins yrðu núll. Það er svo einfalt. Þetta er frægt dæmi og er víða notað. Menn vita að skattstofn er háður skattprósentunni. Og ef menn ætla að fara að skattleggja eitthvað með hárri skattprósentu þá gerist það nefnilega sem hv. þingmenn virðast gleyma, að skattgreiðandinn er svo skynsamur, hann hegðar sér í samræmi við það, hann bara býr ekki til skattstofninn.

Fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts þegar söluhagnaður var, eins og ég nefndi í þessu litla dæmi, nærri helmingur af söluverði eða hagnaði við sölu svona lítilla fyrirtækja þá seldi bara enginn maður, hvað þá að stóru aðilarnir seldu eins og t.d. Hagkaup og fleiri. Þær sölur hefðu aldrei átt sér stað. Öll sú bylting sem hefur átt sér stað í atvinnulífinu er vegna þess að skattprósentan er ekki nema 10%. Það er örvandi. Og tekjur ríkissjóðs hafa ekki minnkað vegna þessa, þær eru margfalt meiri.

Spurningin er, herra forseti: Vilja hv. þingmenn „réttlátt" skattkerfi sem gefur ríkissjóði engar tekjur og gagnast velferðarkerfinu ekki neitt, eða vilja þeir fá sanngjarna skatta sem örva atvinnulífið og gefa ríkissjóði miklar tekjur til að standa undir velferðarkerfinu?

Sú hugmynd sem hér er gengið út frá, að hækka skatta á fjármagnstekjur umfram 6 millj. upp í 38% úr 10% þýðir einfaldlega að það verður ekkert selt, ef það fer umfram 6 millj. hjá hjónum. Þá munu menn selja annaðhvort í pörtum, selja fyrirtækin í pörtum, á mörgum, mörgum árum með alls konar óhagkvæmni sem fylgir því, eða þeir selja bara ekki neitt. Þetta verður tómt mengi eins og það var áður.

En sú regla sem tekin var upp á hv. Alþingi 1996 um að setja hámark á fjármagnstekjur eða þann söluhagnað sem var með 10% og allt annað yrði skattað eins og tekjur hefur valdið því að segja má að það sé hámark á fjármagnstekjuskattinum, það er hámark á fjármagnstekjuskattinum, 600 þús. kr. fyrir hjón. Menn bara telja ekki fram hærri skatt. Þeir kaupa sér hlutabréf, setja peningana aftur í atvinnulífið fyrir það sem umfram er, nema náttúrlega einn og einn maður sem nennir ekki að hugsa um þetta og langar til að komast í blöðin. En allir aðrir láta hagnaðinn ekki fara upp fyrir þetta, þeir fresta honum og kaupa hlutabréf, og það er enginn vandi að gera það.

Því miður þegar menn fara að hugsa svona þá fara þeir líka að hugsa um fleira eins og t.d. um eignarskattana. Og það hefur valdið því að fjármagnið streymir úr landi og það voru mistök. Það voru mistök að setja þau mörk, það voru mistök sem nú er verið að leiðrétta og taka til baka.

Hér hefur nokkuð verið rætt um samanburð við tekjuskatt. Að meðaltali er tekjuskattur 20% vegna frítekjumarksins og vegna sjómannafsláttar og vaxtabóta og annars slíks, þannig að það mætti hafa tekjuskattinn 20%. Og þegar maður tekur inn í dæmið, eins og ég nefndi áðan í andsvari, að vextir eru að meginhluta núna verðbætur og að raunvextir séu væntanlega að meðaltali núll sem stendur í bankakerfinu, þá er eðlilegt að miða við helminginn af meðalskatti á tekjur. Og ef maður tekur inn í dæmið áhættuna sem felst í því að fjárfesta í hlutabréfum — ég geri ráð fyrir að einhverjir hv. þingmenn hafi fjárfest í hlutabréfum og tapað þeim — þá er eðlilegt að skattur á arð og söluhagnað sé líka helmingurinn af því sem er á tekjur. Sömuleiðis með leigu að ef maður mætti draga frá kostnað við leiguhúsnæðið mundi sá skattur líka lækka, en það má ekki.

Allt er þetta rökstutt með þeim rökum að fjármagnstekjuskatturinn eigi að vera 10% en ekki 20% eins og hann er á tekjur.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem er stjórnarmaður í LSR og þekkir því verðbréfamarkaðinn afskaplega vel, tók sem dæmi mann sem fjárfesti fyrir 2 millj. og fékk 100 millj. eftir stuttan tíma. Afskaplega góð fjárfesting, afskaplega góð. En hann virðist ganga út frá þessu sem reglu. Mér þætti gaman að sjá niðurstöðuna hjá LSR ef hann fjárfesti alltaf þannig að hann fimmtugfaldaði fjármagnið á stuttum tíma. Þá hefði ríkissjóður ekki þurft að borga 15 milljarða inn í þann sjóð og þá væri nú gaman að lifa.

Það er nefnilega þannig að þegar menn kaupa hlutabréf fyrir 2 millj., t.d. í fyrirtæki eins og deCode, þá vill það stundum lækka og menn tapa hreinlega. Það nefndi hv. þm. ekki að þegar þessi maður sem keypti hlutabréf fyrir 2 millj. lagði fram sína peninga þá hefði hann getað tapað. Og mjög margir ætla sér að græða en tapa samt. Það er þessi áhætta

sem menn eru alltaf að taka og þess vegna er ekki eðlilegt að skattleggja svona hagnað að fullu vegna þess að maðurinn átti þetta ekkert víst. Ef hann hefur átt það víst að fá fimmtugfalt til baka þá væri nú ekki amalegt að lifa og þá mundi ég t.d. vera fús að borga venjulegan tekjuskatt af því, ef þetta væri víst, ef ríkissjóður mundi tryggja mér að ég fengi fimmtugfalt til baka þá væri ekkert vandamál að borga tekjuskatt af því, ekki aldeilis.

Þetta er dæmið. Það er nefnilega nauðsynlegt í atvinnulífinu að einhver sé fús að taka áhættu. Það sem er verið að gera er að hvetja menn til þess að taka áhættu með því að hafa fjármagnstekjuskattinn ekki meiri en þetta, 10%, þannig að maður sem myndar 98 millj. kr. hagnað borgar þá ekki, eftir þessari nýju reglu, „nema" tæpar 10 milljónir í skatt. Og ríkissjóður stendur betur eftir en áður, það er ekki spurning, vegna þess að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti hafa stórhækkað þrátt fyrir að prósentan hafi verið lækkuð úr 47% eins og hún var, þ.e. 42% tekjuskattur plús hátekjuskattur 5%, í 10%, þá hafa nefnilega tekjur ríkissjóðs engu að síður hækkað. Þetta er það sem hv. þingmenn virðast alltaf gleyma, að tekjur ríkissjóðs eru háðar skattprósentunni og að skattstofninn, þ.e. söluhagnaðurinn, er líka háður skattprósentunni. Ef þetta er skattað of mikið, þá bara myndast enginn skattstofn og engar tekjur ríkissjóðs.

[19:10]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess í lokin að þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram, ekki síst þá umræðu sem farið hefur fram um grundvallaratriði, þau grundvallaratriði sem við viljum hafa þegar við ræðum það hvernig skatta við viljum hafa í landinu.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að leiðrétta hv. þm. Pétur Blöndal sem hélt því fram að við vildum hækka skatta. Það er algjör misskilningur. Í frv. stendur ekkert um það að við viljum hækka skatta. Staðan er þannig í dag að ef menn fjárfesta ekki aftur þá borga einstaklingar tekjuskatt af því sem umfram fer ákveðið lágmark og fyrirtæki af öllu. Við erum því ekki að tala um það að hækka neina skatta. (Gripið fram í.) Það eina sem við erum að tala um er að sú frestun sem heimiluð var með lögunum frá 1996 og með lögunum frá 1998 verði tekin aftur og menn geti ekki komist tæknilega og í veruleikanum hjá því alfarið að greiða nokkra skatta eins og virðist vera raunin með allt of marga.

Það er nefnilega alveg rétt sem hv. þm. segir að tekjur ríkissjóðs eru auðvitað háðar skattprósentunni en þær eru líka háðar því skattalega umhverfi sem einstaklingum og fyrirtækjum er búið. Ég er nokkuð viss um það, herra forseti, vegna þess að hér hefur verið talað um að sú breyting að einstaklingum var gefin heimild til að fresta skattgreiðslum og síðan að losna undan þeim að stórum hluta með því að fjárfesta aftur á árinu 1996 hafi valdið svo mikilli örvun á hlutabréfamarkaðnum, að ef einstaklingum eða launamanninum hefði verið gefinn kostur á því, ef hann hefði getað staðið frammi fyrir því vali þegar kom að skattgreiðslu hans af launatekjum, annaðhvort að borga skattana sína eða hann gæti losnað við skattgreiðslu með því að fjárfesta í hlutabréfum, þá hefði það nú aldeilis líka valdið örvun á hlutabréfamarkaðnum.

Það er það sem við viljum ræða, þ.e. þetta jafnræði. Það er hvernig aðilum er mismunað eftir því hvaðan tekjurnar eru komnar. Launamaðurinn á ekki þennan kost með sama hætti og sá sem er að taka söluhagnað. Launamaðurinn hefur reyndar átt þann kost á undanförnum árum að kaupa sér hlutabréf og hefur þá getað fengið skattafslátt að ákveðnu hámarki og mjög margir hafa nýtt sér það, en hann hefur ekki átt þennan opna kost eins og sá einstaklingur sem hefur getað tekið inn söluhagnað.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um annars vegar réttlátt og hins vegar sanngjarnt skattkerfi og var á honum að skilja að það væri ekki það sama. Að mínu mati er það það sama. Það sem er sanngjarnt gagnvart borgurunum er réttlátt. Við viljum hafa þetta þannig, við viljum búa við sanngjarnt skattkerfi, skattkerfi þar sem menn eru — ja, eigum við að segja tiltölulega sáttir við sinn hlut. Það er hins vegar alveg ljóst að skattumhverfið undanfarin ár hefur verið þannig að menn hafa ekki verið sáttir. Menn hafa ekki verið sáttir við að horfa upp á í rauninni það sem svo ágætlega var lýst í þessari Morgunblaðsgrein, þ.e. hvernig menn hafa getað farið með söluhagnað af hlutabréfum. Sérstaklega hafa menn verið ósáttir, eins og ég rakti í framsögu minni, við það sem tekið hefur verið út úr sjávarútvegsfyrirtækjunum af ýmsum ástæðum, eins og hv. þm. þekkir mætavel því ég veit að hann hefur fylgst með þeirri umræðu.

Menn hafa líka verið mjög ósáttir við það hvernig fólk með meðaltekjur hefur verið skattlagt í rauninni umfram öll eðlileg mörk og hvernig jaðaráhrif skattkerfisins hafa fyrst og fremst bitnað á því fólki og menn hafa auðvitað verið ósáttir við að það er tiltölulega lítill hópur manna sem greiðir tekjuskatt. Auðvitað horfa menn á alla þessa hluti þegar verið er að ræða skattamál.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að honum sýndist að við með okkar frv. vildum fara aftur til baka í gamla farið. Herra forseti. Ég tel að þess væri ekki nokkur kostur jafnvel þó menn vildu af því að gamla farið er einfaldlega ekki til lengur. Þær breytingar sem við höfum verið að ræða um hafa gert það að verkum að menn geta ekki farið í neitt gamalt far. Menn verða einfaldlega að horfa fram á veginn, líta í kringum sig og bregðast við núverandi aðstæðum og þeim sem við sjáum fram undan jafnvel þó að það sé e.t.v. ekki langt vegna hraðfara breytinga, bregðast við því að við erum komin í alþjóðlegt umhverfi, bregðast við því að ef við viljum efla íslensk fyrirtæki þá þurfum við að hafa skattumhverfi þeirra þannig að þau séu fýsilegur fjárfestingarkostur. Það virðist ekki hafa verið gert nægjanlega á undanförnum árum, herra forseti. Því miður hefur umhverfið verið þannig að allt of mörgum hefur þótt það fýsilegra að fjárfesta erlendis en í íslenskum fyrirtækjum. Við þurfum auðvitað að reyna að glöggva okkur á af hverju. Það er ekki nóg að setja fram góðar óskir um að menn vilji sjá þetta svona eða hinsegin. Það þarf að finna leiðirnar.

Við höfum lýst því yfir, þingmenn stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu, að við viljum skoða breytingar á skattunum. Við viljum ræða grundvallaratriði og við viljum skoða breytingar í átt að auknu jafnræði. Mér finnst að hæstv. fjmrh. eigi að taka þessari umræðu, þessu tilboði vil ég orða það, fagnandi. Mér finnst að hann eigi frekar að taka umræðunni þannig en með þeim hætti sem hann gerir, þ.e. reyna að setja hana í það þrönga far sem mér fannst hann gera hér áðan.

Herra forseti. Við erum stödd í miðri skattaumræðu. Það er jafnan svo þegar dregur að jólahléi eða þegar á haustið líður að mikil skattaumræða fer fram á Alþingi vegna þeirra breytinga sem óhjákvæmilegt er að gera á hverju ári á ýmsum upphæðum og ýmsum hlutum skattkerfisins. En við erum líka vön því, herra forseti, að hér er verið að fara

í skattbreytingar með stuttum fyrirvara þannig að lítill tími gefst til ígrundunar. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um í ágætri ræðu sinni áðan þá kom þetta ákvæði um frestun og möguleika á því að komast hjá skattgreiðslum með endurfjárfestingu árið 1996, inn á milli umræðna. Það var eins konar laumufarþegi í þeim skattapakka sem þá var verið að afgreiða. Mér finnst stundum að það hvernig mál eru keyrð hér í gegn gefi kost á allt of mörgum laumufarþegum af þessu tagi þannig að þingmönnum gefst ekki færi á að glöggva sig á því hverjar hugsanlegar afleiðingar kunna að verða. Ég held að hér séum við nákvæmlega að ræða um eitt slíkt atvik.

Herra forseti. Ég vil svo í lok þessarar umræðu þakka fyrir hversu málefnaleg og ágæt hún hefur verið. Ég þykist vita að hér eigi eftir að fara fram enn líflegri skattaumræða eftir því sem nær dregur jólahléi þingmanna og afgreiðslu fjárlaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 292.

[19:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, að nýju því að ég mælti fyrir öðru breytingafrv. á þeim lögum fyrr í dag um barnabætur. En hér er um að ræða ýmis önnur atriði skattalaganna sem tekin hafa verið saman í eitt frv. Eitt af þessum atriðum er meðferð söluhagnaðar á hlutabréfum sem hér hefur verið rætt ítarlega um fyrr á þessum fundi og má segja að það sé meginbreytingin sem lögð er til í þessu frv. efnislega séð. En auk þess eru lagðar til margvíslegar breytingar á skattalögunum í þessu frv. sem lúta að rétti borgaranna til að fá mál sín endurupptekin hjá skattyfirvöldum þegar yfirskattanefnd eða dómstólar hafa með úrskurði eða dómi breytt skattframkvæmd. Sömuleiðis eru lagðar til breytingar á ýmsum viðmiðunarstærðum tekjuskattsins, svo sem skattleysismörkum barna og sjómannaafslætti með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á persónuafslætti sl. vor með lögum nr. 9/2000 í tengslum við kjarasamninga. Einnig eru lagðar til ýmsar breytingar sem lúta að lagatæknilegum atriðum og ýmsum framkvæmdaatriðum í skattkerfinu.

Ég hyggst víkja fyrst að öðrum atriðum en þeim sem lúta að skattlagningu söluhagnaðar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum sem lúta að heimild ríkisskattstjóra til að breyta ákvörðun skattstjóra að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni skattaðila hafi yfirskattanefnd eða dómstólar með úrskurði eða dómi kveðið upp úr með það að skattframkvæmd hafi ekki samrýmst lögum. Í ákvæðinu, sem er að mestu sniðið eftir danskri fyrirmynd, er skattaðila tryggður ákveðinn réttur til að fá mál sín upptekin að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að endurupptaka skattframtöl allt að sex ár aftur í tímann í tilefni af breytingu á skattframkvæmd. Er sú regla í samræmi við ríkjandi heimild skattyfirvalda til að endurákvarða skatta. Óhætt er að fullyrða að þessi breyting felur í sér aukið réttaröryggi fyrir skattborgarana.

Í frv. er einnig lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á 8. gr. B í lögunum sem fjallar um kaup starfsmanna á hlutabréfum samkvæmt svokölluðum kauprétti. Þetta ákvæði er nýtt í skattalögunum. Það var tekið inn í þessi lög á sl. vori með lögum nr. 86/2000. Breytingarnar sem hér eru lagðar til eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er ætlunin að undirstrika það sjónarmið að eðlilegt sé að þeim hlutabréfum, sem boðin eru starfsmönnum til kaups á grundvelli kaupréttarsamninga, fylgi þau almennu réttindi sem einkenna viðskipti af þessu tagi. Þannig er reynt að girða fyrir að hlutabréf starfsmanna séu sett í annan, hugsanlega lakari flokk en almenn hlutabréf fyrirtækisins, sem sé að einhverju leyti bundinn skilyrðum umfram það sem almennt gerist svo sem varðandi arðgreiðslur eða framsal.

Með hinni breytingunni í þessu efni er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að einungis megi kaupa hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningi fyrir 600 þúsund krónur á ári. Upp hafa komið spurningar hvernig túlka beri ákvæðið, þ.e. hvort í því fælist að áunninn kaupréttur á ári mætti mestur vera 600 þúsund krónur á ári eða hvort innleysa þyrfti kaupréttinn og eru tekin af tvímæli í því efni í frv. Vissulega má segja að þessi upphæð sé ekki háð neinum vísindalegum mælikvarða. Hún gæti komið til skoðunar í þingnefndinni. En það er brýnt að taka af tvímæli um hver hún er og að hana verði að nota á einu ári en ekki hægt að safna upp slíkum heimildum milli ára eins og sumir hafa viljað.

Loks má nefna í þessu sambandi að gert er ráð fyrir því í frv. að hið svokallaða áætlaða kaupverð sem við er miðað þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf sem skráð eru í kauphöll sé ekki miðað við gangverð á einum tilteknum degi, þ.e. samningsdegi, heldur meðalverði síðustu tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag. Það hefur komið í ljós að á því eru ákveðnir annmarkar að miða við aðeins einn dag í þessu viðfangi og þess vegna er farin sú leið að miða við tíu viðskiptadaga fyrir umræddan samningsdag. Er þá sneitt hjá hugsanlegum sveiflum sem vera kunna á markaðsverði og kunna að vera dagbundnar.

Í frv. er einnig lagt til að felld verði niður sú kvöð á fyrirtæki að tilgreina jöfnunarverðmæti hlutabréfa á skattframtali hlutafélags og hlutafjármiðum. Í stað þess er gengið út frá því að ríkisskattstjóri haldi skrá yfir jöfnunarstuðul félaga og birti þann stuðul á aðgengilegan hátt, t.d. á heimasíðu ríkisskattstjóraembættisins.

Ein tillaga frv. sem verður að nefna er sú að skýrar verður kveðið á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrirframgreiðslu barnabóta og vaxtabóta. Um þetta eru ekki ákvæði í gildandi lögum og hafa verið áhöld um hvert skuli skjóta deilumálum um fyrirframgreiðslur. Hér er lagt til að ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslu sé kæranleg til ríkisskattstjóra sem taki endanlega ákvörðun í málinu. Með þessari tilhögun eru tekin af tvímæli um þetta atriði.

Loks er í frv. einnig tekið á ýmsum þáttum sem lúta að þeim álagningarfrestum sem hingað til hafa verið bundnir í lögum. Á síðustu árum hafa rutt sér til rúms miklar breytingar á fyrirkomulagi og vinnubrögðum við skil á skattframtölum öllum framteljendum til mikilla hagsbóta. Ný tækni við skattskil, rafræn miðlun upplýsinga og forskráning upplýsinga á framtöl kallar hins vegar á meiri sveigjanleika í álagningartíma og ýmsum skilafrestum heldur en núverandi löggjöf býður upp á. Í samræmi við það er hér lagt til

að fjármálaráðherra auglýsi að fengnum tillögum ríkisskattstjóra álagningarfresti en ríkisskattstjóri ákveði skilafresti með hliðsjón af öðrum atriðum sem máli skipta í því sambandi. Sérstaklega er bent á að gert er ráð fyrir að sérstakir frestir verði ákveðnir fyrir lögaðila sem hafa annað reikningsár en almanaksárið þannig að álagning á þá fari fram að liðnum jafnlöngum tíma frá lokum reikningsárs og hjá öðrum lögaðilum.

Herra forseti. Kem ég þá að ákvæðinu um skattlagningu söluhagnaðar sem ég get farið yfir í stuttu máli vegna fyrri ræðu minnar hér í dag.

Með lögum nr. 97/1996, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var samþykkt að heimila frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa hjá einstaklingum um tvenn áramót. Í greinargerð með breytingunni kemur fram að markmið hennar hafi verið að auka aðlögunarhæfni atvinnulífsins að breyttum aðstæðum, auðvelda skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og stuðla að því að fjármagn héldist í íslensku atvinnulífi, jafnframt því að auka sparnað hjá almenningi.

Á undanförnum árum hefur íslenskt fjármálakerfi verið að opnast út á við og í kjölfarið hafa fjárfestingar Íslendinga erlendis aukist verulega, enda í boði ýmsir álitlegir fjárfestingarkostir. Þannig hafa einstaklingar getað nýtt þá fjármuni sem verða til ráðstöfunar vegna frestunar skattlagningar á söluhagnaði heima fyrir til að fjárfesta erlendis. Þar er ekki eingöngu verið að tala um kaup á hlutabréfum erlendra fyrirtækja heldur hafa einstaklingar í vaxandi mæli keypt í eða jafnvel stofnað hlutafélög erlendis sem hafa þann tilgang að fjárfesta í öðrum félögum. Óhætt er að fullyrða að við lagasetninguna 1996 ríktu því nokkuð aðrar aðstæður á hlutabréfamarkaði en nú er eins og fram hefur komið í umræðum í dag.

Samkvæmt gildandi reglum er söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum umfram 3,2 milljónir króna og 6,4 milljónir hjá hjónum skattlagður eins og hverjar aðrar tekjur ef frestunarheimildin er ekki nýtt. Kaupi einstaklingur hins vegar önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan tveggja ára færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði nýju bréfanna. Skattur á aðrar fjármagnstekjur er aftur á móti 10% án takmörkunar.

Ýmislegt bendir til þess að þeir sem hafa hagnast vel á sölu hlutabréfa á undanförnum árum hafi í vaxandi mæli nýtt sér umrædda frestunarheimild. Þar hafa verið nefndar háar fjárhæðir. Þá virðast sífellt fleiri telja að hagstæðara sé að ávaxta það fé í hlutafélögum annars staðar en á Íslandi, vegna hagstæðari skattareglna og í ýmsum tilvikum í skjóli bankaleyndar. Þá er ekki ólíklegt að skattlagningin falli í mörgum tilvikum jafnvel niður vegna skorts á upplýsingum. Þetta tvennt, frestun skattgreiðslna og hagstætt skattaumhverfi, eru án efa helstu ástæður þess að stærri fjárfestar hafa kosið að stofna eigin hlutafélög erlendis. Þannig má halda því fram að í gildandi reglum felist ákveðin hvatning fyrir einstaklinga til þess að fjárfesta í félögum erlendis fremur en hér á landi. Íslenskir fjárfestar hafa því getað takmarkað skatta sína með því að greiða sér arð frá hinu erlenda félagi sem er skattlagður með 10% skatti hér á landi. Þetta er gert þar sem hagstæðara er að fá fjármagnstekjur í formi arðs en söluhagnaðar þegar fjárhæðirnar eru orðnar háar.

Í þessu sambandi hefur einnig verið nefnt að álagning eignarskatta hér á landi ýti verulega undir þessa þróun. Ég vil í því sambandi og í tilefni af umræðum fyrr á fundinum láta þess getið að ég hef sett á laggirnar sérstakan vinnuhóp sérfræðinga til þess að vinna að því að endurskoða ákvæði í gildandi lögum um álagningu eignarskatta og vænti ég þess að fá niðurstöðu þeirrar vinnu áður en mjög langt um líður.

Af framansögðu má ályktа að gildandi ákvæði um skattalega meðferð á söluhagnaði hafi aðeins að hluta til náð tilgangi sínum um eflingu íslensks atvinnulífs með aukinni þátttöku almennings. Niðurstaðan virðist að einhverju leyti sú að fjármagnið leiti frekar úr landi í stað þess að skila sér inn í íslensk atvinnufyrirtæki eins og til stóð með lagabreytingunni 1996. Er því lagt til að heimild til frestunar á söluhagnaði hlutabréfa verði afnumin, jafnframt því sem allur söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum verði skattlagður með 10% án takmörkunar, eins og á við um aðrar fjármagnstekjur.

Hér hef ég rakið í stuttu máli, herra forseti, þær veigamestu breytingar sem er að finna í þessu frv. Þær eru vissulega misefnismiklar, en skipta þó allar máli, tel ég, og horfa allar í átt til aukinnar réttarverndar skattgreiðendanna annars vegar og þess að horfast í augu við ákveðnar staðreyndir að því er varðar skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa sem nauðsynlegt er að gera til þess að tryggja ríkissjóði skatttekjur af þeim söluhagnaði sem verður til við slík viðskipti.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

28. FUNDUR

þriðjudaginn 21. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 27. mál, þskj. 27. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 264. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr.
4. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 214. mál, þskj. 225. — 1. umr.
5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251. — 1. umr.
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250. — 1. umr.
7. Ábyrgðarmenn, frv., 160. mál, þskj. 162. — 1. umr.
8. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 242. mál, þskj. 267. — 1. umr.
9. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 241. mál, þskj. 266. — 1. umr.
10. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 240. mál, þskj. 265. — 1. umr.
11. Lækningatæki, stjfrv., 254. mál, þskj. 281. — 1. umr.

12. Réttindi sjúklinga, frv., 170. mál, þskj. 173. — 1. umr.
13. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226. — 1. umr.
14. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.
15. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237. — 1. umr.
16. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238. — 1. umr.
17. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239. — 1. umr.
18. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240. — 1. umr.
19. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 27. mál (söluhagnaður hlutabréfa). — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 225. [13:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum, sem er 214. mál þingsins á þskj. 225.

Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi sem hafa þann tilgang að jafna samkeppnisstöðu þeirra sem starfa á sementsmarkaðnum.

Lög nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, eru að stofni til frá árinu 1973. Þegar lögin voru sett voru í gildi lög nr. 35 frá 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, en Sementsverksmiðja ríkisins starfaði á grundvelli þeirra laga. Með lögum nr. 28 frá 13. apríl 1993 yfirtók hlutafélagið Sementsverksmiðjan hf. Sementsverksmiðju ríkisins 1. jan. 1994. Þegar lög nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, voru sett var einungis einn starfandi seljandi á sementi á markaðinum, þ.e. Sementsverksmiðja ríkisins. Þótti því eðlilegt að mæla svo fyrir í 5. gr. laganna að Sementsverksmiðja ríkisins tilnefndi einn mann í flutningsjöfnunarsjóð sements. Eftir að Sementsverksmiðja ríkisins var gerð að hlutafélagi 1. jan. 1994 og fleiri en einn aðili starfar nú á sementsmarkaðnum er ekki eðlilegt að Sementsverksmiðjan hf. tilnefni mann í stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Í ljósi þess samþykkti stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements á fundi sínum 30. maí 2000 að koma með eftirfarandi ábendingu um stjórnarsetu í sjóðnum til viðskiptaráðherra og var hún samþykkt samhljóða: „Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs sements beinir því til viðskiptaráðherra að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að endurskoða lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi þar með talið skipun stjórnar sjóðsins í ljósi þess að fleiri en einn söluaðili er nú starfandi á sementsmarkaðnum."

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingum sem felast í frv.

Í fyrsta lagi er lagt til að viðskrh. skipi í stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements án tilnefningar, þar með talið formann stjórnar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að stjórnin skipti sjálf með sér verkum. Samkvæmt gildandi lögum tilnefnir Sementsverksmiðja ríkisins einn stjórnarmann í flutningsjöfnunarsjóð sements. Eftir að hlutafélagið Sementsverksmiðjan hf. yfirtók Sementsverksmiðju ríkisins hefur Sementsverksmiðjan hf. tilnefnt mann í stjórnina. Þar sem fleiri en einn aðili starfa nú á sementsmarkaðnum er eðlilegast að ráðherra skipi stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements án tilnefningar. Eru því lagðar til breytingar á 5. gr. laganna til að koma til móts við þær breytingar sem orðið hafa á sementsmarkaðnum.

Í öðru lagi skal nefna jöfnun á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og þeirra sem flytja inn sement. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Sementsverksmiðjan hf. greiði flutningsjöfnunargjald af sölu sements til viðskrn. sem sér um endurgreiðslu á flutningskostnaði sements. Í frv. er lagt til að greiðslan fari nú beint til flutningsjöfnunarsjóðs sements sem sér um endurgreiðslu á flutningskostnaði. Einnig er nauðsynlegt vegna tilkomu innflutnings á sementi til endursölu að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og þeirra sem flytja inn sement.

Með breytingum á 2. gr. laganna er greiðslufrestur á flutningsjöfnunargjaldi með lögum færður til þess horfs sem hann hefur verið í framkvæmd.

Í þriðja og síðasta lagi skal nefna breytingar sem miða að því að greiða flutningskostnað jafnt frá framleiðslustað og aðaltollhöfn. Með tilkomu innflutnings á sementi er nauðsynlegt að jafna flutningskostnað, ekki einungis frá framleiðslustað sements innan lands heldur frá aðaltollhöfn til

tiltekinna verslunarstaða. Þess vegna er lögð til sú breyting á 1. mgr. 6. gr. laganna að stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements sé m.a. heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið.

Hæstv. forseti. Það verður að leggja áherslu á mikilvægi þess að lög um jöfnun flutningskostnaðar af sementi verði löguð að breyttum aðstæðum þannig að virk samkeppni ríki á sementsmarkaðnum. Vegna þeirra breytinga á aðstæðum hér á landi sem áður hefur verið lýst er afar mikilvægt að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. nái sem fyrst fram að ganga.

Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[13:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að beina spurningu til hæstv. iðnrh. Valgerðar Sverrisdóttur.

Í fyrsta lagi: Kom til umræðu að fella lögin niður? Allur slíkur flutningsjöfnuður er þjóðhagslega mjög óhagkvæmur og kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar. Nýi innflytjandinn á sementi hefði t.d. alveg eins getað haft móttökuhöfn sína á Austurlandi og hefði verið skynsamlegt fyrir hann að hafa hana þar því að það er styttra þaðan til Evrópu og breytir í rauninni engu hvar í landinu hann er staðsettur vegna þess að ríkið borgar mismuninn eða neytandinn með flutningsjöfnun. Slíkt kerfi leiðir því alltaf til mjög óskynsamlegra ráðstafana og það er ein af ástæðunum fyrir því að Sovétríkin liðuðust sundur að menn voru með svona kerfi úti um allt og lífskjörin þar í landi bíða þess ekki bætur enn þá. Þetta skekkir líka samkeppni milli t.d. húsagerða. Það getur vel verið að á Siglufirði og öðrum stöðum langt frá sementsverksmiðjunni borgi sig frekar að byggja timburhús en steinsteypuhús en það er hindrað með því að það kemur ekki fram hver raunverulegur kostnaður þjóðfélagsins er af því að flytja sementið norður í land.

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, það kom ekki til tals að fella lögin úr gildi. Það er einfaldlega þannig og ég tel líka að þau eigi fullan rétt á sér. Eins er með jöfnun á verði olíu sem er við lýði á Íslandi og hefur verið nokkuð góð samstaða um að viðhalda því fyrirkomulagi. Þetta eru liðir í því að þjóna landsbyggðinni. Ég held að það veiti ekki af á þessum tímum sem búferlaflutningar eru heldur of miklir að mínu mati til Reykjavíkursvæðisins.

Fyrst hv. þm. nefndi Siglufjörð og timburhús þá vill svo einkennilega til að þar voru einmitt framleidd timburhús, a.m.k. um tíma og kannski er það enn. Mér finnst hv. þm. koma hér fram með sjónarmið sem ég er algerlega ósammála.

[13:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er jöfnun mjög víða á Íslandi. Það er á mjólk, rafmagni og olíu og eflaust einhverju fleiru sem ég veit ekki um. Allt er þetta þjóðhagslega óhagkvæmt. Allt hefur þetta verið lagt af alls staðar nema kannski í Sovétríkjunum þar sem þetta blómstraði mjög mikið. Ég spyr hæstv. iðnrh. hvort hún telji jákvætt að hafa áfram í gildi fyrirkomulag sem var mjög mikið við lýði í Sovétríkjunum og er þjóðhagslega óhagkvæmt og kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar.

[13:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur náttúrlega tækifæri til að koma fram með sjónarmið sín í hv. efh.- og viðskn. þar sem hann á sæti. (**PHB:** Nei, nei.) Nú, á hann ekki lengur þar sæti? Jæja, en ég vænti þó að hann sitji enn í þingflokki sjálfstæðismanna. Þar hafa þessi mál örugglega verið rædd því að þetta er stjfrv. sem flutt er af ríkisstjórn þó að sú sem hér stendur sé ábyrg fyrir málinu en ég er eins og ég lét koma fram áðan algerlega ósammála hv. þm. Fyrr má nú vera markaðshugsun ef það er eingöngu markaðurinn sem á að ráða öllum hlutum. Þetta er alveg dæmalaust að hv. þm. skuli geta haft þessa skoðun og vera Íslendingur.

[13:43]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í umræðu um jafnsjálfsagt og gott frv. og hæstv. iðnrh. var að flytja. Það er nú svo oft sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur hér, sama hvort það er tveggja mínútna andsvar og þarf reyndar stundum ekki nema mínútuandsvar til þess að kalla á viðbrögð vegna þeirra þröngsýnu sjónarmiða sem hann hefur og kom fram í andsvari hans um þessa flutningsjöfnun á semtenti og tók sem dæmi um að öll slík flutningsjöfnun komi niður á einhverju öðru og markaðslögmálin ættu að fá að ráða þessu o.s.frv.

Ég vil taka undir orð hæstv. iðnrh. sem var algerlega ósammála þessum hv. þm. Sjálfstfl. sem hefur tjáð sig um þetta atriði. Ég veit ekki hvort það er klofningur í ríkisstjórninni út af þessari flutningsjöfnun en það er a.m.k. kominn annar vinkill á þetta mál. Það á kannski líka við um það sem kom fram um aðrar jöfnunaraðgerðir sem eiga sér stað. Ég vil nota tækifærið, hæstv. forseti, og spyrja hv. þm. út í það hvort hann sé t.d. á móti jöfnun námskostnaðar á Íslandi. Er hv. þm. á móti því að jafna húshitunarkostnað, ganga aðeins til móts við það að flestallir íbúar landsins búi við svipað í húshitunarkostnaði og íbúar höfuðborgarsvæðisins? Skekkir það markaðslögmálið eitthvað ef húshitunarkostnaður Íslendinga er örlítið jafnaður, ef þeir íbúar á landsbyggðinni sem þurfa að borga kannski 120 þús. kr. á ári í húshitunarkostnað verða kannski settir með aðgerðum stjórnvalda í meðaldýran flokk sem er 60 þúsund?

Er það líka andstætt skoðunum hv. þm. að jafna aðstöðu fólks til að sækja nám í framhaldsskólum? Íbúar höfuðborgarsvæðisins þurfa kannski ekki nema að fara yfir götuna til að ganga í skóla sem ríkið hefur byggt og ríkið rekur en íbúar á landsbyggðinni þurfa að fara um langan veg og leigja sér húsnæði. Skekkir þetta eitthvað markaðshyggjuna eða markaðslögmálin? Ég spyr.

Það má líka halda áfram að spyrja þennan hv. þm. Sjálfstfl. úr kjördæmi Reykjavíkur. Ég geri ráð fyrir að hann svari því játandi en er hann andvígur því að flutningskostnaður á íbúa Reykjavíkur, sem það virkar nú sérstaklega á, sé jafnaður með því að strætisvagnaakstur í Reykjavíkur fær 70% afslátt af þungaskatti. Við landsbyggðarfólkið erum hjartanlega sammála þeirri aðgerð og styðjum að almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu séu niðurgreiddar á þennan hátt. En hv. þm. Reykv., Pétur H. Blöndal, er kannski á móti því líka.

Ég gat ekki annað en komið upp og fjallað aðeins um það sem kom fram, herra forseti, í þessu stutta andsvari hv. þm. um þetta litla mál, sjálfsagða mál sem hæstv. iðnrh. hefur flutt hér. Ég vil bara taka undir það og fagna því sem hún sagði í andsvari sínu gegn því sem kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[13:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í raun ekkert að tala um markaðshyggju. Ég er að tala um almenna skynsemi. (**Gripið fram í:** Frjálshyggju.) Þetta er ekki frjálshyggja, þetta er almenn skynsemi. Ef þessi sementsmóttökuhöfn hefði t.d. verið á Austurlandi hefði það engu breytt fyrir afkomu fyrirtækisins en það hefði verið þjóðhagslega mjög óhagkvæmt.

Varðandi jöfnun á húshitun þá leiðir hún til þess að fólk, t.d. á Ísafirði eða Siglufirði, kyndir ekki með öðru en rafmagni. Það væri hugsanlega hagkvæmara á þeim stað að kynda t.d. með rekaviði eða einhverju slíku eða fjarhitun. Það er hins vegar ekki gert vegna þess að til þess að ná í húshitunarstyrkinn þurfa menn að kaupa raforku, annars fá þeir ekki styrkinn. Þannig getur verið miklu skynsamlegra að borga fólki hreinlega beint í vasann og segja því að ef það vilji einangra betur húsin sín eða hita þau einhvern veginn öðruvísi þá geri það svo. En það á ekki að þvinga það til að kaupa rafmagn og fá styrkinn þannig.

Öll slík flutningsjöfnun er óhagkvæm, þjóðhagslega óhagkvæm, nema þegar kemur að námi. Þar tel ég að horfi allt öðruvísi við. Þar er verið að nýta hæfileika einstaklingsins. Með því að veita fólki jafnan aðgang til náms nýtir þjóðfélagið hæfileika hvers einasta manns og það er allt annar handleggur. Það getur verið miklu skynsamlegra, herra forseti, að veita styrki, ef menn ætla að jafna byggð í landinu, með því að borga fólki hreinlega beint í vasann og leyfa því síðan sjálfu að ráða hvort það vill hita húsin sín með dýru rafmagni, byggja húsin úr ofsalegu dýru sementi eða byggja timburhús og hita þau með öðrum hætti.

[13:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði hér um frjálshyggju og skynsemi. Ég vil nú bara leyfa mér að spyrja hvort ekki sé, á sama tíma og hann neitar því að hann sé að tala um frjálshyggju og yfirfærir á skynsemi, nein tenging á milli frjálshyggju og skynsemi. (**Gripið fram í:** Það er skynsemi í frjálshyggjunni.) Já, er ekki skynsemi í frjálshyggjunni? Mér finnst ég einhvern tíma hafa heyrt hv. þm. segja það úr ræðustóli.

Ég vil bara segja það rétt í lokin, herra forseti, að mér finnst ákaflega skringilegt hvernig hv. þm. bregst við þegar talað er um jöfnunaraðgerðir á Íslandi, milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Ég lagði fyrir hv. þm. spurningu um niðurgreiðslu á þungaskatti hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sem ég er alveg hjartanlega sammála, þ.e. því að greiða niður almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og reyndar á Akureyri þar sem reknir eru strætisvagnar líka. Ég tek það skýrt fram að ég er sammála því en er hv. þm. ekki á sömu skoðun að þetta sé skynsamleg leið til að greiða fyrir almenningssamgöngum í landinu?

[13:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta þá er ég er á móti því að veita afslátt til strætisvagna. Ég er á móti því að stýra neyslu á þann hátt. Þá er verið að gera almenningssamgöngur óeðlilega ódýrar og hvetja fólk til að nota almenningssamgöngur vegna þessa, sem hugsanlega er þá óhagkvæmt.

Hv. þm. talaði líka um frjálshyggjuna og skynsemina og sagði að það væri oft samtenging þar á milli. Það er hárrétt. Það vill svo til að frjálshyggjan er afskaplega skynsamleg. Maður þarf í rauninni ekkert að vera frjálshyggjumaður, bara að vera skynsamur og þá er maður um leið frjálshyggjumaður.

Hv. þm. svaraði því hins vegar ekki hvernig honum litist á ef þessi sementsmóttökustöð hefði verið á Austurlandi og kostað þjóðfélagið mikið þó það breytti í raun engu fyrir þann sem stundaði reksturinn.

Ég vildi gjarnan líka beina til hv. þm. spurningu varðandi t.d. jöfnun á mjólkurkostnaði. Það er sama mjólkurverð alls staðar sem veldur því að menn stunda mjólkurframleiðslu austur í Landbroti, austur um allt, og flytja mjólkina langa vegu, sem er þjóðhagslega alls ekki skynsamlegt. Svo leggst mjólkurframleiðsla af í héruðum þar sem mjólkurframleiðsla ætti að vera, í kringum Selfoss þar sem eru góðir landkostir í nánd við höfuðborgarsvæðið.

Þannig veldur slík flutningsjöfnun alltaf því að menn fara út í óskynsamlegar ráðstafanir, þjóðhagslega óhagkvæmar sem koma niður á lífskjörum þjóðarinnar. Ég hélt að hv. þm. hefði mikinn áhuga á því að bæta lífskjör þjóðarinnar.

[13:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef mikinn áhuga á að bæta lífskjörin en ég heyri að hv. þm. Pétur Blöndal hefur allt aðrar skoðanir á því en ég. Hann spyr mig út í hvor ég mundi styðja flutningsjöfnun ef sementsmóttökustöðin væri á Austurlandi. Ég væri fyrsti maður til þess að samþykkja og styðja þá flutningsjöfnun til að flytja sement hingað á höfuðborgarsvæðið til að byggja hús. Að sjálfsögðu á það að vera.

Hann talar um niðurgreiðslur. Það er athyglisvert að hlusta á það að hv. þm. er á móti því að þungaskattur sé lægri til strætisvagnareksturs. Hann telur það sennilega skekkja samkeppnisstöðu einkabílsins. Það er afar athyglisvert að það skuli koma hér fram að hv. 10. þm. Reykv. sé andvígur niðurgreiðslu á strætisvagnagjöldum hér í Reykjavík.

Hann talar líka um mjólkurverð, að það skuli vera það sama um landið. Ég gat ekki heyrt betur en að hann andmælti því líka. Er hv. þm. andvígur því? Telur hann sig fá verri þjónustu frá Mogganum vegna þess að það kostar hann það sama að kaupa Moggann hér í Reykjavík og mig á Siglufirði? Með öðrum orðum Morgunblaðið, blað allra landsmanna, er á sama verði um allt land. (**Gripið fram í:** Það er ekki flutningsjöfnunarkostnaður við það.) Jú, það er nefnilega flutningsjöfnunarkostnaður á því. Morgunblaðið setur það þannig upp að hafa sama verð fyrir allt landið, nákvæmlega eins og er með mjólkina og útvarpið. Af hverju er Stöð 2 með sama gjald um allt land?

Þetta eru bara nútímaleg vinnubrögð til að jafna mun milli landsbyggða. Fólk úti á landi á ekki að þurfa að gjalda fyrir það dýrum dómum að ýmsar stofnanir eru frekar staðsettar í Reykjavík en úti á landi. Það er grundvallaratriðið.

[13:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Talsmaður Sjálfstfl. í þessu máli hefur sett sínar skoðanir fram. Þær eru af því tagi sem við var að búast. Hann er á móti því að sú jöfnun sé viðhöfð sem

felst í þessum lögum. Það hefur verið almenn samstaða um þessa flutningsjöfnun fram að þessu. Ég held því ekki fram að allir hafi verið ánægðir með hana en það hefur samt verið samstaða um þessa leið. Ég tel ekki kominn tíma til að breyta henni. Margt mundi breytast við það að taka flutningsjöfnunina af. Við hefðum þannig áhrif, t.d. á byggingu húsa um allt land. Það er ekki spurning um að það gæti haft slík áhrif. Að stærstum hluta eru byggð steinhús hér á Íslandi þó að timburhúsum hafi fjölgað mikið en steinhúsin hafa haft vinninginn fram að þessu.

Ef menn ætluðu sér að breyta þessu og hætta þessari flutningsjöfnun þyrfti að fara yfir margt annað. Það segir sína sögu hvað fyrirtæki sem kom inn í sementssölu á Íslandi ákvað að gera þegar það kom til landsins. Það ákvað ekki að setja starfsemi sína niður á Austurlandi þó að flutningsjöfnun væri til staðar. Flutningsjöfnunin mun ekki klára það dæmi alfarið, að einu gildi hvar maður setur niður starfsemina. Það er betra að vera nálægt markaðnum þar sem hann er stærstur og það vissu þeir hjá AB Portland þegar þeir settu niður starfsemi sína hér.

Hins vegar er þetta frv. eðlilegt og ekkert við því að segja. Það er óeðlilegt að einhver einn aðili sem selur sement eigi fulltrúa í þessari stjórn en svo sé ekki með aðra sem komnir er á markaðinn.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að menn byggðu ekki timburhús af því að verðið á steinhúsum — ég skildi það þannig — væri ekki rétt. Ég held að það sé ekki endilega jákvætt eða þjóðhagslega hagkvæmt að menn byggi timburhús á Íslandi. Aðrir hlutir geta legið því til grundvallar hvort menn telja að byggja eigi timburhús eða steinhús en verðlagið á markaðnum. Ég tel að þegar talað er um þjóðhagslega hagkvæmni þá megi menn ekki fara svo einfaldar leiðir að tala um það eingöngu út frá því hvað hlutirnir kosta frá degi til dags.

Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram með fullum rökum að t.d. stuðningur við samgöngur í landinu, sem hér voru nefndar áðan, sé þjóðhagslega óhagkvæmur. Það er a.m.k. alveg full ástæða til að ætla að það sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt að við keyrum um hér ein í bíl um landið eins og við gerum. Sú bílamenning sem við höfum komið okkur upp er örugglega ekki þjóðhagslega hagkvæm miðað við þann umferðarmáta sem aðrir stunda víða í kringum okkur. Það kann að vera full ástæða til að velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að reyna að hafa áhrif á þá umferðarmenningu með opinberum aðgerðum. Að vísu reynist þar erfitt að benda á leiðir sem menn getað orðið sammála um.

Hv. þm. grípur gjarnan til þess, þegar um er að ræða hugmyndir félaga hans í Sjálfstfl. eða ríkisstjórn sem hann er ekki ánægður með, að líkja ríkjandi ástandi við Sovétríkin gömlu. Þetta er farin að verða skemmtileg líking sem hv. þm. grípur til, nánast ævinlega þegar hann kemur með þessa líkingu er hann að lýsa skoðunum sínum á einhverju sem félagar hans í ríkisstjórnarflokkunum vilja hafa áfram. Það er greinilega ýmislegt í stjórnkerfinu á Íslandi að mati hv. þm. sem líkja má við þetta gamla, ónýta kerfi sem menn notuðust við í Sovétríkjunum og hrundi fyrir margt löngu. Þeir hafa reyndar ekki getað risið upp úr þeim rústum enn þó þeir hafi nú höndlað frjálshyggjuna að einhverju leyti í því volaða landi.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira. Ég ætlaði fyrst og fremst að segja að ég tel ekki kominn tíma til að afleggja þennan flutningsjöfnunarsjóð. Ég held hins vegar að það sé af því góða að fara yfir það mál, hvernig eigi að beita honum og hve langt eigi að ganga í slíkri flutningsjöfnun. Eins og málin standa núna væri það andstætt yfirlýstum markmiðum allra stjórnmálaflokka sem eiga aðild að Alþingi. Markmiðið er að reyna að viðhalda byggð í landinu. Það mundi auka enn á kostnað við byggingar og framkvæmdir á landsbyggðinni ef menn tækju þetta flutningsjöfnunargjald af núna. Ég er þess vegna á móti því.

[14:00]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún var skemmtileg og ágæt. Það er erfitt að búa í landi eins og Íslandi sem er til þess að gera stórt og fámennt en hefur þessa sterku höfuðborg sem við þekkjum. Þess vegna ræðum við landsbyggðarmenn um málefni okkar á pínulítið annan hátt en þeir sem búa í höfuðborginni og hafa kannski vart kynnst öðrum hluta af landinu.

Af því að við erum að tala um flutninga á landi langar mig að vekja athygli ráðherrans og þingmanna, herra forseti, á ákveðnu óréttlæti sem á sér stað. Ef ég bý í Vík í Mýrdal og panta vöru frá Danmörku, t.d. með Eimskip eða Samskip, læt flytja þessa vöru til Þorlákshafnar og síðan með bílum til Víkur borga þessi fyrirtæki ekki virðisaukaskatt af landflutningunum frá Þorlákshöfn til Víkur.

Hins vegar ef ég skipti við einyrkja sem er að gera út vöruflutningabíl þarf einyrkinn að borga virðisaukaskatt frá Þórlákshöfn til Víkur sem leggst síðan ofan á vöruverð. Ég er auðvitað ánægður með það að lögin séu þannig að ekki þurfi að leggja virðisaukaskattinn á ef flutt er með Eimskip eða Samskip. Hins vegar er þetta afar ósanngjarnt gagnvart einyrkjunum. Þetta er hlutur sem ég held að sé mjög nauðsynlegt að taka á þegar við erum að tala um flutningsjöfnun. Með þessum hætti erum við í raun og veru að leggja af þennan atvinnurekstur. Þingmenn skynja að það eru að verða býsna fáir einyrkjar eftir í þessum atvinnurekstri.

Við veltum því ekki alltaf fyrir okkur þegar við erum að tala um niðurgreiðslu á vörum, t.d. þegar við erum að kaupa mjólk sem hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um að mætti hugsanlega vera á mismunandi verði í landinu sem er náttúrlega fáránlegt mál að því er mér finnst. Við megum ekki gleyma því að við kaupum enn þá sem betur fer bensín og olíu á sama verði alls staðar á landinu á sama hátt og þegar við förum í leikhús, förum í Þjóðleikhúsið, förum í Borgarleikhúsið eða á sinfóníuhljómleika, þá greiðir ríkið niður miðana fyrir okkur. Við skulum hafa þetta allt inni í þessum potti þegar við erum að ræða þessa hluti.

Eins og ég sagði í upphafi getur verið nokkuð flókið að búa á landi eins og Íslandi. Við viljum kappkosta að byggja allt landið eftir því sem við getum og því verðum við að grípa til aðgerða eins og þessara þó svo hv. þm. þyki það kannski súrt í broti. Auðvitað væri miklu einfaldara að setja alla á þetta svæði hérna og hafa síðan eyðibyggð vítt og breitt um landið. Það viljum við ekki og því þurfum við að grípa til aðgerða eins og þessara.

[14:04]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti hv. þm. kom að máli þar sem hann taldi að þingmenn Reykjavíkur bæru lítið skynbragð á hina dreifðu byggð og starfsemi sem þar færi fram. Að vísu gat hann þess að það væru sumir þingmenn Reykjavíkur. Ég tek það ekki til mín nema að hluta til. Ég tel mig þekkja hina

dreifðu byggð nokkuð vel og jafnvel betur en sá sem talaði síðast.

Óréttlætið sem hann gat um áðan gagnvart sjóflutningum eða landflutningum er löngu þekkt fyrirbrigði.

Það er líka annað sem hv. dreifbýlisþingmaður veit ekki um og það er að ef bögglar eru sendir með leigubifreið frá austurborg yfir í vesturborg þá þarf ekki að borga virðisaukaskatt af þeim flutningi. En ef sendiferðabíl er pantaður til sömu starfa þarf að greiða virðisaukaskatt.

Annað sem hefur verið komið inn á og menn hafa velt sér upp úr og vegið að hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir skoðun hans á jöfnunarkostnaði, þá er það svo að við sjáum það t.d. í olíudreifingunni að það er mjög sérkennilegt hvernig þar er haldið á málum. Við vitum t.d. að af smurolíu er ekkert gjald greitt vegna flutningsjöfnunar. Sama verð er á smurolíu um allt land þó njóti ekki þeirrar fyrirgreiðslu sem talað var um áðan. Það er því í mörg horn að líta í þessu máli og við vitum bara hvernig olíudreifingin hefur farið fram með mjög sérstökum hætti vegna þess að þeim er nánast sama hver tilkostnaðurinn hefur verið. Greitt hefur verið til baka úr þessum olíujöfnunarsjóði án tillits til þess hvort einhver hagkvæmni sé í flutningunum eða ekki.

[14:06]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að deila við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson hvor okkar þekki betur dreifbýlið því í árum talið er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson eldri en ég. Ef við teljum þetta í árum þá get ég sjálfsagt verið sammála honum. Hins vegar bý ég úti á landsbyggðinni og þekki því þessi mál þó nokkuð vel. Þetta er eitt af því sem er býsna oft rætt á fundum sem við höldum úti í hinum dreifðu byggðum. Það er akkúrat verið að tala um dreifingarkostnaðinn.

Eins og hv. þm. kom inn á er þetta löngu þekkt fyrirbrigði og þetta er ákveðið óréttlæti. Þegar um óréttlæti er að ræða þá finnst mér mjög nauðsynlegt að taka á því. Mér finnst engin sanngirni í því að við látum þetta standa óbreytt jafnvel áratug eftir áratug. Við þingmenn erum m.a. til að breyta lögum og til að ná ákveðnu hagræði og við eigum að beita okkur fyrir því að ná réttlæti í þessum málum. Það er óþolandi fyrir einyrkja í vöruflutningum að þurfa að búa við svo sérkennilegt ástand eins og ég var að benda á í ræðu minni.

[14:08]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu sem er reyndar öll á misskilningi byggð en aðeins vegna hugleiðinga hæstv. iðnrh. um afstöðu þingflokks Sjálfstfl. vil ég að það komi skýrt fram að þingflokkurinn stóð og stendur einhuga að þessu máli nema hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur örlítið aðra skoðun en félagar hans. Það er þannig í okkar góða flokki að mönnum er heimilt að hafa skoðanir. Þær eru ekki endilega staðlaðar og hv. þm. hefur komið skoðunum sínum á framfæri.

Hins vegar finnst mér þetta dálítið merkileg umræða og á miklum misskilningi byggð vegna þess að hér er ekkert verið að breyta flutningsjöfnunargjaldinu sem hefur gilt í 27 ár. Þetta litla frv. snýr eingöngu að því að breyta skipan flutningsjöfnunarsjóðsins vegna þess að nú er komin samkeppni í sementssölu og því ekki eðlilegt að Sementsverksmiðjan eigi fulltrúa í sjóðstjórninni. Þetta kemur skýrt fram í athugasemdum með frv. sem menn hefðu kannski átt að lesa áður en þeir fóru að halda hér hástemmdar ræður en þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar lög nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, voru sett var einungis einn starfandi seljandi á sementi á markaðinum, þ.e. Sementsverksmiðja ríkisins. Þótti því eðlilegt að mæla svo fyrir í 5. gr. laganna að Sementsverksmiðja ríkisins tilnefndi einn mann í flutningsjöfnunarsjóð sements. Eftir að Sementsverksmiðja ríkisins var gerð að hlutafélagi 1. jan. 1994 og fleiri en einn aðili starfar nú á sementsmarkaðnum er ekki eðlilegt að Sementsverksmiðjan hf. tilnefni mann í stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Í ljósi þess sem að framan er rakið samþykkti stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements á fundi sínum 30. maí 2000 að koma með eftirfarandi ábendingu um stjórnarsetu í sjóðnum til viðskiptaráðherra og var hún samþykkt samhljóða: „Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs sements beinir því til viðskiptaráðherra að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að endurskoða lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi þar með talið skipun stjórnar sjóðsins í ljósi þess að fleiri en einn söluaðili er nú starfandi á sementsmarkaðnum.““

Þetta litla frv. snýst eingöngu um hver sest í stjórnina í stað Gylfa Þórðarsonar, framkvæmdastjóra Sementsverksmiðjunnar. Menn geta svo við önnur tækifæri haldið langar ræður um flutningsjöfnun á sementi eða öðrum vörum. Ég ætla ekki að leggja mörg orð í þann belg en segja aðeins út af ræðu míns ágæta félaga, hv. þm. Péturs H. Blöndals, að ég held að það væri ekki gott innlegg í umræðuna um byggðaröskunina og byggðamálin almennt að leggja af flutningsjöfnun þannig að sement yrði miklu dýrara á Raufarhöfn en í Reykjavík.

[14:11]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir því að ég styð þetta frv. sem er í sjálfu sér mjög eðlilegt framhald af því að verið er að setja á stofn fleiri fyrirtæki sem selja sement en áður var. Þegar er búið að úthluta samkvæmt þeim reglum sem hafa gilt um mjög langan tíma, flutningsjöfnuninni, og það kemur í ljós að flutningsjöfnunin er frá Helguvík dýrust upp á 4.215 kr. og 20 aura, þ.e. frá Helguvík til Hólmavíkur. Jöfnunin er alltaf umdeilanleg en við höfum þó haldið uppi í áratugi ákveðinni jöfnun á vissum hlutum sem hafa talist nauðsynlegri en aðrir. Að því leyti til held ég að þetta sé jafneðlilegt og það hefur verið áður.

Margt annað hefur blandast inn í umræðuna sem heyrir undir flutningsjöfnun eins og olía og bensín. Oft hefur heyrst gagnrýni á að flutningsjöfnun á olíu frá Hvalfjarðarstöðinni til Keflavíkurflugvallar sé óþarfi. Í mínum huga er t.d. alger óþarfi að niðurgreiða þotueldsneyti eða eldsneyti sem er sett niður í tanka í Hvalfirði þegar nóg pláss er undir slíka vöru í Helguvík. Segja má að stundum hafi þessi flutningsjöfnun boðið upp á flutninga sem voru óþarfir. Í þessu tilfelli voru olífélögin að fá peninga fyrir það að flytja bensín frá Hvalfirði og suður í Keflavík sem er óþarfi. Þessi flutningsjöfnun er reyndar að verða mjög lítil enda fyrst og fremst aukið óþarfa slit á bílum og vegum og þess vegna algerlega út í bláinn.

Flutningur á fiski er mjög mikill og ekki fiskmarkaður í hverju einasta byggðarlagi. Það eru heldur ekki bátar alls staðar. Hvernig ætti t.d. að jafna flutningi á slíkri nauðsynjavöru á milli svæða?

Ég held að þegar menn skoða þessi mál almennt séð sé þetta dálítill frumskógur sem hefur á mörgum árum þróast út í að enda á einhverjum svona nauðsynjavörum að menn telja, eins og olíum og bensíni en ekki smurolíum og öðrum rekstrarvörum. Mjólk hefur verið jöfnuð en ekki aðrar vörur. Greiddir eru styrkir til náms sem mér finnst mjög eðlilegt til að jafna aðstöðu fólks til náms. Það er t.d. ekki verið að greiða mikið niður svo að ég viti til af sérleyfi sem eru líka mjög nauðsynleg. Ég hef nefnt það áður að sérleyfi á milli landshluta og höfuðborgarsvæðisins eru flest hver að leggja upp laupana vegna þess að fólk ekur að verulegu leyti sjálft og flutningar hafa minnkað. Eigi að síður er alltaf stór hópur fólks sem hefur ekki aðstöðu til að aka sjálfur.

Þessir fólksflutningar, þessir sérleyfisflutningar, eru því miður að leggja upp laupana vegna minnkandi eftirspurnar. Eigi að síður er mikil nauðsyn á þessum rekstri. Ég hef minnst á það áður í Alþingi að mér finnist rétt að ríkisstjórnin skoðaði hvernig hægt væri að styrkja sérleyfin enn frekar.

Ég kom aðeins af því að mér fannst umræðan fara heldur út um víðan völl eins og oft vill verða út af þessu sérstaka máli sem er flutningsjöfnun á sementi. Kominn er nýr söluaðili í Helguvík á Suðurnesjum og út af fyrir sig er mjög jákvætt að það skuli vera söluaðili á fleiri en einum stað. Það er á Akranesi og í Helguvík en þess ber þó að geta að hvorugt þessara svæða telst til höfuðborgarsvæðisins. Flutningsjöfnun styrkir í rauninni starfsemi þessara tveggja fyrirtækja úti á landi sem byggðastyrkur. Það gerir þeim frekar kleift að vera nokkuð frá höfuðborgarsvæðinu þar sem langmesta salan er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 251.

[14:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti sem er 233. mál þingsins á þskj. 251.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Í frumvarpinu voru meðal annars lagðar til breytingar á 20. gr. laganna um almennt útboð verðbréfa. Þar var lagt til að almennt útboð verðbréfa skyldi fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða annarra aðila sem til þess hefðu heimild í lögum en að öðru leyti skyldi kveðið á um útboð verðbréfa í reglugerð. Alþingi taldi óeðlilegt að ráðherra fengi svo víðtæka heimild til reglugerðarsetningar og beindi því þeim tilmælum til viðskiptaráðherra að hann hlutaðist til um að samið yrði frumvarp sem fæli í sér helstu efnisreglur um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti. Viðskiptaráðherra skipaði í framhaldinu tvær nefndir sem gera skyldu tillögu um breytingu á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti.

Það frv. sem hér er til umræðu er afrakstur þessara tveggja nefnda.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frv. eru helstu breytingar sem það felur í sér eftirfarandi varðandi útboð verðbréfa:

1. Stuðlað er að því að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undanþágu frá almennu útboði séu ekki seld til almennings á eftirmarkaði.

2. Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar.

3. Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Nú er athugun á útboðslýsingum hjá Verðbréfaþingi Íslands hf. Kauphallir skulu þó áfram annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

4. Undanþágur frá almennu útboði eru settar inn í verðbréfaviðskiptalögin. Undanþágur þessar eru nú í reglugerð nr. 505/1993. Bætt er við þeirri undanþágu að séu verðbréf einungis boðin fagfjárfestum, þ.e. þeim sem hafa faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu, þurfi ekki að gefa út útboðslýsingu.

5. Ráðherra er skylt að kveða á um viðvarandi upplýsingaskyldu og skilgreiningu á fagfjárfestum í reglugerð en slík ákvæði eru ekki til staðar í gildandi lögum og reglum um útboð verðbréfa. Telja verður óeðlilegt að engin ákvæði gildi um viðvarandi upplýsingaskyldu þeirra félaga sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll og ganga kaupum og sölum á almennum markaði. Skilgreining á fagfjárfestum er til að kveða skýrar á um hvaða fjárfestar geti keypt bréf í lokuðu útboði á grunni undanþágu frá almennu útboði.

Og varðandi innherjaviðskipti:

1. Hugtakið innherji er nú skilgreint sérstaklega í lögunum og greint á milli einstakra flokka innherja sem ekki hefur verið gert í lögum fram að þessu.

2. Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna um innherjaviðskipti taki einungis til viðskipta með skráð verðbréf.

3. Gert er ráð fyrir sérstakri rannsóknarskyldu innherja í tengslum við viðskipti með verðbréf.

4. Komið verður á fót sérstakri innherjaskrá og verða upplýsingar úr henni opinberar að einhverju leyti.

5. Skerpt er á kröfum gagnvart útgefendum verðbréfa, stjórnvöldum og öðrum aðilum sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni varðandi setningu reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja.

Frumvarpi þessu er ætlað að einfalda og skýra reglur um almennt útboð og jafnframt að gera meiri kröfur til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu en tíðkast hefur. Markmið með nýjum innherjareglum er að auka aðhald með innherjum og kröfur til þeirra um að þeir gæti öðrum fremur að stöðu sinni í verðbréfaviðskiptum hverju sinni. Breytingarnar eru einnig til þess fallnar að auka traust á fjármálamarkaði og trúverðugleika markaðarins almennt. Í viðaukum með frv. er að finna ítarlegar skýrslur nefndanna um útboð verðbréfa og innherjaviðskipti.

Hæstv. forseti. Verðbréfaviðskiptalögin eru í sífelldri endurskoðun sakir þess hve markaður með verðbréf þróast hratt. Á þessu ári hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á lögunum sem lúta að aðskilnaði einstakra starfssviða að Kínamúrunum margfrægu, menntunarkröfum til starfsmanna fjármálafyrirtækja og afleiðussamningum. Hér er síðan til umræðu frv. er lýtur að útboðum verðbréfa og innherjaviðskiptum.

En þar með lýkur ekki þróun verðbréfaviðskiptalaganna. Fjármagnsmarkaðurinn er sífellt að verða alþjóðlegri og því verðum við að afnema þær tæknilegu hindranir sem geta verið í vegi frekari alþjóðavæðingar íslensks fjármagnsmarkaðar. Ég vil hér nefna eitt dæmi:

Í verðbréfaviðskiptalögum er kveðið á um að skrá skuli hvert verðbréf á nafn eiganda. Safnskráning verðbréfa í einn pott, t.d. í vörslu verðbréfafyrirtækja er því ekki heimil. Þetta getur verið bagalegt sér í lagi fyrir erlenda fjárfesta sem vilja fjárfesta í íslensku atvinnulífi með ávöxtun í huga en ekki áhrif. Þeir mundu væntanlega flestir kjósa að verðbréfafyrirtækin sæju um eign sína og samskipti við viðkomandi félag en væru ekki sjálfir skráðir í hluthafaskrá þess.

Þetta er ekki hægt í dag. Ég tel að hér þurfi að gera bragarbót á en ekki náðist að leggja tillögur þessa efnis fyrir þingið í þessu frv. á þeim stutta tíma sem ráðuneytið hafði til ráðstöfunar við smíði frv. Hins vegar er unnið að tillögugerð um breytingar á þessu fyrirkomulagi í ráðuneytinu og hvet ég efh.- og viðskn. til þess að taka málið upp á meðan frv. er þar til meðferðar.

Hæstv. forseti. Ég mæli með því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[14:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar frv. um verðbréfaviðskipti var til umfjöllunar á síðasta þingi voru skilin eftir ýmis mikilvæg ákvæði að taka á sem snerta innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga svo dæmi sé tekið. Við í minni hluta efh.- og viðskn. gagnrýndum það mjög við afgreiðslu þess máls og fluttum brtt. við það frv. um að á því máli yrði tekið, ýmislegt sem snertir þá þætti og útboð á bréfum, bæði skráðum og óskráðum. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar var að vísa því máli aftur til hæstv. viðskrh. þar sem hæstv. ráðherra var falið að ganga frá því máli með betri hætti en gert var á síðasta þingi og koma því aftur til þingsins í frumvarpsformi og er ráðherrann að mæla fyrir afrakstri af því verkefni.

Ég ætla ekkert að draga það í efa að hér er vissulega á ferðinni góð viðleitni hæstv. viðskrh. til að taka betur á leikreglum á verðbréfamarkaðnum heldur en við höfum búið við hingað til. En ákvæði frv., þó margt sé vissulega til bóta og ég vil halda því alveg til haga, finnst mér um margt taka losaralega á ýmsu sem þarf að taka fast á að því er varðar leikreglur á verðbréfamarkaðnum og mér finnst reyndar að sum ákvæði frv. og skýringar í grg. beri þess merki að hagsmunaaðilar hafi komið að samningu frv.

Við sjáum að hæstv. ráðherra hefur skipað tvær nefndir til að fjalla um þessi mál, m.a. um útboð verðbréfa, og í þessum nefndum hafa átt sæti hagsmunaaðilar, raunverulega bæði hagsmuna- og eftirlitsaðilar eins og fulltrúar frá Fjármálaeftirlitinu. Og maður veltir fyrir sér hvort skynsamlega sé haldið á málum að skipa til verka við að útbúa leikreglur á verðbréfamarkaði þá sem við þetta eiga að búa.

Hér eru t.d. skipaðir til verka að vinna að tillögum um útboð á verðbréfum, Finnur Sveinbjörnsson, hjá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, eða hann var þar a.m.k. sennilega á þeim tíma og er hér til talinn sem fulltrúi þeirra, það er fulltrúi frá Sparisjóðabanka Íslands, hér er meira að segja að finna fulltrúa frá Kauphingi sem er sjálft mjög umfangsmikill aðili í viðskiptum með verðbréf fyrir eigin reikning, og síðan fulltrúar frá þeim sem eftirlit eiga að hafa eins og Verðbréfaþingi og Fjármálaeftirlitinu.

Sama er reyndar að segja um skýrslu nefndar um innherjaviðskipti. Þar er að finna fulltrúa frá Íslandsbanka-FBA og þar er líka að finna fulltrúa hlutafélaganna sem þarna kemur fram ásamt eftirlitsaðilum. Það er þetta sem ég vil vekja athygli á vegna þess að mér finnst ákvæði frv. mörg hver bera þess merki að hagsmunaaðilar hafi komið mikið að því að semja frv. Ég gagnrýni það, herra forseti, að þannig skuli hafa verið haldið á málum. Vissulega átti Alþingi að ljúka þessu verki sjálft á síðasta þingi en ekki vísa málinu aftur til hæstv. ráðherra sem fær síðan hagsmunaaðila til að vinna þetta verk.

Eins og fram kom hjá ráðherra taka ákvæði frv. á meðferð trúnaðarupplýsinga, útboðsmálum og innherjaviðskiptum og þau ákvæði ganga vissulega í rétta átt og eru til þess fallin að styrkja eðlilegar leikreglur á fjármálamarkaðnum. Það er auðvitað grundvallaratriði að við búum við sýnilegan fjármálamarkað þar sem jafnræði og trúverðugleiki eru lykilatriði. Því er afar mikilvægt að vel sé gengið frá öllum efnisreglum sem lúta að útboði og trúnaðarupplýsingum og að girt sé fyrir alla möguleika á innherjasvikum en frv. viðskrh. horfir um margt til betri vegar að því er þá þætti varðar frá því sem nú er. En eins og ég sagði, herra forseti, sýnist mér losaralega frá málum gengið í mörgum þáttum, framkvæmdin of mikið sett í hendur á markaðnum sjálfum eins og í innherjaviðskiptum, of mikið sé um undanþágur frá almennum útboðum á hlutabréfum, meðferð trúnaðarupplýsinga þarf líka að vera strangari. Meiri upplýsingagjöf þarf að liggja fyrir til þess að auka sýnileika markaðarins auk þess sem óbein ákvæði um óskráð bréf eru afar veikburða í frv.

Í meðförum efh.- og viðskn. þarf m.a. að svara spurningunni um hvort ákvæði frv. nái því að koma í veg fyrir að óskráðum bréfum sé dreift til almennings. Ég dreg það í efa og vil spyrja hæstv. ráðherra um það: Telur hún að nægjanlega vel frá málum gengið til að koma í veg fyrir að óskráðum verðbréfum sé dreift til almennings? Þegar verið er að herða allar leikreglur með skráningu hlutabréfa, sem er eðlilegt, eykur það hættuna á að hluti gráa markaðarins aukist eða óskráðum bréfum fjölgi. Ég teldi það mjög varhugavert. Hér eru engin bein ákvæði varðandi óskráðu bréfin en settar strangari reglur um skráðu bréfin og útboðin. Felur það í sér hættu á því að sá hluti sem snýr að óskráðu bréfunum aukist frá því sem er?

Eins vil ég nefna að í þessu frv. er ekkert gert til að koma í veg fyrir eða takmarka að verðbréfafyrirtækin sjálf versli með hlutabréf fyrir eigin reikning. Í því er vissulega fólgin sú hætta að verðbréfafyrirtækin sjálf haldi uppi of háu gengi á bréfunum og stýri í raun gengi bréfanna. Ég veit að hæstv. ráðherra mun benda á Kínamúrana svokölluðu og að þeir eigi að duga en ég held að full ástæða sé til að hugleiða hvort nægjanlega vel sé frá málum gengið þegar verðbréfafyrirtækjunum er treyst fyrir ávöxtun á eignasöfnum viðskiptavinanna á sama tíma og þau stunda sjálf viðskipti fyrir eigin reikning. Þarna kom meira að segja að verki fulltrúi Kauphings, að því að semja frv., sem er stór aðili í þessum umsvifum. Mér sýnist einmitt, þegar verðbréfafyrirtækin eru svona umsvifamikil sjálf í viðskiptum með eigin reikning, að það geti komið upp allalvarlegir hagsmunaárekstrar fyrir utan það að hætta er á að þau haldi uppi óeðlilegu gengi á bréfunum.

Ég vil aðeins fara í einstök atriði þessa frv. Í því eru mörg

ákvæði til bóta. Ákvæðið um útboð virðist gert víðtækara og skilgreind ábyrgð verðbréfafyrirtækja. Það er t.d. mikilvægt að fastsett er í b-lið 6. gr. frv. að almennt útboð verðbréfa hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu sé háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laganna. Ég tel líka til verulegra bóta að Fjármálaeftirlitið fari yfir útboðin og hafi umsjón með athugun á útboðslýsingu.

Mér finnst aftur á móti ákvæði c-liðar 6. gr. vafasamt og verulegt álitamál hvort of mikið sé opnað fyrir að verðbréfafyrirtækin sjálf geti metið hvort hafi óskráð bréf til sölu án útboðs til almennings. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk."

Það er sett í vald markaðarins sjálfs og verðbréfafyrirtækjanna hvort þau versli með þessi bréf án þess að þau fari í útboð. Verðbréfafyrirtækin þurfa sem sagt sjálf að leggja mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Þarna er opnað fyrir að verðbréfafyrirtækin geti dreift óskráðum bréfum til almennings, sem eru ótraust og veruleg áhættufjárfesting, án þess að kaupandi bréfanna geri sér nægjanlega grein fyrir því. Þar kemur að vísu til ábyrgð fjármálafyrirtækjanna og bótaskylda gagnvart viðskiptavinunum, en er hún nægjanleg? Er með þessu ákvæði í c-lið 6. gr. of mikið opnað fyrir útgáfu á óskráðum bréfum sem ekki fara í útboð?

Ég nefni líka það sem sagt er um c-lið í grg. með frv. sjálfu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn er sá að tryggja að viðskiptavinum sé gerð grein fyrir þeim mun sem er á skráðum og óskráðum verðbréfum og lagt sé mat á einstaklingsbundnar forsendur þeirra til að taka þátt í slíkum verðbréfaviðskiptum."

Síðan kemur þessi setning, herra forseti:

„Eftir atvikum er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu rétt að synja um slík viðskipti ef niðurstaða af slíku mati er á þá leið að viðskiptavinurinn hafi hvorki faglega þekkingu, reynslu eða fjárhagslegan styrk til þess að eiga viðskipti með óskráð verðbréf."

Það þarf ekki annað en hlýða, herra forseti, á hvernig þetta hljómar. Það er algerlega á valdi verðbréfafyrirtækjanna sjálfra hvort þau eiga viðskipti með óskráð bréf án þess að þau fari í útboð. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er vitað um umfang viðskipta með óskráð bréf? Enginn virðist vita nokkurn skapaðan hlut um umfang þess sem hér á ferðinni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur verið reynt að komast að því hvert umfang óskráðra bréfa er? Hlutabréfaviðskipti fara sívaxandi í þjóðfélagi okkar og á fjármálamarkaðnum en um þau er ekki vitað, nema viðskipti með skráð verðbréf sem hafa vaxið gífurlega og eru sennilega á markaðsvirði, skráð á Verðbréfaþingi, sennilega nálægt 500 millj. kr.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún ekki ástæðu til að kanna umfang þessa gráa markaðar? Ég býst við að í hlutabréfasjóðunum sem almenningur nýtir sér sé töluvert af óskráðum bréfum. Verður almenningi gerð nægilega ljós áhættan sem tekin er með fjárfestingum í þessum bréfum? Er t.d. ástæða — ég spyr hæstv. ráðherra — til að setja rammaákvæði í þessa löggjöf sem við erum hér að fjalla um sem skilgreini fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða? Nú virðast þeir geta fjárfest í hverju sem er. Við höfum sett ákveðnar reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og verðbréfasjóða en af hverju ekki líka um hlutabréfasjóði? Þrátt fyrir viðleitnina í þessu frv. verður enn opið ákvæði í c-lið 6. gr. þar sem sett er í mat fyrirtækjanna sjálfra hvort þau bjóði almenningi bréf án útboðs. Því væri það mikið öryggisatriði ef sett yrðu rammaákvæði varðandi fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóðanna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki væri eðlilegt að gera það.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvort ekki væri ástæða til að koma hér upp skipulegum tilboðsmarkaði eins og heimilt er og mér skilst að Verðbréfaþing hafi starfsleyfi fyrir. Sum smærri fyrirtæki telja sig kannski ekki eiga erindi sem skráðir aðilar í kauphöll þar sem skilyrði eru um fjölda hluthafa og eigið fé en vildu gjarnan gerast aðilar að skipulegum tilboðsmarkaði þar sem kröfur eru vægari. Ég held að slík leið, þ.e. skipulegur tilboðsmarkaður, væri vel til þess fallin að auka traust á verðbréfamarkaðnum og öryggi kaupenda hlutabréfa.

Ég tel einnig ástæðu fyrir efh.- og viðskn. að skoða vel e-lið 6. gr. um allar undanþágur sem þar eru gefnar frá útboði. Þær eru ansi margar. Þessi ákvæði um verðbréf sem boðin eru fagfjárfestum hafa flest, utan eitt, verið í reglugerð og hefur greinilega ekki gerð tilraun til að fækka þeim. Ég tel að það þurfi að skoða rækilega. Er ástæða til að halda öllum þessum undanþágum frá útboði inni, herra forseti? Þær spurningar vakna þegar maður les þetta frv. Það ákvæði hefur sannarlega verið nýtt að fagfjárfestar geti tekið þátt í lokuðu útboði svo framarlega sem í hópnum séu ekki fleiri en 25 aðilar en síðan hafa þeir selt bréfin í almennum útboðum.

Mér finnst líka ástæða til, herra forseti, að fara yfir fleiri greinar í þessu frv. Þar staldra ég við b-lið 7. gr. (ný 31. gr.). Þar er ákvæði um að innherjum sé óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar en síðan kemur setning sem mér finnst alveg furðuleg, í c-lið 7. gr. (ný 32. gr.) sem er um meðferð trúnaðarupplýsinga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna."

Herra forseti. Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti undir þeim kringumstæðum. Það er ekki sterkar tekið til orða en þetta, þeir eigi að forðast það. Það er ekki tekið á því að banna slík viðskipti. Þegar hæstv. ráðherra settist í stól viðskrh. var hún mjög hörð á því að það yrði að taka mjög á þessum innherjaviðskiptum. Hæstv. ráðherra nefndi að skoða ætti það alvarlega að setja ákvæði um að í tiltekinn tíma áður en útboð fer fram, fyrir og eftir útboðið, megi ekki eiga sér stað nein viðskipti þar sem innherjar koma nálægt. Nú fáum við ákvæði frá hæstv. ráðherra, sem hann ætlast til að þingið samþykki, sem felur aðeins í sér að fruminnherjar eigi að forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins undir slíkum kringumstæðum. Þetta ákvæði sýnir okkur að mikill losarabragur er á ýmsum ákvæðunum og frv. ber þess merki að hagsmunaaðilar hafa komið að samningu þess.

Hér er sagt um 7. gr., varðandi innherjaviðskipti:

„Á það skal minnt að ákvæðum um innherjaviðskipti er fyrst og fremst ætlað að vernda fjárfesta á skipulegum verðbréfamörkuðum og skapa þeim mörkuðum nauðsynlegt traust og gagnsæi í viðskiptum."

Síðar segir:

„Í eðlilegu samhengi við þessi sjónarmið er lagt til að ákvæðin taki einnig til viðskipta með verðbréf sem óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði.

Eðli máls samkvæmt eiga framangreind sjónarmið því ekki við um skipulag utan skipulegra verðbréfamarkaða. Í viðskiptum með óskráð verðbréf er ógjörningur að framfylgja eftirliti með viðskiptum með sambærilegum hætti og gerist með skráð verðbréf, m.a. vegna þess að ekki er hægt að opinbera upplýsingar á einfaldan hátt eins og þegar um skráð verðbréf er að ræða."

Síðan er vísað til þess að ef slík viðskipti eigi sér stað með óskráð verðbréf þá geti þeir sem telji sig hlunnfarna borið fyrir sig ákvæði almennra hegningarlaga. Þetta er raunverulega það sem sagt er um þessi óskráðu verðbréf sem ég hef hér gert að umræðuefni. Viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf hafa einmitt verið gagnrýnd og þátttaka þeirra í útboðum sem fyrirtæki sem þeir vinna hjá hefur umsjón með.

Ég spyr, af því að ég hef ekki getað séð það í þessu *umfangsmikla frv.* og grg. sem *því fylgir*: Er starfsmönnum, innherjum, bannað að eiga viðskipti með óskráð bréf? Mér finnst ekki tekið á því í þessu frv. en það hefur einmitt gerst á verðbréfamarkaðinum, að innherjar hafa notfært sér aðstöðu sína og m.a. fjárfest í óskráðum bréfum. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Mega innherjar fjárfesta í óskráðum verðbréfum?

Ég vil líka vitna til f-liðar 7. gr. (ný 35. gr.), herra forseti, en þar er ákvæði um að birta eigi skrá yfir innherja sem gerð er opinber með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Ég tel að þetta ákvæði sé mjög til bóta, herra forseti, en ég vísa aftur til c-liðar 7. gr. (32. gr.) sem er mjög losaralegur. Þar er ekki lagt bann við að innherjar eigi viðskipti á ákveðnum tímabilum þegar líklegt er að trúnaðarupplýsingar séu fyrirliggjandi hjá útgefendum verðbréfa. Það er þó gert í Danmörku og ég minnist þess að hæstv. ráðherra vitnaði einmitt til þess að í Danmörku er sett bann á slík innherjaviðskipti sex vikum fyrir birtingu slíkra upplýsinga. Í Noregi er um að ræða tvo mánuði.

Ég tel ástæðu, herra forseti, til þess að fara líka yfir h-lið 7. gr. (37. gr.) frv. og reyndar nokkrar greinar í viðbót, ásamt því að fara yfir leiðbeiningarreglur sem setja á um þessi mál og snerta innherjaviðskipti. Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég verð að biðja um að fara aftur á mælendaskrá til að geta lokið máli mínu.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að af hálfu höfundar þessa frv. liggur góður hugur á bak við breytingar á reglum um verðbréfaviðskipti sem hér eru lagðar til hvað það varðar að reyna að stuðla að heilbrigðari og þroskaðri viðskiptaháttum að þessu leyti á markaði hér á landi. Ég, eins og hv. síðasti ræðumaður, tek undir það að margt í þessu frv. er til bóta. Það er t.d. tvímælalaust til bóta að gerð sé tilraun til að skilgreina þau hugtök sem hér er aðallega verið að setja fram í lagatexta í fyrsta sinn eins og þarna er reynt. Það lýtur að skilgreiningu á fyrirbærum eins og trúnaðarupplýsingum, innherjum og öðru slíku. Reglurnar taka fyrst og fremst til tveggja þátta af auðvitað mjög mörgum sem til greina kæmi að fara yfir þegar þetta umhverfi, viðskiptaumhverfi, er metið. En hér er sérstaklega tekið fyrir annars vegar það sem lýtur að útboðum verðbréfa og hins vegar innherjaviðskipti eða meðferð trúnaðarupplýsinga í viðskiptum og staða innherja og spurning um hvað er leyfilegt og hvað ekki leyfilegt þegar menn búa yfir trúnaðarupplýsingum sem öðrum eru ekki aðgengilegar um málefni fyrirtækja.

Herra forseti. Það er í fyrsta lagi athyglisvert orðalag sem ég staldraði við og það er spurningin um meðferð svonefndrar innherjaskrár sem ætlunin er að færð verði og kemur fram í greinargerð með frv. að skuli að hluta til verða opinberar upplýsingar en að hluta til ekki. Það vekur spurningar um það hvort forsendur séu til þess að skipta upp meðferð eða nöfnum á þessari innherjaskrá eða hvernig hún eigi að hluta til að verða opinberar upplýsingar og að hluta til ekki. Getur hæstv. ráðherra gefið einhverjar upplýsingar um það? Ég vísa til orðalags neðst á bls. 7 í greinargerð með frv., en innherjaskráin er eitt af því sem fyrir kemur í þeim kafla laganna sem bæta á inn í, þ.e. nýjum V. kafla sem á að koma í stað núgildandi IV. kafla laganna.

Herra forseti. Væntanlega er tilgangurinn með þessum breytingum að bregðast við umræðum sem hafa orðið allnokkrar um að hér væru verulegar brotalamir hvað það varðaði að nægjanlega þroskað eða heilbrigt viðskiptasiðferði lægi alltaf til grundvallar framgöngu einstakra aðila í þessum efnum. Menn hafa haft um þetta ýmis orð og gefið þessu ýmsar einkunnir eins og þær að um væri að ræða einhvers konar bernskubrek á óþroskuðum markaði sem væri að stíga sín fyrstu skref. En ég held að það sé nú satt best að segja, herra forseti, afar hógvært og kurteisislegt orðalag yfir hluti sem manni væri tamara á venjulegu íslensku máli að kalla öðrum nöfnum, þ.e. einfaldlega að menn hafi ekki kunnað sér hóf og að græðgi hafi borið menn ofurliði, menn hafi leiðst inn á brautir spákaupmennsku, menn hafi ekki haldið aðskildum eins og vera ætti, annars vegar trúnaði við umbjóðendur sína eða viðskiptaaðila sína og eigin hagsmunum.

Hér er ég að vísa til þess tvöfalda hlutverks sem mörg af þessum fjármálafyrirtækjum hafa haft og að því er virðist ekkert hikað við að hella sér út í, þ.e. annars vegar að bjóða fólki ávöxtun á fé, taka í meðferð fjármuni almennings eða fyrirtækja til ávöxtunar og hins vegar að stunda sjálfir viðskipti á sama markaði í eiginhagsmunaskyni. Það þarf ekkert mjög flókin ræðuhöld, herra forseti, til að útskýra að svona hlutverk er ákaflega vandmeðferð. Að þjóna tveimur herrum, heitir það á mannamáli og hefur aldrei þótt kunna góðri lukku að stýra.

Herra forseti. Er ekki hæstv. viðskrh. viðstaddur og heyrir mál okkar og nær að nema spurningar sem kynnu að vera bornar upp eða eigum við að fresta umræðunni ef svo er ekki?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. viðskrh. mun vera staddur í hliðarsal og forseti væntir þess að hann hlýði á mál hv. þm.)

Ég ætlaði sérstaklega í öðru lagi, hafandi spurt að þessu með innherjaskrána, að koma að innherjaskilgreiningunni. Þar sem ég get að mestu leyti tekið undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan um útboðsmálin þarf ég ekki að orðlengja um þá hluti. Ég vík því beint að því sem lýtur að stöðu innherjanna og spyr hæstv. ráðherra hvort menn telji að með þessum hætti sé nægjanlega skýrt hverjir skuli teljast í einstökum tilvikum innherjar, hvort heldur er fruminnherjar eða aðrir innherjar. Ég spyr sérstaklega: Hvers vegna er staða fjármálastofnananna eins og annarra aðila ekki skilgreind í lagatextanum sjálfum?

Ef farið er yfir það, herra forseti, við hvað sé átt almennt með þessum skilgreiningum, þ.e. hverjir skuli teljast innherjar, fruminnherjar og aðrir innherjar, þá er nokkuð ljóst af umfjöllun um 2. gr. á bls. 10 og 11 í greinargerð frv. að menn geta talist eða skuli teljast innherjar í fyrsta lagi vegna þess að þeir hafa sem eigendur að félagi aðgang að trúnaðarupplýsingum.

Í öðru lagi að þeir hafa sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og fleiri, eftir eðli og stjórnskipulagi útgefanda, aðgang að slíkum upplýsingum, þ.e. menn sem eru beinlínis í hlutverkum sem stjórnskipulag viðkomandi fyrirtækis gerir ráð fyrir að hafi aðgang að slíkum upplýsingum. Þetta er nokkuð skýrt. Svo kemur enn fremur:

„Aðrir aðilar geta verið innherjar starfs síns vegna. Algengast er að innherjar í þessum hópi séu starfsmenn útgefenda eða aðilar í viðvarandi samningssambandi við hann."

Hér er átt við þann sem gefur út eða á viðkomandi verðbréf eða hlutabréf.

Hvað þýðir þá að vera í viðvarandi samningssambandi?

Er viðskiptabanki fyrirtækis í þessum skilningi hins væntanlega lagatexta í viðvarandi samningssambandi við þjónustuaðila sinn, við umbjóðanda sinn? Já eða nei.

Ég spyr sérstaklega vegna þess að það er ekki alveg skýrt hvaða stöðu viðskiptabanki hefur í þessum skilningi ef um reglulegt eða venjulegt viðskiptabankasamband banka og fyrirtækis er að ræða: Hvaða stöðu hefur bankinn? Er hann innherji eða a.m.k. þeir starfsmenn hans sem væru sérstaklega í þeim verkum að veita viðkomandi fyrirtæki þjónustu, segjum útibússtjóri viðkomandi svæðisútibús viðkomandi viðskiptabanka?

Er ekki verðbréfafyrirtæki sem veitir viðkomandi aðila ráðgjöf, sér um útgáfu viðkomandi verðbréfaflokks, innherji í þessu sambandi?

Þetta er, herra forseti, að mínu mati ekki nógu ljóst þegar farið er yfir þennan skýringartexta og jafnvel mótsagnarkennt. Á bls. 11 segir enn um hugtakið aðrir innherjar að þeir geti verið aðilar:

„... sem ekki teljast fruminnherjar skv. a-lið en hafa vegna starfs síns, stöðu eða skyldna tímabundinn aðgang að trúnaðarupplýsingum. Hér getur t.d. verið um að ræða viðsemjendur útgefanda sem fá aðgang að trúnaðarupplýsingum, t.d. í tengslum við gerð einstakra samninga, eða ráðgjafa sem koma að einstökum málum hjá útgefanda, t.d. starfsmenn fjármálafyrirtækja, lögfræðinga o.s.frv."

En er þarna kannski ekki alveg ljóst á hvaða forsendum skilgreiningin byggir, nema að nú er nefnt fyrirbærið fjármálafyrirtæki.

Neðst á bls. 10 er þó sagt eftirfarandi:

„Úrslitum ræður hver aðgangur viðkomandi er að trúnaðarupplýsingum. Sá sem starfs síns vegna hefur að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum er fruminnherji."

Hefur viðskiptabanki ekki að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum um sitt fyrirtæki? Það væri æskilegt að fá svar við því vegna þess að þetta skiptir alveg sköpum um það hvort reglur af þessu tagi séu líklegar til að ná fram því markmiði sínu að hindra það sem menn hafa óttast að hafi verið óeðlileg tvöfeldni í aðstöðu einstakra fjármálafyrirtækja eða viðskiptaaðila á þessum markaði, þar sem menn voru annars vegar að veita þjónustu, voru í trúnaðarsambandi við viðskiptavin sinn vegna hennar, en hins vegar að reka viðskipti í eigin nafni á markaði og voru þar af leiðandi að þjóna tveimur herrum.

Það vakti svo athygli mína, herra forseti, að allra aftast í þessu skjali, í fylgiskjali IV, kveður við nokkuð annan tón, þar sem dregið er upp sýnishorn af hugsanlegum reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga, þ.e. reglum samkvæmt 2. gr. sem lúta þá að upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands. Þetta eru þá hugsaðar sem starfsreglur eða framkvæmdareglur viðkomandi aðila sem hann setur sér. Og þar er m.a. verið að fjalla um innherjalistann, innherjaskrána. Þá eru nefndir aðilar sem ekki eru í lagatextanum. Ég er að vitna til umfjöllunar á bls. 68 og 69 í þessu skjali. Og þá segir allt í einu:

„Stjórn samþykkir lista yfir þá sem koma til greina sem fruminnherjar, ..."

Og síðar:

„Við uppsetningu lista yfir innherja skal höfð til hliðsjónar eftirtalin viðmiðun:"

Svo er talið upp:

„Stjórnarmenn, forstjóri, framkvæmdastjórar ..." — o.s.frv. sem eðlilegt má telja — „sem hafa beinan aðgang að trúnaðarupplýsingum, svo sem upplýsingum um fjárhagsstöðu og mikilvægum upplýsingum um rekstur og rekstraráætlanir og meiri háttar samningsgerð á vegum félagsins, ..." — síðan koma þeir sem starfa með viðkomandi aðilum þ.e. — „ritarar stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar dótturfélaga, félagið sjálft, verðbréfafyrirtæki sem annast markaðssetningu á viðskiptabréfum félagsins, bankar, ráðgjafar, endurskoðendur, lögmenn, rekstrarráðgjafar ..."

Þarna er allt í einu kominn banki, ráðgjafi og verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu í starfsreglum viðkomandi aðila í sambandi við innherjaskrána.

En þetta er hins vegar ekki skýrt neitt sérstaklega í lagatextanum. Svo fremi sem ég sé ekki að aka hérna alveg út af, herra forseti, og mér hafi þá alveg yfirsést að þetta liggi í augum uppi, sem ég sé ekki að geri, þá bið ég um nánari útlistun á nákvæmlega þessum þáttum málsins. Hver er skilningur aðstandenda frv. að sé staða viðskiptabanka og þjónustuaðila á sviði fjármálaþjónustu í svona tilvikum? Er sjálfgefið að þeir séu innherjar ef þeir eru í föstu samningssambandi við viðkomandi aðila, eins og við hljótum að telja að viðskiptabankaþjónusta sé? Gjarnan er það, held ég, þannig að enginn einstakur utanaðkomandi aðili hefur aðgang að sambærilegum upplýsingum um fjárhag og stöðu fyrirtækis og viðskiptabanki þess hefur. Svipað mætti segja um ráðgjafa þess þá aðra sem kynnu að koma úr verðbréfafyrirtækjum o.s.frv.

Þetta skiptir máli vegna þeirra dæma, herra forseti, sem við höfum fyrir okkur á markaðnum og spurning er að margra dómi hvort menn hafi ekki verið á gráu svæði í siðferðilegu tilliti á undanförnum mánuðum og missirum og kunna að verða það áfram ef þetta er ekki gert alveg skýrt í þessari tilraun til að ná utan um hlutina.

Ég ætla að nefna, herra forseti, eins og þrjú dæmi, tilbúin dæmi sem eiga sér raunverulega samsvörun úti á markaðnum á undanförnum mánuðum:

Dæmi a. Öflugt fjármálafyrirtæki tekur til við að kaupa öll laus hlutabréf í stóru fyrirtæki skráðu á markaði. Og eftir nokkurra mánaða stanslaus kaup og aftur kaup á bréfunum fer þetta að hafa áhrif á gengið, hækkar það t.d. úr sjö- til áttföldu nafnverði á nokkrum mánuðum upp í fjórtán- til fimmtánfalt nafnverð. Meðalkaupgengi fjármálafyrirtækisins var þar með kannski á bilinu tíu til ellefu. Í lokin á þessu

ferli selur fjármálafyrirtækið allt saman á genginu fimmtán og hagnast um mismuninn á meðalkaupgenginu, þ.e. tíu, ellefu, og endanlegu söluverði í fimmtán. Líta menn svo á að þetta fyrirtæki sem var á sama tíma að bjóða viðskiptavinum ávöxtun á fé þeirra og bauð þeim hámarksávöxtun en notaði ekki þeirra peninga við þessi uppkaup heldur sína eigin — og það náði þessu fram — hafi hegðað sér eins og því ber eða það ætti að gera gagnvart sínum umbjóðendum og ná þessi lög utan um það?

Dæmi b. Viðskiptabanki fyrirtækis sem hefur allar upplýsingar um rekstur og afkomu viðkomandi fyrirtækis, hefur t.d. haft til skoðunar fjárfestingaráform fyrirtækisins og legið með lánsumsóknir inni um fjármögnun á framkvæmdum á vegum viðkomandi fyrirtækis, hefur meiri trúnaðarupplýsingar um fjárhag og afkomu fyrirtækisins en nokkur annar aðili í þjóðfélaginu að hluthöfum meðtöldum sem hafa ekki aðgang að sambærilegum upplýsingum á þessum eina árlega fundi sem þeir geta sótt. Viðskiptabanki slíks fyrirtækis tekur að kaupa í því bréf, öll laus bréf og leikur sama leikinn nema nú á í hlut viðskiptabanki fyrirtækisins sjálfs. Hann kaupir gengið upp í bréfunum, segjum bara um sambærilega hluti úr 7 í 14, meðalkaupverð 11, hann selur í lokin á 14 eða 15 og græðir mismuninn. Hér hefði getað verið um að ræða viðskipti sem nema hundruð millj. kr. ef í hlut eiga stór fyrirtæki. Hvar er þessi viðskiptabanki á gráa svæðinu? Er hann kominn yfir í svart, er hann á gráu eða er hann á hvítu? Og þarf ekki vegna svona stöðu sem er raunveruleg og hefur komið upp að taka skýrt fram: Eru þetta innherjaviðskipti eða ekki? Duga okkur einhverjir Kínamúrar í því sambandi, að einangra einhverja starfsmenn úti í horni ef um er að ræða fyrirtæki sem starfar þannig að það er ódeildaskipt í þessu tilliti?

Dæmi c. Viðskiptabanki, einn af stóru viðskiptabönkunum skulum við segja, er með fimm fyrirtæki á samgöngusviðinu eða í fjarskiptum í þjónustu sinni. Hann er viðskiptabanki margra aðila í samkeppni á markaði. Hann tekur sig til einn góðan veðurdag og gerist stór eignaraðili í viðkomandi fyrirtæki, einu tilteknu fyrirtæki í samkeppni við önnur á ákveðnu sviði. Hver er staða hans orðin í þessu sambandi af því að hann er orðinn gerandi, viðskiptalegur gerandi á þessu sviði í formi kaupa á bréfum sem setur hann þar af leiðandi væntanlega undir þessi ákvæði? Hvar er hann þá staddur? Er hann ekki orðinn innherji sem stór eigandi í fyrirtækinu sem hann fjárfesti í og hver er þá staða hans gagnvart áframhaldandi hlutlausum og hlutlægum viðskiptum við aðra? Menn geta sagt að þeir geti þá leyst málið með því að flytja sín viðskipti, en möguleikarnir eru ekkert óskaplega margir á Íslandi. Menn geta lent í verulegum vanda ef þeir vilja vera óháðir svona hlutum með bankaþjónustu sína og eiga ekki um nema tvo eða þrjá kosti að velja eins og málin hafa verið að þróast.

Þetta, herra forseti, finnst mér að þyrfti að fara miklu rækilegar yfir af því að við erum í raun og veru að tala um einn lítinn tebolla þar sem er hinn svokallaði markaður að þessu leyti hér á landi. Það eru hin tiltölulega fáu skráðu fyrirtæki þó að við bætum tilboðsmarkaðnum við. Það eru hinar örfáu fjármálastofnanir sem allar eru þarna meira og minna að hræra í sama bollanum.

Þessi markaður, herra forseti, hefur haft á sér ýmis vanþroskamerki og það er kannski ekkert skrýtið og gefur ekki tilefni til að fella harða dóma þó að við viðurkennum það að um er að ræða tiltölulega ungan markað og allt það, en það má ekki verða okkur afsökun til að horfa fram hjá hlutum sem eru a.m.k. mjög tortryggilegir ef ekki nokkuð augljóslega ámælisverðir í viðskiptasiðferðilega tilliti. Ég tel að þarna séu, herra forseti, mjög margir hlutir sem hv. efh.- og viðskn. þurfi að fara mjög rækilega ofan í saumana á. Mér sýnist fljótt á litið, og ég tek fram að það er eftir lauslega athugun á frv. sem ég hef ekki haft tíma til að grandskoða og bera saman við lögin eins og æskilegt hefði verið, en mér sýnist engu að síður að tiltölulega lausleg skoðun á þessu máli sýni að þarna er ekki endilega gengið svo skýrt frá hlutunum eins og æskilegt væri, að reyna að skýrgreina afdráttarlaust hver skuli teljast vera staða hvers og eins sem þarna kemur við sögu. Ég er þá sérstaklega með í huga stöðu fjármálafyrirtækjanna sjálfra í tilvikum eins og þeim sem ég hef hér dregið upp. Ef menn ætla að skapa meiri tiltrú á þessum markaði, ef hann á ekki að grafa undan sér sjálfur eins og ég tel reyndar að hann hafi í talsverðum mæli verið að gera á undanförnum mánuðum, ekki kunnað sér hóf, fallið í gryfju þeirrar skammtímahugsunar og græðgi sem leggur allt upp úr tölum í núinu en lítur fram hjá mikilvægi þess að byggja upp traust og tiltrú varðandi framtíðarviðskiptahagsmuni aðila sem ætla sér væntanlega að verða til ekki bara eftir ár eða fimm ár heldur 10 og 20 ár sem viðskiptabankar, sem verðbréfafyrirtæki, sem ábyrgir ráðgjafaraðilar o.s.frv. á þessum markaði.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í máli hv. þm. sem er athyglisvert og ástæða til að bregðast við. Almennt tel ég að hv. þm. séu jákvæðir gagnvart frv. og ég met það mikils en ég geri mér grein fyrir að það eru mörg atriði sem hv. þm. vilja fá betri skýringar við og ég efast ekkert um að hv. nefnd mun fjalla gaumgæfilega um málið, enda er það mjög mikilvægt.

Ég vil byrja á að segja að með frv. er verið að koma á almennum hegðunarreglum miklu frekar en að verið sé að koma á boðum og bönnum og það er náttúrlega ekki verið að banna viðskipti því að auðvitað gengur þetta út á að viðskipti geti átt sér stað. Þetta eru fyrst og fremst almennar hegðunarreglur og reynt að leggja sig fram um það eins og kostur er að koma málum þannig fyrir að markaðurinn og viðskiptin á markaðnum verði heilbrigð.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði um að margt væri til bóta og ég lýsi ánægju með það og tel að svo sé. Hún nefndi og gerði athugasemdir við það að hagsmunaaðilar kæmu of mikið að þessu máli og þeim hafi verið falið að útbúa leikreglur sem síðan eiga að vinna eftir reglunum. Það er reyndar þannig að þessar reglur eru alltaf settar og smíðaðar í samvinnu við fjármagnsmarkaðinn og við þá sem eiga að nota þær vegna þess að þar er mikil þekking sem við sem smíðum reglurnar verðum að taka tillit til og verðum að nýta okkur.

Ég trúi því ekki að mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ef við tvær settumst niður án þess að hafa samvinnu við markaðinn, tækist að semja reglur sem væru mjög notagildar á markaðnum. Ég segi þetta af mikilli hreinskilni. Að sjálfsögðu þarf að fá upplýsingar frá markaðnum og frá þeim sem nota síðan þær reglur sem settar eru þó að á hinn bóginn þurfi að varast að láta þá ráða ferð. En sú þekking sem þar er til staðar skiptir miklu máli.

Hv. þm. nefndi einnig að of mikið væri um undanþágur en það er þó þannig að í tilskipun Evrópusambandsins eru

þessar undanþágur. Það er því ekki svo að við séum að finna upp eitthvað sem ekki tíðkast almennt.

Síðan var það næsta atriði sem var ákvæði um að óskráð bréf væru veikburða eða eitthvað var það í líkingu við það sem hv. þm. nefndi hér sem aðfinnsluatriði. Markmiðið er að tryggja að verðbréfum sem ekki hafa verið gefin út í almennu útboði sé ekki dreift til almennings. C-liður 6. gr. (ný 27. gr.) er nokkurs konar hegðunarregla og þar er tekið á gráa markaðnum en hins vegar er ekki verið að banna viðskipti eins og ég sagði í upphafi. Fyrirtæki sem eru í verðbréfaþjónustu verða að standa faglega að málum og eins og við höfum oft komið inn á verða þau að skapa traust og auðvitað byggist þetta mikið á því að þau fyrirtæki sem eru á þessum markaði skapi traust og vinni samkvæmt þeim reglum sem settar eru.

Ég ætla aðeins að fara, með leyfi forseta, í þessa grein þar sem stendur:

„Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk."

Næsta atriði sem hv. þm. nefndi varðaði það að versla fyrir eigin reikning. Það er atriði sem hefur þegar verið tekið á í lögum sem sett voru á hv. Alþingi með svokölluðum Kínamúrum.

Síðan var það að koma á öðrum skipulögðum tilboðsmarkaði. Það tel ég ekki vera atriði sem stjórnvöld eiga að standa að heldur eiga stjórnvöld, og það er hlutverk þeirra, að búa til rammann og annarra að starfa samkvæmt því. (Gripið fram í.) Ég held að það væri gott, ég væri hlynnt því að komið væri á öðrum skipulögðum tilboðsmarkaði.

Síðan eru það fruminnherjarnir, en hv. þm. vitnaði til ákvæðis í a-lið 7. gr. (30. gr.):

„Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi."

Í c-lið (32. gr.) kemur eftirfarandi fram:

„Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna."

Ég veit að hv. þm. á eftir að tala aftur og mun þá eflaust kvarta ef henni líkar ekki eða að ég hafi ekki brugðist við öllu því sem hún kom hér fram með.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um innherjaskrárnar og taldi að staða fjármálastofnana væri ekki skilgreind nægilega vel. Ég tek undir að hér er ekki tæmandi listi heldur er miklu frekar verið að reyna að búa til ramma umhverfis þessi viðskipti, eins og ég hef áður komið inn á. Til að bregðast við því dæmi sem hv. þm. nefndi tel ég að í slíku tilfelli sé bankinn sjálfur ekki innherji heldur verði það að metast hverju sinni hvort starfsmenn bankans teljast vera það. Þetta er alveg í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið á öðrum Norðurlöndum og það þarf að skilgreina, og reynt er að gera það, hvað eru trúnaðarupplýsingar. Það getur líka verið mismunandi milli fyrirtækja hverjir hafa yfir að ráða þeim upplýsingum sem teljast trúnaðarupplýsingar. Það er því ekki þannig að hægt sé að setja niður á blað einhverja nákvæma útfærslu á öllum tilvikum sem kunna að koma upp í þessum viðskiptum heldur þarf einungis að fjalla um þetta á breiðum grundvelli og síðan er það fyrirtækjanna að standa sig á þessu sviði til þess að þau skapi sér traust og viðskipti.

Varðandi dæmi sem hv. þm. nefndi þá vil ég vitna til bls. 69 í frv., í grg. þar sem stendur með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn, forstjóri, framkvæmdastjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og starfsmenn deilda, sem hafa beinan aðgang að trúnaðarupplýsingum, svo sem upplýsingum um fjárhagsstöðu og mikilvægum upplýsingum um rekstur og rekstraráætlanir og meiri háttar samningsgerð á vegum félagsins, ritarar stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórar dótturfélaga, félagið sjálft, verðbréfafyrirtæki sem annast markaðssetningu á viðskiptabréfum félagsins, bankar, ráðgjafar, endurskoðendur, lögmenn, rekstrarráðgjafar og aðrir sem stöðu sinnar vegna geta haft aðgang að trúnaðarupplýsingum."

Þetta er nú engin smáupptalning. Eins og ég hef komið að áður þá geta allir þessir aðilar búið yfir trúnaðarupplýsingum. Það fer eftir hverju tilviki um sig hvort svo reynist vera eða ekki.

Ég ætla ekki að segja meira að sinni en hugsa mér að bregðast síðar við fleiru sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég verð að segja að mér finnst þetta enn of fljótandi og eiginlega í lausu lofti með nánari skilgreiningu á hlutverki fjármálafyrirtækja eða þjónustufyrirtækja á fjármálasviðinu, t.d. banka, verðbréfafyrirtækja og ráðgjafarfyrirtækja. Ég tel einmitt mjög sérkennilegt að í dæminu á bls. 68–69, þar sem dregið er upp sýnishorn af reglum sem stórt almenningshlutafélag sem komið er á Verðbréfaþing setur sér, leiðbeinandi reglur um þá skrá sem það býr til yfir hugsanlega innherja, fruminnherja og innherja, og gefur svo út, eru nefndir bankar og þar eru nefnd verðbréfafyrirtæki. Þar er ekki talað um starfsmennina sérstaklega, vera kann að átt sé við þá, en þar er vísað til banka og verðbréfafyrirtækja.

Þegar við skoðum hins vegar lagatextann, frumvarpsgreinarnar og umsagnir um þær framar í plagginu í grg., sjálfan textann á bls. 1 í fyrsta lagi og síðan aftur á bls. 4 eða umfjöllun á bls. 10 og 11, þá er ekki með neinum hætti hægt að ráða í hver skuli teljast nákvæmlega staða þessara fjármálastofnana í þessu tilliti. Nú kann að vera að ekki sé hægt að ákveða þetta vegna þess að þetta sé með mismunandi hætti. Ég verð þó að segja að mér finnst dálítið merkilegt ef ekki er hægt að draga skýrari línu, t.d. um hver staða viðskiptabanka fyrirtækis skuli teljast nákvæmlega í þessu tilliti. Það ætti að vera alveg skýrt ef menn telja að viðkomandi starfsmenn, sem hafa beint samband og annast um mál viðkomandi fyrirtækis, teljast í innherjastöðunni. Þá liggur það fyrir og einhver Kínamúr aðskilur þá væntanlega frá fyrirtækinu að öðru leyti, ef það er aðili sem jafnframt stundar viðskipti, t.d. með bréf viðkomandi félags fyrir eigin reikning o.s.frv.

Ég, herra forseti, lýsi sem sagt eftir því að farið verði betur yfir og reynt að skýra þetta nánar. Ég er sannfærður um að ef þetta fer frá okkur á óljósum og fljótandi nótum þá hefur þessi breyting ekki mikið upp á sig.

[15:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af því sem kom fram hjá hv. þm. þá hitti hann naglann á höfuðið þegar hann svaraði sjálfum sér og sagði sem svo: Kannski er þetta ekki hægt, eða eitthvað slíkt.

Þetta verður að fara eftir eðli máls hverju sinni. Það er ekki hægt að tiltaka sérstaklega fjármálafyrirtæki frekar en endurskoðendur eða aðra aðila. Þetta er einfaldlega þannig að ef starfsmenn búa yfir trúnaðarupplýsingum þá eru þeir innherjar, í þeim tilfellum sem slíkar upplýsingar geta verið hættulegar eða eiga ekki við í þeim viðskiptum sem eiga sér stað. Það getur vel verið að þarna megi kveða sterkar að orði en niðurstaðan í ráðuneytinu var að við teljum að þetta sé í samræmi við það sem annars staðar tíðkast. Þess vegna er þetta sett fram með þessum hætti. Ef hv. þm. hefur einhverja snjalla útfærslu sem hann vill koma á framfæri þá verður hún að sjálfsögðu skoðuð.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti auðvitað vel hugsað mér að glíma við að finna þarna einhver landamæri sem sett yrðu inn í lögin þannig að þau væru skýrari og einfaldari. Ég held að það hefði mikla kosti í för með sér, svo að þetta tiltekna og einstaka dæmi sé tekið, að staða viðskiptabanka, sá sem hefði hefðbundna stöðu viðskiptabanka fyrirtækis sem skráð væri á Verðbréfaþing, væri nokkuð skýr samkvæmt lögunum. Það ætti að vera tiltölulega einsleitt samband á ferðinni. Almennt geri ég ráð fyrir því að hliðstæðar reglur gildi um upplýsingagjöf fyrirtækja til viðskiptabanka síns, eða kannski öllu heldur varðandi þær upplýsingar sem viðskiptabanki krefst vegna reglubundinnar þjónustu sinnar við fyrirtækið. Svo koma kannski upp sérstök tilvik þegar um er að ræða fjárfestingaráform eða annað því um líkt en það væri hægt að hafa inni í löggjöfinni. Ég er viss um að ef skýrari landamæri væru dregin upp þá mundi það þjóna þeim tilgangi að draga úr tortryggni og fækka gráu svæðunum sem annars er líklegt að verði þarna.

Mér finnst þetta teikna til þess, þau gögn sem fylgja þessu frv., að frá fyrirtækjahliðinni sé tilhneigingin sú að líta á bankann sem innherja, á fjármálaráðgjafa, á verðbréfafyrirtæki sem veita fyrirtækinu þjónustu og á viðskiptabankann sem innherja. Það er hins vegar látið vera opið frá hinni hliðinni, hvort þeir líti á sig, vegna sambands síns við fyrirtækið, sem innherja. Það er auðvitað ekki gott að þetta sé með hvort með sínum hætti eftir því úr hvaða átt við nálgumst málið. Þessar leiðbeinandi reglur eða dæmi sem þarna er gefið sem sýnishorn af starfsreglum fyrir viðkomandi fyrirtæki gæti a.m.k. bent í þá átt.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að við séum að hluta komin inn í umræðu um grundvallarspurningar um hvernig þessar fjármálastofnanir upplifa sig og hlutverk sitt. Það hef ég áhuga á að ræða frekar við hæstv. ráðherra og er að hugsa um að biðja um orðið í því skyni.

[15:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó ekki sannfærðu nú rök ráðherrans mig um að við værum að ganga frá frv. sem sæmilega sátt gæti ríkt um að tryggði eðlilegar og sanngjarnar leikreglur að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti.

Nokkrum spurningum svaraði hæstv. ráðherra ekki. Ég spurði hvort ekki væri eðlilegt að setja hlutabréfasjóðunum fjárfestingarstefnu alveg eins og gert hefur verið við verðbréfasjóði og lífeyrissjóði. Ég held að það gæti verið verulega til bóta að rammaákvæði sem fjallaði um það og skilgreindi fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða væri til. Ég tel að það mundi treysta markaðinn og gera hann sýnilegri og traustari og þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra um það.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni um hvort innherjum væri heimilt með ákvæðum þessa frv. að fjárfesta í óskráðum bréfum. Mér finnst mikilvægt að það komi fram hjá hæstv. ráðherra.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig um það, sem ég tel afar mikilvægt, hvort hún telji ekki ástæðu til að gera tilraun til þess að kortleggja umfangið á óskráðum bréfum. Það kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir að hvar sem maður leitar í stjórnkerfinu og hjá þeim stofnunum sem með þessi mál sýsla, virðist enginn hafa hugmynd um þennan ósýnilega markað með þessi óskráðu bréf. Er hann stærri en skráði markaðurinn eða er hann það ekki? Enginn virðist geta nálgast upplýsingar um umfang þeirra bréfa. Þess vegna mundi ég, í sporum hæstv. ráðherra, gera tilraun til að kortleggja þennan markað.

Ég var komin þar í máli mínu að ég ætlaði að fara að fjalla um greinar sem lúta að eftirfylgni með þeim ákvæðum sem þó er að finna í þessu frv. Ég nefni h-lið 7. gr. (ný 37. gr.) en þar er talað um að stjórn félagsins skuli setja reglur um meðferða trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Hver ber þá ábyrgð á að þessum reglum sé framfylgt? Ég spyr: Það á að senda Fjármálaeftirlitinu þessar reglur, að mér sýnist, samkvæmt ákvæði á bls. 6 í h-lið 7. greinar (ný 37. gr.) að mér sýnist. En ég spyr: Eru þær sendar Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar? Það finnst mér mikilvægt að komi fram, hvort Fjármálaeftirlitið eigi að staðfesta þessar upplýsingar og hvort það geti þá gert athugasemdir og krafist þess að úr verði bætt ef Fjármálaeftirlitið er ekki sátt við þær reglur sem verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun setur sér.

Ég nefni þetta með hliðsjón af fskj. sem fram kom með skýrslu viðskrh., um siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði, skýrslu sem þingmenn Samfylkingarinnar kölluðu eftir. Með þeirri skýrslu hæstv. ráðherra er birt það sem kallað er Viðauki 2, Leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Fskj. er skilgreint sem umræðuskjal sem sent hafi verið til umsagnar 1. júlí 2000. Ég spyr með hliðsjón af því: Eru þetta reglur, sem Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér, sem verðbréfafyrirtækin eiga að fara eftir? Ég kann vel við þær reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett hér fram sem drög. Þau drög eru miklu líklegri til þess að veita markaðnum það aðhald sem nauðsynlegt er en ýmislegt í frv. hæstv. ráðherra.

Í þessum reglum varðandi viðskipti með skráð og óskráð bréf kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf eru óheimil."

Þarna er tekinn af allur vafi um það.

Um lágmarkseignarhaldstíma, sem hæstv. ráðherra taldi koma til greina þegar hún settist í stól ráðherra, að gera kröfu til að starfsmenn eða innherjar ættu verðbréf í tiltekinn tíma, stendur í drögum að reglum frá Fjármálaeftirlitinu, með leyfi forseta:

„Gerð er krafa um að starfsmenn eigi verðbréf sem þeir kaupa í 3 mánuði að lágmarki."

Er þetta regla sem hæstv. ráðherra getur tekið undir? Eru þetta reglur sem verðbréfafyrirtækjunum ber að fara eftir? Ef reglur sem verðbréfafyrirtæki setja sér eru ekki jafnstrangar og hér er sett fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins, getur Fjármálaeftirlitið þá krafið verðbréfafyrirtækin um að setja sér reglur í samræmi við þær leiðbeinandi reglur sem það hefur gefið út?

Við getum líka tekið fyrir sérkjör. Fjármálaeftirlitið má ekki bjóða starfsmönnum sínum sérkjör í verðbréfaviðskiptum. Síðan segir í áðurnefndum drögum að reglum:

„Starfsmenn skulu greina regluverði frá allri verðbréfaeign sinni þegar þeir hefja störf hjá fjármálafyrirtæki. Starfsmenn fjármálafyrirtækis þurfa einnig að greina fyrirtækinu frá verðbréfaeign sinni þegar nýju reglurnar um eigin verðbréfaviðskipti taka gildi."

Síðan kemur hér athyglisverð leiðbeining frá Fjármálaeftirlitinu, með leyfi forseta:

„Starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í útboðum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi, þó aðeins samkvæmt sérstakri skriflegri heimild regluvarðar að undangenginni athugun á því hvort þeir kunni að búa yfir trúnaðarupplýsingum um viðkomandi verðbréf."

Hér er um að ræða allt aðrar áherslur en þær sem koma fram í frv. ráðherrans. Þessar reglur ganga raunverulega miklu lengra í mörgum tilvikum en ákvæðin í frv. hæstv. ráðherra.

Hérna kemur líka fram, herra forseti, í þessum leiðbeinandi reglum:

„Tryggja verður í reglunum að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtækið gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtækið annast fyrir aðra útgefendur nema því aðeins að í útboðunum sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi en ekki tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og að þeir gangi ekki fyrir sem fyrstir skrá sig."

Hér er virkilega tekið á málum, fari maður yfir þessar leiðbeinandi reglur.

Starfsmönnum fjármálafyrirtækja er óheimilt að sitja í stjórn fyrirtækja o.s.frv. Hér er um að ræða leiðbeinandi reglur upp á 50 atriði sem ástæða væri til að fara yfir. Ég veit að fljótlega verður þessi skýrsla hæstv. ráðherra tekin til umræðu í þinginu og þá gefst tækifæri til að fara nánar ofan í hana. Hins vegar er ástæða til þess að vekja athygli á þessum reglum í tengslum við ýmis losaraleg ákvæði í frv. ráðherrans sem lúta að meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskiptum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hver ber ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga og reglum um innherjaviðskipti? Er einhver einn aðili ábyrgur fyrir því? Verður búið svo um hnútana að svo verði hjá öllum verðbréfafyrirtækjum?

Síðan er að finna í þessu frv. orðskrípi sem erfitt er að átta sig á og a.m.k. almenningur skilur ekki. Þeir þurfa að vera mikið inni í verðbréfaviðskiptum sem skilja hvað um er rætt í 2. gr. frv. en þar er talað um viðskiptalotu. Gott væri ef hæstv. ráðherra mundi skýra það út fyrir þingheimi. Hvað er viðskiptalota og væri ekki hægt að finna eitthvert annað orð yfir það sem hér er átt við? Ég ætla ég ekki að eyða tíma mínum í að skilgreina það en bið hæstv. ráðherra að gera það fyrir þingmenn og þá sem á þetta hlýða.

Það þarf að fara vel yfir ýmis atriði í efh.- og viðskn., t.d. skilgreiningu á fagfjárfestum og það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi varðandi innherjaskrána. Það þarf að fara vel yfir þau ákvæði.

Í lokin spyr ég ráðherra af því að ég er að verða búin með tíma minn, varðandi síðustu greinina, það er i-liður 7. greinar (ný 38. gr.) á bls. 6 þar sem stendur:

„Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum."

Er hér verið að taka á því sem menn hafa nefnt kennitölufár? Á að reyna að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun með þessu ákvæði, t.d. það að beita fyrir sig kennitölum eins og gert hefur verið?

Herra forseti. Ég hef tækifæri til að fjalla um þetta mál í efh.- og viðskn. og eins og þingheimur heyrir þá hef ég ýmislegt við þetta frv. hæstv. ráðherra að athuga.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Öfugt við síðasta ræðumann á ég þess ekki kost lengur að starfa að málinu í hv. efh.- og viðskn. Ég afplánaði þar löngum en nú eru breyttir tímar og þar kemur maður í manns stað. Hv. þm. Ögmundur Jónasson situr þar fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Ég treysti því að þeir ágætu þingmenn sem þar eru í vasklega skipaðri nefnd muni fara rækilega yfir þetta mál, enda held ég að einhverjir mánuðir til eða frá skipti ekki sköpum, hvort þetta nær afgreiðslu fyrr eða aðeins síðar. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að hér takist vel til.

Ef þetta á að vera meginaðgerðin af hálfu stjórnvalda til að endurskapa meira traust á viðskiptasiðferðinu á þessum markaði en menn hafa haft upp á síðkastið þá verður það að vera trúverðug aðgerð. Þær aðgerðir sem farið verður í mega ekki leysast upp og fljóta út um víðan völl. Þessi markaður á í ákveðnum erfiðleikum. Það er alveg ljóst. Það hefur dregið úr trúnaðartrausti almennings á honum. Það fylgir lægð í verðbréfaviðskiptum og á hlutabréfamarkaði og allt ber að sama brunni. Eigi þetta að standa sæmilega traustum fótum þarf að takast vel til með ráðstafanir til að endurskapa trúnaðartraust á þessu sviði.

Mér sýnist ýmislegt benda til þess, og tek þar undir með hv. síðasta ræðumanni, að þegar maður skoðar sýnishorn og dæmi sem dregin eru upp í fskj. með frv. hafi á köflum verið á kreiki hugmyndir um að ganga lengra og taka fastar á málum en síðan er gert í sjálfum frumvarpstextanum. Það er eins og textinn hafi verið svolítið útvatnaður þegar að því kom að færa hann inn í lagagreinarnar. Ég nefndi dæmi um skilgreiningu á innherjum og sýnishorn af starfsreglum fyrirtækis sem birt er aftast í plagginu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi önnur dæmi. Mér virðist hvort tveggja benda í sömu átt, að afurðin hafi heldur útvatnast þegar farið var að setja þetta inn í sjálfan lagatextann.

Í öðru lagi vil ég nefna það, herra forseti, að mér sýnist að Fjármálaeftirlitið muni fá ærið að starfa eigi það að bæta á sig þeim viðbótarverkefnum, því aukna eftirliti sem frv. fylgir.

Að síðustu vil ég aftur koma að þessu með fjármálastofnanirnar, herra forseti, og spurningunni um hvort hér séu með trúverðugum hætti dregin upp landamæri þess sem mönnum leyfist á þeim bæjum, varðandi það að þjóna tveimur herrum, þ.e. sjálfum sér og viðskiptavinunum. Það er að mínu

mati, herra forseti, langvandasamasti þátturinn, ef opið er fyrir það á annað borð að aðilar eins og verðbréfafyrirtæki, fjárfestingarsjóðir og bankar bjóði hvort tveggja, annars vegar ávöxtun á fé eða bankaþjónustu og hins vegar séu þeir gerendur á þessum markaði sjálfir, kaupendur og seljendur fyrir eigin reikning í ágóðaskyni. Þetta er hin mikla mótsögn, herra forseti, hinn mikli vandi sem felst í að þjóna tveimur herrum. Það væri fróðlegt að fara yfir það og kannski gerir hv. þingnefnd það með því að skoða m.a. dæmi frá nágrannalöndunum. Er búið um þennan þátt líkt og þar?

Tíðkast með sama hætti og hér hefur gerst að menn séu í þessum hlutverkum jöfnum höndum? Er það þannig, t.d. hvað varðar stöðu viðskiptabanka sem þjónustuaðila viðskiptavina sinna, að þeir séu sjálfir í ódeildarskiptri starfsemi með sama mannskap, kaupendur og seljendur á bréfum á markaði fyrir eigin reikning, jafnvel inni á samkeppnissviðum þar sem þeir allt í einu dúkka upp sem eigendur að einu fyrirtæki en eru svo aðalviðskiptabanki samkeppnisaðila á sama sviði viðskipta o.s.frv.? Er þetta svona erlendis? Spyr sá sem ekki veit. Ég treysti mér ekki til að kveða upp úr með það hvort það sé í raun alsiða að menn séu þar í mörgum hlutverkum samtímis, þjóni kannski meira en tveimur herrum, jafnvel þremur ef ekki fleirum.

Herra forseti. Mér finnst þetta snúast dálítið um spurningu sem ég hef hugsað talsvert um upp á síðkastið að gefnu tilefni: Hvernig líta íslenskar fjármálastofnanir á sig í þessu samhengi í dag? Hvernig skilgreina t.d. Landsbanki Íslands og Íslandsbanki-FBA hf. sjálfa sig? Hvað er hann í grunninn? Er Landsbankinn í grunninn viðskiptabanki með starfsemi sem lýtur að því að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu eða hefur hann tekið um það meðvitaða ákvörðun, jafnvel með stuðningi eiganda síns — ríkisins, að hann sé jöfnum höndum verðbréfafyrirtæki sem kaupir og selur fyrirtæki og græðir á því og að þetta séu jafngöfug og jafngild markmið?

Herra forseti. Hvað með þjónustuhlutverk þessara fyrirtækja? Hvað hefur t.d. orðið um þjónustuhlutverk Íslandsbanka-FBA hf. við sjávarútveginn í landinu og við iðnaðinn í landinu? Má ég minna á að það er spurt að gefnu tilefni, vegna þess að helftin af eigin fé þessa fyrirtækis eru Fiskveiðasjóður, Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður. Er það samt sem áður þannig að þessi ágæti banki okkar, herra forseti, hafi engum skyldum að gegna og líti ekki á sig að neinu leyti sem þjónustufyrirtæki atvinnulífsins, þeirra fyrrum stóru viðskiptavina sem hann tók í arf með því að í honum sameinuðust þessir stóru fjárfestingarlánasjóðir? Ég hef ástæðu til að ætla að í höndum nýrra stjórnenda og á nýjum tímum hafi orðið býsna mikil hugarfarsbreyting í þessu efni og hún sé umhugsunarefni fyrir okkur. Það væri fróðlegt ef hæstv. viðskrh. gæfi Alþingi skýrslu um það hvernig viðskrh. metur stöðu atvinnulífsins í dag, t.d. á landsbyggðinni, hvað varðar aðgang að bankaþjónustu og eðlilegri fjármögnun rekstrar síns.

Ég hef ófá dæmi í höndunum, herra forseti, frá umliðnum mánuðum þar sem þessar stærstu fjármálastofnanir landsins segja, þegar svo ber undir og þegar þeim sýnist: Við höfum ekki áhuga. Okkur kemur þetta ekki við. Þó í hlut eigi iðnfyrirtæki eða sjávarútvegsfyrirtæki sem áður áttu greiðan aðgang að fjárfestingarlánasjóðum þá er staðan þannig í dag að nú yppa menn öxlum ef svo ber undir og segja: Við höfum ekki áhuga á þessu, þetta kemur okkur ekki við. Sérstaklega á það við ef viðkomandi fyrirtæki eru með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins og eiga á brattann að sækja með veð eða vegna tortryggni í garð þess rekstrar vegna erfiðleika í atvinnulífi á landsbyggðinni, svo dæmi sé tekið.

Ég hef heyrt fjölmargar umkvartanir af þessum toga frá fyrirtækjum í mismunandi starfsgreinum, reyndar líka af höfuðborgarsvæðinu en þó sérstaklega af landsbyggðinni, þar sem kvartað er undan áhugaleysi þessara stóru stofnana á að veita viðkomandi fyrirtækjum eðlilega þjónustu, eðlilega bankafyrirgreiðslu. Á sama tíma opna menn varla fjölmiðla eða horfa á fréttir að kvöldi dags að ekki séu fluttar fréttir af stórkostlegum tilfæringum viðkomandi fjármálastofnana í að kaupa eða selja fyrirtæki til að reyna að græða á gengismun og öðru slíku. Er þetta endilega þróun sem við teljum okkur til góðs?

Ég tel ástæðu til að fara ofan í saumana á þessu, bæði vegna almennra hagsmuna með tilliti til atvinnumála, vegna framtíðarþróunarmöguleika í atvinnulífi okkar um allt land, en líka út frá viðskiptasiðferðilega hluta málsins og því hvernig þessar stofnanir líta nú orðið á sjálfar sig. Til hvers eru þær reknar og í þágu hverra? Ræður orðið ekkert annað en gróðinn í núinu og sem mestur hagnaður í svipinn, auðvitað með hinum fínu árangurstengingum sem skila sér oft ágætlega í vasa stjórnendanna, eða hafa þessar stofnanir einhverju hlutverki að gegna með langtímahagsmuni að leiðarljósi, fyrir sjálfar sig en líka fyrir atvinnulífið og efnahagslífið í landinu? Ég held að það væri fróðlegt að bera saman hugsunarhátt þýskra banka og þýskra fjármálastofnana að þessu leyti við hinn nýja hugsunarhátt í íslenska fjármálaheiminum sem mér virðist vaða uppi. Ég held að það væri ekkert verra í tengslum við þetta mál, herra forseti, hvort sem það gerist í áframhaldandi umræðu um málið eða í hv. nefnd, að farið yrði svolítið ofan í saumana á þessum hlutum.

[15:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon komst á nokkurt flug hér undir lokin, kannski um málefni sem er ekki akkúrat á dagskrá en ég skil hins vegar ákaflega vel um hvað hann er að fjalla og get að mörgu leyti tekið undir margt af því sem kom fram í máli hans.

Ef ég reyni að bregðast við því sem komið hefur fram í seinni umferð umræðunnar þá var það í fyrsta lagi atriði sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að setja hlutabréfasjóðum fjárfestingarstefnu. Það er reyndar atriði sem ég hef látið koma fram opinberlega að þurfi að gera. En þetta varðar kannski ekki akkúrat það sem er hér til umfjöllunar en er engu að síður mikilvægt mál og ég held að nauðsynlegt sé að í nýjum lögum um verðbréfasjóði verði einnig tekið á hlutabréfasjóðunum.

Hv. þm. taldi að ástæða væri til þess að gera tilraun til að kortleggja óskráða markaðinn, óskráð bréf, gráa markaðinn. Ég vil segja í því sambandi að ég tel ekki að við getum fengið þær upplýsingar sem gerðu það að verkum að þetta yrði mögulegt. En það sem við leggjum hins vegar áherslu á er að við viljum efla skipulagða markaðinn og að hann sé sem virkastur. Hin viðskiptin eru einfaldlega ekki uppi á borðinu. Ég tel að þetta frv., ef það verður að lögum, sé liður í því að styrkja og efla skipulagða markaðinn.

Það sem hv. þm. gerði einnig athugasemdir við eða velti fyrir sér er ákvæði í 7. gr. frv. og varðar það að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur skv. 1. mgr. 37. gr. en ekki eins og hér kveður á um, með leyfi forseta:

„Reglur skv. 1. mgr. skulu staðfestar af stjórn viðkomandi félags og sendar Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra."

Þetta er atriði sem ég tel að hv. nefnd geti alveg farið yfir eins og náttúrlega allt annað sem er í frv. en við setjum þetta fram svona.

Síðan er það í sambandi við verklagsreglur, að viðskipti starfsmanna með óskráð bréf eru óheimil. Það er eðlilegt og kemur fram í drögum Fjármálaeftirlitsins sem eru nú til umsagnar og eru á grundvelli laga sem sett voru á hv. Alþingi sl. vor. Hins vegar gengur ekki að stoppa markaðinn þannig að þessi ákvæði geta ekki að mínu mati gilt alfarið um markaðinn. En þetta er sem sagt sett fram á þennan hátt í frv. og ekki að ástæðulausu heldur að vel yfirveguðu ráði.

Hvað varðar ólögleg viðskipti, þ.e. hver beri ábyrgð í sambandi við ólögleg viðskipti, þá er það hvert fyrirtæki, samkvæmt því sem hér er lagt til, sem setur sér reglur og sérhver starfsmaður sem á í hlut ber ábyrgð. Ólögleg innherjaviðskipti eru saknæm. Ef um ólögleg viðskipti er að ræða fer málið til Fjármálaeftirlitsins, ef um brot er að ræða er málið sent ríkislögreglustjóra. Þannig er nú atburðarásin í þessu.

Hv. þm. setti út á orðið viðskiptalota. Það má velta því fyrir sér hvort annað betra orð finnst en skilgreiningin er á bls. 1 í frv.

Ég hef víst lokið tímanum sem ég hef til nota, ég lýk því máli mínu.

[15:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að fá fram í þessari umræðu áður en málið fer til nefndar stöðu leiðbeiningarreglna hjá Fjármálaeftirlitinu. Hæstv. ráðherra kom lítið inn á það og ég fór ítarlega yfir þá hluti að það er ýmislegt sem fram kemur í leiðbeiningarreglunum sem mér finnst ganga miklu lengra en er í frv. ráðherrans. Því spyr ég um stöðu leiðbeiningarreglna og hvort ráðherrann hafi ekki kynnt sér innihald þeirra reglna, sem hæstv. ráðherrann hefur væntanlega gert af því þessi skýrsla hefur verið lögð fyrir þingið. Ég spyr hæstv. ráðherra um skoðun hennar á þessum leiðbeinandi reglum. Þær taka til óskráðra bréfa að mörgu leyti, þær taka til innherjaviðskipta þar sem eru mjög ströng aðhaldsákvæði á ýmsum sviðum sem lúta að innherjaviðskiptum. Mér finnst koma til skoðunar að nefndin hafi slíkar reglur mjög til hliðsjónar þegar hún fer yfir frv. og lögfesti jafnvel ýmsar af þeim reglum sem þar koma fram sem mér finnst eiga betur heima í löggjöfinni sjálfri en í leiðbeinandi reglum.

Ég tel að nauðsynlegt sé að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur frá verðbréfafyrirtækjum og ekkert óljóst sé í því efni. Og komi það ekki fram í frv., sem það ekki gerir, þá á efh.- og viðskn. vissulega að taka það upp og setja það í frv.

Síðan finnst mér hæstv. ráðherra skauta ansi létt fram hjá þessum óskráðu bréfum og gefst raunverulega upp fyrir fram við að kortleggja þennan markað sem ég held að sé hægt og sem ég held að væri mjög nauðsynlegt að gera. Síðan hef ég miklar áhyggjur af, eins og fram kom líka hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, viðskiptum verðbréfafyrirtækja með verðbréf og hlutabréf fyrir eigin reikning. Nefndin hlýtur að taka sérstaklega upp til skoðunar hvernig gengið er frá þeim málum í löggjöf okkar.

[15:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég er alveg sammála þeim reglum sem eru nú til umsagnar frá Fjármálaeftirlitinu og þær reglur eru settar fram á grundvelli laga sem voru samþykkt frá Alþingi sl. vor, 15. og 21. gr. laganna. Það er í sjálfu sér ekki mál sem við erum núna að fjalla um þó að allt tengist þetta nú meira og minna. Það sem við erum að fjalla um núna eru útboðsmálin og innherjaviðskiptin.

Má ekki segja, hæstv. forseti, að það sé sama hvaðan gott kemur? Þessar reglur sem eru unnar af Fjármálaeftirlitinu og eru til umsagnar eru mjög mikilvægar. Þær eru unnar í samvinnu við markaðinn engu að síður, þetta frv. er það líka eins og hér hefur komið fram. Ég bind miklar vonir við þessar reglur en sé ekki alveg hvað hv. þm. er að fara með því að telja að þær eigi endilega að vera í lögum.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær reglur sem nú eru til umsagnar og Fjármálaeftirlitið hefur sett á blað tengjast vissulega því frv. sem við erum hér að ræða vegna þess að þær tengjast að mörgu leyti innherjaviðskiptum eins og ákvæði um hvenær starfsmenn í fyrirtækjum eiga viðskipti, þær fjalla um lágmarkseignarhaldstíma o.s.frv.

Ég fagna því auðvitað mjög að hæstv. ráðherra er sammála öllum þeim reglum og ákvæðum sem koma fram hjá Fjármálaeftirlitinu. Mér finnst mjög mikilvægt að fá fram í lokin á umræðunni hvort ráðherrann líti svo á að verðbréfafyrirtækjunum beri að setja sér reglur í samræmi við þau ákvæði sem koma fram í þessum leiðbeinandi reglum frá Fjármálaeftirlitinu og hvort líta megi svo á að Fjármálaeftirlitið geti þá óskað eftir því við einstök fjármálafyrirtæki sem setja sér leikreglur sem ganga mun skemur en leiðbeinandi reglur frá Fjármálaeftirlitinu, að Fjármálaeftirlitið geti þá krafið þau verðbréfafyrirtæki um að setja sér reglur í samræmi við það sem Fjármálaeftirlitið hefur lagt til í þessu efni. Ég held að mjög mikilvægt sé að við gerum okkur grein fyrir stöðu slíkra reglna gagnvart fjármálafyrirtækjum og verðbréfafyrirtækjum þegar við erum að fjalla um þetta frv. hæstv. ráðherra í efh.- og viðskn.

Þess vegna er það lokaspurning mín til ráðherrans hvort Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að verðbréfafyrirtækin setji sér reglur, innri reglur, í samræmi við þær reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett í þessu efni.

[15:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt þannig að Fjármálaeftirlitið getur krafist þess af fyrirtækjum að þau setji sér reglur. (**Gripið fram í:** Sambærilegar?) Já, og verðbréfafyrirtæki geta ekki sniðgengið reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði.

Út af því sem kom fram hjá hv. þm., þó að mér leyfist kannski ekki í þessu svari að koma inn á aðra ræðu, en af því að við erum að tala um Fjármálaeftirlitið þá vil ég að það komi fram að það fær mjög aukið hlutverk með þessum lögum og það kemur líka fram í frv. og eins í umsögn fjmrn. Það er því ekki nokkur vafi að Fjármálaeftirlitið er mjög mikilvæg stofnun til þess að hafa markaðinn þannig að sómi sé að. Það er svo sannarlega von mín að þetta frv., verði það að lögum, verði liður í því að gera markaðinn, og

vinnubrögðin sérstaklega, þannig að við getum öll verið stolt af honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslukostnað við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem er 232. mál þingsins á þskj. 250.

Á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslukostnað við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í lögunum var gjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að gjaldið uppfyllti á hverjum tíma skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutföll í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Jafnframt þurfti að kveða nánar á um skattstofn og innheimtu svo dæmi sé tekið.

Í frv. sem varð að lögum á síðasta þingi sagði að miklar líkur væru á því að breyta þyrfti hlutföllum álagningar í lögum á hverju haustþingi. Hin fjölbreytta flóra eftirlitsskyldra aðila og miklar breytingar og sveiflur í rekstri þeirra gera það að verkum að nær ógerlegt er að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn.

Frv. þetta er flutt í því skyni að breyta álagningarhlutföllum 5. gr. laganna. Miðað við þau álagningarhlutföll frv. er reiknað með að álagt eftirlitsgjald á næsta ári nemi samtals rúmum 195 millj. kr. Áætluð gjöld eftirlitsins á næsta ári eru hins vegar 228 millj. Mismunurinn, 33 millj., er tekinn af ónotuðum eftirlitsgjöldum 1998 og 1999.

Með frv. þessu fylgir skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins, álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætluninni og skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi eftirlitsins en í 16. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir að viðskrh. skuli gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Hæstv. forseti. Ég mæli með að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

[16:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki neitt við efni þessa frv. að athuga eins og það liggur fyrir í 1. og 2. gr. Hér er einungis um það að ræða að verið er að fjalla um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit og gjaldtöku fyrir hana. Ég held að þetta sé allt eðli máls samkvæmt í réttum farvegi og ljóst að það er mjög mikilvægt að þannig sé búið að Fjármálaeftirlitinu að það geti sinnt því brýna verkefni sem það hefur í stjórnsýslunni.

En það sem ég stend upp til þess að ræða um er sú skýrsla sem fylgir frá viðskrh. í fskj. I með þessu frv. en samkvæmt lögum um Fjármálaeftirlit á Fjármálaeftirlitið fyrir 15. september ár hvert að gefa viðskrh. skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni á jafnframt að leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Ég held að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt atriði í frv. um Fjármálaeftirlitið, þ.e. að viðskrh. leggi fram þessa skýrslu um starfsemi Fjármálaeftirlitsins og ég vil minna á í því sambandi að þetta ákvæði kom inn við meðferð efh.- og viðskn. á þessu máli að tilhlutan stjórnarandstöðunnar. Mér finnst sú skýrsla mjög athyglisverð sem hér er sett fram og á margan hátt hefði hún raunverulega gefið tilefni til þess að hæstv. ráðherra hefði haft nokkra framsögu um skýrsluna og starfsemi Fjármálaeftirlitsins. En hér er getið um eftirlit og athuganir sem Fjármálaeftirlitið hefur gert, að hverju þessar athuganir hafa beinst eins og hér kemur fram en þær hafa beinst að stjórnunarlegri uppbyggingu stofnana, markmiðssetningu í starfseminni, tilvist og eftirfylgni áhættustýringarreglna í viðtækri merkingu, innra eftirliti í þessu sambandi og virkni innri endurskoðanda. Eins og hér kemur fram hefur t.d. verið athugað innra eftirlit með útlánum lánastofnana og eftirlit með markaðsáhættu í starfsemi og áhættustýringu í þessum þáttum.

Hér koma fram áhyggjur Fjármálaeftirlitsins af nokkrum þáttum sem mér hefði fundist að ástæða til að ræða frekar en hæstv. ráðherra gerði og mér finnst ástæða til að efh.- og viðskn. fjalli um þessa skýrslu. Herra forseti, hér kemur fram að:

„Áhyggjur Fjármálaeftirlitsins í þessu efni hafa ekki síst beinst að útlánavexti og þróun eigin fjárhlutfalls lánastofnana. Hefur stofnunin gert margvíslegar athugasemdir og varað við lágu eiginfjárhlutfalli hér á landi, bæði í samskiptum sínum við einstakar lánastofnanir og í almennri umræðu. Einnig hefur stofnunin beint sjónum sínum að fjármögnun lána, en erlendar lántökur lánastofnana, þar á meðal skammtímalán, hafa verið miklar."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þá hefur Fjármálaeftirlitið haft áhyggjur af skipulagi og utanumhaldi er varðar markaðs áhættu fjármálafyrirtækja, en þessi áhætta hefur vaxið hratt og innra eftirlit setið á hakanum í ýmsum tilvikum."

Mér finnast þetta nokkuð alvarlegar athugasemdir sem hér eru settar fram sem lúta að áhyggjum Fjármálaeftirlitsins af ýmsum fjármálastofnunum, þar á meðal af eiginfjárhlutfalli þessara lánastofnana og skipulagi og utanumhald er varðar markaðsáhættu fjármálafyrirtækja. Ástæða er til þess að Alþingi láti ekki svona fara fram hjá sér án þess að ræða það. Út af fyrir sig þar sem ég á sæti í efh.- og viðskn. get ég beðið með að fjalla um þetta þar til málið kemur þangað og fengið ýmsar skýringar á þessu.

Ég minnist þess í þessu sambandi að Fjármálaeftirlitið hefur á opinberum vettvangi varað við stöðunni að því er varðar eiginfjárhlutfall ýmissa lánastofnana. Ég man ekki betur en hugmyndir hafi verið uppi, m.a. af hálfu Fjármálaeftirlitsins, um að Fjármálaeftirlitið hefði nokkurt svigrúm með lögum til þess að setja lánastofnunum skilyrði um eiginfjárhlutfall. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það: Er það eitthvað til skoðunar á borði hæstv. viðskrh. að skoða breytingar á eiginfjárhlutfalli lánastofnana eins og kveðið er á um í lögum? Ég vona, herra forseti, að þó að hæstv. viðskrh. sé ekki í salnum og formaður þingflokks Framsfl. eigi við hana viðtal, að hún hafi hlýtt á mál mitt og svari þeirri spurningu sem ég hef beint til hennar vegna þess að ég deili

þessum áhyggjum með Fjármálaeftirlitinu varðandi stöðuna á eiginfjárhlutfalli ýmissa lánastofnana. Er hæstv. ráðherra með það á sínum borðum að skoða einhverjar breytingar á eiginfjárhlutfalli lánastofnana?

Eins spyr ég hæstv. ráðherra um það hvort hún deili áhyggjum með Fjármálaeftirlitinu sem hefur áhyggjur af skipulagi og utanumhaldi er varðar markaðsáhættu fjármálafyrirtækja en Fjármálaeftirlitið segir að þessi áhætta hafi vaxið hratt og innra eftirlit setið á hakanum í ýmsum tilvikum. Slíkar ábendingar eru náttúrlega mjög alvarlegar þegar fjármálafyrirtæki eiga í hlut.

Síðan kemur fram, herra forseti, orðrétt:

„Almennt hefur Fjármálaeftirlitið beint því til eftirlitsskyldra aðila að skerpa á öllu innra eftirliti."

Því er sem sagt almennt beint til eftirlitsskyldra aðila að skerpa á öllu innra eftirliti og af því er auðvitað hægt að draga þá ályktun að því sé ábótavant í ýmsum tilvikum.

Fjármálaeftirlitið bendir á og það tengist því máli sem við vorum með til umræðu síðast á dagskránni að Fjármálaeftirlitið hafi tekið til athugunar allnokkrar vísbendingar um brot á ákveðnum kafla laga um verðbréfaviðskipti, einkum meint brot á ákvæðum um innherjaviðskpti og hefur einu slíku máli verið vísað til ríkislögreglustjóra. Ástæða er til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því að þessu gefna tilefni hvort lyktir séu komin í öll þau mál sem um hefur verið fjallað og lúta að brotum á innherjaviðskiptum. Ég held að ástæða sé til þess og ráðherrann hlýtur að vita um það hvort lokið sé umfjöllun af hálfu Fjármálaeftirlitsins í þessu máli. Síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið tekið til skoðunar ýmis mál sem varða starfshætti fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði. Niðurstaða slíkra mála snýst alla jafna um túlkun á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Veigamesta reglan í þessu sambandi er að viðskiptamaður geti treyst því að hagsmunir hans séu hafðir í fyrirrúmi."

Síðan fer Fjármálaeftirlitið inn á það sem við ræddum áðan að það hafi birt leiðbeiningar um reglur til fjármálafyrirtækja og, herra forseti, af því að við vorum að ræða það áðan og þetta er skýrsla viðskrh., þá kemur hér fram:

„Hverju fyrirtæki fyrir sig ber að leita staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á reglunum sem það setur sér."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að í skýrslu ráðherra kemur þetta fram. Við hljótum að taka það þá upp í frv. sem við vorum að ræða að allar reglur sem verðbréfafyrirtæki setja sér þurfa að fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Herra forseti. Ég sé líka í skýrslunni að eftirlitsskyldir aðilar sem greiða starfsemi Fjármálaeftirlitsins, sem ég tel að sé réttur og eðlilegur farvegur fyrir fjármögnun í starfsemi af þessu tagi, gera ýmsar athugasemdir við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Það er mjög óalgengt að við fáum á borð okkar slíka skýrslu þar sem gerðar eru athugasemdir við rekstur á einstaka stofnunum. Ég er ekki þar með að segja að reksturinn á Fjármálaeftirlitinu sé eitthvað slæmur. En með þessari skýrslu er opnað fyrir slíkt, það er opnuð þessi bók sem er reksturinn á Fjármálaeftirlitinu sem við höfum kannski ekki eins mikinn aðgang að því er varðar aðrar stofnanir. Hér kvarta t.d. eftirlitsskyldir aðilar yfir stjórnarlaunum stjórnarmanna í þessari stofnun sem þeir telja að séu hærri en almennt tíðkast hjá opinberum stofnunum og flestum þeim aðilum sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Bent er á að stjórnarlaun stofnunarinnar á þessu ári stefni í rúmar 4,6 millj. til þriggja stjórnarmanna sem er nokkuð há fjárhæð ef hver um sig fær í sinn hlut 1,5 millj. sem er dágóð laun ef það er borið saman við fólkið sem er lægst launað í þjóðfélaginu. Þá erum við að tala um hærri stjórnarlaun til hvers og eins þessara stjórnarmanna fyrir stjórnarsetu í þessari stofnun. Ég hef út af fyrir sig ekki hugmynd um það og það kemur ekki fram hve mikið verkefni það er að vera stjórnarmaður í þessari stofnun eða hve oft þeir þurfa að sitja fundi.

Það er líka gerð athugasemd við það hér og hef ég enga forsendu til að meta hvort sú gagnrýni er eðlileg eða ekki. Þó get ég tekið undir að það er nokkuð vel í látið hér og gerðar eru verulegar athugasemdir hvort fjöldi utanlandsferða og almennt umfang erlendra samskipta hjá þessari stofnun sé nauðsynlegt. Vitnað er til þess að fjöldi utanlandsferða hafi verið 60 talsins og kostnaður vegna erlendra samskipta á árinu stefni í alls tæpar 10 millj. kr. og áætlaður enn hærri á árinu 2001 eða 13,5 millj.

Ég er að vekja athygli á því að mér finnst skýrslan nokkuð til fyrirmyndar, að þingmenn geti þannig fjallað um bæði starfsemi þessarar stofnunar, Fjármálaeftirlitsins, hvað hún hefur verið að fást við, hverju hún hefur áhyggjur af í starfsemi sinni með eftirliti með fjármálafyrirtækjum sem ég hef fyrir nokkru rakið og síðan athugasemdir sem þeir aðilar gera sem standa undir fjármögnun á stofnuninni hafa að gera við rekstur á stofnuninni sem bæði snerta stjórnarlaun og utanlandsferðir.

Herra forseti. Ég mun beita mér fyrir því að efh.- og viðskn. taki skýrsluna til umfjöllunar. Mér finnst efni hennar gefa tilefni til þess og ýmislegt fleira sem ég vildi ræða en ætla ekki að gera að þessu sinni. Ég spyr, herra forseti, um álit hæstv. ráðherra á því sem ég nefndi sem lýtur að þeim áhyggjum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett fram í þeim athugunum og eftirliti sem hún hefur haft með fjármálastofnunum. Skal ég ekki endurtaka það hér vegna þess að ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi verið að hlýða á mál mitt.

[16:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir tölu hennar. Það sem hv. þm. m.a. kom inn á var hvort Fjármálaeftirlitið ætti að hafa heimild til og ætti að einbeita sér að, eða öllu heldur vinna að því að setja strangari kröfur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja. Þá er hún að tala um að 8% eigi ekki að gilda heldur eitthvað annað og meira. Það er nokkuð til í því að e.t.v. væri ástæða til þess að smærri stofnanir að hefðu hærra BIS-hlutfall. Reyndar er verið að vinna að því á alþjóðavísu að breyta þessu fyrirkomulagi. En samkvæmt gildandi lögum hér á landi eru þetta þessi 8% almennt gildandi og ekkert meira en það.

Það hefur verið fylgst mjög vel með því sem er að gerast erlendis og það m.a. hefur kallað á ferðir stjórnarmanna, því hv. þm. kom inn á það líka. En ég held að það sé bæði áhugavert og nauðsynlegt að þetta sé skoðað í fullri alvöru. Enda er það gert.

Hv. þm. spurði um lyktir mála sem hafa verið til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu og urðu til umræðu á hv. Alþingi á síðasta vetri og vörðuðu brot á innherjaviðskiptum. Það hefur opinberlega komið fram að eitt mál hefur verið sent til ríkislögreglustjóra. Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um það mál. Mér er ekki kunnugt um hvar önnur mál standa hjá eftirlitinu en ég trúi því að það hljóti að styttast í að frekari fregnir berist. Fjármálaeftirlitið er mjög sjálfstæð stofnun og ég vil að Fjármálaeftirlitið starfi mjög sjálfstætt. Ég tel alls

ekki rétt að blanda mér inn í þá starfsemi. Ég ber mikið traust til þessrar stofnunar og tel að hún sé að vinna mjög vel og almennt að skapa sér meira og meira traust í samfélaginu.

Hv. þm. nefndi þá skýrslu sem er hér prentuð með sem fylgiskjal og er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstri FME. Það er kannski dæmi um það hversu mikið aðhald er að Fjármálaeftirlitinu — það er ekki bara að Alþingi fylgist með því starfi og sé eftirlitsaðili á sinn hátt heldur er samráðsnefndin það einnig. Þess vegna fylgir þessi skýrsla — að nefndin hefur sent frá sér þetta álit. Það má ræða það og ekkert er óeðlilegt við að það verði rætt frekar í nefndinni. En ég taldi ekki ástæðu til þess að koma inn á það í framsöguræðu minni.

Ég ætla aðeins að koma með eina leiðréttingu. Hún varðar 4. liðinn sem hv. þm. nefndi. Stjórnarlaun stofnunarinnar eru ekki greidd þremur stjórnarmönnum heldur sex, bara svo það sé skýrt.

Að öðru leyti þá þakka ég fyrir ræðu hv. þm. og þann áhuga sem hún sýnir málinu.

[16:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég skal endurtaka það í þessu andsvari að ég tel þessa skýrslu til mikillar fyrirmyndar.

Varðandi stjórnarlaunin þá stendur hér:

„Stjórnarlaun eru ákvörðuð af ráðherra, en í stjórn FME sitja lögum samkvæmt þrír menn. Stjórnarlaun stofnunarinnar á þessu ári stefna í rúmlega 4,6 millj. kr. ...“

Það var því varla hægt að lesa annað úr þessu en að þetta væru þrír menn sem deildu með sér þessum launum upp á 4,6 milljónir, þ.e. ein og hálf milljón hjá hverjum þeirra sem ráðherra hefur ákveðið.

Varðandi eiginfjárhlutfallið þá fannst mér svör ráðherrans alls ekki nægilega skýr, herra forseti. Jafnvel þó að eiginfjárhlutfall sé hér í samræmi við það sem gerist erlendis þá er markaður okkar um margt öðruvísi. Það er ekki að ástæðulausu að Fjármálaeftirlitið hefur haft af því verulegar áhyggjur að við þurfum að breyta hér því hlutfalli sem við höfum búið við um nokkurn tíma. Fjármálaeftirlitið hefur sett það fram að þeir telji að þeir ættu sjálfir að hafa svigrúm til þess að ákveða kannski mismunandi eiginfjárhlutfall hjá hinum ýmsu stofnunum. Það var þetta sem ég var að leita eftir hjá hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi hvort hún væri sammála því að Fjármálaeftirlitið hefði þetta vald að geta haft mismunandi eiginfjárhlutfall hjá hinum ýmsu fjármálastofnunum og eins hvort það væri verið að vinna að þessu máli. Ég var engu nær eftir svör ráðherrans nema að eiginfjárhlutfallið hér væri sambærilegt við það sem gerðist erlendis.

Síðan spurði ég um það sem fram kemur hjá Fjármálaeftirlitinu að það hefur verulegar áhyggjur af, þ.e. markaðsáhættu fjármálafyrirtækja og innra eftirlit. En ráðherrann kaus að ræða ekkert um það. Hér er þó um mál að ræða sem hæstv. ráðherra ætti að hafa áhyggjur af. En ég gat ekki heyrt það á máli hennar.

[16:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um BIS-reglurnar vil ég segja að það er ekki æskilegt að við Íslendingar séum með sérstakar reglur hér. Við erum í opnu hagkerfi og við erum í Evrópska efnahagssvæðinu. Það er frjálst flæði fjármagns. Ég held að við hljótum að leggja áherslu á að markaðurinn hér sé í fullu samræmi við það sem tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur saman við og eigum hvað mest viðskipti við.

Eins og ég lét koma fram þá er fylgst mjög grannt með því sem er að gerast á alþjóðavísu á þessu sviði og við viljum ekki vera eftirbátar annarra. Við viljum standa okkur og hafa okkar reglur í fullu samræmi við það sem almennt tíðkast. Ég held því að við hljótum að geta verið sammála um að við eigum ekki að fara út í það hér að hafa aðrar reglur en almennt tíðkast.

Annað sem hv. þm. nefndi er í sjálfu sér hægt að taka undir. Við erum sammála í þessu máli, heyrist mér, að efla Fjármálaeftirlitið og teljum hlutverk þess mikilvægt og það verður enn mikilvægara eftir því sem markaðurinn eflist. Ég hafði brugðist við þeim spurningum sem hún setti fram í sambandi við þau mál sem eru óútkljáð. Ég get ekki svarað því frekar.

[16:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekki alveg sammála um allt sem lýtur að því sem hér eru gerðar athugasemdir við af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Ég tek undir og deili áhyggjum með Fjármálaeftirlitinu af eiginfjárhlutfalli og stöðu einstakra fjármálastofnana sem hæstv. ráðherra virðist ekki gera. Hæstv. ráðherra virðist frekar vilja horfa á þau sjónarmið að reglur okkar um eiginfjárhlutfall séu í samræmi við það sem gerist í alþjóðlegu umhverfi og á erlendum vettvangi, frekar en að horfa á áhættuna og þá öryggi viðskiptavinanna varðandi það að eiginfjárhlutfall sé innan þeirra marka sem eðlilegt er miðað við áhættu. Það er einmitt áhættustýringin sem Fjármálaeftirlitið hefur verið að skoða. Þeir hafa því greinilega áhyggjur af stöðu ýmissa fjármálastofnana og að staða eiginfjár þessara stofnana sé ekki sem skyldi. Ef við, vegna aðstæðna á okkar markaði, þurfum að hafa annað eiginfjárhlutfall eða jafnvel mismunandi eftir stofnunum eins og mig minnir að Fjármálaeftirlitið hafi lagt til, þá eigum við að fara eftir því.

Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun og hæstv. ráðherra er ávallt að undirstrika það. Fjármálaeftirlitið kallar á að þessu eiginfjárhlutfalli verði breytt og mér finnst að hæstv. ráðherrann eigi þá að virða sjálfstæði þessarar stofnunar og taka undir með henni ef það þarf að breyta eiginfjárhlutfallinu.

Hæstv. ráðherra segir að hún vilji ekki blanda sér í starfsemi stofnunarinnar þegar verið er að tala um meint brot á ákvæðum um innherjaviðskipti. Ég skil það vel. En mér finnst að hæstv. ráðherra eigi a.m.k. að fylgjast með starfi eftirlitsins þó hún blandi sér ekki í starfsemina sem ég er alveg sammála um að hún á ekki að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðarmenn, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 160. mál. — Þskj. 162.

[16:26]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 162. Það er 160. mál, frv. til laga um ábyrgðarmenn. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jón

Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson og Sverrir Hermannsson.

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta er nú flutt í fjórða sinn en með nokkrum breytingum. Veigamest þeirra breytinga er að í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að gera fjárnám í fasteign sem ábyrgðarmaður á og býr í hafi hann haft persónulegan hag af lánveitingunni.

Virðulegi forseti. Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Í opinberri skýrslu sem kom út fyrir nokkrum árum, en nýrri upplýsingar liggja ekki á lausu, kemur fram að gera megi ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Ekki hefur tekist að finna nýrri upplýsingar um stöðu þessara mála hér en fátt bendir til þess að verulegar breytingar hafi orðið á þessu sviði þrátt fyrir vilja fjármálastofnana til annars. Því bendir flest til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu viðskiptaráðuneytisins, Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga, að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið allt önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Í þessu samhengi er vert að nefna að nú nýverið bönnuðu Norðmenn svokallaðar sjálfskuldarábyrgðir þannig að þeir hafa gengið svo langt að banna sjálfskuldarábyrgðir og gerðu það nú nýverið í maí sl. ef ég man það rétt.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist m.a. í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda, auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningnum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla virðist hafa verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað var til ber með sér. Lánastofnanir virðast hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Þessu er frumvarpinu, verði það að lögum, m.a. ætlað að breyta.

Þá er það eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð o.s.frv. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum hefur verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd eru flestir ábyrgðarsamningar skriflegir og því mun þetta ákvæði ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess, yrði hún að lögum að afhending svokallaðra tryggingarvíxla, sem er sérislenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Finna má mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi um að forsenda þess að samningar tókust hafi verið að þriðji aðili, einstaklingur, gekkst í ábyrgð á efndum. Dæmi eru að samningur hafi komist á þrátt fyrir að samningsaðilum hafi verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samninginn. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á.

Því er í 9. gr. kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, auk þess sem þar er að finna ákvæði þess efnis að krafa um gjaldþrotaskipti verði ekki höfð uppi vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings. 9. gr. eins og hún lítur út í þessu frumvarpi á sumpart fyrirmynd í reglu sem hefur verið lögfest víða í Bandaríkjunum, svokallaðri „Homestead exemption"-reglu. En í öllum samanburði við þá reglu er rétt að hafa í huga að bandaríska reglan á við um gjaldþrotaskipti og er því að

miklum mun víðfeðmari, því hér er einungis ætlunin að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn. Bandaríska reglan kveður á um að heimili skuldara renni ekki inn í gjaldþrotabú við skipti. Rökin fyrir henni eru þau að það þjóni ekki hagsmunum samfélagsins að reka einstaklinga og fjölskyldur á dyr í kjölfar gjaldþrots heldur auki það aðeins á vandann í stað þess að leysa hann. Þá er og sagt að samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vegi þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda kröfu með því að selja hús ofan af skuldaranum. Tilvist reglunnar leiðir sjálfkrafa af sér að ríkar kröfur eru gerðar til samningsaðilanna sjálfra um fagleg vinnubrögð við samningsgerð. Sú staðreynd að gagnaðili eigi fasteign undanþiggur ekki viðsemjanda hans frá því að sýna ýtrustu aðgæslu við samningsgerð. Reglan sem er almenn tekur jafnt til aðalskuldara og ábyrgðarmanna og gengur því mjög langt í því að vernda fjölskylduna, mun lengra en hér er gert, enda er þessu frumvarpi aðeins ætlað að gilda um ábyrgðarmenn. Þessa hugsun er ætlunin að færa inn í íslenskan rétt með lögfestingu frumvarpsins, þ.e. verði það að lögum.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu enda er hér aðeins verið að standa gegn því að gert verði fjárnám í heimilum þeirra sem gangast í persónulega ábyrgð, án þess að þeir hafi persónulegan hag af lánveitingunni. Eftir sem áður geta einstaklingar í frjálsum samningum veðsett eigur sínar að vild. Flutningsmenn telja að samningsfrelsi sé og verði ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt eðlilegar undantekningar geti verið á þeirri reglu sem finna má ýmis dæmi um í löggjöf. Í frumvarpinu eru skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara, auk þess sem ábyrgðarkrafa er færð skör neðar, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er heimilt.

Rökin fyrir þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar eru markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi á fjölda ábyrgðarmanna sé óviðunandi, eins og áðurnefnd skýrsla viðskiptaráðherra ber með sér. Enn fremur er í frumvarpinu gerð sú krafa til kröfuhafa að þeir sendi um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir hafa gengist í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utan um þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir það í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má sem dæmi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en löngum hefur tíðkast að samstúdentar skrifi upp á lán hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa næga yfirsýn yfir hvaða ábyrgðir þeir hafa skrifað upp á.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert almenna grein fyrir því frv. sem hér er mælt fyrir og ætla því að fara hér nokkrum orðum um einstakar greinar þess.

Í fyrsta lagi er frv. ætlað að gilda almennt um samninga þar sem þriðji aðili gengst í ábyrgð fyrir efndum þeirra, þ.e. þriðji aðili er ekki sjálfur aðalskuldari, heldur gengst hann í ábyrgð fyrir það að samningurinn verði efndur. Í 1. gr. frv. er einnig kveðið á um að reglurnar komi til með að taka yfir samninga þar sem þriðji maður afhendir veð til tryggingar efndum þessara samninga og því hefur hann sama rétt í slíkum tilvikum og ábyrgðarmenn almennt.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að ef þetta frv., yrði það að lögum, er lesið saman við núverandi víxilreglur þá yrði að túlka það sérstaklega. Sú hugsun sem hvílir að baki þessu frv. er fyrst og fremst sú að þær reglur eða þau viðmið sem hér eru sett fram taki fyrst og fremst til svokallaðra ábekinga, en ekki útgefenda víxla eða greiðanda, enda er það oftast þannig að þeir hafa haft einhvern hag af því að af lánveitingunni yrði.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi vil ég nefna það sérstaklega að í þessu frv. er lögð mjög rík áhersla á það að sá sem ætlar að gangast í ábyrgð sé upplýstur nákvæmlega um hvernig staðan er hjá þeim sem hann ætlar að gangast í ábyrgð fyrir. Hann hefur skýlausa kröfu um að fá þá stöðu fram áður en hann undirritar ábyrgðarsamning. Og á sama hátt ef aðalskuldarinn eða sá sem fær afhent verðmæti sem tekin eru að láni neitar að upplýsa um stöðu sína þá hefur hann skýlausa kröfu til þess að fá að vita um þá neitun áður en hann skrifar undir viðkomandi samning. Og fái hann ekki þær upplýsingar áður en til þess kemur þá væri slík undirritun einskis virði.

Þá vil ég nefna sérstaklega 6. gr. Í henni er kveðið skýrt á um að kröfuhafi skuli tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef við eða aðrar tryggingaráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, að í allt of mörgum tilvikum hefur það gerst að ábyrgðarmenn fá ekki upplýsingar um vanskilin fyrr en löngu síðar og hafa þegar af þeirri ástæðu þurft að takast á herðar greiðslur á háum fjárhæðum, bæði hvað varðar vexti, dráttarvexti og innheimtukostnað sem því fylgir. Hér er hins vegar kveðið á um að ábyrgðarmaður verði ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga, nema liðnar séu tvær vikur frá því ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Með öðrum orðum verður ábyrgðin ekki virk fyrr en ábyrgðarmaðurinn er upplýstur um að krafan sé í vanskilum. Þetta leiðir til þess að ábyrgðarmaður getur þá annaðhvort gert upp kröfuna eða komið henni í skil, en þarf ekki að lúta því að frétta af því kannski ári eða tveimur árum síðar að tiltekin krafa sé komin í vanskil með öllum þeim kostnaði sem slíkum vanskilum fylgir.

Ég hef áður vitnað til 9. gr. Þar birtist sú hugsun að ekki verði gerð aðför eða fjárnám í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs.

Virðulegi forseti. Þetta held ég að sé gríðarlega mikilvægt ákvæði því að ef ástæða er til að verja nokkuð í tilvikum sem þessum þá er það fjölskyldan og heimili manna. Því miður hefur þróunin á Íslandi verið slík í allt of mörgum tilvikum að þegar upplýst hefur verið um tilvist tiltekinnar fasteignar sem hugsanlega er hægt að ganga að þá breytir oft og tíðum litlu fyrir þá aðila sem eru að semja og geta hugsanlega gengið að þessari fasteign hvort samningurinn eigi nokkurn tímann nokkurn möguleika á að verða efndur því ef menn vita að þeir geta gengið að fasteign þá er það látið gott heita.

Mýmörg dæmi eru þess að fjölskyldur hafa misst heimili sín vegna tilvika sem þessara og þetta er einfaldlega stór, svartur blettur á íslensku samfélagi og það fyrirkomulag sem hér hefur þróast í ábyrgðarveitingum þekkist hvergi á byggðu bóli. Þekkist hvergi í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við en hefur á einhvern hátt þróast án þess að nokkur hafi nokkurn tímann tekið um það alvarlega umræðu. Í raun og veru er sú hugsun að mínu viti alröng og hún skaðar viðskiptalíf, að það skuli vera talið eðlilegt að til að tryggja samning milli A og B, þá sé leitað á náðir C og hann beðinn að sjá til þess að gangi samningur A og B ekki eftir, þá skuli vera hægt að ganga að honum með einum eða öðrum hætti. Bara hugsunin í þessu er að mínu viti röng og sú þróun sem hér hefur átt sér stað sem er öll í þá veru, að menn telji það allt að einu að þetta sé eðlilegt fyrirkomulag, enda ber skýrsla viðskrh. sem ég vitnaði til í framsöguræðu minni þess merki að sú þróun sem hér hefur átt sér stað á sér enga hliðstæðu, hvergi nokkurs staðar í veröldinni.

Það er umhugsunarefni, virðulegi forseti, án þess þó að ástæða sé til að rugla því saman við þá umræðu sem hér fer fram, að það er eins og einhvers konar almannatryggingakerfi fjármagnseigenda hafi fengið að þróast á Íslandi, annars vegar í þessu formi, þ.e. ábyrgðarmannaformi sem hvergi annars staðar þekkist og svo hins vegar þetta öryggisnet sem hefur verið strengt gagnvart áhættunni af verðlagsþróun og öðru slíku, þ.e. í formi vísitölubindingar. Þannig að á Íslandi hafa þeir aðilar sem stunda þess konar viðskipti að einhverju leyti notið betra umhverfis af hálfu hins opinbera en almennt þekkist.

Ég held að umhugsunarefni sé af hverju þetta er svona. Ég tel að þessi skelfilega þróun sem hér hefur átt sér stað varðandi ábyrgðarmenn sé bara einn angi af þessu, því að mín skoðun er sú að viðskipti og annað slíkt þróist langsamlega best með almennum heilsteyptum reglum þar sem menn nálgast viðfangsefnið út frá ákveðnum jafnræðishugmyndum. Ég held að það sé algert grundvallaratriði til þess að viðskipti fái að þróast. Því ef menn eru ætíð að semja í skjóli einhverra reglna sem jafnvel hampa einum á kostnað annars, þá er það gegnumgangandi til þess fallið að veikja þær kröfur sem aðilar gera til sjálfra sín í slíkum viðskiptum. Hins vegar getur það oft og tíðum verið þannig að aðstaða manna sé misjöfn. Og þá ber að rétta þá stöðu, en þessi staða er að mínu viti mjög verðugt umhugsunarefni hvernig ríkisvaldið hefur oft og tíðum gengið fram fyrir skjöldu í málefnum þeirra sem meira mega sín og tek ég þessi tvö dæmi máli mínu til stuðnings.

Í 10. og 11. gr. er aðeins kveðið á um það annars vegar að komi til þess að tryggingafélög eða aðrir slíkir greiði vegna greiðslufalls aðalskuldara, þá njóti ábyrgðarmaður góðs af því, enda ofur eðlilegt.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, eftir að hafa farið almennum orðum um frv. sem við ræðum, aðeins nefna þær umsagnir sem hafa borist um frv. því eins og kom fram í máli mínu í upphafi er þetta í fjórða sinn sem þetta frv. er lagt fram.

Í umsögn frá Alþýðusambandinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Sú neytendavernd sem felst í ótvíræðri upplýsinga- og tilkynningaskyldu kröfuhafa horfir mjög til bóta og ASÍ hvetur til þess að þetta frv. verði samþykkt.“

Neytendasamtökin lýsa yfir miklum stuðningi við frv. og hafa m.a. sent þingmönnum áskorun þess efnis að samþykkja það.

Í umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands er tekið mjög undir það að frv. verði að lögum og vakin sérstök athygli á því hversu mikilvægt það sé að heimili einstaklinga séu undanþegin aðför, því oftast er það þannig að það tjón sem samfélagið verður fyrir vegna þess að fjölskyldur og heimili manna sundrast er miklum mun meira en hagsmunir ábyrgðarmanna af því að fá greiðslur á kröfum sínum, sem þeir þó báru ábyrgð á stofnun í upphafi.

Fjármálaeftirlitið tekur undir þau meginsjónarmið sem liggja til grundvallar frv. og Vinnumálasambandið sömuleiðis.

Segja má að í þeim umsögnum sem hafa borist eftir að frv. var lagt fram sé nánast undantekningarlaust tekið undir nauðsyn þess að lögfesta reglur eins og þessar. Ég nefndi það ekki áðan, virðulegi forseti, en bæði Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun hafa einnig tekið undir nauðsyn þess að lögfesta þessar reglur og hafa hvatt til þess að þær verði lögfestar, en það eru einvörðungu viðskiptabankarnir sem hafa mælt á móti þessu. Það eru einu aðilarnir sem hafa mælt því í mót að reglur líkt og þessar verði lögfestar og hafa mælt hart gegn því að svo verði, sem í sjálfu sér þarf ekki að koma neinum á óvart.

Ég vil segja það í lok framsöguræðu minnar að núverandi ástand á Íslandi hvað þessi málefni varðar er í miklu skötulíki og að mínu viti svartur blettur á íslensku samfélagi. Sú þróun sem hér hefur átt sér stað hefur verið í skjóli ríkisvaldsins og kannski þeirra viðhorfa sem hafa ríkt í íslensku viðskiptalífi meira og minna alla þessa öld, í skjóli þess að sífellt er verið að vernda suma á kostnað annarra. Og jafnvel að einhverju leyti hugsanlega áður fyrr í skjóli þeirra helmingaskipta sem áttu sér stað í íslensku viðskiptalífi langt fram eftir öldinni.

Ég held, virðulegi forseti, að Alþingi eigi núna að taka á sig rögg og samþykkja reglur af þessum toga vegna þess m.a. að fyrir þremur árum, ef ég man rétt, tóku sig saman sennilega tvö ráðuneyti, viðskiptabankarnir og Neytendasamtökin og gerðu tilraun til þess að breyta frá þeim venjum og þeim framgangsmáta sem þessi mál höfðu verið í í viðskiptabönkunum, en það er samdóma álit þeirra sem ég hef talað við að það hafi ekki tekist nema að litlu leyti, að sáralitlu leyti hafi tekist að breyta því fyrirkomulagi sem hér hefur ríkt um allt of langt skeið. Við höfum einnig verið að lifa ákveðna uppgangstíma núna undanfarin ár. Ég óttast að í því bjartsýniskasti sem samfélagið hefur kannski verið í undanfarna mánuði og kannski um árabil, að þegar því linni sé mjög víða að finna einstaklinga sem í einhverjum slíkum bjartsýnisköstum hafa tekist á hendur ábyrgð.

Ég held að mjög mikilvægt sé að Alþingi taki á sig rögg, samþykki reglur af þessum toga og sýni að það geti sett sínar reglur þrátt fyrir að öflugir aðilar í samfélaginu séu því andvígir.

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Um rúmlega tveggja ára skeið hefur verið í gildi sérstakt samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom lítillega inn á það nú í lokin, taldi reyndar að hér hefði verið um tilraun að ræða sem ekki hafi tekist nægilega vel. Samkomulagið var gert á milli stjórnvalda, neytenda og fjármálafyrirtækja og í því er kveðið á um bætt vinnubrögð fjármálafyrirtækja við töku sjálfskuldarábyrgða, m.a. að mat skuli lagt á greiðslugetu.

Fjármálafyrirtæki er skylt að meta greiðslugetu greiðanda ef ábyrgðarmaður óskar eftir því, eða ef skuldbindingin er yfir 1 millj. Ábyrgðarmaður getur kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins og ber fjármálafyrirtæki að upplýsa um vankantana á greiðslugetu greiðanda. Einnig er mjög mikilvægt ákvæði um upplýsingagjöf og önnur ákvæði til verndar ábyrgðarmönnum.

Áður en þetta samkomulag var gert hafði verið unnin undirbúningsvinna og vandinn kannaður. Almennt var samstaða um það meginmarkmið að draga úr sjálfskuldarábyrgðum, m.a. var skoðað hvort setja ætti sérstök lög um ábyrgðir. Niðurstaðan þá var sú að gera það ekki, enda hefði þá verið gengið lengra en t.d. önnur Norðurlönd gera og nágrannalönd.

Ég er hins vegar sammála því meginmarkmiði sem liggur að baki frv. en að svo stöddu a.m.k. er ég ekki sannfærð um að rétt sé að fara þá leið sem lögð er til í frv. Ég tel hins vegar mikilvægt að hv. efh.- og viðskn., sem fær þetta mál til umfjöllunar, fari mjög vel yfir málið allt og ég ætla ekki að fullyrða á þessari stundu að ég geti ekki sannfærst um það eftir að hafa skoðað umsagnir og fleira að þetta sé rétta leiðin, en á þessari stundu treysti ég mér ekki til þess að ganga lengra í sambandi við yfirlýsingar um frv.

[16:57]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir athugasemdir sínar, en vil þó nefna í fyrsta lagi að þær reglur sem hæstv. viðskrh. vísaði til eru á engan hátt bindandi, þ.e. sá samningur sem gerður var, og einn af þeim aðilum sem gerði þann samning voru Neytendasamtökin og þau hafa lagst eindregið á þá sveif að nauðsynlegt sé að lögfesta reglur.

Í öðru lagi vil ég líka benda á af því að hæstv. ráðherra vísaði til Norðurlandanna, að það ástand sem hér er þekkist hvergi, hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli. Og í þeirri skýrslu sem unnin var í viðskrn. fyrir nokkrum árum kemur fram að sú þjóð sem er kannski næst á eftir okkur er með sjöunda part af sjálfskuldarábyrgð miðað við það sem við erum með. Það er því mjög erfitt að bera okkur saman við þessar þjóðir. En það breytir ekki því að nú nýverið, á vordögum lögfestu Norðmenn þær reglur að banna sjálfskuldarábyrgðir þrátt fyrir að ástandið þar væri ekki í neinu samræmi við það sem hér tíðkast.

Ég verð því að segja að það veldur mér a.m.k. fyrst um sinn talsverðum vonbrigðum að hæstv. viðskrh. hafi lýst því yfir að hún sé ekki tilbúin til þess á þessari stundu að lýsa því yfir að hún styðji það að frv. verði að lögum, en tók þó hins vegar fram að ef umsagnir og annað slíkt eru á þann veg að mælt sé með því að frv. verði að lögum, þá sé hún tilbúin að endurskoða afstöðu sína og ég a.m.k. held í þá von á meðan hún er enn við lýði.

[16:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afar merkilegt og þýðingarmikið frv. sem hér er til umræðu. Eins og kom fram hjá flutningsmanni og frummælanda í málinu byggist það fyrst og fremst á sjónarmiðum um neytendavernd og það er engin tilviljun að svo góðar undirtektir hafa verið við þetta þingmannafrv. úr samfélaginu og frá Neytendasamtökunum.

Það sem ég vil vekja athygli á eftir þessa stuttu ræðu hæstv. viðskrh. er að þrátt fyrir allt fannst mér viðskrh. nokkuð vinsamleg í garð þessa máls og þó ráðherrann nefndi það og teldi kannski ekki að það fullnægði að fullu leyti þeim sjónarmiðum sem hún hafði tók hún nokkuð vinsamlega undir málið. Hún taldi að nefndin ætti að skoða það mjög vel og það er nú það sem ég vil hvetja til. Fremur en að örlög þess verði þau að daga uppi í nefnd held ég að væri mikilvægt að reyna að ná samkomulagi um einhverjar þær úrbætur sem þyrfti til þess að hljóta náð fyrir augum þeirra sem um véla þegar ráðist er í það að hleypa þingmannamáli út úr nefndum þingsins.

Eitthvað verður að fara að koma til sem verndar þá sem taka á sig ábyrgð meðan við höldum við það að gangst í ábyrgð fyrir aðrar manneskjur. En fyrst og fremst vil ég benda á að ég túlka orð hæstv. viðskrh. sem vinsamleg og mjög jákvæð.

[17:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er hreyft miklu þjóðþrifamáli sem þingmenn úr öllum þingflokkum á Alþingi eiga aðild að og á 1. flm., hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, þakkir skildar fyrir að hafa haft forustu um smíði þessa frv. og veg og vanda af því starfi.

Eins og fram hefur komið í framsöguræðu hans byggist frv. að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd enda nýtur frv., sem hér er flutt í fjórða sinn, stuðnings Neytendasamtakanna og annarra almannasamtaka. Einu aðilarnir sem hafa lýst efasemdum og andstöðu eru viðskiptabankarnir og sætir nokkurri furðu að í þeirra liði er einnig að finna hæstv. viðskrh., sem lýsti hér andstöðu við frv. Ég hélt sannast sagna þegar hæstv. viðskrh. kvaddi sér áðan hljóðs að það væri gert til að lýsa yfir blessunarorðum við þetta frv. sem er óumdeilanlega til mikilla hagsbóta á íslenskum lánsfjármarkaði.

Í greinargerð með frv. kemur fram að lánsfjármarkaður á Íslandi er um margt mjög frábrugðinn því sem gerist með öðrum þjóðum. Það hefur t.d. komið í ljós í rannsóknarskýrslu sem unnin var á vegum viðskrn. fyrir fáeinum árum að í samanburði við Norðurlönd er miklu stærra hlutfall einstaklinga og heimila í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Talið er að þetta hlutfall hér á landi sé 60–80% á móti um 10% á Norðurlöndum.

Þetta þýðir að lögð er ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara og eru þess dæmi eins og kemur fram í greinargerð frv. að samningar hafi komist á þrátt fyrir að samningsaðilum hafi verið ljóst að aðalskuldari geti aldrei efnt samninginn.

Það frv., sem hér er til umræðu, gengur út á að styrkja réttarstöðu þessa þriðja aðila og þá fyrst og fremst með því að gera alla samninga skýrari. Kveðið er á um að þeir skuli vera skriflegir svo dæmi sé tekið, en mikilvægasta lagagreinin að er mínum dómi sú 9., en þar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða eða ábyrgðarmaður hafi haft ávinning af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.“

Þannig hljóðar 9. gr. þessa frv. en þess eru því miður allt of mörg dæmi að gengið hafi verið að ábyrgðarmönnum, þeir hafi jafnvel misst heimili sín og stoðum þannig kippt undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna.

Það kom fram í framsögu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að sl. vor hefði verið lögleitt í Noregi að banna sjálfskuldarábyrgðir af þessu tagi. Það kom einnig fram í máli hans að sú þjóð sem kæmi næst okkur í sjálfskuldarábyrgðum hefði einvörðungu sjöunda part af því hlutfalli sem hér tíðkaðist. Þótti mér þetta svara í reynd ábendingum hæstv. viðskrh. sem sagði að við ættum ekki að skilja okkur frá því sem gerðist með öðrum þjóðum. Reyndar fannst mér það koma úr hörðustu átt því Íslendingar hafa um margt verið að skera sig úr því sem gerist á lánamarkaði almennt og í skattaumhverfinu einnig. Ekki er langt síðan ég talaði fyrir þingmáli sem fjallaði um það sem má orða sem siðferðilega þröskulda sem ríki væru að reyna að koma sér saman um í skattamálum. Þar vísaði ég til vinnu sem fram færi á vegum OECD til að koma í veg fyrir að ríki niðurbyðu skattkerfi hvert fyrir öðru og þar hafa Íslendingar skorið sig úr frá öðrum þjóðum, því miður. Hæstv. viðskrh. upplýsti við þá umræðu að alþjóðlegu viðskiptafélögin sem viðskrn. vinnur að í samráði við og samvinnu við Verslunarráð Íslands væru á gráu svæði hvað þetta varðar. Eins og kunnugt er njóta hin alþjóðlegu viðskiptafélög skattaívilnana umfram önnur fyrirtæki, greiða 5% tekjuskatt á móti 30% skatti sem önnur fyrirtæki greiða.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv., fjallað var ítarlega um það í framsöguræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. En ég vil taka undir það sjónarmið sem hann setti fram að fjármagnseigendur á Íslandi hefðu lengi búið við eins konar almannatryggingakerfi. Vísaði hann þar bæði í sjálfskuldarábyrgðina og hvernig fjármagnseigendur og lánastofnananir hefðu jafnan allt sitt á þurru og gætu gengið að þriðja aðila, eins og hér hefur komið fram en einnig vísaði hann í vísitölubindingar og aðrar tryggingar sem lánveitendur hefðu hér á landi.

Reyndar hef ég alltaf farið varlega í að gagnrýna vísitölubindingu fjármagns og reynt að halda mig við að gagnrýna háa raunávöxtun á fjármagni en kannanir hafa sýnt að vísitölubinding lána hefur síst orðið til þess að hækka raunávöxtun, jafnvel dregið úr henni. Hins vegar skýtur skökku við þegar fjármagnið er tryggt með tvöföldum hætti eins og tíðkast í lánakerfinu, annars vegar vísitölubindingu fjármagnsins og hins vegar breytilegum vöxtum. En breytilegir vextir eiga að koma til sögunnar til að geta tryggt fjármagnið á verðbólgutímum. Ef verðbólgan fer yfir tiltekið mark hefur lánveitandinn tök á því að hækka vextina og tryggja raunávöxtun með þessum hætti. Hér á landi hefur hann hins vegar tvöfalda tryggingu, annars vegar vísitölubindingu fjármagnsins og hins vegar breytilega vexti sem er náttúrlega alveg fráleitur hlutur og á ekki að þekkjast að vísitölubundin lán séu jafnframt með breytilegum vöxtum.

En þetta er kannski útúrdúr og tilefnið voru þessar hugleiðingar 1. flutningsmanns um almannatryggingakerfi fjármagnseigenda eins og hann komst ágætlega að orði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um þetta frv., ég tel það vera hið mesta þjóðþrifamál eins og ég nefndi áðan og mun leggja mitt af mörkum í efh.- og viðskn. til að það fái þar skjóta og góða afgreiðslu og vonandi verði það sem allra fyrst að landslögum.

[17:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um ábyrgðarmenn sem hefur verið lagt fram nokkrum sinnum áður. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. er afskaplega mikil notkun á ábyrgðum hér á landi ólíkt því sem er annars staðar. Þessar ábyrgðir hafa leitt af sér mannlega harmleiki. Ég hef kynnst þeim nokkrum, því miður, og það er bæði um að ræða fólk sem hefur skrifað upp á og missir aleiguna og fer jafnvel í gjaldþrot vegna þess að það skrifaði upp á og er þá ekki einu sinni að gjalda fyrir peninga sem það hefur eytt sjálft eða áhættu sem það hefur tekið sjálft, heldur sem einhver annar aðili hafði eytt eða tekið áhættu á. Hins vegar hef ég líka kynnst fólki sem er skuldarar og getur ekki lýst sig gjaldþrota þó það sé í reynd gjaldþrota vegna þess að þá missir öldruð amma íbúðina sína eða afi og ég ætla ekki að lýsa því í hvers konar stöðu svona fólk er sem er með eignir langt undir núlli. Ef einhver er fátækur á Íslandi þá eru það þeir sem lenda í þessari stöðu.

Þessi starfsemi eða þessar afleiðingar ábyrgða á Íslandi eru að mínu mati svartur blettur á fjármálamarkaðnum sem hefur verið meira og minna opinber. Það er kannski skýringin á því af hverju þetta hefur viðgengist og af hverju menn hafa farið þessa leið. Fyrir þann sem skrifar upp á er þetta oft vinargreiði eða hugsunarleysi, það er líka um það að ræða að barnabarnið kemur til afa og ömmu og biður um ábyrgð til að kaupa bíl sem þau ætla að kaupa saman kærustuparið. Ég þekki dæmi þess að það rofnar upp og íbúð gamla fólksins fer á uppboð.

Kerfið gengur sem sagt út á það að tengja saman ábyrgðir fjölda einstaklinga þannig að enginn einn geti lýst sig gjaldþrota án þess að allir hrynji. Þetta er ekki forsvaranlegt, herra forseti.

Þegar maður er kominn með eiginfjárstöðu undir núll, þegar hann á minni eignir en skuldir, þá er hann gjaldþrota og þá á hann að geta lýst sig gjaldþrota en það er ekki hægt í þessu kerfi eins og ég hef lýst.

Alveg sérstaklega kemur þetta illa við fólk þegar það er orðið gamalt eða öryrkjar því þá er ekki lengur möguleiki á því að auka við vinnu og ná þannig stöðunni upp. Þá virðist staðan algjörlega vonlaus. Því hef ég líka kynnst.

Herra forseti. Sá sem veitir lán er eins og allir aðrir þátttakendur í atvinnulífinu með ákveðna siðferðilega ábyrgð á því hvaða áhrif aðgerðir hans í atvinnulífinu hafa. Þetta á við um alla sem eru í atvinnulífinu. Það er ekki síður ábyrgð lánveitenda að lánveitingin sé góð í þeim skilningi að hún gangi upp, þ.e. að sú fjárfesting sem farið er í standist. Á þessu hefur verið stór misbrestur vegna þess að íslenskar lánastofnanir hafa mikið frekar litið til ábyrgðarmannsins en skuldarans þegar meta á gæði útlánanna.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér má að einhverju leyti flokka undir forsjárhyggju. Í fyrsta lagi byggir það á því að upplýsa, sem er alltaf af hinu góða, þ.e. að upplýsa ábyrgðarmanninn um áhrif undirskriftarinnar, um stöðu skuldarans og um kröfuna sjálfa, hvernig hún lítur út, og svo er mjög mikilvægt ákvæði um að upplýsa alla árlega um kröfur sem þeir hafa skrifað upp á. Ég er hræddur um að margur Íslendingurinn verði hissa ef þetta frv. verður að lögum og hann fær alla súpuna um áramót, um allt það sem hann hefur skrifað upp á fyrir 10–20 árum, oft eru þessar ábyrgðir ótímabundnar og jafnvel án upphæða.

En í 9. gr. felst vissulega forsjárhyggja. Það má ganga að íbúð viðkomandi aðila en inn hefur verið bætt ákvæði um að ekki sé hægt að ganga að íbúð hans ef hann hefur ekki haft hag af þeirri lánveitingu sem hann er ábyrgðarmaður fyrir. Þegar búið er að milda þetta svona þá get ég fallist á þetta, að þetta sé það lítil forsjárhyggja, það lítil takmörkun á fjárráðum einstaklingsins að hún sé réttlætanleg vegna þeirra

hagsmuna sem standa hinum megin, allra þeirra mannlegu harmleikja sem eru í gangi í þjóðfélaginu en fara hljótt vegna þess að fólk skammast sín yfirleitt fyrir að hafa látið hafa sig að fífli. Menn eru ekki að bera það á torg að þeir séu í ábyrgðum og hafi lent í miklum vandræðum.

Herra forseti. Ég ætla að geta hér um önnur áhrif af þessu frv. *ef samþykkt yrði. Útlán banka og annarra til einstaklinga* hafa vaxið verulega undanfarin ár og það endurspeglar stórkostlega aukningu erlendra skulda á síðustu 2–3 árum. Á þessu ári er gert ráð fyrir að erlendar skuldir vaxi um 200 þús. kr. á hvern einasta Íslending, þ.e. fyrir fjögurra manna fjölskyldu eru þetta 800 þús. kr. Þó að þetta sé kannski að hluta til vegna erlendra fjárfestinga í álverum og slíku þá hugsa ég erlendar skuldir fjögurra manna fjölskyldunnar vaxi um hálfa milljón. Þetta er eiginlega ekki hægt með því að fólk veðsetji bara eignir sínar. Menn hljóta að veðsetja eignir annarra, með því að fá lánuð veð eða með ábyrgðum, annars væri þetta ekki hægt. Bankakerfið getur lánað svona mikið, þó kannski sé hægt að efast um gæði útlánanna, með því að nota ábyrgðir í síauknum mæli. Sérstaklega á það við um bílamarkaðinn.

Ef þetta frv. yrði samþykkt mundi það stöðva útlán sem byggja á ábyrgðum og jafnvel veðleyfum og neyða fjármálamarkaðinn til að meta sjálfstætt þá fjárfestingu sem lánað er til en ekki ábyrgðarmann sem kemur ekki nálægt þeirri fjárfestingu. Þannig yrði kippt burtu einum af þeim þáttum sem valda þenslu og erlendri skuldaaukningu þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég styð eindregið þetta frv. og skora á efh.- og viðskn. sem fær það til umfjöllunar að afgreiða það sem allra fyrst, sem hún getur vegna þess að hún hefur allar umsagnir í höndunum, jafnvel þannig að við getum afgreitt þetta mál fyrir áramót.

[17:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Péturs H. Blöndals um það að þetta mál verði afgreitt fyrir áramót og að efh.- og viðskn. fjalli fljótt og vel um málið. Ég á sæti í efh.- og viðskn. og mun sannarlega reyna að stuðla að því að svo verði.

Ég held að tölurnar, sem segja okkur að allt að 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila, segi okkur allt sem segja þarf um nauðsyn þess að þetta frv. verði samþykkt. Það væri nokkuð fróðlegt að vita, ég spyr því hv. 1. flm. sem á allar þakkir skildar fyrir að hafa forustu í þessu máli á sl. fjórum árum, hvort til séu einhverjar tölur um hve oft ábyrgðir hafa fallið á þriðja aðila. Það er ekki ofsögum sagt þegar hv. þm. Pétur Blöndal segir að á bak við ábyrgðir sem hafa fallið er í fjölda tilvika um mannlega harmleiki að ræða. Ég hugsa að flestir hér inni geti sagt sögur af því að ábyrgðir hafi fallið á fólk sem ekkert hefur til unnið nema skrifa upp á ábyrgð fyrir fjölskyldumeðlim, vin eða kunningja, og standa svo uppi sem öreigi á eftir. Sumir hafa misst allt ævistarf sitt með þessari undirskrift. Það er auðvitað réttlætis- og sanngirnismál að þingið taki á þessu máli, þó fyrr hefði verið. Ég hygg að við séum hér að fjalla um eitt af stærstu réttlætismálum sem þetta þing fjallar um nú.

Ég verð að segja, herra forseti, að orð hæstv. viðskrh. áðan ollu mér nokkrum vonbrigðum. Ég hafði satt að segja vænst þess að þegar um er að ræða mál sem flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum, undir forustu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, þá hefði náðst breið samstaða í þinginu. Það lægi í loftinu að þetta þingmál yrði samþykkt hér á næstu vikum. Orð hæstv. viðskrh. vöktu ekki þær vonir í mínu brjósti þegar hún kvaddi sér hér hljóðs.

En ég ætla ekki að hafa stór orð um það. Ég vil að við náum sáttum í þessu máli og að viðskrh. beiti sér eins og við öll til þess að þessi löggjöf verði sett. Ég mun stuðla að því í *þeirri vinnu sem fram fer í efh.- og viðskn. um þetta mál.*

Hæstv. ráðherra sagði raunverulega allt sem segja þarf um þetta mál, fyrir utan þær tölulegu upplýsingar sem hér hafa verið bornar fram, að viðleitni hæstv. fyrrv. viðskrh. hefði mistekist. Mistekist hefði að ná samkomulagi við bankana í samráði við Neytendasamtökin um að koma skikk á þessi mál. Þetta hefur allt verið í skötulíki og bankarnir hafa fyrst og fremst hugsað um eigin hag. Þeir hafa hugsað um hvernig þeir geta tryggt hag sinn með því að láta ábyrgðarmenn skrifa upp á en eru ekki að velta fyrir sér greiðslugetu þeirra sem taka lánin. Það er auðvitað eftir öðru að í öllum þeim jákvæðu umsögnum sem fram hafa komið í þessu máli skuli viðskiptabankarnir sem draga lappirnar, þrjóskast við og mótmæla lögfestingu á þeim reglum sem hér eru lagðar til.

Það er auðvitað grundvallaratriði í þessu frv. að ekki verði gerð aðför í fasteign sem ábyrgðarmaður býr í. Það er grundvallaratriði að ekki sé hægt að ganga að fasteign hjá ábyrgðarmanni eins og þetta frv. kveður á um.

Fyrir nokkrum árum flutti ég þáltill. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Hún var í sex liðum. Einn liður þar var að settar yrðu reglur sem tryggðu betur réttarstöðu ábyrgðarmanna. Þar var einmitt tekið fram, sem ég held að sé alveg örugglega rétt þó vera megi að það hafi breyst á síðustu missirum, að dómskerfið hafi í auknum mæli færst í þá átt að þjóna hagsmunum kröfuhafa. Þess vegna er það auðvitað skylda þingsins, skylda Alþingis, að standa vörð um hagsmuni ábyrgðarmanna.

Í þáltill. sem ég flutti á sínum tíma segir að gera verði þær kröfur að þeir sem lána fé í ágóðaskyni beri nokkra ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni og tryggja verði með lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn þar sem kveðið verður á um ríka upplýsingaskyldu lánveitenda um gildi ábyrgðar og um efni samnings. Það hefur bara alls ekki verið gert og það er örugglega rétt sem hér kemur fram, að minni áhersla hafi verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakanda, eins og skýrslan sem gerð var um þetta efni bar vitni um.

Í áðurnefndri þáltill. voru tekin raunveruleg dæmi úr hinu daglega lífi, m.a. um eina litla kröfu sem féll á ábyrgðarmann, þar sem einungis var um að ræða eins árs gömul vanskil. Höfuðstólinn var ekki nema 40.000 en hafði á þessum tíma hækkað um 166% með öllum lögfræðikostnaði, innheimtutilraunum og öðru sem því máli fylgdi. Við getum ímyndað okkur hvað það þýðir ef um stærri fjárhæðir er að ræða eins og iðulega er þegar ábyrgðarmenn skrifa undir slíkar skuldbindingar.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram hjá flm. og fylgir í grg. með þessu frv., að samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vega þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda á kröfu með því að selja hús ofan af skuldurum. Undir það hljóta allir að geta tekið heils hugar.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjalla nánar um þetta mál vegna þess að þeir sem hér hafa talað, ekki síst 1. flm. þessa máls, hafa gert þessu máli rækileg skil og farið yfir rökin fyrir því. Rökin eru svo augljós í því efni að Alþingi

ætti að sameinast um að samþykkja loks þetta frv. til laga um ábyrgðarmenn.

Undir lokin vil ég bara segja að ég vona sannarlega að þetta frv. nái fram að ganga og efh.- og viðskn. gefi sér tíma til að fjalla um þetta mál. Allar umsagnir liggja fyrir í þessu máli og mikil vinna hefur verið lögð í málið, bæði af hálfu flm. og nefndarinnar sem um þetta mál hefur fjallað á undanförnum þingum. Þannig ætti ekki neitt að vera því til fyrirstöðu að samþykkja það.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, að ég mundi vilja sjá tvö önnur mál verða að lögum hér á næstu missirum. Það er frv. sem ég hef lengi barist fyrir, frv. um greiðsluaðlögum. Þar er um að ræða úrræði sem skuldugum einstaklingum stendur til boða þegar þeir lenda í miklum vanskilum og ekki sést fram úr vandanum nema með slíkri leið, þ.e. greiðsluaðlögun. Sú leið var farin í Noregi og hefur reynst mjög vel en rökin með þessu úrræði, greiðsluaðlögun, eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti svo að koma megi í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Um þetta hefur legið fyrir frv. í nokkur ár og ég veit að stjórnarandstaðan er sammála þeim leiðum þar eru lagðar til. Þegar allar leiðir hafa verið reyndar varðandi heimili sem eru mjög skuldug þá hefur þessi greiðsluaðlögun reynst þannig þar sem henni hefur verið komið á, að hún hefur bjargað heimilum frá gjaldþroti. Ég tel að það sé meiri hluti fyrir því máli hér á þingi, enda fór Framsfl. með það mál inn í þarsíðustu kosningar.

Ég vil líka nefna annað mál, þ.e. opinbera réttaraðstoð. Ég tel að kanna þurfi hvort koma eigi á fót opinberri réttaraðstoð til að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Þetta er mál sem annað slagið hefur komið til umræðu hér á þingi en ekki náðst samstaða um. Eftir að við höfum samþykkt það mikilvæga frv. sem hér liggur fyrir þá finnst mér að þingið eigi að vinda sér í að skoða þau tvö mál sem ég hef nefnt hér, þ.e. frv. um greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili og frv. um opinbera réttaraðstoð, sem tryggi þeim lögfræðilega ráðgjöf sem búa við lítil efni.

Herra forseti. Ég treysti því að þingið beri gæfu til þess að samþykkja það frv. sem við fjöllum hér um, að hv. efh.- og viðskn. taki myndarlega á þessu máli og afgreiði það hratt og vel fyrir jólaleyfi þingmanna.

[17:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek fyrst og fremst til máls til að lýsa yfir stuðningi við þetta mál sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flytur nú í fjórða sinn. Ég tel að frv. sé mjög vandað og skynsemi í því að það er nú flutt þverpólitískt, þ.e. með stuðningi fulltrúa úr öllum flokkum. Það tel ég að ætti að tryggja framgang málsins. Hér er ætlunin einfaldlega að lögfesta vernd einstaklings gegn yfirburðastöðu lánveitanda við samningsgerð.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í nokkur atriði úr grg. sem ég tel vera lykilatriði í málinu. Í frv. segir í grg., með leyfi forseta:

„Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda ...“

Þetta er eitt af lykilatriðunum í þeirri kollsteypu sem orðið hefur hjá fjölmörgum heimilum vegna veittra ábyrgða. Í grg. segir jafnframt að róttækustu breytingarnar sem frv. felur í sér sé að finna í 4. gr. Þar er kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Þetta er eitt af lykilatriðunum. Í framhaldi af því er kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast til síðar. Sú regla sem var í gildi leiddi m.a. til notkun tryggingarvíxla sem voru í gangi og fjölmargir þekkja og er einstakt, sérískenskt fyrirbrigði. Þetta hefur leitt til þess, eins og ég sagði áðan, að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín, fjárhagslegum stoðum hefur verið kippt undan heimilunum og félagslegu öryggi án þess að ábyrgðarmenn hafi á nokkurn hátt haft hagsmuni af samningum.

Ég velti fyrir mér, sem ég hef áður gert: Hver er ábyrgð bankanna? Það er ótrúlegt að bankar á Íslandi skuli til skamms tíma hafa látið það nægja að finna einstakling til að skrifa upp á lán og þá hafi nærri því hver sem er getað fengið fjármuni. Ég tel að í þessu frv. og þeim lögum sem ég vænti að verði sett felist að bankarnir séu skyldugir til að veita ábyrgðarmönnum upplýsingar þannig að þeim sé áhættan ljós.

Síðan vil ég benda á annað. Ég tel að bankakerfið þurfi að líta til þess að veita lán gegn sjálfsábyrgðum einstaklinga, grundvölluð á tekjum einstaklingsins. Nákvæmlega það hefur verið gert í langan tíma í lánastofnunum erlendis. Þar hefur einstaklingurinn getað fengið fyrirgreiðslu og lán út á eigin tekjur og út á þann grundvöll sem hann leggur fyrir bankana án þess að leggja neinn ábyrgðarmann fram. Hins vegar getur komið upp sú staða að við ákveðnar aðstæður þurfi að setja fram kröfu um ábyrgð.

Herra forseti. Ég tel góð rök og veigamikil fyrir því að þetta mál verði afgreitt nú fyrir áramót. Ég vil þar með taka undir með öðrum hv. þm. sem hér hafa talað. Ég hef áður tjáð mig um þetta mál og önnur sem hafa gengið á sama veg og vísa til þess sem skráð er í þingtíðindi þar að lútandi.

Það mætti hafa mörg orð um það sem er ábótavant í fjármálakerfi okkar Íslendinga. Ég get ekki látið hjá líða að nefna eitt atriði, verðtryggingar sem tíðkast hér á landi í meiri mæli en annars staðar. Þetta er sérstakt tæki í efnhagskerfi Íslendinga sem ekki þekkist annars staðar. Ég veit ekki hvort menn hafa velt því fyrir sér að ef til þess kæmi að evran yrði aðalgjaldmiðill íslensku þjóðarinnar þá féllu brott ákvæði um verðtryggingar sem hafa óspart verið notuð hér.

Ég veit ekki hvort fólk hefur velt því fyrir sér að lán hjá Íbúðalánasjóði eða Húsnæðisstofnun frá árinu 1988, þægileg lán sem þá voru veitt upp á 1.200 þús. kr., það er lán sem ég þekki mætavel til, stendur núna í — hér er um eðlilegt lán að ræða — 2,5 milljónum. Það var tæpar 1.200 þús. kr. þegar það er tekið, það hefur alltaf verið greitt af þessu láni, allir vextir og allt saman og aldrei verið vanskil. En ef sama upphæð hefði verið lögð inn í banka, alveg sama hvaða banka, alveg sama hvaða ávöxtunarkerfi hefði verið notað sem boðið er, þá væri sú upphæð ekki nema í kringum 500 þús. kr. hærri en grunnupphæðin var árið 1988. Bankalánið sem borgað hefur verið af á hverju einasta ári, svo tugum þúsunda kr. skiptir er komið upp í 2,6 milljónir.

Ég held, herra forseti, að ástæða sé til að þessi stofnun og íslenska fjármála- og efnahagskerfið skoði hvaða einstaklingar hafa þurft að bera þær byrðar sem hljótast af þeim verðtryggingum sem um ræðir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara lengra í umræðum um þau mál í tengslum við þetta frv. Það væri hægt að hafa langt mál þar um en eins og ég sagði í upphafi kom ég fyrst og

fremst til að lýsa enn og aftur yfir stuðningi við þetta mál. Ég tel að það sé enn betur fram sett og vandaðra en í upphafi. Ég vil að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson njóti hróss fyrir vinnu sína í þessu máli.

[17:40]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, sem nánast undantekningarlaust hafa tekið undir og lýst stuðningi við frv. sem við ræðum hér.

Ég vildi nefna nokkur atriði við lok þessarar umræðu. Í fyrsta lagi býður núverandi fyrirkomulag upp á ákveðið ábyrgðarleysi samningsaðila. Þess vegna er frv. m.a. sett fram, þ.e. í því skyni að aga viðskiptalífið ef svo má að orði komast. Það getur ekki verið eðlilegt, a.m.k. að mati þess sem hér stendur, að sjálfsagt þyki að leita til þriðja aðila þegar þeir sem gera samning sín á milli eru ekki vissir um að hann gangi upp. Það er ekki bara að það sé gert í undantekningartilvikum, þegar menn telja áhættuna mikla, heldur virðist nánast regla að leitað sé til þriðja aðila í tilvikum sem þessum.

Ég vil líka nefna, virðulegi forseti, að ein meginhugsunin í frv. er að þegar aðilar komi að samningsborðinu þá liggi allar upplýsingar fyrir. Með öðrum orðum á að reyna að jafna aðstöðu þeirra sem samning gera, annars vegar þess sem lánar fé eða afhendir verðmæti og hins vegar þess sem í ábyrgð gengur, þ.e. með því að allar upplýsingar liggi á borðinu. Því miður er það svo, virðulegi forseti, og flestir þekkja dæmi um það, að oft á tíðum hefur verið leitað til *þriðja aðila til að gangast í ábyrgð þegar fyrir hefur legið* að aldrei yrði hægt að efna samninginn.

Um þetta eru mýmörg dæmi. Því er mjög mikilvægt að þegar slíkur samningur kemst þá liggi fyrir allar upplýsingar sem á þarf að halda. Við megum ekki gleyma því að það geta oft og tíðum verið gild rök á bak við það að gangast í ábyrgð. Það getur verið að menn séu sammála um að áhættan sé svo mikil, bæði lánveitandi og sá sem tekur lánið, að ástæða sé til þess. En menn verða þá að ganga að því vitandi vits, þ.e. þekkja þá áhættu sem þar býr að baki. Það er algjört grundvallaratriði enda meginþráðurinn í gegnum frv. sem við ræðum hér að allar upplýsingar liggi á borðinu. Liggi þær ekki á borðinu þá falli samningurinn um ábyrgð um sjálfan sig og sé þar af leiðandi ógildur.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem margir hv. þm. komu inn á í umræðunni og sumir kölluðu jafnvel forsjárhyggju, þ.e. þá hugmynd að ekki verði gert fjárnám í heimili þeirra sem gangast í ábyrgð. Eins og fram kemur í grg. með frv. þá byggist það fyrst og fremst á þeirri hugsun að hagsmunir *samfélagsins séu meiri af því að fjölskyldur séu ekki brotnar* upp í slíkum tilvikum en hinu að kröfuhafar fái greitt. Í þeim tilvikum að fjölskyldur brotna upp vegna þess að selja þurfti ofan af þeim íbúðina o.s.frv. þá er kostnaður samfélagsins oft og tíðum mjög mikill. Það er ekki þannig að fulltrúar samfélagsins hafi verið á vettvangi þegar viðkomandi samningur var gerður en það er samfélagið sem þarf að borga fyrir ábyrgðarleysi þeirra sem gerðu samninginn í upphafi.

Því tel ég þetta miklu fremur hreint og klárt hagsmunamat en nokkurn tíma forsjárhyggju og að auki til þess fallið að mínu viti — eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar — að aga viðskiptalífið sem ég held að mikil þörf sé á. Að vísu hefur horft til talsverðra framfara undanfarin ár en ég held að það þurfi að aga það mun meira.

Það má kannski nefna sem dæmi í þessari umræðu að hugmyndin um ábyrgðarmenn og það að þriðji aðili gangi í ábyrgð er alls ekki þekkt mjög víða. Þegar ég var að vinna að þessu máli í upphafi lét ég kanna það í einni stórborg vestur í Ameríku hvernig reglur giltu þar um ábyrgðarmenn svona almennt. Þá virtist mér koma í ljós að menn þekktu lítið til þess að þriðji aðili væri að ábyrgjast slíka samninga. Hins vegar voru dæmi þess í tilvikum þar sem menn voru sammála um að áhættan væri mikil og allar upplýsingar lágu á borðinu að menn reyndu að afla sér einhverra viðbótartrygginga. En að tryggingarvíxlar lægju nánast út um borg og bý þar sem aðilar hefðu skrifað upp á upp á einhver hugsanleg framtíðarvanskil, menn skildu einfaldlega ekki um hvað málið snerist. Þetta þótti mér mjög merkilegt á sínum tíma.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að ég hefði viljað heyra hæstv. *viðskrh. taka ögn afdráttarlausar í* það að hún stæði að baki því að þetta frv. gæti orðið að lögum. Hæstv. ráðherra lokaði hins vegar ekki á að svo gæti orðið ef umsagnir og annað slíkt bentu til þess. Ég vil þá einnig benda á að í þessari umræðu er vitaskuld búið að senda þetta frv. a.m.k. í tvígang til allra hugsanlegra umsagnaraðila. Í sjálfu sér er því ekki mikil þörf á því að senda málið út til umsagnar.

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur þakka þeim þingmönnum sem töluðu í þessu máli og tóku undir það. Ég held að það mál sem við ræðum hér sé mikið þjóðþrifamál og núverandi ástand í þessum málum sé svartur blettur á íslensku samfélagi. Það er umhugsunarefni fyrir okkur að málefni ábyrgðarmanna, eins og þau sem við ræðum hér, og að sú staða sem er uppi skuli hvergi þekkjast á byggðu bóli og jafnvel svo að hugsunin að baki því að þriðji aðili skuli ætíð lenda í því að þurfa að ábyrgjast samning er ekki alþekkt heldur.

Ég tek undir það sem margir hv. þm. hafa sagt hér, ég held að Alþingi eigi að taka á sig rögg og *ganga í það verk* að samþykkja þetta frv. Það er fullreynt með aðrar leiðir, það er fullreynt með samninga viðskiptabanka og stjórnvalda, það er fullreynt að hægt sé að heimila viðskiptabankanum að setja eigin reglur. Ég held að löggjafarvaldið geti ekki lengur setið hjá og það sé algjörlega nauðsynlegt þó ekki sé nema vegna heiðurs löggjafarsamkundunnar að ganga í það verk að samþykkja þetta frv.

[17:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið í andsvari við ræðumann til að vekja athygli á því sem hann sagði um heimilisundanþáguna sem þykir sjálfsögð í Bandaríkjunum en eins og fram hefur komið er reglan frekar hér að þeir sem eiga hús eða íbúð, sem sagt heimili, eru viðurkenndir ábyrgðarmenn af því að sá sem lánar ætlar að ganga að þessu húsi, þessu heimili, ef lánið verður ekki greitt. Það er reglan, það er það sem lánið hvílir á.

Við skulum ekki gleyma því í þessari umræðu og við lok hennar að sá sem er verstur í því að krefjast ábyrgðarmanna er ríkið sjálft með Lánasjóð ísl. námsmanna. Við þingmenn fengum bréf síðsumars þar sem var sagt frá ungum námsmanni sem var afburðanámsmaður, hafði fengið verðlaun og getið sér góðan orðstír en gat ekki útvegað ábyrgðarmann á námslánið sitt og það lá fyrir að hann þyrfti hugsanlega að hrökklast úr námi af því að lánasjóðurinn krefst ábyrgðarmanna. Slíkt dæmi þekki ég úr eigin fjölskyldu þar sem hlutaðeigandi er Norðurlandabúi, hafði verið giftur hér, átti

íslensk börn og ætlaði að dveljast hér en gat ekki útvegað ábyrgðarmenn, foreldrarnir úti í löndum. Nei, hann átti ekki að fá námslán og fjölskylda fyrrum eiginmanns varð að hlaupa undir bagga.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar ungmenni fer í nám sem áætlað er að standi í nokkur ár þá fær væntanlegur ábyrgðaraðili, sem oftast er foreldri, sendingu heim að skrifa upp á um 6 millj. kr. ábyrgðarbréf. Ríkið sjálft, Lánasjóður ísl. námsmanna, er verstur í þessu þannig að það er jafngott fyrir þann sem vill að börnin geti menntað sig að eiga eitt stykki hús til þess að standa undir kröfunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 292.

[17:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Stærsta ákvæðið í þessu frv. hæstv. fjmrh. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt snýr að frestun á skattlagningu á söluhagnaði. Ég vil geyma mér að fjalla um önnur atriði þessa frv. en greinar þess eru um 19 talsins og eru minni háttar að mér sýnist, skýringar á kaupréttarákvæðum, kæruleiðum í skattinum og ýmsar leiðréttingar sem mér sýnist vera minni háttar en mun skoða nákvæmlega við meðferð málsins í efh.- og viðskn.

Ítarlega var rætt um þetta ákvæði um frestun á skattlagningu á söluhagnaði við umfjöllun um frv. Samfylkingarinnar um sama efni þannig að ég get frekar stytt mál mitt. Þó vil ég fara út í nokkur atriði sem mér finnst enn óljós í þessu máli, ekki síst það atriði sem snýr að þeim mismun sem er á ákvæðum þessa frv. og þingmanna Samfylkingarinnar varðandi frestun á skattlagningu á söluhagnaði.

Nokkuð var spurt um það við þá umræðu sem við fórum í gegnum í gær hvers vegna hæstv. fjmrh. skildi eftir það ákvæði sem kom inn í skattalögin 1998 og snertir heimild lögaðila til að fresta skattalgningu á söluhagnaði með sama hætti og var ákveðið 1996 með upptöku fjármagnstekjuskatts að því er varðar einstaklinga.

Nú geri ég ráð fyrir að 1998 hafi þetta ákvæði verið sett inn til samræmingar við það ákvæði sem var 1996, þ.e. að heimila einstaklingum þessa frestun. Þá veltir maður fyrir sér, þegar menn hafa viðurkennt að þetta ákvæði varðandi einstaklingana hafi ekki náð tilgangi sínum, raunar þveröfugt og stuðlað að allt öðru en var upphaflega lagt upp með, af hverju er ekki um leið fallið frá þessari frestun að því er lögaðila varðar.

Herra forseti. Ég vil rifja upp að þegar ákvæðið um einstaklingana og frestun á skattlagningu á söluhagnaði þeirra var tekin upp við 2. umr. um frv. til laga um fjármagnstekjuskatt, þ.e. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en fjármagnstekjuskattur er auðvitað inni í þeim lögum, kom orðrétt fram í nál. minni hlutans, en þá er ég að vitna til þessa ákvæðis þar sem heimilað var að fresta skattlagningu á söluhagnaði, en það segir í þessu áliti minni hlutans 1996, með leyfi forseta:

„Með þessari aðferð geta einstaklingar í reynd frestað skattlagningu söluhagnaðar endalaust."

Það liggur því nokkuð ljóst fyrir og rétt að halda til haga að stjórnarandstaðan í efh.- og viðskn. hefur reyndar áttað sig á hvað þetta ákvæði um frestun á skattlagningu söluhagnaðar gæti þýtt.

Ég vil líka halda til haga í umræðunni, af því það snertir málið óbeint, að í umsögn bæði ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra þegar þetta ákvæði kom inn og fjármagnstekjuskattur var til umræðu, vöruðu þessir aðilar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri, við þeirri leið sem var tekin upp varðandi fjármagnstekjuskattinn. En hér segir í umsögn skattrannsóknarstjóra:

„Augljós er þá sú hætta að óeðlilega stór hluti greiðslna verði færður sem arður sem ella væri meðhöndlaður sem laun. Verður að telja öruggt að einhver hópur sjálfstætt starfandi einstaklinga muni breyta formi rekstrar síns í því skyni að lækka skattgreiðslur sína með því að taka fé út úr félögunum í formi arðs að svo miklu leyti sem eigið fé félags leyfir slíkt."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Verulegir hagsmunir munu verða af því að stofna einkahlutafélög og fá greiðslur frá því í formi arðs."

Í sama streng tekur raunverulega ríkisskattstjóri í áliti sínu en þar kemur fram:

„Enginn vafi er á því að ef tilteknar tekjur eru skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það valda því að reynt verður að breyta launatekjum yfir í það form sem er skattlagt með lægri prósentu."

Í frv. hæstv. ráðherra er verið að ganga lengra í þessu efni. Skattlagning á söluhagnað var 10% upp að tilteknu hámarki en yfir hámarkið, 3,2 milljónir hjá einstaklingi og 6,4 milljónir hjá hjónum, var skatthlutfallið það sama og í tekjuskatti. Með þessu frv. ráðherrans er verið að breyta því að söluhagnaður er í öllum tilvikum skattlagður með 10% skatti.

Framsóknarmenn hafa haft fyrirvara einmitt á þessu ákvæði. Ég trúi því varla, herra forseti, þegar við erum að fjalla um þetta mál þá heyri það enn einu sinni til undantekninga ef maður sér framsóknarmenn í þingsalnum. Ég vil ég spyrja um einn hv. þm., formann þingflokks framsóknarmanna, sem hefur tjáð sig sérstaklega um það í blöðum að þingflokkur Framsfl. hafi haft ákveðinn fyrirvara á því ákvæði sem ég nefndi, þ.e. að skattleggja allan söluhagnað með 10% skatti og þar með að lækka verulega skatt á söluhagnaði yfir tiltekið mark.

Mér er því spurn: Er raunverulega um stjórnarfrv. að ræða þegar svona afgerandi fyrirvari er settur fram af hálfu þingflokks framsóknarmanna? Ég trúi ekki öðru en að þeir tjái sig um það í umræðunni, ekki síst formaður þingflokks framsóknarmanna.

Við höfum haft af því áhyggjur, þingmenn Samfylkingarinnar, að það að skilja eftir lögaðila og heimila þeim áfram að fresta skattlagningu á söluhagnaði væri ekki skynsamleg leið vegna þess að þá væri áfram skilin eftir skattsmuga sem þeir aðilar sem hafa fallið undir það ákvæði sem á nú að fella brott, þ.e. frestun á skattlagningu á söluhagnaði einstaklinga, gætu hugsanlega nýtt sér með stofnun eignarhaldsfélaga eða jafnvel einkahlutafélaga, sem á að skilja eftir, þ.e. að heimila áfram frestun á skattlagningu á söluhagnaði. Mér finnst mjög mikilvægt fyrir umfjöllun málsins í efh.- og viðskn. að hæstv. ráðherra tjái sig um það atriði sem ber svo á milli í frv. okkar þingmanna Samfylkingarinnar og hæstv. ráðherra.

Ég held að það sé alveg ljóst að mjög mikil fjölgun hefur orðið á stofnun þessara einkahlutafélaga. Ég fór inn á það í ræðu minni í gær að það hefur fjölgað á örfáum árum eða á fjórum árum um 4.900 einkahlutafélög. Ég vitna þar til ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra sem töldu að það opnaði leið til þess að færa ákveðinn hluta launatekna yfir í arð sem væri einungis greiddur af 10%.

Mér finnst, herra forseti, líka ástæða til að nefna það að í frv. hæstv. fjmrh. frá 1998, þegar lögaðilar voru teknir inn með sama hætti og einstaklingar varðandi þessa frestun, þá komu fram ákveðnar upplýsingar í grg. með því frv. En þar kom fram, eins og ég sagði í máli mínu í gær, að ekkert af löndum OECD skattleggur söluhagnað með sama hætti og arð en tillaga fjmrh. er að það verði gert núna með þessu frv.

Síðan kom það fram í grg. með frv. fjmrh. frá 1998, sem mér finnst mjög athyglisvert, en þar segir, með leyfi forseta:

„... er söluhagnaður hlutabréfa í OECD-löndunum yfirleitt skattlagður með skatthlutfalli hlutafélagsins, ..."

Ef þetta er rétt að söluhagnaður hlutabréfa í OECD-löndunum sé skattlagður með skatthlutfalli hlutafélaga þá erum við að tala um skatthlutfall hér á landi sem nemur 30% en allan söluhagnað og arð á nú að færa í 10%.

Ég vil spyrja: Hefur nokkuð breyst frá því að þetta var sett fram í grg. hæstv. ráðherra að þannig sé því háttað innan landa OECD að skatthlutfall af söluhagnaði sé yfirleitt um 30% eða sama og skattlagning af hlutafélögum sem er hér á landi 30%?

Það er ástæða til að halda því til haga að með þeirri leið sem fjmrh. leggur til er verið að auka á mismuninn hvernig tekjur eru skattlagðar eftir því hvort um er að ræða launatekjur eða tekjur af fjármagni. Enn er því verið að ýta undir það og búa til hvata að því að stofnuð séu fleiri einkahlutafélög og að hægt sé að skammta sér þá frekar arðgreiðslur í stað launa og greiða aðeins af því 10% skatt á meðan launamaðurinn þarf að greiða 30% skatt af launatekjum sínum. Það er þetta sem við í Samfylkingunni höfum haft áhyggjur af og vænti ég þess að hæstv. ráðherra tjái sig um það mál í umræðunni.

Í grg. með frv. þingmanna Samfylkingarinnar er farið yfir áhrifin líka af þessum lögum varðandi söluhagnað í sjávarútvegi en það er einmitt gífurlegur söluhagnaður sem einstaklingar hafa fengið af sölu hlutabréfa í sjávarútvegi sem hefur eðlilega sætt mikilli gagnrýni í þjóðfélaginu. Í grg. með frv. þingmanna Samfylkingarinnar segir að markaðsverð aflahlutdeilda hafi farið hækkandi allt frá því að gildandi lög um stjórn fisk veiða voru sett. Einstaklingar sem hafa selt aflahlutdeildir en hafa ekki keypt aðrar í staðinn hafa því oft hagnast verulega, jafnvel þótt þeir hafi greitt fullan tekjuskatt af ágóðanum. Síðan er það kjarnaatriðið sem sýnir einmitt eina hliðina á gífurlegri eignatilfærslu í sjávarútvegi að þegar hlutabréf eru seld með hagnaði, sem stafar af hækkuðu verði á aflahlutdeildum, geti þeir frestað skattlagningu og þar með komist hjá henni með því að kaupa hlutabréf í öðrum hlutafélögum sem þurfa ekki að vera tengd útgerð og skrásett eru hér á landi.

Ég spyr: Er nokkuð komið í veg fyrir það eða tekið á þessu meðan skilið er eftir það ákvæði sem lýtur að lögaðilum? Vegna þess að ég er eiginlega sannfærð um, herra forseti, að sú leið sem ég tel að hafi verið mistök að taka inn 1996 og 1998, hafi stuðlað að mikilli og afar óeðlilegri eigna- og tekjutilfærslu í þjóðfélaginu og bætt stöðu þeirra sem mikið hafa fyrir en dregið úr fjármunum til samneyslunnar. Það sem snýr að sjávarútveginum og menn benda á í tengslum við þetta mál, ég sé ekki að neinar breytingar verði þar á meðan við skiljum eftir þann þátt sem lýtur að lögaðilum. Ég hygg að það sé alveg ljóst að sú lagasetning frá 1996 og reyndar 1998 hafi stuðlað að því að margir hafi farið með mikla peninga út úr sjávarútveginum og komist hjá skattlagningu til viðbótar því að reiða ekki fram fyrir þau afnot sem viðkomandi fékk af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Ég vil einnig spyrja um ákveðið ákvæði sem var líka breytt í tekjuskattslögunum, sú breyting kom inn að ég held 1998, en það er breyting sem virðist stuðla að því að eignarhaldsfélög í eigu Íslendinga erlendis fjárfesti ekki í fyrirtækjum á Íslandi að því er haldið er fram, en þar er um að ræða ákvæði um að erlendir aðilar greiði 20% skatt af söluhagnaði þeirra í íslenskum hlutafélögum. Því hefur verið haldið fram að sambærilegt ákvæði sé óvíða að finna í löggjöf nágrannalanda okkar og sé því fallið til þess að stuðla að því að fjármagn í eignarhaldsfélögum leiti ekki heim. Þetta er talin ástæðan fyrir því að fjármálafyrirtæki hafi að undanförnu stofnað dótturfyrirtæki erlendis því að þar með geti þau verið örugg um að þurfa ekki að gefa skattyfirvöldum á Íslandi upplýsingar um söluhagnað erlendra aðila í íslenskum hlutafélögum.

Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. fjmrh. um það sem kom fram hjá ríkisskattstjóra sem segir að íslenskum verðbréfafyrirtækjum sem hafa haft milligöngu um sölu hlutabréfa í eigu erlendra aðila beri skylda til að halda eftir 20% af söluhagnaði, en fram kom hjá ríkisskattstjóra að misbrestur hafi orðið á að þetta sé gert og það sé eitt af þeim verkefnum skatteftirlitsins sem bíði úrlausnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki eigi að taka á þessu máli. Ef þetta veldur þeim vandkvæðum sem menn hafa verið að ræða um, að hafa þetta í þessu skatthlutfalli, eða 20%, þá væri þetta auðvitað eitt af því sem kæmi til skoðunar ef litið yrði á þá leið sem við viljum að menn taki upp á borðið og skoði kosti og galla á, þ.e. að samræma skattlagningu og koma á jafnræði hvort sem um er að ræða tekjur af launum eða fjármagni. Þetta væri þá eitt af þeim atriðum sem kæmu til skoðunar í því sambandi.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég fagna því að hv. formaður þingflokks framsóknarmanna er hér genginn í salinn og vænti þess að hann taki þátt í þeim umræðum sem hér fara fram um frv. sem þingflokkur hans hefur gert ákveðinn fyrirvara um og snertir það að verið er að fara með skattlagningu á söluhagnaði alfarið í 10% skatt. Hv. formaður þingflokks framsóknarmanna, Kristinn H. Gunnarsson, hefur réttilega bent á að með því er verið að lækka verulega skattlagningu á söluhagnaði eða þeim hluta hans sem borið hefur sama skatthlutfall og í tekjuskatti. Þetta vekur spurningar um, eins og ég sagði áðan, herra forseti, hvort hér sé ekki á ferðinni stjórnarfrv. þegar þingmenn Framsfl. standa að málum eins og hv. formaður þingflokks framsóknarmanna hefur upplýst um og nauðsynlegt fyrir málið í framhaldinu á þinginu að vita hver er nákvæmlega afstaða þingflokks framsóknarmanna til þess máls. Kannski er rétt að spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki fallist á það að eðlilegt sé að skoða þá leið af fullri alvöru og taka hana upp og kortleggja hvort ekki sé rétt að skoða samræmingu á skattlagningu á tekjum, þ.e. að tekjur séu skattlagðar með sama hætti af fjármagni og launum, ásamt því hugsanlega að skoða ýmislegt í skattumhverfi fyrirtækja sem hefur gert þeim erfitt fyrir í alþjóðlegri samkeppni eins og eignar-

skattinn, hugsanlega lækkun á honum í tengslum við slíka samræmingu og eins það að skoða hugsanlega lækkun eða niðurfellingu á stimpilgjöldum sem ég held að gagnist bæði heimilunum í landinu og atvinnulífinu með mjög afgerandi hætti.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka og meginerindi mitt hér í ræðustól var að halda til haga því sem mér finnst mjög nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi í umræðunni: Hvers vegna í ósköpunum er verið að skilja eftir þann þáttinn sem snýr að lögaðilum og heimila þeim áfram frestun á skattlagningu á söluhagnaði þegar verið er að loka fyrir þetta hjá einstaklingum? Er ekki rétt og eðlilegra að loka fyrir slíka heimild til frestunar á skattlagningu bæði hjá lögaðilum og einstaklingum?

[18:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í þessu frv. sem telur einar 19 greinar er tekið á ýmsum þáttum tekjuskatts- og eignarskattslaga, sumt þess eðlis að um það munu án efa ekki rísa miklar deilur og má nefna sem dæmi að ríkisskattstjóra er skv. 15 gr. frv. veitt heimild til að breyta ákvörðunum skattstjóra hafi yfirskattanefnd eða dómstólar með úrskurði eða dómi kveðið upp úr með það að skattaframkvæmd hafi ekki samrýmst lögum. Ýmis ákvæði af þessu tagi er að finna í frv.

Þá má nefna sitthvað sem er vissulega umdeilt en er greinilega sett fram til að gera lagatextann skýrari. Það á t.d. við um 2. gr. þar sem vikið er að kaupréttarsamningum. Það er ákvæði í skattalögum sem var reyndar mjög umdeilt á sínum tíma og er enn, þetta er skattívilnunarákvæði, eitt af margfrægum góðverkum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir gagnvart hlutafélögum en samkvæmt þessu lagaákvæði sem er að finna í 8. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er hlutafélögum veitt heimild til að greiða starfsmönnum laun í formi hlutabréfa að upphæð 600 þús. kr. á ári en eins og kunnugt er ef verðbreyting verður á þessum hlutabréfum og einstaklingurinn selur þá greiðir hann einvörðungu 10% skatt en ekki tekjuskatt samkvæmt tekjuskattsprósentu eins og mörg okkar lögðu til á sínum tíma.

Þetta ákvæði er að sönnu umdeilt, en stóra umfjöllunarefni þessa frv. lýtur að frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa og það deilir enginn um það lengur að lögin frá 1996 hafa leitt okkur út í ógöngur á þessu sviði, en í grg. með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Ýmislegt bendir til þess að þeir sem hafa hagnast vel á sölu hlutabréfa á undanförnum árum hafi í vaxandi mæli nýtt sér umrædda frestunarheimild. Þá virðast sífellt fleiri telja að hagstæðara sé að ávaxta það fé í hlutafélögum, sem eru annars staðar en á Íslandi, vegna hagstæðari skattareglna og í ýmsum tilvikum í skjóli bankaleyndar. Leiða má líkur að því að í mörgum tilvikum falli skattlagningin jafnvel niður vegna skorts á upplýsingum. Þetta tvennt, frestun skattgreiðslna og hagstætt skattaumhverfi, eru án efa helstu ástæður þess að stærri fjárfestar hafa kosið að stofna eigin hlutafélög erlendis. Þannig má halda því fram að í gildandi reglum felist ákveðin hvatning fyrir einstaklinga til þess að fjárfesta í félögum erlendis fremur en hér á landi. Íslenskir fjárfestar hafa því getað takmarkað skatta sína með því að greiða sér arð frá hinu erlenda félagi sem er skattlagður með 10% skatti hér á landi. Þetta er gert þar sem hagstæðara er að fá fjármagnstekjur í formi arðs en söluhagnaðar þegar fjárhæðirnar eru orðnar háar."

Hvernig vill hæstv. fjmrh. bregðast við þessum vanda? Jú, hann vill í grófum dráttum gera tvennt.

Mér finnst, herra forseti, að ef menn ætla yfirleitt að vera í þingsalnum að þá eigi þeir að hlýða á umræður en ekki taka þátt í öðrum fundum úti í sal. Ég beini þessum orðum mínum til hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að gefa hljóð í þingsalnum.)

Ég spurði hvernig hæstv. fjmrh. vildi bregðast við þeim vanda sem við stöndum hér frammi fyrir, að þessi heimild í lögunum frá 1996 hafi orðið til þess að einstaklingar komi sér hjá því að greiða skatta og reyni í ofanálag að koma peningum út úr landinu.

Mér er fullkomin alvara, herra forseti. Ég mun gera hlé á minni ræðu þar til menn geta haft eirð í sér til að sitja og hlýða hér á umræður í stað þess að vera að efna til annarra funda hér í salnum. (Gripið fram í.) Já já, ég mun standa við það. (**Gripið fram í:** Þú ættir að líta í eigin barm.) Þá sjaldan að menn reka hér inn höfuðið þá finnst mér eðlilegt að þeir taki þátt eða sýni þingstörfum tilhlýðilega virðingu.

Hæstv. fjmrh. vill bregðast við með því að afnema þessa frestunarheimild en aðeins að hluta til. Hann vill aðeins afnema þessa frestunarheimild gagnvart einstaklingum en ekki gagnvart fyrirtækjum, ekki gagnvart lögaðilum, eins og það mun vera orðað.

Hitt sem hæstv. fjmrh. vill gera er að sjá til þess að allur söluhagnaður verði skattlagður með 10% hlutfalli en ekki samkvæmt tekjuskattsprósentu. En eins og hér hefur margoft komið fram þá er það svo að fari þessi hagnaður yfir 3,2 millj. kr. hjá einstaklingi eða 6,4 millj. kr. hjá hjónum þá er það sem umfram er skattlagt samkvæmt tekjuskattsprósentu, hvort sem það er 45% hátekjuskattur eða rúmlega 38% skattur, séu menn í lægri kantinum sem er nú sennilega í færri tilvikum hjá þeim sem hér eiga í hlut.

Hér hefur komið fram annað frv. þar sem lagt er til að farin verði önnur leið hvað báða þessa þætti snertir. Í fyrsta lagi er lagt til að frestunarheimildin verði afnumin gagnvart öllum aðilum, ekki aðeins einstaklingum heldur einstaklingum og fyrirtækjum. Samkvæmt því frv. er einnig lagt til að söluhagnaður verði skattlagður samkvæmt tekjuskattsprósentu en ekki farið niður í 10%. Ég lýsti þeirri afstöðu minni hér við umræðu um það frv. í gær að ég væri því fylgjandi.

Það hefur komið í ljós að ýmsir aðrir eru fylgjandi þeirri leið. Þannig hefur verið vitnað í þingflokksformann Framsfl., hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, en hann hefur lýst því yfir að framsóknarmönnum finnist álitamál að lækka skatt um 28 prósentustig af miklum söluhagnaði, á þá leið var vitnað í ummæli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í leiðara Morgunblaðsins 19. þess mánaðar. Í þessum leiðara Morgunblaðsins er reyndar að finna ýmsa athyglisverða þætti. Þar er t.d. vitnað í Magnús Guðmundsson, bankastjóra Kaupþingsbankans í Lúxemborg, en hann sagði, ég vitna hér í leiðara Morgunblaðsins frá 19. nóv., með leyfi forseta:

„Ég tel mjög jákvætt að menn geti gert upp sinn skatt og síðan snúið sér að næstu fjárfestingu. Eftir þessa breytingu verða arðgreiðslur og söluhagnaður meðhöndluð með sama hætti. Hætt verður að mismuna mönnum eftir því, hvernig tekjurnar myndast. Það er mjög jákvætt."

Hér er vitnað í ummæli Magnúsar Guðmundssonar, bankastjóra Kaupþingsbankans í Lúxemborg. En ég er ansi hræddur um að Magnús Guðmundsson bankastjóri Kaupþingsbankans hafi ekki viljað ganga lengra en þessu nemur.

Mér er spurn vegna þess að við þessa umræðu hefur komið fram að mörg okkar eru á því máli að ekki eigi að gera greinarmun á fjármagnstekjum annars vegar og launatekjum hins vegar, að ef við ætlum að afnema mismuninn þá eigi að horfa til launatekna einnig. Reyndar er það nokkuð sem Morgunblaðinu kemur alla vega ekki á óvart því að þar segir, og vitna ég aftur í leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Þótt Magnús Guðmundsson nefni hér einungis arðgreiðslur og söluhagnað og segi réttilega, að það eigi ekki að mismuna við skattlagningu eftir því hvernig tekjur myndast, getur nákvæmlega sama sjónarmið átt við um launatekjur."

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á sínum tíma voru rökin fyrir því að skattprósentan ætti að vera mun lægri af þeim tekjum en launatekjum þau að hærri skattprósenta mundi draga úr viðleitni til sparnaðar. Þau rök voru áreiðanlega rétt á þeim tíma. Síðan hafa aðstæður breyst að verulegu leyti og þess vegna má búast við að frumvarp fjármálaráðherra vekji þessar umræður á ný ..."

Síðan heldur leiðarinn áfram og erum við þar komin að *fyrrnefndri tilvitnun í hv. þm. Kristin H. Gunnarsson.* Nú verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig framsóknarmenn bregðast við, hvort þeir gangi í lið með stjórnarandstöðunni hvað þetta snertir. Allir talsmenn hennar sem tekið hafa til máls fram til þessa hafa lýst þeim vilja sínum að halda skattprósentu á söluhagnaði í hlutfalli við tekjuskatt. Það verður fróðlegt að heyra sjónarmið formanns þingflokks Framsfl. við þessa umræðu á eftir en síðan mun þetta mál að sjálfsögðu koma til kasta efh.- og viðskn.

Að lokum langar mig til að óska eftir því að hæstv. fjmrh. skýri hvernig á því stendur að hann vill gera þennan greinarmun á einstaklingum annars vegar og lögaðilum hins vegar. Nú hefur komið fram að einstaklingar eiga kost á að stofna um sig félög og gerast þá væntanlega lögaðilar. Það hefur komið fram við þessa umræðu og vitnað þar í þinggögn, að einkahlutafélögum hefur fjölgað mjög á undangengnum árum eða um 64% frá árinu 1996. Það ár voru þau 8.766 talsins en eru nú, eða voru þegar svar var veitt við fyrirspurn sem ég hygg að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi borið fram hér á Alþingi, 13.656 á þessu ári og hefur þannig fjölgað um tæplega 4.900.

Ég spyr mig: Er ekki sú hætta fyrir hendi, ef gerður er þessi greinarmunur á einstaklingum annars vegar og lögaðilum hins vegar, að einstaklingar fari einfaldlega þá leið að stofna um sig félög? Þetta er atriði sem fróðlegt væri að heyra skýringar hæstv. fjmrh. á.

Herra forseti. Ég held að við þessa 1. umr. málsins hafi ég komið fram meginsjónarmiðum mínum. Eins og ég gat um eru í þessu frv. einar 19 lagagreinar sem munu að sjálfsögðu fá rækilega og vandaða skoðun í efh.- og viðskn. Ég vona að breyting verði gerð á þessu frv. Ég mun styðja það frv. sem kom hér *til umræðu í gær þótt ég telji að sönnu að hér* sé stigið skref fram á við.

[18:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í upphafi vil ég segja að ég held að afnám frestunarheimildarinnar, sem er meginatriði þessa frv., sé af hinu góða. Ég held að þessi frestunarheimild hafi í raun aldrei þjónað þeim tilgangi sem að var stefnt og eru nú ekki nema rétt rúm fjögur ár síðan þessi heimild var lögfest.

Það rekur okkur kannski líka til þess, þegar menn ræða um hvort peningar streymi úr landi eða hvort menn eru tilbúnir að fjárfesta hér eða ekki, að hugleiða að árlega eru 5–10 frv. lögð fyrir hið háa Alþingi sem eru meira og minna til þess ætluð að breyta skattaumhverfi einstaklinga og fyrirtækja. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi staðreynd hefur áhrif og að menn hugsi sig a.m.k. tvisvar um þegar þeir hafa farið með fé héðan, hvort þeir komi með það aftur.

Ég hef heyrt á mönnum sem fjalla um þessi mál frá degi til dags að þeir hafi nánast óskað eftir því að ríkisstjórnin eða þeir sem með þau mál véla gefi yfirlýsingar um að skattaumhverfinu verði ekki breytt á morgun eða hinn. Skattaumhverfið skiptir fyrirtæki og einstaklinga miklu máli og því er mikilvægt að menn viti nokkurn veginn að hverju þeir ganga í þeim efnum.

Hins vegar er þetta umhverfi sem og önnur að breytast frá degi til dags og sú staðreynd er eftirtektarverð varðandi aðra breytingu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði örlítið að umtalsefni áðan, að jafnvel er það svo að sumum lögum er einfaldlega ekki framfylgt. Um það má nefna sem dæmi *þá reglu sem er, ef ég man rétt, í 114. gr. tekjuskattslaganna,* þ.e. um fyrirtæki eða aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, ef ég man þetta orðalag rétt. Þar er kveðið á um að slíkir aðilar greiði upp undir 20% af söluhagnaði og er verðbréfafyrirtækjunum eða þeim sem kaupa af þessum aðilum ætlað að halda eftir þessum skatti.

Ég held að ég fari ekki rangt með, virðulegi forseti, og hæstv. fjmrh. getur þá leiðrétt mig í því, en ég held að það hafi ekki komið ein einasta króna í ríkissjóð á þessu forsendum. Hæstv. fjmrh. leiðréttir mig þá ef ég fer með rangt mál. Dæmi eins og þetta sýnir hve mikilvægt er að menn fari mjög vandlega og yfirvegað í að gera breytingar á skattkerfinu.

Ég sagði í upphafi að ég væri sammála því að afnema þá frestunarheimild sem hér hefur verið. En um leið hljótum við að gera til þess ríkar kröfur að menn átti sig á því hvað stjórnvöld eru að fara. Ég held að skort hafi á það í þessum efnum og þess vegna kannski spinnst þessi umræða og framlagning þessa frv. gefur tilefni til að menn ræði meira heildstætt um það hvernig þeir vilja haga skattkerfinu og skattprósentunni. Ég held að það sé mjög áhugavert í ljósi þeirra breytinga sem hér hafa verið að eiga sér stað, þ.e. að einstaklingar hafa jafnvel verið að gera sig út sem einhvers konar einkahlutafélög. Þeir þiggja jafnvel laun í formi arðs. Þeir geta jafnvel skrifað hinn daglega rekstur á hlutafélög og eru að einhverju leyti farnir að gera sig út í formi hlutafélags, ef svo má að orði komast. Þessi staðreynd og þessir möguleikar hljóta að kalla miklu meira á að menn fari að gera minni mun á einstaklingum og lögaðilum, þegar þetta er farið að renna í þennan farveg. Þess vegna finnst mér athugandi þær hugmyndir sem hér hafa verið bornar fram um að menn skoði í mikilli alvöru að reyna að koma á flötum *tekjuskatti og breytir þá engu hvort þær tekjur eru af eignum,* fjármagni, launatekjum eða hverju nafni sem þær nefnast.

Ég hef heyrt þau rök færð fram að áhættan af því að fjárfesta, þ.e. nýta fjármagnið, sé svo mikil að sú áhætta geri kröfu til þess og réttlæti það að skattprósenta af fjármagni sé lægri. Ég held að það breyti í sjálfu sér engu. Viðskipti eru þess eðlis að í þeim felst alltaf ákveðin áhætta. Í viðskiptum felst ákveðin áhætta. Það er kjarni málsins og breytir þá engu hvort um er að ræða að fjárfesta með fjármagni eða hvað það er. Í viðskiptum felst ákveðin áhætta. Annars væru allir í viðskiptunum frá degi til dags. Annars væri vart nokkur

maður að stunda hér annað líferni en það sem skilaði honum sem mestum arði og sem mestri ávöxtun og allir væru þá í viðskiptum.

En við skulum heldur ekki í þessu samhengi gera lítið úr því að auðvitað felst ákveðin áhætta líka í því að vinna sem launamaður. Verði af þeim veruleika að þeir bankar sem hafa verið að mestum hluta í eigu ríkisins um langt skeið verði sameinaðir þá kemur tiltekið launafólk væntanlega til með að missa sín störf þannig að það er alveg ljóst að í því felst líka áhætta að þiggja launatekjur eða selja sjálfan sig á vinnumarkaði. Ég er ekkert endilega viss um það, þegar menn fara að ræða það ofan í kjölinn, að sú áhætta sé nokkuð miklu minni en sú áhætta sem felst í því að fjárfesta með einhvers konar fjármagni. Ég er ekki viss um það ef menn fara að ræða það ofan í kjölinn. Ég held að þessi rök ein út af fyrir sig réttlæti það ekki endilega að það eigi að vera lægri skattprósenta á arð af fjármagni en af launatekjum og þá ekki síst í ljósi þeirrar þróun sem við höfum horft upp á að menn eru að hluta til farnir að reka heimili sín og sjálfa sig í gegnum einkahlutafélög. Þá er enn fremur held ég að stórum hluta þessi röksemdafærsla brostin.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég fagnaði því að þetta frv. væri komið fram og kannski fyrst og fremst vegna þess að verið er að afnema þennan frestunarmöguleika. Það er a.m.k. hugmyndin með frv. En þó kannski fyrst og fremst vegna þess að framlagning frv. kallar á ákveðna umræðu um þessi mál, ákveðna almenna umræðu sem ég held að mikil ástæða sé til að við förum í, einkanlega í ljósi þeirra miklu og öru breytinga sem hafa verið hér á fjármagnsmarkaði, atvinnumarkaði, í svokallaðri alþjóðavæðingu o.s.frv. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við förum að ræða þessi skattamál upp á nýtt í ljósi þeirrar hugmyndar sem fram hefur komið í þessari umræðu og byggir á því að menn skoði hvort ástæða sé til þess að jafna skattprósentu á hvaða tekjur sem er, og svona til þess að kasta einhverju upp í loftið þá mætti nefna svona 20% flata skattprósentu, hvort heldur á fjármagnstekjur eða launatekjur, eða 25%. Ég held að það mætti vel skoða.

Ákvæðið til að mynda sem ég vitnaði til áðan í 114. gr. sýnir líka dálítið vandann í hnotskurn. Það færir okkur heim sanninn um að hraðinn í viðskiptum og þessar breytingar sem eru að eiga sér stað gera út af fyrir sig miklu erfiðara að innheimta skatta en hér var á árum fyrr. Menn eru ekki lengur með stóra bók þar sem þeir færa debet og kredit. Það hefur svo margt breyst þannig að ég held að full ástæða sé fyrir okkur að skoða og ræða þessi skattamál upp á nýtt og ræða jafnvel hvernig menn hafa hugsað sér skattinnheimtuna í framtíðinni. Við erum með dæmi um ákvæði sem hefur ekkert virkað og ég held að jafnvel skatturinn komi til með að eiga mjög erfitt með að fylgjast með viðskiptum sem fram fara í þessum hröðu breytingum sem við erum að ganga í gegnum.

[18:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan koma inn á tvö atriði í ræðu hv. þm. Það gladdi mig töluvert mikið að heyra hann taka undir sjónarmið um flatan tekjuskatt. Ég hef lagt í tvígang fram frv. á Alþingi um 20% flatan tekjuskatt sem ég held að yrði mjög til bóta þar sem margt einfaldaðist mjög, t.d. yrði ekkert framtal lengur. Það þyrfti ekki og þjóðin sparaði sér tvo daga á ári og gæti farið að sinna börnunum sínum eða eitthvað slíkt í staðinn.

Hv. þm. kom aftur inn á það sem var aftur og aftur rætt í umræðunni fyrir fjórum árum, þ.e. að stofna hlutafélag til að losna við skatta. Við skulum segja að einhver maður hafi 100 kr. í tekjur og hann stofni hlutafélag sem er þá með 100 kr. hagnað. Hlutafélagið borgar 30 kr. í skatt af hagnaðinum. Þá er 30 kall farinn. Síðan borgar maðurinn sér 70 kr. út sem arð og þá er 10% skattur af því sjö kr. 37% greiðir hann þá með þeirri aðferð í staðinn fyrir 38. Ég held að það borgi sig ekki ef maður lítur til endurskoðunarkostnaðar og alls slíks. Það sem aftur á móti ruglar dæmið eru alls konar tekjutengdar bætur eins og barnabætur sem minnka ekki — ef maðurinn á þrjú börn þá minnka þær ella um 11%, vaxtabætur 6,% — og þvílík atriði gera það að verkum að þetta geti verið snjallt. Svo ætla ég að vona að hv. þm. sé ekki að tala um að menn stundi skattsvik með því að láta fyrirtækið borga ísskápinn heima hjá þeim.

[18:39]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennt um það andsvar sem hér hefur verið gefið vil ég segja að þær hugmyndir sem ég og fleiri höfum verið að velta upp eru um almennan flatan skatt, hvort heldur á fjármagn eða launatekjur, og breytir þá engu hvort er. Þannig að það er ekki það sama og hv. þm. var að tala um.

Eins og ég skildi hv. þm. þar sem hann var að fjalla um skattsvik o.s.frv. þá er einfaldlega meginforsenda framlagningar frv. þess sem hæstv. fjmrh. ber hér fram, að menn hafa notað þann söluhagnað sem þeir hafa fengið vegna frestunar til þess að fjárfesta í eigin félögum hvort heldur er á Íslandi eða erlendis. Síðan hafa þeir kannski tekið þann hagnað út í formi arðgreiðslna. Hvort menn hafa síðan keypt sér ísskápa eða annað fyrir þær arðgreiðslur skal ég ekkert um segja. Ég var ekki að segja að menn væru að stunda skattsvik. Ég var hins vegar að segja að menn hafi verið að notfæra sér ákveðnar holur í skattkerfinu. Ef marka má sögubækur þá fórum við frá Noregi á sínum tíma sökum þess að við neituðum að greiða skatta og opinber gjöld í Noregi. Það er kannski Íslendingum í blóð borið að leita leiða til þess að notfæra sér þær skattsmugur sem til eru án þess að þeir séu að svíkja undan skatti.

[18:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fjármagnstekjuskattsnefndinni sem ég átti sæti í á sínum tíma lagði ég til að allar tekjur yrðu skattlagðar eins. En þá að sjálfsögðu miðað við raunvexti sem eru að meðaltali núll yfir allt þjóðfélagið — þeir eru sennilega jafnvel í mínus núna þannig að það gæfi ríkissjóði engar tekjur — og að söluhagnaður og tap yrði frádráttarbært frá tekjum. Þá er ég hræddur um að lítið yrði eftir og margir yrðu glaðir sem eru búnir að tapa kannski einhverjum milljónum á deCode og slíku undanfarið, að geta dregið frá tekjuskatti og vera kannski tekjuskattsfrjálsir í nokkur ár. Þetta þyrfti að sjálfsögðu að vera ef menn ætluðu að hafa kerfið rökrétt í sjálfu sér þannig að það er ekki alveg svo einfalt að segja að það eigi að skatta allt eins. Á þetta var ekki fallist á sínum tíma vegna þess að menn sáu fram á að fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs yrði sennilega bara núll, þ.e. ef þetta yrði reyndin.

[18:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er orðin nokkuð löng umræða og margt hefur komið fram í henni sem hefði verið ástæða til

þess að fara yfir. Ég vil, þrátt fyrir að ýmsir hafi farið yfir þann hluta málsins, nefna það sem ég tel vera aðalatriði þess og byrja á því að vitna í athugasemdir við frv. vegna þess að mér finnst ástæða til þess að fjalla um það sem þar stendur í samhengi við þá tillögu sem kemur fram í frv. um að taka af þessa möguleika til að fresta söluhagnaði hjá einkaaðilum.

Í greinargerðinni eða athugasemdunum stendur að sífellt fleiri virðist telja hagstæðara að ávaxta fé í hlutafélögum sem eru annars staðar en á Íslandi vegna hagstæðari skattareglna og í ýmsum tilvikum í skjóli bankaleyndar og að leiða megi að því líkur að í mörgum tilvikum falli skattlagningin jafnvel niður vegna skorts á upplýsingum.

Þetta tvennt, frestun skattgreiðslna og hagstætt skattaumhverfi, eru án efa helstu ástæður þess að stærri fjárfestar — ég vek athygli á því — stærri fjárfestar hafa kosið að stofna eigin hlutafélag erlendis. Og síðan kemur framhaldið sem mér finnst ekki stemma alveg við það sem kemur á undan, með leyfi forseta:

„Þannig má halda því fram að í gildandi reglum felist ákveðin hvatning fyrir einstaklinga“ — þarna hætta menn að tala um einstaklinga og félög en fara að tala eingöngu um einstaklinga — „til þess að fjárfesta í félögum erlendis fremur en hér á landi. Íslenskir fjárfestar hafa því getað takmarkað skatta sína með því að greiða sér arð frá hinu erlenda félagi ...“

Svo kemur í framhaldinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framansögðu má ályktа að gildandi ákvæði um skattalega meðferð á söluhagnaði hafi aðeins að hluta til náð tilgangi sínum um eflingu íslensks atvinnulífs ...“ Niðurstaðan er sú að leggja til að heimild til frestunar á söluhagnaði hlutabréfa verði afnumin hjá einstaklingum. Þá hlýtur maður líka að velta því fyrir sér, það hefur komið fram við umræðuna, að hér sé líkast til um að ræða um 155 milljarða sem flust hafa úr landi eftir að þessar breytingar voru gerðar. Það hefur líka komið fram að lífeyrissjóðirnir muni eiga um 120 af þeim 155 milljörðum. Það séu þá 35 milljarðar sem eftir eru sem skiptast á milli einstaklinga og félaga. Hins vegar hefur hvergi komið fram hvernig þessi skipting er þannig að ómögulegt er að átta sig á því. Ég bið hæstv. ráðherra að upplýsa það fyrir lok umræðunnar hvort hann telji að hann sé með þessari tillögu að ná til stórs hluta af þeim 35 milljörðum sem þarna standa út af og eru ekki í eigu lífeyrissjóðanna, eða til hvers er þetta allt saman?

Það hefur líka komið fram að ekki minni fræðingar á þessu sviði en Magnús Guðmundsson, bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg, segir að þessi tillaga muni ekki hafa nein áhrif. Fyrir hverja er þá þessi breyting? Hverju breytir hún? Jú, hún breytir því að þeir sem hafa meiri hagnað til að telja fram en 3,2 millj. eða 6,4 millj. þurfa ekki að borga nema 10% af þessu. Það er breytingin. Er það þá það sem verið er að sækjast eftir eða það sem er sagt að sé raunverulega ástæðan, þ.e. að peningunum verði haldið innan lands og mun það þá takast? Ég er ekki spámaður og get ekki spáð fullkomlega um það. Ég er hins vegar einn af þeim sem vilja taka undir það að ekki er vansalaust að slíkt ójafnræði sé milli aðila hér á landi eins og verður til við ákvörðun skatta. Ekki er viðunandi að uppruni tekna sé skattlagður á eins mismunandi hátt og gert er í dag. Ég tel að horfa eigi yfir allt skattaumhverfið og ég er tilbúinn að velta því fyrir mér hvort eignarskattar eigi að halda áfram. Ég tel hins vegar að með eignatekjur eigi að fara eins og aðrar tekjur. Ég tel að söluhagnaður sé ekkert heilagri en launatekjur. Ég tel að tekjuskattur, fjármagnstekjur og arður af rekstri eigi allt að hafa svipað vægi þegar menn eru að velta því fyrir sér hvaða skatt eigi að leggja á. Ég held að það skekki oft myndina töluvert þegar menn hafa svo mismunandi skattform sem stýra líka fólki í hinu daglega lífi. Menn leita að leiðum til að vera undir þeim skattaákvæðum að skila þeim lægstu álögunum. Auðvitað leita menn eftir því að gera hlutina þannig að þeir þurfi ekki að færa miklar greiðslur til ríkisins.

Ég held að hæstv. fjmrh. ætti líka að leita leiða til þess að gefa skattyfirvöldum betri vopn til að ná til hinna raunverulegu tekna. Greinilegt er að þau vopn eru ekki nægilega góð vegna þess að við sjáum alltaf einhverja spretta upp í þjóðfélaginu sem hafa hagnast mikið á stuttum tíma. Þeir virðast aldrei hafa haft neinar tekjur. Það virðist a.m.k. ekki koma fram sem greiðsla hagnaðar eða tekna mörgum árum á undan. Menn sjá kannski allt í einu einhvern vera orðinn einn af auðmönnum landsins án þess að hann hafi nokkurn tíma komist á skrá eða hans fyrirtæki sem greiðandi skatta til ríkisins. Þarna vantar eitthvað í kerfi okkar.

Ég ætla ekki að hafa það mjög langt sem ég ætla að segja hér. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, eða ég gat a.m.k. ekki skilið það öðruvísi í þeirri umræðu sem fór fram á undan um það frv. sem samfylkingarfólk flutti og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir er 1. flm. að, í umfjöllun um það kom fram, eftir því sem ég skildi, að hæstv. fjmrh. teldi að þar væri lagt til að þakið á þennan skatt yrði tekið af. En það er alls ekki í tillögu Samfylkingarinnar. Í henni er gert ráð fyrir því að hagnaður verði skattlagður áfram með sama hætti þangað til kemur upp fyrir 6,4 millj. hjá hjónum.

Ég vil að lokum segja að ég held að full ástæða sé til þess, og það hefur komið fram hjá fjölmörgum sem hér hafa talað, og ég tel að það sé mjög mikill stuðningur við það meðal hv. þm. á Alþingi, að farið verði yfir þessi mál með samræmingu í huga og það að aðalmarkmiði að einhvers konar jafnræði í skattlagningu komist á. Ég hef þá trú að einhvern tíma í framtíðinni sjáist skattkerfi þar sem grunnurinn að bæði sköttum og bótum og þeim breytingum sem ríkið vill gera til þess að koma til móts við einstaklingana sé í skattkerfinu. Hann verði einfaldaður en komi ekki inn með fjölmörgum skattalegum og bótalegum ákvæðum eins og núna þannig að enginn skilur upp né niður í því hvar hann stendur eða a.m.k. ekki venjulegt fólk í landinu. Ég held að hægt sé að einfalda þetta ákaflega mikið og skattkerfið eigi að spila þar mjög stóra rullu. Það eru líka skattar í gangi hér á landi eins og stimpilgjöld, sem hefur ítrekað verið nefnt í umræðunni, sem hafa ekki raunverulega stoð í neinum skattalegum rökum. Ég tel að ástæða sé til þess að koma þeim skatti af ekki síður en ýmsum öðrum sköttum sem hafa verið lagðir af á undanförnum árum. Ég hvet hæstv. fjmrh. til þess að láta til skarar skríða og fara í allsherjarendurskoðun á þessum skattamálum öllum saman. Ástæða er til að hvetja hann til þess því að ekki er að sjá að neitt slíkt sé á döfinni, a.m.k. hafa ekki verið yfirlýsingar um það.

[18:53]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er að mínu mati mjög þarft og mun koma sér vel fyrir ríkissjóð. Ég held að flestallir sem sýsla með hlutabréf og þekkja hlutabréfamarkaðinn og þær aðferðir sem notaðar hafa verið séu sammála um að það að setja söluhagnað hlutabréfa undir 10% regluna, eins og fjármagnstekjur og leigutekjur og arð, verði til þess að söluhagnaður hlutabréfa komi til skattlagningar

í stað þess að fara á frest ellegar að vera fluttur til útlanda. Flestallir sem ég tala við og ég heyri tala um þessi mál eru mjög sammála því að þetta verði niðurstaðan. Ég fagna því að þetta skuli vera komið inn á borð hjá hv. Alþingi.

Mig langaði til þess að spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar sem varðar ákvæði til bráðabirgða en þar segir, með leyfi forseta:

„Um skattlagningu söluhagnaðar manna sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 7. mgr. 17. gr. laganna vegna sölu hlutabréfa og hluta á árunum 1998 og 1999 og nýta ekki heimildir til fjárfestinga í öðrum hlutabréfum innan frests skv. 7. mgr. 17. gr. laganna eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara skal fara skv. 3. mgr. 67. gr. laganna."

Mig langar til þess að velta upp einu dæmi: Einhver aðili selur hlutafé með hagnaði á árinu 1997. Hann fær síðan þennan lögbundna frest í tvö ár, þ.e. frá 31. des. 1997 til 31. des. 1999 og kaupir árið 1999 ný hlutabréf. Á þetta ákvæði við um þennan aðila? Það er fyrst og fremst þessi spurning sem mig langaði til að fá á hreint. Auðvitað skiptir máli hvenær þessi afturvirku ákvæði hefjast og hvað í þeim felst.

Varðandi 2. gr. langar mig einnig að velta því upp og spyrja hæstv. ráðherra. Þar er verið að velta fyrir sér kaupum starfsmanna á hlutabréfum samkvæmt kauprétti. Hér er gert ráð fyrir því að miðað sé við meðalgengi tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag. Ástæðan fyrir þessu meðalgengi er sú að verðbréfamarkaðurinn hér sé ekki þróaður og miklar sveiflur á honum. Að sjálfsögðu eru miklar sveiflur á þessum markaði en við höfum séð sveiflur á erlendum mörkuðum upp á tugi prósentna á einum degi og sveiflurnar þar eru ef eitthvað er miklu meiri en maður sér á fyrirtækjunum hér heima. Ég hugleiði það aðeins hvað er í raun á bak við þetta ákvæði, hvort það sé að ósk starfsmannafélaganna sem hafa mörg hver staðið að samræmdum kaupum fyrir starfsmenn sína og hvort um þetta séu fordæmi frá öðrum löndum eins og Bandaríkjunum. Ef maður veltir aðeins fyrir sér hlutabréfamarkaðnum hér og hvernig ákvæði eru fyrir fyrirtæki að fara inn á verðbréfamarkaðinn og Verðbréfaþingið á Íslandi þá eru þau skilyrði sem fyrirtækjum eru sett hér afskaplega léttvæg miðað við það sem gerist á Bandaríkjamarkaði þar sem nánast allt er upplýst, bæði um núverandi ástand fyrirtækis og framtíðaráform og meira að segja hvaða starfsmenn muni starfa þar áfram og hvernig eignarhluti þeirra verður o.s.frv. eins og menn fylgdust afskaplega vel með þegar deCODE var sett á markað í Bandaríkjunum. Það var gríðarlega mikil aðgerð og þeirri aðgerð er ekki enn lokið. Aðferð þeirra við að tryggja rétt hluthafanna er mjög áhrifamikil að ég mundi segja og ekki í neinni líkingu við það sem hér gerist.

Herra forseti. Þess vegna vekur það forvitni mína að vita hvernig þetta ákvæði kemur hér inn og hvers vegna það sé í raun verið að setja starfsmennina undir einhvern annan hatt en bara almenna hluthafa á markaðnum.

[18:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar fjármagnstekjuskattanefnd skilaði niðurstöðum sínum gerði hún ráð fyrir því að fjármagnstekjur yrðu alls staðar 10% án undantekninga. Þetta yrði sem sagt einn skattstofn án undantekninga. Í meðförum hv. efh.- og viðskn. voru sett mörk á söluhagnað hlutabréfa einna, 3 millj. fyrir einstakling og 6 millj. fyrir hjón, og um leið var gefinn möguleiki á að fresta greiðslu skatttekna, þ.e. venjulegs tekjuskatts á afganginn, ef hann yrði notaður til að fjárfesta í hlutabréfum innan tveggja ára. Þetta var ákveðinn stílbrjótur. Ég man eftir því að ég benti á það aftur og aftur á þeim tíma að þetta væri stílbrjótur, en þetta var niðurstaðan. Ég held að fólk hafi verið að horfa til þess dæmis sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi í umræðunni í gær um einhvern sem keypti hlutafé fyrir 2 millj. og seldi þau fyrir 100 millj. að ekki löngum tíma liðnum og græddi sem sagt 98 millj. Þetta þótti hv. þm. Ögmundi Jónassyni afskaplega mikið og sá ofsjónum yfir þessu og þetta er sennilega það dæmi sem menn hafa haft í huga þegar þeir settu þessi mörk.

Ef hv. þm. Ögmundur Jónasson gæti tryggt mér þessa ávísun mundi ég rjúka til strax á morgun og sennilega allir landsmenn með mér og við yrðum öll afskaplega rík. Það sem vantar oft inn í slíkt dæmi er að það er óskapleg áhætta að ætla sér að græða svona mikið á stuttum tíma og flestir, velflestir, 99%, tapa illilega og þeir geta ekkert gert við það tap. Það kemur skattinum ekkert við. Þess vegna er fjármagnstekjuskatturinn ekki nema 10% vegna þess að hann tekur mið af þeirri áhættu sem felst í því að kaupa og selja hlutabréf.

Herra forseti. Þessi lög frá 1996 hafa breytt afskaplega miklu. Þau hafa leitt til þess að fjölskyldufyrirtæki hafa verið seld, lítil fyrirtæki hafa verið seld og stór fyrirtæki hafa verið seld sem ekki hefði verið mögulegt ella. Menn eru bara ekki tilbúnir til að selja eignir sínar þannig, að stór hluti af söluverðinu sé hagnaður sem lendir í 47% skatti eins og það var, núna 45%. Menn eru bara ekki tilbúnir til að borga til ríkisins helminginn af eignum sínum. Þess vegna selja þeir ekki neitt og halda áfram að hokra á eignum sínum öllum til armæðu, sérstaklega þjóðfélaginu. Vegna þess að það vill svo til að menn selja af því að einhver annar aðili telur sig geta rekið fyrirtækið betur og gerir það yfirleitt alltaf. Þess vegna er svona breyting sem veldur því að eignir fara að verða liprari í sölu og ganga kaupum og sölum til þess að örva atvinnulífið, bæta arðsemi í þjóðfélaginu, af hinu góða. Það er hin góða niðurstaða af frv.

Gallinn er sá að þessi stílbrjótur sem ég gat um áðan hefur gert það að verkum að menn borga í rauninni hámarksfjármagnstekjuskatt af söluhagnaði, þ.e. 300 þús. kr. hjá einstakling og 600 þús. kr. hjá hjónum vegna þess að skattgreiðandinn er nefnilega, herra forseti, afskaplega skynsamur. Hann er ekki svona vitlaus eins og menn halda. Ef hann á að fara að borga helminginn af því sem er umfram 6 millj. þá sér hann til þess að fjárfesta í hlutabréfum, annaðhvort í fyrirtæki sem hann stofnar sjálfur eða þá í öðrum hlutabréfum þannig að hann þurfi ekki að borga nær 50% skatt af hagnaðinum. Hann langar nefnilega ekkert til þess utan einn og einn maður sem vill komast í blöðin.

Ég nefndi í gær dæmi um verkstæði sem gamall maður rak og gat ekki selt fyrir upptöku fjármagnstekjuskattsins. Ég geri ráð fyrir að hann sé búinn að selja núna og það er hið besta mál þannig að þetta hefur valdið því að menn eru tilbúnir til að selja.

En það sem þarf að skoða í þessu dæmi er að þegar menn fóru að skoða leiðir til að komast undan þessari miklu skattlagningu þá fóru þeir að sjálfsögðu að rannsaka ýmislegt fleira og þeir komust að því að þeir gátu í fyrsta lagi stofnað hlutafélag sjálfir um sína eign og komist þannig hjá skattlagningu og svo datt einhverjum snjöllum manni í hug að skoða pínulítið lengra, því það er svo leiðinlegur eignarskattur á Íslandi, og kíkja til útlanda og sérstaklega það að selja hlutabréf með háu gengi, segjum 200, vegna þess að

það er enn einn stílbrjótur í skattalögunum að hlutafé er talið á nafnvirði, ekki á eigið fé viðkomandi fyrirtækis heldur á nafnvirði, sem gerir það að verkum að ef maður kaupir á genginu 100, fyrir 100 millj., þá á maður allt í einu bara 1 millj. í augum skattsins en ekki 100 millj. eins og áður og losnar þannig við eignarskatt sem sumum þykir afskaplega leiðinlegt að borga af því að þeir eru búnir að borga tekjuskatt af öllum tekjununum sem mynduðu eignirnar. Menn komust allt í einu að því að úti í heimi borga hlutafélög ekki eignarskatt og þá var mjög snjallt að fara með eignina þangað og jafnvel fjárfesta þaðan á Íslandi. Svona hafa rannsóknirnar sem þetta ákvæði leiddi til leitt til þess að menn fóru til útlanda og eru orðnir miklu fróðari um skattkerfi annarra landa.

Það voru sem sagt mistök, herra forseti, að taka upp þá reglu, en nú er verið að falla frá henni sem er gott.

En ég vil benda á annað atriði í þessu sambandi sem hv. efh.- og viðskn. þarf að skoða og það er það fyrirbæri sem við upplifum í dag hjá ungum fyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum sem blómstra, fyrirtækjum sem eru í hugbúnaði alls konar. Þetta er oft ungt fólk sem er mjög bjartsýnt og mjög snjallt og er að hasla sér völl í hugbúnaði. Þar eru menn að kaupa og selja hlutabréf gegn hlutabréfum. Ég á t.d. fyrirtæki sem ég hef stofnað og einhver annar á annað fyrirtæki og svo skiptumst við á hlutabréfum. En þá allt í einu myndast söluhagnaður á hlutabréfum. Þau eru hugsanlega hærra metin í þessum viðskiptum, jafnvel á genginu 10 eða 20. Menn eru bjartsýnir. Þó er enginn hagnaður neins staðar og enginn peningur. Þetta er vandamálið. Hvernig fara menn að borga eftir þessari nýju reglu þar sem þeir sjá engan pening? Þetta þarf hv. efh.- og viðskn. að taka fyrir vegna þess að í starfi nefndarinnar, fjármagnstekjuskattsnefndarinnar var haft að leiðarljósi að menn borguðu ekki skatt nema þeir hefðu pening til að borga skattinn. Ekki er borgaður skattur af áföllnum vöxtum t.d.

Herra forseti. Ég gat í umræðunni í gær um annað frv. svipaðs eðlis vegna þeirrar umræðu um tekjuskatt á laun og síðan fjármagnstekjuskatt að 10% þykir mörgum mönnum lágt miðað við tekjuskattinn. En það vill svo til að landsmenn borga að meðaltali 20% tekjuskatt vegna frítekjumarksins og vegna alls konar bóta sem eru í kerfinu. Að meðaltali væri því hægt að hafa flatan tekjuskatt upp á 20% ef vaxtabætur og sjómannaafsláttur og sitthvað fleira yrði fellt niður, en barnabætur héldu sér. Við erum þá að tala um að fjármagnstekjuskatturinn sé helmingurinn af meðaltekjuskatti. Ég hef getið um það áður að inni í vöxtum er verðbótaþáttur sem er náttúrlega engar tekjur og sennilega er verðbótaþátturinn að meðaltali núna jafnhár vöxtunum þannig að fólk hefur engar tekjur af innstæðum í bönkum í dag, enga raunvexti að meðaltali.

Í arði og söluhagnaði er áhætta eins og dæmið um 2 millj. sem urðu að 100 millj. er dæmi um. Ef menn ætla að vera rökréttir, sanngjarnir og réttlátir, þá verða þeir að sjálfsögðu að leyfa frádrátt frá tekjum vegna taps af sölu hlutabréfa. Öll gjaldþrotin sem verða eiga menn að geta dregið frá tekjuskatti ef menn ætla að vera sanngjarnir og sjálfum sér samkvæmir.

Í sambandi við leigutekjur þyrfti að taka inn kostnaðinn sem ekki er leyft í dag þannig að ég er hræddur um að ef menn færu þessa leið, þá mundu tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjum lækka umtalsvert frá því sem nú er.

Herra forseti. Ísland er ekkert eyland lengur þó að það sé eyja. Vegna mikilla samskipta við útlönd erum við komin í hörkusamkeppni við önnur lönd eins og dæmið sýnir sem er hvatinn að þessu frv. sem við ræðum hér, þ.e. flótti fjármagns til útlanda. Þegar hv. efh.- og viðskn. skilaði áliti 1996 þá sagði þar, með leyfi herra forseta:

„Sú aðgerð, sem frumvörpin mæla fyrir um, er liður í samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur. Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykkt frumvarpsins, skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum. Hlýtur þá lækkun eignarskatts að koma sérstaklega til greina enda slíkt í samræmi við tilgang frumvarpsins um samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur."

Herra forseti. Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki tilbúinn að taka undir eftirfarandi ummæli forvera síns í starfi. En hæstv. fjmrh. þess tíma, Friðrik Sophusson, sagði svo þann 16. apríl 1996, með leyfi forseta:

„Um eignarskattinn vil ég einungis segja að ekki liggja fyrir neinar tillögur en skoðun mín er sú að þegar fjármagnstekjuskattur sé lagður á þá þurfi í framtíðinni að lækka eignarskattinn og breikka stofninn. Það sé eðlileg afleiðing af því starfi sem hér hefur átt sér stað."

Þarna lýsti hæstv. fjmrh. yfir þeirri skoðun sinni að lækka þyrfti eignarskatt sem nemur tekjuauka ríkissjóðs af fjármagnstekjusköttum. Nú hafa fjármagnstekjuskattar vaxið óskaplega mikið þrátt fyrir þessa „skammarlega" lágu prósentu sem sumir eru að gagnrýna sem er 10%. Tekjur ríkissjóðs hafa vaxið mikið af fjármagnstekjum og hann getur þá gert enn meira í velferðarkerfinu sem ég held að sé hið besta mál.

En þá er að spyrja um eignarskattana. Hér hefur hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, sagt að það sé skoðun hans að þá eigi að lækka og breikka stofninn. Nú er það þannig með eignarskatt að hann er sennilega einn af fáum sköttum sem hægt er að lækka án þess að valda þenslu. Af hverju? Vegna þess að þeir sem borga eignarskatta er fólk sem á eignir, sem er vant því að spara og stendur ekki í bruðli og sóun. Það fólk mun væntanlega ekki eyða þessum peningum til að kaupa sér jeppa með lánum eða eitthvað slíkt, heldur mun það hreinlega leggja þessa peninga fyrir þannig að mjög líklega mun lækkun eignarskatta ekki valda þenslu og það sem meira er, það mun hvetja menn til sparnaðar vegna þess að ef einhverjum manni verður sú ólukka á að spara meira en milljón umfram fríeignarmörk, þá er hann orðinn fastur áskrifandi að eignarskatti upp á 14.500 kr. árlega úr því, og sumir nenna bara ekki að borga það og þeir hætta að spara og kaupa sér jeppa fyrir milljónina. Það er nefnilega þannig að eignarskattur er refsing á sparnað. Mönnum er refsað fyrir að spara. Og þess vegna er mjög skynsamlegt að fella niður eignarskatta vilji menn yfirleitt örva sparnað sem slær á þensluna sem er í þjóðfélaginu í dag.

Þess vegna, herra forseti, skora ég á hæstv. fjmrh. að vinna nú í anda forvera síns og lækka eignarskatta og breikka stofninn þannig að fólk geti farið að spara í friði fyrir ríkinu.

[19:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðallega forvitni og fróðleiksfýsn sem knýr mig til að koma hér í pontu. Það er alltaf mjög fróðlegt að hlýða á þennan einn helsta talsmann Sjálfstfl. á sviði almannatrygginga og fjármagnsmarkaða opna sig

eins og hann gerði núna. Í máli hans kom fram að hann telur breytingarnar sem gerðar voru á tekjuskattslögunum 1996 allar hafa verið til góðs, segir að þetta hafi auðveldað sölu á fjölskyldufyrirtækjum og fyrirtækjum almennt. Við umræðuna í gær vísaði hann í söluna á Hagkaupum sem dæmi.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann sjái enga galla á fjármálaumhverfi Íslendinga nú um stundir? Hefur hann t.d. engar áhyggjur af þeirri einokun sem er hér að skapast á ýmsum sviðum, t.d. á sviði matvörumarkaðar þar sem smásöludreifing er komin 60–70% í hendurnar á einum aðila? Ég spyr í ljósi þessara hástemmdu yfirlýsinga sem hv. þm. hefur gefið, hvort hann virkilega sjái engin hættuteikn eða enga galla á því kerfi sem menn hafa verið að smíða á liðnum árum?

[19:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir stórhækkuð laun og minnkandi atvinnuleysi sem er nánast ekkert og marga virkilega góða hluti sem eru afleiðingar af starfi ríkisstjórnarinnar í því að bæta umhverfi atvinnulífsins, þá eru vissulega gallar. Og það sem maður horfir kannski mest á er verulega mikill halli á viðskiptum við útlönd, hættulega mikill halli að mínu mati sem þarf að taka á. Það er vandi sem þarf að taka á. Einn þáttur í því er að auka sparnað, auka innlendan sparnað og til þess þarf að búa til umhverfi, lækka eignarskatta t.d. og hætta að refsa fólki fyrir að spara. En það þarf að gera meira. Það þarf að hætta að verðlauna menn fyrir að skulda og ég er búinn að benda á það aftur og aftur að vaxtabæturnar hvetja ungt fólk til þess að skulda og ég skora á hv. þm. að taka á því máli og hætta að verðlauna menn og hvetja þá til að skulda.

Varðandi samþjöppun á matvörumarkaðnum, þá er það náttúrlega allt annað mál og heyrir undir samkeppnislög og annað slíkt. Ég var ekkert voðalega ánægður með niðurstöðuna í því máli á sínum tíma en auðvitað hljóta stofnanir ríkisins að ákveða um það hvað ógnar samkeppni og hvað ekki. En það er allt annað mál en það sem við ræðum hér sem eru fjármagnstekjur og að hætta að leyfa fólki að fresta söluhagnaði af hlutabréfum.

[19:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að vissulega er það áhyggjuefni hve viðskiptahallinn er orðinn geigvænlegur á Íslandi á síðasta ári, þessu ári og fyrirsjáanlegt að framhald verði þar á. Ég tek undir það með hv. þm.

Varðandi auðhringamyndun í landinu og samþjöppun, sem ég vék að, t.d. á matvörumarkaði þá er það aldeilis ekki ótengt þeirri þróun sem við erum að ræða vegna þess að við erum nú að verða vitni að aukinni misskiptingu í íslensku þjóðfélagi. Eignir eru að safnast á fárra manna hendur og ég held að það sé vissulega hluti af þeirri peningahyggju sem hér hefur verið að ryðja sér til rúms og hefur birst okkur t.d. í því lagafrv. sem lögfest var árið 1996.

Hv. þm. Pétri H. Blöndal verður tíðrætt um hinn skynsama skattgreiðanda, þann sem leitar alltaf eftir öllum smugum til að komast hjá því að greiða skatta hvort sem það er hér á landi eða í útlöndum. Það væri fróðlegt að heyra hvort honum finnst ekki hægt að gera neinar siðferðilegar kröfur til stóreignafólks sem reynir að koma sér hjá því að greiða eðlilega til samfélagsins. Finnst honum virkilega að hin gráðuga Glistrup-manngerð eigi að ráða hér för eins og mér virðist mega að skilja á hans máli?

[19:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Skattgreiðandinn er skynsamur. Það er rétt. Því hef ég haldið fram. Hann leitar að sjálfsögðu leiða til að lágmarka skattgreiðslur sínar innan siðferðilegra marka að sjálfsögðu. Fjöldi manns sem ég hef talað við nýtir sér t.d. það ekki að taka lán í útlöndum og nota sér vaxtamuninn sem Seðlabankinn er búinn að búa til hér á landi í mörg ár vegna þess að mönnum finnst það ekki vera siðferðilega hægt. En auðvitað er í því fólgin ákveðin áhætta eins og þeir eru að kynnast núna sem hafa tekið lán í útlöndum og horfa upp á dagvaxandi hækkun erlends gjaldeyris og eru núna að tapa kannski öllu sem þeir högnuðust um áður. Auðvitað gera menn siðferðilegar kröfur bæði til sjálfs sín og annarra.

En varðandi gráðuga Glistrup-sinna, þá skyldi nú ekki vera að sá sem er gráðugastur sé ríkissjóður. Það skyldi nú ekki vera að sá sé gráðugastur sem gengur í vasa minn og hirðir 40% af tekjum mínum sem ég á. Það skyldi nú ekki vera að hann sé kannski allt of gráðugur.

[19:18]

Útbýting þingskjala:

Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, 286. mál, frv. SJóh o.fl., þskj. 315.

Dýrasjúkdómar, 291. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 322.

Hreinsun og afhending neðra Nickel-svæðisins í Reykjanesbæ, 290. mál, fsp. KPál, þskj. 321.

Stefna í málum Landspítala, 288. mál, fsp. RG, þskj. 319.

Útskriftir fatlaðra af Landspítala, 289. mál, fsp. RG, þskj. 320.

[19:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil segja örfá orð um þetta frv. fjmrh. sem hér liggur fyrir. Það sem mest hefur verið rætt og þetta frv. inniber eru þau ákvæði sem lúta að frestun á greiðslum söluhagnaðar af sölu hlutabréfa. Það er kannski synd vegna þess að í þessu frv. er hreyft ýmsum réttarbótum sem hv. nefnd á eftir að fjalla um og á væntanlega eftir að koma til umfjöllunar frekar við 2. umr. málsins. Herra forseti. Ég vil nefna t.d. það sem 15. gr. fjallar um, þar sem gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti bæði af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni skattaðila breytt ákvörðun skattstjóra hafi yfirskattanefnd eða dómstólar með úrskurði eða dómi kveðið upp úr með það að skattframkvæmd standist ekki lög. Ríkisskattstjóra er þá heimilt að leggja fyrir skattstjóra að annast slíkar leiðréttingar í samræmi við verklagsreglur.

Ég vil líka nefna, herra forseti, það sem er í 16. gr. frv. um það að skattstjóri geti tekið afstöðu til umsóknar skattaðila um lækkun álagðra skatta vegna tvísköttunar. Framkvæmdin hefur verið sú að erindi af þessu tagi hafa verið afgreidd af ríkisskattstjóra eftir álagningu. Sömuleiðis er hér talað um breytingar á álagstíma og skilafresti sem helgast af breyttu umhverfi að ýmsu leyti og er auðvitað spor í framfaraátt miðað við það umhverfi sem við búum við og miðað við þá tækni sem menn eru farnir að nýta sér. Allt eru þetta atriði sem hvert fyrir sig hefði getað verið tilefni umfjöllunar. En ég ætla eins og aðrir að fjalla fyrst og fremst um það sem hefur orðið mál málanna út úr þessu frv., þ.e. þau ákvæði sem komu inn í skattalögin árið 1996 varðandi einstaklinga og heimild þeirra til frestunar á skattgreiðslum af söluhagnaði ef þeir fjárfestu í hlutabréfum.

Það er alveg ljóst að framkvæmd þessa ákvæðis hefur verið slík að það hefur mjög orkað tvímælis og það er auðvitað þess vegna sem hæstv. ráðherra er nú kominn með þessa breytingu. Það hefur komið fram bæði í frv. eða greinargerð þess, og eins í því sem hann hefur farið yfir varðandi þetta mál bæði fyrr og nú, að framkvæmdin varð að ýmsu leyti á annan máta en menn reiknuðu með þegar þetta var samþykkt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat þess í ræðu sinni í dag að vissulega hefði verið bent á það þegar málið var til umfjöllunar að með þessu gætu menn frestað skattgreiðslu út í hið óendanlega, en eigi að síður varð það niðurstaða meiri hlutans að þetta stæði svona. Kannski óraði engan fyrir því að framkvæmdin yrði nákvæmlega sú sem hún hefur orðið, þ.e. að breytingarnar á umhverfinu yrðu svo stórstígar sem raun ber vitni og að menn mundu horfa á allar þessar miklu fjárfestingar erlendis sem tölurnar segja okkur að hafi orðið á þessu tímabili.

Herra forseti. Það vekur athygli að hæstv. ráðherra nefnir í sínu frv. ekkert þá breytingu sem verður árið 1998 þar sem sama regla er sett fyrir lögaðila og áður hafði verið sett fyrir einstaklinga. Það má segja, herra forseti, að mönnum hafi þótt eðlilegt að lögaðilar fengju á sig sem sömu reglu og einstaklingar og með sömu rökum má þá segja að það sé eðlilegt sem fram kemur í frv. okkar í Samfylkingunni að réttur beggja aðila fylgist þá að aftur út úr lögunum, þ.e. þessi réttur til frestunar.

En það hefur verið bent á annað atriði sem kom inn í lagabreytingunni 1998, þ.e. 20% skattlagning söluhagnaðar erlendra aðila af hlutabréfum í íslenskum félögum. Þetta atriði hefur verið nefnt sem eitt af því sem hugsanlega kæmi í veg fyrir að íslenskir eigendur erlendra félaga fjárfestu til baka heim. Ugglaust mun nefndin fara yfir þetta um leið og hún skoðar ákvæði þessa frv.

Það hefur komið fram um þessa breytingu að þetta ákvæði sé óvíða að finna í löggjöf nágrannalanda okkar og það sé því fallið til þess að stuðla að því að fjármagn í eignarhaldsfélögum leiti ekki heim. Það hefur jafnframt komið fram að erfitt sé að framfylgja þessu lagaákvæði og að eftirlit með framkvæmd þess hafi ekkert verið af hálfu skattyfirvalda enn sem komið er, enda mun það ekki hafa skilað krónu í ríkissjóð. Herra forseti. Kannski erum við hér með dæmi um það hvað gerist ef skattprósenta og þar með umhverfi þeirra sem starfa á þessum markaði er svona ólíkt.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal segir að skattgreiðendur og fólk yfirleitt er skynsamt. Ef það á annað borð leggst yfir hlutina eða hefur tíma til að velta þeim fyrir sér, þekkingu eða þann aðgang að upplýsingum sem það þarf að hafa, þá velur það auðvitað þær leiðir sem eru því einfaldastar. Ég sakna þess hins vegar alltaf í máli hv. þingmanns, þó það sé kannski ekki beint dagskrárefni hér, að hann virðist ekki viðurkenna það að félagsleg hugsun bærist með nokkrum manni. En það er auðvitað efni í aðra umræðu okkar í millum.

Herra forseti. Ég fagna því að fulltrúi Framsfl. skuli vera viðstaddur þessa umræðu og vera á mælendaskrá vegna þess að það er mjög mikilvægt að kostur gefist á því að fulltrúi Framsfl. reifi þann fyrirvara sem þingflokkur Framsfl. setur við frv. fjmrh., eða þetta ákvæði um afnám frestunarinnar og lækkun þá af tekjuskattsprósentu þess sem fer umfram 3,2 millj. hjá einstaklingum og 6,4 hjá hjónum, og geri þinginu grein fyrir því hvort þetta sé þá ekki eiginlegt stjfrv. vegna þess að það er á því að skilja sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur látið eftir sér hafa í blaðaviðtali að hann vilji gjarnan halda öllu opnu gagnvart þessari grein og afstöðu til þess máls sem fjmrh. setur á dagskrá með þessum hætti. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið að það þurfi að skoða hvort ekki sé nægjanlegt að afnema frestunarmöguleikann eða hvort önnur viðbrögð komi til greina. Það væri áhugavert líka að fá að heyra hvaða önnur viðbrögð Framsfl. getur hugsað sér við því ástandi sem skapast hefur vegna þessa ákvæðis sem er í lögunum frá 1996 því ég geri ráð fyrir því að Framsfl. vilji breyta þessu ástandi á einhvern hátt þó hann sé ekki sáttur kannski nákvæmlega við þá leið sem ráðherrann vill fara í þessum efnum.

Mér finnst líka áhugavert að vita hvort þingflokkur Framsfl. telji ásættanlegt að breyta einungis því sem lýtur að einstaklingum en ekki lögaðilum vegna þess að á meðan lögaðilarnir hafa rétt til frestunar, og í rauninni óbreyttan rétt, þá er ekkert auðveldara en að einstaklingar myndi eignarhaldsfélag um eign sína í hlutbréfum og séu þar með komnir undir þak lögaðila og geti síðan gert nákvæmlega það sem þeim er heimilt og spurning þá til hvers verið er að breyta nema þá kannski til að ná af einhverjum fjármagnseigendum sem hafa minna umleikis þannig að það borgi sig þá ekki fyrir þá að stofna sérstakt félag um sína eign.

Mér finnst líka áhugavert að heyra hvað hæstv. fjmrh. segir um þetta. Ég vil vitna, herra forseti, í viðtal við hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn., í Morgunblaðinu á laugardaginn. Í kjölfar þess að segjast ekki vera ýkja hrifinn af þessari breytingu segir hann, með leyfi forseta:

„Það er síðan spurning hvaða aðrar breytingar geta komið til en þetta sem snýr að skattfrestun á söluhagnaði. Það er ýmislegt annað sem gæti lagað þetta fyrir atvinnulífið í heild og aukið samkeppnishæfni Íslands.

Þessi breyting þýðir að það verða einhverjir sem greiða þennan 10% skatt, en ef menn eru með einhverjar upphæðir reyna þeir örugglega að fjárfesta í gegnum eignarhaldsfélög hérlendis en þó líklega mest erlendis. Ef menn fjárfesta erlendis standa menn betur gagnvart eignarskatti því að eignarskatturinn er farinn að spila mjög mikið inn í ákvörðun manna um hvort þeir eru með fyrirtækin á Íslandi eða erlendis. Það þarf því að skoða samkeppnishæfni skattkerfisins í heild."

Þetta segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Og hann heldur áfram, herra forseti, og nú vitna ég beint, með leyfi forseta:

„Fyrir þá sem eru með stórar upphæðir borgar sig að fara með þær í eignarhaldsfélög. Einstaklingar sem eru með stórar upphæðir í höndunum borga þennan 10% skatt einu sinni, en ef þeir ætla sér að fjárfesta aftur í atvinnulífinu munu þeir kjósa að gera það í gegnum eignarhaldsfélög. Skattfrestun söluhagnaðar verður áfram til staðar hjá fyrirtækjum þannig að þau geta flutt eignarhald á milli fyrirtækja."

Herra forseti. Mér finnst að þetta gefi tilefni til þess að hæstv. ráðherra fari yfir það hér með okkur hvernig hann sér þetta fyrir sér ef einungis verður afnumin heimild einstaklinga til að fresta en lögaðilar halda þeirri heimild sem þeir hafa samkvæmt lögunum frá 1998.

Ég heyri að hv. þm. Pétur Blöndal er farinn að setja efh.- og viðskn. fyrir, hvað hún eigi að skoða og gera. Eins og ég vitnaði í áðan er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson búinn að gera það. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur sett efh.- og viðskn. fyrir og þá er ég að tala um efni sem ekki er beint getið í þessu frv. heldur atriði sem menn telja nauðsynlegt að

skoðuð séu í því samhengi sem menn eru að fara yfir hlutina hér.

Ég vil þá einungis, herra forseti, í lokin rifja það upp sem ég sagði í gær að auðvitað er nauðsynlegt að menn skoði þessa hluti í ákveðnu samhengi. Ég er nokkuð viss um að menn munu sjá það og fyrir liggur að líta þarf til fleiri þátta en nákvæmlega þeirra sem eru í 17. gr. og lúta að frestun. Menn þurfa vissulega að horfa til þess hvernig þeir geta laðað fjármagn til Íslands. Menn hafa talað um samkeppnishæfni. Menn hafa talað um mikilvægi þess að erlendar fjárfestingar ykjust í íslensku atvinnulífi og auðvitað hlýtur það einnig að verða viðfangsefni nefndarinnar að skoða þá hluti.

Síðan finnst mér eðlilegt að þeirri áskorun verði sinnt sem hér hefur aftur og aftur verið beint til hæstv. ráðherra og nefndarinnar, að eignarskattar verði skoðaðir. Sá vilji okkar í Samfylkingunni hefur komið fram að menn skoði samræmdari skattlagningu á tekjur, að ekki sé mismunað jafnmikið hvað varðar skatta eftir því hvaðan tekjur eru runnar og að við værum þá á móti tilbúin til að skoða lækkun eða niðurfellingu á eignarskatti og eins á stimpilgjöldum sem menn hafa farið hér yfir að geti verið býsna óréttlát og tæpast hægt að kalla skatt þó að þau séu það áreiðanlega í skilningi OECD.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr starfi nefndarinnar. Væntanlega mun það birtast okkur hér einhvern tíma laust fyrir jól þegar lítill tími verður til að fjalla rækilega um þær niðurstöður. Þó skyldi maður aldrei örvænta fyrir fram.

[19:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessu máli sem til umræðu er og þau atriði úr frv. sem helst eru til umræðu, þ.e. ákvæði um að afnema frestun á skattlagningu á söluhagnaði af hlutabréfum og hlutfall skattsins, eru atriði sem hafa þarf til skoðunar þegar slíkt mál er vegið og metið. Mér sýnast það vera einkum fjögur atriði sem skipta verulegu máli. Í fyrsta lagi frestunin á söluhagnaðinum, í öðru lagi hlutfall skattsins sem lagt er á, í þriðja lagi samræming á milli skattlagningar á tekjur og eignir almennt og í fjórða lagi að menn þurfa að hafa í huga að við búum við tiltölulega opið fjármálakerfi og það leiðir óhjákvæmilega af sér samanburð við sambærilega löggjöf erlendis. Allt eru þetta atriði sem skipta verulegu máli þegar menn reyna að komast að niðurstöðu um hvað sé skynsamlegast að gera hér á landi.

Ég vil fyrst víkja að frestun á söluhagnaði eða þeirri tillögu í frv. að afnema hana. Á sínum tíma var sett í löggjöf ákvæði um að fresta söluhagnaði til þess að stuðla að því að peningar yrðu áfram í atvinnulífinu þannig að menn hefðu ávinning af því, bæði með því að geta frestað skattlagningu og líka með tiltölulega lægra skatthlutfalli. Þetta var því sett upp til þess að stuðla að því að menn tækju ekki peningana út úr greininni heldur geymdu þá í henni. Því að ekki eru svo mörg ár síðan að í íslensku atvinnulífi var fjárskortur og skortur á eigin fé var verulegt áhyggjuefni. Það var ekki mikið um peninga þannig að það var eðlilegt að ríkisvaldið eða löggjafinn beitti aðferðum sem þessum til þess að laða fjármagn inn í atvinnulífið.

Nú hafa aðstæður að mörgu leyti breyst. Það er til verulega mikið af fjármagni og þeir sem það eiga eru að leita að kostum til að fjárfesta í. Aðstæður hafa því að mörgu leyti snúist við. Menn eru frekar að leita að skuldurum en að fyrirtækin séu að leita að mönnum sem eiga peninga. Þess vegna er eðlilegt að menn íhugi hvort ekki sé rétt að breyta þessum ívilnandi reglum vegna þess að ekki sé lengur þörf á þeim. Ég held að það sé að mörgu leyti skynsamleg tillaga sem er hér í frv., þ.e. að afnema frestunarákvæði á söluhagnaði og styðjast þá við það sem almenna reglu að skattur sé gerður upp af hagnaði það ár sem hann fellur til, því að ekki er líklegt, þótt svo það væri gert, að eitthvað mundi draga úr því síðar meir að peningar leiti inn í atvinnulífið.

Hlutfall skattsins skiptir líka verulegu máli og menn beittu því og hafa beitt því til þess að stuðla að innstreymi fjár í atvinnulíf eða fyrirtæki. Og það hefur líka breyst af sömu ástæðu og ég nefndi áðan og því hefur dregið úr þýðingu eða nauðsyn þess að beita hlutfalli á skattprósentu til að draga peninga inn í atvinnurekstur.

Ég minni á að fyrir nokkrum árum var verulega tekist á hér um það grundvallaratriði að stíga það skref að hefja skattlagningu á tekjum af fjármagni, af fjármagnstekjum, sem voru fyrir þann tíma að verulegu leyti undanþegnar nokkrum sköttum. Svo langt var gengið í löggjöf að menn töldu mikið á sig leggjandi til að fá peninga inn í atvinnulíf að það voru engir skattar á verulegum hluta af fjármagnstekjum. Þetta var mikið deilumál á þinginu en niðurstaðan varð sú að taka upp skattlagninguna. En til að stíga skrefið varlega og ná samkomulagi um hlutina var ákveðið að hafa skatthlutfallið lágt og undanþágulítið. Reynslan af þessum 10% fjármagnstekjuskatti hefur verið góð að mínu viti. Mér sýnist að reynslan sé nákvæmlega eins og frumvarpshöfundar eða tillöguhöfundar á sínum tíma gerðu ráð fyrir. En eins og menn muna var mikil skýrsla samin um þetta og að henni stóðu fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandinu.

Ég held að ríkissjóður hafi haft meiri tekjur af þessu en áætlað var og ég held líka að það hafi skipt máli að þarna var dregið úr mun á skattlagningu á tekjum af fjármagni annars vegar og tekjum af launavinnu hins vegar þannig að verið var að færa hlutina nær og draga úr mismun sem áður hafði verið.

Reynslan varðandi söluhagnað á hlutabréfum hefur verið sú eins og fram kemur í frv. að menn hafa nýtt sér leiðir til þess að fresta söluhagnaði og koma sér jafnvel algjörlega undan því að greiða nokkurn skatt af söluhagnaðinum. Það er því eðlilegt að hæstv. fjmrh. leiti að leiðum til að breyta því ástandi sem skilar ríkissjóði náttúrlega ákaflega litlu. Það eru því að mínu viti alveg rök í því að leggja til breytingar í þá veru eins og er í frv. að afnema möguleikann á frestun á söluhagnaði en í staðinn að bjóða mönnum lægri prósentu því að líklegt er að það skili ríkissjóði meiru en núverandi ástand og að því leytinu til held ég að tillögurnar séu til bóta frá núverandi ástandi.

Á hinn bóginn, og það er gallinn við slíkar tillögur, að þegar um er að ræða mikinn söluhagnað einstaklinga þá hafa menn mjög miklar tekjur og þegar menn þurfa að borga mjög lítinn skatt af þeim, því mikill munur er á þeim skatti og skatti af almennum launatekjum, þá er um verulegt misræmi að ræða. Fyllsta ástæða er til að fara að með gát í breytingar í þeim efnum að ívilna mönnum umfram það sem nú er í skattlagningu á miklum hagnaði. Niðurstaða löggjafans á sínum tíma var sú að það sem kalla má kannski hóflegan hagnað var gerður upp með fjármagnstekjuskattsprósentunni, 3,2 millj. á einstakling og 6,4 millj. á hjón, en það sem umfram var skyldu menn greiða af eins og um skatt af launatekjum væri að ræða.

Ég held að þetta hafi verið ágæt niðurstaða á sínum tíma og ég er ekkert sérlega fús til að breyta þessu. En það verður auðvitað að líta á hlutina eins og þeir eru vegna þess m.a. að við erum í opnum fjármálamarkaði og því er það eðlilegt að menn leiti að leiðum til að breyta því ástandi sem er og er lýst ágætlega í frv.

Ég vil hins vegar líka undirstrika að löggjafinn verður alltaf að gæta að því að taka ekki um of undir það sjónarmið að óeðlilegt sé að menn borgi skatta og að breyta eigi lögum til þess að menn geti komist hjá því að borga skatta vegna þess að menn hafi verið útsjónarsamir í þeirri viðleitni sinni að finna leiðir til að lækka skattgreiðslu sína. Við hljótum alltaf að leggja töluverða áherslu á ábyrgð einstaklinga á samfélaginu og skyldu þeirra til að leggja sitt af mörkum í ríkiskerfið og borga sína skatta og skyldur og að það sé eðlileg krafa til þeirra að þeir geri það. Ég hef svolitlar áhyggjur af þessu af því að mér hefur fundist á síðustu árum vera dálítið uppi, sérstaklega í fjármálaheiminum, það sjónarmið að eðlilegt sé að leita allra leiða til að komast hjá því að borga skatta. Mér finnst að við eigum ekki að stuðla mikið að þeim hugsunarhætti heldur fremur að ýta undir hið gagnstæða, að menn eigi að leggja sitt af mörkum.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti. En ég vil segja líka um þetta mál að ég tek undir þau sjónarmið að það eigi og sé rétt að skoða skattlagningu á eignir. Í þeirri skýrslu sem samin var á sínum tíma og leiddi til löggjafar um fjármagnstekjuskatt kom fram að löggjöf hér á landi er töluvert frábrugðin því sem gerist erlendis varðandi skattlagningu á eignir. Í þessu alþjóðlega umhverfi er ákaflega erfitt að vera með mjög frábrugðnar reglur í þessum efnum í einu landi því að það leiðir til þess að ef þær eru óhagstæðar flæðir fjármagnið bara frá okkur. Ég held að skynsamlegt sé að skoða skattlagningu á eignir með það í huga að lækka hana og færa hana nær því sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Það er líka að mörgu leyti eðlilegt að draga úr þeim mun sem er í dag á skattlagningu á eignir, t.d. innan eignasamsetningar eins og fasteigna annars vegar og hlutabréfaeignar eða verðbréfaeignar hins vegar. Það er ekkert endilega nauðsynlegt lengur að gera þann mikla mun sem löngum hefur verið í þessum efnum.

Ég held að ég hafi farið yfir helstu sjónarmið í þessum efnum, herra forseti, og við leggjum áherslu á að þessi mál verði skoðuð vandlega í nefnd. Það eru rök fyrir því að taka upp þetta mál eins og hæstv. fjmrh. hefur lagt til og við teljum rétt að skoða þau rök til hlítar. En við teljum líka rétt að halda fram því sjónarmiði að gæta að því að mönnum er rétt og skylt að leggja sitt af mörkum til samfélagsins með því að greiða skatta.

[19:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að hér hafi í dag alveg eins og í gær farið fram mjög málefnaleg og fróðleg umræða um mikilvæg málefni á sviði skattaréttar. Ég tel t.d. að síðasta ræða sem hér var flutt hafi verið yfirgripsmikil og málefnaleg þar sem komið var að helstu álitaefnum í þessu máli, nákvæmlega eins og gert var þegar þetta frv. var samið að beiðni minni í fjmrn. og það síðan lagt fyrir ríkisstjórn. Niðurstaðan af þeim vangaveltum sem hv. þm. var hér með, af minni hálfu, var sú að ekki væri önnur leið fær en að gera þetta eins og hér er lagt til.

Auðvitað er eðlilegt að menn velti því vel og vandlega fyrir sér hvort til séu einhverjar aðrar leiðir betri. Það hefur Samfylkingin gert og lagt fram frumvarp sem ég tel reyndar, eins og ég sagði í gær, að skili ekki þeim árangri sem að er stefnt.

Hins vegar er margt fleira í skattalögum okkar, eins og við höfum ítrekað rætt, sem þarf að lagfæra. Eitt af því eru eignarskattarnir. Mér finnst sérstaklega ánægjulegt að heyra við þessa umræðu hversu margir úr ólíkustu áttum eru farnir að taka undir það. Einu sinni var það talið eitt helsta bjargráð ríkissjóðs að hækka eignarskattana, tvöfalda þá o.s.frv. Nú er sem betur fer æ fleirum að verða ljóst að hér er um að ræða skattform sem er að mörgu leyti úrelt og þarf að breyta. Það er ekki í samræmi við aðstæður í því alþjóðlega skattaumhverfi sem við búum við. Ég vænti þannig góðs stuðnings við þær tillögur sem ég kann að flytja um það efni í ljósi þessara umræðna hér. Ég tel þá að ég hafi svarað spurningu hv. þm. Péturs Blöndals um eignarskattana í leiðinni. Ég er auðvitað sama sinnis og forveri minn í þeim efnum. Hins vegar þarf að standa þannig að þessum málum, þegar lækkaðir eru skattar eins og hér er um að ræða, að haft sé í huga að málið snýst um tekjustofna sem skila töluverðum tekjum.

Hið sama á við um stimpilgjaldið sem á sér fáa formælendur nú orðið en skilar verulegum skatttekjum. Huga þarf að endurskoðun á því og að því er unnið á mínum vegum. Ég geri ráð fyrir að geta flutt frv. um það efni, vonandi á þessu þingi.

Þá vil ég víkja að þeim spurningum sem beint hefur verið til mín varðandi efni þessa frv. Ég ætla fyrst að koma að spurningum hv. þm. Kristjáns Pálssonar um tvö atriði sem ekki lúta að þeim þáttum sem hér hafa verið mest til umræðu. Hann spurði um bráðabirgðaákvæði sem kveður á um þá aðila sem þegar hafa hagnýtt sér skattfrestunarmöguleikann í gildandi lögum og gerðu það á árunum 1998–1999. Bráðabirgðaákvæðið gengur út á að slíkir aðilar geti nú þegar gert upp sín mál með því að greiða 10% fjármagnstekjuskatt eins og verða mun framvegis ef þetta frv. verður að lögum. Ef þeir kjósa að gera það ekki þá gildir regla gildandi laga. Þetta á við um þá sem hafa nýtt sér skattfrestunina á árunum 1998–1999 en ekki um þá sem hafa verið fyrr á ferðinni, enda eru þeir eðli málsins samkvæmt þegar búnir að gera ráðstafanir vegna þess að tveggja ára fresturinn er runninn út hjá þeim. Það á þannig ekki við aðila sem hefur innleyst söluhagnaðinn á árinu 1997 og er búinn að kaupa ný bréf á árinu 1999.

Síðan spurði hv. þm. um kaupréttarákvæðin og velti fyrir sér hvers vegna breyta ætti núverandi kerfi og miða við tíu daga meðalgengi þegar viðmiðunargengið er fengið á þeim bréfum sem starfsmönnum er gert kleift að kaupa með þessum ákvæðum. Af hverju er horfið frá því að miða við einn dag? Ég útskýrði þetta í umræðunni í gær. Það er vegna þess að það geta verið dagprísar á hlutabréfum eins og ýmsu öðru. Það geta verið sveiflur og óeðlilegt að láta slík atriði hafa áhrif á svona viðmiðun sem er í raun til lengri tíma. Þess vegna er tekið þarna ákveðið lengra tímabil og sagt sem svo: Það fæst raunsannari mynd af markaðsverði bréfanna með því að taka meðalgengi á lengra tímabili en að taka gengið á einum tilteknum degi. Það hefur þegar komið í ljós að ákvæði laganna frá því í vor að því er þetta varðar eru of þröng. Stór fyrirtæki í bænum, ég nefni t.d. Landsbankann, hafa gefið starfsmönnum sínum kost á að nýta sér þessi réttindi en þar kom á daginn að þarna var vandamál vegna þess að miðað var við einn tiltekinn dag en ekki lengra tímabil. Við urðum sem sagt að taka á þessu og leysa þennan vanda.

Fleiri þingmenn en einn spurðu: Hvers vegna er í þessu frv. eingöngu gert ráð fyrir að breyta reglunni að því er varðar einstaklinga en ekki lögaðila? Það er auðvitað eðlilegt að spurt sé um það. Samfylkingin vill í frv. sínu hverfa til baka, bæði að því er varðar einstaklinga og lögaðila. Við gerum ekki slíka tillögu í þessu frv. ríkisstjórnarinnar.

Menn verða að hafa í huga þann eðlismun sem er á einstaklingum og fyrirtækjum. Hugsunin að baki breytingunni sem hér var gerð 1998, þegar lögaðilum var hleypt inn í þetta sama frestunarfyrirkomulag eins og einstaklingum, var sú að gefa umræddum aðilum svigrúm til breytinga á fjárfestingum í öðrum hlutafélögum án þess að til skattlagningar á söluhagnaði kæmi. Slík heimild er forsenda þess að aðilar í rekstri geti breytt fjárfestingum sínum og rekstraráformum frá einum tíma til annars án þess að á tilfærslur fjármunanna verði lagður skattur. Það er lykilatriði í þessu að hér er ekki um að ræða úttekt fjármuna úr rekstri heldur einungis endurnýjun á fjárfestingum í hlutafélögum. Að því leyti eru þessar reglur sambærilegar því sem gildir um söluhagnað fyrnanlegra eigna í atvinnurekstri þar sem heimilt er að fresta söluhagnaðinum um tvenn áramót til að auðvelda endurnýjun eða tilfærslu eigna án þess að til skattlagningar komi. Þetta byggist sem sagt á því að fjárfest sé á nýjan leik í öðrum félögum og söluhagnaður nýttur til að halda áfram atvinnustarfsemi, en ekki að taka peningana út úr rekstrinum til eigin ráðstöfunar, neyslu eða þess háttar.

Einnig hefur verið spurt: En geta menn ekki bara stofnað hlutafélag um sjálfan sig, einkahlutafélag o.s.frv.? Það hefur verið farið með háar tölur um það. Það er auðvitað ekki hægt að gera nema menn séu með rekstur. Auðvitað hafa mörg einkahlutafélög verið stofnuð. Margir aðilar í rekstri sem áður voru með reksturinn í eigin nafni hafa nýtt sér möguleikann á að stofna einkahlutafélög, bæði lítil fyrirtæki og stór en einnig þeir sem hafa verið með þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Lögmenn, hárskerar og alls kyns aðilar sem veita persónulega þjónustu hafa stofnað einkahlutafélag. Við það er bara nákvæmlega ekkert að athuga. Hins vegar er heilmikið við það að athuga ef menn færa einkaneyslu sína á slík fyrirtæki. Það er ekki heimilt og skattyfirvöld eiga að fylgjast með því að menn misnoti ekki skattalögin eða þau fyrirtæki sem þeir ráða yfir með þeim hætti.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði út í 20% söluhagnað af erlendum aðilum. Það er eitt af þeim ákvæðum í skattalögum okkar sem nánast hefur verið ógerningur að framkvæma. Ég hygg að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi líka vakið athygli á því. Þetta er ákvæði um að íslensk skattyfirvöld eigi að skattleggja erlenda aðila um 20% af þeim söluhagnaði sem sá aðili fær af viðskiptum með íslensk hlutabréf. Ímyndum okkur nú að tveir þingmenn í þessum sal ættu hlutabréf í bandarísku fyrirtæki og ættu sín í milli viðskipti með hlutabréf í slíku fyrirtæki og þar myndaðist einhver söluhagnaður. Ég gæti ímyndað mér að t.d. hv. þm. Pétur Blöndal ætti erlent hlutabréf og seldi það með hagnaði til hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Hvernig eiga þá skattyfirvöld í upprunalandi þessa hlutabréfs að geta haft eftirlit með því eða gætt þess að hann borgaði skatt af þeim söluhagnaði? Ég veit að hann mundi gera allt sem hann gæti til að koma skattinum til skila en þingmaðurinn er ekki framtalsskyldur í því landi. Þetta er óframkvæmanlegt. Við sjáum það af svona dæmum. Ef þetta snýr að íslenskum aðilum sem eiga erlend bréf þá sjáum við hvað þetta er óraunhæft. Ég hygg að það sé rétt, ég get ekki fullyrt um það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, að tekjur ríkissjóðs af þessu ákvæði hafa verið litlar sem engar. Þá er spurningin: Til hvers erum við með slík ákvæði? Það er atriði sem mér finnst að nefndin eigi að hugleiða.

Síðan vildi ég í lokin nefna annað atriði sem snýr að grundvallarspurningunni um þetta og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og fleiri hafa nefnt. Hvaða hagsmunir eru í því að gera þá breytingu sem lögð er til með þessu frv.? Er ekki bara verið að hygla einhverjum fáum? Er ekki betra að ríkissjóður fái 45% skatt af þessum peningum en 10%? Fyrir nokkru var í blaði viðtal við endurskoðanda sem þekkir þessi mál mjög vel og ég vona að hv. þingnefnd leiti til. Eftirfarandi var haft eftir honum, með leyfi forseta:

„Sú regla skattalaga að söluhagnaður hlutabréfa sé skattlagður öðruvísi en allar aðrar fjármagnstekjur hefur einungis leitt til þess að tekjur ríkissjóðs eru lægri en annars hefði verið."

Það er Árni Harðarson hdl. og forstöðumaður hjá stóru endurskoðunarfyrirtæki í borginni sem lætur hafa þetta eftir sér. Hvað skyldi nú vera til í þessu? Ég hef í höndunum upplýsingar frá ríkisskattstjóraembættinu sem sýna að söluhagnaður á síðasta ári var tæplega 20 milljarðar af hlutabréfum. Skattlagt sem fjármagnstekjur voru 6,6 milljarðar af þessu. Það er þá væntanlega hjá fólki sem er með undir 3,2 í söluhagnað millj. og borgar 10% skattinn. Skattlagt sem aðrar tekjur, þ.e. tekjur sem eru umfram þessi 3,2 millj. mörk eru 182 millj. Skattlagningu frestað, þar er um að ræða tæplega 13 milljarða af þessum 20. 182 millj. fara í almennu skattprósentuna. Það gefur okkur svona 80 millj. í tekjuskatt samkvæmt núgildandi reglum. En 10% fjármagnstekjuskattur af þessum 13 milljörðum mundi gefa ríkissjóði 1,3 milljarða. Þannig er ekkert vafamál að núgildandi reglur hlunnfara ríkissjóð og með þessari einföldu breytingu væri hægt að afla næstum því 1.300 millj. kr. með lítilli fyrirhöfn af þessum skattstofni og í flestum tilfellum yrði fólk ekki ósátt við að greiða þennan skatt. Ég tel að hér sé um augljóst hagsmunamál fyrir ríkissjóð að ræða og sjálfsagt mál að ráðast í þessa breytingu. Ég vona að hún fái drjúgan stuðning í þinginu.

[20:00]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Áðan reyndi hæstv. fjmrh. að gera okkur grein fyrir þeim mun sem væri í þessum efnum á lögaðila og einstaklingum hvað varðaði frestun á skattgreiðslum. Munurinn var sá að með því að leyfa lögaðilum að hafa þennan rétt væri verið að gefa þeim svigrúm til breytinga án þess að til skatts kæmi, eins og hann orðaði það, að fjárfesta á nýjan leik.

Herra forseti. Er það ekki nákvæmlega það sem einstaklingunum hefur verið gert heimilt að gera? Er nokkur munur þarna á nema einstaklingarnir þurfa að fjárfesta í öðrum hlutabréfum nú eða félögum auðvitað? Ég sé ekki muninn og hæstv. ráðherra þarf að útskýra hann mun betur til þess að það sé skiljanlegt af hverju hann kýs að afnema þessa reglu eingöngu fyrir einstaklinga en ekki fyrir lögaðila. Helst var á honum að skilja að einstaklingar gætu komist upp með það vegna þessarar frestunar að nýta það fjármagn sem þeir greiddu ekki skatta af til neyslu eða til annarrar ráðstöfunar en það er ekki samkvæmt lögunum eins og hæstv. ráðherra veit, menn verða að fjárfesta aftur.

Af því að hann segir að núgildandi regla hlunnfari ríkissjóð væri líka áhugavert að fá fram hjá honum viðhorf

gagnvart því sem ég vitnaði í hér áðan þar sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson bendir á í viðtali við Morgunblaðið sl. laugardag að einstaklingar muni stofna eignarhaldsfélög, þeir sem hafi einhverja peninga fram að leggja muni stofna eignarhaldsfélög og undir þeim hatti endurfjárfesta síðan annaðhvort hér eða þá aðallega erlendis, vill þingmaðurinn meina, vegna eignarskattanna. Telur hæstv. fjmrh. að ekkert sé með þessa skoðun hv. þm. að gera eða er hv. þm. að hans mati á villigötum hvað þetta varðar?

[20:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er ekki á neinum villigötum í sjálfu sér. Hann vill ganga lengra en svigrúm er til í augnablikinu til að koma til móts við þarfir og óskir atvinnulífsins og fyrirtækjanna. Hann er efins um að sú breyting sem ég hef lagt til gangi nógu langt í þeim efnum. Ég efast hins vegar um að hann væri samþykkur tillögu Samfylkingarinnar um að láta þetta ná líka yfir lögaðilana en annars er best að hann svari því sjálfur þegar kemur að störfum í þingnefndinni.

Að því er varðar lögaðilana mega menn heldur ekki gleyma því að lögaðilar borga ekki fjármagnstekjuskatt eins og einstaklingar, þeir borga bara sinn venjulega tekjuskatt sem er núna 30% og þarf reyndar að lækka ef við ætlum að halda áfram að vera með samkeppnishæft atvinnulíf og skattumhverfi. Það er eitt af því sem þarf að breyta en það er ekki sami munurinn þar á fjármagnstekjuskatti og almennum tekjuskatti vegna þess að það er sama prósentan. Þar er því ekki um að ræða sams konar áhrif og verið hafa gagnvart einstaklingum sem hafa verið að flýja háu skattprósentuna og koma sér ekki bara niður í 10% heldur niður í núll sem er það sem hefur gerst. Það er eðlilegt að fyrirtækin geti hagnýtt sér þetta. Hvort einstaklingar muni síðan fara að búa sér til einhver fyrirtæki óeðlilega get ég ekkert fullyrt um. En ef sú verður raunin þurfum við að skoða það sérstaklega, er það ekki?

[20:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að þingheimi hafi verið ljós þessi munur á einstaklingum og lögaðilum hvað varðaði skattgreiðslur þeirra. En ég verð að segja að mér er enn þá jafnhulið af hverju hæstv. ráðherra kýs ekki að afnema frestunarheimildir lögaðila eins og hann er fús að gera gagnvart einstaklingum. Hann segir að ef það sýni sig að einstaklingar muni fara þá leið að stofna eignarhaldsfélög og komast þannig áfram á flótta undan 10%, eins og hann orðaði það áðan, þá væri fróðlegt að vita, af því hann nefnir þetta, hvaða ráð hann sér ef það gerist sem hann sér fyrir sér að gæti jafnvel gerst og bent hefur verið á. Hvaða leið sér hann fyrir sér til þess að mæta því ef það gengur eftir sem menn eru að spá, að ef leið lögaðilanna verður áfram opin muni einstaklingar nýta þá möguleika sem þeir eiga til þess að verða lögaðilar, ef má orða það þannig, til að komast hjá skattgreiðslu?

[20:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði í umræðunum í gær að ég sæi ekki lengra fram í tímann núna en ég gerði 1996 og ætli ég verði bara ekki að viðurkenna það í þessu. Við sjáum kannski ekki út yfir alla króka og kima í þessu máli eða inn í öll skúmaskot sem kunna að leynast í skattalögunum en við verðum jafnan að vera undir það búin að takast á við ný vandamál sem upp koma. Ég held að aðaláskorunin í þessu sé að vera á öllum sviðum með kerfi sem er bæði samkeppnishæft gagnvart útlöndum en líka þannig að það hvetji fólk ekki til þess að leita sér að sérstökum útgönguleiðum. Vera með kerfi, eins og við erum að leggja til í dag, sem er það sanngjarnt gagnvart fólki að það hafi enga sérstaka ástæðu til þess, vegna þess að ég hygg að flestir vilji, eins og hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði, leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins.

[20:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég læt ekki sannfærast af skýringum hæstv. fjmrh. á því að rétt sé að gera greinarmun á einstaklingum og lögaðilum varðandi frestun á skattlagningu söluhagnaðar. Þessu hefur verið svarað þótt ófullnægjandi sé að mínum dómi.

Hinu vil ég mótmæla að það sé forgangsverkefni á Íslandi að lækka enn skatta á fyrirtækjum. Skattar hafa verið lækkaðir stórlega á fyrirtækjum á undanförnum árum og hæstv. ráðherra sagðist fagna því að úr öllum hornum heyrðust þær raddir að lengra bæri að ganga í þessa átt, eignarskattar, stimpilgjöld og þar fram eftir götunum. Ég tel þetta ekki vera forgangsverkefni á sama tíma og verið er að hækka skatta og álögur á almennt launafólk, útsvar, notendagjöld hvort sem eru í skólakerfinu eða í heilbrigðiskerfinu, dregið er úr stuðningi við öryrkja og aldraða og þá eru menn að tala um það sem forgangsverkefni að lækka enn skatta á fyrirtæki.

Hæstv. ráðherra er tíðrætt um alþjóðlegt skattaumhverfi og að við verðum að laga okkur að því. Það er alveg rétt. Í heiminum núna og ekki síst í Evrópu hafa menn áhyggjur af því að menn séu að undirbjóða hver annan skattalega, lækka skatta til að kalla til sín fyrirtæki og fjármagn. Því miður hafa Íslendingar gengið fram fyrir skjöldu í þessu efni með alþjóðlegum viðskiptafélögum og öðrum tilraunum til að grafa undan hinu alþjóðlega viðskiptakerfi. Hefur hæstv. fjmrh. ekki áhyggjur af þessu? Hvað finnst honum um viðleitni ríkisbankanna sem starfa á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem eru að grafa undan þessu fjölþjóðlega skattakerfi eins og Landsbankinn hefur t.d. gert með því að vísa viðskiptamönnum sínum til Guernsey á Ermarsundi, eyju sem hefur verið gagnrýnd af OECD fyrir að reyna að fella þessa lágmarkssiðferðisþröskulda í skattamálum?

[20:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að ýmsu í andsvari sínu. Ég er ekki viss um að ég muni öll þau atriði en við erum greinilega ekki sammála um skýringarnar eða ástæðurnar fyrir greinarmuninum sem er gerður á lögaðilum og einstaklingum. Látum það kyrrt liggja.

Það var mjög athyglisvert að fram kom hjá hv. þm. að hann er þá einn þeirra sem hafa talað um þessi mál í dag og eru andvígir ýmsum umbótum sem mönnum hefur orðið tíðrætt um að því er varðar skattalegt umhverfi fyrirtækja. Hann er andvígur því að lækka eignarskattinn, lækka stimpilgjöldin og ýmislegt fleira. Það er gott að það komi fram. Ég er ekki að gera lítið úr skoðun hans en miðað við þann samhljóm sem hefur verið í ræðumönnum, sérstaklega frá Samfylkingunni, um þessi atriði í dag stingur þetta óneitanlega nokkuð í stúf.

Að því er varðar síðan viðleitni fyrirtækja, banka og annarra til að koma sér upp starfsstöðvum í útlöndum og keppa á þeim alþjóðlega markaði sem er ríkjandi þá sé ég í grundvallaratriðum ekkert athugavert við það, ekki neitt. Bankarnir og

fjármálafyrirtækin hafa verið að koma sér upp skrifstofum og útibúum og aðstöðu bæði austan hafs og vestan. Ég tel að það sé bara eðlileg þróun og mjög jákvæð að opna þessa glugga út á við, hvað sem má síðan segja um alþjóðleg skattaskjól sem starfrækt hafa verið að öðru leyti. Ég er ekki talsmaður slíkra fyrirbæra eða slíkra lögsagnarumdæma sem starfa eingöngu í skjóli þess að geta laðað til sín peninga á grundvelli lágra skatta. En það er allt annað mál en við erum að tala um hér.

[20:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekkert annað mál. Við erum að tala um áherslur íslensku ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Við vitum hverjar þær hafa verið á umliðnum árum. Þær hafa gengið út á að hygla fjármagnseigendum og stórfyrirtækjum á kostnað almennings. Á sama tíma og verið er að fella niður skatta á fyrirtæki og fjármagnseigendur eða draga stórlega úr þeim eru auknar skattaálögur á almenning, ekki bara útsvarið heldur margvísleg notendagjöld, inni í skólakerfinu, inni í heilbrigðiskerfinu, og dregið úr stuðningi við aldraða og öryrkja. Ég er að segja að það er ekki forgangsverkefni á Íslandi að draga enn úr skattbyrði fyrirtækja og fjármagnseigenda. Forgangsverkefni á Íslandi er að styrkja stöðu almenns launafólks og styrkja stoðir velferðarþjónustunnar í landinu.

[20:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gleymir því grundvallaratriði að grundvöllurinn undir því að geta styrkt velferðarkerfið og almenningsþjónustuna í landinu er að hér sé öflugt atvinnulíf og fyrirtæki sem skapa þau verðmæti sem slíkt byggist á. Það liggur alveg fyrir að verðmætin í þjóðfélaginu verða ekki annars staðar til en einhver verður að skapa þau til þess að við getum leyft okkur ýmislegt sem okkur langar til að leyfa okkur á hinu félagslega sviði. (**ÖJ**: Það gerist ekki í verðbréfa...) Það er nú aldrei að vita, það er nú merkilegt nokk hvað gerist þar, hv. þm.

Hins vegar að því er varðar skattaskjól og þá starfsemi er það vissulega annað mál. Ég held því fram að það sé allt annað mál. Við erum ekki að búa til þjóðfélag á Íslandi sem sker sig úr að því leyti til heldur erum við að búa til samkeppnishæft umhverfi sem býður fyrirtækjum okkar eðlilega kosti í þessum efnum.

[20:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. talaði áðan um þá 13 milljarða sem hefði verið frestað eins og ríkissjóður hefði þar með misst gjörsamlega af þeim 10% sem þarna væru á ferðinni. Í staðinn hefði gróði ríkissjóðs verið fólginn í því ef þessi breyting hefði orðið að ná þá þessum 10% inn í ríkissjóð. Ég spyr: Er það virkilega skoðun hæstv. ráðherra að þessir peningar séu glataðir? Þó að menn hafi frestað því samkvæmt lögum að telja þetta fram að þá sé það bara glatað fé? Hvernig stendur þá á því, hvaða útskýring er á því að ekki er hægt að ná þessum fjármunum inn?

Síðan langaði mig til að ítreka spurningu sem ég bar fram fyrr í dag: Hve stór hluti af þeim 35 milljörðum, sem taldir eru vera erlendis samanlagt í eigu fyrirtækja og einstaklinga, er eign einstaklinga? Hvað telja menn að þeir séu að hafa upp úr krafsinu með því að gera þær breytingar sem hér er verið að leggja til? Eða vita menn nákvæmlega ekki neitt um það?

Síðan vil ég mótmæla því sem hæstv. ráðherra talaði um í sambandi við fyrirtækjastofnanir. Hann talaði um það að menn stofnuðu til fyrirtækja, einhvers konar einkahlutafélaga, með óeðlilegum hætti. Ég tel að það sé engin ástæða til þess að tala um stofnun hlutafélaga á þennan hátt. Það er viðurkennt að menn geta rekið hlutafélög þó að starfsemin sé lítil og að um sé að ræða hin smæstu fyrirtæki. Ég tel það bara vera atvinnurekstur ef menn eru að velta miklum fjármunum, hvort sem það heitir í hlutabréfum eða einhverjum öðrum eignum. Það er ekkert athugavert við það þó að menn stofni félag um slíkt. Þeir geta ætlað sér enn þá stærri hlut í framtíðinni og við því er ekkert að segja og menn munu heldur ekkert geta við því gert.

[20:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Nú verð ég að segja, að ég er hissa, herra forseti, því að hv. þm. hefur algerlega snúið því við sem ég sagði. Ég sagði einmitt að það væri nákvæmlega ekkert athugavert við það að einyrkjar og aðrir væru að stofna einkahlutafélög. Það eru þvert á móti ýmsir aðrir aðilar hér í pólitíkinni sem hafa verið að gera slíkt tortryggilegt og gera því skóna að með því að stofna slík félög væru menn eingöngu að reyna að koma sér undan sköttum eða vinna nánast einhver myrkraverk þannig að þetta er alveg út í hött, hv. þm.

Að því er varðar síðan fyrstu spurninguna um 13 milljarðana og skatttekjur ríkissjóðs þá veit ég náttúrlega ekkert um það hvort þessir peningar skila sér einhvern tíma seinna til landsins eða sem skattur í ríkissjóð. En lögin eru þannig núna að það er hægt að fresta þessu út í hið óendanlega. Það er vandamálið og við tökum á því með því að skattleggja þetta strax um 10%. Ég segi fyrir mig að ég vil frekar hafa það í hendi heldur en að fá einhvern tíma eitthvert smáræði í skatt af þessum peningum eins og raun ber vitni nú í dag. Ég vil frekar fá 1.300 millj. af þessu strax heldur en þessar 80 sem kerfið gefur af sér núna fyrir hönd ríkissjóðs. Það segi ég fyrir hönd ríkissjóðs.

Síðan er spurningin um þessa 35 milljarða sem hv. þm. nefndi. Ég þekki ekki hvort sú tala er nákvæmlega rétt. Ég hef ekki upplýsingar um hvernig hún skiptist. Lífeyrissjóðirnir hafa verið mjög duglegir við að byggja upp eignir í útlöndum. Þeir nota til þess mjög mikið af gjaldeyri eins og kunnugt er. Það er allt gott og blessað með það. Það hafa líka aðrir getað gert, bæði á grundvelli þessara ákvæða en einnig bara almennt séð. Sú skipting liggur ekki ljós fyrir í mínum höndum en sjálfsagt getur þingmaðurinn og aðrir hér inni aflað sér þeirra upplýsinga með nákvæmari hætti en hægt er að svara við þetta tækifæri.

[20:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði neikvætt um það í sinni ræðu, ég heyrði ekki betur, að það væri ekki gott ef menn stofnuðu til fyrirtækja með óeðlilegum hætti. Ég hef þá misskilið hann og ef svo er þá verð ég bara að taka því.

Hæstv. ráðherra segist ekkert vita í raun og veru eftir hverju hann er að seilast hvað varðar fjármuni sem hafa flust úr landi og það er náttúrlega ekki gott heldur vegna þess að hann hefði kannski aldrei haft þetta frv. svona ef hann hefði vitað eftir hverju hann var að sækjast.

Ég tel reyndar að þessi 10% hljóti að skila sér smám saman inn samkvæmt þeim ákvæðum sem eru í lögunum þó að menn geti frestað 10% á hverju ári og að ekki sé ástæða til að halda að menn komist upp í langan tíma með að sniðganga

lögin. Ég spyr: Hefði ekki verið hægt að breyta þar ákvæðum til þess að tryggja að þetta kæmi einhvern veginn til baka til ríkissjóðs?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 20:19]

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (heildarlög). — Þskj. 267.

[20:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er endurflutt frá síðasta þingi. Það var lagt fram á síðasta þingi og samkvæmt beiðni og góðu samkomulagi var það sent til umsagnar. Fjölmargar umsagnir bárust um þetta veigamikla mál. Síðan hefur málið verið endurskoðað og tekið tillit til ýmissa þeirra breytingahugmynda sem fram komu í umsögnum. Þó er það ekki í grundvallaratriðum en sumt var skýrt það sem misskilningi gat valdið og sumu var breytt. Til dæmis var 30. gr. frv. um ferðaþjónustu endursamin að hluta til og afmarkað betur hvað fælist í ákvæðinu en margar athugasemdir hnigu í þá átt að greinin væri mjög opin.

Í þriðja lagi var 2. mgr. 31. gr. felld brott og þar var tekið tillit til athugasemda um að það sé óþarfa forræðishyggja gagnvart sveitarfélögunum að kveða á um að börn skuli fremur njóta þjónustu stuðningsfjölskyldu en skammtímavistunar. Fallist er á að um þetta atriði verði félmn. að eiga val eftir þörfum og aðstæðum barna hverju sinni. Fram kom að 51. gr. um aðstoð við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis hafi verið misskilin og það var leitast við að gera hana skýrari. Gjaldtökuákvæði 53. gr. var endursamið að hluta í því skyni að afmarka gjaldtökuheimildir eins og unnt er. Að lokum var felld brott úr gildistökuákvæðinu, 55. gr., upptalning þeirra lagasetninga og lagabreytinga sem þurfa að vera fyrir gildistöku laganna og nægilegt er talið að sú upptalning komi fram í athugasemdum.

Eins og menn vita og muna sjálfsagt frá fyrri tíð eru tvær ástæður fyrir því að þetta frv. er flutt, annars vegar flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem er fyrirhugaður og hins vegar endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Frumvarpið var samið af nefnd sem ég skipaði í ágúst 1997 og í nefndinni voru Arnbjörg Sveinsdóttir alþm., Kristinn H. Gunnarsson alþm., Siv Friðleifsdóttir alþm., án tilnefningar, en samkvæmt tilnefningum voru skipuð Bjarni Kristjánsson, þáv. framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, sem var tilnefndur af framkvæmdastjórum málefna fatlaðra, Gerður Steinþórsdóttir framhaldsskólakennari, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan framkvæmdastjóri, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Jón Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Ólöf Thorarensen framkvæmdastjóri, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra, og formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson sem þá var aðstoðarmaður minn. Starfsmenn nefndarinnar voru Ingibjörg Broddadóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjórar í félmrn.

Sú breyting varð á skipun nefndarinnar að Bjarni Kristjánsson óskaði lausnar frá starfi í nefndinni haustið 1998 en í stað hans tók sæti Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi, og jafnframt varð sú breyting að vegna fjarveru Ingibjargar Broddadóttur haustið 1998 til vors 1999 var Guðrún Ögmundsdóttir, þáv. deildarstjóri í félmrn. og nú hv. þm., skipuð sem annar af tveimur starfsmönnum nefndarinnar.

Nefndinni var ætlað að semja frv. til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, huga sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra og semja frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Fljótlega kom nefndin sér saman um að hentugra væri að kalla fleiri til verks. Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félmrn., og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, og Stefán Hreiðarsson, yfirlæknir Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sömdu frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er fylgifrv. þessa frv. og raunar fylgja því fleiri frumvörp. Því fylgir frv. um réttindagæslu fatlaðra, sem fyrir mistök er ekki komið á borð alþm., og síðan fylgir því líka frv. um vinnumál.

Á sínum tíma var ákveðið að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna, þ.e. sem ekki væri á landsgrundvelli. Rökin fyrir því að þjónusta við fatlaða skuli verða viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt. Fyrst og fremst er þó um að ræða sjónarmiðin um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar.

Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að fá notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um hvernig þeim markmiðum skuli náð.

Heildarsamtök fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp, hafa bæði stutt yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Landssamtökin Þroskahjálp höfðu forgöngu um að koma umræðunni af stað og gerðu samþykkt m.a. á landsþingi 4. apríl 1992 og fyrsta ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga um yfirtöku á málefnum fatlaðra var gerð á 15. landsþingi sambandsins haustið 1994 svo að þetta er orðinn töluverður meðgöngutími.

Fyrir utan samruna þessara laga eru helstu einkenni frv. að skyldur sveitarfélaganna eru skerptar. Segja má að í frv. felist að verulega sé skerpt á skyldum sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Tilgangurinn er sá að félagsþjónustan verði ótvírætt jafnvíg annarri velferðarþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Þannig er sveitarfélögum skylt að veita þá þjónustu sem frv. tilgreinir þótt þau hafi sjálfsákvörðunarrétt um útfærslu þjónustunnar.

Þá vil ég geta þess að langveik börn fá samkvæmt frv. sömu þjónustu og fötluð börn. Ég legg mjög ríka áherslu á þetta atriði því að það er mjög mikilvægt. Verið er að veita langveikum börnum sama rétt og fötluðum börnum og sömu möguleika til aðstoðar. Langveik börn hafa með vissum hætti verið sett hjá en nú er ætlunin að bæta úr því, bæði með þessu og eins með öðrum ráðstöfunum sem snerta þau og ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í málefnum langveikra barna sem verður kynnt af viðkomandi ráðherrum.

Verkefni félmrn. eru ítarlega greind í frv. og hverjar skyldur ríkisvaldsins eru við framkvæmd laga um félagsþjónustu. Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna lagaákvæði um skyldur sveitarfélaga í leikskólamálum, einkum er varðar uppbyggingu leikskólans. Samhliða félagsþjónustulögunum samþykkti Alþingi á

sínum tíma lög um leikskóla. Áhrif leikskólalaganna urðu þau að smám saman færðust málefni leikskólans undir skólaskrifstofur sveitarfélaganna og því er hann ekki lengur hluti af skipulegri félagsþjónustu. Af þessum ástæðum er lagt til að ákvæði laganna um skyldur sveitarstjórna til að annast byggingu og rekstur leikskóla og tryggja eftir föngum framboð á leikskólarými verði felld brott. Um það efni gilda lög um leikskóla.

Þess má geta að áformað er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki tillit til langveikra barna í leikskólum með sama hætti og fatlaðra barna. Í frv. er gert ráð fyrir að hægt sé að bjóða út þjónustu og einstök rekstrarverkefni. Þó að félagssamtökum og einkaaðilum hafi enn sem komið er ekki verið falin mörg verkefni á ábyrgð sveitarfélaga þá er hugsanlegt að þróunin verði eitthvað í þá átt. Í frv. er skotið enn styrkari stoðum undir úrskurðarnefnd um félagsþjónustu með því að gera verkefni hennar rýmri og Framkvæmdasjóður fatlaðra verður lagður niður við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Einsýnt er að hlutverki Framkvæmdasjóðsins er lokið og að verkefni hans verða ein af verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur sveitarfélaga á þeim vettvangi. Einnig má benda á að þær breyttu áherslur í frv. þessu sem fela í sér þjónustu sem tekur mið af einstaklingsþörfum og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hníga í sömu átt.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir nýjum vistheimilum sem leið í húsnæðismálum fatlaðra.

Atvinnumálum fatlaðra er fyrirhugað að skipa undir Vinnumálastofnun og atvinnumál fatlaðra flokkast ekki undir félagsþjónustu í frv. Þó skal tekið fram að hæfing, iðja og þjálfun, sem nú eru felldar undir atvinnumál fatlaðra samkvæmt lög um um málefni fatlaðra, eru hér flokkaðar sem félagsþjónusta og teljast því ein grein hennar.

Síðan við ræddum þetta frv. í vor hefur verið að störfum svokölluð kostnaðarnefnd sem átti að meta þann kostnað sem sveitarfélögin yrðu fyrir ef frv. yrði að lögum. Í kostnaðarnefndinni áttu sæti Hallgrímur Guðmundsson stjórnsýslufræðingur, tilnefndur af fjmrn., Karl Björnsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og Sturlaugur Tómasson, deildarstjóri í félmrn. Með nefndinni störfuðu einnig Björn Arnar Magnússon og Hermann Sæmundsson, deildarstjórar í félmrn., og Sigurður Helgason stjórnsýsluráðgjafi. Þessi nefnd hefur lokið störfum og skilað skýrslu sinni til mín. Nefndarmenn voru sammála um niðurstöður nefndarinnar. Fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga tók þó fram að hinu nýja frv. mundu fylgja óhjákvæmilega óvissuþættir sem ekki væri unnt að leggja beint fjárhagslegt mat á.

Ég vil beina því til hv. félmn., sem ég geri tillögu um að fái þetta mál til skoðunar, að hún fái fulltrúa frá kostnaðarnefnd til þess að fara yfir hina ítarlegu skýrslu sem nefndin skilaði og hún getur gert mjög glögga grein fyrir vinnu sinni sem ég tel að hafi verið mjög vönduð.

Kostnaðarmat í málaflokki fatlaðra er vandasamt af ýmsum ástæðum. Erfitt er að afmarka þann hóp sem á rétt á þjónustu og því óljóst hversu mörgum einstaklingum sveitarfélögunum verður ætlað að veita sérhæfða þjónustu. Þörf fatlaðra fyrir þjónustu er mjög breytileg og þar með einnig kostnaður vegna þjónustu við hvern þeirra. Kostnaðarmat nefndarinnar byggist fyrst og fremst á því að reikna út kostnað á grundvelli þarfar fatlaðra fyrir þjónustu óháð því hvers konar þjónustu þeir fá í dag. Þannig er að fullu tekið tillit til kostnaðar við að veita þeim einstaklingum sem nú eru á biðlistum þjónustu í samræmi við þarfir þeirra. Reikna má með að 0,5% af íbúum landsins þurfi á sérhæfðri þjónustu að halda, t.d. búsetu á sambýli, frekari liðveislu til sjálfstæðrar búsetu, skammtímavistun eða dagþjónustu vegna fötlunar sinnar. Það er í stuttu máli mat nefndarinnar að árlegur kostnaður vegna þjónustu við fatlaða og húsnæðismál þeirra, þ.e. rekstur húsnæðismála fyrir þennan hóp, verði tæplega 4,1 milljarður á ári. Þetta er hækkun um 565 millj. frá núverandi fjárveitingum til málaflokksins.

Auk þess eru önnur kostnaðaráhrif frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga m.a. vegna þjónustu við langveiku börnin metin á tæpar 300 millj. Samtals reiknar nefndin því með að útgjöld sveitarfélaga muni aukast um tæplega 4,4 milljarða kr. vegna þessara verkefna. Sú fjárhæð svarar til 1,16% af áætluðum álagningarstofni útsvars á árinu 2000. Það er sem sagt sú meðgjöf sem ríkið þarf að gefa með þessu frv. þegar sveitarfélögin taka við málaflokknum.

Þó að mat á heildarkostnaði feli í sér nokkra óvissu er skipting fjármunanna milli sveitarfélaganna mjög vandasamt viðfangsefni. Útgjaldaþörf sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða er mjög ólík, m.a. vegna þess að skipting þeirra milli sveitarfélaga getur verið tilviljunum háð. Búseta fatlaðra nú endurspeglar núverandi þjónustumunstur og smæð sveitarfélaga veldur því að hætt er við sveiflum í útgjöldum einstakra smærri sveitarfélaga.

Nefndin telur að best sé að skipta fjármunum á milli sveitarfélaga sem almennast, t.d. með því að hækka útsvarshlutfall sveitarfélaga. Ójöfn dreifing fatlaðra milli sveitarfélaga hefur hins vegar þau áhrif að útgjaldaþörf þeirra er mjög mismunandi og því er svigrúm til almennrar tekjutilfærslu með auknum hlut sveitarfélaganna takmarkað í staðgreiðslunni. Með almennri tekjutilfærslu er að hámarki unnt að skila til sveitarfélaga um 20% fjárhæðarinnar en a.m.k. 80% hennar þarf að renna í jöfnunarsjóð að mati nefndarinnar svo að unnt verði að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaganna.

Um tilfærslu tekna til sveitarfélaga leggur nefndin til að þrjár leiðir verði einkum skoðaðar. Sjóður og útsvarssvigrúm. Þessi leið gerir ráð fyrir að rúmir 3,4 milljarðar renni í jöfnunarsjóð. Auk þess fái sveitarfélög svigrúm til að hækka útsvarshlutfall sitt um allt að 0,26%. Fjármunum úr sjóðnum verði skipt milli sveitarfélaga á grundvelli fjölda mikið og miðlungsfatlaðra einstaklinga.

Tvískiptur sjóður er önnur leið. Sú leið felst í því að allir fjármunir renni í Jöfnunarsjóð. Sveitarfélög með 2.000 íbúa og fleiri fái greitt beint sem svarar 0,26% útsvarshlutfalli og einnig greiðslur á grundvelli fjölda mikið og miðlungsfatlaðra einstaklinga. Sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa fái greitt úr sjóðnum á grundvelli fjölda og þjónustuþarfar allra fatlaðra.

Þriðja leiðin er sjóður. Þessi leið felst í því að allir fjármunir renni í jöfnunarsjóð og að öll sveitarfélög fái greitt úr sjóðnum á grundvelli fjölda og þjónustuþarfar fatlaðra. Hér komum við að vandasömu og viðkvæmu máli, hvort unnt er að skipta peningunum eftir þjónustuþörf hinna fötluðu einstaklinga.

Allar leiðirnar hafa sína kosti og allar sína galla en þannig er að af 124 sveitarfélögum, sem eru nú í landinu, munu um 80 hafa engan kostnað af fötluðum. Reykjavíkurborg hefur kostnað aðeins rúmlega í hlutfalli við íbúatölu eða hlutfall af íbúatölu landsins. Í Reykjavíkurborg eiga lögheimili um 41%

af hinum fötluðu í landinu en aðeins tæp 40% landsmanna eru búsett í Reykjavík.

Hvað varðar tilhögun húsnæðismála þá leggur nefndin til að stofnað verði hlutafélag til að eiga og reka fasteignir í málaflokknum og sveitarfélögin greiði fulla leigu vegna húsnæðis enda tekur kostnaðarmatið tillit til slíkra leigugreiðslna. Með stofnun slíks fasteignafélags er stefnt að hagkvæmni og sveigjanleika í byggingu og rekstri fasteigna. Nefndin leggur áherslu á að fötluðum verði sjálfum gert kleift að greiða húsnæðiskostnað vegna íbúðarhúsnæðis í þeim mæli sem unnt er. Þannig verði réttur þeirra til húsaleigubóta rýmkaður frá því sem nú er og fötluðum í sjálfstæðri búsetu verði áfram tryggður sá hlutfallslegi stuðningur sem þeir fá nú í formi niðurgreiðslu og vaxtakostnaði í leiguhúsnæði.

Þá leggur nefndin til að sjóður í eigu sveitarfélaga greiði fyrir þjónustu endurhæfingardeildar Landspítalans í Kópavogi og sjálfseignarstofnana samkvæmt þjónustusamningi enda hefur verið tekið tillit til þess kostnaðar við kostnaðarmat. Sveitarfélögin hafi þannig sjálf svigrúm til að efla aðra þjónustu eftir því sem íbúum á vistheimilum fækkar. Gera má ráð fyrir því að biðlistar eftir þjónustu verði úr sögunni á þremur árum eftir tilfærslu þjónustunnar til sveitarfélaga.

Bent er á mikilvægi þess að stuðlað verði að því að smærri sveitarfélög taki sig saman um þjónustu við fatlaða, t.d. með byggðasamlögum. Á Norðurl. v. hafa sveitarfélögin t.d. tekið algjörlega við þjónustu við fatlaða. Þar mynduðu sveitarfélögin í Norðurl. v. byggðasamlag um sameiginlega yfirstjórn og þjónustu og síðan eru útstöðvar í hverju héraði, ein á Siglufirði, ein á Sauðárkróki, ein á Blönduósi og ein á Hvammstanga. Þetta gefur ákaflega góða raun og er prýðilegt form og mjög til fyrirmyndar, held ég, fyrir sveitarfélög sem taka við málaflokknum.

Herra forseti. Nú búum við við nokkra biðlista. Þeir eru að vísu sem betur fer að styttast og markvisst er unnið samkvæmt áætlun sem gerð var fyrir tveimur árum af nefnd sem hafði það verkefni að gera áætlun um hvernig unnið yrði á biðlistunum. En hv. alþm. til fróðleiks ætla ég að rifja upp hvernig staðan er í þessum málaflokki, þ.e. með biðlistana.

Nú búa 877 á sambýlum, í sjálfstæðri búsetu með frekari liðveislu, eða á vistheimilum. Þeim hefur fjölgað um 42 frá árslokum 1997. Íbúum í sambýlum hefur fjölgað um 55, þeim sem njóta frekari liðveislu hefur fjölgað um 16 en fækkað hefur á vistheimilunum um 29. Nú vantar 134 búsetu á sambýlum og 75 vantar frekari liðveislu. 17% þeirra sem eru á biðlistum eftir búsetu í Reykjavík njóta skammtímavistunar reglulega og 30% á Reykjanesi en á þessum tveimur svæðum eru biðlistarnir einkum. Áréttað skal að margir þeirra sem skráðir eru á biðlista njóta dagþjónustu og skammtímaþjónustu.

Á biðlista eftir búsetu eru þrír einstaklingar í fötlunarflokki sjö eldri en 21 árs. Í fötlunarflokki sex eru sjö einstaklingar eldri en 21 árs eða samtals tíu í tveimur þyngstu flokkunum og þar að auki eru 18 einstaklingar í fimmta flokki eldri en 21 árs. Það eru sem betur fer frekast þeir sem eru í léttari flokkunum sem vantar þjónustu sem eðlilegt er.

Í Reykjavík eru 29 án dagþjónustu. Þar af búa 14 manns á sambýlum. Innan skamms verður unnið að því að tryggja dagþjónustu fyrir alla í Reykjavík og það takmark er að nást. Á Reykjanesi eru 11 enn þá án dagþjónustu, þar af búa fjórir á sambýlum. Án þjónustu á þessum svæðum eru 22 einstaklingar og það er að sjálfsögðu 22 einstaklingum of margt en eins og ég sagði áðan er stöðugt og markvisst unnið að því að klára þessa biðlista.

Herra forseti. Ég vænti þess og geri það að tillögu minni að hv. félmn. fái málið til athugunar eftir umræðuna í kvöld. Það skal tekið fram svo að ekki valdi neinum misskilningi að í þeim kostnaðartölum sem ég hef verið að fara með að undanförnu eru ekki byggingarframkvæmdir á úrræðum fyrir þá sem úrræði vantar en hins vegar gert ráð fyrir rekstri þessa húsnæðis.

[20:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. aðeins út í ástæður fyrir því að réttindagæslufrv. er ekki til umræðu með þessu máli. Ég tók eftir því að alls staðar í grg. með þessu frv. er talað um þrjú fylgifrumvörp en þau eru aðeins tvö. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að það væri fyrir mistök. Ég vil fá skýringu á þessu og spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið ástæða til þess að ræða þessi mál saman.

Síðan langar mig líka að spyrja hæstv. ráðherra þar sem það kemur fram í grg. með þessu frv. að samtök fatlaðra séu sammála yfirfærslunni. Þar eru nefnd bæði Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands að þá veit ég að í upphafi umsagnar frá Öryrkjabandalaginu, sem barst í lok ágúst, segir:

„Öryrkjabandalag Íslands hefur miklar og vaxandi efasemdir um réttmæti þess að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Öryrkjabandalag Íslands hvetur stjórnvöld því til að falla frá frumvarpi þar um."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann ekki verulegar áhyggjur af því þegar heildarsamtök fatlaðra, þar sem Öryrkjabandalag Íslands er, tekur svona afgerandi afstöðu á móti þessu frv.? Hefur hann ekki áhyggjur af því að það muni ganga erfiðlega ef þetta frv. á að ganga í gegn í andstöðu við heildarsamtök fatlaðra í landinu?

[20:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um réttindagæslufrv., þá slitnaði það aftan úr lestinni, ef svo má segja, fyrir mistök eða þ.e. það náði ekki afgreiðslu með hinum frv. af því að einhverjir höfðu áhuga á því að lesa það nánar. Búið var að afgreiða það úr ríkisstjórninni og ég hélt að búið væri að senda það til þingflokkanna en ég komst að því í dag að okkur hefur láðst í félmrn. að senda þingflokkunum þetta frv. Ég hygg að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir geti staðfest að það hafi ekki komið til flokks hennar. Það er alfarið á ábyrgð okkar í félmrn. og er einfaldlega lapsus. Það er mér að kenna að frv. var ekki sent, ég hélt að það væri búið að því en gáði ekki að því að kanna það. En hv. þm. geta verið öruggir um að það kemur líka til afgreiðslu eins og önnur úr þessari lest.

Varðandi Öryrkjabandalagið þá er það alveg rétt sem hv. þm. sagði að þó að Öryrkjabandalagið ætti frumkvæðið að yfirfærslunni þá hefur það nokkuð breytt ákvörðun sinni eða samkvæmt bréfi frá í sumar en þá lá úttektin á málaflokknum eða kostnaðarmatið ekki fyrir og sama er að segja um Þroskahjálp á Suðurlandi. Þroskahjálp á Suðurlandi sendi mér viðvörunarbréf þar sem þeir gerðu ráð fyrir því að málaflokkurinn mundi lenda í fjárþröng og ég hygg að það sé ástæðan fyrir þessum sinnaskiptum. En ég tel að sá ótti sé ástæðulaus.

[20:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það alveg að það geta orðið mistök en mér finnst hæstv. ráðherra aðeins tala um stjórnarliðarnir hafi fengið þetta frv. til skoðunar og ég spurði að því hvort ekki hefði verið ástæða til að ræða þessi mál saman. Ég fékk ekki svar við því frá hæstv. ráðherra.

Varðandi afstöðu Öryrkjabandalagsins spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur hann ekki áhyggjur af því þegar heildarsamtök fatlaðra, sem Öryrkjabandalagið er, eru á móti þessu? Hefði ekki verið réttara að geta þessi í grg. með frv. þar sem afstaða Öryrkjabandalagsins var komin fram þó nokkuð mikið áður en frv. er lagt fram aftur? Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er ekki frekar villandi að segja að Öryrkjabandalagið sé samþykkt þessu, eins og kemur fram í grg., þegar þeir hafa sent frá sér umsögn um að þeir hvetji stjórnvöld til að falla frá þessu frv.?

Ég spyr hæstv. ráðherra aftur, herra forseti: Hefur hann ekki áhyggjur af afstöðu Öryrkjabandalagsins til þeirra miklu breytinga sem eru fram undan í þessu frv.?

[21:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur aldrei dottið í hug að það væri neitt vit að færa þennan málaflokk til nema í góðu samkomulagi, bæði við samtök fatlaðra og sveitarfélögin í landinu. Við skulum ekki reyna það nema það sé ágætt samkomulag. Ég tel hins vegar að þessi umsögn frá í sumar frá Öryrkjabandalaginu hafi kannski ekki byggst á réttustu forsendunum, þ.e. þeir hafi verið svartsýnir á fjármuni til málaflokksins, búist við því að málaflokknum væri betur komið hjá ríkinu en sveitarfélögunum vegna þess að ríkið mundi ekki láta með honum þá peninga sem þyrfti.

Ég tel að ekki sé nauðsynlegt að ræða réttindagæslufrumvarpið með þessu máli, ekkert endilega. Réttindagæslufrumvarpið er óbreytt. Ég get upplýst að það er flutt óbreytt frá því sem það var er það var lagt fram í fyrra.

[21:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á vorþinginu voru lögð fram þau frv. sem ætlað er að takast á við það verkefni að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Þau eru nú aftur komin til umfjöllunar í hv. Alþingi. Frv. voru send út til umsagnar til hagsmunaaðila í sumar. Þær umsagnir sem bárust voru yfirfarnar og tekið var tillit til ýmissa þeirra atriða sem fram komu í umsögnunum í þeirri útgáfu sem nú hefur verið lögð fyrir Alþingi. Að öðru leyti mun félmn. vinna úr þeim umsögnum við yfirferð sína á frumvörpunum í vetur.

Það fer ekkert á milli mála að hér er um mikið verkefni að ræða. Þetta er yfirgripsmikill málaflokkur og ekki sjálfgefið að menn nái yfirsýn yfir hann á skömmum tíma. Því er það skoðun mín að nauðsynlegt hafi verið að gefa þennan tíma til umfjöllunar hjá hagsmunaaðilum. Umræðan hefur þá náð að þroskast betur. Fyrir mig, sem þó hef setið nokkuð lengi í sveitarstjórn og heilmikið fjallað um þennan málaflokk sem hér um ræðir, var það mikil lexía að sitja í laganefndinni sem samdi félagsþjónustufrv. Ég verð þó að segja að ég tel mig langt í frá vera fullnuma í þeim fræðum sem hér um ræðir.

Gert hefur verið ráð fyrir því allt frá gildistöku laganna um málefni fatlaðra frá 1991 að málefni fatlaðra færðust yfir til sveitarfélaganna. Eins hefur sá málaflokkur ávallt verið nefndur þegar talað hefur verið um yfirfærslu fleiri málefna til sveitarfélaganna. Sjálfri hefur mér orðið það æ betur ljóst eftir að hafa kynnt mér þennan málaflokk, að þjónusta við fatlaða á að vera og getur verið eðlilegur þáttur félagsþjónustu. Samþætting þjónustu við fatlaða inn í aðra opinbera þjónustu er mjög eðlileg og byggist á þeim jafnræðissjónarmiðum sem annars gilda í okkar nútímasamfélagi. Það er hins vegar augljóst mál að þeir sem eiga að veita þjónustuna verða að hafa til þess fjármagn og við yfirfærsluna verður augljóslega gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fái til ráðstöfunar fjármagn með málaflokknum. Það hefur því verið hlutverk kostnaðarnefndar að komast að niðurstöðu um hversu mikið, hvernig og með hvaða hætti það fjármagn verður fært yfir til sveitarfélaganna.

Þær niðurstöður liggja nú fyrir í skýrsluformi eins og hæstv. félmrh. fór yfir hér áðan. Mín skoðun er sú að sveitarfélögin geti veitt betri og ódýrari þjónustu við fatlaða. Mikið af þeirri velferðarþjónustu sem sveitarfélögin veita nú þegar mun nýtast betur eftir þennan flutning heldur en raunin er nú.

Það er einnig augljóst mál að það tvöfalda kerfi sem nú er við lýði í þjónustu við fatlaða er neikvætt. Það hlýtur að vera erfitt fyrir hina fötluðu og aðstandendur þeirra að átta sig á þeim réttindum og þjónustu sem er fyrir hendi. Það getur ekki verið vilji okkar að byggja upp þannig kerfi að það sé einungis fyrir þá sem eru nógu klárir og nógu duglegir að verða sér úti um upplýsingar eftir afar torsóttum leiðum og að stundum verði það niðurstaðan að sú þjónusta sem í boði er sé þá sundurslitin og nái alls ekki að uppfylla þær þarfir sem fyrir hendi eru.

Einstakingsbundin félagsþjónusta á einum stað hlýtur að vera það sem við stefnum að. Það hlýtur einnig að skipta máli að sú þjónusta sé í nærumhverfi þess sem eftir henni leitar. Það er einnig eitt af grundvallarsjónarmiðunum í frv. sem gengið er út frá að forðast beri sérgreiningu þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu.

Segja má að með nýrri húsnæðislöggjöf hafi verið stigið mikilvægt skref í átt að þessum sjónarmiðum með því að breyta félagslegri aðstoð við húsnæðisöflun þannig að hún er nú einstaklingsbundin en ekki bundin við ákveðna tegund húsnæðis. Þeir sem aðstoðar þurfa að njóta við húsnæðisöflun velja sér sjálfir þá íbúð sem þeir kjósa að búa í. En áður voru byggðar sérstakar íbúðir fyrir þá og þeir þannig sérgreindir.

Eins og við þekkjum hafa orðið til heilu hverfin, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, sem byggð voru í þessum tilgangi. Slík sérgreining er óheppileg og frá henni hefur verið horfið. Það er í samræmi við þessi viðhorf að nú verða stigin skref varðandi fatlaða.

Í frv. sem við fjöllum um hér er skerpt á skyldum sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Tilgangurinn er sá að félagsþjónusta verði jafnvíg annarri velferðarþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Virða ber sjálfstæði sveitarfélaga þannig að þau ákveði hvernig þau veita þjónustuna, en skylda þeirra til að veita þá þjónustu er ótvíræð.

Gengið hefur verið út frá því að hin siðferðislega undirstaða framkvæmdar félagsþjónustunnar verði að borin verði virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans. Það á við um fatlaða sem og aðra er þurfa á félagsþjónustu að halda að þjónustuþörf þeirra verður metin einstaklingsbundið þannig að hver og einn á að fá þá þjónustu sem hæfir hans persónulegu þörfum.

Það er ákaflega mikilvægt að sveitarfélögin fari að undirbúa sig af fullum krafti undir yfirtökuna á málefnum fatlaðra. Í þeim efnum er hægt að læra mikið af þeim sveitarfélögum sem þegar hafa tekið málaflokkinn yfir. Augljóst er að sum minni sveitarfélög munu ekki geta sinnt málaflokknum án samstarfs við önnur sveitarfélög. Mörg hver hafa þegar tekið upp samvinnu um félagsþjónustuna. Sú samvinna er með ýmsum hætti. Bæði er um að ræða samstarfssamninga og þjónustusamninga. Það er augljóst mál að nauðsynlegt er að fara yfir skipan þessara mála hjá sveitarfélögunum við þessi tímamót og betra að huga að því fyrr en síðar.

Ég má einnig til með að nefna það að dýrmæt reynsla hefur fengist við framkvæmd félagsþjónustu í dreifbýli, m.a. með þeirri faglegu félagsþjónustu sem veitt er t.d. í Þingeyjarsýslum. Þar hefur verið þróað starf sem ég veit að á eftir að vera fyrirmynd annarra sveitarfélaga um framkvæmd þjónustunnar og hvernig sveitarfélög geta unnið saman að framkvæmd erfiðra og krefjandi verkefna.

Ég hef einnig grun um að sveitarfélögin sum hver eigi eftir talsvert starf í að þróa innra eftirlit í sínum þjónustugeirum. Slíkt eftirlit er forsenda þess að við treystum þeirri þjónustu sem við leggjum skattpeningana í. Allt eru þetta áhugaverð verkefni fyrir sveitarstjórnarfólk að takast á við og ákaflega mikilvægt að vel takist til.

Ég hef þá bjargföstu skoðun að hér sé um málaflokk að *ræða sem skiptir máli í ljósi byggðamála. Að mínu viti skiptir* mjög miklu máli að allir landsmenn, hvar í sveit sem þeir eru settir, eigi aðgang að góðri félagsþjónustu og þjónustu við fatlaða. Þá er ég ekki að segja að hún eigi alls staðar að vera byggð eins upp, heldur að grundvallarþættir hennar séu sambærilegir að gæðum, en hún geti verið framkvæmd á mismunandi hátt eftir aðstæðum.

Hæstv. forseti. Félmn. hefur farið í tvær vinnuferðir út á land þar sem við höfum kynnt okkur ýmsa þætti félagsþjónustunnar og málefni fatlaðra. Einnig standa fyrir dyrum kynnisferðir á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Ég hef talið það afar mikilvægt til að nefndarmenn væru sem best í stakk búnir að fjalla um frumvörpin sem við eigum eftir að fjalla um nú í vetur. Það er ljóst að taka þarf tillit til margra og að samræma þarf mörg sjónarmið.

Ég vil taka fram að það er afdráttarlaus skoðun mín að sveitarfélögin séu almennt betur til þess fallin að veita borgurunum samfélagslega þjónustu en ríkisvaldið. Rökstuðningur við þá skoðun mína er best fenginn með þeirri reynslu sem hefur fengist hjá reynslusveitarfélögunum og þeim sveitarfélögum sem gert hafa þjónustusamninga við ríkið um einstaka þætti þjónustu við fatlaða og t.d. heimaþjónustu við aldraða.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum óska eftir góðu samstarfi hér eftir sem hingað til í félmn. við yfirferð og vinnslu þeirra fjögurra frv. sem hér um ræðir.

[21:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm., sem átti sæti í nefndinni sem samdi þetta frv., út í eitt atriði. Ég vil byrja á því að fagna atriði í þessu frv. sem mér finnst mjög jákvætt, þ.e. að þetta snúi til einstaklingsbundinnar þjónustu þannig að þjónusta við hvern einstakling er metin. Mér finnst það mjög jákvæð nálgun í þessu frv. Hæstv. ráðherra talaði um að langveik börn ættu sama rétt og fötluð börn samkvæmt þessu frv. og það er mál sem við höfum einmitt barist mjög fyrir og var nánast komið í lög. Ég fagna því að það sé áréttað hér.

En ég vil spyrja hv. þm. hvort börn og unglingar sem eiga eða hafa átt við fíkniefnavanda að stríða og þurfa á þjónustu sveitarfélaganna að halda, hafi jafnan rétt á við önnur börn, svo sem langveik eða fötluð börn, þ.e. hvar standa börn sem hafa átt við mikinn fíkniefnavanda gagnvart þjónustu samkvæmt þessu frv.?

[21:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Barnaverndarlög taka til allra barna, hvort sem þau hafa lent í þeirri ógæfu að verða fíkniefnum að bráð eða ekki. Að öðru leyti eiga þau börn auðvitað eins og aðrir möguleika á þeirri þjónustu sem félagsþjónusta sveitarfélaga veitir. Ég sé ekki að þau séu nokkuð undanskilin þeirri þjónustu sem þar er fyrir hendi.

[21:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Skil ég það þá rétt þannig að börn sem hafa átt við fíkniefnavanda að stríða og foreldrar þeirra eigi sambærilegan rétt og foreldrar og börn þau og unglingar sem eiga við langvarandi veikindi að stríða eða fötlun? Hafa þessi börn og unglingar sambærilegan rétt?

[21:15]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú er til umræðu í annað sinn frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ýmis viðhengifrumvörp þar við, m.a. um Greiningarstöðina og vinnumarkaðsaðgerðirnar. Síðan hefur ráðherra skýrt frá því hvað gerðist með réttindagæsluna. En það er líka mjög mikilvægt þegar nefndin fer yfir þetta að þetta hangi allt saman.

Ég fór afskaplega vel yfir frv. hér á sínum tíma og fór ofan í einstakar greinar þess og hvar mér þætti betur mega fara og hefur sumt af því jafnvel skilað sér núna á milli þessara umræðna. En það er auðvitað einn hópur sem ég hef enn þá áhyggjur af og það er sá hópur barna sem að hluta til flokkast undir að vera langveik, þ.e. börn með geðraskanir. Ég vil endilega taka það fram þegar svona málaflokkur fer yfir til sveitarfélaganna að ég fer ekki ofan af því að ég hef tröllatrú á sveitarfélögum einmitt í svona málum. Þetta eru málefni sem krefjast mikillar nálægðar og mikils stuðnings við viðkomandi fjölskyldur og möguleiki á því verður auðvitað enn meiri ef þetta kemur yfir til sveitarfélaganna og við þekkjum þetta í þyngri málum. Nálægðin verður líka alltaf dýrari og það hefur líka sýnt sig núna með málefnum grunnskólans.

Ég skil líka áhyggjur Öryrkjabandalagsins. Það er auðvitað verið að hugsa um peningana, alveg eins og öll önnur sveitarfélög eru líka að hugsa um þá.

Síðan er komið hérna fram sem sem við munum eflaust fara yfir í nefndinni og fá þangað fulltrúa sem hafa verið með þessi mál, þ.e. kostnaður vegna þjónustu við fatlaða. Þar kemur auðvitað fram sérstök bókun frá Karli Björnssyni sem sat þar sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Menn hafa auðvitað alltaf þessar sömu áhyggjur þegar þeir eru einu sinni búnir að vera í þessum sveitarstjórnum og kannski líka þessum geira sjálfum — þá veit maður alveg hvar skórinn kreppir — þ.e. áhyggjur af börnum með geðraskanir, því þau falla í rauninni undir tvenn lög, annars vegar þessi væntanlegu lög og síðan varðandi heilbrrn. Því er afar mikilvægt að skera úr í því og sveitarfélögin hafa líka áhyggjur af því að þessi börn munu koma í enn ríkara mæli án þess að gert hafi

verið ráð fyrir þeim, bæði alveg nægjanlega í lögunum og hins vegar í kostnaðarreikningnum. Þetta er áhyggjuefnið. Því er afar brýnt að við förum vel ofan í þetta í nefndinni.

Hann segir hér, með leyfi forseta, um fjölgun þjónustuþega og breytta þjónustu í þessari bókun:

„Mögulegt er að á næstu árum muni aukast þrýstingur á að ýmsir sem nú fá þjónustu heilbrigðisstofnana fái þjónustu í félagskerfinu og á stofnunum fatlaðra."

Þetta er nefnilega auðvitað ekki innreiknað inn í alla þá útreikninga sem eru í þessu annars ágæta hefti. Hann leggur hérna til og segir, með leyfi forseta:

„Draga má úr óvissu varðandi þessa hópa með því að skilgreina þann fjölda rýma sem heilbrigðisstofnanir bjóða þeim. Athugað verði með reglubundnum hætti hvort rýmunum fækkar og hvort ástæða sé til þess að auka fjármagn til sveitarfélaganna í framhaldi af slíkri fækkun."

Hann er að tala um að þarna sé opin pípa þannig að í rauninni spili saman heilbrigðismálin hvað varðar þennan hóp og sveitarfélögin og það held ég að sé afar mikilvægt því þetta er afskaplega kostnaðarmikill málaflokkur.

Ég er á þeirri skoðun að þetta eigi að fara til sveitarfélaganna vegna notenda þjónustunnar. Ég held að þá séu miklu meiri möguleikar á að hafa góða þjónustu. Þess vegna er þetta kannski líka mjög flókið þegar verið er að setja saman stóra réttindalagabálka og þar sem verið er að tala um ýmsa þjónustu og annað.

Varðandi 5. gr. þegar verið er að tala um að félagsmálanefndirnar fari með hlutverk barnaverndarnefnda þá er ég á því að í stærri sveitarfélögum eigi að vera skipaðar sérbarnaverndarnefndir og það eigi hreinlega líka svolítið að vera í lögunum um það. Það verður fróðlegt að sjá því við eigum líka von á nýjum barnaverndarlögum eftir áramót og það er spurning hvernig þau taka á þeim málum. Ég vil meina að það sé mjög ólík vinna sem fer fram í barnaverndarnefndum og félagsmálanefndum. Því þarf örlítið að aðgreina þetta þannig að við tryggjum gríðarlega mikla fagmennsku í barnaverndarnefndinni, þó hún sé líka í félagsmálanefndinni, en hún er fyrst og fremst skipuð pólitískt kjörnum fulltrúum. Ég vil að við skoðum það dálítið í nefndinni hvernig þessu sé best fyrir komið og reynum að hlera dálítið það sem er að gerast í vinnunni við barnaverndarlögin.

Ýmsar smálagfæringar hafa auðvitað verið gerðar. Tekið hefur verið tillit til ýmissa þátta varðandi sveitarfélögin, þá sérstaklega í þeirra umsögnum. Mjög mikið af umsögnum liggur fyrir, en það þarf auðvitað að senda þetta aftur til þess að fá fram hjá sveitarfélögunum hvort þau hafi e.t.v. sérstakar viðbætur. Við eigum líka eftir að hitta fulltrúa þessara samtaka. Við eigum eftir að hitta fulltrúa sveitarfélaganna. Við eigum eftir að hitta sérfræðingana. Það verður mjög gaman þegar hægt verður að vinna þannig í nefndinni að hægt sé að fara yfir vel yfir málið. Jafnframt var talað um það, og að það væri spurning, hvort nefndin ætti að standa fyrir málþingi þar sem safnað væri saman nokkrum aðilum með alla þessa sérþekkingu þannig að við fengjum mikla heildarsýn yfir málið.

Mig langaði aðeins að koma örlítið inn á ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Skyldur sveitarfélaganna gagnvart börnum, hvort sem þau eiga við mikil eða lítil vandamál að stríða, eru alveg jafnmiklar. Það er ekkert álitamál. Það bara stenst ekki lög að ef vandamál er mjög mikið þá vilji ekki sveitarfélögin eða félagsþjónustan með þau hafa. Sveitarfélag verður að axla ábyrgð á sínum litlu þegnum sem eiga í mörgu stríði. Barnaverndarlögin taka afskaplega skýrt líka á þessu. Þetta getur auðvitað haft í för með sér mikinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Þau geta jagast yfir því og reynt að sækja um eitthvað til Tryggingastofnunar. En skylda sveitarfélaganna er algerlega klár gagnvart öllum börnum undir 18 ára aldri, þó við þekkjum líka umræðuna hér um aldur barna 16–18 ára, sem er svo aftur önnur umræða.

Ég vil aftur leggja áherslu á 7. gr. og benda á að á meðan við höfum ekki sameinað þessi sveitarfélög þá er afar áríðandi að staðið sé við það sem stendur hérna, að vinna sameiginlega að félagsþjónustu með einstökum verkefnum hennar með sérstöku samkomulagi. Það er mjög mikilvægt að slíkt sé gert til þess að ekkert sleppi í gegn um þétttriðna net sem félagsþjónustan á að spanna.

Félags- og tómstundastarfið kemur náttúrlega inn á þetta og það er spurning hvort það ætti að hnykkja betur á í þessu frv. hvort leitarstarf eigi að vera — við ræddum þetta líka í fyrri umræðu hvort það ætti að hnykkja á því og setja slíkt inn í frv. hreinlega. Það er búið að gera réttinn aðeins skýrari bæði varðandi lögheimilið og útlendingana.

Ég vil benda aftur á 28. gr. um húsnæði og búsetu. Ég held að nefndin eigi aðeins að koma inn með það hvað sé verið að meina varðandi húsnæði og búsetu og þetta með leiguíbúðirnar. Við ræddum þetta með lið 2 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Húsnæði sem er ætlað að svara sérstökum þjónustuþörfum, sbr. 21. gr., svo sem:

a. íbúðir með sameiginlegri aðstöðu,

b. sambýli,

c. áfangastaðir."

Mér finnst að þarna verði að tiltaka önnur búsetuform sem sveitarstjórn getur ákveðið því ýmsar lausnir geta verið þar í pípunum þannig að sveitarfélag hafi líka möguleika á að vinna að lausn í samráði við einstaklinginn og jafnvel félög.

Og íbúðir með sameiginlegri aðstöðu. Íbúð getur verið með eða án sameiginlegrar aðstöðu. Við erum að tala þarna um íbúðakjarna. Þetta er umræða sem er mjög þekkt innan fatlaða geirans og til eru ýmiss úrræði sem Bretar hafa verið að nýta mjög mikið. Ef við vitum af slíku í pípunum og ýmsum nýjum hugmyndum, eigum við þá ekki að koma með það í greinargerð?

Ég vil leggja áherslu á mikilvægi ýmissa undirnefnda varðandi félagsmálanefndirnar sem eru hérna framar í frv. Það skiptir mjög miklu máli, t.d. þegar verið er að taka yfir svona málaflokk sem hefur ofboðslega breitt þjónustusvið og þar sem hægt er að vera með margs konar úrræði. Þá er afar brýnt að hafa skýra lagastoð þannig að hægt sé að skipa ýmsar undirnefndir til þess að taka að sér einstök mál og þá er ég sérstaklega að hugsa um þau mál sem þarf að vinna undir trúnaði. Það er óeðlilegt að heil pólitískt kjörin nefnd sé að vinna að slíkum málum og glugga í viðkomandi pappírum. Það er búið að gera það hér.

Ég held ég hafi þetta ekki lengra að sinni en minni á að nefndin á eftir að gera mjög margt. Við eigum eftir að fara á Reykjanesið, skoða ákveðin sambýli í Reykjavík. Við eigum eftir að fá til okkar sérfræðinga. Við eigum eftir að ræða kostnaðarmatsskýrsluna. Það er uggur í öllum sveitarfélögunum og það sem núna stendur þeim í raun fyrir þrifum þannig að þau segi bara já takk og þetta viljum við endilega gera, er auðvitað reynslan af grunnskólanum. Þess vegna er afar mikilvægt, ef af þessu verður, að allir endar

varðandi fjármunina séu hnýttir eins vel og hægt er og það sé líka einhvers staðar borð fyrir báru ef eitthvað kemur upp á varðandi endurskoðun.

Ég læt þessu lokið að sinni, herra forseti.

[21:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði bara að þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir útskýringarnar í ræðu hennar vegna fyrirspurnar minnar í andsvari áðan. Ég spurði um réttindi barna sem ættu í fíkniefnavanda gagnvart þessu frv. Ástæða þess að ég spyr er sú að foreldrar barna sem eiga við fíkniefnavanda að stríða hafa talað um að þeim finnist þau ekki hafa sambærilegan rétt og foreldrar langveikra barna eða fatlaðra barna. Hæstv. ráðherra gat þess í ræðu sinni áðan að langveik og fötluð börn hefðu sama rétt samkvæmt þessu frv. Þess vegna fannst mér mikið atriði að það kæmi hérna fram í umræðunni að börn í alvarlegum fíkniefnavanda og foreldrar þeirra ættu sambærilegan rétt samkvæmt þessu frv. Ég gat þess áðan í andsvari mínu að ég teldi það jákvæða nálgun í frv. hvernig komið er fram gagnvart þörfinni, en að ekki eru settar ákveðnar reglur eins og víða eru í heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Aftur á móti óttast ég enn, þó svo þetta frv. sé komið hér fram, að ákveðin skörun sé milli heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins eins og oft vill verða. Menn eru að ýta málunum svona á milli sín. Ég vona nú samt að endurskoðun laganna verði til þess að minna verði um það.

[21:27]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vel vera að foreldrum barna í vímuefnaneyslu finnist þau kannski ekki eiga greiðan aðgang vegna þess að þau falla í rauninni undir barnaverndarlög þegar málið er orðið svona alvarlegt og það er nokkuð sem foreldrum finnst auðvitað líka mjög erfitt. Það getur líka skýrt það að hluta. En það má heldur ekki gleyma því að með breytingunni á lögunum upp í 18 ára, þá eru foreldrar framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs. Hins vegar hefur félagsþjónustan öll, bæði í Reykjavík og annars staðar, komið inn í mál af þessum toga er varðar einstaklinga. Eins hefur hún unnið mjög markvisst með Barnaverndarstofu varðandi úrræði sem þarf að nýta þannig að í pípunum er algjör opnun og mikið samstarf enda eru auðvitað allir settir undir barnaverndarlög um að reyna að rétta hag viðkomandi barns. Síðan getur viðhorfið orðið annað þegar börnin eru orðin 18 ára varðandi það hver eigi að taka þátt í að kostnaði ef foreldrar vilja senda barn erlendis í meðferð o.s.frv. Þá horfir málið kannski dálítið öðruvísi við.

Ég vil líka taka undir þetta með skörunina við geðheilbrigðismálin, þ.e. þessar alvarlegu geðraskanir. Ákveðinn hluti er hjá heilbrigðiskerfinu. En óttinn er auðvitað sá að það muni fara inn í félagslega kerfið, sem mér fyndist mjög eðlilegt. Mér hefur aldrei fundist eðlilegt að mál geðfatlaðra barna séu endilega í heilbrrn. en ekki félmrn. Það er spurning um að þetta ætti að skoða saman og þetta munum við eflaust ræða í nefndinni. Ég veit það, því skörunin er það mikil. Heilbrrh. hefur einmitt nefnt það í umræðum að þetta eigi að taka upp og skoða. Ég er t.d. líka ein af þeim sem vil ekki sjá sérlög um málefni aldraðra heldur gjarnan fella þau líka inn í þessi lög t.d.

[21:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar útskýringar hv. þm. Ég veit að hún þekkir þessi mál mjög vel. Hún var m.a. starfsmaður nefndarinnar um tíma sem samdi þetta frv. þannig að ég veit hún þekkir þetta og er að skýra þetta út samkvæmt því.

En ég tek undir það að við þyrftum að skoða þennan þátt í nefndinni þegar málið kemur þar til umfjöllunar.

[21:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Til umræðu er viðamikið frv. sem er þess eðlis að örlagaríkt getur reynst hvernig til tekst um framkvæmdina ef það á annað borð verður að lögum. Hér vísa ég að sjálfsögðu til flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Hverjar eru ástæður þess að menn hyggjast flytja þennan málaflokk frá ríki til sveitarfélaga? Að mínum dómi eru þær tvær. Í fyrsta lagi er þetta þróun sem á sér víða stað, á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Menn horfa til þessarar þróunar, menn sjá að sjálfsögðu kostina, annars væru menn ekki að ráðast í þessar breytingar í öðrum löndum og fólk okkar sækir ráðstefnur og hrífst með straumnum. Hin ástæðan er sú að menn sjá kosti þess að færa ábyrgð og alla ákvarðanatöku nær þeim sem vinna verkin. Það er vissulega ótvíræður kostur við að færa málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga.

Hverjir kunna hins vegar að vera ókostirnir og hvaða hættum gætum við staðið frammi fyrir? Það er mjög mikilvægt að við reynum að sjá fyrir hverjar hætturnar eru.

Í fyrsta lagi held ég að við ættum að vara okkur á samanburði. Við eigum að vara okkur í samanburðarfræðunum við aðrar þjóðir vegna þess að aðstæður hér á landi eru mjög frábrugðnar því sem gerist með öðrum þjóðum um margt og þá ekki síst með tilliti til fjölda. Þegar sænska ríkið færir verkefni frá ríki til héraða eru þessi héruð iðulega margfalt fjölmennari en íslenska ríkið, margfalt fjölmennari en íslenska þjóðin og margfalt öflugri fjárhagseiningar en íslenska ríkið. Þetta á við um flest þau ríki sem við erum að bera okkur saman við.

Hér erum við komin að hættunum. Það er peningaþátturinn, það er fjármögnunin á þessum málaflokki. Hér hræðir sagan svolítið vegna þess að þótt menn teldu sig hafa náð ásættanlegu samkomulagi, a.m.k. töldu sveitarfélögin sig hafa náð ásættanlegu peningalegu samkomulagi þegar grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga, þá reyndist það ekki vera svo, a.m.k. eru víða uppi mjög háværar gagnrýnisraddir og margir sem telja að sveitarfélögunum hafi ekki verið séð fyrir tekjustofnum til að standa straum af tilkostnaði við þau verkefni sem þeim var ætlað að leysa. Þetta er nokkuð sem við þurfum að íhuga mjög svo rækilega.

Hæstv. félmrh. sagði í framsöguræðu sinni að hann mundi ekki láta sér detta í hug að fara fram með þessa lagabreytingu í óþökk tveggja aðila, í óþökk sveitarfélaganna og í óþökk hagsmunasamtaka fatlaðra, ef ég skildi hann rétt.

Nú er það svo þegar greinargerðin með þessu frv. er skoðuð kemur fram bæði frá Þroskahjálp og aðilum, sem voru þarna á vegum Öryrkjabandalagsins, skilyrtur stuðningur við þetta frv. Menn vildu sjá fyrir endann á peningaþættinum og hver endanlegur búningur væri en heldur var þetta jákvætt þótt skilyrt væri.

Nú er hins vegar að koma í ljós, og þá sérstaklega hvað Öryrkjabandalagið snertir, því hjá þessum aðilum heyrist mér vera mismunandi áherslur, að Öryrkjabandalagið er að leggjast gegn þessum flutningi. Það kemur mjög greinilega fram, m.a. í grein sem formaður Öryrkjabandalagsins, Garðar Sverrisson, ritar í síðasta fréttabréf Öryrkjabandalagsins. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þá grein, með leyfi forseta. Hér segir:

„Frá því stjórnvöld tóku þá ákvörðun að fresta fyrirhuguðum flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hafa tvær grímur verið að renna á ýmsa þá sem áður voru málinu hlynntir og jafnvel mjög eindregið fylgjandi flutningnum. Raunar má segja að það hafi einmitt verið þessar vaxandi efasemdarraddir sem urðu til þess að stjórnvöld ákváðu að slá á frest þessu viðamikla og mjög svo viðkvæma máli — máli sem, þótt kostnaðarminna sé, er fjarri því að vera eins einfalt og flutningur grunnskólans, þótt sumum kunni að finnast þar nóg um og ekki séð fyrir endann á þeim margvíslega vanda sem þar er við að glíma.

Hvað málaflokk okkar snertir er mikilvægt að skýrt komi fram að Öryrkjabandalag Íslands átti ekki þátt í þeirri ákvörðun að slá yfirfærslunni á frest. Þvert á móti hafði bandalagið verið málinu fremur hlynnt, ekki hvað síst vegna þess eindregna áhuga sem sveitarstjórnarmenn virtust hafa á málinu, sömu menn og nú eru hver af öðrum (að hluta vegna reynslunnar af grunnskólanum) að vakna til vitundar um að þótt atvinnu megi hafa af þjónustu við fatlaða þá útheimtir það umfangsmikla þekkingu og gríðarlega ábyrgð að taka við þessum málaflokki. Þá efast þeir um að það verði í öllum tilfellum uppgrip að fá „þetta fólk" eins og ráðamenn hafa tilhneigingu til að kalla okkur og jafnvel þótt svo kunni að verða hugnast ýmsum þeirra ekki byggðastefna sem byggir á því að senda fatlaða til staða sem ættingja þeirra og vini fýsir ekki að búa á."

Ég er að vitna í grein eftir Garðar Sverrisson, formann Öryrkjabandalags Íslands, í síðasta fréttabréfi Öryrkjabandalagsins. Og hann heldur áfram, með leyfi forseta:

„Innan Öryrkjabandalagsins hafa alltaf verið nokkuð skiptar skoðanir um það meginmál hvort rétt sé yfirhöfuð að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í dag er hins vegar svo komið að allflestir þeirra sem áður voru flutningnum fylgjandi telja hann annaðhvort ótímabæran eða hreint óráð, vara jafnvel hvað eindregnast við honum og bera í því efni fram margvíslegar röksemdir sem hvorki er auðvelt að hrekja né leiða hjá sér."

Og enn heldur Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalags Íslands áfram, með leyfi forseta:

„Áður en vikið verður að þeim áhyggjuefnum sem orðið hafa til þess að Öryrkjabandalag Íslands treystir sér ekki til að styðja yfirfærsluna, er e.t.v. gagnlegt að leiða hugann lítillega að tildrögum sjálfrar hugmyndarinnar. En auk svokallaðrar samþættingar („integration"), sem lengi hefur verið eitt helsta baráttumál fatlaðra um allan heim, á hún rót sína í þeirri hugmyndafræði valddreifingar sem á árunum upp úr 1970 fór eins og eldur í sinu um milljónaþjóðfélög Vesturlanda og þótti slík töfralausn á flestum mannlegum vanda að fulltrúar ólíkustu stjórnmálaafla kepptust við að eigna sér þessa allsherjarlausn, þótt e.t.v. megi segja að sósíaldemókratar hafi gengið hvað lengst í að gera hana að trúarsetningu. Með yfirfærslu verkefna til smærri stjórnsýslueininga var draumurinn að færa ákvarðanirnar nær fólkinu sjálfu svo það hefði meira um líf sitt að segja. Kjörorðin voru: „Valdið til fólksins!" Þessu fylgdi sú röksemd að með aukinni kostnaðarvitund mundi fólkið sjálft veita það aðhald sem nauðsynlegt væri til að lágmarka allan kostnað. En hverjir voru „fólkið sjálft" og hverjir áttu fyrst og fremst að njóta þess að kostnaði yrði haldið í lágmarki?

Þeir sem ákafast hafa gengið fram í þeim boðskap að færa beri flestalla málaflokka til smærri stjórnsýslueininga hafa haft tilhneigingu til að vanmeta þær margvíslegu hættur, þversagnir og vandamál sem innbyggð eru sjálfu lýðræðinu, svo öruggt og gott sem okkur kann að finnast það. Augljósust er einfaldlega sú hætta að meiri hlutinn misbeiti valdinu í sína þágu og taki ekki nægt tillit til minni hlutans, jafnvel þó hann samanstandi af nærri helmingi kjósenda, að ekki sé talað um þegar ákvörðun er varðar heill og hamingju jafnörlítils minni hluta og þeirra sem fatlaðir eru. Og vitaskuld verður þessi hætta stórum meiri þegar í hlut á minnihlutahópur sem vegna vanþekkingar og hleypidóma nýtur ekki þeirrar virðingar sem honum ber. Þetta hljóta allir að sjá og skilja."

Og enn ætla ég að vitna í nokkrar setningar í grein Garðars Sverrissonar, formanns Öryrkjabandalagsins, með leyfi forseta:

„Önnur meinsemd, þessari tengd, lýtur að því hve návígið getur oft orðið kalt og grimmt í hinum fámennari samfélögum þar sem fólk er jafnvel enn í dag kennt við fötlun sína, hve umtal og framkoma í garð fatlaðra einkennist um of af lítilli aðgát, svo vægt sé til orða tekið. Staðreynd er að á þeim stöðum þar sem dugnaður og starfsorka eru talin æðst og mest allra mannlegra dyggða, líður okkar fólk oft hreinar sálarkvalir, jafnvel gagnvart sínum eigin ættingjum og venslafólki. Kenningar okkar um hið guðdómlega „nærsamfélag" og „nærþjónustu" eru gjarnan til þess eins fallnar að vekja þessum félögum okkar nístandi hroll sem snúist getur í hreina martröð ef sú hugmynd gengur eftir að vega og meta hvern þeirra í krónum og aurum, svo sveitungarnir viti nú örugglega hvað „ómaginn" kostar. Með aukinni kostnaðarvitund er síðan viðbúið að farið verði að huga að því hvað annað mætti nú gera fyrir hluta fjárins, eitthvað sem gæti komið fleirum til góða. Svo mikið er a.m.k. víst að þótt ráðuneytin kunni að vera erfið viðureignar, er veruleg hætta á að okkar fólki fallist algerlega hendur ef við setjum það í þá stöðu að sækja rétt sinn gagnvart sveitungum sínum."

Ég lýk hér tilvitnun í grein Garðars Sverrissonar, formanns Öryrkjabandalags Íslands, sem hann skrifar í síðasta hefti fréttabréfs Öryrkjabandalagsins þar sem hann leggst eindregið gegn þessum flutningi og talar þar fyrir hönd Öryrkjabandalagsins.

Mönnum kann að finnast þetta nokkuð þung orð þegar rætt er um kostnaðarvitundina og útreikning á því hvað hinn fatlaði eða sjúki kostar. Ég held að e.t.v. sé ekki mikill munur á því hvað mannfólkið gerir hvort það er hjá ríki eða sveitarfélögum, hitt er rétt að þessi hugsun er nokkuð sterk í nútímanum. Menn kunna að minnast lítils bæklings sem síðasta ríkisstjórn gaf út, í raun sú sama og nú situr, eða eins samansett. Það voru vasafjárlögin, vasaútgáfa fjárlaga, og þar var reiknað út hvað hver fatlaður einstaklingur kostaði samfélagið. Þar var reiknað út hvað öryrkinn kostaði. Það var settur á hann prís. Ég held að þetta sé staðreynd sem við þurfum að horfa mjög kalt og yfirvegað á.

Þegar við erum að tala um að nauðsynlegt sé að færa verkefni nær þeim sem eiga að vinna verkin er ég í sjálfu sér fylgjandi þeirri hugsun. Ég held að það geti verið til góðs en

ég sé líka hætturnar, sérstaklega í fámennum sveitarfélögum. Í fjárhagslega vanmegna sveitarfélögum held ég að það sé ekki mjög þægilegt að vera mikið fatlaður einstaklingur eða foreldri með fjölfatlað eða þroskaheft barn sem þarf á mikilli aðstoð að halda. Ég held að það sé ekkert mjög þægilegt, ég held að það sé ekki gott. Jafnvel þótt starfsfólkið og þeir sem sinna þessum verkefnum kunni að hrópa húrra og þetta hljómi fallega og vel í pólitíkinni líka þá er ég ekkert viss um að ég vildi vera þessi einstaklingur. Ég held að ég vildi alveg eins eiga rétt minn í landslögum og eiga það komið undir hinu, mér liggur við að segja ópersónulega valdi, hvernig mannréttindi mín eru tryggð, en eiga það undir fámennu, vanmegna sveitarfélagi.

Ég efast ekki um að full meining sé á bak við þá yfirlýsingu hæstv. félmrh. að hann vilji ekki gangast fyrir þessum flutningi nema tryggt sé að nægilegt fjármagn fylgi. Ég efast ekki um heilindi hans í því. En hér spilar inn í stærra pólitískt samhengi. Við erum að upplifa, t.d. bara þessa dagana, að deilt er um hvernig eigi að fara með félagslegt leiguhúsnæði, þar á meðal stuðning við leiguhúsnæði fatlaðra, stuðning við Sjálfsbjörg og stuðning við Öryrkjabandalagið. Þó að hæstv. félmrh. kunni að vera eindregið á því að hafa þennan stuðning sem mestan þá er tekist á um fjármagnið, það er staðreynd. Það er tekist á um krónurnar og eins verður tekist á um þessar krónur. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir spurningunni: Hvar eiga þessi átök að fara fram? Eiga þau að fara fram hér í umfjöllun um ríkisfjármálin eða eiga þau að fara fram innan sveitarfélaganna? Í því samhengi þurfum við að hyggja að varnaðarorðum formanns Öryrkjabandalagsins.

Við stöndum frammi fyrir því líka að það er ekki einungis svo að menn deili um hvernig eigi að haga stuðningi við félagslegt leiguhúsnæði. Hæstv. félmrh. hefur talað um þann möguleika að gera það í gegnum vexti, þótt hann hafi ekki lokað neinum dyrum í þeim efnum hefur hann talað um þann möguleika. Hæstv. fjmrh. hefur algerlega vísað þeirri lausn á bug og hefur talað um styrkveitingar til þessa húsnæðis. En burt séð frá þessum deilum þá stendur sú staðreynd eftir að stuðningur við félagslegt leiguhúsnæði, þar á meðal til öryrkja, hefur minnkað. Hann hefur verið í formi lægri vaxta, á sínum tíma voru þeir 1%. Nú er boðið upp á tvo lánaflokka, 2,4% lán sem eru aðallega til sveitarfélaganna og 3,2% sem eru til samtaka á borð við Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg. Menn hafa dregið úr þessum stuðningi.

Er ég þá ekki að tala gegn sjálfum mér í reynd þegar ég hleð hér upp spurningarmerkjum gagnvart hinu vafasama ríkisvaldi, að það sé ekkert tryggt á stjórnarheimilinu í þeim efnum? Ég held einfaldlega að það sé meiri trygging fyrir því að ríkið standi vörð um réttindi fatlaðra en vanmegna og fámenn sveitarfélög. Ég hef ekki miklar áhyggjur af burðugum sveitarfélögum. Það hef ég ekki. Það hafa verið gerðar tilraunir í þessum efnum sem hafa tekist mjög vel, gengið mjög vel upp. Fyrir norðan, á Höfn og víðar hafa þær tekist prýðisvel. En við þurfum að horfa til landsins alls og allra sveitarfélaga. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki sé til einhver millileið í þessu, þar sem við sameinum þessar tvær leiðir, tryggjum fjármagn úr ríkissjóði en stuðlum að því að færa ábyrgðina og ákvarðanatökuna og framkvæmdina til sveitarfélaganna.

[21:50]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið snúið að veita andsvar við ræðu sem endar með þeim hætti sem hv. þm. endaði sitt mál. Mér fannst hann ekki aðeins búinn að fara einn hring heldur kannski miklu fremur tvo. Hann lauk máli sínu á því að stinga upp á millileið sem ég heyrði ekki betur en væri nákvæmlega sú leið sem lögð er til í frv., þ.e. að fjármagn kæmi frá ríkinu og að ábyrgðin og valdið yrði flutt til sveitarfélaganna. Ég get ekki séð að verið sé að gera annað.

Ég ætlaði að spyrja þingmanninn: Hver er skoðun hans á málinu? Ég vil bara að hann staðfesti að hann er í raun sáttur við það sem hér er lagt til að gera. Mér fannst gæta ákveðins misskilnings í máli hans. Ég skil menn eins og Garðar Sverrisson ágætlega og áhyggjur þeirra af umbjóðendum sínum, hins vegar fannst mér óþægilegt að hlusta á hv. þm. tala eins og að þegar þjónustan væri komin til sveitarfélaganna þá ættu menn ekki lengur rétt samkvæmt landslögum. Hann sagði það beinlínis.

Hér er verið að setja lög sem tryggja fólki ákveðinn rétt samkvæmt landslögum. Miðað við þá reynslu sem orðið hefur af því að flytja þau verkefni, nærþjónustu sem snýr að fjölskyldunni til sveitarfélaganna — þá ætla ég að byrja á því að taka leikskólana og síðan grunnskólana — hefur þjónustan orðið mun betri. Hún hefur orðið mun betri en hún var meðan skammtað var og stýrt að sunnan. Það er einfaldlega vegna þess að þó að nálægðin geti verið erfið þá er hún þó þannig, rétt eins og hjá fjölskyldunni, að menn vilja eins mikið jafnræði á milli þegnanna og hægt er. Því nær sem meðbræður okkar standa okkur og því meira sem við vitum um þá þeim mun viljugri erum við til að gera hlutina þannig að allir geti haft sóma af.

[21:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er allur gangur á því hvernig við förum með meðbræður okkar, t.d. hvernig við sem förum með völdin í þessu húsi hér, Alþingi og sá meiri hluti sem hér ræður, hefur hagað sér gagnvart öryrkjum og öldruðum á liðnum árum. Ég held að menn eigi að taka varnaðarorð formanns Öryrkjabandalagsins mjög alvarlega.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ætlar að taka mig í kennslustund og útlistaði að ég hefði farið í hringi í þessu máli, það getur vel verið. Ég held að það sé bara hollt að fara í nokkra hringi í þessu máli. Á því er ekki bara ein hlið heldur mjög margar. Ég held að okkur sé hollt að stíga mjög varlega til jarðar.

Öryrkjabandalagið lýsir því yfir að það sé að skipta um skoðun í þessu máli, það hafi stutt þetta frv. en hafi vaxandi efasemdir og sé nú að leggjast gegn því. Þar er ég staddur í tilverunni líka og tek undir þau varnaðarorð sem koma frá formanni Öryrkjabandalagsins og finnst ég bara í ágætu samfélagi þar.

[21:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði á því að vitna til þess hvernig við í þessu húsi færum með aldraða og öryrkja. Það er alveg rétt. Kannski er það vegna þess að það er miklu auðveldara að vera vondur við fólk ef þú þarft ekki að horfa á það á meðan. Ef þú þarft ekki einu sinni að vita hvað það er, hvað það heitir eða við hvaða aðstæður það býr. Ef þetta er ópersónulegt þá er það auðveldara. Sé hins vegar um er að ræða fjölskyldur eða aðila sem þú þekkir aðstæðurnar hjá þá er ekki eins auðvelt að segja nei, ekki eins auðvelt að líta undan. Þess vegna hafa ýmis réttindamál frekar gengið fram þegar sveitarfélögin hafa tekið við málaflokkunum en þegar ríkið hefur séð um þau.

Mér finnst allt í lagi að menn hafi í huga að um það leyti sem grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna þá var breytt einhliða í menntmrn. skilgreiningum á tiltekinni fötlun hjá leikskólabörnum. Þetta setti svona ákveðinn keng í það mál. Ráðist var í að breyta þessari skilgreiningu þannig að ráðuneytið hætti að greiða fyrir tiltekna þjónustu. Ekki leiddi það til þess að hætt væri að veita þjónustuna. Ónei, sveitarfélögin tóku hana yfir af því þau þekktu sinn vitjunartíma og sáu að þjónustunnar var þörf.

Þess vegna finnst mér, herra forseti, að menn eigi að horfa til þess hver reynslan er af flutningi verkefna áður en þeir tala eins og sjálfgefið sé að betur sé stýrt og skammtað að sunnan. Reynslan er nefnilega sú að það er verra, einfaldlega vegna þess að nálægðin gerir menn eru tilbúnari og viljugri til að mæta óskum þess fólks sem við reglur og lög á að búa.

Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að fara vandlega yfir lögin og reyna að gera þau eins vel úr garði og hægt er til að engin hætta sé á misfellum.

[21:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að það sé rétt að þegar fólk hefur andlit og þegar horft er á það í sveitarfélaginu, þá langi fólk að vera gott við þá sem eiga bágt. En það er einmitt þessi hugsunarháttur sem menn eru að frábiðja sér, (**SvanJ:** Það er ...) ómagahugsunin, að menn séu sagðir til sveitar. (Gripið fram í.) Nei, það er hv. þm. sem leggur málin upp með þessum hætti. Mér finnst það vægast sagt mjög ógeðfelldur hugsunarháttur. Það er gegn þessu sem samtök fatlaðra rísa og vísa þessari hugsun á bug.

[21:56]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu afar metnaðarfullt frv. sem felur í sér mun meiri þjónustu en veitt er í dag. Þarfirnar eru sífellt að breytast. Nýir og nýir hópar eru metnir inn í þjónustuna og mikil þróun í þessum málaflokki. Inn í rammalöggjöfina er nú hægt að fella hópa eða einstaklinga sem hafa lent á milli stafs og hurðar hingað til, eins og kerfið hefur verið.

Rauði þráðurinn í þessu frv. er að auka þá þjónustu sem fyrir er. Það er ljóst að í frv. eru settar fram auknar kröfur og skyldur á sveitarfélögin frá því sem nú er. Sveitarfélögin verða að setja sér mjög skýrar reglur um þá þjónustu sem þeim ber að veita og vil ég þar t.d. minna á 30. gr. um ferðaþjónustu.

Í þessu frv. felast breytingar og aukin þjónusta frá því sem nú er sem mun hafa í för með sér aukinn kostnað. Það felur í sér aukinn kostnað að færa svo stór verkefni sem málefni fatlaðra á milli stjórnsýslustiga. Þar þarf óhjákvæmilega að fara fram mikil undirbúnings- og þróunarvinna hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Þeir þurfa að afla sér fræðslu og ná tökum á þeim nýju verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt frv. Það mun verða mikil breyting hjá fjölda starfsmanna sem flytjast munu frá ríki yfir til sveitarfélaga.

Kostnaðarnefnd hefur farið yfir málið og skilað skýrslu og félmn. mun fara mjög ítarlega í þá skýrslu.

Í 1. gr. frv. kemur fram að markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sé að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi, stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar og finna hvernig þeim markmiðum skuli náð. Greinin er að mestu leyti samhljóða þeim markmiðsgreinum félagsþjónustu sveitarfélaga sem hafa gefist mjög vel. Vegna þess að lögin mæltu svo fyrir að verkefni á sviði félagsþjónustu féllu undir félagsmálanefndir, sköpuðust víða forsendur fyrir ráðningu sérhæfðs starfsfólks þar sem ekkert var áður fyrr og mörg minni sveitarfélög sameinuðust um félagsmálanefnd.

Árið 1999 heyrði það í raun til undantekninga að sveitarfélag hefði ekki skipað félagsmálanefnd. Nokkur fjöldi minni sveitarfélaga á landsbyggðinni hefur reyndar ekki enn staðfest reglur um framkvæmd félagsþjónustunnar.

Sameining sveitarfélaga á undanförnum árum hefur leitt til þess að félagsþjónusta hefur fest í sessi. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að skipuleggja og veita faglega og vandaða þjónustu í samræmi við nútímakröfur. Það er ljóst að víðtæk samvinna sveitarfélaga um þessa þjónustu þarf að takast þegar þetta frv. verður að lögum.

Það er ekki endilega vegna fjárhagslegra ástæðna, heldur er um það að ræða að ekki er möguleiki að hafa öfluga félagsmálastofnun starfandi í fámennum sveitarfélögum. Því er víðtækt samstarf eða samvinna eða sameining sveitarfélaga nauðsynleg.

Meginforsenda fyrir góðri félagsþjónustu er að hæft starfsfólk með viðeigandi menntun hafi umsjón með henni og ég tel í rauninni að með þessu frv. sé landsbyggðinni á margan hátt gefið tækifæri, bæði til að þróa sig áfram í störfum og til þess að veita menntuðu fólki atvinnu. Þetta er töluverð ögrun fyrir sveitarfélögin. Í grg. með frv. kemur fram að rökin fyrir að þjónusta fatlaðra skuli verða viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt, fyrst og fremst er þó um að ræða sjónarmið um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar.

Fötlun er margvísleg og misjöfn og það sama á við um þarfir einstaklinga. Markmið opinberrar þjónustu fatlaðra felst öðru fremur í að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þegna þjóðfélagsins og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs, og ég held að einmitt sveitarfélögin með nærþjónustu sinni séu mjög vel til þess búin. Þau muni veita góða þjónustu.

Á undanförnum árum hefur viðhorf til þjónustu fatlaðra breyst sem er mjög jákvætt. Í núgildandi lögum er að finna aðrar áherslur en voru í eldri lögum, þetta er alltaf að lagast smátt og smátt.

Herra forseti. Nú þegar hafa allmörg sveitarfélög tekið að sér málefni fatlaðra sem hægt er að læra af einmitt í kjölfar þess þegar lögin verða komin til framkvæmda.

Í ákv. til brb. II, um sjálfseignarstofnanir, er gert ráð fyrir að þær sjálfseignarstofnanir sem greinin gæti tekið til, séu sjálfseignarstofnanir á vegum félagasamtaka, þ.e. Geðhjálpar, Blindrafélagsins, Styrktarfélags vangefinna og Þroskahjálpar á Reykjanesi, svo og sjálfseignarstofnanirnar Sólheimar í Grímsnesi, Skaftholt í Gnúpverjahreppi og Skálatún í Mosfellsbæ. Í greininni felst að áfram verði mögulegt að félmrn. og Samband íslenskra sveitarfélaga semji við sjálfseignarstofnanir um framhald þjónustu sem þær hafa annast og ég tel að þetta sé mjög mikilvægt.

Herra forseti. Í umsögn sem barst frá Barnaverndarstofu er atriði sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir áður og mig langar til að vitna í hana en þar segir, með leyfi forseta:

„Í reglum nr. 401/1998, um heimili og stofnanir sem reknar eru á grundvelli barnaverndarlaga, eru ítarleg ákvæði um kröfur sem gera skuli til starfsfólks og umhverfis á heimilum sem taka börn í sólarhringsdvöl, svo sem í sumardvöl. Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að aðbúnaður og umönnun barnanna verði eins góður og hægt er á meðan þau

dvelja fjarri heimilum sínum. Í 34. gr. frumvarpsins er fjallað um heimili fyrir fötluð börn, en ekkert kemur þar fram hvaða kröfur skuli gera til starfsfólks sem eiga að annast börnin á þessum heimilum eða hvernig heimilin og umhverfi þeirra skuli útbúin. Eðlilegt verður að teljast að sömu ákvæði gildi um heimili sem taka að sér börn á grundvelli barnaverndarlaga og heimila sem taka að sér fötluð börn."

Ég tel að úr þessu verði að bæta.

Herra forseti. Frv. þetta markar mikil tímamót þegar það verður að lögum. Í því er reynt að tryggja áfram réttindi fatlaðra sem áður voru tryggð í sérlögum og jafnframt að tryggja að aðrir hópar sem hafa þörf fyrir sambærilega þjónustu fái hana, t.d. langveik börn og hópar fólks sem hafa verið jaðarhópar varðandi það að fá þjónustu.

Verið er að útvíkka réttindahugtakið og nú eiga allir rétt sem metnir eru að hafi þörf fyrir þjónustuna. Þetta þýðir að félagsþjónustan verður fyrir breiðari hóp fólks en verið hefur.

Ljóst er að með flutningi þessa málaflokks til sveitarfélaganna eru bundnar vonir við að þjónustan verði bætt. Litið er á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra sem eðlilegan þátt í þróun sveitarstjórnarstigsins og þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína.

[22:05]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta er merkilegt frv. að því leyti að hér er verið að skeyta saman í ein lög rammalögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sérlögum um málefni fatlaðra. Þetta hefur ekki verið auðvelt, en með mikilli vinnu hefur tekist vel til að koma þessu heim og saman í eitt heildstætt frv.

Herra forseti. Ég kýs að fara ekki sérstaklega í einstaka kafla eða greinar frv., ég hef gert það víða á öðrum vettvangi í starfi mínu, heldur kýs ég að skoða það í heild sinni með tilliti til þess hvaða áhrif lagasetning sem þessi og sá möguleiki að flytja skuli málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna hafi á landsbyggðina.

Málefni fatlaðra hafa verið rekin af ríkinu og eru enn rekin af ríkinu að hluta til og hafa þar til gerðar fagskrifstofur, svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra, borið ábyrgð á rekstri málaflokksins. Fyrir tæpum fjórum árum tók Akureyrarbær að sér málefni fatlaðra sem reynslusveitarfélagaverkefni. Það starfssvæði sem Akureyrarbær tók yfir var Eyjafjörður og syðsti hluti Suður-Þingeyjarsýslu. Á sama tíma var samið við Húsavíkurkaupstað og síðar við héraðsnefnd Þingeyinga um að taka að sér málefni fatlaðra í 13 sveitarfélögum í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslum, skv. 13. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Þá var svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra lögð niður. Sú skrifstofa hafði verið starfrækt á Akureyri og höfðu starfsmenn hennar sinnt málefnum fatlaðra frá Ólafsfirði til Þórshafnar. Þar var um gríðarlega stórt landsvæði að ræða sem oft var mjög erfitt yfirferðar og þar af leiðandi voru ferðir starfsmanna oft mjög stopular.

Þegar samningurinn var gerður við Húsavíkurkaupstað var forsendan fyrir honum sú að þá þegar var skipulögð félagsþjónusta starfrækt á Húsavík og barnaverndarnefndir höfðu verið sameinaðar í báðum Þingeyjarsýslum. En án þessarar grunnþjónustu hefði ekki verið grundvöllur fyrir samningi sem þeim sem gerður var. Samningurinn um málefni fatlaðra var mjög mikilvægur fyrir sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum þar sem hann var hvati að því að sveitarfélögin 14 sem standa að héraðsnefnd Þingeyinga sameinuðust um félagsþjónustu og svo skömmu síðar um skólaþjónustu.

Nú er starfrækt á Húsavík félags- og skólaþjónusta Þingeyinga sem sinnir félagsþjónustu, barnavernd, málefnum fatlaðra og skólaþjónustu fyrir Þingeyinga. Þarna er um að ræða breiðan hóp fagfólks sem vinnur sameiginlega að því að veita Þingeyingum þessa mikilvægu þjónustu.

Slík þjónusta, herra forseti, vil ég fullyrða að er mjög mikilvæg fyrir búsetu í hinum 14 sveitarfélögum Þingeyjarsýslna. Nútímafólk gerir kröfu um alla grunnþjónustu og hugi sveitarfélög ekki að því að veita hana eru þau ekki lengur með í baráttunni um íbúa landsins.

Á þennan hátt er það frv. sem mælt er hér fyrir, herra forseti, mjög mikilvægt fyrir öll hin smærri sveitarfélög landsins, og ég ítreka hin smærri sveitarfélög landsins, sem berjast fyrir að halda íbúum sínum hjá sér.

Nú á því herrans ári 2000 eru enn fjölmörg sveitarfélög sem ekki veita skipulega félagsþjónustu til handa íbúum sínum. Þegar ég segi skipulega félagsþjónustu, þá á ég við þjónustu þar sem fagfólk starfar að því að veita þjónustu samkvæmt lögum og reglum sveitarfélaga.

Í hinu nýja frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er mjög skýrt kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að veita félagsþjónustu, eða eins og segir í kafla II, 3. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarfélög bera ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka. Skulu þau með skipulagi á henni og viðbúnaði tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. Þeim er skylt að veita félagsþjónustu, sbr. 2. gr., og framkvæma önnur þau verkefni sem lög þessi kveða á um."

Í gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, segir hins vegar um skyldur sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. þessara laga."

Eins og þingmenn heyra komast sveitarfélög ekki lengur hjá því að veita skipulega félagsþjónustu með þessu frv. Vissulega bera þau sveitarfélög sem ekki enn veita skipulega félagsþjónustu kvíðboga fyrir því að taka yfir málefni fatlaðra, þar sem grunnþjónustan er ekki til staðar. Vissulega er það kvíðvænlegt fyrir lítil sveitarfélög að horfa fram á þann kostnaðarauka sem skipuleg félagsþjónusta veldur þeim. En ætli þau að vera með í samkeppninni um íbúa þessa lands, verða þau að veita þá grunnþjónustu. Og því fyrr sem þau hefja undirbúninginn, því betra.

Það færist æ meira í vöxt að sveitarfélög sem ekki sameinast sín á milli, sameinist um þjónustu sem þessa. Það hafa Þingeyingar gert, sömuleiðis Snæfellingar og fleiri sveitarfélög. Þjónustan hefur með þessu móti færst nær íbúum þessara sveitarfélaga og er reynsla Þingeyinga af þeirri samþættu þjónustu sem þar er mjög góð. Þegar ég fullyrði þetta þá vísa ég ekki í vísindalegar kannanir sem gerðar hafa verið, heldur vísa ég til ummæla íbúa sveitarfélaganna, svo sem aðstandenda fatlaðra einstaklinga. Og ég vil leggja áherslu á ánægju aðstandenda fatlaðra einstaklinga í mjög smáum sveitarfélögum sem telja ekki fleiri íbúa en u.þ.b. 100–150 manns.

Fleiri aðilar hafa kvatt sér hljóðs um ánægju með slíka þjónustu, þ.e. fagfólk sem starfar í nánu samstarfi við þá þjónustu, þ.e. skólastjórnendur, kennarar, heilbrigðisstarfsfólk og lögregla. Ég legg mikla áherslu á það sem ég sagði

að aðstandendur í smáum sveitarfélögum hafa verið mjög ánægðir með þjónustuna og vil ég af þessu tilefni bjóða hv. þm. Ögmund Jónasson og stjórn Öryrkjabandalagsins velkomin til Þingeyjarsýslna til að kynna sér hversu vel hefur til tekist í þessum málaflokki.

Sú staðreynd að þjónustan færist nær er ein af þeim forsendum sem litið var til þegar hvatt var til þess að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Félagsþjónusta og þjónusta við fatlaða er mjög viðkvæm þjónusta sem krefst nálægðar við viðfangsefni sín, líkt og heilbrigðisþjónusta.

Herra forseti. Með því að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna svo og að skylda sveitarfélögin til að sinna skipulegri félagsþjónustu, verður það til þess að fagfólki muni fjölga mjög í þeirri starfsgrein á landsbyggðinni. Ég nefni sérstaklega til landsbyggðina, því þar vantar mikla grunnþjónustu í félagsþjónustunni og þar verður uppbyggingin mest.

Forsendan fyrir því að hægt sé að veita þjónustu sem þessa er sú að fagfólk fáist til starfa. Til þess að tryggja að svo verði verðum við að huga betur að menntun starfsfólks í þeirri þjónustu og þá vil ég helst nefna félagsráðgjöf og þroskaþjálfun. Nám í þessum tveimur starfsgreinum er einungis kennt í Reykjavík og þykir mér mikilvægt að kanna þann möguleika að skipuleggja nám í þeim greinum við Háskólann á Akureyri. Staðreyndin er sú að mun betur gengur að fá fagfólk sem menntað er við Háskólann á Akureyri til starfa úti á landsbyggðinni en fagfók sem menntað er við Háskóla Íslands. Því tel ég mikilvægt að þessi möguleiki sé kannaður.

Við Háskólann á Akureyri hefur í auknum mæli verið boðið upp á fjarnám og tel ég mikilvægt að við skipulag náms sem þessa verði strax frá upphafi gert ráð fyrir að íbúar í öðrum byggðum landsins eigi þess kost að stunda það. Ég mun beita mér fyrir því, herra forseti, að skoðaður verði sá möguleiki að koma á háskólanámi fyrir þær fagstéttir sem tengjast félagslegri þjónustu við Háskólann á Akureyri.

Aukin grunnþjónusta á landsbyggðinni hlýtur að vera liður í að snúa við þeirri byggðaþróun sem við horfum á í dag, sem er mikill straumur íbúa af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Því tel ég mikilvægt, herra forseti, að frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér hefur verið kynnt verði að lögum.

[22:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og hefur ágætisumræða farið fram um frv. í kvöld, en eins og ég hef viðrað í andsvörum hef ég verulegar áhyggjur af því hvaða afstöðu ýmsir þeir er málið varðar hafa til lagasetningarinnar.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Soffíu Gísladóttur hafa aðstandendur fatlaðra einstaklinga verið mjög ánægðir með þjónustu sveitarfélaga við fatlaða í reynslusveitarfélögunum. Það fer alveg saman við umsagnir t.d. Þroskahjálpar, sem er félag aðstandenda fatlaðra einstaklinga, sem leggja til að frv. verði samþykkt, reyndar með ýmsum athugasemdum. Aftur á móti hef ég verulegar áhyggjur af því hver afstaða Öryrkjabandalags Íslands er til málsins og vil ég lesa upp þá umsögn, sem er stutt, til Alþingis um frv.:

„Öryrkjabandalag Íslands hefur miklar og vaxandi efasemdir um réttmæti þess að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Öryrkjabandalag Íslands hvetur því stjórnvöld til að falla frá frumvarpi þar um þótt í því og fylgifrumvörpum þess sé margt jákvætt sem með góðum vilja má fella að gildandi lögum um málefni fatlaðra og tengdum lögum, enda mikil og um margt afar gagnleg vinna að baki. Hjá því verður vart horft að aðstæður fatlaðra gefa því miður ekki tilefni til að afnema lögin um málefni þeirra. Þvert á móti er það eindregin skoðun Öryrkjabandalagsins að í þeim efnum megi færa margt til betri vegar með því að auka við og efla lögin um málefni fatlaðra.“

Þetta er umsögn Öryrkjabandalagsins og síðan kemur greinargerð sem er nánast samhljóða grein þeirri er hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði til í máli sínu, sem ég ætla ekki að endurtaka en þar kemur afstaða stjórnar Öryrkjabandalagsins mjög skýrt fram. Stjórninni þar hefur snúist hugur og ég veit til þess að áður en umsögnin barst þinginu, voru greidd atkvæði um málið í stjórn Öryrkjabandalagsins og þar var þessi afstaða samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en tveir sátu hjá. Ég verð því að segja að ég hef verulegar áhyggjur af þessari afstöðu til málsins.

Í morgun komu einnig fram í félmn. ákveðnar efasemdir og áhyggjur sveitarstjórnarmanna um yfirtökuna á málefnum fatlaðra. Stærri sveitarfélögin lýstu því yfir að þau hefðu verulegar áhyggjur af þessu. Það verður að segjast eins og er að yfirtaka sveitarfélaganna á rekstri grunnskólans er kannski ekki til þess að menn séu alveg í rónni vegna þess að eins og kom fram hjá sveitarstjórnarmönnum fylgir þar ýmis kostnaður sem sveitarfélögin þurfa að taka yfir, sem er alls ekki gert ráð fyrir að sé til staðar, bæði það sem snýr að reglugerðum og lögum. Menn lýstu því yfir að þeir hefðu áhyggjur af þessu og ég deili þeim.

Sömuleiðis má segja að ekki sé óeðlilegt, herra forseti, að menn hafi áhyggjur af flutningi þessa viðkvæma málaflokks til sveitarfélaganna ef fjármagn fylgir ekki. Við höfum reynslu af því að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið skertur um 1,5 milljarða frá því ríkisstjórnin tók við völdum, 1,5 milljarða af mörkuðum tekjustofnum sem átti að berast framkvæmdasjóðnum samkvæmt lögum. Vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af því ef framhald verður á slíku.

Einnig má benda á, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra í framsögunni, að verulegir biðlistar eru eftir þjónustu. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá yfirvöldum bæði í Reykjavík og á Reykjanesi um bið eftir búsetu fyrir fatlaða, eru á þriðja hundrað manns sem bíða eftir þjónustu. Samkvæmt upplýsingum ráðherrans voru það um tvö hundruð. Það er spurning hvor talan er rétt, tvö hundruð eru of margir sem bíða eftir þjónustu á þessu svæði. Það er kannski ekki skrýtið að menn hafi ákveðnar áhyggjur og hræðist það að kannski muni ekki ganga betur að fá fjármagn í þetta þegar málaflokkurinn er kominn yfir til sveitarfélaganna en er núna hjá ríkinu.

Einnig hafa komið fram áhyggjur hjá sveitarstjórnarmönnum um að gildistökuákvæðið í lögunum gæti ekki staðist, þetta mundi ekki geta gengið á þessum tíma. Það er auðvitað eitthvað sem við þurfum að skoða í nefndinni hvort gildistökuákvæðið er raunhæft.

Mig langar til að minnast á ýmis atriði. Eins og ég sagði áðan hefur Þroskahjálp sent umsögn sem er jákvæð til þessa frv., en hefur gert ýmsar athugasemdir sem við munum að sjálfsögðu fara yfir í nefndinni. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að fara yfir þær athugasemdir en þó eru hér nokkur atriði sem ég hefði viljað nefna.

Áður en ég kem að athugasemdum Þroskahjálpar vil ég geta þess vegna athugasemdar Öryrkjabandalagsins að það

er mjög mikilvægt að nefndin sendi öllum aðildarfélögum Öryrkjabandalagsins málið til umsagnar. Ég vildi kannski spyrja formann hv. félmn. hvort öll aðildarfélögin hafi fengið málið en auðvitað þurfum við að senda málið aftur út til umsagnar eftir þessa umræðu. Ekki dugir til að hafa sent það út í vor. Ég ætla að vona að það sé almennt skilningur manna í salnum að málið verði sent út, annað væru óeðlileg vinnubrögð í þinginu og það er venjan. Ég heyrði það úr salnum að búið væri að senda það út. Mér finnst ólíklegt að það sé búið að því þar sem málið hefur ekki verið afgreitt í umræðunni og er alls ekki komið til nefndar.

Ég hefði gjarnan viljað fá aðeins útskýringu á skilgreiningu á vinnu og vernduðum vinnustöðum. Samkvæmt skilgreiningu eða skýringu á 59. gr. segir:

„Talið er ljóst að störf á vernduðum vinnustöðum þar sem fram fer framleiðsla og þjálfun og gerð er krafa um vinnuframlag gegn launum falla ekki að óbreyttu undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir."

Reyndar verður sérstakt þingmál hér til umfjöllunar á eftir um vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við þetta frv. en samkvæmt þessari grein er talað um að Vinnumálastofnun geri úttekt á þessum vernduðu vinnustöðum og ég spyr hæstv. ráðherra hvort sú úttekt hafi farið fram.

Ég tek einnig eftir því að í umsögn fjmrn. er ekki gert ráð fyrir að sú úttekt kosti neitt. Það finnst mér dálítið sérstakt þannig að ég vildi líka spyrja að því hvort menn geri ráð fyrir að úttekt á vinnustöðunum kosti ekki neitt.

Einnig spyr ég hæstv. ráðherra — og ég spyr hvort hæstv. ráðherra sé í húsinu, herra forseti —

(**Forseti** (ÍGP): Það skal tekið fram að forseti hefur kannað það að ráðherra er hér í hliðarherbergi.)

Herra forseti. Ég spurðist fyrir um það hvort Vinnumálastofnun væri búin að fara í þá vinnu sem gert er ráð fyrir og sem snýr að þessum frv., bæði vinnumarkaðsaðgerðafrumvarpinu og þessu um málefni sveitarfélaga, ef ég gæti kannski fengið upplýsingar um það. Ég spyr hæstv. ráðherra einnig hvort ekki sé full ástæða til þess að allur þátturinn sem snýr að atvinnumálum komi til ríkisins en ekki sé verið að skipta því á milli sveitarfélaganna, þ.e. öll vinnustarfsemin, bæði iðjan, hæfingin og svo önnur vinna.

Í umsögn frá Þroskahjálp var vitnað til athugasemda í einni greininni um að semja við einstaklinga um þjónustu eða einkaaðila og ég spyr hæstv. ráðherra hvort verið sé að boða einhverja einkavæðingu í félagsþjónustunni með þeirri tilvitnun sem er í 36. gr. um þjónustusamninga þar sem er talað um einkaaðila. En Þroskahjálp hefur áhyggjur af því að þarna sé verið að fara út í einkavæðingu með því að tiltaka sérstaklega einkaaðilana. Ég vildi gjarnan fá skýringar hjá hæstv. ráðherra á því.

Sömuleiðis koma fram í umsögn Þroskahjálpar vissar áhyggjur vegna gjaldtökugreinarinnar, sem er 53. gr., þar sem talað er um gjaldtökuheimild vegna liðveislu, skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldna. Reyndar kemur greinilega fram í umsögninni um greinina að ekki er gert ráð fyrir að tekin sé upp sérstök gjaldtaka fyrir þessa þjónustu eftir því sem ég skil best og hæstv. ráðherra ... (**Félmrh.:** Það er búið að breyta frv.) Já, ég þóttist sjá það þegar ég fór að skoða þessa athugasemd. Ég ætlaði bara að fá það staðfest hjá hæstv. ráðherra sem hann hefur gert hér, herra forseti.

Herra forseti. Ég nefndi það áðan að kannski væri ekki að ástæðulausu að menn hefðu áhyggjur af því að taka yfir þennan málaflokk vegna þess að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur ekki fengið það fjármagn sem honum var ætlað samkvæmt lögum. Ég vil geta þess sérstaklega að bara í ár er erfðafjárskatturinn 607 millj. en aðeins 235 millj. eiga að koma í uppbyggingu á úrræðum fyrir fatlaða. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort meiri líkur séu á því að fjármagn skili sér til málaflokksins eftir að þjónustan er komin til sveitarfélaganna.

Í ákv. til brb. II er talað um sjálfseignarstofnanir og eru þær taldar upp í skilgreiningu við það ákvæði. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji koma til greina, eins og hefur kannski aðeins verið rætt, að Sólheimar í Grímsnesi yrðu reynslusveitarfélag, vegna þess að þar er komin það mikil önnur þjónusta í tengslum við þjónustu við fatlaða að þetta er orðið eins og lítið samfélag. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann teldi e.t.v. að einhver slíkur rekstur kæmi til greina á þeim stað þar sem hefur verið mjög mikil gróska og uppbygging í sambandi við þjónustu við fatlaða og ýmislegt annað í sambandi við umhverfisvæn verkefni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í miklar málalengingar um þetta frv. en hef varpað fram nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra sem ég geri ráð fyrir að hann svari í lokaræðu sinni. Ég spyr hann að því hvort hann telji að gildistökuákvæðið geti staðist vegna þess að sveitarstjórnarmenn hafa haft áhyggjur af því að erfitt verði að taka málaflokkinn yfir og vera búin að því fyrir þá dagsetningu sem er í gildistökugreininni.

Sömuleiðis hefði ég gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra um þjónustu við geðveik börn og geðfötluð börn en það hefur verið áhyggjuefni aðstandenda þeirra að þau hafi viljað lenda svolítið á milli félagslega kerfisins og heilbrigðiskerfisins. Ég vildi því gjarnan fá, herra forseti, að heyra það frá hæstv. ráðherra í lokaræðu hans hvernig hann sér þjónustu við geðfötluð og geðsjúk börn.

Ég held ég hafi þetta ekki lengra en ég mun koma að þessu máli í nefndinni.

[22:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins taka fram vegna þeirrar spurningar sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir beindi til mín um hvort frumvörpin yrðu send út aftur til umsagnar, að ég tel að félmn. muni gera það þó ekki væri nema vegna þeirrar stefnubreytingar sem fram kemur í umsögn Öryrkjabandalags Íslands frá því að fulltrúi hennar, Helgi Seljan, skrifaði undir nál. þann 20. október 1999 og þar til að ný umsögn kemur frá Öryrkjabandalaginu 27. september nú í ár. Ég tel rétt að kanna hvort fleiri en Öryrkjabandalagið hafi skipt um skoðun. Ef það er ekki (**ÖJ:** Umsögnin var alltaf skilyrt.) geta samtök og þeir sem vilja koma að athugasemdum auðvitað bara sent staðfestingu á fyrri umsögnum. En vegna frammíkalls er kannski rétt að lesa upp úr athugasemd Helga Seljans frá því að nefndin lauk störfum en þá segir hann einmitt hér, með leyfi forseta:

„Og styður undirritaður þær í heild sinni en hlýtur þó að hafa nokkra fyrirvara."

Þeir fyrirvarar lúta að m.a. fjármagnsþættinum, um að Öryrkjabandalagið geti komið með umsagnir um frumvarp að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, um aðgengismál og skyldustyrki vegna náms og tækjakaupa og að þeir fái að fylgjast með yfirfærslunni og um sérlög um réttindagæslu.

Þetta eru svona almennir fyrirvarar, hæstv. forseti.

[22:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir að koma með þessar upplýsingar hér. Ég tek undir það með henni að nauðsynlegt er að senda þetta mál út aftur því að greinilegt er að afstaða manna hefur verið að breytast eins og kemur fram í umsögn Öryrkjabandalagsins, að það hafi miklar og vaxandi efasemdir um réttmæti þess að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Og vissulega eru það þá fagleg vinnubrögð hér í þinginu og hjá þingnefndinni að senda málið út. Menn geta þá annaðhvort ítrekað fyrri umsagnir sínar eða þá sent inn nýjar umsagnir ef þeir hafa skipt um skoðun. Því eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra í svari við andsvari frá mér í upphafi umræðunnar er náttúrlega mjög erfitt að ætla að fara að gera þessar miklu breytingar ef heildarsamtök fatlaðra eru á móti málinu. Þó svo að aðstandendur fatlaðra séu hlynntir því, eins og Þroskahjálp, þá verða auðvitað fatlaðir sjálfir að vera sammála eða a.m.k. ekki andstæðir slíkum breytingum.

Ég fagna því, herra forseti, að þessi vinnubrögð skuli viðhöfð í nefndinni.

[22:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi gleymt að svara því hvort þetta hafi farið út til allra hagsmunaaðila, félagasamtaka og aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins. Ég held að megi segja að það hafi verið gert en hins vegar fórst það fyrir og komst ekki upp fyrr en fyrir fáum dögum að gleymst hafði að senda frumvörpin til umsagnar hjá stjórnendum vistheimila. Úr því mun náttúrlega verða bætt núna og alveg sjálfsagt að það verði gert því að það var einmitt markmiðið að senda frumvörpin sem víðast til umsagnar til þess að fá sem flest sjónarmið um þessi mál. Eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. er meiningin að reyna að ná sem bestri samstöðu um þetta mál.

En varðandi stefnubreytingu Öryrkjabandalagsins, sem ég reikna kannski ekki með að komi fram hjá mjög mörgum öðrum virðast hafa vaknað upp efasemdir hjá þeim um það, eins og þeir komast að orði, að svokölluð samþætting eigi rétt á sér, sem lengi hefur verið helsta baráttumál fatlaðra. Þeir segja m.a. hér:

„Þeir sem eindregnast hafa gengið fram í þeim boðskap að færa beri flestalla málaflokka til smærri stjórnsýslueininga hafa haft tilhneigingu til að vanmeta þær margvíslegu hættur, þversagnir og vandamál sem innbyggð eru í sjálfu lýðræðinu, svo öruggt og gott sem okkur kann að finnast það."

Þetta eru sem sagt efasemdir Öryrkjabandalagsins núna um að lýðræðið sé nægilega traustvekjandi til þess að takast á við þennan málaflokk.

[22:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara taka fram að við skulum ekki vanmeta afstöðu Öryrkjabandalagsins. Það eru heildarsamtök allra félaga fatlaðra sem greiða atkvæði um þessa afstöðu til málsins á fundi þar sem öll greidd atkvæði eru með þessari afstöðu og við skulum ekki vanmeta það. Það voru reyndar tveir sem sátu hjá.

Við skulum því taka þetta alvarlega og skoða málið í ljósi þess.

[22:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það háttar svo til með mig eins og reyndar fleiri ræðumenn í umræðunni að ég sit í hv. félmn. og á þar af leiðandi kost á því að skoða þetta mál þar og ég treysti því og geng út frá því að málið muni fá þar ítarlega skoðun. Í raun er það í aðalatriðum órætt og óskoðað í nefndinni og þó að það væri sýnt þar í fyrravor og næði að fara út til umsagna þá held ég að segja verði þá sögu eins og hún er að nefndin fór skammt áleiðis í því að ræða málið á sínum forsendum. Þetta er viðamikið, afdrifaríkt og stórt mál af því tagi sem hlýtur að kalla á vönduð og ítarleg vinnubrögð og verður þar af leiðandi til umfjöllunar í nefndinni á þessum vetri hvað sem afgreiðslu þess líður með vorinu ef svo atvikast eða jafnvel síðar.

Það eru mörg ákvæði í frumvarpinu, herra forseti, sem eðlilega taka mið af því hvernig menn nálgast þetta viðfangsefni, þetta málasvið nú um stundir, og margt hygg ég að sé þar metnaðarfullt og horfi til framfara hvað varðar nútímaviðhorf til hlutverks sveitarfélaganna á þessu sviði, hvernig um það er búið í löggjöf, hvernig gengið er frá skyldum sveitarfélagsins annars vegar að þessu leyti og réttindum þeirra sem í hlut eiga og þjónustunnar eiga að njóta hins vegar.

Það er ákaflega mikilvægt að athygli manna hefur í vaxandi mæli á seinni árum beinst að ýmsum umhverfisþáttum í hinu félagslega og efnislega umhverfi mannsins, hlutir sem áður voru aftarlega á forgangslista, mættu afgangi ef þeir komust yfirleitt til umræðu, atriði sem skipta máli í sambandi við búsetu, líf og lífskjör og hamingju fólks hafa núna þokast nær sviðsljósinu. Það eru ekki síst hlutir sem snúa að hinu félagslega umhverfi mannsins og þeirri tilfinningu manna nú um stundir að þeir þættir hafi haft tilhneigingu til að vera vanmetnir en of mikil áhersla verið lögð á atvinnu og önnur slík ytri og sýnileg ummerki í umhverfinu, en of lítill gaumur gefinn að þessum hlutum sem hér eru á dagskrá ekki síst, og falla undir löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það getum við kallað að búa um hið félagslega umhverfi mannsins í löggjöf og er vel að það sé reynt að gera á metnaðarfullan hátt.

Hér er tiltölulega skýrt kveðið á um skyldur sveitarfélaga á þessu sviði, afdráttarlausar skyldur, og það er gott og mjög mikilvægt vegna þess að á þeirri spýtu hangir mjög mikið, sem sagt mannréttindi þeirra sem í hlut eiga og þarf að tryggja með löggjöf að ekki séu fyrir borð borin. Mér falla ágætlega skilgreiningarnar í 1., 2. og 3. gr. frv. þar sem þetta er í aðalatriðum fram sett.

Ég ætla aðallega, herra forseti, að nota tíma minn til að ræða það mál sem væntanlega á eftir að verða hvað fyrirferðarmest í umfjöllun um þetta frv. og hefur auðvitað verið hér í umræðunni einnig og það er spurningin um það sem hér hangir á spýtunni m.a., að færa málaflokkinn þjónusta við fatlaða eða málefni fatlaðra, eins og það er nú kallað yfirleitt og er gallað hugtak í sjálfu sér, yfir til sveitarfélaganna.

Að sjálfsögðu eru í þessu máli bæði rök með og á móti eins og alltaf vill verða við slíkar aðstæður. Það er margt til í því sem sagt er um kosti þess að nýta návígi fólks við stjórnvald hið næsta sér, nærþjónustu, og möguleika á að skipuleggja og stýra uppbyggingu með tilliti til aðstæðna úti á einstökum svæðum og í einstökum byggðarlögum landsins, að þetta geti orðið mönnum til góðs hvað varðar uppbyggingu þjónustu í viðkomandi málaflokki o.s.frv. Þetta mega

teljast kannski veigamestu rökin fyrir því að fara út í þessa breytingu.

Hér var nefnd í ágætri ræðu áðan reynslan af tilraunaverkefni eða samningi ríkisins við félagsþjónustu Þingeyinga sem ég get tekið undir með ræðumanni að hafi gefist í öllum aðalatriðum ágætlega það ég til þekki. En þá er líka rétt að hafa í huga að þar hefur ekki verið um að ræða í sjálfu sér flutning málaflokksins frá ríki til sveitarfélags heldur er um að ræða, ef ég kann rétt og eru þá hér inni aðilar sem geta leiðrétt mig, samning um að sveitarfélögin í samstarfi sínu annist um framkvæmd þessara verkefna í umboði ríkisins og fái greiðslur fyrir á grundvelli samningsins frá ríkinu. Það að þetta fyrirkomulag og þessi tilraun, sem svo má kalla, hafi gefist vel geta þar af leiðandi alveg eins verið meðmæli með nákvæmlega því fyrirkomulagi, að það kunni að henta ágætlega í samstarfi af þessu tagi milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd mála af þessu tagi, að búa einmitt um þau með þessum hætti. Fyrir mér eru það ekki endilega rök fyrir því að formleg og algjör yfirfærsla málaflokksins til sveitarfélaganna, óháð aðstæðum þeirra og jafnvel vilja til að taka verkefnið að sér, sé rétt.

Ef þetta gæti gerst víðar með svipuðum hætti og gerst hefur í Þingeyjarsýslum, er það þá ekki ágætislausn sem tekur mið af aðstæðum og vilja manna og býður upp á þennan kost þar sem svo ber undir, að sveitarfélögin taki að sér í aðalatriðum að annast um framkvæmdina en ábyrgð málaflokksins formlega og það að jafna upp í formi mismunandi greiðslna eftir aðstæðum aðstöðu sveitarfélaganna, sé áfram á hendi ríkisins?

Á Akureyri hefur hins vegar verið um formlegt tilraunverkefni að ræða sem ég hygg að megi líka segja að hafi gefist ágætlega, enda um að ræða eitt af öflugustu sveitarfélögum landsins sem vildi gera tilraun með að samþætta þjónustu sína á öðrum sviðum félagsmála þessu viðfangsefni, þ.e. þjónustu við fatlaða.

Síðan koma ýmis önnur rök og ýmsar aðrar efasemdir, herra forseti, sem hafa verulega leitað á mig í sambandi við þetta mál. Ég hef mjög miklar efasemdir um að skynsamlegt sé að fara í yfirfærslu þessa málaflokks með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, mjög miklar, og vil færa fyrir því nokkur rök.

Þau fyrstu eru að aðstaða sveitarfélaganna í landinu er svo gríðarlega mismunandi hvað þetta snertir. Sveitarfélag og sveitarfélag í tilvikinu Reykjavík annars vegar og segjum Grímsey hins vegar eiga í raun og veru ekkert saman nema nafnið. Ég þekki fá ef nokkur dæmi í heiminum þar sem jafngríðarlegur munur er á stærð, aðstöðu og möguleikum sveitarfélaga til að taka að sér verkefni af þessu tagi eins og einmitt er á Íslandi. Þennan veruleika verðum við að horfast í augu við. Hann er fyrir hendi í dag og hverfur væntanlega ekki alveg á allra næstu árum hvað sem menn vilja um hann segja að öðru leyti og geta menn þá haldið hér ræður um að það verði að vinda sér í að fækka og stækka sveitarfélögin o.s.frv. En þetta er svona í dag, aðstaða og staða sveitarfélaganna í landinu er svo gríðarlega mismunandi að þau eiga í rauninni í þessu tilliti nánast ekkert saman nema nafnið.

Í öðru lagi er reynslan af flutningi verkefna, þó fá séu ef nokkur, sambærileg við þetta málefni, þjónustu við fatlaða, blendin svo ekki verði meira sagt. Engin leið er að horfa fram hjá því að reynslan af flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna er um margt mjög blendin. Hún er það m.a. vegna þess að það hefur reynst miklu flóknara og erfiðara að meta kostnaðarþætti slíkra mála. Aftur kemur inn ólík aðstaða sveitarfélaganna sem skapar mikla þörf á einhvers konar jöfnunaraðgerðum til að mæta þeirri stöðu og sú leið hefur verið valin að henda því óútkljáðu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og gera honum með einhverju regluverki og miklum fjármunum að reyna að jafna aðstöðuna á móti.

Á mannamáli þýðir þetta, herra forseti, að jöfnunarhlutverkið sem ríkissjóður hafði áður með höndum hvað það varðaði að sjá landsmönnum, án tillits til aðstæðna, fyrir búsetu, fyrir þessari þjónustu, er fært frá ríkissjóði yfir til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ég spyr mig að því og er væntanlega ekki einn um það: Ef við förum síðan í gegnum þetta á hverju sviðinu á fætur öðru og veljum alltaf sömu lausnina, hvað er þá að gerast smátt og smátt? Jú, þá er eitthvað sem heitir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að taka á sig eðli og ígildi lítils ríkissjóðs og er að axla verkefni sem áður voru hjá ríkissjóði, sameiginlegur sjóður allra landsmanna leysti áður af höndum og tók tillit til þess í formi þess að bera mismunandi kostnað við að halda þjónustunni uppi við mismunandi aðstæður á sínum herðum, sameiginlegur sjóður allra landsmanna og verður varla fundið einfaldara fyrirkomulag á því.

Herra forseti. Í þriðja lagi hlýt ég að nefna það að ekki er hægt að horfa fram hjá mjög vaxandi efasemdum ýmissa mikilvægra málsaðila. Ég nefni þar aðeins til sögunnar tvo og munar um minna, það eru heildarsamtök öryrkja í landinu og það eru sveitarfélögin sem ég hygg að ég sé ekki einn um að þykjast heyra úr öllum áttum þessar vikurnar og mánuðina mjög hratt vaxandi efasemdir um að þetta mál sé skynsamlegt eða nógu þroskað til að fara í það með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég nefni í fjórða lagi sem rök, herra forseti, að samskipti ríkis og sveitarfélaga í landinu eru nánast í uppnámi um þessar mundir. Ekki er á það bætandi að mínu mati að fara nú út í flausturlega undirbúna aðgerð af þessu tagi sem ætti að eiga sér minna en árs aðlögunartíma því engan dreymir, held ég, um að þetta frv. verði að lögum fyrr en einhvern tíma þegar komið er einhverja mánuði fram á næsta ár en gildistakan er engu að síður sett í frv. 1. jan. árið 2002. Það stendur þannig að núverandi aðgerðir til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna eru að sögn sveitarfélaganna sjálfra aðeins uppgjör á þegar áorðnum vanda vegna tíu ára samskipta og aukinna verkefna sem lög og reglugerðir hafa fært yfir á sveitarfélögin án tekna á móti á sviði umhverfismála og margra fleiri mála. Þar er ekki inni í þessum pakka, að mati sveitarfélaganna vanmat á tekjum til þeirra vegna grunnskólans. Sveitarfélögin líta svo á að það mál sé enn í nefnd og til skoðunar og þau mál um tekjustofna sveitarfélaga og tilheyrandi skattafrumvörp sem eru nú í félmn. og efh.- og viðskn. séu eingöngu vegna hins liðna í þessum samskiptum mínus yfirfærsla grunnskólans, það sé enn óútkljáð mál. Það er mat sveitarfélaganna að u.þ.b. að hálfu leyti, 50%, sé komið til móts við vanda þeirra í þessu sambandi, að niðurstaða hinnar svokölluðu tekjustofnanefndar dugi um 50% til að mæta vanda sveitarfélaganna upp á 6,7 milljarða kr. Þetta eru fjórðu meginrökin fyrir mér, herra forseti, að þarna séu of margir lausir endar.

Í fimmta lagi nefni ég það að verið er að setja nýja félagsmálalöggjöf með nýrri skilgreiningu á skyldum sveitarfélaganna og rétti þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta. Er þá rétti tíminn til að færa málaflokkinn yfir áður en svo mikið sem framkvæmd félagsþjónustunnar hefst á þessum

nýja grunni? Þarf ekki fyrst að festa þá framkvæmd í sessi þannig að við vitum hvar við stöndum gagnvart henni, nýrri löggjöf, og gagnvart þeim útgjöldum sem það getur væntanlega falið í sér, ekki síst hjá minni sveitarfélögum landsins þar sem þessi þjónusta hefur verið brotakennt til staðar, áður en við setjumst niður og segum: Það kostar þetta á þessum grundvelli að halda uppi þessari þjónustu og þetta mikið þurfa sveitarfélögin að fá ef þau taka málið frá ríkinu. Er ekki ærinn vandi að meta þetta samt þó að framkvæmdin væri til staðar á þessum nýja grunni áður en útreikningarnir hæfust?

Í sjötta og síðasta lagi, til að tína saman þessi rök, herra forseti, og ég tek fram að ég er aðeins að nefna nokkur af mörgum fleirum sem ég hef velt fyrir mér, nefni ég það að hér er um mjög sérstakan málaflokk að ræða þar sem er þjónusta við fatlaða einstaklinga. Þetta er sambærilegt við fátt annað nema ef vera skyldi sérhæfðari hluta heilbrigðisþjónustunnar og önnur slík svið sem eru vel að merkja hjá ríkinu og engin tillaga er um að færa yfir. Við erum að tala um hluti sem geta verið svo sérhæfðir og stakir að staða fámennari sveitarfélaga eða byggðarlaga getur orðið af tilviljanakenndum ástæðum mjög mismunandi hvað framkvæmd þessa málaflokks varðar.

Það er ósköp einfaldlega þannig í fámenni okkar og í okkar litlu sveitarfélögum að tilviljun ræður því, segjum í tveimur nákvæmlega jafnstórum sveitarfélögum, 500 manna sveitarfélögum eða svo, hvort þar býr einn, jafnvel tveir mjög fjölfatlaðir einstaklingar sem þurfa gríðarlega þjónustu og mikinn stuðning eða enginn. Þannig geta tvö sveitarfélög, sem væru komin með ábyrgð á þessum málaflokki hlið við hlið, verið í þeirri aðstöðu að annað þeirra lendir í gríðarlegum útgjöldum og miklum erfiðleikum við að uppfylla skyldur sínar að þessu leyti og tryggja réttindi viðkomandi einstaklings eða einstaklinga á sama tíma og nágrannasveitarfélag eða annað jafnstórt skammt undan er vegna tilviljana með öllu laust við að þurfa að stofna til útgjalda af þessum toga.

Hér er ekkert um neitt að ræða sem er í neinni líkingu við það að vera sambærilegt t.d. við grunnskólann sem haldið er uppi nánast í hverju einasta byggðarlagi í landinu af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum þar sem er um að ræða almenna þjónustu sem tekur til allra venjulegra einstaklinga eða fjölskyldna. Menn verða að mínu mati að horfa á þetta mál sem mjög sérstakt tilvik og það er algjör spurning hvort á yfir höfuð að blanda þessu saman við önnur almenn atriði þegar við erum að ræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í landinu á almennum forsendum. Þar gegnir svo ólíku um.

Herra forseti. Þetta leitar allt á mig sem röksemdir fyrir því að við ættum kannski að skoða þessi mál miklu betur. Ég held líka að umræðan um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé á miklum villigötum á Íslandi, hún sé á villigötum þeirra alhæfinga að þar eigi allt að vera annaðhvort eða. Það eigi allt að vera annaðhvort 100% hjá ríkinu eða 100% hjá sveitarfélögunum. Þetta er að mínu mati algjört rugl hvar sem er í heiminum en alveg sérstaklega við íslenskar aðstæður. Það er tóm vitleysa að horfa ekki á það sem fullkomlega jafnraunhæfan kost og góðan í mörgum tilvikum að málaflokkar séu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Það er að mínu mati algjör hégilja að það geti ekki verið gott fyrirkomulag á Íslandi eins og mjög víða í löndunum í kringum okkur að um sé að ræða samstarfsverkefni þar sem menn búa með tilteknum hætti um samskiptin með skýrum reglum, ganga frá því hver er þátttaka hvors um sig. Hvers vegna skyldi það ekki geta átt við á Íslandi þar sem oftar en ekki eru ýmis slík verkefni samstarfsverkefni jafnvel þriggja stjórnsýslustiga í löndunum í kringum okkur og þykir ekkert óskaplega óskynsamlegt, heldur kannski þvert á móti mjög skynsamlegt.

Ég er þeirrar skoðunar að af ýmsum grundvallarástæðum sé býsna mikið álitamál hvort ríkið, ríkisvaldið, Alþingi og framkvæmdarvald, sem fer með löggjafarvaldið, lagasetningarvaldið, stefnumótunina og fjárveitingavaldið eigi í raun og veru að geta sagt sem svo: Síðan er þetta málefni sveitarfélaganna og þetta kemur okkur meira og minna ekki við. Það gengur ekki þannig.

Tökum t.d. samskipti ríkisvaldsins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar á sviði umhverfismála. Er enginn hugsi yfir því hvernig þeir hlutir hafa verið undanfarin ár? Að ofan frá berast tilskipanir, settar eru reglur sem kosta útgjöld hjá sveitarfélögunum, þau hafa enga aðild að því máli, eiga bara að sjá um málið og borga það. Hvað með grunnskólann? Er það mjög heppilegt, fyrir utan að sitja uppi með eintak eins og núv. hæstv. menntmrh., að hafa fyrirkomulagið þannig að þegar svo ber undir þá koma menntmrh. málefni grunnskólans ekki við? Aftur og aftur í umræðum á Alþingi segir hæstv. menntmrh.: Þetta er málefni sveitarfélaganna, hvað er verið að spyrja mig? Síðan þegar það hentar hæstv. menntmrh. er hann gjarnan menntmrh. grunnskólans líka.

En þetta er afleiðing þess hugsunarháttar að ekki sé um samstarfsmálefni ríkis og sveitarfélaga að ræða sem ég tel auðvitað að eigi að vera í þessum efnum í aðalatriðum, og það geti verið hið ágætasta fyrirkomulag að búa t.d. þannig um þetta að formlega sé ábyrgð málaflokksins hjá ríkinu, að fjárhagslega ábyrgðin og greiðslurnar komi frá ríkissjóði en framkvæmdin sé gjarnan á höndum sveitarfélaganna, a.m.k. þeirra sem það vilja og hafa aðstöðu til að taka hana að sér, t.d. með þeim hætti sem um hnútana hefur búið í Þingeyjarsýslum.

Að lokum, herra forseti, minni ég á að í frv. er einnig fjallað um skyldur sveitarfélaganna á sviði húsnæðismála. Mér sýnist að það verði torsótt fyrir sveitarfélögin, eins og ríkisstjórnin hefur hegðað sér í þeim málum, að uppfylla skyldur sínar að því leyti þar sem nánast er búið að leggja niður allt sem heitir félagslegt húsnæðiskerfi í landinu og veit ég ekki hvaðan sveitarfélögunum eiga að koma úrræði til að uppfylla í framtíðinni skyldur sínar að þessu leyti.

Herra forseti. Allra síðast vek ég svo athygli á því að tímasetning þessarar lagasetningar er með öllu óraunhæf.

[22:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt ansi mikið og ljóst að um það verður ekki eindregin samstaða í þinginu og er kannski enginn sem ætlast til þess. Ég sit í hv. félmn. og mun að sjálfsögðu eiga kost á því að ræða þetta mál þar. Ég vil samt sem áður tæpa á nokkrum atriðum í þessu sambandi.

Sem gamall sveitarstjórnarmaður og áhugamaður um að styrkja stöðu sveitarfélaganna og sveitarstjórnarstigsins hef ég alla tíð litið svo á að eitt af þeim málum sem hentuðu fyrir sveitarfélögin væru málefni fatlaðra.

Það kemur verulega á óvart, og ég held að það sé rétt sem kemur hér fram frá ýmsum ræðumönnum, að sveitarfélögin

eru að breyta um skoðun. Ekki endilega að þau vilji ekki fá þetta strax heldur að þau vilja fá þetta seinna. Þau vilja fá að skoða ýmsa þætti sem snúa að þessum flutningi sérstaklega fjármál.

Ég held að það verði samt að taka þessu öllu með fyrirvara af hálfu sveitarfélaganna og samtaka fatlaðra. Röksemdir þeirra eru fyrst og fremst þær að það vanti fjármuni. Ef maður lítur á það sem fylgir með þessu frv. og er fylgiskjal sem er úttekt fjmrn. þá munu fylgja þessu verkefni 4,4 milljarðar. Eins og staðan er í dag og núverandi kostnaður ríkisins af kerfinu eru það 3,6 milljarðar sem fara af hálfu ríkisins til þessa málaflokks. Það er því greinilega verið að auka mjög þá fjármuni sem ættu að vera í þessu kerfi ef það færi til sveitarfélaganna. Þar á meðal í alls konar þætti sem ég sé í frv. að ýmsir nefndarmenn hafa haft áhyggjur af að yrðu ekki inni í dæminu og kemur fram í bókun frá Jóni Björnssyni, sem var fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og undirritaði þetta allt saman með miklum fyrirvörum og telur upp á annan tug atriða sem hann telur að séu aukin verkefni sveitarfélaga sem eigi eftir að gera ráð fyrir að kosti einhverja peninga.

Ég get ekki séð að því hafi verið gleymt en hef ástæðu til að ætla að við munum fara yfir það í félmn. að öll þau atriði sem þarna eru talin upp verði skoðuð með tilliti til þess að þeim kostnaði sé mætt sem þeim auknu skyldum fylgir.

Ég held, herra forseti, að ótti sveitarfélaga og samtaka fatlaðra við að kostnaðarþáttur frv. sé ekki rétt metinn sé ástæðulaus. Alla vega hafa ekki komið fram rök sem benda til þess. Við þessa umræðu hafa engin rök komið beinlínis út af fjárhagslega þættinum.

Ég get út af fyrir sig tekið undir ýmislegt af því sem fram hefur komið um smæð sveitarfélaga. Það hefur lengi verið áhugamál sveitarstjórnarmanna að stækka sveitarfélögin og fækka hinum smærri einingum sem eru ákveðið vandamál þegar kemur að flutningi eins og þeim sem hér er til umræðu. Ég sé að í 7. gr. frv. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga og þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem markmiðum laga þessara verður ekki náð á annan hátt skulu sveitarfélög sameinast um þjónustuna."

Spurningin er: Hvað þýðir þetta, hvernig sameinast þau um þjónustuna? Eiga þau að sameinast eða gera samning sín á milli og hvernig?

Við vitum að sameining sveitarfélaga hefur gengið afskaplega illa. Samfara sameiningunni hafa komið í ljós ýmsir agnúar á fjármálum. Ef ég man rétt hafa sveitarfélögin á Norðurlandi, þ.e. í Eyjafirði og sveitunum þar í kring, reiknað út að þau muni tapa hátt í 100 millj. kr. á því að sameinast. Það er náttúrlega mjög slæmt. Ég lít svo á að skoða þurfi sérstaklega reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þessu ljósi, þannig að sameining sveitarfélaganna geti farið af stað að nýju. Takist það held ég að við ættum ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að sveitarfélögin sameinist ekki, eins og stefnt hefur verið að af hálfu hæstv. félmrh. og stjórnvalda á undanförnum árum.

Ég vil segja, herra forseti, að þó að hægt sé að setja einhverja fyrirvara við að þessi flutningur geti orðið af hálfu ýmissa aðila þá er verkefni félmn. að eyða þeirri vantrú sem kann að vera komin upp og hafa samband og samráð við alla þá aðila þannig að málefnið fái þann framgang sem ætlast er til. Ég held að það verði auðvelt. Ég trúi ekki öðru en að sveitarfélögin muni standa að þessu og samtök fatlaðra, sem áttu upphafið að þessu, muni gera það einnig.

Það er alltaf spurning um hvenær gildistakan á að verða. Gildistaka á kosningaári hjá sveitarfélögunum er að sjálfsögðu viðkvæm en það eru nú kosningar á fjögurra ára fresti og spurning hvenær hægt er að gera þetta án þess að það stangist á við kosningar einhvers staðar. Kosningar til Alþingis eru árið 2003 o.s.frv. Ég held samt að þetta sé eitt af þeim málum sem félmn. þarf að skoða, þ.e. hvort gildistökunni verði eitthvað hnikað. Ég ætla ekki að leggja það til en veit að í félmn. verða allir hlutir skoðaðir í nánu samráði við hæstv. félmrh. Ég hef ekki reynt hann að öðru en að gera þessi frv. þannig úr garði að sem mest sátt geti verið um þau.

[23:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og hef svo sem ekki miklu við að bæta. Ég vil þó undirstrika að upptök þessa máls eru hjá Þroskahjálp og Öryrkjabandalaginu, eindregnum óskum Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar að málaflokkurinn færi til sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin tóku þessari áskorun og samþykktu á fulltrúaráðsfundi, mig minnir að það hafi verið 1994, að taka við þessum málaflokki. Síðan hefur verið unnið sleitulaust að þessari yfirfærslu og útfærslu hennar.

Út af fyrir sig þakka ég hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir það mikla traust sem hann hefur á okkur í félmrn., að vilja heldur að málaflokkurinn sé hjá okkur áfram. Það er ánægjuefni fyrir mig.

Varðandi vinnumálin þá kem ég nánar að því þegar ég fæ tækifæri til að mæla fyrir frv. um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir en þjónusta við fatlaða sem nær til starfsráðgjafar, atvinnuleitar, vinnumiðlunar og annarrar almennrar aðstoðar telst tvímælalaust til viðfangsefna Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlunar að óbreyttum lögum. Fylgifrv. um vinnumarkaðsaðgerðir fjallar ekki um þá aðstoð. En það er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr skilgreining á því hvað teljast atvinnumál fatlaðra og hvað eigi að falla undir félagsþjónustu sveitarfélaga. Með hliðsjón af efni laga um vinnumarkaðsaðgerðir og í því skyni að atvinnumál fatlaðra falli sem best að þeim, svo og með það í huga að koma í veg fyrir vafaatriði og grá svæði, þá er lagt til í þessu frv. að umrædd skil komi fram í því hvort greidd séu laun samkvæmt kjarasamningi. Það þýðir að gerð er krafa um vinnuframlag einstaklinganna og svæðisvinnumiðlun er ætlað að meta vinnufærni þeirra. Lögin fela þannig í sér tvenns konar þjónustu, sbr. 1. og 2. gr. frv. um vinnumarkaðsaðgerðir. Annaðhvort er um að ræða vinnu á vernduðum vinnustöðum og dagvist sveitarfélaga þar sem gerð er krafa um vinnuframlag og laun eru samkvæmt kjarasamningum eða stuðning við fatlaða sem vinna á almennum vinnumarkaði við störf sem launuð eru samkvæmt kjarasamningi.

Hugmyndin með þessu frv. er ekki að stefna að einkavæðingu. Hins vegar er heimild til að halda áfram með þjónustusamninga sem við höfum gert og hafa gefist prýðilega. Ég nefni Sólheima í Grímsnesi, Skaftholt og reyndar fleiri staði, Skálatún. Við höfum ekkert upp á þau samskipti að klaga.

Varðandi gildistökuákvæðið þá held ég að ekki sé tiltækilegt annað en annaðhvort hrökkva eða stökkva.

Hér var spurt um geðsjúk börn. Ef börn eru alvarlega geðsjúk þá er það tvímælalaust heilbrigðismál og barna- og unglingageðdeild heyrir undir heilbrrn. eins og menn vita.

Það liggur alveg í augum uppi að lítil sveitarfélög verða að mynda byggðasamlög til þess að geta tekið við þessum málaflokki. Engum dettur í hug að Grímsey t.d. ein og sér taki við þessum málaflokki, ég sé það ekki fyrir mér. Við höfum módel að því hvernig hægt er að gera þetta, meira að segja fleiri en eitt. Það er hægt að gera þetta eins og Þingeyingar eða eins og gert er í Norðurlandskjördæmi vestra, á Akureyri eða á Suðausturlandi. Það er hægt að hugsa sér margs konar aðferðir.

Samkvæmt venju sinni lagðist hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, frekar gegn þessu máli og fann því margt til foráttu. Ég man ekki eftir nokkru máli sem ég hef flutt í minni ráðherratíð sem hv. þm. hefur ekki verið reglulega mikið á móti.

Menn hafa núna fyrir sér heildarpakkann, væntanlegt lagaumhverfi og fyrirsjáanlegan kostnað. Vilji samtök fatlaðra og aðstandenda þeirra ekki taka þetta skref eða vilji sveitarfélögin ekki taka við málaflokknum þá held ég að við ættum að hætta við þessi áform. Það er búið að leggja óhemju vinnu í undirbúning þessarar yfirfærslu. Ég mundi sjá eftir þeirri vinnu ef hún færi fyrir ekkert. En eins og ég sagði í upphafi tel ég ekkert vit í að gera þetta í trássi við samtök fatlaðra og aðstandendur þeirra eða neyða þessum málaflokki upp á sveitarfélögin.

[23:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf eiginlega að snúa spurningu minni til hæstv. félmrh. upp í yfirlýsingu um ánægju yfir lokaorðum hans, að hann mundi ekki fara fram með þetta frv. og þessar lagabreytingar í óþökk heildarsamtaka fatlaðra. Hæstv. ráðherra rakti að upphaflega hefðu komið fram óskir frá Þroskahjálp og Öryrkjabandalaginu, held ég að hann hafi nefnt, og síðan hafi sveitarfélögin samþykkt þessar hugmyndir í kjölfarið.

Síðan gerist það að smíðað er frv. Þar koma þessir aðilar með samþykki, en mjög skilyrtu samþykki. Síðan, eftir því sem tíminn líður og menn fara að skoða reynsluna af flutningi af öðrum verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, skoða reynsluna erlendis frá og meta málin heildstætt, er svo komið að a.m.k. Öryrkjabandalagið hefur snúist gegn þessum breytingum. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. að verði ekki breyting á þeirri afstöðu muni þetta mál ekki ná fram að ganga, hann muni einfaldlega ekki beita sér fyrir því frekar.

Hæstv. ráðherra segist sjá eftir þessari vinnu. Ég held að við eigum ekki að sjá eftir neinu sem leiðir til farsællar niðurstöðu, hver svo sem hún er, og að hlutirnir og lagabreytingar séu gerðar í sátt við þá sem lögin eiga að þjóna. Það eru að sjálfsögðu þeir sem aðild eiga að þessum samtökum.

[23:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að farsæla niðurstaðan væri sú að þetta gengi fram. Ég tel að mikil vinna og alúð hafi verið lögð í málið. Það hefur tekist vel þar sem málaflokkurinn hefur verið fluttur til sveitarfélaganna, vakið almenna ánægju og þar af leiðandi teldi ég það spor aftur á bak ef niðurstaða Alþingis yrði að hætta við.

Ég held að það sé ekki ráðið að seinka enn og aftur gildistöku. Ég held að við verðum annaðhvort að taka þetta skref eða ákveða að hætta við. Ég er ekki að segja að ein samtök eða eitt sveitarfélag eigi að hafa neitunarvald í þessu máli. Ég er að segja að ef Alþingi metur það svo, að fengnu áliti þeirra sem málið mest varðar, þ.e. sveitarfélaganna, samtaka fatlaðra og samtaka aðstandenda fatlaðra, þá sé best að láta hér staðar numið og slá þetta mál af.

[23:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi orð hæstv. félmrh. Það er ekki eðlilegt að líta til einna samtaka, það er eðlilegt að líta til heildarsamtaka fatlaðra, sem eru Öryrkjabandalagið. Ég vil fagna þessu loforði, þeirri yfirlýsingu sem hæstv. félmrh. hefur gefið, að málið verði ekki keyrt fram í óþökk þessara aðila.

[23:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að reyna að segja var að málið er komið í hendur Alþingis. Það er Alþingi sem ákveður hvað um málið verður, að fengnum umsögnum þeirra sem málið varðar mest, sveitarfélaganna, Þorskahjálpar og Öryrkjabandalagsins.

[23:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér við spurningum sem ég bar fram í ræðu minni fyrr í kvöld.

Varðandi geðsjúk börn þá hefði ég talið að geðveik og geðfötluð börn væru langveik börn og þau ættu að eiga sama rétt og fötluð börn, miðað við skýringar hæstv. ráðherra í máli hans hér er hann mælti fyrir þessu frv.

Mig langar, vegna þess að það hefur ekki komið fram eða a.m.k. tók ég ekki eftir því, að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst útrýma öllum biðlistum. Hann talaði um að biðlistar yrðu úr sögunni á næstu þremur árum. Hvernig mundi það gerast?

Aðrar spurningar sem ég hef við þetta mál get ég lagt fram í nefndinni þar sem ég á sæti. En ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst útrýma biðlistum á næstu þremur árum.

[23:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefnd sem sett var í það fyrir tveimur árum að gera tillögur um hvernig biðlistum yrði útrýmt eða hvernig við tækjumst á við það vandamál hefur skilað áliti. Við tókum það álit, gerðum að okkar og vinnum eftir því. Að vísu hefur orðið dálítil seinkun vegna þess að sum úrræði hafa reynst dýrari, m.a. vegna spennu á vinnumarkaði og hærri byggingarkostnaðar en við gerðum ráð fyrir. En þetta er allt á góðri leið. Ég á fastlega von á því og það er reyndar vissa mín að innan þriggja ára munum við komast fyrir þetta vandamál.

[23:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að trúa því að biðlistar verði úr sögunni á næstu þremur árum. Ég vona svo sannarlega að svo verði. Aftur á móti er það rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það hefur ekki verið farið eftir áætlun biðlistanefndarinnar, það er alveg klárt, sérstaklega hvað varðar höfuðborgarsvæðið. Í Reykjavík hefur ekki verið staðið við það.

Ég minni á að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið skertur á hverju ári í tíð hæstv. ráðherra. Sú reynsla gerir það að verkum að maður hefur áhyggjur af því að þetta muni

ekki ganga eftir. En svo sannarlega, herra forseti, vona ég að biðlistar verði úr sögunni innan þriggja ára.

[23:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan, örstutt síðan við ræddum þetta atriði, ég og hv. þm. Ég vil rifja upp að á biðlista eftir búsetu eru þrír einstaklingar í þyngsta fötlunarflokknum eldri en 21 árs. Í fötlunarflokki nr. sex, þ.e. næstþyngsta flokknum, eru sjö einstaklingar eldri en 21 árs. Í tveimur þyngstu flokkunum sem bíða tíu.

Síðan eru 18 einstaklingar í fimmta flokki eldri en 21 árs sem bíða. Í Reykjavík eru 29 án dagþjónustu en þar af búa 14 á sambýlum. Það er að því komið að við getum skaffað öllum í Reykjavík sem þurfa dagþjónustu.

Á Reykjanesi eru 11 án dagþjónustu en þar af eru fjórir á sambýlum. Án þjónustu á þessum svæðum eru þó ekki nema 22 einstaklingar.

[23:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. brást þannig við því sem ég taldi tiltölulega málefnalegt innlegg af minni hálfu, þar sem ég lýsti bæði þeim kostum sem ég sæi við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna og þeim efasemdum sem ég hefði um það mál, með þeim hætti að helst er hægt að flokka það undir úrillsku. Hæstv. ráðherra er út af fyrir sig nokkur vorkunn, það er áliðið kvölds og hæstv. ráðherra langar e.t.v. mest heim í bólið sitt. En úr því að hann kýs að bjóða upp á frekari umræður um þetta mál með þessu svari sínu þá er alveg sjálfsagt að verða við óskum hæstv. félmrh. og eiga aðeins orðastað við hann um þetta. Ég ætla að vísu ekki að láta hæstv. félmrh. og geðvonsku hans hrekja mig út af sporinu við að ræða þetta málefnalega sem ég tel mig hafa gert og mun halda áfram að gera. Þaðan af síður ætla ég að hvika frá gagnrýni minni á það sem ég tel gagnrýnivert, þó að félmrh. í anda formanns síns færi þau efnismiklu rök í svörum sínum að maður eigi ekki að vera á móti af því sé ekki fínt og ekki skynsamlegt að vera mjög mikið á móti hlutunum.

Ég hef áttað mig á því að Framsfl. hefur myndað sér ákveðna aðferð til að réttlæta afstöðu sína til ýmissa mála, þ.e. að segja já og amen við ýmsu sem kannski er ekki svo kræsilegt, með þeirri ákaflega einföldu röksemdafærslu að menn eigi ekki að vera mikið á móti hlutunum, það sé ekki nógu gott að vera svona neikvæður, menn eigi að samþykkja svona helminginn af öllu sem að þeim ber án þess að vera of kræsnir á innihaldið.

Þetta hefur nú lengi verið verklag Framsóknar. Ég held að við verðum, herra forseti, að hafa á þessu fullan skilning og sýna Framsfl. umburðarlyndi. Á þessum grunni byggir hann tilveru sína, að setja sig ekki of mikið á móti hlutunum, það sé vesen og ekki endilega vel til vinsælda fallið. Þá sé bara um að gera að samþykkja það.

Kannski er þetta þannig niðri í herberginu neðar í húsinu, sem mest var nú eftirspurnin eftir í fyrrahaust og lá hér við átökum og gott ef ekki öðru meiru á þingi, svo mikil var löngunin til að fá að gista þetta herbergi og ráða þar ráðum sínum. Kannski er þar bara teningur með tveimur hliðum, á annarri stendur já og hinni nei og svo er bara kastað upp. Í svona u.þ.b. í helmingi tilvika þýðir þetta að Framsókn segir já við hverju sem að henni ber. Það mundi náttúrlega skýra ýmislegt fyrir okkur sem höfum á köflum undrast geðleysi þessa flokks sem á einhverjum tíma hafði skap en lætur nú troða flestu ofan í kokið á sér, enda orðið ærið vítt.

Ég hef, herra forseti, ekki miklar efasemdir um að velflest stærri og öflugri sveitarfélög í landinu mundu ráða prýðilega við að taka við þessum málaflokki, málefnum fatlaðra. Í þeirra tilvikum eru kostirnir fleiri en gallarnir að mörgu leyti, það liggur nokkuð ljóst fyrir. Fyrir öfluga kaupstaði með tiltölulega vel uppbyggðri félagsþjónustu liggur það að mörgu leyti beint við að samhæfa þjónustu við fatlaðra þjónustunni sem fyrir er og það getur gefist ágætlega. Í þeim tilvikum snúa efasemdir mínar meira að grundvelli þessara samskipta og spurningunni um með hvaða hætti við komum svona málaflokki fyrir í stjórnkerfinu. Þar eiga menn að mínu mati ekki að gefa sér fyrir fram í einhverjum kaþólskum stíl, hreintrúnað á að þetta skuli annaðhvort alfarið vera hjá ríkinu eða alfarið hjá sveitarfélögunum. Ég held að það sé ekki rétt nálgun hjá okkur.

Varðandi *minni sveitarfélögin og strjálbýli landsins* þá er þar algjörlega gjörólíku saman að jafna. Einu geld ég varhug við, þ.e. að einblína bara á íbúatölur sveitarfélaganna og halda að þetta leysist allt saman með því að slá þeim saman eða að þau gangi til samstarfs sem taki yfir stærra svæði og þar með hverfi þessi mismunandi aðstaða sveitarfélaganna í landinu. Hún gerir það ekki. Hún verður að einhverju leyti í öðru samhengi ef menn safna kröftum með því að sameinast en aðstæðurnar til að veita þessa þjónustu verða áfram gjörólíkar. Dalasýsla er og verður Dalasýsla með sínum fáu íbúum, dreifðum á stórt svæði, þó að hún sé eitt sveitarfélag *kannski jafnstór og Hvammstangi eða eitthvað því um líkt*. Aðstæðurnar til að sinna þjónustunni annars vegar í 1.500 manna Norður-Þingeyjarsýslu og hins vegar í Borgarnesi, þó að íbúafjöldinn sé kannski svipaður, eru gjörólíkar. Þessu mega menn ekki gleyma.

Þarna verða áfram fyrir hendi ólíkar aðstæður sem taka þarf tillit til. Hver á að gera það? Á Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að vera hin milda hönd sem yfirtekur þá skyldu Alþingis, löggjafar- og framkvæmdarvalds, að tryggja að landsmenn standi jafnir að vígi gagnvart þessari þjónustu? Er það endilega rétta fyrirkomulagið? Væri kannski betra að segja: Nei, ábyrgðin á að vera hjá framkvæmdarvaldinu og löggjafanum á því að allir landsmenn, án tillits til búsetu og hvernig þeir eru í sveit settir eigi þennan rétt, innan þeirra marka sem hið mögulega setur okkur að sjálfsögðu. Við erum auðvitað ekki að tala um endanlega fullkomna möguleika á að tryggja þetta en við gerum eins vel og við getum í þeim efnum, er það ekki? Er ekki sæmileg samstaða um það? Það er sá grunnur sem þetta frv. byggir á.

Eitt í viðbót, herra forseti, vil ég gagnrýna hér í framsetningu hæstv. félmrh. Í raun og veru fannst mér það hneykslanlegt að hæstv. ráðherra skuli í andsvörum sínum reyna til hins ýtrasta að stilla dæminu þannig upp að þetta sé bara annaðhvort eða. Að gildistakan skuli vera 1. janúar 2002 eða bara málið verði slegið af í heild sinni. Á mannamáli þýðir þetta að stilla mönnum upp við vegg og segja: Takið þetta eða ekkert, takið þið við þessu eins og þetta er og ekkert múður eða málið verður bara slegið af í heild. Ef menn fara fram á meiri tíma, lengri aðlögunartíma, meiri undirbúningsvinnu, nei, þá býður félmrh. ekki upp á það. Hann segir nei, þá skulum við bara hætta við þetta.

Þetta er fremur ógeðfellt. Ég legg til að menn láti hæstv. félmrh. ekki komast upp með að skilgreina kostina með þessum hætti. Þeir eru ekki og þurfa ekki að vera svona. Það

má að sjálfsögðu ákveða, ef til þessarar tilfærslu kemur að einhverju eða öllu leyti, að hún með öðrum skilmálum eða á öðrum grundvelli en hér er lagður til ef um það getur orðið betra samkomulag. Þetta getur einnig gerst á lengri tíma ef menn telja sig þurfa lengri tíma til undirbúnings o.s.frv. Þessu ræður hæstv. félmrh. ekki með því að stilla hér upp við 1. umr. málsins þeim afarkostum að annaðhvort taki menn pakkann svona eins og hann er að mönnum réttur af hálfu hæstv. ráðherra eða ekki neitt.

Ég vil segja, vegna þess sem hér var sagt um afstöðu og aðkomu samtaka fatlaðra og aðstandenda þeirra að þessu máli í gegnum tíðina, að þar þýðir ekki að vitna sex ár aftur í tímann og segja að þá hafi Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp verið upphafsmenn þessa máls og síðan hafi sveitarfélögin gengið í lið með þeim til að ýta þessari vinnu af stað.

Afstaða þessara aðila eins og hún liggur fyrir nú er á grundvelli mats á þeim aðstæðum sem liggja fyrir í málinu. Sú afstaða hefur myndast í ljósi reynslunnar, í ljósi reynslunnar af öðrum „sambærilegum tilvikum" og hún tekur mið af því sem drifið hefur á dagana í millitíðinni. Ég hygg að menn verði líka að sýna því sanngirni að þegar þessi stefna var uppi af hálfu samtaka fatlaðra fyrir sex, sjö árum bjuggu þau við mjög erfiða sambúð við ríkisvaldið sem hafði skorið niður í málaflokknum, skert Framkvæmdasjóð fatlaðra og með ýmsum fleiri ráðstöfunum staðið þannig að framkvæmd mála að eðlilegt var að menn byndu vonir við að þessum hlutum væri betur fyrir komið hjá sveitarfélögunum við þáverandi aðstæður. Þá bundu menn líka vonir við að þar væri farvegur fyrir nýjar hugmyndir og nýja hugsun á þessu sviði, sem vel kann að vera að gæti að einhverju leyti verið. Hins vegar er það út frá núverandi aðstæðum í málinu sem þessir aðilar hafa endurmetið afstöðu sína og þeir hafa fullan rétt til þess að gera það. Það þýðir ekkert að reyna að flækja menn í því að þeir hafi einhvern tíma, við allt aðrar aðstæður, haft aðrar meiningar en með fullum fyrirvörum þó, eins og reyndar hefur þegar komið fram.

Um húsnæðismálin er þannig búið að í löggjöf stendur að það eigi að vera skylda sveitarfélaganna að leitast við að tryggja nægjanlegt framboð af leiguhúsnæði í sínum sveitarfélögum. Hvernig í ósköpunum eiga sveitarfélögin að fara að því þegar búið er að leggja niður félagslega íbúðakerfið, þegar fyrir dyrum stendur vaxtahækkun á lánunum sem eftir eru og þegar enginn hvati er fyrir hendi til þess að ýta undir að tryggja þetta framboð? Enda virðist ekki unnið því og biðlistar eftir leiguhúsnæði lengjast dag frá degi hjá sveitarfélögunum um þessar mundir. Þar er á ferðinni ákvæði sem óhjákvæmilegt er að taka sömuleiðis til mjög rækilegrar skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226.

[23:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum.

Í 3. gr. laga nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, segir að ráðherra skuli fyrir 1. nóv. 2000 leggja fyrir Alþingi frv. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Með frv. þessu er lagt til að sú skipan um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem ákveðinn var til þriggja ára í áðurgreindum lögum verði framlengd um eina vertíð eða til loka árs 2001.

Ástæðan fyrir þessu er sú að nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Það þykir heppilegt að samfara þessari heildarendurskoðun, sem fer fram samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn fiskveiða, fari fram endurskoðun á lögunum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum þannig að samræmi sé í því sem gert er á sama þingi varðandi hina almennu stjórn fiskveiða og það sem gert verður varðandi stjórn norsk-íslenska síldarstofnsins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umræðu verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[23:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér er í raun um að framlengja þá breytingu sem gerð var á þessum lögum sl. vor um eitt ár. Hæstv. ráðherrann sagði hins vegar sl. vor, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið ber mér að leggja fyrir Alþingi endurskoðað frv. fyrir 1. nóv. næstkomandi. Ég held að við ættum að geyma okkur umræðuna um heildarendurskoðunina þangað til á næsta þingi þegar það mál verður tekið fyrir. Eins og við vitum eru fiskveiðistjórnarlögin í heild sinni í endurskoðun og ekkert óeðlilegt þótt endurskoðun á þessu fylgi að einhverju leyti með."

Þegar þetta var rætt hér í vor var einmitt bent á að þessi lög þyrfti að endurskoða fyrir nóv. á þessu ári. Þar með hefði verið ástæðulaust að taka upp þá breytingu sem ráðherrann lagði til á síðasta þingi. Hún var m.a. rökstudd með því að tryggja yrði að sem bestur árangur næðist við að veiða síldina og hægt yrði að færa hana hindrunarlítið á milli skipa.

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hversu mikið hafi veiðst úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir þeim lögum sem við unnum eftir á síðustu vertíð og hvort þar sé veruleg breyting á frá því sem var árin á undan. Náðum við að klára kvótann og ef ekki, hversu mikið skildum við eftir?

Mig langar einnig að leggja þá spurningu fyrir hæstv. sjútvrh. hvort hann sé, með því að fresta þessu máli eða fleyta því fram um eitt ár og láta lögin gilda fram til 2002, kannski að boða að nefndarstarf sem nú er í gangi um stjórn fiskveiða muni taka lengri tíma en hann lét að liggja fyrr í haust. Eigum við þá von á fleiri frestunum á þessu þingi með líku sniði vegna þess að eigi hafi tekist að framkvæma þá heildarendurskoðun sem að er stefnt og vitnað er til í röksemdafærslunni fyrir þessu frv. nú?

Þetta eru þær spurningar sem ég vildi leggja fyrir ráðherrann. Að öðru leyti vil ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að ekki hafi verið nauðsynlegt að gera þessa breytingu í vor miðað að við hefðum hér fjallað um nýendurskoðuð lög eins og lögin um norsk-íslenska síldarstofninn kváðu á um, að hér skyldi lagt fram nýtt frv. á haustdögum fyrir 1. nóv. sl.

[23:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir spurningarnar og tilvitnun í ræðu mína frá því í fyrra. Ég fæ ekki

annað heyrt en fullt samræmi sé á milli þess sem ég sagði þá og þess sem ég segi hér í kvöld. Varðandi það að breytingin í fyrra hafi verið ástæðulaus þá tel ég að svo hafi ekki verið. Ég held að það hafi komið fram við stjórn veiðanna í sumar að vegna þeirra heimilda sem eru í lögunum í dag og nýttust sl. sumar þá þurfti sjútvrh. ekki að hafa afskipti af veiðunum með því að endurúthluta líkt og gera þurfti þrisvar sinnum árið þar á undan, ef ég man rétt.

Ég man ekki nákvæmlega hvernig niðurstöðutölurnar voru eftir síldarvertíðina en mig minnir að þegar veiðunum lauk í sumar hafi verið um rúmlega 10 þús. tonn eftir og þá var eftir að veiða það sem við máttum veiða inni í lögsögu Norðmanna í haust. Hversu mikið var veitt þar man ég ekki þannig að ég get ekki alveg svarað spurningunni nákvæmlega. Út af fyrir sig hafa þar ekki orðið neinar stórkostlegar breytingar frá fyrri árum. Mig grunar nú samt einhvern veginn að hv. þm. viti þessar tölur og muni jafnvel segja okkur þær hér á eftir.

Varðandi nefndarstarfið, endurskoðunina, þá vona ég innilega að það nái að klárast það snemma að frumvarpssmíð takist og hægt verði að leggja fram frv. og afgreiða hér á yfirstandandi þingi.

[23:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Má e.t.v. skilja þá frestun sem hér er lögð til þannig að sú hugmynd sé að fæðast hjá hæstv. sjútvrh. að fara svipaða leið og í lögum um norsk-íslenska síldarstofninn, að t.d. 10% af heildarkvótanum í botnfiskaflanum verði opnuð fyrir aðgang annarra skipa? Er það leiðin sem ráðherrann hugsar til þegar þessi lög eru samræmd?

[23:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Ég held að hv. þm. ætti að lesa sem allra minnst í flutning þessa frv. til að draga ályktanir um hvað verður í öðrum frv. sem vonandi verða lögð fram á þessu þingi.

[23:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einfaldlega þannig að við í Frjálslynda flokknum eigum ekki aðild að þessari endurskoðunarnefnd. Þess vegna hlýt ég auðvitað að spyrja sjútvrh., þegar *ég sé að hann breytir hér út af áætlun sinni frá sl. vori*, um hvernig þessu máli skuli fram haldið. Þess vegna legg ég þessar spurningar fram. Mér finnst leggjast heldur lítið fyrir kappann að geta ekki að svarað öðruvísi en hann gerði hér áðan.

[23:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla einungis að segja örfá orð um þetta mál. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan að hann vonaði innilega að nefndin sem vinnur að tillögum um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða skilaði verkefni sínu sem fyrst svo hægt væri að taka þær tillögur fyrir hér í vetur. Hins vegar telur hann greinilega ástæðu til að gera ráð fyrir því að það muni ekki ganga. Hann sér a.m.k. ástæðu til að flytja þetta frv. og það segir auðvitað sína sögu um að hæstv. ráðherra telur ekki að þetta sé alveg öruggt.

Ég ætla svo sem ekkert að segja annað en vil minna á að við í Samfylkingunni vorum ósammála þeim tillögum sem samþykktar voru hér í fyrra og eru í þessu frv. Við erum jafnósammála þeim niðurstöðum sem eru í þessu máli í dag og við vorum þá. Við lögðum þá til að menn fengju almennan aðgang að þessum veiðiheimildum með útleigu veiðiheimildanna á opnum markaði. Auðvitað er það stefna sem verður ofan á að lokum. Menn munu auðvitað opna fyrir þennan atvinnuveg að lokum með jafnræði í huga, þannig að þeir sem þar koma að því að stofna ný fyrirtæki og hefja rekstur fái sömu tækifæri og aðrir sem fyrir eru í útgerð á Íslandi. Einhvern tímann í framtíðinni gerist þetta. Spurningin er hvað þeir sem nú ráða málum hanga lengi á þeim sérréttindum sem hafa verið í gildi og barist er fyrir að verði í gildi áfram.

Þetta er auðvitað hluti af því. Við í Samfylkingunni munum ekki samþykkja þessa breytingu á lögunum. Ég vil hér eingöngu minna á afstöðu okkar í málinu og ætla ekki að segja meira um það.

[23:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar stór mál eru til umræðu í þinginu þá er ekki alltaf hægt að treysta á nákvæmar dagsetningar og hvenær þinglok verða. Eins og hv. þm. veit gæti síldarvertíðin hafist áður en þingmenn ljúka störfum í vor. Í öllu falli er mjög æskilegt að þeir sem ætla sér að stunda síldveiðar úr norsk-íslensku síldinni á næstu vertíð viti með nokkuð góðum fyrirvara eftir hvaða reglum þeir eiga að starfa. Því er alveg ástæðulaust að draga þær ályktanir út frá flutningi þessa frv. að einhver töf verði á starfi nefndarinnar sem er að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Fram til þessa hefur ekkert gerst sem ég veit um sem breytir í nokkru því sem ég hef áður sagt um þær vonir sem ég bind við störf nefndarinnar og það hvernig málið getur síðan haldið áfram hér inn í þingsali.

[23:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það síðasta sem hæstv. ráðherra sagði um þetta mál sem ég man eftir var eitthvað á þá leið að menn mundu sjá þetta frv. fyrir áramót. Nú frétti ég að það muni ekki verða lagt fram fyrir áramót, menn séu farnir að tala um dagsetningu á næsta ári þannig að ég tel að málið sé nú þegar farið að dragast. Í ljósi þess hafði ég yfir þessi orð hér áðan. En það er gott ef menn halda í vonina. Í hana eiga menn auðvitað að halda sem allra lengst og það gerir hæstv. ráðherra.

[23:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frá því að ljóst var á hvaða tíma auðlindanefndin mundi skila sínu starfi held ég að ég geti fullyrt að ég hafi aldrei sagt að komið yrði frv. eða niðurstaða af störfum endurskoðunarnefndarinnar fyrir áramót. Ég held að ég geti fullyrt að það hef ég aldrei sagt.

[23:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég man rétt sagði hæstv. ráðherra að hann vonaðist til að þessi nefnd yrði búin að skila af sér fyrir áramót, ekki að það yrði komið fram frv. heldur að það yrði komin niðurstaða fyrir áramót.

Það verður þá borið til baka hafi ég rangt eftir með það. Ég veit að þeir sem voru í nefndinni gerðu ráð fyrir því að reyna sig við þetta verkefni. Ég hef hins vegar heyrt það frá nefndarmönnum að þeir telji að nú sé að verða ljóst að niðurstaðan geti aldrei komið fyrr en einhvern tíma í janúar. Það er það sem ég á við þegar ég held því fram að hér sé þegar töf á málum og auðvitað sé skiljanlegt að hæstv. ráðherra vilji hafa borð fyrir báru og gera ráð fyrir því að

hægt sé að sinna öðrum málum þó að þetta tefjist.

[23:46]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að ég og hv. fulltrúi Frjálslynda flokksins, Guðjón A. Kristjánsson, vorum sammála um það í sjútvn. á síðasta ári að ekki ætti að taka ákvörðun um neina bindingu. Við töldum að það ætti að vera óbreytt ástand varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum og bárum fram þau rök að til stæði að endurskoða sjávarútvegsstefnuna og búið væri að setja á laggirnar nefnd til þess að endurskoða hana. Við töldum að það væri ekki rétt á því stigi málsins að gera breytingar.

Nú er beðið um framlengingu og ég vil bara að það komi fram að við vorum andvígir þessu og lögðum fram nál. sér, þó að ég hafi ekki verið formlega á nál. þar sem ég er áheyrnarfulltrúi í sjútvn. En í nál. frá síðasta ári, sem ég var algjörlega sammála, sagði:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjútvrn., Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands."

Í nál. sagði jafnframt, og eins og áður sagði studdi ég það:

„Með hliðsjón af því að samkvæmt gildandi lögum skal sjútvrh. fyrir 1. nóvember nk. leggja fyrir Alþingi frv. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000 má vænta þess að breytingar verði á lögunum sem hafi áhrif á veiðistjórnunina þegar á næsta ári. Því telur 1. minni hluti ekki þörf á þessari lagabreytingu og leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Síðan segir í nál.: „Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu."

Ég vil bara að það komi skýrt fram að við töldum og teljum enn að það hafi verið frumhlaup að setja reglur um þennan stofn þegar svo stutt var í tillögur um endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni og vonandi koma þær fyrr en seinna. Ég vildi bara að þetta kæmi fram í umræðunni.

[23:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef nú ekki miklu við þetta að bæta. Þó er eitt atriði sem mér finnst áhugavert að fá kannski aðeins betur á hreint. Lögin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sett voru á maídögum 1998 tóku í raun og veru af þau ákvæði svonefndra úthafsveiðilaga sem að öðru óbreyttu hefðu gilt um meðferð mála og stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, sem er deilistofn eða þó kannski nær því að hegða sér eins og hreinn úthafsveiðistofn hvað okkur varðar um þessar mundir, þ.e. hann er að mestu leyti utan íslensku efnahagslögsögunnar.

Rök hæstv. sjútvrh., sem út af fyrir sig eru vel skiljanleg, fyrir því að framlengja enn um ár það fyrirkomulag sem verið hefur á stjórn veiða þessa stofns nú undanfarin ár, eru að þetta eigi að skoðast í svonefndri endurskoðunarnefnd. Er það þá afstaða hæstv. ráðherra og liggur það fyrir samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar eða er þar á dagskrá að endurskoða jafnframt svonefnd úthafsveiðilög? Er þess að vænta að endurskoðunarvinnan taki jöfnum höndum til þeirra ákvæða sem gilda um stjórn veiða innan íslensku efnhagslögsögunnar, þ.e. laganna um stjórn fiskveiða og þeirra ákvæða sem gilda um stjórn veiða á deilistofnum og úthafsveiðistofnum og meðferð þeirra mála? Má með öðrum orðum reikna með því að fyrirkomulag fiskveiðistjórnar t.d. á Reykjaneshrygg, Flæmska hatti eða útdeiling veiðiréttinda í Barentshafi taki breytingum í tengslum við starf endurskoðunarnefndarinnar?

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé að sannast sem margir spáðu, að það væri ekki endilega mjög gæfulegt að fara út í þessa bráðabirgðasérráðstöfun sem setning þessara skrýtnu laga var á sínum tíma þegar síldarvertíðin var að hefjast á vordögum í maí 1998. Nú er verið að leggja til að fjórðu vertíðina í röð framlengist þetta sérstaka fyrirkomulag sem fundið var út, með smábreytingum sem á því hafa verið gerðar síðan. Þar var vikið til hliðar öllu sem heitir aflareynsla af frjálsum veiðum árin á undan. Þar var ekki um að ræða sambærilega meðferð og viðhöfð var, t.d. þegar veiðiréttindum var útdeilt á Reykjaneshrygg eða í öðrum þeim tilvikum sem fyrir lágu sem fordæmi. Aftur á móti var búin til afar sérkennileg regla um að veiðiréttindum skyldi útdeilt samkvæmt formúlu sem annars vegar tók mið af burðargetu skipa sem gátu farið á veiðar eða höfðu veitt árin á undan og hins vegar var jöfn úthlutun.

Síðan var að sjálfsögðu sagt að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun sem ætti ekki að gefa neitt fordæmi og allt yrði þetta endurskoðað þar sem síldin mundi væntanlega breyta um hegðun, aðstæður breytast o.s.frv. En eins og stundum áður, sem örugglega á eftir að gerast aftur, festist síðan þessi bráðabirgðaráðstöfun í sessi og verður smátt og smátt að grundvellinum ár eftir ár. Nú hefur nákvæmlega hið sama gerst. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta var hvorki sérstaklega heppileg né sanngjörn ráðstöfun á sínum tíma.

Þar með er ekkert sagt um hvort menn voru sérstaklega hrifnir af þeim reglum sem settar voru í lög um úthafsveiðar á sínum tíma og áttu að gilda um almenna meðferð mála að þessu leyti. Það er önnur saga, hvort allir voru ánægðir með nákvæmlega það fyrirkomulag þessara mála eða ekki. En það voru lögin sem giltu, hin almennu lög og hinar almennu leikreglur. Þeim var með þessum sérstöku ákvæðum vikið til hliðar og það réttlætt með því að ekki væru aðstæður eða forsendur til að ganga varanlega frá málum. Þá var mikið talað um að vonandi mundi nú síldin breyta um hegðun og ganga inn í íslensku lögsöguna. Það mátti jafnvel skilja það svo að menn gætu farið að veiða hana, ef ekki bara úr landi með kastnót, alla vega á minnstu skipum uppi undir fjörusteinum eins og var hér í gamla daga. Það hefur ekki gerst, því miður verðum við kannski að segja. Því miður er heldur ekki útlit fyrir að mikil breyting verði á í þeim efnum á næstu árum miðað við nýjustu fréttir af stöðu þessa stofns til næstu ára, sem ekki vex með þeim hætti sem menn gerðu sér vonir um á þessum árum.

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, þó að það sé kannski að æra óstöðugan að vera að tíunda það, enda óðum að verða pólitísk fiskveiðipólitísk sagnfræði, að rifja þetta aðeins upp við þær aðstæður að enn einu sinni er bráðabirgðaráðstöfun af þessu tagi framlengd. Það er alls ekkert öruggt að við sjáum fyrir endann á því. Hver er kominn til með að segja að niðurstaða endurskoðunarnefndarinnar gefi tilefni til að breyta þessu fyrirkomulagi í grundvallaratriðum? Þá víkja menn a.m.k. alveg til hliðar þeim rökum sem menn notuðu

árið 1998 til að verja þessa aðgerð eða réttlæta. Þá er mikill skaði, herra forseti, að hér skuli ekki vera hæstv. utanrrh. sem ég hef grun um að hafi verið nokkur áhrifavaldur um þessa lagasetningu, af ýmsum ástæðum sem kannski er óþarfi að fara nánar út í hér.

[23:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að halda öllu til haga varðandi sögu stjórnar fiskveiða ætla ég að rifja upp að áður hefur verið brugðið út af veiðireynslu við uppstokkun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það var gert með mjög eftirminnilegum hætti á árunum 1988 og 1989 í ráðherratíð hæstv. þáv. sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar. Þá var brugðið út af þeirri venju að veiðireynslan myndaði aflaheimildir skipa og búinn til sérstakur meðalkvóti í gráðlúðu. Þetta varð til þess að 12–13 þús. tonn af grálúðukvóta færðust af landsvæði eins og Vestfjörðum og Norðurlandi og yfir á Vesturland, Suðurland og til Austfjarða. Á lista í skýrslu sem ég er hér með sést að skip sem höfðu veiðireynslu upp á 3 tonn í gráðlúðu fengu 164 tonn, skip sem höfðu veiðireynslu upp á 53 tonn í grálúðu fengu úthlutað 598 tonnum. Kvótinn var sem sagt 164 tonn fyrir minni skipin en tæplega 600 tonn á stærri skip. Þetta var hrein tilfærsla sem hafði ekkert með veiðireynslu að gera.

Þetta minnist ég á rétt til upprifjunar svo menn viti að stundum hefur verið brugðið hastarlega út af og í þessu tilviki með þeim afleiðingum að ein af þremur megintegundum í afla Vestfirðinga var tekin frá þeim að helmingi.

[23:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo skemmtilegt að rifja þetta upp að ég stenst ekki mátið að halda því áfram. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. en auðvitað mætti nefna fleiri dæmi. Það mætti einnig fjalla um þá skrýtnu ráðstöfun á sínum tíma, að setja þak á aflareynslu í úthafsrækju sem kom mjög illa við ýmsar útgerðir sem fyrst og fremst höfðu aflað sér mikillar reynslu á því sviði á Norðurlandi og flutti frá þeim umtalsverðar aflaheimildir. Mig minnir að þetta þak hafi verið sett við 500 tonn á sínum tíma sem var auðvitað afar skrýtin ráðstöfun.

Allt þetta, herra forseti, finnst mér frekar vera rök sem mæla gegn og ættu að fæla menn frá því að ýta til hliðar eða upphefja hinar almennu leikreglur með sértækum ráðstöfunum, reglur sem menn hafa þó reynt að setja um meðferð mála á þessu sviði. Ég vildi fyrst og fremst draga athyglina að því hér að nú liggur fyrir reynslan af þessum sérráðstöfunum eða hringli með norsk-íslensku síldina, sem er ekkert einsdæmi eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi.

Ég ætlaði svo sem ekki að kveikja almennar umræður um það hvort menn teldu að þau lagaákvæði um meðferð þessara mála, hin almennu sem sæmilegt samkomulag varð þó um að lokum í svonefndri úthafsveiðinefnd og hér flutt sem frv. og lögfest á sínum tíma, væru nákvæmlega eins og þau ættu helst að vera. Það er annað mál, það er í raun og veru önnur umræða. *Ég er að reyna að draga athyglina* að því og vara við því, svona fordæmisins vegna, að menn réttlæti endalaust sérráðstafanir og inngrip af þessu tagi, ljúgi því að sjálfum sér og öðrum að um sé að ræða tímabundna ráðstöfun í eitt skipti eða tvö. Svo sitja menn uppi með að framlengja þetta aftur og aftur og að lokum verður þetta hinn endanlegi grundvöllur mála, oft og tíðum engan veginn ígrundaður eins og æskilegt hefði verið.

[00:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru athyglisverðar umræður sem fara hér fram milli þeirra hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og Steingríms J. Sigfússonar og aldrei að vita nema ég dragi einhvern lærdóm af þeim.

En varðandi spurninguna sem til mín var beint veit ég auðvitað ekki hver niðurstaðan af störfum endurskoðunarnefndarinnar verður. Það er auðvitað hugsanlegt að sú niðurstaða verði á einhvern þann veg að talið verði skynsamlegt og til samræmis að breyta líka úthafsveiðilögunum. Hins vegar er ekki endilega víst að svo verði en það gæti auðvitað átt sér stað. Aftur á móti er ekki fyrirhuguð nein sérstök heildarendurskoðun á úthafsveiðilögunum. Eins og ég sagði þá liggur niðurstaða nefndarinnar ekki fyrir. Hún gæti verið þess eðlis, þó að það sé ekki víst, að leitt gæti til þess að lagðar verði til breytingar á úthafsveiðilögunum.

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Bíddu nú við. Með góðum vilja get ég reynt að ráða í þetta. Eigum við að segja að þetta svar hafi verið í þá veru að formlega séð séu úthafsveiðilögin ekki í endurskoðun á vegum endurskoðunarnefndarinnar en það gæti samt komið til breyting á þeim? Ég hefði nú gjarnan kosið að hafa þetta aðeins skýrara.

Er það svo eða ekki að m.a. með þeim röksemdum sem hér eru fluttar fyrir því að framlengja þetta fyrirkomulag í norsk-íslensku síldinni sé opnað inn á ákvæði úthafsveiðilaganna eða ekki? Hér er um deilistofn eða úthafsveiðistofn að ræða sem, hefði ekki komið til sér lagasetning, hefði væntanleg átt að meðhöndlast samkvæmt ákvæðum úthafsveiðilaganna. Þessi sérlög upphefja það. Ég sé nú ekki hvernig hægt er að gera hvort tveggja í senn, að vísa því til endurskoðunarnefndarinnar að líta á þetta mál og leggja hugsanlega til breytingar en halda því aðgreindu frá endurskoðun ákvæða úthafsveiðilaganna sjálfra.

Auðvitað getur ráðherra ekki tryggt það fyrir fram að niðurstaða nefndarinnar verði á einn veg eða annan, við erum ekki að fara fram á það hér. Ég hélt að hægt væri að hafa málið aðeins skýrara en hér kom fram í svari hæstv. ráðherra. Ég spyr: Lítur ráðherra svo á að endurskoðunarnefndin hafi frá upphafi, eða sé frá og með því að þetta viðbótarveganesti sem felst í röksemdafærslunni fyrir frv. hér, með það á sinni könnu jafnframt að endurskoða lögin um úthafsveiðar?

[00:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Mér finnast þetta nú ekki, herra forseti, eins mikil tíðindi og hv. síðasta ræðumanni. Endurskoðunarnefndin er auðvitað að fjalla um ákveðin grundvallaratriði í fiskveiðistjórnun okkar. Komist hún að niðurstöðum þar sem um er að ræða *grundvallarbreytingar þá sé vel mögulegt* að þær leiði til þess að gerðar yrðu breytingar á úthafsveiðilögunum. Það liggur því til grundvallar að ég legg til að frestað verði að taka ákvörðun um hvernig standa eigi að veiðum úr norsk-íslensku síldinni. Vinna endurskoðunarnefndarinnar gæti leitt til þess að sú endurskoðun yrði á annan veg en verið hefði ef sú endurskoðun hefði farið fram áður en endurskoðunarnefndin skilar niðurstöðu sinni.

Hér er einfaldlega leitast við að hafa samræmi í þeim breytingum sem ríkisstjórnin leggur til á Alþingi á lögum

sem varða fiskveiðarnar. Það skiptir auðvitað miklu máli þegar við erum sérstaklega að vinna með grundvallaratriði eins og endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækningatæki, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál. — Þskj. 281.

[00:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lækningatæki. Frv. er samið í heilbr.- og trn. í samvinnu við landlækni þar sem brýn nauðsyn þótti að setja ítarlegar reglur um þær öryggiskröfur sem gera þarf til lækningatækja svo að þau valdi sjúklingum og notendum ekki tjóni.

Með frv. er einnig hrint í framkvæmd tilskipunum Evrópusambandsins um lækningatæki sem þegar eru hluti EES-samningsins og því bindandi fyrir okkur. Í ákvæðum frv. er tekið tillit til undirbúnings vegna framkvæmdar í samningum sem Ísland er að gera við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins um samvinnu á þessu sviði. Hefur Ísland því gert samning við Nýja-Sjáland, Ástralíu og Kanada.

Frv. var sent 22 aðilum til umsagnar og bárust mjög gagnlegar ábendingar og athugasemdir sem tekið var tillit til við samningu frv. Landlækni hefur verið falið að annast eftirlit með lækningatækjum og er það í samræmi við það hlutverk hans samkvæmt lögum að hafa eftirlit með heilbrigðisstofnunum og starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

Með EES-samningnum öðluðust gildi hér á landi tvær tilskipanir Evrópusambandsins um lækningatæki og virk ígræðanleg lækningatæki. Tilskipanirnar gera kröfur um að lækningatæki séu prófuð og að samræmingarmat fari fram áður en tækin eru markaðssett, seld eða notuð. Kröfurnar eru gerðar til að vernda sjúklinga og notendur. Á 125. löggjafarþingi Alþingis var samþykkt þáltill. um að fella þriðju tilskipunina í þessum flokki inn í EES-samninginn. Í athugasemdum við þáltill. kemur fram að það þurfi lög til að hrinda tilskipuninni í framkvæmd hér á landi og er frv. þetta m.a. flutt í þeim tilgangi.

Um fjögurra ára skeið hefur Ísland tekið þátt í samningaviðræðum EFTA við Nýja-Sjáland, Ástralíu, Kanada og fleiri ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins um gagnkvæma viðurkenningu varðandi samræmingarmat, vottorð og fleira. Í þeim samningum eru ákvæði um lækningatæki og er þar gert ráð fyrir að í öllum aðildarríkjunum sé öflugt eftirlit með að reglum um prófun lækningatækja og samræmingarmat sé fylgt. Með frv. er verið að undirbúa framgang þessara samninga.

Til að taka af allan vafa um hvað sé lækningatæki er sett sérstök skilgreining í frv. Hún er í samræmi við skilgreiningar í tilskipunum Evrópusambandsins. Gert er ráð fyrir að lækningatæki séu merkt í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í samræmi við kröfur sem gerðar eru í samningum sem Ísland hefur gert við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Lækningatækjum skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um framleiðanda og leiðbeiningar um örugga notkun. Ef tækin eru ætluð almenningi til notkunar skulu fylgja upplýsingar á íslensku.

Samkvæmt frv. skal landlæknir halda skrá yfir þá aðila sem reka fyrirtæki með aðsetur á Íslandi og framleiða lækningatæki eða eru ábyrgir fyrir markaðssetningu slíkra tækja. Slík skrá tryggir að hægt sé að vita hver ber ábyrgð á tæki sem er á markaði. Skráningin tryggir einnig að þegar tilkynnt er um alvarleg atvik við notkun lækningatækja, galla í tæki og óvirkni, þá sé unnt að koma því til skila til þeirra aðila sem bera lögformlega ábyrgð á tækinu.

Tilkynningarskylda til stjórnvalda um alvarleg atvik við notkun lækningatækja hefur ekki verið nægilega tryggð í lögum fram að þessu. Lækningalögum var þó breytt á síðasta ári þannig að nú er skylt að tilkynna óhöpp á sjúkrastofnunum samkvæmt lögum nr. 68/1998. Engar tölur eru til um óhöpp tengd notkun lækningatækja hér á landi. Með frv. er framleiðendum, seljendum, eigendum og notendum lækningatækja gert skylt að tilkynna landlækni ef þeir vita um frávik, galla eða óvirkni lækningatækis. Slík tilkynningarskylda er að hluta lögð til svo að fylgjast megi með hversu örugg tæki eru og að hluta vegna þess að skylt er að tilkynna á Evrópuvísu um tilkynningar sem íslenskum stjórnvöldum berast.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli fjallað um frv. til laga um lækningatæki en í því felst mikil vernd fyrir sjúklinga og notendur lækningatækja. Óskýrar reglur á þessu sviði geta leitt til þess að lækningatæki sem ekki uppfylla öryggiskröfur séu markaðssett hér á landi og að Ísland sé jafnvel notað til að koma slíkum vörum á markað á Evrópska efnahagssvæðinu. Frv. gerir okkur betur í stakk búin til að uppfylla skyldu sem EES-samningurinn og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar leggja okkur á herðar. Það er því von mín að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[00:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál en get tekið undir það að mikilvægt er að við afgreiðum þessi mál í heilbr.- og trn. Um atriðin sem þetta frv. fjallar um eru bindandi ákvæði í alþjóðasamningum og í EES-tilskipunum sem við erum aðilar að og ber að lögfesta.

Samkvæmt athugasemdum við frv. er aðlögunartími að nokkru liðinn varðandi einhver ákvæðin þannig að ég held að brýnt sé orðið að taka þetta mál til umfjöllunar og afgreiða það. Hér er fjallað um skilgreiningu og merkingu á lækningatækjum og reglur um slík tæki. Það er mikilvægt að setja slík ákvæði í lög. Þó að mikilvægt sé að þetta verði að lögum þá tel ég fulla ástæðu til að heilbr.- og trn. fari vel yfir málið og kalli til sín þá sem ástæða er til að fá álit hjá varðandi þetta frv. Ég mun vissulega leggja mitt af mörkum til að það verði sem fyrst að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 170. mál (biðtími). — Þskj. 173.

[00:12]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. er hér viðstödd við þessa umræðu þar sem ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74 frá 1997, með

síðari breytingum. Hér er lagt til að inn í lögin komi ákvæði sem forgangsröðunarnefnd hæstv. ráðherra var sammála um að kæmist í lög sem fyrst. Þess vegna er m.a. lagt til hér að þau verði sett inn í lögin.

Meðflutningsmenn að þessu frv. ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Margrét Frímannsdóttir. Frv. er á þskj. 173 og er 170. mál þingsins. Í því er lagt til að 1. mgr. 18. gr. laga um réttindi sjúklinga orðist svo:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að biðtími eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms." — Þessi síðasta setning er nýjungin við greinina.

2. gr. orðast svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Við umfjöllun um frv. það sem varð að lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögðu flutningsmenn þessa frv. fram brtt. sama efnis og hér gefur að líta. Brtt. hlaut ekki samþykki. Aftur á móti var þetta ákvæði allmikið rætt í heilbr.- og trn. þegar frv. um réttindi sjúklinga var þar til umræðu og menn voru almennt á því að taka þyrfti þetta ákvæði inn í lögin þó að síðar yrði og ekki gæfist tími til þess þegar lögin voru afgreidd.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð að öllu jöfnu. Engar reglur eru til um þetta aðrar en verklagsreglur sjúkrahúsa og annarra heilsustofnana. Á einstaka sviðum eru alls engar reglur til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast ófullnægjandi þegar svo mikilvægt málefni er annars vegar.

Langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Vanlíðan, streita, kvíði og óvissa eru algeng einkenni þeirra sjúklinga sem lengi þurfa að bíða eftir aðgerð. Þá upplifir fólk langa bið sem virðingarleysi við líf sitt og heilsu ef það á annað borð stendur í þeirri trú að aðgerð geti læknað mein þess og linað þjáningar.

Langur biðtími hefur ekki einungis slæm áhrif á tilfinningalegt og líkamlegt ástand sjúklings, heldur er það viðurkennt að biðlistar eru kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklingana sjálfa og þjóðfélagið í heild. Hér er fyrst að nefna að sjúklingar eru oft frá vinnu vegna veikinda sinna. Löng bið eftir aðgerð hefur þau áhrif að vinnutap verður meira en ella hefði orðið sem oft hefur alvarleg áhrif á fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Vinnutapið leiðir síðan til minni skattskyldra tekna ríkissjóðs og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna. Auk þessa má nefna aukinn kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar, annarra læknismeðferða og vistunarplássa. Gera má ráð fyrir að aðgerð verði umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Í lokin má benda á að aukið álag og fjölgun innlagna á bráðadeildir sjúkrahúsanna má að hluta til rekja til biðlistanna.

Af þessu má sjá að langur biðtími er bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæmur.

Flm. þessa frv. gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að setja einhlítar reglur sem gilda skuli við allar aðstæður. Ýmsar ástæður geta valdið því að biðtími eftir aðgerð verði langur, til dæmis skortur á læknum með næga sérþekkingu, skortur á nauðsynlegum áhöldum og tækjum o.fl. Í aðstæðum sem þessum getur langur biðtími oft reynst óhjákvæmilegur. Af þessum sökum er aðeins gerð tillaga um viðmiðunarákvæði um hámarksbiðtíma að öllu jöfnu. Að mati flutningsmanna er þó ein sú ástæða sem aldrei ætti að réttlæta langan biðtíma, en það er fjárskortur, þar sem ljóst er að biðlistar spara enga peninga heldur er einungis verið að kasta peningum á glæ með myndun þeirra.

Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Má nefna að í Svíþjóð voru settar reglur um þriggja mánaða hámarksbiðtíma eftir aðgerðum á sjúklingum með tiltekna sjúkdóma. Svipaðar reglur voru settar í Danmörku. Í Noregi var miðað við að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma ættu rétt á nauðsynlegri meðferð eða aðgerð innan sex mánaða.

Flm. leggja áherslu á að viðmiðunarregla af þeirri tegund sem hér er lögð til er fallin til þess að skapa samræmi og eyða óvissu við meðferð þessara mála.

Vegna reglnanna á Norðurlöndum má geta þess að menn hafa átt rétt á að sækja læknismeðferð til annarra landa og viðkomandi land hefur þurft að greiða þá þjónustu þegar ekki hefur verið hægt að fylgja reglunum. En við flm. þessa frv. erum ekki eins afgerandi í lagaákvæðinu og er á Norðurlöndunum. Ég minni á að forgangsröðunarnefndin sem ég nefndi í upphafi komst að þeirri niðurstöðu að setja ætti slíkar reglur.

Ég vil minna á að það er verulegt áhyggjuefni nú þegar fjárlagaumræðan og afgreiðsla fjárlaga er fram undan að biðlistar hafa verið að lengjast á sjúkrahúsum, þá sérstaklega á Landspítalanum. Nú bíða um 7.000 manns eftir aðgerð. Ég verð að nota tækifærið fyrst hæstv. ráðherra er viðstaddur til að lýsa yfir áhyggjum mínum vegna þeirra upplýsinga sem við höfum fengið frá Ríkisspítölunum að um hálfan milljarð vanti til þess að geta veitt sambærilega þjónustu og var veitt í ár, að þegar sumarlokanir eru á sumum deildum til áramóta þá vanti 500 milljónir til þess að geta veitt sambærilega þjónustu og það á þeim tíma sem biðlistar eru að lengjast. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Ég ætlaði, herra forseti, aðeins að minnast í lokin á ályktun frá Félagi eldri borgara sem þingmönnum barst á dögunum sem ber yfirskriftina „Biðlistar sjúkrahúsa eru of langir og valda sjúklingum þjáningum." Ég ætla að fá að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Biðlistar fylgja öllum sjúkrahúsum en forsenda eðlilegs sjúkrahússrekstrar og að heilbrigðisþjónustunni sé sinnt samkvæmt lögum er að biðtími eftir aðgerð eða umönnun sé við hæfi. Kannanir landlæknisembættisins árið 2000 hafa leitt í ljós að sl. fjögur ár eru að staðaldri um 7.000 manns á biðlistum og meiri hluti þeirra kemur úr röðum eldri borgara. Þeim hefur fjölgað er bíða eftir t.d. kransæðaþræðingum og öðrum æðaaðgerðum, aðgerðum á augn-, kvensjúkdóma- og þvagfæradeildum og vistun á hjúkrunardeildum. Í einstaka listum hefur smávægileg fækkun orðið, t.d. bæklunarlistum, þar er bið um 9–15 mánuðir en fækkunin hefur orðið vegna fjölgunar aðgerða á stofum úti í bæ.

Athugun á bæklunarlistum sýnir að allt að 65% sjúklinga bíða 6–12 mánuði eftir aðgerð þrátt fyrir verulegar þjáningar á biðtímanum og draga fram lífið á sterkum verkja- og svefnlyfjum."

Þarna er vitnað í rannsókn Sjúkrahúss Reykjavíkur.

„Margoft hefur komið fram að langur biðtími eftir aðgerð og aðgerð vegna kransæðasjúkdóma draga úr lífslíkum sjúklinga."

Vitnað er til niðurstöðu landlæknisembættisins 1997.

„Áður fyrr gengu gallsteinasjúklingar fljótlega undir aðgerð en nú er algengt að yfir 60% þeirra komist ekki í aðgerð fyrr en ástand þeirra hefur stórversnað og batalíkur minnkað. Nú bíða yfir 250 aldraðir eftir hjúkrunarplássi á Reykjavíkursvæðinu en 30–40% þeirra eru of veikir til þess að bíða heima, að áliti Pálma V. Jónssonar, forstöðulæknis öldrunarsviðs."

Reyndar fjallar þetta frv. ekki um bið eftir hjúkrunarplássum þó vissulega væri ástæða til að taka sérstaklega á þeim biðlistum en hér er fjallað um biðlista eftir aðgerðum, hámarksbiðtíma sem við, hv. þingmenn sem flytjum þetta frv., teljum mikilvægt að verði sett í lög.

Herra forseti. Ég óska eftir að málinu verði vísað til heilbr.- og trn. að lokinni umræðunni.

[00:21]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, lögum sem voru sett á árinu 1997. Það fjallar um bið eftir meðferð og í tillögunni er annars vegar lagt til að sjúklingi sé gefinn kostur á bókun aðgerða þurfi hann að bíða eftir aðgerð og hins vegar að sett verði mörk við biðtíma eftir aðgerð þannig að hann verði að jafnaði ekki nema 3–6 mánuðir en í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir slíkum mörkum.

Það er nú svo að oft hafa biðlistar verið notaðir sem ákveðinn mælikvarði á gæði og virkni heilbrigðiskerfa en það er hins vegar staðreynd að í flestum löndum heims er þetta vandamál til staðar. Á Norðurlöndum hafa biðlistar t.d. verið viðvarandi og ef eitthvað er hafa þeir verið að lengjast hin síðari ár. Hins vegar er það ekki raunin hér. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að biðlistar hefðu verið að lengjast hér á landi. Áður en ég fór í þessa umræðu í dag skoðaði ég gögn frá 1997. Þar kemur fram að álíka margir voru á biðlista árið 1997 og eru í dag þannig að þeir hafa ekki verið að lengjast. Þó að í einhverjum tilvikum innan ákveðinna sérgreina hafi þeir lengst lítillega þá hafa líka þeir styst innan annarra sérgreina eins og almennra skurðdeilda, háls-, nef- og eyrnalækninga og innan hjartadeilda. Það er því ekki alveg einhlítt að þeir hafi verið að lengjast.

Á Norðurlöndum hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerð eða meðferð eins og kom fram í máli hv. þm. Hins vegar hefur gengið á ýmsu við að framfylgja reglum um hámarksbið. Umræðan í þessum löndum hefur í ýmsum tilvikum beinst að því að setja stofnunum þjónustumarkmið í stað reglna um hámarksbiðtíma þannig að í stað þess að einblínt sé á einstaka sjúklinga eða sjúklingahópa er gerð grein fyrir árangri starfseminnar og hvaða þjónustumarkmiðum stofnunin hefur náð. Í einhverjum tilvikum hafa reyndar einnig verið settar reglur um að sjúklingar hafi rétt á að innan tilskilins frests fái þeir að vita hvenær vænta megi þess að þeir fari í aðgerð. Ég held að þær reglur séu til góða.

Eins og fram kom í máli mínu áðan höfum við vitneskju um biðlista hér á landi. Þeir eru teknir saman tvisvar á ári af landlækni og eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur hér áðan þá eru í kringum 6.500 manns á biðlista. En það er hins vegar ekki svo að fólk á biðlistum sé allt í bráðri þörf eða óvinnufært eins og oft hefur verið talað um, þó að vissulega séu þess dæmi og jafnvel erfið dæmi.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að fólk er á biðlistum. Við vitum að aðsókn í heilbrigðisþjónustuna hefur aukist og auknar kröfur eru gerðar til þjónustunnar. Fólk er sett á biðlista en er í raun að bíða eftir heppilegum tíma til að fara í aðgerð. Í einhverjum tilvikum eru t.d. börn á biðlista vegna þess að þau þurfa að ná tilteknum þroska áður en þau fara í aðgerðina og jafnvel í einhverjum tilvikum þurfa börnin líka ákveðna meðferð áður en þau fara í aðgerðina. Það er því ekki svo að allir á biðlistanum séu í brýnni þörf og óvinnufærir heima hjá sér. Það er einföldun á málinu að setja þetta þannig fram.

Í skýrslu um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu, sem byggir á störfum nefndar þess efnis og lauk störfum á árinu 1998, er sérstaklega tekið á biðlistum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Enginn skal vera á biðlista nema um viðurkennda þörf fyrir aðgerð eða rannsókn sé að ræða."

Einnig segir þar: „Hámarksbiðtíma eftir þjónustu skal skilgreina eftir því sem við á í hverju tilviki en hann skal ekki vera lengri en 3–6 mánuðir."

Jafnframt er lagt til að biðlistar séu flokkaðir í þrjá flokka: þörf, brýna þörf og mjög brýna þörf. Því er ljóst að það er stefna heilbrigðisyfirvalda að setja ákveðnar reglur um biðlista og sú stefna er endurtekin í nýframlagðri heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

Ég tel að mikil þörf sé á að halda umræðunni áfram og leggja niður fyrir okkur leiðir sem við eigum að fara í þessu sambandi. Markmiðið á náttúrlega alltaf að vera að sjá til þess eða finna leiðir til að tryggja að fólk fái heilbrigðisþjónustu þegar það þarf á henni að halda og reglur um biðlista gætu verið ein leið í því sambandi. Ég tek undir það sem hefur komið fram á undan að biðlistar geta verið þjóðhagslega óhagkvæmir og geta haft óheppilegar afleiðingar fyrir fólk. Þess vegna er ástæða til að skoða þetta sérstaklega.

Í tengslum við þessa skoðun, sem kemur í kjölfarið á framlagningu á þessu frv., hef ég jafnframt áhuga á að hv. heilbr.- og trn. skoðaði t.d. rétt einstaklinga til að leita sér meðferðar í löndum EES en það kemur m.a. fram í Berlinske Tidende í dag að frá 1. júlí sl. hafa Danir þennan rétt og kostnaður er að einhverju eða öllu leyti greiddur af danska ríkinu. Jafnframt kemur fram að afar fáir hafi nýtt sér þennan rétt og við þurfum einmitt að skoða hvernig þetta snýr að Íslendingum. Þetta var í umræðunni fyrir nokkrum mánuðum og jafnvel í blöðunum en ekki var alveg ljóst hvernig þetta lægi fyrir okkur.

Ég fagna því þessu frv. og ég vonast til að umræður skapist um hvaða leiðir eru færar til að stytta biðlista hér á landi. Þó get ég ekki alveg sagt að ég hafi tekið beina afstöðu til frv. Ég geri það ekki núna því ég vil skoða þessi mál í víðara samhengi og vita hvaða aðrar leiðir eru færar. Ég hlakka til áhugaverðrar umræðu um þetta mál í hv. nefnd þegar það kemur þangað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. og 14.–19. mál.

Fundi slitið kl. 00:29.

29. FUNDUR

miðvikudaginn 22. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 264. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 214. mál, þskj. 225. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ábyrgðarmenn, frv., 160. mál, þskj. 162. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 242. mál, þskj. 267. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lækningatæki, stjfrv., 254. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Réttindi sjúklinga, frv., 170. mál, þskj. 173. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Fjarskiptalög, frv., 251. mál, þskj. 276. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., Árni Gunnarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.“

Árni Gunnarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ábyrgðarmenn, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 160. mál. — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (heildarlög). — Þskj. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Lækningatæki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál. — Þskj. 281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 170. mál (biðtími). — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjarskiptalög, 1. umr.

Frv. ÖJ, 251. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 276.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

30. FUNDUR

miðvikudaginn 22. nóv.,
að loknum 29. fundi.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Umferðaröryggismál, fsp. ÁRJ, 84. mál, þskj. 84.
2. Vegagerðarmenn í umferðareftirliti, fsp. ÁRJ, 85. mál, þskj. 85.

Til iðnaðarráðherra:

3. Lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001, fsp. KLM, 247. mál, þskj. 272.

Til sjávarútvegsráðherra:

4. Fyrirtæki í útgerð, fsp. LB, 138. mál, þskj. 138.

Til menntamálaráðherra:

5. Málefni innflytjenda, fsp. ÖJ, 211. mál, þskj. 222.
6. Endurbygging og varðveisla gamalla húsa, fsp. KLM, 248. mál, þskj. 273.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Framleiðsla og sala áburðar, fsp. GHall, 218. mál, þskj. 232.
8. Sjókvíaeldi, fsp. SvanJ, 227. mál, þskj. 244.
9. Sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru, fsp. ÞSveinb og JÁ, 249. mál, þskj. 274.
10. Skógræktarverkefni á Austurlandi, fsp. ÞBack, 277. mál, þskj. 305.

Umferðaröryggismál.

Fsp. ÁRJ, 84. mál. — Þskj. 84.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan ég lagði þessa fyrirspurn fram til hæstv. dómsmrh. Reyndar er ekki við hæstv. ráðherra að sakast að málið kemur ekki til umræðu fyrr en nú en eins og sést á númerinu er þetta á þskj. 40 þannig að málið var lagt fram í byrjun október.

Hæstv. dómsmrh. hefur verið ötull við að kynna ýmis átaksverkefni sem snúa að umferðaröryggismálum og í júlí boðaði ráðherra eitt slíkt átak í flugskýli Landhelgisgæslunnar til að draga úr slysum. Hún boðaði hert eftirlit með ökuhraða og ölvunarakstri. Átakið gerði ráð fyrir fjórum vegaeftirlitsbifreiðum út á þjóðvegum í samstarfi við Vegagerðina og að fjórir lögreglumenn yrðu ráðnir til umferðardeildar ríkislögreglustjóra.

Þegar fyrirspurnin var lögð fram í upphafi október var lítið farið að gerast í þessum málum. Þá kom fram í fréttum að einir fjórir lögreglumenn sem ráðnir voru vegna átaksins voru ekki viðbót heldur tilfærsla á mönnum úr öðrum löggæslustörfum.

Ýmislegt hefur komið fram um þessi mál síðan fyrirspurnin var lögð fram en engu að síður spyr ég hæstv. ráðherra: Er búið að ráða þessa fjóra viðbótarlögreglumenn til ríkislögreglustjóra og eru þeir viðbótarmenn eða eru þeir færðir frá öðrum embættum sem kæmu þá sem fækkun á löggæslu annars staðar eða hafa þá aðrir verið ráðnir í þeirra stað?

Einnig spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður vegaeftirlitsbílum sem ráðherra lofaði í júlí? Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk um síðustu mánaðamót, þ.e. í byrjun nóvember, var aðeins einn af þessum vegaeftirlitsbílum kominn út á vegina sem merktur lögreglubíll. Þá var orðið ansi langt um liðið frá því að þeir voru boðaðir en sjálfsagt hefur gefist tími til þess að bæta úr þessu. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður áformum ráðherrans með vegaeftirlitsbílana og viðbótarlögreglumenn til ríkislögreglustjóra í þetta átaksverkefni?

[13:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar spurningar vegna þess að við erum að ræða um umferðaröryggismál sem skipta okkur öll verulega miklu máli og við þurfum öll að taka á í baráttunni gegn þeim alvarlegu slysum sem hafa orðið í umferðinni.

Hún spyr í fyrsta lagi um þá fjóra lögreglumenn sem verða ráðnir til umferðardeildar ríkislögreglustjóra. Á þeim fundi sem hv. fyrirspyrjandi vísar voru kynntar margháttaðar aðgerðir í umferðarmálum, þar á meðal nýtt samkomulag ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar um eflingu almenns umferðareftirlits. Á grundvelli þess heimilaði dómsmrn. í júlí sl. ríkislögreglustjóra að auglýsa þrjár stöður lögreglumanna við umferðardeild ríkislögreglustjóra. Þeir lögreglumenn hófu störf í umferðardeildinni 1. nóvember sl. og þetta eru ný störf. Ætlunin er að starfsmenn umferðardeildarinnar sinni þessu samstarfi, auk þess sem lögreglustjórinn á Akureyri leggi til einn lögreglumann í verkefnið. Þrjár af fjórum bifreiðum, sem ætlað er að sinna þjóðvegaeftirlitinu, verða því gerðar út frá Reykjavík en ein frá Akureyri.

Um árabil hefur verið skipulegt samstarf milli lögreglunnar og Vegagerðarinnar við umferðareftirlit. Það hefur beinst að stórum ökutækjum, þyngd þeirra, ástandi ökutækjanna og álestri á ökuritaskífur vegna hvíldartíma ökumanna. Í framhaldi af skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjórans og Vegagerðarinnar á árinu 1999 var talið heppilegt að útvíkka þetta samstarf og efla þannig samvinnu ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar sem beindist að almennu umferðareftirliti á þjóðvegum landsins. Ráðning þriggja lögreglumanna hjá ríkislögreglustjóra til þessa verkefnis, auk eins lögreglumanns á Akureyri, er liður í því að auka samvinnu á milli lögreglunnar og Vegagerðarinnar um umferðareftirlit. Stefnt er að því að á næstunni geri ríkislögreglustjóri og Vegagerðin sérstakt samkomulag um nánari útfærsluatriði þessa umferðareftirlits en það nær til eftirlits með ökuritum, öxulþunga bifreiða og annarra umferðarlagabrota. Hér er um að ræða mikilvæga viðbót við það umferðareftirlit sem er þegar á þjóðvegum.

Í öðru lagi er spurt um vegaeftirlitsbíla, fjóra talsins, sem sinni eftirliti á þjóðvegum. Því er til að svara að um árabil hefur sá háttur hefur verið hafður á að fjórar bifreiðar frá Vegagerðinni hafa verið í vegaeftirliti mannaðar bæði vegaeftirlitsmanni og lögreglumanni. Þrjár þeirra hafa verið gerðar út frá Reykjavík, mannaðar lögreglumönnum úr Kópavogi og Reykjavík, en ein bifreið er gerð út frá Akureyri mönnuð lögreglumönnum þaðan. Meðal þess sem ákveðið var í samkomulaginu er að þessar fjórar bifreiðar Vegagerðarinnar sem sinna umferðareftirliti fái auk merkinga frá Vegagerðinni merki lögreglunnar og verði búnar tækjum til hraðamælinga og forgangsaksturs. Með þessu skapast sá möguleiki að sinna bæði verkefnum Vegagerðarinnar, svo sem eftirliti með öxulþunga, og verkefni lögreglunnar, svo sem hraðamælingum. Auk þess fjölgar merktum lögreglubifreiðum á þjóðvegum landsins sem skapar aukið aðhald á ökumenn með sýnilegri löggæslu.

Einni bifreiðinni úr Reykjavík var breytt í júlí sl. í merkta lögreglubifreið sem hefur einnig merki Vegagerðarinnar. Má segja að lögreglumaðurinn sem starfar á merktu lögreglubifreiðinni hafi strax í júlí sl. útvíkkað starfssvið sitt í almenn umferðarlagabrot eins og stefnt var að. Aðrar eftirlitsbifreiðar eru enn sem komið er aðeins merktar Vegagerðinni en stefnt er að því að gera nýjar bifreiðar tilbúnar fyrir almennt umferðareftirlit innan skamms. Nokkurn tíma hefur tekið að útvega nýjar bifreiðar og merkja þær á viðhlítandi hátt og útbúa ákveðnum tækjum en ég geri ráð fyrir því að það gerist innan skamms að þær komist allar í þetta ákveðna eftirlit.

Þetta nýja fyrirkomulag er eins og áður sagði mikilvæg viðbót við það eftirlit sem er fyrir hendi á þjóðvegunum. Mörg alvarleg slys áttu sér stað á þjóðvegunum á liðnu sumri en meðal nauðsynlegra viðbragða er efling umferðareftirlits sem hefur nú verið ráðist í. Ég stefni að því að efla það enn frekar á næstu missirum. En það er margt fleira sem þarf að skoða, þar með talin viðurlög við umferðarbrotum, öryggi umferðarmannvirkja, ökunám, fræðsla o.fl. Ég stofnaði einmitt nefnd til þess að gera tillögur að breytingum á umferðarlögum sem horfa til aukins umferðaröryggis í umræddu umferðarátaki. Nefndin er komin vel á veg og vænti ég tillagna hennar innan skamms.

[13:45]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Nauðsynlegt er að taka á í umferðaröryggismálum. Ég vil nota tækifærið til að hvetja hæstv. dómsmrh. til þess að lögð verði áhersla á að endurnýja þekkingu ökumanna vegna nýrra ákvæða í lögum um bifreiðaakstur. Ég bendi á að nú getur almenningur tekið próf á netinu og endurnýjað þannig þekkingu sína á ökulögunum. Af þeim sem ekki hafa æft sig undir prófið er fallið að jafnaði í kringum 70% svo að ástæða er til þess að hvetja almenning til að kynna sér það sem þar er á ferðinni.

Ég hvet einnig til þess að með auglýsingum og ábendingum verði komið út skilaboðum til almennings. Það er sennilega ódýrasta leiðin til að ná tökum á þeim mikla vanda sem við eigum við að etja vegna óhappa í umferðinni.

[13:47]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. gat þess áðan að hún hefði skipað nefnd sem hefði það hlutverk að endurskoða lög og reglur til þess að auka umferðaröryggi hér á landi og það er hárrétt. Ég er formaður þeirrar nefndar og líklegt er að nefndin skili niðurstöðum sínum innan tíðar eða a.m.k. fyrir áramót.

Við höfum skoðað mörg mjög mikilvæg atriði í vinnu okkar sem geta leitt til aukins umferðaröryggis. Þar með eru taldar sektir, harðari viðurlög, en einnig til að mynda, að gefnu tilefni, lausagöngu búfjár og hraðakstursbrot.

[13:48]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Mörg og mjög alvarleg umferðarslys hafa orðið á þessu ári sem ættu að verða okkur öllum áminning um að haga okkur betur í umferðinni. Það er áberandi mikið agaleysi og of mikill hraði, ekki eru gefin stefnuljós þannig

að virðingin gagnvart öðrum er afskaplega takmörkuð. Það eru allt of margir óábyrgir í umferðinni og verðum við öll að taka á þessu.

Mörg slys hafa orðið vegna þess að lausaganga búfjár er ekki alls staðar bönnuð. Ég held að kominn sé tími til að lausaganga búfjár verði bönnuð alls staðar á landinu, ekki bara í sumum sveitarfélögum heldur í öllum.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Öll eiga þessi varnaðarorð rétt á sér þó þau séu nokkuð utan við þá fyrirspurn sem borin er fram af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Ég get ekki annað en komið upp og minnt á það sem við þingmenn Reykjaness vorum minnt á hvarvetna í þingmannaheimsókn okkar í Reykjanesi fyrr í haust og það er að allir sveitarstjórnarmenn í kjördæmi okkar eru uggandi út af löggæslumálum, út af því hvernig hefur verið haldið á þeim málum að koma í rétt horf því að fjölga lögregluþjónum heima í héraði og það er lögreglulaust yfir helgar og á kvöldin. Þetta er stóra málið, löggæslan sjálf. Gott er að setja málið í nefnd en við skulum vona að út úr nefndinni komi aðgerðir.

[13:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ekki er nema gott um það að segja sem hæstv. ráðherra var að telja upp um endurbætur í þessum málum. En það er þó þannig, af því að hér var nefnd lausaganga búfjár og slys af þess völdum, að t.d. á því svæði þar sem flest slys verða, þ.e. í Vesturlandi, af þessum sökum yfir allt landið og það langflest, hefur lögreglan í Borgarnesi ekki getað mannað lögregluþjónsstöðurnar hjá sýslumannsembættinu vegna fjárskorts. Það segir sína sögu um ástandið í þessum málum. Hæstv. ráðherra hefur ekki getað komið til móts við sýslumann í Borgarnesi hvað varðar fjármagn til að manna stöðurnar sem má þó hafa.

[13:51]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er eflaust alltaf hægt að bæta við lögreglumönnum. En út af þeim orðum sem féllu frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að allir á Reykjanesi væru óánægðir með löggæsluna, þá er það ekki rétt. Grindvíkingar sem voru óánægðir fyrir ári eru yfir höfuð ánægðir með löggæsluna eins og hún er í dag og lýstu því einmitt yfir á fundi með okkur þingmönnum að þeir væru ánægðir með þá lausn sem hefði fundist með sýslumanninum í Keflavík um það hvernig löggæslumálum yrði háttað í Grindavík.

Það eru önnur svæði á Suðurnesjum sem eru ekki ánægð með sinn hlut. Ég geri ráð fyrir að reynt verði að semja við þau um svipaðar aðgerðir og gert var við Grindvíkinga sem menn yrðu ánægðir með.

Ég vil að það komi fram að slíkar fullyrðingar eiga ekki alltaf við. Auðvitað vilja menn standa vel að löggæslumálum, gæta öryggis í umferðinni og allt það. En rétt skal vera rétt í þessum efnum.

[13:52]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að eitt helsta áhyggjuefnið á Vesturlandi væri lausaganga búfjár og slysasháttа af því. Það er alveg ljóst að það á ekki að þurfa lögreglu til þess að reka búfénaðinn af vegunum enda hefur verið gerð tilraun til þess á Vesturlandi að fá sérstakan mann til að reka féð af vegunum til að skapa minni hættu. Ég held að ekki þurfi að argast í því að það vanti lögreglu varðandi það atriði.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka umræðuna um þessi mál og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Auðvitað eru umferðaröryggismálin sem varða okkur öll mjög mikilvæg. Hæstv. ráðherra talaði um að það hefði verið ráðið í þrjár nýjar stöður, ný störf. Nú hef ég upplýsingar um að þeir sem hafa verið ráðnir í þessi störf komi frá öðrum lögregluembættum og ég spyr því hæstv. ráðherra: Voru þá ráðnir aðrir í þeirra stað þannig að þetta sé viðbót?

Einnig legg ég ríka áherslu á að vegaeftirlitsbílarnir, sem eru þarna í hlutverki nánast löggæslu, verði allir merktir. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að búið er að merkja einn þeirra. Þrír eru ekki merktir. Það er mikilvægt, bæði fyrir öryggi þeirra sem eru á ferðinni og einnig í eftirlitsskyni, að þeir séu merktir lögreglunni.

Ég vil einnig vekja athygli á því sem er vert að nefndin skoði og sem kom hér til umræðu og það er að á sama tíma og lögreglan á Blönduósi er með 1.600 kærur eru aðrir eftirlitsaðilar aðeins með þriðjung af þeim kærufjölda vegna umferðarbrota. Þetta tel ég vera fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra skoði og sú nefnd sem hann er með í þessari vinnu.

Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að það er verulegt áhyggjuefni eins og kemur fram í bréfi frá Landssambandi lögreglumanna að verið er að skera niður fé til umferðaröryggismála. Um leið og menn eru með háleit markmið um fækkun slysa og eru með kynningar á blaðamannafundi um að setja sér háleit markmið og fara í vinnu til að auka umferðaröryggi er samkvæmt fjárlögum verið að draga úr fjármagni til að sinna þessum störfum. Þar finnast mér ekki fara saman orð og efndir þannig að það er verulegt áhyggjuefni, herra forseti.

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir athugasemdir þeirra áðan. Ég tel að mjög margar þarfar ábendingar hafi komið fram og ég er sannfærð um að formaður allshn., sem er jafnframt formaður þessa starfshóps, mun taka það til sérstakrar skoðunar í þeim starfshópi sem er að fara núna yfir umferðaröryggismálin.

Það er alveg ljóst að það þarf að skoða ákveðna þætti eins og lausagöngu búfjár. Það er góð ábending sem kom fram frá hv. þm. Gísla S. Einarssyni um ökupróf á netinu. Sannarlega er ástæða til þess að við fullorðna fólkið skoðum líka hæfni okkar í þessum málum. Varðandi auglýsingar vil ég rifja upp að ég fór í átak í sumar sem var beint sérstaklega að ungum ökumönnum, fræðslu- og auglýsingaherferð, og ég vænti þess að hún hafi gefið góða raun. Þar naut ég aðstoðar og framlaga frá fyrirtækjum á einkamarkaði sem lögðu til fjármagn í það átak og það held ég að hafi verið hið besta mál.

Ég gerði í fyrri ræðu minni grein fyrir þeim ágætu breytingum sem væri verið að gera á samstarfi lögreglu og Vegagerðarinnar um umferðareftirlit. Það mun þýða að fjórar nýjar bifreiðar fara um þjóðvegina og fylgjast með bifreiðum og hafa tækjabúnað til þess að mæla hraða. Vegagerðin sér um þennan þátt málsins og vinnur samkvæmt áætlun þannig að ég á von á því að þær verði allar komnar í þetta eftirlit innan skamms.

Þáttur umferðardeildar ríkislögreglustjóra í þjóðvegaeftirliti hefur aukist verulega að undanförnu. Á þessu ári eru skráð mál alls orðin 1.766 og er þar að mestu leyti um að ræða hraðakstursbrot. Á fjárlögum er gert ráð fyrir auknu fjárframlagi til umferðardeildarinnar sem þýðir enn öflugra umferðareftirlit.

Hins vegar er rétt að þau vandamál sem blasa við í umferðinni krefjast þess að við gerum enn betur og mun ég vinna markvisst að því.

Vegagerðarmenn í umferðareftirliti.

Fsp. ÁRJ, 85. mál. — Þskj. 85.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Í umferðarátaki því sem ráðherra kynnti í júlí og var til umræðu í fyrri fyrirspurn var gert ráð fyrir að vegagerðarbifreiðar, sem sinnt hafa eftirliti með þungaskatti og ökuritum, mundu fá aukið hlutverk eins og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra áðan í svari við fyrirspurn minni hér á undan. Þar er gert ráð fyrir að vegagerðarmenn fái aukið hlutverk og verði nokkurs konar lögregluefirlitsmenn eða muni sinna löggæslu.

Í þessum vegaeftirlitsbifreiðum eru einn lögreglumaður og einn vegagerðarmaður eins og hefur þegar komið fram. Nú langar mig að vita hjá hæstv. ráðherra hver er staða vegagerðarmanna sem eiga að fara að sinna löggæslustörfum. Þeir eru ekki menntaðir lögreglumenn með þá þekkingu og reynslu sem lögreglumenn búa yfir, án þess að ég sé að gera lítið úr hæfni þeirra, en ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er réttarstaða þeirra vegagerðarmanna við þau störf ef t.d. til átaka kemur? Er hún sú sama og lögreglumanna? Eru þeir með sömu tryggingar og lögreglumennirnir og verða þeir bundnir þagnarskyldu til jafns við lögregluna sem hefur undirritað eiðstaf um þagnarskyldu?

Nú hafa lögreglumenn hlotið þjálfun og menntun til að sinna þessum störfum. Munu vegagerðarmennirnir hljóta sambærilega þjálfun, svo sem þjálfun í verndun slysavettvangs, í skyndi- og neyðarhjálp á slysstað, í þjálfun í neyðarakstri, handtökum, sjálfsvarnaræfingum og svo síðast en ekki síst þekkingu á fíkniefnum og áhrifum þeirra?

Mikilvægt er að fá fram þessar upplýsingar þegar vegagerðarmenn ganga inn í störf lögreglunnar við umferðareftirlit eins og ráðherra hefur boðað og lýst bæði í ræðu sinni og einnig á blaðamannafundi í júlí í sumar.

[13:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um stöðu vegagerðarmanna í umferðareftirliti. Í fyrsta lagi: Hver er réttarstaða þeirra vegagerðarmanna sem áformað er að sinni umferðareftirliti samkvæmt umferðarátaki því sem ráðherra kynnti í júlí sl. ef til átaka kemur? Þegar hefur verið fjallað um nýtt samkomulag ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar um aukið umferðareftirlit. Eins og áður sagði hafa eftirlitsmenn Vegagerðarinnar unnið með lögreglu við eftirlit um árabil þótt nú hafi verið ákveðið að útvíkka það til almennra umferðarlagabrota.

Engar grundvallarbreytingar verða á réttarstöðu þeirra þó að bílar Vegagerðarinnar fái lögreglumerkingar og sinni þessum nýju verkefnum. Komi til átaka er réttarstaða þeirra sú sama og á við um ríkisstarfsmenn almennt. Hefur ekki reynt á það til þessa að vegagerðarmenn í samvinnu við lögreglu hafi lent í átökum og lítil ástæða til að ætla að svo verði. Með hinu nýja fyrirkomulagi skapast aukið aðhald á ökumenn á þjóðvegum og auk þess munu lögreglumenn á bílum sinna almennu umferðareftirliti og geta tekið á fjölmörgum brotum, t.d. með hraðamælingum. Mun þá starfsmaður Vegagerðarinnar vera vitni í slíkum málum.

Það er ekki markmið með samkomulaginu, hv. fyrirspyrjandi, að láta vegagerðarmenn sinna almennum lögreglustörfum.

Í öðru lagi er spurt: Eru þeir tryggðir til jafns við lögreglumenn? Tryggingar eftirlitsmanna eru með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna, þ.e. samkvæmt reglugerð nr. 30/1990, um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna vegna slysa sem þeir verða fyrir í starfi. Fram til þessa hafa vegaeftirlitsmenn ekki haft tryggingar umfram þetta eins og lögreglumenn og stendur ekki til að það breytist.

Í þriðja lagi er spurt: Verða þeir bundnir þagnarskyldu til jafns við lögreglumenn? Því er til að svara að allir ríkisstarfsmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Er þagnarskylda lögreglumanna áréttuð í 22. gr. lögreglulaganna. Er engin ástæða til annars en ætla að þagnarskylda vegaeftirlitsmanna sé hin sama og á við um lögreglumenn.

Í fjórða lagi er spurt: Hvaða þjálfun fá þeir í að sinna þessum störfum? Stefnt er að því að ríkislögreglustjóri í samvinnu við Lögregluskólann haldi námskeið um almennt umferðareftirlit, bæði fyrir lögreglu og vegaeftirlitsmenn, þar sem tekið verður á ýmsum þáttum, svo sem flutningi á hættulegum farmi, ástandi ökutækja o.fl. Með þessu er stefnt að því að efla faglega þekkingu þeirra sem sinna umferðareftirlitinu.

Herra forseti. Það er afar gott að fyrirspyrjandi beri hag vegagerðarmanna fyrir brjósti og réttarstöðu þeirra, en eins og lýst hefur verið er hún vel tryggð miðað við þau verkefni sem þeim er ætlað að fást við.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég tel mikilvægt að þessar upplýsingar hafi komið fram. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að réttarstaða vegaeftirlitsmanna við þessi störf væri sú sama og ríkisstarfsmanna almennt. Ég hefði talið að umrædd nefnd sem starfar á vegum hæstv. ráðherra þyrfti að fara ofan í þau mál. Við vitum a.m.k. af fréttum að það eru alltaf líkur á átökum þar sem löggæsla er annars vegar. Það segir reynslan okkur. Því miður er allt of mikið um að til átaka komi þegar löggæsla er annars vegar. Þess vegna þarf að horfa til þess að vegaeftirlitsmenn, sem þarna fá aukið starfssvið, séu tryggðir og heyri undir svipaðar reglur og þeir sem þeir vinna með í þessum eftirlitsbifreiðum.

Ég velti því einnig fyrir mér hvort nefndin ætti ekki að skoða hvort ekki væri ástæða til þess að þessir vegaeftirlitsmenn, sem eiga að vera sem vitni, undirrituðu eiðstaf eins og lögreglumenn. Ég fagna því, herra forseti, að þessir starfsmenn fari á sérstakt námskeið. Það er vissulega að mörgu að hyggja við þessi störf eins og við öll vitum. Því betur sem þeir eru undirbúnir fyrir þau störf, því betur ætti þetta að ganga.

[14:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég lít svo á að spurningum hv. fyrirspyrjanda hafi verið svarað. Mér finnst rétt að athugasemdir hennar verði skoðaðar. En ég bendi hins vegar á það og ítreka að vegaeftirlitsmönnum er að sjálfsögðu ekki ætlað að ganga inn í störf lögreglumanna, svo að það sé alveg á hreinu.

Ég þakka hv. þm. fyrir áhuga þeirra á þessum tveimur fsp. í sambandi við umferðaröryggismál. Ég tel mjög mikilvægt að við snúum bökum saman og tökum á til að reyna að snúa við í þeirri óheillaþróun sem orðið hefur að undanförnu og hefur kostað allt of mörg mannslíf. Við þurfum virkilega að standa saman. Við þurfum þjóðarátak.

Lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001.

Fsp. KLM, 247. mál. — Þskj. 272.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Fsp. mín á þskj. 272 er til hæstv. iðnrh. Þar er spurt um frekari lækkun húshitunarkostnaðar á næsta ári, árið 2001.

Fyrri liður spurningarinnar er svohljóðandi:

„Hvernig verður staðið við fyrirheit um áframhaldandi lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001, sbr. 12. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?"

Hér er vitnað til þverpólitískrar nefndar sem hæstv. forsrh. skipaði í sambandi við kjördæmabreytinguna. Fyrsta tillaga þeirrar nefndar um aðgerðir í byggðamálum var um að húshitunarkostnaður yrði lækkaður í jöfnum áföngum á næstu þremur árum eða árin 1999, 2000 og 2001.

Ég get ekki séð, herra forseti, að í frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 sé ætlunin að standa við þessi loforð, hvorki byggðaáætlunina né það sem kom fram frá þeirri nefnd forsrh. sem ég minntist á. Þó tók hæstv. forsrh. mjög öflugt undir þá stefnu í ræðustól Alþingis og leit á sem þverpólitíska niðurstöðu um aðgerðir í byggðamálum. Ég get ekki séð í fjárlögum, herra forseti, að gert sé ráð fyrir auknu fjármagni í það. Þar er einungis hækkað úr 760 millj. kr. þetta árið í 790 millj. kr, sem er sennilega ekki mikið meira en verðbætur. Ég spyr því hæstv. iðnrh. hverju það sætir að ekki er gert ráð fyrir hærri tölu í þetta. Með öðrum orðum: Er ekki ætlunin að standa við þau loforð sem þarna voru gefin?

Þess má geta, herra forseti, að í gögnum sem að vísu eru 2–3 ára gömul og lögð voru fyrir umrædda nefnd kemur fram að um 64 þús. íbúar þessa lands búa við dýra húshitun sem getur verið allt frá 100– 120 þús. kr. og dæmi eru um 130–180 þús. kr. orkureikning á ári.

Seinni liður þessarar fsp. er um hvort áform séu uppi um að notendur dýrra hitaveitna njóti niðurgreiðslna til samræmis við notendur rafhitunar. Mér hefur fundist vanta á, herra forseti, að þeir sem búa við dýrar hitaveitur og hafa hitaveitur á sínum svæðum hafi notið þessarar niðurgreiðslu. Í gögnum frá nefnd sem hæstv. iðnrh. skipaði ekki alls fyrir löngu kemur fram að þeir íbúar landsins sem búa við þessar dýru hitaveitur borga töluvert hærri húshitunarreikninga en þeir sem búa á svæði Rafmagnsveitna ríkisins.

[14:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristján Möller hefur lagt fyrir mig fsp. í tveimur liðum. Sá fyrri er svohljóðandi:

„Hvernig verður staðið við fyrirheit um áframhaldandi lækkun húshitunarkostnaðar árið 2001, sbr. 12. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?"

Svarið er eftirfarandi:

Í ályktun Alþingis í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 segir í 12. tölul.:

„Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs."

Frá árinu 1998 hafa fjárveitingar til niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar aukist úr 480 millj. kr. í 760 millj. kr. á þessu ári. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að 790 millj. kr. verði varið til niðurgreiðslna á rafhitun íbúðarhúsnæðis. Er því um að ræða 30 millj. kr. hækkun á þessu ári eða tæplega 4%. Þá má geta þess að Landsvirkjun og dreifiveitur veita afslátt vegna rafhitunar. Afsláttur Landsvirkjunar nemur um 100 millj. kr. á ári en afsláttur dreifiveitna um 20 millj. kr. Með aukningu á niðurgreiðslum á þessu ári er svo komið að raunverulegur kostnaður notenda rafhitunar er innan við 50% af gjaldskrá Rariks. Í skýrslu sem Fjarhitun vann fyrir Byggðastofnun í tengslum við undirbúning byggðaáætlunar var áætlað að niðurgreiðslur ríkisins til rafhitunar þyrftu að nema um 870 millj. kr. á ári til að kostnaður við rafhitun yrði í samræmi við meðaldýrar hitaveitur.

Eins og nánar verður vikið að í svari við síðari spurningunni valda auknar niðurgreiðslur til rafhitunar því að samkeppnisskilyrði hitaveitna versna.

Reglur um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar eru að stofni til frá árinu 1986. Frá þeim tíma hefur hlutur niðurgreiðslna aukist verulega jafnframt því sem orkufyrirtækin veita nú afslátt á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Orkufyrirtækin telja að reglurnar séu ekki nógu skýrar og takmarki möguleika þeirra til að draga úr kostnaði við rekstur og aðlaga gjaldskrá að breyttum aðstæðum.

Þá tel ég nauðsynlegt að setja reglur um eftirlit með niðurgreiðslum. Sl. vor skipaði ég nefnd til að endurskoða reglurnar frá 1986 og vænti ég þess að nefndin ljúki störfum á þessum vetri.

Önnur spurning er svohljóðandi:

„Eru uppi áform um að notendur dýrra hitaveitna njóti niðurgreiðslna til samræmis við notendur rafhitunar?"

Eftir að niðurgreiðslur til rafhitunar aukast versna samkeppnisskilyrði dýrra hitaveitna að sama skapi. Nú er svo komið að kostnaður við húshitun á dreifiveitusvæði fjögurra hitaveitna er hærri en niðurgreidd rafhitun. Til að jafna þennan mun þyrfti að verja tæplega 50 millj. kr. til niðurgreiðslu hjá þessum veitum. Verði niðurgreiðslur á rafhitun auknar frá því sem nú er eykst þessi munur enn. Ég hef látið kanna hvaða áhrif það hefði að auka niðurgreiðslur til rafhitunar í 870 millj. kr. eins og gengið var út frá í skýrslu Fjarhitunar á sínum tíma. Niðurstaðan er sú að þá verði gjaldskrá fimm hitaveitna dýrari en rafhitun og samtals þyrfti rúmar 100 millj. kr. til að jafna þann mun ef eingöngu er miðað við íbúðarhúsnæði.

Á vegum ráðuneytisins er verið að yfirfara áhrif aukinna niðurgreiðslna til rafhitunar íbúðarhúsnæðis á samkeppnisstöðu hitaveitna. Niðurstaða þeirrar vinnu mun liggja fyrir á næstunni. Ég tel óskynsamlegt að gera tillögu um að auka niðurgreiðslur til rafhitunar fyrr en sú niðurstaða liggur fyrir.

[14:13]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Þessi fsp. hv. þm. Kristjáns Möllers er mjög þörf. Mér skilst að nefnd vinni að tillögum um jöfnun húshitunarkostnaðar og vísa ég þá sérstaklega til seinni spurningarinnar sem er borin fram. Ég tel einboðið að sú nefnd, undir forustu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, skili tillögum þar að lútandi fyrir endanlega afgreiðslu fjárln. á fjárlögum fyrir árið 2001.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Gæti það ekki orðið svo til að hægt sé að koma skikki á þessi mál sem menn hafa verið að ræða varðandi dýrar hitaveitur á undanförnum tveimur árum, þ.e. í hvert skipti sem fjárlög eru afgreidd? Ég vísa þar sérstaklega til álits frá stjórn Byggðastofnunar frá síðasta ári varðandi þetta mál.

[14:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hvet til þess að þessari endurskoðun verði lokið þannig að hægt verði að taka ákvarðanir á grundvelli hennar með fjárlögum í vetur. Það er auðsjáanlega ekki hægt að bjóða upp á það frá hendi hins opinbera að fólki sé mismunað hvað varðar húshitunarstuðning eins og hér er þegar komið fram og mun aukast. Sem dæmi um það má nefna að hjá Akranesveitu er talað um húshitunarkostnað upp á tæp 90 þús. á sama tíma og menn eru að tala hér um 70 þús. með niðurgreiðslunum. Myndin er því verulega skekkt og þess vegna þarf þessi endurskoðun að liggja fyrir sem allra fyrst. En hún má auðvitað ekki tefja fyrir þeim fyrirætlunum og áformum og loforðum sem hafa verið uppi um að koma til móts við háan húshitunarkostnað á landinu og jafna hann út.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Rétt til að bæta við það sem ég hef hér fylgt eftir þá finnst mér einhvern veginn eins og stjórnvöld séu í einhverjum loftfimleikum til þess að komast hjá því að efna það loforð sem hér hefur verið rætt um. Þessir fimleikar snúast um það mikla talnaspil sem er verið að búa til um hitaveitur, rafveitur og hvernig þetta hafi allt saman áhrif.

Staðreyndir málsins eru að gefið var loforð um að lækka dýru húsaveiturnar niður í meðaldýran flokk. Í skýrslu Fjarhitunar sem lögð var fyrir Byggðastofnun og líka byggðanefnd forsrh. var á þáverandi verðlagi talað um að fara niður í 64 þús. kr. sem er meðaldýri flokkurinn og við það á auðvitað að standa. Þetta var það sem hæstv. forsrh. tók undir og mælti með og vísa ég þar enn einu sinni í byggðanefnd hæstv. forsrh.

Síðan eru í gangi aðrir fimleikar sem snúast um að í lögum standi einhvers staðar eitthvað um niðurgreiðslu á rafhitun en ekki hitaveitur. Hér hefur komið fram og hér er í gögnum fjallað um að jarðvarmaveitur eins og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar kosti tæpar 107 þús. kr. á meðan niðurgreiðsluveiturnar á svæði rafmagnsveitna kosti 84 þús.

Herra forseti. Ég vil í lokin, vegna þess að ég hygg að hæstv. iðnrh., ráðherra byggðamála, vilji setja verulegt mark sitt á fyrsta ár sitt í stöðu ráðherra byggðamála, hvetja hæstv. iðnrh. til að þessi nefnd ljúki sem fyrst störfum og að við komumst að einhverri niðurstöðu um þær tölur sem við erum hér að fjalla um. En þær eru dálítið í háaloftunum og líkjast því, eins og ég sagði áðan, að við séum í einhverjum loftfimleikum til þess að reyna að komast hjá því að efna þetta loforð og setja peninga í það sem lofað var.

[14:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svo mikið er víst að ég er ekki í neinum loftfimleikum í þessu máli. Ég veit að hv. þm. trúir ekki sjálfur því sem hann er að segja. Málið er að við þurfum að finna einhverja skynsamlega niðurstöðu. Við erum að verja heilmiklum fjármunum í þetta. Við verjum samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár 790 millj. til þessa eins og stendur í frv. Það sem ég er að reyna að leitast við er að finna leið sem allir geti þokkalega sætt sig við vegna þess að með því að halda áfram að greiða niður rafupphitun þá erum við náttúrlega að gera samkeppnisstöðu hitaveitnanna erfiða, þeirra sem eru dýrar.

Það loforð sem hv. þm. talaði um að hefði verið gefið um að lækka húshitunarkostnað náði eingöngu til rafhitunarinnar. (**Gripið fram í:** Ha!) Þannig er það nú. Hins vegar viljum við samt sem áður a.m.k. reyna að koma málum þannig fyrir að tekið verði á vandamálum hitaveitna þar sem verulega erfiður rekstur er og dýr ... (**KLM:** Það er talað um húsahitun.) Ég veit alveg hvað ég er að tala um og ætla ekki að ræða hér við hv. þm. í tveggja manna tali.

Sú nefnd sem er að störfum og sem ég skipaði til þess að reyna að finna niðurstöðu í þessu máli mun ljúka störfum innan nokkurra daga. Við höfum ekki lokað fjárlögunum þannig að við skulum ekki vera of svartsýn í þessum efnum. Ég vil hins vegar taka það fram, og það kom fram í minni fyrri ræðu, að núna er verið að greiða innan við 50% af gjaldskrá Rariks þannig að einhvers staðar verður náttúrlega að stöðva. Ef fjármunir fást til byggðamála, því ég tel þetta vera byggðamál, þá er ég ekkert sannfærð um að einmitt þetta sé það brýnasta.

Fyrirtæki í útgerð.

Fsp. LB, 138. mál. — Þskj. 138.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um fyrirtæki í útgerð.

Virðulegi forseti. Í lögum og samningum er kveðið á um að óheimilt sé að láta sjómenn á íslenskum fiskiskipum taka þátt í svokölluðum kvótakaupum. Undir það get ég tekið. Þrátt fyrir að veiðar og vinnsla hafi smám saman verið að færast á færri hendur er enn stunduð útgerð án þess að viðkomandi sé með fiskvinnslu. Mýmörg dæmi hafa komið upp þar sem útgerðarmenn hafa verið sakaðir um að hafa látið sjómenn taka þátt í kvótakaupum og það oft með réttu. Það eru dæmi þess að skip sem hafa fengið úthlutað kvóta leigi til sín viðbótarkvóta og geri upp við sjómenn á 110–150 kr. þorskkílóið eftir því hvernig aflinn selst. Þetta gera menn eftir að dreginn hefur verið frá sá hluti kostnaðar sem fallið hefur til vegna kaupa eða leigu á viðbótaraflaheimildum. Þetta er óheimilt samkvæmt gildandi lögum og hér er ekki verið að mæla þessari aðferð bót.

Á hinn bóginn geta þeir sem hafa bæði veiðar og vinnslu á sinni könnu gert upp við sjómenn þorskkílóið á 60–80 kr. þegar þeir landa til eigin vinnslu án þess að nokkur geri eða geti gert við það athugasemd þar sem þeir hafa sjálfdæmi um slíka verðlagningu. Þetta fyrirkomulag verður ekki túlkað öðruvísi en svo að verið sé að niðurgreiða ákveðið rekstrarform innan sjávarútvegsins á kostnað annarra. Með öðrum orðum er þeim sem hafa með höndum bæði veiðar og vinnslu færð betri aðstaða til að nýta aflaheimildir sínar borið saman við þá sem ekki hafa þessa aðstöðu. Því hljótum við að spyrja hvað mönnum gengur til með að gera sumum hærra undir höfði en öðrum því það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessum svokölluðu litlu eða millistóru fyrirtækjum í útgerð hefur fækkað til mikilla muna. Taka má sem dæmi útgerðarbæ eins og Vestmannaeyjar þar sem á sex mánuðum fækkaði um fjórar stórar einstaklingsútgerðir sem höfðu alla möguleika á að halda áfram.

Hins vegar hefur umhverfið og sú þróun sem hefur verið í útgerðinni gert það að verkum að það eru fyrst og fremst stórútgerðir og trilluútgerðir sem hafa vaxið og dafnað undanfarin ár á kostnað þessara millistærða, enda eðlilegt í kvótakerfi að einhver þurfi að líða fyrir það að aðrir stækki. Því beini ég tveim spurningum eftirfarandi til hæstv. sjútvrh.:

1. Hvaða viðhorf hefur ráðherra til þeirrar þróunar að litlum og millistórum fyrirtækjum fækkar í útgerð?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að jafna samkeppnisstöðu þeirra sem stunda „aðeins" útgerð gagnvart þeim sem stunda bæði veiðar og vinnslu?

[14:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar spurningar. Þetta eru samviskuspurningar og ég skal reyna að svara þeim af fyllstu hreinskilni eins og vera ber.

Ég tel að best fari á því að fjölbreytni ríki í stærð fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi. Það er hins vegar erfitt að segja fyrir um það hvernig hlutirnir eigi að vera, þ.e. hversu mörg stór fyrirtæki, hversu mörg lítil og hversu mörg millistór fyrirtæki.

Ég tel einnig að markaðurinn sé það tæki sem getur hjálpað okkur að ákvarða hluti eins og þessa og því sé best að þróunin leiði í ljós á hverjum og einum tíma hvaða samsetning á stærðum fyrirtækja sé heppilegust. Ég tel nauðsynlegt að um fjölbreytni sé að ræða og vil þá vitna til ónefnds forstjóra í stóru útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem sagði að ekkert útgerðarform stæðist hugmyndaríkum og duglegum einyrkja snúning.

Varðandi síðari spurninguna má segja að stærstur hluti þess vanda sem þar er verið að fjalla um hafi komið til vegna samninga sjómanna og útgerða og deilunnar um það úr hvaða verði eigi að skipta, deilunnar um þátttöku sjómanna í kvótakaupum sem að sjálfsögðu er ólögleg. Þess vegna er mjög erfitt fyrir yfirvöld að koma að þessu. Þau hafa í gegnum tíðina gert það, a.m.k. í þrígang á þessum áratug, og enn er málið óleyst. Það er hins vegar ekki svo að útgerðir hafi sjálfdæmi um það úr hverju þær skipta þegar þær greiða sjómönnum sínum laun þegar um er að ræða fyrirtæki bæði með veiðar og vinnslu því að þegar viðskipti eiga sér stað milli skyldra aðila, er skylt að gera áhafnasamninga og það er síðan Verðlagsstofa skiptaverðs sem hefur eftirlit með þeim samningum og skráir þá og fylgist með því að þeir séu gerðir og ber þá síðan saman. Síðan geta slíkir samningar, ef þeir eru taldir óeðlilegir, komið til kasta úrskurðarnefndar og hafa í gegnum tíðina gert það þó að það séu kannski ekki mjög mörg dæmi um það.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um þróun mála minni og millistórra útgerða í Vestmannaeyjum á sex mánaða tímabili, þá fór þetta auðvitað ekkert fram hjá þeim sem með þessum málum fylgjast. En ég held að ekki sé rétt að draga þá ályktun að þetta hafi einungis verið að gerast vegna þeirrar stöðu sem hann er sérstaklega að fjalla um í sínum fyrirspurnum heldur komi þar einnig til óvissan sem ríkti á þessu tímabili vegna Vatneyrardómsins, fyrri dómsins, þ.e. héraðsdómsins og þeirrar óvissu sem ríkti þar til Hæstiréttur fjallaði um málið og felldi sinn dóm sl. vor. Fleira blandast því inn í þetta. Þetta eru mál sem er mikið fjallað um og hefur verið mikið fjallað um í þó nokkur ár og hefur verið erfitt að leysa. Það sem stjórnvöld hafa gert hingað til hefur ekki leyst vandann. Við munum líklega standa frammi fyrir þessum vanda á þessu þingi. Það fer út af fyrir sig eftir því hvernig kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna vindur fram. Þetta er erfitt mál og menn þurfa að fara mjög varlega í að grípa inn í mál sem þessi.

[14:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er í raun verið að varpa fram grundvallarspurningum vegna þess að um er að ræða samkeppnisstöðu og þá í leiðinni að hve miklu leyti samkeppnislög gilda fyrir sjávarútveg. Eins og reglurnar eru í dag er í rauninni um að ræða lögverndað verðsamráð. Það er það sem hæstv. ráðherra var að vitna í hér áðan. Það hefur þó ekki dugað til vegna þess að enn á ný sjáum við fram á mjög erfiða kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna sem snýst, herra forseti, einmitt um deilu manna af því að sjómönnum er mismunað vegna þess hvernig er gert upp. Það er sem sagt gert með mismunandi hætti og menn hafa komist upp með það. Um það hafa verið settar reglur sem beinlínis stuðla að mismunun.

Hv. þm. varpaði fram dæmi um mismunun varðandi það hvernig gert er upp eftir því hvort útgerð á vinnslu eða ekki. Fiskvinnslunni í landinu er líka mismunað, herra forseti, og þess vegna snýst þessi spurning um grundvallaratriði. Hún snýst um samkeppnislög.

[14:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki líklegt að stjórnvöld leysi þetta mál, miðað við það sem hæstv. ráðherra hefur verið að segja, nema menn fari að lýsa yfir einhverjum skoðunum og stefnu í málinu. Þetta snýst auðvitað um að það verður að skilja á milli veiða og vinnslu. Það er ekki hægt að skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi í þessari grein öðruvísi en að það verði gert. Það er kominn tími til þess að takast á við þann vanda og sá tími er raunverulega löngu kominn.

Hæstv. ráðherra sagði að menn hefðu ekki sjálfdæmi um verð. En það hefur ríkt styrjaldarástand um verðlagningu á fiski til margra ára. Sjómenn hafa verið mjög óánægðir og talið að sinn hlutur væri fyrir borð borinn og það þarf ekki annað en lesa tölurnar til að sjá að það er rétt. Þeir hafa ekki fengið eðlilegt skiptaverð miðað við verðið sem er á markaðnum. Þetta er ópolandi þegar menn hafa það í huga sem er í öðrum greinum, t.d. úrskurðaði Samkeppnisstofnun að ekki mætti reka farsíma innan símafyrirtækis (Forseti hringir.) í landinu vegna þess að það væri brot á samkeppnislögum, en það má stunda fiskveiðar og útgerð eða útgerð og ... (Forseti hringir.)

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þau svör sem hann gaf við fyrirspurn minni og eins og hann orðaði það sjálfur voru þetta samviskuspurningar og hann nálgaðist kannski svarið út frá því.

Hæstv. ráðherra sagði í fyrsta lagi að hann vildi að um fjölbreytni væri að ræða í sjávarútvegi og get ég vissulega tekið undir það. Hæstv. ráðherra sagði einnig að markaðurinn væri tæki til að ákveða hverjir lifðu og hverjir ekki. Ekki ætla ég að gera ágreining um það, en hins vegar er ég að benda á það í fyrirspurn minni að til þess að markaðurinn geti ráðið verður að vera jafnræði milli þeirra sem takast á. Ég er að benda á að ekki er jafnræði milli þeirra sem stunda bæði veiðar og vinnslu og hinna sem ekki gera það og að sama skapi þeirra sem aðeins stunda vinnslu en ekki stunda útgerð. Þetta er í raun og veru það meginóréttlæti sem ég er að draga fram í fyrirspurn minni.

Hæstv. ráðherra nefndi einmitt áhafnasamninga og það er alveg rétt að þeir sem stunda bæði veiðar og vinnslu hafa gert áhafnasamninga um það verð sem ég vitnaði til áðan, þ.e. 60–80 kr., og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við það. Hins vegar eru aðrir áhafnasamningar sem hafa verið gerðir þar sem uppgjörið hefur verið kannski 110–150 kr. Einnig hefur verið staðfest að menn hafa verið látnir taka þátt í kvótakaupum, það hefur ekki gengið upp, en það hefur einfaldlega verið uppi á borðinu að menn hafa tekið þátt í kvótakaupum. Hitt eru vitaskuld óbein kvótakaup og ekkert annað og því verð ég að segja það, virðulegi forseti, að ég hvet hæstv. ráðherra til þess að taka á þessum málum af meiri festu og ég trúi því að hann geri það.

[14:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að Verðlagsstofa skiptaverðs geri athugasemdir við samninga sem eru upp á 60 kr. á kg af þorski. Ég hef trú á að það sé staðan eins og hún er í dag og athugasemdir sem hafa verið gerðar á þeim grundvelli hafi leitt til þess að verð sem skipt er úr hafi verið hækkað. Ég þekki vel þær aðstæður sem hv. þm. lýsir og að vissu leyti má segja að þær séu ólíkar hjá þeim sem eru bæði með veiðar og vinnslu og hinna sem veiða án þess að hafa útgerð, en sú staða er komin upp að langmestu leyti til vegna samninga sem sjómenn og útgerðarmenn hafa gert sín á milli og þetta væri hægt að leysa í samningum þessara aðila.

Eins og ég lýsti áðan hefur reynsla okkar af því að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið hafi verið að skipta sér af þessum samningum ekki verið góð. Við sitjum raunverulega enn þá uppi með vandamálið eftir þrjár atrennur á þessum áratug og því vil ég ekki, jafnvel þótt ég viti að allir hafi góðan vilja, að menn fari frá þessari umræðu með stórar væntingar um að mér takist með einhverjum töfrasprota að leysa þetta mál. Þetta er flókið vandamál og fleiri koma að því en við sem stöndum að framkvæmdar- og löggjafarvaldinu og við þurfum að taka tillit til þess, en auðvitað viljum við að jafnræðis sé gætt í hvívetna í öllum þeim málum sem við komum nálægt.

Málefni innflytjenda.

Fsp. ÖJ, 211. mál. — Þskj. 222.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Eins og alþjóð veit hefur útlendingum á Íslandi fjölgað mjög á undanförnum árum, bæði vegna þess að Íslendingar hafa tekið við nokkrum hópi flóttamanna en einnig og ekki síður vegna þess að hingað til lands hefur fjöldi fólks komið til að sækja sér atvinnu og nú er svo komið að stórir hópar innflytjenda sinna ýmsum mikilvægum störfum hér á landi, ekki síst við ýmiss konar þjónustustörf.

Í nágrannalöndum okkar hefur reynslan sýnt áþreifanlega hversu mikilvægt er að málefnum innflytjenda sé sinnt af natni í hverju samfélagi því ella er mikil hætta á að hinir nýju íbúar einangrist og eigi þess aldrei kost að aðlagast því samfélagi sem þeir eru að setjast að í.

Eitt af því sem menn eru sammála um er mikilvægi þess að innflytjendur fái tækifæri til að læra mál síns nýja heimalands. Þetta á auðvitað við bæði börn og fullorðna í fjölskyldum innflytjenda. Nú er talið að um 75 erlend tungumál séu töluð hér á landi sem móðurmál útlendinga sem hér eru búsettir. Á leikskólastigi eiga börn sem hér hafa annað tungumál en íslensku engan rétt á sérstakri íslenskukennslu og því síður á kennslu í sínu eigin móðurmáli. Á grunnskólastigi á að vera afmarkaður stundafjöldi, tvær stundir á viku, til ráðstöfunar til íslenskukennslu. Raunin er sú svo dæmi sé tekið að samkvæmt upplýsingum frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur má ætla að börn innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur fái sem nemur tæplega 10 mínútna kennslu á viku í íslensku. Á framhaldsskólastigi hafa úrræði verið fá og ungir innflytjendur enda líka skilað sér seint inn í framhaldsskólann eða flosnað upp úr námi.

Nýjar upplýsingar liggja fyrir um að um 7% nemenda í 9. og 10. bekk tala annað tungumál en íslensku heima hjá sér og a.m.k. 1.600 tvítyngdir nemendur í grunnskólum þurfa sérstaka aðstoð við nám sitt í skólanum. Engar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um heildarfjölda nemenda fæddra á Íslandi sem fá máltöku á öðru máli en íslensku, fjölda foreldra sem ekki hafa tök á að aðstoða börn sín við nám eða fjölda íslenskra nemenda sem dvalið hafa lengi erlendis og tala annað mál en íslensku heima.

Fullorðnir útlendingar á Íslandi njóta miklu minni réttinda varðandi íslenskukennslu en útlendingar í hinum ríkjum Norðurlandanna svo dæmi sé tekið. Ekki verður annað sagt en að íslenskir kennarar séu illa undir það búnir að taka við fjölda útlendinga inn í skóla. Í öllum nágrannalöndum okkar er kennsla útlendinga sérstakur liður í kennaranámi, en svo hefur ekki verið t.d. í Kennaraháskóla Íslands þar sem nánast allir grunnskólakennarar hljóta menntun sína.

Símenntunarstofnun Kennaraháskólans hefur boðið upp á námskeið í íslensku nýbúainnflytjenda, en samkvæmt nýjum upplýsingum þaðan hafa samtals 72 kennarar lokið námskeiðum sem tengjasat kennslu útlendinga á vegum stofnunarinnar sl. fimm ár. Það má því ætla að íslenskir kennarar séu síður en svo vel undir það búnir að takast á við vaxandi fjölda nemenda með annað móðurmál en íslensku í skólana. Þess vegna eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir menntmrh.:

„1. Hvað hefur menntamálaráðuneytið gert og hvað er á döfinni til að tryggja að innflytjendur, bæði fullorðnir og börn, fái lögbundna kennslu í íslensku?

2. Á hvern hátt eru kennarar búnir undir að mennta börn og unglinga sem hafa annað móðurmál en íslensku?"

[14:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og gefur að skilja eru vaxandi umræður um þessi mál í þjóðfélagi okkar vegna þeirra breytinga sem eru að gerast og eru mjög örar. Haldið var málræktarþing fyrir tíu dögum sérstaklega um þetta mál þar sem litið var til íslensku sem annars tungumáls og farið ítarlega yfir ýmsa þætti þessa máls og þar komu fram miklu fyllri upplýsingar en ég get gefið í þessu stutta svari mínu. En ég fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að það eru margir sem huga að úrræðum í skólakerfinu og annars staðar til að bregðast við óskum þeirra sem vilja tileinka sér íslensku. Einnig vil ég ítreka það sem ég sagði á málræktarþinginu, að ég tel að líta þurfi til fleiri þátta en skólanna í þessu efni. Það þurfi að móta heildstæðari stefnu varðandi þetta af hálfu Alþingis og stjórnvalda og menn þurfi að ræða þetta mál í stærra samhengi en við höfum tök á að gera á þessari stundu.

Fyrri spurningin er: Hvað hefur menntmrn. gert og hvað er á döfinni til að tryggja að innflytjendur, bæði fullorðnir og börn, fái lögbundna kennslu í íslensku?

Í lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli og í reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, er nánar kveðið á um sérstaka kennslu í íslensku fyrir þessa nemendur. Í reglugerðinni kemur einnig fram að menntmrh. skuli setja íslenskunáminu markmið í aðalnámskrá grunnskóla og hver nemandi með annað tungumál en íslensku fái tvær stundir í viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli.

Í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, eru einnig ákvæði um að nemendur með annað tungumál en íslensku eigi rétt á sérstakri kennslu í íslensku og í reglugerð nr. 29/1997 eru nánari ákvæði um þessa sérstöku íslenskukennslu. Þar segir m.a. að í aðalnámskrá framhaldsskóla skuli gera grein fyrir markmiðum og skipulagi kennslunnar. Ekki er að finna í lögum og reglugerðum fyrirmæli um að fullorðnir með annað tungumál en íslensku og með fasta búsetu hérlendis eigi rétt á sérstakri íslenskukennslu umfram það sem segir í lögum um framhaldsskóla.

Í samræmi við þessi lög og reglugerðir eru fyrirmæli um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, bæði í námskrá fyrir grunnskóla og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi 1999 með þriggja ára aðlögunartíma er í fyrsta sinn sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Í aðalnámskrá framhaldsskóla sem tók gildi 1999 með fimm ára aðlögunartíma er einnig í fyrsta sinn sérstök námskrá í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Menntmrn. væntir þess að með framkvæmd nýrra námskráa, bæði í grunn- og framhaldsskóla, verði komið til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku og að undanförnu hefur ráðuneytið veitt þeim aðilum styrki sem halda námskeið í íslensku fyrir fullorðna nýbúa. Hér er aðallega um að ræða Námsflokka Reykjavíkur og símenntunarmiðstöðvar sem starfræktar eru í öllum landshlutum. Gera má ráð fyrir að þessar styrkveitingar nemi alls um 20 millj. kr. á þessu ári.

Síðan er spurt: Á hvern hátt eru kennarar búnir undir að mennta börn og unglinga sem hafa annað móðurmál en íslensku?

Í kennaramenntun fyrir bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla hefur ekki verið boðið upp á sérstök námskeið í íslenskukennslu fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku, en kennaranemar hafa fengið nokkra fræðslu um þennan hóp. Hins vegar hafa verið haldin endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem fást við þessa kennslu, bæði á vegum Símenntunarstofnunar Kennaraháskóla Íslands og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.

Þá hefur menntmrn. fyrir fáeinum dögum gefið út sérstakar kennsluleiðbeiningar í íslensku fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku. „Íslenska sem annað mál fyrir fullorðna" heita þessar leiðbeiningar og þær eru ætlaðar þeim kennurum sem kenna fullorðnum nýbúum íslensku.

Þá hefur einnig á vegum ráðuneytisins verið lagður grunnur að frekara starfi á þessu sviði og ég hef lagt á ráðin um það innan ráðuneytisins að það styrki hlutverk sitt að þessum verkefnum því að hér er, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi og ég sagði í upphafi máls míns, um brýnt verkefni að ræða sem ekki má víkjast undan.

[14:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hreyfði mjög mikilvægu máli sem snýr að kennslu innflytjenda. Ég tek undir með menntmrh. að taka þarf á þessu máli með mun heildstæðari hætti en einangra það við menntunarmálin. Öllum er ljóst að mikilvægt er að standa vel að móttöku þeirra sem hafa annað tungumál og flytjast til landsins og við viljum að aðlagist íslensku samfélagi. Það sem við þurfum að leggja áherslu á er í fyrsta lagi að kenna þeim íslensku því að íslenska tungumálið er lykillinn að íslensku samfélagi. Við þurfum að kenna þeim grundvallarreglur samfélagsins til þess þeir geti aðlagast íslensku samfélagi og við þurfum að tryggja þeim þann rétt að þeir geti viðhaldið eigin tungumáli og eigin menningu. Við þurfum að auka þekkingu Íslendinga á þessu málum. Við stöndum núna frammi fyrir nýjum aðstæðum með auknum fjölda innflytjenda. Við sjáum t.d. að á síðustu þremur árum hefur sá fjöldi nemenda sem er í grunnskólum Reykjavíkurborgar þrefaldast. Við sjáum því alveg fram á nýja tíma í þessu.

[14:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vissulega er mikilvægt að íslenskukennsla í skólum sé nægjanleg fyrir þá sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hins vegar er það rétt sem hér hefur komið fram, að þetta mál þarf að ræða í stærra samhengi. Við erum að tala um aðlögun mjög stórs hóps að íslensku samfélagi. Það varðar ekki bara íslenskukennslu, herra forseti. Við viljum líka að þetta fólk fái alla þá þjónustu sem þarf og leiðbeiningar til þess að geta tekist á við íslenskt samfélag.

Ég vil einnig vekja athygli á mikilvægi þess að þessir nemendur fái móðurmálskennslu. Það er ekki bara mikilvægt að þeir fái íslenskukennslu heldur er mikilvægt fyrir þroska þeirra að þeir fái móðurmálskennslu. Ég hygg að víða sé það ekki minni vandi og jafnvel heldur meiri en að útvega nægjanlega íslenskukennslu. Öllum er ljóst að í mörgum

tilfellum eru þessar tvær stundir því miður allt of lítið.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka umræðurnar og svör hæstv. menntmrh. Að sjálfsögðu ber að þakka það sem vel er gert á þessu sviði, styrkveitingar til námskeiðahalds og annað sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Hins vegar er ljóst að hér eru miklar og alvarlegar brotalamir.

Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að þörf er á heildstæðri stefnumótun í þessum efnum. Til er þó stefna varðandi ýmsa þá þætti sem hér hefur verið vikið að og reyndar kom það fram í máli mínu og hjá hæstv. ráðherra. Þannig er kveðið á um það í lögum, öllu heldur reglugerð með lögum, að hver nemandi með annað móðurmál en íslensku skuli fá tvær stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli. Þessum reglum er ekki framfylgt. Ég vitnaði í upplýsingar frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur um að í grunnskólum Reykjavíkur megi ætla að börn innflytjenda fái sem nemur tæplega 10 mínútna kennslu á viku í íslensku. Reglunum er því ekki framfylgt. Þar sem stefna hefur verið mótuð er henni ekki framfylgt, ekki farið að reglum. Ég gæti trúað að hæstv. ráðherra mundi vísa til borgaryfirvalda en hlýtur það ekki að vera stefna menntmrn. og hæstv. menntmrh. að sjá til að þessari stefnu sé framfylgt?

Einnig kemur fram að Kennaraháskólinn, sem starfar á vegum og ábyrgð ríkisins, undirbýr kennara ekki til að takast á við þetta verkefni. Það eru haldin námskeið á vegum Símenntunarstofnunar Kennaraháskólans og hefur komið fram að 72 kennarar hafa sótt námskeið af þessu tagi en gagnvart almennum kennurum eða kennurum sem eru að öðlast starfsréttindi er ekki nægur undirbúningur á þessu sviði.

[14:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt var um hvað menntmrn. hefði gert og hvað væri á döfinni hjá því til þess að sinna þessu máli. Ég lýsti því. Ég fjallaði ekki um hvernig staðið er að þessum verkefnum innan ákveðinna sveitarfélaga eins og hv. þm. ræddi um.

Varðandi menntmrn. hins vegar og skóla á þess vegum, framhaldsskólana, höfum við lagt á ráðin um það í Iðnskólanum í Reykjavík, og þar er áhugi á því, að skipuleggja tveggja ára nám á framhaldsskólastigi fyrir fólk af erlendum uppruna sem vill tileinka sér íslensku. Við áttum okkur á því, í þeim skólum sem menntmrn. stendur að, að gera þarf frekara átak á þessu sviði.

Ég held einnig að á vegum Reykjavíkurborgar fari fram mikið starf sem miðar að því að taka vel á móti þessum nýjum borgarbúum. Það á jafnt við skóla sem aðra þætti í borgarstarfseminni. Ég er einnig þeirrar skoðunar og veit að innan Kennaraháskóla Íslands fer náttúrlega fram þróun og skipulag í samræmi við nýjar námskrár og kröfur sem gerðar eru í nýjum námskrám. Skólinn hefur eins og aðrir tíma til þess að laga sig að þessum breyttum kröfum. Hann mun vafalaust gera það líka með að fræða kennaranema um hvernig þeir eigi að bregðast við í íslenskukennslu á þessu sviði.

Endurbygging og varðveisla gamalla húsa.

Fsp. KLM, 248. mál. — Þskj. 273.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fsp. mín, sem er á þskj. 273, er til hæstv. menntmrh. og fjallar um átak til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni. Í byggðaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt kemur fram að sérstakt átak skuli gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni. Spurning mín er sem sagt um það hvaða sérstaka átak hefur verið gert í þessum efnum og hvernig okkur miðar.

Við vitum að töluverð vakning hefur verið um allt land til að byggja upp gömul hús, sem betur fer. Það eru ekki nema tíu ár eða svo síðan gömlum húsum var rutt niður með jarðýtum og þau sett á áramótabrennur. Sem betur fer hefur orðið vakning í þeim málum.

Þá kem ég að öðrum lið spurningar minnar, um hversu miklu fé hafi verið varið til þessa málaflokks úr ríkissjóði sl. fimm ár. Í þjóðminjalögum var kveðið á um hvernig þetta skyldi fjármagnað og hvernig þetta yrði búið til í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ríkissjóð. Mér er kunnugt um, það kom fram á fundi sveitarstjórnarmanna ekki alls fyrir löngu, að sl. fimm ár hafi verið lagðar til húsafriðunarsjóðs rúmar 200 millj. Þess vegna er spurt út í hvað ríkissjóður hafi gert á sama tíma, hvort svipað fjármagn hafi verið veitt í það átak sem boðað er í byggðaáætlun.

Þriðja spurningin er svohljóðandi:

„Telur ráðherra hugsanlegt að veita hærri styrki til uppbyggingar gamalla húsa á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu?“

Þessi spurning er sett fram vegna þess að það er jafnt með gömul hús sem ný hús að fasteignamarkaðurinn er töluvert ólíkur á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Á höfuðborgarsvæðinu er auðvelt að koma gömlum húsum í notkun og leigja þau, selja eða hvernig sem það er gert, en á landsbyggðinni er það töluvert erfiðara. Þar þarf e.t.v. miklu meiri framlög viðkomandi sveitarsjóða eða áhugamannahópa sem leggja fram mikið fé til að varðveita þessar sögulegu minjar og fallegu hús sem víða eru. Hins vegar er mjög erfitt að fá tekjur í staðinn eða koma því þannig fyrir að þau standi undir sér eða borgi af nauðsynlegum lánum.

Þess vegna tel ég, herra forseti, athugandi í þessu dæmi hvort ekki væri ástæða til að hafa þar á jákvæða mismunun til að auðvelda uppbyggingu og friðun gamalla húsa vítt og breitt um landið. Eins og ég sagði áðan hefur orðið mikil vakning hin síðari ár til að varðveita þau en betur má ef duga skal og við ætlum ekki að glata öllum þeim menningarsögulegu verðmætum sem þar eru.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„Hefur verið gert sérstakt átak til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni, sbr. 10. tölul. í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999?“

Einnig er spurt:

„Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa málaflokks úr ríkissjóði sl. fimm ár?“

Og loks:

„Telur ráðherra hugsanlegt að veita hærri styrki til uppbyggingar gamalla húsa á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu?“

Framlög til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni hafa verið aukin verulega á undanförnum árum. Framlög og styrkir til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa eru einkum með þrennum hætti þegar frá eru taldar framkvæmdir á vegum ríkisins við endurbætur á eldri húsum í eigu þess.

Í fyrsta lagi framlög til verndunar gamalla húsa í vörslu Þjóðminjasafns.

Í öðru lagi styrkir sem veittir eru í sérstök verkefni, þ.e. endurbyggingu húsa sem í flestum tilfellum eru í eigu eða á vegum sveitarfélaga og samtaka.

Í þriðja lagi framlög til húsafriðunarsjóðs sem styrkir viðhald og endurbætur á friðuðum húsum og mannvirkjum.

Framlög ríkisins til þessara verkefna samanlagt hafa undanfarin ár verið sem hér segir: 1996, 52 millj. kr.; 1997, 64 millj. kr.; 1998, 79 millj. kr.; 1999, 103,5 millj. kr.; árið 2000, 138,5 millj. kr. Til viðbótar framlagi ríkisins í húsafriðunarsjóð leggur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga árlega fé í sjóðinn. Á árinu 1996 var það framlag 40,2 millj. kr. en hefur síðan hækkað árlega um 400–500 þús. og er nú, árið 2000, 41,8 millj. kr.

Framlag til verndunar gamalla húsa í vörslu Þjóðminjasafns, svo og sérstakar styrkveitingar vegna endurbóta, renna nær eingöngu til framkvæmda utan höfuðborgarsvæðisins. Styrkgreiðslur húsafriðunarsjóðs árið 1999 námu um 59 millj. kr. Þar af voru veittir styrkir á höfuðborgarsvæðinu upp á alls 12 millj. kr. en 47 millj. kr. utan höfuðborgarsvæðisins. Meginhluti styrkja ríkisins til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa rennur því til framkvæmda á landsbyggðinni.

[14:56]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til að taka undir með þeim sem hér hafa talað. Ég held að það sé mjög mikilvægt að vernda gömul hús. Húsagerð hér á Íslandi er á margan hátt mjög einstök. Það þekkist ekki annars staðar í heiminum að byggðir hafi verið torfbæir en það var gert á Íslandi frá landnámstíð og fram á þessa öld. Ég held að margt hafi verið mjög vel gert og við sjáum þess víða merki þar sem heimamenn víða úti á landi hafa verið í forustu og komið gömlum húsum til vegs á ný með miklum og góðum stuðningi ríkisvaldsins.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við þessari spurningu. Þó finnst mér ekki hafa komið alveg skýrt fram varðandi þriðja liðinn hvort hann telji hugsanlegt að veita hærri styrki til uppbyggingar gamalla húsa á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þó tók ég eftir afar athyglisverðum tölum í máli hæstv. ráðherra. Ég held að fram hafi komið að árið 2000 var hærri styrkur veittur til landsbyggðar en höfuðborgarinnar. Spurningin er hins vegar hvort ekki hafi verið gerð upp margfalt fleiri hús á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað hlutur sem þarf að kanna betur.

Jafnframt vil ég fagna því sem kom fram í svari hæstv. ráðherra um þau framlög sem veitt eru þó vafalaust sé alltaf hægt að gera betur og veita meira fjármagn í þessi verkefni.

Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan. Það hefur sem betur fer orðið mikil vakning í endurbyggingu gamalla húsa á landsbyggðinni. Samt sem áður er það svo að framlög frá húsafriðunarsjóði til ýmissa framkvæmda eru framkvæmdastyrkir og svo litlir að það háir mjög þessari uppbyggingu. Spurningin er hvort ekki þyrfti að móta reglur um að ákveðnar upphæðir frá ríkinu á móti framlagi þeirra sem eru að endurbyggja. Ég segi þetta vegna þess að ég veit að til að gera betur í þessum efnum og láta það ganga betur hafa einstaklingar jafnvel lagt fram töluverðar fjárhæðir af hugsjóninni einni saman til að varðveita ákveðin hús. Framlög frá hinu opinbera, hvort sem er frá húsafriðunarsjóði eða gegnum fjárlög, hafa ekki verið í takt við þau framlög.

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans. Það var athyglisvert. En betur má ef duga skal.

Framleiðsla og sala áburðar.

Fsp. GHall, 218. mál. — Þskj. 232.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 232 hef ég leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. um framleiðslu og sölu áburðar. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að mjög hefur verið rætt um það efni eða þann þungmálm sem kadmíum heitir og er í áburði og hefur nokkuð borið á að vægi hans sé meira í innfluttum áburði en í þeim sem framleiddur er hérlendis. Umræðan um vistvæna framleiðslu landbúnaðarafurða, sölu og söluherferð lambakjöts innan lands sem erlendis og þær björtu vonir sölumennskunnar sem annars hafa blossað upp í nafni vistvænnar framleiðslu hafa leitt þessa spurningu fram hjá mér til hæstv. landbrh. sem er svohljóðandi:

1. Hve mikill áburður var framleiddur innan lands árin 1998, 1999 og 2000?
2. Hve mikið af framleiðslunni var selt á hverju ári?
3. Hve mikið af áburði var flutt inn til landsins sömu ár?
4. Hverjir fluttu áburðinn inn?
5. Hver var verðmismunur innlends og innflutts áburðar?

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. minntist á í upphafi, kadmíuminnihald í áburði, þá liggur það fyrir að þetta er ákveðin tegund áburðar og þetta snýr ekki að innanlandsframleiðslunni heldur hinu að menn, hvort sem þeir framleiða eða selja áburð, eigi viðskipti þar í veröldinni sem þetta er sem lægst. Áburðarverksmiðjan hefur verið í mjög góðum málum hvað þetta varðar og átt viðskipti á góðum stað þar sem er lágt kadmíuminnihald. Það er hárrétt hjá hv. þm. og mikilvægt þrátt fyrir frelsið í þessu efni að þeir mörgu innflytjendur sem nú eru komnir til staðar sinni þeirri sérstöðu Íslands og íslenskrar náttúru að fylgja því eftir að sem lægst kadmíuminnihald sé og í því hef ég boðað hertar aðgerðir.

Hv. þm. spyr: Hve mikill áburður var framleiddur innan lands árin 1998, 1999 og 2000? Ekki hafa fengist upplýsingar um framleitt magn á innlendum áburði á árunum 1998, 1999 og 2000.

Hv. þm. spyr: Hve mikið af framleiðslunni var selt á hverju ári? Ekki hafa fengist upplýsingar um selt magn á áburði á umræddu tímabili.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Hve mikið af áburði var flutt inn til landsins sömu ár? Innfluttur áburður var sem hér segir í þúsundum tonna: 1998 26.073 tonn, 1999 38.096 tonn, 2000 42.875 tonn.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Hverjir fluttu áburðinn inn? Á árinu 1998 fluttu 35 aðilar inn áburð, þar af var Áburðarverksmiðjan hf. með 22 þúsund tonn, en næst kom Áburðarsalan Ísafold hf. með 2.700 tonn. Á árinu 1999 fluttu 38 aðilar inn áburð. Þar af var Áburðarverksmiðjan hf. með 26.000 tonn, en Áburðarsalan Ísafold hf. með 7.768 tonn. Fyrstu níu mánuði ársins 2000 fluttu 29 aðilar inn áburð. Þar af var Áburðarsalan Ísafold hf. með mest magn eða 18.265 tonn og Áburðarverksmiðjan hf. næst með 8.540 tonn.

Hver er verðmismunur erlends og innflutts áburðar? Svarið við því er að ekki liggja fyrir upplýsingar um mismun innlends og innflutts áburðar hvað verð varðar. Verðlagning áburðar er frjáls og því eru engin opinber afskipti af verði eða verðlagningu hans. Auðvitað bera þessi fyrirtæki fyrir sig að þau séu í samkeppni og um þetta ríki ákveðin lögmál og þegar frelsið er komið er þetta kannski leyndardómsfyllra en áður var.

[15:04]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en hæstv. landbrh. hafi gefið út reglugerð á síðasta ári varðandi kadmíuminnihald áburðar og í allri umræðu um innflutning á áburði held ég að það hafi komið fram að til landsins er fluttur áburður og framleiddur hér á landi sem er langt innan við viðmiðunarmörk Evrópusambandsins. Við erum því að nota mjög vistvænan áburð má segja. Hvað varðar lambakjötið, þá þarf enginn að vera hræddur um að lömbin verði fyrir kadmíumeitrun. Ég held að hvergi hafi komið fram í mælingum á gróðri neitt um kadmíuminnihald og lömb sem ganga á útjörð allt sumarið bíta ekki gras sem áburði hefur verið dreift á í nokkrum mæli.

[15:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka upp orð hæstv. ráðherra þegar hann sagði: Frelsið er komið, kannski leyndardómsfyllra en áður var. Það á bæði við um verðlagninguna sem er frjáls og það hlýtur líka að varða innflutninginn, þ.e. innihald ákveðinna efna eins og kadmíums. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að allt eftirlit í þessu frjálsræði sé virkt og hert frá því sem verið hefur og að hér sé sem mest notuð innlend framleiðsla, innlendur áburður því að hann hefur reynst með mjög lágt kadmíumgildi og í raun og veru verið með eins hreina framleiðslu og hægt er. Það er mikilvægt í þeirri landbúnaðarframleiðslu sem við viljum stefna að.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Hér flutti landbrh. nokkuð merkilegar tölur sem snúast um annars vegar framleiðslu áburðar innan lands og sölu innflutts áburðar. Tölurnar hafa snúist við frá 1999. Þá var Áburðarverksmiðjan með 26 þús. tonn, en Ísafold, Kaupfélag Árnesinga, bændur á Suðurlandi, með 7.700 tonn, en nú fyrstu níu mánuði þessa árs snýst talan við þannig að Ísafold, bændur á Suðurlandi, Kaupfélag Árnesinga, eru með 28.400 tonn, en Áburðarverksmiðjan 8.000.

Það liggja fyrir upplýsingar um að kadmíum eins og hér hefur verið talað um hefur mælst í innfluttum áburði með innihaldi frá 24 mg upp í 50 mg pr. kg fosfór sem er náttúrlega mjög alvarlegt mál miðað við það sem hefur gerst í framleiðslunni innan lands og miðað við það sem við erum að segja öðrum þjóðum og Íslendingum, eigin þjóð, að hér sé vistvænn landbúnaður stundaður af mikilli natni, eljusemi og með aðgát. Svo koma þingmenn og segja: Það þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu af því að staðall EES eða ESB er miklu hærri en þær kröfur sem við gerum og þess vegna er allt í lagi að flytja inn erlendan áburð, jafnvel þó að kadmíum sé í slíku magni sem ég gat um áðan.

Ég hef heyrt um þær hugmyndir landbrh. sem hann hefur rætt um vistvæna framleiðslu þar sem hann setur fram að það skuli ekki vera meira en 10 mg kadmíum pr. kg af fosfór í áburði. Það er það hæsta sem ég held að við getum farið upp í þegar við erum segja öðrum þjóðum og Íslendingum að við séum með vistvæna framleiðslu í landbúnaði.

Herra forseti. Ég tel að hér sé mjög alvarlegt mál á ferðinni. Það er mjög alvarlegt ef bændur eru farnir að fylgja svo mjög markaðslögmálinu að það skipti ekki máli hve mikið kadmíum er í hverju kg af fosfór í innfluttum áburði. Það geri ekkert til svo lengi sem það er ódýrara að flytja inn áburð. Við erum í alvarlegri stöðu, herra forseti.

[15:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég minni hv. fyrirspyrjanda og þingmann á að hann var einn af þeim sem greiddu EES-samningunum atkvæði sitt á þingi sem leiddu inn það frelsi að Áburðarverksmiðjan var ekki á eylandi lengur, leiddi það líka af sér að íslenskir bændur voru ekki á eylandi. Til þess að lifa og halda stöðu sinni í samkeppni þjóðanna verða þeir að leita allra leiða. Fyrir liggur að ég vildi setja reglugerð og trúi að ég muni gera það um að hér verði aðeins leyfður áburður með 10 mg kadmíums í kg af fosfór, en Evrópusambandið segir að ef samningarnir takmarki það ... (Gripið fram í.) Við breytum ekki Evrópusambandinu svo glatt, en það er verið að skoða það. Síðan er auðvitað hitt, að við þurfum að halda þessari stöðu. Reglurnar hjá Evrópusambandinu eru þær að mörkin eru við 50 mg kadmíums í kg fosfórs, við erum að tala um 10 mg, þannig að við verðum að fylgja því.

Áburðarverksmiðjan er sem betur fer með mjög góðan áburð og hefur átt viðskipti við mjög góða birgja erlendis og er að flytja inn góðan áburð og búa til góðan áburð. Hún er sem betur fer stærsti viðskiptaaðili íslenskra bænda með yfir 70%. Samkeppnin er komin. Hún er af því góða og hún er trú hv. þm. Og íslenskir bændur eru að berjast fyrir markaðsmálum sínum.

Ég vil taka undir ágæt orð þeirra þingmanna sem komu inn í umræðuna. Við þurfum að hugsa um sérstöðu okkar. Íslenskir bændur eiga möguleika miðað við það sem er að gerast í Evrópu og víðar til að sækja fram og við þurfum að leggja áherslu á að misbjóða hvorki íslenskri náttúru, búfé né fólkinu okkar og vera hér með bestu afurðir sem við getum selt á góðu verði. Við eigum mikla möguleika ef við stöndum saman.

Sjókvíaeldi.

Fsp. SvanJ, 227. mál. — Þskj. 244.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Á síðasta ári var framleiðsla Íslendinga á eldisfiski tæp 4 þús. tonn og er þá allt talið, lax, regnbogasilungur, lúða o.fl., og á þessu ári er gert ráð fyrir að framleiðslan verði nær 6 þús. tonna með mestri aukningu í laxinum eða upp í rúm 4 þús. tonn. Gengið er út frá áframhaldandi tæknilegum útfærslum í strandeldi og góðum árangri með skiptieldi á laxi sem muni standa undir 18 þús. tonna framleiðslu af laxi árið 2010.

Við Íslendingar höfum verið að horfa til þess sem frændur okkar Færeyingar hafa verið að gera, en framleiðsla þeirra er nú orðin tíu sinnum meiri en okkar. Flestir virðast sammála um að vaxandi eftirspurn eftir fiski sé það mikil að sú aukning sem vitað er um muni einungis verða til þess að mæta þeirri eftirspurn.

En nokkrar deilur hafa þegar orðið um útgáfu leyfa til kvíaeldisstöðva hér við land þar sem menn óttast bæði mengun frá slíkum stöðvum og íblöndun við villta stofna. Slík gagnrýni og deilur eru reyndar þekktar frá öðrum löndum, en það er þó athyglisvert, herra forseti, að Norðmenn t.d. virðast ekki hugsa mikið um umhverfismál þegar þeir deila út leyfum sínum heldur er þeim fyrst og fremst deilt út með tilliti til byggðasjónarmiða. Virðist sem svo að þar sé við hvert leyfi færi á framleiðslu á tilteknu magni af laxi.

En þrátt fyrir þær deilur sem við sjáum þegar vegna vaxandi fiskeldis við Ísland munu ýmsir aðilar vilja spreyta sig á fiskeldi nú þegar framfarir á ýmsum sviðum hafa gert það arðbærara og því má reikna með að nokkur spurn verði eftir leyfum til eldis. Ég hef skilið það svo að einhver leyfi muni ráðherra gefa út um áramótin, alla vega eru einhverjir aðilar sem bíða eftir slíku. Og af því að reynslan kennir okkur að betra er að hafa skýrar reglur og að fullt jafnræði sé með þeim sem vilja nýta möguleikana í íslenskri náttúru, þá hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. landbrh.:

„1. Hvaða reglur telur ráðherra að ætti að viðhafa við úthlutun leyfa til sjókvíaeldis?" — Á t.d. að bjóða leyfin út, leyfi til að vera með sjókvíar á tilteknum stöðum, og binda þau leyfi einhverjum tilteknum skilyrðum eins og gert er þegar menn fá að nýta auðlindir á landi? Má framselja þessi leyfi að mati ráðherrans? Og ýmislegt fleira gæti komið þar inn.

„2. Hvaða gjald hefur verið greitt fyrir leyfi til sjókvíaeldis?" Það er auðvitað nokkur kostnaður samfara slíkum leyfisveitingum og undirbúningi þeirra. Nær gjald fyrir leyfi yfir þann kostnað og eru slík gjöld þá mishá eða hugsuð mishá? Er hér bara um kostnaðargreiðslur að ræða eða hvað?

„3. Hvaða gjald telur ráðherra að ætti að greiða fyrir slíkt leyfi?

4. Lítur ráðherra svo á að í leyfi til sjókvíaeldis felist leyfi til að nýta sameiginlega auðlind?"

Ég ítreka, það er verið að nýta möguleika íslenskrar náttúru.

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Það er náttúrlega mjög mikilvægt að setja skýrar reglur um þetta og sjá til að jafnræði sé milli aðila og ekki síður, ef af verður, að öryggis- og heilbrigðissjónarmið ráði ferðinni.

Hv. þm. spyr: „Hvaða reglur telur ráðherra að ætti að viðhafa við úthlutun leyfa til sjókvíaeldis?"

Nefnd sem ég skipaði 23. ágúst sl. til að fara yfir þætti er snerta sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru mun m.a. gera tillögur um reglur sem ætti að viðhafa um úthlutun leyfa til sjókvíaeldis, verði það niðurstaðan. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum og því er ekki hægt að svara því nú hvaða reglur verða hafðar til viðmiðunar við úthlutun leyfa til sjókvíaeldis, ef verður eins og ég gat um.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvaða gjald hefur verið greitt fyrir leyfi til sjókvíaeldis?"

Aðeins eitt fyrirtæki hefur stundað eldi í sjókvíum undanfarin ár. Það er fiskeldisfyrirtækið Rifós í Kelduhverfi. Fyrirtækið hefur ekki greitt gjald vegna eldisleyfis. Fyrirtækið Silungur hf. fékk í vor tilraunaleyfi til eldis í Stakksfirði, þ.e. að gera tilraun og fara yfir sjókvíaeldið, hver væri þroski fisksins og hvernig það mundi þróast. Fyrirtækið hefur greitt rannsóknar- eða eftirlitskostnað opinberra aðila en ekki sérstakt gjald vegna leyfis til sjókvíaeldis.

Hv. þm. spyr: „Hvaða gjald telur ráðherra að ætti að greiða fyrir slíkt leyfi?"

Enn er ekki ljóst hvert verður umfang kvíaeldis hér við land eða hvort slík starfsemi kemur til með að skila arði þannig að starfsemin þoli gjaldtöku. Þó er alveg ljóst að gjaldtaka verður að vera í þeim mæli að hún standi undir nauðsynlegu eftirliti með eldinu. Í Noregi greiða fyrirtæki gjald vegna leyfa til sjókvíaeldis. Þó eru undantekningar hvað þetta varðar og engin gjaldtaka þar sem reynt er að viðhalda byggð og örva atvinnulíf eins og fram kom hjá hv. þm., hún var kannski að spyrja um það í þessari umræðu. Þetta hafa verið viðhorfin í Noregi. Í þeim fáu fjörðum sem hægt væri að stunda í sjókvíaeldi, ég segi fáum fjörðum enda álít ég að þeir séu ekki margir, þá er það bæði mikið atvinnumál en ekki síður byggðamál í leiðinni.

Hv. þm. spyr: „Lítur ráðherra svo á að í leyfi til sjókvíaeldis felist leyfi til að nýta sameiginlega auðlind?"

Meðan þeirri spurningu er ekki svarað hvort kvíaeldið verður arðbært hér við land, er ekki hægt að svara spurningu hv. þm., hvort um auðlind er að ræða eða ekki. Verði kvíaeldi leyft á ný í einhverjum fjörðum er ljóst í mínum huga að starfsemin fer fram í landhelgi þjóðarinnar.

[15:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek þau sjónarmið að við kvíaeldi eigi öryggis- og heilbrigðissjónarmið að ráða ferðinni. Í dag er í gangi tilraun í sjóeldi og fyrir liggja fyrir umsóknir um stóriðju á þessu sviði. Ég er þeirrar skoðunar að ef við viljum hafa slíkt að atvinnu okkar í framtíðinni og koma upp kvíaeldi þar sem hægt er að stunda það, þá eigum við að standa vel að verki frá upphafi og gæta allra þeirra öryggis- og heilbrigðissjónarmiða sem við þekkjum. Lögin um mat á umhverfisáhrifum eru þau lög sem geta hjálpað okkur við það.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra þau svör sem hann gaf. Það er ljóst að það er mikill hugur í mörgum hvað varðar fiskeldi, einkum þó laxeldi, hér við Ísland. Í þeim hópi eru stór fyrirtæki í öðrum rekstri, t.d. í sjávarútvegi, og einnig hafa fjárfestar sýnt þessu máli vaxandi áhuga. Það sást best á ráðstefnu sem var haldin um málið á Akureyri um síðustu hegi. Þar voru peningamennirnir mættir þannig

að við skulum tala um þetta af þeirri alvöru sem því ber. Við erum að tala um grein sem menn binda miklar vonir við að gefi af sér allmikið fé. Það dylst ekki neinum. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að mótuð verði pólitísk afstaða til úthlutunarinnar.

Ég var ekki, herra forseti, að spyrja um hvað einhver nefnd væri að gera heldur hvað ráðherranum fyndist. Hver er hans pólitíska skoðun? Hvernig finnst honum að standa eigi að þessu? Ef eftirspurnin eftir hlutdeild í auðlind er mikil, ég lít svo á að hér sé beðið um að fá að nýta auðlind vegna þess *að hafið hreint og ómengað er vissulega auðlind sem fleiri* vilja fá að nýta en komast að, þá verður að spyrja: Þarf ekki ráðherrann að móta reglu um hvernig hann velur? Hverjir fá leyfið ef fleiri en einn vilja?

Sömuleiðis finnst mér að að móta þurfi reglur um það gjald sem greitt verður. Það er ljóst að ef hér verður um stórrekstur að ræða sem gefur af sér mikinn pening eins og menn þekkja frá Noregi og Færeyjum þá verður gerð krafa um að þessir aðilar standi ekki bara undir þeim beina kostnaði sem hlýst af starfseminni heldur líka óbeinum kostnaði og jafnvel, vegna nýtingar þeirra á íslenskri náttúru, greiði þeir meira.

Mér finnst, herra forseti, hæstv. ráðherra skulda okkur svolítið af pólitískum viðhorfum. Hvaða skoðanir vill hann að móti þær reglur sem munu gilda?

[15:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. verður að fyrirgefa þótt maður úttali sig ekki um innstu hugsanir á þessu stigi, þegar málið er enn á vinnslustigi. Pólitískar ákvarðanir verða til með ákveðnum hætti. Í kringum þær þarf mikla fagvinnu sem unnin er víða í þjóðfélaginu.

Ég veit að mörgum liggur mikið á en ég tek undir það sem komið hefur fram í þessari umræðu, að þarna þurfum við af mörgum ástæðum að gera betur en aðrir. Við eigum mikla möguleika. Við höfum náð miklum árangri. Því hefur stundum verið haldið fram að við ætlum að fara að flytja inn fisktegundir til að setja í kvíaeldi. Við eigum mjög dýrmætan stofn, norskan lax, sem varð til á fiskeldisævintýraárunum. Það er mjög dýrmæt útflutningsvara og gæti gefið mikla möguleika í fiskeldi.

Ég er sannfærður um að við þurfum að hugsa um þessi mál í fullri alvöru. Við eigum að standa okkur vel í strandeldi og skiptieldi sem mér sýnist að sé áhættulítið. Við þurfum að vanda okkur við kvíaeldið og horfa þar langt fram á veginn þegar við tökum afstöðu, setja strangar reglur ef af verður, en gleyma því aldrei að dýrmætasta auðlindin sem við eigum er náttúran sjálf. Það eru þessar einstöku veiðiár sem eru hver með sinn sérstaka lax. Þetta er flókið samspil. Ég er að reyna að vinna úr því núna í ráðuneytinu með nefndinni sem ég skipaði. Ég vil því ekki stíga fastar á stokkinn eða svara strangar en þetta í dag. Minn hugur er opinn fyrir þeim rökum sem komið hafa fram en ég reyni að vanda mig og þakka fyrir að þingmenn sýna þessu máli áhuga og vilja vinna að því faglega.

Ég þakka hv. þm. fyrir fsp. hennar.

Sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru.

Fsp. ÞSveinb og JÁ, 249. mál. — Þskj. 274.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Fsp. mín er eiginlega framhald af fsp. þeirri er var til umræðu á undan.

Nú liggur fyrir úrskurður frá hæstv. umhvrh. um að ekki þurfi að fara fram umhverfismat til undirbúnings rekstri kvíaeldis laxfiska í Mjóafirði. Við umfjöllun um málið kom *fram að hæstv. landbrh. hefur sett á stofn starfshóp sem hefur* það verkefni að skoða hvaða reglur eigi að gilda frá hinu opinbera um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru. Í skipunarbréfinu er eingöngu kveðið á um að hópurinn eigi að huga að lagalegri umgjörð og mögulegri staðsetningu slíks kvíaeldis. Því er full ástæða til að gert verði kunnugt hver stefna hæstv. ráðherra er í þessu máli og hvaða markmiðum hæstv. ráðherra ætlar sér að ná með því starfi sem hann hefur þarna hrundið af stað.

Í tilefni af þessu hef ég ásamt hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur lagt fram fimm spurningar til hæstv. ráðherra:

1. Hefur starfssvið starfshóps um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru verið skilgreint og verkefni hans ákveðið?

Hér er auðvitað átt við það hve víðtækt verkefnið er og hvaða sjónarmið hæstv. ráðherra hefur að leiðarljósi. Eru þau í samræmi við þau varúðarsjónarmið sem hæstv. ráðherra hefur haft að leiðarljósi varðandi erfðablöndun og sjúkdómavarnir, t.d. vegna innflutnings á fósturvísum úr norskum kúm?

2. Ef búið er að skilgreina hver séu helstu verkefni starfshópsins, hvaða rannsóknir og athuganir þurfa þá að fara fram? Á hópurinn t.d. að skila tillögum um rannsóknaráætlun sem verði undanfari að reglugerð um þetta efni eða jafnvel tillögu um breytingar á lögum?

3. Mun hópurinn leita álits erlendra sérfræðinga um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru? Er það ekki öruggt að við látum okkur reynslu annarra að kenningu verða og siglum þar með fram hjá þeim vandræðum sem kvíaeldi hefur skapað annars staðar?

4. Hvenær er áætlað að starfshópurinn skili niðurstöðum til ráðherra? Hvað tekur þetta allt saman langan tíma? Verða niðurstöðurnar í áföngum? Hvaða niðurstöður er mikilvægast að komi fyrst og hvenær þurfa þær að liggja fyrir?

5. Telur ráðherra að nota megi niðurstöður hópsins sem grunn að reglum um fyrirhugað sjókvíaeldi í Mjóafirði?

Úrskurður hæstv. umhvrh. um að ekki þurfi umhverfismat fyrir 8 þús. tonna kvíaeldi á laxi í Mjóafirði vekur upp spurningar um hvort reglur sem síðar verða settar geti takmarkað það leyfi. Hver er skoðun ráðherrans á þessu? Það er ljóst að ef um verður að ræða einhvers konar rannsóknir sem varða lífríki og erfðablöndun alifiska við villta stofna, og þó ekki væri nema söfnun gagna um rannsóknir sem til eru erlendis um þetta efni, tekur það og úrvinnsla efnisins töluverðan tíma. Mun slíkt ferli verða til þess að eldið í Mjóafirði hlíti öðrum reglum en settar verða að loknu starfi hópsins eða verður eldisfyrirtækið í Mjóafirði að bíða eftir þeim reglum sem settar verða þó að áætlanir þess um að hefja rekstur raskist þar með?

[15:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því strax yfir að ég tel það nokkuð víst að ef af verður þurfi að gera lögin skýrari og

setja reglugerðir í þessum efnum. Það er alveg ljóst í mínum huga að mikil vinna þarf að eiga sér stað sem menn þurfa að ná utan um til þess að forða slys eða ósátt um svona stórmál.

Hv. þm. spyr: „Hefur starfssvið starfshóps um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru verið skilgreint og verkefni hans ákveðið?"

Eins og ég sagði áður skipaði ég hinn 23. ágúst starfshóp til að fara yfir þætti sem snerta sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru og hafa helstu verkefni starfshópsins verið skilgreind. Hópurinn skal einnig kanna lagalega umgjörð fiskeldis og mögulega staðsetningu fiskeldis í kvíum. Ég ætlast til þess að hópurinn skili mér áliti um hvar hann treystir sér til, ef hann gerir það, að mæla með að kvíaeldi fari fram.

Í öðru lagi: „Ef svo er, hver eru helstu verkefni starfshópsins?"

Nefndin mun m.a. gera tillögur um reglur sem ætti að viðhafa við úthlutun leyfa til sjókvíaeldis. Starfshópurinn mun láta vinna drög að rannsóknaráætlun um vöktun og eftirlit við kvíar og athuganir á villtum stofnum í ám og sjó. Hópurinn hefur fengið erfða- og kynbótafræðinga til að fjalla sérstaklega um þætti er varða hættu á erfðablöndun villtra laxa og eldislaxa. Í starfshópnum á sæti sérfræðingur á sviði fisksjúkdómamála sem mun gera sérstaklega grein fyrir fisksjúkdómahættunni. Einnig er hópnum gert að gera grein fyrir lagaumhverfi fiskeldis hér á landi og úrbótum í þeim efnum ef þurfa þykir, eins og ég sagði áður. Hópurinn hefur, eins og áður sagði, ekki lokið störfum.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Mun hópurinn leita álits erlendra sérfræðinga um sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru?"

Ég get sagt hér, hæstv. forseti, að mér er ekki kunnugt um að hópurinn hafi leitað til erlendra sérfræðinga, en ég tel það alveg víst. Ég bendi á að þeir sem sitja í hópnum eru flestir menntaðir erlendis og hafa starfað erlendis á sviði fiskeldis og villtrar náttúru um árabil og eru í miklum alþjóðlegum samskiptum og sækja ráðstefnur um þessi mál þannig að ég er í engum vafa um það. Ég tel að ég hafi ekki þurft að gefa þeim einu sinni tilskipun um slíkt þannig að ég á ekki von á öðru.

Hv. þm. spyr: „Hvenær er áætlað að starfshópurinn skili niðurstöðum til ráðherra?"

Gert er ráð fyrir að á næstu vikum liggi fyrir áfangaskýrsla vegna starfa nefndarinnar.

Í fimmta lagi spyr hv. þm.: „Telur ráðherra að nota megi niðurstöður hópsins sem grunn að reglum um fyrirhugað sjókvíaeldi í Mjóafirði?"

Til þess er ætlast að vinna hópsins geti orðið almennur grunnur að reglum er varða fiskeldi hér við land, hvort sem það verður í Mjóafirði eða einhvers staðar annars staðar. Þetta snýr því að því verksviði sem landbrn. hefur hvað þessi mál varðar, þ.e. að leggja framtíðargrunn að því hvernig að þessu skuli staðið á sem flestum sviðum í þessari atvinnustarfsemi.

[15:32]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er mjög gott að heyra á hæstv. landbrh. að hann ætlar að fara að þessum málum með varúð og gæta þess að náttúrunni verði ekki spillt. Auðvitað viljum við sjá möguleika til að skapa þjóðinni tekjur af laxeldi en það verður þó að gerast í sátt og samlyndi við þá sem fyrir eru.

Mig langaði til að spyrja hæstv. landbrh. ef hann gæti svarað því hvort í þessari nefnd sem er að störfum sé hugmyndin að mynda heildarstefnu um laxeldi við strendur landsins, þ.e. hvar laxeldi megi yfirleitt vera og hvers konar fiskeldi megi vera hvar. Mér leikur einnig forvitni á að vita hvort það sé að hans áliti verkefni landbrn. að móta slíka stefnu eða hvort það væri nær einhverju öðru ráðuneyti að móta heildarstefnu um eldi fiska í kringum landið.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég skil þau þannig að þarna sé tekið nokkuð fast utan um það sem er fram undan og að reglur eigi að vera samsvarandi fyrir alla sem munu koma að kvíaeldi í framhaldinu af þessu, að upp úr þessu verði til reglur sem geri það kleift að meta þá staði þar sem mögulegt er að stunda slíkt eldi og að farið verði með fyllstu gát hvað varðar í fyrsta lagi erfðamengun og líka mengun af öðru tagi.

Ég býst við að menn séu nokkuð ákafir hvað varðar tímamörk í þessum efnum. Mér hefur a.m.k. sýnst það á því hvernig þetta mál hefur borið að og hve menn telja sig þurfa að vinna hvað varðar fyrsta áfanga málsins. Það er út af fyrir sig merkilegt að það skuli liggja fyrir strax að ekki þurfi að fara fram umhverfismat á eldisstöð sem þessari upp á 8 þús. tonn. Það er engin smáframleiðsla. Það er í sjálfu sér ástæða til að setja svolítið af spurningarmerkjum við það hvernig menn ná síðan utan um slíkt leyfi með reglum sem komi í veg fyrir að það geti orðið af þessu einhvers konar mengunarslys. Ég held að þess vegna sé mikið í húfi að bæði verði hratt unnið hvað þessi mál varðar og líka að menn vandi sig og ég heyri að hæstv. ráðherra ætlar sér að leiða málin áfram af festu.

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda málefnalega ræðu og ég vona að það verði mitt hlutverk þar sem ég kem að þessum málum og mitt ráðuneyti að taka á því af festu og með fyllstu gát. Ég tel þetta mjög vandmeðfarið mál og vera kann að færustu vísindamenn séu sammála hv. þm. um að stórt kvíaeldi, 8 þús. tonn, sé eitthvað sem við eigum ekki að hugsa um heldur smærri einingar, bara af öryggisástæðum, ef við förum út í þessa atvinnustarfsemi af fullum þunga.

Ég vil segja um þetta flókna mál að ég verð var við það sem hv. þingmenn hafa nefnt, að þrýstingurinn er mikill og menn sjá þetta sem tækifæri hér eins og í Noregi, Skotlandi, Færeyjum og víðar. En menn mega ekki vera svo bráðlátir að við getum ekki sett ströng lög og reglur þannig að við lendum ekki í fiskeldisævintýri eins og var fyrir um það bil einum og hálfum áratug.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að ég gat um það í minni ræðu að ég vona að út úr starfi nefndarinnar komi góð skýrsla sem geti snúið að heildarstefnu og að því að setja strangari lög og reglugerðir til þess að starfsleyfin, ef þau verða gefin út, verði grundvöllur að sáttmála þannig að ekki þurfi að vera deilur og hin villta íslenska náttúra búi við öryggi og virðingu áfram.

[15:38]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleyfi útlendinga, 150. mál, svar félmrh., þskj. 258.

Barnalög, 293. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 324.

Barnalög, 294. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 325.

Framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa, 295. mál, fsp. GAK, þskj. 326.

Lax- og silungsveiði, 297. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 334.

Lífeyrissjóður sjómanna, 292. mál, frv. GAK, þskj. 323.

Nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun, 296. mál, fsp. SoG, þskj. 333.

Skógræktarverkefni á Austurlandi.

Fsp. ÞBack, 277. mál. — Þskj. 305.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Endurheimt gróðurs sem þakti Ísland við landnám er markmið sem stefnt hefur verið að markvisst síðasta áratug. Þeir skógar sem Skógrækt ríkisins hefur ræktað á öldinni eru helsta forsenda allrar skógræktar í landinu og verk frumkvöðlanna eru að skila sér í aukinni tiltrú manna á að skógrækt sé möguleg hér á landi. Vantrú fólks heyrir því sögunni til, enda er ekki stefnt að ræktun hávaxinna trjáa heldur miðað við aðstæður á hverjum stað.

Veðurfar á Fljótsdalshéraði hentar vel til skógræktar og þar var fyrsta stóra nytjaskógaverkefninu hleypt af stokkunum með stofnun Héraðsskóga. Nú er komin tíu ára reynsla af verkefninu og er ljóst að það hefur staðið undir því markmiði að treysta byggð á svæðinu.

Skógrækt er vel til þess fallin að efla byggðina. Hún er ekki til þess fallin að vera átaksverkefni sem sveiflujöfnun í hagkerfi. Þetta er fyrst og fremst byggðaverkefni og sérstaklega er hentugt að koma á skógrækt þar sem byggð hefur veikst, vegna þess að hefðbundinn búskapur hefur lagst af.

Á eftir Héraðsskógaverkefninu komu landshlutabundin verkefni og Suðurlandsskógar. Nú er svo að á fleiri svæðum á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs, þ.e. á Vopnafirði, niðri á fjörðum og í Austur-Skaftafellssýslu, er mikill áhugi á því að koma á landshlutabundnu skógræktarverkefni. Það er ekki bara áhugi á því að gróðursetja tré, ekki eins og var hjá frumkvöðlunum fyrstu, að athuga hvort hægt sé að rækta, heldur að hafa þetta sem hluta af atvinnu, til að efla byggð, þ.e. að skapa nýja auðlind fyrir þjóðina, bæta lífríki landsins, verjast landrofi og bæta skilyrði og hagkvæmni fyrir hefðbundinn búskap og skapa nýja möguleika á því sviði. Því spyr ég hæstv. landbrh.:

„Er í undirbúningi að koma á landshlutabundnu skógræktarverkefni á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs á grundvelli sambærilegra samninga og gilda nú þegar í öðrum landshlutum um skógræktarverkefni?“

[15:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnina og tek undir málflutning hennar, að skógræktarverkefnin hafa verið að gefa landsbyggðinni og landinu nýja ásýnd og ný tækifæri. Ég var ekki fyrir löngu á glæsilegri héraðshátíð austfirskra bænda þar sem ég hitti um það bil 500 manns á einum degi, annars vegar eldri borgara að deginum, drakk með þeim kaffi, og svo var ég á frábærri uppskeruhátíð með austfirskum bændum um kvöldið þar sem Álftagerðisbræður sungu og gamanmál voru höfð uppi. Þetta var eftirminnilegt og ég fann það út úr þessari ferð, sem ég reyndar vissi en sannfærðist um í þessari ferð, að Héraðsskógaverkefnið er kannski merkilegasta byggðaátak sem hefur verið gert á seinni árum á Íslandi og árangurinn er augljós. Fólkið í dreifbýlinu er að fást við mikilvæg verkefni, skógræktina sem skilaði landinu skóginum til baka, og gera þetta að alvöruatvinnuvegi. Það liggur fyrir að frá því að þessi verkefni fóru af stað hefur fólki ekki fækkað í dreifbýlinu í kringum Egilsstaði þannig að við sjáum að þarna liggja mikil tækifæri og vonandi liggja mikil tækifæri og möguleikar fyrir sveitafólkið í framtíðinni í landgræðslu og skógrækt fyrir utan hina hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu. Svo er það svo að þegar landið er gert hlýlegra og fólkið verður hamingjusamt og hefur nóg að gera, að þá vilja fleiri búa þar, jarðaverðið hækkar o.s.frv. Það var glæsileg ákvörðun Alþingis, sem hefur haft mikil áhrif, að hleypa Héraðsskógaverkefninu af stað sem er brautryðjandinn í því sem nú er að gerast með Suðurlandsskógum og öðrum landshlutabundnum verkefnum sem öll eru komin af stað.

Ég átti fund með stjórn Héraðsskóga af þeirri ástæðu að ég vildi ræða við hana um þann áhuga Austfirðinga á að firðirnir fengju tækifæri. Menn hafa verið að velta fyrir sér að opna lögin um Héraðsskóga eða gera þetta með einhverjum öðrum hætti. Ég sannfærðist á þessum fundi reyndar um það sem ég hafði látið mér detta í hug áður, að skynsamlegast væri á þessum punkti að taka þá ákvörðun að gera samninga við *Héraðsskóga um að þeir þjónusti skógarbændur á fjörðum* svo að þeir geti komið inn í þessi landshlutabundnu verkefni og þiggi þá þjónustuna frá Héraðsskógum. Það er niðurstaða mín á þessari stundu. Auðvitað þarf að fara yfir lög um Skógrækt ríkisins og sjálfsagt enn betur allan þann áhuga og þau nýju verkefni sem eru í þessum landshlutabundnu verkefnum.

En ég set það fram sem skoðun mína að skoða það að semja við Héraðsskóga um hvort þeir taki ekki að sér þá þjónustu við austfirska skógarbændur á fjörðum þar sem skógrækt er eftir tilraunum að dæma að koma mjög vel út, hvort það sé ekki leiðin í bili.

Hvað Austur-Skaftafellssýslu varðar sýnist mér það kannski liggja vel við miðað við nýja kjördæmaskipan að þeir féllu inn í Suðurlandsskóga og sæktu sína þjónustu þangað.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hv. landbrh. fyrir svör hans og get sagt það hér að því miður var ég ekki í þeirri miklu veislu sem hann tók þátt í og lýsti. Það var kannski allt fyrir utan sviga, en staðan er þessi: Þetta er eitt af mikilvægustu byggðaverkefnum sem hefur verið farið í og alveg ljóst að það er ekki bara ásýnd landsins sem hefur breyst heldur líka andleg líðan fólksins. Það er verið að vinna eitthvað til framtíðar auk þess er þetta mikilvæg viðbót við hefðbundinn landbúnað.

Varðandi það að óska eftir því að Héraðsskógar og Suðurlandsskógar sinni þessu nýja verkefni, Héraðsskógar á Austurlandi og Suðurlandsskógar í Austur-Skaftafellssýslu eftir breytta kjördæmaskipan, þá tel ég að það geti verið mjög góður kostur. Á þessum stöðum er komin mikil og dýrmæt reynsla sem auðvitað ber að nýta, en inni í dæmið vantar þá fjármagn og það þarf að tryggja. Ef þetta fer af stað verði fjármagn tryggt til verkefnisins og ekki bara í byrjun heldur að þeir sem taka þátt í þessum landshlutabundnu verkefnum geti treyst því að þær áætlanir sem lagt er upp með og unnið er eftir standi þá við afgreiðslu fjárlaga þannig að ekki brotni allt undan verkefninu þegar í framhaldið er komið.

[15:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Auðvitað tek ég undir það að mikilvægt er að tryggja fjármagnið, en ég vil segja hvað varðar landshlutabundnu skógræktarverkefnin að ég held að mjög mikilvægt sé að keyra þau eftir langtímaáætlun, þess vegna samningum, til þess að menn viti við hvað þeir búi og það sé ekki alltaf ákvörðun hvers þings sem ræður úrslitum um framhaldið og menn séu í óvissu um hvort þetta verði skorið af. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt, bæði í landgræðslu og skógrækt, að ræða á Alþingi langtímaáætlun í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 15:49.

31. FUNDUR

föstudaginn 24. nóv.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:00]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 340; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 341.

Fjöldi afbrota og fjölgun lögreglumanna, 188. mál, svar dómsmrh., þskj. 330.

Grunnskólar, 299. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 337.

Jafnréttisráð, 168. mál, svar félmrh., þskj. 312.

Kostnaður sveitarfélaga vegna EES, 132. mál, svar félmrh., þskj. 318.

Lausráðnir starfsmenn varnarliðsins, 303. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 346.

Lyfjalög, 300. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 342.

Meistararéttindi byggingariðnaðarmanna, 304. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 347.

Sjálfbær orkustefna, 274. mál, þáltill. KolH og ÁSJ, þskj. 302.

Sjúklingatrygging, 301. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 343.

Skattafrádráttur og fríðindi starfsmanna ríkisins, 68. mál, svar fjmrh., þskj. 291.

Skattlagning fríðinda, 305. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 348.

Skráning skipa, 118. mál, nál. samgn., þskj. 349.

Umsvif Ríkisútvarpsins á netinu, 161. mál, svar menntmrh., þskj. 259.

Uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu, 302. mál, fsp. JB, þskj. 345.

Fundi slitið kl. 16:03.

32. FUNDUR

mánudaginn 27. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 156, nál. 340, 352 og 353, brtt. 341. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 352; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 353.

Losun mengandi lofttegunda, 268. mál, þáltill. ÓÖH og KPál, þskj. 296.

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 81. mál, nál. allshn., þskj. 354.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skipun í nefndir og ráð á vegum ríkisins.

[15:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ber fram spurningu til hæstv. forsrh. og óska svara við því hver stefna ríkisstjórnarinnar sé í sambandi við skipan í nefndir og ráð á vegum ríkisins. Ég spurði þessarar spurningar árið 1998 og þá kom í ljós að 83,8% af þeim sem skipaðir voru í nefndir og ráð á vegum ríkisins voru búsettir í Reykjavík og Reykjanesi. En samkvæmt því svari sem ég hef fengið frá forsrn. er staðan nú árið 2000 sú að 77,6% af þeim sem skipaðir eru í nefndir og ráð á vegum ríkisins eru búsettir í Reykjavík og Reykjanesi.

Það vekur sérstaka athygli mína að frá Norðurl. e., þar sem 9,6% landsmanna búa, koma einungis 5% þeirra sem skipaðir eru í nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Virðulegi forseti. Í nefndum og ráðum fer fram stefnumörkun sem er grunnur þess sem við gerum varðandi stjórnsýsluna í landinu. Þess vegna er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvernig skipað er í nefndir og ráð, sérstaklega út frá stöðu landsbyggðar. Ég er einmitt að fiska eftir því hvort menn marki sér stefnu um það hvernig samsetning slíkra nefnda og ráða er.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og kemur fram í þessu svari sem ég hef reyndar ekki við höndina, hefur það hlutfall sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi ekki versnað. Allmargar fastanefndir sem tengjast tilteknum stofnunum sem hafa aðsetur á höfuðborgarsvæðinu í eðli sínu skekkja þetta hlutfall nokkuð. Á hinn bóginn leitast ráðherrar við eins og fært er að í nefndunum séu fulltrúar sem geti fylgt úr hlaði sjónarmiðum sem tengjast landinu öllu. Þetta tekst ekki alltaf en menn reyna að hafa þetta í huga. Jafnframt vona ég að í þessum svörum komi líka fram að menn verða að gæta sín á því að horfa meira en áður til beggja kynja hvað nefndarskipanir varðar.

Ég tek undir það sem lýsir sér í máli málshefjanda að mikilvægt er að reyna að tryggja eins og fært er að jafnræði sé sem mest í þessum nefndum og sem flest sjónarmið komist þar til skila. En í sumum tilvikum er það dálítið erfitt eins og ég segi vegna þess að sumar nefndir eru bundnar tilteknum þáttum sem fram fara í Reykjavík.

[15:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta nauðsynina á því að sjónarmið fólks hvaðanæva að af landinu komist að í nefndum og ráðum. Grunnvinnan fer í mörgum tilvikum fram í þessum nefndum og ráðum og það er sláandi hve fátt fólk er úr öðrum landshlutum, t.d. Vesturlandi 4,4%, Vestfjörðum 2,3%, Norðurl. v. 2,7%, Austurlandi 3% og Norðurl. e. 5% eins og ég sagði áðan. Ég fagna því að vísu að þetta eru heldur betri tölur en fyrir tveimur árum þegar 83,8% voru af höfuðbogarsvæðinu. Hlutfallið er þó komið í 77,6% nú. En það skýrist af því einu að stjórnir heilsugæslustöðva eru komnar víða út um landið og hefur það rétt stöðuna. Þetta er sannarlega mál sem þarf að hafa í huga þegar skipað er í nefndir og ráð á vegum ríkisins.

Fjárfestingar lífeyrissjóða í erlendum hlutabréfum.

[15:08]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. forsrh. um heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendum félögum og vek athygli á því að á vormánuðum voru samþykktar verulegar rýmkanir að þessu leyti sem heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta nú fyrir allt að 50% í stað 30% áður.

Herra forseti. Ég sé ekki betur en að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hafi farið dálítið bratt upp í þessum efnum og nýtt sér heimildir til fjárfestinga mjög hratt, kannski andstætt því sem um var talað á þeim tíma. Mér sýnist líka, herra forseti, varðandi afföll í húsbréfakerfinu, að beint línulegt samband sé milli heimilda lífeyrissjóðanna til þess að fara með peningana á þennan hátt úr landi og affalla í húsbréfakerfinu. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort til greina komi annaðhvort að takmarka þetta með lagasetningu eða eiga viðræður við forustumenn lífeyrissjóðanna um það að menn gangi heldur hægar um gleðinnar dyr að þessu leyti.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að fullt tilefni sé til þessarar fyrirspurnar hv. þm. Það er ljóst að mikill þrýstingur var af hálfu forráðamanna lífeyrissjóða um að hækka þessa heimild og reyndar, eins og menn muna, þá þótti þeim ekki alveg nægilega langt gengið. Þeir óskuðu eftir að farið yrði í 60% í staðinn fyrir 50%. Það er líka rétt að þeir hafa farið nokkuð geyst upp á síðkastið þó að ekki séu þeir reyndar einir í för. Fleiri hafa auðvitað verið að fjárfesta sífellt meira í erlendum bréfum og hefur þessi fjárfesting á tveimur árum nær þrefaldast þannig að töluvert reynir á til að mynda á gengi okkar og varasjóði meðan þetta dynur yfir.

Á hinn bóginn má segja að út af fyrir sig sé æskilegt að Íslendingar byggi upp eignarstöðu í erlendum bréfum. Það getur komið okkur vel síðar meir og nú þegar þessar eignir fara að nálgast 200 milljarða kr. þá fara þær smám saman að skila sér inn með afborgunum af vöxtum sem er gjaldeyrisstyrkjandi innstreymi.

En hvað varðar lífeyrissjóðina, eins og hv. þm. bendir á, þá hljóta þeir að hafa í huga að skuldbindingar þeirra eru verðtryggðar í íslenskum krónum og því er spursmál hversu hátt þeir eigi að fara með kaup af þessu tagi. Ég held að fyrirspurnin hv. þm. sé tímabær þó ég vilji ekki svara þessu efnislega beint, hvort rétt sé að breyta þessu með lögum eða hefja viðræður við lífeyrissjóðina. Ég tel a.m.k. að menn eigi að taka þetta til skoðunar, bæði í ranni ríkisstjórnar og hjá lífeyrissjóðunum.

[15:11]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og fagna því að þessi mál eru til skoðunar. Það er fyllilega ástæða til þess, að mínu viti, þó ekki sé til annars enn að eiga viðræður og benda þeim ágætu mönnum sem fyrir þessu standa á að þeir eru hluti af heild og þurfa að haga sér í samræmi við það.

Flóttamenn.

[15:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fyrir nokkrum missirum var stjfrv. um útlendinga lagt fyrir Alþingi þar sem var að finna kafla um flóttamenn, þar með talda hælisleitandi flóttamenn. Þetta var sannarlega tímabært. Hins vegar brá svo við að gerðar voru alvarlegar athugasemdir við frv. af hálfu mannréttindasamtaka hérlendis sem bentu á að réttarstaða hælisleitenda væri ekki tryggð með frv. Þetta frv. varð heldur ekki að lögum. Þrátt fyrir eftirrekstur, m.a. af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar, aftur og aftur við hinar ýmsu umræður, bólar ekkert á nýju frv. þar sem tekið er á þessum brýnu mannréttindamálum. Hins vegar liggur fyrir þinginu frv. um breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum og það snýst aðeins um eitt ákvæði sem með tilvísun til Dyflinnarsamningsins hnykkir á því að útlendingur eigi ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki með aðild að samningnum til að taka við flóttamanninum.

Við uppfyllum ekki flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna um að kynna hælisbeiðanda réttindi við komu, að hann fái strax lögfræðing, að hann fái túlk, að hann fái ráðgjöf og réttaraðstoð. Tugir flóttamanna hafa leitað hælis á liðnum árum og það hefur komið fram í fyrirspurnum og

svörum við þeim að þeim er alltaf snúið til baka. Einum var stungið inn eins og frægt er. Það er blettur á okkar þjóðarásýnd hvernig við tökum á flóttamönnum.

Hælisleitendur sem hingað koma, herra forseti, verða að uppfylla lög frá 1965 sem eru í gildi en fullkomlega úrelt. Þau gera kröfu um vegabréf, vegabréfsáritun, fyrir fram útvegað dvalarleyfi, fjölskyldutengsl, aðsetur á Íslandi, að þeir sjái um sig sjálfir og gildan farmiða til baka. Það er útilokað að sá sem leitar hælis geti uppfyllt þessi skilyrði og fólk á flótta er ekki með öll þessi persónuskilríki með sér.

Þess vegna spyr ég: Hvenær er von á frv. um útlendinga þar sem tekið er á þessum réttindamálum og heildarlöggjöf sett?

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að lögin frá 1965 eru komin nokkuð til ára sinna og þess vegna er unnið að því að leggja fram ítarlegt frv. um þetta málefni fljótlega. Það hefur tekið nokkurn tíma að vinna það mál. En það er ekki vegna þeirra alvarlegu athugasemda sem hafa komið fram í umsögn eins og hv. þm. hélt hér fram, heldur þurfti að endurskoða sérstaklega Schengen-ákvæði og setja þar inn í.

Varðandi frv. sem hv. þm. nefndi um Dyflinnarsamninginn þá eru það ákvæði sem tengjast Schengen-samkomulaginu og við erum að sjálfsögðu bundin af því samkomulagi eins og önnur aðildarríki. Það frv. tekur hins vegar ekki gildi fyrr en að því kemur að Ísland gerist formlega aðili að því samkomulagi í lok mars á næsta ári eins og til stendur.

Ég ítreka það að að sjálfsögðu fylgjum við á Íslandi alþjóðlegum skuldbindingum og skilyrði þess að einstaklingur fái hér hæli sem pólitískur flóttamaður er að hann eigi yfir höfði sér ofsóknir í heimalandi sínu. Því þarf að kanna sérstaklega hvort svo sé ástatt með hvern einstakling um sig. Mér finnst líka rétt að láta það koma hér fram vegna þess að nokkur umræða hefur orðið um þetta í fjölmiðlum um helgina, að þótt skilríkja útlendings sé getið í frávísunarúrskurði þá er úrskurðurinn ekki byggður á þeim skilríkjaskorti. Fyrst og fremst er um það að ræða að taka tillit til þess hvort hann eigi yfir höfði sér ofsóknir og hvort vernd hans sé skert með því að senda hann til baka, hvort sem það er til upprunalands hans eða þess lands sem hann kom frá.

[15:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ákveðið að fjalla ekki um eitthvert eitt einstakt mál. Búið er að koma að þessum málum aftur og aftur, a.m.k. í tvö eða þrjú undanfarin ár. Það er undarlega staðið að málum hér varðandi flóttamenn sem leita hælis. Dómsmrn. neitar mannréttindasamtökum um að sjá úrskurði sem felldir hafa verið varðandi hælisleitendur og það eru hælisleitendur sjálfir sem hafa lagt þá úrskurði fram til mannréttindasamtaka sem eru að berjast fyrir hag sínum. Kröfurnar eru þannig, eins og ég hef hér getið um, að enginn flóttamaður getur uppfyllt þær. Það er ekki hægt, herra forseti, að framkvæma Schengen-samninginn nema setja fyrst löggjöf um flóttamenn, um hælisleitendur, um vinnuafl og útlendinga almennt. En samt er verið að koma inn með Schengen-samninginn, með aðskilin lítil frv. um afmarkaða þætti, og ég spyr og vil fá skýrari svör: Hvenær kemur þetta frv. sem búið er að vera tvö eða þrjú ár í smíðum á meðan allir þessir samningar koma hérna inn á meðan?

[15:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil andmæla því að hér sé staðið undarlega að málum og varðandi það frv. sem fyrirspyrjandi spyr um, þá vænti ég þess að það komi inn í þingsalinn núna á næstu dögum, jafnvel í næstu viku.

Ég vil taka skýrt fram út af fullyrðingum hv. fyrirspyrjanda að ekki er rétt að hælisleitendur og aðrir fái ekki afhenta úrskurði hjá útlendingaeftirlitinu. Það er einmitt þannig að þeir fá slíka úrskurði afhenta eða talsmenn þeirra en hins vegar á almenningur ekki rétt á slíkum upplýsingum. Það byggist m.a. á ákvæðum í lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965, í mannréttindasáttmála Evrópu og upplýsingalögunum.

[15:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er stutt síðan við ræddum skýrslu utanrrh. um utanríkismál og þar voru góð orð höfð uppi um stöðu flóttamanna og í umræðum á liðnum missirum hef ég minnt á ný lög um flóttamenn sem sjá ekki dagsins ljós. Með því frv. sem hér liggur fyrir og verður rætt einhvern tíma á næstunni í þinginu er ljóst að Ísland getur alltaf firrt sig ábyrgð ef fyrirfinnst land þar sem viðkomandi flóttamaður hefur komið áður.

Ég vil líka nefna að ákvæði um fyrsta griðland eru reglur sem falla að alþjóðasamningum, en þetta er ekki samkvæmt flóttamannasamningnum og það er flóttamannasamningurinn sem við erum alltaf að tala um að fullgilda.

Við tölum stöðugt um mannréttindi og lýðræði, enda lýsir það mikilvægustu þáttum mannlegs samfélags, og það er til skammar fyrir okkur að taka ekki betur á þessum málum en verið hefur.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. fyrirspyrjanda í því að þetta sé okkur til skammar. Ég held þvert á móti að Íslendingar hafi tekið mjög vel á móti flóttamönnum og að sjálfsögðu ítreka ég það að við höfum fylgt alþjóðlegum skuldbindingum hvað þetta snertir. Ég er því ekki sammála þeim fullyrðingum sem hér koma fram. Ég vil bara ítreka það.

Niðurstöður Haag-ráðstefnunnar um loftslagsbreytingar.

[15:20]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Flestar þjóðir heims viðurkenna siðferðilega skyldu og ábyrgð sína á mengun andrúmsloftsins. Nýjustu rannsóknir vísindamanna eru af flestum taldar sanna að hlýnun þess er hraðari og afleiðingarnar meiri en áður var talið. Ekki náðist niðurstaða á umhverfisráðstefnunni í Haag og ekki er vitað á þessari stundu hvert framhaldið verður.

Á ráðstefnunni tóku Íslendingar sér stöðu meðal þeirra þjóða sem mestri mengun valda í svonefndum regnhlífarhópi undir forustu Bandaríkja Norður-Ameríku. Tillögur íslenskra stjórnvalda hafa snúist um að við fáum að menga meira en við höfum gert vegna þess að við værum svo smáir að jafnvel ein stóriðjuverksmiðja raskaði allri stöðu okkar og ekki væri sanngjarnt að hafa sömu reglu fyrir okkur og stærri iðnframleiðsluríki. Einnig að nýting okkar á hreinum orkugjöfum minnki mengun af álframleiðslu í heiminum og að við mengum eins og er minna en aðrar þjóðir.

Í ljósi þessa spyr ég hæstv. umhvrh.: Er hætta á því að þjóðir heims telji sig nú óbundnar af niðurstöðum Kyoto-ráðstefnunnar og leyfi aukningu mengunar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum? Ætla íslensk stjórnvöld að haga stefnu sinni hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda þannig að Ísland geti uppfyllt þau almennu skilyrði sem ráðstafanir Kyoto-bókunarinnar gera ráð fyrir þó að ekki náist samkomulag um framseljanlegan mengunarkvóta?

Ef íslensk stjórnvöld leyfa stækkun álverksmiðju Norðuráls í Hvalfirði og/eða nýja verksmiðju á Reyðarfirði, verður þá gert að skilyrði í samningunum við rekstraraðila að þeir kaupi losunarkvóta verði sú leið opin og/eða kosti aðrar mótvægisaðgerðir?

Í ljósi fullyrðinga hæstv. ráðherra í ríkissjónvarpinu um að umhverfissamtök hafi á ráðstefnunni látið í ljós ánægju með íslensku tillöguna um undanþágu vegna stóriðjuverkefna spyr ég: Hvaða umhverfissamtök gerðu það?

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að Íslendingar hafa tekið þátt í vinnunni á loftslagsráðstefnunni í Haag og þar höfum við unnið í svokölluðum regnhlífarhóp ásamt Bandaríkjamönnum, Kanada, Nýsjálendingum, Ástralíumönnum, Rússum og Norðmönnum svo einhver ríki séu tínd til. Það er rétt að þessi ríki eins og mörg önnur ríki stuðla að talsverðri losun á gróðurhúsalofttegundum, Bandaríkjamenn um 25%, ESB tæplega 20% og svona má lengi telja. Íslendingar eru með innan við 0,02% á sinni könnu.

Fyrirspyrjandi spurði hvort ríkisstjórnin mundi telja sig óbundna af Kyoto-samkomulaginu. Það er þannig núna að ekkert iðnríki hefur staðfest eða fullgilt Kyoto-bókunina og það mun trúlega ekkert iðnríki gera það fyrr en menn hafa komist að samkomulagi sem þjóðir heims geta staðið að varðandi þetta mál í heild sinni. Menn vilja sjá útfærsluna áður en þeir fara í það.

Varðandi það hvernig Íslendingar ætla að útfæra mál sín innan lands er ekki hægt að upplýsa það á þessari stundu. Við höfum ekki frekar en önnur ríki útfært það, ég get því ekki svarað því á þessari stundu hvaða skilyrði við munum setja fyrir atvinnugreinarnar.

Hvað varðar síðustu spurningu fyrirspyrjanda um umhverfisverndarsamtök á ráðstefnunni í Haag, þá býst ég við að hv. þm. sé að vitna til viðtals í ríkissjónvarpinu í gær þar sem ég sagði að ég hefði hitt fólk frá umhverfisverndarsamtökum sem ég hefði spjallað við. Það fólk var ekki forsvarsmenn neinna samtaka en það var þarna í einkennisbúningum að dreifa bæklingum og átti ég við það ágætt samtal og það vill leggja mjög mikla áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa eins og við erum að bjóða upp á.

[15:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir svörin heldur rýr. Ég gat ekki skilið síðasta svarið öðruvísi en að umhverfisverndarfólk væri tiltölulega ánægt með tillögur ríkisstjórnarinnar sem þarna voru á ferðinni. En menn hafa brugðist illa við þessum tíðindum frá hæstv. ráðherra. Náttúruverndarsamtök Íslands hafa mótmælt þessu og bent á að þau hefðu samsvarandi stefnu og önnur samtök sem hafa alls ekki skrifað upp á slíka stefnu á neinn hátt.

Mér þykir vont ef ekki er hægt að svara því hvort íslensk stjórnvöld ætli sér að vinna þannig að málum í framhaldi málsins núna að hægt sé að taka á því með öðrum þjóðum að ná mengun niður í heiminum og vera með í því átaki. Þannig þurfa Íslendingar auðvitað að vinna að þeir geti gert það. Til þess þurfa þeir vitanlega að fara varlega í samningum við erlend stóriðjufyrirtæki sem hingað koma og sjá til þess að ábyrgðin liggi þar sem hún á að liggja í málinu.

[15:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hitti fólk úr umhverfisverndarsamtökum í Haag sem var að dreifa bæklingum. Helstu áhersluatriðin í þeim bæklingum voru að minnka eigi notkun á kolum og olíu en auka notkun á endurnýjanlegaum orkugjöfum. Ég fjallaði um það mál og ræddi við þetta fólk um tillögu okkar, að það væri einmitt það sem fælist í tillögu okkar og því fannst það ágætt. Það er ekki þar með sagt að einhver umhverfisverndarsamtök í heild sinni hafi verið að samþykkja tillögu okkar, þetta var spjall sem ég átti við fólk á staðnum. Enda eru menn að leita eftir nýjum orkugjöfum eins og við höfum upp á að bjóða.

Auðvitað munum við vinna áfram með þjóðum heims að því að hemja losun gróðurhúsalofttegunda. Það höfum við gert og samstaðan er aukast um að ná því máli í höfn en við féllum á tíma í Haag, því miður. Þjóðir heims féllu á tíma í Haag. Þess vegna verður framhaldsfundur í maí þar sem ég vona svo sannarlega að við getum tekist á við þetta verkefni og náð því í höfn.

[15:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Menn féllu á tíma í Haag. Ég geri ráð fyrir að Íslendingar hafi átt þátt í að við féllum á tíma þar því að ágreiningurinn var greinilega uppi fyrst og fremst hjá þeim sem vildu ekki ganga það langt að hægt væri að ná árangri í að minnka mengun í heiminum. Mér finnst hæstv. ráðherra hins vegar sýna tækifærisstefnu með því að nefna til eitthvert umhverfisverndarfólk sem hún hafi talað við og hafi tekið undir tillögur okkar þegar enginn kannast við slíkt frá hendi slíkra samtaka. Þó að einhverjir einstaklingar tali við hæstv. ráðherra, þá er ekki rétt að halda því á lofti að það sé einhvers konar gæðastimpill á tillögur okkar. Auðvitað eiga menn að vinna að hugmyndum sínum og tillögum og reyna að ná fram samstöðu um þær og ekkert nema gott um það að segja, en það þýðir ekki að kalla til einhver vitni sem hafa raunverulega enga ábyrgð í málinu. Mér finnst að Íslendingar þurfi að passa upp á, og ég endurtek það, að hægt sé að ná saman með öðrum þjóðum um þær aðgerðir sem í verður farið í framtíðinni en þeir brenni ekki brýr að baki sér í þessum málum.

[15:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa fulla heimild til að skýra frá samtölum sem ég á við fólk annars staðar en ég heyri að það kemur ýmsum mjög illa. Fólk er að kalla eftir því úti í heimi að hægt verði að nota meira af endurnýjanlegum orkugjöfum og fara úr olíunni, úr kolunum og úr kjarnorkunni. Þetta er nákvæmlega það sem Íslendingar eru að bjóða upp á og það er jákvætt. Margir sjá það þó að viðkomandi fyrirspyrjandi sjái það kannski ekki.

Hvað varðar viðræðurnar þá strönduðu þær á stærstu ríkjunum. Bandaríkjamenn og Evrópusambandið töldu sig vera búin að semja um tíma. Síðan kom í ljós að það stóðst ekki

vegna innri ágreinings hjá Evrópusambandinu. Við reyndum allt sem við gátum til þess að koma málum í höfn og liðka fyrir en við féllum á tíma og við féllum sameiginlega á tíma og það bera allir einhverja ábyrgð í því. En aðallega voru það stóru ríkin sem sátu með samningsumboðið á lokasprettinum og það eru þau ríki sem munu verða að gefa meira eftir til að samningar náist.

Innflutningur á fósturvísum úr norskum kúm.

[15:30]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum flutti ég fyrirspurn til hæstv. landbrh. um fyrirhugaða tilraun á innflutningi á fósturvísum úr norskum kúm og hvort hann teldi ekki að ástæða til frestunar væri til staðar þar sem einstaklingur í Noregi hafði látist úr Creutzfeldt-Jakobs sjúkdóminum, en hæstv. ráðherra upplýsti að fram hefði komið að sá einstaklingur hefði ekki látist af smiti í gegnum nautgripi. En þó að eingöngu fáir dagar séu liðnir frá því að ég bar upp fyrirspurnina og að fram kom í svari ráðherra að hann væri ekki tilbúinn til að fresta tilrauninni, þá hafa fréttir núna um helgina verið þess eðlis að ég vil ítreka fyrirspurn mína, því að um alla Evrópu er að koma fram smit í búpeningi, í nautgripum, kúariða á svæðum þar sem talið var að væru algerlega laus við slíkt smit. Kúariða er mjög alvarlegur sjúkdómur og smitið er nú að eyðileggja allan kjötmarkaðinn í viðkomandi löndum þar sem sýkin er að koma upp. Tími frá smiti til sjúkdómsgreiningar í mönnum er langur og smitleiðir eru enn þá ekki ljósar að fullu.

Herra forseti. Miðað við þessar aðstæður og þær fréttir sem berast alls staðar að úr Evrópu vil ég enn og aftur spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að afturkalla leyfið eða fresta því a.m.k. þar til þetta fár er gengið yfir eða ljóst sé hvernig smitið berst á milli.

[15:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Staðan er sú sem ég lýsti hér á dögunum. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að kúariða hefur aldrei komið upp í Noregi. Í öðru lagi er ljóst að einstaklingurinn sem dó lést ekki úr því afbrigði sem tengist að kúariðu. Noregur er mjög frábært land í kröfugerð sinni og umgerð um landbúnaðinn og skýrsluhaldi, þar er allt í góðu horfi.

Þessi tilraun yrði auðvitað stöðvuð ef eitthvað gerðist og kæmi upp sem ógnaði stöðu okkar. Ég hef margfarið yfir það að fósturvísar bera ekki með sér sjúkdóma og að vísindamenn benda ekki á það neins staðar í veröldinni að það sé mögulegt — og sé ég nú að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir eitthvað. En miðað við stöðuna í Evrópu á íslensk náttúra og íslenskur landbúnaður ný og glæsileg sóknarfæri því að við eigum landið, við eigum kjötið sem við getum boðið á þá markaði og hafið sókn í byggð og í landinu sjálfu. Það eru því ný og glæst tækifæri sem íslenskir bændur eiga vissulega að nýta sér. Við eigum hér blendingsgripi af Aberdeen Angus, Limousin og Galloway og íslenska gamla nautakjötið sem við getum nú með nýjum hætti sent á markaði í Evrópu.

Ég hef sagt á fundi að nú eigi íslenskir bændur að stofna með sér félag og selja í gegnum internetið á heimasíðum íslenskt kjöt og auglýsa hina hreinu íslensku náttúru og þá hörðu kröfugerð sem hér er uppi um að vernda sérstöðu íslenska landbúnaðarins. Við eigum því tækifæri, hv. þm., en eigum ekki að reyna að vefja þessari umræðu upp í flókið mál. Hér fer fram lítil tilraun í tveimur fjósum. Íslenska kýrin fær sinn stóra sjens í þessari baráttu því í hana verða lagðar 35 millj. kr. í ræktunarátak og ég held að Búkolla sé tiltölulega glöð yfir þessu öllu saman.

[15:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ástæðan fyrir því að ég kem aftur með þessa fyrirspurn sú að fyrir örfáum dögum töldu menn í Evrópu, á Spáni, í Þýskalandi og á fleiri stöðum, að þar væri ekkert smit á ferðinni. Hvað vitum við um Noreg? Hvað geta menn fullyrt um að það sé ekki í Noregi? Þetta er mjög dulin sýking og erfitt að standa á þeirri fullyrðingu að þetta smit sé ekki til staðar þar sem skepnur geta farið á milli.

Ég ætla að vona að draumar ráðherra um hina hreinu Búkollu fái staðist og að það verði með þeim hætti að tilraunin verði blásin af og að bændur geti áfram ræktað upp hina hreinu Búkollu til útflutnings inn á þá markaði sem núna eru að hrynja og ná upp eiginleikum íslensku kýrinnar með kynbótum og ná upp meiri mjólkurframleiðslu, meiri eiginleikum mjólkurinnar og betri spenagerð eins og bændur vilja leita eftir en án þess að farið sé út í þessa tilraun.

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Af því að ég eyddi fyrri ræðu minni í hugsjónirnar og þá möguleika sem ég sé nú í stöðunni, vil ég samt sem áður leggja á það áherslu að hér er engin norsk kýr að koma inn í íslenskt fjós hjá bændum til framleiðslu. Hér verður einungis farið í mjög takmarkaða tilraun á tveimur búum, Stóra-Ármóti og Ármóti, til samanburðar. Síðan er það síðari tíma ákvörðun hvað gert verður. Það er framtíðarinnar að skera úr um það eftir átta til tíu ár þegar tilraunin hefur verið leidd til lykta. Við eigum því ekki að vefja Íslandi eða Noregi inn í þá alvarlegu stöðu sem er í Evrópu heldur eiga þessar tvær þjóðir nú miklu sterkari möguleika og af því að við erum með hreinni náttúru. Við höfum haldið vel utan um heilbrigðismál okkar og þessar tvær þjóðir munu gera það áfram. Noregur er með okkur í fremstu röð.

Ég lýsi því hér yfir enn og aftur að ef eitthvað kemur upp á í þessu ferli verður tilraunin auðvitað stöðvuð.

[15:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er einmitt þess vegna sem við viljum vera áfram í landi okkar, vinstri grænir sem aðrir. Ekki er vitað með fullri vissu hvort smit getur borist með fósturvísum eða ekki. Menn telja að svo sé ekki, en svo mikil tortryggni er alls staðar í Evrópu gagnvart þessari pest sem dynur á búpeningi að við eigum ekki að tefla kjötframleiðslu okkar í neina tvísýnu. Við eigum að halda merkjum okkar á lofti og gæta þar fyllstu varúðar og halda uppi þeim merkjum sem landbrh. hefur talað fyrir.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um að ef vinstri grænir réðu þá væri of seint að lifa. Hér eru menn í heilum stjórnmálaflokkum iðulega að fiska í gruggugu vatni, skapa tortryggni til þess kannski að reyna að skapa sér fylgi.

Það liggur fyrir meðal færustu vísindamanna — vísindamaður er öðruvísi gerður en stjórnmálamaður, guði sé lof, hann er aldrei jafnfullyrðingasamur, hann á alltaf efann í

hjarta sínu sem er svo dýrmætur — en vísindamennirnir segja um fósturvísaflutning og jafntakmarkaðan og hér á að eiga sér stað að hvergi sé að finna tilfelli þar sem slíkt hefur valdið slysi.

Auðvitað verður mjög grannt fylgst með öllum aðstæðum í Noregi og staðið þannig að þessari tilraun að færustu vísindamenn okkar haldi þar utan um hvern lið. Ef eitthvað gerist í Noregi og eitthvað mistekt í tilrauninni, þá verður hún stöðvuð.

En ég trúi því að nú verði friður í átta til tíu ár í íslenskri nautgriparækt sem skili henni fram á veginn. Ég bið vinstri græna um að standa að þeim friði með íslenskum bændum sem eiga á mörgum öðrum sviðum í vök að verjast.

Arkitektanám á Íslandi.

[15:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Íslenskir arkitektar hafa lengi haft áhuga á því að kennd verði byggingarlist hér á landi en árið 1985 var samþykkt á félagsfundi í Arkitektafélagi Íslands að hefja undirbúning að kennslu í greininni.

Fyrir um tíu árum lá fyrir skýrsla nefndar sem starfaði á vegum menntmrh. þar sem lagt var til að kennsla í greininni yrði hafin hér á landi sem fyrst. Á síðustu tveimur árum hafa Arkitektafélag Íslands og Íslenski arkitektaskólinn staðið fyrir ítarlegri umfjöllun um menntamál arkitekta og hafa samtökin nú komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegast sé að hýsa slíkt nám í sjálfstæðri deild við Háskóla Íslands en í *nánu samstarfi við Listaháskóla Íslands.*

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru 52 umsækjendur um arkitektanám fyrir næsta námsár og hefur þeim farið ört fækkandi á síðasta áratug. Nýliðun í stéttinni er orðin mjög lítil og stefnir í að svo verði áfram ef ekkert verður að gert. Í ljósi þess að nú liggur fyrir ósk arkitekta um að hýsa slíkt nám í Háskóla Íslands vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort eitthvað sé að vanbúnaði fyrir menntmrn. að semja við Háskóla Íslands um námsuppbygginu í sjálfstæðri arkitektadeild við háskólann og jafnframt um hver séu áform menntmrh. í þessum efnum.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ljóst er að ekki er spurning um hvort hafist verður handa við arkitektanám hér á landi heldur hvenær. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta hefur verið til umræðu bæði hvað varðar Listaháskóla Íslands og einnig Háskóla Íslands. Þeir skólar hafa í sjálfu sér ekki komið sér saman um neina niðurstöðu í málinu sem væri mjög æskilegt, en ég tel að þær viðræður sem nú fara fram á vettvangi menntmrn. við Háskóla Íslands um málið muni leiða til niðurstöðu sem gerir Háskóla Íslands kleift að taka ákvarðanir sem eru í samræmi við þau áform sem hann hefur uppi í þessu.

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því. Ef ég met svar hæstv. menntmrh. *rétt þá lítur hann svo á að líklega verði niðurstaðan sú að* samið verði við Háskóla Íslands um að þar verði sett á stofn sérstök arkitektadeild sem ég tel vera mjög æskilegt í ljósi þess að það er það sem fagaðilarnir sjálfir hafa óskað eftir. En mér fannst ekki liggja nægilega ljóst fyrir í svari hæstv. ráðherra hvort það væri í raun og veru áform menntmrn. að námið yrði vistað við Háskóla Íslands frekar en að það yrði vistað einhvers staðar annars staðar eins og við Listaháskóla Íslands.

Ég vil gjarnan fá skýrara svar frá hæstv. menntmrh. hver væri stefna ráðuneytisins í þessum efnum.

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt eru samskipti ráðuneytisins við háskólana þess eðlis að samið er við þá um ákveðnar fjárveitingar og síðan er það háskólanna að meta til hvers þeir peningar fara, hvort þeir fara í arkitektanám, verkfræðinám eða eitthvað annað. Við lítum þannig á að það sé ekki endilega háð samþykkti menntmrn. hvort nýjar greinar komi til sögunnar í einstökum skólum. En það er ljóst að Háskóli Íslands hefur uppi þessi áform. Listaháskólinn hefur einnig á döfinni að koma á laggirnar hönnunardeild og fara inn á þær brautir þó að ekki sé þar um arkitektanám í sjálfu sér að ræða. Þarna skarast greinilega sviðin með einum eða öðrum hætti en ráðuneytið er í samningum við báða þessa skóla.

[15:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svörin svo langt sem þau ná, en ég hef ekki enn þá fengið svar við því hver sé stefna menntmrn. í þessum efnum vegna þess að það hlýtur að vega þungt eftir þá skoðun sem hefur farið fram eftir að nefnd sem starfaði á vegum menntmrn. skilaði áliti. Í rauninni liggja fyrir allar forsendur í málinu. Óskir þeirra sem starfa í faginu liggja fyrir og þá hlýtur stefna menntmrn. að vega þungt hver og að einhverju leyti hlýtur *menntmrn. að bera ábyrgð á því hvernig fari fyrir þessu* námi en að það snúist ekki um samkeppni á milli þessara tveggja skóla hvernig þeir nýta fjármagn sitt. Þeim er fengið ákveðið hlutverk og ef óskað er eftir því að ákveðinni deild sé bætt við þá hlýtur að fylgja því einhver nánari stefna frá menntmrn. um hvernig að því skuli staðið.

Ég hef ekki enn fengið það fram hjá hæstv. ráðherra og ef hann ekki getur útskýrt það betur fyrir mér verð ég að skilja það svo að menntmrn. sé í raun og veru stefnulaust í málinu.

[15:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði þá er það stefna menntmrn. að það sé háskólanna að ákveða hvaða nám þeir bjóða. Það er ekki ráðuneytið sem ákveður hvaða nám er í boði í einstökum háskólum. Það sem um er að ræða er að við semjum við háskólana um ákveðið fé til nemenda, nemendafjölda í skólunum og Háskóli Íslands hefur uppi áform um að stofna arkitektadeild hjá sér.

Það er einnig ljóst að Listaháskólinn hefur uppi áform um að stofna sína eigin hönnunardeild. Málum er hins vegar ekki svo farið að arkitektar séu á einu máli um hvort vista eigi þetta í Háskóla Íslands eða Listaháskóla Íslands.

Fjáraukalög 2000, 2. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 156, nál. 340, 352 og 353, brtt. 341.

[15:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Afgreiðsla frv. til fjáraukalaga er nú nokkuð fyrr á ferðinni en áður. Er það í samræmi við þær áætlanir sem hafa verið settar um að flýta umræðu um fjáraukalög og fjárlög frá því sem áður hefur verið. Við höfum unnið að því hörðum höndum í fjárln. að standast þessar áætlanir og ég vona að það takist.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 42 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 2.063,7 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í nefndarálitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Með þessum tillögum til hækkunar er gjaldaaukning samkvæmt frv. 5,7 milljarðar kr.

Nokkur atriði standa út af og þar eru stærst að nefndinni vannst ekki tími til að fjalla um heilbrigðismál til hlítar fyrir þessa umræðu en mun hugsanlega leggja fram breytingartillögu varðandi þau við 3. umr. en nú er unnið að því að móta tillögur í þeim efnum.

Þetta fjáraukalagafrv. í heild felur í sér nokkrar stórar ákvarðanir um útgjöld og þessi útgjaldaaukning skýrist af þeim. Annað er að mestu leyti leiðréttingar og framreikningur. Hins vegar eru þessar stóru upphæðir kostnaður vegna sendiráða eins kom fram í frv. og var rætt við 1. umr. Það eru ákvarðanir varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er reiknað með 700 millj. kr. framlagi í jöfnunarsjóðinn í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar. Tryggingagjöld hafa vaxið og endurmat á vaxtagjöldum felur í sér útgjöld upp á hálfan milljarð eða 500 millj. kr. eins og ég kem að síðar.

Ég mun nú rekja breytingartillögurnar og þær skýringar sem þeim fylgja. Fyrst er til að taka æðstu stjórn ríkisins eða embætti forseta Íslands. Gerð er tillaga um 3,4 millj. kr. viðbótarfjárheimild vegna halla sem myndast hefur á árunum 1999–2000 vegna hærri stjórnunarkostnaðar og meiri kostnaðar við opinberar heimsóknir en gert hafði verið ráð fyrir. Einnig er lögð til 11,6 millj. kr. hækkun á fjárheimild vegna halla við opinberar heimsóknir. En 3,4 millj. eru vegna hærri stjórnunarkostnaðar.

Alþingi. Alþingiskostnaður. Lagt til að fjárveiting til Alþingis verði aukin um 13 millj. kr. vegna aukins ferðakostnaðar innan lands í kjölfar stækkunar á kjördæmum.

Alþjóðasamstarf. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. til að mæta útgjöldum af meiri erlendum samskiptum en áður var gert ráð fyrir.

Sérverkefni. Lögð er til 13 millj. kr. hækkun á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum út gjöldum vegna aðstöðu í tengslum við þingfund á kristnihátíð á Þingvöllum.

Fasteignir. Gerð er tillaga um 83 millj. kr. aukafjárveitingu vegna stofnkostnaðar við húsnæði Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 2000 er 113 millj. kr. framlag sem ætlað var til framkvæmda við innréttingar og til kaupa á búnaði á 2.–5. hæð í Austurstræti 8–10 og 2. hæð í Austurstræti 10A. Fyrirhugað er að flytja alla starfsemi fastanefnda þingsins og hluta af skrifstofum alþingismanna í þetta húsnæði. Ætlunin er að ljúka því innan tíðar.

Forsætisráðuneyti. Ritun sögu Stjórnarráðsins. Gerð er tillaga um 3,9 millj. kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við ritun á sögu Stjórnarráðsins. Ritnefnd hefur ákveðið tilhögun verksins, ráðið höfunda og áætlað annan kostnað við verkið.

Gerð er tillaga um 16 millj. kr. aukaframlag vegna kostnaðar við kristnihátíð, en nú liggja fyrir fyrstu drög að uppgjöri fjármála hátíðarinnar. Skýrist frávikið fyrst og fremst af hærri kostnaði við framkvæmdir en áætlað hafði verið. Hluti af þeim kostnaði er vegna mannvirkja sem upphaflega stóð til að yrðu eingöngu til nota yfir hátíðina, en ákveðið var að þau yrðu varanleg til gagns fyrir þá sem heimsækja þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Gerð er tillaga um 4,9 millj. kr. fjárveitingu til landafundanefndar til lokauppgjörs á uppbyggingu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi en mannvirkin voru vígð og afhent grænlensku heimastjórninni á landafunda- og kristnitökuhátíð þar um miðjan júlí sl. Gengisþróun undanfarin ár hefur verið verkefnunum óhagstæð miðað við upphaflega áætlun. Umframkostnaður frá upphaflegum verksamningi kom til vegna þess að lengra var gengið í framkvæmdum en upphaflega stóð til.

Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. aukaframlag í samræmi við tillögur nefndar sem forsætisráðherra skipaði 1999 til fjalla um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar.

Menntamálaráðuneyti. Gerð er tillaga um 90 millj. kr. hækkun á framlagi til kennslu í Háskóla Íslands. Fjárveiting ársins 2000 miðaðist við 3.888 nemendaígildi á síðasta skólaári en skólinn hefur tilkynnt að þau hafi reynst 4.264 og að samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið vanti um 200 millj. kr. til að mæta útgjaldaaukanum. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 229,5 millj. kr. á lið 02-299 til að ljúka samningum við háskóla, nemendafjölgun og tilfærslu nemenda á milli reiknilokka náms og er framlagið til viðbótar því.

Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, fái 0,6 millj. kr. aukafjárveitingu til reksturs safnsins. Styrkur frá þjóðminjaráði vegna launa safnstjóra og sérverkefna varð um 1,2 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Þjóðleikhús. Gerð er tillaga um 66 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að Þjóðleikhúsið geti gert upp skuld sína við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hlutdeildar í lífeyrishækkunum fyrrverandi starfsmanna. Í fjárlagafrumvarpi 2001 er lagt til að leikhúsið verði gert að A-hluta stofnun.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að hljómsveitinni verði bættur 1,5 millj. kr. tekjumissir vegna niðurfellingar á skemmtanaskatti á miðju árinu 1998.

Alþjóðleg samskipti. Aðildargjöld ESB. Lagt er til að veitt verði 10,2 millj. kr. viðbótarframlag vegna hækkunar á aðildargjöldum. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 242,8 millj. kr. til greiðslu á aðildargjöldum vegna þátttöku Íslendinga í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að þau muni nema 267,4 millj. kr. Ónotuð fjárheimild frá 1999 nemur 14,4 millj. kr. þannig að 10,2 millj. kr. vantar til að endar nái saman.

Gerð er tillaga um 4,7 millj. kr. aukafjárveitingu til Gunnarsstofnunar, sem hóf starfsemi sína að Skriðuklaustri sl. sumar, til að standa straum af ýmsum óvæntum kostnaði sem hefur fallið til við að hefja starfsemi stofnunarinnar.

Lagt er til að veitt verði 18 millj. kr. aukaframlag vegna umframkostnaðar við heimssýninguna í Hannover. Í fjáraukalagafrumvarpi 2000 er tillaga um 20 millj. kr. fjárveitingu sem sett var fram með fyrirvara um breytingar þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir, m.a. með tilliti til sölu á íslenska skálanum. Tekist hefur að selja íslenska skálann til danska fyrirtækisins Danfoss fyrir samtals 45,7 millj. kr. en samkvæmt fyrirliggjandi tölum um kostnað af heimssýningunni stefnir í að hann verði 38 millj. kr. umfram það sem áætlað var.

Lögð er til 23 millj. kr. hækkun á fjárheimild vegna uppgjörs á byggingarkostnaði sendiráðs Íslands í Berlín. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins er hér um lokagreiðslu að ræða með þeim fyrirvara þó að enn er ekki kominn lokareikningur frá einum verktaka, auk þess sem enn er deilt um endanlegt uppgjör í tveimur málum.

Gerð er tillaga um 7,2 millj. kr. fjárveitingu til Skógræktarfélags Íslands vegna framkvæmdarsamnings við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti um Landgræðsluskóga og átaks um aldamótaskóga.

Gerð er tillaga um 5,5 millj. kr. fjárveitingu til að standa straum af endurbótum á húsnæði yfirdýralæknis til dýrasjúkdómarannsókna.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lagt er til að veitt verði 20 millj. kr. fjárveiting til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla skólans í trausti þess að áfram verði unnið að varanlegri lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar. Á yfirstandandi ári hefur verið gripið til nokkurra hagræðingaraðgerða, svo sem breytinga á búrekstri og minni eignakaupa. Gert er ráð fyrir að áfram verði haldið á þeirri braut.

Gerð er tillaga um 5,7 millj. kr. aukafjárveitingu til Suðurlandsskóga til að mæta kostnaði við skógræktaráætlanir. Ákveðið var á síðasta ári að slíkur kostnaður skyldi ekki greiddur af Skógrækt ríkisins eins og verið hafði og varð þá ljóst að ekkert fjármagn yrði til að greiða hann en bindandi trjáplöntusamningar höfðu þá þegar verið gerðir.

Gerð er tillaga um 7,7 millj. kr. aukafjárveitingu vegna reksturs rannsóknarskipa Hafrannsóknastofnunar. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að olíukostnaður í rekstri skipanna yrði 20 millj. kr. á árinu 2000. Vegna hækkana á olíuverði var kostnaðurinn fyrstu átta mánuði ársins orðinn um 22 millj. kr. og til áramóta má búast við að kostnaðurinn verði 7,7 millj. kr. hærri á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Gerð er tillaga um 6 millj. kr. aukafjárveitingu til Keldnaholts vegna hækkana á gjöldum umfram forsendur fjárlaga vegna reksturs á húseignum í Keldnaholti. Um er að ræða kostnað vegna rafmagns, hita og ræstinga, svo og fasteignagjöld og opinber gjöld.

Lagt er til að veitt verði 5 millj. kr. aukafjárveiting til Persónuverndar til að mæta kostnaði við að setja reglur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Ekki var gert ráð fyrir þessu verkefni í frumvarpi til laga um persónuvernd en sú breyting var gerð á frumvarpinu í meðförum Alþingis. Að mati stjórnar Persónuverndar er óhjákvæmilegt að fá erlenda sérfræðinga til að vinna verkið til að tryggja sérþekkingu á þeim staðli sem notaður verður. Samkvæmt verðkönnun hjá erlendu ráðgjafarfyrirtæki má ætla að kostnaðurinn geti numið um 5 millj. kr.

Lagt er til að framlag til tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins verði aukið um 2,5 millj. kr. í kjölfar samnings sem gerður var við Skráningarstofuna hf. um rekstur miðstöðvarinnar.

Ríkissáttasemjari. Gerð er tillaga um 8 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna aukins kostnaðar í tengslum við umfangsmikla kjarasamningagerð á árinu.

Lögð er til 5,3 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til meðferðarheimilisins að Torfastöðum í kjölfar skattkröfu sem rekstraraðila meðferðarheimilisins hefur verið úrskurðað að greiða vegna áranna 1992–1996 og ekki var áætlað fyrir.

Í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga og tillagna tekjustofnanefndar er gerð tillaga um 700 millj. kr. tímabundna viðbótarfjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað verði með líkum hætti og sambærilegt framlag árið 1999. Framlaginu er ætlað að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem hafa ekki möguleika á að draga úr rekstri og þjónustu til samræmis við fækkun íbúa og samdrátt í tekjum.

Lögð er til 7,6 millj. kr. viðbótarfjárveiting til að endurgreiða sveitarfélögum uppsafnaða skuld vegna félagsþjónustu við erlenda ríkisborgara, sbr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og myndast hefur á árinu 1999. Í lögunum er kveðið á um að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu eða hafa átt lögheimili skemur en í tvö ár. Aðstoðin skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félmrn., enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi.

Gerð er tillaga um 57,2 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu skuldar við Tryggingastofnun ríkisins vegna lögbundinnar skyldu félmrn. til að greiða meðlög, sbr. 25. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Þar er kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, framfærslueyri með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka er greinir í almannatryggingalögum. Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því getur sýslumaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Gerð er tillaga um að veita Foreldra- og styrktarfélagi Öskjuhlíðarskóla 4 millj. kr. framlag til rekstrar félagsins á sumardvöl fyrir nemendur skólans, en halli hefur verið á rekstrinum síðustu ár. Eftir reksturinn sl. sumar er enn halli sem nemur um 4 millj. kr.

Lagt er til að Byrgið, kristilegt líknarfélag, fái 9,5 millj. kr. aukafjárveitingu. Gerður var samningur um að Byrgið fengi til afnota aflagða ratsjárstöð á Miðnesheiði sem gengið hefur undir nafninu Rockville. Húsin þar voru illa farin og enn hefur ekki tekist að ganga þannig frá að unnt sé að reka þá starfsemi á staðnum sem ætlað er en til stóð að taka húsin í notkun sl. haust. Meðal annars þurfti miklar lagfæringar við lagnir sem talið hafði verið að væru í lagi, sömuleiðis þurfti endurbætur á frárennsli og rafmagni. Þá hefur verið gerð krafa um að öll hús verði teiknuð upp og málsett samkvæmt íslenskum stöðlum.

Gerð er tillaga um 175 millj. kr. hækkun á framlagi til lyfjamála. Endurmat á útgjöldum til lyfjamála eftir tíu mán-

uði bendir til þess að útgjöld málaflokksins verði 4.765 millj. kr. á árinu 2000. Útgjaldaspáin hefur hækkað um 175 millj. kr. frá því í sumar vegna hærri útgjalda á haustmánuðum en ráð var fyrir gert.

Gerð er tillaga um 30 millj. kr. lækkun framlags í ljósi endurmats á útgjöldum við þjálfun.

Lögð er til 25 millj. kr. lækkun framlags í ljósi endurmats á útgjöldum við tannlækningar.

Lagt er til að veitt verði 35 millj. kr. aukaframlag til að mæta umframkostnaði við verklok á nýrri barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem fyrirhugað er að opna í nóvember á þessu ári.

Lagt er til að millifærð verði 20,6 millj. kr. fjárheimild frá Landspítala til Heilsuverndarstöðvarinnar vegna flutnings verkefna. Mæðravernd Landspítalans við Hringbraut var sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar 1. október 1999. Launakostnaður frá 1. október 1999 til 31. desember 2000 nemur 20,6 millj. kr.

Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni. Lagt er til að 6,7 millj. kr. af ónýttri fjárveitingu til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 verði millifærðar á þennan lið til reksturs tímabundinnar hjúkrunardeildar og sjúkrahústengdrar heimahlynningar fyrir aldraða. Sú starfsemi verður lögð niður í árslok 2001 þegar Sóltún tekur til starfa.

Lagt er til að 5,1 millj. kr. hluti af ónýttri fjárveitingu til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 verði millifærður til reksturs tveggja nýrra hjúkrunarrýma í Skógarbæ til að mæta brýnni þörf á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu.

Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík. Gerð er tillaga um 23,6 millj. kr. lækkun á þessum lið. Um er að ræða fjárveitingu sem ætluð var til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns árið 2000 en starfsemi þess mun ekki hefjast fyrr en í lok árs 2001. Eins og fyrr greinir er lagt til að hluti fjárhæðarinnar, 5,1 millj. kr., verði millifærður til reksturs tveggja nýrra hjúkrunarrýma eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Lagt er til að millifærð verði 20,6 millj. kr. fjárheimild frá Landspítala til Heilsuverndarstöðvarinnar vegna flutnings verkefna. Ég hef áður gert grein fyrir því máli.

Gerð er tillaga um 1,3 millj. kr. aukaframlag til Forvarnasjóðs til greiðslu biðlauna til fyrrverandi starfsmanna áfengisvarnaráðs.

Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um að Gamla apótekið, menningar- og kaffihús ungs fólks á Vestfjörðum, fái 2,5 millj. kr. framlag á fjáraukalögum fyrsta rekstrarár sitt. Markmiðið með starfsemi hússins er að reyna að auka skilning og vitund ungs fólks á því að hægt sé að skemmta sér og stunda menningar- og listalíf án neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Samgrn. innheimtir, á grundvelli reglna um bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa nr. 530/1998, gjald að upphæð 30 þús. kr. af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum til að standa straum af kostnaði við eftirlit með starfsemi þeirra. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er farið fram á ráðstöfun þess á móti áföllnum kostnaði í samræmi við lög. Fjármögnun tillögunnar er sett fram í fyrirliggjandi frv. sem viðskiptahreyfing en á að vera greiðsla úr ríkissjóði og er gerð tillaga um það til leiðréttingar. Fjárveiting er hins vegar óbreytt.

Gerð er tillaga um að Slysavarnafélagið Landsbjörg fái 7,4 millj. kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við notkun þyrlna við æfingar Slysavarnaskóla sjómanna. Reikningar hafa safnast upp vegna þessara æfinga. Landhelgisgæslan hóf árið 1994 að innheimta hjá skólanum greiðslur fyrir notkun þyrlna við æfingar skólans en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum vegna æfinganna.

Vegagerðin. Lögð er til 100 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til nýframkvæmda vegna verðhækkana á olíu. Um nokkurra ára skeið hefur gilt sú regla við útboð hjá Vegagerðinni að ekki eru greiddar verðbætur á verk sem taka styttri tíma en tvö ár. Verðsveiflur á aðföngum verktaka hafa ekki verið miklar og hefur þessi tilhögun því ekki sætt gagnrýni. Í júní sl. kom til framkvæmda breyting á þungaskattskerfinu sem leiddi til hækkunar á gjaldi vegna hluta þungra bíla. Miðað við notkun hjá verktökum almennt má reikna með að breytingin hafi leitt til hækkunar. Aðföng verktaka hafa einnig hækkað nokkuð á þessu ári en olían þó allra mest. Verð dísilolíu hækkaði um 77% frá júní 1999 til október 2000. Mjög veigamiklar ástæður þarf til að réttlæta breytingu á ákvæðum útboðsgagna, t.d. varðandi verðlagsákvæði, eftir að samningar eru gerðir en vegna þessara hækkana sem eru langt umfram það sem vænta mátti telst ekki hjá því komist að taka tillit til þeirra og hefur Vegagerðin sett nánari reglur um hvernig að útreikningi bóta skuli staðið.

Gerð er tillaga um 8 millj. kr. aukafjárveitingu til að gera upp 8 millj. kr. skuld Grenivíkurhafnar við Grýtubakkahrepp. Þegar Hafnasamlag Norðurlands var stofnað fyrir tæpum fjórum árum tók samgrn. þátt í undirbúningsvinnu við það. Kom þá fljótlega í ljós að Grenivíkurhöfn skuldaði Grýtubakkahreppi rúmar 12 millj. kr. og ákvað ráðuneytið að greiða hluta skuldarinnar, eða 8 millj. kr., til að liðka fyrir sameiningu og er þetta sú greiðsla.

Póst- og fjarskiptastofnunin. Lagt er til að veitt verði 10 millj. kr. aukafjárveiting þar sem álagning jöfnunargjalds vegna alþjónustu hófst ekki fyrr en um mitt ár 2000. Í frv. til laga um jöfnunargjald á alþjónustu sem samþykkt var sem lög á vorþingi 2000 var áætlað að álagning jöfnunargjalds skilaði 20 millj. kr. í tekjur á ári. Hins vegar öðluðust lögin ekki gildi fyrr en um mitt ár 2000 og því er ekki gert ráð fyrir nema 10 millj. kr. í tekjur á árinu 2000. Neyðarlínan hf. hefur gert samning við dómsmrn. um að veita alþjónustu og gerir ráð fyrir 20 millj. kr. kostnaði við þjónustuna. Því er farið fram á 10 millj. kr. fjárveitingu til verkefnisins í þetta eina skipti.

Gerð er tillaga um 3 millj. kr. fjárveitingu til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Leifsstöð en hún hefur síðan 1997 fengið 3 millj. kr. framlag af fjárlögum. Þessi fjárveiting féll niður á fjárlögum 2000. Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa séð um rekstur stöðvarinnar með samningi við Ferðamálaráð.

Gerð er tillaga um 20,3 millj. kr. aukafjárveitingu vegna stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði Löggildingarstofunnar við Borgartún. Þá hefur kostnaður við sameign reynst meiri en gert var ráð fyrir í upphaflegri húslýsingu. Framlag þetta er til að mæta útgjöldum við breytingar á húsnæðinu sem framkvæmdar eru á vegum Fasteigna ríkissjóðs.

Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 35 millj. kr. viðbótarframlag til að mæta ófyrirséðum kostnaðarauka í rekstri Hagstofunnar sem er í fyrsta lagi tilkominn vegna gerðar nýs tölvukerfis þjóðskrár og fyrirtækjaskrár og breytinga eldri kerfa. Þessar breytingar reyndust flóknari og tímafrekari en áætlað var. Einnig hefur verið talið nauðsynlegt að vinna áfram að þróun og endurbótum á gerð nýs kjörskrárkerfis. Kostnaður af framantöldu umfram áætlanir

nemur um 15 millj. kr. á árunum 1999 og 2000. Í öðru lagi hefur breytingin valdið því að ráðgerð hagræðing af rekstri nýs kerfis skilaði sér ekki fyrr en á seinni hluta þessa árs. Við það urðu útgjöld Hagstofunnar um 10 millj. kr. meiri en áætlað var. Í þriðja lagi hafa tekjur Hagstofunnar af afnota- og vinnslugjöldum þjóðskrár dregist saman og eru horfur á að þar muni um 10 millj. kr. frá áætlun fjárlaga.

Umhvrn., aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 3 millj. kr. fjárveitingu vegna ýmissa ófyrirséðra útgjalda, svo sem lögfræðikostnaðar við héraðsdómsmál tveggja starfsmanna Landmælinga Íslands gegn íslenska ríkinu, öryggismála og sérfræðikostnaðar við umhverfismat.

Veiðistjóri. Lagt er til að embætti veiðistjóra verði veitt alls 10 millj. kr. aukafjárveiting. Af fjárhæðinni er gert ráð fyrir að 4 millj. kr. fari til þess að leysa uppsafnaðan vanda hundabús frá árunum 1998 og 1999, 3 millj. kr. til endurgreiðslu vegna refaveiða og 3 millj. kr. til endurgreiðslu vegna veiða á mink. Breyting var gerð á gjaldskrá þannig að verðlaun fyrir veidda minka vega meira en akstur og tímakaup. Þetta hafði þau áhrif að fleiri minkar voru veiddir en áður og er endurgreiðsla þegar komin um 2 millj. kr. fram úr fjárveitingum og áætlað að rúmlega 1 millj. kr. bætist við.

Vaxtagjöld ríkissjóðs. Lagt er til að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta verði aukin um 500 millj. kr. til viðbótar við það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frv. og að greiðsluheimild verði aukin um 580 millj. kr. Helsta breytingin frá fyrri áætlun er að við endurmat er nú talið að bæði gjaldfærðir og greiddir vextir af erlendum skammtímalánum verði um 330 millj. kr. hærri á árinu. Stafar það af því að annars vegar hefur gengi helstu gjaldmiðla hækkað talsvert gagnvart íslensku krónunni og hins vegar hefur ekki reynst unnt að lækka stöðu á þessum skammtímalánum í eins miklum mæli og áformað var. Þá er af sömu ástæðum reiknað með að vextir af erlendum langtímalánum aukist um 130 millj. kr. Breytingar á vaxtagjöldum af öðrum lánum eru minni og vega hver aðra upp.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárln. leggur fram. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ég hef gert grein fyrir þeim verkefnum sem út af standa sem eru nokkur verkefni á sviði heilbrigðismála sem við erum enn með í skoðun milli 2. og 3. umr.

Undir þetta nál. rita Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

[16:16]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Enn á ný gera ríkisstjórnarflokkarnir tillögur um að stórauka ríkisútgjöldin, nú um 7,8 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þar af eru tillögur um 5,7 milljarða kr. hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga og breytingartillögur meiri hluta fjárln. um hækkun nema um 2,1 milljarði kr. Þrátt fyrir tillögur um svo mikla hækkun hefur meiri hlutinn ákveðið að láta þann vanda sem við blasir hjá heilbrigðisstofnunum bíða 3. umr. um frumvarpið. Ef mið er tekið af greinargerð Ríkisendurskoðunar um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000 má búast við að ríkisútgjöldin aukist enn um a.m.k. rúmlega 600 millj. kr. Ef miðað er við þær tillögur sem fram hafa komið munu ríkisútgjöld vaxa frá árslokum 1997, þegar þau voru um 135 milljarðar kr., um 72 milljarða kr. því gert er ráð fyrir að útgjöldin á þessu ári verði um 207 milljarðar kr.

Eitt megineinkenni frumvarpsins og breytingartillagna meiri hlutans er hvernig farið er á skjön við lög um fjárreiður ríkisins. Árið 1997 voru samþykkt ný lög um fjárreiður ríkisins sem fólu í sér ýmsar veigamiklar breytingar á framsetningu upplýsinga um fjárhagsstöðu ríkisaðila. Þar eru m.a. skýr ákvæði um hvernig standa skuli að frumvarpi til fjáraukalaga. Á árinu 1999 var í fyrsta skipti lagt fram frumvarp til fjáraukalaga eftir að fyrir lá ríkisreikningur sem gerður var samkvæmt fjárreiðulögunum. Þá benti minni hluti fjárln. á að í veigamiklum atriðum væri ekki farið eftir fjárreiðulögunum.

Ljóst er að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 og í breytingartillögum meiri hluta fjárln. við frumvarpið er enn haldið áfram á sömu braut þótt sjá megi þess merki að ekki sé jafngróflega farið á svig við lagatextann og á síðasta ári. Fjármálaráðherra viðurkenndi í 1. umr. um frumvarpið að ýmsir liðir þess ættu frekar heima í fjárlögum. Þrátt fyrir það eru engar tillögur í frumvarpinu dregnar til baka en þess í stað heldur bætt í af meiri hluta fjárln.

Í V. kafla fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til fjáraukalaga. Þar segir í 44. gr., með leyfi forseta: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“ Öðrum óskum um breyttar fjárheimildir skal jafnan vísa til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Ljóst er að í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans er sótt um viðbótarfjárheimildir vegna atvika sem falla ekki undir ákvæði 44. gr. fjárreiðulaganna. Þetta er dæmi um sérkennilegt kæruleysi ríkisstjórnarinnar hvað varðar eðlileg vinnubrögð við stjórn ríkisfjármála.

Fleiri greinar fjárreiðulaganna eru því miður ekki virtar sem skyldi. Í 33. gr. laganna segir, með leyfi forseta: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárln. Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“ Herra forseti. Því miður eru afarfá dæmi þess í fjárln. að eftir þessum ákvæðum sé farið. Þess vegna skortir mjög á æskilega upplýsingagjöf til fjárln. og virðist ríkisstjórnin telja nægilegt að hafa aðeins samráð við meiri hluta nefndarinnar þótt ákvæði laganna séu mjög skýr.

Á síðasta ári gaf meiri hluti nefndarinnar fögur fyrirheit um breytt vinnubrögð og í nefndaráliti meiri hlutans um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 sagði, með leyfi forseta: „Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega.“ Enn hefur ekki verið staðið við þessi fyrirheit.

Í mörgum tillögum frumvarpsins er verið að bæta uppsafnaðan halla fyrri ára þrátt fyrir að fjárreiðulögin geri ráð fyrir að slíkt sé gert í fjárlögum. Við afgreiðslu fjárlaga er brýn nauðsyn á að fyrir liggi áætluð fjárhagsstaða stofnana. Það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðast við rekstur næsta árs án þess að taka

tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax. Tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að þær geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir sem þarf einnig að yfirfara. Ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að ekki sé frestað að taka á vandamálum og beðið þess að í óefni sé komið.

Undanfarin ár hefur minni hlutinn bent ítrekað á hve allar áætlanir sem fjárlög byggjast á hafa staðist illa. Enn á ný kemur í ljós að forsendur fjárlaga standast ekki eins og sjá má í töflu sem fylgir álitì 1. minni hluta en í þeirri töflu kemur m.a. fram að frávik eru alveg frá -12,5% og allt upp í tæplega 300% þannig að það er ekki við góðu að búast þegar unnið er út frá slíkum forsendum. En í töflunni kemur eftirfarandi fram:

Frávik í einkaneyslu eru upp á 33,3%, í samneyslu 40%, í fjárfestingum 288,9%, í þjóðarútgjöldum án birgðabreytinga 82,1%, dregið hefur úr útflutningi vöru og þjónustu upp á 52,6% en aukning í innflutningi vöru og þjónustu er upp á 147,4%, frávik í landframleiðslu eru upp á 27,6%, í vísitölu neysluverðs 22,2%, í ráðstöfunartekjum á mann 16,9%, og í kaupmætti ráðstöfunartekna -12,5%.

Herra forseti. Ýmsar blikur eru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og má m.a. nefna mikinn viðskiptahalla og stórauknar skuldir heimilanna. Viðskiptahallinn heldur áfram að aukast og samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar stefnir í að hann verði í árslok 2000 rúmir 54 milljarðar kr. eða 8% af landsframleiðslu. Á árinu 1999 nam hallinn 40,4 milljörðum kr. eða 6,5% af landsframleiðslu. Þá halda skuldir heimilanna áfram að aukast. Í lok ársins 1999 námu þær 510 milljörðum kr. en um mitt ár 2000 voru þær samkvæmt uppgjöri Seðlabankans 560 milljarðar kr. Hækkunin frá áramótum er því 50 milljarðar kr. eða um 10%. Hlutfallslega hafa skuldir heimilanna við innlánsstofnanir hækkað mest á þessu tímabili eða um 23 milljarða kr. sem eru tæp 18%. Hægt hefur á hækkun skulda við Íbúðalánasjóð á fyrri hluta þessa árs miðað við undanfarin ár og nemur hækkunin frá áramótum 6%. Ef skuldir hækka í sama takti á síðari helmingi ársins og þeim fyrri munu þær verða rúmlega 600 milljarðar kr. í árslok og hækkunin yfir árið 15–20%. Gangi það eftir blasir við að hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum aukist verulega.

Ljóst er að þetta fjáraukalagafrumvarp sýnir ekki nema hluta þess sem hefur raunverulega gerst hjá ríkisaðilum á árinu. Þó er margt áhugavert að sjá en það sem ekki sést er mun áhugaverðara. Ljóst er að t.d. heilbrigðismálin bíða 3. umr. og ekki hefur verið gerð grein fyrir öðrum stórum málaflokkum.

Áður hefur verið minnst á þann vanda að allar forsendur fjárlaga virðast mjög ótraustar en því til viðbótar virðist áætlunargerð margra framkvæmda vera óraunhæf. Hér verða aðeins nefndar tvær framkvæmdir ársins í þessu samhengi. Annars vegar eru framkvæmdir við endurbætur Safnahússins við Hverfisgötu. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður ársins yrði 95 millj. kr. en nú er reiknað með að hann verði 100 millj. kr. hærri eða 195 millj. kr. Hins vegar má nefna framkvæmdir við innréttingar og kaup á búnaði í húsnæði Alþingis í Austurstræti 8–10 og 10A. Samkvæmt fjárlögum ársins 2000 eru 113 millj. kr. ætlaðar til þessara framkvæmda en samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans vantar nú 83 millj. kr. til að ljúka þeim.

Herra forseti. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir á fundum fjárlaganefndar hafa ekki fengist fullnægjandi skýringar á miklum mun á milli áætlana og stöðunnar nú. Því er nauðsynlegt að fram komi fullnægjandi skýringar á því hvað fór úrskeiðis í þessum tilvikum, hvernig eftirliti með framkvæmdunum var háttað og hvernig staðið var að ákvörðunum um framvindu þeirra. Ekki er síður athyglisvert að bera þá niðurstöðu saman við þau ákvæði sem fram koma í 44. gr. fjárreiðulaganna.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. Undir nál. rita Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson og Össur Skarphéðinsson.

[16:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera smáathugasemdir við þá stærðfræðileikfimi sem hérna er sýnd. Ef við gerum ráð fyrir því í áætlun að aukning á einkaneyslu verði 3% en hún reynist síðan 4% þá er munurinn 1%, ekki 33,3%. (Gripið fram í.) Ef samneyslan hefur hækkað um 1% þá hefur hún bara hækkað um 1%. Menn verða að gera sér grein fyrir þessu. Ef menn reikna prósentur af prósentunum, þá eru menn bara að leika sér. Það segir enga sögu, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er 1% frávik í samneyslunni en ekki 40%. Þetta verða menn að vita nema menn hafi mjög gaman af því að leika sér svona með tölur sem hafa enga þýðingu.

Hins vegar vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði að vissulega er ástæða til þess að hafa áhyggjur af sumum þeim liðum sem hér er verið að kynna og við höfum farið fram úr miðað við það sem ætlað var í fjárlögunum. Rétt er að það komi fram að meiri hluti fjárln. deilir þeim áhyggjum að sjálfsögðu með minni hlutanum. Við getum tekið dæmi og það er bara rétt að gera það.

Þegar Alþingi Íslendinga fer í fjárveitingum sínum og fjárfestingum 83 milljónir fram úr því sem ætlað er þá er það mikill vansi. En ég veit því miður ekki til þess, herra forseti, að fjárln. þingsins hafi nein vopn. Við erum berhentir í þessu. Við erum bara vinnunefnd eins og aðrar nefndir þingsins. Það er vonandi og ég ætla að taka undir það með hv. þm. að þingið, sem er undir stjórn forsetanna, sái sér sóma í því í framtíðinni að láta þetta ekki gerast.

[16:28]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er hægt að leika sér með prósentur á ýmsan hátt. Hins vegar passaði hv. þm. sig á því að tala ætíð um mismun og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að mismunur á 3% og 4% er 1%. En hlutfallslegur munur þessara talna er 33,3% og um það verður ekki deilt og hefur það verið kennt í skólum landsins, hv. þm., til fjölda ára og vona ég að ég þurfi ekki að taka hv. þm. í örlitla kennslu í prósentureikningi en af því hef ég talsverða reynslu.

Herra forseti. Það er athyglisvert að heyra það hjá hv. þm. að hann deilir því með 1. minni hluta fjárln. að hafa áhyggjur af ýmsum þáttum í þessu frv. til fjáraukalaga. Það kemur okkur að sjálfsögðu ekki á óvart. Þetta höfum við heyrt hjá hv. þm. í störfum fjárln. og ég tek undir með hv. þm. að auðvitað er eðlilegt að þeir aðilar sem hafa farið örlítið á skjön við fjárlögin taki það alvarlega til athugunar.

[16:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Villan er þeim mun alvarlegri ef hv. þm. hefur haft það fyrir atvinnu að kenna börnum reikning. Það er mjög slæmt ef menn eru ekki alveg vissir í litlu margföldunartöflunni. Menn geta lengi komist af án ýmiss annars fróðleiks. (Gripið fram í.) Ef menn vilja halda áfram þessum leik, þá er það allt í lagi en í áætluninni var munurinn 1% og það er alvarlegt. Það er vont ef við getum ekki áætlað þetta nákvæmlega. En það er bara svo í frjálsum þjóðfélögum að ég ætla að áætlanir sem gerðar eru um þróun þjóðarbúskapar víða um heim séu ekki nákvæmari. Ég ætla að svo sé og þó að þjóðhagsáætlun áætli 3% og reyndin verði 4%, ég held að þessi 1% munur sé mjög algengur meðal þjóða heimsins. Því miður hafa menn ekki nákvæmari upplýsingaöflun en þetta. Þannig eru þessi mál og því best þegar menn gera grein fyrir stöðu ríkissjóðs og ríkisfjármálanna að við skulum ætla okkur þetta. Við erum með slík frávik og verðum að lifa við það. Við skulum ekki magna það upp með einhverjum krúsindúllum um það að 1% séu 33,3%. Það mundi rugla öll börnin í barnaskólunum sem eiga að læra prósentureikning ef við förum svona með tölurnar.

Hins vegar er það alveg rétt sem þingmaðurinn sagði. Við deilum áhyggjum af því að fjárlögin séu ekki virt og ástæða til þess að ítreka það aftur og aftur. Því miður hefur þingnefnd ekki annað vald en það að koma þeim ábendingum á framfæri og það er ágætt ef bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu sameinast í því að gera það.

[16:31]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líklega rétt að gera prósentureikninginn upp við annað tækifæri en héðan úr ræðustóli. En það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að áhyggjurnar eru miklar yfir því að ekki er farið eftir fjárlögunum sem eru auðvitað hluti af þeim lögum sem við setjum hér og við ætlumst til þess að eftir sé farið. Þó verður að segjast að það er ekki mjög traustvekjandi að koma hér ár eftir ár tilheyrandi þeim meiri hluta sem með völdin fer og ábyrgðina hefur og tala ætíð um að eingöngu séu áhyggjur af málunum. Það hlýtur að vera tími til kominn að þessar áhyggjur breytist í eitthvað annað og það verði sýnt í verki að áhyggjurnar eru raunverulegar.

Herra forseti. Við í minni hlutanum bíðum að sjálfsögðu eftir því að einhverjir hv. þm. í meiri hlutanum komi fram með tillögur sem sýni að þessar áhyggjur eru meira en orðin tóm og þá mun ekki standa á okkur í 1. minni hluta að standa við bakið á hv. þingmanni.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 199. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 355; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 356.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 200. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 357.

[16:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp til fjáraukalaga kemur nú til 2. umr. við miklar óvissuaðstæður í efnahagsmálum. Gengi íslensku krónunnar hefur fallið umtalsvert þrátt fyrir mikil fjárútlát Seðlabankans til að verja krónuna stjórnlausu falli og ýmis fleiri merki jafnvægisleysis eru í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir. Af vettvangi kjaramála eru einnig slæmar fréttir. Allt er í hnút í kjaradeilu ríkisins og framhaldsskólakennara og engin lausn í sjónmáli þrátt fyrir nær þriggja vikna verkfall. Því er það engin furða að víða í þjóðfélaginu hafa menn miklar áhyggjur af stöðu mála. Flestir aðrir en ríkisstjórnin viðurkenna nú að hættumerkin í þróun efnahagsmála hafi blasað við í a.m.k. eitt og hálft til tvö ár og hægt hefði verið að bregðast við þeim þá. Þess í stað hefur ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar fullyrt að allt væri í stakasta lagi. Í þeirri sjálfsblekkingu hefur hún gert röð mistaka í hagstjórninni sem gerir ástandið enn verra og útlitið dekkra en þyrfti að vera ef réttum viðbrögðum hefði verið beitt.

Víkjum að lagaumgjörð fjárlaganna.

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kveða á um þá umgjörð sem sett er allri vinnu við gerð frv. til fjárlaga og ef nauðsyn krefur frv. til fjáraukalaga.

Í 21. gr. þeirra laga stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra."

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt og afgreidd frá Alþingi bera forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.

Nú getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári.

Á því taka lögin um fjáreiður ríkisins einnig. Í 33. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Ég hef ítrekað, herra forseti, í umræðunni um fjárlagagerðina bent á þessa grein.

Í 44. gr. er kveðið nánar á um frumvarp til fjáraukalaga:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Herra forseti. Lagaramminn er því algerlega skýr en framkvæmdin eftir honum er ekki skýr og reyndar óskýr.

Frumvarp til fjáraukalaga, sem við nú fjöllum um, var lagt fram á Alþingi 19. október 2000. Síðan þá hefur fjárlaganefnd haft frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana sem bæði hafa lagt fram viðbótarbeiðnir og fært rök fyrir auknum fjárheimildum innan fjárlagaársins. Í langflestum tilvikum er hér um

að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Má þar nefna fjáraukalagabeiðnir heilbrigðisgeirans sem hafa ekki nema að litlu leyti verið afgreiddar. Þær bíða 3. umr. en ljóst er að þar er um allverulegar upphæðir að ræða.

Eins og nú er háttað vinnulagi fjárlaganefndar fundar hún mjög stíft frá miðjum september til desember eða lokaafgreiðslu fjárlaga. Í annan tíma kemur hún ekki saman til að fjalla um tekjur og gjöld ríkisins. Í mesta lagi er haldinn einn kynningarfundur um stöðu ríkisfjármála, síðsumars, með afar takmörkuðum upplýsingum. Það hlytu að teljast eðlileg vinnbrögð að fjárlaganefnd starfaði reglulega allt árið. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur geta einnig breyst. Það hlýtur því að liggja beint við, herra forseti, að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög mætti afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessu gæti Alþingi stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum og komið í veg fyrir að efnt yrði til útgjalda án heimilda nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir verða tekjur ríkissjóðs á árinu um 225–226 milljarðar kr. en útgjöldin liðlega 200 milljarðar kr. Tillögur um hækkun útgjalda frá fjárlögum nema nú samtals um 7,8 milljörðum kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2000 liggur enn ekki fyrir og líklegt er að aukist enn við gjaldahliðina. Niðurstöðutölur geta því átt eftir að breytast við 3. umr.

Herra forseti. Fjárlaganefnd hefur enn mjög takmarkaða vitneskju um fjárhagsstöðu heilla málaflokka og fjölmargra stofnana sem grunur leikur á að séu í verulegri fjárhagsþröng. Þar má telja Ríkisútvarpið og allt framhaldsskólakerfið. Ljóst virðist að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara af því að fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa menntunarstarfið sjálft, stöðu þess og markmið, og treysta bönd þess við fjölskyldulíf, atvinnuvegina og sitt nánasta umhverfi. Nægir að benda á mikið brottfall nemenda úr framhaldsskólum, en samkvæmt skýrslu Rauða kross Íslands frá síðasta vetri hætta um 45% framhaldsskólanema námi eða ljúka ekki skilgreindu framhaldsskólanámi. Það er staðreynd að þúsundir ungs fólks verða að flytja að heiman til að sækja almennt framhaldsskólanám fjarri heimili sínu. Slík fjölskylduupplausn og mikið brottfall nemenda leiðir til ófyrirsjáanlegra félagslegra örðugleika og taps fyrir þjóðarbúið og framtíðarhagvöxt þess. Þessi vanræksla hins opinbera kristallast nú í stöðvun alls starfs á framhaldsskólastigi sem hvergi sér fyrir endann á. Með öðrum orðum, menntakerfið skortir heildarstefnu og fjármagn. Þar ríkir nú neyðarástand og hefði verið vel við hæfi að Alþingi bætti um í þessum fjáraukalögum.

Af einstökum liðum sem nú er gerð tillaga um við 2. umr. vegur þyngst 700 millj. kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem greiða á til þeirra sveitarfélaga sem eru verst sett vegna fólksfækkunar og tekumissis. Fjárhagsvandi sveitarfélaganna hefur lengi verið ljós, sérstaklega sveitarfélaganna úti á landi, en samt hefur ekki verið brugðist við því í samþykkt fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur mjög hallað á sveitarfélögin. Á sl. fimm árum, frá 1995 til 2000, hafa heildarskuldir ríkissjóðs lækkað úr tæpum 233 milljörðum kr. í að því áætlað er 214 milljarða kr. í árslok 2000 eða um 20 milljarða kr.

Á sama tíma hefur skuldastaða sveitarfélaganna versnað, úr 35,5 milljörðum kr. í 50,5 milljarða kr., eða um 15 milljarða kr. á þessu fimm ára tímabili. Af þeirri upphæð eru um 7,5 milljarðar kr. aukning í erlendum lántökum sveitarfélaganna. Þessi samtala segir þó ekki alla söguna því mörg sveitarfélög eru afar illa stæð og sum ættu jafnvel að vera komin í sérstaka meðferð félagsmálaráðuneytisins. Þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á tekjustofnum sveitarfélaga á árinu 2001 duga engan veginn til að jafna mun á rekstrarábyrgð ríkis og sveitarfélaganna, hvað þá að taka á skuldum þeirra. Ríkisvaldið hefur með einhliða aðgerðum og lagasetningum reynt að spara gjöld á kostnað sveitarfélaganna. Því hefði verið nær að verja myndarlegum fjárhæðum til að lækka skuldir þeirra sveitarfélaga sem nú berjast í bökkum í stað þess að stilla þeim upp við vegg og bjóðast til að taka þeirra bestu eignir upp í skuldir.

Verði ekki tekið raunhæft á rekstrarvanda sveitarfélaganna, yfirfærðir til þeirra frekari tekjustofnar eða með því að ríkið komi inn í rekstur verkefna þeirra og felli niður skuldir sem eru til komnar vegna byggðaröskunar og lélegra tekjumöguleika, munu þau á engan hátt verða fær um að veita íbúum sínum samkeppnishæfa og lögboðna þjónustu og heilu byggðarlögin munu tæmast og búseta líða undir lok á stórum landsvæðum.

Herra forseti. Ef við víkjum að öðrum liðum í því frv. sem hér er lagt fram er sérstök ástæða til að gera athugasemdir við beiðnir á fjáraukalögum til æðstu stjórnar ríkisins, til forsetaembættisins og Alþingis, svo og til aðalskrifstofa einstakra ráðuneyta, en mikilvægt er að einmitt þessar stofnanir fylgi lögum um fjárreiður ríkisins ekki síður en aðrir. Ef nauðsynlegt er að veita þessum stofnunum fé til almenns rekstrar eða stofnkostnaðar á fjáraukalögum er eitthvað að, annaðhvort við fjárlagagerðina sjálfa eða stjórn þessara stofnana, nema hvort tveggja sé.

Árið 1999 var veitt á fjáraukalögum til æðstu stjórnar ríkisins 171,4 millj. kr. Í ár er gerð tillaga um 128 millj. kr. á fjáraukalögum.

Herra forseti. Ég held að það þurfi að upplýsa þingmenn, þingheim allan og almenning um þá stöðu sem Alþingi sjálft er í, bæði varðandi fjárlagagerðina en einnig hitt hverjar eignir Alþingis eru, þ.e. hvaða húseignir sem hér eru í notkun eru í eigu Alþingis. Það væri líka nauðsynlegt að hér yrði upplýst hvaða eignir Alþingi er með á leigu, hverjir eiga þær eignir sem Alþingi er með á leigu, um leigukjör og leigutíma. Mér er því miður ekki fyllilega ljóst hvernig sú staða er.

Þá er líka ástæða til að það sé skýrt fyrir þingmönnum og almenningi hverjar eru þær breytingar sem verið er að gera á hinum ýmsu húsakynnum Alþingis og sem Alþingi er með á leigu, þ.e. hver á innréttingar, fastan og lausan búnað, ef til breytinga kemur.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir hið fyrsta þannig að okkur öllum sé alveg ljóst hvernig þetta er. Það er afar mikilvægt að Alþingi hafi nauðsynleg og eðlileg fjárráð til almennra viðfangsefna sinna og fái þau á fjárlögum en ekki á fjáraukalögum.

Aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins fékk 9,5 millj. kr. á fjáraukalögum 1999. Í ár er sótt um 12 millj. kr. viðbótarframlag til aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins sækir um 50 millj. kr.

á fjáraukalögum vegna uppsafnaðs kostnaðar frá fyrri árum og aukins rekstrarkostnaðar aðalskrifstofunnar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fara fram á samtals 20 millj. kr. á fjáraukalögum vegna uppsafnaðs rekstrarvanda og aukins kostnaðar á aðalskrifstofu.

Hér eru ekki rakin mörg önnur tilvik um fjárútlát sem eru beint til komin vegna ákvörðunar einstakra ráðherra og eru hér afhent þinginu til staðfestingar, en tilgreind atriði eru dregin fram til að undirstrika mikilvægi þess að æðsta stjórn ríkisins og aðalskrifstofur ráðuneytanna fylgi þeim lögum sem sett eru um fjárreiður ríkisins.

Því er hér ítrekað mikilvægi þess að fjárlaganefnd fái útgjaldabeiðnir til meðferðar fyrir fram, áður en búið er að greiða þær, inna þær af hendi eða skuldbinda þær, og Alþingi afgreiði fjáraukalög að vori og svo aftur að hausti eða oftar ef þörf krefur því lögin kveða ekki á um hve oft eða hve sjaldan á að gefa út fjáraukalög, aðeins að það beri að leggja aukin fjárútlát, sem geta ekki beðið fjárlaga, fyrir fjárln. og fyrir Alþingi áður en þau ná fram að ganga nema í hreinum neyðartilvikum.

Herra forseti. Mikilvægt er að halda öflugri utanríkisþjónustu og styrkja sambönd við sem flestar þjóðir og með aukinni tækni í samskiptum ætti það að vera hægt í áföngum án stórra stökka í útgjöldum. Ákvarðanir í þeim efnum hljóta að miðast við að hægt sé að verja þar til hóflegum fjárhæðum á reglubundnum fjárlögum.

Sú ákvörðun að verja nú hartnær 1 milljarði kr. á fjáraukalögum til opnunar nýrra sendiráða er furðuleg forgangsröðun. Sú ákvörðun er köld kveðja til öryrkja sem verða að sætta sig við smánarlegar bætur í stað eðlilegra samfélagslauna. Það er köld kveðja til sveitarfélaga sem berjast í bökkum vegna gjaldþrota byggðastefnu stjórnvalda. Það er köld kveðja til nemenda framhaldsskólanna og fjölskyldna þeirra þar sem allt skólastarf er stöðvað og framtíð þess er í fullkominni óvissu, m.a. vegna fjárskorts.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu fjölmargar breytingartillögur við bæði tekna- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2000 þegar það var afgreitt frá Alþingi í desember sl. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, auknum jöfnuði milli þjóðfélagshópa en afar mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins teknamuns í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks eftir búsetu. Öll slík mismunun leiðir af sér hættulega spennu og þenslu samfara röskun fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs. Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu til að tekjum ríkisins yrði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála yrðu aukin og tekið yrði upp „grænt" bókhald þegar meta skal arðsemi fjár í rekstri og framkvæmdum. Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Herra forseti. Þetta frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 endurspeglar mikla spennu og þenslu í þjóðfélaginu og undirstrikar að ríkisstjórnin hefur lítil tök á þróun efnhagsmála. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina, rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórn.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér er fjallað um og greidd verða atkvæði um síðar.

Annar minni hluti og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[16:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. ræddi, eins og hv. 4. þm. Austurl., nokkuð um fjárlagagerðina og það form og áætlanagerð sem við förum eftir. Hv. 5. þm. Norðurl. v. talaði um að full þörf væri á því að fjárln. ynni allt árið. Ég kannast ekki við annað en fjárln. vinni allt árið og vísa því algjörlega á bug að hún geri það ekki. Við tókum það upp sérstaklega núna að kalla þau ráðuneyti til okkar að vori þar sem við sáum að stofnanir voru að fara fram úr. Það var í fyrsta skiptið sem við gerðum það í ár. Við höfum haldið reglulega fundi í sumar og ég er manna fúsastur til þess að auka vinnu fjárln. til þess að taka á áætlanagerð og bæta vinnubrögðin við fjárlagagerð og fjáraukalagagerð.

Hins vegar er ég ósammála því sem kom fram í ræðu hv. þm. að það eigi að leggja fram fjáraukalög í rennu yfir allt árið. Fjáraukalög eiga ekki að vera nema neyðarventill. Við eigum að ná þeim vinnubrögðum að þau verði ekki nema neyðarventill og leiðin til þess er ekki að fjölga frumvörpunum þannig að stofnanir geti reiknað með því að lagt verði fram fjáraukalagafrv. að vori til þess strax þá að bæta við því sem fram yfir er. Mergurinn málsins er að bæta áætlanagerðina við fjárlagagerð þannig að fjáraukalagafrv. verði minna í sniðum.

[16:54]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. formanni fjárln. að orðalag mitt um vinnu fjárln. var kannski aðeins ónákvæmt. Nefndin vinnur og hefur vinnuskyldu allt árið en varðandi formlega fjárlagavinnu eða eins og lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um, þá fær hún ekki þau verkefni frá framkvæmdarvaldinu og frá þinginu eins og lögin kveða á um, þ.e. þegar fyrir liggja beiðnir um útgjöld þá á að taka þær fyrir, þá á kynna þær formlega í fjárln. og fjárln. á að taka þær formlega fyrir og afgreiða þær. Aðeins í neyðartilvikum skal það gert. En meginhluti fjáraukalaganna sem við erum hér að fjalla um eru engin bein neyðartilvik.

Við skulum heldur ekki gera störf þingsins ólýðræðislegri. Teknar eru ákvarðanir í lögum á vorþingi eða eftir að fjárlög hafa verið samþykkt sem geta eðlilega krafist fjárútláta ef Alþingi vill svo. Því er það afar nauðsynlegt að hið virka lýðræði Alþingis við fjárlagaafgreiðslu verði styrkt og eflt. Ég tel einmitt að það eigi að gera með því að fara að þeim lögum sem sett eru um fjáraukalögin og að nefndin starfi að þeim verkefnum eins og þar er kveðið á um.

[16:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er fús til þess að ræða við framkvæmdarvaldið um að bæta upplýsingagjöf til fjárln. um þær umsóknir um fjárveitingar sem koma fram á fjáraukalögum. Um það held ég að við þurfum ekkert að deila hér. En ég stend við allt sem ég sagði í fyrra andsvari mínu að öðru leyti.

Ég hafði ekki tíma til að koma að einu atriði í ræðu hv. þm. áðan. Hann segir að sendiráð í Japan séu kaldar kveðjur til öryrkja og fleiri aðila í samfélaginu. Mér finnst dálítið seint í rassinn gripið að tala um þetta núna. Þverpólitískar þáltill. voru fluttar um þetta frá 1992–1998. Í einni slíkri tillögu segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir opnun sendiráðs í Kína í ársbyrjun 1995 telja flutningsmenn þessarar tillögu enn brýna hagsmuni mæla með því að opnað verði íslenskt sendiráð í Japan, bæði vegna mikilvægis tengsla Íslands og Japans og einnig vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í öðrum fjölmennum ríkjum Austur-Asíu."

Í framhaldi af þessu var samhljóða álit í þinginu að opna þetta sendiráð. Menn hafa sjálfsagt ekki búist við að það kostaði neitt. Hver ætli sé 1. flm. að þessari tillögu? (**Gripið fram í:** Hver var það?) Það er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifar upp á þessa tillögu. Það var þverpólitísk samstaða um þessa tillögu. En menn hafa sjálfsagt ekki hugsað að þetta kostaði neitt og nú standa menn hér upp og tala um að það séu kaldar kveðjur til öryrkja þó að þetta sé eins skiptis framlag til þess að kaupa eign í Japan. Ég vísa svona málflutningi algjörlega á bug og sem út í hött og mér finnst hann ekki til mikillar fyrirmyndar.

[16:58]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég rakti í ræðu minni er sjálfsagt að efla utanríkisþjónustuna og mikilvægt getur verið að stofna sendiráð í Japan.

Herra forseti. En ef hv. formaður fjárln. lítur svo á að þetta sem hér er verið að leggja til, nærri milljarður kr. til sendiráða, eigi að koma á fjáraukalögum en ekki á eðlilegan hátt í fjárlagavinnu þá er eitthvað að, herra forseti, þá er bara eitthvað að. Og einmitt þarna er kannski lýsandi mein. Þetta getur verið hið þarfasta og merkilegasta mál. En slík vinnubrögð að við þurfum að skipuleggja okkar utanríkisþjónustu þannig, án þess að neitt stríð sé skollið á, að það þurfi að setja tæplega milljarð þar í á fjáraukalögum, herra forseti, samræmast að mínu mati alls ekki lögum um fjárreiður ríkisins. Þarna er a.m.k. farið afar mikið á skjön við þau og á þetta ekkert skylt við það hversu mikilvægt er að efla utanríkisþjónustuna.

Önnur mikilvæg mál í samfélaginu líða líka fyrir fjárskort og þess vegna er engin ástæða til að liggja á þeim og nefna þau þegar verið er að grípa til ráðstafana eins og hér er verið að gera, hversu nauðsynlegar sem þær kunna að vera.

[17:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég haldi áfram umræðum þar sem formaður fjárln. hætti. Íslendingar eru að setja í fjáraukalög tæpan 1 milljarð til fjárfestinga erlendis. Þessi milljarður er steinsteypa. Við eigum líka peninga í gjaldeyrisvarasjóðum. Við eigum svo og svo marga milljarða í gulli, svo og svo marga milljarða í erlendum gjaldeyri. Það skiptir engu máli hvar þessi varasjóður er. Hann hefur ekkert að segja um rekstur ríkisins, hvort við geymum hann í steinsteypu, í Tókíó, New York eða hvar sem er. Hingað til hafa allar fjárfestingar íslenska ríkisins og utanríkisþjónustunnar skilað hagnaði. Það hafa verið góðar fjárfestingar. Fjárfest hefur verið í borgum, helstu höfuðborgum heimsins þar sem verðlag hefur farið mjög hækkandi. Þetta hefur ekkert að segja og ekkert að gera með rekstrarreikning ríkisins, bara ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er því alger fásinna að hér sé verið að senda kaldar kveðjur eins og formaður fjárln. réttilega tók fram. Þetta hefur ekkert með það að segja. Þarna er eingöngu um það að ræða að Alþingi tók þá ákvörðun að stofna þetta sendiráð sem ég skal ekkert tjá mig um. Ég hef enga sérstaka tilfinningu fyrir því eða vissu að það hafi verið rétt, en það var gert, það var vilji þingsins og þess vegna er verið að gera það.

Ég get einnig upplýst hv. þm. um að það er einmitt verið að fara að fjárreiðulögunum með því að setja ákvæði í fjáraukalögin. Vegna þess að búið er að gera samning í Tókíó, þ.e. verið er að gera samning og það þarf að framkvæma þann samning strax og það er beðið eftir því núna. Og ég veit það, af því að ég sit í samræmingarnefnd opinberra framkvæmda, að fjáraukalögin verða að lögum þannig að hægt er að byrja strax að ganga frá þessum samningi. Það þarf að gera það núna og klára fyrir jól. Atvik í viðskiptum valda því að þetta þarf að gera. Þess vegna er þetta sett í fjáraukalögin en ekki beðið eftir því að fjárlögin taki gildi 1. janúar.

[17:02]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og varaformaður fjárln. vék að gæti þessi steinsteypufjárfesting í Japan í sjálfu sér verið arðsöm eins og hann var að lýsa og lofa. En sú ákvörðun gat alveg eins legið fyrir við fjárlagagerðina fyrir síðasta ár sem voru afgreidd í desember og hefði þá verið nær að hún kæmi til framkvæmda þar. Ég er einmitt að árétta að fjáraukalög eigi að bera fram oftar á ári til þess að samþykktin sé fyrir fram en ekki eftir á. Af þeim orðaskiptum sem hafa orðið við hv. formann og hv. varaformann fjárln., þá er ég enn sannfærðari um nauðsyn þess að brýnt sé að þær verklagsreglur eða lagabreytingar verði gerðar að fjáraukalög verði lögð fram líka að vori miðað við þær skuldbindingar og þær væntingar sem þá geta verið komnar.

Alþingi samþykkir fullt af lögum og það getur ekki uppfyllt allt í gegnum fjárlögin. Við fjárlaganefndarmenn vitum að ef allar lagaskyldur væru uppfylltar varðandi þátttöku ríkisins í fjármögnun og rekstri, þá værum við að tala um enn hærri upphæðir, herra forseti.

[17:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og komið hefur skýrt fram í umræðum er gagnrýni hv. þm. byggð á misskilningi og gott að búið er að koma því til skila. Hins vegar skal ég taka undir það sem hann sagði í ræðu sinni, að ástæða er til að hafa áhyggjur af vaxandi rekstrarkostnaði ríkisins. Það er alltaf ástæða til þess, t.d. í utanríkisþjónustunni og ýmsu fleiru. Það er mikil ástæða til þess. Ég skal líka taka undir gagnrýni hans á embætti forseta Íslands. Þetta er mjög alvarlegt. En við höfum engin vopn, eins og ég hef áður sagt í dag, við höfum engin tækifæri. Við höfum bara þá einu von og við deilum því saman, bæði stjórn og stjórnarandstaða, að forustumenn þessara æðstu embætta ríkisins, þ.e. í þessu tilfelli þjóðhöfðinginn sjálfur, sjái til þess að svona lagað gerist ekki því að vansi er af því. Þetta á að vera rétt, það er alveg rétt hjá hv. þm., en við höfum engin ráð til þess, hvorki meiri hluti fjárln. né minni hlutinn. Við höfum reynt af fremsta megni að koma þeim skilaboðum til allra aðila, allra forstöðumanna opinberra fyrirtækja, að sú regla yrði að vera við lýði og menn yrðu að virða hana, að fjárlögin giltu. Þetta er sú messa sem við höfum reynt að halda og munum reyna að halda áfram að

boða. Það er því rétt að mjög mikilvægt er að æðstu embætti þjóðarinnar virði þetta í hvívetna.

[17:06]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ég hef meiri áhyggjur af forgangsröðun í rekstri ríkisins og það er það sem ég hef gagnrýnt.

Það er alveg hárrétt hjá hv. varaformanni fjárln. að fjárln. sjálf ræður ekki öðru en þeim verkefnum sem henni eru falin. En henni er skylt að gera þinginu grein fyrir málum, gera grein fyrir hvar annmarkar liggja í því að framfylgja m.a. lögum um fjárreiður ríkisins og benda á leiðir sem mætti fara til að gera þá framkvæmd bæði þingræðislegri og löglegri. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að segja að nauðsynlegt sé að gera það og einmitt til að bregðast við breyttum útgjöldum er nauðsynlegt að við vinnum fjáraukalög oft á ári, t.d. að vori áður en þing fer heim. Þá væri það tekið fyrir sem komið hefði fram á vorþinginu og afgreitt þá en ekki látið safnast upp á ábyrgð framkvæmdarvaldsins.

Ég tel afar brýnt, herra forseti, að Alþingi fái þessi skilaboð um nauðsyn þess að breyta til.

[17:08]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef við þær umræður sem hafa farið fram um bæði fjárlög og fjáraukalög gert athugasemd við að aðeins hæstv. fjmrh. væri viðstaddur til að ræða fjárlög, en nú er svo komið að hægt er að eiga orðastað við aðra hæstv. ráðherra og ætla ég að biðja um að séð verði til þess að á einhverjum tíma við 2. umr. um fjárlög verði hægt að nálgast ráðherrana til að ræða fjárlagatillögur, útgjaldatilefni og það sem felst í fjárlögunum og það sem menn telja sig sjá fyrir að sé rangt áætlað. Ég bið hæstv. forseta um að rita þetta niður hjá sér vegna þess að þau skilaboð sem ég bað fyrir í 1. umr. um fjáraukalög virðast ekki hafa borist til ráðherra eða þá að þeir forakta þá beiðni.

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur verið um hvernig hægt er að fá menn til að fara að fjárreiðulögum þá held ég að við höfum fleiri ráð en berar hendurnar eins og hv. varaformaður fjárln. nefndi. Hv. þm. sagði: Fjárln. hefur engin ráð, við erum berhentir. Það er ekki rétt. Við getum nefnilega, herra forseti, kallað hæstv. ráðherra í þingsal og beðið þá að standa skil á hverju einstöku atriði sem að þeim snýr. Við eigum erfitt með að kalla til æðsta mann þjóðarinnar. Það getum við illa gert, en við getum komið þeim skilaboðum á framfæri sem nauðsynleg eru þangað og það er meira en að vera berhentur. Það gerist þá með ansi miklum átökum ef svo langt er gengið.

Verið getur, herra forseti, að ástæða sé til að fara að reyna að fylgja því eftir sem við margir þingmenn svo sannarlega höfum sýnt vilja til að gera. Ég minni á, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. viðurkenndi í 1. umr. um fjárlög og um fjáraukalög að ýmsir liðir fjáraukalaga ættu heima í fjárlögum. (**JónK:** Nei. Það væri álitamál.) Eins og ég les málið og skil það í ræðu hæstv. fjmrh., þá skildi ég þetta þannig að ýmsir liðir ættu heima í fjárlögum sem stæðu í fjáraukalögum. En í þessari umræðu er ekkert dregið til baka heldur er bætt í ekki neinni smáupphæð, liðlega 2 milljörðum kr. Mér er kunnugt um að tillögur fram að 3. umr. um fjáraukalög eiga eftir að hækka. Ég reikna með að þegar búið er að bæta við heilbrigðispakkanum, sem gerð var grein fyrir áðan að hafi verið látinn bíða til 3. umr., þá verði um 1,5 og jafnvel 2 milljarðar komnir til viðbótar bara vegna heilbrigðismálanna sem þurfi að skoða.

Herra forseti. Ljóst er að þetta fjáraukalagafrv. er líkt þeim fyrri. Auðvitað er margt áhugavert sem blasir við, en kannski má segja að það sem ekki sést sé áhugaverðara. Eins og ég gat um áðan bíða heilbrigðismálin 3. umr. Þó liggjum við með skýrslu hjá okkur frá Ríkisendurskoðun sem birtist núna í nóvember þar sem gerð er grein fyrir að um 1,5 milljarða vanti til viðbótar í fjáraukalögin til að þær stofnanir geti rekið sig á þeim grunni sem þær telja sig verða að vinna á.

Það er kannski rétt að minna á það einu sinni enn, með leyfi forseta, að í nefndaráliti meiri hlutans um fjáraukalögin 1999 kom eftirfarandi fram:

„Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega."

Herra forseti. Ég minni á að þetta er úr áliti meiri hluta fjárln. í umræðu um fjáraukalögin 1999. Ekki hefur mikið gengið eftir af þeim áformum. Það sem verið er að gera með fjáraukalögunum er að í ýmsum tilvikum er verið að bæta upp uppsafnaðan halla. Eru fjáraukalögin til þess að bæta upp uppsafnaðan halla fyrri ára?

Þegar verið er að afgreiða fjárlög er nauðsynlegt að fyrir liggi áætluð fjárhagsstaða stofnana. Ég vil segja að nánast arfavitlaust sé að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðar við rekstur næsta árs án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót og sú umræða sem hér hefur farið fram nú þegar um fjáraukalög hefur sýnt að svo hefur ekki verið. Það þarf nefnilega að taka á slíkum vandamálum strax og það gerum við að sjálfsögðu. Þess vegna þurfum við fjáraukalög. En til þess að þau gangi eftir þarf þegar útgjaldatilefni liggur fyrir að sækja til fjárln. eða kynna a.m.k. málið fyrir fjárln. eins og fjárreiðulögin gera ráð fyrir og þá er formleg afgreiðsla rétt unnin. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er alveg klár á, enda féllu orð hans við 1. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2000 einmitt á þennan veg.

Búið er að ræða um stofnkostnað og rætt var um þessa stofnun, hv. Alþingi. Rætt var um æðsta embætti þjóðarinnar. Ég ætla ekki að ítreka þá umræðu. Þau gögn liggja fyrir í álitum frá fjárln. en ástæða er til að skoða þessi mál mjög vel þegar æðstu stofnanir þjóðarinnar fara ekki eftir því sem ætlast er til. Ég segi að til séu ráð til að lagfæra þessa hluti.

Farið hefur verið yfir 33 gr. fjárreiðulaga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Ég skil þetta þannig að um leið og útgjaldatilefni liggur fyrir þurfi að senda inn beiðni og fá umfjöllun. Það er málið. Ég get rakið fjölmörg dæmi þar sem ekki hefur verið farið eftir þessu, þar sem forstöðumenn ýmissa stofnana hafa í rauninni ekki gert grein fyrir framúrkeyrslu fyrr en útgjöldin hafa verið framkvæmd. Þetta er það sem er að. Og ég veit, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. deilir fullkomlega áhyggjum með okkur í fjárln. því að þar er samstaða um þessi mál. Ágreiningur getur verið um einstakar framkvæmdir en það er ekki ágreiningur um hvernig á að vinna eftir fjárreiðulögunum sem eru mjög gott tæki til að mynda aðhald að efnahagskerfinu.

Ég sé ástæðu til, herra forseti, að velta pínulítið fyrir mér fjárlagagerðinni og fjárlögunum. Ég tel að fjárlög samkvæmt stjórnarskrá hafi mjög sterka stöðu og sett fjárlög eiga að gilda. Helstu gallarnir við fjárlagagerðina eru þeir, eins og ég hef verið að ræða um, að fjárreiðulögin eru ekki virt. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að aðrir hæstv. ráðherrar ættu að vera viðstaddir og hlusta á vangaveltur þingmanna um hvernig má lagfæra þessa hluti. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. komi því til skila að þeir sem hafa rætt um fjáraukalögin hafi lagt mesta áherslu á þetta í dag. Það liggur við að manni finnist að fyrirséð útgjaldatilefni séu oft og nánast sett inn að geðþótta.

Ég segi og ítreka að fjárlagafrv. er mjög góður grundvöllur fyrir umfjöllun um ríkisfjármál eins og við erum að vinna þau. En hugsanlega næðum við markmiðunum betur með því að breyta umfjöllun um fjárlög og hugsanlega ætti að fara að ráðum nágranna okkar um að setja fjárlög fram á öðrum tíma en gert er, eins og gert er t.d. í Svíþjóð, og þegar búið er að fara yfir ramma og fagnefndir hafa farið yfir þá ramma sem liggja fyrir er engu hnikað til og mikið þarf til að því verði breytt. Ég tel að eðlilegt væri að fjárlög yrðu afgreidd á fyrsta mánuði haustþings. Menn skulu bara velta því fyrir sér: Hvernig yrði framkvæmdin þá, hvernig yrði fjárlögum framfylgt? Þetta eru vangaveltur sem ég get ekki látið hjá líða, virðulegur forseti, að setja fram.

Ég er á því að fagnefndir eigi að koma að afgreiðslu fjárlagafrv. með því að fjalla hver um sinn þátt og síðan á þetta eðlilega að afgreiðast af hv. fjárln.

Ég vil minnast á einn þátt enn varðandi fjárlagagerð. Hér eru gerðar úttektir af hálfu Ríkisendurskoðunar, úttektir á ýmsum stofnunum og ég tel að allar þær skýrslur sem lúta að fjárlögum, sem þær gera flestar, eigi að taka og fara yfir af ákveðinni nefnd eða þá að leggja þær skyldur á herðar einhvers hóps innan fjárln. að fara yfir þær og skoða til að fjárlögin nái árangri miðað við það sem út af hefur borið eins og þær skýrslur gera flestar grein fyrir. Margar þessar skýrslur eru á þann veg að ýmislegt þarf að lagfæra sem eðlilegt er og staðreyndin er sú að meðferð fjármuna hefur batnað með því aðhaldi sem hefur verið beitt.

Ég vil nefna eitt, virðulegi forseti, sem ég hef oft nefnt áður. Það er þegar ráðuneyti eða stofnun hefur fengið heimild til að ráðstafa fjármunum og gerir það síðan ekki ár eftir ár en fær að endurnýja heimildina og sitja uppi með hana. Ég tel að það eigi að afnema. Það á að veita heimild þegar útgjaldatilefnið er ljóst. Ef heimildin er ekki nýtt árinu á að taka hana af og viðkomandi stofnun eða ráðuneyti á að leggja inn nýja beiðni og gera grein fyrir því hvers vegna fjármunum var ekki ráðstafað eins og virtist þó vera tilefni til við síðustu fjárlagaafgreiðslu.

Um eftirlitsskyldu nefndanna hef ég það að segja að það er fyrst og fremst fjárln. sem hefur mjög ríka eftirlitsskyldu með framkvæmd fjárlaganna en einnig væri hægt að gera ráðuneytunum skylt að skila til fjárln. stöðunni í ráðstöfun fjármuna nokkrum sinnum á ári. Þetta er hægt á þriggja mánaða fresti og kerfin sem við vinnum eftir eiga að vera það einföld og skýr að það á að vera hægt að skrifa út stöðuna frá hverju ráðuneyti fyrir sig með kannski viku fyrirvara eða svo eftir beiðni.

Það má líka velta því fyrir sér hvernig tilefnin skapast til að breyta fjárlögum ef þarf að breyta þeim. Það gerist þannig að þeir sem telja sig vanta fjármuni eða telja á sig hallað að einhverju leyti rökstyðja erindi til ráðuneyta og fjárln., og það sem gerist yfirleitt í slíkum tilvikum er að breyting verður á fjárlögum eða fjáraukalögum, eftir atvikum, til hækkunar. Það er mjög lítið um að breyting verði til lækkunar en það ætti þó að verða þegar um er að ræða ónotaðar fjárheimildir. Þá kæmi lækkun. Þetta væri hægt. Það er þó þannig að þingflokkarnir hafa að mínu mati mjög takmarkaðan tíma til að fylgjast með því sem er að gerast. Það er meira að segja svo að ég held að stjórnarflokkarnir hafi mjög takmarkaða yfirsýn yfir það sem er að gerast nema eftir því sem ráðherrar þeirra gera grein fyrir.

Mín skoðun er sú varðandi fjárlagagerð að miða þurfi við það sem nú er, og ég þekki ekki annað betra en rammafjárlagagerðina og snýst þá um að byggja upp grunninn það öruggan að menn geti brugðist við efnahagssveiflum, efnahagsaðgerðum með sem skemmstum fyrirvara. Ég er því hlynntur að notaðar séu reikniformúlur til að reyna að koma skikki á þær einingar sem menn eru að fjalla um í hverju tilviki en menn verða auðvitað að athuga að aðstæður eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða landsbyggðina eða Reykjavík.

Ég vil, herra forseti, í lokin á umfjöllun minni um fjárlög, fjáraukalög og hvernig áætlanagerð á að vera, vísa til þess að í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi, er mjög strangt aðhald í fjárlagagerð og við höfum tekið upp marga góða hluti frá þeim þjóðum. Oft er talað um að við Íslendingar séum fiskimannaþjóðfélag þar sem miklar og örar sveiflur eru. Við þurfum að koma í veg fyrir þær sveiflur sem við búum við og það efnahagsástand sem hefur verið undanfarin ár. Það er ekki stöðugt, sennilega erum við efst á kúrfunni og ýmislegt sem bendir til þess að við séum að fara eitthvað af stað niður á við. Það er ekkert óeðlilegt. Við sitjum ekki alltaf á toppnum á bylgjunni.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka umfjöllun minni núna með því að ræða aðeins um þau mál sem ekki eiga að vera til umræðu hér, þ.e. heilbrigðismálin. Þar liggur fyrir, virðulegur forseti, að við þurfum að gera einhverjar aðgerðir sem skipta máli. Ég tel að þau vinnubrögð gangi ekki sem nú eru með þeim ferliverkum sem í gangi eru á sjúkrahúsunum. Í rauninni má segja á einfaldan máta að ákveðnir aðilar sem hafa aðstöðu til „taka" bestu ferliverkin út af sjúkrahúsunum og fara með þau á einkastofu út í bæ og skilja erfiðustu tilvikin eftir á sjúkrahúsunum. Þetta þýðir kostnaðarauka hjá sjúkrahúsunum og kostnaðarauka hjá Tryggingastofnun. Þarna eru mál sem við verðum að gera svo vel að taka á hvernig sem við förum að því. Ég held, virðulegur forseti, að fjárln. Alþingis sé berhentari í þessum málaflokki og með miklu lakari vopn í höndunum en gagnvart því sem ég var að ræða um varðandi ráðuneytin og ýmsar stofnanir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra. En það eru örfáar staðtölur sem kannski væri ástæða til að nefna. Við höfum verið mjög ánægð með hvernig við erum stödd og höfum talað um að Ísland sé mjög framarlega. Ég bendi á að ef við skoðum útgjöld til félags- og heilbrigðismála í löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, þá er Ísland í 16. sæti af 17 sem miðað er við í þeim töflum sem ég er með og er út frá flokkunarkerfi sem heitir NOSOSCO. Það er ótrúlegt en satt að Ísland er í 13. sæti fyrir framan Írland, Spán, Grikkland og Portúgal í útgjöldum til félags- og heilbrigðismála í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef við skoðum útgjöld til félags- og heilbrigðismála einungis á Norðurlöndunum, þá er Ísland í neðsta og 5. sæti

miðað við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Ef við skoðum útgjöld á íbúa til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum, þá er Ísland líka í neðsta sæti. Ef við skoðum útgjöld til fjölskyldna barna á Norðurlöndum, þá er Ísland enn í neðsta sæti.

Virðulegi forseti. Í þeim gögnum sem ég er að fletta núna liggja fyrir mjög forvitnilegar staðreyndir. Ég hygg að þær gangi mjög á skjön við það sem hæstv. ríkisstjórn Íslands hefur haldið fram. Hér eru staðreyndir sem mönnum er nauðsynlegt að kynna sér og við þurfum að bæta stöðu okkar ekki síst hvað varðar öryrkja og aldraða. Þar erum við langverst sett af Norðurlöndunum og við erum neðar en mörg af þeim löndum sem við erum með til viðmiðunar. Það er alvarlegur hlutur og að þeim þætti mun ég koma í umræðu um fjárlög. Þar mun ég tína til nákvæmlega hvernig staða okkar er í þeim málaflokki þar sem ríkisstjórnin hefur verið svo rausnarleg að raunhækkunin til þeirra aðila er 157 kr. í apríl.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið með þessum orðum.

[17:34]

Útbýting þingskjala:

Bygging heilsugæslustöðva í Voga- og Heimahverfi, 306. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 358.

Fyrirhugað laxeldi hér á landi, 309. mál, fsp. JÁ, þskj. 361.

Jöfnunarsjóður sókna, 307. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 359.

Óðalsjarðir, 308. mál, fsp. DrH, þskj. 360.

Veiðieftirlitsgjald, 216. mál, nál. sjútvn., þskj. 351.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka fram að Frjálslyndi flokkurinn á ekki aðild að fjárln. Sá sem hér stendur sat þar hins vegar nokkra fundi fyrr í haust sér til upplýsingar og þekkingaröflunar og hefur í raun haft mjög gaman af. Ég þakka fyrir það tækifæri.

Í brtt. meiri hluta fjárln. er lagt til að 700 millj. komi inn sem tímabundið viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið á að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem ekki hafa möguleika til að draga úr rekstri og þjónustu samfara fækkun íbúa og samdrætti í tekjum. Það mun rétt vera að framlagið kemur til móts við vandann víða hjá sveitarfélögum út um land en ég ítreka að jafnvel þessi fjárhæð auk hækkunar útsvars um 0,66% á næsta ári og síðan 0,33% á árinu 2002, sem gert er ráð fyrir í frv. um tekjustofna sveitarfélaga og rætt verður á morgun, nægir ekki til að koma mörgum sveitarfélaganna í hallalausan rekstur. Þess vegna hefði verið rétt að hækka þetta framlag umfram það sem nú er gert í fjáraukalögum. Ríkinu er enginn sómi að því að sýna góðan afgang á fjárlögum en láta sveitarfélögin safna skuldum árum saman eins og raunin hefur verið, einkum þó á landsbyggðinni þar sem kvótabraskskerfið með frjálsa framsalinu hefur valdið miklum tekjubresti. Það er þekkt, m.a. víða á Vestfjörðum og reyndar víðar um landið.

Á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaga sagði Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðarbyggð, m.a., með leyfi forseta:

„Það kom mjög greinilega í ljós í störfum nefndarinnar [þ.e. tekjustofnanefndarinnar] að verulega hefur hallað á sveitarfélögin frá því að ný lög um tekjustofna sveitarfélaga öðluðust gildi árið 1990. Skoða má þau mál út frá mörgum sjónarhornum en alltaf verður niðurstaðan á þann veg að sveitarfélögin hafi skort tekjur til að sinna sínum verkefnum. Árið 1990 voru rekstrargjöld sveitarfélaga 65,5% af skatttekjum en árið 1998 var hlutfallið 82,6%. Árið 1990 var hlutfall rekstrargjalda og gjaldfærðrar fjárfestingar 76,4% af skatttekjum. Árið 1998 var þetta hlutfall 90,2%.

Sé fjármagnskostnaður tekinn með rekstrargjöldum ásamt gjaldfærðri fjárfestingu þá er niðurstaðan sú að árið 1990 var þetta hlutfall 78,4% af skatttekjum en 94,5% árið 1998. Samtals voru rekstur, gjaldfærð fjárfesting og fjármagnskostnaður um 41,3 milljarðar kr. árið 1998. Til að þessir rekstrarliðir væru sama hlutfall af skatttekjum og þeir voru árið 1990 þyrftu skatttekjur á árinu 1998 að hafa verið 52,7 milljarðar en voru í raun 43,7 milljarðar. Mismunurinn samkvæmt framansögðu er um 9 milljarðar kr. sem svarar til 2,5 prósentustiga í útsvari."

Það er ljóst, eins og þessi tilvitnun ber með sér, að sú lausn sem nú er í fjáraukalögum dugir ekki til að leysa fjárhagsvanda þeirra sveitarfélaga sem orðið hafa fyrir mestum tekjubresti og fólksfækkun. Þar þarf meira til. Vonandi mun þess sjást stað í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að stjórnarliðar átti sig á vanda þeim sem fylgt hefur því sem ég vil kalla eyðibyggðastefnu stjórnvalda, frjálsa kvótabraskið, stjórnkerfi fiskveiða.

Þá langar mig aðeins að víkja að árinu 2000 sem var sannkallað hátíðarár. Svo virðist sem hátíðarárið 2000 hafi kostað okkur verulegar fjárhæðir sem enn vaxa með frv. til fjáraukalaga. Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku var á fjárlögum fyrir þetta ár 324,5 millj. kr. Nú bætast við með fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hlutans 19,2 millj. Á þessu ári eru því ætlaðar 343,7 millj. í undirbúning kristnihátíðar. Mig langar þess vegna að spyrja: Hve miklum fjármunum var búið að ráðstafa áður í þennan lið af fjárlögum fyrri ára, hafi menn þær tölur tiltækar?

Ef hæstv. fjmrh. eða hv. formaður fjárln. geta upplýst um það þá þætti mér það fróðlegt en ég geri kannski ekki ráð fyrir að þeir hafi þær tölur við höndina. Ég mun þá óska eftir þeim síðar. Samt sem áður virðist dýrt drottins orðið.

Undir liðnum Alþingi eru svokölluð Sérverkefni. Undir þessum lið er lögð til hækkun á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna aðstöðu í tengslum við þingfund á kristnihátíð á Þingvöllum, ef ég hef skilið textann rétt. Þá vil ég spyrja: Skil ég það rétt að sá fundur sem fram fór í miklu blíðviðri að vilja drottins hafi kostað okkur 58,9 millj., að ferð þingmanna á Þingvöll hafi kostað 58,9 millj.? Er það réttur skilningur minn á þeim tölum sem birtast annars vegar í fjárlagafrv. og hins vegar í fjáraukalagafrv.? Er einhver annar kostnaður færður undir þennan lið sem kallaður er sérverkefni Alþingis vegna þingfundar á Þingvöllum?

Þess má geta að Alþingi ákvað að gefa 500 millj. í sjóð í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku sem ætlaður var í sérstök verkefni. Síðan má benda á að landafundanefnd hafði 217,5 millj. á fjárlögum þessa árs en fær nú til viðbótar 16,9 millj. í fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hlutans. Á þessu ári fær sú nefnd fjárveitingu upp á 234,4 millj. Það væri einnig fróðlegt að fá upplýst hvort og þá hversu miklu fé var áður ráðstafað í þetta verkefni.

Nú er það ekki svo að ég sé almennt á móti hátíðum og gleðskap af góðu tilefni. Hins vegar er sjálfsagt að fá heildstætt yfirlit yfir kostnað af hátíðarárinu 2000. Ég efast ekki um að fjárglöggir og töluvísir menn í fjmrn. eða fjárln. geti svarað þessum spurningum mínum, jafnvel þótt síðar verði.

Ég vil jafnframt minna á að heimssýningin í Hannover kostaði samkvæmt fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv., þar sem gert er ráð fyrir 38 millj. kr. viðbót, rúmar 200 millj. Samanlagt hafa hátíðarhöldin og heimssýningin tekið til sín um 1,2–1,3 milljarða kr. á árinu 2000. Þetta eru auðvitað háar fjárhæðir og ég held að við megum spyrja okkur hvort við getum leyft okkur að standa þannig að málum. Við gætum velt því fyrir okkur hvort nauðsynlegt hafi verið að taka jafnmikið fjármagn til þessara hátíðarhalda og sýninga sem raun ber vitni. Samt sem áður er ég ekki á móti því að þjóðfélagið efni til hátíðarhalda af tilefni eins og t.d. kristnitökunni og landafundunum. En við þurfum vissulega að gæta hófs í öllu.

Fluttar hafa verið tillögur í hv. Alþingi um að bæta t.d. stöðu öryrkja og aldraðra. Sá sem hér stendur lagði t.d. fram tillögu við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár um slíkar leiðréttingar. Þær voru felldar. Nú er hins vegar verið að auka útgjöld í gegnum fjáraukalögin um rúma 7 milljarða, 7,6 ef ég man rétt, og virðist ekki standa í neinum að gera það.

Ég ætla samt sem áður að lýsa því yfir að við þingmenn Frjálslynda flokksins munum styðja tillögur sem við teljum til bóta hvaðan sem þær koma, hvort sem þær koma frá ríkisstjórnarflokkunum eða stjórnarandstöðu. Sumar af þeim tillögum sem eru í fjáraukalögunum munum við vafalaust styðja eins og framlagið til sveitarfélaganna vegna fólksfækkunar svo ég taki dæmi. Við munum þess vegna, eins og við höfum gert, meta málefni hverju sinni um það hvar stuðningur okkar lendir en ekki láta það ráða hvort málin eru flutt af stjórn eða stjórnarandstöðu. Við munum örugglega styðja mál sem snúa til þess að lagfæra stöðu aldraðra og öryrkja eins og við fluttum tillögu um á síðasta þingi. Reyndar hef ég lýst því yfir úr þessum ræðustól varðandi tillögu sem hér hefur verið mælt fyrir um barnabætur o.fl. að hana munum við styðja.

Mig langar aðeins í lokin að víkja nánar að vanda sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra sem hafa orðið fyrir mikilli íbúafækkun í kjölfar þess að atvinnutækifærin í sveitarfélögum sérstaklega við sjávarsíðuna hafa horfið með tilfærslu á aflaheimildum og sölu atvinnutækja úr byggðarlögum. Ég held að mörg þessara sveitarfélaga standi frammi fyrir því að sveitarstjórnarmennirnir sjá ekki hvernig þeir muni geta varðað veginn til framtíðar að óbreyttu tekjustreymi. Það er auðvitað alvarlegur hlutur í einu sveitarfélagi þegar sveitarstjórnarmenn standa frammi fyrir því að á tveggja ára bili hafa útsvarstekjur og aðrar tekjur tengdar atvinnurekstri dregist saman um 30 jafnvel 40%, en um það hygg ég að finna megi dæmi.

Ég hef margoft fullyrt að stærstur hluti þessa vanda sé til kominn vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið í stjórnkerfi fiskveiðanna, eingöngu vegna þess að sjávarþorp hafa ekki haft að neinum öðrum tekjustofnum að hverfa. Það er alveg sama hversu oft við tölum á hv. Alþingi um hin nýju tækifæri framtíðarinnar, hið nýja hagkerfi, hin nýju störf í fjarvinnslu að það er mjög fátt sem kemur í veg fyrir stórkostlegan tekjusamdrátt af völdum sjávarútvegstilfærslna í sveitarfélögum eins og t.d. Ísafjarðarbæ sem er nýlega búinn að ganga í gegnum sameiningarferli. Bæjarstjórinn þar lýsti því á fundi fyrir örstuttu síðan á Ísafirði, ef ég man rétt, að hann teldi að ríkið skuldaði sveitarfélögunum sem sameinuðust Ísafjarðarbæ 350–400 millj. kr. sem aldrei hefðu komið til greiðslu af hendi ríkisins samfara sameiningunni. Þegar slík sveitarfélög verða svo fyrir þeim tekjumissi sem þau hafa orðið fyrir á undanförnum tveimur árum, er ekki von á góðu. Þess vegna segi ég að fátt annað er til ráða en að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir viðurkenni þennan vanda og geri sveitarfélögunum kleift að afla sér meiri tekna. Það er hægt með beinum fjárframlögum eins og lagt er til með þessu fjáraukalagafrv. upp á 700 millj. en það er einnig hægt með því að fara að þeim ábendingum sem m.a. komu fram á fjármálastefnu sveitarfélaga um að auka meira en gert er í fyrirhuguðu tekjustofnafrv. hlut sveitarfélaganna í útsvarinu. Það væri, held ég, skilvirkasta aðferðin upp á framtíðina að gera ef slíkt væri gert.

Íbúar þessara sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn þeirra eiga fáa góða kosti í stöðunni. Líklega verður niðurstaðan sú að íbúar þessara sveitarfélaga neyðast til að taka á sig skattahækkanir. Þó svo að fasteignagjöldin lækki miðað við verð íbúða á þessum svæðum þá mun það samt þýða, ef reyna á að laga stöðu sveitarfélaga víða á landsbyggðinni, að það þarf að auka skatta í sveitarfélögunum. Mér finnst að það væri ríkisvaldinu til sóma að koma þar á móti þannig að í þeim sveitarfélögum þar sem tekjumissirinn hefur orðið slíkur sem ég hef drepið á, þá legði ríkið meira en verið hefur til þess að sveitarfélögin héldu velli. Sveitarfélögin hafa safnað skuldum alveg frá 1990 miðað við þær upplýsingar sem legið hafa fyrir.

Menn geta deilt um hvort nýjasta skýrslan sem menntmrh. var að kynna sé eini rétti sannleikurinn um kostnað af grunnskólanum eða hvort skýrslur sem birtust þar á undan innihaldi sannleikann. Hinu held ég að verði ekki á móti mælt að sveitarfélögin hafa tekið á sig kostnað samfara tekjusamdrætti. Þetta finnst mér að við í hv. Alþingi eigum að reyna að lagfæra. Ég lýsi því yfir að ég mun styðja slíkar tillögur séu þær raunhæfar jafnvel þó að í þeim felist einhver skattahækkun vegna þess að menn eiga ekki marga aðra kosti.

[17:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. innti eftir kostnaði við þúsund ára afmælishátíðarhöld vegna kristnitökunnar og kostnað vegna landafundanefndar. Ég hef í fljótheitum aflað mér upplýsinga um framlög til þessara hluta. Fyrst voru lagðar fram til þúsund ára afmælis kristnitökunnar árið 1998 10,2 millj., 1999 27 og árið 2000 324,5. Á fjáraukalögum eru 19,2. Einhver kurl eiga eftir að koma til grafar á næsta ári því að þessum hátíðahöldum lýkur um páska í vor.

Landafundanefnd fékk 130,7 millj. árið 1999, 195,5 árið 2000 og 16,9 á fjáraukalögum. Þarna er um miklar fjárhæðir að ræða. Hins vegar er, eins og kom fram í ræðu hans, um eins skiptis framlög að ræða. Þetta fellur nú niður.

Varðandi heimssýninguna þá er ljóst að á fjáraukalögum er uppgjör á henni. En ég vil geta þess að heimsóknir í íslenska skálann voru gífurlega margar og mun fleiri en í öllum skandinavísku skálunum til samans. Við vonum auðvitað að þessi starfsemi og þessar miklu fjárhæðir sem hefur verið varið til þessara hluta skili sér í auknum „prófíl" Íslands, ef svo má að orði komast, og auknum ferðamannastraumi hingað til lands. En ég tek auðvitað undir það að hér hefur miklu verið til kostað.

[17:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Þau voru skýr. Ég deili einfaldlega áhyggjum mínum með formanni fjárln. um að þeir miklu fjármunir sem við höfum varið til þessa skili okkur einhverju. Vonandi kemur hróður Íslands til með að

vaxa og vonandi verður saga Íslands þekktari eftir en áður og gæti þá aflað okkur tekna, m.a. í ferðamennsku.

Ég dró þetta saman í ræðu minni eingöngu til þess að vekja athygli á því að samkvæmt þessum tölum erum við á öðrum milljarðinum í þessum hátíðahöldum og sýningum og mikið þarf að koma til að það skil sér allt.

[17:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Eins og fram kom eru þessi hátíðahöld að baki og því er hægt að verja svona fjárhæðum til annarra verkefna.

Vissulega tengist margt fleira þessum hátíðahöldum. Menn hafa víða byggt upp í tengslum við þetta, t.d. var myndarlegt framtak vestur í Dölum sem á áreiðanlega eftir að skila sér í aukinni ferðaþjónustu þar. Þannig mætti víðar telja. Ég endurtek að landkynningin, sérstaklega vestan hafs, virðist hafa skilað sér mjög vel og heimssýningin einnig. Eins og ég sagði áðan þá tókst hún mjög vel af okkar hálfu. Ég vil láta það koma sérstaklega fram að þó aðsókn hafi verið lítil að heimssýningunni og mun minni en áætlað var þá var aðsókn að íslenska skálanum langt fram yfir það sem búist var við. (**Gripið fram í:** Hún var hlutfallslega góð.) Hún var meira en hlutfallslega góð. Það sóttu 4 millj. manna heim íslenska skálann. Til samanburðar sóttu 800 þúsund manns heim norska skálann. Það er ekki á hverjum degi sem við náum með okkar kynningu til 4 millj. manna. Ég fór ekki vestur um haf í eigin persónu eins og margir gerðu en mér er sagt að átakið þar hafi tekist mjög vel, að þar hafi verið mikil fjölmiðlaumfjöllun. Vonandi skilar það sér í ferðamennsku og ímynd landsins.

[17:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlusta alltaf af mikilli athygli þegar hv. þm. heldur ræður um byggðamál eins og hann gerði áðan. Hann þekkir málin mjög vel og ég verð að segja að ég var honum sammála þegar hann tók dæmi af sínum heimabæ Ísafirði og sagði að þar hefði orðið veruleg byggðaröskun af völdum tilflutninga aflaheimilda vegna kvótakerfisins. Ég er honum sammála um það. En hv. þm. sagði að það þýddi ekki að ætla að bæta það með því að byggja upp það sem hann kallaði nýja hagkerfið. Ég er honum líka sammála um að það dugar ekki til þess að leysa vandann í dag.

En ég spyr hv. þm.: Er hann ekki þeirrar skoðunar að þegar til framtíðar horfir þá sé það eitt af því sem við þurfum til þess að halda unga fólkinu heima, halda unga fólkinu í héraði? Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að tímarnir séu breyttir og að unga fólkið sem áður sótti í sjávarútveginn geri það ekki af sama kappi og þrótti og áður. Draumar þess og væntingar liggja svolítið annars staðar í dag.

Ég hef á ferðalögum mínum um landið, ekki bara undanfarna viku heldur síðustu mánuði, orðið þess áskynja að eitt af því sem forsvarsmenn í þeim byggðarlögum, sem eru hvað framsæknust og hafa náð hvað mestum árangri, vilja gera er einmitt að skjóta stoðum undir það sem við köllum nýja hagkerfið. Ég held þess vegna, herra forseti, að í framtíðinni þurfum við þetta þrennt, þ.e. það þarf að styrkja sveitarfélögin á þann hátt sem hv. þm. nefndi í sinni ágætu ræðu til þess að þau geti þjónustað íbúana betur og þar með örvað þá frekar til þess að halda kyrru fyrir en flytjast ekki burtu.

Í öðru lagi þarf að breyta stjórnkerfi fiskveiða þannig að það sé hægt fyrir byggðir eins og Ísafjörð að nýta sér betur nálægð þeirra við miðin. Og það er einmitt svo að sú stefna sem Samfylkingin hefur lagt fram ýtir undir það.

Í þriðja lagi held ég líka að við þurfum að ýta undir greinar sem tengjast netinu, þessu svokallaða nýja hagkerfi, vegna þess að það er nauðsynlegt til þess að halda unga fólkinu heima þegar fram í sækir.

[18:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn mega alls ekki skilja orð mín svo að ég sé að mæla gegn þeirri nýbreytni sem getur aukið fjölbreytni í atvinnusköpun úti um land. Það er alls ekki. Ég er einfaldlega að benda á að þó svo mönnum takist að fjölga um 2–5 störf í hverjum bæjarkjarna á ári í ferðamennsku, tölvuiðnaði, fjarvinnslu o.fl., hvað skyldu menn þá vera lengi að bæta upp 110 störf sjómanna sem töpuðust bara með Básafellskvótanum á Ísafirði?

Þar til viðbótar eru svo þjónustustörf í landi, bæði hjá vélsmiðjum og öðru, og úrvinnslan úr fiskinum og allt það, útgerðarrekstrinn, hafnargjöldin. Það sem ég er að benda á, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, er að það tekur mörg ár að setja þetta nýja inn í staðinn. Þess vegna er vitlaus stefna að mínu viti að byrja fyrst að rífa undan byggðunum og ætla svo að byggja þetta í rólegheitum upp á tíu árum og leyfa mönnum að sitja í skuldasúpunni á meðan. Það er að mínu viti eyðibyggðastefna.

[18:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson tekur undir nauðsyn þess að byggja upp einmitt þær greinar sem við köllum stundum sameiginlega nýja hagkerfið. Ég held að það sé nauðsynlegt til að leggja jákvæða byggðastefnu inn í framtíðina.

Mér er umhugað um það, herra forseti, að byggðirnar leggist ekki af og það sem hv. þm. kallar eyðibyggðastefnu verði ekki í reynd að veruleika. Ég óttast að svo verði í sumum tilvikum. Ég segi þess vegna: Það er nauðsynlegt að búa til fjölþætta byggðastefnu, jákvæða byggðastefnu sem vísar inn í framtíðina og ekki er nóg að ýta undir sjávarútveginn. Það er nauðsynlegt og ég hugsa að það sé rétt hjá hv. þm. að það leysti bráðasta vandann í dag. En til framtíðar er ég ekki viss um það dugi til að hafa þær byggðir sem að fornu og nýju hafa verið stólpabyggðir eins og heimabyggð hv. þm. sem hann eins og ég veit þekkir gjörla enda stunduðum við þar sjómennsku á sama tíma um skeið. Það dugir ekki til þess að halda stöðum eins og Ísafirði í sterkri byggð. Það þarf eitthvað annað og meira.

Ég hef komið í 23 eða 24 byggðarlög á síðustu mánuðum og í sérhverju þeirra hef ég fundið fyrirtæki sem má kalla vísi að hinu nýja hagkerfi. Hv. þm. sagði: Það dugir ekki að drita niður 2–3 störfum hér og þar. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Ég kom í fyrirtæki á Sauðárkróki sem tengist framleiðslu inn á ljósleiðarann og þar voru 20 ungir menn og konur að störfum. Meðalaldurinn var líklegast í kringum 24–26 ára. Forvígismaður fyrirtækisins tjáði mér að líklegast hefði enginn þeirra komið til baka nema út af þessu. Ég er ekki að segja, herra forseti, að þetta leysi allan vandann en þetta er örugglega einn af grunnþáttunum í byggðastefnu til framtíðar.

[18:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Össur Skarphéðinsson erum örugglega ekki ósammála um að slík nýsköpun sem hann var hér að nefna sé vísir að því sem gæti tekið við í framtíðinni.

Það eru auðvitað mörg fleiri störf. Ég var t.d. á föstudaginn að kynna mér starfsemi álversins uppi á Grundartanga. Það sýnir sig að samfara álverinu var mikil uppbygging á Vesturlandi og fjölgun starfa. En mér er líka spurn: Er það virkilega svo að þegar verið er að byggja álver sé bara hægt að flytja raforkuna í eina átt, bara að sunnan? Er ekki hægt að flytja hana að norðan? Er ekki hægt að reisa orkuver á Vestfjörðum og flytja orkuna suður ef vantar orku?

Mér virðist vanta dálítið mikið það sem við köllum að vera með jákvæða hugsun í byggðamálum. Það er eins og hugsunin sé á annan endann, allt komi að sunnan. Þess vegna hef ég ævinlega í ræðum mínum, þegar ég er að ræða um þessa pólitík, vikið af því hvernig byggðamálunum er komið. Ég held að sú vísa verði aldrei of oft kveðin og menn verða að átta sig á því að langflest sjávarútvegsþorp á Íslandi hafa orðið til vegna nálægra fiskimiða. Það er, svo að ég endurtaki það, algerlega vitlaus stefna að rífa fyrst festuna undan byggðinni og ætla svo að vera í tíu ár að laga ástandið sem skapast.

[18:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ríkisendurskoðun skoðar rekstur stofnana ríkisins annarra en Alþingis. Hún gerir endurskoðunarskýrslur, hún gerir stjórnsýsluathuganir á þessum fyrirtækjum, athugar ákvarðanir stjórnar og annað slíkt en að sjálfsögðu gerir hún þetta ekki hjá Alþingi þar sem hún heyrir undir Alþingi, undir forsn. Þess vegna eru fjárveitingar Alþingis sérstaklega viðkvæmt mál sem alþingismenn þurfa að skoða mjög vel.

Í þeim fjáraukalögum sem við ræðum er einn liður sem sýnir mjög óöguð vinnubrögð. Það er liðurinn Fasteignir Alþingis sem er upp á 83 millj. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 113 millj. kr. í þennan lið. Ég greiddi reyndar einn þingmanna atkvæði gegn þeim lið af því að ég sá ekki tilganginn með honum. Þetta er ekki fjárfesting, þetta eru innréttingar, en þessi liður hefur síðan þá, á einu ári, hækkað um 83 millj. Maður hlýtur að spyrja hæstv. forseta hverju veldur því að það er á valdsviði forsetanna að sjá um þennan rekstur. Þar með er innréttingakostnaður kominn upp í 196 millj. sem fer örugglega upp í 200 millj. Maður fer að spyrja sig: Hversu margir fá þarna inni? Hver er kostnaðurinn á mann og hver er leigutíminn?

Í atvinnulífinu eru innréttingar yfirleitt afskrifaðar á átta árum þannig að þetta eru um 25 millj. á ári í afskriftir af þessum innréttingum. Svo geri ég ráð fyrir að einhver leiga sé á húsnæðinu líka, herra forseti. Gaman væri að vita hvað þetta eru margir fermetrar líka og fjöldi skrifborða, hvað hver vinnuaðstaða kostar. Ég hef grun um að þetta slái út ævintýrið þegar ég flutti inn í skrifstofuna mína sem kostaði 7,5 millj., þ.e. eitt lítið herbergi var íbúðarverð á þeim tíma.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi beiti sjálft sig aga. Það getur ekki krafist aga af stofnunum þjóðfélagsins þegar það stendur sjálft í slíkum útgjöldum.

Herra forseti. Það er annað embætti sem er líka þess eðlis að eiginlega getur enginn um það fjallað sökum virðingar þess. Það er embætti forseta Íslands. Þar þarf að gæta sérstakrar aðgæslu í að fara að fjárlögum. Menn hljóta að vita hvað þeir þurfa áður en fjárlög eru sett. Ég held að Alþingi hafi ekki verið naumt í því að skammta embætti forseta Íslands fjárveitingar. Þess vegna er dálítið ankannalegt að sjá viðbót í fjáraukalögum. Það ætti eiginlega ekki að vera.

Svo ég tali rétt aðeins um samband fjárlaga og fjáraukalaga og vinnu fjárln. þá gerist það að fjárlög byggja á áætlunum, ákveðnum forsendum. Menn gefa sér ákveðnar forsendur um t.d. þróun launa, verðlags, gengis o.s.frv. Mikil vinna er lögð í það og þegar þessar forsendur liggja fyrir eru fjárlögin sett og þau ættu að standast nema eitthvað mjög mikið gerist. Þess vegna ættu fjáraukalög að vera afskaplega mögur ef fjárlagagerðin hefur verið vönduð og enn magrari ætti vinna fjárln. að vera sem er að vinna með 50 daga gamlar upplýsingar. Frá því að fjáraukalög eru lögð fram og þar til fjárln. skilar niðurstöðu líða kannski tæplega 50 dagar. Það ætti ekki mikið að gerast á þeim tíma þannig að á þeim tíma ættu menn ekki að taka á einhverjum stórum hlutum nema í æðstu stjórn ríkisins. Það væri ekki eðlilegt og væri mjög ankannalegt ef fjmrh. legði fram tillögur um breytingar á æðstu stjórn, þ.e. Alþingi og forseta Íslands, þannig að sú breyting hlýtur að koma frá fjárln.

Inn í þetta kemur líka að það er ekki bara breyting á forsendum. Það eru líka lagabreytingar sem Alþingi ákveður sem geta endurspeglast í fjáraukalögum. Ég tek því á margan hátt undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni þar sem hann gat um þann aga sem þarf að fylgja í fjárlögum að eiginlega á ekkert að breyta fjárlögum nema breyting verði á forsendum fjárlaga. Þær ættu menn að vita nokkurn veginn þegar fjáraukalög eru lögð fram þannig að það ætti eiginlega ekkert að breytast nema Alþingi setji lög eða þá eitthvað stórkostlegt gerist í þjóðfélaginu, eldgos eða eitthvað því um líkt, svo að maður tali ekki um að frá því að fjáraukalög eru lögð fram, sem ég er alveg sammála að gæti verið mörgum sinnum á ári og ætti kannski að vera oftar.

Samt sem áður breyttust nokkrir liðir frá því að fjáraukalögin voru lögð fram, sem sagt á 50 dögum. Fyrir utan þá liði sem ég gat um áðan er t.d. Þjóðleikhúsið. Þar er gert ráð fyrir 66 millj. aukafjárveitingu til þess að Þjóðleikhúsið geti gert upp skuld sína við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hlutdeildar í lífeyrishækkunum fyrrverandi starfsmanna. Þetta eru 66 millj., herra forseti. Það er ekki lítil tala. Í fjárlagafrv. árið 2001 er lagt til að leikhúsið verði gert að A-stofnun. Fyrr verður það ekki A-stofnun. Það er mjög eðlilegt að þessi tala væri í fjárlögum fyrir árið 2001 því að þá kemur þessi óvænti atburður upp. Engin ástæða er til þess að hafa þetta í fjáraukalögum. Þetta ætti að vera í fjárlögum og koma til greiðslu 1. janúar um leið og lögin taka gildi, fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Um leið og þau fjárlög taka gildi er leikhúsið orðið að A-hluta stofnun og þá fellur þessi skuldbinding til.

Síðan er það landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Þar er lagt til að veitt verði 20 millj. kr. fjárveiting til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla skólans í trausti þess að áfram verði unnið að varanlegri lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar. Hvað er eiginlega að gerast þarna? Á 50 dögum hafa menn komist að því að þarna er eitthvað mikið að gerast sem lá ekki fyrir þegar fjáraukalagafrv. var lagt fram. Það er sem sagt mikið að gerast og nú spyr maður: Hver ber ábyrgð? Samkvæmt fjárreiðufrv. var sett inn ábyrgð forstöðumanna á því að þeir standist fjárlög. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að það sé ítrekað að fjárlög eru lög í þessu landi og mönnum

ber að fara eftir þeim, líka forstöðumönnum stofnana og kannski sérstaklega þeim.

Hér er svo, herra forseti, talað um 57,2 millj. fjárveitingu til greiðslu skuldar við Tryggingastofnun ríkisins vegna lögbundinnar skyldu félmrh. til að greiða meðlög, sbr. 25. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Þetta eru ekki sérstaklega ung lög. Það ætti að vera komin reynsla á hvernig þau virka. Hins vegar vantar allt í einu 57 millj. á 50 dögum, herra forseti. Það eru mörg börn á stuttum tíma. Þetta er eitthvert sleifarlag, herra forseti. Þetta er agaleysi og kannski léleg áætlunargerð, kastað til höndum við hana væntanlega. Þá kemur aftur að þessu ákvæði í fjárreiðufrv. sem þarf að fara að beita til að halda uppi ákveðnum aga.

Þá kem ég að heilbrigðiskerfinu. Ég ætla bara ekki að tala um það. Fyrir ári voru krosslagðir fingur og ég veit ekki hvað, og talið að nú væri búið að gera upp við alla, allt væri ljómandi gott og allar skuldir gerðar upp. Þar var allt sett á núll þannig að ég býst ekki við einni einustu krónu í það núna, herra forseti. Ég ætla ekki að tala um það einu sinni.

Svo er það Vegagerðin. Þar ætla menn að vera góðir við verktakana sem þurfa að sæta 70% hækkun á dísilolíu. Það er svo sem ágætt. Það er enginn akkur fyrir Vegagerðina að setja menn í fjárhagsleg vandræði. En maður spyr: Hvað mundi gerast ef olían lækkaði? Fengi þá Vegagerðin endurgreiðslur frá þessum verktökum? Eru þeir líka svo góðir í viðskiptum að þeir mundu lækka verðið sem um var samið?

Þá kem ég að Löggildingarstofunni. Þar virðast 20,3 millj. hafa dottið inn á síðustu 50 dögum vegna stofnbúnaðar og innréttinga í nýju húsnæði auk þess að kostnaður af sameign hefur reynst meiri en ætlað var. Þetta gerist allt á 50 dögum, frá því að fjáraukalagafrv. er lagt fram og ég tala nú ekki um frá því að fjárlögin voru lögð fram. Auðvitað eiga menn að vita að fjárlög liggja fyrir og fara eftir þeim. Ég geri ekki ráð fyrir að stofnbúnaðurinn sé svo óvæntur útgjaldaliður, væntanlega þarf að panta hann. Hann er ekki svo óvæntur og hefði alla vega átt að vera í fjáraukalögunum en ekki í athugasemdum nefndarinnar.

Hagstofunni á að veita 35 millj. af sömu sökum, til að mæta ófyrirséðum kostnaðarauka. Þeir vissu ekki neitt fyrr en núna á síðustu 50 dögum að eitthvað stórt var að gerast upp á 35 millj. Maður getur varla tekið það alvarlega og síst af öllu frá Hagstofunni sem ætti að kunna að gera áætlanir.

Hjá veiðistjóra er uppsafnaður vandi. (**Gripið fram í:** Hundabú.) Hundabú, já. Við erum sem sagt að fjalla um hundabú og endurgreiðslu á refaveiðum. Þetta virðist bara hafa dottið inn á síðustu stundu eftir að fjáraukalög voru lögð fram.

Herra forseti. Mér finnst að hv. fjárln. eigi ekki að hlusta á svona. Hún á að segja: Það eru fjárlög í gildi og búið að leggja fram fjáraukalög og ef eitthvað stórt hefur gerst frá því að fjáraukalög voru lögð fram tökum við tillit til þess. Verði jarðskjálfti, eldgos eða eitthvað slíkt þá tökum við tillit til þess.

Varðandi liðinn Æðsta stjórn ríkisins þá fellst ég á, herra forseti, að það er ekki mál framkvæmdarvaldsins, þ.e. rekstur forsetaembættis og Alþingis. Þar finnst mér eðlilegt að fjárln. komi með breytingar á fjárlögum en ekki framkvæmdarvaldið. Þetta leiðir eiginlega hugann að því hvort ekki væri eðlilegt að Alþingi setti sér eigin fjárlög og væri ekki að blanda hæstv. fjmrh. í þau. Hann er hluti af framkvæmdarvaldinu og á ekki að setja okkur reglur um útgjöld.

[18:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. kom inn á nokkur mál. Inntakið í ræðu hans var að áætlunargerðin væri ekki nógu góð. Ég dreg þær ályktanir af ræðunni. Ég get alveg tekið undir að full þörf sé á að bæta áætlunargerðina og þá á ég ekkert síður við æðstu stjórn, Alþingi og forsetaembættið. Ég legg þunga áherslu á að það verði gert og unnið verði að því að bæta áætlunargerðina almennt.

Hins vegar er málið kannski ekki svo einfalt að öll kurl séu komin til grafar þegar fjáraukalagafrv. er lagt fram. Í sjálfu sér væri óþarft að leggja svo mikla vinnu í það ef svo væri. Okkur berast útreikningar og ýmsar beiðnir eftir að frv. er lagt fram. Ég hygg því að þrátt fyrir að áætlunargerðin yrði bætt þá yrði seint hægt að komast hjá einhverjum breytingartillögum þó ég taki vissulega undir að þær ættu að vera sem fæstar.

Varðandi halla stofnana þá höfum við ávallt lagt á það áherslu að ef farið er í þau mál þá hafi þegar verið gerðar ráðstafanir í þeim stofnunum til að hallarekstur haldi ekki áfram.

[18:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað upp til þess að lýsa því yfir að ég er eiginlega sammála öllu því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan. Ég velti fyrir mér hvort hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því hvernig framkvæmdarvaldið leikur sér að því að fela óþægileg útgjöld með því að setja hluta þeirra inn á fjáraukalög og síðan annan hluta inn á brtt. við fjáraukalög. Með þessum hætti er komið í veg fyrir að stórir kúfar sem ella sæjust í fjárlögum veki athygli. Út á þetta gengur leikurinn. Þetta reyndum við að koma í veg fyrir þegar við settum fjárreiðulögin 1996. Það er þetta sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson rökstuddi svo vel í framsögu sinni fyrr í dag að við þyrftum að breyta. Ég er sammála því, herra forseti, og segi reyndar að með orðum sínum er hv. þm. Pétur H. Blöndal að taka þéttingsfast undir með stjórnarandstöðunni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal gagnrýndi einnig með hvaða hætti fjárveitingar fara í gegnum fjáraukalög og brtt. við fjáraukalög til embætta eins og forsetaembættisins og Alþingis. Ég tek líka undir með hv. þm. í þessu efni. Sérstaklega er ég sammála honum um að Alþingi hlýtur að þurfa að taka sér tak. Það er ekki trúverðugt ef Alþingi fer langt fram úr fjárheimildum sem það hefur sjálft sett sér. Eftir höfðinu dansa limirnir, herra forseti, og Alþingi hlýtur að þurfa að fara eftir þessum lögum fremur en aðrir.

Aðrar stofnanir væri líka rétt að nefna hér. Það er t.d. ótrúlegt að sjá að eitt af gæluverkefnum framkvæmdarvaldsins, þ.e. Safnahúsið við Hverfisgötu þar sem menn halda fyrirmönnum góðar veislur, bæði sjálfum sér og öðrum, fer fram úr fjárlögum meira en 100%. Heildarkostnaður ársins átti að verða 95 millj. kr. en gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar muni kosta 100 millj. kr. meira, þ.e. alls 195 millj.

[18:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi umræða um fjáraukalög hefur staðið lengi dags. Hún hefur að mörgu leyti verið ákaflega fróðleg. Umræða af þessu tagi ætti að minni hyggju að snúast um tvær grundvallarspurningar:

1. Standast fjáraukalögin og þær breytingar sem við þau á að gera lögin sem við höfum sett okkur um hvernig á að veita fé til stofnana ríkisins?

2. Hvaða áhrif hafa fjáraukalögin og breytingar á þeim á stjórn efnahagsmála í samfélaginu?

Það má segja að umræðan í dag hafi að næstum öllu leyti snúist um fyrra atriðið sem ég nefndi. Enginn þeirra ágætu manna sem hér hafa talað fyrir hönd stjórnarliðanna, sem bera ábyrgð á efnahagsstefnunni, hafa í reynd velt því fyrir sér hvaða stefna og þróun speglast í þessum fjáraukalögum. Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að í fyrra að ræddum við um fjáraukalög sem fólu í sér, ef ég man rétt, aukningu á útgjöldum ríkisins upp á 7,8 milljarða. Við vorum öll í þessum sal með andköfum yfir því hvað þetta voru háar upphæðir. Í fyrra komu bæði hv. formaður fjárln. og varaformaður upp með mikla svardaga og lýstu því yfir að svo skyldi aldrei verða aftur.

Hvað blasir svo við þegar við lesum tillögurnar og frv. sem hér liggur fyrir, herra forseti? Þá kemur í ljós að lagt er til að veita um það bil 10% hærri upphæð til stofnana en í fyrra. Ef við bætum við þeim rúmlega 600 millj. sem búist er við að ríkisútgjöld aukist um vegna heilbrigðisstofnana, sem eiga eftir að koma inn í þessa umræðu, þá sýnist mér að þetta gæti farið upp í um 8,6–8,7 milljarða. Með öðrum orðum blasir við að það sem þótti vont í fyrra hefur versnað í ár. Það blasir við að það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Jón Kristjánsson sögðu hér ásamt ýmsum góðum félögum þeirra úr fjárln. hefur ekki staðist.

Herra forseti. Þetta var tilbrigði við stef sem ég ætla að reyna að kyrja í ræðu minni. Þó lofa ég þeim ágæta hluta þingheims sem hér situr og hlýðir enn á umræðurnar síðla dags að vera ekki of langorður.

En rétt skal vera rétt. Hv. þm. Jón Kristjánsson á hrós skilið fyrir að hafa að ýmsu leyti bætt vinnubrögð fjárln. með tilliti til starfshátta Alþingis. Hv. þm., áreiðanlega ásamt fleirum í nefndinni og í góðu samkomulagi við stjórnarandstöðuna, hefur beitt sér fyrir því að 2. umr. fjárlaga hefur færst töluvert fram. Það bætir starfshætti þingsins vegna þess að væntanlega leiðir það til þess að við þurfum ekki að sitja hér slímusetur andvökunætur, meðvitundarlítil við að samþykkja fjárlög rétt undir jól eins og við höfum oft gert. Þetta er til mikillar fyrirmyndar.

Hv. þm. gat þess þegar hann fór yfir málið í ræðu sinni að hér væri allt undir nema heilbrigðismálin vegna þess að fjárln. hefði ekki unnist tími til að fara í þann kafla. Herra forseti. Ég held að hérna sé einhver misskilningur uppi. Þótt það skipti ekki meginmáli þá held ég að svo standi á að heilbrrn. hafi ekki verið reiðubúið með tölur sínar og gögn. Mín reynsla af hinni atorkusömu og vinnusömu fjárln., m.a. af hinni ágætu fundarstjórn hv. þm. Jóns Kristjánssonar, hefur verið þannig að menn hafa lagt nótt við dag ef þurft hefur til að fara fyrir þessi mál. Það er auðvitað nauðsynlegt að á sama tíma og hið háa Alþingi bætir starfshætti sína og reynir að taka upp fjölskylduvænni vinnubrögð en áður þá leiki ráðuneytin með í þessu liði og sjái sóma sinn í því að gögn og annað sem til þarf af þeirra hálfu sé til reiðu. Það hefur ekki gerst að þessu leyti að því er varðar heilbrrn. samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef.

Herra forseti. Ég sagði áðan að hv. þm. Pétur Blöndal hefði lög að mæla. Hann talaði um að hér væri á ferðinni agaleysi. Mér finnst vaxandi agaleysi og lausatök í fjárreiðum ríkisins. Mér finnst að fjárln. sé allt of eftirlát við framkvæmdarvaldið. Þetta er spurning um aga. Þetta er spurning um aga Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, aga ráðherranna gagnvart yfirmönnum stofnana og aga Alþingis á sjálfum sér. Ég verð að segja að mig rak í rogastans þegar ég heyrði einn hinn vaskasta af vestfirskum þingmönnum, þ.e. hv. varaformann fjárln., Einar Odd Kristjánsson, segja, ekki einu sinni heldur tvisvar sinnum í ræðum sínum í dag, að við gætum bara ekki gripið í taumana. Hv. þm. sagði: Hvað getur ein þingnefnd gert þegar stofnanir keyra fram úr fjárlögum aftur og aftur?

Herra forseti. Er það virkilega þannig að Alþingi hafi afsalað sér valdi sínu til embættismannaaðalsins sem leikur sér að því að vinda Alþingi eins og tusku með því að keyra fram úr ár eftir ár? Ég vil ekki trúa þessu. Það var ekki reynsla mín þegar ég fór með lítinn part af framkvæmdarvaldinu. En ef viðhorf hv. þm. spegla viðhorf stjórnarliðsins þá skilur maður af hverju fjármunir skattborgaranna gusast út um allar gáttir.

Það vantar aðhald í ríkisfjármálin. Við í stjórnarandstöðunni sögðum, og það var ekki auðvelt fyrir okkur að segja það við upphaf fyrstu fjárlagaumræðu á þessu kjörtímabili sem hv. formaður Jón Kristjánsson getur lesið í nefndaráliti minni hlutans frá því á síðasta ári, að fram undan væri þensluástand og í aðdraganda þess ættu menn að grípa til þeirra ráða að draga saman útgjöld ríkisins, ríkið yrði að draga saman seglin. Við sögðum þetta í ræðustól en uppskárum aðeins hálfgildings húrrahróp hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem með vissum hætti má segja að hafi verið lærimeistari okkar í þessari hagfræðilegu hugsun. En það gerðist ekki neitt.

Með öðrum orðum, herra forseti, við vorum að tala um það þekkta lögmál úr veröld stjórnmálanna að ef menn ætla sér að skrúfa saman ríkisútgjöldin eiga þeir að byrja á því í upphafi kjörtímabils. Það var lag þegar þetta kjörtímabil hófst áður en þenslan skaust í þær hæðir sem hún er í nú. Það var lag og stjórnarandstaðan fyrir sitt leyti bauð í reynd upp á samstarf. Yfirlýsingar af því tagi sem ég og hv. þm. Samfylkingarinnar, og jafnvel ef ég man rétt hv. þm. Jón Bjarnason að sínu leyti líka, gáfu veittu auðvitað stjórnarliðinu tækifæri til þess og fullt tilefni að taka okkur á orðinu, láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstillingu um það að draga úr ríkisútgjöldum. Þetta er auðvitað miklu verra þegar tekið er að síga á seinni hluta kjörtímabilsins eins og núna, herra forseti, þegar hillir undir það að hv. þm. í stjórnarliðinu eru að sjálfsögðu farnir að sáldra mylsnunni út um landið til þess að efna til betri gæfta á atkvæðamiðunum.

Herra forseti. Ég verð þess vegna að segja að ég varð ákaflega undrandi að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson í raun lýsa sig sigraðan gagnvart aðli embættismannaveldisins. Það var ekkert annað sem í orðum hans fólst og ég vil spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Er það virkilega svo að hann telji að hann sé valdalaus sendisveinn embættismanna á Alþingi Íslendinga? Var hann ekki kjörinn af frjálsbornum Vestfirðingum til þess að vinna að hag þeirra og eftir sinni eigin sannfæringu? Var hann kjörinn á Alþingi Íslendinga til þess að gefast upp fyrir einhverjum gráum massa embættismanna sem aldrei voru kjörnir til þess að fara með umboð þjóðarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Þessu verður hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að svara vegna þess að hann talar ekki bara fyrir hönd meiri hluta fjárln., hann er oddviti heils stjórnmálaflokks í þessari umræðu. Er hann að lýsa því yfir að þetta sé stefna Sjálfstfl.? Herra forseti. Ég hélt fyrst

að mér hefði misheyrst í hið fyrra sinni þegar haninn gól. Þegar hann kom og gól aftur hið síðara þá sannfærðist ég um að hér hafa einhver stórtíðindi gerst. Ég vissi satt að segja til skamms tíma ekki skæðari ógnvald innan ráðuneytanna en einmitt téðan hv. þm., þannig að ég spyr: Hvað veldur þessum umskiptum, herra forseti? Það er ekki nema von að það sé skortur á aðhaldi þegar þeir sem glímnastir þykja í þessum slag, þegar þeir sem sveifla bröndum sínum af hvað mestri vígfimi gefast upp.

Herra forseti. Aðeins til varnar gömlum barnakennara sem hér tók til máls fyrr í dag og var sakaður um það að kunna ekki prósentureikning, þá er það einfaldlega þannig, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit, að þegar einkaneysla er ekki 3% heldur 4%, þá hefur hún aukist um þriðjung. Hvað er þriðjungur þegar búið er að færa það yfir í hundraðshluta? Það eru 33,3% eins og hv. þm. Einar Oddur hafnaði hérna áðan, en það er allt í lagi. Ég ætla ekki að deila við hann um prósentureikning eða hversu vel hv. félaga mínum og þingmanni, Einari Má Sigurðarsyni, tókst upp þegar hann kenndi ungum börnum á Súðavík og víðar til prósentureiknings og annarra hlutfallafræða. Hitt er auðvitað miklu alvarlegra að forsendurnar undir þessum lagagerningum okkar, sem við erum að burðast við af veikum mætti en ákaflega góðum vilja og einbeittum ásetningi ár eftir ár að samþykkja, fjárlög, eru ár eftir ár úr lagi færðar. Ég get ekki annað en fallist á þær röksemdir sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson var með hér í dag að það sætir auðvitað undrun ef ekki ósköpum þegar hver einasta þjóðhagsstærð sem við þurfum að taka tillit til er grimmilega úr lagi færð þegar veruleikinn er mældur og borinn saman við spárnar. Það sem næst kemst veruleikanum er kaupmáttur ráðstöfunartekna þar sem skeikar ekki nema 12,5% en fer upp í 290% munurinn, samkvæmt útreikningi gamals barnakennara, og það þykir mér auðvitað erfitt. Enn erfiðara er þegar maður horfir til baka vegna þess að við vorum að leika okkur að því fyrra, nokkrir þingmenn í fjárln., að kanna með hvaða hætti þessar þjóðhagsprósentur hefðu staðist nokkur ár aftur í tímann. Það kom auðvitað í ljós að þær standast nánast aldrei, hvergi nærri.

Það má svo í framhjáhlaupi geta þess að þeir hinir sömu vísu menn og hafa þarna spáð, ekki samkvæmt hinu rétta sakramenti heldur einhverju allt öðru, það eru náttúrlega mennirnir sem hafa keppst við að hvísla því í eyru stjórnarherranna að það sé allt í lagi með fjármál þjóðarinnar og efnahagsmálin séu í góðu stuði.

Herra forseti. Það hefur verið mikið rætt um það hversu vel þetta frv. sem við erum að ræða standist lögin sem við kölluðum á sínum tíma eins konar hreingerningarlög og varða fjárreiðurnar og við samþykktum 1996. Það er einfaldlega rétt hjá hv. þm. sem hér hafa talað í dag, öllum þeim sem hafa tekið til máls fyrir utan hv. þm. Jón Kristjánsson og Einar Odd Kristjánsson, að fjáraukalögin og brtt. við fjáraukalögin úa og grúa af hlutum sem eiga ekki að vera þar. Við reyndum að gera fjárlög og fjárreiður ríkisins miklu gagnsærri og auðskildari þegar við settum fjárreiðulögin. Í þeim felst ákveðin vinnuregla sem menn eiga að fara eftir og átti að draga úr hvers konar subbuskap í meðferð fjármuna. Maður verður einfaldlega að horfast í augu við það að okkur hefur ekki tekist það.

Hv. þm. hafa vísað til V. kafla fjárreiðulaganna þar sem segir í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þetta verða að vera ófyrirséð atvik eða ný löggjöf eða kjarasamningar til þess að hægt sé að réttlæta að það sé inni í fjáraukalögum.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal tíndi hér upp fjölmörg dæmi sem öll voru að minni hyggju rétt. Allt sem hann sagði hér í dæmum í dag voru útgjöld sem höfðu að tilefnum orsakir sem bentu til þess að samkvæmt fjárreiðulögunum ættu þau ekki að vera í fjáraukalögum. Hvers vegna er þá verið að setja þau inn í fjáraukalög? Ráðherrarnir eru að gera það í krafti afls og áræðis og þeirra tengsla sem þeir hafa auðvitað út í þingið. Þeir eru að koma þar fyrir útgjöldum sem ella sæjust í fjárlögum og um leið mundi skerðast svigrúmið sem þeir hafa til annarra hluta samkvæmt þeirri reglu sem við höfum búið til og felst í rammafjárlögunum, með öðrum orðum þeir eru að skara eld að köku síns málaflokks og út af fyrir sig er ekkert athugavert við að gera slíkt svo fremi það standist lögin. En það stenst ekki lögin, og hv. þm. Jón Kristjánsson tók undir að vísu ekki með stjórnarandstæðingunum í dag en en með hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann sagði nákvæmlega hið sama. Þá tók hann undir að menn þyrftu að vanda sig.

Hæstv. fjmrh. hefur einnig tekið undir og miklu skeleggar þó og meira að segja í rituðu máli vegna þess að í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, þ.e. árið 2000, taldi hæstv. fjmrh. ástæðu til að fara nokkrum orðum um bætta framkvæmd fjárlaga og sagði þar orðrétt á bls. 241:

„Áhersla verður lögð á að bæta framkvæmd fjárlaga svo rekstur stofnana verði innan fjárheimilda og þörf fyrir viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum fari minnkandi."

Þó að þessi orð taki kannski ekki beinlínis á þessum vanda þá fellur andi þeirra og efni í reynd saman við það sem við höfum verið að segja, þingmenn stjórnarandstöðunnar ásamt hv. þm. Pétri H. Blöndal. En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði: Hvaða vald hefur ein þingnefnd til þess að ráðast gegn stofnunum sem fara aftur og aftur fram úr fjárlögum?

Herra forseti. Það segir að ef greiða þurfi úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum, þá verði fjmrh. að gera fjárln. Alþingis grein fyrir slíkum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og síðan að leita heimilda til þeirra með frv. til fjáraukalaga. Herra forseti. Við höfum sem sagt vald. Vald okkar er í rauninni þrenns konar: Í fyrsta lagi höfum við vald til þess að segja nei þegar fjmrh. óskar eftir greiðslum vegna ófyrirséðs tilefnis. Í öðru lagi höfum við vald sem fjárln. til þess að hafna því að taka jákvætt á beiðnum um slíkar greiðslur ef okkur þykir sem þær eigi ekki heima í fjáraukalögum. Og í þriðja lagi, herra forseti, ef okkur þykir sem viðkomandi stofnun, viðkomandi stjórn eða viðkomandi yfirmaður stofnunar hafi leikið lögin grátt, þá höfum við einfaldlega þann möguleika að refsa honum með því að hafna algerlega slíkum beiðnum á fjárlögunum sjálfum, þannig að vissulega höfum við möguleika á því, herra forseti, að taka í lurginn á embættismönnum sem með þessum hætti eru að notfæra sér eitthvert ímyndað skjól. Ég vísa því sem sagt á bug, herra forseti, sem hv. þm. Einar Oddur hélt hér fram að þingnefnd eins og fjárln. hefði ekki burði til þess að taka á svona vandamálum. Hún hefur þann möguleika sem felst í því að hafna einfaldlega umræddri beiðni.

Herra forseti. Tökum Safnahúsið sem dæmi, þetta er gæluverkefni ríkisstjórnarinnar og það vita það allir. Þetta

er orðið að hinum nýju veislusölum þar sem erlendum fyrirmönnum eru haldin dásamleg boð. Almúginn kemst auðvitað aldrei inn. Að vísu hefur þar verið ágæt sýning sem við höfum fengið að sjá en, herra forseti, 95 millj. kr. eru settar í það verkefni á fjárlögum. Kemur mönnum til hugar að ekki hafi verið hægt að sjá fyrir umfang þessa verkefnis? Þegar upp er staðið þá er beðið um á fjárlögum ekki 10 millj., ekki 30, ekki 60, heldur 100 millj. kr. aukalega til þessa verkefnis. Þetta er auðvitað dæmi um verkefni sem verið er að reyna að fela með þessum hætti til þess að það komi ekki fram og veki enn meiri athygli á fjárlögum. Það tel ég a.m.k. og menn geta út af fyrir sig verið mér algerlega ósammála um það.

Herra forseti. Aðeins áður en ég lýk þessum hluta minnar stuttu tölu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það er of mikið agaleysi varðandi fjárveitingar af hálfu ríkisins eins og þær birtast í fjárlagafrv. og sér í lagi fjáraukalagafrv. Við alþingismenn, við sem setjum lög, við sem leggjum fram og samþykkjum fjárlög, okkur ber auðvitað skylda til þess að fara á undan öðrum með góðu fordæmi. Eftir höfðinu dansa limirnir. Þess vegna verð ég að segja að það er auðvitað ótrúlega sárt að sjá að Alþingi fer með þessum hætti 83 millj. fram úr þeim fjárlögum sem því voru sett og við sem alþingismenn hljótum auðvitað að skoða það mál út í hörgul til þess að koma í veg fyrir að svona gerist aftur. Við eigum að vera öðrum fyrirmynd. Það er ákaflega erfitt fyrir Alþingi að hafa uppi stór orð um það að stofnanir og embættismenn brjóti í bága við samþykkt fjárlög þegar Alþingi gerir það sjálft. Getur það verið, herra forseti, að ábyrgðin hér innan dyra sé of dreifð varðandi framkvæmdir, milli forseta þingsins, æðstu embættismanna eða jafnvel stofnana eins og Framkvæmdasýslu ríkisins sem koma líka að málum? Þetta er eitthvað sem ið hljótum að þurfa að skoða.

Herra forseti. Ég hef í lengra máli en ég ætlaði farið yfir það hvernig mér sýnist þessi fjáraukalög standast önnur lög um fjárreiður ríkisins. Ég held að enn einu sinni séum við að falla á prófinu þó að ég virði að þeir þingmenn stjórnarliðsins sem hér hafa talað virðast hafa uppi góðan vilja.

Herra forseti. Sökum þess hversu langt er liðið á kvöld ætla ég ekki að hafa langar tölur um hvernig fjáraukalög tengjast efnahag ríkisins og stjórn þess. Það er auðvitað sárgrætilegt að horfa upp á að á sama tíma og talað er um, ekki síst af hálfu ýmissa forustumanna úr stjórnarliðinu, að nauðsynlegt sé að draga saman ríkisútgjöldin þá sjáum við þau aukast ár eftir ár og aukast umfram verðbreytingar. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson lagði fram ákaflega skýrar tölur um hvernig útgjöld ríkisins hafa aukist á síðustu árum. Ég rifjaði upp, herra forseti, að á síðasta ári fólu fjáraukalög í sér aukin útlán upp á 7,5 milljarða. Mönnum þótti það óskaplega mikið og höfðu uppi svardaga um að svo yrði ekki aftur. Nú blasir við að fjáraukalögin hafa í för með sér enn frekari útgjöld.

Ég rifja það upp að vaxandi blikur eru á himni efnahagsmála og engir vita það betur en hv. þm. stjórnarliðsins sem sitja í fjárln. og fylgjast með því hvernig efnahagsmálum er stjórnað. Við sjáum að viðskiptahallinn sem menn töldu í upphafi þessa kjörtímabils að mundi minnka er aftur á móti vaxandi og allt það sem Samfylkingin sagði um að hann mundi hafa neikvæð áhrif á gengið hefur gengið eftir. Gengið hefur frá áramótum fallið um 10%, um 25% gagnvart dollar og enginn veit enn þá hvernig sú saga endar. Skuldir ríkisins erlendis hafa aukist um 10 milljarða vegna þessara gengisbreytinga og þær breytingar sem við höfum séð eru auðvitað ekkert annað en gengisfelling. Það er ekki hægt að kalla þetta annað. Síðasta gengisfellingin sem gerð var með handafli eftir hinni gömlu aðferð, sem ég tók þátt í að samþykkja árið 1993, var upp á 7,5% og þótti mikil á þeim tíma.

Við sjáum líka, herra forseti, að vextir fara vaxandi og verðbólgan er að aukast. Þetta samspil vaxta og verðbólgu er farið að hafa ákaflega neikvæð áhrif á efnahag almennrar alþýðu í landinu, herra forseti. Ég spyr þess vegna: Hvað segja hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Jón Kristjánsson við þessu? Hvaða áhrif halda þeir að þessi þróun sem birtist í útgjöldum ríkisins hafi á stjórn efnahagsmála?

Má ég, herra forseti, ljúka máli mínu með því að hjálpa þeim örlítið áleiðis? Má ég vísa til þeirra orða sem einn af virtustu sérfræðingum í efnahagsmálum Íslendinga, Yngvi Örn Kristinsson, viðhafði en hann var til skamms tíma yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans. Sá ágæti maður sem nú hefur hafist til þeirrar upphefðar að stýra banka í útlöndum, laus við múl hins opinbera og farinn að tala frjálst, hefur beinlínis sagt að röng stefna í ríkisfjármálum, þ.e. of mikill slaki í ríkisfjármálum hafi neytt Seðlabankann til þess að fylgja allt of harðri peningamálastefnu sem hafi aftur leitt til hás gengis og hárra vaxta. Hann hefur jafnframt sagt opinberlega að stefna ríkisins varðandi sín eigin fjármál sé skaðleg vegna þess að hún auki á þann vanda sem atvinnulífið stendur núna frammi fyrir.

Herra forseti. Það er ekki stjórnarandstæðingur sem segir þetta, heldur einn af virtustu sérfræðingum íslensku þjóðarinnar varðandi efnahagsmál og til skamms tíma í innsta kjarna ráðunauta hennar.

[18:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski ekki verið nógu nákvæmur í orðalagi áðan þegar ég sagði að fjárln. hefði ekki unnist tími til að fara yfir heilbrigðismálin því að við erum að vinna þau á vettvangi framkvæmdarvaldsins enn þá en eigum von á því að fá þau inn á borð fjárln. núna í vikunni. Við munum því taka þau fyrir í nefndinni þegar þar að kemur.

Hv. þm. reynir allt hvað hann getur til að koma fram sem hið ábyrga andlit Samfylkingarinnar í fjármálum. Það er virðingarvert og ég fagna því. En hins vegar á ég von á því að þegar herskarinn af fótgönguliðinu mætir í fjárlagaumræðuna, þá verði ekki talað um að draga úr ríkisútgjöldum. Ég man ekki betur en við höfum legið hér, bæði hv. varaformaður og hv. formaður fjárln. undir harðri gagnrýni frá ýmsum þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir að auka ekki ríkisútgjöld þó að hv. fjárlaganefndarmenn hafi rekið þessa stefnu undir forustu hv. 7. þm. Reykv.

Varðandi efnahagsstefnuna almennt, þá höfum við unnið í þeim anda að skila afgangi á ríkissjóði til að greiða niður skuldir. Samkvæmt þessu fjáraukalagafrv., hvað sem um það má segja, mun afgangur ríkissjóðs aukast á yfirstandandi ári. Sem betur fer er það mikill kraftur í atvinnulífinu að tekjur hafa aukist þó að hluti af því sé vissulega vegna spennu í þjóðfélaginu og viðskiptahalla. Ég dreg enga fjöður yfir það.

[18:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að ég veit að hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., er haukfránn að sjón þarf hann ekki annað en skima hér út í salinn til að sjá ekki bara eitt ábyrgt

andlit Samfylkingarinnar heldur tvö önnur. Ég man reyndar ekki betur en að hv. þm. Jón Bjarnason hafi líka varað við þessu þensluástandi sem síðan skall yfir þjóðina og eins og við fært ákveðin rök að því hvað mundi gerast ef ekki væri gripið í taumana.

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson getur séð það svart á hvítu að Samfylkingin og við fulltrúar hennar í fjárln. lögðum fram álit þar sem við hvöttum til þess að dregið yrði saman í útgjöldum ríkisins og menn mundu nota fyrri part kjörtímabilsins til þess. Hvers vegna? Vegna þess að við erum raunsæismenn. Ég er búinn að vera áratug í þessum ágætu sölum og *ég veit samkvæmt sárri reynslu* að ákaflega erfitt er að draga saman útgjöld ríkisins nema fyrri hluta kjörtímabils. Þess vegna átti ríkisstjórnin auðvitað að taka því tilboði sem við buðum fram á sínum tíma, gerðum það í þessum stól, gerðum það skriflega í álitum okkar við bæði fjáraukalögin og fjárlögin. En hv. þm. stjórnarliðsins höfðu ekki áhuga á því. Þeir töldu eins og stjórnarherrarnir, sem hérna standa í gættinni, að góðærið yrði nánast endalaust eins og hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. tönnluðust á mánuðum saman fyrir kosningarnar. Menn trúðu þessu, líka hér í þessum sal. Það var kannski ástæðan fyrir því að hv. þm. Jón Kristjánsson taldi ekki þörf á því að fara þá leið. En nú blasir það einfaldlega við að við erum lent í ákveðnu öngstræti og það er þessi slaki í ríkisfjármálunum sem að dómi sérfræðinga hefur leitt til peningamálastefnu sem er ákaflega óhagkvæm atvinnulífinu.

[18:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra hv. 7. þm. Reykv. endurtaka hér hvað eftir annað að draga beri úr útgjöldum ríkisins. Við skulum þá athuga hvernig útgjöld ríkisins eru samansett. Langstærsti hlutinn af útgjöldum ríkisins eru heilbrigðismál, næst koma menntamál, félagsmál, samgöngumál og vextir. Ég mundi gjarnan vilja fá nákvæmari tillögur um hvar ætti að lækka útgjöld í þeim málaflokkum. Ég hef því miður ekki heyrt nema almennar yfirlýsingar. Þegar kemur til stykkisins hafa ekki verið mótaðar tillögur um þetta.

Ég hef legið undir harðri gagnrýni fyrir tillögur sem ég stóð að og gerði í tekjustofnanefnd um fjárhag sveitarfélaga. Við eigum eftir að taka um það harða umræðu og ekki er verið að tala um að draga úr ríkisútgjöldum þar eða á öðrum sviðum. Satt að segja hafa ríkisútgjöld verið aukin til ýmissa mála, til heilbrigðismála, menntamála, félagsmála og samgöngumála. Það eru þeir málaflokkar sem menn hafa verið að fást við. Það er athyglisvert að heyra núna að lækka eigi útgjöld til þeirra málaflokka. Ég vona að það komi fram þegar við tökum fjárlagaumræðuna síðar í vikunni hvaða málaflokka menn vilja þá lækka.

[18:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að rekja það að í upphafi þessa kjörtímabils var alveg ljóst að hér væri fram undan erfið þensla. Það var líka alveg ljóst að besta ráðið til þess að sporna gegn henni væri að taka á ríkisútgjöldum. Það var þess vegna sem Samfylkingin lagði það til í upphafi kjörtímabils samkvæmt þeirri reynslu sem hv. þm. þekkir líka að alltaf er þægilegast og auðveldast að taka á slíku í upphafi kjörtímabils.

Herra forseti. Það er vanur maður sem hér talar. Ég studdi ríkisstjórn sem komst til valda 1991 sem þurfti að gera það með ákaflega miklum erfiðismunum, en hún gerði það samt og það lagði grundvöllinn m.a. að því góðæri sem ríkir í landinu enn þá. Hv. þm. á auðvitað að vita að ég hef áður gengið í gegnum þá eldskírn sem felst í því að taka á ríkisútgjöldum og það tókst bærilega. Sú reynsla kenndi mér líka að langhagkvæmast væri að fara þá leið að gera það í upphafi kjörtímabilsins. Það er einfaldlega þannig.

Er eitthvað óeðlilegt, herra forseti, þegar menn ræða ríkisfjármál að menn hafi áhyggjur af því hvernig útgjöld ríkisins þróast? Við lögðum fram í fyrra í nefndaráliti tölur sem sýndu að á fimm ára tímabili, frá 1994 til loka ársins 1998, jukust útgjöld ríkisins um 54 milljarða á föstu verðlagi. Auðvitað felst ákveðin hætta í slíkri þróun fyrir samfélagið því að sloti góðærinu situr það uppi með útgjaldaaukninguna en ekki nægar tekjur til að standa undir þeim. Ég þarf ekki að mála það fyrir hv. þm. sterkum litum hversu gríðarlega erfitt verður þá að grípa til sterkra aðhaldsaðgerða. Þessir háu herrar eru búnir að missa tækifærið.

[18:57]

Útbýting þingskjala:

Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 236. mál, svar sjútvrh., þskj. 317.

Framtíðarskipulag raforkuframleiðslu og flutnings, 111. mál, svar iðnrh., þskj. 331.

Nefndir og ráð á vegum ríkisins, 114. mál, svar forsrh., þskj. 339.

[18:58]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan tel ég rétt og skylt að fara aðeins yfir fjáraukalagafrv.

Herra forseti. Flestar tölurnar og meginuppistaðan í fjáraukalagafrv. eru eðlilegar niðurstöður. Þetta eru mjög eðlilegar tölur og ekkert við þær að athuga. 1.200 millj. kr. aukning á vöxtum á sér eðlilegar orsakir og þarf enginn að fara í grafgötur með það. Við höfum líka samþykkt á þinginu nýja vegáætlun sem kostar 500 millj. Eðlilegt er að samþykkt Alþingis komi inn í fjárlögin. Sama er að segja um hafnaáætlun, inn í samþykkt Alþingis koma 70 millj. Gerðar hafa verið tillögur um aukningu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, það eru 800 millj. Við getum haldið svona áfram. Fyrir lá að bæta þurfti til sjúkratrygginga um 900 millj. kr. Þetta eru allt samþykktir sem hafa verið gerðar á Alþingi og það er ekkert annað en að viðurkenna það. Við samþykktum ný lög um persónuvernd. Það er mjög eðlilegt að við gerum það. Mikil peningaaukning er til háskólans eða 90 millj. Það er samkvæmt því greiðslumódeli sem við borgum. Þetta er allt í samráði við það sem við höfum ætlað okkur að gera og er því eðlilegt.

Hins vegar, herra forseti, eru nokkur hundruð millj. í þessu frv. sem ég get alveg tekið undir og sagt um að eru óeðlilegar eða ég kann ekki svör við og lít á það og tek undir það með stjórnarandstöðunni að það hlýtur að flokkast undir annaðhvort lausung eða minna eftirlit en þarf að vera, þ.e. þessar nokkur hundruð millj.

Stærsti hlutinn af því er Alþingi, langstærsti hlutinn, eini sérliðurinn sem er Alþingi. Ég ætla að taka það fram vegna ummæla hv. þm. áðan að það á að vera alveg skýrt sem ég sagði um æðstu stjórnendur ríkisins. Það er engin uppgjöf af minni hálfu sem fjárlaganefndarmanns að reyna að tugta til þá sem undir ríkið heyra. Ég sagði um æðstu embættismenn ríkisins og æðstu embætti ríkisins að Alþingi

Íslendinga, forsetar Alþingis, bæru ábyrgð á skrifstofu Alþingis. Á skrifstofu forseta Íslands ber enginn annar ábyrgð en þjóðhöfðinginn sjálfur. Fjárln. er vinnunefnd í þinginu. Hún hefur enga möguleika til þess að taka forseta lýðveldisins á beinið. (**ÖS:** Hvað með Safnahúsið?) Hún hefur ekkert vald til þess að taka forseta þingsins (**Gripið fram í:** Ráðherrann.) á beinið. Við getum bara beint því til æðstu stjórnenda að það sé vegna þjóðarinnar og þeirra sjálfra að það sé mjög æskilegt að slíkur vansi endurtaki sig ekki. Þetta getum við gert og við höfum ekki vald til annars og dettur ekki hug að halda að neinn hafi misskilið þetta á neinn hátt. Fjáraukalögin og þær tillögur sem hér liggja fyrir eiga sér því stoð að flestu leyti í samþykktum Alþingis og því sem hefur gerst hjá ríkisstjórn, og þær breytingar sem orðið hafa á árinu, samanber 100 millj. vegna aukinnar slysatíðni og slysa á spítölum o.s.frv. Það er því alveg ljóst um hvað við erum að fjalla hérna.

Hins vegar get ég ekki stillt mig um að segja það, úr því að formaður Samfylkingarinnar hefur orð á því, að umræður um efnahagsmálin tóku dálítið skrýtinn hnykk þegar efnahagsráðgjafi (**ÖS:** Ykkar?) Seðlabankans hætti störfum. Þá fór hann að gefa ráð, líklega kauplaust. (Gripið fram í.) Það er svo sem ágætt að menn gefi ráð í aukavinnu eða sjálfboðavinnu en við höfðum ekki haft gagn af þessum ráðum meðan hann var að störfum þannig að það er athugandi fyrir þá ráðgjafa sem vinna hjá ríkinu að koma ráðum sínum frá sér meðan þeir eru í vinnunni en ekki geyma það þangað til þeir hætta störfum.

Það hefur nefnilega verið deilt um það lengi á Íslandi, ein þrjú ár, hvort vaxtastefna Seðlabankans næði þeim árangri sem Seðlabankinn hefur ætlast til, hvort hún snerist ekki upp í andhverfu sína og yrði atvinnulífinu hinn þungi baggi. Um þetta hefur verið deilt mjög harkalega.

Það er eðlilegt að spurt sé núna þegar vaxtastefnan er enn þá uppi og krónan leitar að sjálfsögðu síns jafnvægis sem er hinn æskilegasti hlutur. En hvað var það, herra forseti, sem gerðist á síðustu tveim árum þegar við héldum uppi þessu vaxtastigi með þeim árangri að krónan stóð svona hátt? Það gerðist nákvæmlega bara eitt: Kaupmáttur launa á Íslandi varð hærri en viðmiðunin hafði verið í kjarasamningum, kaupmátturinn varð meiri. Hann er búinn að vera það núna á þriðja ár, þ.e. hærri kaupmáttur en gengið var út frá í kjarasamningum. Þetta er árangurinn af vaxtastefnunni. Nú gengur þetta allt til baka en ekki til hagsbóta fyrir alþýðu. Fyrir alþýðu manna hefur það alltaf legið fyrir og alla launþega að hin sígandi lukka borgar sig og er hið rétta, að menn geti treyst þeim kjarabótum sem þeir hafa og megi treysta því að þær gangi aldrei til baka. Það er aðalatriðið fyrir launþega.

Nú er hætt við því að þessi kjarabót sem var umfram það sem samið var um gangi til baka og það er af hinu vonda og það er mjög slæmt fyrir launþegann. Það er mjög slæmt fyrir hvern íbúa þessa lands. Vegna þeirra ummæla að hér hafi fyrst og fremst verið um vandræði í ríkisfjármálum að ræða, er ástæða til þess að benda á að svo er ekki því að í annan tíma hafa þó ríkisútgjöldin ekki verið í betra formi en á undanförnum þrem, fjórum árum. Það má vel segja að þau hefðu mátt vera betri. En þau hafa þó aldrei verið í jafngóðu standi og síðustu þrjú ár. Kaupmátturinn fór úr böndunum og það er athyglisvert að heyra þessar ábendingar núna og vonandi, eins og ég sagði áðan, að ráðgjafarnir gefi þá ráð meðan þeir eru í vinnu sem ráðgjafar, geymi það ekki þangað til þeir eru hættir.

[19:05]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða hjá hv. varaformanni fjárln. Ég vil þó leyfa mér að spyrja: Hvað finnst hv. varaformanni fjárln. t.d. um beiðni aðalskrifstofu utanrrn. þar sem farið er fram á 50 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu? Í fyrsta lagi er sótt um 30 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum kostnaði vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og ráðgjafar og annarra útgjalda á árunum 1998–2000. Um er að ræða ófyrirséðan kostnað vegna varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna. Finnst honum þetta vera alveg sjálfgefið uppáfallandi brýnt verkefni sem hafi komið upp á? Ég get rakið fleiri svona dæmi, herra forseti.

Mig langar líka til þess að spyrja hv. varaformann fjárln. hvernig hann hyggist beita því sem kveðið var á um við 2. umr. fjárlaga í fyrra þar sem rætt var um að leiðrétta hala eða uppsafnaðan rekstrarvanda hinna ýmsu stofnana sem var skilyrtur og skilyrðið var að gerðir yrðu samningar og náð utan um fjárlög stofnananna því að öðrum kosti var gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar yrðu felldar niður á fjáraukalögum ársins 2000.

[19:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki þægilegt þegar menn nota tímann til andsvara í að setja mönnum fyrir svona langar spurningar um hvað þeim finnist um hitt og þetta. Ég hef ekki nema tvær mínútur til að ræða það.

Ég hélt að ég hefði sagt það bæði nú og svo oft áður að mér finnst það ekki vansalaust þegar æðstu skrifstofur ríkisins, hvort heldur ráðuneytanna, Alþingis eða forseta lýðveldisins, geta ekki agað sig að fjárlögum. Mér finnst það ekki vansalaust. Þá þurfa að vera til staðar ástæður sem eru ófyrirséðar, eins og alltaf getur komið fyrir, og þannig gera fjárreiðulögin ráð fyrir þessu. Þarna er því um ákveðið agaleysi að ræða og gegn því agaleysi verðum við að berjast vegna þess að við munum ekki ná neinum árangri í að fá aðra stjórnendur ríkisstofnana til þess að virða þessi lög ef æðstu stofnanirnar gera það ekki. Við vitum að þá mun allt fara í vandræði hjá okkur. Þess vegna vil ég ítreka þetta og þetta á að vera alveg ljóst. Ég ætla ekki að svara út af fyrir sig fyrir einstök ráðuneyti eða einstök verkefni. Þá þyrfti ég að tala í allt kvöld. En þetta er sjónarmið sem ég hélt að öllum í fjárln. og flestum á Alþingi sem hafa fylgst með þessari umræðu væri mætavel kunnugt og ég vissi ekki til annars en að við hefðum fulla samstöðu um þetta viðhorf, bæði við sem styðjum ríkisstjórnina svo og stjórnarandstaðan.

[19:09]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vakti athygli á þessu við hv. þm. og varaformann fjárln. vegna þess að hann gat þess í ræðu að það sem væri komið fram í frv. til fjáraukalaga væru allt saman meira eða minna sjálfsagðir hlutir og í eðlilegum farvegi hvað vinnu snertir.

Ég vil bara árétta að það geta verið forsendur fyrir því að breytingar verði á gjöldum frá því að fjárlög eru lögð fram í desember og þar til ný fjárlög koma í desember árið eftir. Þess vegna verður að fara að fjárreiðulögum og leggja þær beiðnir fyrir fjárln. Fjárln. og Alþingi geta líka haft frumkvæði að því að taka gjöld eða útgjöld fyrir ríkið inn á fjáraukalög.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. varaformann fjárln.: Finnst honum ekki ráð til að styrkja stjórnsýsluna og styrkja störf fjárln. og styrkja þingræðislega aðkomu Alþigis að fjárlögunum og fjárútlátum ríkisins að við tökum upp fjáraukalög fyrr á árinu, t.d. að vori þegar Alþingi hefur samþykkt lög um hinar og þessar hugsanlegar fjárskuldbindingar, og skerpum þannig á lýðræðinu og styrkjum þingræðið í meðferð fjármála og fjármuna ríkisins?

[19:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að ég hafi oft svarað þessu áður. Svarið er nei. Mér finnst það ekki. Mér finnst alls engin þörf á því að við séum að afgreiða fjáraukalög oft. Það eiga að vera tiltölulega litlar ástæður fyrir fjáraukalögum. Ég fór yfir það að meginefni þeirra fjáraukalaga sem við erum að fjalla um núna, þessara brtt., eiga sér eðlilegar og sjálfsagðar orsakir. Það eru samþykktir Alþingis sem liggja þar fyrst og fremst til grundvallar, það eru nýafstaðnir samningar við sveitarstjórnirnar um jöfnunarsjóðinn o.s.frv. Flestallt er þetta mjög eðlilegt.

En þarna eru nokkur hundruð milljónir sem sýna að ekki ríkir nægilegur agi. Ég get a.m.k. ekki fundið eðlilegar orsakir fyrir þessu. Ég skil t.d. ekki af hverju Hagstofa Íslands þarf að byrja á einhverju tölvuverkefni og þarf að leita eftir 35 millj. Mér finnst þetta algjörlega óþarfi og það má segja þessum ráðuneytum að þau eigi ekki að gera þetta.

Hins vegar ríkir mjög mikill agi hjá flestum stofnunum ríkisins og það er ástæða til að fara fögrum orðum um það. Flestir forstjórar ríkisfyrirtækjanna virða þessi lög og fara eftir þeim þannig að það hefur orðið veruleg breyting til batnaðar og við verðum að fylgja því eftir með því einmitt að vera sanngjarnir í þessum umræðum, hæla þeim sem eiga það skilið en einnig benda á það sem betur má fara.

Það er heldur ekki lausn á þessu, eins og kom fram í umræðunni hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að við getum neitað fjárframlögum. Það er engin málsmeðferð. Við höfum enga möguleika til þess. Hvaða upplit væri á því fyrir lýðveldið ef við neituðum t.d. þjóðhöfðingjanum um að fá þá peninga sem hann er búinn að eyða umfram og skildum hann eftir úti á gaddinum? Það er ekkert upplit á því. Við getum aldrei gert það.

[19:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók forskot á sæluna og byrjaði að skamma mig áður en ég hóf mitt fyrsta andsvar. Það er ekki þannig að ég hafi haldið því fram að það ætti að fara strax þá leið að hafna fjárframlögum. Ég sagði að það væri í ýtrustu neyð sem menn ættu að gera það. Ég sagði að það væru þrjár leiðir. Menn ættu í fyrsta lagi, ef farið væri eftir lögunum, hafnað fjárframlögum sem ekki væru af ófyrirséðu tilefni og ýtt þeim yfir á fjárlög, þegar og ef þau bærust til fjárln. Það eiga þau að gera lögum samkvæmt en það gerist aldrei, nánast aldrei. Ég man eftir einu eða tveimur tilvikum.

Í öðru lagi gætum við hafnað ítrekuðum brotum slíkra stofnana þegar beðið er um að koma útgjöldum á fjáraukalög og ef um er að ræða ítrekuð brot, þá sagði ég að menn ættu einfaldlega að fara þá leið að refsa þeim með því að segja *nei við bónum varðandi fjárlög*.

Herra forseti. Hv. þm. viðurkenndi þó að í þessum fjáraukalögum væri, eins og hann orðaði það sjálfur, lausung upp á nokkur hundruð milljónir. Drottinn minn dýri. Við hv. þm. í stjórnarandstöðunni vorum ekki að segja að allt fjáraukalagafrv. væri lausung. En við vorum búnir að benda á fjölmargt og nú kemur hv. þm. og segir einfaldlega að það sé lausung upp á nokkur hundruð milljónir. Heyr á endemi! Er honum ekki falið að fara eftir lögum? Er hann ekki að lýsa því yfir að hann sé í reynd að brjóta fjárreiðulögin? Ég fæ ekki betur séð.

Herra forseti. Hvern var hv. þm. að skamma þegar hann fór með launarullu sína áðan? Var hann að skamma samtök launamanna? Var hann að skamma atvinnurekendur? Varla getur það verið vegna þess að þessir aðilar gerðu samninga sem hann lofaði og prísaði. Hvern var hann að skamma? Var hann kannski að skamma þá sem ráða fyrir launastefnu ríkisins sem gerðu bakflæðisamningana margfrægu þar sem ekki átti að semja um neitt en það flæddi svona á bak við og þegar upp var staðið voru tilteknir hópar komnir með tugi prósenta. Herra forseti. Eða er hann kannski að skamma Seðlabankann? Hv. þm. verður að svara því. Er hann þeirrar skoðunar að Seðlabankinn sé orsök þeirrar uggvænlegu þróunar sem við horfum nú á í efnahagsmálum?

[19:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin ástæða er til annars en segja það eins og er og ég hef margsinnis farið yfir það. Það er ákveðin lausung í fjáraukalögunum. Alþingi á þar langstærsta hlutann. Við skulum segja frá því eins og það er að við eigum óskaplega erfitt með að gera áætlanir, sérstaklega um endurbyggingu gamalla húsa. Hvergi förum við meira fram úr áætluninni en við endurbyggingar. Það fara tugir milljóna hingað og þangað og þetta gerist nærri því á hverju einasta ári. Við skulum hafa það í huga.

Herra forseti. Það er fyrst og fremst tvennt sem hefur valdið vandræðum á launamarkaði. Ég tel að samninganefnd ríkisins í launamálum hafi gengið lengra í hækkun launa en hinn almenni launamarkaður og það er ekki hægt til langs tíma. Ríkisstarfsmenn geta aldrei fengið meiri og betri kjör og meiri hækkanir launa sinna en hinn almenni maður á launamarkaðnum vegna þess að atvinnulífið verður að geta staðið undir þeim kjarabótum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Ég tel líka að sú hávaxtastefna sem leiddi til hærra gengis en eðlilegt var leiddi til kaupmáttar umfram það sem samið var um. Það kemur í kollinn á mönnum aftur. Það var óvarleg pólitík. Ég hef látið það í ljós síðustu 2–3 árin. Þess vegna finnst mér lítið koma til ráðgjafans sem gaf ráðin daginn sem hann hætti.

[19:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að hann gefi lítið fyrir ráðgjafa Seðlabankans. Hvað gefur hv. þm. mikið fyrir þann sem er æðsti yfirmaður Seðlabankans? Það er hæstv. forsrh. Dettur hv. þm. í hug eitt einasta augnablik að Seðlabankinn, sem er ekki sjálfstæður, sé að hækka vexti án þess að það sé borið undir hæstv. forsrh.? Að sjálfsögðu ekki. Hvers vegna ætti hæstv. forsrh. að vilja sjá bankann hækka vexti? Vegna þess að hann er að berjast við að halda verðbólgunni í skefjum. Hæstv. forsrh. hefur mörgum sinnum spáð því ranglega að nú fari verðbólgan að síga niður. Hið öfuga hefur alltaf gerst. Hún er miklu frekar á leiðinni upp. Þegar við stöndum andspænis þeim slaka sem hefur verið á ríkisfjármálunum til þess að halda verðbólgunni í skefjum er eina ráðið að reyna að halda genginu háu.

Það er þessi stefna sem forsrn. hefur í reynd stýrt og þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hingað og ræðst á

Seðlabankann er hann í reynd að ráðast á vaxtastefnu hæstv. forsrh. Svo einfalt er það nú.

[19:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vaxtahágengisárátta Seðlabankans er margra áratuga gömul. Forustumenn atvinnulífs á Íslandi hafa mátt berjast við hágengisstefnu Seðlabankans í marga áratugi. Enginn vafi er í huga mínum að það hefur skaðað íslenskt efnahagslíf verulega og oft mjög mikið að við höfum verið að halda krónunni miklu hærri en markaðsverð hennar gaf til kynna. Það hefur skaðað íslenskt efnahagslíf, skaðað samkeppnishæfni Íslands, skaðað tekjur okkar í langan tíma. Stjórn okkar á genginu er ekki nýtt deilumál. Það á ekkert skylt við þennan forsrh. eða þann sem sat á undan honum eða þar áður, þar áður eða þar áður. Þetta er viðhorf til efnahagsmála sem er eðlilegt að menn deili um á hverjum tíma. Margar stefnur eru uppi og mörg sjónarmið. Enginn einn hefur rétt fyrir sér. Það er mjög eðlilegt að menn deili.

Hins vegar fannst mér lítið til þess koma þegar ráðgjafarnir, sem hafa setið í áratugi í æðstu peningastofnun landsins, hætta svo störfum sem ráðgjafar, koma þá með alveg ný ráð og nýjar skýringar á því hvað hafi gerst. (**ÖS:** Hvernig veistu það?) Ég hef hlustað á menn tala um þetta. Ég hef heyrn og sjón eins og hver annar. (**ÖS:** Hvernig veistu nema þeir hafi líka komið með ráðin á meðan þeir unnu þar?) Mér finnst mjög lítið í þær fréttir spunnið að menn sem eru í hæstu trúnaðarstörfum komi síðan eftir að þeir hætta störfum og segi eitthvað allt annað en hefur verið sagt opinberlega. Það er ekkert gagn að því fyrir samfélagið, ekki á nokkurn hátt og við skulum halda áfram að ræða þessi mál. Þau verða deilumál áfram enda orkar það alltaf tvímælis.

[19:20]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þessari umræðu er að ljúka. (**ÖS:** Hver segir að henni sé að ljúka?) Ef henni er ekki að ljúka hafa orð mín samt fullt gildi. Ég þakka fyrir málefnalega umræðu það sem af er. Inntakið í umræðunni hefur verið það að hér er samstaða um að bæta áætlanagerð. Hér er samstaða um aðhald í fjármálum. Hér er samstaða um að fjárlög séu lög og þar séu æðstu stofnanir samfélagsins ekki undanskildar.

Ég tel að okkur hafi skilað áfram að þessu marki. Ég verð að segja það og tek undir með hv. varaformanni fjárln. með það að allflestir forstöðumenn ríkisstofnana standa sig vel í starfi sínu þannig að okkur skilar áfram að þessu marki.

Fram hefur komið að við séum ekki nógu harðir í meiri hluta fjárln. við að hafna beiðnum sem koma um fjárveitingar, t.d. hjá þeim aðilum sem hafa farið fram úr fjárlögum. Þetta getur verið nokkrum vandkvæðum bundið og þá má spyrja hvernig á að meðhöndla slíkt. Ef beiðnum er hafnað hleðst oft upp vandi í þeim stofnunum sem verður fyrr eða síðar að taka á. Sú regla sem við höfum haft í starfi okkar varðandi þetta er sú að ef við tökum þá ákvörðun að gera upp gamla hala eða gera upp vanda, sem hefur ekki verið mætt, er grundvallarskilyrði að rekstrinum hafi verið komið í lag. Það er sú regla sem við verðum að fara eftir og við eigum að hafa aðhald að þessu leyti.

Í umræður um fjárlög og fjáraukalög blandast ætíð almenn efnahagsmálaumræða og ég ætla ekki að lengja þær ágætu umræður sem hafa verið hér um efnahagsmál. Hins vegar finnst mér oft vera talað um verðbólguna eins og það sé eitthvað sem stjórnvöld geti slegið niður í einu höggi. Mér finnst menn oft gleyma því varðandi þróun verðbólgu að viðskiptakjörin sem skapa drjúgan hluta hennar. Olíuhækkunin er okkur mjög þung í skauti að þessu leyti og ytri aðstæður í efnahagsmálum en sem betur fer hefur okkur tekist að sigla þann sjó enn. Ég vona svo sannarlega að svo verði og ráðstafanir okkar í ríkisfjármálum eiga að miða að því marki að halda verðbólguþróuninni í skefjum. Það gerum við með því að hafa afgang af ríkissjóði og nota þann afgang til þess að greiða niður skuldir. Það gerum við m.a. með því að halda aftur af ríkisútgjöldum því það er svo að kröfurnar standa á okkur úr öllum áttum um aukin ríkisútgjöld. Það er alveg rétt sem kom fram að ef dregst saman getur verið erfitt að snúa ofan af. Ég held að það hafi verið 7. þm. Reykv. sem gat þess. Ég hef ekki þreyst á því að tala einmitt um þetta, þ.e. þegar stofnað er til aukinna rekstrarútgjalda þegar vel árar, fram úr hófi, þá getur það komið í bakið á okkur þegar dregst saman. Vonandi tekst okkur að halda þannig á efnahagsmálum og atvinnumálum að tekjur ríkissjóðs haldist og við höfum möguleika áfram til að sækja fram á þeim mikilvægu sviðum sem þau ná til.

[19:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki í efnislega umræðu við hv. þm. Jón Kristjánsson en þakka honum fyrir málefnaleg svör gagnvart okkur stjórnarandstæðingum í dag. Ég tel að hann hafi misskilið mig að einu leyti. Ég átti orðræður við einn ágætan hv. þm. stjórnarliðsins um það hvaða möguleika þingnefndir á borð við fjárln. hefðu ef um væri að ræða ítrekaða framúrkeyrslu. Ég skildi þann ágæta andmælanda minn með þeim hætti að hann teldi að við ættum engin úrræði. Ég benti á nokkur úrræði. Ég var ekki að hvetja til þess að það væri daglegt brauð að menn höfnuðu fjárlagabeiðnum, síður en svo. En ég benti á að ein leið fælist í því að ef um ítrekaða framúrkeyrslu væri að ræða að hafna einfaldlega viðkomandi bón. Ætli það yrði þá ekki til þess, herra forseti, að viðkomandi fagráðherra tæki viðkomandi yfirmann stofnunar á teppið og segði honum til syndanna og hvað til hans friðar heyrði.

Herra forseti. Ég get tekið undir með ýmsum sem hér hafa talað að mér finnst að þess gæti minna nú en áður að stofnanir keyri nánast blint fram úr fjárlögum eins og tíðkaðist. Það er m.a. vegna aðhalds þingsins, bæði stjórnarliðsins og stjórnarandstöðu. En við þurfum að vinna betur. Við þurfum að aga stofnanir ríkisins en við verðum líka að aga okkur sjálf. Ég held að samstaða sé um það í þessum sölum að mál sem við höfum rætt sem varðar okkur sjálf hlýtur að vera þess eðlis að við verðum að skoða það. Við ræðum þetta ekki aðeins til þess að finna fyrir hrísinu á eigin baki. Við erum að ræða þetta vegna þess að þarna hefur Alþingi ekki staðið sig nægilega vel og við sem sitjum á hinu háa Alþingi verðum að koma í veg fyrir að svona geti endurtekið sig.

[19:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni ber ekki svo mikið á milli okkar hv. 7. þm. Reykv. í þessum málflutningi. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Ef um framúrkeyrslu er að ræða viljum við fyrst og fremst að tryggt sé að sú framúrkeyrsla sé stöðvuð ef við eigum að bæta það sem upp á vantar. Það finnst mér mergurinn málsins. Í raun er alltaf unnið á þessum nótum. Við erum alltaf að vinna á þessum nótum og fjöldamörg mál hafa komið upp í gegnum tíðina síðan ég fór að kynnast þessum málum sem hafa verið á þennan veg. Stundum tekst

þetta vel, stundum tekst þetta miður en á þessum nótum eigum við að vinna. Ég endurtek að þessi regla á auðvitað að gilda yfir alla hvort sem það er æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti eða ríkisstofnanir. Við höldum ótrauð áfram að þessu marki og ég er ánægður með þá samstöðu sem hefur verið um slíkt í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:29.

---

33. FUNDUR

þriðjudaginn 28. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 156, nál. 340, 352 og 353, brtt. 341. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209, nál. 355 og 363, brtt. 356. — 2. umr.
3. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210, nál. 357 og 362. — 2. umr.
4. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 216. mál, þskj. 227, nál. 351. — 2. umr.
5. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118, nál. 349. — 2. umr.
6. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81, nál. 354. — 2. umr.
7. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237. — 1. umr.
8. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238. — 1. umr.
9. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239. — 1. umr.
10. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240. — 1. umr.
11. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313. — 1. umr.
12. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288. — 1. umr.
13. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 293. — 1. umr.
14. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 314. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 199. mál, nál. 1. minni hluta félmn., þskj. 363.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 200. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 362.

Vegasamband á Breiðamerkursandi, 203. mál, svar samgrh., þskj. 327.

Umræður utan dagskrár.

Málefni nemenda og staðan í kjaradeilu framhaldsskólakennara.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Verkfall hefur nú lamað framhaldsskóla landsins í þrjár vikur upp á dag og horfir vægast sagt þunglega um lausn deilunnar. Hlé var gert á viðræðum sl. fimmtudag og má segja að litlu hafi munað að hreinlega slitnaði upp úr og það er fyrst nú í eftirmiðdaginn sem boðað er til fundar að nýju. Þrettán hundruð framhaldsskólakennarar og hátt í tuttugu þúsund framhaldsskólanema, fjölskyldur þeirra og fjölmargir aðrir, eru meiri og minni fórnarlömb þessa ástands. Forustumenn kennara hafa í talsvert á annað ár gert stjórnvöldum ljóst í hvað stefndi, kennarar mundu krefjast leiðréttingar launa sinna með hliðsjón af kjaraþróun annarra hópa með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi auk þess að leggja áherslu á framfarir í skólastarfinu.

Tíminn allt frá því að aðilar hófu að tala saman og til dagsins í dag hefur meira og minna farið í súginn. Ríkisstjórnin hefur engan lit eða vilja sýnt í málinu. Talað er við kennara eins og að þeir hafi engan sjálfstæðan samningsrétt, eins og það skipti engu máli að þeir hafi dregist aftur úr öðrum, eins og að það skipti engu máli að flótti er úr stéttinni og framhaldsskólar eru ekki samkeppnishæfir á vinnumarkaði. Það vantar meira fjármagn til framhaldsskólans eins og raunar almennt til menntamála og rannsókna hér á landi.

Útspil af því tagi sem komið hafa frá ríkisstjórninni í deilunni, að kennarar skuli sækja kjarabætur í eigin vasa, að kennsluskylda skuli aukin o.s.frv., eru ekki til þess fallin að leysa þessa deilu. Ekki er þar hlutur hæstv. menntmrh. bestur. Hann hendir sprengjum, m.a. á heimasíðu sinni og verður í þessu sambandi helst líkt við slökkviliðsmann sem hlypi um og reyndi að slökkva logandi elda með bensíni. Þannig sakar hæstv. menntmrh. framhaldsskólakennara m.a. um það á heimasíðu sinni sl. laugardag að vilja grafa undan efnahagslífi þjóðarinnar. Ráðherra vísar því með öllu frá sér að koma að því að leysa deiluna. Það er borin von, segir hæstv. ráðherra. Ráðherra segir að sjaldan hafi forustumenn kennara komist í jafnmiklar ógöngur. Loks segir ráðherra, og kannski er það svakalegast, með leyfi forseta:

„... er það eitt ekki minna áhyggjuefni en verkfallið sjálft, þar sem andúð á málstað, málflutningi og baráttuaðferðum forustumanna kennara varpar skugga á viðhorf almennings til skólastarfs."

Herra forseti. Þetta er með hreinum ólíkindum. Ég minnist þess tæpast í annan tíma að ráðherra eins málaflokks gangi fram í viðkvæmri deilu með því sem ég neyðist til að kalla jafnmiklum nautshætti og raun ber hér vitni. Hæstv. menntmrh. skellir allri skuldinni á kennara og ber þá þungum sökum um leið og hann hvítþvær sjálfan sig.

Herra forseti. Ástandið sem þessi deila er að skapa er mjög alvarlegt. Ég krefst þess, bæði sem stjórnmálamaður og foreldri, að ríkisstjórnin taki skyldur sínar alvarlega, axli ábyrgð og reyni í alvöru að leysa deiluna. Ekki síst er ábyrgð hæstv. menntmrh. mikil.

Ég hef því leyft mér að beina þessari umræðu til hans sem menntamálaráðherra þjóðarinnar, síðast þegar vitað var, og bera upp við hann nokkrar spurningar um leið og ég fagna viðveru hæstv. fjmrh.

Spurningar mínar til hæstv. menntmrh. eru þessar, herra forseti:

1. Væri enn þá unnt að bjarga haustönninni ef deilan leystist á allra næstu dögum?

2. Hver eru viðbrögð menntmrh. við upplýsingum um að framhaldsskólakennarar séu unnvörpum að hverfa til annarra starfa eða a.m.k. að leita sér að öðrum störfum? Hvernig hyggst hæstv. menntmrh. halda uppi framhaldsskólastarfi í landinu án kennara?

3. Er unnið að áætlun um það í menntmrh. hvernig brugðist verði við því ef deilan dregst enn á langinn og þetta skólaár í heild sinni fer í súginn?

4. Sér hæstv. menntmrh. einhverjar leiðir til að liðka fyrir lausn deilunnar af sinni hálfu? Þá er, herra forseti, augljóslega verið að spyrja um aðra hluti en þá sem hæstv. menntmrh. hefur fyrst og fremst sýnt af sér hingað til.

[13:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég kýs að svara þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar en ekki fara í skítkast um þetta mál eins og hv. þm. gerði í inngangi ræðu sinnar.

Fyrst er spurt: Væri ennþá unnt að bjarga haustönninni ef deilan leystist á allra næstu dögum?

Það er rétt að í dag eru réttar þrjár vikur frá því þetta verkfall hófst. Við eðlilegar aðstæður mundu próf hefjast nú um mánaðamótin, en haustönn lýkur fyrir jól. Ef verkfall framhaldsskólakennara leysist í þessari viku og kennsla gæti hafist í byrjun næstu viku, ætti að vera unnt að ljúka önninni og undirbúa brautskráningu nemenda, enda eru þá þrjár vikur til loka annar. Gera þyrfti sérstakar ráðstafanir í skólum til að þetta gæti gengið eftir og yrði á valdi hvers skólameistara að ákveða það í einstökum skólum.

Þá er spurt: Hver eru viðbrögð menntmrh. við upplýsingum um að framhaldsskólakennarar séu unnvörpum að hverfa til annarra starfa?

Ég er ekki sammála þeirri fullyrðingu að framhaldsskólakennarar séu unnvörpum að hverfa til annarra starfa. Hún er ekki rökstudd að mínu áliti. Væri þetta að gerast mætti ekki síður túlka það sem vantraust kennara í garð þeirra sem fara með umboð þeirra í kjaradeilunni en viðsemjandans. Að sjálfsögðu á það að vera kappsmál ríkisins sem viðmælanda að fá hið hæfasta fólk til starfa á sínum vegum.

Þá er spurt: Er unnið að áætlunum um það í menntmrn. hvernig brugðist verði við því ef deilan dregst enn á langinn og þetta skólaár fer í súginn?

Menntmrn. hefur lagt á ráðin um það með ýmsum hætti, eins og aðrir sem bera hag framhaldsskólans og nemenda fyrir brjósti, hvaða úrræði eru til taks til þess að námsframvinda nemenda raskist sem minnst, leysist þessi deila ekki í bráð. Úrræðin ráðast að sjálfsögðu af lengd verkfallsins. Menntmrh. mælir t.d. fyrir um tilhögun námsmats í aðalnámskrá, sbr. 21. gr. framhaldsskólalaganna, og hlýtur að verða litið til þess þáttar meðal annarra.

Úrræði í einstökum skólum ráðast af ákvörðunum þar. Þannig hefur skólameistari Mennaskólans á Akureyri lýst því yfir hvernig hann telur að unnt sé að ljúka skólanum, leitað verði allra leiða til að nemendur fái lokið námi sínu við skólann með fullgildum hætti næsta vor. Dragist vinnudeilan enn á langinn, ráðgerir skólameistari að fella niður regluleg haustannarpróf í janúar og kenna til vors og prófa þá bæði í haustannar- og vorannaráföngum á reglulegum prófatíma skólans í maí og júní.

Þá hefur verið veitt aukið svigrúm vegna sveinsprófa. Vegna yfirlýsinga frá lönnemasambandi Íslands í Morgunblaðinu 25. nóvember sl. um mat á vinnu iðnnema sem eru á námssamningi í verkfalli, vil ég taka fram að samkvæmt framhaldsskólalögum skiptist allt starfsnám á skóla og vinnustað eða fer eingöngu fram í skóla. Nemendur í starfsnámi stunda þannig nám sitt ýmist í iðnmenntaskólum eða í fyrirtæki. Í verkfalli verður sú breyting á að þeir nemendur sem ættu að vera í skóla eru farnir til starfa í fyrirtækjum þar sem þeir uppfylla skilyrði námsskrár um starfsþjálfun. Það er skoðun menntmrn. að þessi vinna nema sé hluti af námi þeirra og eigi því að vera metin að fullu þannig að heildarlengd námsins breytist ekki vegna verkfallsins.

Þá er spurt: Sér menntmrh. einhverjar leiðir til að liðka fyrir lausn deilunnar af sinni hálfu?

Ég hef áður sagt að þótt kallað sé á menntmrh. og hann beðinn um að liðka fyrir lausn deilunnar þá er borin von að orðið verði við slíkum óskum á meðan þær taka ekki mið af efnahagslegum staðreyndum og hinni almennu stefnu sem öll ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi hafa mótað. Engin menntmrh. getur setið í ríkisstjórn og snúist gegn grundvallarstefnu hennar í efnahagsmálum. Allan viðræðutímann hefur menntmrn. hreyft tillögum um starf og skipulag í skólum sem að þess mati eru til þess fallnar að greiða fyrir lausn deilunnar.

[13:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ekki ofmælt að það horfir ákaflega þunglega í þessari erfiðu deilu, ekki síst þegar fyrir liggur að hæstv. menntmrh. kemur hingað og segist í raun ekkert ætla að gera til þess að liðka fyrir í deilunni.

Herra forseti. Fast að tuttugu þúsund ungmenni mæla göturnar vegna verkfallsins og allt bendir til þess að önnin sé ónýt. Veturinn allur er kannski ónýtur. Og við vitum að sum þeirra munu flosna endanlega upp frá námi og við vitum að sum þeirra munu því miður líka lenda á refilstigum. Foreldrarnir eru kvíðnir og áhyggjufullir. Svo kemur hæstv. menntmrh. og segir: „Ég vil ekki lenda í skítkasti", eftir að hafa hlustað á tiltölulega hógværa ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Herra forseti. Í samningum þarf að skapa traust til þess að ná lendingu. Hvað hefur hæstv. menntmrh. gert til þess að skapa þetta traust? Hann hefur ráðist aftur og aftur að kennurum með hnýfilyrðum. Það sem hann hefur gert er einfaldlega að hann hefur verið að storka þeim. Hæstv. menntmrh. hann hefur í reynd hagað sér eins og hvumpinn fíll í glervörubúð og komið eins og sprengja inn í þessa samninga.

Ég verð líka að spyrja, herra forseti: Er það tilviljun að ríkisstjórnin og sérstaklega hæstv. menntmrh. sýna engan samkomulagsvilja í þessari erfiðu deilu á sama tíma og ríkisstjórn leggur það til í fjárlagafrv. í fyrsta skipti í sögunni að komið verði upp einkareknum framhaldsskóla? Nei, ég tel ekki að það sé nokkur tilviljun. Það er erfitt að túlka algert viljaleysi ríkisstjórnarinnar til að ganga til samninga í þessari erfiðu deilu öðruvísi en sem einbeitta viðleitni til að ýta undir einkavæðingu framhaldsskólans.

Ríkisstjórnin segir að ekki sé hægt að semja því að kennarar heimti 70%. Auðvitað verður aldrei samið um nein 70%. En hvar í veröldinni hafa menn gert samninga þar sem gengið er að öllum kröfum annars aðilans? Að sjálfsögðu hvergi.

Í samningum finna menn málamiðlun og millilendingu. Þess vegna er þessi málflutningur ríkisstjórnarinnar í garð kennara óheiðarlegur. Staðreyndin er sú að framhaldsskólinn er ekki samkeppnishæfur um fólk og þess vegna þarf að hækka laun kennara og samhliða þarf að stokka upp framhaldsskólann.

[13:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólakennara er óþolandi ástand. Verkfallið bitnar á alröngum aðilum. Margar vinnufúsar hendur eru aðgerðarlausar í augnablikinu, ekki einungis hendur kennaranna sem auðvitað hafa ekki efni á því að vera í verkfalli heldur líka hendur tuttugu þúsund ungmenna. Og það sem alvarlegast er í þessu er að þetta bitnar mjög gjarnan á þeim ungmennum sem verst standa í þjóðfélaginu.

Áhrifin eru svo sannarlega keðjuverkandi. Verði veturinn eða önnin ónýt bendir allt til þess að næsta haust hefji allt of margir nemendur framhaldsskólanám, þ.e. þeir nemendur sem útskrifuðust úr 10. bekk á síðasta skólaári og þurfa hugsanlega að hefja nám á nýjan leik, auk þeirra nemenda sem útskrifast á næsta ári. Því er mjög hætt við að örtröð myndist næsta haust í framhaldsskólunum.

Störf kennara eru auðvitað mjög mikilvæg og ég tel að í framtíðinni — það er ekki hægt að koma því á núna — eigi kjaramál stétta eins og kennara og lögreglumanna hreinlega að fara fyrir Kjaradóm vegna þess að verkföll sem þessi bitna á alröngum aðilum. Þess vegna hvet ég kennara og samninganefnd ríkisins til að slíðra sverðin og kappkosta að semja í þessari slæmu deilu sem allra fyrst.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólakennara hófst þann 7. nóvember og hefur nú varað í þrjár vikur. Þegar er ljóst að þessi önn verður varla unnin upp en það alvarlegasta er að fjöldi nemenda hefur þegar horfið frá námi og óvíst hvernig þeim nýtist önnin. Eðlilegt er að framhaldsskólakennarar miði laun sín við samninga sem ríkið hefur gefið fordæmi fyrir með samningum sínum, t.d. við Bandalag háskólamanna. Framhaldsskólakennarar hafa dregist verulega aftur úr í launakjörum ríkisstarfsmanna með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi. Aðrar ríkisstofnanir og einkafyrirtæki sækjast í vaxandi mæli eftir að ráða framhaldsskólakennara til starfa, enda er um vel menntaða og hæfa starfsmenn að ræða. Nauðsynlegt er að kennarastarfið sé betur launað en nú er gert svo að tryggt sé að hæfir kennarar fáist til starfa á næstu árum.

Núverandi ástand bitnar á nemendum og skipulag þeirra í náminu raskast. Fullvíst má telja að kennarar geri ekki ráð fyrir að kröfur þeirra náist fram að fullu frekar en kröfur annarra í kjarasamningum. Samningar verða ávallt bil beggja að lokum. Hitt má til sanns vegar færa að ríkið hefur ekki sýnt samningsvilja í viðræðum sínum við kennara til þessa.

Nú virðist sú staða jafnvel í sjónmáli að ekki verði samið á þessu ári og spurt er: Er verið að gefa viðvörun til annarra stétta um hver verði stefna stjórnvalda í kjaramálum næstu missirin? Á að fórna hagsmunum nemenda í þeim tilgangi og eru þeir aukastærð í málinu að mati stjórnvalda?

Góð menntun er lykillinn að framtíðinni og til að tryggja góða menntun verðum við Íslendingar að setja kennara og kjör þeirra í það horf að þeir fáist í störfin og festa skapist á þessum mikilvæga vettvangi svo að bókvitið verði í askana látið í næstu framtíð.

[13:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Lokun framhaldsskólans hefur nú staðið í þrjár vikur. Daglegt líf tæplega tuttugu þúsund ungmenna hefur verið sett úr skorðum. Þetta er blómi Íslands en aldurinn 16–20 ára er mikilvægt mótunarskeið og þá er álag umhverfisins mest. Hátt brottfall í framhaldsskólum við eðlilegt skólahald er um 40%. Við röskun á skólagöngu og fjölskylduhögum fólks á þessum aldri eru auknar líkur til að fleiri finni fyrir tilgangsleysi og sé hættara við að lenda í fíkniefnum eða öðrum brotlendingum.

Nemendur halda ekki lengi út í sjálfsnámi. Flestir bíða og vita ekki hvort á að læra eða leita að vinnu. Það má vel vera að hér á höfuðborgarsvæðinu finnist tímabundin atvinna fyrir þorra unglinga en víða um land er atvinnulífið í lægð um hávetrartímann og því enga atvinnu að fá. Þetta ástand þrúgar daglegt líf þessarar einstaklinga og fjölskyldunnar allrar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er því eðlilegt að spyrja: Eiga þeir nemendur sem ekki eiga möguleika á að fá vinnu rétt á atvinnuleysisbótum? Og ef þeir eiga ekki þann rétt nú, hvenær fá þeir hann?

Í öðru lagi: Hvaða fjárhagsbótum geta nemendur og fjölskyldur þeirra átt von á ef verkfallið dregst enn? Fá þau endurgreidd skólagjöld? Fá þau endurgreidda fyrir fram greidda húsaleigu eða mötuneytiskostnað á heimavistum?

Herra forseti. Nemendur standa frammi fyrir spurningunni: Hvað eigum við að gera? Þeir þurfa að fá svör. Nemendur og fjölskyldur þeirra verða að fá svör til að geta ákveðið hvaða skref þau taka á næstu dögum. Stendur verkfallið í mánuð, þrjá mánuði eða hvað? Svör verða að fást svo þau viti hvaða möguleikum þau standa frammi fyrir þegar þau taka ákvörðun. Við stöndum frammi fyrir alvarlegu ástandi.

[13:50]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Verkfall kennara í framhaldsskólunum hefur nú staðið í þrjár vikur. Tæplega tuttugu þúsund nemenda og fjölskyldur þeirra bíða þess að málin leysist og skólarnir taki til starfa á ný. Ábyrgð deiluaðila er þung gagnvart þessu unga fólki. Það er enginn ágreiningur um að kjör kennara þarf að bæta. Til að það takist verða menn að koma sér upp úr hjólförunum, kasta burt úreltu og stöðnu launakerfi sem þrengir að starfsemi framhaldsskólanna og ræða nýjar leiðir. Við þurfum sveigjanlegt og opið launakerfi sem hentar þörfum framhaldsskólanna og styrkir skólastarfið í landinu.

Herra forseti. Eitt er a.m.k. alveg víst: Þessi alvarlega deila verður ekki leyst hér í sölum Alþingis.

[13:51]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Staðan í kjaradeilu kennara við ríkið er ömurleg. Hún er ömurleg fyrir nemendur sem horfa á önnina tapast og sumir hafa þegar horfið frá námi. Hún er ömurleg fyrir kennara sem héldu að hin almenna stefna ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi væri fyrir þá eins og aðra. Hún er ömurleg fyrir foreldra sem

óttast um framtíð barna sinna ef þau flosna frá námi. Við þessar aðstæður kemur hæstv. menntmrh. þeim skilaboðum á framfæri á heimasíðu sinni að hann ætli sér hvorki að kannast við ástæður deilunnar né að axla ábyrgð á lausn hennar, það eigi hins vegar ýmsir aðrir að gera. Til að fullkomna ástandið eru frýjuorðin hvergi spöruð. En lögin eru alveg skýr þegar kemur að ábyrgð. Menntmrh. fer með yfirstjórn framhaldsskólans, hann ber ábyrgð á skólahaldinu og hann gerir tillögur um fjárveitingu til hvers skóla. Hann ber ábyrgð á þeim efnahagslegu staðreyndum sem framhaldskólinn býr við, að framhaldsskólinn er svo fjársveltur að hann hefur ekki getað verið skóli fyrir alla, ekki getað tekist á við geigvænlegt brottfall og ekki getað menntað það fólk sem atvinnulífið kallar eftir.

Það hefur komið fram að vöntun á fólki með þá menntun sem framhaldsskólarnir eiga að veita sé ein ástæða þess að við búum við minni framleiðni en áður. Það er hin efnahagslega staðreynd. En menntmrh. vísar ábyrgðinni á því að sjálfsögðu frá sér líka, það sé atvinnulífinu að kenna að það fær ekki nægt menntafólk.

Herra forseti. Menntmrh. hefur leyft góðærinu að renna fram hjá framhaldsskólunum og kennurum þeirra. Þess vegna eru skólarnir lamaðir vegna verkfalla.

Herra forseti. Nú er mál að linni og að réttir aðilar axli sína ábyrgð.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill minna á að það er venja hér á Alþingi að ávarpa hæstv. ráðherra og hv. þm.)

[13:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólakennara hefur þegar staðið svo lengi að hætt er við því að önnin sé með öllu ónýt fyrir nemendur. Aðstaða nemenda er mjög misjöfn vegna námshæfni og félagslegrar stöðu nemenda. Sömuleiðis hefur búseta framhaldsskólanemenda mikið að segja.

Staðan er þessi: Þeir nemendur sem verst eru settir hafa þegar gefið námið upp á bátinn, sumir fram á næstu önn eða fram á næsta vetur en því miður munu einhverjir hætta í námi á framhaldsskólastiginu eða flosna algjörlega úr náminu. Þetta er óviðunandi staða þar sem ljóst er hversu mikilvægt er að styðja alla til náms, sérstaklega í þjóðfélagi eins og okkar sem tekur þátt í alþjóðavæddri tæknibyltingu og hefur sett sér metnaðarfull markmið í menntun þjóðarinnar.

Þeir nemendur sem vel eru settir í námi og hafa góðan stuðning heima fyrir halda sig við heimanám að einhverju leyti. En eftir þrjár vikur í sjálfsnámi minnkar lestur námsbóka, verkfallið hefur því einnig lamandi áhrif á úrvalsnámsmenn jafnt sem aðra.

Hér á höfuðborgarsvæðinu og þeim stöðum sem einhverja vinnu er að fá eru margir nemendur komnir í fulla vinnu. Það er ólíklegt að þeir hefji allir nám á þessari önn þó að verkfallið mundi leysast á næstu dögum. Margir nemendur hafa að engu að hverfa, mæla göturnar og líðan flestra er slæm.

Kennarar þurfa leiðréttingu á launum og kjörum sem laða hæfileikaríka einstaklinga til kennslu á framhaldsskólastigi. Þetta er krefjandi starf og ljóst að margir kennara huga á breytingar og önnur störf ef verkfallið dregst á langinn eða væntanlegur samningur verður að þeirra mati ekki ásættanlegur.

Herra forseti. Nám á framhaldsskólastigi verður ekki leyst með einkareknum skóla. Gott nám á að fara fram í öllum skólum landsins en til þess þarf aukið fjármagn í málaflokkinn. Það er trúlega engin tilviljun að hugmyndir um einkarekinn skóla hafa komið fram núna.

[13:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það hefur komið enn betur í ljós, bæði í þessum umræðum hér í dag og í þjóðfélaginu að undanförnu, að krafa kennara um rúmlega 70% launahækkun hefur ekki hljómgrunn. Hún hefur ekki hljómgrunn í þessum sal, hún hefur ekki hljómgrunn úti á meðal þjóðarinnar. Því fyrr sem kennararnir gera sér grein fyrir þessu, því fyrr verður hægt að leysa þessa deilu.

Ég tel lausn deilunnar felast í nokkrum þáttum, að sjálfsögðu í beinum launahækkunum að einhverju leyti en einnig í skipulagsbreytingum, sem miða að því að gera starf skólanna sveigjanlegra, miða að því að auka sjálfstæði skólanna og fá kennarana til þess að leggja sitt af mörkum til að bæta skólastarfið í landinu.

Ég tel vel hægt að leysa þetta mál á forsendum af þessu tagi á tiltölulega stuttum tíma ef báðir aðilar einsetja sér það. Ríkið er tilbúið til þess fyrir sitt leyti en kennararnir þurfa fyrst að koma sér niður á jörðina, sætta sig við að kröfur þeirra hafa ekki þann hljómgrunn sem þeir óska og setjast síðan að samningaborði með breyttu hugarfari.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér ber samkvæmt venju að þakka hæstv. ráðherrum fyrir svörin og er það gert hér með, en hitt verð ég að segja að mig undrar nokkuð framgangur þeirra, bæði hér í þessum umræðum og reyndar fyrr. Talsmenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherrar, hafa fyrst og fremst gengið þannig fram í þessu máli að kenna öðrum deiluaðilanum alfarið um og hvítþvo sjálfa sig af allri ábyrgð í málinu. Mætti þar bæta við framgöngu formanns menntmn., hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, sem kemur reglubundið upp og amast við því að verkfall yfir tuttugu þúsund manna sé rætt á Alþingi, telur það mikla tímasóun og lýðskrum. (**SAÞ:** Það er rangtúlkun.)

Herra forseti. Ljóst er að ýmsu mætti enn bjarga í skólastarfinu ef tækist að leysa deiluna á allra næstu dögum en það þarf þá að gerast til þess a.m.k. þessi önn fari ekki í súginn. Það vekur spurningar, herra forseti, um hvað mönnum eins og hæstv. menntmrh. gengur til með skrifum á heimasíðu sinni eða ítrekuðum tilraunum hæstv. ráðherra, líka hæstv. fjmrh. sem var þó í öllu meira jafnvægi í málflutningi sínum, að gera forustumenn kennara ótrúverðuga, ráðast á þá sérstaklega og beina að þeim spjótum sínum. En það gera hæstv. ráðherrar.

Hverjir eru forustumenn kennara fyrir utan að vera kjörnir trúnaðarmenn og forustumenn þeirra sem stéttar? Þeir eru viðsemjendur þessara manna. Er það vænlegt til árangurs að kasta sprengjum og ráðast að viðsemjendum sínum inn í miðri kjaradeilu? Þessir hæstv. menn ættu að hafa fyrir sig persónulegar hugleiðingar af því tagi sem lesa má í skrifum þeirra og halda þeim þar á meðan þeir eiga í viðræðum við þessa menn um lausn vandasamrar kjaradeilu. Það þarf ekki að kunna nema hálft starfrófið í samningaviðræðum, herra forseti, til að sjá hversu ógæfuleg þessi framganga hæstv. ríkisstjórnarinnar er. Hér verður að verða breyting á.

[13:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður. Þær undirstrika mikilvægi þess að finna lausn á þessari deilu. Eins og ég sagði er það mat menntmrn. að ef verkfall framhaldsskólakennara leysist í þessari viku þannig að kennsla geti hafist í byrjun næstu viku þá ætti að vera unnt að ljúka þeirri önn sem nú stendur í raun yfir á framhaldsskólastiginu.

Hér hafa komið fram spurningar varðandi endurgreiðslu á skólagjöldum og aðra slíka þætti. Ég ætla ekki að fara að lesa svör menntmrn. um þessa þætti en vil vekja athygli á því að ráðuneytið hefur upplýst forráðamenn framhaldsskólanemenda um réttarstöðu þeirra varðandi þennan þátt í verkfallinu. Það er að sjálfsögðu mikilvægt mál fyrir marga nemendur eins og hér hefur verið áréttað.

Ég vil aðeins segja að þau orð sem ég hef látið falla um þetta mál eru á engan hátt þannig að þau eigi að koma nokkrum manni á óvart. Þær skoðanir sem ég hef lýst varðandi stöðu mína og hlutverk menntmrh. í þessu máli á ekki að koma nokkrum hv. þm. á óvart. Við höfum öll okkar hlutverki að gegna. Við berum öll okkar ábyrgð. Ég hef aldrei skorast undan ábyrgð í störfum mínum og skorast heldur ekki undan þeirri ábyrgð að lýsa skoðun minni þegar mér finnst það nauðsynlegt til að mál séu skoðuð frá þeim sjónarhóli sem ég tel vænlegast, ætli menn að leysa mál eða komast að skynsamlegri niðurstöðu. Ég mun halda áfram að gera það, hvað sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar.

[14:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á fundi efh.- og viðskn. í gærkveldi var afgreiðsla á skattaaðgerðum ríkisstjórnarinnar sem tengjast fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga knúin fram af meiri hlutanum gegn vilja minni hlutans. Sú afgreiðsla og yfirgangur meiri hlutans er óskiljanlegur í ljósi þess að fram kom hjá fulltrúum ASÍ að skattahækkun sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir grefur undan forsendum kjarasamninga og étur upp umsamdar kauphækkanir.

Hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar verða að skilja að kjarasamningar eru í hættu enda kemur fram í umsögn ASÍ að verði ekki gripið til annarra ráðstafana er einnig ljóst að ríkisstjórnin mun ganga á bak orða sinna um þróun skattleysismarka sem voru gefin í yfirlýsingu hennar 10. mars sl. í tengslum við kjarasamninga.

Heildarsamtök launafólks, ASÍ og BSRB, hafa í dag harðlega mótmælt þessum áformum. Ljóst er að þau munu stefna kjarasamningum í algert uppnám eða eins og varaformaður ASÍ orðaði það á fundi efh.- og viðskn. í gærkvöldi: Forsendur kjarasamninga eru á mörkum þess að bresta.

Það var þess vegna sem minni hluti efh.- og viðskn. óskaði eftir því í gær, í ljósi nýrra upplýsinga og þess að við vorum að skoða málið í samhengi við kjarasamninga, að nefndin fengi meira svigrúm til að fjalla um málið og óskuðum við eftir fundi um málið t.d. á þessum degi. Þeirri sanngjörnu kröfu var hafnað og því mótmæli ég fyrir hönd minni hlutans úr þessum ræðustól. Um leið óska ég eftir því að meiri hlutinn virði þá sanngjörnu ósk minni hlutans og reyni að ná sáttum í málinu, reyni að ná niðurstöðum sem tryggi að raungildi skattleysismarka haldi á næstu árum og forði því að kjarasamningar lendi í þeirri stöðu sem blasir nú við. Það er það sem ósk okkar gengur út á, að skoða málið í því samhengi.

[14:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ljóst er að ríkisstjórnin er að setja allt í uppnám á vinnumarkaði. Ekki er nóg með að kennurum sé settur stóllinn fyrir dyrnar með þeim afleiðingum að nærri tuttugu þúsund nemendum hefur verið vísað út á götu. Nú er að koma í ljós að ríkisstjórnin er að knýja fram skattbreytingar sem ganga þvert á gefin loforð og fyrirheit gagnvart samtökum launafólks. Breytingar sem munu ekki einvörðungu hafa í för með sér meiri skattbyrðar, það sem verra er, þær munu hafa í för með sér lækkun skattleysismarka og þar með fjölgar láglaunafólki sem verður skattlagt.

Í gærkvöldi reif meiri hluti efh.- og viðskn. frv. út úr nefndinni þvert á óskir minni hlutans sem vildi freista þess að smíðuð yrði heildarlausn sem tryggði hag launafólks. Nauðsynlegt er að þingið geri sér grein fyrir að ríkisstjórnin er með þessu framferði að stefna þinghaldinu í mikið uppnám. Við teljum það skyldu okkar að þinginu sé gerð grein fyrir þessu nú á þessu stigi málsins. Að öðru leyti mun ég gera grein fyrir sjónarmiðum við umræðu um skattamál sem fer fram í þinginu síðar í dag.

[14:05]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hér er afskaplega sérkennilegur málflutningur á ferðinni. Á fundi forseta í gærmorgun með formönnum þingflokka var lögð áhersla á að þessi mál þyrfti að ræða í samhengi, þ.e. tekjustofnafrv. og tekjuskattsfrv. Það var ætlun formanns efh.- og viðskn. að ljúka umfjöllun um tekjuskattsfrv. á fundi í nefndinni á fimmtudaginn var. Þá var óskað eftir því af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að svigrúm fengist til að ræða málin í þingflokki hennar á mánudaginn. Á það var fallist af hálfu meiri hlutans og formannsins og í raun og veru er ekkert meira um þetta að segja. Ekkert sérstakt nýtt hefur komið fram í málinu. Þar að auki hefur formaður efh.- og viðskn. boðist til að taka málið til umfjöllunar í nefndinni milli 2. og 3. umr. ef eitthvert tilefni er til þess. Ég átta mig ekki alveg á því hvað menn eru að fara hér. Í öðru orðinu er verið að tala um að þessi mál þurfi að ræða í samhengi en í hinu orðinu er lagst gegn því að málið sé afgreitt úr nefnd. Síðan er boðist til að taka það inn aftur í nefndina. Ég sé því ekki betur en verið sé að koma til móts við stjórnarandstöðuna með lipurð af formanni efh.- og viðskn. og verið sé að gera úlfalda úr mýflugu.

[14:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er orðið frekar óþægilegt að heyra hvað stjórnarliðunum finnst það mikið vesen þegar þingmenn vilja vinna störfin vel og þegar óskir eru um að halda þannig á málum hvort heldur er í þessu sal eða nefndum að til sóma sé. Hér komu fram hógværar óskir um viðbótarfund eftir nýjar upplýsingar frá ASÍ um að þær aðgerðir, sem við erum að fara að lögfesta samkvæmt frv. sem verða tekin til afgreiðslu í dag og næstu daga, hafi þau áhrif að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá kjarasamningunum gengur ekki eftir, að skattleysismörk hækki ekki í takt við laun. Við óskuðum eftir því að fá fund í morgun til að skoða þessi mál nánar eða

í hádeginu í dag. Það var alls ekki hægt að verða við því, herra forseti, og málið var rifið út af því stjórnarmeirihlutinn ákvað að málið ætti að fara út.

Þetta er það sem blasir við. Stjórnarmeirihlutinn er upptekinn af valdi sínu og meiri hluta. Hann ákveður. Það er óþægilegt og vesen ef stjórnarandstaðan vill hafa fagleg vinnubrögð. Við töldum brýnt að vita hvernig áhrif þetta frv. hefði á ákveðna hópa og því hefðum við öll átt að hafa áhuga á.

Herra forseti. Við höfum lýst því yfir á fundi forseta og í nefndinni að við ætlum ekki að tefja afgreiðslu málsins. Það er ekki af okkar sökum að málið er ekki á dagskrá í dag og er þar með e.t.v. komið fram yfir helgi þegar það verður rætt. Hins vegar er sú staðreynd að málið er ekki á dagskrá í dag undirstrikun á því að það var einfaldasta mál í heimi að halda aukafund, t.d. í hádeginu.

Herra forseti. Það er allt annað að taka mál aftur fyrir milli 2. og 3. umr. en að leita allra upplýsinga sem óskað er meðan málið er til afgreiðslu í nefnd fyrir 2. umr.

[14:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á ummælum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur sem fram komu hér áðan vegna þess að það er ekki rétt að ekki séu nýjar upplýsingar í málinu. Það hefur komið fram að fjórðungur af almennri launahækkun hverfi í skattahækkun. Við vorum ekki búin að skoða málið í því ljósi fyrir helgina í efh.- og viðskn., þ.e. í samhengi við kjarasamninga. Það verður hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir að viðurkenna.

Það hefur komið fram hjá ASÍ að skattahækkunin grefur undan forsendum kjarasamninga og að mati forustu ASÍ eru kjarasamningar við það að bresta. Hv. þm. leyfir sér að segja að við séum að gera úlfalda úr mýflugu og ekkert nýtt hafi komið fram í málinu. Víst hefur komið fram nýtt í málinu síðan formenn þingflokka ræddu þetta mál á fundi forseta eða síðan efh.- og viðskn. ræddi málið fyrir helgi.

Það sætir furðu að hv. þm. segi að ekkert nýtt sé í málinu. Telur hv. þm. að það sé virkilega ekkert að þegar um það er að ræða að kjarasamningar eru komnir í slíkt uppnám sem heildarsamtök launafólks hafa sagt hér í dag? Við erum að reyna að forða því að raska þessum kjarasamningum. Við vildum fá meira svigrúm í nefndinni til að fjalla um málið. Tekjuskattsfrv. er ekki á dagskrá þingsins í dag þannig að við hefðum haft það svigrúm sem við báðum um til þess að hafa fund í efh.- og viðskn. í dag. Því mótmæli ég vinnubrögðum meiri hlutans í efh.- og viðskn. í málinu. Ég bið um það lengstra orða að við reynum að setjast yfir það að reyna að ná sátt í málinu til að forða því að raska nýgerðum kjarasamningum.

[14:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um hvað snýst málið? Þetta snýst um það að efh.- og viðskn. hafði lokið formlegri yfirferð sinni um frv. fyrir síðustu helgi. Þá óskaði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir eftir því að málið yrði ekki afgreitt út úr nefndinni. Og af hvaða ástæðum? Af þeirri ástæðu að hún taldi eðlilegt að bera málið undir þingflokkana. Það var mjög eðlileg ósk og við henni varð að sjálfsögðu orðið. Þá var hins vegar hinni efnislegu umfjöllun málsins lokið enda höfðu þá dögum saman legið fyrir nefndinni gögn, þar á meðal frá Alþýðusambandi Íslands, hin formlega umsögn um málið hafði legið fyrir frá Alþýðusambandi Íslands dögum saman.

Hvað kemur fram í umsögninni? M.a. það að forsendan fyrir því að hægt sé að taka afstöðu til annars málsins sé að vita niðurstöðu hins. Við lögðum á það áherslu núna vegna þess að það liggur á að ljúka málinu af ástæðum sem öllum er kunnugt. Við lögðum á það áherslu að hægt væri að sjá fyrir hina efnislegu niðurstöðu úr báðum nefndum, félmn. og efh.- og viðskn., þegar umræðan færi fram. Þess vegna var mjög mikilvægt að hægt væri að ljúka málinu í gær enda var efnislegri umfjöllun málsins þá lokið.

Síðan kom fram í máli hv. formanns efh.- og viðskn. að hann taldi eðlilegt að verða við þeirri ósk að taka málið fyrir milli 2. og 3. umr. og gefa þannig tækifæri til að fara frekar yfir málið.

Að sjálfsögðu er hægt að kalla endalaust eftir umsögnum. Að sjálfsögðu er hægt að kalla endalaust eftir tölulegum upplýsingum. Það er eðlilegt að gera það með því að vinna málin eins vel og hægt er.

Auðvitað verður einhvern tímann að ljúka málinu og þegar efnislegri umfjöllun var lokið fyrir 2. umr. málsins var eðlilegt að taka það út úr nefndinni alveg eins og gert var í gærkvöldi.

[14:13]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er einfaldlega svo að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir erum ekki sammála í þessu máli. Mér finnst hafa verið mjög eðlilega og lipurlega að verki staðið af hálfu meiri hlutans í efh.- og viðskn. eins og ég hef rakið hér. Það er svigrúm til að skoða málið frekar ef tilefni er til og stjórnarandstaðan verður einfaldlega að sætta sig við að það er meiri hluti á þinginu — sjálfstæðismanna og framsóknarmanna.

[14:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er meiri hluti á Alþingi — sjálfstæðismanna og framsóknarmanna — og það hefur ekki farið fram hjá okkur hinum.

En, herra forseti, það sem er dregið fram í umræðunni er þetta: Efnislegri umræðu í nefnd er lokið. Sjálfstfl. og Framsfl. ákveða að efnislegri umfjöllun sé lokið, ekki vegna þess að gögn eru að koma fram sem nauðsynlegt er að skoða eða sjálfsagt er við fagleg vinnubrögð að gefa sér tíma í. Nei, efnislegri umfjöllun er lokið þegar Sjálfstfl. og Framsfl., hinn mikli meiri hluti, hefur tekið ákvörðun.

Ég ætla bara að benda á það að á þessum morgni heldur ASÍ blaðamannafund vegna þess sem er að gerast hér og vegna þess sem þeir sjá að gerist hjá hópum innan þeirra raða.

En meiri hlutanum hér, hinum mikla meiri hluta Sjálfstfl. og Framsfl., kemur það ekkert við. Efnislegri umfjöllun í efh.- og viðskn. er lokið. Nú skal taka til við 2. umr. og það er boðað náðarsamlegast að við tökum málið e.t.v. til skoðunar milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Ég vek athygli á þeim upplýsingum sem hafa komið fram.

[14:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ljóst er að meiri hlutinn á Alþingi ætlar að stofna til mikillar umræðu um skattamálin í þinginu og ég óttast til nokkurs ófriðar einnig. Við munum fara út í efnislega umræðu um þessi mál síðar í dag, en ég tel mikilvægt að hér

komi fram ákveðnar leiðréttingar í ljósi yfirlýsinga sem fram hafa komið frá stjórnarþingmönnum. Ekki vakir fyrir minni hlutanum að tefja framgang tekjuskattsfrv. Það sem vakir fyrir minni hlutanum að gera er að tryggja heildstæða lausn sem sátt geti orðið um í samfélaginu. Við viljum taka tillit til nýrra upplýsinga sem fram hafa komið frá heildarsamtökum launafólks. Þess vegna var óskað eftir framhaldsfundum til að freista þess að finna slíka lausn.

Að öðru leyti, herra forseti, mun ég ræða efni þessara frv. síðar við umræðuna í dag og á næstu dögum.

Fjáraukalög 2000, frh. 2. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 156, nál. 340, 352 og 353, brtt. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við höfum í umræðu um fjáraukalög m.a. bent á ýmis mistök sem orðið hafa við stjórn ríkisfjármála. Hér eru gerðar tillögur um tæplega 8 milljarða ríkisútgjaldaaukningu, þrátt fyrir að heilbrigðisstofnanir séu látnar bíða til 3. umr. Við höfum bent á að hluti tillagnanna stangast á við fjárreiðulög. Stjórnarandstaðan hefur ekki haft neina möguleika til þess að hafa áhrif á þau útgjöld sem hér er verið að samþykkja. Þess vegna er eðlilegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn beri einn ábyrgð á þeim tillögum sem eru til afgreiðslu. Þingmenn Samfylkingarinnar munu því sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[14:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Allmargir þeirra útgjaldaliða sem hér er verið að greiða atkvæði um eru stuðningur við góð málefni og í sumum tilfellum af brýnni þörf. Má þar nefna Barnaverndarstofu, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna fólksfækkunarframlaga og framlög til lyfjakostnaðar sjúklinga, svo eitthvað sé nefnt. Aðrir liðir sem hér er verið að greiða atkvæði um orka mun meira tvímælis hvort eigi heima í fjáraukalögum og má þar nefna æðstu stjórn ríkisins og stjórn ráðuneytanna.

Framkvæmd fjárlaga er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar og fjáraukalögin sem koma nú til atkvæðagreiðslu eru áréttingar á vanköntum fjárlaganna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lýsum allri ábyrgð á hendur meiri hlutans við afgreiðslu á þessum fjáraukalögum og munum sitja hjá við afgreiðslu þeirra.

Brtt. 341 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, GÁ, HÁs, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KF*, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjálmJ, JÁ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, IP,

ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Séryfirlit 1–4 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, HÁs, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KLM, KPál, LMR, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁJ, DO, HÁs, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Afgreiðslu þessa fjáraukalagafrv. þarf að ljúka. Þessi afgreiðsla er með öðrum hætti en venjulega að því leyti að ýmsar æðstu stofnanir ríkisins fara ekki að fjárreiðulögum eins og vera ber. En Samfylkingin veitir af þeirri ástæðu sem ég nefndi í upphafi frv. brautargengi til 3. umr. vegna þess að þessu þarf að ljúka.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209, nál. 355 og 363, brtt. 356.

[14:23]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Guðjón Bragason og Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti, frá Reykjavíkurborg Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Önnu Skúladóttur og Helgu Jónsdóttur, frá Hafnarfjarðarbæ Halldór Árnason og Magnús Gunnarsson, frá Kópavogsbæ Sigurð Geirdal, Flosa Eiríksson og Braga Michaelson, frá Akureyrarbæ Kristján Þór Júlíusson, Ásgeir Magnússon og Jakob Björnsson, frá Borgarfjarðarsveit Ríkharð Brynjólfsson, frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi Þorvald Jóhannesson og frá Ísafjarðarbæ Halldór Halldórsson. Frá Ferðaþjónustu bænda kom Kolbrún Úlfsdóttir, frá Landssambandi veiðifélaga Óðinn Sigþórsson og Jónas Aðalsteinsson, frá Öryrkjabandalagi Íslands Helgi Seljan og Garðar Sverrisson, frá Landssambandi eldri borgara Ólafur Ólafsson og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason.

Umsagnir bárust frá 35 sveitarfélögum, samtökum þeirra og öðrum aðilum.

Frumvarpið er samið í samræmi við tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þær breytingar eru lagðar til með frumvarpinu að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar verði hækkuð í tveimur áföngum um samtals 0,99% til þess að mæta aukinni fjárþörf sveitarfélaganna og bæta fjárhagsstöðu þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að miða álagningarstofn fasteignaskatts við fasteignamat til að tryggja að fasteignaskattur reiknist af því sem næst raunvirði fasteignar og jafna með því stöðu fasteignareigenda á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þá er frumvarpinu jafnframt ætlað að tryggja að þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjutapi vegna breytinganna á álagningarstofninum verði í sömu stöðu og áður með greiðslum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt eru lagðar til breytingar til að jafna samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu og eyða réttaróvissu vegna álagningar fasteignaskatts á hlunnindi og jarðeignir sem ekki eru nýttar til landbúnaðar. Er það gert í kjölfar dóma Hæstaréttar frá árinu 1999 um að mismunandi álagningarprósenta fasteignaskatts á jarðeignir og hlunnindi eftir notkun brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrár og álits samkeppnisráðs frá árinu 1998 um að það stríði gegn markmiðum samkeppnislaga að húseignir í samkeppnisrekstri á gistimarkaði greiði mismunandi hátt hlutfall af álagningarstofni fasteignaskatts þar sem í því felist að rekstraraðilum sé mismunað. Þá er áréttað að öll fiskeldismannvirki skuli skattlögð skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna.

Við umfjöllun ræddi nefndin sérstaklega málefni ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni. Er það mat meiri hlutans að íhuga þurfi sérstaklega við frekari endurskoðun laganna hvort sveitarfélögum skuli vera heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af gistiaðstöðu á landsbyggðinni sem sannanlega er eingöngu nýtt fáa mánuði ársins.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að skatturinn skuli lagður á samkvæmt fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári en skv. 6. mgr. 3. gr. laganna fær hvert sveitarfélag fyrir 1. desember ár hvert skrá yfir álagningarstofn fasteignaskatts frá Fasteignamati ríkisins. Í ljós hefur komið að sum sveitarfélög hafa miðað álagningu sína við álagningarstofninn eins og hann er 1. desember en önnur við 1. janúar. Er ákveðinni dagsetningu ætlað að koma í veg fyrir mismunandi álagningu sveitarfélaganna. Í öðru lagi er tekinn af allur vafi um að eingöngu erfðafestulönd í dreifbýli skuli tilheyra álagningarstofni a-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna. Í þriðja lagi er um að ræða viðbót við 13. gr. laganna þar sem heimild er veitt til greiðslu framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitu á vegum eigenda einstakra lögbýla þegar sveitarstjórn telur fjárhagslega óhagkvæmt að leggja vatnsveitu að þeim. Er breytingunni ætlað að tryggja stuðning við vatnsveituframkvæmdir á vegum einkaaðila í sveitum. Þá er gert ráð fyrir í tillögunni að Bændasamtök Íslands annist stjórnsýslu vegna meðferðar umsókna um framlögin þó að endanleg

ákvörðun um heildarframlög verði tekin af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Til að tryggja jafnræði er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að unnt verði að styrkja vatnsveitufram kvæmdir sem hófust á árunum 1999 og 2000.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem hér stendur, hv. þingmenn Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

[14:29]

Frsm. 1. minni hluta félmn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Herra forseti. Ég vildi gjarnan byrja á því að vekja athygli á að mjög æskilegt væri að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur umræðuna þar sem ég held að hann sé enn í húsinu og mér þætti afar vænt um ef hæstv. forseti mundi láta sækja hann.

Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Nefndarálitið er frá 1. minni hluta félmn. sem er sú sem hér stendur og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Stórfelld skuldasöfnun sveitarfélaganna hin síðari ár er staðreynd og langvarandi hallarekstur þeirra stafar einfaldlega af því að tekjur sveitarfélaga duga ekki til að standa undir kostnaði við lögbundin og eðlileg verkefni þeirra.

Í skýrslu tekjustofnanefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, segir m.a.: „Bókfærðar tekjur sveitarsjóðanna hafa aukist um 69% að raungildi frá árinu 1990. Á sama tíma hafa rekstrargjöld I, þ.e. rekstur málaflokka ásamt gjaldfærðri fjárfestingu, aukist um 97%. Rekstrargjöld II, þ.e. rekstrargjöld I að meðtöldum fjármagnsgjöldum, hafa á hinn bóginn aukist ívið meira eða um 97,4% að raungildi á tímabilinu."

Þessi viðvarandi hallarekstur hefur leitt til stóraukinnar skuldasöfnunar, enda ljóst að framkvæmdir hafa að stærstum hluta verið fjármagnaðar með lánsfé. Þá hafa skattalagabreytingar síðustu ára vegið þungt í afkomu sveitarfélaganna og leitt til tekjurýrnunar sem nemur milljörðum króna á ári hverju. Fleira má nefna til sögunnar, svo sem nýleg lög og nýjar reglugerðir ríkisvaldsins sem hafa leitt til verulegrar útgjaldaaukningar sveitarfélaga án þess að tekjur hafi komið á móti. Má þar nefna aukin framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð og til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, framlög til húsnæðismála og húsaleigubótakerfis. Einnig hafa búferlaflutningar haft íþyngjandi áhrif, bæði hjá þeim sveitarfélögum þar sem fólksfækkun hefur orðið og eðlilega leitt til tekjulækkunar og þeim sveitarfélögum þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað en þar hefur orðið umtalsverð útgjaldaaukning án þess að nægar tekjur hafi komið á móti.

Þær tillögur sem nú liggja fyrir svara ekki núverandi fjármagnsþörf sveitarfélaganna. Í þeim er gert ráð fyrir heimild sveitarfélaga til hækkunar útsvars um 0,99% á næstu tveimur árum sem gæti aukið tekjur þeirra um 3.750 millj. kr. ef sú heimild yrði nýtt til fullnustu. Ríkissjóður mun að sama skapi aðeins lækka tekjuskatt um næstu áramót um 1.250 millj. kr. Við umræður í nefndinni kom í ljós að mörg sveitarfélög, meðal annars öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hyggjast nýta sér þessa hækkun og hefur Samband íslenskra sveitar félaga lýst því yfir við nefndina að það hvetji sveitarfélögin til þess. Augljóst er því að breytingarnar munu fyrst og fremst hafa í för með sér skattahækkun á suðvesturhorni landsins þar sem gera má ráð fyrir að lækkun fasteignaskatts á landsbyggðinni jafnist út á móti útsvarshækkun þar, nema hjá þeim sem eiga engar fasteignir, þannig að þar verður um beina skattahækkun að ræða.

Ef heimildir eru nýttar hjá sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins, sem sum hafa safnað miklum skuldum, gæti það þýtt skattahækkanir í kringum 1,6 milljarða kr. á þessu 160.000 íbúa svæði. Það jafngildir nærri 10 þús. kr. hækkun á hvern íbúa að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu.

Ljóst er að breytingin mun auka skattbyrði lágtekjufólks til muna, svo sem aldraðra og öryrkja, en í umsögn frá ÖBÍ segir: „Þróun skattleysismarka hefur verið á þann veg síðasta áratug að jafnvel þeir öryrkjar sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga eru farnir að greiða af þeim beinan skatt svo nemur tugum þúsunda á ári hverju." Einnig benda þeir á ýmsa frekari kjaraskerðingu hjá öryrkjum og segja: „Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörk verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku."

Fyrsti minni hluti lýsir því allri ábyrgð á ríkisvaldið verði sveitarfélögin knúin til skattahækkana án þess að samsvarandi lækkun tekjuskatts komi á móti. Því tekur 1. minni hluti undir þá skoðun sveitarfélaganna að ríkið lækki tekjuskatt á móti til þess að ekki þurfi að koma til skattahækkana þar sem hér er um að ræða uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga og ekki þýði að afhenda tékka sem enginn þori að innleysa.

Umsagnir flestra sveitarfélaga eru samhljóða þeim sjónarmiðum sem fram koma í breytingartillögu Samfylkingarinnar um að ríkið lækki tekjuskatt á móti útsvarshækkun, enda ríkissjóður vel aflögufær.

Í ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 16. nóvember sl. er samhljóða samþykkt: „Borgarráð skorar því á Alþingi að lækka tekjuskatt ríkisins á næstu tveimur árum til jafns við auknar heimildir sveitarfélaga til hækkunar útsvars, eða um 0,99%." Jafnframt kemur fram í ályktun bæjarstjórnar Kópavogs sem undirrituð er af öllum bæjarfulltrúum: „Bæjarstjórn Kópavogs skorar á Alþingi að afgreiða breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nú á haustþingi án þess að það hafi í för með sér almennar skattahækkanir á íbúa höfuðborgarsvæðisins. Það verður best gert með því að lækka tekjuskattsprósentuna jafnt og nemur hækkun á útsvarsprósentunni." Jafnframt er bent á brýna nauðsyn þess að framvegis hafi ríki og sveitarfélög stöðugt samráð sín á milli um fjármálaleg samskipti og lagafrumvörp og stjórnvaldsaðgerðir verði kostnaðarmetnar gagnvart sveitarfélögum áður en þau koma til framkvæmda.

Örar breytingar krefjast þess að tekjustofnar sveitarfélaga séu teknir reglulega til endurskoðunar og leggur 1. minni hluti því áherslu á að framhald verði á umræðu og vinnu við endurmat á tekjustofnum sveitarfélaga. Í ábendingum fjölmargra sveitarfélaga er bent á mikilvægi þess að breikka tekjustofna sveitarfélaga þannig að sveitarsjóðirnir hafi einnig tekjur af óbeinum sköttum og sköttum af umferð og að komið verði á frekari skattalegri tengingu á milli sveitarfélaga og afkomu atvinnufyrirtækja. Þessar ábendingar og fleiri af sama toga eru fyllilega þess virði að þær verði skoðaðar nánar í næstu framtíð.

Vegna stóraukinna umsvifa Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nauðsynlegt að taka upp og endurskoða hlutverk og stefnu sjóðsins, en mörg sveitarfélög bentu á slíkt í umræðum um málið. Munu þingmenn Samfylkingarinnar hafa frumkvæði að tillögugerð í þá veru.

Hvað varðar breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar að frumkvæði félagsmálaráðherra, um styrk úr jöfnunarsjóði til vatnsveitu lögbýla, telur 1. minni hluti það mikilvægt að bændur eigi kost á hreinu og góðu vatni. Hins vegar var þetta verkefni landbrn. og telur 1. minni hluti að svo eigi að vera áfram. Þá orkar einnig tvímælis að Bændasamtökin séu orðin ígildi sveitarfélags með sérstakri aðkomu að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. 1. minni hluti tekur undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að þetta verði ekki samþykkt þar sem verið sé að skapa varhugavert fordæmi hvað varðar ýmsar aðrar framkvæmdir einstaklinga sem sveitarfélög sinna ekki með beinum hætti.

Fyrsti minni hluti styður hins vegar þá breytingu að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Það þýðir lækkaðar álögur fasteignaskatts nema á suðvesturhorni landsins en hefur engin áhrif á heildarafkomu sveitarfélaga í ljósi þess að ríkissjóður mun greiða þeim sveitarfélögum sem verða fyrir tekjulækkun það sem á vantar, 1,1 milljarð kr., í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Að samanlögðu er því málið vanreifað eins og það liggur fyrir. Meðan ekki liggur fyrir að brtt. Samfylkingarinnar verði samþykkt, sem felur í sér að tekjuskattur lækki til jafns við auknar heimildir í útsvari, getur 1. minni hluti ekki staðið að samþykkt þessara auknu heimilda í útsvari. Að óbreyttu mun hún leiða til almennra skattahækkana á launafólk í landinu. Þá pólitísku ábyrgð verða ríkisstjórnin og stjórnarliðar að bera.

Fyrsti minni hluti er efnislega sammála auknu fjárhagslegu svigrúmi til handa sveitarsjóðum en telur óhjákvæmilegt að tekjuskattur ríkissjóðs lækki jafnmikið á móti. Þess vegna mun 1. minni hluti ekki greiða atkvæði um meginatriði frv. eins og það liggur fyrir nú.

Eins og ég sagði áðan rita undir nál. þetta hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

[14:38]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hygg að óhætt sé að segja að niðurstaða svonefndrar tekjustofnanefndar sem skilaði af sér nú í októbermánuði sl. hafi valdið miklum vonbrigðum. Einmitt þá daga sem fréttir voru að berast af niðurstöðum nefndarinnar voru þingmenn Norðurl. e. og væntanlega fleiri þingmannahópar kjördæma á ferð um kjördæmin í svonefndri kjördæmaviku. Ég hef látið það koma fram áður í þessum ræðustóli og get endurtekið að enginn einasta sveitarstjórn af þeim sem við ræddum við í þessari ferð, voru það þó vel flestar sveitarstjórnir í kjördæminu, alla vega í hinum stærri sveitarfélögum, lýsti ánægju með niðurstöðurnar.

Þetta endurspeglast einnig í umsögnum sveitarstjórna sem félmn. hefur nú fengið og nema einhverjum tugum. Án undantekninga er þar lýst umtalsverðri óánægju með þessa niðurstöðu og vonbrigðum. Fyrst og fremst er gagnrýnt að um ónóga úrlausn sé að ræða og jafnvel gallaða aðferð við að styrkja tekjugrundvöll sveitarfélaganna. Síðast en ekki síst gagnrýna menn þá niðurstöðu að sveitarfélögunum sé att á það forað að axla ábyrgð af skattahækkunum á meðan ríkisvaldið hvítþvær hendur sínar af slíku.

Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að sveitarstjórnarmenn um allt land bundu vonir við að nú yrði virkilega tekið á í þessum málum og samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga tekin til gagngerrar endurskoðunar, þá ekki síst hin tekjulegu. Vonast var til að út úr því kæmi framtíðarfyrirkomulag og framtíðarmódel sem menn gætu búið við og einhver friður gæti haldist um. Ég heyri engan lýsa þeirri trú sinni, reyndar hvorugu megin frá, að slíkt takist með þessum breytingum. Hér er í besta falli, reyni maður að sjá það jákvæða við málin, tekið ákveðið skref sem nýtist sveitarfélögum að nokkru marki til að laga stöðu sína, miðað við það sem fyrir liggur nú þegar um rekstrarútgjöld þeirra eða fjárþörf. Flestir eru þó sammála um að þar sé ekki nóg að gert miðað við stöðuna eins og hún liggur fyrir, hvað þá að horfi til betri framtíðar í þessum efnum.

Eftir standa óútkljáð deilumál eins og þau sem tengjast yfirfærslu grunnskólans. Það er rétt að leggja áherslu á að í viðtölum við félmn. tóku talsmenn margra sveitarfélaga sérstaka fram að þeir skildu málið svo að óútkláð mál vegna færslu grunnskólans væru alls ekki með í þessum pakka. Ég spurði þá hvort menn væru vissir um að sami skilningurinn væri hinum megin við borðið. Það er nokkur skaði að hafa hér ekki settan félmrh. til að svara fyrir um það en kannski fást svör við því seinna í umræðunni. Er það alveg á hreinu að það sé gagnkvæmur og réttur skilningur að óútkljáð fjárhagsmálefni varðandi færslu grunnskólans hafi ekki verið tekin inn í dæmið enn þá, að þau séu enn til umfjöllunar í því nefndarstarfi sem mér skilst að sé í gangi? Svo virðist af gagnasöfnun og úttektum sem fréttir hafa verið að berast af, jafnvel í frægum pistlum hæstv. menntmrh. á heimasíðu hans. Eins og kunnugt er er þeim hæstv. ráðherra ekkert mannlegt óviðkomandi og að sjálfsögðu hefur hann lagt gott til málanna með því að henda nokkrum sprengjum í sambandi við samskipti ríkis og sveitarfélaga um grunnskólann. Þó það nú væri, það má ekki minna vera en að hella pínulitlu bensíni að þeim eldum.

Það er ljóst, herra forseti, að sem betur fer deilir enginn um að sveitarfélögin í landinu hafi um árabil búið við algjörlega óviðunandi afkomu. Um það deilir enginn. Meira að segja hæstv. forsrh. hygg ég, sem yfirleitt á ekki létt með að viðurkenna vandamál, viðurkennir að það sé nokkurt vandamál að afkoma sveitarfélaganna hafi ekki verið nógu góð. Hæstv. forsrh. hefur að vísu á því þá einföldu skýringu að það sé vegna óráðsíu þeirra, herra forseti, sveitarfélaga og kaupstaða eins og Akraness og annarra slíkra, þar er svo mikil óráðsía og sukk og illa farið með fjármuni. Þess vegna er vandinn svo mikill að mati hæstv. forsrh. Þó örlar fyrir viðurkenningu á því að um einhvern vanda sé að ræða og það er strax í áttina. Eins og ég hef stundum bent á þá er fyrsta skilyrðið til að takast á við vandamál að viðurkenna tilvist þeirra.

Það má hafa góð orð um starf nefndarinnar að því leyti að þar eru reidd fram ágæt gögn, að ég held. Mér sýnist að í þeim sé ekki gerð nein tilraun til að draga fjöður yfir umtalsverðan vanda í fjárhagsmálefnum sveitarfélaganna. Enda hefði það stoðað lítið þar sem þau gögn eru aðgengileg víðar í árbókum sveitarfélaganna, í tölfræðilegum gögnum sem reidd hafa verið fram á fjármálaráðstefnum Sambands sveitarfélaga o.s.frv.

Þær tölur hafa verið rifjaðar upp. Menn kunna þær tölur og kannski ástæðulaust að endurtaka þær margoft hér. Hins vegar er ljóst að allan þennan áratug, eins og ég kalla það frá og með árinu 1991 og til dagsins í dag, hefur verið um samfelldan hallarekstur sveitarfélaganna að ræða. Ekki eitt einasta ár hafa þau náð afkomunni hjá sér upp fyrir strikið. Sá hallarekstur hefur farið upp í að vera alveg gríðarlegur,

þannig að hlutfallstölur, ef þær eru skoðaðar, blikna gjörsamlega. Mönnum þótti hallinn á ríkissjóði mikill hér á verstu árunum. En hvað má þá segja um 8,6 milljarða halla sveitarfélaganna 1994, af veltu sem er 60–70 milljarðar um þessar mundir? Þetta er auðvitað svo gríðarlegur halli eins og hann var þarna og slagar upp í það á fleiri árum enda hafa heildarskuldir sveitarfélaganna tvöfaldast síðan þetta var, síðan í byrjun þessa áratugar. Og þó að peningalegar eignir þeirra hafi eitthvað aukist á móti þá hafa þær engan veginn fylgt þessu. Peningaleg staða eins og það heitir á fínu máli hefur versnað um yfir 20 milljarða kr. og það eru umtalsverðar upphæðir á hvern einasta íbúa þessara sveitarfélaga.

Einnig eru þau gögn áhugaverð sem rétt er að gefa gaum að í þessu sambandi, herra forseti, sem koma fram þegar skoðað er hvernig rekstrarafkoma sveitarfélaganna eftir landshlutum og svæðum hefur þróast á þessum tíma. Í ljós kemur að afkoma sveitarsjóða á landsbyggðinni, í aðalatriðum á svæði utan suðvesturhornsins, hefur versnað til muna meir en afkoman hér, þ.e. rekstrarafkoman, og dregur þar væntanlega enn í sundur. Þetta endurspeglast með ýmsu móti. Meðaltekjur, meðalútsvarstekjur þar með, hafa hlutfallslega farið lækkandi á því svæði borið saman við suðvesturhornið, dregið hefur í sundur í launamun eins og menn vita. Hins vegar hafa sveitarfélögin á suðvesturhorninu af eðlilegum ástæðum þurft að ráðast í umtalsverðar fjárfestingar, þannig að fjárhagsstaða þeirra hefur ekki batnað eins og ætla mætti af þessu, vegna þess að á móti auknum tekjum og betri rekstrarafkomu hefur komið mikil fjárfestingarþörf í margs konar uppbyggingu vegna fólksfjölgunar og mikillar þenslu á þessu svæði. Mannvirkjagerð og annað slíkt verður dýrara en ella eins og menn þekkja.

Herra forseti. Þarna sjá menn á nýjum mælikvarða herkostnaðinn af þeirri miklu byggðaröskun sem við höfum búið við í landinu undanfarin ár. Ég held að það verði seint sagt annað en að þessi margnefndi áratugur eða mestur hluti hans frá því 1993–1994 hafi verið einhver allra svartasti tími sem við höfum séð í þeim efnum með svo geysilegum flutningum innan lands, svo mikilli röskun að fá dæmi eru um annað slíkt. Árin 1997, 1998 og 1999 þegar hartnær 2.000 manns fluttu af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem fluttu í hina áttina og sú fjölgun bættist við náttúrulega viðkomu hér á svæðinu og í sumum tilvikum talsverða heimflutninga frá útlöndum, þá þýddi þetta allt til samans að á þessu svæði var að fjölga um kannski 4.000 manns, 3.500–4.500 manns á ári hverju. Það er hlutfallslega mjög mikil fjölgun. Hvar sem er og á hvaða mælikvarða sem er er það mikið ef taka þarf á móti svo mikilli fólksfjölgun á einu svæði á ári hverju og það hlýtur að valda kostnaði og afbrigðilegu ástandi á ýmsan hátt. Ég tala nú ekki um þegar við bætist að á sömu árum var mikil þensla fyrir á þessu svæði og vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli svo ekki sé sagt skortur, spenna á vinnumarkaði og mikil þensla í byggingagreinum. Þetta lagðist saman og útkoman varð sú sem allir þekkja, sprenging í fasteignaverði og margir aðrir hlutir afar óæskilegir svo ekki sé fastara að orði kveðið.

Ég dreg athyglina að þessu, herra forseti, vegna þess að ég held að menn hafi verið allt of sljóir fyrir því að kortleggja þennan herkostnað, reikna hann út, horfast í augu við hann og spyrja áleitinna spurninga. Væri t.d. ekki nokkru til kostandi að reyna að snúa þessari þróun eitthvað við? Ég held, herra forseti, að mælt á þennan mælikvarða og skoðað á margan annan hátt segi þetta okkur allt sömu söguna, að hvar sem borið er niður í þjóðhagslegu samhengi hvað varðar afkomu sveitarfélaganna, innbyrðis stöðu þeirra, samskipti þeirra við ríkisvaldið, skapar jafnvægisleysið í byggðaþróun í landinu í öllum þessum tilvikum mikil vandamál og mikinn kostnað.

Þar af leiðandi, herra forseti, er ekki nein deila um það að taka þarf verulega á í fjárhagslegum málefnum sveitarfélaganna. Það gengur ekki að reka þau áfram með dúndrandi halla eins og verið hefur, það getur ekki endað öðruvísi en með ósköpum og það er beinlínis ósanngjarnt og heimskulegt að stæra sig á annað borðið af góðri afkomu ríkissjóðs og afgangi þar, svo ágætt sem það er í sjálfu sér, en horfast ekki í augu við vandann hinum megin, hjá hinu stjórnsýslusviðinu, sveitarfélögunum, og gera ekkert í því að bæta stöðu þeirra. Það hlýtur að vera ámælisvert þegar þessi ferill er skoðaður og þetta tímabil er gert upp, að menn skuli hafa dregið það svo lengi sem raun ber vitni að gera í rauninni nokkuð sem máli skiptir í að bæta afkomu sveitarfélaganna, að menn skuli hafa horft meira og minna aðgerðalausir upp á heilan áratug líða með samfelldum hallarekstri og skuldasöfnun sveitarfélaganna, án þess að bregðast eitthvað við því máli.

Það þýðir ekkert, herra forseti, að ætla að afgreiða málin með því að sveitarfélögin séu ekki nógu vel rekin. Það er beinlínis barnalegur málflutningur í ljósi þess þó ekkert annað væri skoðað en það að sveitarfélögunum eru skömmtuð skilyrði nánast algjörlega hvað varðar annars vegar lögbundnar skyldur í hólf og gólf og hins vegar að tekjur þeirra eru ákvarðaðar meira og minna, alla vega hámörkin, með ákvörðunum á Alþingi. Afkoma sveitarfélaganna er því skömmtuð af framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Svigrúm þeirra til afreka í rekstri innan þess ramma er afar takmarkað vegna þess að þau geta ekki dregið úr þjónustu og rekstri sisona án þess að svara þar til ábyrgðar gagnvart nokkrum hlut, það er ekki þannig. Þau hafa ríkar lögbundnar skyldur á herðum sínum sem þau geta ekki hlaupist undan og eiga ekki að hlaupast undan. Útkoman er reyndar sú að menn sjá engin önnur ráð en að slá lán og reka sveitarfélögin með halla ár eftir ár eftir ár, búnir að skera niður í velflestum tilvikum nánast allar fjárfestingar við trog þannig að ég fullyrði að mannvirkjum á vegum sveitarfélaga er víða ekki haldið við og þar liggja verðmæti undir skemmdum af þeim sökum að menn eiga fullt í fangi með að ná endum saman í rekstrinum og lánstraustið jafnvel ekki orðið upp á marga fiska í þeim tilvikum sem um skuldsettustu sveitarfélög landsins er að ræða. Ég þekki a.m.k. af mínu svæði, og mér þætti einkennilegt ef það væru einu dæmin, allmörg stór sveitarfélög og meðalstór sem hafa núna í nokkur ár keyrt á því að ráðast ekki í nýfjárfestingar, bara halda sjó. Hversu lengi getur slíkt ástand varað í breytilegum heimi þegar sífellt berja á dyr nýjar þarfir og ný verkefni og nýjar skyldur eru settar ofan frá á herðar þessa stjórnsýslustigs?

Herra forseti. Þetta getur ekki gengið svona. Og þeim mun meiri vonbrigði eru það að frv. sem nú á að fara að afgreiða hér skuli vera í rauninni jafnmikið hálfkák og raun ber vitni. Það er það. Þarna er ekki á ferðinni til framtíðar litið sú varanlega lausn í þessum efnum sem maður hefði vonast til að sjá.

Ef dregið er saman, herra forseti, það sem kemur fram í umsögnum og sem ég tel að séu meginástæður þeirrar óánægju sem gætir með þessa niðurstöðu, þá er í fyrsta lagi það að þær tillögur um útsvarshækkun og fjármuni úr jöfnunarsjóði til að bæta sveitarfélögum þar sem fasteignaverð er lágt upp tekjutap vegna breyttrar álgagningar fasteigna-

gjalda dugar engan veginn til þess að koma rekstrarafkomu sveitarfélaganna í fullnægjandi horf, það er ljóst. Þótt ekkert sé gert nema skoða meðaltaprekstur þeirra yfir nokkurt árabil, þá dugar þetta engan veginn. Sjálfir meta forsvarsmenn sveitarfélaganna það þannig að þeir hefðu þurft upp undir tvöfalda þessa fjárhæð, frekar fjármuni af stærðargráðunni 6–7 milljarða en 3,5 til að koma afkomu sveitarfélaganna í viðunandi horf.

Í öðru lagi er ég, herra forseti, alveg viss um að menn gerðu sér vonir um að í væntum væru mun víðtækari og róttækari uppstokkun í þessum málum. Til dæmis að tekjugrundvöllur sveitarfélaganna yrði breikkaður og þau fengju hlutdeild í fleiri tekjustofnum og yrðu kannski að því leyti nær því að vera jafnsett ríkinu en þau eru í dag. Auðvitað má deila um hversu góður t.d. tekjustofn við mismunandi aðstæður útsvarið er. Á það hefur verið bent á tímum uppgangs og þenslu, eins og verið hefur undanfarin ár, að sveitarfélögin hafi ekki náð til sín með sama hætti og ekki jafnmikið tekjum vegna uppsveiflu í þjóðfélaginu og ríkissjóður hefur gert. Ég held að enginn vafi sé á því að það getur a.m.k. verið talsverð tímatöf í því efni þar sem þetta skilar sér seinna til sveitarfélaganna en væntanlega einnig í minna mæli. Þá er á það bent á móti að í staðinn séu sveitarfélögin jafnvel betur varin fyrir niðursveiflu þegar hagkerfið fer niður á bóginn og það má til sanns vegar færa, en til lengri tíma litið væri kannski vænlegast að þessi tvö stjórnsýslustig og þessir tveir mikilvægu framkvæmdaraðilar í landinu, sveitarfélögin annars vegar og ríkisvaldið hins vegar, byggju við sem líkasta afkomu í þessum efnum, þannig að sveiflur þeirra væru í takti, en ekki væri hætta á miklu misgengi.

Í þriðja lagi, herra forseti, stendur það síðan algjörlega upp úr og veldur óánægju, eins og ég hef áður sagt, ég held í nánast hverju einasta tilviki þar sem gestir hafa komið fyrir þingnefndirnar eða við fengið umsagnir, að málin skuli vera afgreidd á þann harkalega hátt gagnvart sveitarfélögunum að þeim er fyrst og fremst vísað á skattahækkun til að bæta afkomu sína. En það er í rauninni það sem í málunum er fólgið, að samtals á tveimur árum er sveitarfélögunum ætlað að hækka útsvarið um tæpt 1%, en ríkið einungis koma þar á móti með lækkun tekjuskatts svo nemur $^1/_3$.

Þetta er umhugsunarverð uppákoma, herra forseti, í ljósi aðdraganda málsins og í ljósi þess samkomulags sem ég lít svo á að ríki um afkomumisgengið milli ríkis og sveitarfélaga. Mér finnst það að mörgu leyti kóróna þann feril og þau samskipti núverandi ríkisstjórnar, þó fyrrverandi væri, og sveitarfélaganna. Eins og kunnugt er hafa hæstv. ráðherrar verið að koma á fundi hjá sveitarfélögunum og skamma þau blóðugum skömmum fyrir óráðsíu og ráðdeildarleysi. Þegar síðan loksins á að koma eitthvað til móts við þau með bætta afkomu er lausnin sú að benda þeim á að hækka skatta.

Herra forseti. Mér hafa þessi mál einnig verið nokkuð mikið umhugsunarefni í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið í gangi, sem að mínu mati hefur verið misjafnlega vel ígrunduð, að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Eftir því sem fleiri vandasamari og viðkvæmari málefni á sviði velferðarmála færast til sveitarfélaganna, þeim mun mikilvægara verður það stjórnsýslustig. Og þeim mun meira máli skiptir fyrir framkvæmd í velferðarmálum okkar að sveitarfélögin séu vel í stakk búin til að leysa skyldur sínar af hendi. Það getur varla verið ætlun manna að halda lengi þannig áfram að henda meiri og meiri verkefnum í sveitarfélögin, en þjarma svo að þeim og skammta þeim skít úr hnefa til þess að standa undir rekstri sínum. Þannig hefur þetta í rauninni verið, og getur náttúrlega ekki haldið áfram.

Sem eindreginn stuðningsmaður öflugs velferðarkerfis og samneyslu, herra forseti, þá hef ég grundvallarpólitískar áhyggjur af þessu ef þetta er þar með að verða enn ein aðferðin til að þjarma að velferðarkerfinu í landinu, að ýta fleiri og fleiri verkefnum yfir til sveitarfélaganna eða láta þau fara þangað og láta síðan ekki fylgja með tekjur sem leiðir til þess að sveitarfélögin neyðast til að skera niður eins og þau gera og geta ekki lagt þann metnað í að byggja þjónustu sína vel upp eins og æskilegast væri.

Ég hef stundum velt þessu líka fyrir mér, herra forseti, í tengslum við umræðuna um sameiningu sveitarfélaga hér og borið það saman við bakgrunninn fyrir sameiningu sveitarfélaga, t.d. á hinum Norðurlöndunum, dæmi tekið Svíþjóð. Svo furðulegt sem það er þá hefur sameining sveitarfélaga hér fyrst og fremst verið rekin sem tæknilegt mál. Algengustu rökin sem maður hefur heyrt eru þau að með því sé hægt að fækka skrifstofum, losna við nokkra oddvita og spara í yfirstjórn. Þetta er svona rekið á sambærilegum nótum og það væri verið að slengja saman fyrirtækjum, að hægt væri að höggva af nokkra hausa og spara einhverjar krónur þannig, sem sagt tæknilegt mál án nokkurs umtalsverðs pólitísks inntaks.

Sama má að mörgu leyti segja um verkefnatilflutninginn, að það hefur meira og minna gleymst að ræða hinn pólitíska bakgrunn fyrir honum. Hvers vegna ættum við að færa verkefni til sveitarfélaganna? Eru þau betur komin þar og í hvaða skilningi? Vegna þess að það er hægt að spara peninga eða vegna þess að það er hægt að bæta þjónustuna og auka velferð íbúanna? Og í gegnum hvað gerist það þá? Jú, væntanlega í gegnum það að við eflum sveitarfélögin til að takast á við verkefnin.

Þar skilur að, að mínu mati eins og ég þekki til umræðunnar annars vegar hér á Íslandi og hins vegar t.d. í Svíþjóð, varðandi bakgrunninn fyrir stækkun sveitarfélaga í Svíþjóð og flutningi verkefna frá ríkisvaldinu til þeirra, að á bak við lágu hugmyndir félagshyggjumanna um að efla velferðarkerfið á 6., 7. og 8. áratugnum á hinum Norðurlöndunum. Það var gert í markvissum, pólitískum tilgangi að stækka sveitarfélögin, efla þau fjárhagslega, færa þeim aukin verkefni og styrkja þannig velferðarkerfið, þ.e. sænska módelið eða norræna módelið.

En á Íslandi hafa menn því miður að langmestu leyti rætt um þetta í allt öðru samhengi. Ég væri mjög spenntur fyrir mörgu af því sem fólgið er í stækkun sveitarfélaga og flutningi verkefna til sveitarstjórnastigsins ef þetta væri hugsunin á bak við það og ef ég sæi hana í verki, þ.e. að um leið væru sveitarfélögin efld fjárhagslega og styrkt til þess að halda uppi öflugri velferðarþjónustu þannig að séð væri vel og myndarlega um þau viðfangsefni sem þeim væri verið að færa. En hefur það verið gert? Nei. Þau hafa aldrei verið svelt meira og afkoma þeirra hefur aldrei verið verri en einmitt núna þessi árin sem slíkur verkefnaflutningur hefur að einhverju leyti verið í gangi. Það er staðreynd sem talar sínu máli. Hún æpir á mann af blöðum þessarar skýrslu. Og þá fer maður að efast um að hlutunum sé í öllum tilvikum betur komið hjá fjárhagslega vanburðugum sveitarfélögum. Ekki er það þó beinlínis peningaleysið hjá ríkissjóði með tugmilljarða afgang á ári hverju sem ætti í sjálfu sér að halda aftur af mönnum við að leggja til þarfra málaflokka sem enn þá tilheyra ríkinu.

Herra forseti. Í nefndaráliti 2. minni hluta er lítillega farið ofan í vinnubrögðin að þessu máli. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um það en vísa til þess sem þar segir. Ég tel það óheppilegt, svo ég dragi það saman, að stórmál af þessu tagi skuli koma jafnseint fram og raun ber vitni. Þessi blessaða tekjustofnanefnd var búin að hjakka við þetta síðan í júní 1999 og maður spyr sig hvað í ósköpunum nefndin var að gera allan þennan tíma nema þá að fúnkera sem pósthólf til að taka á móti gögnum sem er ágætt mál. En það hefði ekki átt að þurfa heila stjórnskipaða nefnd í meira en ár til þess að gera það, vegna þess að þegar litið er svo á tillögurnar og niðurstöðurnar, þá eru þær ósköp einfaldar. Það er hægt að draga það saman í hnotskurn í tvö orð, þ.e. hækka útsvarið. Það eru niðurstöður nefndarinnar að hækka útsvarið. Og mér er það mikið undrunarefni að menn skyldu þurfa allan þennan tíma til að komast að þeirri merku Salómonsniðurstöðu.

Ég hefði gjarnan viljað að þetta mál hefði getað verið hér til umfjöllunar og skoðunar í eins og tvo mánuði í þinginu en ekki innan við tvær vikur. Og að tíminn skuli fremur vera mældur í sólarhringum en meira að segja vikum sem nefndin eða nefndirnar, því önnur mál þessu tengd eru í hv. efh.- og viðskn., hafa haft til skoðunar á málunum, er ekki gott.

Maður veltir því líka fyrir sér, herra forseti, hvort það sé svona sem menn telja eðlilegast og heppilegast að vinna að hlutunum, að það eru stjórnskipaðar nefndir mallandi við þetta úti í bæ. Þær hafa nógan tíma mældan í árum. Svo þegar þar er komin einhver niðurstaða þá er henni hent inn í þingið og hún skal keyrð hér í gegn á nokkrum sólarhringum og þá allt í einu muna menn eftir því að það er kominn 1. desember árið 2000 rétt eins og á öðrum árum og þá þurfa sveitarstjórnarmenn að vera búnir að ganga frá álagningu fyrir næsta ár o.s.frv. En ég hélt að það hefði legið fyrir löngu fyrir októbermánuð sl. að 1. desember mundi koma á sínum tíma í ár eins og önnur ár.

Þetta gagnrýni ég, herra forseti. Það er ekki metnaðarfullum vinnubrögðum til framdráttar eða vönduðum, hvorki hér á þingi og við löggjafarstarfið, né annars staðar að standa svona að hlutunum. Ef þetta er að verða plagsiður í vinnubrögðum þá hlýtur Alþingi sjálft að fara að spyrja sig: Látum við þá þetta yfir okkur ganga eða förum við að reyna að eiga þátt í þessu undirbúningsferli mála með einhverjum öðrum hætti? Ætti t.d. að taka upp það fyrirkomulag að stjórnskipuðum nefndum sem fara með hlutverk af þessu tagi á fagsviði einhvers ráðherra, beri skylda til að upplýsa fagnefndir þingsins reglubundið um framvindu sinnar vinnu? Segjum að í þessu tilviki hefði hin fræga tekjustofnanefnd á tveggja, þriggja mánaða fresti átt sameiginlegan fund með félmn. og upplýst hana um þá vinnu sem þarna var í gangi til þess að félagsmálanefndarmenn þekktu til bakgrunnsins í málinu og væru undir það búnir að taka á móti niðurstöðunni þegar hún kæmi og þá sérstaklega ef skammur tími yrði til stefnu að vinna úr málum.

Þetta er a.m.k. ekki nógu gott eins og það er, herra forseti. Það er gjörsamlega morgunljóst og ég skora á hvern sem treystir sér til þess að koma upp og hæla þessari málsmeðferð sérstaklega, a.m.k. þeim hlutanum sem snýr að umfjöllun Alþingi um málið og þeim tíma sem mönnum er hér skammtaður í þeim efnum.

Herra forseti. Ýmis álitamál væri að sjálfsögðu ástæða til að ræða í tengslum við þetta mál því hér eru mikilsverð og stór mál á ferðinni, þ.e. tekjustofnar sveitarfélaganna og þó ekki væri nema þær breytingar sem þarna er verið að gera á álagningu fasteignagjalda, sem ég tel vel að merkja að hafi verið óumflýjanlegar, að skoða og koma til móts við þá óánægju sem orðin var með þá aðferð að leggja fasteignagjöld á samkvæmt verði í Reykjavík eða með hliðsjón af þróun fasteignaverðs í Reykjavík og án nokkurs samhengis í mörgum tilvikum við veruleikann á fasteignamarkaði í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta gat auðvitað ekki gengið. A.m.k. var ekki von til annars en að með þetta fyrirkomulag væri óánægja og ég tala nú ekki um þegar færa má fyrir því ýmis rök að menn hafi í mörgum tilvikum takmarkaðri afnot af þeim hinum sömu fasteignum við aðstæður eins og þær eru á landsbyggðinni. Það gildir t.d. um mjög margt atvinnuhúsnæði að nýtingartími þess er skemmri og þeim mun tilfinnanlegri er fasteignagjaldaálagning á grundvelli sem þessum sem hér hefur núna verið um nokkurt skeið.

Frá sjónarhóli landsbyggðarsveitarfélaganna er það augljóslega þannig að þau hafa engar forsendur til þess að sætta sig við minni tekjur úr þessum tekjustofni en önnur sveitarfélög í landinu og geta það ekki því það kostar það sama í sjálfu sér að þjónusta þessar eignir. Og hvað varðar allar aðrar almennar aðstæður í rekstri þeirra sveitarfélaga eru síst efni til þess að sætta sig við eða verða fyrir tekjutapi af þessum ástæðum. Þar af leiðandi var eðlilegt að reynt yrði að fara einhverja leið af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir — ég tek fram að ég er hér eingöngu að tala um breytingarnar sem snúa að álagningu fasteignagjalda — að hverfa þar að raunhæfari álagningu miðað við álagningarstofninn eða skattstofninn en bæta þá þess í stað þeim sveitarfélögum sem fyrir tekjutapi verða það einhvern veginn upp. Þá vakna hins vegar ýmsar spurningar um það hvernig það skuli best gert og þar hefði nefndin enn þá einu sinni gjarnan mátt hafa meiri tíma til að skoða hlutina.

Þá má líka nefna hluti sem snúa að málefnum einstakra aðila í þessu og nefndin fékk erindi um. Ég nefni þar ferðaþjónustuna sérstaklega. Aðilar í ferðaþjónustu almennt og reyndar sérstaklega ferðaþjónustu bænda og forsvarsmenn eða talsmenn ferðaþjónustu á landsbyggðinni bentu á þær aðstæður sem þar væri við að glíma, að innheimt væru full fasteignagjöld, og að nú skuli tekin af tvímæli um að það verði gert samkvæmt b-flokki, þ.e. hærri álagningarflokkinum, á fasteignir sem nýtast mönnum í mjög mörgum tilvikum afar skamman tíma á ári hverju. Spurningin er þá sú hvort hægt væri, t.d. með heimildarákvæði í lögum, að heimila sveitarstjórnum að fella niður eða veita afslætti á fasteignagjöldum við einhverjar slíkar afmarkaðar og skilgreindar aðstæður þar sem fasteignir til atvinnurekstrar nýttust sannanlega aðeins lítinn hluta ársins.

Það eru heimildir í 5. gr. laganna til niðurfellingar þegar í hlut eiga aldraðir og öryrkjar, þegar í hlut eiga útihús í sveitum sem eru lítt eða ekki notuð og fljótt á litið verður ekki séð að mikil kórvilla væri að halda lengra áfram með þá hugsun og hafa inni heimildir fyrir niðurfellingum t.d. í sveitum landsins eða strjálbýlinu vegna fasteigna sem sannanlega nýtast einungis örskamman tíma á ári hverju. Nú er það auðvitað voðalega í tísku að vera á móti öllum undanþágum og menn halda hetjuræður um að allir skattar eigi að vera flatir og um engar undanþágur og allt það. En er réttlætinu endilega fullnægt með slíku?

Ef við lítum aðeins nánar á fasteignaskatt og spyrjum okkur að því hvort það sé sanngjarnt að menn sem hafa full afnot af sínum fasteignum allt árið og njóta þjónustu við þær allt árið, borgi það sama og aðrir sem einungis geta nýtt sínar

fasteignir í tvo mánuði á ári og hafa enga þjónustu við þær stærstan hluta ársins, þ.e. að þeir séu engu að síður skyldaðir til að greiða nákvæmlega sömu fasteignagjöld. Upp kemur auðvitað á hina hliðina vandamálið sem snýr að sveitarfélögunum og tekjuhliðinni, hvort að þau hafi efni á því að vera með slíka afslætti. En það væri þeim þó a.m.k. í sjálfsvald sett ef þau hefðu þetta sem heimildarákvæði og þau gætu t.d. litið á það sem ákveðinn stuðning við atvinnuuppbyggingu í ferðaþjónustu eða á öðrum sviðum að beita slíkum heimildum.

Ég tel að þetta atriði hljóti að þurfa að skoðast rækilega. Það er kannski varla von til þess að í það fengist niðurstaða á þessum skamma tíma, enda ekki mikill vilji til þess að breyta málinu. Ég áskil mér a.m.k. allan rétt til þess að halda áfram að skoða þetta mál og önnur tengd, eins og t.d. álagningu fasteignagjalda á veiðihús, en nefndin fékk einnig erindi um að það væri harkalegt að skella þeim sjálfkrafa öllum í b-flokk þegar í hlut ættu t.d. hús sem eingöngu væru notuð sem slík lítinn hluta ársins, væru í eigu bænda og væru í raun og veru nátengd nýtingu hlunninda á viðkomandi bújörðum, en hún er skattlaus samkvæmt a-flokki og lægra hlutfalli.

Herra forseti. Að lokum varðandi þessi álitamál vil ég nefna framkvæmdaatriði málsins og þá er nú aftur skaði að hafa ekki hæstv. félmrh. hér. Það er alveg ljóst að menn eru með þessum breytingum að ganga enn lengra inn á þá braut að framselja mjög afdrifaríkt fjárveitingavald og reglugerðarútgáfu í hendur hæstv. félmrh. og þar af leiðandi stjórnar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Miklir fjármunir hafa á undanförnum árum verið settir til viðbótar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og að langmestu leyti lúta þeir síðan valdi ráðherra og stjórnar og það er útfært í reglugerð hvernig þeim er endurúthlutað eða þeir greiddir til sveitarfélaganna.

Það er svo komið að jöfnunarsjóður er óðum að verða að svona litlum ríkissjóði með hátt í 10 milljarða veltu á ári hverju þannig að það eru ekki lengur neinir smáaurar, það eru ekki kaffibaunir sem menn eru að telja þar þegar verið er að ákveða með reglum hvernig slíkum fjármunum sé úthlutað. Við þessar aðstæður hefði í raun og veru þurft að liggja fyrir reglugerð og samkomulag um það hvernig með þetta yrði farið þannig að hægt hefði verið að fjalla samtímis um breytingar á lagatextanum og framkvæmdina og útfærslu í einstökum atriðum, þannig að félmn. þingsins hefði haft yfirsýn yfir málið í heild sinni.

Það hefur hún ekki. Það liggja engin drög fyrir í þeim efnum hvað reglur snertir. Er þó vitað að talsverð óánægja og ósætti er meðal sveitarfélaga t.d. um hvernig fjármunum til bráðabirgða hefur verið ráðstafað úr jöfnunarsjóði nú síðustu árin á grundvelli þjónustuframlaga og fólksfækkunarframlaga. Það hefur áhrif á sveitarfélög sem eru ekkert ofhaldin í meðaltekjum. Dæmi er tekið um Akureyri sem lendir niður í að verða eitt af tekjulægstu sveitarfélögum landsins á hvern íbúa vegna þess að það sveitarfélag fær nánast ekkert út úr regluverkinu og geldur þar stærðar sinnar, er sett í sama flokk og jafnstór eða stærri sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem hafa hins vegar miklu hærri meðalútsvarstekjur og eru í allt öðrum færum hvað varðar fjármuni. Eru menn þá alveg sáttir við að láta þetta ráðast sisona, að reglugerðarverk úthluti þessum fjármunum án nokkurar teljandi leiðsagnar af hálfu löggjafans í þeim efnum?

Á það hefur verið bent, herra forseti, að býsna vandasamt sé að ganga frá viðmiðunarreglum hvað varðar útgreiðslur á þeim fjármunum, þeim 1.100 millj. kr. sem á að ráðstafa úr jöfnunarsjóði til þess að gera sveitarfélögin jafnsett og áður var varðandi tekjur þegar breytt álagning fasteignagjalda kemur til sögunnar. Ef það yrði gert á grundvelli þess að bæta þeim eingöngu tekjur eins og álagningin var á síðasta ári þá munu mörg sveitarfélög fara illa út úr því, sérstaklega þau sem veigruðu sér við að nýta til fulls álagningarstofna sína á síðasta eða síðustu árum. Og af hverju gerðu sum sveitarfélögin í landinu það? Jú, vegna þess að við þær aðstæður að fasteignaverð var mjög lágt í viðkomandi sveitarfélagi fannst mönnum harkalegt að leggja á, miðað við snögga hækkun fasteignaverðs á Reykjavíkursvæðinu, að fullu á fasteignir sem voru mun minna virði og kannski með öllu óseljanlegar í höndum eigenda sinna í sveitarfélögum úti um land.

Þessi sjónarmið koma fram í umsögnum frá nokkrum sveitarstjórnum og eru ágætlega rökstudd. Ég vil a.m.k. fyrir mitt leyti láta það standa í þingtíðindunum að þessi sjónarmið hafi komist til skila og að hið háa ráðuneyti líti vandlega á það hvernig sanngjarnast verður að leggja viðmiðunargrundvöllinn þegar menn fara að reyna að ná því markmiði sem sjálfgefið er, að gera sveitarfélögin sem allra næst því að vera jafnsett og þau hefðu ella orðið. Mér finnst hæpið annað en að nota þar álagningarstofninn eins og hann hefði skilað miðað við að vera nýttur að fullu, nema alveg sérstakar ástæður séu til að skoða annað.

Við vitum að það getur verið næstum að segja tilviljanakennt og ráðist af sviptingum meiri hluta og minni hluta í einstökum tilvikum hvernig álagningu er háttað nákvæmlega í það og það skiptið. Líka getur verið um að ræða fullkomlega réttmæt viðhorf af því tagi sem fram koma í umsögnum ákveðinna sveitarstjórna, að þau hafi haldið aftur af sér við að beita þessum skattstofni að fullu vegna þeirra aðstæðna sem ég lýsti áðan. Og ætla menn þá að láta sem slíkt sé ekkert sem þurfi að hlusta á eða taka mark á?

Auðvitað væru ýmsar aðrar leiðir mögulegar og það mætti að sjálfsögðu skoða t.d. að taka einhvers konar meðaltal yfir lengra tímabil eða leyfa sveitarfélögunum að velja meðaltal bestu ára á einhverju tímabili, þ.e. meðaltal þeirra ára sem hefði skilað þeim hæstum tekjum miðað við skattstofninn, tvö bestu af fimm eða eitthvað því um líkt. Ýmsar slíkar viðmiðanir eru þekktar þegar menn reyna að lesa reynslusögur úr fortíðinni og færa þær inn í framtíðina eins og hér verður að gera.

Þetta skiptir náttúrlega miklu máli, herra forseti, vegna þess að við erum væntanlega ekki bara að tala um meðferð þessara mála á næsta ári einu, heldur er verið að búa til framtíðar um það fyrirkomulag sem verður á því að bæta tekjugrundvöll sveitarfélaganna miðað við þessa breyttu innheimtu fasteignagjalda. Það er ekki eins skiptis aðgerð heldur aðgerð sem þarf að framkvæma á hverju ári eða verður í gangi á hverju ári.

Herra forseti. Niðurstaða mín er sem sagt sú að hér sé eingöngu um að ræða afar takmarkaða úrlausn hvað varðar tekjuforsendur sveitarfélaganna. Ég sé því miður allt of lítið fólgið í þessum breytingum sem teiknar til þess að það horfi til betri tíðar í sjálfu sér í þessum samskiptum. Það er í raun mikið áhyggjuefni að ekki skuli vera hægt að leggja einhvern grundvöll fyrir þessa sambúð ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sem felur í sér að menn standi ekki í nánast árlegum núningi um hluti af þessu tagi. Draumur manna hefur að sjálfsögðu verið sá að það gerðist m.a. og ekki síst í gegnum það að sveitarfélögin yrðu fjárhagslega sjálfstæðari, þau hefðu einfaldlega að lögum það mikið sjálfræði og svigrúm

til þess að stýra sínum málum, afla sér tekna og stjórna sínum útgjöldum, að þau væru ekki upp á ríkisvaldið og löggjafann komin á sama hátt og nú. En það er bara ekki staðan. Þau eru að langmestu leyti algjörlega bundin í báða skó og geta sig lítið hreyft, með lögbundnar skyldur og lögbundin verkefni, tilskipanir og samþykktir sem koma að ofan og síðan einnig tekjur skammtaðar samkvæmt mjög þröngum ramma sem hér er settur. Leifarnar af sjálfstæði þeirra felast í því að ákveða hvort þau geti látið það eftir sér að fara ekki alveg í topp með útsvarsálagningum. Það er allt og sumt. Það er bara þannig. Og hvaða sjálfstæði er í raun og veru í því fólgið?

Ég heyri æ oftar sveitarstjórnarmenn af þessum sökum kvarta líka undan því að ekki sé orðið svigrúm til að framkvæma neina pólitík í sveitarstjórnum í landinu, að menn hafi bara ekki efni á því. Menn líta á þetta sem rekstur, lífróður frá degi til dags til að ná endum saman, rekstur sem gefi ekkert svigrúm til þess að hrinda í framkvæmd sérstökum baráttumálum eða gera átak í félagslegum efnum, atvinnulegum eða byggðalegum, ósköp einfaldlega vegna þess að svigrúmið til slíkra hluta sé ekki til staðar og menn séu svo uppteknir af því að ná endunum saman í hverju tilviki að þetta líkist í raun og veru æ meir ópersónulegum rekstri einhvers fyrirtækis þar sem ekkert pláss sé fyrir pólitík eða pólitískar áherslur.

Herra forseti. Af þeim ástæðum er niðurstaða mín að eðlilegast sé að hv. meiri hluti beri áfram ábyrgð á þessu máli. Minni hlutinn átti satt best að segja mjög litla aðild að þessu. Það sat einn stjórnarandstæðingur í tekjustofnanefndinni, valinn af hæstv. ráðherra sérstaklega. Sá flokkur sem ég tala fyrir átti þar ekki aðild og hafði þar af leiðandi ekki einu sinni aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þar. Það virðist að vísu hafa komið fyrir lítið í því tilviki sem ég nefndi því sá nefndarmaður skilar séráliti í tekjustofnanefndinni og lýsir mikilli óánægju með hversu skammt sé þar gengið og hvernig um hnútana búið. Og allt teiknar það til hins sama að ríkisstjórnin verður auðvitað að eiga þennan króga sjálf og halda áfram að gefa honum úr pelanum.

Ég held, herra forseti, að við séum því miður ekki búin að sjá fyrir endann á vandræðaganginum í þessum samskiptum og það sé miklu líklegra en hitt, því miður, að það verði áfram viðfangsefni hér á næstu árum og jafnvel strax missirum, að takast á um málefni sveitarfélaganna og að sveitarfélögin eigi í vændum áframhaldandi hremmingar í samskiptum sínum við ríkisvaldið. Þar gætir mikils aflsmunar. Það er auðvitað enginn vafi á því að sveitarstjórnarstigið á Íslandi er mjög veikt. Það er mun veikara og háðara löggjafarvaldinu og ríkisvaldinu hér en það er víða erlendis. Félagsmálasáttmáli Evrópu og sáttmálinn um sjálfstæði sveitarfélaganna er nú harla lítils virði sem pappír hér á Íslandi þótt hann hafi verið fullgiltur og þar standi ýmislegt fallegt um að þessi tvö stjórnsýslustig eigi að virða hvort annað og sjálfstæði hvors annars. Manni finnst lítið fara fyrir því í þessum samskiptum eins og þau hafa því miður lengi verið. Það er að vísu ekki svo að það sé nýtilkomið og frá tíð þessarar ríkisstjórnar, svo að öllu sé nú til haga haldið. Ég hygg að það hafi mjög lengi verið einkenni á íslensku stjórnsýslunni að þarna hafi gætt mikils aflsmunar. En náttúrlega veldur hver á heldur og spurning er hvernig með þessa hluti er farið. Það verður að segjast eins og er að núverandi ríkisstjórn, stjórnvöld, hafa verið óvenju harkaleg í þeim efnum, hverjar sem ástæðurnar eru. Kannski gætir þar nokkurrar gremju hjá stærri stjórnarflokkinum yfir því að vera ekki jafnráðandi í mörgum stærstu sveitarfélögum landsins og sá flokkur vill helst vera. Hann lítur gjarnan svo á að hann eigi að eiga t.d. Ráðhúsið í Reykjavík og ráðskast með þá hluti sem sína einkaeign. Því er ekkert að leyna að margir óttast að sveitarfélögin í landinu gjaldi ofstækis Sjálfstfl. í garð meiri hlutans í Reykjavík.

Hvað sem því líður þá er a.m.k. ljóst að þessi samskipti hafa ekki verið í góðum farvegi. Það hefur ekki verið jákvæður samvinnuandi í samskiptum þessara aðila. Það hefur verið alveg nóg að mæta á ársfundi sveitarfélaganna og hlusta á umræður hér á Alþingi til þess að sannfærast um að oft er ekki mikil hlýhugur í umfjöllun hæstv. ráðherra um sveitarfélögin og málefni þeirra og það er mjög slæmt. Það er ekki síst slæmt vegna þess að hér á landi er ekki í lögum eða í okkar réttarkerfi neinn sérstakur farvegur fyrir deilumál milli stjórnsýslustiga. Það er enginn úrskurðardómstóll ef ágreiningur rís um tekjuleg málefni eða annað í þeim dúr. Að langmestu leyti byggir þetta á því (Gripið fram í.) að ríkið neytir aflsmunar eins og því sýnist og þegar því sýnist og mér finnst einhvern veginn að niðurstaðan hér beri sömu merki, að fulltrúar sveitarfélaganna hafi meira og minna verið á hnjánum í samningaviðræðunum við ríkisvaldið og orðið að taka því sem að þeim var rétt í lokin. Það hlýtur að vera skýringin á því að niðurstaðan er jafndöpur og raun ber vitni, herra forseti.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 196. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 365.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 199. mál, nál. 2. minni hluta félmn., þskj. 364.

Útseld þjónusta Siglingastofnunar, 220. mál, svar samgrh., þskj. 335.

[15:27]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hafandi hlustað á málflutning stjórnarandstöðunnar í dag er mér gjörsamlega fyrirmunað að skilja hvað stjórnarandstaðan vill í raun og veru. Hér koma menn upp í umræðum um tekjuskatt og eignarskatt og býsnast yfir skattahækkunum, skattahækkunum sem felast í heimildum til sveitarfélaganna til þess að auka tekjur sínar þurfi þau á því að halda. Hér koma menn síðan upp í umræðum um tekjustofna sveitarfélaga og býsnast yfir því að nú sé ekki nóg að gert, sveitarfélögin hafi þurft meiri hækkanir. Ef ekki á að láta þær hækkanir bitna á skattgreiðendum þá hefðu menn þurft að leggja það til að ríkið gæfi meira eftir af sínum tekjum. En það gera þeir ekki einu sinni, hæstv. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. Þeir koma hér upp og kvarta yfir því að aðhald sé ekki nóg í ríkisfjármálum. Mig langar því að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: Hvað af þessu vilja menn raunverulega? Það þýðir ekki að bera það á borð að menn tali fyrir hönd stjórnarandstöðunnar í einni nefnd um að menn vilji lækka skatta, í annarri nefnd um að menn vilji hækka skatta og í þriðju nefndinni að menn vilji auka tekjuafgang ríkissjóðs. Þetta kemur ekki heim og saman.

[15:28]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú miklu meira en andsvar við minni ræðu því ég ræddi aðeins einn þátt þessa máls sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, þ.e. ónóga úrlausn hvað

varðar tekjuforsendur sveitarfélaganna. Ég kom hér ekkert inn á spurninguna um skattahækkanir og var heldur ekki að kvarta sérstaklega undan ónógu aðhaldi í ríkisrekstri. Það kann vel að vera að í einhverjum tilvikum hafi félagar mínir úr öðrum áttum í stjórnarandstöðunni gert það í umræðum um þingstörfin fyrr í dag. En það var alla vega ekki inntak minnar ræðu. Það var fyrst og fremst einn þáttur þessa máls og hann rakti ég og rökstuddi ítarlega.

Það sem vakti aðallega fyrir mér var að sýna fram á og draga það fram, sem ég held að sé staðreynd sem hv. þm. sem og allir aðrir verða að taka mið af, að það hefur verið mikið misgengi í afkomuþróun ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar nú um langt árabil. Það sem ég gagnrýni er að menn á aðra hliðina monta sig af því að skila milljarðatuga afgangi af ríkissjóði en neita að horfast í augu við það að skuggahliðin á því máli er langvarandi hallarekstur og skuldasöfnun sveitarfélaganna.

Af því ég veit að hv. þm. hefur komið á hestbak og jafnvel teymt á eftir sér trússhest, þá heitir þetta að það hallist á klyfjunum. Það er það sem hefur gerst. Það hefur snarhallast á klyfjunum þarna sveitarfélögunum í óhag og það þarf að rétta af. Og við þær aðstæður væri langeðlilegast, ef menn vilja ekki hafa áhrif á skattstigið að öðru leyti, að færa til tekjur. Þá snerist málið um það. Svo skulum við ræða hversu miklir skattamenn við erum og hversu mikils fjár við erum tilbúnir til að afla til samneyslunnar og ég er ekki viss um að við yrðum þá endilega ákaflega ósáttir, ég og hv. þm. Enn eitt í því dæmi hefur stjórnarandstaðan hins vegar bent á og það er að gefin voru tiltekin vilyrði og fyrirheit hvað varðar skattamál í tengslum við gerð kjarasamninga og spurningin er hvort ríkisstjórnin er ekki að bregðast slíkum loforðum sem þarf að skoða sérstaklega. Ég hygg því að ágætt samhengi (Forseti hringir.) sé í þessum málflutningi þegar öllu er á botninn hvolft og að hv. þm. eigi að leyfa þessum umræðum (Forseti hringir.) að fara fram, bæði um þetta mál og hið næsta, áður en hann fer að kveða upp harða dóma (Forseti hringir.) í þessum efnum.

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni hv. þingmann á að virða tímamörk.)

[15:31]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég er að draga fram í umræðunni, og ástæða þess að ég geri athugasemd við ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, er að menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir, a.m.k. á sama degi, í gagnrýni á störf ríkisstjórnarinnar. Af því að menn eru að grípa til myndlíkinga þá datt mér í hug að í gamla daga þegar ég var að alast upp voru gírkassar orðnir samhæfðir í öllum bifreiðum nema gömlu rússajeppunum. Þetta tal minnir mig stundum á gömlu rússajeppana. Menn gátu ekki skipt beint úr öðrum gír í þriðja án þess að urgaði og surgaði. Það er ég að benda á, þ.e. að menn verða í málflutningi sínum á hinu háa Alþingi að vera sjálfum sér samkvæmir og tala þannig að eftir þingdaginn hafi aðrir hv. þm. tilfinningu fyrir því,að þeir meini eitthvað með því sem þeir eru að segja.

[15:32]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. Menn eiga auðvitað að reyna að vera ábyrgir fyrir orðum sínum og sjálfum sér samkvæmir í málflutningi og það tel ég að ég hafi verið. Talandi um myndlíkingar þá er alveg rétt að það gat verið vangæft að skipta gamla rússanum GAZ 69. Gírkassinn var ekki fyllilega það sem kallað er samhæfður eða „synkróníseraður" eins og ég held að hafi verið slett (Gripið fram í.) en það háði ræðumanni ekki mikið því ég lærði að keyra enn þá vandasamara ökutæki í æsku minni. Ég lærði á Ford vörubíl 42-módel og honum var gjörsamlega ómögulegt að skipta nema að slá á og tvíkúpla, eiginlega á milli allra gíra, þannig að það þjálfaðist upp mikil leikni í því. Ég er alveg tilbúinn að fara í keppni (Gripið fram í.) við hv. þm. um það hvernig er vænlegast að skipta slíkum ökutækjum.

Ég held að ef hv. þm. færi í gegnum a.m.k. málflutning þess sem hér talar og þeirra sem ég er í liði með, hvað sem öðrum líður, þá muni hv. þm. ekki hafa mikið upp úr krafsinu í þeim efnum að sanna að við séum ekki sjálfum okkur samkvæm svona í aðalatriðum hvað varðar álagningu skatta og ráðstöfun fjármuna til velferðarmála. Ég minni á að hér stóðum við og gagnrýndum flatar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á síðasta kjörtímabili. Við töldum þær óskynsamlegar og bentum á þörfina fyrir þá fjármuni í velferðarkerfið og til sveitarfélaganna. Hefur ekki komið á daginn að það var heldur álappaleg ráðstöfun í miðri þenslunni að slaka út fjármunum og fella niður tolla af lúxusvarningi, samanber fleiri slíkar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar þá? Það er fullkomið samræmi í því og að gagnrýna nú að allt of seint og í of litlum mæli er komið með nauðsynlegum hætti til móts við fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Ég lít á fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem vaxandi mikilvægan þátt í því að reka velferðarkerfið á Íslandi og umgengst hann sem slíkan.

[15:34]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að sumu leyti tekið undir að það var óheppilegt hversu seint þetta mál kom inn í Alþingi. Við hefðum mátt hafa aðeins betri tíma til þess að fjalla um málið og hafa það fyrir framan okkur. Hins vegar fór fram mjög mikil vinna í tekjustofnanefndinni en það tókst ekki að ljúka niðurstöðum hennar fyrr en raun bar vitni. Varðandi það sem hv. þm. nefndi að það væri ekki mjög merkileg niðurstaða sem hefði komið út úr tekjustofnanefndinni, þá fullyrði ég að það er efnismikil niðurstaða sem kemur fram í skýrslunni og út frá þeirri niðurstöðu er þessi tillaga komin fram.

Varðandi vinnubrögð í félmn. þá tókst okkur að kalla eftir álitum þeirra sem við vildum fá álit frá. Okkur gafst nægilegur tími til efnislegrar umræðu um málið þannig að ég neita því algerlega að þar hafi verið einhver vanhöld á. Ég held að við höfum gefið okkur nægilegan tíma til þeirrar efnislegu umræðu. Ég hef ekki orðið vör við að hv. þingmenn í félmn. hafi kvartað yfir því að hafa ekki fengið tíma til efnislegrar umræðu um málið.

Varðandi þær tillögur sem komu frá Félagi ferðaþjónustubænda um undanþágur þá voru þær jafnframt ræddar í nefndinni. Reyndar komu tillögur um fleiri atriði sem hugsanlega væri ástæða til þess að veita undanþágur frá. En skemmst er frá því að segja (Forseti hringir.) að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga lögðust eindregið gegn þessu.

[15:37]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mismunandi mikið gert með Samband ísl. sveitarfélaga. Stundum hentar að skjóta sér á bak við það að þar á bæ séu menn alveg andvígir einhverju en svo er ekki mikið hlustað á þá í öðrum tilvikum. Það er eftir því hvað mönnum hentar sjálfum, greinilega, í hverju tilviki, hvort þeir eigi að ráða niðurstöðu um mál eða ekki.

Ég ætla ekki að halda neinu öðru fram en að vinnan í félmn. hafi verið ágæt innan þeirra marka sem til hennar voru sköpuð. Ég tek alveg undir það að reynt var samkvæmt bestu getu að komast yfir þetta mál á þeim afar skamma tíma sem var til stefnu. En maður getur stillt upp þessu tvennu. Annars vegar er tekjustofnanefndin í eina 15 mánuði eða hvað það nú var, 18 mánuði með málið í sínum höndum. Hins vegar fær félmn. Alþingis í besta falli tíu daga eða hálfan mánuð. Er það svona sem mönnum finnst eðlilegt að þetta sé? Er ekki ansi langt gengið í því að viðurkenna í verki, beygja sig undir að umfjöllun fagnefndar þingsins sé bara formsatriði? Úr því að málið er svona flókið og erfitt og þetta er svona gríðarlegur pakki sem menn eru að skoða að það þarf talsvert á annað ár í hinni stjórnskipuðu nefnd, er þá ekki dálítið lítið að félmn. þingsins skuli fá þennan tíma til faglegrar og sjálfstæðrar umfjöllunar um málið ef slík nefnd á að standa undir nafni? Ef þetta er bara formsatriði þá dygði hálfur dagur í sjálfu sér.

En við viljum halda í þá von og trú í lengstu lög að þetta sé eitthvað meira. Þess vegna er maður að nudda þetta þannig að menn gleymi því ekki að þetta er ekki bara einhver afgreiðslustofnun, ekki einhver stimpill. Umfjöllun þingnefnda á að vera annað og meira en einhver færibandaafgreiðsla á hlutum sem eru jafnvel það stórir og viðamiklir að vösk nefnd hinna bestu manna var í eitt og hálft ár að komast að niðurstöðu í málinu.

[15:39]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggja fyrir mikil gögn í vinnu tekjustofnanefndarinnar og þess vegna tók þetta ákveðinn tíma. Ég held að við höfum haft um það bil mánuð til þess að fjalla um þetta í Alþingi. Eins og ég sagði áðan hefði það kannski mátt vera lengri tími en ég held að okkur hafi gefist ágætur tími til þessarar umfjöllunar. Við hefðum auðvitað getað, eins og með öll góð mál, rætt það mjög lengi, vel og ítarlega.

Varðandi það hversu mikið samráð er haft við Samband ísl. sveitarfélaga þá er talið gott að hafa mikið og gott samráð við sambandið í samskiptum þessara tveggja stjórnsýslustiga og það hefur verið gert í þessu máli. Sambandið átti fulltrúa í tekjustofnanefndinni og fulltrúar sambandsins komu tvisvar til fundar við félmn. í umfjöllun félmn. um málið.

Af því að vísað var til þess að ekki hefði verið ástæða til að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um niðurstöðu ferðaþjónustu bænda og afstöðu þeirra, þá kom það jafnframt fram í nefndinni að fleiri hafa áhuga á því að fá undanþágu frá fasteignagjaldaálagningu þegar svo háttar til að húsnæði er nýtt aðeins skamman tíma á ári. Þar var nefnd bændagisting, veiðihús, fiskverkunarhús og sláturhús sem svo háttar til um að aðeins eru notuð fáa (Forseti hringir.) mánuði á ári. Einnig voru nefnd bílastæðahús en reyndar í öðru samhengi. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Þetta teljum við að sé nauðsynlegt að ræða í heildarsamhengi.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti minnir hv. þingmann á að virða tímamörk.)

[15:41]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áður viðurkenni ég að það var skammur tími til að skoða álitamál af þessu tagi. En það var slæmt engu að síður að geta ekki afgreitt þau efnislega einhvern veginn. Það er ansi gamalkunn aðferð til þess að svæfa hlutina að segja að þetta þurfi að skoða betur og vísa þessu inn í framtíðina í einhverjar nefndir eða því um líkt. Hér er verið að gera grundvallarbreytingar á álagningu fasteignagjalda og alveg sérstaklega sem snýr að landsbyggðinni. Þessi breyting kemur minna við svæðið hér þar sem fasteignaverðið er um það bil það sem lagt er til grundvallar álagningunni nú þegar. Því hefði auðvitað verið langæskilegast að geta útkljáð í leiðinni ýmis álitamál af þessu tagi sem varða líka afkomu sveitarfélaganna. Að einhverju leyti þó í litlu sé er það tekjuspursmál fyrir sveitarfélög hvort heimildir verði settar inn þeim til handa til þess að veita vissa afslætti eða niðurfellingar af þessu tagi. Ég held að öll rök séu fyrir því að heppilegast hefði verið að geta afgreitt málin í samhengi og taka þau öll fyrir saman. Þetta er því heldur veik málsvörn verð ég að segja. En við skulum þá treysta því að eitthvað eigi að líta á þetta í framtíðinni.

Ég ætla ekki að fara að halda uppi mikilli málsvörn fyrir eða rekja þetta um samskiptin við Samband ísl. sveitarfélaga. Það vill bara svo neyðarlega til fyrir hv. formann félmn. að einmitt í þessu máli er gott dæmi um breytingu sem er gerð í algerri andstöðu við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Það liggur fyrir í skjölum og í breytingartillögu frá meiri hlutanum að taka inn styrki til vatnsveitna í strjálbýli sem Samband ísl. sveitarfélaga er algjörlega andvígt og telur alls ekki vera hlutverk jöfnunarsjóðs. Það er ekki mikið hlustað á þau andmæli. Ég bara bendi á að það er dálítið hæpið að skjóta sér á bak við Samband ísl. sveitarfélaga í einhverju sem menn vilja ýta út af borðinu og segja: Nei, þetta er ekki hægt. Samband ísl. sveitarfélaga er á móti því. En svo eru menn með í höndunum dæmi um algjörlega hið gagnstæða þar sem settar eru inn breytingar, sem ég að vísu er frekar hlynntur í þessu tilviki, sem Samband ísl. sveitarfélaga leggst gegn.

[15:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði ekki undir álit meiri hluta hv. félmn. í þessu máli af eftirfarandi ástæðum. Meginefni þessa frv. er rýmkun á heimildum sveitarfélaga til að ákveða útsvar. Neðri mörkum er haldið en efri mörkin eru hækkuð í áföngum, fyrsta árið um 0,66% og seinna árið um 0,33%. Þetta þótti mér gott. Ég vil stuðla að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna.

Svo las ég eftirfarandi fskj. II í greinargerð með frv., með leyfi herra forseta:

„Haldi sveitarfélög útsvarshlutföllum sínum óbreyttum munu heildaráhrif skattalagabreytinganna leiða til 2.350 millj. kr. minni heildarskattbyrði. Nýti sveitarfélögin sér á hinn bóginn þessar auknu heimildir að fullu mun heildarskattbyrðin aukast um 1.400 millj. kr. Í ljósi mismunandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga er ekki búist við að sveitarfélög

nýti sér að fullu þær auknu heimildir til útsvarsálagningar sem hér eru lagðar til og því gert ráð fyrir óverulegri aukningu á skattbyrði."

Herra forseti. Þetta er forsenda málsins og forsenda þess að ég stóð að því í þingflokknum að þetta færi í gegn, að þetta mundi valda óverulegri aukningu á skattbyrði. (Gripið fram í.) Síðan komu fyrir hv. félmn. eftirfarandi umsagnir. Ég ætla að byrja á Reykjavík, sem er stærsta sveitarfélag landsins og hefur afgerandi áhrif á meðalútsvarið í landinu og þar með staðgreiðslu ársins. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Það var mat fulltrúa sveitarfélaganna í hinni svokölluðu tekjustofnanefnd að tekjuþörf sveitarfélaganna vegna aukinna verkefna og ákvarðana ríkisvaldsins í skattamálum væri um 6–7 milljarðar á ári. Þrátt fyrir að þessi leiðrétting á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi ekki náðst fram telur borgarráð engu að síður að nefndin hafi náð mikilvægum áfanga varðandi endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sem mun skila sveitarfélögunum í landinu 2.500 millj. kr. tekjuauka á næsta ári og 3.750 millj. kr. á árinu 2002 komi tillögur hennar að fullu til framkvæmda." — Og nú er verið að leggja til að þær komi að fullu til framkvæmda. Hér er því gert ráð fyrir að lagt sé á hámarksútsvar í landinu. Síðan segir, með leyfi forseta: — „Engu að síður hlýtur borgarráð að gera alvarlegar athugasemdir við að samfara auknum heimildum sveitarfélaga til að hækka útsvar um 0,99% á næstu tveimur árum skuli ríkið ekki hafa áform um að lækka tekjuskattinn nema um 0,33% á næsta ári eða sem nemur 1.250 millj. kr. Tillögurnar munu því hafa í för með sér almenna skattahækkun sem mun bitna harðast á íbúum höfuðborgarsvæðisins."

Þetta er nú allur sjálfsákvörðunarrétturinn. Þetta er nú hvernig sveitarfélögin, a.m.k. Reykjavíkurborg, ætla að fara með þessa nýju heimild til að láta útsvarið vera á bilinu 11,2% og upp í 13,0% eða rétt rúmlega það. Hún ætlar sem sagt að fara í hámarkið alveg burt séð frá því hvernig skattgreiðendum, borgurunum, líður.

Svo segir í umsögn Kópavogsbæjar, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Kópavogs skorar á Alþingi að afgreiða breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nú á haustþingi án þess að það hafi í för með sér almennar skattahækkanir á íbúa höfuðborgarsvæðisins. Það verður best gert með því að lækka tekjuskattsprósentuna jafnt og nemur hækkun á útsvarsprósentunni." — Þeir tala ekki lengur um heimild. Nei, það skal vera útsvarsprósentan sem á að hækka. Þeir reikna bara með því að fara í hámarkið og ríkið eigi að lækka tekjuskattsprósentuna þannig að það sé í rauninni ríkið sem borgi hallarekstur og ákvarðanir sveitarfélaganna. Sveitarfélög eru sem sagt að lýsa því yfir að þau hafi ekkert sjálfsákvörðunarvald og vilji ekki hafa það.

Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar segir, með leyfi forseta:

„Hafnarfjarðarbær mun að sjálfsögðu nýta sér heimild til hækkunar útsvarsprósentu frá næstu áramótum. Annað væri óábyrgt í ljósi þeirra miklu og nauðsynlegu framkvæmda sem bæjarfélagið stendur að. Það er hins vegar ljóst að áðurnefnd hækkun útsvarsins nægir engan veginn til að mæta þeim áhrifum sem ný lög og reglugerðir hafa rýrt fjárhag bæjarfélagsins á síðustu árum." — Mér heyrist á þessu að það sé nánast sama hvert hámarkið yrði. Þau færu alltaf í botn vegna hinna „miklu og nauðsynlegu framkvæmda". Ég get alveg ímyndað mér að þau geti bara framkvæmt þangað til útsvarið er komið upp í 100% af tekjum íbúa sveitarfélagsins. Enn fremur segir í umsögn Hafnarfjarðarbæjar: — „Auknar hækkunarheimildir í útsvari til handa sveitarfélögunum mæta að hluta til þessum tekjuvanda sveitarsjóðanna. Hins vegar er óviðunandi að þessari sannanlegu tekjuþörf sveitarfélaga sé mætt með auknum álögum á íbúa sveitarfélaganna. Þess vegna er mikilvægt að tekjuskattur ríkisins lækki til jafns við hækkun útsvars." — Þeir tala aftur um hækkun útsvars, ekki útsvarsheimildar. Mér sýnist að sveitarfélögin séu almennt að afsala sér þessu fræga sjálfsákvörðunarvaldi sem allir eru að vitna til.

Í umsögn Eyþings – Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi bættrar stöðu ríkissjóðs lýsir stjórn Eyþings yfir óánægju með að ríkissjóði skuli ekki gert að lækka tekjuskattprósentuna til jafns við auknar heimildir til álagningar útsvars." — Þarna tala þeir reyndar um heimildir. — „Með útsvarshækkuninni" — nú tala þeir um útsvarshækkun — „er enn verið að auka álögur á launafólk, sem er sá hópur í þjóðfélaginu sem auðveldast er að ná til, og ber nú þegar þungann af beinum sköttum." — Þeir ætla sér sem sagt í hámark þó að það sé voðalega sárt fyrir launþegana.

Að mínu mati segja þessar umsagnir fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins að menn ætla sér að hækka útsvarið upp í hámark, ekkert tal um lágmarksútsvar eða hámarksútsvar heldur að allir muni vera í hámarki. Þetta er því greinilega skattahækkun og ég gat ekki skrifað upp á það að fengnum þessum upplýsingum í félmn. Ég bendi jafnframt á að á höfuðborgarsvæðinu hafa tekjur sveitarfélaganna af fasteignagjaldi hækkað ótæpilega á undanförnum árum með hækkun fasteigna án þess að hagur skattgreiðendanna eða borgaranna hafi batnað neitt umtalsvert. Þegar ég bý í íbúð minni og er ekkert að selja hana þá breytist ekkert hjá mér annað en að fasteignagjaldið hækkar. Það má vel vera að vegna þess arna, vegna þessarar miklu græðgi sveitarfélaganna, mundi ég kalla það, sé svo komið að þrátt fyrir mikla hækkun launa sé sumt fólk, sérstaklega lágtekjufólk, verr sett en áður vegna hækkunar fasteignagjaldanna. Það eru þá kannski aðallega ellilífeyrisþegar sem ég sé fyrir mér þar.

Herra forseti. Vandamálið í sveitarfélögunum við ákvörðun útsvars er að útsvarið er dulinn skattur, skattgreiðandinn sér ekki skattinn, hann sér einungis staðgreiðslu. Flestir eru að hugsa um annað en skattamál alla daga og þekkja kannski ekki málin mjög greinilega. Þeir ímynda sér að staðgreiðslan sé skattur til ríkisins og búið. Menn átta sig ekkert á því að sveitarfélögin eru að ákvarða rjómann af skattinum vegna þess að svo mikið er af frádráttarliðum, persónufrádráttur og slíkt, til tekjuskattsins og ríkið greiðir auk þess útsvar fyrir þá sem eru undir frítekjumarki en útsvarið er flatur skattur eins og kunnugt er.

Við stöndum því frammi fyrir því að skattgreiðandinn, borgarinn, gerir kröfu um aukna félagslega þjónustu, íþróttahús, barnaheimili, elliheimili o.s.frv. en hann áttar sig ekki á því hver greiðir vegna þess að það er dulið í staðgreiðslunni sem borgarinn heldur að sé skattur til ríkisins. Og alveg sérstaklega gerist þetta ef sveitarfélögin eru öll með jafnháa skattprósentu. Ef þau eru með mismunandi skattprósentu þá kemur í ljós hjá sumum sveitarfélögum að menn fá endurgreitt á haustin og hjá öðrum þurfa þeir að bæta við þegar þeir eru búnir að borga meðalútsvarsprósentu með staðgreiðslunni. Þá kemur í ljós að það er sveitarfélagið sem er að leggja skattinn á, en ef sveitarfélögin hafa samráð um að fara öll í hámarkið er staðgreiðslan sama og hámarkið. Meðaltalsútsvar verður þá sama og hámarkið þannig að ekki

verður um neinar endurgreiðslur eða bakreikninga að ræða að hausti. Þess vegna gerist það að sífellt auknar kröfur eru um félagslega þjónustu sveitarfélaganna og enginn áttar sig á hver borgar.

Herra forseti. Ég hef margoft rætt um hlutverk Alþingis. Hér er komið inn á borð hjá okkur samkomulagsmál sem einhverjir aðilar úti í bæ hafa verið að gera um skiptingu á skatttekjum. Alþingi er ekkert ætlað, herra forseti, að gera neinar breytingar á þessu. Ég skil ekki hvað hv. þingnefnd er yfirleitt að ræða um þessi mál og hvað hv. Alþingi er yfirleitt að ræða um þessi mál. Það er ekki meiningin að gera neinar breytingar og þær breytingar sem gerðar eru eru litlar og óverulegar og varða einhverja hnökra á framkvæmd sem hafa komið í ljós við nánari skoðun. Ég hef margoft bent á þetta og hef kallað valdaafsal Alþingis sem er mjög hættulegt, því ekki er endilega víst að þeir hagsmunaaðilar sem eru að véla um slík mál úti í bæ hafi endilega hagsmuni borgaranna að leiðarljósi sem við hv. þm. erum kosnir af. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að fara nýjar leiðir í málinu til að finna lausn á þessu. Það væri t.d. að gera útsvarið greinilegra fyrir skattborgarana, að gera það að flötum skatti og jafnvel að kosið yrði um útsvarið einu sinni á ári, þ.e. að skattgreiðendur eða íbúar í sveitarfélaginu fengju val um það að hausti að hafa tvenns konar útsvar og yrði að vera a.m.k. 0,5% munur á því og þeir gætu valið hvort þeir vildu hátt útsvar, miklar framkvæmdir og góða þjónustu eða lægra útsvar, minni framkvæmdir og minni þjónustu. Þá kæmi í ljós hvort menn vildu yfirleitt hafa svona háa skatta.

Það er eitt atriði, herra forseti, sem ég vildi einnig koma aðeins inn á og það er 1.100 millj. framlag ríkissjóðs vegna breytts fasteignamats. Þarna er verið að lækka fasteignamat úti á landi og menn hafa komið auga á að það þýðir að tekjur sveitarfélaganna úti á landi, sem mega ekki við því, lækka um 1.100 millj. og ríkissjóður greiðir það. En ég spyr: Hvað gerðist 1989 þegar viðmiðunin var hækkuð? Borguðu sveitarfélögin þá til ríkisins? Nei, þá notuðu þau tekjurnar ótæpilega til þess að fara út í enn frekari framkvæmdir, sundlaugar, íþróttahús o.s.frv., og notuðu tekjurnar sem þau fengu frá borgurunum sem þau eru nú að fá bættar frá ríkinu. Þetta gengur ekki alveg upp í mínum huga, annaðhvort hafa þau greitt þessa hækkun til ríkisins eða þau geta mætt henni núna. Þau eru komin á sama ról núna og þau voru í 1989. Maður skilur ekki af hverju ríkissjóður á að fara að borga þarna á milli nema þetta sé í rauninni dulinn landsbyggðarstyrkur sem það auðvitað er.

Herra forseti. Mér sýnist frv. vera, nema sveitarfélögin finni sig aftur í sjálfákvörðunarréttinum, ekkert annað en dulin skattahækkun og ég get ekki staðið að því.

[15:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv., Pétur H. Blöndal, vitnaði í umsagnir sveitarfélaga á suðvesturhorninu, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og einnig Norðurlands eystra. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geri ekki heldur lítið úr áhyggjum sveitarstjórnarmanna og gefi lítið fyrir þörf þeirra til að auka tekjur þegar fyrir liggur að stöðug skuldaaukning sveitarfélaganna hefur leitt til þess að þau skulda tugi milljarða, hafa safnað 15 milljarða skuld á allra síðustu missirum og hvernig hv. þm. sjái fyrir sér að hægt sé að greiða af þessari gríðarlegu skuldasöfnun án þess að auka tekjur.

Fram hefur komið að langflest sveitarfélaganna telja að sparnaðaraðgerðir séu keyrðar í botn, lítið sem ekkert svigrúm sé til sparnaðar miðað við þau verkefni sem sveitarfélögin eiga að inna af hendi. Því finnst mér leggjast lítið fyrir hv. þm. að einfalda hlutina á þann hátt sem hann gerir í ræðustóli og gefa í skyn að þetta sé miklu minna mál en raun ber vitni.

Við höfum rætt á hinu háa Alþingi skuldastöðu sveitarfélaganna. Þess vegna væri fróðlegt að vita hvernig hv. þm. sér fyrir sér að hægt sé að leysa þennan vanda öðruvísi en að jafna trússið þannig að ríkissjóður láti af tekjupóstum til að gera sveitarfélögunum kleift að standa undir þeim skuldbindingum sem þau eiga að inna af hendi samkvæmt lögum.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. veit hvað gerist á heimili þegar tekjur duga ekki fyrir útgjöldum, þegar t.d. útgjöldin hafa vaxið of mikið vegna þess að menn fóru offari í fjárfestingum. Þá verða menn hreinlega að takmarka fjárfestingar og spara á öllum sviðum. Þetta er það sem gerist hjá öllum heimilum í landinu. Það gerist líka þegar sveitarfélögin hækka fasteignagjaldið á heimilið. Nákvæmlega það sama gerist hjá fyrirtækjum. Þegar tekjur duga ekki fyrir útgjöldum þá verða menn að spara og takmarka fjárfestingar sínar.

Mikið hefur verið rætt um hvað sveitarfélögin fái greitt fyrir þau verkefni sem þau hafa yfirtekið. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa samið við ríkisvaldið um greiðslur vegna þessarar yfirtöku. Ef þau hafa samið af sér verður náttúrlega að fara í gegnum þá útreikninga. Það hefur verið gert og það er verið að bæta yfirtökuna aftur og aftur þannig að ríkissjóður er að borga þeim aftur og aftur. Þetta er sífelld umræða.

En ég held að vandinn sé fjárfestingar sveitarfélaganna. Þau hafa hreinlega farið offari. Ég get nefnt þó nokkur dæmi um að sveitarfélög hafi verið mjög glannaleg í fjárfestingum, sérstaklega í stórum fjárfestingum eins og íþróttamannvirkjum og slíku sem engum manni dytti í hug að reisa ef sýnt yrði svart á hvítu hver kostnaðurinn er á hvern íbúa. Þegar kostnaðurinn kominn í hálfa milljón á hverja fjölskyldu fyrir eitt íþróttahús er það orðið ansi glannalegt.

[16:02]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get líka smækkað þetta ofan í heimilishaldið. Það er enginn vandi að rétta eigin hag ef kostnaðinum er velt yfir á hina í fjölskyldunni. Með verkefnatilfærslum má segja að sveitarfélögin hafi samið af sér vegna þess að t.d. grunnskóladæmið varð miklu dýrara en menn höfðu reiknað með, a.m.k. á mörgum stöðum. Við erum ekki að reka fyrirtæki, við erum að reka samfélag. Ég spyr hv. þm. að því hvort hann geti ekki fallist á að bætt staða ríkissjóðs eigi að hluta til rætur í því að verkefni hafa verið flutt yfir á sveitarfélögin. Það hefur orðið hagstætt ríkissjóði að því leyti að sveitarfélögin hafa borið aukinn kostnað sem hefði að öllum líkindum komið fram í rekstri ríkissjóðs ef kerfinu hefði ekki verið breytt þannig að sveitarfélögin tækju yfir þessi auknu verkefni.

En svo vil ég segja það til að gæta alls réttlætis að auðvitað eru til dæmi um að sveitarfélög hafa farið offari í fjárfestingum. Íþróttamannvirki voru nefnd. Það er alveg rétt. En það gildir ekki yfir línuna. Flest ef ekki öll íþróttamannvirki á Íslandi eru í miklum fjárhagsvandræðum og skulda mikið og það er málið. Það eru samskipti ríkis og sveitarfélaga og

það er jafnvægið á milli ríkisins og sveitarfélaganna sem við erum að ræða um. Þar hallar á sveitarfélögin að mínu mati og ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um það.

[16:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki verið sammála hv. þm. um það vegna þess stjórnarandstaðan hefur a.m.k. haldið því fram að bætt staða ríkissjóðs væri vegna hinnar auknu þenslu sem er í þjóðfélaginu og jafnvel mjög slæms viðskiptahalla. Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram. Varla getur það verið hvort tveggja.

En varðandi heimilin, að kostnaði þeirra sé velt yfir á hina í fjölskyldunni þá gerist það ekki þannig. Það gerist ekki þannig þegar endar ná ekki saman hjá fjölskyldunni að bóndinn segi við konuna: Heyrðu, nú velti ég þessu yfir á þig. Eða að hún segi við hann: Heyrðu, nú velti ég þessu yfir á þig. Ætli þau taki ekki sameiginlega ákvörðun um að skera niður kostnað. Það verður eitthvað að láta undan þegar þau hafa eytt um efni fram.

En sveitarfélögin hafa gert meira, t.d. varðandi grunnskólann, þau hafa nefnilega stóraukið þjónustuna. Það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir að kröfur um aukna þjónustu eru mjög ríkjandi í þjóðfélaginu vegna þess að borgarinn sér ekki beint að hann er að borga þetta sjálfur. Það er kannski vandinn við þetta allt saman að sífellt eru gerðar meiri kröfur á félagsþjónustu. Ég nefni t.d. að félagsþjónustan í Reykjavík kostar 44 þús. kr. á hvern einasta íbúa í Reykjavík. Það er reyndar það hæsta í landinu. En þetta þýðir fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu nærri því 200 þús. kr. sem hún er að borga til félagsþjónustu í Reykjavík á ári. Það er spurning um hvað menn eru grand og flott í félagslegri þjónustu. Þegar samkeppni myndast á milli sveitarfélaga um að veita bestu þjónustuna getur það orðið dýrt og þá kemur það niður á borgurunum fyrr eða síðar því að það er alltaf einhver sem greiðir.

[16:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um ræðu síðasta ræðumanns. Hún var meira og minna úti á miðju túni og ekki í tengslum við eitt eða neitt. En honum rataðist þó næstum því satt orð á munn þegar hann lauk ræðu sinni með því að segja að hér væri um dulbúna skattahækkun að ræða. Það er þó ekki alveg rétt hjá honum því hún er algjörlega ódulbúin. Það er svo merkilegt, herra forseti, að við upphaf 2. umr. um málið, eftir að það hefur fengið umfjöllun í félmn. og raunar snar þáttur þess líka í efh.- og viðskn. og fyrir liggur afstaða meiri hluta og minni hluta í þessum nefndum tveimur, að nú deila menn ekki lengur um ýmsar staðreyndir sem ráðherrar, bæði fjmrh. og félmrh., reyndu að halda uppi þófi út af við 1. umr. málsins. Þeir reyndu nefnilega að halda því fram að þetta upplegg væri ekki hrein og klár ávísun á skattahækkun á almenning í landinu. En nú þarf ekki vitnanna við. Nú er öllum ljóst sem hafa fjallað um málið, bæði meiri og minni hluta í þessum tveimur nefndum, og öllum þeim sem hafa haft nennu til að skoða efnisatriði málsins og stöðu þess að verið er að leggja hærri skatta á almenning í landinu. Það kemur skýrt fram hjá sveitarfélögunum í landinu, það kemur skýrt fram hjá launþegasamtökunum í landinu og það kemur einfaldlega skýrt fram í talnagögnum málsins. Um þetta þurfum við ekki lengur að deila. Þetta er bara svona. Ráðherra félagsmála er illa fjarri góðu gamni og ráðherra fjármála er raunar líka fjarri góðu gamni af kannski skiljanlegum orsökum. Ég vildi í þeirra sporum ekkert sérstaklega vera hér. Ég mundi ekki sækjast eftir að sitja undir þessari umræðu og axla ábyrgð mína á því að hækka skatta á almenning í landinu og verða þess valdandi að þúsundum saman detti launalægsta fólkið, einstæðir foreldrar, þeir sem höllum fæti standa, inn í hið beina skattkerfi. Með öðrum orðum hrökkva upp fyrir skattleysismörkin eins og tölur frá efh.- og viðskn. hafa sýnt.

Ég held að ekki sé mjög eftirsóknarvert, herra forseti, að standa til svara við þær aðstæður og ekki síst þegar fyrir liggur að þessir tveir flokkar, og sérstaklega saman, hafa reynt að halda því fram, úttútnaðir á stundum, rétt fyrir kosningar, að þeir séu stjórnmálaflokkar sem haldi í heiðri hóflegar skattálögur á fólk. Þeir haldi í heiðri að draga niður í kerfinu. Haldi í heiðri frelsi einstaklingsins til athafna, vilji að draga úr samneyslunni. Auðvitað er þetta allt prjál og þvættingur þegar til stykkisins kemur.

Herra forseti. Ég fagna því þó alveg sérstaklega að hæstv. landbrh. hefur hugrekki til að vera við umræðuna sem starfandi félmrh., komi hann fagnandi. Það sýnir hugrekki og einurð af hans hálfu að hann skuli þora að vera við þessa umræðu og reyna að verja þá skattahækkun á land og lýð sem í þessu frv. er fólgin.

Herra forseti. Ég á eftir að fara nokkrum orðum um hvar þetta kemur sýnu verst niður. En af því að ég hugsa ævinlega til fjalla og til hinna dreifðari byggða þegar ég sé hæstv. landbrh., þá eru líka innifalin í þessu frv. mistök, vil ég segja, þegar um er að ræða góða möguleika á staðfastri sókn fyrir byggðirnar í landinu. Það lá í fyrirheitum ríkisstjórnarinnar og raunar áhuga allra stjórmálaflokka á lækkun fasteignaskatts og hefði svo sannarlega getað leitt til þess, að einhverju leyti vonandi, að dregið hefði úr fólksflóttanum af landsbyggðinni. En hvernig nota menn þetta tækifæri, herra forseti? Hver var niðurstaðan þegar að því kom? Hún var einfaldlega sú að fasteignaskattslækkunin, sem var svo sannarlega réttlætismál, var jafnharðan tekin til baka með hækkun á útsvari. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh. og félmrh., hvort honum þyki sú niðurstaða málsins að loforð um fasteignaskattslækkun, loforð um gjaldalækkun á landsbyggðinni, hvort í henni hafi verið falið ævinlega loforð um að hækka útsvarið jafnmikið á móti. Ég minnist þess ekki sérstaklega að því viðhengi hafi verið bætt við þegar þessu var lofað. En það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér þó hæstv. landbrh. hafi farið um héruð Suðurlands, til að mynda í eigin kjördæmi og sagt fólki þar: Um leið og fasteignaskattarnir lækka á ykkur, kæru vinir, ætlum við að hækka útsvarið þannig að þið standið jafnsett eftir. Kannski þeir hafi verið saman í þessari för hæstv. landbrh. og sveitungi í Suðurlandskjördæmi, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri á Hvolsvelli, og þeir hafi sérstaklega staldrað við á Hvolsvelli í heimabæ hæstv. forseta þar sem þeir hafi sagt við Hvolsvellinga: Kæru vinir, nú ætlum við að lækka á ykkur fasteignaskatta en gætið að, ekki gleðjast of fljótt því við ætlum að hækka á ykkur útsvarið á sama degi. Þið standið því jafnsett eftir.

Var það þessi ræða sem þingmenn íhaldsins og Framsóknar fluttu á Suðurlandi? Mér er spurn. Ég vænti þess að sitjandi, starfandi og standandi félmrh. svari mér hispurslaust um þetta efni. Og einnig hitt, hvort hann sé mér ekki sammála í því að þarna hafi menn misst gullið tækifæri í viðnámi gegn fólksflótta og vanda landsbyggðar. Ég man

ekki betur en að sumir þingmenn Framsfl. hafi stundum farið fram með þá hugmynd að hafa mismunandi skattálögur á fólk eftir því hvar það byggi, jafnvel í tekjuskatti og raunar í fyrirtækjasköttum líka. Að vísu eru miklir vankantar á slíkum hugmyndum og ég hef ekki heyrt þeim hreyft lengi núna. En ég man ekki betur en að það væri hæstv. landbrh. sjálfur sem hafi hreyft þessu í blaðagrein fyrir síðustu kosningar ásamt kollega sínum, hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Þá stóð hugur hans til þessa. Þegar gullna tækifærið kemur síðan í fasteignaskatti, sem er réttlætismál og stangast ekki á við réttlætiskennd eða siðferðiskennd eða formlega á við nokkurn skapaðan hlut, þá eyðileggur hann tækifærið með því að styðja þann gjörning, sem við okkur blasir, nefnilega að hækka útsvar.

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er annað en að rifja þetta aðeins upp, þ.e. kúvendingu málsins í hugum stjórnarliða og þá viðurkenningu sem þeir eru nauðbeygðir til að undirgangast, að þetta frv., þessar tillögur, munu leiða til hækkunar á sköttum á landi og lýð.

Ég veit einfaldlega að hv. stjórnarliðar, hv. þm. stjórnarliðsins geta ekki annað en verið mér sammála um þær ályktanir sem ég dreg af þeim viðburðum sem við okkur blasa, þeim ákvörðunum sem sveitarstjórnir hafa tekið í sambandi við útsvarið sem eru nánast undantekningarlaust þær að sveitarstjórnir telja sig nauðbeygðar til að nýta þær heimildir sem hér eru boðnar, sem leiða sannarlega til þess að skattar hækka. Ég skoðaði mér til gamans — þetta er að vísu engin vísindaleg rannsókn, en mér sýnist í fljótu bragði að það séu ekki færri en 13 þingmenn Framsóknar og Sjálfstfl. sem geti talið sig til núverandi eða fyrrverandi sveitarstjórnarmanna. Þar af eru átta sjálfstæðismenn og fimm framsóknarmenn. Þetta eru engin vísindi, þeir geta verið fleiri og þeir geta verið færri en af þessari stærðargráðu er staðan.

Ég velti því dálítið fyrir mér hvernig sérstaklega þessu fólki líði undir umræðunni, undir þeirri atkvæðagreiðslu sem fram undan er þegar það með atkvæðum sínum ætlar að knýja fyrrum félaga sína í sveitarstjórnum umhverfis landið til að leggja hærri skatta á fólk, vegna þess að þetta sama fólk hér inni hefur ekki dug, döngun eða pólitískt þrek til að gera hið rétta í málinu, þ.e. að lækka tekjuskatt að sama skapi. Fyrir liggur tillaga um það og eftir því verður alveg sérstaklega tekið hvernig þetta fólk greiðir atkvæði þegar að því kemur, hvort það sé áhugasamt um að fyrrum félagar þess í sveitarstjórnum séu settir upp við þann vegg að hækka skatta á íbúa í Reykjanesbæ, af því að ég sé fyrrum sveitarstjóra þar syðra fyrir framan mig, hv. þm. Kristján Pálsson, eða á Suðurlandsundirlendi af því að ég sé hv. hreppsnefndarfulltrúa Drífu Hjartardóttur. Mun henni líða alveg sérstaklega vel þegar hún tekur ákvörðun sína á hinu háa Alþingi á næstu klukkustundum eða dögum? Ég held ekki. Ég held að þarna eins og stundum áður vanti þetta pólitíska þrek til að standa í ístaðinu, til að standa gegn þeim foringjum sem öllu virðast ráða, þeim foringjum sem lögðu línuna síðsumars með því að lýsa sveitarstjórnarmenn nánast óalandi og óferjandi, og það var engu minni maður en hæstv. forsrh. sem lagði þá línu. Eftir höfðinu dansa limirnir og niðurstaðan er þessi.

Auðvitað var hverjum manni ljóst hvað hæstv. forsrh. var að fara þegar hann hélt því fram að sveitarstjórnarmenn þyrftu aðeins að þrengja beltisgjörðina, draga aðeins saman seglin og kunna að reka sveitarfélög sín. Hann átti auðvitað við Reykjavíkurborg. Hann, og raunar fleiri ráðherrar ríkisstjórnarinnar, hefur um mánaða og missira skeið gert allt sem í hans valdi stendur til að bregða fæti fyrir stjórn höfuðborgarinnar í tilraun hennar til að veita fólki í borginni þjónustu. Það hefur hver einasti maður séð og hæstv. fjmrh. hefur ekki verið maður að minni í þeirri aðför, sem ég vil kalla svo, að Reykjavíkurborg. Það birtist í þessu máli. Það birtist ítrekað í því þegar hæstv. samgrh. er sendur út á örkina og látinn skera niður í samgöngumálunum á þessu svæði. Þar þarf ekki vitnanna við frekar en í svo mörgum öðrum málum.

En menn gleyma því gjarnan og hæstv. forsrh. og viðhlæjendur hans átta sig ekki á því að menn hitta stundum sjálfa sig fyrir. Þannig er það í þessu tilfelli. Því miður er það svo að í allt of mörgum stórum sveitarfélögum hvað íbúafjölda og umfang varðar eru það einmitt helmingaskiptaflokkar Framsfl. og íhaldsins sem ráða ríkjum. Þannig er það til að mynda fyrir sunnan okkur í mínu kjördæmi, Reykjaneskjördæmi. Þar þurfum við ekki annað en fara yfir svæðið: Kópavogsbær og Garðabær þar sem íhaldið er að vísu eitt við stjórn, Hafnarfjörður og Reykjanesbær svo nokkur þeirra stærstu séu nefnd til sögunnar. Auðvitað var forsrh. að skamma þetta fólk líka og segja við flokkssystkin sín: Þið kunnið ekkert með peninga að fara. Þið getið ekkert. Hann komst ekki hjá því, hann sá það auðvitað að það liti illa út að einskorða sig við höfuðborgina og varð því að taka alla með. Og í þessu höggi fengu með öðrum orðum fleiri á vangann en eingöngu pólitískir andstæðingar í Reykjavík, ekki síður flokkssystkin í öðrum stórum sveitarfélögum bæði á suðvesturhorninu og raunar víðar um land.

Það var raunar merkilegt innlegg í þetta mál, ég sagði það við fyrri umræðu, og ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þegar ég segi að vinnan í þeirri nefnd sem ég sat í og gekk býsna vel lengi framan af tók nokkrum breytingum. Það urðu nokkur skuldaskil, nokkur vatnaskil þegar forsrh. þjóðarinnar fór fram með þessum hætti.

Mér er líka kunnugt um að í ranni Sjálfstfl., þingflokksins m.a., voru þessi mál rædd mjög ítarlega síðsumars og þá var uppleggið það að ekki ætti að gera neitt fyrir sveitarfélögin í landinu. Þau yrðu bara að lifa við það sem þau hefðu og engin sérstök þörf væri á aðgerðum. Þetta kom fram í nefndarstarfinu og mönnum brá óneitanlega í brún. Þetta gekk manna á milli meðal sveitarstjórnarmanna, þeir fylgjast með eins og velflestir aðrir, og höfðu miklar áhyggjur af. Ofan af þessu var hægt að vinda og það tókst að breyta þeirri stöðu málsins þannig að menn sáu nauðsyn þess að mæta þyrfti sveitarfélögunum einhvers staðar, því aldrei var um það deilt eitt aukatekið andartak og engan hef ég heyrt deila hér inni af þeim hv. þm. sem hafa lagt sig eftir að kynna sér þessi mál, að þörf sveitarfélaga fyrir aukið fjármagn er óumdeild. Menn geta deilt um hvort þær upphæðir séu 4–6 milljarðar á ári hverju eða 5–7 milljarðar. Um það má deila og um það má takast, en þessi stærðargráða er engu að síður á þessu bili. Og ég skora á þann hv. þm. stjórnarliðsins sem vefengir þær tölur um að sveitarfélögin þurfi auknar tekjur til að standa undir lögbundinni þjónustu, eðlilegri uppbyggingu hvort sem það er í sókn eða vörn, hvort sveitarfélögin þurfi ekki á þessum peningum að halda. Ég held að ákaflega fáir séu í þessum sal, herra forseti, sem þora að stíga á stokk og neita slíku. Tölfræðin liggur fyrir, staðreyndirnar liggja fyrir.

Verkefnið í nefndinni var því að taka um það ákvörðun hvernig ætti að skila þessum fjármunum til sveitarfélaganna.

Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar þegar á veruleika hlutanna er horft að ekki hafi verið um það að ræða að auka sérstaklega einhliða heimildir til nýrrar tekjuöflunar fyrir sveitarfélögin heldur hitt að vitlaust var gefið og það ætti að breyta tekjuskiptingunni milli þessara tveggja opinberu aðila, milli þeirrar opinberu þjónustu sem annars vegar birtist hjá sveitarfélögum í landinu og hins vegar hjá ríkinu. Það var hið einfalda verkefni. Það var hægt að gera með ýmsu móti og ég ætla að koma að því lítillega á eftir, en allt í lagi, ef menn vildu fara þá einföldu leið að því verkefni að heimila útsvarshækkun, mæta því síðan aftur með tekjuskattslækkun þannig að jöfn skipti yrðu, þá var það leið sem ég var fyllilega til viðræðu um. En niðurstaðan varð auðvitað ekki sú. Hún varð allt önnur eins og ég hef rakið og leiddi til þess að sá aðili sem völdin hefur, sem áhrifin hefur, löggjafarvaldið að meiri hluta til, tók þá ákvörðun að knýja hinn opinbera þjónustuaðila til að leggja álögur á fólkið í landinu. Það er sárgrætileg niðurstaða, herra forseti, og hún verður fest á spjöld sögunnar og eftir henni verður tekið.

Menn skulu ekki halda, herra forseti, þótt tiltölulega langt sé í næsta kjördag á Alþingi, að á þetta verði ekki minnst. Þetta verður rifjað upp aftur og aftur og aftur (**Gripið fram í:** Og aftur.) og jafnvel það. Enda verður það þannig, herra forseti, að það er ekki eingöngu í einni lotu sem á að hækka álögur á fólk. Menn ætla að gera það tvisvar, byrja á því núna fyrir komandi ár og síðan er sveitarsjóðunum stillt upp við það verkefni, raunar á kosningaári sveitarstjórna, að hækka enn frekar álögur á fólk í landinu. Það var einmitt þetta sem ríkisstjórnin og stjórnarliðar á þingi töldu hvað mikilvægast.

Herra forseti. Ég nefndi til sögunnar þingmenn stjórnarliðsins sem hafa haft, og sumir hverjir hafa enn, tengingu við sveitarstjórnarstigið og ég nefni sérstaklega tvö nöfn í því samhengi sem eru enn starfandi sem slíkir. Það er annars vegar hv. þm. Drífa Hjartardóttir og hins vegar hv. þm. Gunnar Birgisson. Ég neita því ekki, herra forseti, að ég bíð þess í miklu ofvæni og ætla að sitja um þær ræður þegar þeir hv. þm. koma hér og lýsa viðhorfum sínum. Að vísu þarf hv. þm. Gunnar Birgisson tæpast að gera það því að ég sat fund með honum þann 20. október sl. þar sem haldinn var aðalfundur Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, ég hafði þar ekki atkvæðisrétt, var þar sem þingmaður en hv. þm. Gunnar Birgisson hafði hins vegar atkvæðisrétt þar, enda var hann þar aukin heldur sem oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogsbæ og formaður bæjarráðs. Þar var samþykkt ályktum um það mál sem við ræðum hér, afskaplega skýr og afdráttarlaus, þar sem það liggur í fyrsta lagi fyrir að fundurinn taldi að bæta ætti sveitarfélögum upp tekjuskerðingu sem þau hafa orðið fyrir undanfarin ár en einnig hitt að best verði það gert, og ég les, með leyfi forseta, „með því að lækka tekjuskattsprósentuna jafnt og nemur hækkun á útsvarsprósentunni".

Ég sá það með berum augum, herra forseti, þegar bæjarfulltrúinn úr Kópavogi, hv. þm. Gunnar Birgisson, lyfti hendi og samþykkti þá ályktun á fundi með félögum sínum á Seltjarnarnesi. Það hentaði þá. Ég bíð þess líka í miklu ofvæni þegar atkvæðagreiðsla um einmitt þetta tiltekna atriði verður á næstu dögum, hvernig hv. þm. Gunnar Birgisson ætlar að greiða atkvæði. Ætlar hann þá að guggna eða ætlar hann að fylgja félögum sínum, sveitarstjórnarmönnum á svæðinu, svo ég tali nú ekki um félögum sínum í bæjarstjórn Kópavogs, sem hafa einnig í áliti sem liggur fyrir félmn. tekið mjög afdráttarlaust sömu afstöðu. Að vísu er mér kunnugt um að hv. þm. var ekki á þeim tiltekna bæjarstjórnarfundi þegar það var samþykkt, en ég trúi því tæpast að oddviti sjálfstæðismanna þar í bæ gangi á móti félögum sínum.

Ég hef ekki tekið sérstaklega eftir því hvort sveitarfélag hv. þm. Drífu Hjartardóttur hafi sent álit inn í þennan bunka en ýmis nærliggjandi sveitarfélög hafa gert það og þar er sami tónninn uppi við: Tryggið okkur þessa tekjustofna en gerið það án þess að pína okkur til að hækka skatta á fólk. Og við höfum hér tillögu fyrirliggjandi sem gerir einmitt þetta.

Það er til að mynda á sama hátt eftirtektarvert hvort það verður hlutskipti hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar þar sem Skagamenn hafa eins og aðrir verið býsna afdráttarlausir í þessa veru, hvort hann ætli sér sem gamall sveitarstjórnarmaður þaðan að ganga gegn félögum sínum í sveitarstjórn, bæjarstjórn Akraness. Eftir því verður tekið líka. (Gripið fram í.) Ég er ekki að tala í meiri hlutum eða minni hlutum. Hafi menn ekki skilið orð mín, þá hef ég ekki verið að tala í meiri hlutum eða minni hlutum, enda er það svo að ekki í einu einasta áliti sem hér er að finna, herra forseti, skiptist afstaða sveitarstjórnanna í minni eða meiri hluta, ekki einu einasta. (**Gripið fram í:** Það er allt samhljóða.) Það er allt samhljóða. Og meira að segja í Reykjavíkurborg þar sem ýmsir hlutir gerast undarlegir á stundum, þar er Sjálfstfl. aðili að þeirri áskorun til alþingismanna um að lækka tekjuskatt til jafns við hækkun á útsvari. Þar slitnar ekki á milli þegar kemur að þeirri áskorun. Hvað síðan Sjálfstfl. gerir þegar til stykkisins kemur, þá kveður auðvitað við allt annan tón, þá fara borgarfulltrúar þar í gamalkunnugt hlutverk til að vera á móti. Það út af fyrir sig þarf ekki að koma á óvart og er algerlega í samræmi við þá skattahækkunarfléttu sem lagt var af stað með og snerist fyrst og síðast um Reykjavíkurborg.

Þannig var uppleggið, að knýja borgina eins og önnur sveitarfélög, og þá einkanlega Reykjavíkurborg, til að hækka útsvar til þess að borgarfulltrúar íhaldsins gætu síðan bent á R-listann og sagt: Ha, ha, ha, þið hækkuðuð skatta á borgarbúa.

Til þess var leikurinn gerður en þessi flétta hefur verið afhjúpuð fyrir margt löngu. Þeir sitja uppi með ábyrgðina sem eiga hana, stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi og engir aðrir, þannig er það bara.

Herra forseti. Talað var um að þetta væri samkomulagsmál og að um þetta hafi verið vélað í samskiptum Sambands sveitarfélaga og félmrh. og fjmrh. Mér er það til mikils efs og raunar fullyrði að svo er alls ekki. Ég kalla til vitnis í fyrsta lagi, eins og ég hef margoft sagt afstöðu sveitarstjórnarmannanna sjálfra, sveitarstjórnanna. Ég kalla til vitnis þá sérstöku aðila sem tóku þátt í þessari vinnu á upphafstímanum, þ.e. Guðmund Bjarnason og Ingimund Sigurpálsson, sem lögðust með sérstakri bókun, tóku fram að hér væri ekki rétt gefið. Hér er ekkert samkomulag á ferðinni eins og menn vilja vera láta.

Það kom og enda fram, herra forseti, í mjög litlu atriði út af fyrir sig þegar við tölum um hinar stóru tölur við umfjöllun um þetta mál sem er að finna í áliti meiri hluta félmn. þegar hæstv. félmrh. mundi allt í einu, af því hann hafði gleymt því þar til kom að fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi, að hann hafði einhvern tíma lofað því að styrkja sjálfstæðar vatnsveitur bænda. Þá stakk hann breytingartillögu sem var sköpuð í félmrn. inn í nefndina og bað meiri hluta nefndarinnar fyrir málið og meiri hlutinn skyldi klára það — sem hann gerir auðvitað — er kominn með málið inn óbreytt úr félmrn. eða lítt eða ekki breytt.

Hvað var upp á teningnum? Hvernig var samskiptum og samkomulagi háttað í málinu, sem er auðvitað ekki upp á stórar upphæðir, 25 milljónir, en er engu að síður prinsippmál? Það kom á daginn þegar fulltrúar Sambands sveitarfélaga ráku inn nefið á lokaspretti í störfum nefndarinnar að þeir höfðu ekki heyrt á þetta minnst. Enginn hafði nefnt þetta við þá. Þeir komu gjörsamlega af fjöllum.

Herra forseti. Svo mikil var þjónkunin við ráðherravaldið að meiri hluti nefndarinnar tók málið óbreytt inn þó á það hefði verið bent af hálfu Sambands sveitarfélaga að þarna væri verið að brjóta í blað, þarna væri verið að ganga gegn venjum og gildum sem hafa verið í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um langt árabil. Það er og enda þannig — og ber nú vel í veiði af því að hæstv. landbrh. er hér viðstaddur — að vatnsveitur bænda hafa verið og eiga að vera á vettvangi landbrn. Þær voru það í jarðræktarlögunum og sérstakir stofnstyrkir til þeirra framkvæmda voru fyrirliggjandi. En einhverra hluta vegna duttu þeir upp fyrir. Ég veit ekki hvort það er af dugnaðarleysi hæstv. landbrh. Ég veit ekki af hverju það er allt í einu að hæstv. félmrh. er að stela þessu máli frá hæstv. landbrh. Ég veit ekki hver ástæðan er en þetta mál er einfaldlega vistað á kolröngum stað því auðvitað gengur ekki að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fari að styrkja framkvæmdir einstaklinga. Þá eru menn komnir inn á nýtt svið, farnir að gera út á sjóðinn með allt öðrum hætti en áður hefur gerst. Til viðbótar gerist það að bændasamtökin á Íslandi, stéttasamtökin, hafa ákveðnu hlutverki að gegna lögum samkvæmt um að útdeila þessu fé. Á hvaða ferðalagi erum við, herra forseti? Hvers konar della og þvæla er hér í gangi?

Ég er manna áhugasamastur um að bændur í dreifðum byggðum með sjálfstæðar vatnsveitur, ekki síður en í samveitunum, geti drukkið hreint og gott vatn og hafi nóg af því. En við verðum að standa rétt að verki en sulla ekki saman löggjöf og verkefnum ráðuneyta í millum bara vegna þess að hæstv. félmrh. hafi lofað því einhvers staðar og gleymt að efna það loforð og af því að hæstv. landbrh. hafi lítinn áhuga á því í augnablikinu af einhverjum ástæðum þá sé þessu bara stungið inn í lög um tekjustofna sveitarfélaga. Nei, gætum að, herra forseti, það eru svona atriði þó að þau séu ekki stór í krónum talin sem draga úr trúverðugleika þessarar stofnunar. Þau draga líka úr trúverðugleika þeirra laga sem stofnunin sendir frá sér.

Ég spyr: Hvað næst með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga? Auðvitað er full ástæða til að spyrja á hvaða ferðalagi erum við með þann góða sjóð, við hér í stofnun sem hefur fjárveitingavaldið. Finnst mönnum það góð latína að setja á stofn sjóði sem sérstakar sjóðstjórnir deila út og eru farnir að telja ekki sex milljarða eins og áður var, ekki níu milljarða eins og í stefnir, heldur jafnvel 13, 14 ef það gengur eftir sem menn hafa áform uppi um varðandi málefni fatlaðra? Eru menn innst inni sammála því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, eins mikilvægur og hann er og eins miklu hlutverki og hann á að gegna, eigi að vera af þeirri stærðargráðu? Ég hef verulegar efasemdir um það.

Það kann aldrei góðri lukku að stýra eins og hann hefur verið notaður á síðustu tveimur árum þegar hæstv. ríkisstjórn hefur með sitt mikla samviskubit í byggðamálunum gripið til þess að dæla í hann einhverjum hundruðum milljóna, 700 var það á þessu ári, 700 á næsta og 700 á árinu 2001 til þess að sefa eigið samviskubit, og síðan eigi jöfnunarsjóðurinn að ráðstafa því fé. Tekið var upp nýtt hugtak, fólksfækkunarframlög, sem ég hélt að menn hefðu verið búnir að leggja niður hér og verið nokkuð sammála um fyrir ekkert mörgum árum.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og ég undirstrika að ég hef miklar áhyggjur af stöðu hinna dreifðari byggða og við í Samfylkingunni höfum verið með fjöldamargar tillögur til að snúa þar við öfugþróun. En ég segi það, herra forseti, mér finnst mikil uppgjöf fólgin í því þegar stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi, sem hefur um sex ára skeið stjórnað byggðamálum, grípur til þess neyðarbrauðs að senda fólksfækkunarframlög heim í hérað. Aumara verður það ekki, herra forseti, dapurlegri getur vitnisburðurinn tæplega orðið um byggðastefnu Framsóknar og íhalds á umliðnum árum.

Á sama hátt hefur hin öfuga byggðaþróun verið þannig að fólksstraumurinn á suðvesturhornið hefur leitt til verulegra nýrra útgjalda fyrir sveitarfélög á þessu svæði, útgjalda sem menn hefðu sennilega einhvern tíma lagt í en þurfa að ráðast í innan þrengri tímamarka en áður var. Menn hafa reiknað út að hver einstaklingur sem flytur á höfuðborgarsvæðið kosti sveitarfélögin á þessu svæði eina, tvær eða þrjár milljónir á mann. Það eru þær tölur sem heyrst hafa á mann. Auðvitað kemur að því að þeir peningar nást til baka en það getur skapað sveitarfélögunum verulegan vanda meðan þessi öra uppbygging stendur.

Það hefur verið þumalfingursregla í þessum málum, ekki bara hér á landi heldur alls staðar annars staðar, að ör þróun í þroska og þjónustustigi sveitarfélaga sé ekki eðlileg, sé óæskileg, sé vond og menn eigi að gera þetta hægt og bítandi og samkvæmt áður skipulögðum forsendum. Það hefur auðvitað ekkert verið hægt vegna þess að þetta hefur verið stjórnlaust, ekki af hálfu sveitarfélaganna, en af hálfu stjórnvalda og það er kjarni málsins. Aftur og aftur hittum við naglann á höfuðið, hittum við fyrir þá sem hafa ráðið för og ráða för og sjá að ekkert þýðir að skamma Albaníu en meina Kína. Ekkert þýðir að lemja á sveitarfélögunum þó að mörg þeirra kunni ekki með peninga að fara, kannski flest þeirra undir forsjá helmingaskiptaflokkanna, heldur er það ríkisstjórnin sem skapar þennan ramma og hefur gert og því miður gert þannig að sveitarfélögin eru sum hver á hvínandi kúpunni, alveg á myljandi kúpunni, og nokkur þeirra í gjörgæslu félmrn., bæði stór og smá, (**Gripið fram í:** Nefndu þau.) og nokkur þeirra og mörg þeirra, því miður fyrir suma a.m.k., enda undir forsjá og handarjaðri Framsfl. og Sjálfstfl. Þannig er það, herra forseti.

Mér þykir voðalega erfitt, ég segi ekki sannara orð, að þurfa að viðurkenna að heimabær minn, hinn hýri Hafnarfjörður býr við þetta ok Sjálfstfl. og Framsfl. með þeim afleiðingum sem blasa við okkur að skuldsetning þess bæjarfélags er upp á sjö milljarða kr. Nú er svo komið, herra forseti, ... (**Gripið fram í:** Er ekki lífsgleði í Hafnarfirði?) Jú, það er sko lífsgleði, enda þarf hún að vera til staðar við þessar aðstæður. Það er svo komið að meiri hluti bæjarstjórnar þar syðra á ekki eina einustu krónu til að ráðast í fjárfestingar, byggja skóla, íþróttahús. Hann verður að gera það allt með þeim hætti að biðja verktaka að lána sér peninga í 30 ár, hann hefur gert það með þeim hætti að fara í svokallaða einkafjármögnun og síðan rekstrarleigu, taka á leigu skólana sem hafnfirsk börn eiga síðan að læra í næstu 25 árin. Eftir þessi 25 ár þurfa þau bæjaryfirvöld, sem þá ráða för, að hitta sömu verktaka fyrir og segja: Hvað um framtíðina, getum við fengið þessi skólahúsnæði keypt eða þurfum við að leigja

áfram eða ætlar þú kannski að breyta skólanum í eitthvað allt annað?

Þetta er nú það sem blasir við í bæjarfélagi mínu og það verður aldeilis verkið, og ég glöggva mig á því, fyrir okkur samfylkingarmenn að taka við völdum í því bæjarfélagi og svo víða annars staðar eftir næstu kosningar. Ekki hjálpar það til sem við gerum hér, því er nú verr og miður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég vil hins vegar aðeins fara almennum orðum um sveitarfélögin og stöðu þeirra því ég hygg að mikill þverpólitískur meiri hluti á hinu háa Alþingi sé þrátt fyrir allt þeirrar skoðunar að efla þurfi sveitarfélögin í landinu og menn meini það og vilji það og ætli það og að raunverulega þurfi að flytja verkefni frá þunglamalegu og stundum óskilvirku ríkisvaldi út í hérað til sveitarfélaganna. Ég er ég líka þeirrar skoðunar að það séu ekki mjög margir hv. alþingismenn sem taki undir hugmyndir sem er stundum hreyft hér um þriðja stjórnsýslustigið. Ég er ekki þeirrar skoðunar, við erum það lítið land, við erum það fámenn að við þolum ekki fleiri apparöt. Það mundi auka á kostnað og minnka skilvirkni. Ég trúi því að þrátt fyrir allt sé mikill þverpólitískur meiri hluti um það að efla sveitarfélögin með því að skila til þeirra verkefnum og auðvitað peningum í leiðinni — og þar kemur auðvitað vandi málsins. Þannig er orðið samband milli ríkisstjórnar helmingaskiptaflokkanna og sveitarfélaganna í landinu mitt í miðju góðærinu þegar ríkissjóður skilar tugum milljarða afgangi á hverju ári þá þora sveitarfélögin ekki í samningaviðræður við ríkisvaldið.

Það er tæpast að sveitarfélögin þori að eiga orðastað við ríkið um tilflutning á verkefnum sem snúa að þjónustu við fatlaða og skyldi engan undra eftir að hafa verið brennimerkt eins og raun ber vitni í tilflutningi á grunnskóla þar sem allar tölur sýna svart á hvítu að sveitarfélögin sitja eftir með sárt ennið. Að vísu hafa íbúar sveitarfélaganna, held ég, notið góðs af því. Börnin í sveitarfélögunum hafa í langflestum tilvikum fengið meiri nánd í þjónustunni og ég held að foreldrar hafi komið miklu virkari inn í allt skólastarf eftir að sú tilfærsla átti sér stað, enda var ég eindregið þeirrar skoðunar að það ætti að verða. En menn eru dálítið brennimerktir af þessari reynslu og vilja fara sér hægt.

Ég held þess vegna að þetta mál sem við förum fram með núna sé svo mikilvægur mælikvarði á það og við skulum segja, svo mikilvæg vatnaskil í málinu að ef okkur tekst sæmilega upp hér og nú, skilum þessum peningum til sveitarfélaganna, þessum auknu heimildum, þessum auknu tekjum bara upp á punkt og prik án þess að með fylgi þessi bastarður að þurfa að knýja sveitarfélögin til að hækka skatta, þá geti það aftur lagað mjög þessi samskipti og verið ákveðin byrjun á nýju lífi í samskiptum þessara tveggja aðila því að ég vil sjá fleiri þætti fara heim í hérað. Menn hafa nefnt fatlaða sem ég og gerði. Ég hef til að mynda lengi verið þeirrar skoðunar að menn eigi að skoða lögreglumálin algerlega upp á nýtt. Þau mál eru í miklum vanda og við höfum oft rætt það í þessum sölum hvernig þessi grenndarþjónusta hefur minnkað eftir því sem hæstv. dómsmrh. hefur nefnt það hugtak oftar og meiri peningum er ýtt út í miðstýrt ríkisapparat, ríkislögreglustjóra. Ég sé fyrir mér að ákveðinn þáttur löggæslunnar, umferðarstjórn, grenndarþjónusta, svona nándarlöggæsla eins og víða er um lönd, verði á hendi sveitarfélaganna. Ég er alveg sannfærður um að bæði mundi þjónustan batna og samskipti ég vil segja íbúa og löggæslu að verulegu leyti þar sem menn þekktu þann sem hefði lög og reglu með höndum og hann þekkti þá sem hann ætlaði að eiga samskipti við. Ég er algjörlega handviss um það, efast ekki um það eitt andartak.

Það er kannski verið að nefna hér snöru í hengds manns húsi en ég hef stundum velt því fyrir mér hvort framhaldsskólarnir ættu að vera á hendi sveitarfélaga. Það er afleitt að nefna það við þessar aðstæður þegar þeir eru í þeirri stöðu sem raun ber vitni. En kannski er það líka á hinn bóginn merki þess að ríkisvaldið eigi að ýta því verkefni með hægðinni yfir á sveitarfélögin því að ég er handviss um að þau mundu standa betri skil á því en menntmrh. og hans fólk hefur gert.

Ég vil ekki segja að það hafi verið mistök— það var kannski tímanna tákn — en ég held að menn eigi að endurmeta þá ákvörðun sem var tekin í lok 9. áratugarins, 1988–1989 eða hvenær það var, þegar heilsugæslan var flutt á ríkisvaldið frá sveitarfélögunum að verulegu leyti. Ég held að heilsugæslan sé einmitt sú dæmigerða grenndarþjónusta sem eigi að vera á hendi sveitarfélaga. En um það þarf líka að semja.

Náskyldur þáttur þessu sem sveitarstjórnarmenn hafa árum saman rætt er þar sem heimahjúkrun skarast við heimilishjálp. Annar þátturinn er á hendi sveitarfélaganna og hinn á vegum ríkisins. Þetta hefur verið vandamál og samspil þátta sem hefur skapað togstreitu og erfiðleika og enginn annar tapar en sá sem þjónustunnar á að njóta.

Í þessari ágætu skýrslu er líka nefnt eitt verkefni sem menn ætla að ganga til verka við. Það er þátttaka sveitarfélaga í Innheimtustofnun sveitarfélaga. Ég held að flestir séu sammála um það nú í seinni tíð að það er ekki sérstaklega margt sem mælir með því að sveitarfélögin þurfi að verja milli 500–600 millj. á ári hverju eins og það er núna um stundir til þess að greiða gjaldfallin meðlög, þ.e. meðlög sem ekki koma inn af hálfu þeirra sem eiga að borga þau. Þó að sveitarfélögin hafi vissulega framfærsluskyldu þá er þetta, held ég, að öllu samanlögðu verkefni sem færi betur að væri á hendi Tryggingastofnunar ríkisins en sveitarfélaganna í landinu. Þar hefði mátt til að mynda létta verulegum þunga af sveitarfélögum. Ég nefni í þessu samhengi líka hvort það sé mjög eðlilegt að sveitarfélögin standi sjálf undir rekstri eigin jöfnunarsjóðs. Ég hef vissar efasemdir um að það eigi endilega að vera verkefni sveitarfélaganna að greiða upp undir, ég held ég muni rétt, í kringum 3 milljarða kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Með öðrum orðum, þau eiga að jafna innbyrðis. Ég held að þetta hlutverk eigi að vera alfarið á hendi ríkisvaldsins, að ríkisvaldið eigi að kosta þennan sjóð. Svo geta menn deilt um það eins og ég sagði áðan hversu víðfeðmur hann á að vera og hvernig hann á að reka. En jöfnunarhlutverkið á að vera á hendi ríkissjóðs.

Margir sveitarstjórnarmenn hafa líka sagt við mig: Ef fasteignaskatturinn er orðinn misjafn í borg og þorpum og er ákveðið jöfnunartæki skattanna, er þá ekki rétt að ríkissjóður hafi þennan tekjustofn en sveitarfélögin fái eitthvað annað?

Herra forseti. Að mörgu er að hyggja í þessu. Ég gat þess líka í áliti mínu við fundarslit í tekjustofnanefnd að menn þyrftu líka og hefðu kannski ekki farið nægilega langt í því að skoða til hlítar raunverulega möguleika á því að breikka tekjustofna sveitarfélaga. Mörg sveitarfélög bentu með réttu á mikilvægi þess að tengja betur tekjustofna af umferð, sem er vissulega hlutverk sveitarfélaganna. Mörg sveitarfélög bentu á mikilvægi þess að tengja betur atvinnulíf og tekjustofna sveitarfélaga. Mörg sveitarfélög bentu á það að í

náinni framtíð munu umhverfisskattar af einum eða öðrum toga verða vaxandi og þar þyrfti að tengja. Mörg sveitarfélög bentu á þá þróun sem sannanlega hefur orðið og leitt hefur til tekjutaps sveitarfélaga þegar einstaklingar breyta sjálfum sér í hlutafélög eða einkahlutafélög, þar sem þau þurfa að fá hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Jafnvel voru sveitarfélög sem nefndu óbeina skatta á borð við virðisaukaskatt, þau væru með öðrum orðum þátttakendur í sveiflunni en létu ekki ríkisvaldið segja sér fyrir verkum í því með skömmtun úr hnefa.

Herra forseti. Það er fjölmargt sem við þurfum að ræða á hinu háa Alþingi við sveitarfélögin. Þessi umræða er í því samhengi langt í frá á enda runnin. Við þurfum því augljóslega að halda henni áfram ákveðið og kröftuglega og ég segi þá enn og aftur, herra forseti, að miklum mun betra hefði verið það andrúmsloft í þeirri framhaldandi viðræðu sem óhjákvæmileg er ef menn hefðu ekki gengið svona undir, ef þingmeirihlutinn hefði haft vit á því að tryggja sveitarfélögunum eðlilega hlutdeild í sameiginlegum tekjum hins opinbera án þess að pína þau til skattahækkunar. Það er hinn alvarlegi hlutur sem snýr að sveitarfélögunum sjálfum. Þeim er þó kannski engin vorkunn að bera þann kross. Miklu alvarlegra er fyrir almennt launafólk í landinu, þegar augljóst er að góðærið margfræga er að renna sitt skeið á enda og blikur eru á lofti, að þá loksins telji þingmeirihlutinn á hinu háa Alþingi undir forustu ríkisstjórnarinnar ástæðu til að hækka skatta. Hafi einhvern tíma verið ástæða til að hækka skatta þá var það til að draga úr neyslu og þenslu á góðæristímabilinu. En þegar harðnar á dalnum sem allar vísbendingar eru því miður um þá grípur ríkisstjórnin til þess að hækka skatta á almenning í landinu. Þetta er, herra forseti, minnisvarði sem ég væri a.m.k. ekki mjög hreykinn af.

[16:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í mörgu mæðast menn og maður fyllist alltaf samúð þegar jafnbjartsýnir og lífsglaðir menn eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson þurfa að mæðast í svona erfiðleikum í uppgangi í þjóðfélaginu þar sem góðæri er ríkjandi, bjartsýni fólksins er mikil og enginn er að missa móðinn. En þá boðar hann myrkur og erfiðleika af miklum móð. Þetta er eiginlega hvorki í samræmi við skaphöfn né eðli þessa hv. þm. sem meira að segja klæðist blárri skyrtu vonarinnar um betri tíð þannig að margt kemur mér á óvart í þessum málflutningi og mér finnst að ég eigi hann að samherja í bjartsýninni og trúnni á lífið.

Ég er sannfærður um að ríkisstjórnin var að koma til móts við sveitarfélögin. Við vorum að efna loforð við landsbyggðina um að lækka fasteignaskatta. Það mun koma mörgum vel. Sú upphæð er á annan milljarð. Það er eðlilegt að frelsi sveitarfélaganna til sjálfsákvörðunar sé aukið samhliða. Svo ber auðvitað að fagna því að ríkisstjórnin er á mörgum sviðum að koma til móts við fólkið í landinu. Ég hygg að 2 milljarðar komi í gegnum fjárlög til viðbótar til barnafólksins í fjölskyldubætur og samhjálpinni þannig að margt er vel gert.

Hvað vatnsveitur sveitarfélaganna varðar þá fagnar landbrh. sérstaklega því réttlæti. Þar var mikill mismunur á í landinu hvernig dreifbýlið var sett miðað við þéttbýliskjarna. (Forseti hringir.) Nú er það komið í höfn. Bændasamtökin eru þekkt að því að kunna vel til stjórnsýslustarfa. Ég treysti þeim fullkomlega, hæstv. forseti.

[16:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á bróður og mágkonu sem eru prestar. Ég veit að hæstv. landbrh. er fæddur sem slíkur en ég bið hann að stilla þeim þönkum sínum í hóf við þessa umræðu hversu glaður sem hann er. Það er kannski hlaupin í hann aðventa, ég skal ekki segja.

Herra forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Það er einfaldlega þannig að ég lít á það sem háalvarlegt mál þegar verið er að leggja skatta á fólk sem berst í bökkum. Öðruvísi mér áður brá því þegar hæstv. landbrh. var í stjórnarandstöðu hafði hann miklar áhyggjur af því fólki sem átti undir högg að sækja og fór mikinn í þessum ræðustól. Það voru engar halelújaprédikanir sem þá voru haldnar. Því finnst mér ekki fara honum að hann tali um það af mikilli léttúð þegar hækkaðir eru skattar upp á milljarða kr. af svo miklum móð að nær liggur samkvæmt yfirlýsingum Alþýðusambands Íslands að forsendur kjarasamninganna sjálfra séu brostnar. Þá fer lítið fyrir hinni góðu trú og þeirri miklu bjartsýni sem hæstv. ráðherra vill halda á lofti.

Herra forseti. Ég spurði einfaldlega þessarar spurningar en hef ekki fengið svar við henni: Lofaði hæstv. landbrh. því í Suðurlandskjördæmi fyrir síðustu kosningar þegar hann hafði uppi fyrirheit um að fasteignaskattur yrði lækkaður um 1,1 milljarð yfir landið allt, að á sama degi yrði útsvarið hækkað jafnmikið? Lofaði hann því sérstaklega?

Ég vil að lyktum spyrja hæstv. ráðherra út af vatninu og bændunum. Ég vil hreint vatn handa bændum. (Forseti hringir.) Gafst hann upp á verkinu? Þurfti hann koma því yfir á félmrh.?

[16:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað vatnið varðar þá í sjálfu sér finnst mér þetta vera jafnræðismál og sveitarstjórnarmál hvort sem fólkið býr í dreifbýli eða þéttbýli. Í mörgum sveitarfélögum eru þéttbýliskjarnar. Þar hefur verið styrkt. Dreifbýlið hefur setið við annað borð sem væri jafnvel hægt að kæra út frá jafnréttislögum. Hér er ekki verið að tala um stórar upphæðir til styrktar ef ég veit rétt, um það bil 25 millj. á ári þannig að þetta er í góðri höfn.

Enn er mitt góða hjarta til staðar sem Samfylkingin fann einhvern tíma nafnið á og kallaði gullhjarta. Ég finn til með þeim sem eiga erfitt og enginn skal gera lítið úr því. Ég er klár á því að lækkaður fasteignaskattur til þeirra sem hafa litlar tekjur er mikil kjarabót. Hafi þeir lág laun og litlar tekjur þá hækka ekki skattar á þessu fólki.

Ég bið menn því að snúa ekki út úr umræðunni heldur að skynja að þar er verið að koma á móts við bæði landsbyggðina og lægra launað fólk.

[17:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að endurtaka það. Við þurfum ekki að deila um það hér hækka hreint og beint skattar á almenning á höfuðborgarsvæðinu. Úti á landi er málinu þannig fyrir komið að fasteignaskattur lækkar en útsvarið hækkar sama daginn. Í sumum tilfellum er það þannig að um einbera skattahækkun er að ræða þegar fólk á engar eignir og þarf ekki að borga fasteignaskatta. Í öðrum tilfellum stendur fólk jafnt á eftir.

Loforðið um fasteignaskattslækkun sem viðnám í byggðamálum hefur að engu orðið í meðförum ríkisstjórnarinnar. Það er kjarni málsins og menn geta borið sig mannalega og

brosað til hægri og vinstri, einkanlega þó hægri í seinni tíð, en svona er þetta bara, herra forseti.

Enn og aftur, ég get ekkert að því gert, þennan kross verður hæstv. landbrh. að bera.

[17:02]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sýndi mér þann heiður að nefna nafn mitt í ræðu sinni og spurði með miklum bægslagangi hvort ég ætlaði að samþykkja þetta frv. Mér finnst sjálfsagt að svara því hér og nú að ég ætla að sjálfsögðu að samþykkja þetta frv. sem ég tel vera til mikilla bóta, ekki síst fyrir fólkið á landsbyggðinni sem fær núna lækkaða fasteignaskatta sína um á annan milljarð króna. Landsbyggðin hefur barist árum saman fyrir því að menn þurfi ekki að borga sama fasteignaskatt af verðlitlu 100 fermetra húsi á Raufarhöfn og sambærilegu húsi í Reykjavík sem er kannski tvisvar, þrisvar sinnum dýrara á fasteignamarkaðnum. Þetta er réttlætismál sem ég tel til mikilla bóta.

En fyrst ég er kominn hingað þá hlýt ég að lýsa ákveðnum áhyggjum yfir málflutningi Samfylkingarinnar í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Samfylkingin talar í hring í hverju málinu á fætur öðru. Hér kemur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson bæði í 1. og 2. umr. um málið og hundskammar ríkisstjórnina fyrir skattahækkanir vegna þess að hér er heimild til sveitarstjórnanna að hækka útsvar um einhver brot úr prósenti sem er svo þeirra mál hvort þau nota eða ekki. Á sama tíma er formaður Samfylkingarinnar og fleiri forustumenn hennar, mánuð eftir mánuð, alveg stanslaust frá því fyrir kosningar í fyrra, að skamma ríkisstjórnina fyrir skattalækkanir vegna þess að hún lækkaði tekjuskattinn um 4 prósentustig. Það er einhver mesta skattalækkun Íslandssögunnar og á náttúrlega stærstan þátt í því að kaupmáttur hefur aukist meira á Íslandi á undanförnum árun en í nokkru öðru landi. Sem sagt móti skattahækkunum, með skattahækkunum, þetta er allt í hring. Samfylkingin talar í hring. Einn segir: Það á að hækka skatta. Annar segir: Það má ekki hækka skatta. Einn segir: Það á að hækka framlögin til sveitarfélaganna. Annar segir: Það þarf að lækka útgjöld ríkisins, þau eru alveg komin úr böndunum.

Þetta er ástæðan fyrir því, hæstv. forseti, að þjóðin treystir ekki Samfylkingunni eins og kemur fram í hverri einustu skoðanakönnum mánuð eftir mánuð þar sem blessuð Samfylkingin mælist stöðugt minni en vinstri grænir. Þó að ég hafi ekki miklar mætur á skoðunum vinstri grænna almennt þá tala þeir þó einum rómi, þeir segja það sama að morgni og að kvöldi. Það gerir Samfylkingin ekki.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einu má þó treysta hér að ríkisstjórnin ætlar að hækka skatta, um það þurfum við ekki að deila.

Hv. þm. hafði um það orð að það væri mjög merkilegt framtak af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að lækka fasteignaskatta. Það er að sönnu hárrétt. Við höfum tekið undir það. En við andmælum því hins vegar þegar Skagamenn fá sendan reikninginn og lækkaðan fasteignaskatt og í sama bréfi er tilkynning um að útsvarið hækki um sömu upphæð en þannig er að þessar upphæðir standast á. Þær eru báðar í kringum 1.200 millj. kr. eða þar um bil. Að vísu er útsvarshækkunin ívið meiri en lækkun fasteignaskatts.

Auðvitað veit hv. þm. miklu betur en hann vill vera láta þegar hann ræðir um málflutning Samfylkingarinnar. Það fer honum ekki vel að vera með svona ódýra útúrsnúninga því að hann er yfirleitt mjög málefnalegur og beinskeyttur í ræðustól. Það er alveg hárrétt að formaður Samfylkingarinnar lét þess getið mitt í miðju góðærinu fyrir einu og hálfu ári, ætli það hafi ekki verið fyrir 18 eða 24 mánuðum, að hugsanlegt væri að skoða þann valkost til að draga úr þenslu og draga úr neyslu, viðskiptahalla, að breyta skattstiginu. Nú er hins vegar málum þannig komið, herra forseti, að í millitíðinni hafa verið gerðir kjarasamningar þar sem þetta skattastig hefur verið fest — og einnig hitt sem ég rakti mjög ítarlega í ræðu minni, hafi hv. þm. lagt við hlustir — að við erum því miður að fara niður úr þessu góðærisstigi og við erum að stefna í talsverða erfiðleika. Ég vona svo sannarlega að af því verði ekki en það dregur saman, bæði hefur dregið úr hagvextinum, krónan er í þeim erfiðleikum sem þarf ekki að tala um og því miður er það þannig að fólk á erfiðara en áður með að borga skuldirnar sem það setti sig í í miðju góðærinu. Það segja bankastofnanir okkur, vanskil aukast og við þessar aðstæður er fullkomlega galið efnahagslega að hækka skatta á almennt launafólk í landinu. Ég held að hv. þm. sé mér sammála um það þegar hann hugsar málið í botn.

[17:06]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hóf svar sitt á því að ríkisstjórnin ætlaði að hækka skatta. Það er einfaldlega ekki rétt. Það er heimild í þessu frv. fyrir sveitarfélögin að breyta útsvari sínu og það er algjörlega ákvörðun þeirra hvort þau gera það eða ekki.

Hv. þm. sagði líka að það ætti að andmæla hækkun útsvars á Skagamenn. Menn á Skaganum voru afskaplega ánægðir með þessa miklu tekjuskattslækkun, 4% tekjuskattslækkun sem var framkvæmd fyrir tveim, þrem árum, og þeir skilja ekki þegar Samfylkingin er að koma og skamma okkur fyrir þessa lækkun. Á hverjum fundinum á fætur öðrum sem ég sit á Akranesi spyrja menn: Af hverju í ósköpunum er Samfylkingin alltaf að skamma ykkur fyrir þessa lækkun? Af hverju er Samfylkingin að skamma ykkur fyrir að lækka skattana og auka kaupmáttinn hjá okkur? Fólk skilur þetta ekki.

Að formaður Samfylkingarinnar hafi sagt þetta fyrir einu og hálfu ári, það er auðvitað rétt, hann sagði það þá en hann sagði það líka í síðustu viku. Ég heyrði hann síðast í sjónvarpinu í síðustu viku vera að skamma ríkisstjórnina fyrir að hafa lækkað skatta. Á sama tíma og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er að skamma ríkisstjórnina fyrir skattahækkanir er formaður Samfylkingarinnar að skamma hana fyrir skattalækkanir.

Af því að hv. þm. talaði í ræðu sinni hér áðan um að skamma Albaníu og meina Kína þá held ég að það sé nú eitthvað svoleiðis á ferðinni þarna og þetta lýsi einhverri ákveðinni valdabaráttu í Samfylkingunni.

[17:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þykir mér hv. þm. orðnir djúpir.

Herra forseti. Af því að ég kallaði hv. þm. inn til þessarar umræðu í ljósi þess að mig rak minni til þess að hann hefði verið farsæll bæjarfulltrúi á Akranesi þykir mér ástæða til þess að halda því til haga því hann orðaði það sem svo að sveitarstjórnarmönnum væri algjörlega í sjálfsvald sett hvort þeir nýttu þessar auknu heimildir. Sýnist hv. þm. að

sveitarstjórnarmenn hafi mikið val, hringinn í kringum landið þegar tölfræðileg gögn hafa verið skoðuð um þau efni? Mér sýnist því miður að langsamlega flest sveitarfélög hafi nákvæmlega ekkert val, og ætli þau að sýna nokkra minnstu ábyrgð í að renna ekki þráðbeint í gjaldþrot ber þeim að nýta þessar heimildir.

Auðvitað liggur hin pólitíska ábyrgð algjörlega á réttum stað hjá hv. þm. sjálfum og þingmeirihlutanum á hinu háa Alþingi. Þeirra er þessi skattahækkun.

[17:09]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga þar sem sveitarfélögunum er heimilt að hækka útsvarsálagninguna ef þau kjósa svo. En það hefur komið í ljós og við höfum heyrt það í fréttum að ekki ætla öll sveitarfélög að nýta sér hækkunina og vil ég þá nefna Garðabæ sem er stjórnað af sjálfstæðismönnum. Það hefur verið tilkynnt þaðan.

Auknar kröfur gerðar til sveitarfélaganna um þjónustu við íbúana, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Sveitarfélögin, sérstaklega í dreifbýlinu, eru knúin til að þjónusta íbúa sína afar vel til þess að halda í þá þannig að þeir flykkist ekki allir hingað suður.

Hvað varðar það sem hv. þm. var að ræða um yfirtöku grunnskólans þá kemur í ljós eftir úttekt KPMG endurskoðunar hf. að á tímabilinu 1996–1999 er lítill munur á tekjum og útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla. Við verðum að muna að sveitarfélögin gerðu samning við kennara 1997 sem þau brutu nánast um leið. Ég tók þátt í því sem sveitarstjórnarmaður að gera aðra samninga við kennara, algjörlega meðvituð um að þetta yrðu meiri álögur á sveitarfélagið. Þetta var pólitísk ákvörðun um að gera kennarana ánægðari í skólanum og veita börnunum betri þjónustu. En þetta var algjörlega ákvörðun sveitarstjórnarmanna að fara út fyrir þann ramma sem var gefinn upp í samningunum sem voru gerðir 1997.

[17:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki sagt annað en að mér er orða vant að heyra sveitarstjórnarmann í starfi tala í þá veru sem hv. þm. gerði hér áðan. Það getur vel verið að það henti henni að gera það hér nú en ég neita að trúa því að hv. þm. Drífa Hjartardóttir tali í þessa veru heima í héraði eða þegar hún talar við kollega sína, sveitarstjórnarmenn, (Gripið fram í.) að geta haldið því fram að sveitarfélögin hringinn í kringum landið — það eru auðvitað undantekningar á því sem betur fer — hafi mikið svigrúm eða ráðrúm til þess að velta því mjög lengi fyrir sér hvort þau þurfi að nýta þessa útsvarshækkun eða ekki. Því miður eru þau bara örfá. Það hefur komið fram ekki eingöngu í umsögnum við umfjöllun þessa máls heldur líka í fjölmiðlum og þar hafa margir sjálfstæðismenn, flokksbræður og flokkssystur hv. þm., ekki dregið af sér.

Þetta er mér algjörlega nýtt að heyra þennan tón frá sveitarstjórnarmönnum en hann er greinilega til staðar. Hann er greinilega til staðar í huga hv. þm. og bæjarstjórnarmanns eða hreppsnefndarfulltrúa, Drífu Hjartardóttur.

Ég er líka þeirrar skoðunar og það kemur mér líka jafnmikið á óvart að hv. þm. telji allt með Guðs blessun varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga þegar kom að tilflutningi grunnskólans. Ég hitti sveitarstjórnarmenn í öllum flokkum sem hafa í raun allt aðra sögu að segja. Menn komast sennilega aldrei að niðurstöðu upp á krónu og aura hvernig þetta gengur. Það er margt sem er erfitt að meta.

Hin nýja námsgagnaskrá er t.d. eitt. Ég rak augun í það t.d. í fjárhagsáætlun meiri hluta bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði að þar á að setja nýjar 20 millj. kr. eingöngu til þess að mæta nýjum ábendingum í þeirri skrá. Það er svona dæmi um þetta. En, Guð minn almáttugur, herra forseti, það er einfaldlega þannig að sveitarfélögin geta ekki meira. Þau verða að fá þessa peninga og það er vont að níðast á liggjandi manni.

[17:13]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neita að hlusta á það að sveitarfélögin séu eins og liggjandi maður. Víðast hvar standa sveitarfélögin mjög vel og sinna hlutverki sínu af mikilli kostgæfni. Ég held að það sé mjög rangt í allri þessari umræðu að tala um að sveitarfélögin séu á heljarþröm því að þau veita góða þjónustu. Hvað á fólkið úti á landi að gera þegar það hlustar á svona bölmóðsræður? Leggjast undir feld?

Það ríkir bjartsýni hjá fólki víðast hvar á landinu. Flestallir hafa það bara ljómandi gott. Ég sé ekki annað en að sveitarfélögin geti nýtt sér þessar heimildir, það var það sem ég sagði áðan, og það er í þeirra valdi að gera það en ekki Alþingis að setja hámark þar á. Þeir ráða hvort þeir nýta þessar tvær heimildir hvora á sínu árinu.

[17:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veit sá sem allt veit að skelfing þætti mér gaman og gott að geta tekið þátt í gleðilátum þeirra hv. þm. sem hafa rætt um þessa styrku stöðu sveitarfélaga í landinu. Ég sé það algjörlega í hendi mér að þeir blessuðu menn og konur, sem voru að vinna í þessari nefnd, hafa bara verið á röngu róli. Þetta er allt tóm vitleysa og þvæla sem hér er sagt sem sýnir fram á viðvarandi halla sveitarfélaganna meira og minna allan síðasta áratug, sýna fram á það að sveitarfélögin skulda 51 milljarð kr. og geta ekki borgað krónu.

Þetta er tóm vitleysa. Eigum við að vera hér í allsherjarfögnuði og gleði, lyfta glösum og skála og sýna gleðilæti? Herra forseti, þannig er veruleikinn ekki þó að ég vildi gjarnan sjá hann þannig. Við eigum auðvitað tök á því að styrkja sveitarfélögin þannig að sú stund renni upp fyrr en síðar að þau geti staðið við þjónustu sína og borgað skuldir og framkvæmt fyrir eigið fé. Þannig er það því miður ekki í dag, herra forseti. Það er ekki hægt að skamma mig fyrir það. Svona er þetta bara.

[17:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur farið mikinn út af málefnum um tekjustofna sveitarfélaga og er náttúrlega að reyna að æsa upp til umræðu um að verið sé að fara illa með sveitarfélögin, sem er fráleitt. Verið er að gera það sem sveitarfélögin hafa beðið um. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að fara illa með sveitarfélögin að neinu leyti.

Það er rétt sem komið hefur fram hjá minni hlutanum að sveitarfélögin standa mörg hver illa og hafa ástæðu til að kvarta þess vegna. Þau hafa og fulltrúi sveitarstjórnarmanna í tekjustofnanefnd hefur lýst því yfir að hann harmi það fyrst og fremst, eða eins og kemur fram í áliti þeirra í fskj. með frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Harmað er að fulltrúar ríkisvaldsins í nefndinni hafa ekki fallist á að koma nægjanlega til móts við tillögur okkar um að rétta hlut sveitarfélaganna til samræmis við það sem á þau hefur hallað á undanförnum árum þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning og kröfur okkar þar að lútandi.“

Sveitarfélögin hafa ekki gert athugasemdir við að útsvarshækkun sé gerð án þess að á móti komi lækkun á tekjusköttum ríkisins. Það kemur a.m.k. ekki fram í þeim fylgiskjölum sem fylgja með nefndaráliti tekjustofnanefndar. Mér finnst það vera aðalatriðið, og er í sjálfu sér í algerri mótsögn við þann málflutning sem komið hefur fram hjá hv. minnihlutaþingmönnum.

Störf tekjustofnanefndar leiddu að sjálfsögðu í ljós að það er margt sem bjátar á og mjög eðlilegt að reynt sé að koma á samráðsgrundvelli milli sveitarfélaganna og ríkisins og það samráð mundi ég segja að væri eitt af því sem ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga ættu að koma á laggirnar sem allra fyrst. Slíkt samráð er haft á ýmsum öðrum sviðum og er gert ráð fyrir að það leiði einfaldlega til skilvirkari vinnubragða.

Sveitarfélögin hafa á undanförnum árum eins og við vitum lagt út í mikinn kostnað og mikla aukna þjónustu til að þjóna umbjóðendum sínum betur. Það hefur gerst í tengslum við yfirtöku grunnskólans, vegna sameiningar sveitarfélaga og þar með að almenningssamgöngukerfið hefur víkkað mjög út og aukið kostnað sveitarfélaga. Æskulýðs- og íþróttamál sveitarfélaga hafa aukist mjög á undanförnum árum. Umhverfismál hafa verið vaxandi. Frárennslismál hafa verið mjög vaxandi þáttur og svo mætti lengi telja, herra forseti. Útgjöld sveitarfélaga og áhugi þeirra á að standa sig er mjög mikill. Að því leyti til hafa sveitarfélögin hugsanlega sum hver eytt um efni fram og leitt til þess að þau eru verr stödd nú en ástæða væri til annars.

Annað kemur upp hjá mörgum sveitarfélögum sem einnig er áhyggjuefni og er reynt að taka á því í fjárlögunum en það er sú staða sveitarfélaga að veruleg fækkun er víðast hvar úti á landi en fólksfækkun er eitthvert alvarlegasta og mest niðurdrepandi ástand sem sveitarstjórnarmenn standa frammi fyrir. Þá er oft gripið til þess að reyna að auka þjónustu eða koma upp atvinnutækifærum eða mæta því með einhverjum ráðstöfunum til að fólk verði ánægðara en því miður reynist það ekki nægjanlegt. Fólksstraumurinn af landsbyggðinni virðist ekki ætla að stöðvast þrátt fyrir mjög hetjulega baráttu landsbyggðarfólks til að halda fólkinu heima.

Spurningin er auðvitað alltaf sú hvernig því verður mætt enn frekar en gert hefur verið. Ég lít svo á að ekki sé hægt að gera það öðruvísi en með enn meiri þjónustu og það gerist ekki nema með stærri sveitarfélögum. Víða er mjög erfitt um vik með sameiningu og ekki alltaf að það takist að gera það sem þarf þó svo sameining hafi orðið að veruleika. Ég held samt sem áður að til þess að sveitarfélögin nái til sín auknum verkefnum verði þau að sameinast hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þar hafa þó verið ýmis vandamál uppi sem við þekkjum sem höfum starfað lengi að sveitarstjórnarmálum, að þegar upp kemur umræða um sameiningu koma jafnframt upp reglur sem sveitarfélög þurfa að starfa eftir í kringum Jöfnunarsjóð og þær hafa jafnvel komið í veg fyrir að sveitarfélög geti yfirleitt sameinast vegna þess að þau tapa það miklum tekjum af sameiningunni að ekki kemur til álita að reyna það. Það er því margt sem þarf að skoða þegar slík mál eru til umræðu.

Herra forseti. Ýmislegt hefur verið skoðað sérstaklega í sambandi við tekjustofnatillöguna. Meðal annars hefur verið skoðað hver kostnaður sveitarfélaganna hafi verið af yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna og hvort sú yfirfærsla hafi komið misjafnlega niður á sveitarfélögunum. Ég fékk nokkrar tölur úr skýrslu sem gerð var af Deloitte & Touche og kynnt hefur verið. Þar kemur fram að aukinn kostnaður vegna yfirfærslunnar er mjög mismunandi. Ef tekin eru nokkur dæmi er yfirfærslukostnaður 23,5% hjá Akureyrarbæ, 17,47% á Hornafirði, 17,23% á Siglufirði, 7,3% í Kópavogi og 3,08% í Reykjavík. Þessar tölur koma fram í skýrslu sem Ólafur Darri Andrason hefur gert og kynntar voru hjá félmn. af fulltrúum Kópavogsbæjar. Þetta segir einfaldlega að staða sveitarfélaganna er misjöfn, eins og ég hef komið inn á, og ástæður þeirra til að nýta sér útsvarshækkunarheimildina eru líka mjög misjafnlega knýjandi. Ég held því að full rök séu fyrir því, eins og kemur fram hjá tekjustofnanefnd, að ekki sé endilega hægt að gera ráð fyrir að öll sveitarfélög nýti sér þá möguleika sem frv. býður upp á heldur verði að treysta sveitarstjórnarmönnum til að leggja skatta á sveitarfélögin þannig að það dugi fyrir útgjöldum og ekki meira en það og að ekki sé farið út í aukna þjónustu eða kostnað vegna þessara auknu tekjumöguleika.

Það er svo aftur á móti annað að ef kemur til frekari yfirfærslu á verkefnum til sveitarfélaganna frá ríkinu, þá tek ég undir með fulltrúum sveitarstjórnanna í tekjustofnanefndinni að nauðsynlegt er að kostnaðargreining á yfirfærslunni fylgi með þegar hún færi fram. Það eru mörg verkefni sem menn velta fyrir sér að færa yfir til sveitarfélaganna um þessar mundir. Þar er fyrst að nefna málefni fatlaðra. Sveitarfélögin eru afskaplega vör um sig um þessar mundir og telja að ekki sé hægt að treysta þeim kostnaðarskoðunum sem lagðar hafa verið fram vegna þeirrar yfirtöku. Það mál gæti því orðið erfitt í vinnslu í hv. félmn. Ég held þó að sveitarfélögin eigi ekki að heykjast á því að yfirtaka þennan málaflokk, enda margbúið að lýsa því yfir af öllum aðilum að vilji sé fyrir því að taka þetta yfir og vilji frá forsvarsmönnum samtaka fatlaðra í sömu veru. Styrking sveitarfélaganna hlýtur að koma smám saman með auknum verkefnum. Annars verður einfaldlega status quo.

Fram hafa komið hugmyndir um að sveitarfélögin eigi að yfirtaka tónlistarskólana eftir 5. stig. Mér fyndist það einnig verulega athugandi.

Önnur mál hafa verið til umræðu við yfirtöku sveitarfélaga eins og heilsugæsla. Ég hef aldrei verið hrifinn af því að sveitarfélögin yfirtaki heilsugæsluna. Sveitarfélögin reyndu það í eina tíð og voru í samstarfi við ríkið um rekstur heilsugæslustöðva. Það kom einfaldlega þannig út að þær heilsugæslustöðvar sem voru reknar með sjúkrahúsum, allur sá kostnaður fór yfir á sjúkrahúsin en þar sem sveitarfélögin voru sjálf með heilsugæsluna en ekki neina tengingu við sjúkrahús, þar þurftu sveitarfélögin ein að bera kostnaðinn. Þannig fór það. Þess vegna var ákveðið af sveitarfélögunum á sínum tíma að sá kostnaður yrði alfarið hjá ríkinu, þ.e. samkomulag varð um það.

Sveitarfélögin hafa á mörgum undanförnum árum lagt sjálf til ýmsar breytingar sem ég álít að hafi raskað stöðu þeirra. Ég minnist þess þegar ákveðið var að leggja niður aðstöðugjaldið, ég held mér sé óhætt að segja að áeggjan forustumanna sveitarfélaganna, að þá skapaðist heilmikið upplausnarástand þar sem aðstöðugjaldið hafði verið verulegur þáttur í tekjuöflun sveitarfélaga t.d. á Suðurnesjum og jafnvel í Reykjavík. Í heild sinni hafa menn litið svo á að sú

breyting að hækka útsvarsstofninn á móti aðstöðugjaldinu hafi jafnast betur yfir sveitarstjórnarstigið almennt, en ég held samt sem áður að það hafi ekki verið nægjanlega horft til þess hversu alvarleg staða gæti orðið hjá sveitarfélögum sem hafa og höfðu haft verulegar tekjur af því gjaldi. Ég get því að mörgu leyti skilið sveitarfélögin að vilja fara varlega vegna þess að reynsla okkar af slíkum yfirfærslum, svona miklum breytingum hefur verið slæm.

Það voru einnig sveitarstjórnirnar sem fóru fram á það á sínum tíma að fasteignagjöldin á landsbyggðinni yrðu samræmd við þann álagningargrunn sem væri í Reykjavík. Sveitarstjórnirnar vildu árið 1990 fá sömu álagningu af sama fasteignamati sem varð til þess að fasteignagjöld út um land hækkuðu mjög verulega. Síðan hefur komið í ljós að þarna var kannski ekki alveg rétt af stað farið og nú vilja sveitarfélögin að sú breyting verði tekin til baka og eingöngu miðað við fasteignamatið eins og það er á hverjum stað, og í frv. er verið að leitast við það.

Herra forseti. Ég held að þegar á heildina er litið sé hér reynt að fara eins nærri vandanum og kostur er. Bæði er gert ráð fyrir að ríkið gefi eftir af tekjum sínum á móti minnkandi tekjum sveitarfélaga út af fasteignaskatti og einnig er gert ráð fyrir að útsvari verði að hluta til mætt með tekjuskattslækkun en jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar sjálfar taki ákvörðun um sín innri mál. Það er ósköp eðlilegt og eitthvað sem sveitarstjórnarmenn að sjálfsögðu fagna. Þess vegna kom ræða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar mér verulega á óvart þar sem hann var endalaust að klifa á því að sveitarstjórnarmenn hafi ekki viljað þetta eða hitt. Ég hef ekki heyrt annað en að þeir hafi viljað gæta sinna eigin hagsmuna og reynt að leysa mál sín innan ramma laganna.

Eins og ég sagði í upphafi kemur glöggt fram í bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í tekjustofnanefnd að þeir eru ekki að gagnrýna það að sveitarfélögin eigi sjálf að taka ákvörðun um útsvarshækkun. Það er ekki minnst á það, frekar er talað um að ekki sé gengið nógu langt.

Ég varð var við það í félmn. að einstaka sveitarstjórnir töldu að útsvarshækkunin ætti ekki að taka á kostnaði vegna yfirtöku grunnskólans heldur væri eftir að gera ráð fyrir því á síðari stigum og þessi nefnd eða einhver önnur nefnd ætti alveg eftir að reikna út hvað sveitarfélögin þyrftu mikla aukningu á tekjum þess vegna. Fulltrúar Reykjavíkurborgar voru m.a. með þessa fullyrðingu. Þetta er misskilningur af hálfu fulltrúa sveitarfélaganna sem halda þessu fram vegna þess að það kemur skýrt fram í frv. þar sem helstu niðurstöður eru dregnar fram að þar er talað um þróun á fjármálum sveitarfélaganna frá árunum 1990–1999. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frá 1990 til 1999 hafa bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69% meðan rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsgjöldum hafa aukist um 97,4%."

Svona er haldið áfram að miða við skatttekjur og útgjöld miðað við árin 1990–1999. Öll sú fjárfesting og allur sá rekstur sem hefur skapast vegna yfirfærslu grunnskólans er því inni í reikningum sveitarfélaganna fyrir þessi ár en grunnskólinn er færður yfir til sveitarfélaganna 1996 eins og menn muna. Þetta er því misskilningur hjá sveitarstjórnunum en kannski má til sanns vegar færa að sumir gætu bent á það að þau ættu að fá meira vegna þess að þau hafi lagt meira inn í grunnskólann en þau gerðu ráð fyrir. Eins og ég var að lesa upp áðan virðist aukin tekjuþörf sveitarfélaganna vegna yfirfærslunnar vera mjög mismunandi og ekki nema 3% í Reykjavík og því síst ástæða fyrir þá að ætlast til aukinnar skattheimtu vegna yfirfærslu grunnskólans.

Ég hef aðeins heyrt það hjá sveitarstjórnarmönnum og þá fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu að þeir telji eðlilegt að sveitarstjórnir fái sérstaka fyrirgreiðslu vegna þess að hér sé svo mikil fólksfjölgun, það sé dýrt að taka við nýju fólki. Sú röksemdafærsla hefur komið mér mjög á óvart sem fyrrverandi sveitarstjórnarmanni því að ég veit ekki betur en sveitarstjórnarmenn hafi lagt gríðarlega áherslu á að fá til sín fleira fólk, að vera tilbúnir með lóðir, að auglýsa aðstöðu og bæta aðstöðu með ýmsu móti til að fá fólk til sín. Einhvers staðar frá verður þetta fólk að koma. Eiginlega getur ekki farið saman annars vegar að berjast við að fjölga fólki í sveitarfélaginu sínu en á sama tíma að kvarta yfir því að það kosti peninga. Auðvitað koma þeir peningar inn síðar sem kostar að byggja fleiri skóla, leikskóla og annað slíkt, en mér finnst röksemdafærslan fyrir því að auka þurfi tekjur vegna þessa ekki boðleg.

Herra forseti. Eflaust er ekki ástæða til að teygja lopann mjög lengi yfir þessu máli umfram þetta en ég held samt að við verðum á hinu háa Alþingi og þá í sambandi við væntanlegar breytingar á reglum jöfnunarsjóðs og hugsanlega um það hvernig við viljum sjá sveitarfélög í framtíðinni að velta því fyrir okkur hvernig hægt sé að styrkja sveitarstjórnarstigið þannig að við sjáum að öll sú þjónusta sem menn eru að tala um að hægt verði að bjóða upp á rúmist yfirleitt og hægt sé að bjóða hana á þessum stöðum. Það þarf ákveðna lágmarksstærð sveitarfélaga að mínu mati. Aldrei hefur verið hægt að ná samstöðu um að það ætti að vera eitthvert lágmark eftir að menn náðu því langþráða marki á sínum tíma að ekki mættu vera færri en 50 en auðvitað er það allt of lágt.

Einu sinni var talað um að það þyrftu að vera a.m.k. 300–400 manns í hverju sveitarfélagi. Ég held að óhætt sé að segja að ekki mættu vera færri en 1.000–1.500 manns í hverju sveitarfélagi þannig að það geti talist vera fært um að veita þá grunnþjónustu sem er nauðsynlegt að veita. Það hefur samt sem áður þvælst dálítið fyrir sveitarfélögunum í sameiningarumræðunni að þegar síðast var sameinast undir stjórn hv. þingkonu Jóhönnu Sigurðardóttur var farið af stað með miklu offorsi í sameininguna og miklu lofað sem stóðst svo ekki á neinn hátt. Sveitarstjórnir fóru af stað með sameiningu og stóðu uppi með sárt ennið. (Gripið fram í.) Sveitarfélögin sátu eftir með sárt ennið, já. Það er talað um að sitja eftir með sárt ennið, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Ef hv. þm. man ekki þetta máltæki þá ráðlegg ég henni að fletta því upp.

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. eru orðnir hálfvankaðir í þessari umræðu en eins og ég sagði áðan fóru sveitarfélögin mörg hver af stað í þeirri trú að ríkisvaldið mundi hjálpa við skuldir þeirra og koma rausnarlega inn í sameininguna — ég held að óhætt sé að taka Vesturbyggð inn í það dæmi, sveitarfélög eins og á Snæfellsnesi, á Vestfjörðum — og að sveitarfélögin mundu standa mjög vel á eftir eða mun betur en þau gerðu fyrir sameininguna. Staðreyndin er sú að sveitarfélögin eru að berjast í bökkum við skuldir og hafa gert alveg frá fyrsta degi, því miður, og því sem var þá lofað af hæstv. ráðherra stóðst sáralítið. Ég var sjálfur bæjarstjóri á þessum tíma og benti á þann mikla ágalla sem var á reglum jöfnunarsjóðs. Sveitarfélög töpuðu stórfé á sameiningunni, eins og á Suðurnesjum en fóru samt út í þetta vegna þess að þau sáu náttúrlega kostinn við það að öðru leyti, það var ekki

reynt að mæta því. Ég álít að þetta sé ein ástæðan fyrir því að sveitarfélögin hafi ekki þorað að fara af stað aftur. Þessar reglur þarf að endurskoða enn frekar en gert hefur verið.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta duga að sinni og mæli með því að frv. verði samþykkt.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þeim orðum sem féllu í lokin hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni, þá var upplýst, a.m.k. á fundi vestur á Ísafirði nýlega þar sem rætt var um fjármál sveitarfélaga í tengslum við sölu orkubúsins, að það var ekki aðeins sveitarfélagið Vesturbyggð sem taldi sig hafa farið mjög halloka í því sameiningarferli sem þeir fóru í á sínum tíma heldur einnig sveitarfélagið Ísafjarðarbær sem er nú ekki svo langt síðan að sameinaðist. Ef ég man þá tölu rétt þá held ég að bæjarstjórinn á Ísafirði hafi sagt að hann teldi að það væru á milli 350–400 millj. kr. sem það sveitarfélag telur að vanti upp á svo að staðið hefði verið við það sem þeir töldu að ætti að fylgja sameiningunni.

Ég held að það sé líka alveg rétt sem þingmaðurinn sagði að í Vesturbyggð töldu menn sig fara halloka úr úr sameiningunni sem þar varð fyrr. Ég veit ekki hvort hægt er að tengja þetta við einn ráðherra eða eina aðgerð. Þetta virðist vera gegnumgangandi og þetta eru ákveðin fælingaráhrif, eins og þingmaðurinn kom inn á varðandi það að sveitarstjórnir og sveitarfélög þori að fara í sameiningu.

[17:40]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið undir að ekki sé hægt að hengja það endilega á einn hæstv. fyrrv. ráðherra, en sú mikla sameiningarbylgja sem þá var uppi var þó rekin af stað af því ráðuneyti á þeim tíma, um 1993. Það var gert með miklum látum og mikið var lagt undir af hálfu ráðuneytisins til að fá þetta almennilega af stað. Út af fyrir sig voru menn alveg sammála því að reyna sameiningar en það eru bara þessar eftirsleikjur, að menn standi síðan við það sem um er talað.

Auðvitað hafa sveitarfélög sameinast á síðustu sex árum og þau sveitarfélög vissu nákvæmlega eða betur að hverju þau gengu eftir að hafa kynnst reynslu annarra sveitarfélaga í þessu ferli. Það kom fram að með sameiningu annarra eða væntanlegri sameiningu annarra sveitarfélaga eins og á Eyjafjarðarsvæðinu gæti það kostað sveitarfélögin á milli 90–100 millj. í tekjum ef þau mundu sameinast eftir þeim reglum sem nú eru í gildi. Þetta er skýrsla sem hefur verið gerð af aðilum á Eyjafjarðarsvæðinu sjálfu og ég hef undir höndum og gæti sýnt — og það skiptir verulegu máli. Það er einmitt ástæðan fyrir því að verið er að breyta reglunum þannig að t.d. þessi sveitarfélagahópur sjái sig ekki tapa stórkostlegum tekjum úr jöfnunarsjóði með því einu að sameinast.

[17:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við að hlýða á ummæli stjórnarsinna við þessa umræðu hefur mér fundist að þeim líði hálfilla við þá niðurstöðu sem þeir standa fyrir, þ.e. að standa fyrir almennri skattahækkun á íbúa landsins. Þeir eru í hálfgerðum kattarþvotti að reyna að þvo sig frá þeirri niðurstöðu og flýja ávallt í það skjól að það sé komið undir hverju sveitarfélagi hvort útsvarið verður hækkað eða ekki. En þetta er bara, herra forseti, að setja málið í einfaldan búning og vil ég koma að því í máli mínu.

Mér fannst málflutningur síðasta ræðumanns hálfsérkennilegur. Það er eins og hann muni ekki eftir því að Sjálfstfl. hefur verið alllengi í ríkisstjórn og kom að ríkisstjórnarborðinu og hefur setið þar samfleytt frá því ári þegar byrjaði að halla undan fæti fyrir sveitarfélögunum 1991. Sú sem hér stendur hafði þá verið ráðherra sveitarstjórnarmála í fjögur ár og á árinu 1991 — og ég man ekki betur en það hafi komið fram í skýrslu tekjustofnanefndar — var hreint borð milli ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin höfðu þá ekki yfir neinu að klaga í fjárhagslegum samskiptum eins og þau lágu þá fyrir milli ríkis og sveitarfélaga. En þegar íhaldið sest við stjórnarborðið, það er frá þeim tíma sem menn eru að gera upp málin núna, er það með þeirri niðurstöðu að leggja almennar skattahækkanir á íbúa landsins. En ég ætla ekki að elta ólar við málflutning síðasta ræðumanns heldur snúa mér að þeirri hlið mála sem hefur kannski ekki mikið verið rædd en þarf þó að ræða líka við umræðu um þetta frv., þ.e hverjir muni svo borga brúsann þegar upp er staðið, á hverja er hengdur bagginn.

Mér finnst, herra forseti, að hæstv. starfandi félmrh. þurfi eiginlega að vera viðstaddur þá umræðu líka og fer þess hér með á leit að hann heiðri okkur með nærveru sinni vegna þess að ég þarf að leggja fyrir starfandi hæstv. félmrh. tvær til þrjár spurningar, en hann ber stóra ábyrgð á þeirri niðurstöðu sem við erum að ræða. En meðan verið er að koma því áleiðis til hæstv. félmrh. að nærveru hans sé óskað, þá vil ég fara yfir þá umsögn sem liggur fyrir frá borgarstjóranum í Reykjavík. Borgarráð Reykjavíkur fagnar því að viðurkenning ríkisins skuli hafa fengist á þeirri staðreynd að verulega hafi hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið á undanförnum árum og að tekjustofnar þeirra hafi ekki verið í samræmi við lögskyld og aðkallandi verkefni. Síðan segir að það hafi verið mat fulltrúa sveitarfélaganna í tekjustofnanefndinni að tekjuþörf sveitarfélaganna vegna aukinna verkefna og ákvarðana ríkisvaldsins í skattamálum væri 6–7 milljarðar á ári.

Borgarráð gerir alvarlegar athugasemdir við að samfara auknum heimildum sveitarfélaga til að hækka útsvar um 0,99% á næstu tveimur árum skuli ríkið ekki hafa áform um að lækka tekjuskattinn nema um 0,33% á næsta ári eða sem nemur 1.250 millj. kr. Tillögurnar munu því hafa í för með sér almenna skattahækkun sem mun bitna harðast á íbúum sveitarfélagsins. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta, sem við í Samfylkingunni tökum svo sannarlega undir :

„Það er óviðunandi að leiðréttingá óréttlátri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli með þessum hætti velt yfir á íbúa sveitarfélaga."

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór mjög rækilega yfir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og þann verkefnatilflutning sem átt hefur sér stað á umliðnum árum til sveitarfélaganna. Ég held að það séu orð að sönnu að mörg verkefni ættu að vera hjá sveitarfélögunum sem eru núna hjá ríkinu einfaldlega vegna þess að mörg sveitarfélögin hafa ekki burði til að taka við þeim verkefnum sem svo sannarlega ættu að vera á vettvangi þeirra, eins og hér hefur verið reifað, t.d. málefni aldraðra, málefni framhaldsskólanna, málefni fatlaðra o.s.frv. Það eru því mörg verkefni sem ættu að vera hjá sveitarfélögunum en eru hjá ríkinu vegna smæðar sveitarfélaganna. Ég er alveg viss um og það hefur reyndar komið fram að því verkefni sem nú stendur fyrir dyrum að flytja

til sveitarfélaganna, þ.e. málefni fatlaðra, hefur verið stefnt í mjög mikið uppnám núna með þeirri niðurstöðu sem við ræðum í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég man ekki betur en að Öryrkjabandalagið hafi sent frá sér ályktun um að það hafi áhyggjur af þeim verkefnaflutningi með tilliti til þess hvernig staðið hefur verið að því að yfirfæra fjármagn með eðlilegum hætti til sveitarfélaganna samfara auknum verkefnum.

Farið hefur verið rækilega yfir það hvar hefur hallað á í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og þær lagabreytingar hafa verið taldar upp sem hafa haft áhrif á hvar hallað hefur á sveitarfélögin í þessum samskiptum. Nefnd hafa verið ákvæði tekjuskattslaga um frádrátt vegna hlutabréfakaupa, skattfrelsi lífeyrisiðgjalda, breyting á lögum um tryggingagjald og upptaka fjármagnstekjuskatts. En það er ein hliðin á fjármagnstekjuskattinum sem ég vil taka sérstaklega upp og spyrja hæstv. félmrh. hvort hafi verið tekið inn í það uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga sem menn voru að sýsla við hjá nefndinni. Hún snýr að frestun á skattlagningu á söluhagnaði sem kom í lög 1996 hjá einstaklingum og 1998 hjá fyrirtækjum.

Ég hef í höndunum bréf frá ríkisskattstjóra sem er dagsett 21. nóvember á þessu ári þar sem sem ríkisskattstjóri reifar hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi orðið vegna frestunar á söluhagnaði á hlutabréfum. Ríkisskattstjóri er hér fyrst og fremst að tala um einstaklingana og þar koma fram nokkuð háar tölur, herra forseti.

Hér kemur fram að á árinu 1990 vegna söluhagnaðar 1998 hefði tekjuskattur til ríkisins hækkað um 1,5–2 milljarða og útsvar til sveitarfélaga um 0,7 milljarða eða 700 millj. kr. ef þessi frestunarheimild hefði ekki verið fyrir hendi og að á árinu 2000 vegna söluhagnaðar 1999 hefði tekjuskattur til ríkisins hækkað um 3,4–4,3 milljarða og útsvar til sveitarfélaga um 1,5 milljarða eða samtals 4,9–5,8 milljarða. Þetta þýðir, herra forseti, að vegna þeirrar frestunar sem Alþingi heimilaði 1996 og 1998 hafa ríki og sveitarfélög orðið af tekjum upp á allt að 8,5 milljarða, herra forseti, á þessum tveimur árum. Þar af hafa sveitarfélög orðið fyrir 2 milljarða kr. tekjutapi. Þetta er ekki svo lítil fjárhæð fyrir sveitarfélögin. Þetta er rúmlega helmingur þess sem á að fara að leggja á íbúana í aukinni útsvarsálagningu. Ég spyr því hæstv. starfandi félmrh.: Var tekið tillit til þeirra lagabreytinga sem ríkisvaldið stóð fyrir árið 1996 og 1998 þegar gengið var frá uppgjöri í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga? Við erum að tala um að sveitarfélögin hafi orðið af 2 milljörðum kr. á þessum tveimur árum. Er þetta inni í þeirri tölu sem menn eru alltaf að tala um, 6–7 milljarðar, eða stendur þetta út af?

Herra forseti. Athyglisvert er að þegar við erum að tala um í þessu dæmi nær 8,5 milljarða tekjutap ríkis og sveitarfélaga, þá eru þetta ekki nema 636 einstaklingar sem fengið hafa frestun á skattlagningu á söluhagnaði upp á 8,5 milljarða, herra forseti. Það er ekki svo lítið á hvern og einn þeirra og kemur vel á vondan, á starfandi hæstv. félmrh. að verja það að verið sé að fresta skattlagningu á söluhagnaði — á hverja? Á þá sem mest hafa fyrir í þjóðfélaginu? Ég er sannfærð um að þessir 636 einstaklingar sem hafa fengið frestun á söluhagnaði upp á 20 milljarða, sem þýðir tekjutap ríkis og sveitarfélaga upp á 8,5 milljarða, er liðið sem fyllir flokk kolkrabbans m.a. og þeirra sem mest hafa fyrir í þjóðfélaginu. (**Landbrh.:** Þetta er öðruvísi fólk.) Er þetta hvað, hæstv. ráðherra? (**Landbrh.:** Þetta er öðruvísi fólk.) Er þetta öðruvísi fólk? Það er best að hæstv. ráðherra, fyrst hann veit hvaða fólk þetta er, skýri það þá nánar í ræðustól. Ég man ekki betur en að hæstv. starfandi félmrh. hafi oft og iðulega staðið í þessum ræðustól og gagnrýnt hvernig verið var að mylja undir þá sem betur hafa það í þjóðfélaginu. En það er það sem hann hefur staðið fyrir í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég er ekki viss um að tekjustofnanefndin hafi áttað sig á þessu gífurlega tekjutapi sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir vegna frestunar á skattlagningu á söluhagnaði upp á allt að 8,5 milljarða á tveimur árum sem er frestun vegna 636 einstaklinga og þar af hafa sveitarfélögin orðið fyrir tekjutapi sem nemur 2 milljörðum kr. Vegna þess að ef það er rétt, herra forseti, að láðst hafi að taka þetta upp á borðið í uppgjörinu, þá finnst mér, herra forseti, satt að segja ansi mikið standa út af. (Gripið fram í.) Og kostnaður vegna EES, nokkrir milljarðar þar. Það stendur enn ansi mikið út af í þessu uppgjöri á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég spyr, herra forseti: Getur verið að sveitarfélögin í landinu hafi ekki áttað sig á hvaða afleiðingar lagabreytingin sem ríkisvaldið stóð fyrir 1996 og 1998 hafði á tekjur sveitarfélaganna? Mikilvægt er að fá þetta upplýst, herra forseti, áður en frv. sem við ræðum verður að lögum og vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það, og einnig í leiðinni spyrja hæstv. félmrh. hvort hann sé sammála því frv. sem snýr að frestun á skattlagningu á söluhagnaði á lögaðila og fjmrh. er með í þingsölum, hvort ráðherra sé sammála því að heimila lögaðilum áfram að búa við frestun á skattlagningu á söluhagnaði vegna þess að eins og hæstv. félmrh. væntanlega veit er ríkisstjórnin eingöngu að beita sér fyrir því að afnema þessa frestun að því er varðar einstaklinga.

Einnig er rétt að spyrja hæstv. starfandi félmrh. af því að Framsfl. hafði fyrirvara á því að lækka skatta úr 38% eins og það er núna niður í 10% á þá sem hafa söluhagnað yfir 3,2 millj. hjá einstaklingum og 6,4 millj. hjá hjónum. Er hæstv. starfandi félmrh. virkilega sammála því að lækka skatta á þá aðila sem mest hafa fyrir í þjóðfélaginu úr 38% í 10%, en standa að því á sama tíma að hækka skatta á íbúa landsins með þeirri aðgerð sem hér er verið að gera? Vegna þess að ríkisstjórnin stendur að því núna að hækka almenna skatta í landinu af því að ríkisstjórnin neitar að draga úr sínum hlut í staðgreiðslunni, með hvaða afleiðingum, herra forseti? Með þeim afleiðingum sem fram hafa komið á þessum degi að kjarasamningarnir eru í uppnámi. Það hefur verið sett fram af hálfu ASÍ að margra mánaða laun fólks með litlar tekjur eru étin upp í þeirri skattahækkun og á sama tíma stendur ríkisvaldið að því með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar að lækka skatta úr 38% í 10% á einstaklinga sem eru með söluhagnað — söluhagnað, herra forseti, yfir 3,2 millj. hjá einstaklingum og 6,4 millj. hjá hjónum. Hverjir skyldu það vera sem eru með svona mikinn söluhagnað? Það eru þeir sem eiga ógrynni af fjármunum sem þeir hafa fengið — með hvaða hætti, herra forseti? Við gætum farið út í þá sálma ef hæstv. félmrh. vill. Þetta er einmitt í hnotskurn það sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur staðið fyrir: Að lækka skatta á fjármagnseigendur og þá sem eiga fjármagnið en hækka skatta á almennt launafólk í landinu. (**Landbrh.:** Tekjuskatturinn lækkaði.) Við skulum rifja það upp, herra forseti, af því að starfandi félmrh. er að rifja upp lækkun á tekjuskattshlutfallinu fyrir þremur árum, þá skulum við rifja það upp hvernig það kom niður. Hverjir borguðu brúsann?

Það hefur ASÍ sýnt fram á. Það var gert með því að láta skattleysismörkin ekki fylgja launaþróuninni þannig að

skattleysismörkin sem hlífa tekjum þeirra sem minnst hafa fyrir, sátu eftir. ASÍ hefur sýnt fram á að það fjármagn sem ríkið sparaði sér með því var nýtt til þess að greiða skattalækkun hjá þeim sem meira hafa fyrir. Þannig stóð nú ríkisvaldið að því að efna það kosningaloforð fyrir þremur árum. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara í bók sem ASÍ og BSRB létu gefa út og hét Skattkerfið út frá sjónarhóli launafólks. Þar kemur einmitt fram að fjölgað hefur verulega í hópi skattgreiðenda, einmitt þeirra sem ekki greiddu skatta áður eins og lífeyrisþega og fólks sem er með lægstu launin, af því að skattleysismörkin voru látin sitja eftir sem gaf ríkisstjórninni þá ákveðið svigrúm til að lækka skatthlutfallið í tengslum við kjarasamninga á sínum tíma. Er hæstv. félmrh., herra forseti, stoltur af þeirri aðgerð að láta þá sem minnst hafa fyrir, lífeyrisþegana og lægst launaða fólkið, standa undir þeirri skattalækkun?

Þetta er eins það sem er að gerast núna að það á að hækka skattana á lægst launaða fólkið, lífeyrisþegana, einstæðu foreldrana, námsmennina, fólk með meðaltekjur, til þess að geta lækkað skatta á fólk með mikinn söluhagnað, það fólk sem veit ekki aura sinna tal. Þannig sjáum við aftur og aftur í gjörðum þessarar ríkisstjórnar hvernig tekjutilfærslan er að verða í þessu þjóðfélagi.

Tekjuskiptingin er svartasti bletturinn á starfi þessarar ríkisstjórnar. Sú var tíðin, herra forseti, að sá sem nú situr í stól félmrh. taldi mikið liggja við að fara út í ýmsar aðgerðir til þess að bæta stöðu þeirra sem verst höfðu það í þjóðfélaginu. Hæstv. starfandi félmrh. talaði þá mikið um skuldir heimilanna. En þær hafa a.m.k. tvöfaldast í tíð núv. ríkisstjórnar og eru orðnar 163% af ráðstöfunartekjum heimilanna og er sú staða nú upp komin að Seðlabankinn varar í skýrslu sinni við því að greiðsluerfiðleikar gætu verið yfirvofandi. En hæstv. starfandi félmrh. notaði iðulega þau orð í þessum ræðustól, þegar verið var að ræða um skuldir og skuldastöðu heimilanna og álögur á heimilin í landinu, og fór mikinn hér í þessum ræðustól og sagði að líf, heill og hamingja þúsunda heimila lægi við að ríkisstjórnin gripi til aðgerða til þess að koma í veg fyrir vaxandi skuldastöðu heimilanna og árásir stjórnarflokkanna á kjör þeirra sem verst hafa það. Og hér situr starfandi félmrh. og brosir breitt þegar hann stendur fyrir því (**Landbrh.:** Þetta er skemmtileg upprifjun.) að hækka skatta á lífeyrisþega sem ekki eiga fyrir nauðþurftum eða lægst launaða fólkið sem á ekki til hnífs og skeiðar.

Þannig getur nú fólk breyst, herra forseti, meira að segja sá maður sem ég hélt að væri kannski sá eini sem orðinn er eftir í hópi framsóknarmanna með félagslega hugsun, að hann brosir og skemmtir sér mjög við að hækka skattana á fólkið í landinu og það láglaunafólkið á sama tíma og hann stendur að skattalækkun á þá sem mest hafa fyrir. (Gripið fram í.) Síðan þegar hæstv. ráðherra var hér áðan í ræðustól að svara hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þá talaði hann um hvernig stæði nú á því að þingmaðurinn væri með þetta svartsýnisraus, hér ætti fólk að vera lífsglatt og bjartsýnt vegna þess að allt væri í miklum uppgangi í þjóðfélaginu og allt væri eins og best er á kosið fyrir heimilin í landinu.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég fái svör við því sem fram kemur hjá ríkisskattstjóra í bréfi til þingflokks Samfylkingarinnar 21. nóvember þar sem fram koma ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar um áhrifin af frestum á skattlagningu á söluhagnaði.

Herra forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar stendur fyrir breytingartillögu við frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem er frv. sem tengist því máli sem við hér ræðum. Breytingartillagan felur í sér að auka ekki skattbyrði á heimilin í landinu og vænti ég þess að hæstv. félmrh. hafi skoðað hana vandlega. Í greinargerð með þeirri breytingartillögu kemur það fram sem er hið rétta og eðlilega og sem sveitarfélögin bæði í umsögn um þetta mál og í umsögn um frv. um tekjuskatt og eignarskatt taka undir, þ.e. að eðlilegast sé að hér sé fyrst og síðast um tekjutilfærslu að ræða milli þessara opinberu aðila, þ.e. ríkisvalds og sveitarfélaga. Þegar menn hafa komist að niðurstöðu um hverjar skuldirnar eru þá er sagt að hér eigi fyrst og fremst að vera um tekjutilfærslu milli þessara stjórnvalda að ræða. En ríkisvaldið hefur kosið að fara aðra leið, herra forseti.

Það var rifjað upp hér í dag af stjórnarliðum þegar við ræddum meðferðina í efh.- og viðskn. á því frv. sem á þó að hafa mildandi áhrif gagnvart þeirri almennu skattahækkun sem ríkisstjórnin er að knýja í gegn, að þessi frv. bæði, þ.e. þetta sem hér er til umræðu og það frv. sem var í efh.- og viðskn., eigi að skoðast í samhengi. Því hlýt ég, herra forseti, að verja örfáum mínútum í að ræða það frv. sem hangir saman við þetta og það er raunverulega furðulegt og kannski ástæða til að vekja athygli á því að það frv. er ekki á dagskrá í dag, svo mikla áherslu sem stjórnarliðar hafa lagt á að þessi mál verði samferða og það með þeim látum að ekki var hægt að hafa framhaldsfund í dag í efh.- og viðskn. til að ræða nýja hlið sem fram kom á því máli þegar fulltrúar úr forustu ASÍ komu á fund efh.- og viðskn.

Ég hlýt að vekja athygli á því, herra forseti, í tengslum við afgreiðslu þessa máls, að forusta ASÍ kom til fundar við efh.- og viðskn. í gær. Forusta ASÍ heldur því fram að kjarasamningarnir séu við það að bresta. Hún heldur því fram að ríkisstjórnin sé að svíkja ákvæði í gerðum samningum, þ.e. um skattleysismörkin sem var aðgerð til að greiða fyrir kjarasamningum. Forusta ASÍ varar við því að kjarasamningarnir séu komnir í svo mikið uppnám að það gæti blasað við að þeim yrði sagt upp núna eftir mánaðamótin og þá yrðu verkföll ekki umflúin, herra forseti.

Forusta BSRB ályktaði í dag einnig í þessa veru. Bæði stærstu heildarsamtök launafólks vara alvarlega við því að demba þessum byrðum eins og hér á að gera yfir á íbúa landsins með þeim afleiðingum að kjarasamningarnir gætu brostið.

Meiri hlutinn í efh.- og viðskn. hefur skilað nefndaráliti sem dreift hefur verið á borð þingmanna núna á síðustu klukkutímum. Það er ekki eitt orð um það, herra forseti, hvaða áhrif þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar getur haft eða hvað fram hefur komið hjá forustu heildarsamtaka launafólks í þessu landi. Ég sé varla að þess sé einu sinni getið að þeir hafi mætt á fund efh.- og viðskn. í gærkvöldi. Það er hreinasta skömm að því hvernig að þessu nefndaráliti er staðið og það hvernig ríkisstjórnin stendur að því að auka skattálögur á láglaunaheimilin í landinu með þeim afleiðingum að kjarasamningar eru komnir í uppnám er hrein stríðsyfirlýsing af hálfu stjórnvalda við launþega í landinu.

Meiri hlutinn í efh.- og viðskn. segir ekki eitt einasta orð um þetta í nefndaráliti sínu sem er örfáar línur, mest upptalning á hverjum málið var sent til umsagnar, en það gafst ekki einu sinni tími til að fara sómasamlega yfir það af hálfu nefndarinnar af því að svo mikið lá við að afgreiða málið úr nefnd. Þannig er nú afgreiðslan, öll í skötulíki af

hálfu efh.- og viðskn. og þær aðvaranir sem fram hafa komið af hálfu heildarsamtaka launafólks breyta engu.

Í þessu plaggi, sem ég veit ekki hvort meiri hluti efh.- og viðskn. hefur litið á, en sem ég vænti að sé á borðum hv. þingmanna í þessum sal sem fylgiskjal með þeim gögnum sem minni hluti efh.- og viðskn. hefur lagt fram, koma fram upplýsingar um hvaða áhrif þessi skattahækkun hefur á kjarasamninga og hvaða áhrif þessar skattahækkanir hafa á einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu, herra forseti. Og það er nú ekki svo lítið vegna þess að hér er farið inn á lækkun ráðstöfunartekna á ári vegna skattahækkunarinnar. Þar er t.d. maðurinn með 70 þús. kr. Það er verið að éta upp af ráðstöfunartekjum hans með þessari skattahækkun hvorki meira né minna en 7.200 kr. Maðurinn með 90 þús. kr. Það er verið að éta upp af hans ráðstöfunartekjum á ári vegna skattahækkunarinnar um 8 þús. kr. og tæpar 10 þús. kr. hjá manninum með 110 þús. kr.

ASÍ fer hér yfir hve margra mánaða launahækkun hverfur vegna fyrirhugaðra skattahækkana. Það er ekki svo lítið, herra forseti. Hér er verið að tala um að á árinu 2003 hafi eins og hálfs mánaðar launahækkun lægst launaða mannsins verið étin upp með þessum skattahækkunum. Og varðandi þá sem eru yfir 90 þúsund, er verið að tala um tæplega þriggja mánaða launahækkun sem hverfur í þessa skattahækkun. ASÍ nefnir hér sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðrar breytingar að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þess árs í skattahækkunina eina.

Áform um að hækka barnabætur eru hið eina sem meiri hluti efh.- og viðskn. nefnir til réttlætingar þess að farið verði í útsvarshækkun og fjallar ASÍ um það, og af þessu gefna tilefni, af því að áform ríkisstjórnarinnar um hækkun á barnabótum eru eina efnisatriðið sem meiri hluti efh.- og viðskn. tekur fram um að hafi mildandi áhrif ef sveitarfélögin nýta sér að fullu þessa heimild til útsvarshækkunar. Þá vil ég lesa upp það sem ASÍ hefur um það að segja, af því að hækkun á barnabótum var líka hluti af kjarasamningum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, ef ég man rétt. ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Aðeins nokkrar vikur eru síðan stjórnvöld héldu mjög á lofti sérstökum kjarabótum til einstæðra foreldra með tilkomu svonefndra barnakorta. Þau áttu m.a. að tryggja einstæðu foreldri með eitt barn eða fleiri undir sjö ára aldri um 100 þús. kr. í mánaðartekjur, rúmlega 34 þús. kr. í auknar ráðstöfunartekjur árið 2003."

Síðan kemur niðurstaðan, með leyfi forseta:

„Það ár hyggst ríkisstjórnin nú taka til baka ríflega fjórðung af þessum kjarabótum með boðaðri skattahækkun einni og sér."

Barnabætur sem hæstv. félmrh. hefur staðið fyrir síðan 1995 að lækka um nærri 2 milljarða, en hann náðarsamlegast ætlar að skila aftur á næstu þremur árum, herra forseti — ég bið um að það sé tekið eftir því að það er ekki fyrr en á næstu þremur árum sem á að skila því sem hefur verið tekið á sl. fimm árum — það á að rífa aftur. Það á líka að rífa aftur með þessari skattahækkun.

Ég sé að hæstv. starfandi félmrh. er hættur að brosa þannig að ég vona að málflutningurinn hafi einhver áhrif. (**Landbrh.:** Nei, nei.) Ja, svo forstokkaður er hæstv. starfandi félmrh. orðinn, herra forseti, að hann segir bara: nei, nei. (**Landbrh.:** Ég hætti ekki að brosa.) Ég hélt að hæstv. ráðherra væri sá eini sem eftir væri í Framsfl. sem hægt væri að treysta til að standa vörð um láglaunafjölskyldurnar.

Herra forseti. Ég vil líka nefna að aldraðir og öryrkjar munu verða mjög illa úti í áformum ríkisstjórnarinnar að knýja í gegn þessa skattahækkun. Í upplýsingum sem hafa komið fram hjá fjmrn. er það nefnt að þegar á næsta ári muni rúmlega 2.100 manns, sem greiða ekki skatta núna, fara að greiða skatta vegna þessara áforma ríkisstjórnarinnar. Þeim mun enn fjölga árið 2003 en ekki hefur unnist tími í þá útreikninga að finna út hvað sá fjöldi verður orðinn árið 2003 þegar skattahækkun ríkisstjórnarinnar er að fullu komin til framkvæmda en ég spái því að það verði ekki undir þrjú þúsund manns. Það er líka alveg gefið að það sem fyrst og fremst er um að ræða ef ekki er staðið við fyrirheit um skattleysismörkin með skattahækkuninni er að þetta koma mjög illa við lífeyrisþegana. Í þessum rúmlega tvö þúsund manna hópi, sem verður væntanlega ekki undir þrjú þúsund og jafnvel fleiri á árinu 2003, er náttúrlega fyrst og fremst fólkið með lægstu launin, einstæðir foreldrar með lág laun, þar eru lífeyrisþegar og þar eru námsmenn. Ég held að þetta séu þeir hópar sem fylla þann flokk sem þarna er talinn upp, þ.e. þennan fjölda upp á á þriðja þúsund sem fer núna að greiða skatt en ekki hefur greitt skatt áður.

Öryrkjabandalagið hefur gagnrýnt fyrirhugaðar skattahækkanir og segir að þróun skattleysismarka hafi verið með þeim hætti á síðasta áratug að jafnvel þeir sem hafa ekkert nema bætur almannatrygginga séu nú farnir að greiða af þeim beinan skatt. Það gerðist einmitt í tíð ríkisstjórnarinnar, í góðærinu þar sem ríkisstjórnin hefur haft tugi milljarða úr að spila umfram t.d. síðustu ríkisstjórn og núna með tekjuafgang upp á 30 milljarða sem er m.a. fenginn með því að hlunnfara lífeyrisþega upp á a.m.k. þrjá til fjóra milljarða miðað við þá stöðu og samanburð sem Samtök aldraðra hafa gert við árið 1995 um hvert hlutfall lífeyrisgreiðslna var miðað við almenn verkamannalaun. Tekjuafgangurinn sem ríkisstjórnin státar af upp á 30 milljarða er m.a. fenginn með því. Það er ástæðan fyrir því einmitt með skattleysismörkin að þau hafa lækkað að verulega hefur líka fjölgað í hópi lífeyrisþega sem farnir eru að greiða skatt.

Í ályktun Öryrkjabandalagsins segir að öryrkjar séu farnir að greiða beinan skatt sem nemur tugum þúsunda á ári hverju og bendir Öryrkjabandalagið á að þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd að örorkulífeyrir og tekjutrygging hafi dregist verulega aftur úr þróun bæði lágmarkslauna og launavísitölu. Auðvitað minnir Öryrkjabandalagið líka á þá miklu hækkun sem hefur orðið á lyfjakostnaði og húsaleigu hjá þeim sem eiga ekki eigið húsnæði í hópi þeirra félaga.

Í lokin leggur Öryrkjabandalagið áherslu á að komi til útsvarshækkana verði hún að fullu bætt með samsvarandi lækkun á tekjuskatti. Þetta er gegnumgangandi frá félagasamtökum, frá sveitarfélögunum, að fara aðra leið í þessu efni en ríkisstjórnin leggur til.

Herra forseti. Nú gefst tími til þess að ræða nánar áhrifin af þeirri leið sem ríkisstjórnin leggur til þegar frv. sem hangir saman við þetta kemur í þingsali á nýjan leik. En ég hvet til þess, herra forseti, að reynt verði að ná niðurstöðu í þessu máli í samvinnu við ASÍ, BSRB, sveitarfélögin og stjórnarandstöðuna sem leiði til þess, herra forseti, að forða því að kjarasamningar séu settir í það uppnám sem þeir eru komnir í og sem eru komnir í þá stöðu að þeir eru við að bresta eins og varaformaður ASÍ sagði á fundi efh.- og viðskn. í gær. Ég held að það sé öllum til hagsbóta, líka stjórnarliðum, að ganga þannig til verks með heildarsamtökum

launafólks, með Samtökum aldraðra og samtökum öryrkja og sveitarfélögum að sátt náist um þá leið sem farin er.

Við vitum að við erum stödd á þeim tímapunkti í efnahagsmálum þjóðarinnar þar sem ýmsar blikur eru á lofti. Ég hygg að allir séu sammála því að þjóðarbúið megi ekki við verkföllum eftir áramótin fari svo sem menn óttast nú orðið alvarlega, ekki síst vegna þessara skattahækkana, að kjarasamningum gæti verið sagt upp í febrúarmánuði. Ég held að við verðum að vinna allt til þess að svo verði ekki og leið til þess er að setjast yfir það að finna leið til sátta í þessu máli og að velta ekki skattahækkunum með þessum þunga yfir á íbúa landsins með þeim afleiðingum að forsendur kjarasamninga bresti. Það er eingöngu það, herra forseti, sem fyrir okkur vakti á fundi efh.- og viðskn. í gærkvöldi og með máli okkar í upphafi fundar í dag að leita leiða til að forsendur kjarasamninga haldi.

Herra forseti. Eins og varaformaður ASÍ orðaði það á fundi efh.- og viðskn. í gær er þetta er heimatilbúin aðgerð ríkisstjórnarinnar að standa svona að máli. Engum er hægt að kenna um nema ríkisstjórninni sjálfri ef kjarasamningarnir halda ekki. Ástæða er til að rifja upp að það er undirskrifuð yfirlýsing í tengslum við kjarasamningana, af forustumönnum stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., þar sem talið er upp — ég er ekki með það hér fyrir framan mig — en mig minnir að það sé í fimm liðum aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlaði að grípa til til að greiða fyrir kjarasamningum í marsmánuði sl. Einn mikilvægasti þáttur þeirrar yfirlýsingar til að greiða fyrir kjarasamningum var sá að skattleysismörkin héldu í við launaþróun. Það er sá liður í undirritaðri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fylgir með sem fylgiskjal með nál. minni hluta efh.- og viðskn. sem forusta ASÍ og heildarsamtök launafólks segja að ríkisstjórnin sé með verkum sínum að stefna að almennri hækkun, að ganga á bak orða sinna, eins og stendur í yfirlýsingu ASÍ „ganga á bak orða sinna um þróun skattleysismarka".

Herra forseti. Ég hef beint ákveðnum spurningum til hæstv. starfandi félmrh., sem ég vænti að fá svör við, og skal ekki endurtaka þær af því að ég veit að hæstv. ráðherra er minnugur maður og man þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hann. En lokaorð mín skulu vera þau að ég skora á hæstv. ríkisstjórn að setjast að borði með fulltrúum ASÍ og sveitarfélaga og fá aðra niðurstöðu í þau mál sem við ræðum hér en nú stefnir í.

[18:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla mér ekki að svara fyrir flókin skattamál í þessu stutta andsvari enda kannski nær hæstv. fjmrh. að gjöra slíkt. Hitt er annað mál að ég vil segja við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að sem betur fer talar hún eins og hún gerði þegar hún var í ríkisstjórn. Hún er trú málflutningi sínum og það virði ég og ég vona að hún ætli ekki alltaf öðrum að verða umskiptingar.

Ég er þakklátur fyrir rödd hennar í garð öryrkja og fátækra og sú rödd þarf að hljóma í þessum þingsal. Hún heldur mönnum við efnið og er mikilvæg því að kannski eru þeir of fáir í velmegunarþjóðfélagi samtímans sem vilja berjast eins og hv. þm. gerir. Ég tek undir margt sem hún segir þó að myndin sé ýkt og harmi þrungin þegar hún flytur hana úr þessum stól.

Ég var sjálfur þannig staddur 1995 vegna þess ástands sem var í þjóðfélaginu. Unga fólkið var að tapa atvinnunni, kjaraskerðingarnar blöstu alls staðar við og við vorum að verða fátæk þjóð. Nú er staðan önnur og lífskjörin hafa batnað. Þegar kjörin hafa batnað um 25–30% á þessum fimm árum er staðan allt öðruvísi í landinu. Maður stendur ekki frammi fyrir grátandi fólki vegna atvinnuleysis og missis eigna sinna eins og var. Þess vegna er það alveg rétt, það er staða til að reyna að ná sátt um málefni aldraðra og öryrkja og vinna sig út úr frumskógi skerðingar á barnabótum, tryggingabótum og örorkubótum.

[18:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja margt um þessa ræðu. Ég vona að efndir fylgi síðustu orðum sem hæstv. ráðherra lét falla vegna öryrkja og aldraðra vegna þess að sannarlega er kominn tími til að þessi hópur fái sinn hluta af góðærinu. Hvernig sem á málin er litið, hvaða tölur sem settar eru fram í því efni, þá held ég að allir viðurkenni að aldraðir og öryrkjar hafa ekki fengið samsvarandi hlut af góðærinu og aðrir í þjóðfélaginu. Sannarlega er ekki ástæða til að vera að setja aukabagga á þennan hóp sem gert er með þeirri almennu skattahækkun sem ríkisstjórnin stendur nú fyrir.

Herra forseti. Ég spyr: Getur hæstv. starfandi félmrh. svarað þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hann um það hvort tekin hafi verið inn í uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga frestun á skattlagningu á söluhagnaði en ríkisskattstjóri metur í svari sínu til þingflokks Samfylkingarinnar að sveitarfélögin hafi orðið fyrir tekjutapi vegna þessa upp á 2 milljarða kr.? Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að þær upplýsingar liggi fyrir við 3. umr. málsins áður en þetta frv. verður að lögum?

[18:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfsagt að fara yfir það hvernig og hvort hægt er að svara þeim spurningum og ég skal fara yfir það með ráðuneytinu.

Ég vil aðeins halda áfram í þeirri umræðu sem hv. þm. ýkir oft þrátt fyrir að mér þyki vænt um málflutning hennar og vænt um tryggð hennar og festu í stjórnmálastarfi hennar, en þá er það svo að ég get tekið undir það með hv. þm. að ég hef áhyggjur af tekjuskiptingunni og hún er öðruvísi en hún ætti að vera. Það er ekki ný bóla. Ég hef stundum áhyggjur af verkalýðshreyfingum sem skoða ekki heldur þann litla fátæka hóp sem hún var að tala um heldur styðja brattan stiga. Tekjuskiptingin er atriði sem atvinnulífið og verkalýðshreyfingin verður að fara yfir. Atvinnulífið verður að svara því á tímum velmegunar hvort ekki sé staða til að hækka lægstu launin meira.

Ég vil aðeins segja að það er auðvitað ýkt umræða þegar talað er um að ríkisstjórnin ætli að láta lífeyrisþega, láglaunafólk og eldri borgara borga brúsann. Það er rangt. Staðan er sú að við erum að bæta kjör þessa fólks eins og annarra. Mér finnst að þingið, hvort sem það eru stjórnarliðar eða stjórnarandstaða, verkalýðshreyfingin og öll öfl í þjóðfélaginu, þurfi að setjast yfir umræðuna, kryfja hana til mergjar, en hafa hana ekki í þeirri rugluðu umræðu að allt þetta fólk, eins og eldri borgarar, búi við slök kjör. Það eru margir fátækir sem þurfa meiri þening í röðum þeirra og þar þarf verk að vinna og ná þjóðarsátt um, hæstv. forseti.

[18:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svo sannarlega mótmæla því að ég sé að ýkja varðandi stöðu elli- og örorkulífeyrisþega, hvernig þeir hafi verið hlunnfarnir af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Ég

vil í því sambandi minna hæstv. ráðherra á, ef það hefur farið fram hjá honum, að hópur aldraðra stóð fyrir framan Alþingishúsið þegar við komum til þings í haust til þess að mótmæla því hvernig ríkisstjórnin hefur farið með lífeyrisþega og hvernig þeir hafa verið hlunnfarnir. Samtök aldraðra lögðu fram gögn í því máli. Það eru gögn sem ég hef notað og stuðst við. Hæstv. ráðherra er þá að segja að fulltrúar Samtaka aldraðra og forsvarsmenn þeirra ýki stöðuna ef hann ber upp á mig slíkan málflutning, þannig að ég mótmæli því auðvitað.

Hæstv. ráðherra ætti líka að íhuga þegar hann er að bera saman stöðuna núna og 1995, hvernig biðlistarnir eftir leiguíbúðum hafa lengst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það voru ekki 2.000 manns á árinu 1995 sem biðu eftir leiguíbúðum og það er verst staddi hópurinn í þjóðfélaginu. Biðlistarnir eftir húsnæði fyrir fatlaða hafa líka lengst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég er ekkert að ýkja í því sambandi. Tölur um biðlista hjá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp, hjá Reykjavíkurborg og stærstu sveitarfélögunum í landinu, segja sína sögu. Nýlega kom fram í fjölmiðlum að 300 fjölskyldur voru í algjörri neyð í Reykjavík einni, höfðu ekki þak yfir höfuðið og bjuggu inni á ættingjum.

Þetta er staðan á tímum góðæris í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þetta eru ekki ýkjur, herra forseti. Þetta er blákaldur raunveruleiki sem fólk sem býr við slík kjör og aðbúnað stendur frammi fyrir. Ég ýki ekki neitt í því sambandi. Þess þarf ekki, herra forseti.

[18:34]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gengur ekki að fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. komi hér upp eftir hádegi og gagnrýni ríkisstjórnina fyrir að sýna ekki nægt aðhald í peningamálum, að hún skili ekki nógum hagnaði af ríkissjóði, og að menn úr efh.- og viðskn. og félmn. komi svo hér undir kvöldmat og gagnrýni ríkið fyrir að eyða ekki meiri peningum. Það gengur ekki upp. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir.

Efnislega varðandi nokkur atriði í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það að hækka persónuafsláttinn, halda skattleysismörkunum óbreyttum eða hækka þau, er mjög dýr leið og það þekkir hv. þm. sem er jafnaðarmaður. Það er mjög dýr leið að hækka persónuafsláttinn á alla línuna. Mun skynsamlegra er að fara þá leið sem lögð er til í breytingartillögum við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. að hækka við þá hópa sem þurfa á hækkun að halda, barnafólk og það fólk sem minnst má sín.

Í annan stað vita allir sem hafa sett sig inn í það að farið hefur verið í kringum núgildandi reglur um frestun á skattlagningu á söluhagnaði. Menn hafa framlengt þessi tvö ár, ár eftir ár og aldrei borgað neinn skatt. Í sjálfu sér er því þessi tillaga um 10% sett fram til þess að bregðast við því.

Af því hér er talað um skuldir heimilanna þá vil ég í lokin spyrja: Hver er skoðun hv. Jóhönnu Sigurðardóttur á framferði lífeyrissjóðanna og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar (Forseti hringir.) í því að spenna upp verðbólguna, lækka gengi krónunnar og þeim gengdarlausu fjárfestingum erlendis sem hækka (Forseti hringir.) afföll í húsbréfakerfinu? Bera menn enga ábyrgð þar?

[18:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðun mín á afstöðu lífeyrissjóðanna til þess að flytja sitt fjármagn og fjárfesta erlendis kemur fram í nefndaráliti minni hlutans þegar ríkisstjórnin var að afgreiða þeim heimild til þess að auka flutning á fjármagni úr landi. Þá mótmæltum við því, tefldum fram þeim rökum sem nú eru komin fram um hvaða áhrif þetta hefði á efnahagsumhverfið þannig að í nefndaráliti er hægt að lesa um niðurstöðu mína og stjórnarandstöðunnar í því máli.

Við viljum aðhald. Samfylkingin vill aðhald. En hún vill ekki að láglaunafólkið og lífeyrisþegarnir eigi að bera uppi það aðhald. Hvað er þessi ríkisstjórn að gera? Hún er að lækka skatta á fjármagnseigendur.

Tekjutap ríkis og sveitarfélaga af þeim sökum samkvæmt plöggum frá ríkisskattstjóra er 8,5 milljarðar. Hér er verið að hækka skatta á íbúana upp á 2,5 milljarða þegar frá er tekin þessi mildandi aðgerð sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir. Þá er engu að síður skattahækkun upp á 2,5 milljarða.

En hér hefur fjármagnseigendum verið hlíft og ríkisstjórnin ætlar að ganga lengra. Hún ætlar að lækka skatta á þennan hóp niður í 10% úr 38%, á sama tíma og hún hækkar skatta á lífeyrisþega og lægst launaða fólkið í landinu. Þannig vill Samfylkingin ekki sjá aðhald í þessu þjóðfélagi. Hún vill taka á þeim sem eiga peningana. Hún vill taka á þessari gengdarlausu fjármagnstilfærslu til þeirra sem betra hafa það, frá þeim fátæku og frá lífeyrisþegum. Þannig viljum við stjórna landinu en ekki eins og Framsfl. hefur gert með Sjálfstfl., að mylja sífellt undir þá sem mest hafa fyrir í þjóðfélaginu. Þannig á ekki að stjórna landinu. Og ég mundi nú ekki nefna barnabætur í sporum Framsfl. ef litið er til þess hvernig þeir hafa staðið að þeim málum sl. fimm ár.

[18:39]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum um margt verið sammála, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, en þó ekki um aðferðafræði. Ég að vísu hef ekki undir höndum þetta plagg frá ríkisskattstjóra sem stílað er á Samfylkinguna. Fróðlegt væri að sjá það. Ég get ekki sett mig inn í það hér og nú.

Það er hins vegar staðreynd að menn hafa farið fram hjá þessum 38% mörkum. Ég er sammála þingmanninum í prinsippinu að að sjálfsögðu eigum við að skattleggja þá sem mest hafa, að sjálfsögðu. Ég skil það svo að hér sé verið að reyna að finna leið til þess. Við verðum að vera raunsæ og horfa á það hvað gengur upp í þessu og tilbúin að styðja allar góðar leiðir í þeim efnum.

Varðandi barnabæturnar þá höfum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir áður rætt um barnakortin. Og það er gleðilegt að geta bent á það nú á þessu þingi að menn hafa þó náð þeim áfanga að taka upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn undir sjö ára aldri og það á hálfnuðu kjörtímabilinu. Það er staðreynd að verið er að koma verulega til móts við barnafólk í þessu frv. um breytingar á skattkerfinu sem reyndar er ekki hér til umræðu heldur kemur seinna á dagskrá. (Gripið fram í.)

Það er staðreynd að við erum að leggja til hækkun til barnafólks. Við framsóknarmenn erum nokkuð stoltir af því að hafa náð fram, þegar kjörtímabilið er hálfnað, ótekjutengdum barnabótum til barnafólks með börn undir sjö ára aldri. Við skulum spyrja að leikslokum í þessum efnum.

[18:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Á árinu 1995, áður en þessi ríkisstjórn tók við, var ótekjutengdi hluti barnabótanna að meðaltali 40.000 kr. með hverju barni. Eftir þrjú ár ætlar Framsfl. að skila

til baka 2 milljörðum sem hafa verið teknir af barnafjölskyldum frá árinu 1995. Ótekjutengdi hlutinn eftir að frv. ríkisstjórnarinnar hefur verið samþykkt verður aðeins 33.000 kr. með börnum upp að sjö ára aldri en var 40.000 kr. að meðaltali á árinu 1995 með börnum upp að 16 ára aldri. Framsfl. lofaði því að greiddar yrðu 30.000 kr. með öllum börnum, kæmist hann til valda. (**ÁGunn:** Nú eru komnar 33.000 kr. og kjörtímabilið hálfnað.) Ég ætla að rifja upp út af þessu frammíkalli um að komnar eru 33.000 kr. og kjörtímabilið hálfnað, að formaður hv. þm., hæstv. utanrrh. sagði aðspurður í sjónvarpsviðtali að ekki væri von á meiru á þessu kjörtímabili að því er varðar barnabæturnar þannig að með því verður auðvitað grannt fylgst. Eftir þrjú ár þegar ríkisstjórnin hefur skilað þessum 2 milljörðum sem hún tók af barnafjölskyldum sl. fjögur ár — hún skilar því til baka á þremur árum — erum við ekki einu sinni komin í þá stöðu sem barnafjölskyldur voru í miðað við hvað þær fengu úr ríkissjóði þegar þessi ríkisstjórn tók við. Ég mundi fara varlega, herra forseti, í að tala um það sem ríkisstjórnin ætlar að gera fyrir barnafjölskyldurnar.

[18:42]

Útbýting þingskjala:

Blindrabókasafn Íslands, 177. mál, nál. menntmn., þskj. 368.

Kyoto-bókunin, 244. mál, svar utanrrh., þskj. 350.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 310. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 370.

Tekjuskattur og eignarskattur, 196. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 367.

[18:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í upphafi vil ég segja aðeins örfá orð um þær umræður sem nú hafa spunnist um frv. Í fyrsta lagi sagði hæstv. starfandi félmrh., Guðni Ágústsson, að þjóðfélagið nú væri gerbreytt frá því sem var um miðjan tíunda áratuginn, að nú væri uppgangur og velsæld. Á þeim tíma eða árið 1995 hefði víða mátt finna fólk í erfiðleikum. Nú væri runninn upp annar tími. Staðreyndin er náttúrlega sú að margt fólk og allt of stór hópur Íslendinga á í mjög miklum erfiðleikum þrátt fyrir uppgang í efnahagslífi undangenginna ára og bera þess t.d. vott langar biðraðir eftir húsnæði. Fram kom í fréttum ekki alls fyrir löngu að um 500 manns eru á biðlista eftir húsnæði í Reykjavík og þar af eru um 300 fjölskyldur sem eiga í miklum erfiðleikum, hafa ekki í neitt hús að venda. Við höfum áður farið yfir stöðuna hjá þeim öryrkjum og öldruðum og láglaunafólki sem lakast standa.

Annað sem ég vildi nefna í upphafi ræðu minnar eru fullyrðingar sem komu fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni um barnabætur og hin miklu afrek sem Framsfl. er að vinna á því sviði. Staðreyndin er sú að enda þótt til standi að koma með ótekjutengdar barnabætur að upphæð rúmlega 30.000 kr., 33.000 kr. mun það vera, fyrir börn fram að sjö ára aldri, var ótekjutengdi hluti barnabótanna að meðaltali 40.000 kr. um miðjan tíunda áratuginn. Það er líka staðreynd að samkvæmt núvirði eru barnabæturnar 2 milljörðum lægri en í upphafi tíunda áratugarins og samkvæmt áætlunum stjórnvalda verður hluta af þeirri upphæð skilað til baka í áföngum á komandi árum. Meiri er nú stórhugurinn ekki. (**Gripið fram í:** En er ekki kaupmátturinn meiri?) Kaupmátturinn er meiri, það er rétt. Það hefur orðið til að skerða þetta framlag til barnafólksins en staðreyndin er sú að framlag úr samneyslunni til barnafólks hefur verið skert sem þessu nemur. Þetta eru staðreyndir sem er mikilvægt að haldið sé til haga.

Í þriðja lagi langar mig til að nefna umræðuefni sem hefur fléttast inn í umræðuna og það er hlutur lífeyrissjóðanna. Þar var vikið að ábyrgð verkalýðshreyfingar varðandi flutning á fjármagni úr landi vegna þess að fulltrúar verkalýðshreyfingar eiga aðild að stjórnum lífeyrissjóðanna. Ég tek undir að það er áhyggjuefni hve mikið fjármagn hefur streymt út úr landinu og þá ekki síst vegna fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna.

Í því sambandi vil ég minna á að lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt lögum og rammalöggjöf sem gildir um lífeyrissjóðina í landinu. Samkvæmt þeirri rammalöggjöf er lífeyrissjóðunum gert að fjárfesta jafnan þar sem arðurinn af fjármagninu er mestur. Einnig þarf sú forsenda að vera fyrir hendi að öryggið sé mest. Með þetta í huga hafa lífeyrissjóðirnir verið að dreifa áhættu en jafnframt að leita að sem hagstæðastri fjárfestingu.

Ég vil láta þess getið að ég einn þingmanna, held ég, greiddi atkvæði gegn þessu ákvæði rammalöggjafar um lífeyrissjóðina. Ég tel að einmitt með þessari hugsun hafi verið grafið undan þeirri samfélagslegu ábyrgð sem lífeyrissjóðirnir voru reistir á. Þar var hugsað um hagsmuni samfélagsins alls en ekki þrönga gróðahagsmuni lífeyrissjóðanna hvers um sig. Þetta vildi ég segja, herra forseti, í upphafi máls míns.

Við erum að ræða frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta frv. byggir á starfi nefndar sem skipuð var á sínum tíma af hálfu ríkisstjórnarinnar til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð mótmælti því þegar ekki var orðið við tilmælum okkar um að fá fulltrúa í nefndina en hún skilaði áliti án þess að við ættum þess kost að koma sjónarmiðum okkar að.

Ég ætla ekki að tíunda allar niðurstöður nefndarinnar. Niðurstöðurnar er að finna í eins konar úrdrætti sem er birtur sem fylgiskjal með þessu frv. en þar kemur m.a. fram að á tíunda áratugnum hafi bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69%, meðan rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsgjöldum hafa aukist um 97,4%, þ.e. á einum áratug aukast tekjur sveitarfélaganna um tæplega 70%, en útgjöldin verða næstum því helmingi meiri, aukast um 97,4%.

Allan síðasta áratug voru sveitarsjóðirnir reknir með halla. Hann mun hafa verið mestur árið 1994, eða 8,6 milljarðar, en árið 1999 var hann 2,7 milljarðar kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun sem gildir fyrir þetta ár, árið 2000, verður áframhald á hallarekstri sveitarfélaganna í landinu.

Heildarskuldir sveitarsjóða voru í árslok 1999 51,8 milljarðar kr. og hafa þar með rúmlega tvöfaldast síðan 1990. Í þessu samhengi er vert að rifja upp skuldaþróun hjá ríkinu.

Skuldir ríkisins hafa verið á niðurleið á undangengnum árum. Hefur ekki lítið verið gumað af því í þessum ræðustól en á sama tíma kemur í ljós að skuldir sveitarsjóðanna eru að aukast og skuldir íslensku þjóðarinnar í heild sinni hafa farið vaxandi. Samkvæmt áætlunum ríkisins, eins og þær hafa birst í gögnum frá Þjóðhagsstofnun og öðrum peningastofnunum ríkisins, spástofnunum, mun verða framhald á skuldaaukningu Íslendinga. Þarna er að finna verulegan hluta þessarar skuldaaukningar hjá sveitarfélögunum, 51,8% milljarðar í árslok 1999.

Peningalegar eignir sveitarfélaganna hafa einnig aukist en þó ekki í takt við skuldirnar og því hefur peningaleg staða

sveitarsjóðanna versnað um nærri 21 milljarð síðan 1990, eða um liðlega 72 þús. kr. að meðaltali á íbúa.

Ég ætla ekki að fara nánar í niðurstöður nefndarinnar að öðru leyti en því að rifja upp að nefndarmenn velta því fyrir sér hvað valdi þessum erfiðleikum. Byggðaröskunin hefur reynst kostnaðarsöm, annars vegar fyrir þau sveitarfélög sem missa fólk frá sér, það verða færri einstaklingar eftir til þess að bera sameiginlegar byrðar, en einnig verða þau sveitarfélög sem fá fólkið til sín fyrir búsifjum því það kostar sitt að taka á móti fólkinu, veita því þjónustu og þar fram eftir götunum.

Þá er þess getið að áhrif ýmissa laga og reglugerðarbreytinga hafi leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að í öllum tilvikum hafi verið tryggt að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt í kjölfarið. Þá segir að skattalagabreytingar undanfarinna ára hafi skert útsvarstekjur sveitarfélaga og þannig skapað ákveðið ósamræmi á milli þróunar útgjalda og tekna.

Ef við förum lengra aftur í tímann má minna á að tekin var tekjustofn frá sveitarfélögunum, aðstöðugjöldin, það var fyrstu árum tíunda áratugarins, en það ár sem þau voru afnumin nam aðstöðugjaldið, ef ég man rétt, á milli 5 og 6 þús. milljónum króna. Þetta eru ... (**Gripið fram í:** Væri ekki rétt að ráðherrann hlýddi á þessa sögulegu ...) Það er rétt, ég hef grun um að hæstv. starfandi félmrh. sé í húsinu og við ræddum það okkar í milli að hann þyrfti að bregða sér frá. Hann hefur reyndar fengið tækifæri til að fá þessar upplýsingar í ræðum annarra þingmanna og ég efast ekki um að hann mun einnig leggja við hlustir. (**Gripið fram í:** En formaður félmn.?) Formaður félmn., hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, ég efast ekki um að hún er í húsinu og hlýðir á mál mitt en ... (Gripið fram í.) Það er alveg rétt sem fram kemur í frammíköllum hjá hv. þm. að það er eðlilegt, herra forseti, að formaður félmn. sé viðstaddur umræðuna og óska ég eftir því. (**Gripið fram í:** Og einhver frá stjórnarliðinu, það er nú lágmark.)

Hv. formaður félmn., Arnbjörg Sveinsdóttir, er komin í salinn en henni til upplýsingar get ég getið þess að ég fór nokkrum orðum um þá umræðu sem hefur þegar farið fram um þetta frv., svona sitthvað sem snertir skatta almennt. Síðan hef ég verið að rifja upp á hvaða grunni þetta frv. er reist, niðurstöður nefndar sem skipuð var á sínum tíma, endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þar kom fram hversu bág staða þeirra væri og hvers vegna og er ég þar kominn að efni þessa frv. En í frv. er lagt til að hámarksútsvarsprósenta sveitarfélaga verði hækkuð og það í tveim áföngum en samtals nemi hækkunin 0,99%, eða tæpu 1%. Fyrir þessu er gerð grein í 5. og 6. gr. frv. Í fyrsta áfanga er lagt til að hámarksheimild til útsvarsálagningar hækki um 0,66% og verði því 12,7% í stað 12,04% eins og nú er.

Í seinni áfanga er lagt til, eða 1. jan. 2002, að hámarksheimild hækki um 0,33% til viðbótar og verði því 13,03% í stað 12,7% miðað við fyrri áfanga.

Þá er gert ráð fyrir breytingu á fasteignasköttum en lagt er til að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat. Breytingin hefði í för með sér með sér verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins en með þessari breytingu er skatturinn lagður á raunverulegt verðmæti fasteigna.

Þetta er eins og ég segi hagsmunamál fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Það segir sig sjálft að sveitarfélögin þar sem einstaklingarnir hagnast með þeim hætti verða af tekjum og er gert ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga bæti þeim þetta tekjutap sem er talið verða 1,1 milljarður kr.

Síðan leggur nefndin til, þó það sé ekki í þessu frv., að til sögunnar komi sérstakt framlag úr jöfnunarsjóði, 700 millj. kr. tvisvar á ári.

Að uppistöðu til gengur þetta frv. út á heimild til útsvarshækkana og breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Ég vil byrja á að taka undir með stjórnarandstöðunni í umsögnum sínum um þetta frv. en í minnihlutaáliti félmn., sem er undirritað af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni segir m.a., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi fela tillögurnar í sér alls ónógar aðgerðir til að rétta við afkomu sveitarfélaganna. Að mati margra þyrftu tekjur sveitarfélaganna að aukast um allt að tvöfalda þá fjárhæð sem ætlunin er að færa þeim með heimildum til hækkunar á útsvari samkvæmt þessu frumvarpi og tillögum tekjustofnanefndar sem ganga aftur í frumvarpinu."

Ég endurtek: Tekjur sveitarfélaganna þyrftu að hækka um tvöfalda þá fjárhæð sem ætlunin er að færa þeim með heimildum til hækkunar á útsvari. Undir niðurlag greinargerðar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar segir:

„Niðurstaða 2. minni hluta er sú að hér sé eingöngu um að ræða afar takmarkaða úrlausn hvað varðar tekjuforsendur sveitarfélaga."

En út á hvað skyldu deilurnar um þetta frv. fyrst og fremst ganga? Ég held það sé aðallega tvennt sem menn ræða hér. Í fyrsta lagi deilir enginn um að nauðsyn beri til að færa tekjur frá ríki yfir til sveitarfélaga. Ríkið hefur á undanförnum árum verið að færa verkefni af herðum sínum yfir á herðar sveitarfélaganna án þess að nægjanlegir tekjustofnar hafi verið látnir fylgja með. (**LB:** Þess vegna var tekjustofnanefndin sett á laggirnar.) Þess vegna var tekjustofnanefndin sett á laggirnar, það er hárrétt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Um þetta er ekki deilt. Um hitt er deilt hvernig að þessu er staðið. Sveitarfélögunum er gefin heimild til að hækka útsvar sitt um tæpt eitt prósentustig. Á móti kemur síðan ríkissjóður og lækkar tekjuskatt um þriðjunginn af þessari upphæð, þessari tölu, 0,33%. Fari svo að sveitarfélögin nýti útsvarshækkunarheimildina að fullu þá verður um að ræða hækkun á sköttum einstaklinga sem nemur 0,66%.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar á þessari truflun en ráðgert var að fresta fundinum og gera matarhlé á milli kl. 7 og 8. Forseti vill ógjarnan rífa í sundur þráðinn ef hv. þm. hefur einhverja hugmynd um það hvort hann ljúki í næstu framtíð eða fjarri.) Ég held að mér muni ekki reynast erfitt að ná þráðunum saman að loknu matarhléi.

(**Forseti** (GÁS)**:** Þá skilur forseti það þannig að hv. þm. sé tilbúinn að gera hlé á ræðu sinni.)

Það skal ég gera.

[Fundarhlé. — 19:04]

[20:01]

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsmenn Fiskistofu, 230. mál, svar sjútvrh., þskj. 344.

Kostnaður við lýsingu vega á Reykjanesi, 213. mál, svar samgrh., þskj. 332.

[20:01]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Fram til þessa hef ég farið almennum orðum um þetta efni, minnt á að frv. er byggt á úttekt sem

gerð var af nefnd sem skipuð var á sínum tíma um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og tillögum þeirrar nefndar til úrbóta en eins og fram kemur í fylgiskjali með frv. er ekki um það deilt að fjárhagur sveitarfélaganna er bágur enda heildarskuldir þeirra yfir 50 milljarðar kr., 51,8 milljarðar. Hefur skuldin stóraukist á undangengnum árum enda er það svo að það hefur gerst í senn að sífellt fleiri verkefnum hefur verið hlaðið á sveitarfélögin. Verkefni sem voru áður hjá ríkinu eru nú komin til sveitarfélaganna. Þetta hefur gerst án þess að nægir tekjustofnar hafi fylgt með. Þá hefur það einnig gerst að sveitarfélögin hafa verið svipt tekjustofnum. Nægir þar að minna á aðstöðugjöldin sem námu 5.000–6.000 millj. kr. á ári hverju. Á sama tíma og þessu fer fram hefur orðið mikil byggðaröskun í landinu en hvernig sem á hana er litið veldur hún sveitarfélögunum búsifjum, ekki síst þeim sveitarfélögum sem missa fólkið frá sér. Það segir sig sjálft að verði færri eftir til að rísa undir sameiginlegum byrðum þá þyngjast þær byrðar. Einnig hefur komið fram að kostnaðaraukinn er verulegur hjá sveitarfélögum sem taka við fólksstraumnum. Það á t.d. við um Reykjavík.

Ég vitnaði í álit stjórnarandstöðunnar og vitnaði í álit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem minnir á að tillögurnar feli í sér ónógar aðgerðir til að rétta við afkomu sveitarfélaganna en hann bendir á að tekjur sveitarfélaganna þyrftu að aukast um allt að tvöfalda þá fjárhæð sem ætlunin er að færa þeim með heimildum til hækkunar á útsvari samkvæmt þessu frv. og reyndar einnig tillögum tekjustofnanefndar.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu eru fleiri tillögur frá nefndinni en koma fram í þessu frv., t.d. framlag tvisvar sinnum 700 millj. í hvort skipti í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir undir lok álits síns að frv. feli í sér afar takmarkaða úrlausn hvað varðar tekjuforsendur sveitarfélaganna.

Ég held að óhætt sé að segja að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er afar mismunandi og víst að sum þeirra standi frammi fyrir stærri vanda en önnur. Það er t.d. þannig að sveitarfélög, sem hafa þurft að innleysa til sín fjölda félagslegra íbúða án þess að þau hafi tök á því að losna við þær, hafa valdið þeim verulegum erfiðleikum. Þar mætti nefna einn þáttinn sem er óleystur og spurning á hvern hátt ríkisvaldið ætlar að koma að málum vegna þess að ekki er hægt að líta á þá húsnæðisstefnu sem rekin hefur verið í landinu sem einkamál einstakra byggðarlaga eða sveitarfélaga og eðlilegt að ríkissjóður komi á einhvern hátt að þeim málum.

Ég gat einnig um það fyrr í umræðunni og fyrr í ræðu minni og reyndar vék ég að því í umræðu í dag að þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga bæri að skoða með tilliti til annarra frv. um tekjuöflun til samfélagssjóða. Vísa ég þar í frv. sem átti einnig að vera til umræðu í dag um tekjuskatt og eignarskatt. En fyrir liggur á þinginu frv. sem felur í sér lækkun á tekjuskatti. Ég held að nauðsynlegt sé að skoða þessi frv. tvö í heild sinni. Ég var þar kominn í máli mínu að ég var að rifja upp í hverju andmælin gegn þessum skattbreytingum væru fólgin.

Ég held að enginn deili um nauðsyn þess að færa tekjustofna frá ríkinu til sveitarfélaga og að efla tekjustofna sveitarfélaganna. Enginn deilir um nauðsyn þessa. Spurningin er hins vegar sú hvort réttlætanlegt sé við þessar aðstæður að nota tækifærið til að hækka skatta almennt eins og gert er því nýti sveitarfélögin heimildarákvæði til útsvarshækkunar að fullu vegur tekjuskattslækkunin aðeins upp í þriðjunginn af fyrirhugaðri útsvarshækkun, 0,33% af þeim 0,99% sem hækkun til útsvarsheimildar felur í sér. Því er um að ræða skattahækkun upp á 0,66%. Þessu atriði hafa menn verið að andmæla og þá einnig sveitarfélögin, ekki síst á suðvesturhorninu.

Reyndar gat ég ekki um það núna í upprifjun minni að annað veigamikið atriði í þessu frv. er sú breyting sem gerð er á álagningarstofni fasteignaskatta sem verður núna fasteignamat og þá raunverulegt verð fasteignanna, sem er eðlilegt. Þetta gerir ekki mikla breytingu fyrir sveitarfélögin á suðvesturhorninu en fyrir sveitarfélög og einstaklinga annars staðar hefur þetta miklar breytingar í för með sér, umtalsverða skattalækkun fyrir einstaklingana og þar með tekjumissi fyrir sveitarfélögin sem þeim verður bætt upp með framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 1,1 milljarði kr. að því talið er.

Víða á landsbyggðinni munu menn því njóta skattalækkunar vegna þessa samspils en það mun ekki eiga við um suðvesturhornið. Það eru því svolítil blendnar tilfinningar þegar menn nálgast þessi mál.

Ég held hins vegar að alvarlegasti þátturinn sé ekki einvörðungu skattahækkunin sem þetta frv. felur í sér, heldur það hvernig hún kemur fram. Þar vísa ég til skattleysismarkanna. Ekki er nóg með að verið sé að hækka skatta á launafólk, á almenning, heldur munu skattleysismörkin lækka af völdum þessara breytinga. Eftir því sem skattprósentan hækkar án þess að persónuafslátturinn fylgi með hefur það í för með sér að skattleysismörkin lækka. Þetta er þvert á það sem ríkisstjórnin hefur lofað og gerði hér í mars sl. í tengslum við kjarasamninga sem voru þá í smíðum og kenndir hafa verið við Flóabandalagið og þvert á það sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir og lofað.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir allar þær umsagnir sem hafa borist í tengslum við þessi frv. Ég ætla engu að síður að leyfa mér að vitna í örfáar álitsgerðir. Hjá sveitarfélögunum kemur almennt fram andstaða við að tekjuskattur skuli ekki lækkaður til móts við hækkun útsvarsins. Það er gegnumgangandi í umsögnum sveitarfélaganna.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í álitsgerð eða samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 16. þessa mánaðar en þar segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Borgarráð Reykjavíkur fagnar því að loksins skuli hafa fengist viðurkenning ríkisins á þeirri staðreynd að verulega hefur hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið á undanförnum árum og að tekjustofnar þeirra hafa ekki verið í samræmi við lögskyld og aðkallandi verkefni."

Þetta er nokkuð sem oft hefur verið deilt um í þessum sal en ég held að enginn geri það lengur. Ég held að enginn deili lengur um það að verulega hafi hallað á sveitarfélögin í samskiptum við ríkisvaldið. Reyndar deila menn enn um upphæðir, núna síðast um tilkostnaðinn við flutning grunnskólans.

Þrjár skýrslur hafa komið fram, allar með mismunandi niðurstöðum, en þær eiga þó eitt sameiginlegt, að í öllum tilvikum, þótt í mismiklum mæli sé, fæst það staðfest að það hallar á sveitarfélögin. Það er staðreynd. Þetta er fyrsta atriðið sem borgarstjórn nefnir í ályktun sinni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það var mat fulltrúa sveitarfélaganna í hinni svokölluðu tekjustofnanefnd að tekjuþörf sveitarfélaganna vegna aukinna verkefna og ákvarðana ríkisvaldsins í skattamálum væri um 6–7 milljarðar á ári. Þrátt fyrir að þessi leiðrétting á

tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi ekki náðst fram telur borgarráð engu að síður að nefndin hafi náð mikilvægum áfanga varðandi endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sem mun skila sveitarfélögunum á landinu um 2.500 millj. kr. tekjuauka á næsta ári og um 3.750 millj. kr. á árinu 2002 komi tillögur hennar að fullu til framkvæmda. Engu að síður hlýtur borgarráð að gera alvarlegar athugasemdir við að samfara auknum heimildum sveitarfélaga til að hækka útsvar um 0,99% á næstu tveimur árum skuli ríkið ekki hafa áform um að lækka tekjuskattinn nema um 0,33% á næsta ári eða sem nemur 1.250 millj. kr. Tillögurnar munu því hafa í för með sér almenna skattahækkun sem mun bitna harðast á íbúum höfuðborgarsvæðisins."

Hér er væntanlega vísað í breytingar á álagningarstofni fasteignaskattsins.

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Það er óviðunandi að leiðréttingu á óréttlátri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli með þessum hætti velt yfir á íbúa sveitarfélaganna — jafnvel undir því yfirskini að það sé við sveitarfélögin að sakast.

Borgarráð skorar því á Alþingi að lækka tekjuskatt ríkisins á næstu tveimur árum til jafns við auknar heimildir sveitarfélaga til hækkunar útsvars eða um 0,99%."

Hér kemur aftur fram að menn skoða almennt bæði þessi frv., frv. um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem gert er ráð fyrir lækkun á tekjuskatti um 0,33%, í heild sinni, skoða þessi mál heildstætt.

Eins og ég segi þá er það rauður þráður í umsögnum sveitarfélaganna að þau andæfa því að tekjuskatturinn skuli ekki lækkaður til jafns við heimildina til útsvarshækkunar.

Nú vil ég að það komi skýrt fram að ég er mjög eindreginn fylgismaður þess að almannaþjónustunni séu tryggðar nægilegar tekjur, traustir tekjustofnar. Ég er mjög eindregið fylgjandi því og hef farið mjög varlega í að gagnrýna skattahækkanir. Ég hef verið fremur fylgjandi skattahækkunum, að sjálfsögðu að því gefnu að sköttunum sé varið skynsamlega og réttlátlega, t.d. til að búa hér til betra og réttlátara og hagkvæmara húsnæðiskerfi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi og áfram mætti telja. En að sjálfsögðu skiptir einnig höfuðmáli hvernig þessara skatttekna er aflað og þá horfa menn náttúrlega til reynslunnar, til þess hvað þessi ríkisstjórn hefur verið að gera, hverjar áherslur hún hefur haft í skattamálum. Fyrir um tíu árum síðan greiddu fyrirtæki á Íslandi yfir 50% tekjuskatt. Nú er sá tekjuskattur kominn niður í 30%. Menn eru hér að föndra með tilraunir í samstarfi við Verslunarráð Íslands, viðskiptaráðuneytið og Verslunarráðið, um svokölluð alþjóðleg viðskiptafélög. Þau eiga ekki að greiða neina 30% tekjuskatta heldur 5% og þau eiga að vera undanþegin stimpilgjöldum, undanþegin eignarskatti.

Annað afrek ríkisstjórnarinnar á liðnum árum er að þrengja tekjustofn fyrir arðgreiðslur af hlutafé. Fræg að endemum er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að heimila frestun á arðgreiðslum af hlutabréfagróða. Síðan eru mönnum náttúrlega í fersku minni breytingar sem gerðar hafa verið á aðflutningsgjöldum, lækkun á gjöldum fyrir að flytja inn dýrustu bifreiðarnar um hálfa milljón kr. á ári. Það eru þessir hlutir sem menn verða að hafa í huga þegar við ræðum þessar skattkerfisbreytingar. Þá horfum við að sjálfsögðu til skattleysismarkanna fyrst og fremst.

Að sjálfsögðu staðnæmumst við við þá staðreynd að skattgreiðendum skuli fjölga um 2.000–3.000 bara vegna þessara skattkerfisbreytinga. Um 2.000–3.000 manns sem munu greiða skatta, lágtekjufólk fyrst og fremst sem áður var undir skattleysismörkum, vegna þessara skattkerfisbreytinga einna, vegna þess að ríkisstjórnin hirðir ekki um að hækka persónuafsláttinn til samræmis við hækkun á tekjuskattinum. Þetta ætti að vera lágmarkskrafa sem reist er.

Nú ætla ég, herra forseti, að vitna í örstuttu máli í álitsgerðir sem koma frá almannasamtökum. Ég byrja á Öryrkjabandalaginu. Öryrkjarnir staðnæmast við skattleysismörkin og segja undir lok álitsgerðar sinnar, með leyfi forseta:

„Auk þeirrar þróunar bóta og skattleysismarka sem að framan er um getið hefur fjölmargt annað orðið til að rýra kjör öryrkja á undangengnum árum. Má þar t.d. nefna aukinn lyfja- og lækniskostnað, stóraukinn húsnæðiskostnað, símkostnað og bifreiðakostnað. Í flestum tilvikum er hér um að ræða kjaraskerðingar sem stjórnvöld hafa tekið meðvitaðar ákvarðanir um, ákvarðanir sem skýra þá vaxandi neyð sem hjálparstofnanir vitna nú hver af annarri um.

Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörk verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku."

Þetta er úr álitsgerð Öryrkjabandalagsins.

Ég ætla aðeins að vitna í það sem fram hefur komið frá verkalýðshreyfingunni. Eins og menn rekur eflaust minni til, kom hæstv. fjmrh. fram á vordögum, ég held það hafi verið í mars, í tengslum við samninga sem gerðir voru í kringum 10. mars sl., og skýrði þingheimi frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem bar þetta virðulega heiti: Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000. Hér segir m.a., með leyfi forseta, varðandi skattleysismörkin:

„Til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga á árinu 2000 og stuðla þannig að auknum stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Hækkunin á árinu 2000 verður þó nokkru meiri. Í þessu skyni verður lagt fyrir Alþingi innan skamms frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt þar sem kveðið er á um að persónuafsláttur hækki um 2,5% frá 1. apríl 2000. Þessi hækkun kemur til viðbótar við 2,5% hækkun persónuafsláttar 1. janúar sl. þannig að heildarhækkun á árinu 2000 nemur 5%. Enn fremur hækkar persónuafsláttur um 3% 1. janúar árið 2001, um 3% 1. janúar árið 2002 og um 2,25% 1. janúar árið 2003."

Hvernig skyldi standa á því að ríkisstjórnin leggur áherslu á þetta í yfirlýsingu sem gefin er út í tengslum við kjarasamninga? Hvernig skyldi standa á því? Jú, ástæðan er sú að verkalýðshreyfingin sameinuð hefur um árabil gagnrýnt mjög harðlega að skattleysismörk skuli ekki hafa fylgt almennri launaþróun í landinu. Það hefa þau ekki gert á undangengnum árum og þetta hefur verið mjög harðlega gagnrýnt. Þess vegna var ákveðið í tengslum við síðustu kjarasamninga og til þess að greiða fyrir kjarasamningum að skattleysismörkin skyldu að lágmarki hækka í takt við umsamdar launahækkanir, ekki launaþróunina almennt, heldur lágmarks umsamdar launahækkanir. Ef skattleysismörkin ættu að hækka í samræmi við launaþróun almennt og launaskrið, ætti hækkunin að vera miklu meiri, talsvert meiri. Ætli það sé ekki um 7% á þessu ári sem launaskriðið hefur orðið? *Lágmarks umsamdar launahækkanir eru miklu minni.* En þetta varð niðurstaðan, að skattleysismörkin skyldu fylgja lágmarks umsaminni launaþróun.

Þess vegna er það algert lágmark þegar skattprósentan er hækkuð núna, að þá fylgi skattleysismörkin með. Það er lágmark. Þýðir það að skattbyrðin muni þá ekki aukast? Nei, það þýðir það ekki að sjálfsögðu vegna þess að ef skattprósentan er hækkuð þá munu skattaálögur aukast. En það þýðir hins vegar að hjá þeim allra lægst launuðu mun ekki verða breyting af þessum sökum. Það er það sem mun gerast. Og það er það sem Öryrkjabandalagið er að leggja áherslu á og það er það sem verkalýðshreyfingin er að leggja áherslu á.

Í yfirlýsingu sem kom frá Alþýðusambandi Íslands í gær segir m.a., með leyfi forseta:

„Verði fyrirætlanir stjórnvalda í útsvars- og skattamálum að veruleika þyngist skattbyrði launafólks og markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fjarlægjast. Sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga má nefna að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þess árs í skattahækkunina eina. Verði ekki gripið til annarra ráðstafana er einnig ljóst að ríkisstjórnin mun ganga á bak orða sinna um þróun skattleysismarka sem gefin voru í yfirlýsingu hennar 10. mars sl. í tengslum við kjarasamninga."

Það er það sem ég vitnaði til áðan. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Á næsta ári er gert ráð fyrir að útsvar geti hækkað um 0,66 prósentustig á móti hyggjast stjórnvöld aðeins lækka tekjuskattshlutfallið um 0,33 prósentustig. Árið 2002 getur útsvar hækkað um 0,33 prósentustig en tekjuskattshlutfallið á ekkert að lækka til að mæta því."

Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er þyngri skattbyrði launafólks á sama tíma og spár gera ráð fyrir að verulega hægi á kaupmáttaraukningunni. Auknar skattaálögur sem draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna ganga þvert gegn markmiðum kjarasamninganna á almenna vinnumarkaðnum sem gilda víðast hvar til ársins 2003.

En skattbyrði launafólks þyngist ekki aðeins beint vegna skattahækkunarinnar sjálfrar heldur bætist við að skattleysismörk munu að öðru óbreyttu lækka að raungildi. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sl. vegna kjarasamninganna er kafli sem ber yfirskriftina „Skattleysismörk fylgja launaþróun". Til að skattleysismörkin fylgi almennum lágmarkshækkunum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þyrftu þau að hækka um 3% í ársbyrjun 2001 og aftur um 3% 2002. Skattahækkunin hefur hins vegar þau áhrif að skattleysismörkin hækka aðeins um 2,1% sem er raunlækkun eins og ASÍ hefur ítrekað bent á. Þessi staðreynd sést m.a. á því að vegna fyrirhugaðra breytinga mun skattgreiðendum fjölga um meira en 2.100 eða ríflega 8% strax á næsta ári."

Þetta er sú tala sem ég nefndi, þ.e. að um á milli 2.000 og 3.000 manns mundi fjölga í hópi skattgreiðenda. (Gripið fram í.) Þetta eru breiðu bökin sem hæstv. ríkisstjórn hefur fundið. Þetta er fólkið sem á að niðurgreiða fjármagnsliðið sem ríkisstjórnin hefur verið að hygla á undanförnum árum. Þetta er fólkið sem á að niðurgreiða þann mannskap. Það er fundið hér.

Enn segir í álitsgerð Alþýðusambands Íslands:

„Það er sérstakt áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ákveða þyngingu skattbyrða á launafólk nú þegar allar spár um efnahagshorfur benda til þess að mjög fari að draga úr kaupmáttaraukningunni og aðstæður raunar orðnar þannig að tvísýnt er hvort verjast megi kaupmáttarrýrnun. Þetta er enn alvarlegra í ljósi þess að stjórnvöld létu hjá líða að grípa til afgerandi aðgerða til að draga úr þenslu þegar öll hættumerki blöstu við á árunum 1998 og 1999. Að mati hagdeildar ASÍ er það ein af skyldum stjórnvalda að reyna að viðhalda stöðugleika með því að draga úr hagsveiflum í stað þess að vinna með þeim og ýkja enn. Það er einfaldlega röng hagstjórn."

Í niðurlagi greinargerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Hagdeild ASÍ bendir einnig á að á sama tíma og verið er að leggja til þyngri skattbyrðar á launafólk er verið að ræða af mikilli alvöru mikla lækkun eignarskatta og fjármagnsskatta."

Þetta er úr greinargerð Alþýðusambands Íslands.

Mér finnst ástæða til að taka sérstaklega fram að í máli hagfræðings Alþýðusambands Íslands, Rannveigar Sigurðardóttur, kom mjög ákveðið fram að Alþýðusambandið væri ekki að fara fram á skattalækkun. Það væri ekki verið að fara fram á skattalækkun. Það væri verið að mótmæla skattahækkun. Það kom mjög afdráttarlaust fram í máli hennar.

Síðan hefur einnig borist greinargerð frá BSRB og í álitsgerð kemur einnig fram mikilvægi þess að líta á þessi frv. saman. Hér segir, með leyfi forseta:

„BSRB hefur jafnan lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna til að standa straum af mikilvægri samfélagsþjónustu. Jafnframt hafa samtökin bent á mikilvægi þess að skattar eru tæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og nauðsynlegt sé að hyggja að forgangsröðun við skattlagningu svo fyllsta réttlætis sé gætt.

BSRB hefur margoft lagt áherslu á að sveitarfélögin hafi verið svipt mikilvægum tekjustofnum á liðnum árum jafnframt því sem auknar byrðar hafa verið settar á þeirra herðar. Í þessu samhengi nægir að nefna afnám aðstöðugjalds og hvað ný verkefni áhrærir má nefna grunnskólann. Margt bendir til þess að yfirfærsla grunnskólans og annarra verkefna hafi reynst mörgum sveitarfélögum erfið enda bera stórauknar skuldir sveitarfélaganna þess vott að fjárhagur þeirra stendur ekki traustum fótum."

Síðan er vísað í frv. um tekjustofna sveitarfélaga og segir hér í framhaldinu, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fái aukið svigrúm til útsvarshækkunar, alls um 0,99% og geti hækkunin komið í áföngum 0,66% frá 1. jan. 2001 og 0,33% ári síðar.

Í frumvarpinu er lagt til að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir verði fasteignamat þeirra. Þetta mun ekki hafa teljandi áhrif á fasteignaeigendur í Reykjavík og nágrenni en fasteignaeigendur utan höfuðborgarsvæðisins munu hins vegar hagnast á því að raunvirði fasteigna þeirra verði álagningarstofn fasteignaskatts en fram til þessa hefur þeim verið gert að greiða fasteignaskatt sem lagður er samkvæmt stofni langt umfram raunvirði eigna þeirra. Tekjutapi sveitarfélaga á landsbyggðinni vegna þessarar breytingar verður mætt með auknu framlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þessar breytingar ganga í réttlætisátt."

Síðan er vísað til þess að þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga beri að skoða í samhengi við frv. um tekjuskatt og eignarskatt eins og áður er vikið að en þar er gert ráð fyrir lækkun á tekjuskattshlutfallinu úr 26,41% í 26,08, eða um 0,33%. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þessi tekjuskattslækkun vegur ekki upp heimild til útsvarshækkunar. Afleiðingin er hærri tekjuskattar á einstaklinga sem að öllu óbeyttu hefur í för með sér rýrnun á ráðstöfunartekjum þeirra. Sums staðar á landsbyggðinni mun lækkun á fasteignasköttum vega þarna upp á móti en það

mun ekki eiga við um Reykjavík eins og áður er vikið að. Samkvæmt breytingartillögum við ofangreint frumvarp á þingskjali 243, 196. mál," — hér er vísað í frv. sem *Samfylkingin hefur sett fram og er hv. þm.* Guðmundur Árni Stefánsson 1. flm., en samkvæmt tillögum sem felast í því frv. — „er gert ráð fyrir að tekjuskattslækkunin nemi 0,99% og vegi þannig upp á móti heimild sveitarfélaganna til hækkunar á útsvari."

Í álitsgerð BSRB segir, með leyfi forseta:

„Þetta er eðlilegt sé ætlunin einvörðungu að færa til tekjustofna en ekki hækka skatta."

Í framhaldinu segir enn fremur:

„Mikilvægt er að hyggja að áhrifum þessara skattbreytinga á skattleysismörk. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í mars og lagabreytingum í kjölfarið er gert ráð fyrir að skattleysismörk hækki samkvæmt lágmarks umsömdum launahækkunum sem þá hafði verið gengið frá. Þessi hækkun skattleysismarka er innan þeirrar launaþróunar sem síðan hefur orðið og hlýtur það að vera lágmarkskrafa að nái þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir fram að ganga verði þær ekki til að skerða skattleysismörk enn frekar. Til þess að skattleysismörk haldist óbreytt miðað við hækkun tekjuskatta um 0,33% 1. jan. 2001 og aftur sama hlutfall ári síðar þyrfti persónuafsláttur að hækka umfram það sem áður hefur verið ákveðið um 217 krónur í byrjun næsta árs, 447 krónur í ársbyrjun 2002 og 457 krónur 2003, sjá *meðfylgjandi töflu*" — *sem hagdeild BSRB hefur sent frá* sér þar sem gerð er grein fyrir þessum útreikningum. Samtökin telja með öðrum orðum að það sé lágmarkskrafa að persónuafsláttur inn hækki sem þessu nemur til að tryggja að skattleysismörkin haldist óbreytt. Hér er ekki verið að tala um að hækka skattleysismörkin. Það er verið að leggja það til að gerðar verði breytingar á persónuafslættinum sem tryggi að skattleysismörkin haldist óbreytt.

Áfram segir í greinargerð BSRB, með leyfi forseta:

„BSRB hefur jafnan lagt á það ríka áherslu að skattar og skattkerfisbreytingar séu skoðaðar heildstætt. Full ástæða er til að mótmæla harðlega forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hún hefur þrengt tekjustofna vegna arðgreiðslna, heimilað frestun á skattlagningu hagnaðar af hlutafé, innleitt skattahagræði vegna valréttarsamninga í hlutafélögum, lækkað aðflutningsgjöld af dýrum bifreiðum og margvíslegum lúxúsvarningi svo nokkur dæmi séu nefnd. Því miður hefur lítillar viðleitni orðið vart til að koma til móts við kröfur launafólks um fjölgun skattþrepa og aðra þætti sem mættu verða til tekjujöfnunar. Í ljósi þessa mótmælir BSRB fyrirhuguðum skattbreytingum."

Hér hafa verið færð mjög ítarleg rök fyrir því að ástæða sé til að gera á þessu bragarbót.

Tillögur okkar úr minni hluta efh.- og viðskn. þingsins gengu út á að smíðaður yrði heildstæður skattapakki sem tryggði hag launafólksins. Þar hefði þurft að tryggja tvær forsendur. Í fyrsta lagi hefði verið eðlilegt, og þar tek ég undir með meiri hluta sveitarfélaga í landinu, að tekjuskatturinn væri lækkaður til jafns við heimildir til sveitarfélaganna til útsvarshækkunar og það er algert grundvallaratriði að persónuafsláttur inn verði hækkaður á þann veg að hann tryggi óbreytt skattleysismörk.

Undir lok álitsgerðar BSRB segir, með leyfi forseta:

„Samtökin leggja höfuðáherslu á tvennt:

Skattheimta verði ekki aukin á launafólk nema að undangengnum viðræðum við heildarsamtök launafólks sem tryggi a) að byrðum sé skipt þannig að ásættanlegt sé, b) að gripið sé til hliðarráðstafana í þágu þeirra sem búa við erfið kjör. BSRB hefur jafnan lýst vilja til slíkra viðræðna og ítrekar hér með óskir í þessa veru.

Í öðru lagi er það algert grundvallaratriði að skatthlutfall verði ekki hækkað án samsvarandi breytinga á persónuafslætti til að tryggja að skattleysismörk lækki ekki vegna breytinga á álagningarhlutfalli."

Síðan er þess að geta að með álitsgerðum ASÍ og BSRB fylgja ítarlegir útreikningar þar sem sýnt er fram á hver skerðingin er á ráðstöfunartekjum launafólks vegna þessara fyrirhuguðu skattabreytinga og hvað þurfi að gerast til að verja launafólk.

Ég held að það sé alveg sýnt, herra forseti, að ef um þessar tillögur á að verða nokkur friður á Alþingi, er alger lágmarkskrafa að persónuafsláttur inn verði færður upp þannig að skattleysismörkin haldist óbreytt. Það held ég að sé alger lágmarkskrafa. Hitt sem þarf að gerast og er í samræmi við vilja yfirgnæfandi meiri hluta sveitarfélaganna í landinu og í samræmi við yfirlýstan vilja samtaka launafólks, er að tekjuskattslækkun og heimildir til útsvarshækkunar séu jafnmiklar þannig að ekki verði um skattahækkun að ræða vegna þessara breytinga heldur einvörðungu flutning á tekjustofnum frá ríki til sveitarfélaga sem enginn deilir um að þurfi að eiga sér stað.

Hitt er svo annað mál að ég er þess fýsandi að taka skattkerfið til endurskoðunar. Mér finnst ekkert heilagt í þeim efnum annað en það eitt að okkur beri að standa vörð um hag almenns launafólks og ekki síst þeirra sem búa við erfiðust kjör. Það er því miður ekki gert með þessum skattkerfisbreytingum. Verið er að fjölga skattgreiðendum um rúmlega tvö þúsund, þeir eru á þriðja þúsund sem koma til með að greiða skatt vegna þessara breytinga einna, fólk sem hefði að öðrum kosti ekki greitt skatta.

Það er því lágmarkskrafa, herra forseti, að þessi mál verði skoðuð heildstætt. Út á það gengu kröfur okkar í minni hluta efh.- og viðskn. á margumræddum fundi nefndarinnar í gærkvöld. Við vorum ekki að leggja það til að þessum skattbreytingum yrði frestað. Við vorum að leggja til að þess yrði freistað að ná heildstæðri lausn sem sátt væri um. Þar vísa ég sérstaklega til Öryrkjabandalagsins, til verkalýðshreyfingarinnar, til ASÍ og til BSRB.

Ég veit hins vegar ósköp vel hvar það er sem þessi ríkisstjórn leitar einkum sátta. Hún er ánægð ef Verslunarráðið gefur blessun sína, ef Samtök atvinnulífsins gefa blessun sína, þá er ríkisstjórnin hæstánægð. En það er svolítið undarlegt að nær allar breytingar, sem hún hefur ráðist í eða haft forgöngu um, hafa mætt andstöðu frá almannasamtökum, frá Öryrkjabandalaginu, frá Alþýðusambandinu, frá BSRB og öðrum samtökum launafólks. Þaðan hafa mótmælin komið. Það er úr röðum þeirra sem áheyrendapallarnir hafa verið fylltir en þeir hafa ekki verið þaulsetnir af fulltrúum Verslunarráðsins eða Samtaka atvinnulífsins. Þessir aðilar vita sem er að þeir eiga fulltrúa í þessum sal og meiri hlutinn sem er hér á þingi fylgir þeim að málum. Það væri óskandi að sá tími renni fljótt upp að breyting verði þar á.

[20:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við höfum verið að ræða um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga í dag alveg frá því þingfundur hófst rétt eftir hádegið og hefur ýmislegt komið fram í þeirri umræðu sem ég ætla ekki að endurtaka.

Áður en ég hef mál mitt vildi ég fá að vita hvort að hæstv. starfandi félmrh. er í húsinu.

(**Forseti** (ÁSJ): Hæstv. starfandi félmrh. er ekki í húsinu.)

Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að hann væri viðstaddur umræðuna. Það hefur vakið athygli að fáir þingmenn úr flokki hans hafa verið viðstaddir umræðuna sem á nú að vera á forræði Framsfl.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga hvort starfandi félmrh. er væntanlegur.)

Eins og komið hefur fram í umræðum um þessa lagabreytingu er stórfelld skuldasöfnun sveitarfélaga undanfarin ár staðreynd og mikill hallarekstur sveitarfélaganna er vegna þess að tekjurnar hafa ekki dugað til lögbundinna verkefna og eðlilegra verkefna þeirra. Það kemur mjög skýrt fram í skýrslu tekjustofnanefndar sem félmrh. skipaði 2. júní 1999 og hefur verið til umræðu í dag. Þessi hallarekstur hefur leitt til mikillar skuldasöfnunar og hafa sveitarfélögin orðið að fjármagna þær með lánum.

Eins og kom fram í 1. umr. og einnig hjá félmn. þegar málið var til umræðu þá er ljóst að það hafa orðið ýmsar skattalagabreytingar og ýms ný lög verið sett og nýjar reglugerðir sem hafa verið mjög útgjaldaaukandi fyrir sveitarfélögin án þess að tekjur hafi komið á móti. Vísa ég til ræðu minnar við 1. umr. um allar þær breytingar á lögum og reglugerðum sem hafa orðið til þess að íþyngja fjárhag sveitarfélaganna án þess að gert væri ráð fyrir að það kostaði nokkuð.

Ég vil einnig benda á að nýverið kom fram svar við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um kostnað sveitarfélaganna vegna EES-samninga og verulegar fjárhæðir hafa komið til vegna þeirra. Sveitarfélögin hafa einnig þurft að greiða aukin framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð, til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, framlög til húsnæðismála og húsaleigubótakerfisins svo ekki sé minnst á kostnað sveitarfélaganna vegna hinna miklu búferlaflutninga sem hafa átt sér stað undanfarið. Það er ekki aðeins að það sé erfitt fyrir litlu sveitarfélögin þar sem fólki hefur fækkað, það hefur náttúrlega komið niður á þeim með minni tekjum til sveitarfélaganna, heldur hefur það ekki síður verið íþyngjandi fyrir þau sveitarfélög þangað sem fólk hefur flust, þar sem fólki hefur fjölgað. Fram hefur komið að það kostar sveitarfélag að taka á móti hverjum nýjum aðfluttum einstaklingi á milli 1 og 2 millj. Fyrir hvern einasta nýjan einstakling sem flyst til sveitarfélagsins kostar þetta þær upphæðir. Þetta eru því mjög mikil útgjöld sem sveitarfélögunum er ekki bætt upp.

Það er alveg ljóst að þær tillögur sem liggja hér fyrir svara ekki núverandi fjármagnsþörf sveitarfélaganna. Án þess að ég ætli að fara ítarlegar út í þær tillögur þá kom mjög skýrt fram í félmn. að þau sveitarfélög, nánast flestöll þau sveitarfélög sem skiluðu umsögnum til nefndarinnar, ætla að nýta sér þá hækkun á útsvari sem heimiluð er. Þar má nefna öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem hyggjast nýta sér þessa hækkun, nánast öll. Það kom og fram í máli fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í félmn. að þau hvettu sveitarfélögin til að fullnýta sér þessa heimild. Því er ljóst að þessar breytingar hafa í för með sér skattahækkun á suðvesturhorni landsins. Þetta hefur í för með sér skattahækkun á þá sem búa í þéttbýlinu.

Ef heimildir eru nýttar hjá sveitarfélögunum á suðvesturhorninu, eins og þau munu gera í allflestum tilvikum, þá gæti það þýtt skattahækkanir í kringum 1,6 milljarða á þessu svæði þar sem um 160 þúsund manns búa. Það þýðir næstum 10 þús. kr. kr. hækkun á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu, 10 þús. kr. hækkun að meðaltali á hvern einasta íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig hefur komið fram, t.d. hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem talaði hér fyrr í dag, að mjög margir munu fara að greiða skatt sem ekki greiddu skatt áður. Það hefur reyndar komið fram í máli fleiri ræðumanna hér í dag. Talað er um að það séu á milli tvö og þrjú þúsund manns sem muni fara að greiða skatt sem ekki greiddu skatt áður. Auðvitað vitum við alveg á hvaða hópum þetta mun bitna. Þetta mun bitna á einstæðum foreldrum, öryrkjum, öldruðum og tekjulágu fólki. Öryrkjar t.d. eru með frá 50 þús. kr., ef þeir eru í sambúð, og upp í 70 þús. kr. í tekjur á mánuði og 70 þús. kr. öryrki sem býr einn er farinn að borga skatt. Hann borgar tugi þúsunda í skatt á ári nú þegar og síðan munu koma á hann auknar álögur eins og fram hefur komið mjög skýrt í efh.- og viðskn.

Ég vil einnig minna á fréttir í kvöld í fjölmiðlum þar sem fram kom að ASÍ varar við og mótmælir þessum breytingum sem eru að verða hér að lögum án þess að tekið sé tillit til útsvarshækkunar. Þeir vara við þessum skattahækkunum og benda á að skattbyrði launþega með 70 þús. kr. tekjur mun aukast um 7 þús. kr. á ári og maðurinn með 110 þús. kr. mun fara að greiða um 10 þús. kr. á ári. Þetta kemur einnig fram í áliti BSRB sem var lagt fyrir efh.- og viðskn. og hv. þm. Ögmundur Jónasson formaður BSRB benti einmitt á í ræðu sinni hér á undan.

Í áliti sem kom frá hjá Öryrkjabandalagi Íslands og rætt var einmitt á fundi félmn. þegar þetta mál var til umræðu var bent á stöðu öryrkja og að þeir geti ekki tekið á sig frekari skattahækkanir. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa úr áliti Öryrkjabandalags Íslands sem barst félmn.:

„Svo sem félagsmálanefnd er kunnugt hefur þróun skattleysismarka verið á þann veg síðasta áratug að jafnvel þeir öryrkjar sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga eru farnir að greiða af þeim beinan skatt svo nemur tugum þúsunda á ári hverju. Þetta gerist þrátt fyrir þá óhagganlegu staðreynd að örorkulífeyrir og tekjutrygging hafa dregist verulega aftur úr þróun bæði lágmarkslauna og launavísitölu. Við svo búið sér Öryrkjabandalagið sér ekki fært að styðja frumvarp sem felur í sér aukna skattbyrði nema tryggilega sé frá því gengið að öryrkjum verði bætt hún upp með öðrum hætti.

Auk þeirrar þróunar bóta og skattleysismarka sem að framan er um getið hefur fjölmargt annað orðið til að rýra kjör öryrkja á undangengnum árum. Má þar t.d. nefna aukinn lyfja- og lækniskostnað, stóraukinn húsnæðiskostnað, símkostnað og bifreiðakostnað. Í flestum tilvikum er hér um að ræða kjaraskerðingar sem stjórnvöld hafa tekið meðvitaðar ákvarðanir um, ákvarðanir sem skýra þá vaxandi neyð sem hjálparstofnanir vitna nú hver af annarri um.

Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörk verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku."

Þetta er álit Öryrkjabandalags Íslands, herra forseti, á þessu frv. sem við ræðum hér og sýnir það glögglega hvernig skattbyrðin mun aukast á lágtekjuhópunum og öryrkjum. Sama á auðvitað við um aldraða sem hafa litlar eða engar aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun og mun því skattbyrðin aukast mjög á þetta fólk.

Þingmenn Samfylkingar hafa lagt fram breytingartillögu við þann hluta þessa þingmáls sem er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þar sem lagt er til að tekjuskattur verði lækkaður á móti útsvarshækkuninni og er ekki hægt að segja annað en að nánast öll sveitarfélög taki undir þá breytingartillögu. Það kemur fram í ályktunum sem eru samþykktar samhljóða hjá sveitarfélögunum að þeir leggja þetta til

Herra forseti. Ég vil í tilefni af því að hv. þm. Gunnar Birgisson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er viðstaddur þessa umræðu lesa ályktun sem samþykkt var og undirrituð af öllum bæjarfulltrúum bæjarstjórnar Kópavogs þann 14. nóv. sl., en þar er einmitt tekið undir þessa tillögu okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Kópavogs skorar á Alþingi að afgreiða breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nú á haustþingi án þess að það hafi í för með sér almennar skattahækkanir á íbúa höfuðborgarsvæðisins. Það verður best gert með því að lækka tekjuskattsprósentuna jafnt og nemur hækkun á útsvarsprósentunni. Tryggt verði að ný lög taki gildi 1. janúar árið 2001. Jafnframt telur bæjarstjórn Kópavogs að tryggja beri sveitarfélögum nægilega tekjustofna til þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Enn fremur telur bæjarstjórn Kópavogs að bæta beri sveitarfélögum upp tekjuskerðingu sem þau hafa orðið fyrir undanfarin ár.

Ljóst er að sveitarfélögin hafa ekki nægilega tekjustofna til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Þá er ljóst að endurskoða þarf hlutverk jöfnunarsjóðs, en umfang hans er orðið um 6 milljarðar kr. á ári. Leita ber leiða til að gera sveitarfélögin fjárhagslega sjálfstæðari og síður háð framlögum úr jöfnunarsjóði."

Þetta er álit frá bæjarstjórn Kópavogs sem barst félmn. er hún fjallaði um málið. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig hv. þm. Gunnar Birgisson greiðir atkvæði um þessa ályktun bæjarfulltrúans Gunnars Birgissonar. Það kemur í ljós á morgun þegar greidd verða atkvæði um þetta mál.

Annars verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst sérkennilegt að sá hluti málsins sem snýr að tekjustofnum sveitarfélaga skuli ekki vera samferða skattalega þætti málsins sem er hjá efh.- og viðskn. Talað var um það hér við umræðuna og einnig í nefndinni að þessi mál yrðu samferða og lögð var mikil áhersla á að afgreiða úr efh.- og viðskn. þann hluta málsins í gærkvöldi. En síðan hefur ekki bólað á málinu í þingsal eða á dagskrá þingsins og það er ákaflega sérkennilegt að þau skuli ekki fylgjast að.

Þess má líka geta að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ályktað í sömu veru og önnur sveitarfélög, svipað og bæjarstjórn Kópavogs. Álit borgarstjórnar Reykjavíkur hefur verið lesið hér upp þannig að ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til þess að endurtaka það. Það er nákvæmlega í sömu veru og álit Kópavogs. En ég vil geta þess, herra forseti, að í niðurlagi ályktunar borgarstjórnar Reykjavíkur segir:

„Borgarráð skorar því á Alþingi að lækka tekjuskatt ríkisins á næstu tveimur árum til jafns við auknar heimildir sveitarfélaga til hækkunar útsvars eða um 0,99%."

Það er nákvæmlega í þessa veru sem breytingartillaga okkar sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er 1. flm. að, hljóðar.

Hið sama segir Hafnarfjarðarbær, en í áliti þaðan til félmn. er bent á og segir strax:

„Hafnarfjarðarbær mun að sjálfsögðu nýta sér heimild til hækkunar útsvarsprósentu frá næstu áramótum. Annað væri óábyrgt í ljósi þeirra miklu og nauðsynlegu framkvæmda sem bæjarfélagið stendur að. Það er hins vegar ljóst að áðurnefnd hækkun útsvarsins nægir engan veginn til að mæta þeim áhrifum sem ný lög og reglugerðir hafa rýrt fjárhag bæjarfélagsins á síðustu árum.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 7. nóvember sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóma:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að skora á Alþingi að samfara auknum heimildum til hækkunar útsvars, 0,99% á næstu tveimur árum, lækki ríkisvaldið tekjuskatt jafnmikið. Það er ljóst að í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur hallað á sveitarsjóðina og er það viðurkennt í niðurstöðum tekjustofnanefndar sveitarfélaga. Ástæður þessa eru m.a. ákvarðanir ríkisvaldsins og Alþingis í skattamálum og enn fremur varðandi kröfur um aukna kostnaðarsama þjónustu sveitarfélaga, án þess að tekjur hafi fylgt. Lætur nærri að tekjuþörf sveitarfélaga af þessum sökum liggi á bilinu 5–6 milljarðar árlega. Um þetta er ekki deilt. Auknar hækkunarheimildir í útsvari til handa sveitarfélögunum mæta að hluta til þessum tekjuvanda sveitarsjóðanna. Hins vegar er óviðunandi að þessari sannanlegu tekjuþörf sveitarfélaga sé mætt með auknum álögum á íbúa sveitarfélaganna. Þess vegna er mikilvægt að tekjuskattur ríkisins lækki til jafns við hækkun útsvars. Með þeim hætti er leiðrétt að hluta óréttlát tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, en án þess að skattgreiðendur borgi brúsann, án þess að komi til skattahækkana.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á alþingismenn að verða við þessum réttmætu ábendingum.""

Í þessa veru eru nánast flestar umsagnir til félmn.

Ég tek undir það að ... (**ArnbS:** Ertu búin að lesa frá Reykjavík?) Álit frá Reykjavík var lesið fyrr þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það en ef hv. þm., formaður félmn., vill fá að heyra það álit mun ég verða við því að lesa það upp fyrir hv. þm. En ég hefði nú haldið að hv. þm., sem formaður félmn. hefði lesið yfir það álit, þó full ástæða hefði verið til að lesa það einnig upp.

Herra forseti. Ég tek undir þá afstöðu að taka þurfi tekjustofna sveitarfélaga reglulega til endurskoðunar og þess vegna er mikilvægt að áframhald verði á þeirri umræðu og vinnu við endurmat tekjustofna sveitarfélaga sem er hafin. Það kemur einmitt fram í fjölda umsagna frá sveitarfélögunum að mikilvægt sé að breikka tekjustofna sveitarfélaga þannig að sveitarsjóðirnir hafi einnig tekjur af óbeinum sköttum.

Einnig er mikilvægt að taka upp og endurskoða hlutverk jöfnunarsjóðs vegna mikilla og stóraukinna umsvifa hans og munu þingmenn Samfylkingarinnar hafa frumkvæði að tillögugerð í þá veru að skoða hlutverk jöfnunarsjóðsins.

Ég fagna komu hæstv. starfandi félmrh. Það er ánægjuefni að hann skuli sjá ástæðu og tíma til að koma hér. Vissulega er full ástæða fyrir hv. þm. og hæstv. ráðherra að vera viðstaddan umræðuna enda stórmál á ferðinni.

Eitt var það sem kom nokkuð sérstakt inn í nefndina en það var erindi frá hæstv. félmrh. þar sem hann óskar eftir ákveðinni brtt. þar sem lagt er til að inn komi styrkur úr jöfnunarsjóði til vatnsveitu lögbýla og var það ákaflega sérkennileg afgreiðsla, verður að segjast eins og er, og kom það m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga í opna skjöldu þegar þeir komu á fund nefndarinnar og þessi brtt. var borin undir þá. En í umsögn sem nefndin fékk frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þá breytingu kemur fram að þeir

eru mjög andvígir því að sú brtt. verði samþykkt. Verð ég nú að segja að ég tek heils hugar undir það. Það er óeðlilegt að einstaklingar hafi þannig aðgang að jöfnunarsjóði en í tillögu ráðherrans, sem meiri hluti nefndarinnar flytur, er gert ráð fyrir því að Bændasamtökin ákvarði eða komi með tillögur um úthlutun 25 milljóna úr jöfnunarsjóði og erum við fulltrúar Samfylkingarinnar í félmn. andvíg þessari brtt. Segir í nál. okkar um þetta mál:

„Hvað varðar breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar að frumkvæði félagsmálaráðherra, um styrk úr jöfnunarsjóði til vatnsveitu lögbýla, telur 1. minni hluti það mikilvægt að bændur eigi kost á hreinu og góðu vatni. Hins vegar var þetta verkefni landbrn. og telur 1. minni hluti að svo eigi að vera áfram. Þá orkar einnig tvímælis að Bændasamtökin séu orðin ígildi sveitarfélags með sérstakri aðkomu að jöfnunarsjóðnum."

Ég verð að segja að ekki er hægt annað en að taka undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem þeir benda á að verði þessi brtt. samþykkt sé verið að skapa mjög varhugavert fordæmi hvað varðar ýmsar aðrar framkvæmdir einstaklinga sem sveitarfélög sinna ekki beint.

Við styðjum aftur á móti þá breytingu að álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat en lækkaðar álögur fasteignaskatts nema á suðvesturhorni landsins hafa engin áhrif á heildarafkomu sveitarfélaga í ljósi þess að ríkissjóður mun greiða þeim sveitarfélögum sem verða fyrir tekjulækkun það sem á vantar eða 1,1 milljarð kr. í gegnum jöfnunarsjóð.

Eins og komið hefur fram í máli okkar þingmanna Samfylkingarinnar, sem höfum tekið til máls í þessu þingmáli, er það ljóst að málið er vanreifað eins og það liggur fyrir. Þar sem brtt. Samfylkingarinnar hefur ekki komið inn eða sá hluti málsins sem varðar efh.- og viðskn., og ljóst virðist að menn ætli ekki að taka undir þá brtt. sem Samfylkingin hefur lagt fram þar um að tekjuskattur lækki til jafns við auknar heimildir í útsvari, getum við ekki samþykkt þessa auknu heimild á útsvari úr því að ekki á að samþykkja lækkun tekjuskatts á móti. Það er alveg ljóst á því sem fram hefur komið um málið að þetta frv. þýðir aukna skattahækkun á launafólk í landinu og þá pólitísku ábyrgð verður ríkisstjórnin og stjórnarliðar að bera.

Herra forseti. Ég verð að segja það að ég hef verulegar áhyggjur af því hvert þetta mál muni leiða og það furðar mig að í meirihlutaáliti efh.- og viðskn. um þann hluta málsins skuli ekkert koma fram um þá staðreynd sem ASÍ hefur bent á í dag í fréttum að kjarasamningar séu í uppnámi og að meiri hluti launahækkana muni étast upp með þessari aðgerð. Hefði maður haldið að menn hefðu áhyggjur af þeim upplýsingum. E.t.v. á það eftir að koma betur fram í umræðunni síðar þegar skattahlutinn kemur til umræðu en það er mjög erfitt að vera að ræða þetta mál þegar allt málið er ekki samferða í þinginu.

Herra forseti. Hér er mikill bunki af umsögnum frá hinum ýmsu aðilum, bæði sveitarfélögum og hagsmunaaðilum en eins og komið hefur fram í máli manna í dag og í kvöld er búið að fara yfir þær umsagnir að miklu leyti og benda á afstöðu þeirra aðila sem voru með umsagnir. Ég vil bara ítreka að sveitarfélögin, nánast öll í landinu, eru sammála þeirri brtt. sem Samfylkingin hefur lagt fram um að tekjuskattur verði lækkaður á móti útsvarshækkuninni. Menn munu ekki sætta sig við þessa afgreiðslu málsins og við munum ekki gera það heldur. Við munum því ekki samþykkja þessa leið.

[21:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ágætri ræðu kom hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir inn á mikilvægt atriði sem er loksins að nást í gegn, jafnrétti á milli fólksins í sveitum landsins. Því hefur verið þannig háttað að dreifbýlið og sveitirnar hafa ekki hlotið styrki út á vatnsveitur sínar eins og fólkið í þéttbýlinu. Nú sýnist mér, ef þetta verður að lögum, að það mál sé í höfn. Að vísu er ekki um mikinn pening að ræða, kannski um 25 milljónir á ári en nefndin gerir tillögur um það að Bændasamtök Íslands veiti þessa styrki og fari í rauninni með þetta vald.

Þar sem ég er einnig landbrh. er ég mjög sáttur við það. Bændasamtökin hafa reynslu af stjórnsýslustörfum og hafa gert það vel. Ég treysti þeim fullkomlega til þessa verkefnis. En ég vil sérstaklega þakka nefndinni fyrir að hafa loksins komið þessu mikilvæga jafnréttismáli sveitafólksins í höfn. Þetta eru ekki alltaf einstaklingsveitur, stundum eru þetta félög sem fólkið hefur stofnað með sér eða félag um samveitu. Hér eru því mörkuð tímamót sem breytir lífi þeirra sem í sveitunum búa og skapar þeim jafna stöðu á við þá sem í eru þéttbýli.

[21:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega styð ég að bændur og dreifbýlisbúar séu studdir við að ná í gott og hreint vatn. Aftur á móti er það ekki rétt, herra forseti, hjá hæstv. ráðherra að þetta sé nýmæli, það er alls ekki rétt. Þessir styrkir voru á hendi landbrn. þó að þeir hafi ekki verið veittir undanfarin tvö ár. Þetta var á hendi landbrn. og á auðvitað að vera á hendi landbrn. Hér er verið að koma með ný verkefni fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 25 millj. kr., sem þeim er ekki bætt upp, viðbótarverkefni til vatnsveitna til einstaklinga, til bænda og dreifbýlisbúa sem búa fjarri öðrum veitum.

Auðvitað á að styðja fólk í því og styrkja það. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í því, en það á ekki að vera á hendi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það á að vera á hendi landbrn., ráðuneytis hæstv. starfandi félmrh., sem tekur þátt í þessari umræðu, en ekki á vegum jöfnunarsjóðsins.

[21:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég man þetta rétt eru mjög mörg ár síðan þetta mál fór í klúður. Þarna var um jarðræktarstyrki að ræða og þegar þeir voru teknir af stóð þessi hluti sveitarinnar eftir og út undan. Vatnið er auðvitað sveitarstjórnarmál og þó að það sé ekki alltaf á vegum sveitarstjórnarinnar þá er þetta eitt mikilvægasta atriðið í lífi fólks og ég tala nú ekki um í sveitunum til þess að koma með hinar góðu búvörur, að öryggi sé í þeim efnum. (Gripið fram í.) Setur nú gleði að hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni en eins og ég hef fyrr sagt er gleðin mikilvæg til þess að halda heilsu.

En ég felli mig mjög vel við þessa ákvörðun og fagna henni enn á ný og bið hv. þm. að sýna þessu starfi nefndarinnar skilning og nú er þetta orðið jafnrétti milli fólks. Ég man eftir sveitarfélögum sem búa við þær aðstæður að það eru bæði þéttbýli og dreifbýli. Dreifbýlið fékk enga styrki að þessu leyti en þar sem var þéttbýli voru veittir styrkir og þetta var ójafnræði á milli þegnanna. Nú er þetta komið í höfn, hæstv. forseti, og mér er gleði í huga.

[21:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að bæði vatn og gleði eru mikilvæg í lífi fólks eins og fram kom í máli hans. En við erum ekki sammála, herra forseti, um hvort það skuli vera á hendi hæstv. landbrh. að sinna þessu verkefni eins og verið hefur, þó að ekki hafi verið veittir styrkir til þess á undanförnum tveimur árum. Þetta á að vera á hendi landbrn. Það er okkar mat og að ástæðulaust sé að að íþyngja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í þessum efnum þó ekki sé nema um 25 millj. Þarna á jöfnunarsjóðurinn að veita einstaklingsaðstoð sem er stílbrot og Bændasamtökin eru gerð að ígildi sveitarfélags með því að láta það ráðslaga um hvað fer út úr jöfnunarsjóðnum, sem er náttúrlega fáránlegt. Hæstv. ráðherra ætti auðvitað að sjá það og sjá til að stuðningur við dreifbýlisbúa, bændur sem búa fjarri veitum, komi frá ráðuneyti hans, landbrn., en ekki ýta þessu frá sér yfir í félmrn. Það er ástæðulaust.

[21:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér út af vatnsveitum, því sem fram kemur í áliti meiri hluta félmn. varðandi það að setja vatnsveitur undir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og að Bændasamtökin muni sjá um það. Við teljum að þetta sé mikill jöfnuður fyrir íbúa sveitarfélaganna. Víða háttar þannig til að jafnvel vatnsból sem hafa verið notuð fram á þennan dag teljast ekki hæf eftir því sem þau hafa verið rannsökuð meira. Það þarf að leita lengra inn í landið eftir hreinu og tæru vatni. Það er mikilvægt að fámenn sveitarfélög þurfi ekki að bera þennan kostnað, hvað þá einstaklingurinn. Margir ferðaþjónustubændur sem þurfa afar mikið vatn hafa lent í vandræðum vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki treyst sér til að greiða fyrir vatnsveiturnar þrátt fyrir að þau geti fengið eitthvað úr jöfnunarsjóði.

Þetta eru afar dýrar framkvæmdir fyrir dreifbýlisveitur eða fyrir einstök bændabýli en þetta eru mjög fá tilvik á hverju ári. Í nokkur ár hafa bændur ekki fengið styrk til að afla sér vatns samkvæmt jarðræktarlögum sem eru nú fallin úr gildi.

[21:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að ég hef fullan skilning á því að styðja þurfi þá sem þurfa að sækja vatn langar leiðir og bera af því kostnað. Ég er alveg sammála hv. þm. um að sá kostnaður á ekki að lenda á þessum einstaklingum að fullu.

Aftur á móti tel ég að sá jöfnuður sem hv. þm. talar um eigi að koma frá landbrn. í þeim fáu tilvikum, sem hv. þm. talar um, að fólk þarf styrk. Sá styrkur á auðvitað að koma frá landbrn. eins og verið hefur hingað til. Það á ekki að vera að ýta þessu yfir á Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna sem hafa næg verkefni fyrir. Þar fyrir utan eru vinnubrögðin sem viðhöfð eru og lögð eru til í þessari brtt. stílbrot í starfsemi sjóðsins.

Og ég minni á, herra forseti, að Samband íslenskra sveitarfélaga er algjörlega á móti þessu máli. Hingað til hafa menn flaggað því hér að styðja eigi og fara að ráðum Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessum efnum, a.m.k. þegar leitað er til þeirra í sambandi við sveitarstjórnarmál. Ég tek undir að svo eigi að gera, a.m.k. í þessu máli. Það kemur ljóslega fram í umsögn þeirra að þetta á að vera á hendi landbrn. og það er fullkomlega eðlilegt, enda fá tilvik eins og hv. þm. sagði. Þaðan á styrkurinn að koma.

[21:20]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr hv. þm.: Hvers vegna eiga bændur á lögbýlum að lúta öðrum lögum varðandi vatnsöflun en þeir sem búa í þéttbýli? Samkvæmt lögum ber sveitarfélögunum að sjá um þessi mál. Það er þeirra. Þær 25 millj. sem eiga að ganga til þessara verka og verða trúlega ekki nýttar allar, eru algjört hámark að mati þeirra sem til málsins þekkja. 25 millj. af jöfnunarsjóðnum eru nánast bara smáaurar.

[21:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Svona má lengi seilast í jöfnunarsjóðinn ef menn tala alltaf um að 25 millj. eða hvaða upphæð það er séu smáaurar.

Herra forseti. Ég minni á hvernig tillagan hljóðar:

„Þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli ...“ o.s.frv.

Orðalagið gefur það til kynna að hægt sé að ýta verkefnum frá sér ef sveitarstjórnin telur sig ekki geta tekist á við þau, þetta er alltaf matsatriði.

Ég fer ekki ofan af því, herra forseti, að í þeim fáu tilvikum að menn þurfa sérstaka vatnsöflun þá eigi landbrn. að styrkja það en ekki Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Það er bjargföst skoðun mín.

[21:22]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um frv. um breytingu á lögum um tekjur sveitarfélaga ásamt lækkun á tekjuskatti ríkisins.

Samningaviðræður hafa alllengi staðið milli ríkis og sveitarfélaga og er mál að linni. Það hefur tekið mörg ár að lenda þessu máli. Skipuð var nefnd sem starfaði um langa hríð og komst að niðurstöðu sem sveitarfélögin sættu sig við með bókun. Það er sú niðurstaða sem ég styð.

Þetta er langt ferli. Ég byrjaði í sveitarstjórnarmálum 1990 og er ýmsu vanur í samskiptum mínum við ríkið. Þá var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. — þá var hennar tími. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem kunna að vera ástæða þess að sveitarfélögin þurftu að fá þessa hækkun á tekjum. Ég tel þetta einungis fyrsta skrefið af mörgum í þessu máli. (**ÁRJ:** Allt Jóhönnu að kenna.) Við skulum byrja á að fara yfir nokkur atriði í þessu. Ég held að það sé mjög hollt fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að rifja þetta upp með mér.

Ég ætla að byrja á árunum 1992–1995. Þá var lagður á sveitarfélögin svokallaður lögregluskattur, síðan svokallað framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér er fullt af fyrrv. félagsmálaráðherrum, t.d. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Á sveitarfélögin var lagt að greiða framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð. Fyrir sveitarfélagið mitt, Kópavog, þýddi þetta 42 milljónir árið 1994. Framreiknað væru það 60 milljónir í dag sem þýðir 700–900 millj. í skatt á sveitarfélögin í landinu, á fólkið í landinu. Þetta gerði hæstv. páv. félmrh. sem kemur nú iðulega í ræðustól og ásakar ríkisstjórnina um skattheimtu á fólkið í landinu. Þetta er það fyrsta en sem betur fer er nú búið að fella þetta niður.

Þá vil ég benda á annað sem sveitarfélögin sitja enn uppi með og það er óafturkræft framlag til félagslegra íbúða, 3,5% af byggingarkostnaði. Því var komið á árið 1992. Það var líka í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Sveitarstjórnir voru ekki mjög kátar með þetta en létu það yfir sig ganga.

Þá má nefna að árið 1992 var endurgreiðsla ríkis á skipulagsgjöldum lækkuð. Þetta þýddi nokkra tugi milljóna fyrir sveitarfélögin í landinu. Allt telur þetta. Árið 1992 var endurgreiðsla ríkisins á skipulagsgjöldum einnig felld niður að hluta. Svona var alls staðar reynt að krafsa í sveitarfélögin. Ég held að það væri hollt fyrir fólk að rifja þetta upp. Eins og ég segi: Mál er að linni og vonandi að ríki og sveitarfélög nái saman í þessum málum. Árið 1992 var einnig lagt á sveitarfélögin þjónustugjald til Fasteignamats ríkisins. Þegar þetta allt hafði dunið yfir árið 1992 tók ég þetta saman að gamni og skrifaði um þetta í málgagn okkar hér í Kópavogi, gerði það árlega 1992–1996. En þáv. félmrh. var ekki aldeilis hætt.

Árið 1993 var krafist af sveitarfélögum framlags til Atvinnuleysistryggingajóðs. Árið 1993 var aðstöðugjald afnumið. Það kom sér vel fyrir suma, það var reiknað með 80% innheimtu af álögðu aðstöðugjaldi. Fyrir mitt sveitarfélag þýddi þetta 30–40 millj. á ári, þar sem innheimtan var hærri en 80%. Þetta var gott fyrir sveitarfélög sem höfðu lágt aðstöðugjald þó að þetta væri sanngjarnt fyrir atvinnulífið. En þetta var tekið af tekjum sveitarfélaganna, það er klárt.

Árið 1993 var virðisaukaskattur lagður á hita, rafmagn, bækur og tímarit. Það var kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin. Árið 1994 var landsútsvar fellt niður og hvarf úr tekjum sveitarfélaganna. Árið 1994 var einnig tekið atvinnuleysistryggingagjald af launatekjum. Árið 1994 þurfti að greiða fyrir pláss á leikskólum Ríkisspítalanna. Það var lagt á sveitarfélögin. Auðvitað voru þetta álögur. Þeim var mótmælt og lofað að koma á viðræðum en páv. félagsmálaráðherrar sinntu því lítið.

Árið 1995 var síðan ákveðið að undanþiggja greiðslur launþega til lífeyrissjóða, að hámarki 4%, álagningu tekjuskatts og útsvars. Þessi breyting kom til framkvæmda í þrepum á árunum 1995–1997. Í ársbyrjun 1997 var enn fremur lögfest heimild til að undanþiggja allt að 2% viðbótarframlag til lífeyrissjóða frá skatti.

Síðan er það fjármagnstekjuskatturinn sem varð sveitarfélögunum ekki mikil gæfa. Ljóst er að kostnaður sveitarfélaganna við upptöku fjármagnstekjuskattsins er sá að sveitarfélögin þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum og arði og söluhagnaði hlutabréfa. Síðan er það kannski aðalmálið og við erum að sjá það núna þegar verið er að gera fjárhagsáætlanir fyrir sveitarfélögin, og af því að fyrri umræða um fjárhagsáætlun Kópavogs stendur yfir, þá er eitt sem menn rak í vörðurnar með að eftiráálagning skatta á einyrkja og annað hefur farið hlutfallslega minnkandi ár frá ári. Upptaka fjármagnstekjuskattsins sem leggst á arð og annað hefur haft í för með sér að nú þykir fínt að borga sér meðalgóð laun og leggja síðan hagnaðinn fram sem arð og greiða af því fjármagnstekjuskatt. Þetta hefur líka minnkað tekjur sveitarfélaganna.

Árið 1996 kom framlag frá sveitarfélögunum til Neyðarlínunnar 112. (**Gripið fram í:** Hvað var ...) Grunnskólinn var fluttur yfir 1996 og 1997 og fólk hefur verið að tala mikið um kostnað vegna grunnskólans og sitt sýnist hverjum í því. Hver endurskoðunarskrifstofan á fætur annarri hefur verið að reikna það út og fengið mismunandi niðurstöður. Ég held að báðir aðilar hafi nokkuð til síns máls. Ljóst er að eftir að návígið jókst varðandi grunnskólana, þá jókst kostnaðurinn, þjónustan var bætt. Það eru hreinar línur. Það kostaði peninga og sumt er erfitt að meta, annað er hægt að reikna. Sum sveitarfélög hafa farið óvarlega varðandi hækkun launa í þeim geira og setið uppi með slakan rekstur á eftir og átt erfitt um vik. En hin mikla uppsveifla í íslensku efnahagslífi varð sveitarfélögunum til bjargar þannig að ávinningurinn af því kom m.a. til að mæta kostnaði við grunnskólann. Annars hefðu sveitarfélögin verið áfram að keyra á halla því að fræðslumálin eru um 45–50% af rekstri sveitarfélaganna.

Ég er búinn að nefna skattfrelsi lífeyrisiðgjalda en síðan er það viðbót lífeyrissparnaðar og mótframlag sveitarfélaga sem kemur 1997 og svo er það allra nýjasta að viðbótarlífeyrissparnaður er aukinn og mótframlag enn hækkað árið 2000. Þá er söluhagnaður af sölu félagslegra íbúða lagður í varasjóðinn og 5% óafturkræft framlag í varasjóð Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána.

Ég er því búinn að tína hér upp 25–26 atriði þar sem hallar á sveitarfélögin í viðskiptunum við ríkið. Það var einmitt þetta sem hin ágæta nefnd — sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var í og hann hefur væntanlega það allt á hraðbergi sem ég var að tína hérna upp — var að koma leiðréttingu á. Ég tel þá leiðréttingu alls ekki nægja, það eru alveg hreinar línur. En ég segi: Þetta varð niðurstaðan og þetta er fyrsta skrefið.

Það er náttúrlega margt annað í þessu fyrir sveitarfélögin úti á landi, eins og að heyra sönginn í hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem ég tel að þetta sé mikil kjarabót fyrir fólkið á landsbyggðinni að fá 1.100 millj. kr. niðurgreiðslu á fasteignasköttum, þó að ég sé ekki hrifinn af öllu þessu mixi í jöfnunarsjóði. En ég tel þetta mikla kjarabót og til mikilla bóta til að stöðva þennan gegndarlausa flótta af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið, sem mér finnst vera lítið að sækja fyrir margt þetta fólk sem er að flytja af landsbyggðinni. Auk heldur eru fólksfækkunarframlög fyrir sveitarfélögin úti á landi til að rétta þau af og þau eru ekkert ofhaldin í sínum málum, það er alveg ljóst.

Mikið hefur verið talað um skattahækkanir og allt hvaðeina. Ljóst er að þessi lausn þýðir einhverjar skattahækkanir, en þær eru hverfandi nema sveitarfélögin muni nýta sér að fullu þær hækkanir. Sveitarfélögin hafa ekki og geta ekki ákveðið álögur sínar mörg ár fram í tímann, menn gera það eitt ár í senn og verða að skila því inn til félmrn. fyrir 1. desember ár hvert. Flestöll sveitarfélögin hafa nýtt sér þá 0,66% hækkun sem verður vonandi lögfest á þingi. En ég er ekki viss um að menn muni hækka útsvar um 0,33% árið 2002. En fólk er að reikna þetta og í pólitískum tilgangi á hinn versta veg og þar kannski helgar tilgangurinn meðalið hjá mörgum.

En ég tel að við eigum ekki að stoppa hér, ríkið og sveitarfélögin eiga að halda áfram að ræða saman og finna lausn á sínum málum. Sem betur fer hefur verið uppgangur hjá ríkissjóði og góð stjórn á efnahagsmálum. En uppgangur hefur verið misjafn hjá sveitarfélögunum. Ég get nefnt sveitarfélag mitt, af því að verið er að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 í dag, þar sem rekstur bæjarfélagsins með vöxtum er á milli 63% og 64%, þar sem við nýttum okkur þó útsvarsheimildina upp á 0,66%. Veldur hver á heldur, sums staðar er þetta betra en annars staðar.

Auðvitað vilja sveitarfélögin fá meiri peninga. Þetta er alltaf sama glíman þegar tveir aðilar eru að skipta á milli sín

skatttekjum landsmanna. Það er bara eðlilegt að menn togist á um það.

Á árum áður skrifaði ég í málgagnið okkar lista á hverju ári yfir það sem verið var að taka af okkur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. félmrh., var hvað hörðust í, bara eins og að drekka vatn. Það var ekki talað um fólkið sem minna mátti sín í þá daga. Þess vegna gekk málflutningurinn í efh.- og viðskn. í gærkvöldi algjörlega fram af mér sem sveitarstjórnarmanni að koma inn í.

Þar var annar sveitarstjórnarmaður, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ég hef ekki séð jafnmikinn leikaraskap í seinni tíð eins og þarna var.

En svona er staðan og við eigum að styðja þetta, halda áfram að tala saman um málið og komast að niðurstöðu. Ég er alveg sammála því að sveitarfélögin eiga að fá meira en þau fengu og tel þetta einungis fyrsta skrefið.

Einnig má benda á að áform eru um hækkun barnabóta, eins og hér hefur komið fram. Ekkert hefur verið rætt um það í þessu sambandi, ég bara minni á að það er líka til umfjöllunar í þinginu. (Gripið fram í.) Ég er einungis að minna á það sem vel er gert.

[21:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var merkileg ræða. Hún var fyrst og síðast í fortíð og eitthvað eilítið um framtíðina og að halda áfram þurfi þessari vinnu. Um það er ég sammála.

En hv. þm. Gunnar Birgisson skautaði hratt og ákveðið fram hjá meginatriði málsins og það er sú spurning: Er hv. þm. Gunnar Birgisson annar maður en bæjarfulltrúinn Gunnar Birgisson? Þegar ég rifjaði það upp í ræðu minni að á fundi sveitarstjórnarmanna á Seltjarnarnesi, hjá Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þá skoraði hann á hið háa Alþingi að lækka tekjuskattinn til jafns við hækkun útsvars. Það sama gerði hans eigin sveitarstjórn samhljóða. Og ég spyr: Er annar maður kominn hingað í þingsal en var úti á Nesi og á heima í Kópavogi fyrir nokkrum dögum?

Og ég spyr: Ætlar hann að styðja og greiða atkvæði brtt. Samfylkingarinnar um að ríkissjóður, sem er aflögufær, lækki tekjuskattinn til jafns við hækkun útsvars til þess að létta álögum á skattborgurum í Kópavogi og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu? Það er kjarni málsins, það er spurningin.

[21:40]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara hv. þm. Já, ég er bæði þingmaður og bæjarfulltrúi. En varðandi atkvæðagreiðsluna á Nesinu þá vissi hv. þm. að það var á misskilningi byggt og ekki kannski rétt að koma með það hér.

En ég mun styðja þá tillögu sem er um þetta samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna. Ég ætla ekki að fara að ganga á bak orða minna gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga í þessu máli. Þetta var samkomulagið sem menn skrifuðu undir, þótt menn gerðu við það bókun. En þetta er samkomulagið og við eigum að standa við það og halda síðan áfram.

Hitt er meira og minna lýðskrum minni hluta.

[21:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í forundran. Hvaða samkomulag er verið að ræða um? Hefur hv. þm. ekki rekist hér á þykka blaðabunka sem eru ályktanir sveitarstjórna umhverfis landið, þar með talinn Kópavogur, Hafnarfjörður og Reykjavík, svo ég nefni þau sveitarfélög sem eru næst okkur, þar sem þessu meinta samkomulagi er mótmælt. Það er engin sátt eða neitt samkomulag um þessa niðurstöðu. Sveitarstjórnarmenn upplifa þetta þannig að þeim eru falin skítverkin, að hækka skatta á almennt launafólk á þessum svæðum og í bæjarfélögum. Og ég spyr: Líður hv. þm. og bæjarfulltrúa, Gunnari Birgissyni, afskaplega vel með að vera sendur til þeirra verka af ríkisstjórn Íslands, að hækka útsvar einhliða og þráðbeint á Kópavogsbúa?

Það var merkilegt sem hann skaut hér að, að mjög líklegt væri að sveitarfélögin mundu þurfa að hækka skatta núna en það væri meiri spurning á næsta ári. Það skyldi þó aldrei vera að það blandaðist inn í að bæjarstjórnarkosningar verða á því ári?

Herra forseti. Það er alveg sama hvernig þessum peningi er velt, hér verða menn auðvitað að svara þráðbeint. Og staðreyndin er sú að hv. þm. Gunnar Birgisson ætlar að ganga í björg með íhaldinu á hinu háa Alþingi og svíkja menn heima í héraði.

[21:43]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég fór hér í gegnum að ef menn nýta sér 0,66% þá er þarna um óverulegar skattahækkanir að ræða. Þetta var samkomulag sem menn gerðu. Sveitarfélögin voru ekkert sátt við þetta því að auðvitað vilja sveitarfélögin fá meira, það er alveg ljóst. Auðvitað vilja sveitarfélögin láta ríkið borga niður tekjuskattinn.

Þetta var millileið sem menn fóru, þetta var samkomulagsleið, og millilending. Menn geta ekki alltaf fengið það sem þeir vilja, eins og hv. þm. veit í gegnum tíðina.

[21:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst satt að segja ömurlegt að hlusta á formann bæjarráðs Kópavogs standa hér og verja almennar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar á íbúa í Kópavogi.

Ég fagna því að fá tækifæri til að rifja upp ráðherratíð mína sem félmrh. og ráðherra sveitarstjórnarmála sem hv. þm. gaf tilefni til, vegna þess að í þessari ágætu skýrslu er sérstaklega tekið til árið 1990, þegar sú sem hér stendur var ráðherra, hve vel hefði til tekist og því var slegið föstu að markmið breytingarinnar, sem var ein stærsta breyting sem gerð var á tekjustofnamálum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga árið 1990 hafi tekist mjög vel. En árið 1991 byrjaði að halla undan fæti þegar Sjálfstfl. kom til valda í ríkisstjórninni, þá fyrst byrjaði að halla undan fæti. Og einnig, herra forseti, þó tekjur ríkissjóðs hafi aukist sl. sex ár um 64 milljarða, en á þeim tíma sem sú sem hér stendur var ráðherra, varð lítil tekjuaukning hjá ríkissjóði.

[21:45]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til að minna hv. þm. á það, þótt henni hafi verið hrósað 1990, að árin 1992 og 1993 var hún hvað hörðust í að ganga fram í að leggja skatt á sveitarfélögin og fólkið í landinu. Þá var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ekki heilög.

Sagt er að ég sé að verja skattahækkun á Kópavogsbúa sem og aðra. Ég er að segja: Ef lögð eru á 0,66% eins og er notað þá er þetta sáralítil hækkun og verulegur ávinningur fyrir landsbyggðina. Hún er ekki til hjá okkur, þið ræðið ekkert um það sem er algjör bylting.

Ég segi enn og aftur: Þessi niðurstaða var málamiðlun og það eigum við að sætta okkur við sem fyrsta skref og halda síðan áfram.

[21:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo vel var staðið að sveitarstjórnarmálum í tíð minni sem ráðherra að sérstaklega var til þess tekið að ég hefði verið að hlunnfara ríkið af því ég hefði fært svo mikið til sveitarfélaganna þegar tekjustofnunum var breytt. Sérstaklega var til þess tekið hjá sveitarstjórnarmönnum og ég vænti þess að hv. þm. muni eftir því. Jöfnunarsjóðurinn gjörbreyttist 1990 og fékk fyrst raunverulegt hlutverk sem jöfnunarsjóður. Miklir tekjustofnar voru færðir til sveitarfélaganna. (**ArnbS:** Hvað gerðist síðan?)

Hvað gerðist síðan? spyr formaður félmn. Árið 1991 kemst íhaldið til valda og þá byrjaði að halla undan fæti og verða erfitt að verja málefni sveitarstjórnanna sem félmrh. Þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson var kominn í forsæti var erfitt fyrir mig sem sveitarstjórnarráðherra að verja málefni sveitarfélaga, bæði að því er varðar tekjustofnana og að því er varðar verkefnatilflutning. En áður var það mjög auðvelt þó að tekjur ríkisins væru miklu minni þá en þær eru núna.

[21:47]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma að hv. þm. skuli þjást af minnisleysi. Hún hefur greinilega ekki nema skammtímaminni. Árið 1991 var hv. þm. félmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. (**Gripið fram í:** Hún sagði af sér.) Sagði hún af sér? Hún flúði af hólmi. Hún gat ekki ráðið við verkefnin. Síðan er hv. þm. að hrósa sér af jöfnunarsjóðnum. Ég mundi nú gleyma því í sporum hennar þótt þar sé margt gott inni.

Ég vil enn og aftur minna hv. þm. á þegar félmrn. lagði á sveitarfélögin framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð og löggæsluskatt og annað, sem voru milli 700 og 900 milljónir að núvirði, sem voru skattar á landsmenn, bara eins og að drekka vatn.

[21:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi koma inn á tvö atriði í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar sem er jafnframt sveitarstjórnarmaður og bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Hann talaði um að mikil kjarabót væri með breytingunni á fasteignagjöldunum fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Íbúar landsbyggðarinnar reiknuðu með því og trúðu því að þetta yrði kjarabót vegna þess að í síðustu kosningum riðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn um héruð og boðuðu þetta fagnaðarerindi, en þeir sögðu það ekki í leiðinni, herra forseti, að það ætti svo að taka það með hinni hendinni og hækka útsvarið.

Heldur hv. þm. Gunnar Birgisson að litlu sveitarfélögin úti um allt land, sem eru kannski með tölur eins og Kópavogur er með á einum degi, muni ekki ganga þá göngu til enda og hækka útsvarið? Í umsögnum margra þessara sveitarfélaga kemur fram að þau muni að sjálfsögðu hækka útsvarið og að þau geti ekki annað. Hver er þá kjarabótin fyrir íbúa landsbyggðarinnar?

[21:49]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lækkun fasteignagjaldanna, skattsins, er veruleg kjarabót fyrir landsbyggðina og það er líka veruleg kjarabót fyrir landsbyggðina að fá fólksfækkunarframlög. Enginn er kominn til með að segja það að þessi sveitarfélög þurfi að hækka um 0,33% árið 2002. Það er útilokað fyrir nokkurt sveitarfélag að segja það núna: Við ætlum að hækka útsvarið árið 2002. Við getum það ekki. Við gerum það fyrir árið 2001 núna fyrir 1. desember. Síðan verða menn að sjá hvað næsta ár ber í skauti sér en ekki svona.

Ég mótmæli því og ég vil segja það að sá samningur sem var gerður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins var mun hagfelldari fólki og sveitarfélögum á landsbyggðinni en sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það eru alveg hreinar línur.

[21:50]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór vel yfir þær skerðingar sem sveitarfélögin hafa átt við að stríða og fengið frá ríkissjóði undanfarin ár. Ég var sveitarstjórnarmaður í 12 ár og þurfti að búa við þessar sífelldu skerðingar.

Hv. þm. ræddi aðeins um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Það er alveg hárrétt sem hefur komið fram að það skerti ekki bara tekjustofna sveitarfélaganna heldur líka tekjur ríkissjóðs en munurinn var sá að ríkisstjórnin sem þá sat bætti sér þessar tekjur upp. Með öðrum orðum var tryggingarprósentugjaldið hækkað um 0,5% sem gaf um einn milljarð og í öðru lagi var persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum haldið óbreyttum milli áranna 1995 og 1996. 1,6 milljarðar voru gefnir eftir en hvað tók hæstv. ríkisstjórn? Hún tók 1,8 milljarða, 200 milljónir í plús.

Mér finnst furðulegt að hlusta svo á hv. þm. í dag, sem er jafnframt sveitarstjórnarmaður eins og áður hefur komið fram, mæla þessari vitleysu bót.

[21:51]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er vel kunnugt um þetta sem hv. þm. var að tína upp. En ég er ekki þar með að segja að ég hoppi um af gleði yfir þeirri niðurstöðu. Ég hef margoft sagt að þetta er fyrsta skrefið til að ná leiðréttingu fyrir sveitarfélögin. Það er ekki gott að hafa annað stjórnsýslustigið í bullandi óánægju.

En ég segi: Þetta er fyrsta skrefið til að við getum náð sáttum í málinu og þess vegna styð ég það.

[21:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemdir við tvennt í máli hv. þm. Gunnars Birgissonar. Í fyrsta lagi hvetur hann okkur til að ræða í sama vetfanginu breytingar á barnabótum og breytingar á útsvari, tekjuskattsbreytingar og breytingar á álagningarstofni fasteignagjalds.

Í þessu sambandi vil ég minna á enn og aftur, vegna þess að þessi atriði í málafylgju stjórnarmeirihlutans eru mjög þrálát, að ríkisstjórnin ætlar á næstu þremur árum að skila aðeins hluta af því sem tekið hefur verið af barnafólki á liðnum árum.

Varðandi þann þáttinn sem ríkisstjórnin stærir sig mest af, ótekjutengda hlutanum, sem á að verða 33 þús. kr. fyrir börn fram að sjö ára aldri, þá var ótekjutengdi hlutinn fyrir fimm árum að jafnaði 40 þús. kr. — ekki fram að sjö ára aldri heldur 16 ára aldri.

[21:53]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. sé alveg ljóst hvað ríkisstjórnin er að gera með að hækka barnabætur. Síðan er spurning: Geta menn farið í sögulega skoðun, eins og ég var

í áðan, og farið aftur á bak og áfram í málinu og hvernig þetta var? Það er alveg ljóst verið er að hækka barnabætur sem eru verulegar kjarabætur fyrir barnafólk í landinu.

[21:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kemur fram í máli hv. þm. Gunnars Birgissonar. Ég tel hins vegar að það hefði átt að ganga lengra í kjarabótum til handa barnafólki og láta ekki sitja við það eitt að skila aðeins hluta af því sem tekið hefur verið af barnafólki á liðnum árum.

Hitt atriðið sem ég vildi gera athugasemd við er gagnrýni hv. þm. á ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um fjárhag sveitarfélaga. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á í ræðu sinni að fjárhagur þeirra er afar mismunandi. Sum standa frammi fyrir geigvænlegum vanda og þá ekki síst vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Mörg sveitarfélög sitja uppi með innlausnarkvaðir á félagslegt húsnæði sem þær geta síðan ekki losnað við. Ég lít svo á, og tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að ríkinu og ríkissjóði ber að hlaupa undir bagga því að þetta á rætur að rekja til þeirrar stefnu sem við höfum rekið í húsnæðismálum á liðnum árum. Það er sameiginleg ábyrgð okkar allra að hlaupa undir bagga. Á þetta lagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon áherslu í máli sínu.

[21:55]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og ég er mjög ánægður að heyra loksins að í þinginu eru einhverjir vinir sveitarfélaganna. Allt í einu spruttu þeir upp. Síðan ég kom á þing hafa þeir verið afar fáir. En nú hentar það minni hlutanum og margir gamlir sveitarstjórnarmenn fengu allt í einu minnið aftur. Ég segi bara: Til hamingju og verið velkomin í liðið að verja hag sveitarfélaganna í landinu. Það er ekki neinu að kvíða miðað við það sem hefur gengið á í þessu máli.

[21:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Einn þáttur og ekki lítill í því að halda landinu í byggð er að tryggja að sveitarfélögin geti veitt eðlilega þjónustu við íbúana eins og þeim reyndar ber. Á þetta skortir núorðið víða í byggðum landsins enda hafa sveitarfélögin verið svelt í tekjum í áratug eins og fjölmargar skýrslur og gögn frá sveitarfélögum og samtökum þeirra sýna og einnig ummæli einstakra sveitarstjórnarmanna. Slíkt ástand árum saman er með öllu óbærilegt.

Nú er lagt til í því frv. sem við höfum rætt lengi dags að komið verði á móts við þennan vanda að nokkru leyti en þó ekki nægjanlega að mati margra þeirra sveitarstjórnarmanna sem fjallað hafa um þessi mál. Reyndar skiladi tekjustofnanefndin af sér með sérstakri bókun af hálfu sveitarstjórnarmannanna. Í máli sveitarstjórnarmanna hefur komið fram að þeir hafa talið að það þyrfti 2,5% í útsvari til að sveitarfélögin byggju við það að vera nokkuð sæmilega haldin til framtíðar varðandi tekjur sínar eins og ástandið er nú. Eins og hefur komið fram í umræðum í dag hafa sveitarfélögin safnað skuldum í áratug.

Auðvitað eru sveitarfélögin misjafnlega á vegi stödd og þau sjálfsagt verst sem orðið hafa fyrir mestum tekjusamdrætti og það sem mestur fólksflóttinn hefur verið.

Það er ákaflega erfiður kostur fyrir sveitarfélögin og fólkið sem þar býr að þurfa að búa við það jafnvel í heilan áratug að þar sé nánast ekkert hægt að gera í verklegum framkvæmdum. Þar geri menn ekkert annað en að halda sjó og illa það. Í sveitarfélögum sem þannig er orðið ástatt fyrir er margt farið að skorta í alls konar framkvæmdum sem eðlilegt væri að sveitarfélögin gætu veitt.

Ákveðinn vanda á að leysa með þeim tillögum sem birtast í frv., annars vegar með því að taka á því sem reyndar hefur verið baráttumál landsbyggðarfólks lengi, þ.e. að fasteignagjöld á landsbyggðinni séu í samræmi við verðgildi fasteigna á viðkomandi stöðum. Með frv. er það lagt til og auðvitað ber að fagna því skrefi.

Jafnframt er lögð til sérstök aðgerð til þess að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem verða af miklum tekjum af þessari tilfærslu. Þetta er réttlát aðgerð og hefði mátt framkvæma fyrir löngu síðan. Fólk á landsbyggðinni hefur verið að borga fasteignagjöld af húsum sínum í samræmi við verðlag á Reykjavíkursvæðinu þó að verðgildi fasteignanna sé oft og tíðum hemingi lægra og jafnvel meira, eins og þekkt er. Þetta hefur verið ósanngjörn skattheimta eins og hún hefur verið framkvæmd og ber að fagna því að þessu er núna breytt.

Síðan er lögð til í frv. tvenns konar útsvarshækkun samanlagt upp á 0,99% og að fyrri hluti þess komi þegar á næsta ári upp á 0,66. Á móti ætlar ríkið að lækka tekjuskatt að hluta til. Það er hins vegar svo að þau sveitarfélög sem ég hef gert að umræðuefni í mínu máli og verst eru stödd og í mjög erfiðri stöðu fjárhagslega munu vafalaust þurfa að nýta sér útsvarsheimildina að fullu bæði á næsta ári og þar næsta ári. Þá standa menn frammi fyrir því að fólk sem býr á þeim stöðum fær á sig skattahækkun og er kannski ekki á bætandi eins og atvinnuástandið hefur verið sums staðar og tekjusamdráttur í sveitarfélögunum. En mér sýnast allar líkur benda til þess að mörg sveitarfélögin eigi ekki annars kost en taka það sem í boði er varðandi útsvarið og nýta þann tekjustofn að fullu. Staða þeirra er einfaldlega þannig að þau hafa ekkert val.

Deilan stendur fyrst og fremst um þetta, þ.e. að af hendi ríkisvaldsins skuli menn ekki vera tilbúnir að leggja til á móti meiri lækkun á tekjuskattinum þannig að ekki verði raunveruleg hækkun vegna þessa.

Ég hef eitt við meðferð þessa máls að athuga. Málið hefur verið unnið úti í bæ eins og sagt er, unnið af ákveðinni nefnd og síðan fáum við það inn í þingið og eigum að klára það á mjög stuttum tíma. Það er ekki góð málsmeðferð fyrir okkur þingmenn sem eigum að fjalla um málið að þurfa að taka við því á þennan hátt án þess að hafa fengið að fylgjast með málinu á vinnslustigi að einhverju leyti. Mun betra hefði verið ef upplýsingar í málinu hefðu borist til þingnefnda og verið ræddar í nefndum eða þá að þingflokkum hefði verið kynnt málið á einhvern hátt. Við stöndum frammi fyrir því að meiri hluti Alþingis hefur lagt þetta til og mun sjálfsagt fara með þetta í gegn óbreytt. Ég vil samt ítreka að í þessum tillögum eru liðir eins og varðandi fasteignaskattana sem ég tel til bóta.

Mig langar aðeins að víkja að nokkru sem kom fram í umræðunni fyrr í dag og mér fannst nokkuð merkilegar upplýsingar, þ.e. þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir upplýsti af hverju sveitarfélögin annars vegar og ríkið hins vegar urðu af tekjum vegna þess að lögum um frestun á skattlagningu söluhagnaðar var breytt. Hún upplýsti að miðað við bréf sem hún vitnaði til frá ríkisskattstjóra hefðu sveitarfélögin orðið af tveimur milljörðum í tekjum á síðustu tveimur árum, ef

ég hef skilið hennar mál rétt, vegna þess ákvæðis að sett var í lög að menn gætu frestað skattlagningu söluhagnaðar og að ríkið hefði orðið af tekjum upp á 6,5 milljarða vegna sömu lagabreytinga síðustu tvö ár. Þarna er verið að ívilna þeim sem hafa verið að taka mikinn hagnað í þjóðfélaginu. Í þessu sambandi kemur upp í hugann það sem nefnt hefur verið útstreymi á fé úr sjávarútveginum í gegnum sölu aflaheimildanna og þegar menn hafa verið að taka þann verðmætisauka sem orðið hefur, a.m.k. er bókfærður, og gengur í þjóðfélaginu undir nafninu sala á aflakvótum eða leiga á aflakvótum. Þetta hefur margoft verið rætt í Alþingi og verið vitnað til þess að skuldir sjávarútvegsins hafi aukist og það sé vegna þess að menn hafi tekið mikið fé út á sjávarútveginn. Miðað við þær upplýsingar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi í dag þá er ekki verið að tala um neina smápeninga. Við erum í raun að tala um hátt í helminginn af því sem verið er núna mögulega að færa til sveitarfélaganna ef öll sveitarfélögin nýta heimildir sínar í botn við hækkun útsvarsins.

Í skýrslu tekjustofnanefndar kemur fram að fulltrúar sveitarfélaganna hafa afgreitt þær tillögur sem hér eru settar í frumvarpsform með bókun. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Bókun fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í tekjustofnanefnd.

Tekjustofnanefnd hefur frá upphafi lagt áherslu á vandaða öflun og úrvinnslu gagna um fjárhagslega stöðu og afkomu sveitarfélaganna. Tölulegar niðurstöður eru allar á einn veg og leiða ótvírætt í ljós að mjög hefur hallað á sveitarfélögin í fjármálalegum samskiptum þeirra við ríkið allt frá árinu 1991.

Öll rök benda til þess að auka þurfi árlegar tekjur sveitarfélaganna í heild um 6–7 milljarða króna. Við teljum að nú séu forsendur fyrir því að ríkið geti að sama skapi dregið úr skattheimtu sinni og höfum við bent á ýmsar leiðir til útfærslu í því sambandi. Harmað er að fulltrúar ríkisvaldsins í nefndinni hafa ekki fallist á að koma nægjanlega til móts við tillögur okkar um að rétta hlut sveitarfélaganna til samræmis við það sem á þau hefur hallað á undanförnum árum þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning og kröfur okkar þar að lútandi.

Við leggjum áherslu á að fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu stöðugt til um fjöllunar milli fulltrúa þeirra. Við treystum því að viðvarandi formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga verði um efnahagsmál þar sem fjallað er um þróun í fjármálum og kjaramálum, samanber yfirlýsingu aðila frá 16. desember 1999. Með slíkum vinnubrögðum ættu ávallt að liggja fyrir faglegar niðurstöður um þróun fjármálalegra samskipta ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum að sameiginlegar tillögur nefndarinnar séu fyrsta skrefið í áttina til frekari eflingar tekjustofnum sveitarfélaganna. Í trausti þess að framvegis verði kostnaðarmetin öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvarðanir er sveitarfélögin varða, eins og gert er ráð fyrir í tillögu nefndarinnar, undirritum við tillögur hennar."

Undir þetta skrifa Eggert Jónsson, Ingimundur Sigurpálsson og Guðmundur Bjarnason.

Það var einmitt umræddur Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, sem gerði grein fyrir því á ráðstefnu sveitarfélaga að þeirra mat væri að sveitarfélögin þyrftu 2,5% í útsvari til þess að geta tekist á við þann vanda sem þar er kominn upp og vafalaust hefur það verið byggt á þeirri úttekt að það væri það sem menn þyrftu að meðaltali. Þá situr enn þá eftir, eins og í öllum meðaltölum, vandi þeirra sem verst eru settir.

Það er alveg ljóst, eins og ég gerði að umræðuefni í upphafi máls míns, að þau sveitarfélög sem skuldsettust eru og í mestum erfiðleikum hafa átt vegna tekjubrests, vegna brotthvarfs skipa og aflaheimilda úr byggðarlögum og vegna fækkunar íbúa, eru afar illa sett. Þau eiga fáa kosti, svo að ég endurtaki það, aðra en nýta algerlega í botn þær útsvarshækkanir sem boðið er upp á samkvæmt þessu frv. Það þýðir skattahækkun í sveitarfélögum sem á undanförnum árum hafa orðið að draga úr þjónustu við íbúana.

Þetta er óásættanlegt hlutskipti til framtíðar. Þess vegna hlýtur krafan að verða sú að fylgja eftir þessari bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um að tekjustofnar til sveitarfélaganna verði bættir frekar en hér er lagt til. En það er greinilegt að ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki tilbúnir að ganga lengra í þessu máli. Það má merkja af málflutningi þeirra í þinginu. Þá er kannski rétt í lokin að ítreka það að hækkun útsvars upp á 0,66 á næsta ári og 0,33 á árinu 2002, sem gerð er ráð fyrir í þessu frv. um tekjustofna sveitarfélaga, nægir ekki til þess að koma sveitarfélögunum í hallalausan rekstur.

Ríkinu er enginn sómi að því að sýna góðan afgang á fjárlögum en láta sveitarfélögin safna skuldum árum saman eins og komið hefur fram bæði á ráðstefnum sveitarfélaganna um fjármál þeirra og hjá einstökum sveitarstjórnarmönnum.

Ég ætla ekki að teygja þessa umræðu lengur. Búið er að fjalla ítarlega um þessi mál í dag. Ég er búin að lýsa skoðun minni og tel að hér sé of skammt gengið fyrir sveitarfélögin svo þau megi takast á við þann vanda sem safnast hefur upp á heilum áratug vegna óréttlátrar tekjuskiptingar.

[22:14]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í dag hafa staðið hér miklar umræður um mál sem er töluvert hitamál, ekki eingöngu milli stjórnarandstöðu og stjórnarsinna heldur almennt í þjóðfélaginu og miklu meira en stjórnarsinnar margir hverjir láta í veðri vaka.

Eins og sjá má í umsögnum og ályktunum margra sveitarfélaga eru sveitarfélögin ekkert mjög ánægð með það sem hér er verið að gera þó að ýmsir, og þá kannski sérstaklega stjórnarsinnar, ætli að láta troða þessu ofan í sig og ætli að hunskast til að styðja þetta í von um að þetta séu aðeins fyrstu aðgerðir sem ég held að ekki sé rétt.

Ég tel, herra forseti, mjög nauðsynlegt að hæstv. starfandi félmrh. sé í salnum ... (**Gripið fram í:** Formaður félmn.) eða formaður félmn. sem gengur nú í salinn í kjól og hvítt. (Gripið fram í.) Nú kemur hæstv. starfandi félmrh. í salinn.

Ég tel mikilvægt að fara í gegnum þessi mál. Það kunna að koma fram spurningar sem nauðsynlegt væri að heyra hæstv. starfandi félmrh. svara, um ýmsar samþykktir sem borist hafa þingmönnum.

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að fara yfir ályktanir, umsagnir og útreikninga sem borist hafa þingmönnum frá Alþýðusambandi Íslands í dag. Ég ætla að lesa aðeins upp úr því. Það er ákaflega fróðleg lesning og kannski þýðingarmesta athugasemdin sem komið hefur við málið. Í umsögn og útreikningum ASÍ dagsettri í dag segir, með leyfi forseta, þar sem þeir fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, byggt á tillögum nefndar sem félmrh. skipaði 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga

um tekjustofna sveitarfélaga og sem hv. nefnd skilaði af sér nú nýverið:

„Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að sátt sé um tekjuskipingu milli ríkis og sveitarfélaga og hafði vænst þess að það yrði niðurstaðan af vinnu þessarar nefndar. Miðað við yfirlýsingar aðila og framkomin sérálit virðist sem það hafi ekki tekist."

Hér er talað afdráttarlaust og vitnað til þess sem ég minntist á áðan, fjölmargar ályktanir frá sveitarfélögum víðs vegar af landinu, jafnt af höfuðborgarsvæðinu sem frá landsbyggðinni. Víða er sveitarstjórnum stýrt af samflokksmönnum hæstv. ríkisstjórnar, sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum, en sem betur fer virðast koma mjög ákveðnar ályktanir frá mörgum þeim sveitarfélögum. Þær eru jafnvel harðorðar, talað er um svik og því um líkt varðandi þá niðurstöðu sem út úr þessari nefnd kemur. Ég hika ekki við að halda því fram, herra forseti, að á síðustu starfsdögum þeirrar ágætu nefndar birtist hæstv. forsrh. á sviðinu, las sveitarfélögunum pistilinn og var með mjög óeðlilegt inngrip í þá umræðu. Hann sendi nefndinni hiklaust klár og skýr skilaboð og sveitarfélögunum í landinu. Þau voru á þá leið að sveitarfélögin þyrftu ekki meiri peninga, þyrftu bara að taka til hjá sér og þeir sem kjörnir væru til að stýra sveitarfélögunum þyrftu að hætta óráðsíu, bruðli og slæmum rekstri, taka til í eigin ranni og reka bæjarfélög sín eins og hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin ríkissjóð. Ríkisstjórnin sker nánast allt niður, seilist í vasa skattgreiðenda eða dregur úr lögbundnum tekjum sveitarfélaganna, eykur þar með afgang ríkissjóðs. Til þess hefur hæstv. ríkisstjórn notað ýmsar aðferðir síðustu tvö kjörtímabil, þ.e. á þessu og síðasta kjörtímabili enda hefur keyrt um þverbak í ýmsum skerðingum og álögum sem á sveitarfélögunum hafa dunið.

En áfram heldur Alþýðusambandið að fjalla um þessar tillögur, hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Í 1. grein er lagt til að framvegis verði stofn til álagningar fasteignaskatts fasteignamat þeirra. Markmiðið er að stofn fasteignaskatts endurspegli betur raunverulegt verðmæti fasteigna. Gera má ráð fyrir að þessi breyting hafi fyrst og fremst áhrif til lækkunar hjá fasteignaeigendum á landsbyggðinni en íbúar höfuðborgarsvæðisins og þeir landsbyggðarbúar sem ekki eiga fasteignir verði jafnsettir hvað þetta varðar."

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, þeir sem ekki eiga fasteignir verða jafnsettir. Þó að í þessari ályktun séu mikilvæg varnaðarorð þá felst kannski töluverður misskilningur í þessu líka. Eins og fram kom áðan riðu ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir um héruð og lofuðu því að breyta fasteignaskattinum, að lækka fasteignaskattinn á landsbyggðinni. Þetta gerðu þeir fyrir síðustu kosningar. En þeir sögðu kjósendunum það ekki í leiðinni að þeir ætluðu sér að hækka útsvarið að sama skapi. Það kemur fram hér í þessari ályktun að skattar muni hækka á íbúum landsbyggðarinnar líka og þar með taka til baka þá lækkun sem átti að vera af fasteignagjöldum.

Nú tek ég eftir því að hæstv. starfandi félmrh. er farinn úr salnum, stutt var hans heiðraða nærvera. Nú vildi ég leggja fyrirspurn fyrir hæstv. starfandi félmrh. ef hann væri hér. Mér finnst með ólíkindum hve friðlausir menn eru við umræður um þetta mál. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að það hefur verið ákaflega lærdómsríkt og athyglisvert að hlusta á þær umræður sem hér voru í dag. Hér hefur ekki einn einasti hv. þm. Framsfl. komið og tekið til máls. Þeir hafa nánast ekki verið viðstaddir, fyrir utan tvo sem skutust hér upp í stutt andsvar.

Nú er sestur mér á vinstri hönd hæstv. starfandi félmrh. og hefur tekið sér penna í hönd. Spurning mín er einmitt um þessar rosalegu skattaívilnanir og kjarabætur fyrir íbúa landsbyggðarinnar og felast áttu í lækkun á fasteignaskatti: Hvað með þá íbúa landsbyggðarinnar sem eiga ekki fasteignir? Hvaða kjarabætur fá þeir? Þeir eru töluvert margir, skal ég segja ykkur. Það er töluvert algengt og sennilega hlutfallslega algengara á landsbyggðinni að þar búi fólk í leiguhúsnæði. Ekki borgar það fasteignagjöld og ekki fær það lækkun fasteignagjalda en það eru íbúar viðkomandi byggðarlaga. Er ekki verið að hækka skatta á þeim íbúum? Hvað með unglingana? Er ekki verið að hækka skatta á þeim? Hefur Framsfl. núna fundið hin breiðu bök til að skattleggja? (**Gripið fram í:** Til að ná aftur barnabótunum.) Já, sennilega á að ná í tekjur fyrir þann litla hluta sem skilað verður til baka af því sem rænt hefur verið af barnabótum undanfarinna ára. Það er e.t.v. rétt.

Ég hef eina spurningu í viðbót til hæstv. starfandi félmrh. og hún er: Hvað með þau sveitarfélög sem á síðasta ári neyddust til að koma til móts við þegna sína vegna hinnar miklu hækkunar á fasteignamatsstofninum í Reykjavík, um 18%? Mörg af þessum sveitarfélögum tóku sig til og lækkuðu álagningarprósentuna á síðasta ári?

Nú er það svo að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að bæta sveitarfélögunum þetta upp. Á þá að bæta þeim þetta upp út frá þeim fasteignasköttum sem þau lögðu á á síðasta ári þegar þau reyndu að koma til móts við íbúana, kannski til að sporna gegn frekari fólksfækkun og lækkuðu fasteignaskattana þó sveitarfélögin hafi hreinlega ekki haft efni á því? Verður lagfæringin sem þau fá nú í gegnum jöfnunarsjóð reiknuð út frá síðasta ári? Við þessu væri mikilvægt, herra forseti, að fá svar á eftir og ég fagna því að hæstv. starfandi félmrh. er hér til að punkta niður þessar spurningar. Þetta er mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu. Á síðasta ári gerðu nokkuð mörg sveitarfélög þetta. Það kemur m.a. fram í umsögn Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Ég ætla að lesa umfjöllun þeirra um þennan lið, með leyfi forseta:

„Vert er að vekja athygli á því að mörg sveitarfélög lækkuðu álagningarprósentuna á yfirstandandi ári til að koma til móts við gjaldendur vegna mikillar hækkunar sem varð á álagningarstofni. Stjórn Eyþings varar við að leiðréttingin taki mið af þeirri álagningarprósentu þar sem það kemur verst við þau sveitarfélög sem lengst komu til móts við gjaldendur sína."

Það er mikilvægt, herra forseti, að taka tillit til þessa í umræðum um málið og fá svör um þessi atriði hér á eftir. Spyrja má hvort ætlunin sé virkilega að bæta þetta út frá gjaldstofni þessa árs.

Herra forseti. Alþýðusamband Íslands segir fleira um þá skattahækkun sem ríkisstjórnin ætlar að pína sveitarfélögin til að framkvæma, ríkisstjórnin treystir sér ekki til að hækka skatta sjálf heldur eftirlætur það sveitarfélögunum, sendir kaleikinn þangað. Í gögnum frá Alþýðusambandinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að tekjustaða sveitarfélaga sé bætt. Til þess eru fleiri leiðir færar en sú sem lögð er til í frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Miðað við *núverandi fjárhagsstöðu flestra sveitarfélaga má gera ráð* fyrir að fleiri sveitarfélög en færri nýti sér nýja hámarks-

heimild. Fari svo hafa þessar tvær breytingar samanlagðar í för með sér skattahækkun fyrir íbúa höfðuborgarsvæðisins og þá landsbyggðarbúa sem ekki eiga fasteignir eða lækkun á fasteignaskatti vegur ekki upp hækkun á tekjuskatti. Horfur varðandi þróun kaupmáttar heimilanna eru ekki bjartar. Fari fram sem horfið munu verðbólga og vaxtahækkanir éta upp umsamdar launahækkanir næsta árs. Í ljósi þessa telur Alþýðusamband Íslands að ríkisstjórnin verði að axla sína ábyrgð og lækka tekjuskatt að fullu í samræmi við hækkun hámarksheimildar útsvars til að koma í veg fyrir enn frekari kaupmáttarrýrnun heimilanna."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Hér kemur fram alvarleg athugasemd frá ASÍ þar sem mjög er varað við þessari skattahækkunarleið hæstv. ríkisstjórnar. Í minnisblaði frá hagdeild ASÍ, sem einnig er dagsett í dag og er í fylgiskjölum með nál. minni hluta efh.- og viðskn. sem dreift hefur verið á blöð, er kafli um skattahækkun, skattahækkun sem grefur undan forsendum kjarasamninga, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Verði fyrirætlanir stjórnvalda í útsvars- og skattamálum að veruleika þyngist skattbyrði launafólks strax á næsta ári og markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fjarlægjast. Sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga má nefna að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þess árs í skattahækkunina eina. Verði ekki gripið til annarra ráðstafana munu skattleysismörk einnig lækka að raungildi í stað þess að fylgja almennri launaþróun eins og ríkisstjórnin hét í yfirlýsingu sinni 10. mars sl. í tengslum við kjarasamninga."

Herra forseti. Ég held að ákaflega mikilvægt sé að rifja upp fyrir hæstv. starfandi félmrh. og þeim stjórnarþingmönnum sem hér sitja enn hvaða yfirlýsing var gefin af hæstv. ríkisstjórn í tengslum við kjarasamningana á árinu, sem gert var 10. mars, og er undirrituð af hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni og hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni, oddvitum núverandi ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir?) Ég veit ekki hvar þeir eru. Ég geri mér ekki grein fyrir því. En í þessari yfirlýsingu undir kaflanum um skattleysismörk sem eiga að fylgja launaþróun segir, með leyfi forseta:

„Til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga á árinu 2000 og stuðla þannig að auknum stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Hækkunin á árinu 2000 verður þó nokkru meiri. Í þessu skyni verður lagt fyrir Alþingi innan skamms frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt þar sem kveðið er á um að persónuafsláttur hækki um 2,5% frá 1. apríl 2000. Þessi hækkun kemur til viðbótar við 2,5% hækkun persónuafsláttar 1. janúar sl. þannig að heildarhækkun á árinu 2000 nemur 5%. Enn fremur hækkar persónuafsláttur um 3% 1. jan. árið 2001, um 3% 1. jan. árið 2002 og um 2,25% 1. jan. árið 2003."

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð en eins og kemur fram síðar í minnisblaði frá hagdeild ASÍ á ekki að standa við þetta. Þetta samkomulag er frá 10. mars og er ekki orðið mjög gamalt en strax er farið að svíkja það og það er strax komið í bakið á launafólki og forustu launþegahreyfingarinnar sem gerði þá samninga sem hér hefur verið vitnað til. En áfram ætla ég að lesa upp úr minnisblaði hagdeildar ASÍ, með leyfi forseta:

„Á næsta ári er gert ráð fyrir að útsvar geti hækkað um 0,66 prósentustig. Á móti hyggjast stjórnvöld aðeins lækka tekjuskattshlutfallið um 0,33 prósentustig. Árið 2002 getur útsvar hækkað um 0,33 prósentustig en tekjuskattshlutfallið á ekkert að lækka til að mæta því.

Niðurstaðan er þyngri skattbyrði launafólks á sama tíma og spár gera ráð fyrir að verulega hægi á kaupmáttaraukningunni. Auknar skattaálögur sem draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna ganga þvert gegn markmiðum kjarasamninganna á almenna vinnumarkaðnum.

En skattbyrði launafólks þyngist ekki aðeins beint vegna skattahækkunarinnar sjálfrar heldur bætist við að skattleysismörk munu að öðru óbreyttu lækka að raungildi." — Svo er vitnað í þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sem ég hef lesið upp og áfram segir: — „Til að skattleysismörkin fylgi almennum lágmarkshækkunum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þyrftu þau að hækka um 3% í ársbyrjun 2001 og aftur um 3% 2002. Skattahækkunin hefur hins vegar þau áhrif" — og takið eftir: — „Skattahækkunin hefur hins vegar þau áhrif að skattleysismörkin hækka aðeins um 2,1% sem er raunlækkun eins og ASÍ hefur ítrekað bent á. Þessi staðreynd sést m.a. á því að vegna fyrirhugaðra breytinga mun skattgreiðendum fjölga um meira en 2.100 eða ríflega 8% strax á næsta ári.

Aðeins nokkrar vikur eru síðan stjórnvöld héldu mjög á lofti sérstökum kjarabótum til einstæðra foreldra með tilkomu svonefndra „barnakorta". Þau áttu m.a. að tryggja einstæðu foreldri með eitt barn eða fleiri undir sjö ára aldri, og um 100.000 krónur í mánaðartekjur, rúmlega 34.000 krónur í auknar ráðstöfunartekjur árið 2003. Það ár hyggst ríkisstjórnin nú taka til baka ríflega fjórðung af þessum kjarabótum með boðaðri skattahækkun einni og sér."

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð, herra forseti, sem komu frá hagdeild ASÍ og væri náttúrlega gaman að staldra við ýmsa þætti sem hér koma fram og fara aðeins betur í gegnum þá. Sennilega hefur hæstv. ríkisstjórn fundið „breiðu bökin" og ætli það verði ekki hluti af þeim sem mun greiða miklu hærri skatta á næsta ári? Ætli það verði ekki ellilífeyrisþegar og öryrkjar? Ég er ansi hræddur um það. Það er gott ef hæstv. ráðherrar núv. ríkisstjórnar eru ánægðir með þá skatta sem gamla fólkið og öryrkjar er að greiða í ríkissjóð í dag og sem aukast sífellt og geta svo komið í þennan ágæta ræðustól á hinu háa Alþingi og hreykt sér af hinum mikla tekjuafgangi ríkissjóðs sem er allur eða að stórum hluta náttúrlega sóttur í auknum sköttum.

Kannski er ekki nema von og kannski er afar eðlilegt eða jafnvel allt í einu mjög klókt hjá hv. þm. Framsfl. að láta sig hreinlega hverfa frá þessari umræðu. Í raun og veru skilur maður þá nokkuð vel. Kannski er ekkert furðulegt við það, herra forseti, að enginn framsóknarmaður skuli hafa tekið til máls í dag. (**Gripið fram í:** Félmrh.) Hæstv. félmrh. hefur skroppið upp í nokkur andsvör og búið. Og að mig minnir einhver einn til. Þetta er nákvæmlega sama og í umræðunni í dag sem var utan dagskrár um kjarabaráttu kennara og verkfallið sem hefur núna staðið í þrjár vikur. Menn ættu kannski að átta sig á því að aðeins einn framsóknarmaður kom inn í þá umræðu. (**Gripið fram í:** Allir virðast þeir vera af Suðurlandi.) Sem koma fram? Það er sennilega eina kjördæmið sem sinnir skyldum sínum hjá þingflokki Framsfl. Hv. þm. Suðurl. eru þeir einu sem standa vaktina. En það er athyglisvert og kemur kannski ekki neitt á óvart að framsóknarmenn séu farnir að láta sig hverfa úr umræðum á hinu háa Alþingi við að reyna að verja þá vitleysu sem þeir standa að með hinum stjórnarflokknum, sjálfstæðismönnum

á Alþingi, við að berja á hinum ýmsu þegnum þjóðfélagsins: öldruðum, öryrkjum, framhaldsskólakennurum, 20 þúsund nemendum í framhaldsskóla sem ganga um götur í verkfalli sem virðist ekki vera að leysast neitt á næstunni. Framsfl. hefur þá skoðun á því máli að senda einn þingmann í utandagskrárumræðu, hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason, þingmann af Suðurlandi en aðrir voru ekki viðstaddir. (**Landbrh.:** Hver er lausn þingmannsins?) Á kjaradeilu kennara? Það er ekkert mál að fara í það, hæstv. félmrh., og hvort sem við eigum að gera það núna, í kvöld, í nótt eða í fyrramálið, er ég tilbúinn að koma. Ég er viss um að það er svo með aðra í þingflokki Samfylkingarinnar að ef ríkisstjórnin er að gefast upp á þessu og hefur engar lausnir og hefur engan áhuga á að leysa þá deilu erum við alveg tilbúnir að setjast niður með hæstv. ríkisstjórn að reyna að leysa hana niður úr þeirri vitleysu sem hún er komin í og þeim ógöngum sem hún er komin í. (Gripið fram í.) Það bætir það kannski ekki og það er kannski slæmt inn í þessa kjarabaráttu að hæstv. menntmrh. skuli vera svo flinkur á internetinu sem raun ber vitni og gera allt vitlaust í hvert skipti sem ný síða kemur inn á heimasíðuna hans. Það má þá segja að það sé betra og til bóta fyrir hæstv. ráðherra Framsfl. að þeir hafi ekki tekið þá tækni í notkun að manni virðist að nota internetið mikið til að láta skoðanir sínar koma fram. Það getur vel verið að það verði á næstunni að við munum fylgjast með skoðunum Framsfl. þegar tæknin mun ganga í lið með þeim og heimasíður verða teknar í notkun. Við munum þá kannski fá eitthvað af skoðunum frá Framsfl. Ekki koma þær fram á Alþingi eins og ég hef rætt um. Nú man ég allt í einu hver hinn hv. þm. Framsfl. er sem hefur skotist upp í ræðustól í dag við að ræða þetta tekjustofnamál í andsvari. Það var hv. varaþm. Árni Gunnarsson sem gegnir nú störfum þingmanns fyrir hæstv. félmrh. Pál Pétursson. Ég tók eftir því að hann var á mælendaskrá næstur á undan mér og ég hlakkaði mikið til að hlusta á ræðu hv. þm. um þetta mál vegna þess að mér finnst hann stundum hafa töluvert aðrar skoðanir en aðrir þingmenn Framsfl. og aðrir þingmenn sem styðja hæstv. ríkisstjórn. Ég þráði mjög að heyra hvað hann vildi leggja inn í umræðuna auk þess sem hann kemur að norðan eins og ég og þaðan koma oft mjög góðar hugmyndir. En það þýðir ekkert að gráta það. Þetta er bara svona. Hv. þm. Framsfl. eru annars staðar og ég trúi því ekki, ef ég lít á dagatalið á klukkunni minni, að það séu komin litlu jól eða eitthvað svoleiðis. Þingflokkar hafa stundum litlu jól og þess háttar en ég trúi því ekki að þau séu tekin svo snemma að allir séu uppteknir af einhverjum svoleiðis gleðskap en það er nú sennilega ekki. (**Gripið fram í:** Þeir er kvöldsvæfir.) Já, að þeir séu kvöldsvæfir.

Ég ætla að koma aftur inn í minnisblaðið frá hagdeild ASÍ. (**ArnbS:** Þú varst búinn að lesa það allt upp.) Nei, það er töluvert mikið eftir, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður félmn. Ég var að ljúka við kaflann sem fjallaði um fjölgun skattgreiðenda um 2.100 eða ríflega 8% strax á næsta ári. Af því að ég geri mér grein fyrir því að menn eru ekki alveg sammála því að ellilífeyrisþegar séu að greiða stóran hluta af litlum ellilífeyri sínum inn í ríkiskassann væri ákaflega gaman að fara yfir nokkur atriði hvað það varðar og það sem komið hefur fram frá Landssamtökum eldri borgara og hinum ýmsa félagsskap eldri borgara sem hafa verið að deila mjög hart á hlut sinn og fjalla lauslega um hvað eldri borgarar eru látnir greiða í dag.

Það er nú svo að ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót er eitthvað í kringum 61 þús. kr. hjá ellilífeyrisþegum í dag. Miðað við skattleysismörk eins og þau eru núna er ríkissjóður að hirða um 7.500 kr. af eldri borgurum í hverjum mánuði. Ef þeir fá eitthvert lítilræði úr lífeyrissjóði heldur ríkissjóður áfram að hirða eitthvað af þeim. (Gripið fram í.) Nei, nei. Það kemur e.t.v. út úr skattahækkun ríkisstjórnarinnar, útsvarshækkuninni, að ellilífeyrisþegar munu fara að borga meira til ríkisins af þeim smánarlegu bótum sem þeir hafa.

Er einhver þingmaður hér inni sem treystir sér til að lifa af þessum 60–70 þúsund kr. sem ellilífeyrisþegar hafa? (**Gripið fram í:** Sumir hafa í kringum 50 þúsund.) (**LB:** Pétur Blöndal.) Sumir hafa minna og jafnvel 50 þúsund. Eru hv. stjórnarþingmenn virkilega glaðir yfir því að koma hér fram með þetta skattahækkunarfrv. og þessar skattahækkunartillögur, sem eins og áður hefur komið fram að sveitarfélögin eiga svo að framkvæma, að láta ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og aðra borga hærri skatta? Er það svo? Telja menn sig vera búna að finna þarna breiðu bökin? Það er ansi merkilegt.

Í þessu efni væri ákaflega gaman að lesa hér upp nokkur atriði sem komið hafa fram hjá hinum ýmsu forustumönnum í þjóðfélaginu um bág kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrsþega, en ég ætla að geyma það að sinni. Vissulega hafa mikil varnaðarorð komið fram t.d. frá biskupnum okkar. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti Íslands hefur margoft fjallað um það (**Gripið fram í:** Já.) og hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hlustuðu á það á þingsetningardegi þegar við gengum í Dómkirkjuna til þess prests sem þar predikaði. (**Gripið fram í:** Hvað heitir hann?) Hann heitir séra Flóki Kristinsson. (Gripið fram í.) Hvort það verður nú næst að við hlustum á nýjan dómkirkjuprest (**Gripið fram í:** Úr röðum þingmanna.) úr röðum þingmanna sem er að flytjast hér í næsta hús? Það verður gaman að hlusta á predikun þess ágæta prests sem þar tekur við einhvern tíma á næstunni. (Gripið fram í.) Hún gæti orðið um skattahækkanir.

Af því að mér finnst menn stundum gera lítið úr því sem þessir menn segja þegar verið er að ræða um kjör þessara þjóðfélagshópa, aldraða og öryrkja, þá væri gaman að lesa upp úr nýársprédikun herra Karls Sigurbjörnssonar biskups sem hann flutti í janúar 1999. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á þriðja þúsund einstaklingar þurftu að þiggja aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir nýliðin jól og það í mesta góðæri Íslandssögunnar. Þetta fólk er flest öryrkjar sem ættu samkvæmt viðurkenndum grundvallarsiðgildum okkar þjóðar að njóta velferðar og stuðnings samfélagsins. Eitthvað er nú að."

Herra forseti. Þetta er sá hópur sem mun að öllu óbreyttu greiða hærri skatta á næsta ári miðað við skattahækkunartillögur hæstv. ríkisstjórnar.

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, segir, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um örorkugreiðslur hér á landi eru ekki til að fara með í aðra hreppa. Þær eru svo lágar, þrátt fyrir að við höfum verið ein tekjuhæsta þjóð í heimi í áratug. Hafa menn gleymt tilgangi almannatrygginga?"

Þetta sagði fyrrverandi landlæknir.

Um þetta, herra forseti, erum við að tala í dag. Það eru þessir hópar sem eiga að greiða hærri skatta. Breiðu bökin eru fundin eins og við höfum áður komið inn á. Framsfl. hefur fundið breiðu bökin og hefur lagt sitt af mörkum til þessarar umræðu. Framsfl. sem hér á árum áður var bara

töluvert mikill landsbyggðarflokkur hefur algjörlega gleymt hlutverki sínu gagnvart landsbyggðinni miðað við það sem ég sagði áðan um lækkun fasteignagjalda vegna þess að lækkunin verður engin af því að hún verður tekin til baka með hærri sköttum og hærra útsvari. Enda finnst mér, herra forseti, með því betra sem fram hefur komið upp á síðkastið í umræðu um byggðamálin þau orð hæstv. félmrh. Páls Péturssonar í útvarpsviðtali við svæðisútvarpið á Akureyri ekki alls fyrir löngu þar sem hann sagði sem svo að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni. Það eru orð að sönnu. Hann bætti að vísu við að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á mölinni í Reykjavík.

Þetta er alveg hárrétt. Ekki verður það frv. sem þessi sami hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, mælti fyrir og flutti á hinu háa Alþingi og við erum að ræða um hér nú, til að bæta stöðu landsbyggðarinnar nema ef það verður gert þannig að þessi lækkun og ósanngjarni skattur, þessi landsbyggðarskattur sem fasteignagjöldin hafa verið undanfarin ár, fari hreinlega í það horf sem hér er boðað án þess að það verði tekið aftur með hærri sköttum. Ekkert bólar á því, herra forseti, að leiðrétta það misvægi eða það óréttlæti réttara sagt sem í því felst að fasteignamat og fasteignahækkanir í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu sé það eina sem mælist inn í vísitölu neysluverðs. Sú stórhækkun sem verið hefur undanfarin ár á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til þess að vísitala neysluverðs hefur hækkað og þar með afborganir landsbyggðarfólks af húsnæði sem það jafnvel situr uppi með og getur ekki selt ef það þarf að bregða búi og flytja hingað suður, að afborganir af þessum húsum hafa hækkað af þessum fasteignalánum og lánum sem tengd eru vísitölu neysluverðs. Það er ekkert í þeim tillögum sem hér hafa komið fram, herra forseti, um að gera einhverja breytingu á þessu. Kannski er ástæða til að spyrja hæstv. þjónandi félmrh., Guðna Ágústsson, hvort það hafi ekkert komið til tals að leiðrétta það svínarí, vil ég segja, sem viðgengst í sambandi við vísitölu neysluverðs.

Nei, herra forseti. Það var hárrétt, eins og ég sagði áðan, sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson sagði: „Framsfl. hefur gleymt landsbyggðinni.“ Allt ber að sama brunni hjá hæstv. ríkisstjórn gagnvart landsbyggðinni. Þar er ekkert verið að bæta og sú von sem maður átti við þessa breytingu fasteignagjalda hvarf algjörlega þegar það fylgdi með að hækka átti skatta í leiðinni.

Ég ætla að lesa upp úr minnisblaði hagdeildar ASÍ vegna þess að það er þörf áminning fyrir hv. stjórnarþingmenn sem hér sitja. (**ArnbS:** Þetta er í fjórða skiptið sem farið hefur verið yfir þetta.) (**Gripið fram í:** Félmrh. fer að sofa.) Hæstv. félmrh. er ekkert syfjaður. Ég trúi því ekki. Við eigum langan tíma eftir til þess að fara yfir þessi atriði. Með leyfi forseta, ætla ég að halda áfram að lesa upp úr þessu minnisblaði:

„Aðeins nokkrar vikur eru síðan stjórnvöld héldu mjög á lofti sérstökum kjarabótum ...“ — Já, ég var búinn að lesa þetta. Það var annars staðar sem ég ætlaði að byrja. (**Gripið fram í:** ... fimmta skiptið.) Það er full ástæða til að fara hér í gegnum önnur atriði. (**EKG:** Það er alveg augljóst mál.) (**Gripið fram í:** Vissulega.) Segir hv. 1. þm. Vestf., Einar Kristinn Guðfinnsson, (Gripið fram í.) sem ekkert hefur heyrst í í dag. En ég trúi nú að sá landsbyggðarþingmaður sem hér gekk fram hjá rétt í þessu hafi eitthvað um það að segja hvernig komið er fram við landsbyggðina í þessum tillögum og kannski sérstaklega um það að þetta tækifæri skyldi ekki vera notað til þess að leiðrétta hlut hinna minni sveitarfélaga úti á landi vegna þess að það fer ekkert saman að bæta hag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og litlu sveitarfélaganna úti á landi. Það þekkjum við hvort sem það er á Norðurlandi eða Vestfjörðum. Og það sem ég kom inn á áðan varðandi leiguíbúðirnar og þá sem sitja í þeim, skattahækkanir á þá sem ekki njóta lækkunar fasteignagjalda á kannski sérstaklega vel við um íbúa Vestfjarða, e.t.v. meira en annars staðar.

Herra forseti. Það er athyglisvert að skoða samþykktir sem hafa komið frá nokkrum sveitarfélögum úti á landi um þetta frv. Sumar hafa verið lesnar, aðrar ekki. Ég ætla aðeins að fjalla um nokkrar þeirra. Byrja ég þá á umsögn í bréfi frá sveitarstjórn Skagafjarðar sem vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Meiri hluta þar skipa sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa þessa ályktun:

„Mikilvægt er að tekjuskattsprósentan verði lækkuð til jafns við heimilaða hækkun útsvarsprósentu. Fjárhagsstaða flestra sveitarfélaga er með þeim hætti að allar líkur eru á að mikill meiri hluti sveitarfélaga fullnýti heimildir til útsvarshækkunar.“

Í sveitarfélaginu Skagafirði eru framsóknarmenn mjög fjölmennir og eiga marga sveitarstjórnarfulltrúa. Þess vegna vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. þjónandi félmrh., Guðna Ágústsson, hvort sú ályktun sem hér kemur frá sveitarstjórn Skagafjarðar sé bara allt að því tóm þvæla. (**Landbrh.:** Bíddu, lestu hana aftur.) Ég var að vitna í það, hæstv. ráðherra, að sveitarstjórn Skagafjarðar hefur ályktað um tekjustofnafrv. og ég rifjaði það upp að meiri hluta í sveitarstjórn Skagafjarðar skipa ansi margir framsóknarmenn, sumir segja allt of margir framsóknarmenn, og sjálfstæðismenn. En ályktunin er svohljóðandi:

„Mikilvægt er að tekjuskattsprósentan verði lækkuð til jafns við heimilaða hækkun útsvarsprósentu. Fjárhagsstaða flestra sveitarfélaga er með þeim hætti að allar líkur eru á að mikill meiri hluti sveitarfélaga fullnýti heimildir til útsvarshækkunar.“

Ástæða þess að ég kallaði hæstv. ráðherra hingað var til þess að spyrja hann út í það hvort ekki sé dálítið mikið til í þeirri ályktun sem hérna er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar og hvort hún boði ekki það sem við erum hér að vara við, þ.e. að sveitarfélögin muni þurfa að fullnýta þá möguleika sem eru til útsvarshækkunar. Í sveitarfélaginu Skagafirði er töluverð gróska sem betur fer — það er töluverð drift í því sveitarfélagi. Ekki kann ég alveg þær tölur sem eru á fasteignamati þar miðað við fasteignamat annars staðar en ég hygg að það sé minni munur á fasteignamati í Skagafirði eða á Sauðárkróki en á mörgum öðrum stöðum á landsbyggðinni. Því vaknar spurning um það hvort hækkun útsvars hjá íbúum Skagafjarðar muni ekki jafnvel verða hærri, þ.e. útsvarsgreiðslur þeirra, en lækkunin á fasteignaskattinum. Það skyldi þó ekki vera svo að íbúar sveitarfélagsins Skagafjarðar fari jafnvel að borga töluvert meiri skatta vegna þess að þar er sem betur fer fasteignaverð hærra, fasteignamat hærra, þannig að þar muni ekki koma fram eins mikil lækkun.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar varar líka við þessu og gerði eftirfarandi bókun með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar lýsir vonbrigðum sínum með að tillögur tekjustofnanefndar skuli ekki ganga lengra en raun ber vitni. Komið hefur í ljós við yfirferð tekjustofnanefndar að ríkið hefur með ýmsum ákvörðunum íþyngt

sveitarfélögunum í rekstri sínum án þess að hafa bætt þeim það með auknum tekjum.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar telur það slæman kost að mæta auknum rekstrarkostnaði sveitarfélagsins með auknum álögum á íbúana. Því skorum við á ríkisstjórn Íslands að hún sjá til þess að hækkun útsvarsprósentunnar leiði ekki til skattahækkunar á almenning."

Hið sama gildir í þessu ágæta byggðarlagi. Fasteignaverð þar er e.t.v. töluvert hærra en í ýmsum öðrum sveitarfélögum úti á landi sem eiga í meiri erfiðleikum vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi. Íbúar þar fá eilitla lækkun vegna fasteignaskattsins en útsvarshækkunin kemur á móti og þá er spurningin: Hvernig standa menn þá? Ég er ansi hræddur um að út úr því komi skattahækkun.

Herra forseti. Það er kannski illa farið með tímann að standa í þessum ágæta ræðustól kl. 11 að kvöldi og ræða þessi mál. Það væri kannski alveg eins gott að vera úti í fjósi, tala við beljurnar í fjósinu. Það hefði svipuð áhrif og að tala um þessi mál við hv. stjórnarþingmenn og hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti biður hv. þm. að gæta virðingar þingsins.)

Ég tel mig ekki óvirða neitt með því að tala um íslenskar beljur. (**DrH:** Maður segir kýr.) Maður segir kýr, segir bóndinn. Ég skal nota það orð. Ég hygg að oft sé talað við þær um ýmis þjóðmál og það er hið besta mál.

Ég ætla ekki, herra forseti, að ræða um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á árunum 1990–1997. Það gerði ég við 1. umr. en ræða hv. þm. Gunnars Birgissonar gaf vissulega tilefni til að ræða þau mál frekar. Hann stiklaði á stóru á ferli ríkisstjórnar sem sat upp úr 1990. Þar var sannarlega byrjað að krukka í fjárhag sveitarfélaganna en hv. þm. skautaði í gegnum þetta ákaflega snilldarlega, þar sem ekki var fjallað um ýmis tilvik þar sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gengið fastar fram en aðrar ríkisstjórnir í að skerða tekjustofna og tekjur sveitarfélaganna, t.d. skattleysi lífeyrisiðgjalda sem er skerðing um nokkra milljarða sem hefur slæm áhrif á tekjustofna sveitarfélaganna.

Ég fór yfir það áðan í andsvari að stundum er talað um að ríkissjóður hafi ekki bætt sér þetta upp, að ríkissjóður hafi gefið eftir líka. Ég fór yfir það áðan að það er sannarlega ekki rétt. Við skattleysi lífeyrisiðgjalda kom fram að ríkissjóður bætti sér upp það sem áætlað var að breytingin mundi kosta ríkissjóð, í kringum 1.600 millj. árið 1995. Munurinn var sá að ríkisvaldið gat í krafti meiri hlutans á hinu háa Alþingi bætt sér þessa tekjuskerðingu en sveitarfélögin gátu það ekki. Svo getum við leitt hugann að því hver staðan væri ef sveitarfélögin hefðu haft þessar tekjur þessi ár, hvort staða ýmissa sveitarfélaga væri ekki betri í dag. Ríkissjóður bætti sér þetta upp, í fyrsta lagi með því að hækka tryggingagjaldsprósentuna um 0,5 prósentustig sem var áætlað að gæfi ríkissjóði þá um 1 milljarð í viðbótartekjur og í öðru lagi var persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum haldið óbreyttum milli ára 1995 og 1996. Sú ráðstöfun var talin auka tekjur ríkissjóðs um 800 millj. Ríkissjóður bætti sér tapið upp og gott meira en það. Hann tók sér 200 millj. að auki en sveitarfélögin voru skilin eftir. Sveitarfélögin eru, eins og fram hefur komið, hundskömmuð af hæstv. forsrh. fyrir að kunna hreinlega ekki með peninga að fara. Hann segir að þau þyrftu frekar að taka til í rekstrinum en fá auknar tekjur.

Herra forseti. Ég hef farið í gegnum þetta mál. Það er ekki allt slæmt í þessu frv. þó að mér finnist ýmislegt vanta. Ég hefði talið æskilegt að fram kæmu beinar tillögur um að afnema það að ýmsar ríkisstofnanir þurfi ekki að greiða fasteignagjöld til sveitarfélaganna. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir að skipa nefnd eða ganga í það síðar. Af hverju var það ekki gert með þessu frv., stigið fram og það gert? Er t.d. sanngjarnt að Rafmagnsveitur ríkisins þurfi ekki greiða fasteignagjöld? Sveitarfélögin hafa sannarlega kostnað af fyrirtækinu en fá ekki tekjur eins og þau fá af íbúunum sem eiga fasteignir. Það má líka nefna skóla sem ekki greiða fasteignagjöld. Ríkisvaldið hefur gengið svo langt að neita að greiða malbikunargjöld eða gatnagerðargjöld af læknabústöðum og vitnað í grunnskólalög, sagt að ekki þurfi að greiða gjald af grunnskólum og svo mætti lengi telja. Af hverju var það ekki haft með?

Af hverju fylgja ekki með almennilegar tillögur og frv. um að meta hin ýmsu áhrif sem hið háa Alþingi hefur á fjárhag sveitarfélaganna með ýmsum lögum og reglugerðum? Af hverju var það ekki sett fram með þessu frv.? Er það ekki vegna þess að menn voru fallnir á tíma og það var ekki hægt? Þetta þarf að komast í gegn sem fyrst til að sveitarfélögin fái nákvæmlega að vita hvað þau megi leggja á. Breytingin á fasteignagjöldunum er kannski þýðingarmest fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Íbúar landsbyggðarinnar vonuðust til að hin óréttláta skattheimta sem viðgengist hefur í svo og svo mörg ár yrði leiðrétt. Íbúar landsbyggðarinnar sáu fram á að finna það á buddu sinni ef fasteignagjaldsstofninum hefði yrði breytt þannig að menn fari að greiða eftir raunvirði á hverjum stað. Sú gleði og tilhlökkun hjá íbúum landsbyggðarinnar hvarf um leið og fram komu áform og tillögur um skattahækkanir á íbúa landsbyggðarinnar og íbúa höfuðborgarsvæðisins. Skattahækkun á íbúa landsbyggðarinnar étur upp þann ávinning sem átti að vera vegna lækkunar fasteignagjalda.

[23:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. kvartar yfir því að framsóknarmenn hafi ekki verið mikið við þessa umræðu. Við höfum hins vegar verið yfir henni hér. Við eigum aðild að ríkisstjórn og þingflokkar taka ákvarðanir ásamt ríkisstjórn. Hv. þm. er í stjórnarandstöðu. Hann er nýliði og kann að eiga eftir að kynnast því einhvern tíma að sitja í ríkisstjórn. Sá tími kann að koma. Hann verður líka að átta sig á því að hér gildir það sem segir í fornu spakmæli: Að tala er silfur en þögnin er gull. Stundum er betra að gæta sín á að fara ekki marga hringi gegnum sig í þessum stól eins og henti hv. þm. í umræðunni, að gera lítið úr öllu sem gert til hagsbóta.

Hv. þm. er velviljaður og ber réttlætiskennd í brjósti sínu þannig að ég er hissa á að hann skuli ástunda þetta japl og jaml og fuður svo lengi.

Hv. þm. spurði: Hvaða kjarabætur fá þeir íbúar á landsbyggðinni sem ekki eiga eignir? Nú erum við algerlega sammála um það, ég og hv. þm., að það er mikið réttlætismál að íbúðir á Siglufirði séu ekki margfaldaðar í verði og metnar til jafns við íbúðir á Reykjavíkursvæðinu. Menn eiga að fagna einum sigri. Menn þurfa ekki að draga alla umræðuna á það plan sem hentar hv. þm. Ég bið hann að virða það að mikilvægur árangur hefur náðst og niðurstaða í baráttumáli sem við eigum sameiginlegt.

Þau sveitarfélög sem lækkuðu áður og höfðu efni á því eru auðvitað jafnsett hinum. Þau höfðu efni á því að gera þetta áður gagnvart sínum íbúum. Nú er jafnræði í þessu hjá þeim. Það þýðir ekki að spyrja svona þegar menn ná mikilvægum árangri. Hús er hús og hús er mikilvægasta eign

fjölskyldunnar. Þá dugir ekki að spyrja hvort það þurfi ekki að dreifa silfrinu til fleira fólks. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Mér brá ónotalega við þessa háu bjöllu.

[23:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. starfandi félmrh. segir að ég geri lítið úr öllu. Það er alls ekki rétt. Ég sagði áðan að þau loforð og sú breyting sem gerð er á fasteignagjöldum fyrir íbúa landsbyggðarinnar væri mjög góð. Ég tel að hún hefði verið betri ef ekki hefði verið seilst í hinn vasann til að ná þeirri kjarabót til baka. Grundvallaratriðið er að hér er lækkaður einn skattur á íbúa landsbyggðarinnar, óréttlátur skattur sem kemur misjafnlega niður á íbúum ýmissa sveitarfélaga. Það er gert með því að sækja hærra útsvar í vasa þeirra. Það er ekkert verið að gera lítið úr þessu. Þetta eru staðreyndir málsins og ég er mjög ósáttur við að þetta skuli gert svona. Það er ekki verið að bæta stöðu íbúa landsbyggðarinnar með þessu. Með þessu er eingöngu gefið í hægri vasann og farið ofan í vinstri vasann til að taka það til baka. Hver er munurinn? (**Gripið fram í:** Og aðeins meira.) Jafnvel er meira sótt í vasann, eins og við höfum farið í gegnum hjá ýmsum sveitarfélögum. Það á líka eftir að koma á daginn.

Ég ætla, herra forseti, að fagna þeim sigri með hæstv. starfandi félmrh. að þetta skuli gert en jafnframt gagnrýna það áfram að þetta skuli gert á vitlausan hátt. Þetta er engin kjarabót fyrir íbúa landsbyggðarinnar þegar upp verður staðið árið 2002, þegar litlu sveitarfélögin um allt land sem eru í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og hafa þurft að taka þátt í atvinnuuppbyggingu til að freista þess að halda í íbúana, sjá ekki möguleika á öðru en að nýta sér þessa heimild til fulls.

Ég ætla að fara úr stólnum áður en bjallan hringir, herra forseti, en koma inn á hitt atriðið á eftir, varðandi þá sem lækkuðu fasteignagjöldin í fyrra.

[23:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um að þau skref sem hér er verið að stíga eru mikil kjarabót og mikið réttlætismál gagnvart íbúum landsbyggðarinnar, að þeir borgi gjöld af húsum sínum í samræmi við verðmæti þeirra. Við skulum fagna þeim sigri.

Hins vegar er merkilegt hvernig Samfylkingin leyfir sér að tala. Ég er farinn að halda að hún sé ekki stjórnmálaflokkur heldur regnhlífarsamtök sem leitast við að hafa alls konar skoðanir, án samhengis eða samræmis. Einn er skattahækkunarmaður og annar er skattalækkunarmaður. Einn er settur til að rífa þetta niður, annar settur hinum megin. Þannig er byggt upp ósamstætt lið sem er með ónot í svona málum. Mér finnst Samfylkingin ekki líkjast stjórnmálaflokki. Það mega vinstri grænir eiga að þeir eru þó bara á móti. Þeir lifa sælir við það upp á hvern einasta dag og eru lífsglaðir yfir því. Við vitum að þeir eru grænir og neikvæðir.

Við vitum ekkert annað en að Samfylkingin sé bara regnhlífarsamtök. Hún líkist ekkert flokki. Ég veit ekki hvernig hún þróast með því áframhaldi. (**Gripið fram í:** Hvað með þinn flokk?) Framsfl. stendur auðvitað í þeim stórræðum að efna sín kosningaloforð og halda áfram að byggja upp þetta þjóðfélag. Hann er heill og kraftmikill í því. Hann hefur séð sigra og árangur og við getum verið lífsglaðir yfir okkar starfi. Ég er sannfærður um að þjóðin hefur uppskorið fyrir okkar djörfung. Við eigum eftir að uppskera fyrir okkar verk. Við verðum að viðurkenna það, stjórnmálamenn eins og þjóðin, að lífskjör á Íslandi hafa stórlega batnað á síðustu fimm árum. Staðan er allt önnur en hún var.

[23:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þá spurningu sem ég lagði fram áðan. Ég tel mig ekki hafa fengið svar við henni. Hún var um þau sveitarfélög sem neyddust til að lækka fasteignagjöldin sín á síðasta ári til að koma til móts við íbúa þeirra. Það á að bæta þeim þetta upp út frá þeirri prósentu sem þeir voru með á síðasta ári. Það finnst mér ósanngjarnt. Þess vegna vil ég aftur spyrja, herra forseti, hæstv. starfandi félmrh. hvort ekki hafi komið til greina að nota ákveðin viðmiðunarár og sækja kvótakerfið sem Framsfl. er dálítið mikið að tala um núna þó það sé í jólabókarformi og ekki víst hverjir voru með og hverjir voru á móti. Hefði ekki verið hægt að nota viðmiðunarár, hefði ekki verið sanngjarnara að nota þrjú eða fimm síðustu ár sem viðmiðunarár fyrir fasteignagjaldsstofn í viðkomandi sveitarfélögum? Við vitum að nokkur sveitarfélög lækkuðu prósentuna síðast, neyddust til þess án þess að hafa efni á því.

Rétt í lokin, herra forseti. Við eigum að vera glöð og ánægð, segir hæstv. ráðherra, með þá áfangasigra sem náðst hafa. Það er sannarlega rétt en sem íbúi landsbyggðarinnar getur maður ekki verið mjög ánægður með sumt af því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hefur lítinn áhuga á að bregðast við og hefur ekki sýnt neina tilburði til að bregðast við vandanum. Því miður er þetta gullna tækifæri með fasteignagjöldin að renna frá okkur. Ég held að það sé töluvert mikið til í því, herra forseti, sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson sagði í svæðisútvarpi Norðurlands ekki alls fyrir löngu: Framsfl. hefur gleymt landsbyggðinni. Það eru orð að sönnu.

[23:17]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að færa hv. 3. þm. Norðurl. v. innilegustu þakkir fyrir upplestur úr umsögnum um frv. Það er alveg ómetanlegt fyrir þingið að fá þann upplestur í 15. sinn á þessum degi, ég tala nú ekki um fyrir þá sem munu lesa þessar umræður síðar meir, að vita að þetta hafi verið lesið svo oft upp hér á einum degi.

Ég kem hér upp að öðru leyti til að fjalla aðeins um mjög sérkennilega skoðun hv. þm. sem var sú að hann sagði að lækkun fasteignagjaldanna, sem er ómótmælanlegt að verður, komi ekki til góða fyrir þá sem ekki eiga fasteignir á landsbyggðinni. Það er þá væntanlega vegna þess, ef við reynum að fylgja þessu rökrétt eftir, að þeir íbúar hafa heldur ekki orðið fyrir barðinu, ef við getum orðað það svo, á þeirri gjaldtöku sem verið hefur við lýði undanfarin ár. Og þess vegna er ekki hægt að lækka hjá þeim, það er augljóst mál. Mér finnst þetta svo einkennilegur málflutningur að ekki er hægt að láta honum ómótmælt.

Að öðru leyti er það þannig að ef þessir íbúar eru í þeirri stöðu að leigja íbúðarhúsnæði og við lækkum kostnað af því húsnæði, íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði, þá mundi það væntanlega að öðru jöfnu leiða til þess að markaðsverðið muni lækka á leigunni vegna þess að við vitum að víðast hvar á landsbyggðinni er því miður tiltölulega lítil eftirspurn eftir húsnæði á leigukjörum. Þess vegna getum við séð það í hendi okkar að jafnvel fullyrðing hv. þm. stenst ekki. Þetta mun með einum eða öðrum hætti koma því fólki einnig til góða sem er að leigja húsnæði.

Það er óhrekjanlegt og hefur komið fram í öllum gögnum að þessi aðgerð ein og sér mun þýða lækkun upp á 1,1 milljarð kr. fyrir landsbyggðina. Ef við tökum Vestfirði sem dæmi er um að ræða lækkun fasteignagjalda úr 300 í 180 millj. kr., um 40%. Ég tók eftir að hv. þm. nefndi sérstaklega sveitarfélagið Skagafjörð og efaðist um að sveitarfélagið Skagafjörður fengi þá lækkun. Þar er þó ómótmælanlegt að um er að ræða lækkun upp á 45 millj. kr. í fasteignasköttunum út af þessu máli í sveitarfélaginu Skagafirði.

[23:19]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef ég hef eitthvað tafið aðrar áætlanir hv. þm. með lestri úr áliti ASÍ. Við höfum átt sameiginleg áhugamál um ýmislegt á landsbyggðinni og við getum farið í umræðuna um fasteignaskattana. Hvað með þá íbúa Bolungarvíkur sem eru í leiguhúsnæði, kennara og aðra sem ráðnir eru þangað? Þeir eru sannarlega ekki að borga fasteignagjöld, það er alveg hárrétt. En ætli það sé ekki hluti af þeim samningum sem gerðir eru til að fá slíkt fólk út á land til vinnu? Hver verður kjarabótin fyrir þá? Eru þeir ekki að fara að borga hærra útsvar? Er þetta ekki skattahækkun? Ég held það nú.

Aðeins af því hv. þm. fór að ræða um aðgerðir gagnvart landsbyggðinni. Ég ætla aðeins að rifja það upp, herra forseti, að við sátum í ágætri nefnd sem hét byggðanefnd forsætisráðherra, sem skilaði tillögum sem kallaðar voru bráðaaðgerðir. Hvernig hefur gengið að uppfylla ýmislegt af þeim, herra forseti? Eigum við að taka fyrsta atriðið í jöfnun húshitunarkostnaðar sem verið er að svíkja núna fullkomlega? Lítið skref var stigið í síðustu fjárlögum til að jafna þetta, en bara í rafhitun, hitaveiturnar voru skildar eftir. Hver er hækkunin í frv. núna? Litlar 30 millj.

Man hv. þm. eftir að tillögur okkar voru um að þetta mundi hækka í þremur jöfnum áföngum? Það er svo núna að ekki er staðið við það og engar tillögur eru komnar fram vegna fjárlaga næsta árs um að standa eigi við það loforð. Það á því sennilega við um fleiri en aumingja framsóknarmennina sem hafa gleymt landsbyggðinni að mati hæstv. félmrh. Það er sennilega töluvert til í því að sjálfstæðismenn hafi gleymt landsbyggðinni fyrir lifandi löngu.

[23:21]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikil misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að hann hafi verið að tefja mig með upplestri. Ég var þvert á móti að fagna því alveg sérstaklega að þetta var upplestur í 15. sinn í dag og ég vil ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir það. Ég held að alveg ómetanlegt sé fyrir umræðu um þetta mikilvæga mál að heyra slíkan upplestur 15 sinnum á einum degi.

En það sem vakti athygli mína í umræðunni var að hv. þm. fjallaði í tveggja mínútna andsvari um tiltekið mál, ekki um frv. sem við höfum fyrir framan okkur. Hv. þm. treysti sér ekki til að nota þær tvær mínútur til að fjalla um frv. Hann var kominn á þvílíkan harðaflótta að hann eyddi kannski 15–20 sekúndum af þessum tveimur mínútum til að fjalla um efnisatriði málsins, sem er þetta frv. Það segir okkur að hv. þm. er að gera sér ljóst að hann er á fullkomnum flótta undan eigin málflutningi í þessu mikilvæga máli, og auðvitað gerir hv. þm., sem er afar velviljaður landsbyggðinni, sér grein fyrir því að gríðarlega mikil kjarabót er fólgin í þessari breytingu varðandi fasteignagjöldin, kjarabót sem svarar rúmlega 1 milljarði kr. Ég held að hv. þm. ætti fyrst og fremst að fjalla um frv. eins og það er, í stað þess að reyna að drepa málinu á dreif með annarri umræðu, sem við getum tekið á öðrum vettvangi.

En það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að við lögðum fram tillögur sem fólu í sér ýmsar jöfnunaraðgerðir og við sáum skrefið stigið við fjárlagagerðina síðast og við skulum átta okkur á því að fjárlagagerðinni er ekkert lokið fyrr en 3. umr. er lokið. Við erum búin að taka gríðarlega stór skref varðandi jöfnun námskostnaðar. Við erum að taka skrefin varðandi lækkun húshitunarkostnaðar eins og hefur verið rækilega sýnt fram á, m.a. í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi fyrir örfáum dögum og hefur verið svarað. Og ég hélt að hv. þm., sem er áhugamaður um þetta, hefði kynnt sér þetta en því er greinilega ekki að heilsa.

[23:23]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerir að umtalsefni skattalækkun eða lækkun á fasteignagjöldunum og talar um þær 1.100 millj. sem er lækkun á gjöldum íbúa landsbyggðarinnar. Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm.: Hve mikið hækka útsvarsgreiðslur íbúa landsbyggðarinnar sem eiga að fá þessar 1.100 millj., hvað munu þær útsvarsgreiðslur hækka þegar öll hækkunin verður komin fram hjá sveitarfélögunum? Eru þær tölur ekki tilbúnar og hefur hann þær ekki til að færa hér fram?

Eigum við að fara aðeins betur í þær skattahækkunartillögur sem hér eru og ég fór í gegnum áðan? Mér þykir það ákaflega leitt ef ég hef raskað ró ágætra stjórnarþingmanna með því að lesa upp úr tillögum ASÍ og það sem þeir leggja til. Þeir eru með öðrum orðum að segja að þetta séu skattahækkunartillögur sem setji kjarasamninga og annað í uppnám. Og skattleysismörk eru ekkert að hækka í takt við það sem verið er að sækja í vasa skattgreiðenda, hvorki á höfuðborgarsvæðinu né á landsbyggðinni.

Eigum við að ræða aðeins um jöfnun námskostnaðar? Allt í lagi. Eru ekki gerðar tillögur um það? En tillögurnar eru ekki eins og tillögur okkar hv. þm. voru vegna þess að nú er verið að bæta við svo og svo mörgum sem munu njóta og þá mun minnka hjá hinum af því að ekki á að auka þetta í hlutfalli.

Í þeim aðgerðum sem eiga að styrkja byggð í landinu og styrkja hina dreifðu byggð með því sem ég var að ræða hér um og við vorum hjartanlega sammála í þeirri nefnd sem ég vitnaði til áðan, þá ræddi hv. þm. ekki um tillögur til að lækka húshitunarkostnað landsmanna úr 110–120 þús. kr. niður í meðaltal 60–63 þús. kr. miðað við þáverandi verðlag. Ekki er staðið við það í þeim tillögum sem liggja fyrir á fjárlögum fyrir næsta ár. Eru það aðgerðir til að létta íbúum landsbyggðarinnar búsetu þar? Ég bíð eftir svari við því, herra forseti, hvort við það eigi að standa eða hvort það voru bara tillögur sem settar voru fram sem gulrót fyrir þá hv. stjórnarþingmenn sem voru á móti síðustu kjördæmabreytingu til að fá þá til að samþykkja það með hangandi hendi.

[23:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla undir lok umræðunnar að ítreka áherslur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum verið talsmenn þess að fjárhagsgrunnur sveitarfélaganna verði styrktur og tekjustofnar verði fluttir frá

ríki til sveitarfélaga í því skyni. Þess vegna höfum við stutt það að heimildir sveitarfélaganna til útsvarshækkunar skuli rýmkaðar. Við höfum einnig stutt það að álagningarstofni fasteignaskatta verði breytt og teljum það mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina að slíkt skuli ná fram að ganga.

Við höfum hins vegar tekið undir með þorra sveitarfélaga í landinu sem hafa tjáð sig um þessar skattabreytingar í þá veru að eðlilegt væri við þær aðstæður sem við búum við nú, að tekjuskattslækkun til ríkissjóðs yrði samsvarandi heimildum til útsvarshækkunar hjá sveitarfélögunum, þannig að ekki yrði um auknar álögur á almenning að ræða. Við teljum að forgangsröðun ætti að vera þar önnur.

Hér erum við algerlega samstiga áliti sveitarfélaganna í landinu, ekki bara í Reykjavík. Ég nefni Reykjavík vegna þess að þar hefur verið tekin mjög eindregin afstaða í þessu efni og það hefur einnig verið gert hjá öðrum sveitarfélögum og ég held mér sé óhætt að segja í öllum landshornum, ef svo má að orði komast. Við erum líka samstiga almannahreyfingum, við erum samstiga Öryrkjabandalaginu, ASÍ, BSRB, og verkalýðshreyfingunni. Ég vara við því að þessi skattapakki nái fram að ganga án þess að breytingar verði gerðar á persónuafslætti. Við höfum bent á að persónuafsláttur inn þurfi að hækka um 217 kr. í byrjun næsta árs, 447 í ársbyrjun 2002 og 457 kr. í ársbyrjun 2003, ef á að tryggja að skattleysismörk verði óbreytt miðað við það sem nú er.

Þetta mundi hins vegar ekki þýða að skattbyrðarnar væru óbreyttar, því ef tekjuskattslækkunin verður ekki samsvarandi hækkun útsvarsins verður óneitanlega um auknar álögur að ræða. Hins vegar mundi þetta þýða að skattleysismörkin væru óbreytt.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, til að leggja áherslu á hvert er meginstefið í málflutningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við erum samstiga almannahreyfingum í landinu, við erum samstiga Samfylkingunni að verulegu leyti. Við styðjum þær skattatillögur, þ.e. breytingar sem þaðan hafa komið um að tekjuskatturinn lækki til jafns við útsvarshækkunarheimildina.

Herra forseti. Ég kom ekki síst upp til að færa einlægar þakkir til starfandi hæstv. félmrh., Guðna Ágústssonar, fyrir ómetanlegt framlag hans til umræðunnar. Það hefur verið í senn fróðlegt og upplýsandi að fylgjast með málflutningi hans. Það hefur varpað skýru ljósi á málin og mér finnst ástæða til þess að þakka það sem vel er gert í þessum efnum. Ég auglýsi eftir frekari ræðuhöldum frá hendi hæstv. starfandi félmrh. til þess að upplýsa okkur um ágæti þessara tillagna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 200. mál (vatnsgjald). — Þskj. 210, nál. 357 og 362.

[23:30]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa frá félmrn., Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Akureyrarbæ, Borgarfjarðarsveit og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Einnig bárust umsagnir frá um 20 sveitarfélögum og samtökum þeirra.

Frv. er lagt fram að tillögu nefndar sem félmrh. skipaði til að fjalla um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Tilgangur þess er að samræma ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga þeim breytingum á álagningarstofni fasteignaskatts sem lagðar eru til með frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir að við álagningu fasteignaskatts verði miðað við fasteignamat húsa og mannvirkja. Í frv. þessu er því lagt til að fasteignamat verði framvegis til viðmiðunar við álagningu vatnsgjalds. Þá er lögð til hækkun á hámarksálagningu vatnsgjalds til að vega á móti þeirri lækkun álagningarstofnsins sem breytingin mun óneitanlega hafa í för með sér. Í tillögum félmrn. er gert ráð fyrir að hækkunin nemi 0,1 hundraðshluta af fasteignamati. Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga greinir að sú hækkun muni ekki duga til þess að vatnsveitur sveitarfélaganna verði jafnsettar og áður og leggur því meiri hluti nefndarinnar til að hækkunin verði 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati en sú hækkun mun duga vatnsveitum sveitarfélaganna.

Þá áréttar meiri hlutinn að vatnsgjald er þjónustugjald sem má aldrei vera hærri fjárhæð en sem nemur raunkostnaði af rekstri vatnsveitna, þ.e. öllum stofn- og rekstrarkostnaði og afskriftum fasteigna.

Leggur meiri hlutinn því til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,4“ í c-lið komi: 0,5.

Undir þetta nefndarálit rita auk þeirrar sem hér stendur Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

[23:33]

Frsm. minni hluta félmn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 362, 200. mál. Það er nefndarálit minni hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Í ljósi þess að vatnsgjald er lögum samkvæmt þjónustugjald lýsir minni hlutinn yfir andstöðu sinni við það að álagning þess skuli bundin tilteknum hundraðshluta af fasteignamati. Í ljós hefur komið að þessi hundraðshluti nægir ekki öllum sveitarfélögum til að standa undir kostnaði við veitta þjónustu, en jafnframt að önnur sveitarfélög nýta þetta hámark án tillits til kostnaðar. Þar með er gjaldið orðið skattur.

Ef vatnsgjaldið á að flokkast sem þjónustugjald sem sé eingöngu ætlað að standa straum af fyrrnefndum kostnaði sveitarfélaganna og megi því ekki fela í sér hærri álögur en sem honum nemur telur minni hlutinn eðlilegt að sú hámarksheimild sem sveitarfélögunum er sett við ákvörðun upphæða vatnsgjalds í lögum um vatnsveitur, nr. 81/1991, verði felld brott en með því munu tekjur sveitarfélaganna af vatnsgjaldi ávallt standa undir áðurnefndum kostnaði.

Leggur minni hlutinn til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. C-liður greinarinnar orðist svo: Í stað orðanna „allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: stofnkostnaði og kostnaði af rekstri vatnsveitna.

Undir þetta nefndarálit rita sú sem hér stendur og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir.

[23:34]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka vegna þess sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta félmn. að hér er um þjónustugjald að ræða eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans. Ekki er verið að gera neinar grundvallarbreytingar á lögum um vatnsveitur heldur eingöngu að færa til samræmis við tekjustofnafrv. þann hundraðshluta sem má að hámarki vera það gjald sem sveitarfélög taka til reksturs vatnsveitna. Hér er um varúðarreglu að ræða að ekki verði tekið hærra gjald en sem nemur 0,5% af álagningarstofninum. Það held ég að sé sjálfsögð varúðarregla en í lögum um vatnsveitur kemur skýrt fram að þau gjöld sem má taka til þess að reka vatnsveitur eru eingöngu þau gjöld sem nema raunkostnaði af rekstri vatnsveitnanna og sem nemur stofn- og rekstrarkostnaði og reyndar svo afskriftunum. Ég ítreka enn og aftur að hér er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða, eingöngu verið að færa lögin um vatnsveitur til samræmis við þær breytingar sem verið er að gera á álagningarstofni varðandi tekjustofna sveitarfélaga.

[23:36]

Frsm. minni hluta félmn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt lögum er vatnsgjaldið þjónustugjald og því er ætlað að standa straum af raunverulegum kostnaði sveitarfélaganna við þessa þjónustu. Við erum að treysta sveitarfélögum til að standa við það. Annars koma önnur rök fyrir afstöðu okkar fram í nefndarálitinu sem tel ég að ég hafi gert fyllilega grein fyrir þegar ég mælti fyrir álitinu áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjárhæðir). — Þskj. 227, nál. 351.

[23:37]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald. Í þessu frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum um gjaldið. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárhæð þess vegna veiðiheimilda innan og utan lögsögu verði breytt til samræmis við áætlaðan kostnað Fiskistofu af veiðieftirliti.

Í öðru lagi þegar fiskiskipi er úthlutað tilteknu aflamarki sem byggist á þessari hlutdeild, þá taki gjaldið mið af úthlutuðu aflamagni en ekki lönduðum afla eins og gildandi lög gera ráð fyrir.

Í frv. er síðan lagt til að gjald fyrir veru eftirlitsmanna um borð í fiskiskipum verði hækkað og það verði einnig innheimt fyrir veru eftirlitsmanns um borð í fiskiskipi samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

Eins og kunnugt er hefur staðið yfir allmikil umræða um brottkast afla. Fiskistofa hefur fengið heimild ráðherra til þess að ráða fimm nýja starfsmenn til eftirlits. Raunar er gert ráð fyrir að þeir verði ráðnir fimm á næsta ári og er búið að auglýsa eftir því sem ég sá í blöðunum. Forsendur heildarhækkunar gjaldsins eru fyrst og fremst þær að standa straum af þessu en að öðru leyti hækkar gjaldið ekki. Þó er ljóst ef maður skoðar þetta að gjaldið hækkar í ýmsum skipaflokkum en lækkar síðan í öðrum eins og gengur. En það eru breytingar sem eru að verða á þorskígildisstuðlum sem reiknaðar eru út árlega við hver fiskveiðiáramót sem valda því að gjaldið dreifist með öðrum hætti á þessu ári en í fyrra. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að fskj. I með þessu nefndaráliti er einmitt útreikningur Fiskistofu á skiptingu veiðieftirlitsgjalds milli skipaflokka sem bregður ljósi á málið.

Það hefur komið fram og var talsvert mikið rætt í starfi nefndarinnar að nauðsynlegt væri að auka samráð eftirlitsskyldra aðila og þeirra aðila þar sem menn þurfa að greiða þetta gjald og síðan Fiskistofu. Nefndin tekur mjög undir það og telur að það þurfi að treysta þetta samstarf frekar. Fyrir liggur að óformlegur samráðsvettvangur útvegsmanna og Fiskistofu er til staðar þar sem rædd eru ýmis framkvæmdaratriði varðandi veiðieftirlitið. Nefndin kemur með þá ábendingu í þessu nefndaráliti að eðlilegt sé að reyna að styrkja þennan vettvang þannig að forsendur veiðieftirlitsgjaldtökunnar hverju sinni séu líka til umfjöllunar í þessari nefnd. Við vísum í því sambandi séstaklega til þess fyrirkomulags sem er í gildi og sett eru fyrirmæli um í lögum um álitsgjöf eftirlitsskyldra aðila og fjármálaeftirlitsins. Eins og menn vita hefur þessi samráðsnefnd komið þar fram með gagnlegar ábendingar sem ég hygg að séu til bóta.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Árni Ragnar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson og undir nefndarálitið rita með fyrirvara hv. þm. Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykkur þessu áliti með fyrirvara.

[23:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem kveður á um gjaldtöku sem á að bera upp ákveðinn kostnað innan þess fiskveiðiárs sem við erum núna að framkvæma og sem lýkur þann 31. ágúst nk. Þetta gjald á að ákveða fyrir 1. desember ár hvert.

Fyrirvari minn við málið snýr að eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi er á það að benda að hlutfallsleg hækkun á gjaldinu er áberandi langmest annars vegar á krókabáta, þorskaflahámarksbáta og sóknarmarksbáta eða svokallaða krókabáta undir 6 tonnum en hún er 86% í öðru tilvikinu og 113% í hinu. Það er því ekki alveg samræmi á milli hvaða breytingum þessi gjöld taka eftir skipaflokkum. Síðan er rétt að vekja athygli á því að varðandi nótaflotann er verið að taka inn gjaldtöku af norsk-íslensku síldinni og kolmunnanum. Aukin gjaldtaka á nótaflotann er um 4 millj. kr. og tæplega 30% hækkun en það er þó sá fyrirvari að viðmiðunin sem þarna er notuð er m.a. bráðabirgðaúthlutun á loðnu og ef aukið verður við loðnuveiðarnar, sem má kannski telja líklegt miðað við reynslu undanfarinna ára, þó að aflabrögð á loðnunni á sumar- og haustvertíð hafi kannski ekki bent til þess en loðnan er mikill ólíkindafiskur. Ef svo færi er auðvitað verið að hækka gjaldið talsvert mikið á nótaflotanum. Þó að vissulega sé miðað við þorskígildisverðmæti og verðmæti þeirra afurða sem nótaflotinn veiðir hafi lækkað þá gæti samt verið um talsvert aukna gjaldtöku að ræða.

Síðan er eitt atriði sem er rétt að draga fram og fyrirvari minn lýtur einnig að og það er varðandi úthlutun á

innfjarðarrækjunni. Svo hagar til að skipum er úthlutað aflahlutdeild m.a. í innfjarðarrækju og á þau skip sem fá úthlutað aflahlutdeild skal lagt gjald á grundvelli hlutdeildarinnar.

Nú kemur það iðulega upp, og hefur reyndar komið upp í Ísafjarðardjúpi nú í haust, að þar er búið að ákveða bráðabirgðakvóta sem hlutdeildin mun miðast við en mönnum eru meinaðar veiðarnar vegna seiðagengdar. Þeir munu samt sem áður þurfa að greiða gjaldið þó að þeir geti ekki nýtt sér tekjurnar, a.m.k. er það ekki alveg í hendi. Þarna er ákveðið misræmi þegar svona aðstæður koma upp. Þetta eru auðvitað afbrigðilegar aðstæður en eigi að síður fá menn úthlutaða hlutdeild í aflanum, fá ekki að fara til veiðanna og ekki afla sér tekna en eiga að greiða gjaldið.

Þetta eru þeir fyrirvarar sem ég vildi draga fram í umræðunni og lúta að því að ég skrifaði undir með fyrirvara.

Þar til viðbótar vil ég taka undir að ég held að eðlilegt sé að setja á fót sérstakan samráðsvettvang, sérstaklega þá útgerðarmanna, skipstjórnarmanna og Fiskistofu, um framkvæmd og ákvarðanir að þessu leyti varðandi veiðieftirlitsgjaldið.

[23:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um nefndarálit um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

Ég sem áheyrnarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjútvn. hef skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um fyrirvarana því í mörgu eru þeir samstiga því sem fram kom hjá hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A . Kristjánssyni. Ég held að það sé mjög mikilvægt, eins og reyndar kemur fram í nál., að þróa samstarfsvettvang útvegsmanna og Fiskistofu, þar sem rædd verða framkvæmdaatriði veiðieftirlitsins. Nefndin telur líka eðlilegt að á þeim vettvangi séu enn fremur ræddar forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðun veiðieftirlitsgjalds hverju sinni. Það væri heppilegra fyrir Alþingi sem þarf að setja lög á hverju ári um svona gjaldtöku að sú forvinna ætti sér stað í grasrótinni og að stefnt væri að því að sæmileg sátt væri um málin áður en það kæmi inn til Alþingis og inn til nefndar.

Ég segi á sama hátt að ég hef fyrirvara varðandi gjaldtökuna á útgerðarflokkum. Þá er það líka sérstakt áhyggjuefni hve hækkunin er mikil á smábátum undir 15 metrum. Hún er 50%. Á króka- og þorskaflahámarksbátum er hún 86,6% og á sóknardagabátum 113%. Kannski má færa rök fyrir því að meira álag sé á eftirliti í þessum útgerðarflokki, en það er óheppilegt út frá öðrum sjónarmiðum að auka gjaldtöku einmitt á þennan hluta flotans sem m.a. stundar vistvænni veiðar en önnur útgerðarform.

Nefndin vildi skoða sérstaklega áhrif breytinganna á veiðieftirlitsgjald fyrir nótaveiðiflotann. Þar mætti líka setja spurningarmerki. Það kemur fram að lækkun verður varðandi síldina og lækkun varðandi loðnuna. En síðan koma inn flokkar, norsk-íslenska síldin og kolmunninn, og þá erum við komin út í úthafsveiðar. Þá er spurning hvar ætti að enda og af hverju þessir tveir flokkar eru teknir inn. En þarna kemur fram veruleg hækkun upp á 28,9%. Það eru fyrst og fremst þessi atriði sem ég vildi að kæmu fram og síðast en ekki síst að í nokkrum stofnum er náttúrlega um áætlað magn að ræða þannig að tölurnar eru nú ekki nákvæmari en svo.

Það eru fyrst og fremst þessi atriði sem ég vildi að kæmu fram og árétta ég enn og aftur að ég tel að grunnvinna hagsmunaaðila í samvinnu og samráði við Fiskistofu sé algjör nauðsyn fyrir þingið og að sátt sé í grasrótinni um það hvernig þessari gjaldtöku skuli háttað. Óska ég eftir því að tekið verði mið af þeim ábendingum eða fyrirvörum sem ég geri í sambandi við útgerðarflokka.

[23:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem fjallar um veiðieftirlitsgjald gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á því gjaldi sem innheimt hefur verið vegna veiðieftirlits, bæði hvað varðar upphæðir og hvernig það leggst á einstaka skipaflokka.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar í sjútvn. styðjum frv. eða leggjum til að það verði samþykkt. Þó erum við með fyrirvara varðandi efni frv. að ákveðnu leyti sem ég mun gera grein fyrir hér á eftir.

Við leggjumst ekki gegn auknu eftirliti eins og þetta frv. styður við, ef af lögum verður, enda þótt við teljum að til séu aðrar og vænlegri leiðir til að takast á við brottkast. Eins og segir í nál. og er dálítið sérkennilegt, þá hefur Fiskistofa fengið heimild ráðherra til að bregðast við mikilli umræðu um brottkast. Það er spurning við hverju er verið að bregðast. Er það bara umræðan eða ætla menn að takast á við vandann?

Eins og ég sagði teljum við fulltrúar Samfylkingarinnar að til séu aðrar leiðir vænlegri og ég vísa þar til þeirra tillagna sem við, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson, höfum í gegnum tíðina flutt á hinu háa Alþingi í því efni, þar sem við höfum hallast að þeim sjónarmiðum sem eru í samræmi við þær skoðanir sem menn hafa nú mjög uppi varðandi auðlindanýtingu, að rétt sé að laða menn til réttrar breytni með því að umbuna þeim fyrir hana, en ekki refsa þeim. Við erum ekki ýkja trúuð á þær hugmyndir sem hæstv. sjútvrh. hefur í þessum efnum og byggjast fyrst og fremst á boðum og bönnum. Ég ætla ekki að fara frekar út í þessar tillögur núna, herra forseti. Þess þarf, hygg ég, ekki. Ég held að þær séu kunnar.

Ég vil líka að það komi fram að við erum þeirrar skoðunar að útvegurinn eigi að bera þann kostnað sem hlýst af eftirliti með veiðum. Það er auðvitað eðlilegt að útvegurinn greiði kostnaðargjöld og standi undir þeim kostnaði sem skattgreiðendur gera nú að stórum hluta vegna útgerðarinnar í landinu.

Herra forseti. Ég ætla að fara yfir þann fyrirvara sem við höfum við þetta mál. Það kemur í ljós að þorskígildistonnum hefur fækkað um 78.600 frá síðasta fiskveiðiári, þ.e. þeim sem er úthlutað til útgerða fiskiskipa. Þar kemur tvennt til. Annars vegar hefur orðið hlutfallslega meiri hækkun á verði þorsks en annarra tegunda og hins vegar var leyfilegur heildarafli þorsks minnkaður um 30.000 tonn. Það gerir það að verkum að lagt er til að gjald á hvert þorskígildistonn verði hækkað.

Þetta hefur einnig í för með sér, herra forseti, þessar sveiflur sem hér hafa verið raktar, bæði af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og eins af hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, þ.e. það verða breytingar hjá einstaka útgerðarflokkum vegna þessa, ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Fyrirvari fulltrúa Samfylkingarinnar lýtur einmitt að þessu atriði, þ.e. að menn skuli nota eða viðhafa þessa aðferð við að reikna út það gjald sem útgerðinni er ætlað að greiða vegna eftirlits. Við erum ekki sannfærð um að hér sé endilega verið að fara bestu leiðina. Við teljum að menn þurfi að finna leiðir sem eru stöðugri, ef það má orða það svo, vegna þess að kostnaðurinn hlýtur að vera nokkurn veginn sá hinn sami og því óeðlilegt að gjaldið sveiflist eins

og hér kemur fram. Fyrirvarinn lýtur sem sagt, herra forseti, að því hvernig þetta gjald er fjármagnað, þ.e. við erum ekki fullkomlega viss um að aðferðin sé sú besta, heldur viljum við gjarnan taka þátt í því að leita betri leiða sem valda ekki þessum sveiflum.

Herra forseti. Ég vil að lokum taka undir og ítreka það sem hér kemur fram í nál. um þennan samráðsvettvang útvegsmanna og Fiskistofu. Ég held reyndar að þessi samráðsvettvangur ætti að vera formlegur en ekki bara óformlegur eins og hér er fjallað um. Hér er vísað í hvernig þessu er háttað með Fjármálaeftirlitið og ég held það sé mjög gagnlegt að eftirlitsskyldir aðilar og stjórnvaldið hafi með sér samráð. Í því felst ekki bara það að hægt er að setja niður deilur eða komast að samkomulagi og koma í veg fyrir ágreining. Í því felst líka það æskilega aðhald sem þarf að vera að stjórnvaldinu varðandi kostnað og aukningu eftirlits, vegna þess að við viðurkennum öll að eftirlit hefur tilhneigingu til að blása nokkuð út. Ég hygg að það sé mun nær að þeir sem litið er eftir takist beint á við stjórnvaldið um þessi mál á formlegum samstarfsvettvangi og haldi þannig þessum gjöldum niðri með ákveðnum hætti, fremur en að lagt sé í hendur Fiskistofu að gera tillögur og síðan okkar að samþykkja eða synja, hafandi kannski ekki nægar forsendur fyrir því að meta hvort um eðlilegar hækkanir er að ræða. En það gjald sem hér er verið að leggja til eða sú aukning er, eins og hér segir, til samræmis við áætlaðan kostnað Fiskistofu. Herra forseti. Ég er ekki viss um að það séu nákvæmlega þau vinnubrögð sem við viljum viðhafa hér að við séum að hækka gjöld til samræmis við áætlaðan kostnað einstakra stofnana. Það er betra að farið sé yfir málið af þeim sem við eiga að búa í þeim tilfellum sem það er gerlegt og að þingið fái síðan rökstuddar tillögur ef um hækkun eða hugsanlega lækkun er að ræða.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir fyrirvara okkar við málið og jafnframt gert nokkra grein fyrir afstöðunni til þess að öðru leyti.

[23:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir allt sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði en mig langar til að bæta við örfáum orðum. Í fyrsta lagi tel ég óviðunandi að þessar sveiflur séu á þessu gjaldi. Ég tek það fram fyrst að við höfum auðvitað þá stefnu, og höfum margsagt frá henni og kynnt hana, að sjávarútvegurinn eigi að borga þann kostnað sem er af því að fylgjast með, eins og hér er verið að leggja til, og annan kostnað sem hið opinbera hefur af því að nýta þessa auðlind. Ég tel hins vegar mjög nauðsynlegt að menn líti á þessi mál út frá þessum sjónarmiðum, þ.e. að það sé sjávarútvegsins að greiða þetta. Ég er ekki þar með sagt að lýsa því yfir að hér séu menn komnir á réttar brautir hvað það varðar að velja þessa aðferð við þess gjöld. Það gengur nefnilega alls ekki til lengdar að sífellt sé verið að breyta gjöldum. Það er alveg sama hvort þetta á í hlut eða annað. Það betra að það sé jafnvægi og stöðugleiki í því. Kostnaðurinn við eftirlitið verður sá sami áfram hvað sem líður þessum breytingum á þorskígildum. Fram komu hugmyndir í umfjöllun nefndarinnar, m.a. þær að nota t.d. meðaltal einhverra ára til þess að ákveða gjaldið þannig að meiri stöðugleiki yrði þá í því.

Síðan er það sem hér er verið að gera, þ.e. að auka eftirlit til þess að koma í veg fyrir brot, ætluð brot manna á þeim lögum og reglum sem eru í gildi og til að koma í veg fyrir brottkast. Ég hef miklar efasemdir um að refsingar og viðbætur við refsingar muni skila nokkru. Vonandi skilar það þó einhverju. Samt er full ástæða til að efast um að þetta séu réttar aðferðir. Ég vil rifja upp að í svari við fyrirspurn frá mér þar sem spurt var um hvernig þessi lög hefðu virkað á undanförnum árum, kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að ákærur vegna brottkasts hefðu verið 19, ef ég man rétt, þ.e. ábendingar til lögreglu vegna brottkasts, opinberar ákærur hefðu verið þrjár, en enginn hefði verið dæmdur fyrir brottkast. Það er einmitt vandinn við svona eftirlit að sönnunarbyrðin er nánast ógerleg. Það er nánast ógerlegt að sanna brot, og því þarf að nota aðferðir sem halda mönnum í skelfingu hvað það varðar að þeir verði teknir fyrir ólöglegt athæfi. Og út á þá braut er verið er að fara með þessum eftirlitsmönnum. Hugmyndin er sem sagt að nota eftirlitsmennina sem einhvers konar grýlur sem menn eigi von á að fá um borð í bátana hjá sér og hér er m.a. verið að að leggja á gjöld til þess að greiða þann kostnað.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að þessi aðferð muni ekki gagnast nægilega vel til þess að taka á brottkasti og að menn muni í framtíðinni verða að taka á með jákvæðum aðferðum, aðferðum sem laða menn til þess að breyta rétt. En það að hóta mönnum með einhvers konar lögregluaðgerðum eða refsingum mun ekki skila þeim árangri sem menn vonast til, því miður. Það er mín skoðun. Ég vildi að það kæmi fyrst og fremst fram frá mér við þessa umræðu um þetta mál. Ég tel að ekki séu efni til að vera á móti því að hækka þessi gjöld því sjávarútvegurinn á sannarlega að borga kostnað af því að nýta auðlindina. En sú aðferð sem hér er verið að fjármagna er ekki aðferð sem ég tel að muni gefa þá niðurstöðu sem þyrfti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5. – 14. mál.

Fundi slitið kl. 00:03.

---

34. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa, fsp. GAK, 295. mál, þskj. 326.

Til utanríkisráðherra:

2. Hreinsun og afhending neðra Nickel-svæðisins í Reykjanesbæ, fsp. KPál, 290. mál, þskj. 321.

Til dómsmálaráðherra:

3. Flutningur eldfimra efna, fsp. SJóh, 212. mál, þskj. 223.

Til samgönguráðherra:

4. Endurskoðun laga um leigubifreiðar, fsp. GHall, 234. mál, þskj. 252.

5. Notendabúnaðardeild Landssíma Íslands, fsp. LB, 257. mál, þskj. 284.

Til sjávarútvegsráðherra:

6. B-landamærastöðvar á Íslandi, fsp. KLM, 256. mál, þskj. 283.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Endurhæfingardeild á Kristnesspítala, fsp. ÁSJ, 258. mál, þskj. 285.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 313. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 376.

Barnalög, 314. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 377.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 312. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 372.

Framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa.

Fsp. GAK, 295. mál. — Þskj. 326.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrirspurn þessi er tilkomin vegna þess að á síðasta þingi var samhljóða samþykkt þál. um að vísa til ríkisstjórnarinnar tillögu um fjárveitingu til varðveislu báta og skipa. Forsaga málsins var sú að við fimm þingmenn fluttum frv. um að Þróunarsjóði sjávarútvegsins væri falið það hlutverk að styrkja varðveislu gamalla báta og skipa þar sem minja- eða byggðasöfn og sjóminjasöfn hefðu tekið skip til varðveislu frá árinu 1990 en eins og menn þekkja úr sögunni tók Þróunarsjóður við hlutverki úreldingarsjóðsins sem stóð fyrir því á árunum frá 1990 að styrkja útgerðarmenn til úreldingar fiskiskipa. Því miður var stundum gengið þar svolítið harkalega til verks og skip hugsanlega eyðilögð sem hefðu haft varðveislugildi.

Tillagan gekk einfaldlega út á að Þróunarsjóðurinn tæki að sér það hlutverk til viðbótar því sem hann hafði haft áður að varðveita skip sem hefðu sögulegt gildi og til þess væru markaðir ákveðnir tekjustofnar. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að í Þróunarsjóðinn hafa komið inn fjármunir sem áður var búið að afskrifa. Ég hef ekki upplýsingar fyrir síðasta ár en þrjú árin þar á undan nam þessi bakreikningur af fé sem áður hafði verið afskrifað í Þróunarsjóðnum tæpum 700 millj. kr., 695 millj. ef ég man rétt. Mest var þetta fé sem hafði áður verið í svokallaðri atvinnutryggingardeild og menn höfðu talið afskrifað en hafði síðan verið greitt upp, m.a. við sameiningar fyrirtækja í sjávarútvegi.

Þessi tillaga var samþykkt og því spyr ég:

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um varðveislu báta og skipa frá 9. maí í vor þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skuli að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu?

Í nefndarálitinu frá sjútvn. voru tilmæli um það að málinu yrði lokið á þessu ári. Ég beini fyrirspurninni til hæstv. forsrh.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað líði framkvæmd ályktunar Alþingis frá síðasta þingi um varðveislu báta og skipa. Ályktunin er reyndar frá 9. maí, þ.e. seint á síðasta þingi. Það er því stutt liðið frá því að ályktunin var samþykkt.

Tillagan hefur fengið þá hefðbundnu meðferð og afgreiðslu í stjórnsýslunni að forsrn. hefur falið menntmrn. meðferð og framkvæmd hennar. Ég geri ráð fyrir því að ályktunin fái þá meðferð sem henni ber og í anda þeirrar tillögu sem samþykkt var í því ráðuneyti og er ekki í vafa um að ráðuneytið leysi vel úr því verkefni sem því hefur verið falið.

Það kom fram á dögunum í svari við fyrirspurn um meðferð þáltill. fyrr í haust að forsrn. mun láta þinginu héðan af í té árlega skýrslu um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis. Eins og ég gat um á þeim tíma er heppilegt að slíkar skýrslur næðu til ályktana Alþingis frá næstliðnu þingi þar á undan. Þannig ætti að gefast ráðrúm til að efna það sem til er ætlast í þáltill. og um leið hægt að gera því greinargóð skil hver framvinda viðkomandi máls hefur orðið. Ég vænti þess því að geta gefið yfirlit um um hver árangur tillögunnar hefur orðið við þá greinargerð. Að vísu kemur fram í þeirri ályktun eða reyndar í greinargerð ályktunarinnar sem hv. fyrirspyrjandi spyr um að æskilegt sé að hraða meðferð málsins. Ég tel að málið sé út af fyrir sig í eðlilegum gangi þrátt fyrir þessar ábendingar í greinargerðinni. Ég tel að málið sé komið í eðlilegan farveg og muni væntanlega fá málefnalega og góða meðferð sem hægt verður að greina frá í fyllingu tímans.

[13:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að þessum málum liggi mikið á. Enn þá fleiri slys eru að verða. Það eru ýmsir bátar og skip, sérstaklega trébátar, sem er verið að farga. Það er mjög nauðsynlegt að komið verði einhverju skikki á þessa hluti og að möguleikar verði fyrir hendi til að styðja við bakið á þeim sem vilja leggja það á sig, t.d. einstaklinga, að viðhalda slíkum skipum. Ég legg mikla áherslu á að þessu verði fylgt eftir. Nefndin gat þess eins og hæstv. ráðherra sagði áðan í greinargerð sinni að hún teldi að þetta þyrfti að leggja fram núna í haust. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með að það skuli ekki hafa tekist en vona svo sannarlega að menn láti þá hendur standa fram úr ermum og komi með tillöguna sem allra fyrst til Alþingis.

[13:38]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur hreyft ákaflega mikilsverðu máli sem er um varðveislu gamalla skipa og báta.

Hér á árum áður var því miður fargað mjög mörgum skipum sem höfðu mjög miklar minningar úr atvinnusögu okkar Íslendinga. Mörg þessara skipa urðu eldinum að bráð og var mjög vinsælt á árum áður að taka þau í áramótabrennur. Mörgum skipum hefur verið forðað frá því að fara á áramótabrennur og bíða þess að áhugamannafélög og söfn taki þau og geti farið að gera þau upp til þess að forða þeim frá því að grotna niður. Ég vil hvetja hæstv. forsrh. til að beita sér fyrir því að þetta mál fái hraðari meðferð í gegnum stjórnsýsluna en er að gerast því að við höfum ekkert að gera með svona tillögur og svona samþykktir nema peningar fylgi með og peningaúthlutanir þarf til að vernda þessi menningarsögulegu verðmæti.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Í umsögnum um þetta mál í sjútvn. kom fram að allir þeir sem gáfu umsagnir, sem voru m.a. aðilar frá byggðasöfnum, Þjóðminjasafninu og fleiri áhugamenn um varðveislu skipa, töldu þetta mál mjög brýnt. Reyndar hefur það komið fram í máli hv. þm. Ég held að málið sé í raun og veru þannig vaxið að það þurfi að taka á því mjög fljótlega. Við sjáum það víða sem höfum verið að ferðast um landið að til eru skip sem hafa verið tekin frá til varðveislu sem eru illa farin. Það eru líka til skip á söfnum sem hafa ekki fengist fjármunir til þess að halda við þannig að sómi sé að.

Sá úreldingarsjóður sem var settur á laggirnar hafði það hlutverk að úrelda skip. Við gerðum tillögu um að hlutverki hans yrði snúið við að þessu leyti til varðveislu þeirra skipa sem menn teldu mikil menningarverðmæti í. Þess vegna vona ég fastlega að þau svör sem hæstv. forsrh. gaf merki að málinu verði þá hraðað inn í þingið þegar í upphafi næsta árs þannig að okkur takist að ljúka því á vorþinginu.

[13:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að þetta er hið mikilvægasta mál og hluti af sögu okkar. Við vorum reyndar að rifja það upp hér, hæstv. utanrrh. og ég, að við áttum einmitt samstarf um það á sínum tíma þegar hann var sjútvrh. og ég borgarstjóri að bjarga einu slíku skipi, Aðalbjörginni sem var síðan sett upp í Árbæjarsafn og á síðan að hverfa á hafnarsvæði á nýjan leik. Þetta er stór hluti af sögu okkar. En við skulum gera okkur grein fyrir því líka að þetta er heilmikið mál. Við þekkjum vandamálin á Akranesi. Þar er hið merka skip, kútterinn. Menn eiga í erfiðleikum með hann þó að hann sé varðveittur þar. Þetta er heilmikið mál því það er ekkert auðvelt að varðveita þessi skip úti. Þau þarf helst að varðveita við réttar aðstæður, rétt rakastig og slíkt. Þetta er heilmikill kostnaður þannig að við verðum að fara í þetta af festu og alvöru en jafnframt með gát.

En ég ítreka að ekki stendur annað til en reyna að afgreiða þetta mál fljótt og vel en það þarf líka að undirbyggjast vel.

Hreinsun og afhending neðra Nickel-svæðisins í Reykjanesbæ.

Fsp. KPál, 290. mál. — Þskj. 321.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Á stríðsárunum og við komu varnarliðsins á Keflavíkurflugvöll var tekið eignarnámi mikið land á Suðurnesjum undir starfsemi hersins. Þessi landsvæði hafa verið kölluð varnarsvæði. Með minnkandi umsvifum varnarliðsins hefur þó nokkru landi verið skilað til baka og hefur utanrrn. leigt það til sveitarfélaganna. Eitt af þessum svæðum er svokallað neðra Nickel-svæði í Reykjanesbæ. Þetta svæði hefur ekki verið notað af varnarliðinu síðan á 9. áratugnum eða eftir að tankasvæðið var flutt í Helguvík.

Allt frá þessum tíma hefur Njarðvíkurbær og síðan Reykjanesbær sóst eftir þessu svæði undir byggingarland enda í miðju bæjarfélaginu og því mjög verðmætt. Þarna er talið pláss undir 410 íbúðir eða 1.200–1.500 manna byggð og 8 hektarar undir iðnaðar- og verslunarrekstur. Mjög hefur dregist að ganga frá þessu máli af ýmsum ástæðum en fyrst og fremst vegna krafna um hreinsun svæðisins. Í sumar var tilkynnt af utanrrn. að þetta mál væri komið í höfn og bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar sagði frá málinu í fjölmiðlum. Þá var fyrirliggjandi samningur til undirritunar og var hreinsun alls svæðisins talin kosta um 62 millj. kr. og yrði viðráðanlegur innan leiguverðs sem Reykjanesbær mundi taka fyrir leigu á lóðum til þess að hreinsa svæðið. Samkvæmt upplýsingum mínum hafa nýjar kostnaðaráætlanir um hreinsunina stöðvað málið enn eina ferðina og ekkert gerst í því síðan.

Ekki fer á milli mála að það er á verksviði utanrrn. að ganga frá þessu máli. Þá er ekki aðeins átt við samninga heldur einnig kostnað vegna þeirra og þá hugsanlega endurkröfu á varnarliðið. Ljóst er að langvarandi tafir á skilum á þessu landi hamlar mjög allri uppbyggingu á skipulagi í Reykjanesbæ. Sem dæmi um það má taka að Reykjaneshöllin er byggð fast upp að girðingunni umhverfis Nickel-svæðið, einnig íbúðarhús og íbúðargötur enda við girðingarnetið. Til eru dæmi um að hluti lóða séu innan girðingar og afhendist síðar. Þess vegna spyr ég einnig um hvort hægt sé að skila landinu í áföngum. Að áliti skipulagsyfirvalda í Reykjanesbæ losaði það mjög um pressuna ef nyrðri helmingur svæðisins yrði afgreiddur strax. Með því losnuðu 8–9 hektarar þess lands sem ráð var fyrir gert undir íbúðabyggð og það bætti einnig við nokkru landi til iðnaðar og verslunarreksturs sem og nýtingu lands utan núverandi girðingar. Þessi hugmynd er aðeins lögð fram ef hún yrði til að auðvelda lausn málsins.

Herra forseti. Ég ber því upp eftirfarandi spurningar til hæstv. utanrrh.:

1. Er ráðherra kunnugt um áætlaðan kostnað við hreinsun neðra Nickel-svæðisins svo að landið verði byggingarhæft?

2. Hversu mikið fé hefur ráðuneytið fengið frá varnarliðinu eða öðrum til hreinsunar svæðisins?

3. Hefur ráðuneytið veitt Reykjanesbæ eða öðrum fé til hreinsunar svæðisins, og þá hve mikið, eða eru áform um slíkt?

4. Kemur til greina að afhenda Reykjanesbæ svæðið í áföngum?

[13:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fyrir liggur að varnarliðið hefur ekki frekari not fyrir neðra Nickel-svæðið. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er svæðið helsta byggingarland Reykjanesbæjar og eðlilega er mikill áhugi þar á bæ fyrir að nýta svæðið sem byggingarland. Bandaríkjamenn hafa hins vegar ekki formlega skilað neðra Nickel-svæðinu til íslenskra stjórnvalda og er svæðið því enn varnarsvæði.

Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á að svæðið verði nothæft eins fljótt og unnt er. Að mörgu er að hyggja þegar að skilun varnarsvæða kemur. Ganga þarf frá svæðinu þannig að það samrýmist hagsmunum varnarliðisins og viðtakanda, þ.e. íslenska ríkinu. Við höfum lagt á það áherslu að gengið verði úr skugga um hvaða mengun sé að finna á svæðinu sem og hvernig taka skuli á því máli.

Eins og kunnugt er fór fram ítarleg umhverfisrannsókn sem framkvæmd var af bandarísku ráðgjafarfyrirtæki, sem ég gerði grein fyrir á Alþingi sl. vor, en meginniðurstaða þeirrar rannsóknar var að nokkrir staðir væru á svæðinu þar sem jarðvegsmengun í formi olíuefna, blýs og PCB er fyrir ofan viðmiðunarmörk. Svæðin eru einangruð og er gerð og magn mengandi efna að mati skýrsluhöfunda ekki talið

koma í veg fyrir frekar einfalda hreinsun. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja komst að sömu niðurstöðu.

Eftir frekari skoðun var Reykjanesbæ sent bréf þar sem landið var boðið til leigu. Málið hefur síðan verið til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ í samráði við ráðuneytið. Meðal þess sem kannað hefur verið er ástand landsins og kostnaður við að bæta úr ágöllum af því. Fyrirspyrjandi spyr hvort ráðherra sé kunnugt um áætlaðan kostnað við hreinsun neðra Nickel-svæðisins svo að landið verði byggingarhæft. Þar er því til að svara að í tilboði ráðuneytisins til Reykjanesbæjar var byggt á kostnaðaráætlun, sem gerð var í október 1999, sem byggði á umhverfisúttekt bandarískra ráðgjafarfyrirtækisins. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki á svæðinu. Ekki var gert ráð fyrir kostnaði við jarðvegshreinsun í þeirri áætlun.

Mér er kunnugt um að aðilar í Reykjanesbæ hafi verið að fara yfir þessi mál hjá sér og unnið að athugun á því. Þar hafi sitthvað komið í ljós í tengslum við kostnað við jarðvegshreinsun. Eftir er að fara yfir það mál með þeim. Unnið er að lausn málsins á þann veg að Reykjanesbær geti fengið sem fyrst afnot af landinu. Ég tel ekki efni til að fjalla frekar um einstaka þætti málsins að svo stöddu. Ég legg áherslu á að allir þættir málsins verði skoðaðir ítarlega. Ekki má rasa um ráð fram og mikilvægt er að fyrir liggi hvernig bætt verði úr þeirri mengun sem er að finna í landinu. Þá þarf að ganga frá samningum við varnarliðið um formleg skil landsins en það verður ekki gert fyrr en málið hefur verið skoðað betur.

Hvað varðar aðra spurningu fyrirspyrjanda um hversu mikið fé ráðuneytið hefur fengið frá varnarliðinu eða öðrum til hreinsunar svæðisins þá var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um eigendaskipti lóranstöðvarinnar á Sandi 9. ágúst 1996 þar sem íslensk stjórvöld fengu allan rétt til lóranstöðvarinnar, byggingar, mannvirki og aðra aðstöðu þar. Gegn afhendingu þessara eigna tóku íslensk stjórnvöld að sér að rífa niður og fjarlægja öll mannvirki og aðstöðu ofan jarðar sem staðsett eru á neðra Nickel-svæðinu. Þannig skyldi hreinsun yfirborðsmannvirkja vera endurgjald fyrir aðstöðuna á Sandi. Ekki var samið um hreinsun jarðvegs við varnarliðið.

Varðandi þriðju spurningu fyrirspyrjanda, hvort ráðuneytið hafi veitt Reykjanesbæ eða öðrum fé til hreinsunar svæðisins og þá hve mikið eða hvort áform séu um slíkt, er því til að svara að Reykjanesbæ hefur verið boðið svæðið til leigu gegn því endurgjaldi að bærinn sinni hreinsun svæðisins. Í ljósi síðustu upplýsinga er ljóst að við þurfum að fara yfir þau mál með Reykjanesbæ og varnarliðinu áður en ákvörðun er tekin í málinu.

Að lokum um seinasta lið fyrirspurnarinnar þá tel ég að heildarlausn væri heppilegasta leiðin í þessu máli, lausn sem felst í fullum afnotum Reykjanesbæjar að svæðinu. Ég tel ekkert það hafa komið fram sem bendi til að auðveldara verði að ljúka málinu í áföngum en í einu lagi.

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ég hef ítrekað gert að umtalsefni á Alþingi umhverfisspjöll og mengun sem orðið hefur af völdum erlendrar hersetu og hernaðarbrölts hér og spurt að því hvernig menn hafi hugsað sér einmitt að hreinsa svæðin og hver eigi að borga. Þessi svæði eru mörg og um allt land. Hér er ekki bara um þetta margfræga Nickel-svæði að ræða. Það sem þarf að gera, herra forseti, er að mínu mati að fara í heildarúttekt og rannsóknir á því hversu umfangsmikil náttúruspjöll af völdum hersetu í landinu eru og hversu mikið verkefni það er að taka til og hreinsa upp menguð svæði og hvernig á að standa að kostnaði í sambandi við það.

Ég minni í því sambandi á tillöguflutning minn og hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur sem við höfum ítrekað verið með og kannski er tilefni til að endurflytja einu sinni enn í ljósi véfréttarlegra svara hæstv. utanrrh.

[13:51]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil koma upp af því tilefni að þessi fyrirspurn er flutt. Eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hef ég nokkrum sinnum hreyft þessu máli og m.a. sérstaklega Nickel-svæðinu. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Mér fannst þau ekki eins loðin og hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Mér fannst það koma einmitt skýrt fram í þessum svörum að ástæðan fyrir því að svæðinu er ekki skilað er að kostnaður við hreinsun á því reynist vera mjög mikill og eru þó að mínu mati ekki öll kurl komin til grafar. Ég held að það sé alveg rétt að þarna sé olíumengun og þarna sé blýmengun en ég held að það hafi ekki verið rannsakað nægilega hver er mengun vegna þrávirkra leysiefna, TCE og PCB og það eigi kannski eftir að koma þar að auki mikill kostnaður í ljós við þá hreinsun.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Ég fagna því að sjálfsögðu að utanrrn. er að vinna að lausn málsins og að ekki er neinn bilbugur á ráðuneytinu að leysa þetta mál. Ég vænti þess að það gerist fyrr en síðar.

Eins og ég rakti er vandræðaástand að skapast í bæjarfélaginu út af því hversu langvarandi þessar samningaumleitanir hafa verið. Það er ekkert að koma upp núna. Þetta mál er orðið 12–14 ára gamalt þegar litið er á hvenær svæðið losnaði vegna flutnings á tönkum á annan stað.

Ég ítreka við hæstv. utanrrh. að það er mjög mikilvægt að þessum málum ljúki farsællega. Fjöldi manns býður sem annars vegar vill byggja þarna íbúðarhús og verslunar- og iðnaðarframleiðendur sem vilja byggja þarna upp atvinnuvegi sína og verslunarhúsnæði. Mér er kunnugt um það en það hefur verið leitað til mín af fyrirtækjum sem hafa hug á að vera þarna. Ég held að ég sé ekki upplýstra neinu um það að þarna eru fyrirtæki sem vilja setja upp byggingarvöruverslun og blómaverslun á 15 þúsund fermetra svæði. Þar er beðið með teikningar og allt er klárt til að hefja framkvæmdir en allt strandar á því að ekki er hægt að afhenda svæðið. Ég vona svo sannarlega að hæstv. utanrrh. leysi þetta mál sem allra fyrst.

Flutningur eldfimra efna.

Fsp. SJóh, 212. mál. — Þskj. 223.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur oft komið upp í þingsal að þingmenn hafa miklar áhyggjur af flutningi eldfimra efna um vegi landsins, bæði vegna þeirrar auknu slysahættu sem þetta skapar og einnig vegna mengunarhættu ef t.d. slíkt farartæki kæmi til með að velta. Oftast hefur slík

umræða komið upp varðandi Reykjanesbraut en nú nýlega varð mikil umræða vegna þáltill. Guðjóns Guðmundssonar o.fl. um flutning eldfimra efna um Hvalfjarðargöng. Tilefni þeirrar tillögu var m.a. frétt um að árlega væru flutt 180 tonn af própangasi frá Straumsvík til Grundartanga og þessir flutningar færu fram fyrir hádegi á sama tíma og gríðarleg umferð er á viðkomandi vegum, hvað þá í sjálfum Hvalfjarðargöngum. Vinnueftirlitið hefur bent á þá hættu sem sé í göngunum þegar verið er að flytja eldfim efni og beint því til dómsmrh. að setja reglur um þetta því það sé að sjálfsögðu ekki í verkahring Vinnueftirlitsins þar sem dómsmrh. er æðsti yfirmaður umferðarmála í landinu.

En það er ekki aðeins á Vesturlandsveginum og í Hvalfjarðargöngum sem ástandið er viðsjárvert. Margoft hefur borið á góma á hinu háa Alþingi gríðarlega eldsneytisflutninga suður á Keflavíkurflugvöll þar sem allt flugvélabensín og annað bensín og olíur, sem eru notuð á Suðurnesjum, er flutt alla daga á tönkum utan úr Skerjafirði gegnum Reykjavík og nærliggjandi byggðir eftir vegum sem anna engan veginn þeirri umferð sem þarna fer um og sem leið liggur til Suðurnesja eftir Keflavíkurveginum sem hefur gríðarlega slysatíðni og mikla umferð að degi til. Þarna eru m.a. á ferðinni farmar af öllu því flugvélabensíni sem utanlandsflugið notar. Um þessa flutninga gilda heldur engar reglur, t.d. um að þeir fari fram að næturlagi meðan umferð er minnst.

Þessa dagana ber hátt fréttaflutning af hræðilegu slysi í göngum í Austurríki og ekki fer hjá því að manni detti í hug hvort andvaraleysi Íslendinga í þessum málum sé forsvaranlegt, að ekki skuli hafa verið settar skýrar reglur, þ.e. takmarkanir á því hvaða efni má yfirleitt flytja t.d. um jarðgöng og á hvaða tímum sólarhrings eldsneytisflutningar fari fram. Ég spyr því hæstv. dómsmrh. hvort og þá hvenær hún hyggst setja skýrar reglur um flutning eldfimra efna um þjóðvegi landsins.

[13:58]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa lagt þessa fyrirspurn fram. Hún hreyfir þörfu máli. Því er þar fyrst til að svara að á grundvelli umferðarlaganna hefur dómsmrh. sett tvær reglugerðir sem varða flutning á hættulegum farmi á vegum. Er þar annars vegar um að ræða reglugerð um flutning á hættulegum farmi sem er frá árinu 1998 og hins vegar reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm frá árinu 1995. Báðar þessar reglugerðir voru settar með hliðsjón af reglum sem teknar höfðu verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar eru því í samræmi við það sem gildir í nágrannalöndum okkar.

Reglurnar sem gilda þannig skilgreina m.a. ítarlega hvað er hættulegur farmur en þar er m.a. um að ræða sprengifim efni, lofttegundir, eldfim efni, eiturefni, smitefni, geislavirk efni og ætandi. Þau eldfimu efni sem fyrirspurnin tilgreinir falla þannig undir reglugerðirnar. Þar einnig kveðið á um umbúðir og merkingar á þeim, flutningsskjöl, merkingu ökutækja, ýmsan fylgibúnað með farmi, réttindi ökumanna o.fl., svo og um eftirlit prófanir og viðurkenningar. Að þessu koma Vinnueftirlit ríkisins, lögreglan, Geislavarnir og heilbrigðisyfirvöld hvert á sínu sviði. Segja má að þarna séu ítarlegar almennar reglur um það sem spurt er um.

Í reglunum er einnig kveðið á um að leyfi lögreglu þurfi til vissra flutninga og til að ferma eða afferma hættulegan farm á almennu svæði í þéttbýli, að vakta skuli farm og að ökutækum sé ekki lagt við íbúðarhúsnæði. Þá eru þar takmarkanir á flutningi farþega. Loks eru ákvæði um að lögbær yfirvöld geti sett sérstakar reglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða yfir brýr ef nauðsyn krefur og að lögreglan geti sett sérreglur um flutningsleiðir og fylgd ökutækja.

Hér hefur verið gerð grein fyrir hinum almennu reglum en unnið er að endurskoðun reglnanna og er þar fyrst og fremst um að ræða aðlögun að nýjum tilskipunum sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að því er varðar sérreglur um flutning á hættulegum farmi er þess að geta að sérstakar reglur gilda fyrir umferð um Hvalfjarðargöngin og þær reglur setti lögreglustjórinn í Reykjavík í júní 1998 að fenginni tillögu vegamálastjóra. Gilda reglurnar um flutning á hættulegum farmi eins og hann er skilgreindur í reglugerðinni frá 1998 á álagstíma venjulegrar umferðar, þ.e. frá föstudagsmorgni til miðnættis á sunnudagskvöldum allt árið. Um stórhelgar hefst bannið yfirleitt fyrr og því lýkur síðar. Um páska gildir bannið þannig frá laugardagsmorgni fyrir páska og um verslunarmannahelgi frá fimmtudagsmorgni. Bannið varir fram á þriðjudagskvöld eftir páska, hvítasunnu og verslunarmannahelgi.

Þá skal þess getið að við flutning á vissum hættulegum farmi, t.d. sprengiefni, er tíðkað að áskilja lögreglufylgd. Við flutning sprengiefnis vegna virkjunarframkvæmda á hálendinu og flutning PCB-efna frá virkjunum er leitast við að fara sem skemmsta leið eftir þjóðvegi 1 og þá valin fáfarnari leið um skeið. Tekið skal fram að samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum í Reykjavík og Vegagerðinni stendur nú yfir athugun á því hvort þörf sé endurskoðunar á reglunum um flutning um Hvalfjarðargöng, m.a. í ljósi ábendinga frá Vinnueftirliti ríkisins. Í því sambandi skal tekið fram að Vegagerðin kveður ekki þekkt dæmi um það erlendis að flutningur eldfimra efna um jarðgöng sé alfarið bannaður þar sem umferð er svipuð og í Hvalfjarðargöngum eða innan við 3.000 bílar á dag að meðaltali. Víða séu engar takmarkanir á slíkum flutningum þar sem umferð er 5–10 sinnum meiri, en þeir þá heimilaðir á tilteknum tímum og undir sérstöku eftirliti. Þá séu dæmi um göng þar sem umferð er meiri en 50 þúsund bílar á dag þar sem umferð er alfarið bönnuð. Einnig er bent á að margs konar efni önnur en bensín, olíur og gas geta verið eldfim og að bann við flutningi eldfimra efna einna kallar á eftirlit með öllum flutningabílum. Loks skal tekið fram að á vegum OECD hefur verið unnið að viðamiklu verkefni um flutning hættulegra efna um jarðgöng. Hafa íslensk stjórnvöld fylgst með því verkefni og er gert ráð fyrir að athugun á því hvort gerðar skuli breytingar á reglum um umferð um Hvalfjarðargöng taki mið af tillögum sem þar koma fram. Er gert ráð fyrir að niðurstaða af athugunum lögreglustjóra muni liggja fyrir innan tveggja mánaða.

Ég vænti þess að fyrirspyrjandi hafi fengið fullnægjandi svar við fyrirspurn sinni.

[14:03]

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Út af því sem hæstv. ráðherra sagði um þær reglur sem eru í gildi þá er rétt að í gildi eru reglur um bann á flutningi eldfimra efna um Hvalfjarðargöng frá kl. 10 á föstudagsmorgnum til kl. 24 á sunnudagskvöldi. Það er engan veginn fullnægjandi. Það er fráleitt að leyfa þessa flutninga þegar mikil umferð er um göngin á virkum dögum. Það hefur komið fram hjá Gasfélaginu að þeir flytja 180 tonn af propangasi á ári um Hvalfjarðargöngin og þessir

flutningar fara fram á morgnana þegar mjög mikil umferð er um göngin, fólks sem er að fara til vinnu og skóla. Það er fráleitt að leyfa þessa flutninga á þessum tímum og helst á að banna þá alveg. Vinnueftirlitið hefur varað við þessu í bréfi til hæstv. ráðherra sem hún framsendi til lögreglustjóra, en það hefur ekkert gerst. Síðan er liðið hálft ár. En vonandi er þetta í athugun.

Ég hef flutt þáltill. um þetta sem er til meðferðar í samgn. þingsins. Ég vona að hún fái skjótan framgang. Það sem hæstv. ráðherra sagði, að víða erlendis væru engar reglur, finnst mér ekki gott innlegg í þetta mál. Þó að einhvers staðar séu ekki reglur þurfum við að hafa skýrar reglur vegna þess að eitt slys í göngum getur valdið óbætanlegu tjóni.

[14:05]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. sem hann leggur hér fyrir hæstv. dómsmrh. og svör hæstv. ráðherra. Það er sjálfsagt og eðlilegt að vekja athygli á þessu máli.

Það hefur komið fram áður í svari til hv. þm. Hjálmars Árnasonar um flutning á hættulegu efni, bensíni og öðru, um Reykjanesbraut, að ef birgðatankar í Helguvík væru nýttir þá þyrfti ekki að fara með eldsneyti um Reykjanesbraut sem ekki hefur tvær akreinar í hvora átt. Það kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir að sá kostur skuli ekki nýttur. Það er því í mörg horn að líta.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni. Það veldur oft mikilli töf þegar þungaflutningabílar fara um göngin. Því er vissulega mikil hætta á ferðum þegar gas og bensín er flutt um Hvalfjarðargöngin og sjálfsagt og eðlilegt að sé tekið á þeim málum eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh.

[14:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að bera fram þessa fsp. Ég áttaði mig hins vegar ekki alveg á svari hæstv. ráðherra. Í nokkuð löngu svari las hún upp þær reglugerðir sem í gildi eru. Um það er ekkert nema gott að segja en hins vegar skildi ég fsp. þannig að leitað væri eftir því hvort hæstv. ráðherra ætlaði að herða á þeim reglum sem nú gilda og setja jafnvel skýrari reglur þar sem hætta væri á ferðum. Ég held að það sé mikilvægt að hæstv. ráðherra svari því. Ég skynja það bæði meðal almennings og eins hér í þinginu að menn vilja að settar verði um þetta skýrar reglur. Þegar óhöpp af þessum toga verða þá eru það gríðarleg slys sem jaðra næstum við náttúruhamfarir. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að skýrar og vandaðar reglur gildi. Ég held að í seinni ræðu sinni á eftir muni ráðherra upplýsa okkur um hvort hún hyggist setja slíkar reglur.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það kemur fram í svari hennar að í gildi er reglugerð en ég held að það sé deginum ljósara, þó ekki sé nema út frá umræðum sem hafa farið fram í þingsal, að sú reglugerð er ekki fullnægjandi. Hér hefur t.d. komið fram að própangas er flutt um Hvalfjarðargöng fyrir hádegi. Það er auðvitað ekki viðunandi, þar sem mjög greið leið er utan við göngin, að slíkt sé gert og engin reglugerð sem banni það. Það hefur komið fram að Vinnueftirlitið hefur látið í ljós áhyggjur af því að ekki séu í gildi nógu strangar reglur. Það hlýtur að liggja fyrir að endurskoða þarf þær reglur sem til eru.

Ég vil í þessu sambandi minna á að þegar þrýst var á um byggingu hins gríðarlega mannvirkis sem Helguvíkurhöfn er var nauðsyn hafnargerðarinnar ekki síst rökstudd með því að þar yrði síðan landað öllu því bensíni og olíu sem notað yrði á Suðurnesjum og flugvellinum þar með. Þar með var talið að eldsneytisflutningar á Reykjanesbraut mundu leggjast af. En nú hafa liðið ár og dagur síðan Helguvíkurhöfn var gerð og enn hafa olíufélögin sem hlut eiga að máli ekki byggt upp aðstöðu fyrir olíulöndun þar. Áfram bruna bensín- og olíuflutningabílarnir eftir Reykjanesbrautinni og eykst sá flutningur með ári hverju. Ég sé ekki annan kost vænni í stöðunni en hæstv. ráðherra hreinlega banni þessa flutninga eftir Reykjanesbrautinni svo viðkomandi olíufélag sjái sig knúið til að byggja upp olíutanka við Helguvík.

[14:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa umræðu og þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Ég er sammála þeim og deili áhyggjum þeirra vegna þess að við vitum að mjög alvarleg slys geta orðið þegar alvarleg efni eru flutt eftir þjóðvegum. Þó er rétt að ítreka að ástæða þess að ég minntist á að engar reglur væru í gildi sums staðar erlendis var til upplýsingar fyrir hv. þm. Það er að sjálfsögðu ekki til eftirbreytni fyrir Íslendinga svo að það komi skýrt fram.

Ég veit að ýmsir hv. þm. hafa mikinn áhuga á þessu máli og áhuga á að finna betri lausnir. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur einmitt flutt tillögur í þessu efni. Eins og ég sagði áðan í svari mínu er þegar hafin endurskoðun á hluta þeirra reglna sem í gildi eru. Þótt mjög ítarlegar reglur séu í gildi þarf samt sem áður alltaf að athuga þróunina í þessum málum erlendis, auk þess að athuga þarf hvort aðstæður hafi breyst innan lands sem geri það að verkum að breyta þurfi reglum enn frekar.

Ég tók einnig fram að lögreglustjórinn í Reykjavík er að skoða sérstaklega umferð um Hvalfjarðargöngin og meta hvort þar eigi að setja strangari skilyrði. Ég sé ástæðu til að ganga eftir því að það komi sem fyrst og við fáum þessar tillögur á okkar borð. Við þurfum auðvitað að vera sammála um að grípa til breytinga, t.d. sveitarfélög og þeir aðilar sem stunda slíkan flutning. Auðvitað þarf að kalla alla þessa aðila til og skoða hvað hægt er að gera.

Endurskoðun laga um leigubifreiðar.

Fsp. GHall, 234. mál. — Þskj. 252.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. samgrh. varðandi leigubifreiðaakstur. Það kemur ekki til vegna þess að ég vilji afleggja þau lög sem í gildi eru eða taka upp þann hátt sem Svíar hafa nú haft um nokkurn tíma. Þeir breyttu lögum og gáfu leigubifreiðaakstur frjálsan. Það hefur leitt til margra vandamála, einkum og sér í lagi þannig að misindismenn hafa stundað leigubílaakstur. Þá hefur ekki verið hægt að rekja til leigubílastöðva hvaða bíll hafi farið að viðkomandi húsi eða í viðkomandi ferð. Ég tel að eitt af hinu góða á Íslandi sé að hægt er að fylgjast nákvæmlega

með því hvenær hvaða bíll fór, í hvaða ferð og jafnvel með hvaða farþega.

Ég furða mig hins vegar á að þegar þetta mál er skoðað í heild sinni kemur í ljós að í fyrsta lagi höfum við lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, þá reglugerð um leigubifreiðar, nr. 224/1995, reglur um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiða og síðan fjórðu reglugerðina, þ.e. um aldraða leigubílstjóra, sérstök regla sem gildir um þá.

Ég tel að það sé full ástæða, virðulegi forseti, til að gera gangskör í að gera þessi mál aðgengilegri. Í því sambandi vitna ég til fsp. minnar til hæstv. samgrh. og til nál. frá hv. samgn. á 123. löggjafarþingi. Í nál. samgn. semgir m.a., með leyfi forseta:

„Jafnframt vill samgöngunefnd ítreka álit nefndarinnar frá 122. löggjafarþingi, þskj. 1137, 519. mál, um nauðsyn þess að heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar fari fram hið fyrsta."

Þess vegna legg ég fram þessa fsp. til hæstv. samgrh.

[14:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn sem er vissulega tímabær. Í þingskjölum frá samgn. er lagt til að heildarendurskoðun löggjafar um leigubíla verði hraðað og er ljóst að fyrir því hljóta að vera ástæður. Í ljósi þess er fyrirspurnin eðlileg.

Frá því að ég kom í ráðuneytið hefur málefni leigubíla oft borið á góma. Þó hafði verið gengið frá því nokkru áður að stjórnsýsluleg staða svokallaðrar umsjónarnefndar leigubíla sem hefur með höndum atvinnumál leigubílstjóra hafði verið styrkt verulega. Meira að segja hafði verið gengið svo langt að í einstöku tilfellum eru ákvarðanir hennar ekki kæranlegar nema fyrir dómstólum.

Þrátt fyrir þetta og mjög gott starf þeirra sem sitja í umsjónarnefnd virðist framkvæmd laganna kalla á sífelldan núning og jafnvel vandræði. Nokkur atriði mætti nefna. Stjórn og umsýsla kringum atvinnuréttindi hefur aukist sífellt, m.a. vegna aukinna formkrafna, og hún orðið íþyngjandi fyrir alla aðila og kostnaðarsöm fyrir ríkið. Kerfið er stíft og illa sveigjanlegt og flestum er í fersku minni vandræðagangurinn í Leifsstöð í Sleipnisverkfallinu. Mjög skiptar skoðanir eru um hvort framboð leigubíla að kvöldlagi og um helgar á höfuðborgarsvæðinu er forsvaranlegt. Sífelldar erjur eru á milli einstakra félaga leigubílstjóra sem varla eru stéttinni til framdráttar þegar til lengri tíma er litið. Svo virðist sem flestir vilji breytingar á núverandi kerfi en mjög mismunandi er hversu langt menn vilja ganga. Sumir vilja þetta alveg frjálst en aðrir vilja einfalda kerfið og byggja frekar á auknum kröfum til menntunar leigubílstjóra og auknum kröfum til leigubílastöðva. Ég er sammála því að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin um leigubifreiðar frá grunni. Ég hef nú þegar látið hefja vinnu í ráðuneytinu til að svo megi verða og geri ég ráð fyrir því að eiga þar bæði samstarf við sveitarfélög og einnig fulltrúa frá þeim aðilum sem stunda leigubílaakstur en þar er um að ræða fleiri en eitt félag. Þannig standa málin.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans en mér varð aðeins á í messunni þegar ég var að telja upp þau lög og reglugerðir sem eru í gildi um leigubílstjóra. Ég taldi upp lög um leigubifreiðar, reglugerðir um leigubifreiðar og reglur um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar. Vinnureglur umsjónarnefndar fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu um mál atvinnuleyfishafa á aldrinum 71–76 ára taldi ég ekki upp og heldur ekki reglur umsjónarnefndar vegna framkvæmdar undanþágna frá akstri eigin bifreiðar settar á grundvelli 2. mgr. 2. gr. reglna samgrh. um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar nr. 759 frá 8. nóv. 1999.

Ég skil alveg þann vanda sem hæstv. samgrh. er í og ráðuneyti hans í þessu máli en ég held að engum blandist hugur um að menn vilja ekki algert frjálsræði í þessu eins og ég kom inn á í upphafi máls míns. Ég vitnaði þá til leigubifreiðastjóra og þess frjálsræðis sem ríkti í Svíþjóð og flestir væru óánægðir með. Hins vegar tel ég rétt að benda á að nokkrir leigubílstjórar eru komnir nokkuð til aldurs og þá er þeim gert nokkuð erfitt að stunda leigubílaakstur jafnvel þótt fullfrískir séu. Ég bendi á, eins og hæstv. ráðherra veit mjög vel um, að rekstur á leigubifreið eða eigin akstur er kannski eini lífeyrissjóður þeirra. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan og benti á er ekki gott að leigubílar séu ekki til taks á álagstímum á næturnar. Ég tel að tvímælalaust eigi að taka það alvarlega til athugunar hvort sá sem á bíl og hefur leyfi til leigubílaaksturs hafi ekki rétt til þess að gera viðkomandi bifreið út allan sólarhringinn þó að hann aki ekki sjálfur nema tiltekinn tíma, átta tíma eða tólf tíma á dag. Ég veit að þetta mál þarf góða skoðun en ég tel að það þurfi þó að vera nokkurt frjálsræði leyfishafa og eigenda leigubifreiðar. Ekki sé óeðlilegt að sá sem hefur fjárfest í atvinnutæki eins og leigubíl og hefur rétt og leyfi til að aka á leigubílastöð, geti notað leyfi sitt, með takmörkunum þó, þannig að bifreiðin sé í notkun allan sólarhringinn.

[14:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. og vissulega rétt að þeim sem reka leigubíla er mjög þröngur stakkur skorinn. Það er alveg ljóst. Ég tel að það væri af hinu góða að auðvelda þeim þessa starfsemi og þennan rekstur. Leigubílar eru eins og hver önnur atvinnutæki sem mikil fjárfesting liggur í. Eigendur þeirra þurfa að nýta þá fjárfestingu sem allra best og tryggja að bílarnir séu sem lengst í notkun þannig að fjárfestingin beri sem mestan arð. Það gerist hins vegar ekki ef einungis einn aðili getur unnið á hverjum bíl. En þetta eru allt atriði sem þarf að skoða ásamt með því hvort gera eigi breytingar á svæðisskiptingu o.fl. Að þessu er unnið í ráðuneytinu eins og kom fram hjá mér. Ég er sannfærður um að við náum niðurstöðu áður en langt um líður en þetta er mjög viðkvæmt og vandasamt verkefni. Það skiptir mjög miklu máli að þessi atvinnugrein búi við sem mest öryggi og á sama hátt búi notendur þessarar þjónustu við öryggi og kostnaður fari ekki úr hófi.

Notendabúnaðardeild Landssíma Íslands.

Fsp. LB, 257. mál. — Þskj. 284.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum samþykkti Alþingi lög um stofnun hlutafélagsins Pósts og síma. Það frv. sem

síðan varð að lögum nr. 103/1996 kvað mjög skýrt á um að hlutafé í þessu fyrirtæki yrði ekki selt nema Alþingi samþykkti sölu á hlutafénu. Enn fremur var kveðið skýrt á um í þeim lögum að fyrirtækinu væri heimilt að stofna dótturfélög eða önnur félög um tiltekinn þátt reksturs fyrirtækisins sem yrði alfarið í eigu Landssímans. Þetta er mjög skýrt í lögunum og ekki hægt að misskilja. Til að mynda er ein af forsendum þess að sú leið var farin að einstakir stjórnendur Landssímans eða stjórn hans væru að taka ákvörðun um það hverjum ætti að sameinast og hverjum ekki því að Landssíminn og undanfari hans, Póstur og sími, hafði einkarétt á þessu sviði og hafði því byggt upp mjög öflugt fyrirtæki sem það er enn þann dag í dag.

Um síðustu áramót gerðist það, virðulegi forseti, að sameinuð var sala á þjónustu símkerfa og símbúnaðar við fyrirtæki sem var dótturfyrirtæki símans og heitir Grunnur – Gagnalausnir. Það fyrirtæki var að hálfu í eigu Símans og að hálfu í eigu Opinna kerfa. Tekin var um það ákvörðun að svokölluð notendabúnaðardeild sem annast hefur sölu og þjónustu símkerfa og tengst búnaði til fyrirtækja var sameinuð þessu fyrirtæki og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef var velta þessa fyrirtækis um það bil 400–500 millj. á ári. Hér er því um verulega stórt fyrirtæki að ræða. Hlutafé í fyrirtækinu Grunnur – Gagnalausnir var einfaldlega skipt upp eftir þetta þannig að Landssíminn á nú, eftir því sem ég best veit, 80% í fyrirtækinu en Opin kerfi 20%. Þetta fór fram án þess að nokkurt útboð færi fram eða annað enda var hugmynd löggjafans í upphafi sú að ekki kæmi til þess að meta þyrfti hver ætti að vera í samstarfi við Landssímann og hver ekki sökum þess að fyrirtækið var mjög sérstakt. Af þeim sökum, af því að lögin eru skýr, leyfi ég mér á þskj. 284 að beina þeim fyrirspurnum til ráðherra sem þar greinir.

[14:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. sem hafði ekki tíma til að lesa upp spurningar sínar:

Veitti ráðherra Landssímanum heimild til þess að selja eða afhenda notendabúnaðardeild fyrirtækisins sem annaðist sölu og þjónustu símkerfa og tengds búnaðar til fyrirtækja um síðustu áramót? Ef svo er ekki, hver tók ákvörðun um að selja?

Svar mitt er eftirfarandi: Eins og öllum er kunnugt um er þróun fjarskipta undraverð. Samruni hljóðs, myndar og gagna er staðreynd sem öll framsækin fjarskiptafyrirtæki hafa brugðist við með því að veita betri, fjölbreyttari og ódýrari þjónustu. Landssími Íslands hefur eins og önnur íslensk fjarskiptafyrirtæki borið gæfu til þess að fjárfesta markvisst í hugbúnaðar- og þróunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum í upplýsingatækni. Jafnframt hefur fyrirtækið efnt til samstarfs við ýmis fyrirtæki um þróun hugbúnaðarlausna fyrir fjarskiptaþjónustu í stað þess að byggja upp eigin hugbúnaðardeildir í því skyni. Þannig hefur mörgum íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum gefist kostur á að þróa lausnir í samstarfi við tæknimenn Símans og reyna þær bæði frá tæknilegu og viðskiptalegu sjónarmiði. Sumar þessara lausna hafa þegar verið seldar til útlanda. Þetta er sama þróun og í öllum öðrum ríkjum Vestur-Evrópu. Það er orðið hefðbundnum fjarskiptafyrirtækjum nauðsynlegt að veita alhliða samskiptaþjónustu. Með skynsamlegri fjárfestingarstefnu hefur Síminn lagt grunn að áframhaldandi vexti fyrirtækisins þrátt fyrir lækkun á markaðshlutdeild fyrirtækisins í hefðbundinni fjarskiptaþjónustu sem er óhjákvæmileg í öflugri samkeppni. Þetta eru skynsamleg viðbrögð til að tryggja gengi fyrirtækisins og vaxandi verðgildi á komandi árum.

Stjórn fyrirtækisins ákvað á síðasta ári að færa fyrirtækjaþjónustu notendabúnaðardeildar Landssímans yfir í dótturfélag símans, Grunn – Gagnalausnir frá 1. jan. 2000 að telja. Fyrir því voru ýmsar ástæður, auk þeirra sem ég gat um áðan. Í fyrsta lagi var verulegt tap af þeirri starfsemi og nauðsynlegt að leita allra leiða til að snúa tapi yfir í hagnað án þess að draga úr þjónustunni.

Í öðru lagi var það mat stjórnenda Landssímans að fyrirtækið þyrfti að geta veitt öflugri þjónustu við samtengingu tölvu- og símkerfa en það hafði gert. Þá var í raun tveggja kosta völ. Annars vegar að ráða inn í fyrirtækið sjálft sérhæfða tölvumenn og fjölga þannig starfsmönnum Símans eða hins vegar stofna til samstarfs við aðila sem hafði mikla þekkingu á tölvusviðinu. Síðari kosturinn var valinn eins og hér hefur komið fram. Stofnað var sérstakt fyrirtæki Grunnur – Gagnalausnir sem nú er í eigu Símans að 80%, en Opin kerfi eiga 20%. Ég ber fullt traust til stjórnar Landssímans í þessum efnum og legg reyndar áherslu á að stjórnin sé virk og eigi frumkvæði að bættum rekstri fyrirtækisins. Þar undir fellur stofnun Grunns – Gagnalausna. Auk þess legg ég mikla áherslu á þá staðreynd að Ríkisendurskoðun lagði mat á eignirnar og komst að þeirri niðurstöðu að verðmæti þeirra efnislegu og óefnislegu fjármuna sem lagðir voru til Grunns – Gagnalausna hafi ekki verið of lágt metið. Í ljósi þess sá ég enga ástæðu til að gera athugasemd við þessa ákvörðun stjórnar Landssímans.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hver var velta notendabúnaðardeildar fyrirtækisins árið 1999? Heildarvelta notendabúnaðardeildar Landssímans árið 1999 var 887.993.432 kr. Ég legg áherslu á að þessi fjárhæð er heildarvelta deildarinnar sem nær bæði til ytri viðskipta og þjónustu við Landssímann sjálfan. Hins vegar var aðeins hluti af starfsemi notendabúnaðardeildarinnar færður yfir í Grunn – Gagnalausnir. Það var einungis sala á símstöðvum, símkerfum og tengdum búnaði til fyrirtækja og þjónustu tengdri þeim. Það eru um það bil 225 millj. kr. af tæplega 890 millj. sem veltan var í deildinni.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra samræmast lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Pósts og síma, að selja deild út úr fyrirtækinu? Lokamálsliður 1. mgr. 2. gr. laga um stofnun hlutafélags Póst- og símamálastofnunar er svohljóðandi:

„Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum."

Auk þess má benda á 3. mgr. 2. gr. laganna sem heimilar hlutafélaginu að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Í skýringum með þessu ákvæði segir berum orðum að með því sé m.a. átt við aðild hlutafélagsins að öðrum félögum. Það kom fram í ræðu í þinginu þegar mælt var fyrir frv. Með þessum ákvæðum er Landssímanum veitt ótvíræð heimild til að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Í öðrum ákvæðum laganna eru ákveðnar takmarkanir á þessari heimild hvað varðar leyfisbundna starfsemi félagsins. Á hinn bóginn eru engar takmarkanir í lögum nr. 103/1996 hvað varðar þá þætti í starfsemi félagsins sem eru ekki háðir rekstrarleyfi og að fullu í samkeppnisumhverfi eins og hér um ræðir. Það er því niðurstaða mín að sú ráðstöfun að

hluti notendabúnaðardeildarinnar verði yfirtekinn af Grunni – Gagnalausnum samræmist lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

[14:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir því sem sagt er í þinginu í ræðum og fyrir skýringum með lagatexta er það svo að lögin eru sá texti sem mönnum ber alltaf að virða, þ.e. lagatextann sjálfan. 1. gr. laganna um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er algerlega skýr. En samkvæmt henni skal allt hlutafé félagsins vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis. Hlutafélaginu er síðan samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem verða alfarið í eigu þess. Svona er lagatextinn. Landssímanum er ekki heimilt að taka hluta úr starfsemi sinni og fella inn í annað fyrirtæki í annarra eigu nema með samþykki Alþingis.

Herra forseti. Ef skilningur hæstv. samgrh. og Landssímans er réttur, má þá vænta þess að búið verði að undanskilja GSM-deildina eða ef til vill grunnnetið þegar málið kemur loksins fyrir Alþingi? Eða hvar eru takmörkin, herra forseti, ef hægt er að leggja þann skilning í það að í rauninni megi búta fyrirtækið niður og koma ákveðnum eignum þess undan áður en til sölunnar eða samþykkis kemur á Alþingi? Hvers virði er þá 1. gr. laganna um stofnun hlutafélags um Póst- og símamálastofnun, herra forseti?

[14:34]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, fyrir þá þörfu fyrirspurn sem hér kemur fram. En ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. samgrh. út í það að nýlega mátti lesa í fréttum á viðskiptasíðum að mikil kynning hefur staðið yfir í New York á vegum Kauphings á ýmsum álitlegum fjárfestingarkostum á Íslandi og voru nefnd fyrirtæki eins og Össur hf., Íslensk erfðagreining, Marel og Landssíminn sem voru þar á kynningarborði fyrir erlendum fjárfestum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. samgrh.: Hefur verið tekin einhver ákvörðun um söluna frekar en það sem við alþingismenn höfum fengið að vita eða er kannski einhver bitasala fram undan á hluta Landssímans til erlendra fjárfesta? Er t.d. búið að undanskilja dreifikerfið? Er það farið frá eða hvað var eiginlega verið að kynna fyrir erlendum fjárfestum?

Við vitum að ágreiningur er í hæstv. ríkisstjórn um þetta og eiginlega spurning líka hvort framsóknarmenn (Forseti hringir.) hafi stutt og styðji slík söluáform og kynningu á erlendri grund á þeim álitlega fjárfestingarkosti sem Landssíminn er.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég skil hæstv. samgrh. vel að vilja lýsa því yfir að hann hafi ekki tekið ákvörðun um að selja þetta heldur hafi stjórnin gert það, en hann hafi samþykkt það með semingi einhvern tíma síðar.

Kjarni málsins er hins vegar ekki sá hvernig viðskiptaumhverfið er. Kjarni málsins er ekki sá hver þróun fjarskipta er, hvort hún er undraverð í hraða eða ekki, það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að Alþingi tók ákvörðun um að hlutafé yrði ekki selt úr félaginu nema með samþykki Alþingis. Alþingi tók ákvörðun um að Landssíminn gæti stofnað dótturfyrirtæki ef þau væru alfarið í eigu Landssímans. Þetta er ákvörðun Alþingis. Hún er skýr og því fæ ég ekki annað séð, virðulegi forseti, en að sú ræða sem hæstv. samgrh. flutti áðan, sem var meira og minna tilraun til að flýja af hólmi í umræðu um málið, hafi öll verið á þá leið að verið væri að reyna að draga athyglina frá kjarna málsins, sem er sá að lögin banna þetta. Það er nákvæmlega kjarni málsins að lögin banna þetta. Því skil ég vel að hæstv. ráðherra hafi viljað lýsa því yfir að hann hafi ekki tekið ákvörðun um að ráðast í þá aðgerð sem ég spurði um áðan.

Umræðan snýst ekki um hvort þetta hafi verið skynsamlegt eða ekki. Umræðan snýst um hvort menn eru innan lagarammans eða utan. Ég sé ekki annað eftir að hafa hlýtt á hæstv. ráðherra en að hér sé um skýrt lögbrot að ræða. Ég sé þetta mál ekki öðruvísi. Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir dró hér fram: Ef rök hæstv. ráðherra duga þá má forusta Landssímans selja GSM-deildina, bara sisvona, án þess að hæstv. ráðherra hafi nokkuð með það að gera. Þá gæti forusta (Forseti hringir.) Landssímans selt grunnnetið þannig að framsóknarmenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því.

Virðulegi forseti. Þessi röksemdafærsla gengur ekki á neinn hátt upp.

[14:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Málflutningur hv. alþingismanna Samfylkingarinnar þegar kemur að Landssímanum er alveg stórundarlegur. Eins og hann hefur verið oftast nær og ekki síst hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, þá hefði hann væntanlega átt að gleðjast yfir því ef Síminn yrði minnkaður sem mest, seldur í pörtum og bútum og helst að GSM-símareksturinn yrði seldur sem fyrst því að í ræðum í þinginu hefur þessi mikli ótti við stærð og afl Landssímans margoft komið fram. (Gripið fram í.) En aðgerðir stjórnar Landssímans hafa snúist sem betur fer fyrst og fremst um að vinna þannig að gera þetta fyrirtæki okkar allra landsmanna sem verðmætast, standa þannig að málum að fyrirtækið standist öðrum fyrirtækjum snúning því það er komið í alþjóðlega samkeppni. Það er alveg ljóst og hv. þm. eiga auðvitað að vita það.

Það er jafnframt alveg skýrt, eins og ég las upp áðan, að í lögunum segir að heimild er fyrir því, samanber 1. mgr. 2. gr. í löggjöf Pósts og síma, að þá er félaginu, eins og þar segir, einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili. Hvernig gerast fyrirtæki eignaraðilar nema með því að eiga tiltekinn part, annaðhvort með greiðslu peninga eða annars konar eigna? Verðmæti (Gripið fram í.) sem verða til hjá Símanum í öðrum félögum verða ekki öðruvísi til en með því að greiða það út úr fyrirtækinu. Ég skil ekki hvernig það á að geta orðið öðruvísi. (**LB:** Þá á bara að breyta lögunum.) Hv. þm. getur væntanlega talað og komist að í öðrum fyrirspurnatíma ef ekki nægir það sem hann hefur haft tök á að tala.

Varðandi það sem kom fram hjá (Forseti hringir.) hv. þm. Kristjáni L. Möller, þá er ekkert óeðlilegt við það, því fyrir liggur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að gert er ráð fyrir að undirbúa sölu Landssímans. (**LB:** Hvað vill Framsfl. ...?) En mesti og besti kynningarmeistari fyrir að undirbúa sölu Símans er ef til vill Samfylkingin.

B-landamærastöðvar á Íslandi.

Fsp. KLM, 256. mál. — Þskj. 283.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Landamæri ESB eru að hluta til á Íslandi því að með lögum og reglugerðum er gerð krafa um að allt hráefni sem tekið er til vinnslu á Íslandi og hefur uppruna utan Evrópska efnahagssvæðisins fari um svokallaðar landamærastöðvar sem eru skoðunarstöðvar fyrir matvæli og eru staðsettar á löndunarhöfnum. Erfiðlega hefur gengið að fá samþykki fyrir umræddum landamærastöðvum og þær eru nú eingöngu í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Eskifirði.

Í byrjun voru heimilaðar nokkrar svokallaðar B-stöðvar, en þeim var öllum lokað eftir að alvarlegt fjaðrafok varð um málið í Brussel. Virðist sem málið hafi lent milli nefnda hjá ESB og EES þar sem ekki var sátt um hver réði. Áhrif þessarar kröfu ESB sem koma síðan fram í íslenskri lagasetningu á rækju- og fiskvinnslu eru hins vegar þau að þær vinnslur sem byggja afkomu sína að einhverju leyti á erlendu hráefni og ekki eru staðsettar þar sem landamærastöðvar hafa verið samþykktar þurfa að leggja í verulegan aukakostnað til að flytja inn hráefni. Sem dæmi má nefna að rækjutogarinn Örvar lá í höfn á Skagaströnd eftir veiðar á Flæmingjagrunni. Þó að fjarlægðin sem flytja þurfti aflann frá skipshlið í frystiklefa hafi einungis verið 50 metrar var ekki heimilt að fara þá leið heldur varð að sigla skipinu til Akureyrar og taka allan afla þar á land í gegnum landamæraskoðun og flytja hann síðan til baka annaðhvort með skipinu eða á bílum. Það liggur auðvitað á borðinu hvaða áhrif slíkar hömlur hafa á samkeppnisstöðu milli vinnslustöðva og verður ekki betur séð en áframhaldandi höft af þessu tagi geti haft veruleg byggðaáhrif. Auk rækjuvinnslu má benda á áhrif á þær fiskvinnslur sem hafa reynt að byggja afkomu sína á vinnslu svokallaðs Rússafisks.

Herra forseti. Ég gat um þann aukakostnað sem félög verða fyrir sem hafa ekki hinar svokölluðu B-landamærastöðvar eða A-landamærastöðvar og fram hefur komið hjá framkvæmdastjóra Skagstrendings, Jóel Kristjánssyni, að það fyrirtæki verður fyrir allt að 12 millj. kr. aukakostnaði eingöngu vegna þess að ekki er hægt að landa aflanum á Skagaströnd eins og hér hefur komið fram. Ljóst er að þetta fyrirkomulag íþyngir mjög vinnslum úti á landi og algert lífsspursmál er fyrir þær að fundin verði lausn á þessum málum til þess að þær hafi sambærilegan rekstrargrunn og rekstrarkostnað og aðrar stöðvar.

Ég sagði áðan að búið var að opna átta stöðvar, svokallaðar B-stöðvar, en þeim hefur nú verið lokað, eins og t.d. á Húsavík, Raufarhöfn, Siglufirði, Sauðárkróki, Vopnfirði, Bolungarvík og Grundarfirði. Þeim var lokað að kröfu frá Evrópusambandinu.

Herra forseti. Vegna þessa hef ég lagt fram fyrirspurn sem er á þskj. 283 til hæstv. sjútvrh. sem er svohljóðandi:

„1. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að mega starfrækja B-landamærastöðvar hér á landi vegna heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins?

2. Hvers vegna eru B-landamærastöðvar ekki starfræktar hér á landi?“

[14:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara fyrirspurn hv. þm. Kristjáns L. Möllers svo mikilvægt sem málið er sem fyrirspurnirnar varða.

Í fyrsta lagi er spurt:

„Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að mega starfrækja B-landamærastöðvar hér á landi vegna heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins?“

Í IV. og V. kafla laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er að finna ákvæði varðandi innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og landamærastöðvar. Skilyrði sem landamærastöðvar þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu eru nánar skilgreind í 13. gr. reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða sem og í viðauka E við sömu reglugerð. Helstu reglur varða mannahald og þjálfun starfsmanna, húsnæði, aðstöðu til sýnatöku og úrvinnslu sýna, frysti- og kæligeymslur, tölvukerfi og meðferð skjala.

Í viðaukanum segir að Fiskistofu sé heimilt að skipta landamærastöð upp í skoðunarstöðvar, stundum nefndar B-landamærastöðvar, við þær aðstæður að magn og fjölbreytileiki sendinga sé lítill. Skoðunarstöð þarf að uppfylla nær öll sömu skilyrði og landamærastöð.

Eftirlitsstofnun EFTA í samráði við eftirlitsdeild Evrópusambandsins gerir úttekir á landamærastöðvum og viðurkennir þær.

Reglurnar eru hluti af EES-samningnum. Gilda því sömu reglur á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstakur vinnuhópur á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er nú að móta frekari reglur og leiðbeiningar um kröfur sem gerðar eru til landamærastöðva. Fulltrúar Íslands og Noregs eiga sæti í þeim hópi. Má búast við að endurskoðaðar reglur taki gildi á næsta ári.

Seinni spurningin hljóðar svo:

„Hvers vegna eru B-landamærastöðvar ekki starfræktar hér á landi?“

Eins og kunnugt er tók gildi 1. janúar 1999 endurskoðaður viðauki I við EES-samninginn. Samningurinn felur m.a. í sér að heilbrigðiseftirlit á landamærastöð á Íslandi telst fullnægjandi fyrir allt EES-svæðið við innflutning á sjávarafurðum til Íslands frá ríkjum utan EES-svæðisins, svonefndum þriðju ríkjum. Eftir að vara hefur lotið viðeigandi eftirliti á landamærastöð fyrsta innflutningslands gilda reglur um frjálst flæði vöru og hún flyst milli ríkja innan EES-svæðisins án frekari heilbrigðiseftirlits á landamærum. Talið var mikilvægt að innleiða þessar reglur í EES-samninginn vegna hagsmuna Íslands við útflutning á sjávarafurðum en útflytjendur losna með þessu móti við kostnaðarsamt og oft á tíðum tafsamt eftirlit á landamærum annarra EES-ríkja.

1. janúar 1999 voru settar upp landamærastöðvar á Íslandi og er innflutningur á sjávarafurðum frá þriðju ríkjum óheimill nema að undangegnu eftirliti á landamærastöð. Árið 1999 var notað til að undirbúa að koma starfseminni í það horf sem lög og reglugerðir kveða á um. Eftirlitsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA komu í allmargar heimsóknir og kapp var lagt á að koma starfseminni sem fyrst í viðsættanlegt horf.

Í desember 1999 tók yfirstjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að fengnum tillögum Íslands, ákvörðun sem fól í sér viðurkenningu á að á Íslandi væru sex landamærastöðvar og sjö skoðunarstöðvar þeim tengdar. Ákvörðunin var tekin að

fengnu loforði Íslands um að vissar útbætur yrðu gerðar á landamærastöðvunum. Sambærileg ákvörðun var tekin varðandi Noreg. Í ákvörðuninni voru landamærastöðvar í Hafnarfirði, Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, en skoðunarstöðvar á Grundarfirði, Bolungarvík, Siglufirði, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn og Vopnafirði.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gagnrýndi ESA fyrir að taka slíkar ákvarðanir. Töldu vissir aðilar að ákvörðunin ætti að fara fyrir sameiginlegu EES-nefndina en ekki vera tekin einhliða af ESA. Um þetta atriði urðu deilur milli samningsaðila um túlkanir á EES-samningi. Þær deilur hafa nú verið leystar með samkomulagi milli aðila um breytta málsmeðferð.

Í framhaldi af fyrrgreindi ákvörðun ESA kynnti framkvæmdastjórnin í desember 1999 málið fyrir aðildarríkjum sambandsins í einni af aðalnefnd þeirrar deildar ESB sem fer með heilbrigðismál og neytendavernd. Nefndin hefur mikið vald og er ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina um mál er varða reglur við framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu matvara sem unnar eru úr dýrum, þar með talið fiski bæði hvað varðar heilsu almennings og dýra.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Tíminn er búinn, hæstv. ráðherra.)

Þá verð ég að nota seinni ræðutíma minn til þess að ljúka svarinu, herra forseti.

[14:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Athugasemd mín í þessu máli er sú að það er ákaflega snúið að þurfa að hugsa málin á þann veg að tvö sjávarþorp eða tvær sjávarútvegsbyggðir séu ekki jafnsettar að þessu leyti. Í raun er verið að segja að fiskvinnsla t.d. á Skagaströnd sé ekki jafnsett viðskiptalega og atvinnulega og fiskvinnsla á Akureyri eða að fiskvinnsla í Bolungarvík sé ekki jafnsett og fiskvinnsla á Ísafirði. Mér finnst að þarna sé verið að mismuna mönnum allhressilega og það þurfi að reyna að koma þessu þannig fyrir að víðast þar sem hafnaraðstæður eru til (Forseti hringir.) þess að taka við fiski sé mönnum gert jafnt undir höfði, bæði varðandi löndun aflans, tekjur til hafna og ekki síst aðstöðu fiskvinnslunnar.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans við þessari fyrirspurn. Þar hefur margt komið fram og kannski er það mest um vert að verið er að vinna í þessu af fullum krafti á vegum stjórnvalda sem er ákaflega brýnt. Að mínu mati þolir málið ekki mikla bið.

Það hefur líka komið upp í huga minn hvort nokkur hætta sé á því að íslenskir embættismenn séu að oftúlka eitthvað af þeim reglum sem settar eru af þessu apparati úti í Brussel. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort við séum nokkuð að ganga of langt. Það hefur komið fram í ýmsum öðrum málum sem varða túlkun á evrópska efnahagssamningnum að menn geta stundum farið út í oftúlkun þannig að ég vildi spyrja út í það.

Ég vil jafnframt hvetja ráðherra til dáða hvað það varðar að ná þarna viðunandi lendingu fyrir hin ýmsu pláss úti á landi og segja það einnig að ekki er hægt að una við að stórkostlegur munur verði á kostnaði við svona lagað eða því hvort hægt verði að reka rækjuverksmiðjur á Skagaströnd eða Akureyri. Það verður að jafna þennan mun og þetta verður að koma eins út. Fyrirtækin verða að greiða alls staðar jafnan kostnað.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er alls ekki að gagnrýna að það þurfi heilbrigðisskoðun í þessu. Ég hef fullan skilning á því. Þetta eru varúðarreglur og kannski er ekki nema von að þær séu hertar núna. Ég ítreka það og segi að ég er sammála því að passað sé upp á það.

Ég vil líka láta koma fram í sambandi við kostnað fyrirtækjanna að töluvert stórt atriði sem blandast inn í þetta mál er að ekki skuli vera hægt að landa þessum afla nema á nokkrum höfnum eins og hér hefur komið fram, og kemur þar inn í náttúrlega tekjutap viðkomandi hafna. Þá má spyrja: Er nokkur sanngirni í því að Skagastrandarhöfn (Forseti hringir.) skuli tapa miklum tekjum við það að ekki megi landa þessum afla þar heldur verði að sigla honum til Akureyrar og keyra hann svo frá Akureyri til Skagastrandar?

[14:54]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hef ég þá lesturinn þar sem frá var horfið.

Á fundinum boðaði framkvæmdastjórnin að hún íhugaði að leggja til við aðildarríki að öryggisaðgerðum yrði beitt á innflutning á sjávarafurðum frá Íslandi og Noregi þannig að allur innflutningur til aðildarríkjanna yrði að fara um landamærastöðvar ríkjanna og verða skoðaður að fullu. Rök framkvæmdastjórnarinnar voru þau að vegna óvissu um landamærastöðvar í Noregi og á Íslandi og framkvæmd EFTA-ríkjanna á eftirliti á stöðvunum væri þetta nauðsynlegt til að tryggja að neytendum aðildarríkja ESB bærust heilnæmar sjávarafurðir. Málinu var frestað og ákveðið að eftirlitsmenn framkvæmdastjórnarinnar mundu fara í eftirlitsferð með eftirlitsmönnum ESA til Íslands og Noregs í febrúar til að skoða landamærastöðvar í þessum ríkjum og framkvæmd eftirlits ríkjanna við innflutning á sjávarafurðum frá þriðju ríkjum.

Eftirlitsmenn ESA og framkvæmdastjórnar ESB gerðu alvarlegar athugasemdir við skipulag eftirlitsins á Íslandi og í Noregi. Í framhaldi af skýrslu þeirra var skoðunarstöðvum, B-stöðvum, lokað. Síðan þá hefur verið unnið að endurskipulagningu á eftirlitskerfinu. Jafnframt var ákveðið að breyta stöðu þeirra og opna aftur sem fullgildar landamærastöðvar. Er við það miðað að fyrstu þrjár stöðvarnar verði tilbúnar til úttektar eftirlitsmanna ESA og framkvæmdastjórnar ESB fyrir lok þessa árs og hinar á vormánuðum 2001.

Síðar er hugsanlegt að aðrar stöðvar bætist við. En áður en öll þessi málaferli hófust hafði ekki verið skoðunarstöð á Skagaströnd, fyrst hún hefur borist hér í tal. Að því er ég best veit hafði ekki borist beiðni um það fyrr en komið var í það óefni sem hér hefur verið lýst. Ég legg hins vegar áherslu á að við getum rekið hér sveigjanlegt kerfi til þess að bregðast við mismunandi aðstæðum sem skapast í sjávarútvegi okkar og að það verði gert á eins ódýran og hagkvæman hátt og mögulegt er.

Ég tel fullvíst að íslenskir embættismenn oftúlka ekki reglurnar. En ég hef stundum áhyggjur af því að Eftirlitsstofnun EFTA geri það og hugsi þá ekki alveg í samræmi við það sem tíðkast víðast hvar innan Evrópusambandsins.

Endurhæfingardeild á Kristnesspítala.

Fsp. ÁSJ, 258. mál. — Þskj. 285.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Nú við gerð fjárlaga- og fjárhagsáætlana fyrir árið 2001 kemur í ljós að m.a. eru langir biðlistar vegna bæklunarlækninga á höfuðborgarsvæðinu og enn gríðarlegur fjárhagsvandi í heilbrigðiskerfinu þrátt fyrir miklar lagfæringar á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum mínum gætu um 25–35 rúm verið upptekin á suðvesturhorninu vegna bæklunarlækninga sjúklinga að norðan og austan, þ.e. á upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Eins og kunnugt er rekur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri bæklunarlækningadeild og einnig endurhæfingardeild á Kristnesspítala ásamt öldrunardeild. Það vekur furðu að ekki skuli vera uppi áform um að létta á suðvesturhorninu með því að auka þjónustuna í Kristnesi. Hér er enn fremur um gríðarlegt byggðamál að tefla, en mikið er rætt um byggðamál í þingsölum einmitt nú um stundir. Þess vegna, virðulegi forseti, er ég með fyrirspurn í fjórum liðum til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hversu margir njóta endurhæfingar á Kristnesspítala árlega?"

Þá er átt við Kristnesspítala sem deild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

„2. Hefur Kristnesspítali getað þjónað öllum þeim Norðlendingum og Austfirðingum sem óskað hafa eftir endurhæfingu þar?

3. Hversu margir Norðlendingar og Austfirðingar njóta endurhæfingar annars staðar en á Kristnesspítala árlega og þá hvar?

4. Eru áform uppi um að auka þjónustu Kristnesspítala þannig að unnt verði að þjóna þeim Norðlendingum og Austfirðingum sem á endurhæfingu þurfa að halda?"

Nú geri ég mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að í vissum tilvikum getur endurhæfing ekki átt sér stað á Kristnesspítala og er þá um að ræða hjartaaðgerðir. En hluti endurhæfingar gæti átt sér stað með tiltölulega litlum kostnaði við uppbyggingu á Kristnesspítala en þar er húsnæði fyrir hendi.

[14:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í Kristnesi get ég upplýst eftirfarandi:

Þingmaðurinn spurði um fjölda þeirra sem njóta endurhæfingar í Kristnesi árlega. Árið 1998 voru 133 innlagnir á deildina og árið 1999 voru 110 einstaklingar lagðir inn alls 139 sinnum. Af þessum 110 einstaklingum voru sex einstaklingar utan Norður- og Austurlands, þar af fjórir úr Reykjavík og tveir Grænlendingar. Árið 2000 höfðu 104 einstaklingar verið lagðir inn alls 148 sinnum fram til 15. nóvember. Af þessum 104 einstaklingum voru þrír utan Norður- og Austurlands, þar af tveir úr Reykjavík og einn frá Ísafirði. Í ársbyrjun 2000 voru 45 einstaklingar á biðlista og 60 um miðjan nóvember. Allir á biðlistanum eru frá Norðurlandi og Austurlandi.

Þrátt fyrir þessa biðlista komu upplýsingar frá læknunum um að þegar leggja átti þessa sjúklinga inn voru þeir ekki tilbúnir til að leggjast inn. Það á oft við um sjúklinga sem eru ekki bráðasjúklingar heldur eru í endurhæfingu að þá hentar það akkúrat ekki þegar plássið er laust.

Síðan spyr hv. þm. um fjölda Norðlendinga og Austfirðinga sem njóta endurhæfingar annars staðar en í Kristnesi, en þær upplýsingar liggja ekki nákvæmlega fyrir vegna þess að sjúklingar fá auðvitað endurhæfingu víða. Á Sauðárkróki er t.d. nýlega búið að opna mjög myndarlega endurhæfingaraðstöðu og á Blönduósi er einnig endurhæfingaraðstaða og það sama gildir um Neskaupstað. Margir þessara sjúklinga hafa líka farið á Reykjalund og í Hveragerði þannig að þetta dreifist mjög víða. Nokkrir eru á einkastofum. Því er ekki hægt að gefa alveg nákvæmar upplýsingar um þetta eins og fyrirspurnin gerir ráð fyrir.

Endurhæfingardeildin í Kristnesi hefur yfir að ráða rýmum fyrir 20 endurhæfingarsjúklinga. Einnig er unnt að nota tíu rými í byggingunni sem sjúkrahótel sem er mjög góð nýjung við þjónustuna. Það er verið að auka þjónustuna á ýmsa vegu. Eftir fáeina daga verður opnuð sundlaug sem gerir möguleika Kristness miklu meiri en nokkru sinni fyrr.

Hv. þm. spyr: Er ekki hægt að nýta þessa stofnun enn betur og er ekki hægt að létta á suðvesturssvæðinu? Það er alveg rétt. Það er eflaust hægt að nýta þessa stofnun enn þá betur. En uppbyggingin er auðvitað í takt við eftirspurnina. Það er mikil eftirspurn eftir ýmsum bæklunaraðgerðum og við þurfum að hafa endurhæfingarrými klár eftir slíkar aðgerðir. Kristnes hefur nýst mjög vel í þeim tilvikum.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Í svörum hæstv. ráðherra kom það raunar fram sem ég vissi fyrir fram. Ég hef úr gögnum FSA áætlun um það hvað þeir halda að margir sjúklingar fari af svæðinu til endurhæfingar annars staðar. Þetta tengist auðvitað bæklunardeildinni á sjálfu sjúkrahúsinu og síðan endurhæfingardeildinni á Kristnesspítala. Eftir því sem ég les úr gögnum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, er gráupplagt að auka þjónustuna bæði á bæklunardeildinni á sjálfu sjúkrahúsinu og endurhæfingardeildinni í Kristnesi. Þess vegna er aðalatriðið bæði að létta á þrýstingnum hér og ekki síður byggðamál, þ.e. að gera ráðstafanir við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, bæklunardeildina og endurhæfingardeildina í Kristnesi, þannig að obbinn af þeim 25–35 rúmum hér fyrir sunnan sem upptekin eru af sjúklingum frá Norðurlandi geti nýst í Kristnesi. Ég óska eftir svörum um hvort áform séu um slíkt. Ég tel slíkt mjög brýnt fyrir svæðið. Ég tel þetta stórt byggðamál.

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Bæklunaraðgerðum á sjúkrahúsinu á Akureyri hefur stórfjölgað á undanförnum árum og þeir sem þangað leita eru í auknum mæli af suðursvæðinu. En þegar kemur að endurhæfingunni vill fólk vera nær sínu heimili. Þess vegna hefur endurhæfingin fyrir þá sem búa á suðursvæðinu oft verið á því svæði þó aðgerðirnar hafi farið fram á Akureyri. En það er alveg hárrétt sem hv. þm. segir. Auðvitað er það byggðamál að efla þjónustuna úti á landi og það höfum við svo sannarlega verið að gera eins og ég sagði áðan. Við höfum verið að efla hana í Neskaupstað og

á Sauðárkróki og nú á Blönduósi og Kristnes hefur verið að eflast mjög hvað varðar endurhæfinguna.

Fundi slitið kl. 15:05.

---

35. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.,
að loknum 34. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209, nál. 355, 363 og 364, brtt. 356. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210, nál. 357 og 362. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 216. mál, þskj. 227, nál. 351. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 209, nál. 355, 363 og 364, brtt. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

Brtt. 356,1 (ný 1. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SoG, StB, SvanJ, VS, ÖS.

4 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, DO, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin styður að sveitarfélögin fái auknar tekjur, enda hafa þau með höndum afar mikilvæg og vaxandi verkefni. Samfylkingin styður einnig að fasteignaskattar verði lækkaðir á íbúðareigendur á landsbyggðinni. En Samfylkingin telur algjörlega óásættanlegt að sækja eigi stærstan hluta tekjuaukningar sveitarfélaganna í vasa launafólks með hreinni hækkun útsvars. Samfylkingin hefur flutt tillögur um að tekjuskattar ríkisins verði lækkaðir til jafns við auknar heimildir í útsvari, en fyrirliggjandi er neikvæð afstaða stjórnarliða til þeirra.

Í ljósi þessa mun Samfylkingin hvorki styðja megintillögu frv. né bera ábyrgð á að stórfelldum skattahækkunum verði velt yfir á almennt launafólk á sama tíma og ríkisstjórnin er að lækka skatta á söluhagnað stórra fjármagnseigenda. Pólitíska ábyrgð á þessari framkvæmd verður ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn á hinu háa Alþingi að bera einn.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom við umræðu málsins teljum við óhjákvæmilegt að gera róttækar ráðstafanir til að bæta afkomu sveitarfélaganna og við gagnrýnum að í þessum pakka ríkisstjórnarinnar sé þar ekki nóg að gert. Við gagnrýnum ekki síður og miklu harðar þá útfærslu þeirra breytinga sem ríkisstjórnin hefur valið, einkum og sér í lagi að nota þá breytingu, þessa jafnvægisstillingaraðgerð í afkomu sveitarfélaganna og ríkisins, til að knýja fram skattahækkun að óbreyttu ef svo heldur fram sem horfir að persónufrádráttur muni lækka sérstaklega þar sem álagning tekjuskatts og útsvars samanlögð muni verða hærri á næsta ári án þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar í persónufrádrætti.

Þessa framkvæmd málsins gagnrýnum við mjög harðlega og munum því sitja hjá við afgreiðslu tekjustofnafrv. við 2. umr.

[15:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins munu styðja þær tillögur sem koma hér fram, enda mun sveitarfélögunum ekki veita af þeim tekjum sem þeim eru ætlaðar ef þau eiga að geta haldið áfram að veita fólki eðlilega þjónustu.

Við munum jafnframt styðja tillögur sem munu koma fram um að ríkið dragi úr skattheimtu sinni á móti.

Brtt. 356,2 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SoG, StB, SvanJ, VS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, DO, EKG, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KLM, LMR, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SoG, StB, SvanJ, VS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF,

KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SoG, StB, SvanJ, VS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 356,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 25:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SoG, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ.

8 þm. (ÁSJ, EMS, JB, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til 25 millj. úr jöfnunarsjóði til að styrkja einstaka bændur vegna vatnsveituframkvæmda. Samfylkingin telur mikilvægt að bændur eigi kost á góðu og hreinu vatni. En það er með öllu óviðunandi að styrkveitingar sem landbrn. hafði áður með höndum eigi nú að gera að skylduverkefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem aldrei hefur veitt styrki til einstaklinga vegna tiltekinna framkvæmda. Hér er verið að skapa mjög varhugavert fordæmi.

Það orkar einnig tvímælis að Bændasamtökin séu orðin ígildi sveitarfélags með beinni aðkomu að jöfnunarsjóðnum. Við tökum undir með Sambandi ísl. sveitarfélaga að það er í algjörri mótsögn við hlutverk og starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að þetta verkefni verði flutt til hans. Þessi brtt. er afleitt innlegg í umræðuna um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ég segi nei.

[15:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Verið er að greiða atkvæði um að þeir sem búa í dreifbýli í fámennum sveitarfélögum búi við sama rétt og þeir sem búa í þéttbýli. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrkir vatnsveitur sveitarfélaga í sveitarfélögum með færri íbúum en 2.000. Hér er verið að gera ráð fyrir því að hægt sé að styrkja vatnsveitur á lögbýlum þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að vatnsveitur verði lagðar fyrir hvert lögbýli fyrir sig.

[15:14]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni jafnréttismál, ekki bara á milli íbúa einstakra sveitarfélaga heldur líka á milli þeirra lögbýla sem annars vegar eru innan fjölmennra sveitarfélaga og hins vegar fámennra. Ég tel þetta mjög góða lausn og segi já.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SoG, SP, StB, VS.

nei: PHB.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að hámark útsvars verði hækkað og sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna aukinn. Ég er í sjálfu sér sammála því. En í umsögnum stærstu sveitarfélaganna og flestra sveitarfélaga kemur fram að þau ætla öll að fara í hámarkið. Þau ætla þar með í reynd að falla frá sjálfsákvörðunarrétti sínum og hyggjast leggja aukna skatta á borgara sína í stað þess að stunda sparnað eins og aðrir, bæði einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki.

Ég tel að sveitarfélögin séu hér með að falla frá sjálfsákvörðunarrétti sínum og tel því að ekki megi hleypa þeim svona langt í hámarkinu og segi nei.

Brtt. 356,4, inngmgr. og a-liður, (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SoG, SP, StB, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 356,4.b (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 26:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SoG, SP, StB, VS.

nei: ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EOK, EMS, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SoG, SP, StB, VS.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, PHB, SJóh, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KLM, LMR, PHB,

RG, SighB, SJóh, SAÞ, SoG, SP, StB, SvanJ, VS, ÞBack, ÖS.
3 þm. (ÁSJ, JóhS, SJS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHall, GÁS, GunnB, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 200. mál (vatnsgjald). — Þskj. 210, nál. 357 og 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Brtt. í nál. 362 felld með 27:20 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SoG, SP, StB, VS.
16 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÁS, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessari brtt. er lagt til að hámark vegna vatnsgjalds verði fellt brott. Vatnsgjald er samkvæmt lögum þjónustugjald og því á álagning þess ekki að vera tiltekinn hundraðshluti af fasteignamati. Í ljós hefur komið að þessi hundraðshluti nægir ekki öllum sveitarfélögum til að standa undir kostnaði við veitta þjónustu og önnur leggja á í samræmi við þetta hámark án tillits til þess kostnaðar sem þau verða fyrir. Þar með er gjaldið orðið skattur.

Ef vatnsgjaldið á að flokkast sem þjónustugjald er eðlilegt að hámarksheimildin verði felld brott en með því munu tekjur sveitarfélaganna af vatnsgjaldi ávallt standa undir kostnaði. Ég segi já.

Brtt. í nál. 357 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JB, KF, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SoG, SP, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GÁS, HjálmJ, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JB, JónK, KF, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SoG, SP, SJS, StB, VS, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JB, JónK, KF, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SoG, SP, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GÁS, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SF, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjárhæðir). — Þskj. 227, nál. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 15:21.

---

36. FUNDUR

miðvikudaginn 29. nóv.,
að loknum 35. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 199. mál, þskj. 209 (með áorðn. breyt. á þskj. 356). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 200. mál, þskj. 210 (með áorðn. breyt. á þskj. 357). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 216. mál, þskj. 227. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Of skammt var liðið frá 2. umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 382.

[15:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Við 2. umr. í gær spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mig nokkurra spurninga sem ég fór yfir í nótt og morgun.

Hv. þm. spyr hvort tekjustofnanefnd hafi í sínum athugunum skoðað áhrifin af frestun söluhagnaðar hlutabréfa á fjármál sveitarfélaganna. Svarið við þessu er að nefndin skoðaði ekki þau áhrif sérstaklega. Hins vegar hafði nefndin til umfjöllunar skýrslu starfshóps félmrh. frá í ágúst 1999 um fjárhagsleg áhrif ýmissa skattbreytinga á sveitarfélögin, þar með talin áhrifin af hlutabréfaafslættinum svokallaða og upptöku fjármagnstekjuskatts, en ekki var þar fjallað um áhrifin af frestun söluhagnaðar hlutabréfa. Segja má að tekjustofnanefndin hafi ekki verið að skoða sérstaklega áhrif einstakra þátta á fjárhag sveitarfélaganna þó að ýmis gögn hafi verið lögð fram í tengslum við umræðu í nefndinni. Nefndin safnaði gríðarlegum upplýsingum um afkomu sveitarfélaganna síðan 1990 og segja má að hún hafi byggt niðurstöðu sína á því. Þó ber að vísa í bókanir og fyrirvara einstakra nefndarmanna.

Í skýrslu nefndarinnar er bent á að halli á rekstri sveitarsjóðanna hafi verið viðvarandi síðan 1990. Hann var tæpir 3 milljarðar árið 1999 og stefnir í rúma 3 milljarða á þessu ári. Segja má að þau fjárhagsleg áhrif sem hv. þm. ræðir um og eru til lækkunar á tekjum sveitarfélaganna séu þar með komin í þær afkomutölur sem tekjustofnanefndin dregur fram. Afkoma sveitarfélaganna hefði væntanlega orðið betri á þeim árum sem áhrifanna gætir ef til umræddra skattalagabreytinga hefði ekki komið.

Tillögur nefndarinnar miða að því að tryggja sveitarfélögunum nægjanlega tekjustofna til að standa undir lögboðnum verkefnum. Í því skyni leggur nefndin til hækkun á útsvarsprósentu í áföngum um 0,99 prósentustig sem áætlað er að skili sveitarfélögunum 3,8 milljörðum miðað við fullnýtingu heimilda og til viðbótar sérstakt ríkisframlag í jöfnunarsjóð í tvö ár eða samtals 1,4 milljarðar.

Það er von manna að þessi breyting dugi sveitarfélögum almennt séð að teknu tilliti til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á verkefnum og tekjustofnum sveitarfélaganna til þess að bæta afkomu sína til frambúðar. Til viðbótar leggur síðan tekjustofnanefndin til að öll lagafrv. og stjórnvaldsákvarðanir sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin verði kostnaðarmetin þannig að ávallt liggi fyrir sem skýrust mynd af fjárhagslegum áhrifum slíkra breytingar. Það tekur einnig til breytinga sem kunna að verða gerðar á skattalögum. Félmrh. hefur þegar óskað eftir tilnefningum frá fjmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga í starfshóp sem koma á með tillögur um framkvæmd og fyrirkomulag slíks kostnaðarmats.

Þessum upplýsingum vildi ég koma á framfæri vegna ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í gær.

[15:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. starfandi félmrh. fyrir að leggja á sig vinnu í alla nótt og morgun til þess að afla upplýsinga til að geta svarað þeirri fyrirspurn sem ég lagði fyrir hann í gær við umræðuna og það er vissulega til fyrirmyndar.

Ég get ekki annað skilið, herra forseti, af svörum hæstv. ráðherra en að þetta tiltekna atriði um það hvaða áhrif frestun skattlagningar á söluhagnað hefur á tekjur sveitarfélaga, hafi ekki verið skoðað sérstaklega í nefndinni. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá ríkisskattstjóra, svari til þingflokks Samfylkingarinnar, dagsett 26. nóvember, má áætla að sveitarfélögin hafi tapað vegna þessarar frestunar 700 millj. á árinu 1998 og 1,5 milljörðum 1999 sem er samtals tæplega 2,2 milljarðar. Að vísu segir skattstjóri að hafa verði í huga um þessa heimild til frestunar, þ.e. hvort hún hefði haft áhrif á á sölu á hlutabréfin ef hún hefði ekki verið til staðar. Engu að síður tel ég nokkuð ljóst að þó að að ekki sé kannski um 2,2 milljarða að ræða, vegna þess að menn hefðu þá ekki leyst þessi bréf út að fullu, sé líklegt að hér sé um nokkur hundruð milljónir að ræða sem standi út af borðinu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ekki hafi komið fram í því uppgjöri sem menn hafa orðið ásáttir um að væri 6–7 milljarðar sem hallaði á sveitarfélögin. Því held ég að þessi áhrif af þeirri breytingu sem stjórnvöld stóðu fyrir 1996–1998 hljóti að koma til skoðunar á samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga þegar það liggur nú fyrir að þetta hafi ekki sérstaklega verið skoðað og að þetta hafi haft þau áhrif sem fram kemur í bréfi ríkisskattstjóra.

[15:28]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess nú við 3. umr. þessa máls að undirstrika að niðurstaðan í tillögum svonefndrar tekjustofnanefndar og í þeim frumvörpum sem hér eru til meðferðar í þinginu er mörgum mikil vonbrigði. Nánast án undantekninga hafa sveitarstjórnir sent inn umsagnir um þessi mál sem lýsa vonbrigðum þeirra með að þessi tekjulegu samskipti ríkis og sveitarfélaga séu ekki endurskipulögð með fullnægjandi og varanlegum hætti og þeim komið í góðan farveg. Bæði er að sú úrlausn sem hér er lögð til er alls ónóg. Það liggur fyrir. Eins eru það mörgum mikil vonbrigði að tekjulegur grundvöllur sveitarfélaganna skyldi ekki breikkaður með einhverjum aðgerðum og þeim þá t.d. veitt hlutdeild í fleiri tekjustofnum heldur valin sú ákaflega einfalda leið og frumlega að benda sveitarfélögunum á og reyndar heimila þeim með lögum að hækka útsvar.

Að mjög mörgu er að hyggja í því sambandi sem kannski hefur ekki verið nægjanlegur gaumur gefinn í þessari umræðu eða á þeim skamma tíma sem gefist hefur til að skoða málin hér. Ég hygg t.d. að það muni eiga eftir að reynast svo á komandi árum að mjög mismunandi og ólík staða sveitarfélaganna hvað tekjumöguleika snertir, ekki síst vegna mismunandi meðaltekna, eigi eftir að birtast á einn eða annan hátt í mismunandi stöðu þeirra til að halda uppi lögboðinni þjónustu.

Í þessum málum, herra forseti, birtast okkur, m.a. í fylgigögnum, herkostnaður þjóðarinnar af hinni miklu byggðaröskun sem hér hefur geisað árum saman. Hann birtist í minnkandi tekjum og auknum rekstrarerfiðleikum sveitarfélaga á landsbyggðinni sem missa frá sér fólk og tekjur. Hann birtist líka í skuldasöfnun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem þrátt fyrir auknar rekstrartekjur verða jafnframt að ráðast í miklar og dýrar fjárfestingar til að byggja upp vegna þeirra sem flytjast inn á þetta svæði. Það leiðir til þess að þrátt fyrir auknar rekstrartekjur og betri rekstrarafkomu versnar fjárhagsleg staða sveitarfélaganna hér einnig. Niðurstaðan er sú, herra forseti, að sveitarfélög um allt land, bæði þau sem

missa frá sér fólk og hin sem taka við því, auka skuldir sínar þessi árin. Þetta kemur mjög skýrt fram í gögnum sem tekjustofnanefndin dró saman og birt eru í skýrslu nefndarinnar. Sömuleiðis hefur þetta birst í tölfræðilegum upplýsingum á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga svo dæmi séu nefnd.

Utan við þessi mál sem hér hafa verið til umfjöllunar, herra forseti, liggja óuppgerð og óútkljáð mál vegna færslu grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er a.m.k. skoðun sveitarstjórnarmanna og kom fram ítrekað í viðtölum við þá á fundum félmn. að af þeirra hálfu er litið svo á að útreikningar og uppgjör á kostnaðarauka sveitarfélaganna umfram það sem til stóð þegar flutningurinn fór fram sé enn óútkljáð mál. Það sé til skoðunar í nefnd, reyndar mjög um það deilt og misvísandi upplýsingar komi fram um hversu mikill sá baggi er, mældur í hundruðum milljóna eða jafnvel milljörðum, sem sveitarfélögin hafa fengið á sínar herðar umfram það sem reiknað var með.

Hér eru einnig undanskilin stórfelld mál sem uppi eru í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og lúta að húsnæðismálum og húsnæðiskerfinu. Þau komu vart til skoðunar af hálfu félmn. Það er auðvitað ámælisvert, herra forseti, að þau mál skuli öll vera afvelta eins og raun ber vitni. Hæstv. félmrh. hefði gjarnan mátt bæta við fleiri andvökunóttum til að draga saman upplýsingar og reiða fram um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst standa að málum í þeim efnum. Þar er að hluta um beinar vanefndir að ræða þar sem ríkisstjórnin hefur ekki sett fé í viðlaga- eða afskriftasjóð sem tengist innlausn íbúða úr félagslega húsnæðiskerfinu. Reyndar eru nýir útreikningar til sem sýna að í þessum samskiptum hafi ríkisvaldið enn einu sinni hlunnfarið sveitarfélögin eða farið með betri hlut frá skiptunum. Ljóst er að vegna vaxtaniðurgreiðslna í Byggingarsjóði verkamanna biðu ríkisvaldsins stórfelldar skuldbindingar á komandi árum, hefði því kerfi ekki verið lokað eins og reyndin var. Framreiknaðar til einhverra ára hefðu skuldbindingar ríkissjóðs í áframhaldandi starfrækslu félagslega húsnæðislánakerfisins verið mældar í mörgum milljörðum króna. Með breytingunni sem gerð var fyrir nokkrum árum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þegar félagslega húsnæðislánakerfinu var í reynd lokað, leysti ríkisvaldið sig einhliða frá þessum skuldbindingum og kemur til með að njóta þess í formi minni greiðslna í húsnæðismálum á næstu árum svo að nemur stórfelldum fjárhæðum. Eftir situr óleystur vandinn í húsnæðismálunum. Hann er kominn yfir á herðar sveitarfélaganna.

Þannig hefur ríkisvaldið komið ár sinni fyrir borð með þessum skiptum. Með lögum um málefni sveitarfélaga eru skýrar skyldur á þeirra herðum. Þeim er gert að sjá fyrir fullnægjandi húsnæði, m.a. og ekki síst til þeirra sem lægri hafa tekjurnar. Mér sýnist niðurstaðan sú, þegar þetta er allt saman skoðað ofan í kjölinn, að ríkisvaldið hafi velt stórfelldum byrðum yfir á sveitarfélögin og skilið þau eftir með þessi verkefni á herðunum án úrræða til þess að bregðast við.

Að lokum, herra forseti, vil ég nefna það sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn að í þessari vinnu. Það er hin geysilega ólíka staða sveitarfélaganna, ólík staða hvað varðar fjárhagslega afkomu, tekjumöguleika og rekstrarútgjöld og mjög mismunandi staða sveitarfélaganna til að ráða í framtíðinni við þau verkefni sem þau hafa á sínum herðum eða til stendur að flytja til þeirra.

Þegar rætt er um sveitarfélögin í landinu, herra forseti, held ég að það gleymist oft að í raun eiga mörg þeirra fátt sameiginlegt nema það að heita sveitarfélag. Þegar skoðuð er staða höfuðborgarinnar annars vegar, með 110 þús. íbúa eða hvað það nú er og nokkurra stærstu kaupstaðanna þar við hliðina, t.d. Kópavogs, Hafnarfjarðar og þess vegna Akureyrar, sveitarfélaga með tugi þúsunda íbúa og umtalsverða burði til að byggja upp og starfrækja á eigin forsendum öflugt stoðkerfi þeirrar velferðarþjónustu og verkefna sem sveitarfélögin hafa með höndum, og minnumst svo þess að um helmingur sveitarfélaganna í landinu er hins vegar með 300 íbúa eða minna innan sinna vébanda, þá eiga þessar stjórnsýslueiningar ekkert saman nema heitið sveitarfélag.

Sveitarfélögin Reykjavík, Bolungarvík eða Bárðdælahreppur eru í raun ekki sambærileg. Fram hjá þessu er mjög oft horft þegar rætt er um tekjur og verkefni sveitarfélaganna. Sú hugsun leitar æ oftar á ræðumann hvort ekki verði að horfast í augu við þetta með einhverjum hætti þannig að það birtist í löggjöfinni sjálfri og með beinum hætti sé tekið tillit til gjörólíkrar aðstöðu sveitarfélaganna, vegna stærðar þeirra en líka aðstæðna, þéttbýlissveitarfélaga með tugi þúsunda eða jafnvel hundruð þúsunda íbúa og hins vegar fámennra strjálbýlissveitarfélaga sem mega standa undir verkefnum sínum með nokkur hundruð íbúa dreifð á mjög stórt svæði.

Það fer ekki mikið fyrir því, herra forseti, að horfst sé í augu við þessa stöðu í löggjöf eða öðrum stjórnvaldsefnum undanfarin ár. Þvert á móti hafa þeir sem séð hafa um flutning verkefna og fleira í þeim dúr verið blindir á þessar aðstæður að öðru leyti en því, sem alltaf er lausnin þegar vandinn minnir á sig, hin ólíka staða sveitarfélaganna, að henda því máli óútkljáðu og einhverjum fjármunum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Aftur og aftur er það niðurstaðan að löggjafinn og framkvæmdarvaldið ýtir því frá sér að fást við mismunandi stöðu sveitarfélaganna og hendir þeim pinkli ásamt einhverjum silfurpeningum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar eiga menn svo að leysa það erfiða vandamál að lesa í sundur ólíkar aðstæður sveitarfélaganna og gera þeim kleift að tryggja þegnum landsins jafnrétti í aðgangi að brýnustu þjónustu með útdeilingu fjármuna. Þetta hefur leitt til þess að á skömmum tíma hefur jöfnunarsjóðurinn vaxið úr því að velta milljörðum, 1–2 milljörðum kr., upp í að nálgast tuginn. Stór hluti þeirra fjármuna fer út á grundvelli reglugerðarábyrgða eða stjórnarsamþykkta nema hvort tveggja sé og þar af leiðandi hefur valdið verið framselt frá fjárveitingavaldinu og löggjafanum til félmrh. og stjórnar sjóðsins, að útdeila þessum miklu fjármunum. Menn geta svo spurt hvernig þetta endar ef áframhald verður á þessari þróun eins og allt teiknar til. Menn hafa ekki fundið önnur ráð að því er virðist, a.m.k. ekki í þeim frv. sem hér eru til umræðu, herra forseti.

Að mínu mati og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru þetta ekki fagleg eða mjög vönduð efnistök. Ég held að ástæða hefði verið til að nema staðar, staldra við og spyrja hvort menn vildu byggja þessa hluti upp á þennan hátt. Í hnotskurn, herra forseti, og á mannamáli mætti segja að jöfnunarhlutverkið eða það jöfnunargildi sem ríkissjóður hafði gagnvart verkefnum ríkisins um allt land, ósköp einfaldlega með því að borga þjónustuna, borga kostnaðinn af því að tryggja mönnum grundvallarþjónustu á sviði fræðslu- og heilbrigðismála, þjónustu við fatlaða o.s.frv., án tillits til búsetu í landinu eftir því sem það var innan ráðanlegra marka, færist nú frá ríkinu, ríkisvaldinu og ríkissjóði, til sveitarfélaganna með millilendingu í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er hinu stóra jöfnunarhlutverki sameiginlegs sjóðs allra landsmanna fyrir komið. Þá ættu menn m.a. að spyrja:

Er það hið stjórnunarlega fyrirkomulag í þessum efnum sem menn vilja sjá til frambúðar? Væri ekki ástæða til að hafa þetta með öðrum hætti, t.d. að löggjafarvaldið, Alþingi, og sveitarfélögin sameinuðust um stjórn þessa mikla jöfnunarsjóðs sem þarna hefur verið að komið upp, sem hefur fyrir löngu breytt um eðli og er orðinn annað og meira en bara jöfnunarsjóður, þ.e. til að jafna mismunandi tekjur sveitarfélaga. Hann er líka orðinn jöfnunarsjóður á hina hliðina, til að mæta mismunandi aðstöðu þeirra til að veita þjónustu við ólíkar aðstæður í landinu. Mér er mjög til efs, herra forseti, að þetta sé að öllu leyti heilavænleg sigling sem menn hafa þarna lagt í.

Ég ætla, herra forseti, ekki að lengja þessar umræður — það er samkomulag um að ljúka þeim í dag — og læt þetta nægja. Ég vísa til þeirrar gagnrýni sem þegar hefur komið fram á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og allt umhverfi þessa máls, ekki síst á að enn standi til að þyngja skattbyrðina á tekjulægstu hópum landsins í tengslum við þessa breytingu. Með hækkun á sameiginlegri álagningarprósentu tekjuskatts og útsvars án þess að hliðarráðstafanir séu gerðar gagnvart persónufrádrætti munu 2–3 þús. nýir skattgreiðendur koma til sögunnar, með tekjur á bilinu 60–70 þús. kr. á mánuði. Það eru breiðu bökin sem ríkisstjórnin hefur hugsað sér að leggja pínulitla pinkla á núna rétt fyrir jólin. Það byrjar að telja frá áramótum og verður ekki annað sagt en að góðar séu gjafir þínar, eins og það hefði einhvern tíma verið orðað þegar í hlut á blessuð ríkisstjórnin og jólagjafir hennar. Þetta gagnrýnum við mjög harðlega þó að það sé að vísu til meðferðar í öðrum frv. sem koma síðar til umræðu væntanlega í jólamánuðinum. Þá verður auðvitað tekist á um það. Óhjákvæmilega mun afstaða manna ráðast af áhrifum þessa pakka í heild sinni. Það veldur því m.a. að þrátt fyrir eindreginn vilja okkar til að bæta fjárhagsafkomu sveitarfélaganna kjósum við að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls, vegna þess samhengis sem það er í og vegna þeirra vinnubragða sem ástunduð hafa verið.

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins í tilefni af ummælum um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og uppgjörsmála þar láta þess getið að á föstudaginn lá fyrir skýrsla endurskoðunarfyrirtækis um þennan málaflokk. Forsendur þess fyrirtækis voru umsamdar á milli fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, fjmrn. og menntmrn. Fyrirtækið kemst að þeirri niðurstöðu, eins og ég hef alltaf sagt, að við það samkomulag sem var gert á sínum tíma um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið staðið að fullu og öllu. Einnig er niðurstaða fyrirtækisins sú að þegar á heildina er litið sé umframkostnaður sveitarfélaganna um 300 millj. kr. Hann verður einkum til á árunum 1998 og 1999 og má rekja hann til samninga sveitarfélaganna við grunnskólakennara um laun þeirra.

Það er ekki hægt með neinum rökum að halda því fram eins og hv. þm. gerði, að þarna standi út af óleyst mál eða að ágreiningur sé um þessi mál þegar litið er til þessarar niðurstöðu. Það hefur verið staðfest af formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Hann gerði ekki ágreining um niðurstöðu þessa fyrirtækis. Síðan hafa talsmenn sveitarfélaganna vakið máls á öðrum þáttum sem lágu einnig fyrir þegar samið var um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og telja að líta eigi til þeirra sérstaklega þegar fjárhagsbyrðar sveitarfélaganna vegna grunnskólans eru skoðaðar. Ég tel það hins vegar mjög vafasaman málflutning, miðað við hvernig að málum var staðið við samningsgerðina á sínum tíma, og færa þurfi fyrir því mun sterkari rök að lagðir hafi verið nýir pinklar á sveitarfélögin með flutningi grunnskólans eftir að grunnskólinn kom í þeirra hendur.

Þetta vildi ég láta koma fram og hvet hv. þm. til að kynna sér umræddа skýrslu.

[15:45]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef reynt að fylgjast með þessum skýrslum. Þær eru margar og útkomur þeirra með ólíkindum mismunandi. Ég veit ekki hvort það eru forsendur til að trúa því og treysta hundrað prósent að nákvæmlega þessi skýrsla sýni alfarið rétta niðurstöðu en ekkert sé að marka hinar sem hafa sýnt þarna miklu stærra útslag.

Ég vísaði ósköp einfaldlega til álits og mats fjölmargra sveitarstjórnarmanna sem m.a. komu fyrir félmn. Þeir telja sig sjá í ársreikningum sínum, svart á hvítu og benda á hlutfallstölur m.a. í því sambandi, að útgjöld þeirra hafi stóraukist vegna grunnskólans, umfram það sem til stóð og þeir reiknuðu með. Ég býst við að þeim komi þessar niðurstöður mjög á óvart, að þarna sé ekki um hærri fjármuni að ræða en hæstv. menntmrh. trúir á. Það er þó útslag í þessa átt, einhver hundruð millj. kr.

Ég bendi í fyrsta lagi á að þetta er ekki bara spurning um að standa við samninga. Það er ekki endilega verið að tala um að hér hafi verið brotnir eða sviknir samningar. Komi hins vegar í ljós að um stórkostlegt vanmat hafi verið að ræða í hinum reikningslega grundvelli er það auðvitað staðreynd sem verður að taka tillit til. Þá þýðir ekki að skjóta sér á bak við að af því að menn séu ekki berir að sök og hafi ekki brotið samninga þá séu þeir með allt sitt á þurru og þurfi ekki að leggja neitt af mörkum.

Í öðru lagi eru nýjar kvaðir að koma til sögunnar á sveitarfélögin vegna grunnskólans sem þarf að taka tillit til. Í þriðja lagi er meira fram undan þannig að málið er ekki eins einfalt og hæstv. menntmrh. vill vera láta, að þetta sé úr sögunni með þessari skýrslu. Mér er a.m.k. vel kunnugt um að sveitarstjórnarmenn um allt land, hvað sem talsmönnum þeirra sem eiga fyrri verk sín að verja í þessu sambandi kann að finnast, líta ekki svo á að þetta mál sé úr sögunni. Þeir trúa því að í gangi sé starf til að skoða þetta ofan í kjölinn og binda vonir við leiðréttingar í framhaldi af því.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá munur er á þessari skýrslu og öðrum upplýsingum sem fyrir liggja að þessi skýrsla er til komin á grundvelli starfs sem unnið hefur verið í nefnd með fulltrúum allra aðila málsins. Þeir komu sér saman um þær forsendur sem bæri að taka tillit til þegar endurskoðunarfyrirtækið færi yfir málið. Það er sá mikli munur sem er á þessum upplýsingum og öðrum sem menn hafa rætt. Þarna komu aðilar sér saman um forsendurnar og á þeim forsendum lagði fyrirtækið mat á stöðuna. Þess vegna er þessi skýrsla í sérflokki þegar litið er á þær upplýsingar sem hafa borist og þær tölur sem menn hafa nefnt.

Varðandi það að kostnaður grunnskólans hafi aukist þá, eins og ég sagði, tel ég að það ekki hafa verið nægilega rökstutt. Menn hafa m.a. talið að þar hafi komið til úrskurðir menntmrn. varðandi kennsludaga. Þar hefur ekki verið í neinu vikið frá því sem segir í grunnskólalögunum en þau

voru lögð til grundvallar þegar samkomulagið var gert. Sömu sögu er að segja þegar menn tala um valfrelsi í 9. og 10. bekk og nýjar námskrár sem gera ráð fyrir nýtingu þess tíma. Þau ákvæði er einnig að finna í grunnskólalögunum sem lágu til grundvallar þegar samkomulag við sveitarfélögin var gert. Þess vegna segi ég: Ég tel að það þurfi að rökstyðja það nánar en með vísan til þessara tveggja þátta, sem eru meginþættir í málflutningi sveitarfélaganna. Þeir þættir áttu ekki að koma þeim á óvart.

[15:49]

Frsm. 2. minni hluta félmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri staðreynd að forsendur þessarar skýrslu eru aðrar en sumra annarra reikninga sem þarna hafa verið gerðir. Það skiptir vissulega máli að um forsendur þessara útreikninga eða þessarar könnunar var samkomulag. Ég geri ekkert lítið úr því.

Eftir stendur hins vegar að við höfum mýmörg dæmin fyrir okkur um hversu erfitt er að meta og reikna svona hluti. Ég nefni sem dæmi þar um mismunandi niðurstöður sem mjög virtir og sumpart opinberir aðilar hafa komist að þegar þeir hafa tekið sér fyrir hendur t.d. að skoða útkomu reynslusveitarfélaganna. Við þingmenn höfum á borðum okkar mjög nýleg dæmi um sláandi ólíkar niðurstöður sem menn hafa þar komist að, annars vegar óháðir aðilar sem fengnir voru til verksins og hins vegar aðilar eins og Ríkisendurskoðun. Mönnum tekst þannig að komast að alveg ótrúlega ólíkum niðurstöðum um svona hluti. Það sem liggur fyrir er að allar þessar skýrslur, líka þessi, sýna útslag í þá átt, mismunandi mikið að vísu, að kostnaður sveitarfélaganna hafi aukist.

Í öðru lagi er ljóst, herra forseti, og það hverfur ekki, jafnvel þó að einhver úttekt á stöðu augnabliksins sýndi tiltekna hluti, að sveitarfélögin tóku við mjög miklum væntingum í þessum efnum. Þær hafa reynst þeim mjög dýrar. Það að benda á að stór hluti þessa kostnaðarauka sé vegna launahækkana til grunnskólakennara sannar bara að sveitarfélögin tóku í arf miklar væntingar um kjarabætur starfsfólks í skólum þegar þau tóku við skólunum. Það voru beinlínis rökin hjá mörgum fyrir því að styðja breytinguna, beggja megin frá, að í gegnum hana mundu kennarar fá kjarabætur, skólastarfið eflast o.s.frv.

Fram undan er ný lota í samningum við grunnskólakennara. Það eru uppi miklar væntingar um launabætur á nýjan leik af skiljanlegum ástæðum. Það er því meira eftir í þessum poka, herra forseti.

[15:53]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, enda búið að semja um að henni ljúki á vissum tíma. En vegna þess að ég var fjarstaddur vegna annarra starfa við umræðuna í gær vildi ég koma tveimur til þremur atriðum að til skýringar varðandi það sem rætt hefur verið um starf tekjustofnanefndar.

Tekjustofnanefndin tók tvær skýrslur til meðferðar um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar var skýrsla unnin á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og skýrsla unnin af starfshópi ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þær voru lagðar til grundvallar um þessi samskipti. Reynt var að leggja mat á hvaða áhrif lagabreytingar hefðu haft á tekjur sveitarfélaga og nefndar tölur í kringum 2 milljarða, þ.e. sveitarfélögunum í óhag. Það var ekki deilt um 1.300 millj. í þessu sambandi. Um afgang þess sem út af stóð á milli ríkis og sveitarfélaga var ekki fullt samkomulag.

Hins vegar er erfitt að komast að endanlegri niðurstöðu í þessu upp á krónur og aura. Áhrifin af þessu eru bæði plús og mínus. Það er nýbúið að samþykkja lög sem fela í sér hagsbætur fyrir sveitarfélögin, löggjöfina um fæðingarorlof. Þetta gengur þannig í báðar áttir. Nefndin einbeitti sér að því að greina hallarekstur sveitarfélaga, greina afkomu þeirra á síðasta áratug og komst að þeirri niðurstöðu að útlitið um afkomu þeirra á yfirstandandi ári væri í kringum 3 milljarða kr. Ég vildi að þetta kæmi fram um verkefni nefndarinnar.

Varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og samskipti sveitarfélaga í framtíðinni þá reyndum við að skila tillögum okkar þannig að setja þessi samskipti í ákveðnari farveg, meta áhrif löggjafar frá Alþingi á fjárhag sveitarfélaga, láta fylgja fjárhagslegt mat og koma samskiptum ríkis og sveitarfélaga í fast form miðað við hverja fjárlagagerð. Tillögur um þetta fylgdu niðurstöðum nefndarinnar. Einnig er þörf á að endurskoða þær reglur sem gilda um úthlutun úr jöfnunarsjóði. Það er rétt að hann er orðinn mjög stór sjóður og þar þarf að endurskoða ýmislegt.

Ég ætla ekki að fara í efnislega umræðu um þetta frekar að sinni. Það væri vissulega hægt en ég vildi koma þessum hlutum að til skýringar.

[15:55]

Frsm. 1. minni hluta félmn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Ég veit að það var búið að semja um að ganga frá þessu máli núna. Það eru aðeins örfáir atriði sem mig langar til að árétta.

Það sem hér liggur fyrir er sú lending sem varð að samkomulagi milli sveitarfélaga og ríkisins. Ákveðna þætti á eftir að leysa. Það á t.d. eftir að skoða niðurgreiðslu af vöxtum vegna leiguíbúða sem er stórt mál milli ríkis og sveitarfélaga. Það er eitt af því sem skoða verður. Vegna biðlista eftir leiguíbúðum er afar brýnt að það fjárhagslega dæmi verði gert upp. Það eru því heilmörg verkefni sem liggja fyrir í þessu samráði.

Mér fannst sveitarstjórnir óska þess að ríkið lækkaði tekjuskattinn meira á móti í stað þess að rétta fram tékka sem enginn þyrði að innleysa vegna pólitísks ástands í sveitarfélaginu, ef svo mætti að orði komast.

Í áliti okkar, 1. minni hluta félmn., er áréttað að samráð milli ríkis og sveitarfélaga verði gert enn virkara þannig að það sem þó hefur verið gert geti orðið vísir að framhaldi í þeim efnum. Einnig vil ég minnast á hugmyndir sveitarfélaganna um hvernig aðkoman gæti orðið t.d. með óbeinum sköttum. Það þarf einnig að skoða.

Það sem stendur upp úr er kannski að þetta virka samráð haldi áfram og tekið verði á hlutunum jafnóðum þannig að ekki kastist í kekki milli þessara aðila. Við vitum að kostnaður við grunnskólann eykst stöðugt. Til stendur að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna. Það gæti orðið stærra mál. Mér finnst því afar mikilvægt að samráðið verði aukið enn frekar eins og sveitarfélögin hafa óskað. En eins og kom fram í 2. umr. munu þingmenn Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[15:57]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka fyrir þá vinnu sem fram fór í félmn. og umræður í Alþingi sem voru allviðamiklar í gærkvöldi og í gærdag.

Nú er að ljúka áfanga í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga en hins vegar er ljóst að hér er um viðvarandi verkefni að ræða.

Ég vísa því á bug að um sleifarlag hafi verið að ræða í tekjustofnanefndinni. Ég tel það ekki eiga við rök að styðjast. Farið var í mikla vinnu við að skoða tekjustofna í öðrum löndum, m.a. úti í Evrópu. Tekjustofnanefndin komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allt værum við á Íslandi með hvað skásta kerfið í tekjustofnum sveitarfélaga. Tekjustofnanefndin komst að þeirri niðurstöðu sem birtist í þeim tillögum sem við erum að afgreiða í Alþingi í dag að hækka ætti útsvar, að ríkisvaldið mundi leggja 1,1 milljarð til að leiðrétta fasteignagjöld á landsbyggðinni, að framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga mundu, umfram það sem er í lögum, verða 1,4 milljarðar, að kostnaðarmeta skyldi öll lagafrv. og hafa aukið samráð á milli þessara stjórnsýslustiga.

Það sem eftir á að skoða er fækkun á undanþágum varðandi fasteignagjöldin. Það á að ræða frekar breytt verkaskipti á milli ríkis og sveitarfélaga og skoða jafnframt þjónustugjöld sveitarfélaga en þar er um nokkuð viðamikla vinnu að ræða.

Þetta voru niðurstöður nefndarinnar. Ég tel að þær tillögur sem við erum að afgreiða í dag séu mjög stór áfangi í því að lagfæra fjárhag sveitarfélaganna. Þar má kannski alltaf gera betur en þetta er stór áfangi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, IP, ÍGP, JónK, KF, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, SoG, SP, StB.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÖ, JÁ, JB, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁGunn, ÁJ, BBj, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar við atkvæðagreiðslu við 2. umr. málsins. Með tilvísun til þeirrar afstöðu sem ég kynnti þá, sem fram kemur í nefndaráliti Samfylkingarinnar, mun hún sitja hjá við atkvæðagreiðslu við 3. umr. þessa máls.

[16:02]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel að frv. sem hér er komin til lokaafgreiðslu muni styrkja stöðu sveitarfélaga og styrkja þau til að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Þessi breyting á tekjustofnalöggjöfinni mun eyða þeim halla sveitarfélaga sem hefur verið viðvarandi síðasta áratuginn. Hún mun bæta mjög stöðu landsbyggðarsveitarfélaga og felur í sér stórkostlega skattalækkun fyrir landsbyggðina. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 384).

Vatnsveitur sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 200. mál (vatnsgjald). — Þskj. 383.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ*, JB, JónK, KF, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, EMS, GÖ, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, BBj, BH, DO, EOK, GE, GÁS, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 385).

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 216. mál (fjárhæðir). — Þskj. 227.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁJ, BH, DO, EKG, EOK, GE, GÁS, HjálmJ, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, RG, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 386).

[16:04]

Útbýting þingskjala:

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, 55. mál, nál. samgn., þskj. 373.

Fjárlög 2001, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 374; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 375.

Fundi slitið kl. 16:05.

37. FUNDUR

fimmtudaginn 30. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 374, brtt. 375 og 389. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, þskj. 366.

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 389.

Úrskurður um vega- og brúarframkvæmdir í Fljótsdal, 315. mál, fsp. ÞBack, þskj. 378.

Fjárlög 2001, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 374, brtt. 375 og 389.

[10:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 er nú komið til 2. umr. Síðasta haust setti fjárln. það markmið fram í samvinnu við fjmrn. að flýta umræðunni um eina viku frá því sem var á fyrra ári, en þá var afgreiðsla frv. samkvæmt áætlun Alþingis í fyrsta sinn um árabil. Það er fagnaðarefni að þessi markmið skuli hafa náðst og nefndin leggur áherslu á að 3. umr. verði á tilsettum tíma. Það ber að stefna að því í framtíðinni að svo verði. Afgreiðsla fjárlagafrv. fyrr en áður bætir stjórnsýsluna, auðveldar frágang mála fyrir áramót og það liggur fyrr en ella fyrir við hvern hlut ríkisstofnanir og aðrir sem njóta fjárframlaga úr ríkissjóði eiga að búa á næsta ári.

Ég mun áður en ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. og flyt skýringar við brtt. nefndarinnar hafa nokkur orð um hið efnahagslega umhverfi sem fjárlögin taka mið af. Í öðru lagi mun ég fjalla um þá stefnumörkun sem fram kemur í tillögum meiri hluta fjárln.

Góðæri hefur ríkt í þjóðarbúskapnum undanfarin ár. Til marks um það hefur árlegur hagvöxtur verið 4,7% að meðaltali á árunum 1996–2000. Þetta er meiri hagvöxtur en víðast hvar meðal sambærilegra þjóða. Jafnframt hefur störfum fjölgað um 15 þús. á sama tíma og atvinnuleysi minnkað úr 5% af vinnuaflinu niður í 1,5%. Rifja má það upp að sumum fannst Framsfl. setja fram glannalegar spár um þessar hagstærðir fyrir fimm árum en reyndin hefur orðið önnur, bæði hagvöxtur og fjölgun starfa hafa orðið meiri en þar var gert ráð fyrir. Einnig hefur náðst góður árangur á sviði ríkisfjármála. Þannig stefnir í að ríkissjóður verði rekinn með yfir 20 milljarða kr. afgangi á þessu ári samanborið við 13,5 milljarða kr. halla árið 1995.

Þessi hagfellda þróun hefur leitt til þess að kjör heimila hafa stórbatnað. Batinn kemur meðal annars fram í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna er 23% meiri á þessu ári en hann var 1995 og einkaneysla er 36% meiri, eða sem samsvarar 1,5 millj. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Því er hins vegar ekki að leyna að góðærið hefur reynt á efnahagslífið. Skýr merki um það má meðal annars sjá í vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla sem í æ ríkari mæli stafar af mikilli neyslu. Við þetta bætist að ytri skilyrði þjóðarbúsins hafa versnað nokkuð, einkum vegna hækkandi olíuverðs á heimsmarkaði. Þessi hættumerki benda eindregið til að hægja þurfi um sinn á ferðinni til að tryggja að árangurinn sem náðst hefur verði viðvarandi. Til að ná þessu markmiði skiptir meginmáli að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Skilaboðin til þeirra sem nú vinna að fjárlagagerð eru því skýr: Bæta þarf afkomu ríkissjóðs milli áranna 2000 og 2001.

Lítum nánar á hættumerkin og þá fyrst á verðlagssviðinu. Verðbólga náði hámarki í apríl síðastliðnum. Þá var tólf mánaða breyting verðlags 6% en í framhaldi fór verðbólgan lækkandi og í september var hún komin niður í 4,0%. Frá þeim tíma hefur verðbólgan hins vegar færst í aukana og bendir margt til að hún verði áfram um eða yfir 5%. Þetta er tvöfalt meiri verðbólga en í helstu viðskiptalöndum. Það liggur í augum uppi að slík verðbólga fær ekki staðist til lengdar. Ef hún verður áfram að marki meiri en í viðskiptalöndunum kemur fyrr en síðar að því að við verðum að horfast í augu við óþægilegar afleiðingar. Ekki þarf að fjölyrða um það hér hverjar þær gætu orðið. Við þekkjum frá frá fornu fari víxlgang verðlags, launa og gengis. Eina leiðin til að komast hjá svona ógöngum er að tryggja að eftirspurn og umsvif í efnahagslífinu haldist í hendur við framleiðslugetu þess. Ríkisfjármálin eru besta hagstjórnartækið í þessu sambandi.

Annað hættumerki er mikill viðskiptahalli. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að hallinn verði um 50–60 milljarðar kr. á þessu og einnig á næsta ári. Þótt halli sé ekki ávallt slæmur er enginn vafi á því að við núverandi aðstæður og horfur er hann allt of mikill. Í því sambandi nægir að benda á tvennt. Annars vegar eru erlendar skuldir þjóðarbúsins miklar og því nauðsynlegt að stemma stigu við vexti þeirra nema þær stafi af fjárfestingu sem skilar sér í auknum útflutningstekjum í framtíðinni. Viðskiptahalli er í reynd krafa á framtíðartekjur okkar af útflutningi. Hins vegar skýrist hallinn nú og að því er virðist í næstu framtíð í auknum mæli af neyslu í stað fjárfestingar eins og þetta var framan af hagvaxtarskeiðinu. Þetta er óviðunandi, ekki síst í ljósi þess að sennilega erum við um þessar mundir í toppi hagsveiflunnar. Til að ráða bót á þessu þarf að efla þjóðhagslegan sparnað og aftur eru ríkisfjármálin öflugasta hagstjórnartækið sem við ráðum yfir í því skyni.

Þriðja hættumerkið má sjá í þróun peningamála. Þetta kemur skýrast fram í stórfelldri útlánaaukningu og miklum vaxtamun gagnvart öðrum löndum. Tólf mánaða vöxtur bankaútlána á þessu ári hefur legið á bilinu 25–30%. Enginn vafi er á því að svo mikill vöxtur til lengdar samrýmist ekki stöðugleika, heldur þvert á móti grefur undan honum. Einnig er rétt að vekja athygli á því að erlend lán bankanna hafa borið uppi útlánaaukninguna. Til að sporna við útlánaþenslu hafa innlendir vextir verið hækkaðir verulega og er vaxtamunur milli Íslands og annarra landa nú í sögulegu hámarki. Þetta hefur þó ekki nægt til að verja gengi krónunnar en að sjálfsögðu aukið fjármagnskostnað annarra fyrirtækja en þeirra sem eiga greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Fyrir vikið hefur afkoma fyrirtækja versnað. Þessi þróun sem hér á und-

an er rakin er áhyggjuefni því ef alvarlega slær í bakseglin á þjóðarskútunni gætu erfiðleikar á fjármálasviðinu magnast og leitt af sér dýpri lægð í efnahagslífinu en orðið hefði ef betur hefði verið búið í haginn í efnahags- og atvinnulífi. Og enn berast böndin að ríkisfjármálum því vafasamt er að auka aðhaldið í peningamálum eins og nú horfir.

Þegar horft er til þeirra atriða sem ég hef rakið hér á undan er ljóst að niðurstaða fjárlagafrv. og stefnan í ríkisfjármálum á næsta ári hefur afgerandi þýðingu fyrir þróun efnahagslífsins. Það er brýnt að ríkisfjámálin leggi sitt af mörkum til að hægja á vexti þjóðarútgjalda og leggi þannig grunn að jafnvægi og stöðugleika sem byggja má á til framtíðar. Þetta hefur oft verið nefnt að ná mjúkri lendingu í efnahagslífinu. Halda má áfram með þá líkingu. Þegar má sjá merki um lækkandi flug, meðal annars á fasteignamarkaði og í innflutningi bifreiða og ýmissa annarra vara. Farsælast er að það aðflug verði hægt en öruggt, lendingin mjúk og nýtt flugtak verði á sömu lund. Ríkisfjármálin eru eins og áður segir öflugasta stjórntækið til að ná þessu markmiði.

Þrátt fyrir þessi viðvörunarmerki í efnahagsumhverfinu eigum við Íslendingar nú meiri möguleika en nokkru sinni áður til þess að sækja fram. Til þess þarf að treysta innviði samfélagsins, stuðla að öflugu atvinnulífi, framleiðslu og hagvexti, nýta afraksturinn til að treysta velferð allrar þjóðarinnar og sækja fram í samfélagi þar sem þekking og færni skiptir sköpum. Við þurfum einnig að hlúa að þeim traustu stoðum sem menning okkar og búseta í öllu landinu hafa skapað í gegnum árin.

Tillögur meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnar nema 3,7 milljörðum kr. Þar ber hæst nokkur verkefni sem hafa forgang. Fyrst skal nefna aðgerðir til þess að styrkja stöðu sveitarfélaga í framhaldi af tillögum tekjustofnanefndar í tengslum við þá löggjöf sem nú hefur verið afgreidd um tekjustofna sveitarfélaga. Framlög í jöfnunarsjóð nema 1,8 milljörðum kr. vegna þessara aðgerða. Til viðbótar mun tekjuhliðin lækka við 3. umr. um 1,3 milljarða kr. Þetta er afar þýðingarmikil breyting, ekki síst fyrir sveitarfélögin á landsbyggðinni.

Í öðru lagi hefur meiri hluti fjárln. komið til móts við fjölmörg verkefni sem tengjast safnamálum og viðhaldi menningarminja. Brtt. fela í sér mikið átak í þessu efni. Ástæðan er sú að hverri þjóð er nauðsyn að halda til haga menningarminjum í húsbyggingum og öðrum minjum sem varða sögu þjóðarinnar. Ekki síst er þetta mikilvægt í tengslum við ferðaþjónustu sem er mjög umfangsmikill atvinnuvegur og skapar miklar gjaldeyristekjur.

Þótt náttúra landsins sé það aðdráttarafl sem er í fyrsta sæti þarf fleira að koma til ef ferðamenn eiga að dreifast um landið allt og takast á að lengja ferðamannatímann. Nokkur verkefni eru glæsilegt dæmi um hvernig til hefur tekist að þessu leyti og þarf ekki annað en nefna Vesturfarasafnið á Hofsósi í þessu sambandi. Mjög mörg skemmtileg og áhugaverð verkefni eru í undirbúningi og ákvað nefndin að koma til móts við þau. Ég geri nánar grein fyrir því síðar.

Brtt. meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar fela í sér viðbótarfjárframlög til fíkniefnamála. Það er mikil nauðsyn vegna þess að hér er um einn þann mesta vanda að ræða sem steðjar að nútímasamfélagi. Fíkniefnabaráttan er háð á mörgum vígstöðvum. Hún er háð í eftirliti með innflutningi. Þar er um forvarnir að ræða. Hún er háð á götunni og í daglegu lífi með starfi fíkniefnalögreglu og almennrar löggæslu. Hún er háð með starfi þeirra fjölmörgu samtaka sem vinna að forvörnum en margir einstaklingar hafa unnið ómetanlegt starf á þeim vettvangi og aflað sér mikillar reynslu. Afleiðingarnar af fíkniefnaneyslunni koma einnig fram í mjög dýrum meðferðarúrræðum og vistheimilum fyrir þá sem orðið hafa þessari ógæfu að bráð. Viðbótarfjármagn í þennan málaflokk síðustu tvö árin er nú um einn milljarður kr.

Ljóst er að þetta átak hefur borið árangur en betur má ef duga skal. Það skal einnig tekið fram að það er haldbesta vörnin gegn vímuefnum að stuðla að manneskjulegu samfélagi í landinu.

Meiri hluti fjárln. hefur ávallt haft í huga hvernig ríkisvaldið gæti orðið að liði til að hamla gegn byggðaröskun í landinu. Byggðaröskunin er óhagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði, hvernig sem á hana er litið eins og oft hefur komið fram í umræðunni. Gerðar hafa verið tillögur á liðnum árum um aukið fjármagn til jöfnunar á mörgum sviðum svo sem í jöfnun námskostnaðar og húshitunarkostnaði og möguleikar til fjarnáms hafa verið auknir svo nokkur dæmi séu nefnd. Eitt af þessum byggðaverkefnum er skógræktin.

Síðustu árin hefur fjármagn til skógræktar á bújörðum verið aukið og svo er einnig nú. Hér er um afar mikilvægt byggðamál að ræða sem styrkir atvinnulíf í sveitum landsins, bætir náttúrufar og bindur m.a. útblástur koltvísýrings. Þessi verkefni geta nú haldið áfram í öllum landshlutum samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar hafa verið.

Í samgöngumálum er lagt fram fjármagn til útboðs varðandi flugsamgöngur, og er þar sjúkraflug og farþegaflug til nokkurra staða. Nánar verður gerð grein fyrir þessu í athugasemdum með brtt.

Ég hef nú stiklað á stóru um nokkur mál sem upp úr standa í þeirri tillögugerð sem nú liggur frammi.

Nokkur mál bíða 3. umr. og má þar nefna símenntunarstöðvar og fjarkennsluverkefni, heilbrigðismál og nokkur erindi varðandi löggæslu. Nefndin hefur einnig ávallt fjallað um málefni Byggðastofnunar milli 2. og 3 umr.

Við afgreiðslu fjárln. á frv. til fjárlaga berast henni fjölmörg erindi um fjárframlög til ýmissa verkefna á vegum einstaklinga og félagasamtaka og hefur svo verið um fjöldamörg ár. Á sama hátt berast framkvæmdarvaldinu á ári hverju beiðnir um styrki og fjárframlög. Þegar grannt er skoðað má sjá að sumir þessara aðila hljóta náð fyrir augum stjórnvalda því í frv. leggur framkvæmdarvaldið til fjölmargar styrkveitingar til aðila utan ríkisgeirans.

Vitað er að þó í fæstum tilvikum sé um að ræða háar fjárhæðir til einstakra verkefna geta þessir styrkir oft og tíðum ráðið úrslitum um hvort viðkomandi verkefni nái fram að ganga. Í sumum tilvikum má líta svo á að með styrkveitingunni sé Alþingi að lýsa velþóknun sinni á því mikilvæga starfi sem viðkomandi einstaklingar og samtök inna af hendi til góðra og gildra mála. Þegar erindi berast nefndinni eru þau í flestum tilvikum ítarlega rökstudd og ágæt grein gerð fyrir því hver áform eru uppi um ráðstöfun styrkjanna. Hins vegar hefur skort á það að fjárlaganefnd fái upplýsingar um hvernig til hefur tekist um ráðstöfun þeirra, þ.e. hvort þau markmið sem lagt var upp með og gerð var grein fyrir í beiðni viðkomandi hafi náðst.

Fjárlaganefnd hefur af þessum sökum ákveðið að þegar styrkir eru greiddir út gangist aðilar undir það að skila skýrslu sem greini frá því hvernig viðkomandi verkefni hafi reitt af og hvort þau markmið sem voru áformuð hafi náðst. Ráðgert er að samræma þessa skýrslugerð til að auðvelda eftirlit. Með þessu móti telur fjárlaganefnd að hún fái tækifæri til að fylgjast með því að opinberu fé sé ráðstafað eins og Alþingi

hafi ákveðið. Áætlað er að skýrslugerð þessi verði komin á við framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2001. Ég geri sérstaklega grein fyrir þessu nú vegna þess að breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar fela í sér mikla aukningu á styrkjum til ýmissa ágætra verkefna.

Ég mun nú gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar og þeim breytingartillögum sem fluttar eru við frumvarpið.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 21. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 9. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 3.778 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa einnig veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umr. ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar og ég hef gert grein fyrir.

Ég mun þá gera grein fyrir einstökum breytingartillögum og skýringum við þær.

Þar er fyrst á blaði Alþingi. Gerð er tillaga um 13 millj. kr. hækkun vegna aukinna útgjalda sem stafa einkum af hækkun ferðakostnaðar í kjölfar kjördæmabreytinga.

Lögð er til 23 millj. kr. hækkun fjárveitinga vegna aukins kostnaðar í almennum rekstri. Hann stafar m.a. af launaskriði vegna starfsaldurshækkana, auknu samstarfi við erlend þjóðþing, hækkun á áskriftum að hugbúnaðarkerfum og tölvuleigu og hærri síma- og póstkostnaði.

Lögð er til 1 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til skýrslugerðar um samfélagsþróun á norðurskautssvæðinu.

Forsætisráðuneyti. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. framlag til að efla yfirstjórn ráðuneytisins vegna aukins umfangs í starfsemi þess og fjölgunar verkefna sem það hefur með höndum. Gert er ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi í yfirstjórn ráðuneytisins.

Ritun sögu Stjórnarráðsins. Lagt er til 3,2 millj. kr. framlag til ritunar á sögu Stjórnarráðsins en samningar hafa verið gerðir við ritnefnd sem hefur ákveðið tilhögun verksins, ráðið höfunda og áætlað kostnað við verkið, sem er áætlaður 13,2 millj. kr. fyrir árið 2001, en áður var hann áætlaður 10 millj. kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður fyrir árið 2002 verði 12,4 millj. kr., 11,5 millj. kr. fyrir árið 2003 og 0,6 millj. kr. í verklok árið 2004.

Menntamálaráðuneyti. Gerð er tillaga um að veita matvælaskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands 9,5 millj. kr. fjárveitingu til næringarfræðilegra rannsókna á kúamjólk og lágu nýgengi sykursýki af gerð 1 hérlendis. Fjárveitingin samsvarar einu og hálfu stöðugildi sérfræðinga og rekstrarkostnaði sem svarar 40% launakostnaðar. Reiknað er með að verkefnið taki tvö til þrjú ár hið minnsta og að svipaða fjárveitingu þurfi í þrjú ár. Að auki er sótt um styrki til rannsóknasjóða.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands fái 61 millj. kr. tekjur af sóknargjöldum á lið 06-735 sem er 9 millj. kr. hækkun frá fjárlögum 2000. Lagt er til að áætlað verði fyrir tekjum þessum á fjárlagalið skólans og jafnháum útgjöldum á móti.

Lagt er til að Raunvísindastofnun Háskóla Íslands verði veitt 15 millj. kr. tímabundin fjárveiting til viðhalds á húsnæði sem er orðið brýnt.

Leiðrétt er framsetning á fjárlagaliðnum Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður til samræmis við greinargerð með frumvarpinu. Þannig hækkar viðfangsefnið 5.21 Viðhald um 8 millj. kr. og 6.21 Stofnkostnaður lækkar um sömu fjárhæð.

Gerð er tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni sérstakt tímabundið þróunarfé, 10 millj. kr., til að byggja svo upp rekstrarform, stjórnsýslu og starfsmannahald hennar að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til sjálfseignarstofnana sem gera samninga um rekstrarverkefni við einstaka ráðherra skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Gerð er tillaga um að veita Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða 0,8 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að kosta hönnun og gerð kostnaðaráætlunar um stækkun aðstöðu til funda, kennslu og námskeiðahalds. Slík aðstaða yrði einnig nýtt til að fá fleiri aðila til samstarfs í setrinu og til uppbyggingar frumkvöðlaseturs í samstarfi við Atvinnuþróunarfélagið.

Gerð er tillaga um 90 millj. kr. hækkun á liðinn Háskólar, óskipt vegna fjölgunar nemenda umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarpsins. Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum vegna 7.342 nemendaígilda, en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að þau verði 200 fleiri.

Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Byggingarframkvæmdir, óskipt. Leiðrétt er framsetning á fjárlagaliðnum til samræmis við greinargerð með frumvarpinu. Þannig lækkar þetta viðfangsefni um 13 millj. kr. og viðfangsefnið 6.95 Tæki og búnaður, óskipt hækkar um sömu fjárhæð.

Tæki og búnaður, óskipt. Hér er lögð er til 28 millj. kr. hækkun. Annars vegar er um að ræða fyrrgreinda 13 millj. kr. hækkun til leiðréttingar og hins vegar er gerð tillaga um 15 millj. kr. tímabundið framlag til að styrkja tilraunaverkefni með fartölvur og þráðlaus net í þremur framhaldsskólum, sem eru þróunarskólar í upplýsingatækni, vegna kostnaðar við öryggisskápa, tengingar á sendum og kaup á skjávörpum.

Myndlistarskólinn í Reykjavík. Gerð er tillaga um 4,6 millj. kr. tímabundið framlag vegna framkvæmda sem varða viðhald og öryggi í skólahúsnæðinu.

Myndlistarskólinn í Kópavogi. Vegna vaxandi aðsóknar að skólanum er lagt til að framlög til hans hækki um 0,5 millj. kr.

Fjölbrautaskóli Vesturlands. Gerð er tillaga um 3,9 millj. kr. hækkun á greiðsluheimild liðarins til leiðréttingar á skekkju sem gerð var við framsetningu innritunargjalda sem ríkistekna í stað sértekna við undirbúning frumvarpsins. Fjárveiting verður óbreytt eftir sem áður.

Við Námsgagnastofnun er lögð til 20 millj. kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði sem hlýst af breytingum á

námsefni og gerð nýs námsefnis í framhaldi af nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 29,5 millj. kr. hækkun vegna fimm verkefna. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 15 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til átaks í fjarvinnsluskrám safnsins í gagnagrunninn Sarp. Mikilvægt þykir að gera nokkurra ára átak í því að koma sem mestum upplýsingum í Sarp sem fyrst svo að grunnurinn geti farið að gegna hlutverki sínu eins og til er ætlast. Nú vinna þrír starfsmenn að skráningu í grunninn. Í öðru lagi er lögð til 7 millj. kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi Reykholtsrannsókna. Í þriðja lagi er gerð er tillaga um 4 millj. kr. tímabundna hækkun fjárveitinga til safnsins til að gera því unnt að taka til varðveislu og skráningar málverkasafn Bjarna Jónssonar um íslenska sjávarhætti ef verður af kaupum á því. Safnið er til marks um viðamiklar athuganir Bjarna á sjóminjum og sögu fiskveiða. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 2 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til safnsins til kaupa á sérfræðiþjónustu af Fornleifastofnun Íslands. Samningur er milli safnsins og Fornleifastofnunar um úrvinnslu rannsóknar á Stóru-Borg og ber safninu að leggja fram 2 millj. kr. árið 2001. Loks er í fimmta lagi gerð tillaga um tímabundna 1,5 millj. kr. fjárveitingu til að ljúka fornleifarannsóknum í Hólmi í Austur-Skaftafellssýslu en þar er talið að hafi verið blótstaður bænda.

Undir liðnum Byggða- og minjasöfn er lagt til að framlög til byggða- og minjasafna hækki alls um 31,3 millj. kr. Í fyrsta lagi er þar um 15,6 millj. kr. hækkun til safnanna að ræða en engin raunhækkun á fjárveitingum er á milli ára í fjárlagafrumvarpinu. Haft verði að leiðarljósi að fjárveiting nýtist vel í öllum landsfjórðungum. Þá er í öðru lagi gerð tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði. Vatneyrarhúsið á Patreksfirði var starfsstöð athafnamannsins Ólafs Jóhannssonar, en hann var einn af mestu athafnamönnum landsins á fyrri hluta 20. aldar. Í Vatneyrarbúðinni eru minjar um merka sögu, en miðað er við endurgerð eins og var þegar stöðin stóð í mestum blóma. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 3,7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að hefja rannsóknir á hinum forna verslunarstað á Gásum í Eyjafirði. Gerð og framkvæmd rannsóknaáætlunar munu fara fram undir faglegri yfirstjórn Þjóðminjasafns Íslands sem einnig mun annast forvörslu forngripa. Minjasafninu á Akureyri eða jafngildum aðila verður falin varðveisla gripanna í þeim tilgangi að þeir nýtist í varanlega sýningu um verslun á miðöldum. Loks er gerð tillaga um að veita Byggðasafni Snæfellinga 2 millj. kr. tímabundið framlag til endurbyggingar og viðgerða á gömlum breiðfirskum bátum.

Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Þetta er nýtt viðfangsefni. Hér er gerð tillaga um að veitt verði 12 millj. kr. tímabundið framlag til að koma á fót Samgöngusafni Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Tilgangur með stofnun þess er að safna til varðveislu tækjum og minjum sem sýna þróun í samgöngum landsmanna frá upphafi aldarinnar.

Endurbygging kútters Sigurfara. Lögð er til 6 millj. kr. tímabundin fjárveiting á þessu viðfangsefni sem er nýtt. Kútter Sigurfari er eini kútterinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi, smíðaður 1885 í Bretlandi og keyptur til Íslands 1897.

Þjóðskjalasafn Íslands. Héraðsskjalasöfn. Gerð er tillaga um 2,1 millj. kr. hækkun á þessum safnlið héraðsskjalasafna.

Söfn, ýmis framlög. Breytingar sem lagðar er til á þessum lið nema 111,5 millj. kr. til hækkunar. Ný viðfangsefni á liðnum eru 1.41 og 6.25–6.37.

Lagt er til að fjárveitingar til Nýlistasafnsins hækki um 1 millj. kr. Til að bæta rekstur safnsins hefur sú breyting orðið á starfsemi þess að sýningarstjórn er í höndum stjórnar safnsins og salir ekki leigðir út en áður var valið úr umsóknum og sýningarsalir leigðir. Stefnt er að því að ráða starfsmann á skrifstofu safnsins til viðbótar við framkvæmdastjóra. Aðkallandi úrbóta er þörf á húsnæði vegna brunavarna.

Galdrasýning á Ströndum. Lögð er til 15 millj. kr. tímabundin fjárveiting. Fyrsti áfangi hennar hefur verið opnaður á Hólmavík í gömlu pakkhúsi sem var innréttað og lagfært. Áætlað er að byggja frekar upp Galdrasýningu á Ströndum í Hrútafirði, Bjarnarfirði og Árnesi.

Gerð er tillaga um að safnliðurinn 1.90 Söfn hækki um 12 millj. kr. og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans.

Gerð er tillaga um að veita Sögusetrinu á Hvolsvelli 7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu næsta ár til stuðnings við framkvæmdir eins og endurbætur á aðstöðu og endurnýjun á gripum sem gestum er boðið að skoða á sýningunni Á Njáluslóð. Þá þarf að koma upp nauðsynlegum öryggisbúnaði til að hægt sé að hafa til sýnis upprunalega muni, svo sem Njáluhandrit og muni sem fundist hafa á Njáluslóðum.

Hvalamiðstöð á Húsavík. Gerð er tillaga um að veita Hvalamiðstöðinni á Húsavík 6 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til áframhaldandi endurbóta og uppbyggingar á húsnæði miðstöðvarinnar en gengið hefur verið frá kaupum á húsnæði Kaupfélags Þingeyinga, gamla sláturhúsinu, undir framtíðarstarfsemi.

Geysisstofa í Haukadal. Gerð er tillaga um að veita Geysisstofu 7 millj. kr. fjárveitingu til þriggja ára vegna stofnkostnaðar. Geysisstofa var formlega opnuð í júlí sl. Þar er að finna fjölþættan fróðleik um jarðfræði Íslands. Heildarkostnaður varð um 80 millj. kr.

Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til endurbyggingar vélbátsins Blátinds. Blátindur VE er einn af 76 þilfarsvélbátum sem byggðir voru í Vestmannaeyjum á 20. öld, 45 lesta eikarbátur, en við endurbyggingu Skansins í Vestmannaeyjum og stafkirkjusvæðisins hefur verið gert ráð fyrir Blátindi. Báturinn var smíðaður 1947 en hann er síðasti báturinn sem eftir er úr fyrrgreindum flota, heimasmíðuðum í Eyjum.

Endurbygging á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum. Lagt er til að Herjólfsbæjarfélaginu verði veitt 10 millj. kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Herjólfsbæjar. Miðað er við að endurbyggð verði þrjú samtengd hús, íbúðarhús, verkstæði og fjós. Unnið hefur verið að undirbúningi á þessu þekkta bæjarstæði landnámsmannsins Herjólfs en hugsanlega er þarna um að ræða elsta þekkta bæjarstæði á Íslandi. Afla að hefur verið fjár til undirbúnings varðandi teikningar og grunnvinnu en áætlaður kostnaður við uppbygginguna er 44 millj. kr.

Sögusafnið í Reykjavík. Lagt er til 18 millj. kr. tímabundið framlag til Sögusafnsins í Reykjavík. Með uppbyggingu safnsins sem fengið hefur inni í einum af vatnstönkunum í Öskjuhlíð er markmiðið að bregða upp myndum af mikilvægum atburðum og persónum Íslandssögunnar í eins konar

vaxmyndasafnastíl, en safnið er hugsað sem innlegg í sögunám grunnskólanema og jafnt fyrir innlenda ferðamenn sem erlenda.

Bátasafn á Suðurnesjum. Gerð er tillaga um 8,5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til bátasafns sem sett verður upp á Suðurnesjum. Þar verður safn Gríms Karlssonar skipstjóra í Njarðvíkum sem hefur smíðað einstakt safn líkana af skipum. Þau sýna þróun skipa síðustu 100 ár frá upphafi vélbátaútgerðar á Íslandi.

Sjóminja- og smiðjumunasafn. Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundna fjárveitingu vegna flutnings Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar frá Reykjavík til Neskaupstaðar. Athafnamaðurinn Jósafat Hinriksson safnaði í áratugi ýmsum merkum hlutum á vettvangi sjávarútvegs og smiðja sem tengjast veiðum og vinnslu. Afkomendur Jósafats buðu Fjarðabyggð safnið að gjöf, en frá árinu 1988 var safnið í verksmiðjuhúsi Jósafats við Súðavog í Reykjavík. Fjárveitingin er ætluð til að koma upp aðstöðu yfir safnið í Neskaupstað.

Sjóminjasafn Íslands. Lögð er til 2,5 millj. kr. tímabundin fjárveiting til safnsins til að gera upp uppskipunar- og flutningabát frá 1900, Friðþjóf, en hann var síðast notaður fyrir hálfri öld. Ráðgert er að flytja bátinn frá Miðhúsum í Reykhólasveit til Bolungarvíkur og gera hann upp þar.

Jöklasafn. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Jöklasafns á Hornafirði sem tengist náttúru Austur-Skaftafellsýslu og jöklabúskap þar.

Safnasafnið á Svalbarðsströnd. Lagt er til að safnið, sem byggist á íslenskri alþýðulist, fái 3 millj. kr. tímabundna fjárveitingu.

Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi. Lögð er til 4 millj. kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar Tryggvaskála á Selfossi sem hefur staðið yfir í nokkur ár.

Síldarminjasafnið á Siglufirði. Gerð er tillaga um að veita safninu 6 millj. kr. tímabundið framlag til að styrkja starfsemi þess.

Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði. Lagt er til að veitt verði 6 millj. kr. tímabundið framlag til endurbóta á húsinu sem er frá 18. öld.

Gerð er tillaga um 20 millj. kr. hækkun á framlögum til Endurbótasjóðs menningarstofnana og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans. Þar sem liðurinn er fjármagnaður með mörkuðum tekjum af sérstökum eignarskatti verður gerð breytingartillaga við 6. gr. frumvarpsins við 3. umr. um það.

Kaupvangur á Vopnafirði. Gerð er tillaga um 14 millj. kr. tímabundið framlag til að ljúka endanlegri hönnun á innviðum Kaupvangs á Vopnafirði og gera endanlega kostnaðaráætlun auk þess að hefjast handa við lagfæringu 1. hæðar hússins. Húsið hefur verulegt gildi fyrir sögu bæjarins og bæjarmyndina í heild en það var sem kunnugt er byggt af sama byggingarmeistara og byggði Alþingishúsið.

Lagt er til að Reykjanesbæ verði veittur 10 millj. kr. tímabundinn styrkur til endurbóta á Duushúsunum í Keflavík með það fyrir augum að menningarmiðstöð bæjarins verði þar til húsa í framtíðinni, til eflingar menningu og ferðaþjónustu. Um er að ræða tvö gömul hús, Gömlu búð og Bryggjuhúsið, sem eru frá síðari hluta 19. aldar. Húsafriðunarnefnd ríkisins styrkti húsin um 500.000 kr. árið 2000. Þær aðgerðir sem nú þegar hafa verið unnar við húsin hafa aðallega beinst að því að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Húsafriðunarsjóður. Lögð er til 26,5 millj. kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framlög til Húsafriðunarsjóðs hækki um 15 millj. kr. vegna mikilla verkefna. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að 5 millj. kr. tímabundin fjárveiting fari til viðgerðar og endurbyggingar á svonefndu Syðstabæjarhúsi í Hrísey en það er elsta hús eyjarinnar, reist af Hákarla-Jörundi. Í þriðja lagi er um að ræða 3 millj. kr. tímabundið framlag vegna endurbóta á Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Í fjórða lagi er lagt til að Grýtubakkahreppi verði veittur 2 millj. kr. tímabundinn styrkur til að endurbæta beituskúr á Grenivík sem er minjar um gamla atvinnuhætti. Skúrinn er í eigu sveitarfélagsins og er Minjasafnið á Akureyri tilbúið að taka að sér rekstur hússins að viðgerðum loknum. Viðgerðir eru hafnar og hefur verið framkvæmt fyrir um 1 millj. kr. Styrkur hefur tvisvar fengist frá Húsafriðunarsjóði. Loks er gert ráð fyrir 1,5 millj. kr. tímabundnu framlagi til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal sem var upprunalega byggð á árunum 1836–1838. Hún er með stærstu réttum á landinu og þykir mjög sérstök en efnið í henni er hraungrjót. Á síðastliðnu sumri var hafist handa um uppbyggingu réttarinnar. Minjavörður Þjóðminjasafns Íslands hefur samið álitsgerð um réttina.

Ýmis fræðistörf. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til bókaútgáfunnar til að vinna að útgáfu Íslendingasagnanna á ensku í ritröðinni Penguin Classics. Samræmd heildarþýðing á Íslendingasögunum á ensku kom út árið 1997. Nú hefur verið samið við útgáfufyrirtækið Penguin um útgáfu á stökum sögum til að koma til móts við margvíslegar þarfir markaðarins og var Íslendingum falið að annast allan undirbúning og vinnu við ritstjórn bókanna. Tíu bækur verða gefnar út og hyggst Penguin stórauka útbreiðslu sagnanna og bjóða þær fram í stærra upplagi og í fleiri bókabúðum en áður.

Hið íslenska bókmenntafélag. Lögð er til 3 millj. kr. tímabundin hækkun á fjárveitingum Hins íslenska bókmenntafélags. Verður fjármununum einkum varið til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er gerð staðanafnaskrár, atriðisorðaskrár og ritaskrár yfir Annála 1400–1800, í öðru lagi Laufás I – Staðurinn, í þriðja lagi er um að ræða kaup á lager bókanna Kortasaga Íslands I–II og loks er það vinnsla lærdómsrita Bókmenntafélagsins og ritröðin Íslenzk heimspeki.

Alþjóðleg samskipti. Gerð er tillaga um 17,1 millj. kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir ferðalögum frambjóðanda, 10 mánaða launum viðbótarstarfsmanns í sendiráði Íslands í París á árinu 2001 til að sinna framboðinu, leigu og rekstri á húsnæði í skrifstofubyggingu UNESCO, risnu og launum starfsmanns í hálfu starfi á Íslandi á framboðstímanum.

Lögð er til 15,5 millj. kr. hækkun framlags til að greiða aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við endurskoðaða kostnaðaráætlun.

Farið er fram á 3 millj. kr. hækkun framlags til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna til að mæta óhagstæðri gengisþróun. Framlag til stofnunarinnar er áætlað 11,5 millj. kr. í fjárlagafrumvarpinu.

Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundna hækkun framlaga til félagsins. Það hefur staðið fyrir tveimur stórum viðburðum í ár, samnorrænu verkefni, Kultur og ungdom, og unglingalandsmóti. Næsta ár verður 23. landsmót UMFÍ haldið á Austur-Héraði.

Lagt er til að rekstrarstyrkur Bandalags íslenskra skáta hækki um 3,5 millj. kr. svo að hann fylgi almennum verðhækkunum og komi einnig til móts við stóraukin umsvif landshreyfingarinnar. Meðal verkefna sem lögð er áhersla á hjá bandalaginu eru fræðslumál, útgáfumál og aðstoð við skátafélög um allt land. Þá er skátahreyfingin stærsti formlegi félagsskapur barna og unglinga í heiminum. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er bandalaginu dýr en samstarf við útlönd er forsenda fyrir tilvist og þróun starfseminnar.

Lagt er til að Bandalag íslenskra skáta fái 0,5 millj. kr. tímabundinn styrk til reksturs útilífsmiðstöðvar skáta og Skátaskólans á Úlfljótsvatni.

Lagt er til að fjárveiting til Landssambands KFUM og KFUK hækki um 4 millj. kr. og verði 11 millj. kr. Heildarkostnaður við starfið er um 100 millj. kr. og launagreiðslur jafngilda 30 stöðugildum en mikil sjálfboðavinna er unnin í félaginu. Reknar eru fimm sumarbúðir og fer unglingastarf fram vítt og breitt um landið og hefur aukist síðustu ár. Þá fer leiðtogafræðsla fram á vegum KFUM og KFUK.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Gerð er tillaga um 16 millj. kr. hækkun framlags til sambandsins. Annars vegar er um að ræða 8 millj. kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við sumar- og vetrarólympíudaga Evrópuæskunnar sem haldnir verða næsta ár og hins vegar er 8 millj. kr. framlag til að styrkja stöðu sérsambanda ÍSÍ.

Ólympíunefnd fatlaðra. Lögð er til tímabundin 1,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga til ólympíunefndar fatlaðra.

Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð. Á þessu nýja viðfangsefni er gerð tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Tungudal við Skutulsfjörð. Eftir að snjóflóð féllu í Seljalandsdal 1994 var hafist handa við skíðalyftu í Tungudal og endurbyggingu í Seljalandsdal, en eftir snjóflóð 1998 þegar skíðalyftan í Seljalandsdal eyðilagðist aftur var ákveðið að öll uppbygging yrði í Tungudal. Sú uppbygging er styrkt eftir fyrri hrakfarir.

Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 12 millj. kr. og er skipting liðarins sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans undir númerinu 1.90.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að veitt verði 6 millj. kr. framlag til að efla fíkniefnaeftirlit á Keflavíkurflugvelli með fjölgun leitarhunda. Framlagið er ætlað til kaupa á bifreið til að flytja hundana og einnig til þjálfunar og gæslu þeirra.

Friðargæsla. Sótt er um 17 millj. kr. fjárveitingu til að fjölga íslenskum starfsmönnum í alþjóðlegu friðargæslu- og uppbyggingarstarfi um fimm á árinu 2001.

Landbúnaðarráðuneyti. Yfirstjórn. Lagt er til að 2 millj. kr. framlag vegna aksturskostnaðar falli niður.

Gerð er tillaga um að safnliðurinn Ýmis verkefni hækki um 7 millj. kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hluti af tekjum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins af rannsóknastofum yrði innheimtur af Iðntæknistofnun. Þar sem ekki hefur verið gengið endanlega frá málinu er tillagan dregin til baka og verður málið endurskoðað í ljósi niðurstöðunnar á næsta ári.

Veiðimálastofnun. Lögð er til 4 millj. kr. fjárveiting til að sinna áfram tilraunastarfi, þekkingaröflun og ráðgjöf í ræktun kræklings en gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir a.m.k. næstu þrjú ár. Kynningar hafa farið fram á verkefninu og nú hefur á annan tug aðila hafið tilraunarækt á kræklingi víðs vegar um landið.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lögð er til 2 millj. kr. hækkun á framlagi til reksturs háskóladeilda skólans.

Garðyrkjuskóli ríkisins. Gerð er tillaga um 3,3 millj. kr. fjárveitingu í þrjú ár til uppbyggingar á sérhæfðri rannsóknaraðstöðu til rannsókna á særoki og saltskemmdum á trjágróðri og vegna doktorsverkefna á sviði plöntulífeðlisfræði og plöntunæringarfræði. Aðstöðunni mun verða komið upp við Garðyrkjuskólann og er gert ráð fyrir að hún nýtist vísindamönnum og til kennslu í skólanum.

Lögð er til 15 millj. kr. lokagreiðsla til byggingar garðyrkjumiðstöðvar við Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Í miðstöðinni verður í sama húsnæði leiðbeiningarþjónusta, tilraunastjórn, kennarar, Samband garðyrkjubænda, endurmenntunarstjóri, móttaka og skólameistari. Um 125 m hafa þegar verið teknir í notkun með breytingum á núverandi húsnæði skólans en til stendur að hefja byggingu 425 m viðbyggingar við hann. Verklok eru áætluð í maí 2002.

Landgræðsla ríkisins. Lagt er til að veitt verði 10 millj. kr. framlag til verkefnisins Bændur græða landið, en verkefnið er liður í átaki stofnunarinnar við bindingu kolefnis.

Landshlutabundin skógrækt. Gerðar eru tillögur um 70,6 millj. kr. hækkun á framlögum til liðarins og eitt nýtt viðfangsefni sem er Austurlandsskógar.

Suðurlandsskógar. Lagt er til að framlög til Suðurlandsskóga hækki um 19,6 millj. kr. svo að þau verði í samræmi við áætlanir og fyrri samþykktir og hægt verði að standa við samninga sem gerðir hafa verið við trjáplöntuframleiðendur.

Vesturlandsskógar. Lögð er til 13 millj. kr. hækkun á framlagi til Vesturlandsskóga sem verða þá 34 millj. kr. Fjárþörfin miðast við þann fjölda plantna sem samið hefur verið um framleiðslu á og að gerðar verði nýjar ræktunaráætlanir til 10–20 ára fyrir 30 jarðir og skjólbeltaáætlanir fyrir allt að 50 jarðir.

Skjólskógar, Vestfjörðum. Lagt er til að framlag til Skjólskóga á Vestfjörðum hækki um 9 millj. kr. og verði alls 30 millj. kr. Stígandi verkefnisins verður hraðari en gert var ráð fyrir þar sem undirbúningsvinnan í ár nægir til að taka nýliða hraðar í verkefnið og flýta þannig áætlun um eitt ár.

Norðurlandsskógar. Lögð er til 19 millj. kr. hækkun á framlagi til Norðurlandsskóga sem verður þannig 50 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir í 40 ára framkvæmdaáætlun.

Austurlandsskógar. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. fjárveitingu sem varið verði til að kanna áhuga á skógrækt á svæðum á Austurlandi utan Héraðsskóga og til að hefja samninga við skógræktarbændur á því svæði.

Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Þar er lagt til að greiðslur í Lífeyrissjóð bænda lækki um 8 millj. kr. Ástæða lækkunarinnar er að 6% af beingreiðslum fara til beingreiðsluhafa sem eru eldri en 70 ára, en skv. 5. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, skal ekki greiða iðgjöld í sjóðinn lengur en til 70 ára aldurs.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Þar er lagt til að greiðslur í Lífeyrissjóð bænda lækki um 7,7 millj. kr. Ástæða lækkunarinnar er að 10,4% af beingreiðslum fara til beingreiðsluhafa sem eru eldri en 70 ára, en skv. 5. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, skal ekki greiða iðgjöld í sjóðinn lengur en til 70 ára aldurs.

Bændasamtök Íslands. Lögð er til 26,7 millj. kr. hækkun á þessum lið vegna samningsbundinnar endurskoðunar

á samningi við Bændasamtök Íslands frá 5. mars 1999. Hækkunin verður á eftirfarandi þremur viðfangsefnum:

Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Gerð er tillaga um 12,2 millj. kr. hækkun. Þar af eru 5,7 millj. kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 6,5 millj. kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.

Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Gerð er tillaga um 8,1 millj. kr. hækkun. Þar af eru 3,8 millj. kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 4,3 millj. kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.

Búfjárrækt. Gerð er tillaga um 6,4 millj. kr. hækkun. Þar af eru 3 millj. kr. vegna vanáætlaðrar greiðslu í lífeyrissjóð og 3,4 millj. kr. vegna verðlagsbóta á laun fyrir árin 2000 og 2001.

Fiskeldisrannsóknir. Lagt er til að framlag til Stofnfisks hf. hækki um 1,1 millj. kr. Hækkunin er í samræmi við verðlagsákvæði samnings við fyrirtækið.

Sjávarútvegsráðuneyti. Undir liðnum Ýmis verkefni:

Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundna hækkun á þessum lið til sjóvinnukennslu unglinga á vegum Haftinds ehf. Fjárveitingin er háð því að gerður verði þjónustusamningur um verkefnið.

Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins. Lagt er til að veitt verði 10 millj. kr. tímabundið framlag til kynningar á málstað og sjónarmiðum Íslendinga varðandi hvalveiðar. Í frumvarpi til fjárlaga 2001 er gert ráð fyrir 15 millj. kr. tímabundinni fjárveitingu til sama verkefnis. Gert er ráð fyrir að kynning á málstað og sjónarmiðum Íslendinga verði látin ná til fleiri ríkja, svo sem Bretlands og Þýskalands.

Ýmislegt. Lögð er til 38 millj. kr. hækkun á liðnum og er hún af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 27 millj. kr. til að standa undir kostnaði af ráðstefnu sem haldin verður hér á landi haustið 2001 í samvinnu við Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Í heild er búist við 500–650 þátttakendum. Fjármögnun ráðstefnunnar er tvíþætt. Annars vegar er fjármögnun kostnaðar sem verður til hjá FAO. Áætlað er að sá kostnaður verði um 550 þús. Bandaríkjadalir. Ísland, Noregur og FAO munu skipta þessum kostnaði á milli sín og hefur verið áætlað fyrir honum í fjárlagafrumvarpi 2001 hjá utanríkisráðuneytinu á viðfangsefninu 03-190 1.19 Ráðstefnur, samtals 21,6 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að innlendur kostnaður verði um 27 millj. kr. Heildarkostnaður vegna ráðstefnunnar er því áætlaður 48,6 millj. kr.

Í öðru lagi er gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að ljúka hagkvæmniathugun á kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og í Húnaþingi og til efnagreininga og vinnu að umhverfisrannsóknum. Fjárlaganefnd veitti í fyrra 4 millj. kr. tímabundið framlag til könnunar á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og í Húnaflóa hins vegar, 2 millj. kr. á hvorn stað. Það varð að samkomulagi milli Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. og sveitarstjórnar Húnaþings vestra að Atvinnuþróunarfélagið fengi alla fjárhæðina gegn því að Húnaþing vestra fengi aðgang að rannsóknarniðurstöðum. Tekist hefur að ljúka endurvarpsmælingum, borunum og sýnatökum og gagnaöflun vegna hagkvæmniathugunar að mestu en ljúka þarf verkinu. Vitað er um áhuga erlendra aðila á þátttöku í uppbyggingu verksmiðju í Arnarfirði ef niðurstöður nákvæmra efnagreininga og hagkvæmniathugunar verða jákvæðar.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 1 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða til að safna gögnum og hefja mælingar við innanvert Ísafjarðardjúp með tilliti til nýtingar auðlinda svæðisins.

Hafrannsóknastofnunin. Rannsóknaskip. Hér er lögð til 13,5 millj. kr. hækkun sem skýrist af tvennu. Annars vegar er gerð tillaga um 8 millj. kr. viðbótarframlag vegna hækkana á olíuverði á heimsmarkaði sem leitt hafa til aukins kostnaðar við útgerð rannsóknaskipa stofnunarinnar. Þá er gerð er tillaga um að veita 5,5 millj. kr. tímabundið framlag til hafrannsóknaskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip 60 daga á ári. Flestum börnum í 9. og 10. bekk grunnskóla gefst kostur á að fara í kynnisferð með skipinu og um borð er fararstjóri frá Hafrannsóknastofnuninni sem hefur umsjón með fræðslu. Kostnaður við rekstur skipsins er um 11 millj. kr. á ári.

Fiskistofa. Lögð er til 25 millj. kr. fjárveiting til að fjölga veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum um fimm til viðbótar við þá fimm sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu. Áætlað er að hækka veiðieftirlitsgjald sem stendur undir rekstri veiðieftirlitsins um sömu fjárhæð.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gerð er tillaga um 3,7 millj. kr. fjárveitingu vegna hækkana á gjöldum umfram forsendur fjárlaga vegna reksturs á húseignum í Keldnaholti. Um er að ræða kostnað vegna rafmagns, hita og ræstinga, svo og fasteignagjalda og opinberra gjalda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lögð er til 25 millj. kr. hækkun framlags til að standa straum af opinberri réttaraðstoð en á það viðfangsefni er færður kostnaður vegna gjafsókna. Hann hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og var halli á liðnum í lok síðasta árs rúmar 24 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir 64 millj. kr. framlagi vegna halla þessa og síðasta árs.

Ríkissaksóknari. Lagt er til að framlag til embættis ríkissaksóknara verði hækkað um 0,7 millj. kr. vegna endurskoðunar á húsaleigusamningi sem rennur út um næstu áramót.

Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að áætlaðar sértekjur bílabanka ríkislögreglustjóra verði hækkaðar um 2,4 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er framlag til kaupa á tveimur bifreiðum sem aðallega verða ætlaðar til tollgæslu hjá sýslumannsembættunum á Akureyri og í Keflavík. Talið er að fastagjaldið fyrir leigu á bifreiðunum muni nema um 0,6 millj. kr. og miðað við reynslutölur af akstri verði kílómetragjaldið um 1,8 millj. kr. Gerð er tillaga um að framlag til embættanna hækki um 2,4 millj. kr. og verður því ekki nettóútgjaldaauki af þessu fyrirkomulagi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að sértekjur lögreglunnar í Reykjavík lækki um 3 millj. kr. Tekjur embættisins hafa að hluta verið færðar sem sértekjur en eru í reynd skatttekjur og eiga að renna í ríkissjóð en ekki til rekstrar embættisins.

Áfengis- og fíkniefnamál. Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála. Gerðar eru tvær tillögur til hækkunar á þessu viðfangsefni og nema þær 25 millj. kr. Í fyrri tillögunni er lagt til að veitt verði 20 millj. kr. fjárheimild til þess að mæta sérstökum kostnaði við rannsóknir meiri háttar fíkniefnamála. Reynsla síðustu ára sýnir að oft hefur komið til óvæntra útgjalda vegna rannsókna stærstu mála. Er þar oft um að ræða beinan útlagðan kostnað vegna aðkeyptrar tæknivinnu en einnig sérstaka álagstíma í vinnu lögreglunnar að rannsókn fíkniefnamála, svo sem þegar fjöldi manna liggur undir grun en það getur kallað á stöðugt eftirlit. Einnig er mikilvægt að rannsókn gangi hratt fyrir sig þegar

fjöldi manna sem grunaðir eru um aðild að máli hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Lagt er til að fjárheimildin verði á safnlið löggæslu og að henni verði úthlutað árlega af dómsmálaráðuneytinu.

Í síðari tillögunni er lagt til að 5 millj. kr. verði varið til þess að koma rekstri sporhunda og fíkniefnaleitarhunda á varanlegan grundvöll. Nauðsynlegt þykir að koma á föstum framlögum til þjálfunar sporhunda, annaðhvort á vegum lögregluembætta eða með samningum við björgunarsveitir. Notkun lögreglu á sporhundum hefur sannað gildi sitt, en björgunarsveitir sem annast þjálfun og rekstur hundanna hafa fengið takmarkaða styrki frá ríkinu til þess. Notkun fíkniefnaleitarhunda færist einnig stöðugt í aukana samhliða öflugri fíkniefnalöggæslu. Er mikilvægt að viðhalda þjálfun fíkniefnahunda um allt land á næsta ári en tímabundið framlag var veitt til hennar á þessu ári á lið ríkislögreglustjóra. Lögreglu- og tollyfirvöld annast rekstur fíkniefnaleitarhunda en samkomulag er á milli ríkislögreglustjóra og ríkistollstjóra um samnýtingu fíkniefnahunda.

Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um 25 millj. kr. fjárveitingu sem varið verði til að efla löggæslu með því að fjölga lögreglumönnum, einkum á sviði fíkniefnalöggæslu. Að undanförnu hefur fjölgað verulega stórum og tímafrekum rannsóknum í fíkniefnamálum og er fyrirhugað að bæta við mannafla í fíkniefnalöggæslu til þess að anna miklu og viðvarandi álagi. Fjárhæðin samsvarar launum sex lögreglumanna ásamt tengdum kostnaði. Við það er miðað að fyrir áramót liggi fyrir nánari tillögur um ráðstöfun á fjárhæðinni.

Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði. Gerð er tillaga um að sértekjur sýslumannsembættisins á Höfn í Hornafirði lækki um 0,2 millj. kr. og gjöld hækki um 0,2 millj. kr. Með breytingum á lögum nr. 87/2000 var Höfn í Hornafirði gerð að aðaltollhöfn. Við þá breytingu féll niður heimild til að innheimta gjald fyrir tollþjónustu. Tekjur af þessu gjaldi hafa verið um 0,4 millj. kr. á ári.

Sýslumaðurinn í Keflavík. Lagt er til að veitt verði 1,2 millj. kr. fjárframlag til sýslumannsembættisins í Keflavík vegna aukinna leigugjalda til bílabanka ríkislögreglustjóra. Ég hef áður skýrt ástæðuna fyrir þessum tillögum.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði. Lagt er til að sértekjur yfirstjórnar sýslumannsembættisins í Hafnarfirði verði felldar niður en þær nema 1,1 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu. Tekjur embættisins hafa verið færðar sem sértekjur en þær eru í reynd skatttekjur. Lagt er til að sértekjur tollgæslu sýslumannsembættisins í Hafnarfirði lækki um 0,3 millj. kr. Allar þessar tillögur eru því marki brenndar að hér er um leiðréttingar að ræða.

Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að framlag til miðstöðvarinnar verði hækkað um 26,2 millj. kr. í kjölfar endurskoðunar á samningi við Skráningarstofuna hf. um rekstur miðstöðvarinnar frá því í október. Í samningnum er kveðið á um endurmat á gildandi samningi og viðbót vegna Schengensamningsins, Útlendingaeftirlitsins o.fl. auk bakvakta vegna Schengen-samningsins.

Biskup Íslands. Lögð er til 10 millj. kr. hækkun fjárveitinga til að vinna að framkvæmdum á lóð Hallgrímskirkju. Stefnt er að því að ljúka þar framkvæmdum árið 2002 og er þörf fyrir sömu fjárhæð næsta ár til að það takist.

Dómkirkjan í Reykjavík. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. fjárveitingu til viðgerða og endurbóta á kirkjunni. Kostnaður við endurbætur er að nálgast 200 millj. kr. en kostnaðarauki er einkum vegna ófyrirséðra verka við þakvirki kirkjunnar.

Auðunarstofa. Gerð er tillaga um 21 millj. kr. tímabundna hækkun á framlagi til að ljúka verkefnum í tengslum við móttöku gjafar Norðmanna, Auðunarstofu.

Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti. Gerð er tillaga um 8,5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til þessa nýja viðfangsefnis. Unnið er að uppbyggingu rannsóknarstofnunar í helgisiðafræðum í Skálholti en stofnuninni hafa m.a. verið afhent gögn umfangsmikillar rannsóknar Collegium Musicum.

Kirkjugarðsgjöld. Lagt er til að Kirkjugarðasambandi Íslands verði veitt 3 millj. kr. tímabundið framlag til styrktar verkefni sem felst í því að skrá legstaði og söguupplýsingar í eldri kirkjugörðum til framsetningar á veraldarvefnum. Kirkjugarðasambandið hefur ráðist í tölvuskráningu kirkjugarða og stofnað um það sjálfstætt félag. Markmið þess er að bæta skipulag og stjórn kirkjugarða, gera upplýsingar um kirkjugarða og legstaðaskrár aðgengilegar almenningi og að safna og varðveita menningarlegar heimildir um kirkjugarða og legstaði og gera aðgengilegar á veraldarvefnum. Stefnt er að því að verkefnið verði unnið á Akureyri og Blönduósi.

Félagsmálaráðuneyti. Lagt er til að veitt verði 26 millj. kr. framlag til unglingameðferðarheimilisins Götusmiðjunnar til að efla starfsemi heimilisins. Gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa geri samning við heimilið þar sem nánar verði kveðið á um hvernig framlaginu verði varið.

Málefni fatlaðra. Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. Gerð er tillaga um tímabundna fjárheimild að fjárhæð 36,9 millj. kr. vegna ofmats í frumvarpinu á lækkun útgjalda stofnana ráðuneytisins í kjölfar stofnunar fæðingarorlofssjóðsins. Tillagan miðar að því að leiðrétta framlög til stofnana sem til þessa hafa ekki greitt, eða aðeins greitt að hluta, laun í barnsburðarleyfum og til rekstrarverkefna samkvæmt þjónustusamningum.

Styrktarfélag vangefinna. Lögð er til 8 millj. kr. viðbótarfjárveiting til að gera þjónustusamning við Styrktarfélag vangefinna.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gerð er tillaga um 1.800 millj. kr. hækkun á liðnum og er hún tvíþætt. Annars vegar er lagt til að veitt verði 1.100 millj. kr. framlag í sjóðinn til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja. Framlagið er ákvarðað í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og er framlagið reiknað sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Hins vegar er farið fram á 700 millj. kr. tímabundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga og í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar sem skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í október 2000. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað til sveitarfélaga eftir reglum sem settar verða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Vinnumálastofnun. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundna fjárheimild til kaupa á húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Austurlands á Egilsstöðum. Leigusamningur við eigendur rennur út í árslok 2000 og ekki hefur tekist að finna hentugt leiguhúsnæði þrátt fyrir ítarlega athugun.

Vinnumál. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag til liðarins.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Gerð er tillaga um 104 millj. kr. tímabundið framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2000 um að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og verða hæfari til að takast á við ný verkefni. Samhliða gerðu forvígismenn atvinnurekenda og félagsmálaráðherra samkomulag um 104 millj. kr. framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2001, 53 millj. kr. framlag árið 2002 og 43 millj. kr. framlag árið 2003 eða alls 200 millj. kr.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að framlög til Klúbbsins Geysis verði hækkuð um 1,8 millj. kr. vegna aukinna umsvifa. Markmið klúbbsins er að reka vinnumiðlun fyrir geðfatlað fólk auk annarrar starfsemi í þágu þess. Klúbburinn hefur tvo starfsmenn en þörf er á þeim þriðja.

Krossgötur, endurhæfingarheimili. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundna hækkun á styrk til starfsemi Krossgatna.

Byrgið, líknarfélag. Lögð er til 5 millj. kr. tímabundin hækkun á fjárveitingum til Byrgisins til reksturs afeitrunardeildar í Hafnarfirði og áfangahúss fyrir fólk sem ekki hefur í önnur hús að venda. Áformað er að þar verði langtímameðferð sem geti varað í allt að þrjú ár.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Þetta er nýtt viðfangsefni og hér er farið fram á 7 millj. kr. fjárveitingu vegna stofnunar Nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, samanber tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 9. maí 2000.

Blindrafélagið, burstavél. Lagt er til að Blindrafélagið fái 10 millj. kr. tímabundið fjárframlag til kaupa á burstagerðarvél fyrir Blindravinnustofuna sem verður 60 ára á næsta ári. Hún hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til vélarkaupanna enda hefur verið rekstrarhalli á starfseminni síðustu ár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Tryggingastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. millifærslu á almennan rekstur Tryggingastofnunar, sjúklingatryggingar vegna umsýslukostnaðar við sjúklingatryggingar en stofnunin mun annast umsýslu þeirra trygginga.

Sjúkratryggingar. Lögð er til 175 millj. kr. hækkun á framlagi til lyfjamála. Endurmat á útgjöldum til lyfjamála eftir tíu mánuði bendir til þess að útgjöld vegna málaflokksins verði 4.755 millj. kr. á árinu 2001 og hefur útgjaldaspáin hækkað um 175 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Hjálpartæki. Lagðar eru til tvær breytingar á liðnum til hækkunar um 40 millj. kr. Annars vegar er gerð tillaga um 20 millj. kr. framlag til Tryggingastofnunar til að gera henni kleift að hafa umsjón með öndunargrímum. Fjármunir voru á sínum tíma fluttir frá Tryggingastofnun til Landspítala til að annast öflun og umsjón með öndunarvélum en Tryggingastofnun annaðist þó eftir sem áður rekstur hluta þeirra. Í ljósi fenginnar reynslu er talið eðlilegt að umsjón með starfsemi þessari verði í höndum Tryggingastofnunar sem mun gera þjónustusamning við Landspítalann um þjónustu vegna öndunargríma fyrir sjúkratryggða einstaklinga í heimahúsum. Kostnaður vegna þessa samnings er áætlaður 40 millj. kr. á ári og hafa þegar verið millifærðar 20 millj. kr. af fjárheimildum Landspítala til Tryggingastofnunar.

Hins vegar er gerð tillaga um 20 millj. kr. hækkun í ljósi endurmats á útgjöldum vegna hjálpartækja.

Þjálfun. Lagt er til að 64,1 millj. kr. framlag verði fært af sjúkratryggingum til málefna fatlaðra á viðfangsefni Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, til að ljúka við þjónustusamning við félagið. Til þessa hefur Tryggingastofnun ríkisins annast samningagerð við endurhæfingarstöð félagsins sem hefur jafnframt fengið árlegan styrk frá heilbrigðisráðuneyti. Þrátt fyrir greiðslur ráðuneytisins hefur verið halli á rekstri stöðvarinnar sem hefur verið fjármagnaður af happdrættisfé félagsins. Með þjónustusamningnum er gert ráð fyrir að greiðslur til endurhæfingarstöðvarinnar verðið auknar til að styrkja rekstrarstöðu hennar.

Sjúklingatryggingar. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. millifærslu af þessum lið á almennan rekstur Tryggingastofnunar vegna umsýslukostnaðar við sjúklingatryggingar en stofnunin mun annast umsýslu þeirra trygginga.

Landlæknir. Lögð er til 12 millj. kr. hækkun á framlagi til landlæknisembættisins vegna klínískra leiðbeininga en hluti kostnaðar er tímabundinn. Annars vegar er um að ræða laun læknis sem hefur unnið að klínískum leiðbeiningum og hins vegar kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar. Með klínískum leiðbeiningum opnast möguleiki á að veita skilvirka læknismeðferð með hóflegum kostnaði. Við þetta starf er m.a. stuðst við vandaðar erlendar leiðbeiningar sem verður að laga að íslenskum aðstæðum en fyrirhugað er að skipa starfshópa lækna til ráðgjafar á hinum ýmsu sérsviðum. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2000 er farið fram á 7 millj. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

Geislavarnir ríkisins. Gerð er tillaga um 1,1 millj. kr. framlag til að framfylgja eftirliti með allsherjarbanni við kjarnavopnum. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Samningurinn var fullgiltur 26. júní sl. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Árlegur rekstrarkostnaður vegna þessa er áætlaður 1,1 millj. kr.

Tæki og búnaður. Lagt er til 2,4 millj. kr. tímabundið framlag sem er áætlaður kostnaður til kaupa á stofnbúnaði til nota við eftirlit með framangreindu allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn. Stofnkostnaðurinn felst í sérstökum tölvu- og hugbúnaðarkaupum.

Manneldisráð. Lagt er til 1,8 millj. kr. tímabundið framlag næstu þrjú árin til viðhalds á íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla. Hafist var handa við uppbyggingu á grunninum á áttunda áratugnum en að mati sérfræðinga veitir grunnurinn mikilvægar upplýsingar bæði fyrir framleiðendur og neytendur um innihald matvæla. Fyrir heilbrigðisþjónustuna hefur grunnurinn einkum gildi varðandi rannsóknir á sambandi mataræðis og heilsu. Næringarmeðferð sjúklinga á sjúkrahúsum og ráðgjöf til almennings byggist einnig á gögnum frá grunninum.

Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Gerð er tillaga um að 64,1 millj. kr. framlag verði fært af sjúkratryggingum til málefna fatlaðra á viðfangsefni Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að ljúka við þjónustusamning við félagið. Til þessa hefur Tryggingastofnun ríkisins annast samningagerð við Endurhæfingarstöð félagsins sem jafnframt hefur fengið árlegan styrk frá heilbrigðisráðuneyti. Þrátt fyrir greiðslur ráðuneytisins hefur verið halli á rekstri stöðvarinnar sem hefur verið fjármagnaður af happdrættisfé félagsins. Með þjónustusamningnum er gert ráð fyrir að auka greiðslur til endurhæfingarstöðvarinnar til að styrkja rekstrarstöðu hennar.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lagt er til að veitt verði 20 millj. kr. tímabundið framlag til ársins 2004 til að greiða

hluta af nýjum röntgenbúnaði fyrir myndgreiningardeild sjúkrahússins. Á árinu 1999 var heimilað að bjóða út tækjabúnað fyrir æðarannsóknastofu og tölvusneiðmyndatæki. Útboð fór fram á þessu ári og liggur niðurstaða nú fyrir. Sá búnaður sem stjórnendur sjúkrahússins leggja til að verði keyptur, kostar um 83 millj. kr. Ljóst er að fjárveitingar sjúkrahússins til tækjakaupa á þessu ári duga ekki til að kaupa þessi tæki.

Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Gerð er tillaga um að veita 68 millj. kr. tímabundið framlag til að fjármagna á næsta ári væntanlegar eftirstöðvar fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt núgildandi lögum um fæðingarorlof. Í ársbyrjun næsta árs taka gildi ný lög um greiðslur í fæðingarorlofi. Í stað þess að ríkisstofnanir greiði sjálfar laun í fæðingarorlofi af sínu rekstrarfé fær nýr sjóður það hlutverk.

Landspítali – háskólasjúkrahús. Tvær tillögur eru á þessum lið sem leiða til 103,4 millj. kr. hækkunar. Er annars vegar tillaga um 120 millj. kr. viðbótarframlag til mæta kostnaði af stærri skömmtum af lyfinu beta-interferon í baráttunni við MS-sjúkdóminn. Þegar er gert ráð fyrir 40 millj. kr. af rekstrarútgjöldum Landspítalans til þessa verkefnis. Samtals er því reiknað með 160 millj. kr. heildarkostnaði vegna lyfsins á næsta ári. Með rannsóknum hefur verið sýnt fram á að skammtur af lyfinu þarf að vera sexfaldur til að skila tilætluðum árangri.

Hins vegar er lagt til að færðar verði 16,6 millj. kr. af Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Hinn 1. október 1999 var mæðravernd Landspítala – háskólasjúkrahúss flutt og sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík með samningi milli stofnananna.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. 5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt og 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Fjárveitingar ætlaðar til viðhalds lækka um 60 millj. kr. og á móti hækka fjárveitingar til stofnkostnaðar um sömu fjárhæð.

Sjúkrastofnanir SÁÁ. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. framlag til framhaldsmeðferðar unglinga og fjölskyldumeðferðar á Sjúkrastöð Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Sjúkraflug. Lögð er til 41,9 millj. kr. fjárveiting til að mæta kostnaði við sjúkraflug samkvæmt samningi sem áformað er að gera í kjölfar útboðs sem Ríkiskaup önnuðust. Samkvæmt útboðinu verður greitt fyrir heildargrunnbætur fyrir áætlunarflug annars vegar og heildargrunngjald fyrir sjúkraflug hins vegar. Enn fremur verður greitt gjald fyrir hvert sjúkraflug, svo og gjald fyrir hvern klukkutíma umfram staðalsjúkraflug. Með samningunum verður þjónusta sjúkraflugs í fastari skorðum og öryggi eykst. Kostnaðarauki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vegna grunngjalds fyrir sjúkraflug er 41,9 millj. kr. Að öðru leyti er kostnaður fyrir hvert einstakt sjúkraflug greiddur af Tryggingastofnun ríkisins.

Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Lagt er til að færðar verði 16,6 millj. kr. frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Hinn 1. október 1999 var mæðravernd Landspítala – háskólasjúkrahúss flutt og sameinuð mæðravernd Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík með samningi milli stofnananna.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill geta þess að tölvukerfið er örlítið að stríða okkur en eins og hv. þm. vita þá er ótakmarkaður tími þannig að rauða ljósið sem blikkar í ræðustól formanns fjárln. er ekki rétt.)

Ég mun fyrirgefa tölvukerfinu þessa óþolinmæði fyrst forseti sýnir þolinmæði.

Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um 9,5 millj. kr. fjárveitingar til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er tillaga um 5,5 millj. kr. framlag til Forvarnasjóðs vegna ýmissa verkefna og þar á meðal til þátttöku í ECMDDA sem er evrópsk miðstöð í forvarnastarfi gegn vímuefnum. Í öðru lagi er tillaga um 1,5 millj. kr. framlag sem renni til vímuefnalausrar miðstöðvar ungs fólks á Ísafirði í Gamla apótekinu til að efla forvarnastarf gegn vímuefnum. Í þriðja lagi er tillaga um 1,5 millj. kr. tímabundinn rekstrarstyrk til félagasamtakanna Íslenskra ungtemplara. Í fjórða lagi er tillaga um 1 millj. kr. framlag sem renni til vímuefnalausrar miðstöðvar ungs fólks í Skagafirði til að efla forvarnastarf gegn vímuefnum.

Fjármálaráðuneyti. Lagt er til að framlag hækki um 4 millj. kr. til yfirstjórnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 4 millj. kr. framlagi á liðnum 09-995 til Skýrsluvélakostnaður vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu við upplýsingavinnslu fjárlagagerðar og reksturs fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis. Fjárheimildin var hins vegar millifærð af fjárlagalið aðalskrifstofunnar í frumvarpinu og er tillagan ætluð til leiðréttingar á þeirri framsetningu.

Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 200 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta útgjöldum samkvæmt ákvæðum um heimildir í 7. gr. fjárlagafrumvarpsins. Áætlanir um nýtingu þessara heimilda eru jafnan háðar mikilli óvissu en reynsla síðustu ára hefur leitt í ljós að fjárheimild liðarins hefur verið skorinn fullþröngur stakkur miðað við framkvæmd heimildarákvæðanna.

Barnabætur. Gerð er tillaga um 200 millj. kr. hækkun á fjárheimild til greiðslu barnabóta. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 600 millj. kr. hækkun á fjárheimildinni en sú áætlun hefur nú verið endurmetin. Aukin framlög skýrast af áformum um að draga úr tekjutengingu og afnema eignatengingu í barnabótakerfinu. Einnig verða teknar upp ótekjutengdar bætur fyrir börn yngri en sjö ára.

Vaxtabætur. Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta verði lækkuð um 400 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun fyrir árið 2001. Lækkunin stafar af auknum tekjum launþega milli ára.

Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins Rekstur fasteigna hækki um 0,5 millj. kr. vegna lítils háttar skekkju í reikningi á launa- og verðlagshækkun frumvarpsins sem hafði í för með sér að hækkun tekna og gjalda varð ekki alveg jöfn.

Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að veitt verði fjárheimild sem nemi 150 millj. kr. vegna nýlegs samkomulags milli stéttarfélaga opinberra starfsmanna, ríkis og sveitarfélaga um réttindamál starfsmanna, einkum veikinda- og fæðingarorlofsrétt. Samkomulagið tekur gildi 1. janúar 2001 og verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga. Með samkomulaginu verður veikindaréttur samræmdur fyrir þessi stéttarfélög. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir að ríkisstofnanir greiði framlag sem nemi 0,41% af heildarlaunum starfsmanna í stéttarfélögunum í sérstakan Fjölskyldu- og styrktarsjóð. Hlutverk sjóðsins verður einkum að greiða þann mismun sem er á milli réttinda samkvæmt fæðingarorlofslögum sem taka gildi um næstu áramót og heldur meiri réttinda sem ríkisstarfsmenn hafa haft til þessa samkvæmt reglugerð um fæðingarorlof. Einnig verður það hlutverk

sjóðsins að stéttarfélögin geti tekið á sérstökum áföllum hjá félagsmönnum sínum sem veikindarétturinn nær ekki til. Þá er sjóðnum ætlað að koma til móts við þarfir félagsmanna stéttarfélaganna varðandi heilsueflingu. Kostnaður við framlög í sjóðinn er áætlaður 150 millj. kr. og er hann færður í einu lagi á þennan lið. Fyrirhugað er að fjárheimildinni verði skipt niður á einstakar stofnanir þegar launaforsendur verða endurmetnar með tilliti til nýrra kjarasamninga.

Samgönguráðuneyti. Þar er gert ráð fyrir að fjárheimild sem nemi 9,7 millj. kr. verði millifærð af viðfangsefninu 10-190-1.12 á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn, 10-471-1.11 Styrkir til innanlandsflugs. Fjárheimildin er ætluð til að mæta framlögum til flugrekstraraðila í kjölfar útboðs á sjúkra- og áætlunarflugi innan lands.

Staðsetningarkerfi. Lagt er til að heiti viðfangsefnis verði breytt úr GPS-staðsetningarkerfi í Staðsetningarkerfi. Þetta er leiðrétting.

Flugskóli Íslands. Farið er fram á 9,7 millj. kr. framlag til rekstrar Flugskóla Íslands eins og verið hefur undanfarin ár. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur til skólans falli niður en í staðinn komi stofnstyrkur að upphæð 15 millj. kr. á ári í þrjú ár til kaupa á flughermi fyrir skólann. Þetta byggðist á þeirri forsendu að búist var við samkeppni í rekstri flugskóla, þ.e. til bóklegs náms í atvinnuflugi. Vegna samkeppnissjónarmiða þótti ekki réttlætanlegt að styrkja einn skóla umfram annan í slíkum rekstri. Af þessu hefur ekki orðið og því er talið rétt að veita áfram sama styrk til skólans.

Gestastofur og markaðsstarf. Lagt er til að heiti viðfangsefnis verði breytt úr Ferðamál og markaðsstarf í Gestastofur og markaðsstarf.

Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku. Farið er fram á 12 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til verkefnis um markaðssetningu Íslands í Norður-Ameríku vegna hækkunar á gengi Bandaríkjadals. *Í samningi um verkefnið er gert ráð* fyrir árlegu framlagi í fimm ár að fjárhæð 700.000 Bandaríkjadalir. Þegar samningurinn var gerður var gengi Bandaríkjadals u.þ.b. 70 kr. en er nú komið í ríflega 87 kr. Samningurinn rennur út árið 2004.

Ýmislegt. Gerð er tillaga um 1 millj. kr. tímabundna hækkun þessa liðar til að kosta sérútbúna bifreið í Árneshreppi í þeim tilgangi að hana megi nota til að aka yfir Trékyllisheiði að vetrarlagi og auka þannig öryggi íbúanna í hreppnum.

Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla. Lagt er til að tímabundinni 15 millj. kr. fjárveitingu til 2003, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, verði breytt í 10 millj. kr. fjárveitingu til ársins 2005. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur til Flugskóla Íslands félli niður eins og ég hef áður sagt en í staðinn kæmi stofnstyrkur að upphæð 15 millj. kr. á ári til þriggja ára til kaupa á flughermi. Nú er hins vegar lagt til að stofnstyrkur til kaupa á flugherminum verði lækkaður í 10 millj. kr. til ársins 2005.

Gerð er brtt. við brtt. nr. 84 í þskj. 375 við liðinn Siglingastofnun Íslands. Tillagan er sýnd í sérstöku þingskjali og sýnir sundurliðun fyrir viðfangsefnið 670 hafnarmannvirki, 674 lendingarbætur og 680 sjóvarnargarðar.

Styrkir til innanlandsflugs. Gerð er tillaga um 51 millj. kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við áætlunarflug innan lands samkvæmt samningi sem áformað er að gera í kjölfar undangengins útboðs. Samkvæmt útboðinu verða greiddar heildargrunnbætur fyrir áætlunarflug annars vegar og heildargrunngjald fyrir sjúkraflug hins vegar. Heildarkostnaður vegna útboðsins er 155 millj. kr. Þar af er hlutur samgönguráðuneytisins 60,7 millj. kr. vegna grunnbóta fyrir áætlunarflug. Á viðfangsefninu 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar er í frumvarpinu 9,7 millj. kr. fjárheimild sem hefur verið ætluð til þessa verkefnis og er sú fjárhæð flutt þaðan til Flugmálastjórnar eins og ég hef áður gert grein fyrir. Er því gerð tillaga hér um 60,7 millj. kr. fjárveitingu í styrki til innanlandsflugs.

Ferðamálasamtök landshluta. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. hækkun fjárveitinga til þess að ferðamálasamtök landshluta geti sinnt hlutverki sínu og staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað.

Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. framlag vegna kostnaðar sem hlýst af yfirstjórn byggðamála. *Vorið 1999 var samþykkt á Alþingi þings*ályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem leggur fjölmargar skyldur á ráðuneytið í þessum efnum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu til þessa málaflokks. Áformað er að bæta við hálfu starfi til viðbótar einu starfi sem fyrir er. Óhjákvæmilega fylgir ýmis annar starfskostnaður, svo sem vegna ferðalaga, norræns og alþjóðlegs samstarfs, kaupa á sérfræðiþjónustu o.fl.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lögð er til 25 millj. kr. fjárveiting til að endurgreiða kostnað vegna kvikmyndargerðar í ljósi endurskoðunar á lögum nr. 43/1999, um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 20 millj. kr. framlag vegna samdráttar sölutekna upplýsinga úr þjóðskrá. Einnig er sýnt að hagræðing vegna upptöku nýs þjóðskrárkerfis verður minni en að var stefnt. Það stafar af því að kerfið er flóknara og viðhaldsfrekara en reiknað var með í fyrstu.

Umhverfisráðuneyti. Ýmis umhverfisverkefni. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundið framlag til vinnuhóps náttúrustofa og heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi vestra til að gera úttekt á skólpmengun við litla þéttbýlisstaði við sjávarsíðuna og skipuleggja vöktun á *mengun við sömu staði. Árið 1997 hófst samstarf milli Heil*brigðiseftirlits Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Náttúrustofu Vestfjarða um sýnatökur og mælingar við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að ganga frá niðurstöðum þessara athugana. Til að lýsa ástandinu á raunsannan hátt þarf að koma til ítarlegri sýnataka yfir lengra tímabil.

Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um að stofnaður verði sérstakur safnliður hjá umhverfisráðuneytinu með 3 millj. kr. fjárveitingu. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

Skipulagsstofnun. Ekki er talið að unnt verði að afla sértekna af umhverfismati eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Lækka því gjöld til jafns við lækkun tekna eða alls um 4 millj. kr.

Ofanflóðasjóður. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. millifærslu af stofnkostnaði yfir á nýtt viðfangsefni 14-381-1.01 til að aðgreina rekstrarkostnað frá styrkveitingum.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir breytingartillögum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2001. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið og breytingartillögurnar skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

Ég hef nú gert grein fyrir nefndarálitinu og helstu þáttunum sem í því felast. Fjárlaganefnd er við núverandi aðstæður vandi á höndum. Ætlunin er að afgreiða fjárlög með miklum tekjuafgangi eins og nauðsynlegt er til þess að leggja sitt til stöðugleika í samfélaginu. Þetta verður að hafa í huga meðan að hinu leytinu raðast inn erindi og tíðum er vitnað til þess að ekki sé mikið mál að verða við þeim í ljósi hins mikla tekjuafgangs sem áætlaður er. Ég ítreka að það ber ríka nauðsyn til að hafa aðhald þótt það verði til þess að einhverjum óskum, jafnvel um hin bestu mál eða aukna starfsemi verði að hafna. Það kemur til góða í framtíðinni. Það verður að laga skuldastöðuna í góðæri og tekjum fyrir sölu ríkisfyrirtækja verður að verja til þess að verulegu leyti þó réttlætanlegt geti verið að verja þeim einnig til nýrra fjárfestinga til þess að treysta innviði samfélagsins, svo sem fjárfestinga í samgöngum.

Ég vil þakka öllu mínu samstarfsfólki í fjárlaganefnd fyrir einstaklega gott samstarf. Starfsfólki ráðuneyta þakka ég og ekki síst þakka ég starfsfólki Alþingis fyrir alla þá ómetanlegu hjálp sem það veitir okkur. Án þess mikla vinnuframlags sem það hefur lagt fram ásamt starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og hins nýja fjárlagakerfis sem einfaldar okkur störfin hefði ekki tekist að ljúka verkum fyrir 2. umr. á þessum degi.

Nú er lokaspretturinn eftir þegar þessari umræðu lýkur að undirbúa 3. umr. málsins.

[12:08]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. var yfirgripsmikil eins og vænta mátti. Í fyrsta hluta hennar fór hv. þm. yfir almennar línur í efnahagsmálum. Það þótti mér langmerkilegasti hluti ræðunnar, herra forseti.

Í henni var í reynd í fyrsta skipti viðurkennt af fullri alvöru af talsmanni stjórnarliðsins í efnahagsmálum að dimmar blikur væru á lofti í efnahagsmálum. Sér í lagi vakti athygli mína að hv. þm. taldi núverandi viðskiptahalla óviðunandi og beinlínis hættulegan. Þetta er í hreinni andstöðu við allt það sem forustumenn Sjálfstfl. hafa sagt. Ég vísa sérstaklega til orða hæstv. forsrh. í sjónvarpsþættinum Silfri Egils fyrr á þessu ári. Þar mátti skilja að viðskiptahallinn væri eiginlega góðkynja og að engin ástæða væri til þess að hafa áhyggjur af honum. Ég spyr þess vegna hv. þm.: Hefur forusta Framsfl. önnur viðhorf og aðra sýn á efnahagsmálin og viðskiptahallann en Sjálfstfl.?

Hv. þm. sagði líka að besta leiðin til að vinna bug á viðskiptahallanum væri að efla þjóðhagslegan sparnað og til þess væri aðhald í ríkisfjármálum besti kosturinn. Ég spyr því hv. þm.: Telur hann að núverandi aðhaldsstig í ríkisfjármálum eins og það birtist í þessu frv. sé nóg til að vinna gegn viðskiptahallanum?

[12:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni reyndi ég að rekja samspil ríkisfjármála og efnahagsmála almennt. Það er fullkomin samstaða um það milli stjórnarflokkanna að skila ríkissjóði með miklum afgangi og það er gert ráð fyrir því. Um það er ekkert deilt. Hins vegar tel ég og ræða mín sýnir að ég tel enga ástæðu til þess að draga fjöður yfir það að varanlegur viðskiptahalli er ekki af hinu góða. Ég hef ekki orðið var við að neinar deilur séu um það ef varanlegur viðskiptahalli skapast af vaxandi einkaneyslu. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni að það er skilsmunur á því hvort við söfnum erlendum skuldum og viðskiptahalla með vaxandi neyslu eða fjárfestingu.

[12:09]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. skaut sér undan því að svara spurningu minni. Hún er þessi: Hefur forusta Framsfl. aðra sýn á hættuna sem felst í viðskiptahallanum en forusta Sjálfstfl.?

Það hefur komið fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að hann telur viðskiptahallann óviðunandi. Hann telur hann ekki góðkynja. Hann telur hann beinlínis hættulegan. Hæstv. forsrh. hefur ítrekað sagt að viðskiptahallinn sé góðkynja vegna þess að hann stafi af einkaneyslu en ekki fjárfestingum hins opinbera og fyrirtækja. Hann hefur líka sagt að ekki þurfi að óttast viðskiptahallann.

Nú er það að vísu svo að viðskiptahallinn er mun verri en jafnvel hv. þm. Jón Kristjánsson sagði áðan. Ég spyr þess vegna hv. þm. aftur: Telur hann að það aðhald sem sýnt er í núverandi fjárlagafrv. sé nóg til þess að vinna bug á þessum viðskiptahalla? Hann svaraði því ekki áðan. Ég er nefnilega sammála honum um að viðskiptahallinn er óviðunandi. Samfylkingin hefur sagt það núna missirum saman að hætta væri á því að gengið veiktist verulega vegna viðskiptahallans. Þetta hefur allt saman komið fram og ég held að því miður að ekki séu öll kurl til grafar komin í þeim efnum.

[12:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyni því ekkert að við þurfum að taka verulega á til þess að fjárlagafrv. sýni nægilegt aðhald. Ég rakti það í ræðu minni að það er mikill þrýstingur á aukin útgjöld vegna þess að fjárlagafrv. er sýnt með miklum afgangi. Hv. þm. hefur vissulega sjálfsagt orðið var við það alveg eins og ég í starfi fjárln. að sá þrýstingur er mikill. Hins vegar tel ég að með þessum tillögum höfum við þrætt meðalveginn og við höfum lagt okkar af mörkum til þess að sporna gegn þenslu í samfélaginu. Hins vegar skulum við spyrja að leikslokum við 3. umr.

[12:12]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. 2. umr. er aðalumræðan um gjaldahlið frv. Þess vegna finnst mér verulega skorta á að ekki skuli hafa verið lokið meðhöndlun á stórum málaflokkum sem snerta íbúa landsins afar mikið. Ég nefni þar heilbrigðisstofnanir og heilbrigðiskerfi sem ekki er lokið. Ég nefni byggðamálin og Byggðastofnun og ég nefni menntamálin, t.d. framhaldsskólann. Það eina sem hér er lagt til vegna byggðamála eða Byggðastofnunar er að auka útgjöld vegna aðalskrifstofu í Reykjavík um 5 millj. kr. til þess að sinna auknum nauðsynlegum verkefnum í byggðamálum á aðalskrifstofunni.

Mér finnst, herra forseti, að frekar hefði átt að fresta umræðu um þessi gjöld frv. þangað til þetta kæmi fram.

[12:13]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að við eigum eftir að skoða nokkra málaflokka nánar og hv. þm. er kunnugt um að í

fjárln. er vinna hafin við þá málaflokka og ekki er langt í land að þeir klárist.

Varðandi Byggðastofnun þá hafa málefni hennar aldrei verið til umræðu fyrr en milli 2. og 3. umr. Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð hér og engin breyting er á því.

Varðandi reksturskostnað ráðuneytisins gegnir öðru máli. Það er mjög óveruleg hliðargrein í þessu máli. Eins og kunnugt er tók ráðuneytið þennan málaflokk yfir nú nýverið og hefur viljað efla starf sitt og starfslið til að vinna ötullega að þessum málum. Þetta stafar eingöngu af því. En síðan tökum við til við það sem eftir er.

[12:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst líka viðsnúið að við skulum við 2. umr. leggja megináherslu á að ræða og ákveða gjöld ríkisins en síðan við 3. umr. kemur tekjuáætlun og áætlun um efnahagshorfur fyrir næsta ár. Ég hefði viljað snúa þessu við þannig að 2. umr. hefði snúist um tekjurnar og um tekjuhorfur næsta árs því þá veit Alþingi hverju það hefur úr að spila og aðalgjaldaumræðan yrði síðan við 3. umr. Hvaða heimili mundi reka sig með þeim hætti að stofna fyrst til útgjaldanna og reyna svo að ákveða eða að finna tekjurnar?

Herra forseti. Ég vil því leyfa mér að spyrja: Finnst hv. formanni fjárln. þetta vera gott fordæmi í vinnubrögðum Alþingis, þ.e. að ákveða gjöldin við 2. umr. en ákveða tekjurnar við 3. umr.? Væri ekki skynsamlegra að snúa þessu við og gefa þar með gott fordæmi út í samfélagið um örugg og traust vinnubrögð?

[12:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ekki hafi farið fram hjá hv. þm. að í fjárlagafrv. er áætlun um tekjurnar og við höfum verið að vinna úr henni. Tekjugrein fylgir fjárlagafrv., ég vona að það hafi ekki farið fram hjá mönnum. Í lokin er tekjugreinin endurmetin.

Ég sé ekki að við getum haft endaskipti á hlutunum og farið að endurmeta tekjugreinina við 2. umr., hún fylgir frv. Það eru þær tekjur sem við verðum að hafa hliðsjón af. Hins vegar hefur það vissulega verið svo undanfarin ár að tekjurnar hafa vaxið og áætlanir hafa verið hærri við 3. umr. en þegar frv. er lagt fram. Ég er ekki viss um að svo verði núna. Hins vegar skulum við sjá til þegar þar að kemur en það er vissulega tekjugrein frv. sem við verðum að miða við.

[12:17]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú grúfir myrkur yfir framhaldsskólum landsins og fer þar ekki fram nein starfsemi til að auðga andagift þess unga fólks sem þar á að stunda nám. Hæstv. menntmrh. hefur upplýst að hann ætli ekki að hafa afskipti af því máli. Það er ein tegund mála í grunnskólanum sem ríkið á samkvæmt lögum að sjá um og það er námsbókagerð. Nú stendur svo á að það hefur verið upplýst í menntmn. af hálfu forsvarsmanna Námsgagnastofnunar að það fé sem er ætlað til námsbókagerðar í ár sé ekki einu sinni nóg til að prenta það námsefni sem fyrirliggjandi er, hvað þá það nýja námsefni sem þarf að gefa út til að framfylgja nýrri námskrá. Til að uppfylla þessa fjárþörf er gert ráð fyrir 20 millj. kr. samkvæmt því sem hæstv. formaður fjárln. gerði grein fyrir áðan. Finnst hæstv. formanni fjárln. þetta ekki svolítið naumt skammtað þegar fyrir liggur hversu gríðarlegt verkefnið er?

[12:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hv. þm. spurði hvort fé til námsgagnagerðar væri ekki naumt skammtað. 20 millj. kr. er allmikil fjárhæð miðað við rekstur stofnunarinnar en það mætti áreiðanlega gera betur. Mér heyrist að menn tali um aðhald og kann að vera að aðhald sé á þessu sviði en þó hefur verið komið verulega til móts við þessa fjárþörf.

Varðandi framhaldsskólann almennt hefur það reiknimódel sem framhaldsskólinn er rekinn eftir verið í endurskoðun og við munum hafa hliðsjón af þeirri endurskoðun. Niðurstöðu af vinnudeilum hefur verið mætt þegar hún liggur fyrir, það hefur ætíð verið svo. Vinnudeilur framhaldsskólakennara hafa því ekki verið á borðinu hjá okkur í fjárln.

[12:19]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlýtur að blasa við hæstv. fjárln. að töluverður sparnaður verður á liðnum laun framhaldsskólakennara það sem eftir er ársins. Mætti kannski nota þá peninga sem ríkið sparar þannig í eitthvað skemmtilegt, eins og að styrkja námsbókagerð fyrir grunnskóla í landinu sem er lögboðið verkefni? Ég veit ekki hvað þeir ætla að gera við þessa peninga, kannski á að byggja fleiri galdramiðstöðvar. En mér fyndist a.m.k. nærtækara að nota þá í verkefni sem er lögbundið að ríkið sinni og mikið þjóðþrifamál.

[12:20]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona einlæglega að vinnudeila framhaldsskólakennara leysist. Ég ímynda mér ekki að hún leysist án einhverra launahækkana fyrir framhaldsskólakennara. Ég mundi bíða með að ráðstafa fé sem sparast í laun framhaldsskólakennara í eitthvað annað. Ég vildi nota þá peninga þegar samningar liggja fyrir. Þá hygg ég að samið verði um einhverjar launahækkanir við kennarana. Ég get ekki ímyndað mér að þetta leysist öðruvísi.

[12:21]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef saknað þess mjög að ekki skuli vera umræða um heilsugæslustofnanir, sjúkrahúsin og það sem snýr að málefnum aldraða, þ.e. hjúkrunarheimili og vistheimili.

Fyrir ári sagði mætur hv. þm. úr fjárln. að þessar stofnanir hefðu farið verulega fram úr fjárlögum og að draga ætti forustumenn þeirra til ábyrgðar. Nú stöndum við frammi fyrir svo mikilli breytingu á fjárlögum að það hlýtur að kalla fram spurningu um hver ber ábyrgð á því sem er að gerast á hv. Alþingi í þeim miklu breytingum og því umfangi sem um er að ræða og hversu mikið við förum fram úr. Ég nefni sem dæmi hvað snýr að fjárlagastofnunum. Hér eru daggjaldastofnanir þar sem gert er ráð fyrir hækkun fjárlaga núna árið 2001, þá eru hækkanir frá 8,7% upp í 35,1% á milli stofnana. Á föstum fjárlögum er það frá 8,4% upp í 58% hækkanir á milli ára hjá einstökum stofnunum. Full ástæða hefði verið til þess að fá frekari upplýsingar frá fjárln. núna til að ræða þessi mál.

[12:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni að málefni sjúkrastofnana og daggjaldastofnana væru enn þá í meðferð hjá fjárln. Ég ætla mér ekki að fara út í

efnislega umræðu um mál sem við erum enn þá að vinna, hvorki í andsvörum né í ræðum mínum. Þetta er í meðferð hjá okkur. Ég átta mig illa á því að menn taki þessi mál upp í andsvörum í 2. umr. fjárlaga sem ég er búinn að gera grein fyrir að við erum að vinna að.

[12:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur formanni fjárln. mjög spánskt fyrir sjónir og hann undrast það mjög að ég skuli hreyfa þessu máli. Því miður gerði ég það ekki þegar 1. umr. um fjárlögin fór fram. Af þeim sökum sem ég gat um áðan kemur mér það mjög á óvart að sá mikli málaflokkur sem hér um ræðir skuli ekki fylgja því plaggi sem hér er lagt fram. Formaður fjárln. telur sig ekki geta svarað mér en hann hefði þá getað sagt mér hvers vegna. Eftir hvaða lógík var unnið við fyrstu gerð fjárlaga varðandi öldrunarstofnanir, bæði á föstum fjárlögum og á daggjöldunum? Það er mjög sérkennilegt hvernig á þessum málum er haldið.

Herra forseti. Þetta gefur mér fullt tilefni til að taka til máls þegar þessi mál koma frá hæstv. fjárln. og gera athugasemdir þá og fara djúpt ofan í málið.

[12:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sagt það um þetta mál hér og nú að daggjöld hafa verið ákveðin eftir svokölluðu RAI-mati en skiptar skoðanir eru um hvað það mat er haldgott og við höfum verið að kanna þau mál. Ég er þegar alveg reiðubúinn að taka um þetta mál umræðu, það má ekki skilja orð mín þannig. Ég mun auðvitað gera það þegar niðurstaða af starfi okkar liggur fyrir. Það er ekkert einsdæmi að við höfum tekið þessi mál milli 2. og 3. umr., það er eingöngu vegna þess að við viljum fara vandlega yfir málið. Það er ekki fyrir neitt annað.

[12:25]

Gísli S. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum fundarstjórn forseta vegna þess að ég hef við allar umræður um fjárlög og fjáraukalög krafist þess, ekki bara í ár, heldur síðustu ár, að hæstv. ríkisstjórn sé viðstödd og hlýði á ræður fyrstu talsmanna flokkanna. Ég tel það vera óvirðingu við þingið að ráðherrar hlýði ekki á gagnrýni og umræður talsmanna við gagnmerkustu umræðu um fjárlög. Aðalmál þings og ríkisstjórnar eru fjárlög sem er nú verið að fjalla um.

Ég spyr því virðulegan forseta hvort þessi krafa hafi verið kynnt fyrir hæstv. ríkisstjórn og hvort hún hafi verið rædd í stjórn þingsins?

Síðan vil ég segja það, herra forseti, að reikna má með því að einstakir þingmenn, a.m.k. sá sem hér stendur, óski eftir svörum ráðherra við umræðuna. Ég segi það, virðulegi forseti, að ef ekki er farið að þessum óskum sé ég ekki fram á annað en að um verulegar tafir gæti orðið að ræða við umræðurnar og ég bið um að fá svör við þessum spurningum.

(**Forseti** (GuðjG): Varðandi spurningu hv. þm. hvort ósk hans hafi verið rædd í stjórn þingsins þá er svo ekki. Hæstv. ráðherrum er væntanlega kunnugt um það sem hv. þm. hefur sagt í ræðum sínum en forseti mun að sjálfsögðu koma skilaboðum hv. þm. til hæstv. ráðherra nú þegar, senda þeim skilaboð um þá ósk sem hv. þm. setur fram.)

[12:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar að því leyti til að mér finnst enginn svipur á því að halda umræðunni áfram lon og don að engum ráðherra hæstv. ríkisstjórnar viðstöddum. Það er auðvitað enginn svipur á því, það er virðingarleysi við þessar umræður. Það er sérstakt virðingarleysi sem ríkisstjórnin sýnir sjálfri sér og fjárlögum sínum með því að ætla mönnum að ræða þau yfir algjörlega tómum ráðherrabekkjunum. Það er mikilvægt að þeir hlusti á fyrstu ræðumenn flokkanna í umræðunni en ég vil þó halda því til haga að ráðherrar eiga að gegna þingskyldum sínum eins og aðrir þingmenn. Það er engin sérstök afsökun fyrir þá umfram aðra menn að vera ekki á þingfundi þegar mikilvægustu mál eru til meðferðar. Það liggur í hlutarins eðli að við 2. umr. fjárlaga fer fram efnisumræða um mjög marga málaflokka í fjárlögunum. Þá er eðlilegt og nauðsynlegt allir fagráðherrar, allir með tölu, séu viðstaddir umræðuna eftir því sem þeir koma því mögulega við. Ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. forseta að hann láti gera ríkisstjórninni eins og hún leggur sig viðvart um að óskað sé eftir því að ráðherrar séu við og sitji undir umræðunni, auðvitað sérstaklega hæstv. fjmrh., en líka fagráðherrar og þeir séu hér, nema þeir hafi lögmætar fjarvistir. Ef um slíkt er að ræða í einhverjum tilvikum verður að taka á því hvernig menn fara með það ef menn vilja beina spurningum til viðkomandi ráðherra. Það er löngu þekkt að óska eftir því að þeir séu viðstaddir við 2. umr. um fjárlög og svari spurningum sem lúta sérstaklega að þeirra málaflokkum. Þess vegna er fyllilega eðlilegt að bera þessa ósk fram, herra forseti, og ég vona að þegar umræðunni heldur fram verði orðin bót á og við horfum ekki upp á galtóma ráðherrabekkina.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að allir hæstv. ráðherrar fái þessi skilaboð.)

[12:30]

Gísli S. Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að rík ástæða er til. Við allar þær umræður, bæði á sl. ári og þær sem farið hafa fram núna um fjáraukalög og fjárlög, hef ég beðið viðkomandi forseta að taka málið til umræðu í forsn. til þess að þingið komist að niðurstöðu um hvað það vill. Ég beygi mig undir fundarstjórnina, en þar sem þetta mál hefur ekki verið rætt er ástæða til að vekja það upp að nýju. Ég óska eindregið eftir því að málið verði tekið fyrir í hléinu hjá forsn. eða þá hjá forseta og formönnum þingflokkanna til að fá niðurstöðu í hvort það sé vilji stjórnar þingsins að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir eða það komi þeim ekkert við sem hér fer fram.

[12:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram og að sjálfsögðu mun ég koma á fund með forseta ef óskað er eftir því að ræða þetta með þingflokksformönnum. En það á ekki að þurfa að halda fund um þetta mál. Ráðherrabekkurinn er stór, hann telur núorðið tólf sæti. Við höfum oft bent á að mjög skortir á samvinnu ríkisstjórnar og þings, enda er hér stjórnað með fullkomnu valdboði á afar ólýðræðislegan og ósmekklegan hátt. Nú er kallað eftir því að a.m.k. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna og helst sem flestir fagráðherrar og ég tel að verða eigi við því, herra forseti, og hefði átt að tryggja það í upphafi umræðu.

(**Forseti** (GuðjG): Eins og forseti hefur þegar greint frá hefur hann gert ráðstafanir til þess að öllum hæstv. ráðherrum verði borin þessi boð og sér forseti ekki ástæðu til neinna fundahalda með þingflokksformönnum út af því.)

[12:32]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Sökum þeirra óska sem hér hafa komið fram um viðveru hæstv. ráðherra vil ég að það komi fram af minni hálfu, að hæstv. fjmrh. og ég áttum svolítinn orðastað áður en hæstv. ráðherra vék úr þinghúsi sökum annarra erinda og það varð að samkomulagi milli mín og hans að ég mundi ekki reka upp pólitískt ramakvein þótt hæstv. ráðherra yrði ekki viðstaddur meðan ég flytti ræðu mína. Mér þótti rétt út af umræðunni að láta það koma fram að hæstv. fjmrh. ræddi við mig um þetta.

[12:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 387; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 388; brtt. GE og JÁ, þskj. 393.

Póst- og fjarskiptastofnun, 194. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 390; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 391.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 199. mál, þskj. 382.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 200. mál, þskj. 383.

[Fundarhlé. — 12:33]

[13:05]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hér fóru fram að mínu viti ákaflega merkilegar umræður í morgun. Hv. þm. Jón Kristjánsson setti hér fram viðhorf sem mér fannst ákaflega merkileg. Í ræðu hv. þm. var í reynd í fyrsta skipti viðurkennt af fullri alvöru að blikur væru á lofti í efnahagsmálum. Það hefur ekki gerst áður, herra forseti, að talsmenn stjórnarliðsins hafi með þeim hætti sagt það hreint út að Samfylkingin hafi haft rétt fyrir sér í þeim efnum, en um þetta höfum við nú rætt hátt á annað ár.

Það vakti sér í lagi athygli mína, herra forseti, að hv. þm. taldi að núverandi viðskiptahalli væri óviðunandi og hann sagði hreint út að hann væri beinlínis hættulegur. Þetta er í hreinni andstöðu við það sem talsmenn Sjálfstfl. hafa yfirleitt sagt í þessum efnum. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, herra forseti, af hálfu hv. talsmanna stjórnarliðsins að hætta væri á ferðum í þessum efnum. Það var jafnframt merkilegt, herra forseti, að hv. þm. Jón Kristjánsson taldi að það sem nauðsynlegt væri að gera til þess að sporna við viðskiptahallanum væri fyrst og fremst að efla þjóðhagslegan sparnað. Um það getum við verið sammála. Hver voru svo ráð hv. þm. til þess að efla þjóðhagslegan sparnað? Það var að beita ríkisfjármálunum og ná sem mestum afgangi á ríkissjóði. Ég spurði í morgun hv. þm. Jón Kristjánsson hvort þetta væri nægilegt að hans mati til þess að sporna við viðskiptahallanum og ég fékk ekki betur séð en hann væri þeirrar skoðunar að þetta væri nóg. Það er hins vegar svo, herra forseti, að það er ekki bara nóg að ná góðum afgangi á ríkissjóði, það er líka spurning um það hvernig þeim peningum er varið sem menn veita á fjárlögum.

Herra forseti. Opinberar framkvæmdir á þessum þenslutímum hafa aldrei verið meiri. Það er athyglisvert að sjá að á þessu ári hafa opinberar framkvæmdir sveitarfélaga og ríkisins aldrei verið meiri. Og til að mynda í niðursveiflunni og samdráttarárinu 1995 voru þær snöggtum minni. Samt blasir enn þá við að opinberar framkvæmdir munu aukast á næsta ári.

Ég vildi spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson hvort hann sé þeirrar skoðunar að það þurfi ekki að draga saman opinberar framkvæmdir til þess að vinna bug á þessum mikla viðskiptahalla?

Við erum stödd á dálítið merkilegum tímum við þessa umræðu, herra forseti. Það ríkir góðæri í landinu og sannarlega hefur kaupmáttur verið á uppleið. Stjórnarliðar hafa yfirleitt keppst við að slá sér á lær í þessu mikla góðæri og hrósa sjálfum sér hvað þeir séu miklir snillingar í að búa til gott efnahagsumhverfi og að skila miklum og góðum afgangi af ríkissjóði. Á hinn bóginn hefur það verið þannig að allir sérfræðingar, innlendir og erlendir, hafa verið heldur ókátir með þá þróun sem við höfum séð á Íslandi í efnahagsmálunum. Sérfræðingar, það er eiginlega sama hvaða nafni þeir nefnast, hafa séð blikur hrannast upp og þeir hafa í vaxandi mæli spáð því að lendingin eftir þessa kröftugu uppsveiflu sem við höfum nú séð á síðustu árum, verði harkaleg. Þessu hafa stjórnarliðar jafnan tekið fálega. Sérstaklega má segja að forustumenn Sjálfstfl. hafi skellt eyrum skolla við þessu. Þeir hafa tekið þessu ákaflega karlmannlega og af mikilli hreysti, látið sér fátt um finnast, nánast glott við tönn eins og Skarphéðinn í brennunni. En við vitum öll hver afdrif hans urðu án þess ég ætli að fara að rifja það upp neitt sérstaklega hérna, herra forseti.

Ég ætla í þessari ræðu minni að fara yfir nákvæmlega þau atriði sem hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi varðandi hinar almennu útlínur efnahagsmála. Ég ætla sérstaklega að ræða viðskiptahallann, vextina og verðbólguna. En áður en að því kemur, herra forseti, vildi ég líka í stuttu máli greina frá því að Samfylkingin leggur hér fram ákaflega merkilegar brtt. við fjárlagafrv. Þar leggjum við, eins og er í samræmi við okkar stefnu, helstu áherslu á mennta- og menningarmál, á aldraða og öryrkja, á barnafólk og byggðamál. Ég vil að það komi fram strax í upphafi þessarar umræðu, herra forseti, að Samfylkingin leggur til að einum milljarði verði varið til viðbótar til mennta- og menningarmála.

Sömuleiðis leggur Samfylkingin til að 2 milljörðum verði varið til þess að koma á fyrsta áfanga sérstakrar afkomutryggingar fyrir aldraða og öryrkja, en við höfum þegar kynnt þá afkomutryggingu ítarlega með tillögu sem liggur fyrir í þinginu.

Í þriðja lagi viljum við auka greiðslur til barnabóta um 1.250 millj. umfram tillögur ríkisstjórnarinnar þannig að hægt sé að greiða ótekjutengdar barnabætur til 16 ára aldurs en ekki bara til sjö ára aldurs, eins og tillögur þeirra kveða á um.

Í byggðamálum leggjum við síðan til fjölmargar breytingar á fjárlagafrv. sem við teljum farsælar í því skyni að efla framsækna byggðastefnu. Þrátt fyrir þetta, herra forseti, og trúir þeirri stefnu að það eigi að sýna ábyrga fjármálastjórn, leggja þingmenn Samfylkingarinnar fram tillögur á sérstöku þingskjali um niðurskurð og auknar tekjur í þeim mæli að þrátt fyrir þessar tillögur sem ég hef talið upp hér, muni tekjuafgangur ríkisins samkvæmt tillögum Samfylkingarinnar aukast um einn milljarð kr.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Jón Kristjánsson fór yfir í sinni yfirgripsmiklu ræðu má segja að staða efnahagsmála

einkennist núna af afleiðingum langvarandi þenslu og við sjáum ekki enn þá fyrir endann á henni. Það var ljóst strax árið 1998 að það þurfti að taka miklu betur á í fjármálum ríkisins. Eins og þingheimur man vakti Samfylkingin máls á þessu í aðdraganda síðustu kosninga og ekki bara við þingmenn Samfylkingarinnar, heldur nánast allar þær sérfræðistofnanir innlendar og erlendar sem tóku til máls um stöðuna. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að í ritum Seðlabankans mátti finna aðvörunarorð allt frá árinu 1998 þó þau væru að sönnu miklu kurteislegar orðuð fyrir kosningarnar en eftir þær.

Af þessu er alveg ljóst, herra forseti, að aðvörunarbjöllur voru byrjaðar að klingja þegar fyrir síðustu kosningar þó lágt væri í fyrstu. En þær hafa orðið háværari síðar.

Ríkisstjórnin hunsaði að sjálfsögðu öll aðvörunarorðin, ekki bara það sem við í Samfylkingunni höfðum fram að færa heldur líka það sem þeirra eigin efnahagsstofnanir sögðu. Lausatök hennar á stjórn efnahagsmála hafa leitt til þess að viðskiptahalli er nú með allra hæsta móti, eða 8% á landsframleiðslu, samkvæmt því sem Þjóðhagsstofnun spáir og ég á eftir að fara frekar yfir það því erlendar stofnanir hafa ýmislegt við það að athuga. Gengið hefur fallið um 10% frá því í maí og Seðlabankinn hefur margsinnis þurft að grípa til aðgerða til þess að sporna gegn frekara falli. Þvert ofan í spár ríkisstjórnarinnar stefnir verðbólgan nú hraðbyri yfir 5% á næstu mánuðum og sumir ganga svo langt að spá henni yfir 6%. Vextir eru orðnir það háir hérna að hægt er að tala núorðið um vaxtapíningu. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar lét þess getið í útvarpsviðtali 2. nóvember að þeir væru hærri hér en í flestum þeim löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við.

Þessi þróun er þegar tekin að birtast í atvinnulífinu, í milliuppgjörum fyrirtækja sem eru miklu lélegri en greiningardeildir fjármálastofnana spáðu og fjárfestar hafa þegar fellt sinn dóm yfir efnahagsstefnunni með stórfellum flutningi á fjármagni erlendis. Það hefur líka endurspeglast í miklu falli á hlutabréfamarkaði innan lands. Þar með má segja, herra forseti, að markaðurinn sem hæstv. ríkisstjórn segir að sé alvaldur þegar kemur að mati á svona málum, hefur fellt sinn dóm og sú einkunn sem markaðurinn hefur fellt yfir efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar er falleinkun. Fjárlagafrv. og ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar benda því miður ekki til þess að stjórnvöld séu búin að átta sig á því hve alvarlegur hinn undirliggjandi vandi er.

Í þessu ljósi, herra forseti, og í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum finnst mér áður en við höldum þessari umræðu lengra að óhjákvæmilegt sé að rifja upp nokkur af þeim aðvörunarorðum sem innlendir og erlendir sérfræðingar höfðu uppi til þess að vara ríkisstjórnina við. Jafnframt er óhjákvæmilegt að rekja þau mistök sem Samfylkingin hefur aftur og aftur bent á að gerð voru við stjórn efnahagsmála.

Ég rifja það upp að Þjóðhagsstofnun taldi í riti sínu um horfur í þjóðarbúskapnum sem kom út fyrr á þessu ári að það væru vaxandi líkur á harkalegri lendingu ef misvægið í þjóðarbúskapnum héldi áfram að aukast og í umsögn stofnunarinnar klykkti hún út með eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að það fær ekki staðist til lengdar að verðbólga sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og viðskiptahalli sé á bilinu 6–8% af landsframleiðslu.“

Í skýrslu OECD frá því í desember 1999 var líka dregin upp dökk mynd af ástandinu. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Hætta hefur aukist á að skyndilega muni þurfa að draga saman í efnahagslífinu til að minnka verðbólgu og ná henni niður á sama stig og er erlendis. Auk þess er mikil aukning í útlánum banka og þar með aukast líkur á harkalegri lendingu ef vextir eru hækkaðir.“

Þjóðhagsstofnun spáði jafnframt að hreinar erlendar skuldir mundu að óbreyttu hækka úr 64% af landsframleiðslu í lok síðasta árs í 84% árið 2004. Um leið versnar hrein erlend staða þjóðarbúsins frá því að vera neikvæð um 49% af landsframleiðslu í 61%. Herra forseti. Hvað þýðir slík breyting fyrir stöðugleika efnahagslífsins?

Seðlabankinn svaraði því í einu af ritum sínum um peningamál með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Ólíklegt er að svo mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum verði til lengdar án snöggra umskipta. Það ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem þessir framreikningar vitna um fela því í sér alvarlega ógnun við stöðugleika til frambúðar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða til að tryggja hann.“

Það vantaði sem sagt ekki, herra forseti, að innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar sáu blikur á lofti áður en það syrti fyrir alvöru í álinn og þeir spöruðu hvergi sínar aðvarðanir. Þessum aðvörunum var hvergi sinnt.

Afleiðingunum af þessum mistökum ríkisstjórnarinnar var svo lýst með giska kjarnyrtum hætti af virtum efnahagssérfræðingi sem til skamms tíma var yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans, Yngva Erni Kristinssyni, sem nú er orðinn bankastjóri í Lúxemborg. Hann lýsti þeim svo á opnum fundi um efnahagsmál 10. nóvember, með leyfi forseta:

„Við höfum verið með of harða peningastefnu en of slaka stefnu í ríkisfjármálum. Afleiðingin er sú að við höfum verið með mjög háa vexti og hátt gengi. Það hefur leitt til þess að viðskiptahalli hefur magnast. Við höfum skapað erfiða stöðu fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar og vaxtarsprotana sem þurfa að byggja sig upp á innlendum markaði áður en þeir geta sótt út á erlenda markaði eftir fjármögnun.“

Í frásögn Morgunblaðsins 11. nóvember er líka haft eftir Yngva Erni að sennilega hafi efnahagsstefnan sem hér hefur verið fylgt undanfarin ár, og ég vitna, með leyfi forseta, „að nokkru leyti magnað þennan vanda sem þjóðarbúið er að glíma við í dag“.

Hérna er einn af virtustu efnahagssérfræðingum þjóðarinnar, einn af þeim sem hæstv. ríkisstjórn hefur leitað til um ráð, að lýsa því hvernig stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hefur beinlínis magnað viðskiptahallann. Ég dreg þetta sérstaklega fram hér, herra forseti, vegna þess að Jón Kristjánsson, hv. formaður fjárln., lýsti því í andsvari við mig fyrr í dag að að hans mati væri stefna ríkisins í ríkisfjármálum nægileg til þess að sporna við viðskiptahallanum. En það kemur hins vegar fram hjá sérfræðingum sem hafa unnið að mótun þessarar stefnu undir valdsviði ríkisstjórnarinnar að þeir eru ekki bara ósammála stefnunni heldur telja þeir að hún muni ekki sporna gegn viðskiptahallanum eins og hv. þm. Jón Kristjánsson hefur haldið fram á þessum degi heldur beinlínis magna hann upp. Það hlýtur að vera harður áfellisdómur, herra forseti, þegar sérfræðingar á borð við þennan núverandi bankastjóra í Lúxemborg segja að stefna ríkisins í ríkisfjármálum, of mikill slaki í ríkisfjármálum, sé beinlínis valdur að því að skaða atvinnulífið um þessar mundir og magna upp vandann sem blasir við.

Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi, herra forseti, en svo að þeir menn sem mest vit og mesta þekkingu hafa á peningamálum og ríkisfjármálum séu að segja að ríkisstjórnin sé að fylgja stefnu sem sé svo röng að hún sé að magna viðskiptahallann sem hv. þm. Jón Kristjánsson taldi óviðunandi, sem hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur reyndar líka varað við og þessir sérfræðingar eru að halda því fram að stefnan grafi undan atvinnulífinu. Þessu vísa ég til hv. þm. Jóns Kristjánssonar og spyr hann þar sem hann er í forsvari fyrir stjórnarliðið: Hvað segir hann um þessi orð Yngva Arnar Kristinssonar? Er hann þeirrar skoðunar að sú stefna sem fylgt er í ríkisfjármálum magni viðskiptahallann? Ef hann er annarrar skoðunar, hvaða rök hefur hann til þess að tefla gegn þessum merka sérfræðingi sem ég hef vitnað í nokkrum sinnum?

Herra forseti. Í tilefni af þessum orðum Yngva Arnar og í tilefni af því sem okkur hefur farið á milli um ríkisfjármálin þá er líka rétt að rifja upp og lesa upp úr minnihlutaáliti stjórnarandstöðunnar um fjárlagafrv. á síðasta ári. Þar sögðum við m.a., með leyfi forseta:

„Minni hluti fjárlaganefndar telur að við núverandi aðstæður sé höfuðnauðsyn að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr þenslu ...

Í núverandi stöðu dylst fæstum að fjárlagafrumvarpið gæti leikið lykilhlutverk í því að koma í veg fyrir skjótar lyktir góðærisins með því að hafa hemil á ríkisútgjöldum og skila miklum tekjuafgangi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er því mikil. Stefnumörkun hennar í fjárlagafrumvarpinu sker í reynd úr um hvort hægt verður að treina góðærið. Í orði hefur ríkisstjórnin tekið undir þessar aðvaranir. Í reynd er niðurstaðan hins vegar sú að frumvörp hennar til fjárlaga og fjáraukalaga sem nú liggja fyrir þinginu stórauka útgjöld og eru beinlínis þensluhvetjandi."

Herra forseti. Ég rifja þetta upp vegna þess að þetta var það sem stjórnarandstaðan sagði í fyrra. Hún benti á að nauðsynlegt væri að taka harðar á í ríkisfjármálunum og í þessari yfirlýsingu stjórnarandstöðunnar fólst í reynd tilboð af hennar hálfu um samvinnu við ríkisstjórnina í því efni. Við höfum margsinnis bent á að besta leiðin til þess að taka á í svona málum sé í upphafi kjörtímabilsins. Þess vegna ræddum við þetta með þessum hætti í fyrra og ég minnist þess að hv. þm. stjórnarliðsins höfðu okkur að háði og spotti fyrir.

Ég rifja það líka upp, herra forseti, að á þessum tíma þegar við vorum að ræða fjárlagafrv. í fyrra þá voru erlendar sérfræðistofnanir farnir að senda okkur aðvaranir í stríðum straumum. Þær höfðu reyndar byrjað fyrr á því. Ég vil í því sambandi rifja upp álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því árinu fyrr þar sem þetta var séð fyrir og þar var eftirfarandi dómur felldur:

„Nýsamþykkt fjárlög fyrir 1999 fela ekki í sér nægilegt aðhald í ríkisfjármálum að okkar dómi."

Herra forseti. Það hefur þannig legið fyrir ákaflega lengi að erlendir sérfræðingar og innlendir hafa verið ósammála þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt varðandi ríkisfjármálin.

Hv. þm. Jón Kristjánsson ræddi talsvert um viðskiptahallann, gerði líka skuldasöfnun að umræðuefni auk þess sem hann fjallaði um gengismál. Ég rifja það af þessu tilefni upp að í stefnuræðu sinni árið 1996 lýsti forsætisráðherra mikilvægi þess að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess, eins og hann sagði, með leyfi forseta, „að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári". Hvernig var staðan, herra forseti, þegar þessum áhyggjum forsrh. var lýst? Þá var viðskiptahallinn 8 milljarðar kr. og mörgum þótti hann ærinn. Síðan forsætisráðherra lýsti þessari stefnu hefur þróunin orðið þveröfug. Viðskiptahallinn hefur haldið áfram að vaxa alveg eins og Samfylkingin hefur spáð missirum saman og menn vita hverjar undirtektir stjórnarliðsins voru við því.

Ég rifja það upp, herra forseti, að hæstv. fjmrh. sem hér er nú staddur með okkur í dag endurtók það langt fram eftir síðasta ári að við hefðum rangt fyrir okkur og viðskiptahallinn mundi ekki aukast heldur mundi hann minnka. Ég man t.d. eftir hástemmdum yfirlýsingum hans um það við umræður um fjárlagafrv. í fyrra þegar við bentum með gildum rökum á að þróunin væri á aðra leið. Viðskiptahallinn hefur vaxið geigvænlega. Á síðasta ári nam hann 40,4 milljörðum kr. eða 6,5% af landsframleiðslu. Á þessu ári spáir Þjóðhagsstofnun að viðskiptahallinn aukist enn og nemi 54 milljörðum kr., eða 8% af landsframleiðslunni. Þjóðhagsstofnun segir að hann muni halda áfram að hækka á næsta ári og verða 56,9 milljarðar. Hverjum hefði dottið þetta í hug, herra forseti, þegar bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. stóðu í þessum stóli og beinlínis híuðu á stjórnarandstöðuna fyrir að halda því fram að þróun væri með þeim hætti sem reynslan hefur sýnt að hún varð. Gangi spá Þjóðhagsstofnunar eftir verður halli á viðskiptajöfnuði sem svarar til 6,5–8% af landsframleiðslu fjögur ár í röð. Ekki eru dæmi um annan eins viðskiptahalla svo langan tíma í einu. Þessi staða speglast best í þeirri nöturlegu staðreynd að þrátt fyrir mikinn rekstrarafgang getur ríkisstjórnin ekki gert upp erlend lán, og þarf jafnvel að taka aukin erlend lán til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Er myndin svona svört, herra forseti? Það gæti verið að hún væri enn svartari.

OECD, sem gerþekkir íslenskt efnahagslíf, er nefnilega miklu svartsýnni fyrir hönd íslensks efnahagslífs. Stofnunin spáir því að viðskiptahallinn í ár verði miklu meiri en Þjóðhagsstofnun telur eða 70 milljarðar kr. sem jafngildir 9,1% af landsframleiðslunni. Á næsta ári spáir svo OECD að viðskiptahallinn aukist enn eða í 10% af landsframleiðslu. Þetta eru náttúrlega alveg ótrúlegar tölur.

Það má hins vegar segja að ríkisstjórnin virðist ekki hafa miklar áhyggjur af þessari þróun, og af orðum forustumanna hennar má ráða að viðskiptahallinn sé í reynd góðkynja og maður hefur heyrt það aftur og aftur frá hæstv. forsrh., m.a. í þeim sjónvarpsþætti sem ég gat um hér áðan, að núverandi viðskiptahalli væri í reynd ekki líklegur til þess að leiða til neikvæðra afleiðinga. Sú stofnun sem hefur að meginhlutverki að veita ríkisstjórninni ráð og upplýsingar um þróun efnahagsmála er á allt annarri skoðun og tekur í reynd undir með rökstuddri gagnrýni Samfylkingarinnar síðustu missiri. Þetta kemur fram í Þjóðhagsáætlun þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Áframhaldandi hár viðskiptahalli mun því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu."

Síðan bætir stofnunin við og segir:

„Sífelld aukning skulda fær ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar."

Herra forseti. Í þessum orðum er Þjóðhagsstofnun að segja nákvæmlega það sama og Samfylkingin hefur bent á missirum saman, að mikill og vaxandi viðskiptahalli sé ákaflega hættulegur fyrir þróun íslensku krónunnar. Hver hefur haft

rétt fyrir sér í þessum efnum, ríkisstjórnin eða Samfylkingin? Reynsla síðustu ára hefur sýnt afdráttarlaust að ríkisstjórnin hefði betur hlustað á varúðarorð okkar. Veruleikinn hefur sýnt það að viðskiptahallinn gróf undan genginu í þeim mæli að þróun þess felur í reynd í sér það sem kalla má skarpa gengislækkun.

Viðskiptahallanum fylgir mikil skuldasöfnun erlendis eins og hv. þm. Jón Kristjánsson benti ræðilega á í sinni ræðu. Þegar ríkisstjórnin tók við árið 1995 voru hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins rúm 50% af landsframleiðslu. Forsætisráðherrann lýsti þá yfir á Alþingi að ríkisstjórnin stefndi að því að þær lækkuðu niður í 34% af landsframleiðslu í lok ársins 2000. Hvernig hefur það ræst? Á þessu ári segir Þjóðhagsstofnun að hrein erlend staða þjóðarbúsins verði neikvæð um 55% af landsframleiðslu en neikvæð um nærri 60% af landsframleiðslu í lok næsta árs. Með öðrum orðum, það stappar nærri að munurinn á því sem hæstv. forsrh. sagði að væri stefna ríkisstjórnarinnar og raunveruleikanum eins og hann blasir við í dag, sé nánast tvöfaldur.

Ég spyr því hæstv. fjmrh. fyrst hann er staddur hérna: Er það skoðun hans í dag að varnaðarorð Samfylkingarinnar varðandi viðskiptahallann og áhrif hans á gengið hafi verið út í loftið? Þetta er spurning sem við höfum ítrekað spurt og höfum aldrei fengið svar við. Hæstv. ráðherrar hafa ávallt skotið sér undan umræðu um þessi efni en nú finnst mér að hæstv. fjmrh. skuldi Samfylkingunni svör við þessum spurningum.

Hvað hefur gerst á síðustu mánuðum? Viðskiptahallinn veikti krónuna nægilega til að spákaupmenn hafa tvívegis gert að henni harkalegar atlögur á síðasta sumri. Þessum atlögum hefur verið haldið áfram og þess á milli hefur krónan sigið tiltölulega rólega. Seðlabankinn hefur ítrekað þurft að grípa til aðgerða til að bjarga krónunni. Hann hefur neyðst til að verja nánast 15 milljörðum kr. í þessum tilgangi. Honum tókst ekki að kaupa til baka nema sem svaraði 1,5 milljörðum kr. fyrr í haust. Þrátt fyrir þetta, eins og ég hef sagt, er krónan um þessar mundir um 10% lægri en í byrjun maí. Þess má líka geta að gagnvart Bandaríkjadal hefur krónan fallið um nærfellt fjórðung frá áramótum. Ég vil einnig nefna, til að halda öllu til haga, að þar er þó um að kenna aðstæðum sem eru ekki nema að litlu leyti á valdi ríkisstjórnarinnar.

Hversu lengi munu inngrip Seðlabankans síðan halda? Ef ég horfi til reynslu af slíkum inngripum Seðlabanka í nálægum löndum kemur í ljós að þær geta skipt sköpum um nokkurn tíma en til langs tíma megna þær ekki að halda uppi gjaldmiðli sem er veikur fyrir og er undir álagi.

Mér finnst líka athyglisvert, herra forseti, að rifja upp að þegar þessar umræður fara fyrir alvöru af stað á síðustu vikum, um að blikur séu á lofti í efnahagslífinu, þá er eins og ríkisstjórnin hafi fundið sér blóraböggul. Það er jafnan háttur hennar að finna sér einhver sektarlömb. Þessir blórabögglar eru lífeyrissjóðirnir, ríkisstjórnin kennir fjárfestingum þeirra um þensluna og þessa þróun.

Um það er engum blöðum að fletta að fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis veikja krónuna um þessar mundir þó að þær séu jákvæðar þegar menn horfa til lengri tíma. En þessar fjárfestingar eru alls ekki nýjar. Þær hafa viðgengist á undanförnum árum með vaxandi þunga í samræmi við langtímaáætlanir sem lengi hafa legið fyrir hjá þessum sjóðum. Það sem skiptir hins vegar mestu máli varðandi þessa þróun er ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í vor þegar hún beitti sér fyrir því að heimildir lífeyrissjóðanna til að fjárfesta erlendis yrðu auknar úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50%. Þetta skref var ákaflega sérkennilegt í ljósi þess að þá voru langflestir sjóðirnir undir 40% þakinu. Með þessari ákvörðun sinni, þessu frumkvæði sínu var ríkisstjórnin í reynd að gefa sjóðunum til kynna að æskilegt væri að þeir flyttu hluta af sínu fjármagni til útlanda. Þeir brugðust líka nákvæmlega þannig við. Í þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar fólust alvarleg mistök, enda var við þeim varað bæði af Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum. Það nöturlega við þetta er að eftir að hafa í reynd hvatt lífeyrissjóðina til að flytja meira af sínum fjármunum erlendis þá kemur ríkisstjórnin núna og gerir þá að blórabögglum fyrir mistök sem hægt er að skrifa á reikning hennar sjálfrar.

Hvernig er þá staða þenslunnar í dag? Er hún í rénun eins og hæstv. ríkisstjórn heldur fram? Í nýjasta riti Seðlabankans er bent á að það séu að koma fram vísbendingar um að það dragi úr veltuaukningu og umsvifum á húsnæðismarkaði. Samt er það svo, herra forseti, að þenslueinkenni eru enn þá sterk og samkvæmt sumum mælikvörðum sterkari en nokkru sinni fyrr. Vinnumarkaðurinn er t.d. spenntari en hann hefur verið, sem eykur auðvitað hættuna á launaskriði og samkvæmt riti Seðlabankans hefur ákaflega lítið dregið úr aukningu útlána. Ríkisstjórnin heldur því eigi að síður fram að þenslan sé að minnka. Ég tek undir það sem sagt er í riti Seðlabankans, að það eru vísbendingar um það. Einn af helstu efnahagsráðgjöfum ríkisstjórnarinnar, Þórður Friðjónsson, virðist þó á annarri skoðun. Í viðtali við ríkissjónvarpið 2. nóv. sagði þjóðhagsstofustjóri að þenslan væri áhyggjuefni, og það var haft eftir honum, með leyfi forseta, að „á miðju sumri hafi verið talið að þenslan væri í rénun en að undanförnu hafi komið fram nokkuð skýr merki um að hlé væri á þeirri þróun og að þenslan væri jafnvel að færast aftur í aukana". Það er sem sagt þjóðhagsstofustjóri sem kemur fram á sviðið fyrir nokkrum vikum og segir beinlínis að ríkisstjórnin hafi rangt fyrir sér þegar hún segir að þenslan sé í rénun. Þjóðhagsstofustjóri kemur fram og segir að nokkuð skýr merki séu um að þenslan sé jafnvel að færast aftur í aukana.

Herra forseti. Þegar maður skoðar þær tölulegu staðreyndir sem við höfum á borðum okkar í fjárln. þá blasir við að því miður hefur þjóðhagsstofustjóri nokkuð til síns máls. Það er að sönnu rétt að aukningin í veltu og umsvifum er ekki eins mikil og í fyrra. Eigi að síður er aukningin enn fyrir hendi. Ef við skoðum innheimtu virðisaukaskatts fyrstu tíu mánuði þessa árs þá jókst hann um 9,6% miðað við sama tíma í fyrra. Tekjuskattur einstaklinga á þessu ári jókst um 16,6% fyrstu tíu mánuðina sem er meira en fyrstu sex mánuðina, þá jókst hann um 14,6%. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af því, herra forseti, en að spennan á vinnumarkaði hafi aukist verulega allra síðustu mánuði. Eins og við vitum þá sæjum við, ef ekki væri fyrir fjölda erlendra handa, vegna um 7.000 útlendinga sem hér eru á vinnumarkaði, líkast til fram á miklu meiri spennu á vinnumarkaði og líkast til óðaverðbólgu. Þetta skulum við hafa í huga, herra forseti, ekki síst þegar við ræðum réttindi og skyldur okkar gagnvart nýbúum.

Herra forseti. Hverjar eru horfurnar varðandi verðbólguna? Þær hafa vissulega versnað við að gengið hefur lækkað. Nú spáir Seðlabankinn því að verðbólga verði 4,6% yfir næsta ár en hann spáði í ágúst að verðbólgan yrði undir 4% yfir árið 2001. Þá verður líka að hafa það í huga þegar ég nefni þessar tölur og spár að gengi krónunnar er núna um

1,5% lægra en miðað var við í þeirri verðbólguspá bankans sem ég nefndi. Þróunin sem við horfum upp á speglast líka í þeirri staðreynd að verðbólgan er miðað við síðustu þrjá mánuði samkvæmt mati Hagstofunnar 6,2%. Þá vil ég líka rifja það upp að það hefur komið fram opinberlega að sérfræðingar Íslandsbanka-FBA spá því að verðbólgan verði a.m.k. 6% þegar kemur fram á næsta ár og reyndar hafa þeir spáð því að í lok fyrsta ársþriðjungs 2001 verði hún komin í 6,3%. Við þetta verður líka að bæta að verðbólga erlendis eykst sömuleiðis. Það ásamt veikara gengi gæti ýtt frekar undir innlenda verðbólgu. Það er því niðurstaða mín, herra forseti, að því miður séu blikur á lofti um frekari verðbólgu.

Ég rifja það upp að þegar samningar voru gerðir á almennum vinnumarkaði þá var verðbólga 5,6% en meginforsendur samninganna voru að verðbólgan færi lækkandi. Þessi þróun gæti því haft afdrifarík áhrif á kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Ef verðlagsforsendur samninga ASÍ og samtaka atvinnulífsins bresta er ákaflega líklegt að launalið samninganna verði sagt upp. Þannig er, herra forseti, viðskiptahallinn á heldur vondu róli, hið sama gildir um gengið og þar af leiðandi verðbólguna. Ég get þannig ekki tekið alveg undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni með að nóg sé að gert í ríkisfjármálunum. Ég er þeirrar skoðunar að enn sé hægt að ná því sem sérfræðingar kalla mjúka lendingu en úrræði til þess eru ákaflega erfið og langsótt. Í einu orði mætti kalla þau óyndisúrræði.

Afleiðingarnar af þeirri þróun sem ég hef rakið hér eru auðvitað þegar komnar fram að ýmsu leyti. Þær hafa bitnað harkalega á almenningi og fyrirtækjum. Vextirnir hafa stórhækkað og verðbólgan ásamt vöxtunum er aftur farin að þyngja greiðslubyrði landsmanna. Þetta hefur ákaflega mikil áhrif á skuldir heimilanna og greiðslustöðu þeirra. Í lok síðasta árs voru skuldir heimilanna 510 milljarðar kr. Um mitt þetta ár voru þær samkvæmt uppgjöri Seðlabankans orðnar 560 milljarðar kr., höfðu aukist um 10%. Hækki þær í sama takti það sem eftir lifir þessa árs munu skuldir heimilanna verða yfir 600 milljarðar í lok ársins 2000. Skuldir heimilanna mun því aukast miðað við þetta um 15–20%. Ef það gengur eftir er auðvitað ljóst að bilið milli skulda og ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist verulega. Það er því ekki að undra, herra forseti, að okkur berast fregnir af því þessa dagana að vanskilin fari vaxandi í bankakerfinu. Það er mikil hætta á því að þau aukist verulega á næstu missirum ef ekki tekst að snúa ofan af þessari válegu þróun.

Ég rifja það líka upp, herra forseti, að fjölmargar ungar fjölskyldur, sem berjast nú við að koma sér upp þaki yfir höfuðið, lentu í alvarlegum skakkaföllum fyrr í vor þegar húsbréfakreppan gekk yfir og segja má að afföll húsbréfa séu enn þá allt of há. Ég rifja aftur upp það sem Yngvi Örn Kristinsson, fyrrv. yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans, benti á, að röng stefna ríkisstjórnarinnar hefur neytt Seðlabankann til þess að beita of harðri peningastefnu sem birtist í háum vöxtum og háu gengi. Það er eina leiðin til þess að hamla gegn verðbólgunni.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét þess getið í umræðum hér fyrir skömmu um fjáraukalögin — það var ekki hægt að skilja orð hans með öðrum hætti — að það væri stefna Seðlabankans í vaxtamálum sem væri undirrót þeirra erfiðleika sem nú blasa við. Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er varaformaður fjárln. og er staddur í salnum, vil ég spyrja hv. þm.: Er hann þeirrar skoðunar að það sé ekki röng stefna hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálunum sem leitt hafi til þess vanda sem nú steðjar að okkur heldur stefna Seðlabankans? Það er ákaflega mikilvægt til að gera umræðuna skýrari, til þess að við getum í umræðunni reynt að grafast fyrir um orsakir þess vanda sem nú blasir við og jafnframt reynt að leita leiða til lausnar á honum, að afstaða hv. þm. í þessum efnum komi fram. Hvers vegna? Vegna þess að hann er talsmaður annars af stjórnarflokkunum í þessari umræðu. Hann er varaformaður nefndarinnar sem leggur fram brtt. við þetta frv. og talsmaður Sjálfstfl. í efnahagsmálum þegar hæstv. fjmrh. og forsrh. sleppir.

Herra forseti. Hver er staðan nákvæmlega um þessar mundir? Það blasir við þegar maður horfir yfir sviðið að ójafnvægið hefur lítið minnkað. Vinnumarkaðurinn er spenntari en hann hefur hefur áður verið og viðskiptahallinn er í hámarki. Það blasir líka við, samkvæmt þeim spám sem helstu sérfræðistofnanir innan lands og utan hafa sett fram, að viðskiptahallinn mun halda áfram að aukast. Það blasir meira að segja við að árið 2003 mun hann samkvæmt mati OECD verða 9,2% af landsframleiðslu. Það er hugsanlegt, herra forseti, að verstu bylturnar séu búnar og við skulum vona það. Við skulum vona að smám saman muni vindast ofan af þessu ástandi. En svo lengi sem ójafnvægið er þetta mikið og svo lengi sem viðskiptahallinn er svo mikill þá er sú hætta stöðugt fyrir hendi að þrýstingurinn á gengið aukist aftur. Hvað er þá til varnar vorum sóma, herra forseti? Það þarf ákaflega lítið til. Það þarf í reynd ekki meira en að þeir fjárfestar sem hafa tekið sér stöðu, sem svarar 60 milljörðum kr., með íslensku krónunni í framvirkum samningum, skipti um skoðun og taki sér stöðu hinum megin. Hvað gerist þá? Hvað telur hv. þm. Jón Kristjánsson að yrði þá um þróun gengis íslensku krónunnar?

Herra forseti. Til að hægt sé að bregðast við þessum vanda verður ríkisstjórnin fyrst að viðurkenna að við eigum við sameiginlegan vanda að glíma. Þá fyrst er hægt að ráðast að honum. Það hefur hins vegar aldrei gerst að ríkisstjórnin hafi viðurkennt að það væri við vandamál að glíma í efnahagskerfinu. Það er ekki fyrr en í dag að hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, kemur og segir að viðskiptahallinn sé óviðunandi og beinlínis hættulegur. Þá er það okkar vandamál að reyna að glíma við viðskiptahallann. Hvernig ætlum við að fara að því?

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hlýddi að vísu ekki á orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar en hann hefur heyrt í endursögn minni afstöðu hv. þm. gagnvart þessu meini íslenska efnahagslífsins. Ég spyr þess vegna hæstv. fjmrh.: Er hann sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni um að viðskiptahallinn sé óviðunandi? Er hann sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni um að hann sé beinlínis hættulegur? Ef svo er, til hvaða ráða telur hann nauðsynlegt að grípa til að komast hjá frekari erfiðleikum í efnahagslífinu?

Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að gera allt sem við getum til að draga úr útlánaþenslunni eins og hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi. Það er líka spurning hvort ekki þurfi með einhverjum hætti að gera meira en það. Er t.d. ekki nauðsynlegt, til að reyna að draga úr þenslunni, að velta fyrir sér hvort ekki ætti að draga úr opinberum framkvæmdum?

Ég rifja það upp, herra forseti, sem ég sagði áðan að opinberar framkvæmdir voru minnstar samdráttarárið 1995 og á fyrsta ári uppsveiflunnar 1996. Þær hafa hins vegar aldrei verið meiri en í undangenginni þenslu.

Ég rifja það líka upp, herra forseti, að á sl. sumri varpaði Samfylkingin fram þeirri hugmynd að stjórnmálaflokkar og

aðilar vinnumarkaðarins tækju höndum saman um að mynda nýja þjóðarsátt gegn verðbólgunni, m.a. til þess að koma í veg fyrir að kjarasamningar á almennum markaði losnuðu. Þó margir tækju undir hugmynd Samfylkingarinnar þá hafnaði ríkisstjórnin henni og ég segi það, herra forseti, að fátt hefur undirstrikað ábyrgðarleysi hennar betur gagnvart þróun efnahagsmála en einmitt sú afstaða.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli farið yfir það sem mér virðist langmikilvægast varðandi þróun efnahagsmála. Það sem skiptir mestu máli núna í þessari umræðu er að það komi fram hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að taka á þeim vanda sem hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., hefur sagt að felist í viðskiptahallanum. Hv. þm. Jón Kristjánsson hefur í reynd komið hingað og tekið undir með þeim varnaðarorðum sem Samfylkingin hefur sett fram á undangengnum missirum. Samfylkingin benti frá því fyrir síðustu kosningar á þá hættu sem fælist í vaxandi viðskiptahalla. Gegn þessu skelltu stjórnvöld skollaeyrum en nú hefur hv. formaður fjárln. tekið undir með okkur og sagt að þetta sé óviðunandi staða. Hann hefur sagt að í þessu sé fólgin hætta fyrir þróun efnahagsmála. Þess vegna verða stjórnarliðar að koma hingað og segja okkur hvernig þeir ætli að vinda ofan af viðskiptahallanum.

[13:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hélt ræðu um efnahagslegt umhverfi, eins og ég gerði reyndar, og tengsl þess við ríkisfjármálin og varpaði til mín spurningum um hvort ekki þyrfti að draga meira saman í opinberum framkvæmdum. Við unnum að því í undirbúningi fjárlaganna að draga saman í opinberum framkvæmdum og hv. þm. þekkja þá umræðu. Ég hefði sagt að jafnvel hefði þurft að ganga heldur lengra í því. En hins vegar heyrðist mér ekki á talsmönnum Samfylkingarinnar að þeir væru mjög hrifnir af þeim hugmyndum sem þar komu fram. Hugmyndir þeirra voru að draga ekki úr opinberum framkvæmdum. Hv. formaður Samfylkingarinnar er kannski búinn að gleyma því.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort stefnan í ríkisfjármálum magnaði viðskiptahallann. Ef afgangur af ríkissjóði verður viðlíka og hann hefur verið á síðasta ári og útlit er fyrir að verði á næstu árum til ársins 2004, þá stefnir í að skuldir ríkissjóðs verði lægri en peningalegar eignir. Ef þetta er ekki til að leggja lóð á vogarskálina til að vinna m.a. gegn viðskiptahalla, þá fylgir hv. formaður Samfylkingarinnar annarri hagfræði en ég, en ég mun koma að því nánar í seinna andsvari mínu.

[13:49]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í reynd rétti Samfylkingin stjórnarliðinu sáttarhönd við umræðurnar í fyrra. Þá lögðum við til að farið yrði í að draga úr opinberum framkvæmdum. Það var hlegið að okkur þá. Við gerðum þetta aftur í sumar. Þá töldum við að nauðsynlegt væri að efna til þjóðarsamstöðu til að vinna bug á þeim erfiðleikum sem steðjuðu að. Þá vorum við líka hafðir að háði og spotti.

Ég rifja það upp að hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði, að mig minnir í fyrra einhvern tíma, hvort ég væri reiðubúinn til að beita mér fyrir því að dregið yrði úr t.d. vegaframkvæmdum vegna þeirrar stöðu sem þá blasti við og vegna þeirra spáa sem voru byrjaðar að koma fram um þróun efnahagsmála. Ég kom hér og sagði já. Það þurfti nokkurn kjark til að gera það, herra forseti.

Hvað varðar stefnuna í sambandi við viðskiptahallann, þá hef ég spurt hv. þm. Jón Kristjánsson hvort hann telji að það sem birtist í fjárlagafrv. sé nóg til að sporna gegn viðskiptahallanum. Ég vísa til þess, herra forseti, að spár Þjóðhagsstofnunar liggja fyrir um að viðskiptahallinn muni ekki minnka þrátt fyrir það sem gert var í fyrra og þrátt fyrir það sem ríkisstjórnin er að gera núna. Ég vísa einnig til þess að OECD hefur lýst því nýlega yfir að viðskiptahallinn muni verða 10% af landsframleiðslu. Þjóðhagsstofnun taldi skelfilegt ef hann næði því að verða 8%. OECD sem gerþekkir íslenskt efnahagslíf telur að viðskiptahallinn verði 10%.

Ég spyr hv. þm. Jón Kristjánsson: Telur hann að það sem liggur fyrir í fjárlagafrv. sé nóg til að sporna gegn viðskiptahallanum? Það er spurningin sem skiptir máli vegna þess að hv. þm. sagði í dag að viðskiptahallinn væri óviðunandi og hann væri hættulegur. Ef þarna er um að ræða hættulega þróun, hvað á að gera til að sporna gegn henni? Ég spyr vegna þess að hv. þm. taldi að ríkisfjármálin í núverandi stöðu dygðu til þess eða ég skildi hann svo.

Ég spyr hv. þm. aftur: Telur hann að það sem er í frv. dugi til þess að vinda ofan af slíkum halla og þar með vernda gengið?

[13:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þær tölur sem birtast í fjárlagafrv. og þeim brtt. sem hafa verið lagðar fram við það sporni gegn viðskiptahallanum. Hins vegar verður að athuga að viðskiptahallinn er settur saman af mörgum þáttum. Versnandi viðskiptakjör, lækkandi verðlag á útflutningi, hækkað olíuverð, allt kyndir þetta undir viðskiptahallanum, en ég tel að það frv. sem við ræðum hér og þær tillögur sem liggja fyrir við það séu þáttur í að sporna gegn viðskiptahallanum.

Hins vegar hefur mér ekki heyrst á tillöguflutningi sem birtist hér að stjórnarandstaðan vilji draga úr útgjöldum. Hún flytur tillögur um að bæta mörgum milljörðum við útgjöldin til ágætismála að vísu, en eigi að síður er það samt staðreynd að ekki er verið að flytja tillögur um að draga úr útgjöldum heldur bæta við þau til viðbótar við það sem meiri hluti fjárln. leggur til.

[13:52]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni hv. þm. Jón Kristjánsson á þá staðreynd að þær tillögur sem liggja fyrir af hálfu Samfylkingarinnar eru góðar, eins og hv. þm. sagði. Þar er um að ræða aukin framlög til mennta- og menningarmála, aukin framlög til byggðamála, aukin framlög til aldraðra og öryrkja og líka til barnafólks. Hér er um að ræða stefnu sem er ákaflega jákvæð í eðli sínu.

Felur hún í sér aukin útgjöld? Já, hún felur í sér aukin útgjöld. En Samfylkingin hefur eigi að síður lagt fram tillögur, þar sem ekki bara standast á útgjöld og tekjur, í anda þeirrar ábyrgu fjármálastefnu sem Samfylkingin beitir sér fyrir, sem munu auka afgang af ríkissjóði um 1 milljarð. Nauðsynlegt er að fram komi að tillögur Samfylkingarinnar leiða til þess, ef þær verða samþykktar að fullu, að ekki einasta kemur fram sú gagnsemd af þeim tillögum sem ég var að lýsa heldur mun afgangur af ríkissjóði aukast um 1 milljarð.

Að því er varðar orðræður okkar um viðskiptahallann, þá kemur það loksins fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að

hann telur að það aðhald sem kemur fram í fjárlagafrv. og brtt. við það sé þáttur í því að sporna gegn viðskiptahallanum. En ég get ekki skilið þau orð öðruvísi en svo að það sé einungis þáttur en það dugir ekki. Er það rétt skilið hjá mér, herra forseti, að hv. þm. Jón Kristjánsson telji að það þurfi meira til að vinda ofan af viðskiptahallanum? Ég held nefnilega að það þurfi miklu meira. En hver er skoðun hv. þm. Jóns Kristjánssonar?

[13:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Áður en ég kemst til þess að ræða við hv. 10. þm. Reykv. um efnahagsmál, þá hlýt ég að spyrja hann nokkurra spurninga varðandi þær brtt. sem liggja fyrir. Hér liggja fyrir brtt. frá 1. minni hluta fjárln. upp á hækkun skatta upp á 3.850 millj. og hækkun gjalda síðan á sjávarútveginn upp á tæpar 3.000 millj. Það má enginn skilja orð mín þannig að ég sé sérstakur andstæðingur skatta, langt frá því. En í gær og nokkra daga áður höfum við rætt tekjustofna sveitarfélaga og ég heyrði ekki betur en Samfylkingin væri ákaflega mikið á móti því að hækka útsvörin um 0,33% tvisvar sinnum. Það var hið herfilegasta mál og mundi stefna öllum kjarasamningum í uppnám því við værum að svíkja verkalýðshreyfinguna. (**Gripið fram í:** Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) Ég heyrði ekki betur en menn væru að mótmæla þessu og teldu rangt að hækka þannig útsvarið.

Ég verð að spyrja hv. þm.: Hvernig má það vera ef hægt er að hækka skatta um 4.000 millj., hvar standa þá kjarasamningarnir? Hvar standa þá þær viðmiðanir sem við höfum verið með við Alþýðusamband Íslands, hvar eru þær staddar? 4.000 millj. kr. skattahækkun. Hvar standa þá samningarnir? Ég hef alltaf haldið að þetta væri einn vefur, þetta héngi allt saman og við værum að fást við það vandamál í peningastjórninnin að á næsta ári tækist okkur að að verja kaupmáttinn í landinu. Ég hélt að það væri takmarkið.

Auk þess eru lagðar til tæpar 3.000 millj. kr. hækkun á sjávarútveginn. Ræðumaður gerði miklar athugasemdir og hafði miklar áhyggjur af stöðu gengisins. Hvernig heldur hv. þm. ræðumaður að staða gengisins væri við að bæta 3.000 millj. ofan á sjávarútveginn eins og þetta stendur núna?

[13:56]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilega nokkuð langt um liðið frá því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tók þátt í að gera kjarasamninga eða telur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að það fólk sem forusta ASÍ er að semja fyrir geri mikið af því að kaupa og selja hlutabréf? Ég ímynda mér að það fólk geri ákaflega lítið af því. Ég held að það séu aðrir aðilar sem raki saman stórfelldum gróða af því.

Þær tillögur sem hv. þm. reifaði og við höfum flutt og munum ræða ítarlega síðar — yfirleitt er venjan sú að ræða skattatillögur eða tekjutillögur við 3. umr. eins og við munum gera en ég er reiðubúinn til að gera það hvenær sem er — ganga fyrst og fremst út á að afla tekna með því að afnema heimildir til að fresta söluhagnaði. Hv. þm. veit mætavel að fram hefur komið m.a. í fjölmiðlum frá ríkisskattstjóra að þarna er um að ræða alveg gríðarlegar upphæðir. Ég held að fram hafi komið að um 600 einstaklingar hafi frestað söluhagnaði sem nam 20 milljörðum á nokkrum árum. Ég man ekki lengur hvað það var mikið sem ríkisskattstjóri taldi að hefði tapast í tekjum vegna þessa. Ég skal fúslega viðurkenna að ef lögin hefðu verið öðruvísi þá ímynda ég mér að ekki hefði orðið jafnmikið um sölur á bréfum eins og reyndin varð, en ljóst er að sú tillaga sem Samfylkingin og þingmenn hennar leggja fram styðst auðvitað við raunveruleikann.

Að því er varðar sjávarvútveginn, þá eru menn að tala um ákveðnar kostnaðargreiðslur og ef ég má rifja það upp fyrir hv. þm., þá vill svo til að sérstök klásúla er um það í stjórnarsáttmála Framsfl. og Sjálfstfl. að það eigi að gera.

Ég rifja það líka upp fyrir hv. þm. að hæstv. sjútvrh. hefur mörgum sinnum talað í sömu veru.

[13:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði, hvernig heldur hv. þm. að staða sjávarútvegsins verði og staða gengisins við að leggja tæpar 3.000 millj. á sjávarútveginn í þessari stöðu? Ég spurði eftir því og fékk ekkert svar. Í brtt. stendur: 3.350 millj. af tekjuskatti einstaklinga, 250 millj. af tekjuskatti lögaðila. Ég held að ég lesi þetta alveg rétt. Ég held að það sé alveg óskaplegur misskilningur ef menn halda að Ísland eigi það ráð til að loka á fjármagnsflutninga milli landa. Það hafa allar þjóðir reynt og við höfum rætt þetta í tíu ár og enginn náð neinni niðurstöðu annarri en að það skipti máli fyrir efnahag einnar þjóðar að gera viðskiptaumhverfi fyrirtækjanna eins vænlegt skattalega og hægt væri. Halda menn virkilega að það sé tekjustofn fyrir ríkið að menn geti ekki selt öðruvísi en hér borguðu menn fullan skatt af söluhagnaði? Það var reynt áður. Við breyttum þessu 1996. Hvað hafði gerst áður? Það var engin sala en það voru heldur engar tekjur til ríkisins. Það stóð allt fast. Þegar við breyttum þessu komum við hringrás á þetta og jukum þannig stórlega tekjur ríkisins, ekki öfugt. Ef menn ætla að stoppa þetta, þá minnka tekjurnar vegna þess að tekjustofninn hverfur. Þetta er bara Münchhausen-aðferð til þess að búa til tekjur.

[14:00]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi ekki lesið tillögur okkar nógu rækilega. Hann kom og talaði um að við værum að leggja 3 þús. millj. á sjávarútveginn. En sú tillaga sem hann hefur í höndunum felur í sér að við erum að tala þarna um kostnaðargreiðslur sem nema 750 millj. kr. Hv. þm. ætti að lesa þetta betur.

Að því er varðar síðan þá hringrás sem hv. þm. er stoltur af að eigin sögn að hafa komið á á hlutabréfamarkaðinum þá leyfi ég mér stórlega að efast um að það hafi verið þetta tiltekna ákvæði sem olli því að hlutabréfamarkaðurinn tók flugið. Þarna var einfaldlega um að ræða þróun sem hafði verið í gangi talsvert lengi og það var ýmislegt annað sem gerði það að verkum að hann tók flugið með þessum hætti. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. telji að umræður um að afnema þetta ákvæði sem, ef ég man rétt, var eiginlega sett af vangá, hafi leitt til þess að hlutabréfamarkaðurinn hefur núna nánast verið í frjálsu falli.

Ég verð líka að segja að það vekur undrun mína að hv. þm. skuli halda því fram að tillaga um að taka skatt af þessum söluhagnaði kynni að hans mati að leiða til þess að kjarasamningar yrðu í uppnámi. Telur hv. þm. sem sagt að þeir tugir þúsunda sem forusta ASÍ semur fyrir séu önnum kafnir í kaffitímanum og í matarpásunni að kaupa og selja hlutabréf?

[14:02]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 320. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 402.

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. JB o.fl., þskj. 396; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 397; brtt. GAK o.fl., þskj. 398, 399; brtt. ÖJ og GAK, þskj. 403.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, 318. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 400.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, 319. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 393, 396–399 og 403. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[14:04]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2001 kemur nú til 2. umr. Endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir og niðurstaða liggur heldur ekki fyrir um mörg mikilvæg málefni, svo sem fjárþörf heilbrigðisgeirans, málefni Byggðastofnunar og Ríkisútvarpsins, svo eitthvað sé nefnt. Þá er enn beðið eftir svari menntamálaráðuneytisins við aukinni fjárþörf framhaldsskólanna og mati á henni. Þess vegna má telja fullvíst að gjaldahlið frumvarpsins muni taka nokkrum breytingum við 3. umr.

Stærsti liður í brtt. meiri hlutans sem hér eru lagðar fram eru framlög til sveitarfélaga vegna endurskoðunar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við það frv. sem var samþykkt nýverið um breytta tekjuskiptingu á milli þessara aðila. Herra forseti. Mat velflestra ef ekki allra sveitarfélaga er að sú leiðrétting sem hér er gerð sé allsendis ófullnægjandi. Auk þess standa þar veigamiklir þættir út af svo sem menntamálin og húsnæðismálin svo það sé nefnt þannig að þó að sú breyting sem þarna er verið að gera sé spor í rétta átt þá er hún fjarri því að mæta þeim vanda og þörf sem þarna var fyrir hendi.

Þetta fjárlagafrumvarp er nú tekið til 2. umr. við miklar óvissuaðstæður. Viðskiptahallinn stefnir í 60 milljarða kr. á þessu ári. Gengi krónunnar er fallandi og hefur þurft að verja háum fjárhæðum í erlendum gjaldmiðlum henni til varnar. Það er einnig dálítið ankannalegt að þrátt fyrir yfirlýsingar um góðæri og rekstrarfgang ríkissjóðs er gjaldeyrisstaðan svo þröng að ríkissjóði er ókleift að greiða niður erlend lán. Tekjur ríkisins eru enn fremur að miklu leyti tengdar sköttum á innflutning og veltu í þjóðfélaginu. Verði viðskiptahalli nálægt 60 milljörðum er hann nærri tvöfalt meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Tekjur ríkissjóðs munu því væntanlega hækka verulega á árinu samsvarandi þessari auknu neyslu og þenslu í þjóðfélaginu.

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári eru í mikilli óvissu og geta orðið í algeru uppnámi ef samdráttur verður í innflutningi sem verður að gerast ef jafnvægi á að nást. Þá er mikil óvissa í atvinnulífinu og öflun aukinna þjóðartekna ef hagvöxtur verður með minna móti eins og haustspá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Þessi mikli viðskiptahalli má þó ekki verða til þess að hræða Íslendinga til að selja eignir sínar úr landi til þess að létta á þeirri stöðu. Ég vara við þeim málflutningi sem hvetur til þess að þjónustueignir Íslendinga svo sem Síminn og orkuver séu seld úr landi til þess að létta á viðskiptahalla við útlönd sem er til kominn m.a. vegna neyslu. Það er sama hver ástæðan er, við eigum að reka okkar þjóðarbúskap þannig að við þurfum ekki að selja eignir úr landi til þess að bjarga okkur við. Ég vara við allri umræðu sem lýtur að þessu í umræðunni um viðskiptahallann. Hversu alvarlegur sem hann er þá þarf að vinna að rótum hans og hann er hér innan lands í rekstri þjóðarskútunnar, í rekstri á mörgum þáttum almennings og fyrirtækja, sjóða og banka og fleira má nefna. Markmiðið er að styrkja og efla íslenskt atvinnulíf til þess að skapa aukna framleiðslu og aukna framleiðni og standa þar með undir auknum lífskjörum sem við öll stefnum að en ekki bregðast við því með því að selja okkar góðu eignir, okkar góðu mjólkurkýr úr landi til þess að standa straum af eyðsluskuldum erlendis.

Herra forseti. Kjaradeila framhaldsskólanna er í hnút og mörg stéttarfélög eru með lausa samninga og það er því veruleg óvissa á vinnumarkaði. Þetta er sú umgjörð sem við nú fjöllum um og umgjörð fjárlagafrv. sem við nú erum að vinna að fyrir næsta ár.

Herra forseti. Ég vil víkja nokkuð að störfum fjárln. Frá því síðla í september hafa fulltrúar sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og einstaklingar komið til fundar við nefndina. Þeir hafa borið fram erindi sín, greint frá áherslum, veitt upplýsingar og lagt fram beiðnir um framlög. Þetta fólk hefur lagt á sig mikla vinnu, oft komið um langan veg og lagt fram vönduð og greinargóð erindi. Þessar heimsóknir til fjárln. eru afar þýðingarmiklar fyrir fjárlagavinnuna og tengsl Alþingis við þjóðina. Því er mikilvægt að halda þeim dyrum opnum sem bjóða upp á samskipti við fólkið í landinu. Það er varhugavert ef einstök ráðuneyti letja forstöðumenn sína og ábyrgðaraðila til þess að koma fyrir nefndina og kynna vinnu og þarfir stofnana sinna. Stofnanir bera margs konar samfélagsskyldur víða í þjóðfélaginu en eru ekki bara bókhaldstofur fyrir einstakar rekstrareiningar ráðuneyta. Ég veit engin dæmi til þess að fjárln. hafi hafnað viðtali. Það er mun frekar að hún hafi átt frumkvæði að því að kalla fulltrúa ýmissa stofnana fyrir sig til þess að gera grein fyrir einstaka málaflokkum. Ég legg áherslu á þetta, herra forseti, mikilvægi þessa frelsis sem allar stofnanir og allir aðilar í þjóðfélaginu eiga að hafa á Alþingi og á nefndum þess.

Ríkisendurskoðun gerir nú reglulega úttekt á frammistöðu framkvæmdarvaldsins, ráðstöfun fjár og hvernig opinberir aðilar rækja skyldur sínar. Mikilvægt er að fjárlaganefnd taki skýrslur og álit Ríkisendurskoðunar fljótt og örugglega til umræðu og hafi þær til ályktunar eða hliðsjónar í sínum gerðum. Það er samróma álit innan fjárln., og legg ég áherslu á að því verði fylgt eftir af einurð, að skýrslum Ríkisendurskoðunar sé skilað til Alþingis með umsögn nefndarinnar eftir því sem við á.

Þá ber að leggja áherslu á skyldur fjárln. við Alþingi og ótvírætt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mikilvægi þessa ber sérstaklega að árétta þegar meiri hlutinn að baki ríkisstjórninni er mjög stór, eins og nú er raunin. En almennt má segja að það ríki kerfislægur þrýstingur af hálfu framkvæmdarvaldsins í þá átt að segja löggjafanum fyrir verkum. Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sem kveða á um meðferð ríkisfjármuna, fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga ýta undir þessa tilhneigingu.

Um framkvæmd fjárlaga segir í 30. gr.:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en

eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu á fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt."

Með leyfi herra forseta vitnaði ég í lög um fjárreiður ríkisins.

Þessai ákvæði eru tilgreind hér sérstaklega því þarna er að finna smugur fyrir framkvæmdarvaldið til að ákveða fjárframlög til stórra og lítilla málaflokka og viðfangsefna án þess að Alþingi fái miklu ráðið. Í skjóli þessa ákvæðis er samið um víðfeðm verkefni, t.d. við hin svokölluðu reynslusveitarfélög og við Háskóla Íslands, samið um framlög til framhaldsskóla, framlög í heilbrigðiskerfinu svo dæmi séu nefnd. Þarna falla einnig undir ýmsir safnliðir ráðuneytanna og óskipt fé ráðherra. Alvarlegast er þó hvernig verið er að beita þessu ákvæði til að einkavæða ýmsa mikilvæga opinbera þjónustu, svo sem innan heilbrigðiskerfisins og þá sérstaklega innan menntakerfisins. Ef svo fer fram sem verið hefur nú síðustu ár er stutt í það að meginþorri útgjalda einstakra ráðuneyta renni til þeirra sem ein heildarupphæð, óskipt. Síðan mun framkvæmdarvaldið tilkynna að gerðir hafi verið hinir og þessir þjónustusamningar, eða árangursstjórnunarsamningar, þar sem útgjaldaskipting hefur verið gerð á grundvelli þessara eða hinna reiknilíkana sem ráðuneytin hafa unnið. Skipting fjár á einstaka rekstrarliði og viðfangsefni verður því komin úr höndum löggjafans og til framkvæmdarvaldsins sem mun eðli sínu samkvæmt vera sérstaklega upptekið af hinni bókhaldslegu hlið viðfangsefna.

Sá sem hér talar telur að fyrrgreind ákvæði fjárreiðulaganna séu túlkuð allt of rúmt af framkvæmdarvaldinu. Það getur ekki hafa verið ætlun löggjafans að meginþorri útgjalda ríkisins sé bundinn með þessum hætti, því að þannig er gengið á móti góðum og gegnum lýðræðislegum gildum sem við byggjum okkar stjórnskipan á. Við þessa ráðstöfun verður viðbragðsgeta framkvæmdarvaldsins gagnvart pólitískum vilja og ákvörðunum Alþingis takmörkuð og það getur hindrað nauðsynlega endurskipulagningu og nýsköpun sem Alþingi vill ná fram.

Herra forseti. Ég vil víkja að málefnum framhaldsskólanna en miklar deilur hafa einmitt staðið um ágæti þeirra reiknilíkana sem þar er verið að beita. Ég vek athygli á því að í frv. til fjárlaga sem við höfum til meðhöndlunar er hvergi í greinargerðum minnst á stöðu einstakra framhaldsskóla heldur á framhaldsskólapakkann sem eina heild.

Það er deginum ljósara að fjárhagsvandi framhaldsmenntunarinnar og framhaldsskólanna er ein af ástæðunum fyrir þeirri deilu sem við stöndum nú frammi fyrir og að skólahald skuli liggja niðri vegna kjaradeilna. Það vantar inn bæði nýtt fjármagn og ekki hvað síst ný vinnubrögð.

Herra forseti. Ég vek athygli á erindi sem Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík, flutti á aðalfundi Félags framhaldsskóla á Ísafirði í júní árið 2000. Hún segir í lokaorðum sínum eftir að hún hafði fjallað um kosti og galla reiknilíkansins sem notað er til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna og er mjög umdeilt, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólameistarar hafa í raun lítil völd þegar fjármál skólanna eru annars vegar en eiga þó að bera ábyrgð á öllu skólastarfinu og að námskrá, lögum og reglum sé fylgt. Vandi þeirra er mikill. Fjárlagatillögum skólanna er sjaldan svarað og erfitt er að fá skýra mynd á fjárhag skólanna. Nokkrir aðilar eru að sýsla með fjármálin og upplýsingastreymi til skólameistara er lítið. Eitt lítið dæmi af sjálfri mér:" — segir þessi ágæti skólameistari. — „Fyrir páska var ég kölluð í menntamálaráðuneytið til að fara yfir stöðu skólans og þá var mér tjáð að skólinn væri 1,7 millj. í plús á sl. ári og átti þá eftir að leiðrétta fyrir auknum nemendafjölda sem mér væri tjáð að væru 4 millj. en ég taldi að ættu að vera 8 millj. og lýsti óánægju minni með skerðingarákvæði reiknilíkansins. Í framhaldi fundarins skrifaði ég bréf um uppgjörið en hef enn ekki fengið svar" — þetta var flutt í sumar — „tveimur mánuðum seinna." — Hún lýkur sínum orðum: — „Þessi vinnubrögð ganga auðvitað ekki og við verðum öll að leggjast á eitt um að finna úrbætur sem duga til að gera fjármálastjórnun skólanna skiljanlega. Reiknilíkanið þarf að endurskoða þannig að það sýni raunkostnað við skólahald sem uppfyllir lög og reglugerðir og þjónar ósku landsins að því marki sem nútíminn gerir kröfu til."

Ég vek sérstaka athygli á því, herra forseti, að vandi framhaldsskólanna er margþættur. Fjármagn vantar en það vantar líka að dreifa valdi til skólanna og gera þeim kleift að takast á við nýsköpun, nýjar þarfir og breytt viðhorf sem þeir standa frammi fyrir á hverjum stað. Breyting reiknilíkana af því tagi sem hér er gert leiðir einungis til aukinnar miðstýringar og færir ákvörðunarvaldið frá staðnum þar sem verkin eru unnin.

Herra forseti. Alþingi liggur nú undir gagnrýni fyrir að vera í of miklum mæli afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Þess vegna er afar mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart öllum misfellum sem geta verið túlkaðar í þessa veru. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja aðra forgangsröðun í útgjöldum ríkisins en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fjárlögum ríkisins á að beita til að auka jöfnuð í samfélaginu þannig að enginn þurfi að líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur enn fremur til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna og enn fremur að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna og að tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og ákvörðun framkvæmda. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því flytja brtt. við frv. sem taka mið af þessum áherslum flokksins.

Eins og fram hefur komið í umræðunum eru stórir málaflokkar, svo sem heilbrigðisstofnanir, byggðamál, fjarkennsla og fjarvinnsla á ýmsum liðum menntamála enn þá óafgreiddir og bíða 3. umr. frv. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því áskilja sér rétt til að flytja brtt. við þá málaflokka við 3. umr. eftir því sem tilefni gefur og tillögur meiri hlutans eru komnar fram.

Ég hef áður vakið athygli á því í umræðunni að tekjuhlið fjárlagafrv. og efnahagsforsendur næsta árs, endurskoðuð tekjuhlið og endurskoðaðar efnahagsforsendur fyrir næsta ár liggja ekki fyrir og ætlunin er að þær komi til umræðu við 3. umr. fjárlagafrv.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að hér ætti að verða breyting á. Það ætti að verða sú breyting að tekju- og efnahagsáætlun fyrir næsta ár ætti að verða rædd við 2. umr. fjárlaga. Þar væri lagður grunnurinn að því sem síðan væri ætlunin að ákveða hvernig tekjum skuli varið á næsta ári

og 3. umr. fjárlaga færi þá einmitt í það að taka endanlega ákvörðun um gjöld fjárlaganna á grundvelli síðustu og nýjustu tekjuáætlunar og efnahagsforsendna sem fjárlögin eru síðan afgreidd á. Eins og við höfum upplifað, bæði í ár og í fyrra, verða miklar breytingar á þessum áætlunum á milli mánaða. Ef það á að nást að taka fastari tökum um fjármál ríkisins þarf að styrkja innviðina í vinnubrögðum okkar á Alþingi. Við eigum að leita allra leiða til þess að ná árangri og að Alþingi og stofnanir þess geti orðið til fyrirmyndar í áætlanagerð og fjármálastjórn.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja allnokkrar brtt. sem verða kynntar síðar í umræðunni og jafnframt eru einstakir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs meðflm. að tillögum sem lúta að velferðarmálum með þingmönnum Frjálslynda flokksins.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. vil ég láta koma fram að það gefur ekki rétta mynd af samskiptaháttum menntmrn. og framhaldsskólanna að láta að því liggja að skólameistarar séu óánægðir með þær reglur sem hafa verið mótaðar undir merkjum árangursstjórnunar með samningum við skólana á grundvelli reiknilíkans. Þvert á móti er málum þannig háttað að ég hef oftar en einu sinni tekið það upp á fundum með skólameisturum hvort þeir vildu hverfa til fyrri hátta varðandi fjárveitingar og samskipti ráðuneytisins að þessu leyti. Það er samdóma álit þeirra að svo beri ekki að gera, það beri að halda áfram á sömu braut, að reynslan af þessum samningum lofi góðu. Að sjálfsögðu er það svo að alltaf má betur gera og einstakir þættir eru stöðugt til endurskoðunar og upplýsingastreymi til skólanna er örara og meira en verið hefur og þeir vita betur hvar þeir standa fjárhagslega.

Ég vildi láta þessa getið vegna orða hv. þm. þegar hann vitnaði þar til ræðu eins af skólameisturunum þar sem því er m.a. lýst að það þurfi að vera betri eftirfylgni og betra upplýsingastreymi um það hvernig staðan er. Ég er sammála þessu mati og þetta er eitt af því sem þarf að skoða almennt í ríkiskerfinu þegar litið er til fjárveitinga og notkunar opinbers fjár, hvernig er eftirfylgnin og hvernig er eftirlitið og hvernig er staðið að því að miðla upplýsingum til þeirra sem bera aukna ábyrgð.

[14:23]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. menntmrh. um mikilvægi þess að góð og örugg vitneskja sé um hvað fram fer og að sem bestur árangur náist í skólastarfinu. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði áðan að varðandi reiknilíkönin er sjálfsagt að afla sem bestrar vitneskju um tæknilega hlið í rekstri þessara stofnana. Ég vek athygli á að þarna fer fram lifandi starf en ekki bein bókhaldsskrifstofa, og ég leyfi mér að nefna það aftur. Þess vegna er afar mikilvægt að hér sé fyrst og fremst um tæknilegan stuðning að ræða við framkvæmd á þessu starfi en það verður að gæta þess afar vandlega að uppbygging og útfærsla þess verði ekki þannig að hún virki annars vegar sem miðstýring gagnvart menntmrn., sem er að vísu ábyrgt fyrir þessum málaflokki, og hefti heldur ekki eðlilegt skólastarf og þróun þess og að einstakir skólar víða um land, sem búa við hinar breytilegustu aðstæður, geti brugðist við og þjónað skyldum sínum sem allra best. Ljóst er að þörf er á auknu fjármagni og krafti inn í framhaldsskólana til að þeir geti skilað þeim árangri sem við öll vonumst til, ekki síst nú þegar við horfum fram á stöðvun þeirra eins og nú stendur.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir auknu fé til framhaldsskólanna og það er í samræmi við þær reglur sem við höfum sett og þá samninga sem við höfum gert.

Ég vil einnig gera athugasemd við það sem kom fram í máli hv. þm. þar sem mátti skilja orð hans svo að ekki kæmi fram í fjárlagafrv. hvernig fjármunum væri skipt á milli einstakra skóla. Þetta er ekki rétt. Í frv. liggur nákvæmlega fyrir greinargerð um hvernig fé skiptist á milli skólanna, hver er kostnaður við hvern einstakan nemanda í hverjum skóla fyrir sig. Það eru þessar upplýsingar sem gera það m.a. að verkum að menn hafa mun betri yfirsýn yfir skólastarfið en nokkru sinni fyrr og hér er ekki bara um bókhaldsatriði að ræða. Hér er um stjórntæki að ræða sem verður þó ekki virkt til hlítar nema aukin ábyrgð og auknir möguleikar séu færðir í hendur skólameistara til að stjórna öllum starfsmönnum í skólum sínum. M.a. er rætt um það núna, þegar fjallað er um um kjaramál kennara, hvernig megi auðvelda skólameisturum að auka sveigjanleika í starfi skólanna og bregðast við nýjum skyldum, ekki vegna þess að það skorti fé heldur vegna þess að þeir kunna að vera rígbundnir af öðrum ákvæðum sem setja þeim skorður og þarf að huga að. Ef hv. þm. vill í raun stuðla að auknum sveigjanleika í skólakerfinu þá þarf að líta til fleiri þátta en hann nefndi í ágætri ræðu sinni. Sérstaklega minni ég hann á að það liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hvernig fé skiptist á milli einstakra skóla og í hvaða þætti þessir fjármunir renna innan skólanna.

[14:27]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að fjármagnið til framhaldsskólanna er veitt að meginhluta sem ein heildarupphæð til menntmrn. en það er alveg hárrétt sem hæstv. menntmrh. greinir frá að síðan er því deilt af hálfu ráðuneytins út til einstakra skóla. Æ stærri hluti af fjárveitingum til framhaldsskólakerfisins fer samt inn sem ein heildarupphæð óskipt til ráðuneytisins til útdeilingar. Misjöfn staða framhaldsskólanna vítt og breitt um landið er umhugsunarefni og alvarlegt vandamál. Eins og hæstv. menntmrh. gat um getur það verið breyting á nemendafjölda og öðru slíku en það er samt sú tilhneiging að skólar viti ekki hvað að þeim snýr og eigi þar að sækja allt sitt undir menntmrn. sjálft. Verulega hefur dregið úr aðkomu Alþingis sem slíks gagnvart framkvæmd og stefnu í framhaldsskólakerfinu en ég tek undir þau sjónarmið hæstv. ráðherra að framhaldsskólann þarf að efla og styrkja og hann þarf að geta tekist á við verkefni sín eins og lög kveða á um.

[14:30]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Formaður fjárln., hv. 3. þm. Austurl., hefur í ítarlegri ræðu gert grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. við 2. umr. fjárlaga. Þannig ætti að vera óþarft að fara yfir það mörgum orðum frekar. Þó er rétt að benda á og undirstrika að meginþemað í þessum tillögum er að styrkja að stærstu leyti ákveðin menningarverkefni, sérstaklega úti um landið, ferðatengd verkefni. Þetta eru styrkir og að mestum hluta er aukningin ekki bundin við rekstur ríkisins. Þetta er gert í eitt skipti með tilliti til ástandsins núna, að fjárhagur ríkisins leyfir það. Það er ekki verið að skuldbinda ríkið til lengri tíma

og auka þannig rekstrarkostnaðinn. Það er megineinkennið á þessum tillögum.

Ég tek eftir því að talsmenn stjórnarandstöðunnar sem talað hafa á undan mér, talsmenn Samfylkingarinnar og vinstri grænna, hafa kosið að gera þessar tillögur ekki að umræðuefni. Við það er svo sem ekkert að athuga. Ég reikna með því og geng út frá því, af því að ég veit það af störfum nefndarinnar, að stjórnarandstaðan sé í megindráttum sammála meiri hlutanum um þennan tillöguflutning, að hann sé bæði góður og skynsamlegur, enda stefnir hann að því að bæta stöðu landsbyggðarinnar að mörgu leyti. Þessi verkefni munu hafa áhrif á ferðamennskuna sem er mjög þýðingarmikill atvinnuvegur í uppbyggingu og bæta stöðu Íslendinga til langs tíma litið vegna þess að menningarverðmætin verða metin til fjár.

Ég tek eftir því að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa, í stað þess að ræða tillögur meiri hluta fjárln., kosið að ræða fyrst og fremst um fjármál þjóðfélagsins og efnahagsmál. Það er skiljanlegt og ekkert við því að segja. Skylt er skeggið hökunni þannig að það er eðlilegt undir þessum kringumstæðum þegar við ræðum ríkisfjármálin, að ræða efnahagsmálin almennt. Ég tek undir það og nota tækifærið einmitt til að fara yfir þau mál. Ég fagna því að umræðurnar snúist um efnahagsmálin því að mér finnst oft og tíðum erfitt að skilja hvernig stjórnarandstaðan vill haga þeim málum þessa stundina.

Hv. 7. þm. Reykv., formaður Samfylkingarinnar, ræddi mjög um viðskiptahallann og stöðuna um þessar mundir. Hann ræddi um ríkisfjármálin, um að það væri slaki á ríkisfjármálum og þyrfti að taka þau fastari tökum. Hann sagði líka að horfur í verðbólgunni væru nú verri en áður vegna þess gengissigs sem orðið hefði. Hann bætti við að að hans mati þyrfti eflaust að grípa til óyndisúrræða, eins og hann orðaði það, í efnahagsmálum. Við skulum athuga þetta dálítið nánar.

Fyrir ári síðan þegar við ræddum fjáraukalögin var vakin athygli á, í greinargerð stjórnarandstöðunnar um efnahagsmál, þessum mikla viðskiptahalla. Menn fóru þar nokkuð skynsamlegum orðum um þá vá. Ég sá ástæðu til að taka undir það og gerði það sem ekki er algengt hér á Alþingi, að hæla stjórnarandstöðunni fyrir skynsamlegan málflutning. Það er alveg rétt að viðskiptahalli Íslendinga eins og hann er í dag er auðvitað vandamál sem á þarf að taka.

En hvað getur leiðrétt viðskiptahalla? Hvað gerist í markaðssamfélagi eins og okkar? Hvernig förum við að því að leiðrétta viðskiptahallann? Við gerum það ekki öðruvísi en að markaðurinn gerir það. Það er markaðurinn sem fellir krónuna. Það er vegna tiltrúarinnar á þennan gjaldmiðil sem hann fellur. Það er ekki neinn einstakur, ekki einhver Pétur eða Páll sem ákveður það úti í bæ. Það er markaðurinn sjálfur sem metur verðgildi þessa gjaldmiðils. Það hefur gerst. Gengið hefur fallið af ýmsum ástæðum. Það er bæði af utanaðkomandi ástæðum og okkar eigin vanda. Ég nefni hér þrjár ástæður fyrst og fremst:

Við höfum orðið fyrir miklum áföllum, þjóðarbúið, vegna olíuverðshækkana. Allar þjóðir Vestur-Evrópu standa frammi fyrir því vandamáli. Það hefur minnkað tekjur okkar og skert samheppnishæfni sjávarútvegsins. Þetta er hlutur sem mun með einum eða öðrum hætti, seint eða snemma, koma niður á lífskjörum þjóðarinnar. Við komumst ekki frá þessu.

Við stöndum líka frammi fyrir því vandamáli að fiskveiðiráðgjöfin á Íslandi er algerlega háð einu ríkisfyrirtæki, einu rannsóknarfyrirtæki á vegum ríkisins sem hefur gefið okkur ráð nú um nokkuð langan tíma. Ráðin hafa hins vegar dugað skammt þó markmiðið hafi verið það að auka hér fiskstofnana, gera okkur kleift að veiða meira. Það hefur gengið alveg öfugt. Við höfum ekki náð nokkrum árangri og í ár hefur verið ákveðið að veiða minna en áður og var þó lítið fyrir miðað við það sem hefur verið síðastliðin 70 ár við veiðar á þorski á Íslandsmiðum. Við erum bara staddir í þeirri gildru. Þeir sem hafa haldið því fram hér að lítið væri að marka þessa ráðgjafa, hafa fengið að heyra að þeir væru mjög óábyrgir menn og það margsinnis ítrekað. Áfram ætla menn að halda og það virðist þverpólitísk samstaða um það meðal Íslendinga að áfram skuli fylgt ráðum þessara ráðalausu manna. Þetta er önnur ástæðan. Þetta hefur grafið undan okkur og hefur veikt krónuna. Frammi fyrir því stöndum við.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði í ræðu sinni áðan og vildi fá skýr svör við því frá mér hvort ég teldi það rétt hjá fyrrv. ráðgjafa ríkisstjórnarinnar og fyrrv. innsta koppi í búri í Seðlabankanum, Yngva þessum Erni sem oft er vitnað til, hvort hann teldi rétt að það væri vegna stefnunnar í ríkisfjármálum sem við værum í vanda eða hvort það væri vegna stefnu Seðlabankans í peningamálum. Mér er bæði ljúft og skylt, herra forseti, að svara þessari spurningu. Ég þakka fyrir hana því að hún er mjög kærkomin.

Ég ætla að fyrir þremur árum hafi ég fyrst kveðið upp úr um það í efh.- og viðskn. þingsins, þar sem staddir voru báðir bankastjórar Seðlabankans, að ég efaðist mjög um peningapólitík þeirra. Ég efaðist mjög um að rétt væri að keyra svo upp vextina á Íslandi umfram viðskiptaþjóðirnar til þess eins að halda uppi hærra gengi en ella væri til þess að toga upp kaupmátt. En það var hins vegar gert þannig að kaupmátturinn var hér í tvö ár meiri en við hafði verið miðað við gerð kjarasamninga. Ég efaðist mjög um það. Ég lýsti því yfir fyrir þremur árum og hef margsinnis bæði innan þings og utan látið þetta í ljós. Ég hef efast mjög um þessa ráðgjafa. Ég tel það líka sýnt að í ljós hafi komið að þetta hafði ekki neitt gott í för með sér.

Fyrir hinn almenna launamann, fyrir launþegann í landinu gildir fyrst og síðast að treysta megi því að kjör hans batni varanlega og hann fái ekki bakslag. Það er það versta sem við gerum launamanni. Þess vegna er mjög hættulegt að toga upp gengið eins og raun ber vitni, hækka þannig kaupmáttinn umfram framleiðslugetu atvinnuveganna. Það gerðist enda hefur einkaneysla aukist mjög óeðlilega. Hún hefur aukist gríðarlega og meira en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu á síðustu árum. Það er því miður einkaneyslan sem stendur fyrst og fremst undir þessum halla. Það eru ekki fjárfestingar eins og kannski hefði verið æskilegra við þennan viðskiptahalla. Hann skýrist kannski að mörgu leyti af fjárfestingum en ekki nægjanlega. Þetta ógnar okkur í dag. Þetta er vandamál okkar í dag.

Við verðum að horfast í augu við að viðskiptahallinn minnkar ekki nema með því að breyta verðgildi krónunnar. Markaðurinn gerir það og hefði gert það strax fyrir tveimur árum og hálfu hefði Seðlabankinn ekki fiktað í vöxtunum. Fikta, segi ég því að þetta er bara fikt. Það var enginn grundvöllur fyrir þessum vaxtahækkunum. (Gripið fram í.) Seðlabanki Íslands er ráðgefandi stofnun. Það kann vel að vera að það sé meira mark tekið á þeim ráðgjöfum en sjónarmiðum einstakra þingmanna og við því er ekkert að segja.

Hins vegar er mjög ankannalegt þegar einhver þessara aðalráðgjafa hættir störfum og er farinn að vinna annars staðar, að þá birtast þeir allt í einu í fjölmiðlum og fara að senda þinginu kveðju guðs og sína um ríkisfjármálin.

Ég ætla að halda því fram, herra forseti, að ríkisfjármál Íslands séu miðað við allar aðstæður mjög góð. Ég skal nefna tvennt til vitnis um það. Getur nokkur bent mér á annað ríki Vestur-Evrópu sem hefur bætt hag ríkisins meira en hið íslenska? Er það einhvers staðar annars staðar í Vestur-Evrópu sem hagur ríkisins er jafngóður og hér? Hefur nokkurri annarri þjóð í Vestur-Evrópu tekist að bæta hag ríkisins meira en okkur hefur tekist síðustu fimm ár? Ég veit ekki um neina einustu.

Í öðru lagi bendi ég á það að í sögulegu samhengi hefur staða íslenska ríkisins aldrei verið betri. Auðvitað er hægt að koma og segja eftir á: Það hefði átt að vera meiri afgangur. Það hefði átt að vera betri staða. Auðvitað hefði það verið betra fyrir Íslendinga hefði afkoman verið betri á síðustu fimm árum og við skilið meira eftir. Hver getur ekki tekið undir það? Auðvitað geta allir tekið undir það. En hvað var ríkið að gera? Ríkið var að semja fyrst og fremst við launþegasamtökin í landinu til að reyna að ná þar friði og fórnaði til þess gríðarlegu af tekjum sínum, taldi rétt að gera það til að fá samninga sem gætu verið í takti við greiðslugetu atvinnuveganna.

Eigi að síður skulu menn minnast þess að kauphækkanir á Íslandi síðustu árin hafi verið meiri en í samkeppnislöndum okkar. Þegar aðrar þjóðir hafa hækkað kaup sitt um 1% þá höfum við hækkað það um 2 og 3% og samkvæmt þeirri stærðfræði sem menn kjósa að nota hér, alla vega stjórnarandstaðan, þá er það 200–300% munur. Það sígur í fyrir íslenska atvinnuvegi þegar við, ár eftir ár, hækkum kaup meira en aðrar þjóðir. Þannig er staðan í dag og fróðlegt að heyra þegar stjórnarandstaðan kemur hér og segir: Það er slaki á ríkisfjármálunum. Það þarf að taka harðar á og kannski að grípa til óyndisúrræða.

Skoði menn, herra forseti, fjárlagafrv. sem liggur fyrir. Fletti menn upp á bls. 277. Ég bið menn að gera það, þar sem við greinum A-hlutann. Hvað stendur þar? Jú, í rekstrarkostnaðinum: Launakostnaður ríkisins upp á 62,7 milljarða, ef ég man rétt. Lífeyrissjóðirnir, 10% af því, 6,5 milljarða. Rekstrargjöldin eru samtals um 90 milljarðar. Það er launakostnaður í öðrum þáttum ríkisútgjaldanna. Það eru laun í rekstrar- og neyslutilfærslunum, verulegur kostnaður. Það eru mörg fyrirtæki og launin eru óbein inn í hina þættina tvo, viðhaldið og fjárfestinguna. Launin eru langstærsti liðurinn sem við fjöllum um ríkisfjármálin hér í dag. Laun. Allt annað er hégómi sem við erum að fjalla um nema launin. Launin ráða þessu öllu. Þau eru kannski 45% af heildarútgjöldum ríkisins.

Við skulum þá athuga viðhorfið, svo ég reyni að átta mig á vilja og viðhorfi stjórnarandstöðunnar til þeirra vandamála sem við er að glíma. Hvert er viðhorf stjórnarandstöðunnar til launamála? Hér hafa verið a.m.k. tvisvar síðustu tvær vikur utandagskrárumræður vegna þeirra verkfalla sem standa yfir í þjóðfélaginu. Ég hef reynt að hlusta á umræðuna. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa komið upp hver eftir annan, átalið ríkisstjórnina harkalega fyrir að ljúka ekki við samninga við framhaldsskólakennara, talið það mjög mikinn vansa af hálfu ríkisvaldsins að vera ekki búnir að semja við framhaldsskólakennara. Þetta er sama fólkið, herra forseti, og er að ræða um að það sé slaki á ríkisfjármálunum, það þurfi eflaust að grípa til óyndisúrræða til þess að við komumst út úr þessu.

Hverjar eru kröfurnar? Hverjar eru kröfurnar sem eru settar upp við þessar aðstæður þegar þjóðartekjurnar hafa orðið fyrir þessum áföllum, þegar spáin um hagvöxt liggur fyrir að hefur lækkað verulega, hverjar eru kröfurnar? Jú, þeir sem riðu á vaðið, hið ágæta fólk, framhaldsskólakennarar, fóru með kröfur á milli 70 og 80%. Menn segja að það eigi ekki að taka það alvarlega, þeir meini eitthvað allt annað, bara kannski 40 eða 50, skipir þó ekki máli.

Allar starfsstéttir ríkisins hafa sagt lausum samningum sínum. Samningar eru lausir í dag, bæði BHM og BSRB. Ég tók eftir því í fréttum, ekki alls fyrir löngu, að einn hópurinn er þegar farinn að hita upp. Mig minnir að það hafi verið Félag leikskólakennara. Hann var nú ekki að fylgja félögum sínum sem kenna í framhaldsskólum eftir með einhverja 75% kauphækkun heldur fór bara fram á 100%. Það var krafan. Ég hugsaði með mér þegar ég hlustaði á þetta hvernig í ósköpunum standi á því að þetta fólk rekur ekki af sé slyðruorðið og kemur með eitthvað almennilegt eins og svona 1.000%, að vera að dudda við þetta 100%. Ég er að velta því fyrir mér. Mönnum þykir sjálfsagt að taka þessu með varfærni og vera kurteisir og ræða ekkert um þetta og menn koma svo aftur og aftur og segja: „Það á að semja. Það er vítavert af hálfu ríkisstjórnarinnar að semja ekki."

Hins vegar erum við með samninga við Alþýðusamband Íslands. Gerðir voru samningar við Alþýðusamband Íslands í mars sem voru því miður kannski í efri kantinum. Við verðum kannski í vandræðum með það núna í febrúar að láta það standast. Samningar eru samt það sem talið er á Íslandi hógværar kauphækkanir þó þær þyki miklar erlendis.

Hvað segja menn um þetta? Hver er skoðun manna á þessu? Jú, stjórnarandstaðan kemur upp æ ofan í æ, heldur utandagskrárumræður og krefst þess að ríkisvaldið semji við þessa aðila. (**Gripið fram í:** Það er ekki við aðra að semja.) Það er ekki við aðra að semja. Það skyldi nú ekki vera? Hvernig ætla menn að koma saman fjármálum ríkisins og fjármálum samfélagsins við þessar aðstæður? Af hverju má ekki segja þetta beint út og opinberlega að þessar kröfur séu hreint rugl? Af hverju má ekki segja sannleikann í þessu að það er enginn grundvöllur til neinna kauphækkana á Íslandi, hvorki fyrir einn né neinn, alveg sama hvað hann heitir, hvort hann er röndóttur eða bröndóttur? Það verður að segja það, herra forseti. Það verður að tala hreint út um þetta, að við höfum enga getu til þess. Stjórnarandstaða sem vill vera ábyrg í ríkisfjármálum — og það er þakkarvert og við skulum taka undir það með henni — verður þá líka að vera sjálfri sér samkvæm þegar hún ræðir þessi grundvallaratriði sem eru launamál. Því án þess að þau séu í lagi liggur alveg fyrir að ef einhver hlustaði þó ekki væri á nema brot af þeim körfum sem uppi eru, yrðu ríkisfjármálin náttúrlega í hreinni rúst, ekki stæði steinn yfir steini.

Ég hélt að menn myndu þetta. Ég hélt að menn vissu þetta. Ég hélt að menn myndu að sú var tíðin ekki alls fyrir löngu að kaup Íslendinga hækkaði um ein 10.000%. Það var aldeilis fínt eða flott, herra forseti. Voru ekki allir rosalega hamingjusamir? 10.000% kauphækkun. Það hefur verið mikil hamingja. Að vísu fylgdu smávandræði þessari 10.000% kauphækkun, þau litlu vandræði að kaupmátturinn lækkaði en hækkaði ekki. Það var böggullinn sem fylgdi því skammrifi. Kannski hafa allir gleymt þessu. Vilja kannski fara í þetta aftur, 10.000%. Það er ekki lakara.

Ef einhver ætlast til þess í stjórnarandstöðunni að einhver taki þá alvarlega í því að þeir vilji vera ábyrgir í ríkisfjármálum og ábyrgir í fjármálum Íslendinga og efnahagsmálum hljótum við að krefja þá um það að ræða stóra liðinn, launin, því annars stendur ekki steinn yfir steini.

Ég las fyrir nokkrum dögum æviminningar þess merka manns, Steingríms Hermannssonar, fyrrv. forsrh. Þar segir hann frá því af þeirri hreinskilni, sem ég ætla að öðrum Íslendingum sé ekki töm, að hann hefur lent í því í forsætisráðherratíð sinni að setja bráðabirgðalög. Bráðabirgðalög til að nema úr gildi hvað? Jú, til að nema úr gildi launasamninga sem hver hefði gert? Jú, hann sjálfur og ríkisstjórn hans. Hvers vegna lenti aumingja Steingrímur í þessum voða? Jú, eins og hann segir réttilega frá í æviminningum sínum, vegna þess að samningarnir voru hreint bull og vitleysa en hann hafði það af að éta grautinn og æluna með og var meiri maður af. Er það þetta sem menn vilja endurtaka? Er það þetta sem menn vilja? Ég held að menn ættu að lesa æviminningar Steingríms. Þær eru holl lesning fyrir alla þá sem um þetta fjalla. Hann lenti í þessu. Hann bjargaði sér út úr þessu þó að hart væri að honum sótt og meðráðherrar hans sem sumir eru enn meðal vor og ætti þess vegna að vera auðvelt að rifja þetta upp. (Gripið fram í.) Ég er að rifja þetta upp vegna þess að ég held að við komumst ekkert áfram í umræðum um efnahagsmál öðruvísi en við gerum okkur grein fyrir því og reynum að stilla saman strengina til að segja þjóðinni það sem flestir vita mætavel. Undir þessum kringumstæðum er ekki neinn grundvöllur til kauphækkana í landinu. Verkefnið í efnahagsstjórninni liggur fyrir að reyna að verja þann kaupmátt sem er nú uppi. Við skulum vona að okkur takist það. En við skulum líka vera svo hreinskilin að segja þjóðinni satt og rétt frá því að það er ekki gefið miðað við verðlag á erlendum mörkuðum, miðað við það sem við ætlum að fiska og miðað við það sem við vitum um stöðu okkar út í frá. Við verðum að segja það eins og er.

Ef við drögum úr viðskiptahallanum gerist það með því að gengið sígur áfram. Ég ætla ekkert að segja til um það hver hin rétta staða gengisins er. Ég veit það ekki og ég veit líka að þeir í Seðlabankanum vita það ekki heldur. Markaðurinn einn mun ráða því. Hann mun segja til um það. Við getum ekkert annað og eigum ekki að gera annað en viðurkenna að hann segi satt og rétt um efnahagsstöðu Íslands. Ég ætla að vona að menn átti sig á því að tilburðir Seðlabanka okkar til að halda uppi hærri vöxtum til langframa en í umhverfinu standast ekki. Þegar öllu er á botninn hvolft, þegar við komum að aðalatriðinu þá snýst allt um samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, samkeppnishæfni þeirra miðað við aðra. Þar ræðst hvað þessi þjóð hefur á milli handanna og hvers hún má vænta í framtíðinni. Þess vegna er með ólíkindum, herra forseti, þegar hin ábyrga stjórnarandstaða, eins og hún vill kalla sig sjálf, telur sig geta komið með tillögur um 4.000 millj. kr. hækkun á sköttum en það á ekkert að koma nálægt almenningi því að það á bara að greiðast af einhverjum vondum hlutabréfaeigendum, að mér skilst, sem hafa sloppið undan sköttum. Við verðum að gæta þess mjög vel núna, herra forseti, og fátt er nauðsynlegra við efnahagsstjórnina *á næstu missirum, mánuðum og árum en gæta þess umfram* allt að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja verði ekki síðra en í nágrannalöndum okkar, helst betra. Það er leiðin til þess að atvinnulífið geti staðið undir þeim kaupmætti sem alþýða manna, hinn almenni verkamaður, hinn almenni launamaður, fer að sjálfsögðu fram á. Hann mun halda áfram að gera eðlilegar kröfur til þess að fá hlutdeild í þessu þjóðarbúi. Við eigum að geta svarað þeim kröfum ef við gætum þess að standa vel að vígi gagnvart rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Þar á ég við að við getum gert það, ríkissjóður getur gert það, ríkissjóður á að lækka eignarskatta til að geta staðið frammi fyrir þeim vandamálum og ofhitun sem er í efnahagslífinu. Við eigum að lækka tekjuskatta fyrirtækja. Við skulum forða okkur frá því að ímynda okkur að við getum einangrað okkur í þessu landi þegar fjármagnsflutningar eru frjálsir um allan heim. Allar smáþjóðir hafa reynt þetta og fjallað um þetta síðustu tíu árin hvernig megi forðast að fjármagn flytjist úr landi. Niðurstaða allra er á einn veg: Það eru engin ráð önnur en að gera starfsumhverfi fyrirtækjanna sem best þannig að menn vilji hafa hér starfsemi sína, þannig að menn vilji hafa hér arðsemismiðstöð sína. Menn hafa í fullu tré við öll ríkisvöld í því. Þú breytir ekki, þú snýrð ekki til baka. Það er frjáls fjármagnsleið um heim allan og við Íslendingar tökum þátt í því og munum taka þátt í því áfram.

Þetta er nefnilega viðfangsefnið sem stjórnvöld standa frammi fyrir í dag. Við eigum eftir að ná sátt á vinnumarkaðnum. Við eigum eftir að ná þeirri sátt að sýna mönnum fram á að viðleitni okkar er einlæg til að reyna að halda núverandi kaupmætti. Viðleitni okkar er einlæg og þess vegna er svo mikilvægt að skilaboðin frá þinginu séu alveg skýr þannig að enginn geti misskilið þau. Ekki er möguleiki á því að hækka laun Íslendinga á því ári sem senn tekur við. Það er enginn möguleiki til þess. Ef við látum undan þeim þrýstingi verða erfiðleikar okkar líka þeim mun meiri og þeim mun erfiðari við að glíma. Við verðum að segja þetta og við verðum að þora að tala hreint út því að þjóðin á að minnsta kosti heimtingu á því að við séum mjög hreinskilnir og segjum það sem við vitum að er satt og rétt.

Þetta verður kannski ekkert mjög auðvelt. Enginn var að halda því fram. Enginn var að halda því fram að þetta yrði auðvelt. Það fjárlagafrv., herra forseti, sem hér liggur fyrir er að flestu leyti mjög eðlilegt miðað við það efnahagsástand og þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram af meiri hluta fjárln. Þetta eru tillögur sem munu stuðla að því að bæta þetta land í lengd og bráð, bæta þetta land eins og við eigum kost á. Það eru fjárfestingar sem munu skila sér bæði fljótt og vera til frambúðar. En þær eru líka því marki brenndar, eins og ég benti á í upphafi, að þær hafa ekki í för með sér rekstrarkostnaðarauknigu fyrir ríkið. Það er það sem við verðum að gæta að og passa okkur á hvenær sem er að við megum ekki bæta við þetta bákn sem við erum því miður þó alltaf að gera þrátt fyrir góðan vilja. En þessar tillögur meiri hlutans eru ekki þannig. Þetta eru styrkir til menningarverkefna, styrkir til einstaklinga, sveitarfélaga, félagasamtaka sem hafa skarað fram úr og sýnt fram á að þau eru að gera mjög góða hluti sem varða allt þetta land. Þess vegna viljum við styrkja það og teljum rétt og skylt að ríkisstjórnin geri það, ríkið og ríkisfjármálin geri það nú um stundir. Það er líka þess eðlis að ef til þess þarf að grípa að tekjur ríkisins dragast saman, þá er líka mjög auðvelt að gera það. Við skulum átta og okkur á því og er rétt að ég fari yfir það að ef viðskiptahallinn minnkar, ef okkur tekst að minnka viðskiptahallann, *þ.e. með því að draga úr kaupmætti* — við skulum bara orða það alveg beint — þá minnka líka tekjur ríkissjóðs. Það er líka gott. Það er ekkert takmark í sjálfu sér að ríkissjóður sé að safna inn peningum í stórum fúlgum, alls ekki og hefur aldrei verið takmarkið. En það er rétt að gera það þegar svo árar vegna þess að ekki veitir af að eiga þá borð

fyrir báru þegar þannig blæs að það þarf á því að halda að ríkið geti veitt atvinnulífinu verulegan stuðning eins og oft gerist, eins og saga Íslands sýnir fram á, eins og þegar saga efnahagslífsins í öllum ríkjum Vestur-Evrópu hefur svo oft og tíðum sýnt fram á og ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn er þá reiðubúinn til að gera það því að það er alls ekkert keppikefli og alls ekki hluti af hagstjórninni að safna alltaf óskaplegum fjármunum, langt í frá.

Ríkisfjármálin eru, herra forseti, að mínum dómi tiltölulega mjög traust og eiga að standast. Hvað ætlar þessi þjóð að skenkja sér í laun? Ég skora á stjórnarandstöðuna ef það er sem hún vill vera láta að hún hafi heilbrigða sýn á ríkisfjármálin og vilji vera ábyrg í ríkisfjármálum, ég skora á hana að tala hreint út og þora að segja Íslendingum nákvæmlega til um að ekki er neinn möguleiki á því að bæta kjör manna núna. Þeim mun meira munu þau versna því meira sem við hækkum kaupið. Besta lausnin í þessari stöðu og eina ásættanlega er að menn átti sig á því að það er ekkert að semja um, engar kauphækkanir.

[15:02]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims og almennings á því að hér talaði varaformaður fjárln. og talsmaður Sjálfstfl. í efnahags- og fjármálum ríkisins. Eitthvert umboð hlýtur hann að hafa haft til að halda þessa makalausu ræðu. Eða er hann bara að vafra hér umboðslaus? Maður gæti haldið það, svo óskapleg voru ummæli hans.

En hann minntist ekki á eitt sem mig langar að spyrja hann að. Hann nefndi það ekki hvort hann er fylgjandi því að selja eignir úr landi til að létta á þessum viðskiptahalla. Vill hann selja Landssímann til Bandaríkjanna eða til Danmerkur, Afríku eða annars staðar þar sem einhver vill kaupa?

[15:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf litið þannig á að andsvör væru ekki beint til að leggja fyrir spurningar svona út og suður um hitt og þetta, um hvað þeir vildu selja til Afríku eða hvað þeir vildu gera. Ég vil hins vegar spyrja hv. þm.: Hvað var svona óskaplegt við ræðu mína? Eru menn sem vanalega koma hér upp í púltið yfirleitt flaggandi einhverjum umboðum? Ég hef ekki vitað til þess að menn væru spurðir að því hingað til. Mér þætti fróðlegt að vita hvað andmælandinn hefur um ræðuna að segja. Hvað var svona voðalegt við þessa ræðu? Hví var hún svona skelfileg?

[15:03]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég notaði ekki orðið skelfilegt. Ég var aðeins að aðstoða hv. þm. við að kynna sig. Hann hlýtur að hafa umboð frá kjósendum sínum og jafnframt frá flokki sínum í trúnaðarstörfum sínum. Hann ætti sjálfur að vita það.

En hv. þm. svaraði ekki spurningunni og vill líklega ekki svara henni. Ég er þeirrar skoðunar að ekki eigi að selja eignir úr landi til að létta á skuldastöðu eða viðskiptahalla en hv. þm. kaus að svara því ekki.

[15:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 2. umr. er ræðutíminn ótakmarkaður. Ég hefði þess vegna getað talað í allan dag og lýst viðhorfum mínum til hinna og þessara mála, Sameinuðu þjóðanna o.s.frv. en ég kaus að tala bara í 30 mínútur. Ég taldi það nóg.

Afstaða mín til sölu á eignum hefur alltaf legið fyrir. Ég er fylgjandi EES, barðist mikið fyrir því. Þar er gert ráð fyrir frjálsum fjármagnsflutningi, frjálsri sölu eigna, frjálri sölu á vörum, þjónustu og mannafla. Það er frjálst flæði. Við gengum undir það 1991 og það var eitthvert mesta happaskref sem við Íslendingar höfum tekið, að ganga í Evrópska efnahagssvæðið. Þannig liggur allt fyrir um afstöðu mína til þess og þarf ekki að blanda því saman við það hvort við viljum selja Landssímann til Afríku. Það er ekki ástæða til þess að svara þessu. Afstaða mín til þessara mála liggur fyrir og ég þarf ekki að fara í gegnum það frekar.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti ágæta ræðu og gerði grein fyrir viðhorfum sínum. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. tæki undir með stjórnarandstöðunni með því að lýsa því yfir að hann hefði verulegar áhyggjur af þróun efnahagsmála eins og hún hefur verið undanfarna mánuði. Hv. þm. gerði það að vísu á sinn hátt. Hann gerði það á þann hátt að ríkisfjármálin hefðu ekkert með efnahagslífið að gera. Hann reyndi að undanskilja ríkisfjármálin, að þau væru í fínu standi en markaðurinn og hinn vondi Seðlabanki hefðu brugðist og því væri staðan sú að markmið ríkisstjórnarinnar væri ekki annað en að verja kaupmátt. Hann kvað það eina markmið ríkisstjórnarinnar því að málum væri þannig komið að önnur markmið væru ekki raunhæf. Ég held, virðulegi forseti, að hv. þm. þurfi að segja okkur hvernig á því stendur að hann metur það svo að ríkisfjármálin hafi lítið sem ekkert með efnahagslífið að gera og hvernig þeim er stjórnað.

[15:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert í þá veru að ríkisfjármálin hefðu ekkert með þetta að gera. Ég sagði að það væri óraunsætt af fyrrv. efnahagsráðgjafa að gera ráð fyrir því að menn hefðu getað náð meiri árangri í ríkisfjármálunum. Ég sagði að hér hefði náðst meiri árangur en aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu hefðu náð á síðustu fjórum til sex árum. Það hefði náðst meiri árangur en sögulega hefði nokkurn tíma tekist fyrr á Íslandi. Þannig er óraunsætt að gera ráð fyrir því að við hefðum átt að ná meiri árangri en náðst hefur. Það var það sem ég sagði.

Það liggur fyrir að það þýðir ekkert að koma eftir á og segja að við hefðum getað gert betur. Við gerðum eins vel og efni stóðu til. Við sömdum, eins og ég benti á, við Alþýðusamband Íslands og BSRB um kjaramálin og ríkissjóður fórnaði gríðarlegum tekjum til að ná árangri í kjaramálunum þannig að við gætum búið við þokkalegt umhverfi. Það var gert. Sumir segja kannski að það hafi verið vitlaust af ríkisstjórninni. Ég fullyrði að það var rétt að ná þannig samningum.

[15:08]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ótrúlegur árangur í ríkisfjármálum, segir hv. þm. Hver er þá niðurstaðan? Vaxtamunur á Íslandi miðað við útlönd hefur aldrei verið meiri. Verðbólguspáin er mun hærri en þær spár sem liggja fyrir um þróun í viðskiptalöndum okkar. Útlánaþróun er upp á 80% hækkun undanfarin fimm ár. Þar á móti er því spáð um útflutningstekjurnar að þær verði 1% minni árið 2001.

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að þessi niðurstaða skuli vera afleiðing stórkostlegs árangurs í ríkisfjármálum. Það er alveg augljóst af þessu að einhvers staðar er vitlaust gefið.

Ég vil líka benda á að Seðlabankinn er tæki ríkisstjórnarinnar. Vilji ríkisstjórnarinnar gengur framar vilja Seðlabankans ef þar reynir á þannig að hv. þm. getur ekki á nokkurn hátt kennt Seðlabankanum um að eitthvað hafi misfarist. Þannig eru lögin einfaldlega í dag.

[15:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var náttúrlega að senda fyrrv. starfsmanni Seðlabankans tóninn. Mér fannst hann koma mjög ómaklega fram. Eftir 20 ára dvöl í Seðlabankanum fór hann allt í einu að senda Alþingi kveðjur um að þeir hefðu staðið sig illa. Ég tel það rangt hjá honum og hef verið að mótmæla því. Alþingi stendur náttúrlega að baki fjárlögum eins og maðurinn veit mjög vel.

Hins vegar er það svo að við höfum orðið fyrir nokkrum áföllum eins og ég rakti í ræðu minni. Við stöndum frammi fyrir því að útflutningstekjur af sjávarútvegi geta minnkað. Við verðum bara að segja það eins og er. Þess var lengi freistað að halda uppi genginu með hærri stýrivöxtum en aðrar þjóðir hafa. Ég sagði frá því að ég hefði efast um það í þrjú ár. Ég tel að markaðurinn muni leita jafnvægis og það er að gerast í dag. Það er bara verið að leita jafnvægis og það mun takast. Það er ekkert í umhverfinu sem sýnir að stórkostleg vá sé fyrir dyrum. Við munum ná okkur eftir þetta áfall þó töluvert muni ganga á næstu missirin. Ég er alveg klár á því.

[15:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kveðst vilja draga úr viðskiptahalla þjóðarinnar. Hann segir okkur hvernig eigi að gera það. Hann ætlar ekki að skerða kaupmátt þeirra sem best standa að vígi í landinu. Hann ætlar ekki að skerða kaupmátt fyrirtækjanna sem mala gullið. Hann ætlar að lækka skattana á þeim, hann lýsti því yfir. En hann ætlar að skerða kaupmátt láglaunafólksins. Hann stendur að frv. sem liggur fyrir þinginu sem gerir ráð fyrir því að skattleysismörkin muni lækka og skattbyrðar lágtekjufólks muni aukast. Síðan leyfir hv. þm. sér að koma hér í ræðustól og tala um nauðsyn þess að skerða kaupmáttinn hjá þjóðinni. Við vitum hjá hvaða hluta hennar hann ætlar að skerða kaupmáttinn.

Hann notar síðan tækifærið til að gera ósvífnar árásir á kennara sem standa í verkfalli. Þeir eru með 130 þús. kr. að meðaltali í dagvinnulaun. Hann snýr síðan út úr launakröfum þeirra. Ég mun koma nánar að þessu í síðara andsvari mínu.

[15:12]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Ég sagði, herra forseti, að viðfangsefnið væri að verja kaupmátt þjóðarinnar. Ég held því fram að það verði viðfangsefni okkar á næstu missirum. Ég hef líka haldið því fram að besta og öruggasta leiðin til að treysta íslenskt efnahagslíf væri að treysta starfsumhverfi atvinnufyrirtækjanna. Ég er sannfærður um að ef við lækkum skatta á atvinnufyrirtæki verða þau betur í stakk búin til að standa undir þeim lífskjörum sem Íslendingar fara fram á. Ég er líka sannfærður um, þó mörgum finnist það skrýtið, að með því að lækka skattana á atvinnurekstrinum getum við um leið hækkað tekjur ríkisins. Það skiptir máli að menn borgi skatta sína á Íslandi. Við verðum að kljást við það eins og aðrar smáþjóðir í heiminum. Það skiptir máli að skattarnir séu borgaðir hér. Það mun verða affarasælast fyrir fyrirtækin og launþegana. Ég hef aldrei ráðist á einhverja sérstaka láglaunahópa. Hv. þm. hefur dreymt það.

[15:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég les lagafrumvörpin og hlusta á það sem menn segja. Ég þakka fyrir að Sjálfstfl. skuli hafa komið hér hreint til dyranna og sagt hvað hann vill gera. Hann vill lækka skatta á fyrirtæki og hann vill hækka skatta á launafólk, mest á láglaunafólkið því að hann stendur fyrir tillögum um að lækka skattleysismörkin.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að markaðurinn ætti að ráða, markaðslögmálin ættu að ráða þegar gengið væri annars vegar, þegar peningar og fjármagnsflutningar væru annars vegar. En nú spyr ég hv. þm.: Á þá ekki að hlusta á markaðslögmálin að einhverju leyti inni í skólunum vegna þess að staðreyndin er sú að þar er ekki lengur hægt að ráða fólk til starfa af því að launin eru of lág. Þar býður markaðurinn væntanlega ekki upp á sitt. Þarf þá ekki að bregðast við samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson boðar? Það verður gert með því einu væntanlega að hækka launin við þetta fólk.

[15:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í langar viðræður við hv. þm. um launamál á þeirri einu mínútu sem ég hef til andsvara. En ég spyr hann bara einnar spurningar varðandi launamálin: Hver á ekki að hækka? Hvaða starfsstéttir á Íslandi eiga ekki að hækka? Eiga allir að hækka um 70% eða 100%? Eru einhverjir sem ekki eiga að hækka? Hvernig í veröldinni ætla menn að koma þessu heim og saman? Við vitum alveg nákvæmlega ... (**ÖJ:** Ekki bankastjórar.) Ég var að ræða um frv. til fjárlaga.

Ég var að benda á að milli 70 og 80 milljarðar af útgjöldum ríkisins eru laun. Ég spyr: Hver er það sem á ekki að hækka? Er það einhver? (**ÖJ:** Já.) Jæja. (**ÖJ:** Margir.) Það eru margir. Þá getur vel verið að einhverjir vitringar komi hér og segi okkur hverjir það eru. Það væri gaman að sjá hvernig þetta fjárlagafrv. liti út þegar menn væru búnir að segja okkur frá því hverjir eiga að hækka og hverjir eiga ekki að hækka. Ég á eftir að sjá að hinn almenni launamaður muni sætta sig við að ríkisstarfsmenn hækki en verkamenn á almennum launamarkaði ekki.

[15:15]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ræddi nokkuð í dag við hv. þm. Jón Kristjánsson um orsakir viðskiptahallans en beindi jafnframt nokkrum spurningum til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem hann reyndi að svara vendilega. En mig langar til að kristalla fram afstöðu hv. þm. með því að spyrja hann mjög einfaldrar spurningar: Er það skoðun hv. varaformanns fjárln. að Seðlabankinn hafi með vaxtaákvörðunum sínum búið til falskan kaupmátt sem hafi í reynd magnað upp einkaneyslu og stefna Seðlabankans í vaxtamálum sé þar með orsök viðskiptahallans?

[15:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki eina mínútu því að svarið við þessu er já. Svarið við þessu er já. Ég kynnti það fyrir Seðlabankanum haustið 1997 að ég teldi að þeir væru að tefla þessa skák vitlaust. Ég gerði það og hef margsinnis gert það síðan. Ég hef margsinnis sagt að ég væri alveg viss um að þeir væru að tefla vitlaust. Ég þarf því ekki að nota nema hálfa mínútu til að svara þessu. Svarið er já.

[15:17]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig telur þá hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að hefði farið með gengið og þar af leiðandi verðbólguna og sömuleiðis með kjarasamningana sem honum er svo annt um að komist ekki í uppnám? Það er kannski aukaatriði í þessu, herra forseti, en gerir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sér grein fyrir því að Seðlabankinn nýtur ekki sjálfstæðis? Hann er undir fagráðherra. Sá fagráðherra heitir Davíð Oddsson. Hæstv. forsrh. er í reynd æðsti yfirmaður Seðlabankans. Kemur hv. þm. í hug að vaxtaákvarðanir Seðlabankans séu teknar án samráðs við hæstv. forsrh.? Er ekki hv. þm. í reynd að segja að sá sem er ábyrgur samkvæmt hans eigin orðum fyrir viðskiptahallanum sé þar af leiðandi hæstv. forsrh.?

[15:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að sú hækkun á gengi sem varð árin 1998 og 1999 jók kaupmátt. Hún jók kaupmátt umfram þá viðmiðunarferla sem samningarnir á almennum markaði gengu út frá. Ég hef haldið því fram, kannski einn, það getur vel verið að allir séu ósammála mér, að það hafi ekki komið launþegum vel því það skiptir öllu máli fyrir launþega að kjarabætur þeirra séu öruggar og varanlegar. Hin sígandi lukka skiptir öllu máli. Ég hef oft áður haldið því hér fram og skal áfram halda því fram.

Það liggur alveg fyrir að ríkisstjórnin, bæði þessi og aðrar hafa ráðgjafa. Til hvers eru ráðgjafar? Til að gefa ráð.

Stefna Seðlabankans í vaxtamálum hefur verið alveg skýr í marga áratugi. Þeir hafa leitast við að halda uppi hágengi sem fulltrúar atvinnulífsins hafa verið að reyna að berja niður áratug eftir áratug.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlög ársins 2001 sem nú fer fram er þess fyrst að geta að enn liggja ekki fyrir brtt. stjórnarliða úr fjárln. varðandi heilbrigðismál og tengdar stofnanir, Byggðastofnun, framhaldsskólann, Ríkisútvarpið og sýslumenn og löggæslu.

Við umræður um frv. um tekjustofna sveitarfélaga var því lýst yfir af hálfu okkar í Frjálslynda flokknum að það væri mat okkar að ekki væri nóg að gert til að rétta hlut sveitarfélaganna í tekjuskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga í landinu. Við studdum samt sem áður þær tilfærslur sem stjórnarliðar voru fáanlegir til að samþykkja, enda er það mat okkar að betri sé hálfur skaði en allur.

Allir eru sammála um að sveitarfélögin hafa safnað skuldum á hverju ári í tíu ár og jafnvel einhver hækkun á sköttum, en þær tekjur renna til sveitarfélaganna, getur verið réttlætanleg því í hinni vogarskálinni er þá vonandi einnig möguleiki á betri þjónustu sveitarfélagsins við íbúa sína eða þá lækkun skulda sveitarsjóða sem er ekki vanþörf á víða um land.

Við lýstum því hins vegar yfir að við mundum styðja tillögur um að ríkið lækkaði tekjuskattshlutfall sitt um meira en 0,33% og helst til jafns við hækkun útsvars. Slík tillaga mun verða borin fram af hv. þm. Samfylkingarinnar og fær vonandi stuðning frá fleirum en hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust lögðum við til ásamt vinstri grænum að betur yrði gert í því að rétta hlut þeirra hópa, aldraða og öryrkja, sem byggju við verst kjör, þ.e. þeirra í hópi ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega sem fengju greidda tekjutryggingu. Við lögðum til að sett yrði af stað áætlun um að á fjórum árum yrðu tekjutryggingar hækkaðar úr um 68.000 kr., sem þá var hámarkið, í um 80.500 kr., eða rúmlega 18% og hefði sú hækkun leitt til þess að lífeyrisþegum sem áttu rétt á tekjutryggingu hefði að þremur árum liðnum staðið til boða ámóta kjarabætur og almennir launþegar hafa fengið.

Sú áætlun gerði ráð fyrir að bæta þyrfti inn í þessa tvo liði um 1,1 milljarði kr. árlega í þrjú ár til viðbótar eftir að tillagan hefði verið samþykkt. En auðvitað varð það ekki því að stjórnarliðar kolfelldu slíka áætlun um jöfnun til handa ellilífeyris- og örorkuþegum.

Enn skal reynt að leggja gott til mála í þessum lið fjárlaga fyrir árið 2001. Tillaga okkar að þessu sinni er nú aðeins til eins árs enda virðist okkur sem tillaga okkar frá í fyrra um skipulagða áætlun til fjögurra ára, sem við töldum leiða til jöfnunar og réttlætis fyrir þá hópa elli- og örorkulífeyrisþega sem þurfa og eiga rétt á tekjutryggingu, næði ekki eyrum stjórnarliða. Við gerum þess vegna tvennt nú. Tillagan er aðeins til eins árs og þar til viðbótar eru fjárhæðir í tillögunni helmingi lægri en í fyrra eða um 560 millj. kr. alls í þessa tvo liði. Ef um skipulagða áætlun væri að ræða með þeirri upphæð, sem rétt er að ítreka að er ekki, heldur aðeins til eins árs, þá tæki leiðréttingin með 560 millj. árlega átta ár. Það er nokkuð langur tími fyrir ellilífeyrisþega.

Mér dettur í hug ákveðin samlíking úr einni af mörgum kjaradeilum sem ég átti í við LÍÚ á árum áður, en hún er svona:

Í einum kjarasamningum þótti afrakstur okkar nokkuð rýr í greiðslum talið en þó náðist fram svokallaðar sóttdauðatryggingar. Ef sjómaður lést um borð í skipi sínu, þá kom til eingreiðsla til eftirlifenda upp á að mig minnir um hálfa millj. kr. Þegar Steingrímur, skipstjóri á Vigra, sem þá var formaður í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi í Reykjavík, var að kynna samninginn fyrir félögum sínum lét hann þess getið að besta kjarabótin sem Guðjón A. Kristjánsson hefði samið um kæmi eftir dauðann en þó því aðeins að menn dræpust innan borðs úr flensu eða öðru þvílíku, elli dygði þar varla til. Það mál sem við ræðum nú er hins vegar dauðans alvara og fjallar um afkomu lifandi fólks.

En aftur að efni málsins. Við leggjum til að sjúkradagpeningar verði einnig hækkaðir um helming með því að leggja til að 250 millj. verði bætt við þann lið og að fjárliðurinn 08-206 Sjúkratryggingar verði í heild 500 millj. á næsta ári. Þetta er nærri helmingi lægri tala en við vorum með tillögu um á sl. hausti en hún var þá einnig kolfelld af stjórnarliðum. Vonandi fellur þeim betur í geð þessi tillaga. Litlu verður Vöggur feginn, segir máltækið, og víst erum við flutningsmenn tilbúnir til að gleðjast yfir því sem smátt er í sniðum ef svo ólíklega vildi til að tillagan fengi stuðning stjórnarliða.

Það er dagljóst þó stutt sé skammdegið í lok nóvember að sú fjárhæð sem ætluð er undir lið 08-206 Sjúkratryggingar,

í undirliðnum 115 í fjárlagafrv., 4.580 millj., dugar engan veginn til að mæta útgjöldum til lyfjamála, enda var lyfjakostnaður þessa árs ekki 3.930 millj. eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2000. Í fjáraukanum var sú tala hækkuð um 835 millj. að tillögu stjórnarliða eða alls í 4.765 millj. og er þó ekki víst að öll kurl séu komin til grafar. Tillagan nú er því tæpum 200 millj. kr. lægri í fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Þetta fær varla staðist nema því aðeins að heilbrrh. hyggi á verulega hækkun á hlut sjúklinga í lyfjakostnaði á næsta ári.

Þessi tala þarf örugglega að verða 5 milljarðar að lágmarki, það verður kannski svo þegar brtt. stjórnarliða líta dagsins ljós. Ég sá hins vegar í þeim að þeir hefðu bætt við, ef ég tók rétt eftir, um 175 millj. kr. hækkun. Mismunurinn á þeirri tillögu sem við leggjum fram, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, Þuríður Backman og Sverrir Hermannsson, um að hækka þetta upp í 5 milljarða kr., er núna orðinn eftir brtt. stjórnarliða 245 millj. Sú tala þarf örugglega að verða 5 millj. að lágmarki að okkar mati. Það verður kannski svo þegar endalegri afgreiðslu málsins lýkur.

Hins vegar skal ekki gert lítið úr því að takast þarf á við mikinn vanda í heilbrigðisþjónustunni. Í því sambandi langar mig að vitna í grein í Morgunblaðinu frá 29. nóvember sl., eftir Margréti Björnsdóttur, fulltrúa í stjórnarnefnd Landspítala, en þar segir hún, með leyfi forseta:

„Heildarfjárveiting til Landspítala er tæpir 20 milljarðar króna. Að mati stjórnenda spítalans vantar um 600 miljónir upp á til að hægt verði að halda starfsemi óbreyttri miðað við árið 2000 og enn meira eigi að miða við árið 1999, eða reyna að grynnka á biðlistum. Til viðbótar kemur svo halli ársins 2000."

Hún segir einnig áfram, með leyfi forseta:

„Stjórnendur Landspítala hafa kynnt ráðherra og fjárlaganefnd, að verði frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2001 samþykkt óbreytt, sé óhjákvæmileg að grípa þegar til niðurskurðar í þjónustu spítalans."

Verði þetta þá lengjast biðlistarnir á nýjan leik.

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur ekki átt fulltrúa í fjárln. sem kunnugt er en okkur er heimild áheyrn þegar því verður við komið af okkar hálfu. Þingmenn flokksins fengu brtt. meiri hlutans í sínar hendur í gær og hefur því ekki gefist langur tími til að skoða þær. Hins vegar höfum við í Frjálslynda flokknum ásamt vinstri grænum lagt fram tillögur á hinu háa Alþingi til breytinga á því frv. sem liggur fyrir varðandi hag ellilífeyris- og örorkuþega, ásamt breytingum á sjúkradagpeningum og fjárhæð til lyfjamála.

Þegar litið er yfir frv. og brtt. sem hér eru til umræðu, þá höfum við á þeim stutta tíma sem gefist hefur helst fundið þrjá megingalla í því. Í fyrsta lagi er að miklu leyti horft fram hjá þeirri þenslu sem ríkir í íslenska hagkerfinu. Okkur þykir nauðsynlegt að beita hagstjórnartæki eins og fjárlögunum til að mæta slíkri þróun.

Í öðru lagi söknum við í Frjálslynda flokknum þess að ekki er tekist á við að bæta kjör öryrkja og aldraðra í því góðæri sem talið er að ríki á Íslandi í dag.

Í þriðja lagi teljum við að frv. taki ekki á þeirri byggðaröskun sem margumtöluð er hér á landi, hvorki á orsökum né afleiðingum byggðaröskunar. Við teljum að horft sé fram hjá því að núverandi fiskveiðistjórn og fyrirkomulag hennar eigi þar afskaplega stóran hlut að máli. Sú fiskveiðistjórn sem er við lýði felur í sér gífurlega skuldasöfnun og alvarlegt flæði fjármagns úr greininni sem íslensk þjóð mun síðar þurfa að axla byrðar á.

Upplýst hefur verið á Alþingi að frestun á skattlagningu söluhagnaðar hafi rýrt tekjur sveitarfélaga um 2,2 milljarða í töpuðum tekjum og ríkisins um 6,5 milljarða sl. tvö ár að mati ríkisskattstjóra. Þetta kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér á Alþingi í fyrradag.

Við vitum einnig að viðskipti með aflakvóta valda aukinni eftirspurn eftir lánsfé. Það tengist auðvitað þessu frv. og þar með leiðir það aftur til aukinnar þenslu. Í stuttu máli hvað varðar fiskveiðistjórnina þá vitum við að kvótabraskið eyðir byggð.

Herra forseti. Efnahagsástand þjóðarinnar í dag gefur okkur tækifæri til að koma á löngu tímabærum lagfæringum. Ekkert mælir gegn því að það verði gert. Það fólk sem brtt. okkar er ætlað að taka til er fólk sem eigi hefur úr miklu að spila og ég tel að því muni fylgja mikil ábyrgð að fella tillögur okkar án þess að koma með aðrar sambærilegar eða helst betri í staðinn. Brtt. þessar teljum við nauðsynlegar til að bæta stöðu þeirra örorku- og ellilífeyrisþega, sem byggja framfærslu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, með því að hækka tekjutryggingarhluta lífeyrisgreiðslna almannatrygginganna. Jafnframt leggjum við til að sjúkradagpeningar verði hækkaðir um helming frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Mat á stöðu lífeyrisþega bendir til að nokkur þúsund Íslendingar eigi í mismiklum erfiðleikum með lífeyri sinn og margir hverjir búi við fátækt. Þetta fólk byggir flest afkomu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatryggingakerfisins, en þar eru hámarksgreiðslur nú um 70 þús. kr. á mánuði. Annars vegar er um að ræða ellilífeyrisþega og hins vegar öryrkja á öllum aldri, þar á meðal ungt fólk, sem aldrei hefur átt möguleika á að safna réttindum til lífeyris vegna fötlunar eða veikinda. Efnahagsástand þjóðarbúsins ætti að gefa tækifæri til að koma á löngu tímabærum lagfæringum fyrir þá hópa.

Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári lögðu Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð fram áætlun um hvernig staðið skyldi að því að lagfæra til frambúðar það misræmi sem myndast hafði í lágmarkstekjum ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, og lágmarkslauna verkafólks hins vegar. Þessar tillögur okkar felldu stjórnarliðar. Því er nú ítrekað og á ný lagt til að staða þessara hópa verði færð til betri vegar. Að þessu sinni göngum við skemur í tillögum okkar en á síðasta ári, eins og fram hefur komið í máli mínu, í von um að stjórnarliðar geti í einhverju sýnt þá sanngirni að taka undir tillögur flokka í stjórnarandstöðu.

[15:33]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., ræddi um það í ræðu sinni að meginþema tillagna meiri hluta fjárln. væri að styrkja ferðatengda starfsemi ýmissa menningarstofnana og aðgerðir á landsbyggðinni og hafði um það nokkur orð að stjórnarandstaðan væri nú ekki að minnast á það, stjórnarandstaðan væri einungis að tala um meginatriði í fjármálastjórn og peningastefnu og því um líkt, en væri ekkert að tala um þessar merku tillögur.

Herra forseti. Ég gagnrýni ekki þær hugmyndir og tillögur, en það má svo aftur vera spurning hvort fjárln. á að taka þetta hlutverk að sér, að efla menningar- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Vel má vera að það sé rétt. Og það er slæmt, herra forseti, að hv. þm. skuli ekki vera hér í salnum, en ég vona að hann heyri mál mitt þannig að hann

viti þá hver skoðun mín er. Ef það er skoðun hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það sé hlutverk fjárln., þá tel ég að það séu ýmis verkefni sem tilheyrðu t.d. Byggðastofnun og byggðamálaefnum sem fjárln. ætti þá að taka að sér. Ég vildi það mjög gjarnan og tel að nefndin sé alveg í færum til að koma með mjög gagnlegar tillögur til að efla byggðastefnu og byggð í landinu.

Ég tel t.d. að fjárln. gæti vel fjallað um tillögur til jöfnunar hitakostnaðar á landinu eins og menn eru búnir að glíma við á undanförnum þremur árum án þess að ná nægjanlegum árangri að mínu mati. Ég tel t.d. að fjárln. gæti fjallað um og gert tillögur um jafnt aðgengi að síma, tölvulínum, rafmagni, útvarpi og sjónvarpi, svo ég nefni bara eitthvað. Þetta eru mál sem út af standa og geysilega mörg smáatriði sem fjárln. gæti lagfært sem eru réttlætismál en á þeim er ekki tekið.

Þau mál sem ég nefndi í upphafi eru að sjálfsögðu réttlætismál og ég fagna þeim út af fyrir sig. En ég velti því aftur fyrir mér hvort þetta sé í réttum farvegi. Ég hefði gjarnan viljað fá ýmsum privatóskum framgengt ef það hefði verið hægt. Ég tel t.d. að það hefði átt að vera í umræðu og vangaveltur væru um hvort ríkið ætti að hlutast til um kaup á því merka skipi Íslendingi. Ég hefði vel getað hugsað mér að vera með tillögu t.d. upp á 40 millj. kr. sem yrðu lagðar í það verkefni að kaupa þetta merka skip, sem er búið að bera frægðarorð af Íslandi víða um heim. Spurning er hvort hv. varaformaður fjárln. vildi taka þátt í þeim atriðum m.a. sem ég hef nefnt og við settumst yfir og afgreiddum það fyrir 3. umr. fjárlaga. Ekki skal standa á mér að mæta á fundi og sitja á fundum lon og don til að finna út úr því á hvern hátt það mætti gerast.

Herra forseti. Ég mátti til með að svara nokkrum orðum þeirri gagnrýni hv. varaformanns fjárln. á að minni hluti fjárln. skuli ekki hæla þeim fyrir þær tillögur sem þeir hafa sett fram. Ég tel mig hafa gert það að nokkru, en einnig lagt fram gagnrýni á ákveðin vinnubrögð.

Ég vil í upphafi máls míns gera grein fyrir brtt. við 2. umr. fjárlaga sem er frá mér og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem fjallar um að leggja 5 millj. til viðbótar í fjárframlag til sýslumannsembættisins í Borgarnesi, sem jafngildir u.þ.b. einni stöðu lögregluþjóns, og þeir fjármunir verði teknir af rekstrarlið rekstrarskrifstofu dómsmrn. Við teljum að miklu auðveldara sé að spara 5 millj. þar heldur en er fyrir embætti sýslumannsins í Borgarnesi að reka embættið þó þeir fengju þessar 5 millj. í viðbót., en við mundum að sjálfsögðu gera kröfu um að þá yrði bætt við einni stöðu fyrir þessar 5 millj.

Að mörgu er að hyggja við umræðu um fjárlög. Það er líklega einhvers staðar á milli 4.500 og 5.500 atriði um að ræða sem koma til skoðunar hjá fjárln. í tengslum við fjárlagafrv. Og til að fara aðeins yfir það hafa mál skipast þannig að nefndin vinnur sameiginlega við yfirferð málefna ráðuneytanna hvert fyrir sig og síðan fær nefndin yfirlitsgögn sem óskað er eftir, annaðhvort af nefndinni í heild eða af einstökum nefndarmönnum, til heildarskýringa. Hins vegar er eru það aðeins varaformaður og formaður sem taka formlega þátt í undirbúningi fjárlagafrv., þannig að aðkoma annarra fjárlaganefndarmanna að frv. er engin fyrr en það er lagt fram.

Ég held að ástæða sé til, eins og ég hef áður sagt, að skoða hvort meiri skilvirkni gæti náðst með breyttum vinnubrögðum. Ég velti fyrir mér hvort rétt sé að miða fjárlagaárið við júní til loka maí næsta ár á eftir. Og að vinnubrögðum verði breytt við yfirferð fjárlagaramma og að menn komi betra yfirliti á einingaverð hinna ýmsu liða og verka sem tilheyra fjárlagafrv.

Ég tel að rétt sé að skoða aðgengi að gögnum hverrar stofnunar fyrir sig með það í huga að þeim mun betur sem aðilar, sem ýmist starfa á stofnunum eða hafa með þær að gera á einhvern hátt, séu upplýstir eða eftir því sem þeir eiga betri aðgang að upplýsingum þeim mun meiri þátttakendur eru þeir í að ná árangri í stjórnun á þeim verkefnum sem við er að fást á hverjum stað.

Herra forseti. Þetta er einföld staðreynd, þetta er einföld lógík sem beitt er hjá mjög mörgum stórum fyrirtækjum, þ.e. að gera starfsmönnum það eins mögulegt og unnt er að hafa yfirsýn yfir starfsemi á deildum sem þeir vinna á og síðan heildarstarfsemi fyrirtækis ef menn ætla að ná árangri. Þetta hef ég margrætt hér og nefndi það við síðustu fjárlög að breyta þyrfti kerfinu, ríkiskerfinu og fjármálakerfinu, þannig að sem flestir eigi aðgang að þeim gögnum sem þar eru, vegna þess að ef menn ætla að ná fram sameiginlegu markmiði, þá þarf að vera skýrt og gott aðgengi, bæði að markmiðunum og þeim gögnum sem eru nýtt sem stýritæki.

Þetta er regla sem beitt er í t.d. fyrirtækjum eins og fjölþjóðafyrirtækinu Blue Circle, þessu er beitt hjá fyrirtækinu F.R. Smith í Danmörku sem telur fleiri þúsund manna starfsemi og sem greinist yfir nokkuð mörg lönd, þar eiga menn aðgengi að því sem um er að ræða, um er að tefla. Eftir að tillaga hefur verið samþykkt getur nánast hver og einn einasti einstaklingur sem starfar í fyrirtækinu komið með ábendingu ef eitthvað má betur fara. Þannig ná menn árangri í stjórnun.

Sem betur fer eru menn að gera sér betur og betur grein fyrir því að mikill vandi er að stjórna. Það er mikill vandi að stjórna þegar vel árar. Okkur er kennt það í kristnifræðinni að þegar vel árar eigum við að undirbúa hin mögru ár. Við megum vera viss um að hin mögru ár koma. Við vitum ekki hvenær þau koma, en það er eins klárt og við erum hér að þau munu koma. Við eigum nefnilega að koma fyrir fyrningum í góðærinu til þess að mæta ófyrirséðum áföllum.

Helsta gagnrýni mín á ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar er að hún hefur ekki gætt að sér á ýmsum sviðum. Ég tel að um afskiptaleysi hafi verið að ræða og að misskipting hafi aukist á stjórnartímanum í samfélaginu. Ísland er á sumum sviðum orðið hálfgert „háeff" eða hlutafélag. Ég tel að það vanti mannkærleika og þegar mannkærleika vantar, eykst virðingarleysi og tillitsleysi fyrir samferðarmönnunum, hverjir sem þeir eru. Því miður má segja að græðgi hafi tekið völdin og að stífur trúarningur sé við kjötkatlana og nægtarborðið. Þá gerist það að þeir sem veikari eru verða undir. Af þessu leiðir agaleysi sem er að verða allt of áberandi og í kjölfarið fylgir siðleysi og siðblinda.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta duga sem umvöndunarorð í kristilegum kærleika um það sem mér þykir á skorta í íslensku samfélagi.

Áður en ég held áfram ætla ég að þakka þeim ágætu ráðherrum sem komu þó hér og hlýddu á mál talsmanna flokkanna í fjárln. Ég þreytist ekki á að ítreka að mér finnst það vera skylda. Virðing Alþingis á töluvert undir því að ráðherrarnir sinni þeirri skyldu, fleiri en hæstv. fjmrh. og svo hæstv. heilbrrh. og hæstv. menntmrh. sem hér hafa komið og hæstv. samgrh. Þetta eru þeir sem hafa sést við umræðuna í dag og mér þykir miður á hverju ári, núna fimm ár í röð, að þurfa að tala um þennan hlut, þ.e. að þeir eigi að vera hér og hlusta á talsmenn flokkanna í fjárln. Það er ekki stór krafa. Þetta eru tveir og hálfur til þrír klukkutímar. Ég er alveg viss

um að við gætum náð fram miklu markvissari umræðu ef það lægi klárt fyrir að hér yrðu ráðherrar viðstaddir og hægt væri að beina til þeirra spurningum um þessi mál. Síðan getum við rætt málin almennt í þessari umræðu, um hvað okkur finnst að þurfi að laga og komið með tillögur og ábendingar sem menn geta síðan nálgast á annan hátt. Ráðherrar geta meira að segja fengið starfsmönnum sínum það verkefni að lesa yfir hvort nokkurt kjöt sé á beinunum í því sem menn hafa að segja.

Herra forseti. Samfylkingin benti á það ítrekað fyrir ári að það væri lag til að draga úr ríkisútgjöldum. Við höfum margsagt að við viljum þó ekki draga úr heilbrigðisþjónustunni, ekki veikja skólakerfið. Þvert á móti viljum við efla þessa þætti. Við viljum bæta stöðu þeirra sem minna mega sín á kostnað annarra þátta í samfélaginu. En Samfylkingin vill beita aðhaldi hjá ýmsum æðstu stofnunum og endurskipuleggja með það að markmiði að ná fram ráðdeildarsemi og aðhaldi með ríkisfjármuni.

Herra forseti. Það er ekki hægt annað en að taka undir með hv. varaformanni fjárln., Einari Oddi Kristjánssyni, þegar hann segir í umræðum um fjáraukalög að allt of mikil lausung hafi ríkt og að nokkur hundruð millj. væru í lausung vegna ábyrgðarleysis við meðferð ríkisfjármálanna. Hér vísa ég til óbreyttra orða hv. varaformanns fjárln.

Herra forseti. Ég er ekki endilega að draga upp svarta mynd af næstu framtíð. Ég held að við eigum mjög mörg tækifæri til að bæta stöðu okkar. Ég held við séum ekki búin að missa af þeim.

Ég held að hægt sé að halda þannig á spilum að við getum jafnvel bætt hag okkar og þá til aðeins lengri tíma litið með skynsamlegum fjárfestingum og uppbyggingu atvinnustarfsemi sem gæti orðið kjölfestan að betra mannlífi en jafnvel er í dag. Til þess að svo megi verða tel ég að það verði að byrja á því sem forgangsverkefni að bæta og rétta af kjör þess tiltölulega fámenna hóps sem þó eru 8–12 þúsund manns á Íslandi. Segja má að 8–12 þúsund manns búi við sannanlega léleg kjör. Í þessum hópi eru bæði einstaklingar og fjölskyldur, ungt fólk og aldraðir og öryrkjar og þeir sem eru lakast settir á vinnumarkaði. Skoðun mín er sú að þarna sé í raun ákveðinn vandi sem menn verða að opna augun fyrir og laga.

Herra forseti. Mér er það ljóst að það er alveg sama hversu gott þjóðfélag við búum við að alltaf verða einhverjir sem eru lakast settir. Það er mér alveg ljóst. En það fólk þarf að búa við afkomutryggingu sem má skilgreina sem lágmarksframfærslu.

Því miður er ekki vilji fyrir slíkri skilgreiningu hjá hæstv. ríkisstjórn sem rekur stefnu sína á þeim grunni að allir hlutir og aðstæður leiti jafnvægis einhvern tímann. Við höfum bara ekki tíma til að bíða eftir þessu „einhvern tímann". Við eigum að grípa inn í og bæta kjör þess fólks sem ég er að ræða um. Ég mun, herra forseti, síðar í ræðu minni fara yfir þá hópa sem ég tel að séu með laun undir framfærslumörkum. Það mun koma hér mjög skýrt fram. Ég mun fylgja því eftir með því að senda sérstaklega til þeirra hæstv. ráðherra sem ég tel að eigi í hlut tölvupóst með ábendingum um þessi efni. Þar sem hæstv. ráðherrar hafa ekki haft aðstöðu til að hlýða á þær tölur sem ég hef fram að færa mun ég senda þeim þær í tölvupósti. Ég vonast eftir því að ég komi því þá skilmerkilega til þeirra sem ég er að fjalla um.

Eftir þessi aðfaraorð, herra forseti, langar mig að ræða lítillega um heilbrigðiskerfið eða hluta þess. Því að ræða um heilbrigðiskerfið nú þegar ekki liggja fyrir endanlegar tillögur við 2. umr. fjárl. þar sem heilbrigðiskerfið er svo veigamikill hluti af útgjöldum ríkisins? Jú, ég ætla að tala um það sem ég tel að menn þurfi að skoða og taka til meðferðar.

E.t.v. má segja að það sem ég fer yfir sé í stikkorðastíl frekar en það sé í mjög vel útfærðu máli. Ég ætla samt að ræða málin frá mínu sjónarmiði og segja þetta á þann máta að eftir þá miklu umfjöllun sem hefur verið í langan tíma um heilbrigðismál þá munum við það að rætt hefur verið um lokun deilda, frestun aðgerða á sjúklingum, frestun viðhalds o.s.frv., vegna fjárskorts. Þetta hefur leitt af sér, þrátt fyrir miklar og góðar lagfæringar á þessum málum á síðasta ári, að biðlistar hafa verið að lengjast og lyfjakostnaður að aukast. Í raun og sann leiðir þetta til aukins kostnaðar þegar upp er staðið.

Ég tel að við þessa umræðu sé rétt að geta þess að það mun taka heilt ár að vinna upp biðlista sem lúta að liðaðgerðum, svo sem mjaðmaliðaaðgerðum og öðrum slíkum. Á meðan kvelst fólk og þarf mikil lyf og ég tala ekki um aukna umönnun og hvers kyns aðhlynningu.

Biðlisti eftir hjartaaðgerðum er u.þ.b. 16–20 vikur. Staðreyndin er sú að það þyrfti að framkvæma aðgerð á a.m.k. þriðjungi þeirra sem á biðlistunum eru, á stundinni. Það eru sem sagt 20–30 manns sem eru í bráðahættu vegna hjartveiki. Ég tel að slíkt ástand sé óviðunandi.

Í raun má segja að framkvæmd stjórnunar heilbrigðiskerfisins sé óhagkvæm, bæði til lengri og skemmri tíma litið, meðan það ástand sem nú er varir. Ég tel að það þurfi að breyta ýmsu. Það ber að nýta stærstu sjúkrahúsin á landsbyggðinni betur en nú er gert. Það á að nýta þau til að framkvæma sérhæfðar aðgerðir sem þau eru í stakk búin til að veita. Það má nefna t.d. sjúkrahúsin á Akureyri, Selfossi, Keflavík og Akranesi, Hafnarfirði og e.t.v. fleiri. Ég tel að með skipulagsbreytingum sé unnt að skapa hagræði í formi minna álags á Landspítalann – háskólasjúkrahús í Reykjavík. Ég tel að það verði að nýta betur rými í þessum nefndu stofnunum og ekki síst þá sérfræðinga sem þar starfa.

Einn þáttur í heilbrigðiskerfinu sem ég tel að þurfi að taka sérstaklega til algerrar endurskoðunar er ferliverkakerfið. Það var sett upp í upphafi sem einhvers konar umbunarkerfi eða hagræðingarkerfi. En nú tel ég að framkvæmdin sé öll úr lagi gengin. Mér finnst það vera skylda lækna og forstöðumanna að grípa til endurskipulagningar á þessum þætti málanna sem heyra til heilbrigðiskerfisins.

Það má minna á að öll sjúkrahús á landsbyggðinni hafa á að skipa sérhæfðu starfsfólki til að sinna verkefnum á heilbrigðissviði. Það má t.d. benda á staði eins og St. Fransiskusarspítalann í Stykkishólmi þar sem mikill árangur hefur náðst í lækningum á bakmeiðslum og bakveiki og önnur sjúkrahús gætu hæglega tekið upp ýmsa endurhæfingarstarfsemi og fleira í heilbrigðisgeiranum.

Það er gífurlega knýjandi nauðsyn að endurskoða heilsugæslukerfi og heilsugæsluumönnun landsmanna. Heilsugæslan er forvarnakerfi landsmanna og hefur ákaflega sterkt fyrirbyggjandi hlutverk, en að mínu mati þarf að ýmsu að hyggja hvað þá þætti varðar. Ég efast ekkert um að til staðar er þekking og hæfni hjá landlækni til að skoða þessi mál og ýmis önnur. Ég tel að það beri að endurskoða heilsugæsluumdæmin. Það verður að greina hvers vegna biðlistar eru að myndast í heilsugæslunni og hvers vegna einstaklingar þurfa í síauknum mæli að leita til sérfræðinga í einkarekstri á heilbrigðissviði til að fá lækningu í veikindum. Ef hæstv.

heilbrrh. hefði verið hér þá hefði ég beint til hennar spurningu um þetta efni, en eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, þá mun ég setja þessar fram spurningar til hinna ýmsu ráðherra í tölvupósti og sjá hvort ég fæ þau svör sem ég tel að séu nægjanleg og ættu að liggja fyrir við þessa umræðu.

Hægt er að benda á að á síðustu mánuðum og síðasta ári hefur kostnaður vegna lyfjakaupa færst frá ríki til einstaklinga. Hvað er þar á ferðinni? Þar er um að ræða sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þær felast í því að þeir sem þurfa tiltölulega lítið af lyfjum eiga að borga þau sjálfir án þess að fá niðurgreiðslu. Þannig er sparnaðurinn hjá ríkisstjórninni. Þeir sem þurfa tiltölulega lítið af lyfjum eiga að borga þau sjálfir. Þetta heitir í mínum huga tilfærsla á kostnaði frá ríki til einstaklinga. Ég sé ekki hagræðingu eða sparnað. Ég sæi hann gerast á annan máta.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. því ég veit að ráðherra var hér í húsinu hvort sú frásögn lækna sem birtist í dagblöðum í haust geti staðist, að ástandið sé svo slæmt að einstaklingar geti ekki keypt nauðsynleg lyf vegna fjárskorts. Hafa slík mál borist á borð hæstv. heilbrrh. Þetta las ég í grein þar sem haft er eftir lækni að einstaklingar í hópi aldraðra og öryrkja sem hefðu lágmarksgreiðslu til framfærslu gætu ekki leyst út þau lyf sem þeir þyrftu.

Við þingmenn Samfylkingarinnar lýsum algjörri andstöðu við stjórnvöld sem ekki hyggja að hag þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu, einkum og sér í lagi þeirra sem ekki fá nauðsynleg lyf og læknishjálp.

Herra forseti. Ég hef miklar áhyggjur vegna biðlista eftir aðgerðum á fjölmörgum sviðum eins og ég hef áður sagt, svo sem hjartalækningum, liðaðgerðum og fleiru. Einnig hef ég áhyggjur af því að það vantar heyrnartæki og hjálparbúnað fyrir sjúklinga. Biðlistar eftir hjálparbúnaði leiða í raun til dýrari úrræða fyrir samfélagið auk kvala og einangrunar viðkomandi einstaklinga og fjölskyldna þeirra.

Ég vil minna á að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja hjá fjárln. nú þegar, án þess að komnar séu tillögur um endanlega fjármuni til heilbrigðiskerfisins, ætla menn að halda áfram að draga saman, t.d. á Ríkisspítölunum. Það mun beinlínis leiða til þess að biðlistar eftir aðgerðum munu lengjast. Ég minni á að ákveðnar deildir á háskólasjúkrahúsunum hafa verið lokaðar frá því í sumar. Er það ástand sem við viljum? Ég veit að við erum sammála, ég og hæstv. heilbrrh., um að það ástand er óviðunandi. En við erum líka sammála um að leita þurfi allra leiða til að vinna þessi verk á sem hagkvæmastan máta.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni teljum brýna nauðsyn á að gerð verði úttekt á því og það greint hversu margir einstaklingar, aldraðir, fatlaðir og aðrir, hafi of lítið til framfærslu. Sá vandi sem þar er á ferðinni endurspeglast oft í heilbrigðiskerfinu með kostnaðarsömum afleiðingum fyrir samfélagið í heild. Við viljum taka á þessu af myndugleik og við áteljum stjórnvöld fyrir sinnuleysi og sofandahátt þegar bestu aðstæður hafa ríkt til að koma þessum málum til betri vegar. Þá kem ég aftur, herra forseti, að þeim þætti úr upphafi máls míns þegar ég talaði um mannkærleikann.

Það sem ég hef sagt hér er kannski nánast í stikkorðastíl en að mínu mati nægjanlegt til að menn undirbúi nýja hugsun og ný vinnubrögð í íslensku heilbrigðis- og velferðarkerfi. Til staðfestingar á því sem ég hef sagt er staða Íslendinga í flokkunarkerfi NOSOSCO, fyrir félags- og heilbrigðismál og fjölskyldur og heimili. Í samanburði við þær þjóðir sem við miðum okkur við er staðan ekki viðunandi. Við erum, herra forseti, því miður í 4. og 5. neðsta sæti af um 18 viðmiðunarþjóðum sem fjallað er um í þeirri skýrslu. Við erum alls staðar í neðsta sæti að heita má ef við miðum við Norðurlöndin sem ég tel að við eigum að miða okkur við. Þessi skýrsla er fáanleg og aðgengileg. Ég veit að hún verður gefin út innan skamms.

Ég tel að misskipting hafi aukist í samfélaginu á síðustu árum og að aldraðir og öryrkjar hafi verið hlunnfarnir. Það er ekki tekið á því í fjárlagafrv. Við í minni hlutanum mótmælum því. Enn er tækifæri til þess að lagfæra þessi mál á milli umræðna, milli 2. og 3. umr. um fjárlög. Ég treysti á að menn skoði það, út frá því sem ég hef hér verið að fjalla um, að bæta hlut þessara aðila. Ég geri mér grein fyrir því að einhverjir verða alltaf lakar settir. Lágmarkið er hins vegar að fólk hafi í sig og á.

Ég tel að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafi dregist aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Ég vitna þá t.d. til staðtalna Tryggingastofnunar frá því í október. Þær staðfesta þetta. Bætur almannatrygginga hafa hækkað mun minna en launavísitala. Það kemur einnig fram í staðtölunum að 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði og verða að byggja afkomu sína nánast einvörðungu á greiðslum frá almannatryggingakerfinu. Grunnlífeyrir og tekjutrygging er nú rúmar 48 þús. kr. en lágmarkslaunin 72 þús. kr. Skattleysismörk hafa staðið í stað svo að lífeyrisþegi sem býr einn og nýtur eingöngu bóta er með um 70 þús. kr. frá Tryggingastofnun. Hann þarf að greiða skatt af þessari upphæð. Það er nokkuð sem ekki hefur viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ég vil, herra forseti, nefna ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið til að rýra kjör lífeyrisþega. Ég nefni bifreiðakaupastyrkina og bílakaupalánin. Ég minni á að bifreiðakaupastyrkjum fyrir hreyfihamlaða var fækkað um tæpan helming í tíð þessarar ríkisstjórnar og að lánakjörin á bifreiðalánum hafa versnað mjög. Vextir af þeim hafa farið úr 1% upp í markaðsvexti. Það gerir öryrkjum nánast ókleift að taka slík lán. Á sama tíma og lífeyrir og tekjutrygging hækkaði um 23%, hækkaði hlutur sjúks, gamals fólks og öryrkja í lyfjakostnaði um 120%.

Ég ítreka, herra forseti, að það er samfélaginu mjög dýrt að halda þessum 8.000–12.000 einstaklingum í fátækt eins og nú er. Það er rándýr fátækt. Þeir sem svo er statt um og geta ekki tekið fullan þátt í samfélaginu brotna niður. Þeir halda ekki heilsu og valda miklum útgjöldum í heilbrigðiskerfinu. Ég tel að stefnan í málefnum lífeyrisþega sé bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæm.

Herra forseti. Ég hef mjög margt um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að segja. Ég var á ráðstefnu fyrir skömmu sem fjallaði um fjármálakerfið og atvinnulífið, tækifæri og hættur. Ég heyrði líka erindi um þróun og horfur í efnahagsmálum og ég verð að segja, herra forseti, að mér sýnist að við Íslendingar þurfum að gæta mjög að okkur til að forðast það sem kallað er hörð lending. Mér sýnist stefna í ýmsar harðar aðgerðir og þær hafa sérstaklega bitnað á þeim sem lakast eru settir.

Áður en ég skil við umræðuna um öryrkja og ellilífeyrisþega þá er ég hér með greiðsluseðil frá einstaklingi sem ég nafngreini ekki en hef þó kennitölu á, sem sýnir að heildarlaun þessa einstaklings eru 641.493 kr. yfir allt árið. Af þessum tekjum var greitt 80 þús. kr. Útborguð laun á mánuði hjá þessum einstaklingi voru 58.758 kr. Þarna er ekki um lægstu greiðslur að ræða.

Ég tel að við verðum að taka á þessum málum og taka undir ályktanir Öryrkjabandalags Íslands um að hækka tryggingabætur verulega, þar sem þeir segja að það verði að draga úr þeim harðneskjulegu tekjutengingum sem öryrkjum er gert að búa við, hækka skattleysismörk og hverfa að fullu frá skattlagningu húsaleigubóta. Þeir telja að skila þurfi öryrkjum að fullu þeim niðurgreiðslum sem þeir áður nutu til lyfjakaupa, símanotkunar og bifreiðakaupa.

Ég tek einnig undir þá ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands frá 21. október á þessu ári að ítarlegra upplýsinga verði aflað um þann margvíslega sparnað sem hljótast mundi af eflingu almannatrygginga og að niðurstöðurnar yrðu kynntar ekki síðar en hálfu ári fyrir næstu þingkosningar.

Herra forseti. Einnig er hægt að deila áhyggjum öryrkja þar sem þeir fjalla um þann bensínstyrk sem þeim er veittur. Bensínstyrkur sem veittur er til öryrkja er 6.643 kr. á mánuði. Rekstur lítils bíls samkvæmt FÍB kostar 250 þús. kr. á ári, eða 20.833 kr. á mánuði. Ég tel að menn verði að fara í gegnum þetta. Með þeim launum sem hluti af öryrkjum og öldruðum hefur til framfærslu þá hefur þetta fólk ekki möguleika á að reka *bíl, ekki einu sinni smábíl. Hluti af því fólki hefur ekki* efni á að hafa sjónvarp. Ég þekki til þar sem svo er ástatt um. Fólk sem meira að segja er ekkert að kvarta undan því að hafa ekki sjónvarp gerir allt sem það getur til að láta enda ná saman. Það er fólk sem er í sambúð með 48.000 kr. hvort á mánuði til að reka heimili sitt. Þetta eru staðreyndatölur, en það fólk hefur engan aðgang að öðrum tekjum eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal er margsinnis búinn að segja. Hann segist hafa skoðað öll einstök mál þeirra sem hafa komið til hans og hann finnur alltaf einhverjar tekjuleiðir sem þetta fólk á aðrar en það segist sjálft hafa. Það eru til margar frásagnir af því hvernig einstaklingar hafa brotnað niður og bognað í kerfinu.

Ég ætla ekki að fara út í harmsögur, þær geta birst á öðrum tíma. En ég vitna til staðtalna frá Tryggingastofnun varðandi þau mál sem ég hef verið að ræða.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með því sem ég hefði kannski átt að spyrja og ræða um í upphafi, þ.e. ef æðsta vald ríkisins, ríkisstjórnin, telur að beita þurfi aðhaldssemi og aga í meðförum fjármuna, þá hljóta þeir sömu aðilar sem þar ráða að vera reiðubúnir að sýna gott fordæmi og draga saman í útgjöldum æðstu stofnunar ríkisins. Þess sér hvergi stað í framlögðu frv. Það sem er að gerast núna í þessum töluðu orðum er að verið er að leggja fram nýjar tillögur fyrir þær stofnanir til að auka útgjöld.

Sagt hefur verið áður úr þessum stól að eftir höfðinu dansi limirnir. Það er svo sannarlega rétt að ef ríkisstjórnin sér enga ástæðu til ráðdeildarsemi og aðhaldssemi, þá er ekki von að þegnarnir geri það. Ef ríkisstjórnin sér enga ástæðu til að breyta peningastefnunni í landinu, þá er heldur ekki ástæða til að einstaklingarnir sjái það.

Ég get rakið það, herra forseti, að staðan er þannig að fjölmargar lánastofnanir eru komnar í botn með kvóta til lántöku á erlendum fjármunum. Það eru fjölmargar lánastofnanir komnar í botn. Ríkissjóður á eftir mikið rými og getur bætt við sig lántöku stórkostlega en það verður að gerast þá í því formi að Seðlabankinn taki slík lán. En það sem er að gerast núna er að hert er að í íslensku efnahagslífi vegna aðgæsluleysis stjórnvalda. Það er óviðunandi. Fyrir þessu eru staðreyndir, skýrslur og ráð fjölmargra fjármálamanna sem eru í íslensku atvinnulífi og fjármálastarfsemi. Mér þykir það fyrir neðan allar hellur að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki bregðast við eða hafi ekki brugðist við a.m.k. fyrir ári þar sem auðveldast var að draga saman. Þá var það auðveldast á öllum ferli ríkisstjórnarinnar, því ef við miðum við fjögur ár er best að draga saman á fyrsta og öðru ári, þá hefði verið hægt að ná að einhverju leyti stjórn á þessum málum.

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gísla S. Einarssyni fyrir mjög málefnalega ræðu. Hann koma víða við í máli sínu og talaði um öryrkja og ellilífeyrisþega. Við erum sammála um að mjög mismunandi kjör eru hjá þessu fólki og það á að koma til móts við þá sem minnst hafa. Í minni tíð höfum við verið að auka t.d. endurgreiðslukerfið varðandi lyf og læknisþjónustu einmitt til þeirra sem minnst hafa. Það var með fyrstu verkum mínum í ráðherrastól að koma til móts við þá sem þurfa á fúkalyfjum að halda, því þau voru tekin úr greiðslu í tíð Alþfl. en því var sérstaklega breytt í tíð minni varðandi endurgreiðslur til þeirra sem eru mjög tekjulágir.

*Ég vil líka minna á að við höfum verið að lækka þjón*ustugjöld. Nú ætla ég að biðja hv. þm. að taka eftir, við höfum verið að lækka þjónustugjöld. Í tíð Alþfl., í ráðuneyti heilbrigðismála, var svokölluðum ferliverkum komið á. Og ferliverkin voru þannig að sjúklingur gat borgað allt upp í 25.000–30.000 kr. fyrir eina aðgerð. Þetta höfum við lækkað niður í 5.000 kr., hv. þm.

Ég ætla einmitt að koma inn á lyfin sem hv. þm. talaði um. Vísitala lyfja hefur lækkað. Og af því hv. þm. kom líka inn á öryrkja og ökutækjastyrki, þá hækkuðum við í haust ökutækjastyrki verulega og við breyttum einnig reglugerð um bílana í fyrra þar sem öryrkjar sem eru að fá bíla í fyrsta skipti fá miklu hærri upphæð greidda en nokkru sinni fyrr. Áður var hámarkið í kringum 500.000, en það fór upp í 1.000.000 fyrir öryrkja sem er að fá bíl í fyrsta skipti.

Ég vildi að þetta kæmi fram. En við vorum sammála í meginatriðum um að koma til móts við þá sem minnst hafa.

[16:22]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og að vera hér við og velta fyrir sér með mér þeirri stöðu sem er í málefnum þeirra sem eru lakar settir í þjóðfélaginu. Það fer ekki á milli mála að það eru alltaf einhverjir sem verða lakar settir. Ég er alveg klár á því. En staða þeirra, burt séð hvort Alþfl. eða einhver annar flokkur gerði þetta eða hitt, breytir engu um það meginmál sem ég hef fjallað um. Ég er að fjalla um þá stöðu sem er núna hjá því fólki sem ég er að ræða um og við höfum haft aðstöðu til að bæta kjörin hjá því.

Ég nefndi það, burt séð frá því hvað úthlutanir á styrkjum til bílakaupa hafa hækkað, þá hafa vextir hækkað úr 1% í markaðsvexti. Það gerir öryrkjum mjög erfitt að taka slík lán.

Engu að síður er rétt, þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði, að á sama tíma og lífeyrir og tekjutrygging hækkuðu um 23% voru lögð fram gögn um að hlutur sjúks gamals fólks og öryrkja í lyfjakostnaði hafði hækkað um 120%.

Er það ekki rétt, herra forseti, að fram kom í fréttum að hluti sjúklinga hefur ekki efni á að kaupa þau lyf sem læknir telur þá þurfa? Þetta kom fram í fréttum í sumar og ég vitna til þess. Það breytir engu hvað minn gamli, góði

flokkur gerði. Staðan er þessi og á hana eigum við að horfa, við skulum ekki vera að líta langt aftur í tímann, við skulum horfa til dagsins í dag og framtíðarinnar. Það er það sem skiptir máli. Samfylkingin er alveg klár á því hvar þarf að grípa inn í.

[16:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekkert tala um það sem Alþfl. gerði á sínum tíma. Ég skal bara tala um það sem við höfum verið að gera á þessu kjörtímabili, þ.e. að við höfum verið að lækka þjónustugjöld, eins og ég sagði áðan, við höfum raunverulega verið að lækka þjónustugjöld. Það skiptir einmitt þann hóp máli sem hv. þm. kom inn á áðan. Ég held að hann geti ekki hrakið það að þjónustugjöld hafa lækkað. Endurgreiðslureglugerðir, sem ekki voru til fyrir þá sem minnst hafa, voru ekki í gangi fyrr en í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Þetta held ég að hv. þm. verði líka að hlusta á. Ég hef aldrei sagt að allir hafi það gott en við erum að koma til móts við það fólk. Hv. þm. sagði: Er það rétt eða rangt að lyf hafi hækkað allt upp í 120%? Ég ætla ekki að svara því hvort það sé rétt eða rangt en ég ætla að segja hv. þm. hvað um er að ræða. Í þessu tilviki er verið að ræða um hjartalyf. Hv. þm. getur bara reiknað það sjálfur að skammturinn á hjartalyfjum sem örorkulífeyrisþegi eða ellilífeyrisþegi fær hefur hækkað um 50 kr. á mánuði, hæst upp í 80 kr. á því tímabili sem hv. þm. talaði um. Það eru ekki háar upphæðir. Hv. þm. getur reiknað það út að á þriggja mánaða tímabili, sem er venjulegur skammtur, þá eru það tvær ferðir með strætisvagni.

[16:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þakka ég hæstv. ráðherra svörin. En það er töluverður ágreiningur á milli okkar um að öryrkjar og aldraðir hafa dregist aftur úr öðrum. Ekki ætla ég að lasta það sem vel hefur verið gert, alls ekki. En eftir sem áður stendur þetta þannig að um 800 öryrkjar hafa 43.000–65.000 kr. á mánuði. Þeim þarf að hjálpa strax. 800 manns þarf að hjálpa strax. Á bilinu 8.000–12.000 manns eru sennilega með tekjur fyrir neðan framfærslumörk.

Öryrkjar sem metnir hafa verið með varanlega 75% örorku, og eru eignarlausir, leigja húsnæði eða eru í sambúð, hafa lægstar bætur og eiga enga möguleika til að auka tekjur sínar, sem eru einhvers staðar á bilinu 53.000–63.000 á mánuði.

Það er þetta sem ég er að vonast til að tekið verði á. Hægt er að gera það núna á milli 2. og 3. umr. fjárlaga. Ég vonast til og veit að hæstv. heilbrrh. er mér sammála þarna og er reiðubúin að taka á sem unnt er. Ég bíð eftir viðbrögðum.

[16:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl., formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur gert ítarlega grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. og þeim forsendum sem þar liggja að baki. Það er í raun óþarfi að fara yfir þær aftur. Hv. þm. hefur stýrt starfi nefndarinnar með miklum ágætum og vil ég þakka fyrir það starf.

Óhætt er að segja að byltingarkenndar breytingar hafa átt sér stað bæði í efnahagsmálum og atvinnumálum í stjórnartíð Framsfl. og Sjálfstfl. frá árinu 1995. Áður reið atvinnuleysisvofan yfir, vonleysi ríkti í samfélaginu og fyrirtæki og fjölskyldur römbuðu á barmi gjaldþrots. Hagvöxtur var í sögulegu lágmarki en í stjórnartíð Framsfl. og Sjálfstfl. hefur hagvöxtur verið að meðaltali u.þ.b. 4,5% sem er hærra en í flestum OECD-löndum. Atvinnuleysi hefur farið úr liðlega 5% niður í 1% og allar vinnufúsar hendur hafa nú atvinnu. Kaupmáttur hefur stóraukist og enginn minnist lengur á kosningaloforð Framsfl. um 12.000 störf fyrir aldamót enda urðu þau störf 15.000.

Við framsóknarmenn höfum í rauninni staðið við fyrirheit okkar í fjárlagatillögum um að verja 1 milljarði til fíkniefnavarna á kjörtímabilinu, í annað skiptið sem við leggjum fram fjárlagatillögur á þessu kjörtímabili, þannig að óhætt er að segja að við höfum staðið við þau loforð.

Fjárln. hefur fjallað um frv. til fjárlaga frá 1. umr., en útgjöld milli umræðna hafa aukist um 3,7 milljarða, þ.e. 3 milljarða sem koma í beinum tillögum frá ríkisstjórn og um 700 millj. sem eru tillögur fjárln. Að baki liggur í raun mikið starf, miklu meira starf en fólk gerir sér grein fyrir. Við hittum fólk alls staðar að af landinu og má í raun segja að fjárln. hafi býsna mikla yfirsýn yfir það sem er að gerast vítt og breitt um landið.

Vinnan verður æ faglegri með nýrri tækni og nýjum vinnubrögðum og það er vert að þakka starfsmönnum Alþingis fyrir frábært starf í þessum efnum. Fyrir bragðið gengur vinnan hraðar og ég hygg að sjaldan hafi umræðan farið fram jafnsnemma og einmitt nú.

Fjárln. setur alltaf sitt mark á fjárlögin þó grundvallarramminn komi frá fjmrh. í nafni ríkisstjórnarinnar. Frá árinu 1995 höfum við ávallt beitt okkur fyrir ákveðnum verkefnum. Þar má t.d. nefna jöfnun námskostnaðar, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á köldum svæðum, fjarkennslu, fíkniefnavarnir, styrki til verkefna sem tengjast menningartengdri ferðamennsku, landshlutabundin skógræktarverkefni og margt fleira mætti telja.

Öll þessi verkefni tengjast landsbyggðinni og hafa mjög mikið að segja varðandi búsetu í landinu. En auðvitað snerta fjárlögin einnig þéttbýlið. Við eigum að kappkosta að tengja saman þéttbýli og dreifbýli. Við eigum að vera ein þjóð í einu landi.

Samkeppnin um búsetu er ekki einungis milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar, heldur Íslands og útlanda. Ungir vel menntaðir Íslendingar hugsa gjarnan mjög út fyrir landsteinana. Þess vegna þurfum við að skapa og vera samkeppnisfær við útlönd á sem allra flestum sviðum. Það á við um efnahagsmál. Það á við um menntamál. Það á við um samfélagsþjónustu og margt fleira.

Í ríkisstjórnartillögunum munar mest um tekjuskiptalögin þar sem sveitarfélögin fá um 1,8 milljarða í sinn hlut sem leiðir m.a. til þess að fasteignagjöld á landsbyggðinni lækka. Álagningarstofn fasteignagjalda hefur verið mjög ósanngjarn á landsbyggðinni. Hann verður nú leiðréttur.

Það er dálítið sérkennilegt þegar við skoðum tillögur stjórnarandstöðunnar um verulegar skattahækkanir að þeir hafa barist mjög gegn því að sveitarfélögin hafi möguleika á því að hækka útsvar árið 2002 og ræddu það hér margsinnis meðan við fjölluðum um tekjuskiptalögin. En í dag aftur á móti leggja þeir fram tillögur um stórauknar skattahækkanir. Það er því ákveðinn tvískinnungur í þessum málum.

Ég vildi gjarnan sjá samning á hverju ári um tekjuskipti ríkis og sveitarfélaga og ég hyggst leggja fram tillögur í

þeim efnum á þessu þingi. Slíkt samkomulag er t.d. gert við fjárlagagerð í Austurríki og víðar því það er í raun og veru óþolandi að á hverju ári skuli koma upp misklíð milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar um tekjuskipti.

Ég ætla nú að víkja að málefnum sem fjárln. hefur beitt sér sérstaklega fyrir í þessari fjárlagagerð og reyndar á síðustu árum. Fyrst vil ég nefna jöfnun námskostnaðar. Það má í raun segja að í þessum málaflokki hafi orðið bylting frá árinu 1995. Það hefur mjög mikið að segja fyrir íbúa dreifbýlisins að auka fjármagn til jöfnunar námskostnaðar og getur skipt sköpum fyrir unglinga í dreifbýli að fá þennan svokallaða dreifbýlisstyrk. Ég hef setið í nefnd á vegum hæstv. menntmrh. um jöfnun námskostnaðar. Fyrirhugað er að rýmka eilítið reglurnar í þessu sambandi þannig að við stýrum ekki endilega í hvaða skóla nemendur fara. Einnig þarf að kappkosta að koma í veg fyrir að fólk geti skipt um heimilisfang og í raun leikið á kerfið og það er verið að vinna að úrbótum í þessum efnum.

Í öðru lagi vil ég nefna jöfnun húshitunarkostnaðar. Við höfum beitt okkur mjög fyrir niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar á köldum svæðum. Spurningin er um aðferðafræði í þessum efnum. Mér finnst stundum í þessum þingsölum eins og stjórnarandstæðingar hafi ekki áttað sig á því að þarna er um verulegar niðurgreiðslur að ræða. Það er spurning hvort sé betri leið að þessar niðurgreiðslur kæmu fram á innheimtuseðlum þegar er verið að rukka fyrir rafmagn eða með því hreinlega að senda því fólki sem fær niðurgreiðslurnar ávísanir heim þannig að það sjái bókstaflega í hverju niðurgreiðslurnar eru fólgnar.

Nú er í bígerð að koma til móts við dýrustu hitaveitur landsins vegna þess að með þessum niðurgreiðslum hefur komið í ljós að nokkrar hitaveitur í landinu orðnar dýrari en rafveiturnar þar sem um niðurgreitt rafmagn er að ræða.

Í þriðja lagi vil ég nefna fjarkennslu sem færist mjög í vöxt hér á landi sem og erlendis. Fjárln. hefur beitt sér fyrir aukinni fjarvinnslu í landinu og þau mál munu verða tekin fyrir á milli 2. og 3. umr. Nú stunda t.d. um 125 nemendur fjarnám við Háskólann á Akureyri. Yfir 500 nemendur stunda fjarnám við Kennaraháskóla Íslands og við Viðskiptaháskólann í Bifröst er boðið upp á framhaldsnám í fjarkennslu þannig að mjög margir skólar hér á landi bjóða upp á fjarkennslu. Ég veit líka til þess að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri býður bændum upp á fjarkennslu svo dæmi séu nefnd. Fræðslunetin víða um land bjóða upp á fjölbreytt nám í fjarkennslu og t.d. stendur til að bjóða upp á hjúkrunarnám við fræðslunet Suðurlands á næsta ári.

Í fjórða lagi vil ég nefna fíkniefnavarnir. Á þessu kjörtímabili sem enn er ekki hálfnað höfum við varið yfir 1 milljarði í þennan málaflokk. En það voru einmitt áform Framsfl. að segja sölumönnum dauðans stríð á hendur. Við höfum þokast áfram í þeim áformum okkar. A.m.k. höfum við staðið við þessi loforð okkar og stjórnarandstaðan er einnig hætt að rukka okkur um þetta kosningaloforð.

Talið er að fíkniefni og fíkniefnaneysla sé ein mesta ógn næstu aldar og þess vegna verðum við að kappkosta við að ráðast að rótum vandans og við verðum að gera enn betur en við gerum nú.

Í fimmta lagi vil ég nefna landshlutabundin skógræktarverkefni. Milli umræðna höfum við tekið mjög hressilega á í þessum málaflokki. Árið 1991 voru samþykkt lög um Héraðsskóga. Árið 1997 voru samþykkt lög um Suðurlandsskóga og á síðasta ári voru samþykkt lög um önnur landshlutabundin skógræktarverkefni. Þessi verkefni hafa haft gríðarleg áhrif í dreifbýlinu, þetta eru jákvæð verkefni og tengja saman íbúa þéttbýlis og dreifbýlis.

Nú er svo komið að á Suðurlandi taka yfir 200 bújarðir þátt í þessum verkefnum. Það er mjög gaman að fylgja með áhuga fólksins. Það er gaman að fylgjast með félögum skógarbænda sem hafa verið stofnuð vítt og breitt um landið.

Auðvitað hafa einstaka sérvitringar horn í síðu þessara verkefna. Alltaf eru til menn sem geta fundið eitthvað neikvætt við hvert og eitt verkefni. Á dögunum heyrði ég t.d. að ágætur vísindamaður var að fjalla um að jarðyglan hefði komið með þessum skógræktarverkefnum og sjálfsagt er það hárrétt hjá honum. Á móti getum við sagt að grasmaðkurinn kom auðvitað þegar menn fóru að rækta tún. Við getum því alltaf fundið eitthvað neikvætt í sérhverju verkefni. En landshlutabundnu skógræktarverkefnin hafa gríðarlega mikið að segja fyrir landsbyggðina og nú er svo komið að við erum farin að nýta íslenskan við í byggingariðnaði.

Í sjötta lagi vil ég nefna málaflokk sem kallast fyrirhleðslumál. Fjárln. hefur tekið á þessum málaflokki. Það er óþolandi að horfa upp á gróið land brotna niður og okkur ber að kappkosta að leggja meiri peninga í þennan málaflokk. Landgræðslan fæst einnig við spennandi verkefni sem kallast Bændur græða landið. Í þetta verkefni leggjum við aukið fé með tillögum okkar.

Í sjöunda lagi vil ég nefna menningartengda ferðamennsku. Komið hefur í ljós að yfir 300 þús. ferðamenn hafa komið til landsins nú á þessu ári sem er nýtt met. Styrkir til ýmissa menningartengdra verkefna hafa stundum af neikvæðum aðilum verið kölluð gæluverkefni. En styrkir þessir skipta sköpum við uppbyggingu ýmissa verkefna. Ég nefni dæmi um Vesturfarasafnið á Hofsósi, Sögusetrið á Hvolsvelli, Stríðsminjasafn á Reyðarfirði, Síldarminjasafn á Siglufirði, Samgöngusafn Íslands við Byggðasafnið að Skógum, Geysisstofu í Haukadal, Jöklasafn á Höfn í Hornafirði, Galdrasýningar á Ströndum o.s.frv. Það hefur líka verið kappkostað að dreifa þessum verkefnum sem allra mest um landið og fjárframlög eru í raun lífsnauðsynleg fyrir þessi verkefni.

Í áttunda lagi vil ég nefna að fjárln. hefur beitt sér fyrir verndun gamalla húsa, ekki einungis með því að verja peningum til Húsafriðunarsjóðs, heldur í ákveðin verkefni. Sem dæmi má nefna um slík verkefni Brydebúð í Vík í Mýrdal sem er gamalt verslunarhús og í raun að verða menningarmiðstöð í Vík. Ég nefni Duushús í Reykjanesbæ, en það hús er fyrirhugað að gera að menningarsetri í Reykjanesbæ. Ég nefni Faktorshúsið á Ísafirði, Kaupvangshúsið á Vopnafirði og fleiri dæmi gæti ég nefnt.

Við erum einnig með þessum fjárlögum að leggja fé í mjög marga mikilvæga málaflokka. Ég nefni barnabætur. Það var einnig eitt af því sem Framsfl. barðist fyrir og var eitt af stefnumálum okkar í síðustu kosningum. Ég nefni vaxtabætur. Ég nefni peninga til sjúkraflugs. Ég nefni peninga til æskulýðs- og íþróttamála og til fjölmargra félaga og líknarsamstaka. Styrkir sem þessir skipta félagasamtök gríðarlega miklu máli.

Herra forseti. Ég hef einungis bent á fáein verkefni sem ríkisstjórnin og fjárln. hafa verið að beita sér fyrir. Eins og ég sagði áðan er kappkostað að dreifa peningum í verkefni sem allra víðast á landsbyggðinni og reyndar á höfuðborgarsvæðinu.

Ég gleðst mjög yfir áformum heilbrrh. um uppbyggingu sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi. Til uppbyggingar hjúkrunarheimilis og heilsugæslustöðvar þar er fyrirhugað að verja 50 millj. kr., en heildarkostnaður við það verkefni er um 500–600 millj. Hér er um afar brýna og nauðsynlega framkvæmd að ræða.

Einnig gleðst ég yfir þeim breytingum og endurbótum sem unnið er að við Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi, en heildarkostnaður við það verkefni er um 150 millj. Það stendur til að breyta deildaskiptingu, laga og endurbæta Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum sem er líka brýnt verkefni.

Við 3. umr. ræðum við síðan um heilbrigðisstofnanir. Þá ræðum við einnig um Byggðastofnun og tökum fyrir tekjuþátt fjárlagafrv.

Í stórum dráttum er ég ánægður með þessi fjárlög. Þau verða til góðs fyrir land og þjóð.

[16:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fór hér yfir það sem hann vildi leggja áherslu á í máli sínu um fjárlögin og byrjaði á því að Framsfl. hefði staðið fyrir byltingarkenndum breytingum í samfélaginu. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að uppsveifla hefur verið í samfélaginu núna undanfarin fjögur, fimm ár a.m.k. Um þátt Framsfl. skal ég ekkert segja. Hitt er hins vegar alveg ljóst að upp eru hrannast óveðursský í efnahagsmálum. Ég held að um það sé almennt ekki deilt. Í ljósi þess sem Framsfl. hefur gert vænti ég þess að Framsfl. hafi einhver svör við þeim blikum sem eru á lofti í efnahagsmálum.

Ég vil bera upp tvær spurningar við hv. þm. Í fyrsta lagi hvaða skoðun hann hafi á þeirri fullyrðingu að góðærið, sérstaklega núna undanfarið eitt og hálft ár, sé fyrst og femst fjármagnað með lánsfé. Ýmislegt styður þá fullyrðingu, m.a. það að þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að útflutningstekjur dragist saman. Það segir okkur að arður af miklum útlánum er ekki að skila sér sem skyldi í aukinni verðmætaaukningu í samfélaginu. Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort hann sé þeirrar skoðunar að góðærið hafi að einhverju leyti verið fjármagnað með lánsfé. Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. í ljósi þess viðskiptahalla sem hér hefur verið og gengis krónunnar, hvaða hugmyndir eða aðgerðir Framsfl. hefur til þess að takast á við þann ógnvænlega viðskiptahalla sem er. Og hann er vitaskuld miklu hættulegri í ljósi þeirrar markaðsáhættu sem samfélagið tekur með því að breyta innviðum sínum eins og gert hefur verið nú á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar.

[16:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir nú örlítils hroka í andsvari hv. 6. þm. Suðurl. Hv. þm. var eitt sinn knattspyrnumaður með ÍBV ef ég man rétt og mikið ef hann var ekki Íslandsmeistari. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) Á því ári sem þeir urðu Íslandsmeistarar og fögnuðu því, þá fóru þeir ekki að hafa áhyggjur af því hvort þeir mundu tapa í næsta leik eða þarnæsta leik.

Ég var að tala um, og hv. þm. gerir athugasemdir við það, að gríðarlegar breytingar hafi orðið í samfélaginu frá 1995. Hv. þm. er kannski búinn að gleyma því að það var gríðarlegt atvinnuleysi, fyrirtækin gengu illa, gjaldþrot voru hjá fjölda fjölskyldna og það var í rauninni ákveðið svartnætti. Það var ekki fyrr en Framsfl. kom í ríkisstjórn 1995 sem þetta fór að breytast. Og ég er gríðarlega ánægður með það.

Ég get deilt áhyggjum mínum með hv. þm. um viðskiptahalla, hann er mjög alvarlegt mál. Um það hefur verið fjallað í þingsölum í dag og verður gert áfram. Ég hef því miður enga patentlausn í þeim efnum. Við vitum hvernig samfélagið okkar er, það er opið, fólki er boðið upp á tiltölulega hagstæð lánakjör og við eyðum um efni fram. Við þurfum að breyta því. Eitt af því sem ég vildi gjarnan sjá t.d. í skólakerfinu hjá okkur er að fólki væri hreinlega kennt að fara með peninga, allt frá því í grunnskóla upp í framhaldsskóla; hvernig verða peningar til og hvernig verjum við peningum.

Hv. þm. hefur komið með ágætistillögu að frv. um t.d. ábyrgð einstaklinga á lánum gagnvart þriðja aðila. Ég gleðst yfir því að þingmaðurinn skuli vera ábyrgur að því leytinu til og ég vildi gjarnan að hann væri enn þá ábyrgari í málflutningi sínum um fjárlög ríkisins.

[16:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að ég hafi sýnt hv. þm. einhvern hroka. Hins vegar hóf hann ræðu sína á því að Framsfl. hefði breytt hér öllu. Því fannst mér eðlilegt að spyrja í beinu framhaldi af því hvaða lausnir Framsfl. hefði í ljósi þeirra blikna sem eru að hrannast upp á himninum nú um stundir í efnahagsmálum. Ég spurði hv. þm. vegna þess að formaður fjárln. hefur heldur ekki svarað því hvernig Framsfl. telji best að takast á við þann viðskiptahalla sem nú virðist vera ríkjandi og viðvarandi. Og ég tek undir með hv. þm. að það eru engin augljós svör í þeim efnum.

En hitt er alveg ljóst að menn geta ekki aðeins gortað sig af fortíðinni, hversu mikinn þátt sem þeir í sjálfu sér eiga í því góðæri, því það sem mestu máli skiptir hér á landi er fyrst og fremst verð og annað sem við fáum fyrir útflutningsvörur okkar. Nú er spáin sú að útflutningstekjur okkar muni dragast saman. Það liggur fyrir í þjóðhagsáætlun sem ég held að hv. þm. hafi einnig staðið að og fylgdi frv. til fjárlaga. Þess vegna finnst mér ekkert óeðlilegt að spyrja hv. þm. hvaða svör hann hafi við þeim blikum sem eru á lofti.

Enn fremur nefndi hv. þm. áðan og sennilega hefur hann átt við að einkaneyslan hafi farið úr böndum, m.a. vegna kjara sem fólk getur notið við að afla sér verðmæta með lánsfé. Það er hins vegar staðreynd að vaxtakjör á Íslandi eru þau allra verstu sem nú eru í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Og vaxtamunur á milli Íslands og viðskiptalanda okkar hefur aldrei verið meiri. Það er því dálítið vandmeðfarið að ræða þetta á þessum nótum. Ég held að af orðum hv. þm. megi ályka að hann sé sammála því að a.m.k. tvö síðustu ár hafi góðærið að stórum hluta verið fjármagnað með lánsfé.

[16:50]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum auðvitað karpað um þetta, ég og hv. 6. þm. Suðurl., lengi dags. Hann sneri nú örlítið út úr ræðu minni þegar hann sagði að ég hafi gortað mig af því að Framsfl. hafi breytt öllu. Það er alls ekki rétt að við höfum breytt öllu, en við höfum haft gríðarleg áhrif í ríkisstjórn. Ef hv. þm. ber saman annars vegar stjórnartíð Alþfl. og Sjálfstfl. frá 1991–1995 og síðan stjórnartíð Framsfl. og Sjálfstfl. frá 1995, þá er þetta eins og dagur og nótt. Ég minnist þess að þegar ég hóf þingstörf 1995 vorum við vart komin inn í þinghúsið þegar t.d. Alþfl., sem heitir núna Samfylking, fór strax að rukka okkur um tólf þúsund störfin. Menn hlógu hér í þingsölum að því að við settum okkur það mark að fjölga störfum um tólf þúsund fram til aldamóta. Staðreyndin er sú

að störfin eru fimmtán þúsund. Nákvæmlega á sama hátt og þegar við komum til þings eftir síðustu kosningar höfðum við verið með fyrirrætlun um að leggja 1 milljarð til fíkniefnavarna á kjörtímabilinu. Eins og kom fram í ræðu minni höfum við þegar gert þetta. Nákvæmlega á sama hátt var farið að rukka okkur um barnabætur. Í þeim fjárlögum sem við erum að ræða í dag eru auknir peningar til barnabóta.

Ég er alveg klár á því að við þurfum að hafa áhyggjur af ákveðnum hlutum sem þingmaðurinn benti á, útflutningsverðmætum, viðskiptahalla og þar fram eftir götunum. Það er alveg ljóst að ég get deilt þeim áhyggjum með hv. þm., en við leysum þau mál ekki í karpi í andsvörum hér.

[16:52]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. ÖJ og GAK, þskj. 405.

Málefni aldraðra, 317. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 392.

Menntun í ferðaþjónustugreinum, 322. mál, fsp. ArnbS, þskj. 407.

Nýting sláturúrgangs í dýrafóður, 321. mál, fsp. KolH, þskj. 406.

Rannsóknir á sviði ferðaþjónustu, 323. mál, fsp. ArnbS, þskj. 408.

Útflutningsráð Íslands, 324. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 409.

Útflutningsskylda sauðfjárafurða, 316. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 380.

[16:53]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Örugg fjármálastjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur leitt til þess að víða um land hefur fólki hlaupið kapp í kinn og metnaður hefur verið við framkvæmd ýmissa verkefna. Meira hefur verið um það undanfarin missiri en löngum áður að fólk hafi uppi djarfar hugmyndir um framgang verkefna sem tengjast menningu, félagsmálum og öðrum þáttum samfélagsins. Fjallað hefur verið um slík mál og þær beiðnir sem hafa aukist verulega frá byggðum landsins við gerð fjárlaga nú og reynt að verða við þeim að verulegu leyti.

Ég ætla að víkja að nær 40 atriðum, 40 verkefnum um allt land, sem sýna hug heimamanna til uppbyggingar á sviði menningar og félagsmála, þar sem metnaður er í fyrirrúmi, þar sem sögulegur grunnur er sem bakhjarl og horft til framtíðar hvað varðar uppbyggingu byggðanna, sérstaklega ferðaþjónustu og aðra þætti.

Aldrei fyrr í fjárlagagerð Íslands hefur verið brugðist við svo mörgum erindum sem þessum í þeim fjárlögum sem nú hafa verið rædd. Skemmtilegt hefur verið að heyra til að mynda hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann Samfylkingarinnar, fjalla um fjárlögin en fara ekki í sín mál eins köttur í kringum heitan graut, í allri sinni umræðu og athugasemdum. Fróðlegt hefði verið að heyra hann fjalla um öll þau verkefni sem væntanlega munu kögra landið þegar kemur til framkvæmda þeirra í kjölfar afgreiðslu þessara fjárlaga. Ég ætla að stikla á stóru og nefna nokkur dæmi.

Það er til að mynda fjárveiting til Vatneyrarbúðarinnar á Patreksfirði. Þar voru byggingar sem voru byggðar af miklum athafnamanni, Ólafi Johanson, og fyrirtæki hans stóð fyrir merkri sögu, langri sögu í útgerðarsögu landsins framan af öldinni. Þar eru hús sem eru full af minjum og möguleikum til að ríma við gamla tíð og opnar dyrnar inn í framtíðina á þeim grunni. Þetta er fyrsta dæmið sem ég nefni í þeim „pakka" sem ég stikla hér á þó mörg fleiri atriði mætti nefna í fjárlögunum. En ég vil sérstaklega nefna nokkur atriði. Vatneyrarhúsið á Patreksfirði er eitt af þeim verkefnum.

Allir þekkja þá hörmulegu atburði sem urðu með snjóflóðum á Vestfjörðum þegar snjóflóð féll á Seljalandsdal í apríl 1994. Þá var hafist handa við endurbyggingu skíðalyftu í Tungudal, önnur skíðalyfta var endurbyggð á Seljalandsdal. Síðan kom snjóflóð fjórum árum seinna, 1998, og þá eyðilagðist aftur skíðalyftan á Seljalandsdal. Þá var tekin endanleg ákvörðun um að byggja allt skíðasvæðið til frambúðar í Tungudal. Eitt af þeim verkefnum sem meiri hluti fjárln. leggur til er að styrkja þetta verkefni verulega með tilliti til aðstæðna og þess sem á undan er gengið, með 10 *millj. kr. framlagi til uppbyggingar.* Þetta er í rauninni ekki hefðbundið í styrkveitingum eða í meðferð fjárlaga frá ári til árs, en alltaf eru einhverjar undantekningar, vegna þess að rök liggja að baki. Þetta er eitt af þeim málum þar sem menn eru sammála um að leggja fólki lið sem ítrekað þarf að berjast við sama vandann, gefst ekki upp og er nú vonandi komið á rétta leið í staðsetningu þess mannvirkis sem um ræðir. Það er öflugt skíðastarf og félagsstarf á Ísafirði og nágrenni og foreldrafélag skíðabarna er sérstök deild í Skíðafélagi Ísafjarðar og hefur haft forgöngu um þessa uppbyggingu.

Eitt af þeim verkefnum sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram er að styrkja viðgerð á kútter Sigurfara, sem geymdur er í Byggðasafninu á Akranesi. Kútter Sigurfari var smíðaður í Englandi árið 1885, keyptur til Íslands árið 1897, á ári sem nefnt hefur verið tímamótaár í þilskipaútgerð á Íslandi. Sigurfari var aðallega gerður út frá Reykjavík og Hafnarfirði, síðan seldur til Færeyja árið 1919 og keyptur svo aftur til Íslands, til Akraness, árið 1974, með það fyrir augum að gera skipið að sýningargrip. Nú er svo komið fimmtán árum síðar að skipið er farið að láta verulega á sjá, enda má segja að það hafi ekki verið geymt við eðlilegar aðstæður vegna skorts á fjármagni. Engu að síður er hér um að ræða sögulegan grip úr útgerðar- og skipasögu landsins og það er vel að slíkt verkefni sé styrkt.

Hv. formaður fjárln. fjallaði um nýtt verkefni í framsöguræðu sinni, um Sögusafnið sem ætlað er að vera staðsett í Reykjavík og hefur fengið inni í einum af vatnsveitutönkunum á Öskjuhlíð. Það er eins konar vaxmyndasafn eins og hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi það, safn sem á að túlka og vekja athygli á sögusviði og persónum Íslendingasagna. Fyrstu líkönin eða líkneskin hafa verið gerð af Ingólfi Arnarsyni og Hallveigu Fróðadóttur. Þau voru sýnd í Ráðhúsi Reykjavíkur í sumar með ákveðinni umgjörð þar. Þetta er ákaflega spennandi og aðstandendur safnsins sem eru einkaaðilar ætla að gera næst leikmyndir um Leif Eiríksson og Tyrki fóstra hans í Vínlandi, ferð Þorfinns karlsefnis vestur til Vínlands og Freydísar Eiríksdóttur, þar sem hún hræðir skrælingja, líkneski af Snorra Sturlusyni í Reykholti 1241, um siðaskiptin og aftöku Jóns Arasonar 1550, fyrstu galdrabrennuna á Íslandi 1625, Kópavogsfundinn 1662, kristnitökuna, Þorgeir Ljósvetningagoða, Guðbrand Þorlaksson og Guðbrandsbiblíu, svarta-dauða, Tyrkjaránið og Guðríði Símonardóttur, Hallgrím Pétursson og Passíusálma, Jón Hreggviðsson frá Rein, Brimarhólm, Axlar-Björn, Jörund hundadagakonung, svo nokkuð sé nefnt.

Þetta eru spennandi atriði í vonandi glæsilegu og metnaðarfullu safni sem eiga að geta frætt okkar unga fólk um söguna og fortíðina á nýstárlegan hátt jafnframt því að vera aðlaðandi og eftirsóknarvert fyrir ferðamenn sem til landsins

koma. Þetta er mikið verkefni. Það má reikna með að kostnaður við hverja leikmynd sé um 2 millj. En nú er verkefnið farið af stað og er í þessum þáttum sem ég málaði í upphafi.

Í Reykjanesbæ er einhver stærsta eining gamalla húsa á Íslandi í dag, Duushúsin svokölluðu sem reist voru af Hans Peter Duus árið 1871. Duus lét einnig reisa stórt og mikið pakkhús 1877. Húsið var nefnt Bryggjuhúsið. Hafist hefur verið handa við að endurbyggja þessi hús, þessi menningarverðmæti Íslendinga, því að öll slík hús, hvar sem þau eru á landinu, tel ég ástæðu til að flokka fyrst og fremst undir menningarverðmæti þjóðarinnar í heild þó þau setji svip sinn á hvern stað.

Þannig hefur verið undanfarin ár á þessum áratug sem nú er að slíta skónum að í fjárlögum hvers árs hefur verulegt fjármagn verið sett í viðhald og uppbyggingu gamalla húsa, elstu húsa á hverjum stað. Víða hefur verið byrjað á þessum verkefnum í trássi við marga íbúa. En að verkefninu loknu hefur undantekningarlaust verið einróma ánægja og gleði með þá framkvæmd og þetta hefur skapað metnað, velvilja og hlýju í samfélaginu og virðingu fyrir þeim sem gengnir eru og tengdust þessum húsum. Það hefur því þétt byggðina og aukið það sem við getum í einu orði kallað hamingju á hverjum stað. Víða eru því þessi gömlu hús nú stolt bæjanna. Það er alveg sama hvort við tölum um Suðurland, Austurland, Norðurland, Vestfirði eða Vesturland, hvarvetna er um að ræða bæjarprýði sem menn eru stoltir af. Og þegar menn eru stoltir af verkum eru þeir á réttri braut. Það er auðvitað nokkurra ára verk að byggja upp Duushúsin í Keflavík, í Reykjanesbæ, þar sem þeim er ætlað að verða menningarmiðstöð. En verkið er hafið og það er styrkt.

Ég vil vekja athygli á styrk til Skálholts sem tengist rannsóknarstofnun í helgisiðafræðum, stofnun sem hefur starfað í tvö ár, safnað gögnum frá fyrri öldum um ýmsa þætti í kirkjusiðum þjóðarinnar. Til að mynda liggja þar nú fyrir í safni sem kallast Collegium Musicum yfir 1.600 handrit að íslenskum sálmum og kvæðum með nótum. Þessi menningararfur hefur ekki verið tekinn saman á þennan hátt fyrr og allt er þetta liður í að þétta þekkingu okkar á okkar eigin sögu og bakgrunni. Skálholtsstaður er jafnframt að vinna vefsíðu fyrir Skálholt og auðvitað fer vel á því að þessi helgidómur landsins sé aðgengilegastur sem flestum varðandi upplýsingar og hina ýmsu þætti sem tengjast Skálholti, hvort sem það er kirkjan, skólinn, námskeiðahald, rannsóknarstofnunin, ferðaþjónusta eða annað, því mjög margir fara um hlað Skálholts ár hvert, hundruð þúsunda gesta.

Ef við bregðum okkur frá Skálholti og út í Eyjar þá segir í Landnámu að Herjólfur Bárðarson hafi byggt bæ sinn innan við Ægisdyr. Ægisdyr eru bergið í Blátindi, bergið sem tekur á móti suðvestanáttinni sem ber fastast af öllum brimveðrum fyrir suðurströndinni. Þar voru grafnar upp fyrir allmörgum árum rústir Herjólfsbæjar. Þar eru rústir 11 húsa sem sumir fornleifafræðingar telja byggð fyrir upphaf Íslandsbyggðar, þ.e. í upphaf áttundu aldar. Um þetta eru deildar meiningar. En allir fornleifafræðingar eru þó sammála um að þarna séu varðveittar rústir sem séu einhverjar þær heillegustu sem eru til í sögu landsins og vitað er um. Verkefni er styrkt til þess að byggja hluta af þessum húsakosti. Alveg eins og við þjóðveldisbæinn að Stöng voru valin þrjú hús og tengd saman úr hópi margra húsarústa þá mun ætlunin að velja þrjú hús úr Herjólfsbæjarrústunum, íbúðarhús, fjós og verkstæði eða smiðju eða eitthvað slíkt og byggja þau upp á þann einfalda hátt sem byggingar þess tíma voru. Þetta er þáttur í sögunni, þáttur í ferðamannaþjónustunni, þáttur í því að sýna landinu og umhverfinu, byggingunum og fólkinu í fortíð og nútíð og framtíð virðingu. Þetta er spennandi verkefni.

Einnig er styrkt verkefni samsvarandi kútter Sigurfara á Akranesi, Blátindur VE 21 í Vestmannaeyjum. Það er bátur sem byggður var 1947. Hann er ekki svo ýkja gamall en hann er einn af 76 þilfarsvélbátum sem byggðir voru í Vestmannaeyjum á öldinni sem er að líða. Þar voru byggðir 76 þilfarsbátar og 28 opnir bátar. Sumir þessir bátar sem eru byggðir á árunum frá 1907–2000 voru allt upp í 188 lestir, stærstu tréskip sem hafa verið smíðuð á Íslandi. Þeir voru ýmist smíðaðir úr eik eða furu og þannig stendur nú á að eini báturinn sem eftir er af þessum flota og hægt er að vernda og byggja upp á gamlan hátt og sem haldið hefur stíl sínum er einmitt Blátindur VE 21. Það er kynnt í verkefninu að því eigi að ljúka fyrir næsta sjómannadag og þá eigi báturinn að verða hluti af Skansinum og stafkirkjusvæðinu við Vestmannaeyjahöfn sem margir þekkja. Það hefur í raun-inni verið reiknað með þeim bát þar frá því það svæði var skipulagt til þess hlutverks sem það hefur nú.

Þess má geta til gamans að Blátindur var notaður sem varðskip á Faxaflóa um 1950 og var þá búinn fallbyssu. En yfirleitt hefur hann verið notaður til þess að draga fisk úr sjó, björg í bú. Gunnar Marel Jónsson smíðaði Blátind, afi Gunnars Marels skipstjóra á Íslendingi og skipasmiðs þannig að sagan er söm við sig og margt af þessu má tengja og er skemmtilegt í okkar litla samfélagi.

Á Hvolsvelli hefur verið byggt upp sögusetur. Grunnurinn í uppbyggingu þess er í raun Njálssaga, umhverfið allt þar sem menn geta lifað söguna í hverju fótmáli, spáð í hana. Að vísu er sá hængur á þegar menn lesa Njálssögu, sem er kannski mest lesna bók Íslands, að til þess að skilja hana vel þurfa menn að átta sig á staðsetningu bæja og reiðleiða á sögutímanum. Engu að síður er Njálssaga ávallt ný fyrir lesandanum og með ólíkindum að þúsundir manna á Íslandi skuli árlega sækja námskeið í Njálssögu. Þetta setur hefur vakið mikla athygli. Það er fjölsótt. Í kringum það hefur skapast safnamenning, verslunarsaga og aðrir þættir sem segja sögu sunnlensks mannlífs og viðskiptalífs.

Þannig er hver að vinna á sínum stað víða um landið að mjög merkilegum þáttum sem nú hefur verið lögð áhersla á að styrkja myndarlega og ég fullyrði enn á ný að aldrei fyrr hefur verið gert slíkt átak varðandi landsbyggðina í þessum efnum. Þetta er verulegt landsbyggðarátak sem hér er um að ræða og mun vonandi nýtast til góðs og auka mönnum gleði.

Á Vopnafirði er stórt og glæsilegt hús, Kaupvangur. Það var smíðað á síðustu öld og var teiknað af sama arkitekt og teiknaði Alþingishúsið. Húsið var orðið niðurnítt og voru uppi vangaveltur og hugmyndir um að rífa það og fjarlægja en sem betur fer þá tóku menn hina stefnuna og hófu viðgerð á því. Það er langt komið og nánast búið að gera við húsið að utan og á nú að hefjast handa við viðgerðir og lagfæringar innan húss. Svo segir mér hugur að þetta hús eigi eftir að verða eitt af þeim sem allir Íslendingar verða stoltir af í framtíðinni að eiga klárt á sínum stað.

Byggðasafnið í Skógum hefur byggst upp á nokkrum áratugum. Þar hefur hinn einstaki safnvörður, Þórður Tómasson, verið frumkvöðull og hefur hann haft bakhjarla góða menn í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og víðar sem hafa stutt hann í þessari uppbyggingu. Safnið í Skógum tekur ár hvert á móti fleiri gestum en nokkurt annað safn á Íslandi, að Þjóðminjasafni Íslands meðtöldu. Þar fer saman

skemmtileg uppbygging og fjölþætt, hún er lifandi og vel upp sett og ekki má gleyma því að sjálfur safnvörðurinn, Þórður Tómasson, hefur einstök áhrif á alla sem hann hitta og er kannski eftirminnilegasti þátturinn í hverri heimsókn að Skógum. Það er líka skemmtilegt að Þórður Tómasson skuli standa í forsvari fyrir því að Samgöngusafn Íslands sé byggt upp í Skógum. Safnið gerði samning við menntmrh. um hlutdeild í hluta slíks húss, það er gert jafnframt í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og hafist er handa við að byggja 1.500 fermetra hús, sem verður væntanlega tilbúið á vori komanda, hús sem á að taka á móti nokkur hundruð bílum, tækjum og tæknimönnum úr sögu þjóðarinnar. Reyndar var kominn tími til að einhver geggjaðasta tækjaþjóð í heimi, Íslendingar, byggði hús yfir sýnishorn af samgöngutækjum þjóðarinnar, hvort sem það eru bílar, traktorar, rútur, vegavinnutæki eða annað. Vissulega eru menn að gera ýmsa hluti, til að mynda er búvélasafn á Hvanneyri með afmörkuðu rými og umfangi, en ágætissafn. Unnið er að á vegum einstaklinga í Skagafirði og á Ystafelli í Þingeyjarsýslu og þannig eru menn víða með ýmis hugðarefni. En samgöngusafn Íslands í Skógum er komið í framkvæmd og það er eitt af þeim verkefnum sem meiri hluti fjárln. hefur lagt til að verði styrkt.

Á Húsavík hefur á undanförnum árum stóraukist ferðamannastraumur, sérstaklega vegna hvalaskoðunarferða. Tugþúsundir gesta hafa komið til Húsavíkur árlega sl. ár til þess að fara í hvalaskoðunarferðir. Þetta hefur skapað mikla vinnu og mikill straumur hefur verið í gegnum bæinn og er orðið eitt af aðalsmerkjum Húsavíkur. Forsvarsmenn þessara þátta hafa stofnað til hvalamiðstöðvar, uppbyggingar á Húsavík, þar sem húsnæði úr búi Kaupfélags Þingeyinga, gamla sláturhúsinu, hefur verið breytt undir framtíðarstarfsemi hvalamiðstöðvarinnar sem safns og þjónustustöðvar.

Þannig er þetta kögur blandað að gerð að ætt og uppruna og gefur góða spegilmynd af því hvar möguleikarnir liggja á Íslandi þar sem menn hafa vilja og þor til að spreyta sig á verkefnum inn í framtíðina.

Eitt af þessum verkefnum sem hafa vakið mikla athygli á stuttum tíma er galdrasýning á Ströndum. Þegar það mál kom upp fyrir rúmu ári brostu margir í kampinn og sögðu: „Er nú ástæða til að gera mikið úr galdrasýningu á Ströndum, er það einhver vikusýning í einhverju þorpi úti á landi?“ En galdrasýning á Ströndum hefur slegið í gegn með miklum fjölda gesta, með glæsilegri uppsetningu, með metnaðarfullri skipulagningu þar sem ætlað er að byggja á fjórum stöðum eins og kom reyndar fram í máli hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem allir hafa *fallið fyrir vegna þess að það er vel unnið og gefur miklu* meiri möguleika en menn áttuðu sig á í upphafi. Ætlað er að byggja þetta safn áfram upp, ekki bara á Hólmavík, heldur einnig í Hrútafirði, Bjarnarfirði og Árneshreppi. Þetta er metnaðarfullt verkefni, sem annars vegar varðar varanlega sögusýningu sem styrkir ferðaþjónustu, atvinnulíf og byggð í Strandasýslu og hins vegar fræðasetur þar sem rannóknum á sögu sýslunnar, miðlun og útgáfu og öðru, verður sinnt jöfnum höndum. Mikil vinna hefur verið lögð í allan fræðilegan undirbúning og rannsóknum á sögu 17. aldar vegna verkefnisins og fengnir færustu menn til þess, hver á sínu sviði. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem er nú sinnt mjög myndarlega og á ugglaust eftir að draga fram sérstöðu í mannlífi á Vestfjörðum, sögu og sögnum.

Sjávarhættir Lúðvíks Kristjánssonar eru einn af kjörgripum íslenskra bókmennta. Þetta er glæsilegt rit sem þessi heiðursmaður náði að ljúka skömmu fyrir andlát sitt en margir góðir menn komu að verki í því verkefni, þeirra á meðal Bjarni Jónsson listmálari sem er einn af reyndustu bókateiknurum og listamönnum landsins. Hann undirbjó í samráði við Lúðvík Kristjánsson gerð málverka af skipasögu Íslands. Þessi málverk eru nú tilbúin og föl og Þjóðminjasafnið vill vista þau. Verkefnið hefur verið styrkt og vonandi nást samningar um kaup á því. En þetta er glæsilegur pakki inn í sögusafn þjóðarinnar, hvort sem það verður vistað í Þjóðminjasafni eða fer í farandsýningar út um landið, þá er um að ræða þátt sem er grundvöllurinn að allri þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað, grunnuppbyggingu á íslensku samfélagi, síðustu 100 árin og er kannski ástæðan fyrir því að menn geta nú í dag styrkt myndarlega slík verkefni sem hefur verið fjallað um.

Hjá Þjóðminjasafni er til húsasafn Íslands með um hálft hundrað húsa og það er til bátasafn sem er því miður fátæklegt, ekki síst vegna þess að meginhluti þess brann fyrir ekki mörgum árum, glataðist í eldsvoða í Kópavogi. Ekkert er við því að gera úr því sem komið er en sýnir að vanda þarf til alls sem lýtur að verndun gamalla minja, hvort sem það eru bátar eða annað sem er eftirtektarvert úr menningu okkar og sögu.

Eitt af því sem fjallað er um í afgreiðslu fjárlaga og flokkast ugglaust undir smáu málin en það er nú oft sagt að það smæsta sé næst guði, og vonandi hefur það ekki síður gildi en stóru málin, a.m.k. hefur það mikið gildi fyrir fólkið í landinu almennt að sinna þessum þáttum. Það sem styrkt er í þessu tilviki er uppbygging á gömlum bát sem var smíðaður í upphafi 20. aldar og hefur verið á Miðhúsum í Reykhólasveit. Þetta er gamall flutninga- og uppskipunarbátur, sem var upphaflega nefndur Leifur, síðan hét hann Brana og að síðustu Friðþjófur. Hann var síðast í notkun fyrir u.þ.b. 50 árum en um 1940 keypti félag bænda við Kerlingarfjörð bátinn og hann var notaður til flutninga frá Króksfjarðarnesi til bæja á Reykjanesi. Hann var jafnframt notaður til hey- og fjárflutninga. Í 50 ár hefur hann verið á hvolfi í landareign Miðhúsa og um hann hefur verið búið eftir því sem tök voru á. Nú er meiningin að gera bátinn upp. Talið er að það kosti tvær og hálfa milljón og það fé er veitt til verkefnisins. Það er vel.

Mjög lítið er til af þeim gömlu flutningaskipum sem voru samgönguæð landsins á síðustu öldum og þeirri öld sem nú er að renna sitt skeið. Það er einnig metnaðarfullt verkefni styrkt sem er uppbygging Síldarminjasafnsins á Siglufirði. Á gullaldarárum síldarinnar hafði Siglufjörður mjög mikla *sérstöðu og hefur enn, bæði fyrir dugnað og skemmtilegan* bæjarbrag, og margt hefur verið sagt og skrifað um Siglufjörð sem síldarbæ. Með leyfi forseta, þá rifja ég upp úr ljóðabálki Ása í Bæ, Í verum:

En léleg var hýran þótt lengi við biðum
lukkunnar stóru norður þar,
en svellandi er úti á síldarmiðum
er sólin hnígur í mar,
drekka þar saman rennandi rauðvín
ránardætur og himinský.
Í bröggunum stelpurnar buðu upp á kaffi
og brjóstin sín ung og hlý.

Kannski er grunnurinn í þessum 40 verkefnum sem ég er hér að rifja upp að í þeim felst hlýja. Í þeim felst persónuleg þátttaka í starfi og leik landsmanna og fólki þykir

vænt um þau. Og það er nokkurs virði að sinna slíku og okkur á að vera skylt að taka höndum saman um slíkt. Það sem næst liggur fyrir hjá Síldarminjasafninu á Siglufirði er, svo nefnt sé, hreinsun gamalla tækja í bræðsluminjahúsi og uppsetning gamallar verksmiðju, hönnun bátaskemmu og flutningur gamla síldarskipsins Týs SK 33 frá Sauðárkróki til Siglufjarðar.

Auðvelt er þegar maður rifjar þetta upp að sjá fyrir sér hvernig menn eru að gera góða hluti um allt land, jákvæða hluti. Þeir kosta peninga. Sveitarfélögin á landsbyggðinni hafa ekki úr of miklu að spila. Þau hafa ekki sömu forréttindi og stóru sveitarfélögin, höfuðborgin og nærliggjandi sveitarfélög við önnur stór sveitarfélög. Því ætti að vera skemmtilegt fyrir alla aðra að taka höndum saman um að hjálpa til og leggja hönd á plóginn.

Á Kirkjubæjarklaustri hefur starfað í nokkur ár Kirkjubæjarstofa. Hún er stofnun sem á að sinna rannsóknum, ferðamönnum, vísindum og náttúru, þeirri sérstæðu náttúru sem allt umhverfið einkennist af. Þar hefur verið unnið að uppgreftri á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ. Þetta verkefni er forvitnilegt fyrir margra hluta sakir.

Elsta hús Selfoss, Tryggvaskáli, er í enduruppbyggingu. Húsið var orðið þreytt og lúið og nánast ónýtt. Það er eitt af þessum litlu menningarhúsum sem eru þó mikil menningarverðmæti á svo mörgum stöðum á landinu og það á ugglaust eftir að setja mark sitt á mannlífið á ný á Selfossi og ekki síst fyrir þann gífurlega fjölda ferðamanna sem þar fer um.

Á Íslandi eru rekin tvö sædýrasöfn. Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum hefur starfað síðan 1964 eða 1965 og hefur lengst af verið eina safn landsins með lifandi fiska. En um sjö ára bil hefur verið rekið sædýrasafn í Höfnum á Suðurnesjum. Það hefur verið byggt skemmtilega upp. Það hefur þróast í frekari uppbyggingu og sækja það nú yfir 20.000 gestir árlega. Þetta er verkefni sem er styrkt ásamt þessum fjölda atriða sem ég hef nefnt frá meiri hluta fjárln.

Safnasafnið á Svalbarðsströnd er í rauninni eina alþýðulistasafn Íslands. Það er rekið af einkaaðilum af miklu frumkvæði og áræði þar sem allt er lagt undir. Safnið hýsir nú á þriðja þúsund muna, handverksmuna og listmuna margs konar og árlega berast því um 200 munir fólks sem á listmuni og handverk sem það vill koma til varðveislu því það er handverk fólksins í landinu og fólkið treystir Safnasafninu fyrir þessum munum. Það má kannski segja að það hefði átt að vera hlutverk hins opinbera að tryggja stöðu slíks safns. En það er gott að einstaklingar hafa riðið á vaðið. Þeir gera það mjög glæsilega, en með litlum tilkostnaði, þó að ástæða sé til að styrkja einstaklingsframtakið í þessu merkilega verkefni. Segja má að Safnasafið sé í rauninni eina listasafnið utan Reykjavíkur sem sýnir árlega úrval eigin verka. Það er skemmtilegt að slíkt skuli staðsett í sveit.

Á Akranesi hefur verið komið upp safni, Steinaríki Íslands, sem er spegill af bergtegundum landsins, því fjölþætta steinaríki og fallega sem landið er byggt úr. Þetta er að hluta einkasafn sem mun renna þó inn í söfn Akranessbæjar á næstu sjö árum. En m.a. fyrir styrk frá Alþingi með tillögu fjárln. hefur þetta safn byggst upp og er nú til staðar. Alþingi kemur því víða við á þennan hátt til þess að standa við bakið á þeim sem eru að gera spennandi hluti, en þeir eru ótrúlega fjölþættir. Það er ótrúlega margslungið sem menn eru að gera hver á sínum stað.

Í Stykkishólmi er til að mynda reiknað með að taka á móti þremur bátum sem voru smíðaðir seint á 19. öld, í aldarbyrjun 20. aldar og undir miðja öldina, Björg, Agli og Súlu, bátum úr Breiðafjarðareyjum sem gerðir eru upp af Aðalsteini Aðalsteinssyni og eru framlag hans til bátasafns við Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Þarna leggur einn maður á sig ómælda margra ára vinnu við að gera upp gamla báta. Hugsjón hans er að koma þeim í hús þannig að þeir varðveitist og verði til sýnis gestum og gangandi í því mikla ferðamannaríki sem Vesturland er að verða í æ ríkari mæli. Þessi ágæti maður vinnur einnig að viðgerð á gömlum, litlum seglbát sem heitir Svanur. Þetta er ein hlið af þessum þáttum sem um er rætt.

Á Hornafirði er hafinn undirbúningur að byggingu jöklasafns sem á að spanna mynd jöklanna og möguleikana í kringum þá, baráttuna, ferðamannaþáttinn, vatnaríkið og aðra þætti sem hafa opnað dyrnar að okkar eigin náttúru í ríkari mæli með upplýsingum og uppsetningu í sérstöku safnhúsi.

Á Reyðarfirði, í Fjarðabyggð, er Íslenska stríðsárasafnið byggt upp í húsum frá stríðsárunum. Þar hefur verið safnað saman forvitnilegum og spennandi munum frá þessu tímabili þjóðarinnar allt frá því Ísland var hernumið árið 1940 af Bretum. Þarna hefur verið sett upp skemmtilegt safn og forvitnilegt sem nýtur nú styrks við frekari uppbyggingu í tillögum meiri hluta fjárln.

Jósafat Hinriksson, athafnamaður sem lengi rak fyrirtæki í Reykjavík, látinn fyrir ekki löngu, hafði það áhugamál að safna margs konar sjóminjum og smiðjumunum í verkstæðishúsi sínu í Súðarvogi. Jósafat stýrði og stóru fyrirtæki sem framleiðir toghlera sem eru seldir víða um heim og annan búnað til skipa vegna fiskveiða. Nú stendur til að koma þessu safni upp í Neskaupstað og þetta er eitt af þessum spennandi verkefnum sem styrkt eru í þeim fjárlagatillögum sem liggja fyrir hv. þingi.

Ég nefndi jöklasafnið á Hornafirði. Eitt verkefnið er til rannsókna á landslagi undir suðaustanverðum Vatnajökli. Með tilliti til jarðhræringa, eldsumbrota í Vatnajökli, vatnamyndunar í Grímsvötnum o.fl., er þetta mjög æskilegt verkefni til þess að fá betri þekkingu á landslaginu undir jöklinum þannig að menn geti til að mynda verið á verði ef upp koma aðstæður sem raska landslaginu vegna eldsumbrota.

Eitt svona verkefni sem einmitt fjallar um náttúru landsins er Geysisstofa í Haukadal sem hefur verið byggð upp feiknaglæsilega af þeim hjónum sem reka þjónustumiðstöðina við Geysi. Það er líklega verkefni upp á nærri 100 milljónir sem er styrkt lítillega af Alþingi miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir. Þarna er um að ræða uppsetningu safns sem sýnir hverasvæðið og hveramöguleikana, jöklasýn og vatnsföll eins nútímalega og unnt er við uppsetningu safna í heiminum. Það hefur vakið verðskuldaða athygli og á eftir að gera garðinn frægan og frægari.

Á fjárlögunum eru 20 millj. til þess að ljúka uppbyggingu Eiríksstaða í Haukadal í Dalasýslu. Það verður nú að segjast eins og er að það er eitt af því fáa sem sýnilegt er eftir hina miklu landafunda- og kristnitökuhátíð ársins 2000. Það eru ekki mörg verkefni sem standa eftir sýnileg úr þeim búskap.

Í Hafnarfirði hefur framtakssamur athafnamaður byggt upp vestnorrænt menningarhús við hliðina á Fjörukránni sem er orðin landsfræg. Þar hefur hann ræktað garðinn gagnvart Færeyingum og Grænlendingum, með aðstöðu fyrir sýningar, menningarstarfsemi og annað. Það er skemmtilegt að slík aðstaða skuli vera til á Íslandi gagnvart okkar næstu

grönnum sem við eigum auðvitað að sýna meiri tillitssemi en flestum öðrum.

Í Vík í Mýrdal hefur verið byggð upp á undanförnum árum, endurbyggð, Brydebúð. Hún var upphaflega byggð í Vestmannaeyjum árið 1831, en kaupmaðurinn sem átti hana um aldamótin 1900 flutti hana til Víkur í Mýrdal 1895. Brydebúð er því 169 ára gömul og hefur verið gerð upp með miklum glæsibrag í Vík í Mýrdal. En úrslitum hefur ráðið við þá enduruppbyggingu að Alþingi hefur styrkt verkefnið í nokkur ár.

Þetta eru þættir sem skipta kannski ekki sköpum á landsbyggðinni að mörgu leyti. En þetta eru þættir sem skipta miklu máli í menningu og félagsstarfi staðanna og veitir fólki bjartsýni og áræði. Það fer ekkert á milli mála.

Það sama er hægt að segja um Skaftfell, menningarmiðstöðina á Seyðisfirði. Ótrúlega fjölþætt menningarstarfsemi á sér stað í Skaftfelli og Skaftfell hefur gerbreytt bæjarbrag á Seyðisfirði með fjölþættri starfsemi, vakið hugmyndir, vakið vilja til að takast á við uppbyggingu annarra húsa, nýta þau til ferðaþjónustu og margra þátta sem eru mjög jákvæðir. *Það sem margir sögðu áður að væri drasl vilja menn lagfæra* og koma í stand og njóta hinnar gömlu menningar og hins gamla stíls.

Sænautasel er sögusvið Sjálfstæðs fólks Halldórs Laxness. Samkvæmt dagbókum hefur Sænautasel tvímælalaust verið hluti af því söguumhverfi sem Halldór Laxness byggði á austur á Jökuldalsheiði. Það er skemmtilegt að búið er að lagfæra þetta sérstæða hús, þetta einfalda og gamla hús, lagfæra það að utan og til stendur að ljúka því innan dyra og ugglaust á eftir að markaðssetja það sem eins konar leikmynd úr Sjálfstæðu fólki. Þar liggja a.m.k. miklir möguleikar í því.

Einnig má nefna stuttlega Syðstabæjarhúsið í Hrísey sem Hákarla-Jörundur lét reisa á sínum tíma, hús sem hefur mikið sögulegt gildi og er eitt af þessu húsasafni sem hefur verið ansi verðmætt víða um land.

Herra forseti. Ég vil að síðustu minnast á eitt verkefni sem er mjög sérstakt. Það er bátafloti Gríms Karlssonar. Grímur Karlsson skipstjóri hefur smíðað á annað hundrað skipslíkön af þeim flota sem á síðustu 100 árum er gott sýnishorn af skipunum sem færðu aflann á land, ekki varninginn heim heldur aflann á land. Áhugafélag um safn Gríms sem telur yfir 60 báta hefur skipulagt uppbyggingu á safni með þessum bátum í Reykjanesbæ væntanlega. Þarna er gott dæmi um þjóðarverðmæti. Skipslíkönin eru öll fremur stór, 70–100 sm á lengd, spanna allar gerðir báta, síldarbáta, opinna þilfarsbáta, skútur, selveiðara, hvalfangara o.s.frv. Það er með ólíkindum hvað Grímur hefur afkastað í þessum efnum því að vitað er að feikileg vinna liggur í gerð smíði slíkra módela. Þetta er eitt af verkefnunum sem munu komast í höfn og verða sameign landsmanna í nýtingu á tímanum til að njóta góðra hluta.

[17:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega rétt sem kom fram í yfirgripsmikilli ræðu hv. 1. þm. Suðurl. að það sem við sjáum í brtt. meiri hluta fjárln. varðandi ýmis söfn og menningarviðfangsefni, sem flest eru á landsbyggðinni, er vel gert. Ég hika ekki við og hef oft komið í þennan ágæta ræðustól til að gagnrýna ýmislegt í byggðastefnu stjórnvalda þar sem mér finnst lítið hafa verið gert, en verð ég að segja alveg eins og er að mér sýnist töluvert vera gert í þessum málum. Það er sannarlega svo að varðveisla gamalla skipa eða fara og varðveisla hinna gömlu minja sem íslensk þjóð byggðist á tekur í og kostar mikla peninga.

Eitt safn sem ég þekki ákaflega vel og mér er ákaflega kært er Síldarminjasafnið á Siglufirði sem tókst að varðveita á síðustu stundu þegar áhugamenn komu að því. Nokkrum árum áður stóð jafnvel til að setja jarðýtur á það húsarusl, eins og menn orðuðu það en sem betur fer tókst að breyta því. Þessi félagsskapur gekk á fund fjárln. og kynnti drög sín en hafði þá ekki tilbúnar fjárhagsáætlanir. Nú er þær tilbúnar er mér kunnugt um og þær hljóða upp á byggingu næsta áfanga upp á tæpar 70 millj. en hér er þeim aðeins ætlaðar 6 millj. sem er að vísu sama tala og þeir óskuðu eftir en ég ítreka að þá voru þær tillögur ekki til.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. sem svo vel hefur farið gegnum þetta mál hvort hann teldi ekki að ástæða væri til milli 2. og 3. umr. að við mundum skoða það að hækka þetta framlag til að þetta verkefni megi takast. Ég minni á að árið 2003 verður ansi sögulegt, herra forseti, í Íslandssögunni því að þá verða 100 ár liðin frá því að Íslendingar hófu síldveiðar.

[17:52]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin spurning að Síldarminjasafnið á Siglufirði er mjög spennandi verkefni. En leikreglurnar eru þannig að ekki er færi á því að taka slíka þætti upp. Það er ákveðin markviss uppbygging sem mun taka nokkurn tíma og reyndar er það afgreitt til fulls það sem óskað er eftir og það er ekki algengt í fjárlögunum. En það ætti að nýtast vel til þess að komast af stað og síðan ræður lukkan um framhaldið.

[17:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma betur inn á það sem ég var að fjalla um. Undanfarin ár hafa verið mjög litlir styrkir til slíkra framkvæmda en nú er hressilega tekið á, það er alveg hárrétt og eins og ég sagði áðan, því ber að fagna. En á þeim tímapunkti þegar fulltrúar frá Síldarminjasafninu á Siglufirði gengu á fund fjárln. var kostnaðaráætlun ekki til og forsvarsmenn þess safns voru mjög hæverskir og sóttu aðeins um 6 millj. vegna þess að þeir skoðuðu fjárlög aftur í tímann og þar þekktist ekki að veita miklu hærri upphæð til að varðveita þessi menningarsögulegu hús. Í því átaki sem verið er að gera núna með því að ákveða í fjárlögum að taka skuli verulega á í þessum efnum, þá er það að mínu mati mjög skítt að aðilar skuli ekki hafa getað fengið tækifæri til að koma nýjum gögnum inn sem hefðu leitt til þess að menn hefðu sótt um hærri styrk, þegar það kemur líka fram að veita á svo ríflega eins og raun ber vitni sem ég ítreka og tek fram að ég fagna og er sama hvort verið er að byggja upp gamalt hús í Hrísey sem tilheyrði Hákarla-Jörundi, kaupfélagshúsið á Vopnafirði eða galdrasafn á Ströndum eða hvað sem er. Þetta eru menningarsögulegu atriði.

Ég vil, herra forseti, aðeins vitna í fyrirspurn sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson bar fram fyrir nokkrum dögum að í svari hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar kom fram að vanda þyrfti það mjög að varðveita gamla báta og það er hárrétt. Einmitt það verkefni hjá Síldarminjasafninu á Siglufirði hefur gjörbreyst vegna þess að menn vita að þeir þurfa að geyma þá öðruvísi en áður var gert.

[17:55]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það væri dálítið varhugavert að óska eftir nýjum fjárhagsáætlunum þegar menn eru að fjalla um svona mál. Fyrir liggur alveg klár fjárhagsáætlun og hún er vel ígrunduð hjá Síldarminjasafninu, þ.e. um hreinsun gamalla tækja upp á 12,5 millj., um hönnun bátaskemmu upp á 5,5 millj. og um grunn undir bátaminjasafn og flutning síldarskipsins Týs upp á 1 millj. Það er ekki markmiðið eða ætlunin að mínu mati að íslenska þjóðin greiði allt í þessum efnum. En hún styrkir það og ástæða er til að gera það vel og það er vel gert nú að mínu mati eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það ræðst ekki í vinnu fjárln. af upphæð styrkja hve mikið kemur heldur er reynt að skoða hvaða rök liggja á bak við, hvað hægt er að gera og auðvitað er aldrei neitt einsýnt í þeim efnum. Menn reyna að gera eins vel og hægt er og ég held að það eigi fullkomlega við um þá umsókn sem fjallað er um. Hún er afgreidd eins og um er beðið. Síðan kemur næsti kafli.

[17:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum í dag um fjárlagafrv. við 2. umr. tíu dögum fyrr en við gerðum í fyrra. Þetta sýnir að vinnan við fjárlagafrv. hefur gengið alveg óvenjuvel. Ber að þakka öllum þeim sem komu að þeirri vinnu, þingmönnum og starfsmönnum Alþingis og ráðuneyta.

Verkinu er þó fjarri því að vera lokið. 3. umr. er enn eftir og mikið verk er eftir varðandi tillögugerð fyrir þá umræðu. Það á eftir að ræða tekjuhliðina og er það afar mikilvægt og auk þess heilbrigðisstofnanir og ýmsar stofnanir í B- og C-hluta og svo auðvitað 7. gr. B-hluta stofnanir eru óræddar, þar á meðal Byggðastofnun. Einnig eru óræddir ýmsir þættir byggðaáætlunar svo sem jöfnun húshitunarkostnaðar og fjarnám á landsbyggðinni. Ég sit í nefnd sem fjallar um niðurgreiðslur til húshitunar og er henni ætlað að útfæra þær áherslur sem koma fram í byggðaáætluninni sem samþykkt var á Alþingi í mars 1999. Ég ætla að lesa upp það ákvæði er snýr að jöfnun lífskjara en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf."

Skemmst er frá því að segja að mikill árangur hefur náðst varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar. Á fjárlögum eru sérstök framlög til hitaveitna á köldum svæðum. Iðnrh. hefur auk þess sett reglur um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Rafhitun hefur verið niðurgreidd um árabil en niðurgreiðsla var aukin á árinu 1999 til að ná því markmiði að hvergi verði dýrara að kynda með rafhitun en sem nemur kostnaði við að kynda með meðaldýrum hitaveitum.

Á árinu 1999 fóru 600 millj. kr. til þessarar niðurgreiðslu en samkvæmt núgildandi fjárlögum fyrir árið 2000 er varið 760 millj. kr. til þessa verkefnis en reiknað er með að 870 millj. kr. þurfi til verkefnisins árið 2000 þannig að markmiðum þess verði fullnáð. Miðað er við að þessar áherslur verði að fullu komnar inn við 3. umr.

Hvað erum við að tala um þarna, hæstv. forseti? Við erum að tala um að kostnaður þeirrar fjölskyldu sem notar 35–36 þús. kwst. á ári til húshitunar verði í kringum 6 þús. kr. á mánuði við að hita upp þetta meðalhús sem talið er vera. Þetta er það markmið sem við erum að reyna að ná og teljum að allir séu orðnir nokkuð jafnsettir hvað þetta varðar. Ljóst er að fólk velur sér mismunandi hitastig í húsum, fólk hefur mismunandi stór hús þannig að við erum ekki að tala um að þessi tala nái yfir alla heldur að þetta verði nokkurn veginn meðaltalið. (**KLM:** Hvað með hitaveituhúsin?)

Það er alveg ljóst eins og ég las upp úr í byggðaáætluninni, hæstv. forseti, og er þá að bregðast við frammíkalli, að gert er ráð fyrir því eins og textinn er í þingsályktuninni að verið sé að tala um niðurgreiðslu til rafhitunar. Hins vegar var sett á stofn nefnd sem m.a. hv. þm. Kristján L. Möller, sem kallaði hér fram í, átti sæti í. Nefndin var sett á stofn til að fjalla um byggðamál og fást við breytingar sem yrðu í tengslum við breytingu á kjördæmaskipan og setja fram tillögu varðandi það og starfsaðstöðu þingmanna í breyttum og stærri kjördæmum, eins og segir á forsíðu skýrslunnar, en þar er textinn þessi:

„Húshitnarkostnaður verður lækkaður í jöfnum áföngum á næstu þremur árum þannig að hann verði hvergi meiri en hjá meðaldýrum hitaveitum."

Bæði þessi texti og sá texti sem er í byggðaáætluninni lýsir því markmiði okkar að húshitunarkostnaður verði jafnaður á landinu. Hins vegar er alveg ljóst að það verður ekki einfalt hvað varðar hitaveiturnar. Fyrir liggur að heilmikið starf þarf að vinna til þess að ná niðurstöðu um það efni. Það starf, eins og ég sagði áðan, er í fullum gangi og væntanlegar niðurstöður úr því nefndarstarfi.

Hæstv. forseti. Áfram skal haldið og ég vil þá segja það varðandi menntun og menningarstarf að það sem stjórnvöld hafa verið að gera á undanförnum árum er að auka framlög til háskólamenntunar og rannsóknarstarfsemi. Það hafa verið aðaláhersluatriði stjórnarmeirihlutans undanfarin ár og því er enn haldið áfram. Við eigum eftir að komast að niðurstöðu um hvernig við stöndum að háskólamenntun á landsbyggðinni. Í byggðaáætlun er lögð sérstök áhersla á háskólamenntun á Vestfjörðum og Austurlandi. Áhugaefni okkar sem þingmanna er að við stöndum við þau fyrirheit sem gefin eru í byggðaáætlun og að við gerum það með sem vitrænustum og skynsamlegustum hætti þannig að það nýtist nemendum á landsbyggðinni og að verkefnið hafi byggðaleg áhrif.

Tillögur meiri hluta fjárln. við 2. umr. fjárlaga sýna framsækni í byggðamálum í þeim hluta sem skiptir ekki minnstu máli en það eru menningarmálin og menntamálin varðandi framlög til stofnkostnaðar framhaldsskóla. Í tillögum meiri hlutans er verið að byggja upp framhaldsskólastarfsemi á Norðurlandi vestra, í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem er verið að huga að heimilisfræði, handavinnu og rafiðnaðargreinum en til stofnkostnaðar við það verkefni eru 50 millj. kr. í tillögu meiri hlutans.

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum er einnig hafinn undirbúningur við viðbyggingu og til þess ætlaðar 5 millj. kr. Í framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu hefur orðið til samningur um nýtt húsnæði og til þess verkefnis eru ætlaðar 38 millj. kr. Haldið er áfram við Menntaskólann á Laugarvatni þar sem er gert ráð fyrir 30 millj. kr. og

Fjölbrautaskólans á Suðurlandi þar sem eru ætlaðar 7 millj. kr.

Menningarstarfsemi er mjög atvinnuskapandi í sínum ýmsu myndum og þarf ekki annað en að líta til þess hversu margir starfa við menningarmál á höfuðborgarsvæðinu til að sjá hve stóran hluta vinnumarkaðarins er hér um að ræða.

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem vex hvað hraðast hér á landi um þessar mundir, menningartengd ferðaþjónusta á þar stóran þátt. Þess sjást nú ánægjuleg merki í tillögu meiri hluta fjárln. að þar á bæ höfum við góðan skilning á þessu. Þetta á bæði við um framlög til safna, endurbyggingar gamalla húsa, framlög til einstakra sýninga og listviðburða. Hv. þm. Árni Johnsen fór mjög nákvæmlega yfir þær tillögur og hefur gert þeim tillögum sérstaklega góð skil í ræðu sinni næst á undan mér.

Við stjórnarþingmenn höfum legið undir ámæli vegna þess að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hafa ekki sinnt því af nógu miklum krafti að flytja verkefni út á land. Sem betur fer eru ánægjuleg dæmi um að það hefur verið gert og stundum með sérstökum tilstyrk frá Alþingi þegar um sérstök og ný verkefni er að ræða. Ég nefni í því sambandi fjárveitingar til að skrá upplýsingar í gagnagrunn Þjóðminjasafnsins, Sarp. Það verkefni er unnið hjá fyrirtækinu Landvist á Húsavík og það verkefni hefur tekist sérstaklega vel.

En með því sem við erum að segja um verkefnatilflutning út á land og að opinberar stofnanir geti unnið ákveðin verk úti á landi erum við eingöngu að tala um tilfærslur, við erum ekki að tala um hækkanir á fjárframlögum. Þá eigum við að flytja þau verkefni sem eru þess eðlis að hægt er að vinna þau hvar sem er án tillits til staðsetningar.

Í þeirri miklu spennu sem ríkir nú á vinnumarkaði höfuðborgarsvæðinu mætti ætla að forstöðumenn ríkisstofnana væru glaðir að koma hluta starfsemi sinnar á þá staði þar sem minni spenna er á vinnumarkaði, öruggara vinnuafl og ódýrari húsnæðiskostnaður. Því miður höfum við verið að upplifa annað ástand hvað varðar ríkisfyrirtæki. Þau keppast mörg hver við að komast á dýrasta stað í Reykjavíkurborg og keppast þar um vinnuafl sem er því miður ekki til.

Ég get ekki skilgreint ástæðu þessa hugsunarháttar embættismanna og ríkisforstjóra en ég vil hins vegar vitna til reynslu Kaupþings sem flutti hluta starfsemi sinnar til Siglufjarðar með bein hagnaðarsjónarmið í huga. Skemmst er frá því að segja að reynsla þeirra er frábær og þeir íhuga nú að flytja enn fleiri verkefni til Siglufjarðar vegna þess að þeir græða á því.

Nú hlýtur maður að velta því fyrir sér af hverju ríkisfyrirtæki vilja ekki græða. Rekstur ríkisfyrirtækja gæti verið ódýrari. Sá sparnaður sem yrði til við það að flytja einstök verkefni til landsbyggðarinnar gæti nýst til aukinnar starfsemi á vegum þess ríkisaðila sem það gerir, sem gæti þá sýnt meiri árangur af starfseminni. Ljóst er að nauðsynlegt er að stokka upp í hugsanagangi rekstraraðila ríkisstofnana.

Ég vil vitna í orð Hafliða Kristjánssonar frá Kaupþingi sem hann viðhafði á atvinnumálaráðstefnu á Akureyri um síðustu helgi en það hafði einmitt verið bent á að flestir íslensku bankanna hefðu sameinað bankavinnslu sína að verulegum hluta en að þeir hefðu gert það á Reykjavíkursvæðinu og aðallega í miðborginni þar sem húsnæði var dýrt en vinnuafl óstöðugt. Þetta var reynsla sem menn þekktu ekki erlendis frá og þess vegna var farið að íhuga hvernig stæði á því og hvort Kaupþing gæti þá ekki gert betur. Spurt var hvort ekki væri nær að flytja bankavinnslu í önnur byggðarlög þar sem þegar væri fyrir hendi ódýrara húsnæði og vinnukraftur væri stöðugur.

Í þessari umræðu voru það Siglfirðingar sem áttuðu sig á þessu atriði og leituðu til Kaupþings og er skemmst frá því að segja að þessi verkefni voru flutt norður á Siglufjörð. Ég vil vitna beint í orð Hafliða Kristjánssonar, en hann segir:

„Talsverð hagkvæmni hefur náðst út úr því að flytja gagnavinnsluna. Húsnæði er til muna ódýrara en í Reykjavík og betri nýting fæst á fastakostnaði. Hjá Kaupþingi störfuðu áður sex manns við það að skrá iðgjöld fyrir lífeyrissjóði í vörslu fyrirtækisins án þess að almennilega næðist utan um þennan þátt rekstrarins. Á Siglufirði starfa í dag sjö manns og starfsemin er eins og best verður á kosið þrátt fyrir að færslufjöldinn hafi þrefaldast á tímabilinu og að Siglfirðingar séu farnir að stemma iðgjöldin af við bókhald og því farnir að vinna bæði í lífeyriskerfi og bókhaldskerfi Kaupþings. Við erum nú að hugleiða í ljósi góðrar reynslu að flytja fleiri þætti til Siglufjarðar, svo sem útborgun lífeyrisgreiðslna og nýskráningu."

Þetta voru orð Kaupþingsmannsins Hafliða Kristjánssonar. Ég held að í fjárlagaundirbúningi framtíðarinnar verði óhjákvæmilegt að kalla eftir því við stofnanir að þær leiti hagkvæmustu leiða til að reka stofnanir sínar og þar á meðal að láta vinna einstök verk þar sem hagkvæmast er að gera það. Mér þykir gott að geta vitnað til reynslu einkafyrirtækis af því að flytja verkefni út á land og hagnast á því. Maður skyldi ætla að það ætti ekki síður að vera sjónarmið ríkisfyrirtækja. Er einhver ástæða til að ætla að einhver önnur hagkvæmissjónarmið ráði við ýmis verkefni sem snúa að ríkisfyrirtækjum en hjá einkafyrirtækjum? Ég held að þetta sé okkur mikið íhugunarefni sem störfum að fjárlagagerð að kalla eftir því hjá ríkisfyrirtækjum að fara hagkvæmustu leiðina og þar á meðal að fara þessa leið.

Hæstv. forseti. Hér hafa tekið til máls margir þingmenn úr meiri hluta fjárln. og ég vil því ekki orðlengja þetta frekar. Við eigum enn verk fyrir hendi og það er mikilvægt að niðurstaða fjárlaga verði sem best fyrir efnahagsmálin í landinu, fyrir ríkisfjármálin í landinu og fyrir byggðamálin í landinu.

[18:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um jöfnun húshitunarkostnaðar hér á landi. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir gat um það áðan í ræðu sinni. Því miður heyrði ég ekki alveg byrjunina en ég les eins og aðrir í fjárlagafrv. og þeim brtt. sem koma núna að þar er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu til að jafna húshitunarkostnað á landinu. Það er miður. Mér sýnist að í því sambandi sé ekki, og miðað við þær tillögur, ætlað að standa við þau fögru fyrirheit sem gefin hafa verið um jöfnun húshitunar á landinu. Það er rétt sem hv. þm. sagði að í fjárlagafrv. er fjallað um niðurgreiðslu á rafhitun. Ég vek athygli á því, herra forseti, að í nefndaráliti meiri hluta iðnn. leggur nefndin til að í framtíðinni þurfi að skoða að breyta þessu orðalagi úr *niðurgreiðslu á rafhitun í niðurgreiðslu á* húshitun. Það var einmitt það sem nefnd forsrh., sem var þverpólitísk nefnd, sem skilaði samhljóða áliti um að það ætti að jafna húshitunarkostnað í þremur jöfnum áföngum á næstu þremur árum, árið 2000, árið 2001 og 2002.

Í fyrra var aðeins bætt í, þó ekki nóg, og niðurgreiðslur auknar. Í tillögunni núna er ekki gert ráð fyrir því að auka þessa niðurgreiðslu.

Herra forseti. Í gögnum sem ég hef undir höndum kemur fram að niðurgreiðsla rafhitunar á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins sé um 73 þús. kr. með virðisaukaskatti. Hjá öðrum aðilum sem nota hitaveitur eins og á Akranesi, Borgarnesi, Siglufirði, Akureyri eða hjá Hitaveitu Rangæinga er kostnaðurinn töluvert hærri. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Hvað á að gera við dýru hitaveiturnar?

[18:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni er unnið að því, í nefndinni sem ég minntist á, að skoða niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og hvort þessi munur er raunverulega fyrir hendi. Fyrst og fremst þarf að komast að þeirri niðurstöðu. Ýmislegt bendir til þess að niðurstöður í skýrslum Fjarhitunar séu ekki alveg nákvæmar. Þess vegna er nauðsynlegt að fara mjög vel yfir þá útreikninga.

Markmiðið er hins vegar að jafna húshitunarkostnað í landinu. Ég vitnaði einmitt til nefndar sem hv. þm. Kristján L. Möller sat í en þar er talað um húshitunarkostnað í tengslum við byggðamál. Í byggðaáætluninni er talað um niðurgreiðslur til rafhitunar en jafnframt lögð áhersla á að stuðla að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Það orðalag vísar náttúrlega til þess að tekið verði á húshitunarmálum þar sem hitaveitur eru dýrar. Fyrsta verkið er að komast að því hversu dýrar þær eru og hvernig væri hugsanlega hægt að jafna kostnað hjá íbúum þeirra svæða.

[18:18]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Yfirleitt þegar rætt er um jöfnun húshitunarkostnaðar þá fara hv. stjórnarþingmenn í einhverja loftfimleika til að reyna að komast hjá þessum þætti. Af því að hæstv. forsrh. gengur í salinn þá vitna ég enn til tillögu þverpólitískrar nefndar, sem hæstv. forsrh. skipaði, um að jafna húshitunarkostnað í landinu án tillits til orkugjafans, hvort sem hann er rafmagn eða hitaveita.

Staðreyndin er, herra forseti, að á Akranesi kostar upphitun húss t.d. 95 þús. meðan upphitun sambærilegs húss á svæði Rafmagnsveitna ríkisins kostar 73 þús. kr. Á svæði Hitaveitu Rangæinga kostar það tæpar 100 þús. kr. og á Akureyri kostar það 87 þús. kr. Þarna þarf að bæta í og ég skil ekki hvers vegna nefndin sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir skilur eftir dýru hitaveiturnar, hvers vegna ekki er hugað að þeim í vinnu iðnrn. Ég spurði um þetta við síðustu fjárlagagerð og þá var því lofað af hv. þm. Jóni Kristjánssyni að þetta yrði skoðað. En dýru hitaveiturnar eru alltaf skildar eftir. Það er eins og þetta séu óhreinu börnin sem eru með dýrar hitaveitur og ekki megi jafna húshitunarkostnað þeirra eins og hjá þeim sem nota dýra rafhitun. Hver er munurinn á því?

Ég tel að það þurfi ekki meira nefndarstarf um þetta, að þvæla um þetta fram og aftur í nefndum. Það vantar aðgerðir og pening á fjárlögum fyrir næsta ár ef uppfylla á markmið sem þverpólitísk nefnd hæstv. forsrh. skilaði af sér sem fyrstu aðgerðum í byggðamálum í tengslum við breytingu á kjördæmaskipun. Við skulum ekki fara í neina loftfimleika við að reyna að komast hjá því. Það kom ákaflega skýr niðurstaða frá þeirri þverpólitísku nefnd.

[18:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er ekki um neina loftfimleika að ræða og óþarfi fyrir hv. þm. að orða þetta svona. Auðvitað þarf að komast að því hver vandinn er. Við leysum vandann ekki nema við þekkjum hann. (**KLM:** Hann er ljós.) Hann er ekki ljós og af því að ég sá að hv. þm. var að lesa upp úr gögnum sem eru til meðferðar í nefndinni sem ég vitnaði til þá get ég upplýst hann um að í þeirri nefnd eru komin fram önnur gögn sem sýna að hér er ekki um nákvæmar tölur að ræða. Þess vegna er full ástæða til að vinna þetta verk áfram. (Gripið fram í.) Það er ekki neinu til gagns eða góðs að koma fram með rangar upplýsingar eða verk sem er ekki að fullu unnið og mun ekki nýtast þeim sem til er ætlast. Við erum að hugsa um íbúa landsbyggðarinnar sem búa við mismikinn húshitunarkostnað. Það er verkið sem við vinnum að. Við reynum að fá niðurstöðu um hver hinn raunverulegi mismunur er og hvernig á að vinna þetta verk. Það eru margar leiðir til. Ef hv. þm. vildi leiða hugann að því þá eru mjög margar leiðir til þess. Þessar niðurstöður þarf að fá, bæði raunverulegar upplýsingar og hvaða áherslur á að hafa við að greiða niður húshitunarkostnað.

[18:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hv. þm. Jón Bjarnason, hefur þegar farið yfir vinnu fjárln. og þróun og afgreiðslu fjárlaga.

Við erum hér að ræða fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggur hins vegar ekki fyrir né niðurstaðan í mjög mikilvægum málefnum, svo sem fjárþörf heilbrigðisgeirans, málefnum Byggðastofnunar og Ríkisútvarpsins svo eitthvað sé nefnt.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að halda umtalsverðum tekjuafgangi eftir til að greiða niður skuldir. Það er gott markmið og ætti að vera hægt miðað við efnahagsstöðu okkar í dag. Miðað við þá gjaldeyrisstöðu, gengisskráningu og gengissig sem hefur verið má ætla að þessi markmið komi til góða þegar gengið er jafnveikt og raun ber vitni.

Það er mikil þensla á höfuðborgarsvæðinu og aukinn kaupmáttur. Hann hefur ýtt undir einkaneyslu og skuldir heimilanna hafa því aukist og eru stór hluti viðskiptahallans. En sveitarfélögin hafa einnig safnað skuldum. Aðstæður þeirra eru mjög mismunandi. Í raun má segja að mörg þeirra, þau smæstu og stærstu, eigi í raun ekkert sameiginlegt annað en heitið sveitarfélag. Við þessar aðstæður hefðum við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljað sjá aðrar áherslur í fjárlagafrv. Í því sambandi minni ég á lokaorð hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem vísuðu til stefnu okkar, að fjárlögum ríkisins eigi að beita til að auka jöfnuð í samfélaginu þannig að enginn þurfi að líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur enn fremur til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna. Jafnframt viljum við að stefnan í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og haldið verði grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri við ákvörðun framkvæmda.

Fjárþörf heilbrigðisþjónustunnar er ekki ljós. Ég mun við 3. umr. ræða þá liði sem snúa að heilbrigðisþjónustunni.

Varðandi landbúnaðarmálin þá skrifa ég undir nál. landbn. með fyrirvara. Ég var í raun ánægð með afgreiðslu landbn. á frv. en benti á að fjármagn vantaði til landshlutabundinna skógræktarverkefna. Úr því hefur verið bætt. Skógræktarverkefnin hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna varðandi fyrir búsetu í landinu. Eins bendir nefndin á að nauðsynlegt

sé að koma á rammasamningi ríkis og bænda um loðdýrabúskap og að áfram þurfi að greiða niður loðdýrafóður. Undir þetta tek ég.

Áhyggjur mínar beinast aðallega að Skógrækt ríkisins sem stofnun. Það er ljóst að vandi þeirrar stofnunar er töluverður. Inn í rekstur þessa árs vantar allt að 5 millj. kr. til að koma til móts við launahækkanir. Vandi stofnunarinnar hefur hlaðist upp á undanförnum árum og er upp á um 75 millj. kr. samkvæmt þeim heimildum sem ég hef. Það er vegna yfirkeyrslu í rekstri til nokkurra ára og eins vegna þess að viðhald á fasteignum og búnaði hefur verið meira en fjármagn hefur verið til. Þessi fjárskortur hefur komið fram í að þau verkefni sem ekki ná inn sértekjum verða að sitja á hakanum, t.d. grisjun og göngustígar. Þær rannsóknir sem ekki skila inn tekjum verða jafnframt að sitja á hakanum.

Skógrækt ríkisins hefur bent á að hægt sé að ná inn fjármagni til að greiða upp þessar skuldir með því að selja hluta af jörð sem Skógrækt ríkisins fékk að gjöf, þ.e. selja hluta af jörðinni Straumi í Hafnarfirði. Á fjárlögum er ekki heimild til þess að selja þessa jörð en Skógræktin telur að það gæti leyst vandann.

Það væri bágt að stórauka landshlutabundin skógræktarverkefni án þess að styrkja stöðu Skógræktar ríkisins. Stunda þarf rannsóknir samhliða þeim til að standa vel að svo stóru átaki svo ekki fari illa. Það eru uppi hugmyndir um að endurskipuleggja starfsemi Skógræktar ríkisins. Það er eðlilegt því að það hefur orðið mikil breyting. Það eru komin landshlutabundin verkefni í alla fjórðunga. Ég vil þakka fyrir að 10 millj. kr. hafi komist inn á fjárlögin til að koma á landshlutabundnu skógræktarverkefni á Austurlandi en það er ekki til staðar fyrir utan Héraðsskóga.

Ég ætla í nokkrum orðum að fara yfir og nefna nokkrar brtt. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram. Ég stikla þar á stóru og nefni aðeins nokkrar nokkrar af þeim sem hér eru á þskj. 396. Við leggjum til að framlag til jöfnunar á námskostnaði verði hækkað um 52 millj. Við leggjum til að framlag til Ríkisútvarpsins, þá sérstaklega fyrir textun frétta fyrir heyrnarskerta verði hækkað um 10 millj. kr. Við viljum aukið framlag til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, mannúðarmála og neyðaraðstoðar og það verði hækkað um 10 millj.

Í heilbrigðismálum leggjum við til að félagslegt forvarnastarf verði eflt, þ.e. langtímaverkefni. Eins og reglur Forvarnasjóðs eru í dag þá falla langtímaverkefni ekki þar undir en þau þarf að styrkja. Þetta gæti átt við um verkefni á vegum sveitarfélaganna, á vegum ýmissa félagasamstaka, t.d. FRÆ og SÁÁ sem eru ekki bara með sérstök verkefni í gangi heldur einnig langtímaverkefni.

Síðan vil ég segja, herra forseti, að mjög margar góðar tillögur eru í frv. um ákveðin verkefni. Margar góðar tillögur eru um menningartengd verkefni og vonandi að þetta sé nokkurs konar upphaf að langri göngu þar sem við leggjum áherslu á þessa þætti því að menningartengd ferðaþjónusta er eitthvað sem ég tel að við eigum að leggja mikla áherslu á til að styrkja byggð í landinu.

Herra forseti. Það væri hægt að halda langa ræðu en atkvæðagreiðsla verður hér eftir örfáar mínútur því að klukkan er orðin hálfsjö. Hægt væri að fara almennt yfir efnahagsforsendur fjárlaga eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði í upphafi, eða tína til útvalda liði eins og hv. þm. Árni Johnsen gerði áðan. En þess í stað hef ég lagt áherslu á nokkra þætti af fjölmörgum sem mér finnst ástæða til að draga fram í umræðunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 405. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[18:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, hefur fyrr í dag ásamt hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssyni, gert grein fyrir stefnu og skoðun Samfylkingarinnar á þessum fjárlögum og afstöðu okkar til þeirra og þeim tillögum sem við höfum lagt fram nú við 2. umr. um afgreiðslu fjárlaga.

Það er auðvitað rétt og nauðsynlegt, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði, að fara nokkuð yfir stöðu efnahagslífsins og hvert horfir í þeim efnum þegar við ræðum fjárlögin vegna þess að fjárlög hvers tíma endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar í efnhagsmálum. Ég held að ekki sé ofsögum sagt, herra forseti, að það eru, vægt til orða tekið, blikur á lofti varðandi efnahagsmálin og margir hafa orðið til þess að koma fram með aðvaranir um hvert stefnir verði ekkert að gert.

En það er alveg sama hve margir fylla hóp þeirra sérfræðinga, stjórnmálamanna eða forustumanna í atvinnulífinu sem koma fram með aðvaranir um hvert stefnir, það er eins og það nái ekki eyrum hæstv. ríkisstjórnar sem þó hefur allt um það að segja hvort hægt sé að snúa þeirri þróun við sem blasir við okkur, en því miður, herra forseti, virðist ekki mikils að vænta frá ríkisstjórninni.

Í nál. fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln. er farið yfir nokkur atriði undir kaflafyrirsögninni Mistök ríkisstjórnarinnar. Það er nefnilega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að ýmislegt í efnahagslífinu sem orðið er mikið vandamál á síðustu vikum og mánuðum er heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar og á því verður hæstv. ríkisstjórn að átta sig svo hægt sé að taka á þeim vanda. Auðvitað er það um seinan að því er varðar marga þætti í efnahagslífinu sem hafa haft áhrif á að kynda upp verðbólguna og magna upp þensluna með þeim afleiðingum sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þetta andvaraleysi ríkisstjórnarinnar er því, herra forseti, út af fyrir sig ákveðinn efnahagsvandi.

Hér eru nefnd a.m.k. fimm atriði sem vísa má beint til að er heimatilbúinn vandi og þau snúa að þenslunni í þjóðfélaginu. Ég hygg að flestir sérfræðingar sem þekkja til efnahagsmála viðurkenni að sú aðgerð sem ríkisstjórnin greip til fyrir nokkrum missirum þegar hún fór út í fyrstu aðgerð til að einkavæða bankana hafi beinlínis ýtt undir þensluna þegar hún jók við hlutafé í bönkunum sem varð til þess að bankarnir fóru af miklu meiri krafti í útlánin en þeir ella hefðu gert. Bankarnir eru í og hafa verið á undanförnum missirum í ákveðnu valdakapphlaupi og kapphlaupi um markaðshlutdeild í viðskiptum, að ná í viðskiptavini til bankanna og þeir hafa því langt í frá, herra forseti, hagað sér skynsamlega með tilliti til stöðu efnahagslífsins. Og það er af því sem við erum að súpa seyðið nú.

Fram hefur komið og ég hef heyrt að bankastjórar sumra bankanna hafi talað um að það sé að draga úr útlánum en þegar á heildina er litið, herra forseti, þá er alls ekki að draga úr útlánum. Þó að vera megi að eitthvað sé að draga úr útlánum einstaklinga er ekki um það að ræða að verið sé að

draga úr útlánum almennt í bönkunum. Og þetta er gífurleg aukning, herra forseti, þegar til þess er litið að frá árinu 1998 hefur árleg útlánaaukning að jafnaði verið á bilinu 25–30% en sambærileg aukning útlána á árunum 1996 og 1997 var um 12% eða helmingi minni. Það hlýtur eitthvað að gefa sig, herra forseti, þegar útlánaaukningin er með þeim hætti sem við þekkjum.

Í efh.- og viðskn. ræddum við í morgun nokkuð um útlánaþensluna og stöðu bankakerfisins með tilliti til skýrslu Fjármálaeftirlitsins varðandi það mál. Þar koma fram ákveðnar áhyggjur Fjármálaeftirlitsins af miklum útlánum í bankakerfinu og einmitt ein afleiðingin af þessum miklu útlánum er mikil lækkun eiginfjárhlutfalls sem Fjármálaeftirlitið hefur t.d. mjög miklar áhyggjur af. Ég ræddi nýverið um það úr þessum ræðustól þegar hæstv. viðskrh. var viðstaddur þá umræðu og ég gat ekki heyrt af orðum hæstv. viðskrh. að hún hefði ýkja miklar áhyggjur af eiginfjárstöðu viðskiptabankanna.

En fram hefur komið hjá Fjármálaeftirlitinu að lögboðið eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og stærstu sparisjóða hafi í heild lækkað úr 12,7% í 9,4% frá árslokum 1995 til miðs árs 2000, sem er auðvitað bein afleiðing þessarar útlánaþenslu og auknu umsvifa. Víkjandi lán sem talin eru með í útreikningum á eiginfjárhlutfalli hafa aukist verulega á þessu tímabili eða úr 2,2 milljörðum í 15,3 milljarða kr. Eiginfjárhlutfall án víkjandi lána hefur því lækkað um meira en hið lögboðna eiginfjárhlutfall, eða úr 11,7% í 6,6% á tímabilinu. Og það sem verra er, að maður sér að bankarnir hafa ekki lagt samsvarandi framlög inn á afskriftareikning og framlög í afskriftareikning sem hlutfall af útlánum hafa dregist saman í réttu hlutfalli við útlánaaukninguna sem er auðvitað fráleitt, herra forseti, en á árinu 1992 voru framlög í afskriftareikning um 4% af útlánum og raunaukning meðalútlána, en nú er framlagið komið niður fyrir núll og er í algjöru lágmarki. Þetta er hættan sem við stöndum frammi fyrir, herra forseti, sem er eitt af þeim aðvörunarljósum sem blikka nú í þjóðfélaginu, þ.e. að framlög t.d. í afskriftareikning hafa minnkað hlutfallslega mjög mikið og langt í frá haldið í við þá útlánaaukningu sem hefur verið 25–30% árlega frá árinu 1998.

Þetta er hættulegt, herra forseti, og gefur tilefni til að hafa áhyggjur af því hvort bankarnir komi til með að standa frammi fyrir útlánatöpum, ekki síst þegar málið er skoðað í samhengi við mikla skuldastöðu heimilanna, vaxandi skuldir í atvinnulífinu og litla framleiðni þar.

Sú var tíðin, herra forseti, að a.m.k. annar stjórnarflokkanna hafði miklar áhyggjur af skuldastöðu heimilanna. Skuldastaða heimila var reglubundið umræðuefni fyrir svona 8–10 árum og tekið upp nokkrum sinnum á vetri í utandagskrárumræðum.

Herra forseti. Frá árinu 1995, þegar þessi ríkisstjórn tók við, hefur skuldastaða heimilanna sennilega nánast tvöfaldast. Ég hygg að skuldir heimilanna hafi verið um 300 milljarðar þegar þessi ríkisstjórn tók við en stefni nú í 600 milljarða kr. Eignir heimilanna hafa vissulega aukist einnig en ekki hlutfallslega jafnmikið og skuldir. Af þessu er ástæða til að hafa áhyggjur.

Ég og hæstv. forsrh. ræddum fyrir einni eða tveimur vikum í þingsalnum um stöðuna í efnahagsmálum og ummæli fyrrv. framkvæmdastjóra peningamálasviðs Seðlabankans. Hann sagði að efnahagsstefnan á Íslandi á undanförnum árum hefði að nokkru leyti magnað þann vanda sem þjóðarbúið glímir við í dag og að afgangurinn á ríkissjóði sé ofmetinn.

Fyrrv. framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabankans taldi ýmis einkenni fjármálakreppunnar á Norðurlöndum árið 1990 hliðstæð og sjá má í efnahagsumhverfi íslensku þjóðarinnar í dag. Hins vegar kann að vera munur á stöðu hinna Norðurlandanna á þeim tíma og Íslands í dag til að taka á móti í djúpri lægð, kreppu eða brotlendingu eins og sumir kalla það.

Því miður, herra forseti, finnst mér mörg einkenni í efnahagslífinu lík því sem var í fjármálakreppunni 1990 eins og þessi fyrrv. framkvæmdastjóri eins af sviðum Seðlabankans segir. Enginn, nema þá helst ríkisstjórnin, dregur í efa að útlánaþenslan sé mjög óeðlileg og hafi kynt upp verðbólguna. Hér eru háir vextir og sú stefna er áhyggjuefni sem fylgt hefur verið varðandi þessa háu vexti. Seðlabankinn hefur reglulega sett fram hækkun á vöxtum, m.a. til þess að verja gengið. Vextirnir birtast síðan í vaxandi skuldastöðu hjá heimilunum og væntanlega atvinnulífinu einnig en kannski fyrst og fremst hjá einstaklingum sem hafa þurft að taka lán í bankakerfinu til þess að standa undir brýnustu framfærslu af því að launin duga ekki. Það fólk býr við óhagstæðustu vaxtakjörin í bönkunum.

Bankarnir eru með mismunandi vexti eftir því hve mikill borgunarmaður viðskiptavinurinn er að þeirra mati. Þeir sem eru fátækastir og standa verst og neyðst hafa til þess að taka bankalán til þess að framfleyta heimili sínu, af þeim eru teknir hæstu vextirnir, mestu dráttarvextirnir og vanskilavextirnir. Þetta finnst mér sárgrætilegt, að sú skuli raunin í bankakerfinu. Þeir sem verst hafa það í þjóðfélaginu, sem ríkisstjórnin hefur ekki hugsað um sem skyldi og venjulega hafa verið hlunnfarnir af hálfu hennar, t.d. lífeyrisþegar, stór hópur einstæðra foreldra, barnafólk sem barnabætur hafa verið skertar hjá, hafa ekki fengið sinn skerf af góðærinu. Þeir hafa hins vegar þurft að bera uppi óstjórn, að ég vil kalla, þessarar ríkisstjórnar með háum vöxtum.

Auk útlánaþenslunnar stefnir verðbólgan upp á við þó hinar ýmsu stofnanir leggi mismunandi mat á verðbólguna, í hvað hún stefnir. Hæsta talan sem nefnd hefur verið er 6%. Það er náttúrlega óásættanlegt ef verðbólga fer upp í það vaxtastig með tilheyrandi hækkun á lánum, skuldum heimilanna og verri lífskjörum.

Við höfum náttúrlega heyrt um viðskiptahallann sem nú er 54 milljarðar. Þjóðhagsstofnun spáir að hann stefni í nálægt 57 milljarða ef ég man rétt eða 58 milljarða. Íslandsbanki-FBA og OECD spá því að viðskiptahallinn fari í 70 milljarða eða yfir 9% af landsframleiðslu. Sem betur fer kom formaður fjárln. inn á það mál í upphafi umræðunnar í morgun að hann hefur ákveðnar áhyggjur af viðskiptahallanum. Væri betur ... (**Gripið fram í:** Ekki íhaldið.) Væri betur, ætlaði ég að segja, að samstarfsaðilar hans deildu þeim áhyggjum með honum. En ég get ekki séð að svo sé.

Við höfum einnig séð að Seðlabankinn hefur á undanförnum mánuðum þurft að setja einn eða tvo tugi milljarða í að verja krónuna. Síðast settu þeir fram þá skoðun að það sem m.a. hafi valdið þrýstingi á krónuna hafi verið að lífeyrissjóðirnir hafi fjárfest of mikið í útlöndum. Það er hluti af þeim heimatilbúna vanda sem við höfum bent á, m.a. hv. formaður Samfylkingarinnar. Á þetta var einnig bent, herra forseti, fyrir ári þegar stjórnarflokkarnir leituðu heimildar til að auka heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í útlöndum, úr 40% í 50%. Þá vöruðum við fulltrúar Samfylkingarinn-

ar í efh.- og viðskn, sem hafði það mál með höndum, við frv. fjmrh. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem farið var fram á aukna heimild. Í áliti okkar segir orðrétt, herra forseti, og er rétt að rifja það upp hér:

„Með frumvarpinu fá lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum allt að 50% af hreinni eign sjóðanna sem er yfir 500 milljarðar kr., en eignir sjóðanna hafa vaxið á þremur árum frá árslokum 1996 til ársloka 1999 um nálægt 200 milljörðum kr. eða um 65%. Fjárfestingarstefna sjóðanna getur því haft gífurlega mikil áhrif á allt efnahagsumhverfið, svo sem vaxtastig og gengi, og er nauðsynlegt að eðlilegt eftirlit og leikreglur gildi um fjárfestingu sjóðanna."

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hyggst gefa matarhlé kl. 7 og spyr hv. þm. hvort hún hyggist ljúka ræðu sinni fyrir þann tíma eða hvort hún vill gera hlé á máli sínu eftir 3–4 mínútur.)

Ég get gert hlé hvenær sem hæstv. forseta hentar það. Ég þarf lengri tíma en þær 5 mínútur sem boðið er upp á fyrir kvöldmatarhlé til að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (GuðjG): Þá biður forseti hv. þm. að gera hlé á máli sínu eftir 3–4 mínútur þegar vel stendur á í ræðu hennar.)

Það skal ég gera, herra forseti.

Ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp að fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. vöruðu við því að auka heimildir lífeyrissjóðanna og sögðu að það mundi hafa mjög slæm áhrif á vaxtastig og gengi sem hefur orðið raunin. Nú heyrir maður að framsóknarmenn hafi orðið áhyggjur af þessu einnig. Því væri ástæða til að spyrja formann fjárln. að því hvort Framsfl. telur ástæðu til að beita sér fyrir því með einhverjum hætti að dregið verði úr heimildum lífeyrissjóðanna. Það er stutt síðan einn varaþm. Framsfl. kom í ræðustól og hafði miklar áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir hefðu fengið þessa heimild. Því spyr ég formann fjárln. hvort það hafi verið rætt. Það mætti auðvitað takmarka þessa heimild þó að hún yrði ekki numin úr gildi, t.d. með ákvæði til bráðabirgða í lögunum sem ég nefndi hér, þannig að þeim væri aðeins heimilt að fjárfesta að tilteknu marki í útlöndum næstu 2–3 árin meðan við sjáum hvert stefnir í efnahagslífi okkar. Ég spyr hv. formann fjárln. hvort það hafi nokkuð verið rætt í stjórnarflokkunum eða í ríkisstjórn að takmarka með einhverjum hætti að lífeyrissjóðirnir fjárfestu í svo miklum mæli í útlöndum. Seðlabankinn varar við því og telur það hafa þrýst óeðlilega mikið á gengið.

Einnig vakna spurningar, þegar maður ræðir um Seðlabankann og þau tæki sem hann hefur notað til þess að spyrna gegn verðbólgunni, hamla gegn útlánaþenslunni og verja gengið, um sjálfstæði Seðlabankans eða réttara sagt ósjálfstæði Seðlabankans. Ég held, herra forseti, að bankastjórar og stjórn Seðlabankans sé allt of mikið undir hæl ríkisstjórnarinnar þegar taka þarf ákvarðanir til þess að spyrna við fótum gegn óæskilegum áhrifum í efnahagslífinu. Ég tel fulla ástæðu til þess að taka það til sérstakrar skoðunar, við munum væntanlega gera það í Samfylkingunni, hvort ekki eigi að auka sjálfstæði Seðlabankans. Við höfum rætt um frjálsræði á öllum sviðum, á fjármagnsmarkaði og á verðbréfamarkaðnum en þetta situr raunar eftir, þ.e. að auka sjálfstæði Seðlabankans þannig að hann hafi frjálsari hendur til að beita þeim tækjum sem hann telur nauðsynleg gegn þeim vanda sem við blasir hverju sinni í efnahagslífinu. Ég mun nú, herra forseti, fresta máli mínu þar til að loknu matarhléi.

[Fundarhlé. — 18:59]

[20:00]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 2001–2004, 327. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 412.

Tekjur ríkissjóðs af almennu skemmtanaleyfi, 246. mál, svar fjmrh., þskj. 394.

[20:00]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.):

Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar fyrir kvöldmatarhlé hafði ég farið nokkuð yfir stöðu efnahagsmála, ekki síst hinn hrikalega viðskiptahalla sem við höfum búið við í langan tíma og sem hefur afgerandi slæm áhrif á þá stöðu sem efnahagslífið er komið í núna. Jafnframt ræddi ég um vaxandi verðbólgu og ekki síst mikla útlánaþenslu sem íslenskt þjóðfélag hefur búið við á undanförnum missirum og ástæðu hennar sem ég held að sé á margan hátt, eins og ég orðaði það, heimatilbúinn vandi þessarar ríkisstjórnar.

Áður en ég vík frá því máli vil ég nefna tvö atriði í viðbót varðandi stöðu efnahagsmála. Það er annars vegar ein hliðin enn á þessari útlánaþenslu sem er ekki síst vegna nettóskulda bankanna við erlenda aðila sem hafa vaxið úr rúmum 100 milljörðum á árinu 1998 í á milli 250–300 milljarða í júní á þessu ári. Það kemur einmitt fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins hversu skuldir bankanna við erlenda aðila hafa vaxið hrikalega mikið á sl. tveimur árum, en það hefur átt afgerandi þátt í þeirri útlánaþenslu og spennu sem efnahagslífið er í um þessar mundir. Ég nefndi líka lífeyrissjóðina og flutning fjármagns úr landi frá lífeyrissjóðunum.

En áður en ég vík frá stöðu efnahagsmála og geri í nokkrum orðum grein fyrir tillögum þingflokks Samfylkingarinnar, bæði að því er varðar tekjur og gjöld, vil ég nefna eitt af þeim atriðum sem hafa orsakað þensluna í efnahagslífinu og aukið mjög á skuldir heimilanna og átt þátt í því að við búum hér við langa biðlista, m.a. eftir leiguhúsnæði. Það er hvernig ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingum á húsnæðiskerfinu fyrir tveim til þremur árum, en það ýtti beinlínis undir gríðarlega þenslu á húsnæðismarkaðnum. Ríkisstjórnin, með félmrh. hæstv. í broddi fylkingar, beitti sér fyrir því að rýmka verulega greiðslumat vegna húsnæðislána og það sem þeir gerðu í raun og sanni var að galopna húsnæðiskerfið með þeim afleiðingum að útlán húsbréfadeildar fóru t.d. á síðasta ári rúmlega 7 milljarða fram úr heimildum fjárlaga.

Fyrir liggur að bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa varað við þessari þróun og það er ljóst að 7 milljarðar sem fóru í útlán húsbréfadeildar umfram það sem áætlað var, voru eldsmatur sem varpað var á bál vaxandi verðbólgu. Þarna er náttúrlega um að ræða eitt af þeim stjórntækjum sem ríkisstjórnin hefur til þess að hafa hamlandi áhrif á útlánaþenslu lánastofnana, en sem ríkisstjórnin greinilega misnotaði. Þetta er dæmi um beina hækkun verðbólgu af völdum ríkisstjórnarinnar og raunverulega dæmi um beinan þátt ríkisstjórnarinnar í þenslunni í þjóðfélaginu.

Þetta hefur haft þau áhrif að auka á skuldastöðu heimilanna. En það sem jók hana líka er ein af afleiðingum breytinga á húsnæðislánakerfinu sem átti sinn þátt í að magna upp verðbólguna, herra forseti. Spennan á fasteignamarkaðnum sem við höfum búið við á undanförnum missirum með þeim afleiðingum að fasteignaverð hefur rokið upp um 30–40%

hefur aukið á skuldastöðu heimilanna og gert ungu fólki erfiðara fyrir að koma sér upp þaki yfir höfuðið og átt þátt í að hækka verulega neysluvísitöluna ásamt þeim bensínhækkunum sem hafa dunið yfir á umliðnum mánuðum. Það er ástæða til að nefna þetta vegna þess að þetta er bein afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. gífurleg hækkun á húsnæðiskostnaði heimilanna.

Ég vil fara yfir stöðuna að því er varðar ástandið á leigumarkaðnum vegna þess að það er hluti af þeim tillögum sem við leggjum til til útgjaldaaukningar. Það eru um 5 milljarðar kr. tæplega sem þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt til í því efni. Það er, herra forseti, ástæða til að taka á því ástandi sem nú ríkir á leigumarkaðnum. Og það er líka, herra forseti, raunverulega ófært að ganga frá fjárlögum og fara heim í jólaleyfi án þess að fyrir liggi hvernig ríkisstjórnin ætlar að taka á þeirri vöntun á ákvörðun í samskiptum sem er milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar leiguíbúðirnar, og hvort það er rétt eins og margir óttast að þannig eigi að standa að verki að hætta eigi að niðurgreiða vexti til leiguíbúða.

Mér skilst að það sé enn óútkljáð mál milli ríkis og sveitarfélaga hvernig á þeim málum verður haldið. Þó er eins og það mál sé útkljáð í fjárlagafrv. sjálfu vegna þess að einungis er gert ráð fyrir 50 millj. í niðurgreiðslu á vöxtum sem er náttúrlega hlægileg fjárhæð. En talað er um að nota það fé annaðhvort til þess að auka framlög til húsaleigubóta eða til þess að greiða niður byggingarstyrki til þeirra sem byggja leiguíbúðir. Í fjárlagafrv. er talað um að koma á fót 500 leiguíbúðum sem er auðvitað sýndarmennskan ein, herra forseti, vegna þess að byggingarstyrkir til 500 leiguíbúða sem í á að láta 50 millj., þýða 100 þús. með hverri og einni íbúð og það breytir auðvitað engu um uppbyggingu leiguíbúða. Maður óttast því að afleiðingarnar af þessari stefnu stjórnarliðsins verði raunverulega rothögg á uppbyggingu leiguíbúða hér á landi og að þeim sem hafa staðið myndarlega fyrir uppbyggingu leiguíbúða, eins og ýmsum félagasamtökum, t.d. Öryrkjabandalaginu, Búseta, stúdentum og fleiri, verði raunverulega gert ókleift að halda áfram þessari uppbyggingu nema þá að standa þannig að verki að hækka verulega húsaleigu til skjólstæðinga sinna, þ.e. námsmanna, fatlaðra og þeirra sem nauðsynlega þurfa leiguíbúðir með viðunandi kjörum.

Þess vegna er þetta mjög óeðlilegt og ég hvet til þess, herra forseti, að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en við 3. umr. fjárlaga um það hvernig á þessu máli er haldið. Við leggjum til í okkar tillögum þó nokkra fjárhæð til þess að hægt sé að halda þessum niðurgreiðslum áfram og standa áfram að uppbyggingu leiguíbúða, en 2.000 manns bíða núna eftir leiguíbúðum og fram hefur komið, herra forseti, að í Reykjavík ríki neyðarástand hjá a.m.k. 300 fjölskyldum vegna þessa ástands sem ríkisstjórnin hefur skapað með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi á þessu sviði.

Herra forseti. Ég vil einnig nefna að ástæða er til þess, eins og við höfum farið hér yfir á síðustu dögum, að hafa áhyggjur af stöðu margra heimila í landinu, ekki síst láglaunaheimilanna. Við höfum farið yfir þær skattahækkanir sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir sem munu hafa þau áhrif að öllu óbreyttu, að stór hópur fólks, eða á milli 2.000–3.000 manns sem ekki hefur greitt skatt vegna þess að skattleysismörkin hafa hlíft þeim, fer nú að greiða skatt þar sem ríkisstjórnin ætlar ekki að fylgja því eftir sem hún lofaði í kjarasamningum, þ.e. að skattleysismörk fylgdu launaþróun. En þau munu breytast þó nokkuð við þessar skattahækkanir nema ríkisstjórnin standi að málum eins og minni hlutinn hefur boðað og breyta skattleysismörkum í samræmi við fyrirhugaða skattahækkun.

Þessu eiga heimilin von á núna á næstu mánuðum. Ég hef líka áhyggjur af því sem er óútkljáð í fjárlögunum, þ.e. hækkun á lyfjakostnaði. Í fjárlagafrv. þessa árs var gert ráð fyrir að spara um einn milljarð í lyfjakostnaði. En sá sparnaður hefur ekki gengið eftir og í fjárlagafrv. næsta árs eru uppi áform um a.m.k. 370 millj. kr. sparnað sem á að ná fram m.a. með því, eins og það er orðað í fjárlögum, að taka upp nýtt fyrirkomulag á niðurgreiðslu almannatrygginga vegna lyfja með aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga. Mér finnst, herra forseti, alveg ótækt að skilja þetta eftir án þess að við vitum hvernig hæstv. ráðherra ætlar að fara með það sem hér er boðað, þ.e. að auka greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði. Það hefur nóg á gengið í því efni. Það var síðast um mitt þetta ár sem algeng lyf hækkuðu um 37%. Það er ekki hægt að auka enn á greiðslubyrði heimilanna með því að auka lyfjakostnaðinn.

Útgjöld heimila vegna lyfja- og lækniskostnaðar hafa hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum sem ég hef aflað mér frá Þjóðhagsstofnun voru útgjöld heimilanna vegna lyfja- og lækniskostnaðar um 5,8 milljarðar 1995, en eru um 8,3 milljarðar nú. Ef skoðuð eru útgjöld heimilanna til lyfja- og lækniskostnaðar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu þá voru þau 0,42% þegar ríkisstjórnin tók við en eru núna 0,48%. Þess vegna gerum við þá kröfu að heilbrrh. geri Alþingi grein fyrir því, og fjárln. á milli 2. og 3. umr., hvaða áform eru uppi í þessu efni, enda hefur nóg verið gert, eins og ég hef sagt, við að hækka lyf sjúklinga.

Fleiri atriði sem birtast í þessum fjárlögum er ástæða til að nefna, t.d. Framkvæmdasjóður fatlaðra, en enn eina ferðina er ríkisstjórnin að skerða framlög til uppbyggingar þjónustu við fatlaða um land allt. Staðreyndin er sú, herra forseti, að svo hefur verið skorið niður til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að á síðustu fimm árum hafa verið skorin niður lögbundin framlög til sjóðsins sem hann á að hafa af erfðafjárskatti, um 1.500 millj. kr. Og ef við tökum það sem hann ætti að hafa á næsta ári þá erum við í reynd að tala um að búið er að skera þennan sjóð niður á tiltölulega skömmum tíma um 1.800 millj. kr. Enda birtast okkur afleiðingar þess í mjög löngum biðlistum hjá fötluðum, ekki síst að því er varðar húsnæðismálin. Við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum því tillögu um að framkvæmdasjóðurinn hafi sín lögbundnu framlög eins og hann hafði í tíð fyrri ríkisstjórna. Í þeirri ríkisstjórn, þegar framkvæmdasjóðurinn fór að einhverju leyti að greiða rekstur af framkvæmdafé sjóðsins sem er miklu minna en nú er í tíð þessarar ríkisstjórnar, var fastmælum bundið að lögboðnir tekjustofnar þessa sjóðs yrðu ekki skertir.

Ég vil líka nefna að við flytjum tillögur um að auka barnabæturnar frá því sem ríkisstjórnin hefur áform uppi um. Ég minni á og mun auðvitað ræða það síðar á þessu þingi þegar við fjöllum um barnabæturnar, eftir að efh.- og viðskn. hefur fjallað um þær, að ótekjutengdi hluti barnabótanna var miklu stærri fyrir fimm árum en hann er nú og verður eftir aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem koma að fullu til framkvæmda eftir þrjú ár. Við erum að ræða um að ótekjutengdi hluti barnabótanna verði um 33.000 núna til barna upp að sjö ára aldri en hann var á árinu 1995 40.000 með hverju barni upp að 16 ára aldri að meðaltali. Við teljum ótækt ef verið er að stíga skref núna til að rétta hlut barnafjölskyldna, sem er svo sannarlega orðið tímabært að líta á barnabæturnar öðrum

hætti en sem aðstoð við þá sem verst eru staddir, að fara þá eigi skemur en var gert á árinu 1995 að því er varðar ótekjutengda hlutann og ekki að hann nái einungis til barna að sjö ára aldri. Út á það gengur sú tillaga sem við flytjum nú við fjárlagaafgreiðsluna, að ótekjutengdi hlutinn, þ.e. 33.000 kr. sem kemur með hverju barni, nái til barna að 16 ára aldri.

Það eru sem sagt aukin útgjöld sem við leggjum til vegna barnafjölskyldna í formi aukinna barnabóta til barna að 16 ára aldri. Við leggjum til fjármagn til að gera átak í uppbyggingu leiguíbúða og síðast en ekki síst er forgangsröðun okkar í auknum útgjöldum að koma á afkomutryggingu í samræmi við þáltill. sem við höfum flutt um það efni fyrir aldraða og öryrkja. Leggjum við til að fyrsti áfanginn verði stiginn núna með því að samþykkja 2 milljarða framlag til þeirrar afkomutryggingar ásamt 300 millj. sem lagt er til, til þess að afnema tekjutengingu við tekjur maka sem hefur margoft verið farið yfir hér að er brot á stjórnarskránni og Öryrkjabandalagið stendur með það mál fyrir dómi, að því ég best veit. Það eru ótrúlega litlar fjárhæðir sem þarf, herra forseti, til að taka á því mannréttindabroti sem öryrkjar hafa þurft að búa við í langan tíma. Mér er meira að segja sagt að 300 millj., sem við leggjum til í Samfylkingunni, sé of í lagt og það kosti raunverulega ekki nema 200 millj. að afnema tekjutenginguna og þess heldur ætti að vera vilji fyrir því og meiri hluti að samþykkja þá tillögu á hv. Alþingi.

Gerð er rækilega grein fyrir því í nál. 1. minni hluta fjárln. hvernig farið hefur verið með elli- og örorkulífeyrisþega og hvernig þeir hafa verið hlunnfarnir alla tíð frá 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við og hvernig ríkisstjórninni tekst alla tíð að mæla kjarabætur til lífeyrisþega við þann mælikvarða sem minnst gefur. Það er alveg ótrúlegt hvað hún hittir alltaf á þann mælikvarða sem minnst gefur þessu fólki og settir eru til þeirra einhverjir molar sem eru afgangs sem eru mældir í örfáum hundraðköllum, kannski tvisvar, þrisvar á ári. Nú á að standa þannig að málum, herra forseti, að þó svo að lífeyrisþegar fái eitthvað um áramótin sem við skulum vona að þeir fái og fái þá ekki minna en aðrir á vinnumarkaðnum, þá er það jafnharðan tekið aftur með þeirri skattahækkun sem ríkisstjórnin stendur fyrir með því að láta skattleysismörkin ekki fylgja eftir launaþróun.

Reyndar er þetta furðulegt, herra forseti, þegar maður lítur til þess hvað ríkisstjórnin hefur haft úr að spila á umliðnum árum en á síðustu sex árum hefur orðið 64 milljarða raunhækkun á tekjum hins opinbera. Þrátt fyrir þann gífurlega tekjuauka hafa lífeyrisgreiðslur aldrei verið lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu, hvort sem miðað er við lágmarkslaun í þjóðfélaginu eða meðallaun verkamanna. Lífeyrisgreiðslur með fullri tekjutryggingu eru innan við 50.000 en lágmarkslaunin að mig minnir um 76.000 kr.

Það var þó reynt á þeim tíma sem við vorum í niðursveiflunni á árunum 1988–1993 að halda eins og kostur var í við lágmarkslaunin og það vantar 3–4 milljarða inn í lífeyrisgreiðslurnar til að þær haldi þeim hlut sem þær gerðu þó 1991. Þá bjuggum við við verulegan samdrátt í tekjum, herra forseti. Lífeyrisþegar voru vissulega ekkert ofsælir af kjörum sínum á árum niðursveiflunnar í efnahagslífinu á árunum 1988–1993 en þó var miklu betur reynt að tryggja eins og ég segi að lífeyrir þeirra fylgdi lágmarkslaunum, þrátt fyrir að raunhækkun á tekjum hins opinbera hafi aðeins verið rúmir 4 milljarðar á þessu sex ára tímabili meðan raunhækkunin á síðustu sex árum er 64 milljarðar.

Það er enginn vandi, herra forseti, að fá út einhvern 30 milljarða tekjuafgang eins og sýnt er í fjárlagafrv. með því að hlunnfara elli- og örorkulífeyrisþega um 3–4 milljarða. Það er náttúrlega hægt að sýna afgang af ríkissjóði sem er mældur í því að skerða kjör til þeirra sem eru verst staddir í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég held að ljóst sé að gífurleg eignatilfærsla og misskipting hefur orðið í þjóðfélaginu í tíð þessarar ríkisstjórnar með þeim afleiðingum að bilið milli ríkra og fátækra vex sífellt. Ég held að út af fyrir sig væri fróðlegt að taka saman stjórnvaldsaðgerðir í tíð ríkisstjórnarinnar sem hafa þrengt verulega að tekjulágu fólki í þjóðfélaginu. Það er raunverulega hver stjórnvaldsaðgerðin sem rekur aðra á þessu kjörtímabili þar sem mulið er undir þá sem mest hafa fyrir, á sama tíma og þrengt er að tekjulágu fólki í þjóðfélaginu.

Við getum tekið sem dæmi að ríkisstjórnin er að beita sér fyrir aukinni skattbyrði sem nemur 2,5 milljörðum kr., sem við höfum verið að fjalla um á þessum dögum, en hún lækkar um leið skatta á forríka fjármagnseigendur um a.m.k. sömu fjárhæð.

Þá ætla ég aðeins að fara inn á þá tillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja til tekjuöflunar fyrir þeim tillögum sem hún flytur fram til útgjaldaaukningar. Það er svokölluð frestun á skattlagningu á söluhagnaði en ég heyrði það í sjónvarpi í kvöldmatarhléinu að hv. þm. 5. þm. Vestf. misskilur það greinilega alveg hrapallega og fer með staðlausa stafi í því efni þannig að ástæða er til að fara aðeins yfir þann þáttinn. Ekki síst af því að svo vel ber í veiði hér í þingsalnum að hér situr formaður fjárln. og formaður þingflokks Framsfl., sem hefur gert athugasemdir við það að íhaldið sé að beita sér fyrir lækkun á skattgreiðslum auðmanna í þjóðfélaginu vegna þess að frestunin á söluhagnaðinum og söluhagnaðarfyrirkomulagið í skattinum hefur verið þannig að hingað til hefur verið greiddur 10% skattur af söluhagnaði fyrir einstaklinga upp að tilteknu marki, þ.e. 3,2 millj. fyrir einstaklinga og 6,4 millj. fyrir hjón, en það hefur átt að greiða tekjuskatt af því sem umfram er þær fjárhæðir. Fyrir utan að það að bæði einstaklingar og lögaðilar hafa haft heimild til að fresta söluhagnaði.

Tillaga okkar þingmanna Samfylkingarinnar sem flutt er undir forustu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur gengur út á að afnema þessa heimild til frestunar á skattlagningu á söluhagnaði bæði hjá einstaklingum og lögaðilum en frv. ríkisstjórnarinnar, sem hæstv. fjmrh. flytur, gengur út á að afnema þá frestun bara hjá einstaklingum en ekki hjá lögaðilum. Að auki — og þá kem ég sennilega að þeim fyrirvara sem hv. þm. Framsfl. hafa haft við það frv. — leggur fjmrh. til að sá hluti sem er yfir þetta frítekjumark, 3,2 og 6,4 millj., sem áður var í 38% skatti eða í sama hlutfalli og tekjuskatturinn er í, lækki niður í 10%. Eðlilega hafa framsóknarmenn haft fyrirvara á því og gert athugasemdir við það.

Það gerist, herra forseti, að verið er að lækka þessa skattprósentu á auðmenn úr 38% í 10% á sama tíma og ríkisstjórnin stendur að almennri skattahækkun á launþega í landinu.

Ríkisskattstjóri lagði mat á þetta fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar en eftir því var óskað með bréfi frá þingflokki Samfylkingarinnar 15. sept. sl. hvað frestunin hefði þýtt í tekjutap fyrir ríki og sveitarfélög. Þá kemur í ljós, sem mér finnst mjög athyglisvert, að það eru aðeins 636 einstaklingar sem frestað hafa 20 milljarða söluhagnaði. Þeir eru 636, þessir einstaklingar sem nýtt hafa sér að fresta skattlagningu á söluhagnaði umfram þessar 3,2 millj. eða

eftir atvikum 6,4 millj. hjá hjónum. Og 20 milljarðar, 636 einstaklingar, þýðir 32 millj. á hvern einn þessara einstaklinga. 32 millj. sem þeir hafa frestað hver og einn þessara 636 einstaklinga. Lái mér hver sem vill að halda því fram að hér séu á ferðinni stóreignamenn þessir 636 með 32 millj. hver sem þeir hafa frestað að greiða skatt af.

Ríkisskattstjóri segir, herra forseti, að ef þessi frestun hefði ekki verið til staðar og þessir 636 einstaklingar hefðu greitt fullan skatt af þessu hefði það skilað ríki og sveitarfélögum í tekjur á þessum tveimur árum, 1998 og 1999, allt að 8–8,5 milljörðum.

Nú hefur ríkisskattstjóri þann fyrirvara á að hann segir, með leyfi forseta:

„Svar við því hve miklum tekjum ríkissjóður verður af árlega vegna frestunar á skattlagningu söluhagnaðar eins og spurt er um er háð því hvort heimild til frestunar hefur haft áhrif á ákvarðanir manna um sölu á hlutabréfum.“ Þetta er eðlilegur varnagli sem skattstjóri slær hér, en hann segir: „Það verður hins vegar að teljast nokkuð ólíklegt“ — og því skal haldið til haga „að sala hlutabréfa á þessum árum hefði orðið jafnmikil ef frestunarheimildin hefði ekki verið til staðar.“ Þ.e. að tekjutapið hefði orðið þessi 8,5 milljarðar. Síðan segir ríkisskattstjóri að hann telji að reikna megi með að verulegur hluti hins frestaða söluhagnaðar komi aldrei til skattlagningar. Það var eins og við vöruðum við í Samfylkingunni 1996 þegar þetta kom inn að hægt væri að fresta söluhagnaðinum endalaust. Við gerum ekki ráð fyrir að taka þetta allt inn í tekjur, þvert á móti gerum við það ekki. Við reiknum aðeins með hluta af þessu í tekjum okkar og reiknum þar með 2,6 milljörðum og tel ég það varlega áætlað.

Ég spyr hv. þingmenn Framsfl. hvort sá fyrirvari þeirra sé ekki enn til staðar, að þeir séu ósáttir við það að lækka skattprósentuna á þessa aðila sem eru tiltölulega fáir en virðast hafa fullar hendur fjár og þeir hafa í skattkerfinu ákveðna smugu til þess að fresta skattlagningu á, sem að vísu á að taka af einstaklingum samkvæmt frv. fjmrh. en ekki af lögaðilum.

Síðan vil ég aðeins nefna, af því að ég heyrði að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf., sagði að þetta þekktist hvergi í heiminum að vera að skattleggja þetta, þá er hérna yfirlit í fskj. með frv. sem Svanfríður Jónasdóttir er 1. flm. að og nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytja, og þar kemur eftirfarandi fram að þetta er víða ekki skattlagt með 10% eins og nú á að gera af öllum söluhagnaði heldur með tekjuskattshlutfallinu í viðkomandi löndum.

En þar segir, með leyfi forseta, og þá er Danmörk tekin fyrst að ef eignarhald varir skemur en þrjú ár er söluhagnaður af hlutabréfum sem einstaklingur hefur átt skemur en þrjú ár skattlagður sem tekjur. Söluhagnaður er síðan skattlagður með mismunandi hætti eftir því hvort um skráð eða óskráð hlutabréf er að ræða.

Í Noregi er söluhagnaður skattlagður sem tekjur. Þar virðist ekki gerður greinarmunur á neinu, sagt er að tap færist á móti söluhagnaði en það er heimilt hér og veit ég ekki betur en að ónýtt yfirfæranlegt tap sem fyrirtæki a.m.k. geta nýtt telji nú einhverja tugi milljarða, en í Noregi er söluhagnaður skattlagður sem tekjur.

Í Svíþjóð er sagt að einstaklingar greiði 30% skatt af söluhagnaði. Það er það sem við leggjum til, þ.e. að fyrir tiltekið hámark greiðist 10% skattur en eftir það, sem er 3,2 milljónir og 6,4 milljónir, greiðist sama eins og fólk greiðir í tekjuskatt.

Einstaklingar skulu greiða 30% af söluhagnaði í Svíþjóð, í Bandaríkjunum er meginreglan sú að söluhagnaður er skattlagður með 20% fjármagnstekjuskatti og í Kanada er meginreglan sú að einstaklingar telja 75% af söluhagnaði fram sem tekjur og skattleggst því söluhagnaðurinn sem slíkur.

Þetta vildi ég setja fram að því gefna tilefni sem kom upp að menn telja það eitthvað sérislenskt að hér sé verið að skattleggja einhvern hluta af söluhagnaði í sömu skattprósentu og tekjuskattur, það er bara alls ekki samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í frv.

Herra forseti. Ég þarf svo sem ekki að hafa frekari orð um fjárlögin hér við 2. umr. Fyrir liggur ítarlegt nál. frá 1. minni hluta fjárln. þar sem rækilega er gerð grein fyrir afstöðu þingmanna Samfylkingarinnar til fjárlagaafgreiðslunnar. Ítarlegar tillögur liggja fyrir bæði til útgjaldaaukningar og þar sem tekna er aflað á móti og tekna er aflað umfram þann útgjaldaauka sem við setjum fram þannig að ég hygg að þar sé vel að verki staðið. Fyrst og fremst er sýndur sá forgangur sem Samfylkingin vill hafa varðandi fjárlagaafgreiðsluna og hún snýr fyrst og fremst að menntamálum, málefnum barnafjölskyldna í formi aukningar á ótekjutengdum barnabótum og síðast en ekki síst að koma á fyrsta áfanga í þeirri afkomutryggingu sem Samfylkingin vill sjá hjá öldruðum og öryrkjum.

[20:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín spurningu um hvort Framsfl. teldi ástæðu til að draga úr heimildum lífeyrissjóðanna til fjárfestingar erlendis og hvort umræða hefði farið fram um það innan ríkisstjórnarinnar.

Sú umræða hefur ekki farið fram og ég tel að skapa þurfi lífeyrissjóðunum skilyrði til að fjárfesta hér innan lands. Áform eru uppi um sölu ríkisfyrirtækja, um sölu bankanna og um sölu Landssímans. Ef til þeirrar sölu kemur, hvernig sem að henni verður staðið sem liggur ekki endanlega fyrir enn þá, þá hafa lífeyrissjóðirnir næga ástæðu og næg tilefni til fjárfestingar innan lands. Nauðsynlegt er að okkar mati að bjóða bréfin á markaðinn núna til þess að lífeyrissjóðirnir geti fjárfest og það er miklu heillavænlegra en að fara að setja einhverjar skorður í þessu efni.

Það er skoðun ríkisstjórnarflokkanna og það er svar mitt við þeirri spurningu sem hv. þm. lagði fram.

[20:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin sem voru skýr af hans hendi. Hann telur ekki ástæðu til að tengja neitt þær auknu heimildir sem lífeyrissjóðirnir fengu á síðasta þingi. Ég hefði alveg talið ástæðu til að skoða það, ekki að afnema þá heimild, heldur að skoða hvort næstu eitt til þrjú árin ætti að þrengja svigrúmið eitthvað til að fjárfesta svona mikið erlendis. Það hefur haft þessar afleiðingar, eða a.m.k. heldur Seðlabankinn því fram að það hafi haft þessar afleiðingar.

En hv. þm. nefnir að frekar eigi þá að skapa þeim svigrúm til að fjárfesta hér innan lands og hv. þm. nefnir í því sambandi áform um sölu banka og Landssíma. Ég býst við að taka þurfi á þessum málum fyrr en maður sér fyrir sér að geti farið að verða af sölu á bönkunum og Landssímanum, ekki síst miðað við þann ágreining sem er uppi að manni skilst milli stjórnarflokkanna um sölu á Landssímanum og ég spyr hv. þm.: Er það líklegt að mati hv. þm. að af sölu bankanna verði þegar á næsta ári og ekki síst að því er varðar áform

um sölu Landssímans? Telur hv. þm. líklegt að það fjármagn gangi eftir sem fram kemur á fjárlögum vegna einkavæðingar eða áforma um sölu á bönkum og Landssímanum? Það væri fróðlegt að fá það fram við þessa umræðu.

[20:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er reiknað með á tekjuhlið 7 millj. kr. vegna sölu ríkiseigna. Ég tel að það markmið muni nást og ljóst er að ekki þarf að selja nema 25% af hlutdeild ríkisins í bönkunum til að ná því markmiði og rúmlega það. Ég tel yfir höfuð að ekki sé skynsamlegt að þrengja kosti lífeyrissjóðanna til fjárfestingar. Það er ekki skynsamlegt að þrengja kosti þeirra til að ávaxta fjármagn sitt vegna þess að nauðsynlegt er fyrir þá að gera það til að halda stöðu sinni til þess sem er meginhlutverk þeirra, þ.e. að ávaxta fé og borga lífeyri.

Aðalhlutverk lífeyrissjóðanna er að borga lífeyri og mér finnst ekki aðgengilegt að hugsa til þess að kostir þeirra til fjárfestinga verði þrengdir og þeir hafi ekki möguleika á að ávaxta fé sitt. Ég er þeirrar skoðunar að þeir verði að hafa möguleika til að gera það og ég hef trú á því að samkomulag náist um að bjóða út hlutabréf í ríkisfyrirtækjum í skynsamlegum áföngum. Það eru ríkisstjórnarflokkarnir að skoða og sú vinna er í fullum gangi.

[20:41]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veitti því athygli í ræðu síðasta ræðumanns að hún fullyrti að ég hefði haldið því fram að hvergi í heiminum væri söluhagnaður skattlagður. Þetta er náttúrlega óskapleg fjarstæða og hv. þm. getur hvergi fundið orðum sínum stað um það, aldrei nokkurn tíma hef ég látið slíkt um munn fara, enda er söluhagnaður skattlagður víðast hvar.

Það sem ég sagði og ég skal árétta það var að í viðleitni allra ríkja heimsins, t.d. síðustu tíu árin, til þess að sporna við fjármagnsflutningi milli landa væri niðurstaðan öll á einn veg. Það eina sem skilaði þjóðfélögunum árangri væri að sjá svo um að umhverfi fyrirtækjanna væri skattalega svo hagstætt sem mest gæti orðið, þannig fengi þjóðfélagið mestu tekjurnar og þannig stæðu þau best að sínum hlutum. Þetta hef ég sagt og þetta ætla ég að halda áfram að fullyrða.

Hins vegar liggur fyrir, herra forseti, að Samfylkingin hefur lagt fram tillögu um að skattleggja söluhagnað yfir 40% sem yrði bara til þess að eyðileggja skattstofninn og sjá til þess að tekjurnar yrðu engar, að eyðileggja sjálfan skattstofninn. Þetta er einhver mesta dellutillaga um skattamál sem sést hefur hér í þó nokkrar vikur a.m.k. Ég vil því árétta að þessi viðleitni Samfylkingarinnar til að þykjast vera með tekjuaukningu fyrir ríkið er hrein fjarstæða frá upphafi til enda og mundi ekkert gera annað en eyðileggja skattstofninn. Því það var enginn skattstofn, það voru engar tekjur ríkisins af söluhagnaði áður en við breyttum þessum reglum 1996. Það var núll.

[20:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekkert hissa á málflutningi hv. þm. vegna þess að það sem sjálfstæðismenn hafa gert í ríkisstjórninni allt frá árinu 1995 er að setja auðmenn í fyrirrúm en ekki almenning í landinu. Og það er mjög sérstakt að standa hér fyrir skattlagningu á almenning í landinu á sama tíma og verið er að lækka þann hluta söluhagnaðar sem hefur verið greiddur af sama og greitt er af tekjuskatti.

Af hverju hefur þetta verið núll og engu skilað? Það er af því að þessi heimild hefur verið til staðar um að fresta skattlagningu af söluhagnaði, sem 636 einstaklingar hafa nýtt sér sl. tvö ár, 636 einstaklingar hafa nýtt sér og frestað 20 milljörðum kr. á sl. tveim árum. Ef við afnemum frestunina þá er ég sannfærð um að það mun skila sér í auknum mæli í ríkissjóð. Hæstv. fjmrh. hefur talað um að það mundi a.m.k. skila 1,3 milljörðum miðað við það sem hefur verið á sl. þrem árum þannig að hv. þm. má ekki gera fjmrh. ómerking orða sinna sem hefur talið að þessi aðgerð hans muni þó skila 1,3 milljörðum í ríkissjóð.

Við áætlum bara meira og segjum 2,6 og styðjumst þar við álit ríkisskattstjóra sem segir að tekjutap vegna þessara 636 einstaklinga sem frestað hafa 20 milljörðum megi áætla með ákveðnum fyrirvörum, sem ég lýsti áðan og hef ekki tíma til að gera nú, sé allt að 8,5 milljörðum kr. Því er það bara varlega gert hjá okkur í Samfylkingunni að áætla þó ekki meiri tekjur en 2,6 milljarða í þessu efni. Vil ég enn og aftur ítreka það sem ég sagði áðan að það eru mörg lönd sem ég taldi upp sem skattleggja söluhagnað með sömu skattprósentu og tekjuskattur og ég veit ekki til annars en að það hafi skilað sér í ríkissjóð.

[20:45]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók greinilega ekki eftir hvað ég sagði. Ég sagði að tekjur ríkisins af söluhagnaði fyrir breytingarnar hefðu verið vegna þess að allt stóð fast. Það voru engar eignir leystar út. Það var engin sala. Það voru engar tekjur fyrir. Það var það sem var. Vegna þess að það var skattlagt með þessum háa skatti, með 40%, áttu sér engin viðskipti stað. Breytingin sem við gerðum var að leysa þetta úr læðingi sem hefur skapað ríkinu heilmiklar tekjur. Hins vegar liggur fyrir Alþingi stjfrv. um að þetta skuli vera 10% skattur og varðandi þann 10% skatt og að hætta við frestunina hefur hæstv. fjmrh. réttilega haldið því fram að við gætum fengið 1.300 millj. kr. í auknar tekjur. Þetta eru orð hans.

En ef við færum okkur aftur upp í skattformið, sem var yfir 40%, þá er ég mjög viss um það, herra forseti, að árangurinn verður nákvæmlega sá sami og hann var áður, þ.e. engar tekjur ríkisins og um það fjallar tillaga Samfylkingarinnar, að eyðileggja skattstofninn og stoppa þessa sölu, setja þetta í sama far og það var, þannig að árangurinn af þessari tillögu mun örugglega verða núll fyrir ríkið. Við munum missa tekjur vegna þess að skattprósentan er svo há að það eyðileggur söluna. Hins vegar er ríkisvaldið, stjfrv., með 10% skatt alveg eins og fjármagnstekjurnar og það mun ábyggilega hjálpa ríkissjóði. Stjfrv. er því á réttri braut en tillaga Samfylkingarinnar getur aldrei gert annað en eyðileggja skattstofninn.

[20:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er bara fjarstæða og bull hjá hv. þm. sem enginn trúir nema hann sjálfur og kannski einhverjir íhaldsmenn með honum. Það er eftir öðru hjá sjálfstæðismönnum að standa þannig að málum að afnema þessa frestun á heimild til skattgreiðslu af söluhagnaði hjá einstaklingum en skilja lögaðilana eftir. Þeir eiga áfram að geta frestað skattlagningu á söluhagnaði sem margir telja að geti verið með þeim hætti að verið sé að búa til nýjar skattsmugur til að komast hjá skattgreiðslum. Hverjir eru það sem eru með söluhagnað sem er yfir 3,2 millj. og 6,4 millj. hjá hjónum?

Það eru einhverjir einstaklingar sem eru með fullar hendur fjár. Þeir eru 636 á síðustu tveimur árum og 20 milljarða er um að tefla í því sambandi og það sem sjálfstæðismenn beita sér fyrir er að heimila lögaðilum áfram að fresta skattgreiðslum af söluhagnaði og lækka svo hjá þessum forríku einstaklingum, sem eru með söluhagnað yfir 3,2 millj. og 6,4, skattinn á þeim úr 38% í 10%. Það þekkist hvergi í þeim löndum sem ég var að telja upp enda njóta fjármagnseigendur algerrar sérstöðu og þetta er alger skattaparadís fyrir þá, Ísland, a.m.k. meðan íhaldið stjórnar sem við skulum vona að verði ekki lengi.

[20:48]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Farið hefur verið mjög ítarlega yfir fjárlagatillögurnar af meiri hluta fjárln. Ég ætla aðeins að tæpa á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi vil ég geta allra þeirra fjölmörgu verkefna sem eru í gangi varðandi menningarminjar í tengslum við ferðaþjónustuna en ferðamenn sem koma til landsins eru á þessu ári yfir 300 þús. sem skila 30 milljörðum til þjóðarbúsins. Þetta er í reynd önnur stærsta atvinnugreinin.

Menningartengd ferðaþjónusta fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn skiptir afar miklu máli. Ferðamenn gera sér miklar væntingar um að kynnast sögu og menningu þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga. Í raun hefur orðið mikil bylting í þeim efnum. Aukinn áhugi er á Íslendingasögunum með Njálu þar í fararbroddi. Ég held að á engan sé hallað ef ég minnist á nafn Jóns Böðvarssonar sem hefur vakið upp þennan mikla áhuga á Íslendingasögunum. Það hefur verið mjög fróðlegt að fylgjast með því hve aukinn áhugi almennings hefur verið á Íslendingasögunum og þá sérstaklega á Njálu. Ég vil þá geta um Njálusafnið á Hvolsvelli sem er afar vandað safn að allri gerð og er verið að styrkja það enn betur áfram. Þar mun líka verða verslunarsaga og er kominn hluti af henni, verslunarsaga Sunnlendinga sem er mjög merkileg saga, sérstaklega í ljósi þess að verslun á Suðurlandi er nú komin á afar fáar hendur.

Svo vil ég nefna aukinn áhuga á verndun gamlla húsa en þar hefur mjög myndarlega verið tekið á. Árni Johnsen, hv. 1. þm. Suðurl., fór mjög ítarlega yfir þau fjölmörgu verkefni sem verið er að styðja en ég vil nefna eitt verkefni og það er samgöngu- og tækniminjasafnið sem á að rísa í Skógum undir Eyjafjöllum og hýsa mun samgöngu- og tækniminjasögu Íslands. Ég vil geta þess að í Skógum er t.d. eitt merkilegasta símasafn sem er til í landinu. Þáttur Þórðar Tómassonar er einstakur í allri uppbyggingu safnsins og safnið í Skógum er eitt merkasta byggðasafn landsins en þangað koma um 30 þúsund gestir árlega. Safnið skiptir Rangæinga og Skaftfellinga miklu máli en þar er vel varðveitt saga þessara tveggja sýslna.

Þá vil ég nefna jöfnun námskostnaðar sem skiptir verulega miklu máli fyrir námsfólk og fjölskyldur þeirra á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin hefur staðið þar verulega vel að málum og staðið við öll sín fyrirheit þar um og þetta er afar mikilvægt byggðamál.

Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið unnið að miklum og merkilegum skógræktarverkefnum og landgræðsluverkefnum í öllum landshlutum. Þessi verkefni styrkja bæði búsetu og bæta náttúrufar og eru líka auk þess þáttur í að auka bindingu koltvísýrings í gróðri og jarðvegi. Í tillögunum er ætlað 10 millj. kr. framlag til verkefnisins Bændur græða upp landið en það er verkefni sem sveitarfélög leggja fjármagn til líka og svo bændur. Þetta er mjög merkilegt og þarft verkefni.

Í landshlutabundin skógræktarverkefni eru gerðar tillögur um að verja 70 millj. kr. í hækkun á framlögum og ég tel að það séu mjög mikilvæg verkefni sem þar er unnið að. Þá vil ég geta um mjög merkilegt rannsóknarverkefni sem Inga Þórsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og formaður manneldisráðs, stendur að og tillaga er um að styrkja, en rannsóknarstofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala hefur m.a. stundað rannsóknir á næringu mæðra og ungra barna. Sama rannsóknarstofa hefur skipulagt og stjórnað rannsókn á næringarfræðilegum ástæðum þess að nýgengi sykursýki af gerð eitt eða barnasykursýki er meira en helmingi lægri hérlendis en meðal nágrannaþjóða okkar.

Þær rannsóknir hafa aðallega beinst að samanburði á íslenskri og erlendri kúamjólk með tilliti til áhrifa í líkamanum og hollustugildis. Rannsóknarniðurstöður hingað til benda sterklega til sérstöðu íslensku kúamjólkurinnar og í síðasta mánuði birtist grein um þær í þekktu bandarísku vísindatímariti. Brýnt er að halda þessum rannsóknum áfram, bæði þarf að meta áhrif fleiri efna í kúamjólkinni en hingað til hefur verið gert og rannsaka aðra hugsanlega þætti mataræðis sem tengjast tilkomu sykursýki. Ef íslenska kúamjólkin hefur sérstöðu er mjög líklegt að þeir eiginleikar hafi víðtækari heilsufarsleg áhrif. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að styrkja þetta verkefni með 9,5 millj. kr. Mjög mikilvægt er að ríkissjóður komi að þessum rannsóknum og þetta er í rauninni eina leiðin til þess að íslenskir aðilar haldi áfram næringarfræðilegum rannsóknum sem tengjast kúamjólk. Þetta gagnast fyrst og fremst almenningi því að næringarfræðin er fyrst og fremst í þágu neytandans og heilsu hans og þess vegna er mikilvægt að stuðla að vexti hennar.

Herra forseti. Þróun fíkniefnaneyslu hér á landi undanfarin ár hefur almennt verið á verri veg. Þar ber hæst aukin neysla áfengis og annarra vímuefna meðal ungs fólks. Ungu fólki sem leitar til meðferðarstofnana vegna vímuefnaneyslu fjölgar stöðugt. En sem betur fer hefur á hinn bóginn orðið veruleg vakning til vitundar um nauðsynlega stefnumörkun og skipulegt forvarnastarf og fagleg vinnubrögð í forvörnum. Í auknum mæli er litið á forvarnir sem sjálfsagt viðfangsefni sveitarfélaga. Forvarnir, skipulagðar til lengri tíma, og áhersla á víðtækar samhæfðar aðgerðir, hefur aukist á kostnað afmarkaðra skammtímaverkefna.

Sjálfstfl. hefur ávallt lagt áherslu á öfluga löggæslu sem tryggir öryggi borgaranna, líf þeirra og eignir. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í áfengis-, fíkniefna- og tóbaksvörnum hefur verið fylgt af krafti frá því að hún var samþykkt fyrir fjórum árum. Markvisst hefur verið unnið að framkvæmd þessarar áætlunar sem tekur til margra aðila og verulega auknu fé hefur verið varið til þessara málaflokka undanfarin ár. Þá hafa í raun og orðið straumhvörf í starfi fíkniefnalöggæslu í landinu. Ekki aðeins hafa verulegar fjárveitingar í þennan málaflokk leitt til betri árangurs heldur hefur meira komið til, eins og faglegri vinnubrögð, en fjármagn til fíkniefnalögreglunnar var aukið um 50 millj. kr. á þessu ári. Þessu fé var varið til fjölgunar lögreglumanna til fíkniefnalöggæslu, til þjálfunar þeirra, til tækjakaupa og þjálfunar fíkniefnahunda.

Mun meiri samvinna er nú milli lögregluliðanna og þá hafa lögregluliðin sýnt meira frumkvæði en áður í baráttunni við þennan vágest. Verulega bættur tækjabúnaður lögreglunnar hefur gert henni kleift að beita hnitmiðaðri

rannsóknum og árangursríkari aðferðum. Í nál. meiri hluta fjárln. stendur í kaflanum Áfengis- og fíkniefnamál:

„Tvær tillögur eru til hækkunar á þessu við fangsefni og nema þær 25 millj. kr. Í fyrri tillögunni er lagt til að veitt verði 20 millj. kr. fjárheimild til þess að mæta sérstökum kostnaði við rannsóknir meiri háttar fíkniefnamála."

Síðan stendur hér:

„Í síðari tillögunni er lagt til að 5 millj. kr. verði varið til þess að koma rekstri sporhunda og fíkniefnaleitarhunda á varanlegan grundvöll. Nauðsynlegt þykir að koma á föstum framlögum til þjálfunar sporhunda, annaðhvort á vegum lögregluembætta eða með samningum við björgunarsveitir."

Og í kaflanum Ýmis löggæslumál:

„Gerð er tillaga um 25 millj. kr. fjárveitingu sem varið verði til að efla löggæslu með því að fjölga lögreglumönnum, einkum á sviði fíkniefnalöggæslu. Að undanförnu hefur fjölgað verulega stórum og tímafrekum rannsóknum í fíkniefnamálum og er fyrirhugað að bæta við mannafla í fíkniefnalöggæslu til að anna miklu og viðvarandi álagi. Fjárhæðin samsvarar launum sex lögreglumanna ..."

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög góðar tillögur sem meiri hluti fjárln. leggur hér til og ég vona að þær fái góða og skjóta afgreiðslu.

[20:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 2001 mun ég í ræðu minni aðallega mæla fyrir tillögu okkar í 1. minni hluta fjárln. en hann mynda auk þess sem hér stendur, Gísli S. Einarsson og Össur Skarphéðinsson.

Við leggjum fram á þskj. 397 tillögur við bæði tekjuhlið og gjaldahlið frv. Ég mun hins vegar ekki í þessari umferð fara sérstaklega yfir tekjutillögur okkar þar sem þær eru fyrst og fremst til umræðu við 3. umr. fjárlagafrv. Ég mun hins vegar rekja hinar tillögurnar og byrja á lið 02-269 Háskólar og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Þar gerir tillaga okkar ráð fyrir 200 millj. kr. viðbót við það sem fyrir kemur í frv. og sú upphæð á að skiptast miðað við okkar tillögu á milli tveggja bygginga, þ.e. annars vegar 100 millj. til rannsóknarhúss Háskólans á Akureyri og hins vegar 100 millj. til Náttúrufræðihúss Háskóla Íslands.

Það er ástæða til þess að fara örlítið yfir þessar framkvæmdir, annars vegar mikilvægi rannsóknarhúss Háskólans á Akureyri, en Háskólinn á Akureyri er ein af hinum mikilvægu menntastofnunum á landsbyggðinni og hefur breytt mjög miklu um menntunarmöguleika og ekki síður því að skila þeim sem ljúka námi til starfa á landsbyggðinni.

Húsnæðismál Háskóla Íslands hafa hins vegar fyrst og fremst verið fjármögnuð af happdrættisfé Happdrættis Háskóla Íslands sem í raun hefur ekki eingöngu verið notað til þess að byggja ný hús heldur einnig til þess að halda þeim við. Það er ljóst og svo hefur verið um nokkurt skeið að þetta fjármagn dugar engan veginn til þess að skólinn geti í raun staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þjóðinni þannig að hér er af okkar hálfu gerð tilraun til þess að fara út af þeim þrönga vegi sem snýst um að nota eingöngu happdrættisfé til þess að fjármagna byggingar Háskóla Íslands. Því leggjum við til 100 millj. kr. framlag til þessarar byggingar þannig að hún geti komist í gagnið miðað við tveggja til þriggja ára áætlanir sem fyrir liggja.

Við gerum síðan tillögu um breytingu á liðnum 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi, 1.21 Fjarkennsla á háskólastigi. Þar er gert ráð fyrir 100 millj. kr. aukningu. Hér er um lið að ræða sem fallið hefur brott af fjárlögum af nær óskiljanlegum ástæðum vegna þess að fjarkennsla á háskólastigi er auðvitað mjög mikilvæg, sérstaklega nú á tímum þegar það þarf að nýta tækni til þess að skapa fleirum möguleika á að stunda háskólanám. Háskólarnir flestir og nær allir hafa farið inn á þessa braut í vaxandi mæli og þess vegna er auðvitað mjög brýnt að þingið sendi þau skilaboð frá sér að æskilegt sé að auka þetta enn frekar og það er auðvitað megintilgangur tillögu okkar að þau skilaboð fari til háskólanna að þeir eigi að auka þessa starfsemi og bæta og þróa áfram.

Ljóst er að þessi tækni skapar mun fleirum tækifæri til þess að stunda háskólanám í sinni heimabyggð og það skiptir að sjálfsögðu miklu máli fyrir landsbyggðina að það fólk sem hefur hug á að stunda háskólanám geti dvalist sem lengst í sínu byggðarlagi og nýtist því byggðarlagi síðan í framtíðinni. Eitt af því sem hefur komið í ljós þegar fólk hefur stundað fjarnám á þennan hátt er að það hefur yfirleitt skilað sér miklum mun betur til starfa að námi loknu á landsbyggðinni eins og með nemendur sem hafa stundað nám við Háskólann á Akureyri.

Síðan gerum við tillögu við liðinn 02-319. Þrjár tillögur eru við þann lið sem heitir Framhaldsskólar, almennt. Í fyrsta lagi er við lið 1.24 tillaga um lagfæringu á reiknilíkani framhaldsskóla og aukna fjarkennslu. Þessi tillaga okkar hljóðar upp á 200 millj. og eins og segir í textanum eru þetta annars vegar vegna lagfæringar á reiknilíkani framhaldsskóla og hins vegar vegna aukinnar fjarkennslu. Segja má að sömu rök og ég hafði um mikilvægi fjarkennslu á háskólastigi eigi einnig við á framhaldsskólastigi vegna þess að ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að sýna hv. ræðumanni þá sjálfsögðu virðingu að hafa hljóð í salnum.)

Þakka þér fyrir, herra forseti. (**Landbrh.:** Hvar er hann staddur í ræðunni?) Ég er rétt að hefja ræðu mína, hæstv. ráðherra, en mun að sjálfsögðu reyna að hraða mér eftir kostum þannig að ráðherrann geti sem fyrst farið að sinna sínum mikilvægu verkum. Ég treysti því að sjálfsögðu að hæstv. ráðherra hlusti til enda þessarar ræðu þó ég geri nú ekki kröfu til þess að hann muni síðan hlýða á fleiri ræður hér í kvöld.

Ég var staddur þar í ræðu minni að ég var að fjalla um mikilvægi fjarkennslu á framhaldsskólastigi og hversu mikilvægt væri því að auka fjármagn til þess liðar. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að það reiknilíkan sem notað hefur verið nú til nokkurra ára í framhaldsskólum landsins verði endurskoðað og ítrekað hefur verið minnst á það í heimsóknum til fjárln. að mikilvægt væri að endurskoða þetta líkan sem hefur verið nær óbreytt frá árinu 1993, með þó einni mjög veigamikilli breytingu sem var niðurskurður sem framkvæmdur var árið 1996.

Hins vegar er ljóst að verkefni framhaldsskóla hafa breyst gífurlega á þessum tíma, ekki síst á sviði t.d. stjórnunar, skrifstofuhalds, upplýsingatækni og stoðþjónustu margs konar. En til einskis af þessu tekur reiknilíkanið tillit þegar fjármunum er deilt út til framhaldsskólanna. Það er ekki síður mikilvægt að endurskoða þetta reiknilíkan vegna þess að við í fjárln. höfum á margan hátt nýtt okkur það, til þess að ýta við á öðrum sviðum, að fjárveitingar til stofnana væru gegnsæjar. Þarna er því um mjög merkt starf að ræða, þ.e. að reyna að deila fjármunum til stofnana með þessari aðferð.

Hins vegar er óþolandi að jafngóð aðferð og þessi sé á margan hátt eyðilögð með því að sinna ekki eðlilegum

breytingum á líkaninu. Þess má geta í þessu samhengi að þegar við vorum að vinna að fjárlögum fyrir árið 2000 þá komu þær upplýsingar til fjárln. að verið væri að vinna að endurskoðun reiknilíkansins og þá fyrst og fremst á þeim tíma með hagsmuni minni framhaldsskóla í huga. Nú fáum við aftur, herra forseti, þær upplýsingar frá menntmrn. að enn sé unnið að endurskoðun líkansins og nú sé kominn af stað annar starfshópur og það er svo sérkennilegt með ferli þessa máls að hinn fyrri starfshópur hefur ekki enn lokið störfum. Þó hefur nýr starfshópur hafið störf og enn á ný virðist margt benda til þess að hann verði ekki búinn að skila áliti áður en fjárlög verða samþykkt. Því eru of miklar líkur á því að ekki náist að gera nauðsynlegustu breytingar á reiknilíkaninu nema brtt. 1. minni hluta fjárln. fái brautargengi hér á þinginu.

Við gerum sem sagt tillögu um að 200 millj. skiptist eftir því í raun og veru hvað komi út úr þessari endurskoðun á reiknilíkaninu, á milli þessara liða, þ.e. reiknilíkansins og fjarkennslunnar.

Herra forseti. Ég vildi nefna örfá atriði til viðbótar sem hafa valdið skekkju í reiknilíkaninu. Í fyrsta lagi er ekki er tekið tillit til aldurssamsetningar kennara við skólana og þar af leiðandi ekki tekið tillit til aldursafsláttar þeirra kennara sem orðnir eru sextugir og eldri. Þetta skiptir verulegu máli og gróft áætlað hafa fulltrúar skólameistara í þessum starfshópi sem ég nefndi áðan gert ráð fyrir að þarna væri um 100 millj. að ræða.

Í öðru lagi er ekki tekið tillit til aukins kostnaðarhlutfalls kennslutengdra starfa sem eru margs konar. Það hefur aukist a.m.k. um 5–6% á þessu árabili frá því að forsendur reiknilíkansins voru samþykktar 1993 og áætlað er að þarna geti einnig verið um u.þ.b. 100 millj. að ræða.

Þá er talin mikil þörf á því að auka fjármagn til eignakaupa af þeirri einföldu ástæðu að víða hefur verið sparað helst á þeim lið þessi ár til þess að skólarnir gætu náð endum saman. Þarna ræða menn um að a.m.k. tæplega 50 millj. vanti.

Þá er það liður sem gengur undir nafninu Launakostnaður annarra starfsmanna. Hann er líka algjörlega úr lagi genginn miðað við forsendurnar og þarna er einnig rætt um að u.þ.b. 100 millj. kr. vanti.

Til er hópur nemenda sem ekki var tekið tillit til í forsendum reiknilíkansins, þ.e. nemendur sem eiga við leshömlun að stríða, og þarna er talið að jafnvel sé um tæplega 30 millj. að ræða.

Eingöngu í þessum fimm liðum sem ég hef nefnt er því hægt að færa rök fyrir því að tæplega 400 millj. kr. vanti. Þetta verður auðvitað endanlega að bíða niðurstöðu þeirrar endurskoðunar sem hér á sér stað. En við gerum sem sagt tillögu um að þarna verði stigið mikilvægt skref til þess að bæta það sem helst stendur út af í reiknilíkaninu.

Varðandi liðinn 02-319 Framhaldsskólar, almennt þá er önnur tillagan við lið 1.29 Nýbúafræðsla. Þar gerum við tillögu um 100 millj. til viðbótar við það sem ekkert er fyrir. Hér er um mjög mikilvægan þátt að ræða vegna þess að margoft hefur verið sýnt fram á að meðal nýbúa er því miður mjög hátt hlutfall brottfalls í framhaldsskólum. Það er að hluta til a.m.k. vegna þess að þjónusta við þá er ekki nægjanleg í skólunum. Auðvitað má að hluta til rekja það aftar í skólakerfið. Hins vegar er þarna um mjög brýnt mál að ræða sem er hluti af því að við viljum sem best gera að sjálfsögðu við þá nýbúa sem hingað eru komnir. Og hér liggur fyrir sú einfalda staðreynd, eins og ég sagði áðan, að brottfall þessara nemenda er gífurlegt í framhaldsskólum.

Við þriðja liðinn sem er við tölulið 1.31 Upplýsingatækni við framhaldsskólana, gerum við tillögu um 200 millj. Þessi liður er nýr og er ekki til staðar í frv. Út af fyrir sig ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um nauðsyn þess að þarna sé vel að verki staðið. Upplýsingatæknin ryður sér stöðugt meira til rúms víðast hvar og í framhaldsskólum landsins eru þeir sem eiga eftir að starfa hvað mest á þessu sviði. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að framhaldsskólarnir séu vel í stakk búnir til þess að sinna þessu og undirbúa þannig bæði kennara og nemendur undir framtíðina.

Síðan er komið að lið 02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni, liður 1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni sem í fjárlagafrv. er upp á 63,3 millj. kr. Við gerum ráð fyrir að tvöfalda þá upphæð þannig að í þennan lið fari samtals 126,6 millj. Það er athyglisvert þegar horft er til nafnsins, Símenntun og fjarvinnsluverkefni, að gerð er tillaga um það í fjárlagafrv. að lækka þennan lið frá yfirstandandi ári. Það er algjörlega þvert á það sem æskilegt verður að teljast vegna þess að hér er verið að byggja upp símenntunarmiðstöðvar mjög víða um land sem gegna mjög fjölbreyttu hlutverki og frá þeim hafa talsmenn komið á fund fjárln. og einmitt bent á að skortur er á fjármagni til þess í raun að geta sinnt þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar, hvað þá heldur að þróa hana áfram eins og mikilvægt er.

Þá er komið að liðnum 02-982 Listir, framlög. Þar gerir 1. minni hluti fjárln. tillögu um þrjár breytingar. Það er í fyrsta lagi við liðinn 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga. Þar gerum við ráð fyrir að auka fjármagnið um 20 millj. kr. Hér er um mjög mikilvæga menningarstarfsemi að ræða að stórum hluta til á landsbyggðinni og það er ábyggilegt að það er mjög mikilvægt gagnvart allri byggðaþróun að hlúð sé eins og kostur er að allri menningarstarfsemi sem þar fer fram og þessi tillaga okkar er að sjálfsögðu viðleitni í þá átt.

Annar liðurinn undir liðnum Listir og framlög er síðan 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Þar gerum við einnig tillögu um að fjármagn verði aukið um 20 millj. kr. Það hefur orðið gífurleg aukning í starfsemi atvinnuleikhópa, fyrst og fremst að vísu á höfuðborgarsvæðinu. Það má ljóst vera að þeir eru auðvitað í samkeppni við ríkisstyrkta starfsemi sem við að sjálfsögðu stöndum heils hugar á bak við. En við teljum að hér sé um slíka grósku að ræða að mikilvægt sé að reyna að bæta þar um og teljum því nauðsynlegt að þarna komi 20 millj. til viðbótar.

Þriðji liðurinn undir þessum lið er síðan á liðnum 1.83 Menningarhátíð landsbyggðarinnar. Hér er um nýjan lið að ræða sem er í fjárlagafrv. upp á 5 millj. Við gerum tillögu um það að við hann sé bætt 10 millj. kr. og það er að sjálfsögðu til þess að vekja enn frekar athygli á því hversu góð hugmynd hér er á ferðinni. Við viljum þess vegna reyna að efla þetta eins og kostur er. En þar sem þetta er náttúrlega fyrsta árið þarf að gera ýmsar tilraunir og það er eðlilegt að veita hið minnsta 15 millj. kr. til þess arna eins og við gerum tillögu um.

Töluliðir 7–9 eru í raun allir af sama meiði, þ.e. tillögur um auknar sértekjur þriggja stofnana, þ.e. Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Fiskistofu og vísast til skýringa við 22. lið þar sem gerð er tillaga um að innheimta ákveðið gjald. En ég mun skýra nánar þegar ég kem að þeim lið.

Í 10. lið okkar er komið að 07-700 Málefni fatlaðra og það er töluliðurinn 1.82 Fjarkennsla fatlaðra, tækjabúnaður og þróunarstarf. Hér gerum við tillögu um 50 millj. kr. Það þarf út af fyrir sig ekki að bæta miklu við þar sem ég hef áður fjallað um fjarkennslu en það er ljóst að fatlaðir þurfa mjög á því að halda að geta einmitt stundað nám sem næst heimili sínu. Þess vegna er mjög brýnt að unnið sé sérstaklega að eflingu fjarkennslu fyrir fatlaða. Þarna þarf að að sjálfsögðu að vinna margvíslegt þróunarstarf og bæta tækjakost jafnt hjá þeim sem koma til með að kenna og þarf nauðsynlega að fara yfir það líka hvort ekki sé eðlilegt að fatlaðir fái einnig aðgang að tækjum. Þetta er sem sagt hlutur sem mikilvægt er að fara í og reyna að finna hið rétta form á.

Í 11. tölulið er fjallað um 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra, 6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þar er í raun og veru um tvær tillögur að ræða, annars vegar upp á 372 millj. og hins vegar um 25 millj. eða samtals 397 millj. kr. Tillagan um 372 millj. er um að ekki verði um að ræða skerðingu á mörkuðum tekjustofni, þ.e. erfðafjárskattinum, heldur fái Framkvæmdasjóður fatlaðra alla þá upphæð sem innheimtist í skattinum.

Hins vegar eru 25 millj. kr. hugsaðar sem stofnkostnaður vegna hvíldarheimilis fyrir geðveik börn en það er talið af fagfólki afar brýnt að slíku heimili verði komið á legg en því miður er ekkert slíkt heimili í landinu nú og því er gerð tillaga um 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar á slíku heimili.

Næsti liður sem tillaga okkar er um er 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður, 1.45 Starfsmenntasjóður. Þar gerum við tillögu um að framlag verði aukið um 40 millj. kr. og verði samtals 100 millj. kr. Því miður hefur dregið mjög af þróun mála í gegnum Starfsmenntasjóð og þess vegna lítum við svo á að hér sé mikilvægt skref vegna þess að starfsmenntun, símenntun, endurmenntun, sama hvað við nefnum það, er eitt af hinum brýnu málum nútímasamfélags vegna þess að stöðugt þarf fólk að bæði halda sér við í þekkingu og ekki síður að bæta við þekkingu til að geta skipt jafnvel um starfsvettvang.

Þá er komið að tillögu við liðinn 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi, og töluliðinn 1.32 Hvíldarheimili fyrir geðveik börn. Ég minntist áðan á tillögu okkar um stofnkostnað og hér er gerð tillaga um 25 millj. kr. til rekstrar heimilisins. Við gerum sem sagt ráð fyrir því að það taki til starfa á næsta ári og ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan um mikilvægi þess að slíkt verði gert.

Þá er komið að liðnum 08-204 Lífeyristryggingar, en þar eru tvær tillögur. Það er annars vegar við tölulið 1.26 Afkomutrygging lífeyrisþega, 1. áfangi, 2 milljarðar kr. Þessi tillaga er í anda þeirrar þál. sem liggur fyrir þinginu og flutt er af þingmönnum Samfylkingarinnar með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í fararbroddi. Það er hins vegar ekki ætlunin að þetta nægi til þess að tryggja þá afkomu fyllilega heldur er þetta, eins og segir í textanum, aðeins 1. áfangi.

Síðan er seinni tillagan við þennan lið, 1.27 Afnám tekjutengingar tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka. Það er tillaga um 300 millj. og gert ráð fyrir að sú upphæð dugi til að afnema tekjutengingu tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega.

Frumvarp liggur fyrir þinginu sem hefur margoft verið flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur í broddi fylkingar og vísast til þess frv. um nánari skýringar.

Síðan er komið að liðnum 08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús. Þar er gerð tillaga um 50 millj. kr. og ætlunin er að setja á geðsvið Landspítala – háskólasjúkrahúss vegna framhaldsmeðferðar ungs fólks með geðsjúkdóma. En því miður er algjör skortur á slíkri þjónustu í okkar kerfi núna og hefur m.a. þau áhrif að á barna- og unglingageðdeild er fólk lengur en fagmenn telja kannski nauðsynlegt og telja að ættu frekar að fara í framhaldsmeðferð en það þýddi að hægt væri að taka færri inn á barna- og unglingageðdeildina. Má því segja að skorturinn á slíkri þjónustu skapi ákveðinn tappa í kerfinu sem afar brýnt er að reyna að losa þannig að þessi þjónusta megi eflast eins og þörf er á.

Þá er komið að liðnum 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og þar er töluliðurinn 1.52 Fíkniefnavarnir og þar er tillaga um 100 millj. kr. Vissulega væri hægt að fjalla verulega mikið um fíkniefnavarnir en það eru auðvitað ýmsar hliðar á því máli og hér gerum við tillögu um að settar verði 100 millj. undir þennan lið vegna þess að flestum er ljóst að hér er ekki síst um að ræða heilbrigðisvandamál.

Ég vil aðeins, herra forseti, fá að vitna stuttlega í ágæta grein sem rituð var í blaðið (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Dag fyrir nokkru síðan. Vegna frammíkalls hv. þm. er rétt að geta þess að fyrir stuttu síðan var hér a.m.k. einn hæstv. ráðherra og ekki var annað að sjá á þeim hæstv. ráðherra en hann mundi a.m.k. hlýða á þessa ræðu og ég trúi því að hæstv. ráðherra sé í hliðarsal og hlusti með athygli. (**Gripið fram í:** Og veitir nú ekki af lexíu.) Hárrétt er það hjá hv. þm. að mörgum ráðherrum veitti ekki af alls konar lexíum á ýmsum sviðum.

En ég var að ræða um fíkniefnavarnir ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég get fullvissað hv. ræðumann um að hæstv. sitjandi félmrh. er í húsinu og ég veit til þess að hann hlýðir á ræðu þingmannsins í hliðarsal.)

Þakka þér fyrir, herra forseti, ég taldi þetta fullvíst. En þar sem hv. þm. sem spurði er nýkominn í salinn þá þekkti hann ekki forsögu málsins en við sem vorum hér þegar hæstv. ráðherra gekk hér um sal sáum og vissum að hann mundi að sjálfsögðu hlýða á ræðu þessa a.m.k. til enda. (**Landbrh.:** Ég er hérna með heyrnartæki.) Þótti mér líklegt mjög. Hér gengur hæstv. ráðherra í salinn og fær sér væntanlega sæti í sínum virðulega stól og hlýðir áfram.

Þessi litla tilvitnun sem ég ætlaði að taka úr grein sem rituð var fyrir nokkrum dögum í dagblaðið Dag segir í raun og veru afar mikið um þennan erfiða málaflokk, en þar segir greinarhöfundur að meginvandinn í fíkniefnamálunum sé sá að fólki líði illa. Ég vil taka undir með greinarhöfundi, ég held að það sé meginvandamálið. Þess vegna höfum við ákveðið að setja þessa tillögu undir heilbrrn. vegna þess að þetta er að stórum hluta til heilbrigðismál og við viljum að þessir fjármunir verði nýttir m.a. til þess að sem fæstum líði illa í samfélaginu.

Þá er ég kominn að töluliðnum 09-250 Innheimtukostnaður, 1.21 Hert skatteftirlit. Þessi tillaga tengist að sjálfsögðu þeim lið sem er á undan um auknar tekjur í ríkissjóð vegna þess að samkvæmt upplýsingum sem við höfum aflað okkur er talið líklegt að þær 50 millj. sem hér er gerð tillaga um að fari í hert skatteftirlit eigi að geta skilað nettó í ríkissjóð um 800 millj. kr. og þess vegna er ekki erfitt að færa rök fyrir þessum útgjöldum.

Þá er komið að liðnum 09-811 Barnabætur. Þar gerum við tillögu um að 1.285 millj. viðbót verði við þær tillögur sem eru í frv. og hér erum við fyrst og fremst að gera tillögu

um það að tekjutengingin í barnabótunum verði ekki aðeins til sjö ára aldurs heldur til 16 ára aldurs og þetta er sú tala sem reiknað hefur verið út að eigi að duga til þess miðað við þær aðstæður sem við þekkjum í dag.

Þá er komið að liðnum 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, 6.05 Stjórnarráðsbyggingar. Við gerum ráð fyrir að þessi liður verði lækkaður um 190 millj. Hér er verið að ræða um miðað við skýringar í fjárlagafrv. viðhald o.fl. í stjórnarráðsbyggingum. Við teljum hins vegar að nýjustu afrek sem unnin hafa verið af ráðuneytunum — og ætla ég þá ekki að nefna margar byggingar en vegna þess að nýlega höfum við fengið í hendur býsna miklu skýrslu frá því í ágúst á þessu ári frá Ríkisendurskoðun um framkvæmd við Þjóðmenningarhús, þá teljum við nauðsynlegt að gert verði hlé á slíkum framkvæmdum meðan Stjórnarráðið og þeir sem þar ráða læra af reynslunni.

Herra forseti. Mig langar af þessu tilefni að vitna örlítið til þeirrar skýrslu sem ég nefndi áðan. Hér segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Hér á eftir er fjallað um þau atriði sem betur hefðu mátt fara við framkvæmd endurbóta Þjóðmenningarhúss við Hverfisgötu í Reykjavík ...“ Takið eftir að fjalla á um þau atriði sem betur hefðu mátt fara. Síðan kemur kafli undir fyrirsögninni Lög og önnur fyrirmæli.

„Í lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum kemur fram hvernig staðið skuli að opinberum framkvæmdum. Í handbók um opinberar framkvæmdir sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 1991 eru lög þessi skýrð nánar. Þannig eru til mjög ítarleg fyrirmæli og leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að opinberum framkvæmdum hér á landi.“

Herra forseti. Ríkisendurskoðun telur þörf að láta þetta koma fram í skýrslunni um framkvæmdirnar í Safnahúsinu við Hverfisgötu, að til séu mjög nákvæm fyrirmæli og leiðbeiningar um hvernig eigi að standa að opinberum framkvæmdum í landinu.

Herra forseti, áfram er haldið í skýrslunni:

„Verkkaupi er sá aðili sem tekur ákvarðanir og ber ábyrgð á framkvæmd. Það er hlutverk verkkaupa, þ.e. viðkomandi ráðuneytis og þeirra aðila sem ráðuneytið felur framkvæmd verksins, að sjá til þess að lögum þessum sé framfylgt. “

Herra forseti. Það er kannski nauðsynlegt að vekja athygli þeirra sem ekki vita en viðkomandi ráðuneyti í þessu tilfelli er forsrn., það er forsrn. sem hér er verið að fjalla um. Og með leyfi forseta vil ég vitna áfram til skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Lögin kveða skýrt á um að ekki skuli hefja verklega framkvæmd fyrr en veitt hefur verið til þess heimild á fjárlögum.“

Það er rétt, herra forseti, að vekja athygli á því sem ég las í upphafi að hér er eingöngu verið að tilgreina það sem Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að vekja athygli á að hefði mátt betur fara við þær framkvæmdir sem hér um ræðir.

Áfram segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Vegna verkefnisáætlunar skal lýsa verkaskiptingu vegna stjórnunar, ákvarðanatöku og boðleiðum í verkinu.

Tryggja ber að áætlanagerð byggi á traustum forsendum þannig að ekki þurfi að koma til breytinga á síðari stigum verkefnisins.“

Herra forseti. Ég held að nóg sé lesið í bili varðandi það hvað betur hefði mátt fara við framkvæmd endurbóta Þjóðmenningarhúss við Hverfisgötu. Ég held að ljóst sé og eðlilegt að þeir aðilar sem bera ábyrgð á slíkum framkvæmdum þurfi nú einhvern tíma til þess að meta hvernig betur megi standa að næstu framkvæmdum.

Herra forseti. Það er fleira í skýrslunni sem ég vil fara með. Í kafla sem heitir Ábending og tilmæli segir m.a., með leyfi forseta:

„Ábyrgð og hlutverkaskipting þarf að vera skýr og hún lögð fram með skriflegum hætti. Þannig þarf að vera ljóst hvert sé valdsvið hvers og eins sem verkinu tengist og hver sé vettvangur ákvarðanatöku.“

Þetta segir m.a. í þeim texta þar sem verið er að fjalla um þætti sem Ríkisendurskoðun telur að einkum þurfi að hafa í huga þegar verið er að horfa yfir þær framkvæmdir sem unnar voru við Þjóðmenningarhúsið.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Ákveða þarf með skriflegum hætti í byrjun verks tíðni, form og dreifingu upplýsinga um verkstöðu og fjárhagsstöðu. Þannig sé tryggt að þeir sem ábyrgð bera á verkinu séu ávallt vel upplýstir um stöðu þess.

Ríkið sem verkkaupi þarf að setja sér ítarlegar verklagsreglur og fylgja þeim eftir gagnvart verksala bæði á hönnunar- og framkvæmdastigi ...“

Og áfram, með leyfi forseta:

„Sá aðili innan ríkiskerfisins sem er verkkaupi þarf að tryggja fyrir fram fjárheimildir á hverju fjárhagsári í samræmi við þær fjárhagsskuldbindingar sem hann áformar að gangast undir á hverjum tíma.“

Herra forseti. Hér er vissulega ýmislegt gefið í skyn og ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að ekki hafi verið staðið að verki á þann hátt sem hér segir að lög kveði á um.

Síðasta tilvitnun mín í þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Tryggja þarf að á framkvæmdatíma sé fyrir hendi skilvirkt samtíma kostnaðar- og verkeftirlit.“

Hér er augljóslega gefið í skyn að slíkt hafi ekki verið til staðar. Herra forseti. Ég endurtek tillöguna um að þær 150 millj. sem áætlað er að Stjórnarráðið fari með í viðhald og aðrar framkvæmdir á næsta ári verði geymdar. Það sem ég hef lesið upp um framkvæmdina við Hverfisgötu ætti að duga sem rökstuðningur fyrir því að taka eitt ár til að fara yfir það hvernig til hefur tekist í þessum efnum.

Herra forseti. Þá er ég kominn að liðnum 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Þar gerum við tillögu um að komi nýr liður, 1.49 Frumkvöðlar á landsbyggðinni. Við gerum tillögu um að til þessa verði settar 25 millj. kr. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða vegna þess að eitt af því sem hefur valdið vanda á landsbyggðinni er skortur á frumkvöðlum. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að hlúa að frumkvöðlasetrum þar sem menn hafa ýmsar góðar hugmyndir. Þetta hluti af því sem við teljum að haft geti jákvæð áhrif á þróun byggðar í landinu.

Þá gerum við, herra forseti, einnig tillögu um breytingar á sundurliðun 4. Í fyrsta lagi á lið 47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Þar gerum við tillögu um 200 millj. þannig að fjármagnsgjöldin verði 630 millj. Hér er eingöngu um það að ræða að við gerum tillögu um að niðurgreiðslur vaxta leiguíbúða í félagsíbúðakerfinu verði áfram haldið eins og verið hefur en ekki hætt.

Herra forseti. Síðasta tillaga okkar um breytingu er við 7. gr. Það eru nýir liðir. Það er í fyrsta lagi liður 8.16 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 860 millj. kr. Tillagan er um að ráðuneyti leiti leiða til þess að fara sem best með fjármuni

þjóðarinnar. Við teljum vænlegast að gera það þannig að ráðuneytin fái til þess frítt spil og leiti þeirra leiða sem þau telja vænlegastar til að ná þeim árangri.

Í öðru lagi er töluliður 8.17 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 450 millj. kr. Það hefur áður verið farið í slík átaksverkefni, að reyna að ná niður þessum kostnaði. Það er auðvitað brýnt að svo sé gert reglulega. Þetta er liður sem oft á tíðum vill vaxa nær stjórnlaust. Þess vegna gerum við tillögu um að reynt verði að ná svona um 20–25% niður af þessum lið. Það hefur áður verið bent á að hægt sé að ná býsna góðum árangri á þessu sviði.

Þá gerum við tillögu um það í lið 8.18 að innheimt verði 2.700 kr. gjald á hverja þorskígildislest af úthlutuðu aflamarki, sbr. 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir að þannig innheimtist um 750 millj. kr. sem verði síðan ráðstafað til Hafrannsóknastofnunar 600 millj. kr., til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 20 millj. og til Fiskistofu 130 millj. kr.

Ég gerði áðan grein fyrir því að sértekjur þessara stofnana mundu hækka og hér er skýringin á því. Tillagan er þannig um að hækka örlítið greiðslur til þróunarsjóðsins og ráðstafa á þennan hátt, þ.e. að þær stofnanir sem sinna sjávarútvegi fái þær og með því sé greiddur hluti af kostnaðinum við rekstur þeirra.

Herra forseti. Hér hef ég gert grein fyrir þeim brtt. sem 1. minni hluti gerir við fjárlagafrv. við 2. umr. Það er ljóst að hér er um töluverðar útgaldaaukningartillögur að ræða en eins og ég sagði þá höfum við einnig með tillögur um auknar tekjur, auknar sértekjur og sparnað, með lækkun ýmissa gjalda. Þegar þetta dæmi er gert upp eru tillögur okkar í raun um að aukinn afgangur verði á ríkissjóði um einn milljarð kr. Með því teljum við okkur sýna þá ábyrgð sem nauðsynleg er í því efnahagsástandi sem nú ríkir í landi okkar. Við teljum mikilvægt að menn taki saman höndum um að tryggja hina margumræddu mjúku lendingu.

Herra forseti. Ég vil að lokum fjalla örlítið um nýjung sem nefnd er í fjárlagafrv. og fjallar um að fjölga einkaskólum á landinu. Tillagan er um að sérstakur skóli verði settur á laggirnar með styrk frá ríkinu, þar sem ungmenni eigi að geta lokið námi til stúdentsprófs á tveimur árum en hið almenna eins og flestum er kunnugt eru fjögur ár. Hins vegar er ljóst að mjög margir áfangaskólar í landinu hafa boðið nemendum upp á að ljúka námi á þremur árum. Það hefur verið áhugi á því til fjölda ára innan áfangakerfis skólanna að gera tilraunir með áfangakerfið og þróa áfram þannig að nemendur geti í raun ákveðið námshraða sinn sjálfir svo á því þurfi ekki að hafa miklar hömlur. Áfangakerfið gæti m.a. að sjálfsögðu boðið upp á tveggja ára nám til stúdentsprófs.

Hér er hins vegar augljóslega um sérstakt áhugamál að ræða af hálfu menntmrh. eða ríkisstjórnarinnar. Það er alla vega ljóst að menntmrh. virðist hafa sérstakan áhuga á þessu. Mér er ekki kunnugt um að áfangakerfi skóla hafi fengið tilstyrk ríkissjóðs til að gera þá tilraun sem ég nefndi. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að þegar skólinn er tekinn til starfa fari um 100 millj. kr. á ári í það verkefni.

Ég vil ítreka það sem fram kom fyrr í dag hjá framsögumanni okkar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að hugmynd um einkaskóla af þessari gerð er algjörlega á skjön við stefnumið Samfylkingarinnar. Við munum berjast gegn því með oddi og egg að þessi hugmynd nái fram að ganga. Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. 1. minni hluta við fjárlagafrv.

[21:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er gott að hæstv. starfandi félmrh. skuli vera við umræðuna. Ég kem til með að óska eftir upplýsingum frá honum um ýmislegt sem lýtur að húsnæðiskerfinu. Ég mun einnig beina spurningum til hæstv. fjmrh. og vona að hann komi hingað í þingsalinn til að fylgjast með umræðunni. Hér er hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, og æskilegt væri að varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, ef hann er í húsinu, væri hér einnig viðstaddur.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að hæstv. fjmrh. er í húsinu og auk þess er í húsinu varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson.)

Mér þætti, herra forseti, æskilegt að báðir þessir aðilar væru hér viðstaddir ræðu mína vegna þess að ég óska eftir að gera athugasemdir við ummæli hv. varaformanns fjárln. og harkalegar árásir hans á kennarastéttina sem heyr nú erfitt verkfall og að mínum dómi voru ummæli hans í hæsta máta ósmekkleg og óábyrg.

Ég vil byrja á að fara nokkrum orðum almennt um fjárlögin og vísa þar í nál. hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln. Nefndarálit hans og ræða hér við umræðuna fyrr í dag var um margt mjög athyglisverð. Í ræðu sinni vísaði hv. þm. Jón Bjarnason til laga um fjárreiður ríkisins. Þessi lög voru sett fyrir fáeinum árum og leiddu til nokkurra umræðna hér á þingi sem ég tók ásamt öðrum þátt í og gagnrýndi þessi lög. Nú er að koma í ljós að sú gagnrýni átti við rök að styðjast.

Í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum.“

Nú er að koma í ljós hvernig þessari lagagrein er beitt. Að sönnu þarf samþykki Alþingis að vera fyrir hendi til þess að ráðherra geti deilt út úr safnliðum fjárlaga. En hlutirnir ganga þannig fyrir sig að Alþingi samþykkir safnliði sem ganga til einstakra ráðuneyta og þessir safnliðir fara stækkandi eftir því sem fram líða stundir. Síðan er viðkomandi ráðherra og ráðuneyti hans nánast í sjálfsvald sett hvernig fjármununum er ráðstafað.

Ef við lítum t.d. á fjármuni sem menntmrn. ráðstafar, við skulum segja til framhaldsskóla, þá eru samkvæmt frv. ætlaðar rúmlega 5.631 millj. kr. til 28 slíkra skóla. En á safnlið *til þessara skóla, til þessarar starfsemi, er varið 1.448,5 millj.* Það verður ráðuneytisins og ráðherrans að ráðstafa þessum fjármunum. Það sem í raun er að gerast og hv. þm. Jón Bjarnason hefur vakið athygli á og gerði reyndar einnig í umræðu um fjárlögin hér í fyrra, er hvernig valdið er fært úr þingsalnum inn í ráðuneytin. Þar er valdinu beitt, t.d. til að gera þjónustusamninga m.a. við einkaaðila. Þannig er gefið grænt ljós á svokallaða einkaframkvæmd og einkavæðingu innan almannaþjónustunnar. Við höfum orðið vitni að því hvernig hæstv. menntmrh. hefur beitt heimildum af þessu tagi. Þar höfum við fyrir okkur skýr dæmi um einkaframkvæmd, Iðnskólann í Hafnarfirði svo dæmi sé tekið og aðra starfsemi.

Herra forseti. Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi vekja athygli á og ég er andvígur þessari þróun. Ég er andvígur

þeirri þróun að Alþingi gefi nánast ráðherrum óútfylltan tékka, eins og þetta vinnulag felur í sér. Ég er andvígur þessu og sérstaklega vantreysti ég ríkisstjórninni sem nú situr, eins einkavæðingarglaðri og hún er.

Annað atriði sem ég vildi koma að í mínu máli er einnig almenns eðlis. Það er einu sinni svo að þúsundir einstaklinga eiga allt sitt komið undir fjárlögunum, hvernig okkur tekst til við að ráðstafa og útdeila fjármunum úr almannasjóðum, úr ríkissjóði. Hér vísa ég að sjálfsögðu fyrst og fremst til þeirra sem hafa tekjur til framfærslu úr almannatryggingakerfinu. Á hverju ári horfir þetta fólk með eftirvæntingu, því miður oftar en ekki hin síðari ár með skelfingu, til þess boðskaps sem er að finna í frv. til fjárlaga. Margir voru vongóðir í sumar og haust þegar gumað var af 30 milljarða rekstrarafgangi á fjárlögunum og hugsuðu sem svo að það hlyti að fara svo að menn létu eitthvað af hendi rakna til þeirra hópa sem þeir segjast allir í orði kveðnu styðja en þegar á reynir er svo ekki. Fjárlög ríkisstjórnarinnar eru því miður til marks um að viljinn er ekki fyrir hendi þegar á reynir.

Það er alltaf stór spurning hvernig stjórnarandstaðan á að bera sig að við fjárlögin og afgreiðslu þeirra, hvort menn eigi að setja þar fram ýtrustu kröfur sínar eða hvort menn eigi að fara þar einhvern milliveg í þeirri von að ná einhverjum betrumbótum fram. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ákváðum að fara þá leið. Við treystum því að í einhverju verði komið til móts við kröfur okkar og hér höfum við forgangsraðað.

Áherslur okkar varðandi almannatryggingakerfið hafa jafnan verið mjög skýrar. Við höfum viljað hækka grunngjöldin í lífeyriskerfinu. Þau hafa ekki fylgt launaþróun sem skyldi á undangengnum árum. Það var tímabil þar sem bætur almannatrygginga fylgdu ekki launaþróun yfir höfuð. Síðan var þessu kippt í liðinn að hluta til, reyndar með formúlu sem er ekki svo ýkja slæm, að bætur almannatrygginga skuli fylgja öðru tveggja: almennri launaþróun eða verðlagi. Í þessu er ákveðin vörn á kreppu- og samdráttartímum. Ef kaupmáttur skreppur saman eru almannatryggingarnar að vissu leyti varðar með viðmiðun í neysluvísitölu í verðlagi.

Reyndar hef ég sýnt fram á að í fyrra hafi bætur almannatrygginga fylgt hvorugu þrátt fyrir lögin. Ekki munaði miklu en sýnir nánasarskapinn á stjórnarheimilinu að láta menn ekki einu sinni njóta þess sem er bundið í lögum. Það er önnur saga og við höfum oft rætt það og ég ætla ekki að fara nánar yfir það nú.

Við höfum lagt áherslu á að bætur almennt fylgi almennri launaþróun og við höfum viljað hækka þær.

En það sem við gerum í tillögum okkar er að forgangsraða enn lengra niður í grassvörðinn og tökum út þann þáttinn sem okkur þykir brýnast að taka á. Hvað er það sem okkur þykir brýnast að taka á? Jú, það er tekjutenging örorkubóta við tekjur maka. Þessu er þannig háttað að öryrki, sem hefur engar tekjur aðrar en úr almannatryggingakerfinu, getur fengið hæst um 70 þús. kr. Ef hann er í sambúð eða er giftur hrapa tekjur hans úr almannatryggingakerfinu niður í um 48 þús. kr. Síðan tekur við tekjutenging við tekjur makans og ef þær eru sem einhverju nemur, og við erum þó ekki að tala um mjög háar launagreiðslur, þá geta bætur örorkuþegans farið niður í um 17, 18 þús. kr. á mánuði sem eru ekki einu sinni vasapeningar fyrir fullorðna manneskju.

Þetta höfum við litið á sem nánast mannréttindabrot. Við teljum brýnast allra verkefna í almannatryggingakerfinu að ráða á þessu bót. Við leggjum þess vegna fram tillögu um upphæð, 320 millj. kr., til að færa þetta til betri vegar. Þetta er forgangstillaga okkar, við viljum forgangsraða á þennan hátt. Við flytjum saman um þetta tillögu, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, og ég. Að sjálfsögðu standa þingflokkar okkar beggja að baki tillögunni þótt eingöngu nöfn okkar tveggja séu á henni.

Annað mál sem mjög brýnt er að finna lausn á eru húsnæðismálin. Húsnæðismálin eru í mjög miklum ólestri. Ég svipast nú um eftir hæstv. starfandi félmrh., Guðna Ágústssyni, hvort hann er á svæðinu og í salnum og vill tjá sig um þetta efni vegna þess að hér þarf að skýra málin. Hér er að vísu hæstv. fjmrh. og hér er vissulega formaður fjárln. en hvers vegna skyldi ég spyrja um hæstv. félmrh. einnig?

Jú, það er vegna þess að um þetta er ágreiningur í ríkisstjórninni. Um afskaplega fá mál er deilt í ríkisstjórninni og í rauninni ættum við að nota tækifærið við þessa umræðu og óska Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, til hamingju með samstarfsaðila sína í ríkisstjórn, óska honum til hamingju með Framsfl., að eiga jafn leiðitaman og góðan félaga og Framsfl. er í fjárlagasmíðinni, í allri einkavæðingunni, í öllum niðurskurðinum og í allri sölunni á þjóðareignum.

Hér kom áðan formaður fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, og ræddi um hvað þyrfti að selja á næstunni af sameiginlegum eignum okkar. Ég vil því nota tækifærið og óska hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde innilega og hjartanlega til hamingju með þennan samstarfsaðila í ríkisstjórn en því miður get ég ekki beint samsvarandi hamingjuóskum til þjóðarinnar vegna þess að sú stefna sem hér er fylgt og þessir tveir flokkar fylgja er því miður ekki í anda þjóðarhags.

En það sem ég vildi spyrja um er ýmislegt sem mér finnst vera mjög óljóst í sambandi við húsnæðismálin. Þegar við breyttum húsnæðiskerfinu árið 1998 var gerð breyting á lögum um húsnæðismál. Hvað gerðist þar? Það sem gerðist þar var að félagslegar lausnir voru lagðar af, félagslega kerfið var í reynd lagt niður. Félagslega kerfið hefur verið að þróast hér um áratuga skeið, verkamannabústaðir, kaupleiguíbúðir í margvíslegu formi, en félagslegt var það. Stuðningur frá hinu opinbera til að auðvelda tekjulágu fólki að koma yfir sig þaki, hvort sem var í eignaríbúð eða leiguíbúð. Þetta var að verulegu leyti gert í gegnum vaxtakerfið með því að láta þá sem fóru inn í félagslegt húsnæði njóta lægri vaxta en gerðist almennt á markaði.

Með þeirri breytingu sem gerð er á húsnæðiskerfinu 1998 er horfið af þessari braut. Nú er farið með alla vexti inn á markað. En það eru engu að síður aðilar í þjóðfélaginu sem sjá skjólstæðingum sínum fyrir félagslegu leiguhúsnæði á bærilegri kjörum en gerist almennt á markaði. Ég nefni Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg, námsmannasamtökin og margvísleg samvinnufélög. Þessi félög hafa fram til þessa notið lægri vaxta. Félagslegir vextir til húsnæðislána hafa að vísu farið hækkandi á seinni árum, fyrir allmörgum árum voru þeir 1%, fóru í 2,4% þar er einhver flokkur enn þá til og 3,2%, annar flokkur.

Frá þessu á að hverfa en í áföngum vegna þess að í bráðabirgðaákvæði sem fylgdi með lögunum frá 1998 segir að til ársloka árið 2000 skuli unnið að því að finna hvernig framtíðarlausn verði fundin.

Ekki er vitað hvað verði gert. En á bls. 489 í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Samtals er gert ráð fyrir að lána 3.650 millj. kr. til leiguíbúða og annarra lánaflokka árið 2001 en í fjárlögum er gert ráð fyrir 2.364 millj. kr. Aukningin skýrist fyrst og fremst af

áformum um að auka framboð leiguíbúða frá því sem verið hefur. Af þessari fjárhæð er áætlað að lán til nýrra leiguíbúða nemi 3.150 millj. kr. á árinu 2001. Þá er miðað við að veitt verði 90% lán til kaupa á allt að 500 íbúðum sem kosta að meðaltali 7 millj. kr."

Hér er verið að tala um framlag eða lán úr ríkissjóði til að reisa leiguíbúðir og þarna eru nefndar 500 íbúðir. En þetta er lán og lánið á að vera á markaðsvöxtum. Hvernig verður þá hinn félagslegi stuðningur? Hvernig verður tekið á bráðabirgðaákvæðinu frá 1998?

Flettum upp á öðrum stað í fjárlagafrv., að þessu sinni á bls. 407. Hér segir, með leyfi forseta:

„Loks er 50 millj. kr. fjárveiting á lið 205, Leiguíbúðir til húsaleigubóta eða til stofnkostnaðarstyrkja. Niður fellur af sama lið 100 millj. kr. tímabundin fjárveiting samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál um niðurgreiðslu vaxta til leiguíbúða fram til ársloka 2000."

Stuðningurinn virðist hafa verið 100 milljónir, fer niður í 50 millj. kr. (Gripið fram í.) Styrkur? Ja, ekki endilega vegna þess að hér segir að annaðhvort séu þetta húsaleigubætur eða stofnkostnaðarstyrkir. Óljóst er hvaða form verður á þessu. En að minnsta kosti er gert ráð fyrir að helminga þá upphæð sem áður var 100 milljónir, fara með hana niður í 50 millj. kr. Spyr sá sem ekki veit: Er þetta allur stuðningurinn sem á að veita við félagslegt leiguíbúðahúsnæði í landinu? Þess vegna segi ég það, herra forseti: Er þetta er rétt skilið hjá mér? Ég óska einfaldlega eftir skýringum og væri fyrstur manna til að fagna því ef þetta væri byggt á misskilningi hjá mér en ef þetta er allur stuðningurinn þá verð ég að segja að mér finnst þetta gróft sjónarspil og nánast sjónhverfingar.

Þó að það sé vissulega fagnaðarefni að sett verði lánsfjármagn til að reisa leiguhúsnæði mun þetta ekki leysa vanda tekjulægsta fólksins í landinu vegna þess að það mun ekki hafa ráð á þessum íbúðum á markaði. Ef við erum að tala um þessar upphæðir er þetta sáralítill stuðningur við hverja íbúð því einhvers staðar í frv. segir að þær muni að meðaltali kosta um 7 millj. kr.

Ég óska eftir skýringum á þessu. Hver verður stuðningur ríkisvaldssins við félagslegt leiguhúsnæði? (**Gripið fram í:** Enginn.) Er hann enginn? Ég bara spyr? Er verið að fara með allt inn á markaðsvexti án þess að nokkur stuðningur komi til sögunnar (**Gripið fram í:** Fá annað þús. á ...), nema þessar 50 millj. væntanlega?

Ég spurði eftir hæstv. félmrh. til þess að hann gæti greint okkur frá sjónarmiðum Framsfl. sem mér skildist einhvern tímann að væru allt önnur en sjónarmið Sjálfstfl. því ég minnist þess að deilur voru milli þessara samrýmdu samstarfsaðila um þó þetta efni. Þeir deildu um þetta efni þó ekki væri deilt um margt annað. Ég óska eftir skýringum á þessu. Hvað ætla menn að gera í húsnæðismálunum? Ef einhvers staðar er vandi í okkar þjóðfélagi þá er það á sviði húsnæðismála. Það eru 2.000 einstaklingar og fjölskyldur á biðlista eftir húsnæði. Í Reykjavík er á sjötta hundrað einstaklinga og fjölskyldna á biðlista eftir húsnæði. Og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér í Reykjavík eru um 300 einstaklingar og fjölskyldur í mjög mikilli neyð vegna húsnæðismála.

Ég ætla undir lok ræðu minnar að koma aðeins nánar að þessum vaxtakjörum og kjörum sem fólki er boðið upp á á húsnæðismarkaðnum, en víkja að öðrum þætti núna.

Þá kem ég að barnafólkinu og tillögum okkar um að bæta kjör þess. Menn hafa verið að monta sig talsvert af umtalsverðum kjarabótum til barnafólks. Menn minnast þess að þetta var eitt af höfuðkosningaloforðum Framsfl. Við í stjórnarandstöðunni höfum hins vegar verið að upplýsa það að jafnvel eftir stöðugt aukið framlag til barnabóta á næstu þremur árum, verða barnabætur að raungildi lægri árið 2003 en þær voru í byrjun tíunda áratugarins. Núna munar 2.000 millj. hvað þær eru lægri að raungildi samkvæmt upplýsingum sem við fengum frá hæstv. fjmrh. hér á þingi í vor. Þetta er staðreynd.

Framsfl. lofaði því að koma með svokölluð barnakort, þ.e. ótekjutengdar barnabætur. Nú kemur í ljós að þetta eru 33 þús. kr. fyrir barn upp að sjö ára aldri. Árið 1997 var ótekjutengdi hluti barnabótanna að meðaltali um 40 þús. kr. fyrir börnin. Kosningaloforð Framsfl. er lægra, talsvert lægra en framlagið, ótekjutengdi hlutinn, var árið 1997. Og ekki nóg með það, vegna þess að núna á ótekjutengdi hlutinn einvörðungu að koma til barna fram að sjö ára aldri en 1997 var það fram að 16 ára aldri.

Hvað mundi það kosta að fara með ótekjutengda hlutann upp í 16 ára aldur? Þá er ég ekki að tala um 40 þús. Ég er að tala um 33 þús. Það mundi kosta tæpar 1.300 millj., um 1.290 millj. Sennilega væri auðveldast fyrir okkur að koma með tillögu um að við settum 1.290 millj. í ótekjutengdar barnabætur. Á það yrði ekki hlustað. Á það yrði án efa ekki hlustað. Við leggjum til 500 millj. Við leggjum til að við förum upp í þetta mark á þremur árum. Það er okkar tillaga.

Síðan kem ég að menntastofnunum og menntageiranum. Þar væri ástæða til að hafa langt mál um ræðu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti í dag og grófar árásir hans á kennarastéttina, bæði framhaldsskólakennara og reyndar einnig leikskólakennara. Við höfum lagt áherslu á að til þess að leysa þá deilu sem nú er í framhaldsskólum landsins, þurfi viðbótarfjármagn að koma til sögunnar. Menn hamra á því að nóg sé að breyta launakerfum, færa yfirvinnu yfir í dagvinnutaxta og þar fram eftir götunum. Það kann vel að vera rétt að einhverjar slíkar kerfisbreytingar þurfi, enda er mér sagt að deiluaðilar séu að ræða slíkt. En það er engin endanleg lausn á þessum málum. Við leggjum til viðbótarfjármagn inn í framhaldsskólakerfið, tölum um 300 millj. kr. sem fari þar inn, og leggjum áherslu á það að til þess að unnt sé að reka menntakerfið sómasamlega, verði að koma viðbótarfjármagn til sögunnar.

Ég minnti á það í andsvari við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem er kominn hingað í salinn og hefur reyndar verið í húsinu allan tímann, að ... (**EOK:** Ég hef ekki hlustað á þig.) Nú þá er kominn tími til að hv. þm. hlusti á mig, vegna þess að ég talaði í upphafi máls míns um mjög ómaklegar árásir hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar á kennarastéttina, stétt sem á í harðvítugu verkfalli. Ég hef bent á að meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara eru 135 þús. kr. Byrjunarlaunin eru að sjálfsögðu talsvert lægri. Ég las grein eftir einstakling ekki alls fyrir löngu sem er með 109 þús. kr., enga yfirvinnu og hefur ekki kost á öðru og er að leita fyrir sér annars staðar.

Nú kann hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og fleiri að benda á að til sé fólk sem sé með lægri laun en þetta og það er rétt. Það er svívirðilegt og úr því þarf að bæta. Staðreyndin er engu að síður þessi, og menn verða að horfast í augu við hana, að það er ekki hægt að reka skólana með því að bjóða upp á þetta kaup. Það er ekki hægt að manna skólana með þessu móti. Og fyrir mann sem er eins glöggur á markaðinn og markaðslögmálin og talar þeirra máli eins og hv. þm.

gerir hér og gerði hér í dag og hefur gert um langt skeið, þá skil ég ekki að hann skuli ekki koma auga á það að þau þurfi hugsanlega á einhvern hátt að leika um þessar stofnanir eins og aðrar.

Nú er ég enginn talsmaður markaðarins. Ég hef viljað nálgast þetta á öðrum forsendum en með markaðslausnum. En ég skil ekki hvers vegna markaðshyggjumaðurinn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sér það ekki að ef ekki er hægt að fá fólk til starfa á þessum launum, þá þurfum við að hækka launin, því að í einu orðinu réðst hann á kennarastéttina og talaði um hana sem óábyrga og óferjandi og í hinu orðinu, fáeinum setningum síðar, var hann farinn að tala um hve rangt það væri að setja einhvern hemil á fjármagnið og gengismálin vegna þess að markaðurinn yrði að stýra öllu.

En það er ekki hægt að reka stofnunina eða fyrirtækið Ísland sem er nú reyndar ekki fyrirtæki, en lítum svo á, sem hv. þm. er ábyrgur fyrir, með þeim launum sem boðið er upp á. Þarf þá ekki að gera eitthvað í því? Þarf ekki að horfa á það raunsæjum augum og taka á því máli? Er lausnin að berja bara höfðinu við steininn, tala um rugl og óábyrgt fólk og tala í prósentum alveg út og suður, 100%? Það var röksemdin sem hv. þm. barði með niður kröfugerð leikskólakennara. Hún er 100%. 100% krafa hlýtur að vera 100% vitlaus. En hvað er fólkið að tala um? Hvaða laun er verið að tala um? Þarf ekki að ræða það? Þarf ekki að ræða það að kennari sem er með að meðaltali í dagvinnulaun 130 þús. kr. getur ekki hugsað sér að starfa á þeim forsendum, getur ekki framfleytt sér á þeim forsendum? Þarf ekki eitthvað að gera í því máli? Ég bara spyr og óska eftir upplýsingum um það hvar maður fari villur vegar. En það er ekki þar með sagt að ég telji ekki að það eigi að hækka aðrar stéttir.

Hv. þm. spurði hvort ekki þyrftu þá einhverjir að lækka. Jú, það eru nefnilega margir sem þurfa að lækka. Það er að verða óþolandi kjaramisrétti í þessu þjóðfélagi. Það er ekkert svo langt síðan að einstaklingur borgaði út í hönd lóð á Reykjavíkursvæðinu með 700 millj. Það var reyndar maður sem er með skatt upp á 30–40 þús. kr. Við höfum dæmi um einstaklinga sem vaða í gulli og í peningum. Við erum hætt að tala hér um milljónamæringa. Við erum farin að tala um milljarðamæringa. Auðvitað þarf þetta fólk að lækka í tekjum vegna þess að þetta fólk er að klóra til sín þjóðarauðinn og kemur í veg fyrir að almenningur í landinu getið notið mannsæmandi kjara.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um þá vá sem viðskiptahallinn á íslenska þjóðarbúinu væri. Það er alveg rétt. Hann er yfir 50 milljarðar ár eftir ár. Er ekki gert ráð fyrir 55 milljörðum, tæpum 8% af landsframleiðslu? Þetta er alvarlegt mál. Og hvernig vill hv. þm. leysa það? Jú, hann vill gera það með því að draga úr kaupmætti þjóðarinnar. En ég spyr: Allrar? Hvaða hluta þjóðarinnar á að skerða kaupmáttinn hjá? Hjá fólkinu sem er með 100 þús. kr. í laun? Á að skerða kaupmáttinn hjá þeim? Hv. þm. andvarpar.

En staðreyndin er sú ... (**Gripið fram í:** Hann stynur.) Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur einmitt komið með tillögu um þetta, þ.e. að skerða kaupmáttinn hjá þeim sem eru á þessum kjörum. Og það gerir hún m.a. með því að hækka tekjuskatt án þess að auka persónuafsláttinn með þeim afleiðingum að skattleysismörkin lækka. Ef tvíburafrumvörpin, frv. um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um tekjuskatt og eignarskatt, ná fram að ganga án þess að persónuafsláttur verði hækkaður, munu skattleysismörkin lækka. Á þriðja þúsund manns sem ekki greiddu skatt munu greiða skatt. Þetta er staðreynd. Þetta er sá hluti þjóðarinnar sem menn ætla að skerða kjörin hjá. Og það er ekki bara gert á þessu sviði. Það er gert á öðrum sviðum líka. Það er t.d. gert með því að þyngja húsnæðisbyrðarnar, byrðarnar vegna óflunar á húsnæði eins og ég gat um áðan og með margvíslegum leiðum öðrum. Skólagjöld eru á uppleið og þannig mætti áfram telja, tilkostnaður við sjúkdóma og annað af því tagi.

Ég ætla í örfáum orðum — ég ætla ekki að halda lengi áfram — að nefna nokkra þætti sem við leggjum áherslu á. Ég hef nú farið yfir þá allmarga. Mig langar til að taka undir það sem aðrir hafa sagt hér. Ég ætla ekkert að fara mjög nákvæmlega í það. En ég vil taka undir mótmæli gegn einkavæðingunni í almannaþjónustunni. Þótt hæstv. menntmrh. sé búinn að koma málum þannig fyrir með góðra vina hjálp að hann hafi úr að moða stærri safnliðum en ella til þess að koma hugðarefnum sínum á þeim sviðum í framkvæmd þá er gengið enn lengra núna vegna þess að hér er lögð til 35 millj. kr. hækkun á framlagi vegna fyrirhugaðra samninga við einkaskóla um framhaldsskólakennslu. Það er verið að bjóða upp á sérstaka hraðferð í einkaskóla. Hér er verið að hverfa frá grundvallarreglu sem Íslendingar hafa verið sæmilega sammála um, þ.e. að ríkið sé ekki að bjóða upp á mismunun af þessu tagi. Ég vil mótmæla þessu. Ég leyfi mér að mótmæla þessu.

Síðasti liðurinn sem ég vil nefna í tengslum við fjárlagafrv. er þetta sérstaka samstarfsverkefni sem viðskrn. á við Verslunarráð Íslands og kostar skattborgara litlar 15 millj. kr. á komandi ári og mun þá alls hafa verið varið 45 millj. kr. til verkefnisins. Hér vísa ég að sjálfsögðu til alþjóðlegra viðskiptafélaga, eins og það heitir fínu nafni, en það er leið til að reyna að lokka fyrirtæki hingað til lands með gylliboðum um lægri skatta en gerast annars staðar. Skattarnir sem þessi alþjóðlegu viðskiptafélög eiga að greiða er ekki 30% tekjuskattur eins og önnur fyrirtæki greiða, nei hann er 5%. Þau eiga ekki að greiða stimpilgjöld og ekki eignarskatta.

Það er rangt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í dag að eina leiðin sem við ættum færa til að tryggja að tekjustofnarnir væru yfir höfuð til væri að laga okkur að alþjóðlegu skattaumhverfi og þá niður á við, skildi ég á honum því hann vildi lækka skattana. Ég mótmæli þessu því að á alþjóðavettvangi eru menn að leita leiða til þess í samræmdu átaki að reisa skorður við niðurboðum í skattkerfum ríkjanna.

Þessi vinna er m.a. unnin á vegum OECD. Þar var hrint af stað framtaki í þessa átt árið 1998. Síðan var haldinn merkur fundur í júní í ár. Þá hafði verið beint erindi til allra svokallaðra skattaparadísa sem bjóða upp á aflandsþjónustu eins og ég held að það heiti að þau virtu einhverjar grundvallarreglur. Tvö ríki innan OECD neituðu að verða við þessum tilmælum strax, það var Sviss og Lúxemborg, Lúxemborg þar sem Kaupþing starfar núna. Þar var opnað í sumar með mikilli viðhöfn. Forseti Íslands var þar viðstaddur. Þar er boðið upp á aflandsþjónustu, sérstaka fyrirgreiðslu fyrir þá sem vilja skjóta sér undan samfélagslegri ábyrgð. Landsbankinn er kominn til Guernsey, hann er með 3 milljarða þar, og Guernsey er eitt þeirra svæða sem neitar að verða við tilmælum OECD. En að sjálfsögðu eigum við að taka þátt í slíkri viðleitni, við eigum að gera það.

Í haust var haldinn fundur á vegum EES. Það var samráðsfundur stjórnmálamanna, aðila vinnumarkaðar úr verkalýðshreyfingu og atvinnurekendasamtökum. Þar var írskum sérfræðingi boðið meðal annarra að halda erindi og hann

sagði að þá fyrst hefði farið að blómgast efnahagslífið í Írlandi þegar skattar þar voru lækkaðir. Þá stóð upp maður og sagði: En hefði Evrópusambandið haft ráð á því að veita ykkur alla þá milljarða í styrki sem raunin hefur orðið á ef skattar í Evrópu væru eins lágir og þið hafið farið niður með þá í Írlandi? Hann lýsti efasemdum og áhyggjum vegna þessarar þróunar. Þetta var norskur íhaldsmaður.

Það eru til ábyrgir stjórnmálamenn sem hafa áhyggjur af þessu og vilja ekki fara þá leið sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson boðaði áðan að við eigum að laga okkur að því allra lægsta sem til er til að styrkja og tryggja að einhverjir skattstofnar séu yfirleitt til.

Auðvitað eigum við að höfða til ábyrgðarkenndar manna, líka fjármálamanna. Við eigum ekki að sýna þeim þetta mikla fyrirlitningu að ekki sé hægt á nokkurn hátt að höfða til ábyrgðarkenndar þeirra.

Að lokum þetta, herra forseti. Menn hafa áhyggjur af fjármagnsstreymi út úr landinu. Mér finnst ástæða til að hafa af því áhyggjur en ég orða hugsanir mínar á annan hátt og á öðrum forsendum en hv. þm. Jón Kristjánsson gerði. Hann sagði áðan að lífeyrissjóðirnir ættu að hugsa um það eitt að greiða lífeyri og ávaxta sitt pund sem þeir gætu allra best. Fyrir fáeinum missirum voru sett lög á Alþingi sem gera lífeyrissjóðunum að ávaxta sitt pund eins vel og þeir mögulega geta með eins hárri ávöxtun og þeir mögulega geta. En það er líka talað um að hún eigi að vera traust og trygg.

Ég var á móti þessari lagasetningu en ég hef reynt að hengja mig í þennan síðari hluta þessara forsendna og spyr: Hvað er trygg ávöxtun? Ég segi: Trygg ávöxtun er sú ávöxtun sem stuðlar að heilbrigðu efnahagslífi á Íslandi. Það er trygg ávöxtun. Þótt við séum að setja peninga í sjóði, lífeyrissjóði, er þetta ekki sparibaukur. Þeir eru ekki bara geymdir þarna uppi á hillu. Þeir eru geymdir í atvinnulífinu og þessa peninga verður að sækja. Þótt við gerum það ekki lengur í gegnum skatta og í gegnumstreymiskerfum þá þurfum við að taka þá út úr skapandi atvinnulífi þegar þar að kemur. Þess vegna þarf atvinnulífið að standa traustum fótum.

Á þennan hátt eiga lífeyrissjóðirnir að hugsa og á þennan hátt ber þeim að hugsa en ekki að hugsa þröngt um ávöxtun á sínu pundi. Það er í þessu samhengi sem við eigum að hafa áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir fari með mikla fjármuni út úr landinu.

Að sönnu eru ákveðin rök fyrir því að þeir dreifi vel áhættu sinni og að sjálfsögðu er það að mörgu leyti tryggara að hafa alla jarðkringluna undir í stað þess að hafa okkar litla efnahagskerfi. Það er alveg rétt. En mér finnst umræðan um lífeyrissjóðina hafa verið svolítið á villigötum vegna þess að vandinn við fjármagnsstreymi lífeyrissjóðspeninga út landi hefur ekki verið sá, eins og einhver orðaði það, að það hafi verið þensluvaldandi í sjálfu sér, þvert á móti. Með þessu móti hafa fjármunir verið teknir út úr hagkerfinu sem er að mörgu leyti gott við þær aðstæður sem við búum við núna. En þessir fjármagnsflutningar hafa veikt gjaldmiðil okkar og til lengri tíma litið veikja þeir efnahagslíf okkar þegar við færum þetta mikla fjármuni út úr landinu.

Mér finnst að lífeyrissjóðirnir sem við eigum reyndar öll að hugsa á ábyrgan hátt um viðgang og vöxt atvinnulífsins. Það sem mér finnst vera mest áhyggjuefni í íslensku atvinnulífi nú um stundir er sú okurvaxtastefna sem hér er rekin.

Í Morgunblaðinu í dag segir frá því hverjir vextir eru. Hér segir að kjörvextir, þ.e. vísitölubundin lán eru 7,75%, hæstu vextir 9,75%. En hér er talað um óverðtryggða víxilvexti, þeir eru í kringum 20%. Og ef við tökum verðbólguna frá þá erum við að tala um 15% í raunávöxtun.

Hvað þýða 20% vextir? Það er 200 þús. kr. á milljónina. Það er milljón fyrir 5 milljónir sem verið er að greiða í leigu á fjármagninu á einu ári. Hvers konar brjálæði er þetta orðið?

Ef það gengur lengi að fjármagn í þessum mæli er flutt frá atvinnurekstri og heimilum yfir til fjármagnseigenda þá stefnir hér í mikinn voða. Það er í þessu ljósi sem ég las með nokkurn ugg í brjósti ræðu Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, en hann benti á að útlánaaukning frá árinu 1998 hefði að jafnaði verið 25–30% og sambærileg aukning útlána á árunum 1996 og 1997 hafi verið 12%. Síðan segir hann hér, með leyfi forseta:

„Að mati Fjármálaeftirlitsins er ljóst að svo mikil útlánaaukning langt umfram aukningu þjóðarframleiðslu stenst ekki til lengdar."

Það er þetta sem ég vil gera að lokaorðum mínum, herra forseti. Þegar litið er á efnahagsmálin finnst mér þessar miklu tilfærslur í þjóðfélaginu frá heimilum og frá atvinnurekstri yfir til fjármagnseigenda, yfir til fjármagnsins vera mest áhyggjuefni nú um stundir. Mér finnst það vera sameiginlegt viðfangsefni okkar allra að reyna að ráða á einhvern hátt á þessu bót þótt ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi hafi því miður verið að setja ýmis lög og lagabálka sem torvelda okkur að láta skynsemina ráða í þessum efnum sem því miður allt of mörgum öðrum.

[22:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. kom inn á húsnæðismálin í yfirgripsmikilli ræðu. Ég vil taka það fram að við í fjárln. höfum ekki rætt húsnæðismál í undirbúningi 2. umr. málsins. Við hyggjumst halda fund með Íbúðalánasjóði á morgun til að ræða þau mál og fara yfir aðgerðir í húsnæðismálum en mér er kunnugt um að þau mál sem hann gerði að umtalsefni eru til umræðu enn þá og niðurstaða liggur ekki fyrir hvað tekur við um áramótin þegar sú breyting á vöxtum sem hann kom inn á tekur gildi. En við 3. umr. munum við taka þau mál sérstaklega til umræðu.

Hann kom einnig inn á barnabæturnar og reyndi að gera lítið úr þeim feikilega miklu úrbótum sem gerðar hafa verið fyrir barnafólk upp á síðkastið. Það er nú þannig að við tekjutengingu barnabóta lækkuðu þessar upphæðir, það er ljóst. Það var einmitt vegna þess að tekjur fólks hækkuðu. Ég tók það fram í dag að kaupmáttur hefur aukist um 23% frá árinu 1995, hvorki meira né minna. Þetta varð til þess að þessi mörk gerðu það að verkum að upphæðirnar lækkuðu.

Nú er verið að snúa við og hluti barnabótanna er ótekjutengdur. En ég vil nú spyrja á móti: Er hv. þm. þeirrar skoðunar að allar barnabætur eigi að vera ótekjutengdar? Er það skoðun hans?

Ríkisstjórnin tók skref og þess vegna spyr ég: Er hv. þm. þeirrar skoðunar að afnema eigi tekjutengingarnar með öllu?

[22:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., svörin. Mér finnst það í senn gott að menn skuli ekki vera búnir að afgreiða húsnæðismálin vegna þess að það væri áhyggjuefni ef sú lausn sem hér liggur á borðinu væri það sem við ættum að búa við á næsta ári. En ég segi í senn gott og senn slæmt og áhyggjuefni að fjárln. skuli ekki

hafa tekið á þessum alvarlega vanda fram til þessa. Ég held að vandinn í húsnæðismálum sé einn alvarlegasti vandinn sem við búum við í þjóðfélagi okkar nú um stundir.

Varðandi barnabæturnar var ég ekki að gera lítið úr einu eða neinu. Ég var að setja málin í samhengi. Ég var að vísu að draga svolítið úr háttstemmdum yfirlýsingum sem hafa einkum komið frá Framsfl. og vekja athygli á því að eftir að aukningin kemur til sögunnar á næstu þremur árum eins og fyrirhugað er verðum við ekki með barnabætur eins miklar að raungildi og þær voru fyrir 10 árum. Ég vil vekja athygli á þessu. Ég vil vekja athygli á því að ótekjutengdar barnabætur, sem koma nú til barna fram að 7 ára aldri, verða um 33 þús. kr., eru lægri en þær voru 1997. Þá var ótekjutengdi hlutinn að jafnaði 40 þús. og var til allra barna til 16 ára aldurs. Ég er að vekja athygli á þessu.

Hv. þm. spurði hvort ég vildi að allar barnabætur væru ótekjutengdar. Ég vil draga úr tekjutengingunni. Ég er ekki tilbúinn að ganga alla leið í því efni. Ég vil t.d. styrkja stöðu einstæðra foreldra. Mér finnst að þeir eigi að fá meira en þeir sem eru í sambúð. En ég hef stundum talað fyrir því að það eigi að fara aðrar leiðir í tekjutengingunni en við gerum núna. Ég kem kannski inn á það í síðara andsvari mínu.

[22:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili ekki við hv. þm. um upphæð barnabótanna fyrir tíu árum. Hins vegar er það staðreynd að tekjur fólks og kaupmáttur er miklu hærri en fyrir tíu árum. Það er meginmálið í þessu sambandi. Við erum að bæta kjör barnafólks núna til viðbótar við mikla kaupmáttaraukningu. Það er meginmálið finnst mér.

Varðandi lífeyrissjóðina hins vegar, svo að ég komi að því af því að ég hafði ekki tíma til þess í fyrra andsvari mínu, þá sagði hv. þm.: Hvað er trygg ávöxtun? Það er að stuðla að heilbrigðu efnhagslífi innan lands og sterkum fyrirtækjum innan lands. Ég er alveg sammála honum um það. Við getum verið sammála um að langbest væri ef lífeyrissjóðirnir gætu ávaxtað pund sitt hér í sterkum fyrirtækjum. En þá verður líka að skapa fyrirtækjunum góð skilyrði. Þá getum við ekki, eins og Samfylkingin gerir, lagt fram tillögur um aukna skatta á fyrirtæki sem eru í bullandi taprekstri. Ekki er álitlegt fyrir lífeyrissjóðina að kaupa hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum sem núna eru í bullandi taprekstri. Ég er hins vegar sammála hv. þm. um að tryggasta ávöxtun og hugnanlegasta fyrir lífeyrissjóðina er að fjárfesta í öflugu innlendu atvinnulífi. Það held ég að allir geti verið sammála um.

[22:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka þá afstöðu okkar að við viljum draga úr tekjutengingu í barnabótakerfinu. Ég hef stundum haft orð á þeirri einkaskoðun minni að hugsanlega eigum við að fara inn á jafnar greiðslur. Ég hef stundum orðað þá hugsun þannig að fella eigi tekjutenginguna inn í tekjuskattskerfið, þ.e. taka tekjutengingu inn með þeim hætti. Ég ætla að fara varlega í að orða þessa hugsun en ég hef stundum velt því fyrir mér hvort bætur og millifærslur í skattkerfinu ættu ekki að vera skilgreindar sem almennar tekjur og hvort einhverri tekjutengingu yrði ekki komið á með þeim hætti.

Ég held, hv. þm. Jón Kristjánsson, að forsenda þess að hér sé kröftugt efnahagslíf sé að jöfnuður og réttlæti ríki í þjóðfélaginu og í efnahagskerfinu almennt. Það sjónarmið þolir alveg að fyrirtæki beri ívið þyngri skatta en þau gera núna. Fyrir tíu árum síðan var tekjuskattur fyrirtækja um 50% en er kominn niður í 30%. Menn hafa lækkað skatta á fyrirtækjum með ýmsum hætti en aukið álögurnar á einstaklingana á móti. Ég tel að þarna sé ójafnvægi sem við þurfum að leiðrétta.

Ég legg áherslu á þetta: Við viljum draga úr tekjutengingunni í barnabótakerfinu en ég ítreka að gæta þarf betur að hag þeirra sem lökustu tekjurnar hafa. Þá horfi ég sérstaklega til einstæðra foreldra.

[22:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að hv. 13. þm. Reykv. þyki ég nokkuð kaldhæðinn og kaldlyndur. En svo er ekki. Það er alls ekki svo. Eini munurinn á því sem ég hef sagt um þá ágætu starfsstétt framhaldsskólakennara og því sem aðrir hafa sagt, það sem ég skulda þeim eða þeir skulda mér fyrir, er sá að ég hef verið hreinskilinn í málinu. Ég hef greint nákvæmlega frá því hvernig ég skynja það, nákvæmlega eins og ég þykist þekkja þetta þjóðfélag og reynt að segja þeim satt. Mér finnst þó skárra að einhverjum svíði undan því, að einhver kunni að hugsa mér þegjandi þörfina og bölvi mér, ég vil heldur segja fólki satt þó að það sé sárt en segja því ósatt.

Við vitum öll, herra forseti, hvernig ástandið er í íslensku efnahagslífi. Ég hef bara spurt spurningarinnar: Hver á ekki að hækka? Ég hef ekki á nokkurn hátt vefengt útreikninga Félags framhaldsskólakennara. Mér hefur ekki dottið í hug að fara ofan í þann samanburð eða vefengja að það sem þeir velja sér til samanburðar sé rétt. Þeir hafa hundruð stærðfræðinga í félagi sínu og hljóta að finna sér viðmiðun sem passar þeim. En ég tel rétt, herra forseti, þegar við ræðum fjármál ríkisins og efnahagsmálin, að segja þessa sögu alla. Það er hvorki stund né staður til að hækka laun, ekki um 10%, hvað þá um 70 eða 100%. Kann nú ýmsum að sárna en ég tel rétt að tala svona.

[22:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver á ekki að hækka? Það eru ýmsir sem ekki eiga að hækka. Það hefur t.d. komið fram að vegna ákvæða í skattalögum, um að menn geti frestað skattlagningu á söluhagnaði af eignarhlut í hlutafélögum, hafi menn komist hjá því að greiða skatt af 20 milljörðum kr. á tveimur árum, bara svo dæmi sé tekið.

En fyrst hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vill vera hreinskilinn og segja mönnum hreint út hvað sé rétt og rangt, hvað sé skynsamlegt, hvað ekki og hvað sé mögulegt, þá vil ég beina því til hv. þm. að hann tali hreint út við hæstv. ráðherra í ríkisstjórn og bendi þeim á, vegna þess að hann er áhugamaður um markaðslögmálin, að ef ekki er hægt að manna skólana og ráða fólk þar til starfa á þeim kjörum sem boðið er upp á þá þurfi að breyta um kúrs, bara út frá einfaldri og kaldri markaðshyggjunni einni saman. Til þess að geta ráðið fólk til starfa þarf að hækka launin og þá þarf viðbótarfjármagn að koma til sögunnar. Ég trúi því ekki að hann vilji horfa upp á félaga sína í ríkisstjórn berja hausnum við steininn þegar hann sér að markaðslögmálin ganga ekki lengur upp.

[22:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég og hv. 13. þm. Reykv. værum sammála um að mjög margt í ríkisrekstrinum væri þess eðlis

að það teldist ekki til markaðarins. Ríkið hlýtur að vera, á því þjónustusviði sem það velur sér að vinna, miðstýrt.

Ég fullyrði að sú umræða um launakjör sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu er að mörgu leyti mjög afbökuð. Þrátt fyrir allt hafa starfsmenn ríkisins upp til hópa fengið meiri kauphækkanir en starfsmenn hins almenna markaðar. Auk þess var í desember 1997 komið á sérstökum kjarabótum til ríkisstarfsmanna gagnvart lífeyrissjóðsmálum. Ríkisstarfsmenn hafa fengið miklu meiri hækkanir í lífeyrismálum en aðilar hins almenna markaðar. Ég ætla að þessi hækkun nemi í dag á milli 80.000 og 90.000 millj. Þar er mjög mikið misrétti gagnvart eldra fólki þegar ríkisstarfsmenn eiga nú von á að njóta miklu betri ellilífeyriskjara en almennir borgarar.

Við núverandi kringumstæður væri það gríðarlegur ábyrgðarhluti, hvernig svo sem skiptingu launa milli ríkisstarfsmanna er háttað, ef ríkið hækkaði laun hvaða stéttar sem er umfram það sem Alþýðusamband Íslands samdi um í mars. Það er alveg sama hversu réttlát eða ranglát launin eru, hvaða samanburð stéttirnar velja sér, hvort sem það er hin ágæta stétt kennarar eða aðrir. Það er alveg sama. Það mundi hafa í för með sér gríðarlegar kröfur sjómanna, bænda, verkamanna, verslunarmanna og allra starfsstétta landsins. Við mundum stefna okkur í hreinan voða með því.

[22:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að við eigum ekki að innleiða markaðslögmálin í almannaþjónustu sem ríkisstjórnin er því miður að gera, eins og ég hef gert grein fyrir og margir aðrir í umræðu um fjárlögin. Ég held að það sé afskaplega varasamt að reyna að draga þjóðina í dilka með þeim hætti sem hv. þm. gerir. Við erum að tala um almennt launafólk hvort sem það starfar hjá ríki eða öðrum. Ef kröfur kennara geta orðið til að stappa stálinu í launastéttir sem búa við of kröpp kjör þá held ég að það væri ágætt og tími kominn til að sporna gegn þeirri öfugþróun sem við búum við. Við horfum upp á það að tiltölulega fámennur hluti þjóðarinnar er farinn að klóra til sín allan þjóðarauðinn. Við sjáum hvert dæmið á fætur öðru um það.

Staðreyndin er að það er ekki lengur hægt að manna skólana með þeim kjörum sem þar er boðið upp á. Meðaldagvinnulaun í framhaldsskólum landsins eru um 130 þús. kr. Byrjunarlaunin eru talsvert lægri en þetta. Þetta eru staðreyndir sem menn þurfa að horfast í augu við og við erum einfaldlega að vekja máls á staðreyndum og hvetja menn til að taka á þessum málum á raunsætt og af sanngirni.

[22:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þeim sem hér stendur er nokkur vandi á höndum. Í aðalatriðum hafa farið fram tvenns konar umræður í dag. Annars vegar hafa verið fluttar ræður sem fjalla um einstök verkefni í frv. og hins vegar ræður um almenn áhrif þess, um almenn efnahagsmál, horfur í þeim og áhrif fjárlagafrv. á þau.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hlýtur að vera grunnstef fjárlagafrv. Því er eðlilegt að það sé skoðað í samhengi við yfirlýsingar ráðherranna um stefnuna. En ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa talað fullum hálsi um að þeir beiti ríkisfjármálunum af fullum krafti til að halda aftur af þenslu. Þess vegna er athyglisvert að skoða hver ríkisútgjöldin voru þegar þessi ríkisstjórn tók við og hver þau eru núna. Í ljós kemur að á árinu 1994 voru ríkisútgjöldin um það bil 134 milljarðar. Nú eru menn að tala um 210 milljarða útgjöld, og það á sama verðlagi, þ.e. á verðlagi ársins 1999. Umfang ríkisútgjaldanna hefur aukist þetta mikið á þessum tíma, um hátt í 70 milljarða. Það segir sína sögu um aðhaldið sem hér hefur verið talað um af hálfu stjórnarliða.

Auðvitað er sumt af þessari aukningu óhjákvæmilegt, svo sem í heilbrigðismálum. Hins vegar er sárt að sjá að á sama tíma og veður á súðum í ríkisfjármálum þá er framlag til menntamála ekki aukið eins og þyrfti að vera. Samfylkingin hefur lagt fram tillögur sínar um úrbætur í menntamálum og þar er full ástæða til að gera betur. Í þessum tveimur málaflokkum, þ.e. í heilbrigðismálum og menntamálum, ætti helst að halda uppi kraftinum en draga saman á öðrum sviðum. Af málinu í heild má sjá að ekki er um neitt aðhald að ræða í ríkisútgjöldum nema í menntamálum þar sem allt er í svartasta lágmarki.

Hægt er að segja um frv. í heild að allt fram streymi endalaust. Allir sem hafa til þess hugmyndaflug að biðja um peninga virðast fá úrlausn hjá ríkisstjórninni og fjárln. Hver er þá bakgrunnur þessa fjárlagafrv.? Er staða ríkissjóðs svo góð að hann standi til frambúðar undir sambærilegum útgjöldum og nú eru? Nei, afgangurinn sem stjórnarliðar hæla sér af er til kominn vegna tekna af þenslu, innflutningi vegna hennar, vegna ofurspennu á vinnumarkaði og þar af leiðandi hærri tekna einstaklinga og fyrirtækja. Ljóst er að þegar dregur úr spennu í atvinnulífinu, sem gerast verður á næstunni ef ekki á illa að fara, munu tekjur ríkissjóðs dragast mikið saman og falla niður í það sem þær voru fyrir þremur til fjórum árum síðan. Að öðru óbreyttu mundi það hafa í för með sér að annaðhvort yrði að hækka skatta verulega eða skera niður ríkisútgjöld.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að óbreyttir tekjustofnar verði til staðar hjá ríkissjóði fram í tímann. Það er vegna þess að ríkissjóður er með úrelta tekjustofna sem ekki er hægt að draga lengur að breyta. Þar má nefnda eignarskatta en ítrekað hefur komið fram í umræðum hér á hv. Alþingi að almennt sé talið rétt að leggja þá af til samræmis við skatta í nágrannalöndunum. Einnig má nefna stimpilgjöld, skatt sem er úreltur fyrir löngu og hefur reyndar aldrei haft eðlilegan rökstuðning nema kannski á þeim tíma sem verðbólgan geisaði mest. Þá voru forréttindi að fá að taka lán. Í dag eru stimpilgjöld ósanngjarn skattur sem styðst ekki við neinn eðlilegan rökstuðning. Það hefur líka komið ítrekað fram að stjórnarliðar vilja lækka skatta á atvinnulífið. Síðast í kvöld komu yfirlýsingar frá hv. þm. stjórnarliðsins um þetta.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt hér miklar ræður um það í kvöld að lækka þyrfti skatta á atvinnulífið til að gera það samkeppnishæft og tryggja efnahagslega stöðu í landinu. Verði sömu flokkar við völd áfram virðist augljóst að tekjugrunnur ríkissjóðs muni rýrna mjög á næstu árum. Hvaða líkur eru á að það verði samdráttur í efnahagslífinu? Það eru menn ekki sammála um en ég tel að samdrátturinn verði annaðhvort mikill og harkalegur núna, sem hefði það í för með sér að staða banka, fjármálastofnana, hlutabréfaeigenda og annarra yrði í verulegri hættu eða, og það er að mínu viti líklegra, að enn erfiðari samdráttartími komi síðar. Ég tel það líklegra vegna þess að ég held að sameiginlegir hagsmunir ríkisstjórnarinnar, fjármálafyrirtækjanna og þeirra sem spila efnahagspókerinn í þessu landi muni duga til að koma í veg

fyrir að raunverulegt gengi krónunnar komi í ljós. Ég held að áframhaldandi viðskiptahalli og sala á eignum ríkisins til útlendinga muni halda efnahagskerfinu gangandi um sinn.

Það er ljóst að samdráttur útlána og verulegt gengisfall mundi rústa fjármálakerfinu á Íslandi í dag. Bankarnir og fjármálastofnanir í landinu hafa lánað fjármuni með þeim hætti á undanförnum missirum að þær mundu ekki þola mikið gengisfall. Það liggur fyrir að bankarnir og aðrar fjármálastofnanir hafa lánað gífurlega fjármuni til hlutabréfakaupa. Þessi hlutabréf hafa verið keypt fyrir erlent lánsfé sem flutt hefur verið inn. Ef þessir aðilar verða fyrir miklum skakkaföllum þá munu þeir ekki geta borgað þessi lán. Veð bankanna í skuldabréfunum og hlutabréfunum munu ekki ganga upp í lánin.

Svo langt hafa menn gengið í þessari lánastarfsemi að þeir hafa lánað meira til hlutabréfakaupa en tekið minni veð í hlutabréfum en þeir taka í húsbyggingum í landinu. Svo langt hefur það gengið að allt að 90% af verði hlutabréfa hefur fengist lánað í bönkum. Verðfall á hlutabréfum í kjölfar fjármálakreppu sem upp kæmi ef gengið félli hefði það í för með sér að þessar eignir væru í mikilli hættu.

Eitt er ótalið sem skipta mundi sköpum fyrir gjaldeyrisstöðuna og viðhalda áframhaldandi spennu á vinnumarkaðinum. Það er stækkun álversins í Hvalfirði og uppbygging virkjana í tengslum við þá stækkun. Væri ekki góð niðurstaða að komast yfir þennan hjalla, þessi vandamál, með því að koma í veg fyrir að erlent gengi krónunnar kæmi í ljós, með því að að auka áfram á viðskiptahallann og flytja inn peninga? Ég held að það væri ekki góð niðurstaða. Ég trúi ekki á þessa stefnu. Að treysta á skuldasöfnun í formi viðskiptahalla til að fullnægja gjaldeyrisþörfinni er ekki góð tilhugsun til lengri tíma.

En það eru önnur ráð sem menn hafa minnt á að kæmu til greina og hv. þm. Framsfl. eru að komast á það stig að samþykkja þau ráð sjálfstæðismanna í ríkisstjórn. Ráðið er að selja eignir ríkisins til að fjármagna þennan vanda, fjármagna þörfina fyrir gjaldeyri. Það heyrist æ oftar nefnt að selja eigi Símann til útlendinga. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson svaraði fyrir það mjög hressilega í dag, að hann hefði skrifað undir það fyrir löngu síðan og það hefðu allir sem skrifuðu upp á EES-samninginn gert.

Ég hef út af fyrir sig ekki þannig tilfinningar gagnvart neinu ákveðnu fyrirtæki af þessu tagi á Íslandi að útlendingar megi ekki eiga í því, hvort sem það heitir sími eða eitthvað annað. Ég hef hins vegar megnustu vantrú á því að ríkið selji eigur sínar til að geta haldið áfram stefnunni. Á því hef ég mikla vantrú. Ef Íslendingar eru komnir á þá braut að þeir þurfi á því að halda að halda uppi viðskiptahalla til að flytja inn gjaldeyri og selja eigur sínar til að bæta í pottinn, þá bið ég fyrir framtíðinni. Með þessu eru menn að grafa undan efnahagskerfi landsins.

Við höfum haldið lífi í vinnumarkaðnum á Íslandi með einnota framkvæmdum, stórframkvæmdum, álversbyggingum og virkjunum, verslunarmiðstöðvum og öðrum slíkum framkvæmdum. Það hefur verið reyndin undanfarin ár. Orsök þessarar miklu spennu hér á landi eru einnota framkvæmdir. Verði sú raunin áfram hlýtur það að vera ábyrgum stjórnmálamönnum mikið áhyggjuefni. Stöðug uppbygging í atvinnulífinu er efnahagskerfinu nauðsyn en það er ekki heppilegt að sú uppbygging sé árum saman fólgin í stórframkvæmdum sem binda mikið vinnuafl í skamman tíma. En það er komin ný grundvallarhugsun í stjórn efnahagsmála á Íslandi. Jafnvægi í efnahagsmálum á að ná með væntingum og trú á markaðinn. Þessi markaður eða fjárhættuspilasalur hefur fætt af sér ótrúlega umfangsmikla starfsemi á fáum árum þar sem íslenska krónan er aðalleiksoppurinn og allar ákvarðanir byggjast á mati á verðmæti hennar í bráð og lengd. Það fer fram eins konar fjármálapóker með íslensku krónuna þar sem spámenn ráða örlögum einstaklinga, fyrirtækja og fjármálastofnana og þar með hagkerfisins. Þar fara fremstir efnahagssérfræðingar, spekúlantar í hlutabréfum og skuldabréfum, gengismálum, sérfræðingar í því hvað menn telja líklegt að stjórnvöld geri í efnahagsmálum, hvað Seðlabankinn geri í vaxtamálum og gengismálum, hvaða vaxtaþróun verði á markaðnum, hve miklir peningar verði fluttir úr landi, hve mikill gjaldeyrir verði fluttur inn í landið. Skilaboð spekúlantanna til umbjóðenda sinna hafa á undanförnum árum verið: Kaupið hlutabréf, kaupið skuldabréf, takið lán, kaupið meira og hækkið boðið. Markaðurinn leysir vandamálin. Hlustið bara á rétta ráðgjafa. Þessi heimur er spennandi og þóknanlegur efnahagsráðgjöfunum sem ríkisstjórnin tekur mark á og þeir telja viðskiptahallann góðkynja. Þeir telja að þörf sé á viðskiptahallanum a.m.k. þangað til nýjar gjaldeyrisuppsprettur koma í hans stað. Viðskiptahallinn stafar af einkaneyslu samkvæmt yfirlýsingum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hér í dag. Hann segir að hæstv. forsrh. hafi erft vonda ráðgjafa frá forverum sínum og þeir hafi haldið uppi vitlausri gengisstefnu.

Þannig skildi ég hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Og hann heimtaði meiri gengisfellingu. Hv. þm. hefur verið í útgerð og fyrir ekki mörgum árum síðan var krafan um gengisfellingu árleg og jafnvel mánaðarleg frá útgerðinni. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur að gengið sé enn of hátt.

En það umhverfi í efnahagsmálum sem pókerspil síðustu ára hefur skapað þolir ekki mikla gengisfellingu í viðbót við þau 10% sem eru komin á þessu ári. Hvað verður um hina nýju stétt, bréfakaupmennina, sem hefur skuldsett sig í erlendum myntum til að kaupa hlutabréf á Íslandi, ef hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fær að ráða og fær gengisfellinguna sína? Hvað verður um banka og fjármálastofnanir ef lán þeirra til aðila vegna hlutabréfabrasks komast í uppnám? Það er ekki mjög varlega farið. Bankarnir hafa tekið veð í pappírum upp á hátt í 90% af verðmæti pappíranna og svo falla pappírarnir í verði. Þar hafa menn engu gleymt og ekkert lært. Útlánatöpin eru á næsta leyti. Allt fjármálakerfið stendur völtum fótum. Fjármálakreppa gæti haldið innreið sína í kjölfar gjaldeyriskreppu sem mundi skapast vegna verðfalls krónunnar og vantrúar á hana og íslenskt efnahagslíf.

Síðasta stóra útspilið í fjárhættuspili íslenska fjármálakerfisins kom frá Seðlabankanum. Hann fleygði fleiri dollurum á borðið. Það eru 15 millj. dollara á borðinu á þessu ári frá Seðlabankanum. En samt hefur gengið fallið um 10%. Yfirlýsingar seðlabankastjórans um þetta og að verja ætti vikmörkin, vikmörk krónunnar fram í rauðan dauðann, hljómuðu sláandi líkt í eyrum mér og fréttir af sams konar yfirlýsingum fjármálaráðherra fyrri ára hinna ýmsu landa í kringum okkur, sem aldrei meðgengu neina hættu á gengisfalli fyrr en þeir tilkynntu hana og sögðu af sér um leið.

Íslenska hagkerfið er örsmátt. Að tengja svo smátt hagkerfi við umheiminn með frjálsum fjármagnsflutningum og halda jafnframt stöðugleika þess í pókerspili íslenska fjármálakerfisins er tafl sem ekki verður unnið með djarfri spilamennsku og líklega ekki þó varlega sé farið ef á bjátar.

Íslenska krónan er ótrúverðug í því fjármálaumhverfi sem hér hefur verið skapað og með þeirri stefnu sem nú er rekin. Margir hljóta að vantreysta henni og þar með stöðugleika efnahagslífsins í landinu. Iðnaðurinn, ferðaþjónustan og sjávarútvegurinn í landinu hafa liðið fyrir ónýta krónu sem stjórnað er með hagsmuni þeirra sem sitja við spilaborðið í huga en ekki með þarfir þessara atvinnuvega í huga. Yfir þessa stöðu verða stjórnmálamenn að fara. Það gæti orðið erfitt, það gæti orðið sárt þegar menn fara að velta því fyrir sér hvaða leiðir eru opnar, sem annaðhvort er leiðin til baka eða leið sem liggur til enn þá meira samstarfs við aðrar þjóðir.

Þátttaka í samkeppnisumhverfi umheimsins krefst jafnræðis fyrir íslensk fyrirtæki á öllum sviðum þar sem svipaðir vextir og gengi gjaldmiðla verða óhjákvæmilega grundvöllur samkeppninnar. Verði íslenska pókerumhverfið framtíðaraðstæður íslensks atvinnulífs í alþjóðasamkeppni er framtíð þess ekki björt.

Ég er ekki ósammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að gengisstefnan hafi verið óhagstæð útflutningsatvinnuvegunum. En ég held að við verðum að vona að hv. þm. verði ekki að ósk sinni um meiri gengisfellingu í bili. Því nú þarf lagni til og við þurfum að endurskoða efnahagsstefnuna og sú endurskoðun þarf að horfa til langrar framtíðar. Við þurfum stefnu sem er hugsuð og tekur tillit til atvinnuveganna og almennings í landinu og er ekki upptekin fyrst og fremst af pókerspili um óræða stærð hinnar íslensku krónu.

[23:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt merkileg ræða sem hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti. Hún minnti nú örlítið á uppruna hans í pólitík. Hér talaði auðvitað gamall sósíalisti þegar hann talar um einnota framkvæmdir sem engu skila, uppbyggingu verslana sem engu skila, uppbyggingu virkjana sem engu skila. Þetta finnst mér vera frasar sem dálítið erfitt er að skilja í raun og veru. Ég hef átt þess kost að sækja heim t.d. Rússland, Kaleningrad, Eystrasaltsríkin, hann talar um íslenska pókerstefnu í viðskiptum og verslun og efnahagskerfinu. Mér finnst gamla kommúnistakerfið vera hálf, ja ekkert hálf, það er algjörlega gjaldþrota. (**Gripið fram í:** Hvað með samvinnuhreyfinguna?) (**Gripið fram í:** Kommúnistakerfið!) Ég var ekkert að tala um það kerfi, ég var að tala um lausnir. Þessi ræða var á vissan hátt ágæt og allt það, en hv. þm. bendir ekki á neinar lausnir. Hann er að tala um að endurskoða efnahagskerfið og ýmislegt fleira og hann er með samfelldar árásir á það sem við erum að gera, en ég auglýsi eftir lausnum og ég auglýsi líka eftir endurskoðun á efnahagsstefnunni.

[23:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég á við með einnota framkvæmdum er að uppbygging ýmissa fyrirtækja, verslanamiðstöðva og stórfyrirtækja kallar á mikið vinnuafl um skamman tíma, en byggir ekki upp atvinnu fyrir fólk til lengri tíma. Við þurfum stöðuga uppbyggingu í atvinnulífinu og óheppilegt er að það gerist með þeim hætti. Og þegar sér fyrir endann á slíkum framkvæmdum, þá koma erfiðir tímar. Við höfum séð það áður.

Hv. þm. skildi mig kannski ekki nægilega vel þegar ég var að tala um íslensku krónuna og efnahagslífið eins og það er núna. Ég hef áhyggjur af því. Ég tel að það pókerspil sem fer fram um íslensku krónuna núna og virðist vera einhvers konar trúarbrögð hjá vissum hópi manna í landinu sé stórhættulegt. Og í rauninni sé nánast ekki hægt að sjá fyrir sér að hægt sé að stjórna á vitrænan hátt stöðu íslensku krónunnar með þeim aðferðum sem eru notaðar. Það er það sem ég á við þegar ég tala um pókerspil, vegna þess að hér eru menn í þjóðfélaginu, í fjármálageiranum öllum stundum að leggja á þetta spil og þannig eigi að stjórna styrkleika íslensku krónunnar. Eftir sitjum við með það að atvinnulífið og fólkið í landinu þarf að borga miklu hærri vexti, miklu meiri óvissa er hér í efnahagslífinu en í löndunum í kringum okkur og ef við getum ekki gert betur með íslensku krónuna, þá er hún ónýt. Menn verða að horfast í augu við það. Það verður að finnast leið til að stjórna efnahagslífinu án þess að óvissumerkin séu sífellt yfir því.

[23:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki hv. þm. allskostar þegar hann talar um einnota framkvæmdir. Þetta hljómar í rauninni ágætlega, en þá fer maður að velta fyrir sér framkvæmdum eins og vegaframkvæmdum. Er það ekki einnota framkvæmd? Ef við byggjum hús, er það ekki einnota framkvæmd? (Gripið fram í.) Ég veit að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur mikinn áhuga á að grípa fram í þegar ég er að reyna að fá svör frá hv. þm. og það er hennar háttur mjög gjarnan, herra forseti, þegar Samfylkingin lendir í vandræðum, þá er hún eins og ágætis ungamamma að passa ungana sína og ég skil það vel, enda er þingmaðurinn vön slíkri pössun. En ég er að spyrja hv. þm. um þessi hugtök sem hann er að nota, einnota framkvæmd o.s.frv. Þetta hljómar ágætlega, en hvað þýðir þetta í raun og veru? Og þegar hann talar líka um að stjórna krónunni. Hvernig eigum við að fara að því? Allt eru þetta orð og mér finnst að hv. þm. þurfi að skýra þetta betur út.

[23:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrra andsvari hv. þm. kallaði hann eftir lausnum. Ég taldi að ég hefði komið að því í ræðu minni. Ég tel að menn þurfi að setjast yfir íslenskt efnahagskerfi og velta fyrir sér framtíðinni. Menn verða að horfast í augu við að það þarf betri tök en menn hafa núna á fjármálalífi og atvinnulífinu í landinu. Það gæti kostað það að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að annaðhvort yrðu menn að ganga skrefin til baka eða lengra. Og það er mín spá að um það tvennt verði að velja. En til framtíðar munu menn ekki treysta sér til þess að halda áfram því pókerspili sem nú er í gangi um íslenskt efnahagslíf og krónuna. (Gripið fram í.)

Hv. þm. veit að formaður flokksins sem hv. þm. er kosinn á þing fyrir er að láta skoða þetta mál. Ég á von á því að á sama tíma og hann kemst að niðurstöðu um það mál geti ég gert honum grein fyrir því hvað ég vilji gera í þessu efni. En við erum á sömu braut í Samfylkingunni að velta fyrir okkur þessum hlutum. Fyrir fram vill örugglega hvorugur okkar segja til um það hver niðurstaðan verður. Það sem ég er fyrst og fremst að segja er þetta: Það verður ekki til frambúðar búið við það ástand sem er núna. Og menn munu ekki í svona agnarlitlu hagkerfi eins og er hér á Íslandi geta tryggt stöðugleika gjaldmiðilsins með opið til allra átta eins og menn ætla sér hér í þessu efnahagslífi.

[23:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði af mikilli tortryggni um þá ætlan ríkisstjórnarinnar að undirbúa sölu á Landssímanum og taldi það vera mjög gegn þjóðarhagsmunum, ef ég skildi hann rétt, að selja það fyrirtæki t.d. á erlendum mörkuðum. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. sé yfirleitt á móti sölu ríkisfyrirtækja og skapa þannig fjármuni sem geta orðið til þess að bæta hag þjóðarinnar. Ég get ekki heyrt annað en að gamli sósíalistadraugurinn sé við völd í hugsunarhætti hans, eins og komið hefur hér fram.

Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. hafi ekkert skoðað hvernig aðrar þjóðir hafa snúið sér í málum sem snúa að ríkisfyrirtækjum, eins og Danir og Norðmenn og fleiri, sem hafa selt slík stór fyrirtæki sín. Danir seldu fyrir tíu árum Tele Danmark og gerðu það strax með því að selja hluta af símanum, Tele Danmark, á New York Exchange-markaðnum. Út úr því fékk danska ríkið gríðarlega fjármuni sem þeir hafa notað til að greiða niður lífeyrisskuldbindingar dönsku þjóðarinnar. Með þessu hafa þeir komið á laggirnar einhverju öflugasta fjarskiptafyrirtæki í heiminum, vegna þess að með því að opna það fyrir fjárfestum, alls staðar að úr heiminum hefur skapast samkeppnisfyrirtæki sem ekki er njörvað niður í hugsunarhátt kerfiskalla. Það hefur skapað svipaða möguleika og við erum að reyna að opna fyrir hjá íslenskum fyrirtækjum.

[23:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að ég teldi að ekki væri góður bragur á því að menn þyrftu að selja mjólkurkýrnar úr fjósinu til þess að taka út í kaupfélaginu. Greinilegt er að á ferðinni er einhvers konar nauðhyggja sem virðist vera allsráðandi hjá hv. ríkisstjórn. Það virðist bara eiga að leysa málin með því að ná sér í gjaldeyri með því að selja ríkisfyrirtæki, viðhalda jafnvel viðskiptahallanum, það verður að viðhalda honum til þess að flytja inn gjaldeyri, það virðist vera orðin niðurstaðan.

Hvort ég sé á móti því að selja Símann, — það hefur ekki komið til enn þá að menn geti tekið afstöðu til þess því menn vita ekki hvernig sá pakki á að líta út. Mér skilst að framsóknarmenn séu enn þá að þæfa um hvort þeir samþykki þær aðferðir sem eru uppi á borðinu, þ.e. hvernig eigi að selja Símann. Og maður getur nú ekki svarað miklu um það fyrr en maður veit hvort grunnnetið á að fylgja þar með. Svo er annað, Landssími Íslands, eða Síminn eins og hann heitir núna, er með langstærsta hluta markaðarins, eitthvað milli 90% og 100% af markaðnum í sínum höndum. Ég spyr: Hvernig ætla menn að tryggja eðlilega samkeppni á þeim markaði? Er kominn tími til að selja þetta fyrirtæki? Er kominn tími til að sleppa fullkomlega af því hendinni? Eru þessar markaðsaðstæður komnar?

Mér finnst undarlegt að hlusta sífellt á einhverjar tilvísanir til þess að ég hafi stutt eitthvert sovéskt kerfi. Það dettur upp úr þingmönnum hverjum á fætur öðrum. Ég kannast ekki við það. Ég hef aldrei skrifað upp á neinar slíkar kenningar. Og aldrei einu sinni lagt það á mig að lesa þau fræði.

[23:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst það koma ansi vel fram hjá hv. þm. að honum finnst ekki nein ástæða til þess að selja mjólkurkýrnar. Ég velti því þá fyrir mér hvort kýrnar geti alls ekki mjólkað nema þær séu í eigu ríkisins? Það er einmitt þessi hugsunarháttur sem ég er að reyna að benda hv. þm. á að hann þurfi að komast út úr, að það er hægt að reka fyrirtæki án þess að þau séu í eigu ríkisins. Í þessu tilfelli hefur komið í ljós að kýrnar mjólka miklu betur þegar þær eru í eigu einstaklinga í samkeppni og fyrirtækja á frjálsum markaði. Það er einmitt það sem fór með Sovét á hausinn að fólkið hafði enga hagsmuni af því að vinna betur. Allt var gert í nafni ríkisins.

Ég er dálítið hissa á því að hv. þm. sem telur sig hafa miklar skoðanir á þessum hlutum hefur samt ekki tekið neina afstöðu til stórra mála eins og hvort selja eigi Landssímann eða ekki og segir að hann geti ekki tekið afstöðu til þess fyrr en málið komi inn á þing. Auðvitað hljóta menn að geta tekið afstöðu fyrr. Menn hljóta að hafa skoðanir á málunum (**Gripið fram í:** Það er alltaf í ...) áður en þau koma inn sem tillögur. Ríkisstjórnin er þegar búin að gefa út sína afstöðu. (**Gripið fram í:** Nú.) Og Sjálfstfl. er löngu búinn að gefa út sína afstöðu (**Gripið fram í:** Já, já.) þannig að það er ekki nokkur einasta spurning ... (Gripið fram í.) Ég get ekki séð hvað er hættulegt við það þó að fyrirtæki sé með mjög markaðsráðandi stöðu. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að tryggja afkomu annarra að grunnnetinu. Það er þegar verið að vinna að því og það hefur komið fram í blöðum meira að segja, sem ég vænti að hv. þm. hafi lesið, að verið er að vinna að því að tryggja aðgang allra samkeppnisaðila að sama grunnnetinu. Meira að segja er Tal, sem er nú lítill samkeppnisaðili Símans, þegar farið að leigja Landssímanum hluta af sínu grunnneti. Þessi samkeppni er því þegar byrjuð og hefur þroskast afskaplega vel. Ég hef því ekki nokkrar áhyggjur af því ef Síminn verði seldur að ekki geti myndast eðlileg samkeppni á þessum markaði.

[23:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef áhyggjur af því að markaðsaðstæður verði ekki eðlilegar á markaði þar sem eitt fyrirtæki ræður um það bil 95% af markaðnum. Þeir eru með meira en það núna. Þeir voru með 97% af markaðinum fyrir hálfu öðru ári síðan. Síðan finnst mér líka svolítið undarlegt að hv. þm. skuli ekki hafa neinar áhyggjur af því heldur bregður því fyrir sig að mjólkurkýrnar mjólki bara betur ef aðrir en ríkið sjái um að mjólka þær.

Arðurinn rennur væntanlega til eigendanna. En ef þetta verður selt úr landi og kýrnar mjólka betur — þær eru þá við, er það ekki hv. þm.? (Gripið fram í.) — þá flyst bara eitthvað af þessum fjármunum úr landi. Þá sitjum við eftir með það að auðvitað sækja menn arð til Íslands sem kaupa hér fyrirtæki. Það er svo sem ekkert við því að segja. En það verður a.m.k. hvað mig varðar að liggja fyrir hvernig menn ætla að standa að þessu og að hægt verði að skapa eðlilegar markaðsaðstæður á markaði til þess að ég geti skrifað upp á sölu á Landssímanum til einhverra stórfyrirtækja sem kannski ætla sér ekkert annað á þessum markaði en að hafa sem mest upp úr honum. (**KPál:** Hefur Samfylkingin enga skoðun á þessum máli?)

Samfylkingin hefur auðvitað skoðun á þessu máli og hún liggur alveg fyrir. (Gripið fram í.) Hún er á þá leið að við viljum að byggð verði upp samkeppni á sanngjörnum jafnræðisgrundvelli alls staðar í atvinnulífinu. Það þarf líka að eiga við um Símann. Og það ættu hv. þm. Sjálfstfl. að

tileinka sér á fleiri sviðum en þeir gera í dag. (**KPál:** Er samkeppni með ...) (Forseti hringir.)

[23:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Formaður hv. fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, hefur flutt árlega ræðu sína um tillögu hv. meiri hluta. Og eins og áður og endrarnær þá minnir þetta mig alltaf á hluthafafund í meðalstóru bandarísku hlutafélagi.

Nú ætlar hv. fjárln. að semja bækur (**Gripið fram í:** Ha!), varðveita gömul skip sem haldið er áfram í útgerð, nú á ríkissjóð, stunda rannsóknir í plöntulífffræði og helgisiðafræðum, rækta tré, halda ráðstefnur, rannsaka fyrir erlend fyrirtæki, reka afeitrunardeild o.s.frv. Finnst mér illa farið með tíma löggjafarsamkundu þjóðarinnar að rekast í slíku smotteríi. Þó vil ég geta þess að það á að fara út í ritsmíð, það á skrifa sögu Stjórnarráðsins sem spannar sennilega 96 ár og það mun kosta 40 millj. kr. Þykir mér það mikið miðað við að það kostaði 60 millj. að skrifa sögu kristninnar sem spannaði 1000 ár. Svo eru þarna stórir liðir vegna lagasetningar, eðlilegir, sveitarfélagapakkinn sem við vorum að samþykkja nýverið, fæðingarorlofið sem er jafnréttismál o.s.frv.

Herra forseti. Í þessu vinnulagi er fólgið ákveðið stílbrot. Alþingi hefur löggjafar-, fjárveitinga- og eftirlitshlutverk. Segjum að hv. fjárln. leggi til 10 millj. kr. fjárveitingu og fái hana samþykkta á Alþingi. Þessi framkvæmd gufar upp af einhverjum ástæðum, er della. Hver ber ábyrgð? Varla er það ráðherrann. Hann kom ekki nálægt þessu. Það er Alþingi sem ber ábyrgð. En hver hefur eftirlitshlutverkið, herra forseti? Það er Alþingi líka. Og hvernig skyldi eftirliti Alþingis vera háttað með framkvæmdum sem það hefur ákveðið sjálft þegar allt fer í vaskinn? Ég er hræddur um að málið verði þaggað niður ef svo skyldi fara.

Nei, þetta er röng stefna sem við fylgjum í fjárlagagerðinni. Við eigum að setja ráðuneytunum ramma, fjárlagaramma. Við eigum að segja t.d.: Við viljum hafa svo og svo margar milljónir til safna og það á að leggja áherslu á þetta, t.d. gömul skip og svo á ráðherrann að framkvæma og ef hann ekki framkvæmir skynsamlega, þá bara rekum við hann. Því það vald höfum við líka.

Svo legg ég til, ef menn hætta að skipta sér af framkvæmdarvaldinu með því að setja bara ramma fyrir ráðuneytin, að Alþingi færi nú að taka að sér að semja lög og hafa frumkvæði að lagasetningu og taki það ómak af ráðuneytunum. Öll frv. sem við samþykkjum koma þaðan. Það er nánast ekkert frv. samþykkt sem Alþingi hefur haft frumkvæði að að semja. Þetta hef ég bent á mörgum sinnum og ég hef líka bent á að þetta er mjög hættulegt vegna þess að við erum kosin af þjóðinni til þess að gæta hagsmuna hennar og það er ekki endilega víst að þeir hagsmunaaðilar sem fjalla um málið í ráðuneytunum séu sömu skoðunar eða hafi sömu hagsmuni og þjóðin í heild.

Svo legg ég til að Alþingi setji sér eigin fjárlög þannig að það ekki sé á valdi framkvæmdarvaldsins að leggja fram tillögur um fjárveitingar til Alþingis. Ég vil endilega að þingmenn verði á launaskrá Alþingis þannig að við séum ekki opinberir starfsmenn. Við erum ekki opinberir starfsmenn, hv. þingmenn.

Herra forseti. Mönnum hefur orðið tíðrætt um viðskiptahallann. Hann er geigvænlegur. Hann er 200 þús. kr. á hvert mannsbarn á þessu ári. Og þó við tökum inn í dæmið fjárfestingar erlendra aðila og góðar fjárfestingar innlendra aðila líka þá er þetta eflaust um hálf milljón á hverja fjögurra manna fjölskyldu á þessu ári. Auðvitað mynda menn einhverjar eignir á móti en ég hygg að það sé töluvert mikið í bílakaupum, sem ekki skapar góða eign. Það er mjög slæm eign. Ég mundi ekki ráðleggja nokkrum manni það. (**Gripið fram í:** Fótanuddtæki.)

Orsök þessa er hávaxtastefna Seðlabankans. Ég hef ásamt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem einmitt tók þetta sem dæmi, gagnrýnt þetta vegna þess að Seðlabankinn er að búa til peningamaskínu. Þeir sem hafa burði til þess taka lán erlendis og kaupa skuldbréf innan lands og hafa haft tryggan 3–4% vaxtamun. Og það er ekki amalegt að hafa slíkar tekjur bara út úr einhverri maskínu. Þannig hafa þeir dælt inn peningum. Þetta er eins konar peningadæla. Það aftur á móti heldur uppi genginu. Allt veður í peningum sem veldur þenslu og bætir kaupmáttinn þegar gengið hækkar. Erlendar vörur lækka í verði. Svona hefur þetta verið og almenningur gleðst og kaupir, sem veldur aftur vöruskiptahalla og viðskiptahalla.

Nú hefur verið bent á að hæstv. forsrh. beri ábyrgð á Seðlabankanum. Svo hefur reyndar ekki verið fyrr en nýverið. Ég spyr: Hvað getur hæstv. forsrh. annað en treyst á sína ráðgjafa? Hann getur í rauninni ekki annað. Hann getur ekki farið í berhögg við ráðgjafana sem eru í Seðlabankanum.

En ég hygg að þetta sé ekki rétt stefna sem menn hafa fylgt og tek undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um það, þó við séum nú ekki sérfræðingar á þessu sviði.

Í sumar urðu læti á gengismarkaði. Menn töluðu um aðför að genginu. Ég held að það hafi verið hræddir menn að bjarga eigin skinni, (Gripið fram í.) þ.e. þeir sem höfðu tekið lán erlendis og keypt fyrir þau innlend skuldabréf og urðu óttaslegnir þegar gengið fór að falla. Þeir hafa náttúrlega tapað sínu og sennilega tapað tveggja, þriggja ára vaxtamun sem þeir hafa grætt áður.

En það er einn mikill munur á þessum viðskiptahalla núna og því sem var áður fyrr. Hann er ekki lengur með ríkisábyrgð og það er verulegur munur því núna er þetta með ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja þeirra. Og það er spurning hve mikið hægt er að veðsetja ábyrgðir og veð manna. Ég hugsa að við séum komin í ákveðið hámark í því. Sú fjölskylda sem hefur keypt sér jeppa og er orðin áskrifandi að 70 þús. kr. greiðslum af láni þess vegna, gerir ekkert voðalega mikið meira næstu fimm, sex, sjö árin ef hún ekki springur á limminu og þarf að selja jeppann og borga með honum þannig að ég hugsa að lánveitingarnar muni hægja á sér af sjálfu sér.

Það er ótrúleg veislugræðgi hér á landi og ég mundi ráðleggja öllum núna í stöðunni að borga upp skuldir því þjóðin er á einhvern hátt fíkin í blankheit. Menn eru fíknir í að taka lán og valda blankheitum hjá sjálfum sér.

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um greiningu hans á vinnumarkaðnum. Laun ríkisstarfsmanna hafa hækkað umtalsvert með aðlögunarsamningunum. Og þegar ríkisstarfsmenn bera sig saman við almennan markað vantar yfirleitt ýmsa þætti eins og lífeyrisréttindin. Og nú ætla ég rétt aðeins að koma inn á það, herra forseti.

Árið 1997 jukust skuldbindingar ríkissjóðs um 6 milljarða. Það eru 6.000 milljónir. Ég hugsa að fæstir geti gert sér grein fyrir hvað það er mikið. Árið 1998 um 41,4 milljarða. Það er óskapleg tala. Árið 1999 um 23,3 milljarða og í ár er búist við að þetta aukist um 25 milljarða aftur. Það eru 90 milljarðar á þremur árum. Hvað þýðir það? Hvaða tala

er þetta? Í því sambandi vil ég benda á að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, allar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, eru 15 milljarðar. Allar lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna eru líka 15 milljarðar. Þannig að allar lífeyrisgreiðslur í landinu eru einmitt það sem skuldbinding ríkissjóðs hefur vaxið vegna opinberra starfsmanna þessi þrjú ár. Og þetta eru ekki einu sinni allir opinberir starfsmenn. Þetta eru einungis þeir sem eru í B-deild, þeir sem eru í hjúkrunarfræðingadeildinni, þingmenn og ráðherrar og þeir sem fluttu réttindi yfir í A-deild og eiga enn þá gömul réttindi í B-deildinni. Þetta eru um 17.300 manns. Þessi skuldbinding er 5 millj. á hvern einasta ríkisstarfsmann sem er starfandi. Þeir eru búnir að eignast 5 millj. á síðustu þremur árum til viðbótar við þau réttindi sem þeir áttu áður. Þeir eru búnir að eignast hálfa íbúð og það talar enginn um það; ekki kennarar, ekki löggreglulþjónar, enginn. Enda vita þeir yfirleitt ekki af þessu. En um þetta hefur skuldbindingin vaxið og nú ætla ég að útskýra hvernig þetta gerist.

Rikki ríkisstarfsmaður var með bílastyrk og dagpeninga og sitthvað fleira og að sjálfsögðu er hann karlmaður því ef hann væri kona þá væri hann ekki með þessi hlunnindi. Það væri a.m.k. miklu ósennilegra. Þetta var aðlagað og sett inn í dagvinnulaunin hans. Dagvinnulaunin voru hækkuð og það þýðir að grunnur lífeyrisréttindanna var hækkaður án þess að launin hans breyttust. Ekki var nóg með það heldur hækkaði lífeyrisþeginn sem var á undan honum í starfinu líka. Og ekki nóg með það heldur hækkaði líka maðurinn sem vann hjá ríkinu einhvern tímann og er löngu hættur.

Það er sem sagt verið að hækka út um allt. Ég barðist mikið á móti þessu á sínum tíma, greiddi atkvæði gegn þessu og lýsti því fyrir hinu háa Alþingi en það hafði ekkert að segja.

Þetta er að nálgast milljón á hvern einasta Íslending, litlu börnin meðtalin og gamla fólkið, sem er skuldbinding þjóðarinnar til opinberra starfsmanna. Og þetta borgum við að sjálfsögðu. Ég minni á að hæstv. fjmrh. var að borga 15 milljarða inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um daginn, 15 milljarða borgaði hann inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það dugði fyrir helmingnum af árlegum hækkunum. Þetta er jafnt og allar lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar sem hann greiddi inn í þennan eina sjóð. Þetta eru svo stórar tölur að ég sé þær ekki fyrir mér og ég geri ekki ráð fyrir að aðrir sjái þær heldur. Og þær eru svo stórar að enginn talar um það. En svo getum við verið að rífast um einhvern tíu milljón kall einhvers staðar, eitthvert slíkt smotterí. Og fjárln. getur setið hérna á fundum allt haustið og verið að vesenast í einhverju smotterii.

Herra forseti. Ég má til með að tala um kennaradeiluna. Í fyrsta lagi er þar um að ræða mjög óraunhæfar kröfur og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um það að þeir væru með 130 þús. kr. dagvinnulaun. Það er rétt, en þeir eru líka með alls konar sporslur. Þeir fá nánast greitt fyrir allt nema að anda. Þeir eru með krítarpeninga, þeir eru með stílapeninga og það er fullt af peningum og þeir voru fyrstu tíu mánuði ársins með 220 þús. að meðaltali, þannig að ýmsir hafa verið miklu hærri. Byrjunarlaunin eru að sjálfsögðu lægri, en að meðaltali voru heildarlaunin 220 þús. kr. og eru sumarmánuðir inni í þessu. Þeir eru ekki með yfirvinnu. Þeir fara sennilega í 240 þús. kr. allt árið. Og þetta ætla þeir að hækka um 40–70% eftir því hvernig menn meta kröfurnar.

Ég mundi leggja til að þeim yrði boðin 10–20% hækkun gegn því að falla þá frá lífeyrisréttindunum sínum, þessum sérstöku, og þeir tryggi sig hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Og svo fái þeir um 15% hækkun fyrir að vinna allan daginn frá kl. 8–16 eins og annað fólk, sem þeir eru alltaf að bera sig saman við. Síðan fái þeir svona 15% í viðbót fyrir að vera allt árið í vinnunni eins og annað fólk. (Gripið fram í.) Þannig að þeir eru komnir upp í um 200 þús. kall og mundu sennilega lækka í launum. Þetta er raunveruleikinn.

Herra forseti. Hvernig gerðist þetta? Og þá ætla ég að nefna eina kenningu. Hverjir voru að semja við hvern? Hæstv. fyrrv. fjmrh. var að semja við opinbera starfsmenn með sínu fólki. Og það merkilega er og ég segi það bara sisona, þeir eru allir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Svo geta menn hugsað eins og þeir vilja. (**Gripið fram í:** Þeir eru báðum megin.) Það sagði hv. þm., þeir eru báðum megin við borðið. Ekki sagði ég það.

Hvað vil ég gera, herra forseti? Ég vil lækka skatta, ég vil sjá það þegar tekjufrv. kemur fram, ég vil lækka skatta, eignarskatta á að fella niður, stimpilgjald á að fella niður, ég vil lækka skatta á atvinnulífið svo það geti greitt há laun, haldið áfram að greiða vaxandi laun og svo vil ég lækka tekjuskattinn til framtíðar þegar fer að ganga illa, þannig að menn séu viðbúnir því og fari þá ekki að hækka skattana. Svo vil ég selja Landssímann og bankana, ekki til þess að fá tekjur, nei, nei, heldur til þess að þeir verði betur reknir. Ég minni á að Landsbankinn skilaði aldrei, aldrei hagnaði. Það var verið að dæla í hann peningum alla tíð áður en hann var hlutafélagavæddur, 4 milljarðar voru það einu sinni, einu sinni 1 milljarður. Það datt engum í hug að hann skilaði hagnaði. Núna skilar hann milljarði á ári. Ef hann yrði einkavæddur þá skilaði hann enn meira. (**Gripið fram í:** Hver á hann?) Ríkið á hann að mestu leyti enn þá, svo hann mun sennilega skila 2 milljörðum þegar er búið að einkavæða hann alveg.

Ég vil sjá 100 millj. í afgang á fjárlögum (**SJS:** Áttu líka í Nasco?) þegar við göngum frá þessu endanlega. Ég hlakka til að sjá tekjuhliðina og þessi atriði þegar frv. kemur endanlega fram og vil stefna að því að hafa 100 milljarða í afgang.

[23:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að viðskiptahallinn sé geigvænlegur. Ég er honum sammála um það, en hann greinir vandann þannig að um sé að kenna hávaxtastefnu Seðlabankans. Hvað vill hv. þm. Pétur H. Blöndal þá gera? Vill hann lækka gengið? Og ef hann vill það, hvað vill hann lækka gengið mikið?

Hann segir jafnframt að Davíð Oddsson hafi treyst á ráðgjafa sína og á þá við ráðgjafana sem komu innan Seðlabankans. Var það ekki einmitt fyrrverandi yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans sem átaldi harðlega þá stefnu sem hæstv. forsrh. hefur fylgt? Var það ekki hann sem sagði að slakinn á ríkisfjármálastefnunni hefði leitt til allt of harðrar peningamálstefnu, sem hefði leitt til of hás gengis, of hárra vaxta? Hver er yfirmaður Seðlabankans? Er það ekki hæstv. forsrh. Davíð Oddsson?

Það er að vísu rétt sem hv. þm. sagði að stutt er síðan að hæstv. forsrh. tók við Seðlabankanum, en áður var hann undir forsjá annars ráðherra sem laut forsjár Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. Getur það verið, herra forseti, að hv. þm. haldi virkilega að Seðlabankinn, sem er mjög ósjálfstæður af seðlabanka að vera, taki sínar ákvarðanir einn og sér? Heldur

t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal að 80 punkta hækkun á vöxtum um daginn, síðasta vaxtahækkun Seðlabankans, hafi verið tekin án þess að vera borin undir hæstv. forsrh.? Hefur það ekki einu sinni læðst að hv. þm. að vera kynni að ákvörðunin um þá vaxtahækkun hafi verið tekin í forsrn.?

[23:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Gengi er rétt þegar jafnvægi ríkir á markaðnum. Og ég held að gengið sé núna orðið rétt, það er kannski eilítið of lágt ef eitthvað er, ég held að það sé rétt, það þarf ekki að lækka mikið meira. Sú 10% lækkun sem hefur orðið á árinu er því rétt og ef miðað er við verðlag, laun og afkomu fyrirtækja og hagræðingu og annað slíkt, þá er þetta rétt gengi.

Varðandi það að yfirmaður í Seðlabankanum hafi snúið við blaðinu eftir að hann hætti þar, það var einmitt það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið að gagnrýna. Af hverju kom hann ekki með þessi ráð áður en hann hætti?

[23:37]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvaðan hefur hv. þm. að þessi fyrrverandi ráðgjafi ríkisstjórnarinnar hafi ekki komið með þau ráð? Ég veit ekki betur en fram hafi komið á fundum að viðkomandi ráðgjafi ríkisstjórnarinnar hafi einmitt haft þessa skoðun árum saman. Það er einfaldlega þannig að ríkisstjórnin hlustar ekki á ráðgjafa sína, hún veit betur en allir ráðgjafarnir. Það hefur margsinnis komið fram. Hv. þm. getur bara tínt til tvo hagfræðinga sem eru á öðru máli en allar innlendar og erlendar sérfræðistofnanir á sviði efnahagsmála. Og þessir hagfræðingar eru hv. þm. dr. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Þeir tveir einir hafa aðra skoðun en allt hagfræðingastóðið samanlagt.

Herra forseti. Það er alveg rétt held ég hjá hv. þm. að útlánaþenslan muni hægja á sér að sjálfu sér. Það stafar af því að bankarnir eru komnir að mörkum útlánagetu sinnar og það stafar líka af því að markaður fyrir ýmsar neysluvörur er mettaður eins og ég held að hv. þm. hafi sagt í ræðu sinni.

En hvað verður um viðskiptahallann? Gufar hann þá upp af sjálfu sér? Ég held ekki, herra forseti. Það kemur fram að Þjóðhagsstofnun telur að hann haldi áfram að aukast. Hún telur að hann muni verða fast að 60 milljörðum á næsta ári. En það eru aðrar stofnanir sem þekkja íslenskt efnahagslíf ekki síður en Þjóðhagsstofnun og hafa spáð betur eins og reynslan sýnir en Þjóðhagsstofnun. Það er t.d. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hvað segir hún, herra forseti? Hún segir að viðskiptahallinn haldi áfram að aukast, hann muni verða 70 milljarðar, hann muni verða 10% af landsframleiðslu.

Hvernig ætlar hv. þm. að fjármagna þann viðskiptahalla? Og hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir að álagið á gengið, þegar t.d. erlendar fjármálastofnanir hætta að lána á þeim kjörum eða hætta yfirleitt að lána út á kvóta Íslands? Hvernig ætlar hann þá að fjármagna viðskiptahallann? Hvernig ætlar hann þá að halda uppi genginu sem hann segir að sé núna komið í jafnvægi?

[23:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvorki ég né hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson erum hagfræðingar, en við megum samt hafa okkar skoðun á hlutunum (**ÖS:** Einar er það.) Ég er það a.m.k. ekki. Ég má samt hafa mína skoðun á hlutunum. Það getur vel verið að það gangi í berhögg við hagfræðingastóðið, eins og hv. þm. sagði.

Varðandi þá spá um 70 milljarða halla — mér þætti gaman að sjá hvernig það er tryggt ef ekki er á því ríkisábyrgð. Og það er það sem ég held að sé rökfræðilegur galli í þeirri kenningu og þeirri spá að það verða bara hreinlega ekki til tryggingar í landinu, ekki hjá einstaklingum, ekki hjá fyrirtækjum þeirra, ef ekki er um að ræða ríkisábyrgð. Og ríkissjóður er rekinn með dúndur afgangi, það er bara einsdæmi í heiminum. Þannig að hann hefur gert sitt. Og ég sé ekki annað en að rökfræðilega muni þetta hjaðna vegna þess að menn eru búnir að skuldsetja sig í topp.

[23:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, talsmaður Sjálfstfl. í málefnum öryrkja og almannatrygginga, hefur nú tekið að sér að skýra stefnu flokksins gagnvart kennarastéttinni. Svo er að skilja á máli hans að honum þyki kjör kennara vera mjög góð, jafnvel svo góð að jaðri við að vera ósæmilegt. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. vill að kjör kennara verði skert, a.m.k. vill hann ekki að þau verði bætt. En spurning mín til hv. þm. er þessi: Ef það er staðreynd að ekki verður unnt að manna skólana á þeim kjörum sem boðið er upp á, hvað vill hv. þm. Pétur H. Blöndal gera? Til hverra ráða vill hann grípa? Því væntanlega vill hann að íslenska skólakerfið verði rekið en stöðvist ekki.

[23:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margoft nefnt það að mér finnst vinstri menn oft hafa hópmeiningu, þeir tala alltaf um „við" og „vér" og „minn flokkur" o.s.frv. er á þessari skoðun. Ég er ekki talsmaður Sjálfstfl., ég stend hérna einn með mína skoðun. Ég aðhyllist sjálfstæðisstefnuna og ég er að mestu leyti sammála þingflokki mínum í stórum málum, en ég er ekki talsmaður þess flokks, alls ekki, ég er talsmaður sjálfs mín og þeirra kjósenda sem kusu mig.

Ég legg alls ekki til að skerða kjör kennara, alls ekki. Ég legg til að þeir fái svipaðar launahækkanir og samið var um á almennum vinnumarkaði, vegna þess að launakjör þeirra eru bara ekkert svo slæm. Það er reyndar orðin tíska að halda því fram að þessi laun séu slæm og þar af leiðandi verða þau slæm í hugum manna og jafnvel kennara sjálfra. En ég var sjálfur framhaldsskólakennari og ég þekki fríin, ég þekki fríin sem eru þar. Það eru endalaus frí.

[23:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að kennarar eru að fara fram á að fá leiðréttingu á borð við aðrar stéttir sem þeir telja vera sambærilegar. Þetta er náttúrlega alltaf afstætt og stór spurning hvernig eigi að líta á launaþróunina. Þeir eru ekki að fara fram á að fá sömu kjarabætur og við skulum segja fjármagnseigendur hafa fengið á undanförnum mánuðum og missirum. Þeir eru ekki að fara fram á að fá sömu hlutdeild í þjóðarauðnum og þeir sem hafa hagnast á hlutabréfabraski, þeir eru ekki að gera það. Þeir eru að fara fram á að meðaldagvinnulaun upp á 130 þús. kr., byrjunarlaun upp á rúmar 100 þús. kr., verði hækkuð. Þetta er krafan sem þeir eru að fara fram á og vilja að að tveimur árum liðnum verði þessi laun komin upp í 190 þús. kr. fyrir dagvinnulaun. Það eru ekki há laun á Íslandi í dag. Það er staðreynd. Ef menn fara að horfa á annan tilkostnað heimilanna, tilkostnað við

húsnæði, húsaleigu, matarkostnað, ferðalög, klæði o.s.frv., þá eru þetta ekki há laun.

Hitt er staðreynd að margt fólk býr við enn lakari kjör en þetta. Og að sjálfsögðu á það að vera okkur öllum keppikefli að bæta þau kjör. Vonandi verður þessi kjarabarátta til að stappa stálinu í aðrar launastéttir. Því að vandinn sem við búum við og stöndum frammi fyrir á Íslandi í dag er stórkostlegt misrétti og stórkostlega aukið misrétti í samfélaginu, fjármagnseigendum í hag og ofurtekjufólki sem telur mánaðartekjur sínar jafnvel í milljónum króna. Þetta er vandinn, ekki hitt að kjör kennara eða annarra stétta sem búa við of kröpp launakjör verði bætt og það verulega.

[23:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er markmiðið að hækka laun. Það hefur tekist aldeilis glimrandi hér á landi að hækka launin undanfarin fimm til sex ár. Þau hafa hækkað sem aldrei fyrr og það er bara virkilega ánægjulegt.

Þegar ég kom inn á þing 1995 kvartaði ég undan því að lægstu laun væru skammarlega lág á Íslandi, 42 þús. kr. voru þau þá. Nú eru þau komin í 90 þúsundkall. Mér líkar það bara ágætlega. (Gripið fram í.)

Vegna þess að hv. þm. er nú í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og braskar sennilega mest allra þingmanna með hlutabréf þá ætti hann að vita að fjármagnseigandi sem keypti hlutabréf í deCODE á genginu 50 fyrir hálfu eða einu ári fengi ekki mikinn arð ef hann seldi núna á genginu 12. Ég hugsa að það séu ekki miklar kjarabætur þar, hann mundi heldur ekki þakka hv. þm. fyrir það.

Byrjunarlaun kennara 100 þús. kr. Ég stakk upp á því að hækka þetta umtalsvert. Ég bauð 10–20% launahækkun bara fyrir að hafa lífeyrisréttindi eins og Lífeyrissjóður verslunarmanna veitir. (**ÖJ:** Af hverju viltu skerða kjör kennara?) Skerða? Ég met þessi réttindi. Með því að láta þá vinna allan daginn allt árið mætti örugglega bæta svona 40% við, þannig er kennarinn kominn upp í 160 þús. kr. byrjunarlaun.

[23:47]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við höfum hér rætt fjárlög næsta árs vítt og breitt í allan dag en ég ætla að reyna að einskorða mig við nokkra þætti þeirra.

Ég tók eftir því að hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, fjallaði í framsöguræðu sinni um lög sem við samþykktum í gær um tekjustofna sveitarfélaga og lýsti enn yfir mikilli ánægju vegna lækkunar fasteignaskatta á landsbyggðinni.

Ég fagnaði því að þessi skref væru stigin en gagnrýndi um leið að ríkisstjórnin skyldi taka ákvörðun um að hækka skatta á sama fólki í leiðinni. Ég held því fram að menn gefi í vinstri vasann og seilist svo ofan í hægri vasann og taki það til baka. (**ÍGP:** Eru ekki skattahækkanir í tillögum ykkar?) Þetta má ljóst vera, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og aðrir hv. þm., ef við setjum upp einfalt dæmi. Ég vildi einmitt sérstaklega spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson, sem var um leið formaður þeirrar nefndar sem vann þessar tillögur, hvort ekki hafi verið búin til reiknilíkön fyrir ýmsar stærðir af sveitarfélögum úti á landi sem áttu að njóta lækkunar fasteignagjalda. Því var lofað að fasteignagjöld mundu lækka og reiknað út frá fasteignamati en ekki uppreiknuðu verði miðað við það hvernig kaupin ganga á höfuðborgarsvæðinu.

Nú er það komið í ljós að í tilteknu sveitarfélagi úti á landi mun lækkun fasteignagjalda á íbúa þess nema 8,2 milljónum. Á næsta ári verður þetta sveitarfélag að nota þær heimildir sem veittar eru til hækkunar útsvars, hækkar útsvar sitt um 0,66% þannig að útsvarstekjur af þessum sömu einstaklingum verða tæpar 13 millj. kr. Að vísu skulum við hafa það hugfast að ríkissjóður lækkar á næsta ári tekjuskattinn um 0,33%. Taki maður það nettó þá eru íbúar viðkomandi byggðarlags að borga til sveitarfélagsins 6,5 millj. kr. og fá lækkun á fasteignasköttum upp á 8,2 millj. kr. Ef við ímyndum okkur svo að sömu tölur og allt saman virki eins fyrir árið 2002 þá mun sveitarfélagið nýta þá hækkun sem ríkisstjórnin skammtaði, skattahækkun sem sveitarfélögin eru pínd til að fara út í og þannig borga íbúarnir um 13 milljónir í útsvar á móti 8,2 milljónir í lækkun á fasteignasköttum. Þess vegna vil ég, herra forseti, spyrja hv. þm. og formann fjárln., Jón Kristjánsson, sem talaði um þessa miklu kjarabót fyrir íbúa landsbyggðarinnar í framsöguræðu sinni hér í dag, út í þau reiknilíkön sem nefndin lét gera og hvort menn hafi athugað þessi áhrif. Með öðrum orðum að það væri jafnvel betra að gamla vitlausa kerfið gilti. Íbúarnir í viðkomandi sveitarfélagi mundu hagnast á því.

Er þetta einhver kjarabót fyrir íbúa landsbyggðarinnar? Er þetta einhver stórkostleg byggðastefna til að hæla sér af? Er ekki þarna komið það sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson hefur sagt í útvarpsviðtali norður í landi að Framsfl. hafi gleymt landsbyggðinni? Ég held það. Sjálfstfl. hefur dinglað með í þessu enda voru tilmælin frá hæstv. forsrh. fyrir þessa umræðu ákaflega skýr. Sveitarfélögin hafa ekkert með meiri peninga að gera.

Við skulum hafa það á hreinu að þessi lækkun kemur svona út fyrir íbúana. Fasteignagjöld atvinnurekstrarins lækka einnig og það minnkar kostnað þar. Það er ágætt og kemur til baka í gegnum jöfnunarsjóð. En það eru aðeins íbúarnir sem bera kostnaðinn og útsvarið og þetta er munurinn í þessu tiltekna sveitarfélagi sem ég hef tekið hér sem dæmi. Þess vegna vil ég ítreka spurningu mína til hv. þm. um þau reiknilíkön og athuganir sem stuðst var við þegar nefndin vann tillögur sínar sem hér hafa farið í gegnum hið háa Alþingi þannig að hv. stjórnarþingmenn halda varla vatni í gleði sinni yfir hinni ofboðslegu kjarabót og miklu breytingum fyrir landsbyggðina. (**ÍGP:** Hefur þingmaðurinn reiknað út brtt. og skattahækkanirnar?)

Næsta atriði sem ég ætla að fjalla um og gera að umtalsefni er húshitunarkostnaður. Þar vísa ég til byggðaáætlunar hæstv. ríkisstjórnar og tillagna þverpólitískrar byggðanefndar sem hæstv. forsrh. skipaði í aðdraganda að kjördæmabreytingunni. Sú nefnd var sammála um tillögur sem kallaðar voru bráðaaðgerðir. Þar var fjallað um að húshitunarkostnaður yrði lækkaður á næstu þremur árum með þremur jöfnum aðgerðum þannig að að dýrum hitaveitum yrði komið niður í meðalflokk. Talað var um að þetta mundi lækka hitunarkostnað íbúa landsbyggðarinnar um 670 milljónir, þar af um 400 milljónir hjá rafveitum og kyntum hitaveitum og 270 millj. kr. hjá hitaveitum. Fyrir réttu ári spurði ég um aðgerðir sem þá ætti að gera til að jafna húshitunarkostnað. Þá var bætt við 160 milljónum sem var of lítið en ekkert hugsað út í hinar dýru hitaveitur.

Ég ætla mér ekki að láta kalla á hæstv. iðnrh. til að svara fyrir þetta. Ég bíð eftir tillögum milli 2. og 3. umr. og mun ræða þetta ef ekki verður verulega gefið í og staðið við þau loforð sem gefin voru af þessari þverpólitísku nefnd en hæstv. forsrh. tók skýrt fram í þessum ræðustól að þær tillögur ætti að standa við, þetta væru ekki tillögur út í loftið.

Í þessu sambandi nægir að vitna í álit bæði meiri hluta og minni hluta hv. iðnn. þar sem fjallað er um þessi atriði. Meiri hlutinn tekur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á að breyta þarf lögum og fella niður ákvæði um að niðurgreiðsla á hitun húsa skuli bundin rafhitun. Þetta fyrirkomulag hefur m.a. leitt til þess að hitun húsa með jarðhita er í raun orðin dýrari en sú niðurgreidda."

Þetta á við um hitaveitur eins og á Akranesi og Borgarfirði, þetta á við um hitaveitu Rangæinga og fleiri hitaveitur. Minni hlutinn vekur líka athygli á þessu og segir að ekki sé tekið á vanda hitaveitna sem eiga undir högg að sækja í samkeppni við niðurgreidda raforku til húshitunar.

Þessi atriði er rétt að ítreka og jafnframt að í þeim tillögum sem hér liggja fyrir er vart gert ráð fyrir krónu, ef frá eru taldar 30 millj. kr. sem mér skilst að séu nánast framreikningur á þessum lið til jöfnunar húshitunar. Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson, sem jafnframt er formaður fjárln., út í þessi atriði og vænti þess að fá svör um hvað gera skal í þessu efni.

Það er líka ákaflega fróðlegt að lesa um byggðamálin í þessu frv. en eins og við vitum þá fluttust byggðamál um síðustu áramót til iðnrn. Störfum fækkaði ekki í forsrn. við þann flutning. Það var gert lítið úr því verkefni sem þar var unnið í svari við spurningu sem ég lagði fram á hinu háa Alþingi. Þá var ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að iðnrn. fengi fjármuni til þess að taka við þessum málaflokki en í tillögunum núna er gert ráð fyrir 5 millj. kr. í viðbót, sem er eitt starf.

Í tillögum meiri hluta iðnn. er hins vegar lagt til að þessi liður verði aukinn um 10 milljónir og bætt við tveimur störfum vegna umfangs. Það er kannski í takt við annað í byggðamálum að iðnrn., sem hefur tekið við þessum málaflokki og maður vænti þess að eitthvað mundi breytast við að færa það frá hæstv. forsrh., fær aðeins sem nemur einu starfi, 5 millj. kr. til að sinna þessum mikilvæga málaflokki. Það segir kannski allt sem segja þarf um stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Þetta er hálfpartinn gert með hangandi hendi.

Svo við komum aðeins inn á málefni Byggðastofnunar þá hefur hún 133 millj. kr. á fjárlögum og er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu þar. Sú tala, 133 millj., er ákaflega athyglisverð. Þar er einnig ákveðið framlag til atvinnuráðgjafa, sem ég ætla að koma að á eftir og mun vitna í bréf frá þeim þar sem þeir lýsa yfir miklum áhyggjum af því að verið sé að leggja þetta allt saman niður. Framlagið til Byggðastofnunar einnar og sér, þessar 133 millj., plús 65 millj. til atvinnuráðgjafa er rétt um 200 millj., 198 millj. Hvaða tala er nú þetta? Er þetta mjög há tala?

Við skulum bara taka eitt, sem mér finnst ágætur samanburður. Ullarniðurgreiðslur á ári eru 220 millj. á samningstímabilinu frá 2001–2007, 220 millj., 22 millj. kr. hærri upphæð en varið er til Byggðastofnunar auk atvinnuráðgjafanna. Þar með er ekki allt upp talið, það er ekki allt búið með gærurnar. Vaxta- og geymslugjald nemur 235 millj. kr. á ári eða þjónustu- og þróunarkostnaður. Það getur vel verið að þetta sé bráðnauðsynlegt. Ég ætla ekki að draga úr því með ullarniðurgreiðslur og vaxta- og geymslugjöld. En eru þessar tölur ekki dálítið skrýtnar miðað við framlög til Byggðastofnunar sem á að sinna þeim miklu verkefnum sem henni er ætluð? Þetta segir kannski líka töluvert mikið um viðhorfin til byggðamála.

Ég nefndi hér atvinnuráðgjafa. Þeir fá enn 65 millj. kr. Þingmenn hafa væntanlega allir fengið bréf frá þeim sem reka atvinnuþróunarfélög úti um allt land. Þeir eru mjög uggandi. Þar segir, með leyfi forseta, í erindi til fjárln.:

„Atvinnuþróunarfélögin í landinu óska hér með eftir því að fjárlaganefnd Alþingis hlutist til um að Byggðastofnun verði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart atvinnuþróunarfélögunum og eyða þar með þeirri óvissu sem upp er komin og setur allt starf félaganna í uppnám."

Herra forseti. Ég held ég verði að óska eftir því að fá formann stjórnar Byggðastofnunar í salinn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég var nú eiginlega búinn að biðja hann um að vera hér viðstaddan í umræðu minni um byggðamál. Ef hann er í húsinu þætti mér ákaflega vænt um að hann kæmi í salinn vegna þess að þetta snertir mjög þá stofnun sem hann er stjórnarformaður fyrir.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er í húsinu og heyrir eflaust til hv. þm.)

Þá vil ég spyrja hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, stjórnarformann Byggðastofnunar, hvað eigi að gera við atvinnuþróunarfélögin og jafnframt spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln., út í sama atriði. Í greinargerð frá þessum aðilum segir, með leyfi forseta:

„Af hálfu Byggðastofnunar hefur komið fram að ef framlög á fjárlögum til stofnunarinnar fáist ekki hækkuð þá geti stofnunin ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart félögunum nema að takamörkuðu leyti."

Er það virkilega svo að bréfið sem Byggðastofnun sendi 20. júní árið 2000 setji allt starf atvinnuþróunarfélaga í uppnám? Er það byggðastefna stjórnvalda að drepa þessa starfsemi eða draga það mikið úr henni að hún hafi engin áhrif?

Herra forseti. Ég sagði að mér þætti það mjög rýrt sem hér stæði til að gera í byggðamálum. Að vísu minnir mig að fram hafi komið í framsöguræðu hv. formanns fjárln. að byggðamál biðu þess að vera unnin milli 2. og 3. umr. Ég hef sett fram nokkrar spurningar um þessi mál. Ég vænti þess að fá svör við þeim núna og að töluvert verði tekið á í þeim milli umræðna. Það er ákaflega brýnt að koma meira inn á þessi atriði.

Eitt vil ég minnast á í lokin, herra forseti, af því ég lofaði að vera ekki mjög langorður, enda er kominn nýr dagur. Símenntunarstofnanir gegna miklu hlutverki hér á landi en hafa á fjárlögum 63,3 millj. Fulltrúar frá þessum stofnunum gengu á fund fjárln. og töldu sig þurfa að fá aukið fé til að geta sinnt þýðingarmiklu og öflugu starfi á sviði fjarkennslu og fjarmenntunar. Það er ekki gert ráð fyrir því hér. Hins vegar er gert ráð fyrir því í tillögum Samfylkingarinnar að tvöfalda þessa upphæð ásamt ýmsu öðru til fjarvinnslu og fjarkennslu. Það er ákaflega brýnt að þessi upphæð verði hækkuð. En það er líkt og með annað sem varðar byggðamál og frekari byggðaþróun, ýmislegt af því sem ég hef nefnt: Símenntunarstofnanir; Byggðastofnun, borið saman við ull og gærur; fjölgun starfa í iðnrn.; húshitunarkostnaður; lækkun fasteignaskatta; allt eru þetta atriði sem hv. stjórnarþingmenn hafa hælt sér af og segja til mikilla bóta. Ég vildi óska þess að ég gæti staðið hér og tekið undir að svo sé, en svo er ekki.

Herra forseti. Ég nefndi áðan útreikninga frá tilteknu byggðarlagi úti á landi í tengslum við lækkun fasteignaskatta. Ég enda ræðu mína á að ítreka þá spurningu sem ég lagði fyrir hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln. og formann þeirrar nefndar sem vann þessar tillögur: Er það mikil

kjarabót fyrir íbúa sveitarfélags sem þurfa að greiða á næsta ári 6,5 millj. í aukið útsvar og á þar næsta ári um 13 millj. í aukið útsvar en fá lækkun á næsta ári á fasteignagjöldum upp á 8,2 millj.? Hvernig er hægt að reikna kjarabót út úr slíku dæmi fyrir íbúa landsbyggðarinnar?

Herra forseti. Ég bíð eftir svörum við þessum spurningum. Það er ákaflega brýnt að um þetta verði fjallað og menn fái að vita hvaða reiknilíkönum var beitt og hvort út úr þeim reiknilíkönum hafi komið álíka niðurstöður og ég hef nefnt.

[00:04]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var makalaust að hlusta á ræðu hv. þm. Hann setur upp tölur um skattalækkanir úti á landsbyggðinni og reynir að finna sveitarfélög sem tapa á því að fasteignagjöld lækki um 1,1 milljarð kr. Þau gera það um næstu áramót. Það er frá 30% og upp í 60% lækkun fyrir íbúa þessara sveitarfélaga og tekjustofnanefnd hefur raðað þessu niður á hvert einasta sveitarfélag. Það er hins vegar staðreynd að sveitarfélögin eru ekki einsleitur hópur.

Þó að öll sveitarfélög á landinu noti um næstu áramót heimildir sínar til útsvarshækkunar þá er það 1,3 milljarðar, þ.e. öll sveitarfélög, Reykjavík, Reykjanes og öll sveitarfélög. Á móti kemur 1,1 milljarður í skattalækkun fyrir landsbyggðina. Svo segir hv. þm. að þetta sé íþynging á sköttum fyrir landsbyggðina. Ég þekki ekki þá lógík sem hv. þm. notar.

Hv. þm. talar um húshitunarkostnað sem er enn til athugunar í nefndinni. Hann hefur ekki getað gagnrýnt neitt í brtt. meiri hluta fjárln. og talar um það sem eftir á að athuga, t.d. húshitunarkostnað, Byggðastofnun og fleiri mál sem eru í athugun fyrir 3. umr. Hv. þm. virðist álíta að byggðamál verði best leyst með því að raða mönnum inn í iðnrn. Það er búið að flytja Byggðastofnun norður á Sauðárkrók, í hans kjördæmi. Það kallar hann ekki byggðamál en er að nudda út af einhverjum 5 millj. fyrir iðnrn. til að auka yfirstjórnina þar.

Ég skil ekki þennan málflutning.

[00:06]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma að síðustu orðum hv. formanns fjárln.

Fulltrúar iðnrn. báru sig ákaflega illa þegar þeir gengu á fund fjárln. yfir því að þeir fengju enga viðbót til að sinna málaflokknum byggðamál. Í máli þeirra kom fram — það er ekki ég sem er að tala um það heldur þeir — að munur sé á því sem iðnn. og fjárln. leggur til. Iðnrn. kvartaði yfir því að geta ekki sinnt þessum málaflokki vegna þess að þeir hefðu ekki mannskap eða fjármuni til þess.

Það sem hv. þm. virtist ekki skilja varðandi skattabreytingarnar og fasteignaskattinn þá heyri ég að tölurnar sem ég nefndi koma hv. þm. á óvart. Ég vildi gjarnan fá að sjá þau reiknilíkön sem hv. þm. notaðist við í nefndinni. Dæmið sem ég nefndi er það sem bæjarstjóri úti á landi vinnur með í dag við að búa til fjárhagsáætlun. Í því kemur fram að lækkun á sköttum til íbúanna vegna fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði er þessi upphæð, 8,2 millj. kr. Útsvarið hækkar á næsta ári um 6,5 millj. og við næstu skattahækkun ríkisstjórnarinnar, sem sveitarfélögin eru látin framfylgja, nemur skattahækkunin 13,5 millj. Hver er þá kjarabótin fyrir íbúa þessa sveitarfélags?

Ég spái því, þó að ég hafi ekki séð nema eitt sveitarfélag, að þannig líti dæmið út hjá fleiri sveitarfélögum. Ég veit ekki, herra forseti, hvaða reiknilíkön hv. nefnd notaðist við en þetta eru dæmi sem bæjarstjórar og sveitarstjórnir þurfa að vinna með þessa stundina við að búa til fjárhagsáætlanir sínar.

Varðandi húshitunina þá verður gaman að bíða og sjá hvað kemur út úr því milli 2. og 3. umr. Vonandi verður það eitthvað sem ég get hælt nefndarmönnum fyrir. Ég minni hins vegar á að það átti að jafna húshitunarkostnaðinn í landinu og það er ekki jöfnun á húshitun í landinu ef dýrar hitaveitur verða skildar eftir.

[00:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef setið í fjárln. í átta ár og er vanur að heyra fulltrúa ráðuneyta gráta yfir því að þar vanti menn í yfirstjórn. Ég hef hins vegar ekki tekið að mér að gráta hér á Alþingi yfir því eins og hv. þm. þó að menn vanti í yfirstjórn ráðuneyta. Ég met það miklu meira að flytja störf út á land eins og gert hefur verið í þessu tilfelli en hv. þm. lét undir höfuð leggjast að geta þess í sinni ræðu.

Varðandi húshitunarkostnaðinn þá held ég að óhætt sé að hæla okkur sem höfum farið með stjórn síðustu fimm árin fyrir þau mál. Öll árin sem flokksbræður hv. þm. sátu í ríkisstjórn var niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar óbreytt í krónutölu, 435 millj. kr. Nú er hún 760 millj. og verið að skoða hvort það eigi að hækka enn meira. Ég held að honum sé óhætt að hæla okkur fyrir það fremur en að halda fram þeim málflutningi sem hann hefur verið með hér.

Varðandi fjarkennslu og símenntunarstöðvar þá tók ég það fram í ræðu minni í dag að við hefðum þau mál til skoðunar. Þeim málum hefur verið hrint í framkvæmd á síðustu fimm árum ásamt öðrum byggðamálum, skógræktarverkefnum, fjarkennslu- og símenntunarstöðvum, jöfnun á námskostnaði og niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Svo leyfir hv. þm. sér að segja að ekkert hafi verið gert í byggðamálum á síðustu árum. Það var ekkert gert í byggðamálum á árunum 1990–1995 þegar Alþfl. sat í ríkisstjórn. Það er hin kalda staðreynd í þessu máli.

[00:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hin kalda staðreynd í þessu máli er að þau ár sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa farið með stjórn landsmála hafa rúmlega tvö þúsund manns flutt á ári hverju hingað á höfuðborgarsvæðið. Það eru hinar köldu staðreyndir. Menn geta hælt sér af þeim fáu verkefnum sem hægt er að telja upp en betur má ef duga skal. (**Gripið fram í:** Hver var niðurgreiðslan?)

Herra forseti. Hér var talað um jöfnun húshitunar. Er það jöfnun húshitunar að þeir sem búa á svæði Rafmagnsveitna ríkisins borga 73 þús. kr. fyrir húshitun þrátt fyrir að sú nefnd sem ég hef vitnað í hafi lofað að kostnaðurinn færi niður í 64 þús. kr.? Er það jöfnun húshitunarkostnaðar að Akurnesingar þurfa að borga 95 þús., Borgnesingar 79 þús., Sigfirðingar 85 þús. og Akureyringar 87 þús. kr. á ári?

Staðreyndin er sú, herra forseti, að dýru hitaveitusvæðunum hefur verið sleppt. Það er með ólíkindum að fulltrúar iðnrn. sem hafa sinnt þessum verkum hafi ævinlega sleppt því að fjalla um dýru hitaveiturnar, þau svæði. Ég hygg að svo sé enn þá enda kom það fram í svari hæstv. iðnrh. ekki alls fyrir löngu að það virtist vefjast fyrir mönnum hvernig taka ætti á hitaveitunum. Þannig að það vantar enn þá á.

Ég skal alveg vera sanngjarn og hæla — ég gerði það reyndar í fyrra — hv. þm. og stjórnarliðum fyrir þær 160 millj. sem bættust í þennan pott á síðasta ári. En það var ekki nóg og ekki í takt við þau loforð sem gefin voru. Þeirra efnda sér enn ekki stað en við skulum vona að þau loforð verði uppfyllt milli 2. og 3. umr. Við skulum vona að þá komi um 200 millj. í þennan pott eins og mér sýnist vanta.

[00:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. minnir mig á ræður ágæts þingmanns sem var lengi þingmaður á Suðurlandi og barðist mjög fyrir brúargerð á Markarfljóti, við Kúðafljót o.s.frv. Hann hafði þann háttinn á að þegar búið var að brúa þá nefndi hann brýrnar svona til öryggis. Málflutningur hv. þm. Kristjáns Möllers er nákvæmlega sá sami þegar hann er að tala um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Þingmaðurinn má ekki gleyma því, herra forseti, að við vorum að tala húshitunarkostnað á köldum svæðum. Ríkisstjórnin er að vinna að því að taka á þeim vandamálum sem þingmaðurinn benti á. Markmið ríkisstjórnarinnar var fyrst og fremst að greiða niður húshitunarkostnað á köldum svæðum.

Þingmaðurinn svaraði því heldur ekki að í ríkisstjórnartíð Alþfl. frá 1991–1995 var upphæðin 430 millj., sama tala í fjögur ár. Við höfum gjörbreytt þessu í fjárlagagerð síðustu ára. Framlagið er komin yfir 700 millj. en það er eins og hv. þm. skilji það ekki.

Það var ágætt að hv. þm. hældi fjárln. áðan í andsvörum þegar verið var að telja upp safnaliði hér, fjölmörg söfn sem ætti að styrkja. Hv. þm. gerði sig hins vegar sekan um að gera eina athugasemd. Hún var við framlag til Síldarminjasafnsins á Siglufirði sem fékk 6 millj. í styrk, nákvæmlega sömu upphæð og þeir sóttu um. Það er nú ekki víðsýninni fyrir að fara hjá hv. þm.

[00:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég gerði best með því að nota ekki þennan andsvaratíma þannig að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason geti farið heim að sofa. Það er langt liðið á þann tíma sem ég ætlaði mér að nota.

Ég ítreka bara dæmið sem ég tók áðan, sem ekki hefur verið hrakið, um það sem stjórnarliðar hæla sér hvað mest af núna, lækkun fasteignagjalda á landsbyggðinni. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefur ekki minnst á það atriði sem hann hefur þó sagt í ræðu að væri eitt mesta byggðamál fyrr og síðar.

Ég ætla ekki að karpa við hann um safnaliðina. Við ræddum það í dag í um 80 mínútur. Ég held að það sé klárt. Ég stend hins vegar enn þá við það sem ég sagði um húshitunarkostnaðinn. Það hefur ekki verið staðið við þau loforð sem þar voru gefin. Það er rangt að eingöngu hafi verið talað um köld svæði. Það er fjallað um að gera átak í hitaveitumálum á köldum svæðum en það er skýrt í byggðaáætlun og í tillögum sem hæstv. forsrh. tók undir og sagði að vinna ætti eftir að jafna ætti allan húshitunarkostnað í þremur jöfnum áföngum árin 2000, 2001 og 2002.

[00:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer ekki mikið fyrir víðsýninni hjá þessum hv. þm. Hann vitnaði m.a. í gærur í ræðu sinni. (**Gripið fram í:** Gærur?) Það vill þannig til að hv. þm. er einmitt að verða þingmaður í kjördæmi þar sem skinnavinnsla er mjög mikil. Og það vill þannig til að á Akureyri eru 130 störf í skinnaiðnaði. Og ekki nóg með það. Það verður eins milljarðs virðisauki einmitt í skinnaiðnaðinum. Og svo tekur hann þennan málaflokk eins og þetta sé alveg sérstakur málaflokkur og að eitthvað sérstakt sé við það að ríkið sé að styrkja skinnaiðnað o.s.frv.

Ég tók eftir öðru í ræðu hv. þm. Hann talar mikið um fasteignaskattana. Ég veit að hv. þm. er ágætlega að sér í sveitarstjórnarmálum og hann veit líka að þau viðmiðunarmörk sem notuð eru varðandi fasteignaskattana hafa farið mjög fyrir brjóstið á sveitarstjórnarmönnum. Ég er þess fullviss að fasteignaskattar munu lækka á landsbyggðinni.

En hv. þm. talar ekkert um brtt. Samfylkingarinnar um það að hækka skatta í landinu. Hann kemur ekki með neitt reiknilíkan um hvað það þýði fyrir hinn almenna borgara. *Hann getur kannski svarað því.*

[00:17]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. var mest útúrsnúningur. Ég var aldrei að tala um þær upphæðir sem veittar eru í gærur og geymslukostnað. Ég var að taka það til samanburðar, hv. þm., og bera það saman við framlag til Byggðastofnunar.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sneri líka út úr og fór með rangt mál. Ég skal því gera það hér og nú, ef hv. þm. mundi líða betur á eftir, að hæla því og þakka fyrir að Byggðastofnun skuli hafa verið flutt út á land sem hefði náttúrlega átt að vera búið að gera fyrir lifandis löngu.

En málið snýst ekkert um það. Það sem við erum að tala um er að til byggðamála eða til Byggðastofnunar er varið 198 milljónum en í gærur, geymslu og vaxtakostnað er talan miklu hærri.

Hv. þm. ræddi hér lítils háttar um lækkun fasteignaskatta á landsbyggðinni. Það er rétt að þetta lækkar fasteignaskatt af íbúðum á landsbyggðinni. Það er alveg hárrétt og ég hef tekið dæmi úr einu sveitarfélagi upp á 8,2 milljónir. En hv. þm. gat ekkert um það að hann sem stjórnarþingmaður var að samþykkja í gær að hækka skatta í landinu og láta sveitarfélögin gera það. Íbúar litlu sveitarfélagann sem verða að nýta sér þessa hækkun munu greiða 13 millj. kr. meira í útsvar en þeir gera í ár. (**ÍGP:** 13 milljónir á ...) 13 milljónir *í heildarútsvarstekjur hjá viðkomandi sveitarfélagi.* Ég heyri að hv. þm. hefur ekki skilið þetta og ég verð bara að búa við það.

[00:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Enginn forsrh. Íslandssögunnar hefur leitt þjóðina inn í eins langt velmegunarskeið og forsrh. okkar, Davíð Oddsson. Það er ekki allt heppni þegar vel gengur því eins og máltækið segir: Veldur hver á heldur. Það eru einmitt dugnaður, áræði og útsjónarsemi sem einkenna skapgerð okkar bestu sjósóknara og eru nákvæmlega sömu eiginleikar og prýða þurfa góðan stjórnmálamann. Slíkir menn eru eftirsóknarverðir og þess vegna er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar jafnvinsæl meðal þjóðarinnar og raun ber vitni. Íslendingar vilja toppskipstjóra og hafa þá lengi við rattið. Þess vegna hefur hagur okkar Íslendinga farið batnandi ár frá ári sl. tíu ár.

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem er hér til umræðu er að ýmsu leyti mjög sérstakt. Kemur þar margt til eins og að tekjuafgangur verður meiri en áður hefur þekkst, staða ríkissjóðs verður betri en nokkru sinni og skuldir ríkisins standa nettó á núlli á næstu fjórum árum ef allt gengur eftir.

Þessi góða staða ríkissjóðs hefur hrint af stað bylgju verkefna sem þegar hafa litið dagsins ljós, t.d. Þjóðmenningarhúsi í Reykjavík, hátíðahöldum í nýja heiminum vegna landafundanna árið 1000 ásamt mörgum framkvæmdum í tengslum við þúsund ára afmæli kristnitökunnar.

Ég ætla ekki að telja upp allan þann fjölda verkefna sem hrint hefur verið af stað enda hefur margt af því komið fram í ræðum manna í dag og eins vegna fjáraukalaganna fyrir árið 2000.

Fjárlögin 2001 eru ekki jafnbundin af hátíðahöldum og árið sem er að líða heldur er reynt að dreifa góðum fjárveitingum sem allra víðast um landið. Meiri hluti fjárln. hefur lagt fram lista yfir öll þessi verkefni og formaður fjárln. farið ítarlega yfir hann.

Eflaust finnst mörgum misvænt um þessi verkefni eins og gengur. En ég held samt að hægt sé að segja um þau öll að mjög landsbyggðarvæn verkefni eru þar á ferðinni sem tengjast menningu og sögu staðanna. Önnur tengjast okkar helsta atvinnuvegi, sjávarútveginum, og sem sjómaður í 17 ár finnst mér mjög vænt um hvernig okkur tókst að ná inn í fjárlögin verkefnum eins og varðveislu skipa. Þar vil ég nefna kútter Sigurfara og Blátind.

Ég byrjaði sjálfur, herra forseti, mína sjómennsku á opinni trillu og endaði á 500 tonna togara. Ég hef því nokkra reynslu af skipum. Að verja mikinn flota landsmanna er útilokað eins og allir vita og því er sú mikla vinna sem Grímur Karlsson skipstjóri frá Njarðvík hefur skilað við byggingu líkana af aflaskipum þjóðarinnar sannkallaður happafengur. Hann er einstakur völundarsmiður og virkilega ánægjulegt að samstaða skyldi nást um varðveislu þess flota í einu safni.

Auðvitað tengjast flest verkefni okkar eitthvað sjónum eins og Duushús í Keflavík, Sæfiskasafnið í Höfnum, safnið í Skógum, Galdrasafnið á Ströndum, Hvalasafnið á Húsavík o.s.frv. Alls er veitt í þessi 46 verkefni um 200 millj. kr. samkvæmt tillögu okkar í meiri hluta fjárln. Þessi verkefni eru að mínu áliti eins og dýrindis hálsfesti, djásn sem umlykur landið og allir eiga að geta glaðst yfir og notið um langa framtíð.

Þessi verkefni styrkja einnig grunninn að menningartengdri ferðaþjónustu sem hefur einhverja mestu vaxtarmöguleika í atvinnulífi okkar í dag. Staðreyndin er sú að ferðamennska kemur næst á eftir sjávarútvegi í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og með þessu aukast möguleikar hennar stórlega.

Fjölgun minjavarða er eitt af þeim verkefnum sem styrkir grunninn að menningartengdri ferðaþjónustu og hefur þjóðminjavörður lýst yfir miklum áhuga á þessum þætti þjóðminjavörslu okkar. Ein af þeim leiðum sem nefndin hefur lagt til er að fjölga minjavörðum á landsbyggðinni. Í þessu frv. er lagt til að þriðji minjavörðurinn verði ráðinn og verði hann á Norðurlandi vestra, en fyrir eru minjaverðir á Norðurlandi eystra og á Vesturlandi. Ég lít svo á við fjárlög 2002 verði ráðinn minjavörður á Reykjanes og árið þar á eftir á Suðurland. Þá verður nánast búið að ráða minjaverði allt í kringum landið.

Skráning minja og flokkun þeirra verður að vinna af fagmönnum sem staðsettir eru á landsbyggðinni eða á þeim svæðum sem þeir vinna fyrir. Þetta er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og ríkið er hugsað sem vinnuveitandinn en sveitarfélögin borgi annan kostnað en þann sem lýtur að launum.

Oft er það svo með mannvirki sem við erum alin upp við að þau eru þarna einfaldlega og verða þannig hluti af náttúrunni en ekki verðmæti í þess orðs merkingu. Þar má t.d. nefna grjótgarðana á Vatnsleysuströnd og Sandgerði og víðar á Suðurnesjum, varir, fiskibyrgi og svo margt fleira eins og t.d. örnefni, en oft þarf einmitt nýja sýn til að átta sig á þessum verðmætum.

Varðveislu gamalla fiskibáta hefur þjóðminjavörður einnig nefnt og þá verndun báta í fullum rekstri. Hugmyndin hefur verið fólgin í því að Þjóðminjasafnið gæti haft kvóta undir sínum höndum og úthlutað honum á skráð skip sem hafa verndargildi í augum þjóðminjavarðar vegna sjóminjasögu þjóðarinnar. Eigendur þeirra fengju þá kvóta fyrir að varðveita þau í rekstri sem ég tel sannarlega góða hugmynd sem þurfi að skoða nánar.

Herra forseti. Skógrækt hefur verið rædd í þessari umræðu og er ánægjulegt til þess að vita hversu gott samkomulag hefur verið innan meiri hluta fjárln. um mikilvægi skógræktar. Aukning til þessa liðar er upp á 70,6 millj. kr. og er í samræmi við áætlanir sem gerðar voru um þessi landshlutabundnu verkefni þegar þau fóru af stað á síðustu árum.

Eitt verkefni er þó ekki þarna. Það eru Suðurnesjaskógar sem gert er ráð fyrir að fari á safnlið landbrh. Gert er ráð fyrir því að 500 þús. kr. fari af safnlið ráðherra til þess að hrinda undirbúningi þessa verkefnis af stað. Ég vonast til þess að þetta verkefni verði síðan á fjárlögum árið 2002. Skógar á Suðurnesjum hafa í margra augum verið draumsýn vegna veðurfars og vinda. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur komist að því að við landnám hafi Suðurnesin verið skógi vaxin frá ystu nesjum og upp á hæstu fjöll. Svo virðist samkvæmt kortum sem sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa gert að skógur á Suðurnesjum hafi verið einna þéttastur á öllu landinu. Það kemur eflaust mörgum á óvart en jarðfræðingar sem hafa rannsakað þetta svæði og grafið undir hraunin hafa komist niður á jarðlög sem eru skógarleifar og þeir segja að það sé tvímælalaust sannað að þessir skógar hafi verið til. Þeir halda því jafnvel fram að á Sprengisandi hafi verið miklir skógar hér áður fyrr sem hafi eyðst við gos. Allir þessir skógar hafa í sjálfu sér skemmst í gosi og þá vegna þess að þeir voru orðnir viðkvæmir eftir mörg hundruð ára skógarhögg.

Herra forseti. Nokkur heimili fyrir þá sem minna mega sín, eins og Byrgið, Krossgötur og Geysir, fá viðbætur í þessum fjárlögum. Ljóst er að það er kannski ekki takt við mikið og óeigingjarnt starf þeirra sem að aðhlynningu þessa fólks vinna. Starf þessa fólks er ómetanlegt.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins minnast á félagslega húsnæðiskerfið. Félagslegt húsnæðiskerfi hefur legið undir gagnrýni að undanförnu fyrir að þar hafi ekki verið nægjanlegt fjármagn til þess að standa straum af byggingum til t.d. leiguíbúða og til félagslegra íbúða. Í tengslum við þessi fjárlög hefur verið ákveðið að Íbúðalánasjóður muni auka verulega fjárveitingar til leiguíbúða og munu framlög til þess málaflokks aukast um 82% á næsta ári miðað við yfirstandandi ár. Það mun að sjálfsögðu leysa mjög úr þeim vanda sem hefur verið í uppbyggingu leiguíbúða á höfuðborgarsvæðinu, leiguíbúða sveitarfélaganna og eins fyrir öryrkja. Ég á von á því að þetta nái að mæta að mestu þeirri þörf sem fyrir er í þeim málaflokki.

Viðbótarlán til félagslegra íbúða munu hækka úr 2,3 milljörðum í 2,8 eða um 20%. Mikil eftirspurn hefur verið eftir viðbótarlánum um allt land og að þessu leyti til mun

þetta gagnast landsbyggðinni mjög vel. Húsbréfalán munu aftur á móti skerðast um 10% á næsta ári vegna minnkandi eftirspurnar, en umsóknir um húsbréfalán hafa dregist saman um 5–10% á síðustu mánuðum. Það er einfaldlega vegna samdráttar í byggingu íbúðarhúsa. Ástæðan fyrir þessu er einnig sú að eftirspurn minnkar vegna þess að afföll af húsbréfum voru frekar há á fyrri hluta ársins og fram á haust. Þau hafa reyndar lækkað verulega og eru nú um 8–9%. Það sem hefur einnig dregið úr eftirspurninni er sú staðreynd að margir keyptu eða tóku ný lán til þess að greiða upp gömul þegar verið var að skipta um húsnæði og það var einfaldlega gert vegna þess að gömlu lánin voru dýrari en þau nýju. Af þessum ástæðum hefur dregið úr þessu á undanförnum mánuðum og er gert ráð fyrir því að á næsta ári verði ekki eins mikil þensla í byggingamarkaðnum og verið hefur á þessu ári.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég fagna þeim árangri sem hefur náðst hjá meiri hluta fjárln. til bóta fyrir land og lýð. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka formanni fjárln. Jóni Kristjánssyni fyrir sérlega lipurlega stjórn í fjárln. og gott samkomulag við meiri sem minni hluta nefndarinnar.

[00:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í upphafi ræðu sinnar ræddi hv. þm. töluvert um formann sinn og líkti honum við skipstjóra, happaskipstjóra, mjög góðan „skipper", skildist mér, og að það væri ekki síst stjórn hans að þakka hvernig gengið hefði í efnahagsmálum.

Það leiðir hugann að því að hæstv. forsrh. hefur verið forsrh. í tveimur ríkisstjórnum og núna í langt gengin tíu ár. Á fyrri hluta þessa tímabils gekk ekki svona vel. Í a.m.k. fjögur ár gekk þetta eiginlega hörmulega hjá hæstv. forsrh. Hann fiskaði lítið á skipið og að hans mati var hallæri í landinu. Kunni hæstv. forsrh. þá ekki á græjurnar, þekkti hann ekki á kompásinn, var hann ekki búinn að læra á tækin í brúnni eða voru hásetarnir óreyndir og slappir? Hvað var að á skútunni hjá hæstv. forsrh. fyrri hluta tímabilsins úr því að góðærið á seinni hlutanum er allt honum að þakka?

Er hv. þm. sannfærður um að uppruni alls góðs í fjármálastjórn og góðæri til lands og sjávar sé komið frá hæstv. forsrh.? Eða gæti nokkuð verið að landið gæfi misjafnlega af sér, sjórinn og atvinnulífið, burt séð frá því hver situr í forsrn.?

[00:32]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég reyni að meta þá spurningu hvers vegna ekki hafi gengið eins vel strax á fyrsta degi þegar kominn var nýr skipstjóri í brúna, að það gerðist ekki samstundis, þá eru ástæður þess eflaust margar og við munum þær örugglega öll hér inni.

Fyrstu ár þeirrar ríkisstjórnar sem Sjálfstfl. var í með Alþfl. þurfti að berjast við mikinn aflasamdrátt vegna þess að gríðarleg ofveiði hafði verið á öllum helstu nytjastofnum okkar í áratug þar á undan og jafnvel enn lengur. Því þurfti að draga úr fiskveiðum eða þorskveiðum um 50%.

Ég taldi það alltaf alveg ótrúlega lagni í rauninni hvernig tókst að sigla þjóðinni í gegnum þetta erfiðleikatímabil. Ég held að það hafi ekki gerst nema vegna þess að menn stigu það gæfuspor að láta kvótakerfið alfarið ráða stjórninni á sjávarútveginum, á fiskveiðunum, og um leið heimila framsal aflaheimilda þannig að nýtingin á kvótanum varð miklu betri en verið hafði nokkurn tíma áður. Þar með hélst stöðugleiki í genginu, spennan minnkaði, og að þessu leyti held ég að stjórnkænskan hafi komið fram, að menn náðu að stíga réttu skrefin til þess að ná þeim árangri sem hefur síðan hjálpað okkur.

Auðvitað skiptir líka máli að vera með góða menn með sér og ég held að á þessum tímum hafi náðst góð samstaða, a.m.k. fyrri hlutann í þeirri ríkisstjórn.

[00:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega upplýsandi að heyra ræðu hv. þm. þegar hann var að lýsa foringja sínum. Helst gat manni dottið í hug að hv. þm. væri þess fullviss að foringinn væri að hlusta og gerði sér grein fyrir því að sá skipverji ætti nú allt gott skilið sem færi með þessa þulu fyrir hann því hann hygði til metorða, vildi að verða netamaður eða komast eitthvað hærra í metorðastiganum á þessari skútu.

En mér gekk ekki vel að skilja það sem hv. þm. var að segja um fyrri hluta tímabilsins því að auðvitað kom það í gegn og gat ekki annað, að það var góðærið sem kom og bjargaði þessari ríkisstjórn sem situr núna. Og það góðæri var auðvitað ættað bæði frá náttúrunni og líka frá efnahagslegum aðstæðum í kringum okkur með ýmsum hætti (**GAK:** Í öllu nema þorskinum.) Þorskurinn hefur nú látið á sér standa og svo virtist vera að góðærið gæti komið án þorsksins. Hv. þm. ætti að spara sér lýsingar á því hvernig kvótakerfið hafi skilað okkur miklum auðæfum og fjármunum hvað varðar þorkstofninn alla vega enn þá, a.m.k. þangað til við förum að geta nýtt hann eitthvað meira en við höfum orðið að sætta okkur við að gera á undanförnum árum. En vonandi rætist úr því einhvern tíma. Vísbendingar eru um að hugsanlega gætum við einhvern tíma í framtíðinni farið að veiða meiri þorsk.

En auðvitað hefur það komið fram fyrr hve mikla trú hv. þm. hefur á kvótakerfinu og þakkar því allt gott sem kemur.

[00:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hefur margt annað komið til og erfitt að telja það hér upp í stuttu andsvari. Ég hef líka haldið því fram að það frjálsræði sem innleitt hefur verið á síðustu tíu árum í peningamálum hafi í raun einnig skapað þann stöðugleika sem við búum við í dag, þ.e. að nú geta allir í rauninni stofnað verslanir, náð sér í peninga erlendis frá og heima, fjárfest og ávaxtað sitt pund með miklu eðlilegri hætti en nokkurn tíma áður.

Einkavæðing fyrirtækja hefur líka verið miklu stærri í sniðum en nokkurn tíma áður og sá sósíaliski bragur sem hv. þm. hefur viljað hafa á hlutunum og talað um hér í kvöld hefur ekki verið við lýði. Ég mundi segja að með Framsfl. hafi Sjálfstfl. líka fengið mjög góðan samstarfsaðila sem hefur ... (**ÖJ:** Leiðitaman.) Alls ekki. Hv. þm. Framsfl. hafa haft sínar skoðanir. Aftur á móti hafa skoðanir þessa tveggja flokka farið mjög saman um það hvernig best sé að ná árangri í stjórn efnahagsmála.

Ég held að það sé mikils virði fyrir þjóðina og þjóðin hefur líka sýnt það. Þjóðin kaus þessa tvo flokka aftur til þess að stjórna skútunni vegna þess að þeir höfðu stjórnað skútunni mjög vel í fjögur ár þar á undan. Það hafði því miður ekki gerst með Alþfl. Það varð ekki eins góð útkoma ... (**Gripið fram í:** Þú varst að segja það áðan.) Ég sagði að fyrri hlutinn hefði verið góður. Ég sagði það, ef hv. þm.

muna það ekki. En seinni hlutinn var ekki eins góður. Það var kannski ástæða þess að ekki tókst samstarf með Alþfl. í annað sinn.

[00:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú nokkuð liðið á kvöld eða nótt. Nýr dagur er risinn og þessi umræða orðin efnismikil, yfirgripsmikil, fróðleg og spennandi. Við ræðum frv. til fjárlaga næsta árs og það má með sanni segja að af þessu fjárlagafrv. sé keimur kapítalismans í öllu sínu veldi. Lítið er um það að hér séu lagðir til hlutir sem bæta stöðu þeirra sem hafa lítið umleikis í samfélaginu. Lítið er gert til þess að auka jöfnuð eða réttlæti í samfélaginu. En það er ansi mikið gert í þá veruna að reyna að auka möguleika þeirra sem mikið eiga á því að öðlast meira.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað hér fyrr í umræðunni og lýst í grundvallaratriðum skoðunum þingflokksins á fjárlagafrv. og ég tel enga ástæðu til þess að lengja umræðuna með því að fara yfir þá hluti aftur. Ég get einungis sagt að ég tek undir orð hv. þingmanna Jóns Bjarnasonar, Ögmundar Jónassonar og Þuríðar Backman í umræðunni á undan mér. En það sem ég hyggst gera í mínu máli, herra forseti, er að gera grein fyrir ákveðnum hluta þeirra tillagna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til til breytinga á þessu fjárlagafrv.

Þær brtt. sem ég geri hér sérstaklega grein fyrir eru þær sem tengjast umhverfismálunum. Það er eins og allir vita málaflokkur sem erfitt hefur verið að fá hæstv. ríkisstjórn til þess að sinna þannig að vel megi teljast.

Í þinggögnum liggur fyrir álit frá minni hluta umhvn. sem í þessu tilfelli skipuðu auk mín hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Við tökum fram í þessu áliti að gera þurfi meira, kveða sterkar að orði og við rengjum spá þá sem kemur fram í fjárlagafrv. og fjallar um útgjaldaaukningu vegna umhverfisverndar á næstu fjórum árum. Sú spá gerir ráð fyrir 2,5% aukningu á ári til málaflokksins en fram hefur komið í þeim upplýsingum sem Alþingi hefur fengið frá hæstv. umhvrh. að það sé ekki nægilegt fyrir þau verkefni sem fyrir liggja.

Nægir þar að nefna að hæstv. umhvrh. hefur látið þau orð falla oftar en einu sinni í þessum sal að til þess að annast nægilega vel um fjölsótta ferðamannastaði á Íslandi og til þess að gera þá þannig úr garði að þeir geti tekið við þeim mikla ferðamannastraumi sem kemur hingað til lands og fer sífellt vaxandi þarf, að mati hæstv. ráðherra, 430 millj. kr. bara til þess að sinna viðhaldi okkar fjölsóttustu ferðamannastaða sem margir hverjir eru farnir að láta mjög á sjá og margir hverjir liggja undir skemmdum og þurfa verulegs átaks við í viðhaldsmálum. En þessa átaks sér engan stað í fjárlagafrv., herra forseti.

Hluti af brtt. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við frv. er því fólginn í þessum málaflokki þar sem við leggjum til að Ferðamálaráð sem sinnir að hluta til þessum málaflokki, þ.e. fjölsóttum ferðamannastöðum — Ferðamálaráð er á fjárlagalið 10-651 — fái 100 millj. kr. til viðbótar við þær 47,6 sem merktar eru á fjárlagalið Ferðamálaráðs undir 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir. Þessar 100 millj. kr. ættu þá að vera hluti af þeim 430 milljónum sem hæstv. umhverh. segir að vanti. Síðan leggjum við til að Náttúruvernd ríkisins fái aðrar 100 milljónir undir fjárlagaliðinn 14-205 Viðhaldsverkefni: 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Þarna ættum við að geta tekið verulega vel á og gert mikið átak í því að sjá ferðamannastöðum okkar farborða að því leytinu til að þeir geti verið í stakk búnir til að taka á móti þeim ferðamönnum sem við viljum bjóða hingað til lands. Og minni ég á, herra forseti, að ferðaþjónusta okkar er að skila þjóðarbúinu það miklum tekjum að hún situr nú í öðru sæti yfir þær starfsgreinar, atvinnugreinar, sem halda þjóðarbúinu uppi.

Aðrar tillögur frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði varðandi umhverfismálin heyra undir fjárlagalið 14-190 Ýmis verkefni, á vegum umhvrn. Þetta er almennur rekstur umhvrn. Þarna hefði að öllu óbreyttu átt að vera fjármagn til þess að Íslendingar gætu nú farið að framfylgja samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Það er samningur sem Íslendingar eiga aðild að og gerður var í tengslum við loftslagssamninginn í Ríó árið 1992. Enn hafa Íslendingar ekki tekið neitt á til þess að sjá til þess að þessum samningi verði framfylgt. Við leggjum því til að settar verði undir sérlið 1.70 20 millj. kr. til þess að hægt verði að byrja að gera áætlanir um það hvernig samningnum um líffræðilega fjölbreytni verði best framfylgt hér á landi.

Þá er komið aftur að Náttúruvernd ríkisins sem hefur það mikla verk með höndum að útbúa náttúruverndaráætlun en samkvæmt lögum um náttúruvernd á að leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi eigi síðar en árið 2002. Nú hefur Náttúruvernd ríkisins metið það svo að bara til að hefja það mikla starf, sem gerð náttúruverndaráætlunar er, þurfi a.m.k. 15 millj. kr. bara í byrjunina. Á fjárlögum þessa árs hefur Náttúruvernd ríkisins 5 millj. kr. Í þessu nýja fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að Náttúruvernd ríkisins fái 4 millj. kr. til verkefnisins þannig að enn er ekki komið það fjármagn sem Náttúruvernd ríkisins telur sig þurfa til að hefja starfið. Hér leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð til að verði bætt við liðinn 1.01 Yfirstjórn 11 millj. kr. sem þýddi það að Náttúruvernd ríkisins fengi til gerðar náttúruverndaráætlunar á næsta ári 15 millj. kr. Það teljum við vera mjög mikilsvert og í raun og veru nauðsynlegt ef hægt á að vera að fara að lögum um náttúruvernd, þ.e. ef hægt á að vera að skila Alþingi og þjóðinni náttúruverndaráætlun árið 2002.

Herra forseti. Þá er tillaga undir liðnum Náttúruvernd ríkisins í tölulið 5.01 sem fjallar um þjóðgarða og friðlýst svæði, viðhaldsverkefni. Undir þennan fjárlagalið heyra þjóðgarðarnir okkar sem eru vægast sagt í niðurníðslu. Svo er komið að þjóðgarður eins og í Skaftafelli, sem Íslendingar hafa státað af og er þjóðgarður á alheimsvísu, þjóðgarður sem ætti að vera flaggskip í ferðaþjónustu á Íslandi, hefur nú drabbast svo mikið að segja má, herra forseti, að hann sé orðinn dragbítur á aðra ferðaþjónustu á svæðinu. Ekki er seinna vænna að gera virkilega mikið átak til að þjóðgarðurinn í Skaftafelli geti staðið undir nafni og geti af reisn sinnt bráðnauðsynlegu hlutverki sínu, þ.e. að vera flaggskip fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Ef farið er aðeins yfir stöðu þjóðgarðsins í Skaftafelli þó einnig sé full þörf á að tala um aðra þjóðgarða eins og Jökulsárgljúfur sem er mjög illa komið fyrir og þyrfti að sjálfsögðu að fara að stækka. Eins og þjóðin veit er þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum einungis hálfur því það er einungis annar árbakkinn sem tilheyrir þjóðgarðinum, hinn er ekki enn þá innan þjóðgarðsins. Að sjálfsögðu væri eðlilegt að reyna að gera einhverja bragarbót þar á. En þjóðgarðurinn í Skaftafelli á að vera fyrirmynd annarra svæða, hann hefur fengið á ári 1 millj. til framkvæmda.

Það er raunhæft mat að 5 millj. mundu nægja til framkvæmda á göngustígum á svona stóru svæði og tjaldstæði af þeirri stærðargráðu sem er í Skaftafelli en Skaftafell fær 1 millj. á ári. Enginn sómi er að þessu, herra forseti, og ekkert hefur breyst í garðinum síðan árið 1982. Við stofnuðum þjóðgarðinn af reisn og við bundum við hann miklar vonir og það var lagt í hann fé þegar hann var opnaður. Eins og ég segi hefur ekkert verið gert í garðinum síðan 1982. Tjaldstæðið er orðið verra en önnur tjaldstæði á landinu.

Segja má að aukafjárveiting frá Ferðamálaráði á yfirstandandi ári til þess að standa í framkvæmdum hafi bjargað því að ekki er enn verr komið fyrir garðinum en er.

Stígar í garðinum þurfa að vera skilgreindir eftir aðgengi og nú má segja að engir stígar séu í Skaftafelli sem hægt er að bjóða fólki sem á erfitt með að hreyfa sig. Þjóðgarður af þessu tagi verður að geta boðið upp á aðgengi fyrir fatlaða eða fyrir þá sem eru hreyfihamlaðir, ekki upp um öll fjöll en að einhverju leyti. Þessari skyldu sinni hefur stjórn þjóðgarðsins í Skaftafelli ekki getað sinnt. Við erum að taka á móti sjálfboðaliðum frá Bretlandi á hverju ári sem leggja stíga í Skaftafelli. Í 13 ár hafa komið hingað stórir hópar frá Bretlandi til þess að leggja stíga í sjálfboðavinnu í Skaftafelli. Fólkið fær borgaðar 700 kr. á dag sem eiga að nægja fyrir fæði en það er allt og sumt. Þjóðgarðurinn getur ekki boðið þessu fólki upp á nokkurn skapaðan hlut í þjónustu. Litla þjónustumiðstöðin er löngu sprungin, sérstaklega eftir að Gestastofan tók stóran hluta af húsrýminu þannig að svæðið sem er til að þjónusta ferðamennina er orðið enn þá minna.

Af því ég nefni Gestastofuna, herra forseti, er rétt að taka það fram að þar hafa tekjuvonir hæstv. umhvrh. og fjmrh. brugðist því að þeim er gert að fá í kassann 5 millj. kr. í aðgangseyri fyrir Gestastofuna í Skaftafelli en reyndin er sú að þau fá einungis 250–300 þús. kr. á ári. Hvar eiga þau að fá peningana til að brúa bilið, rúmar 4,5 millj.? Staðreyndin er sú, herra forseti, að fólk veigrar sér við að borga þær 200 kr. sem kostar þar inn (**EOK:** Nú, af hverju?) Það er einu sinni svo, herra forseti, úr því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson spyr, þá er það svo að fólk veigrar sér við að borga 200 kr. til að fara inn í lítið herbergi til að lesa kort. Fólk er kannski tilbúið til að borga sig inn í Disneyland en fólk er ekki tilbúið til að borga sig inn í Gestastofuna okkar í Skaftafelli. Það er bara svo.

Einungis 3% af gestunum sem heimsóttu Skaftafell á sl. ári litu inn í Gestastofuna, 3%. Ég fullyrði, herra forseti, að þetta eru höft á aðgengi að Gestastofunni. Gestastofan er indæl. Hún er lítil en mjög hugguleg og í henni er yfirgripsmikill fróðleikur. En sannleikurinn er sá að fólk borgar sig ekki inn í hana, ekki Íslendingar og ekki útlendingar. Þessi sértekjukrafa á Gestastofuna á Skaftafelli er allsendis út úr öllu korti og gengur ekki upp.

Þess vegna leggjum við til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að sértekjur undir Náttúruvernd ríkisins verði lækkaðar um 10 millj. kr. Þar inni er Skaftafell að hluta en svo aðrar sértekjur lækkaðar sömuleiðis þannig að 10 millj. kr. lækkun verði sett inn í fjárlagafrv. á sértekjur Náttúruverndar ríkisins.

Nú hef ég þá lokið að gera grein fyrir Náttúruvernd ríkisins og tillögum okkar varðandi hana og er þá komin að Hollustuvernd ríkisins. Sannleikurinn er sá, herra forseti, að Hollustuvernd ríkisins býr við afar slæman kost og hún er ein af þeim stofnunum ríkisins sem hafa dregist aftur úr og hafa ekki fengið þá umönnun sem henni ber. Hollustuvernd hefur heldur ekki fengið það fjármagn sem hún hefði þurft að fá með t.d. öllum Evrópupakkanum því að það er í verkahring Hollustuverndar ríkisins að sinna öllum reglugerðum sem koma varðandi hollustuvernd og mengunarvarnir til okkar í gegnum Evrópusambandið. Þessum stóra pakka hafa ekki fylgt neinir fjármunir. Ég held að ekki sé seinna vænna að gera bragarbót á og veita Hollustuvernd ríkisins umtalsvert fé til að geta sinnt hlutverki sínu betur því að í raun hefur Hollustuvernd ríkisins ekki getað ráðið í þær stöður sem losnað hafa allt þetta ár. Við leggjum því til að Hollustuvernd ríkisins fái undir fjárlagalið 1.01 Hollustuvernd, 50 millj. kr. til að sinna hlutverki sínu svo sómi verði að.

Þá er ég komin að Skipulagsstofnun ríkisins. Skipulagsstofnun sem hefur fjárlagalið 14-301. Þar er á ferðinni stofnun sem hefur fengið aukið hlutverk í tímans rás með auknu vægi t.d. vegna mats á umhverfisáhrifum og auknu vægi skipulagsmála almennt. Sannleikurinn er sá að í skipulagsmálunum er ákveðin skriða í gangi, skriða verkefna því að árið 2008 á að vera lokið aðalskipulagi landsins alls. Skipulagsstofnun hefur ekki haft bolmagn til þess að greiða hlut sinn af skipulaginu á móti sveitarfélögunum. Fyrst núna á yfirstandandi ári hefur fjárhagur stofnunarinnar verið leiðréttur að miklu leyti en herslumuninn vantar þó til þess að stofnunin geti sinnt t.d. áætlunum um landnotkun á landsvísu en það er eitt af lögbundnum verkefnum stofnunarinnar sem hún hefur orðið að láta sitja á hakanum. Í það sérstaka verkefni leggjum við til að verði settar 10 millj. kr.

Þá að lokum, herra forseti, er ég komin að Náttúrufræðistofnun Íslands en sú stofnun hefur að hluta til með höndum gerð náttúruverndaráætlunar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur enn ekki fengið eina einustu krónu í undirbúning náttúruverndaráætlunar.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands í náttúruverndaráætluninni er t.d. að skrá búsvæði á Íslandi. Það verk er hafið og til þess verks hefur stofnunin fengið fé í gegnum rammaáætlun ríkisstjórnarinnar og er það vel en hins vegar hefur það litla einangraða verk, af því að þar er einungis um lítið einangrað svæði landsins að ræða, hleypt kappi í fólk og nú vill fólk á Náttúrufræðistofnun Íslands halda áfram að skrá búsvæði og búsvæðagerðir á Íslandi, það hefur starfsorkuna, það hefur kunnáttuna. Stofnunin hefur vísindamennina en nú vantar einungis fjármagnið. Ég minni enn á, herra forseti, að árið 2002 á náttúruverndaráætlunin að liggja fyrir og vera kynnt Alþingi. Við leggjum til að Náttúrufræðistofnun Íslands fái á lið 1.01 Yfirstjórn 25 millj. kr. fjárveitingu sem verði þá til að standa straum af kostnaði stofnunarinnar við gerð náttúruverndaráætlunar og skráningu búsvæða.

Einn er sá kostnaðarliður Náttúrufræðistofnunar Íslands sem er umtalsverður en það er kostnaðurinn við að kaupa kort af Landmælingum Íslands. Landmælingar hafa afskaplega háa sértekjukröfu og þær stofnanir sem Landmælingar selja hvað mest af kortum eru opinberar stofnanir. Þetta er stundum svolítið skrýtið þegar ríkið er að færa úr einum vasanum yfir í annan. Við teljum, herra forseti, að hægt sé að létta undir með Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúruverndaráætluninni með því að lækka sértekjukröfuna á Landmælingar Íslands. Við gerum það að tillögu okkar að sértekjukrafa Landmælinga Íslands verði lækkuð um 15 milljónir til að mæta þeim kostnaðarauka sem Náttúrufræðistofnun Íslands fyrst og fremst þarf að hafa af gerð náttúruverndaráætlunar.

Ég hef hér, herra forseti, í máli mínu farið yfir þær tillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem lúta að umhverfismálunum. Aðrir þingmenn flokksins hafa gert grein fyrir öðrum liðum og kannski eiga einhverjir eftir að tala á eftir mér sem klára það mál en ég læt hér staðar numið, herra forseti.

[00:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að fagna því dásemdarþjóðfélagi við búum í og hve ofboðslega hefur gengið vel hjá okkur Íslendingum að vinna að hag þessarar þjóðar.

Við hlustum á talsmann stjórnarandstöðunnar gagnrýna ríkisfjármálin. Við hlustum á það hvað er að, það er sannarlega ábyggilega allt rétt. Það eru einhver vandræði þarna með stígana fyrir austan í þjóðgarðinum. Það er ástæða til að taka það til greina, þessir stígar eru ekki nógu góðir.

Það er líka ástæða til að taka tillit til þess ef búsetumál smáfugla eru ekki í lagi. Við þurfum að vita betur um það hvar snjótittlingurinn er búsettur á ákveðnum tímum. Við þurfum að vita hvar þrösturinn er og fleiri fuglar, ég tala nú ekki um refinn og minkinn. Þetta er alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að geta um að þetta allt saman þarf að bæta mjög mikið. Það er mikil nauðsyn að gera það.

Ég tek undir þessi merkilegu ummæli og þessa miklu gagnrýni sem hefur komið fram á ríkisfjármálin og það sem um er að ræða. Það er ástæða til þess að taka tillit til þess og átta okkur á því hvar smáfuglarnir eru búsettir því að það er ekki mynd á öðru.

En ég bendi mönnum á að það er mikið dásemdarþjóðfélag þar sem þessi vandræði eru helst á döfinni.

[01:01]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggja frammi til 2. umr. fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2001. Á undanförnum árum hafa menn leikið sér að því að leggja dýpri merkingu í ytri umgjörð fjárlagafrv. Þegar eintakið í ár er skoðað með því hugarfari þá virðist mér sem bjartsýnin sem einkennt hefur hæstv. ríkisstjórn undanfarin ár, eftir að tekið var að afgreiða fjárlög á rekstrargrunni, sé nokkuð að dofna og nokkuð grængolandi sá litur sem valinn hefur verið á kápusíðu bókarinnar. Greinilegt er af umræðunum í dag að ríkisstjórnin er komin í nokkuð vandræðalega stöðu, t.d. vegna viðskiptahallans sem liðast eins og Miðgarðsormur forðum í kringum landið og miðin og sýnt er að mikið verður að koma til eigi hann ekki að króa okkur inni og kalla fram harkaleg viðbrögð svo sem gengisfellingar og óðaverðbólgu sem við höfum áður glímt við hér á landi.

Það er líka ljóst að þær ráðstafanir sem ríkið kann að grípa til til að sporna við harkalegri lendingu verða ekki allar jafngeðslegar. Það er t.d. kvíðvænlegt ef stórir þættir í efnahag okkar, t.d. Landssíminn, verða seldir til útlanda til að bjarga málunum. Víst er að t.d. Landssíminn verður ekki seldur nema einu sinni og svo er með aðrar ríkiseignir okkar sem við höfum haft ómældan hag af og nú stendur til að setja á útsölu.

Meira að segja hv. formaður fjárln. viðurkenndi hér í umræðum fyrr í dag að viðskiptahallinn væri hættulegur, enda er hann nú um 8% af landsframleiðslu og gengið hefur hríðfallið á árinu og er nú um 10% lægra en í maí þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi varið verulegum fjármunum til að verja það. Nú ríkir einhvers konar jafnvægi sem ýmsum þykir nú ekki traust í sniðum en guð láti gott á vita.

Fjármagnsmarkaðurinn sem ýmsir bundu miklar vonir við hefur svo sannarlega lekið niður, sérstaklega eftir að milliuppgjör fyrirtækja olli miklum vonbrigðum í sumar og eru fjármagnseigendur nú á hröðum flótta úr landi með verðbréfaspekúlasjónir sínar. Það hefur haft frekar óholl áhrif á gengið eins og vænta mátti, herra forseti. Játning hv. formanns fjárln. um alvarleika stöðunnar hér í dag er sögulegur atburður því á undanförnum árum og mánuðum, þegar Samfylkingin og ýmsar stofnanir hafa haft uppi viðvörunarorð, hafa talsmenn hæstv. ríkisstjórnar látið sér fátt um finnast og talað um góðkynja viðskiptahalla. Það verður því að teljast mikilsverð framför að þeir skuli nú viðurkenna vandann. Það er t.d. talin forsenda þess að áfengis- og eiturlyfjasjúklingar nái bata að þeir viðurkenni vandann. Og því skyldi það þá ekki vera forsenda þess að ríkisstjórnin fari að stjórna með opin augun? Tillaga um aukið svigrúm lífeyrissjóðanna til að fjárfesta erlendis hefði varla verið lögð fram af hæstv. ríkisstjórn síðasta vor hefðu þeir haft augun opin.

Fyrrverandi sérfræðingur Seðlabankans hefur látið svo um mælt að ríkið hafi rekið of harða peningastefnu en of slaka stefnu í ríkisfjármálum. Ég vil að nokkru taka undir þann dóm. Hin gríðarlega harða vaxtastefna sem hér hefur verið framfylgt að undanförnu er t.d. farin að valda vandræðum í rekstri fyrirtækja, að ég nú ekki tali um heimili sem í vandræðum sínum eiga ekki rétt á neinum lánum til að halda sér á floti nema skuldabréfum með yfir 18% vöxtum. Allir sjá hve björgulegt slíkt lán er fyrir þá sem eiga í vandræðum fyrir.

Ef hæstv. ríkisstjórn hefði verið með fullri meðvitund þegar rofa fór til fyrir fáum árum hér í þjóðarbúskapnum og þenslueinkenna var byrjað að gæta þá hefði hún ekki lækkað tekjuskatt á einstaklingum og fyrirtækjum eins og hún gerði þó einlæglega væri varað við þeirri aðgerð. Það hefði verið nær að hækka skattleysismörk til að minnka þrýstinginn á þeim sem verst stóðu og láta það duga í bili. En hæstv. ríkisstjórn var þá enn í álögum og hefur verið síðan þó í dag sjáist þess nokkur teikn að álagahamurinn sé að detta af henni, a.m.k. af hluta stuðningsmanna hennar.

Hæstv. forseti. Ég ætla að nota tíma minn hér í ræðustól til að fjalla um þá málaflokka sem mér er trúað fyrir í þinginu um þessar mundir en það eru menntamál og landbúnaðarmál. Ég byrja á menntamálunum.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru áætluð gjöld á rekstrargrunni í þeim málaflokki rúmir 23 milljarðar kr. en þá voru augljóslega ekki öll kurl komin til grafar. Það blasti við að þar átti eftir að taka á nokkrum veigamiklum þáttum. Málin eru nú smám saman að skýrast enda hefur liðurinn bólgnað mjög út á milli umræðna og á að sumu leyti vonandi eftir að bólgna enn þá meira.

Við fjárlagaumræðuna í fyrra kom hæstv. menntmrh. mjög vígreifur til umræðunnar og taldi sig hafa þann dag í hádeginu leyst öll fjárhagsvandræði Háskóla Íslands í bráð og lengd. Það voru einungis alræmdir efasemdarmenn eins og sá þingmaður sem hér stendur sem töldu að þetta lýsti nokkuð mikilli bjartsýni. Það hefur enda komið í ljós að reiknilíkanið sem notast var við er ekki gallalaust fremur en önnur mannanna verk. Treglega hefur gengið að fá viðurkenndan rannsóknarþáttinn þrátt fyrir að yfirlýsing hafi verið gefin út hinn 5. október 1999 þar sem menntmrh. hæstv. og forsvarsmenn Háskóla Íslands eru sagðir sammála um að

rannsóknin sé ekki síður mikilvægur þáttur en kennsla. Á þessum grundvelli hafa forsvarsmenn Háskóla Íslands vænst þess að fjárveitingar til rannsókna yrðu jafnháar fjárveitingum til kennslu eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar þegar um er að ræða „universitas" en auk þess hafa þær stofnanir sértekjur, rannsóknarstyrki o.fl. sem nemur um þriðjungi heildartekna.

Brýnt er að lokið verði við samning um rannsóknarfé til háskólans sem boðaður hefur verið. Þar að auki telur Háskóli Íslands að um 200 milljónir vanti í fjárlagafrv. vegna fjölgunar nemenda. Við þeirri stöðu er væntanlega brugðist á liðnum Háskólar, óskipt. Þar er bætt inn 90 milljónum vegna fjölgunar nemenda en að því er mér skilst í háskólum yfirleitt, þannig að það á ekki einungis við um Háskóla Íslands þó væntanlega fái hann bita af þeirri köku.

En betur má ef duga skal. Vandséð er hvað má verða háskólanum til bjargar. En þá neyðin er stærst er hjálpin næst og það kemur í ljós að fjárln. hefur eftir ítarlega leit fundið matarholu sem betur mátti nýta. 9 milljónir stóðu út af áður áætluðum tekjum á sóknargjöldum og hv. fjárln. er svo rausnarleg að gefa Háskólanum leyfi til að nýta þær tekjur.

En gatið er enn stórt ef reiknimeistarar háskólans hafa reiknað rétt. Ef allir skila sér til náms, sem gert er ráð fyrir á komandi ári, þá er hætt við að þarna myndist halli, hæstv. forseti. Það vantar upp á að fjárlagafrv. geri ráð fyrir þeim gjöldum sem fyrirséð eru.

Auk þessa fór háskólinn fram á að fá fé til að ljúka byggingu Náttúrufræðihúss en við þeirri beiðni er ekki orðið og happdrættinu sjálfsagt ætlað að gegna því hlutverki áfram eins og hingað til. En tekjur þess hafa dregist saman eins og öllum er kunnugt og ég veit ekki hvernig það gengur lengur að happdrættið eigi að bera uppi nánast allar framkvæmdir og viðhald á háskólalóðinni.

Hér liggja frammi brtt. frá Samfylkingunni um að 100 millj. verði varið til byggingar Náttúrufræðihúss. Enn fremur fór Háskólinn fram á 27 millj. til að taka upp nám í arkitektúr og 5 millj. til að kenna táknmálstúlkun. Ekki hefur verið orðið við þeim óskum og er það að verða spennutryllir hvar hæstv. menntmrh. hyggst vista arkitektanámið sem hann hefur sagst hafa svo mikinn áhuga á að koma upp hér á landi.

Háskólinn á Akureyri ríður heldur ekki feitum hesti frá þessu fjárlagafrv. Þar er beinlínis gert ráð fyrir lækkun milli ára en enn hefur ekki verið lokið við gerð reiknilíkans til viðmiðunar við fjárlagatillögu til skólans. Í heimsókn forsvarsmanna skólans til hv. menntmn. kom fram að þeir telja sig ekki geta tryggt óbreytta starfsemi við skólann með núverandi fjárframlögum. Það væri mikill skaði ef þeir þyrftu að skerða starfsemi sína af þessum sökum en Háskólinn á Akureyri hefur veitt mjög hagnýta háskólamenntun og nemendur þar hafa skilað sér vel í störf, t.d. á landsbyggðinni þar sem oft hefur verið þörf en nú nauðsyn.

Í brtt. Samfylkingarinnar við fjárlagafrv. eru m.a. tillögur um 100 millj. kr. framlag til byggingar rannsóknarhúss við Háskólann á Akureyri. Háskólinn á Akureyri biður um fjármagn til rannsóknarleyfa og fær ekki, alla vega ekki við þessa umræðu. Einnig vantar stórkostlega upp á að nægilegt fjármagn sé ætlað til fjarkennslu frá háskólanum og raunar líka frá Kennaraháskólanum. Í raun er óskiljanlegt hve mikið fálæti fjárveitingavaldið sýnir fjarkennslu á háskólastigi sem þó er einhver merkasta nýjung sem hér hefur komið fram á síðustu árum og er í örri þróun. Það hefur komið fram hjá hv. formanni fjárln. hér í umræðunni að nefndin íhugi nú milli umræðna að setja aukið fjármagn, að því er mér skildist, til fjarkennslu og slíks. Ég bara vona að þar fæðist fótur við 3. umr.

Samfylkingin leggur til að 100 millj. til viðbótar fari til fjarkennslu á háskólastigi. Ég tel að hv. þingheimur gæti nú sameinast um að samþykkja þá tillögu og spara sér frekari áreynslu í því máli. Samþykkt þeirrar tillögu yrði landi og þjóð örugglega til mikilla heilla.

Tækniskólinn hefur löngum verið olnbogabarn í menntakerfi okkar og óskiljanlegt er hve illa þeim skóla hefur verið sinnt á undanförnum árum, svo mikilvægt sem það nám er, t.d. fyrir viðgang atvinnuveganna hér á landi. Það munar 64 millj. kr. á fjárveitingum þeim sem skólinn fær í frv. og því sem hann ætti að fá ef hann væri felldur inn í reiknitölur samkvæmt forsendum ráðuneytisins fyrir aðra skóla, en við skólann hefur ekki enn verið gerður samningur. Í nál. menntmn. er lögð áhersla á að niðurstaða fáist í áætlanir um framtíð skólans svo að starfsfólk hans þurfi ekki áfram að búa við þá óvissu um framtíðina sem lengi hefur svifið yfir vötnunum þar á bæ. Það er vonandi að hæstv. ráðherra taki nú við sér og komi þessum málum á hreint. Ég verð þó að láta í ljósi þá frómu ósk að það verði ekki gert með því að gera Tækniskóla Íslands, flaggskip tæknimenntunar á Íslandi, að einkaskóla. Það er að mínu mati ekki vænlegt til að hvetja til frekari afreka í tækninámi á Íslandi að innheimta skólagjöld af nemendum.

Framhaldsskólastigið er náttúrlega eitt svartnætti þessa dagana. Þó að fjárlagafrv. sem liggur hér á borðum, svo grængolandi sem það er, hafi verið komið fram áður en verkfallið skall á er framhaldsskólastigið greinilega mjög vængbrotið í þeirri fjárlagameðferð sem það fær í fyrirliggjandi frv.

Það reiknilíkan sem átti að bjarga öllu hefur reynst mjög gallað svo að sumir skólar bera mjög skarðan hlut frá borði. Það var á sínum tíma smíðað utan um framhaldsskólakerfi í miklum niðurskurði og ekki gert ráð fyrir skólaháðum breytum eins og mismunandi aldurssamsetningu kennara og mismunandi menntunarsamsetningu kennara. Einnig má tiltaka atriði eins og ræstingu í verknámshúsnæði. Til slíkra atriða eins og þessara sem ég hef talið upp og margra fleiri er ekki tekið tillit í þessu frv. Þess vegna passar það svo gríðarlega illa við ýmsa framhaldsskóla og raunar flesta því að í heild búa skólarnir við hallarekstur og sumir skólar fara verulega illa út úr þessu kerfi. Öldungadeildir fara mjög illa út úr þessum reiknireglum og var það þó besta tilboð um símenntun og endurmenntun á þessu skólastigi sem til var í landinu og hefur nýst mörgum vel hingað til þó nú hafi dregið úr.

Öldungadeildirnar eru settar undir sama hatt og dagskólinn hvað varðar nemendaígildi og það gengur hreinlega ekki upp, herra forseti. Þess má einnig geta að grunnurinn um búnað er brostinn, tölvukostnaður er t.d. stórlega vanáætlaður og virðast fjárlagatillögur meiri hlutans ekki gera ráð fyrir breytingum sem duga. Framhaldsskólinn er reyndar algjörlega úti í kuldanum þessa dagana og hefur hæstv. mennmtrh. nýlega opinberað að hann ætli sér ekki að hafa nein afskipti af lausn þeirrar erfiðu deilu sem hefur lamað þar alla starfsemi um sinn og vissi maður ekki hvort maður átti að trúa eigin eyrum þegar sá boðskapur var látinn út ganga.

Það er þó einn angi framhaldsskóla sem hæstv. ráðherrann ber fyrir brjósti en það er ný elítuskóli sem er áætlað að taki til starfa á Íslandi á komandi ári. Hann á að vera einkarekinn

með vel launaða kennara af fínustu sort sem þurfa ekki að fara í verkfall til að eiga fyrir salti í grautinn. Þar fá að stunda nám börn þeirra foreldra sem geta borgað fyrir sinn snúð. Þvílík dýrð, þvílík dásemd. Og menntmrh. ætlar að leggja fram 100 millj. á ári til að slíkur skóli megi starfa.

Ekki verður nægilega vel ítrekað að Samfylkingin er algjörlega á móti slíkum skóla og raunar vona ég að allt heiðarlega hugsandi fólk í þessu landi sé á móti slíkum skóla.

En Samfylkingin er þó fylgjandi að slík tilraun verði gerð með hraðferð innan hins almenna skólakerfis og þessir fjármunir veðri nýttir þar. Auðvitað er mjög auðvelt að setja upp slíkar deildir í tveimur, þremur skólum á landinu fyrir bestu nemendurna. Ég tala ekki um ef þetta fjármagn fylgir með og þarf enga einkaskóla til þess að gera þetta.

Samfylkingin leggur til í fjárlagatillögum sínum að 200 millj. verði varið til viðbótar til upplýsingatækni í framhaldsskólunum, 200 millj. verði varið til lagfæringa á reiknilíkani þeirra og aukinnar fjarkennslu auk þess sem 50 millj. verði varið sérstaklega til fjarkennslu fatlaðra og 100 millj. verði settar í aukna nýbúafræðslu á vegum framhaldsskólanna. Það er ákaflega nauðsynlegt að nýbúum, sem ætla að setjast hér að til frambúðar, séu gefnir fjölbreyttir möguleikar til náms. Ef vel tekst til verða þeir okkur enn þá nýtari þjóðfélagsþegnar og hafa betri möguleika til að samlagast þjóð okkar og auðga íslenskt mannlíf því við Íslendingar getum vissulega margt lært af þessu fólki eins og stundvísi og iðjusemi en þá eðliskosti hafa hinir nýju samborgarar okkar í ríkum mæli.

Námsgagnastofnun, sem starfar fyrir grunnskólastigið samkvæmt lögum, hefur á undanförnum árum verið ákafleg fjársvelt og fjárveitingar til stofnunarinnar hafa í mörg ár ekki verið í neinu samræmi við þær skyldur sem stofnuninni hafa verið lagðar á herðar um að sjá grunnskólanemendum fyrir námsefni sem þýðir nú til dags ekki bara skólabækur, herra forseti.

Fyrir fáum missirum síðan var látin út ganga ný námskrá sem gerði ráð fyrir mjög breyttum áherslum í skólastarfinu. Svo ég taki bara eitt dæmi var áætlað að færa byrjendakennslu í dönsku til mun eldri nemenda þannig að það byrjendakennsluefni, sem er nú til í dönsku, passar alls ekki fyrir þann nemendahóp. En það er ekki nokkur möguleiki, samkvæmt því sem forsvarsmenn stofnunarinnar sögðu við okkur í menntmn. þegar þeir komu til okkar í heimsókn, að hægt sé að gera nokkuð fyrir þær fjárveitingar sem stofnuninni eru ætlaðar nema endurprenta hluta af því námsefni sem til er og hefur verið í notkun undanfarin 20–30 ár, því að við notum námsefni lengi, Íslendingar, mun lengur en nokkrar aðrar þjóðir.

Íslenskir kennarar eru því dæmdir til að kenna úrelt námsefni sem passar illa fyrir þá nemendur sem þeir eru að kenna vegna þess að það hefur gleymst að gera ráð fyrir því í fjárlögum ríkisins að ríkið sinnti þessari skyldu sinni sem það hefur þó enn þá við grunnskólann í landinu.

Ég verð að segja að mér blöskraði þegar ég sá eftir það erindi sem við vorum samhljóða búin að senda frá menntmn. til fjárln. þær 20 millj. sem þeir bættu í púkkið milli umræðna. Fyrir 20 millj. verða ekki gerðir stórir hlutir í útgáfu námsefnis fyrir öll landsins börn, tugi þúsunda að tölu, herra forseti. 20 millj. eru bara smápeningar í því sambandi. Ég held að mjög æskilegt væri að fjárln. tæki þessa upphæð til endurskoðunar milli umræðna ef þeir gætu hugsanlega farið í einhverjar eftirleitir og fundið einhverja matarholu þar sem þeir gætu fiskað upp einhverja peninga.

Námsgagnastofnun hafði nokkrar tekjur á árum áður af Skólavörubúðinni. Miklum ofsjónum var séð yfir Skólavörubúðinni og öll heimsins fyrirtæki, liggur mér við að segja, vildu gleypa Skólavörubúðina og eignast hana og töldu sig geta rekið hana miklu betur en ríkið, sem hafði þó rekið hana svo vel að nánast allir kennarar í landinu voru afar ánægðir með þann rekstur. En Skólavörubúðin var seld og hún verður ekki seld aftur frekar en aðrar mjólkurkýr. Þeir peningar eru hættir að koma inn sem sértekjur til stofnunarinnar og af rausn sinni ákvað menntmrh. á sl. ári að söluverð Námsgagnastofnunar, sem ég held að hafi verið 30 millj. eða eitthvað því um líkt, rynni til námsgagnagerðar og það er náttúrlega löngu búið og verður ekki notað aftur.

Ég vona að tekið verði á málefnum Námsgagnastofnunar milli umræðna og treysti því raunar. Það eru ekki margar skyldur sem ríkið hefur við grunnskólastigið í landinu, þetta er sú veigamesta, mundi ég segja, og þarna verður að taka á.

Ég var búin að boða að ég mundi fara nokkrum orðum um álit landbn. en ég skrifaði undir það álit ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni með fyrirvara. Eitthvað hafði farist fyrir að geta um þann fyrirvara og þegar ég hafði samband við nefndarritarann var búið að dreifa frv. En þessu verður breytt á netinu og verður getið í þingtíðindum. Hér með er ég náttúrlega að koma leiðréttingu á framfæri sjálf en ekki var hægt að leiðrétta þetta eftir að umræða var hafin í dag og ég bið forláts á því.

Það er svo sem margt gott í þessu áliti. Ég vil fyrst tiltaka að nefndin ræddi nokkuð þau vonbrigði sem þeir sem stóðu að a.m.k. sumum þessum landshlutabundnu skógræktarverkefnum urðu fyrir þegar þeir lásu fjárlagafrv. Við töluðum um að nauðsynlegt væri að samningsbinda þessar framkvæmdir þannig að þeir sem eru að skipuleggja þetta starf vissu á hverju þeir ættu von. Jafnframt fórum við fram á að þetta yrði hækkað eitthvað en ég held að við höfum öll orðið yfir okkur hissa þegar við sáum viðbrögðin því að hv. fjárln. hafði næstum yfir-reagerað við þessari beiðni frá landbn. Nú er landbn. afskaplega hógvær nefnd og biður ekki um margt. Fjárln. hefur náttúrlega orðið svo ánægð að það skyldi yfirleitt berast einhver beiðni frá þessari nefnd að þeir tóku svona vel í þetta að við urðum nánast alveg bit þegar við sáum viðbrögðin. Við teljum jafnvel að það hafi verið hækkað meira en a.m.k. sumir aðstandenda þessar verkefna geti ráðið vel við en það verður að láta á það reyna.

Við vorum einnig að tala um erfiða stöðu loðdýrabænda. Þar vöktum við athygli á nauðsyn rammasamnings milli ríkis og bænda, einkum og sér í lagi til þess að það verði eins og í skógræktarverkefnunum að bændur viti hvers þeir mega vænta í fyrirgreiðslu frá ríkinu.

Við báðum um fjárframlag til Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum til að tryggja framgang garðyrkjumiðstöðvar og einnig þar brást hv. fjárln. afskaplega vel við og voru veittar 15 millj. til að ljúka byggingu þessarar garðyrkjumiðstöðvar og ég þakka það að sjálfsögðu.

Hins vegar komu fulltrúar Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og báru sig illa yfir þeim fjárveitingum sem þeir höfðu fengið til starfsemi sinnar og alla vega hefur það ekki gerst fyrir 2. umr. að orðið hafi verið við beiðnum þeirra að neinu marki. Ég held að það hljóti að þurfa að taka málefni landbúnaðarskólanna beggja eitthvað til umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. vegna þess að t.d. á Hólum

var á síðasta ári sett fjárframlag til að undirbúa byggingu reiðskemmu en á þessu ári koma engin frekari framlög til að halda áfram og byggja upp þá reiðskemmu. Einnig er þarna í byggingu 2. áfangi fiskeldisrannsóknahúss sem mjög brýnt er að ljúka við og einhvern veginn hefur það gleymst, a.m.k. enn þá, í gerð frv. En ég vona að þetta megi færa til betri vegar milli umræðna.

Að lokum vil ég þakka hv. fjárln. eða meiri hluta hennar, eins og það er orðað, fyrir hversu vel þeir hafa tekið á ýmsum þjóðþrifaverkefnum fyrir þessa umræðu, sérstaklega sem lúta að menningartengdri ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Ég held að það sé til mikillar fyrirmyndar og ég hygg gott til glóðarinnar með margt það sem þarna er verið að styrkja, að það fari vel af stað og verði viðkomandi byggðum til framdráttar. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka sérstaklega framlag til ákveðins gæluverkefnis sem ég hef nú stundum tuðað um hér úr ræðustól og ekki fundist ég fá ákaflega miklar undirtektir við, en það er endurgerð Duushúsanna í Keflavík. En þarna sé ég í fyrsta sinn glytta í pening sem einhverju máli skiptir til varðveislu þeirra húsa og vil ég þakka það pent.

[01:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa í dag gert grein fyrir þeim brtt. sem við höfum lagt fram við gerð fjárlaga fyrir árið 2001. Þar sem nú er áliðið nætur mun ég reyna að stytta mál mitt og fara aðallega inn á þá pósta sem mér hefur verið falið af flokksins hálfu að annast og það eru aðallega iðnaðarnefndarmál.

Komið hefur fram í umræðunni í dag að tekið verði á málefnum Byggðastofnunar fyrir 3. umr. þannig að ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í Byggðastofnun og treysti því að í sambandi við atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni verði tryggt fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem þar eru innt af hendi.

Það sem ég ætla að gera að meginumræðuefni í kvöld er staða Rafmagnsveitna ríkisins. Það virðist vera hrollur í ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum að standa að nokkru sem lýtur að félagslegri jöfnun, allt púðrið fer í einkavæðingu án þess að gera sér nokkra grein fyrir því til hvers einkavæðingin leiðir. Og framlög hins opinbera eru skorin niður og þar eru Rafmagnsveitur ríkisins engin undantekning. Á undanförnum árum hafa framlög til Rafmagnsveitna ríkisins stórlækkað og eru á þessu ári ekki nema 135 millj. á lið iðnrn. og það er hugsað til þess að styrkja dreifikerfið í hinum dreifðu byggðum.

Nauðsynlegt er fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að fá viðurkenningu á tilvist félagslegra verkefna eða óarðbærra rekstrareininga í starfsemi Rariks en það hefur ekki verið gert. Margoft hefur verið gerð úttekt á því hvernig þessi félagslegi þáttur er, þ.e. þau svæði sem borgar sig ekki að dreifa til og þurfa framlög. Við vitum stærðirnar, þetta eru árleg ríkisframlög til Rafmagnsveitna ríkisins sem ættu að vera á bilinu frá 300–700 millj. kr. að sumra mati eða á bilinu 400–650 millj. kr. samkvæmt úttekt sem Kaupþing vann á árinu 1998.

Það er algjörlega óviðunandi, virðulegi forseti, að staða raforkumála í landinu skuli vera með þeim hætti að stoðkerfi landsins í raforkumálum um hinar dreifðu byggðir skuli vera borið uppi af viðskiptamönnum Rariks á þéttbýlisstöðum sem eru úti um landsbyggðina, en ekki hér á höfuðborgarsvæði og hjá bæjarveitum sem eru á nokkrum stöðum á landinu og síðan hjá Akureyrarkaupstað. Allir þessir aðilar í samfélaginu eru stikkfrí við að byggja upp raforkukerfi sem þjónar landinu öllu. Þetta er forkastanlegt og það verður að horfast í augu við hvernig þessi mál standa í raun og veru.

Rafmagnsveitur ríkisins eru stórt fyrirtæki, þjóna nánast öllum utan bestu markaðssvæðanna, þ.e. höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Framleiðslugeiri Rariks er með 66 millj. kr. halla en flutningurinn, eins og fram kom áðan, sem er mjög erfiður úti um allt land utan stærstu þéttbýlisstaðanna, er rekinn með 111 millj. kr. tapi.

Bestu þéttbýlisstaðirnir á veitusvæði Rariks, stærstu kaupstaðirnir sem Rarik þjónar, gefa þó um 172 millj. í hagnað en í dreifbýlinu, strjálbýlinu, er 256 millj. kr. tap. Síðan hefur Rarik um 23 millj. kr. hagnað af þeim hitaveitum sem fyrirtækið rekur.

Virðulegi forseti. Óásættanlegt er að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki sjá sóma sinn í því, miðað við núverandi aðstæður, að gera þannig við Rafmagnsveitur ríkisins að þær standi jafnfætis öðrum þjónustufyrirtækjum sem selja raforku í landinu og við viðurkennum á þann hátt þann félagslega þátt sem Rafmagnsveitur ríkisins standa frammi fyrir. Það er ekki ásættanlegt að einungis stóru staðirnir úti á landi beri þann kostnað, þetta er dreifbýlisskattur eins og hann er settur upp núna og auðvitað eigum við öll að bera þann kostnað sem hlýst af því að dreifa raforku um landið allt og koma upp stoðkerfi sem við öll gerum okkur grein fyrir að þarf að vera í landinu.

Rekstrartekjur Rafmagnsveitna ríkisins voru 510 millj. kr. á síðasta ári og rekstrargjöldin þau sömu eða 510 millj. kr. Orkuöflun Rafmagnsveitna ríkisins er mjög óhagstæð vegna þess að aðkeypt orka fyrirtækisins er um 86%, vatnsorka fyrirtækisins er um 11% og varma- og jarðvarmaorka er um 3%. Fyrirtækið er því mjög illa sett varðandi orkuframleiðslu og þarf að kaupa dýra orku aðallega frá Landsvirkjun sem er langstærsti aðilinn sem selur inn á kerfi Rariks eða um 96,7% þó svo að það sé keypt einnig frá Andakílsárvirkjun um 2,8% og Sleitustaðavirkjun 1%.

Virðulegi forseti. Rafmagnsveitur ríkisins þurfa á þessum framlögum að halda en nú eru í burðarliðnum ný orkulög sem ríkisstjórnin hefur boðað, sem að öllum líkindum koma fram nú undir jól eða strax upp úr áramótum. Ný orkulög verða á grunni Evróputilskipunar um frjálsa sölu inn á einhvers konar landsnet. Það liggur alveg ljóst fyrir varðandi félagslega þáttinn, fari ríkisstjórnin þá leið sem hugur hennar stendur til, að hann verður að greiða með einum eða öðrum hætti af sameiginlegum sjóðum, hvaða formúlu sem menn síðan komast niður á. Það er forkastanlegt að ekki skuli vera hægt að taka á þessum málum núna með framlögum til rafmagnsveitnanna vegna þess að með nýjum orkulögum, eins og allt bendir til að þau muni líta út, verður félagslegi þátturinn tekinn út fyrir sviga.

Hvernig hafa aðrir leyst þennan félagslega þátt, í Evrópu, á meginlandinu? Því að það eru jú fleiri en Íslendingar sem hafa dreifbýli þar sem mjög dýrt er að dreifa orkunni. Margir aðilar hafa farið þá leið að setja framleiðslugjald á orku þannig að öll orka sem er framleidd í landinu er skattlögð og þeir peningar notaðir til að standa straum af kostnaði við stoðkerfi í hinum dreifðu byggðum. Þetta fyrirkomulag er t.d. viðhaft í Skotlandi svo dæmi séu nefnd. Þar eru norðursvæðin mjög strjálbýl og dýrt að dreifa orkunni.

Einnig er sú leið farin á meginlandi Evrópu að fikta við skattlagningu, t.d. í Noregi þar sem felldir eru niður skattar

á raforku í hinum dreifðu byggðum og þá er þar aðallega um virðisaukaskatt að ræða.

En undir öllum kringumstæðum viðurkenna allir nauðsynina á því að allir landsmenn standi á einn eða annan hátt að þessari jöfnun. Eins og við höfum keyrt þessi mál núna vegna þess hve framlögin til Rafmagnsveitna ríkisins hafa dregist saman, má segja að kostnaðurinn við dreifingu í hinum dreifðu byggðum leggist nær einvörðungu á fólkið sem býr úti á landsbyggðinni.

Orkubú Vestfjarða er að nokkru leyti betur sett en Rafmagnsveitur ríkisins vegna þess að Orkubú Vestfjarða framleiðir sjálft um 30%, $^1/_3$, af aflinu. Þeir hafa stóra virkjun og þeir hafa einnig minni virkjanir sem framleiða þannig að þetta er um $^1/_3$. Innkaupin frá Landsvirkjun eru ekki nema u.þ.b. $^2/_3$ af aflinu. En Rafmagnsveitur ríkisins eru illa settar, þær voru skildar eftir án orkuframleiðslu svo neinu nemi þannig að eigin framleiðsla fyrirtækisins er einvörðungu 7%.

Einnig verður að líta til þess, virðulegi forseti, að Rafmagnsveitur ríkisins geta á hagstæðan hátt unnið orku, þ.e. fyrirtækið sjálft. Og fyrirtækið hefur uppi áform um virkjanir svo sem Villinganesvirkjun, sem er talin hagstæð upp á 30–40 megavött og gufuaflsvirkjun í Grændal upp á 90 megavött þar sem talað er um að orkuverð á kwst. verði ekki nema 90 aurar.

Virðulegi forseti. Mál Rafmagnsveitna ríkisins er stórmál. Svo ég tali í líkingamáli að hætti garðyrkjumannsins þá er það þannig varðandi byggðamálin að þetta er eins og að rækta blóm. Það er hægt að bera á þau allan þann áburð og úðað á þau öllum þeim efnum vegna þess að það er vannært, en það gengur ekki neitt ef jarðvegurinn er ekki í lagi. Og jarðvegurinn hvað varðar hinar dreifðu byggðir og landsbyggðina varðandi orkumálin, þau mál eru ekki í lagi. Og að hætti garðyrkjumannsins þarf að stinga upp og laga jarðveginn.

Og sannarlega þarf að laga jarðveginn í þessu máli vegna þess að hundruð milljóna króna skattlagning á lífvænlegustu þéttbýlisstaðina utan suðvesturhornsins til þess að standa straum af öllu rafmagnsstoðkerfi í landinu, er ósanngjörn. Það er í hæsta máta ósanngjarnt að fjölskyldan mín á Dalvík við Eyjafjörð skuli þurfa að standa straum af þessum kostnaði með mjög háu raforkuverði meðan fjölskyldan mín í Reykjavík eða fjölskyldan mín á Akureyri eru gjörsamlega stikkfríar.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aldrei verið feimin við að segja að við eigum að nota opinbert fé til að framkalla jöfnuð. En grunur minn er sá að í einkavæðingar- og frjálsræðistalinu hafi Rafmagnsveitur ríkisins klemmst. Ekki er um annað að ræða en styðja myndarlega með framlögum úr ríkissjóði við Rafmagnsveitur ríkisins og viðurkenna þar með að félagslegi þátturinn kostar á bilinu 400–700 millj. á ári og er ósanngjarnt að láta suma landsmenn út um hinar dreifðu byggðir í þéttbýliskjörnunum borga brúsann en láta hina alla vera stikkfrí. Jöfnunarsjóðurinn okkar allra í þessu tilfelli er ríkissjóður. Með nýjum orkulögum verður hæstv. ríkisstjórn, ef hún fer fram með þau eins og horfir, hvort eð er að horfast í augu við það. Það eru bara til þessar tvær leiðir á grunni tilskipunar ESB um ný orkulög. Það verður að fara aðra hvora leiðina sem er notuð í Evrópu og þá kemur það út á eitt í raun og veru og það er eins og ég sagði áðan. Það er framleiðslugjald á orkuframleiðsluna eins og Skotar gera eða að fara skattaleiðina og niðurfella virðisaukaskatt eins og Norðmenn gera.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en vil koma þessu sterklega á framfæri. Framlög til landsbyggðarinnar, kokhreysti ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til styrktar landsbyggðinni eru innantómt hjal ef ekki er farið í grunninn og leiðrétt sjálfsagt rekstrardæmi eins og Rafmagnsveitur ríkisins eru. Það eru mörg hundruð millj. kr. dæmi og landsbyggðarfólkið í þéttbýlisstöðunum á heimtingu á því, eins og við öll reyndar, að aðrir landsmenn taki þátt í því að fjármagna og standa undir kostnaði við þær einingar sem eru taldar óhagkvæmar þannig að byrðarnar dreifist á okkur öll. Fram að breytingum á orkulögum eða fram að framkomu nýrra orkulaga á því að sjálfsögðu að nota ríkissjóð til að framkalla þessa jöfnun og því hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt til að framlagið verði aukið strax við þessi fjárlög til Rafmagnsveitna ríkisins vegna félagslega þáttarins um 100 millj. kr.

[01:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er orðin nokkuð mikil umræða, prýðileg á margan hátt og ekkert nema mjög gott um það að segja að menn ræði fjárlög ríkisins vel og ítarlega. Ég held að menn eigi ekki að telja eftir sér tímann sem í það fer, jafnvel þó í það fari eins og bróðurparturinn af sólarhring. Ég geri það a.m.k. ekki og það er ekki verri tími til þess að ræða þetta núna milli miðnættis og miðmorguns en hver önnur stund.

Það er aðallega eitt sem mér finnst vera að í umræðunni, herra forseti, og í raun og veru til skammar. Ég ætla að láta það koma fram að ég lýsi megnustu óánægju með það og það er viðvera eða öllu heldur ekki viðvera hæstv. ráðherra við umræðuna. Ég tel það, herra forseti, vera til skammar að hér skuli klukkutímum saman ekki sjást einn einasti ráðherra í þingsalnum. Ég tel í raun og veru vera til skammar að hæstv. fjmrh. skuli ekki sýna umræðunni þá virðingu að vera viðstaddur, a.m.k. af og til, þannig að það sjáist að hann er einhvers staðar nálægur umræðunni. Ef hann má því ekki við koma af einhverjum ástæðum, þá hefði mér fundist að það ætti að fresta umræðunni. Mér finnst þetta til skammar, herra forseti. Mér finnst ekki vansalaust fyrir forsetana að láta þessa hluti ganga svona fyrir sig klukkutímum saman. Það er leiðinlegt fyrir þingmenn að þurfa að koma hér, nöldra og vekja athygli á jafnsjálfsögðum hlutum og þeim að það er eðlilegt að ríkisstjórnin eigi einhverja fulltrúa við svona umræður.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Aðeins vegna þessarar athugasemdar vill forseti taka fram að hæstv. fjmrh. var við umræðuna frá kl. 1 í dag og í húsinu fram yfir miðnætti.)

Já, já. Það er alveg skínandi gott, herra forseti, en er hæstv. forseti með því að afsaka að hæstv. fjmrh. sé ekki hér til enda umræðunnar? Finnst honum það vera til fyrirmyndar? Ber að skilja þetta inngrip forseta í mín orð þannig eða hvað? Forseti svarar því kannski á eftir ef ég fæ að ljúka mínu máli fyrst.

Ég vil svo undanskilja að hér hefur verið allan tímann formaður fjárln. og það er til fyrirmyndar og hann hefur tekið þátt í umræðum og verið í andsvörum eftir atvikum og það er vel. En það er líka í raun og veru það jákvæðasta sem hægt er að segja um þessa frammistöðu af hálfu annarra sem ábyrgð eiga að bera á þessu máli. Mér er full alvara með þessum orðum, herra forseti. Mér er farið að blöskra það á köflum hvaða virðingu menn bera fyrir sjálfum sér og störfum sínum og þeirri stofnun sem þeir starfa í þar sem er Alþingi Íslendinga. Þetta er ekki í lagi. Þetta fer versnandi ár

frá ári, herra forseti. Ég lít á það sem sameiginlegt verkefni okkar allra að reyna að taka eitthvað á þessu. Það er kannski ágætt að segja þessi orð núna um næturstund þar sem ekki eru endilega líkur á því að mjög margir aðrir séu að hlusta á okkur en við sjálf. Ég vona að hæstv. forseti hafi hlýtt á það sem ég hef sagt og tekið eftir því.

Efnahagsumgjörðin fyrir þessa fjárlagagerð, herra forseti, er náttúrlega dálítið sérkennileg. Í raun og veru er hún ekki aðeins í þeirri óvissu sem allar ytri aðstæður um þessar mundir sníða henni heldur liggur það líka fyrir að hér er verið að ræða fjárlög við 2. umr. í fyrra fallinu og það er vissulega vel. Það er ágætt að menn séu tímanlega á ferðinni með þá hluti en hins vegar vantar mjög mikilvæg undirstöðugögn til að átta sig á því hvernig horfur í þjóðarbúskapnum eru núna, hvernig þær eru metnar akkúrat núna á síðustu vikum ársins áður en fjárlögin verða afgreidd. Ég tek sérstaklega undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði við umræðuna fyrr í dag. Ég held að það ætti að vera umhugsunarefni til skoðunar við fjárlagavinnuna og afgreiðsluna framvegis að taka þessa hluti í annarri röð en nú er gert og gert hefur verið yfirleitt. Mér er að sjálfsögðu vel kunnugt um að endurskoðuð þjóðhagsáætlun fyrir lokaafgreiðslu fjárlaganna hefur oft ekki litið dagsins ljós fyrr en jafnvel um miðjan desember og þá rétt fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga en það er auðvitað ekki til fyrirmyndar þegar við förum að skoða það. Hið rétta væri að þetta lægi fyrir hvort tveggja og ef eitthvað, þá endurskoðuð tekjuáætlun fjárlaganna á undan því að útgjaldarammanum sé lokað. Hér eru margir mikilvægir málaflokkar að koma til endanlegrar afgreiðslu ef ég hef skilið það rétt, þ.e. sá hluti breytingatillagnapakkans sem er nú til afgreiðslu svo sem málefni skólanna að talsverðu leyti og ráðuneyta eins og landbrn., félmrn. og fleiri aðila. Vissuleg stendur þarna eitthvað út undan af breytingartillögum sem kemur þá við 3. umr. en það væri miklu heildstæðara og betra. Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v., sagði um það í dag að þetta ætti að skoða að vinna öðruvísi og reyna að sjá til þess að þessi endurskoðun lægi fyrir með fyrra fallinu þannig að menn töluðu út frá því við 2. umr. fjárlaga sem er meginefnisumræðan um fjárlagafrv. yfirleitt ef allt er með felldu. Sérstaklega væri nauðsynlegt að hafa slíkt endurmat á þjóðhagsforsendum til staðar þegar blikur eru á lofti og líkur eru á að aðstæður séu jafnvel að breytast. En það er einmitt þannig sem stendur á um þessar mundir. Allar líkur eru á því að endurskoðuð þjóðhagsáætlun muni fela í sér breytingar á spám frá því fyrr í haust. Svo mikið hefur gengið á síðan, herra forseti, í efnahagslífi landsins og það er eiginlega næsta öruggt.

Ég ætla ekki að eyða frekari tíma í það sem hefur þegar verið rætt í þessari umræðu og úti í þjóðfélaginu með ýmsum hætti, innan veggja og utan á undanförnum dögum og vikum, þ.e. óvissan sem er að dragast upp í samhengi efnahagsmálanna. Hún er umtalsverð, það er alveg ljóst hvað sem menn segja, hvort sem menn líta á það sem meiri háttar vandamál eða minna, reyna að horfa á það með bjartsýnisaugum eða með gagnrýni, þá held ég að menn hljóti að geta sameinast um eitt að meiri óvissa er uppi núna á þessum haustdögum en hefur verið um nokkurt árabil. Það eru ákveðin veðrabrigði að verða í efnahagsmálunum. Það er alveg ljóst. Þeirra hefur mátt vænta að ýmsu leyti að undanförnu. Það hafa verið hlutir sem hafa teiknað til þess að hagsveiflan gæti farið að breytast og þar hef ég nefnt á undanförnum tveimur árum eða svo stöðu sjávarútvegsins og menn hafa kannski ekki gefið mikinn gaum að því af því að menn eru óskaplega uppteknir af ræðuhöldunum um nýja hagkerfið og breytta tíma og nýja hluti í efnahagslífi okkar sem skipta vissulega máli og margt er ágætt og jákvætt með. Aðrar greinar hafa aukið hlutdeild sína eins og ferðaþjónusta, útflutningur á þjónustu og iðnvarningi en það er barnaskapur að horfa fram hjá þeirri staðreynd að sjávarútvegurinn er enn svo yfirgnæfandi þungur í efnahagslífi okkar að ef þar bregður verulega til hins verra með afkomu og útflutningstekjur hefur það fyrr eða síðar umtalsverð áhrif út í allan þjóðarlíkamann. Það er þannig og það er það sem ég óttast að sé að mælast núna á ýmsum vígstöðvum að stóri mótorinn, sjávarútvegurinn, hefur verið að lenda í vaxandi erfiðleikum, er að skila minna ef ekki beinlínis að takast á við tekjusamdrátt og þess er nú farið að gæta.

Síðan bætast við sú röð mistaka sem menn hafa gert og er augljóst mál að menn hafa gert í hagstjórninni á undanförnum missirum. Auðvitað er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á, herra forseti, og má vel segja að að einhverju leyti hafi mönnum ekki að öllu leyti verið þetta ljóst. Samhengi þeirra hluta þegar menn voru að taka ákvarðanir af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn og fyrir ríkisstjórnir hafa gert á síðustu tveimur til þremur árum eins og flatar skattalækkanir í mikilli þenslu og góðæri, eins og breytingar í fjármálaheiminum sem ýttu undir útlánaþenslu og spennu á markaði, eins og fljótræðislegar breytingar á fjárfestingarheimildum, lífeyrissjóðanna erlendis, breytingar í húsnæðismálum og þar fram eftir götunum og mætti tína ýmislegt fleira til. Að ógleymdu því auðvitað að hinar reglubundnu tilkynningar hæstv. forsrh. eða tilskipanir á þriggja mánaða fresti um góðærið hafa auðvitað verkað hvetjandi, ýtt undir eyðsluna og átt sinn þátt í því að menn trúðu því að veislan gæti staðið um aldur og ævi og það mundi aldrei þrjóta veisluföngin. Nú er það því miður að gerast, herra forseti, og það sem alvarlegra er að kannski fara sumir að finna til timburmannanna innan skamms svo nota sé tungutak sem menn ættu að skilja. (**Gripið fram í:** Hverjir helst?) Ja, einhverjir.

Herra forseti. Ekki meira um þetta. Það sem ég er líka mjög hugsi yfir er sú umræða, ef einhver er, sem örlar á hjá stjórnarsinnum um hvað eigi að gera. Satt best að segja hefur verið kostulegt að fylgjast með því í dag í ræðum einstakra þingmanna stjórnarliðsins hvernig það er tvist og bast, hvað menn leggja það til hlutanna, allt frá talsverðum áhyggjum og skynsamlega reifuðum að mörgu leyti eins og ég þóttist m.a. heyra hjá formanni fjárln. fyrst í umræðunni yfir í furðulegar hugmyndir sumra stjórnarþingmanna sitt úr hvorri áttinni eins og hv. þm. Péturs Blöndals á eina hlið og annarra talsmanna stjórnarflokkanna á hina hlið. Þetta segir mér að það er engin lína í málinu. Engin lína er uppi í því hjá ríkisstjórn Íslands eða stjórnarflokkunum um hvað eigi að gera, ekki nokkur skapaður hlutur. Það er verið að leita að hálmstráum af því tagi að nú verði öllu reddað með því að selja Landssímann úr landi eða eitthvað því um líkt. Þetta er háskalegt, herra forseti. Það er furðulegt að heyra menn sem vilja láta taka sig alvarlega hvað varðar stöðugleika og varanlega festu í hagstjórn koma með það á borðið sem eitthvert úrræði í sjálfu sér að selja fjölskyldusilfrið. Ef heimilið lendir í vandræðum er það þá úrræðið að selja fjölskyldusilfrið? Það verður ekki gert nema einu sinni. Það er ekki til nema einn Landssími og það verða ekki nema einu sinni teknir inn í landið einhverjir tugir milljarða af gjaldeyri til að bjarga krónunni fyrir Landssímann því að þá er búið

að selja hann og það verður ekki gert oftar, eða hvað? Mér er ekki kunnugt um að það séu til svo góðir kaupendur að þeir vilji fyrst kaupa hann á tugi milljarða og skila honum svo aftur. Hvað hefur þá verið læknað? Ef það eru undirliggjandi skekkjur í efnahagslífi okkar um þessar mundir sem m.a. valda því að krónan er að veikjast, er þá lækningin að fara í sparibókina eða inn í bankahólfið, sækja fjölskyldusilfrið og selja það, og halda áfram eyðslunni og halda áfram að öðru leyti óbreyttri siglingu. Svarið er auðvitað nei. Þá eru menn ekki að takast á við hinn undirliggjandi vanda. Menn eru bara að kaupa sér frest með því að selja fjölskyldusilfrið. Þetta er háskalegt, herra forseti.

Þetta er öfugt við og gjörólíkt t.d. umræðunum í Noregi sem þar hafa staðið yfir undanfarna mánuði um vissulega tiltekna eignasölu norska ríkisins, ekki vegna þess að það sé illa statt eða þurfi á peningunum að halda og ekki vegna þess að lækna eigi einhverjar skekkjur í efnahagslífinu eða hagstjórninni með slíku. Það er af allt öðrum ástæðum. Menn segja einmitt vegna þess að þetta er hægt í áföngum af því að ástandið er gott, þá er kannski skynsamlegt að fara af stað með þetta núna, segja fylgismenn þess sem þetta vilja gera. Hér erum við á allt öðrum nótum og það er ömurlegt, herra forseti, ef það á að verða það eina sem á að gera af þessu tagi þegar menn þyrftu að takast á við verulegar breyttar aðstæður með aðgerðum sem miðuðu að því að taka á vandanum og ráðast að rótum hans en ekki hinu að kaupa sér frest, framlengja veisluna með því að selja borðbúnaðinn.

Það er líka undarlegt, herra forseti, ef þetta á að verða mönnum réttlæting fyrir því og það orðið að markmiði í sjálfu sér rétthærra öðrum að selja eitt mikilvægasta þjónustufyrirtæki landsmanna úr landi, það orðið markmið að koma því í eigu útlendinga. Er það virkilega svo að ekki einasta leki Framsfl. niður á þeirri andstöðu sem hann þóttist hafa uppi gagnvart einkavæðingu Landssímans ef marka má m.a. viðtal við þann þingmann flokksins sem titlaður er talsmaðurinn í Landssímamálinu, hv. þm. Hjálmar Árnason í Degi í dag, heldur eigi þá líka að undirgangast það að af efnahagsástæðum verði salan, þessi einkavæðing að fara fram í gegnum sölu úr landi til þess að ná í gjaldeyri til að halda uppi krónunni þannig að hægt sé að framlengja veisluna. Það er heldur dapurlegt, herra forseti.

Við hljótum síðan að lokum að spyrja: Hvað á að selja þegar allt er búið? Jú, það er auðvitað talsvert eftir ef menn hugsuðu sér að bjarga þessu áfram í jafnmörg ár og þeir gætu tekið af eignum almennings 20–30 milljarða kr. inn í landið í gjaldeyri til að vega upp á móti viðskiptahallanum, halda uppi genginu o.s.frv. En það eru ekki mörg ár sem menn sækja slíkar fjárhæðir í auðseljanleg fyrirtæki almennings, ekki nema þeir selji þá sjúkrahúsin, skólana og allt heila klabbið. Ég hef hingað til ekki heyrt að það standi til þó að vissulega sé verið að undirbúa þá framtíð til lengri tíma litið að þetta verði allt meira og minna komið í hendur einkaaðila og ríkið ofurselt þeim um sín mál að öllu leyti, bundið í báða skó af langtímasamningum þar sem það er skuldbundið til að skaffa sjúklinga eða vistmenn „ad infinitum" liggur mér við að segja til að einkaaðilarnir fái sitt fyrir sinn snúð. Það er ekki fýsileg og sérstaklega spennandi framtíð og það hefur ekki gefist vel þar sem menn hafa farið inn á þá braut. Með því er ég ekki að segja að ekki sé á hverjum tíma rétt að vega og meta verkefni aðila, einkamarkaðarins, sveitarfélaganna, ríkisins o.s.frv. hvað hver og einn hafi með höndum. Það höfum við lagt til að sé gert og reyndar átti að heita svo að hér hafi verið gerð samþykkt um að slíkt starf færi í gang samkvæmt þáltill. á síðasta vori. Ég hef lítið af því frétt enn þá, tekur stundum langan tíma að koma nefndarstarfinu af stað, en það er ekki mjög gæfulegt að sjá hvernig þessir hlutir þróast næsta handahófskennt í hrossakaupum stjórnarflokkanna um þetta eða hitt.

Herra forseti. Ég ætla að nefna nokkrar brtt. sem eru á þskj. 396 og eru fluttir af okkur nokkrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Við höfum valið þá leið að taka nokkur helstu áhersluatriði okkar fram og flytja þau í formi brtt. Þar er að sjálfsögðu ekki um tæmandi lista að ræða heldur eru ákveðin helstu atriði sem við viljum með þessum hætti draga athygli að og sýna okkar pólitísku áherslur í formi brtt. við fjárlögin. Þar kennir eðlilega margra grasa. Til að byrja með eru þar málaflokkar á sviði menntamála og rannsókna. Við teljum að taka þurfi á í málefnum húsakosts háskólans. Þar er ófremdarástand uppi, bygging tekur allt of langan tíma þannig að hús standa ónotuð árum saman vegna þess að framkvæmdatíminn teygist um of á langinn vegna ónógra tekna háskólans. Það eru öll rök fyrir því í tilviki t.d. Náttúrufræðihússins að ríkisvaldið komi þar meira að málinu en það hefur gert hingað til. Það er þjóðþrifamál að drífa þá byggingu upp og í gagnið úr því að hún er komin jafnlangt og raun ber vitni. Því leggjum við til að 150 millj. kr. verði bætt við í stofnkostnað hjá Háskóla Íslands.

Við leggjum einnig til að háskólar almennt og háskóla- og rannsóknastarfsemi, þ.e. rannsóknasjóðir háskólanna, rannsóknaleyfi kennara og aðrir slíkir útgjaldaþættir sem þar falla undir fái nokkra úrlausn eða 150 millj. kr. hækkun.

Þá vil ég nefna liðinn 02-979 Húsafriðunarsjóð. Það er vissulega vel að hv. meiri hluti fjárln. leggur þar til nokkra hækkun en við hefðum viljað gera betur. Þetta er liður sem hefur verið alveg skammarlega sveltur undanfarin ár á sama tíma og t.d. miklar fjárhæðir hafa farið gegnum liðinn til Endurbótasjóðs menningarstofnana. Þar hefur verið úr að spila fleiri hundruð millj. kr. á ári hverju og hefur vissulega verið mikil þörf fyrir það fé þótt sumt mætti takast betur eins og endurgerð Landsbókasafnsins sem nú heitir Þjóðmenningarhús, en á sama tíma er það gríðarlega verkefnið sem Þjóðminjasafnið og Húsafriðunarsjóður er með um allt land að varðveita og þó ekki sé nema að halda í horfinu með öll þau miklu menningarverðmæti sem þar eru á bak við sárlega svetur um fjármagn. Nokkrir tugir milljóna hafa verið til skiptanna í þeim efnum núna um langt árabil. Það er allt of lítið fé. Menningarverðmæti liggja undir stórskemmdum um allt land þar sem eru gömul timburhús, torfbæir, steinhöggin hús og önnur slík, vandasöm og viðkvæm verkefni sem þarf að vinna af alúð og nærgætni þar sem er varðveisla og viðhald slíkra húsa. Að mínu mati, herra forseti, væri fátt betur gert í þjóðminja- og fornminjaþáttum okkar en að stórauka fjármagn til þeirra hluta, að varðveita fornminjarnar, þær sem eru ofan jarðar og til staðar og eru að grotna niður.

Ég verð að láta það álit mitt í ljós, herra forseti, að ef ég ætti að velja á milli þess að ráðstafa viðbótarfjármagni t.d. í uppgröft eða í varðveislu þeirra fornminja sem eru ofan jarðar, þá vel ég hiklaust síðari kostinn vegna þess að hitt er vel geymt í jörðinni um sinn þó að það sé vissulega blóðugt að geta ekki jafnhliða sinnt öflugum rannsóknum og uppgreftri. Ef menn telja sig ekki hafa nóga fjármuni til að gera hvort tveggja sómasamlega, þá á það að ganga fyrir að verja og varðveita þær fornminjar sem liggja undir skemmdum í

formi húsakosts og slíkra hluta um land allt. Þarna er ekki nógu myndarlega að hlutunum staðið. Þess vegna teljum við lágmark að hækka þennan lið um 50 millj. kr.

Við teljum hins vegar, herra forseti, hægt að spara í utanrrn. Það hefur aukist mikið að vöxtum á síðustu árum. Margt í þeim útgjöldum hefur auðvitað tengst uppbyggingu utanríkisþjónustunnar og ég hef ítrekað sagt að ég hef verið stuðningsmaður þess að við efldum utanríkisþjónustuna þó auðvitað verði að reyna að leita þar hófsamlegra lausna. Maður er býsna sleginn satt best að segja, herra forseti, þegar maður sér sumar tölurnar sem eru að birtast á borðum um þessar mundir eins og kostnaður við opnun nýs sendiráðs í Japan eða kostnað vegna framkvæmdanna í Berlín og fleira í þeim dúr. En það eru aðrir hlutir hjá utanrrn. sem mætti auðveldlega spara að okkar mati. Við teljum þar fram hluti eins og varnarmálaskrifstofuna og bröltið í kringum herinn og NATO. Við leggjum hins vegar til að liðurinn Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði hækkaður. Það hefur verið baráttumál okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að Íslendingar ykju hlutdeild sína þar. Það hefur nokkuð áunnist í þeim efnum undanfarin ár, þ.e. í krónum talið. Fjárveitingar til Þróunarsamvinnustofnunar hafa hækkað allnokkuð en því miður verður að setja það í samhengi við þau markmið sem menn hafa sett sér í alþjóðasamfélaginu að verja tilteknum hundraðshluta þjóðartekna í þennan málaflokk og vegna þess að þjóðartekjur okkar hafa á sama tíma aukist verulega, þá miðar sorglega lítið hvað varðar hitt að ná þessu hlutfalli upp. Við erum þar stórkostlegir eftirbátar t.d. hinna Norðurlandaþjóðanna sem nær allar, að Finnum undanskildum líklega, verja tilskildu hlutfalli þjóðartekna, þ.e. 0,7% á vegum opinberra aðila og 1% í heild til þróunarsamvinnu og reyndar bæði Norðmenn og Svíar sum árin rúmlega það. Þarna liggjum við langt eftir og við flytjum því tillögu um að sá liður verði hækkaður um 100 millj. kr. Það ætti að vera borð fyrir báru til að Íslendingar legðu eitthvað meira af mörkum til að styðja við bakið á fátækustu þjóðum heims með tugmilljarða afgang á ríkissjóði og þar af leiðandi ekki hægt að bera því við beinlínis að fjármunirnir séu alls ekki til staðar.

Ég vil nefna liðinn Framkvæmdasjóður fatlaðra. Það er heldur ömurlegt að menn skuli ætla að enda þau samskipti þannig að tekjur hans séu stórskertar síðasta mögulega heila árið sem hann fengi að starfa og hefði ekki veitt af að hann hefði þá fengið að njóta allra sinna fjármuna í eins og eitt ár þannig að út úr þeim sjóði mætti veita fjármuni til að gera dálítið myndarlegt átak á sviði málefna fatlaðra áður en sá málaflokkur flyst yfir á sveitarfélögin. Það er ekki hægt að segja að ríkisvaldið ætli sér að skilja sérstaklega myndarlega við í þessum efnum ef svo fer að málaflokkurinn verði fluttur til sveitarfélaganna, að hafa þennan megintekjustofn til nýframkvæmda og aðgerða á þessu sviði stórlega niðurskorinn á næsta ári.

Ég vil nefna einn málaflokk sérstaklega og það eru aðgengismál hreyfihamlaðra. Það vill svo til, herra forseti, að ég hef sinnt þeim málum dálítið undanfarin tvö ár sem fulltrúi Íslands í Norræna ráðinu um málefni fatlaðra. Það verður að segjast eins og er að maður skammast sín oft fyrir það þegar maður sér hvernig að þessum hlutum er búið annars staðar á Norðurlöndunum, hversu langt á eftir við erum varðandi jafnsjálfsagða hluti og sjálfsögð mannréttindi og t.d. aðgengi að opinberum stofnunum. Talandi um þetta í þessu húsi, herra forseti, þá er það varla hægt kinnroðalaust eins og ástandið er í aðgengismálum fatlaðra í húsakynnum Alþingis. Þar er varla nokkur einasta bygging sem hreyfihamlaður maður kemst um svo vansalaust sé og húsið sjálft náttúrlega mjög erfitt eins og við þekkjum. Það mætti þó gera betur og t.d. hefur mér þótt heldur seint ganga að ná fram lágmarksúrbótum á skrifstofuhúsnæði alþingismanna þannig að þeir geti fengið til viðtals við sig eða í heimsóknir á skrifstofur sínar hreyfihamlaða einstaklinga eins og aðra þegna þjóðfélagsins. Þar eru mannréttindi brotin með grófum hætti á fjölmennum hópi og það er ekki vansalaust að *jafnlítið skuli vera að gerast í þeim efnum og raun ber vitni.*

Við leggjum einnig til, herra forseti, að undir liðinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi komi nýr liður þar sem er efling félagslegs forvarnastarfs. Ég ætla að fara örfáum orðum um þann lið og hvaða hugsun liggur þar að baki. Það er hugsun okkar að verja ætti sérstökum fjármunum til þess að styðja við bakið á því félagslega forvarnastarfi sem unnið er víða í samfélaginu af mikilli hugsjónamennsku, að verulegu leyti í sjálfboðaliðastarfi og búandi við ákaflega mikið fjársvelti. Ég er sannfærður um að ef menn vilja virkilega taka á með tiltölulega ódýrum hætti í þessum efnum hvað varðar forvarnir gegn fíkniefnaneyslu og öðru slíku, þá væri alveg ákjósanlegur farvegur að gera það í gegnum samstarf við félagasamtök, stofnanir og ýmsa aðila sem sinna félagsstarfi sem hefur gildi í þeim efnum.

Ég vil nefna t.d. félagsmiðstöðvarnar. Það vill svo til að mér er kunnugt um að þær eru margar hverjar hangandi á horriminni einfaldlega vegna þess að þær eru í miklu fjársvelti. Oftar en ekki vinna menn þar kauplaust lon og don til að halda úti starfi sem menn sjá að hefur mikið gildi og menn vilja ekki láta leggjast af en eiga engan annan kost en þann að vinna meira og minna kauplaust utan síns reglulega vinnutíma til að halda úti starfinu.

Oft og tíðum þarf þetta starf, ef vel á að vera, að vera í gangi á kvöldin og um helgar, utan reglulegs vinnutíma fastráðinna starfsmanna. Lausnin er þá iðulega sú að reyna að hóa í sjálfboðaliða, vini og vandamenn, fjölskyldu eða þá að starfsmenn vinna sjálfir kauplaust utan vinnutíma við að halda hlutunum gangandi. Svona mætti rekja dæmin af mörgum öðru á þessu sviði. Eðli málsins samkvæmt þyrfti þetta að vera samstarfsverkefni við sveitarfélögin og ýmsa aðila sem sinna slíkum verkefnum. Ég er hins vegar viss um að tiltölulega litlir fjármunir, sem ég leyfi mér að kalla svo, t.d. 100 millj., mundu breyta miklu.

Ég verð að segja, herra forseti, eftir að hafa flett í gegnum brtt. meiri hlutans, að mér sýnist ekki að menn hafi verið svo beinskornir eða illa haldnir að þeir hafi ekki getað fundið pláss þar fyrir ýmis sérstök áhugamál sín. Þar sýnist mér nú kenna ákveðins kunnugleika nefndarmanna í fjárln. við viðfangsefnið, svo ég orði það ákaflega kurteislega. Mér sýnist það, herra forseti, þegar ég lít yfir tillögurnar. Vissulega eru það undantekningalítið ákaflega þörf og góð málefni sem fá þarna úrlausn en þegar ég fer yfir þau þá leita á mig ýmsar hugrenningar og ég spyr mig á móti: Væri ekki líka mögulegt að taka á verkefnum eins og þeim sem ég hef gert að umtalsefni hér?

Það kann vel að vera að við köllum þessa tillögu aftur til 3. umr. og bjóðum hv. fjárln. upp á að velta fyrir sér milli umræðna hvort það gæti ekki farið vel að afgreiða rétt fyrir jólin eitthvað í þessa veruna sem menn gætu síðan sameinast um að undirbúa og útfæra nánar í framhaldinu. Menn ættu þarna eitthvað í handraðanum til að gera átak

í þessum efnum. Þó ekki væri vegna annars en verkfalls í framhaldsskólum landsins og þeirrar skelfilegu stöðu að 18–20 þúsund ungmenni eru þar meira og minna í reiðuleysi með sín mál og verða kannski vikum eða mánuðum saman ef illa tekst til, þá held ég að menn ættu að velta þessu aðeins fyrir sér.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá gert grein fyrir þeim brtt. sem ég ætlaði sérstaklega að gera að umtalsefni og fer að ljúka máli mínu. Ég held, herra forseti, að tillögurnar sem við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flytjum á sérstöku tillöguskjali og aðrar sem þingmenn úr okkar hópi flytja með hv. þm. Frjálslynda flokksins hljóti að kallast hógværar, a.m.k. miðað við ýmislegt annað um þessar mundir. Þarna er ekki verið að ræða um stórfellda útgjaldaaukningu ríkisins. Við höfum valið þá leið að taka okkar helstu áherslumál og sýna áherslur okkar með því að flytja brtt. um vel valin forgangsmál. Við erum tilbúin til þess, ef þessar tillögur fengju hér að einhverju leyti brautargengi, að skoða í framhaldinu, við 3. umr. þegar tekjuhlið fjárlaganna verður afgreidd, mögulega tekjuöflun á móti. Við leggjum í sumum tilvikum til sparnað á móti og ég vil láta það koma skýrt fram að við erum ekki endilega að segja að úrslitaatriðið sé að afgangur á fjárlögunum verði nákvæmlega upp á krónu sá sem hann hefur verið ætlaður. Ég held að það muni ekki skipta sköpum í þessum efnum þótt þar munaði einhverjum hundruðum millj., jafnvel þó það væri hálfur til heill milljarður, ef við þingmenn yrðum sammála um að þarna væru brýn og þörf úrlausnarefni sem þyrfti að leysa. Ég held að það mundi ekki breyta miklu í heildarsamhengi efnahagsmálanna þó þarna væri gert betur við ýmislegt sem sannarlega væri þörf á. Stærstir og fyrirferðarmestir eru náttúrlega þeir liðir sem lúta að almannatryggingunum, málefnum öryrkja og lífeyrisþega, vissulega. Þessir liðir eru útgjaldafrekastir en ég held að það sé flestra manna mál að þar sé þörfin mest, vilji menn virkilega reyna að koma til skila fjármunum og fara út í tilfærslur sem hefðu áhrif til góðs, að jafna betur hlutaskiptin í samfélaginu. Ég held að enginn deili um að þar væri viðbótin best niður komin, þ.e. hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, hjá lágtekjufjölskyldum, t.d. barnafjölskyldum með lágar tekjur sem sannarlega hafa borið skarðan hlut frá borði miðað við ýmsa aðra á undanförnum árum.

Ég læt þá máli mínu lokið, herra forseti. Komi ekki til frekari orðaskipta af minni hálfu við aðra þingmenn þá er ég að hugsa um að bjóða góða nótt.

[02:21]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Það er að koma að lokum 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 2001. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt brtt. við fjárlagafrv. ríkisstjórnarmeirihlutans. Þær byggjast á áherslum flokksins þar sem þær sem greinir á við áherslur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þær eru um að stuðla að aukinni menntun, auknum rannsóknum og þróunarstarfi. Í krafti menntunar og rannsókna sækjum við afl til framtíðar.

Hér höfum við einnig lagt áherslu á að styrkja velferðarkerfið og stöðu þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Við viljum auka jöfnuð og létta á þeirri spennu sem nú ríkir á milli þjóðfélagshópa vegna tekjumunar, vegna aðstöðumunar og vegna búsetu. Einmitt þessi spenna á mikinn þátt í þeirri þenslu og þeim óstöðugleika sem við búum við í íslensku efnahagslífi. Þar er verk að vinna til að styrkja innviðina, efnahagslíf og atvinnulíf og auka framleiðni þjóðfélagsins til framtíðar.

Ég vil vekja athygli á einni tillögu okkar, þ.e. um jöfnun á námskostnaði. Eins og kynnt var í fyrra við afgreiðslu fjárlaga var áætlað að auka framlög til að jafna námskostnað í dreifbýli í áföngum að vissri upphæð. Í sumar eða haust var ákveðið að gefa fleirum möguleika á því að sækja um dreifbýlisstyrki, þ.e. auka möguleikana til að styrkja þá sem þurfa að sækja nám heiman frá sér.

Mér sýnist að upphæðin sem nú er lögð hér til sé einungis sú sem áður var lofað til að hækka þennan grunn. En því var lofað á síðasta ári. Sú fjölgun sem nú verður á nemendum ... (**Gripið fram í:** Það er gott að standa við loforðin.) Já, það er rétt hjá hv. þm. Það er gott að standa við loforðin og einnig gott að bæta um betur þegar ástæða er til. Ég styð eindregið að rýmka þessi ákvæði og fjölga þeim sem möguleika eiga á að sækja um þennan styrk. En þá þarf líka að auka til þess fjármagn þannig að styrkir eða framlög á einstakling lækki ekki milli ára.

Mér sýnist, herra forseti, að verði ekki gerð breyting á muni þetta leiða til lækkunar á námsaðstoð til hvers og eins, miðað við það sem áður var að stefnt, vegna þess að fleiri muni eiga kost á styrk. Ég get ekki ímyndað mér að það sé ætlunin eða tilgangurinn. Ætlunin var að efla og styrkja þessa aðstoð enn frekar. Ég leyfi mér því, herra forseti, sé skilningur minn á málinu réttur, að beina því til hv. formanns fjárln. og meiri hlutans að taka þetta til endurskoðunar fyrir 3. umr.

Ég vil einnig benda á það sem okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði finnst um þær 35 millj. kr. sem nú er gert ráð fyrir að verja til að styrkja eða koma á fót einkareknum skóla til að mennta afburðagreinda nemendur. Við erum alfarið á móti slíkri ráðstöfun og leggjum til að þessu fjármagni verði í stað þess varið til að styrkja litla framhaldsskóla á landsbyggðinni, framhaldsdeildir sem starfræktar eru við erfiðar aðstæður og mikilvægt er að fá aukið fjármagn til. Ég nefni t.d. vandræðin með framhaldsdeildina í Stykkishólmi sem var á síðastliðnu hausti meinað að hafa þar annan bekk framhaldsskóla þrátt fyrir að nánast allir nemendurnir þar vildu stunda námið heima. Það er mikilvægt og miklu brýnna að styrkja þetta nám á minni stöðum, að koma upp framhaldsskólanámi þar í stað þess að búa til gæðaeinkaskóla hér eins og gert er ráð fyrir. Við leggjum til að þessum 35 millj. kr. verði fremur veitt til þessa verkefnis.

Herra forseti. Þar sem allmargir málaflokkar hafa ekki enn komið til umræðu, þeir koma til umfjöllunar við 3. umr., svo sem byggðamál, fjarkennsla, málefni Ríkisútvarpsins og framhaldsskólarnir, þá munum við ekki fjalla um þá frekar hér en leggja fram tillögur varðandi þá málaflokka við 3. umr. eftir því sem tilefni gefst. Varðandi tekjuhliðina munum við sömuleiðis bíða með tillögur okkar um breytingar á tekjuhliðinni til 3. umr. þegar endurskoðuð tekjuáætlun liggur fyrir.

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir við þann málflutning okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þessa umræðu. Við höldum henni áfram þegar fjárlagafrv. kemur til 3. umr.

[02:28]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Nú er liðið langt á nótt. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa haldið margar ræður í dag og útskýrt rækilega stefnu Samfylkingarinnar og viðhorf til ríkisfjármálanna, til

fjárlagafrv. og efnahagsmála almennt. Ég á því ekki mikið erindi hingað upp, herra forseti.

Þó gleymdi ég einu í fyrri ræðu minni sem var nokkuð ítarleg. Það var að þakka *félögum mínum* í fjárln. fyrir prýðilegt samstarf. Segja má að í hinni gömlu fornískensku ókynbundnu merkingu orðsins drengur þá séu þar margir góðir drengir. Sérstaklega vil ég þó þakka hv. þm. og formanni fjárln. Jóni Kristjánssyni fyrir ákaflega vandaða verkstjórn og tillitssemi í hvívetna við okkur í stjórnarandstöðunni. Ég vil líka þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir prýðilegt samstarf. Eins og fram kemur í þeim tillögum sem við leggjum fram, þingmenn Samfylkingarinnar, þá er ákaflega mikill samhljómur í mörgum þeim tillögum sem við leggjum fram við tillögur hv. þm. og félaga hans í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Hér er gripið fram í af gervöllum þingskara Sjálfstfl. sem viðstaddur er umræðuna að það sé vík á milli vina. Það er einmitt ekki svo. Ef skoðaðar eru grannt þær tillögur sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hinar sem við þingmenn Samfylkingarinnar leggjum fram þá held ég að það megi segja að það sé ákaflega mikill samhljómur þar. Ef hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir mundi gefa sér tíma til þess að líta upp úr þeim plöggum sem hún er að lesa núna og fara yfir þessar tillögur þá sæi hún að þar slá hjörtu saman í takt.

Herra forseti. Það er eðlilegt að við umræðu um ríkisfjármál og fjárlagafrv. *ræði menn efnahagsstefnuna almennt*. Það eru, eins og hv. þm. hafa bent, á blikur á lofti. Þessar blikur sjá allir nema þeir þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað í dag. Það sem stendur upp úr þessari umræðu, herra forseti, er að mínu viti kannski tvennt. Í fyrsta lagi að hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur komið hingað og sagt það ærlega að hann sjái hættumerki í þróun efhagsmála. Hann hefur sagt að viðskiptahallinn sé beinlínis hættulegur og óviðunandi. Að vísu hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. tekið undir að viðskiptahallinn sé geigvænlegur eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði. En þetta er eigi að síður í fyrsta skipti sem það birtist að innan stjórnarliðsins hafa menn áhyggjur af þróun efnahagsmála. Þetta er algerlega á skjön við það sem hæstv. forsrh. hefur verið að segja. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á hefur hæstv. forsrh. verið að gefa út tilskipanir um það á þriggja til fjögurra mánaða fresti að hér sé allt í góðu lagi, góðærið sé komið til þess að vera og að engar blikur séu á lofti.

Í tilefni af orðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar er nauðsynlegt að rifja upp að hæstv. forsrh. hefur mörgum sinnum sagt að engin ástæða sé til þess að óttast viðskiptahallann. Ég rifja það sérstaklega upp að í sjónvarpsþættinum Silfri Egils síðla í maí sl. sagði hæstv. forsrh. að viðskiptahallinn *væri góðkynja og að hann mundi ekki hafa nein* skaðleg áhrif á þróun efnahagsmála. Það er enginn sérfræðingur um efnahagsmál honum sammála í dag. Enginn heldur þessu fram nema hæstv. forsrh. Þetta sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði er annað þeirra tveggja atriða sem stendur upp úr í umræðunni í dag. Hitt er það að hæstv. fjmrh. sem hefur heiðrað okkur með nærveru sinni obbann úr deginum, hefur ekki sagt eitt einasta orð í þessari umræðu. Ég spurði hæstv. fjmrh. tveggja spurninga. Ég spurði hann í fyrsta lagi hvort hann væri sammála þeirri greiningu sem hv. þm. Jón Kristjánsson kom fram með í dag um viðskiptahallann. Í öðru lagi spurði ég hann hvort hann væri þeirrar skoðunar núna að þau orð sem Samfylkingin hefur haft uppi um skaðsemi viðskiptahallans ættu við rök að styðjast. Hæstv. fjmrh. þrumdi undir þessum ræðum í dag hnípinn í sæti sínu. En hann hefur enn ekki komið upp til þess að svara þessum spurningum.

Herra forseti. Ég hef setið á Alþingi í nærfellt áratug og þetta er í fyrsta skipti sem ég minnist þess að hæstv. fjmrh., og hafa nú verið tveir á þeim tíma, hafi setið undir 2. umr. fjárlaga án þess að koma upp og svara þeim spurningum sem til hans er beint eða greina að öðru leyti frá viðhorfum sínum til þeirra mála sem nú eru uppi í heimi efnahagsmála.

Eins og staðan er í dag þar sem hver sérfræðistofnunin á fætur annarri kemur fram með varúðarorð, hefði verið eðlilegt að hæstv. fjmrh. greindi okkur frá viðhorfum sínum. Það hefur hann ekki gert. Enginn úr forustu Sjálfstfl. hefur þorað að stíga fram til þess að ræða um stjórn efnahagsmála og til þess að andmæla þeim staðhæfingum sem við, bæði þingmenn Samfylkingarinnar og hv. þm. vinstri grænna, hafa sett fram um blikur á lofti efnahagsmála. Hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa ekki sama kjark og hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað. Þeir fara að dæmi strútsins og stinga höfðinu í sandinn.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að rifja það upp við lok þessarar umræðu að allt, hvert einasta atriði sem hæstv. forsrh. hefur gert að umræðuefni síðasta missirið og varðar efnahagsmál, hefur reynst rangt. Hæstv. forsrh. hefur haft rangt fyrir sér um þróun allra hagstærða sem máli skipta. Hæstv. forsrh. hefur haldið því fram að vextir mundu lækka. Vextir *hafa hækkað*. Hæstv. forsrh. stóð við fótstall styttunnar af Jóni Sigurðssyni hérna handan við vegginn á 17. júní og sagði við þjóðina: „Verðbólgan mun lækka.“ Herra forseti. Verðbólgan hefur hækkað. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis sagt, eins og reyndar hæstv. fjmrh., að viðskiptahallinn mundi minnka. Ég þarf ekki að rifja þá sögu upp, herra forseti. Hún er sorgleg. Þeir höfðu rangt fyrir sér. Í öllum þessum atriðum hefur Samfylkingin spáð fyrir um þróunina og haft rétt fyrir sér.

Herra forseti. Ég rifja það upp að Samfylkingin tjáði þjóðinni í miðri kosningabaráttunni síðustu þá skoðun sína að viðskiptahallinn væri á ákaflega hæpinni braut og að hann mundi að öllum líkindum aukast. Ég rifja það upp að langt fram eftir þessu ári hafnaði hæstv. fjmrh. því alfarið í umræðum í þinginu. Við sjáum hvað hefur gerst. Viðskiptahallinn sem var 40 milljarðar þegar við hófum máls á uggvænlegri þróun hans hefur hækkað með hverju mati og hverri spá Þjóðhagsstofnunar. Hann var samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar fyrr á þessu ári líklegur til þess að enda í 50 milljörðum á þessu ári. Við næstu spá Þjóðhagsstofnunar var hann kominn upp í 55 milljarða. Nú er hann kominn í 60 milljarða, herra forseti. Það blasir líka við að aðrar stofnanir sem þekkja gerr til íslenskra efnahagsmála og hafa reynst *sannspárri en* Þjóðhagsstofnun, sjá hlutina í miklu dekkra ljósi en Þjóðhagsstofnun.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu hefur birt þá skoðun sína að á þessu ári muni viðskiptahallinn fara í 10% af landsframleiðslu, muni verða um 70 milljarðar. Á *næsta ári*, segir OECD, að viðskiptahallinn muni verða 72 milljarðar, þ.e. þegar þessir sérfræðingar þessarar stofnunar hafa tekið tillit til þeirrar þróunar sem m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti áðan hvað varðar sjávarútvegsmálin. Við þessar aðstæður er eðlilegt að þess sé krafist, herra forseti, að liðsoddar ríkisstjórnarinnar segi undanbragðalaust frá viðhorfum sínum til þessarar þróunar. Það gengur ekki að senda fótgönguliða eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hingað upp

í ræðustól og segja, eins og hann sagði fyrr í kvöld, að viðskiptahallinn muni gufa upp, eða eins og hann sagði það: „Samkvæmt rökhyggju mun viðskiptahallinn hverfa.“ Hann gerir sér ekki grein fyrir því, herra forseti, að þó að viðskiptahallinn kunni að stafa að stórum hluta af einkaneyslu, af neyslu einstaklinga og heimila og fyrirtækja fremur en ríkissjóðs eins og í fyrndinni og að lélegar tryggingar séu fyrir þeim lánum sem þessir einstaklingar og fyrirtæki hafi tekið, þá þarf að fjármagna viðskiptahallann. Það þarf að fjármagna hann einhvern veginn.

Við vitum að úti í hinum stóra heimi er kvóti Íslands eða Íslandslínan í mögulegum lántökum takmörkuð. Ýmsar fjármálastofnanir sem hafa verið að reyna að efla hlutdeild sína á innlendum markaði með því að taka lán í útlöndum og dreifa hér á tombóluprís, eru komnar að endimörkum lánamöguleika sinna erlendis og það kemur að því að Ísland fylli sinn kvóta. Það kann að vera skemmra í það en menn grunar.

Hvað gerist, herra forseti, ef lánshæfni Íslands er metin niður á við? Það mun auðvitað hafa ákaflega uggvænleg áhrif. Það er ekki víst að þetta gerist. En eins og hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, sagði, þá getur þetta gerst. Það eru hættumerki. Og hvar eru þá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.? Gengur það, herra forseti, að hæstv. fjmrh. sitji og hlusti á umræðurnar, hlusti á þingmenn eiga í harðpólitískri og málefnalegri umræðu eins og við höfum átt í allan dag, fái á sig spurningar og svari þeim ekki? Mér finnst það óviðunandi, herra forseti. Ég dreg þá ályktun af þessu að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. treysti sér ekki eins og sakir standa í umræðu um efnahagsmál.

Herra forseti. Það hefur líka komið fram ítrekað í þessari umræðu að ríkisstjórnin ber alltaf blak af sjálfri sér og leitar að blórabögglum. Um þessar mundir eru blórabögglarnir lífeyrissjóðirnir. Lífeyrissjóðirnir hafa aukið fjárfestingar sínar erlendis. Það er rétt. Og það er alveg ljóst að eins og sakir standa, um þessar mundir, er það líklegt til þess að veikja gengið þó að til langframa sé það að öllum líkindum jákvætt fyrir hið íslenska samfélag. Hvað veldur því að þeir hafa í auknum mæli ákveðið að fjárfesta erlendis? Ég er þeirrar skoðunar að sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að koma í gegnum þingið á liðnu vori lögum sem heimiluðu lífeyrissjóðunum að fjárfesta meira erlendis hafi beinlínis falið í sér vísendingu frá ríkisstjórninni, hvatningu til þeirra um að gera það og þeir hafi orðið við þessari hvatningu. Síðan þegar í óefni stefnir kemur ríkisstjórnin og ásakar þá fyrir það sem hún á sjálf sök á, herra forseti.

Blikur eru á lofti. Vextir hækka. Gengið er ákaflega óstöðugt. Einn hv. þm. lýsti því í kvöld með nokkuð góðum rökum að krónan væri í reynd ónýt og enginn af forustumönnum samtaka iðnaðar og í atvinnulífinu í dag tekur til máls um efnahagsmál án þess að segja eitthvað í svipaða veru. Það er einfaldlega þannig, því miður, herra forseti, að eins og Samfylkingin spáði, hefur viðskiptahallinn molað stoðir íslensku krónunnar. Hún er ákaflega veik. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa barið á Seðlabankanum í kvöld. Hann er hinn nýi blóraböggull. Lífeyrissjóðirnir voru það í síðustu viku. Nú er það Seðlabankinn.

Tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa komið hér í dag og sagt að ekki væri hægt að finna neitt að stefnu ríkisstjórnarinnar sem ylli þessum vandkvæðum. Orsakanna væri að leita í hávaxtastefnu Seðlabankans. Ég er fremur þeirrar skoðunar, herra forseti, þegar ég lít til baka, enda er auðvitað gott og auðvelt að vera vitur eftir á, að Seðlabankinn hefði átt að verða harðari í sinni vaxtastefnu og grípa fyrr til þess að hækka vexti til þess að styrkja gengið.

Það sem heldur uppi genginu í dag eru þessi sífelldu, nánast daglegu, inngrip Seðlabankans. Þeir ágætu þingmenn Sjálfstfl. sem átelja Seðlabankann fyrir sitt athæfi og framkomu í peningamálum gera sér ekki grein fyrir því að þessi stöðuga íhlutun Seðlabankans í krónumarkaðinn gerir það að verkum að hún hefur ekki fallið meira. Því var spáð fyrir nokkrum mánuðum að krónan kynni að falla um 5–6% á þessu ári. Það var talin svartsýnisspá. Hún hefur fallið um 10% frá því í maí. Hvað gerist, herra forseti, ef þeir fjárfestar sem í dag hafa veðjað á íslensku krónuna með því að fjárfesta í um það bil 60 milljörðum í stöðu með íslensku krónunni skipta um skoðun og ákveða að veðja gegn henni?

Sálfræði leikur stórt hlutverk í ákvörðun fjárfesta og það er hjarðhvötin sem virðist vera ráðandi. Það þarf ekki marga til þess að skipta um skoðun til þess að hjörðin renni á eftir þeim sauðum sem í forustu eru. Hvað gerist ef þetta verður að veruleika á næstu dögum eða næstu vikum? Það er alveg ljóst að þá væri líklegt að gengið mundi taka á sig gervi evrunnar þegar hún var í því sem hæstv. forsrh., minnir mig, að hafi kallað frjálst fall og þó var fallið ekki meira en krónan hefur fallið núna á síðustu mánuðum.

Herra forseti. Mig langar að lokum að ræða eitt mál af því að hv. þm. Jón Kristjánsson á eftir að halda sína ræðu. Það er eitt atriði sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar þurfum að fá á hreint frá Framsfl. Það er spurningin um það hversu langt Framsfl. ætlar að láta Sjálfstfl. leiða sig í hverju málinu á fætur öðru. Það er spurning um grundvallaratriði, herra forseti. Flokkurinn sem Jónas frá Hriflu stofnaði í byrjun þessarar aldar var flokkur sem byggði á hugsjónum jöfnuðar, flokkur sem byggði á því að stéttir vinnandi fólks á landsbyggðinni og líka í þéttbýlinu ynnu saman. Stofnendur Framsfl. sáu fyrir sér þjóðfélag jöfnuðar, þjóðfélag réttlætis, þar sem þeim efnaminni væri ekki gert örðugra um vik að ná þroska og lífsgæðum og lífshamingju heldur en þeim sem voru þeirrar gæfu aðnjótandi að fæðast inn í fjölskyldur með meiri peningaráð.

Eitt af grundvallaratriðunum, herra forseti, í því þjóðfélagi sem okkur hefur sameiginlega tekist að skapa á Íslandi er heilbrigðiskerfi sem stendur öllum opið og það er vissulega verið að gera atlögur að því. En hitt er opið og gjaldfrítt skólakerfi.

Herra forseti. Nú gerist það í fyrsta skipti að á sama tíma og framhaldsskólakennarar eru í erfiðu verkfalli, krefjast þess að fá hærri laun með vísan til þess að ríkisstjórnin hefur með sinni einkennilegu bakflæðisstefnu í launamálum látið sambærilega hópa, hópa með svipaða menntun, svipaða ábyrgð innan ríkiskerfisins, fá ákaflega miklar launahækkanir á síðustu árum. Með vísun til þess hafa framhaldsskólakennarar óskað eftir því að fá sinn skammt útdeildan með svipuðum hætti. Því er hafnað.

Á sama tíma er lagt til í fyrsta skipti að teknar verði upp fjárveitingar til einkarekins framhaldsskóla. Herra forseti. Einkarekinn framhaldsskóli sem rekinn er af einstaklingi til að hagnast á er allt annað en t.d. hinn gamli Samvinnuháskóli á Bifröst, sjálfseignarstofnun, og aðrar slíkar skólastofnanir sem eru sjálfseignarstofnanir og reknar með skólagjöldum, þó ég sé ekki glaður yfir því. Þær eru allt annars eðlis en einkarekinn framhaldsskóli sem rekinn er af einum tilteknum einstaklingi, flokksgæðingi Sjálfstfl. Og íslenska ríkið ætlar

á næsta ári samkvæmt því frv. sem fyrir liggur að greiða þessum félaga í Sjálfstfl. fyrir framtak sitt 25 millj. Á þar næsta ári eiga að koma 100 millj. í þennan eina skóla. Hann getur stækkað. Þeir geta orðið fleiri. Er hægt, herra forseti, t.d. ef fleiri aðilar vilja stofna einkarekinn framhaldsskóla, að hafna svipuðum framlögum til þeirra? Ég skal ekki um það segja, herra forseti, og mig undrar ekkert þó að hæstv. menntmrh., sem er eins konar einkavæðingarfíkill, freisti þess á þennan hátt að brjóta stoðir undan hinu félagslega menntakerfi í landinu.

En ég vil spyrja talsmenn Framsfl., ég vil spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson: Ætlar Framsfl., flokkur Jónasar frá Hriflu, að láta bjóða sér þetta? Ætlar Framsfl. að taka þátt í því með þessum hætti að greiða þungt högg að rótum hins félagslega menntakerfis í landinu?

Herra forseti. Mér er of annt um Framsfl. til þess að ég megi ógrátandi til þess hugsa að hann verði á þennan hátt leiddur í fjöru af Sjálfstfl. Enn síður vil ég hugsa til þess, herra forseti, að einkavæðingarforkólfur Sjálfstfl. og ríkisstjórnarinnar, hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason, láti það yfir þingið ganga, láti það yfir þjóðina ganga að í miðju verkfalli framhaldsskólakennara skuli þeim, þá skuli íslensku þjóðinni, þá skuli íslenskum skattborgurum, íslensku réttlæti storkað með því að Alþingi eigi að samþykkja í fyrsta skipti heimild til einkarekins framhaldsskóla. Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst beiskum vonbrigðum mínum yfir því og ég spyr hv. þm. Jón Kristjánsson við lok ræðu minnar: Ætlar Framsfl. að láta þetta yfir sig ganga? Voru engir fyrirvarar gerðir af hálfu þingflokks Framsfl. þegar fjárlagafrv. var tekið í gegnum þingflokkinn við þetta tiltekna atriði?

[02:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Komið er að lokum umræðunnar og ég vil þakka fyrir hana. Hún hefur verið málefnaleg og komið víða við. Í sjálfu sér hefur ekki verið deilt um þær breytingartillögur sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram. Ýmsar áherslur hafa verið dregnar upp eins og gengur og verið fluttar og mælt fyrir breytingartillögum stjórnarandstöðu og minni hluta nefndarinnar. Að öðru leyti hefur umræðan snúist um almenna efnahagsumræðu að verulegu leyti. Þróunin síðari árin hefur verið sú að fjárlagaumræðan hefur að uppistöðu til verið almenn umræða um efnahagsmál.

Mikið hefur verið gert úr því í umræðunni í dag að ég hafi dregið upp hættumerki í efnahagsmálum og ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna um það. Ég stend við allt sem ég hef sagt. (Gripið fram í.) Um það sem ég hef sagt í ræðu minni um hættumerkin í efnahagsmálum. Engin ástæða er til að draga fjöður yfir það að viðskiptahalli er óæskilegur en ekki er þar með sagt að heimsendir sé fram undan. Þetta er *viðfangsefni sem þarf að berjast við og berjast gegn og* það eru mörg teikn jákvæð í efnahagsmálum, það er full atvinna, það er afgangur af ríkissjóði en vaxandi viðskiptahalli er eitt af því sem þarf að hamla gegn og ríkisfjármálin eru eitt af þeim tækjum sem við höfum til þess.

Það eru mikil þáttaskil frá því sem var þegar ríkissjóður var rekinn með halla í rúman áratug. Það er öðruvísi núna um að litast á þeim vettvangi. Þessu verðum við að halda til haga þó ávallt séu einhver viðfangsefni og einhver vandamál í samfélaginu sem verður að berjast við og það stendur allt sem ég sagði um það í ræðu minni í dag.

Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín í þessari umræðu. Ég hef svarað þeim jafnóðum í andsvörum þannig að það er bara ein sem út af stendur og það er spurningin um afstöðu Framsfl. til skólakerfisins. Framlag til einkarekins framhaldsskóla er tilraun en það merkir ekki neina grundvallarbreytingu á stefnu Framsfl. í skólamálum. (**Gripið fram í:** Það er svona eins og með elliheimilin.) Það ber að skoða þetta sem tilraun. Ef hv. þm. á við það að ríkið eigi að reka öll elliheimili þá er það ekki svo hér í landinu og sjálfseignarstofnanir hafa rekið dvalarheimili fyrir aldraða um árabil og hefur enginn amast við því, síður en svo. (**ÖJ:** Það eru ekki Aðalverktakar og Securitas.) Nei, þeir hafa ekki gert það. (**ÖJ:** Það er tilraunin.) Ef hv. þm. vill taka upp umræðu um þetta þá get ég alveg gert það. Ég tel ekkert útilokað að samningar hefðu verið gerðir um það sem hv. þm. hefur haft langar ræður um á undanförnum mánuðum. En ég tel ekkert athugavert við það að einkaaðilar taki að sér þjónustustörf ef það er vel skilgreint en það þarf að vanda sig við það. Að sjálfsögðu þarf að skilgreina vel þá þjónustu og hafa gott eftirlit með því að hún sé veitt. Hins vegar er engin grundvallarbreyting á stefnu Framsfl. í þessu efni. Það er svo að það eru ýmis stjórnmálaöfl sem eru ekki hrifin af breytingum og eru ekki hrifin af því að brydda upp á nýjungum í rekstri. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar í þessari umræðu.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir málefnalega umræðu og lýk máli mínu.

[02:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að fjalla um eitt af grundvallarátakamálum í samtíð okkar og í stjórnmálum þegar kemur að einkavæðingu innan samfélagsþjónustunnar. Innan heilbrigðisþjónustu, innan öldrunarþjónustunnar og í menntakerfinu og nú lýsir talsmaður Framsfl. því yfir, hv. þm. Jón Kristjánsson, að eðlilegt sé að gera á því tilraun hvort rétt sé að hefja einkavæðingu í menntakerfinu. Annaðhvort er þetta ótrúlegur pólitískur barnaskapur eða að menn eru að reyna að skjóta sér undan ábyrgð með því að kalla það tilraunastarfsemi þegar farið er að vilja einkavæðingarsinnanna í Sjálfstfl. Mér finnst að alþingismenn og þjóðin eigi annað og betra skilið en málflutning af þessu tagi. Ég kann betur að meta það að menn komi hreint til dyranna og kalli hlutina réttum nöfnum.

[02:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu að bæta við það sem ég sagði áðan um þetta mál. Ég endurtek að hér er ekki um neina grundvallarstefnubreytingu að ræða enda er mjög stór hluti af skólakerfinu rekinn af ríkisvaldinu. Ekki er um neina grundvallarbreytingu að ræða á þeirri stefnu. Til eru skólar sem eru reknir af sjálfseignarstofnunum, það eru vinsælir skólar eins og m.a. sá skóli sem ég stundaði nám í á sínum tíma fyrir löngu. Það var skóli sem var rekinn af samvinnuhreyfingunni sem var þá fyrirtæki og við borguðum þar skólagjöld. Það er ekkert nýtt í þessu efni, engin grundvallarbreyting þó að þessi fjárveiting sé þarna inni. Það er alveg ljóst.

[02:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er grundvallarbreyting á því að reka stofnanir á borð við dvalarheimili aldraðra sjómanna eða SÍBS, velferðarstofnanir sem sprottnar eru upp úr samtök-

um sjúklinga eða launafólks til að veita þjónustu. Það er grundvallarmunur á starfsemi af þessu tagi og rekstrarfyrirkomulagi af þessu tagi og hins vegar því þegar fjárfestingarfyrirtæki á borð við Aðalverktaka hf. og Securitas eru farin að fjárfesta í samfélagsþjónustunni til að hafa af henni arð. Á þessu er grundvallarmunur. Ef menn skilja ekki þennan grundvallarmun þá skilja menn ekki út á hvað einkavæðingarstefnan gengur í raun og sann.

[02:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*: Herra forseti. Ég vil að lokum segja það um þetta mál að það sem um ræðir er að verið er að skilgreina ákveðna þjónustu sem einkaaðilar taka að sér að veita og aðalatriðið er að hún sé skilgreind og eftirlit sé með að hún sé veitt. En ég ætla ekki að fara að tína út einhver fyrirtæki sem mega veita þessa þjónustu og hverjir mega það ekki. Ég get alveg fallist á það að slík útboð á þjónustu eru annars eðlis en rekstur Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Ég skil alveg muninn á því, hv. þm. Það þarf ekkert að kenna mér um það. En hins vegar sé ég ekki hætturnar í þessu ef eftirlit og þjónustan er vel skilgreind.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:59.

38. FUNDUR

mánudaginn 4. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 374, 387 og 388, brtt. 375, 389, 393, 396, 397, 398, 399, 403 og 405. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.

[11:02]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 413; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 414, 415, 416, 417.

Skógræktarverkefni, 237. mál, svar landbrh., þskj. 395.

Fjárlög 2001, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 374, 387 og 388, brtt. 375, 389, 393, 396, 397, 398, 399, 403 og 405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:04]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í þeim brtt. meiri hlutans sem hér liggja fyrir er að finna ýmsar jákvæðar tillögur sem við í Samfylkingunni munum styðja. Við teljum hins vegar að áherslan á ýmsa mikilvæga málaflokka sé alls ekki næg, t.d. á menntamál og kjör aldraða þar sem Samfylkingin leggur fram tillögu um sérstaka afkomutryggingu. Sömuleiðis þarf aukna áherslu á úrbætur fyrir barnafólk og byggðamál. Við höfum þess vegna lagt fram tillögur um að efla þessa málaflokka verulega umfram tillögur ríkisstjórnarinnar.

Ég legg áherslu á að á móti þessum útgjöldum hefur Samfylkingin lagt fram tillögur um auknar tekjur eða niðurskurð á öðrum útgjöldum þannig að þegar upp er staðið, herra forseti, þá mun afkoma ríkisins batna um einn milljarð samkvæmt tillögum Samfylkingarinnar. Það er ákaflega mikilvægt að þetta komi fram.

[11:05]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga þar sem greidd eru atkvæði m.a. um brtt. frá meiri hluta og minni hluta, munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja þær brtt. sem lúta að því að efla þau mörgu og góðu verkefni sem samræmast stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þingmenn munu sitja hjá við einstök atriði í brtt. sem þeir geta í sjálfu sér ekki stutt en vilja ekki bregða fæti fyrir. Eins munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiða atkvæði gegn einstaka liðum ef okkur finnst þeir ganga þvert á stefnu okkar eða áherslur.

Einstakir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt brtt. sem lúta að áherslum flokksins, þ.e. að auka jöfnuð í samfélaginu og styrkja innviði þess.

Tekjuhlið frv. hefur þingflokkurinn ákveðið að láta bíða til 3. umr. fjárlaga enda liggur hvorki fyrir áætlun ríkisstjórnarinnar um efnahagsforsendur næsta árs né endurskoðuð tekjuáætlun.

Þetta vildi ég, herra forseti, láta koma fram við upphaf atkvæðagreiðslunnar.

Brtt. 397,1 kölluð aftur.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, RG*, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 375,1 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 375,2 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Samfylkingin situr hjá við tillögu um útgjaldaaukningu við lið 01-101 Aukning rekstrarkostnaðar. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að spara og hefja sparnað hjá æðstu yfirstjórn. Það er ekki gert og ekki gerð nein tilraun til þess. Því situr Samfylkingin hjá við þennan og næsta lið.

Brtt. 375,3 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,4 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 397,2 felld með 31:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (TIO) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:11]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um það að auka framlag í stofnkostnað háskóla og vísindasstofnana um 200 millj. Tillagan gengur út á að 100 millj. fari í byggingu rannsóknahúss Háskólans á Akureyri og aðrar 100 millj. í byggingu Náttúrufræðihúss Háskóla Íslands. Þessar byggingar eru báðar afar mikilvægar fyrir háskólastigið og þess vegna munu þingmenn Samfylkingarinnar segja já við tillögunni.

Brtt. 396,1 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
9 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð til 150 millj. kr. fjárveitingu til byggingar Náttúrufræðihúss Háskóla Íslands. Sannast sagna hefur þar ekki verið staðið sómasamlega að málum. Nú er nauðsynlegt að taka þar hressilega á ef ekki á að taka áratugi að ljúka þessari byggingu. Aðstöðuleysi háskólanema er forkastanlegt og þess vegna segja þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs já.

Brtt. 375,5 og sérst. yfirlit 1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 397,3 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
9 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er afskaplega mikilvægt fyrir jákvæða byggðastefnu að menntunarmöguleikar allra landsmanna séu efldir með öllum tiltækum ráðum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir um aukna fjármuni til fjarkennslu á háskólastigi hnígur í þá átt að gera fleirum mögulegt að njóta háskólamenntunar án þess að búsetu þeirra sé raskað. Þess vegna styður Samfylkingin þessa tillögu.

Brtt. 375,6.a–b samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 396,2 felld með 33:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
8 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Veruleg þörf er á því að auka fjármagn til rannsókna á vegum háskóla á Íslandi. Fjárveitingar í því skyni hafa ekki verið í samræmi við fjárveitingar til kennslu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir háskóla á Íslandi til að ná því marki að rannsóknastarfsemi fái jafnmikinn skerf og kennslan.

Fjárþörfin til að skapa viðunandi skilyrði fyrir núverandi rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands er í rauninni 750 millj. kr. Við leggjum til að framlag ríkisins þ.e. fyrir árið 2001 hækki um 150 millj. kr. Ég segi já.

Brtt. 375,6.c samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 375,7.a samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH*, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 375,7.b og sérst. yfirlit 2 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 397,4 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, ÁGunn, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,8 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, EMS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 396,3 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SJóh, ÖJ*, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við leggjum til 300 millj. kr. viðbótarfjármagn til framhaldsskólanna en ljóst er að skólarnir verða ekki reknir nema til komi viðbótarfjármagn. Við verðum áþreifanlega vör við að ekki er hægt að manna skólana nema aukið fjármagn komi til sögunnar.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta viðbótarfjármagn, 300 millj., hrekkur ekki til til að búa megi að skólunum svo viðunandi sé en við viljum gefa Alþingi tækifæri til að sýna vilja sinn í verki. Þessir peningar eiga ekki að fara í einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar. Ef draumar ríkisstjórnarinnar og draumar hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar verða að veruleika í þeim efnum, þá mun það snúast upp í martröð íslensku þjóðarinnar og gegn því viljum við sporna. Þetta viðbótarfjármagn á hins vegar að fara til að efla skólastarfið og gæti orðið til þess að stuðla að lausn þeirra viðkvæmu og erfiðu verkfallsdeilu sem nú er háð.

Brtt. 375,9 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (EMS, GE, GAK, GÁS, JóhS, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, JÁ, KF, KLM, KPál, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 397,5 felld með 31:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

11 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, ÍGP, KF, KLM, KPál, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 375,10 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:22]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Forsvarsmenn Námsgagnastofnunar komu á fund hv. menntmn. á dögunum og tjáðu nefndinni að núverandi fjárveitingar stofnunarinnar dygðu varla til endurprentunar á því námsefni sem til væri í landinu. Ekki væri neitt fjármagn til gerðar nýs námsefnis sem þó væri rík þörf fyrir, m.a. vegna breytinga á lögum og nýrrar námskrár.

Það er ljóst að þær 20 millj. sem hér er lagt til að bætt verði við fjárframlög til námsgagnagerðar duga skammt til að koma út því námsefni sem grunnskólar í landinu þarfnast sárlega og bíða í ofvæni eftir. Því þarf að taka betur á en hér er lagt til, herra forseti. Ég greiði atkvæði með þessari tillögu.

Brtt. 396,4 felld með 33:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um framlag til jöfnunar á námskostnaði en í nýsamþykktum reglum um jöfnun á námskostnaði er gert ráð fyrir að fleiri unglingar geti átt aðgang að þeim styrkjum sem hér er um að ræða en áður var. Hækkun ríkisstjórnarinnar á þessum lið er aðeins til þess að uppfylla gefin loforð um hækkun á styrkupphæðum til einstaklinga en tekur ekki til þeirrar fjölgunar sem reglugerðin býður upp á.

Tillagan sem hér um ræðir frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs miðar að því að framlagið sé aukið, þannig að hægt sé að veita aukna styrki til þessara nemenda og ekki þurfi að lækka þá vegna þeirrar fjölgunar sem verður með breyttum reglum. Ég segi já.

Brtt. 375,11–13 og sérst. yfirlit 3 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

1 þm. (ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 396,5 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, BH, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 375,14 og sérst. yfirlit 4 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 396,6 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um mannréttindamál að ræða og mikið baráttumál heyrnarskertra að fá íslenskt efni í sjónvarpi textað og þá erum við að tala um ríkissjónvarpið, herra forseti. Okkur finnst það sjálfsögð skylda ríkissjónvarpsins að standa undir kostnaði við að texta fréttir og annað innlent sjónvarpsefni fyrir heyrnarskerta. Meðan slíkt er ekki gert búa heyrnarskertir við mannréttindabrot.

Við leggjum til að í þennan lið fari 10 millj. kr. einungis til þess að koma verkefninu af stað. Ég segi já.

Brtt. 396,7 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum til að þessi liður hækki um 50 millj., úr 25,5 upp í 75,5. Ástæðan er sú að víða um land eru byggingar að fara illa sem þarf að endurbyggja. Þetta eru menningarverðmæti sem margar eru í einkaeign þar sem einstaklingar hafa ekki tök á og geta ekki ráðist í þær framkvæmdir sem þarf og með þeim hætti sem viðhlítandi er. Með því að stuðla að eflingu þessa sjóðs munum við á sama tíma efla menningarstarfsemi um allt land.

Brtt. 375,15 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 397,6 felld með 32:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 375,16–20 og sérst. yfirlit 5–10 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 396,8 felld með 35:5 atkv. og sögðu

já: JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁSJ, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Fjármagn hefur verið aukið verulega til utanrrn. á undanförnum árum. Um það hefur ekki verið deilt að þörf hefur verið á því að efla utanríkisþjónustu okkar en það er líka ástæða til þess að líta til þátta þar sem hægt er að spara fé. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum óþarfa að reka sérstaka varnarmálaskrifstofu til að snúast kringum ameríska herinn á Keflavíkurflugvelli fyrir heilar 62 millj. kr. á ári. Við leggjum til að gengið verði til samninga um að herinn hverfi af landi brott og þar með má spara útgjöld við rekstur varnarmálaskrifstofu hjá utanrrn. Við leggjum því til að þessi liður lækki allverulega en þó verði skildar eftir 10 millj. kr. á fjárlögum til þess að loka starfseminni niður.

Brtt. 375,21 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 396,9 felld með 35:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er sömuleiðis á ferðinni liður sem er af okkar hálfu viðleitni til að spara ríkisútgjöld. Við teljum sömuleiðis óþarft að reka batterí fyrir 63 millj. kr. á ári til að snúast í kringum NATO. Með sömu rökum og áður sagði um að Ísland taki upp aðra stefnu í þessum efnum teljum við að þarna mætti spara verulegar fjárhæðir eins og 40 millj. kr. á næsta ári og þá stæðu eftir 23 millj. til að semja um hvernig starfsemin yrði lögð niður. Þær 40 millj. sem þarna spöruðust mættu ganga upp í næstu töluliði á breytingartillöguskjalinu, þ.e. liði eins og Þróunarsamvinnustofnun eða mannúðarmál og neyðaraðstoð og væru þessir fjármunir svo sannarlega betur komnir þar.

Brtt. 396,10 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í 10. tölul. brtt. á þskj. 396 er lögð til 100 millj. kr. hækkun á liðnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Hér er sem sagt lögð til allveruleg hækkun á framlögum Íslendinga til þróunarsamvinnu sem mundi koma þeim lið upp undir hálfan milljarð kr. Þó er ljóst að mikið vantar á að við Íslendingar leggjum til þessara mála með sambærilegum hætti og þjóðir með svipuð lífskjör. Hefur það lengi verið smánarblettur á frammistöðu okkar að þessu leyti á alþjóðavettvangi að framlög okkar til þróunarsamvinnu og tengdra viðfangsefna liggja langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem alþjóðasamfélagið hefur sett sér fyrir margt löngu að velmegunarþjóðirnar eigi að leggja af mörkum til þessa málaflokks af hálfu opinberra aðila 0,7% af þjóðartekjum og af hálfu annarra 0,3%. Hlutfall Íslands hefur verið að rokka á bilinu 0,1% til 0,2% og er það auðvitað ekki vansalaust, herra forseti.

Brtt. 396,11 felld með 29:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, JónK*, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBjart, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 375,22 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 375,23 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (GAK, GÁS, JóhS, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 375,24 og sérst. yfirlit 11 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 375,25 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, LMR, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁMM, GÁ, GÖ, GunnB, IP, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MF) fjarstaddir.

Brtt. 375,26–29 og sérst. yfirlit 12 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 375,30 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁRJ, BH, KolH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:39]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði verulega auknum fjárveitingum til landshlutabundinnar skógræktar. Það er í sjálfu sér hið besta mál og ég greiði þessu atkvæði. En ég vil minna á það að hér fer fram skógrækt út um allt land án þess að gert hafi verið umhverfismat, stórfelld skógrækt sem breytir vistkerfinu að hluta án þess að umhverfismat hafi verið gert.

Ég vil vekja athygli á þessu og minna á þetta, hæstv. forseti.

[11:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um að verja 70 millj. til viðbótar í landshlutabundin skógræktarverkefni frá því sem var í fyrri tillögum. Ég lýsi sérstakri ánægju minni yfir þessu. Það eru 200 bújarðir á Suðurlandi sem taka þátt í skógræktarverkefninu. Það er ekki rétt sem hefur komið fram. Hver einasta jörð sem tekur þátt í þessu verkefni fer í mat.

Brtt. 375,31 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,32 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁRJ, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,33 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,34 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 375,35.a samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 375,35.b samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Brtt. 375,35.c samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LMR, LB, SP) fjarstaddir.

Brtt. 375,36 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GÁS, JÁ, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 397,7–9 kölluð aftur.

Brtt. 375,37–38 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 393,1–2 kölluð aftur.

Brtt. 375,39–53 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 396,12 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á liðnum árum hefur oft verið haft á orði að ástandið í húsnæðismálum væri slæmt. Því miður hefur það reynst vera rétt. Það er hins vegar ekki of djúpt í árinni tekið að staðhæfa að ástandið á leigumarkaði sé svo slæmt og alvarlegt, ekki síst á suðvesturhorninu, að ekki verði hjá því komist að grípa til róttækra og afgerandi aðgerða. Það eitt dugir ekki að koma með viðbótarfjármagn til uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði á markaðsvöxtum. Hér þarf að koma til stóraukinn félagslegur stuðningur. Við leggjum til að til þessa verði veitt framlag upp á 800 millj. kr. Stuðningur af þessu tagi er skorinn niður í fjárlagafrv. og verði

þessi tillaga felld þá boða ég mjög kröftuga umræðu um húsnæðismálin áður en þingið fer í jólafrí. Við getum ekki afgreitt fjárlagafrv. eins og hér er gert ráð fyrir.

Brtt. 375,54 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 396,13 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁ, GÖ, GunnB, ÍGP, KF, KHG, KLM, KPál, LB, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um þá tillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að inn komi sérstakur liður fyrir vistun geðfatlaðra barna og ungmenna. Hér er því miður þó nokkuð stór hópur af alvarlega geðfötluðum börnum með geðröskun eða hegðunartruflanir. Það er óþarfi að lýsa því hve mikil áhrif sjúkdómar af þessu tagi hafa á börnin sjálf, foreldra þeirra, systkini og heimilisaðstæður allar. Langflest barnanna búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn þrátt fyrir alvarleg veikindi þar sem úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðveik börn eru af mjög skornum skammti. Þetta er tillaga um að sérstaklega verði hugað að vistun geðfatlaðra barna.

Brtt. 375,55 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 397,10 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

Brtt. 375,56 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 397,11 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ArnbS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin leggur til að erfðafjárskatturinn skili sér að fullu til Framkvæmdasjóðs fatlaðra enda er það markaður tekjustofn til sjóðsins. Auk þess eru lagðar til 25 millj. kr. til viðbótar í stofnkostnað til hvíldarheimilis fyrir geðsjúk börn en engin úrræði eru til staðar fyrir þau börn og foreldra þeirra. Ég minni á að erfðafjárskatturinn er markaður tekjustofn til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur sjóðurinn verið skertur um á annan milljarð með því að erfðafjárskatturinn hefur ekki skilað sér.

Brtt. 396,14 felld með 32:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, ÁGunn, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það má e.t.v. líta svo á að þessi tillaga sé þegar afgreidd með þeirri sem felld var áðan. Hér er þó önnur tala á ferð. Í fyrra tilvikinu var einnig um að ræða fjárveitingu til stofnkostnaðar sem var innifalinn í hækkun til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er svo sem allt í lagi að leyfa mönnum að greiða um þetta atkvæði aftur og vita hvort einhverjum hefur snúist hugur.

Það verður að segjast eins og er að útreiðin á Framkvæmdasjóði fatlaðra sem nú er skertur um drjúgan meiri hluta tekna sinna sem rennur í ríkissjóð í stað þess að ganga til þeirra brýnu málefna sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur á sinni könnu, að útrýma biðlistum, taka á aðgengismálum og öðrum slíkum verkefnum sem ekki hefur verið unnt að sinna með fullnægjandi hætti undanfarin ár.

Það er enn fremur ámælisvert, herra forseti, ef af því verður að færa málaflokkinn málefni fatlaðra til sveitarfélaganna, að ríkið ætli að skilja við hann með þeim hætti sem raun ber vitni, að skerða verulega á síðustu árunum aðaltekjustofn málaflokksins.

Brtt. 375,57–60 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 397,12 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JÁ, KF, KLM, KPál, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni tillaga frá Samfylkingunni um 40 millj. kr. framlag í starfsmenntasjóð. Við okkur blasa miklar atvinnuháttabreytingar, m.a. með aukinni tækni og tölvuvæðingu, ekki síst í ýmsum framleiðslu- og þjónustugreinum. Fólk mun þurfa að mennta sig í auknum mæli til

að mæta breytingum og eiga möguleika á að skipta um störf. Þeir sem hafa minnsta formlega menntun eru viðkvæmustu hóparnir þegar þessar breytingar verða.

Samfylkingin telur mikilvægt að stuðla að aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Við viljum auka framlög í starfsmenntasjóð og gera átak í þeim málum.

Brtt. 375, sérst. yfirlit 13, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum þennan lið og gerum í sjálfu sér ekki athugasemdir við skiptingu fjárins. Þetta er einfaldlega allt of lág upphæð sem hér er varið til að styðja ýmis almannasamtök og fjárveitingin þyrfti að hækka verulega á þessum lið svo að viðunandi sé.

Ég vek athygli á því að til Leigjendasamtakanna er varið 200 þús. kr. Þetta jafngildir því í reynd að hér verði ekki rekin nein leigjendasamtök. Fleiri dæmi mætti nefna á þessum lið. Við gerum ekki athugasemdir við þessa skiptingu en teljum að talsvert viðbótarfjármagn þyrfti hér að koma til.

Brtt. 397,13 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JBjart, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að veita 25 millj. kr. til rekstrar hvíldarheimilis fyrir geðveik börn. Það er mjög mikil þörf fyrir hvíldarinnlagnir fyrir þennan hóp, bæði fyrir foreldra, systkini og sérstaklega þessi börn. Þetta eru alvarlega geðsjúk börn sem hér um ræðir og það eru engin úrræði til staðar fyrir þennan hóp. Þetta eru 25 millj. kr. til rekstrar.

Brtt. 375,61–62 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 405 kölluð aftur.

Brtt. 399,1 kölluð aftur.

Brtt. 397,14.a felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

15 þm. (ArnbS, ÁGunn, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, ÓÖH, RG, SvanJ, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fjölmargir aldraðir og öryrkjar búa við sára neyð. Samfylkingin leggur því til að 2 milljörðum kr. verði varið til að standa straum af fyrsta áfanga sérstakrar afkomutryggingar fyrir aldraða og öyrkja en enginn einn hópur hefur verið hlunnfarinn jafnmikið í góðæri liðinna ára og þessi hópur. Þessari aðför að öldruðum og öryrkjum mótmælum við harðlega. Við í Samfylkingunni leggjum til að málefni lífeyrisþega verði sett í forgang með því að koma á sérstakri afkomutryggingu til að bæta kjör þeirra.

Brtt. 397,14.b felld með 31:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við leggjum til að afnema þá íþyngjandi og óréttlátu reglu sem tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við laun maka er. Þessi regla brýtur mannréttindi á lífeyrisþegum. Við erum að fara þarna á svig við alþjóðasamninga sem við höfum gerst aðilar að og einnig jafnvel stjórnarskrána með því að viðhalda þessari reglu. Við leggjum hér ríflega fjárhæð til þess að afnema þessa tekjutengingu sem á auðvitað ekki að eiga sér stað á þessum tímum.

Brtt. 398 kölluð aftur.

Brtt. 375,63.a–b samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 375,63.c samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, ÍGP, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 399,2 kölluð aftur.

Brtt. 375,64 samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: SvH.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, EKG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 375,65–71 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 397,15 kom ekki til atkv.

Brtt. 375,72 og sérst. yfirlit 14 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 397,16 felld með 29:20 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
14 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, ÍGP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 396,15 kölluð aftur.

Brtt. 375,73–77 og sérst. yfirlit 15 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er sérstakur liður, Sérstakt yfirlit, töluliður 15 Ýmis framlög. Ég ætla ekki að tíunda eða taka út neinn einstakan lið en vil beina athygli þingsins og þjóðarinnar að því að heildarfjárframlög til þessa liðar eru allt of lág. Beiðnir þeirra félaga sem sækja hér um eru miklu hærri og það er alveg ljóst að mörg þessara félaga munu eiga í erfiðleikum með rekstur og munu þurfa að sækja til annarra um framlög. Heildarfjárhæðin er allt of lág til þess að hægt sé að skipta henni milli þessara félaga svo viðunandi megi teljast.

Brtt. 397,17 kölluð aftur.

Brtt. 375,78 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack*.
15 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, EKG, EMS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SJS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 397,18 kölluð aftur.
Brtt. 403 kölluð aftur.
Brtt. 375,79 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 375,80 samþ. með 31:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er verið að skerða framlag til vaxtabóta. Það er verið að draga úr stuðningi við húsnæðiskaupendur. Það er verið að gera þetta á sama tíma og vextir hér liggja í um 20% á víxilvöxtum. Við erum að tala um 15% raunávöxtun á fjármagni. Á sama tíma og þessu er þannig háttað, er verið að draga úr stuðningi við húsnæðiskaupendur. Það er verið að skerða vaxtabætur með því að láta viðmiðunarmörk vaxtabótanna ekki fylgja almennri launaþróun. Þetta er ekki hægt að styðja.

Brtt. 397,19 kölluð aftur.

Brtt. 375,81 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, SighB, SJóh, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, RG, SvanJ, SvH, VE) fjarstaddir.

Brtt. 375,82 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EKG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 375,83.a–e og sérst. yfirlit 16 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
5 þm. (BH, GAK, JÁ, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PHB, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,16 felld með 31:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JÁ, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er bráðnauðsynlegt að bæta fjarskipti og auka flutningsgetu grunnnetsins hér á landi. Það er tilgangslaust að tala um atvinnuuppbyggingu úti á landi, tala um fjarnám o.s.frv. ef stoðkerfi landsins er ekki í lagi. Þess vegna leggjum við til að gert verði myndarlegt átak í þessum efnum með framlagi upp á 300 millj. á næsta fjárhagsári. Ég segi já.

Brtt. 375,83.f–h samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, EKG, GE, GÁ, GÖ, GunnB, ÍGP, KF, KLM, KPál, LB, MF, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 389 (við brtt. 375,84) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 375,84 kom ekki til atkv.

Brtt. 375,85–86 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (ÁRJ, EMS, GE, JóhS, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 396,17 felld með 31:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SvanJ, VE, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ófremdarástand ríkir nú á mörgum okkar fjölsóttustu ferðamannastöðum. Það kom fram í máli hæstv. umhvrh. á síðasta þingi að það þyrfti a.m.k. 430 millj. til að bæta úr þannig að sómi væri að. Ferðamálaráði eru ætlaðar 47,6 millj. kr. til þess að gera bragarbót. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það ekki nóg og leggur til að 100 millj. kr. til viðbótar fari á þennan lið.

Brtt. 375,87–88 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁGunn, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 397,20 felld með 31:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 396,18 felld með 28:23 atkv. og sögðu
já: ÁJ*, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
12 þm. (ArnbS, ÁGunn, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KHG, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Einhver allra hraksmánarlegasta afgreiðsla við fjárlagagerðina á síðasta ári var þegar meiri hlutinn beitti sér fyrir því að skerða sérstaklega framlög til styrkingar dreifikerfis raforku í sveitum. Nú gengur að vísu sú skerðing til baka en engu að síður er um aldeilis og algerlega ófullnægjandi fjárveitingar í þessu skyni að ræða. Það er ljóst að lélegt dreifikerfi og skortur á þrífösun rafmagns í strjálbýli landsins stendur allri atvinnuuppbyggingu og allri byggð mjög fyrir þrifum á þessum svæðum. Kostnaður við fjárfestingar í tækjabúnaði t.d. við uppbyggingu ferðaþjónustu eða í smáiðnaði er margfaldur, orkunýtingin lélegri og þar fram eftir götunum.

Þess vegna er ákaflega dapurlegt, herra forseti, að menn skuli ekki leggja meira til þessa verkefnis. Við flytjum hér tillögu um að 100 millj. kr. verði varið í þetta að auki á næsta ári og ég hvet hv. þm. eindregið til þess að styðja þetta og þó meira væri.

Brtt. 396,19 felld með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:16]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér greiðum við atkvæði um sérstakt gæluverkefni viðskrn. og Verslunarráðs Íslands. Til stendur að búa til svokölluð alþjóðleg viðskiptafélög sem greiði 5% tekjuskatt í stað 30% sem fyrirtækjum er almennt gert að greiða. Þau verði undanþegin stimpilgjöldum og eignarskatti. Þegar upp verður staðið mun hafa verið varið til þessa gæluverkefnis 45 millj. kr.

Hér erum við á gráu svæði að mati OECD. Það hefur m.a. verið upplýst af hæstv. viðskrh. í umræðum í þinginu. Hér gefst Alþingi kostur á því að ganga út af þessu gráa svæði og leggja til hvíldar þessi gæluverkefni viðskrn. og Verslunarráðs Íslands.

Brtt. 396,20 felld með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 375,89 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek eftir því að þessi brtt. meiri hlutans felur í sér allmyndarlega hækkun á fjárveitingu til Hagstofu Íslands vegna þjóðskrárinnar og skráningarhalds þar. Það er spurning hvort hæstv. forsrh. gæti þá upplýst við umræðuna hvort hækkunin sé vegna fyrirhugaðs flutnings verkefna á vegum Hagstofunnar út á land. Ólafsfjörður hefur sérstaklega verið nefndur í því skyni því að við mundum auðvitað styðja með sérstakri ánægju þessa hækkun til Hagstofunnar ef svo væri.

[12:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi breyting er vegna þess að sértekjur minnka vegna þess að notkun á þjóðskránni er ekki jafnalmenn og áður var og koma þar einkum til hert persónuverndarlög.

Brtt. 375,90.a samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 396,21 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Íslendingar eiga aðild að samningnum um líffræðilega fjölbreytni eins og öðrum samningum sem gerðir voru í Ríó 1992. Hins vegar hafa stjórnvöld ekki sett neitt fjármagn í að hefja það starf sem nauðsynlegt er til að við getum farið eftir þessum samningi. Samt hafa þau lýst yfir í plöggum sínum að eftir honum beri að fara og hann sé mikilsverður fyrir okkur á leiðinni í átt til sjálfbærrar þróunar en það er allsendis óskiljanlegt, herra forseti, að ekki skuli ætlað neitt fjármagn í hann ár eftir ár.

Hér leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð til að 20 millj. verði varið til að samningurinn um líffræðilega fjölbreytni geti öðlast gildi og við getum farið að fara eftir honum.

Brtt. 375,90.b og sérst. yfirlit 17 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um ýmis verkefni undir umhvrn. þar sem kemur í ljós að Umhverfisverndarsamtök Íslands eiga að fara sem sérgreindur liður inn á fjárlög með 2 millj. kr. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga því að Íslendingar hafa gefið yfirlýsingar um það á alþjóðavettvangi og gerst aðilar að samningum þar sem gert er ráð fyrir því að við komum í auknum mæli til móts við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála.

Samt sem áður er undarlegt, herra forseti, að stór náttúruverndarsamtök eins og Náttúruverndarsamtök Íslands skuli ekki fá að fara inn sem sérgreindur fjárlagaliður á sama tíma enda hafa þau sótt um fjárveitingar á sömu nótum og Umhverfisverndarsamtök Íslands og eru þau enn eldri samtök. Mér finnst allsendis óskiljanlegt, herra forseti, að hér skuli vera gerður slíkur greinarmunur á þessum tvennum samtökum. En ég tek það fram að ég er ekki að setja mig upp á móti því að Umhverfisverndarsamtök Íslands fái stuðning. En eitt skal yfir alla ganga.

Brtt. 396,22–24 felld með 31:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

4 þm. (EMS, GÁS, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða tillögu þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerir ráð fyrir að þjóðgarðar og friðlýst svæði, þ.e. ferðamannastaðir okkar sem eru fjölsóttir, fái 100 millj. kr. aukaframlag á sömu nótum og óskað var eftir því fyrr í umræðunni að Ferðamálaráð Íslands fengi 100 millj. til að sjá til þess að ferðamannastaðirnir okkar gætu borið þann ferðamannastraum sem þangað sækir.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að til Náttúruverndar ríkisins sé veitt framlag til þess að standa við gerð náttúruverndaráætlunar sem leggja á fyrir þingið árið 2002. Ekki eru nægir fjármunir settir í það verkefni. Sömuleiðis er gert ráð fyrir í tillögunni að Hollustuvernd ríkisins fái aukið framlag upp á 50 millj. og Skipulagsstofnun 10 millj. til að standa við gerð lögbundinna landshlutaáætlana.

Brtt. 375,91 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, EKG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 396,25 felld með 31:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

6 þm. (ÁRJ, BH, GAK, MF, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir því að sértekjukrafa Landmælinga Íslands verði lækkuð um 15 millj. kr. fyrst og fremst til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands fái þá kortagrunna sem stofnunin þarf á að halda við gerð náttúruverndaráætlunar án þess að þurfa að greiða fyrir þá. Þetta er hluti af stuðningi við náttúruverndaráætlun sem á að leggja fram árið 2002 og enn hafa ekki verið ætlaðir nægir fjármunir í.

Brtt. 375,92 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, JóhS, KF, KolH, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 396,26 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

2 þm. (GÁS, MF) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða síðasta liðinn í þeim tillögum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til að verði bætt við fjárlög komandi árs. Nú er um að ræða Náttúrufræðistofnun Íslands sem við gerum ráð fyrir að þurfi á 25 millj. að halda til viðbótar við það sem hún fær í yfirstjórn til að Náttúrufræðistofnun Íslands geti á sama máta og Náttúruvernd ríkisins hafið vinnu við gerð náttúruverndaráætlunar. En þess ber að geta að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki fengið eina einustu krónu sérgreinda til þessa verkefnis.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 397,21 kölluð aftur.

Sundurliðun 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁGunn, ÁSJ, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, LMR, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, BH, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KolH*, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

3.–5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, EKG, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi grein hefur að geyma skerðingarákvæði þau sem valda því að í stað þess að Framkvæmdasjóður fatlaðra og Endurbótasjóður menningarbygginga njóti tekjustofna sinna að fullu renni verulegur hluti tekna þeirra í ríkissjóð. Við erum andvíg þessum skerðingum og teljum fulla þörf fyrir þá fjármuni til þeirra verkefna og þess uppbyggingarstarfs sem þessum sjóðum er ætlað að sinna, einkum og sér í lagi á það við um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Sú harkalega útreið sem sá sjóður sætir við afgreiðslu fjárlaganna að tillögu meiri hlutans er óverjandi í ljósi þeirra brýnu verkefna sem sjóðurinn á að sinna, í ljósi langra biðlista eftir vistunarúrræðum fyrir fatlaða, í ljósi þess að allt of hægt miðar við að bæta úr um aðgengismál fatlaðra og sinna öðrum slíkum verkefnum sem framkvæmdasjóðurinn á að gera.

Við erum því andvíg þessum skerðingum og leggjum til að heimildir til þeirra falli brott.

Brtt. 397,22 kölluð aftur.

7. gr., liðir 2.27–2.30 og 2.33, samþ. með 30:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SighB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er vonandi ljóst að þessi atkvæðagreiðsla er ekki bara um breytingatillögur heldur er hún líka um allt fjárlagafrv. Það er því fullkomlega eðlilegt að biðja

um atkvæðagreiðslur um einstaka liði sem menn vilja tjá hug sinn um.

Hér er lagt til, herra forseti, að heimila að selja flugafgreiðslur, þ.e. flugskýli eða flugvallabyggingar, á nokkrum flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur að vísu lagst niður, en mér er spurn: Hver er meiningin með því að ríkið láti frá sér þessar eignir? Er ætlunin að þessir flugvellir verði með slíkum ráðstöfunum gerðir endanlega ónothæfir, t.d. gagnvart sjúkraflugi eða öðru slíku? Ég tel það fráleita ráðstöfun herra forseti, að þessar eignir ríkisins sem eru hluti af aðstöðunni á þessum flugvöllum verði seldar úr eigu ríkisins. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar.

Sömuleiðis vekur það mikla undrun að hér á að heimila að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, nýlega byggingu sem komið hefur verið upp til þess að miðla upplýsingum og veita aðstöðu fyrir ferðamenn á því svæði. Hvort tveggja teljum við fráleitar ráðstafanir, herra forseti, og greiðum atkvæði gegn þessu en sitjum hjá við liðinn að öðru leyti.

7. gr., liðir 4.1–4.45, samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SighB, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér eru sömuleiðis á ferðinni næsta sérkennilegar heimildir til eignasölu til handa framkvæmdarvaldinu. Mér er til efs hvort allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því að í þessum töluliðum er að hluta heimilað að selja spildur úr landi einstakra jarða. Það er orðað í fleirtölu þannig að í sumum tilvikum virðist eiga að fara út á þá braut að reka opinberar stofnanir og stunda rannsóknir fyrir tekjur af sölu hluta af lóðum viðkomandi stofnana. Þannig á t.d. að selja spildur úr landi Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum; selja landspildur úr jörðinni Mosfelli, Mosfellsdal, Kjalarnesprófastsdæmi o.s.frv. Þessi handahófskennda eignasala ríkisins, að selja spildur úr einstaka ríkisjörðum með þessum hætti er fráleit ráðstöfun. Hér vantar alla stefnumótun og við leggjumst gegn þessu, herra forseti.

[12:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er á ferðinni alvarlegt þingmál. Hér eru gerðar tillögur um sölu á eignarhlutum í jörðum eða heilum jörðum án þess að fyrir liggi nokkur áætlun um landnýtingu ríkisins eða stefnu varðandi ríkisjarðir.

Margar af þessum jörðum eru náttúruperlur og væru betur komnar í almannaþágu en að bjóða þær hæstbjóðanda til sölu. Hér er þörf á nýrri stefnu í stað þess stefnuleysis sem hér kemur fram.

7. gr., liðir 5.2–5.3, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁGunn, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SighB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er til marks um frjálslega beitingu heimildarákvæða eins og nú tíðkast þegar til atkvæða kemur tölul. 5.2, um fjórðungseignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Ef menn afgreiða greinina í heild sinni þá kennir þar margra grasa og þar er lagt til margt af ólíku sauðarhúsi. Ég verð að leyfa mér að segja að mér finnst sú framsetning orka æ meira tvímælis, ég tala nú ekki um ef ekki er einu sinni farið út í að sundurgreina heimildirnar í atkvæðagreiðslu.

Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu um heimildir til sölu hlutabréfa að öðru leyti en því að við leggjumst gegn þessari heimild, að selja 25% af sölu ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni. Sömuleiðis leggjumst við gegn því að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. Þess vegna er beðið um atkvæðagreiðslu með þessum hætti.

7. gr., liður 8.6, samþ. með 29:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, JBjart, KF, KLM, KPál, LB, MF, SighB, SJóh, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér eru að greidd atkvæði um hvort heimila eigi ríkinu að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.

Ljóst er að staða margra sveitarfélaga á Vestfjörðum er mjög erfið, m.a. vegna skulda við félagslega íbúðakerfið. Það hefði verið nær, herra forseti, að við afgreiðslu fjárlaga mundum við verja myndarlegri upphæð til að styrkja fjárhag sveitarfélaga á Vestfjörðum frekar en að ganga fram og reyna að hafa af þeim eignir. Ég segi því nei við því.

7. gr. að öðru leyti samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SighB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ArnbS, EKG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, KF, KLM, KPál, LB, SighB, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin hefur flutt og stutt ýmsar framfaratillögur við þessa fjárlagaafgreiðslu. Stjórnarmeirihlutinn hefur að venju fellt allar umbótatillögur stjórnarandstöðunnar. Þótt stórir útgjaldaliðir og tekjuhlið fjárlaganna bíði 3. umr. er ljóst hvert stefnir. Við óminn af yfirlýsingum ASÍ um að orð skuli standa og skattahækkun sé kjaraskerðing seilist ríkisstjórnin á ný í veikustu vasana eftir auknum skatttekjum auk þess sem hún sækir 2.000 nýja skattgreiðendur með óbreyttum skattleysismörkum meðan auðmönnum er hlíft. Þýðingarmiklum úrbótum er sleppt.

Herra forseti. Samfylkingin lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnarflokkunum með þessa afgreiðslu og stefnuna sem birtist í henni.

[12:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við styðjum samkvæmt venju að fjárlagafrv. gangi til 3. umr. en það felur að sjálfsögðu ekki í sér efnislegan stuðning við þetta frv. Á því hlýtur ríkisstjórnin sjálf að bera alla ábyrgð. Um þetta frv. og aðstæður við afgreiðslu þess við 2. umr. má segja að þar sé allt undirorpið óvenjulegri óvissu. Það fer kannski vel á því þar sem óvissuferðir eru mjög í tísku um þessar mundir. Það má því segja að þetta séu óvissufjárlög samkvæmt tískunni.

Mér segir svo hugur, herra forseti, að þegar líður á næsta ár eigi eftir að koma í ljós að forsendur fjárlagaafgreiðslunnar eru að þessu sinni hæpnari en þær hafa verið um nokkurt árabil. Það er vegna þeirra breytinga sem flest bendir því miður til að séu að verða í efnahagsmálum okkar. Þetta held ég að sé ástæða til að leggja áherslu á, herra forseti, og þyrfti að athugast milli umræðna.

[12:41]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 418; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 419; brtt. fjmrh., þskj. 420.

Fundi slitið kl. 12:42.

---

39. FUNDUR

mánudaginn 4. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 366, frhnál. 413, 418 og 419, brtt. 414, 415, 416, 417, 420, 422 og 423. — 3. umr.

2. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81, nál. 354. — 2. umr.

3. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118, nál. 349. — 2. umr.

4. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 204, nál. 390, brtt. 391. — 2. umr.

5. Blindrabókasafn Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 184, nál. 368. — 2. umr.

6. Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 373. — Síðari umr.

7. Lyfjalög, frv., 300. mál, þskj. 342. — 1. umr.

8. Sjúklingatrygging, frv., 301. mál, þskj. 343. — 1. umr.

9. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, stjfrv., 310. mál, þskj. 370. — 1. umr.

10. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313. — 1. umr.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2000, 156. mál, brtt. JónK, þskj. 422; brtt. JB o.fl., þskj. 423.

Tíðni fjarvista opinberra starfsmanna, 222. mál, svar fjmrh., þskj. 381.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 420, 422 og 423. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2000, 3. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 366, frhnál. 413, 418 og 419, brtt. 414, 415, 416, 417, 420, 422 og 423.

[15:04]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000 frá meiri hluta fjárln.

Í ræðu minni við 2. umr. um frumvarpið kom fram að fjallað hefði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað yrði til 3. umr. að taka ákvörðun um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið.

Þar er fyrst til að taka að lögð hefur verið fram endurskoðuð tekjuáætlun og samkvæmt þeirri áætlun lækka tekjur frá frumvarpinu um 1,1 milljarð kr. Þar er þyngst á metunum að áætlaður söluhagnaður lækkar um 3,8 milljarða og tekjuskattur lögaðila lækkar um 2,6 milljarða frá áætlun og fjármagnstekjuskattur um 380 millj. frá áætlun. Aftur hækkar tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðslan um 2,7 milljarða frá áætlun samkvæmt rekstrargrunni, en þetta eru stærstu liðirnir í tekjuáætluninni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, samanber sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, þ.e. heimildagrein. Breytingar á sundurliðun 2 samkvæmt þessum brtt. nema alls 452,1 millj. kr. Einstakar

tillögur eru skýrðar í álitinu og ég mun nú fjalla nánar um þær.

Forsætisráðuneyti. Gerð er tillaga um 12,2 millj. kr. aukafjárveitingu vegna uppgjörs kostnaðar auðlindanefndar, en nefndin var kosin á Alþingi í kjölfar þingsályktunar í júní 1998. Forsætisráðuneyti annaðist þjónustu við nefndina, þar með talið greiðslu kostnaðar við nefndarstarfið. Heildarkostnaður við nefndarstarfið er 22,7 millj. kr.

Stafkirkja í Vestmannaeyjum. Lögð er til 3 millj. kr. aukafjárveiting vegna uppgjörs á framkvæmdum við byggingu stafkirkju í Vestmannaeyjum. Smíði kirkjunnar lauk með vígslu í ágúst sl. Nú liggja fyrir drög að uppgjöri sem gera ráð fyrir 52,5 millj. kr. heildarkostnaði sem er 3 millj. kr. umfram fyrri áætlun.

Menntamálaráðuneyti. Háskóli Íslands. Lagt er til að gjöld og sértekjur skólans verði hækkuð um 4,9 millj. kr. til samræmis við leiðréttingu á tekjum af sóknargjöldum á lið 06-735 Sóknargjöld við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 2001.

Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. aukafjárveitingu til símenntunarmiðstöðva til að bregðast við símakostnaði. Menntamálaráðuneytið gengur frá úthlutun af liðnum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði veitt 10,2 millj. kr. til að gera upp gamla skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um að veita sérstakan 12 millj. kr. styrk til að gera upp halla sem varð á landsmóti hestamanna á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit sumarið 1998. Hestaveira sem kom upp í fyrsta sinn hér á landi nokkrum vikum fyrir mótið setti allar fjárhagsáætlanir úr skorðum. Aðsókn varð minni en gert hafði verið ráð fyrir og áætlanir um tekjur stóðust því ekki.

Utanríkisráðuneyti. Lögð er til 77,3 millj. kr. hækkun vegna aukins kostnaðar á ýmsum sameiginlegum útgjöldum sendiráða og fastanefnda. Hlutdeild ráðuneytisins í greiðslu skólagjalda, flutnings starfsmanna, sjúkrasjóðs og tungumálanáms hefur aukist á undanförnum árum umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lagt er til að 43 millj. kr. verði felldar niður af liðnum 1.85 Friðargæsla.

Útflutningsráð Íslands. Lögð er til 9 millj. kr. viðbótarfjárveiting. Í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af markaðsgjaldi er gert ráð fyrir auknum tekjum og því er farið fram á ráðstöfun þeirra í samræmi við lög.

Félagsmálaráðuneyti. Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu Vinnueftirlits ríkisins í kjölfar endurskoðunar á áætlun um ríkistekjur af hlutdeild í tryggingagjaldi.

Gerð er tillaga um 12,5 millj. kr. fjárveitingu til Götusmiðjunnar – Virkisins til þess að ganga frá þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið í samræmi við aukið umfang.

Gerð er tillaga um 8 millj. kr. aukafjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna. Upphæðinni er ætlað að gera kleift að ljúka þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið sem er á lokastigi.

Jöfnunarsjóður fær 1,4% af skatttekjum ríkisins og samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun hækka tekjur ríkisins af beinum og óbeinum sköttum um 3 milljarða kr. Framlag af beinum og óbeinum sköttum hækkar því um 30 millj. kr. Heildarframlag af skatttekjum mun því skila sjóðnum tæplega 2.300 millj. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Slysatryggingar. Kaup og aflahlutur sjómanna. Gerð er tillaga um 33 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu á kaupi og aflahlut sjómanna. Greiðslur þessar eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun sjómanna en færast jafnframt sem ríkistekjur. Afkoma ríkissjóðs er því óbreytt eftir sem áður.

Landlæknir. Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 30 millj. kr. aukaframlag til að bregðast við uppsöfnuðum rekstrarvanda embættisins en fjármál þess hafa verið endurskipulögð. Enn fremur verður gerð tillaga um 30 millj. kr. tímabundið framlag í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 til sama verkefnis.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um 41,4 millj. kr. aukafjárveitingu til að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Mat Ríkisendurskoðunar var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárhagsstöðu þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

Tæki og búnaður. Lagt er til að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri verði veittar 11 millj. kr. upp í kostnað vegna nýrrar varararafstöðvar sem nauðsynlegt reyndist að kaupa í tengslum við framkvæmdir í nýrri álmu sjúkrahússins.

Ríkisspítalar. Lögð er til 173,4 millj. kr. aukafjárveiting til að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Mat Ríkisendurskoðunar var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárhagsstöðu þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

Sjúkrahús í Reykjavík. Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni. Lagt er til 150 millj. kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Gerð verður tillaga um tímabundið 150 millj. kr. framlag til sama verkefnis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001, en þessi tillaga verður væntanlega gerð við 3. umr.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Stofnkostnaður og endurbætur. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur árið 2000 gerir ráð fyrir 15 millj. kr. tekjuauka af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra skv. 12. gr. laga um málefni aldraðra. Lagt til að sú fjárveiting renni í sjóðinn.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Lögð er til 6 millj. kr. aukafjárveiting til stofnunarinnar vegna skemmda á vatnsveitu og bilana á gömlum heitavatnslögnum sem urðu vegna skriðufalla í nágrenni stofnunarinnar.

Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Gerð er tillaga um 12,5 millj. kr. aukafjárveitingu til að leiðrétta framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla Heilsuverndarstöðvarinnar samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar á síðasta ári. Það mat var byggt á upplýsingum stjórnenda Heilsuverndarstöðvarinnar um fjárhagsstöðu hennar. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til endurbóta á Miðstöð mæðraverndar hafði verið talið með rekstrartekjum og uppsafnaður halli árið 1999 var því lægri sem fjárveitingunni nemur.

Heilbrigðisstofnun Austurlands. Lagt er til að veitt verði 15 millj. kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands og samhæfa starfsemi heilbrigðisstofnana á svæðinu undir eina yfirstjórn, 5 millj. kr. á heilsugæslusvið og 10 millj. kr. á sjúkrasvið.

Fjármálaráðuneyti. Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna verði lækkuð um 380

millj. kr. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að sala á eignum ríkisins verði minni á árinu en fyrirhugað var í fjárlögum.

Undir liðnum Ýmislegt undir fjmrn. 1.71 er lögð til aðstoð vegna snjóflóða á Flateyri. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. aukafjárveitingu sem varið verði til uppbyggingar og endurnýjunar gatna á Flateyri við Önundarfjörð. Uppbygging nútímalegs gatnakerfis í þorpinu hafði einkum farið fram í efri hluta þess á árunum áður en snjóflóðið féll. Þar er byggð nú lítil og nýtist sú fjárfesting því lítið eða ekki. Við flutning byggðarinnar niður á eyrina mæðir meira en áður á götum sem eru í afar lélegu ásigkomulagi og er fjárveitingin ætluð til að byggja upp og lagfæra götur á neðanverðri eyrinni.

Þá er liðurinn 1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Gerð er tillaga um að framlag vegna jarðskjálfta á Suðurlandi verði hækkað um 150 millj. kr. en í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 200 millj. kr. Meginhluti framlagsins er ætlaður til að útvega þeim bráðabirgðahúsnæði sem misstu hús sín í jarðskjálftunum. Eftir nánara mat hefur komið í ljós að útvega þarf meira húsnæði til bráðabirgða en í fyrstu var gert ráð fyrir. Þá hefur orðið tjón hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðinu. Loks þarf að mæta nokkrum kostnaði hjá rannsóknastofnunum vegna aukinnar vöktunar og rannsókna. Á móti þessum auknu útgjöldum kemur síðan andvirði húsanna þegar þau verða seld.

Þá eru Ýmis verkefni undir samgrn. Lögð er til 10 millj. kr. viðbótarfjárveiting til vetrarsamgangna og vöruflutninga vegna samnings um áætlunarflug. Samgönguráðuneytið gerði samkomulag við Flugfélag Íslands byggt á útboði um flug á Norðurlandi frá 1. september til ársloka 2000. Samkomulagið kveður á um að greidd verði 80% af andvirði hagstæðasta tilboðs á samningstíma, eða tæplega 13,4 millj. kr. Miðað við þær fjárveitingar sem ráðuneytið hefur til ráðstöfunar á árinu vantar 10 millj. kr. fjárveitingu vegna samningsins.

Þá er það viðskrn. Þar er gerð tillaga um 7,4 millj. kr. lækkun gjalda til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2000. Um er að ræða lækkun launakostnaðar miðað við áætlun fjárlaga þar sem ráðningu sérfræðinga hefur verið frestað. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkistekjur af eftirlitsgjaldi til fjármögnunar á starfseminni aukist um 6,9 millj. kr.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru við frv., en undir frhnál. skrifa: Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristján Pálsson.

Að lokum vil ég gera grein fyrir einni brtt. sem ég flyt við fjáraukalagafrv. á þskj. 422 um að við bætist nýr fjárlagalið-ur 00-610 Umboðsmaður Alþingis. Það er vegna tækja og búnaðar 2 millj. kr. Af vangá féll þessi tillaga niður þegar við kynntum og settum upp nefndarálitið. Þess vegna flyt ég hana hér í eigin nafni en ekki nafni nefndarinnar. Þetta er fjárfesting vegna tækja og búnaðar, en erindið hafði því miður fallið niður þegar við settum upp okkar nál. Ég legg þetta fram til umræðu.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 2. umr. var nokkuð deilt um það hvort nægileg tilefni væru til þess að allar þær útgjaldatillögur sem væri að finna í frv. til fjáraukalaga ættu þar heima. Þingmenn Samfylkingarinnar vísuðu sérstaklega til ákvæðis í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins þar sem segir að einungis ófyrirséð atvik geti valdið því að hægt sé að grípa til sérstakra ráðstafana sem felast í tillögum af þessu tagi. Ég minnist þess að ýmsir þingmenn stjórnarliðsins voru ekki alveg sammála okkur. Hins vegar gerðist það að hv. þm. Pétur H. Blöndal tók undir með okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Og það sem meira var, hv. þm. og varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, tók ekki bara undir með okkur að slíkt kynni að hafa gerst heldur sagði hv. varaformaður fjárln. að það væri lausung í fjáraukalögum upp á hundruð millj. kr.

Herra forseti. Nú gæti ég tínt til ákveðnar tillögur eins og t.d. þá sem varðar landlækni þar sem verið er að gera tillögu um að greiddur verði upp uppsafnaður halli. Ég er algjörlega sannfærður um að embættið þarf á þessu að halda. En það er með engu móti hægt að kalla uppsafnaðan halla ófyrirséð atvik. Ég held því að enn séum við komin út á þessa hálu braut. Enn erum við á gráu svæði og hér kann að vera að við séum enn einu sinni að leggja til tillögur á fjáaukalögum sem ganga á svig við 33. gr. fjáraukalaga.

Við við 2. umr. varpaði ég einni spurningu sem tengist þessu til hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem hann náði ekki að svara þá. Ég ætla að spyrja hann aftur þessarar spurningar. Er hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., sammála varaformanni sínum, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í því að í fjáraukalagafrv. sé að finna lausung upp á hundruð milljóna og þá með vísan til laga um fjárreiður?

[15:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til mín var beint fyrirspurn um hvort að í fjáraukalagafrv. væri að finna lausung upp á mörg hundruð millj. kr. Ég vil nú ekki taka svo djúpt í árinni. Hins vegar erum við efnislega sammála um það, bæði hv. 7. þm. Reykv. og varaformaður fjárln., að fjáraukalög eiga að taka á ófyrirséðum útgjöldum, að það beri að nálgast það verkefni.

[15:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer okkur vel í Samfylkingunni að taka að okkur hlutverk uppalandans gagnvart hv. stjórnarþingmönnum í fjárln. Við erum nú annað árið í röð búin að berjast fyrir því að menn taki á fjáraukalögunum eins og mælt er fyrir um í lögum um fjárreiður ríkisins. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur sömuleiðis tekið þátt í þessu uppeldishlutverki og nú gerist það að hv. þm. Jón Kristjánsson segir þrátt fyrr allt að hann sé sammála okkur og sínum ágæta varaformanni, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, í þessu efni. Það skiptir ákaflega miklu máli.

En auðvitað er það viðurhlutamikið þegar það gerist í umræðu eins og um daginn að varaformaður fjárln. segir það hreint út að að því er varðar þau fyrirmæli sem lögð eru fyrir fjárlaganefndina í fjárreiðulögunum frá 1997, þá sé að finna í þessu fjáraukalagafrv. lausung upp á hundruð milljóna. Það eru ákaflega mikil tíðindi. Hv. þm. Jón Kristjánsson orðaði það svo að hann vilji ekki taka svo djúpt í árinni. Með þessu er hv. þm. í reynd að segja að eitthvað kunni nú að vera til í því sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum verið að segja um þetta efni og eitthvað kunni hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson líka að hafa til síns máls þó hv. formaður fjárln. vilji ekki taka svo djúpt í árinni að segja að það sé lausung upp á hundruð millj. Það skiptir þó máli er að mér sýnist að

loksins séum við þingmenn Samfylkingar og vinstri grænna að ná hér ákveðnum árangri, þ.e. okkur hefur tekist að ala hv. þingmenn stjórnarliðsins þannig upp að þeir lofa a.m.k. bót og betrun.

Ég vænti þess, herra forseti, að þær undirtektir við þennan hluta máls okkar sem hafa komið frá bæði varaformanni og formanni fjárln., séu merki um að á næstu árum náum við betri samstöðu um að reka fjárreiður ríkisins samkvæmt þeim lögum sem Alþingi setti einmitt til þess að koma í veg fyrir svona hluti eins og ég nefndi áðan.

[15:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú ekki svipta hv. 7. þm. Reykv. ánægjunni af uppeldishlutverki sínu í fjárln. Þó vil ég minna hann á eitt, að sjálf lögin um fjárreiður ríkisins voru sett á síðasta kjörtímabili og þá var nú Samfylkingin ekki til, þ.e. þegar þau voru sett. Það voru núverandi stjórnarflokkar sem leiddu það og beittu sér fyrir því og með ágætu samstarfi allra flokka. Ég tek það fram. (Gripið fram í.) Og ykkar sem voruð í Alþfl. á þeim tíma.

En varðandi þessar breytingartillögur þá held ég að þær séu flestar því marki brenndar að þar eru framlög sem ekki voru fyrirsjáanleg. Og varðandi halla, af því að eitt embætti var nefnt þarna, þá finnst mér það réttlætanlegt að hluti halla sem tilkominn er á þessum árum, bæði á síðasta ári og yfirstandandi ári, sé leiðréttur á fjáraukalögum vegna þess að hann er tilkominn á yfirstandandi ári. Mér finnst það ekki óeðlilegt af því að viðkomandi stofnun er að okkar mati búin að taka á sínum málum og gera rekstraráætlanir sem við teljum að muni koma málefnum hennar í lag. Þess vegna tel ég að þetta 30 millj. kr. framlag til landlæknisembættisins sé verjanlegt í þessu ljósi. Mér finnst að það eigi að vera reglan að búið sé að taka á málefnum viðkomandi stofnunar ef leiðrétta á slíkan halla.

[15:26]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. fyrsta minni hluta fjárln. við 3. umr. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2000.

Við lokaumræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 er eðlilegt að horfa til baka og bera saman forsendur fjárlaganna og áætlaða útkomu ársins. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 193,2 milljörðum kr. og tekjur 209,9 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 16,7 milljarðar kr. Nú liggur fyrir að útgjöld aukast um rúma 8,2 milljarða kr. umfram fjárlög og að tekjur verði 224,1 milljarður kr. sem er 14,2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður tæpir 23 milljarðar kr. Útgjöld ríkissjóðs hafa aukist að raungildi um rúma 50 milljarða kr. frá árinu 1994.

Áætlað var að ríkissjóður tæki á árinu löng lán sem næmu 5,0 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 25,5 milljörðum kr. Ástæður þessa eru þær sem minni hlutinn benti á í fyrra við umræður um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000, þ.e. veik gjaldeyrisstaða vegna mikils viðskiptahalla. Ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður erlend lán vegna stöðu gengisins og hefur því þurft að taka ný erlend lán til að gera upp þau eldri.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um efnahagsforsendur fjárlaga fyrir árið 2000. Þær brugðust nær allar eins og fram kom í nefndaráliti 1. minni hluta við 2. umr. um fjáraukalagafrumvarpið. Tekjuauki ríkissjóðs endurspeglar þá þenslu sem verið hefur á árinu. Þannig er áætlað að tekjuskattur einstaklinga hækki um rúm 14% frá árinu 1999 og að virðisaukaskattur aukist um 10% á milli ára. Gert er ráð fyrir að tekjur af reglulegri starfsemi ríkissjóðs, án sölu eigna o.fl., hækki um 8,4% milli ára. Allt eru þetta hækkanir langt umfram forsendur fjárlaga.

Viðskiptahallinn hefur aukist um 14 milljarða kr. á árinu og stefnir í að verða 54 milljarðar kr. í árslok. Gangi það eftir verður halli á viðskiptajöfnuði 6,5% til 8,0% af landsframleiðslu í fjögur ár í röð. Ekki eru dæmi um svo mikinn halla í jafnlangan tíma frá 1970. Þjóðhagsstofnun spáir því að hallinn verði svipaður á næsta ári eða um 8% af landsframleiðslu og nemi þá tæplega 60 milljörðum kr. OECD, sem gerþekkir íslenskt efnahagslíf, er þó miklu svartsýnni fyrir hönd íslensks efnahagslífs. Stofnunin spáir því að viðskiptahallinn í ár verði miklu meiri en Þjóðhagsstofnun telur, eða 70 milljarðar kr. sem jafngildir 9,1% af landsframleiðslunni. OECD spáir svo að á næsta ári aukist viðskiptahallinn enn, eða í 10% af landsframleiðslu.

Þessi mikli viðskiptahalli og skuldasöfnunin sem honum fylgir hefur aukið jafnt og þétt þrýstinginn á gengi íslensku krónunnar og hefur Seðlabankinn hvað eftir annað þurft að grípa inn í. Í þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2001 er varað við afleiðingum af svo miklum og langvarandi viðskiptahalla en þar segir m.a.: „Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar.“ Við slíkar aðstæður er mikil hætta á að verðbólga aukist enn frekar.

Gert er ráð fyrir að hrein skuldastaða þjóðarbúsins verði um 78% af landsframleiðslu í lok þessa árs eða 11,2% hærri en um síðustu áramót. Reiknað er með að hrein skuldastaða hækki í 85% af landsframleiðslu fyrir lok næsta árs. Óhjákvæmilega hefur þessi þensla og væntingar landsmanna aukið á skuldasöfnun heimilanna og er áætlað að skuldir þeirra nemi um 600 milljörðum kr. í árslok samanborið við 510 milljarða kr. í árslok 1999. Þannig mun hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna heimilanna aukast verulega milli ára. Ekki má mikið út af bregða í efnahagsstjórninni til að illa fari hjá mörgum heimilum við slíkar aðstæður.

Við 3. umr. um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 452,1 millj. kr. Stærstu liðirnir lúta að heilbrigðisstofnunum. Um er að ræða leiðréttingar á rekstrargrunni ársins 1999 eins og það er orðað í greinargerð. Samtals nema þær leiðréttingar tæpum 230 millj. kr. Auk þess eru veittar 150 millj. kr. til að mæta kostnaði við sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar sem birt var í nóvember sl. var gert ráð fyrir að halli á sjúkrastofnunum næmi um 600 millj. kr. í árslok 2000 þannig að enn virðist einhver vandi heilbrigðisstofnana eiga að bíða 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2001. Því er ljóst að þær lagfæringar sem gerðar voru á rekstrargrunni sjúkrastofnana við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 hafa ekki haldið að öllu leyti.

Að undanförnu hafa komið upp nokkur slæm dæmi um aðhaldsleysi við stjórn ríkisfjármála bæði vegna lélegrar áætlanagerðar og skorts á eftirliti. Nöturlegt dæmi um þetta eru nýlegar upplýsingar um framkvæmdir við Þjóðmenningarhúsið. Þær framkvæmdir eru alfarið á ábyrgð forsætisráðuneytisins eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á. Við 1. umr. um fjáraukalagafrumvarpið óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar eindregið eftir skýringum fjármálaráðherra á þeim mistökum sem urðu í tengslum við framkvæmdir í Þjóðmenningarhúsinu. Engin svör bárust. Við umfjöllun

fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 kom hins vegar fram að í sumar óskaði forsætisráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun gerði rannsókn „á því hvað fór úrskeiðis þannig að læra mætti af mistökunum" eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið. Tilurð skýrslunnar var upplýst í minnisblaði frá forsætisráðuneytinu til fjárlaganefndar eftir að óskað hafði verið eftir skýringum á því á fundi nefndarinnar með fulltrúa forsætisráðuneytisins hvað hefði valdið því að framkvæmdirnar höfðu farið 100 millj. kr. fram úr heimildum á fjárlögum ársins. Það er einkar athyglisvert að þrátt fyrir að upplýsingar hafi legið fyrir í forsætisráðuneytinu frá því í ágúst hafði ráðuneytið ekkert frumkvæði að því að upplýsa fjárlaganefnd um málið. Þetta er ámælisvert og enn eitt dæmið um skort á upplýsingum til nefndarinnar. Fyrir 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd eftir að fá í hendur téða skýrslu. Hún barst þó ekki fyrr en að lokinni umræðunni.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að strax í janúar sl. var ljóst í hvað stefndi því þá þegar var verkið komið um 70 millj. kr. umfram fjárheimildir. Þessar upplýsingar komu fram á fundi sem m.a. fulltrúi forsætisráðuneytisins sat. Að mati Ríkisendurskoðunar áttu þessar upplýsingar að vera næg ástæða til viðbragða. Ekkert var aðhafst og örfáum mánuðum síðar taldi forsætisráðherra framkvæmdirnar vera til fyrirmyndar vegna þess m.a. að allar áætlanir hefðu staðist.

Herra forseti. Það eru athyglisverð ummæli sem höfð voru eftir hæstv. forsrh. við vígslu Þjóðmenningarhússins, en hæstv. forsrh. sagði m.a. við það tækifæri, með leyfi forseta:

„Gott var það að menn gátu skotið á rétta áætlun í upphafi og hún hefur haldið nokkurn veginn alveg."

Herra forseti. Hún hefur haldið nokkurn veginn alveg samkvæmt ummælum hæstv. forsrh.

Ef upplýsingastreymið innan forsætisráðuneytisins er með þessum hætti er erfitt að gera þá kröfu til ráðuneytisins að það hafi frumkvæði að því að upplýsa fjárlaganefnd um jafnalvarlega framúrkeyrslu og varð við framkvæmdirnar í Þjóðmenningarhúsinu.

Fleira var merkilegt við janúarfundinn því þá fyrst voru lögð fram gögn um fjárhagsstöðu verksins þrátt fyrir að forsætisráðuneytið ætti að fá árlega skýrslu um stöðu verksins samkvæmt skipunarbréfi hússtjórnarinnar. Slík skýrsla var aldrei gerð af hálfu hússtjórnarinnar og aldrei kallaði forsætisráðuneytið eftir þessum upplýsingum á verktímanum þótt ráðuneytið sjálft hefði ákveðið að þessar upplýsingar ættu að vera fyrir hendi. Allt bendir til þess að framkvæmdirnar við Þjóðmenningarhúsið geti verið skólabókardæmi um hvernig ekki eigi að standa að slíkum framkvæmdum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir frhnál. 1. minni hluta fjárln.

Undir frhnál. rita Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson og Össur Skarphéðinsson.

[15:35]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 kemur nú til 3. umr. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umr. um almenn atriði og tillögur að þingræðislegri vinnu við fjárlagagerðina og það jafnframt að útgjöld séu samþykkt fyrir fram með fjáraukalögum. Aðeins bráða- eða neyðartilvik réttlæta aðra tilhögun. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber framkvæmdarvaldinu að kynna aukna fjárþörf fyrir fjárlaganefnd strax og hún er ljós og leita heimildar á fjáraukalögum. Áður hefur verið bent á þær ástæður að Alþingi hafi samþykkt lög, t.d. á vorþingi, sem krefjast útgjalda á því sama ári og getur því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga. Því er hér ítrekað það mat 2. minni hluta að fjárreiðulögum verði illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriðið að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 verði um 224 milljarðar kr. en þær voru áætlaðar á fjárlögum um 210 milljarðar kr. og hafa því aukist um 14 milljarða kr. frá fjárlögum. Rekstrargjöld samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2000 voru áætluð liðlega 193 milljarðar kr., en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umr. fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 200 milljarðar kr. og rekstrarafgangur ársins um 23 milljarðar kr. Samkvæmt fjárlögum ársins 2000 var rekstrarafgangur áætlaður 17 milljarðar kr.

Ljóst er að meiri þensla hefur verið í efnahagslífinu en ráð var fyrir gert á árinu 2000 frá samþykktum fjárlögum ársins. Standist þær áætlanir sem fylgja fjáraukalagafrumvarpinu mun landsframleiðsla aukast nokkru meir en ætlað var, eða úr 2,9% í 3,6%. Jafnframt eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna samkvæmt áætlun fjárlaga, eða um 1,5%. Atvinnuleysi er lítið á landsmælikvarða, eða um 1,5% af mannafla.

Herra forseti. Þær efnahagsforsendur sem víkja hvað mest frá áætlun fjárlaga eru fjárfestingar. Gert er ráð fyrir aukningu úr 2,7% í 11,1%. Innflutningur vöru og þjónustu eykst úr 1,9% samkvæmt áætlun fjárlaga í um 7% og ef olía er ekki tekin með er aukningin 4,4%. Ýmislegt bendir til að aukningin í innflutningi verði meiri í árslok en hér er spáð um.

Viðskiptahallinn hefur verið nálægt 7% af landsframleiðslu og nálgast 8% en nýjustu spár benda til að hann verði á bilinu 57–60 milljarðar kr. eða hartnær tvöfalt meiri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir.

Hinn mikli viðskiptahalli og útflæði fjármagns hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður skuldir erlendis án þess að veikja gengi krónunnar. Þrátt fyrir góðan rekstrarafgang er takmarkað hægt að greiða niður innlendar skuldir án þess að valda aukinni þenslu á innlendum peningamarkaði. Stefna ríkisins og jafnframt skilaboð til Seðlabankans er að halda genginu innan settra vikmarka. Hreyfingar á gengisvísitölu krónunnar samsvara um 9% gengisfellingu á þessu ári. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar frá 5. október sl. verða skuldir ríkissjóðs í árslok 2000 um 214 milljarðar kr. og hafa þá lækkað um 12 milljarða kr. á árinu. Erlendar skuldir nema um 119 milljörðum kr. og hækka um tæpan milljarð króna.

Skuldir sveitarfélaganna hafa vaxið mjög á undanförnum árum og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær aukist úr 46,8 milljörðum kr. í 50,3 milljarða kr. Skuldastaða sveitarfélaganna er afar misjöfn sem og möguleikar þeirra til að standa við skuldbindingar sínar. Þrátt fyrir sérstakt tekjujöfnunar- og fólksfækkunarframlag á fjáraukalögum og nokkra lagfæringu á tekjustofnum sveitarfélaga á næsta ári er staða sumra sveitarfélaga afar bág. Skuldir einstakra sveitarfélaga

og lágar tekjur á íbúa er ein mesta ógnun við samfélagsþjónustuna og jafnvægi í búsetu í landinu. Brýnt er að aukinn jöfnuður verði í tekjum og gjöldum hins opinbera. En nú hallar verulega á sveitarfélögin. Eðlilegt hefði verið að ráðstafa auknum rekstrarafgangi ríkisins á þessu ári til þeirra sveitarfélaga sem verst standa, t.d. með því að létta skuldbindingum af sveitarfélögum sem bágast standa vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Allur ójöfnuður og mismunun af þessum toga leiðir til spennu og óstöðugleika í efnahags- og atvinnulífi.

Hrein erlend skuldastaða þjóðarbúsins var um 419 milljarðar kr. í árslok 1999 eða um 78% af landsframleiðslu en samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar frá í október verður hrein skuldastaða þjóðarbúsins í árslok 2000 531 milljarður kr. eða 85% af landsframleiðslu og hefur þá á góðæristímanum frá 1995 farið úr 236 milljörðum kr. eða um 51% af landsframleiðslu.

Samkvæmt hagtölum Seðlabankans hafa innlán aukist um tæpa 30 milljarða kr. á árinu til októberloka. En á sama tíma hafa útlán aukist um 204 milljarða kr. Ljóst er því að lánastofnanir hafa fjármagnað útlán sín að langmestu leyti með erlendum lántökum enda hefur erlend skuldastaða þeirra versnað á sama tíma um tæpa 182 milljarða kr. Nettó erlend skuldastaða innlánsstofnana nemur í októberlok 327,5 milljörðum kr. en var 95,5 milljarðar kr. í árslok 1998 og 145,8 milljarðar kr. í árslok 1999.

Herra forseti. Þessar tölur sýna hvað í rauninni hefur verið að gerast í íslensku efnahagslífi á þessu ári. Það er því ljóst að ýmislegt hefur farið á annan veg en þjóðhagsáætlun og stefna ríkisins í efnahagsmálum gerðu ráð fyrir.

Mörg af þeim atriðum sem hér eru til útgjaldaauka við 3. umr. fjárlaga má segja að séu eðlilegar og nauðsynlegar leiðréttingar og er í sjálfu sér ekkert við að athuga annað en að þær sem búið er að gera skuldbindingar um hefðu átt að vera bornar fram fyrr. En aðrar eru ekki af þeim toga, hefðu mátt bíða afgreiðslu fjárlaganna sjálfra eða átt að koma þar inn. Ég nefni t.d. framlög til auðlindanefndar undir lið forsrn. þar sem gert er ráð fyrir að verja 12,2 millj. kr. í aukafjárveitingu vegna þess liðar. Samtals er heildarkostnaður við auðlindanefndina 22,7 millj. kr. Í fyrsta lagi vekur það athygli, herra forseti, að ekki skuli hafa verið gerð kostnaðaráætlun fyrir störf nefndarinnar fyrir fram, nákvæmar en hér birtist, og í öðru lagi vekur hinn mikli kostnaður við störf auðlindanefndarinnar líka athygli og er fyllilega ástæða til að nánar sé gerð grein fyrir hverjir eru að fá þessar greiðslur, þ.e. hvernig þessi kostnaður er til kominn.

Þá, herra forseti, verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með framlög til menntamála, en það hefði verið vel við hæfi að á fjáraukalögum til uppgjörs í lok ársins hefði verið gert ráð fyrir auknum framlögum til framhaldsskólanna, því ljóst er að að þeir taka ekki til starfa að nýju nema til komi aukin fjárframlög til þeirra. Það hefði þá sýnt hug ríkisstjórnarinnar og hug Alþingis í verki að þau vildu koma að lausn framhaldsskóladeilunnar og eflingu framhaldsskólans með því að veita fjármagn til þeirra til að styrkja og efla starfið nú ef það gæti farið í gang fyrir áramót.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir frhnál. 2. minni hluta fjárln. og vísa að öðru leyti til nál. 2. minni hluta við 2. umr. fjáraukalaganna.

[15:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi koma að skýringum á tveimur atriðum varðandi nál. Talað er um frávik á fjárfestingum. Það frávik sem er í fjárfestingum er nær eingöngu fjárfesting erlendis sem hefur verið hér til umræðu við sendiráðið í Japan en ekki eru margar hækkanir á fjárfestingum innan lands á þeim vettvangi í þessum brtt. við 1. og 2. umr.

Það er rétt að sveitarfélögin eru mjög skuldsett. Hins vegar vil ég láta það koma fram að það á ekkert endilega við um öll sveitarfélög landsbyggðarinnar. Stóru sveitarfélögin, sem hafa miklar tekjur, eru sum hver jafnskuldsett. Það er afleiðing af byggðaröskuninni vegna þess að þau hafa lagt í miklar fjárfestingar vegna fólksfjölgunarinnar.

Varðandi svo aftur félagslega húsnæðiskerfið eiga þeir erfiðleikar við á landsbyggðinni eins og oft hefur komið fram í umræðunni en niðurstaða liggur ekki fyrir í því máli enn þá þannig að það kæmist inn í fjáraukalögin ef sú niðurstaða útheimtir bein framlög úr ríkissjóði.

[15:49]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir þá skýringu sem hann gefur á hækkun á fjárfestingarliðnum á árinu og það er þá einmitt fjárfesting í sendiráðum erlendis, sá milljarður sem gert hefur verið ráð fyrir á fjáraukalögum og hefur verið mælt hér fyrir. Ég hef áður lýst því, herra forseti, að ég tel að þrátt fyrir vilja okkar til að styrkja utanríkisþjónustuna sé í fyrsta lagi óeðlilegt að þetta komi inn á fjáraukalög og í öðru lagi tel ég að þessi liður sé afar óeðlilega hár og fénu hefði mátt verja til annarra betri og brýnni verkefna.

Varðandi stöðu sveitarfélaganna er alveg hárrétt sem hv. formaður fjárln. bendir á að þessi mikla byggðaröskun hefur leitt þar til mismununar í tekjum og líka skuldastöðu sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem fá íbúana til sín lenda í miklum kostnaðarauka til að búa í haginn en þau fá þá líka nýja gjaldendur. Í framtíðinni eiga þau að öllum líkindum auðveldara með að standa skil á þeim framkvæmdum en hin sveitarfélögin sem missa af íbúum sínum og eiga aftur á móti í verulegum erfiðleikum og munu trauðla sjá fram á hvernig þau geti þá staðið við skuldbindingar sínar. Ég lagði áherslu á það í framsögu minni að það þyrfti að koma til móts við þau sveitarfélög sem búa við tekjumissi, fólksfækkun og miklar ábyrgðir í skuldum og kvaðir til að sinna samfélagsþjónustu sinni. Það hefði fyllilega verið tilefni til þess í fjáraukalögum, svo brýn er sú staða og alvarleg.

[15:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. 5. þm. Norðurl. v. getum verið sammála um að ein áhrifamesta aðgerðin í fjármálum sveitarfélaga sé að sporna við byggðaröskun. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum starf nefndar um tekjustofna sveitarfélaganna, upplýsingar um hve þessi byggðaröskun hefur haft mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga, bæði þeirra sem taka við fólki og þeirra sem missa frá sér gjaldendur. Í þessum fjárlögum og fjáraukalögum eru margs konar ráðstafanir til að reyna að sporna við byggðaröskun. Ég ætla ekki að rekja það núna. En það finnst mér vera eitt brýnasta verkefnið og það er brýnasta verkefnið í fjármálum og þjónustu sveitarfélaganna að sporna við fólksflutningum innan lands fram yfir það sem eðlilegt má teljast. Það verða alltaf

einhverjir flutningar fólks en þeir hafa verið allt of miklir að undanförnu. Það ættu allir að vera sammála um og ég veit að við hv. þingmaður erum sammála um það.

[15:51]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eindregið undir það með hv. formanni fjárln. Það er einmitt veika hliðin sem birtist okkur við framkvæmd fjármála og fjárlaga og í efnahagsstjórninni á þessu ári að ekki hefur tekist að koma á því jafnvægi sem við vildum koma á. Það skapar þenslu og það skapar spennu og það skapar óróleika sem við erum líka að glíma við í hinum almennu efnahagsmálum. Það er áfram eitt brýnasta viðfangsefnið að skapa jöfnuð á milli landsmanna, óháð búsetu og einmitt að leiðrétta, þó ekki sé nema félagslega íbúðakerfið. Það er alveg furðulegt að ekki skuli vera komin nein lausn á þeim vanda sem er hvað erfiðastur fyrir sveitarfélögin vítt og breitt um landið.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég bið um orðið um fundarstjórn af því ég taldi mig nokkuð augljóslega hafa beðið fyrstan um orðið í umræðunni. Þannig háttar til að ég hafði hugsað mér að reyna að komast að framarlega í umræðunni af vissum, persónulegum ástæðum. Ég þóttist sjá að a.m.k. starfsmaður hæstv. forseta tók eftir því að ég bað um orðið um leið og forseti tilkynnti að umræðan væri að hefjast og ég varð ekki var við að aðrir gerðu það fyrr en nokkru síðar að hv. 7. þm. Reykv. bað um orðið.

Ég tek þetta líka upp vegna þess, herra forseti, að mér hefur stundum virst að farið væri að bregða við á þinginu við skipulag umræðu að vikið væri frá þeirri tiltölulega afdráttarlausu reglu, 56. gr. þingskapa, að forseti gefi þingmönnum færi á að taka til máls í þeirri röð sem þeir beiðast þess þegar dagskrármál er tekið fyrir. Frá þessu eru ákveðin frávik. Að sjálfsögðu mæla menn fyrir nál., meiri og minni hluta eftir atvikum. Ráðherrum er sömuleiðis heimilt að komast fram fyrir eða inn í umræðu þegar þeir óska eftir því að koma inn í hana, önnur tilvik lúta fyrst og fremst að því ef forseti kýs að ræða stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum upp þannig að þeir skiptist á að mæla fyrir sjónarmiðum, með eða á móti málum, og svo ef menn beiðast þess að gera athugasemdir, bera af sér sakir eða ef óskað er eftir rétti til að veita andsvör.

Að sjálfsögðu er forsetum oft vandi á höndum þegar margir biðja um orðið samtímis en mér virtist ekki vera svo í þessu tilviki og ákvað því að gera athugasemd við fundarstjórn forseta að þessu leyti, af þessu gefna tilviki. Hafi ég misskilið þetta eða það farið fram hjá mér að aðrir hafi verið búnir að biðja um orðið á undan mér og þá í raun og veru áður en umræðan hófst, biðst ég velvirðingar á þessari athugasemd, en ég geri þetta líka vegna þess, herra forseti, að mér finnst stundum hafa gætt nokkurrar tilhneigingar í þá átt að láta umræður að breyttu breytanda ekki fara fram samkvæmt þessari sterku hefð og venju sem hér er og er bundin í 56. gr. þingskapa. Það tel ég að eigi í aðalatriðum að gera, herra forseti. Í aðalatriðum eigi að sjálfsögðu að virða þessa ótvíræðu reglu laganna og þótt kannski megi að einhverju leyti deila um túlkun á þeim heimildarákvæðum sem þarna eru til að víkja frá nema þá þannig hátti til að forsetum sé ekki unnt að greina í hvaða röð menn biðja um orðið þá sé þessi regla látin standa.

Það er t.d. alls ekki gott ef menn mundu lenda inn á þá braut að menn færu að skrá sig á mælendaskrá með einhverjum hætti eins og fyrir fram eða leggja fram lista eða annað því um líkt, því hugsunin á bak við þetta er líka sú að menn séu til staðar í þingsalnum þegar umræðan hefst og biðji þá um orðið sjálfir og persónulega og fái orðið í þeirri röð.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Auðvitað er forsetadæminu oft vandi á höndum með að raða á mælendaskrá. Ég hef tekið eftir því í gegnum veru mína hér að menn hafa notað ýmsar reglur og sjálfum hefur mér fundist sem það skapist tilteknar hefðir. Í umræðu eins og þessari sem er nú ein af þeim sem tengist ríkisfjármálunum og er þess vegna ein af stærri umræðunum í þinginu þá hefur það gjarnan verið þannig, hefur mér fundist, að þeir sem eru í viðkomandi fagnefnd, þ.e. fjárln., komi í umræðuna gjarnan í flokkaröð eftir að framsögumenn nál. hafa lokið framsögu sinni. Nú var það þannig, ég get gengist við því, herra forseti, af því ég var sá sem var næstur á mælendaskrá, að ég hafði nefnt það við félaga minn, Guðmund Árna Sefánsson, hæstv. forseta, þegar við gengum inn í salinn að ég vildi gjarnan tala sem fyrst í umræðunni. Hins vegar er mér enginn vandi á höndum með að liðka til fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Eins og kom fram hjá hv. þm. er hann tímabundinn annars staðar og þarf að tala sem fyrst, ég hef tíma til þess að vera lengur í umræðunni og ætlaði hvort eð er að vera við hana alla. Það er því algjörlega sársaukalaust af minni hálfu að hleypa hv. þm. fram fyrir mig í þessu efni.

Að öðru leyti get ég ekki útskýrt nákvæmlega hvernig þeir ágætu hæstv. forsetar sem stýra fundum setja reglur sínar um þetta. Svona hefur mér nú virst þetta vera. Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vel má vera að það þurfi að vera fastmótaðar reglur um fleiri hluti eins og t.d. óundirbúnar fyrirspurnir. Þar má segja að sé að skapast eins konar ólympísk keppni um hver er fyrstur til að koma fram með beiðnir um fyrirspurnir af því tagi.

Herra forseti. Ég ítreka að það er algjörlega sjálfsagt af minni hálfu að hleypa hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fram fyrir mig og ef einhverjir fleiri þingmenn í salnum eru tímabundnir þá mega þeir líka vera á undan mér.

[15:58]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Í tilefni þessarar orðræðu hv. þm. vill forseti taka fram að stundum getur verið allt annað en auðvelt að greina í hvaða röð hv. þm. biðja um orðið. Sú venja er fest í sessi fremur en hitt að ákvarða miðað við samsetningu þingsins, þ.e. stærð þingflokka, sjónarmiða með og á móti í hefðbundnum umræðum eins og utandagskrárumræðu þar sem fleiri vilja tala en fá tímans vegna í venjubundnum umræðum eins og fjárlagaumræðu eða öðrum föstum liðum á hinu háa Alþingi. Þetta hefur þróast í þessa veru þó að vissulega sé 56. gr. þingskapa ákaflega skýr svo langt sem hún nær hvað varðar fyrirkomulag þessara mála. En forseti vill taka undir það að ástæða er til að skoða þessi mál og önnur er lúta að þingsköpum. Það er ekki góður blær á því heldur að hér upphefjist mikil tímakeppni um hver sé annaðhvort fyrstur á pennann, sé fyrstur til að dreifa nál., fyrstur í þessu eða fyrstur í hinu. Forseti tekur undir að full er ástæða til þess að forsn. og formenn þingflokka ræði það hvað þetta mál varðar sem rætt er og önnur sem stundum orka tvímælis í þingsköpum. En það er hv. 3. þm. Norðurl. e. sem ræðir

þingsköp. Hann ræðir raunar um fundarstjórn forseta.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta hét einu sinni að ræða þingsköp og ég kynni því betur að því hefði verið haldið en svona er þetta nú af því að um getur verið að ræða hluti sem varða ekki eingöngu það hvernig forseti heldur á málum, heldur líka þær reglur sem hér er um að tefla.

Nú er það að sjálfsögðu þannig að það er nauðsynlegt fyrir greiðan framgang þingstarfanna að sem skýrastar reglur ríki um mál og ef þær eru óljósar eða ekki til staðar, þá mótast vissulega hefðir eins og er að gerast kannski með nýlegt fyrirkomulag eins og óundirbúnar fyrirspurnir. En hér er ekki slíku til að dreifa, herra forseti, og af þeim ástæðum er athugasemd gerð. Hún er gerð af grundvallarástæðum, þetta er prinsippmál, en ekki á öðrum nótum, vegna þess að 56. gr. þingskapanna er alveg skýr. Hún er skýr í því efni að forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þetta þýðir að við upphaf umræðunnar þegar forseti tilkynnir að umræða hefjist, þá en ekki fyrr, eiga menn kost á því að biðja um orðið og fá það þá yfirleitt í þeirri röð sem þeir beiðast þess. Hugsunin er líka sú, eins og ég vék að hér áðan, að þeir sem eru mættir til umræðunnar og eru í þingsalnum njóta þess og fá orðið umfram aðra sem kynnu að koma til hennar síðar. Það er ekki ætlunin að menn geti sent inn skilaboð eða skráð sig utan að frá inn á mælendaskrána, a.m.k. ekki þannig að þeir hafi þar forgang umfram aðra.

Af þessum ástæðum tók ég málið upp, herra forseti, og líka vegna hins sem forseti reyndar sjálfur kom aðeins inn á. Mér hefur þótt fara að bera á því í seinni tíð að vikið væri frá þessari afdráttarlausu reglu 56. gr. laga um þingsköp Alþingis. Ég legg áherslu á orðið lög, herra forseti. Þetta er ekki eitthvað sem við höfum í okkar höndum að sveiga eða beygja eftir okkar höfði. Við getum ekki mótað hefðir um framgang umræðna á þingi sem ganga gegn skýrum ákvæðum þingskapa. Það er ekki hægt því þá værum við að brjóta lög sem við höfum sjálf sett okkur hér á þinginu. Ég tók þetta ekki síður upp, herra forseti, af þessum ástæðum en þeim sem lúta í sjálfu sér að aðstæðum í þessari tilteknu umræðu.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð fyrir utan það að ég þakka að sjálfsögðu drenglyndi hv. 7. þm. Reykv. Það vill svo vel til að ég þarf ekki að þiggja boðið. Ég gef mér að hv. 7. þm. Reykv. haldi hér ekki lengri ræðu en svo að ég megi vel koma því við að hlýða á hans gáfulega mál og flytja svo mitt mál á eftir. Ef forseti gerir því ekki breytingar á mælendaskránni, sem í raun og veru felst í athugasemd minni að ég tel að forseti ætti að gera, þá mun ég bíða þess að forseti gefi mér orðið, en þakka drengilegt boð hv. 7. þm. Reykv.

[16:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Fyrri málsgrein. 56. gr. laga um þingsköp Alþingis hljóðar þannig:

„Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann."

Forseti hefur svo sem ekki miklu við þessa umræðu að bæta enda verður hún tæplega til lykta leidd hér hvað þetta mál varðar eða önnur álitamál sem uppi hafa verið og uppi munu verða að óbreyttu um þingsköpin.

Að íhuguðu máli og vegna gagntilboða hv. þingmanna hvors í annars garð hefur forseti komist að þeirri niðurstöðu, geri enginn við það sérstaka athugasemd, að næstur taki til máls hv. 3. þm. Norðurl. e.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki flytja langt mál. Það sem ég ætla að ræða er í fyrsta lagi lítillega almennar aðstæður við afgreiðslu þessara fjáraukalaga. Í öðru lagi lítillega um framkvæmdakostnað við svonefnt Þjóðmenningarhús og að síðustu mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman en þær lúta að heimildum til handa ríkinu um að selja eignarhlut í tiltekinni jörð Skógræktar ríkisins og reyndar að fella niður aðra slíka heimild gagnvart annarri jörð. Mér þætti gott ef það væri athugað hvort hæstv. landbrh. væri einhvers staðar nálægur þinghúsinu eða sá sem gegnir fyrir ráðherra. Ég sá að hann var ekki viðstaddur atkvæðagreiðsluna í dag. Ef svo er ekki skal ég ekki gera um það kröfur að umræðan truflist af þeim sökum. En ég hefði talið ástæðu til þess að einhver forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar, fyrir utan virðulegan formann fjárln. sem hér er okkur öllum til mikillar ánægju, væri jafnframt viðstaddur umræðuna. Ég þykist vita, herra forseti, að það hafi verið nokkur óánægja með viðveru hæstv. ráðherra þegar fjárlagafrv. var til umræðu. A.m.k. var sá sem hér stendur þeirrar skoðunar að sú frammistaða ríkisstjórnarinnar væri ekki til þess að hrósa sér af og mér virðist allt stefna í það sama nú og ég hlýt að lýsa nokkurri óánægju.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess vegna fyrirspurnar um viðveru hæstv. landbrh. að hann hefur fjarvistarleyfi í dag.)

Og ríkisstjórnin öll kannski?

(**Forseti** (GÁS): Ekki er það nú svo.)

Nei. Herra forseti. Það þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um þær aðstæður sem eru að verða nokkuð vel þekktar á þessum vetrardögum þegar fjárlög og fjáraukalög eru til umfjöllunar á Alþingi. Það hafa orðið miklar umræður um stöðuna í efnahagsmálunm, þá óvissu sem þar hefur verið að dragast upp. Forsendur fjáraukalagaafgreiðslunnar, sem taka mið af þróun mála á árinu sem er að líða og senn kveður okkur og öldin þar með, hafa auðvitað verið að skýrast eftir því sem líður að lokum ársins og það er ljóst að þenslueinkennin hafa haldist og þau endurspeglast í áframhaldandi gríðarlegum viðskiptahalla og jafnvel vaxandi umfram það sem vonir höfðu staðið til og hann vex fyrst og fremst vegna þess að tekjur aukast ekki í neinum mæli í átt við það sem menn höfðu gert sér vonir um annars vegar og eyðslan heldur áfram og lítið minni hins vegar. Þar af leiðandi dregur heldur í sundur milli útgjalda þjóðarbúsins út á við og tekjuöflunar þess á hina hliðina.

Afkoma ríkissjóðs hlýtur að teljast ágæt eins og jafnan endranær við sambærilegar aðstæður. Það má fletta aftur á bak í spjöldum sögunnar og ég hygg að það komi nokkuð skýrt fram að þegar viðskiptahalli er umtalsverður við útlönd, mikill innflutningur er og mikil velta af þeim sökum þá hagnast ríkissjóður á því ástandi. Þegar síðan dæmið snýst

við, þá getur snögglega slegið á tekjur ríkissjóðs þegar útgjöldin halda jafnvel áfram að aukast en tekjurnar vaxa ekki að sama skapi.

Ég hef áður velt því fyrir mér hvenær eða hvort horfur væru á því að við kæmumst í þann punkt í kúrfunni eða hagsveiflunni að farið gæti að halla undan fæti og hlutföllin snúast við. Það er umtalsverð útgjaldaþensla í pípunum eins og aukning ríkisútgjalda upp á líklega eina 9 milljarða kr., ef ég hef lesið rétt samkvæmt þessu fjáraukalagafrv., er til marks um og það er nokkuð ljóst að slík útgjaldaþensla gufar ekki upp þó að tekjur ríkissjóðs hættu skyndilega eða tiltölulega snögglega að aukast vegna þess að samdráttur hæfist í hagkerfinu og þá kárnar gamanið hjá hæstv. fjmrh. og hjá ríkissjóði. Þá verða skyndilega talsvert aðrar aðstæður uppi til þess að ná endum saman en verið hafa hér um skeið þar sem þensla og vaxandi viðskiptahalli og að nokkru leyti vaxandi verðbólga hafa þýtt að tekjuaukinn hefur verið ívið á undan útgjaldaaukanum og þar hefur myndast bil sem hefur verið ríkissjóði hagstætt um afkomu. En eins og ég segi, herra forseti, þá sýnir sagan okkur að þetta getur snúist við tiltölulega snögglega, jafnvel innan eins fjárlagaárs og því miður verður að segjast eins og er að ýmis merki gætu bent til þess þó við vissulega vonum að svo fari ekki, að slík vatnaskil gætu orðið í efnahagslífinu og ríkisfjármálunum á næsta ári.

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég til ágæts nál. 2. minni hluta fjárln., hv. þm. Jóns Bjarnasonar, sem hann mælti fyrir áðan.

Í þriðja lagi vil ég segja nokkur orð um framkvæmdir við svokallað Þjóðmenningarhús sem ákveðið var fyrir nokkru síðan að svo skyldi heita. Nú hafa verið að koma fram upplýsingar, herra forseti, sem eru býsna svakalegar um umframkostnað í því verki sem hefur farið heldur hressilega úr böndunum þegar haft er í huga að ekki er þó um „stærra" verk að ræða en raun ber vitni. Kostnaðaráætlanir voru þar samtals upp á rétt um 300 millj. kr. en kostnaðurinn fer þriðjung fram úr þeirri tölu og endar í rétt tæpum 400 millj. Þetta er allmikið frávik á þó ekki stærra verki og er þó afstætt hvað er stórt og hvað ekki þegar svona hlutir eru á ferðinni. Ýmsum þykir sjálfsagt vel í lagt að endurbætur á einu stykki húsi, þó merkilegt sé og sögufrægt, kosti fjármuni af þessari stærðargráðu þegar haft er í huga að til viðhalds og varðveislu menningarsögulegra verðmætra húsa og mannvirkja vítt og breitt um landið er verið að verja hreinum smáaurum samanborið við jafnvel þessa upphæð svo ekki sé talað um annað meira.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að hér virðist alveg óvenjulega losaralega hafa verið haldið á málum. Það fer ekki vel á því og allra síst þegar í hlut á sjálft forsrn. sem er hér ábyrgðaraðili. Það má auðvitað endalaust deila um það hverjir eigi að bera ábyrgðina af slælegum verkum, húsbændurnir eða hjúin, en hin endanlega stjórnsýslulega ábyrgð er hjá því ráðuneyti sem málefnið heyrir undir og á hvers vegum framkvæmdirnar eru unnar jafnvel þó um eitthvert framsal niður á lægra stjórnsýslustig eða til undiraðila sé að ræða sem þá er í raun og veru ábyrgðinni varpað yfir á. Ábyrgðin af þeirri gjörð er í öllu falli ráðuneytisins og undan því verður ekki vikist. Þetta er slæmt, herra forseti. Þetta mælist illa fyrir. Þegar sömu aðilar, æðstu embætti ríkisins, eru á sama tíma að reyna að hvetja til aðhalds og ráðdeildar og vandaðra vinnubragða, þá er það afar óheppilegt að svona takist til þegar í hlut eiga sumar æðstu stofnanir eða yfirstjórn ríkisins, Alþingi, forsrn., forsetaembættið eða aðrir slíkir sem lenda í því að fara út fyrir heimildir fjárlaga og eyða umfram það sem ákveðið hafði verið.

Auðvitað er það svo, herra forseti, og það vitum við að þegar í hlut á endurgerð gamalla húsa þá er áætlanagerð oft erfið. Að breyttu breytanda eru síður ástæður til þess eða afsakanir fyrir því þegar í hlut eiga nýframkvæmdir sem á að vera hægt að bjóða út eða standa þannig að málum við að kostnaðaráætlanir haldi betur en við endurbætur þar sem oft er erfitt að sjá fyrir fyrr en út í verkin er komið hvernig leysa eigi einstök mál sem varða varðveislu húsa sem ekki má breyta o.s.frv. Þennan fyrirvara verður því að hafa á og sérstaklega þegar í hlut eiga friðuð hús eða menningarsögulega verðmæt hús sem menn vilja ekki raska og er markmið í sjálfu sér að varðveita á tiltekinn hátt. En nú er Landsbókasafnshúsið gamla sem nú skal kalla Þjóðmenningarhús þó ekki eldra en svo, og það ætti að vera það vel þekkt hvernig að framkvæmdum mætti standa í húsum af þessu tagi, enda var ekki um að ræða nein vandamál sem tengdust a.m.k. ytra útliti hússins sem allir voru sammála um að hafa í upprunalegri mynd, að það er erfitt að skilja að þetta skuli þurfa að fara svona úr böndunum.

Fyrir utan slælega verkstjórn og óljósa ábyrgð á einstökum þáttum virðist fyrst og fremst vera við að sakast þrákelknislega ákvörðun um að drífa framkvæmdirnar áfram og kosta jafnvel til miklum fjármunum þannig að verkinu lyki innan einhverra marka sem menn sjálfir settu sér og það fjármunum sem ekki voru fjárheimildir fyrir. Það er auðvitað mjög mikið umhugsunarefni, herra forseti, ef menn geta tekið sér sjálfir vald til þess að ákveða að hraða framkvæmdum af einhverjum metnaðarástæðum til þess að opna mannvirkin á tilteknum vígsludegi jafnvel þó að það kosti umframeyðslu fjármuna sem ekki eru til heimildir fyrir samkvæmt lögum. Eru menn þá ekki komnir út á ansi þunnan ís? Reyndar er það svo ef við rifjum það upp hvenær mestu framúrkeyrsluhneyksli hafa orðið við framkvæmdir af ýmsum toga, þá er það gjarnan í tengslum við ákvarðanir af þessu tagi, oftar enn ekki pólitískar ákvarðanir ofan frá um að keyra framkvæmdirnar áfram hvað sem tautar og raular til þess að opna þær á einhverjum tilteknum pólitískt völdum degi. Frægast að endemum er sennilega framkvæmdin við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í Keflavík sem kostaði þjóðina stórfé. Forustumenn Sjálfstfl. ákváðu að hana skyldi opna fyrir alþingiskosningar 1987 hvað sem tautaði og raulaði og hversu miklum peningum sem þyrfti til að kosta, enda kostaði það ómælt og það er vitað og liggur fyrir í skýrslum og úttektum, bæði Ríkisendurskoðunar og fleiri aðila, að herkostnaðurinn af þessu varð mikill fyrir þjóðarbúið. Því miður lyktar það pínulítið af hinu sama hér, herra forseti, að umframeyðslan vegna framkvæmda við Þjóðmenningarhúsið stafi af slíkum þrákelknislegum ákvörðunum.

Loks, herra forseti, ætla ég að mæla fyrir brtt. sem hér er flutt við 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2000 af þremur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman auk mín.

Við leggjum til að gerðar verði tvær breytingar á 4. gr. frv. Nú hefði verið ástæða til að hafa eins og eitt stykki hæstv. ráðherra til svara fyrir ríkisstjórnina. Ég sé ekki annað, herra forseti, en að hér stefni í mikið hneyksli og ótrúlega afgreiðslu mála ef svo heldur sem horfir, að til standi af hálfu meiri hlutans að afgreiða tölulið 4.36 og tölulið 4.37 óbreytta eins og þeir liggja fyrir í þingskjalinu eftir 2. umr.

um fjáraukalög. Ég er að tala um heimildarákvæði í 4. gr. fjáraukalagafrv. Þar eru lagðir til nokkrir nýir liðir sem bætast við sambærilega grein í gildandi fjárlögum þar sem fyrir eru ýmsar heimildir til framkvæmdarvaldsins til að kaupa og selja eignir o.s.frv. eins og kunnugt er.

Töluliður 4.36 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði."

Og töluliður 4.37:

„Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum, Álftaneshreppi, Mýrasýslu."

Þá er rétt að hafa í huga að í fjárlagafrv. sem hér var tekið til 2. umr. og atkvæðagreiðslu fyrr í dag ganga þessar heimildir aftur, væntanlega í því skyni að verði þær ekki notaðar á þessu ári þá verði þær til staðar á næsta ári. En þar er orðalag þeirra þó nokkuð öðruvísi.

Í tilviki jarðarinnar Straums er orðalagið með eftirfarandi hætti í fjárlagafrv.:

„Að selja eignarhlut Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði, Gullbringusýslu og verja andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins, Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra."

Þetta orðalag, herra forseti, boðar ekki gott og lofar ekki góðu um hvernig ætlunin er að nýta heimildina samkvæmt fjáraukalagafrv. ef jörðin yrði nú seld fyrir áramótin en þar er alls ekki mælt fyrir um hvernig fjármununum skuli varið. Ef svo vill má alveg eins skilja orðalagið þannig að þessir fjármunir skuli renna beint í ríkissjóð. Þá sé ég ekki annað, herra forseti, en að forkastanlegir hlutir séu að gerast. Það er vegna þess að báðar jarðirnar sem ég hef nefnt, þ.e. Straumur í Hafnarfirði og jörðin Hvítsstaðir í Borgarfirði, voru gefnar í þágu skógræktar. Það er ljóst að vilji eigendanna og sú kvöð sem í raun og veru fylgir gjöfinni var að andvirði jarðanna yrði varið í þágu skógræktar.

Herra forseti. Það er ekki hægt að kalla það annað en siðlaust ef menn ætla ekki að virða afdráttarlausan vilja sem gefendur verðmæta af þessu tagi láta fylgja gjöf sinni. Ef menn vilja ekki taka við gjöfinni með þeim skilmálum sem henni fylgja þá geta menn auðvitað gert það. Þá eiga menn líka að gera það þegar hún er afhent eða boðin. En að ætla sér að hverfa frá því sem gefendur, hugsjónamenn, hafa látið fylgja með gjöfum af þessu tagi, sem þeir ákveða að ráðstafa í tilteknu skyni en fela viðkomandi opinberri stofnun að annast það að nýta andvirði jarðarinnar í þágu slíks málefnis, þá er ekki við það unandi.

Nú vill svo til að a.m.k. í öðru tilvikinu var um ótvíræð ákvæði í gjafabréfi að ræða. Þannig er enginn vafi á því hvernig meiningin var að ráðstafa þessum jörðum. Í öðru lagi veitir Skógrækt ríkisins af því að fá þessa fjármuni til sinna þarfa. Að mínu mati á ekki að koma til greina að ráðstafa jarðnæði og verðmætum sem hið opinbera hefur á sinni hendi til skógræktar öðruvísi en í það verkefni eða halda því jarðnæði áfram í höndum Skógræktarinnar eða annarra aðila sem eftir atvikum væru kannski komnir til sögunnar og sinntu verkefnum á sömu sviðum.

Mér finnst vel koma til greina, ef Skógræktin þarf á þessum fjármunum að halda til annarra uppbyggingarverkefna, að hún losi einhverjar eignir eða fjármuni út úr jörðum eða öðrum verðmætum og færi þær yfir í önnur brýn verk sem aðstæður kalla á en það á ekki að ljá máls á því að fara að flytja þessa fjármuni til annarra þarfa eða hirða þá í ríkissjóð. Það er ekki verjandi.

Því miður hafa slíkir hlutir stundum gerst eða a.m.k. átök orðið um slíka hluti. Ljóst er að ríkið hefur stundum ráðstafað eignum, sem að verulegu leyti voru til komnar með áheitum og söfnunum meðal almennings í þágu góðra málefna, til annarra hluta á seinni stigum. Það hefur því miður gerst. Ég þekki dæmi um slíkt. Hér er að mínu mati brugðið frá þeim óskum sem fylgdu viðkomandi gjöfum, um að andvirði þeirra skyldi ráðstafað til þessa hugsjónastarfs. Þar er svo ljótur svipur á, að virða það ekki ef það stendur til, að ég trúi ekki að menn ætli að láta það yfir sig ganga. Það er auðvitað ljóst að Skógræktin leggst alfarið gegn þessu af skiljanlegum og eðlilegum ástæðum. Hver yrði niðurstaðan af því, herra forseti, ef þetta er ítrekað gert með þessum hætti? Hún verður auðvitað sú að menn hætta að treysta opinberum stofnunum fyrir verkefnum af þessu tagi. Hver kærir sig um að eiga það á hættu að afdráttarlausir skilmálar gjafa eða gjafabréfa séu ekki virtir ef svo háttar til?

Herra forseti. Ég fer í fyrsta lagi fram á skýringar á því hvað þarna er að gerast. Er það virkilega ætlun meiri hlutans að afgreiða þetta svona og stendur hugur manna til að afgreiða síðan orðalag fjárlagafrv. óbreytt, þá reyndar ekki í samræmi við það sem hér er, samanber misræmið þar á sem ég hef þegar vikið að? Er ekki hægt að ná um það samstöðu áður en afgreiðslu þessara mála lýkur að þetta verði lagað þannig að ekki stefni í þá óhæfu að gjafaskilmálar og gjafabréf látinna heiðursmanna sem ráðstöfuðu eigum sínum til hugsjónastarfs af þessu tagi verði vanvirt?

Ég harma, herra forseti, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér til svara því að ætlunin er að hann fái þessar rúmu heimildir í hendur ef af óbreyttri afgreiðslu fjárlagafrv. verður. Samkvæmt þessu ákvæði fjáraukalaganna geta menn gert það við þessa fjármuni sem þeim sýnist.

[16:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skilningur meiri hluta fjárln. að þetta fjármagn eigi að ganga til Skógræktar ríkisins. Það er ólíklegt að þessar heimildir verði notaðar á þessu ári og þess vegna eru þær inni á fjárlögum á næsta ári. Hins vegar höfum við ekki gengið endanlega frá þessu orðalagi, erum með þetta í skoðun. Við höfum, af ástæðum sem hv. þm. nefndi, beðið um upplýsingar um kvaðir sem fylgdu þessum jörðum. Í öðru tilfellinu gæti verið um mjög miklar eignir að ræða, við vitum það ekki, varðandi Straum. Það er mikil óvissa um hve verðmæta eign er þar að ræða. Hluti af því landi gæti verið mjög verðmætur. Við höfum þetta mál til skoðunar varðandi fjárlagagerðina á næsta ári. Það er ólíklegt að þessi heimild verði notuð á þessi ári en málið kom til í tengslum við umræðu um að styrkja stöðu Skógræktar ríkisins. Meiri hluti fjárln. telur að svo beri að gera.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir svörin. Mér finnst mikilsvert að það liggi fyrir að fjárln. skilji það svo að þessum fjármunum verði eingöngu varið, ef ég má leyfa mér að túlka það svo, til þess að bæta fjárhag Skógræktar ríkisins og annað standi ekki til.

Ég treysti því, í ljósi þeirrar lögskýringar sem þá liggur fyrir í formi yfirlýsingar formanns fjárln., að ekkert annað yrði uppi á teningnum ef til þess kæmi að heimildin yrði notuð innan fjárlagaársins. Ég mæli náttúrlega eindregið með því og vonast til að fjárln. komist að þeirri niðurstöðu að breyta orðalagi heimildargreinarinnar í fjárlagafrv. þannig að

þegar það kemur til afgreiðslu í lok vikunnar eða svo þá verði búið að ganga skýrt og skilmerkilega frá því að orðalagið sé í samræmi við vilja gefendanna á sínum tíma þannig að óyggjandi sé að ekkert gerist þarna sem setja mundi ljótan blett á þau samskipti, verða mönnum til leiðinda eða gefa slæmt fordæmi hvað aðra sambærilega hluti varðar.

[16:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að þessi beiðni er eitt af þeim erindum sem við erum að skoða í okkar vinnu. Ég vona að við fáum þessar upplýsingar í hendur á allra næstu dögum enda skammur tími til stefnu. Ég hef ekki öðru að bæta við það sem ég sagði áðan um þetta efni.

[16:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Áður en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þarf að yfirgefa okkur af fullkomlega skiljanlegum ástæðum þá verð ég nú að segja, fyrst að hv. þm. ómakaði sig hingað upp í ræðustól til að velta fyrir sér því sem gerst hefði varðandi Safnahúsið og hvar ætti nú að deila ábyrgðinni á því, að mér fannst hv. þm. furðu blíðmáll við hæstv. forsrh. Þó að hægt sé að segja að hluti ábyrgðarinnar liggi hjá hússtjórninni og hluti hjá Framkvæmdasýslu ríkisins þá er auðvitað alveg ljóst að meginábyrgðin liggur hjá forsrn.

Ef ég mætti benda hv. þm. á það að lesa sér til á bls. 20 og yfir á bls. 21 í skýrslunni um Safnahúsið þá kemur þar fram að það er ekki bara hin stjórnsýslulega ábyrgð sem hvílir á herðum hæstv. forsrh. samkvæmt forminu heldur birtist þar svart á hvítu að ef hæstv. forsrh. hefði farið sjálfur eftir þeim reglum sem hann setti í erindisbréfi til hússtjórnarinnar þá hefði að öllum líkindum, svo vísað sé til þess sem Ríkisendurskoðun segir á bls. 21., mátt koma í veg fyrir að þessi ósköp hefðu gerst.

Ef við sem þykjumst ætla að reyna að stjórna ríkinu í gegnum fjárlögin, förum þannig að fjárlögunum, þá verður maður auðvitað að segja að eftir höfðinu dansa limirnir. Hvernig í ósköpunum á hv. Alþingi að geta gengið að stofnunum ríkisins og skammað forstöðumenn fyrir að fara ekki að fjárlögum þegar svona háttar til? Það blasir við, herra forseti, að undir forustu hæstv. forsrh. er farið meira en 100% fram úr fjárheimildum á þessu ári, farið 100 millj. kr. fram úr framkvæmd sem var samkvæmt greiðsluáætlun metin á 297 millj. kr.

Herra forseti. Ég ætla að ræða lítillega síðar í máli mínu ástæður þess að ekki er hægt að kalla umframkeyrsluna varðandi Safnahúsið annað en rakið hneyksli. Ég ætla að reifa lítillega hvar ég tel að ábyrgðin liggi á því máli og spyrja hæstv. ráðherra, sem málið varðar, nokkurra spurninga.

Nú er það þannig, herra forseti, að ég hef aldrei verið frekur á ráðherra og mér kemur ekki til hugar að láta reka þá hér eins og dilka til réttar. Hins vegar er það þannig að í umræðunni í dag og í umræðu um fjárlagafrv. á dögunum blandast efnahagsmálin og stjórn efnahagsmála. íslenska ríkisins eðlilega mjög inn í málið. Hér hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson flutt góða tölu þar sem hann hefur einmitt reifað hvernig ríkisfjármálin tengjast stjórn efnahagsmála og hvernig við í Samfylkingunni teljum að á undangengnum árum hafi verið gerð töluverð mistök í þeim efnum. Hv. þm. Jón Bjarnason og flokksbróðir hans, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gerðu þetta allir.

Um daginn þegar við ræddum fjárlagafrv. varpaði ég allmörgum spurningum til hæstv. fjmrh. Ég hygg að það sé einsdæmi sem þá gerðist að við þá umræðu varpaði hæstv. fjmrh. ekki fram einni einustu setningu. Hæstv. fjmrh. var áberandi sökum fjarveru sinnar. Þó var það þannig að fjölmörgum spurningum var varpað til hæstv. fjmrh. Ég ætla ekki að óska eftir því að hæstv. fjmrh. verði færður með valdi í salinn. Ég ætla hins vegar að leyfa mér í tengslum við þá þróun sem menn hafa rætt varðandi efnahagsmálin að beina örfáum spurningum til hæstv. ráðherra og geri þá ráð fyrir því að þeir fulltrúar hans sem hér eru staddir í salnum, önnum kafnir við að rita niður hugleiðingar sínar, muni koma þeim spurningum á framfæri. Ég mun þá ef ekki tekst í þessari ræðu, herra forseti, að særa fram svör, notfæra mér rétt minn til þess að halda fleiri ræður og minni síðan á að hægt er að halda langar ræður við 3. umr. fjárlaga. En mér finnst ekki hægt, herra forseti, þegar menn ræða þá þróun og þær blikur sem eru á lofti á himnum efnahagsmála þá skuli hæstv. fjmrh. bókstaflega fela sig.

Herra forseti. Menn hafa rætt þá þróun sem hefur orðið á allra síðustu vikum og mánuðum varðandi efnahagsmálin. Það hefur komið fram að allt það sem við í Samfykingunni höfum sagt að mundi gerast, hefur gengið eftir. Stundum er erfitt, herra forseti, að vera spámaður og jafnvel erfitt að vera spámaður í eigin föðurlandi. Við þingmenn Samfylkingarinnar sögðum það fyrir fyrir allmörgum missirum að þróun efnahagsmála mundi verða með þeim hætti að viðskiptahallinn mundi aukast. Ég hef margsinnis rifjað það upp og hæstv. fjmrh. hefur jafnoft og við höfum haldið þessu fram með gildum rökum neitað því staðfastlega. Hæstv. fjmrh. hélt því fram langt fram á þetta haust að ekkert væri að í efnahagsmálum og engin hætta stafaði af viðskiptahallanum. Nú er það svo að hæstv. fjmrh. er auðvitað vorkunn. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis sett fram þá fullyrðingu að viðskiptahallinn væri ekki eins og viðskiptahallinn var í gamla daga, ekki illkynja heldur góðkynja halli sem stafaði ekki af fjárfestingum hins opinbera, heldur stafaði hann af einkaneyslu og fjárfestingum fyrirtækja. Ábyrgðin lægi þess vegna annars staðar en hjá íslenska ríkinu. Nú er það hins vegar þannig, herra forseti, að það þarf alltaf að fjármagna viðskiptahalla. Við þurfum með einhverjum hætti að geta orðið okkur úti um gjaldeyri til að fjármagna viðskiptahallann.

Nú blasir við að íslenska bankakerfið hefur fengið sér ákaflega mikið af lánum á erlendri grund sem hefur leitt til þess að einstakar stofnanir eru vafalaust komnar að endimörkum lánagetu sinnar þar og að því kemur að íslenska ríkið, þ.e. Íslendingar sem samfélag, mun líka komast að takmörkum lánagetu sinnar. Þá spyr ég, herra forseti: Hvernig eigum við þá að fjármagna viðskiptahallann?

Það gerðist í umræðu um daginn, herra forseti, að ég átti orðastað við hv. þm. og formann fjárln., Jón Kristjánsson. Hv. þm. sagði þá í fyrsta skipti og raunar fyrstur stjórnarliða að viðskiptahallinn væri óviðunandi og hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., sagði jafnframt að viðskiptahallinn væri beinlínis skaðlegur. Nú er það þannig, herra forseti, að í þessum sal er enginn fulltrúi Sjálfstfl., enginn ráðherra og raunar enginn fulltrúi Framsfl. heldur. Það er eins og þeir kinoki sér við að sitja undir ræðum af þessu tagi þar sem verið er að benda á það sem þeim hefur mistekist.

En út af þeim orðum sem ég hef rifjað upp og féllu af vörum hv. þm. Jóns Kristjánssonar vil ég spyrja hæstv. fjmrh. sem ég veit að er í húsinu: Er hæstv. fjmrh. sammála

þeim orðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., að viðskiptahallinn sé beinlínis skaðlegur? Ef hæstv. fjmrh. er þeirrar skoðunar, er hann þá ekki um leið að taka undir með þeim varnaðarorðum Samfylkingarinnar sem ráðherrarnir allir hafa hingað til skellt skollaeyrum við?

Í umræðum um ríkisfjármál og stjórn efnahagsmála hafa þingmenn, bæði stjórnarliðsins og stjórnarandstöðunnar, kastað á milli sín skoðunum á því hvað veldur þeim blikum sem nú sjást á himni íslenskra efnahagsmála. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., var búinn að finna sektarlamb. Sektarlambið að hans mati, herra forseti, var Seðlabankinn. Er það þannig að Sjálfstfl. og forusta Sjálfstfl. séu þeirrar skoðunar að það sé Seðlabankanum að kenna að nú er líklegt að til tíðinda geti dregið í íslenskum efnahagsmálum á næstunni?

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að þetta komi fram, ekki síst vegna þess að yfirmaður Seðlabankans er formaður Sjálfstfl.

Í úttekt sem Efnahags- og framfarastofnun Evrópu gerði kom í ljós að íslenski Seðlabankinn var í 70. sæti yfir þá seðlabanka í heiminum sem voru ósjálfstæðastir. Með öðrum orðum er íslenski seðlabankinn ekki sjálfstæð stofnun, hann starfar undir ráðherra. Enginn maður þarf að halda því fram að Seðlabanki Íslands taki ákvarðanir um vexti og vaxtahækkanir án þess að það sé borið undir ríkisstjórnina.

Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari því í þessari umræðu hvort hann sé sömu skoðunar og talsmaður Sjálfstfl. í efnahagsmálum í þessum sal, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, um að stefna Seðlabankans í vaxtamálum sé orsök þess efnahagsvanda sem nú blasir við? Þetta er nauðsynlegt að komi fram.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði að umræðuefni þá skýrslu sem forsrn. óskaði eftir að gerð yrði um framkvæmdir við Þjóðmenningarhúsið. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór lauslega yfir það mál. Það sem er e.t.v. merkilegast við það af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar er sú staðreynd að við sem sitjum í fjárln., þrír þingmenn Samfylkingarinnar, höfðum ekki hugmynd um að á miðju sumri hafði hæstv. forsrh. beðið um sérstaka úttekt af hálfu Ríkisendurskoðunar á framkvæmdum við Safnahúsið í þeim tilgangi eins og segir, með leyfi forseta, í inngangi Ríkisendurskoðunar í skýrslunni: „.... var óskað rannsóknar á því hvað fór úrskeiðis þannig að læra mætti af mistökunum." Ekki er ofmælt í þessari skýrslu að hér sé um mistök að ræða og er nauðsynlegt að ræða það.

En áður vil ég fordæma að við þingmenn stjórnarandstöðunnar óskuðum eftir því að skýrslan kæmi í hendur okkar fyrir 2. umr. um frv. til fjáraukalaga. Þá fyrst urðum við þess áskynja, þegar okkur var fengið í hendur minnisblað frá forsrn. um þessar framkvæmdir, að ráðuneytið hafði óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gerði skýrslu um málið. Við, eins og ég sagði, herra forseti, óskuðum eftir því að fá skýrsluna í hendur fyrir umræðuna, hér væri um lykilgagn að ræða. Hins vegar fór svo að ekki var orðið við bón okkar, við fengum ekki skýrsluna í hendur fyrr en þeirri umræðu var lokið. Það þykja mér ekki góð vinnubrögð, herra forseti. Mér þykja það ekki heldur góð vinnubrögð að skýrslu af þessu tagi sé í reynd stungið undir stól því ekki er hægt að segja annað en henni sé stungið undir stól þegar fjárln. Alþingis fær ekki einu sinni að vita af henni og einstakir nefndarmenn sem í henni sitja eiga ákaflega erfitt með að verða sér út um skýrsluna og þurftu nánast að toga hana út með töngum.

Herra forseti. Það er spurning hvernig þingið á að fara með skýrslur af þessu tagi. Þarna er um að ræða framkvæmd sem fór algerlega úr böndunum. Þarna er um að ræða framkvæmd sem var klárlega á forræði forsrn. Þarna er því um að ræða framkvæmd sem við þurfum að læra af. Við þurfum að sýna það svart á hvítu hvers vegna þessi mistök urðu. Við þurfum að læra hvernig við getum komið í veg fyrir að þau gerist aftur. Spurningin er hvaða tök hið háa Alþingi hefur til þess að gera það.

Nú liggur þessi skýrsla fyrir og eins og ég sagði, henni var nánast stungið undir stól. Ég vil því spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln., hvort hann muni verða við þeirri bón sem á morgun mun koma fram í fjárln. frá þingmönnum Samfylkingarinnar um að skýrslan verði rædd í nefndinni og að síðan, að lokinni umræðu í nefndinni, verði gefið út nál. sem verði tekið til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég tel að það sé algerlega nauðsynlegt.

Þegar maður les skýrsluna og reynir að grafast fyrir um hvað fór úrskeiðis er alveg ljóst að deila má ábyrgðinni í þrjá staði. Í fyrsta lagi á húsnæðisstofnina, í öðru lagi á Framkvæmdasýslu ríkisins og í þriðja lagi á forsrn. Nú ætla ég, herra forseti, að færa rök fyrir þessu.

Húsnæðisstofnin var klárlega sá aðili sem átti að sjá um kaup verka og var þess vegna ábyrg formlega gagnvart ráðuneyti sínu, þ.e. forsrn. Hins vegar er það þannig að húsnæðisstofninni er nokkur vorkunn. Það er einfaldlega þannig að í skýrslunni kemur fram að húsnæðisstofnin óskaði eftir því að sett yrði á laggir sérstök byggingarnefnd. Það kemur líka fram í skýrslunni að samkvæmt þeim reglum sem settar hafa verið um opinberar framkvæmdir í sérstakri handbók þar að lútandi er hefð að þegar um framkvæmdir af þessu tagi er að ræða á að setja niður byggingarnefnd og þá er það jafnan starfsmaður og eftirlitsmaður Framkvæmdasýslunnar sem er ritari nefndarinnar. Þetta hefur gefist ákaflega vel. Ég spyr því annaðhvort hæstv. fjmrh., sem er staddur einhvers staðar í húsinu, eða hv. formann fjárln.: Hver var það sem hafnaði þeirri bón húsnæðisstofnarinnar að sett yrði á laggir byggingarnefnd? Ef sú nefnd hefði verið sett á laggir er alveg ljóst að upplýsingaflæðið, milli Framkvæmdasýslunnar og hins vegar verktakanna á annan vænginn og hinn vænginn húsnæðisstofnarinnar, hefði verið miklu betra. Þá hefði mátt koma í veg fyrir þessi mistök.

En eins og ég sagði þótt húsnæðisstofnin beri klárlega sinn hlut af ábyrgðinni er ekki hægt annað en vorkenna henni svolítið vegna þess að hún gerði sér grein fyrir vanmætti sínum og reynsluleysi í þessum efnum og óskaði eftir því að sett yrði á byggingarnefnd. Þeirri ósk var hafnað. Spurt er: Hver var það sem tók ábyrgðina á því að hafna því?

Það er líka ljóst að Framkvæmdasýslan ber töluvert stóran hluta ábyrgðarinnar. Það var hins vegar þannig að Framkvæmdasýsla ríkisins framseldi í raun arkitektastofu hér í bæ umboð sitt sem eftirlitsaðili, þannig að fenginn var einkaaðili til að fylgjast með framkvæmdinni og sjá um þá upplýsingagjöf sem þurfti milli allra þeirra sem tengdust framkvæmdinni. Það er ákaflega fróðlegt að lesa það að verklýsing þessa eftirlitsaðila var tiltölulega nákvæm. Þar kemur t.d. fram að eftirlitsaðilinn átti að halda reglulega verkfundi með verktaka og hönnuðum. Eftirlitsstofan átti jafnframt að undirbúa skriflega viðbótarsamninga milli verktakanna og húsnæðisstofnarinnar og bera þá undir húsnæðisstofnina eða verkkaupandann til samþykktar. Sá aðili átti jafnframt að sjá til þess að magn og umfang einstakra þátta í framkvæmd-

inni og kostnaður væri í samræmi við verksamninginn. Það var alveg skýrt tekið fram í verklýsingunni að ekki mátti samþykkja reikninga vegna vöru, þjónustu og ýmissa verka nema eftirlitsstofan væri búin að gefa samþykki sitt. Það var sem sagt alveg ljóst að þarna var um að ræða þann aðila sem átti að annast milligöngu á milli verktaka vegna þeirra miklu breytinga sem urðu á verkinu meðan á framvindu þess stóð og átti jafnframt að skýra útboðsgögnin.

Nú er það þannig að í verklýsingunni kemur líka fram að það yrði að gera viðbótarsamninga um allar breytingar sem reyndist nauðsynlegt að gera. En ekki eru til nein skrifleg gögn um slíka samninga, né heldur um þær ákvarðanir sem þessu tengjast. Þarna hefur eftirlit verið algerlega í molum og fram kemur að arkitekt hússins var sá aðili sem í reynd réð framvindu breytinga en hann telur jafnframt samkvæmt þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur lagt fram að eftirlitsstofan úti í bæ hefði alltaf fengið fullnægjandi upplýsingar um ákvarðanir sem voru teknar varðandi breytingar. Með öðrum orðum er alveg ljóst að þarna hefur ábyrgðinni verið svo þunnt smurt að enginn hefur vitað hvað annar var að gera.

Þegar maður les þetta þá er í fyrsta lagi alveg ljóst að Framkvæmdasýsla ríkisins ber ábyrgð á mistökum þessarar eftirlitsstofu. En ég vil hins vegar spyrja hæstv. fjmrh.: Þegar maður les þessa sorgarsögu, þegar maður les að Ríkisendurskoðun telur að eftirlitsstofan sem fengin var til þess að annast þessa hluti hafi brugðist illilega, á þá ekki ríkið skaðabótakröfu á hendur þessum eftirlitsaðila? Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta liggi skýrt fyrir, herra forseti. Og ef hæstv. fjmrh. getur ekki svarað því þá tel ég að hér séu komin ærin rök fyrir því að við þingmenn sem sitjum í fjárln. fáum þetta mál tekið fyrir í nefndinni til rækilegrar umfjöllunar.

Ég tel að það geti varla verið að einkaaðila úti í bæ sé fengið svona viðamikið hlutverk og væntanlega greitt fyrir það ærið fé sem mistekst jafn hrapallega og hér er rakið í þessari skýrslu, án þess að það sé alveg ljóst að hann hlýtur að bera einhvers konar ábyrgð gagnvart skattborgurunum sem greiða honum féð í gegnum framkvæmdarvaldið. Ég tel að ef ekki er tekið á þessu máli, a.m.k. kannað hver staða ríkisins sé gagnvart þessu, þá sé verið að gefa ákaflega slæmt fordæmi.

Herra forseti. Það kemur líka fram í þessari skýrslu að hússtjórnin var ábyrg gagnvart forsrn. Og forsrn. bar auðvitað að kanna stöðu mála hjá þessari stjórn, ekki síst eftir að það var fram komið að ljóst var að framkvæmdin var að fara úr böndum og kostnaður var orðinn miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir. En eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson rakti í framsögu sinni, þá var það a.m.k. í byrjun þessa árs sem það var ljóst.

Herra forseti. Forsrn. sendi bréf til hússtjórnarinnar þar sem henni var falin yfirumsjón með verkinu og samkvæmt því átti ráðuneytið að fá árlega skýrslu um stöðu verksins. Hins vegar liggur fyrir að engin slík skýrsla var gerð. Ríkisendurskoðun segir að ef slík skýrsla hefði verið gerð hefði það kallað á reglulegt kostnaðaruppgjör, mat á greiðslustöðu og af sjálfu leiðir þá að menn hefðu skynjað miklu fyrr hvert stefndi.

Ríkisendurskoðun tekur svo djúpt í árinni, herra forseti, að hún segir, með leyfi forseta:

„Líklegt er að ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir árlega hefði fyrr verið tekið á fjárhagsvanda verksins. Forsætisráðuneytið kallaði ekki eftir þessum upplýsingum á verktímanum sem það sjálft hafði ákveðið að ættu að vera fyrir hendi.“

Herra forseti. Þarna liggur stærstur hluti sakarinnar í þessu efni. Ábyrgðin liggur að stærstu leyti hjá forsrn. Hér kemur það fram í rannsókn Ríkisendurskoðunar að forsrn. setur sjálft ákveðnar reglur til hússtjórnarinnar. Samkvæmt þessum reglum á að gefa skýrslu um stöðu verksins. Slík skýrsla hefði leitt til þess að menn hefðu getað fylgst reglulega með kostnaðinum. Ríkisendurskoðun er þeirrar skoðunar að ef forsrn. hefði kallað eftir þessum upplýsingum sem það hafði sjálft skipað hússtjórninni að gera, þá hefði þetta ekki gerst.

Herra forseti. Þetta snýst um aga, ekki agavald, heldur aga. Þetta snýst um það að við sem erum í forustu setjum öðrum gott fordæmi. Við höfum hér hv. þm. á Alþingi haldið margar ræður um nauðsyn þess að ýmsar stofnanir og ýmsir forstöðumenn fari að fjárlögum. Svo gerist það að æðsti yfirmaður framkvæmdarvaldsins, hæstv. forsrh., bilar í þessu efni. Hann fer ekki eftir sínum eigin reglum.

Herra forseti. Hvernig getum við krafist þess af forstöðumönnum stofnana, hvernig getum við krafist þess af stofnununum sjálfum að þær fylgi fjárlögunum, að þær fylgi þeim reglum sem settar eru, þegar forsrn. sjálft gerir það ekki einu sinni?

[16:49]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta þau orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um þá skýrslu sem hann vitnaði til, Framkvæmdir við Þjóðmenningarhús, sem var gerð í ágúst 2000. Við umræður í fjárln. þegar rætt var um þá miklu auknu fjárþörf til þess að ljúka þessu húsi, þegar rætt var um hvað hefði farið úrskeiðis og hvernig mætti fara yfir það mál, þá var ekki minnst á að Ríkisendurskoðun hefði þá þegar unnið skýrslu um málið. Skýrslunni hefur enn í sjálfu sér ekki verið dreift, hvorki til fjárln. né — hv. þm. Gísli S. Einarsson gefur til kynna að henni hafi nú verið dreift. En við umræðu innan fjárln. var henni ekki dreift og henni hefur ekki enn formlega verið dreift.

Ég verð að mótmæla svona vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Það liggur alveg beint við að líta svo á að það hafi verið meint ætlan að leyna þessari skýrslu fyrir fjárln. og Alþingi. Hún var gerð í ágúst og umræðan um þessa framkvæmd er búin að standa hér frá framlagningu fjárlagafrv. og hún er nú á ferðinni en ekki í formlegri dreifingu. Henni hefur ekki enn verið formlega dreift. Var ætlunin að leyna þessu alveg, því sem hér er á ferðinni, þessari lélegu stjórn á framkvæmdum við Þjóðmenningarhús sem hlýtur að skrifast á ábyrgð forsrn.?

[16:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lög að mæla. Það var ekki um neitt annað að ræða en tilraun til að fela þessar staðreyndir sem lágu þó fyrir. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að þegar þessi mál komu til umræðu í fjárln. þá gat þess ekki nokkur maður að búið væri að skrifa heila skýrslu um þann skandal sem í þessu felst. En hver skyldi skýringin vera, herra forseti? Ég er algjörlega sannfærður um að ekki voru félagar okkar úr stjórnarliðinu að leyna okkur skýrslunni. Þeir vissu ekki um hana.

Herra forseti. Það sem hér er að gerast er einfaldlega það að í ágúst var gerð skýrsla um þetta hneyksli þar sem farið var 100 millj. fram úr þeirri heimild sem var fyrir þetta ár,

þar sem ein tiltekin framkvæmd við eitt af gæluverkefnum ríkisstjórnarinnar fór 100 millj. kr. fram úr greiðsluáætlun. Fyrir liggur skýrsla um málið og enginn fær að vita um það. Það er ekki fyrr en fjárlaganefndarmenn krefjast rækilegra skýringa á framvindu málsins að minnisblað kemur fram þar sem minnst er á skýrsluna. Þá fyrst kemur fram í dagsljósið að Ríkisendurskoðun er búin að gera skýrslu um þetta. Og þegar sú skýrsla er lesin, þá auðvitað skilst það vel af hverju menn vilja ekki ræða þetta fyrir opnum töldum fyrr en við höfum knúið það fram núna. Það er auðvitað vegna þess að þar kemur það fram svart á hvítu að ef forsrn. hefði farið eftir þeim reglum sem það sjálft setti þá hefði þetta aldrei gerst.

[16:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ástæða er til þess að halda örlítið áfram umræðu um þessa skýrslu sem svo mjög hefur verið rædd í fjölmiðlum og menn hafa verið með ljósrit af. Málið bar þannig að í hv. fjárln. að menn töluðu um að rétt væri að láta gera sérstaka úttekt á þessu máli varðandi Þjóðmenningarhúsið. Þá kom í ljós að gerð hefði verið þessi skýrsla í ágúst. Það var svolítið merkilegt, herra forseti, að þegar fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. báðu um þessa skýrslu þá tók það heila fjóra sólarhringa að fá hana hingað niður á Alþingi. Þegar skýrslan svo loksins barst þá kom með henni fylgibréf sem hljóðaði upp á það að þessi skýrsla hefði í ógáti farið með öðrum bréfum út í bæ og það væri skýringin á því að skýrslan kom ekki fyrr en fjórum dögum eftir að beðið var um hana. Þessari skýrslu, eins og hér hefur komið fram, hefur heldur ekki verið dreift meðal fjárlaganefndarmanna. Hún barst til okkar í Samfylkingunni, fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln., þannig að við skoðuðum skýrsluna og sáum að ekkert var í henni annað en það sem ætti að koma fram fyrir alþjóð. Ég tek að sjálfsögðu undir þá ósk sem hér er komin fram af hálfu formanns Samfylkingarinnar og fulltrúa í fjárln., Össurar Skarphéðinssonar, að skýrslan verði rædd í fjárln. og um hana verði gert nál. sem síðan verði tekið fyrir á Alþingi og rætt á eðlilegan máta.

Herra forseti. Við þessa umræðu um fjáraukalög hefur það legið alveg skýrt fyrir að a.m.k. innan fjárln. er þverpólitísk samstaða um að um meðferð fjármuna ríkisins skuli fara að fjárreiðulögum. Og fjárreiðulögin kveða alveg skýrt á um það hvernig og hver eigi að sæta ábyrgð og hvernig eigi með þessi mál að fara.

Herra forseti. Það hefur verið sagt í fjölmiðlum, nú síðast í gær, að alþingismenn séu lítt vakandi fyrir því eftirlitshlutverki sem þeir gegna um að farið sé að lögum. Herra forseti. Ég get ekki annað en notað þetta tækifæri sem ég hef hér til þess að mótmæla svona umsögnum þar sem ítrekað kemur fram að alþingismenn eru einmitt svo vel vakandi fyrir hinum ýmsu afbrigðum sem koma fram í þjóðfélaginu að þeir taka þessi atriði upp, ýmist í utandagskrárumræðum eða undir hinum ýmsu liðum sem til umræðu eru á Alþingi hverju sinni.

Af því að það á erindi í fjárlagaumræðuna og jafnvel fjáraukalagaumræðuna þá geri ég það að umtalsefni að í gær var nefnt að hv. Alþingi væri sofandi fyrir umferðaröryggismálum og léti sig þau engu varða. Ég mótmæli slíkum umsögnum. Sá sem hér stendur og talar, herra forseti, hefur á nokkrum síðustu árum hvað eftir annað rætt um umferðaröryggismál og lagt fram tillögur þar að lútandi sem því miður hafa ekki komist í gegn. Menn hafa ekki tekið eftir því.

Ég vil þá víkja aftur að fjárreiðulögunum. Í síðustu sex umræðum um fjárlög og fjáraukalög hefur sá er hér stendur gert kröfu til þess að stofnanir ríkisins fari að fjárreiðulögum og ég ítreka það hér með. Ástæða er til þess rétt einu sinni enn, virðulegur forseti, að nefna það að mér þykir miður að ráðherrar skuli ekki almennt vera viðstaddir umræður um fjárlög og fjáraukalög. Þó þykir mér meira miður, herra forseti, að sumir hæstv. ráðherrar skuli leyfa sér að boða til fundar úti á landi á sama tíma og fram fer atkvæðagreiðsla um fjárlög og umræða um fjáraukalög. Þetta finnst mér ólíðandi, herra forseti, og ég bið virðulegan forseta að taka þetta atriði til umræðu og athugunar varðandi samskipti þingsins og hæstv. ríkisstjórnar, að það eigi ekki að koma til greina að hæstv. ráðherrar boði til funda um einhver málefni úti á landi á sama tíma og afgreiðsla mikilsverðustu mála Alþingis fer fram.

Herra forseti. Við höfum verið að ræða um ábyrgð og hver beri ábyrgð á hlutunum og vísað var til þessarar skýrslu um framkvæmdir við Þjóðmenningarhús. Nýkomið er út, virðulegur forseti, nefndarálit um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisins. Þar liggur alveg skýrt fyrir hvað nefndin er að leggja til um hvernig eigi að fara með og hvernig ráðherravaldið liggur. Ég vil byrja á því að segja, virðulegur forseti, að ekkert í þessari skýrslu, ekkert í þessu nefndaráliti gengur lengra en fjárreiðulögin í því að segja um hver beri ábyrgð og hvernig skuli með hana fara. Ég ætla samt, með leyfi forseta, að vitna í grein sem varðar forræði og boðvald ráðherra. Þar stendur:

„Stjórnsýslulegt, stjórnunarlegt og rekstrarlegt forræði ráðherra felur í sér að hann er æðsti embættismaður stjórnsýslukerfis ráðuneytisins og hefur boðvald yfir öðrum starfsmönnum. Allar ákvarðanir ráðuneytisins eru teknar í nafni ráðherra og starfsmenn þess hafa ekki sjálfstæðar stjórnunarheimildir."

Þeir hafa ekki sjálfstæðar stjórnunarheimildir. Þetta sýnir, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherrar bera ábyrgð á þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru í þeirra ráðuneytum, hverjar sem þær eru þegar til kastanna kemur, jafnvel þó að þeir hafi framselt eitthvert vald til einhverra aðila.

Herra forseti. Ég get ekki annað en óskað eftir leyfi til þess að vitna í þessari sömu skýrslu þar sem fjallað er um 49. gr. fjárreiðulaga:

„Í 49. gr. fjárreiðulaga er fjallað eingöngu um rekstrarlega ábyrgð. Með ákvæðunum eru forstöðumenn gerðir ábyrgir fyrir því að fjárhagsráðstafanir séu í samræmi við heimildir."

Herra forseti. Við hvaða heimildir? Heimildir sem veittar eru með fjárlögum sem samþykkt eru á Alþingi. Með leyfi forseta stendur hér:

„Þeir bera einnig ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við fjárreiðulögin og að staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds."

Herra forseti. Ég hef ástæðu til að lýsa nokkrum áhyggjum af þessum lið, þessari grein, þar sem fjárlög eða lokafjárlög eru til afgreiðslu á Alþingi fyrir árið 1998. Hvenær, hvenær skyldu þau nú vera til afgreiðslu? Þau eru til afgreiðslu á morgun. Lokaafgreiðsla fjárlaga fyrir 1998 á að liggja fyrir og taka til afgreiðslu á morgun. Betra er seint en aldrei, má segja. En það er samt ekki í neinu samræmi við þau ákvæði fjárreiðulaga sem ég var að vitna í.

Að lokum varðandi fjárreiðulög og ábyrgðir vil ég, með leyfi forseta, vitna ég enn í nefndarálit um ábyrgð, valdsvið

og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisins. Þar segir um 38. gr. starfsmannalaga:

„Forstöðumaður ber ábyrgð á að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt."

Virðulegur forseti. Það er ástæða til þess að nefna rétt einu sinni enn þessa skýrslu um framkvæmdir við Þjóðmenningarhús, þar sem ég er að vitna í að fjármunir skulu nýttir á árangursríkan hátt. Vel getur verið að þetta misskiljist, að mestur sé árangurinn þegar mestum fjármunum er eytt. Kannski skilja menn þetta þannig að mestur árangur sé þegar mestum fjármunum er eytt. Ég skil þetta ekki þannig, heldur svo að fjármunirnir nýtist sem best og að farið sé að þeim heimildum sem veittar hafa verið.

Virðulegur forseti. Í þessari grein stendur einnig:

„Ráðherra getur gripið til aðgerða gagnvart forstöðumanni standi hann ekki undir þessari ábyrgð, þ.e. ef útgjöld stofnunar fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi. Aðgerðirnar geta falist í áminningu eða lausn frá embætti ef um er að ræða ítrekaða eða stórfella vanrækslu á skyldum."

Ekki ætla ég að segja að um stórfellda vanrækslu hafi verið að ræða heldur að menn hafi verið að gera rangar áætlanir og fylgt þeim og útfært þær á rangan máta án þess að hafa til þess heimildir. Um það er ég að fjalla fyrst og fremst, virðulegur forseti.

Þá aftur að því fjáraukalagafrv. sem við erum nú að taka til lokaafgreiðslu og umræðu. Ég hef áhyggjur af því, virðulegur forseti, að þeir fjármunir sem gerð er tillaga um að veita í heilbrigðiskerfið núna við lokaumræðu eða með lokatillögum til fjáraukalaga af hálfu meiri hluta fjárln., dugi ekki til að ná endum saman.

Virðulegur forseti. Ég ber fyrir mig í því máli greinargerð frá Ríkisendurskoðun um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt áætlun heilbrigðisstofnana gera þær ráð fyrir að fjárþörf umfram fjárheimildir fjárlaga fyrir árið 2000 nemi um 880 millj. kr. Á grundvelli mats á afkomuhorfum heilbrigðisstofna, telur stofnunin [þ.e. Ríkisendurskoðun] að fjárþörf þeirra stefni í að verða allt að einum og hálfum milljarði króna."

Herra forseti. Sé þetta rétt, þá erum við að afgreiða fjáraukalög án þess að koma á móti raunverulegri fjárþörf í þessum stofnunum. Það hefur margsinnis verið sagt hér, virðulegur forseti, að það eigi að leiðrétta skekkjur ef um skekkjur er að ræða. Ég óttast að svo sé ekki og geri mér þá kannski vonir um að með fjárlagatillögu fyrir árið 2001 fylgi þeir fjármunir með að hugsanlegt sé að rekstrargrunnur þessara stofnana verði leiðréttur á þann veg að þær eigi möguleika á að veita þá þjónustu sem þeim er ætlað. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000 var skilgreint mjög nákvæmlega af hálfu fjárln. og í samráði við heilbrrn. og stærstu stofnanir heilbrigðiskerfisins hvaða þjónustu ætti að veita, hversu mikla og hversu miklum fjármunum ætti að verja til hennar. Það er alveg morgunljóst að það þarf að veita samsvarandi fjármuni fyrir árið 2001 og gott betur vegna þeirra villna sem voru í grunni, svo það leiði ekki til þess að þjónusta dragist saman í verulegum mæli, ekki einvörðungu hjá Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi í Reykjavík, heldur einnig hjá hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum úti á landi. Við það get ég ekki unað, virðulegur forseti. Ég vil nefna þetta hér og geri mér vonir um að í tillögum sem verða til núna á milli 2. og 3. umr. um fjárlög verði komið a.m.k. ræki lega á móti þeim kröfum eða óskum sem ég hef verið að setja hér fram.

Ég hef áhyggjur af því sem kemur fram í upplýsingum frá Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Ég vitna þar til greinar í Morgunblaðinu í síðustu viku eftir Margréti Björnsdóttur þar sem hún bendir á að haldi fram sem horfir muni biðlistar lengjast, biðlistar eftir hjartaaðgerðum, biðlistar eftir erfiðum liðaðgerðum o.s.frv. Þetta þýðir í raun að það á að halda áfram að vera með hluta af þessum stofnunum lokaða. Það gengur ekki, herra forseti, að mínu mati. Við verðum að nýta bæði tækni og búnað sem til staðar er til þess að veita þá þjónustu sem kallað er eftir. Það mætti lýsa yfir ánægju ef deildir væru lokaðar vegna þess að ekki væri kallað eftir þjónustunni. En því er ekki að heilsa, herra forseti. Langir biðlistar eru eftir aðgerðum og fjöldi manna í samfélaginu líður kvalir og þarf að taka inn ógn af lyfjum sem er samfélagslega mjög dýrt. Um þetta er ég að ræða og gagnrýna og ég vona að menn taki það þannig að það sé gert málefnalega. Það er ekki verið að ráðast að ríkisstjórn sérstaklega öðruvísi en að biðja um að gerð sé úttekt á því hversu mikla þjónustu við verðum að veita. Ég hef áhyggjur af því að við gerum það ekki í dag. Við veitum ekki þá þjónustu sem nauðsyn er á.

Herra forseti. Það er komið að lokum ræðu minnar í þessari umræðu. Ég vil þakka fyrir ágætt samstaf við meiri hluta fjárln. um fjáraukalög. Ég vil þakka því starfsfólki sem við höfum þurft að leita til, bæði hjá Ríkisendurskoðun og starfsfólki sem starfar hjá fjárln. fyrir mjög góða aðstoð og mikla samvinnu. Ég ítreka það að ég þakka hv. formanni fjárln. og varaformanni greið svör sem við höfum fengið hjá þeim við spurningum okkar og einnig, þó að stundum hafi reyndar gengið treglega að fá upplýsingar frá ráðuneytum, þá þakka ég einnig fyrir að það hefur allt komið um síðir.

Ég læt hér með lokið ræðu minni um fjáraukalög fyrir árið 2000, en lýsi enn áhyggjum mínum af því að ekki liggja fyrir tillögur um nægjanlegar úrbætur í málefnum sem lúta að heilbrigðiskerfinu.

[17:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum, nú orðið nokkuð mörgum árum, var borgarstjóri hér í Reykjavík sem var ábyrgur fyrir ýmsum framkvæmdum og áætlanagerð um þessar framkvæmdir, talsvert fjárfrekar framkvæmdir á borð við Ráðhúsið og Perluna. Í báðum þessum tilvikum var keyrt mjög harkalega fram úr áætlunum. Þessi borgarstjóri var einhvern tímann spurður að því hvernig menn hefðu borið sig að. Ég minnist þess að sjá borgarstjórann fyrrverandi fyrir framan Perluna segja og lýsa því á myndrænan hátt að menn hefðu sett puttann upp í loftið.

Viðkomandi maður er ekki lengur borgarstjóri í Reykjavík. Núna er hann hæstv. forsrh. Íslands og hann er einnig ábyrgur fyrir áætlanagerð og framkvæmdum. Nú hefur komið í ljós að puttinn er á sínum stað, puttinn er bara rekinn upp í loftið. Það sama hefur gerst með Þjóðmenningarhúsið og Ráðhúsið á sínum tíma að menn setja niður tiltekna dagsetningu. Það var meira að segja sett á ákveðna klukkustund hvenær ætti að opna Ráðhúsið á sínum tíma og síðan keyra menn samkvæmt því og ljúka verkinu, óháð öllum kostnaði. Nú hefur þetta gerst aftur, upphæðirnar eru heldur minni en

það er ekki síður alvarlegt mál sem gerst hefur með Safnahúsið hér í Reykjavík en gerðist á sínum tíma með Ráðhúsið og Perluna. Hvað Safnahúsið snertir er framúrkeyrslan um 100 millj., húsið kostar um 100 millj. meira en fjárheimildir voru fyrir.

Herra forseti. Það kemur reyndar fram í fjáraukalagafrv. að fleiri aðilar en forsrn. eitt hafa farið fram úr áætlunum. Í 1. umr. um fjáraukalögin kom t.d. fram að utanrrn. færi fram á 50 millj. kr. hækkun til aðalskrifstofu og eins og sagði í greinargerð, með leyfi forseta, er í fyrsta lagi sótt um 30 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum kostnaði, m.a. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ráðgjafar og annarra útgjalda á árunum 1998–2000. Um er að ræða ófyrirséðan kostnað vegna varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna. Við 1. umr. fjáraukalaga kemur í ljós að Alþingi þarf að samþykkja 50 millj. kr. viðbótarframlag til aðalskrifstofu utanrrn. vegna uppsafnaðs kostnaðar. Við 1. umr. var rætt um 20 millj. kr. fjárveitingu vegna umframkostnaðar við þátttöku í heimssýningunni í Hannover.

Í þriðja lagi var óskað eftir 958 millj. kr. aukafjárveitingu sem skiptist á þrjú verkefni. Í fyrsta lagi var óskað eftir 800 millj. kr. fjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Tókíó og eins og segir, með leyfi forseta:

Ríkisstjórnin ákvað í febrúar 2000 að opna sendiráð í Japan á næsta ári og — síðan er þessi upphæð til þess að standa straum af þessum kostnaði. Í öðru lagi var farið fram á 110 millj. kr. fjárveitingu til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráð í Ottawa og síðan má telja til enn fleiri liði. Þetta var við 1. umr. fjáraukalaga, þetta voru fyrstu tillögurnar sem Alþingi bárust í tengslum við þessa löggjöf.

Síðan kom þáttur númer tvö, 2. umr. Nú skulum við aftur líta á utanrrn. sem áður hafði óskað eftir 20 millj. kr. viðbótarfjármagni til Hannover, vegna heimssýningarinnar í Hannover. Við 2. umr. er óskað eftir 18 millj. kr. til viðbótar, þá á að reiða fram 18 millj. kr. til viðbótar til þessa verkefnis. Enn er óskað eftir aukningu á framlögum til sendiráða. Lögð er til 23 millj. kr. hækkun á fjárheimild vegna uppgjörs á byggingarkostnaði sendiráðs Íslands í Berlín, sem sagt viðbótarframlag. Þetta var við 2. umr.

Herra forseti. Nú erum við stödd í 3. umr. og enn kemur meiri fjárbeiðni frá utanrrn. Hér segir, með leyfi forseta:

„Lögð er til 77,3 millj. kr. aukafjárveiting vegna aukins kostnaðar við sendiráð og fastanefndir."

Síðan er það tilgreint örlítið nánar:

„Hlutdeild ráðuneytisins í greiðslu skólagjalda, flutnings starfsmanna, sjúkrasjóðs og tungumálanáms hefur aukist á undanförnum árum umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir."

Með öðrum orðum, 77,3 millj. til viðbótar núna við 3. umr. Síðan mætti telja fleiri liði til þar sem utanrrn. óskar eftir viðbótarframlagi.

Nú er viðbótarframlagið til heimssýningarinnar í Hannover sem sagt orðið 38 millj. kr. Það er byrjað á 20 millj. og síðan við 2. umr. koma 18 millj. til viðbótar. Svo ég endurtaki það, 50 millj. kr. til aðalskrifstofu við 1. umr. Síðan er bætt í, 77,3 millj. koma núna við 3. umr. Það eru því fleiri aðilar sem sýna litla ráðdeild með ráðstöfun fjármuna en forsrn. sem hefur keyrt þó svo harkalega fram úr að öllum blöskrar.

Herra forseti. Ég ætla alls ekki að halda langa ræðu. Ég vildi vekja athygli á því sem hér er að gerast, hvernig við hverja umræðuna er hlaðið á fleiri fjárveitingabeiðnum og ég hef aðeins stöðvast við utanrrn. eitt.

Ég ætla ekki að halda neina ræðu um verðmætamat þessarar ríkisstjórnar sem felldi það við atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga, að veita 800 millj. kr. framlag til húsnæðismála en staðreyndin er sú að hér er að skapast fullkomið neyðarástand á húsnæðismarkaði. Á sjötta hundrað manns er á biðlistum á suðvesturhorninu, 300 í bráðri neyð. Á sama tíma er verið að skera niður framlagið til stuðnings félagslegu leiguhúsnæði. Að sönnu koma auknar lánveitingar en félagslegur stuðningur er minni. Dregið er úr hinum félagslega stuðningi. Þetta var fellt. Þetta er sama upphæð og menn ætla að verja til kaupa á sendiráði í Tókíó. Síðan koma menn alltaf upp og segja: Ja, það er svo dýrt að kaupa sendiráð í Tókíó.

Mér finnst sannast sagna, herra forseti, að í gegnum þessi fjárlög og þessa umræðu sé að koma í ljós mjög óhugnanleg viðhorf sem bera vitni um það að hér er að skapast ekki aðeins misskipting heldur brenglað verðmætamat. Þetta er sama þingið og er búið að verja á annan milljarð til hátíðahalda vegna kristnihátíðar. Ég gagnrýndi þessar upphæðir þegar þetta var upphaflega rætt í þinginu og fannst þetta vera hneyksli sem væri þess vert að ræða í kirkjum landsins. Það var aldrei rætt, ekki hef ég orðið var við þá umræðu. Þetta eru sömu aðilar og skera síðan niður fjárveitingu og stuðning við þá sem búa við erfið kjör í landinu.

Hér sjáum við þetta og ætlast er til þess að við samþykkjum fjáraukalög með 800 millj. kr. framlagi í eina sendiráðsbyggingu — þetta er svo dýrt, segja þeir. Ja, ég veit það ekki, það er kannski dýrt að halda sig í allra fínustu hverfunum í Tókíó, það má vel vera, en það þarf enginn að segja mér að það kosti 800 millj. kr. að slá upp íbúð utan um sendiráðsstarfsemi í Tókíó. Það þarf enginn að segja mér það, ekki nokkur maður.

Herra forseti. Mér finnst þetta æðiundarlegt verðmætamat sem hér kemur fram. Í þessu sambandi vil ég líka minna á að við ræddum um framlag til einstakra félagasamtaka, svona til að styrkja lýðræðislegt starf almannasamtaka og ég vakti athygli á hve litlum fjármunum væri varið til þessa starfs eða alls rúmum 39 millj. og 600 þús. kr. Ég held að það væri mjög brýnt að þetta framlag yrði aukið og það verulega.

Herra forseti. Mér finnst að við þessa umræðu komi fram brenglað verðmætamat og röng forgangsröðun hjá ríkisstjórninni. Fyrst hæstv. menntmrh. er staddur hér væri fróðlegt að hann upplýsti Alþingi um hvað fjármálastjóri Þjóðminjasafnsins, sem var látinn fara, var ábyrgur fyrir mikilli framúrkeyrslu. Finnst honum þá ekki það sama eiga að gilda um aðra aðila sem eru ábyrgir fyrir miklu meiri framúrkeyrslu, t.d. 100 millj. kr. framúrkeyrslu á Þjóðmenningarhúsinu? Mér finnst að hæstv. menntmrh. skuldi þjóðinni skýringar á þessu ef honum finnst að aðrar reglur eigi að gilda gagnvart embættismönnum sem keyra þarna fram úr en hæstv. ráðherrum sem eru ábyrgir fyrir þessari miklu framúrkeyrslu á Þjóðmenningarhúsinu eins og raun ber vitni. Ég bíð spenntur eftir að heyra skýringar hæstv. menntmrh.

[17:28]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði fjárveitingar til utanrrh. að umræðuefni. Varðandi heimssýninguna í Hannover, að það hafa verið brtt. bæði í fjáraukalagafrv. og við 2. umr., þá eru skýringar á því að fjárveitingin í frv. var með fyrirvara um

að það ætti eftir að selja sýningarskálann og brtt. er í ljósi þess að sýningarskálinn hefði verið seldur. Þá er það uppgjör á heimssýningunni. Ég vil að það komi fram.

Varðandi svo stefnumörkunina almennt, þá hef ég margsinnis tekið það fram í umræðunni að það er fullkomlega óeðlilegt að bera saman einskiptisfjárveitingar til fjárfestinga þó miklar séu í sendiráðum erlendis og framlög til rekstrar í velferðarkerfinu. Einnig er rangt að það hafi verið niðurskurður í velferðarkerfinu. Meiri peningum er varið til velferðarmála nú en áður þó auðvitað megi betur gera á mörgum sviðum, ég dreg ekkert úr því. Við bætum umræðuna ekkert með því að blanda saman einskiptisfjárveitingum til fjárfestinga og hvort við bætum inn í rekstrarkostnað ríkissjóðs varanlegum fjármunum. Við höfum verið að gera það og við stefnum að því að gera betur í þessum efnum.

[17:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um að það eru skýringar á þessu öllu saman. Það eru skýringar á því að það þarf að koma við eina umræðu með beiðni um viðbótarfjármagn til Hannover-sýningarinnar upp á 18 milljónir og síðan aftur upp á 20 milljónir. Ég efast ekkert um að það eru skýringar á þessu. Ég efast heldur ekkert um að það eru skýringar á því að menn ætla að verja 800 millj. kr. til sendiráðskaupa í Tókíó. Auðvitað eru skýringar á þessu. Skýringin kann að vera sú að menn vilja byggja á fínasta og flottasta stað og halda sig í svona hámarkssnobbi.

En þegar hv. þm. talar um að það sé vafasamt að bera þessa liði saman, sendiráðsbyggingu í Tókíó við framlag til öryrkja þá mótmæli ég því. Þetta sýnir einfaldlega verðmætamat sem er brenglað og ranga forgangsröðun hjá þessari ríkisstjórn. Það er það sem það sýnir og nauðsynlegt að draga það fram í dagsljósið.

Og síðan varðandi það að verið sé að auka framlag til velferðarmála almennt þá er það nú bara spurning um reikningsaðferðir og hvernig menn nálgast það. Staðreyndin er sú að veltan í samfélaginu hefur aukist stórlega á undangengnum árum. Við höfum verið að afla betur, Íslendingar, og þá þurfum við í því ljósi að skoða hlutfallstölur, þ.e. hvort við erum að auka hlutfallslega framlag til velferðarmála frá því sem áður var. Og þegar það dæmi er gert upp koma því miður ekki fram fagrar tölur fyrir ríkisstjórnina og því síður fyrir þjóðina.

[17:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það að mér finnst mjög skýr greinarmunur á því hvort um er að ræða einsskiptisfjárveitingar, hvort sem þær eru til hátíðahalda eða fjárfestinga og fjárveitingar sem ekki eru þá endurteknar til þeirra hluta, eða hvort um varanlegar fjárveitingar er að ræða. Það er alveg ljóst, og við getum rakið það síðar, að veruleg aukning hefur orðið á fjárframlögum til ýmissa velferðarmála. Það er hægt að telja upp breytingar sem horfa til mikilla bóta, t.d. hin nýju lög um fæðingarorlof svo ég taki eitt dæmi o.s.frv.

Hins vegar hjó ég eftir því að hv. ræðumaður sagði um fjárfestingar í sendiráðum að hann tryði því ekki að þetta væru raunhæfar tölur og það mætti lækka þennan kostnað hugsanlega með því að kaupa einhvers staðar annars staðar, sjálfsagt í úthverfi, í Tókíó. Ég er ekki kunnugur þar og skal ekkert um það segja. Allar upplýsingar um þetta liggja fyrir, mjög greinilegar skýrslur um það m.a. — þess vegna er þetta á fjáraukalögum — að þarna sé hagstætt tilboð yfir alla starfsemi sendiráðsins, íbúðir sendiherra, sendiráðsritara og sendiráðið sjálft og þurfi að vinda bráðan bug að því að ákveða að taka og borga inn á. Þess vegna eru þessar upphæðir á fjáraukalögum. Þetta liggur allt saman fyrir.

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara mótmæla því að það eigi að gera skýran greinarmun á því annars vegar þegar um er að ræða fjárveitingar til forréttindahluta samfélagsins sem alltaf má keyra fram úr öllum áætlunum og það er alltaf bætt upp, alltaf komið með viðbótarfjármagn, þ.e. annars vegar á þessum hluta samfélagsins, skjólstæðingum ríkisstjórnarinnar og svo hins vegar öryrkjum og þeim sem eiga í erfiðleikum í húsnæðismálum eða í heilbrigðiskerfinu. Ég mótmæli þessu. En auðvitað er þetta ákveðin pólitísk stefna sem við hljótum að takast á um í næstu kosningum sem því miður eru ekki fyrr en eftir allt of langan tíma.

Hv. þm. Jón Kristjánsson vék sérstaklega að framlagi til barnabóta og barnafólks. Það er undarlegt hve duglegir framsóknarmenn eru að halda þessari firru fram. (**JónK:** Ég talaði um fæðingarorlof.) Staðreyndin er sú að framlag til barnafólks er minna nú, bæði í krónum talið og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, en það var fyrir aðeins örfáum árum.

Hv. þm. Jón Kristjánsson leiðréttir mig og segir að ég hafi misheyrt þetta, að hann sé að tala um framlag til fæðingarlofsmála og undir það skal ég taka. Það er rétt. Það hefur verið bætt og þar hefur verið samþykkt löggjöf sem er vissulega mikið framfaraskref. Undir það tek ég.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Blindrabókasafn Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 177. mál (verkefni og stjórn). — Þskj. 184, nál. 368.

[17:36]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um Blindrabókasafn Íslands, nr. 35/1982, með síðari breytingum, frá menntmn.

Frumvarpið er byggt á tillögum stjórnar Blindrabókasafns Íslands sem byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur af gildandi lögum. Í máli fulltrúa Blindrabókasafnsins kom fram að þörf væri orðin á því að breyta lögunum til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á starfsháttum safnsins og nefndi hann sem dæmi að farið væri að notast við fleiri miðla en lögin gerðu ráð fyrir.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að árið 1984, á fyrsta starfsári safnsins, voru útlán rúmlega 23 þúsund en 1998 voru þau 46 þúsund. Við umfjöllun um málið kom fram að starfsemi bókasafnsins hefði enda vaxið mjög og safnið í auknum mæli farið að þjónusta aðra en blinda, svo sem aldraða, lesblinda og aðra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá kom fram að miðlun námsefnis hefði stóraukist hjá safninu og mikil aukning hefði orðið á því sviði í þjónustu við lesblinda. Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að Blindrabókasafnið sinni þjónustu við lesblinda grunnskólanemendur jafnt sem framhaldsskólanemendur.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tilgreind er á þskj. 368 og er til komin vegna breytingar á nafni fagfélagsins úr Bókavarðafélagi Íslands í Upplýsingu – Félag bókasafns- og upplýsingafræða.

Herra forseti. Menntmn. er einhuga í afstöðu sinni til frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:38]

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Búfjárhald og forðagæsla o.fl., 298. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 336.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 80. mál, nál. allshn., þskj. 425; brtt. allshn., þskj. 426.

Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, 325. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 410.

Réttindagæsla fatlaðra, 331. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 430.

Ríkisábyrgðir, 165. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 424.

Vopnalög, 326. mál, frv. ÁMöl o.fl., þskj. 411.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 300. mál (persónuvernd). — Þskj. 342.

[17:45]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, þskj. 342, 300. mál.

Þetta er í sjálfu sér ekki flókið frv., aðeins ein grein og síðan gildistökuákvæði. Í 1. gr. segir:

„Í stað orðanna „tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga." í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: persónuverndar, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga."

Á 125. þingi voru samþykkt lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 46. gr. laga nr. 77/2000 er ákvæði sem breytir ákvæðum í öðrum lögum þar sem vísað er til eldri laga, nr. 121/1989. Við breytingu á lyfjalögum, sbr. lög nr. 108/2000, bættist nýr málsliður við 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga þar sem kveðið er á um að lyfsölum sé skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um af greiðslu lyfja, að fengnu samþykki tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Hér er lagt til að tilvísun 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga, til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, verði breytt þannig að tilvísun til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga komi í staðinn enda munu eldri lögin falla úr gildi 1. jan. nk.

Síðan er gert ráð fyrir að breyting þessi taki gildi 1. jan. 2001 sem er í samræmi við gildistöku laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjúklingatrygging, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 301. mál (vísitala neysluverðs). — Þskj. 343.

[17:48]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, á þskj. 343, 301. mál.

Í 1. gr. segir: „Í stað orðsins „lánskjaravísitölu" í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: vísitölu neysluverðs." 2. gr. er gildistökuákvæði.

Við meðferð frumvarps um sjúklingatryggingu sem varð að lögum nr. 111/2000, var í meðförum þingsins og þingnefndar gerð sú breyting að viðmiðun í 2. mgr. 5. gr. laganna var fyrir handvömm breytt úr neysluverðsvísitölu í lánskjaravísitölu. Hér er lagt til að þessu verði breytt aftur í það form sem var í upphaflega frumvarpinu, þ.e. að í stað þess að vísa til lánskjaravísitölu verði vísað til vísitölu neysluverðs.

Gert er ráð fyrir að breyting þessi taki gildi 1. jan. 2001 sem er í samræmi við gildistöku laga um sjúklingatryggingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 1. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 370.

[17:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 en í það frv. hefur, eins og stundum áður, verið safnað þeim lagabreytingum sem gjaldaáætlun fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Er það m.a. gert til þess að leggja áherslu á þann samnefnara þeirra að stuðla að aðhaldi í ríkisfjármálum og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Við undirbúning frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 var miðað við að ríkisfjármálin styddu við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og aðhalds yrði áfram gætt á sem flestum sviðum ríkisfjármála. Sterk staða ríkissjóðs hamlar gegn innlendri eftirspurn og stuðlar að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þannig er nú gert ráð fyrir að samanlagður lánsfjárafgangur á árunum 2000 og 2001 nemi um 60 milljörðum kr. — 60 þúsund millj. kr. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir skipulagsbreytingum til að styrkja undirstöður atvinnulífsins og þannig treyst afkomu heimilanna. Mikilvægt er að hvergi verði vikið af þeirri leið og tryggt áframhaldandi traust á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 eru tillögur um frestun ýmissa verkefna og framkvæmda sem áformaðar voru á næsta ári. M.a. er gert ráð fyrir að 800 millj. kr. framkvæmdum samkvæmt vegáætlun verði frestað. Slíkar ráðstafanir eru í eðli sínu ekki til vinsælda fallnar sé til skamms tíma litið en eru engu að síður nauðsynlegar ef halda á aftur af innlendri eftirspurn.

Ýmis ótvíræð merki eru nú um það að úr eftirspurn dragi í hagkerfinu. Það kemur m.a. fram í minni vexti veltuskatta ríkissjóðs, minni einkaneyslu og fækkun umsókna um húsnæðislán. Til að áframhald verði á þessari þróun hagkerfisins í átt til jafnvægis á næsta ári er því gert ráð fyrir óbreyttri stefnu í ríkisfjármálum og aðhaldi að útgjöldum.

Eins og ég hef áður sagt eru þær breytingar sem leita þarf eftir í frv. sem þessu orðnar mun færri en áður. Kemur það sumpart til af því að þörf á sérstökum ráðstöfunum af þessu tagi eru minni nú en stundum áður en aðalástæðuna hygg ég þó vera þá að gangskör var fyrir nokkrum árum gerð að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur allt of víða í íslenskri löggjöf að lögbinda framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Enda þótt sú tilhögun kunni að vera réttlætanleg í einhverjum tilvikum er þó mikilvægt að þau heyri til algjörra undantekninga. Það kemur til af því að þegar skattfé er ráðstafað með þessu móti er fjárveitingarþáttur fjárstjórnarvalds Alþingis í raun fyrir fram bundinn þegar að fjárlagagerðinni kemur. Með því móti er grafið undan áhrifum þess hagstjórnartækis sem þinginu er fengið með fjárstjórnarvaldi fjárlaga, tækis sem það á að geta beitt með virkum hætti við heildarhagstjórn þjóðarbúsins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap án þess að bjástra um leið við að skera niður lögmæt útgjöld og ná mörkuðum tekjustofnum í ríkissjóð á ný svo sem á flótta undan eigin ákvörðunum.

Af þessum sökum hef ég á liðnum árum beitt mér fyrir því að þessi tilhögun væri afnumin markvisst og framlög til þessara viðfangsefna þess í stað metin í tengslum við gerð fjárlaga og þannig tengd þeirri útgjaldastefnu sem þar er mörkuð á hverjum tíma. Þær breytingar sem hér er leitað eftir lúta annars vegar að framlögum til Endurbótasjóðs menningarbygginga og hins vegar að framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ákvæðum um lögbundin framlög til þessara sjóða hefur ekki verið breytt varanlega fram til þessa vegna þess að til hefur staðið að endurskoða viðkomandi lög eða tekjustofna þeirra. Útgjöld samkvæmt sömu lögum hafa aftur á móti tekið þeim breytingum sem markmið fjárlaga hafa krafist hverju sinni, ýmist með tímabundnum ákvæðum í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða með sérstakri tímabundinni lagasetningu.

Í frv. sem hér er til umræðu er lagt til að markaðar tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti og erfðafé ríkissjóðs verði afnumdar og sjóðnum þess í stað ákveðnar tekjur úr ríkissjóði á fjárlögum. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er lagt til að fjárveiting til sjóðsins verði hin sama og hann hefði annars fengið úr erfðafjársjóði að frádreginni þeirri skerðingu er boðuð hefur verið í 6. gr. fjárlagafrv. og oft rædd í þessum sal.

Í þessu samhengi skal þess getið að félmrh. hefur lagt fyrir Alþingi frv. til nýrra heildarlaga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að málefni fatlaðra færist til sveitarfélaga í upphafi árs 2002 og verði samþætt almennri félagsþjónustu. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga er einsýnt að hlutverki Framkvæmdasjóðs fatlaðra er lokið og verkefni hans verði meðal verkefna félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur sveitarfélaga á þeim vettvangi. Í ljósi þess er eðlilegt að erfðafjársjóður verði lagður niður og að tekjur af erfðafjárskatti renni framvegis í ríkissjóð enda er ekkert rökbundið samhengi á milli tekna af erfðafjárskatti og útgjalda til stofnkostnaðarverkefna.

Á hinn bóginn er ekki lagt til að lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga verði breytt varanlega enda er gildistími þeirra laga bundinn við árslok 2004, þá renna þau lög út. Þar að auki hefur ríkisstjórnin boðað að álagning eignarskatta verði tekin til endurskoðunar og má því búast við að lögin komi jafnvel til endurskoðunar fyrr en 2004. Eðlilegt er að við þá endurskoðun verði framlög til endurbóta á menningarbyggingum ákvörðuð í fjárlögum í samræmi við þau verkefni sem til úrlausnar eru hverju sinni og markmið stjórnvalda í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Að þessu mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. er efni þessa frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 tvíþætt. Annars vegar er um að ræða að skerða ráðstöfun á tekjum sem standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stula að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Hins vegar er með þessu frv. verið að klippa algjörlega á samhengi Framkvæmdasjóðs fatlaðra og hvernig hann hefur verið fjármagnaður og þá uppbyggingu á þjónustu við fatlaða.

Hæstv. ráðherra hafði nokkur orð um markaða tekjustofna. Mér fannst hann ekki gera mikið með gildi slíkra markaðra tekjustofna en ég held að flestir, sem eitthvað hafa komið nálægt Framkvæmdasjóði fatlaðra og þeirri uppbyggingu sem þar hefur verið á síðustu tveim áratugum, séu sammála um gildi Framkvæmdasjóðs fatlaðra á síðustu tveim árum. Ég hygg að þegar ný lög um Framkvæmdasjóð fatlaðra tóku í gildi fyrir um tveim árum var raunverulega forsendan fyrir uppbyggingu framkvæmdasjóðsins og flestir sammála um það að hann hafi staðið fyrir gífurlega mikilli uppbyggingu á þjónustu fatlaðra um allt land sem væri örugglega ekki eins langt á veg komin ef þess sjóðs hefði ekki notið við. Ég vildi halda því núna til haga þegar verið er raunverulega að slá alveg af þennan mikilvæga sjóð sem gegnt hefur mjög þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu á framkvæmdum fyrir fatlaða.

Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir gífurlegri skerðingu á framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem nemur um 1.500 millj. á síðustu fimm árum. Sjóðurinn hefur verið algjörlega vanburðugur til að taka á þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg var og þörf var á í þessum málaflokki. Reyndar ef við lítum á komandi ár þá erum við sennilega að tala um einhvers staðar á bilinu 1.800–1.900 millj. sem hafa verið slegnar af í erfðafjárskatti sem lögum samkvæmt átti að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Þetta vekur líka spurningu um af hverju verið er að slá af þennan skatt sem rennur í þennan sjóð á þessum tímapunkti. Áform eru um flutning á málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaga og samkvæmt frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem liggur fyrir þinginu, á sá flutningur að komast til framkvæmda að rúmu ári liðnu en ég hygg að það sé nú ekkert sem segir það á þessum degi að sú dagsetning standi.

Einnig má geta þess að a.m.k. samtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp, hafa verið að skoða rétt sinn í því sambandi, hvernig farið hefur verið með framkvæmdasjóðinn á umliðnum árum og hafa verið að velta því fyrir sér að reyna að sækja það mál fyrir dómstólum. Á hverju er byggt í því sambandi? Í fyrsta lagi er byggt á því að þegar verið var að setja öll þessi verkefni á Framkvæmdasjóð fatlaðra sem lögin kveða á um, sem eru margvísleg verkefni, þá var auðvitað tekið mið af þeim tekjum sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur. Þá er lögfræðilega spurningin sem við stöndum frammi fyrir kannski sú: Er hægt að slá af framlög sem eiga að fara í uppbyggingu á framkvæmdum samkvæmt

lögum en láta síðan öll ákvæði í lögunum standa eftir sem kveða á um skyldu ríkisins til að veita viðkomandi þjónustu sem lögin kveða á um sem ég sagði áðan að væru mjög margvísleg. Ég ætla ekki að eyða þeim stutta tíma sem ég hef til þess að fara í gegnum það. Þetta er álitaefni sem ég veit að samtök öryrkja hafa verið að velta fyrir sér vegna þess að ef verið er að kippa úr sambandi framlögum og fjármagni til þess að standa að uppbyggingunni hefði þá ekki á sama tíma átt að fella úr gildi einhver tímabundin ákvæði sem kveða á um þjónustuna ef verið er að taka burtu undirstöðuna sem er framlög til þjónustunnar?

Ég held að ástæða sé til þess að fara nokkrum orðum um Framkvæmdasjóð fatlaðra, þ.e. þá framtíð sem við stöndum frammi fyrir og það sem kom fram í gær á blaðamannafundi sem hæstv. félmrh. boðaði til ásamt fulltrúum í hússjóði Öryrkjabandalagsins. Og það er ástæða til þess að fagna því ef um er að ræða samkomulag sem hægt er að byggja á og treysta að eyði þeim biðlistum sem safnast hafa upp gegnum árin með þeirri yfirlýsingu sem gengið var frá í gær.

Þegar við lítum til þessarar yfirlýsingar þá er fyrst og fremst um viljayfirlýsingu að ræða. Maður veltir fyrir sér hvaða gildi hún hefur. Þetta er viljayfirlýsing sem standa á næstu fimm árin og það á að flytja þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna. Nú spyr ég hæstv. ráðherra um þetta: Er hæstv. ráðherra að binda sveitarfélögin með þessum samningum og hefur hann þá tryggt og mun hann tryggja að sambærilegt fjármagn fari yfir til sveitarfélaganna ef þau yfirtaka reksturinn, segjum eftir eitt ár? Er það tryggt? Er sú yfirlýsing sem undirrituð var í gær gerð í samkomulagi við sveitarfélögin? Ég spyr vegna þess að ég veit ekki til að sveitarfélögin hafi verið aðili að því samkomulagi. Er þessi viljayfirlýsing líka gerð í samkomulagi við Landssamtökin Þroskahjálp sem eru náttúrlega stór aðili að uppbyggingu í sambandi við sambýli sem þessi viljayfirlýsing lýtur að? Ég held að mjög nauðsynlegt sé að fá það fram í þessari umræðu þegar verið er að slá algjörlega af það fjármagn sem þessi sjóður hefur haft eða átti að hafa á umliðnum árum, þó að það hafi ekki gerst eða átt sér stað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Fyrri ríkisstjórn stóð þó þannig að málum að þegar hluta af fé sjóðsins var varið í rekstur var tryggt að allt fé erfðafjársjóðs ætti að ganga inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra, en hann ætti ekki að sæta slíkri skerðingu sem hann hefur gert í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Hér er þjónusta við fatlaða talin kosta 4,4 milljarða. Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra félagsmála: Er um að ræða fullkomið samkomulag bæði við samtök öryrkja og sveitarfélögin um þessa fjárhæð? Liggur það alveg fyrir að með þessari fjárhæð séu sveitarfélögin í stakk búin til að taka yfir þessa þjónustu og geti sinnt öllum þeim verkefnum sem kveðið er á um núna í lögum um málefni fatlaðra? En eru geysilega víðfeðm og mörg og ég ætla ekki að telja upp hér. Ég spyr um það, bæði gagnvart sveitarfélögunum og félagasamtökum.

Ég vil þó nefna eitt atriði, herra forseti, vegna þess að í þessu frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, í kaflanum Framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður, segir:

„Auk framangreindra stofnframkvæmda" — sem búið er að telja upp — „er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til eftirfarandi verkefna:

Styrk til framkvæmdaraðila til að koma á fót félagslegum íbúðum.

Allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga.

Allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda á þeim heimilum og þjónustustofnunum sem veitt hefur verið fé til að koma á fót."

Af því að við erum aðeins að tala hér um samkomulag um uppbyggingu á sambýlum og húsnæðismálum þá spyr ég um atriði sem ekki falla undir þann þátt: Er tryggt í því heildarsamkomulagi sem gert er við sveitarfélögin að þau geti líka staðið að þeim þáttum sem ég hér nefni?

Þá er ástæða til þess að nefna félagslegar íbúðir og núna væntanlega, eftir að hæstv. ráðherra hefur lagt niður félagslega íbúðakerfið, hygg ég að öryrkjar og samtök öryrkja treysti nokkuð á uppbyggingu á leiguíbúðum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það mál ekki enn í uppnámi, þ.e. varðandi leiguíbúðirnar, eða hefur náðst samkomulag milli sveitarfélaganna um það hvernig eigi að standa að uppbyggingu á leiguíbúðum og hafa verið ákveðin vaxtakjör á lánum til leiguíbúða? Ég spyr vegna þess að félagasamtök eins og Öryrkjabandalagið og Landssamtökin Þroskahjálp byggja mikið á því að hægt sé að koma á fót leiguíbúðum og að staðið verði að niðurgreiðslu á vöxtum eins og gert hefur verið. En ég get ekki betur séð en að á fjárlögum eigi að hætta allri niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum. Ég spyr hvort eitthvert samkomulag sé við Samband sveitarfélaga og félagasamtök sem hafa staðið í uppbyggingu á leiguíbúðum. Um þetta atriði vildi ég sérstaklega spyrja.

Síðan er náttúrlega alveg nauðsynlegt að nefnd sú sem fær frv. til umfjöllunar, þ.e. efh.- og viðskn., fái þessa viljayfirlýsingu og hefði hún nú kannski átt að vera hér á borðum þingmanna þegar við erum að fjalla um þetta mál til þess að auðvelda umfjöllun og umræður. Það sem hér er raunverulega að gerast, og ég ætla ekki að gera lítið úr, er að það er verið að færa verkefni sem eru á vegum ríkisins yfir til frjálsra félagasamtaka. Það er sem sagt verið að treysta frjálsum félagasamtökum fyrir þeim verkefnum sem ríkið á að hafa samkvæmt lögum. Þá verðum við að vera aldeilis örugg á því að þannig sé staðið að málum að verkefni fylgi með þegar raunverulega er verið að afhenda uppbygginguna til frjálsra félagasamtaka eins og hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Liggur fyrir, af því að mér skilst að samkomulagið sé með þeim hætti, að reksturinn eigi alfarið að vera hjá ríkinu en uppbyggingin, þ.e. stofnframkvæmdirnar, eigi að vera hjá Öryrkjabandalaginu? Ég geri ráð fyrir að ríkið ætli sér alfarið að fjármagna þessar stofnframkvæmdir gegnum leigu, ríkið ætli sem sagt að borga leiguna fyrir þessi sambýli. Ég get ekki séð annað en ríkið sé raunverulega að dreifa fjármagnskostnaði á langt tímabil sem það annars hefði getað fjármagnað strax ef fjármagn hefði verið til staðar í Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það sýnist mér vera að gerast með þessu. Þá veltir maður fyrir sér: Hve mikið er áætlað að fari í leigu til Öryrkjabandalagsins af stofnverði sambýlanna?

Ég hef aðeins verið að skoða það á þessum klukkutímum hvað hér getur verið um mikið að ræða og mér sýnist að það séu kannski 9–10% af stofnverði sem geti farið í leigu. Og ef um er að ræða sérhæfð sambýli þá kosta þau ekki undir 80–90 millj. þannig að það er kannski verið að borga 7 millj. í leigu á ári fyrir sambýli sem kostar kannski 80–90 millj. hvert. Mér skilst að hér sé um að ræða a.m.k. fimm sérhæfð sambýli sem nefnd eru í þessari yfirlýsingu og nærri tvo tugi

venjulegra sambýla. Við erum því að tala um gífurlega mikla uppbyggingu.

Ég segi að 9–10% af stofnverði sé sá leigukostnaður sem ríkið er raunverulega að taka á sig en það var áður helmingi minna þegar við miðuðum bara við 1% vexti eða innan við 5% af stofnverði. Ríkið er því að taka á sig mjög mikinn rekstrarkostnað með því að haga uppbyggingunni með þessum hætti. Ef Öryrkjabandalagið eða hússjóðurinn á ekki að fara halloka út úr þessu dæmi þá mun verða alveg gífurlega mikil aukning í rekstri í húsnæðismálum fatlaðra og á þessum sambýlum sem er þá verið að færa yfir til sveitarfélaganna. Við erum að slá framkvæmdasjóðinn af. Ég tel að við séum raunverulega að því með því frv. sem hæstv. forsrh. mælti fyrir, þ.e. þau lögbundnu framlög sem í hann fara.

Ég spyr líka: Hver hefur eftirlit með uppbyggingu á þessu húsnæði fatlaðra sem núna verður í umsjón hússjóðs Öryrkjabandalagsins? Mun ríkisvaldið hafa eftirlit með þeirri uppbyggingu á einhvern hátt? Í raun og sann greiðir ríkisvaldið uppbygginguna þó að það sé gert gegnum leigu eða reksturinn. Verður eitthvert opinbert eftirlit með uppbyggingunni og framkvæmdunum eða verður þetta alfarið á vegum hússjóðsins? Mun þá hússjóðurinn ráða því hvaða byggingaraðilar fara í þessar framkvæmdir eða verður skylda að fara með þær í útboð? Við erum náttúrlega að tala um miklar framkvæmdir á næstu árum.

Ég held að ríkisvaldið sé fyrst og fremst að dreifa kostnaðaruppbyggingu sambýlanna á framtíðina, inn í nokkra óvissu, eftir að ríkið hefur á góðæristímum skert verulega framlög til uppbyggingar á framkvæmdum í þágu fatlaðra. Við erum því að sigla inn í mikla óvissutíma þar sem verið er að dreifa þessum fjármagnskostnaði, sem er mjög mikill þarna, á framtíðina.

Væntanlega verður eftirlit með gæðum á þessu húsnæði tryggt. Nú er ekkert auðvelt að finna t.d. notað húsnæði í svona sérhæfð sambýli þannig að væntanlega þarf að byggja þessi sérhæfðu sambýli frá grunni. Þá vaknar spurning: Hver hefur eftirlitið með búsetugæðum í þessu sambandi?

Ég hef því nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra. Liggur fyrir samkomulag við sveitarfélögin um að þau taki við þessu samkomulagi þannig að samtök fatlaðra geti treyst á að það standi þó að verkefnið fari til sveitarfélaganna? Hefur líka verið haft samráð við Landssamtökin Þroskahjálp sem eiga mikið undir því komið að þetta heppnist nú vel?

Ef ég skil málið rétt er tekið á kostnaði eða útgjöldum sem ráðast þarf í vegna langveikra barna. Ég fagna því sérstaklega að á því skuli tekið vegna þess að Samfylkingin hefur látið sig það mál mjög varða. Hér var samþykkt tillaga sem við beittum okkur fyrir um stefnumótun í málefnum langveikra barna þar sem við lögðum til að farið yrði að eins og í tilviki fatlaða, þ.e. að öll þjónusta við þá sem áður heyrði undir mörg ráðuneyti yrði samhæfð. Mér finnst að þar hafi verið vel að verki staðið af hálfu félmrn. og heilbrrn. og það fellur væntanlega undir menntmrn. að bregðast skjótt við þeirri tillögu sem samþykkt var á Alþingi í því máli og ber að fagna því að á málinu sé tekið eins og hér er gert.

Ég spyr: Er þá ekki um viðbótarframlag að ræða, herra forseti, til þessa nýja málaflokks, þ.e. til langveikra barna, vegna þess að væntanlega er ekki verið að taka það af þeim fjármunum sem hefðu ella farið í uppbyggingu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra? Hér er væntanlega um að ræða hreina viðbót, herra forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra að því þegar við erum að tala um 300 millj., ef ég skil málið rétt, af þessu fjármagni til uppbyggingar á þjónustu við langveik börn.

Ég spyr líka: Er fullt samkomulag um þá uppbyggingu sem um er að ræða í þessu sambandi við þau samtök sem vinna að verkefnum sem snúa að langveikum börnum? Hefur verið haft samráð við þau félagasamtök?

Herra forseti. Af því að tími minn er búinn hef ég ekki tíma til þess að ræða um menningarsjóðinn, sem ég ætlaði að gera, en mun þá hugsanlega nota tíma minn á eftir til þess að fjalla um hann

[18:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég var að vona, eftir að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur haft svo góða framsögu um afstöðu Samfylkingarinnar og sett fram allmargar spurningar til félmrh. um hinn nýja samning við Öryrkjabandalagið, að hann kæmi hér og svarað ýmsum af þeim spurningum áður en umræðan héldi lengra áfram. Hann hefur kosið að gera það ekki þannig að ég áskil mér allan rétt til að koma í ræðustól á ný þegar hann hefur svarað þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar og bregðast við þeim eftir því sem þurfa þykir. En eins og ég segi hefði verið miklu betri ásýnd á þessu máli ef hæstv. félmrh. hefði komið og farið yfir samninginn eins og þingmaðurinn lagði til.

Þetta frv. er tvíþætt eins og fram kemur í umsögn um það. Annars vegar er hið hefðbundna „þrátt-fyrir"-ákvæði í 1. gr., sem varðar tekjur af sérstökum eignarskatti sem renna eiga til Þjóðarbókhlöðu og endurbóta menningarbygginga, þ.e. að allar tekjur umfram ákveðna fjárhæð, í þessu tilfelli 480 millj. kr., skuli renna í ríkissjóð á næsta ári. Auðvitað þekkjum við það og hefur verið nokkuð algengt, sérstaklega á samdráttartímum, að þessir fastbundnu tekjustofnar til ákveðinna verkefna hafa verið skertir og það hefur átt við jafnframt á liðnum árum um framkvæmdasjóðinn og erfðafjárskattinn og þó mismunandi eftir því hverjir hafa stjórnað í landinu.

Þrátt fyrir að fólk hafi þurft að taka þær ákvarðanir að skerða lögbundin framlög til ákveðinna þátta er ég alveg sannfærð um að í flestum tilvikum hefur ríkt von í brjóstum þeirra um að þegar betur áraði væri hægt að tryggja að framlögin rynnu til þeirra verkefna sem þeim var ætlað samkvæmt lögum. En nú hefur það gerst enn og aftur að hingað inn hafa komið frumvörp í tengslum við umræðu um fjárlög, ekki með „þrátt-fyrir"-ákvæðum, heldur þar sem framlögin hafa hvert af öðru verið afnumin þar sem þessi sérstaki lögbundni tekjustofn til ýmissa verkefna hefur verið aftengdur með lögum. Núna, mitt í góðærinu, ákveður ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að nú skuli því endanlega ljúka að erfðafjárskatturinn eigi að renna í framkvæmdasjóð. Ekki er beinlínis verið að leggja framkvæmdasjóðinn niður með lögum en raunverulega er verið að afnema hann þar sem hinn lögbundni tekjustofn er sleginn af.

Það er svo merkilegt, herra forseti, að í gær var 3. desember, alþjóðadagur fatlaðra, og væntanlega í tilefni þess dags setti hæstv. félmrh. fram þá viljayfirlýsingu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni við Öryrkjabandalagið að reyna að mæta þörf fatlaðra fyrir sambýli á næstu fimm árum þar sem 209 manns séu á biðlistum eftir slíku húsnæði. Það er í dag, daginn eftir 3. desember, alþjóðadag fatlaðra, að við stöndum á hv. Alþingi og fjöllum um frv. þar sem verið er að slá af tekjustofninn í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Herra forseti, mér finnst þetta nokkuð kaldhæðnislegt og mér finnst að dagurinn í dag eyðileggi svo sannarlega ljómann sem féll um stund á hæstv. félmrh. þegar hann undirritaði viljayfirlýsinguna við Öryrkjabandalagið.

Það er umhugsunarefni að alveg öfugt við það sem áður var þegar menn beinlínis neyddust til þess að skerða lögbundna tekjustofna, að það er í bullandi góðæri sem menn í þessari ríkisstjórn ákveða að aftengja alla sérstaka tekjustofna. Hæstv. forsrh. orðaði það svo að það að vera með slíka eyrnamerkta tekjustofna til sérstakra verkefna græfi undan hagstjórnartækinu sem fjárlögin væru. Sem sagt það á bara að ákveða í hverjum fjárlögum hvað menn ætla að gera í hverju verkefni og það má alls ekki vera með lögbundna tekjustofna eða tryggja uppbyggingu með tekjustofnum, alveg sama á hvaða sviði það er. Þannig les ég orð hæstv. forsrh. og satt best að segja er ég ekkert undrandi yfir ræðum hans. Þetta er í takt við annað hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Ég verð að segja, herra forseti, af því að fyrst og fremst snýr þetta mál að erfðafjárskattinum og framkvæmdasjóðnum og þar með uppbyggingu í málefnum fatlaðra, að ekki hefur verið mikil reisn yfir aðgerðum hæstv. félmrh. í málefnum fatlaðra og Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið skorinn við trog í góðærinu öll þau ár sem hann hefur stjórnað í félmrn. Þess vegna er það fyrst og fremst táknræn aðgerð þegar hann stendur að því að afnema erfðafjárskattinn sem tekjustofn fyrir framkvæmdasjóðinn. Þess vegna er á vissan hátt áhugavert og stúdíunnar virði að um leið og hann afnemur tekjustofninn fyrir framkvæmdasjóðinn skuli hann gera þennan samning eða vera með þessa viljayfirlýsingu við Öryrkjabandalagið. Sérstaklega finnst mér það vera áhugavert vegna þess að sami hæstv. ráðherra hefur oftar en einu sinni lýst því yfir úr þessum ræðustól að hann geri ekki skuldbindandi samninga fram í tímann. Hann muni ekki koma með bindingu á fjármagni til einhverra verkefna eða gera samninga um útgjöld fram í tímann þegar hann verði e.t.v. ekki sjálfur eða flokkur hans í ríkisstjórn.

En nú hefur það gerst vegna þess að hæstv. ráðherra hefur enga tryggingu fyrir því að verða áfram eða að flokkur hans við völd í félmrn. að rúmum tveimur árum liðnum, en hann er að gera hér milljarða samning fimm ár fram í tímann. Ég er ekki andvíg því að ráðherrann geri slíkan samning en ég vek athygli á því að þetta er þvert á yfirlýsingar sem hann hefur gefið úr þessum ræðustól. Hann hefur notað þetta í umræðu um mál þar sem hann hefur ekki haldið áfram með verkefni sem hafa verið gerðir samningar um í félmrn. Þá hefur hæstv. félmrh. gjarnan nefnt að ósæmilegt sé að gera samninga fram yfir þann tíma sem maður sjálfur sé við völd og farið hörðum orðum um þá sem það hafa gert.

En nú getum við hin boðið hæstv. félmrh. velkominn í hópinn. Ég veit ekki hvort á að orða það þannig að hann þori að gera samning fram í tímann og vera með framtíðarsýn, það á ekki beinlínis við vegna þess að samningur hæstv. félmrh. virðist vera þannig að hann sé að tryggja það að aðrir haldi meira um taumana á þessum útgjöldum en ráðuneyti hans.

En, herra forseti, af því að spurt hefur verið um stofnframkvæmdirnar sem verða hjá Öryrkjabandalaginu og hvernig þeir þættir verði framkvæmdir og spurt hefur verið um leiguna og e.t.v. aukna rekstrarþætti við þessa framkvæmd, ætla ég, herra forseti, að láta nægja þær athugasemdir sem hafa komið fram af minni hálfu og hlusta á hæstv. félmrh. lýsa fyrir okkur samningnum eða viljayfirlýsingunni sem hann hefur sent frá sér um samstarf við Öryrkjabandalagið. Mér finnst fara vel á því af því að við höfum svo oft rætt þessi mál á hv. Alþingi og úr þessum ræðustól, að hæstv. félmrh. fari mjög skilmerkilega yfir það í hverju samningurinn er fólginn, ekki síst gagnvart þeim sem hlýða á umræðu á Alþingi og að þeir sem fylgjast með umræðu eða lesa hana síðar skilji um hvað er rætt hér. Þess vegna mun ég koma frekar síðar þegar hæstv. ráðherra hefur talað.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja, 31. mál, svar fjmrh., þskj. 338.

Skuldir fyrirtækja og einstaklinga, 328. mál, fsp. JóhS, þskj. 427.

[18:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér hinn árlega bandorm eða ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fylgir fjárlagafrv. Enn einu sinni er verið að ræða Framkvæmdasjóð fatlaðra sem hefur árvisst í tíð þessarar ríkisstjórnar verið skorinn niður, a.m.k. má segja að markaðir tekjustofnar sem hafa átt að renna til hans hafi verið skornir niður. Að þessu sinni eru tekjur sem koma til erfðafjársjóðs 607 milljónir en aðeins 235 milljónir skila sér til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Reyndar er með þessu frv. lagt til að tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé renni framvegis í ríkissjóð í stað þess að þessar tekjur fari til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég minni á það að Samfylkingin gerði tillögu um það í fjárlagaumræðunni að allar markaðar tekjur skyldu að þessu sinni renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra en ekki urðu menn við því.

Aftur á móti verð ég að segja eins og er að ég fagna því samkomulagi sem hæstv. félmrh. gerði í gær í þá veru að eyða biðlistum. Ég tel að það sé mjög jákvætt. Hins vegar er það staðreynd að ef ríkisstjórnin hefði staðið við það að markaðir tekjustofnar færu til Framkvæmdasjóðs fatlaðra undanfarin ár, en það eru um 1,5 milljarðar sem hafa verið hafðir af sjóðnum á undanförnum árum í tíð þessarar ríkisstjórnar, þá stæðu menn ekki frammi fyrir þeim vanda sem við stöndum í dag þar sem mjög stór hópur fatlaðra er á biðlistum eftir úrræðum. En engu að síður er þetta jákvætt skref.

En það er auðvitað, eins og komið hefur fram í máli þeirra ræðumanna sem töluðu ásamt mér frá Samfylkingunni, hv. þingmanna Rannveigar Guðmundsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur, verið að vísa kostnaðinum á komandi kynslóðir. Það er verið að vísa þessu yfir á framtíðina. Vissulega er þarna engu að síður verið að stíga jákvætt skref til að leysa þann vanda sem málum var komið í. Ófremdarástand hefur verið í þessum málum, það þekkir hæstv. félmrh. jafn vel og við hin sem höfum verið að vinna í þessum málaflokki og það var orðið mjög brýnt að taka á því.

Aftur á móti er rétt að verið er að færa kostnaðinn að hluta til yfir á frjáls félagasamtök sem áður var á vegum ríkisins og á að vera á vegum ríkisins samkvæmt lögum þó svo að ríkið taki að sér reksturinn. Vissulega verður að segjast eins og er að þegar til umfjöllunar er niðurskurður á mörkuðum tekjustofnum til þessa málaflokks, þ.e. málefna fatlaðra, þá er auðvitað ákveðinn uggur í brjósti okkar þingmanna sem fjöllum um frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem á að fara að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna. Menn óttast vissulega að fjármagn muni ekki fylgja þjónustunni þar sem þarna er stöðugt verið að skera niður.

Herra forseti. Hér liggja fyrir nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra, sem ég ætla ekki að endurtaka, frá þeim sem töluðu á undan mér. Ég ítreka að ég mun taka aftur til máls þegar hæstv. ráðherra hefur svarað þeim fyrirspurnum ef þau svör gefa ástæðu til frekari spurninga.

[18:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar ég kom í félmrn. var, ef ég man rétt, 40% af fé framkvæmdasjóðsins varið til rekstrar. Ég beitti mér fyrir því að þarna yrðu gerð skil og rekstrarverkefnum létt af framkvæmdasjóðnum og það sem merkt væri framkvæmdasjóði færi að langmestu leyti til framkvæmda.

Á þeim tíma sem ég hef verið félmrh. hefur enginn málaflokkur í félmrn. fengið meira fé eða vaxið hraðar en málefni fatlaðra. Það fé sem varið er til málefna fatlaðra nú er miklu meira en það var þegar ég tók við.

Gerðar hafa verið nákvæmar úttektir. Kostnaðarnefnd hefur gengið frá niðurstöðu sem ég er með hér í höndum. Hún er dagsett í október þessa árs. Í kostnaðarnefndinni sátu Sturlaugur Tómasson deildarstjóri í félmrn., sem var formaður, Hallgrímur Guðmundsson í fjmrn. og Karl Björnsson bæjarstjóri á Selfossi. Þeir kostnaðarmátu það frv. sem hér liggur fyrir Alþingi um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnframt liggur fyrir skýrsla starfshóps um biðlista eftir þjónustu sværðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Formaður í þeirri nefnd var Sturlaugur Tómasson, deildarstjóri í félmrn. Aðrir í nefndinni voru Björn Sigurbjörnsson, forstöðumaður Sværðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, Hallgrímur Guðmundsson í fjmrn., Þór Þórarinsson, sem er forstöðumaður sværðisskrifstofunnar á Reykjanesi og Bragi Mikaelsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Mat þeirra er að um 0,5% íbúa landsins þurfi á sérhæfðri þjónustu að halda og mat kostnaðarnefndarinnar er að kostnaður vegna þjónustu við fatlaða og rekstur húsnæðismála þeirra verði tæplega 4,1 milljarður, þ.e. að til viðbótar þurfi 565 milljónir frá núverandi fjárveitingum til þess að veita öllum þá þjónustu sem lögin gera ráð fyrir. Þar að auki eru önnur kostnaðaráhrif í frv., m.a. þjónusta við langveik börn, metin á 300 milljónir. Þetta eru samtals 4,4 milljarðar eða 1,16% af útsvarsstofninum.

Nú er staðan sú að á sambýlum búa 877 einstaklingar eða í sjálfstæðri búsetu með frekari liðveislu eða á vistheimilum. Þeim hefur fjölgað um 42 frá árslokum 1997. Íbúum á sambýlum hefur fjölgað um 55, þeim sem njóta frekari liðveislu hefur fjöglað um 16. En aftur á móti hefur fækkað á vistheimilum um 29 og þar koma til útskriftir af Kópavogshælinu.

Nú vantar 134 búsetu á sambýlum og 75 frekari liðveislu. 17% þeirra sem eru á biðlistum eftir búsetu í Reykjavík njóta skammtímavistunar reglulega og 30% á Reykjanesi. Það er rétt að árétta það að margir þeirra sem skráðir eru á biðlista njóta dagþjónustu eða skammtímaþjónustu.

Ef við lítum á hvaða fólk er á biðlistunum og í mestri þörf, þá eru í þyngsta fötlunarflokknum, eldri en 21 árs, þrír einstaklingar. Sjö einstaklingar eru í fötlunarflokki sex, eldri en 21 árs. Samtals tíu þyrftu því að komast á sambýli, eldri en 21 árs, í tveimur þyngstu flokkunum. Þar að auki eru 18 einstaklingar í fimmta flokki, eldri en 21 árs.

Í Reykjavík eru án dagþjónustu í dag 29. Þar af búa á sambýlum 14. Innan skamms verður hægt að bjóða upp á dagþjónustu fyrir alla sem á henni þurfa að halda í Reykjavík. Á Reykjanesi eru 11 án dagþjónustu og þar af búa fjórir á sambýlum. Án þjónustu á þessum svæðum eru 22 einstaklingar.

Við Helgi Hjörvar, formaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins, undirrituðum sameiginlega viljayfirlýsingu í fyrradag. Eins og umræður hafa þróast hér tel ég rétt að lesa hana, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo:

„Félagsmálaráðuneytið og hússjóður Öryrkjabandalagsins hafa ákveðið að hefja formlegt samstarf í húsnæðismálum. Markmiðið er að mæta þörf fatlaðra fyrir sambýli í samræmi við skýrslu starfshóps félagsmálaráðuneytisins frá nóvember 2000 um búsetu fatlaðra.

Samstarf aðilanna verður fólgið í því að hússjóður Öryrkjabandalagsins lætur í té húsnæði fyrir sambýli sem Íbúðalánasjóður veitir lán til að hluta og félmrn. tekur að sér að reka. Hússjóður Öryrkjabandalagsins verður eigandi húsnæðisins en félmrn. annast allan rekstur sambýla, þar með talda greiðslu leigu. Stefnt er að því að þörf fyrir sambýli verði mætt á næstu fimm árum.

Flytjist málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hinn 1. janúar 2002 gerir hússjóður Öryrkjabandalagsins ekki athugasemdir við að sveitarfélögin taki við rekstri umræddra sambýla, þar með talda greiðslu leigu.

Þörfin fyrir ný sambýli er nú nánast eingöngu í Reykjavík og á Reykjanesi og mun samstarf aðilanna taka mið af því."

Undir þetta skrifuðum við Helgi Hjörvar, formaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins, og ég.

Vinnuferlið verður það að samningar verða gerðir um hvert sambýli og það er von okkar að fyrstu samningarnir líti dagsins ljós alveg á næstu dögum. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með þessum byggingarframkvæmdum, en útboð eru á valdi Öryrkjabandalagsins. Hvernig þeir fara að því að byggja húsin er á þeirra valdi. Hins vegar geri ég ráð fyrir því að yfirleitt muni þeir fara útboðsleiðina.

Í morgun kynnti ég þessa viljayfirlýsingu á fundi með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, það var samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga í morgun, og það voru síður en svo gerðar neinar athugasemdir þar við þennan gjörning og ég held að flestir fagni honum. Varðandi Landssamtökin Þroskahjálp þá hafa þeir þroskahjálparmenn fylgst með þróun málsins og verið mjög hvetjandi þess að þessi leið yrði farin. Ég tel að hér sé verið að stíga mikið heillaspor. Öryrkjabandalagið er alveg örugglega áhugasamt um að leysa þetta verkefni vel og myndarlega af hendi og ég tel að það sé veruleg trygging fyrir því að okkur takist að komast fyrir biðlistana vegna þessa samnings.

[18:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir viðbótarframlögum nú við afgreiðslu fjárlaga við 3. umr. til þess að hægt sé að standa við þetta samkomulag og hversu há fjárhæð þurfi að koma inn nú til viðbótar við 3. umr. til þess að hægt sé að standa við samkomulagið.

Í annan stað, þegar hæstv. ráðherra vísar í að reksturinn kosti 4,1 milljarð og vísar í nefnd sem var að skoða þetta mál sem komst að þessari niðurstöðu, var þá gert ráð fyrir svona miklum fjármagnskostnaði inni í rekstrinum eins og nú verður þegar ríkið þarf að fara að borga svo mikla leigu, leigu sem á að standa raunverulega undir stofnkostnaði? Það hlýtur að þýða að reksturinn mun blása mjög mikið út frá því sem nú er, og um það spyr ég: Er inni í þessu fjármagnskostn-

aður sem verður mjög mikill þegar leigan bætist við, þ.e. sá þáttur hennar sem snýr að stofnkostnaði við framkvæmdir?

Ég held að það sé mikilvægt að fá það upp gefið hvort hér sé ekki um gamlar tölur að ræða sem ekki tóku mið af þessari fjármögnun sem nú hefur verið kynnt í þessari viljayfirlýsingu.

Ég spurði ráðherrann líka hvort gert væri ráð fyrir öllum framkvæmdum sem núna eru í lögum um málefni fatlaðra, hvort þessi tala nái yfir það allt saman. Ég spurði líka ráðherrann hvort hann telji að sú dagsetning standist sem talað er um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þ.e. að yfirtaka á rekstri málefna fatlaðra muni eiga sér stað um þarnæstu áramót.

[18:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að nefndin hafi tekið tillit til stöðunnar eins og hún er í dag, eða var fyrir fáum dögum, því að þetta er ný skýrsla. Ég þori ekki að fullyrða það að óathuguðu máli en ég hygg að hún hafi gert það.

Varðandi aðrar spurningar. Ég mun ekki bera fram brtt. við fjárlagafrv. við 3. umr. Gert er ráð fyrir viðbót í málaflokkinn til að taka í rekstur ný sambýli og ég vonast eftir að það geti dekkað það. Ef vel gengur og kemur fram á árið er hugsanlegt að ég muni gera tillögu um að taka eitthvað á fjáraukalög ef svo vildi verkast til að láta ekki standa á því. (Gripið fram í.) Það er ekki vilji minn að þröngva þessu með nokkrum hætti upp á sveitarfélögin eða gera þetta í óþökk samtaka fatlaðra eins og ég tók margsinnis fram í framsögu minni fyrir frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga fyrir nokkrum dögum.

[18:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. ráðherra ætlar ekki að gera þetta í óþökk samtaka fatlaðra eða sveitarfélaganna. Þýðir þetta að ekki sé komið samkomulag um dagsetninguna varðandi flutninginn eftir eitt ár við sveitarfélögin?

Í annan stað verður að fá úr því skorið, og því mun ég beita mér fyrir í efh.- og viðskn., hvort hinn mikli fjármagnskostnaður sem verður með þessu fjármögnunarfyrirkomulagi verður tekinn inn í þessa tölu, 4,1 milljarð, sem ég er reyndar sannfærð um að sé ekki miðað við orð ráðherrans þegar hann segir að þetta hafi verið niðurstaðan fyrir nokkrum dögum og við erum að sjá þessa viljayfirlýsingu nú um helgina.

Í annan stað er ég ansi hrædd um það, herra forseti, eftir þessi orð ráðherrans að hann ætlar ekki að beita sér fyrir neinu viðbótarfjármagni við 3. umr. fjárlaga vegna þessa samkomulags eða viljayfirlýsingar að hér sé í reynd á ferðinni marklaust plagg vegna þess að við framkvæmum ekkert, hvorki í uppbyggingu né rekstri, nema því fylgi fjármagn. Svo einfalt er málið. Ef allt í einu er verið að tala um að leysa biðlistana á fimm árum, fækka jafnt og þétt, byrja væntanlega á næsta ári, kostar það töluvert í viðbótarrekstri. Ég nefndi það að hvert einasta sérhæft sambýli, og það er verið að tala um fimm, kostar 80–90 millj. að koma á fót fyrir utan reksturinn. Ég er ansi hrædd um að það þurfi að fara að fara vandlega ofan í það af hálfu efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar og af hálfu félmn. sem er með félagsþjónustufrv. til skoðunar hvað er raunverulega á ferðinni. Er þetta bara allt sýndarmennska sem er verið að setja á borðið í þeirri viljayfirlýsingu sem var verið að samþykkja? Ég hef a.m.k. ekki vitað annað, herra forseti, þegar verið er að fara í framkvæmdir og rekstur en að þá kosti það peninga en það á greinilega ekkert að setja til viðbótar núna við fjárlagaafgreiðsluna inn í reksturinn til að auka þjónustuna við fatlaða. Það verður svo sannarlega skoðað núna við meðferð fjárlagafrv. hvort hér sé eintóm sýndarmennska á ferðinni af hálfu hæstv. ráðherra.

[18:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er fjármagn til að taka í rekstur nokkur ný sambýli á árinu. Ég vænti þess að það verði notað til að taka þau í notkun ef tekst að byggja á árinu, ef framkvæmdahraði verður slíkur að þau komist í gagnið verði ekki látið stranda á því.

Ég held að óþarfi sé að væna Öryrkjabandalagið um nokkra sýndarmennsku. Það er eindreginn vilji Öryrkjabandalagsins sem ég hef orðið glögglega var við að standa að þessu máli af myndarskap.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 5. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[18:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg óþarfi að vera að snúa út úr málflutningi mínum. Ég var ekki að bera á Öryrkjabandalagið að það væri með neina sýndarmennsku í málinu varðandi viljayfirlýsinguna heldur hæstv. ráðherra. Ég nefndi sérstaklega, hæstv. ráðherra, þar sem hann lætur ekki framlag eða ætlar ekki að láta framlag fylgja þessari yfirlýsingu til að hægt sé að auka við þjónustu við fatlaða á næsta ári. Ég er alveg viss um allan heiðarleika hjá Öryrkjabandalaginu í því efni en ég efast um eftir þessi orðaskipti, herra forseti, að ráðherrann ætli að standa við hlut sinn í þessu máli.

[18:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það á við um tilteknar stofnanir og málaflokka að þeim hefur verið afmarkaður ákveðinn tekjustofn með lögum til að standa straum af ákveðnum verkefnum. Svo að dæmi sé tekið hefur verið til Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins en hann hefur haft tekjur af aðflutningsgjöldum sjónvarpstækja, ef ég man rétt, og eins og nafnið ber með sér hefur sjóðurinn verið hugsaður til að standa straum af tilkostnaði við húsbyggingar Ríkisútvarpsins. Þetta frv. fjallar ekki um þennan sjóð. En ég er að nefna þetta sem dæmi um afmarkaða tekustofna.

Þetta frv. fjallar hins vegar um tvo tiltekna sjóði, um framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem hefur haft lögbundna tekjustofna, erfðafjárskatt og erfðafé, sem hefur runnið til sjóðsins og síðan er það Endurbótasjóður menningarstofnana sem hefur fengið til ráðstöfunar sérstakan eignarskatt og hefur honum verið ætlað að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og fleira.

Þetta frv. gengur út á tvennt í reynd: Að skerða núna framlög til þessara sjóða og afnema síðan með lögum þessa sjálfvirkni. Menn segja sem svo að það sé bókhaldslega eðlilegt að gera þetta þannig enda sé staðreyndin sú að framlag til þessara sjóða hafi verið skert árlega af Alþingi og hvers vega ekki ganga götuna til enda og afnema þessa millilendingu og hafa lögin í samræmi við framkvæmdina. Bókhaldslega séð kunna að vera nokkur rök fyrir þessu.

Síðan má líta á málið frá öðrum sjónarhóli og spyrja hvort það hafi verið snjallt að hafa þetta fyrirkomulag við

að tryggja þessum málaflokkum framlag, Framkvæmdasjóði fatlaðra af erfðafjárskatti og erfðafé og Endurbótasjóði menningarbygginga af eignarskattinum. Ég held að nokkur rök séu fyrir því að halda sig við þetta fyrirkomulag.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið skertur árlega eins og ég nefndi áðan og við umræðuna hefur komið fram að hann hefur verið skertur um 1.500 millj. kr. á síðustu fimm árum. Er það vegna þess að ekki sé þörf á þessu framlagi til að reisa sambýli og aðrar stofnanir fyrir fatlaða? Nei, það er þörf á þessu framlagi og það hefur komið m.a. fram í máli hæstv. félmrh. og ég hygg að það sama eigi við um hinn sjóðinn einnig, Endurbótasjóð menningarbygginga. En hvers vegna er ríkisstjórninni umhugað um að gera þessa lagabreytingu? Það er vegna þess að þetta kallar á mjög óþægilega umræðu á hverju ári. Hún verður að hafa fyrir því að skerða framlagið til þessara sjóða og það er svolítið erfitt að horfast í augu við Alþingi og þjóðina og samtök fatlaðra sem verða fyrir þessum skerðingum eða þessar skerðingar bitna harðast á. Þetta frv. er því ekki bara bókhaldslegt frv., þetta snýst ekki bara um bókhald og skynsemi í bókhaldi. Þetta er pólitískt frv. Þetta er frv. sem er sett fram til að ríkisstjórnin komist út úr pólitískum erfiðleikum sem hún þarf að horfast í augu við á ári hverju þegar hún skerðir framlag til þessara málaflokka. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri sem hafa fjallað um þetta mál að áður en við tökum endanlega afstöðu til þess þurfum við að skoða málið heildstætt, við þurfum að skoða málin með tilliti til verkefna þessara sjóða. Fyrr getum við ekki tekið endanlega afstöðu til málsins.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi. Þetta frv. mun fara til efh.- og viðskn. og fá þar umfjöllun. Ég á þar sæti og mun taka þátt í þeirri umfjöllun.

Aðeins örfá orð um samkomulagið sem félmrn. og Öryrkjabandalagið hafa gert. Einnig það þarf að skýra nánar. Mér finnst ekki alveg ljóst hvað er að gerast en eftir því sem ég fæ skilið orð hæstv. félmrh. og fréttir af þessu samkomulagi — og reyndar las hæstv. félmrh. samkomulagið eða hluta af því upp hér áðan — mun það vera svo að hússjóði Öryrkjabandalagsins er lánað fé. Samkvæmt formúlum sem unnið er eftir núna verður þetta fé væntanlega á markaðsvöxtum en síðan mun félmrn. leigja sambýlin eða húsnæði sem Öryrkjabandalagið kemur til með að reisa fyrir þetta fé eða öllu heldur hússjóður Öryrkjabandalagsins. Þá fer maður að spyrja sig um þessa vegferð fjármagnsins, hverjir eru kostir og gallar á því að láta peningana fara alla þessa leið og hver komi til með að verða tilkostnaður ráðuneytisins og ríkisins þegar upp er staðið. Það er eins með þetta samkomulag og þetta frv. Þetta kallar á nánari skoðun og umfjöllun í nefndum en við eigum eflaust eftir að fá síðan nánari umræðu um samkomulagið sem hæstv. félmrh. og aðrir hafa gert að umræðuefni.

[18:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi að þetta væri pólitískt mál og það eru flest mál sem hingað koma. En hann nefndi það í því samhengi að mönnum þætti óþægilegt að lenda í því að þurfa að skerða framlög, jafnvel þegar menn væru að auka þau frá ári til árs, væru menn að skerða þau samkvæmt visssum bundnum framlögum. Ég velti því máli fyrir mér í þessu samhengi: Er ekki miklu þægilegra fyrir okkur að einhverjir þingmenn löngu fyrir okkar daga, áður en nokkurt okkar er hingað komið, hafi ákveðið að setja í lög að framlög til fatlaðra skuli fara eftir því hvort efnamenn deyja á tilteknu ári, hvernig erfðafjársjóði víkur við á hverju ári? Er það ekki hið þægilegasta að segja: Það kemur okkur ekki við. Það fer bara eftir því hvernig árar hjá erfðafjársjóði hvað við ætlum að styrkja málefni fatlaðra mikið. Ég tel fullkomlega óeðlilegt að menn taki ekki einmitt pólitíska afstöðu til þess, hver og einn á hverju ári og takist á um það hvað menn ætli að leggja í þetta mikilvæga svið en segi ekki bara: Það voru einhverjir karlar og kerlingar löngu á undan okkur sem fundu það út að framlög til fatlaðra skyldu alltaf tengjast því hvað gengi af fjármunum inn til þessa sérstaka sjóðs, erfðafjársjóðs sem er ekki í neinum tengslum við málefni fatlaðra. Þetta var bara ákveðið svona. Eitthvað skyldi ganga inn í þennan sjóð. Ég segi því ekki að við séum að forðast pólitískar umræður. Þvert á móti er þetta hætt að lúta einhverjum lögmálum sem einhverjir allt aðrir menn ákváðu fyrir langa löngu heldur farið að lúta pólitískum lögmálum og ég hygg að það sé gott fyrir jafnáhugasaman og öflugan pólitískan talsmann eins og hv. þm. sem talaði hér síðast.

[19:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að bókhaldslega kynnu að vera ákveðin rök fyrir breytingunni. Ég skal alveg skrifa upp á það. Hins vegar er hægt að horfa á þetta frá öðrum sjónarhóli eins og ég nefndi, þ.e. út frá hagsmunum þeirra málaflokka sem hér er um að ræða.

Annars vegar erum við að tala um Framkvæmdasjóð fatlaðra, til uppbyggingar á sambýlum og stofnunum fyrir þá. Komið hefur fram að framlagið hefur verið skert um 1.500 millj. kr. á síðustu fimm árum. Ég tel að þessum fjármunum hefði verið betur varið til uppbyggingar á stofnunum fyrir fatlaða en annarra verkefna. Ég held að við þurfum að íhuga hvort ríkisvaldið hefði betur farið að þeim lögum sem sett voru á sínum tíma.

Ég tek að vissu leyti undir með hæstv. forsrh. Það eru ákveðin rök fyrir því að beint framlag sé ákvarðað af þinginu hverju sinni til þessara málaflokka. Hins vegar, þegar málin eru skoðuð til enda, hefði málefnið og málaflokkurinn verið betur settur með þessum hætti. Þannig þurfum við að hugsa þetta mál.

[19:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Erfðafjársjóður hefur reyndar vaxið mikið á undanförnum árum. Hann var skyndilega orðinn hagstæð trygging en á árum fyrr var hann það ekki. Hann var lengi vel frekar veikur sjóður og óx hægt en í seinni tíð, eftir því sem eignamyndun verður hjá íslenskum fjölskyldum og fólki, verður sjóðurinn skyndilega burðugri en menn sáu fyrir þegar þeir komu honum á fót. Þetta er breytingum háð og hefur ekkert með málefni fatlaðra að gera.

Ég tel að jafnmikilvægur málaflokkur og málefni fatlaðra eigi að vera umræðuefni hér sem skipti mönnum í fylkingar og flokka og menn eiga að takast á. En þá eiga menn ekki að segja: Við viljum fá meiri peninga í þennan málaflokk af því að það stendur svo vel á hjá erfðafjársjóði. Það finnst mér vera skökk nálgun í málinu. Ég held reyndar að það sé ekki mjög mikill ágreiningur um þetta efni milli okkar hv. þm.

[19:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í grundvallaratriðum er ég ekki ósammála hæstv. forsrh. en út frá hagsmunum fatlaðra er ég honum

hins vegar ósammála. Það er rétt sem hann bendir á að þessi tekjulind hefur verið hagstæð trygging fyrir fatlaða upp á síðkastið. Einmitt þess vegna spyr maður hvort rétt sé að nema úr gildi og skera á þessa hagstæðu tryggingu sem fatlaðir hafa notið. Ég er að mótmæla því.

Ríkisstjórninni hefur hins vegar fundist óþægilegt að standa frammi fyrir því á ári hverju að skerða þetta lögboðna framlag til málefna fatlaðra. Þess vegna segi ég að þetta frv. sé pólitískt í eðli sínu. Ríkisstjórnin vill koma málum þannig fyrir að hún geti skorið niður framlag til þessara málaflokka án þess að mikið fari fyrir því og ég mótmæli þeirri aðferð.

[19:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Frá því að ég kom inn á þing árið 1996, það er ekki lengra síðan, hafa orðið mikil átök um þetta árlega frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þeirra skerðinga sem þar eru ævinlega á markaða tekjustofna.

Frv. hefur með árunum styst mjög vegna þess að þessum útgjöldum hefur verið markaður annar farvegur með tímanum. Í dag erum við samt að fjalla um frv. sem og um skerðingu á tveimur mörkuðum tekjustofnum.

Í fyrsta lagi er þar tillaga sem fjallar um skerðingu á sérstökum eignarskatti sem lagður er á til að standa straum af endurbótum á húsakosti menningarstofnana og fleira. Ég verð að segja að þekking mín nær svo skammt að ég veit ekki hvað þetta „og fleira" þýðir. Af því að hæstv. ráðherra er staddur hér á staðnum, hæstv. ráðherra mennta- og menningarmála í landinu, þá vildi ég gjarnan fá útskýringu á því hvað „og fleira" þýðir í þessu sambandi.

Eignarskattar hafa vaxið mjög á undanförnum árum. Samkvæmt fjárlögum árið 2000 var gert ráð fyrir að eignarskattur einstaklinga t.d. væri tæpir 2,4 milljarðar kr. en í frv. fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að hann verði um það bil 3,5 milljarðar. Áætlunin fyrir árið 2000 kveður reyndar á um að hann sé 2,8 milljarðar. Tekjustofninn er því greinilega í nokkrum vexti. Þessi sérstaki eignarskattur er náttúrlega viðbótareignarskattur og ekki alfarið allur eignarskattur. Ég hefði haldið að þessum viðbótareignarskatti, en hann mun allur á þessu ári nema um 630 millj. kr., væri vel varið í að standa straum af endurbótum á menningarstofnunum í landinu en þar er ærin þörf. Þar hefur þó árlega verið skorið niður, a.m.k. svo lengi sem ég man eftir.

Á þessu ári er samt gert ráð fyrir að þessi tekjustofn, 630 millj., verði skertur um 150 millj. sem muni renna í ríkissjóð. Mér er spurn: Hversu mikið var sótt í Endurbótasjóð menningarstofnana fyrir þetta ár? Voru umsóknirnar kannski svo lágar að ekki sé ástæða til að nýta þetta fjármagn, 630 millj., til endurbóta á menningarstofnunum í landinu? Hvað þá með liðinn „og fleira", hæstv. forseti? Var ekkert sótt í hann? Ég spyr og vonast til að fá skýr svör um þessi mál. Ég tel víst að umsóknir í þennan sjóð hafi numið hærri upphæð en þeim 480 millj. sem hér er gert ráð fyrir að renni til hans.

Varðandi umræður sem hafa átt sér stað um tekjur af erfðafjárskatti og hvort þær eigi allar eða skertar að renna til málefna fatlaðra þá vil ég segja að kannski er ekki óeðlilegt að þeim framlögum væri komið fyrir með öðrum hætti. Hins vegar hefur verið erfitt fyrir fatlaða að róa á vísan með framlög til mála sinna. Við vitum það að enn eru stórir hópar algerlega utanveltu í þessu kerfi. Ég þekki persónulega mjög fatlaða einstaklinga sem komnir eru yfir tvítugt og hafa verið fjölskyldu sinni mikil byrði en ekkert viðunandi úrræði fundist fyrir þá í kerfinu. Þar á ég við vistunarúrræði til frambúðar.

Ég verð að segja að mér finnst ekki ástæða, meðan svo er komið, til að skerða þennan sjóð sérstaklega. Ég hefði kosið að a.m.k. nú í góðærinu hefði þetta framlag eins og það er í þessum markaða tekjustofni verið látið halda sér. Kannski mætti segja að þegar þörfum allra hafi verið sinnt þá megi taka til við að skerða framlögin. Ég held að það sé alls ekki tímabært, herra forseti, að ráðast til atlögu við sjóðinn. Ég tel að framtíð fjárframlaga til þessara mála sé stefnt í mikla óvissu með því að taka skrefið sem hér hefur verið afráðið.

[19:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvað orðin „og fleira" stæðu fyrir í grg. með frv. sem hér er til umræðu. Því vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa 1. gr. laganna um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, en þar segir svo:

„Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Þá skal verja sjóðnum í upphafi til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Sjóðurinn er í vörslu menntmrn."

Eins og hv. þm. sér þegar þessi texti er lesinn í grg. frv. þá falla orðin „stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins" undir skammstöfunina „o.fl." í greinargerðinni. Síðan er í grg. með fjárlagafrv. útlistað nákvæmlega hvaða aðilar fá fé úr þessum sjóði á næsta ári miðað við tillögurnar sem liggja fyrir. Þar er stærsta verkefnið Þjóðminjasafnið og endurbygging þess sem tekur stærstan skerf, 200 millj. kr. af því ráðstöfunarfé sem er til reiðu á næstu ári. Þessar upplýsingar liggja allar skýrar og glöggar fyrir og ég vona að ég hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

[19:13]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Ég verð þó að segja að þegar ljóst er fyrir hvað orðin „og fleira" standa þá blasi enn betur við að ekki er ástæða til að skerða þennan sjóð að sinni. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu gamalla bygginga. Í þeim málum er brýn þörf og þyrfti mun meira fjármagn en varið er hér á landi til að varðveita gamlar byggingar sem hafa umtalsvert menningargildi.

[19:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég fékk að vita, meðan þessi orðaskipti fóru fram milli síðasta hv. ræðumanns og hæstv. menntmrh., að hér ætti að gera matarhlé og halda áfram með fund að loknu kvöldmatarhléi. Ég vil vekja athygli forseta á því að á fundi forseta með þingflokksformönnum í dag gerði ég athugasemdir við að við yrðum á fundi í kvöld. Við erum sammála um að allt stefni í að það verði fundur annað kvöld. Þá verða mjög stór og mikil mál á dagskrá. Dagskrá dagsins í dag var hins vegar með þeim hætti að ekki var ástæða til að ætla að þörf væri á kvöldfundi.

Við erum að ljúka umræðu um ríkisfjármálin hér og þá er eitt mál eftir á dagskrá. Þess vegna kem ég hér, herra forseti, vegna þess að það frv. er um flóttamenn. Ég gerði líka alvarlega athugasemd við að það frv. væri sett á dagskrá

örfáum dögum áður en heildarfrv. um málefni flóttamanna kæmi fyrir þingið. Ég er andvíg því að halda uppi fundi fram á kvöld með matarhléi bara vegna þess að dómsmrh. geri um það kröfu að þetta litla frv. fari á dagskrá, þrátt fyrir að fyrir liggi að heildarfrv. um málefni flóttamanna muni lagt fyrir þingið eftir nokkra daga. Að sjálfsögðu á að ræða þessi mál saman. Það er hægt að afgreiða frv. sem hér er á dagskrá fyrr en heildarfrv. en það á að taka þau saman á dagskrá. Það er alveg ljóst að ella verður tvítekin sú mikla umræða um flóttamenn sem brýnt er að taka upp í þessum sal. Eftir slíku frv. hefur verið kallað árum saman.

Herra forseti. Mér finnst það bruðl og allt að því ósvífni þegar aðeins eitt frv. er eftir á dagskránni að gera hér matarhlé og halda hérna uppi máltíðum fyrir þingmenn bara út af frv. um flóttamenn sem dómsmrh. gerir kröfu um að sé sett á dagskrá. Ég er mjög ósátt við þetta.

Tvær athugasemdir voru gerðar við þetta á fundinum í dag. Við stóðum að þeim athugasemdum, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Það er ömurlegt að verða vitni að því að svona skuli haldið á málum. Ég geri alvarlegar athugasemdir við þetta framferði.

[19:16]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hér er lítils háttar misskilningur á ferðinni því að hæstv. dómsmrh. hefur nákvæmlega enga kröfu gert á forseta þingsins varðandi þetta mál né annað. (**RG:** Svo hafði mér verið sagt.)

Varðandi það að aðeins eitt dagskrármál sé eftir þá er það einfaldlega ekki rétt. Fimm af dagskrármálunum eru óræddenn þá. Tvö þeirra verða tekin út af dagskrá en þrjú tekin til umræðu á eftir. Það lá ljóst fyrir strax í morgun á fundi forsætisnefndar og á fundi forseta með þingflokksformönnum að mér var tjáð, að dagskránni yrði lokið. Reiknað var með að fundur stæði ekki langt fram á kvöldið. Forseti mun gera stutt matarhlé á eftir.

[19:17]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli formanns þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Staðreyndin er sú að formenn þingflokka komu saman til fundar um hádegisbilið og ræddu þinghaldið, þar á meðal þingfundi í dag. Ég stóð í þeirri trú að boðað yrði til fundar formanna þingflokka þegar liði á daginn til að ræða um þinghaldið og hversu lengi skyldi haldið áfram í dag.

Ég vil gera að tillögu minni, herra forseti, að gert verði örstutt hlé og þingflokksformenn komi saman til að ræða framhald þessa þingfundar.

[19:18]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Því miður er sá forseti ekki í húsinu sem fundaði með þingflokksformönnum í dag. Forseta finnst rétt að klára umræðuna um þetta mál og gera síðan hlé á fundinum og þá geta þingflokksformenn spjallað saman.

[19:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að sjálfsögðu við því þegar hæstv. forseti gefur mér orðið. Ég geri ráð fyrir að það verði fundur með þingflokksformönnum á eftir. Ekki veitir af. Það virðist vera eitthvert tengslaleysi á milli manna hér.

Herra forseti. Málið sem hér er til umræðu tekur á sig nýjar og nýjar myndir. Það er miklu fróðlegra en ég hafði gert mér í hugarlund. Samningur hæstv. félmrh. við Öryrkjabandalagið er í raun og veru allur annar en ég sá fyrir mér út frá takmörkuðum fréttum.

Ég vil fyrst, herra forseti, benda á það sem fram kemur í fjárlagafrv. sjálfu. Á bls. 403 kemur fram að heildarfjármagn í málaflokk fatlaðra fyrir árið 2001 er 3.775,6 millj. kr. En miðað við upplýsingar frá hæstv. félmrh. telur starfshópur sem hann hefur skipað að þörf sé fyrir 4,1 milljarð. Það vantar því ekki nema um 325 millj. til að fylla þá tölu nema þá að áætlunin sé fullkomlega úrelt, að hún sé á allt öðru gengi, ef hægt er að nota það orð, en upphæðin sem tilgreind er hér. Hafi starfshópurinn skilað fyrir svo löngu síðan að tölurnar séu úreltar þá getum við ekki notast við tölur eins og 4,1 milljarð, þá erum við að tala um eitthvað allt annað eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Herra forseti. Ég hef afskaplega gaman af því þegar hæstv. félmrh. ræðir málefni fatlaðra. Hann kemur mjög oft inn á sömu þættina en með afar takmörkuðum hætti. Hann byrjaði ræðu sína á því að þegar hann kom í félmrn. hefðu 40% af Framkvæmdasjóði fatlaðra farið til rekstrar og hann, hæstv. félmrh., hafi gert kerfisbreytingu, gert skil á milli þess sem rennur til framkvæmda úr sjóðnum og hins sem rennur til rekstrar en það verið flutt til ríkisins. Þetta er afar takmörkuð lýsing. Málið er að árið 1992 voru sett mjög framsækin lög um málaflokk fatlaðra. Í þeim lögum fólst að í stað þess að byggja dýrar stofnanir ætti að gera sem flestum fötluðum kleift að búa utan stofnana. Það átti að gera þeim unnt að búa utan stofnana með nýjum úrræðum, með liðveislu af ýmsu tagi. Að hluta var sú liðveisla á kostnað ríkisins og hluta á kostnað sveitarfélaganna.

Einnig átti að gera fötluðum kleift að búa sjálfstætt í íbúðum ef þeir hefðu getu til með ákveðnum stuðningi. Þetta voru gífurlegar breytingar frá því sem áður gilti. Ég þarf víst ekki að minna á, a.m.k. ætti ekki að þurfa að minna hæstv. forsrh. á, hversu ólíkir tímar voru á árunum 1992–1995 borið saman við góðærið frá 1996–2000. Einmitt vegna þess að unnið var að þvílíkum kerfisbreytingum í stuðningi við fatlaða átti að veita umtalsvert fé til þessara nýju úrræða. Þá var ákveðið að hluti þeirra yrði á kostnað framkvæmdasjóðsins enda var veitt til hans mikið fé. Í stað þess að rýra framkvæmdasjóðinn og láta síðan á það reyna hvað ríkið kærði sig um, ef við notum þau orð, þá var ákveðið að heimila að 25% gætu runnið úr sjóðnum til þessara nýju úrræða meðan þau væru að festast í sessi. Þetta var mjög merkilegt. Í þessu fólst mikil framsýni sem og í lögunum öllum sem þá voru samþykkt. Þau voru þeirri ríkisstjórn sem þau setti til mikils sóma.

Hæstv. ráðherra segir líka: Enginn málaflokkur hefur vaxið meira en málaflokkur fatlaðra. Eðlilega ekki. Það er ljóst að á meðan ekki er búið að fullnægja þörf fyrir úrræði í þessum málaflokki kallar hvert einasta verkefni á nýja framkvæmd. Það er alveg ljóst að hverri framkvæmd fylgir í kjölfarið ákveðinn fjöldi stöðugilda og rekstur. Þess vegna mun málaflokkurinn vaxa þar til við höfum náð því jafnvægi sem þarf til að geta sinnt þeim sem þurfa sérhæfð úrræði, hvort sem það er rétt eða rangt að sá hópur telji um það bil 0,5% íbúa landsins.

En ráðherrann hefur líka sagt annað. Hann hefur leyft sér að halda því fram að í þeim vexti sem hann hafi stuðlað að í málaflokknum felist tilflutningur stöðugilda og þjónustu frá Kópavogshælinu. Þar hefur mér alltaf sýnst að ráðherrann

skorti ákveðna þekkingu í stærðfræði. Þannig er að ef það er upphæð í félmrn. sem fer til málaflokks fatlaðra og upphæð í heilbrrn. sem fer í félagsleg úrræði fyrir fatlaða þá kosta félagslegu úrræðin upphæðirnar tvær samanlagt. Ef úrræði heilbrrn. eru flutt í sama pottinn hjá félmrn. þá er upphæðin í heild hin sama. Hún hefur bara færst til félmrn. Þess vegna getur málaflokkurinn ekki hafa vaxið sem því nemur, þ.e. tilflutningnum frá heilbrrn. til félmrn. Nei, herra forseti. Hann vex ekki sem því nemur heldur er verið að samræma þjónustu og flytja til útgjöld frá einu ráðuneyti til annars. Þannig er það.

Það var fróðlegt að heyra að hverju nefnd ráðherrans komst að niðurstöðu um, þ.e. að að meðtalinni þjónustu við langveik börn kosti málaflokkurinn ekki meira en 4,4 milljarða. Því er það ekki síður undarlegt að ráðherrann skuli kasta fyrir róða erfðafjárskattinum sem tekjustofni fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Það sem er athyglisverðast, herra forseti, er hins vegar viljayfirlýsingin. Loksins liggur ljóst fyrir hvað verið er að gera. Það á að leggja niður Framkvæmdasjóð fatlaðra. Hann á ekki lengur að fjármagna sambýli og ríkissjóður ætlar ekki lengur að eiga húsin sem sambýlin eru í. Nei, Íbúðalánasjóður á að lána til sambýlanna og öðrum, fötlunarsamtökum, er ætlað að eiga húsin. Ríkissjóður ætlar að sjá um reksturinn þar um sinn áður en hann varpar því yfir til sveitarfélaganna, hálfsveltum málaflokki væntanlega eins og með skólann. Þá mega sveitarfélögin taka við og mega sennilega einhvern tímann í framtíðinni hækka útsvarið meira, vera vondi karlinn sem hækkar skatta.

Ég er með eina spurningu til ráðherrans. Ég ætla að láta mér nægja að leggja fyrir hann eina spurningu: Með hvaða vöxtum mun Íbúðarlánasjóður lána til þeirra húsa sem hússjóður Öryrkjabandalagsins mun leita lána til og hvaða vextir verða almennt á lánum til bygginga leiguíbúða hjá Íbúðalánasjóðnum í framtíðinni?

Ég ætla, herra forseti, að láta mér nægja þessa tvíþættu spurningu. Ég endurtek að það er frábært að hlusta á félmrh. lýsa framtíðarsýn sinni í þessum málaflokki. Ekkert minna en það.

[19:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er dálítið leiðinlegt að þurfa að vera að endurtaka ár eftir ár sömu ræðuna og hlusta á sömu vitleysuna hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. (**RG:** Ég kann ræðuna.) Já, ég veit að hv. þm. kann ræðuna. Hún stóð fyrir því í kosningabaráttu vorið 1995 að ákveða útskrift 42 vistmanna af Kópavogshælinu án þess að fyrir lægju nokkrir peningar, hvorki frá heilbrrn. né öðrum. Fyrir bragðið lengdust biðlistar og við höfum talið okkur skuldbundin að klára þessar útskriftir þó ekki hafa komið neinir peningar frá heilbrrn. til að dekka kostnaðinn sem af þessu hefur hlotist.

Það liggur fyrir í frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem ég mælti fyrir, líklega fyrir tæpum hálfum mánuði, að fyrirhugað er að leggja Framkvæmdasjóð fatlaðra niður þegar félagsþjónustufrv. tekur gildi 2002. Framkvæmdasjóður fatlaðra heyrir því senn sögunni til. Það er ekki meiningin að Íbúðalánasjóður fjármagni að öllu leyti þessar húsbyggingar. Öryrkjabandalagið reisir þessi hús en áskilur sér rétt til að sækja um lán í Íbúðalánasjóði fyrir einhverjum hluta kostnaðarins. Öryrkjabandalagið tekur að sér að reisa þessi hús og við munum taka þau á leigu eftir því sem um semst við Öryrkjabandalagið. Vextir af leiguíbúðalánum hafa ekki enn verið ákveðnir. Það á enn eftir að ganga formlega frá því og þar af leiðandi get ég ekki upplýst um það.

Varðandi það hvort við séum að tala um úreltar kostnaðartölur eða ekki, þá er gengið frá þessari skýrslu 10. október í haust, þ.e. eftir að fjárlagafrv. kom fram. Ég tel því að hér sé um að ræða tölur sem er fyllilega treystandi.

[19:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég ásamt páv. heilbrrh. stóð að því að stefna að útskrift fatlaðra af Kópavogshæli. Án peninga, segir hæstv. félmrh. sem hefur rýrt Framkvæmdasjóð fatlaðra árum saman og lítið gert með útskriftir af Kópavogshæli en það mun ég ræða við hann þegar fyrirspurn til hans verður svarað, væntanlega fyrir jól. Hins vegar er ljóst að stöðugildi fylgdu frá Kópavogshæli og þau eru ígildi fjármagns í þessum málaflokkum.

Herra forseti. Íbúðalánasjóður á ekki að öllu leyti að lána fyrir húsum. Það þýðir að hússjóðurinn á annaðhvort að leggja út fyrir þeim sjálfur eða fá lán annars staðar og vextir hafa ekki enn verið ákveðnir.

Félmrh. talar enn í véfréttastíl. Hann hefur núna gert samning til fimm ára og varpað ábyrgðinni á aðra enda þorir sá sem situr á stóli félmrh. ekki að horfa fram í tímann og ganga út frá því að sjóðir sem komið hefur verið á laggir með lögum standi áfram.

Herra forseti. Af því að ég held að hæstv. félmrh. viti það ekki þá er starfsmannahúsið í Kópavogshæli eiginlega ekki lengur íbúðarhæft. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að félmrh. er alveg sama um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með útlendingum, 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313.

[19:33]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Á fundi þingflokksformanna um hádegisbilið í dag var ákveðið að þegar liði á daginn mundu þingflokksformenn koma saman til fundar til að ræða þinghaldið og m.a. þá ósk sem fram hafði komið frá einum þingflokksformanni um að hér yrði kvöldfundur. Aðrir þingflokksformenn gerðu athugasemdir við það og líka við þau mál sem sett höfðu verið á dagskrá. Fyrir stundu var vakin á þessu athygli undir þessum sama dagskrárlið.

Ég kveð mér nú hljóðs um fundarstjórn forseta. Ég skildi hæstv. forseta, sem þá sat í forsetastól, þannig að gert yrði hlé til að ræða þessi mál og þingflokksformenn kæmu saman til að ræða um framhald þingsins. Við höfum nú lokið alllangri umræðu um ríkisfjármálin og sú ósk hefur komið fram frá formanni þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, og ég tekið undir það sjónarmið, að nú verði gert hlé á þinghaldinu, að við komum aftur saman til fundar í fyrramálið en ekki verði framhald á umræðunni hér.

[19:35]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Orðaskiptin hér áðan fóru reyndar fram hjá forseta. Það urðu vaktaskipti en mér er tjáð að hæstv. forseti á undan mér

hafi talað um að gera matarhlé. Forseti gerir nú hlé á þessum fundi til kl. 8.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:35]

Skráning skipa, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál (kaupskip). — Þskj. 118, nál. 349.

[20:20]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum. Samgn. stendur öll að þessu áliti.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá samgrn.

Í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að skrá kaupskip þurrleiguskráningu þegar skilyrðum laganna um eignarráð er ekki fullnægt en aðili, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, hefur hins vegar umráð skipsins með samningi. Tilgangur frv. er að rýmka heimildir til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 373.

[20:21]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir bárust nefndinni frá Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Siglingastofnun og Landhelgisgæslunni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að samgrh. hlutist til um það við Siglingastofnun að hún hefji sem fyrst rannsóknir við Bakkafjöru og á öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.

Í umsögn Siglingastofnunar kom fram að stofnunin væri reiðubúin að taka þetta verkefni að sér.

Allir nefndarmenn sem viðstaddir voru afgreiðsluna standa að þessu. Hv. þm. Jón Bjarnason skrifar undir með fyrirvara.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

[20:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til síðari umræðu till. til þál. um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum eins og hv. formaður samgn. hefur mælt fyrir.

Eins og fram kemur í nál. rita ég undir það með fyrirvara. Fyrirvari minn er fólginn í því að þær undirbúningsrannsóknir sem þarna þarf að ráðast í kosta fjármagn. Til slíkra rannsókna þarf að ætla fjármagn með eðlilegum hætti á fjárlögum á hverjum tíma en ráðast ekki í þær án þess að veitt hafi verið fjármagn til þess sérstaklega eða þá að Siglingamálastofnun telji að hún geti lagt til af því fé sem hún hefur til umráða.

Ég tek að öðru leyti undir nauðsyn þess að kanna möguleikana á því að ferjur, skip eða bátar, komi þarna að landi. Suðurströndin er hafnlaus eða lélegar hafnir þar á löngum köflum og því er full ástæða til að hugað verði að því hvernig þar megi bæta úr. Gott væri ef hægt væri að koma þar upp ferjuhöfn milli lands og eyja.

Herra forseti. Fyrirvari minn lýtur því að að sjálfsögðu verði ekki ráðist í þessar rannsóknir nema til þeirra sé ætlað fjármagn. Annars er þetta hið besta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 20:25.

---

40. FUNDUR

þriðjudaginn 5. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2000, stjfrv., 156. mál, þskj. 366, frhnál. 413, 418 og 419, brtt. 414, 415, 416, 417, 420, 422 og 423. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Blindrabókasafn Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 184, nál. 368. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Lyfjalög, frv., 300. mál, þskj. 342. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Sjúklingatrygging, frv., 301. mál, þskj. 343. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, stjfrv., 310. mál, þskj. 370. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118, nál. 349. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 373. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 324. mál, þskj. 409. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206, nál. 365 og 367, brtt. 243. — 2. umr.
10. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 283. mál, þskj. 311. — 1. umr.
11. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 260. mál, þskj. 287. — 1. umr.
12. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288. — 1. umr.
13. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 293. — 1. umr.
14. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 314. — 1. umr.
15. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376. — 1. umr.
16. Barnalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 377. — 1. umr.

17. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, stjfrv., 318. mál, þskj. 400. — 1. umr.

18. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412. — Fyrri umr.

19. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 330. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 429.

Umræður utan dagskrár.

Staðan á fiskimjölsmörkuðum í Evrópu.

[13:33]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur hefur á vegum Evrópusambandsins verið fjallað um tillögur dýralæknanefndar ESB um að banna allt dýramjöl í skepnufóður. Í gær var haldinn fundur landbúnaðarráðherra ESB og var á þeim fundi ákveðið að undanskilja fiskimjöl frá allsherjarbanni við dýramjöli.

Mikill meiri hluti ráðherranna samþykkti að leyfa fiskimjöl í svína-, alifugla- og fiskafóður en allt dýramjöl er bannað í nautgripa-, kinda- og geitafóður, þ.e. jórturdýr.

Nú þarf ekki að taka fram að hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir okkur Íslendinga. Stærstu mjölframleiðendur heimsins, Perú, Chile, Danmörk, Noregur og Ísland framleiddu á síðasta ári 3,7 millj. tonn, þar af Íslendingar 235 þús. tonn. Átta af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins reka fiskimjölsverksmiðjur en þær eru um 20 talsins í landinu öllu. Velta þessara fyrirtækja í mjöli og lýsi er á bilinu 10% og upp í 20% af veltu viðkomandi fyrirtækja.

Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi mjöl- og lýsisiðnaðarins fyrir íslenskt efnahagslíf. Rekstrarforsendur sjávarútvegsfyrirtækjanna eru í stórhættu, fjöldi starfa í óvissu, nótaskipaflotinn í erfiðleikum, tekjumissir sveitarfélaga, orkunotkun og skipafélög í rekstrarvanda vegna flutninga.

Enda þótt landbúnaðarráðherrar ESB hafi á fundi sínum í gær samþykkt að banna ekki fiskimjöl í fóður fyrir svín, alifugla og fiska, þá eru enn blikur á lofti. Takmörkun á díoxíninnihaldi í mjöli og lýsi verður á dagskrá hjá Evrópusambandinu 14. desember nk.

Eins og kunnugt er var framinn glæpur í kjöt- og beinamjölsverksmiðju í Belgíu á síðasta ári þar sem mikið magn af díoxínmengaðri smur- og/eða spennubreytaolíu var blandað í dýrafóðursframleiðsluna. Afleiðingar þessa slyss urðu m.a. þær að mikill pólitískur þrýstingur var settur á fulltrúa Evrópusambandsins að setja upp hámarksviðmiðunarmörk fyrir díoxín í alla efnishluta sem fara í dýrafóður þar með talið fiskimjöl og lýsi. Af þessu tilefni er ástæða til að spyrja hæstv. utanrrh. nokkurra spurninga.

1. Er ekki ástæða til að stjórnvöld taki sér tak varðandi rannsóknir og sýnatöku á díoxín? Slíkar rannsóknir gætu í náinni framtíð orðið forsenda þess að markaðssetja fiskimjöl og lýsi frá Íslandi. Það mun vera fjármagn til í sjútvrn. og e.t.v. getur hæstv. sjútvrh. upplýst um 13 millj. kr. en hingað til hafa díoxínmælingar verið framkvæmdir af fyrirtækjunum sjálfum. Þetta eru dýrar mælingar og er bundið erfiðleikum að framleiðendurnir sjálfir framkvæmi mælingarnar.

2. Er í undirbúningi reglugerð varðandi vinnslu á laxaúrgangi frá fiskeldisstöðvum? Slíkan úrgang má ekki vinna saman við fiskimjöl til fóðurs samkvæmt nýjum reglum ESB. Það mun vera svo að á Íslandi falli til um 300–400 tonn af laxaúrgangi og þeim úrgangi er í einhverjum tilfellum blandað inn í vinnsluferlið hjá viðkomandi verksmiðju.

3. Er ekki ráðlegt að opinber stjórnvöld á Íslandi herði allt eftirlit þar sem í ljós hefur komið að fiskimjöl hefur verið blandað með kjötmjöli m.a. af fyrirtæki sem Íslendingar hafa átt aðild að?

4. Má gera ráð fyrir því að Þjóðverjar og Frakkar fylgi í öllu nýjum samþykktum ESB en þeir höfðu áður sett strangari reglur?

5. Nú hefur ESB beint tilmælum til dýrafóðursframleiðenda að nota heldur mjöl frá Chile og Perú þar sem mengun mælist minni. Hefur verið unnið að því að fá íslenskar afurðir flokkaðar sér þar sem mengun hér er lítil og svipuð og í ofangreindum löndum, þ.e. Chile og Perú, í stað þess að flokka okkur með Norðursjónum sem er miklu mengaðri?

6. Er ekki tímabært fyrir okkur Íslendinga að gera átak sem mundi duga til þess að auka fullvinnslu á uppsjávarfiskum til manneldis?

Virðulegi forseti. Ég vænti umræðna um þessi mál. Þetta eru stórmál fyrir íslenskt efnahagslíf, stórmál fyrir landsbyggðina. Mjölvinnslan er okkur ákaflega mikilvæg og við megum ekki lenda í því að afurðir okkar séu flokkaðar með afurðum ESB-svæðisins sem eins og ég gat um áðan er stórmengað og eftir þeim upplýsingum sem ég hef erum við á svipuðu róli og þau framleiðslusvæði sem EB hefur beint framleiðendum sínum til.

[13:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið allmikið í fréttum að undanförnu og sú niðurstaða sem er fengin í því er að okkar mati sú besta mögulega fyrir íslenska hagsmuni miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Að vísu er eftir að sjá hvernig Þjóðverjar bregðast við og utanrrn. mun halda áfram að fylgjast með íslenskum hagsmunum gagnvart þeim og það sama á við um Frakka. En sú samþykkt sem gerð var í ráðherraráðinu í gær gerir ráð fyrir að sömu reglur gildi á öllum innri markaðnum þannig að það er þá jafnframt beiðni til þeirra ríkja sem ekki hafa þær reglur að þær fylgi sömu reglum.

Drögin sem voru lögð fyrir ráðherrafundinn í gær í Brussel gerðu ráð fyrir almennu banni og svo virðist sem skjót viðbrögð okkar Íslendinga hafi borið árangur og viðbrögð nokkurra annarra ríkja því að niðurstaða fundarins varð sú að ráðherraráðið samþykkti sex mánaða bann við notkun fóðurmjöls við ræktun jórturdýra en leyfði áframhaldandi notkun fiskimjöls í svína- og kjúklingarækt sem varðar meginhluta útflutnings íslenskra aðila til ESB.

En þó að vel hafi tekist til í þetta sinn og mikilvægir íslenskir hagsmunir varðir, þá er að mínu mati engin ástæða til einhverrar kokhreysti í þessu máli og einhverrar sjálfumgleði. Þetta mál sýnir afskaplega vel hversu skjótt veður geta skipast í lofti og hversu mikilvægum hagsmunum getur verið fyrirvaralaust ógnað þannig að íslensk stjórnvöld eigi erfitt

með að hafa stjórn á atburðarásinni. Í þessu tilfelli skipti miklu að fulltrúar Íslands áttu aðgang að fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB um dýraheilbrigði og gátu þar komið á framfæri sjónarmiðum Íslands. Þennan aðgang eigum við á grundvelli EES-samningsins en eftir að málið fór til meðferðar í ráðherraráðinu voru fulltrúar Íslands útilokaðir frá frekari umræðu. Í reynd eigum við ekki aðgang að þeirri byggingu sem fundurinn fór fram í nema vegna þess að við höfum gert svokallað Schengen-samkomulag og fulltrúar okkar gátu verið á göngunum þar í húsinu í krafti þess en þeir gátu ekki verið á göngunum í krafti þess að við erum aðilar að innri markaðnum. Þetta sýnir að við þurfum að vera vel undirbúin til að takast á við mál eins og þetta.

Hv. þm. spurði ýmissa spurninga, t.d. að því er varðaði díoxín. Það er alveg rétt að það mál getur komið upp á nýjan leik og við þurfum að undirbúa það vel. Ég get ekki svarað um reglugerð að því er varðar laxaúrgang. Ég get heldur ekki svarað að því er varðar eftirlit. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. geti svarað því betur en ég, en við þurfum að sjálfsögðu að búa okkur undir þetta mál.

Það er rétt hjá hv. þm. að minni mengun málma hefur mælst við strendur Suður-Ameríku en að meðaltali í Evrópu. Þess vegna er mikilvægt að litið sé á afurðir í Norðurhöfum sérstaklega en hvað sem verður um aukna framleiðslu til manneldis, sem ég get tekið undir, þá liggur alveg ljóst fyrir að fiskimjölsframleiðsla verður mikilvæg á Íslandi á ókomnum árum því að engar líkur eru til þess að við getum alveg á næstunni komið öllu því til manneldis sem nú fer til dýrafóðurs. Við verðum að reka þessi mál á þeim grundvelli og búa okkur undir það sem fram undan er með þeim hætti.

Ríkisstjórnin ákvað að bregðast mjög hart við í þessu máli og það virðist hafa tekist a.m.k. að verulegu leyti og ríkisstjórnin mun halda áfram að taka þessi mál af mikilli alvöru og undirbúa næstu skref í samræmi við það hvort sem við erum að tala um það díoxín-mál sem hv. þm. nefndi eða áframhaldandi aðgerðir að því er varðar bann sem er í gildi bæði í Frakklandi og Þýskalandi eins og nú standa sakir.

[13:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það tókst að afstýra því að settar yrðu reglur sem fella fiskimjöl undir beina- og kjötmjöl og þar með að það yrði bannað til skepnufóðurs í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Það tókst að þessu sinni. Utanríkisþjónustan okkar stóð sig vel og í Brussel fundu menn vel fyrir fulltrúum landsins á meðan togast var á um þetta atriði. Það var ekkert einfalt því að ýmsir sáu hagsmuni í því að banna fiskimjölið og mikil pólitísk undiralda var í þessu máli. En þrotlaus vinna og virkjun annarra til vinnu fyrir okkur og málstað okkar leiddi til þeirrar niðurstöðu að vísindalegu rökin höfðu betur en hin pólitísku.

Þetta mál segir okkur, herra forseti, hversu vakandi við þurfum að vera fyrir hagsmunum okkar. En þessi sigur var bara áfangasigur hvað varðar fiskimjölið því eins og hér hefur komið fram er fram undan barátta vegna díoxíns. Þar þurfum við að berjast fyrir viðurkenningu á þeirri sérstöðu að minna díoxín er í fiski af Íslandsmiðum en úr Norðursjó. Þá sérstöðu þurfum við að styðja órækum vísindalegum gögnum sem vandaðar rannsóknir þarf til að staðfesta. Í því liggja gríðarlegir efnahagslegir hagsmunir sem, herra forseti, geta tengst útflutningi okkar á fiskafurðum yfirleitt í framtíðinni.

Þetta mál og sú mikla barátta sem þurfti til að vekja athygli á málstað okkar og hagsmunum vekur auðvitað upp hugsun um það hve veik staða það er að þurfa að eftirláta öðrum að taka ákvarðanir um hagsmunamál okkar. Staða okkar í þessu tilfelli og öðrum sambærilegum hefði getað verið önnur ef við hefðum sjálf getað verið við borðið.

Að þessu sinni urðu hin vísindalegu rök ofan á. Engu er þó að treysta hvað það varðar til framtíðar. Þar reynir á okkur sjálf og þá sem vilja vera vinir okkar.

[13:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er mikill léttir fyrir okkur öll að heyra þá niðurstöðu sem varð í gær varðandi fiskimjöl og notkun þess í skepnufóður í Evrópu. Það er hins vegar rétt að fleiri blikur eru á lofti og þess vegna hafði verið tekin ákvörðun um það, áður en þetta mál reyndar hófst, að auka sýnatöku til þess að kanna díoxín. Ísland var reyndar eina ríkið sl. haust sem var tilbúið með áætlun um sýnatöku þegar díoxínmálin voru í umræðu og raunverulega hafa eldri sýni sem áður höfðu verið tekin og síðan verið rannsökuð, sýnt fram á hver staðan er hjá okkur. Í þessum efnum almennt förum við í framtíðinni að geta betur sýnt fram á stöðu okkar og þar með á þá sérstöðu sem við höfum í hreinum sjávarafurðum.

Varðandi það hvort herða þurfi eftirlit vegna blöndunar þá tel ég svo ekki vera. Ég held að eftirlitið hér sé mjög gott og það var m.a. eitt af þeim atriðum sem við sýndum fram á með gögnum í þessu máli að eftirlit hér á landi skilur algjörlega að dýramjöl og fiskimjöl. Blöndunin sem hefur verið í umræðunni átti sér stað erlendis eftir að mjölið hafði verið selt úr landi. Það verður auðvitað barátta um díoxínið. Hins vegar gefur skýrsla vísindamannanna sem nú liggur fyrir ekki tilefni til þess að sett verði sérstök mörk. Hún gerir hins vegar greinarmun á mjöli frá Evrópu og mjöli annars staðar frá en þar er það okkar að vinna markaðsvinnuna.

Varðandi fullvinnslu, þá er verið að vinna í þeim efnum. Ný skip eru að koma inn í flotann sem nýta uppsjávarfiska á annan hátt og það er vel.

Varðandi hins vegar það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði, að vísindalegu rökin hefðu orðið ofan á, þá er það alls ekki rétt. Vísindalegu rökin urðu ekki ofan á. Það var hinn aukni meiri hluti sem hjálpaði í málinu og niðurstaðan varð vegna pólitísks hráskinnaleiks. Ef vísindalegu rökin hefðu orðið ofan á, hefði notkun á fiskimjöli í fóður til jórturdýra ekki verið bönnuð.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í ljósi þeirra viðbragða sem orðið hafa í mikilvægum markaðslöndum okkar í Evrópu fyrir fiskimjöl er afar nauðsynlegt að standa vel að öllu er að fiskimjölsframleiðslu lýtur hérlendis. Fiskimjöl er lítill hluti af mjölframleiðslu heimsins. Jurtamjöl ræður í raun heimsmarkaðsverði.

Árið 1999 voru flutt út frá Íslandi 235 þús. tonn af fiskimjöli, 62,5% af mjölinu fóru til landa Evrópusambandsins og 23% til Noregs. Af þeim 147 þús. tonnum af mjöli sem flutt voru út til Evrópusambandsins í fyrra frá Íslandi má áætla að tæplega 122 þús. tonn eða allt að 83% hafi verið notuð í annað fóður en fiskeldisfóður. Þetta þýðir tæplega 52% af öllu útfluttu mjöli frá Íslandi á árinu 1999. Því er afar mikilvægt að hérlendis verði vel að verki staðið og að við verðum á engan hátt tengd við ólöglegt athæfi, t.d. blöndun mjöls og/eða aðra misjafna framleiðslu.

[13:50]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er stutt síðan við hæstv. landbrh. áttum orðaskipti um hugsanlegar smitleiðir í íslenska kúastofninn, þ.e. með innflutningi á norskum fósturvísum. Creutzfeldt-Jacobs sjúkdómurinn er alvarlegur sjúkdómur og því er eðlilegt að það sé og hafi verið hart brugðist við kúariðusmiti á Evrópumarkaðnum. Smitsjúkdómar eiga sér engin landamæri. Við ferðumst út um allan heim. Vörur eru sendar heimshornanna á milli og því verður að sýna alla gát.

En þegar fréttir bárust um að til stæði að banna fiskimjöl í dýrafóður var okkur brugðið því að við eigum að vita að kúariðusmit er ekki í fiski og berst ekki með fiskimjöli. En því miður gerast hlutir eins og þessir. Stundum er brugðist við með pólitískum leik en ekki með rökum. Og því miður var ástæða fyrir því að þetta bann átti einnig að ná til fiskimjöls því að til eru framleiðendur sem hafa haft óhreint mjöl í pokahorninu og blandað kjötmjöli saman við fiskimjölið. Gróðafíkn rekur marga áfram. Við verðum að standa vörð um okkar framleiðslu og við verðum að láta stundarhagsmuni víkja fyrir möguleikum okkar til að framleiða hreina og trúverðuga vöru. Við unnum þessa baráttu. En við verðum að auka eftirlit og rannsóknir og við verðum að uppfylla ýtrustu kröfur um hreina framleiðslu.

[13:52]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Umræða innan Evrópusambandsins um allsherjarbann á notkun mjöls í fóður var byggð á röngum forsendum. Með hörðum viðbrögðum utanrrn. tókst að koma réttum upplýsingum í umræðuna með jákvæðum afleiðingum fyrir íslenska þjóð. Lyktum þessa máls ber að fagna svo langt sem það nær.

En nú eru fleiri blikur á lofti. Á fundi hv. sjútvn. í morgun með fulltrúum mjölframleiðenda á Íslandi kom m.a. fram að til umræðu er innan Evrópusambandsins að banna notkun fiskimjöls vegna of hás díoxíninnihalds sjávarfangs. Þar virðist umræðan, herra forseti, líka á villigötum. Hún er byggð, eins og fram kom í máli hæstv. utanrrh., á ástandi sjávar í Evrópu að meðaltali og þá lagt að jöfnu ástand sjávar hér við Ísland og t.d. í Norðursjó og er sannarlega ólíku saman að jafna.

Hér er um að ræða svo alvarlegt mál að það kynni jafnvel að leggja efnahag Íslendinga í rúst. Ef ekki verður heimilt að nýta fiskimjöl úr íslensku sjávarfangi vegna díoxíns hljóta menn að spyrja um næstu skref. Verður þá hið sama á síðari stigum látið gilda um þorskinn og annað sjávarfang almennt? Um afleiðingar þess þarf ekki að fara mörgum orðum. Það þyddi einfaldlega hrun í efnahagslífi og atvinnulífi Íslendinga.

Ég lýsi ánægju minni með festu hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnar í mjölmálinu. Ég treysti því jafnframt að allt verði gert sem fært er til að koma réttum upplýsingum á framfæri við þá aðila innan Evrópusambandsins sem véla um örlög efnahagslífs okkar á grundvelli díoxíns. Ég fagna frumkvæði hæstv. sjútvrh. um sýnatöku á díoxíni. Það er brýnt að við látum gera strax markvissa úttekt á ástandi sjávar við Íslandsstrendur og komum réttum upplýsingum á framfæri við umræddа aðila. Við getum ekki látið rangar upplýsingar þeirra setja efnahagslíf okkar í uppnám.

[13:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Bann við sölu á fiskimjöli á Evrópusvæðinu hefði haft geigvænlegar afleiðingar á íslenskan sjávarútveg. Bann við sölu á því til kjötframleiðslu af jórturdýrum breytir viðskiptaumhverfinu mikið en ætti ekki að valda stóráföllum. Þó að við getum andað léttara er samt ástæða að spyrja hæstv. utanrrh. hvort möguleikar og aðstaða Íslendinga til að hafa áhrif á niðurstöðuna hafi að einhverju leyti verið takmarkaðri en t.d. Dana sem eru meðal stærstu mjölframleiðenda í Evrópu en eru aðilar að Evrópusambandinu og hvort hann sjái þá nokkrar leiðir til að tryggja virkari áhrif okkar á framgang mála af þessu tagi í framtíðinni. Full ástæða er til að spyrja vegna þess að annað sambærilegt mál er í aðsigi.

Í síðustu viku kom fram afar svört skýrsla um díoxín og PCB-innihald í fiskimjöli og lýsi framleitt í Evrópu og þann 14. desember verður það tekið fyrir hjá Evrópusambandinu hvort setja eigi hámark á þessi efni. Það er hætta á að mjöl frá Íslandi verði sett í flokk með öllu öðru mjöli framleiddu í Evrópu og það þar með útilokað frá mörkuðum þó að það hafi lægra díoxín- og PCB-innihald en mjöl sem framleitt er í Evrópu.

Þarna er mikil hætta á ferðum og full ástæða er til að fara yfir hvað hægt er að gera hér heima til að tryggja stöðu okkar við að verjast vandamálum af þessu tagi sem eru reyndar uppi í báðum þessum málum. Í umfjöllun málsins hefur komið fram að ekki eru nægilegar vottaðar upplýsingar tiltækar til að sanna gæði afurða úr fiskimjöli. Það vantar vottað framleiðsluferli sem sannar að engum öðrum framleiðsluvörum sé blandað í mjölið. Það vantar mælingar á efnainnihaldi sem sanna að öllum kröfum sé fullnægt um eftirlit með eiturefnainnihaldi og það er líka nauðsynlegt að hafa gagnsæjar reglur um öll matvæli úr jórturdýrum sem ætluð eru til sölu í Evrópu svo hægt sé að sanna að kjötmjöl hafi ekki verið notað við framleiðslu þeirra.

[13:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur grúft yfir einni mikilvægustu atvinnugrein okkar, fiskimjölsiðnaðinum, mjög alvarlegur skuggi vegna fyrirhugaðs banns Evrópusambandsins á notkun fiskimjöls í fóður. Það er ljóst, eins og rækilega hefur komið fram í þessari umræðu, að þetta bann hefði haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið og líklega lagt fiskimjölsiðnaðinn í landinu í rúst. Sem betur fer er búið að afstýra þessari vá. Það kom fram á fundi sjútvn. í morgun, þar sem fulltrúar fiskimjölsiðnaðarins sátu, að það var einmitt fyrir frumkvæði íslenskra stjórnvalda að þetta tókst. Ekki var nokkur vafi í þeirra huga að hefðu Íslendingar ekki brugðist svo hart við og skynsamlega og skipulega, þá stæðum við í allt öðrum sporum í dag.

Ég held að ástæða sé til að vekja athygli á því að þau mál sem hér hafa verið gerð að umræðuefni, þ.e. hugmyndir um bann við notkun á fiskimjöli og enn fremur díoxínmálið sem menn hafa rætt hér, eru hvort tveggja mál sem eiga rætur sínar að rekja til misnotkunar og jafnvel glæpsamlegs athæfis, t.d. kveikjan að þessu díoxínmáli, og allir þekkja. Það er ástæða til að halda þessu til haga.

Það er líka ástæða fyrir okkur til að vekja athygli á því að díoxíninnihald í afurðum sem framleiddar eru í okkar fiskimjölsverksmiðjum er miklu lægra en gengur og gerist í Evrópu. Enn fremur er ástæða til þess að minna á að fiski-

mjölsverksmiðjur okkar hafa allar gengið í gegnum mikla fjárfestingu og endurbætur og þær vinna eftir viðurkenndu gæða- og stýrikerfi sem Evrópusambandið viðurkennir og er þess vegna trygging fyrir því að hægt sé að sýna fram á rekjanleika afurðanna sem skiptir öllu máli.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta mál sýni okkur fyrst og fremst að mjög mikilvægt er að vanda til þessarar framleiðslu og þar reynir á atvinnulífið sjálft sem hefur sýnt og sannað að það stendur undir þeirri ábyrgð, en síðan á árvekni og gott samband af hálfu íslenskra stjórnvalda sem kom glögglega fram í þessu máli.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var og er fullkomlega skiljanlegt að Evrópusambandsþjóðirnar skyldu grípa til harðra aðgerða gegn kúariðufárinu sem þar hefur verið að gjósa upp. En það hefði auðvitað verið mikið áfall fyrir okkur ef íslenskt fiskimjöl hefði að ósekju verið sett út af sakramentinu í slíkum aðgerðum.

Því miður, eins og hér hefur ítrekað verið nefnt, hafa ýmsir í fóðurvöruiðnaðinum í Evrópu haft óhreint mjöl í pokahorninu í bókstaflegri merkingu og af þeim ástæðum verður að líta til þess — og þær röksemdir fyrir tímabundnu allsherjarbanni eru skiljanlegar — að vegna hættu á blöndun í skjóli þess að tilteknar gerðir mjöls væru leyfðar og vegna erfiðleika við að hafa á því eftirlit, yrðu menn að fara út í svona harkalegar aðgerðir.

Herra forseti. Ég skýt því inn í að mér fundust ýmsir aðilar hér heima vera fullfljótir á sér að útnefna umhverfisverndarsinna sem sérstaka óvini í þessu máli eða vera með getgátur uppi um að tillögur um allsherjarbann, þar með talið á fiskimjöli, væru frá slíkum komnar algerlega að tilefnislausu það best ég veit. Fyrir slíku hefur enginn fótur verið. Það að neytendamál eru eðlilega ofarlega á dagskrá í þessu sambandi hljóta allir sanngjarnir menn að viðurkenna að er skiljanlegt í ljósi þeirra hneyksla sem upplýst hefur verið um.

Herra forseti. Niðurstaðan sem liggur fyrir er mikill léttir fyrir okkur. Sá lærdómur sem ég tel að við eigum að draga af þessu öllu er sá að standa vel að málum hér heima fyrir og að héðan komi vottuð og viðurkennd gæðaframleiðsla sem sé viðurkennd og eftirsótt. Það er að mínu mati besta tryggingin inn í framtíðina. Ef þannig verður að málum staðið eru allar ástæður til að ætla að bjart sé fram undan í þessari atvinnugrein vegna þess að vaxandi eftirspurn er eftir gæðaframleiðslu af þessu tagi.

[14:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þeim árangri sem náðst hefur í þessu mikilvæga máli. Ég vil líka vekja athygli á því að nú er Evrópusambandið að sigla í kjölfar þess sem gert var á Íslandi fyrir 22 árum þegar Íslendingar tóku þá ákvörðun að banna notkun beinamjöls í fóður jórturdýra. Þannig höfum við Íslendingar stundum verið á undan og eigum að vera á undan og eigum að viðurkenna það í mörgum málum.

Fyrst og fremst kem ég hér enn og aftur til að harma málflutning hv. þm. Þuríðar Backman. Gróa gamla á Leiti var til. Hún kunni aðferðirnar.

Láttu það svona í veðrinu vaka,
þú vitir að hann hafi unnið til saka.

Málflutningur fólks sem fer fram með þeim hætti að reyna að líkja Íslandi við Evrópu, reyna að líkja Noregi við Evrópu hvað kúariðu varðar, er vítaverður vegna íslenskra hagsmuna. Ísland og Noregur eru þar með sérstöðu. Þess vegna eigum við að fagna þeirri stöðu sem við Íslendingar höfum og við eigum að nýta okkur þá stöðu til að bæta kjör fólksins í landinu og hafa áhrif á heiminn en ekki að stunda þann málflutning sem því miður kom úr þessari átt að þessu sinni, að skaða íslenska hagsmuni, að skaða íslenskan landbúnað, að skaða íslenska náttúru, heldur eigum við að hafa sannleikann að leiðarljósi og ekki að stunda ómerkilegan málflutning í garð heiðarlegra stjórnmálamanna.

Ég harma þennan málflutning. Hann er ekki að koma fram í fyrsta sinn. Hann er sagður með sama hætti í þriðja sinn. Hann er sagður í Morgunblaðinu í dag, hann er sagður til þess að reyna að vekja pólitískar deilur til þess að ausa menn sem hafa staðið heiðarlega að málflutningi sínum auri. Ég harma það. Ef vinstri grænir halda að þetta sé ávinningur til þess að eiga hylli kjósesnda, þá eru þeir á svartri og rangri leið.

[14:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir umræðuna sem hefur að mestu leyti verið jákvæð en ég vil nota þennan tíma til að byrja á því að vara hæstv. landbrh. við að vera með sleggjudóma af því tagi sem komu fram í málflutningi hans áðan vegna þess að við höfum upplifað það út um allan heim að menn hafa ekki hlustað á röksemdir og sagt að allt sé í lagi þó að það hafi ekki verið. Og menn hafa tekið áhættu sem hefur reynst dýrkeypt. Umræðan er að sjálfsögðu góð og allir eru hér í umræðu undir því yfirskyni að láta gott af sér leiða og afstýra vandamálum sem e.t.v. kunna að koma fram.

Ég vil benda hv. þm. á að þetta mál með fiskimjölið er náttúrlega fyrst og fremst pólitískt mál vegna þess að það voru neytendur sem fylltust viðbjóði í Evrópu þegar fréttirnar komu um að rutt var í gegnum dýrin afgangsolíu og jafnvel saur. Auðvitað þarf að ræða þessi mál vegna þess að sannleikurinn í slíkum málum kemur ævinlega í ljós og við eigum að vera bestir og það er það sem þessi málflutningur gengur út á. Það er þess vegna sem ég t.d. hvatti hæstv. sjútvrh. til þess að beita sér fyrir því að þær grunnrannsóknir sem nauðsynlegar eru til markaðsfæra verði gerðar. Það styrkir stöðu okkar. Það gerir okkur kleift að vinna áfram.

Ég vil að síðustu árétta að auðvitað þökkum við utanríkisþjónustufólki okkar fyrir að hafa unnið áfangasigur í þessu máli en það er alveg himinklárt að undirbúningsvinna okkar, rannsóknir þar sem hægt er að rekja vinnsluferlið og hollustu vörunnar er okkur alger nauðsyn til framtíðar litið.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem sýnir að mikil samstaða er um að halda uppi miklum gæðum í íslenskri framleiðslu og ég er algerlega sammála því að við þurfum að vanda mjög til allrar framleiðslu hér á landi og gera miklar kröfur til okkar sjálfra og til sjávarútvegs okkar.

Það er hins vegar alveg rétt eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að það voru ekki vísindaleg rök sem hér réðu úrslitum heldur pólitísk átök. Það var viðurkennt af öllum sem við töluðum við að við hefðum hin vísindalegu rök algerlega með okkur. Hins vegar væri það hættan á blöndun sem réði ferðinni og það vantraust sem hefði skapast á markaðnum og að endurvinna þyrfti það traust neytenda. Út á það gekk

málið. Og það var í því ljósi sem mjög erfitt var að koma að nauðsynlegum rökstuðningi. Það var erfitt að fá menn til að fara eftir honum. Það tókst í þetta skiptið en vegna spurningar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, þá er það alveg ljóst að við höfum ekki sömu áhrif á gang í svona máli og aðildarríki að Evrópusambandinu, án þess að ég ætli eitthvað að blanda því inn í umræðuna um það, þá liggur það alveg ljóst fyrir. Við höfum ákveðin áhrif upp að ákveðnu stigi en þegar mál eru komin inn í ráðherraráðið þá eigum við ekki aðgang að því borði. Það liggur alveg ljóst fyrir og hefur alltaf legið ljóst fyrir. Það eina sem við getum gert er að tala við aðildarþjóðirnar og það er það sem við höfum gert í þessu máli. Sem betur fer tókst það bærilega í þetta skipti en svona mál geta að sjálfsögðu komið upp aftur og þess vegna þurfum við að halda vöku okkar.

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 5. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[14:09]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég hefði seint trúað því að ég mundi standa hér og bera af mér sakir en ég vil mótmæla orðum hæstv. landbrh. Ég tel að hvorki það sem ég sagði í minni stuttu ræðu áðan, í umræðum um daginn né í blaðagrein þeirri sem hæstv. ráðherra vísaði til áðan né að nokkur þau orð sem ég hef látið falla hafi gefið tilefni til þeirra ummæla sem hann fór með. Ég er ekki að blása upp pólitískar illdeilur. Ég ber hag íslensks landbúnaðar fyrir brjósti. Ég vil að við stöndum vörð um íslenskan landbúnað og ég vil að við förum meira inn í lífræna ræktun og betri vottun en við höfum gert fram að þessu og það er það sem vakir fyrir mér. Ég hef sagt hér aðvörunarorð. Ég hef óskað eftir því að við sýndum aðgát og þessi uppákoma varðandi fiskimjölið og þær aðgerðir sem eru í gangi í Evrópu núna hafa gefið tilefni til þess að við litum í eign barm og sýndum aðgát. Þess vegna hef ég beint því til hæstv. landbrh. að hann frestaði þeirri tilraun sem til stendur að koma á í byrjun janúar þar til þetta fár hefur gengið yfir, þar til við getum verið örugg um að ekki komi til óvísindalegrar uppákomu eða aðgerða gegn okkur sem erfitt gæti orðið að ráða við.

Fjáraukalög 2000, frh. 3. umr.

Stjfrv., 156. mál. — Þskj. 366, frhnál. 413, 418 og 419, brtt. 414, 415, 416, 417, 420, 422 og 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:11]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það fjáraukalagafrv. sem kemur hér til atkvæðagreiðslu staðfestir það sem við höfum haldið fram í minni hluta fjárln. um lausatök ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálunum. Útgjöld hafa aukist um rúmlega 8 milljarða og viðskiptahallinn stefnir í að fara yfir 60 milljarða í árslok.

Að auki er ýmislegt í tillögunum sem að áliti okkar stenst ekki lög um fjárreiður ríkisins. Aðhaldsleysi í stjórn ríkisfjármála hefur bæði komið fram í lélegri áætlunargerð og skorti á eftirliti. Nöturlegt dæmi um þetta eru framkvæmdirnar við Þjóðmenningarhúsið þar sem farið var 100 millj. kr. fram úr fjárheimildum ársins eða um rúmlega 100%. Við stöndum hins vegar frammi fyrir gerðum hlut. Stjórnarandstaðan hefur ekki getað haft áhrif á það sem gerst hefur. Fjáraukalögin eru því á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og þess vegna mun þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[14:12]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjáraukalög fyrir árið 2000 koma nú til lokaatkvæðagreiðslu. Ljóst er að þau spegla mikla óvissu og þenslu í efnahagslífi landsins á árinu. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar upplýstu á fundi fjárln. í morgun að viðskiptahalli ársins væri áætlaður 61 milljarður og enn hærri á næsta ári.

Hér eru til afgreiðslu nokkrar tillögur til aukinna útgjalda. Í flestum tilvikum er verið að styrkja góða málaflokka í fjárþröng sem í sjálfu sér væri hægt að styðja.

En varðandi frv. í heild er í flestum tilvikum búið að taka ákvarðanir og skuldbinda greiðslur þegar erindin koma fyrir þingið. Ég hef ítrekað í umræðunni bent á nauðsyn þess að taka beri upp aðra skipan við að afgreiða fjáraukalög. Það eigi að afgreiða fjáraukalög að vori og svo aftur að hausti ef nauðsyn krefur. Þannig getur Alþingi ákveðið útgjöldin fyrir fram og komið að ákvörðun þeirra en ekki eftir á eins og við nú stöndum frammi fyrir.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vísa ábyrgð á framkvæmd fjárlaga á ríkisstjórnina og meiri hluta hennar og munu sitja hjá við afgreiðslur á tillögum meiri hlutans og frv. í heild.

Brtt. 415 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH) fjarstaddir.

Brtt. 422 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, EMS, GE, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JÁ, KF, KLM, KPál, LMR, LB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 414,1–2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JónK, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 414,3–5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁGunn, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 414,6–9 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 414,10–21 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 414,22 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 414,23–24 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, JÁ, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁGunn, BH, DO, GÁS, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KLM, KPál, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 414,25 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 416 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB, SJS) fjarstaddir.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Brtt. sú sem er næst á dagskrá laut að því að taka af allan vafa um að andvirði þeirra fjármuna sem kynnu til að falla við sölu á jörðum eða jarðeignum í eigu Skógræktar ríkisins skyldi varið í þágu Skógræktarinnar og ekki til annarra verkefna. Þetta væri gert til að tryggja að ráðstöfun þessa fjár væri í fullu samræmi við gjafabréf og vilja eigendanna.

Í umræðunum í gær gaf hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., þær skýringar á þessu máli að það væri skilningur fjárln. að heimildirnar yrðu eingöngu notaðar með þeim hætti. Ekki stæði til að ráðstafa fjármunum, sem kynnu að koma til við sölu á jarðeignum í eigu Skógræktarinnar, öðruvísi en í hennar þágu. Með vísan til þeirra skýringa tel ég að þessu máli sé borgið og kalla tillöguna aftur.

Brtt. 423 kölluð aftur.

Brtt. 417,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Brtt. 420 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er um það að ræða að veita fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að styrkja byggð í landinu og

er svo sem ekki vanþörf á eftir byggðafjandsamlega stefnu þessarar ríkisstjórnar og þeirrar sem áður sat. Hins vegar tek ég undir mikilvægi þess að fjármagn sé veitt til dreifðari byggða og þorpa hringinn í kringum landið.

Á hinn bóginn get ég ekki fellt mig við þá tilviljanakenndu aðferð sem hér um ræðir að taka um það ákvörðun á hverju hausti rétt í lok hvers árs að sleppa einhverjum hundruðum milljóna hingað eða þangað. Ég sit því hjá við þessa atkvæðagreiðslu þótt ég undirstriki enn og aftur mikilvægi þess að leita að fjármagni til byggða landsins. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Brtt. 417,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KLM, KPál, LMR, LB, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Á fundi fjárln. í morgun kom fram hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar að eina ráðið til að sporna við viðskiptahallanum væri að auka aðhald í ríkisfjármálum. Við umræður um fjáraukalagafrv. kom fram hjá talsmanni Framsfl. að viðskiptahallinn sé nú orðinn það mikill að hann sé beinlínis hættulegur og hv. þm. Jón Kristjánsson kvað hættumerki fram undan. Þessu eru þingmenn Samfylkingarinnar sammála. Þessu eru allir sammála nema hæstv. fjmrh. og forsrh. en þeir kjósa eins og Neró forðum að iðka fremur fiðluspil en brunavarnir. Fjáraukalögin ganga í þveröfuga átt. Þau auka enn á lausung í ríkisfjármálunum og þess vegna verður ríkisstjórnin ein að bera ábyrgð á því og því sitjum við hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Blindrabókasafn Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 177. mál (verkefni og stjórn). — Þskj. 184, nál. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 368 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–5. gr. (verða 3.–6. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 300. mál (persónuvernd). — Þskj. 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Sjúklingatrygging, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 301. mál (vísitala neysluverðs). — Þskj. 343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 118. mál (kaupskip). — Þskj. 118, nál. 349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KHG, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

3 þm. (KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GE, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KLM, KPál, LMR, LB, PHB, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁGunn, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KHG, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
3 þm. (KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, BH, DO, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JóhS, KF, KLM, KPál, LMR, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 437).

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (markaðsgjald). — Þskj. 409.

[14:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands.

Þar sem hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða, framlengingu á markaðsgjaldi til tveggja ára til að fjármagna starfsemi ráðsins, og miklar annir eru í þinginu sé ég ekki ástæðu til að fara efnislega mikið yfir þetta mál. Það er hv. þm. kunnugt og ég vænti þess að það fái ítarlega umfjöllun í nefndinni sem fær það til meðferðar.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[14:31]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég held að enginn velkist í vafa um það að Útflutningsráð Íslands hafi þjónað hlutverki sínu af mestri prýði og að nauðsynlegt sé að starfsemi þess geti haldið áfram að minnsta kosti um sinn. Þetta frv. er flutt til að tryggja áframhaldandi tekjustofn til starfsemi Útflutningsráðs á næstu tveimur árum. Þeir aðilar sem bera af því kostnaðinn eru sammála um málið og ég tel því rétt að hraða afgreiðslu þess.

[14:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. gat um í máli sínu eru miklar annir í þinginu þessa daga, jafnvel svo miklar að þingmenn hafa ekki tök á að kynna sér fyrir fram þau mál sem lögð eru fram til 1. umr.

Ég kem hér einungis til að lýsa vonbrigðum mínum með að hæstv. utanrrh. skuli ekki reifa málið efnislega úr þessum ræðustóli við 1. umr. þar sem ég hafði fullan hug á að fá að heyra um hvað málið snýst. Fyrsta umr. er oft og tíðum þannig að hún hjálpar manni að spyrja grunnspurninga um viðkomandi mál.

Mér þykir þetta fullsnubbótt umfjöllun við 1. umr. Ég hvet hæstv. utanrrh. til að segja þingheimi um hvað þetta mál snýst, einmitt í ljósi þess að miklar annir eru í þinginu og fólk ekki það vel undirbúið undir hvern þingfund að öll þinggögn hafi verið lesin spjaldanna á milli.

[14:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér er ekkert að vanbúnaði að reifa þetta mál efnislega. Ég hafði það hins vegar á tilfinningunni að enginn þingmaður væri að hlusta á það sem ég hafði að segja. Ég sá í sjálfu sér ekki ástæðu til að halda langa ræðu við þau skilyrði. Ég gat mér þess til og bíðst afsökunar á því ef það hefur verið röng tilgáta, að hv. þm. hafi sett sig það vel inn í þetta mál að þeir þyrftu ekki á því að halda að hlusta á utanrrh. í þessu tilviki. Ég sætti mig alveg við það. (**SJS:** Að svipta okkur ánægjunni af því?) Nei, hv. þm., það er nú svo að menn hafa ekki alltaf ánægju af að hlusta hver á annan hér þó vissulega séu til merkilegar undantekningar.

Herra forseti. Í upphaflegum lögum var kveðið á um að tekjur þessa ráðs kæmu af útflutningsgjaldi og iðnlánasjóðsgjaldi en með lögum frá 1990 var kveðið skýrar á um einstaka þætti starfs ráðsins og því markaður tekjustofn af aðstöðugjaldsstofni. Með afnámi aðstöðugjaldsins síðla árs 1993 skapaðist enn á ný óvissa um tekjustofn þessa ráðs. Niðurstaðan varð hins vegar sú að sett var á sérstakt markaðsgjald, lagt á virðisaukaskattsskylda veltu gjaldenda sem er svipaður stofn og gamli aðstöðugjaldsstofninn. Jafnframt var sett í lögin sérstakt bráðabirgðaákvæði sem kvað á um endurskoðun laganna fyrir lok árs 1998 og skyldi markaðsgjaldið falla niður í lok árs 1998 færi sú endurskoðun ekki fram.

Á 123. löggjafarþingi var síðan samþykkt frv. um breytingar á lögum um Útflutningsráð í samræmi við niðurstöður sérstakrar nefndar. Í breytingunni fólst að hætta álagningu markaðsgjalds í þáverandi formi en þess í stað að gjald yrði lagt á tryggingagjaldsstofn og innheimt með tryggingagjaldi. Gert var ráð fyrir að þessi skipan mála yrði til tveggja ára og gjaldið félli niður í lok yfirstandandi árs nema annað yrði ákveðið með lögum. Ég gerði grein fyrir því í framsögu minni þá að hugsanlega þyrfti að koma til breytinga á lögum á ný, með framlengingu gjaldsins eða öðrum ráðstöfunum í staðinn.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að framangreind gjaldtaka verði framlengd í óbreyttri mynd til tveggja ára. Rétt þykir að leggja það til í því skyni að tryggja Útflutningsráði traustan tekjugrundvöll áfram og ber að hafa í huga að á sínum tíma var algjör samstaða um mikilvægi starfs Útflutningsráðs meðal þeirra sem unnu að endurskoðun á starfsemi þess. Ég tel að það hafi notið mikils skilnings hér á hv. Alþingi. Þeir voru sammála um að ráðið ynni áfram í þágu almannahagsmuna en ekki þröngs hóps ákveðinna útflytjenda og af þeirri ástæðu væri rétt og eðlilegt að tryggja Útflutningsráði tekjustofn af almannafé. Í sjálfu sér standa enn sömu rök til þess en ráðið hefur á undanförnum árum unnið mjög öflugt starf og áframhaldandi árangur í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar er háður því að tekjustofnar ráðsins séu tryggðir.

Hins vegar þykir ekki rétt að binda breytinguna til lengri tíma en tveggja ára. Það er í sjálfu sér ekki sjálfsagt að slík starfsemi skuli fjármögnuð með þessum hætti. Það hefur að vísu skapast allgóð samstaða um ráðið í atvinnulífinu. Öll rök hníga að því að framlengja gjaldið eins og hér er gert ráð fyrir en ég tel eðlilegt að það komi til endurskoðunar með vissu millibili í samræmi við breyttar aðstæður. Hér er um að ræða mál sem varðar ekki aðeins utanríkisviðskipti

heldur jafnframt skattheimtu og tel ég réttara, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. en ekki til utanrmn. eins og ég lagði áður til. Ég dreg þá tillögu til baka og legg til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. Þar með var að sjálfsögðu komin næg ástæða til að ég mundi aftur stíga í ræðustól.

[14:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta er lítið mál en angi af miklu stærra máli. Þetta er spurningin um hvort hægt sé að leggja skatta á atvinnulífið og aðra til að halda uppi starfsemi sem einhverjir vilja halda áfram án þess að spyrja að því hvort þeir sem greiða séu á sama máli. Þetta er eiginlega brot á félagafrelsinu sem tryggt er í stjórnarskránni og við þekkjum mörg dæmi um slíkt hér á landi.

Við höfum t.d. búvörugjald sem allir bændur eiga að greiða. Það virkar þannig að fátækir bændur sem ekki eiga veð borga búvörugjald svo að ríkir bændur sem eiga veð geti fengið lán í lánasjóðum. Við erum með iðnaðargjald sem er þannig að öll iðnfyrirtæki borga til félags síns, Samtaka iðnaðarins, hvort sem þau vilja vera í því félagi eða ekki. Við erum með „skylduaðild" opinberra starfsmanna að BSRB. Þar er lagaskylda að greiða félagsgjald til hvort sem menn eru í samtökunum eða ekki. Við erum með styrki til Bændasamtakanna, einhvers klúbbhúss úti í bæ. Við erum með styrki á fjárlögum til ASÍ að mig minnir o.s.frv. Við höldum sem sagt uppi félagsstarfsemi samtaka sem ekki geta náð í félagsmenn með eðlilegum hætti.

Þetta er einn anginn af því. Þar fyrir utan er starfsemi Útflutningsráðs Íslands, sem er í raun ágætis starfsemi og allt í lagi með hana, í bullandi samkeppni við utanríkisþjónustuna. Ég hef miklar efasemdir um framlengingu á þessu gjaldi. Ég hefði viljað að þeir sem stunda félagastarf í landinu afli sér félaga með réttmætum hætti og brjóti ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

[14:40]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi kenning er auðvitað hið besta mál, þ.e. að ekki eigi að leggja skatta á einstaklinga til að borga það sem viðkomandi skattborgarar vilja ekki bera kostnað af.

Nú vill svo til að ég er ekki óskaplega hrifinn af því að þurfa að bera kostnað af framúrkeyrslu í Þjóðmenningarhúsi. Enn síður er ég hrifinn af því að þurfa að borga tugi eða jafnvel hundruð milljóna til að innrétta nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir hv. þm. Pétur Blöndal, eins og nú er verið að gera. Og þá langar mig til þess að vita hvort hv. þm. sé ekki þeirrar skoðunar að ég geti bara neitað að borga þann skatt.

[14:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Munurinn á því sem hv. þm. nefndi og því að styrkja nefndir og ráð úti í bæ er að hann talaði um það sem heitir víst ríkið. Alþingi hefur eftirlitsskyldu og skattalagaheimild og á að beita henni mjög varlega. Við þingmenn erum einmitt í því hlutverki að gagnrýna framkvæmdarvaldið þegar það fer fram úr úr á fjárlögum. Við leggjum á skatta og gefum fjárheimildir. Okkur er því í lófa lagið, ef okkur sýnist svo, að stöðva slíkar framkvæmdir, framkvæmd sem ég var reyndar á móti. Ég held að ég hafi verið eini þingmaðurinn sem greiddi atkvæði gegn ævintýrinu hér handan við Austurvöll. Ég greiddi atkvæði gegn því en hv. Alþingi ræður því, meiri hlutinn. Mér finnst það þannig engan veginn sambærilegt við það sem ég nefndi um félagasamtök einstaklinga úti í bæ sem aðrir eru skyldaðir til að greiða skatta til.

[14:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki alveg beint svar við þessari spurningu minni. Ég skil hv. þm. þannig að ég komist ekki undan því að greiða kostnaðinn við innréttinguna á skrifstofuhúsnæðinu fyrir hann.

[14:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst heldur ekki hjá því að greiða þann kostnað. Það sem verra er, ég kemst heldur ekki hjá því að flytja inn í þennan ósóma.

Ég flutti á sínum tíma inn í skrifstofu sem kostaði 7,5 millj. stykkið. (Gripið fram í.) Ég var ekkert spurður að því hvort ég vildi svona óskaplega dýra skrifstofu sem þess utan er frekar lítil og óásjáleg, ekkert úr gulli og palisander. Nú veit ég ekki hvernig þessi nýja aðstaða er en ég greiddi atkvæði gegn henni. Ég verð hins vegar að hlíta þeim vilja meiri hluta Alþingis að flytja inn í það slot þegar það verður tilbúið.

Það er svo með margt fleira sem ég og hv. þm. greiðum skatta til eins og aðrir landsmenn, að menn eru kannski ekki sáttir við það sem þeir greiða skatta til, hvað gert er við peningana. Til þess höfum við kosningar á fjögurra ára fresti að kjósandinn geti þá kosið nýja menn sem eru þá ekki eins útgjaldaglaðir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206, nál. 365 og 367, brtt. 243.

[14:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frv. þetta er afar einfalt í sniðum og ekki nema tvær greinar. Þar af er önnur greinin gildistökugrein.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja þingmenn um að gefa hljóð í salnum og biðja hv. þm. um að tala örlítið hærra.)

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að tala örlítið hærra. Ég hygg þó að ekki sé ástæða til þess fyrir hv. þm. að fara í mikla samkeppni við aðra hv. þm. í salnum um hver tali hæst.

Varðandi frv. vil ég geta þess að það er í tveimur greinum. Þar af er önnur gildistökugrein. Hin er efnisgrein og þar er fjallað um það að lækka eigi skatthlutfall einstaklinga í tekjuskatti. Mál þetta tengist frv. til laga sem hér hefur verið afgreitt um breytta tilhögun á tekjustofnum sveitarfélaga. Meiri hlutinn vekur athygli á þeirri samtengingu. Í því frv. var gert ráð fyrir því að sveitarfélög hefðu heimild til að hækka

útsvarsprósentu um allt að 1% í áföngum. Ríkið hyggst með þessu frv. koma eilítið til móts við skattgreiðendur og lækka tekjuskattshlutfallið um 0,33% á móti.

Málflutningur stjórnarandstæðinga í dag og undanfarna daga hefur gengið út á að ekki sé nægilegt aðhald í ríkisrekstrinum, of miklu sé eytt og að ekki sé aflað nægra tekna. Nú liggur fyrir að sveitarfélögin hafa fengið heimild til að hækka útsvar til þess að bregðast við því að tekjur skortir á þeim bæjum til að standa undir auknum útgjöldum. Að hluta hefur útgjaldaaukning sveitarfélaganna komið til vegna aukinna verkefna sem hafa verið flutt til þeirra frá ríkinu en einnig vegna þess að umfang starfsemi þeirra hefur einfaldlega aukist. Út frá öllum eðlilegum hagstjórnarsjónarmiðum og eðlilegum sjónarmiðum í ríkisrekstri er því eðlilegt að sveitarfélögin skattleggi einfaldlega fyrir þeim útgjöldum sem þau hyggjast standa fyrir. Ríkið ætti ekki að koma sérstaklega til móts við það nema þegar flutt hafa verið verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Að svo miklu leyti sem sveitarfélögin auka heildarútgjöld opinberra aðila væri eðlilegt að standa undir því með hækkun á skatttekjum sveitarfélaganna.

Ríkisstjórnin hefur samt lagt til með þessu stjfrv. að lækka tekjuskattinn á móti um 0,33%. Út frá þeim hagstjórnarsjónarmiðum sem ég gat um áðan og í ljósi gagnrýni stjórnarandstöðunnar á afgreiðslu fjárlagafrv. er kannski of í lagt og ætti í raun ekki, út frá þeirri gagnrýni, að lækka tekjuskatt. Ríkisstjórnin hefur hins vegar viljað koma til móts við skattgreiðendur, undir það hefur meiri hlutinn í efh.- og viðskn. tekið og leggur því til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

[14:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist við þessa umræðu. Það kveður við nýjan tón í umræðu um fjármál sveitarfélaga enda mættur til leiks hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Hann lét í veðri vaka að e.t.v. væri of langt gengið í þessu frv., að ríkissjóður lækkaði tekjuskatt um 0,33% til að koma til móts við skattgreiðendur eins og hann orðaði það. Ber þá að skilja það þannig, herra forseti, ég beini þeirri spurningu til hv. þm., að það hefði átt að hækka skattana meira að hans áliti? Hefði með öðrum orðum engin tekjuskattslækkun orðið hefði hann fengið að ráða? Ber að skilja orð hans þannig?

Einnig mátti skilja orð hans svo að sveitarfélögin þyrftu ekkert á þessu að halda. Þau gætu ef þau vildu og kynnu til verka og hagað málum sínum þannig að tekjur og gjöld stæðust. Þá vil ég biðja hv. þm. að líta í skýrslu svokallaðrar tekjustofnanefndar þar sem sat m.a. kollegi hans á hinu háa Alþingi, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Niðurstaðan varð einróma í tekjustofnanefndinni, þ.e. að sveitarfélögin þyrftu á bilinu 4–6 milljarða á ári hverju vegna aukinna verkefna, vegna breytinga á sköttum og á lögum og reglum hjá hinu háa Alþingi, sem hv. þm. hefur kannski verið framar öðrum þátttakandi í og haft forustu um. Um þetta deilir enginn. En það mátti skilja hv. þm. svo að sveitarfélögin þyrftu ekki á þessum fjármunum að halda. Þau gætu bara skaffað sjálf og sniðið sér stakk eftir vexti. Skildi ég rétt það sem hv. þm. talaði um áðan? Mér virtist mikill gorgeir í málflutningi hans.

[14:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að storka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni á nokkurn hátt með ræðu minni. Megininntakið í málflutningi mínum er að opinberir aðilar þurfa að sjálfsögðu að gæta þess að tekjur og útgjöld standist á að mestu. Ég á ekki við að svo þurfi endilega að vera á hverju einasta ári en að jafnaði í gegnum hagsveifluna og til langs tíma er það nauðsynlegt.

Við höfum tekið eftir því að útgjaldastig sveitarfélaganna hefur hækkað. Það hefur komið fram í nefndarstarfi því sem hv. þm. gat um að sveitarfélögin þyrftu á því að halda að geta hækkað útsvarið. Hin almennu sjónarmið mundu vera þau, ekki síst í ljósi gagnrýni stjórnarandstæðinga á fjárlagaafgreiðslu og opinber fjármál yfirleitt, að of geyst hafi verið farið og of lítið aðhald verið í hinum opinbera búskap. Þess vegna velti ég því upp að það gæti verið gagnrýnisvert að ríkið yfirleitt lækkaði tekjuskatta á móti þessari hækkunarþörf hjá sveitarfélögunum, sem ég er alls ekki að gera lítið úr eða draga úr. Ef það ætti að einhverju leyti að gagnrýna þetta út frá hagstjórnarsjónarmiðum eða út frá aðhaldsskorti í ríkisfjármálum þá ætti frekar að gagnrýna okkur sem skipum meiri hlutann fyrir að lækka tekjuskatta á móti þessum útsvarshækkunum sem til eru komnar vegna útgjaldaþarfa sveitarfélaganna.

[14:54]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég læt mér í léttu rúmi liggja hvort hv. þm. ætlaði sér að storka mér eða ekki. Það gerir hann ekki. Hv. þm., formaður efh.- og viðskn., storkar hins vegar skattgreiðendum í landinu. Það gerir hann með því að koma hér með bros á vör og segja sjálfsagt og eðlilegt að skattar séu hækkaðir á almennt launafólk í landinu.

Það er líka alvarlegt þegar hann storkar sveitarfélögum sem mörg hver, allt of mörg, eru undir stjórn flokksfélaga hans og raunar ríkisstjórnarflokkanna beggja í sveitarfélögum víða um landið. Sum þeirra eiga í miklum erfiðleikum.

Hv. þm. er líka að storka verkalýðshreyfingunni og gefur raunar til kynna að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga árið 2000, dagsetta 10. mars árið 2000, sem er undirrituð af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., oddvitum ríkisstjórnarinnar, sé ekkert að marka.

Þetta er hið alvarlega í málinu við upphaf þessarar umræðu. Hv. þm. hefur gefið tóninn og segir það eðlilegt hagstjórnartæki að Sjálfstfl. fari fram við þær aðstæður sem nú eru, þegar það er sannarlega niðursveifla í efnahagsmálum þjóðarinnar og þegar dregið hefur úr þessu myljandi góðæri, og hækki skatta á launafólk í landinu. Það er merkilegt innlegg í þessa ræðu. Ég held að hv. þm. sé þrátt fyrir allt sá fyrsti meðal stjórnarliðanna, eftir umræðuna á fyrri stigum málsins, sem hefur sagt það berum orðum. Ég virði hreinskilni hans en lýsi yfir algerri andstöðu við þessi pólitísku sjónarmið, að nú sé rétti tíminn til að leggja auknar byrðar á almennt launafólk í landinu. Þá pólitísku ábyrgð verða hv. þm. og fylgisveinar hans í þinginu að bera.

[14:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig er að það er varla hægt að leggja á einn einasta skatt á Íslandi án þess að hann komi með einum eða öðrum hætti fram í pyngju launafólks, hvort sem það hefur háar tekjur eða lágar. Ég hygg að fáir skilji það betur en einmitt launafólk, kannski helst þeir sem hafa kannski ekki úr allt of miklu að spila, hve nauðsynlegt er að láta útgjöld og tekjur standast á. Ég held þess vegna að á engan hátt hægt sé að túlka orð mín þannig að ég eða

meiri hlutinn sé að storka launafólki. Það er unnið að ýmsum öðrum breytingum í skattamálum á sama tíma sem gera það að verkum að barnafólk fær hærri barnabætur og ýmislegt annað. Í heild er ekki verið að hækka skattbyrði heldur mun hún frekar fara lækkandi.

Hins vegar er afar athyglisvert að hv. þm. kemur hér og ræðir um væntanlega niðursveiflu í efnahagslífinu. Á sama tíma kemur gagnrýni frá hv. samflokksmönnum hans um að hér sé allt of mikill viðskiptahalli, allt of mikil þensla og ríkið eigi að bregðast við því með því að beita meira aðhaldi í ríkisrekstrinum. Það verður að vera einhver samkvæmni í því sem menn segja. Það er ekki hægt að segja annars vegar: Ja, það er komin bullandi niðursveifla. Og svo: Helsta vandamál þjóðfélagsins er viðskiptahalli. Hvað á maður að hugsa þegar maður hlustar á slíkt úti í sal?

[14:58]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. en undir minnihlutaálitið skrifa ásamt mér hv. þm. Ögmundur Jónasson og Rannveig Guðmundsdóttir.

Í umfjöllun efh.- og viðskn. um þetta mál má segja að mest áhersla hafi verið lögð á áhrif þessarar almennu skattahækkunar sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir á einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu og ekki síður á kjarasamninga. Um það var mjög hart tekist á í efh.- og viðskn. en frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. sér ekki ástæðu til að eyða einu orði á áhrif þeirrar almennu skattahækkunar á kjarasamninga eða kjör launafólks. Honum kemur það bara hreinlega ekki við, herra forseti. Helst má ætla af því að hann eyðir ekki í það einu einasta orði í ræðustól og allur meiri hlutinn í efh.- og viðskn., þ.e. sex nefndarmenn, eyða ekki einu orði í það í nefndaráliti sínu að ASÍ hafi óskað eftir að koma á fund nefndarinnar þar sem aðalmálflutningur þeirra var að þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar mundi grafa undan kjarasamningum, að ríkisstjórnin ætli að ganga á bak orða sinna í yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga fyrr á þessu ári. Um þetta segja þeir ekki eitt einasta orð, herra forseti. Þetta eru vinnubrögð sem mér líkar ekki. Mér finnst þetta vanvirða við heildarsamtök launafólks, bæði ASÍ og BSRB, sem hafa sérstaklega ályktað í þessu máli.

Herra forseti. Af því að þungamiðjan í starfi nefndarinnar var að fjalla um áhrif þessarar skattahækkunar á kjör launafólks og kjarasamninga sem voru gerðir í marsmánuði á þessu ári og vegna þess að inn í þá umræðu og þá umræðu sem hér fer fram í dag mun blandast yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000, þ.e. hvaða áhrif þessi breyting hefur á skattleysismörk sem ríkisstjórnin gaf sérstaka yfirlýsingu um í tengslum við kjarasamninga — en undir þá yfirlýsingu rita tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson — þá vil ég spyrja hæstv. forseta hvort þessir tveir hæstv. ráðherrar séu hér í húsi vegna þess að nærveru þeirra er óskað við þessa umræðu, ekki síst í ljósi þess að fram kemur í gögnum sem ég er með fyrir framan mig að heildarsamtök launafólks halda því fram að þessir tveir ágætu heiðursmenn, tveir hæstv. ráðherrar og formenn stjórnarflokkanna, hafi gengið á bak orða sinna í tengslum við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf vegna kjarasamninganna.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er í húsinu en ekki hæstv. forsrh.)

Nú erum við að tala um afar mikilvægt mál sem snertir forsendur kjarasamninga og það er ekki svo lítið í húfi, herra forseti, að kjarasamningarnir haldi og að þeim verði ekki sagt upp í febrúarmánuði næstkomandi með þeim afleiðingum sem það getur haft fyrir efnahagslífið. Ég tel því mjög æskilegt að það sé athugað hvort sá hæstv. ráðherra sem efnahagsmálin heyra aðallega undir, sá sem ber ábyrgð á þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með undirskrift sinni, hæstv. forsrh., jafnvel þó hann sé ekki hér í húsi, geti verið viðstaddur þessa umræðu. Ég fagna því hins vegar að hæstv. utanrrh. er hér í hliðarsal og mun hann væntanlega fylgjast með umræðunni sem hér fer fram.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun láta kanna hvort unnt er að verða við þessari ósk þingmannsins.)

Ég þakka fyrir og mun eigi að síður, herra forseti, til þess að greiða fyrir umræðum halda áfram máli mínu í trausti þess að þessir tveir hæstv. ráðherrar sem óskað hefur verið eftir að verði viðstaddir umræðuna komi fyrr en seinna.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns blandast kjarasamningarnir mjög mikið inn í það mál sem hér er til umræðu. Ljóst er að í heildina má segja, eins og fram kemur í þessu nál. sem við þrjú skrifum undir, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Rannveig Guðmundsdóttir auk mín, að í þessu frv. birtist aðferð ríkisstjórnarinnar við að bæta sveitarfélögunum það sem á hefur hallað í samskiptum ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkisvaldið ætlar aðeins að lækka tekjur sínar í staðgreiðslunni um 0,33% eða 1.250 millj. kr. en heimilar sveitarfélögunum útsvarshækkun sem nemur 0,99%, það eru 3.750 millj. kr. En það er alveg ljóst að þar sem álagningarstofn fasteignaskatts verður fasteignamat, en það hefur áhrif til lækkunar á fasteignaskatti sem vegur upp útsvarshækkun fólks á landsbyggðinni, þó alls ekki að öllu leyti, fyrst og fremst auðvitað til þeirra sem eiga fasteignir, þá er ríkisstjórnin með þessari ákvörðun sinni fyrst og fremst að knýja fram aukna skattbyrði á íbúa höfuðborgarsvæðisins þar sem tekjuskattslækkunin vegur aðeins þriðjung, þ.e. sem við erum að fjalla um í þessu frv., af þeirri hækkun sem heimiluð er í útsvari á næstu tveimur árum. En auknar skattálögur á Reykvíkinga, svo dæmi sé tekið sérstaklega, vegna þessarar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar geta orðið 1.040 millj. kr. og væntanlega eru það milli 500–600 millj. sem munu bætast þar til viðbótar á aðra íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Ljóst er að ásamt öðru sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir sem rýrir kjör heimilanna þá mun þessi skattahækkun koma afar illa við heimilin í landinu og ekki síst ógna þeim forsendum sem nýlegir kjarasamningar byggja á.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar flutt brtt. við þetta frv. sem efnislega felur í sér að ríkið lækki hlut sinn í staðgreiðslunni til jafns við það sem sveitarfélögunum er heimilað að hækka útsvar sitt þannig að íbúar þessa lands verði jafnsettir á eftir, þ.e. að skattbyrðin aukist ekki.

Við þrjú sem skipum þennan minni hluta höfum einnig boðað, og það kemur fram í nál., að verði brtt. hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og fleiri felld við 2. umr. málsins, muni minni hlutinn flytja brtt. við 3. umr. þess efnis að persónuafsláttur hækki til samræmis við áætlaðar launabreytingar þannig að fyrirhuguð skattahækkun sem ríkisstjórnin knýr nú fram raski ekki forsendum kjarasamninga og hagur launafólks verði tryggður.

Herra forseti. Þó að ég hafi hér fyrst og fremst nefnt hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. í því sambandi að viðveru

þeirra sé óskað þá gerði ég að sjálfsögðu ráð fyrir því að hæstv. fjmrh., forsvarsmaður þessa frv., væri viðstaddur umræðuna. (Gripið fram í.) Ég sá ekki hæstv. ráðherra en fagna því að hann er hér í hliðarsal og vænti þess að hann hlusti þá á það sem ég hef fram að færa vegna þess að ég ætla að snúa mér næst að því að víkja að ummælum hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes sem voru viðbrögð hans við túlkun ASÍ á kjarasamningum, þ.e. þegar ASÍ hélt því fram opinberlega og á fundi nefndarinnar og í gögnum sem sett voru fram að skattahækkunin grafi undan forsendum kjarasamninga og tefla þeir því aðallega fram að þessi almenna skattahækkun muni breyta áformum sem voru sett fram í tengslum við kjarasamninga, þ.e. breytingar á persónuafslætti og skattleysismörkum.

Nú hefur hæstv. fjmrh. sett það fram að hann telji þessa túlkun Alþýðusambandsins afar ósanngjarna, eins og fram kemur í útdrætti sem ég hef úr fréttunum. Þar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Fjármálaráðherra segir gagnrýni verkalýðsforystunnar á stjórnvöld vegna yfirvofandi skattahækkana óréttmæta og snúast um smáaura."

Og hann segir hér sé um að ræða sáralitlar skattgreiðslur.

Út í þetta vil ég aðeins fara vegna þess að ef um smáarua er að ræða fyrir ríkiskassann þá skilur maður náttúrlega ekki af hverju ríkisstjórnin getur ekki brugðist við og sett aukna peninga í persónuafsláttinn og skattleysismörkin til þess að komast hjá því að raska forsendum kjarasamninga. En nú hefur hans eigin skrifstofa, Fjárlagaskrifstofan, reiknað út að þessir smáaurar sem fjmrh. hæstv. nefnir svo, eru hvorki meira né minna á kjarasamningstímanum en 990 millj. Vel má vera að 990 millj. séu smáaurar í augum hæstv. fjmrh. En það eru ekki smáaurar í augum launafólks sem þarf að borga brúsann af uppgjöri á þessum fjárhagslegu samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þau gögn voru lögð fram í efh.- og viðskn. að sú röskun, sem ég vil kalla svo, á skattleysismörkunum með hækkun á skattbyrðinni og skattahækkun muni gera það að verkum að þegar á næsta ári muni fjölga í hópi skattgreiðenda um 2.100 manns sem má áætla að séu aðallega námsmenn, einstæðir foreldrar, lífeyrisþegar og tekjulágar fjölskyldur. Það er nú ekki svo lítið að vegna þessarar skattahækkunar muni fjölga um það í hópi skattgreiðenda.

ASÍ hefur einmitt reiknað út hvað hér eru á ferðinni miklir peningar, þ.e. hvaða áhrif þetta hefur á þær umsömdu hækkanir sem samið var um í kjarasamningum og þeir segja að árið 2003 hverfi rétt tæplega fjórðungur af almennri launahækkun þessa árs í skattahækkun eina. ASÍ lagði fram í nefndinni upplýsingar um lækkun ráðstöfunartekna á ári þar sem sett var upp tafla miðað við ákveðnar launasummur, 70, 90 og 110 þús. og alveg raunverulega upp í 500 þús. Þar kemur fram að verulegur hluti launahækkunar hverfur. Af um 70 þús. kr. launum eru það um 7.200 kr. á árinu 2003, þ.e. ef sveitarfélögin nýta sér að fullu þessa heimild til útsvarshækkunar. Þeir segja að hjá manni með 90 þús. kr. í laun hverfi þegar á næsta ári svo sem samsvarar launahækkun tæplega eins og hálfs mánaðar og á árinu 2002 launahækkun sem samsvarar launahækkun í 2,7 mánuði eða tæplega þrjá mánuði og svo hið sama árið 2003. Um þetta munar, herra forseti, og glöggt sést að áhrifin af þessu, þegar upp undir þriggja mánaða launahækkun hverfur á samningstímanum, eru engir smáaurar.

Ég minnist þess að þeir sem stóðu fyrir þessum kjarasamningum af hálfu heildarsamtaka launafólks höfðu nú ekki þökk allra fyrir að semja ekki um meiri launagreiðslur eða launahækkanir til launafólks en voru á ferðinni fyrr á þessu ári. Þess vegna vó örugglega þungt hjá forsvarsmönnum launafólks sem stóðu fyrir þessum kjarasamningum yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana sem var ekki síst um að skattleysismörk fylgi launaþróun, minnkaða tekjutengingu barnabóta og að greiðslur almannatrygginga hækki í takt við laun. Það er alveg ljóst að þetta mun raska skattleysismörkunum og þetta mun líka breyta verulega greiðslum til lífeyrisþega og þar með raska a.m.k. tveim af fimm töluliðum sem hér eru settir fram sem áttu að greiða fyrir kjarasamningum, eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Ef hér er um smáaura að ræða, eins og hæstv. ráðherra setur fram, af hverju er þá ekki eðlilegra af því að þetta er eitt af því sem getur safnast í sarpinn til að koma í veg fyrir að kjarasamningarnir haldi, af hverju er þá ekki ástæða til að breyta persónuafslættinum og þar með skattleysismörkunum af því að þetta eru bara smáaurar, herra forseti, að sögn hæstv. ráðherra? Af hverju er þá ekki ástæða til að beita sér fyrir því að skattleysismörkin hækki í takt við þessar breytingar? Ég spyr um það, herra forseti.

Við í minni hlutanum höfum óskað eftir því að efh.- og viðskn. hv. taki málið aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. Þar munu aðallega skattleysismörkin koma til umræðu og þar með auðvitað það sem hæstv. fjmrh. hefur sett fram um þessi mál, að þetta séu bara smáaurar. (**Fjmrh.:** Þetta eru útúrsnúningar hjá hv. þm.) Þetta kostar 990 millj., herra forseti. Ég er bara að lesa upp það sem haft er eftir hæstv. ráðherra að þetta séu bara smáaurar. (**Gripið fram í:** 200 kr. eru smáaurar.) Hæstv. ráðherra gengur ekki út frá réttri forsendu þegar hann talar um 166 kr. eða 200 kr., hæstv. ráðherra á að miða við skattleysismörkin. Og þær tölur sem við höfum sett fram, þ.e. hvað þurfi að hækka persónuafsláttinn til að skattleysismörkin fylgi launaþróun eru engar 160 kr. eins og hæstv. ráðherra setti fram. Þær tölur sem við höfum sett fram hafa verið staðfestar af fjárlagaskrifstofunni og þær munu koma fram í brtt. sem við væntanlega munum flytja við 3. umr. verði tillaga hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar ekki samþykkt.

Þar kemur fram að persónuafsláttur þurfi að hækka um 217 kr. þegar á næsta ári — ekki 217 kr., þá er ég að tala um skattleysismörkin, 447 kr. og 460 kr., og því fylgir samsvarandi hækkun á persónuafslættinum og það eru miklu hærri tölur en hæstv. ráðherra hefur sett fram þegar hann setur fram skoðun sína á því sem heildarsamtök launafólks hafa sett fram.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að snúa mér að þeim umsögnum sem hafa komið fram í tengslum við frv. í efh.- og viðskn. og þær hafa komið frá ASÍ og BSRB, Landssambandi eldri borgara og Öryrkjabandalaginu og vil ég byrja á umsögn Landssambands eldri borgara.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Landssambandið hefur fullan skilning á því að sveitarfélögin þurfi á auknum tekjum að halda. Verkefni þeirra hafa að undanförnu farið sífellt vaxandi. En almenn hækkun fasteignamats á þessu ári og fasteignagjalda í framhaldi af því hefur vafalaust bætt þar nokkuð úr skák. Samkvæmt athugun sem framkvæmd hefur verið þykir líklegt að fasteignagjöld þeirra sem eru 67 ára og eldri hafi að meðaltali hækkað um 6.700 kr. á þessu ári vegna hækkunar fasteignamatsins."

Síðan segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Þá er einnig augljóst að vegna hækkunar fasteignamatsins þá hækkuðu eignarskattar þessa sama aldurshóps fólks sem almennt býr í eigin húsnæði um næstum tvöfalda upphæð hækkunar fasteignagjaldanna. Það vill segja að meginhluti hækkunar almannatryggingagreiðslna á árinu 2000 hefur farið til þess að greiða hækkanir þessa tveggja skatta."

Með öðrum orðum, hér er vikið að því að þær hækkanir sem lífeyrisþegar hafa fengið á almannatryggingagreiðslum hafi horfið í skattahækkanir þeirra tveggja skatta sem hér eru nefndir og tilgreindir þar, eignarskatt og fasteignagjöld. Þá hefur ekki verið tiltekin sú hækkun sem sjúklingar hafa orðið fyrir sem í verulegum hópi má finna hjá lífeyrisþegum, þ.e. hækkun á lyfjakostnaði sem var um 37% á miðju þessu ári, þannig að ekki verður séð að rauntekjur lífeyrisþega hafi neitt aukist á þessu ári vegna þeirra hækkana sem þessir einstaklingar hafa borið uppi í hækkun á fasteignaskatti og eignarskatti.

Síðan segir:

„Það er því augljóst að kaupmáttur tekna ellilífeyrisþega í 4,5–5% verðbólgu á árinu hefur farið rýrnandi. Landssamband eldri borgara sér því engin líkindi til þess að ellilífeyrisþegar fáist til að mæla með að styðja sveitarfélögin með því að leggja enn þá meiri álögur á lágtekjufólk í formi hækkaðs útsvars. Stjórn Landssambands eldri borgara leggur því eindregið til að heildarskattlagning tekjuskatts og útsvars verði óbreytt og að hækkun skattleysismarka verði látin fylgja almennri launaþróun í landinu."

Öryrkjabandalagið, herra forseti, sendi einnig umsögn til efh.- og viðskn. og þar segir, með leyfi forseta:

„Svo sem efnahags- og viðskiptanefnd er vel kunnugt hefur þróun skattleysismarka verið með þeim hætti á síðasta áratug að jafnvel þeir sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga eru farnir að greiða af þeim beinan skatt sem nemur tugum þúsunda á ári hverju. Þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd að örorkulífeyrir og tekjutrygging hafi dregist verulega aftur úr þróun bæði lágmarkslauna og launavísitölu. Við svo búið má ljóst vera að ÖBÍ getur ekki stutt aðra tillögu en þá að fyrirhuguð útsvarshækkun verði að fullu bætt með samsvarandi lækkun tekjuskatts."

Það er, herra forseti, í samræmi við þá tillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja brtt. undir forustu Guðmundar Árna Stefánssonar.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Auk þeirrar þróunar bóta og skattleysismarka sem hér er minnt á hefur fjölmargt annað orðið til að rýra kjör öryrkja á undangengnum árum. Má þar m.a. nefna aukinn lyfja- og lækniskostnað, stóraukinn húsnæðiskostnað, símkostnað og bifreiðakostnað. Í flestum tilvikum er hér um að ræða kjaraskerðingar sem stjórnvöld hafa tekið meðvitaðar ákvarðanir um — ákvarðanir sem skýra þá vaxandi neyð sem hjálparstofnanir vitna nú hver af annarri um.

Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörkin verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku."

Herra forseti. Þarna eru það ekki bara heildarsamtök launafólks sem mótmæla þessari skattahækkun heldur líka heildarsamtök aldraðra og öryrkja sem mótmæla með mjög afgerandi hætti hvernig ríkisstjórnin stendur að málum.

Herra forseti. Af því að hér var minnst sérstaklega á fasteignagjöldin í umsögn Landssambands eldri borgara, þá er ljóst eins og fram hefur komið að fasteignamatið mun enn hækka verulega og hafa áhrif til hækkunar fasteignagjalda á næsta ári líkt og það gerði á þessu ári, það kemur því til viðbótar þeirri almennu skattahækkun sem fólk á von á. Auðvitað verða afleiðingarnar þær, eins og efh.- og viðskn. fjallaði um í fyrra þegar veruleg hækkun varð á fasteignamatinu eða um 18% og viðmið skattalaga fylgdi ekki, þ.e. þessi 2,5%, að þetta hefur allt áhrif til lækkunar bæði vaxtabóta og barnabóta. Áhrifin á næsta ári munu vera þau að barnabætur munu skerðast eitthvað vegna hækkunar á fasteignamati, þ.e. ef eignir eru hærri en skuldir á árinu, sem ég held að megi gera ráð fyrir þó að skuldirnar hafi hækkað gífurlega og eru menn þar að tala um að frá áramótum til áramóta, þ.e. síðustu áramóta til næstu áramóta, sé hækkunin á skuldum heimilanna um 87 milljarðar kr. Þetta mun sem sagt hafa þau áhrif að fasteignagjöldin hækka, eignarskattar hækka og fjölga mun í hópi þeirra sem greiða eignarskatt. Þetta mun að vísu ekki hafa þau áhrif að lækka barnabætur ef frv. gengur fram sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, að eignaviðmið hafi ekki áhrif á barnabætur en þetta mun hækka verðlag, neysluvísitalan er sögð hækka um 0,15–0,2% bara við breytingar á fasteignamati og þetta mun auka greiðslubyrði lána og hækka verðlag.

Herra forseti. Hækkun á fasteignagjöldunum er þá til viðbótar almennri hækkun sem ætla má að verði á útsvari á næsta ári og síðan hefur ríkisstjórnin enn bætt um betur í frv. sem hér liggur fyrir þinginu sem er hækkun á nefskatti í Framkvæmdasjóð aldraðra um 500 kr. sem, ef ég man rétt, lífeyrisþegar eru að vísu undanþegnir en mun hækka skattbyrði hjá lágtekjufólki af því að hér er um nefskatt að ræða.

Það er því ástæða til þegar við erum að fjalla um þessar almennu skattahækkanir að halda til haga þeim ýmsu pinklum sem liggur í loftinu að muni að lokum lenda á herðum íbúa landsins og hafa þau áhrif að étinn er upp stór hluti af þeim kjarabótum sem um hefur verið samið í kjarasamningum auk þess lítilræðis sem af borðum ríkisstjórnarinnar hefur fallið til aldraðra og öryrkja. Landssamtök eldri borgara halda því statt og stöðugt fram í umsögn sinni að bara hækkun á eignarskatti og fasteignagjöldum á sl. ári hafi étið upp hækkun á greiðslum lífeyristrygginga á því ári sem senn er á enda.

Herra forseti. BSRB segir í umsögn sinni, með leyfi forseta, orðrétt:

„BSRB hefur jafnan lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna til að standa straum af mikilvægri samfélagsþjónustu. Jafnframt hafa samtökin bent á mikilvægi þess að skattar eru tæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og nauðsynlegt sé að hyggja að forgangsröðun við skattlagningu svo fyllsta réttlætis sé gætt."

Síðan fara þeir út í afleiðingarnar af þessu fjárhagslega uppgjöri í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og þeim áformum sem fyrirhuguð eru um skattahækkanir og segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Afleiðingin er hærri tekjuskattur á einstaklinga sem að öllu óbreyttu hefur í för með sér rýrnun á ráðstöfunartekjum þeirra. Sums staðar á landsbyggðinni mun lækkun á fasteignasköttum vega þarna upp á móti en það mun ekki eiga við um Reykjavík eins og áður er vikið að."

Og síðan segir orðrétt í þessari ályktun, með leyfi forseta:

„BSRB hefur jafnan lagt á það ríka áherslu að skattar og skattkerfisbreytingar séu skoðaðar heildstætt. Full ástæða er til að mótmæla harðlega forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hún hefur þrengt tekjustofna vegna arðgreiðslna, heimilað frestun á skattlagningu hagnaðar af hlutafé, innleitt skattahagræðingu vegna valréttarsamninga í hlutafélögum, lækkað aðflutningsgjöld af dýrum bifreiðum og margvíslegum lúxusvarningi svo nokkur dæmi séu nefnd. Því miður hefur lítillar viðleitni orðið vart til að koma til móts við kröfur launafólks um fjölgun skattþrepa og aðra þætti sem mættu vera til tekjujöfnunar. Í ljósi þess mótmælir BSRB fyrirhuguðum skattabreytingum."

Það er svo sannarlega hægt að taka undir þær áherslur sem hér koma fram frá heildarsamtökum launafólks. Og það er ömurlegt, herra forseti, til þess að vita að á sama tíma og við erum að fjalla um þessa almennu skattahækkun sem fyrirhuguð er á næsta ári og næstu árum á launafólk, þá skuli ríkisstjórnin á sama tíma vera að beita sér fyrir skattalækkun hjá þeim sem eiga mjög mikið, herra forseti, af hlutabréfum og vera að lækka skatthlutfallið á söluhagnaði af hlutabréfum úr 38% niður í 10% yfir tiltekna fjárhæð söluhagnaðar, þ.e. það sem er yfir 3,2 millj. hjá einstaklingi og 6,4 millj. hjá hjónum.

Herra forseti. Samstarfsflokkur fjmrh. hefur gert athugasemdir við lækkun á skatthlutfalli af söluhagnaði á hlutabréfum og er það að vonum. Við erum að tala um fámennan hóp, herra forseti, forríkra einstaklinga sem ríkisstjórnin hefur frestað skattlagningu á söluhagnað hjá. Afleiðingarnar eru að á undanförnum tveimur árum hefur verið frestað skattlagningu á 20 milljörðum kr. sem ríkisskattstjóri metur sem allt að 8,5 milljarða kr. tekjutap ríkis og sveitarfélaga, með þeim fyrirvara þó að ríkisskattstjóri telur að hugsanlega hefðu ekki öll þessi hlutabréf verið leyst út án þessa ákvæðis í skattalögum. Engu að síður hefur verið um verulegt tekjutap hjá ríki og sveitarfélögum að ræða. Þessu ætlar ríkisvaldið og hæstv. fjmrh. að halda áfram hjá lögaðilum auk þess sem lækka á skatthlutfallið úr 38% í 10% á sama tíma og almennir skattar í landinu eru hækkaðir.

Herra forseti. Þegar það frv. kemur til umræðu aftur gefst tækifæri til að ræða það ítarlegar en ég hef gert. Það er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða þessi mál í tengslum við hina almennu skattahækkun sem við ræðum hér og hafa mun þau áhrif á kjarasamningana að verulegur hluti launahækkunar hins almenna launamanns hverfur í skattahækkanir fyrir utan það að íþyngja þeim sem síst skyldi, þ.e. öldruðum og öryrkjum sem lifa við sultarkjör.

Herra forseti. Út af fyrir sig mætti segja ýmislegt fleira um þetta mál og þá sem lenda í að greiða hærri skatta, ræða t.d. betur um kjör heimilanna. Kjör heimilanna verða rýrð með aðferðinni sem beitt er til að bæta sveitarfélögunum tapið sem þau hafa orðið fyrir í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Við fjölluðum, herra forseti, í gær um hluta af þessum fjárhagslegu samskiptum ríkis og sveitarfélaga, flutninginn á málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaga. Miðað við þá umræðu má draga í efa að kaflaskil séu í fjárhagslegu uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga og að menn hafi komist að réttlátri eða eðlilegri niðurstöðu þar sem hallað hefur á sveitarfélögin, um 6–7 milljarða á undanförnum árum, ýmist vegna verkefnatilflutnings eða skattalagabreytinga. Frestun á söluhagnaði hefur t.d. út af fyrir sig skert kjör sveitarfélaga um 2 milljarða samkvæmt umsögn ríkisskattstjóra. Jafnframt er ljóst, eins og við ræddum hér í gær, herra forseti, að færa á verulegar byrðar yfir á sveitarfélögin. Af því að menn eru alltaf að segja að það sé á valdi sveitarfélaganna hvort þau hækka útsvar ekki þá verður að árétta að þau eru greinilega, herra forseti, vegna samskipta sinna við ríkið, tilneydd til þessara útsvarshækkana.

Eins og horfir varðandi kostnað við þjónustu við fatlaða sem nú er áformað að flytja til sveitarfélaganna, finnst mér þannig að verki staðið að ástæða sé til að staldra við nú þegar. Reksturinn á sambýlum og húsnæðismál fatlaðra verður, miðað við þá viljayfirlýsingu sem gefin var nú um helgina, með þeim hætti að ríkið mun standa undir leigu í húsnæðismálum fatlaðra en Öryrkjabandalagið mun taka til þess lán og öllum fjármagnskostnaði verður velt yfir í leiguna sem þýðir, herra forseti, náttúrlega mjög aukinn rekstrarkostnað af húsnæðismálum fatlaðra. Mig rak í rogastans þegar ég skoðaði það í gærkvöldi, eftir umræðuna, hverjir eiga að borga brúsann í þessum samskiptum, kostnaðinn í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Svo virðist sem fatlaðir eigi sjálfir að bera verulegan hluta af leigugreiðslum samkvæmt viljayfirlýsingunni frá félmrn. og hússjóði Öryrkjabandalagsins. Það er ástæða til þess að nefna, við umræður um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, að í yfirlýsingunni stendur, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun leigugreiðslna íbúa sambýla hefur verið miðað við þeir greiði að jafnaði sem samsvarar 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla af húsnæðiskostnaði verði því sem nemur 6% af stofnkostnaði."

Af stofngjaldi sem velta á yfir í leiguna á ríkið að bera 6% fyrst um sinn og síðan væntanlega sveitarfélögin en fatlaðir, sem hingað til hafa ekki þurft að borga leigu á yfirgnæfandi meiri hluta sambýla, eiga nú að borga leigu. Það á að setja leigugjald á þroskahefta og fatlaða á sambýlum til að standa undir þeim samningi sem gerður var milli Öryrkjabandalagsins og félmrn. um helgina. Það fylgdi auðvitað ekki sögunni þegar það var rætt af hálfu félmrh. að fatlaðir og þroskaheftir eiga að standa undir breytingunni á húsnæðismálum öryrkja og þroskaheftra sem á að leysa á fimm árum með þessari viljayfirlýsingu.

Það sem maður rekur augun í einnig, í þessu sambandi, herra forseti, er að það virðist eiga að stofna hlutafélag um allar fasteignir sem til eru fyrir fatlaða og þroskahefta hér á landi. Það á að breyta rekstrarforminu og stofna sérstakt eignarhaldsfélag, eins og fram kemur innan sviga í viljayfirlýsingunni, um allar eða flestar húseignir sem í dag eru notaðar sem þjónustuíbúðir fatlaðra. Einnig kemur fram að margt mæli með því að rekstrarformið verði hlutafélag en hægt verði að ákveða annað form með lögum.

Þannig stefnir í að rekstrinum á öllum húsnæðismálum fatlaðra í landinu verði breytt, eignum sem fyrir eru og þeim sem til verða í framtíðinni, rekstrarforminu breytt yfir í hlutafélög og íbúarnir sjálfir, þ.e. fatlaðir og þroskaheftir, látnir standa undir 40% af leigugreiðslunum, sennilega með því að taka af bótum þeirra.

Herra forseti. Hér er um algjöra stefnubreytingu að ræða og ástæða til að draga það fram við umræður um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Málefni fatlaðra verða væntanlega hluti af þeim samskiptum frá næstu áramótum vegna þess að sá samningur eða viljayfirlýsing sem gerð var um helgina á að taka gildi, ef ég skil málið rétt, frá næstu áramótum. Ég hvet nefndir þingsins sem fjalla um þetta mál, sem væntan-

lega verða bæði efh.- og viðskn. og félmn., að skoða hvað hér er á ferðinni.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu en ég ætla að enda þar sem ég byrjaði. Ég óskaði nærveru bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. vegna yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Ég hef ekki séð hæstv. forsrh. en ég hef séð hæstv. utanrrh. bregða hér fyrir. Ég hefði gjarnan viljað heyra skoðun þeirra og álit á þeirri yfirlýsingu sem þeir undirrituðu 10. mars á þessu ári. Þar á ég bæði við yfirlýsingu um að skattleysismörk fylgi launaþróun, sem þau gera ekki nema Alþingi standi að breytingu á persónuafslættinum og líka um að greiðslur almannatrygginga hækki í takt við laun, sem einnig mun raskast með þeim aðgerðum sem við ræðum hér. Ég vil einnig spyrja um 5. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000, því gæti hæstv. fjmrh. væntanlega svarað hér síðar í umræðunni. Heildarsamtök launafólks ASÍ hafa kallað eftir því sem þar er fjallað um, þ.e. athugun á tekjuskattskerfinu. En hér stendur í 5. lið:

„Ríkisstjórnin mun á næstu mánuðum láta fara fram sérstaka athugun á tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslukerfinu. Þar verði m.a. farið yfir kosti þess og galla að fjölga skattþrepum. Haft verður samráð við samtök launafólks og atvinnurekenda um þetta verkefni."

Ég held að það væri ástæða til að ræða, þó síðar verði í þessari umræðu, hvort þessi vinna er farin af stað. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er ekki einfalt mál og getur tekið talsverðan tíma en þó þarf að hefja þetta verk. Fróðlegt væri að vita hvar það er á vegi statt þar sem það er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eftir því hefur verið kallað af hálfu heildarsamtaka launafólks í tengslum við þetta frv.

Herra forseti. Þó að hvorugur þeirra tveggja ráðherra — hæstv. fjmrh. er að vísu hér — sem ég kallaði sérstaklega eftir og skrifuðu undir þessa yfirlýsingu sé viðstaddur þá vænti ég þess, herra forseti, af því að eitthvað mun eftir af umræðunni, að hæstv. ráðherrar svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til þeirra í umræðunni um þá almennu skattahækkun sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir í tengslum við uppgjör á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

[15:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er eins konar tvíburafrv. annars frv. sem nýlega var hér til umfjöllunar og fjallaði um tekjustofna sveitarfélaga.

Þessi frv. ganga í grófum dráttum út á að styrkja fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna, færa tekjustofna sem áður voru hjá ríkinu yfir til sveitarfélaganna og styrkja þannig stöðu þeirra. Þau eru byggð á athugun nefndar sem ríkisstjórnin skipaði á sínum tíma sem leiddi í ljós að skuldir sveitarfélaganna eru orðnar æðimiklar. Í árslok 1999 námu heildarskuldir sveitarfélaganna rúmum 50 milljörðum kr., 51,8 milljörðum kr., og höfðu tvöfaldast á tíu árum.

Um það er ekki deilt að styrkja beri stöðu sveitarfélaganna. Það skyldi gert aðallega með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi að auka heimildir sveitarfélaganna til að hækka útsvar og samkvæmt tekjustofnafrv. er þeim heimilað á tveimur árum að hækka útsvarið um 0,99%. Í annan stað er álagningarstofni fasteignaskatts breytt og að sönnu er það ekki til að styrkja sveitarfélögin í sjálfu sér vegna þess að það léttir skattbyrði af einstaklingum utan suðvesturhornsins. Þessi skattstofn hefur verið mjög ósanngjarn, hann hefur tekið mið af fasteignaverði í Reykjavík en verður núna nær veruleikanum þar sem fasteignaverð á landsbyggðinni er yfirleitt miklu lægra en gerist hér. Þetta léttir því sköttum af einstaklingum en rýrir þar með tekjustofna og tekjur sveitarfélaganna. Því er mætt með auknu framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en í annan stað verður um að ræða tímabundna fjárveitingu í jöfnunarsjóðinn á komandi ári og einnig því næsta upp á 700 millj. kr. hvort ár. Allt er þetta til að styrkja stöðu sveitarfélaganna.

Menn telja flestir sem hafa farið vel ofan í kjölinn á þessum málum að ekki sé nóg að gert því skuldirnar séu miklar og einnig hafi það gerst að ýmis verkefni sem áður voru hjá ríkinu hafi verið færð á herðar sveitarfélaganna án þess að nægilegir tekjustofnar hafi fylgt með. Þá minna menn á að á liðnum árum hafi sveitarfélögin verið svipt ýmsum mikilvægum tekjustofnum eins og aðstöðugjaldinu sem var afnumið snemma á tíunda áratugnum og gaf 5–6 milljarða í aðra hönd. Eins og kunnugt er var það lagt af.

En þótt menn velti vöngum yfir öllum þessum kerfisbreytingum þá beinist gagnrýnin einkum að tekjuskattinum og útsvarinu. Það er rauður þráður í umsögnum sem koma frá sveitarfélögunum að eðlilegt hefði verið við þessar aðstæður að heimildin til útsvarshækkunar annars vegar og tekjuskattslækkunin hins vegar mundu standast á, að ríkið lækkaði tekjuskattinn um sömu hlutfallstölu og heimildinni til útsvarshækkunarinnar nemur. Þetta kemur fram hjá mjög mörgum sveitarfélögum sem veittu Alþingi umsögn um frv. Menn benda á að þetta hafi þegar upp er staðið í för með sér skattahækkun á almenning og menn hafi ekki lagt upp í þessa vegferð með það fyrir augum heldur einvörðungu að færa til tekjustofna.

En reiðin hefur þó sennilega verið mest á höfuðborgarsvæðinu og skýringuna á henni er m.a. að finna í áliti frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem er undirritað af hv. þingmönnum Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Sigríði A. Þórðardóttur, Gunnar Birgissyni og Hjálmari Árnasyni. Þau segja, með leyfi forseta, m.a.:

„Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á því að á sama tíma og skatthlutfall einstaklinga er lækkað vegna fyrirhugaðrar hækkunar á útsvarsheimild sveitarfélaga eru áform um hækkun barnabóta og lækkun fasteignaskatta."

En það er staðreynd að á Reykjavíkursvæðinu, á Þéttbýlissvæðinu suðvestan lands gerist þetta ekki, alla vega hvað fasteignaskattana snertir. (**KHG:** Sveitarfélögin geta lækkað prósentuna.) Sveitarfélögin geta lækkað prósentuna. Nú erum við bara að horfa á þær breytingar sem hér er verið að leggja til, annars vegar með tekjustofnafrv. og hins vegar tekjuskattsfrv. Að sönnu er einvörðungu um heimild að ræða til hækkunar á útsvari, það er rétt, en það er mjög líklegt í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélaganna að þau muni nýta þá heimild að fullu. Ég held að hægt sé að ganga nokkurn veginn út frá því að mörg og kannski flest sveitarfélögin muni gera það. (**PHB:** Hver ætlar að borga það?) Hver ætlar að borga þetta? segir hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur verið óþreytandi við að leggja til á Alþingi margvíslegar ívilnanir fyrir fyrirtæki, stórfyrirtæki og stóreignamenn, fjármagnseigendur, en vill jafnframt setja skattbyrðarnar yfir á einstaklingana, á almenning, á launafólk. Og um það snýst náttúrlega pólitíkin, að takast á um hvernig eigi að deila þeim byrðum niður.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan nemur heimildin til útsvarshækkunar fyrir sveitarfélögin 0,99% en lagabreytingin til lækkunar tekjuskattinum gengur út á að lækka hann um einvörðungu þriðjunginn af þessu, 0,33%, þannig að þetta er skattahækkun þegar á heildina er litið. Þau rök frá meiri hlutanum um að lækkun á fasteignaskatti vegi þarna upp á móti ganga ekki upp. Þau ganga ekki upp á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorninu vegna þess að fasteignaskattar þar munu ekki lækka, þarna verður því sannarlega um skattahækkun að ræða. Mér finnst að við eigum ekki að vera með neinar blekkingar í þessu efni, þetta er staðreynd, það er verið að tala um skattahækkun.

Nú skal ég segja það hér einu sinni enn að ég er maður hárra skatta, ég vil afla ríki og sveitarfélögum skatta og vil hafa trausta... (**KHG:** Maður hárra útgjalda?) Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, ég er maður hárra útgjalda. Ég vil trausta velferðarþjónustu og fyrir hana þarf að greiða.

En síðan kemur að því að ákvarða hvernig byrðunum er deilt, hverjir eigi að greiða. Staðreyndin er sú að meðan ríkisstjórnir Sjálfstfl. hafa setið hefur sköttum kerfisbundið verið létt af stórfyrirtækjum, aflögufærum fyrirtækjum og af stóreignafólki og fjármagnseigendum. Tekjuskattar fyrirtækja voru fyrir tíu árum 50% en eru komnir niður í 30% núna. En á sama tíma hafa tekjuskattar á almenning, einstaklingana hækkað, þeir hafa farið hækkandi. Þetta er staðreynd. Einnig er á það að líta að margvíslegar aðrar álögur á almenning hafa komið til sögunnar, skólagjöld, sjúklingaskattar, aukinn lyfjakostnaður og þar fram eftir götunum. Þótt við viljum trausta tekjustofna fyrir ríki og sveitarfélög þá þurfum við að gæta að því hvernig þeim skattbyrðum er skipt niður.

Staðreyndin er sú að Sjálfstfl. hefur haft forgöngu um að létta skattbyrðum af þeim sem eru raunverulega aflögufærir í landinu en hlaða pinklunum á hina sem eru að kikna undan þeim. Það er ranglátt og hér er haldið áfram á þeirri braut vegna þess að hækkun á tekjuskatti veldur því að skattleysismörkin lækka, þau lækka ef persónuafsláttur inn er ekki hækkaður. Og þá erum við komin að öðru meginatriðinu sem er gagnrýnt í þessu tvíburafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Hún ætlar ekki að láta persónuafsláttinn hækka þótt hún hækki tekjuskattsprósentuna og það veldur því að skattleysismörkin eru lækkuð. Þessi frv. ganga með öðrum orðum út á að lækka skattleysismörkin og veldur því að á milli tvö og þrjú þúsund manns, á þriðja þúsund manns sem ella hefðu ekki greitt skatta munu greiða skatta vegna þessara breytinga. Þetta er staðreynd.

Komið hefur fram frv. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er 1. flm. að en aðrir þingmenn Samfylkingarinnar eru þar einnig og ég hef lýst því áður að ég styð það frv. sem gengur út á að lækka tekjuskattshlutfallið til samræmis við útsvarshækkunina eða fyrirhugaða útsvarshækkun. Ef þessi brtt. við frv. verður ekki samþykkt þá tek ég undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við í minni hluta efh.- og viðskn. munum flytja tillögu sem gengur út á að hækka persónuafsláttinn. Það tekur nokkuð höggið af þessum breytingum enda þótt niðurstaðan verði eftir sem áður sú að skattbyrðin eykst, hún eykst með hærri skattprósentu. En engu að síður yrði með þessum hætti séð til þess að skattleysismörkin hækkuðu ekki.

Mér finnst, herra forseti, fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna skulda Alþingi og þjóðinni skýringu á því að í miðju góðærinu séu þeir að grípa til ráðstafana sem hafa það í för með sér að skattleysismörkin eru lækkuð. Og þar erum við komin að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í marsmánuði sl., gott ef það var ekki 10. dag marsmánaðar sem ríkisstjórnin, oddvitar stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson undirrituðu yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga sem þá var verið að ganga frá við Flóabandalagið sem svo er nefnt. Í því samkomulagi eða öllu heldur í þeirri yfirlýsingu er sérstaklega vikið að skattleysismörkunum og um það fjallað að þau skuli fylgja launaþróun.

Nú erum við að sönnu ekki að tala um launaþróun, við erum að tala um aðra þætti, við erum að tala um breytingu á skatthlutfallinu þannig að strangt skoðað gætu menn sloppið frá þeirri yfirlýsingu með textarýni af því tagi að segja að launaþróunin sé ekkert að breytast og menn séu þess vegna ekki bundnir því sem hér var undirritað. En markmiðið með þessari yfirlýsingu og með því samkomulagi sem menn töldu sig vera að gera hlýtur eftir sem áður að hafa verið hitt að tryggja að skattleysismörkin færu ekki lækkandi, að þau fylgdu hvort sem væri launaþróun eða öðrum ráðstöfunum, öðrum breytingum sem menn væru að gera, á skattkerfinu þess vegna. Að efni til er niðurstaðan hin sama.

Þetta hefur verið gagnrýnt mjög á liðnum árum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, af hálfu heildarsamtaka launafólks, að skattleysismörk hafa ekki verið látin fylgja launaþróun og öðrum breytingum sem menn hafa gert á skattkerfunum með þeim afleiðingum að þau hafa dregist aftur úr og í framhaldinu er gert samkomulag um þetta efni. Þetta var eitt meginstefið í skýrslu sem ASÍ og BSRB sendu frá sér á síðasta ári að sýna fram á mikilvægi skattleysismarkanna í kjörum fólks.

Ég mér grein fyrir því að ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um hvernig taka eigi á skattleysismörkunum og sköttunum almennt. Hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafa verið með tillögur sem ganga út á að afnema skattleysismörkin með öllu og lækka þá um leið skattprósentuna, fara með hana niður undir 20% minnir mig að það hafi verið og afnema skattleysismörkin og telja þetta til góðs. Að sjálfsögðu er þetta til góðs fyrir tekjuhærri hluta samfélagsins vegna þess að hjá tekjuhærri hluta samfélagsins mundu skattar lækka vegna þessa. En fyrir tekjulægsta fólkið, fyrir þá sem eru undir 130–140 þús. kr. á mánuði þá mundu skattar hækka, skattbyrðin aukast. Tekjulægsta fólkið væri með öðrum orðum að niðurgreiða skattalækkanir fyrir tekjuhærri hluta samfélagsins og það væri að mínum dómi rangt.

Ég held að skattleysismörkin séu mjög mikilvæg, ekki aðeins fyrir einstaklinginn og kaupmátt einstaklingsins og þeirra sem eru með minnstar tekjur heldur held ég að þetta hafi líka efnahagslega þýðingu. Mig langar til að vísa aðeins í reynslu annarra þjóða hvað þetta snertir.

Á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku, er það staðreynd að ekki er minna, samkvæmt þeim könnunum sem gerðar hafa verið, svikið undan skatti en gerist hér. En margir halda því fram að mjög mikið sé um svarta atvinnustarfsemi, að sérstaklega smá fyrirtæki, óburðug fyrirtæki reyni að skjóta sér undan skatti vegna þess einfaldlega að þau telji sig ekki hafa efni á því að greiða til samfélagsins, þau séu það óburðug. Ég hef heyrt Dani halda því fram að það kerfi sem við búum við, sem í reynd er að vissu leyti stuðningur og niðurgreiðsla á atvinnulífinu, verði til þess að auðvelda fyrirtækjum sem búa við ótraustan fjárhag að ráða fólk til starfa vegna þess að

skattleysismörkin taka þarna af þeim höggið, taka af þeim miklar byrðar.

Nú er ég vissulega kominn á svolítið svipaðar lendur og þeir hafa haldið hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og Pétur H. Blöndal að vissu leyti. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekkert að villast þangað heldur. En ég er að segja það að í reynd gengur röksemdafærsla mín út á það að með eðlilegri skattprósentu stuðlum við að því að víkka skattstofninn þannig að menn svíki síður undan skatti. Það er veigamikill þáttur í rökstuðningi þeirra fyrir skattalækkunum. Ég vildi aðeins skjóta þessari hugsun inn í þessa umræðu.

Ég er að reyna að færa rök fyrir því að við eigum ekki að láta það gerast að skattleysismörkin lækki. Við eigum ekki að láta það gerast. Við eigum að láta þau haldast í takt við launaþróun og í takt við breytingar sem við gerum á skattkerfinu. Ef við látum skattleysismörkin dragast aftur úr þá verða skrefin sem við þurfum að stíga til að rétta hlutina af óbærilega þung þegar fram í sækir eins og dæmin sanna. En það sem við erum að reyna að gera núna er að sjá til þess að ekki sígi aftur á ógæfuhliðina, að við látum þetta haldast í hendur, skattleysismörk, launaþróun og aðrar skattkerfisbreytingar.

Í umsögnum sem Alþingi hafa borist kemur fram mjög hörð gagnrýni á þessar breytingar. Í erindi sem barst frá ASÍ segir m.a, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er þyngri skattbyrði launafólks á sama tíma og spár gera ráð fyrir að verulega hægi á kaupmáttarauknингunni. Auknar skattálögur sem draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna ganga þvert gegn markmiðum kjarasamninganna á almenna vinnumarkaðnum.

En skattbyrði launafólks þyngist ekki aðeins beint vegna skattahækkunarinnar sjálfrar heldur bætist við að skattleysismörk munu að öðru óbreyttu lækka að raungildi. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sl. vegna kjarasamninganna er kafli sem ber yfirskriftina „Skattleysismörk fylgja launaþróun". Til að skattleysismörkin fylgi almennum lágmarkshækkunum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þyrftu þau að hækka um 3% í ársbyrjun 2003 og aftur um 3% 2002. Skattahækkunin hefur hins vegar þau áhrif að skattleysismörkin hækka aðeins um 2,1% sem er raunlækkun eins og ASÍ hefur ítrekað bent á. Þessi staðreynd sést m.a. á því að vegna fyrirhugaðra breytinga mun skattgreiðendum fjölga um meira en 2.100 eða ríflega 8% strax á næsta ári."

Þyngingu skattbyrðinnar sést einnig glöggt á því að svonefnd barnakort áttu að tryggja einstæðu foreldri með eitt barn eða fleiri undir sjö ára aldri og um 100 þús. kr. í mánaðartekjur rúmlega 34.000 kr. í auknar ráðstöfunartekjur árið 2003. Strax á því ári verður ríkisstjórnin búin að taka til baka með skattahækkuninni ríflega fjórðung af þessum kjarabótum sem hún hefur þó haldið svo mjög á lofti.

Þetta er nú annar þátturinn í þessu.

Ég sagði áðan að þetta væri tvíburafrv. sem líta bæri á sem eina heild, tekjustofnafrv. fyrir sveitarfélögin og tekjuskattsfrv. sem hér er til umræðu. En auðvitað er þessi fjölskylda miklu stærri. Ríkisstjórnin er a.m.k. í sínum málflutningi að stækka þessa fjölskyldu. Hún er að reyna að réttlæta þessar auknu skattálögur. Hún er að reyna að réttlæta lækkun skattleysismarkanna og aukna skattheimtu á lágtekjufólk í landinu. Hún er að reyna að réttlæta það með því að barnabæturnar séu auknar, að barnabæturnar séu hækkaðar. Það er bara allt annar handleggur.

Ég furða mig stundum á óskammfeilni talsmanna ríkisstjórnarflokkanna og þá ekki síst Framsfl. sem leyfir sér að halda þessu fram, er að monta sig af því að ótekjutengdar barnabætur verði 33 þús. kr. fyrir hvert barn upp að sjö ára aldri, (**KHG:** 34 þús.) 34 þús., leiðréttir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fyrir hvert barn upp að sjö ára aldri.

Árið 1997 var þessi ótekjutengdi hluti um 40 þús. kr. (Gripið fram í.) en ekki bara upp að sjö ára aldri heldur að 16 ára aldri. Og á næstu þremur árum ætlar ríkisstjórnin ekki einu sinni að koma með aukið framlag til stuðnings barnafólki sem nemur skerðingunni á þessu framlagi á síðustu tíu árum. Þetta er staðreynd. Þess vegna er það ótrúleg óskammfeilni að voga sér að setja þetta fram sem einhverjar sérstakar kjarabætur nú. Það er óskammfeilni.

Þetta var úr greinargerð Alþýðusambands Íslands.

Í greinargerðum annarra samtaka kveður við svipaðan tón. Þannig segir m.a. í umsögn BSRB að skoða beri þessi tvö frumvörp heildstætt. Nú vitna ég beint í umsögnina, með leyfi forseta:

„Þar er gert ráð fyrir lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 26,41% í 26,08% eða um 0,33%. Þessi tekjuskattslækkun vegur ekki upp heimild til útsvarshækkunar. Afleiðingin er hærri tekjuskattar á einstaklinga sem að öllu óbreyttu hefur í för með sér rýrnum á ráðstöfunartekjum þeirra. Sums staðar á landsbyggðinni mun lækkun á fasteignasköttum vega þarna upp á móti en það mun ekki eiga við um Reykjavík eins og áður er vikið að. Samkvæmt breytingartillögum við ofangreint frumvarp á þingskjali 243, 196. mál," — hér er vísað í frv. sem ég áður gat um og er flutt af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og þingmönnum Samfylkingarinnar — „er gert ráð fyrir að tekjuskattslækkunin nemi 0,99% og vegi þannig upp á móti heimild sveitarfélaganna til hækkunar á útsvari. Þetta er eðlilegt sé ætlunin einvörðungu að færa til tekjustofna en ekki hækka skatta.

Mikilvægt er að hyggja að áhrifum þessara skattbreytinga á skattleysismörk. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í mars og lagabreytingum í kjölfarið er gert ráð fyrir að skattleysismörk hækki samkvæmt lágmarks umsömdum launahækkunum sem þá hafði verið gengið frá. Þessi hækkun skattleysismarka er innan þeirrar launaþróunar sem síðan hefur orðið og hlýtur það að vera lágmarkskrafa að nái þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir fram að ganga þá verði þær ekki til að skerða skattleysismörk enn frekar. Til þess að skattleysismörk haldist óbreytt miðað við hækkun tekjuskatta um 0,33% 1. janúar 2001 og aftur sama hlutfall ári síðar þyrfti persónuafsláttur að hækka umfram það sem áður hefur verið ákveðið um 217 krónur í byrjun næsta árs, 447 krónur í ársbyrjun 2002 og 457 krónur 2003, sjá meðfylgjandi töflu."

Hér koma sömu tölur fram og við höfum einnig fengið frá reiknimeisturum fjmrn. nema það skeikar 3 kr. í síðustu upphæðinni. Fjmrn. talar um 460 kr. en í álitsgerð BSRB er talað um 457 kr.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„BSRB hefur jafnan lagt á það ríka áherslu að skattar og skattkerfisbreytingar séu skoðaðar heildstætt. Full ástæða er til að mótmæla harðlega forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hún hefur þrengt tekjustofna vegna arðgreiðslna, heimilað frestun á skattlagningu hagnaðar af hlutafé, innleitt skattahagræði vegna valréttarsamninga í hlutafélögum, lækkað aðflutningsgjöld af dýrum bifreiðum og margvíslegum lúxusvarningi svo nokkur dæmi séu nefnd.

Því miður hefur lítillar viðleitni orðið vart til að koma til móts við kröfur launafólks um fjölgun skattþrepa og aðra þætti sem mættu verða til tekjujöfnunar. Í ljósi þessa mótmælir BSRB fyrirhuguðum skattbreytingum."

Þetta var m.a. úr álitsgerð BSRB.

Landssamband eldri borgara sendi núna um mánaðamótin frá sér yfirlýsingu þar sem segir m.a. í niðurlaginu, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssambands eldri borgara leggur því eindregið til að heildarskattlagning tekjuskatts og útsvars verði óbreytt og að hækkun skattleysismarka verði látin fylgja almennri launaþróun í landinu. Hvort ríkið og sveitarfélögin skipti með sér heildarskattheimtum á annan hátt en nú er til þess að bæta stöðu sveitarfélaganna, gerum við ekki að þrætuefni."

Þetta sagði m.a. í álitsgerð Landssambands eldri borgara.

Í áliti Öryrkjabandalagsins kveður við sama tón en í álitsgerð Öryrkjabandalags Íslands eru fyrirhugaðar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar gagnrýndar og segir að þróun skattleysismarka hafi verið þannig á síðasta áratug að jafnvel þeir sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga séu farnir að greiða af þeim beinan skatt sem nemur tugum þúsunda á ári hverju. Bendir Öryrkjabandalagið á að þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd að örorkulífeyrir og tekjutrygging hafi dregist verulega aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Leggur Öryrkjabandalagið áherslu á að komi til útsvarshækkunar verði hún að fullu bætt með samsvarandi lækkun á tekjuskatti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa miklu lengra mál um þetta að sinni. Augljóst er að ætli ríkisstjórnin ekki að koma til móts við kröfur verkalýðshreyfingarinnar og annarra almannasamtaka í landinu, Öryrkjabandalagsins, eldri borgara og stjórnarandstöðunnar um breytingar á þessum frv. mun það kalla á mikinn ófrið. Mér finnst furðulegt ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar að fara svona fram. Mér finnst það furðulegt ábyrgðarleysi að leyfa sér að koma með breytingar undir því yfirskini einu að verið sé að styrkja fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna sem er vissulega verið að gera, en um leið nota tækifærið til að auka skattbyrðar á almennt launafólk í landinu og lækka skattleysismörkin. Allt snýr þetta að samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur undir lokin þegar hún vék að því sem er að gerast í samskiptum ríkisvaldsins og aðila á borð við Öryrkjabandalagið og hússjóðinn og þær breytingar sem hér virðist eiga að ráðast í á félagslegu húsnæði, á sambýlum, á húsnæði fyrir fatlaða, að fara að gera þetta húsnæði og þessa starfsemi alla að hlutafélögum. Á að fara að færa þetta líka inn á grunn markaðshyggjunnar? Ég er ansi hræddur um að þetta eigi eftir að kalla á miklar umræður.

Eitt er víst að núna verður beðið eftir skýringum hæstv. félmrh. um þetta efni og frá hæstv. fjmrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. verður að sjálfsögðu beðið skýringa á því hvernig þeir ætli að svara þeim verkalýðssamtökum sem þeir lofuðu sl. vor, í marsmánuði að skattleysismörk mundu þróast með tilteknum hætti, en svíkja nú. Hvernig ætla forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar að svara samtökum launafólks? Hvernig ætla þeir að svara eldri borgurum? Hvernig ætla þeir að svara Öryrkjabandalaginu? Hvernig ætla þeir að svara heildarsamtökum launafólks, ASÍ og BSRB, sem krefjast þess að þessar skattkerfisbreytingar verði ekki til að lækka skattleysismörkin og ekki til þess að auka skattbyrðar á almennt launafólk á Íslandi og sérstaklega lágtekjufólkið? Hvernig ætla forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar að svara þessum aðilum?

Ég skil mætavel hv. formann efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Hann hefur löngum barist fyrir skattkerfisbreytingum í þessum anda. Verslunarráðið og samtök atvinnulífsins vilja létta sköttum af fyrirtækjum og fjármagnseigendum og láta launafólk bera byrðarnar. Þetta er í anda þeirra og vissulega er þetta í anda ríkisstjórnarinnar. En hvernig ætla forsvarsmenn stjórnarflokkanna að svara þessum samtökum? Hvernig ætla þeir að skýra yfirlýsinguna sem var gefin sl. marsmánuð í tengslum við kjarasamninga í ljósi þess sem síðar hefur gerst? Hvernig ætla þeir að gera það?

Hér stóðu menn keikir og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að nú mundu skattleysismörkin þróast í takt við launin. Skilningur allra var sá að þetta mundi haldast svo í reynd að menn mundu ekki koma aftan að fólki með þeim hætti sem nú virðist eiga að gera.

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að rifja upp afstöðu framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands nýverið einmitt til skattahækkana í tengslum við mat á efnahagsástandinu á Íslandi. Ekki er langt síðan að hann beitti sér fyrir umræðu á opinberum vettvangi með þeim hætti að hann taldi að þenslan væri það mikil í íslensku efnahagslífi að ástæða væri til þess fyrir íslensk stjórnvöld að grípa til efnahagsaðgerða. Meðal tillagna hans í aðgerðum til að slá á þensluna og verðbólguna og halda þannig efnahagsástandinu innan viðmiðunarástands kjarasamninga var að hækka skatta. Tillaga framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands var að ríkisstjórnin skyldi hækka skatta. Hann sá það ráð ásamt öðrum og benti á það.

Þetta er maður sem er þungavigtarmaður í samtökum sínum. Ég minni á að m.a. varaforseti Alþýðusambands Íslands, Halldór Björnsson, sem gekk á fund efh.- og viðskn., taldi að framkvæmdastjórinn væri sérstaklega heppilegur til að leiða Alþýðusamband Íslands, væntanlega vegna afstöðu framkvæmdastjórans og ábyrgra viðhorfa í efnahagsmálum.

Mér þykir kyndugt þegar formaður BSRB talar algjörlega þvert á helsta talsmann ASÍ í þessum efnum. Það hlýtur að verða að gera þá kröfu til þessara tveggja höfuðfylkinga verkalýðshreyfingarinnar að þær samræmi afstöðu sína í efnahagsmálum og skattamálum áður en hv. þm. Ögmundur Jónasson fer að þenja sig mikið í ræðustól.

[16:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ég sammála því sem meðal annarra framkvæmdastjóri ASÍ hefur stundum haldið fram að á þenslutímum eigi ekki að lækka skatta. Það er almennt viðhorf sem ég get tekið undir.

En ég minnist þess ekki, herra forseti, að framkvæmdastjóri ASÍ hafi talað um nauðsyn þess eða að það væri yfir höfuð réttlætanlegt að lækka skattleysismörkin. Þau frv. sem við erum að fjalla um hér snúast ekki um að lækka skatta, þau snúast um að hækka skatta. Menn hafa verið að ræða um að útsvarshækkunin standist á við tekjuskattslækkunina. Menn eru að tala um óbreytt ástand, óbreytt ástand miðað við þær forsendur sem voru ríkjandi þegar þessir aðilar gengu til kjarasamninga. Í kjölfarið sá ríkisstjórnin ástæðu til þess að koma fram með sérstaka yfirlýsingu varðandi skattleysismörkin.

Um það erum við að ræða hér. Við erum að ræða um auknar skattálögur á láglaunafólk. Við erum að krefjast þess að skattleysismörkin fylgi launaþróun og taki mið af skattkerfisbreytingum þannig að þau lækki ekki. Út á það gengur umræðan fyrst og fremst.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn hefur eytt ræðu sinni fyrst og fremst í að tala gegn því að skattar gætu hækkað ef sveitarfélög nýta sér til fullnustu aukna möguleika til að hækka útsvar. Það er það sem hann er að tala gegn og hann hefur talað fyrir því að tekjuskattur ríkisins yrði lækkaður jafnmikið og útsvarið mundi hækka. Hv. þm. er því að tala gegn skattahækkunum. Hann er að tala gegn sjónarmiði framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands. Hann segir hins vegar í hinu orðinu að hann sé sammála því að á þenslutímum sé skynsamlegt að hækka skatta. Nú á hv. þm. eftir að útskýra það fyrir okkur hvernig hann fær þetta tvennt til að ganga upp og koma heim og saman.

Mig langar — bara til þess að því sé til skila haldið vegna ítrekaðra yfirlýsinga þingmannsins um lækkun skattleysismarka — að taka það fram að með því er aðeins hálf sagan sögð. Í skattalögum er skilgreindur persónuafsláttur sem er ákveðin föst fjárhæð sem dregst frá útreiknuðum skatti. Persónuafsláttur breytist ekkert og ekki er lagt til að breyta persónuafslætti þannig að gefa það í skyn að verið sé að lækka þá fjárhæð sem hver launþegi hefur til að draga frá reiknuðum skatti er rangt. Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, þannig að menn misskildu ekki ítrekaðar yfirlýsingar hv. þm., sem er í raun og veru að gefa það í skyn, sem er ekki rétt, að verið sé að lækka persónuafsláttinn.

Ég vil svo að lokum minna á að ef ég er með réttar upplýsingar um fasteignaskattinn — vegna þess að hv. þm. gerði dálítið mikið úr því að á höfuðborgarsvæðinu væri þróunin á álögðum fasteignaskatti önnur en mundi verða á landsbyggðinni með breyttum reglum þar um: Upplýsingar mínar eru þær að á undaförnum tveimur árum — ja, nú sé ég að tíma mínum er lokið þannig að ég verð að ljúka máli mínu, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG): Klukkan hafði því miður verið vitlaust stillt í púltinu þannig að hv. þm. fékk ekki blikkljós en tíminn er liðinn.)

[16:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held mig við það almenna viðhorf að á þenslutímum sé ekki ráðlegt að lækka skatta og þar tek ég undir sjónarmið sem hafa heyrst úr herbúðum ASÍ.

Við erum hins vegar að tala um að það eigi að láta skattbyrðina standa óbreytta en menn noti ekki þetta tækifæri eða þessar skattkerfisbreytingar sem eru fyrst og fremst hugsaðar til að styrkja fjárhagsstöðu og fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna til að hækka skatta á almennt launafólk. Þá horfi ég líka sérstaklega til annarra skattkerfisbreytinga sem menn eru að grípa til þessa dagana og ganga allar út á að létta skattbyrðina á hátekjufólki og fjármagnseigendum. Það er staðreynd.

Hitt vil ég leiðrétta hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að ég hef aldrei sagt það og aldrei gefið það í skyn að verið væri að lækka persónuafsláttinn. Ég sagði að verið væri að lækka skattleysismörkin vegna þess að ef skattprósentan er hækkuð án þess að persónuafsláttur inn sé hækkaður að sama skapi þá hafi það það í för með sér að skattleysismörkin lækki. Ég er að tala gegn því að það gerist. Út á það gengur það.

Ég hef ekki verið með neinar blekkingar í þessu efni og tel mig hafa talað skýrt hvað þetta snertir þannig að þetta er misskilningur hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni.

[16:29]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt í pólitík að það séu tiltölulega skýrar línur svo að menn átti sig á því hvað er hvers og hvaða valkostir séu til staðar frá einum tíma til annars.

Í þessu máli eru línurnar ákaflega skýrar. Hér er fyrirliggjandi tillaga ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans sem fær atbeina meiri hluta efh.- og viðskn. til að hækka skatta á almenning í landinu á næstu tveimur árum um tæpa fjóra milljarða kr. á ári hverju þegar þetta verður að fullu komið til framkvæmda. Á móti er gerð tillaga um að lækka fasteignaskatta um 1.100 millj. kr., sem fellur að vísu að stórum hluta á fyrirtæki í viðkomandi sveitarfélögum, og enn fremur að lækka tekjuskatt um 0,33% eða um 1.250 millj. Þegar öllu er haldið til haga þýðir þetta hreina skattahækkun á fólkið í landinu, hið almenna launafólk upp á tvo og hálfan milljarð kr. Það er kjarni málsins.

Valkost gegn þessum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar er að finna hér á þskj. 243 brtt. þingflokks Samfylkingarinnar. Þar er gert ráð fyrir að heildarskattbyrði á almennt launafólk verði ekki aukin heldur verði útsvarshækkunum verði mætt með samsvarandi lækkun á tekjuskatti. Þetta eru hinir skýru valkostir þessa máls. Það ástæðulaust og á sér engin rök að reyna að flækja þessa einföldu mynd.

Herra forseti. Áður en ég ræði þennan þátt málsins öllu meira verð ég að segja að ég hef verulegar áhyggjur af ferðalaginu sem stjórnarmeirihluti landsins og ríkisstjórnin eru á. Það er ekki beint vegna þessa frv. Það þarf ekki koma neinum á óvart að þessir flokkar vilji hækka skatta á almennt launafólk en lækka skatta þeirra sem hafa lifibrauð af fjármagnstekjum. Það er í samræmi við aðra stefnumótun þeirra. En það er hofmóðurinn, hrokinn og vanvirðan sem birtist í umræðunni um þetta mál sem veldur mér áhyggjum. Herra forseti. Þannig að þeir sem á hlusta hafi það á hreinu þá er enginn í þessum sal til að hlýða á mál mitt úr meiri hluta efh.- og viðskn. Það er ekki einn einasti ráðherra hér á ráðherrabekkjum til að fjalla um þessa skattahækkun á almennt launafólk. (Gripið fram í.) Hér situr einn fyrrverandi fulltrúi í efh.- og viðskn. sem fékk ekki frekari stuðning í nefndinni og situr nú á öðrum vettvangi.

Herra forseti. Við erum ekki eingöngu að ræða um það hér að 2,5 milljarðar verði til viðbótar greiddir úr vösum launafólks. Hitt hefur einnig komið fram í umræðunni að Alþýðusamband Íslands, heildarsamtök 70 þúsund launamanna, hafa varað ríkisstjórnina við því að ganga fram með þessum hætti því það muni stefna í hættu meintum stöðugleika, gildandi kjarasamningum sem verða lausir í febrúar á næsta ári. Hofmóðurinn er svo mikill að menn hafa ekki einu sinni nennu til að ræða þau mál í þessum sal.

Væri þetta bara venjubundið nöldur og röfl í stjórnarandstöðunni, að stjórnarandstaðan héldi uppi hefðbundnu stjórnarandstöðuamstri, leiðindum og þófi, þá hefði maður kannski einhvern skilning á því. En það er ekki beinlínis þannig. Þannig er, herra forseti, að í þessu máli er stjórnarandstaðan ekki ein á ferð. Nei, hún hefur Alþýðusam-

band Íslands, með 70 þúsund félaga að baki sér, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja með sín tugþúsund félagsmanna, Landssamband eldri borgara með tugþúsund félaga og Öryrkjabandalag Íslands sem í einu og öllu taka undir þá brtt. sem stjórnarandstaðan mælir fyrir og þann málflutning sem við höfum haldið uppi.

Þar með er ekki allt upp talið. Hvert eitt og einasta sveitarfélag kringum landið sem hefur upp á punkt og prik tekið undir þennan málflutning. Hér sitja þeir síðan stjórnarliðarnir, herra forseti, þ.e. einn núna en ekki einn einasti ráðherra, hvorki forsrh. né utanrrh. sem skrifuðu 10. mars upp á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga, ekki félmrh. sem einnig stóð að málinu, ekki fjmrh., ekki hinn stóri þingmeirihluti á hinu háa Alþingi, 38 þingmenn ríkisstjórnarinnar. Nei, þeir hafa ekki nennu til þess að eyða orðum í svona umræðu.

Herra forseti. Á miðvikudag, að mig minnir, hélt Alþýðusamband Íslands blaðamannafund. Þar voru nýkjörinn varaforseti þess ásamt hagfræðingi sambandsins og frá þeim fundi var glögglega greint í fjölmiðlum, m.a. Morgunblaðinu í ágætri úttekt á opnu. Þar vöruðu menn við því að kjarasamningum væri stefnt í hættu. Ég hef lúslesið prentmiðla og reyndi að hlusta á ljósvakamiðla á þeim tíma til að athuga hvort einhver viðbrögð kæmu frá hæstv. ríkisstjórn og oddvitum við þessum tíðindum. Nei, ekki eitt aukatekið orð. Þeir létu sem þeir heyrðu þetta ekki.

Ég segi bara eitt, herra forseti: Dramb er falli næst. Ef þetta er ekki merki, herra forseti, um að það líði að lokum hjá þessari ríkisstjórn þá veit ég ekki hvað. Þetta er upphaf endalokanna, þegar stjórnvöld haga sér eins og þau gera við þessa umræðu og hafa gert á umliðnum dögum og vikum við meðhöndlun þessa máls, sýna umræðunni algjört áhugaleysi og reyna ekki með nokkrum vitibornum hætti að leggja nokkuð til umræðunnar með málefnalegum og gildum rökum.

Framan af umræðunni um málið þegar menn ræddu einkum sveitarstjórnarþáttinn verð ég þó að segja að fulltrúar stjórnarliða, þeir sem þó létu sig málið varða og komu úr félmn., höfðu greinilega ákveðið samviskubit vegna málsins. Hjá þeim mátti greina afsökunartón í þessum ræðustól og þeim leið illa yfir því að þurfa að flytja þau skilaboð heim í hérað, heim til sveitarfélaganna vítt og breitt um landið, að sveitarstjórnirnar ættu að sjá um skítverkin, sjá um að hækka skatta á landsmenn samkvæmt forskrift þingmeirihlutans.

Nú eru þeir hins vegar mættir til leiks hinir háu herrar, hv. þm. úr efh.- og viðskn. Hjá þeim er enginn afsökunartónn, hvorki hjá formanni nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, sem mælti hér á einni og hálfri mínútu fyrir þessu máli úr nefndinni. Þaðan af síður er slíkur tónn hjá hv. varaformanni nefndarinnar, Kristni H. Gunnarssyni. Nei, það er sko aldeilis uppi á þeim typpið. Það er aldeilis enginn afsökunartónn í málflutningi þeirra þegar þeir mæla fyrir þessari skattahækkun á almennt launafólk í landinu. Þeir koma hér kokhraustir og tala um að kannski væru stærstu mistökin í málinu að lækka tekjuskattinn á móti auknum heimildum í útsvari. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði hér að það væru kannski stærstu mistökin en þeir hefðu ákveðið að gera það samt fyrir skattgreiðendur af því að um það hefði verið samið og menn hefðu á fyrri stigum málsins verið ásáttir á að slaka út þessum 0,33% í tekjuskatti. Hann færðist síðan allur í aukana og sagði að það væri nú ekki mikið að marka stjórnarandstöðuna, Samfylkinguna sem í einu orðinu talaði um að halda þyrfti fast um ríkisfjármálin og það þyrfti að þétta þar í glufurnar — sem er að sönnu alveg hárrétt — en á sama tíma væri Samfylkingin með tillögur um það að samþykkja ekki skattahækkanir.

Herra forseti. Við erum einfaldlega að leggja til að heildarskattlagning opinberra aðila verði ekki aukin. Flóknara er það mál ekki. Öðruvísi mér áður brá þegar það er orðið sérstakt stefnumið Sjálfstfl., í ríkisstjórn og utan hennar, að hallarekstri opinberra aðila verði einfaldlega mætt með því að hækka skatta á almenning. Það voru skilaboð hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Hann rakti það hér í inngangsræðu sinni, sem ég hef hér fyrir framan mig, að vísu í óyfirlesnu handriti. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta, fyrir um tveimur klukkutímum síðan. Ég undirstrika að þetta er óyfirlesið og því án ábyrgðar en efnislega hygg ég að þetta sé kórrétt:

„Út frá öllum eðlilegum hagstjórnarsjónarmiðum og eðlilegum sjónarmiðum í ríkisrekstri er því eðlilegt að sveitarfélögin skattleggi einfaldlega fyrir þeim útgjöldum sem þau hyggjast standa fyrir. Ríkið ætti ekki að koma sérstaklega til móts við það nema þegar flutt hafa verið verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Að svo miklu leyti sem sveitarfélögin auka heildarútgjöld opinberra aðila væri eðlilegt að standa undir því með hækkun á skatttekjum sveitarfélaganna."

Það kemur ríkinu nákvæmlega ekkert við þó að við höfum hér heila bók fyrir framan okkur sem ég vænti þó og vonast til að hv. þingmenn úr efh.- og viðskn. hafi gefið sér tíma til að glugga eilítið í, þó að það sé ekki sérstaklega á þeirra vettvangi. Samkvæmt skýrslunni eru flestir sammála um að tekjuþörf sveitarfélaganna, að stórum hluta vegna tekjutilfærslna milli opinberra aðila og einnig vegna verkefnatilflutninga, sé upp á 4–6 milljarða. Þeir kollegar segja að þessu eigi skattgreiðendur að standa skil á, þetta komi ríkinu nákvæmlega ekkert við.

Herra forseti. Nokkrum sinnum hefur mér þótt örla á að mismunandi áherslur væru milli stjórnarflokkanna í hinum ýmsu málum. Í þessu máli slitnar ekki slefan á milli, í þessu máli eru þeir sem eitt. Auðvitað þarf það ekki að koma neinum á óvart eftir þessi tæpu sjö ár í ríkisstjórnarsamstarfi að kjósendur, fólk hér inni og fólk úti á götu sem með þessu fylgist sjái ekki nokkurn mun á þessum íhaldsflokkum tveimur, Sjálfstfl. og Framsfl. Áherslur þeirra fara í einu öllu saman þegar til kastanna kemur.

Sérstaklega þótti mér bratt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, miðað við forsögu hans í íslenskri pólitík, þá staðreynd að hv. þm. sat um langt skeið í sveitarstjórn í heimabæ sínum í Bolungarvík, að hann skyldi koma hér upp hnarreistur og tala um það eins og sjálfsagðan hlut að eðlilegt og sanngjarnt væri að hækka skatta á almennt launafólk á Vestfjörðum, á höfuðborgarsvæðinu og um landið allt, að það væri sjálfsagt hagstjórnartæki.

Herra forseti. Mér verður satt að segja orða vant stundum. Mér finnst hrokinn í þessu máli, drambsemin og hofmóðurinn ganga út yfir allt. Því endurtek ég það hér og það skal vera viðlag mitt í þessari ræðu, að dramb er falli næst. Þetta er upphafið á endalokunum. (**KHG:** Þið þekkið það í Hafnarfirði.) Herra forseti. Hvað sagði hv. þm.? (**KHG:** Þið þekkið það í Hafnarfirði.) Já, þar er líka upphafið á endalokunum. Þar sitja þessir sömu flokkar í meiri hluta og fer nú að styttast í þeim valdaferli, þakka skal þeim sem öllu ræður í þeim efnum, þ.e. kjósendum.

Herra forseti. Mig langar samt að reyna til þrautar að ná upp vitiborinni umræðu um þessi mál. Mig langaði að spyrja

þá — ekki spyr maður ráðherrana, virðulegi forseti, því að ekki eru þeir hér — forustumenn stjórnarflokkanna tvíeina, hv. þm. Vilhjálm Egilsson og Kristin H. Gunnarsson, hvort yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga frá 10. mars árið 2000 hafi verið einnar nætur, hvort það plagg mætti nýta valkvætt. Við umræðuna hef ég iðulega heyrt að þegar það á við þá benda menn á að á næstunni sé að vænta breytinga á barnabótum, örlítillar hækkunar sem kemur að hluta til móts við allar þær lækkanir sem þar hafa átt sér stað.

En ég vek athygli á að í þessu samkomulagi sem er í fimm liðum, stendur hvergi að eitt atriði komi í annars stað. Eða er það einhver misskilningur hjá mér? Ég vil spyrja hv. þingmenn um það. Fyrsti liðurinn fjallar einfaldlega um að skattleysismörk fylgi launaþróun. Nú er það algerlega óumdeilt að þau gera það ekki eftir þær skattalagabreytingar sem hér á að lögfesta á næstu klukkutímum. Ég spyr því: Er það ekki að þeirra mati, eins og Alþýðusambandið hefur vakið athygli á og fleiri hagsmunasamtök, alveg klárt brot á þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar? Ég spyr beint, og úr því hæstv. fjmrh. er hér mættur spyr ég hann hvort um það sé deilt og hvort hæstv. ríkisstjórn hafi eitthvað við þá túlkun að athuga sem hefur verið haldið fram af Alþýðusambandi Íslands og ég tek undir, þ.e. hvort ekki sé um klárt brot á fyrsta lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 10. mars að ræða, ef þetta gengur fram sem horfir, og hvernig ríkisstjórnin ætli þá að bregðast við.

Ég spyr líka: Var einhver misskilningur? Var þessi yfirlýsing þannig að það mátti tína þessi atriði upp úr henni eins og mola úr konfektkassa eftir hentugleika og eftir því sem verða vildi? Var það kannski líka þannig að menn gætu valið eitt í stað annars? Nei, auðvitað var það ekki þannig. Það var auðvitað þannig að almennt launafólk í landinu byggði á öllum þessum fimm atriðum sem um var samið þegar kjarasamningar tókust á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég vil nota ferðina og spyrja hæstv. fjmrh. frekar, þótt hans nafn sé að sönnu ekki undir þessari yfirlýsingu heldur Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, um fimmta lið þessarar yfirlýsingar sem ber yfirskriftina Athugun á tekjuskattskerfinu. Fimmti liður yfirlýsingarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun á næstu mánuðum láta fara fram sérstaka athugun á tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslukerfinu. Þar verður m.a. farið yfir kosti þess og galla að fjölga skattþrepum. Haft verður samráð við samtök launafólks og atvinnurekenda um þetta verkefni.“

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvar þetta verkefni standi sem yfirlýst var að ætti að hefjast upp úr 10. mars. (Gripið fram í.) Og ég vil spyrja hvort svar hæstv. ráðherra liggi kannski í þeim skattalagabreytingum sem hér er að finna? Hvort þetta sé framlag ríkisstjórnarinnar til þessa fimmta ákvæðis um að hækka skatta á almennt launafólk, að auka heimildir í útsvari um 1% og lækka tekjuskatt á móti um þriðjung þeirrar tölu? Er verið að efna þetta fimmta ákvæði með þeim hætti?

Hæstv. ráðherra sagði að búið væri að spyrja þessarar spurningar. Það er búið að spyrja fjölmargra spurninga í þessari umræðu, virðulegi forseti. Það er búið að fara yfir þetta mál, ekki aðeins í dag, heldur á umliðnum dögum fram og til baka.

Og af því hæstv. ráðherra er nú mættur til leiks þá var ég að segja það í minni ræðu áðan að mér fyndist virðingarleysi hæstv. ríkisstjórnar gagnvart samtökum launafólks í landinu, gagnvart þeim hagsmunaaðilum sem láta sig þetta mál varða af eðlilegum orsökum, komið út í algjörar öfgar. Ég læt mér í léttu rúmi liggja þó að hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihlutinn ætli að tala niður til okkar í stjórnarandstöðunni. Þeir mega reyna það mín vegna. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. En ég tek það mjög alvarlega þegar hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihlutinn lætur ekki svo lítið að virða almenning svars þegar hann með réttu kvartar yfir því að nú sé ekki rétti tíminn til þess að auka álögur á fólk í landinu.

Ég vil líka spyrja sérfræðinga ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum um álit þeirra á minnisblaði hagdeildar Alþýðusambands Íslands frá 27. nóvember, þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er sérstakt áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ákveða auknar skattbyrðar á launafólk nú þegar allar spár um efnahagshorfur benda til þess að mjög fari að draga úr kaupmáttaraukningunni og aðstæður raunar orðnar þannig að tvísýnt er hvort verjast megi kaupmáttarrýrnun.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Að mati hagdeildar ASÍ er það ein af skyldum stjórnvalda að reyna að viðhalda stöðugleika með því að draga úr hagsveiflum í stað þess að ýta undir þær og ýkja enn frekar. Það er einfaldlega röng og skaðleg hagstjórn.“

Er að mati sérfræðinga stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi eitthvað í þessum orðum sem gengur á móti sjónarmiðum þeirra? Og ef svo er, hvað er það? Mér þykir þetta ákaflega og afskaplega skynsamlega mælt í alla staði og sumpart fara sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu hvað varðar þessi einföldu sannindi og einföldu staðreyndir efnahagsmála mjög saman. Ég spyr því beint: Gera meintir sérfræðingar þingmeirihlutans á hinu háa Alþingi athugasemdir við þessa framsetningu? Finnst þeim þvert á móti núna rétti tíminn til að hækka skatta á almennt launafólk til þess að draga úr viðskiptahalla, til þess að draga úr meintri þenslu? Finnst þeim tíminn einmitt réttur núna í niðursveiflu þegar allar tölur sýna fram á að fólk á sjaldan sem fyrr, a.m.k. á síðustu árum, jafnerfitt með að standa skil á skuldbindingum sínum í bönkum og lánastofnunum og fram hefur komið?

Ég minnist þess, herra forseti, að við hv. þm. Vilhjálmur Egilsson áttum tal saman í sjónvarpsþætti einhvern tímann síðla á síðasta vetri þar sem menn voru einmitt að ræða þessa þenslu og verðbólguþróunina. Hann orðaði það þannig að hún væri sjálfslökkvandi því nú kæmi að skuldadögum, nú þyrfti fólk að fara að borga lánin sín og áttaði sig á því að það gæti ekki endalaust fjármagnað neyslu sína með auknum lántökum og þá skynjaði fólk það á beinum sínum að svo mætti ekki fram ganga og það sjálfkrafa mundi draga úr neyslu, það mundi sjálfkrafa draga úr þenslu og verðbólgu. Er það þá undir þessum formerkjum sem hæstv. ríkisstjórn telur rétt og eðlilegt og skynsamlegt að hækka skatta á skuldugt launafólk, til þess að það skynji og finni á beinum sínum að nú verði ekki lengur fram gengið og það verði að herða sultarólina? Að vísu fer það ekki heim og saman við hallelújaræður forsrh. sem segir reglulega að sé allt í stakasta lagi, að góðærið sé jafnmikið og fyrr og því sé ekkert að ljúka. Ég spyr um þetta.

Og ég spyr bara einfaldlega: Er það mat stjórnarmeirihlutans og sérfræðinga að hagdeild Alþýðusambands Íslands hafi rangt fyrir sér? Er það sannfæring stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi að það sé hagfræðilega hárrétt, efnahagslega hárrétt, að hækka skatta á launafólk í landinu? Finnst ríkisstjórninni líka skipta sköpum að fjölga í þeim hópi

einstaklinga á Íslandi sem yfirleitt borgar tekjuskatt? Þeim fjölgar á næsta ári um tvö þúsund og eitt eða tvö þúsund til viðbótar á árinu 2002. Er það líka alveg sérstakt markmið á Íslandi í dag að fjölga þeim einstaklingum, því láglaunaða fólki sem hefur fram undir þetta verið undir skattleysismörkum og ekki greitt tekjuskatt? Eru það alveg sérstök skilaboð stjórnarmeirihlutans, Framsfl. sérstaklega, til barnafólks, til eldri borgara, til þeirra sem höllum fæti standa?

Herra forseti. Þó að maður sjái sjaldan mun á þeim stjórnarflokkum sem hér hafa stjórnað vill maður annað slagið reyna að trúa því að einhver munur sé á þeim. Þess vegna beini ég þessari spurningu alveg sérstaklega til fulltrúa Framsfl., formanns þingflokks Framsfl., ekki síst vegna þess að hér á árum áður var hann í þessum ræðustóli, undir öðrum formerkjum að vísu, og talaði um félagslegar áherslur. En það var fyrir löngu síðan.

Herra forseti. Ég veit ekki hve miklum tilgangi þjónar að ræða efnislega um þetta mál. Ég hef reynt að gera það. Ég hef í ræðu minni lítið komið inn á sveitarfélögin í þessum efnum. Sú umræða var mjög ítarleg hér í síðustu viku og gaf glögga mynd af stöðu mála vítt og breitt um landið. Þar var það rifjað upp og spurt hvort þingmenn dreifbýlisins í hópi stjórnarliða hafi sérstaklega lofað því fyrir síðustu kosningar, þegar þeir gáfu fyrirheit um að fasteignaskattur yrði lækkaður, að á sama degi yrði útsvarið hækkað talsvert miklum mun meira. Var því sérstaklega lofað á Sauðárkróki, Bolungarvík eða Ísafirði? Var það baráttumál hv. stjórnarþingmanna fyrir síðustu kosningar þegar þeir lofuðu lækkun fasteignaskatts að um leið yrði útsvarið hækkað öllu meira? Ég man ekki sérstaklega eftir því og reyndi þó að fylgjast með gangi mála í fleiri kjördæmum en mínu eigin. En þeir munu sennilega rifja það upp í ræðustól á eftir.

Herra forseti. Pólitíkin í þessu máli er ákaflega skýr. Tvær tillögur eru uppi í málinu, annars vegar sú sem við í þingflokki Samfylkingarinnar höfum mælt fyrir og atkvæði verða greidd um. Auðvitað verður sérstaklega tekið eftir því og við það merkt og frá því sagt, ekki bara í fjölmiðlum daginn eftir, heldur á fundum fram á næsta ár þegar menn fara að ræða stöðu kjaramála, stöðu samninga í febrúar, hvernig þingmenn greiddu atkvæði og undir hvaða formerkjum. Menn munu til að mynda huga að því sérstaklega sem hafa haft tengsl við sveitarstjórnir og sveitarfélög umhverfis landið hvernig þeir muni haga sér. Menn munu líka sérstaklega gaumgæfa þá þingmenn sem koma hér stundum upp og tala með fagurgala um mikilvægi þess að hinir lægstlaunuðu, þeir sem höllum fæti standa, verði sérstaklega verndaðir, þeim verði sérstaklega hjálpað.

Spurningin er einfaldlega þessi: Vilja menn fara leið Samfylkingarinnar og verja almennt launafólk fyrir skattahækkunum eða mun þingheimur samþykkja skattahækkunarleið ríkisstjórnarinnar sem ætlar að leggja 2,5 milljarða á ári hverju á almennt launafólk í þessu landi? Um það snýst málið. Ég held að þetta mál, ég segi það enn og aftur, sýni ákveðin vatnaskil í pólitík þessa kjörtímabils, að við séum senn að upplifa upphafið að endalokum þessarar ríkisstjórnar og því fyrr því betra.

[16:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að frá 1995, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, hefur kaupmáttur launafólks aukist um liðlega þriðjung og atvinnuleysi nánast horfið. Það eru góð verk gagnvart barnafólki og varla er hægt að hugsa sér betri frammistöðu en að geta útvegað fólki vinnu og séð til þess að kaup geti hækkað verulega á skömmum tíma.

Ég tek eftir því að hv. þm., talsmaður Samfylkingarinnar í málinu, talar fyrst og fremst gegn því að skattar hækki vegna þessa frv. Sjónarmið hans er að ríkið eigi að lækka tekjuskattinn jafnmikið og sveitarfélögin hafa möguleika á að hækka útsvarið. Hann talar því gegn skattahækkun og það er afstaða út af fyrir sig og liggur alveg ljós fyrir. Ég geri ekki athugasemdir við að menn hafi slíka afstöðu.

Ég bendi hins vegar á að einn helsti talsmaður Alþýðusambandsins, framkvæmdastjóri sambandsins, hefur ekki þessa afstöðu. Hann tók ábyrga afstöðu þegar hann ræddi efnahagsmál á haustdögum og benti þá m.a. á skattahækkun sem úrræði fyrir stjórnvöld til þess að halda aftur af þenslu og verðbólgu. Og framkvæmdastjóri ASÍ er nú enginn venjulegur maður, sérstaklega ekki í Samfylkingunni. Ég man ekki betur en að hann hafi sent Samfylkingunni blómvönd í nafni Alþýðusambandsins af því tilefni að stjórnmálaflokkurinn var stofnaður þannig að hann er nú nokkur þungavigtarmaður í þessum samtökum.

[17:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Afskaplega var þetta dapurleg málsvörn og aumkunarverð. Hafi hv. þm. ekki skilið og ekki heyrt það og ekki lesið það, þá telur Samfylkingin ekki rétt að hækka skatta á almennt launafólk við þær aðstæður sem nú eru.

En ég gagnálykta þá og hlýt að gera það en vil samt spyrja til að hafa það algjörlega á hreinu því að afstaða okkar er alveg skýr í málinu: Er það afstaða hv. þm. að núna sé mjög mikilvægt að hækka skatta á almennt launafólk? Telur hann það mikilvægt hagstjórnartæki og að einmitt núna sé rétti tímapunkturinn til að gera það? Þetta er að sumu leyti nýtt því að hér voru menn að reyna að þumbast við í síðustu viku og voru að reyna að telja sjálfum sér trú um að þegar allt kæmi til alls væri þetta ekki svo mikil skattahækkun, kannski notuðu ekki sveitarfélögin heimildir sínar o.s.frv.

Ég met hreinskilni hv. þm. þegar hann gengst við því enda getur hann náttúrlega ekkert annað, talnaglöggur maðurinn. Er hann þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt, það sé pólitískt rétt, það sé efnahagslega rétt að hækka skatta á almennt launafólk? Ég er það ekki. Ekki. Það er skýrt.

Sá ágæti maður, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, má hafa skoðanir sínar fyrir mér. Ég hef hins vegar yfirlýsingu eða minnisblað frá hagdeild Alþýðusambands Íslands eða varaforseta Alþýðusambandsins og hagfræðingi þess og ég veit ekki betur en að miðstjórnin hafi tekið undir í kjölfarið þar sem hún varar við því að þegar það dragi úr kaupmáttaraukningunni og við séum í niðursveiflu í hagsveiflu sé rétti tíminn að hækka skatta. Ég er andvígur því en þarna skilur á milli feigs og ófeigs enda er um skýra og afdráttarlausa pólitík að ræða. Þeir vilja hækka skatta á almennt launafólk, ég vil ekki gera það.

[17:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rifja upp að fyrir tíu árum voru skattar hækkaðir á almenning utan höfuðborgarsvæðisins með því að sett voru sérstök lög um fasteignaskatt sem lögðu skattinn ekki á verðmæti eignanna heldur á uppreiknað verðmæti eins og það væri ef eignin væri í Reykjavík. Þessari sérstöku skattlagningu á fólk utan höfuðborgarsvæðisins fyrir tíu árum stóð Alþfl. fyrir. Löggjöfin var sett undir forustu

hv. núverandi þingmanns, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem þá var félmrh. og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson tók við síðar sem félmrh. og breytti engu og beitti sér ekki fyrir því einu sinni að breytingar væru gerðar að þessu leyti.

Þessir hv. þingmenn hafa síðustu tíu ár verið þeirrar skoðunar að rétt væri að skattleggja sérstaklega fólk á landsbyggðinni um 1.125 millj. kr. á ári. Það er þetta sem við erum að beita okkur fyrir, að lækka skatta á þennan hóp manna þannig að skattlagningin verði til samræmis við það sem hún gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Af því að hv. þm. var að vitna í kjördæmi mitt og gera lítið úr áhrifum þessarar breytingar þá mun samkvæmt áliti tekjustofnanefndar, sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson átti sæti í, þessi skattahækkun hans og hans gamla flokks á fasteignaeigendur á Vestfjörðum skila um 120 millj. kr. á ári. En hækkunin á útsvari, ef öll sveitarfélögin nýttu hana til fulls á Vestfjörðum, er þó ekki nema 75 milljónir þannig að hækkunin sem hv. þm. hefur staðið fyrir og staðið að sleitulaust í tíu ár er miklu meiri en hann hefur talið núna.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ágætan skilning á því að hv. þm. hrökkvi úr einu víginu í annað og reyni lítið að halda uppi samfelldum umræðum um málið. Hann hrökklaðist undan því að svara minni einföldu spurningu um hvort hann styddi skattahækkun á almenning í landinu upp á tvo og hálfan milljarð og sneri sé þess í stað að fasteignaskattinum. Ég get sett á langa ræðu um þau mál.

En við skulum rifja það upp, ég man ekki í hvaða flokki hv. þm. var þá eða hvort hann var kominn til þings, sennilega verið þá í Alþb., að það voru sveitarstjórnarmenn úti á landi sem óskuðu sérstaklega eftir því að þessi breyting yrði gerð á viðmiðunarstofni fasteignaskattsins og við því var orðið. Ég tek alveg undir það þegar sveitarstjórnarmenn sneru þarna við blaði og bentu með réttu á að þarna væri um viðbótarálögur að ræða á landsbyggðina þar sem viðmiðunin væri órökrétt og ósanngjörn.

Herra forseti. Tölurnar tala sínu máli. Ég hef svo sem ekki reiknað út Vestfirðina en ég veit að ýmsir kollegar mínir í þingflokki Samfylkingarinnar hafa einmitt skoðað áhrif fasteignaskattslækkunarinnar á einstök sveitarfélög og útsvarshækkunar í sömu sveitarfélögum á skattgreiðslur borgaranna, á skattgreiðslur viðkomandi íbúa. Mér sýnist að lítill gróði sé á ferðinni, svo ég noti það orð, það verða litlar skattahækkanir á ferðinni víða úti á landi hjá sveitarfélögum á borð við Siglufjörð til að mynda og fleiri sveitarfélögum.

Herra forseti. Staðreyndin er sú að það er að finna á bls. 37 í tekjustofnaskýrslunni og auðvitað kemur í ljós að fasteignaskattur lækkar samsvarandi á lögaðila og á fyrirtækin þannig að samanlögð áhrif á fasteignaskattshækkuninni og útsvarshækkuninni eru mjög íþyngjandi fyrir hinn almenna launamann. Bæði úti á landi og hér á höfuðborgarsvæðinu er ríkisstjórnin að hækka skatta og viðkomandi þingmaður og ríkisstjórnin eru ábyrg fyrir því. Það er kjarni málsins og allt annað eru lítils háttar útúrsnúningar manns sem er með vonda samvisku.

[17:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski vottur um lítillækkun þess sem hér stendur að hann þarf að lækka púltið eftir að þessir stóru menn hafa talað hér, hv. þingmenn. En ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir ítarlega ræðu um þetta mál sem fjallaði m.a. um það löngum hverjir væru í salnum meðan hv. þm. var að tala og hverjir ekki og hverjir sýndu máli hans áhuga og hverjir ekki. Ég vil fullvissa hv. þm. um að ég hlýddi á mál hans af miklum áhuga og var að velta fyrir mér orðum hans þegar hann fjallaði efnislega um málið.

Að sjálfsögðu tel ég rétt að ríkisstjórnin standi við þá yfirlýsingu sem var gefin í tengslum við kjarasamninga og ríkisstjórnin er vön við þær yfirlýsingar sem hún gefur og það verður að sjálfsögðu farið yfir þetta mál allt saman út frá því sem hið virðulega Alþýðusamband segir um málið. Meðal annars stendur til að fjalla um málið aftur í efh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. þannig að frekara tóm gefist til að ræða um þennan þátt málsins.

Það sem kemur mér á óvart er hins vegar að ég þykist skynja klofning í Samfylkingunni í afstöðu til þessara mála yfirleitt vegna þess að þegar ég hlýði á málflutning Samfylkingarinnar þegar fjárlagafrv. er til umræðu er kvartað mikið undan aðhaldsleysi í opinberum búskap og svo þegar kemur að þessu máli er allt í lagi að sýna þetta aðhaldsleysi. Ég fullvissa hv. þm. um að mér þykir afar skemmtilegt að lækka skatta og leiðinlegt að standa í því að þurfa að gera eitthvað sem telst til skattahækkunar. Hins vegar er það einu sinni þannig að við sem sitjum í hv. efh.- og viðskn. erum vinir ríkissjóðs.

[17:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er klár og kvitt samsvörun á milli málflutnings Samfylkingarinnar í umræðu um ríkisfjármál og það mál sem hér um ræðir. Það er nefnilega mikið aðhald fólgið í því að auka ekki heildarskattbyrði opinberra aðila. Hins vegar er aðhaldsleysi fólgið í því þegar umframrekstri og umframkostnaði er einfaldlega ávísað á skattgreiðendur í landinu. Það er það sem ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn eru að gera og það er því sem Samfylkingin er að andæfa. Við viljum nefnilega að ekki verði fleiri krónur í augnablikinu settar í þennan rekstur heldur verði um tilflutning fjármuna frá einum opinberum aðila til annars að ræða, frá ríkinu sem er aflögufært til sveitarfélaga sem þurfa á fjármunum að halda. Ef þetta er ekki aðhaldssemi og kórrétt afstaða, þá veit ég ekki hvað.

Hins vegar heyrði ég það, herra forseti, og mér þykir sem betur fer nokkuð risið tekið að lækka á forustumönnum stjórnarliða í þessari umræðu og er það vel. Ég held að þeir séu farnir að sjá ljósið og alvöru málsins. Hv. þm. lýsti því yfir að vitaskuld mundi ríkisstjórnin standa við þessa yfirlýsingu. En það er eins skýrt og það getur orðið að ríkisstjórnin stendur ekki við þessa yfirlýsingu ef það frv. sem hér er til umræðu verður samþykkt óbreytt. Þess vegna skildi ég hv. þm. þannig að hann væri fús til að ræða breytingar á því milli 2. og 3. umr. svo að ríkisstjórnin færi frá þessari yfirlýsingu ekki með skömm heldur með nokkurri reisn.

[17:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að ég hafi sagt að málið yrði tekið upp milli 2. og 3. umr. tel ég ekki að í því hafi falist viðurkenning á því að ríkisstjórnin væri að ganga gegn þessari yfirlýsingu. Það sem ég tel að skipti líka máli í þessu sambandi eru allar þær skattalagabreytingar sem verið er að gera

núna og hafa verið að gerast síðan þessi yfirlýsing var gefin og hvernig þær koma út fyrir launafólk og skattgreiðendur almennt.

Ég vek athygli á því að fasteignagjöldin eru að lækka, barnabæturnar eru að hækka og síðan hafa ýmsar aðrar skattalagabreytingar komið fólki til góða. Ég vil einungis að farið sé yfir þetta og við förum yfir þetta mál sérstaklega milli umræðna aftur í nefndinni. Síðan mundi ég reikna með því, ef staðan verður þannig eftir áramót þegar verður fjallað um kjarasamningana á vettvangi aðila vinnumarkaðarins að forsendur hafi staðist eða ekki staðist, að þá verði teknar upp viðræður við ríkisstjórnina og aðila vinnumarkaðarins um þessi mál. Þá er hægt að gera þau upp líka ef eitthvað stendur út af í þessum málum eftir þinglokin fyrir jólin.

[17:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver á að njóta óvissunnar? Er það ríkissjóður? Hv. þm. segir að einhvern tíma á næstunni, kannski eftir áramót eða kannski í febrúar, muni menn skoða þetta betur og meta heildaráhrifin, hvort þessi yfirlýsing hafi verið pappírsins virði eður ei.

En er ekki eðlilegt, herra forseti, að menn gaumgæfi það áður en hið háa Alþingi setur löggjöf sem margir halda fram og hafa sýnt fram á með gildum rökum að setur kjarasamninga í loft upp? Er ekki betra að hafa vaðið fyrir neðan sig og gaumgæfa hlutina áður en þeir eru gerðir? Það er afstaða mín og það er afstaða félaga minna þannig að þessi undansláttur er mér ákaflega léttur í vasa, því miður.

Ég fagna því hins vegar sérstaklega að það virðist eins og hv. þm. sé kominn til byggða og vilji skoða þessi mál núna milli 2. og 3. umr. með viti bornum hætti og vilji skoða heildaráhrifin. Hann hlýtur að vera mér sammála um að þessi yfirlýsing í fimm liðum sé ekki valkvæð, að það geti ekki komið eitt ákvæði fyrir annað í henni heldur sé að því stefnt að uppfylla þau öll sem eitt. Það er ljóst að verið er að brjóta fyrsta ákvæðið. Ekki hefur verið hreyft við fyrsta ákvæðinu um athugun á tekjuskattskerfinu, nema menn líti svo á að hér sé sú athugun í gangi og menn hafi túlkað það svo að það ætti að hækka heildarskattbyrði á almennt launafólk. Það eru náttúrlega algjör öfugmæli eins og hv. þm. veit.

Auðvitað hef ég skilning á því að honum þykir leiðinlegt að hækka skatta. En þetta er hans hlutskipti. Hann er að reyna að bera sig mannalega, segist vera vinur ríkissjóðs. Það er allt gott og blessað. Miklu frekar vildi ég vera vinur skattgreiðenda í þessu landi, vinur fólksins sem þarf að draga fram lífið og njóta hinnar félagslegu þjónustu og borga fyrir hóflega og eðlilega skatta sem dreift er á land og lýð á sanngjarnan og eðlilegan hátt. Þar skilur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu eins og stundum áður.

[17:15]

Útbýting þingskjala:

Íslenski hrafninn, 337. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 440.

Íslenski rjúpnastofninn, 336. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 439.

Löndun á þorski erlendis og stærðarflokkun þorskaflans á árunum 1930–80, 335. mál, fsp. GAK, þskj. 438.

Stjórn fiskveiða, 329. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 428.

Tollalög, 333. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 433.

[17:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Umræðan sem hér fer fram er afar athyglisverð fyrir margar sakir. Fyrst og fremst er hún athyglisverð fyrir þær sakir hvernig stjórnarliðarnir bregðast við umræðunni.

Herra forseti. Þegar við höfum fjallað hér í þessum sal um fjáraukalög, um tekjustofna sveitarfélaga og fjárlög, gerir maður sér grein fyrir því að það er hárétt sem fram kemur hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Það er farið að syrta í álinn hjá þessari ríkisstjórn. Stjórnarliðarnir bera það með sér hvernig þeir bregðast við umræðunni. Ríkisstjórnin axlar ekki ábyrgð á því sem henni ber og það skilar sér í gegnum alla umræðuna í þessum stóru málum.

Þau orð sem féllu hér fyrir nokkrum mínútum: „Við erum vinir ríkissjóðs“, voru í raun feikilega stór. Ég held að við munum halda svolítið í þau og ég ætla að gera það í minni ræðu. Hvernig halda vinir ríkissjóðs á málum og hvernig bera þeir sig að? Það ætla ég að skoða í umfjöllun minni um þessi mál.

Herra forseti. Ég ætla líka að taka fram að það er ekki klofningur í Samfylkingunni. Hjá Samfylkingunni og ríkisstjórninni er hins vegar gjörólíkur forgangur í skattlagningu. Það er tvennt ólíkt. Það birtist í tillögum okkar við fjárlagagerðina. Það birtist í umræðu okkar um þau mál sem ég hef vakið athygli á hér og það birtist líka í viðbrögðunum, viðbrögðum okkar við því sem hefur verið sagt af hálfu ASÍ. Hér hafa menn fundið hjá sér þörf til þess að draga framkvæmdastjóra ASÍ inn í þessa umræðu og reyna að tefla honum gegn þingmönnum Samfylkingarinnar með fáránlegum hætti vegna þess að ekki aðeins framkvæmdastjóri ASÍ heldur næstum allar efnahagsstofnanir í landinu hafa lýst því hversu slæmt er að lækka skatta í góðæri, en það gerði ríkisstjórnin.

Ríkisstjórnin er ekki að lenda í einhverri óvæntri stöðu núna. Nei, það var haustið 1998 sem efnahagsstofnanir greindu frá því í skýrslum sínum hvað mundi blasa við að óbreyttu. En það var þessi ríkisstjórn sem skellti skollaeyrum við því og það var þessi ríkisstjórn og fyrst og fremst oddviti hennar, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sem kom fram fyrir skjöldu og talaði til þjóðar sinnar um að nú væri góðæri og að hann hefði búið það til. Að vísu heldur Framsfl. að Davíð Oddsson hafi búið til kreppuna kjörtímabilið á undan og Framsfl. búið til störfin kjörtímabilið á eftir. En hæstv. forsrh. hefur talað til sinnar þjóðar og sagt: Allt er gott meðan ég er oddviti ríkisstjórnar og þess vegna er góðæri meðan þið sjáið til mín hér. Þannig hefur verið haldið á málum. Þetta er ábyrgðin sem þessi ríkisstjórn hefur gripið til.

Það er grundvallarmunur á því að gagnrýna ríkisstjórn fyrir að lækka skatta í góðæri þegar hún á að vera að taka á málum eða að segja að menn vilji hækka skatta núna þegar verið er að flytja tekjustofna til sveitarfélaganna. Þetta er jafnlangt hvort frá öðru og hægri og vinstri.

Herra forseti. Ég ætla líka að leyfa mér áður en lengra er haldið, strax í upphafi máls míns, að nefna hver hefur verið gagnrýnisröddin ASÍ. Þar get ég vísað í varaforseta ASÍ sem hefur dregið upp skýra mynd af því fyrir stjórnmálamenn, vilji þeir á það hlusta, að Flóabandalagið vann ábyrgt eins og þeir segja sjálfir. Þeir spenntu bogann ekki of hátt í samningunum. En þeir fengu líka að heyra það, jafnvel frá félögum sínum, eftir að aðrir fóru að semja síðar og áttuðu sig betur á hvaða staða var uppi í fjármálum þjóðarinnar. Þeir hafa bent á að það eru orðnir margir mánuðir síðan þeir vöruðu við þróuninni í efnahagsmálum á fundi með ríkisstjórninni og að stjórnarliðar hafa aldrei nefnt þann hluta yfirlýsingar

forsrh. og ríkisstjórnarinnar og kröfu Alþýðusambandsins á sínum tíma um að fjölþrepaskattkerfi yrði skoðað.

Ætli það hafi ekki eitthvað að segja í hreyfingum á skattprósentunni hvort við erum með fjölþrepaskattkerfi og menn reyni með einhverjum hætti að stýra því hverjir borga skatta eða að seilast sífellt í vasana á veikustu stéttunum og þeim sem minnst hafa, eins og þessi ríkisstjórn, þessir vinir ríkissjóðs eru að gera. Skyldi það skipta máli?

Þeir hafa margítrekað sagt að þeir séu ekki að tala um skattalækkun þegar þeir koma og gagnrýna ríkisstjórnina heldur að það verði ekki skattahækkun núna miðað við óbreytt ástand vegna kjarasamninga. Um þetta snýst málið að því leyti sem það snýr að launþegunum.

Herra forseti. Það kom fram í máli Guðmundar Árna Stefánssonar frá Samfylkingunni sem talaði á undan mér að skýrar línur væru mikilvægar í pólitíkinni. Hann var að benda á að þær hreyfingar í skattamálum sem hér er verið að fjalla um færa ríkisstjórninni eða leggja 2,5 milljarða á skattgreiðendur, nýja og eldri, miðað við tölurnar sem hann setti fram. Við skulum aðeins skoða hvað felst í þessu, ekki tölurnar sem slíkar, ég hef ekkert farið ofan í þær, heldur hvað felst í skattastefnu þessarar ríkisstjórnar vegna þess að stefna stjórnmálaflokka birtist ekki síst í því hvernig þeir beita sköttum sem stjórntæki, hvort þeir sem stjórna nota skattkerfið til að tryggja láglaunafólki afkomu og jafna kjör, hvort þeir tryggja að breiðu bökin beri sinn skerf af sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins eða hvort þeir eru að hampa breiðu bökunum. Um þetta snýst pólitíkin, hvernig skattkerfið er notað sem stjórntæki, hvaða hópa menn ætla að verja og fyrir hvaða hópa þjóðfélagsins menn eru að starfa. Þetta eru skýru línurnar sem Guðmundur Árni Stefánsson, þingmaður Samfylkingarinnar, var að draga áðan og þær verða æ skýrari með hverri umræðunni í þessum sal. Hvort heldur það er við fjárlagaumræðuna, fjáraukalögin, tekjustofnalögin eða núna þá er alveg ljóst fyrir hvaða hópa þessi ríkisstjórn er að vinna og fyrir hvaða hópa hún ætlar ekki að vinna. Hún er ekki að gæta að hag þeirra sem lakast eru settir.

Ég minnist orða hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í gær þegar við vorum að ræða Framkvæmdasjóð fatlaðra sem nú hefur ekki lengur neinn tekjustofn af því það truflar svo fjárlögin sem hagstjórnartæki að vera að vesenast með markaða tekjustofna. Það er líka hluti af þessum skýru línum, þ.e. að það voru flokkar sem ákváðu að standa ætti vörð um ákveðna þætti í samfélaginu og það væri svo þýðingarmikið að ástæða væri til að þeim væru markaðir sérstakir tekjustofnar. Svo koma aðrir flokkar sem ákveða að það trufli fjárlögin sem hagstjórnartæki að sérstakir þættir í samfélaginu njóti markaðra tekjustofna.

Með þessum lögum sem við erum að fjalla um núna og öðrum lögum sem við höfum verið að ræða að undanförnu sannar þessi ríkisstjórn að hún er orðin fullkomin íhaldsstjórn. Hún strýkur breiðu bökin. Hún vinavæðir stofnanir og hún veitir til þess stórfé, samanber þegar hún breytti Húsnæðisstofnun í Íbúðalánasjóð og á tveimur árum er það búið að kosta skattborgarana 300 milljónir. Þetta fannst íhaldinu allt í lagi vegna þess að stundum hentar að bruðla. Við vitum alveg að það hlutu að liggja annarlegar ástæður að baki. En þetta kostaði 300 milljónir. Og það eru ekki sleggjudómar Samfylkingarinnar. Nei, það er staðfest af Ríkisendurskoðun með skýrslu í vor. Þessi ríkisstjórn einkavinavæðir ríkisfyrirtæki og svo seilist hún í veikustu vasana eftir smáaurum af því margt smátt gerir eitt stórt og af því að þau sem eru í stjórnarflokkunum eru vinir ríkissjóðs.

Nú skulum við skoða hvernig þessi ríkisstjórn notar skattkerfið. Í fyrsta lagi hefur það komið fram í máli Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, hvernig ríkissjóður verður af gífurlegum tekjum með því að fresta söluhagnaði við sölu hlutabréfa eins og fest hefur verið í lögum og hún hefur fært fyrir því rök að það megi áætla að tap ríkissjóðs síðustu tvö ár hafi verið 8–9 milljarðar vegna þessa. Þetta er ekki stór hópur. Þetta er ekki jafnstór hópur og t.d. fatlaðir eða öryrkjar og þaðan af síður lægst launuðu hópar ASÍ. Nei, þetta eru 600–700 auðmenn sem eru stórir fjármagnseigendur. Við erum að tala þarna um stóran stokk. Við erum að tala um fjölmarga milljarða.

Við skulum skoða fleira. Æ fleiri stofna einkahlutafélög og við höfum fylgst svolítið með þeirri þróun vegna þess að æ fleiri ákveða að móta sitt eigið skattumhverfi, sé það unnt, m.a. með stofnun einkahlutafélaga. Ég tek fram að þetta fólk er ekki að svindla. Það er ekki að stela undan skatti. Það er að nýta sér fullkomlega löglegar leiðir til lægri skattheimtu samkvæmt lögum sem hafa verið sett í þessum sal og hafa verið lagfærð af og til þannig að þau geta þjónað fleirum.

Áður en ég kem nánar að því hvernig útfærslan getur orðið fyrir þann sem getur þannig ráðið skattumhverfi sínu ætla ég að rifja það upp þegar launamaður gekk um á meðal þingmanna og sýndi skattheimtuna á einstaklingunum í götunni hans. Þetta var gata sem ég þekki mjög vel í mínu bæjarfélagi. Þar voru átta hús hlið við hlið. Tveir voru milljón króna menn hvað skattheimtu varðaði. Þeir voru báðir ríkisstarfsmenn. Hinir borguðu ýmist ekkert eða kannski 70 þúsund. Sá sem borgaði mest borgaði 140 þúsund samtals í gjöld. En dæmi voru um að menn fengju borgað til baka frá ríkinu. Samt voru í spilinu miklar eignir, stór hús, bílar, mikil umsvif og greinilega góð afkoma. Auðvitað vitum við að þannig er það.

Í svari viðskrh. í haust við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hve mörg hlutafélög og einkahlutafélög hafi verið skráð á árunum 1998, 1999 og 2000 og hvað þeim hafi fjölgað, kemur fram að bara frá árinu 1996 hefur þessum skráðu formum fjölgað úr 9.600 í 14.600. Það er gefið upp að u.þ.b. 90% af þessum séu einkahlutafélög sem þýðir að við erum með einkahlutafélög upp á milli 13 og 14 þúsund í dag og að fjölgunin nemur svona u.þ.b. 4.500–4.600 frá árinu 1996.

Af hverju er það gott fyrir þá sem eru í þannig tekjuumhverfi að geta stofnað einkahlutafélög? Við skulum fara í gegnum það. Um það fékk ég kennslustund hjá skattstjóra á sínum tíma. Einkahlutafélagið getur átt húsið. Sá er notar það greiðir hlunnindaskatt. Hann er lágur. Einkahlutafélagið getur átt bílinn eða bílana og rekið þá. Einkahlutafélagið getur borið ýmis útgjöld sem verða frádráttarbær frá hlutafélaginu en sem venjulegir skattgreiðendur eiga engan möguleika á að telja sem frádrátt á sinni skattskýrslu.

Sá sem er í þannig rekstri getur í raun ákveðið sér lág laun, kjósi hann svo. En þrátt fyrir að hann búi kannski við lág laun, formleg laun, mælir ekkert gegn því að hann taki út yfir höfuðstól eftir þörfum. Þetta fólk er ekki að brjóta lög. Það nýtir sér hagkvæma skattalöggjöf. Það ber þar með 10% skatt. Gangi hlutirnir vel er hægt að fjárfesta og verði arður af því sem fjárfest er í er borgaður 10% skattur af þeim arði. Þetta er fullkomlega löglegt. Það er fullkomlega sanngjarnt að þeir sem geti móti þannig skattumhverfi. En það er

ofboðslega erfitt fyrir margan launamanninn sem borgar allt sem honum ber að verða vitni að því hvernig þetta kemur oft út.

Á borðum þingmanna er svar við fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur. Það kom á borðin í dag. Fyrirspurnin var á þessa leið, og ég bið þingmenn að leggja alveg sérstaklega vel við eyru núna:

„1. Hve mörg af 20 kvótahæstu útgerðarfyrirtækjunum greiddu skatt á síðasta ári, sundurliðað eftir tekju-, eigna- og fjármagnstekjuskatti vegna áranna 1998 og 1999?

2. Hver var hagnaður eða tap þessara fyrirtækja á þessum árum, sundurliðað eftir árum, og hve háar voru bókfærðar eignir þeirra?"

Það er athyglisvert að skoða þetta svar, herra forseti. Ég hvet til þess að hver einasti þingmaður taki þetta svar af borðinu sínu, af því það kom á borðin í dag, og skoði það.

Kvótaeigendur voru samtals 266 árið 1998. Af þessum 266 borgar 71 tekjuskatt. Þeir 20 kvótahæstu eiga 185 þúsund þorskígildistonn rúmlega. Aðeins tveir þeirra greiða tekjuskatt, aðeins tveir af þeim 20 útgerðarmönnum sem eiga flest þorskígildi borga tekjuskatt. Auðvitað kemur hér ýmislegt fram, hve mörg fyrirtækjanna sýna hagnað, hverjar eignirnar eru samtals og hvort eigið fé er jákvætt og þar með um skuldir. Við vitum allt um það hvernig þessir hlutir koma út.

Svo skulum við skoða árið 1999. Þá eru þessir kvótaeigendur orðnir 271. 99 þeirra greiða skatt. Af 20 stærstu fyrirtækjunum sem eiga 185 þúsund þorskígildistonn greiða þrír tekjuskatt. Þrír þeirra greiða tekjuskatt. Þó eru tíu fyrirtækjanna með hagnað, fjögur með tap. Og svo kemur bókfærslan um eigið fé og eignir samtals og allt þetta sem menn benda á þegar þeir fara að réttlæta það að þeir séu ekki þátttakendur í samfélaginu okkar.

Lái mér hver sem vill þó að margt fólk verði undrandi á því eftir þá umræðu sem hefur farið fram á liðnum árum hvernig þessir aðilar taka þátt í tekjuskattsgreiðslunum hjá okkur. Af því að hér kemur fram að tveir af 20 stærstu og þrír af 20 stærstu kvótaeigendunum greiða ekki tekjuskatt sitt hvort árið, þá gæti ég rifjað upp ýmsar sögur úr bæjarfélögum þar sem menn voru að selja björgina úr bænum fyrir stórfé, fyrir fjárhæðir sem ekki höfðu áður þekkst í þeim bæjum, að maður tali ekki um bruðlið í kjölfarið þar sem hvert mannsbarn keyrði á fimm milljóna bíl og það var eytt og eytt og menn veittu sér óspart fyrir þessar miklu tekjur. Þetta er umhugsunarefni, herra forseti. Það er umhugsunarefni hvernig við höfum haldið á málum gagnvart ýmsum þeim sem við mundum ætlast til að legðu af mörkum til samreksturs okkar.

Snúum okkur svo að hinni hliðinni hjá vinum ríkissjóðs. Þeir eru búnir að verða sér úti um u.þ.b. 3,5 milljarða á ári síðustu ár með því að aftengja bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins við laun. Þeir eru búnir að hafa um 1,5 milljarða á ári af barnafólki með breytingum, en ætla núna að koma með leiðréttingu að hluta og finnst að þær leiðréttingar eigi að vera vigtaðar mjög á móti auknum sköttum. Þetta er mikið umhugsunarefni, herra forseti.

Ég nefndi áðan hvernig menn eyddu talsverðu fé í t.d. kerfisbreytingar í húsnæðisgeiranum sem hafa kostað 300 milljónir. Ekki bara kostaði sú breyting á stofnuninni sjálfri mikla peninga heldur fylgdu með mjög vanhugsaðar aðgerðir í útlánamálum Íbúðalánasjóðs. M.a. urðu þær til þess eins og hendi væri veifað að hætt var við allar félagslegar byggingar á vegum sveitarfélaganna á þessu svæði. Bara Reykjavík byggði árlega yfir 100 íbúðir. Ég þarf ekki að telja þetta upp. Það voru tugir hjá Kópavogi, tugir hjá Hafnarfirði, kannski ekki tugir hjá Garðabæ en nokkuð, og vaxandi fjöldi í Mosfellsbæ. Ætli megi ekki gera ráð fyrir því að á ári hafi verið byggðar hátt á þriðja hundrað íbúðir af sveitarfélögum hér á svæðinu.

Þessu var kippt í burtu eins og hendi væri veifað þannig að á tveimur árum vantaði alveg inn í húsnæðisöflunina u.þ.b. 600 íbúðir sem sveitarfélögin byggðu. Og það voru engir verktakar að taka við þessu. Það voru engir verktakar að taka við að byggja þennan fjölda íbúða sem sveitarfélögin höfðu byggt. En hæstv. félmrh. sagði: Nú eiga allir að fara út á markaðinn. En markaðurinn var ekki fyrir hendi.

Og hvað gerðist? Eftirspurn eftir húsnæði jókst. Verðið hækkaði. Fasteignamatið hækkaði. Fasteignagjöldin hækkuðu. Eignamörkin hækkuðu hjá þeim sem voru að fá frá ríkissjóði og ríkissjóður sparaði sér helling í vaxtabótum og barnabótum.

Að vísu verður að segjast til að halda öllu til haga að ríkissjóður ætlar að aftengja eignatenginguna við barnabætur þannig að þetta muni ekki gerast aftur. En sögð voru dæmi um það í sumar hvernig fólk sem alls ekki mátti við því var að missa tugi þúsunda sem það hafði gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun heimilis síns, m.a. einstæðar mæður, út af því að með aðgerðum þeim sem ég er að lýsa hækkuðu svokallaðar eignir fólksins.

Herra forseti. Það sem ég er að draga fram er hvert vinir ríkissjóðs sækja sér tekjur. Það hefur komið fram í allri umræðu að ríkisstjórnin ætlar núna að hækka skatta við það að flytja tekjustofna til sveitarfélaganna, að það skiptir mjög miklu máli hvar við erum stödd í hagsveiflunni þegar skattar eru annars vegar. Það skiptir mjög miklu máli. Ég veit að ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. formanni efh.- og viðskn. Ég tek það fram, herra forseti, af því að við eigum því ekki endilega að venjast að hér sjáist stjórnarliðar þegar við erum að ræða alvarleg mál, að það verður að segjast eins og er að ég er hálfpartinn fegin að sjá hér formann efh.- og viðskn. og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þó að ég taki fram að mér finnst sjálfsagt að nefndarfólkið allt taki þátt í umræðunni þegar svo stór mál eru undir, þó að ég skilji alveg að viðbrögð þeirra séu fátækleg við gagnrýni okkar. Ég þarf hvorugum að kenna þessi fræði. Þeir eru báðir mjög lærðir í þeim efnum, góðir stærðfræðingar og kunna þetta. En það hvernig hvor um sig hefur brugðist við gagnrýninni ber samt ekki vott um mikla þekkingu. Það ber frekar vott um undanslátt.

Stéttarfélögin unnu ábyrgt. Þau spenntu bogann ekki of hátt. Þeim er ekki launað. Það er ekki verið að skoða breytingu á tekjuskattskerfinu. Það er ekki verið að endurskoða það með fjölþrepaskatt í huga og það er ekki hlustað á það þegar stéttarfélögin eru óróleg yfir því að með þessum breytingum mun það gerast að um 2.000 nýir skattgreiðendur koma inn við breytingu á skattleysismörkum og að það er lægst launaða fólkið sem nú fer að borga skatt. Nú fer það að gerast að jafnvel þeir sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga sem hafa verið skertar eins og ég hef lýst, verða farnir að greiða af þeim beinan skatt sem nemur tugum þúsunda á ári hverju. Örorkulífeyrir og tekjutrygging hefur dregist verulega aftur úr þróun lágmarkslauna og launavísitölu. Samt sem áður fer þetta fólk að borga skatt við það að skattleysismörkin síga.

Um þetta erum við að tala. Og af því að það barst í tal áðan að það væri rangt að ríkisstjórnin hefði verið að breyta

skattleysismörkunum þá hefur það komið fram að skattleysismörkin hækka aðeins um 2,1%, sem er raunhækkun, á meðan þau hefðu þurft að hækka um 3% í ársbyrjun 2001 og aftur um 3% 2002. Hagdeild ASÍ er búin að fara yfir þetta og færir fyrir því fullgild rök.

Þetta eru staðreyndirnar sem liggja á borðinu, herra forseti. Það virðist ekki mikill munur á 2,1 og 3, en það munar öllu. Það munar því að þúsundir byrja að borga skatt af næstum engum tekjum.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar var sett fram til að greiða fyrir kjarasamningum og hún gengur ekki eftir nema skattleysismörkin verði hækkuð. Það er alveg ljóst. Aðrir munu sækja það mál. En við bendum á það vegna þess að það hefur komið svo skýrt fram af fullkominni hógværð og fullkominni rökhyggju þeirra sem hafa talað til ríkisstjórnarinnar af hálfu stéttarfélaganna.

Herra forseti. Stéttarfélögin og ASÍ hafa lýst því yfir að þau séu tilbúin að setjast niður með ríkisstjórninni til að fara yfir það hvernig vinna megi bug á ofþenslunni. Ekki hefur verið hlustað á það. ASÍ telur, og hefur það komið fram í orðum varaformanns ASÍ og á blaðamannafundi þeirra, að það sé alveg á mörkunum að forsendur samninga séu brostnar. Mér finnst það alvarlegt. Ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum ætti að þykja það afar alvarlegt. ASÍ hefur bent á að þessar aðgerðir bæta ekki úr. Haldinn hefur verið blaðamannafundur til þess að benda á að hér er um nokkurra ára gjörning að ræða og það er um næstu áramót sem skattleysismörkin vigta. Þetta hafa þeir bent á og kallað eftir viðbrögðum sem engin eru af því að þeir sem á þá hlusta eru vinir ríkissjóðs og þeir sækja tekjurnar sínar í tómu vasana, en ekki til breiðu bakanna og í útþanda vasa þeirra sem mest hafa og mest berast á í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Mér finnst að ég hafi komið inn á meginatriðin í þeirri gagnrýni sem við höfum haft uppi á það hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á þessum málum. Ég gæti staðið lengur og talað frá hjartanu um það sem mér finnst aðfinnsluvert hjá ríkisstjórninni. Ég ætla ekki að gera það. En ég ætla bara að nefna að oft eru viðhöfð fögur orð á hátíðarstund. Aðventan er gengin í garð og ríkisstjórnin hefur t.d. talað mjög fallega um aldraða. Þetta er fólkið sem byggði upp það samfélag sem við njótum svo góðs af núna. Þetta er fólkið sem eru höfð svo sterk orð um að eigi að njóta ævikvöldsins þegar talað er til þeirra á hátíðarstund. En það er m.a. þessi hópur sem mun koma í auknum mæli inn í skattgreiðslur með breytingum ríkisstjórnarinnar, það fólk sem hefur örlítið úr lífeyrissjóði, sem hefur samt tekið tekjutrygginguna af þeim, hefur þurft að borga skatta því að þeir hækka núna. Þeir sem hafa hangið upp undir mörkunum fara að borga. Þetta á bæði við um öryrkja og aldraða sem minnst hafa. Það eru 40% aldraðir sem hafa u.þ.b. fulla tekjutryggingu sem þýðir að þeir hafa ekkert úr lífeyrissjóði eða mjög lítið.

Herra forseti. Hvenær fara orð og athafnir saman? Ekki hjá þessari ríkisstjórn, a.m.k. ekki þegar hún er með blíðmælgi við þá sem lítið hafa. Þetta er það sem við erum að gagnrýna við þá stjórnarflokka sem sitja hér. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Ég er furðu lostin yfir því hversu hrokafullir menn geta verið þegar þeir koma og svara fyrir þennan gjörning ríkisstjórnarinnar.

[17:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir það innlegg sem hún kom með og þær hugleiðingar sem hún kom með í sambandi við það frv. sem hér er til umfjöllunar. Staðreynd málsins er sú að útgjöld sveitarfélaga hafa verið að aukast á undanförnum árum og heildarútgjöld opinberra aðila hafa líka verið að aukast. Hlutdeild samneyslunnar í landsframleiðslunni hefur verið að hækka eða um tvö prósentustig á síðustu árum. Í kjölfarið af þeim breytingum sem verið er að gera núna þar sem sveitarfélögin eru sannarlega að fá til sín verulega auknar tekjur og möguleika til þess að ráða við útgjöld sín, kemur ríkið og lækkar síðan tekjuskattshlutfallið um 0,33% á móti því að sveitarfélögin hækka útsvör um 0,66.

Ég held að þegar upp er staðið komi þetta ekki illa út fyrir skattgreiðendur almennt séð þótt vissulega megi finna skattgreiðendur sem hækkar á og aðra sem lækkar á. En af því hv. þm. var að ræða um skattamál almennt vek ég athygli á því að þær skattalagabreytingar sem gerðar hafa verið til þess að liðka fyrir atvinnulífinu hafa skilað sér stórkostlega á undanförnum árum í því að landsframleiðslan hefur aukist um 25% á fimm árum, kjör fólks hafa almennt batnað. Það hefur orðið til á annan tug þúsunda af nýjum störfum og gróskan er hvarvetna. Ef skattalagabreytingar fyrir atvinnulífið hefðu ekki átt sér stað hefði sá uppgangur aldrei orðið.

[17:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem dæmi um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga nefnir ASÍ að árið 2003 hyrfi rétt tæplega fjórðungur af almennum launahækkunum þessa árs í skattahækkunina eina. Þá segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson: Þetta kemur ekki illa út fyrir skattgreiðendur almennt, kannski fyrir einhverja. Við erum að tala um þá sem lægst hafa og ég veit að þingmaðurinn hefur fengið að sjá þessa útreikninga í nefndinni.

Ég tók þátt í því á erfiðum tíma að liðka fyrir atvinnulífinu með ýmsum skattbreytingum til að skapa þar umhverfi. En þegar það var farið að skila sér sagði ég líka: Nú þarf að liðka fyrir hinum. Við erum ekki að tala um að liðkað sé fyrir atvinnulífinu þegar ég dreg það fram að í þúsundatali sé fólk að nýta sér lagaákvæði um einkahlutafélög til að lifa við 10% skatt meðan fjöldinn borgar hátt á fjórða tug skattprósenta af öllu sínu. Ég er að benda á að eitthvað sem við höfum sett í lög sé núna þannig að full ástæða sé til að endurskoða það og reyna að skapa einhvers konar jöfnuð og réttlæti í skattgreiðslum vegna þess að það er misrétti og óréttlæti sem gerir að verkum að fólk freistast til að borga fyrir svarta vinnu þegar það er að kaupa sér þjónustu og tekur þar með ekki þátt í því innra eftirliti sem opin samskipti og heiðarleg viðskipti eru.

[17:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki fjölmarga úr hópi aldraðra sem munu sjá lækkun á fasteignagjöldum sínum í framhaldi af þessum nýju lögum. Ég þekki líka fjölmargt barnafólk sem munu fá hækkaðar barnabætur í framhaldi af samþykkt þessara laga. Ég vek líka athygli á því að þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattlagningu atvinnulífsins hafa haft

það í för með sér að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila hafa stórhækkað á undanförnum árum, bæði í krónutölu og eins sem hlutfall af landsframleiðslu. Oft getur borgað sig að liðka fyrir um skattlagningu í atvinnurekstri, hvort sem það er frestun á söluhagnaði af hlutabréfum eða annað. Augljósasta dæmið um þetta var sú sýning sem var haldin í haust inni í Laugardalshöll undir nafninu „Agora" þar sem fyrirtæki í hinum nýju greinum atvinnulífsins komu og sýndu starfsemi sína. Flest þessara fyrirtækja eru ný. Flest þessara fyrirtækja hafa notið þess hvað voru rúmar reglur um frestun á söluhagnaði. Mörg þessara fyrirtækja hafa gengið gegnum sameiningar, yfirtökur og þar hefur ekki þurft að borga út stórfé fyrir það eitt að fyrirtæki hafa sameinast eða verið yfirtekin eða keypt og menn hafa getað flutt eigið fé á milli fyrirtækja. Úr þessu verður gróska. Sköpuð hafa verið fjölmörg ný störf fyrir ungt og menntað fólk og fólk sem leggur sannarlega sitt af mörkum til þjóðfélagsins og á stóran hlut í því að halda úti hagvextinum og halda úti því velferðarþjóðfélagi sem við hv. þm. erum virkilega sammála um að þurfi að vera á Íslandi.

[17:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skemmtileg taktík hjá hv. þm. að hann þakkar okkur innleggið þegar við erum að skamma hann. Út af fyrir sig er það kannski óvitlaust. Þó það nú væri að eitthvað skilaði sér þegar slík staða hefur verið uppi eins og undanfarin ár, góðærið sem Framsfl. bjó til m.a. fyrir fyrirtækin og þar með bjó Framsfl. til störf. Auðvitað hafa orðið til gífurlega mörg ný fyrirtæki. Nýir möguleikar opnuðust með EES-samningnum sem varð til reyndar undir lok þarsíðustu ríkisstjórnar sem annars bjó til kreppuna eins og hv. þm. man. Þannig er boðskapur Framsfl. Þó það nú væri að þetta skilaði sér að einhverju leyti í skatttekjum. En það sem ég hef verið að benda á og hef stutt með tölum úr svörum, úr fyrirspurnum sem hafa verið lagðar fram, dregur það fram svo ekki vefst fyrir nokkrum manni hverjir það eru í þessu landi sem greiða stærst hlutfall af tekjum sínum til ríkisins og hverjir það eru sem greiða lítið eða ekkert en njóta alls hins sama. Það hef ég verið að draga fram. Vinir hverra eru þessir stjórnarflokkar? Ekki vinir litla mannsins. E.t.v. vinir ríkissjóðs og vinir breiðu bakanna sem þeir eru alltaf að verja. Þó það sé þannig að eitthvað af barnafólki sjái örlítinn aur núna þegar á að fara að skila hluta af barnabótunum til baka. En hvað ætli verði tekið til baka af því í lækkuðum vaxtabótum, í lækkuðum bótum af ýmsu tagi og í öllum þeim öðrum aðgerðum sem ég hef rakið og ætla ekki að fara í í stuttu andsvari?

[17:56]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Mér finnst einhvern veginn að hv. þm. séu hættir að fara fram á, a.m.k. við þessir minni spámenn sem erum ekki í viðkomandi nefndum, að ráðherrar sitji í sætum sínum þegar mál eru rædd, eins og þau skattahækkunarmál sem eru á dagskrá. Hins vegar fagna ég því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., er viðstaddur. Ég mundi gjarnan vilja að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem er jafnframt varaformaður hv. efh.- og viðskn., væri einnig viðstaddur vegna þess að ég hef spurningar fram að færa til hans. Hann er auk þess formaður þingflokks framsóknarmanna og formaður Byggðastofnunar og vill oft viðra sig töluvert upp við landsbyggðina og flokkur hans telur sig vera einhvern, eða var það a.m.k. áður, landsbyggðarvænan flokk. Þar sem ég hafði hugsað mér að ræða um fasteignaskatta á landsbyggðinni og annað slíkt sem snertir mjög afkomu fólks á landsbyggðinni hygg ég að það snerti mjög þann hv. þm. sem ég nefndi. Ég vildi gjarnan að hann væri beðinn að heiðra mig með nærveru sinni í þingsal þegar við förum yfir þessi mál.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir í þá veru.)

Takk fyrir.

Herra forseti. Margt hefur komið fram í umræðu um þær skattahækkanir sem er verið að ræða um og þingmenn Samfylkingarinnar hafa mjög rætt um og gert að umræðuefni. Ég ætla ekki að fara frekar ofan í þau mál en ég hef hugsað mér að ræða um það sem menn tala um að komi algjörlega á móti skattahækkunum hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. lækkun fasteignaskatta á landsbyggðinni. Það hefur komið fram að skattahækkanir hæstv. ríkisstjórnar muni hafa í för með sér 10 þús. kr. hækkun á mann eða 50 þús. kr. hækkun á fimm manna fjölskyldu í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, hún muni stórhækka skatta þar, en svo hefur líka verið sagt að skattahækkunin muni ekki virka á íbúa landsbyggðarinnar vegna þess að lækkun fasteignaskatta vegi þar á móti. Því vil ég mótmæla hér og nú, herra forseti. Ég tel að menn hafi farið ansi frjálslega með þær tölur sem verið er að ræða þegar menn eru að tala um að fasteignaskattar á landsbyggðinni lækki um 1.100 millj. á næsta ári vegna þess að breyting er gerð á álagningarstofni fasteignaskatts sem ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu m.a. fyrir kosningar að yrði eitt af fyrstu málum þeirra að breyta, þ.e. hinum óréttláta gjaldstofni til fasteignaskatts. Aldrei var talað um að það ætti að bæta upp tekjutap sveitarfélaganna með skattahækkunum.

Talað er um að fasteignaskattur á landsbyggðinni muni lækka um 1.100 millj. Á bls. 37 í hinni merku skýrslu tekjustofnanefndar, greinargerð nefndar með tillögum og viðaukum, kemur fram að heildarfasteignaskattar á landsbyggðinni, að Reykjaneskjördæmi meðtöldu, muni lækka um 1.125 millj. Síðan er því skipt niður þannig að fasteignaskattslækkun íbúa á landsbyggðinni vegna íbúðarhúsnæðis er ekki nema 513 millj. kr. en 611 millj. kr. lækkun á fasteignasköttum af atvinnuhúsnæði. Það kann út fyrir sig að vera það bitastæðasta í þessu og ágætt mál að fasteignaskattar á atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni skuli lækka um 611 millj. En ég bið menn að ræða þetta ekki nema greina þarna á milli.

Þegar hv. stjórnarliðar guma sig af því að verið sé að lækka fasteignaskatta um 1.125 millj. þá er þetta hlutfallið. Þessu verður mætt með skattahækkun á einstaklinga á landsbyggðinni líka. Þar mun skattahækkunin koma fram þannig að lækkun fasteignaskatta á íbúa landsbyggðarinnar er minni en sem nemur hækkun á skattinum á sama tíma.

Herra forseti. Ég ætla að fara yfir nokkur dæmi um þetta sem ég hef tekið af handahófi. Þess ber að gæta að ekki eru öll sveitarfélög úti á landi komin langt í fjárhagsáætlunum sínum. Sveitarstjórar eru því ekki allir tilbúnir að fara yfir þær tölur sem liggja á borðinu. En nokkrar tölur höfum við fengið og ég vil leyfa mér að fara í smáhringferð um landsbyggðina, aðeins út á land, m.a. í kjördæmi okkar hv. þm. og formanns efh.- og viðskn., Norðurlandskjördæmi vestra. Ég mun taka nokkur dæmi og skoða það hvaða áhrif aðgerðirnar hafa á einstaklinga. Síðan vil ég, herra forseti, spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson og Kristin H. Gunnarsson, varaformann efh.- og viðskn., formann Byggðastofnunar og

formann þingflokks Framsfl., hvernig þeir ætli að útlista kjarabæturnar fyrir íbúum landsbyggðarinnar miðað við útreikningana sem ég hef undir höndum.

Eigum við að byrja á Siglufirði þar sem fasteignaskattar af íbúðarhúsnæði lækka um 8,2 millj.? Það er sannarlega mikil kjarabót fyrir íbúana. En útsvarshækkun upp á 0,66% hækkar skatta sömu íbúa um 13 millj. Þeir munu þannig borga tæpum 5 millj. meira í skatt en áður. Hver er hinn skattalegi ávinningur fyrir þessa íbúa?

Eigum við að fara næst á Skagaströnd, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson? Fasteignaskattar á einstaklinga á þeim ágæta stað munu lækka um 3,5 millj. Þetta eru lágar upphæðir enda lítil sveitarfélög. En útsvarshækkunin verður í kringum 6,5 millj.

Eigum við að taka Skagafjörð þar sem lækkun fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði mun í kringum 24 millj. en boðuð skattahækkun ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v., mælti fyrir áðan þýðir útsvarshækkun upp á 40 millj. hjá sömu íbúum?

Eigum við að keyra til baka, fara yfir Vatnsskarðið og yfir til Blönduóss? (**VE:** Eigum við ekki að fara Þverárfjallið?) Ja, Þverárfjallið er nú ekki tilbúið en við getum prófað. Það er góð tíð. Förum Þverárfjallið til Blönduóss af því við komum við á Skagaströnd áðan. Fasteignaskattar Blönduósinga lækka um 5,8 millj. En útsvarshækkunin, skattahækkun ríkisstjórnarinnar er um 8 millj. kr. á sömu íbúa.

Eigum við að fara til Húsavíkur? Fasteignaskattar á íbúa Húsavíkur munu lækka um 10 millj. kr. En skattahækkun ríkisstjórnarinnar mun leiða til þess að sömu íbúar greiða 20 millj. kr. meira í útsvar.

Herra forseti. Hvernig í ósköpunum geta stjórnarliðar komið hver á fætur öðrum og dásamað þessar aðgerðir fyrir íbúa landsbyggðarinnar? Landsbyggðarfólk hefði þurft eitthvað annað frá hæstv. ríkisstjórn en frekari skattahækkanir sem hér eru boðaðar. Það er ekki leiðin til að sporna gegn áframhaldandi byggðaröskun, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður Byggðastofnunar, að ganga fram með þeirri skattahækkun sem hér er mælt fyrir. Þetta er hrein skattahækkun á íbúa landsbyggðarinnar og ég bið menn að hætta að tala um 1.100 millj. kr. lækkun fasteignaskatta á íbúa landsbyggðarinnar. Ég bið menn að hætta því.

Það kemur skýrt fram á bls. 37 í skýrslunni að það er verið að lækka fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði í landsbyggðarkjördæmunum, þar meðtöldu Reykjanesi. Að vísu virkar það ekki á nema lítinn hluta þess kjördæmis, Sandgerði og Reykjanesbæ, sem betur fer ekki hér næst og í kringum Reykjavík. Lækkun fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði nemur um 513 millj. og lækkun fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði nemur um 611 millj. Ég tek skýrt fram að það er sennilega það besta sem út úr þessum tillögum kemur, lækkun skatta á atvinnuhúsnæði á landsbyggðinni sem þessu nemur. En ég bið menn að skilja þarna á milli, vera sanngjarna og skipta því niður. Annars vegar er um íbúðarhúsnæði að ræða, hins vegar atvinnuhúsnæði.

Eigendur íbúðarhúsnæðis eiga aftur á móti einir að bæta það tekjutap sem út úr þessu kemur í gegnum skattahækkun ríkisstjórnar, stórhækkun á sköttum á íbúa landsbyggðarinnar. (**KHG:** Við þurfum að afnema krataskattinn.) Á bls. 37 í skýrslunni er ákaflega merkilega athugasemd, í þeirri ágætu bók sem hér er dreift og er enn eitt lóð á vogarskálina ásamt tugum kílóa af skýrslum um landsbyggðina og hvað þurfi að gera þar til að bæta skilyrðin. Ég veit ekki hvað þau kíló eru orðin mörg, enda hefur það komið fram að landsbyggðina vantar flest annað en skýrslur, ný loforð frá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarherrunum eða nýjar úttektir. Það vantar aðgerðir til að sporna við þeirri byggðaröskun sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum. Í skýrslunni segir um þessa fasteignaskattsbreytingu, með leyfi forseta:

„Breytingin hefur í för með sér verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins ...“ — takið eftir — „... verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga ...“

Hverjar eru þær lækkanir? Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og spyrja hv. þm. sem eru í forsvari fyrir efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálm Egilsson og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, varaformann nefndarinnar: Hvernig í ósköpunum er hægt að leggja þetta út sem miklar kjarabætur fyrir íbúa landsbyggðarinnar? Telja menn það vænlegast til árangurs í byggðamálum, til að leysa þann þjóðarvanda sem áframhaldandi byggðaröskun er, að hækka skatta á íbúa landsbyggðarinnar? Ég segi nei. Þetta eru kolvitlausar ráðstafanir enda hygg ég að menn hafi lítið hugsað út í þessi áhrif. Mér finnst það á öllu enda kemur það heim og saman við það að menn tala um 1.100 millj. lækkun fasteignaskatta á landsbyggðinni og nota þá upphæð til að réttlæta aukið útsvar á landsbyggðarfólk. Það er einfaldlega rangt vegna þess að skattar hjá einstaklingum á landsbyggðinni lækka ekki nema um 513 millj.

Gaman væri að nefna, herra forseti, dæmi um hvað þessi skattalækkun getur þýtt fyrir einstaklinga í Norðurl. v., því ágæta kjördæmi. Það eru 58 millj. tæpar. Á Vestfjörðum lækkar skatturinn um 53 millj. Ég ætla, herra forseti, að taka dæmi um upphæðirnar sem hér um ræðir. Upphæðin sem íbúar Vestfjarða og Norðurlands vestra fá í lækkun fasteignaskatta, ef svo má að orði komast og innan gæslappa að sjálfsögðu, er örlítið hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir að innréttingar — ég vek athygli á því að það eru aðeins innréttingar — kostuðu í húsnæðið hinum megin við Austurvöll sem ætlaðar eru undir þingflokk Sjálfstfl. að stærstum hluta.

Þó er ekki allt búið. Þingflokki Sjálfstfl. dugðu ekki 100 millj. kr. húsnæði. Síðustu tölur úr Reykjavík um þetta tiltekna verkefni gefa til kynna að verkið sé komið 85 millj. fram úr áætlun. Hvaða kjördæmi ætli við þyrftum þá að bæta við til að jafna það við lækkun fasteignaskattana? Jú, við verðum að taka allt Vesturlandið og þó dugir það ekki til. Það dugir ekki til til að bera þetta saman. Alþingi Íslendinga eyðir 185 millj. kr. í innréttingar — ekki kaup á húsnæði, húsnæðið er leigt — fyrir skrifstofur þingflokks Sjálfstfl. Ég vek athygli á því að það er svipuð tala og áætluð lækkun fasteignagjalda á íbúðareigendur í Vesturlandskjördæmi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, sem dugir þó ekki til.

Það væri gaman að skoða skattahækkanir ríkisstjórnarinnar á þessi þrjú kjördæmi í þessu samhengi. Ætli þær væru ekki töluvert hærri, herra forseti, en uppbyggingarkostnaður við skrifstofuhúsnæði Sjálfstfl. sem hann á að flytja í, vonandi sem allra fyrst.

Þetta er aðeins um þetta atriði. Stundum veit maður ekki hvort maður á að brosa að þessum tillögum eða gráta. Að segja á bls. 37 í fylgigagninu með þessu frv. að breytingarnar muni hafa í för með sér verulega lækkaðar álögur fyrir einstaklinga á landsbyggðinni er ótrúlegt. Að láta þetta koma fram er ótrúlegt.

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., er ansi duglegur að koma í ræðustól Alþingis og fylgja eftir frv. frá hæstv. ríkisstjórn sem

hann styður með ráði og dug, fylgja eftir tillögum um aukna skatta á íbúa landsbyggðarinnar. Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvernig landsbyggðarþingmaður getur komið jafnoft hér upp og fylgt eftir frv. sem eingöngu eru til þess að íþyngja íbúum landsbyggðarinnar og hækka skatta á þeim.

Ég ætla, herra forseti, að vitna í umræður frá því í vor, áður en við fórum í sumarfrí, um breytingar á þungaskatti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fylgdi úr hlaði nál. meiri hluta efh.- og viðskn. Hann boðaði þar fagnaðarerindið, að þungaskattsbreytingin ætti ekki að hafa neinn tekjuauka í för með sér, þetta ætti að vera það sama. Næst á dagskrá þessa fundar, herra forseti, er tillaga um að lækka þungaskatt um 10%. Ég sagði við umræðuna um málið í vor að þær breytingar sem hv. þm., framsögumaður efh.- og viðskn., var að mæla fyrir yrðu til að stórhækka þungaskatt hjá þeim sem keyra lengst. Þarna var hv. þm. að boða, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að sjálfsögðu, enn einn landsbyggðarskattinn, hærri skatta á íbúa landsbyggðarinnar. Hvernig í ósköpunum geta hv. þm. af landsbyggðinni látið sig hafa það að koma hér upp sem handbendi hæstv. ríkisstjórnar og boðað þessar skattahækkanir? Mér er alveg lífsins ómögulegt að skilja þetta.

Eigum við að fara yfir, herra forseti, hvað þungaskatturinn hefur haft í för með sér fyrir íbúa landsbyggðarinnar? Eigum við að taka fyrir fyrst vöruflytjendur á millilöngum flutningaleiðum eins og t.d. í Húnavatnssýslu, á Hornafjörð og Snæfellsnes, vöruflytjendur sem aka 70–90 þús. km á ári að meðaltali? Frá 1998 til síðustu breytinga á þungaskatti sem gerðar voru í vor hefur þungaskattur á þessa aðila hækkað um rúm 20%, um rúm 20% hjá þeim sem keyra svokallaða vagnlest, flutningabíl með vagn aftan í sér. Ef við tökum venjulega vöruflutningabifreið þá er þetta svipað.

Eigum við að taka vöruflytjendur á löngum flutningaleiðum sem fara t.d. á Eyjafjarðarsvæðið og aka 90–120 þús. km á ári að meðaltali? Þar hefur hækkunin verið, hjá þeim sem keyra 100 þús. km, um 33% frá 1998.

Eigum við að taka vöruflytjendur, herra forseti, sem keyra lengst, fara á Austfirði eða á Vestfirði, í kjördæmi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, eða Norðurland eystra, þá sem aka 120–150 þús. km á ári að meðaltali? Þar er hækkun þungaskatts upp á 40–45%.

Herra forseti. Ég spyr: Hvernig í ósköpunum er hægt að halda svo áfram? Hafa menn fundið hin breiðu bök? Eru það íbúar landsbyggðarinnar sem mega þola frá 20 upp í 40% hækkun þungaskatts sem fer beinustu leið út í vöruverð og fer beinustu leið út í aðflutninga til atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni? Ég tala nú ekki um ef verið er að flytja hráefni út á landsbyggðina til að vinna úr og flytja það svo aftur suður til sölu. Þá sjá menn hvaða áhrif þessi þungaskattshækkun hefur haft. Er þetta það sem brýnast er að senda sem skilaboð frá hv. Alþingi í dag til íbúa landsbyggðarinnar, þ.e. mismunurinn á fasteignagjöldum og útsvari, stórhækkun útsvara? Loforðið um lækkun fasteignaskatta er ekkert, svikið frá a til ö. Er það þungaskatturinn? Eða er það einn landsbyggðarskatturinn til sem samþykktur var rétt fyrir þinglausnir í vor, hinn svokallaði flugmiðaskattur sem flugfarþegar þurfa að greiða í hækkuðu farmiðaverði með 50–60 millj. kr. á ári og áætlað var þegar frv. var lagt fram og kynnt fyrir hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu að ætti að skila 200 millj. kr. á ári?

Það var orðað svo, herra forseti, að notendur þjónustunnar, þeir sem nota flugleiðsögu, ættu að greiða þetta alfarið. Flugfélögin, hvert á fætur öðru, hafa nú sýnt fram á að þetta þurfti að fara beint út í verðlagið, enda kom það fram í öllum tillögum frá þessum aðilum og í nefndaráliti. Það var svoleiðis. Það fer beint þangað.

Herra forseti. Ég hef hér gert að umtalsefni ímyndaða lækkun sem hv. stjórnarþingmenn hæla sér af, en þeir telja sig vera að boða hér eitthvert fagnaðarerindi rétt fyrir jólin til íbúa landsbyggðarinnar. Ég tel mig hafa sýnt fram á að þetta eru öfugmæli. Það er verið að stórhækka skatta á einstaklinga úti á landi alveg eins og hér á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignaskattslækkunin á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni vegur ekki upp þær skattahækkanir sem ríkisstjórnin afhenti sveitarfélögunum að framkvæma. Það er alveg á hreinu. Enda er dálítið kyndugt að lesa í nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur eðlilegt að skatthlutfall einstaklinga verði lækkað til að koma til móts við þá fyrirætlan að hækka heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar.“

Ég segi eins og er að ég skil ekki þetta álit miðað við þær tillögur sem hér eru frammi og miðað við að menn ætli ekki að fara að þeim tillögum sem þingflokkur Samfylkingar með hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson í broddi fylkingar hefur flutt um að tekjuskatturinn verði lækkaður um 0,33% og þannig verði þetta jafnað út.

Í meirihlutaálitinu segir einnig, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á því að á sama tíma og skatthlutfall einstaklinga er lækkað vegna fyrirhugaðrar hækkunar á útsvarsheimild sveitarfélaga eru áform um hækkun barnabóta og lækkun fasteignaskatta.“

Þarna eru enn einu sinni á ferð öfugmæli og hreint og beint verið að segja fólki ósatt, enda á það eftir að koma á daginn, herra forseti, þegar sveitarfélögin vítt og breitt um landið verða búin að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum, leggja á og skoða þetta dæmi allt saman frá a til ö, að þetta mun koma út fyrir íbúa landsbyggðarinnar eins og ég hef hér gert að umtalsefni, þ.e. skattahækkun. Og loforð um lækkun á fasteignagjöldum sem hv. stjórnarþingmenn gáfu með því að ríða um héruð og boða það fagnaðarerindi rétt fyrir kosningar eru öll saman svikin með því að það á að gefa aðeins eftir en seilast ofan í hinn vasann og ná í miklu meira.

Herra forseti. Ég vil rétt í lokin einnig vekja athygli á því hvers konar breytingar eru að eiga sér stað því að við þá miklu hækkun sem varð á fasteignamati á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári neyddust mörg sveitarfélög á landsbyggðinni til að lækka álagningarprósentu sína til þess að freista þess að koma til móts við íbúa þeirra byggðarlaga vegna þeirrar óréttlátu hækkunar. Þá yrði sú tala, lækkunartalan sem notuð var fyrir þetta ár, notuð til að endurgreiða sveitarfélögunum mismuninn sem verður eftir að við erum búin að breyta lögunum. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að mörg sveitarfélög lækkuðu þetta töluvert mikið og þannig er komið í bakið á þeim, enda var það svo að Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Eyþing, gat sérstaklega um þetta í umsögn til hv. félmn. og vakti athygli á þessu. En ekkert var gert með þetta heldur skal þetta reiknað út frá þeirri álagningarprósentu sem var síðast.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu miklu meira sem hér hefur verið um þetta, en rétt aðeins í lokin vil ég segja að það er ekki aðeins að þetta hafi íþyngjandi áhrif á íbúa landsbyggðarinnar. Hér hefur líka komið fram í ræðu einhverra stjórnarþingmanna varðandi umrædd-

ar skattahækkanir að hin breiðu bök eru fundin. Það sem hér er verið að gera mun einnig hækka skatta á aldraða og öryrkja. Af þeim litlu bótum sem aldraðir og öryrkjar hafa í dag eru teknar 6–7 þús. kr. í skatt. Miðað við það sem hér er verið að boða mun þetta aukast enn. Ríkisstjórnin hefur fengið og fundið fleiri breið bök til þess að níðast á með skattheimtu sinni og aldraðir og öryrkjar eru í þeim hópi.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka það enn einu sinni og segja: Það eru hrein öfugmæli, og ég bið hv. stjórnarþingmenn að hætta að tala um það, að lækkun fasteignaskatts fyrir íbúa á landsbyggðinni sé einhver rosaleg kjarabót vegna þess að útsvarshækkunin mun gera miklu meira en að vega upp þá lækkun sem boðuð er í fasteignasköttum á landsbyggðinni.

[18:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir hans innlegg í þetta mál. Hann fjallaði um málið með því að koma með ýmsar tölur um skattgreiðslur í sveitarfélögum, fyrst og fremst í Norðurlandskjördæmi vestra. Ég verð að segja að mér þótti ágætt að heyra að hv. þm. hafði töluverðan skilning á skattlagningu á atvinnurekstur og ég vona að hann láti þessa rödd heyrast hátt og snjallt í þingflokki Samfylkingarinnar þegar rætt er um skattamál atvinnulífsins því að ekki veitir af að sú rödd heyrist hátt og snjallt þegar þau mál eru til umfjöllunar þar.

Varðandi þær tölur sem hann nefndi þá fannst mér eins og hv. þm. gleymdi að ræða um hve mörg börn væru á Siglufirði, í Skagafirði, á Blönduósi og á Skagaströnd eða í Vestur-Húnaþingi til þess að við gætum metið það líka sem íbúar á þessum svæðum njóta í hækkun barnabóta þegar það er allt saman komið fram. Mig minnir að það sé dágóður slatti af börnum á Siglufirði, ætli það séu ekki tvær bekkjardeildir í árgangi og a.m.k. nóg til þess að fá í góð fótboltalið, bæði í strákaflokki og stelpnaflokki, í öllum flokkum. Þetta á líka við um Skagafjörð og Skagaströnd. Þar er óvenjumikið af börnum og ég hygg að á móti þeim útsvarshækkunum sem hinir tekjuháu Skagstrendingar þurfa að greiða þá fái þeir slatta í barnabætur á móti og ég held að þeir verði vel settir.

En það sem mér finnst standa upp úr í þessu er að sveitarfélögin úti um land voru býsna ánægð með þessar breytingar allar.

[18:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vill ekkert ræða um fasteignaskattinn á einstaklinga. Hann þakkar fyrir skattalækkun á atvinnurekstur á landsbyggðinni sem ég gat sérstaklega um að væri það eina bitastæða í þessum tillögum. Atvinnureksturinn á landsbyggðinni þarf ekki að borga það í öðrum sköttum eins og á að ráðast á íbúana á landsbyggðinni vegna lækkunar fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði.

Það er ansi athyglisvert að hv. þm. nefndi þetta ekkert. Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm., formann efh.- og viðskn.: Mun efh.- og viðskn. láta kanna þetta líkt og gert er í þeirri bók sem ég vitnaði til um lækkun fasteignaskatta frá sveitarfélagi til sveitarfélags, í öllum sveitarfélögum í landinu? Mun efh.- og viðskn. beita sér fyrir því að láta skoða hvað þetta hefur í för með sér í hækkun útsvars í sumum sveitarfélögum? Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. 4. þm. landsbyggðarkjördæmisins Norðurl. v. hvort hann vildi ekki beita sér fyrir því að þetta yrði skoðað þannig að við mundum sjá hver ávinningurinn yrði.

Hann talaði líka um hækkaðar barnabætur sem boðaðar eru. Það er náttúrlega ákaflega sérkennilegt að menn tala um að hækka barnabætur því að búið er að ganga á þær undanfarin ár af hæstv. ríkisstjórn og skerða þær svo mjög sem gert hefur verið og hirða stóran hluta af þeim, koma svo í mesta góðæri Íslandssögunnar og boða hækkaðar barnabætur. Það eru náttúrlega alger öfugmæli.

En ég vil geta þess að börn á Skagaströnd, Skagafirði, Siglufirði og foreldrar þeirra sem fá hærri barnabætur eru löngu búin að missa þær í hækkuðum þungaskatti vegna flutninga á aðföngum, m.a. matvöru, á þessa tilteknu staði vegna aðgerða sem hv. þm., formaður efh.- og viðskn., hefur beitt sér fyrir og fylgt hér úr hlaði eins og ég gat um. Hv. þm. nefndi ekki þungaskattshækkunina í andsvari sínu áðan. Hvað með hana, hv. þm.?

[18:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. hefur væntanlega tekið eftir er næst á dagskrá málið fjáröflun til vegagerðar, 283. mál, þar sem stendur til að lækka þungaskatt. Það er kannski rétt að halda því til haga. (Gripið fram í.)

Hv. þm. fór aðeins fram úr sjálfum sér í ræðu sinni áðan með því að fjalla svo ítarlega um það mál, en ég geri ráð fyrir því að hann geti endurtekið ræðu sína á eftir þegar það mál kemur til umfjöllunar og geti þess enn þá einu sinni hvað þar er á ferðinni. Ég skal kannski ekki lengja þá umræðu hér og nú.

Það sem mér finnst skipta miklu máli í þessu er að þær breytingar sem hér eru að verða á fasteignagjöldum, á útsvari, á fyrirkomulagi á greiðslum úr jöfnunarsjóði og á þessari lækkun skatthlutfallsins, eru allt atriði sem fengust með ákveðinni niðurstöðu í vinnu sveitarfélaganna og ríkisins og sveitarfélögin stórt séð styðja. Ég veit ekki betur en að þokkalega góð sátt sé um þetta. Að vísu hafa komið fram óskir frá sveitarfélögunum um að tekjuskatturinn lækki enn frekar. En ef spurt væri hvort menn vildu kannski hætta við þetta allt saman og hafa þetta eins og það er, er ég hræddur um að hávær nei kæmu víðs vegar frá og þar á meðal úr Norðurlandskjördæmi vestra.

[18:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson á erfitt með að réttlæta þessar aðgerðir og ég skil hann mjög vel. Ég fagnaði líka tillögum um fasteignaskatt á landsbyggðinni þegar þær komu fyrst fram, en við frekari athugun hefur komið í ljós að verið er að lækka fasteignaskatt á landsbyggðinni hjá einstaklingum um rúmar 500 millj. Það er allt og sumt. Og þessir sömu einstaklingar eiga að taka á sig mikla hækkun í skattgreiðslum frá hendi ríkisstjórnar sem sveitarfélögin eiga að vinna.

Það er alveg hárrétt að næst á dagskrá er lækkun á þungaskatti. Og af hverju er það? Það er vegna þess að þungaskatturinn er að gefa meira af sér en boðað var og það var rangt sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði í þingræðu í vor um að þetta ætti að koma út á núlli. Það kemur í ljós að þetta er margfalt meira og þau aðvörunarorð sem ég og fleiri vorum með eru öll rétt, þau orð sem þá voru sögð. Þungaskatturinn hefur stórhækkað vöruverð á landsbyggðinni, hefur stórhækkað aðflutning til atvinnufyrirtækja

á landsbyggðinni vegna þeirra breytinga sem gerðar voru síðast.

Herra forseti. Fasteignaskattslækkunin er ekki sú kjarabót fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem hv. stjórnarþingmenn eru að gorta sig af. Það liggur við að þetta sé enn einn landsbyggðarskatturinn. Þessu á að mæta með stórhækkun skattgreiðslna íbúa landsbyggðarinnar eins og ég hef rakið í nokkrum tilteknum dæmum.

Þungaskattsbreytingin sem hæstv. ríkisstjórn gerði rétt fyrir þinglausnir í vor er enn einn landsbyggðarskatturinn. Menn ætla aðeins að reyna að ganga til baka með 10% flötum afslætti á eftir, en ekki til þeirra sem keyra langmest eða til vöruflytjenda sem gerði það að verkum að vöruverð mundi lækka á landsbyggðinni. Að maður tali svo ekki um flugmiðaskattinn, eitt nýjasta afkvæmi hæstv. ríkisstjórnar í landsbyggðarsköttum, og frekari álögur á íbúa landsbyggðarinnar.

[18:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum tengist frv. sem varð að lögum í síðustu viku um tekjustofna sveitarfélaga þar sem ákveðið var að gefa sveitarfélögunum heimild til útsvarshækkunar, annars vegar upp á 0,66% á næsta ári og síðan til viðbótar 0,33% árið þar á eftir eða samtals 0,99%. Annað efni í því frv. var lækkun fasteignaskatts.

Í því frv. sem við ræðum nú er gert ráð fyrir að tekjuskatturinn verði lækkaður um 0,33%, en út af standa 0,66% sem verður þá skattahækkun á fólk.

Fasteignaskatturinn hefur löngum þótt mjög ósanngjarn víða út um byggðir landsins vegna þess að eignir þar eru í engu sambærilegu verðgildi og á Reykjavíkursvæðinu en við það var fasteignaskatturinn miðaður áður en lögunum var breytt í síðustu viku og ber auðvitað að fagna þeirri leiðréttingu. Hún var löngu tímabær. En mér finnst varla hægt að nota það sem góð rök í þessu máli að nú skuli gjaldstofn fasteignaskatta vera raunvirði fasteigna á landsbyggðinni.

Staðreyndin er sú að landsbyggðarfólk hefur greitt ósanngjörn fasteignagjöld í mörg ár og ekki í neinu samræmi við verðgildi þeirra eigna sem fólk á þar miðað við það fasteignaverð sem víða viðgengst á landsbyggðinni. Því miður hefur fasteignaverð á landsbyggðinni lækkað af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þeirrar stefnu sem stundum hefur verið kölluð byggðastefna og ég hef leyft mér að kalla eyðibyggðastefnu í flestum ræðum mínum og held að það sé nokkuð mikið réttnefni eins og sú þróun hefur verið og þó að fasteignaverð á Reykjavíkursvæðinu hafi hækkað, þá hefur alveg þveröfug þróun verið sums staðar á landsbyggðinni.

Ég veit ekki hvort hægt er að tala um einhverja réttlætingu í þá veru þó að afleiðingin verði sú við þessa breytingu að heildarskattar verði hærri á suðvesturhorninu en á landsbyggðinni. Ég lít ekki svo á að hægt sé að réttlæta neitt með því. Þó svo landsbyggðarfólk hafi búið við ósanngjarna skattlagningu í fasteignasköttum í mörg ár, þá held ég að það verði ekki leiðrétt með því að skattar verði auknir meira á suðvesturhorninu en á landsbyggðinni.

Ég held að rétt væri að koma til móts við þá skattahækkun sem örugglega mun fylgja þeirri samþykkt sem gerð var hér í síðustu viku um tekjustofna sveitarfélaga og ég lýsti þá yfir að ég styddi, enda mundi ég jafnframt styðja tillögu um að lækka tekjuskattshlutfall ríkisins á móti til þess að ekki væri um beina skattahækkun að ræða.

Það hlýtur að vera mikið umhugsunaratriði við þær lagfæringar á tekjum yfir til sveitarfélaganna sem safnað hafa skuldum í áratug að það gerist ekki með þeim hætti að almenn skattahækkun verði á landsmenn, en það virðist ætla að verða svo framarlega sem stjórnarliðar ætla ekki að hlusta á nein rök í málinu varðandi það sem hér hefur verið leitt fram. Í því sambandi langar mig til að benda á það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Kristján L. Möller, rifjaði upp vegna samanburðar af stöðu fólks í nokkrum byggðum á Norðurlandi vestra. Það sem ég vil í rauninni segja um þetta mál er að ég mun styðja þá hugmynd sem komið hefur fram frá Samfylkingunni um að ríkið lækki tekjuskatt þó að sveitarfélögin séu í þeirri stöðu mörg hver að þurfa að nota útsvarshækkunina alveg í topp til að auka tekjur sínar vegna þess að þau eru einfaldlega það illa stödd mörg hver með þjónustu sína og tekjur að þau eiga engan annan kost, þá held ég að það sé ekki rétt að samfara slíkri lagfæringu, sem er lagfæring á söfnun skulda í heilan áratug eins og komið hefur fram í skýrslu tekjustofnanefndar, komi til sérstakrar skattahækkunar á fólk.

Mig langar aðeins að víkja að því sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., vék að áðan. Þegar hann var að ræða um hvort hér væri um heildarskattahækkun að ræða eða ekki, þá benti hann ef ég tók rétt eftir á barnabæturnar sem áform eru um að hækka. Þá hlýtur maður að spyrja: Voru þær tillögur settar fram með sérstöku tilliti til þess að færa rök fyrir því að skattahækkunin væri ekki eins mikil á barnafólk og tillögurnar sem núna stendur til að samþykkja í þessu frv. gætu borið með sér? Var það svo að stjórnarliðar kæmu fram með tillöguna um hækkun barnabóta eingöngu til þess að vega á móti því sem nú stendur til að gera í tekjuskattsmálunum? Mér fannst þetta hálfpartinn liggja í svari hv. þm. Vilhjálms Egilssonar áðan og væri gott ef hann vildi skýra það aðeins út fyrir mér hvort þetta hafi verið hugsað allt í þessu samhengi, barnabætur, útsvarshækkun sveitarfélaganna, niðurfelling fasteignaskattsins niður á raunvirði á landsbyggðinni sem löngu er tímabært og síðan þessi 0,33% lækkun á tekjuskatti sem ríkisstjórnin boðar og eftir standi þá skattahækkun almennt hjá fólki.

Ég tók eftir því í umræðunum í dag að rætt var um skattastefnu sem var kynnt í umræðum í gær og var á þá leið að félmrh. kynnti þá stefnu ríkisstjórnarinnar að leggja niður markaða tekjustofna eins og t.d. til málefna fatlaðra úr erfðafjárskatti, það væri almenn stefnumótun ríkisstjórnarinnar að leggja niður sérstaka markaða tekjustofna til ákveðinna verkefna. Ég tók það svo að það væri almenn stefna sem stjórnarmeirihlutinn stæði að. Síðan var hæstv. utanrrh. í dag að kynna sérstaka tekjustofna fyrir Útflutningsráð sem er þá alveg hin hliðin á málinu, þ.e. annan daginn er verið að tala um að verið sé að leggja niður sérstaka markaða tekjustofna og það samrýmist ekki nútímafjármálastjórn að hafa það inni í kerfinu og daginn eftir er síðan lagt til að tryggðir verði sérstakir tekjustofnar, í þessu tilfelli til Útflutningsráðs. Mér fannst í þeim málflutningi að á mánudegi væri ekki talað fyrir sömu stefnu og á þriðjudegi.

Hægt er að hafa langt mál um skattlagningu á fyrirtæki og þá sem eru í atvinnurekstri. Ég hef heyrt í máli manna að lagt hefur verið mikið upp úr því að menn þyrftu að lækka skatta á fyrirtæki og liðka þar fyrir með öllu mögulegu móti. Ég ætla ekki að tala fyrir því að vera sérstakur áhugamaður um háa skatta, hvorki á fyrirtæki né einstaklinga. En í mjög merkilegu svari sem vitnað var einnig til í dag við fyrirspurn

hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skatta á útgerðarfyrirtæki, þá birtist á blaði, sem ég hef svo sem vitað í mörg ár og hef bent á áður í umræðum, að útgerðarfyrirtæki landsins, jafnvel þau stærstu, greiða ekki neina tekjuskatta, eru í því að nýta sér skattalegt hagræði, safna saman tapi með sameiningu og kaupum og það eru í raun og veru þegnar landsins sem á undanförnum árum eða jafnvel áratugum hafa staðið að því að greiða tekjuskatta. Útgerðarfyrirtækin hafa ekki verið þátttakendur í því svo neinu nemur. Þrátt fyrir að hér séu talin upp 20 stærstu fyrirtækin sem eigi rúmlega helminginn af þorskígildunum eru ekki nema tvö af þeim sem greiða tekjuskatt á árinu 1998 og þrjú á árinu 1999. Og ætli síðasta sameiningin sem átti sér stað við Eyjafjörð hafi ekki að stórum hluta verið vegna skattalegs hagræðis, færa bara 1,7 milljarða kr. ef ég man rétt sem var færanlegt tap frá KEA yfir til Samherja. Svona eru þessi mál. Ég veit ekki hvort þarf nokkuð að bæta í varðandi það að fyrirtækin komist fram hjá skattgreiðslum eða einstaklingar sem hafa verið að taka fé út úr atvinnuvegunum komist hjá skattgreiðslum með frestun á söluhagnaði. Mér sýnist samkvæmt því sem áður var sagt að mönnum hafi tekist það alveg prýðilega að vera skattlausir í þessu landi.

Það má síðan í lokin minna á að verið er að reyna að beita fyrir alþjóðleg viðskiptafélög með sérstökum skattaívilnunum og til þess fá menn fjármuni á hverju ári að laða þau til landsins. Ef ég man rétt er sérstakur samstarfssamningur við Verslunarráð Íslands sem er í því að kynna að það sé aðlaðandi fyrir alþjóðleg viðskiptafélög að starfa hér á landi vegna sérstaks skattalegs hagræðis. Það var svo sem á bætandi við það sem á undan hefur verið vitnað til hér, annars vegar um skatta fyrirtækja sem hafa safnað til sín meira en helmingnum af öllum aflakvótum á Íslandsbyggðum og hins vegar þær upplýsingar sem komið hafa fram á síðustu dögum um hvernig einstaklingum hefur tekist að komast hjá skattgreiðslum af söluhagnaði. Það væri svo sem að vonum að við þyrftum að huga sérstaklega að því að búa til fleiri undanskot í þá veru að fyrirtæki borgi ekki skatta.

[18:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. innlegg hans í málið og spurningar hans.

Varðandi þá spurningu af hverju barnabætur eru hækkaðar og hvernig þær tengjast hinu er það að sjálfsögðu þannig að staða ríkissjóðs til að lækka skatta eða hækka barnabætur og gera hluti fer að sjálfsögðu eftir almennri stöðu. Ef einn skattur er hækkaður er svigrúm til að lækka annan. Að sjálfsögðu fer þetta líka eftir því útgjaldastigi sem ríkissjóður hefur og þarf að sjálfsögðu ekki að skýra það út fyrir hv. þm. að ef hin almenna prósenta væri lækkuð algerlega til móts við hækkun útsvarsins væri minna svigrúm til annarra hluta.

Hv. þm. nefndi markaða tekjustofna eða hvort skynsamlegt sé að vera með þá. Hv. þm. þekkir t.d. mjög vel einn tekjustofn sem er markaður og hefur m.a. runnið til þess að fjármagna starfsemi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannasamtakanna og Landssambands ísl. útvegsmanna. Síðan hefur það verið í tilviki annarra tekjustofna að þar hafa gilt lög um þá. Í mörgum tilvikum hefur verið samþykkt á hverju ári að ekki eigi að fara eftir þeim lögum og lögunum í rauninni breytt til samræmis við það sem menn hafa ætlað sér að gera í viðkomandi málaflokkum.

Það sem mér þykir sorglegast í málflutningi hv. þm. er hvaða skilningsleysi kemur þar fram á skattlagningu atvinnulífsins.

[18:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera sérstakar athugasemdir við það svar hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að menn breyta lögum eða fella þau niður ef menn fara ekki eftir þeim ár eftir ár eins og í tilviki þeirra tekjustofna sem markaðar voru og ætlaðir fötluðum. Ef það er svo að menn fara ekki eftir slíkum lögum ár eftir ár og koma endalaust inn með breytingar á hverju ári er náttúrlega eðlilegt að breyta þeim lögum og fella þau niður. Það er einmitt það sem var boðað í gær ef ég hef skilið málið rétt.

Varðandi það að ég hafi lítinn skilning á skattahagræði fyrirtækja hér á landi finnst mér að það hafi verið mjög vel upplýst á undanförnum dögum, bæði með spurningum og svörum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið að kynna á Alþingi, að ekkert skortir á skattahagræði fyrir fyrirtæki hér á landi.

[18:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Íslenska skattkerfið er í eilífri samkeppni við skattkerfi annarra þjóða. Á undanförnum árum hefur verið ákveðin viðleitni af hálfu stjórnvalda til þess að taka þátt í þessari skattalegu samkeppni og við höfum séð ýmsar breytingar á skattalögum koma fram sem gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara.

Allar þær breytingar hafa haft jákvæð áhrif. Þær hafa allar orðið til þess að þjóðarframleiðslan hefur vaxið. Hún hefur vaxið um 25% á fimm árum. Ríkið hefur fengið stórauknar tekjur og miklu betri staða er til þess að halda úti því velferðarþjóðfélagi sem við viljum búa í. En þessi skattasamkeppni er ekki búin og henni lýkur ekki í eitt skipti fyrir öll. Hún heldur áfram og þar á meðal er spurningin um alþjóðaviðskiptafélögin og stöðu þeirra. Við tökum eftir því núna að þegar við sjáum vöxt í hinum nýju atvinnugreinum eru fyrirtækin miklu betur í stakk búin til að flytja til útlanda. Það er miklu þægilegra en áður að stofna eignarhaldsfélag erlendis þar sem haldið er utan um hugverkaréttindi og slíka hluti. Ef við lokum augunum og höldum í einhverjar gamlar lummur og tölum eins og ekkert hafi breyst þá er það ekki til gæfu. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur séð „Agora" sýninguna sem var haldin í Laugardalshöll í haust. Ef hann sá hana ekki ætti hv. þm. að sjá hana næst þegar hún verður haldin og velta því fyrir sér hvað yrði um þau fyrirtæki ef þær hugmyndir sem menn hafa verið að viðra í skattalögum og vega að atvinnulífnu næðu fram að ganga.

[18:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur eingöngu áhyggjur af sköttum fyrirtækja. Hann talar um að þau geti farið úr landi, þau geti flutt til hagnað og hagrætt með ýmsum hætti og við verðum að passa upp á að fyrirtækin fari ekki úr landi.

Ég hef hins vegar meiri áhyggjur af fólki og hinum dreifðu byggðum þessa lands. Ég sé að fólk flytur nú orðið frá Íslandi og hvert flytur það? Það flytur til annarra landa, m.a. til Noregs, bæði út af atvinnu og sköttum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., virðist ekki hafa nokkrar áhyggjur af því. Ég hef ekki heyrt hann í allan dag nefna að sérstaklega þyrfti að horfa til

skattgreiðslna fólks. Í allan heila dag hefur verið talað um fyrirtæki. Það er forgangurinn sem hv. þm. hefur og út af fyrir sig ætla ég ekkert að skamma hann fyrir það. Hann má hafa þann forgang en hann er alveg öndverður við það sem ég vil. Ég vil setja fólk í öndvegi og frelsi einstaklinga til þess að geta lifað í landinu.

Því miður er löggjöfin þannig í landinu að menn eiga m.a. ekki innkomu í sjávarútveginn. Hann hefur verið færður í eignabönd örfárra og þeir örfáu greiða ekki einu sinni skatt. Þannig er það, hv. þm.

[Fundarhlé. — 18:56]

[20:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Áðan fannst mér ástæða til, eins og umræðan var fyrr í dag, að koma á framfæri ábendingu um atriði sem hefur ekki verið minnst á í dag, sérstaklega í ljósi þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar flytja mál sitt nær eingöngu með því sjónarmiði að gagnrýna að lækkun á tekjuskatti sé ekki jafnmikil og möguleg hækkun á útsvari sem geti þá leitt af sér skattahækkun þegar á heildina er litið upp á 1.250 millj. kr. á næsta ári miðað við þær áætlanir sem fyrir liggja.

Ég vek athygli á því að töluverð breyting hefur orðið í tekjum af fasteignaskatti á undanförnum tveimur árum þar sem fasteignamat hefur farið verulega upp eins og hefur gerst á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólksfjölgun hefur skapað aukna eftirspurn og hækkandi verð. Ég leit aðeins á tölur í þessu sambandi í dag og langar að koma þeim á framfæri þannig að fyrir lægi að breytingar hafi orðið að þessu leyti án þess að við þær hafi verið gerðar neinar athugasemdir af hálfu þeirra sem tala nú gegn breytingum á útsvarsákvörðunum.

Á síðustu tveimur árum hefur fasteignamat eigna hækkað um liðlega þriðjung. Fyrst um 18%, ef ég man tölurnar rétt, í fyrra og síðan um 14% núna þannig að samtals er þetta um 35% hækkun.

Herra forseti. Það er svo mikill hávaði úr hliðarherbergi að ... (**RG:** Forseti. Ég geri miklar athugasemdir við þetta. Ég er að tala við formann efh.- og viðskn. Maðurinn er að tala í máli og efh.- og viðskn. er ekki hér.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. 3. þm. Vestf. hefur orðið.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér kost á að halda áfram ræðu minni þó að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sé á sérfundi í þingsalnum.

Á síðustu tveimur árum hefur fasteignamatið hækkað um þriðjung eða liðlega það. Það leiðir af sér tekjuauka fyrir sveitarfélögin, sérstaklega þegar hækkun er svona mikil og langt umfram verðlagsbreytingar, raunverulegan tekjuauka fyrir sveitarfélögin nema þau lækki álagningarstuðulinn til mótvægis við hækkunina á matinu umfram verðlagsbreytingar. Miðað við þær athuganir sem ég hef gert í dag á álagningarstuðlum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári, því síðasta og þar síðasta, þá virðist vera nánast sama breyting, sama álagningarprósenta notuð í fasteignaskatti öll þrjú árin nema hvað það er örlítil hækkun álagningarprósentu í Mosfellsbæ. Í Garðabæ er einnig nokkur hækkun en það er aðeins lækkun í Reykjavík á íbúðarhúsnæði. Síðan er í sumum sveitarfélögum eins og Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ hækkun á álagningarstuðli á atvinnuhúsnæði. Ég met það því svo að í heildina hafi álagningarstuðlarnir ekki lækkað á þessu svæði og þannig dregið úr skatttekjuaukanum sem verður vegna hækkunar á fasteignamatinu.

Þegar þær tölur eru skoðaðar sem sveitarfélögin hafa haft í tekjur af þessum tekjustofni kemur í ljós að hækkun tekna sveitarfélaganna af fasteignaskatti er 1.200–1.300 millj. á einu ári sem er nokkurn veginn sama fjárhæð og áætlað er að skili öllum sveitarfélögum landsins í tekjur af því að hækka útsvarið á næsta ári umfram það sem tekjuskattur lækkar.

Þetta vildi ég minna á, herra forseti, vegna þess að ég held að menn hafi almennt ekki tekið eftir því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa sótt sér auknar tekjur í gegnum fasteignaskattinn á síðustu tveimur árum sem nemur milli 1.200 og 1.300 á hverju ári. Þegar maður veltir því fyrir sér að þingmenn stjórnarandstöðunnar og varaforseti Alþýðusambands Íslands eru að mótmæla fyrirhuguðum eða mögulegum hækkunum á útsvari upp á 1.250 millj. en láta algerlega hjá líða að nefna hækkunina sem verður vegna fasteignaskatta hlýtur maður að spyrja: Hver er skýringin á því?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður að biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu. Hv. formaður efh.- og viðskn. óskar eftir að nefndin fái örlítið meira svigrúm og við munum taka fyrir annað mál á meðan.)

Það er alveg sjálfsagt. Ég var reyndar búinn með ræðu mína þannig að ég get bara lokið henni ef forseta er þægð í því en ég enda hana með því að óska eftir skýringum hv. þm. stjórnarandstöðunnar á því af hverju þeir minnast ekki á þessa skattahækkun. Hvers vegna er ekki aðfinnsluefni að hækka fasteignaskatta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eins og í Reykjavík en það er mikið aðfinnsluefni ef útsvarstekjur hækka um sömu fjárhæð?

Umræðu frestað.

Lokafjárlög 1998, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 287.

[20:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Fundur stendur yfir í efh.- og viðskn. og það er viðtekin regla að þegar nefndafundur er þá er ekki þingfundur. Mörgum kom á óvart að það skyldi verða boðað til fundar í efh.- og viðskn. kl. 7 í kvöld en formaður efh.- og viðskn. lýsti því, herra forseti, að hann ætlaði að halda fund í kvöldmatarhléinu. Þegar ég kom í húsið var forseti nýbúinn að setja fund um það mál sem nefndin á að vera að fjalla um. Þetta eru svo fáheyrð vinnubrögð að hér hefur stjórnarliðið talað við sjálft sig og krefst svara frá stjórnarandstöðunni sem er ekki í salnum. Meðan ég er að leita að einhverju sem gæti komið viti fyrir flokkinn og gert honum grein fyrir að það er annaðhvort fundur í efh.- og viðskn. eða þingfundur þá á að taka fyrir nýtt mál á dagskrá. Ég mótmæli því harðlega, herra forseti. Þetta eru ekki vinnubrögð. Það hefur ekkert upp á sig að keyra mál þannig áfram. Annaðhvort verður þingfundur hér eða þá fundur í efh.- og viðskn., ekki hvort tveggja, herra forseti.

[20:43]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill minna á að einnig er yfirstandandi fundur í fjárln. og verður væntanlega í allt kvöld og ætlunin er að halda hér þingfund eftir sem áður. Forseti hafði rætt það við formann efh.- og viðskn. að gert yrði hlé milli kl. 7

og 8. Hann átti von á að sá tími mundi nægja fyrir störf nefndarinnar en hléið var reyndar lengt um 35 mínútur, til kl. fimm mínútur yfir hálfníu.

[20:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil einmitt vekja athygli á því að á þessum síðustu dögum fyrir jól eru oft tíðir fundir í þingnefndum og standa jafnt yfir þó fundir séu í þingsal eins og í fjárln.

Ég vil líka upplýsa að nefndarmönnum í efh.- og viðskn. var fullkunnugt að ég var að fara af fundi til að fara í ræðustól og enginn hreyfði andmælum við því. Það er heimilt að halda áfram fundi í þingsal þó að fundur í þingnefnd sé yfirstandandi ef ekki eru hreyfð andmæli við því. Ég heyri hins vegar að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem var ekki á þessum fundi í efh.- og viðskn., er að gera athugasemd við það og forseti metur þær óskir eins og vera ber.

Mér finnst hálfleiðinlegur bragur á umvöndunum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem er stöðugt í ræðustól að hreykja sér yfir eigin ágæti og gera lítið úr stjórnarandstæðingunum og stöðugt að tíunda að hinir og þessir þingmenn séu fjarverandi. Þetta er afskaplega leiður siður sem hv. þm. á ekki að temja sér og er honum til minnkunar. Það hefði verið hægur vandi fyrir stjórnarliða oft og tíðum, m.a. í dag að fara upp og reyna að gera lítið úr hv. stjórnarandstæðingum sem voru ákaflega fáir undir umræðum. En við höfum ekki tamið okkur þau vinnubrögð og ætlum ekki að gera það. Ég vil fara fram á að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir leggi sig fram um að stuðla að eðlilegu þinghaldi í stað þess að vera með ónot af þessu tagi.

[20:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki þessa ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Ég vil stuðla að góðum þingstörfum og þykist viss um að ef fólk leggur sanngjarnt mat á þau þá komi það sér ekki illa fyrir mig.

Hitt er annað mál að þegar halda á fund í nefnd samhliða fundi í þingsal þá er gert um það sérstakt samkomulag. Það er ekki bara spurning um að þingnefndir sitji áfram. Í efh.- og viðskn. sitja þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem taka þátt í umræðu um þetta mál. Þar er varaformaður Samfylkingarinnar á mælendaskrá. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom hér fyrst og fremst til að tala til stjórnarandstöðunnar og hefur fullt leyfi til þess en þá þarf hún helst að eiga möguleika á að sitja í salnum. Við þetta hef ég gert athugasemd.

Ég veit vel að fjárln. hefur haft þá sérstöðu, herra forseti, að þurfa að halda fundi þó yfir standi þingfundir. Mér er líka kunnugt um að einn þingmanna minna í fjárln. ætlaði að taka til máls við 11. liðinn, lokafjárlög 1998. Ég vissi ekki annað en að nú ætti að taka þau á dagskrá. Ég held að það sé farsælt að við reynum að gera þetta með vinsemd og í sátt. Það þarf að halda vel á spöðunum fyrir jól. Það verður ekki gert með þeim hætti sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði. Það kom mér á óvart að þingfundur skyldi settur meðan efh.- og viðskn. var að störfum og að hv. þm. skyldi taka til máls um það mál sem hér er á dagskrá. Það er fyllilega réttmætt og eðlilegt að ég gerði athugasemdir við það, herra forseti.

Ég met það mjög við forseta að hann skyldi fresta málinu. Mér finnst það drengilegt af honum að fresta því þar til efh.- og viðskn. lýkur fundi. Hins vegar er alveg ljóst, eftir samtal mitt við formann efh.- og viðskn., að hann ætlar að klára þann fund sem þar stendur. Hann hyggst ekki koma yfir í þinghúsið eða slíta fundi fyrr en hann hefur lokið verkefni sínu og segir að menn verði bara að meta það hvort unnt sé að ljúka því fyrir föstudag þegar taka á 3. umr. fjárlaga eða ekki.

Ég tel fulla ástæðu til þess, herra forseti, að gert verði örstutt hlé á þessum fundi og menn ráði ráðum sínum í stjórnarliðinu.

[20:48]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að vanalega er gert um það samkomulag með hvaða hætti störfum þingsins er háttað þegar nefndir eru að störfum. Forseti gerði um það samkomulag við formann efh.- og viðskn. að gert yrði hlé á þessum fundi frá kl. 7 til kl. 8 vegna nefndarstarfa. Það komu skilaboð frá nefndinni kl. 8 þar sem óskað var eftir 15 mínútna hléi í viðbót. Forseti varð að sjálfsögðu við því. Síðan heyrðist ekki meira frá nefndinni en forseti gekk eftir því kl. 8.15 hvort fundur gæti hafist og var sagt að svo væri ekki, það væri eftir svona korter. Forseti dró það í 20 mínútur í viðbót að setja fund að nýju og hleypti síðan umræðunni af stað 8.35. Hér hafa komið eindregnar óskir um það frá stjórn og stjórnarandstöðu að umræðunni verði frestað örlítið lengur og forseti hefur orðið við því.

[20:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Málið sem tekið var á dagskrá eftir kvöldmatarhlé er þingmál sem ég hef lagt fram og sama er að segja um næstu tvö mál á dagskrá. Ég vil láta koma fram að það er mér að meinalausu þótt það frestist um stund að ræða þau mál, hvort heldur sem forseti vill fresta fundinum eða taka fyrir mál frá öðrum ráðherra.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 20:49]

[21:02]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. KLM o.fl., þskj. 441.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206, nál. 365 og 367, brtt. 243.

[21:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég átti reyndar von á því að næstur væri á mælendaskrá hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það var a.m.k. svo þegar við hófum störf í efh.- og viðskn. að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Framsfl., var næstur á mælendaskrá. Mér skilst hins vegar að hann hafi þegar lokið ræðu sinni og jafnvel sagt að hún væri flutt með fullu leyfi stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn., að stjórnarandstaðan hefði samþykkt að hann kæmi hér og talaði. Ég vil að það komi fram, ef þetta er rétt eftir honum haft — því miður missti ég af ræðu hans sem ég efa ekki að hafi verið stórmerk — að það er alrangt að stjórnarandstaðan í efh.- og viðskn. — og ég býst við að það sama gildi um meiri hlutann — hafi samþykkt að hv. þm. kæmi hér til þess að flytja mál sitt. Við áttum sannarlega ekki von á því að nokkrum dytti í hug að hefja fundarstörf og taka á dagskrá mál sem eru

hjá efh.- og viðskn. meðan nefndin væri að störfum og vitað var að það lægi á afgreiðslu hennar á umsögn um tekjuhlið fjárlaga sem þyrfti að ljúka í kvöld. Ég býst því við að engum hafi dottið í hug að hér yrði haldið áfram fundarstörfum.

En 2. umr. um það frv., sem er til umræðu og hefur verið í dag, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur fyrir margra hluta sakir verið fróðleg þó að lítið hafi bæst við frá hv. þm. stjórnarflokkanna frá því við 1. umr. Heldur fleiri hafa tekið þátt og þar á meðal formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Hann sagði í upphafi í dag að með þeim breytingum sem hér væri verið að gera, þ.e. heimildum sveitarfélaganna til þess að hækka útsvar og þar sem ríkið lækkar aðeins tekjuskattinn að hluta á móti, kæmi ríkið eilítið til móts við skattgreiðendur þótt það væri ekki nema að hluta til. Það væri fyrst og fremst vegna þess að hér væru á ferðinni svo miklir vinir ríkissjóðs, eins og hv. þm. sagði. Það er líklega þannig í augum hans að stjórnarandstöðunni og okkur sem stöndum fyrir allt öðrum málflutningi er ekki að sama skapi annt um afkomu ríkissjóðs sem er alrangt.

Einnig kom fram hjá hv. þm. að þegar sveitarfélögin ykju útgjöld sín vegna þess að um tilfærsluverkefni hefði verið að ræða frá ríki til sveitarfélaga væri eðlilegt að veita þessa heimild til hækkunar og ríkið kæmi til móts við þá hækkun, sem væri vegna tilflutnings verkefna. En ef sveitarfélögin væru almennt að fara í önnur verkefni þar sem þau tækju algjörlega sjálfstæðar ákvarðanir um aukin útgjöld þá væri engin skynsemi í því að ríkið lækkaði sín gjöld til móts við hækkandi útgjöld sveitarfélaganna.

Fram kom við 1. umr. þessa máls í aðdraganda þess og störfum hjá tekjustofnanefndinni, að þegar rætt er um tekjueða fjárvöntun sveitarfélaganna er fyrst og fremst verið að ræða um fjárvöntun vegna lögbundinna verkefna. Ekki er um að ræða gæluverkefni viðkomandi sveitarfélaga eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal kallaði það svo smekklega hér í 1. umr., t.d. að reisa íþróttahús sem hann hafði orðið var við á ferðum sínum um landið í sumar að sveitarfélögin gerðu og það væri óráðsía. Hér er fyrst og fremst um að ræða skuldasöfnun sveitarfélaga vegna verkefna sem Alþingi hefur ákveðið að flytja yfir til þeirra eða hafa orðið til með tilkomu EES-samningsins og þá í gegnum reglugerðarskipun sem kemur ekki til umræðu á hv. Alþingi.

Í umræðunni í dag kom fram að kannski hefði fyrst og fremst verið ástæða til að gagnrýna ríkisstjórnina og ríkisstjórnarflokkana ef ríkið hefði komið að fullu til móts við þá skattahækkun sem felst í heimildinni til útsvarshækkunar til sveitarfélaganna vegna þess að þá væri ekki verið að nota skattana á réttan hátt sem hagstjórnartæki. Jafnframt kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem hefur líklega yfirgefið húsið eftir ræðu sína en væri nú ágætt að fá hann hingað, að ASÍ hefði talað fyrir skattahækkunum á haustdögum með ábyrga afstöðu í efnahagsmálum og hefði þá mælt fyrir skattahækkunum á heildina. Það er ekki rétt og kemur fram í umsögnum ASÍ, og það er ekkert nýtt. Það kom fram við samningagerð síðast að ASÍ hefur lagt til aðrar leiðir í álagningu skatta en farnar hafa verið á undanförnum árum. Þá er fyrst og fremst verið að tala um þrepaskipt skattkerfi sem þýddi auðvitað einhverjar skattahækkanir á þá sem mestar hafa tekjurnar en jafnframt að þeir sem væru á lægsta tekjubilinu, bæru minni skatta en þeir gera í dag. Þetta má lesa í skýrslum ASÍ og í tillögum þeirra og hefur komið fram aftur og aftur af þeirra hálfu.

Síðan kom fram hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, formanni efh.- og viðskn., að Samfylkingin hefði kvartað undan aðhaldsleysi í opinberum búskap þegar fjárlögin væru til umræðu en aðhaldsleysið væri í lagi að mati Samfylkingarinnar þegar þetta mál er til umræðu, þ.e. þá vildum við ekki hækka skatta, við vildum ekkert aðhald og ekki beita því hagstjórnartæki sem skattarnir gætu verið.

Mér finnst mjög sérkennilegt þegar talað er á þessum nótum vegna þess að þarna er verið að velta skattahækkun yfir á sveitarfélögin sem þurfa að mæta útgjöldum sínum sem eru fyrst og fremst til komin vegna ákvarðana Alþingis. Fram hefur komið í öllum málflutningi þeirra og rökstuðningi að þau hefðu þurft heldur meiri tekjur en þessi útsvarshækkun mun gefa til að mæta lögbundnum verkefnum og jafnframt til að geta verið með það þjónustustig í sveitarfélögunum sem íbúar hvers sveitarfélags krefjast og telja sig eiga rétt á lögum samkvæmt.

Mjög margt verið hefur gert af hálfu sveitarfélaganna á undanförnum árum til þess að hagræða, til að ná betri rekstri sveitarfélaganna, m.a. með sameiningu sveitarfélaga, dregið verulega úr ýmsum rekstri og framkvæmdum hjá mörgum sveitarfélögum. Það er dálítið erfitt að alhæfa í þessum efnum, hvort sem um er að ræða bága fjárhagsstöðu þeirra eða aðra möguleika til að sinna verkefnum sínum því sveitarfélögin eru svo misjöfn og þessi ráðstöfun, þ.e. heimild til hækkunar útsvars, mun koma mjög misjafnt niður.

Meðaltekjur á íbúa í sveitarfélögum eru afar misjafnar. Eins og kom fram við 1. umr., getur breytingin þýtt á bilinu 8–16 þús. kr. hækkun á meðaltalsútsvari eftir því hvar sveitarfélagið er og hverjar meðaltekjur íbúanna eru. Í raun og veru er ekki verið að tala um jöfnun tækifæra til að sinna þeim verkefnum sem sveitarfélögin eiga að sinna.

Skattahækkunin bitnar mjög illa á mörgum íbúum á landsbyggðinni. Ég minnist þess að við 1. umr. varð hv. þm. Jón Kristjánsson mjög reiður yfir þeim fullyrðingum mínum að þetta væri ekki byggðavæn ráðstöfun en staðreyndin er sú hvað varðar sveitarfélögin á landsbyggðinni, sem eru kannski verst sett tekjulega séð, að þessi ráðstöfun kemur þeim ekki að sama skapi til góða og þeim sveitarfélögum þar sem tekjur íbúanna eru mun hærri. Samkvæmt þeim gögnum sem efh.- og viðskn. fékk er ekki hægt að líkja saman breytingunum á fasteignasköttunum og breytingunum á útsvarinu og segja að þetta jafnist út því að svo verður ekki. En eins og með allt annað er það misjafnt eftir sveitarfélögum og hv. þm. Kristján Möller fór mjög vel yfir það hér þar sem úttekt hefur verið gerð á þessu í nokkrum sveitarfélögum hvað útkoman er misjöfn.

Í umræðunni kom líka fram að kjör fólks hafa almennt batnað á undanförnum árum, sem vissulega er rétt, en við megum heldur ekki gleyma því að hjá mjög stórum hópi fólks hafa kjörin síður en svo batnað. Stór hópur fólks býr við afar lök kjör en hefur á undanförnum árum vegna breytinga sem hafa orðið á skattleysismörkum og persónuafslætti greitt skatta af mjög litlum tekjum sem það gerði ekki áður.

Þetta er auðvitað hluti af því sem þarf að skoða í heild sinni þegar breytingar eins og þessar eru gerðar. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. — ég gerði það reyndar við 1. umr. en fékk ekki svör þá — hvort það hefði verið skoðað að hafa nánara samstarf milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tekjustofnana. Þá á ég við fyrirkomulagið eins og það er í dag, þetta sýndarmennskusjálfstæði sveitarfélaganna hvað varðar heimild til þess að leggja á útsvar í stað þess að vera með tekjuskattinn og ákveðna prósentu beint af honum sem

rynni til sveitarfélaganna. Það væri þá þannig að þau nytu góðærisins þegar það væri en þegar erfiðleikar steðjuðu að væri tekið á saman af hinu opinbera. Þá þyrftu ekki að standa yfir tveggja ára samningaviðræður um þessa tekjustofna og sjálfstæði sveitarfélaga sem er í raun og veru ekkert því að ríkið sér um innheimtuna. Ríkið sér jafnframt um að greiða þeim sveitarfélögum sem eru undir mörkunum lágmarksútsvar þar sem um er að ræða a.m.k. nokkur sveitarfélög, og hvort það hafi verið skoðað að einfalda kerfið þannig að um reglubundið árlegt samstarf væri að ræða milli ríkis og sveitarfélaga um tekjur og skiptingu tekna og þá jafnframt að draga úr kostnaði við kerfið. Einfalt kerfi hefði einnig komið í veg fyrir að hægt væri að velta skattahækkun yfir á sveitarfélögin, þ.e. ef um það hefði verið að ræða að það væri bara ákveðið hlutfall af tekjuskattinum sem færi til þeirra en ekki sá skattstofn sem kallaður er útsvar. Þá hefði ekki verið hægt að ýta skattahækkuninni yfir á sveitarfélögin eins og gert er til þess fyrst og fremst að mæta þeim verkefnum sem Alþingi hefur ákvarðað þeim.

Auðvitað væri nokkuð fróðlegt að skoða umsagnir sem komu í ljósi fullyrðinga sem hafa verið um stefnu ASÍ í skattamálum og eins BSRB og lesa einu sinni enn fylgiskjöl með nál. minni hluta efh.- og viðskn. með þessu frv. þar sem birtar eru umsagnir og útreikningar, bæði ASÍ og BSRB. Enginn hefur dregið í efa það sem þar stendur. Ekki hafa komið fram fullyrðingar frá neinum sem hér hefur talað um að í áliti eða umsögn frá ASÍ, frá hagdeild ASÍ eða frá BSRB sé um að ræða útreikninga sem standast ekki.

Einnig vekur athygli, virðulegi forseti, að báðir aðilar leggja mikið upp úr því að haft sé samráð við þessi samtök launafólks þegar um skattabreytingar er að ræða en það virðist ekki hafa verið, a.m.k. kemur ekki fram í þeim umsögnum sem bárust til efh.- og viðskn. að um samráð hafi verið að ræða. Það stingur auðvitað verulega í augu þar sem þarna er að mati beggja þessara samtaka verið að rugga kjarasamningum verulega og hætta á því að farið sé yfir þau mörk sem menn settu sér í kjarasamningum. Það segir einfaldlega í minnisblaði frá hagdeild ASÍ, sem er síðan 27. nóvember 2000, með leyfi forseta:

„Hærri skattar — hætta á kaupmáttarrýrnun. Niðurstaðan er þyngri skattbyrði launafólks á sama tíma og spár gera ráð fyrir að verulega hægi á kaupmáttaraukningunni. Auknar skattálögur sem draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna ganga þvert gegn markmiðum kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum.

En skattbyrði launafólks þyngist ekki aðeins beint vegna skattahækkunarinnar sjálfrar heldur bætist við að skattleysismörk munu að öðru óbreyttu lækka að raungildi."

Síðan segir í sama minnisblaði:

„Aðeins nokkrar vikur eru síðan stjórnvöld héldu mjög á lofti sérstökum kjarabótum til einstæðra foreldra með tilkomu svonefndra „barnakorta". Þau áttu m.a. að tryggja einstæðu foreldri með eitt barn eða fleiri undir sjö ára aldri, og um 100.000 kr. laun á mánuði, rúmlega 34.000 kr. í auknar ráðstöfunartekjur árið 2003. Það ár hyggst ríkisstjórnin nú taka til baka ríflega fjórðung af þessum kjarabótum með boðaðri skattahækkun einni og sér."

Þetta er auðvitað mjög alvarlegur dómur hjá þessum stóru samtökum launafólks og með þessu fylgdi síðan yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000 síðan 10. mars. Þar segir í 5. lið, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun á næstu mánuðum láta fara fram sérstaka athugun á tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslukerfinu. Þar verður m.a. farið yfir kosti þess og galla að fjölga skattþrepum. Haft verður samráð við samtök launafólks og atvinnurekenda um þetta verkefni."

Því hlýt ég að velta því fyrir mér hvort menn hafi rætt þá breytingu sem gerð var og er hér verið að afgreiða við samtök launafólks því að í umsögn BSRB um sama mál segir, með leyfi forseta:

„BSRB hefur jafnan lagt á það ríka áherslu að skattar og skattkerfisbreytingar séu skoðaðar heildstætt. Full ástæða er til að mótmæla harðlega forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hún hefur þrengt tekjustofna vegna arðgreiðslna, heimilað frestun á skattlagningu hagnaðar af hlutafé, innleitt skattahagræði vegna valréttarsamninga í hlutafélögum, lækkað aðflutningsgjöld af dýrum bifreiðum og margvíslegum lúxusvarningi, svo nokkur dæmi séu nefnd. Því miður hefur lítillar viðleitni orðið vart til að koma til móts við kröfur launafólks um fjölgun skattþrepa og aðra þætti sem mættu verða til tekjujöfnunar. Í ljósi þessa mótmælir BSRB fyrirhuguðum skattabreytingum."

Þeir leggja einnig áherslu á að það sé algert grundvallaratriði að skatthlutfall verði ekki hækkað án samsvarandi breytinga á persónuafslætti til að tryggja að skattleysismörk lækki ekki vegna breytinga á álagningarhlutfalli. Það kemur því mjög skýrt fram hjá báðum þessum stóru samtökum launafólks hver vilji þeirra er.

Ekki er hægt að fullyrða að í heildina hafi aldraðir það erfitt í þessu þjóðfélagi en þó eru þeir allt of margir. Landssamband eldri borgara sendi umsögn í nóvember 2000, en þar segir, með leyfi forseta:

„Landssambandi eldri borgara hafa borist til umsagnar tvö frv. til laga um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, sitt frá hvorri þingnefnd. Varla verður þó svo fjallað um annað að hitt tengist ekki. Landssambandið hefur fullan skilning á því að sveitarfélögin þurfi á auknum tekjum að halda. Verkefni þeirra hafa að undanförnu farið sífellt vaxandi. En almenn hækkun fasteignamats á þessu ári og fasteignagjalda í framhaldi af því hefur vafalaust bætt þar nokkur úr skák. Samkvæmt athugun, sem framkvæmd hefur verið, þykir líklegt að fasteignagjöld þeirra sem eru 67 ára og eldri hafi að meðaltali hækkað um 6.700 kr. á þessu ári vegna hækkunar fasteignamatsins. Mikill meiri hluti þessa fólks býr hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem alls ekki er búist við lækkun þessara gjalda. Þá er einnig augljóst að vegna hækkunar fasteignamatsins þá hækkuðu eignarskattar þessa sama aldurshóps fólks, sem almennt býr í eigin húsnæði, um næstum tvöfalda upphæð hækkunar fasteignagjaldanna.

Þetta merkir að meginhluti hækkunar almannatryggingagreiðslna á árinu 2000 hefur farið til þess að greiða hækkanir þessara tveggja skatta. Því er augljóst að kaupmáttur tekna ellilífeyrisþega í 4,5%–5% verðbólgu á árinu hefur farið rýrnandi.

Landssamband eldri borgara sér því engin líkindi til þess að ellilífeyrisþegar fáist til að mæla með að styðja sveitarfélögin með því að leggja enn þá meiri álögur á lágtekjufólk í formi hækkaðs útsvars.

Stjórn Landssambands eldri borgara leggur því eindregið til að heildarskattlagning tekjuskatts og útsvars verði óbreytt að hækkun skattleysismarka verði látin fylgja almennri launaþróun í landinu. Hvort ríkið og sveitarfélögin

skipti með sér heildarskattheimtum á annan hátt en nú er til að bæta stöðu sveitarfélaganna gerum við ekki að þrætuefni.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar Landssambands eldri borgara, Benedikt Davíðsson."

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það eru mjög stórir hópar í þjóðfélaginu sem þessar ráðstafanir munu bitna mjög illa á. Hefði samráð verið haft um þær breytingar sem þarna er um að ræða hefði kannski mátt afstýra því.

Töluvert mikið hefur verið gert úr því í þessari umræðu að nú fái sveitarfélög þær tekjur sem þau þurfa til að mæta öllum þeim verkefnum sem Alþingi hefur flutt yfir til þeirra. Auðvitað er mjög fróðlegt að skoða hvort þarna er farið með rétt mál. Oft hefur m.a. komið fram hjá hv. félmrh., í fjölmiðlum og í ræðustól, að hann telji að þær tekjur sem sveitarfélögin fá með þessari heimild — og flestallir búast auðvitað við því að heimild til útsvarshækkunar verði nýtt að fullu — komi til með að dekka alveg tekjuþörf sveitarfélaganna og jafnvel hafi þau einhvern afgang til ráðstöfunar til nýrra verkefna, þau séu nokkuð vel sett miðað við þetta.

Inn í þær tölur sem hæstv. félmrh. hefur verið að birta hafa verið teknar þær breytingar sem eru fram undan ef Alþingi samþykkir að þjónusta við fatlaða færist alveg yfir til sveitarfélaganna. Þjónusta við fatlaða er talin kosta 4,4 milljarða kr. og þar er um nokkra viðbót að ræða frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir í heildarfjárveitingum, viðbót sem nemur um 565 millj. kr. frá núverandi fjárveitingu. Síðan segir einnig frá því að þar á ofan bætist 300 millj. kr. vegna þjónustu við langveik börn. Þess vegna er kostnaðurinn talinn vera um 4,4 milljarðar kr. sem er um 16% af útsvarstekjum.

En hvernig skyldi þetta vera þar sem talað er um að standa eigi að því að flytja þetta verkefni til sveitarfélaganna og þeim sé nokkuð vel séð fyrir tekjustofnum til að mæta verkefninu? Er það þá þannig að í félmrn. liggi fyrir vitneskja um að þar með sé búið að taka alla kostnaðarliði verkefnisins inn í þá tölu sem sveitarfélögin eiga að fá?

Fyrir réttu ári, í október 1999, skilaði starfshópur á vegum félmrn. skýrslu um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Þessi skýrsla var unnin af nefnd sem var skipuð eftir þáltill. sem ég flutti um úttekt á menningar- og tómstundastörfum fatlaðra. Hún var samþykkt í þinginu og verkefnið falið félmrh. sem skipaði starfshóp sem skilaði til hans skýrslu fyrir ári. Tillagan var flutt eftir ábendingu m.a. frá Öryrkjabandalaginu, Sjálfsbjörgu og fleiri aðilum um að kostnaður væri afar vanáætlaður þegar rætt væri um málefni fatlaðra hvað snerti menningar- og tómstundastörf fatlaðra, það væri ekki gert ráð fyrir þeim þætti inni í félmrn. eða útreikningum varðandi kostnað við þennan málaflokk.

Starfshópurinn sem skilaði hæstv. félmrh. skýrslu var skipaður Margréti Margeirsdóttur, þáverandi deildarstjóra í félmrn., sem var formaður starfshópsins, Guðrúnu Ögmundsdóttur, núv. hv. þm., sem var fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Helga Hróðmarssyni, fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands, Magnúsi Þorgrímssyni, framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu Vesturlands, og Maríu Heiðarsdóttur, formanni Átaks, frá Landssamtökunum Þroskahjálp. Þessi starfshópur skilgreindi og afmarkaði verkefnið og hann hafði til hliðsjónar þær reglur sem hafa verið samþykktar hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem kveðið er á um hvert sé hlutverk ríkis gagnvart fötluðum og skýrt er kveðið á um jafnrétti fatlaðra og jafna möguleika. Þau segja í upphafi skýrslunnar að „markmiðið með starfinu er skýrt, þ.e. ryðja þarf úr vegi hindrunum í þjóðfélaginu, bæði sýnilegum og ósýnilegum, sem koma í veg fyrir eðlilega þátttöku fatlaðra í menningar-, lista- og tómstundalífi."

Skemmst er frá því að segja, virðulegi forseti, að skýrslan sem er upp á 35 blaðsíður, inniheldur gífurlegar athugasemdir um framkvæmd ýmissa þátta í þjóðfélaginu sem lúta að möguleikum fatlaðra. Út af fyrir sig væri mjög fróðlegt að fara yfir skýrsluna þar sem ræðutími er ekki takmarkaður og þar sem ég hafði beðið á síðasta þingi nokkrum sinnum um að fá að ræða skýrsluna í sölum þingsins en ráðherra sá sér ekki fært að verða við þeirri ósk. Auðvitað er ekki réttlátt að fara með þetta allt saman yfir hæstv. fjmrh. sem getur sjálfsagt ekki svarað fyrir þau atriði en hér inni er þó fulltrúi Framsfl., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem ég veit að þekkir þennan málaflokk ágætlega og er formaður þingflokks Framsfl. Ég býst við að hann hafi lesið skýrsluna vegna þess að hann þekkir mjög vel til þessa málaflokks eins og ég hef sagt.

Það er ljóst að það er alveg sama hvar við drepum niður fingri varðandi þau atriði sem þessi nefnd tekur fyrir, þ.e. möguleika öryrkja til ferðalaga, möguleika þeirra til þess að dveljast í orlofshúsum, og fá liðveislu, möguleika þeirra til að sækja kvikmyndahús, möguleika þeirra til að sækja bókasöfn, möguleika þeirra til að sækja leikhús, möguleika þeirra til að sækja íþróttahús, möguleika til þess að sækja hvers konar tómstundastarf. Og það sem kom mér kannski mest á óvart: Möguleika þeirra til þess að taka þátt í starfi þjóðkirkjunnar sem fékk verulega fjármuni í tilefni af kristnihátíð í sumar og vonandi verða þeir að einhverju leyti nýttir til þess að auka möguleika fatlaðra til að taka þátt í starfi þjóðkirkjunnar þar sem verulegra úrbóta er þörf.

Í nær öllum tilvikum er um að ræða það stóra þröskulda í lífi þessa fólks til að taka þátt í þeirri starfsemi sem ég hef talið upp að það er útilokað. Í flestum sveitarfélögum út um landið og langflestum og nær öllum smærri sveitarfélögunum er þetta útilokað. Þar hafa fatlaðir nánast enga möguleika til að taka þátt í menningar- eða tómstundastarfi, íþróttastarfi eða starfsemi kirkjunnar.

Þessi skýrsla var unnin til þess að menn gætu haft hana til hliðsjónar til að meta raunverulegan kostnað með tilliti til þess að það stæði til að flytja yfir þetta stóra verkefni, málefni fatlaðra, til sveitarfélaganna. Það var ekki gert.

Ég hef rætt við nokkra sem voru í nefndinni, þá sem tóku þátt í þessu starfi, við fulltrúa í félmrn. og mér skilst að skýrslan hafi varla verið opnuð síðan henni var skilað í október 1999. Þetta segir að það sé rangt mat þegar talað er um að sveitarfélögunum sé með þessu gert kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð.

Í starfi nefndarinnar, sem fékk umsagnir frá mörgum sveitarfélögum um ástand mála, kemur fram að í smærri sveitarfélögunum hefðu menn lítið sem ekkert hugsað þetta verkefni, þeir hefðu ekki til þess peninga. Ég er sannfærð um að allir þingmenn úr dreifbýliskjördæmum landsins, í minni sveitarfélögunum, hafa lent í þeirri umræðu að sveitarfélögin treysti sér ekki til að taka við þessu verkefni.

Virðulegi forseti. Eftir að hafa farið yfir þessa skýrslu ásamt nokkuð mörgum sveitarstjórnarmönnum dreg ég stórlega í efa að sá kostnaður sem flytjast á yfir til sveitarfélaga með yfirtöku á þjónustu við fatlaða sé rétt metinn. Ég tel að við munum eftir ekki svo langan tíma þurfa að endurskipuleggja tekjuskiptinguna vegna þess að verkið hafi aldrei verið klárað þó það hafi tekið hátt í tvö ár. Það þýðir ekkert

að skella skollaeyrum við því að samtök launafólks í landinu hafa bent hv. Alþingi á hvaða áhrif breytingarnar hafa fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar og á forsendur kjarasamninga.

Ef til vill má segja að verðbólgan muni ein og sér að gera út af við þá kjarasamninga sem í gildi eru ef ekki verður tekið á málum. Í fjárlögum fyrir næsta ár er ekkert sem bendir til þess að ríkisstjórnin ætli að taka sérstaklega á í baráttunni við verðbólguna í landinu. Þær spár sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun eða álit fjmrn. benda ekki til að við megum búast við lægri verðbólgu eða lækkandi vöxtum. Allt stefnir í að lögð verði hærri gjöld á heimili sem fara mjög illa út úr þessari miklu vaxtahækkun sem orðið hefur að undanförnu. Hún bitnar að fullu á skuldsettum heimilum. Nú á að taka af þeim meiri skatta ef þessar tillögur verða samþykktar en ekkert bendir til annars. Þetta mun bitna af fullum þunga á skuldsettu ungu fólki sem er að ljúka námi, er að koma sér þaki yfir höfuðið og er nýbúið að stofna fjölskyldu.

Það er full ástæða til að hafa gott samráð við samtök launafólks þegar breytingar á skattkerfinu eru gerðar. Málið snýst um að sveitarfélögunum sé gert kleift að sinna lögbundinni þjónustu, þau eru skuldsett og fara einnig illa úr úr þeirri vaxtahækkun sem orðið hefur að undanförnu. Ég býst ekki við að nokkur neiti því. Þetta skiptir líka verulegu máli fyrir afkomu heimilanna í landinu og skiptir miklu máli fyrir landsbyggðina. Þó að stigið hafi verið skref varðandi fasteignaskattana, sem ég fagna vissulega, þá hefur komið fram í útreikningum frá samtökum launafólks að það bæti stöðuna aðeins að hluta.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu meira. Við höfum lagt fram brtt. við frv. sem koma til afgreiðslu og verði þær felldar þá munum við fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., eins og hér hefur komið fram, leggja fram brtt. við 3. umr.

[21:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu. Ég ætla ekki að vera langorður. Fram hafa komið mjög afdráttarlaus viðbrögð við lagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar, bæði frv. um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er til umræðu en allir eru á því máli að líta beri á þessi frv. sem eina heild.

Þegar málin eru skoðuð heildstætt fela frv. í sér hækkun á tekjusköttum einstaklinga um 0,66 prósentustig. Þetta er gert án þess að persónuafslátturinn sé hækkaður og veldur því að skattleysismörkin lækka. (**KHG:** Persónuafsláttur er óbreyttur.) Persónuafslátturinn er óbreyttur. Persónuafsláttur inn er ekki látinn hækka jafnframt því sem tekjuskatturinn hækkar, prósentan hækkar og það veldur því að skattleysismörkin lækka. Hafi ég mismælt mig þá er þetta sú meining sem ég vil að fram komi.

Breytingunum hefur verið mótmælt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og annarra almannasamtaka í landinu. Ég vil nota seinni ræðu mína til að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann svari þeirri gagnrýni sem fram hefur verið sett af hálfu ASÍ, BSRB, Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara en öll þessi samtök hafa mótmælt því að skattleysismörkin verði lækkuð.

Sveitarfélögin í landinu hafa einnig sett fram mótmæli. Þau eru af nokkuð öðrum toga. Mótmæli sveitarfélaganna ganga fyrst og fremst út á að eðlilegt hefði verið að tekjuskattsprósentan hefði lækkað til jafns við heimildarákvæði til hækkunar útsvars. Þetta hefur verið rauði þráðurinn í mótmælum og gagnrýni sveitarfélaganna.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort um þetta hafi verið eining í ríkisstjórninni. Var það rætt við þingmenn í þingflokkunum, við þingmenn Sjálfstfl. og var það rætt við þingmenn Framsfl. að til stæði að lækka skattleysismörkin í landinu? Var mönnum gerð grein fyrir því að með þessum skattkerfisbreytingum mundi því fólki fjölga, lágtekjufólki sem yrði að greiða skatta? Á þriðja þúsund manns úr hópi láglaunafólks á Íslandi bætist í hóp skattgreiðenda við þessa breytingu, úr hópi öryrkja, aldraða og láglaunafólks. Því mótmæla þessi samtök.

Í erindi frá Öryrkjabandalaginu 22. nóvember segir, með leyfi forseta:

„Af þessum sökum er brýnna en nokkru sinni fyrr að létta skattbyrði af öryrkjum, hvort heldur það verður gert með því að hækka skattleysismörk verulega eða viðurkenna sérstöðu öryrkja með því að undanþiggja örorkulífeyri beinni skatttöku."

Hér eru menn að tala um að hækka beri skattleysismörkin verulega. Niðurstaðan er hins vegar sú að menn ætla að lækka þau. Menn ætla að auka skattbyrðarnar á þennan hóp. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Var þingmönnum Sjálfstfl. og Framsfl. gerð grein fyrir þessu, að skattkerfisbreytingarnar mundu hafa þær afleiðingar að skattleysismörkin lækkuðu?

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur það komið til umræðu í ríkisstjórninni og þingflokkunum að samfara þessum breytingum verði persónuafslátturinn hækkaður? Þetta mundi ekki þýða að skattbyrði launafólks yrði almennt ekki hækkuð vegna þess að hún hækkar með hærri skattprósentu. Samkvæmt þessum frv. mun skattprósentan hækka um 0,66 prósentustig ef heimildir til útsvarshækkunar verða almennt nýttar til hins ýtrasta. Skattbyrðin mun því hækka.

Hefur komið til greina að persónuafslátturinn verði hækkaður til þess að tryggja allténd að skattleysismörkin lækki ekki vegna þessara breytinga?

Í umræðunni hefur komið fram og reyndar liggja fyrir þinggögn um það, að tekjuskattsprósentan verði lækkuð enn meira en ráð er fyrir gert. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum boðað að verði sú tillaga felld þá munum við bera fram tillögu um hækkun á persónuafslætti. En hefur komið til greina, í stjórnarherbúðunum, að við sameinumst á þinginu um að samþykkja tillögu í þessa veru? Með þeirri spurningu lýk ég máli mínu.

[21:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér hefur í allan dag átt sér stað löng og ítarleg umræða um afar stutt og auðskilið frv. sem er ein efnisgrein, um að lækka skuli hlutfallstölu tekjuskatts um 0,33%. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins er væntanlega enginn hér inni á móti frv. í sjálfu sér þó menn noti tækifærið og tali um eitt og annað í leiðinni sem kannski mætti tengja við þetta mál. Ég býst hins vegar við því að frv. hafi stuðning alls þingheims þegar til atkvæðagreiðslu kemur um þessa einu efnisgrein frv.

Menn hafa rætt mikið, kannski eðlilega, um samhengið á milli skattheimtu ríkis og sveitarfélaga. Auðvitað er þetta frv. tengt þeirri breytingu sem nú þegar hefur verið lögfest varðandi tekjustofna sveitarfélaga.

Ég hef marglýst því yfir, bæði í ræðustól og á vettvangi sveitarfélaganna, á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna og síðast í gær á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, að ég tel

að sveitarfélögin eigi að hafa rúma tekjuöflunarmöguleika. Ég tel að þau eigi að hafa fjárhagslegt svigrúm til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um fjármál sín. Af hverju finnst mér það? Jú, vegna þess að þetta er sjálfstætt stjórnsýslustig þar sem kjörnir fulltrúar eru í forsvari og bera ábyrgð gagnvart kjósendum sínum ekkert síður en við á Alþingi. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar að treysta eigi þeim til þess að taka ábyrgar ákvarðanir um þessi mál alveg eins og við ætlumst til þess að í þessum sal séu teknar ábyrgar ákvarðanir. Ég hygg að aðhald kjósenda að þessum kjörnu fulltrúum verði ekkert minna en gagnvart okkur varðandi ábyrga nýtingu og notkun á álagningarheimildum. Ég held að aðhald kjósenda muni tryggja það að menn misfari ekki með slíkar heimildir.

Mín vegna mætti útsvarsálagningarheimildin vera mun rýmri en sú er ákveðin var í þeim lögum sem við afgreiddum í síðustu viku. Mín vegna mega sveitarfélögin gjarnan hafa mismunandi álagningu hvert fyrir sig í útsvari, eins og reyndar er tilfellið þó ekki muni þar miklu, eða í fasteignasköttum. Það er ekkert athugavert við það. Það er ágætt að sveitarfélög geti keppt sín á milli, til að mynda sveitarfélög á sama svæði, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, um að geta boðið íbúum sínum upp á mismunandi möguleika í þessu efni. Fólk gæti þá valið eins og það gerir að einhverju leyti nú þegar.

Hvað er ég að segja um þá gagnrýni sem hér hefur komið fram í dag? Ég tel að ekki sé nokkur leið að gera ríkisvaldið ábyrgt fyrir því sem einstök sveitarfélög ákveða í þessu efni. Hvernig á ríkisvaldið að geta ábyrgst það að einstök sveitarfélög nýti eða nýti ekki sínar heimildir?

Má ég nefna nýlegt dæmi innan ramma gildandi löggjafar, þess þaks sem verið hefur á útsvarsálagningarmöguleikum sveitarfélaga áður en til þessarar hækkunar kom og auðvitað áður en frekari rýmkun verður gerð? Munum við ekki öll þegar ríkisvaldið lækkaði tekjuskatt sinn samkvæmt ákvörðun hér með lögum árið 1997? Síðasti áfanginn í þeirri lækkun kom til framkvæmda 1. janúar 1999. Hvað þýddi sú ákvörðun um lækkun tekjuskatts? Hún þýddi hækkun skattleysismarka.

En hvað þýddi þá ákvörðun sem tekin var í stóru sveitarfélagi, sem við erum öll stödd í, um að hækka útsvarið til þess sveitarfélags? Þýddi sú ákvörðun ekki einmitt hið gagnstæða, að lækka skattleysismörkin miðað við það kerfi sem við erum með í dag? Átti þá ríkisvaldið að vera ábyrgt fyrir því? Átti þá ríkisvaldið að hækka persónuafsláttinn af því að Reykjavíkurborg ákvað að nýta möguleika sína til hækka útsvarið?

Ég held að allir hljóti að sjá ef við setjum málið í þetta samhengi, sem er auðvitað hið rétta samhengi, að ekki er hægt að gera okkur í ríkisstjórninni ábyrg fyrir því sem sveitarstjórnarmenn hafa fullt leyfi til þess að ákveða.

En hvað er þá að í þessu dæmi? Það sem er að er sameiginleg innheimtuprósenta. Menn sjá ekki þegar þeir eru að borga þetta hvort þeir eru að borga ríkinu eða sveitarfélaginu. Lítil sveitarfélög eða eftir atvikum sveitarfélög sem ekki hafa þungt vægi í heildarálagningarprósentunni geta fiktað með þetta upp og niður án þess að mikið beri á í staðgreiðsluprósentunni vegna þess að hún er ákveðið meðaltal af þessu öllu sem er síðan gert upp eftir á. Því getur enginn fylgst raunverulega með því hve mikið hann er að borga til eigin sveitarfélags og hve mikið til ríkisins.

Þetta er verulegur galli á kerfi okkar að mínum dómi og ég tel að það eigi að aðgreina þetta betur og hef sagt það í þessum sal. Það er hluti af þeirri ábyrgð sem því fylgir að fara með sjálfstætt álagningarvald, það er að gjaldandinn sjái hver áhrif slíkra ákvarðana eru, að hann geti séð svart á hvítu á launaseðli sínum hvað er á ferðinni en hafi ekki þá hulu yfir þessu sem staðgreiðsluprósentan er í raun og veru.

Ég var einn af þeim sem vann við það á árunum 1987–1988 að koma staðgreiðslukerfinu í núverandi búning. Þá var ekki mikið hugsað um þetta atriði en núna í seinni tíð hefur það runnið upp fyrir mér að þetta er mikill galli. Ég tek undir það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði að búið er að blanda þessu svo mikið saman að menn sjá ekki greinarmuninn. Það birtist líka í því, eins og þingmaðurinn sagði, að ríkið sér um álagninguna, ríkið sér um innheimtuna og ríkið sér um eftirlitið með þessum tekjum sveitarfélaganna og gerir það reyndar fyrir mjög vægt verð miðað við það sem þetta kostar ríkið sjálft.

Auðvitað er ákveðin hagræðing í því, auðvitað má segja að innheimtukostnaður sparist. Þess vegna var t.d. Gjaldheimtan í Reykjavík lögð niður og ástæðulaust að halda úti tvöföldu eftirlitskerfi í skattamálum. Þar er alveg sjálfsagt að hafa einn aðila. Samt eru ákveðnir þættir þarna að mínum dómi sem þarf að aðgreina og þá kannski ekki síst í álagningunni sjálfri. Það er líka spursmál hvort ætti að fara eitthvað frekar inn á þá braut í innheimtumálunum en þó skal ég ekki fullyrða um það.

Það fer t.d. ekkert fram hjá mér þegar fólk er að kvarta við tollstjórann í Reykjavík eða fjmrn. yfir því sem er að gerast varðandi fasteignagjöldin í Reykjavík. Það er vegna þess að fólk áttar sig ekki á því að þó að það sé einn innheimtumaður fyrir báða aðila þá eru tveir aðilar að taka mismunandi ákvarðanir, annars vegar sveitarfélagið og hins vegar ríkið. Þetta flækir málin fyrir gjaldandann og þess vegna er komin upp sú spurning sem fólk hefur mikið verið að tala um í dag að með ákvörðunum sveitarfélaganna, sem ætla að nýta sér þær rýmkuðu heimildir sem þau hafa fengið, verður breyting á þessum mörkum, svokölluðum skattleysismörkum sem eru þó hvergi skilgreind í lögum en hafa verið túlkuð sem svo að það væri það sem einn einhleypur gjaldandi gæti haft í tekjur án þess að borga skatt og þar að auki barnlaus gjaldandi. Barnabæturnar hafa auðvitað áhrif á skattleysismörkin og það eru margar útgáfur af þeim allt eftir fjölskyldustöðu viðkomandi aðila, hjúskaparstöðu og fjölda barna og aldri barna, eins og við höfum margrætt í þessum sal í tengslum við barnabætur o.fl. Það er ekki sanngjörn gagnrýni á ríkið að kenna því um þessa hluti.

Þeir sem ætla að kenna ríkinu um svona hluti verða að svara þeirri spurningu: Hverjum var um að kenna þegar skattleysismörkin lækkuðu við það að Reykjavíkurborg hækkaði útsvarið? Ég vil ekki skrifa undir að það hafi verið ríkinu að kenna en auðvitað lækkuðu þessi mörk við þá ákvörðun.

Þetta segir okkur að kannski eru svokölluð skattleysismörk, sem menn hafa búið sér til og tala um, eins og ég segi, án þess að það sé neitt skilgreint hugtak í rauninni, ekkert sérstaklega góður mælikvarði þegar menn eru að tala um þessa hluti.

Ég vil hafa útsvarsálagningarheimildir sveitarfélaganna rúmar. Ég vil að það sé skýrt hvenær þau eru að breyta ákvörðunum sínum í þeim efnum og að það komi alveg skýrt fram gagnvart gjaldendum og þau yfirvöld sem þar er að finna beri ábyrgð á því gagnvart sínu fólki og með sama hætti og ríkisvaldið á sínum ákvörðunum gagnvart gjaldendum í tekjuskatti. Þannig er nú þetta.

Að því er varðar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í mars á þessu ári var nú einhver ræðumanna í dag sem las það upp að þar segir ekki annað en það að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar, almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Ég tel að samkvæmt orðanna hljóðan sé ljóst að ríkisvaldið hefur áformað að standa við sitt í þessu efni. Ég bendi á það að þegar frv. um hækkun persónuafsláttar var afgreitt á þinginu á sl. vetri var síðasta prósentuhækkunin á persónuafslætti í ársbyrjun 2003 hækkuð að tillögu minni eftir að fyrir lá að aðrir aðilar innan Verkamannasambandsins höfðu samið um meiri kauphækkun 1. jan. 2003 en Flóabandalagið hafði gert. Þess vegna hækkar persónuafslátturinn um 2,75% 1. jan. 2003 í stað 2,25% eins og var í upphaflega frv. í samræmi við kjarasamninga Flóabandalagsins. Ég sé að í sumum útreikningum á þessum málum hafa menn gleymt því að persónuafslátturinn hækkar það mikið vegna þess að í upphaflegu hugmyndunum var talað um 2,25% en ekki þau 2,75% sem á endanum urðu ofan á.

Nú er afskaplega erfitt að fullyrða um hver staða þessara mála verður á árinu 2003 að því er varðar persónuafslátt og skattfrelsismörk í ljósi þeirra umræðna sem við erum að tala um og með tilliti til útsvarsins vegna þess að það veit enginn maður núna í hve miklum mæli sveitarfélögin munu hagnýta sér þá hækkun sem þeim er heimiluð samkvæmt nýju lögunum um tekjustofna sveitarfélaga í ársbyrjun 2002. Hver treystir sér til að fullyrða að öll sveitarfélög muni þá hækka útsvarið um 0,33%? Ekki treysti ég mér til þess. Ég treysti mér frekar til að fullyrða að það verði frekar færri en fleiri sveitarfélög sem muni nýta þá heimild vegna þess að þannig vill til að það verður kosið til sveitarstjórna í maí árið 2002.

Hvernig geta menn þá í öllum þessum skattfrelsisútreikningum reiknað með því að búið verði að hækka útsvarið um þetta og svo og svo mikið á þessum árum, 2002 og 2003? Auðvitað geta menn ekkert fullyrt um það. Menn geta varla fullyrt hve mörg sveitarfélög muni núna nýta sér þessa heimild til fulls, 0,66%. Sjálfsagt er það megnið af sveitarfélögunum.

En ég held að ef menn líta á þetta dæmi í fullri sanngirni og reikna síðan út hvað verið er að tala hér um í krónum og aurum þá kemur út sú staðreynd sem ég leyfði mér að segja í sjónvarpsviðtali að væru smáupphæðir. Ég notaði nú ekki orðið „smáaurar", það var haft eftir mér í inngangi fréttar en var ekki orð úr mínum munni. Ég fullyrti að við værum að tala um skattahækkun sem væri innan við 200 kr. á mánuði, ef maður skoðar þetta enn betur, og þá er ég að tala um á árinu 2003. En ef maður skoðar þetta á næsta ári, sem er kannski það sem við vitum best um, hvað erum við þá að tala um? Þá erum við að tala um að umsamin laun hafi hækkað um 7,6% á meðan skattleysismörkin lækka um 7,3% miðað við það að öll sveitarfélögin nýti sér hækkaða útsvarsheimild. Þetta þýðir að skattleysismörkin lækka að hámarki um 210 kr. Hvað þýðir það? Að skatturinn hækkar um 81 krónu á mánuði sýnist mér. Eða það er a.m.k. sú upphæð sem persónuafslátturinn þyrfti að hækka til að láta þetta sléttast út.

Það er þetta sem ég var að tala um þegar ég var að tala um litlar upphæðir. En mér er vel kunnugt um það, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að til þess að hækka persónuafsláttinn um 450–500 kr. kostar það tæpan milljarð og það kalla ég ekki smáaura. Það var þess vegna sem ég kallaði fram í þegar þingmaðurinn var að leggja mér þau orð í munn að 900–1.000 milljónir væru smáaurar að það væri útúrsnúningur og ég held mig við það. Það var útúrsnúningur á orðum mínum.

Ég tel að kannski þurfi ekki að deila mikið um þessar upphæðir, ég held að þær séu á þessu bili. Þær eru mjög lágar, alveg sama hvernig menn láta. Það eru lágar upphæðir í mánuði hverjum sem lenda á öllum þeim sem borga skatta vegna þess að það liggur í eðli þessara marka, sem mönnum er svo tíðrætt um, að ef menn eru fyrir ofan þau lendir breyting á mörkunum á öllum skattgreiðendum. Það er vandinn við það að ætla að hjálpa fólki með því að hækka skattleysismörkin að þá er maður að hjálpa öllum, líka þeim sem eru hátt uppi í tekjustiganum en ekki bara þeim sem eru þarna á mörkunum. Þetta eru ekki háar upphæðir á mánuði og mér finnst ástæðulaust að tala um þetta eins og eitthvert stærsta hneykslismál sem komið hafi upp í þingsölum eða eins og himinn og jörð séu að farast.

En aðalatriði málsins er að það er ekki ríkisstjórnin sem er að taka þessa ákvörðun. Það er annað þar til bært stjórnvald, þ.e. sveitarfélögin sem eru að nýta sér þær heimildir sem þau hafa og hafa fullt leyfi til að gera. Kannski væri eðlilegast að reikna út tvenns konar skattleysismörk, annars vegar gagnvart tekjuskatti og hins vegar gagnvart útsvari. Þá getur bara hvor aðilinn fyrir sig verið ábyrgur gagnvart skattleysismörkum sínum án þess að þurfa að blanda hinum aðilanum inn í það og það mundi náttúrlega verða ef þetta væru tvær aðskildar tölur.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín spurningu. Það gerðu einnig hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Guðmundir Árni Stefánsson um það hvernig miðaði vinnu eða hvernig gengi með lið 5 í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því kjarasamningar voru gerðir. Liður 5 er fyrirheit um athugun á tekjuskattskerfinu, þ.e. að ríkisstjórnin muni láta fara fram sérstaka athugun á tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslukerfinu þar sem m.a. verði farið yfir kosti þess og galla að fjölga skattþrepum í samráði við samtök launafólks. Hér var verið að koma til móts við hugmyndir forustunnar í ASÍ um að hverfa ætti frá því kerfi sem forustan í ASÍ 1987 lagði mikla áherslu á að yrði tekið upp og birtist í núverandi staðgreiðslukerfi.

Mér finnst alveg sjálfsagt að við förum faglega og efnislega yfir þetta og greinum kosti og galla núverandi kerfis miðað við annað kerfi sem hefði nokkur þrep. Þá getum við öll reynt að gera það upp við okkur hvort er í rauninni betra, þetta einfalda staðgreiðslukerfi sem við höfum eða flóknara kerfi með nokkrum þrepum eins og fyrirfinnast hjá ýmsum öðrum þjóðum. Niðurstaðan 1987 varð sú að fara úr gamla eftirágreiðsluskattkerfinu yfir í staðgreiðslukerfi sem væri þó þetta einfalt. Það hefur auðvitað vissa galla en það hefur marga kosti sem ég hef hingað til talið að væru yfirgnæfandi miðað við að vera með fjölþrepa skatt. Við segjum það í þessari yfirlýsingu og ég segi það nú og hef oft sagt að ég er alveg til í að fara ofan í þetta og rannsaka. Fyrirheit er gefið um það í þessu og sú vinna er í gangi af hálfu ráðuneytis míns og henni verður haldið áfram þar til niðurstaða er fengin í þessu máli. Ég tel að það sé eðlilegt og sanngjarnt og ég held að engin ástæða sé til að draga í efa vilja manna til að gera þetta vel og vandlega.

Að svo mæltu vil ég þakka þingnefndinni fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta litla og einfalda frv. Ég mæli

með samþykkt frv. óbreytts og mæli með því að menn greiði atkvæði gegn brtt. sem fram hafa komið.

[22:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki andvígur því að greiða skatta, það á bæði við um tekjuskatt og útsvar. En eru ekki einhver takmörk fyrir því hve mikla skatta er hægt að leggja á einstaklinginn? Ef svo er þá þarf að hyggja að því að skiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga sé réttlát. Til marks um að hún sé það ekki er þróun skuldastöðu þessara tveggja aðila. Ríkið hefur verið að borga niður skuldir, sveitarfélögin hafa verið að safna skuldum. Skuldir sveitarfélaganna nema 51,8 milljörðum kr. og hafa tvöfaldast á síðasta áratug.

Staðreyndin er einnig sú hvað sem líður talnaæfingum hæstv. fjmrh. að vegna frumvarpa ríkisstjórnarinnar sem eru nú til umræðu munu skattleysismörkin lækka. Þau munu lækka vegna þessara frumvarpa sem ríkisstjórnin er að keyra í gegnum þingið. Þetta er staðreynd.

[22:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú breyting sem verða kann á skattleysismörkum verður vegna þess að sjálfstætt stjórnvald, hitt stjórnsýslustigið, nýtir sér lagaheimildir til að gera breytingar á álögum sínum. Og ég segi — sem verða kann — vegna þess að eins og ég gat um áðan varðandi árið 2002 þá vitum við ekki í hve miklum mæli þær heimildir verða nýttar.

En mér finnst þingmaðurinn ekki hafa komist að kjarna málsins í andsvari sínu varðandi það hvort hann telji að svigrúm sveitarfélaganna eigi að vera rúmt og hvort hann vilji þá í hvert skipti sem þau breyta álagningu sinni gera ríkið ábyrgt fyrir því gagnvart t.d. persónuafslætti og skattleysismörkum. Ég held að allir sjái að það gengur ekki upp, enda var það ekki gert þegar borgin hækkaði útsvarið í fyrra.

[22:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna erfiðrar skuldastöðu sveitarfélaganna eru þau flest nauðbeygð til að hækka útsvar. Í og með er þetta vegna aukinna verkefna sem ríkisvaldið hefur með lagabreytingum fært yfir á herðar þeirra. Þess vegna er ábyrgðin stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar. Það er hún sem er að hækka skattana án þess að hækka persónuafsláttinn um leið. Þetta veldur því að ríkisstjórnin er ábyrg fyrir því að skattleysismörkin lækka.

Það kostar að sönnu talsverða peninga að hækka persónuafsláttinn. Hverjar 100 kr. kosta um 200 millj. kr. En ég held að það sé dýrara þegar til lengri tíma er litið að láta persónuafsláttinn ekki fylgja þessari þróun. Þess vegna mundi hinn fyrirhyggjusami stjórnandi grípa til þeirra ráðstafana.

En að sjálfsögðu viljum við fyrst láta á það reyna að ríkisstjórnin samþykki það að tekjuskattsprósentan verði færð niður til samræmis við heimildir sveitarfélaganna til að hækka útsvar.

[22:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur sér hjá því að svara af hverju hann lagði ekki til að persónuafsláttur yrði hækkaður við hækkun útsvarsins í fyrra hjá Reykjavíkurborg sem hækkaði staðgreiðsluálaginguna hjá öllum landsmönnum. (Gripið fram í.) Af hverju gerði þingmaðurinn það ekki? Það hefði hann betur gert.

Það sýnir bara í hnotskurn að ekki er hægt að ætlast til að við í þessum sal höfum slíkt eftirlit með öllum ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi sveitarfélaganna. Þau verða að fá að taka ákvarðanir sínar sjálf og til þess eiga þau að hafa rúmt svigrúm. Ef þau vilja veita betri þjónustu á þessu sviði heldur en eitthvert annað sveitarfélag þá finnst mér ekkert athugavert við að þau geti gert það og geri það þá innan tekjuöflunarmöguleika sinna.

[22:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki mjög trúverðugt af hálfu hæstv. fjmrh., bara af því að það á við núna, að ræða þetta mál eins og það sé á akademískum grunni og snúist um það hvort sveitarfélög eigi að bera pólitíska ábyrgð eður ei. Hann veit nákvæmlega eins og ég að sú ákvörðun sem tekin var um þetta tiltekna mál var vegna skuldaskila ríkis og sveitarfélaga og sumir flokksbræður hans og -systur hafa sagt hér á hinu háa Alþingi að um eiginlegan samning hafi verið að ræða. Og ég minni á hverjir það voru sem kynntu þá niðurstöðu. Það var formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og hæstv. ráðherra sjálfur.

Hér var því verið að gera upp sakir og þess vegna er það ákaflega ódýrt og ég veit að hæstv. ráðherra meinar það ekki þegar hann ræðir bara um þetta svona sem sjálfval hjá sveitarfélögunum hér og þar á landinu hvort þau nýti sér þessar heimildir eður ei.

Ég vil hins vegar gagnspyrja og segja: Ef þetta er svona mikið smámál í skattalegu tilliti hvers vegna gengst þá ekki hæstv. ráðherra inn á þá litlu tillögu okkar um að lækka tekjuskattinn til jafns?

[22:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vegna þess að það er ekkert smámál (**ÖJ:** Það er smámál sem er stórt.) Það er orðið 1.250 millj. kr., það er svolítið öðruvísi en sú 81 króna sem ég var að tala um áðan og ég leyfði mér að kalla litla peninga.

En ef málið snýst eingöngu um það, hv. þm., að ríkið lækki til jafns við sveitarfélögin hefði þá þingmaðurinn viljað það, eins og staðan var í tekjustofnanefndinni lengi vel og talið var að niðurstaða yrði um og sátt, hefði hann þá viljað að sveitarfélögin hefðu bara fengið heimild til þess að hækka um 0,33% að þessu sinni eins og ríkið er að lækka sinn tekjuskatt ? Hefði það þá verið í lagi bara af því að það voru slétt skipti?

Við féllumst á það hjá ríkinu að sveitarfélögin gætu hækkað útsvar sitt enn meir heldur en ríkið lækkaði. Mér finnst það, eins og ég er margbúinn að segja, bara eðlilegt, almennt eðlilegt. En ég sé ekki að menn geti gert kröfu um að ríkið borgi fyrir það, að ríkið leggi fram það fjármagn. Mér finnst það alls ekki sanngjörn krafa.

[22:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvaða tölur var um að tefla? Hvað segir niðurstaða tekjustofnanefndar, allrar í einu lagi, fulltrúa sveitarfélaga sem og ríkisins, að sveitarfélögin telji sig þurfa? 4–7 milljarða kr. Það er meira en 1% í útsvari. Það er meira en 0,99%.

Svona ódýrir útúrsnúningar um jöfn skipti, hversu há sem þau væru eða lág, það væri allt sem óskað er eftir, um það er ekki að ræða. Ég er einfaldlega að segja að tekjuþörf sveitarfélaga var til staðar, um hana var ekki deilt. Hins vegar var spurt um það og við tökumst á um það hér hvort þriðji aðilinn eða við skulum segja skattgreiðendur eigi að borga þessa útgjaldaþörf sveitarfélaga, sem enginn deilir um, eða

hvort ríkissjóður sem er aflögufær af ýmsum ástæðum ætli að slaka til á móti.

Það er eftirtektarvert, herra forseti, að skyndilega er það algjört smámál þegar kemur að því að skattgreiðendur borgi brúsann í gegnum útsvarið. En það er stórmál ef ríkiskassinn ætlar að leka því út í lækkuðum tekjuskatti. Það er mjög eftirtektarvert.

[22:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú dálítið verið að snúa út úr því hvað er stórmál og hvað er smámál. Auðvitað er það stórmál að afsala tekjum upp á 1.250 millj. kr. Það er enn þá stærra mál að afsala tekjum upp á rúmlega 3 milljarða eins og ríkissjóður er að gera í fjárlögum fyrir næsta ár að því er varðar framlag til sveitarfélaganna með ýmsum hætti sem ég þarf ekki að rekja hér.

En það sem þingmenn hafa verið að gagnrýna í dag er kannski ekki aðallega þetta heldur spurningin um svokölluð skattfrelsismörk og persónuafslátt þar sem um er að ræða mjög lágar upphæðir á hvern og einn einstakling eins og ég hef margrakið hér.

[22:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hvorki smámál né smáaurar fyrir launamann með 100 þús. kr. í laun þegar þriggja mánaða launahækkun hverfur vegna fyrirhugaðrar skattahækkunar sem ríkisvaldið ber ábyrgð á hvort sem því líkar betur eða verr vegna þess að verið er að bæta sveitarfélögunum tekjutap sem orsakast hefur af ákvörðunum ríkisvaldsins, annars vegar vegna verkefnaflutnings og hins vegar vegna skattalagabreytinga.

Hæstv. ráðherra getur ekki komið sér hjá eða skotið sér undan þeirri ábyrgð að við erum að tala um almenna skattahækkun sem ríkisvaldið ber ábyrgð á og þetta eru miklir peningar a.m.k. hjá þeim sem hefur ekki meira en um 100 þús. kr. tekjur á mánuði.

[22:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér ekki grein fyrir hvaða stærð þingmaðurinn var að tala um. Var hún að tala um skattþynginguna, þ.e. það sem persónuafslátturinn hefði þurft að hækka á næsta ári, þessa 81 krónu sem ég talaði um sem ég hef leyft mér að segja að geti varla ráðið miklum úrslitum hjá fólki?

Er þingmaðurinn hins vegar líka að segja að hún sé þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að hafa mjög rýrt sjálfstæði í þessum efnum og að ríkisvaldið eigi sem sagt alltaf að skammta þeim naumt í tekjuöflunarmöguleikum? Þá erum við bara algjörlega ósammála.

Það má deila um það hvað liggur að baki þeim útsvarshækkunarprósentum sem hafa verið ákveðnar, en almennt talað er ég þeirrar skoðunar en þingmaðurinn greinilega ekki að sveitarfélögin eigi að hafa ríkt sjálfstæði í þessum efnum, eins og reyndar er tekið fram sérstaklega í stjórnarskránni.

[22:28]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fer um víðan völl í þessu máli af því að hann er að reyna að skjóta sér undan ábyrgð í þessu efni. Við erum að tala um töluverða peninga. Fyrir liggur að lækkun ráðstöfunartekna á ári vegna skattahækkunar t.d. hjá manni með 90 þús. kr. tekjur á næsta ári er um 3.800 kr., þ.e. sem samsvarar launahækkun í tæpan einn og hálfan mánuð sem samið var um í kjarasamningum en hverfur í þessa skattahækkun. Þetta hefur ekkert með það að gera hvort sveitarfélögin eiga að hafa rúmt frelsi til að leggja á útsvar. Þetta snýst um það að ríkið hefur haft af sveitarfélögunum milljarða og aftur milljarða á umliðnum árum í tekjur og komið er samkomulag um að reyna að bæta þeim það en ríkið gerir það með því að láta aðra borga brúsann, þ.e. íbúa sveitarfélaganna, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og á Reykjanesi. Um það snýst málið.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að fara út um víðan völl í þessu máli. Skattleysismörkunum þarf að breyta til þess að forsendur kjarasamninga haldi. Það kemur fram í gögnum ASÍ sem fylgja með frá minni hlutanum að sú skattahækkun sem ríkið beitir sér fyrir grafi undan forsendum kjarasamninga og ríkisstjórnin gangi á bak orða sinna um þróun skattleysismarka í yfirlýsingu hennar frá 10. mars í ár í tengslum við kjarasamninga. Svo einfalt er málið.

[22:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að fullyrðing hv. þm., um að ríkisstjórnin væri að ganga á bak orða sinna í því samkomulagi sem ég (Gripið fram í.) las úr, eigi ekki við rök að styðjast, jafnvel þó að hún komi úr blaðinu sem (Gripið fram í.) þingmaðurinn las upp úr.

Hér stendur að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Þetta höfum við gert og ekki ástæða til annars en að því verði fylgt áfram. Við gerðum, eins og ég sagði, breytingar í vinnslu þessa máls í þinginu á sínum tíma til að standa enn betur við þetta. Við gerðum það reyndar enn betur vegna þess að við hækkuðum persónuafsláttinn um 2,5% aukalega 1. apríl eins og menn muna. Afslátturinn hefur því hækkað meira en gert var ráð fyrir í samningum þegar frá þeim var gengið.

[22:31]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér virtist hæstv. fjmrh. vera mér sammála um að endurskoða þurfi ríkjandi fyrirkomulag á skattlagningu ríkis og sveitarfélaga. Ég hefði viljað sjá það gert í nefndinni sem nýlega lauk störfum eftir tveggja ára starf.

Mér finnst stundum eins og umræðan snúist um valdabaráttuna í Reykjavík, um örvæntingarfullar tilraunir minni hlutans þar til þess að klekkja á meiri hlutanum í Reykjavík. Málið snýst hins vegar um hag miklu fleiri sveitarfélaga og íbúa þeirra. Það er ekki bara um smáaura að ræða vegna þess að safnast þegar saman kemur. Við búum við hækkandi verðbólgu, háa vexti, hækkandi skuldir heimilanna, hækkandi vöruverð, hækkandi skólagjöld, hækkandi lyfjakostnað sem valdið hefur kjararýrnun hjá mjög mörgum fjölskyldum á undanförnum mánuðum.

[22:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég nefndi Reykjavíkurborg áðan sem dæmi var sú að það sagði ekki nokkur maður neitt þegar ákvörðun borgarstjórnarinnar í Reykjavík

varð til þess að lækka skattleysismörkin. Þá sagði ekki nokkur maður neitt. Þessi ákvörðun um að hækka útsvarið leiddi til þess að skattfrelsismörkin, eins og við skilgreinum þau, lækkuðu. (**ÖJ:** Reykjavíkurborg ákvarðar ekki persónuafslátt.) Reykjavíkurborg ákvarðar hann ekki. Reykjavíkurborg ákveður sitt útsvarshlutfall sem fer inn í álagningarhlutfallið sem er hin breytan í þessu dæmi eins og hv. þm. veit.

Mér finnst mjög skrýtið að enginn, hvorki ASÍ né stjórnarandstaðan, skyldi taka það upp þá en nú, þegar þetta mál kemur upp af hálfu sveitarfélaganna að þessu sinni, rýkur fólk til að reyna að gera ríkisstjórnina tortryggilega. Mér finnst ekki fara vel á því.

[22:33]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er samningsatriði milli ríkisins og aðila vinnumarkaðarins eins og oft hefur verið nefnt hvernig staðið er að ákvörðun á persónuafslætti.

Meginatriði þessarar umræðu er hvort sveitarfélögunum verði gert kleift að standa við lögbundin verkefni. Ég tel að svo sé ekki með þessum ráðstöfunum eftir að tekin hefur verið ákvörðun um verkefnatilflutning, eftir stórfelldan búferlaflutning af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið þar sem sveitarfélög eiga mjög erfitt með að sinna lögbundinni þjónustu og verkefnum.

Þetta er byggðapólitískt fjandsamlegt frv. og fjandsamleg ákvörðun. Í raun hefur ekkert komið fram um að sveitarfélög, sem átt hafa við mjög erfiða fjárhagsstöðu að stríða á undanförnum árum, geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.

[22:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög og mun því verða stuttorður. Hins vegar er gjörsamlega fráleitt að ljúka þessari umræðu með framgöngu hæstv. fjmrh. í málinu. Hún var satt að segja ákaflega sérkennileg. Hann talaði af yfirvegun og rólyndi, ekki vantaði það. Í öðru orðinu talaði hann eins og maður úti í bæ sem hefur ekkert um það að segja hvernig þessi mál ganga fram. Hann ræddi það svona holt og bolt að honum væri að meinalausu að sveitarfélögin fengju stórhækkaðar útsvarsheimildir og lyfta mætti þakinu á útsvarinu svo og svo mikið.

Ég get svo sem akademískt og í almennri umræðu um þau mál verið honum hjartanlega sammála. Ég hef raunar sagt það um langt árabil. Ég vænti þess þá að hann verði orðum sínum trúr í þessum efnum fyrr en síðar og að sveitarfélögin fái almennt auknar heimildir þegar menn sjá fyrir endann á því að brýnasti og bráðasti vandi þeirra sé leystur með úrlausnunum í tillögum tekjustofnanefndar sveitarfélaga. Það er þó allténd þannig, eins og fram kom við umræðu um tekjustofna sveitarfélaga, að flest okkar eru þeirrar skoðunar að í rétta átt miði í þeim efnum.

Deilan snýst hins vegar ekki um það. Hún snýst að vísu að vissu leyti um aðferðina, þ.e. hvort þetta hafi endilega verið rétta leiðin og hitt hver eigi að borga þessa fjárvöntun sveitarfélaga. Sá er kjarni málsins og um það ræðum við hér.

Hæstv. ráðherra heldur áfram í sama tón og segir í öðru orðinu að hér sé um algjört smámál að ræða, algjört smotterí, aðeins nokkrar krónur til eða frá á hvern einstakling. Samt er hann ekki sannfærðari um lítilvægi málsins en svo að hann bætir því ævinlega við að þetta sé í raun ekki sitt mál heldur þurfi að ræða það við sveitarfélög landsins, þeirra sé mátturinn og dýrðin.

Öðruvísi mér áður brá því að þessi málflutningur hæstv. ráðherra er fjarri því að vera í samræmi við málflutning félaga hans í þessum sal, stjórnarliða almennt. Þeir hafa farið mikinn í umræðunni og sagt að hér sé um eðlilegan þátt í hagstjórn að ræða, að ekkert sé óeðlilegt að hækka skatta miðað við aðstæðurnar í samfélaginu. Þarna rekst því hvað á annars horn. Það kemur ekki á óvart þar sem hæstv. ríkisstjórn er ekki vön að þurfa að standa í vörn fyrir að hækka verulega skatta á almennt launafólk meðan ríkissjóður skilar á sama tíma afgangi upp á tugi milljarða króna. Það er mjög nýstárleg og óvenjuleg staða. Vissulega eiga þau öðru að venjast, hv. flokksbræður og flokkssystur hæstv. ráðherra, en að standa frammi fyrir því að menn geti sýnt fram á að markmiðið í þeim frv. sem hér hefur verið rætt um sé að hækka skatta á almennt launafólk. Það er erfitt hlutskipti og ég skil vel að þeim líði ekki mjög vel yfir því. Það eiga þeir þó sameiginlegt, hæstv. ráðherra og hv. þingmenn sem hafa reynt að verja þennan gjörning, að þeim líður öllum mjög illa.

Herra forseti. Í þessu samhengi er líka mjög merkilegt að nú er allt í einu gripið til þeirrar nauðvarnar að kannski verði þessi skattahækkun ekki svo mikil þegar allt kemur til alls, kannski verði það þannig á árinu 2002 að sveitarfélögin nýti sér ekki þá heimild sem gefst upp á 0,33%. Skýringin er: Jú, af því að það eru að koma kosningar.

Fyrir hálfum mánuði, áður en 1. desember rann upp, lokafrestur sveitarstjórna landsins til að leggja á útsvar, héldu stjórnarliðar nákvæmlega þessu sama fram, að það yrði sennilega ekkert úr þessari meintu skattahækkun af því að sveitarfélögin mundu líklegast ekki nýta sér heimildina. Við stjórnarandstæðingar sögðum hins vegar að allt benti til þess og vísuðum til umsagna sveitarfélaganna, vísuðum til niðurstöðu tekjustofnanefndarinnar, sem enginn deilir um, um tekjuþörf sveitarfélaganna og fjárhagsvanda þeirra. Ákaflega er það létt í vasa að enn á ný eigi að spila þessa gömlu, brotnu og slitnu plötu um að kannski verði ekkert af þessari viðbótarskattahækkun á árinu 2002 vegna þess að þá fari að nálgast kosningar og þau muni því ekki leggja í að hækka skatta á íbúa sína, leggi ekki í að rétta við erfiða fjárhagsstöðu með því að sækja auknar tekjur samkvæmt útsvarsheimildum. Þetta er afskaplega ótrúverðugt allt saman, herra forseti. Það sést í gegnum þetta langar leiðir.

Það er hárrétt, og um það getum við hæstv. ráðherra verið sammála, að hér er um ákaflega einfalt frv. að ræða og skýra valkosti. Efnisgreinin er ekki nema ein í frv. En hún er heldur ekki nema ein í brtt. okkar í Samfylkingunni. En þar skilur á milli. Á að bæta fjárhagsvanda sveitarfélaga með því að hækka heildarálögur hins opinbera á fólkið í landinu eða á að gera það með skuldaskilum milli þessara tveggja opinberu aðila, ríkisins og sveitarfélaga? Það eru valkostirnir.

Við erum einhuga um hvorn kostinn skuli velja. Við teljum efnahagslega rangt í núverandi niðursveiflu, vonandi skammvinnri, að leggja skatta á almennt launafólk. Við teljum hins vegar rétt að sveitarfélög fái sitt og ríkissjóður, þar sem hann er aflögufær, mæti sveitarfélögunum með lækkun tekjuskatts. Þetta eru hinir skýru og kláru valkostir. Um þetta á pólitík að snúast. Þess vegna munum við fylgjast með því þegar Sjálfstfl. og Framsfl. munu á morgun við afgreiðslu málsins eftir 2. umr. taka ákvörðun um að leggja á, þegar allt kemur til alls og öll kurl verða komin til grafar á árinu 2002, um 2,5 milljarða kr. skatt, smápeninga, á almennt launafólk í landinu. Það er kjarni málsins. Það var hárrétt

hjá hæstv. ráðherra að 2,5 milljarðar kr. í lækkun tekjuskatts eru miklir peningar fyrir ríkissjóð en 2,5 milljarðar kr. sem skattgreiðendur eiga að borga til sveitarfélaga vítt og breitt um landið eru jafnmiklir peningar fyrir það fólk. Þannig er það einfaldlega. Flóknari er þessi jafna ekki.

[22:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég færði rök fyrir því í ræðu minni fyrr í kvöld að vegna stórfelldrar hækkunar á fasteignamati á höfuðborgarsvæðinu, um liðlega þriðjung á tveimur árum, hefðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sótt sér auknar tekjur, vegna þess að álagningarstuðlarnir voru ekki hreyfðir til mótvægis, sem nemur 1.200–1.300 millj. kr. á ári. Það eru tekjur sem sveitarfélögin leggja á íbúa sína án tillits til tekna. Þar er aðeins farið eftir mati eigna. Ég vil því benda á þau rök að hugsanlega séu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu búin að fá þær tekjur sem þeim er ætlað að geta sótt með því að hækka útsvarið um 0,33%. Útsvarshækkunin á að gefa öllum sveitarfélögum landsins 1.250 millj. kr. þannig að fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu er það talsvert lægri fjárhæð.

Þar sem sveitarfélögin hafa fengið auknar tekjur á undanförnum tveimur árum má með nokkrum rökum benda á að sveitarfélögin hér þurfi ekki að nýta sér útsvarshækkunina til fulls. Ef þau gera það þá eru þau að bæta stöðu sína sem því nemur umfram sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ég vil líka benda hv. þm. á að þegar þetta gerðist í fyrra og hittiðfyrra þá kom ekki fram nein krafa um að ríkissjóður mætti þessari auknu skattheimtu sveitarfélaganna með því að lækka tekjuskatt.

[22:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til þess að þakka hv. þm. þessa þátttöku í umræðunni. Hann hélt hér merka ræðu fyrir tómum þingsal áðan sem enginn gat hlýtt á og er nú með styttri útgáfu af henni hér. En ekki var þetta mjög merkilegt innlegg. Ég vil biðja hv. þm. fyrst af öllu að reyna að glugga aðeins í það rit sem hefur verið grundvallarrit í allri þessari umræðu, nefnilega skýrslu tekjustofnanefndar þar sem farið er yfir tekjuþróun og útgjaldaþróun sveitarfélaga. Raunar hafa sveitarstjórnarmenn, sem hann ætti nú marga að þekkja af gamalli veru sem slíkur hér á árum áður, bent á að samsvarandi þróun hefur verið hjá ríkisvaldinu varðandi tekjuþróun og útgjaldaþróun en allar tölur hins vegar miklum mun hærri í hlutfalli. Með öðrum orðum hafa tekjurnar aukist hraðar og útgjöldin sömuleiðis. Í þennan samjöfnuð mundi ég því ekki fara mjög hratt í sporum hv. þm., að sveitarfélögin hafi verið að taka bakdyramegin inn umtalsverðar tekjur sem þau hafi ekki þörf fyrir.

Staðreyndin er sú, og það ætti hv. þm. að vita, að Þjóðhagsstofnun spáði því áður en kom til þeirra breytinga sem hér um ræðir að sveitarfélögin yrðu rekin með 3 milljarða kr. halla yfir landið heilt og breitt á næsta ári. Hann ætti einnig að vita að sveitarfélögin hafa á síðustu tíu árum aukið skuldsetningu sína um 51 milljarð, eða eru komin í 51 milljarð, hafa aukið hana í nettó 21 milljarð og það er jafnt í smærri sveitarfélögum sem stærri. Því er nú verr og miður. Það stafar m.a. af því sem hv. þm. ætti líka að vera mjög kunnugt, þ.e. þessari byggðafjandsamlegu stefnu sem ríkisstjórnin hefur byggt á og hefur kostað sveitarfélög sem eru að tapa fólki umtalsverða peninga og ekki síður sveitarfélög sem hafa þurft að taka við stórum hópi fólks sem er að flýja landsbyggðina.

Allt leiðir þetta til sömu niðurstöðu, þ.e. að sveitarfélögin hafa einfaldlega verið rekin með myljandi halla og á því þarf að taka.

[22:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er ákaflega einfalt. Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa víðast hvar mátt búa við minnkandi tekjur vegna þess að gjaldendum hefur fækkað. Hins vegar hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu búið við betri skilyrði, sem betur fer skulum við segja. Þau hafa sótt sér viðbótarskatttekjur á síðustu tveimur árum upp á u.þ.b. 1.200–1.300 millj. á ári vegna þess að fasteignamat eignanna sem þau leggja á hefur hækkað svo gríðarlega mikið á síðustu tveimur árum.

Það er bara kjarni málsins að þessi sveitarfélög hafa fengið tekjur, nýjar skatttekjur, umfram verðlagsþróun. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur ekki gert neina athugasemd við það þó að svo hafi verið og engin krafa hefur komið fram um það af hans hálfu að ríkissjóður bæti gjaldendum í Reykjavík það upp með því að lækka tekjuskattinn.

[22:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi nú enn og aftur: Alltaf verður það nú merkilegra innleggið hjá hv. þm. hér á lokaspretti þessarar umræðu. Hafi tilgangur ríkisstjórnarinnar verið sá í upphafi að rétta hlut sveitarfélaga og gera hér ákveðin skuldaskil, þó að menn geti deilt um aðferðafræðina í þeim efnum eins og ég gat um hér áðan, er ljóst að menn hafa mismunandi áherslur í þeim efnum.

Ég held að ég verði eftir þessa umræðu, þó heldur seint sé, að gefa hv. þm. þessa bók, skýrslu tekjustofnanefndar, þannig að hann kíki nú á hana og lesi hana þar sem farið er yfir þessa tekju- og útgjaldaþróun sveitarfélaga lið fyrir lið.

Hann sá sérstaka ástæðu til þess að staldra við höfuðborgarsvæðið þar sem hrein skattahækkun á þá 160 þúsund íbúa sem hér búa verður í kringum 1,6 milljarðar kr. þegar útsvarshækkunin og tekjuskattslækkunin er að fullu komin til framkvæmda á árinu 2002. Það þarf ekki flókna útreikninga til þess að átta sig á því hver álagningaraukningin er á hvert mannsbarn í þeim efnum og hvern íbúa, þ.e. um 10 þús. krónur.

Það sem merkilegt er hins vegar í þessum efnum og gerir það að verkum að maður spyr sig um tilgang þess að hv. þm. kemur hér með þetta sérkennilega innlegg af þessum toga, er að hann er hér sennilega að tala sérstaklega til flokkssystkina sinna í Hafnarfirði. Framsóknarmenn fara þar með völd ásamt Sjálfstfl. Hann er kannski sérstaklega að tala til flokkssystkina sinna í Kópavogi sem þar fara með völdin ásamt íhaldi. Hann er með öðrum orðum greinilega að halda því fram að hinar nýlegu útsvarshækkanir þar á bæjum séu algjörlega ónauðsynlegar. Ég bið hann því bara að snúa sér beint þangað en láta okkur hér í friði með þessar óbeinu árásir á sveitarstjórnarmenn úr eigin flokki eins og þær birtast okkur við lokasprett þessarar umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 311.

[22:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Í frv. er lagt til að kílómetragjald þungaskatts verði lækkað um 10%. Jafnframt er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts af bifreiðum sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni verði framlengd til ársloka 2002 samhliða því sem heimildin verði rýmkuð nokkuð.

Aðdragandi þessa frv. er sá að miklar hækkanir hafa orðið á heimsmarkaðsverði á olíu sl. missiri sem leitt hafa til þess að rekstrarkostnaður ökutækja hefur aukist verulega umfram almenna verðlagsþróun. Vegna þessa áttu fulltrúar samstarfshóps hagsmunaaðila bifreiðaeigenda vegna olíu- og bensínsverðshækkana fund með fulltrúum ríkisstjórnarinnar í októbermánuði sl. Þar lýstu talsmenn hópsins áhyggjum félagsmanna sinna af áhrifum hækkandi eldsneytisverðs á rekstrarskilyrði fyrirtækja og fjárhag heimila. Hópurinn setti jafnframt fram kröfur um lækkun þungaskatts og vörugjalds af bensíni.

Í kjölfar fundarins var gerð úttekt á þróun skattlagningar á bifreiðum sl. missiri. Niðurstaða þeirrar athugunar var sú að undanfarin missiri hafa álögur ríkisins á bifreiðar ekki hækkað að raungildi heldur þvert á móti lækkað eða staðið í stað.

Samstarfshópurinn gerði kröfur um að þungaskattur af bifreiðum undir 14 tonnum af leyfðri heildarþyngd yrði lækkaður um 15% en um 25% af bifreiðum yfir 14 tonnum af leyfilegri heildarþyngd. Auk þess var farið fram á 20% lækkun af almennu vörugjaldi af bensíni.

Samkvæmt athugunum okkar í fjmrn. hefði kostnaður við þessar breytingar numið u.þ.b. 1.400 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við áætlaðar tekjur af bensíni og þungaskatti á yfirstandandi ári. Ljóst var að ekki var unnt að koma til móts við slíkar kröfur.

Einnig má geta þess, að því er varðar gjaldtöku á bensíni, að haustið 1999, nánar tiltekið í október, var almennt vörugjald á bensíni lækkað og álagningunni breytt úr því að vera 97% af tollverði yfir í að vera föst krónutala, 10,50 af hverjum lítra. Vörugjaldið lækkaði þá þegar úr u.þ.b. 12–13 kr. á lítra í 10,50. Hefðu nefndar breytingar ekki verið gerðar hefði almennt vörugjald á bensíni í júlímánuði sl. verið um 21 kr. á lítra, ef enn hefði verið miðað við 97% vörugjald á bensíni.

Samstarfshópurinn sem ég gat um lagði til 20% almenna lækkun á bensíngjaldi. Það hefði þýtt u.þ.b. 435 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Hins vegar hefðu áhrifin á rekstur venjulegs fjölskyldubíls orðið frekar lítil. Til skýringar má nefna að bensínkostnaður vegna venjulegrar fólksbifreiðar sem ekið er 20 þús. km á ári hefði lækkað um 5.752 kr. miðað við 11 lítra eyðslu á 100 km eða 479 kr. á mánuði. Af þessu er ljóst að slík lækkun hefði ekki verið til þess fallin að bæta kjör venjulegrar fjölskyldu svo neinu hefði numið. Af þeim sökum m.a. var ekki fallist á að gera breytingar á bensíngjaldinu.

Hvað viðvíkur þungaskattinum hefur komið fram nokkur gagnrýni á álagningu þungaskatts og áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um hann sl. vor, en einnig þær breytingar sem gerðar hafa verið tvö næstliðin ár. Með þeim breytingum sem síðast voru gerðar var þágildandi afsláttarkerfi afnumið í kjölfar álits samkeppnisráðs. Breytingarnar fólu einnig í sér að fast 100 þús. kr. árgjald á bifreiðar yfir 14 tonnum af leyfðri heildarþyngd var afnumið svo og heimild til að velja í upphafi gjaldárs að greiða fast gjald sem miðaðist við 95 þús. km akstur í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Samhliða því var gjald fyrir hvern ekinn kílómetra hækkað til að vega upp tekjutap af afnámi 100 þús. kr. fastagjaldsins og afsláttar af akstri umfram 95 þús. km.

Þessar breytingar höfðu óhjákvæmilega í för með sér að gjaldbyrði þungra dísilbifreiða sem mikið er ekið hækkaði en á móti kom að gjaldbyrði bifreiða sem ekið er minna lækkaði. Við undirbúning breytinganna var gengið út frá því að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti héldust óbreyttar að teknu tilliti til áætlaðrar aukningar á akstri.

Samkvæmt úttekt ráðuneytisins á áhrifum breytinganna hefur hún leitt til þess að tekjur ríkissjóðs eru u.þ.b. 150 millj. kr. meiri en verið hefði að óbreyttum lögum miðað við síðasta gjaldár. Sú aukning skýrist að mestu leyti af meiri akstri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Með vísan til alls þessa er ljóst að gjaldtaka ríkissjóðs af bifreiðum í formi vörugjalda, bifreiðagjalds og þungaskatts hefur ekki aukist umfram almenna verðlagsþróun að undanförnu og að í ýmsum tilvikum hefur verið um verulega lækkun að ræða. Jafnframt má benda á að aukinn rekstrarkostnað bifreiða undanfarin missiri umfram verðlagsbreytingar er þar af leiðandi aðeins að litlu leyti unnt að rekja til aðgerða ríkisvaldsins.

Eins og að framan greinir hefur reyndin orðið sú að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti bifreiða sem greiða gjald samkvæmt mæli hafa hækkað nokkuð umfram það sem orðið hefði að óbreyttum lögum á sl. ári. Sú aukning á þó einkum rætur að rekja til aukins aksturs eins og áður hefur fram komið. Þessar breytingar juku hins vegar mest gjaldbyrði þungra atvinnutækja, atvinnubifreiða sem ekið er mikið og sem greiða gjald í samræmi við ekna kílómetra, en þetta gerðist um leið og annar rekstrarkostnaður jókst verulega eins og kostnaður af eldsneyti.

Í ljósi þess er því í þessu frv. sem ég mæli hér fyrir lagt til að kílómetragjald þungaskatts verði lækkað um 10%. Áætlað er að þessi breyting leiði til ríflega 300 millj. kr. tekjulækkunar fyrir ríkissjóð á ársgrundvelli miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um akstur á þessu ári og áætlun fyrir næsta ár. Gert er ráð fyrir að þessi breyting komi til framkvæmda á næsta gjaldtímabili sem hefst í febrúar árið 2001.

Sú tillaga sem hér er lögð fram er árangur af samstarfi við þann samstarfshóp sem ég gat um áðan, niðurstaða af fundum með honum, sem jafnframt sýnir að skynsamlegt samráð við hagsmunaaðila getur skilað árangri, getur leitt til þess að endurmat er lagt á hlutina og sýnir það líka að ef menn tefla fram málefnalegum rökum máli sínu til stuðnings, er á það hlustað og sú var raunin í þessu tilfelli, enda var allur málflutningur þessara aðila í þessum samstarfshópi mjög til fyrirmyndar og var þar byggt á málefnalegum grunni en ekki hávaða.

Herra forseti. Eins og ég nefndi áðan er í frv. einnig lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr

olíu verði framlengt til 31. desember 2002. Það er gert með hliðsjón af því að enn eru tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu skammt á veg komnar. Því er eðlilegt að veita þeim sem stunda slíkar rannsóknir áfram undanþágu frá greiðslu þungaskatts af ökutækjum sem knúin eru með öðrum orkugjöfum en þeim sem unnir eru úr olíu.

Samkvæmt gildandi ákvæði er undanþágan takmörkuð við innlendan orkugjafa. Ekki er ástæða til slíkrar takmörkunar þar sem nauðsynlegt kann að vera í tilraunaskyni að nýta orkugjafa sem framleiddir eru erlendis, en einnig kunna slíkar takmarkanir að fara í bága við skuldbindingar okkar samkvæmt milliríkjasamningum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[22:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári síðan þegar hér var samþykkt frv. til laga um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, komu fram athugasemdir frá ýmsum hagsmunaaðilum í þá veru að þessi breyting mundi hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir alla þá sem stunduðu vöruflutninga á lengri leiðum. Það hefur síðan komið í ljós eftir að Alþingi samþykkti það frv. sem þá var til umræðu að þeir sem gerðu þessar athugasemdir höfðu rétt fyrir sér. Menn fullyrða að um sé að ræða 30–40% hækkun á vöruverði og flutningskostnaði á lengri leiðum sem bitnaði þá fyrst og fremst á afskekktustu byggðum landsins sem þurftu mest á landflutningunum að halda.

Efh.- og viðskn. var mjög lengi að fjalla um frv. m.a. vegna þess að þessar athugasemdir komu fram. Á hinn bóginn var það álit Samkeppnisstofnunar sem hæstv. ráðherra nefndi áðan og fyrir lá að ef ekki yrði gerð breyting yrði það kært einu sinni enn til Samkeppnisstofnunar af þeim aðilum sem vildu ná breytingunni fram. Það voru fyrst og fremst flutningafyrirtæki á landsbyggðinni sem lýstu áhyggjum sínum um aukinn kostnað. Þá var ekki verið að tala um eldsneytiskostnað heldur fyrst og fremst um að frv. sjálft og lögin sem tóku síðan gildi mundu hafa í för með sér verulega hækkun á flutningskostnaði og það kom svo reyndar í ljós.

Hæstv. ráðherra nefndi samstarfshópinn og að með góðu samráði væri hægt að ná skynsamlegri niðurstöðu sem hefði síðan birst í þessu frv. Ég tek undir að það frv. sem hér liggur frammi er vissulega spor í rétta átt. En ég hlýt þó að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist grípa til einhverra svipaðra ráðstafana hjá öðrum þeim sem nota dísilolíu á bifreiðar sem hafa borið sömu hækkun, það er sama krónutala á hverjum lítra sem notað er í dísilbifreiðum sem greiða fast gjald.

Nú skilst mér að ríkissjóður hafi tekið inn í auknar tekjur eða reikni með því að taka inn í auknar tekjur yfir 300 milljónir á næsta ári af þeim bifreiðum þar sem greitt er fast árgjald. Talað er um að það sé fyrst og fremst vegna þess að fjölgun dísilbíla hafi verið mjög mikil. Aðrar þjóðir hafa hvatt til notkunar dísilbifreiða og m.a. vegna þess að þar væri um umhverfisvænni orkugjafa að ræða en bensín. Í þessu frv. er m.a. lagt til í öðru ákvæði að veita sérstakar undanþágur vegna tilrauna á notkun á nýjum orkugjöfum sem er líka mjög jákvætt mál þannig að báðir þættir þessa frv. eru mjög góðir. Engu að síður er það nú þannig að þeir sem keyra dísilbifreiðar búa við þá gífurlegu hækkun á eldsneyti sem hefur orðið á undanförnu ári, yfir 30%, og reyndar á þungaskattinum líka. Áætlað að ríkið taki inn verulega auknar tekjur af þessum aðilum og þær dekki í raun og veru þann afslátt sem er verið að veita þeim sem keyra vöruflutningabifreiðarnar og keyra eftir kílómetragjaldi dísilbílanna.

Nú er það þannig að þær tölur sem eru í frv. og hins vegar það sem kemur fram frá fjmrn. um breytingar á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir 3. umr. fjárlaga passa ekki alveg saman vegna þess að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er talað um að áætlað er að lækkun kílómetragjalds um 10% leiði til 300 millj. kr. árlegrar lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Hins vegar er í undirbúningi að 3. umr. fjárlaga talað um að nákvæmlega þessi upphæð, þ.e. 10% lækkun á mælagjaldi, lækki tekjur ríkissjóðs um 205 millj. kr. Þarna er náttúrlega um töluverðan mismun að ræða og ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra í hverju þessi mismunur liggur og síðan hvort gripið verði til einhverra hliðstæðra ráðstafana til þess að lækka kostnað hjá öðrum þeim sem nota dísilbifreiðar eða hvort ríkisstjórnin hyggst hvetja til þess á einhvern hátt að menn breyti í auknum mæli frá bensínbifreiðum yfir í dísilbíla sem er umhverfisvænni orkugjafi og betra fyrir okkur í allri umræðu um Kyoto og hvernig draga megi úr mengun miðað við þann búnað sem er nú í dísilbílum.

Síðan hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra — því þrátt fyrir þennan úrskurð sem kom á sínum tíma frá Samkeppnisstofnun er það ljóst að Samkeppnisstofnun skoðaði ekki þann þátt sem lýtur að rekstri slíkra fyrirtækja úti á landsbyggðinni — hvort fyrirtæki rekin á Neskaupstað eða í Reykjavík búi við sambærilegar samkeppnisaðstæður. Í skýrslunni frá Samkeppnisstofnun kom fram að það hefði ekki verið gert. Hyggst hæstv. ráðherra skoða það eitthvað meira hvort hægt er að taka upp fleiri gjaldflokka en eru í dag miðað við þá keyrslu og þær stærðir á bifreiðum fyrirtækja sem eru úti á landi, hefur það verið eitthvað rætt eða er þetta endanleg niðurstaða þessa samráðshóps? Hefur komið fram í umræðunni hvaða áhrif flutningskostnaðurinn hafði á vöruverð á landsbyggðinni og hvort eitthvert eftirlit verði með því að hann lækki samfara þeim breytingum sem hér er verið að leggja til?

Að öðru leyti tek ég undir það með hæstv. ráðherra að ég tel að þetta frv. sé mjög gott og samstarf leiði til skynsamlegrar niðurstöðu. Ég er sannfærð um það af því ég býst við að hæstv. ráðherra hafi rætt um þetta samráð fyrst og fremst út af þeim orðum sem féllu áðan um samráð við verkalýðshreyfinguna eða samtök launafólks. Ég er sannfærð um að samráð við samtök launafólks í landinu, þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á tekjuskatti og eignarskatti, hefði líka leitt til skynsamlegri niðurstöðu en var í því frv.

[23:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði í máli hv. þm. sem mig langar að gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi spurningin um það af hverju segir í frv. að þetta leiði til 300 millj. kr. lækkunar en í brtt. fjmrn. við fjárlagafrv. næsta árs 205 millj. kr.

Skýringin á því er sú að í frv. sem við erum með til meðferðar er talað um 300 millj. kr. árlega lækkun. En vegna þess að frv. tekur ekki gildi fyrr en á næsta gjaldtímabili, þ.e. 11. febr., koma ekki nema tvö gjaldtímabil eða tvær greiðslur samkvæmt nýju lögunum inn á árið 2001 og þess vegna eru þetta 205 millj. á næsta ári, þ.e. $^2/_3$ u.þ.b., tvö gjaldtímabil af þremur, en á heilu ári þaðan í frá eða á tólf mánaða tímabili frá 11. febrúar nk. eru þetta 300 millj. Þarna

er ekki mismunur ef að er gáð sérstaklega, ég kynnti mér það í morgun þegar ég rak augun í þessar sömu tölur.

Síðan aðeins um bílana sem aka ekki á mæli heldur greiða fastan þungaskatt. Þingmaðurinn lét þess getið að veruleg tekjuaukning hefði orðið af slíkum bílum og það er vissulega rétt. En það er ekki vegna þess að það sé búið að hækka á þeim gjaldið heldur vegna þess að þeim hefur fjölgað stórkostlega.

Þessum bílum fjölgaði frá fyrra gjaldtímabili 1999 úr 10.472 í 14.572 á seinna gjaldtímabili árið 2000, þ.e. á einu og hálfu ári fjölgaði þessum bílum um 40%. Það segir sig sjálft að það skilar náttúrlega meiri tekjum í ríkissjóð en á móti minnka væntanlega þær tekjur sem við hefðum haft af þessum bílum ef þetta hefðu verið bensínbílar. Þetta er því ekki nettótekjuaukning sem hægt er að reikna með af þessum sökum, ekki nema í þeim mæli sem þetta er hrein viðbót. Margir hafa verið að skipta úr bensínvélum yfir í dísilbíla á þessu tímabili. Þetta er skýringin á því og það sést á tillögunni um lækkaða fjárhæð í fjárlögum að hér er um að ræða raunverulega lækkun, þessar 205 millj. Það er ekki um það að ræða að annar stofn bæti þetta upp eins og álagningin á bíla með fast gjald í þungaskatti. Reyndar hefur það verið þannig að tekjur af bifreiðum sem greiða þungaskatt eftir mæli hafa verið nokkru lægri á þessu ári en áætlanir manna gerðu ráð fyrir.

Síðan nokkuð almennt um þetta mál. Við munum það náttúrlega að mikið hefur verið hringlað með þessa gjaldtöku undanfarin þrjú þing, meira en eðlilegt er. Það er öllum til ama í þessari grein og óþurftar, vil ég leyfa mér að segja. Þetta hefur stafað af því að Samkeppnisstofnun hefur gert athugasemdir fyrst við hið upphaflega afsláttarkerfi og síðan við nýtt afsláttarkerfi sem var búið til eftir það vegna þess að talið var að þarna væri ákveðnum ökutækjum mismunað gagnvart öðrum, og er ástæðulaust að rekja það frekar hérna. En það var vitað að sú breyting sem síðast var gerð, þ.e. á síðasta vori, hafði það í för með sér að endurdreifa byrðinni af þessum skatti innan þess flota bíla sem á annað borð borgar þennan skatt, þungaskatt samkvæmt mæli. Það var alveg vitað að þeir sem nutu góðs af gamla fyrirkomulaginu, þ.e. 100 þús. kr. fastagjaldi og svo afslætti sem var þess eðlis að þungaskatturinn breyttist í núll eftir 95 þús. km akstur, mundu þurfa að borga meira. Aftur á móti aðrir aðilar sem áttu bíla sem lítið var ekið en borguðu fast 100 þús. kr. gjald högnuðust sumir mjög verulega á þessu, svokallaðir bryggjubílar og bílar sem bændur eiga sem ekki er mikið ekið o.s.frv., þannig að það var með ýmsu móti. En þeir sem keyra á lengstu leiðunum og keyrðu mest fóru náttúrlega verr út úr þessu.

Ég get svo ekkert fullyrt um það, ég hygg reyndar að þingmaðurinn hafi mismælt sig þegar hún sagði að þarna hefði orðið 30–40% hækkun á vöruverði. Það er auðvitað ekki þannig. Það getur vel verið að þungaskatturinn hafi í einhverjum tilfellum hækkað um einhverja tugi prósenta en þungaskatturinn er ekki eini liðurinn í flutningskostnaði og flutningskostnaður er auðvitað ekki eini liðurinn í vöruverðinu. Reyndar hafa menn reiknað það út að ef þetta er fært út á hverja flutta og selda einingu í vöru er náttúrlega um miklu minni prósentuhækkanir að ræða en það getur verið nógu slæmt fyrir því fyrir þá aðila úti á landsbyggðinni sem sitja uppi með slíkar hækkanir.

Ég held, herra forseti, að við séum í bili komin að ásættanlegri niðurstöðu varðandi þennan þungaskatt. Með því að lækka hann núna um 10% er verið að koma myndarlega til móts við þá aðila sem stunda atvinnurekstur og borga þennan skatt. Ég tel að búið sé þá að finna þarna ákveðna niðurstöðu eða málamiðlun sem menn geti sætt sig við í bili. Hins vegar væri æskilegast ef við gætum komið þessari gjaldheimtu yfir í annan farveg og annað form, þ.e. yfir í olíugjald. Ekki er búið að gefa upp alla von um að það sé hægt og er unnið að því á vegum fjmrn. að rannsaka það á nýjan leik, sérstakur vinnuhópur sem hefur fengið það verkefni að líta enn á ný á það mál.

En að öðru leyti tel ég að þingheimur ætti að geta sameinast um þetta frv. sem hér liggur fyrir.

[23:13]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ánægjulegt að það hefur orðið þvílík fjölgun dísilbíla í landinu en það er ekki víst að það hafi endilega orðið á kostnað fjölgunar bensínbíla, erfitt að sjá það út því að bifreiðum hefur almennt fjölgað mjög mikið. En það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, mjög mikið hefur verið hringlað með þessa gjaldtöku og þetta frv. er vissulega spor í rétta átt. Það sem ég vildi sagt hafa áðan var það að sú breyting sem gerð var er talin hafa þýtt um 30–40% hækkun á flutningskostnaði á lengstu leiðunum og menn hafa talað um það, m.a. á fundum sem við í Samfylkingunni höfum verið á á undanförnum vikum.

Ég er sjálf sannfærð um að þessari umræðu mun ekkert ljúka fyrr en gjaldið hefur verið tekið inn í olíuna, það hljóti að vera skynsamlegasta leiðin og oft og tíðum finnst mér einu rökin fyrir því að það er ekki gert vera þau að olíufélögin telji að þetta hafi í för með sér svo mikinn kostnað. En mér sýnist á þeim tölum sem koma frá þeim um afkomu að þau ættu að geta staðið undir þeim kostnaði. Það er skynsamlegasta leiðin þannig að líklega er þessu hringli með gjaldtöku ekki lokið en þetta er þó a.m.k. skynsamlegt skref stigið í rétta átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 400.

[23:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til nýrra laga um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001. Markmið frv. er að fjármagna alþjónustuskyldur sem hvíla á Neyðarlínunni ehf.

Samkvæmt IV. kafla fjarskiptalaga getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki veiti svokallaða alþjónustu. Umfang hennar er skilgreint í 13. gr. laganna og ákvæðum reglugerðar nr. 641/2000, um alþjónustu. Fyrirtæki sem veitir slíka þjónustu á að ákveðnum skilyrðum uppfylltum rétt á eðlilegu endurgjaldi fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Frv. þetta byggist á mati Póst- og fjarskiptastofnunar á fjárþörf Neyðarlínunnar vegna alþjónustu.

Lagt er til að jöfnunargjald verði ákveðið 0,12% fyrir árið 2001. Miðað er við veltu gjaldskyldra aðila á árinu 1999 og fjárþörf árið 2001. Í forsendum er gert ráð fyrir 5% lægri veltu árið 2001 en var 1999 vegna gjaldskrárlækkana sem

leiða af harðnandi samkeppni. Stofninn er því áætlaður um 20 milljarðar kr. Nauðsynleg álagsprósenta telst vera 0,10% en er hækkuð í 0,12% til að reiknað sé með vanhöldum.

Þar sem skattayfirvöld munu hafa innheimtu gjaldsins með höndum hefur verið haft samráð við embætti ríkisskattstjóra við undirbúning frv.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[23:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög einfalt mál að sjá, fjallar um að innheimta jöfnunargjald samkvæmt 15. gr. laga um fjarskipti og að gjaldið skuli nema 0,12% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 15. gr. laganna um fjarskipti. Ég skil þetta mál þannig, herra forseti, að álagsprósentan sé fyrir 0,10% og verið sé að leggja það til að hún verði hækkuð í 0,12%. Einnig kemur fram, t.d. í máli ráðherra að farið sé fram á ákveðna fjárhæð og í þessu tilfelli er það Neyðarlínan sem hefur farið fram á 20,5 millj. vegna kostnaðar við neyðarsímsvörun.

Það verður að segjast eins og er að mjög erfitt er að leggja mat á þessa fjárhæð eða álagsgjaldið. Það þarf auðvitað að líta á þetta bara í nefnd. Því tel ég að þetta mál sé best komið í allshn. og verði skoðað þar og mun ekki láta í ljós neitt álit á því á þessu stigi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 1. umr.

Stjfrv., 261. mál. — Þskj. 288.

[23:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi þessum sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997. Með þál. 10. mars 1999 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn og var hann fullgiltur fyrir Íslands hönd 5. maí sama ár.

Tilurð samningsins á rót að rekja til hinnar miklu dreifingar og notkunar jarðsprengna gegn liðsafla í heiminum og þeirra alvarlegu afleiðinga sem eru þeim samfara. Talið er að þrátt fyrir víðtæka hreinsun á jarðsprengjum víða um heim á undanförnum árum séu enn a.m.k. 60–70 milljónir sprengna faldar í jörðu.

Samningurinn öðlaðist gildi að þjóðarrétti þann 1. mars 1999 og hafði í lok október sl. verið undirritaður af 133 ríkjum og fullgiltur af hálfu 107 ríkja. Með samningnum var stigið stórt skref til að uppræta jarðsprengjur sem beint er gegn liðsafla. Með þessum samningi skuldbinda aðildarríki sig til að virða bann við notkun, þróun, framleiðslu, birgðasöfnun, varðveislu og flutning jarðsprengna gegn liðsafla og að eyða þeim jarðsprengjum sem til eru. Einnig felur samningurinn í sér skyldu fyrir aðilidarríkin til að gefa upplýsingar um hvort jarðsprengjur séu á landsvæði þeirra og um þær áætlanir sem gerðar hafi verið um eyðingu þeirra.

Þá hefur samningurinn að geyma ákvæði um alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd samningsins ef tilefni er til að ætla að eitthvert aðildarríkjanna standi ekki við skuldbindingar sínar honum samkvæmt.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir almennum atriðum um samninginn og mun nú gera grein fyrir meginákvæðum frv.

Í 1. gr. frv. er lagt bann við hvers konar meðferð jarðsprengna gegn liðsafla en brot við slíku banni varðar refsingu samkvæmt 5. gr. frv. Lagt er til í frv. að brot gegn ákvæðum laganna geti varðað fangelsi allt að tveimur árum en allt að fjórum árum ef brotið er ítrekað eða stórfellt.

Í 2. gr. frv. er að finna ákvæði um innlent eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins og er lagt til að ríkislögreglustjóra verði falið það eftirlit. Það þykir eðlilegt með hliðsjón af því að lögreglan annast framkvæmd vopnalaga hér á landi.

Þá er í 3. gr. frv. að finna ákvæði sem heimila rannsóknarsendinefndum sem starfa á grundvelli samningsins að framkvæma hér á landi skoðanir sem gert er ráð fyrir í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland standi við samningsskuldbindingar sínar. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanrrn. og ríkislögreglustjóra verði viðstaddir slíkar skoðanir.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[23:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að vekja athygli á nokkrum staðreyndum um jarðsprengjur og lagningu þeirra víða um heiminn þó að ég verði nú samt að segja eins og er að ég er nokkuð undrandi á því að mælt skuli vera fyrir þessu máli svona seint um kvöld í byrjun desember. En það eru nú eflaust einhverjar góðar skýringar á því.

Mig langaði til þess að nota þetta tækifæri, herra forseti, til að vekja athygli hv. þingmanna á nokkrum staðreyndum. Þær eru þessar:

Jarðsprengjur eru líklega einhver ódýrustu morðtól sem hægt er að framleiða nú um stundir á jörðinni. Hvert stykki kostar sem samsvarar u.þ.b. 300–900 ísl. kr. í framleiðslu. Hins vegar fer hundraðfaldur sá kostnaður a.m.k. í eyðingu þeirra. Að eyða einni jarðsprengju kostar á bilinu 26–90 þús. ísl. kr. þannig að það sjá allir í hendi sér hvílíkar upphæðir eru hér á ferðinni og hversu illviðráðanlegt vandamál þetta er.

Ég hef það frá heimildarmönnum í Rauða kross hreyfingunni að verði allri framleiðslu jarðsprengna hætt núna árið 2000 muni samt taka 1100 ár eða til ársins 3100 að fjarlægja þær allar af yfirborði jarðar og gera þær óskaðlegar.

Í hverjum mánuði látast u.þ.b. tvö þúsund manns við að stíga á jarðsprengju og það er jafnvel haldið að um fleiri sé að ræða vegna þess að oft er ekki tilkynnt um dauðsföll af þessu tagi og stundum verður fólk fyrir skaða eða limlestingum af völdum jarðsprengna en kemst ekki til þess að láta vita af sér.

Þessar staðreyndir eru hreint út sagt skelfilegar, herra forseti, og mér þótti rétt að vekja athygli á þeim í tilefni þess-

arar umræðu og vekja athygli hv. þingmanna á því hversu alvarlegt mál er hér á ferðinni.

[23:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil einnig í örfáum orðum lýsa stuðningi við þetta lagafrv. Með frv. er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að Íslendingar geti fullnægt skuldbindingum um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutning á jarðsprengjum.

Ég vil gera orð síðasta ræðumanns að mínum. Þar kom fram hve alvarleg ógn stafar af jarðsprengjum. Það er áhyggjuefni að nokkur helstu stórveldi heimsins treysta sér ekki til þess að undirrita þennan samning, en samningurinn hefur verið fullgiltur af hálfu 107 ríkja. Hann var undirritaður af 133 ríkjum. Á meðal þeirra ríkja sem ekki hafa gerst aðilar að þessum samningi eru Bandaríkin, Indland, Kína, Rússland og Suður-Kórea. Það er að sjálfsögðu áhyggjuefni að þessi miklu herveldi heimsins skuli ekki treysta sér til að gerast aðilar að þessum samningi.

Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að lýsa eindregnum stuðningi við þetta lagafrv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 1. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 293.

[23:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi þessum sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Með þál. 13. maí á þessu ári veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn og var hann fullgiltur fyrir Íslands hönd 26. júní sl.

Þann 27. október sl. voru aðildarríki samningsins orðin 66 talsins en 160 ríki höfðu undirritað hann. Samningurinn hefur ekki enn öðlast gildi en til að svo verði þurfa 44 ríki sem eru sérstaklega tilgreind í 2. viðauka með samningnum, að fullgilda hann. Af þessum ríkjum hafa 30 ríki fullgilt samninginn en 40 undirritað hann. Þau fjögur ríki sem ekki hafa undirritað samninginn eru Indland, Norður-Kórea, Pakistan og Saír. Þá er vert að geta þess að kjarnorkuveldin Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland hafa öll undirritað samninginn og hafa þau einnig að Kína undanskildu fullgilt hann.

Með þessum samningi skuldbinda aðildarríki sig til að virða allherjarbann við tilraunasprengingum með kjarnavopn svo og öðrum kjarnasprengingum. Til að fylgjast með hvort slíku banni sé framfylgt í aðildarríkjunum er komið á fót fjölþættu alþjóðlegu eftirlitskerfi sem byggir á sameiginlegri alþjóðlegri gagnamiðstöð auk stöðva víðs vegar um heim.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir almennum atriðum um samninginn og mun nú gera grein fyrir meginákvæðum frv.

Í 1. gr. frv. er allsherjarbann lagt við tilraunasprengingum með kjarnavopn og öðrum kjarnasprengingum en brot við slíku banni varðar refsingu samkvæmt 5. gr. samningsins. Brot af þessu tagi geta vitanlega verið mjög alvarleg og því er lagt til í frv. að refsimörk verði allt að sex árum.

Í 2. gr. frv. er að finna ákvæði um innlent eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins og er lagt til að Geislavörnum ríkisins verði falið það eftirlit. Það þykir eðlilegast með hliðsjón af þeim verkefnum sem sú stofnun hefur þegar með höndum og þeim verkefnum sem hún mun jafnframt sinna samkvæmt samningnum.

Þá er í 3. gr. frv. að finna ákvæði sem heimilar erlendum eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins að framkvæma hér á landi skoðanir sem gert er ráð fyrir í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland standi við samningsskuldbindingar sínar. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanrrn. og Geislavarna ríkisins verði viðstaddir slíkar skoðanir.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (Þingvallaprestakall). — Þskj. 314.

[23:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með frv. er lagt til að fellt verði úr lögunum ákvæði 51. gr. um að Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fenginni tillögu biskups og Þingvallanefndar. Fyrir þessari breytingu má færa tvenns konar röksemdir.

Í fyrsta lagi var sá háttur við skipan prests í Þingvallaprestakalli að Þingvallanefnd ætti aðkomu að vali á presti í þetta embætti rakinn til þess að áður var sérstaklega bundið í lög að prestur á Þingvöllum gegndi jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar. Þessi tenging hefur nú verið rofin og voru ástæður þess að ekki þótti rétt að veitingarvaldshafar vegna annars vegar prestsembættisins og hins vegar þjóðgarðsvarðar væru bundnir hvor af öðrum.

Í annan stað verður að líta til þess að nú er skipan sókna og prestakalla almennt ekki lögákveðin heldur ræðst hún af reglum kirkjuþings. Í því ljósi fær ákvæðið um skipan prests í Þingvallaprestakalli engan veginn samrýmst þeirri stefnu sem mörkuð var með lögunum en þau miða að því að tryggja og efla sjálfstæði kirkjunnar. Er því lagt til með frv. að almennar reglur gildi um það embætti eins og önnur embætti sóknarpresta.

Ég vil láta þess getið að fjallað var um efni frv. á kirkjuþingi í október sl. í samræmi við 23. gr. laganna og þar samþykkti kirkjuþing fyrir sitt leyti að 51. gr. laganna yrði felld brott.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[23:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afskaplega einfalt frv. og sakleysislegt og virkar eins og það sé flutt í fullkominni sátt og um það séu engar deilur. En þrátt fyrir það vakna spurningar hjá mér og ég ætla að skýra það hvernig á þeim stendur.

Það er að sjálfsögðu rétt sem fram kemur í máli hæstv. dómsmrh. að í 50. gr. er kveðið á um að kirkjuþing setji starfsreglur skv. 59. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, og að 51. gr. er alveg sértæk um að Þingvallaprestakalli gegni prestur sem ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

Ég bar fyrir stuttu fram fyrirspurn hér á hv. Alþingi um Þingvallabæinn og það var að gefnu tilefni. Hún var um hver færi með eignar- og yfirráð yfir bænum. Ég fékk þau svör frá hæstv. forsrh. að kirkjuþing hefði ályktað að halda beri úti prestakalli tengdu Þingvöllum og að þar sitji prestur og það sé út af fyrir sig „málefni kirkjunnar að ákveða það þrátt fyrir að prestakallið sé orðið afar lítið" svo ég vísi beint í orð forsrh. í svari hans til mín í þeirri umræðu.

Rétt er það að tillaga á kirkjuþingi um að sóknarprestur á Þingvöllum mundi sinna að einhverju leyti Suðurlandi — þetta kom fram í fréttum — var afgreidd á þann veg að áfram verði prestssetur á Þingvöllum og þar sem tillagan var afgreidd þannig mátti álykta sem svo að menn vildu ekki fara nýjar leiðir. Þess vegna spurði ég hæstv. forsrh.: Ef ríkisstjórnin ætlar að taka Þingvallabæinn til þeirra afnota sem hæstv. ráðherra hefur nefnt hér, hvernig á þá að leysa mál kirkjunnar? Mun ríkisstjórnin e.t.v. setja upp prestssetur utan þinghelginnar? Og er það verkefni Þingvallanefndar að leysa þetta mál, þ.e. prestssetursmálið og má skilja það svo að Þingvallanefndin taki við þeim spurningum sem ég ber fram?

Við þeim komu ekki svör í umræðu um fyrirspurn á Alþingi og þær héngu því eftir og þeim er ósvarað. En ljóst er, miðað við þær upplýsingar sem fram komu á kirkjuþingi, að tillaga um að sóknarprestur á Þingvöllum mundi sinna að einhverju leyti Suðurlandi er afgreidd þannig að áfram verði prestssetur á Þingvöllum. Búið er að taka Þingvallabæinn undir af ríkisstjórnarinnar hálfu, engin svör liggja fyrir um það hvort prestssetur verði á Þingvöllum, prestakallið er lítið en það er samt kirkjan sem ræður því samkvæmt 50. gr. hvort þarna verði sókn, prestakall eða hvort þarna sitji prestur.

Mér finnst mjög erfitt eftir þá umræðu sem þegar hefur farið fram að hér sé kynnt eitt lítið, laglegt frv. þar sem þess er getið að fella eigi út 51. gr. af því að það eigi ekki lengur að vera þannig að Þingvallanefnd velji í embætti eða að verið sé að blanda saman vali á presti og Þingvallanefndinni. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig er þetta mál vaxið? Því að í fyrra skiptið beindi ég spurningum til forsrh., hann gat að sjálfsögðu eingöngu svarað því sem lýtur að staðarhaldi á Þingvöllum en nú hef ég tækifæri til að beina sömu spurningum til hæstv. dóms.- og kirkjumrh. og þá hlýtur það að vera að nú liggi fyrir svör um hvernig það verður leyst ef kirkjan ákveður að þarna verði áfram prestur eins og skilja má á afgreiðslu kirkjuþings.

Þetta eru spurningar mínar til hæstv. dóms.- og kirkjumrh.

[23:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu orðið vör við þessa umræðu og þær athugasemdir sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni en svara því til að við erum að tala um afmarkaða lagasetningu eða frv. til þess að breyta lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, og það er ekki til umræðu í sjálfu sér hvernig fer um það mál sem kirkjuþing hefur ályktað varðandi prestssetur Þingvöllum.

Ég vil líka benda á að það er að sjálfsögðu hægt að þjóna þeirri sókn þó að presturinn búi annars staðar en ég get ekki upplýst frekar um þetta mál eins og staða þess er í dag.

[23:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Úr þessum ræðustól hefur hæstv. forsrh. sagt eftirfarandi orð, með leyfi forseta:

„Kirkjuþing hefur ályktað að halda beri út prestakalli tengdu Þingvöllum og þar sitji prestur. Það er út af fyrir sig málefni kirkjunnar að ákveða það þrátt fyrir að prestakallið sé orðið afar lítið ..."

Einnig hefur komið fram í fréttum sem ég hafði útskrift af á þeim tíma sem ég bar fram þessa fyrirspurn að kirkjan hefur vakið athygli á því í fjölmiðlum að hún átti talsverðar eignir í Þingvallabænum og hefur sett fram spurningar um að þegar búið sé að úthýsa kirkjunni eða presti úr Þingvallabænum hvað verði þá um eignir kirkjunnar. Ég hef sjálf ekkert mat á því en ég sættist ekki á að hæstv. dómsmrh. komi hér og felli ákveðna grein úr gildi og segi síðan í svari til þeirrar sem hér stendur að annað en þessi grein sé ekki til umræðu hér. Það er hæstv. dóms- og kirkjumrh. sem er að flytja þetta mál. Hæstv. forsrh. hefur komið með upplýsingar um að kirkjuþing vilji halda úti prestakalli tengdu Þingvöllum og þar sitji prestur. Forsrh. hefur upplýst að Þingvallabærinn verði ekki til afnota fyrir þann prest. Því hefur ekki verið svarað hvort koma eigi upp prestssetri, þetta er eins og bolti sem kastað er á milli. Ég er ekki að setja fram neitt álit á því en ég ætlast til þess að ráðherrar geti komið með betri svör en þau sem hafa komið fram við þessar aðstæður.

[23:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef nokkrar efasemdir um það frv. sem hæstv. ráðherra hefur kynnt. Það er að sönnu eins og fram hefur komið ákaflega einfalt í sniðum, og eins og hæstv. kirkjumrh. sagði væri þetta til einföldunar og samræmingar í skipan þessara mála. Hæstv. ráðherra lagði einnig áherslu á að á kirkjuþingi í október sl. hefði verið samþykkt að þessi tiltekna 51. gr. yrði felld brott úr lögunum.

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er annað en að rifja það upp að frá því í október sl. hefur farið fram opinber umræða um þetta mál milli kirkjunnar manna með biskupinn yfir Íslandi í broddi fylkingar annars vegar og Þingvallanefndar hins vegar þar sem fyrir nefndinni fer hæstv. menntmrh. Það fór ekki fram hjá nokkrum manni sem hefur fylgst með þeim orðræðum þessara tveggja aðila að þeir eru ekki allsendis sáttir við framgang mála. Það er því alveg óviðunandi að hæstv. kirkjumrh. komi hér með jafnmikilvægan þátt þessa máls og hér um ræðir inn í þessa umræðu og ætli að skila auðu. Það er auðvitað ekki hægt að una við það.

Þess vegna vil ég í fyrsta lagi árétta þær fyrirspurnir sem komu frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um þessi efni og ég vil einnig bæta nokkrum atriðum við og raunar taka það fram að síðast í dag átti ég samtal við biskupinn yfir Íslandi um þetta atriði og vildi gaumgæfa það til að taka af öll tvímæli hvort einhver sáttagjörð væri á ferðinni um þau

álitamál sem uppi voru milli Þingvallanefndar og íslensku þjóðkirkjunnar. Hann sagði svo ekki vera. Ég átti satt að segja von á því að þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frv. að hún hefði kannski eitthvað til málanna að leggja til að upplýsa þingheim um hvort einhver lausn væri í sjónmáli á því vandamáli sem upp hefur komið. Ég vil árétta það og enn og aftur kalla eftir því.

Hér er því slegið föstu í greinargerð með frv. sem fer mjög saman við málflutning hæstv. menntmrh., formanns Þingvallanefndar, um þetta sama mál að engin haldbær rök standi til þess að veita prestsembætti á þessum stað með öðrum hætti en almennt gildir. Ég vil hins vegar taka undir aðra setningu úr sömu greinargerð þar sem vitnað er til sannanlegrar sögulegrar sérstöðu þessa staðar. Ég veit mætavel að ekki hefur verið prestur á Þingvöllum frá örófi alda. En við þingmenn vitum líka að tengsl kristni og Þingvalla hafa verið meira og minna óslitin í þúsund ár. Ég velti því fyrir mér og vil vera nokkuð skýr á því, hvert menn stefna stöðu kirkju á þessum stað, stöðu prests á þessum stað, bæði hvað varðar ráðningu hans og þjónustuhlutverk við staðinn og þennan litla söfnuð. Ég vil þá einkum og sér í lagi halda mig við staðinn.

Ég vil einnig velta því fyrir mér og spyrja hæstv. kirkjumrh. hvort menn hafi eitthvað gaumgæft þetta í þessari umræðu hvort unnt væri að koma fyrir prestsbústaði í nálægð kirkjunnar, fari mál svo sem allt bendir til að Þingvallabærinn verði nýttur til annars, nefnilega til ráðstöfunar fyrir ríkisstjórnina. Ég ætla út af fyrir sig ekkert að gera frekar athugasemdir við það, vel getur verið að öll rök standi til þess. Hins vegar vil ég spyrja hvort menn hafi skoðað og gaumgæft — fari kirkjan fram á það — hvort hægt verði að koma fyrir látlausu prestssetri á þessum reit, ekki fjarri kirkjunni á Þingvöllum? Mun kirkjumrh. koma með tillögur um það, beita sér fyrir því sem slík að það geti náð fram að ganga í góðu samkomulagi við Þingvallanefnd? Ég held að það sé mjög mikilvægur þáttur svo ég taki hann sérstaklega út úr.

Ég held að enginn bragur sé á því að prestur á Þingvöllum hafi búsetu einhvers staðar annars staðar. Ég held að það sé enginn stæll á því, fyrirgefið slettuna. Vissulega er sjálfsagt að skoða ýmsar hugmyndir, m.a. þær sem ég hef heyrt fleygt að tengja betur saman vígslubiskupinn í Skálholti og Þingvelli og kanna það og reifa hvort einhvers konar samspil þjónustu þessara tveggja sögufrægu staða geti átt sér stað. Ég er til viðræðu um að hlusta á slík viðhorf ef menn hafa skoðað þau niður í kjölinn. En mér finnst dálítið stórt mál og meira en einnar messu virði hér seint á kvöldi að slá af prest á Þingvöllum því það er það sem er í raun verið að gera, því miður. Mér finnst þessi heildarsamræming um skipan presta og prestakalla hringinn í kringum landið ekki endilega eiga við þegar Þingvellir eru annars vegar. Ég er ekkert endilega sannfærður um að þau rök standist nánari skoðun. Ég er ekki viss um að það frv. sem hér hefur verið kynnt eigi endilega rétt á sér, a.m.k. ekki svo lengi sem menn hafa ekki svör við ýmsum áleitnum spurningum sem eru uppi nú þegar við 1. umr. málsins.

Það kann vel að vera að menn hafi haft misjafna reynslu af því að prestur væri jafnframt staðarhaldari á Þingvöllum. Það er auðvitað eins og það er, sumum finnst hafa tekist býsna vel til, öðrum miður. Það er vafalaust þannig að það fer mikið eftir því fólki sem gegnt hefur þeim störfum í gegnum tíðina, en sem fyrirkomulag finnst mér það ekkert passa mjög illa saman að prestur hafi með höndum að sinna jöfnum höndum starfi staðarhaldara og fræðslustjóra á Þingvöllum fyrir gesti og gangandi og geti jafnframt sinnt messugjörð. Ég sé ákveðið hagræði í því nú á síðustu tímum þegar menn vilja spara peninga og sé ekkert sérstakan sparnað fólginn í því að Þingvallanefndin hafi sérstakan staðarhaldara á sínum snærum, borgaðan af ríkissjóði og síðan sé kirkjan knúin til þess að halda úti sjálfstæðum presti til að sinna svipuðum störfum svona með köflum a.m.k.

Herra forseti. Við skulum fara okkur varlega í þessum efnum, taka eitt skref í einu. Ég vil svo sem ekkert útiloka neitt, en mér finnst aldeilis af og frá að við förum að ljúka þessu máli núna í einhverjum andarteppustíl á þessum síðustu vikum rétt fyrr jólaleyfi, helgustu hátíð kristinna manna og knýja þetta mál áfram í fulkominni óþökk og óánægju íslensku þjóðkirkjunnar. Það fer ekkert vel á því, sérstaklega nú á aðventu. Ég vænti því þess að kirkjumrh. viji ganga hægt um þessar dyr eins og við hér og gæta þess að fullkomin sátt verði um þetta mál en að það verði ekki knúið fram í fullkominni ósætti aðila. Ég trúi ekki öðru en hæstv. kirkjumrh. sé mér hjartanlega sammála um það.

[23:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru athyglisverðar umræður sem hér fara fram. Ég vil aðeins fá að nota tækifærið og leiðrétta það sem hv. þm. sagði áðan. Hann hélt því fram að þetta frv. væri í andstöðu við kirkjuna. Það er ekki rétt. Ég vil ítreka það sem ég sagði í framsögu minni að sérstaklega var ályktað um þetta mál á kirkjuþingi og kirkjuþing lagði blessun sína yfir það að frv. yrði lagt fram. Það er í samræmi við þau lög sem voru sett um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en þeim lögum var einmitt ætlað að undirstrika sjálfstæði kirkjunnar enn frekar. Það er auðvitað kirkjan sem tekur ákvörðun um hvar prestsembættin eru og prestar ráðnir og hver fjöldi þeirra er og hvaða breytingar eru gerðar á söknum. Það fer m.a. eftir því hvernig aðstæður eru, hvort mikil mannfækkun hefur orðið í sóknum eða aðstæður breyst að öðru leyti. Ég bendi á það að enda þótt Þingvellir séu vissulega sá staður sem þjóðin ber miklar tilfinningar til og ég er viss um að menn eru mjög jákvæðir í garð þess að reyna að finna einhvers konar lausn á þessu máli, þá er það samt svo að þetta er langminnsta sóknin á landinu. Ég held mér sé óhætt að segja að það séu ekki nema rúmlega þrjátíu manns sem þarna eru, eða a.m.k. þá eru þeir — (**ÁJ**: Nálægt fimmtíu) jæja, nálægt fimmtíu segir 1. þm. Suðurl., en auðvitað breytir það því ekki að það þarf að þjóna þessu fólki. Samt sem áður þarf kirkjan að geta haft ákveðinn sveigjanleika í þeim málum sem snerta sóknir og prestssetur. Ég vildi bara fá að leiðrétta þetta.

[23:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gat látið það ógert að leiðrétta eitthvað af þessum toga hjá mér því að ég sagði nákvæmlega þetta hér áðan og tók undir það að kirkjuþing hefði í október sl. samþykkt þetta frv. fyrir sitt leyti. Það hefur líka komið fram í fjölmiðlum síðan að kirkjuþing og kirkjunnar menn samþykktu það í ljósi þess að þeir höfðu trú á því að úr þeim málum yrði leyst í góðu samkomulagi við Þingvallanefnd í kjölfarið. Það hefur komið í ljós frá þeim tíma að því miður er það ekki þannig. Í fjölmiðlum hefur því verið lýst yfir af biskupi að honum hafði þótt þessi niðurstaða Þingvallanefndar og þær kveðjur sem þaðan komu heldur

nöturlegar. Það var áréttað í Kastljóssþætti, sem þessir aðilar voru saman í, ekki fyrir margt löngu. Margt hefur gerst síðan sem gerir það að verkum að annað er óhjákvæmilegt en að skoða þetta mál upp á nýtt. Mér er skapi næst að halda að afstaða kirkjunnar yrði kannski með eilítið öðrum hætti ef hún hefði tök á því að skoða þetta mál núna eftir það sem gerst hefur á síðustu vikum.

Burt sé frá því finnst mér mest um vert að menn finni á þessu viðunandi lausn. Vel getur verið að hægt sé að finna hana enda þótt þetta frv. nái fram að ganga en þetta snýst ekki eingöngu um fimmtíu sálir sem prestur þarf að huga að í Þingvallasókn heldur er þetta líka snar þáttur í sögulegri hefð staðarins, kirkjan er þarna, gestir og gangandi koma þarna í tugþúsundamæli á hverju sumri, Íslendingar og útlendingar og mér finnst eðlilegt að prestur sé á staðnum. Ég trúi því til að mynda vegna frammíkalls 1. þm. Suðurl. að þeir Sunnlendingar séu ekki síst áhugasamir um það að allt sé með virðulegum blæ á Þingvöllum eins og verið hefur.

[23:55]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á Þingvöllum, skipulegri starfsemi þar á undanförnum árum og missirum. Ég hygg að það sé flest af hinu góða. Það hefur verið lögð meiri rækt en áður við uppbyggingu staðarins og grundvallaratriðið í allri umræðu um Þingvelli er að virðing Þingvalla sé höfð í fyrirrúmi. Hluti af þeirri virðingu er að leggja rækt við kirkjuna á Þingvöllum, söguna og allan bakgrunninn sem er órjúfanlega tengdur þessum einum helgasta stað Íslendinga sem er þjóðareign.

Ég óttast ekki að kirkjan og þeir sem eiga að fjalla um málefni Þingvalla finni ekki lausn á því sem er við hæfi og ber þá reisn sem á að miða við. En ég hef til að mynda hugsað nokkuð til þess eins og hér kom reyndar fram hjá síðasta hv. ræðumanni, Guðmundi Árna Stefánssyni, að það gæti verið mjög spennandi að tengja Þingvallakirkju vígslubiskipsembættinu í Skálholti, tengja þessa tvo staði saman. Mér finnst grundvallaratriði að haldið sé ákveðinni hefð sem hefur skapast á nokkuð löngum tíma að þar sem Þingvellir eru hluti af Suðurlandskjördæmi, hluti af nýju Suðurkjördæmi, að þar sé ekki farið á milli svæða, heldur að þeir sem muni þjóna Þingvöllum og Þingvallakirkju verði staðsettir í því kjördæmi. Það finnst mér eðlilegra.

Ég ítreka að það hlýtur að vera á margan hátt spennandi að rækta þann þátt varðandi heimsóknir á Þingvelli í framtíðinni, með betra aðgengi að Þingvöllum, betri möguleikum á að ferðast innan Þingvalla fyrir gesti og gangandi, að þar sé boðið upp á þjónustu og þekkingu sem kirkjan getur veitt, bæði í nútíð, framtíð og fortíð. Það þarf ekki endilega að vera með fastri búsetu prests á Þingvöllum, það er hægt að leysa það á margan annan hátt. En fýsilegast væri að mínu mati að tengja vígslubiskupsembættið á einhvern hátt við þjónustu í Þingvallakirkju þar sem yfirstjórn væri á þann hátt. En það hlýtur að vera verkefni kirkjunnar að fjalla um þetta og annarra og umfram allt að tryggja að virðing og helgi staðarins sé varðveitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376.

[23:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Með frv. þessu er lagt til að refsimörk í 173. gr. a vegna meiri háttar fíkniefnabrota verði hækkuð úr allt að 10 ára fangelsi í allt að 12 ára fangelsi. Til samræmis er einnig lögð til samsvarandi hækkun á refsimörkum í 2. mgr. 264. gr. laganna, vegna þvættisbrota sem rakin verða til fíkniefnabrota.

Við undirbúning þessa lagafrv. sem ég mæli hér fyrir í dag var sérstaklega skoðuð dómaframkvæmd Hæstaréttar allt aftur til ársins 1974 þegar ákvæði 173. gr. a almennra hegningarlaga var lögfest. Þá voru einnig kannaðir nýlegir héraðsdómar í umfangsmiklum fíkniefnamálum sem kveðnir voru upp á þessu ári.

Í fylgiskjali með frv. er að finna reifanir á öllum þessum dómum. Þegar þessi dómaframkvæmd er skoðuð er óhætt að segja að þróunin hefur ótvírætt orðið sú að refsingar vegna alvarlegra fíkniefnabrota hafa verið þyngdar verulega. Á það einkum við í málum þar sem um mikið magn fíkniefna hefur verið að ræða og málum sem varða sérstaklega hættuleg fíkniefni jafnvel þótt magn þeirra hafi ekki verið mikið.

Varðandi hættuleg fíkniefni er rétt að nefna sérstaklega þann nýlega vágest sem nefndur er MDMA, en er betur þekktur undir nafninu ecstasy eða e-taflan. Þar er um að ræða mjög hættulegt fíkniefni sem hefur flókna verkun og er af sérfræðingum talin afar hættulegur vímugjafi. Í þeim dómum þar sem þetta fíkniefni hefur komið við sögu má vel merkja þyngri refsingar og má hér vísa sérstaklega til dóms Hæstaréttar frá 30. janúar 1997, sem var fyrsti dómurinn þar sem reyndi á innflutning þessa efnis. Í því máli var refsing fyrir innflutning á 964 töflum af efninu ákveðin fangelsi í sex ár. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. júní á þessu ári var refsing fyrir innflutning og sölu á mun meira magni fíkniefna, þar á meðal 5.850 e-töflum ákveðin fangelsi í níu ár og í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 26. október sl. var refsing fyrir vörslu og fyrirhugaða sölu á 14.292 töflum ákveðin níu ár.

Með þeirri þróun sem hefur átt sér stað hafa dómstólar nýtt nánast að fullu refsimörk 173. gr. a almennra hegningarlaga þegar um alvarleg fíkniefnabrot hefur verið að ræða. Á liðnum árum hefur lögreglunni tekist að upplýsa sífellt stærri og alvarlegri mál, en ekki er hægt að útiloka að sú þróun haldi að einhverju leyti áfram. Af þeim sökum verður löggjöfin að gera ráð fyrir viðhlítandi refsingum vegna alvarlegri brota en reynt hefur á hingað til. Þykir því nauðsynlegt að hækka refsimörkin svo að dómstólum verði gert kleift að ákveða þyngri refsingar, ef enn stærri og umfangsmeiri fíkniefnamál koma til kasta dómstólanna.

Að virtu samræmi milli refsimarka innan hegningarlaga þykir hæfilegt að refsimörk ákvæðisins verði allt að 12 ára fangelsi í stað tíu ára. Með þessari breytingu er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota og tekið undir það refsimat sem dómstólar hafa beitt hingað til. Með hækkun á refsimörkum ákvæðisins er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það eitt út af fyrir sig leiði almennt til þyngingar á refsingum við fíkniefnabrotum heldur er verið að skapa dómstólum frekara svigrúm við ákvörðun refsingar sem þeir meta hæfilega. Þá er lagt til að refsimörk 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga

vegna þvættisbrota verði einnig 12 ára fangelsi. Brot gegn ákvæðinu geta verið jafnalvarleg og sjálft fíkniefnabrotið og er því eðlilegt að þau varði sömu refsingu og brot gegn 173. gr. a.

Fíkniefnaneysla er alvarleg meinsemd í þjóðfélagi okkar sem víðtæk samstaða er um að taka föstum tökum og uppræta með öllum tiltækum ráðum. Refsingar ráða ekki úrslitum einar sér en þær eru nauðsynlegur þáttur í aðgerðum samfélagsins við fíkniefnavandanum, ásamt öflugri löggæslu, virkum forvörnum og meðferðarúrræðum.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[00:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér mikilvægt mál sem er liður í vörnum gegn hinum sívaxandi fíkniefnavanda sem hefur í vaxandi mæli verið til umræðu á hinu háa Alþingi og ekki að ástæðulausu. Hér er um að ræða tillögur dómsmrh. um þyngingu refsinga, hækkun á refsiramma vegna stórfelldra afbrota á þessum vettvangi.

Herra forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir í þessu máli eða a.m.k. ákveðnar spurningar sem ég velti fyrir mér og vil leita svara við, annaðhvort með hjálp hæstv. ráðherra eða allshn. þegar málið kemur til hennar kasta.

Refsiramminn hverju sinni er háður ýmsum aðstæðum, ytri sem innri. Hér er fyrst og síðast um að ræða siðferðilegt álitamál í sérhverju samfélagi hvaða brotategund skuli lúta hvaða refsingum. Við þekkjum það af almennri umræðu að fólk er ekki alltaf á eitt sátt í þeim efnum. Við höfum fylgst með því í blaðafréttum og blaðagreinum að fólk hefur gagnrýnt mjög niðurstöður dómstóla í kynferðisafbrotum og talið dóma í þeim efnum, þrátt fyrir tiltölulega rúman refsiramma, ekki í neinu siðferðilegu samhengi til að mynda við dóma fyrir auðgunarbrot, svo dæmi sé tekið. Eins hafa fræðimenn mjög gjarnan velt því fyrir sér hverju dómaþyngingu skilaði í raun og sanni þegar hún væri komin yfir tiltekin hugsuð mörk, hvort tiltekið hámark — Herra forseti. Mér þykir ákaflega óþægilegt að eiga orðastað við hæstv. ráðherra geti hún ekki lagt við eyru. (**Dómsmrh.:** Ég heyri ágætlega.) Við höfum ekki sett á það langar ræður hér um hennar mál að hún þurfi sérstaklega að kvarta yfir því. Hér erum við að ræða grafalvarlegt mál og ég fer þess eindregið á leit við hæstv. ráðherra að hún gefi sér tíma til þess að hlusta. (**Dómsmrh.:** Að sjálfsögðu.)

Ég var að segja, herra forseti, að fælingarmáttur harðra refsinga getur snúist í andhverfu sína undir vissum kringumstæðum. Verði dómaframkvæmd slík og refsirammi það rúmur að of harðar refsingar eru uppkveðnar, getur fælingarmátturinn snúist upp í andhverfu sína. Hann getur snúist upp í það að þessi viðvörun til hugsanlegra brotamanna geri það að verkum að þeir grípi jafnvel til enn alvarlegri brota til þess að breiða yfir brotavilja sinn á þessu tiltekna sviði. Með öðrum orðum, herra forseti, ég er beinlínis að segja að of harðar refsingar í fíkniefnamálum geti jafnvel framkallað mjög alvarleg brot þessara sömu brotamanna, t.d. líkamsmeiðingar og hugsanlega manndráp, til að forðast hugsanlega dóma fyrir misgjörðir á fíkniefnasviðinu. Þetta segi ég einfaldlega. Þetta eru engin gefin sannindi sem ég er hér að lýsa. Þetta eru hins vegar kenningar sem hafa verið uppi.

Því spyr ég beint, herra forseti, hvort yfirleitt séu til nokkur álit sérfræðinga og ráðgjafa hæstv. ráðherra sem hafa bókstaflega kallað á þessa tillögu um að auka refsirammann úr tíu í 12 ár. Í greinargerðinni er þess eingöngu getið að dómaframkvæmd hafi verið slík í seinni tíð að dómstólar hafi nýtt sér refsirammann nánast upp í topp eða nálægt toppnum eftir því sem árin hafa liðið og það hafi ýtt við hæstv. ráðherra til að rýmka lög um hámarksrefsingu. Þó er því bætt við hér í greinargerð, sem ég held að mjög mikilvægt sé að halda til haga, að þessi hækkun á refsimörkum ein og sér eigi ekki að leiða almennt til þyngingar á refsingum við fíkniefnabrotum. Þetta fer að vísu ekki algerlega saman, þ.e. að frumkvæðið hafi verið það að dómstólar hafi í raun kallað á aukinn refsiramma vegna þess að þeir hafi nýtt sér hann „æ betur" og að þessi rýmkun á refsirammanum hér af hálfu löggjafans, verði þetta frv. afgreitt og samþykkt, eigi hins vegar ekki að leiða almennt til þyngingar refsinga. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra færi um þetta nokkrum orðum og skýrði betur út fyrir mér hvað í raun átt er við.

Herra forseti. Ég tek líka eftir því í greinargerð með frv. að refsiramminn í nágrannalöndum okkar, á hinum Norðurlöndunum, er mjög svipaður því sem verið hefur hér á landi, raunar að Noregi undanskildum en þar liggja mörkin talsvert hærra og talsvert mun hærra en hér hefur verið og hér er gerð tillaga um.

Af því að í fylgiskjali I eru tínd til nokkur dæmi er lúta að íslenskri dómaframkvæmd í fíkniefnamálum, vil ég líka spyrja hæstv. dómsmrh. hvort íslenskir dómstólar hafi í auknum mæli gripið til þess ráðs sem heimilt er samkvæmt hegningarlögum, þ.e. að dæma samkvæmt ákvæðum hegningarlaga er lúta að fíkniefnabrotum annars vegar og hafi einnig nýtt sér heimildir til þess að dæma um afleidd afbrot, svo sem eins og auðgunarbrot, skattalagabrot og líkamsmeiðingar, sem því miður hanga gjarnan á þessum fíkniefnabrotum. Hegningarlögin gefa opnun á að fara megi umfram þennan hefðbundna tíu ára refsiramma í fíkniefnabrotum og nota ákvæði hegningarlaganna að helmingi í tengdum afbrotum, en ef ég man rétt þó aldrei hærra en 16 ár. Þegar allt kemur til alls er refsirammi í fíkniefnamálum auðvitað í raun miklu rýmri en þessi tíu ár gefa til kynna því oftar en ekki eru ýmis önnur afbrot tengd fíkniefnamisferli, innflutningi fíkniefna, grófum fíkniefnaafbrotum.

Herra forseti. Við þurfum líka í þessu samhengi að glöggva okkur á hinu innra samræmi. Ég var við yfirlestur á hegningarlögunum að átta mig á því að auðvitað er löngu kominn tími til þess að þau verði enn og aftur endurskoðuð í heild að breyttu breytanda í gjörbreyttu samfélagi og ekki eingöngu á vettvangi fíkniefnamálanna. Ýmsir hlutir hafa breyst sem gera það að verkum að við þurfum að skoða þessa þætti betur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að hæstv. ráðherra fari fram með þetta mál núna vegna þess að hún hafi átt í erfiðleikum á hinu háa Alþingi í almennri umræðu um aðgerðir í fíkniefnamálum og það sé ... (**Dómsmrh.:** Er þingmaðurinn að halda því fram?) Hafi hæstv. ráðherra lagt við eyrun þá var sá sem hér stendur að segja að hann héldi því ekki fram. (**Dómsmrh.:** Það var gott að heyra.) Ég endurtek að ég vil ekki ætla hæstv. ráðherra það, vegna þess að hún hefur staðið undir mikilli gagnrýni á frammistöðu sinni á vettvangi fíkniefnamála og um hana hefur staðið styr í þessum sal á síðustu vikum, að hún hafi gripið til þessa ráðs í fljótræði. Ég vil alls ekki halda því fram. Ég vona,

virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hafi skilið orð mín.

Hitt er allténT ljóst að í þessum efnum er ekkert sjálfgefið. Ég vil undirstrika það klárlega að ég vil taka þessi fíkniefnamál föstum tökum með víðfeðmum hætti. Þessi leið er engan veginn allra meina bót. Ég hef vissar efasemdir um að þessi leið sé endilega sú besta. Ég vil a.m.k. að gild rök, sem hvorki er að finna í grg. né framsöguræðu ráðherra, verði tínd fram og sýni mér fram á að fælingarmáttur fangelsisvistar og harðra dóma kunni að draga úr brotavilja. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um þetta. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra og ráðgjafar hennar hafi farið yfir þau mál, hvort líkur séu til að harðari refsingar muni draga að einhverju leyti úr þessum vanda og fæla frá þá sem fremja þessi afbrot. Það er kjarni málsins. Um það þurfum við að spyrja okkur og um það efast ég þar til ég fæ rökstudd svör þar um.

[00:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að í þessum málum eru engin gefin sannindi. Hins vegar er mikilvægt að draga úr þessum alvarlega vanda. Þess vegna er áríðandi að allshn. afli sér sem víðtækrasta gagna um hvernig lögfesta eigi refsimörk.

Ég vil minnast, herra forseti, á tvö mál sem voru tekin fyrir á hæstv. Alþingi á 122. löggjafarþingi. Mér finnst mjög mikilvægt að geta þeirra í þessari umræðu. Annað þeirra er um breytingar á almennum hegningarlögum og varða refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Þar er kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu og að hækka megi refsingar ef um endurtekið brot er að ræða. Þar er farið alvarlegum orðum um þessi afbrot sem þá var ljóst að voru miklu víðtækari og alvarlegri en við höfðum áður haldið. Bent var á hvar pottur væri brotinn og að engin ástæða væri til að hafa refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum vægari en fyrir kynferðisbrot gegn fullorðnum.

Einnig var vísað til þess að samkvæmt ákvæðum fyrningarreglna í 80. og 82. gr. almennra hegningarlaga, færi lengd fyrningarfrests eftir þyngd refsingar. Síðan er fjallað um hvenær brot eru fyrnanleg og kemur fram að samkvæmt almennum hegningarlögum eru fyrningarfestir fjórir. Ég ætla ekki, sökum þess hversu langt er liðið á kvöld, að fara nánar inn á það. Ég vek hins vegar athygli á því að fyrning sakar ætti ekki að hefjast fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri. Því þarf að breyta þeim mörkum úr 14 ára aldri eins og þeir eru í lögum í dag í 18 ára aldur.

Hvers vegna er ég svo, herra forseti, að tala um kynferðisbrot gagnvart börnum í þessu máli? Þar kem ég að meginatriðinu í máli mínu sem er þáltill. sem hér var samþykkt á 122. löggjafarþingi. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á refsingum við afbrotum. Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum. Rannsóknin taki til eftirfarandi brotaflokka:

a. líkamsárása og annarra brota sem tengd eru að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi,

b. kynferðisbrota,

c. fíkniefnabrota.

Með rannsókninni skulu könnuð þau viðurlög sem dæmd hafa verið við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Skal rannsóknin einkum miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að sýna fram á að refsingar við fyrrgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Rannsókn þessi skal taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að mat verði lagt á viðurlög við þessum afbrotum og þróun þeirra.

Eftir því sem unnt er skal rannsóknin framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar væri hægt að bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna."

Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti.

Það er mjög góð grg. með þessari tillögu og ég tek það sérstaklega fram að allshn. afgreiddi tillöguna eftir að hún var flutt hér á Alþingi.

Til viðbótar er tekið fram í grg. að það sé, með leyfi forseta:

„...nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsóknum á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er. Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga."

Í grg. segir jafnframt:

„Í fjárlögum fyrir árið 1998 er að finna 2,4 millj. kr. fjárveitingu til dómsmálaráðuneytisins til slíkrar athugunar og er rannsóknin afmörkuð með hliðsjón af þeirri fjárveitingu. Í kjölfar hennar er hins vegar ástæða til að kanna önnur atriði nánar, svo sem viðurlög við öðrum brotaflokkum."

Vissulega væri full ástæða til þess að lesa grg. þessa frá upphafi til enda. Ég ætla ekki að gera það en les þó hér að lokum, með leyfi forseta:

„Einnig væri ástæða til að kanna hvernig staðið er að refsifullnustu í framkvæmd og hvort auka megi varnaðaráhrif refsinga eftir því hvernig staðið er að fullnustu refsivistar innan fangelsa og utan þeirra með úrræðum eins og samfélagsþjónustu."

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að við stöldrum við þessa tillögu og að hér verði upplýst hvort slíkur gagnagrunnur, sem hér var lagt til að yrði unninn fyrir tveimur árum og veitt var fjármagn til, hafi verið unninn og hvort tekin hafi verið upp fagleg umræða á grundvelli hans og þar með tekin fagleg ákvörðun.

Nú vil ég taka það fram að sem leikmaður finnst mér mjög mikilvægt að við þeim málum sem hér eru nefnd, líkamsárásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum, séu viðhlítandi þungar refsingar. Sem leikmaður hef ég tilhneigingu til að trúa að það sé rétt. Ég hef hins vegar rætt þessi mál við ýmsa fagaðila og þeir telja að þetta sé ekki einhlítt eins og kom fram í máli Guðmundar Árna Stefánssonar hv. þm. hér áðan.

Það er erfitt fyrir Alþingi að vita hvað rétt er að gera í þessu en ég vil spyrja: Hvers vegna tökum við einn þátt út núna, þ.e. fíkniefnabrotin, og gerum tillögu um að þyngja þar viðurlög en komum ekki með alhliða úttekt á ákvörðun refsinga fyrir þau afbrot sem allshn. fannst svo mikil þörf á að endurskoða að hún flutti um það till. til þál. fyrir Alþingi? Þetta finnst mér óþægilegt, herra forseti, fyrir vinnu okkar hér og virka handahófskennt.

Ég styð allar góðar tillögur til að taka á brotamönnum í fíkniefnamálum. Mér finnst hins vegar að ekki hafi verið haldið nægilega vel á þeim málum hingað til, miðað við að við erum eyland og eigum að eiga mikla möguleika á að gera rannsóknir til að afstýra því að mikið af fíkniefnum sé í umferð. Þar á ég fyrst og fremst við þjóðfélagsúttektir og

rannsóknir til að finna út af hverju markaður er fyrir fíkniefni á Íslandi. Það er stóra málið. Það er spurningin sem þarf að svara. Þegar henni verður svarað getum við leitað víðtækra leiða til að bæta úr.

Herra forseti. Ég beini þeirri spurningu til dómsmrh. hvort þessi gagnagrunnur hafi verið unninn og hvenær megi þá vænta tillagna um breytingu á refsimörkum varðandi líkamsárásir og kynferðisbrot.

[00:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers vegna á að bíða með málið? Hvað á að bíða lengi? Hvað á að bíða lengi með að gera breytingar á reglum og refsiramma vegna brota á fíkniefnalöggjöf, mjög alvarlegra brota? — Eru þetta einkasamræður hér eða ætlar hv. þm. að fylgjast með þegar ég svara spurningum hennar?

Ég spurði: Hvers vegna ætti að bíða með málið og hversu lengi eigum við að bíða? Hvað vill hv. þm. gera ef hér koma enn stærri og umfangsmeiri fíkniefnamál til kasta lögreglunnar með miklu meira magni af fíkniefnum en við höfum séð hingað til, sem þó hafa verið alvarleg? Hvað vill hv. þm. gera ef inn í landið yrði smyglað miklu magni af heróíni? Þetta eru auðvitað mál sem taka þarf á núna.

Að sjálfsögðu er það alveg rétt að margir þættir spila inn í fíkniefnamálin. Það viðurkenndi ég fúslega í framsögu minni áðan. Það kemur einnig skýrt fram í grg. með þessu frv. að breyting á refsirammanum á ekki að leiða til þyngri refsinga ein og sér. Breytingin er gerð til að hægt sé að bregðast við ef upp koma enn alvarlegri mál.

Það skiptir máli að senda ákveðin skilaboð út í samfélagið til að klárt sé að þessi mál séu tekin mjög alvarlega.

[00:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einhver misskilningur. Ég var ekki að biðja um að beðið yrði með málið. Ég spurði bara: Hvers vegna er ekki, samkvæmt þál. frá 122. löggjafarþingi, búið að undirbúa, þegar lagt er í breytingar á refsimörkum, breytingar varðandi önnur mjög alvarleg brot? Það er mjög eðlileg spurning.

Fíkniefnabrotin eru þess eðlis að menn hafa kannski nýtt refsirammann betur þar en í öðrum brotum, eins og hér hefur komið fram. Síðan þegar auka á refsinguna þá er hægt að leita annarra leiða. Ég leggst ekki gegn því að þessi tími sé lengdur. Ég er að lýsa því hve erfitt það er fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því hversu þungum refsingum eigi að beita. Það er ljóst að margir þeir sem hafa skoðað málið segja að reynslan í löndum með þyngri refsingar hafi ekki orðið til að draga úr innflutningi. Segja mætti að við séum að benda á hve auðvelt er að falla í þá gryfju að nú séum við búin að leysa vandann, þyngja refsingar um tvö ár og þar með sé búið að leysa fíkniefnavandann. Svo einfalt er þetta ekki. Hæstv. dómsmrh. valdi hins vegar að leggja þetta mál fram nú í desember og þá er mjög eðlilegt að spyrja: Hvað líður hinum málunum? Mér finnst fráleitt að dómsmrh. tali um að fresta þessu máli í því samhengi. Tvö ár hafa gefist til undirbúnings og fé var veitt til að búa til þennan gagnagrunn.

[00:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rannsóknin sem hv. þm. er að spyrja um, rannsókn á viðurlögum við afbrotum, skiptir auðvitað miklu. Ég vona að við sjáum sem fyrst niðurstöðu úr henni. En það breytir engu um frv. sem hér er lagt fyrir. Þar erum við að tala um að koma upp gagnagrunni fyrir alvarlegustu afbrot þar sem skoðað verði nákvæmlega hvaða viðurlögum hefur verið beitt hjá dómstólum, hvernig refsifullnustu hefur verið háttað o.s.frv. Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, að því miður hefur vantað ákveðnar upplýsingar í refsimálum hér á landi. Það er hins vegar að breytast til batnaðar.

Það er sannarlega full þörf á að gera enn betur í þessu sambandi. Ég bendi á að m.a. á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku, er gefin út á hverju ári mjög nákvæm skýrsla þar sem farið er yfir öll afbrot ársins, viðurlög, refsifullnustu og mörg þau atriði sem ætlunin er einmitt að skoða í þessari rannsókn. Það hefur tvisvar verið lagt fram fé til þessarar rannsóknar, hún hefur tekið allnokkurn tíma en ég vænti þess að fljótlega komi úr henni niðurstaða.

[00:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Satt best að segja er ég furðu lostin og það er ekki í fyrsta sinn sem ég hef það á tilfinningunni að þegar við ætlum að reyna að ræða faglega mál, sem er fært hingað inn, liggur við að sagt sé: Hvað eruð þið að skipta ykkur af þessu? Þetta er því undarlegra að í þessu máli hefur það verið allshn. undir forustu þáv. formanns Sólveigar Pétursdóttur, sem flutti þetta mál og það segir svo í greinargerð, herra forseti:

„Um nokkra hríð hefur í þjóðfélaginu staðið umræða um refsingar og refsiákvarðanir dómstóla. Komið hefur fram það sjónarmið meðal annars að dómstólar ákvarði of vægar refsingar í sumum brotaflokkum. Á það ekki síst við um grófar líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Því hefur einnig verið haldið fram að refsingar fyrir alvarlegar líkamsárásir og kynferðisbrot séu of vægar með hliðsjón af refsingum við öðrum brotum og hafa auðgunarbrot sérstaklega verið nefnd í því sambandi.

Til að mat verði lagt á þá gagnrýni sem hér hefur verið rakin er nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsóknum á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er. Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga."

Herra forseti. Ég ætla að láta mér nægja að lesa þetta. Ég frábið mér þá umvöndun sem ég fékk fyrir augnabliki úr þessum ræðustól.

[00:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. gengur út á að rýmka refsirammann fyrir alvarleg fíkniefnabrot þannig að hámarksrefsing verði ekki lengur 10 ár heldur 12 ár. Við værum með þessari lagabreytingu heldur að fara fram úr ýmsum grönnum okkar á Norðurlöndum sem við berum okkur gjarnan saman við því að Danir, Svíar og Finnar hafa allir 10 ára hámarksrefsingu. Norðmenn eru hins vegar undantekning frá þessari 10 ára reglu því að í Noregi er hvorki meira né minna en 21 árs hámarksrefsing við alvarlegum fíkniefnabrotum. Þýðir þetta að menn séu sjálfkrafa dæmdir eftir atvikum til 10 ára eða 12 ára fangelsisvistar fyrir alvarleg fíkniefnabrot? Nei. Það kemur fram í greinargerð með frv. að þessari hámarksrefsingu hefur aldrei verið beitt á Íslandi.

Í fylgiskjölum með frv. eru raktir nokkrir dómar þar á meðal hæstaréttardómur frá 1997 þar sem refsing fyrir innflutning á 964 töflum, svokölluðum e-töflum, var sex ára fangelsi. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í júní árið 2000 var refsing fyrir innflutning og sölu á mun meira magni fíkniefna, þar á meðal 5.850 töflum af MDMA, ákveðin níu ára fangelsisvist. Síðan er vísað í dóm héraðsdóms frá því í október í ár þar sem refsing var einnig ákveðin níu ár fyrir vörslu og fyrirhugaða sölu á 14.292 töflum og hér er sennilega átt við svokallaðar e-töflur sem smyglað var hingað til lands frá Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Það sem er óhugnanlegt við þessa upptalningu er að sjá hver stigmögnun hefur orðið á innflutningi og sölu eiturlyfja. Þetta er í sjálfu sér alvarleg þróun. Nú vilja menn bregðast þannig við að eiga möguleika á því að beita strangari refsingum en lögin gera ráð fyrir. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þessa frv. fyrr en að betur íhuguðu máli. Menn munu fara rækilega yfir frv. í allshn. þar sem ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi. Ég vek athygli á því að þetta frv. er samið í samráði við refsiréttarnefnd en það er eðlilegt að það gangi til umsagnar hjá ýmsum fagaðilum sem hafa án efa skoðanir á þessum málum.

Sjálfur er ég á því máli að einhver alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja sé sala á hættulegum eiturlyfjum og það eigi að taka á slíkum glæp mjög föstum tökum. En á hitt vil ég leggja þó meiri áherslu, að ef við ætlum að uppræta þennan glæp þá upprætum við líka eftirspurnina eftir hinni forboðnu vöru. Það gerum við aðeins með því að sinna mjög öflugu forvarnastarfi, að búa til kröftugt og mannvænt samfélag sem berst af alefli gegn þessum vágesti.

[00:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. fyrir umræður um þessi mál. Ég er alveg sannfærð um að fullur vilji er til þess á hinu háa Alþingi að menn taki höndum saman og berjist gegn þeim vágesti sem fíkniefnafaraldurinn er sem er svo sannarlega orðin mikil ógn í þjóðfélagi okkar.

Vegna ræðu hv. þm. hér áðan langar mig til að víkja að því að það er vissulega rétt að farið hefur verið upp í níu ár í þeim dómum Hæstaréttar sem vitnað var til og eru sem fylgiskjal með greinargerð frv. en ástæðan fyrir því er hugsanlega sú að ekki þykir heppilegt hjá dómurum að fara upp í refsihámarkið sem eru tíu ár. Við verðum að horfast í augu við að það geta komið upp enn stærri og alvarlegri mál sem kalla á þyngri refsingu.

Það er líka athyglisvert, og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi það hér áðan, að í Noregi er refsihámarkið 21 ár. Það er auðvitað ansi mikill munur, vegna þess að við höfum reynt að hafa sambærilega refsilöggjöf á Norðurlöndum og almennt er miðað við tíu ár í hámarki. En það er líka athyglisvert að velta því fyrir sér að í sænsku hegningarlögunum er refsilágmark tvö ár við alvarlegum fíkniefnabrotum. Þar koma fram skýr skilaboð, herra forseti, þar eru mál tekin mjög alvarlega. Það er sjaldgæft að haft sé refsilágmark í hegningarlögum á Norðurlöndum. Ég man í svipinn bara eftir tveimur dæmum í íslenskum hegningarlögum, það er lágmark fimm ár fyrir manndráp og eitt ár í nauðgunarmálum. Þegar allshn. var að endurskoða eða fara yfir þann kafla hegningarlaganna sem fjallar um kynferðisbrot var nefndin mjög eindregið þeirrar skoðunar að ekki væri rétt að taka þetta refsilágmark út. Þar með vildi hún koma þeim skýru skilaboðum á framfæri að það ætti að taka þessi afbrot mjög alvarlega.

Ég vildi koma þessum athugasemdum hér á framfæri, herra forseti. Ég er viss um að þetta mál fær vandaða meðferð í hv. allshn. og þakka fyrir umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum). — Þskj. 377.

[00:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

Með frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um umgengnis- og forsjármál. Þessar breytingar eru tvenns konar eins og ég mun nú rekja í helstu atriðum.

Í fyrsta lagi er lagt til með frv. að sýslumaður skuli bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tilgangur þessarar ráðgjafar er að aðstoða aðila við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu.

Á vegum sýslumannsembættisins í Reykjavík hefur frá síðustu áramótum verið unnið að tilraunaverkefni sem felst í því að bjóða foreldrum, sem deila um umgengni eða forsjá barna, sérfræðiráðgjöf og sáttaumleitan með það að markmiði að foreldrar nái samkomulagi þar sem hagsmunir barnsins eru hafðir að leiðarljósi.

Í skýrslu um verkefnið, sem birt er sem fylgiskjal með frv., kemur fram að í yfir 90% tilfella hafi náðst samningar milli foreldra. Í skýrslunni segir að þessi góði árangur eigi sér ýmsar skýringar og megi þar nefna að mál sem koma til sérfræðinganna hafi verið vel undirbúin af hálfu lögfræðinga embættisins, foreldrarnir verið búnir að spreyta sig á að finna út úr málunum sjálfir og búnir að viðurkenna vanmátt sinn til að leysa mál, auk þess sem þeir hafi borið mikið traust til embættisins.

Þá segir í skýrslunni að í 80% tilfella hafi gengið vel eða sæmilega að halda samning en í 20% tilfella hafi það gengið illa eða alls ekki. Þetta bendir til þess að í langflestum tilfellum hafi ekki verið um að ræða þvingaðan samning milli foreldra sem allir voru ósáttir með, heldur hafi samskiptin oftast beinst í ásættanlegan farveg. Með hliðsjón af þeim góða árangri sem umrætt tilraunaverkefni hjá sýslumanninum í Reykjavík skilaði er lagt til með frv. að þessi þjónusta verði lögbundin og boðin í umdæmum allra sýslumanna.

Í öðru lagi er lagt til með frv. að gerð verði breyting á 38. gr. laganna um dagsektir. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að leggja dagsektir á foreldri sem tálmar hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið. Lagt er til að þessi heimild verði ekki bundin við foreldra sem hindraðir eru í að njóta umgengni heldur taki hún einnig til annarra sem eiga rétt til að umgangast barn samkvæmt úrskurði, svo sem afa eða ömmu barns.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[00:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að frv. er komið fram frá hæstv. ráðherra um sérfræðiráðgjöf til lausnar málum í umgengnis- og forsjárdeilum en við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram bæði frumvörp og till. til þál. í þessa veru undanfarin ár. Fyrst var lögð til þessi leið í till. til þál. sem við, sú sem hér stendur og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, lögðum hér fram a.m.k. í tvígang á síðasta kjörtímabili en það var till. til þál. um að bæta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Þar var einmitt þessi leið lögð til ásamt fleiri leiðum til þess að tryggja börnum umgengni við báða foreldra sína.

Fram hefur komið að mjög mikilvægt er að leita allra leiða til þess að tryggja þennan rétt. Þetta er stórt vandamál hér á landi því að yfir 500 heimili leysast upp á ári hverju vegna hjónaskilnaða og þá er óvígð sambúð ekki talin með og síðan bætast við öll börn sem eru fædd utan hjónabands eða sambúðar en greidd eru meðlög með líklega hátt í fimmtán þúsund börnum hér á landi.

Það er mikilvægt að börn missi ekki samband við annað foreldrið þó að til skilnaðar komi. Ég minni á að rétturinn til samveru með báðum foreldrum telst til grundvallarmannréttinda barna. Á þeim rétti barnanna er tekið í mannréttindasáttmála Evrópu sem við erum aðilar að, ég nefni þar 8. gr. Slíkum réttindum eru einnig gerð skil í 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þar segir að barn sem skilið hefur verið frá foreldri sínu eða foreldrum eigi rétt á að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði reglulega, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

Í þáltill. sem ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni lagði fram í tvígang sem síðan var vísað til ríkisstjórnarinnar er þessi leið nefnd sérstaklega. Þar segir:

„Nauðsynlegt er að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt er að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða staðfestingu forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. 3–5 ráðgjafartíma, þar sem lögfræðingar og félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Þetta er fyrirbyggjandi úrræði sem hefur reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi, og er talið að slíkt fyrirkomulag spari einstaklingum og samfélaginu í heild bæði orku, tíma og fjármuni."

Því næst er vísað í skýrslu félmrn.:

„Í niðurstöðum áðurnefndrar skýrslu félmrn. um rannsókn á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum."

Í umsögn frá Félagi einstæðra foreldra sem fylgdi þessu þingmáli kom einnig fram að eitt viðtal við báða foreldra gæti verið árangursríkt til að eyða spennu milli þeirra. Í þeirri umsögn kemur einnig fram að deilur foreldra snúast oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barnanna. Ég get þannig ekki annað en fagnað því að hæstv. ráðherra skuli hafa lagt fram frv. þar sem á að koma á þessari sérfræðiráðgjöf.

Komið hefur fram að þar sem þessi leið er farin hefur þetta verið til bóta, t.d. í Noregi. Fyrir þinginu liggur frv. í þessa veru þó að efnisgreinin sé ekki eins orðuð og í frv. hæstv. ráðherra. Engu að síður er þar lagt til að taka upp sambærilega ráðgjöf. Það mál hefur reyndar lægra málsnúmer og er enn órætt í þinginu en mun líklega fara til allshn. Ég geri hins vegar ráð fyrir að mál ráðherra verði samþykkt og ráðgjöfinni komið á.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki endurgjaldslaus ráðgjöf sem þar yrði boðið upp á. Ég sé að í umsögn fjmrn. um þetta frv. er gert ráð fyrir að það muni kosta um 1 millj. kr. þó gert sé ráð fyrir að þetta muni kosta mun meira þegar ráðgjöfin verður veitt víðar, t.d. á Akureyri og annars staðar þar sem slík ráðgjöf er sem stendur ekki í boði.

Ég hefði líka viljað spyrja hæstv. ráðherra um afstöðu hennar til hugmyndar sem við höfum margoft lagt fram, þingmenn Samfylkingarinnar, í tengslum við tillögur okkar um slíka sérfræðiráðgjöf, að barni verði skipaður talsmaður. Hér er lagt til að barni skuli boðin sérfræðiráðgjöf þegar umgengnis- og forsjármál eru til umfjöllunar. Ég spyr hæstv. ráðherra hver afstaða hennar sé til talsmannshugmyndarinnar. Við höfum lagt til að samhliða sérfræðiráðgjöf sé það ein leið til viðbótar til að tryggja barni umgengni við báða foreldra sína að því sé skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess þegar ágreiningur verður um umgengni við barnið. Sá talsmaður gæti orðið milligöngumaður foreldranna annars vegar og síðan foreldra og barns. Hlutverk talsmannsins yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnsins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá.

Hugmyndin um talsmann barna í forsjármálum hefur vakið athygli m.a. erlendis þar sem hún hefur verið kynnt og verið talin góð leið. Í lögum eru ákvæði um slíkan talsmann í barnaverndarmálum en þarna yrði skipaður talsmaður í sambandi við umgengnis- og forsjármál. Sú hugmynd liggur fyrir í þinginu í óræddu frv. frá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég er 1. flm. að því og tel að mikill akkur væri í að slíkt ákvæði kæmi inn í lög ásamt sérfræðiráðgjöfinni.

Í 2. gr. frv. hæstv. ráðherra er ákvæðið um dagsektirnar víkkað, þ.e. að það snúi ekki eingöngu að foreldrum heldur fleirum og ekki nema jákvætt að sú breyting skuli gerð þó að sérfræðingar hafi talið dagsektarákvæði frekar máttlaus. Ýmis sjónarmið mæla gegn beitingu þess, t.d. auknar fjárhagsbyrðar einstæðs foreldris sem lendir í því að greiða dagsektir. Það eykur aðstöðumun barna einstæðra foreldra og barna sem búa hjá báðum foreldrum sínum. Einnig er það álit ýmissa fagaðila að dagsektir séu engin trygging fyrir því að foreldrar láti af tálmunum. Séu brot á umgengnisrétti forsjárlausra foreldra við börn sín síendurtekin særir það hins vegar réttlætiskennd þeirra. Úrræðið þykir þannig frekar máttlaust en engu að síður er jákvætt að það skuli vera víkkað til fleiri aðila, t.d. ömmu og afa, eins og hæstv. ráðherra nefndi hér í framsögu sinni.

Herra forseti. Ég vildi bara, þar sem það hefur verið mikið baráttumál mitt að koma á þessari ráðgjöf, fagna því að hæstv. ráðherra skuli koma þessu máli áleiðis í frv. Ég hefði gjarnan viljað sjá talsmannshugmyndina koma einnig fram og ég spyr út í hana. Sömuleiðis, þar sem þess er getið í athugasemdum við lagafrv. að enn sé nokkuð í land við að endurskoða barnalögin og að þeirri vinnu verði ekki lokið á næstunni, vildi ég spyrja hæstv. ráðherra, herra forseti: Hvenær gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki þannig að ný eða endurskoðuð barnalög komi inn í þingið?

Það er mikilvægt, herra forseti, að réttur barna til umgengni við báða foreldra verði tryggður í lögum og að sem flestum leiðum verði komið í lög til að tryggja þann rétt. Reyndar er bent á fleiri leiðir í þáltill. þeirri sem vísað var

til ríkisstjórnarinnar, til að hafa hliðsjónar þegar barnalögin yrðu endurskoðuð og þessi mál öll.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég fagna því að hér sé komið fram frv. og þessi barátta hafi a.m.k. skilað þeim árangri að það verði að lögum á næstunni.

[00:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á barnalögum. Í 1. gr. segir:

„Sýslumaður skal bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tilgangur ráðgjafar er að aðstoða aðila við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sýslumaður skal einnig bjóða barni, sem náð hefur tólf ára aldri, ráðgjöf og getur einnig boðið yngra barni ráðgjöf, ef hann telur það þjóna hagsmunum þess.“

Herra forseti. Hér er ágætt mál á ferðinni og fagnaðarefni að það skuli lagt fram. Ég vil þó leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. aðeins nánar út í orðalagið „sýslumaður skal“: Verður skylda við öll sýslumannsembætti landsins, enginn þar undanskilinn, að veita þessa þjónustu?

Í öðru lagi er bæði í frv. og grg. gert ráð fyrir að sérfræðingar í fjölskylduráðgjöf og sálfræðingar eða félagsráðgjafar verði fengnir til starfans. Þeir séu ráðnir af sýslumanni og ráðgjöfin veitt við embætti hans. Það er í sjálfu sér afar eðlilegt að ráðnir séu sérfræðingar sem þekkja til slíkra mála en þá er afar mikilvægt að allir sýslumenn geti ráðið sérfræðinga, hafi ráðningarsamning við sérfræðinga til að annast þessi mál. Ég er í raun að árétta að svo verði um búið að sýslumönnum verði ekki mismunað í að geta veitt þessa þjónustu, fullkomna sérfræðiþjónustu eins og lagt er til. Ég vil leggja afar mikla áherslu á að það verði öllum ljóst.

Ég tek mjög undir athugasemdir við einstakar greinar. Í athugasemd við 1. gr. segir t.d.:

„Ágreiningsmál foreldra um umgengni og forsjá barna eru ákaflega viðkvæm og vandmeðfarin og gefur augaleið hve mikilvægt það er, bæði fyrir foreldra og börn, að á slíkum málum finnist farsæl lausn.“

Að lokum, herra forseti, langar mig að inna frekar eftir kostnaðarhlið málsins. Ég fæ ekki séð að þessi ráðgjöf eigi ótvírætt að vera foreldrum og börnum að kostnaðarlausu. Er það ótvírætt að ekki verði krafist einhvers konar þjónustueða komugjalds eða hvað maður á að kalla það fyrir slíka ráðgjöf? Mér finnst það ekki ótvírætt þó sagt sé að þjónustuna eigi að bjóða, enda hefur hugtakið „að bjóða“ verið teygt þannig að ekki er víst að það sé alveg ókeypis.

Ég legg áherslu á að þessi þjónusta skuli boðin við öll sýslumannsembættin eins og lögin gera ráð fyrir og þeim sem hennar njóta fullkomlega að kostnaðarlausu, að það séu skýr ákvæði laganna. Það verður þá a.m.k. að koma fram ef svo er ekki.

Herra forseti. Viljinn og meiningin á bak við þetta frv. er virkilegt fagnaðarefni. Ég óska þess innilega að það verði að lögum og eftir þeim verði unnið í reynd.

[00:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar umræður og þær athugasemdir sem komið hafa fram. Ég mun leitast við að svara spurningum þeirra.

Ef litið er á fskj. II með frv., umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., þá er þar tekið skýrt fram í upphafi, með leyfi virðulegs forseta:

„Frv. þetta felur í sér að sýslumönnum verði heimilað að bjóða sérfræðiráðgjöf til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna.“

Á eftir næstu greinaskilum segir síðan:

„Samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir að deiluaðilar í ágreiningsmálum af þessum toga greiði sjálfir fyrir sérfræðiráðgjöfina heldur beri ríkissjóður þann kostnað.“

Hins vegar tel ég að það sé rétt athugasemd hjá hv. þm. að þetta sé nokkuð varlega áætlað í umsögninni. Þetta gæti orðið meiri kostnaður því auðvitað standa vonir til þess að sem flestir foreldrar muni nýta sér þessa þjónustu og það tel ég ákaflega mikilvægt. Raunin varð sú að þegar þetta tilraunaverkefni var gert hjá sýslumanninum í Reykjavík, eins og ég skýrði frá í framsögu með frv., gaf það ákaflega góða raun, í raun og veru miklu betri niðurstöðu en menn höfðu þorað að vona þar sem 80% samninga gengu ágætlega í framkvæmd. Ég held því að rétt sé að við skoðum þennan þátt betur þegar fer að reyna meira á málið. Auðvitað á eftir að útfæra hugmyndina betur en það verða sýslumannsembættin um allt land sem munu bjóða þessa þjónustu og ég undirstrika að það er val en ekki skylda fyrir foreldra að leita eftir þessari ráðgjöf.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir minntist á tillögu sína um talsmanna barna. Ég held að það væri rétt að sifjalaganefnd fengi þá slíka tillögu til skoðunar því sifjalaganefnd er, eins og hún benti réttilega á, að endurskoða barnalögin í heild sinni. Það tekur allnokkurn tíma, ég vonast til að þeirri endurskoðun verði lokið næsta haust, en það er einmitt ástæðan fyrir því að þessari 2. gr. er skotið hér með að þeirri heildarendurskoðun er ekki lokið. Í haust féll dómur í Hæstarétti þar sem fjárnámi sýslumannsins í Reykjavík var hafnað einmitt vegna þess að ekki var talin vera lagaheimild fyrir hendi varðandi dagsektir fyrir aðra en foreldra. Þess vegna tel ég réttlætismál að taka sérstaklega á þessu atriði.

Hins vegar er alveg rétt að hafa í huga að það er afskaplega vandmeðfarið hvernig þessu úrræði er beitt en auðvitað á meginreglan að vera sú að fólk virði úrskurði um umgengni vegna þess að það er réttur barnsins.

Ég held að ég hafi svarað spurningum hv. þm. Ég vonast til að þetta mál fái góðar viðtökur á hinu háa Alþingi. Mér heyrist það raunar af viðtökum og vona að efni þess muni hafa góð áhrif og bæta enn frekar stöðu barna í þjóðfélagi okkar.

[01:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún hefur komið með. Ég vek athygli á mishljóðan á milli þess sem stendur í 1. gr. þar sem segir: „Sýslumaður skal bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf ...“, en í umsögn fjmrn. eða fjárlagaskrifstofu stendur: „Frumvarp þetta felur í sér að sýslumönnum verði heimilað að bjóða sérfræðiráðgjöf ...“, og „heimilað“ þýðir ekki að þeim sé það skylt. Þess vegna var ég að benda á þetta, herra forseti, að orðið „heimilað“ er miklu veikara, bæði hvað varðar skylduna til þess að bjóða þessa þjónustu og eins þá líka hvernig gjaldtakan fer fram. Að sjálfsögðu er fylgiskjal fjmrn. hluti af þessu frv. og lögskýringargagn með frv. Því er nauðsynlegt að mínu mati að það sé fullkomin samhljóðan með svo mikilvægu orðalagi eins og hér er.

[01:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fullvissa hv. þm. um að það er auðvitað frumvarpstextinn, sem verður síðan endanlegur lagatexti, sem skiptir máli í þessu sambandi. Það hefur engin áhrif þótt annað orðalag sé í umsögn frá fjárlagaskrifstofu. Þess vegna skiptir þetta misræmi ekki máli. Það er lagatextinn sem hefur gildi.

[01:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir áréttinguna. Ég verð samt, herra forseti, að árétta að það skiptir töluverðu máli hvernig umsögn fjmrn. gefur. Hún snýr að því þegar ráðuneytið fer að túlka hina fjárhagslegu hlið málsins og þátttöku vegna þess. Það er betra að hafa allt á hreinu þegar kemur að peningunum og líka í þessu máli, hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnaáætlun 2001–2004, fyrri umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 412.

[01:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árið 2001–2004 sem er 327. mál á þskj. 412.

Eins og lög kveða á um hefur gildandi hafnaáætlun verið endurskoðuð og er því um nýja áætlun að ræða.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 2001–2004 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í janúar sl. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Svör bárust frá 45 hafnarstjórnum af þeim 48 sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var heildarkostnaður við framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu, rúmir 16,5 milljarðar kr. á verðlagi í ársbyrjun 2000.

Í þessari áætlun er í flestum tilvikum miðað við óbreyttar framkvæmdir tveggja seinni áranna úr gildandi hafnaáætlun fyrir árin 1999–2002, nema viðkomandi sveitarstjórn hafi lagt fram aðrar óskir í staðinn. Stuðst er við endurskoðaða hafnaþarfagreiningu eða forgangsröðunarlíkan Siglingastofnunar Íslands fyrir fiskihafnir. Hafnaþarfagreiningin felur í sér mat á framkvæmdaþörf sem gefin eru sérstök stig fyrir. Stigagjöfin er samsett úr tveimur aðalþáttum. Annars vegar er tekið mið af umsvifum hafnanna og hins vegar af þeim úrbótum sem hver framkvæmd skilar viðkomandi höfn. Líkanið tekur hins vegar ekki á öllum þáttum eins og t.d. bryggjum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna sívaxandi ferðamennsku, má þar nefna hvalaskoðunarferðir. Slíkar framkvæmdir eru metnar sérstaklega.

Nú þegar hefur komið í ljós að hafnaþarfagreining Siglingastofnunar Íslands er ómetanlegt tæki til að meta þörf fyrir framkvæmdir í fiskihöfnum. Þar sem henni er beitt fæst hlutlægt mat á framkvæmdaþörf og röðun sem hægt er að verja með hlutlægum rökum. Þó skal tekið fram að hafnaþarfagreiningin gefur ekki algilda niðurstöðu þar sem erfitt er að bera saman mismunandi tegundir hafna, eins og loðnuhöfn og smábátahöfn.

Ekki eru í áætluninni áform um framkvæmdir í Reykjavík eða Hafnafirði. Ekki er heldur áformuð ferjuhöfn á Seyðisfirði eða stóriðjunöfn á Reyðarfirði. Að slepptum fyrrnefndum framkvæmdum, sem eru á undirbúningsstigi hvað varðar höfn í Seyðisfirði og Reyðarfirði, má segja að um 65% af óskum hafnarstjórna séu uppfylltar og þætti það gott á öðrum svæðum t.d. í vegagerð. Hér er því um gríðarlega metnaðarfulla áætlun að ræða. Mun reyna mjög á hafnarsjóði víða um land á næstu árum við að taka á sig þær fjárskuldbindingar sem felast í þessum framkvæmdaáformum en þær eru eins og fyrr hefur komið fram óskir viðkomandi hafnarstjórna. Að mínu mati kemur fram í þessari áætlun trú og traust á sjávarútveginn sem mikilvæga atvinnugrein í hinum dreifðari byggðum og er það vel.

Mikil þörf er fyrir dýpkanir í loðnuhöfnum. Loðnuskip eru sífellt djúpristari og rista stærstu skipin rúma 8 metra. Hér er um það að ræða að útgerðin, viðskiptavinir hafnanna, krefst sífellt aukinnar hagræðingar í rekstri sínum. Slík hagræðing virðist ekki þýða nema eitt, þ.e. stækkun skipa og samruna fyrirtækja. Við þessu verða hafnirnar að bregðast. Hér er m.a. um að ræða staði eins og Raufarhöfn, sem liggur mjög vel við miðum. Raufarhöfn á allt undir góðri hafnaraðstöðu og því er mikilvægt að geta orðið við þeim óskum sem hafnarstjórnir og sveitarstjórnir á slíkum útgerðarstöðum setja fram.

Ég vil minnast á annað atriði sem skiptir verulegu máli við niðurröðun framkvæmda í þessari tillögu um hafnaáætlun en það eru hinar miklu breytingar sem orðið hafa á innanlandsflutningum. Nú er svo komið að aðeins eitt skipafélag stundar reglubundnar strandsiglingar að einhverju ráði. Viðkomustaðir þess innan lands eru í dag 11 talsins. Annað skipafélag sem stundaði strandsiglingar hefur dregið sig úr þeim og fara þeir flutningar fram á vegakerfinu. Þetta eru mikil umskipti því kringum árið 1990 voru viðkomustaðir strandsiglingaskipa 32–33 með vikulega viðkomu og enn fleiri ef hafnir með óreglulega viðkomu og hafnir með viðkomu á tveggja vikna fresti eru taldar með.

Ekki er á þessari stundu vitað hvort þessi þróun heldur áfram. Sumir telja að hún haldi áfram og ganga jafnvel svo langt að spá því að einungis verði tvær millilandahafnir á landinu að stóriðjuhöfnunum undanskildum. Um þetta er ekki gott að spá en auðvitað er í tillögum að hafnaáætlun 2001–2004 afleiðingar þess að koma fram, þeirrar þróunar sem hér hefur verið lýst.

Nú eru framkvæmdir í vöruflutningahöfnunum takmarkaðri en verið hefur og er það að ósk sveitarfélaganna. Samt er það svo að umtalsverðir vöruflutningar fara fram um margar hafnir þó þær séu ekki á áætlun strandferðaskipa. Koma þarf afurðum eins og mjöli, lýsi og frystum fiski á markað. Aðstöðu til þess þarf að treysta og er það gert svo sem tök eru á.

Í hafnaáætlun er gert ráð fyir verulegum framkvæmdum á Húsavík en þar verður byggður mikill grjótgarður. Þessi garður er nauðsynlegur fyrir höfnina, eigi hún að eiga einhverja framtíð, því núverandi skjól er ekki fullnægjandi fyrir viðlegu við þær bryggjur sem fyrir eru. Jafnframt er veitt veruleg fjárhæð í endurnýjun og byggingu viðlegu- og löndunarbryggju. Ekki er tekin afstaða hvort um verði að ræða gagngera endurnýjun á suðurhöfninni þar eða nýja viðlegu. Rétt er að ákvarðanir um þetta atriði verði teknar við endurskoðun þessarar áætlunar eftir tvö ár til að ráðrúm gefist til hönnunar og hagkvæmnisathugunar. Þetta er sérstaklega

nefnt vegna þess að framkvæmdir á Húsavík eru með þeim stærstu sem gert er ráð fyrir í áætluninni.

Í hafnaáætlun er sett fram að þessu sinni áætlun um framkvæmdir við ferjubryggju og lendingarbætur. Hingað til hafa framlög vegna þessa verið á fjárlögum hverju sinni. Hluti af hafnaáætlun eru nauðsynlegar grunnrannsóknir sem hefur ekki verið áður. Að mínu mati er hér um mjög þýðingarmikið atriði að ræða og eðlilegt að grunnrannsóknir séu hluti af hafnaáætluninni. Ef við styrkjum þessar rannsóknir ekki myndarlega þá munu þær hverfa úr landi sem og öll sú þekking sem fjárfest hefur verið í innan lands á undanförnum árum og áratugum.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar er fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir þannig 75% í hafnargörðum, öldubrjótum, dýpkunum og siglingarmerkjum, skv. 21. gr. hafnalaga er hámarkið 90%. Ríkið greiðir enn fremur 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum.

Í samræmi við ákvæði 28. gr. hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti styrk sem nemur 15% af heildarframkvæmdakostnaði til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Hlutur minni sveitarfélaga í hafnargörðum og dýpkunum getur því áfram náð því hámarki sem kveðið er á um í hafnalögum. Samkvæmt tillögu að hafnaáætlun eru eftirfarandi framkvæmdir áformaðar:

Árið 2001 er áætlað að framkvæma fyrir um 2.136 millj. kr. hjá 31 hafnarsjóði.

Árið 2002 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.455 millj. kr. hjá 29 hafnarsjóðum.

Árið 2003 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.587 millj. kr. hjá 25 hafnarsjóðum.

Árið 2004 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.454 millj. kr. hjá 22 hafnarsjóðum.

Samtals er kostnaður við ríkisstyrktar hafnargerðir áætlaður 6.652 millj. á árunum 2001–2004. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 2.169 millj. kr. en hlutur ríkissjóðs 4.483 millj. kr.

Hafnaráð hefur fjallað um og afgreitt hafnaáætlunin fyrir árin 2001–2004 og sveitarstjórnum hefur verið kynnt afgreiðsla hafnaráðs svo sem lög kveða á um.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. verði vísað til hv. samgn. og til síðari umræðu að þessari umræðu lokinni.

[01:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Tillaga til þingsályktunar um hafnaáætlun 2001–2004 sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir er um margt metnaðarfull. Þar eru margar góðar framkvæmdir fyrirhugaðar. Mig langaði að fara orðum um og spyrja hæstv. ráðherra um nokkur atriði.

Í fyrsta lagi vildi ég spyrja: Hversu margar hafnir hafa ekki hafa nýtt framlög sín á síðustu árum og hversu mikið fé er þar um að ræða?

Eins og hæstv. ráðherra vék að í framsögu sinni er hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum við hafnir allt frá 60% og upp í 75% eftir því hvert verkefnið er, t.d. dýpkun eða bryggjugerð. Engu að síður þurfa sveitarfélögin að leggja á móti verulega háar upphæðir. Eins og hæstv. ráðherra vék að er þessi áætlun upp á 6–7 milljarða kr. að mig minnir og þar er hlutur sveitarfélaga liðlega 2 milljarðar. Til þess að þau geti ráðist í þessi verkefni þurfa þau að hafa efni á því að fjármagna sinn hlut.

Þannig er, herra forseti, að tekjur margra sveitarfélaga við sjávarsíðuna sem byggja afkomu sína á útgerð hafa minnkað vegna fólksflótta og færri atvinnutækifæra. Því er erfitt fyrir þau sveitarfélög að koma með mótframlag gegn því sem greitt er af ríkinu, hversu nauðsynlegt sem þeim er að viðhalda, endurbyggja og reisa betri hafnarmannvirki. Sveitarfélög geta þar lent í vissum vítahring og kannski einmitt þau sem brýnustu þörfina hafa fyrir að halda við höfnum sínum. Þess vegna horfir maður með nokkrum ugg til framkvæmdar þessarar metnaðarfullu hafnaráætlunar, að vegna lágra tekna margra sveitarfélaga muni þau ekki geta lagt fram sinn skerf og farið í slíkar umbætur. Mér þætti því fróðlegt að heyra hver staðan er varðandi framkvæmd hafnaáætlunar síðustu árin.

Ég vildi jafnframt inna hæstv. ráðherra frekar eftir þeim styrk sem heimilt er að veita til minni hafna og staða sem eiga erfitt með að fjármagna sinn hluta. Hversu mikið fjármagn er þar á ferðinni og hvernig er því útdeilt?

Hæstv. ráðherra kom inn á að hafnir og hafnarsjóðir byggju við verulega óvissu um tekjur í næstu framtíð. Miklar breytingar eru að verða á öllum vöruflutningum á sjó og horfur á því að þeir leggist niður að miklu leyti. Einnig höfum við séð að bæði útskipun á fiskafurðum og vörum, þó þær séu unnar og frágengnar vítt og breitt um landið, fer fram í Reykjavík. Sömuleiðis eru landanir í auknum mæli að færast á örfáa staði og gera tekjugrunn margra hafna afar óvissan þó áfram verði þær jafnmikilvægar lífæðar fyrir atvinnulífið á viðkomandi stöðum. Vert er að gera sér grein fyrir þessu þegar metnir eru möguleikar á framkvæmd hafnaáætlunar en eins og hæstv. ráðherra kom inn á er verið að semja frv. til nýrra hafnalaga þar sem er væntanlega verður tekið á þessum breytingum í rekstri og tekjum hafnanna með tilliti til möguleika þeirra í breyttu rekstrarumhverfi.

Varðandi einstakar hafnir langar mig í fyrsta lagi að spyrja um á höfnina við Blönduós. Hún er ekki í upptalningunni hér. Mig langar til að forvitnast um stöðu hafnarinnar við Blönduós.

Eins og hæstv. ráðherra benti á er þarna ekki minnst á framkvæmdir við höfnina á Seyðisfirði en mér vitanlega er eitt, eitt og hálft ár þar til hin nýja ferja kemur — það mun a.m.k. gerast alveg í næstu framtíð — sem á að ganga á milli Seyðisfjarðar, Noregs og Danmerkur. Fyrir hana þarf að stækka höfnina verulega. Hvað er fyrirhugað varðandi undirbúning á höfninni fyrir ferjuna?

Hæstv. ráðherra hafði einnig orð á því að hér er ekki heldur minnst á hafnir sem tengjast hugsanlegu álveri við Reyðarfjörð. Menn kunna að hafa lagt af hugmyndir um álver og snúið sér að öðru skynsamlegra í atvinnuuppbyggingu Austfirðinga. Það væri þá vel ef ráðherra væri að boða það svo heillavænlega. Ég mundi samfagna honum í því ef sú er raunin, sem ég vona. Engu að síður vil ég þó fá að heyra það staðfest af hæstv. ráðherra svo ég geti glaðst yfir því. Hins vegar ættu svona hafnir að vera hluti af almennum hafnaáætlunum hvernig svo sem þær eru fjármagnaðar.

Herra forseti. Þar sem ljóst er að umræðu um þessa þáltill. um hafnaáætlun er ekki lokið þá mun ég víkja að fleiri atriðum síðar.

Umræðu frestað.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, fyrri umr.

Stjtill., 319. mál. — Þskj. 401.

[01:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sjóvarnaáætlun sem er 319. mál á þskj. 401.

Lög um sjóvarnir, nr. 28/1997, gengu í gildi 1. jan. 1998 og eru fyrsta lagasetningin á því sviði. Tilgangur laganna er að koma fastara skipulagi á sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim framkvæmdum. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið þannig að fjárln. hefur gert tillögur um fjárveitingu til einstakra staða að fengnum tillögum frá Siglingastofnun Íslands, áður Hafnamálastofnun ríkisins. Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til Siglingastofnunar Íslands og einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Fyrir gildistöku laga um sjóvarnir hafði myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum voru sjóvarnir fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingu ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan við grjótvörnina.

Með hinum nýju lögum eru tekin af öll tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðasvæði séu samkvæmt samþykktu skipulagi. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkts skipulags eru teknar sjálfstæðar ákvarðanir hverju sinni í samráði við sveitarstjórnir.

Að lokum eru ákvæði um að leggja skuli mat á þörf fyrir sjóvarnir við gerð aðalskipulags. Bera þarf saman kostnað við sjóvarnir og það hagræði sem af þeim gæti hlotist annars vegar og hins vegar þann sparnað sem leiðir að því að færa byggðasvæði til. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja t.d. strandbyggð þannig að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vakna spurningar um hver eigi að bera kostnaðinn af því.

Þetta er fyrsta fjögurra ára sjóvarnaáætlunin sem lögð er fram sem þáltill. Í meginatriðum er byggt á mati á sjóvörnum hjá þeim sveitarfélögum sem sendu inn erindi en einnig er stuðst við yfirlitsskýrslu um sjóvarnir sem var fyrst birt 1995, var svo endurskoðuð 1998 og aftur nú í ár á vegum Siglingastofnunar Íslands í september árið 2000. Hverju sveitarfélagi sem nefnt er í yfirlitsskýrslunni hefur verið sendur sá hluti hennar sem fjallar um það.

Sjóvarnaáætlunin var unnin í samráði við hafnaráð og lauk þeirri vinnu með umfjöllun á fundi 1. nóvember síðastliðinn.

Framkvæmdum var raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B, og C. A-framkvæmdum er lokið og flestum B-framkvæmdum. Því eru í þessari áætlun aðallega B–C-framkvæmdir og C-framkvæmdir.

Heildarkostnaður við framkvæmdir í flokki C og ofar er áætlaður um 333 millj. kr. Miðast framkvæmdaáætlun fyrir árin 2001–2004 við að ljúka þessum framkvæmdum. Að auki er í yfirlitsskýrslunni fjallað um verkefni sem eru til athugunar og ná ekki flokkun. Kostnaður við verkefnin sem ekki komust á áætlunina er áætlaður um 110 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði $^{7}/_{8}$ hluta kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur sem hagræði hafa af sjóvörnum á landi sínu greiði $^{1}/_{8}$ hluta. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir eins og áður hefur komið fram. Með því er sveitarstjórn eða landeigendur gerðir ábyrgir fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og nauðsynlegar áætlanir.

Leggja verður áherslu á að sjóvarnaverkefnum verður ekki lokið með þessum áætluðu framkvæmdum. Töluvert er af sjóvörnum 15–20 ára og eldri og þarfnast þær styrkingar sem ekki er gert ráð fyrir hér. (**Gripið fram í:** Hverjar eru þær helstar?) Svo er á hitt að líta að meira en 10 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands en 5–6 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum.

Umræddar framkvæmdir eru einkum og sér í lagi við suðurströndina, svo að frammíkalli sér svarað.

Nýtt stórflóð mundi skapa nýja framkvæmdaþörf og er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því.

Búast má við stórflóðum á 10–20 ára fresti, sé tekið mið af reynslu okkar. Stórtjón hafa orðið á síðustu árum af völdum sjávarflóða í ofviðrum beggja vegna Atlantshafsins. Sumir vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og hærri aldna. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Þá eru kenningar um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftslags samfara svonefndum gróðurhúsaáhrifum. Nú er í gangi alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem því kann að vera samfara.

Athygli hefur vakið að meiri hlutinn af landeyðingu á austurströnd Bandaríkjanna er talinn af mannavöldum, stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga en einnig af sjóvörnum. Þeir sem bera tjón af því eru jafnvel næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumi. Hér er því á margt að líta.

Áætlaður heildarkostnaður á hvert ár í sjóvarnaáætlun 2001–2004 er rúmlega 80 millj. kr. Þar er hlutur ríkisins $^{7}/_{8}$ eins og fyrr greinir. Að meðtöldu óskiptu fé er áætluð fjárveiting ríkissjóðs 73,8 millj. kr. á árinu 2001 og 2002 en 78,2 millj. kr. hvort ár 2003 og 2004.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. þessari verði vísað til hv. samgn. og til síðari umræðu að lokinni þessari umræðu.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 01:33.

41. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206, nál. 365 og 367, brtt. 243. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 283. mál, þskj. 311. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 293. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 314. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Barnalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 377. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, stjfrv., 318. mál, þskj. 400. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lyfjalög, frv., 300. mál, þskj. 342. — 2. umr.
10. Sjúklingatrygging, frv., 301. mál, þskj. 343. — 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Páll Pétursson félmrh.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Matvæli, 74. mál, nál. umhvn., þskj. 432.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 332. mál, þáltill. SJóh o.fl., þskj. 431.

Villtur minkur, 334. mál, þáltill. ÁGunn o.fl., þskj. 434.

Umræður utan dagskrár.

Losun gróðurhúsalofttegunda.

[13:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Óhætt er að fullyrða að fólk um heim allan hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum þegar sjötta aðildarríkjaráðstefna rammasamningsins um loftslagsbreytingar fór út um þúfur í Haag, enda mikið í húfi. Í annan tíma höfum við ekki horfst í augu við umhverfisvanda af þeirri stærðargráðu sem loftslagsbreytingar á næstu öld kynnu að verða. Þess vegna fannst ýmsum óhugsandi að þriggja ára þrotlaus vinna frá því í Kyoto gæti farið í vaskinn, en hið ótrúlega gerðist að þegar á reyndi var samningsviljinn ekki nægur og skammtímahagsmunir urðu ofan á.

En um hvað er að tefla, herra forseti? Samkvæmt spám færustu vísindamanna um loftslagsbreytingar getur hitastig á jörðinni hækkað um 1,5–6 gráður á Celsíus á næstu 100 árum. Yfirborð sjávar gæti hækkað um 15–92 sm að meðaltali fyrir árið 2100. Þetta eru meiri loftslagsbreytingar á næstu 100 árum en orðið hafa sl. 10 þúsund ár, herra forseti. Þess vegna þarf strax að grípa til aðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.

Í Kyoto náðist samkomulag um að iðnríki stigju fyrsta skrefið og minnkuðu losun um 5,2% að meðaltali á fyrsta bókhaldstímabili samningsins. Nú er það samkomulag í uppnámi. Og það sem verra er, nýjustu tölur sýna að langflest iðnríki hafa aukið losun gróðurhúsalofttegunda á sl. áratug.

Frá 1990 til 1998 jókst losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 4,7%, í Ástralíu jókst hún um 14,5%, á Spáni um 21%, í Bandaríkjunum um 11% svo nokkur dæmi sú nefnd. Í Vestur-Evrópu hefur ríkisstjórnum Bretlands, Lúxemborgar og Þýskalands einum tekist að grípa til aðgerða til að draga úr losun.

Herra forseti. Íslendingar eru langt frá því að vera hvítþvegnir englar þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda eins og stundum mætti skilja á málflutningi hæstv. umhvrh. Ísland er í 17. sæti í hópi iðnríkjanna þegar losun koltvísýrings er mæld á hvern íbúa. Við losum 9 tonn af koltvísýringi á hvern mann á ári. Það er að vísu helmingi minna en hver Bandaríkjamaður losar, enda eru þeir heimsmeistarar, en það er rétt ríflega losun hvers manns í Evrópusambandinu.

Í ljósi þessara staðreynda er rétt að spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún hafi einhverjar áætlanir í smíðum er miði að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda hér á landi á næstu árum. Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi á vegum ráðuneytisins í þessum efnum, t.d. með tilliti til samgangna, iðnaðar og sjávarútvegs? En frá upphafi hefur það verið leiðarljós Kyoto-bókunarinnar að leggja höfuðáherslu á aðgerðir sem minnka losun heima fyrir. Að auki er þróun endurnýjanlegra orkugjafa að sjálfsögðu lykill að langtímalausn í þessum efnum.

Herra forseti. Ýmsir fulltrúar á ráðstefnunni í Haag tóku svo djúpt í árinni að halda því fram að útfærsla Kyotobókunarinnar væri flóknasta samningaverkefni sem ríki jarðar hefðu staðið frammi fyrir og lausnin er fjarri því að vera einföld eða ódýr þegar til skamms tíma er litið. En þegar til lengri tíma er litið er jafnljóst að náist ekki samningar sem fyrst munu jarðarbúar gjalda því dýru verði síðar.

Áhrif hlýnunarinnar á lífsskilyrði á jörðinni má að einhverju leyti sjá fyrir. Fæðuskortur mun aukast á sumum svæðum, vatnsskortur á öðrum, grunngerð samfélaga gæti víða orðið fyrir óbætanlegu tjóni og afleiðingar á útbreiðslu smitsjúkdóma eru einnig mikið áhyggjuefni. Um áhrif á plöntu- og dýralíf, líffræðilega fjölbreytni, er erfiðara að spá, en um grundvallarbreytingar gæti orðið að ræða. En eitt er alveg ljóst, þeir fátækustu verða fyrst fyrir barðinu á loftslagsbreytingunum. Þeir sem minnst hafa mengað verða verst úti. Þeir sem minnsta möguleika hafa til að verjast afleiðingunum finna mest fyrir þeim.

Herra forseti. Mig langar einnig að inna hæstv. umhvrh. eftir því hvernig hún muni undirbúa væntanlegan fund aðildarríkjanna í Bonn á vori komanda. Hverjar telur ráðherrann líkurnar á því að samningar þokist áfram á þeim fundi? Munu íslensk stjórnvöld halda íslenska ákvæðinu til streitu ef samningaviðræður fara aftur í gang?

Að lokum, herra forseti. Er ekki tímabært að hæstv. umhvrh. geri Alþingi grein fyrir því hvað felst í raun og veru í útfærslu íslenska ákvæðisins? Hvernig hyggjast stjórnvöld

beita sér fyrir nauðsynlegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda nái tillaga Íslands einhvern tíma fram að ganga?

[13:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar stöndum mjög vel að vígi. Við erum heimsmeistarar, eins og margoft hefur komið fram, í nýtingu á endurnýjanlegri orku. Tæplega 7% af orkunni sem við nýtum eru endurnýjanleg. Ekkert annað land í heimnum er með tærnar þar sem við erum með hælana í því. Við erum með afar lága stuðla varðandi heimilishald þannig að við stöndum okkur mjög vel í heimilishaldinu líka. Þar erum við einnig að nýta endurnýjanlega orku.

Við erum hins vegar með stærsta fiskiskipaflota á íbúa vegna þess að við erum fá og erum svo háð fiskveiðum. Þessu þurfum við öllu að halda til haga en á heildina litið má segja að við stöndum vel að vígi.

Eins og hér kom fram var sjötta aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins sem haldið var í Haag frestað og líklegt er talið að það komi saman aftur í maí á næsta ári. Það er stefnt að því. Menn féllu á tíma í Haag og það voru vonbrigði.

Við undirbúning fyrir fundinn í Bonn í maí munu íslensk stjórnvöld leggja á það áherslu sem fyrr að landgræðsla verði viðurkennd aðferð til kolefnisbindingar. Við munum líka undirbúa fundinn þannig að við munum hvetja til nýtingar á endurnýjanlegri orku. Allir umhverfisverndarsinnar sem fjalla um þessi mál leggja áherslu á að minnka notkun á kolum, olíu og kjarnorku en auka notkun á endurnýjanlegri orku. Það er nákvæmlega það sem Íslendingar eru að bjóða upp á.

Hið svokallaða íslenska ákvæði fjallar um nýtingu á endurnýjanlegri orku í litlum hagkerfum. Meginmarkmið ákvæðisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í iðnaðarframleiðslu. Tillagan veldur hnattrænni minnkun í losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún er í fullu samræmi við meginkmarkmið Kyoto-bókunarinnar.

Á fundinum í Haag var tillagan til umfjöllunar í undirnefnd fundarins. Hún var send áfram til framhaldsþingsins sem við munum halda í maí með nokkrum orðalagsbreytingum. Fyrir fundinn í Haag höfðu íslensk stjórnvöld átt viðræður við ríki ESB og Kanada varðandi breytingar frá fyrri drögum sérákvæðisins sem Ísland hafði lagt fram í Buenos Aires 1998. Í fyrsta lagi gerir tillagan ráð fyrir að utan losunarbókhaldsins sé einungis koldíoxíð þannig að flúorkolefni sem myndast við álframleiðslu og er fjórðungur af heildarlosun þeirra í dag verða talinn með í bókhaldi Íslands.

Í öðru lagi var sett þak sem er miðað við 1,6 millj. tonna á ári og þetta þak var sett til þess að ákvæðið yrði auðskiljanlegra fyrir aðrar þjóðir. Ég tel, herra forseti, góðar líkur á að niðurstaða náist í vor, ekki síst í ljósi þess að mjög lítið vantaði upp á að samningar næðust.

Í gær hófst fundur lykilríkja hjá ESB og hjá regnhlífarhópnum svokallaða á embættismannastigi í Kanada. Hugmyndin er sú að reyna að ná niðurstöðu milli þessara tveggja ríkjahópa sem e.t.v. yrði hægt að staðfesta á væntanlegum fundi umhverfisráðherra ESB 18. desember nk. Náist samkomulag milli þessara ríkja mun forseti ráðstefnunnar, Jan Pronk, umhverfisráðherra Hollands, geta nýtt það sem hluta af lokalausn sem við vonandi samþykkjum í maí. Það er því umfangsmikil vinna í gangi núna við að reyna að ná samningi fram.

Hvað sem samningaferlinu líður er ljóst að við verðum að takast á við aukna losun hér á landi. Það hefur komið oft fram hér áður að losun okkar er þannig uppbyggð að einn þriðji kemur úr sjávarútvegi, einn þriðji úr samgöngukerfinu og tæplega einn þriðji úr iðnaði. Stýrihópur ráðuneytisstjóra um loftslagsmál undir forustu umhvrn. er núna að vinna að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem eiga að ná til næstu fimm ára. Markmiðið er að ná merkjanlegum árangri við að draga úr heildarlosun hér á landi. Það þarf að grípa til ýmissa stjórnvaldsaðgerða til að ná því markmiði.

Núna er verið að skoða kosti og galla ýmissa leiða. Til dæmis að kvótabinda innanlandsnotkun þar sem það á við, skattleggja eða gjaldbinda losun, styrkja beint eða beita skattaívilnunum vegna aðgerða til þess að draga úr losun og auka bindingu, beita fyrirmælum með lögum og reglugerðum og að síðustu koma á frjálsum samningum við atvinnulífið með því að minnka losun. Við höfum náð slíkum samningum fram m.a. við eitt iðnaðarfyrirtæki sem hefur dregið verulega úr losun í kjölfarið.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum segja að ég tel mjög miklar líkur á því að niðurstaða náist á ráðstefnunni í maí.

[13:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. klifar á því að Íslendingar standi sig vel í þessum efnum vegna þess að við notum svo mikið af endurnýjanlegri orku. Þessar upplýsingar eru réttar en villandi, herra forseti, því að orkusóun á Íslandi er afar mikil. Við eyðum miklu meiri orku á íbúa en aðrar vestrænar þjóðir gera og orkusóun er ekki til umræðu í samfélagi okkar, herra forseti. Losun á Íslandi á gróðurhúsalofttegundum er hærri á íbúa en hún er í Evrópusambandinu. Þess vegna segi ég, herra forseti, að upplýsingarnar sem hæstv. umhvrh. klifar á séu villandi.

Það er alveg rétt hjá hæstv. umhvrh. að við notum endurnýjanlega orku. 67% af þeirri raforku sem við notum á Íslandi er komin frá endurnýjanlegum orkugjöfum og það er að sjálfsögðu til fyrirmyndar og ekki ber að kasta neinni rýrð á það. En það er ekki til fyrirmyndar að halda áfram að framleiða vistvæna orku í stórum stíl sem þó er ekki framleidd, herra forseti, á sjálfbæran hátt þegar litið er til náttúrunnar og landsins sem líka er auðlind, sameiginleg auðlind þjóðarinnar, og selja svo, herra forseti, hina vistvænu orku til málmbræðslu sem mengar meira en nokkur annar iðnaður. Og það að leggjast á sveif með stórþjóðunum, Bandaríkjamönnum og Kanadabúum, er ekki heldur til fyrirmyndar. Það sem væri til fyrirmyndar fyrir íslenska þjóð væri að stjórnvöld færu fremst í umræðunni um sjálfbæra orkustefnu, um notkun vatnsorku, jarðvarmaorku, vindorku og sólarorku og kæmi svo hér á fyrsta sjálfbæra samfélaginu í veröldinni sem mundi ná til heillar þjóðar. Það væri til fyrirmyndar, herra forseti, en ekki sá málflutningur sem íslensk stjórnvöld reka á alþjóðagrundvelli. Og hnattræni ávinningurinn, herra forseti, er svo lítill að íslensk stjórnvöld skammast sín fyrir að nefna töluna sem er núll komma núll, núll, eitthvað prósent þegar horft er á hnattræna ávinninginn af því að reisa álver á Reyðarfirði en ekki einhvers staðar í Afríku.

[13:45]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Umræðan um Kyoto-bókunina og hvernig sá samningur verður framkvæmdur er í nokkuð lausu lofti eins og oft áður. Það er ekki litið til möguleikanna á að þessi Kyoto-bókun komist í framkvæmd. Það er heldur ekki reynt að spá í hvers vegna Evrópuríkin sjá sér hag í því að ekki var ritað undir samkomulagið. Það var varla þornað blekið af bókunum fundarins þegar Evrópusambandið breytti gersamlega um stefnu í orkumálum. Hvað ákváðu þeir þá? Þeir ákváðu að leggja áherslu á kjarnorkumál vegna þess að þeir geta ekki staðið við Kyoto-samninginn öðruvísi en að efla kjarnorkuframleiðslu sína til raforkuframleiðslu.

Hér er talað um að við Íslendingar séum meiri orkusóðar en Evrópusambandið. Hvernig stendur á því, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að Evrópusambandið getur sýnt fram á tölur um að þeir eyði minna af jarðefnaorku en aðrar þjóðir? Það er vegna þess að innan Evrópusambandsins eru þjóðir sem framleiða allt upp í 70% raforku sinni með kjarnorku. Er hv. þm. að hæla Evrópusambandinu fyrir það? Það er mjög erfitt að ráða í hvað hv. þm. á við með því að við séum eftirbátar annarra í þessum efnum.

Hvernig stendur á því, þegar við lítum á heildarhlut Evrópusambandsins í þessu, að Frakkland á ekki að leggja neitt fram í að draga úr gróðurhúsagastegundum og Portúgal má auka þær um 27%? Er þetta eitthvað sem hv. þm. veit ekkert um, hefur ekki kynnt sér? Hvernig stendur á því að þessi ræðuhöld eru gersamlega úr tengslum við raunveruleikann?

[13:47]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það voru sorgleg tíðindi fyrir heimsbyggðina alla þegar ljóst var að árangur næðist ekki á loftslagsráðstefnunni í Haag sem var frestað fyrir nokkru. Það var fróðlegt að fylgjast með framgöngu íslenskra stjórnvalda á ráðstefnunni en framlag íslensku sendinefndarinnar til þess gríðarlega verkefnis sem fyrir ráðstefnunni lá virtist fyrst og fremst ganga út á að ná sérsamningum fyrir Ísland. Ætlunin virtist síðar að leggja eitthvað af mörkum til að samkomulag mætti nást á ráðstefnunni, heimsbyggðinni allri til framdráttar, þar á meðal Íslandi.

Aðalerindið var hinn íslenski sérsamningur og það endurspeglar kannski hvernig okkur Íslendingum hættir til að hugsa. Við höfum tiltölulega litlar áhyggjur af loftslagsbreytingum samanborið við margar aðrar þjóðir víða um heim sem hafa undanfarin ár fundið fyrir áhrifum þeirra af eigin raun. Það eru reyndar fátækustu ríki heims sem fara verst út úr hlýnun andrúmsloftsins. Þau hafa losað minnst af gróðurhúsalofttegundum á liðnum árum en eiga jafnframt minnsta möguleika á að verjast breytingunni. Það er þó ekki bara í fjarlægum löndum sem fólk hefur þegar fundið fyrir afleiðingum af loftslagsbreytingum. Óvenjumiklar rigningar, flóð og harðir frostakaflar er nokkuð sem Evrópubúar hafa fundið fyrir í auknum mæli á síðustu árum og að sjálfsögðu er það vandamál okkar Íslendinga líka.

Herra forseti. Við Íslendingar eigum erindi við umheiminn í umhverfismálum sem og á öðrum vettvangi. Við eigum að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi af ábyrgð og með reisn. Íslensk stjórnvöld halda ekki slíkri reisn meðan erindi þeirra við umheiminn snýst í sífellu um sérsamninga okkur til handa, um að fleyta rjómann ofan af alþjóðasamvinnunni en gefa sem allra minnst í staðinn. Hagsmunir Íslands geta nefnilega farið saman við hagsmuni annarra ríkja. Það er mikilvægt að hafa það í huga. Tökum þátt af ábyrgð og sýnum um leið að við höfum heilmikið til málanna að leggja.

[13:49]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eftir Kyoto-ráðstefnuna gagnrýndi hv. stjórnarandstaða ríkisstjórn Íslands harðlega hér á Alþingi fyrir það varúðarsjónarmið að skrifa ekki undir samkomulagið þegar í stað. Í ljósi niðurstaðna af Haag-ráðstefnunni er eðlilegt að spyrja hvar við stæðum í dag ef ráðum hv. stjórnarandstöðu hefði verið fylgt. Við værum ein örfárra þjóða búin að taka á okkur alþjóðlegar skuldbindingar sem fæstar þjóðir heims hafa treyst sér til að gangast undir. Afleiðingar þess væru verulegar fyrir samkeppni íslensks efnahagslífs og ekki síður fyrir umhverfismál í hnattrænum skilningi.

Það hlýtur að skjóta skökku við að heyra í sölum Alþingis þau eigingjörnu sjónarmið að banna okkur sjálfum sem þjóð og alþjóðasamfélaginu að nýta skynsamlega hina einstöku umhverfisvænu orku okkar Íslendinga. Menn verða að svara því afdráttarlaust hvort þeir vilja nota kol eða olíu sem orkugjafa í iðnaði eða ljá heiminum skynsamlegan aðgang að vistvænum orkugjöfum okkar Íslendinga.

Niðurstaða Haag-fundarins kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Ég hygg að útblástursvandi heimsins verði fyrr leystur með nýrri tækni en alþjóðlegu samkomulagi. Framarlega þar í flokki er vetnistæknin enda fleygir henni fram með ævintýralegum hraða. Ríkisstjórn Íslands er fyrsta ríkisstjórn veraldar með það pólitíska markmið að byggja efnahagslíf sitt á vetnistækni. Þar getum við orðið leiðandi í heiminum. Þar getum við líka ráðist á vanda okkar þar sem hann er mestur í umhverfismálum rétt eins og við höfum gert varðandi nýtingu vistvænna orkugjafa. Þar erum við einfaldlega heimsmeistarar. Þess vegna eru raddir margra hv. stjórnarandstæðinga hér á Alþingi heldur ófaglegar og óábyrgar.

[13:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það vekur vonbrigði að við Íslendingar skulum ævinlega læsast í sveitamennskuna og segja að við séum bestir á öllum sviðum, að ekki skuli vera hægt að ræða þessi mál út frá stöðunni eins og hún er í dag. Við vitum að við stöndum illa vegna þess að flotinn okkar notar mikla orku og bílarnir einnig. Við skulum sleppa iðnaðinum.

Síðan við höfum veiðar og vinnslu úti á sjó þá hefur kúrfan stigið til himins hvað varðar olíunotkun. Við treystum á dísilolíu og göngum fyrir henni. Auðvitað á að skoða þessi mál. Þetta eru mál sem við getum fært til betri vegar með öðruvísi aðferðum við fiskveiðar og vinnslu. Það er forheimska að nýta sér ekki þá möguleika og finna leiðir til að færa þessi mál til betri vegar. Af hverju ekki? Auðvitað eigum við að gera það. Það eru mörg rök fyrir því og hægt að halda um það langar ræður.

Tökum bílaflotann. Með stjórnvaldsaðgerðum ýtum við undir einkabílisma. Með stjórnvaldsaðgerðum hvetjum við fólk til þess að keyra stóra bíla sem brenna meira eldsneyti. Stjórnvöld hvetja t.d. ekki til almenningssamgangna. Almenningssamgöngukerfið í landinu er nánast í rúst. Allt hefur verið byggt á einkabílisma. Almenningssamgöngur í bæjum og þéttbýlisstöðum eru heldur ekki góðar. Auðvitað eigum við að einhenda okkur í frjóa umræðu um þetta í stað þess að klifa á því að við séum best. Við vitum að

við stöndum vel vegna þess að við framleiðum 70% af orku okkar á vistvænan hátt. Auðvitað erum við stolt af því en við eigum að gera betur þar sem við getum það. Við getum það í útgerðinni, varðandi bílana og í iðnaði.

[13:54]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það hljómar eins og endurtekning og hefur vissulega komið fram áður að þetta mun eini málaflokkurinn sem við ræðum á hv. Alþingi þar sem Samfylkingin og vinstri grænir eru sammála, þessir fyrrum samherjar. Þeir kölluðu sig það a.m.k. hér áður. Ég er hins vegar sammála þeim um eitt í þessu máli, þ.e. að mikilvægt sé að ríki heims nái samningum um skuldbindandi gagnkvæm ákvæði alþjóðasamnings um aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af manna völdum. Hitt, hversu brýnt er að ganga til verksins, erum við ekki sammála um og alls ekki um hver sérstaða Íslands er eða hvernig eigi að halda á hagsmunum okkar.

Það hefur komið ítrekað fram að hv. þm. þessara tveggja flokka virðast álíta að sérstaða Íslands sé mjög léttvæg og hagsmunir okkar með engu móti öðruvísi en hagsmunir annarra vestrænna ríkja. Sérstaðan Íslands er sú, herra forseti, að útblástur okkar á þessum lofttegundum kemur frá gerólíkum uppsprettum við það sem gerist í hinum vestrænu löndunum sem við köllum iðnvædd. Ísland er hins vegar fiskiðnvætt og sérstaðan liggur í því að þriðjungur útblásturs Íslendinga kemur frá samgöngum og flutningastarfsemi, annar þriðjungur frá fiskveiðum. Iðnaður okkar er mjög léttvægur í samanburði við ríkin sem hér eru tekin til samanburðar. Þetta er sérstaða Íslands auk þess sem við nýtum vistvæna orkugjafa í jafnmiklum mæli og raun ber vitni.

Ég er sannfærður, herra forseti, um að ef við mundum ganga svo langt að taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Samfylkingarinnar og vinstri grænna halda hér fram, mundum láta þau ráða gerðum okkar á alþjóðavettvangi í samningum við önnur ríki um samræmda byrði í aðgerðum, þá færum við illa með hagsmuni Íslands. Þar með mundum við gera íslenskum atvinnuvegum og Íslendingum byrðarnar þyngri en hjá öðrum. Atvinnuvegir okkar yrðu miður samkeppnisfærir og lífskjör færu versnandi. Eru þetta skilaboð þessara tveggja flokka?

[13:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er allt í þoku og myrkri um markmið hæstv. ríkisstjórnar í umhverfismálum. Í samstarfi við aðrar þjóðir skipar hún sér í þá fylkingu sem styst vill ganga til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en lengst gengur hún allra þjóða í að heimta sérréttindi og reyna að skapa sér undankomuleiðir frá sameiginlegum aðgerðum. Hæstv. ríkisstjórn verður þess vegna að svara brennandi spurningum um hvað hún vill gera hér heima.

Verður gengið út frá því, við ákvarðanatöku um stóriðju, útgerð og samgöngumál, að Íslendingar fylgi öðrum þjóðum við að draga úr mengun? Engin stefna virðist til í þessum efnum. Ætlar ríkisstjórnin að gera ráð fyrir því í samningum um stóriðju að geta staðið við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar? Við því er ekkert svar. Engar ráðstafanir eru á döfinni sem draga mundu úr mengun vegna fiskveiða og vinnslu sjávarafla. Við kaupum bara stærri skip og öflugri vélar í flotann. Hefur einhver orðið var við ráðstafanir sem draga úr mengun frá samgöngum? Nei. Það er engin stefna sett fram í neinu.

Til að átta sig á stefnu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra fyrir hennar hönd í þessum málum verða menn að draga lærdóm af reynslunni. Hæstv. umhvrh. byrjaði svo að ætla mátti að hún mundi láta náttúruna njóta vafans ef vafi léki á í slíkum málum. Hún tók þá ákvörðun að uppeldi í svínum á Melasveit ætti að fara í umhverfismat. Hvað hefur gerst eftir það? Hún hefur hafnað öllum þeim málum þar sem vafi hefur leikið á um niðurstöður. Það má t.d. minna á laxeldi í Mjóafirði, í Berufirði, úrskurðinn um Mývatn. Menn hljóta að spyrja: Eru svínin í Melasveitinni eina undantekningin sem sannar þá reglu að aðrir hagsmunir skuli ævinlega ganga framar hagsmunum náttúrunnar?

[13:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. verða að viðurkenna aðalatriði þessa máls. Málið gengur út á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpi jarðar. Við Íslendingar viljum taka þátt í því. Hjá okkur er losun álíka mikil milli þriggja þátta, þ.e. samgangna á landi, fiskveiða og iðnaðar. Þegar línan var dregin á árinu 1990 höfðu Íslendingar breytt um orkugjafa, t.d. breytt úr olíu í græna orku í upphitun húsa. Við höfðum þegar gert þær ráðstafanir sem nú er farið fram á að aðrar þjóðir grípi til. Það sem er þó mikilvægast og snýr að þeim málaflokki sem ég sem iðnrh. ber ábyrgð á er að á Íslandi getum við framleitt ál, léttmálm í álverum knúnum hreinni orku, grænni orku. Ef við hugsum málið hnattrænt eins og okkur ber skylda til, hv. þm. Samfylkingarinnar hafa reynt að skapa sér þá ímynd að hugsa mjög hnattrænt, þá er losun gróðurhúsalofttegunda allt að 7–8 sinnum meiri þar sem notuð eru kol eða olía sem orkugjafi.

Síðast en ekki síst vil ég nefna vetnið. Það getum unnið hér heima, hv. þm. Jóhann Ársælsson. Þar eru mjög spennandi hlutir að gerast. Við Íslendingar eigum gífurlega möguleika á því sviði og við í iðnrn. höfum orðið vör við athygli annarra Evrópuþjóða á því sem við erum að gera. Framtíðarmarkmið okkar hlýtur að vera að skipta úr olíu í vetni í samgöngum og fiskveiðum.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Ég er sveitamaður og skammast mín ekki fyrir það. Við erum best á þessu sviði. Okkar málstaður er góður enda er allur vindur úr hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

[14:01]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Auðvitað erum við öll sammála um það, hæstv. iðnrh., að það þarf að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpi jarðar. En það er bara ekki alveg sama hvernig það er gert. Það er sama hvernig hv. stjórnarliðar láta. Það hefur hverfandi minnkun á losuninni að reisa álver á Íslandi, hverfandi minnkun hnattrænt, og við getum gert svo miklu meira með því að einbeita okkur að því að minnka losun í öðrum geirum. En þetta virðist hæstv. ríkisstjórn hreinlega ekki skilja.

Vegna orða hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar vil ég taka það fram að það er lykilatriði í rammasamningnum um loftslagsbreytingar að þar beri allar þjóðir sameiginlega ábyrgð en mismunandi mikla byrði og þeir sem bera mesta byrði, hv. þm., eru þeir sem hafa mestar forsendur til þess, sem hafa mengað mest og eiga mesta peninga. Þetta er ekki mikið flóknara en það. (**ÁRÁ:** Þetta má lesa í gögnum ...) Herra forseti. Gæti ég fengið frið til að tala?

Við Íslendingar búum við einstakar aðstæður. Það fer ekkert á milli mála. Við eigum mikið af endurnýjanlegum orkulindum og það er einstakt. En það er ekki sama hvernig þær eru nýttar og í hvað þær fara. Hvað ætlar hv. þm. Hjálmar Árnason að gera þegar vetnisdraumarnir rætast, þegar hann verður búinn að eyða orkunni í eitthvað annað? Veit hann hvað þarf mikla orku í það? (**HjÁ:** Já, já.) Hann veit það, já. Væri ekki ráð, hv. þm., að hafa vaðið fyrir neðan sig, að ljúka við rammaáætlunina, að skipuleggja fram í tímann? Við erum að tala um loftslagsbreytingar sem munu eiga sér stað hér á næstu 25, 50, 100 árum. (**HjÁ:** Maður á að kynna sér málið.) Þá verðum við öll löngu dauð. En það er annað fólk sem tekur við þeim arfi. (**Gripið fram í:** Því þá að hafa áhyggjur af þessu?)

[14:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er ágætt að fara aðeins yfir það hvað Evrópusambandið er að gera. Hér var gefið í skyn að Evrópusambandið stæði sig vel. Það er ekki svo. Þeir stefna að því árið 2020 að fara í 12% endurnýjanlega orku. Í dag erum við í 70% endurnýjanlegri orku. Evrópusambandið ætlar í 12% árið 2020. (**ÞSveinb:** Við erum að tala um að ...) Hér var dregið líka fram að við værum með eitthvað meiri losun á íbúa en þeir. Við skulum aðeins athuga af hverju það er. Við skulum líta fyrst á fiskiskipaflotann sem er stærri hlutfallslega hér á íbúa en í nokkru öðru landi. Ef við værum með álíka stóran flota og Evrópusambandið á íbúa, þá færi losun hér úr 9 tonnum á íbúa á ári í 6 tonn á íbúa á ári. Við yrðum 30% lægri en Evrópusambandið að meðaltali. Þar eru menn að nota kol, olíu og kjarnorku og ég hlýt að spyrja Samfylkinguna og vinstri græna: Hvað viljið þið? Þið viljið nota vistvæna orku. Hvað er vistvæn orka? Það er jarðvarmi og vatnsorka. Þið viljið ekki nota kol og ekki nota olíu og þið viljið ekki nota kjarnorku. (**Gripið fram í:** Og ekki stóriðju.) Þá spyr ég: Af hverju styðjið þig ekki sérákvæði Íslendinga? Því að við erum að biðja um nákvæmlega þessa orkugjafa og við erum að bjóða upp á þá.

Ég vil líka að lokum, virðulegi forseti, svara fyrir það sem Jóhann Ársælsson dró inn í umræðuna að það ætti aldrei að láta náttúruna njóta vafans. Þetta eru mikil öfugmæli og hér voru dregin inn nokkur mál. Það var dregið inn laxeldi í Mjóafirði. Þar var farið eftir faglegri ráðgjöf veiðimálastjóra sem gefur út rekstrarleyfi og Hollustuverndar ríkisins sem gefur út starfsleyfi. Berufjörðurinn — það er ekki endanlega búið að úrskurða um það. Þar er kæruferli þannig að ef hv. þm. veit meira en ég um það mál, þá kemur það á óvart.

Hvað með Mývatn? Mývatn fór í tvöfalt umhverfismat. Það nýtur vafans. Ég spyr: Hvað hefur Samfylkingin og vinstri grænir í huga varðandi þau mál og íbúana þar? Tvöfalt umhverfismat á Mývatni. Náttúran naut vafans.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206, nál. 365 og 367, brtt. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Brtt. 243,1 felld með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK.

nei: GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl.

13 þm. (GÖ, GunnB, KF, KPál, LMR, LB, MF, PP, SJS, StB, SvH, DO, GE) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér greiðum við atkvæði um brtt. sem miðar að því að verja kjör almennings í landinu og forða almennu launafólki frá viðbótarálögum í skatti. Stuðningur við þessa brtt. kemur víða að. Ekki einvörðungu stendur stjórnarandstaðan öll að baki henni heldur hefur Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalagið lýst yfir stuðningi við þá stefnu sem hér er að finna. Að ógleymdum áskorunum frá sveitarstjórnum vítt og breitt um landið þar sem hvatt er til þess að sú leið sé farin sem hér er gerð tillaga um. Þessi brtt. nýtur því víðtæks stuðnings í þjóðfélaginu enda er skynsamlegt að forða almenningi frá almennri skattahækkun við þær aðstæður sem ríkjandi eru í samfélaginu.

Ég vil trúa því að stjórnarmeirihlutinn átti sig á alvöru málsins og eftir því verði sérstaklega tekið hvernig einstakir þingmenn munu greiða atkvæði. Ég er á móti skattahækkun og það erum við þingmenn Samfylkingarinnar líka. Ég greiði því atkvæði með þessari tillögu og segi já.

[14:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við hér ræðum er hluti af samkomulagi sem gert var milli sveitarfélaganna og ríkissjóðs um að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Það var tekin ákvörðun um að ríkissjóður bætti sveitarfélögunum upp lækkun á fasteignamati úti á landi. Það var enn fremur tekin ákvörðun um að ríkissjóður bætti upp Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um 700 millj. og þannig er komið til móts við vandamál sveitarfélaganna.

Enn fremur var ákveðið að auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna með því hækka hámarkið sem þau geta farið í útsvari. Það var ekki gert ráð fyrir því að þetta samkomulag ylli almennri skattahækkun, enda ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélögin þyrftu til viðbótar við þá miklu hækkun á fasteignaverði sem hefur verið undanfarið að hækka útsvarið eins og menn hafa gefið í skyn. Það á að vera nóg fyrir sveitarfélögin að fara 0,33% að meðaltali upp í útsvari eins og gert er ráð fyrir að tekjuskatturinn lækki. Ég segi nei.

[14:12]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nei við þessari tillögu. Við höfum verið upplýst um það í þessum sal af einum ágætum hv. þm. Samfylkingarinnar að það sé þensla í efnahagslífinu og það sé verið að eyða um efni fram og það þurfi að sýna aðhald í opinberum rekstri og að helsta vandamál okkar nú til dags sé viðskiptahalli, tifandi tímasprengja er það orð sem stundum hefur verið viðhaft um það. Á slíkum tímum hljómar það eins og ómerkilegt yfirboð og afar ótrúverðugt að ætla sér að fara að afgreiða

síðan tillögu eins og þá sem hér er til umræðu með því að samþykkja hana. Ég segi því að sjálfsögðu nei við þessu.

[14:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður þessa tillögu en hún byggir á því að heimildum sveitarfélaga til útsvarshækkunar verði mætt með samsvarandi tekjuskattslækkun, ekki að hluta til eins og ríkisstjórnin gerir tillögu um heldur að fullu. Með því móti næðust þau meginmarkmið að færa tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga án þess að skattbyrði á launafólk væru aukin. Þessi afstaða er í fullu samræmi við afstöðu sveitarfélaganna. Hún er í samræmi við kröfur ASÍ. Hún samræmist sjónarmiðum BSRB. Hún nýtur stuðnings Öryrkjabandalags Íslands og Félags eldri borgara. Þetta er réttlætismál sem á hljómgrunn í þjóðfélaginu. Nú reynir á hvort þessi almannavilji endurspeglast hér í sölum Alþingis. Ég segi já.

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með formanni Samfylkingarinnar um að hlusta beri á sjónarmið helstu stofnana landsins á sviði efnahagsmála eins og Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn er þeirrar skoðunar að yrði þessi tillaga samþykkt mundi það raska efnahagsjafnvæginu og auka viðskiptahallann. Því segi ég nei.

[14:16]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Forusta Samfylkingarinnar hefur með reglulegu millibili mánuð eftir mánuð sl. tvö ár skammað ríkisstjórnina fyrir að lækka skatta. Eins og kunnugt er var tekjuskattur lækkaður um 4 prósentustig sem er einhver mesta skattalækkun í sögu lýðveldisins og hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur hækkað meira á Íslandi en í nokkru öðru landi á undanförnum árum.

Þessi sama Samfylking hefur skammað okkur stjórnarliða fyrir þessa skattalækkun og sagt jafnframt að það þyrfti frekar að hækka skatta eins og nú áraði. Þessi tillaga er því hrein og ómenguð sýndarmennska. Ég segi nei.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (DO, GE, GÖ, GunnB, KF, KPál, LMR, LB, MF, PP, SJS, StB, SvH, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar og minni hluti efh.- og viðskn. munu freista þess að flytja brtt. við 3. umr. málsins til hækkunar á skattleysismörkum til að forða því að 2–3 þúsund manns í hópi námsmanna, lífeyrisþega og lágtekjufólks fari að greiða skatt á næsta ári og að allt að þriggja mánaða launahækkun launafólks sem samið var um fyrr á þessu ári hverfi í skattahækkun. Þá brtt. þarf að samþykkja ásamt þessari tillögu til þess að forða því að auka skattbyrði á láglaunafólk á næsta ári sem þessi ríkisstjórn ber alfarið ábyrgð á ef af verður. Ég segi já.

[14:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú hefur ríkisstjórnarmeirihlutinn fellt tillögu um að tekjuskattar á einstaklinga verði lækkaðir til samræmis við heimildir til útsvarshækkunar hjá sveitarfélögum eða um 0,99%. Nú greiðum við atkvæði um tillögu um að tekjuskattur verði lækkaður um 0,33%. Að sjálfsögðu er þetta skref í rétta átt og við styðjum það en eftir stendur að skattbyrði á launafólk er aukin. Ég vek athygli á því að frá því að frá því að staðgreiðsla var tekin upp hefur skattbyrði á einstaklinga verið hækkuð en skattbyrði á fyrirtæki lækkuð. Það er alger lágmarkskrafa að þingið samþykki í framhaldi af þessum málalyktum hækkun á persónuafslætti því að öðrum kosti mun það gerast að skattleysismörkin lækka með þeim afleiðingum að það fjölgar um rúmlega tvö þúsund manns í hópi láglaunafólks sem verður gert að greiða skatta og stjórnarandstaðan mun leggja fram tillögu í þessa veru.

Brtt. 243,2 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 261. mál. — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (Þingvallaprestakall). — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum). — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lyfjalög, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 300. mál (persónuvernd). — Þskj. 342.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Sjúklingatrygging, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 301. mál (vísitala neysluverðs). — Þskj. 343.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 14:30.

---

42. FUNDUR

miðvikudaginn 6. des.,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Lausráðnir starfsmenn varnarliðsins, fsp. ÁRÁ, 303. mál, þskj. 346.

Til umhverfisráðherra:

2. Kísilgúrvinnsla úr Mývatni, fsp. KolH og SJS, 278. mál, þskj. 306.

3. Varúðarregla, 15. regla Ríó-yfirlýsingarinnar, fsp. KolH og SJS, 280. mál, þskj. 308.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Manneldis- og neyslustefna, fsp. KolH og ÞBack, 279. mál, þskj. 307.

5. Bygging heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi, fsp. ÁMöl, 306. mál, þskj. 358.

Til sjávarútvegsráðherra:

6. Áhrif hrefnustofnsins á viðgang þorskstofnsins, fsp. GAK, 282. mál, þskj. 310.

Til fjármálaráðherra:

7. Uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu, fsp. JB, 302. mál, þskj. 345.

8. Skattlagning fríðinda, fsp. ÁRÁ, 305. mál, þskj. 348.

Til iðnaðarráðherra:

9. Meistararéttindi byggingariðnaðarmanna, fsp. ÁRÁ, 304. mál, þskj. 347.

Til landbúnaðarráðherra:

10. Útflutningsskylda sauðfjárafurða, fsp. ÁRÁ, 316. mál, þskj. 380.

11. Nýting sláturúrgangs í dýrafóður, fsp. KolH, 321. mál, þskj. 406.

Lausráðnir starfsmenn varnarliðsins.

Fsp. ÁRÁ, 303. mál. — Þskj. 346.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Svo hefur háttað til alllengi að hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli hafa verið óvenjumargir lausráðnir starfsmenn og þeir hafa verið í þeirri stöðu óvenjulengi. Það er eðlilegt að athugað sé hver réttarstaða þeirra er gagnvart vinnuveitanda sínum og gagnvart ávinnslu réttinda eða stöðu áunninna réttinda. Því hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um þetta efni sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hve margir starfsmenn varnarliðsins eru lausráðnir, hve hátt hlutfall eru þeir af heildarstarfsmannafjölda þess og hve lengi hafa þeir verið lausráðnir?

2. Hver er staða þeirra þegar kemur til fastráðningar?

3. Hver er staða þeirra sem hafa verið lausráðnir,

a. um skamma hríð,

b. lengur en þrjá mánuði,

c. lengur en eitt ár,

þegar kemur til fækkunar starfa eða annarra breytinga á starfsmannafjölda?

4. Hver er réttarstaða þeirra varðandi veikinda- og slysatryggingar, orlof, eingreiðslur vinnuveitenda," — í samræmi við samninga — „lífeyrisrétt, atvinnuleysisbætur og önnur vinnutengd réttindi?"

[14:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að því er varðar fyrstu spurninguna er rétt að upplýsa að íslenskir starfsmenn varnarliðsins eru nú 855. Þeir eru ýmist ráðnir tímabundið eða ótímabundið. Starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið eru nú 69 talsins sem eru 8,7% af heildarfjölda starfsmanna varnarliðsins. Það er mjög mismunandi hve lengi tímabundin ráðning stendur. Algengast er að fólk sé ráðið tímabundið í árstíðarbundin verkefni vegna veikinda eða í sérstök verkefni. Eins og á öðrum vinnustöðum þarf varnarliðið að ráða fjölda starfsmanna á sumrin til afleysinga. Á annað hundrað sumarstarfsmenn eru þar ráðnir.

Einnig er algengt að fólk sé þar í tímabundnum störfum á veturna. Oft er tímabundin ráðning hjá varnarliðinu framlengd ef þörf krefur og fjárveitingar og nauðsynlegar heimildir eru fyrir hendi. Ef ráðið hefur verið í tímabundið starf um nokkurn tíma er reynt að fá því breytt í fast starf. Tímabundnar ráðningar leiða oft til fastráðningar í sama starf eða önnur störf hjá varnarliðinu.

Nýlega fékk t.d. flotastöð varnarliðsins heimild til að fjölga fastráðnum starfsmönnum hjá slökkviliði flotastöðvarinnar um 27. Þessi stöðugildi verða nýtt til að fastráða starfsmenn sem hafa verið lausráðnir til starfa hjá slökkviliðinu og flugvallarþjónustunni, en slökkviliðið annast ýmsa þjónustu við flugvöllinn, t.d. snjóhreinsun flugbrauta og afgreiðslu herflutningavéla.

Að því er varðar aðra spurninguna þá ganga starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið að öllu jöfnu fyrir þegar fast starf á vinnustað þeirra losnar. Við ákvörðun um ráðningu er tekið tillit til hæfni, enskukunnáttu, starfsaldurs og starfsréttinda.

Að því er varðar þriðju spurninguna þá er því til að svara að ef fækka þarf starfsmönnum á vinnustað er starfsmönnum í tímabundnu starfi sagt upp áður en til uppsagnar á fastráðnu starfsfólki kemur. Þeir njóta að sjálfsögðu þess uppsagnarfrests sem þeir eiga samkvæmt kjarasamningum og landslögum. Við þessar aðstæður, þ.e. við uppsögn vegna fækkunar á starfsfólki, eru starfsmenn í tímabundnu starfi í sömu stöðu hvað varðar það hve lengi tímabundin ráðning þeirra hefur staðið. Með öðrum orðum er staða þeirra að þessu leyti ekki mismunandi eftir því hve lengi þeir hafa verið í tímabundnu starfi. Réttarstaða þeirra að öðru leyti ákvarðast af ákvæðum ráðningarsamnings þeirra og þeim kjarasamningi sem kaupskrárnefnd varnarsvæða hefur úrskurðað að gilda skuli um viðkomandi starf. Ef störfum á vinnustað fjölgar eiga starfsmenn í tímabundnu starfi sama möguleika á að sækja um starf og aðrir. Eins og kom fram áðan er við ákvörðun um ráðningu litið til hæfni umsækjenda, enskukunnáttu, starfsaldurs og starfsréttinda.

Eðli málsins samkvæmt hefur reynsla af starfi hjá varnarliðinu einnig áhrif þannig að staða þeirra sem þar hafa starfað er sterkari þegar til ákvörðunar um ráðningu kemur hvort sem þeir hafa starfað tímabundið eða eru í föstu starfi.

Að því er varðar síðustu spurninguna þá fer um réttarstöðu starfsmanna í tímabundnum störfum hjá varnarliðinu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og þeim kjarasamningum er launakjör þeirra miðast við samkvæmt ákvörðun kaupskrárnefndar varnarsvæða hverju sinni. Starfsmenn varnarliðsins vinna á mörgum og mismunandi sviðum og kjör þeirra í starfi miðast við marga og mismunandi kjarasamninga. Launakjör í einu starfi eru því engan veginn lýsandi fyrir launakjör hjá varnarliðinu almennt.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greinargóð svör við þessum spurningum. Það sem mér þykir þó mest um vert í svörum hans er það sem fram kom um að unnið hefði verið að því að breyta stöðu lausráðinna starfsmanna á vegum slökkviliðs varnarliðsins sem hafa starfað við flugvallarþjónustu og snjóruðning þar á meðal. En einmitt þessi störf hafa lengstum verið einungis mönnuð lausráðnum starfsmönnum sem hafa gegnt þeim um árabil og þeir þess vegna haft frekar áhyggjur eða skort öryggi um sín réttindi sökum þess. Ég vil aftur árétta að mér þykir það skipta mestu.

Um öll önnur störf sem lausráðið er til hjá varnarliðinu fer með líkum hætti og verið hefur hjá öðrum atvinnurekendum, þ.e. það ræðst af tímabundnum þörfum, afleysingum og öðru slíku eins og við sjáum annars staðar.

Kísilgúrvinnsla úr Mývatni.

Fsp. KolH og SJS, 278. mál. — Þskj. 306.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er úrskurður umhvrh. um kísilgúrvinnslu í Mývatni. Þannig er mál með vexti að árið 1978 voru Mývatn og Laxársvæðið tilkynnt á skrá Ramsar-samningsins um mikilvæg votlendissvæði á heimsvísu. Það rifjaðist upp fyrir mér, þegar téður úrskurður lá fyrir, herra forseti, að við Ramsar-samninginn starfar eftirlitsnefnd sem við Íslendingar höfum átt samskipti við. Þessi eftirlitsnefnd hefur það hlutverk að kanna hvernig ákvæðum samningsins er framfylgt í þeim ríkjum sem hafa tilnefnt svæði inn á þessa skrá. Ísland hefur, eins og ég sagði, átt samskipti við þessa eftirlitsnefnd vegna þess að Ísland hefur

ekki alltaf staðið sig sem skyldi eða verið til fyrirmyndar að áliti nefndarinnar.

Þannig hafa bæði Mývatn og Þjórsárver verið sett á sérstaka skrá yfir svæði sem talin eru í hættu vegna nýtingar sem ekki getur talist sjálfbær. Þessi skrá er kölluð Montraux-skrá. Það mun hafa gerst árið 1993 að þau svæði sem ég nefni sem þá höfðu verið sett á þessa skrá voru tekin út af henni aftur. En eftirlitnefndin mun hafa sérstakar gætur á þessum svæðum og eins og fram kemur hér að framan, herra forseti, er það vegna þess að talið er orka tvímælis að nýtingin sem á sér stað á svæðinu í tilfelli Mývatns geti talist sjálfbær.

Mér er kunnugt um að fréttatilkynning hafi verið gefin út á vegum umhverfisráðuneytins 1993 þar sem tilkynnt var að leyfi til kísilgúrvinnslu úr Mývatni mundi ekki ná nema fram til ársins 2002 eða 2003 enda ekki talið að hægt væri að nýta kísilgúr úr þeirri námu sem nú er nýtt lengur en til þess tíma.

Samkomulag mun hafa verið gert milli umhvrn., iðnrn. og Náttúruverndarráðs um þessi málalok. Síðan hefur farið í gang ferli sem við þekkjum og fyrir liggur úrskurður umhvrh. um kísilgúrvinnslu á nýjum stað í nýrri námu í Mývatni. Nú leikur mér forvitni á að vita, herra forseti, hvort eftirlitsnefnd Ramsar-samningsins hafi verið tilkynnt um þessi breyttu áform umhvrn.

[14:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra tilkynnt skrifstofu Ramsar-samningsins um úrskurð sinn er lýtur að kísilgúrvinnslu úr Mývatni, og ef svo er, hver hafa viðbrögð skrifstofunnar verið?"

Því er til að svara að Ramsar-samningurinn gerir ráð fyrir að aðildarríki samningsins tilkynni um ákvarðanir og aðgerðir sem kunna að hafa áhrif á vistfræðilega eiginleika Ramsar-svæða í viðkomandi landi. Í umhvrn. er nú verið að vinna að bréfi til skrifstofu samningsins þar sem gerð verður grein fyrir nýlega felldum úrskurði um mat á umhverfisáhrifum vegna kísilgúrvinnslu úr Syðriflóa Mývatns.

Skrifstofu samningsins var í sumar með bréfi, dagsettu 3. ágúst, gerð grein fyrir því að Skipulagsstofnun hefði kveðið upp úrskurð í málinu sem gerði ráð fyrir námugreftri í Syðriflóa og að sá úrskurður væri kæranlegur til ráðuneytisins fram til 16. ágúst. Skrifstofu samningsins er því kunnugt um málið.

[14:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að ég sakna hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér í þingsalnum. Hann bar fram þessa fyrirspurn ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þannig að ég undrast það að hann skuli ekki vera við umræðuna. Mér dettur í hug hvort hann hafi e.t.v. misst kjarkinn í sambandi við að bera upp þessar fyrirspurnir.

Af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vitnaði til samkomulags sem gert hefði verið hér á árum áður þá finnast engin gögn í iðnrn. um samkomulag sem gert hafi verið þá, eins og hún orðar það, við umhverfisverndarsinna og umhvrn. um að loka verksmiðjunni. Ég tel því að þetta samkomulag sé ekki til staðar eða hafi ekki a.m.k. verið gert það formlega að það gæti verið gagn í þessu máli.

Ég vil lýsa ánægju með þá stöðu sem nú er komin upp, þ.e. að hæstv. umhvrh. hefur nú úrskurðað í málinu þannig að framtíð Kísiliðjunnar er a.m.k. bjarari en hún hefur verið alllengi.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. umhvrh. sagði að skrifstofunni væri kunnugt um málið en gat þess ekki nánar hvort nokkur viðbrögð hefðu komið þaðan. Það er full ástæða til að spyrja þá eftir því hvort þessi skrifstofa hafi ekki brugðist við með neinum hætti og fylgst með málinu áfram.

Það er líka ástæða til þess að rifja það upp að áður en þessi ákvörðun hæstv. umhvrh. var tekin, þ.e. skorið úr um þessi mál, þá lágu fyrir fjölmörg álit. Þau voru flest á einn veg þar sem þeir sem höfðu náttúruna helst í huga voru mjög andvígir því að þessi nýting héldi áfram. Þó voru aðilar líka sem mæltu með nýtinguni. En þarna var, og ég vil endurtaka það sem ég sagði fyrr í dag, eins og ævinlega nema í Melasveitinni, náttúran ekki látin njóta vafans.

[14:45]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur löngum verið um það rætt og því haldið fram að samkomulag hafi verið gert um að leggja niður framleiðslu kísilgúrs við Mývatn. Hið rétta í málinu er að náð var samkomulagi um það að ríkisstjórnin legði fram á Alþingi frv. þar að lútandi. Það frv. náði ekki fram að ganga einfaldlega vegna þess að Alþingi féllst ekki á það samkomulag sem rætt hafði verið um milli umhvrh. og náttúruverndarsamtaka á þeim tíma. Það var því þannig að Alþingi hafnaði því samkomulagi sem fitjað hafði verið upp á. Þess vegna er alveg ástæðulaust og ber allra síst í sölum Alþingis að halda því fram að eitthvað hafi verið gert sem á Alþingi hefur verið hafnað.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurnin fjallar um Ramsar-samninginn og eftirlitsnefnd við skrifstofu Ramsar-samningsins. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hæstv. umhvrh. svaraði ekki hvort borist hefðu viðbrögð frá skrifstofunni en mér þykir þó gott að heyra að skrifstofunni hafi verið tilkynnt um málið.

Mér þykir líka gott að heyra frá hv. 1. þm. Norðurl. e. að samkomulagið hafi verið gert, sem stangast á við orð hæstv. iðnrh.- og viðskrh. Hitt þykir mér líka fróðlegt að heyra að það hafi síðan endað þannig að samkomulaginu hafi verið hafnað á Alþingi. Ég viðurkenni það, herra forseti, að það eru upplýsingar sem ég hef ekki haft.

Hitt veit ég að á Hokkaídóeyju, í borg sem kölluð er Kúshíró í Norður-Japan, var Eiður Guðnason fenginn árið 1993 til að lýsa því yfir á ráðstefnu sem þar var haldin að gengið hefði verið frá lokun Kísiliðjunnar og það fæli í sér að hún mætti starfa innan afmarkaðs námasvæðis í Ytriflóa Mývatns og leita uppi á landi fram til ársins 2010. Mikil leit fór síðan fram uppi á landi en ekkert fannst og við vitum framhaldið. Náman er orðin tóm og er ekki talið ráðlegt að vinna lengur úr henni og þá á að leita fanga úr nýju námasvæði.

Spurningin snýst um hvort eftirlitsnefnd Ramsar-samningsins felli sig við að slíkt sé gert því að Ramsar-samningurinn er alþjóðlegur samningur og við erum þar með ekki ein ábyrg fyrir afdrifum þessa svæðis. Nýting á svæði sem er á þessari skrá á að vera sjálfbær og það er ekki okkar að meta hvort hún er það, heldur er það erlendra eftirlitsaðila Ramsar-samningsins að gera það. Og ég bíð eftir að

heyra niðurstöður þeirra eftirlitsmanna, niðurstöður þeirra færu sérfræðinga um hvort Ramsar-skrifstofan samþykkir áframhaldandi vinnslu kísilgúrs úr Mývatni.

[14:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér var spurt hvort ráðherra væri kunnugt um viðbrögð frá Ramsar-skrifstofunni. Ráðherra er ekki kunnugt um viðbrögð frá Ramsar-skrifstofunni en málið hefur farið til þeirra með bréfi 3. ágúst og annað bréf fer bráðlega varðandi úrskurð ráðherra.

Það er alrangt að náttúran hafi ekki verið látin njóta vafans í úrskurði umhvrh. og Skipulagsstofnunar varðandi Kísiliðjuna. Ráðherrann staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun úrskurðaði það heimilt að fara í Syðriflóa og ráðherra staðfesti þann úrskurð reyndar með viðbótarskilyrði, tólfta skilyrðinu. Hér hefur ákveðið stjórnmálafl, vinstri grænir, farið mjög harkalega fram í umræðum um þetta mál og talið að við höfum verið að ganga á hlut náttúrunnar. Það er af og frá. Hér þarf að skoða umhverfishagsmuni og byggðahagsmuni. Búið er að skoða umhverfishagsmuni og það er ásættanlegt að fara út í Syðriflóa frá þeim hagsmunum. Það er mjög eftirtektarvert að frambjóðandi vinstri grænna í Reykn., Kristín Halldórsdóttir, sem starfaði hér með okkur um tíma og er núna að mér skilst starfsmaður vinstri grænna eða vinnur með þeim, segir í Morgunblaðsgrein að starfsmenn Kísiliðjunnar hafi brugðist vel við úrskurði ráðherra, og það er rétt, með því að halda upp á það og síðan kemur í þessari grein hvílík skammsýni, hvað er þetta fólk að hugsa? Ég hlýt að spyrja á móti: Hvílík skammsýni. Hvað eru vinstri grænir að hugsa í þessu máli? Búið er að fara í gegnum tvöfalt umhverfismat á Kísiliðjunni við Mývatn og samt koma upphrópanir af þessu tagi. Hvað er fólkið sem vinnur í Kísiliðjunni að hugsa? Það er auðvitað að hugsa um hagsmuni sína líka. Það er að hugsa um framtíðina. Og þegar hægt er að stuðla að atvinnu og vernda náttúruna og ganga ekki á hlut hennar um leið, þá á að sjálfsögðu að gera það.

Varúðarregla, 15. regla Ríó-yfirlýsingarinnar.

Fsp. KolH og SJS, 280. mál. — Þskj. 308.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Áfram beinum við fyrirspurn til hæstv. umhvrh. Ásamt mér er á þskj. 308 hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og vera hans í salnum sýnir það að sjálfsögðu, herra forseti, að þann hv. þm. hefur ekki brostið kjark til að koma hér og ræða málefni Mývatns eins og hæstv. viðsk.- og iðnrh. lét liggja að í ræðu sinni áðan.

Fyrirspurnin lýtur að 15. reglu Ríó-yfirlýsingarinnar og er svohljóðandi, í fjórum liðum, herra forseti:

1. Telur ráðherra íslensk stjórnvöld vera lagalega bundin af 15. reglu Ríó-yfirlýsingarinnar (varúðarreglunni)?

2. Ef svo er, hver er útfærsla reglunnar og stendur til að lögfesta þá útfærslu?

3. Hvernig rökstyður ráðherra að 15. regla Ríó-yfirlýsingarinnar hafi verið notuð í nýgengnum úrskurði um kísilgúrvinnslu í Mývatni?

Eins og kunnugt er tekur bæði hæstv. ráðherra fram í úrskurði sínum og sömuleiðis Skipulagsstofnun að varúðarreglunnar hafi verið gætt í úrskurðinum.

4. Hver er grundvallarmunurinn á framkvæmd varúðarreglna annars vegar og framkvæmd reglna um fyrirbyggjandi aðgerðir hins vegar, með tilliti til áðurnefnds úrskurðar?

Herra forseti. Það skal segjast eins og er að kveikjan að þessum spurningum er fengin úr blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 12. nóvember sl. Greinina skrifar Aðalheiður Jóhannsdóttir sem er fyrrum starfsmaður umhvrn. en hún er lögfræðingur og stundar nú doktorsnám í umhverfisrétti við Uppsalaháskóla.

Aðalheiður Jóhannsdóttir getur í greininni um varúðarregluna og telur að hér leiki ákveðinn vafi á framkvæmd reglna af þessu tagi. Aðalheiður styður það gildum rökum að mínu mati að hér sé mögulega verið að miða við fyrirbyggjandi reglur, þ.e. reglur um fyrirbyggjandi aðgerðir en ekki varúðarreglur og þykir mér öll þessi grein og allur sá málflutningur sem þar er að finna gefa fullt tilefni til að fá nánari útskýringar frá hæstv. umhvrh. á úrskurði sínum um kísilgúrnám í Mývatni.

[14:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Því er til að svara í fyrsta lagi að Ríó-yfirlýsingin sem samþykkt var á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál 1992 er ekki þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir Ísland eða önnur þátttökuríki. Í yfirlýsingunni felst hins vegar stefnuyfirlýsing sem aðildarríkin ætla sér að fylgja við framkvæmd umhverfismála. Varúðarreglan er ein af meginreglum umhverfisréttar í Ríó-yfirlýsingunni en með tilkomu hennar var mótuð sú meginstefna sem er jafnt grundvöllur löggjafar hér á landi um umhverfismál sem og annars staðar að umhverfið og náttúran skuli njóta vafans en ekki eins og áður að framkvæmdin skyldi njóta hans. Þessi útfærsla hefur ekki verið lögfest beinum orðum í löggjöf þótt hún liggi til grundvallar framkvæmd umhverfislöggjafar.

Varðandi aðra spurningu er því til að svara að þó að íslensk stjórnvöld séu ekki lagalega bundin af Ríó-yfirlýsingunni og varúðarreglan ein og sér sem slík hefur ekki verið lögfest hér á landi hefur í löggjöf á síðari árum verið tekið mið af markmiðum hennar svo sem í lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, og í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Ég vil, virðulegur forseti, af þessu tilefni lesa aðeins upp úr athugasemdum sem voru með frv. um mat á umhverfisáhrifum þegar þau voru til umfjöllunar, en þar segir að í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB sé byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum, jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til að meginreglur þessar yrðu ekki settar inn í frv. sjálft þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun.

Komið hefur til tals að lögfesta varúðarregluna í ráðuneytinu en við nánari skoðun ráðuneytisins var fallið frá því að setja hana í sérstök lög en fella hana fremur inn í löggjöf þar sem við á eins og gert hefur verið. Vil ég árétta það sem segir líka í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum kísilgúrvinnslu við Mývatn, en þar segir, virðulegur forseti:

„Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er grunnþáttur í framkvæmd varúðarreglunnar. Því er framkvæmd þessa mats þáttur í framkvæmd varúðarreglunnar að því er varðar fyrirhugaða frekari vinnslu kísilgúrs úr Mývatni.“

Varðandi þriðju spurninguna er því til að svara að það er hlutverk umhvrh. að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Í úrskurðum sínum verður ráðherra að styðjast við lögmæt sjónarmið. Í úrskurði um kísilgúrvinnslu úr Mývatni segir m.a. um 15. reglu Ríó-yfirlýsingarinnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Regla 15 í Ríó-yfirlýsingunni var samþykkt á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janero og fjallar um varúðarregluna en hún hljóðar svo: „Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.““

Í úrskurði skipulagsstjóra er fallist á námuvinnslu með ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin kveða á um að auknar rannsóknir þurfi að fara fram um vöktunaráætlanir og þá skyldu framkvæmdaraðila að gera tillögu að viðmiðunum um hvenær grípa skuli til mótvægisaðgerða auk þess sem gerð er krafa um að framkvæmdaraðilar leggi fram útfærðar hugmyndir og áætlanir um prófanir mögulegra mótvægisaðgerða varðandi ákveðna þætti áður en til framkvæmda kemur.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat ráðuneytisins að varúðarreglunni hafi verið fylgt í hinum kærða úrskurði skipulagsstjóra. Ég endurtek, það er mat mitt og ráðuneytisins að varúðarreglunni hafi verið fylgt því ekki má gleyma að í úrskurðinum segir að kísilgúrnám á svæði II muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að uppfylltum þeim tólf ítarlegum skilyrðum sem sett eru fram í úrskurðinum og fylgja ber.

Varðandi fjórðu fyrirspurnina, virðulegur forseti, er því til að svara að varúðarreglan gerir ráð fyrir því að umhverfisáhrif séu metin áður en ráðist er í framkvæmdir og á grundvelli þeirra gagna sem aflað er í matsferlinu sé ákvörðun tekin. Að því leyti er varúðarreglan fyrirbyggjandi aðgerð. Hins vegar eru fyrirbyggjandi aðgerðir, t.d. mengunarvarnir af öðrum toga ætlaðar til þess að ná tilteknum umhverfismarkmiðum og koma í veg fyrir umhverfisskaða.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það væri mjög æskilegt ef hæstv. ráðherrar temdu sér á venju að svara spurningum sem fyrir þá eru lagðar í fyrirspurnatímum og að þeir sem á annað borð geta það reyndu að gera það málefnalega. Það er kannski til fullmikils mælst þegar í hlut eiga sumir hæstv. ráðherrar Framsfl. eins og dæmin sanna. Blaðagreinum og persónulegum skoðunum sem lýst er í þeim ættu hæstv. ráðherrar sömuleiðis að svara á þeim vettvangi í staðinn fyrir að nota tækifærið hér í skjóli þinghelgi og ráðast að nafngreindum einstaklingum sem ekki eru til staðar til að svara fyrir sig. Talandi um kjarkleysi, herra forseti, þá er það a.m.k. ekki stórmannlegt og hefur aldrei verið talið.

Spurningin um hvort hefja ætti kísilgúrnám á nýjum svæðum í Mývatni er afar umdeilt mál og í raun og veru prófmál að mörgu leyti. Við höfum lagt fram spurningar sem tengjast lagalegum og þjóðréttarlegum álitamálum í tengslum við þetta mál og þær spurningar verðskulda málefnaleg svör.

Herra forseti. Síðan hygg ég að hæstv. umhvrh. sé nokkurn veginn einn um það í landinu að túlka niðurstöður sínar í málinu þannig að náttúran hafi fengið að njóta vafans.

[15:00]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt við þetta tækifæri að láta í ljós ánægju mína yfir því hvaða þróun kísilgúrmálin hafa tekið í Mývatnssveit um leið og ég læt í ljós sérstaka undrun yfir ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. áðan sem varðaði ekki beint málið. Þótti mér þó undarlegt þar sem honum er yfirleitt mikið niðri fyrir þegar hann ræðir um það að leggja niður kísilgúrvinnslu í Mývatnssveit. En hér er auðvitað um það að ræða að þessi byggð stendur og fellur með því að það fólk sem þar býr hafi atvinnu. Og þegar við erum að tala um byggð úti á landi, byggðastefnu og náttúruvernd, þá erum við auðvitað að tala um hvernig við Íslendingar getum lifað í friði og sátt við land okkar og að það fólk sem þar búi eigi rétt til lífs á þeim stað þar sem það er fætt og uppalið ef náttúran gefur kosti til þess að þar sé hægt að búa án þess að níðast á náttúrunni. Kísilgúrvinnsla við Mývatnssveit er náttúruvæn, vatnið endurnýjar kísilgúrinn og við vitum að ef ekki hefði komið til kísilgúrvinnslu, þá væru vissir hlutar vatnsins nú upp úr sem nú er vatn og þar sem nú syndir silungur, góður til átu.

[15:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það sem mig langar til að koma á framfæri eru viðbrögð við orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann telur að hæstv. umhvrh. sé ein um að meta málið þannig að hún hafi látið náttúruna njóta vafans. Hv. þm. lét þau orð falla á fundi fyrir norðan með sveitarstjórnarmönnum, áður en hæstv. umhvrh. úrskurðaði í þessu máli, að hann væri sammála niðurstöðu skipulagsstjóra í málinu að öðru leyti en því að hann teldi að hann sætti sig ekki við dýptina. Hæstv. umhvrh. úrskurðar einmitt á þann veg að hún sætti sig heldur ekki við dýptina, en samt sem áður kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hér upp og hefur þau orð yfir að hæstv. umhvrh. sé ein um að telja að náttúran hafi notið vafans. Ég mótmæli þessum orðum og tel að hv. þm. væri maður að meiri ef hann talaði eins fyrir sunnan og fyrir norðan.

[15:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér vegna þess að hæstv. umhvrh. talar ævinlega um að náttúran hafi verið látin njóta vafans í þessu tilfelli. Málið er að skoðanir náttúruverndarmanna og vísindamanna stönguðust mjög á um hvort þarna væri óhætt að halda áfram. Ef það er ekki vafi sem ætti að túlka náttúrunni í vil, ef menn ætla að fara eftir þessum reglum, þá spyr ég: Hvenær er hann? Mér finnst það ekki sæmandi hæstv. ráðherrum að vera með útúrsnúninga. Menn geta haft sína skoðun og skorið úr eftir sínu höfði, en það er útúrsnúningur að tala um að ekki hafi verið vafi í málinu.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Mér þykir afar leitt að þurfa að halda því fram en mér virðist ljóst af því sem kemur fram í máli hæstv. umhvrh. að hún skilji ekki eða misskilji í öllu falli

illilega varúðarregluna, regluna sem kveður á um það að þegar leikur vísindalegur vafi á því hvort nýting sé sjálfbær eða ekki beri að láta náttúruna njóta vafans. Og, herra forseti, hér ríkir sannarlega vísindaleg óvissa því þess má geta að allir lögboðnir ráðgjafar og undirstofnanir hæstv. ráðherra hvöttu til varúðar og það gerðu frjáls félagasamtök líka. Allir þessir aðilar lýstu því yfir að um verulegan vafa væri að ræða um hvort nýting úr fyrirhuguðu námasvæði gæti talist sjálfbær eða ekki. Allir þessir aðilar töldu um leið að náttúrunni bæri að njóta vafans. Eftir því fór hæstv. ráðherra ekki í úrskurði sínum sem styður þau orð mín sem ég hóf mál mitt á að hún virðist í öllu falli misskilja ef ekki sýna fullkominn skilningsskort á þessari reglu. Ég sé ekki betur en hér hafi verið blandað saman þeim reglum sem Aðalheiður Jóhannsdóttir getur um í blaðagrein sinni, þ.e. reglum um fyrirbyggjandi aðgerðir og varúðarreglunni. Hér eru notaðar reglur um fyrirbyggjandi aðgerðir og gaman væri að vita, herra forseti, hver á að borga allar þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem þarf að fara í samkvæmt ákvæðunum tólf. Á það að vera Kísiliðjan eða ætlar hæstv. iðn.- og viðskrh. kannski að greiða þann reikning? Því það er sannarlega ekki einfalt og verður ekki einfalt að fara að þeim skilyrðum sem sett eru í þeim úrskurði.

[15:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alrangt sem kemur fram hjá hv. fyrirspyrjanda að allar stofnanir ráðuneytisins hafi verið gegn þessum úrskurði. Það er alls ekki svo. Skipulagsstofnun er undirstofnun umhvrn. (**KolH:** Fyrirgefðu, ég átti við...) Það er sú stofnun sem fór yfir allt málið. Það er sú stofnun sem heldur utan um það, kallar inn eftir umsögnum og fer yfir umhverfismatið. Umhverfismatið fór fram í tveimur lotum, þ.e. frummat og frekara mat. Skipulagsstofnun féllst á að heimila Kísiliðjunni að fara í Syðriflóa með víðtækum skilyrðum til að tryggja að allt væri í lagi. Ég féllst síðan á þann úrskurð. Ég staðfesti úrskurð undirstofnunar minnar, sem er Skipulagsstofnun, að vísu með einu aukaskilyrði, tólfta skilyrðinu, sem lýtur að setflutningum sem Náttúruverndarráð hafði m.a. lagt áherslu á.

Það er ekki verið að misskilja varúðarregluna. Það er verið að framkvæma varúðarregluna. Og það er algjör misskilningur á varúðarreglunni ef hv. þm. heldur að varúðarreglan sé það sama og að gera aldrei neitt. Hér mátti heyra á máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að vegna þess að skoðanir stangast á, þá sé vafi. Hvað þýðir það? Á þá að úrskurða alltaf á móti framkvæmd ef skoðanir stangast á? Þá þyrfti engan umhvrh. til að úrskurða í máli því það félli þá á þessum svokallaða vafa, því að menn stangast á. Hér var algjörlega eðlilega staðið að málum. Skipulagsstofnun tekur inn í umhverfismat sem fór í tvo hringi, fékk faglegar umsagnir og úrskurðaði og síðan fór það í úrskurð hjá umhvrh. og það eru víðtæk skilyrði sett, tólf skilyrði. Ef það er ekki að láta náttúruna njóta vafans, þá veit ég ekki hvað. Hér er algjörlega eðlilega staðið að málum.

Manneldis- og neyslustefna.

Fsp. KolH og ÞBack, 279. mál. — Þskj. 307.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. heilbrrh., sem ég flyt ásamt hv. þm. Þuríði Backman, er svohljóðandi og er hún í tveimur liðum:

„1. Hvað líður endurskoðun manneldis- og neyslustefnu sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1989?

2. Hvernig hefur gengið að ná markmiðum manneldis- og neyslustefnunnar?"

Það ber kannski að hafa þann formála, herra forseti, að þegar við sömdum þessa fyrirspurn vorum við með aðra fyrirspurn sem fjallaði um heilbrigðisáætlun ríkisstjórnarinnar. En í þann mund er við vorum að leggja þessar tvær fyrirspurnir fram hér í þinginu birtist á borðum okkar mikil bók sem hefur að geyma heilbrigðisáætlun ríkisstjórnarinnar og fagna ég því að hún skuli komin út. Er það veigamikið rit sem sjálfsagt á eftir að nýtast okkur til a.m.k. næstu tíu ára og þar kennir ýmissa grasa og auðvitað skarast sú áætlun við manneldis- og neyslustefnu að einhverju leyti. En þar sem við höfum nú þál. frá 19. maí 1989, um manneldis- og neyslustefnu, þykir mér eðlilegt að þessari fyrirspurn sé haldið til streitu því hún byggir fyrst og fremst á manneldismarkmiðum. Í henni eru settar fram þrettán aðgerðir sem beita á til að ná markmiðunum og það átti að gerast á árunum 1990–2000 og heilbrrn. átti að sjá um framkvæmdina.

Samkvæmt þeirri manneldisstefnu og neyslustefnu átti heilbrrh. líka að gera þinginu grein fyrir stöðu málsins ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Ég er nú ekki það kunnug að ég viti hvort það var gert, en alla vega ekki síðan ég settist á þing, herra forseti. En mér segir svo hugur að stefnunni hafi ekki verið fylgt út í æsar. Mér dettur í hug að nefna ákvörðun um virðisaukaskatt á matvæli. Mér dettur í hug að það sé oft hægt að sleppa virðisaukaskatti eða lækka virðisaukaskatt á hollari vörur til að hvetja til neyslu þeirra. Ég nefni sem dæmi að fyrir nokkrum árum hækkaði undanrenna mikið í verði og var talið að verð á henni ætti að fara eftir markaðslögmálunum og fyrst hún seldist svona vel væri rétt að hækka hana. Í því tilfelli var t.d. ekki hugsað um heilsufarið. Sömuleiðis get ég nefnt GATT-samninginn sem mér er til efs að hafi hvatt til neyslu á hollum afurðum þar sem ákveðnir verndartollar eru settir samkvæmt þeim samningi á grænmeti.

Sömuleiðis er mér kunnugt um og mundi kannski hafa gaman af að fá að heyra aðeins frá heilbrrh. varðandi neyslukönnun þá sem er í undirbúningi. Mögulega gæti hún fléttað inn í svar sitt einhverjum fréttum af því hvernig henni vindur fram.

En grunnspurningin er þessi: Hvað líður endurskoðun þessarar manneldis- og neyslustefnu og hvernig hefur gengið að ná markmiðum hennar?

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beinir til mín tveim spurningum sem ég mun svara hér. Fyrri spurningin er: Hvað líður endurskoðun á manneldis- og neyslustefnu sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1989?

Þál. um manneldi- og neyslustefnu var samþykkt á Alþingi árið 1989, en hún nær til ársins 2000. Þau meginmarkmið sem koma fram í stefnunni eru í fullu gildi þó ýmislegt

megi bæta. Manneldismarkmið fyrir Íslendinga voru endurskoðuð og endurútgefin af manneldisráði með lítils háttar breytingum frá fyrri útgáfu árið 1994, en stefnan byggir á þeim markmiðum. Í þál. frá 1989 segir að manneldisstefnan skuli endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Í september sl. var samþykkt af Evrópudeild Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að gera áætlun um mat og næringu þar sem aðildarlöndin eru hvött til að móta og endurskoða stefnu sína í þeim málaflokki. Manneldisráð hefur lagt fram óskir um fjárveitingar til að standa straum af landskönnun á mataræði Íslendinga sem leggja á grunn að endurskoðaðri manneldis- og neyslustefnu. Árið 2000, á þessu ári, fengu þau aukafjárveitingu, rúmar 3 millj., til að hefja þetta verk og á fjárlögum næsta árs er áætluð svipuð upphæð til viðbótar til að halda þeirri könnun áfram. En þessi könnun er mjög dýr, hún kostar um 20 millj. kr., og við erum ekki búin að finna svo mikið fjármagn til að fara í þá könnun. En það er hægt að hefja hana. Manneldisráð hefur um 15 millj. á fjárlögum hvers árs, hefur það á næsta ári.

Auk þess vil ég geta þess að við höfum sett inn í fjárlögin líka 1,8 millj. kr. fyrir gagnagrunn efnainnihalds í matvælum og við munum setja inn næstu þrjú árin rúmar 5 millj. til þeirrar könnunar. Á mörgum fjárlagaliðum má einmitt finna hluti sem styrkja rannsóknir á sviði næringar og vil ég þar sérstaklega geta nýjungar sem kemur einnig fram á fjárlögum um rannsóknir á kúamjólk.

Síðan spyr hv. þm.: Hvernig hefur gengið að ná markmiðum manneldis- og neyslustefnunnar?

Þetta er mjög flókin spurning og kannski ekki hægt að svara á tæmandi hátt. Auðvitað þarf könnun eins og ég nefndi áðan til að geta svarað henni fullkomlega, en vísbendingar um þróunina má finna í fæðuframboðstölum sem byggja á framleiðslu og innflutningi matvæla, að frádregnum útflutningi og öðrum notum. Manneldisráð tekur þessar tölur saman og birtir ár hvert fyrir alla helstu flokka matvæla, t.d. mjólk, kjöt, sykur, hveiti o.s.frv.

Fæðuframboðstölur benda til þess að neysla grænmetis hafi aukist um þriðjung á tíu árum og heildarneysla á fitu hafi minnkað lítillega. Töluvert hefur dregið úr neyslu mettaðrar fitu miðað við fæðuframboðstölur eða um 15%. Niðurstöður Hjartaverndar sýna að kólesteról í blóði Íslendinga hefur lækkað um 12% hjá körlum og 14% hjá konum undanfarin ár og er það merki um minni neyslu á mettaðri fitu. Þetta á sinn þátt í að kransæðasjúkdómar eru á undanhaldi á Íslandi.

Varðandi sykurinn þá stöndum við okkur ekki nægilega vel. Mér sýnist að þar séu svipaðar tölur og árið 1994, að hver Íslendingur borði um 1 kg af sykri á viku sem er auðvitað mjög mikið magn.

En það er ekki nóg að gera kannanir heldur þarf líka að fræða og það er einmitt stefna manneldisráðs, að auka fræðsluna.

[15:16]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Á fjárlögum er núna lagt til að greiddar verði 9,5 millj. í rannsóknastyrki til Ingu Þórsdóttur prófessors, til samanburðarrannsókna á íslenskri og erlendri kúamjólk með tilliti til áhrifa hennar á líkamann og hollustugildis. Íslenska kúamjólkin hefur mikla sérstöðu og þessi rannsókn gagnast fyrst og fremst neytendum. Gosdrykkja er skelfilega mikil hér á Íslandi.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði áðan um að undanrenna væri dýr. Mjólkin á Íslandi er ódýr, hollur og góður drykkur og íslensk mjólkurvara er í raun í hæsta gæðaflokki. Eitt það besta sem við getum gert til að styrkja beinin er t.d. að drekka mjólk, lýsi og stunda góða hreyfingu.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. því af henni sprettur þörf umræða. Í framhaldi af svari hæstv. ráðherra spyr ég hana hvað hún hyggist gera fleira en neyslukönnun til að viðhalda markmiðum manneldis- og neyslustefnunnar. Mig langar einnig að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á með að stýra neyslu með verðlagi. Það var heilmikið rætt í aðdraganda samþykktar þáltill. um manneldis- og neyslustefnu að ein leiðin til að breyta mataræði og auka hollustu í mataræði væri að stýra neyslunni með verðlaginu. Ég hefði gjarnan viljað fá, herra forseti, svör frá hæstv. ráðherra um þessi atriði.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Því ber að fagna að í undirbúningi er að gera téða neyslukönnun. Ég tek auðvitað undir það að neyslukönnun sú sem um ræðir er grundvöllur fyrir þá manneldis- og neyslustefnu sem móta verður í framhaldinu. Slík könnun var gerð fyrir tíu árum, árið 1990 og neyslustefnan síðustu tíu ár byggir á þeirri könnun.

Nú heyrir maður, herra forseti, á máli hæstv. ráðherra að neyslukönnun af þessu tagi kosti 20 millj. Við heyrum líka að á síðasta ári voru settar 3 millj. í undirbúning og á næsta ári verði settar aðrar 3 millj. í verkefnið. Nú spyr ég, herra forseti: Hvenær koma hinar 14 millj. sem á vantar? Ég gagnrýni stjórnvöld fyrir það, þegar við erum með fyrirmæli í samþykktum þingsins um að eitthvað skuli framkvæmt á ákveðinn máta, að þá veikja stjórnvöld gjarnan slagkraft viðkomandi átaks með því að mjatla fé í verkefnið þannig að féð nýtist illa. Ég hef áhyggjur af því að þessari könnun verði annaðhvort hleypt af stokkunum hálfkaraðri, þannig að hún verði hvorki fugl né fiskur og þannig útleikin að ekki verði hægt að byggja á henni manneldis- og neyslustefnu, eða að það verði hreinlega ekki farið út í hana. Mér þykir það alvarlegt, herra forseti, að svona skuli haldið á málum enn og aftur þegar kemur að verkefnum sem kosta umtalsvert fé eins og hér um ræðir. Forsendan fyrir manneldis- og neyslustefnu í íslensku samfélagi er þessi könnun.

Ég tek undir orð hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur varðandi það að hvetja þurfi til umræðu um hvort verðlag geti stýrt neysluvenjum fólks. Ég ítreka spurningar mínar til ráðherrans þess efnis.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Manneldismál eru ekki nein átaksverkefni. Þetta eru verkefni sem þurfa stöðugt að vera í gangi. Því höfum við lagt fjármuni til ýmissa rannsókna, ýmissa rannsóknaþátta og ýmiss konar fræðslu. Ég vil benda á það sérstaklega, af því við höfum kannski mestar áhyggjur af sykurneyslunni sem ekki hefur minnkað, að við höfum t.d. bætt aðgengi að mjólk, sem er mjög ódýr, í skólum og á vinnustöðum. Við höfum aukið aðgengi að tæru vatni víðast á vinnustöðum og alls staðar í skólum. (Gripið fram í.) Þar að auki höfum við unnið með ýmsum aðilum sem starfa að

forvarnamálum. Ég nefni þar beinvernd sem dæmi. Þetta er margþætt mál.

Það er hárrétt að vissulega væri gaman að taka eitt ár í svona könnun en þá þyrftum við að leggja eitthvað annað til hliðar á meðan. En við getum hafið þessa könnun og við ætlum að fara í þessa könnun. Við erum vön að sjá fyrir endann á fjármögnun slíkra hluta og gerum það í þessu tilviki sem öðrum. En ef við skoðum fjárlagafrv. í heild sinni sést að á mörgum liðum er einmitt verið að auka fjármagn til þessara mála.

Bygging heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi.

Fsp. ÁMöl, 306. mál. — Þskj. 358.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur þjónusta heilsugæslunnar verið að byggjast upp um allt land. Hún myndar núna þéttriðið net um allt land sem tryggir landsmönnum aðgengilega frumheilsugæslu. Hins vegar hefur uppbygging heilsugæslunnar í Reykjavík ekki náð því marki að öllum borgarbúum hafi verið tryggður aðgangur að heilsugæslustöð í sínu hverfi. Þannig er ekki starfandi heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi en samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu skal slík stöð vera starfandi í hverfi sem afmarkast af Grensásvegi, Holtavegi, Sunnuvegi, Laugarásvegi og Dalbraut að vestan, Elliðaám að austan og Miklubraut að sunnan. Það mundi gróflega samsvara svæði 104 í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins sem ég fékk í gær hafa rúmlega 20 þúsund Reykvíkingar ekki skráðan heimilislækni. Þar af eru um 1.700 manns á svæði 104, en íbúafjöldinn þar er um 9 þúsund manns. Um 2.150 íbúa í Voga- og Heimahverfinu eru yfir 67 ára aldri og til samanburðar má nefna að á landsvísu er hlutfall þeirra sem eru 67 ára og eldri um 10%. Aðeins á svæði 101 í Reykjavík, í miðbæ Reykjavíkur, er hlutfall aldraðra hærra í borginni. Þetta háa hlutfall aldraðra má að sjálfsögðu að einhverju leyti rekja til þess að stórar stofnanir aldraðra eru staðsettar þar, eins og Hrafnista og Skjól, og einnig þjónustuíbúðir fyrir aldraða, eins og við Norðurbrún og Dalbraut en íbúar þar sækja heilbrigðisþjónustu utan húsnæðisins.

Heilsugæslu fyrir íbúa svæðisins hefur verið sinnt af ýmsum aðilum. Þannig hefur heilsugæslan í Efstaleiti sinnt heimahjúkrun á svæðinu með um sex stöðugildum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Hjúkrunarþyngdin er töluvert mikil eða sem samsvarar um 300 klst. á viku. Mæðra- og ungbarnaverndina sér hins vegar Heilsuverndarstöðin um. Fjölmargir íbúar svæðisins eru skráðir með heimilislækni ýmist í Efstaleiti, Lágmúla eða á öðrum stöðum, en eins og ég gat um eru um 20% íbúa svæðisins skráðir án heimilislæknis. Meðan heilsugæslustöð er ekki í hverfinu segir það sig sjálft að þjónusta við íbúana er ekki heildræn. Þannig getur fjölskylda í hverfinu vænst þess að fá þjónustu frá tveimur heilsugæslustöðvum, auk Heilsuverndarstöðvarinnar varðandi mæðra- og ungbarnavernd.

Á fjárlögum hefur um árabil verið heimild til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðina í þessu hverfi. Sú heimild er líka í því frv. til fjárlaga sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Áform um kaup eða leigu á húsnæði fyrir starfsemina hafa verið á borðinu um langt skeið og hafa ýmsar byggingar verið nefndar í því sambandi. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að bjóða út rekstur heilsugæslustöðvar en lítið frést þeim áformum. Þessi fsp. er lögð fram til að fá upplýsingar um stöðu þessara mála.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller beinir til mín svohljóðandi fsp.: Hvað líður áformum um byggingu heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi?

Hinn 1. júlí 1996 var gerð skýrsla og í framhaldi af því unnið að forgangsröðun varðandi uppbyggingu í heilsugæslu í Reykjavík og á Reykjanesi. Ég ætla hins vegar að minna á að frá því hafa farið 700 millj. kr. — ég endurtek, 700 millj. kr. — í beina uppbyggingu í heilsugæslunni og það á við um Mosfellssveit, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Keflavík, auk Reykjavíkur.

Í forgangsröðun í Reykjavík var gert ráð fyrir að fyrst skyldi byggja upp í Fossvogi og sú stöð var opnuð fyrir ári í Efstaleitinu, mjög myndarleg heilsugæslustöð. Næst á listanum var Grafarvogur og þar var ákveðið að fara í miklar endurbætur og stækkun. Sú viðbót kemst í notkun síðla á næsta ári. Þetta tvennt var efst á lista á Reykjavíkursvæðinu og næst á að fara í Voga- og Heimahverfi.

Það kom fram í máli hv. þm. áðan hver þjónaði þessu svæði. Því er sinnt frá Lágmúla, það er hárétt hjá hv. þm., og áætlað er að þeir læknar sem eyrnamerktir eru Voga- og Heimahverfi muni flytjast með í nýtt húsnæði þegar af verður. Við höfum skoðað ýmsa möguleika í Voga- og Heimahverfi og aðallega skoðað það húsnæði sem til staðar er í dag. Ekkert af því sem við höfum getað fengið til kaups eða leigu fyrir heilsugæsluna hefur hentað fyrr en nú að við höfum fengið tilboð frá Hrafnistu sem er að fara að byggja mjög myndarlegt hús og á góðum stað. Viðræður eru hafnar við Hrafnistumenn um að taka á leigu húsnæði hjá þeim. Ef af verður, sem mér sýnist geta orðið, getum við opnað þá heilsugæslustöð snemma árið 2002.

Eins og ég sagði áðan hefur orðið alveg geysileg uppbygging í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Til þess hefur ríkið lagt mikið fé. Það er mikil þensla á þessu svæði og mikill fólksflutningur hingað og þess vegna höfum við þurft að fjölga læknum mjög verulega. Ætli það séu ekki komnir um 25 nýir læknar á þetta svæði frá árinu 1996. Það hefur því verið geysilega uppbygging. En ef af því verður sem ég kynnti áður, með Voga- og Heimahverfi, förum við fram úr okkar björtustu vonum frá því að við lögðum af stað með stefnumótunina árið 1996.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fsp. Það er auðvitað löngu tímabært að þingmenn Reykjavíkur láti til sín taka heilsugæsluþjónustuna hér í borginni. Það er ekki viðunandi að lögbundin heilsugæsluþjónusta sé ekki til staðar fyrir jafnstóran hóp og íbúa Voga- og Heimahverfis. Þar býr á fjórtánda þúsund manns og mér er sem ég sæi þingmenn landsbyggðarinnar sætta sig við að svæði með svo mörgum íbúum hefði ekki sérstaka heilsugæslustöð, eins og þeim ber samkvæmt lögum.

Ekki er hægt að bera því við að húsnæði hafi ekki staðið til boða. Ég veit að Reykjavíkurborg hefur boðið m.a. húsnæði í Þróttheimum og einnig húsnæði í Glæsibæ. En ég fagna því

ef húsnæði Hrafnistu verður fyrir valinu því hvar svo sem heilsugæslustöðin verður niðurkomin þá þarf heilsugæslu á þetta svæði. Það er athyglisvert að á þessu svæði búa mun fleiri aldraðir en annars staðar í borginni, 20% af íbúunum eru yfir 67 ára. Þannig er orðið mjög mikilvægt að þetta svæði fái sérstaka heilsugæslu.

[15:29]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Heilsufar á Íslandi er talið sambærilegt við það besta sem til er í heiminum. Þar skiptir heilsuverndin afskaplega miklu máli og aðgengi að heilbrigðisþjónustu á Íslandi er afar gott. Ég verð hins vegar að taka undir að það hefur hallað á Reykjavík í uppbyggingu heilsugæslunnar. Það hefur verið staðið afar vel að þessum málum úti á landi og ég tel að á landsbyggðinni sé þjónustan mjög góð. Spurningin er hvort við nýtum okkur heilsugæsluna nægilega mikið, bæði í forvarna- og fræðsluskyni. Ég held að við ættum að geta nýtt allt þetta góða fólk betur en gert er.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin við fyrirspurn minni og ágæta umræðu um fyrirspurnina. Í henni fólst alls ekki neitt annað en að fá upplýsingar um hvernig málið stæði. Mér er vel kunnugt um að töluvert hafi verið lagt í uppbyggingu á heilsugæslunni í Reykjavík með því að styðja við þá þjónustu sem er þegar til staðar og myndarlega hefur verið staðið að byggingu á nýrri heilsugæslustöð í Fossvogi og Grafarvogi og endurbótum í Hlíðunum. Ég er alls ekki að draga úr því. Ég fagna því að málið er komið á skrið. Ég fagna því einmitt að það verði þá vonandi gengið til samninga við Hrafnistu í þessu máli og vona að það þýði jafnframt að gera eigi áframhaldandi tilraunir með að einkaaðilar reki heilsugæslustöð í Reykjavík. Ég vildi þá í framhaldinu sjá fleiri tilraunir innan heilbrigðiskerfisins í þá veru að gera samkomulag við einkaaðila um rekstur einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar.

Ég fagna því jafnframt að sett eru ákveðin tímamörk í þetta dæmi, þ.e. eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra er fyrirhugað að setja á laggirnar og opna heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi snemma árs 2002, ef ég skildi ráðherra rétt, og er það sérstaklega ánægjulegt.

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni höfum við farið algjörlega eftir þeirri forgangsröð sem við settum okkur árið 1996 um uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík og á Reykjanessvæði þannig að við erum ekki á eftir okkur sjálfum heldur erum við komin fram úr okkur í því. Við getum vel við unað enda vona ég að þetta gangi upp sem ég kynnti hér áðan.

Hér kom fram að heilsugæslunni hefur verið boðið húsnæði á Reykjavíkursvæðinu. Það er alveg rétt. En ég sagði líka í ræðu minni að það húsnæði hentaði ekki heilsugæslunni. Því er þá betra að bíða og fara leiðir sem henta.

Í máli hv. þm. Ástu Möller kom fram að hún óskaði þess heitast að þetta yrði einkavætt og það vill nú svo til að þetta er sú stöð sem við ætlum að gera tilraunir með í Voga- og Heimahverfið. Um það var rætt strax 1996 að þessi stöð yrði rekin eins og Lágmúlastöðin er rekin eða á svipaðan hátt. Það er ekki þar með sagt að við ætlum að hlaupa til og einkavæða alla heilbrigðisþjónustuna eða heilsugæsluna. Ég held að sé ágætt að hafa samanburðinn og fara þar nokkuð rólega.

Áhrif hrefnustofnsins á viðgang þorskstofnsins.

Fsp. GAK, 282. mál. — Þskj. 310.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Hrefnan er mjög mikilvægur hluti vistkerfisins á íslenska landgrunninu og samkvæmt bestu áætlun nemur heildarneysla tegundarinnar á hafsvæðinu umhverfis Ísland 2 millj. tonna og þar af 1 millj. tonna af fiski. Fjölstofnaathuganir benda til þess að vöxtur hrefnu, langreyðar og hnúfubaksstofns við landið úr 70% upphafsstærðar, sömu stofnstærðar og var áður en veiðar hófust, í 100% leiði til þess að afrakstur þorskstofnsins minnki um 20%. Samkvæmt þessum athugunum vegur hrefnan langmest í þessu tilliti. Því má ætla að breytingar á stærð hrefnustofnsins úr 90%, sem hún er talin vera nú, í 60–70% af upphaflegri stærð séu líklegar til að hafa veruleg vistfræðileg áhrif, þar með talið á aukna afrakstursgetu þorskstofnsins.

Heildarneysla þeirra tólf hvalategunda sem algengastar eru hér við land nemur um 6 millj. tonna og af því eru rúmlega 2 millj. tonna fiskmeti. Hrefna virðist vera atkvæðamesti afræningi meðal hvala á Íslandsmiðum bæði hvað varðar heildarmagn og fiskát. Á mynd sem fylgdi með svari til hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur vegna fyrirspurnar um hvalveiðar kemur fram að þegar á næsta ári er talið að þrír hvalastofnar hér við land, hnúfubakur, hrefna og langreyður, hafi þau áhrif að þorskveiðin þegar á næsta ári geti orðið 30–50 þús. tonnum minni en ella væri og eftir 20 ár muni um 100 þús. tonnum í þorskafla. Hér erum við að tala um veruleg áhrif á afrakstursgetu okkar af þorskstofninum.

Nú virðist hnúfubakurinn samkvæmt útreikningum NAMMCO einnig kominn í upprunalega stærð eða jafnvel stærri. Því er spurt:

(**Forseti** (ÁSJ) **:** Forseti vill beina þeim tilmælum til þingmanna og hæstv. ráðherra að gefa ræðumanni hljóð.)

1. Telur hæstv. sjútvrh. það samrýmast hagsmunum íslensku þjóðarinnar að meina hrefnuveiðimönnum að hefja veiðar þegar í stað og koma með því í veg fyrir þann ávinning sem hrefnuveiðar gætu fært þjóðinni?

2. Telur ráðherra að veiðar á hrefnu mundu stuðla að betra jafnvægi í hafinu umhverfis landið og auka árlega nýtingu þjóðarinnar á þorskstofninum?

3. Ef veiðar hefjast ekki á sjávarspendýrum þarf þá að hækka viðmiðun á náttúrlegum dánarstuðli þorsks sem nú er talinn 18% og þá hversu mikið?

[15:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Spurning hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar er í þremur liðum. Í fyrsta lagi spyr hann hvort ráðherra telji það samrýmast hagsmunum íslensku þjóðarinnar að meina hrefnuveiðimönnum að hefja veiðar þegar í stað og koma með því í veg fyrir þann ávinning sem hrefnuveiðar gætu fært þjóðinni.

Á vorþingi 1999 var samþykkt þáltill. um að hefja veiðar á hvölum við Ísland að nýju. Jafnframt var samþykkt að áður en það yrði gert, yrði afstaða okkar kynnt fyrir

helstu viðskiptaþjóðum okkar. Það var niðurstaða Alþingis á þeim tíma að skynsamlegt væri út frá hagsmunum þjóðarinnar að kynna þessa afstöðu okkar fyrir viðskiptaaðilum okkar áður en veiðarnar hæfust frekar en hefja veiðarnar strax. Þar sem ég greiddi þessari þáltill. atkvæði mitt auk þess að hafa verið flutningsmaður upphaflegu tillögunnar ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og fleirum hlýt ég að vera enn þá sammála þessari niðurstöðu, að ekki sé rétt að hefja hvalveiðar fyrr en þær hafa verið kynntar fyrir okkar viðskiptaþjóðum.

Varðandi svar við öðrum lið fyrirspurnarinnar þá innifelst það í svari við fyrsta lið að ég tel að betra jafnvægi væri í hafinu umhverfis landið ef við mundum hefja veiðar á hrefnum og ekki einungis hrefnum heldur á þeim hvölum sem samkvæmt niðurstöðum vísindamanna þola sjálfbærar veiðar.

Ég óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um þriðja lið spurningarinnar. Í því svari kemur fram m.a. — en út frá því er gengið að verið sé að tala um hvali í fyrirspurninni — að heildarneysla þeirra tólf tegunda sem halda reglulega til hér við land nemi um 6 millj. tonna af sjávarfangi árlega, þar á meðal um 2 millj. tonna af fiskmeti. Samkvæmt þessari athugun étur hrefna langmest allra hvalategunda af fiski eða um 1 millj. tonna á ári.

Enn fremur benda fyrstu athuganir á fjölstofnaáhrifum þriggja hvalategunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, til þess að fjölgun þeirra geti haft veruleg áhrif á afrakstursgetu þorsks og loðnu til langs tíma litið. Þannig gæti langtímaafrakstur þorskstofns minnkað um allt að 75 þús. tonn eða yfir 20% og áhrifin yrðu svipuð hvað varðar loðnu. Þessi áhrif eru þó mikilli óvissu háð og eru stærstu óvissuþættirnir þessir:

Óvissa um þróun hvalastofnana, þ.e. vaxtarmöguleika þeirra innan vistkerfisins og takmörkuð gögn um fæðu hrefnu hér við land. Einnig er mat á núverandi stofnstærð hvala augljóslega mikilvægt í þessu samhengi, en talsverð óvissa er bundin nýjasta matinu á stofnstærð hrefnu hér við land, en það fór fram sumarið 1995.

Enn fremur kemur fram að vegna ofangreindra óvissuþátta er ekki unnt að segja fyrir með vissu um hvort endurskoða þyrfti viðmiðanir á náttúrlegum dánarstuðli þorsks ef hvalveiðar hefjast ekki að nýju. Ef áhrifin yrðu jafnmikil og vísað er til hér að ofan mundi það fela í sér hækkun á náttúrlegri dánartíðni þorsks, en óvissuþættirnir eru það stórir að ekki er unnt að meta hve mikið slík viðmið mundu hækka.

[15:41]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Auðvitað græðir þjóðin ekkert á þessu hrefnuveiðibanni. Það sannar reynsla frænda okkar Norðmanna sem hófu hrefnuveiðar að nýju fyrir sjö eða átta árum og hafa aukið þær jafnt og þétt síðan og stefna að því að veiða hátt í 1.000 hrefnur á næsta ári, ef ég veit rétt. Norðmönnum var hótað öllu illu þegar þessar veiðar hófust en ekkert af þeim hótunum hefur gengið eftir. Sama segja frændur okkar Færeyingar sem veiða verulegt magn af grindhval á hverju ári.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að núna þegar styttist í að við hefjum hvalveiðar að nýju eigum við að hefja veiðar á öllum þeim hvalategundum sem þola veiðar samkvæmt áliti Hafrannsóknastofnunar. Ég flutti tillögu þar að lútandi hér á þinginu fyrir tveimur árum tæpum ásamt fleiri hv. þm., þar á meðal hæstv. núverandi sjútvrh. Þessi tillaga var samþykkt með mjög afgerandi meiri hluta, 37 atkvæðum gegn átta, ef ég man rétt. Alþingi ákvað að heimila þessar veiðar að nýju og fól ríkisstjórn framkvæmd málsins og kynningu eins og hæstv. ráðherra gat um. Ég skora á hæstv. ráðherra að hraða þeirri kynningu þannig að við hefjum þessar veiðar sem allra fyrst.

[15:42]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að spurningin um hvalveiðar eða ekki hvalveiðar snúist ekki um hvort við tökum upp hrefnuveiðar heldur tel ég óhjákvæmilegt að við stefnum ákveðið að því að taka upp hvalveiðar eins og þær voru áður stundaðar. Meðan hvalveiðar voru stundaðar frá Hval hf. í Hvalfirði var haft að leiðarljósti að hægt væri að nýta allt kjöt til manneldis og mjög tryggilega var frá því gengið að ekki væri komið með fleiri hvali að landi en hægt væri að vinna jafnóðum. Stundum var bátunum ekki heimilt að koma með fleiri en eina langreyði að landi í senn og eins og þeir geta kynnt sér sem það vilja fór kjötið allt til manneldis, síðast til Japans en áður í dýrafóður til Englands, en undir lokin allt til manneldis til Japans.

Ég vil jafnframt minna á að hvalveiðistöðin lagði upp úr því að vísindamenn gætu fylgst með veiðunum þannig að til er nákvæm skrá yfir það hvernig þær gengu á hverjum tíma. Þær voru þess vegna vistvænar og í þeim anda sem við viljum nýta sjávarstofna.

[15:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það ætlar að ganga seint að hefja hvalveiðar og þó að tekin hafi verið ákvörðun á hv. Alþingi um það bólar ekki á efndunum enn. Hér tala menn um kynningarátök. En það er ekki ljóst hvenær hvalveiðar hefjast þrátt fyrir ákvarðanir Alþingis um að stefna eigi að að því. Ég er á þeirri skoðun að ekki hafi verið rétt að taka þessa ákvörðun með þeim hætti sem gert var. Það átti að leyfa hvalveiðar. Alþingi átti að taka afstöðu til veiðanna en ekki vísa því til ríkisstjórnar sem situr á málinu og þæfir það endalaust. Það er ekki vilji ríkisstjórnarinnar að hefja hvalveiðar og hefur ekki verið fram að þessu, a.m.k. hefur hann ekki skilað sér í ákvörðun um að leyfa þær.

Ég held að þetta sé ekkert óskaplega flókið mál. Menn eru sammála um öll rökin sem hafa verið talin hér upp. Örfáir mæla gegn þeim. Mikill stuðningur er á Alþingi við hvalveiðar. Í raun og veru er ekkert annað eftir en að fylgja eftir ákvörðun Alþingis.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Mér finnst vanta aðgerðir í þessu máli. Hér er talað ár eftir ár um að til sé samþykkt um að hefja hvalveiðar og síðan er talað um að kynna þurfi málið og að því loknu, einhvern tíma í framtíðinni, eigi síðan að hefja veiðarnar. Mér finnst að sífellt fleiri vísbendingar bendi til þess, og m.a. það svar sem ég vitnaði hér til og sjútvrh. hæstv. staðfesti í rauninni í svari sínu, að við erum að ganga gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar með því að hefja ekki veiðarnar. Með því að nýta ekki hvalastofnana erum við með minni nýtingu á þorskstofninum og samkvæmt því línuriti sem birtist í svari fyrir örfáum vikum var sýnt að þorskveiðin gæti hugsanlega orðið 100 þús. tonnum minni árið 2023 en hún ella gæti orðið ef við stunduðum hvalveiðar og héldum

stofnunum niðri. Þegar á næsta ári gæti þetta munað 30–50 þús. tonnum.

Hæstv. sjútvrh. talar um að Hafrannsóknastofnun meti þetta til 75 þús. tonna í framtíðinni. Hvor talan sem er, jafnvel þó að við værum ekki að tala um nema 20 þús. tonn, þá tel ég að okkur sé ekki stætt á því að neita mönnum um að stunda þá atvinnu sem beinlínis er hagstæð og hagkvæm íslensku þjóðinni og það stangist á við stjórnarskrá okkar.

[15:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að ekki beri mikið í milli í hinum tölulegu upplýsingum sem við vitnum í, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, og óþarfi að deila um það. Það er hins vegar rangt hjá honum að aðgerðir vanti. Það stendur yfir kynning á málstað okkar samkvæmt þeirri ályktun sem samþykkt var á vorþingi 1999 og sú kynning mun halda áfram á næsta ári og verða aukin samkvæmt þeim tillögum sem samþykktar voru við 2. umr. fjárlaga um að auka fjármagn til þeirrar kynningar.

Hvað varðar hins vegar hrefnuveiðar Norðmanna, þá eru þær á annan veg en við mundum hátta okkar hvalveiðum þegar til þeirra kemur. Þeir eru að veiða en flytja ekki afurðirnar út og það tel ég ekki vera kost sem mundi henta okkur. Reyndar er staðan sú að Norðmenn stefna ekki að því að veiða 1.000 hrefnur á næsta ári heldur munu þeir draga saman og veiða liðlega 500 hrefnur. Það verður þá í annað skiptið í röð sem þeir minnka hrefnuveiðikvótann og er það í samræmi við þær ástandsmælingar sem þeir hafa gert á stofninum.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni um að þegar við hefjum hvalveiðar eigum við ekki að einskorða það við eina tegund heldur eigum við að veiða þær tegundir sem Hafrannsóknastofnun telur að þoli sjálfbærar veiðar.

En unnið er að málinu fullkomlega í samræmi við ályktun Alþingis frá vorþingi 1999.

Uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

Fsp. JB, 302. mál. — Þskj. 345.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu. Samkvæmt gildandi lögum um húsnæðismál ber sveitarstjórn ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Löggjafinn leggur þarna sveitarfélögunum skýrar kvaðir á herðar. Samkvæmt sömu lögum skal starfræktur sérstakur varasjóður í eigu sveitarfélaganna en í vörslu Íbúðalánasjóðs sem skal bæta einstök tjón eða verðfall á íbúðum í félagslega eignaríbúðakerfinu. Tekjur varasjóðsins til að mæta þeim afskriftum eru m.a. framlög ríkissjóðs á fjárlögum.

Í fjárlögum þessa árs er heimild til að semja við sveitarfélög eða félagasamtök um uppgjör vegna innlausnar í félagslega íbúðakerfinu. Mér er einnig kunnugt um að ekki hefur heldur farið fram uppgjör vegna ársins 1999.

Félagslega íbúðakerfið var hluti af stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum og einstakar ákvarðanir hjá Byggingarsjóði verkamanna t.d. hlutu almennt ekki fullnustu fyrr en félmrn. hafði staðfest þær. Hér var því um víðtæka samtryggingu og samábyrgð ríkis, atvinnulífs og sveitarfélaga að ræða. Nú er svo háttað víða um land að sveitarfélögin verða að leysa til sín félagslegar eignaríbúðir á hærra verði en endursöluverð þeirra er og þá myndast halli sem gert er ráð fyrir að varasjóðurinn greiði eða taki þátt í að greiða m.a. með framlagi frá ríkissjóði eins og lög og reglugerðir kveða á um.

Því leyfi ég mér, herra forseti, að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. fjmrh.:

Hvað líður samningum við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu eins og kveðið er á um í heimildarákvæðum fjárlaga fyrir árið 2000?

Hve mikið fé hefur ríkissjóður ákveðið að leggja til þessa uppgjörs árið 2000?

Hve mikið fé hefur verið greitt til sveitarfélaganna samkvæmt þessari fjárlagaheimild árið 2000?

Herra forseti. Ég leyfi mér enn fremur að spyrja hvort einhver ágreiningur sé á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi túlkun laga og regugerða við ákvörðun á greiðslu þessa framlags.

Og að síðustu: Eru eldri skuldir eða eldri skuldbindingar óuppgerðar vegna félagslegu eignaríbúðanna gagnvart sveitarfélögunum?

[15:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Umrædda heimild sem hv. þm. vísar til og er að finna í fjárlögum þessa árs var einnig að finna í fjárlögum ársins 1999 og kom þar inn að frumkvæði okkar félmrh. Sú heimild var ekki nýtt á árinu 1999, enda var varasjóður viðbótarlána þá rekinn með 15 millj. kr. afgangi. Á þessu ári er ljóst að halli verður á sjóðnum og ákveðið hefur verið að inna af hendi 50 millj. kr. framlag til sjóðsins og var það greitt fyrir u.þ.b. hálfum mánuði. Þar með er spurningum hv. þm. á hinu skriflega þingskjali í raun og veru svarað.

En að því er varðar framhaldið á árinu 2001, þá vil ég láta þess getið að sambærileg heimild er fyrir hendi í fjárlagafrv. næsta árs. Ekki hefur verið gerður samningur eins og heimild þessa árs gerir beinlínis ráð fyrir heldur er sá samningur ógerður. Ég vænti þess að það takist að ganga til slíkra samninga við samtök sveitarfélaga um framhald þessa máls í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur undanfarin missiri og með betri yfirsýn yfir þetta mál en kannski hefur verið að undanförnu. Reynsla af þessu fyrirkomulagi er tiltölulega lítil vegna þess að sjóðurinn var stofnaður í ársbyrjun 1999. Við munum ganga til þeirra samninga með þá reynslu sem fengist hefur að leiðarljósi og vonandi betri yfirsýn yfir þessi mál.

[15:53]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Í þessari fyrirspurn er fyrst og fremst óskað eftir upplýsingum varðandi það fjármagn sem veitt hefur verið til þessara mála á síðustu fjárlögum, þ.e. síðasta og þessa árs. Ég velti hins vegar fyrir mér og óska þess að ráðherra greini frá því ef hann hefur upplýsingar um hvernig staðið verður að málum sem snerta þau sveitarfélög sem höfðu fyrir tilkomu þessara ákvæða innleyst íbúðir með því að yfirtaka lán sjóðsins langt umfram markaðsverð.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur gefið að svo stöddu. En ég innti hann einnig eftir því hvort einhver ágreiningur væri milli fjmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga um mat á afskriftum. Við vitum að við sölu á fasteignum nú ganga kaup með húsbréfum og þau bera afföll og það kemur þá inn í það verðfall sem er á viðkomandi húseignum og er samkomulag um hvernig það skuli metið og/eða önnur atriði varðandi það. Reyndar kveður reglugerðin um þetta mál ekki beint á um samkomulag heldur er tilgreint hvernig skuli greiða þetta, en í sjálfu sér er eðlilegt að um þetta sé samkomulag.

Ég hefði líka viljað að hæstv. ráðherra gæti upplýst hver hann teldi að væri líkleg þörf á næsta ári og enn fremur um þær 50 millj. sem hæstv. ráðherra upplýsti að hefðu verið greiddar á þessu ári. Er það samkvæmt óskum og beiðnum Sambands ísl. sveitarfélaga eða því sem varasjóðurinn hefur gert og talið sig þurfa og hefur sú þörf þar með verið uppfyllt sem þarna var fyrir hendi?

Ég legg áherslu á, herra forseti, að hlutverk varasjóðsins er afar þýðingarmikið og mun vafalaust vaxa enn meir á næstu árum varðandi þessar íbúðir og er því ástæða til að skýrar reglur gildi.

[15:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um neinn sérstakan ágreining milli aðila í þessu máli. Reyndar er það félagsmálaráðuneytisins að fara með þennan málaflokk gagnvart sveitarfélögunum, en það er náttúrlega vitað að ágreiningur er milli þess ráðuneytis og einstakra sveitarfélaga um ákveðna þætti í framkvæmd þessara mála. Á ég þar við innlausnarskyldu og þess háttar hluti svo sem hv. þm. er kunnugt um.

En varasjóðurinn er eins og ég segi frekar nýtilkomið fyrirbæri og kannski ekki alveg búinn að festa sig í sessi að því er varðar vinnureglur og fleira þess háttar. Eðlilegt er að hann fái að þróast og móta starfsreglur sínar og þær viðmiðanir sem hann hyggst starfa eftir á grundvelli þeirrar reglugerðar sem um hann gildir.

Ég endurtek það sem ég sagði um árið 2001, að hugmyndin er að reyna að ná einhverri sameiginlegri niðurstöðu á grundvelli þess heildarumfangs sem er um að ræða hér. (**JB:** Þörfinni á ...) Hvort búið er að uppfylla allar ýtrustu þarfir sjóðsins treysti ég mér ekki til að segja um. Hitt veit ég að 15 millj. kr. afgangur var í fyrra og það stefnir í u.þ.b. 60 millj. kr. tap á þessu ári þannig að það ætti að vera nægjanlegt að ríkið leggi 50 millj. í sjóðinn á þessu ári.

Að því er varðar eldri tíma og fyrirspurn hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar, þá verð ég að viðurkenna að ég er ekki í stakk búinn til þess að svara henni hér.

[15:58]

Útbýting þingskjala:

Blindrabókasafn Íslands, 177. mál, þskj. 436.

Forvarnir gegn krabbameinum, 339. mál, beiðni ÁRÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 447.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 215. mál, nál. sjútvn., þskj. 445.

Skattlagning fríðinda.

Fsp. ÁRÁ, 305. mál. — Þskj. 348.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Í vaxandi samkeppni hefur þess gætt, ekki síst síðustu missiri, að samkeppni fyrirtækja stendur einnig um vinnuaflið. Þá hefur komið fram að fyrirtæki þykjast ekki öll eiga jafnhægt um vik að skapa það umhverfi og þau kjör starfsmanna sem þeim þykja best. Í því ljósi hef ég borið fram á þskj. 348 fyrirspurn til fjmrh. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Við hvaða reglur styðjast stjórnvöld um skattskyldu, framtal, álagningu og innheimtu skatta vegna fríðinda sem fyrirtæki veita starfsmönnum sínum með því að afhenda þeim á undirverði eða án greiðslu þá þjónustu sem þau selja öðrum gegn gjaldi?

2. Liggur fyrir í hagtölum um tekjur launamanna hve háum fjárhæðum þær tekjur starfsmanna sem þannig eru greiddar nema og hve hátt hlutfall þær eru af heildartekjum þeirra?

3. Liggur fyrir í greiningu tekjuskattsstofns hve háum fjárhæðum tekjuskattur af þessum tekjum nemur?“

[16:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Um skattlagningu þeirra atriða sem hv. þm. nefndi gilda almenn ákvæði tekjuskattslaganna. Í 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. þeirra segir að til skattskyldra tekna *teljist, með leyfi forseta:*

„Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. ... Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.“

Samkvæmt þessu telst til skattskyldra tekna afhending á vöru eða þjónustu sem veitt er án þess að fyrir hana komi eðlilegt gjald.

Í öðru lagi er spurt hvort fyrir liggi í hagtölum um tekjur launamanna hve háum fjárhæðum þær tekjur starfsmanna sem þannig eru greiddar nema og hve hátt hlutfall þær eru af heildartekjum þeirra.

Á framtölum launamanna ber þeim að gera grein fyrir skattskyldum hlunnindum. Sömuleiðis ber launagreiðendum á launaskýrslum til skattyfirvalda að greina frá þeim hlunnindum sem starfsmenn þeirra hafa notið. Við skráningu skattupplýsinga er framtöldum hlunnindum almennt haldið sérgreindum en þau ekki sundurliðuð sérstaklega, t.d. eftir því hvort um er að ræða vörur eða þjónustu. Samkvæmt framtölum árið 1998, sem er síðasta ár sem upplýsingar um þetta hafa verið teknar saman um, voru hlunnindi önnur en bifreiðahlunnindi 409 millj. kr. Sú fjárhæð er 0,16% af tekju- og útsvarsstofni það ár. Ekki liggur fyrir frekari skilgreining á þeirri fjárhæð.

Að lokum er spurt hvort fyrir liggi í greiningu tekjuskattsstofns hve háum fjárhæðum tekjuskattur af þessum tekjum nemur. Svarið við því er nei. Hlunnindi þessi eru talin með almennum tekjum og skattlögð í einu lagi ásamt þeim. Þar af leiðir að sérgreind skattlagning þessara hlunninda liggur ekki fyrir né tölulegar upplýsingar um hver hún gæti verið.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. greinargóð svör. Ég vil aðeins geta þess vegna þess sem kemur fram í fyrsta lið fyrirspurnarinnar, að ég tel alveg ljóst að í tiltekinni starfsemi viðgengst það að starfsmönnum eru veitt fríðindi þannig að þeim er afhent vara eða þjónusta án þess að fullt gjald komi fyrir. Ég hygg að það kunni að vera nauðsynlegt að reyna að nálgast betur en gert hefur verið þann mun sem kann að vera á tilgreindu verði og fullu verði samkvæmt almennum viðskiptum þessara fyrirtækja.

[16:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hygg að sú ábending sem fram kemur í máli þingmannsins geti fyllilega átt við rök að styðjast. Ég tel þó ekki að um sé að ræða skort á skýrum lagaákvæðum eða þörf á að breyta núgildandi lagaákvæðum heldur er þarna frekar um að ræða spurninguna um skattframkvæmd og skatteftirlit, þ.e. hvernig núverandi lögum er framfylgt. Kannski er ástæða til þess að beina því til þeirra aðila sem um þau mál fjalla að fylgjast vel með framkvæmdinni að þessu leyti.

Út af dagskrá voru tekin 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

43. FUNDUR

fimmtudaginn 7. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Forvarnir gegn krabbameinum, beiðni um skýrslu, 339. mál, þskj. 447. *Hvort leyfð skuli.*
2. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313. — Frh. 1. umr.
3. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237. — 1. umr.
4. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238. — 1. umr.
5. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239. — 1. umr.
6. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240. — 1. umr.
7. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 241. mál, þskj. 266. — 1. umr.
8. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 240. mál, þskj. 265. — 1. umr.
9. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 430. — 1. umr.
10. Málefni aldraðra, stjfrv., 317. mál, þskj. 392. — 1. umr.
11. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, stjtill., 276. mál, þskj. 304. — Fyrri umr.
12. Tollalög, stjfrv., 333. mál, þskj. 433. — 1. umr.
13. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 260. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr.
14. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 312. mál, þskj. 372. — Fyrri umr.
15. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 320. mál, þskj. 402. — 1. umr.
16. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322. — 1. umr.
17. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 297. mál, þskj. 334. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Námsmatsstofnun, 176. mál, nál. menntmn., þskj. 451; brtt. menntmn., þskj. 452.

Rekstrarform í löggæslu, 342. mál, fsp. PHB, þskj. 450.

Rekstrarform í menntakerfinu, 341. mál, fsp. PHB, þskj. 449.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 343. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 453.

Útlendingar, 344. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 454.

Útvarpsgjald, 340. mál, fsp. PHB, þskj. 448.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Klukkan 13.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um ráðstafanir í húsnæðismálum. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. félmrh. verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Einkarekið sjúkrahús.

[10:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Fyrir nokkru spurði ég hæstv. heilbrrh. út í það í þinginu hvort fótur væri fyrir þeim orðrómi að hér á landi stæði til að setja á stofn einkarekið sjúkrahús. Þá hafði um nokkurt skeið verið rætt um áhuga tiltekinna hópa fagfólks á því að koma á fót slíkum rekstri. Ástæða þess að ég spurði hæstv. heilbrrh. út í þetta var sú að ég taldi svo viðamikla stefnubreytingu á íslensku heilbrigðiskerfi þurfa að koma til kasta þingsins.

Hæstv. heilbrrh. svaraði því neitandi, hún sagði að þetta stæði ekki til. Síðustu daga hafa komið fram fréttir þess efnis að unnið sé að undirbúningi þess að koma á fót sjúkrahúsi sem yrði rekið af einkaaðilum. Bent er á að bið eftir aðgerðum á sjúkrahúsum hafi lengst og læknar eigi í sífellt meiri vandræðum með að leysa vandamál sjúklinga sinna með nauðsynlegum aðgerðum og rannsóknum innan ramma hins opinbera sjúkrahúskerfis. Læknar hafa m.a. í erindum til hv. heilbr.- og trn. Alþingis lýst því yfir að þetta verði gert, hvað sem hver segir.

Herra forseti. Ég tek þetta mál upp til þess að spyrjast fyrir um hvort fyrir þinginu liggi mál sem fela í sér slíka grundvallarbreytingu á íslenskri heilbrigðisþjónustu. Ég vil vekja á því athygli að í dag stendur til að ræða heilbrigðisáætlun. Eftir því sem ég fæ best fæ séð er ekki fjallað um þessi mál í henni, að þetta standi til. Þess vegna vekja þær fréttir óneitanlega athygli manns að unnið sé af fullri alvöru að undirbúningi þess að koma á fót slíku sjúkrahúsi.

Úr því að hæstv. heilbrrh. er hér þá vil ég spyrja hana hvort hún telji þetta raunhæfar hugmyndir og hvort unnt sé að gera slíka stefnubreytingu án þess að sú ákvörðun komi til kasta hv. Alþingis.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að fá þessi svör skýr og klár frá hæstv. heilbrrh. Eftir því sem ég best veit liggja þessar stefnubreytingar ekki fyrir þinginu til afgreiðslu.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem fram kom hjá málshefjanda. Það liggur ekkert fyrir þinginu varðandi einkavædd sjúkrahús. Ég vil endurtaka það sem ég hef sagt áður bæði í þinginu og opinberlega að ég mun ekki heimila byggingu einkavædds sjúkrahúss hér á landi. Fyrir því eru mjög mörg rök.

Rökin eru fyrst og fremst þau að við erum fámenn þjóð, rúmlega 270 þúsund manns. Við þurfum að geta mannað allar neyðarvaktir, allar næturvaktir og kvöldvaktir. Ef meginþorri hjúkrunarfólks og lækna ætlar að fara út í einkarekstur, hver á þá að reka stóru sjúkrahúsin? Þetta eru ein rökin.

Ef við lítum til annarra landa sjáum við að það er dýrara kerfi, hið svokallaða einkavædda kerfi. Það viðgengst mikil mismunun í því kerfi. Við höfum lagt meira fjármagn til heilbrigðismála á undanförnum fjórum árum en nokkru sinni fyrr. Við höfum sameinað stóru spítalana til að nýta betur tæki og dýra tækni sem við höfum aflað okkur. Það væri út í hött að fara að byggja upp nýtt sjúkrahús úti í bæ í stað þess að nýta þá fjármuni til að stytta biðlistana. Ég vil að það komi fram að biðtími eftir aðgerðum hefur styst. Ég er að tala um biðtíma.

Ég þakka fyrir að fá að svara þessu hér því að þetta er mjög mikið í umræðunni.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. og tek undir það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Það er rétt hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að það er full ástæða fyrir Alþingi að vera á varðbergi gagnvart aðilum innan þings og utan, innan heilbrigðisþjónustunnar og utan hennar, vegna þess að sú hætta er fyrir hendi að ráðin verði tekin úr okkar höndum.

Aðilar á fjárfestingarmarkaði gína yfir velferðarþjónustunni. Á morgunverðarfundi Verslunarráðs í sumar gátu menn ekki leynt ákafa sínum og græðgi til að komast yfir þessa dýrmætu auðlind sem þeir telja velferðarþjónustuna. Þeir eru hvattir áfram innan þings og innan ríkisstjórnarinnar af aðilum sem vilja einkavæða velferðarþjónustuna og gera sér heilsu okkar að féþúfu. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hæstv. heilbrrh. í þessu efni. Það má hún vita að svo lengi sem hún stendur vaktina á þeim forsendum sem hún gerði grein fyrir þá á hún stuðning okkar.

[10:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. Hún talaði mjög skýrt. Ráðherrann heimilar ekki byggingu einkavædds sjúkrahúss. Þetta er svarið sem við vildum heyra eftir fréttir undanfarinna daga.

Það hefur komið fram, herra forseti, að í haust ræddi Læknafélag Íslands einkavæðingu á fundi sínum. Þá vakti það mikil viðbrögð. Það hefur komið fram í fréttum að formaður Læknafélags Reykjavíkur gerir einkavæðingu að umtalsefni í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Þar segir hann m.a. að miklar sparnaðaraðgerðir í heilbrigðisþjónustunni leiði að lokum til samdráttar og fólk geri þá vaxandi kröfu til að leita nýrra valkosta. Stundum veltum við í þessum sal því fyrir okkur hvort það sé ekki einmitt markmiðið af hálfu Sjálfstfl., íhaldsins við stjórnvölinn, að hrekja fólk til að leita þeirra leiða sem þeir vilja sjá.

Nú ber svo við að bæði í gær og í dag komu fram aðilar sem lýstu því yfir að nú yrði bara slegið saman undir einn hatt þeim læknastöðvum sem þegar er að finna úti í bæ og búið til eitt hús, ein starfsemi. Lesist: einkasjúkrahús. Ef þetta mundi gerast þá væri það grundvallarbreyting á samfélagsþjónustu okkar, grundvallarbreyting á þeim stoðum sem skapa samfélagsmynd okkar, að allir eigi jöfn tækifæri til heilbrigðisþjónustu.

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. ráðherra um að þar sem þetta hefur verið innleitt hefur það leitt til gífurlegrar mismununar, hærri launa í einkarekstrinum og minni þjónustu í ríkisrekstrinum. Það verður að vera tryggt, herra forseti, að ekki verði unnt að stofna einkasjúkrahús nema sú umræða verði leidd inn á Alþingi. En það höfum við óttast að gæti gerst.

[10:40]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég veit eiginlega ekki hvar hv. þm. hafa haldið sig undanfarin ár. Það er eins og einkarekstur í heilbrigðisþjónustu sé eitthvert nýmæli. Það hefur komið fram að Tryggingastofnun ríkisins greiddi á síðasta ári 3,3 milljarða til sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna sem reka sjálfstæða starfsemi innan heilbrigðisþjónustunnar. Það er einnig löng hefð fyrir því að öldrunarstofnanir séu reknar í einkarekstri, annaðhvort af félagasamtökum eða einkaaðilum. Við þurfum ekki að leita lengra en til Hveragerðis, til heilsustofnunarinnar í Hveragerði, þar er einkarekstur.

Öll þessi heilbrigðisþjónusta er rekin og borguð af ríkinu. Það er algengur misskilningur hér á landi að samansemmerki sé á milli einkareksturs og takmarkaðs aðgengis eða minna jafnræðis í heilbrigðisþjónustu. Það er samstaða um það hér á landi að heilbrigðisþjónusta sé samfélagsleg þjónusta og greidd af hinu opinbera að mestu leyti. Því verður ekki breytt. Ég tel að um það mundi ekki nást samstaða og engar hugleiðingar í þá veru að breyta því.

Það hafa verið gerðar athugasemdir við að læknar, sem hafa fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir störf sín á stofum úti í bæ, hafi sett fram hugmyndir um að slá þessum stofum sínum saman. Ég mundi einmitt telja að fólk ætti að fagna því. Það væri aukið hagræði í því ef slíkar stofur yrðu færðar saman, hvort sem það er undir merki sjúkrahúss eða undir einhverju öðru merki. Því segi ég að ég veit bara ekki hvar fólk hefur haldið sig ef það telur að einkarekstur í heilbrigðisþjónustu sé eitthvað nýtt hér á landi.

[10:42]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að hefja þessa umræðu um störf þingsins. Það er sannarlega ástæða til að þingið ræði málið og hér fáist upplýsingar um hvort þær fregnir sem nú eru birtar í fjölmiðlum eru réttar, einfaldlega vegna þess að þær stangast á við það sem hér hefur áður verið ákveðið og viðurkennt.

Þó að löng hefð sé fyrir því að einkaaðilar sinni heilbrigðisþjónustu og, eins og hv. þm. Ásta Möller orðaði það svo snyrtilega, að allur einkarekstur sé greiddur af ríkinu, sem er dálítið sérkennileg þversögn, þá er ekki samkomulag um það í íslensku samfélagi að hér verði til heilbrigðisþjónusta sem mismunar umfram það sem þegar er. Um það er ekki samkomulag og um það verður ekki samkomulag. Þegar fólk les síðan í blöðum fréttir þess efnis að hér standi til að breyta því fyrirkomulagi sem það býr við þá spyr það að sjálfsögðu fyrst: Stendur hér til að mismuna? Hverju á að breyta?

Menn sjá það fyrir sér að hér verði aukin, fremur en hitt, svokölluð einkaþjónusta eða einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Reynslan af því nú þegar sem og frá öðrum löndum gefur ekki tilefni til að menn taki þeirri þróun með húrrahrópum. Þess vegna á það fullkomlega við, ef á að fara út í slíkar breytingar, að gerð sé krafa um að það sé rætt á hinu háa Alþingi.

Ég vil að lokum fagna viðbrögðum hæstv. heilbrrh. í þessari umræðu. Ég velti því samt fyrir mér hvort nægilegt sé að hún segi að hún muni ekki heimila byggingu einkasjúkrahúss vegna þess að það er reksturinn sem skiptir máli.

[10:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp. Ég vil sérstaklega þakka svör ráðherra. Eins og skýrt kom fram í fréttum í morgun þá er því borið við, af þeim sem eru að undirbúa rekstur einkavædds sjúkrahúss, að hin opinbera þjónusta sé hrunin eða uppfylli á engan hátt þarfir heilbrigðisþjónustunnar í landinu og því verði að einkavæða heilbrigðisþjónustuna og bæta þjónustuna.

Það verður að skilgreina hugtakið einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Í dag er umtalsverð þjónusta veitt með einkarekstri, þjónusta sem greidd er af ríkinu. Í dag eru greiddir meira en 3 milljarðar til einkareksturs í heilbrigðiskerfinu. 3,3 milljarðar fara af ríkisfé inn í þennan einkarekstur. En er það þá einkarekstur? Með auknum einkarekstri verður til mismunun og er dýrari þjónusta í heildina.

Það vantar fé til heilbrigðisþjónustunnar. Ég hvet hæstv. heilbrrh. til að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna við fjárlagagerðina núna og veita það fé í þjónustuna sem talið er að þurfi til að standa undir kröfum almennings. Það mundi kippa stoðunum undan þeim viðbárum sem heyrst hafa, að ónóg þjónusta kalli á einkavæðingu.

[10:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ekki er nýtt að hér sé blanda af einkapraxís og almannaþjónustu. Það er heldur ekki nýtt að greitt sé af almannafé fyrir þessa þjónustu. Það sem er nýtt er tvennt: Í fyrsta lagi að farið sé að líta á heilbrigðisþjónustuna sem arðvænlegan fjárfestingarkost á ameríska vísu, þ.e. starfsemi sem er vænleg til að gefa af sér arð. Það er þetta sem hefur gert ameríska kerfið dýrasta heilbrigðiskerfi í heiminum.

Það er líka nýtt að farið sé að ræða það á Íslandi að menn geti keypt sig fram fyrir aðra í biðröðum, ekki með því að borga alla þjónustuna sjálfir, nei, það á að láta skattborgarann niðurgreiða forganginn. Skattgreiðandinn á að borga grunninn og síðan á efnafólkið að geta keypt sig fram fyrir. Það er þetta sem er nýtt í umræðu um heilbrigðisþjónustuna. Það er líka nýtt og því má bæta við að innan úr heilbrigðisþjónustunni heyrast þessar raddir. Læknar sem eru farnir að líta á sig sem atvinnurekendur og fjárfesta sem ætla að hafa arð af þessari starfsemi. Það er nýtt og gegn þessu verður barist, einfaldlega vegna þess að við viljum varðveita heilbrigðisþjónustu sem jafnast á við það besta í heiminum. Við munum styðja hvern þann stjórnmálamann, úr hvaða flokki sem hann kemur, sem er reiðubúinn að beita sér í þá veru.

[10:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég átti þess kost að sitja ein átta ár í heilbr.- og trn. Þar átti sæti líka hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. Það sem kom mér mest á óvart þegar læknar voru að koma í heimsókn til heilbr.- og trn. var hversu ósamstæðir þeir voru og unnu hver gegn öðrum. Það hefur komið fram í umræðum í heilbr.- og trn. frá læknum sjálfum að um langan tíma standa skurðstofur spítalanna auðar vegna vinnutímafyrirkomulags sem þar er ástundað. Þeir hafa bent á að verði einhverjum hluta af störfum þeirra hleypt í svokallaða einkaframkvæmd gæti það þýtt meiri notkun á skurðstofunum sem þyddi líka styttri biðlista þannig að þeir aðilar sem vilja borga fyrir aðgerðina þurfi ekki að vera þess valdandi að biðlistinn lengist eða þeir sem eiga minni peninga komist seinna að. Það gæti virkað í öfuga átt.

Gott dæmi um þetta eru krossbandaaðgerðir. Ekki er langt síðan læknar opnuðu sérstaka stofu þar sem krossbandaaðgerðir fóru fram. Hvernig var þá brugðist við af öðrum læknum á ríkissjúkrahúsunum? Þeir gerðu allt til að stoppa það að sjúklingar færu á þessa einkastofu. Læknar segja manni jafnvel að þeim líði illa yfir því að vera þar sem 6–8 manns eru í kringum eina aðgerð. Á miðjum degi fara þeir á einkastofu sína þar sem þrír menn vinna sömu vinnu. Er ekki tími til kominn að við fáum að leita annarra leiða en að festast í viðjum vanans marga tugi ára aftur í tímann? Við skulum vera bjartsýnir og horfa fram á við og reyna nýjar leiðir. Ef okkur mistekst er alltaf hægt að fara til baka.

[10:50]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í framhaldi af ræðu síðasta hv. þm. er rétt að spyrja hvaða ástæða skyldi vera fyrir því að ekki er hægt að nýta þá aðstöðu sem til staðar er í þeim stofnunum sem fyrir eru. Skyldi það hafa eitthvað með það að gera að ekki er veitt nægilegt fjármagn, til þessa málaflokks til að unnt sé að nýta þjónustuna eftir bestu getu?

Það er alveg makalaust að halda því fram að hægt sé að bæta úr ástandinu með því að byggja fleiri skurðstofur. Ég á mjög erfitt með að átta mig á þessu samhengi, herra forseti. Það sem skiptir máli í umræðunni er það að greinilega er mjög sterkur pólitískur vilji fyrir því innan Sjálfstfl. að farið sé út í frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Hann kom skýrt fram hjá hv. þm. Ástu Möller sem talaði áðan. Ég vil minna á það í því samhengi, herra forseti, að menn skoði samhengið á milli þessara 3,3 milljarða sem hv. þm. Ásta Möller nefndi. Hvaðan hafa þeir komið? Úr ríkissjóði. Hvar

er hagræðingin sem hlaust af einkarekstrinum? Það sem hefur nákvæmlega gerst er að með aukinni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu hafa útgjöld ríkissjóðs til málaflokksins aukist. Við skulum muna það líka í umræðunni.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. heilbrrh. hyggst standa fast á sínu og stefnu sinni í þessu máli en hvet jafnframt til þess að málið sé tekið upp á Alþingi. Ég óttast ef það er einungis undir einum ráðherra komið að veita leyfið og það þurfi ekki að koma til kasta Alþingis að taka svo áhrifamikla stefnubreytingu sem þetta mundi hafa í för með sér. Hvar stöndum við ef til þess kemur að Sjálfstfl. tekur við heilbrrn., herra forseti? Það er það sem ég óttast vegna þess að þar á bæ hafa helstu hugmyndafræðingar þeirra m.a. lýst því yfir að ekkert sé að því að leyfa efnahag manna að ráða því hverjir séu fyrstir á biðlistunum.

[10:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Auðvitað eru sjálfstætt starfandi læknar og sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar í landinu og það á svo að vera áfram. Hér erum við að ræða um einkarekið sjúkrahús og um það fjallar umræðan. Ég hef sagt skýrt hvert álit mitt er á því og hef fyrir því rök.

Ég talaði við forstjóra Ríkisspítalanna í morgun og bað hann að fara yfir það með mér hvaða sjúkrahús væru einkarekin í Danmörku. Það eru nánast engin einkarekin sjúkrahús í Danmörku. Það hafa verið gerð tilraunir með það á stóru sjúkrahúsi rétt hjá Árósum, mjög myndarlegt sjúkrahús en ekki var hægt að reka það og því var lokað fyrir fjórum árum.

Það er þannig og það kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni áðan að læknar töluðu ekki einum rómi. Það er bara eins og annars staðar í þjóðfélaginu. En hann fór að tala um krossbandaaðgerðir og mér heyrðist hann vera svolítið hneykslaður á því að sjúkrahúsin tóku þessar aðgerðir af læknunum. Nú skal ég segja nákvæmlega hvernig þetta var. Það var þannig að sjálfstætt starfandi læknar úti í bæ gerðu svo miklar kröfur fjárhagslega fyrir að gera þessar aðgerðir að Tryggingastofnun treysti sér ekki til að greiða þær. Það er nákvæmlega það sem varð til þess að sjúkrahúsin tóku þetta að sér fyrir ráðuneytið vegna þess að sjúklingarnir og þeim var meira að segja boðið að borga allt upp í — ja, ég ætla ekki að nefna þær upphæðir hér. Ég held að það kæmi mönnum mjög á óvart. En það er ýmislegt í þessu máli sem er ástæða til að ræða því að þetta eru alls ekki einföld mál. Þetta eru viðkvæm mál og þetta eru mikilvæg mál og mikilvægt er að samstaða sé um þessi mál. Ég tel að meiri samstaða sé um þessi mál en komið hefur fram í umræðunni vegna þess að það er margt sem við viljum hafa eins og er í dag þannig að sjúklingar fái þá allra bestu þjónustu sem hægt er að veita.

Eftirlit með útlendingum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313.

[10:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 en það samstarf er liður í Schengen-samstarfinu.

Samkvæmt 7. gr. samningsins milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðargreindu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel þann 18. maí 1999 er þátttaka Íslands og Noregs í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins forsenda fyrir þátttöku landanna í Schengen-samstarfinu. Dyflinnarsamningurinn mælir fyrir um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Er samningnum ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og koma þannig í veg fyrir að umsækjandi sé sendur úr einu ríki í annað án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð umsóknar. Með samningnum er því bætt réttarstaða þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu.

Af Dyflinnarsamningnum leiðir að einungis eitt ríki ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli. Í 4.–8. gr. samningsins eru nákvæmlega afmörkuð þau atriði sem ráða því hvaða ríki ber ábyrgð á meðferð beiðni í hverju tilviki fyrir sig. Þetta breytir því hins vegar ekki að hvert ríki getur tekið beiðni til meðferðar þótt því sé það ekki skylt enda samþykki umsækjandi það. Í þeim tilvikum færist ábyrgð um meðferð beiðni til viðkomandi ríkis.

Þegar fram kemur beiðni um hæli í ríki sem ber ekki ábyrgð á meðferð málsins getur það óskað eftir því að það ríki sem ber að taka mál til meðferðar taki umsækjanda um hæli í umsjá sína. Nánari reglur þar að lútandi koma fram í 10. og 11. gr. samningsins.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir Dyflinnarsamningnum og mun næst víkja að efni frv. Í 1. gr. frv. er lagt til að nýr málsliður bætist við 10. gr. laganna þess efnis að útlendingur eigi ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins, að taka við honum. Þetta ákvæði er sett til samræmis við meginefni samningsins.

Þá er lagt til í 2. gr. að heimilt verði að miðla upplýsingum um útlendinga til erlendra stjórnvalda í samræmi við reglur Dyflinnarsamningsins. Sérstaklega skal áréttað að þessi heimild tekur einungis til þeirra upplýsinga sem raktar eru í samningnum. Um miðlun upplýsinga milli þeirra landa sem taka þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins gildir 15. gr. samningsins og það ákvæði tryggir ríka vernd persónuupplýsinga.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[10:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar í upphafi umræðunnar að bera fram tvær spurningar til hæstv. ráðherra. Sú fyrri er: Í hvaða tilfelli getur Ísland verið þriðja land samkvæmt þessum samningi, þ.e. svokallað þriðja trygga land sem senda má útlending til sem leitar hælis í öðru landi og landi sem á aðild að Dyflinnarsamningnum? Sem sagt öfugt við það sem verið er að fjalla um hér þegar við erum að benda á að við getum sent fólk úr landi samkvæmt samningnum.

Hin spurningin er: Hve mörg lönd eru í dag aðilar að Dyflinnarsamningnum? Hvaða lönd umfram það sem getið er um í fylgiskjali I með samningnum?

[11:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á fyrri spurningu hv. þm., þ.e. í hvaða tilfelli Ísland getur orðið þriðja landið. Það eru ákveðin skilyrði í Dyflinnarsamningnum um hvaða land fjallar um réttarstöðu viðkomandi útlendings eða flóttamanns. Ég held að það sé nokkuð skýrt sem þar kemur fram ef hv. þm. kynnir sér greinargerðina.

Varðandi fjölda ríkja þá eru Evrópusambandsríkin, Ísland og Noregur aðilar að Dyflinnarsamningnum.

Varðandi það frv. sem er til umræðu vil ég taka fram að núna hefur verið útbýtt á þinginu frv. til nýrra laga um útlendinga. Það er stórt frv. sem á eftir að fjalla vandlega um í þingnefnd og á hinu háa Alþingi. Þessu frv. sem hér er til umræðu er ætlað að brúa bilið frá gildistöku Schengen-samningsins 25. mars nk. þar til stóra frv. tekur gildi. Í því frv. er kveðið á um gildistöku þann 1. júlí en það gæti auðvitað orðið eitthvað seinna ef frv. tekur langan tíma í meðferð.

Nánar tiltekið er þetta d-liður 46. gr. frv. sem er sambærileg við 1. gr. þessa frv. sem við ræðum um hér og 1. mgr. 26. gr. sem er sambærileg við 2. gr. frv. sem er fjallað um hér.

Ég vildi bara láta þetta koma fram til frekari skýringar á málinu, herra forseti.

[11:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma ákvæði um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Vafinn verður til vegna þess að flóttamaðurinn kemur ekki beint frá landinu sem hann flúði til landsins sem hann sækir um hæli í heldur hefur haft einhverja millidvöl í öðru landi. Í greininni sem Alþingi á að samþykkja segir m.a.:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnar-samningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Þetta byggist á reglunni um svokallað „third safe country", þriðja ríkið. Ég spyr, herra forseti, af því að mér finnst mikilvægt að það komi fram hér í upphafi umræðu: Í hvaða tilfellum er hugsanlegt að flóttamaður yrði sendur til okkar, af því að það er eiginlega ekki hægt að gefa sér að flóttamaður komi hingað beint frá ríki þar sem hann býr við einhverja erfiðleika? Hann hefur komið til einhvers lands áður. Það er mjög mikilvægt að við áttum okkur á því hvort við erum hér að lögfesta einhliða ákvæði sem fríar okkur alltaf ábyrgð ef flóttamann ber að garði hjá okkur, þ.e. í raun og veru þannig að aðrir þurfa alltaf að taka við honum. Í hvaða tilfellum væri hægt að senda flóttamanninn til okkar sem þriðja örugga ríkis? Þetta er spurningin, herra forseti.

[11:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé orðið nokkuð skýrt núna hvað hv. þm. er að spyrja um. Til þess að svara spurningu hennar bendi ég á 4. og 8. gr. Dyflinnarsamningsins sem er fylgiskjal með þessu frv. Af þessum ákvæðum samningsins leiðir að Ísland ber ekki ábyrgð í því tilviki sem hv. þm. spyr hér um ef þau ákvæði eiga ekki við.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á svari hæstv. dómsmrh. Það er mjög líklegt að með lögfestingu þessa ákvæðis beri Ísland eiginlega aldrei neina ábyrgð, að Ísland sé búið að lögfesta ákvæði með tilvísun í Dyflinnarsamninginn sem fríar Ísland alltaf af því að taka við flóttamönnum eins og Ísland hefur reynt að fría sig hingað til. Er ég þá að vísa til þeirra hælisleitandi flóttamanna sem hefur borið að garði hjá okkur, en að það sé e.t.v. í engum tilfellum hætta á því, frá sjónarhóli þeirra sem þannig hugsa, að flóttamaður sé sendur til okkar á grundvelli þessa samnings.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir að veittur var frestur á því að taka þetta mál til umræðu. Það var á dagskrá þingsins á mánudagskvöld og gerði ég miklar athugasemdir við það að hæstv. ráðherra var búin að kynna í fjölmiðlum að von væri á heildstæðu frv. til laga um útlendinga og kynna allmörg ákvæði þess frv. án þess að það væri komið hingað inn í þingið. Taldi ég afar mikilvægt með tilliti til faglegra og góðra vinnubragða Alþingis að þetta frv. kæmi og að næðist að setja það á dagskrá jafnhliða hinu litla ákvæði hér sem verið er að lögfesta, ef frv. það sem hér er til umræðu verður að lögum. Nú er þetta frv. til laga um útlendinga á borðum þingmanna. Að vísu var mér tjáð í gær að það væri mjög stórt, það væri yfir 100 blaðsíður og að ekki væri unnt að fá það fram í dag. Ég gleðst því yfir að sjá það á borðum okkar. En ég verð auðvitað að taka það fram að ekki hefur gefist nokkur tími til að skoða hvað í því felst til þess að draga að einhverju leyti og með einhverju viti, upplýsingar úr því inn í þessa umræðu.

Hins vegar finnst mér skipta miklu máli að það er komið fram og vil hvetja til þess að reynt verði að koma því á dagskrá hið fyrsta þannig að það liggi fyrir og verði tekið til meðferðar í hv. allshn. samhliða því frv. sem við erum nú að skoða.

Ég ætla að spyrja hæstv. dómsmrh. nánar út í það hversu brýn afgreiðsla þess frv. sem við erum nú að fjalla um sé. Það er erfitt, þó maður lesi greinargerðina, að átta sig á því hvort það sé nokkurt grundvallaratriði að afgreiða það fyrir jól þrátt fyrir að þar sé tilvísun til Schengen-samstarfsins. Ég tek það fram að minn flokkur, Samfylkingin, hefur stutt Schengen-samstarfið og stendur að því. Í kafla II í greinargerð með frv. sem er hér á dagskrá segir að þetta sé tilvísun í samning og samkomulag sem eigi að gera á milli landanna en þeim samningaviðræðum um þátttöku landanna í samstarfi sé enn ekki lokið. Ef samningaviðræðum um þátttöku landanna í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins er ekki lokið, finn ég til efasemda um að við þurfum að flýta okkur á síðustu dögum fyrir jól að afgreiða þetta frv. Það sem ég er að segja er að best væri ef við gætum afgreitt stóra frv., sem er reyndar ekki nema 48 greinar — megnið af þessum pappírum er greinargerð — í einu lagi og það væri til sóma fyrir okkur.

Herra forseti. Ég hef gagnrýnt að í mörg ár hefur frv. um réttindi útlendinga ekki séð dagsins ljós hér og ég hef gagnrýnt það að ekki er mikil reisn yfir því að ný lagagrein við hundónýt lög sé lögfest af því að það tryggir á engan hátt mannsæmandi réttindi útlendinga sem hingað leita. Allmörg ár eru síðan farið var að spyrja um úrbætur. Fyrirrennari hæstv. dómsmrh. var margoft hvattur til þess að þessi lög kæmu fram og einu sinni var frv. lagt fram og m.a. kynnt mannréttindasamtökum. Athugasemdir voru gerðar og frv. hvarf á ný. Það var ekki lögfest hér. Ekki kom það aftur til Alþingis og síðan eru liðin nokkur ár. Biðin er orðin löng, herra forseti.

Þær athugasemdir voru gerðar, t.d. af hálfu Amnesty, að ákvæði um réttláta meðhöndlun fólks sem leitar pólitísks hælis hérlendis vantaði og bent var á að Íslendingar eru aðilar að flóttamannasáttmálanum og ber skylda til að laga eigin löggjöf að þeim ákvæðum sem þar er að finna um meðferð pólitískra flóttamanna. Þeir gagnrýndu á þessum tíma, í nóvember 1993, að þrátt fyrir að verið væri að breyta ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þá hefði ýmsum þeim lögum ekki verið breytt í kjölfarið sem þurfa að vera í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur um meðferð pólitískra flóttamanna.

Þetta er mjög þýðingarmikið fyrir okkur, herra forseti, vegna umræðu okkar um t.d. skýrslu hæstv. utanrrh. Þá höfum við rætt um viðhorf Íslendinga til flóttamanna. Við höfum rætt um viðhorf okkar til mannréttinda. Við viljum vera mannréttindaþjóð. Við erum með mjög þýðingarmikil ákvæði í stjórnarskránni sem styðja mannréttindi og gera okkur að þjóð sem byggir á mannréttindum. Þess vegna er mjög mikilvægt að við fylgjum því eftir í lagasetningu á því sviði. Einmitt þess vegna og út af því sem hefur átt sér stað í fjölmörg skipti við umræðu um skýrslu utanrrh., að sífellt er minnt á að það er gott og blessað að hafa fögur orð uppi um afstöðu okkar til flóttamanna t.d., þá verðum við líka að klára málið og setja lög. Nauðsynlegur metnaður dómsmrh. til þess að hraða þeirri vinnu sem staðið hefur árum saman og birtist okkur nú í 48 greina frv. hefur ekki verið til staðar þannig að það gæti komið hingað inn og við sett heildstæða löggjöf og fullnægt um leið því sem sagt er hér að verði fullnægja vegna Schengen-samkomulagsins.

Ég hef getið þess oft, m.a. í fyrirspurnum varðandi þessi mál, hve mikilvægt sé að taka heildstætt á málum útlendinga. Ég hef oftast talað um flóttamenn og sérstaklega hælisleitandi flóttamenn, en hvernig við höfum haldið á þeirra málum hefur ekki verið okkur til sóma. Sérstaklega hefur Amnesty verið mjög andvígt valdboðinni endursendingu einstaklinga og því sem er kallað „refulment" í þessum samningi og finnst mjög mikilvægt að setja réttlátar, óvilhallar og gagngerar réttarreglur um stöðu flóttamanna, reglur sem tryggi að hægt verði að ganga fullkomlega úr skugga um á hvaða forsendum beiðni hvers einstaklings um hæli er byggð. Amnesty hefur hvatt ríkisstjórnir til að hneppa ekki flóttamenn eða hælisbeiðendur í varðhald nema sú ákvörðun sé í fullu samræmi við þar að lútandi alþjóðlegar reglur. Það hefur ekki verið okkur til framdráttar, af því að við höfum m.a. lent í þessu, að vera ekki með reglur sem hægt hefur verið að vísa til og hafa þekktir lögmenn hér á landi bent á það og gagnrýnt stjórnvöld mjög fyrir þessi vinnubrögð. Ragnar Aðalsteinsson hefur m.a. alloft talað um stöðu útlendinga og dregið fram hve miklar breytingar hafa orðið í okkar þjóðfélagi, að við Íslendingar þurfum ekki lengur að leggja land undir fót í leit að betra lífi, en margir aðrir búa við aðstæður svipaðar þeim og voru í Noregi á 9. öld þegar menn fluttust hingað og á Íslandi á þeirri 19. Þetta fólk leitar sömu leiða og þeir sem flúðu Noreg og Ísland. Það býr jafnvel við ofríki valdhafa eða annarra afla og lífskjör þess eru jafnbág eða verri en voru á þessum tíma. Það hefur komið fram m.a. í orðum hans, og það hefur líka verið til umræðu hjá mannréttindasamtökum, að Evrópumenn eru núna að bregðast við vandanum þegar þetta fólk fer að hreyfa sig með því að segja að nú sé komið að því að loka Evrópu fyrir þeim sem leita betri lífskjara og aukins frelsis, ytri landamærum EES-landanna, Noregs, Íslands og Liechtenstein skuli lokað fyrir utanaðkomandi sem leita betra lífs, a.m.k. þangað til þörf verður á nýju vinnuafli. Og það þekkjum við, herra forseti. Þegar þörf er á nýju vinnuafli, opnum við hurðina a.m.k. í hálfa gátt.

Því miður hefur það gerst hjá okkur sem við trúðum ekki að það væri hlutskipti þessarar þjóðar, þessarar opnu þjóðar sem virkar svo fordómalaus, að hér á landi leynist jafnmikil útlendingaandúð og í þeim löndum þar sem slíkt hefur komið upp á yfirborðið.

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í máli Ragnars Aðalsteinssonar eru sumir þeirra útlendinga sem hingað koma flóttamenn og koma með skipulegum hætti á vegum stjórnvalda í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Aðrir koma á eigin vegum, oftast einir eða í fámennum hópum og leita hælis vegna þess að þeir sæta ofsóknum í heimalandi sínu. Það virðist stefna íslenskra stjórnvalda að neita hælisleitendum um griðland á þessum forsendum. Örfáum hefur verið veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Við hljótum að spyrja að því hvort við Íslendingar ætlumst til þess að grannþjóðir skuli einar annast flóttamenn og veita flóttamönnum hæli enda þótt þær búi við sárustu fátækt. Við vitum að þau lönd sem liggja upp að þeim löndum þar sem gífurlegir erfiðleikar hafa verið, annaðhvort af hálfu náttúruhamfara, af hálfu viðkomandi stjórnarfars, ofsókna, pólitískra ofsókna, verða fyrir miklum þunga af hælisleitandi fólki. Það er í raun og veru það sem er svo alvarlegt við regluna um að mega senda til baka. Það er gott að geta fríað sig ábyrgð og sent til baka og þá þarf maður maður ekki að taka fyrir óþægilegar samviskuspurningar af því að maður er aðili að einhverjum samningi sem segir: Þriðja örugga land er þannig að þú getur sent þangað.

Við erum svo heppin að fólk sem kemur til okkar er yfirleitt að koma frá Bandaríkjunum eða frá Norðurlöndunum eða frá örfáum áfangastöðum í Evrópu. Næstum því allir sem eiga í erfiðleikum eða um sárt að binda eru búnir að koma við annars staðar áður en þeir koma hingað. Það er staðan okkar og það er í raun og veru staða Norðurlandanna og það er mjög mikilvægt að Norðurlöndin axli á ákveðinn hátt ábyrgð sína en mikilvægast er að í allri vinnunni sé mjög tryggt að farið sé að kröfum mannréttindasamtaka.

Ég ætla ekki að fara yfir regluna um fyrsta griðland, hún er ekki í alþjóðasamþykktum, hún er ekki alþjóðaregla heldur er hún samningsregla sem hefur verið búin til. Þar sem ég býst við að aðrir talsmenn Samfylkingarinnar í þessari umræðu muni koma nánar inn á það ætla ég ekki að fara yfir það sem felst í hvorki þriðja landi né fyrsta griðlandi.

Ég ætla að rifja upp það sem hefur verið haldið fram af hálfu mannréttindasamtaka að þeim hafi verið synjað um að sjá alla úrskurði til að geta áttað sig hvort brotið hafi verið á þeim sem hingað hafa leitað. Það er sagt að eins og lögin eru í dag megi senda fólk til baka sem uppfylli ekki lög nr. 45/1965 en þar er gerð krafa um vegabréf, áritun, fyrir fram útvegað dvalarleyfi, fjölskyldutengsl, aðsetur á Íslandi til að sjá um sig sjálfur, gildan farmiða til baka o.s.frv.

Flóttamannasamningurinn segir hins vegar að kynna skuli slíkum einstaklingi réttindi strax í upphafi komu og það eigi strax að útvega lögfræðing, kynna allar reglur og númer eitt, tvö og þrjú að stuðla að faglegri meðferð á viðkomandi. Það er mat þeirra sem fjalla um málefni útlendinga að engin leið sé fyrir okkur að taka upp og framkvæma Schengen-

samninginn fyrr en við höfum sett löggjöf um flóttamenn, um hælisleitendur, um vinnuafl og um útlendinga almennt. Það er auðvitað það, herra forseti, sem ég er að vona að finnist í því frv. sem við höfum ekki haft tækifæri til að skoða nema að litlu leyti. Ég hef rennt yfir greinarnar meðan 2. umr. fór fram og ég sé að ýmislegt er tekið fram um málefni flóttamanna. Ég hef ekki getað séð hvort verið er að taka á málefnum útlends vinnuafls í þessu frv. og gera því ítarleg skil. Ég hef heldur ekki haft tækifæri til að sjá það hvort verið er að festa í lög þau mikilvægu réttindaákvæði sem mannréttindasamtökin hafa bent á. En ég sé t.d. í 24. gr., þar er fjallað um andmælaréttinn, og að áður en ákvörðun er tekin í máli útlendings skuli hann eiga kost á að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega þó að réttur til að tjá sig skriflega sé ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig við vegabréfaeftirlit eða lögreglu munnlega.

Ég hef rekið mig á það líka í 34. gr. að dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna. Hér er kafli um vernd gegn ofsóknum og flóttamenn. Og í 45. gr. segir: „Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis."

Þetta er vandi okkar. Það eru sum lönd, jafnvel í tiltölulega miklu nágrenni við okkur, sem eru ekki alveg örugg fyrir ýmsa hópa og þarna reynir á okkur, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er svo mikill kliður í salnum.)

Já, ég þakka forseta fyrir að hafa brugðist við þessum aukafundi en, herra forseti, ég hef komið með flestar athugasemdir sem ég vildi koma með við þetta frv. Ég mundi hins vegar telja að það væri afskaplega mikilvægt að allshn. hefði tækifæri til að fara yfir bæði frv. sem nú liggja fyrir, það sem er hér á dagskrá og það frv. sem liggur á borðum okkar áður en fyrra frv. verður afgreitt. Mér finnst að það séu góð vinnubrögð og það sé liðinn svo langur tími frá því var byrjað að kalla eftir heildarlöggjöf um málefni útlendinga að mér finnst okkur ekki stætt á því að koma með eina smábótina enn þá við gömul og úrelt lög um málefni útlendinga eins og fyrir liggur að við gerum með staðfestingu þessa frv. Það hefur áður gerst að frv. um heildarlöggjöf um málefni útlendinga hefur komið hingað inn í þingið en hefur ekki orðið að lögum og það hafa liðið mörg ár þangað til það kom aftur, þ.e. á þessum morgni. Við verðum að fara að komast út úr því að hægt sé að áfellast okkur fyrir að vera ekki þjóð með sómasamlega löggjöf um það hvernig við meðhöndlum fólk af útlendu bergi brotnu sem kemur hingað til dvalar, sem tímabundið vinnuafl, sem leitar hingað vegna ástands heima fyrir, er annaðhvort boðið hingað í sérstökum útvöldum hópum eða kemur hér og ber að dyrum og biðst ásjár. Við getum ekki verið þekkt fyrir það.

Herra forseti. Ég ætla að enda umræðuna á því sem ég byrjaði á: Ég er mjög sátt við og þakka fyrir það að þetta frv. skuli vera komið á borð þingmanna en ég óska jafnframt eftir því að annað fylgi á eftir, þ.e. að málin verði skoðuð saman í allshn.

[11:24]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir nokkuð yfirgripsmikla ræðu og ágætis punkta sem við munum náttúrlega fara vel yfir þegar þar að kemur við meðferð allshn. á bæði þessu mikilvæga frv. og ekki síður hinu stóra frumvarpinu.

Í rauninni get ég ekki tekið undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að taka þessi frumvörp saman því ég get ekki lofað því að afgreiðslu stóra frv. innan allshn. verði lokið fyrir 25. mars 2001 en þá er mikilvægt að það frv. sem við erum að ræða verði klárað til þess að við uppfyllum skilyrði Schengen-samningsins. Ég vil því fyrir mína parta klára þetta frv. og leggjast í mjög mikla vinnu við heildarfrumvarpið um málefni útlendinga sem er, eins og hv. þm. kom inn á, mjög mikilvægt frv. og að þar verði vandað vel til verka.

Ég hjó eftir því í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að í upphafi máls síns sagði hv. þm. að henni þætti ábyrgð Íslands í raun engin vera. Ég get ekki tekið undir það að ábyrgð Íslands í gegnum þetta frv. sem við erum að ræða til þess í rauninni að taka Dyflinnarsamninginn í gildi, verði engin því að ef ábyrgð Íslands er engin hver er þá ábyrgð þeirra landa sem eru einnig aðilar að Dyflinnarsamningnum? Í Dyflinnarsamningnum kveður einmitt skýrt á um það og tryggir rétt einstaklinga að umsókn verði tekin til meðferðar, að ekki verði hægt að ýta honum frá einu landi til annars. Það er einmitt það sem aðildarríkin undirrituðu með gerð þessa Dyflinnarsamnings þannig að ábyrgð Íslands verður einmitt mikil í gegnum þann samning.

[11:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar skoðað er hvaða lönd eru aðilar að Dyflinnarsamningnum eru þau ólík og landamæri þeirra liggja að löndum með ólíka stöðu. Ég get nefnt Ítalíu, þar er gífurlegt flóttamannavandamál út af erfiðleikum í nágrannalöndunum.

Við erum þannig staðsett að við höfum ekki slík landamæri og það er alveg ljóst að við höfum ekki uppfyllt flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna um að kynna hælisbeiðanda réttindi við komu, um að fá strax lögfræðing, um að fá túlk, um að fá ráðgjöf og réttaraðstoð. Tugir flóttamanna hafa leitað hér hælis á liðnum árum, þeim er alltaf snúið til baka. Það er það sem er réttur okkar og sem við erum að staðfesta í þessu frv. sem byggir á þessum Dyflinnarsamningi. Það er verið að hnykkja á því að okkur er alltaf heimilt að snúa flóttamanni til baka til þriðja lands, til hins svokallaða örugga lands samkvæmt Dyflinnarsamningnum, en við vitum ekki hvað verður gert við hann þegar hann er kominn þangað. Þá er hann kominn í hendur annarra og við getum bara þvegið hendur okkar því að við erum svo góð, ekki vorum við vond við hann, að vísu settum við einu sinni einn í fangelsi.

En það erum við sem snúum flóttamönnum til baka og tökum ekki við neinu vandamáli. Það getur vel verið að það verði framhaldið líka hvernig svo sem löggjöf okkar verður. En sameinumst um það að hver sem hér ber að dyrum fái réttmæta meðferð og þannig að ekki sé gagnrýnt af hálfu mannréttindasamtaka. Ég vek athygli á því að þau orð sem ég hef viðhaft er fyrst og fremst tilvitnun í orð og setningar sem komið hafa frá mannréttindasamtökum.

[11:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að löndin sem undirrituðu Dyflinnarsamninginn séu mjög ólík. En þau undirrituðu samninginn og um leið undirgangast þau ákveðnar skyldur. Það gerum við Íslendingar líka. Ég ætla ekki að trúa því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir álíti Dyflinnarsamning-

inn í rauninni innihaldslaust plagg þannig að í raun vil ég leyfa mér að mótmæla þessum orðum hv. þm.

Ég tek aftur á móti undir þau orð sem hv. þm. lauk máli sínu á í andsvari áðan að allir einstaklingar sem leita hingað til landsins og biðja um hæli eiga að fá réttláta meðferð innan lands. Það eru einmitt þær skyldur sem við tökumst á herðar þegar við undirritum samninga eins og Dyflinnarsamninginn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður að biðja gesti hér í hliðarsal að tala ekki það hátt að það trufli þingstörfin og alls ekki að tala inn í þingsalnum meðan verið er að halda ræður.)

[11:29]

Útbýting þingskjals:

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 215. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 446.

[11:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni að Samfylkingin studdi það að Ísland gerðist aðili að Schengen-samkomulaginu. Dyflinnarsamningurinn yfirtekur í raun 7. kafla Schengen-samkomulagsins. Ég spurði hæstv. dómsmrh. í upphafi umræðunnar í hvaða tilvikum og frá hvaða landi væri hugsanlegt að flóttamaður yrði sendur hingað, endursendur samkvæmt þeirri reglu sem við erum að setja í lög í dag. Við erum að setja ákvæði í lög sem á líka að setja í lög í öllum hinum tólf löndunum. Það gefur okkur heimild til að senda þann til baka sem kemur hingað, hvort heldur er til Danmerkur, til Frakklands, til Portúgals, til Ítalíu. En í hvaða tilfellum gæti verið hugsanlegt að land mundi senda hælisleitandi flóttamann hjá sér til okkar?

Ég fékk ekki svar og mig grunar að svarið sé bara eitt: Í engum tilfellum. Við skulum því horfa á það opnum augum hvað við erum að gera, að við erum trúlega að setja ákvæði í lög sem fríar okkur ábyrgð og gerir okkur kleift vegna landfræðilegrar staðsetningar að senda vandamálin alltaf frá okkur en að það séu afar, afar litlar líkur á því að vandamál sé sent til okkar. Það er þetta sem ég er að draga fram, ég er að tala um ábyrgð, ég er að tala um okkur sem land í samfélagi þjóðanna, land sem hefur mannréttindi að leiðarljósi, land sem hefur svo sterk ákvæði í stjórnarskrá að við erum stolt af því. Praktíserum það.

[11:31]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það eru í rauninni mörg atriði sem ég hefði viljað koma að hér í andsvari en það er ekki víst að tíminn leyfi það. Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum sem ég vil svara og ég vil leggja áherslu á að brýnt er að afgreiða þetta mál fyrir jól. Eftirlitsnefndir koma í janúar til Íslands til þess að fylgjast með og gera úttekt á því hvernig við stöndum gagnvart þeirri dagsetningu, 25. mars nk., að gerast fullgildir aðilar að Schengen-samkomulaginu. Samningi milli landanna er að ljúka núna á þessum dögum, sem sé samningur um hvernig Ísland og Noregur tengjast Dyflinnarsamningnum, það er því allt til reiðu.

Ég get líka tekið undir með hv. þm. og hef raunar lýst því yfir áður að ég telji þörf á því að þetta nýja frv. til laga um útlendinga, stóra frumvarpið, komi sem fyrst til umræðu á hinu háa Alþingi og fari síðan til þingnefndar þar sem væntanlega er ljóst að hv. allshn. mun skoða það vel og vandlega og ég tel fulla þörf á því.

En ég er ekki sammála hv. þm. þegar hún segir að þetta frv. sem við ræðum um og Dyflinnarsamningurinn fríi Ísland alltaf við að taka við flóttamönnum. Það er þannig að við getum tekið við hverjum sem við viljum hvenær sem er og það er ekkert sem bannar okkur það. Þess vegna spyr ég hv. þm.: Hvers konar lög og reglur vill hv. þm. að Ísland setji? Eigum við ekki að vera einmitt með í samfélagi þjóðanna og vera með sambærilegar reglur og t.d. nágrannaríki okkar?

[11:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Svarið er jú. Við ætlum að vera í samfélagi þjóðanna og við ætlum að gera það með reisn. Þess vegna hef ég árum saman kallað eftir því í ræðu og riti að sá dómsmrh. sem hefur setið hverju sinni komi með frv. um réttindi útlendinga, af því að til þess að geta sett ákvæði eins og það sem hér er verið að biðja um í lög þarf að liggja fyrir hvernig við ætlum að meðhöndla það fólk sem fellur undir þessi ákvæði.

Og af því að svo mikið liggur á að framkvæma eða lögsetja þetta frv. fyrir jól þá hef ég áður bent á það að þessi Dyflinnarsamningur leysir af hólmi Schengen-samkomulag hvað þetta varðar og að í 7. gr. þess samnings er gert ráð fyrir að samið verði milli Evrópusambandsins og landanna tveggja sem eru utan þess um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna og er slíkt samkomulag forsenda fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Síðan kemur þessi setning í I. kafla í grg. frv.: „Samningaviðræðum um þátttöku landanna í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins er ekki lokið."

Herra forseti. Lái mér hver sem vill, mér finnst þetta öfug röð á verkefnum. Það er til vansa að við skulum ekki þegar hafa sett í lög hvernig við ætlum að meðhöndla það fólk sem hér ber að garði. Ég þarf ekki að endurtaka það en það þarf heldur ekki að leggja mér röng orð í munn eða gera mér upp hugrenningar sem ég hef ekki.

[11:35]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þótt núgildandi lög um eftirlit með útlendingum séu vissulega komin til ára sinna þá eru ýmis ákvæði þar sem við höfum í raun og veru getað látið duga okkur ágætlega í afgreiðslu á slíkum málum. Og Ísland hefur auðvitað fylgt alþjóðlegum skuldbindingum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna í afgreiðslum.

Ég vil einnig láta það koma skýrt fram að dómsmrn. er með sérstakan samning við Rauða kross Íslands um móttöku á flóttamönnum, t.d. um uppihald a.m.k. í þrjá mánuði auk greiðslu dagpeninga og líka samning um greiðslu lögfræðikostnaðar. Það er því alveg ljóst að þótt ekki sé búið að setja núna ný lög sambærileg við það nýja frv. sem hér kemur væntanlega fljótlega til umræðu þá hefur Ísland staðið ágætlega að verki hvað varðar móttöku flóttamanna.

Ég vil líka undirstrika að eitt helsta einkenni Dyflinnarsamningsins er einmitt að tryggja réttarstöðu flóttamanna og það er einmitt til þess að koma í veg fyrir það að ríki geti fríað sig ábyrgð, þannig að það komi skýrt fram, herra forseti.

[11:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég óska mjög eindregið eftir því að þegar þetta mál hefur komist til nefndar þá tryggi dómsmrn. að skoðað verði hvort hin löndin eru öll að lögfesta þetta ákvæði fyrir áramót, við höfum nefnilega stundum verið kaþólskari en páfinn í þessum efnum, og hvort það sé örugglega þannig

að engin leið sé til þess að láta þessi tvö frv. fylgjast að og við högum okkur eins og fólk. Tryggjum réttarstöðu allra útlendinga, vinnuafls, flóttamanna, hælisleitandi og þeirra sem koma hingað til að eiga með okkur framtíð hér.

[11:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum á þá leið að útlendingar eigi ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja megi annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum. Í grg. með frv. kemur fram að samþykkt Dyflinnarsamningsins sé forsenda þess að við getum gengið inn í Schengen-samstarfið en samkvæmt áætlunum á það að taka gildi 25. mars nk.

Fyrir Alþingi liggur annað frv., frv. til laga um útlendinga mun það heita, og tekur það yfir þau lög sem hér er verið að gera breytingu á, lög um eftirlit með útlendingum. Ég tek undir það sjónarmið að eðlilegast hefði verið að fjalla um þetta mál heildstætt, að taka ekki þessar lagaklásúlur út úr hinum stóra lagabálki heldur taka á því heildstætt. En á móti eru reidd fram þau rök að ólíklegt megi heita að hitt frv. verði orðið að lögum fyrir fyrrnefnda dagsetningu, 25. mars, og þá þurfi að taka afstöðu til þessa máls.

Mjög vandfundin er línan á milli þeirra sjónarmiða sem gerð hefur verið grein fyrir við þessa umræðu og umfjöllun um þessi efni almennt, annars vegar mannréttindasjónarmiðum, að standa vörð um mannréttindi þeirra sem eru vegalausir, og svo hins sjónarmiðsins sem einnig hefur verið haldið á lofti að við eigum að gæta að því að opna ekki landið fyrir hverjum sem er, hugsanlega óprúttnu fólki sem hingað vill koma.

Ég vil í áherslum mínum leggja lið þeim sem taka undir með mannréttindasjónarmiðunum og set ákveðin spurningarmerki við þau rök sem koma fram í grg. með frv., en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma ákvæði um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Samningnum er ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og koma í veg fyrir að umsækjandi verði sendur frá einu aðildarríki til annars án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð umsóknar. Með samningnum er því bætt réttarstaða þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu."

Það er við þessa síðustu setningu sem ég set ákveðin spurningarmerki, vegna þess að síðar segir, með leyfi forseta:

„Einnig getur hvert aðildarríki tekið umsókn til meðferðar þótt því sé það ekki skylt, enda samþykki umsækjandi það. Þá færist ábyrgð á meðferð beiðni til þess ríkis."

Með öðrum orðum getum við ef við viljum veitt fólki hæli, því fólki sem óskar eftir því. Við erum því ekki að bæta réttarstöðu einstaklinganna sem hingað koma og vilja fá landvist og vegabréf með samþykkt Dyflinnarsamkomulagsins. Við erum ekki að gera það vegna þess að við höfum möguleika á að gera þetta, við höfum haft þessa möguleika og munum hafa þá eftir sem áður, þannig að ekki er verið að gera grundvallarbreytingu á þessu. Okkur er í sjálfsvald sett að taka á móti fólki og veita því full réttindi. Það breytist því ekkert þannig séð fyrir einstaklinginn.

Það sem breytist hins vegar er réttur ríkisins, okkar sem ríkis að vísa fólki frá okkur. Við styrkjum réttarstöðu ríkisins gagnvart útlendingum sem hingað koma og fáum lögbundna og samningsbundna heimild til að vísa fólki á dyr.

Og þá þurfum við að hyggja að því hvað hefur verið að gerast í þessum efnum. Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. sl. vor um hve margir hefðu sótt um hæli af pólitískum ástæðum eða af mannúðarástæðum á síðustu fimm árum. Í svarinu kom fram að árið 1995 hefðu fjórir útlendingar sótt um hæli hér á landi og var öllum veitt dvalarleyfi, sem undirstrikar það sem ég sagði áðan að okkur er í sjálfsvald sett að veita slíkt leyfi ef við viljum. Árið 1996 sóttu fjórir um hæli og voru tveir sendir til baka, til Danmerkur í því tilviki. Árið 1997 sóttu sex um hæli, af þeim fengu fimm dvalarleyfi. Árið 1998 sóttu 24 um hæli og af þeim voru sex endursendir til nágrannaríkja og tveir hurfu á brott áður en til afgreiðslu málanna kom. Árið 1999 sóttu 25 um hæli.

Nú hefur það verið gagnrýnt hvernig við stöndum að málum gagnvart útlendingum sem hafa leitað hælis hér á landi sem pólitískir flóttamenn. Þetta var gert að umræðuefni í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu, þar á meðal í ríkissjónvarpinu. Í frétt ríkissjónvarpsins 26. nóvember kom fram að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefði undir höndum fimm úrskurði Útlendingaeftirlitsins þar sem hælisleitenda hefði verið synjað um landvist á grundvelli laga um eftirlit með útlendingum, væntanlega þeim lögum sem eru hér til umfjöllunar, lögum nr. 45/1965, en samkvæmt þeim lögum skal útlendingur sem sækir um landvist hafa gilt vegabréf og farseðil til baka, geta kostað framfærslu sína, hafa fjölskyldutengsl við Ísland og sækja um dvalarleyfi áður en hann kemur til landsins.

Bjarney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar, sagði aðspurð í umræddu sjónvarpsviðtali, með leyfi forseta:

„Ákvæði sem er verið að beita eiga ekki við um hælisleitendur. Þau eiga við um fólk sem er að koma hingað til að dveljast sem ferðamenn eða til dvalar til að vinna eða setjast að á Íslandi, þau eiga ekki við um hælisleitendur. Þetta eru almenn ákvæði um hvað þarf til að fá dvalarleyfi á Íslandi og þar er ekki tekið tillit til þess að hælisleitendur ferðast án skilríkja og án vegabréfsáritana, því í raun og veru felur eðli flóttans það í sér að fólk getur ekki haft þessi skilríki og þessi leyfi fyrir fram."

Síðan kemur fram að samkvæmt vinnureglum Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um meðferð mála hælisleitenda sé ekki hægt að nota það sem ástæðu til synjunar um hæli að einhver hafi ferðast á fölsuðum skilríkjum eða án vegabréfsáritana. Bjarney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar, segir enn fremur í þessu sjónvarpsviðtali, með leyfi forseta:

„Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna felur ekki í sér vinnureglur um hvernig eigi að taka á þessum málum en vinnureglur Flóttamannastofnunar eru mjög skýrar um það ..." — Síðar segir að framkvæmdin á Íslandi sé í andstöðu við þær vinnureglur.

Um þetta hefur verið fjallað í sölum Alþingis og hefur komið fram gagnrýni á það hvernig íslenska ríkið stendur að málum gagnvart hælisleitendum.

Mér er fullljóst að þetta eru ekki einföld mál. Við þurfum þess vegna að vanda okkur mjög vel við alla lagasmíð. Mér finnst mjög mikils virði og mikilvægt að við stöndum

vaktina út frá þessu sjónarmiði mannréttindanna gagnvart pólitískum flóttamönnum, fólki sem er ofsótt í heimalöndum sínum og á hvergi í hús að venda. Þess vegna þurfum við að vanda okkur.

Ég fæ ekki betur séð en að þessi lagabreyting ein og sér sé fyrst og fremst til þess fallin að styrkja réttarstöðu íslenska ríkisins gagnvart hælisleitendum, að lögfesta og samningsbinda rétt okkar til að vísa fólki á dyr. Út á það gengur málið. Vegna þess að heimildin til að taka á móti fólki og opna faðminn er til staðar. Eins og kom áðan fram í upptalningunni höfum við tekið á móti fjölda flóttamanna, pólitískra flóttamanna og fólki sem hingað hefur komið af mannréttindaástæðum og veitt því hæli og höfum allar heimildir til þess.

Hins vegar er hér hluti af miklu víðtækara máli, þetta er hluti af Evrópusamrunanum í reynd. Þetta er hluti af Evrópusamrunanum og Schengen-samkomulaginu. Það var ekki lítið haft við þegar verið var að keyra það í gegnum þingið enda þótt öll rök mæltu gegn því, a.m.k. þegar litið var ofan í pyngjuna. Þegar litið var ofan í pyngjuna er hér á ferðinni eitthvert mesta peningasukk og rugl sem um getur. Menn þurfa ekki annað en að fara til Keflavíkur til að sjá hvað þar er að gerast og þetta var gert gegn ráðum flestra góðra manna sem komu að þeim málum. Það voru hugmyndafræðingarnir, þessir með eitt auga í miðju enni, fólkið sem horfir aldrei til hliðanna, er aldrei reiðubúið að skoða málin heildstætt, það voru þeir sem réðu ferðinni og þeir sögðu: Þetta er hluti af Evrópusamrunanum, enda er í greinargerð með Schengentillögunum vísað í Rómarsáttmálann og sagt að þetta hafi alltaf staðið til í hinu evrópska stórríki.

Núna stöndum við náttúrlega frammi fyrir nauðungarframvörpum af þessu tagi. Okkur er sagt að við þurfum að flýta okkur vegna þess að dagsetningarnar hafi verið ákveðnar. Við eigum að fara inn í Schengen 25. mars. Þá er þetta gert eins og í öðrum málum, svipan reidd til höggs og síðan fara fram einhverjar málamyndaumræður á Alþingi. En allir vita hver niðurstaðan verður vegna þess að reynslan er náttúrlega sú að menn þurfa að éta þennan pakka allan, það er bara staðreynd sem ber að horfa á.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu. Mér finnst mjög brýnt að við stöndum vaktina fyrir hönd þeirra sem sækja til Íslands af mannréttindaástæðum eða sem pólitískir flóttamenn. Ég vek athygli á því að þessi lagagrein og þessi breyting er alls ekki til þess fallin að styrkja stöðu þess fólks. Hún styrkir ekki stöðu þeirra einstaklinga. Hún styrkir hins vegar réttarstöðu íslenska ríkisins til að vísa þessu fólki á dyr.

Ég á sæti í allshn. sem áheyrnarfulltrúi. Þar mun ég að sjálfsögðu hlusta á allar þær röksemdir sem fram verða reiddar því að væntanlega verður leitað til aðskiljanlegra aðila, þar á meðal Mannréttindaskrifstofunnar. Á rök sem frá slíkum aðilum koma mun ég að sjálfsögðu hlusta áður en ég tek endanlega afstöðu til þessa frv.

[11:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í pennan belg. Vegna ummæla hv. þm. Ögmundar Jónassonar um evrópska stórríkið langar mig til að nota tækifærið til þess að minna hann á að það kom fram í umræðunni um fiskimjölið fyrr í þessari viku að ef Íslendingar væru ekki þátttakendur í Schengen hefðu íslenskir embættismenn ekki haft tækifæri til að húka á göngunum þar sem samningaviðræðurnar fóru fram og hefðu alls ekki komist inn í það hús. Það eru ýmsar hliðar á Evrópusamstarfinu sem Ögmundur Jónasson þyrfti kannski að kynna sér aðeins betur.

Burt séð frá því, herra forseti, er auðvitað ljóst að með aðild okkar að Schengen erum við líka að gerast aðilar að Dyflinnarsamningnum eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðherra. En eins og hefur líka komið fram í máli hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Rannveigar Guðmundsdóttur er málið ekki alveg einfalt. Ég geri fyrst og fremst athugasemdir við vinnubrögðin.

Nú er það svo að þetta litla frv., sem lætur ekki mikið yfir sér, kemur inn í desember. Okkur er sagt að þetta þurfi að verða að lögum fyrir áramót vegna gerðra samninga sem tengjast Schengen. Gott og vel. En útfærsla þessa frv. byggir á öðru frv. sem var dreift á borð þingmanna í morgun, frv. til laga um útlendinga sem beðið hefur endurskoðunar árum saman, skilst mér, og ekki seinna vænna að hið háa Alþingi taki það til vandlegrar endurskoðunar og setji loks lög um réttindi útlendinga hér á landi sem eru í takt við þá tíma sem við lifum á og tryggja í raun og veru réttindi útlendinga.

Þess vegna þykir mér afar miður, herra forseti, að málin skuli hafa komið fram í þessari röð vegna þess að það er nokkrum erfiðleikum bundið að afgreiða það frv. sem hér um ræðir án þess að hafa farið vandlega í gegnum umræðuna um hitt frv., stóra frv. um útlendinga. Þessi mál eru þannig vaxin að þau eru mjög viðamikil og flókin og þau krefjast mjög vandlegrar skoðunar af hv. þingmönnum og í nefndum. Ég vil þá fyrst og fremst ítreka þá spurningu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram, hvort það sé algjörlega nauðsynlegt að ná fram því frv. sem um ræðir fyrir áramót. Það er líka rétt að benda á að Dyflinnarsamningurinn nær bara til ESB-landanna og í honum er kveðið á um að enginn vafi leiki á um hvar umsókn um hæli skuli tekin til meðferðar. Það er vissulega réttarbót að enginn vafi leiki þar á þannig að hægt sé að senda viðkomandi til annars lands eða þess lands innan ESB eða inni á Schengen-svæðinu þangað sem hann kom fyrst.

Hins vegar er alveg rétt eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að við getum sett um þetta lög og reglur sem við viljum hafa á Íslandi. Okkur er fullkomlega frjálst að taka á móti þeim sem við viljum taka á móti burt séð frá því hvaðan þeir koma eða við hvaða aðstæður eða hvort þeir koma frá landi innan Schengen-svæðisins. Það rennir enn frekari stoðum undir það að við þurfum að taka þessi mál í réttri röð og ræða fyrst um réttindi útlendinga samkvæmt stóra frv.

Mig langar hins vegar til að benda á það, af því að þessi umræða hefur verið svolítið Evrópumiðuð hingað til, að við erum ekki að tala um að senda fólk, eða hér er ekki fjallað um það hvort og hvernig eigi að afgreiða mál hælisleitenda sem koma frá löndum utan Schengen-svæðisins. Það er mjög brýnt að hafa það í huga af því að mér finnst kannski ekki allir hafa talað þannig um málin hér. Ég er þess fullviss að langflestir hælisleitendur koma til Evrópu frá löndum utan Schengen-svæðisins. Við skulum hafa það í huga við umfjöllun þessa máls og þau mál eru auðvitað viðamikil en sýna enn og aftur nauðsyn þess að við á Íslandi setjum okkur lög og reglur sem eru viðunandi og tryggja réttindi útlendinga hér á landi.

[11:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kemur svolítið undarlega fyrir sjónir að hér skuli vera tvö frv. á ferðinni í þinginu á sama tíma um eftirlit með útlendingum. Skýringin er sögð sú að svo skammur tími sé til stefnu að nauðsynlegt sé að málið, sem er núna til umræðu, fái afgreiðslu mjög hratt vegna þess að hitt þurfi að vinnast lengur. Það hlýtur að vekja upp þær spurningar hvort hér hafi verið unnið eðlilega að málum og hvort menn hefðu ekki þurft að láta hendur standa betur fram úr ermum með aðalmálið þannig að það kæmist þá til umfjöllunar í nefndum þingsins fyrr.

Ég læt mér detta í hug að það gæti verið viðbótarástæða á ferðinni, sem sé sú að menn telji það ekkert endilega líklegt að stærra málið, sem bíður afgreiðslu, verði afgreitt í vetur. Ég býst við því að töluverð umfjöllun um það mál sé fram undan og hugsanlegt að það dragist. Þá þurfa menn að velta fyrir sér hvort það mál sem er til umræðu er nægileg breyting og það verður auðvitað gert í hv. nefnd þegar menn fara þar að skoða málið.

Mér finnst að þeir sem talað hafa í umræðunni hafi skilið aðalgrein þessa máls á mismunandi hátt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson skildi greinina þannig að í raun væri réttarstaða Íslands til að koma af sér þeim sem kæmu til landsins að breytast. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir skildi málið þannig að um væri að ræða rétt þeirra sem koma til landsins til að vera hér áfram svo framarlega sem aðrir séu ekki skyldugir til að fjalla um mál þeirra. Mér finnst að samkvæmt orðanna hljóðan og því sem um málið hefur verið sagt þá hljóti sá skilningur að vera réttari.

Ég óska þess að hæstv. ráðherra útskýri nánar hvernig þetta gengur allt saman upp og hvort ég hef skilið orð þessa frv. rétt. Hér stendur:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Því má velta fyrir sér hvort svo afgerandi orðalag þýði að þessi útlendingur eigi ekki þennan rétt og hann eigi þar með að fara annað. Þyrfti að bæta þarna inn klásúlu um að það sé réttur ríkisins að hafa hann hér áfram eða fjalla um mál hans þó að svona sé að orði komist í aðaltillögugreininni?

Að vísu er kveðið á um það á öðrum stað að við getum fjallað um mál útlendinga en ég kasta því fram hvort tillögugreinin sé kannski óþarflega skorinorð hvað þetta varðar ef rétturinn er fyrir hendi þrátt fyrir þessa tillögugrein, hvort ekki eigi þá að bæta við frekari skýringum.

Því verður ekki á móti mælt að við höfum á undanförnum árum haft orð á okkur fyrir að vera nú ekki fyrstir til að taka við flóttamönnum og ekki tilbúnir að veita mönnum hér hæli. Um það eru auðvitað dapurleg dæmi hvernig Íslendingar hafa komið fram við flóttafólk sem hér hefur viljað fá hæli í gegnum árin, því miður. Þess vegna er full ástæða til að velta fyrir sér hvernig framkvæmdin er á hverjum tíma. Að mér læðist sá grunur að það geti farið eftir því hverjir eru við völd á hverjum tíma, hver er t.d. í sæti dómsmrh. Ekki veit ég hvort ég hef eitthvað fyrir mér í því en mér varð á að líta í frv. til laga um útlendinga sem á að koma til umfjöllunar í framhaldi af þessu frv. Þar eru athyglisverðar tölur frá Útlendingaeftirlitinu um fjölda synjana, t.d. um vegabréfsáritun. Þeim hefur fjölgað t.d. úr 21 árið 1995 upp í 186 á árinu 1999. Fróðlegt væri að fá að vita hvort þarna hafi orðið einhverjar breytingar. Um það verður sjálfsagt spurt í framhaldinu.

Synjunum um landgöngu hefur fjölgað frá 4 árið 1995 og upp í 34 á árinu 1999. Brottvísunum hefur fjölgað frá árinu 1995 úr 3 og fór upp í 9 á árinu 1998 en síðan hefur mönnum ekki verið vísað brott úr landinu, þar er talan núll árið 1999 samkvæmt þessari töflu. Það er full ástæða til þess að spyrja vegna þess að nýr dómsmrh. tók við á þessum tíma. Auðvitað getur þetta átt sér aðrar skýringar en þær að nýr yfirmaður hafi komið til starfa.

Ég er á þeirri skoðun að Íslendingar þurfi virkilega að fara yfir sín mál í þessum efnum. Ég velti því fyrir mér hvort ekki þurfi að fara mjög vandlega yfir slík mál eftir að þau hafa fengið afgreiðslu. Mér finnst að það ætti að geyma upplýsingar um þessi mál töluverðan tíma. Útlendingaeftirlitið eða dómsmrh. ætti að gefa út skýrslu um þessi mál samkvæmt skýrum reglum. Einnig ætti það að vera skylda Útlendingaeftirlitsins eða ráðuneytisins að sjá til þess að það fylgst verði með þeim sem vísað er úr landi um tiltekinn tíma. Afdrif þeirra gætu þar með orðið mönnum ljós. Það segði okkur um ákvarðanir okkar. Hvort við hefðum vísað einhverjum úr landi sem hefði átt að fá landvist. Við gætum lært af því. Eftir um tvö ár yrði væri síðan hægt að fara yfir þessi mál. Þá fengju menn að sjá hvað hefði orðið um þann sem bað um að fá að vera hér á Íslandi vegna þess að honum stafaði hætta af því að búa í landinu sem hann kom frá. Eitthvað þessu líkt þarf að gera svo að við getum staðið sæmilega í fæturna og verið ánægð með okkar hlut í þessum málum. Það er ekki nóg að segja mönnum að berja að dyrum annars staðar. Menn verða líka að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun og horfast í augu við hvað hún getur haft í för með sér.

Ég ætla ekki að útiloka að nauðsynlegt sé að þetta frv. verði afgreitt. Hins vegar er nauðsynlegt að fara yfir það hvort gera eigi hlutina með áhrifaríkari hætti og klára aðalmálið. Menn voru hrelldir með því hér áðan að ef við ekki samþykktum þetta frv. þá kæmist Schengen-samkomulagið í uppnám. Það væri býsna alvarlegt mál. Þá mundu menn líklega missa leyfið til þess að vera á göngunum í húsinu þar sem aðalákvarðanirnar eru teknar.

Hér upplýsti hæstv. dómsmrh. með miklum tilþrifum að hægt hefði verið að bjarga málum fyrir nokkrum dögum varðandi útflutning á fiskimjöli af því að við höfðum þennan samning, Schengen-samning. Þess vegna fengu menn að skjótast um ganga í því húsi sem ákvarðanirnar voru teknar, náð tali af mönnum og komið í veg fyrir að bannað yrði að selja fiskimjöl frá Íslandi til Evrópulanda.

Það kann að vera brýnt að passa upp á Schengen-samkomulagið, þó ekki væri nema vegna þess að nú stendur yfir umræða um annað mál, um díoxíðmengun. Það getur vel verið að það þurfi að fylla ganga þessa húss til að koma í veg fyrir að það valdi okkur búsifjum, að of lág mörk verði sett fyrir díoxíð í mjöli. En það er kannski svolítill útúrdúr þó vissulega komi það upp í huga manns hvort Schengen-samkomulagið hafi þessi óbeinu áhrif og skipti svo miklu máli. Menn þurfa þá a.m.k. að gæta þess að rýra ekki möguleikann á að hafa áhrif.

Það var svo sem ekki meining mín að hafa mjög langt mál um það sem hér er lagt til. Ég vil hins vegar endurtaka að mér finnst ástæða til að ætla að menn hafi ekki staðið vaktina nægilega, úr því að hér eru komin tvö frv. um sama mál á borð þingmanna í einu. Ég skil satt að segja ekki, og vildi

gjarnan fá útskýringar hæstv. ráðherra á því, hvers vegna ekki var hægt að ljúka umfjölluninni um þetta mál nægilega snemma til að hægt væri að afgreiða það og taka til eðlilegrar umfjöllunar í nefndinni. Er það kannski niðurstaðan, en ekki greint frá henni hér, að hæstv. ráðherra telji að málið verði ekki leitt til lykta í vetur og því sé nauðsynlegt að skjóta inn þessu máli, undanfara þess? Þetta eru spurningar sem menn hljóta að þurfa að fá svör við. Það er nauðsynlegt að menn viti hvernig á þessum undarlegu vinnubrögðum stendur.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ég vona að nefndin gefi sér tíma til þess að bera atriði málsins eitthvað saman og átta sig á því hvort hættan af þessu er jafnmikil og af er látið. Ég legg áherslu á að við lestur á þessum ákvæðum sem eru hér til umfjöllunar virðast mér þau réttarbót, a.m.k. trygging fyrir því að flóttamaður geti ekki lent í þeirri aðstöðu að hver vísi honum á annan. Niðurstaðan er þó alla vega að þessi ríki, með samningi sínum ákveði og við það sé staðið: Það fer enginn flóttamaður frá Íslandi nema fyrir liggi að einhver annar eigi að fjalla um mál hans. Það hlýtur að vera það sem hér á að lögfesta.

[12:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur skolað inn á borð til okkar þingmanna frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum sem varðar sérstaklega stöðu flóttamanna. Eiginlega kom það flatt upp á þingmenn þegar þetta litla frv. var lagt fyrir þingið án tengsla við aðrar breytingar á lögum um stöðu útlendinga hér á landi. Hins vegar hefur verið vísað til þess að við værum háð því að samþykkja þetta frv. fyrir áramót vegna Schengen-samkomulagsins sem ég stóð að að samþykkja og verð að taka ábyrgð á því.

Eins og áður sagði þá varðar þetta frv. sérstaklega stöðu flóttamanna. Við Íslendingar ættum sérstaklega að taka málefni flóttamanna til okkar því að við erum öll komin af flóttamönnum. Samkvæmt sögum, sem við viljum ekki vefengja mikið, komu Íslendingar hingað til lands sem flóttamenn, ýmist pólitískir flóttamenn undan harðræði Haralds hárfagra á sínum tíma eða efnahagslegir flóttamenn vegna þess að yngri synir fengu ekki jarðnæði í Noregi og urðu að leita annað eftir möguleikum til að komast af sem fjölskyldumenn.

Við teljum okkur nokkuð góð með að vera af þessum uppruna. Einkum og sér í lagi þess vegna ættum við að vera sérstaklega skilningsrík á stöðu pólitískra flóttamanna sem skolað hefur að ströndum landsins — reyndar efnahagslegra flóttamanna líka — á undanförnum árum og áratugum.

Pólitískir flóttamenn sækja venjulega um pólitískt hæli. Það hefur verið ákaflega lítið um að slíkt hafi verið veitt hér. Ég veit alla vega um einn sem hefur fengið hér stöðu sem pólitískur flóttamaður en fleiri hafa fengið hér dvaraleyfi úr þeim hópi og getað dvalið á Íslandi af öðrum orsökum. Mér finnst mikilvægt að hafa möguleika á að veita útlendingum pólitískt hæli hér á Íslandi. Við vitum að stjórnarfar víða um heim er með þeim hætti að fólk á fótum sínum fjör að launa og verður að fara úr landi. Þá er oft þannig ástatt í fyrsta griðlandi, sem gjarnan er nágrannaríki, að þar er mjög erfitt um vik fyrir fólk að setjast að. Þar er sjaldnast vinna og oft gríðarlegur fjöldi fólks í sömu stöðu og miklir erfiðleikar sem flóttafólkið lendir í og verður því að halda eitthvert annað.

Það þarf að skoða mál þessa hóps mjög vel, ég er ekki að mæla því í mót. Auðvitað getur í slíkum hópi leynst fólk sem er á flótta af öðrum orsökum og við höfum nýlega lent í slíku dæmi hér á landi og eru mýmörg dæmi um slíkt erlendis. En ég tel að hvort sem fólk kemur hingað sem pólitískir eða efnahagslegir flóttamenn þá eigum við að skoða mál þeirra af fyllstu sanngirni. Við eigum að skilja að brottvísun þýðir oft að fólki er vísað aftur í sömu hörmungarnar og það er að reyna að flýja.

Mér er mjög minnisstætt að nú í vetur leitaði til mín á skrifstofuna fjölskylda sem var flóttafólk frá Albaníu, hafði flúið til Ítalíu og reyndi að komast til Íslands og var með fölsuð skilríki. Þessu fólki hafði verið vísað á brott og það leitaði til alþingismanna í vandræðum sínum. Fólkið hafði dvalið hér um tíma og m.a. gert mikið í því að læra íslensku, börnin höfðu lært íslensku nánast alveg og hjónin sem um ræðir voru langt komin með að verða nokkuð sjálfbjarga á íslensku. Allt það fólk sem hafði haft afskipti af þeim hér á landi gaf þeim mjög góða umsögn. Samt var þessu fólki vísað á brott, og ég verð að segja að ég fann ákaflega mikið til með því og það voru fleiri sem höfðu kynnt sér þetta mál sem voru mjög miður sín yfir þeim brottrekstri.

Mér finnst að við þurfum að muna að þó að fólk komi hingað vegabréfslaust eða á fölsuðum vegabréfum þá á það sér eðlilegar skýringar þegar um pólitíska flóttamenn er að ræða eða getur átt sér eðlilegar skýringar. Við þurfum að taka á móti öllu fólki sem hingað leitar með reisn og taka vel á málum þess, af miklu réttlæti og samkvæmt skýrum reglum sem gilda fyrir alla og öllum eru auðskiljanlegar. En það hefur viljað brenna við að svolítið væri um geðþóttaákvarðanir innan þessa geira og ég vona að þegar búið verður að fara yfir og samþykkja ný lög um stöðu útlendinga á Íslandi verði þeim geðþóttaákvörðunum útrýmt.

Ég hef því miður ekki getað kynnt mér þessi frv. af því að ég sá fyrst í hornið á þeim á þessum morgni en ég vona svo sannarlega að í þeim felist réttarbót fyrir þá sem hingað koma því við verðum að muna, t.d. þegar um er að ræða fólk sem leitar hér eftir vinnu og betri lífskjörum en heimalönd þeirra bjóða upp á, að í þeim hópi er oft gríðarlega góður efniviður. Þarna er fólk sem oft og tíðum er mjög vel menntað í sínu heimalandi, það ber öllum saman um að að stærstum hluta sé þarna um afburða vinnuafl að ræða. Margir hagfræðingar hafa haldið því fram að sá hagvöxtur sem hefur verið hér á landi að undanförnu sé ekki síst vegna þess að við höfum getað byggt á þessu erlenda vinnuafli. Það er hart að segja það en þetta eru staðreyndir málsins. Við Íslendingar eigum því að gera allt sem við getum til að búa vel að þessu fólki og taka vel á móti því þegar það kemur hingað. Mér finnst það ekki nógu góðar móttökur jafnvel þó að við gefum því súkkulaði og kleinur við komuna að senda það síðan úr landi.

Í mínum huga eru góðar móttökur þær að staða þessa fólks og umsókn þeirra um dvalarleyfi sé tekin til skoðunar af mikilli sanngirni. Að leitað sé eftir leiðum til að veita því fólki dvalarleyfi á Íslandi og leyfi til að vinna ef ekki kemur eitthvað í ljós í rannsókn, sem auðvitað þarf að fara fram, sem leiðir líkur að því að þetta fólk eigi eitthvað brogaðan feril að baki, t.d. að um sé að ræða sakamenn sem eru að reyna að komast brott frá réttlátri málsmeðferð. Auðvitað höfum við ekki mikla samúð í slíkum tilfellum. En um það er yfirleitt ekki að ræða. Yfirleitt er um að ræða fólk sem er á flótta af gildum ástæðum.

Við skulum hafa það hugfast að við Íslendingar tökum þátt í norrænu og evrópsku samstarfi um að berjast gegn útlendingaandúð. Við þurfum að taka okkur mjög á þar vegna þess að við stöndum ekki nógu vel að málum eða höfum ekki

gert að búa þeim útlendingum allt í haginn sem hingað koma og setjast hér að og t.d. að upplýsa Íslendinga nægilega vel um hvílík fáfræði og sveitamennska það er að vera með þá andúð sem stundum er höfð hér uppi á Íslandi gegn þessu fólki að ástæðulausu.

Það frv. sem liggur hér frammi er svohljóðandi eða frumvarpsgreinin sem er til umræðu:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Ég verð að segja að þessi grein er á mjög stífum gormum eins og hún kemur fyrir og það þarf náttúrlega að taka hana til endurskoðunar og reyna að hnoða hana eitthvað upp á nýtt í nefnd milli umræðna ef ná á því markmiði sem hæstv. dómsmrh. lýsti áðan í andsvari um að markmið þessa frv. væri að bæta rétt flóttamanna. Vegna þess að eins og frv. er orðað vísar það beint í það að því fólki sem kemur til Íslands og sækir um stöðu sem pólitískir flóttamenn sé vísað beint til baka vegna landfræðilegrar legu Íslands. Hingað til lands kemur fólk ekki, nema þá á flekum eða eitthverju slíku, öðruvísi en með hefðbundnum farartækjum og þau koma öll frá löndum sem eru innan Schengen-samstarfsins eða þá frá Bandaríkjunum og ekki vænti ég þess nú að Íslendingar eigi von á svo mörgum pólitískum flóttamönnum frá Bandaríkjunum. Það mun að vísu liggja fyrir ein umsókn og kannski væri hægt að veita henni afgreiðslu með bravúr á þessum grundvelli, en ég held að meginstraumurinn sem hingað liggur af pólitískum flóttamönnum verði ekki frá Bandaríkjunum. Ef maður skilur 1. gr. frv. eftir orðanna hljóðan getur maður ekki skilið hana öðruvísi en svo að hreinlega eigi að senda þetta fólk til baka til þess lands sem það kemur frá.

Við komumst í mjög fínan selskap með því að undirgangast þennan samning því að undir hann hafa skrifað hvorki meira né minna en helstu þjóðhöfðingjar Evrópu: Hans hátign konungur Belgíu, hennar hátign drottning Danmerkur, forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, forseti lýðveldisins Grikklands, hans hátign konungur Spánar, forseti lýðveldisins Frakklands, forseti Írlands, forseti ítalska lýðveldisins, hans konunglega tign stórhertoginn af Lúxemborg, hennar háting drottning Hollands, forseti portúgalska lýðveldisins, hennar hátign drottning Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og þarna komum við þá til viðbótar og er svo sem ekki leiðum að líkjast. Ég vil þó benda á að þau lönd sem ég var að telja hér upp hafa náttúrlega allt aðra landfræðilega legu. Stundum hefur verið sótt um sérákvæði fyrir Ísland varðandi hina ýmsu samninga, evrópska og alþjóðlega, og var sérstaklega eitt ákvæði til umræðu í gær um Kyoto-bókunina. Ég tel því að kannski hafi sjaldan verið meiri ástæða til að sækja um sérákvæði fyrir Ísland en í þessu tilviki, ef það er skilyrði af samningsins hálfu að við orðum þetta svo eins og hér er gert ráð fyrir.

Ef hins vegar er hægt að milda eða breyta þessu eitthvað í nefnd, sem ég vona svo sannarlega, þá horfir málið náttúrlega öðruvísi við. En eins og þetta stendur nú og blasir við í dag nær það ekki þeim markmiðum sem hæstv. dómsmrh. lýsti að væri meining hennar að ná fram með undirritun þessa samkomulags.

[12:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram mjög mikilvæg umræða um réttindamál og í rauninni hafa tvö frv. verið dregin inn í umræðuna þó að það frv. sem hér hefur verið tekið á dagskrá sé eingöngu um eitt ákvæði og rétt Íslands til að senda flóttamann, hælisleitandi flóttamann til annars lands. Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að þetta mál verði skoðað mjög ítarlega í nefnd og ég mun óska eftir því við fulltrúa Samfylkingarinnar í allshn. að þeir fari mjög vel yfir frv. sem liggur á borðum þingmanna og fjallar um heildarlöggjöf um málefni útlendinga til að kanna hvort verið sé að taka á þeim málum sem við höfum kallað eftir á liðnum árum að væru fest í lög og varða bæði réttindi útlendinga og vernd, þannig að ljóst sé að í bígerð er að setja lög sem eiga auðvitað að koma áður en við samþykkjum það ákvæði sem hér er lagt til.

Í lokin, herra forseti, vil ég gjarnan rifja það upp að Ísland hefur gerst aðili að ýmsum þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra. Þjóðréttarsamningar eru að sjálfsögðu leiðbeinandi, þeir taka náttúrlega ekki yfir íslensk lög en með undirritun slíkra samninga erum við að taka á okkur ákveðnar skuldbindingar og okkur hættir til að ákveða að við getum farið frjálslega með sumar þessara skuldbindinga.

Ég ætla að leyfa mér að rifja upp hvaða samningar ættu við í því máli sem við höfum verið að ræða hér. Það er auðvitað fyrst og fremst flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1951, en ég minni á að 1968 var fullgiltur viðbótarsamningur við þann samning, við samninginn um stöðu flóttamanna og er bæði flóttamannasamninginn og viðaukann að finna í frv. um heildarlöggjöf í málefnum útlendinga sem er nú á borðum okkar.

Við skulum líka hafa það alveg á hreinu að sá útlendingur telst flóttamaður sem „er utan heimalands síns ... af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa þangað aftur". — En það kemur líka fram, herra forseti, af því ég er að vísa til orða í grg. með frv. um heildarlöggjöf um réttindi útlendinga, að: „Samkvæmt þessu verður útlendingur að hafa raunverulega ástæðu til að óttast ofsóknir til að skilgreiningin eigi við um hann. Ekki er fyrir hendi samræmd alþjóðleg túlkun á flóttamannahugtakinu sem einstök lönd eru bundin af. Það er því hvers lands að taka afstöðu til þess hvort útlendingur telst flóttamaður. Hins vegar hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gefið út handbók sem gefur leiðbeiningar um túlkun hugtaksins." — Þetta er afar mikilvægt inn í þá umræðu sem hefur farið fram á þessum morgni á hv. Alþingi.

Ég vil líka, herra forseti, rifja það upp að Ísland á aðild að ýmsum mannréttindasamningum sem gerðir hafa verið bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Þessir samningar geta haft áhrif á réttarstöðu útlendinga, í þeim er að finna ákvæði sem mæla fyrir um tiltekin réttindi þeirra, og þeir þjóðréttarsamningar sem nefndir eru í frv. og koma til álita eru: Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, samningur um afnám alls kynþáttamisréttis, samningur um efnhagsleg, félagsleg og menningarleg rétt-

indi, samningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og samningur um réttindi barnsins, fyrir svo utan mannréttindasáttmála Evrópu sem við höfum oft vísað til.

Norðurlöndin hafa jafnframt með sér víðtækt samstarf og er skemmst að minnast að við höfum farið í gegnum umræðuna um Schengen á grundvelli þess að við höfum verið með sérstaka samvinnu varðandi vegabréf á Norðurlöndum. Við höfum getað ferðast innan þeirra landa án þess að sýna vegabréf og lögðum mjög mikla áherslu á að það ákvæði væri virt við aðild okkar að Schengen-samningnum. Þar er líka að finna ýmislegt sem lýtur að réttindum og varðar hin norrænu útmörk gagnvart útlendingum sem koma til Norðurlandanna.

Þetta er mjög mikilvægt að við höfum í huga. Við berum talsvert oft hingað inn ýmsa alþjóðasamninga og gerumst aðilar að þeim. Það er svo mjög mismunandi hversu hratt við fullgildum þá. Oft er mjög mikill mismunur í raun og veru á löggjöf á Íslandi og ákvæðum þeirra alþjóðasamninga sem við höfum undirgengist með aðild að þeim. Það á auðvitað að vera metnaðarmál okkar allra, hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu, að gera löggjöf á Íslandi þannig úr garði að hún falli í meginatriðum að þeim alþjóðasamningum sem okkur hefur fundist svo mikilvægir að við ákveðum að gerast aðilar að þeim.

Þessu langaði mig að bæta við í umræðuna sem hefur verið á allan hátt mjög ágæt, herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því og hef átt viðræður um að þetta mál komist til nefndar til skoðunar. Um það hefur verið ágæt samvinna og um það fjallað áður en frv. kom á dagskrá og í tengslum við að málinu var frestað frá mánudagskvöldi og fram á þennan fimmtudagsmorgun. Mér fannst mjög þýðingarmikið að komið var til móts við óskir Samfylkingarinnar um að fresta því frv. sem hér hefur verið rætt eins lengi og unnt væri til að e.t.v. yrði tækifæri til að leggja fram frv. til laga um heildarlöggjöf í málefnum útlendinga. Það gekk þannig eftir að það frv. er á borðum okkar eins og hér hefur komið fram. Hins vegar mun vera vafamál hvort það verður til umfjöllunar í allshn. á sama tíma og það frv. sem er á dagskrá en a.m.k. lýsi ég því yfir að þingmenn Samfylkingarinnar munu skoða hvaða þættir það eru sem þarf að vera tryggt að séu í því frv. sem verður fjallað um í kjölfarið, í því frv. sem hefði átt að verða að lögum áður en við afgreiddum það ákvæði sem felst í frv. sem er á dagskrá.

En ég vil fyrir mitt leyti, herra forseti, þakka þá ágætu og málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237.

og

Safnalög, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 238.

og

Húsafriðun, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 239.

og

Menningarverðmæti, 1. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 240.

[12:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka að þessi mál séu tekin sameiginlega til umræðu hér á þingi því að gefur betri heildarmynd af þeim breytingum sem er verið að gera á núgildandi lögum. Hér mæli ég fyrir frv. til þjóðminjalaga, frv. til safnalaga, frv. til laga um húsafriðun og frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Þessi frv. eru hluti af heildarendurskoðun á þjóðminjalögunum en heildarendurskoðun á þeim lögum hefur ekki farið fram frá 1989.

Við endurskoðun laganna hefur verið tekið mið af eftirfarandi meginþáttum: Safnastarfsemi í landinu hefur breyst mikið og ört á undanförnum árum. Skilgreina þarf hlut ríkisins með skýrari hætti en áður og hlutverk Þjóðminjasafns Íslands þarf að skilgreina gagnvart öðrum söfnum er starfa á sviði þjóðminjavörslunnar. Húsafriðun hefur vaxið fiskur um hrygg og virðing fyrir byggingararfleifð vex ár frá ári. Sjálfstæði húsafriðunarnefndar er til þess fallið að árétta mikilvægi málaflokksins innan stjórnsýslunnar og út á við með sérstökum lögum. Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa er fjallað í sérstökum lögum er taka mið af tilskipunum ESB nr. 93/7 og nr. 96/100 um skil á menningarminjum.

Þá er rétt að geta þess að mikilvæg þróun hefur orðið í fornleifarannsóknum á undanförnum árum. Fleiri fræðimenn á þessu sviði hafa haslað sér völl og fundið sér starfsvettvang. Fornleifarannsóknir eru í auknum mæli gerðar af einkaaðilum. Tryggja þarf eftirlit með þessum rannsóknum og jafnframt að stjórnkerfi minjavörslunnar verði ekki of þungt í vöfum.

Ef ég lít fyrst sérstaklega á frv. til þjóðminjalaga þá má segja að með frv. séu ekki lagðar til verulegar breytingar á þeim efnisákvæðum er gilda um þjóðminjavörsluna samkvæmt núgildandi lögum en megintilgangur frv. er að

einfalda stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar og styrkja embætti þjóðminjavarðar.

Helstu nýmæli frv. eru þau að heiti þeirrar stofnunar sem nú kallast Þjóðminjasafn Íslands er breytt í heitið embætti þjóðminjavarðar. Helgast þetta af því að safnastarfsemi á vegum Þjóðminjasafns Íslands er einungis einn af mikilvægum þáttum þeirrar fjölþættu starfsemi sem fer fram á vegum stofnunarinnar. Þykir því rétt að breyta heiti hennar í embætti þjóðminjavarðar um leið og safnastarfsemi á vegum embættisins er gefið sérstakt vægi.

Með frv. þessu eru lagðar til róttækar breytingar á stjórn þjóðminjavörslunnar með það fyrir augum að einfalda og styrkja stjórnkerfi hennar, stytta boðleiðir og skilgreina betur ábyrgð og starfssvið hverrar stofnunar. Stjórnkerfi Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt núgildandi lögum er of flókið og margar nefndir og ráð koma að stjórnun málaflokksins með einum eða öðrum hætti.

Lagt er til að þjóðminjaráð og fornleifanefnd í núverandi mynd verði lögð niður. Lagt er til að þjóðminjavörður taki við meginhlutverki þessara aðila en að jafnframt verði sett á laggirnar úrskurðarnefnd er beri heitið fornleifanefnd og verði skipuð aðilum með fræðilega þekkingu á málaflokknum og þangað verði hægt að skjóta tilteknum ákvörðunum þjóðminjavarðar er varða fornleifarannsóknir.

Með framangreindum stjórnkerfisbreytingum á stofnuninni er embætti þjóðminjavarðar eflt. Ábyrgð hans á rekstri embættisins verður skýr auk þess sem lagt er til að þjóðminjavörður hafi forustu um mótun heildarstefnu fyrir þjóðminjavörsluna. Frv. gerir auk þess ráð fyrir eflingu minjavörslu á landsbyggðinni og að minjaverðir verði starfsmenn þjóðminjavarðar.

Hvað varðar þann þátt í starfsemi embættis þjóðminjavarðar er lýtur að fornleifum, rannsóknum þeirra og varðveislu eru í frv. lagðar til nokkrar breytingar.

Lagt er til að þjóðminjavörður hafi eftirlit með fornleifarannsóknum, veiti leyfi til fornleifarannsókna í stað fornleifanefndar samkvæmt núgildandi lögum og beri ábyrgð á fornleifaskráningu og friðlýsingarskrá og fari með yfirstjórn fornleifasjóðs.

Í frv. er sérstaklega tekið fram að þjóðminjavörður skuli leitast við að bjóða út fornleifarannsóknir á vegum embættisins sem nauðsynlegar eru á hverjum tíma. Í þessu ákvæði felst mikilvæg stefnumörkun. Sú tilhögun að bjóða út fornleifarannsóknir kallar á skýra markmiðssetningu til þess að tryggt sé að rannsóknarverkefnum verði forgangsraðað eðlilega og þekkingaröflun á þessu sviði verði markviss. Með þessari tillögu er tekið mið af þeim fjölda fornleifafræðinga sem starfa sjálfstætt hér á landi og sinna vísindalegum rannsóknum.

Í frv. er gert ráð fyrir því að starfsmenn þjóðminjavarðar geti sinnt fornleifarannsóknum að einhverju leyti, ekki síst svonefndum neyðarrannsóknum, sem erfitt kann að vera að bjóða út.

Þá er lagt til að settur verði á laggirnar sérstakur fornleifasjóður sem hafi það hlutverk að úthluta styrkjum til rannsóknarverkefna. Með þessu móti eru sköpuð skilyrði til að styrkja rannsóknir á þessu sviði og renna styrkari stoðum undir sjálfstæða rannsóknarstarfsemi á þessu mikilvæga sviði menningarmála og menningararfsins. Sérstök stjórn fornleifasjóðs á að úthluta úr sjóðnum.

Eins og ég sagði miðar frv. að því að efla safnastarfsemi á vegum embættis þjóðminjavarðar. Lagt er til að Þjóðminjasafn Íslands hafi sérgreindan fjárhag og að ráðinn verði sérstakur safnstjóri er beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart þjóðminjaverði. Auk þess er lagt til að safnið hafi ráðgefandi hlutverk gagnvart öðrum byggða- og minjasöfnum og hafi forgöngu um samræmda safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Í tengslum við undirbúning lagafrv. hafa komið fram þau sjónarmið að brýnt sé að efla forvörslu og í því sambandi hafa komið fram hugmyndir um að setja á laggirnar sérstaka stofnun sem sinnt geti forvörslu fyrir öll söfn í landinu. Ekkert er talið vera því til fyrirstöðu að Þjóðminjasafn Íslands eigi aðild að slíkri stofnun eða að slík stofnun sé sett á laggirnar í samvinnu við þjóðminjavörð. Þar af leiðandi var ekki talið nauðsynlegt að í lagatexta kæmi fram heimild fyrir þjóðminjavörð til að taka þátt í samvinnu af þessu tagi. Ég vil leggja áherslu á þennan þátt, ég tel að það þurfi að huga sérstaklega að forvörsluþættinum, bæði fyrir Þjóðminjasafnið, eins fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Árnastofnun og Þjóðskjalasafn. Ég tel að það sé sérstakt úrlausnarefni að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að fela einum aðila að koma að því að annast forvörslu fyrir þessar ríkisstofnanir og gleymdi ég þá einni þegar ég taldi þetta, Listasafni Íslands, en allar þessar stofnanir sinna forvörslu með einum eða öðrum hætti. Ég held að menn séu að átta sig á því að nauðsynlegt er að huga vel að þessum þætti. Ég vil ég varpa þessu fram í umræðurnar þannig að menn geti einnig velt því fyrir sér þótt það sé ekki beint hluti af þeirri lagasetningu sem við erum að fjalla um.

Frv. til safnalaga er nátengt þessu frv. því að það að gæta þjóðminja og fornleifa og annast söfnun og þá starfsemi sem við flokkum undir safnastarfsemi er náskylt.

Megintilgangur frv. til safnalaga er að styrkja og efla almenna safnastarfsemi í landinu, stuðla að bættri nýtingu fjármuna, m.a. með því að fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati á heildstæðri stefnu í safnamálum. Frv. tekur til starfsemi minja- og listasafna, en ekki til bóka- og skjalasafna eða Kvikmyndasafnsins. Hugtakið minjasafn tekur bæði til menningarminjasafna og náttúruminjasafna. Víða um land starfa slík söfn hlið við hlið í sama safnahúsi. Í báðum þessum flokkum safna eru gerðar sömu faglegu kröfur til skráningar, varðveislu og sýningarhalds.

Lagt er til að sett verði á laggirnar safnaráð er hafi það hlutverk að marka heildarstefnu um safnastarfsemi og úthluta styrkjum til safna úr safnasjóði. Ekki er ætlast til umfangsmikillar starfsemi af hálfu ráðsins. Þannig er miðað við að eftirlit ráðsins með söfnum í eigu ríkisins felist í því að meta skýrslur sem söfnum er gert að senda ráðinu.

Í frv. er lagt til starfræktur verði sérstakur safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Safnaráð fari með yfirstjórn sjóðsins og eru tilgreind í frv. skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla til þess að geta fengið styrk úr sjóðnum. Miðað er við að safnasjóður hafi m.a. til ráðstöfunar þá fjármuni sem hingað til hafa verið veittir til byggða- og minjasafna af fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands og af fjárlagaliðnum Söfn, ýmis framlög, sbr. fjárlagalið 02-919 1.90. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni í styrkveitingum og aukið eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki. Vakin er athygli á því að lagt er til að safn geti ekki fengið rekstrarstyrk nema stofnskrá þess hafi verið samþykkt af safnaráði og er hér um mikilvæga nýbreytni að ræða.

Í frv. er lagt til að á hverju safnasviði verði komið á fót höfuðsafni er sé miðstöð safnastarfsemi á sínu sviði með ákveðnar lögbundnar skyldur gagnvart öðrum söfnum. Jafnframt er lagt til að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði skilgreind höfuðsöfn er séu miðstöðvar safnastarfsemi á sínu sviði. Þá er enn fremur lagt til að á næstu tveimur árum verði sett á laggirnar höfuðsafn á sviði náttúrufræða og er það í samræmi við tillögur safnanefndarinnar. Sú stefnumörkun krefst þess að endurskoðuð verði ákvæði laga um Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 60/1992, hvað varðar safnastarfsemi á vegum stofnunarinnar, en það er alls ekki ætlunin að sú endurskoðun taki til annarra þátta í starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo sem heimildasöfnunar og rannsókna á náttúru Íslands. Það er hins vegar nauðsynlegt að skjóta traustari lagastoðum en nú er undir safnastarfsemi á sviði náttúrufræða og er því lagt til í bráðabirgðaákvæði að undirbúningur slíkrar lagasetningar fari fram á næstu tveimur árum. Sjálfur tel ég ekki vansalaust að í íslenskum lögum skuli ekki vera nein ákvæði um náttúruminjasafn eða náttúrugripasafn og að þess vegna sé stigið hér mikilvægt skref þegar því er lýst yfir í 5. gr. þessa frv. að Náttúruminjasafn Íslands verði höfuðsafn á sviði náttúrufræða og Náttúruminjasafn Íslands skuli annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru, en með því er að sjálfsögðu aðeins vísað til þeirra rannsókna sem eru nauðsynlegar til þess að safnið geti sinnt starfsemi sinni sem safn. Það er ekki verið að tala um að safnið fari inn á verksvið annarra stofnana sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Varðandi húsafriðunarlöggjöfina þá er hér í fyrsta sinn flutt sérstakt frv. til laga um húsafriðun. Ákvæði um húsafriðunarmál hafa hingað til verið í þjóðminjalögunum. En ég tel að með því að flytja sérstakt frv. um þetta og með þeirri skipan sem við erum hér að leggja til, sé mikilvægi þessa málaflokks áréttað og það liggi betur fyrir hvernig unnt er að standa skipulega að því að taka á málefnum húsafriðunar.

Efnisákvæði frv. eru sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaganna nr. 88/1989. Ekki eru lagðar til stórvægilegar efnisbreytingar á lagareglum sem gilda um húsafriðun, enda álíta sérfræðingar að gildandi lagareglur hafi í stórum dráttum staðist tímans tönn.

Þó er vakin athygli á því að í frv. er lagt til að skýrar verði kveðið á um heimildir menntmrh. til þess að fella niður friðun án tillits til þess hvort hún er vegna aldurs eða sérstakra friðunaraðgerða. Nokkur vafi hefur þótt leika á þessu í gildandi lögum og m.a. hef ég frestað að taka afstöðu til tillagna frá húsafriðunarnefnd um niðurfellingu á friðun. Þær tillögur liggja fyrir í menntmrn. en ég hef frestað að taka afstöðu til þeirra því ég tel að lagaheimildir menntmrh. til slíkra ákvarðana séu ekki nægilega skýrar. En tekið er af skarið um það í þessu frv.

Meginbreytingarnar sem frv. fjallar lúta að stjórnsýslu málaflokksins og miða að því að auka sjálfstæði yfirstjórnar þessa málaflokks innan þjóðminjavörslunnar. Þannig er lagt til að húsafriðunarnefnd sem nú er undirnefnd þjóðminjaráðs verði að sjálfstæðri ríkisstofnun er heyri beint undir menntmrh. Jafnframt er lagt til að menntmrh. skipi forstöðumann húsafriðunarnefndar til fimm ára. Þannig eru boðleiðir gerðar skýrari og stjórnsýsla málaflokksins treyst.

Helstu rökin fyrir því að lagaákvæðum um húsafriðun verði skipað með sérlögum en ekki heildarlöggjöf um þjóðminjavörsluna eru þau að friðun húsa og annarra mannvirkja nær samkvæmt framangreindu til mun fleiri bygginga en heyra undir eiginlega þjóðminjavernd og mælir það með því að kveðið sé á um málaflokkinn í sérstökum lögum. Þá tengist friðun húsa og annarra mannvirkja mjög löggjöf um skipulags- og byggingamál. Með sérstökum lögum um friðun húsa og annarra mannvirkja væri húsafriðun skapaður einn heildarrammi og gildandi reglur að því leyti gerðar aðgengilegri en nú er.

Í þriðja lagi er hægara að láta fara fram sérstaka stefnumótun og endurskoðun laga um húsafriðun ef kveðið er á um skipan þeirra í sérlögum, enda þarf þá ekki að hreyfa við gildandi fyrirkomulagi laga á öðrum sviðum. Ég tel því efnislegar, stjórnsýslulegar og formlegar forsendur fyrir því að flytja frv. til laga um húsafriðun eins og hér er gert og gera þar með þennan málaflokk sýnilegri í íslenskri löggjöf og skapa honum styrkari stöðu innan stjórnsýslunnar.

Eins og ég mun víkja að, herra forseti, hér á eftir koma öll þessi frv. mjög til móts við sjónarmið sem fram hafa komið á Alþingi á undanförnum árum.

Fjórða frv. í þessum nátengda lagabálki er frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Eru ákvæði frv. að mestu efnislega óbreytt frá ákvæðum VI. kafla núgildandi þjóðminjalaga, en með lögum nr. 60/1996 var þjóðminjalögunum breytt, m.a. til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Var Ísland skuldbundið til að lögleiða ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga vegna aðildarinnar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt frv. því sem hér liggur fyrr er lagt til að þjóðminjavörður taki við hlutverki Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt núgildandi þjóðminjalögum og hann fari fyrir hönd íslenska ríkisins með daglega og almenna framkvæmd vegna flutnings menningarverðmæta úr landi og skil þeirra til annarra landa. Ágreiningi um ákvarðanir má skjóta til menntmrn. sem æðsta stjórnvalds á þessu sviði.

Þar sem þessi málaflokkur er nokkuð sérhæfður þykir rétt að setja þessar regur í sérstakan lagabálk og greina þær þannig frá öðrum reglum er gilda um vörslu þjóðminja hér á landi.

Herra forseti. Ég hef nú lokið að gera grein fyrir meginatriðum í þessum fjórum lagafrv. Eins og ég sagði tel ég að áherslurnar í frumvörpunum komi mjög til móts við þau sjónarmið sem hafa verið ríkjandi hér á hinu háa Alþingi á undanförnum árum þegar þessir málaflokkar eru til umræðu og endurspeglast m.a. í ákvörðunum sem Alþingi tók á Þingvöllum í sumar með stofnun Kristnihátíðarsjóðs, þar sem lögð var áhersla á fornleifagröft og varðveislu menningarminja, og endurspeglast einnig í ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 þar sem greinilega kemur fram mikill áhugi þingmanna á því að efla byggðasöfn, fornleifarannsóknir og safnastarfsemi almennt í landinu.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum þegar hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, flutti hér eina af ræðum sínum vegna fjárlagafrv., kom skýrt fram hjá honum að það væri mjög æskilegt að til væri heildarlöggjöf um safnastarfsemi í landinu til þess m.a. að auðvelda fjárveitingavaldinu að meta ýmsar óskir um fjárstuðning sem hingað berast.

Ég tel að með safnalöggjöfinni eins og hún er mótuð í þessu frv. sé komið til móts við þessi sjónarmið og m.a. settar fram ákveðnar skilgreiningar fyrir þau söfn sem eðlilegt er að styrkja úr safnasjóði sem lagt er til að verði stofnaður

og mundi þá taka við ýmsum fjármunum sem þegar eru á fjárlögum til einstakra safna. En úthlutað yrði úr sjóðnum á þeim forsendum sem lögin gera ráð fyrir ef frv. verður samþykkt.

Hið sama má segja um starfsemi Þjóðminjasafnsins. Fram hefur komið að menn telja æskilegt að þar sé ábyrgðin á rekstrinum skýr og ótvíræð og safnið hafi sína skýru stöðu án tillits til þjóðminjavörslunnar í heild og lagt er á ráðin um það í frv. til þjóðminjalaga.

Húsafriðunarsjóður hefur eflst og eflist enn með hliðsjón af því fjárlagafrv. sem við erum með til meðferðar þessa dagana. Einnig er ljóst að þar kemur fram mikill áhugi þingmanna á að efla starfsemi á þessu sviði. Ég tel að sjóðurinn verði betur í stakk búinn til að sinna mikilvægum verkefnum sínum ef þetta frv. verður að lögum.

Herra forseti. Hér hafa oft orðið talsverðar umræður um skipan þessara mála, ekki síst fornleifarannsókna. Það er málaflokkur sem menn hafa mjög skiptar skoðanir á þegar fylgst er með opinberum umræðum um þetta ágæta rannsóknasvið. Ég held að í þessu frv. sé málum þannig skipað að unnt eigi að vera að sinna öllum erindum stjórnsýslulega rétt og með þeim aðferðum sem eiga að tryggja sem best efnislega afgreiðslu mála.

En ekkert af þessum frv. er, herra forseti, af mér lagt fram með því fororði að engu megi í þeim breyta. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að nefndin sem fær þessi mál til meðferðar fari ítarlega yfir frumvörpin, kalli eftir umsögnum og áliti sem flestra til þess að menn leitist við að ná sem víðtækastri sátt um þennan málaflokk og gefi sér tóm til þess að kanna þau ákvæði sem við gerum hér tillögu um. Ef eitthvað má betur fara að lokinni þeirri yfirferð, er ég reiðubúinn til þess að taka öllum góðum ábendingum frá menntmn. ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að betur megi standa að einstökum útfærsluatriðum að því er þessa mikilvægu málaflokka varðar.

Ég legg höfuðáherslu á nauðsyn þess að nálgast viðfangsefnið eins og gert er í þessum fjórum frv., að menn hafi þá sýn sem frumvörpin gera ráð fyrir og að innan þeirra marka verði leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu um þessa málaflokka á Alþingi sem þingið hefur æ meiri áhuga á og nauðsynlegt er að sinna af kostgæfni og alúð til þess að við gætum þess sem er mikilvægast úr okkar sögu og fellur undir þessa lagabálka.

Með þessum orðum, herra forseti, óska ég eftir því að frv. fari til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[12:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. fór yfir þessa miklu lagabálka sem hér liggja fyrir og sennilega er það rétt hjá honum að að mörgu leyti brjóta þeir í blað. Það er hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að fyrir löngu er komin þörf á ítarlegum safnalögum. Ekki síst sjáum við það við afgreiðslu núverandi fjárlaga þar sem verið er að efla söfn vítt og breitt um landið.

Hæstv. menntmrh. fór með skilvirkum hætti með þær röksemdir sem standa að baki ýmsum þeim breytingum sem hann leggur til. Til dæmis var aðdáunarvert að hlýða á mál hæstv. ráðherra þegar hann skýrði í fjórum liðum rökin fyrir þeim breytingum sem tengjast t.d. húsafriðuninni.

Hann fór réttilega með margvísleg rök sem tengjast breytingum á fornleifarannsóknum og greindi ærlega frá því að auðvitað eru deildar meiningar um það.

En á einu sviði fór hann ekki með nein rök sem ég tel að hafi náð máli og það var varðandi þann aðskilnað sem mér sýnist uppi varðandi Náttúrugripasafn og Náttúrufræðistofnun. Hver eru rök hæstv. ráðherra fyrir honum? Hvarvetna í akademíunni eru slík söfn grundvöllur rannsókna. Ég rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að allar götur frá því að ungir drengir í Bessastaðaskóla komust á legg og fengu hugmyndir um að setja upp háskóla á Íslandi var hið fyrsta sem þeir ákváðu að gera að efna til náttúrugripasafns og það náttúrugripasafn sem nú er til rekur sínar ættir allar götur aftur til skáldmæringsins Jónasar Hallgrímssonar.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver eru rök hans fyrir því að greina að Náttúrufræðistofnunina og Náttúrugripasafnið þannig að þau verða undir tveimur ráðherrum? Ég fæ þau ekki séð. Ég kom, herra forseti, nokkuð að slíkum rannsóknum áður en líf mitt hneigðist í farveg stjórnmálanna og það er alveg ljóst af minni reynslu að gott safn er undirstaða vísindalegra rannsókna á lífríki.

[13:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær að þegar menn ákváðu að flytja frv. til safnalaga sem tæki til þeirrar meginsafnastarfsemi sem menn telja að falli undir slíkt hugtak, þá var litið til þessara þriggja safna: Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og það sem hér heitir Náttúruminjasafn Íslands.

Það var samdóma álit þeirra sem störfuðu í þeirri nefnd sem vann að þessu — hægt er að sjá á bls. 4 í frv. hverjir þeir voru, að æskilegt væri að sambærilegar reglur giltu um öll þessi söfn. Það er verið að setja slíkar reglur um þessi söfn með safnalögunum. Síðan er gert ráð fyrir því að sett verði sérstök löggjöf um Náttúruminjasafnið, eins og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða, eins og við höfum sérstök lagaákvæði um Listasafn Íslands og um Þjóðminjasafn Íslands. Ekki er því unnt að fullyrða neitt um einhver skil á milli Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins. Það á eftir að vinna þá útfærslu nánar við gerð sérlaga um Náttúruminjasafn Íslands.

En þegar ég las lögin um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu og með hliðsjón af ágætum orðum hv. þm. sem er líffræðingur og náttúrufræðingur, þá vekur það athygli mína hvað ákaflega lítið er gert úr safnaþættinum í þessum lögum þannig að ég held að með þessu ákvæði og því frv. sem ég er að flytja hér sé kannski í fyrsta sinn frá því menn hófu þessa starfsemi verið að skipa Náttúruminjasafninu sess í okkar stjórnkerfi, en það er alls ekki gert í lögunum um Náttúrufræðistofnun Íslands.

[13:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er augljóslega alvarleg gloppa í málflutningi hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur, eins og ég sagði áðan, komið fram með ákaflega fínar röksemdir fyrir flestum þeirra breytinga sem hann er að leggja til. En það er ljóst að hann hefur sjálfur ekki skoðað grunninn undir þeirri aðgerð að kljúfa Náttúrugripasafnið frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Rökin sem hæstv. ráðherra hefur eru engin. Hann vísar bara til þess að einhver nefnd hafi komist að þessari niðurstöðu. Það eru engin rök. Það þarf að leggja fyrir þingheim hvað það er sem veldur því að þetta sé gott. Alls staðar erlendis þykir mönnum þessi tilhneiging slæm. Menn eru alls staðar að sinna rannsóknum í tengslum við söfn, alls staðar.

Það er það alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér um náttúrufræðistofurnar. Það var galli á lögunum á þeim tíma sem var bent á við umræður í þinginu og stafaði af því að ríkið vildi á þeim tíma ekki taka frekari fjárhagslega ábyrgð á þessum málaflokki en fólst í lögunum um náttúrustofurnar.

Ég bendi hæstv. ráðherra hins vegar á að í 5. gr. frv. kemur skýrt fram að þetta höfuðsafn skuli annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru. Herra forseti. Erum við þá að leggja til að hér verði undir tveimur ráðherrum stundaðar rannsóknir á íslenskri náttúru? Erum við að leggja til eins konar óskapnað þar sem menn eru að gera svipaða hluti? Það er ekki hægt að koma í veg fyrir það. Auðvitað er hægt með reglugerðum og öðru slíku að koma upp einhvers konar verkaskiptingu. En sérstakar rannsóknir á náttúru Íslands sem tengjast ákveðnum viðfangsefnum er ekki hægt að framkvæma án þess að hafa safn við höndina. Það liggur alveg fyrir.

Núna eru menn, nákvæmlega sem ég tala, að gera ákaflega merkilegar rannsóknir við Náttúrufræðistofnun og reyndar við ýmis útibú hennar, í Sandgerði t.d., sem byggjast alfarið á söfnunum.

[13:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. vilji ekki hlusta á rökin og þess vegna heyri hann þau ekki. En þannig er að ég held að hv. þm. hafi ekki verið kominn í salinn þegar ég fór yfir þetta mál upphaflega og rakti hér þau rök sem að baki búa. Ég tel ákaflega brýnt að skipa þessum málum eins og hér er gert til þess að staða Náttúruminjasafns Íslands sé skýr. Ég sagði í framsöguræðu minni að með orðinu rannsóknir í frv. væri ekki verið að gera ráð fyrir því að þetta safn færi inn á verksvið Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúrustofu. Hins vegar er óhjákvæmilegt fyrir alla safnastarfsemi að heimild til rannsókna sem snerta starfsemina sem slíka sé fyrir hendi án þess að menn fari inn á annarra manna verksvið.

Ég verð að segja að mér finnst þessi málflutningur hv. þm. heldur léttvægur miðað við þá stöðu mála sem þetta ágæta safn er í núna. Í d-lið 4. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands segir, með leyfi forseta, að stofnunin hafi það hlutverk:

„d. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,"

Ég sé ekki að sú reisn sé yfir þessu sem hv. þm. er að tala um að nauðsynleg sé ef þetta safn er slík undirstaða fyrir þá starfsemi sem Náttúrufræðistofnun á að sinna. Mér finnst þetta því léttvægur málflutningur miðað við stöðu mála eins og hún er og ég tel að með frv. sem við erum að flytja hér sé þessu safni skipaður sá sess sem því ber, fyrir utan önnur hagkvæmnisrök sem ég hef ekki tíma til að rekja hér. Ég get komið inn í umræðurnar síðar í dag um þessi mál og farið nánar út í þetta sem ég mundi þá láta koma fram.

[13:08]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér eru menn að ræða ákaflega mikilvægt mál. Hér eru menn að tala um að kljúfa eina af merkustu stofnunum íslenska ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, í tvennt. Í dag tengjist u.þ.b. 60–65% af umfangi þeirrar stofnunar einmitt safninu. Ég skil vel þau rök sem hæstv. ráðherra hefur flutt fyrir þessu og ég ætla í þessari ræðu minni ekki að fara í neina efnislega umræðu. Málið varðar ekki einungis hans ráðuneyti og hann sem ráðherra. Það varðar annan fagráðherra. Það varðar hæstv. umhvrh. Ég tel ekki að þessi umræða geti farið fram nema hæstv. umhvrh. sé í salnum vegna þess að það er alveg ljóst og það þarf að fá fram viðhorf umhvrn. til þessa gernings og jafnframt til þess hvernig eigi þá að skipta verkum millum þessara tveggja stofnana og fá fram viðhorf hæstv. umhvrh. til þessa máls.

Herra forseti. Ég hef nokkrar spurningar sem ég þarf að varpa til hæstv. umhvrh. Ég tel að það sé ekki ósanngirni af minni hálfu að óska eftir því að hæstv. ráðherra verði við umræðuna og umræðunni verði þá eftir atvikum frestað þangað til hún getur orðið við þessari réttmætu bón minni.

[13:09]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti mun láta gera hæstv. umhvrh. viðvart um þessa ósk.

Forseti hafði ráðgert að gera hlé núna á þessari umræðu og fundinum. Forseti minnir á að klukkan 13.30 hefst umræða utan dagskrár. Þessari umræðu mun því væntanlega fram haldið upp úr klukkan tvö í dag.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:09]

Umræður utan dagskrár.

Ráðstafanir í húsnæðismálum.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég óska eftir utandagskrárumræðu um húsnæðismál er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að taka húsnæðismálin sérstaklega upp utan dagskrár í ljósi þess að ástandið er sennilega orðið alvarlegra en dæmi eru um í mjög langan tíma. Mér sýnist afleiðingar kerfisbreytinganna sem lögfestar voru fyrir tveimur árum verri en verstu hrakspár sem þá voru uppi gerðu ráð fyrir.

Hin ástæðan er sú að samkvæmt fjárlagafrv. sem nú hefur farið í gegnum tvær umræður — aðeins lokaumræðan á morgun er eftir — þá liggur ekkert fyrir um hvernig stuðningi ríkisins við félagslegar leiguíbúðir verður háttað annað en til standi að skera framlag sem stóð í 100 millj. kr. niður í 50 millj. kr.

Það hefur verið lífsins ómögulegt að toga það upp úr ríkisstjórninni, hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. sem greinilega hafa deilt um það hvernig á skuli haldið. Það hefur verið með öllu ógerlegt að fá fram hvernig þessum skelfilega litlu fjármunum skuli ráðstafað. Í fjárlagafrv. er talað um að stuðningurinn skuli vera í formi stofnkostnaðarstyrkja eða húsaleigubóta.

En hvernig er ástandið í húsnæðismálum? Hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík eru 571 á biðlista, 571 einstaklingur og fjölskyldur því að þetta er fleira fólk. Þarna eru barnmargar fjölskyldur, hjá Öryrkjabandalaginu 400, hjá Félagsstofnun stúdenta bíða 200 manns eftir húsnæði, hjá Byggingarfélagi námsmanna eru 70 á biðlista og hjá einstæðum foreldrum 30. Þetta eru ekki tæmandi listar og hér var vísað í Félagsþjónustuna í Reykjavík, ekki til annarra sveitarfélaga þar sem víða eru einnig biðlistar. Það er ljóst að þúsundir manna

eru í húsnæðishrakningum og þegar þessar biðraðir eftir félagslegu leiguhúsnæði eru skoðaðar þá kemur í ljós að mörg hundruð manns ekki síst á suðvesturhorninu eru bókstaflega á götunni.

Þessir biðlistar segja aðeins hálfan sannleikann því að þeir sem ekki komast inn í leighúsnæði basla margir hverjir við að kaupa íbúðir á markaðsvöxtum. Húsbréfin eru á 5,1% vöxtum auk verðbóta sem eru önnur 5% til viðbótar og síðan koma afföllin sem nú eru um 10%. Þau þrýsta verðinu upp og auka enn á klyfjarnar.

Hér með er ekki öll sagan sögð því að samkvæmt núverandi húsnæðislöggjöf fær enginn fullt lán. Það er lágmark að einstaklingur greiði 10% sjálfur og á hvaða kjörum skyldi það vera? Þeir sem ekki eiga eignir verða að sætta sig við víxillán. Þau eru núna á um 20% vöxtum. 200 þús. kr. á ári til bankans fyrir hverja milljón að láni, 400 þús. fyrir 2 millj. Þetta eru óbærilegar klyfjar, enda margt fólk að brotna undan þeim.

Hvað skyldi ríkisstjórnin ætla að gera? Í atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga í fyrradag samþykkti stjórnarmeirihlutinn á Alþingi að skerða framlag til vaxtabóta um 400 millj. kr. Þetta eru skilaboðin til húsnæðiskaupenda, blaut tuska í andlitið. Gagnvart félagslegu leiguhúsnæði eru engin svör önnur en að fella tillögu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um 800 millj. kr. til lausnar þessum bráða vanda. Að sönnu stendur ekki á lánveitingum til félagslegs leiguhúsnæðis. Þar er talað um rúma 3 milljarða en á markaðsvöxtum. Ég vil vekja athygli á því að ef stuðningurinn við uppbyggingu félagslegs húnæðis verður í formi húsaleigubóta, eins og talað er um sem valkost, er tilkostnaðinum að hluta velt yfir á sveitarfélögin sem borga 40% af húsaleigubótum. Gerir hæstv. félmrh. sér grein fyrir því hvernig ástandið er orðið? Er hann meðvitaður um biðraðirnar eftir leiguhúsnæði? Veit hann að húsaleigan er a.m.k. 1.000 kr. á hvern fermetra? Það eru 60 þús. kr. á mánuði fyrir litla tveggja herbergja íbúð. Hefur hann athugað vaxtakjörin nýlega? Spurningar mínar til hæstv. ráðherra eru eftirfarandi:

Hefur ríkisstjórnin áform um bráðaaðgerðir í húsnæðismálum í ljósi langra biðraða eftir leiguhúsnæði og erfiðra lánskjara á húsnæðismarkaði?

Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um fyrirkomulag á stuðningi við félagslegt leiguhúsnæði?

Hefur ríkisstjórnin áform um frekari stuðning við húsnæðiskaupendur eða á að halda áfram að skera niður?

[13:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er athyglisvert með biðlistana að nær 600 eru á biðlista hjá Félagsbústöðum hf. en ekki nema 18 í Hafnarfirði. Þar er nokkurt misræmi á.

Íbúðalánasjóður mun geta svarað jákvætt öllum umsóknum um kaup eða byggingu leiguíbúða á árinu 2001. Umsóknir þær sem komnar eru eru 633, þar af eru 100 frá Félagsbústöðum í Reykjavík. Félagsbústaðir fengu lánsloforð fyrir 100 íbúðum á þessu ári en höfðu einungis nýtt 62 lán 14. nóvember. Þar af leiðir að 38 loforð standa eftir. Þau bætast þá á næsta ári við þær 100 íbúðir sem sótt var um.

Önnur sveitarfélög hafa sótt um lán til 74 íbúða og félagasamtök hafa sótt um lán til 459 íbúða. Þar ber hæst námsmannaíbúðir, Öryrkjabandalagið, Búseta, Búmenn og sjómannadagsráð.

Húsaleigubætur eru greiddar á allt leiguhúsnæði um land allt. Bæturnar voru rýmkaðar um síðustu áramót og aukið tillit tekið til fjölskyldustærðar. Ég mun bera fram frv. um breytingu á húsaleigubótalögunum fljótlega eftir áramót þar sem skilyrði verða rýmkuð, t.d. um skyldleikatengsl, herbergjaskipan, m.a. með tilliti til sambýla og námsmannaíbúða og eins varðandi þinglýsingarkvöð þegar sveitarfélög eru húseigendur og greiða jafnframt húsaleigubæturnar.

Þá erum við að breyta reglugerð um húsaleigubætur á þann veg að hækka frítekjumarkið úr 1,6 millj. í 2 millj. kr., þ.e. bætur byrja ekki að skerðast fyrr en við 2 millj. kr. tekjur. Þá færist hámark húsaleigubóta úr 25 þús. í 35 þús. á mánuði og efri mörk leigutillits verður hækkað úr 45 í 50 þús. Samtals fara nú í húsaleigubætur um 600 millj.

Í öðru lagi er í ráði að greiða sveitarfélögum stofnstyrk út á kaup eða byggingu leiguíbúða og heimild sett inn í 7. gr. fjárlaga næsta árs til að verja í það fjármunum að undangengnum samningum við Samband ísl. sveitarfélaga. Þar að auki er í fjárlagafrv. eins og fram hefur komið 50 millj. kr. sem unnt væri að verja í stofnstyrki. Unnið er að því að koma á samkomulagi við sveitarfélögin en því er ekki lokið.

Þá er rétt að minna á að vextir á húsbréfum eru miklu lægri en þeir vextir sem bankarnir bjóða á útlán þrátt fyrir að afföll séu reiknuð með. Vextir hafa hækkað mjög í landinu og eins og fram hefur komið eru bankavextir miklu hærri en vextir á húsbréfum. Húsbréfin bera 5,1% og með afföllunum ef þau eru reiknuð með er ávöxtunarkrafan núna 5,6–5,7%. Vextir af nýjum lánum til leiguíbúða verða á næsta ári innan við 5%. Það verða ekki markaðsvextir á næsta ári á lánum til leiguíbúða og vaxtabreytingar á eldri lánum í hinu félagslega kerfi eru ekki fyrirhugaðar.

Ég vil geta þess að vaxtabætur nema á þessu ári tæpum 4 milljörðum og hafa hækkað frá fyrra ári um 300 millj. Þeir sem fá viðbótarlán eiga rétt á samtímagreiddum vaxtabótum og sveitarfélögin hafa fengið loforð fyrir viðbótarlánum, síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa, út á 2.800 íbúðir. Meðalupphæð viðbótarlánsins er um 1.500 þús. á íbúð og meðalverð íbúðar sem keypt er með viðbótarláni er rétt innan við 7 millj. Samtals eru lánsfjárhæðirnar 4,2 milljarðar í viðbótarlánum.

Í félagsþjónustufrv. sem liggur fyrir Alþingi segir um skyldur sveitarfélaga varðandi framboð á húsnæði:

„Sveitarstjórnir skulu á skipulegan hátt leitast við að tryggja að nægt framboð sé af leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.“

[13:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í skýrslu starfshóps félmrh. sem skilaði niðurstöðu í vor kemur fram að 1.900 einstaklingar og fjölskyldur eru á biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögum og félagasamtökum. Hækkun vaxta á lán til leiguíbúða úr 1%, eins og þeir hafa verið undanfarin 25 ár, í 3,9% á þessu ári eru að ganga að leigumarkaðnum dauðum. Nú stefnir í að náðarhöggið verði veitt með því að hækka enn vextina, nú nálægt markaðsvöxtum. Með hvaða afleiðingum? Afleiðingarnar birtast í skýrslu ráðherrans, herra forseti. Leiga á íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. mun hækka um 80%, úr 25 þús. kr. í 45 þús. kr. á mánuði að frádregnum húsaleigubótum eftir skatt, eða um 20 þús. kr. á mánuði verði ekkert að gert. Á

lítilli leiguíbúð mun leigan hækka um 20 þús. kr. verði ekkert að gert. Í skýrslu ráðherrans er lagt til að húsaleigubætur og stofnstyrkir til framkvæmdaaðila sem byggja leiguíbúðir komi í staðinn.

Svikin loforð ráðherrans við láglaunafólk sem þúsundum saman stendur í biðröð eftir leiguíbúðum birtast í fjárlagafrv. Framlög þar duga fyrir 100 þús. kr. stofnstyrk á hverja leiguíbúð þegar útreikningar sýna að 2–3 millj. þarf í stofnstyrk á hverja íbúð til að leigjendur verði jafnsettir ef vextir hækka t.d. í 5%. Fjárlögin segja 50 millj. kr. í stofnstyrki en þar þarf 675 millj. á næsta ári til að halda sambærilegri niðurgreiðslu á vöxtum til leiguíbúða við það sem þeir voru árið 1998. 675 millj. þarf í stofnstyrki en fjárlögin gera ráð fyrir 50 millj. Það er vægast sagt grimmúðlegt og sótsvartur blettur á þessari ríkisstjórn að algert neyðarástand ríkir hjá mörg hundruð láglaunafjölskyldum í húsnæðismálum.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. ætti að skammast sín.

[13:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Félagslega íbúðakerfið eins og við þekktum það fyrir 1999 var komið að fótum fram af mörgum ástæðum. Það er kannski ekki ástæða til að rekja það hér en það var ástæða til þess að breyta um kerfi og það gerðum við með núverandi lögum frá 1998.

Byggingarsjóður verkamanna, sem sá um lánveitingar til félagslegra eignaríbúða og félagslegra leiguíbúða, stefndi þráðbeint í gjaldþrot. Það lá fyrir að þurft hefði að borga gífurlegar fjárhæðir í sjóðinn úr ríkissjóði til að viðhalda því kerfi sem betur væri varið til annarra hluta. Það lá ljóst fyrir að kerfið hefur ótal galla bæði fyrir sveitarfélög og þá einstaklinga sem áttu að njóta góðs af kerfinu. Kerfið var barn síns tíma og mjög erfitt var að fá heildarsýn yfir þá félagslegu aðstoð sem veitt var með því kerfi.

Það er mun eðlilegri leið sem nú er farin, að Íbúðalánasjóður sé rekinn þannig að hann standi undir sér. Íbúðalánasjóði er ætlað að veita lán, m.a. til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar og kaupa á leiguhúsnæði. Einstaklingarnir fá síðan húsaleigubætur til að koma á móti þeim kostnaði sem þeim er ofviða vegna leigugjaldanna. Það er mun eðlilegra kerfi sem miðar við að fjárhagur og fjölskyldusamsetning viðkomandi sé metin. Afkastageta núverandi kerfis er mun meiri en gamla kerfisins og niðurstaðan er því, hæstv. forseti, að núverandi kerfi aðstoðar mun fleiri en áður var og þess vegna erum við betur stödd en við vorum í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem félmrh.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg að framgöngu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í húsnæðismálum, með hæstv. félmrh. Pál Pétursson í broddi fylkingar, muni lengi minnst. Hennar verður minnst sem ríkisstjórnarinnar sem lagði niður félagslega húsnæðiskerfið á Íslandi. Afleiðingarnar hafa svo sannarlega ekki látið á sér standa. Aðstaða lágtekjufólks til húsnæðisöflunar hefur stórversnað. Eignalítið eða eignalaust lágtekjufólk á ekki minnstu möguleika á því í dag að komast í eigið húsnæði. Það er úti í hafsauga. Til þess þarf eignir upp á a.m.k. 1–2 millj., handbærar eignir, og upp undir meðallaun, til að það dæmi geti gengið upp, t.d. eins og fasteignaverð er á höfuðborgarsvæðinu. Á leigumarkaði hrannast biðlistarnir upp og húsaleigan rauk upp úr öllu valdi eins og spáð var. Staðreyndirnar blasa við tveimur árum eftir að þessi óhappaákvörðun var tekin.

Einna alvarlegast er þó það sem lýtur að framhaldinu. Það er nánast enginn hvati fyrir hendi lengur til að byggja leiguíbúðir eða önnur úrræði sem leysa úr vanda þeirra sem örðugt eiga með að kaupa húsnæði. Nú er ekki rætt um annað en markaðsvexti, markaðsvexti í því landi heimsins þar sem vextir eru einna hæstir.

Í raun er það svo, herra forseti, að í húsnæðismálum almenns launafólks og láglaunafólks hefur okkur verið kippt áratugi aftur í tímann. Aðstæður eru sambærilegar við það þegar baráttan hófst á fyrri hluta aldarinnar fyrir félagslegum úrræðum til að auðvelda láglaunafólki að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er ömurlegt til þess að vita að mitt í öllu góðærinu skuli það gerast í málefnum þeirra sem síst mega við því að hagur þeirra sé skertur eins og raun ber vitni.

Ég tek undir það með fyrrv. félmrh. að þessi frammistaða er til skammar, herra forseti.

[13:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er rétt að draga saman nokkrar staðreyndir í þessu máli þannig að menn geri ekki meira úr vandanum en efni standa til og geri heldur ekki of lítið úr honum. Það er augljóst að fólksflutningar innan lands, þar sem fólk flytur af landsbyggðinni og suður, eykur á húsnæðisvandann á höfuðborgarsvæðinu. Um það er engum blöðum að fletta. Það er öllum ljóst. Hins vegar dreg ég mjög í efa að stóryrtar yfirlýsingar hv. frummælanda og fyrrv. félmrh. í málinu eigi við rök að styðjast.

Í fyrsta lagi var úthlutað á þessu ári tæplega 500 heimildum til leiguíbúða. Í öðru lagi fengu Félagsíbúðir í Reykjavík um 100 heimildir og hafa ekki nýtt þær að öllu leyti á þessu ári. Í þriðja lagi hafa Félagsíbúðir í Reykjavík ekki sótt um nema 100 á næsta ári, sama fjölda og á síðasta ári. Í þeirri umsókn felst þeirra mat á vandanum. Þeir munu fá það sem sótt var um.

Einnig má benda á að húsaleigubætur munu hækka á milli ára og að stofnstyrkur er veittur til sveitarfélaga. Það má líka benda á að vextir eru niðurgreiddir þannig að ríkisvaldið veitir margháttaða aðstoð til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda.

Ég vil andmæla fullyrðingu hv. frummælanda, Ögmundar Jónassonar um að vaxtabætur verði skertar á næsta ári um 400 millj. kr. Það er ekki rétt. Reglur til vaxtabóta eru óbreyttar þannig að hjá þeim sem hafa lágar tekjur eru þær þær sömu og vaxtabæturnar voru á þessu ári nema hvað þær taka almennum verðlagsbreytingum. Hins vegar skerðast vaxtabætur hjá þeim sem hafa háar tekjur vegna þess að tekjur þeirra hafa hækkað á milli ára umfram almennar verðlagsbreytingar.

[13:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur gert grundvallarbreytingar í mikilvægum málaflokkum með alvarlegum afleiðingum og er enn að. Hann gerbylti húsnæðiskerfinu með þeim afleiðingum að húsnæðisskortur og stórhækkað fasteignaverð fylgdi í kölfarið. Árlega hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu byggt milli 200 og 300 íbúðir í félagslega kerfinu. Þegar lögunum var breytt lögðust þær byggingar af án þess að neitt tæki við. Öllum var vísað á markað þar sem íbúðir skorti á sama tíma og fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið voru gífurlegir.

Þær íbúðir sem fyrir voru stórhækkuðu í verði og leigu. Umræðan hér hefur staðfest að hrikalegir biðlistar hafa orðið til. Eina lausnin er leiguíbúðir sem ekki eru fyrir hendi.

Herra forseti. Enn á að taka til hendinni. Í skýrslu frá ráðherra kemur fram að nú á að bylta húsnæðisfyrirkomulagi fatlaðra. Um leið og Öryrkjabandalagið tekur við byggingu sambýla og ríkið heldur eftir rekstrinum verður 4% af stofnverði fasteigna mætt með auknum leigutekjum. Þær eru áætlaðar í skýrslunni 220 millj. kr. og munu lenda á fötluðum sem nýjar eða auknar leigugreiðslur. Á móti eiga aðeins að koma 40 millj. í húsaleigubætur. Nú skulu fatlaðir borga.

Herra forseti. Framganga þessarar ríkisstjórnar í málum láglaunafólks og þeirra sem þurfa á félagslegum stuðningi að halda er forkastanleg. Menn hafa fundið þá sem nú eiga að greiða skatta og skyldur. Það eru fatlaðir, fátækir, aldraðir og námsmenn.

[13:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Markmið húsnæðiskerfisins var að gera efnalitlu fólki kleift að komast í tryggt íbúðarhúsnæði sem uppfyllti lágmarkskröfur um búnað og rými. Þetta markmið náðist að mestu, m.a. með því að Byggingarsjóður verkamanna lánaði 80–90% af verði íbúða til 40–50 ára og útborgun kaupenda var aðeins 10%. Vextir voru niðurgreiddir og þess vegna lækkaði verð íbúða mjög verulega á lánstímanum. Sveitarfélög höfðu möguleika á að efla byggingu íbúðarhúsnæðis í sinni byggð með því að sækja um og fá framkvæmdaleyfi fyrir félagslegu eignar- og leiguhúsnæði og gátu með því stuðlað að betri búsetuskilyrðum en ella.

Á meðan skilyrðin voru eðlileg og ekki brostinn á sá flótti af landsbyggðinni sem nú er orðinn var þetta sveitarfélögum og íbúum þeirra hagfellt. Fólkið hafði tryggt og gott húsnæði og trygga innlausn þess ef það hugðist flytja og sveitarfélögin gátu haft á boðstólum húsnæði fyrir fólk sem hugðist flytja í byggðarlagið.

En þetta kerfi hrundi. Framreikniaðferðir leiddu til þess að verð þessara íbúða varð lægra en markaðsverð á svæðum þar sem eftirspurn var mikil eftir húsnæði, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Það var hins vegar allt of hátt miðað við markaðsverð á landsbyggðinni. Óeðlilegt var að ríkið niðurgreiddi með þessum hætti lán til ákveðinna hópa en ekki til annarra lántakenda.

Nú hefur húsbréfakerfið tekið við og öll kaup fara fram á almennum markaði. Vextir eru allmiklu hærri en í félagslega kerfinu en á móti koma vaxtabætur sem jafna muninn. Fyrir efnalítið fólk er að auki til félagsleg lausn, sem sveitarfélögin sjá um að úthluta, sem eru viðbótarlánin. Með þeim geta lán frá Íbúðalánasjóði orðið allt að 90% eins og var í gamla kerfinu. Fólkið hefur nú fullan ráðstöfunarrétt á íbúðum sínum og er ekki bundið af innlausnum sveitarfélaganna. Með þessu kerfi minnka möguleikar sveitarfélaganna til þess að hafa áhrif á þróun í byggðinni en þegar á allt er litið er fyrirkomulagið sem nú er miklu eðlilegra.

[13:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Félagslega íbúðakerfið hefur um langt árabil verið hluti af stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Við höfum gjarnan verið stolt af. En í kjölfar mikillar byggðaröskunar og tekjumissis margra sveitarfélaga eru skuldir þeirra og ábyrgðir vegna félagslega íbúðakerfisins ein alvarlegasta ógnin við sjálfstæði þeirra og möguleika til að veita samkeppnishæfa opinbera þjónustu.

Herra forseti. Ég fullyrði að það væri þjóðhagslega hagkvæmt ef ríkissjóður mundi verja hluta af tekjuafgangi sínum til að afskrifa skuldir sem safnast upp hjá sveitarfélögum vegna verðfalls í félagslega íbúðakerfinu í kjölfar gjaldþrots byggðastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég leyfi mér því að spyrja, herra forseti: Ætlar ríkisvaldið að víkja sér undan sameiginlegri ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu hjá þessum sveitarfélögum og bjóðast einungis til þess að taka af þeim þeirra bestu eignir eða framleiðslufyrirtæki upp í skuldir og létta þannig á vandanum, eins og Vestfirðingum er boðið upp á?

Ég leyfi mér, herra forseti, að spyrja: Hvaða frumkvæði hefur ríkisvaldið tekið í að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins á landsvísu?

Að lokum, herra forseti: Er það ætlun ríkisvaldsins að hlaupast burt frá skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna eins og nú virðist eiga að gera?

[13:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. svörin sem mér þóttu þó vægast sagt óhugnanleg, lýsa óhugnanlegu skilningsleysi á því ástandi og þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Hæstv. ráðherra leyfði sér að gera lítið úr biðlistum. Hann segir að tæplega 600 manns hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík sé ekki mikið, það séu aðeins 18 í Hafnarfirði. Biðlistarnir eru miklu lengri en þessu nemur eins og ég gat um í upphafsorðum mínum. Í skýrslu frá félmrn. í apríl sl. segir að langflestar leiguíbúðir vanti á höfuðborgarsvæðinu eða rúmlega 1100 íbúðir svo að biðlistar eftir leiguhúsnæði verði tæmdir, að mati sveitarfélaganna. Á Suðurnes vantar um 50 íbúðir.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég átti ekki von á að menn ætluðu að halda sig við þá óraunsæju upphæð sem sett er fram í fjárlagafrv. um stuðning við félagslegt leiguhúsnæði, þ.e. 50 millj. kr. Það kostar 675 millj. bara að halda í horfinu, til að vega upp á móti þeim fjármunum sem félagslegir leiguaðilar eru sviptir. Við lögðum það til, í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að þar kæmi 800 millj. kr. framlag til að halda í horfinu og gera átak til úrbóta.

Herra forseti. Ég vil einnig minna á að ríkisstjórnin er að skerða vaxtabætur um 400 millj. kr. Tvennt vil ég leggja áherslu á í lokaorðum mínum. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir að afkastageta kerfisins hafi verið aukin en kjörin eru hins vegar óviðráðanleg.

[14:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Byggingarsjóður verkamanna var búinn að éta upp allar eignir Byggingarsjóðs ríkisins. Það voru 700 millj. sem eftir voru þegar búið var að reikna eignir Byggingarsjóðs ríkisins á móti skuldum Byggingarsjóðs verkamanna þannig að óhjákvæmilegt var að breyta því kerfi. Breytingin hefur tekist vel og ég er stoltur af henni. Mér þykir ágætt að mín sé minnst í sambandi við breytingar og lagfæringar á húsnæðismálum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson lætur eins og þetta fólk sem er á biðlistunum sé allt á götunni. Sem betur fer er það ekki á götunni og þarf ekki að búa í tjöldum. Einhvers staðar er þetta fólk í gistingu. (Gripið fram í.) Sjálfsagt þarf það á því að halda og hefur löngun til að komast í betra húsnæði.

Heimildargrein kemur inn við 3. umr. fjárlaga þar sem heimild verður til að verja fé í stofnstyrki fyrir utan þær 50 millj. sem eru í fjárlagafrv.

Aðstaða lágtekjufólks hefur stórbatnað til þess að komast í eigið húsnæði og það eru 2.800 fjölskyldur sem hafa fengið loforð fyrir viðbótarláni síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. (**SJS:** Lánskjörin hafa versnað. Hvernig hafa þau batnað?) Lánskjörin hafa ekki versnað vegna þess að samtímagreiddar vaxtabætur hafa komið á móti og skilin á þessum lánum eru bara býsna góð og skilin við Íbúðalánasjóð eru betri en þau hafa verið um langt skeið. (**ÖJ:** En er ráðherrann ánægður?) Nei, nei. Ég viðurkenni að þarna er um vanda að ræða og við verðum að vinna bug á honum. Ég er nýbúinn að skipa nefnd til að vinna áfram og hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem settar voru fram í margumræddri skýrslu.

Ég vil ekki biðja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að skammast sín, en hún ætti að fyrirverða sig fyrir þá útreikninga sem hún er að flagga hér í ræðustól.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237.

og

Safnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 238.

og

Húsafriðun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 239.

og

Menningarverðmæti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 240.

[14:06]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér eru til umfjöllunar fjögur mál sem heyra undir menntmn. og eru flutt af hæstv. menntmrh. Ég mun þó fyrst og fremst fjalla um tvö þeirra, annars vegar frv. til þjóðminjalaga og hins vegar frv. til safnalaga, en við munum að sjálfsögðu fjalla nánar um þessi frv. í menntmn. Ég vil í byrjun fagna þeim orðum hæstv. ráðherra að þessi frumvörp séu ekki lögð fram með því fororði að engu megi breyta heldur sé treyst á að menntmn. fari vel yfir málin, fái upplýsingar og umsagnir víða að og reynt verði að bæta það sem bæta má. Það eru nokkur atriði, herra forseti, sem mikilvægt er að nefndin fari vandlega yfir.

Varðandi frv. til þjóðminjalaga virðist frv. ganga m.a. út á að fara örlítið aftur í farveg sem áður var og augljóslega er verið að fara leið til aukinnar miðstýrngar hvað varðar vald þjóðminjavarðar og er það mjög í líkingu við það sem var í þjóðminjalögum sem sett voru árið 1969. Mér finnst þó vanta rökstuðning fyrir því að þessi leið sé vænlegri en sú leið sem gilt hefur frá 1989 þegar fornleifanefnd var innleidd sem var óháð leyfisveitinganefnd, en við munum að sjálfsögðu fara betur yfir þetta í menntmn. og kanna allar hliðar málsins. Hins vegar er nauðsynlegt strax á þessu stigi að fram komi að ýmsir umsagnaraðilar sem getið er um í inngangi athugasemda við frv. hafa komið því á framfæri að frv. hafi ekki verið í þessari mynd þegar þær umsagnir voru samdar og þess vegna er augljóst mál að menntmn. mun senda þetta frv. aftur til þeirra aðila og fá nýjar umsagnir.

Herra forseti. Ég mun fyrst og fremst fjalla um frv. til safnalaga og ég fagna því að hæstv. umhvrh. er viðstödd vegna þess að ef við í almennu tali fjöllum um megininntak frv. til safnalaga er ekki annað að sjá en þar sé raunverulega hið besta mál á ferðinni. En það er ein veigamikil breyting sem því miður skortir verulega á að nægjanlegur rökstuðningur hafi komið fram við, þ.e. það sem segir í 5. gr. frv., með leyfi forseta:

„Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru."

Í máli hæstv. menntmrh. kom fram að í rauninni væri væntanlega eingöngu um sýningasafn að ræða og eingöngu um rannsóknir að ræða sem tengdust þeim sýningum. Nú verð ég að játa það, herra forseti, að ég er ekki sérfróður á þessu sviði, en ýmsir sérfræðingar hafa bent á að býsna vandfundin séu hin nákvæmu skil þarna á milli. Það gæti því reynst þrautin þyngri að skilja þarna nákvæmlega á milli og þess vegna er nauðsynlegt helst strax við 1. umr. að fram komi skýr rök fyrir því að nauðsynlegt sé að fara þessa leið því að þarna er auðvitað verið að aðskilja söfn frá því mikilvæga hlutverki sem Náttúrufræðistofnun hefur, en samkvæmt ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar er ekki annað að sjá en um 60–70% af starfsemi hennar falli undir safnastarfsemi. Það er því ljóst að ef þetta verður að raunveruleika og ekki verður betur gerð grein fyrir því sem þarna er á ferðinni, þá er a.m.k. verið að kljúfa þessa stofnun upp og er í raun vandséð hvernig að því verður staðið og nauðsynlegt er að hæstv. umhvrh. skýri nákvæmlega í umræðunni hver ástæðan er fyrir því að hæstv. ráðherra hefur samþykkt að þessi leið verði farin því að hér er um að ræða eina af öflugri stofnunum sem heyra undir umhvrn.

Hins vegar ber að fagna því ef þetta er leið til þess að efla safnið sem hefur því miður búið við mjög þröngan kost og er nú vistað í að mér skilst tveimur herbergjum í iðnaðarhúsnæði við Hlemm og er það þjóðinni til vansa og hafa þó verið gerðar ýmsar tilraunir til að bæta úr þeim húsnæðisvanda sem því miður hefur hrjáð safnið nær alla tíð ef undan eru skildir nokkrir áratugir meðan það var í hinu merka húsi sem nú heitir Þjóðmenningarhús, en það var fyrir þá miklu andlitslyftingu sem á því húsi hefur verið gerð í seinni tíð.

Herra forseti. Aðeins til þess að undirstrika hvílíkur vandi hefur í raun verið í þessu safni, þá langar mig, með leyfi forseta, að vitna í orð Benedikts Gröndals sem var umsjónarmaður safnsins árið 1894, þ.e. þegar safnið var fimm ára, en það var stofnað árið 1889. En Benedikt Gröndal segir svo, með leyfi forseta, árið 1894:

„Hið helsta sem enn er að er húsnæðisleysi. Ég hundskammast mín í hvert sinn sem ég þarf að sýna útlendingum safnið, ekki vegna þess sjálfs heldur vegna húsakynnanna og alls fyrirkomulagsins. Hleypi maður nokkuð mörgum inn, þá er allt í veði. Þá er húsfyllir og troðningur innan um glös og glerskápa."

Herra forseti. Mér skilst á forsvarsmönnum safnsins að enn í dag eigi þessi lýsing við og eru þó rúmlega 110 ár liðin frá því að safnið var stofnað.

Ég sagði áðan, herra forseti, að safnaþátturinn væri býsna stór í störfum Náttúrufræðistofnunar og ég ítreka enn að nauðsynlegt er að hæstv. ráðherra skýri það nákvæmlega við umræðuna hver ástæðan er fyrir því að talin er þörf á því að flytja þennan þátt Náttúrufræðistofnunar frá valdsviði hæstv. umhvrh. yfir á valdsvið hæstv. menntmrh. Hæstv. menntmrh. sagði það reyndar í umræðunni áðan að hann teldi nauðsynlegt að efla þetta safn. Hugsanlega er það skýringin að hæstv. menntmrh. treystir ekki hæstv. umhvrh. til að efla safnið og vill þess vegna að safnið verði undir menntmrh. og við það aukist líkurnar á að við þurfum ekki að skammast okkar miklu lengur fyrir safnið.

En örlítið til viðbótar varðandi Náttúrufræðistofnun og til upprifjunar vegna þess að hæstv. menntmrh. minntist aðeins á einn lið í 4. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, en þar er einmitt verið að fjalla um aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar. Ég vil, með leyfi forseta, lesa örfáa liði til viðbótar við það sem hæstv. menntmrh. nefndi áðan. Í lögunum segir, með leyfi forseta:

„Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,

b. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru."

Síðan kemur í d-lið það sem hæstv. menntmrh. las, „að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings." Að því er mér virtist á máli hæstv. ráðherra virðist mér það vera þessi töluliður sem verið er að ræða um.

Auðvitað þarf að fá það miklu skýrar fram vegna þess að þegar menn voru að setja lögin um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu virðist mönnum hafa verið ljóst að býsna vandmeðfarið væri að aðskilja þessa þætti í safnastarfinu. Eins og ég sagði áðan virðist á ársskýrslum stofnunarinnar að safnaþátturinn sé um 60–70% af starfsemi safnsins og þess vegna er verið að boða með þessu frv. algjöran uppskurð á starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Enn kalla ég eftir rökum fyrir þeim mikla uppskurði.

Herra forseti. Það er eitt til viðbótar í þessu frv. sem bendir að vísu til þess að vinnubrögð hafi ekki verið hin nákvæmustu vegna þess að í 7. gr. frv. til safnalaga segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntmrh. að fenginni umsögn safnaráðs og þjóðminjavarðar ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa."

Herra forseti. Einnig er nauðsynlegt að vitna í frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa því að þar segir í 2. gr., 12. lið, með leyfi forseta, og er þá verið að telja upp það sem hér undir fellur:

„Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök ..."

Hér er komið inn á gripi sem eru í raun og veru undir Náttúrufræðistofnun vegna þess að í lögum um Náttúrufræðistofnun er fjallað sérstaklega um þennan þátt. Ekki er síður athyglisvert að skoða síðan 7. gr. laga um frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa vegna þess að til þess er ætlast við ákveðnar aðstæður að haft sé samband við sérstakar stofnanir þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Í 7. gr. segir m.a. með leyfi forseta:

„Þar skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands um myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands um skjöl."

Herra forseti. Það er alveg greinilegt að Náttúrufræðistofnun á ekki að fjalla um það sem ég nefndi áðan þrátt fyrir að Náttúruminjasafnið sé komið undir þessi lög. Þetta finnst mér benda til þess að það þurfi að vanda til verka og menntmn. þurfi því að kalla eftir umsögnum mjög víða og vanda sig við verk sitt vegna þess að þarna eru greinilega lausir endar sem þarf að hnýta betur. Ég lýsi eftir betri rökum en hafa komið fram fyrir því sem hér er ætlunin, að skera frá Náttúrufræðistofnun Íslands stærsta þáttinn, og hvers vegna nauðsynlegt er að hæstv. menntmrh. verði æðstur maður á þessu sviði. Er það vegna þeirrar sögu, sem ég lítillega rifjaði upp, að þrátt fyrir stofnun umhvrn. og þrátt fyrir að Náttúrufræðistofnun hafi verið sett á legg og hafi haft Náttúrugripasafn Íslands innan vébanda sinna hafi það ekki dugað til þess — þ.e. stofnun umhvrn. — að koma þessu safni í þá stöðu sem við teljum nauðsynlegt, það sé meginástæðan fyrir því að nú telji menn nauðsyn að færa þetta til menntmrn. og þess vegna sé m.a. þessari hugmynd hreyft í frv.? Og það sé sem sagt sameiginlegt álit hæstv. umhvrh. og hæstv. menntmrh. að hæstv. menntmrh. sjái um þennan þátt?

[14:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Komin eru fram fjögur frumvörp, mikil að vöxtum, vegna þess að um er að ræða heildstæðan lagabálk sem lýtur að þjóðminjum, minjavernd, söfnum og húsafriðun, auk laga um flutning menningarverðmæta úr landi. Hér er um að ræða fyrstu heildarendurskoðun á þjóðminjalögum frá setningu þeirra laga sem við búum nú við, sem sett voru árið 1989, þó að í þeim lögum hafi verið ákvæði um endurskoðun. Þau lög átti að endurskoða innan fimm ára frá setningu þeirra, þ.e. í síðasta lagi fyrir maí 1994. Af því má sjá að hér er um langþráða endurskoðun að ræða og löngu tímabæra.

Nefnd þeirri sem skilað hefur af sér þessu frv. til hæstv. menntmrh. var á sínum tíma falið að kanna stöðu safna í landinu, auk þess að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag löggjafarinnar. En það að kanna stöðu safna í landinu er annað verkefni sem er löngu orðið tímabært, herra forseti. Svo virðist sem nefndinni hafi ekki enst aldur til að skila þeim hluta verkefnis síns — eða það er kannski rétt að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki megi líta svo á að nefndin hafi lokið störfum með því að hún hefur nú skilað af sér frumvörpum þeim sem hér liggja fyrir. Í öllu falli er í frv. til safnalaga, í 3. gr., eftirfarandi ákvæði, með leyfi herra forseta:

„Hlutverk safnaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna."

Er hér um afar viðamikið og veigamikið verkefni að ræða, herra forseti, sem eftir skilningi mínum átti að vera að hluta til í höndum þeirrar nefndar sem skilaði af sér þessum frumvörpum en hún virðist ekki hafa lokið því.

Margt ber að skoða í því nýja fyrirkomulagi sem hér er lagt til, þ.e. þessari uppskiptingu málaflokksins. Sannleikurinn er sá að við Íslendingar búum í landi sem hefur sárafáum minjum á að skipa miðað við önnur lönd. Það gerir það að verkum að minjar okkar eru kannski enn þá dýrmætari en minjar annarra þjóða. Þess vegna skiptir miklu máli að minjaþáttur þessarar löggjafar sé grannskoðaður. Ég spyr hæstv. menntmrh. hvort þær hugmyndir sem voru á sveimi úti á akrinum fyrir nokkru um að aðskilja fornleifaþáttinn og gera sérstakan bálk um hann, hvort þær hugmyndir hafi komið til tals við samningu þessa frv. og hvers vegna afdrif þeirra hugmynda hafa orðið þau sem hér kemur í ljós, þ.e. að fornleifaþátturinn er settur undir embætti þjóðminjavarðar en ekki undir sérstakt embætti fornminjavarðar sem mun hafa verið hugmynd sem flögraði um akurinn í aðdraganda þessa frv., eins og ég sagði áðan.

Í aðdraganda frv. var einnig rætt — og er kannski enn úti í faggeiranum — rætt um menntunarkröfur þjóðminjavarðar og væri einnig fengur að því að fá hæstv. menntmrh. til að deila með okkur skoðunum sínum á menntunarkröfum þjóðminjavarðar, þ.e. að hann eigi að vera fornleifafræðingur að mennt.

Það virðist vera að í umræðunum úti í faggeiranum um málefnið sé fjallað um þá staðreynd að með þessu fyrirkomulagi, að þjóðminjavörður sé fornleifafræðingur að mennt, verði forstöðumaður Þjóðminjasafns sömuleiðis orðinn undirmaður fornleifafræðings. Þarna er líka spurning hvort verksvið og menntunarkröfur skarist, hvort forstöðumaður Þjóðminjasafns verði valdaminni en efni stæðu til undir þjóðminjaverði á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Sama virðist ekki eiga við, í öllu falli ekki með sama hætti, um forstöðumann húsafriðunarnefndar sem virðist vera sjálfstæðara embætti samkvæmt frv. en embætti forstöðumanns Þjóðminjasafnsins. Hér er spurning hvort um einhverja skörun á valdsviði verði að ræða sem gæti reynst akkillesarhæll eða einhverjum erfiðleikum háð. Þetta er að sjálfsögðu málefni sem verður rætt frekar í menntmn. en fengur væri að því að fá hugleiðingar frá hæstv. menntmrh. varðandi þetta mál við 1. umr.

Í 1. gr. frv. til þjóðminjalaga er afar mikilvæg nýbreytni á ferðinni. Það er greinin sem fjallar um markmið, yfirstjórn og skipulag málaflokksins og er það 2. mgr. sem ég vitna sérstaklega til, herra forseti, með yðar leyfi, en þar segir:

„Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim."

Það að menningarsögulegar minjar skuli eiga að varðveitast í eigin umhverfi er afar mikilvægt og einn af mjög mikilvægum þáttum sem kemur fram nýr í þessu frv. til þjóðminjalaga og vil ég lýsa sérstakri ánægju með það.

Hins vegar má í því sambandi tala aðeins um hugtökin. Hugtak eins og „menningarsögulegar minjar" er að mínu mati afar gegnsætt og á sannarlega heima í 1. gr., þ.e. markmiðsgrein frv. En í því sambandi vil ég aðeins að við skoðum 9. gr. þar sem menningarminja er í raun og veru ekki getið. Þar sýnist mér orðið „búsetulandslag" notað yfir eitthvað sem ég hefði talið að heita ætti „menningarlandslag". Kannski er ekki ástæða til að fara í stórum dráttum út í slíka hluti við 1. umr., herra forseti, en ég tel afar mikilvægt að hugtökin sem hér er bryddað upp á séu skýr og algjörlega gegnsæ og ekki neinum vafa undirorpið hvað við er átt.

Eitt af því sem er ekki getið nægilega mikið um í frv. til þjóðminjalaga er að mínu mati alþjóðlegt samstarf. Megintilgangurinn í frv. er auðvitað þjóðminjavarslan sjálf en alþjóðlegt samstarf er afar mikilvægt í þessum málaflokki því að menningarminjar og þjóðminjar okkar Íslendinga eru í raun og veru minjar sem tilheyra sameiginlegum minjum veraldarinnar. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að Þjóðminjasafni og þjóðminjaverði, embætti þjóðminjavarðar sé gert það kleift að stunda öflugt alþjóðasamstarf. Eins og við vitum hafa rannsóknir og rannsóknaruppgreftir ekki verið jafnmargir og skyldi á Íslandi. Við búum við þær aðstæður að fornminjar okkar eru oft best geymdar í jörðinni óhreyfðar. Kannski má til sanns vegar færa að sá kostur sé oft affarasælastur, hann er í öllu falli ódýrastur. Við vitum öll að fornminjarannsóknir eru afar dýrar rannsóknir en líka veigamiklar og sannarlega skiptir miklu máli að hér sé faglega og vel staðið að öllu verki.

Í því sambandi langar mig til að nefna að ég óttast um fagmennskuna í þeim greinum frv. sem fjalla um einkavæðinguna. Eins og alþjóð veit kemur einkavæðingarstefna Sjálfstfl. hér til sögunnar og hún er eitt af hjartans málum hæstv. menntmrh. Ég er að sjálfsögðu ekki andvíg einkavæðingu að ákveðnu marki, herra forseti, og ég tel eðlilegt að ákveðnar tegundir rannsókna, t.d. neyðarrannsóknir sem þarf að efna til þegar fornminjar koma skyndilega í ljós við framkvæmdir, væru dæmigerðar rannsóknir sem væri mjög auðvelt að bjóða út. Með skömmum fyrirvara þarf að rannsaka fornminjar sem eru að koma í ljós á svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þessi þáttur væri auðvitað mjög vel kominn í útboðsferli. Hinar eiginlegu grunnrannsóknir fornminja okkar ættu hins vegar að mínu mati að vera undir Þjóðminjasafninu og alfarið á hendi þess og fagmanna embættis þjóðminjavarðar þannig að það sé algjörlega tryggt að allra hagsmuna málaflokksins sé gætt og ekki farið út í óvissuferli af því tagi sem oft getur fylgt útboðum.

Við vitum að þegar verkefni eru boðin út þá reyna menn að fá verkefnin með því að bjóða eins lágt verð og hægt er. Á sama hátt er gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan gangi að þeim tilboðum sem eiga að kosta minnst. Hins vegar mætti oft spyrja hvort það sé á endanum hagstæðasta lausnin. Mér virðast slíkar spurningar og vangaveltur eiga fullan rétt á sér því að við höfum ekki efni á að hafa neitt fum eða fúsk í þessum málaflokki.

Mig langar, herra forseti, að gera að umtalsefni 8. gr. frv. til þjóðminjalaga. Í þeirri grein er afar mikilvægt ákvæði sem fjallar um minjaráð. Samkvæmt því á að skipta landinu upp í minjasvæði og þjóðminjaverði á að vera heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði fyrir sig. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við þjóðminjavörð."

Það er afar mikilvægt að slík ráð verði skipuð á öllum minjasvæðum, herra forseti. Ég álít að hættulegt sé að hafa einungis um það heimildarákvæði og hér eigi hreinlega

að kveða fastar að orði. Ég hefði gaman af að heyra álit hæstv. menntmrh. á því hvort hann telji ekki mikilvægt að svona minjaráð verði stofnuð og hvort það gæti ekki verið afdráttarlausara orðalag í 8. gr.

Fleira langar mig að spyrja um varðandi frv. til þjóðminjalaga í framhaldi af því sem ég hef þegar sagt, þ.e. varðandi þá sem hafa komið hér að málum. Eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson gat um áðan voru frumvarpsdrögin send út til umsagna ýmissa aðila. Það er að sjálfsögðu eðlilegur framgangsmáti þegar verið er að semja frv. af þessu tagi að það fari sem víðast til umsagna. Ég tek vissulega undir það með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að auðvitað verða frv. send aftur til umsagnar til sömu aðila og örugglega fleiri frá hv. menntmn. þegar hún hefur umfjöllun sína um málið. Ég hefði viljað fá að heyra álit hæstv. ráðherra á því hvers vegna einungis hefur verið leitað álits annars af tveimur fagfélögum fornleifafræðinga á Íslandi. Svo sem kunnugt er starfa hér tvö slík félög, annars vegar Félag íslenskra fornleifafræðinga og hins vegar Fornleifafræðingafélag Íslands. Í athugasemdum með frv. kemur fram að það hafi einungis verið sent til annars af þessum tveimur félögum. Sömuleiðis má geta þess að í frv. er getið um að öðru félaginu, þ.e. Félagi ísl. fornleifafræðinga, sé gert að tilnefna tvo menn í fornleifanefnd. Fornleifafræðingafélag Íslands á hins vegar ekki neinn rétt á að tilnefna fulltrúa í nefndina. Ég hefði gaman af að heyra, herra forseti, hver afstaða hæstv. ráðherra er í þessu máli og af hverju þetta ræðst en hér sýnist manni mögulega um einhvers konar mismunun að ræða.

Varðandi það að þessi lög eigi að einfalda stjórnsýslu varðandi þjóðminjavörsluna þá vil ég segja þetta, herra forseti: Gildandi lög sem starfað er eftir í þessum málaflokki hafa að mati hæstv. ráðherra, eins og kemur fram í athugasemdum með frv., ekki skilað þeim árangri að einfalda umsýslu málaflokksins. Setning gildandi laga mun hafa verið meðvituð tilraun til að laga safnið að breyttum tímum og setja stjórn þess í fastari skorður. Hæstv. ráðherra álítur greinilega að breytingarnar hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Það kemur fram í athugasemdum með frv. að stjórnkerfi safnsins sé of flókið og margar nefndir og ráð komi að stjórn málaflokksins með einum eða öðrum hætti.

Varðandi allar þær nefndir sem koma að málaflokknum þá má að sjálfsögðu segja að enn sé gert ráð fyrir fjölda nefnda. Þó svo virðist sem brydda eigi upp á nýmælum sitjum við samt uppi með fornleifanefnd, safnaráð, húsafriðunarnefnd og þriggja manna nefnd kunnáttumanna sem samkvæmt lögunum á að fjalla um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa. Sú nefnd hefur að vísu ekki neitt nafn samkvæmt frv.

Gaman væri að heyra nánari hugmyndir hæstv. ráðherra um þennan einfaldleika í stjórnsýslunni. Ég sé ekki með góðu móti að sá framgangsmáti sem hér er lagður til muni einfalda neitt. Mér sýnist uppbyggingin svipuð að mörgu leyti. Það væri gott að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann sér að umsýsla málaflokksins verði einfaldari með þessum nýju lögum.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, að nefna tvö söfn til sögunnar sem koma upp í hugann við lestur þessara frv., söfn sem hér er ekki getið sérstaklega. Það er annars vegar safn Ríkisútvarpsins og safn Símans hins vegar. Eins og menn þekkja eiga báðar þessar ríkisstofnanir umtalsvert safn tækja og tóla, ég tala nú ekki safn Ríkisútvarpsins sem geymir hljóðritanir frá 70 ára ferli þess. Það væri fengur að því að heyra frá hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til tals, úr því að hér er verið að setja heildarlög um safnamál, að fella þessi söfn með einhverjum hætti undir þessi lög.

Það líður á tíma minn, herra forseti. Ég áskil mér rétt til að koma upp í seinni ræðu minni og fjalla frekar um þennan málaflokk. Hér hef ég ekki nefnt frv. til laga um húsafriðun sem er eitt þessara frv. Ég kem því til með að ljúka máli mínu núna á því að fjalla um fornleifavernd. Af því að hæstv. umhvrh. er stödd hér vil ég geta þess að ég tel að fornleifavernd sé í raun umhverfisvernd. Ég hef sjálf heyrt umræður og tekið þátt í umræðum og vangaveltum um hvort fornleifaverndin ætti að heyra undir hæstv. umhvrh. Þegar lagabálkurinn og málaflokkurinn allur er skoðaður í heild sinni, eins og hér er gert, fyndist mér fengur að því að hæstv. ráðherra miðlaði hér skoðunum sínum á þeim vangaveltum.

Á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu heyrir fornleifavernd undir umhverfisvernd og er vert að athuga hvort slíkar vangaveltur gætu ekki skapað nýja fleti á þeirri umræðu sem nú fer fram. Öll sú umræða er afar dýrmæt og skiptir okkur miklu máli að málið sé skoðað frá öllum hliðum.

Efling allra rannsókna á sviði fornleifafræði er nauðsynleg. Það er að sjálfsögðu afar nauðsynlegt að farið verði í markvissa, samræmda skráningu fornleifa á landinu. Einnig á eftir að koma upp gagnasafni um fornleifar okkar. Háskóli Íslands hefur óskað eftir því að fá að stofna deild við háskólann þar sem kennd yrði fornleifafræði. Það er verkefni sem er sannarlega verðugt og sjálfsagt að ýta á eftir. Þar með yrðu með í umræðunni tengsl mögulegrar kennslu í fornleifafræði og rannsóknanna, hinna eiginlegu fornleifarannsókna.

Að lokum má geta þess að í því lagaumhverfi sem við búum við á Íslandi hefur mat á umhverfisáhrifum fengið æ meira vægi. Í umfjöllun um lög um mat á umhverfisáhrifum hafa fornminjar, fornleifar og fornleifavernd einmitt komið til tals. Í því samhengi hafa þau mál tengst verksviði hæstv. umhvrh. Þess vegna er fengur að hafa hæstv. umhvrh. hér til að fara aðeins yfir sjónarmið ráðherrans til þessa málaflokks.

[14:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggja frammi til 1. umr. fjögur frv. frá hæstv. menntmrh. eða ríkisstjórninni, nánar tiltekið varðandi þjóðminjavörsluna í landinu. Ég verð að játa að þessi frv. eru langþráð. Það hefur lengi verið brýnt að endurskoða þessi lög og nú hafa frv. þess efnis verið lögð fram til 1. umr. Hæstv. ráðherra hefur gefið til kynna að vel verði tekið í þær tillögur hv. menntmn. eftir að hún hefur farið ítarlega yfir málið og leitað umsagna þeirra sem málið varðar.

Ég held að í þessum frv., eins og þau koma mér fyrir sjónir eftir lauslega yfirferð, séu mörg góð atriði sem yrðu til bóta. Hins vegar eru nokkur atriði sem orka tvímælis og þarf alla vega að taka til nánari skoðunar.

Með þessu frv. er lagt til að gerðar verði breytingar á skipulagi þjóðminjavörslunnar. Samt eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á inntaki þjóðminjavörslunnar sem rekja má til gamalla laga. Megintilgangur frv. er, að því er hér stendur, að einfalda stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar og styrkja embætti þjóðminjavarðar. Það má til sanns vegar færa að með þessari lagasetningu er þjóðminjavörður settur yfir allt batteríið. Í frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Á vegum Þjóðminjasafns Íslands fer fram fjölþætt starfsemi á sviði minjavörslunnar og er safnastarfsemi á vegum Þjóðminjasafns einungis einn af mikilvægum þáttum þeirrar

starfsemi sem fer fram á vegum stofnunarinnar. Þykir því rétt að breyta heiti stofnunarinnar í embætti þjóðminjavarðar um leið og safnastarfsemi á vegum embættisins er gefið sérstakt vægi."

Þetta er náttúrlega allt álitamál og mun rætt mjög náið í hv. nefnd.

Lagt er til að Þjóðminjasafn Íslands hafi sérgreindan fjárhag og að því ráðinn verði sérstakur safnstjóri. Auk þess er áætlað, sem ég tel mjög gott, að safnið hafi ráðgefandi hlutverk gagnvart öðrum byggða- og minjasöfnum og hafi forgöngu um samræmda safnastefnu.

Við endurskoðun laganna hefur verið tekið mið af því að safnastarfsemi í landinu hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum. Það þarf að skilgreina hlut ríkisins nánar en áður og einnig hlutverk Þjóðminjasafnsins gagnvart öðrum söfnum á sviði þjóðminjavörslunnar. Það er mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að svo verði gert vegna þess að þar hefur aðeins borið á að hvað hafi rekið sig á annars horn.

Í sérstöku frv. sem liggur hérna fyrir um húsafriðun er líka gert ráð fyrir að mikilvægi þess málaflokks sé áréttað. Ég held að það sé mjög tímabært. T.d. vorum við nú á dögunum hér á hv. Alþingi að samþykkja margar fjárveitingar til endurgerðar og viðhalds gamalla húsa. Það tengist uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu í landinu og ég tel að það sé rétt sem hér kemur fram að húsafriðun hafi vaxið mjög fiskur um hrygg og rétt sé að leita allra bragða til að efla hana enn frekar.

Mikilvæg þróun hefur orðið í fornleifarannsóknum á undaförnum árum. Fleiri fræðimenn hafa haslað sér völl á þessu sviði eins og við þekkjum öll og margir með mjög góðum árangri. Fornleifarannsóknir eru í auknum mæli stundaðar af einkaaðilum. Þar hefur margt vel til tekist. Ég vil þó taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og raunar finnst mér standa í frv. sjálfu að það þurfi að vera mjög tryggt eftirlit með þeim rannsóknum sem einkaaðilar taka að sér því að hér eru takmarkaðar minjar sem hægt er að grafa eftir og mjög mikilvægt er að það sé gert þannig að tryggt sé að ekkert fari forgörðum.

Nokkur merk nýmæli eru í þessu frv., m.a. það að þjóðminjavörður verði ekki lengur forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands eins og hann er samkvæmt lögum frá 1989 heldur verði sérstakur safnstjóri ráðinn að Þjóðminjasafninu. Einnig er lagt til að þjóðminjaráð og fornleifanefnd í núverandi mynd verði lögð niður og lagt til að þjóðminjavörður taki við meginhlutverki þessara aðila og að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd er beri heitið fornleifanefnd og þangað verði hægt að skjóta tilteknum ákvörðunum þjóðminjavarðar. Ég tel að það þurfi að athuga þetta svolítið betur og jafnvel ætti það að vera skylda að æðra yfirvald fari ætíð yfir úrskurði þjóðminjavarðar í þessum málum.

Lagt er til að þjóðminjavörður hafi forustu um mótun heildarstefnu fyrir þjóðminjavörsluna. Ljóst er að ekki eru allir jafnhrifnir af því. Við höfum einmitt fengið um það ábendingar að ýmsir fornleifafræðingar, í báðum þeim félögum sem hér starfa, hafi hugmyndir um að þessum málum verði betur komið fyrir öðruvísi. Auðvitað verðum við að taka allar þær hugmyndir sem liggja fyrir til nákvæmrar athugunar og athuga hvort e.t.v. sé hægt að færa þessi mál betur til samræmis við hugmyndir fagmanna en þær virðast vera í þá átt að aðskilja beri fornleifavörsluna frá Þjóðminjasafni. Mér skilst að meira að segja hafi það borið til tíðinda að bæði félög fornleifafræðinga sem starfa á Íslandi séu að þessu leyti sammála og mun sumum a.m.k. þykja það umtalsverð tíðindi.

Lagt er til að settur verði á stofn sérstakur fornleifasjóður sem úthluti styrkjum til rannsóknarverkefna og svo er líka lagt til að þjóðminjavörður bjóði út fornleifarannsóknir. Ég verð að segja að ég set stórt spurningarmerki við að það eigi að bjóða út rannsóknir á fornleifum, a.m.k. ef maður hugsar til þess að þær fái lægstbjóðandi eins og venja er þegar um útboð er að ræða. Ég held að það þurfi að athuga þau mál mjög gaumgæfilega og ef það á að leyfa einhver slík útboð hljóti auðvitað að þurfa að setja um þau mjög strangar reglur. Ég tek undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði á undan mér, að slíkt gæti átt við þegar um er að ræða neyðarrannsóknir sem eru einfaldar, skjótunnar rannsóknir. Þá kynni þetta að vera réttlætanlegt.

Í frv. segir að ríkissjóði sé skylt að viðhalda friðlýstum fornleifum og talað er um að hlutverkið fornleifarannsókn sé skilgreint í lögum en ekki reglugerð eins og nú er. Svo kemur hér fram að komið hafi til tals við undirbúninig lagafrv. að brýnt væri að efla forvörslu og setja á laggirnar sérstaka stofnun sem geti sinnt forvörslu fyrir öll söfn í landinu. Ég verð að segja að ég styð slíkar hugmyndir mjög eindregið. Ég held að þetta gæti orðið til að efla alla forvörslu í landinu og rjúfa þá einangrun sem þeir örfáu aðilar sem vinna við slíkt hér á landi búa við í dag. Þetta gæti aukið líka mjög afköst og skilvirkni sem við þurfum vissulega á að halda.

Svo er hér frv. til safnalaga. Ég tel að flest það sem kemur fram í því frv. horfi til bóta. Þó set ég spurningarmerki við það sem kemur fram í 5. gr. um að Náttúruminjasafn Íslands verði sett á stofn á öðrum grundvelli en hingað til hefur verið gert ráð fyrir í lögum. Það þýðir ekki, hæstv. forseti, að ég hafi verið ánægð með fyrirkomulagið eins og það hefur verið. Ég er ein af þeim sem ólust upp í Skuggahverfinu í Reykjavík. Um margra ára skeið fór ungviðið í því hverfi klukkan ellefu á morgnana í barnaguðsþjónustu í Austurbæjarbíói hjá séra Emil og eftir hádegið gengum við hönd í hönd á Náttúrugripasafnið sem var þá þar sem núna er Safnahúsið við Hverfisgötu. Þetta var okkur til mjög mikillar ánægju og vakti forvitni okkar. Við fórum að reyna að lesa okkur til um dýr og beinagrindur sem við vorum að skoða þarna. Mér er mjög minnisstæður risakolkrabbi sem alltaf var stoppað við reglulega. Eftir að ég varð kennari taldi ég það heilagt hlutverk mitt að skilja aldrei svo við bekk að ég færi ekki með hann í Náttúrugripasafnið. En því miður var þá málum safnsins svo komið að þar var ekki hægt að taka á móti gestum nema fáum í einu þannig að ég gat aldrei sinnt þessari köllun og hef í mörg ár vonast til að þarna yrði ráðin á bót og myndarlegar fjárveitingar kæmu til Náttúrufræðistofnunar Íslands sem gerðu henni kleift að byggja upp safnið þannig að það væri í raun sýningarhæft og hægt að sýna þar töluverðan hluta af þeim merku gripum sem þar eru til og mun flestum vera pakkað ofan í kassa.

Því miður hefur ekki verið orðið við óskum mínum og fleiri í þessu efni. En það þýðir ekki að ég styðji umhugsunarlaust þær hugmyndir sem hér koma fram um að skilja Náttúruminjasafnið alveg frá Náttúrufræðistofnun vegna þess að ég held að í rauninni séu hlutverk þessara tveggja stofnana svo samtengt að vart sé hægt að hugsa sér að slíkt verði gert, enda kemur hér strax fram að gert sé ráð fyrir að einhverjar rannsóknir, sem áður hafa þá væntanlega verið á höndum Náttúrufræðistofnunar, færist yfir í Náttúruminjasafnið. Ég

áskil mér a.m.k. leyfi til að hugsa þetta atriði mjög grannt við meðferð hv. menntmn. á frv.

Ég fagna frv. til húsafriðunar. Ég held að það sé til stórra bóta að gera húsafriðunarnefnd að sérstakri stofnun undir Þjóðminjasafni.

Frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi er ekki mjög efnismikið. Athugasemd mun hafa verið gerð af Eftirlitsstofnun EFTA við gildandi lagaákvæði og eru þessar breytingar gerðar að miklu leyti til að koma til móts við þær athugasemdir og einnig til að færa frv. að þjóðminjalögum og er það sjálfsagt.

Ég ítreka áður en ég lýk máli mínu að þó að flest í þessu horfi til bóta frá mínum bæjardyrum séð er ágreiningur í röðum fagmanna um þessi frumvörp, um það er ekki blöðum að fletta, og það mun sjálfsagt setja mikinn svip á starf nefndarinnar. Ég hef t.d. í höndum bréf þar sem gerðar eru athugasemdir við það að fornleifavarslan verði ekki aðskilin frá Þjóðminjasafni eins og gert er á Norðurlöndum og fornleifafræðingar, þ.e. bæði félögin, telja löngu tímabært. Þeir gera líka athugasemdir við hert miðstýringarvald þjóðminjavarðar í minja- og safnamálum og ýmislegt fleira sem mun sjálfsagt koma fram milli umræðna og fá sína umfjöllun í hv. menntmn.

[14:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fyrr í dag lýsti ég meginviðhorfum mínum til þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir og það er einungis frv. til nýrra safnalaga sem tengist Náttúrugripasafni sem ég vil ræða hérna. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þar sé verið að fara í ranga átt. Frv. felur í reynd í sér að verið er að brjóta upp Náttúrufræðistofnun eins og hún er til í dag. Samkvæmt ársskýrslu stofnunarinnar kemur í ljós að 50–60% af umfangi stofnunarinnar tengist Náttúrugripasafninu. Samkvæmt frv. sem hérna liggur fyrir á að kljúfa þetta í tvennt og það á að flytja Náttúrugripasafnið undir hæstv. menntmrh. Í reynd virkar það þannig að þjóðminjavörður verður æðsti yfirmaður Náttúrugripasafnsins. Það er auðvitað, herra forseti, algjör þverstæða í sjálfu sér.

Ég vil ekki lengja þessa umræðu, en mig langar að spyrja hæstv. umhvrh. sem mér sýnist hafa farið ákaflega halloka í þessu máli: Hvernig á að kljúfa þetta upp? Hvað á að fylgja Náttúrugripasafninu yfir til hæstv. menntmrh.? Á að flytja alla starfsmenn sem núna vinna við rannsóknir undir safninu? Á að taka hluta safngripanna eða á að taka þá alla? Nauðsynlegt er að þetta komi fram, herra forseti.

Síðan vil ég segja að alls staðar þar sem stundaðar eru alvörurannsóknir í líffræði og náttúrufræðum þá byggja þær á söfnum. Söfnunin og safnið er undirstaða slíkra rannsókna. Ég rifja það upp aftur sem ég sagði í umræðum við hæstv. menntmrh. fyrr á þessum degi að þegar ungir menn í túnjaðrinum á Bessastöðum voru að hugsa fyrir sér og láta sig dreyma um íslenskan háskóla byrjuðu þeir á því að leggja drög að því að safna náttúrugripum sem áttu að verða undirstaða hinnar nýju íslensku akademíu. Þeir byrjuðu á því að safna steinum og þeir byrjuðu á því að safna náttúrugripum. Þetta, herra forseti, var fyrsti vísirinn að Náttúrugripasafni Íslands. Það voru Jónas Hallgrímsson og félagar hans sem lögðu þessi drög, herra forseti.

Af hverju? Vegna þess að jafnvel þá gerðu menn sér grein fyrir því að undirstaða allra rannsókna á náttúru og lífríki landsins og sjávarins eru söfn af þessu tagi. Þess vegna verður að liggja fyrir hvernig menn hugsa sér að þetta verði. Hér er verið að stíga skref langt aftur í fortíðina, herra forseti.

Auðvitað er erlendis hægt að finna söfn sem eru hrein náttúrugripasöfn. Þar er aðstaðan allt önnur vegna þess að þar eru háskólar sem reka stór náttúrugripasöfn. Í dag er enginn háskóli á Íslandi sem rekur náttúrugripasafn. Til eru einhvers konar sýnasöfn við bæði læknadeild Háskóla Íslands og verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. En það er Náttúrugripasafnið sem er hin þarfa undirstaða fyrir rannsóknirnar. Það sem við, hinir almennu borgarar landsins, þekkjum sem náttúrugripasafn er ekki nema lítið brot af safninu sjálfu. Safnið sjálft er miklu umfangsmeira en það sem við getum séð í þeim tveimur herbergjum sem hægt er að koma inn í ef vel viðrar — eða illa — uppi við Hlemm 3.

Herra forseti. Að því er hæstv. menntmrh. sagði skipulagði sérstök nefnd þessa vinnu og vann hana og ég spyr hæstv. menntmrh.: Vann þessi nefnd öll þau frumvörp sem hér eru undir? Ég spyr líka hæstv. umhvrh. hvort hún sé ánægð með þá útreið sem umhvrn. fær í þessu því að það er ekki bara að verið sé að taka það sem ætti að vera dýrasta perlan í safni umhvrn. frá því og færa undir hæstv. menntmrh. heldur sýnist mér að þetta sé unnið þannig að alls ekki er hægt að una við það.

Mig langar t.d., herra forseti, að taka þau ákvæði sem tengjast flutningi safngripa úr landi. Í 7. gr. frv. til safnalaga segir að heimilt sé að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntmrh. að fenginni umsögn safnaráðs og þjóðminjavarðar.

Herra forseti. Ætlar hæstv. umhvrh. að láta bjóða sér það að ef það á að lána eða flytja til útlanda íslenska náttúrugripi gefi þjóðminjavörður heimild eða veiti leyfi til þess? Þetta er ótvírætt samkvæmt þessari grein.

Herra forseti. Ég vísa líka til annars frv. sem við erum einnig að ræða, frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa. Þar segir, herra forseti, í 2. gr. að ekki megi flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir nema formlegt leyfi þjóðminjavarðar komi til. Sjáum svo hvað stendur í 12. tölulið. Þar segir:

„Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök“.

Herra forseti. Hvernig gengur það upp að þjóðminjavörður, sem hefur hvorki hunds- né kattarvit á neinu sem tengist náttúrufræði, eigi að veita heimild til þess að flytja eitthvað sem tengist dýrafræði, grasafræði, bergfræði eða líffræði úr landi? Þetta er svo hróplegt ósamræmi og þetta er svo heimskulegt, herra forseti, að það tekur engu tali.

Ég spyr þess vegna hæstv. umhvrh.: Vissi hún ekkert um hvað þarna fór fram? Hvernig stendur á því að hún afsalar sér þessum mikilvæga þætti af sínu valdi til hæstv. menntmrh.?

Ég vek enn fremur eftirtekt á því, herra forseti, að í 7. gr. í sama frv. segir að sé um meiri háttar álitaefni að ræða eða ef það eigi að meta gildi menningarminja eigi þjóðminjavörður að hafa samráð við ýmsa sérfræðinga og þeir eru taldir upp. Það skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands. Ekki veit hann mikið um náttúrufræði, herra forseti. Það skal m.a. leita til stofnunar Árna Magnússonar. Hún veit tæplega mikið um náttúrufræði nema ef vera skyldi um kálfskinn sem handrit eru á skrifuð. Leita skal til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Það er allt og sumt. Það er ekkert talað um það, herra forseti, það er ekkert skilyrt að ef flytja eigi úr landi náttúrugripi skuli leitað til einhverra sem hafa vit

á því. Þetta er svo ótrúlega klúðurslegt, herra forseti, og sýnir vinnubrögð sem eru svo úr öllu lagi, úr takt við það sem venjulegt er að maður hlýtur eiginlega að spyrja hæstv. umhvrh.: Hefur hún engan áhuga á þessu máli? Getur verið að hæstv. umhvrh. hafi ekki fylgt þessu eftir?

Mér sýnist að hér sé um það að ræða að hæstv. menntmrh. sé að seilast mjög langt inn á valdsvið umhvrn. Hann er ekki bara að taka frá henni Náttúrugripasafnið, hið eina sem í er spunnið hér á landi, eitt af merkustu náttúrugripasöfnum á Norðurlöndum, heldur er hann líka að taka af henni valdið sem hún hefur hingað til haft til þess að vega það og meta hvort flytja eigi úr landi sjaldgæfa, fágæta náttúrugripi. Það er ekki einu sinni þannig, herra forseti, að nokkur maður úr ranni hæstv. umhvrh. hafi heimild til þess að hlutast til um það. Nei, það er ágætis fólk sem er menntað á sviði fornleifafræði og þjóðfræði, sagnfræði og myndlistar. Herra forseti, þetta er svo heimskulegt að ég hlýt að spyrja hæstv. umhvrh. hverju þetta sæti.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins út af síðustu ádrepu hv. þm. benda honum á að hér er ekki verið að fjalla um annað og orð hans snerust um gildandi lög. Eins og hann sér ef hann les grg. með frv. um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa eru einu breytingarnar samkvæmt grg. frv. þær að þjóðminjavörður kemur þar í staðinn fyrir Þjóðminjasafn Íslands af því að verið er að greina á milli og skipta upp hlutverki. Svona er þetta í gildandi íslenskum lögum eins og þau eru núna. Þau lög voru sett 1996 og væri þá spurning fyrir hv. þm. að líta á þau gildandi lög. Við höfum ekki, eins og málum er háttað, forstöðumann fyrir Náttúruminjasafni sem er sambærilegur forstöðumanni Listasafnsins eða þjóðminjaverði eins og starf hans er skilgreint samkvæmt þjóðminjalögunum eins og frv. gerir ráð fyrir. Menn verða að líta til þess þegar þeir fjalla um þetta því að samkvæmt grg. frv. er ekki verið að breyta efnisákvæðum heldur er verið að setja inn þarna ákvæði sem segja að þjóðminjavörður komi í staðinn fyrir Þjóðminjasafnið.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar hæstv. menntmrh. — sem ég var reyndar ekki að spyrja heldur hæstv. umhvrh. — sýnir í ákaflega skæru ljósi þau vinnubrögð sem hafa verið höfð uppi. Það er nefnilega ekki rétt hjá hæstv. menntmrh. að þetta séu einu breytingarnar. Það er þannig að í gildi eru lög, lög nr. 60 frá 1. júní árið 1992, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni. Sama á við um örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra.“

Þarna segir alveg fortakslaust, herra forseti, að náttúrugripi — samkvæmt gildandi lögum — megi ekki flytja úr landi nema hæstv. umhvrh. komi að því í gegnum stofnun sína.

Þegar búið er að taka Náttúrugripasafnið frá umhvrh., skilja það frá Náttúrufræðistofnun, hver er það þá, herra forseti? Það kemur fram í 2. gr. í frv. til laga um flutning menningarverðmæta. Þar segir að það þurfi formlegt leyfi þjóðminjavarðar, samanber lið 12, ef um er að ræða einhver dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn. Herra forseti. Hæstv. umhvrh. hlýtur að vera stoltur af starfi sínu þennan dag.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er verið að breyta þeim lögum með þessu frv. sem hv. þm. vitnaði til. Hins vegar stendur í bráðabirgðaákvæði safnalaganna að verði það frv. að lögum beri að setja Náttúruminjasafni Íslands sérstök lög. Þá er komið inn á það svið sem hv. þm. var að fjalla um og í þeim lögum þarf að taka afstöðu til þess hvað fellur undir Náttúruminjasafnið og hvað fellur undir Náttúrufræðistofnun.

Ég held að hv. þm. sé að gera úlfalda úr mýflugu og sé að gera þau ágætu frumvörp, sem hafa hlotið góðar undirtektir þingmanna, tortryggileg á forsendum sem ég skil ekki almennilega. Ég skil ekki almennilega hvað vakir fyrir hv. þm. þegar hann reynir að gera þessi frumvörp tortryggileg með þessum hætti. Ekki er verið að seilast inn á verksvið Náttúrufræðistofnunar Íslands eða inn á verksvið hæstv. umhvrh. með þessu. Það er verið að leitast við að skilgreina safnastarfsemi í landinu með þeim hætti sem gerð er tillaga til laga um hér. Ég legg til að menn ræði efnislega um þau mál sem hér liggja fyrir en séu ekki að draga ályktanir af því sem fá ekki staðist þegar menn skoða málið nánar.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að verið væri að gera þau frumvörp sem hér liggja undir tortryggileg á forsendum sem hann skilur ekki. Það er rangt að verið sé að gera þessi frumvörp tortryggileg. Ég hef þvert á móti borið lof á þrjú þeirra.

Hitt er rétt að hann skilur ekki forsendurnar. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur augljóslega ekki lesið greinargerðir eigin frumvarpa. Í grg. segir að innan tveggja ára eigi að endurskoða lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu og samræma við þessi lög.

Það gefur augaleið ef í þessum nýju lögum segir að það eigi að vera á valdsviði þjóðminjavarðar að veita heimildir til að flytja út söfn eða safneintök sem tengjast líffræði, bergfræði, grasafræði eða dýrafræði, þá þarf að laga hin eldri lög að því. Það er alveg ljóst að vald þjóðminjavarðar stangast á við það vald sem er að finna í gildandi lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands þegar kemur að því að flytja náttúrugripi úr landi. Þá er alveg ljóst að til þess að samræma hlýtur að þurfa að taka það ákvæði sem ég las áðan út úr lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands — nema hæstv. umhvrh. hafi kjark til þess að standa upp fyrir málaflokk sinn og fyrir ráðuneyti sitt en sofi ekki á verðinum eins og hún hefur augljóslega gert hérna.

Ég tek hins vegar orð hæstv. menntmrh. góð og gild. Hann segir að ekki hafi verið ætlunin að seilast inn í vald Náttúrufræðistofnunar með þessum hætti. Þá hlýt ég að álykta sem svo að hér sé fyrst og fremst um einhvers konar mistök að ræða. Það verður þá væntanlega leiðrétt í nefndinni og ég sætti mig fullkomlega við það.

Umræðu frestað.

Forvarnir gegn krabbameinum.

Beiðni ÁRÁ o.fl. um skýrslu, 339. mál. — Þskj. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Beiðni leyfð til heilbrrh. með 40 shlj. atkv.

Eftirlit með útlendingum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 312. mál (rafrænar undirskriftir). — Þskj. 372. [15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 66/2000 frá 2. ágúst 2000, um breytingar á XI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 93/1999, um ramma bandalagsins varðandi rafræna undirskrift. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt EES-samningnum verða þær skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð, að leggja fram sérstaka þáltill., er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem eins var ástatt um, en þáltill. þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi. Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis mundi það fyrirkomulag verða tekið upp að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis yrði leitað í formi þáltill., en hlutaðeigandi ráðuneyti undirbúi samhliða nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt yrði þeirri föstu vinnureglu komið á, með vísan til 24. gr. þingskapalaga, að haft yrði samráð við utanrmn. um efni þessara ákvarðana meðan þær væru á undirbúningsstigi.

Þessi meðferð ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar samsvarar best stjórnskipulegum venjum okkar við meðferð þjóðréttarsamninga, auk þess verður aðkoma Alþingis að ákvarðanatöku nefndarinnar tryggari og betri yfirsýn fæst um þróun samningsins. Er sú tillaga sem hér um ræðir sú fyrsta sem kemur til meðferðar Alþingis samkvæmt þessu breytta fyrirkomulagi. Þess má vænta að tillögur af þessu tagi verði með reglubundnum hætti til meðferðar á Alþingi hér eftir, auk þess sem framangreind upplýsingamiðlun til utanrmn. hefur þegar hafist.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til grg. er fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar. Þó er rétt að setja málið í samhengi við þá miklu þróun sem nú á sér stað á sviði fjarskipta og á sviði viðskipta á alnetinu. Sú gerð er hér um ræðir er einn liður í þeirri þróun og skiptir því miklu fyrir þá sem ætla að stunda slík viðskipti. Ekki síður skiptir þetta máli í sambandi við öryggi einstaklinga og fyrirtækja í viðskiptum á alnetinu.

Að lokum skal það nefnt að unnið er að gerð lagafrv. um þetta mál á vegum iðn.- og viðskrn.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237.

og

Safnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 238.

og

Húsafriðun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 239.

og

Menningarverðmæti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 240. [15:18]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við erum að ræða um rammalöggjöf um safnastarfsemi á Íslandi þar sem m.a. er tekið á Náttúrugripasafni Íslands. Meiningin með þessum breytingum er

að efla Náttúrugripasafnið og gera það að höfuðsafni eins og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands þannig að Náttúruminjasafnið yrði eitt af höfuðsöfnum í landinu og það þykir mér afar jákvæð og brýn breyting.

Eins og komið hefur fram í máli fjölmargra hv. þm. er ekki nógu vel búið að því safni og hefur aldrei verið. Það er í litlu húsnæði og er hálfmunaðarlaust. Á sínum tíma náðist næstum því að koma því í betra húsnæði. Þá var búið að gera samkomulag á milli ríkis og Reykjavíkurborgar um að fara í talsverð fjárútlát við að búa safninu betri aðstöðu. Það samkomulag skilst mér að hafi strandað á hinu háa Alþingi í fjárln. þannig að ekki tókst í þeirri atrennu að búa betur að safninu, því miður. Þá stæði ég ekki í þessum sporum með þetta ágæta safn í eins litlu húsnæði og það er í. Margar nefndir hafa skoðað málefni safnsins og núna er ein að störfum við það. En safnið er hálfmunaðarlaust.

Árið 1992 þegar gerðar voru lagabreytingar á Alþingi var lagt fram frv. til breytinga á lögum, frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þá voru gerðar þær breytingar að ákveðið var að það væri ekki lengur lögbundið verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands að byggja upp og reka náttúrusýningasafn. Það kemur fram, virðulegur forseti, í athugasemdum með frv. að uppbygging og rekstur náttúrusýningasafna verði ekki lengur lögbundið verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands heldur sérstakra félaga, e.t.v. sem sjálfseignarstofnana.

Það kemur líka fram í þessu sama frv. að í staðinn er létt lagakvöð af Náttúrufræðistofnun um að koma upp sýningasafni er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.

Það er, virðulegur forseti, alveg ljóst að frá 1992 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ekki neina lagalega ábyrgð á Náttúrugripasafninu, það er því eiginlega munaðarlaust í dag.

Í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur stendur í 4. gr., með leyfi forseta:

„Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,

b. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru."

Einnig stendur í 4. gr. d-lið um hlutverk Náttúrufræðistofnunar „að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings."

Vegna þessa tel ég mjög eðlilegt að gert verði ráð fyrir samstarfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafni, í framtíðinni. Við undirbúning frv. til sérlaga um Náttúruminjasafn Íslands, sérlaga sem á að vinna að síðar eftir að þessi rammalöggjöf hefur verið samþykkt, er eðlilegt að lögð verði áhersla á að skilgreina tengsl Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafnsins, enda er ljóst að Náttúrufræðistofnun Íslands mun verða vísindalegur grunnur að höfuðsafninu.

Ég vil einnig, virðulegur forseti, að gefnu tilefni — og það tilefni er m.a. komið frá forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jóni Gunnari Ottóssyni, sem hefur bent á að í 5. gr. sé orðalag sem gefi til kynna að gera eigi einhverjar meiri háttar breytingar á Náttúrufræðistofnun Íslands, en það er nú ekki svo — benda á að með þessu frv. er ekki stefnt að því að breyta neinu í lögbundinni starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og ekki stendur til að leggja af rannsóknir á sviði Náttúrufræðistofnunar Íslands. En í 5. gr. kemur fram að höfuðsafnið eigi að stunda rannsóknir á íslenskri náttúru og það má misskilja þetta þannig að ég tel eðlilegt að menn skoði það í nefndinni.

Einnig er ljóst að vegna ákvæða til bráðabirgða og vegna fyrri orða minna um að 1992 voru gerðar breytingar á lögunum um Náttúrufræðistofnun Íslands, þá er ekki að því leyti þörf á að breyta lögunum um Náttúrufræðistofnun Íslands til að aðgreina safnastarfsemi Náttúruminjasafnsins frá annarri starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna þess að sá aðskilnaður varð má segja árið 1992. Með lögunum 1992 var létt þeirri lagakvöð af Náttúrufræðistofnun Íslands að bera lagalega ábyrgð á Náttúrugripasafni Íslands. Hins vegar hefur það verið til húsa í sama húsnæði og Náttúrufræðistofnun Íslands og reksturinn verið í tengslum við Náttúrufræðistofnun. En það er ekki lagaleg skylda. Hún var tekin af 1992 þannig að segja má að Náttúrugripasafnið hafi verið munaðarlaust síðan.

Ég tel mjög brýnt að koma málum í betri farveg, skilgreina það nákvæmlega hvar Náttúrugripasafn eða Náttúruminjasafn Íslands, höfuðsafn, eigi að eiga heima lagalega séð og hver eigi að bera ábyrgð á því.

Ég vil einnig benda sérstaklega á að einhvers misskilnings gætir í málinu finnst mér í heild. Hér erum við einungis að ræða rammalöggjöf, síðan verða sett sérstök lög um Náttúruminjasafn Íslands, höfuðsafn. Það er alveg ljóst að umhvrn. mun verða með í vinnu við að setja þau sérlög þannig að það er alls ekki svo, eins og hér hefur verið gefið til kynna, að verið sé að ganga eitthvað á hlut umhvrn. í þessu máli, alls ekki. Við áttum aðild að þeirri nefnd sem var að smíða frv. að rammalöggjöf, þar áttum við fulltrúa, þannig að við höfum átt þátt í þessari vinnu og ég tel í heildina að eðlilegt sé að svona mikilvægt safn, sem ég tel að Náttúrugripasafnið sé og alla vega gæti orðið með því að styrkja það, heyri undir almenn safnalög í landinu en að það sé ekki slitið frá og heyri undir fagráðuneyti á því sviði eins og undir umhvrn. eða undirstofnanir þess. Ég held að því sé miklu betur komið fyrir undir almennum lögum um safnastarfsemi í landinu því það er ekki svo mikill munur á því að sýna náttúrugripi og sýna aðrar þjóðargersemar.

En ég ítreka að að sjálfsögðu verður Náttúrufræðistofnun Íslands með sína rannsóknastarfsemi bakhjarl í væntanlegu höfuðsafni vegna þeirrar starfsemi sem fer fram í Náttúrufræðistofnun Íslands.

[15:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. umhvrh. um að ekki er mikill munur á því að sýna náttúrugripi eða aðra safngripi. Þess vegna er það mjög víða um landið að byggðasöfn og náttúrugripasöfn eru saman.

Náttúrugripasafn Íslands, það sem við erum að tala um, er allt annars eðlis. Það er rannsóknarsafn. Það er ekki nema lítið brot af gripum þess til sýnis í núverandi safnrými og þó menn byggðu stórt hús ímynda ég mér að það yrði ekki nema hluti af því sem safnið hefur yfir að ráða sem yrði til sýnis. Hitt er vinnusafn fyrir vísindamenn. Ef á að færa þetta í sundur verður það ákaflega umhendis fyrir þá rannsóknarmenn að stunda rannsóknir sínar áfram.

Hæstv. umhvrh. svaraði engum af þeim spurningum sem ég kastaði til hennar áðan þannig að ég verð að endurtaka þær.

Í fyrsta lagi. Telur hæstv. umhvrh. að það sé í lagi frá sjónarhóli umhvrn. að það verði þjóðminjavörður sem í framtíðinni veiti heimild til útflutnings á sjaldgæfum náttúrugripum en ekki einhver úr hennar ranni?

Í öðru lagi, herra forseti, spurði ég hæstv. umhvrh.: Mun starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands breytast að einhverju leyti, og þá er ég að vísa til starfsmannahaldsins, mun einhver af núverandi starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands fara með safninu? Mun starfsmönnum eða vísindamönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands fækka? Það er það sem ég þarf að vita, herra forseti.

Ég verð jafnframt að segja að litlu verður Vöggur feginn þegar hæstv. ráðherra segir að umhvrn. muni koma að gerð sérlaga um Náttúruminjasafn Íslands. Það kemur fram í grg. á bls. 6, herra forseti. Þar er sagt að nauðsynlegt sé að tryggja aðild fulltrúa ráðuneytisins eða einhverra stofnana þess að slíkri lagasmíð.

Herra forseti. Auðvitað hefði einhver úr náttúrufræðigeiranum átt að veita slíku forstöðu. Málið er þess eðlis. Hér er um náttúrufræðilega gripi að ræða og auðvitað eiga náttúrufræðingar að fara þar með stjórn mála.

[15:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr hvort ásættanlegt sé að þjóðminjavörður þurfi að samþykkja flutning á náttúrugripum úr landi. Eins og ég skil lög um Náttúrufræðistofnun þarf hún að veita leyfi þegar flytja á náttúrugripi úr landi. Lögin eru frá árinu 1992 þannig að ég sé ekki að það muni í sjálfu sér breytast með þessari rammalöggjöf. Væntanlega verður þetta skoðað líka þegar sérlögin verða sett, í hvaða farveg sé eðlilegt að beina þessum málum.

Ég hef heldur ekki skilið frv. þannig að þjóðminjavörður eigi að vera yfirmaður Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns, frekar en að hann eigi að vera yfirmaður eða forstöðumaður Listasafns Íslands. Það hlýtur að verða að líta á málið þannig að ráðnir verði sérstakir forstöðumenn yfir þessi söfn. Þau eru það stór og mikilvæg og á vegum þeirra fer fram það mikil sýningarstarfsemi að ég efast um að hægt sé að hafa einn forstöðumann yfir öllum þessum söfnum. Ég held að það hafi ekki verið meiningin.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvort starfsmenn Náttúrufræðistofnunar eigi að flytjast með safninu þá get ég ekki séð að þessi rammalöggjöf feli það í sér. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fjölmarga starfsmenn sem eru önnum kafnir við rannsóknastörf en þeir hafa ekki stundað mikla sýningastarfsemi eins og þetta höfuðsafn mun aðallega sinna. Hér er verið að búa til löggjöf sem veitir svigrúm til að stórefla sýningastarfsemi með Náttúruminjasafni Íslands, höfuðsafni. Þessi lagarammi veitir okkur meiri möguleika á að fara í umfangsmeiri sýningar með nýju safni.

[15:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Þau skýra málið allverulega. Það liggur þá ljóst fyrir að hæstv. umhvrh. er ekki þeirrar skoðunar að samþykkt frv. til safnalaga leiði til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands tapi nokkru af sínu rannsóknaatgervi, þ.e. að hún tapi af einhverjum af vísindamönnum sínum. Einu mennirnir sem mögulega kynnu að færast til á þessu safni eru þá þeir sem tengjast sýningarhaldi. Öðruvísi gat ég ekki skilið orð hæstv. umhvrh. sem kinkar kolli til samþykkis.

Í öðru lagi segir hæstv. umhvrh. að 3. mgr. 15 gr. laga í III. kafla um Náttúrufræðistofnun Íslands muni ekki breytast. Hún sagði að þrátt fyrir að þessi fjögur frv. yrðu samþykkt þá yrði það áfram á valdi Náttúrufræðistofnunar Íslands að veita heimild ef náttúrugripir yrðu fluttir úr landi.

Þetta liggur fyrir og er ákaflega mikilvægt. Þá þarf nefndin auðvitað að koma til skjalanna með einhverjum hætti þegar kemur að umfjöllun um frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi, herra forseti. Þar segir í 12 tölulið 2. gr. að þjóðminjavörður veiti formlegt leyfi til að flytja úr landi safneintök eða söfn sem tengjast bergfræði, grasafræði eða dýrafræði hvers konar.

Þá tel ég, herra forseti, að það sem mest hefur verið í umræðunni, a.m.k. af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar, liggi ljóst fyrir og hæstv. umhvrh. hafi gefið okkur fullnægjandi svör.

[15:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þau svör sem komu í fyrra andsvari hennar. Þau skýra að mestu það sem við höfum spurt um varðandi þau frv. sem hér liggja fyrir. Þó eru nokkur atriði sem við þurfum að fá óyggjandi upplýsingar um þó þær hafi nokkurn veginn legið í loftinu.

Í fyrsta lagi varðandi ákvæði til bráðabirgða í frv. til safnalaga. Ef ég hef skilið hæstv. umhvrh. telur hún þetta ákvæði til bráðabirgða í raun óþarft vegna þess að í lögunum frá 1992, um Náttúrufræðistofnun, hafi sýningaþátturinn, eini þátturinn sem hér er fjallað um, verið tekinn út og því sé óþarfi að endurskoða lögin um Náttúrufræðistofnun til að hægt verði að setja sérlög um náttúruminjasafnið. Það þarf að vera algjörlega skýrt.

Varðandi 12. tölul. 2. gr. í frv. um flutning menningarverðmæta. Ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt þá virðist hæstv. ráðherra sammála okkur um að 12. tölul. sé í raun óþarfur og eðlilegt sé að menntmn. íhugi að láta hann hverfa vegna þess að lög um Náttúrufræðistofnun taki á því sem þar er nefnt.

[15:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég skil þetta þarf að setja ný lög, sérlög um hið nýja höfuðsafn, Náttúruminjasafn Íslands. En varðandi það hvort setja þurfi lög til að fella út úr lögunum um Náttúrufræðistofnun Íslands ákvæði um náttúruminjasafnið þá er það ekki svo. Árið 1992 var aðgreint á milli núverandi starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og safnastarfseminnar. Þá var felld niður lagakvöð á Náttúrufræðistofnun Íslands um að standa að Náttúruminjasafni Íslands. Þessari lagakvöð var aflétt 1992 þannig að henni þarf ekki að aflétta aftur.

[15:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að við tökum af allan vafa vil ég, með leyfi forseta, lesa það sem segir m.a. í ákvæði til bráðabirgða. Hér segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 5. gr. þar sem lagt er til að sett verði á laggirnar Náttúruminjasafn Íslands er hafi stöðu höfuðsafns kemur það ekki til framkvæmda fyrr en endurskoðun er lokið á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miðar að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar.“

Hér er fjallað um það, herra forseti, sem hæstv. ráðherra segir að hafi verið gert árið 1992. Það er ekki nokkur leið að skilja orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að þessi hluti, ákvæði til bráðabirgða, sé gjörsamlega óþarfur. Hæstv. ráðherra staðfestir í raun það sem fram kom í umræðunni áðan, að því miður hafi ekki verið nægjanlega vel vandað til þegar þessara frv. áður en þau voru lögð fram.

Ég ítreka, herra forseti, spurninguna um 12. tölul. í 2. gr. varðandi flutning menningarverðmæta úr landi. Þar er einmitt tekið á því sama og í lögum um Náttúrufræðistofnun. Ég get ekki skilið orð hæstv. ráðherra á annan hátt en að sá töluliður sé einnig óþarfur.

[15:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi 12. lið 2. gr. í frv. þá er hann í gildi í núverandi lögum eins og fram hefur komið. Varðandi bráðabirgðaákvæðið þá heyrist mér að þingmenn séu sammála um að farið hafi fram aðskilnaður 1992 hér í þinginu þannig að lagakvöðinni var létt af Náttúrufræðistofnun Íslands, því sé náttúruminjasafnið hálfmunaðarlaust og brýnt að koma því fyrir með lögum eins og gert er í þessari rammalöggjöf.

Ég skil það svo að það þurfi ekki að breyta lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands að þessu leyti. Aðskilnaðurinn hefur farið fram.

[15:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér virðist það enn einu sinni koma í ljós að Alþingi hafi sett lög á handahlaupum sem reynast svo meingölluð. Mér finnst við oft lenda í því að þurfa á endanum að lúta ákúrum frá Eftirlitsstofnun EFTA, eins og fram kemur í frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa. Við höfum lent í því oftar en einu sinni að fá ákúrur frá ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, í þessum málaflokki eins og mörgum öðrum. Hv. Alþingi lendir oft í því að setja lög á handahlaupum og síðan þarf aftur skömmu síðar að leggja sömu vinnu í sama málaflokk. Þess er skemmst að minnast að Ísland hefur lent í næstneðsta sæti á lista Eftirlitsstofnunar EFTA yfir frammistöðu landanna við að lögtaka Evróputilskipanir. Einungis Grikkir eru neðar en við á listanum.

Það verður að segjast eins og er að það er mikil bragarbót að þessum frumvörpum. Ég hef ekki annað en gott um þau að segja en vil hafa þennan formála vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skipti sem við þurfum að leiðrétta lög frá Alþingi þar sem þess hafi ekki verið gætt að framfylgja Evróputilskipununum. Við skulum gera ráð fyrir því að þessi bragarbót nægi til að hækka Ísland á listanum yfir frammistöðu landanna við að lögtaka Evróputilskipanir.

Þá vil ég segja nokkur orð um frv. til laga um húsafriðun. Hér er lagt til að stofnuð verði ný sjálfstæð ríkisstofnun. Eða eins og segir í athugasemdum við lagafrv., með leyfi forseta:

„Megintilgangur frumvarpsins er að gefa húsafriðun sérstöðu innan þjóðminjavörslunnar. Jafnframt er sjálfstæði yfirstjórnar þessa málaflokks aukið með því að gera húsafriðunarnefnd, sem nú er undirnefnd þjóðminjaráðs, að sjálfstæðri ríkisstofnun.“

Nú spyr ég hæstv. menntmrh. hvort ekki hefði verið hægt að finna virðulegra nafn á þessa nýju sjálfstæðu ríkisstofnun en húsafriðunarnefnd. Í framhaldi af því spyr ég hvort ekki hefði mátt finna efnismeiri eða öflugri titil á embættismanninn sem gert er ráð fyrir að veiti húsafriðunarnefnd forstöðu sem í frv. er nefndur forstöðumaður húsafriðunarnefndar. Mér finnst þetta hljóma fremur léttvægt, herra forseti, bæði nafn stofnunarinnar sem slíkrar og sömuleiðis embættistitillinn. Hér er um að ræða yfirmann sjálfstæðrar ríkisstofnunar. Þetta mál er þess eðlis að mér finnst að stundum þurfi að gá að því að hugmyndasmiðja sé í gangi þegar búa þarf til nöfn á nýjar ríkisstofnanir. Það væri hægt að virkja sköpunarmáttinn hjá fólki til þess að við sitjum ekki uppi með léttvæga og fremur flata titla á fólki eða stofnunum. Mig hefði langað að finna rismeiri heiti.

Varðandi frv. til húsafriðunarlaga má náttúrlega segja að tímabært frv. sé á ferðinni. Að mínu mati er sjálfsagt mál að skilja húsafriðunina frá Þjóðminjasafni á þennan hátt. Mér finnst þetta frv. gera það við fyrstu yfirferð á faglegan hátt og ég fagna því en hef spurningu varðandi eitt atriði til viðbótar í þessu frv. Í frv. segir að þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands og starfi á vegum húsafriðunarnefndar við gildistöku þessara laga skuli halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Breytingar á stöðu starfsmanns sem lög þessi hafa í för með sér fela því ekki í sér að staða sé lögð niður í skilningi starfsmannalaga, nr. 70 frá 1996. Ég hefði þurft frekari skýringu á því sem hér kemur fram, hvort verið er að fjalla um að starfsmannafjöldinn, sem starfar nú að húsafriðun á vegum Þjóðminjasafns, haldist óbreyttur og ekki verði hróflað við þeim sem hafa haft þennan málaflokk með höndum undir hatti Þjóðminjasafnsins hingað til.

Mig langar til að gera, herra forseti, athugasemd við 3. tölul. í athugasemdum við lagafrv. þetta en í honum segir, með leyfi forseta: „Að settum sérlögum um húsafriðun væri hægara að láta fara fram sérstaka stefnumótun og endurskoðun laga um húsafriðun, enda þyrfti þá ekki að hreyfa við gildandi fyrirkomulagi laga um þjóðminjar. Í frv. er gert ráð fyrir að samsetning húsafriðunarnefndar sé önnur en hún er nú.“

Herra forseti. Mig langar til að það komi fram að ég tel sjálfsagt að slík stefnumótun fari fram varðandi málaflokkinn húsafriðun. Ég tel að hér hefði hæstv. ráðherra átt að taka af öll tvímæli um hvort hann telji ekki að hér sé það mikilvægt mál á ferðinni að það þurfi að kveða þannig fastar að orði að það væri tryggt að sérstök stefnumótun fari fram í þessum málaflokki.

Einnig langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um niðurlag í athugasemdum við lagafrv. þar sem sagt er eftirfarandi, með leyfi forseta: „Vakin er athygli á þeirri nýbreytni að tekinn er af allur vafi á að menntmrh. geti fellt niður friðun án tillits til þess hvort hún er vegna aldurs eða vegna sérstakra friðunaraðgerða.“ Nokkur vafi hefur þótt leika á þessu í gildandi lögum. Hæstv. ráðherra gerði áðan grein fyrir þessu í framsögu sinni um málið en mig langar til að vita hvort það hafi valdið vanda hingað til og þá í hvaða tilvikum vafi hafi þótt leika á þessu í gildandi lögum.

Varðandi umsögn fjmrn., fjárlagaskrifstofu, um frv. þetta kemur fram að í fjárlagafrv. ársins 2001 sé áætlað 25,5 millj. kr. ríkisframlag til húsafriðunarsjóðs sem húsafriðunarnefnd úthlutar úr. Að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 150 kr. á hvern íbúa í landinu, eða 42 millj. kr. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkvæmt ríkisreikningi 1999 námu útgjöld sjóðsins alls 103 millj. kr. og þar af námu rekstrargjöld rúmum 29 millj. Fjmrn. segir að það sé mat þess að þessar breytingar gefi ekki tilefni til aukinna útgjalda ríkissjóðs en

ég sé ekki betur, herra forseti, á upplýsingum sem koma fram í umsögninni en minna fjármagn verði til ráðstöfunar fyrir húsafriðun í landinu en verið hefur hingað til. Ég tel því að hér þurfi að gæta verulega vel að að málaflokkurinn sé ekki að missa spón úr aski sínum.

Eitt vil ég nefna um þennan lagabálk og það er staða Þjóðmenningarhúss með tilliti til væntanlegra laga. Hvernig er gert ráð fyrir að tengslum Þjóðmenningarhúss og Þjóðminjasafns verði háttað? Ekki er að sjá í þessum frv. að gert sé ráð fyrir neinum sérstökum tengslum en mér sýnist að þörf hefði verið á því og væri kannski þörf á að ræða líka í hv. menntmn. hvernig Þjóðmenningarhúsið getur komið að þeim málefnum sem eru til umfjöllunar. Mér sýnist ljóst að slíkt þurfi á einhvern hátt að gerast.

[15:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka góðar umræður um þessi fjögur frv. Ég tel mjög mikilsvert að það hefur skýrst varðandi Náttúruminjasafnið og stöðu þess gagnvart umhvrn. og Náttúrufræðistofnun. Það varnaglaákvæði sem við settum í ákvæði til bráðabirgða í safnalögin var gert með hliðsjón af því að svo kynni að vera að menn væru sammála um þá túlkun á lögunum um Náttúrufræðistofnun að hún hefði hlutverki að gegna varðandi Náttúruminjasafn. Komið hefur fram í umræðunum í dag að Náttúrufræðistofnun hefur ekkert með Náttúruminjasafnið að gera og í raun og veru ekkert með Náttúrugripasafnið að gera. Í sjálfu sér er merkilegt að heyra að menn voru sammála umhvrh. um að það mikilsverða safn væri í raun og veru munaðarlaust eins og málum er nú háttað. Þar af leiðandi er það rökrétt niðurstaða hv. þm. að það ákvæði til bráðabirgða sem við höfum gert tillögu um og snertir breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands er óþarft að því leyti að það er ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að reka Náttúruminjasafnið. Það er því ekkert verið að hrófla við starfsemi þeirrar stofnunar þótt slíkt safn sé sett á laggirnar með safnalögum og síðan með sérstakri löggjöf. Það er einnig alveg ljóst að hlutur Náttúrufræðistofnunar gagnvart því safni hefur verið skilgreindur í þessum umræðum og þeim spurningum svarað fullnægjandi sem fram komu frá þingmönnum Samfylkingarinnar eins og hv. formaður hennar, Össur Skarphéðinsson, gat um.

En umræðurnar hófust á því að 60–70% af starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands snerust um það verkefni sem Náttúruminjasafnið ætti að sinna. Þetta hafa verið mjög sögulegar umræður að þessu leyti og söguleg niðurstaða fengist um þennan þátt. Ég ætla ekki að gera hann frekar að umræðuefni eða spurningar um það hvort verið sé að flytja vantraust á einn eða annan út af þessu máli. Það er alveg ljóst að þessi þáttur er ekki hvað síst mikilvægur þegar við hugum að nýrri löggjöf um safnastarfsemi í landinu.

Ég ætla hins vegar að víkja að því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir nefndu í ræðum sínum og sérstaklega spurningu sem kom fram þegar rætt er um fornleifaþáttinn og hvort eigi að aðskilja algjörlega safnastarfsemi Þjóðminjasafnsins og fornleifaþáttinn. Sagt var sem svo að þegar við sendum frv. frá okkur til skoðunar í undirbúningsferlinu hafi verið uppi hugmyndir um að skilja þessa þætti að og þess vegna komi það einhverjum á óvart að við leggjum frv. fram með þessum hætti.

Það er m.a. af þeim viðbrögðum sem við fengum við hugmyndum okkar að við ákváðum að lokum að leggja frumvörpin þannig fram því niðurstaða okkar var sú að það væri ekki endilega starfseminni til framdráttar að skilja þarna að. Félag safnamanna er t.d. þeirrar skoðunar að tvískipting þjóðminjavörslunnar sé ekki til hagsbóta og ein stofnun sé betri en tvær og þá með því fyrirkomulagi, sem við erum hér að tala um, að embætti þjóðminjavarðar sinni skýrum verkefnaþætti sínum og hins vegar að Þjóðminjasafnið starfi sem sjálfstæð stofnun en á verksviði þjóðminjavörslunnar.

Auðvitað má velta því fyrir sér hvort við hefðum í ljósi þessa átt að leggja niður heitið „þjóðminjavörður“ og taka frekar upp heitið „fornminjavörður“ eða „forngripavörður“ eða hvað annað heiti sem menn hafa notað í þessu sambandi. Ég lagðist gegn því og taldi skynsamlegt að þetta heiti héldist í máli okkar og þjóðminjavörður væri áfram þjóðminjavörður þótt meginverkefni hans væru á sviði fornleifafræðinnar eins og frv. gerir ráð fyrir því fornleifanefnd er úrskurðarnefnd. Eftir að þjóðminjavörður hefur tekið ákvarðanir sínar geta menn skotið málum til fornleifanefndar til þess að fá þá niðurstöðu hjá hlutlausum aðila og menn eru ekki undir það settir að þjóðminjavörður taki lokaákvörðun á þessu sviði.

Ég vildi ekki að heitið „þjóðminjavörður“ hyrfi úr íslensku máli með þessu því ég tel að safnstjóri Þjóðminjasafnsins sé sérstakt starf sem heitið „þjóðminjavörður“ eigi ekki endilega við. Þetta kemur inn á það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi varðandi heiti á starfsmönnum. Ég veit ekki hvort menn vilja tala um „húsavörð ríkisins“, ekki „húsvörð ríkisins“, það yrði mjög hættulegt að taka upp slíkt heiti eða „húsvörslu“ eða „húsavörslu ríkisins“. En ef menn vilja velta slíkum hugmyndum fyrir sér í hv. nefnd finnst mér að það sé viðfangsefni sem sjálfsagt er að sinna. Við höldum þessu heiti, „húsafriðunarnefnd“ og forstöðumaður hennar en vafalaust geta menn séð líka þannig fyrir sér að eðlilegt sé að gefa þessu önnur heiti en þetta.

Það var þessi ástæða sem réð því að við fórum inn á þá braut að hafa þetta með þessum hætti og þar réð miklu umsögn félags safnamanna. Það er líka rétt að ég taki fram að enginn ásetningur var hjá okkur um að ganga á svig við nokkurt félag hjá fornleifafræðingum og hafi ekki verið leitað formlega til þessara beggja félaga fullvissa ég hv. þm. um að sjónarmið þeirra fornleifafræðinga sem eru í báðum félögunum hafa komið fram gagnvart ráðuneytinu og ráðuneytinu er ljóst hvaða skoðanir eru uppi varðandi þennan þátt.

Ég tek undir með hv. þm. að í sjálfu sér er gleðilegt nýmæli að þessir hópar skuli vera sameinaðir um eitt mál í þessu tilliti en nefndin mun væntanlega taka afstöðu til þessa og skoða allar umsagnir sem okkur hafa borist.

Ég vil ekki taka undir þær skoðanir hv. þm. að útboð varðandi fornleifarannsóknir og starfsemi á þessu sviði sé hættuspil því þróunin er sú á þessu fræðasviði eins og svo mörgum öðrum að það eru að verða til öflugir aðilar utan ríkisstofnana sem er ekki síður mikilvægt að virkja til rannsókna og starfa á þessu sviði en starfsmenn í ríkisstofnunum sem fá það hlutverk að vera frekar matsaðilar og eftirlitsaðilar og menn sem setja fram kröfurnar og sjá um að þeim sé framfylgt en þeir sem vinna verkið sjálft.

Við sjáum að Fornleifastofnun Íslands er samtök fornleifafræðinga sem hefur unnið merkilegt starf. Ég tel að það eigi frekar að ýta undir slíkt starf hjá einkaaðilum en ganga gegn því. Við sjáum t.d. Reykjavíkurakademíuna sem hefur vaxið á örfáum árum og er orðinn öflugur samstarfsvettvangur margra færðimanna úr mörgum greinum, m.a. á sviði fornleifafræði og á þeim sviðum sem við erum að fjalla um í

dag. Ég tel að það beri að halda þannig á opinberri starfsemi á þessum sviðum að gefa aðilum sem starfa utan ríkisstofnana færi á því að taka að sér verkefni. Mér finnst ekkert gæðamat felast í því á þann veg að við séum að gera minni kröfur til rannsókna og vísinda með því að leita til þessara aðila fremur en til opinberra starfsmanna. Þeir eiga hins vegar að sjá um að gæðunum sé fullnægt og kröfurnar séu skýrar. Ég legg áherslu á að við horfum ekki fram hjá þeirri breytingu sem er orðin í þjóðfélagi okkar þar sem æ fleiri fræðamenn starfa utan ríkiskerfisins og vilja fá sitt svigrúm.

Þjóðmenningarhúsið er ekki á þessu sviði okkar í dag. Það sinnir hlutverki sínu. Það starfar ekki á verksviði menntmrn. Því hafa verið settar sérstakar reglur. Það heyrir undir forsrn. og gegnir mikilvægu hlutverki sem eins konar samnefnari fyrir starfsemina í heild og víðtækari starfsemi en við erum að fjalla um hér því við erum ekki að fjalla um, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, Kvikmyndasafnið, við erum ekki að fjalla um söfn á vegum Ríkisútvarpsins. Taka þarf tillit til þeirra sjónarmiða síðar í vetur þegar við komum aftur með frv. um skilaskyldu. Þá er fjallað um þá þætti hvernig á að varðveita slíka muni. Engin slík skylda er varðandi þá muni sem við erum að fjalla um, það er önnur aðferð við að safna þeim og gæta þeirra, þannig að það á ekki við í þessu.

Varðandi starfsemina og starfsmennina sem hv. þm. spurði um í bráðabirgðaákvæði um húsafriðun þá er þarna verið að tryggja að þegar þessi skil verða á milli Þjóðminjasafnsins og ný stofnun, húsafriðunarnefndin, verður til tapi starfsmenn engu í réttindum sínum, þeir flytjist á milli stofnana. Hvorki er gert ráð fyrir í sjálfu sér fækkun eða fjölgun starfsmanna. Ég held að húsafriðunarstarfið innan Þjóðminjasafnsins núna sé það sérgreint að þarna sé auðvelt að taka á málum.

Varðandi þriðja töluliðinn í inngangi athugasemdanna um að fram fari sérstök stefnumótun, þá má ekki skilja þau orð þannig. Stefnumótun felst í þessu frv. En segjum sem svo að menn vilji breyta um takt frá því sem er í þessu frv. Þá er nægilegt að líta til þess og laganna sem verða til ef frv. er samþykkt en þarf ekki að taka upp allan lagabálkinn um þjóðminjavörsluna eða þjóðminjalögin eins og þau eru úr garði gerð núna. Það er verið að segja þarna. Við höfum hérna sérgreindan lagabálk um þennan málaflokk og getum einbeitt okkur að honum. Ef við viljum breyta einhverju þurfum við ekki að taka upp víðtækari lagabálka sem eiga ekkert kannski skylt við það sem við erum að fjalla um.

Það er rétt og ég árétta það sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það leikur nokkur vafi á því samkvæmt gildandi lögum hvort menntmrh. hafi heimild til að fallast á tillögur húsafriðunarnefndar um niðurfellingu friðunar. Núna liggja slíkar tillögur fyrir frá húsafriðunarnefnd varðandi gamlar kirkjur í landinu og mér finnst alveg sjálfsagt að hv. menntmn. fái t.d. þau gögn til skoðunar þegar hún fjallar um þetta atriði og átti sig á því hvernig ákvæðin eru núna og hvernig staðan er og veiti þá kannski líka leiðsögn um viðhorf sitt til þessa máls því að þarna er álitamál. Þótt húsafriðunarnefnd leggi til að friðun verði felld niður af gömlum byggingum kann það að orka tvímælis eins og allt sem gert er. Þess vegna tel ég að það þurfi að vera alveg skýr ákvæði í lögum sem heimila menntmrh. og aðferð hans við það að komast að þessari niðurstöðu. Ég tel t.d. að ef menn ætla að fella niður friðun á kirkjum sé eðlilegt að leita álits viðkomandi sóknarnefndar og biskupsembættis og fleiri slíkra aðila. Mér finnst að það þurfi að vera skýrt í lögum og reglum hvernig að þessu er staðið þannig að allir geti komið að því máli sem hafa hagsmuna að gæta. Menn hafa ekki síður hagsmuna að gæta af því þegar hús eru friðuð en þegar friðunin er afnumin þar sem því fylgja bæði skyldur og einnig réttindi að hús eru friðuð.

Herra forseti. Ég held að ég hafi farið yfir flest atriði sem á var drepið og þurfi ekki að fara frekari orðum um þessi frumvörp. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir málefnalegar umræður um þessi frumvörp. Ég hef heyrt það líka á hv. þingmönnum að þeir munu í menntmn. þingsins leggja sig fram um að skoða alla þá þætti sem þeir telja að betur megi fara miðað við frumvörpin.

[16:03]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó ég hafi að mörgu leyti talað jákvætt um þessi frumvörp vegna þess að mér finnst þau vera til bóta að mjög mörgu leyti er ljóst að vegna breytinga sem urðu á frv. á síðasta stigi, eftir að búið var að senda þau til umsagnar fagmanna, er mikið ósætti, sérstaklega meðal stéttar fornleifafræðinga varðandi það að horfið var frá því að hafa fornleifavörsluna í sérstakri stofnun sem þó heyrði undir embætti þjóðminjavarðar í samræmi við þróunina á öðrum Norðurlöndum.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra. Ef rannsókn sú sem fer fram í nefndinni milli umræðna leiðir til þess að nefndinni þyki fýsilegt að ráðleggja að frv. verði breytt aftur í fyrra horf, kemur það þá að hans dómi til greina? Nú vil ég ekkert segja um þetta vegna þess að ég hef ekki farið mjög nákvæmlega ofan í þessi mál, en kemur það til greina ef rannsókn nefndarinnar leiðir til þess að nefndinni þyki það fýsilegt?

Það er annað varðandi það sem hann sagði um afstöðu okkar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur til útboða. Þar er smávegis misskilningur hvað mig varðar alla vega. Ég tel alls ekki að útboð komi ekki til greina. En ég tel að í flestum tilfellum eigi að fela rannsóknir færustu aðilum og það eigi ekki að bjóða uppgröft þannig út að hann verði falinn lægstbjóðanda.

[16:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg þessi frumvörp fram að vel ígrunduðu máli í ljósi umræðna sem hafa farið fram og skoðanaskipta sem orðið hafa á þessum vettvangi. Ég er í sjálfu sér ekki tilbúinn til þess að lýsa því hér yfir að ég fallist á að frumvörpunum verði gjörbylt. En að sjálfsögðu er ég, eins og ég sagði í inngangsræðu minni, ekki að leggja þessi frumvörp fram og segja að þau séu alsköpuð. Það væri náttúrlega fráleitt af minni hálfu að leggja þau þannig fram fyrir hv. þm.

Eins og ráðuneytið og starfsmenn þess fóru mjög ítarlega yfir þau sjónarmið sem fram komu og komust að sinni niðurstöðu með þeim tillögum sem hér liggja fyrir þá mælist ég til þess við hv. þm. að þeir taki sér tíma til þess að skoða rök bæði með og á móti. Síðan munum við ræða það þegar nefndin hefur fengið sínar umsagnir og sjá hver stefnan verður í hv. nefnd.

[16:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lofa hæstv. menntmrh. því að við í hv. menntmn. munum skoða þetta mál mjög gaumgæfilega. Ég hef ekki tekið neina afstöðu hér og nú til þess hvað mér þykir

skynsamlegt í þessu máli. En ég bendi á að mjög erfitt er að leggja frv. eins og hér er um að ræða fram í ósætti við fagaðila eins og mér virðist vera í þessu tilfelli. Mér þykir mjög brýnt að við reynum að leita á einhvern hátt sátta við íslenska fornleifafræðinga um gerð þessa frv. því að þeir eru þó mikilvægir aðilar að málinu.

Svo vil ég gjarnan, úr því að tími vinnst til, ítreka það sem ég sagði áðan um útboð. Ég tel að útboð komi í vissum tilvikum til greina. En ég tel mjög illa ráðið að bjóða fornleifauppgröft og fornleifarannsóknir út almennt því ég tel þar um svo mikið vandaverk að ræða og svo mikilsvert að þar eigi allra besta fólk að vinna að með sem allra vönduðustum hætti að ég tel mjög óráðlegt að bjóða slíkt út til lægstbjóðenda.

[16:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi útboðin erum við hv. þm. ósammála um þann þátt. Ég tel að hv. þm. eigi einnig eftir að kynnast því í starfi hv. menntmn. þegar þetta frv. verður sent til umsagnar að öflugir aðilar utan ríkisstofnana geta sinnt verkefnum á þessum sviðum og það eigi að nýta krafta þeirra. Ég nálgast þetta mál ekki með því hugarfari að ríkisstofnanir eigi að sitja þar í fyrirrúmi. Þær hafa lögbundnu hlutverki að gegna. En þær eiga að leita samstarfs við aðila utan þeirra veggja til þess að ná sem bestum árangri á þessum sviðum.

[16:09]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er rætt um. Ég er talsmaður þess að við aukum sem mest sveigjanleika og aðgang þeirra sem koma að fornleifarannsóknum á Íslandi. Ég held að hæstv. menntmrh. segi það allt rétt að við erum að eignast hér á landi fornleifafræðinga sem ekki eru aðeins innan opinberra stofnana heldur á einkamarkaði. Ég styð því viðhorf hæstv. ráðherra að öllu leyti.

Það kom mér á óvart þegar ég komst að því að Ísland er mun ríkara af fornleifum sem ókannaðar eru en þau lönd sem eru í nágrenni við okkur og að einmitt þeir einkaaðilar sem eru núna að láta til sín taka á þessu sviði líta með áhugasömum augum til þeirra verkefna sem hér eru. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé tryggt að slíkir aðilar, hvort sem þeir eru hjá opinberum stofnunum eða einkaðailar, eigi tryggt að geta hleypt að jafnframt erlendum aðilum sem ég tel að sé mikill fengur að fá til að auðga vísindastarf okkar, þ.e. annars vegar þetta og hins vegar hitt, hvort ekki sé jafnhliða tryggt að eftirlit sem nauðsynlegt er að hafa með útboðsverkum eða verkum á einkamarkaði sé tryggt með þessum lögum og miðstýring á slíku í höndum ábyrgra aðila, ef við teljum að þá eigi fyrst og fremst að flokka innan hefðbundinna ríkisstofnana.

[16:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. stuðninginn við frumvörpin og þann málstað sem ég hef kynnt varðandi samskipti ríkisstofnana og einkaaðila á þessu sviði. Ég tel að frumvörpin séu þannig úr garði gerð að gæðakröfur ríkisvaldsins verði tryggðar eða gæðakröfur sem menn eiga að gera til ríkisvaldsins um að það sjái um að séu uppi. Einnig tel ég að tryggt sé að innlendir aðilar geti átt gott samstarf við erlenda aðila og að fjölbreytni á þessu sviði geti orðið mikil hér á landi.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að það eru meiri verðmæti í þessu fólgin en við gerum okkur almennt grein fyrir. Það er að koma í ljós að sókn manna hingað til að fá að stunda rannsóknir á þessu sviði er meiri en menn óraði fyrir. Ég er sannfærður um að víkingasýningin sem nú er á ferð um Bandaríkin t.d. og Kanada á eftir að kveikja áhuga enn fleiri á því að koma hingað og stunda fornleifarannsóknir og rannsóknir á fornum menningararfi okkar. Við eigum að sjálfsögðu að taka slíkum vísindamönnum opnum örmum. En við verðum að gera það á skýrum og ákveðnum forsendum. Ég tel að þetta frv. og frumvörpin sem við erum að ræða í dag skapi einmitt slíkar forsendur.

[16:13]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi ágætu svör sem staðfesta þá von sem ég byggi umfjöllun mína á um þetta frv. Ég ætla ekki að spyrja ráðherrann frekari spurninga en vil taka undir þessi sjónarmið (Gripið fram í.) og draga fram mikilvægi þess að við fáum erlenda aðila hingað til liðs við okkur, ekki einungis til þess að halda uppi gæðum og hugsanlega mætti kannski líka segja samkeppni á þessu fræðasviði. Ég vil líka benda hv. þingmönnum á að hér er einnig um fjármagn að ræða. Með erlendum vísindamönnum er líklegt að til okkar komi fjármagn í rannsóknir sem við hingað til höfum ekki haft tækifæri til þess að stunda.

Reykjavíkurakademían er skýrt dæmi. Á hana hefur verið minnst hér. Ég tel að það sé einhver merkasti frjósproti sem við höfum fengið inn í okkar vísinda- og menntalíf og ég tel að þetta frv. efli þá starfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:14]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, þskj. 421; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 459, 463.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 311. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 371.

Ráðningar í stöðu dómara, 255. mál, svar dómsmrh., þskj. 442.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 266.

[16:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fylgifrv. með félagsþjónustufrv. sem fór til nefndar fyrir tíu dögum eða hálfum mánuði. Frumvarpið er afleiðing þess að málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaganna eða fyrirhugað er að flytja þau til sveitarfélaganna en Greiningarstöðin er starfsemi sem þjónar landinu öllu og þar af leiðandi er eðlilegt að hún sé áfram hjá ríkinu.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 17. mars 1999, með vísan til bráðabirgðaákvæðis laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 161/1996. Í því er kveðið á um að sett skuli ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt núgildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að sams konar breyting verði á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var kveðið á um að sett skyldu sérstök lög um stofnunina.

Nefndin sem samdi frumvarpið hafði að sjálfsögðu til hliðsjónar vinnu nefndarinnar sem samdi félagsþjónustufrv.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um mál efni fatlaðra, nr. 41/1983, og tók þá við starfi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Í lögunum var ítarleg skilgreining á hlutverki stöðvarinnar, en það hefur haldist að mestu óbreytt við endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra.

Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Hátt á annað hundrað börnum og ungmennum er vísað þangað til greiningar á hverju ári, en auk þess hefur stofnunin árlega eftirfylgd með um 300 börnum og ungmennum. Stöðugildi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina eru nú rúmlega 30, þar af nokkur hlutastörf, en alls vinna tæplega 40 manns við stofnunina með sérþekkingu á ýmsum sviðum fatlana. Má þar nefna lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa, leikskólakennara o.fl.

Innra skipulag Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar var endurskoðað árið 1997. Þá var sérhæfing innan stöðvarinnar efld og skilvirkni þannig bætt, svo og stuðningur við þjónustu utan stofnunarinnar, svo sem ráðgjöf við leikskóla og aðrar stofnanir þar sem fatlaðir dveljast. Var starfseminni því skipt í fötlunarsvið í stað starfsdeilda einstakra faggreina eins og áður. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá breytingunum hefur helstu markmiðum verið náð og fengist hefur betri yfirsýn yfir þá hópa fatlaðra sem í hlut eiga. Þjónusta Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur orðið skilvirkari, sveigjanlegri og stuðlað að árangursríkara samstarfi við aðra þjónustuaðila.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að staðfesta og lögbinda þá starfshætti sem hafa verið þróaðir í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Starfsemi stofnunarinnar er löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða samkvæmt frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við þá sem sinna annarri þjónustu sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögum samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 78/1994, og lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið feli í sér meiri umsvif Greiningarstöðvarinnar, en lögð áhersla á að efla hlutverk hennar á sviði rannsókna, fræðslu og þekkingaröflunar, auk greiningar- og ráðgjafarstarfsemi hennar.

Frumvarp þetta kom fyrir Alþingi í fyrra og er endurflutt í nokkuð breyttri mynd, þ.e. í nokkuð annarri uppsetningu en þá var en að efni til lítið breytt, en þó tekið tillit til nokkurra athugasemda sem bárust þegar frv. var sent til umsagnar.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að frv. verði sent til hv. félmn. til frekari athugunar.

[16:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. gat þess að þau frumvörp sem verður fjallað um nú og sem hann flytur séu fylgifrumvörp við frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem sameinuð hafa verið lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég vil sérstaklega taka fram að mjög jákvætt hefði verið ef við hefðum átt þess kost að ræða þessi mál saman, félagsþjónustufrv. með sinni nýju uppsetningu og fylgifrumvörpin. Ég legg til að við reynum yfirleitt að hafa það svo að setja mál á dagskrá við slíkar aðstæður að hægt sé að láta þau fylgjast að. Það er til bóta að umræðan sé heildstæð hvað þetta varðar.

Ég hefði sjálf gjarnan viljað koma inn í umræðuna um félagsþjónustu sveitarfélaga, átti þess ekki kost, en hef hugsað mér að taka þátt í umræðu um þau frumvörp sem félmrh. mælir hér fyrir.

Fyrst er, herra forseti, frv. til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Mér hefur alltaf fundist skipta máli hvað fagfélögin hafa að segja um þau frumvörp og þá fyrirhuguðu lagasetningu sem skiptir hópa þeirra svo miklu máli. Svo er með þessi frumvörp. Þau skipta mjög miklu máli fyrir umbjóðendur Þroskahjálpar og þess vegna ætla ég að gera að umtalsefni athugasemdir Þroskahjálpar við þessi frumvörp og jafnframt að fá að heyra það frá ráðherranum af því ég get ekki séð það á frumvörpunum hvort tillit var tekið til athugasemdanna sem ég greini frá.

Í fyrsta lagi er grunnnámskeið fyrir foreldra og aðra aðstandendur um viðkomandi fötlun sem hafa mælst afar vel fyrir meðal aðstandenda á stigi greiningarinnar. Auk þess sem sá háttur er vel til þess fallinn að koma fræðslu til skila gefst nauðsynlegt tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum og vera farvegur þeirra til að bera saman bækur sínar á erfiðu skeiði. Með því að kveða á um námskeið er verið að undirstrika að þau eru án gjaldtöku, enda um að ræða hagkvæma leið til að koma lögbundinni fræðslu til skila. Þetta segir Þroskahjálp um þá tillögu sína að ráðgjöf, námskeið og önnur fræðsla til foreldra og annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á séu haldin.

Þau leggja líka til að stofnuninni sé heimilt að gera þjónustusamninga við félagasamtök og stofnanir um ákveðna þætti fræðslu, til að mynda með rekstri þjónustumiðstöðva vegna fátíðra og/eða flókinna fatlana. Þetta er vegna þess að ástæða er til að óttast það m.a. út frá reynslu annarra Norðurlandaþjóða að við yfirfærslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þynnist út fagleg þekking sem er til staðar á svæðisskrifstofum og nýjungar á sviði einstakra fatlana og frumkvæði finni sér síður farveg. Því sé afar mikilvægt að efla ráðgjafar- og fræðsluþátt Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar.

Mörg félagasamtök fatlaðra, aðstandenda, fagfólks og annars áhugafólks búa yfir mikilli þekkingu og eldlegum áhuga og telja Landssamtökin Þroskahjálp rétt að virkja slíka hópa í þessu sambandi og að skapa svigrúm til þróunarvinnu vakni á því áhugi og ef nauðsyn knýr á.

Má taka það sérstaklega fram hér, herra forseti, að það að bregðast við hættunni á að þekking þynnist út við yfirfærslu málaflokksins, er eitthvað sem nágrannalönd okkar hafa áttað sig á eftir að þau fluttu málaflokk fatlaðra til sveitarfélaga. Það er mjög mikilvægt að við reynum að læra af því sem betur hefði mátt fara eða var gert kannski örlítið of seint hjá nágrönnum okkar.

Einnig óskar Þroskahjálp eftir því að sett verði ákvæði til bráðabirgða um að skipa hóp til fjögurra ára sem er skipaður einum fulltrúa, tilnefndum af Öryrkjabandalaginu, einum af Landssamtökunum Þroskahjálp, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og félmrn. Hlutverk þess hóps væri að leggja mat á hvort þekking á hugmyndafræði, aðferðum og reynslu sé aðgengileg fyrir þá sem það varðar, svo sem sveitarstjórnir, stofnanir, skóla og félagssamtök fatlaðra, og skýrsla verði síðan unnin um málið.

Þroskahjálp styður jafnframt að áfram sé stjórn yfir stofnuninni, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Það væri fróðlegt við umræðuna að heyra frá hæstv. félmrh. hver hugsunin sé á bak við það að ekki sé stjórn yfir stofnuninni.

Í máli ráðherrans kemur fram, herra forseti, að ekki sé gert ráð fyrir meiri umsvifum og þess er líka sérstaklega getið í umsögn fjmrn. að frv. geri ekki ráð fyrir auknum umsvifum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar frá því sem nú er. Þá má spyrja hvort gert sé ráð fyrir að dregið verði úr umsvifum eða þjónustu. Ástæðan fyrir því að ég spyr um það er að varðandi eftirfylgd í IV. kafla, 7. gr. segir:

„Að jafnaði skal eftirfylgd vera í höndum sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og annarra fagmanna, sem sinna viðkomandi einstaklingi. Þó skal Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinna eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir, m.a. með reglubundnu eftirliti eða samráði við þjónustuaðila og foreldra eða forráðamann."

Búist er við að frumgreiningar fari fram bæði hjá sveitarfélögum með félagsþjónustu sveitarfélaga, skólum og leikskólum og ef dregið er úr eftirfylgd hvað varðar Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nema að því sem snýr að óvenjuflóknum eða sjaldgæfum fötlunum má e.t.v. gera ráð fyrir að þarna sé ráðgjafarstöðinni ekki ætlað að fylgja eftir. Ég vil sérstaklega spyrja um þetta.

Það er mjög stutt síðan að sú er hér stendur og hæstv. félmrh. áttu orðastað um Greiningarstöðina vegna þjónustu við börn og ungmenni með einhverfu. Þá kom í ljós að ekki er samræmi í mati hæstv. félmrh. á því hversu mikið börnum hefur fjölgað með einhverfu eða skyldar raskanir. Ég var með tilvísun í skýrslu Greiningarstöðvar um þjónustu við börn og ungmenni með einhverfu um að í stað áætlana sem áður byggðu á einu eða tveimur börnum með einhverfu í hverjum árgangi þurfum við nú að gera ráð fyrir allt 9–10 börnum og þá er aðeins talin dæmigerð einhverfa, en börn með ódæmigerða einhverfu þurfa sams konar þjónustu og börn með einhverfu og sérstaklega á það við um heilkenni Aspergers, sérstaklega framan af ævi.

Ég spurði hæstv. ráðherra á hvern hátt sá þáttur Greiningarstöðvarinnar, þ.e. að annast greiningu og ráðgjöf vegna einhverfu, hafi verið efldur að undanförnu því að þannig var kveðið á um í bréfi til umboðsmanns barna og þegar Greiningarstöðin yfirtók verkefni barna- og unglingageðdeildar án þess að hægt væri að sjá að um það hafi verið gerður sérstakur samningur eða um það hafi verið gerðar áætlanir að auka mannahald eða annað slíkt. Þegar við áttum orðastað um þetta kom fram í máli hæstv. ráðherra að fimm börn greindust með einhverfu ári en ekki 9–10 eins og kom fram í fyrirspurn minni.

Þetta veldur mér enn nokkurri undrun vegna þess að ég hafði viðað að mér góðum og mikilvægum gögnum. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. félmrh. varðandi Greiningarstöðina sem nú hefur tekið við verkefnum sem tvær stofnanir höfðu áður, verkefnum sem Greiningarstöðin hafði og verkefnum sem barna- og unglingageðdeild hafði og varðaði þessi börn: Út frá hverju er gengið þegar verið er að meta framtíð Greiningarstöðvarinnar? Er litið svo á að um sé að ræða u.þ.b. fimm börn á ári og eftirfylgd sé fyrst og fremst miðuð við óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir?

Mér finnst mjög mikilvægt vegna þess hversu stuttur tími það er sem gefst í hefðbundnum fyrirspurnum þingmanna og svörum ráðherra að við notum tímann núna og hæstv. félmrh. upplýsi um þetta efni í þessari umræðu. Læt ég þar með lokið máli mínu, herra forseti.

[16:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan er þetta frv. upphaflega samið af sérstakri nefnd. Í henni voru m.a. forstöðumaður Greiningarstöðvarinnar, Stefán Hreiðarsson læknir. Hann var að minni hyggju mjög áhrifamikill í þeirri nefnd. Ég hygg að það hafi verið að hluta til tekið undir þau sjónarmið sem komu fram hjá Þroskahjálp í umsögninni.

Ekki er gert ráð fyrir að draga úr starfsemi Greiningarstöðvarinnar. Engin áform eru uppi um það. Gert er ráð fyrir eftirfylgd eins og þarna kemur fram. Hvort sem talan fimm eða níu eða tíu börn á ári er rétt verður auðvitað að bregðast við þeirri þörf sem fyrir er. Það getur verið eitthvert skilgreiningaratriði hvaða börn séu einhverf og hver ekki, en auðvitað verður að reyna að svara þeirri þörf sem er fyrir hendi.

Það mun vera staðreynd að einhverfa virðist því miður vera að aukast, þ.e. þau tilfelli sem greinast eru fleiri á seinni árum en var fyrir nokkru.

[16:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekki skal lagt á það mat hér hvort fleiri börn greinast nú með einhverfu og skyldar raskanir, þ.e. hvort það sé að aukast eða hvort ástæðuna megi rekja til meiri þekkingar sem gerir það að verkum að þessi skaði, eða hvernig við eigum að orða það, þessi sjúkdómur greinist fyrr, þ.e. að þekkingin sé nú meiri þannig að það sem seint hefur komið fram og veldur því óhemjuvanda og sársauka greinist núna á réttum tíma og því unnt að gera hið besta úr málinu. Það er ekki fyrir leikmenn að taka afstöðu til þess.

Herra forseti. Ég hlýt þó að nefna að verið er að flytja málaflokk fatlaðra yfir í umsjá sveitarfélaga ef það gengur eftir sem áform eru uppi um og félagsþjónustufrv. tekur meira eða minna mið af því. Þar með eiga sveitarfélögin að sinna í auknum mæli ýmsum þjónustuþáttum. Eftirfylgd á m.a. að vera í höndum sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og annarra fagmanna en Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að sinna eftirfylgd og ráðgjöf einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir.

Ég vil sérstaklega að það komi fram, herra forseti, að ég er svolítið áhyggjufull út af þessu orðalagi. Kannski er þarna verið að þrengja þann stakk sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin býr við á sama tíma og umsvif eru að verða meiri hjá stöðinni með því að fleiri greinast. En ég ber mesta traust til Stefáns Hreiðarssonar og geri mér grein fyrir því að hann hefur mikla þekkingu á málefnum stöðvarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Fjárframlög til vegagerðar og 3. umr. fjárlaga.

[16:34]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Það er e.t.v. undarlegt að kveðja sér hljóðs undir þessum lið þingskapanna, um fundarstjórn forseta. Ekki er þó annars kostur þar sem um störf þingsins á að ræða í upphafi hvers fundar. Það var mér ekki unnt þar

sem fjárln. var á fundi á þeim tíma sem þingfundur hófst. Því verð ég að kveðja mér hljóðs undir þessum lið vegna þess að í fjárlagafrv. stendur skýrt að gert sé ráð fyrir að Vegagerð dragi úr framkvæmdum um 800 millj. kr. á árinu og þar stendur einnig að samgrh. muni gera nánari grein fyrir þessum ákvörðunum.

Við 1. umr. spurði sá sem hér stendur eftir þeim áformum. Hvað á að skera niður og hvar á að draga úr framkvæmdum? Hæstv. samgrh. svaraði þá því til að fyrir 3. umr. mundi það liggja skýrt fyrir hvað hér væri um að ræða. Enn hafa ekki fengist svör og þrátt fyrir mjög gott samstarf við hv. formann fjárln. og þrátt fyrir ágreining um ýmis mál hefur ekki verið hægt að fá svör við þessum spurningum. Ég verð að spyrja forseta hvort hann geti gert ráðstafanir til þess að samgrh. verði látinn vita að við í minni hlutanum leggjum til að umræðunni verði frestað þar til klárlega liggur fyrir hvaða framkvæmdir eigi að skera niður.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun verða við ósk hv. 5. þm. Vesturl. og koma þessum skilaboðum til hæstv. samgrh.)

[16:37]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Í morgun var rætt í fjárln. málið með Vegagerðina og ég gerði grein fyrir stöðu mála varðandi hana. Það er rétt að í fjárlagafrv. stendur að samgrh. muni gera grein fyrir þessum áformum. En það eru engar breytingar frá frv. á þessum upphæðum þannig að þessi frestunaráform standa. Það er ljóst að þessi áform verða lögð fyrir þingið í byrjun febrúar þegar vegáætlun verður endurskoðuð eins og fyrir dyrum stendur í vetur.

Ég get skýrt frá því hér að ég hef haft samband við starfandi samgrh. Samgrh. er ekki á landinu eins og stendur. En ég hef haft samband við starfandi samgrh. og hann er tilbúinn að taka þátt í umræðunum á morgun og skýra þá stöðu mála. Ég vildi að þetta kæmi fram í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns.

[16:38]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir svörin. En hér er um svo mikilsvert mál að ræða að ekki er viðunandi að dokað sé við fram í febrúar eftir svörum um þessi áform ríkisstjórnarinnar. Þegar á haustmánuðum voru farnar að leka til fréttastofa ýmsar upplýsingar um að fyrirhugað væri að draga svo og svo úr framkvæmdum í Reykjavík, að fyrirhugað væri að draga úr framkvæmdum á einhverjum stöðum á landinu en aðallega Reykjavík. Þetta vakti mikla úlfúð í samfélaginu.

Þess vegna tel ég brýna ástæða til þess að það liggi fyrir alveg klárt á morgun hvað ætlað er að skera niður þannig að menn viti hvað þeir eru að samþykkja með því fjárlagafrv. sem verður rætt í lokaumræðu á morgun. Þess vegna, virðulegur forseti, set ég þessa fyrirspurn fram. Það er ekki til að tefja fyrir störfum þingsins heldur frekar til þess að greiða fyrir því starfi sem fyrir liggur á morgun.

Ég ítreka að krafa verður gerð um að þetta liggi skýrt fyrir á morgun

Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (atvinnumál fatlaðra). — Þskj. 265.

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hið sama er um þetta mál að segja og frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöðina, að þetta er fylgifrumvarp með frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það var einnig lagt fram í fyrravor og aflað umsagna og farið yfir frv. með tillit til þess og því hnikað nokkuð til til að koma til móts við athugasemdir sem bárust. Það er lagt til í félagsþjónustufrv. að málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga, þó að undanskildum ákveðnum málaflokkum, þar á meðal atvinnumálum fatlaðra sem lagt er til að færist til Vinnumálastofnunar. Sá flutningur kallar á breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eru tilgreind rök fyrir því að hin eiginlegu atvinnumál fatlaðra flokkist ekki undir félagsþjónustu heldur verði skipað með atvinnumálum annarra. Samrýmist það blöndun fatlaðra og ófatlaðra sem verið hefur baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra um langt skeið og séð hefur æ meiri stað í löggjöf og framkvæmd. Með því að fella úr gildi sérlög um málefni fatlaðra og fella þann málaflokk inn í almenna félagsmálalöggjöf má segja að stigið sé lokaskref í blöndun fatlaðra og ófatlaðra á vettvangi félagsmálalaga. Samfara væntanlegum lagabreytingum liggur beint við að atvinnumál fatlaðra færist til Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana.

Þjónusta við fatlaða sem nær til starfsráðgjafar, atvinnuleitar, vinnumiðlunar og annarrar almennrar aðstoðar telst tvímælalaust til viðfangsefna Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana að óbreyttum lögum. Frumvarp þetta fjallar því ekki um þá aðstoð.

Nauðsynlegt er að fyrir liggi skýr skilgreining á því hvað teljist til atvinnumála fatlaðra og hvað falli undir félagsþjónustu sveitarfélaga. Með hliðsjón af efni laga um vinnumarkaðsaðgerðir og í því skyni að atvinnumál fatlaðra falli sem best að þeim, svo og með það í huga að koma í veg fyrir vafaatriði og „grá svæði“, er lagt til að umrædd skil komi fram í því hvort greidd séu laun samkvæmt kjarasamningi. Það þýðir að gerð er krafa um vinnuframlag einstaklinganna og er svæðisvinnumiðlun ætlað að meta vinnufærni þeirra. Atvinna fatlaðra í framangreindum skilningi sem unnin er fyrir samningsbundin laun verði þannig felld undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Það þýðir að undir lögin fellur tvenns konar þjónusta, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða verndaða vinnu, á vernduðum vinnustöðum eða í dagvist sveitarfélaga, þar sem gerð er krafa um vinnuframlag og laun eru samkvæmt kjarasamningum. Hins vegar er stuðningur við fatlaða sem vinna á almennum vinnumarkaði við störf sem launuð eru samkvæmt kjarasamningi.

Önnur atriði sem nú flokkast sem atvinnumál fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og reglugerð um atvinnumál fatlaðra verði á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga. Er þar annars vegar átt við iðju og þjálfun sem fari fram í dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, en hins vegar aðstoð á vegum dagvistar sveitarfélaga við mikið fatlað fólk sem starfar á almennum vinnumarkaði. Vísast um þessi atriði til athugasemda við 33. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hugtakið fötlun er í frumvarpi þessu notað í sömu merkingu og gert hefur verið í lögum um málefni fatlaðra og gert

er í frumvarpi til laga um réttindagæslu fatlaðra sem verður rætt hér vonandi eftir skamma stund. Um þetta efni vísast einnig til athugasemda við frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þetta frv. tekur til liðveislu fatlaðra á almennum vinnumarkaði, enda vinni fatlaðir þar á samningsbundnum launum. Það tekur til verndaðrar vinnu, fyrir fatlaða eða aðra þá sem ekki geta unnið á almennum vinnumarkaði, enda séu laun samkvæmt kjarasamningi, vinnu á vernduðum vinnustöðum, vinnu í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði og verndaðrar vinnu innan dagvistar félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þegar fatlaðir eiga í hlut skal fyrst litið til vinnu á almennum vinnumarkaði með aðstoð, áður en vernduð vinna kemur til greina. Reynslan sýnir að ef rétt er á haldið og fatlaðir fá vinnu við hæfi og nauðsynlega aðstoð, einkum í upphafi starfs, geta þeir innt af hendi margvísleg störf á vinnumarkaði. Er ekki talinn vafi á að sú leið er fötluðum mikilvæg til þátttöku í samfélaginu og að það sé ódýrara fyrir þjóðfélagið þegar fram í sækir en störf í verndaðri vinnu.

Vinnumálastofnun er ætlað að gera samninga um verndaða vinnu við rekstraraðila verndaðra vinnustaða en svæðisvinnumiðlunum að aðstoða einstaklinga við að fá verndaða vinnu.

Um leið og lagt er til að á svæðisvinnumiðlunum hvíli sú skylda að aðstoða einstaklinga við að fá verndaða vinnu opnast tækifæri til að bjóða fleiri en fötluðum slíka vinnu. Ætla má að það geti hentað þeim sem af ýmsum ástæðum geta ekki unnið á almennum vinnumarkaði. Er það Vinnumálastofnunar eða svæðisvinnumiðlunar eftir atvikum að meta þetta atriði. Verður það að teljast umtalsverður kostur að Vinnumálastofnun bætist nýtt úrræði til aðstoðar við þá sem af ýmsum ástæðum hafa ekki fundið sig í störfum á almennum vinnumarkaði en geta nýtt starfskrafta sína í vernduðu umhverfi. Því þykir ekki rétt að takmarka möguleika á verndaðri vinnu eingöngu við þá sem eru skilgreindir fatlaðir.

Tekið skal fram að þegar málaflokkurinn verður færður til Vinnumálastofnunar er gert ráð fyrir að þangað verði ráðnir starfsmenn til að sinna honum. Lögð er áhersla á að sú sérþekking sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa á sviði atvinnumála fatlaðra glatist ekki, heldur skili sér til Vinnumálastofnunar. Er þetta að sínu leyti sams konar áhersla og fram kemur við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ég geri það að tillögu minni að sjálfsögðu að frv. gangi til hv. félmn. til skoðunar að lokinni þessari umræðu í dag.

[16:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. flytur hér í dag afskaplega þýðingarmikil frv. og nauðsynlegt að fara um þau nokkrum orðum. Ég ætla að taka undir með ráðherranum að það er afskaplega mikilvægt að vel takist til varðandi það að ráða fólk með sérþekkingu á vinnumiðlanir vegna þess að eiginlega er hægt að gefa sér að það ráðist af því fólki hvernig til tekst að útvega fötluðum starf á almennum vinnumarkaði. Þegar og ef harðnar á dalnum er það fólkið sem er með skerta starfsorku að einhverju leyti sem fyrst fýkur. Þá verður mjög erfitt að finna störf fyrir það fólk sem er að einhverju leyti ekki samkeppnisfært við fullheilbrigða og spræka einstaklinga. Þess vegna skiptir mjög miklu máli þegar verið er að fara í breytingar að vel takist til þegar Vinnumálastofnun yfirtekur þennan þátt því sérúrræðin hverfa ekkert þótt málaflokkur eða hluti hans komi til Vinnumálastofnunar, þau fá bara nýtt umhverfi.

Í greinargerð kemur fram að í frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga séu „tilgreind rök fyrir því að hin eiginlegu atvinnumál fatlaðra flokkist ekki undir félagsþjónustu heldur verði skipað með atvinnumálum annarra. Samrýmist það blöndun fatlaðra og ófatlaðra sem verið hefur baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra um langt skeið og séð hefur æ meiri stað í löggjöf og framkvæmd. Með því að fella úr gildi sérlög um málefni fatlaðra og fella þann málaflokk inn í almenna félagsmálalöggjöf má segja að stigið sé lokaskref í blöndun fatlaðra og ófatlaðra á vettvangi félagsmálalaga."

Ég tek undir þetta. Þetta er í raun og veru sú framtíðarsýn sem menn höfðu að leiðarljósi þegar lögin um málefni fatlaðra voru sett árið 1992. Ég átti sæti í nefndinni sem undirbjó þá löggjöf og ég þekki væntingarnar sem fylgdu þeim lögum af hálfu allra sem unnu með þann málaflokk. Ákvörðun um að endurskoða þau að fimm árum liðnum var tekin eingöngu með það að leiðarljósi að þá yrði gengið svo langt að hægt væri að sjá um hagsmuni fatlaðra í almennum lögum og að í öllu sem lyti að velferð þeirra væri farið að almennum lögum um borgara landsins. Þess vegna er svo mikilvægt að núna á árinu 2000, að vísu nokkuð seinna en áformað var, er um að ræða frumvörp sem eiga að verða lagaumhverfi þessa fólks. Það er afskaplega mikilvægt að vel takist til í því lagaumhverfi og að við séum meðvituð um að við færum þennan þjóðfélagshóp undir almenn lög, en við tryggjum það líka að um hann sé sýslað af fagfólki á hverju stigi fyrir sig. Það er það sem við eigum að tryggja með þessari lagasetningu.

Fram kemur í frv. að annars vegar er um að ræða verndaða vinnu, á vernduðum vinnustöðum eða í dagvist sveitarfélaga, þar sem gerð er krafa um vinnuframlag og laun eru samkvæmt kjarasamningum. Hins vegar er stuðningur við fatlaða sem vinna á almennum vinnumarkaði við störf sem launuð eru samkvæmt kjarasamningi. Ég vil líka lýsa ánægju minni með þetta því margra ára barátta hefur verið um slíkt og enginn mundi trúa því nema sá sem reynir hversu erfitt hefur verið að tryggja að fatlaðir á vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustöðum geti fallið undir kjarasamninga og þau réttindi sem kjarasamningar skapa fólki á vinnumarkaði.

En auðvitað vakna hjá mér ákveðnar spurningar. Ég þekki afskaplega vel til eins verndaðs vinnustaðar, Örva í Kópavogi. Þegar hann var settur á laggirnar var lögð mikil vinna í að finna þeim verndaða vinnustað samkeppnisfær verkefni, það væri ekki eitthvað sem fólk hefði á tilfinningunni að starfsmenn væru að dútla með og væri bara meðtekið af því fatlaðir væru að vinna við þau, heldur sérstök verkefni sem engir aðrir væru með og sem væru þó þannig að fatlaðir gætu unnið þau störf. Það tókst feikilega vel til og í gegnum árin hefur engum blandast hugur um að þeir sem þar hafa starfað hafa verið svo sannarlega að vinna alvöruvinnu, en í vernduðu umhverfi.

Ég spyr hæstv. félmrh. hvort hann sé hræddur um að hefðbundnir verndaðir vinnustaðir muni hægt og sígandi leggjast af. Mun það gerast, ef vel tekst til að koma fötluðum í störf á vinnumarkaði með liðveislu, að fyrst og fremst hæfing og aðrir þættir færu fram þar sem í dag eru verndaðir vinnustaðir?

Í frv. er gert ráð fyrir að þeir vernduðu vinnustaðir sem halda áfram að vera til verði að formi til reknir sem dagvist á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, en Vinnumálastofnun sjái hins vegar um þann hluta starfseminnar þar sem fram fer vernduð vinna samkvæmt sérstökum samningum. Er þá að skilja að ekki verði gert ráð fyrir því nema kannski mikill minni hluti starfseminnar flokkist undir þennan þátt Vinnumálastofnunar?

Við vitum líka öll að til þess að fatlaðir eigi möguleika á að þjálfast í störf á vinnumarkaði er ákvæðið um liðveislu sem kom í lögin 1992 mjög mikilvægur þáttur og þau verða mjög virk með því að liðveisla verði eðlilegur og ríkur þáttur í daglegu lífi fatlaðra sem eiga möguleika á að fara á almennan vinnumarkað.

Í greinargerð segir að kostnaður við vinnu á vernduðum vinnustöðum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Ég skil það svo að það sé þá væntanlega Vinnumálastofnun sem mun greiða slíka liðveislu. Einnig er sagt að sett verði reglugerð. Ég vænti þess eðlilega að ef menn meina eitthvað með frv. verði það í reyndinni þannig að það standi aldrei á liðveislu, vegna t.d. þess að það sem hafi verið sett á fjárlög sé búið, og að staðið verði þannig að málum að tryggt sé að sá sem býr við það að vinna á almennum markaði með ákveðinni liðveislu sem greitt er fyrir af hálfu Vinnumálastofnunar geti alltaf treyst því að sú liðveisla haldi áfram.

Þess er einnig að geta að í umsögn Þroskahjálpar varðandi þetta mál benda þeir á að skilyrt sé að fyrir gildistökuna verði búið að ganga frá kjarasamningum á núverandi vernduðum vinnustöðum. Ég spyr hvort það sé búið. Hvar er það mál statt?

Að öðru leyti held ég, herra forseti, að ég hafi komið flestum spurningum og athugasemdum mínum á framfæri. Að vísu er nefnt að það sé nýmæli að lögð sé áhersla á vernduð störf en ekki verndaða vinnustaði og að vernduð störf séu ekki eingöngu ætluð fötluðum og því sé þessi breyting lögð til, að hún sé ætluð til að stuðla að breytingu á hugarfari í þá veru að hér sé um að ræða þjónustu sem ekki hefur eins beina tilvísun til stofnanamiðaðra atvinnuúrræða sem áður voru eingöngu ætluð fötluðum. Ég geri ráð fyrir að þarna sé verið að hugsa um að þetta sé úrræði fyrir fatlaða og e.t.v. líka þá sem hafa veikst eða verið kannski lengi af vinnumarkaði og þurfi stuðning við að fara til vinnu aftur. Ef eitthvað annað felst í þeim hugmyndum sem kynntar eru í frv. mundi ég jafnframt óska eftir því að ráðherra færi örlítið yfir það.

[16:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég lít svo að vinnumál fatlaðra séu mjög mikilvæg málefni. Verndaðir vinnustaðir eru líka mjög mikilvægir vinnustaðir þar sem starfsorka nýtist, starfsgeta hinna fötluðu, eitthvað er framleitt og verðmætasköpun myndast. Þeir eru ekki síður félagslegt úrræði til þess að gera hinn fatlaða þátttakanda í samfélaginu, rjúfa einangrun og veita lífsfyllingu.

Ekki er búið að gera neina heildarkjarasamninga vegna fatlaðra. Búið er að vinna töluverða vinnu og skýrslur liggja fyrir sem eru til athugunar í ráðuneytinu og nokkrir þjónustusamningar hafa verið gerðir við vinnustaði fatlaðra. Ég man t.d. eftir nýlega gerðum samningi við Múlalund, en heildarsamninga er ekki búið að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindagæsla fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 430.

[16:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hið sama gildir um þetta mál og hin tvö sem við höfum verið að ræða að þetta er fylgifrv. með félagsþjónustufrv. Það var sent til umsagnar í fyrravetur eða fyrravor, umsagnir bárust en leiddu ekki til neinna breytinga á frv. Það er því flutt í sömu mynd og það var flutt í fyrra.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa lagt á það ríka áherslu að um leið og málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga og samofin almennri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga sé brýnt að taka sérstaklega á réttindagæslu þessa hóps. Það hlutverk eigi að vera í höndum ríkisins sem sé best fallið til að hafa eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum. Um leið og sveitarfélög taki við þjónustu við fatlaða, sem ríkið tryggir þeim nú samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sé eðlilegt að á vegum ríkisins sé haldið uppi öflugu réttindagæslu kerfi fatlaðra. Bent er á hversu viðkvæmur málaflokkurinn er og því sé skilyrði fyrir því að vel takist til um þjónustu við fatlaða hjá sveitarfélögum að rekin sé sérstök réttindagæsla fatlaðra. Þótt Landssamtökin Þroskahjálp séu eindregið þeirrar skoðunar að það sé framför að fatlaðir heyri nú undir almenna félagsmálalöggjöf telji samtökin þörf á sérstakri réttindagæslu til að tryggja að réttindi fatlaðra séu virt. Yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga réttlæti þannig fyllilega að hvikað sé frá baráttumáli hagsmunasamtaka fatlaðra um að blöndun fatlaðra og ófatlaðra komi fram í löggjöf og enn um sinn a.m.k. verði því að vera fyrir hendi sérlög um fatlaða þó að í öðrum og þrengri mæli sé en nú.

Í starfi nefndar sem samdi frumvarp þetta var fjallað um þá leið að hagsmunasamtök fatlaðra tækju að sér að annast réttindagæslu þeirra gegn greiðslu frá ríkinu samkvæmt þjónustusamningi. Rök fyrir þeirri leið voru þau að meginhlutverk hagsmunasamtaka fatlaðra sé að þrýsta á stjórnvöld um bætta þjónustu við skjólstæðinga sína. Verkefni sérstakrar réttindagæslu fatlaðra væri því náskylt meginverkefni hagsmunasamtaka fatlaðra. Fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra í nefndinni töldu aftur á móti að ekki væri tímabært að samtökin tækju slíkt verkefni að sér. Þessu veigamikla verkefni væri við núverandi aðstæður best borgið hjá ríkinu.

Til að koma til móts við sjónarmið Þroskahjálpar er lagt til að komið verði á fót sérstöku réttindagæslukerfi með réttindagæslumanni og trúnaðarmönnum. Jafnframt féllst nefndin á það sjónarmið Þroskahjálpar að úr því talið er að setja þurfi í lög sérákvæði um réttindagæslu fatlaðra, þrátt fyrir ákvæði í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem leggur í því efni ríkar skyldur á félagsmálanefnd, eigi málaflokkurinn heima í sérlögum, enda vandséð hvernig koma megi svo sértæku efni fyrir í lögum með öðrum hætti.

Lögfesting á sérstökum réttindagæslumanni fatlaðra og trúnaðarmönnum í hverju kjördæmi er í undirstöðuatriðum ekki nýmæli, heldur framhald á verksviði trúnaðarmanns fatlaðra sem lögfest var í fyrsta sinn með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 37. gr. þeirra laga. Trúnaðarmenn fatlaðra eru skipaðir af svæðisráði á hverju svæði. Um verkefni þeirra segir svo í lögunum: „Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra

skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.“ Hafa trúnaðarmenn fatlaðra verið skipaðir á öllum svæðum, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Ítrekað skal að sérstök löggjöf um réttindagæslu fyrir fatlaða, sem taki við af trúnaðarmönnum fatlaðra tengist fyrst og fremst yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og réttlætist í raun af þeirri yfirfærslu. Samkvæmt því er meginverkefni réttindagæslumanns og trúnaðarmanna að fylgjast með því að fötluðum sé veitt lögbundin þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu og hvernig sú þjónusta er veitt, en einnig öðrum lögum sem tengjast með einum eða öðrum hætti félagsþjónustu, svo sem um heilbrigðismál, almannatryggingar, skólamál og atvinnumál. Bent skal á að félagsmálanefnd sveitarfélags er ætlað að gæta þess að lögbundin réttindi fólks séu virt.

Auk þeirrar einstaklingsbundnu réttindagæslu sem frumvarp þetta felur í sér er lagt til í ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að komið verði á annars konar réttindagæslu, eins konar eftirlitsnefnd með yfirfærslunni til sveitarfélaga. Nefnist sú nefnd samstarfsnefnd málefna fatlaðra og í henni sitji fulltrúar fjögurra ráðuneyta, þrír frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir frá hagsmunasamtökum fatlaðra. Skal samstarfsnefndin fylgjast með hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga næstu fimm árin. Þörf á þeirri tegund réttindagæslu er talin tímabundin.

Með framangreindum tveimur leiðum, tímabundinni samstarfsnefnd málefna fatlaðra og sérstökum lögum um réttindagæslu fatlaðra, telur nefnd sú er samdi tvö hlutaðeigandi frumvörp að komið hafi verið til móts við kröfu löggjafans um að huga að réttindagæslu fatlaðra.

Ég legg til að þetta frv. verði eins og hin sent til hv. félmn. til skoðunar.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er sammála þessu. Þrátt fyrir að við kjósum að skapa þannig umhverfi með lagasetningu að almenn lög umlyki öll réttindi og þarfir allra borgara, fatlaðra og ófatlaðra, þá er alveg ljóst að við getum ekki komið slíkum breytingum á öðruvísi en að tryggja öfluga réttargæslu fatlaðra við svo miklar breytingar.

Ég get ekki annað en nefnt það, herra forseti, að góð vinkona mín, fyrrum þingmaður okkar jafnaðarmanna, Ásta B. Þorsteinsdóttir, var afskaplega mikill talsmaður þess í baráttu sinni fyrir bættum hag fatlaðra að réttindagæsla yrði tryggð við þær breytingar sem áformaðar voru og sem við bjuggumst við að yrðu enn þá fyrr en raun ber vitni. Hún hafði mikla þekkingu á þeim málum og bar ótrauð þá þekkingu hingað inn. Ég ætla að leyfa mér að koma aðeins inn á þau atriði sem hún lagði áherslu á í ræðu sinni við umræðu um breytingar á lögum fatlaðra sem hæstv. félmrh. beitti sér fyrir fyrir um þremur árum.

Alls staðar í huga þeirra sem vinna með málefnum fatlaðra byggist hugsunin á grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um jöfnun tækifæra og þeirri breyttu skilgreiningu á fötlun sem þessar grundvallarreglur í raun og veru birta, að misvægi sé á milli þess sem samfélagið býður manninum og möguleika fólks með fötlun til að nýta sér samfélagsleg úrræði. Þetta skiptist í fjóra meginflokka.

Forsendur fyrir fullri þátttöku er nauðsynlegur stuðningur, læknisfræðileg meðferð og umönnun og hæfing og endurhæfing. Þetta höfum við verið að ræða. Þetta tengist þeim frumvörpum sem við erum að fjalla um og félmn. hefur þegar fengið til meðferðar og mun fá með þeim þremur frumvörpum sem nú eru til umræðu.

Að beina sjónum að þeim þáttum í samfélaginu sem hafa grundvallarþýðingu fyrir lífsgæði fólks. Verið er að tala um aðgengi að samfélaginu, atvinnu, tekjur, félagslegt öryggi, fjölskyldulíf og mannlega reisn. Þarna getum við bent á með aðgengi að samfélaginu að liðveislan sem varð til í lögunum frá 1992 var feikilega mikilvæg. Það er sveitarfélaganna að inna af hendi þá liðveislu sem snýr að félagslega þættinum í lífi fólks. Hins vegar varðandi atvinnuna, þá erum við að tala um liðveislu sem nú verður tryggt með lögum að Vinnumálastofnun veiti.

Félagslegt öryggi. Það er auðvitað svo margt og ég ætla ekki, herra forseti, þó full ástæða væri til og þar sem þessi málaflokkur er mér hugleikinn að fara í djúpa umræðu bæði um húsnæðismál og annað þar sem ég er á mjög öndverðum meiði við ráðherrann í þeim lausnum sem hann velur. En þetta eru þeir þættir sem skipta máli fyrir fólk, atvinna, húsnæði, fjölskyldulíf, tekjur, aðgengi að samfélaginu, sama sem mannleg reisn. Þetta hyggjumst við tryggja með því að setja ákvæði í lög sem gera það unnt og helst tryggi að við virðum það að allir eigi rétt á mannlegri reisn hvort sem þeir búa við meðfædda fötlun eða fötlun vegna slysa eða veikinda og að lagalegur grundvöllur sé tryggður til að fólki með fötlun séu búin skilyrði til fullrar þátttöku og jafnra tækifæra. Þannig virðum við rétt hagsmunasamtaka fatlaðra til að hafa áhrif á ákvarðanir í málum þeirra á öllum stigum og í öllum málum sem þá varða. Þannig er samfélagið orðið eitt fyrir alla þegar allar stofnanir samfélagsins, umhverfi, atburðir, þekking og upplýsingar erum öllum aðgengilegar. Þetta er ekki orðið, herra forseti. Árið 2000 er þetta ekki orðið. En okkur hefur skilað nokkuð vel á veg. Og öll eigum við einhvern þátt í því að hafa hreyft við þeim málum og átt þátt í að þeim hefur þokað.

Ég hef nokkrum sinnum í umræðunni í dag vísað í lögin sem urðu til 1992 og mótuðu eiginlega þáttaskil í málefnum fatlaðra. Þá var í fyrsta sinn verið að taka alvarlegt skref í þá átt að stoðþjónusta yrði efld í staðinn fyrir stofnanaþjónustu. Nú finnst okkur í dag að eðlilegt og sjálfsagt sé að stóru stofnanirnar séu eiginlega aflagðar, hægt og sígandi verði þær verkefni gærdagsins þó að allnokkrar þeirra séu í góðri starfsemi í dag en hafi breytt hlutverki sínu þannig að þær eru miklu fremur samsafn nokkurra sambýla en stofnanir með þeirri uppbyggingu sem þekktist áður fyrr.

Þá komst það nýmæli í lög að fatlaðir fengu rétt til sjálfstæðrar búsetu með liðveislu og telja margir að þetta hafi verið hið mesta framfaraspor sem hefur verið stigið í málum þeirra og síðan þessi liðveisla til atvinnuþátttöku sem við höfum talað um.

En það er réttindagæslan sem er svo mikilvæg. Það er staðreynd og hefur oft verið bent á það, ekki síst af þeim þingmanni sem ég vísaði til áðan, að bakhliðin á yfirfærslu ríkis til sveitarfélaga hjá nágrannaþjóðum okkar var að ekki var tekið á réttindagæslunni. Við eigum að læra af því. Það var reynsla nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndunum að betra hefði verið að styrkja mun betur réttindagæslu og réttaröryggi fatlaðra áður en af tilfærslunni varð. Með því að gera það ekki varð vart við mismunun í þjónustu við fatlaða eftir sveitarfélögum. Og það sem meira var, reynsla þeirra varð einnig sú að ákveðin sérþekking og sérhæfing glataðist vegna þess að þekkingin dreifðist of mikið og nauðsynlegt væri að

hafa ákveðna miðstýringu á ákveðnum þáttum í þjónustu við fatlaða og þá bæri að styrkja.

Ég lít svo á að með frv. um réttindagæslu fatlaðra sé verið að reyna að halda utan um þá miðstýringu og búa til þá tryggingu.

Bent hefur verið á um ákveðna hópa fatlaðra sem eru með svokallaðar fátíðar fatlanir og mjög fáir greinast með á hverju ári að mikilvægt er að þjónusta og þekking fyrir þessa hópa dreifist ekki of mikið þannig að hún hverfi og slíkur einstaklingur týnist eða skorti þá þjónustu sem hann á rétt á samkvæmt lögum.

Ég vil einnig taka fram, herra forseti, að á Norðurlöndunum hafa menn farið ólíkar leiðir til að tryggja þessa stöðu. Menn hafa t.d. í Danmörku komið á sérstakri jafnréttisstofnun til að vaka yfir réttindum og réttindagæslu á landsvísu á meðan í Svíþjóð, þar sem sama þróun átti sér stað, hefur verið stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra.

Mér hefur fundist skorta á að þessi mál væru til lykta leidd. Ég tel mikilvægt að við ákveðum með hvaða hætti við tryggjum þessa þætti. Í frv. er talað um að skipa réttargæslumann fatlaðra til fjögurra ára. Hann á að hafa menntun á háskólastigi ásamt reynslu af málefnum fatlaðra og þekkingu á því sviði. Í 4. gr. er kveðið á um helstu verkefni þessa réttargæslumanns.

Mér finnst aðalathugasemdir Þroskahjálpar við þetta mál vera að menn óttist að einn réttargæslumaður sé of lítið, að tryggja þurfi að fatlaðir geti haft sérstakan trúnaðarmann. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að fara yfir athugasemdir Þorskahjálpar. Ég ætla ekki að lesa tillögurnar sem Þroskahjálp setur fram um viðkomandi greinar heldur tína til það sem veldur þeim áhyggjum. Þetta er stutt, herra forseti. Ég tel nokkuð víst að það lengi ekki um of þessa umræðu sem hefur farið ágætlega fram en reyndar eingöngu á milli mín hæstv. og félmrh.:

„Landssamtökin Þroskahjálp telja að það sé eðlilegur réttur þeirra sem þess óska að geta fengið persónulegan talsmann til að aðstoða sig við að gæta réttar síns og hagsmuna."

Þetta er náttúrlega ekki að finna í því frv. sem ráðherrann hefur lagt fram.

„Svæðisbundnir trúnaðarmenn geta hentað vel þeim einstaklingum sem geta talað sínu máli sjálfir og eru meðvitaðir um rétt sinn. Skjólstæðingar Landssamtakanna Þroskahjálpar eru hins vegar einstaklingar sem vegna fötlunar sinnar þurfa mikinn stuðning við að þekkja rétt sinn og sækja hann.

Mjög mikilvægt er að í störf réttindagæslumanns veljist hæfur einstaklingur sem nýtur trausts fatlaðra og aðstandenda þeirra og um stöðu hans skapist almenn sátt. Gagnkvæmt traust á milli réttindagæslumanns og hagsmunasamtaka fatlaðra hlýtur að vera ein meginforsenda þess að hin nýja skipan mála sem hér um ræðir skili tilætluðum árangri."

Samtökunum finnst mikilvægt að fatlaður einstaklingur eða forráðamaður fyrir hans hönd geti óskað eftir persónulegum talsmanni, hann geti sjálfur gert tillögu um hver skuli sinna því hlutverk eða óskað eftir að trúnaðarmaður hafi milligöngu um slíkt.

„Trúnaðarmaður skal verða við ósk fatlaðra um persónulegan talsmann. Hafi hinn fatlaði tillögu um talsmann skal trúnaðarmaður kanna feril viðkomandi og tengsl hans við hinn fatlaða. Hafi hinn fatlaði ekki tillögu um persónulegan talsmann skal trúnaðarmaður finna honum talsmann í samvinnu við staðbundin hagsmunasamtök."

Herra forseti. Ég er sammála þessu sjónarmiði Þroskahjálpar. Þegar þessi verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna er mikilvægt að tryggja þessa réttindagæslu eins og unnt er. Ég geri mér grein fyrir því að hún mun kosta eitthvað. Það á samt ekki að ráða trúnaðarmenn heldur þarf einhvers staðar í félagsþjónustunni að vera skipaður trúnaðarmaður með þessu verkefni. Ef á þarf að halda þarf hann að geta útvegað fötluðum einstaklingi persónulegan réttindagæslumann. Við eigum náttúrlega að ganga út frá því að það gerist ekki svo oft að sífellt þurfi að leita til slíkra aðila eða verja stórfé til þess. Hins vegar er eðlilegt að kostnaður við réttindagæslumann, við trúnaðarmann og talsmenn sé greiddur af ríkissjóði. Mér finnst mikilvægt, herra forseti, að heyra sjónarmið hæstv. félmrh. varðandi það að félmn. skoði hvort á einhvern hátt sé unnt að koma til móts við þetta ákvæði sem Landssamtökin Þroskahjálp leggja jafnmikla áherslu á og raun ber vitni.

Af því væri ofboðslegur sparnaður, ef menn eru tilbúnir að líta á það þannig, að breyta skipan mála þannig að fatlaðir búi í samfélaginu sem líkast því sem gerist hjá ófötluðum, sér í íbúð á aðgengilegum sambýlum þannig að þörf á sérstofnunum fyrir fatlaða minnki. Slíkar stofnanir eru dýrar og þungar í rekstri. Þá þurfa fatlaðir hins vegar að fá þjónustu sem gerir þeim kleift að búa í heimabyggð sinni við aðstæður sem þeir ráða við. Ef við ætlum að gera breytingar í þá átt þá verðum við að líta svo á að aukin krafa um réttindagæslu sé eðlileg afleiðing og grundvöllur þessara breytinga.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi komið á framfæri meginatriðunum varðandi matið á réttindagæslunni. Hún er grundvöllur þeirra breytinga sem við munum væntanlega ráðast í innan tíðar, að flytja málaflokk fatlaðra til sveitarfélaganna. Það er ljóst, herra forseti, að það gerist ekki nema mjög vel verði haldið á málum gagnvart sveitarfélögunum. Skoða þarf af sanngirni í hverju aukin útgjöld sveitarfélaganna við þennan tilflutning felast, hversu vel má treysta því að ríkið leggi fram sinn skerf og tryggi fjármagn, hvort heldur er til réttindagæslu eða liðveislu á vinnumarkaði. Tryggja þarf að nægilega mörg störf séu á Vinnumálastofnun til að koma fötluðum til vinnu á almennum vinnumarkaði.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar lögum hefur verið breytt þannig að áherslan er ekki lengur á verndaða vinnustaði heldur störf úti í samfélaginu þá verður það afdrifaríkt ef ekki fylgir með öll stoðþjónustan sem gerir það mögulegt.

Læt ég þar með ræðu minni lokið, herra forseti.

[17:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem upp til að lýsa stuðningi mínum við málið sem hér er til umfjöllunar, réttindagæslu fyrir fatlaða og skipan sérstakra trúnaðarmanna fyrir fatlaða. Ég hef hins vegar nokkrar áhyggjur af því sem vikið er að í athugasemdum um 6. gr. um að vegalengdir í hinum nýju kjördæmum og jafnvel samgöngur innan svæða, t.d. á Vestfjörðum, geri það að verkum að ekki nægi að hafa einn trúnaðarmann í hverju kjördæmi. Þetta held ég að þurfi að taka sérstaklega til athugunar.

Ég tel að breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir séu til mikilla bóta. Ég mun styðja það. Ég vona að það fái góða og málefnalega meðferð í þinginu og lýsi yfir stuðningi Frjálslynda flokksins við þetta mál.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég minnist hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur með mjög mikilli virðingu og þakklæti. Hún hvarf allt of snemma frá okkur. Ég vona með sjálfum mér að hún mundi telja að þetta frv. spor í rétta átt þó að hún hefði væntanlega getað hugsað sér að ganga lengra í einhverjum atriðum en hér er gert.

Fyrirkomulagið sem Þroskahjálp lagði fyrst og fremst til yrði mjög dýrt í framkvæmd. Ég vek athygli á því að þetta frv. kostar samkvæmt mati fjmrn. 6–7 millj. Ég vek líka athygli á því að þessi lög á að endurskoða eftir fjögur ár frá gildistöku. Ef mönnum sýnist, á þeim reynslutíma sem þá mun liðinn, ekki nógu vel að verki staðið þá gefst aftur tækifæri til að gera betur.

[17:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil þakka fyrir góð orð til minningar um góðan þingmann. Ég bendi jafnframt á að þegar við gerum grundvallarbreytingar þá er mikilvægt að setja endurskoðunarákvæði í lögin. Það var gert árið 1992 þá átti að endurskoða lögin eftir fimm ár. Það bregst gjarnan eins og raun ber vitni en í þessu máli er mikilvægt að hafa endurskoðunarákvæðið.

Ég ætla að láta mér nægja þessi svör ráðherrans þó að ég hafi vonast til að hann kæmi með ítarlegri svör við því sem hér bar á góma. Þetta hefur verið ágæt umræða. Ég kom því á framfæri sem skiptir mig máli. Ég tek að mestu leyti undir þessi þrjú mál enda hníga þau öll í þá átt sem ég hefði kosið í málefnum fatlaðra. Við getum hins vegar endalaust deilt um hversu hratt á að fara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 458, 460, 462.

Herminjasafn á Suðurnesjum, 338. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 444.

Póst- og fjarskiptastofnun, 194. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 455.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 215. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 471.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392.

[17:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í frv. er gert ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað úr 4.065 kr. í 4.578 kr. eða um 513 kr. á ársgrundvelli.

Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til bygginga stofnana fyrir aldraða og meiri háttar viðhalds og breytinga á húsnæði fyrir aldraða. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögu til heilbr.- og trmrh. um úthlutun úr sjóðnum.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þeir sem greiða gjald eru einstaklingar á aldrinum 16–69 ára. Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa lágmarkstekjur. Jafnframt skulu skattstjórar fella gjaldið niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum undir 70 ára aldri sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur ekki breyst frá því 1. janúar 1997 en þá var það hækkað með lögum nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Vegna hækkunar byggingarkostnaðar að undanförnu er við útreikning á gjaldinu miðað við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá árinu 1997.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frv. þetta hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrv. og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[17:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Efni þessa frv. er, fyrir utan það að afla fjár til þess að styrkja Framkvæmdasjóð aldraðra, að leggja enn einn skattapinkilinn á landsmenn. Sú fjárhæð er ekki mjög stór, rúmlega 500 kr. nefskattur á þá sem eru 16 ára og eldri með þeim undanþágum sem hæstv. ráðherra lýsti. En safnast þegar saman kemur, herra forseti. Það líður varla sá dagur að við ræðum ekki skattahækkanir á almenning eða reynum að verja þá sem verst eru staddir gegn slíkum atlögum hæstv. ríkisstjórnar.

Út af fyrir sig, herra forseti, væri efni til að setja á langar umræður um aukna skattbyrði, m.a. í tengslum við gerða kjarasamninga fyrr á þessu ári. Við gerðum það í tengslum við frv. hæstv. félmrh. og auðvitað væri ástæða til að fara í gegnum allt það mál aftur vegna þess að þá sem lægst hafa launin munar um 500 kr. Hæstv. ráðherra nefndi að undanþegnir gjaldinu væru lífeyrisþegar, sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt mál. Hæstv. ráðherra nefndi líka að undanþegnir væru þeir sem hefðu lágmarkstekjur. En hverjar eru þessar lágmarkstekjur?

Í lögunum um málefni aldraðra frá árinu 1999 stendur að undanþegnir gjaldinu séu þeir sem hafa tekjustofn sem nemur 701 þús. kr. Það er allt og sumt. Aðrir greiða þennan nefskatt. Þetta mun því auka skattbyrði þeirra sem í reynd hafa lágmarkstekjur samkvæmt almennum kjarasamningum í landinu. Við höfum farið yfir það að sú almenna skatthækkun sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir hefur þau áhrif að launahækkun þriggja mánaða hjá almennum launþega hverfur í skattahækkun og þá er ekki meðtalið það gjald sem hæstv. ráðherra mælir hér fyrir, sem fer í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Vissulega er málefnið gott en því verður að halda til haga í þessari umræðu að ákveðinn hluti úr þessum framkvæmdasjóði fer í almennan rekstur. Ég spyr hæstv. ráðherra hve stór sá hlutur er. Hvernig hefur það hlutfall verið umliðin tvö til þrjú ár? Hve stór hluti fer í uppbyggingu, í að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva og dagvistarstofnana fyrir aldraða, eins og segir í greinargerð með frv. hæstv. ráðherra. Samkvæmt 9. gr. laga um Framkvæmdasjóð aldraðra er meginhlutverk hans að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt með byggingu þjónustumið-

stöðva og dagvista og byggingu stofnana fyrir aldraða ásamt nauðsynlegum breytingum og endurbótum á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða. Eins og hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra er meginhlutverk sjóðsins uppbygging, að sjá um uppbyggingu og stofnframkvæmdir en ekki rekstur. Ríkisstjórnin er þessa dagana að taka til sín allt fjármagn sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur haft af erfðafjárskatti og þar með gera sjóðinn óvirkan. Ég þekki það vel að sérstaklega á tímum góðæris í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið lagt á þann sjóð að standa í auknum mæli undir rekstri. Ég þekki ekki eins vel Framkvæmdasjóð aldraðra. Þess vegna spyr ég hve hátt hlutfall af tekjum sjóðsins standi undir rekstri. Hve hátt hlutfall fer í þá uppbyggingu sem sjóðnum er ætlað að styrkja? Þetta er fyrsta spurningin.

Biðlistar sem nefndir eru í greinargerð með frv. eiga einungis við um höfuðborgarsvæðið. Þar er talað um að 560 manns bíði eftir vistrými og þar af hafi 230 manns brýna þörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarskrá sem byggð er á vistunarmati aldraðra. Hvað kostar að mæta þörfum þeirra 230 einstaklinga sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými? Hve langan tíma tekur að sinna þeim þörfum miðað við fjármagn sjóðsins? Samkvæmt þessum lögum á að gera áætlanir þannig að hæstv. ráðherra hlýtur að geta svarað, varðandi brýna þörf fyrir hjúkrunarrými, hvað muni kosta að leysa þau mál og hvað áætla megi að það taki langan tíma miðað við það svigrúm sem sjóðurinn til uppbyggingar á hjúkrunarrýmum.

Ég hef bara talað um biðlistana á höfuðborgarsvæðinu en þriðja spurningin er: Hverjir eru biðlistarnir ef við tölum um landið allt og af hverju er þeirra ekki getið í grg. með þessu frv.? Það á auðvitað að geta þess hver þörfin er á landsbyggðinni. Kannski er henni fullnægt, ég hef ekki hugmynd um það en mig grunar að það sé skýringin.

Hér er talað um að þetta gjald eigi að gefa 76 millj. kr. Í tekjuáætlun sem við vorum að fara í gegnum í gær er talað um að þessi nýi nefskattur gefi um 107 millj. Hvað veldur þessu misræmi milli nýrrar tekjutekjuáætlunar sem við tökum sennilega til umræðu á morgun vegna fjárlaganna og áætlana frá fjármálaskrifstofunni í fylgiskjali með frv.?

Síðan vil ég spyrja um eitt sem ég hef velt fyrir mér hvort tengist þessari viðbót, nefskatti sem allir á aldrinum 16 ára að 67 ára greiða — sagði hæstv. ráðherra það ekki? — að undanþegnum lífeyrisþegum og þeim sem hafa 700 þús. kr. árstekjur. Fjmrn. og vistheimilið Grund, ef ég man rétt, deildu um daggjaldagreiðslur og um það varð ekki samkomulag þannig að Grund þurfti að fara með málið fyrir dómstóla. Ég spyr: Er komin niðurstaða í það mál og hvað bar á milli í því efni? Vistheimilið Grund taldi sig hafa verið hlunnfarið um daggjöld ef ég kann þessa sögu alveg rétt. Er kominn úrskurður eða niðurstaða í því máli? Ef svo er, hve mikið þarf þá ríkisvaldið að greiða til Grundar? Ég vil ekki síður spyrja hæstv. ráðherra: Verður sú fjárhæð sem greiða þarf vegna þeirra daggjalda tekin af þessu fjármagni? Mér finnst mikilvægt að fram komi hvort taka á af þessum viðbótarnefskatti það sem Grund hefur verið hlunnfarin um í daggjöldum. Auðvitað væri það óeðlileg niðurstaða í þessu máli að taka af þessum nefskatti til að greiða það sem út af hefur staðið í samskiptum ráðuneytisins og Grundar í þessu efni.

Ég býst við að flestir sem á annað borð geta greiði með glöðu geði þennan nefskatt til uppbyggingar á þjónusturými fyrir aldraða. Svo mikil er þörfin og neyðin í því efni. Hins vegar eiga margir ekki til hnífs og skeiðar milli mánaðamóta og ekki þennan fimmhundruðkall sem bæta á í pinklasafnið sem bætist þessa dagana á skattgreiðendur. Ég vil ekki sjá að þeir peningar sem hér stendur til að bæta í sjóðinn renni í rekstur eða til að bæta það sem út af stendur í daggjaldadeilum milli ríkisvaldsins og Grundar. Ég spyr: Hve mikið af þeirri fjárhæð sem hér um ræðir, þessum fimmhundruðkalli sem á að gefa 107 millj., fer í uppbygginguna sem hér er talað um, byggingu þjónustumiðstöðva og hjúkrunarrýmis vegna neyðarástands og brýnnar þarfar, eins og hér stendur? Hve mikið fer beint í uppbyggingu og hve mikið af þessum fimmhundruðkalli eða 107 millj. fer í rekstur?

Þegar hæstv. ráðherra hækkar skatta á viðkvæmum tímum í efnahagsmálum og kjarasamningum þá hlýtur hún að hafa gert sér grein fyrir því, í því neyðarástandi sem ríkir varðandi hjúkrunarrýmisþörf fyrir aldraða, hve mikið af þeim krónum fer beint í slíka uppbyggingu.

Herra forseti. Það er vissulega freistandi að ræða almennt um málefni aldraðra, stöðu þeirra í þjóðfélaginu og kjör þeirra almennt. Ég ætla hins vegar að sleppa því núna. Til þess munu gefast fleiri tækifæri en ég hef lagt fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem ég veit að hún mun að vanda svara skýrt og skilmerkilega.

[17:42]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég tek undir orð síðasta hv. ræðumanns. Það væri vissulega ástæða til þess að ræða málefni aldraðra í löngu máli nú þegar styttast fer í jólin og styttast í að biðraðir myndist við ýmsar hjálparstofnanir. Það er auðvitað skelfilegt að hluti aldraðra skuli þurfa að fara í þær biðraðir til að fá aðstoð til að komast af um jólin.

Ég ætla ekki að leggjast gegn frv. sem hér er til umræðu. Það upplýst í frv. að 560 manns bíði eftir vistrými og 230 aldraðir hafi brýna þörf fyrir hjúkrunarrými. Þetta vitum við að er rétt og þetta er bara í Reykjavík. Til þess að mæta þessu er boðuð skattahækkun upp á 513 kr. á hvern einasta skattgreiðanda yfir 16 ára aldri. Á sama tíma og ætlað er að 34 þús. millj. verði í tekjuafgang hjá ríkissjóði á næsta ári, 34 milljarðar í tekjuafgang, væri þá ekki rétt að taka örlítið á þeim vandamálum sem við eigum við að etja með t.d. 4% af þeirri upphæð? Væru 4% af þessum 34 milljörðum nýtt mundi það duga til að lagfæra kjör allra sem eru neðan við framfærslumörkin, um 12 þús. einstaklinga. Talið er að um 12 þús. manns séu í þeim hópi.

Í bréfi sem öllum hv. þm. barst í gær frá Félagi eldri borgara er greint frá því að 7.400 eldri borgarar hafi ekki nóg til framfærslu. Ég hef ekki verið í aðstöðu til að fara í gegnum þessar tölur. Ég verð þó að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég enga ástæðu til þess að rengja neitt af því sem hér er sett fram miðað við reynslu mína af upplýsingum frá þessum aðilum undanfarin ár. Það þarf ekki annað en líta á að mánaðargreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega eru 17.715 kr. á mann. *Hjónalífeyrir* er 15.944 kr. *Full tekjutrygging* ellilífeyrisþega er 30.461 kr. Ég tala nú ekki um ef eldri borgarar hafa álpast til að kaupa sér litla bifreið, þá kostar 20.833 kr. að reka eina litla bifreið af 58 þús. kr. Það eru þó sannarlega ekki lægstu tekjur sem þessir einstaklingar hafa til framfærslu.

Ég kom einnig upp, virðulegi forseti, til að taka undir þau sjónarmið sem hér eru sett fram, að stytta þurfi biðlistana. Það er kannski ekki óeðlilegt að hækka framlagið miðað við

verðlag en hér er svo sannarlega um skattahækkun að ræða sem gerir ekki nóg til að bæta úr brýnni þörf. Það er kannski verst. Það knúði mig kannski helst til að benda á að ekki þarf nema 4% af tekjuafgangi ríkissjóðs til að gerbreyta stöðu þeirra 12.000 sem minnst hafa til framfærslu. Menn telja að á bilinu 8.000–12.000 lifi við þau kjör að hafa ekki næga framfærslu. Lágmarksframfærsla er miðuð við 68–70 þús. kr. Ég veit að ekki einn einasti maður, hvorki hér í þessum sal á hinu háa Alþingi né nokkur sem á mig hlustar, hvaða nafn sem hann ber, kemst bærilega af með 68 þús. kr. á mánuði, þó að hann eigi hvorki bíl, sjónvarp né síma, sem er þó talið eitt af nauðsynlegum heimilistækjum nútímans.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég tek undir þær spurningar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram. Ég hafði hugsað mér að spyrja sömu spurninga að hluta. Ég ætla ekki að bæta við þann lista. Ég veit að við fáum svör frá hæstv. heilbrrh. þar að lútandi. Þetta eru málefni sem við eigum að láta okkur miklu varða og taka á. Við verðum að hafa í huga að það þarf ekki nema 4% af áætluðum tekjuafgangi ríkissjóðs til að bæta kjör allra þeirra sem eru undir framfærslumörkum.

[17:49]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni hið merkasta mál sem auðvitað þarf brautargengi þrátt fyrir að menn hafi talað um að nóg væri komið af skattaálögum. Ég vil fyrst geta þess sem mér finnst hafa breyst nokkuð þegar litið er til athugasemda við frv. Þar er fjallað um hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í athugasemdum segir, með leyfi forseta:

„Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til bygginga þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða."

Mér finnst eins og þarna hafi meginmarkmiðið breyst. Þegar Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður var meginhlutverk hans bygging hjúkrunarheimila fyrir aldraða eða vistheimili fyrir aldraða. Það þarf þó ekki að ráða öllu, þ.e. röðin á hlutverkum sjóðsins. Þegar litið er á athugasemdir með frv. kemur ýmislegt fleira í ljós. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á höfuðborgarsvæðinu bíða um 560 manns eftir vistrými, þar af eru um 230 manns í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarskrá sem byggð er á vistunarmati aldraðra. Brýnt er að hækka gjaldið svo að hægt verði að hraða uppbyggingu á þeim svæðum þar sem þörfin er mest."

Hvað þýðir þetta, hæstv. heilbrrh.? Þýðir þetta að þeir sem hafa áhuga á að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða verði að halda sig við kjördæmamörk? Það er ekki langt síðan ég sá svar frá heilbrrn. við áhuga ákveðinna aðila á að byggja við hjúkrunarheimili á Reykjanesi, nánar tiltekið í Hafnarfirði. Svarið var að þörfin væri engin þar heldur væri hún í Reykjavík. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbrrh.: Eru mörkin alveg skýr af hálfu heilbrrn. varðandi uppbygginu vistrýma fyrir aldraða? Við vitum að margir Reykvíkingar búa á Kumbaravogi vegna þess að það er ekki pláss fyrir þá í Reykjavík. Hvað með t.d. Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem nú búa um 60 Reykvíkingar? Er það metið svo að ekki sé grundvöllur fyrir því að byggja hjúkrunarheimili, hvorki í Kópavogi, Garðabæ né Hafnarfirði þó þörfin fyrir úrræði sé mikil í Reykjavík?

Margir telja fýsilegt að byggja við Hrafnistu í Hafnarfirði vegna þess að þar eru allir þjónustuþættir til staðar. Bygging 90 rýma hjúkrunarálmu við Hrafnistu í Hafnarfirði mundi kosta tæpa $^2/_3$ af byggingarkostnaði 90 rýma hjúkrunarálmu einnar og sér án stoðdeilda. Er ráðuneytið að horfa á hagkvæmni bygginga fyrir aldraða? Í ráðuneytinu segja menn: Við erum í hinum mesta vanda, verðum að auka nefskattinn og ná meiru í Framkvæmdasjóð aldraða til þess að byggja. En er hagkvæmnin þá í fyrirrúmi? Er litið til annarra kosta? Ég nefni þetta vegna þess að fyrir skömmu var veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi, alla vega rekstrarleyfi, fyrir hjúkrunarheimili sem heitir Sóltún og þar stofnað fyrirtækið Öldungur. Það heimili stendur eitt og sér og við það þarf að byggja allar stoðdeildir. Á sama tíma voru aðrir tilbúnir til að byggja hjúkrunarheimili þar sem allar stoðdeildir voru fyrir.

Fari svo að þessi einkaframkvæmd, þ.e. rekstraraðilar Sóltúns sem þar hafa tekið að sér bæði byggingu og rekstur, sæki um styrk úr Framkvæmdasjóði aldraða til að byggja þjónustumiðstöð, er þá nokkuð sem bannar þeim það? Bannar þeim nokkur að sækja í Framkvæmdasjóð aldraðra til að gera góða byggingu enn betri? Þeir hafa fjármagnað hluta hennar og vantar eitthvað sem við á að éta og þá er leitað til Framkvæmdasjóðs aldaðra til að byggja þjónustumiðstöð. Þessir aðilar fá sérstaka greiðslu og einstaka frá ráðuneytinu vegna reksturs.

Ég tel að í þessu valdi nokkrum vanda, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á það einnig, sá málarekstur sem nú er kominn upp á milli heilbrrn. og Grundar. Vitað er að mörg hjúkrunarheimili hafa átt við rekstrarvanda að stríða og þurft að loka deildum vegna þess að fólk hefur ekki fengist til starfa. Í lögum um þau hjúkrunarheimili sem eru á föstum fjárlögum segir að þau geti lokað deildum vegna vöntunar á starfsfólki eða vegna breytinga. Hins vegar geta daggjaldastofnanir ekki gert hið sama. Það er alvarlegt mál út af fyrir sig. Ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur unnið að því að skoða hvernig hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum hafa hagað sér í þessu máli. En á sama tíma og mikill skortur er á hjúkrunarrýmum er þó nokkuð um að hér á höfuðborgarsvæðinu standi deildir auðar.

Ég vildi líka gjarnan fá svar frá hæstv. heilbrrh. við spurningunni: Hvað er höfuðborgarsvæðið? Þá kem ég að því sem ég var að spyrjast fyrir um áðan. Gætum við verið sammála um það að höfuðborgarsvæðið sé frá Mosfellsbæ til og með Hafnarfirði og allt þar á milli? Væri þá ekki eðlilegt að líta á málið í heild sinni, varðandi skort á hjúkrunarrýmum, hvort sem um væri að ræða Reykvíkinga, Kópavogsbúa, Mosfellinga eða Hafnfirðinga? Á þetta mætti horfa sem eina heild.

Ég vil líka geta þess að í lögum segir að Framkvæmdasjóður aldraðra eigi m.a. að greiða, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða."

Ekki fyrir löngu var lögð fram skýrsla af hálfu embættismanna heilbrrn. sem höfðu farið vítt og breitt um landið og skoðað fasteignir þar sem aldraðir eru hýstir, þ.e. hjúkrunar- og vistheimili aldraðra. Þá kom í ljós að hið mesta ófremdarástand er varðandi viðhald þessara fasteigna. Daggjöldin duga ekki, tæplega fyrir rekstri og alls ekki fyrir viðhaldi. Í skýrslunni kom fram að hér væri stórt verkefni sem þyrfti að takast á við. Ég þori ekki að fara með upphæðina en mig minnir að hún hafi legið nálægt milljarði, þ.e. sá kostnaður sem fram undan er vegna viðhalds þessara fasteigna.

Ég ætla ekki að hafa orðin fleiri í þetta sinn, hæstv. forseti. Ég vil þó að lokum taka undir og benda á hina brýnu þörf

sem er fyrir hjúkrunarrými og vísa þá til máls sem hér verður tekið upp undir næsta dagskrárlið, þ.e. heilbrigðisáætlunar til ársins 2010. Þar segir m.a. um eldri borgara, með leyfi forseta:

„Bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki lengri en 90 dagar. Árið 1997 var meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými 267 dagar í Reykjavík."

Ég verð að segja eins og er. Ég rengi þessa tölu og held að að meðaltali hafi það tekið lengri tíma en þarna er talað um. Fylgi einhver alvara þessari virðulegu bók — einn hv. þm. tók þátt í nefndarstarfi um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 — og sé mönnum alvara með að stytta biðtímann þá er ljóst að byggja þarf nokkuð mörg hjúkrunarheimili á allra næstu árum til að við þetta verði staðið. Mér finnst hins vegar alvarlegast, þegar litið er á þennan texta, t.d. það sem sagt er um 90 daga bið, að hún verði ekki lengri, þegar sagt er að yfir 75% fólks 80 ára og eldra sé við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima. Hver ætlar að greiða þann þátt þjónustunnar? Er það Framkvæmdasjóður aldraðra eða hvaðan eiga þeir peningar að koma?

Ætlunin er einnig að draga úr tíðni mjaðma- og hryggbrota um 25% hjá eldri borgurum. Það á líka að stuðla að því að yfir 50% fólks á 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti. Þetta er allt gott og blessað. Skoði maður hins vegar hverjir umsagnaraðilar voru um þetta merka plagg þá kemur í ljós að 127 aðilar fengu það til umsagnar en ekki nema 14 skiluðu umsögn. Það er alvarlegast, það eru ekki nema 14 aðilar. Þegar litið er til þeirra sem fengu þessa ágætu stefnuyfirlýsingu í hendur og sáu ekki ástæðu til að skila inn umsögn um hana þá hvarflar að manni að þetta verði nokkuð erfiðara í framkvæmd en hér er sett fram.

Virðulegi forseti. Víkjum þá aftur að máli málanna, málefnum aldraðra sem frv. sem hér er til umræðu er hluti af. Í frv. segir að nauðsynlegt sé að ná meira fjármagni inn í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er þá beinlínis afleiðing af þessari stefnumörkun. Ég spyr því hæstv. heilbrrh.: Hver er stefna heilbrrn. í málefnum aldraðra? Hvernig hefur heilbrrn. hagað stefnumótun sinni? Hver er stefnumótun heilbrrn.? Hver er framtíðarsýnin? Hvernig ætlar heilbrrn. að halda á þessum málum? (**Gripið fram í:** Selja ...) Mig minnir að ég hafi fengið bréf í mars 1996, frekar en 1997, frá heilbrrn. þar sem sagt var að þessi mál væru í mótun og yrði lokið í september það ár. Ég vona sannarlega að vel hafi verið tekið á því merka máli. Við verðum að gera kröfur um skýra stefnumótun, framtíðarsýn í heilbrrn. og gott innra starf eins og maður les um í öllum köflum hinnar merku heilbrigðisáætlunar, einkum í því sem lýtur að heilbrigðisstofnunum og stofnunum fyrir aldraða.

[18:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki tilefni til að hafa mörg orð um að þetta gjald, þessi nefskattur sem innheimtur er með tekjustofnum Framkvæmdasjóðs aldraðra, sé færður upp og fylgi verðlagsþróun úr því að þetta fyrirkomulag er við lýði og hefur verið býsna lengi að afla þannig fjár. Auðvitað má deila um þetta fyrirkomulag og nefskattar hafa kannski aldrei þótt sérstaklega góð tekjuöflunartæki, a.m.k. ekki ef þeim er beitt óhóflega. Að sjálfsögðu er eðlilegt að leitast sé við að halda verðgildi tekjustofnsins og sannanlega er þörfin næg fyrir þetta fé. Hitt er lakara þegar dregst að gera slíkar leiðréttingar ár frá ári og þörf safnast upp þannig að hækkunin verður umtalsverð þegar í hana er ráðist eins og hér virðist verða raunin á. Þetta er orðin meiri upphæð en þurft hefði að vera ef þetta hefði verið gert með reglubundnu millibili.

Fram hefur komið og er vitnað um það í greinargerð frv. að mikil þörf er fyrir uppbyggingu í málefnum aldraðra í raun og veru á öllum sviðum þeirrar þjónustu, vistunar- og hjúkrunarrými, ýmiss konar þjónustu, dagvistun og öðru slíku. Sú þörf er bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst hér þar sem fólkinu fjölgar en hún er líka til staðar víða í byggðum landsins, m.a. vegna þess að þó að íbúum fari fækkandi eða þeim fjölgi ekki á mörgum svæðum er það engu að síður því miður staðreynd að meðalaldur er víða mjög hár og ekki síst við þær aðstæður. Þá flytur kannski fólk af yngri árgöngum burtu og eftir situr í byggðarlögunum fólk með tiltölulega háan meðalaldur og þörfin einmitt hlutfallslega meiri en íbúatalan bendir til fyrir þjónustu, og ekki síst vistun fyrir lasburða og sjúkt aldrað fólk.

Það er líka þannig, herra forseti, að það er mikilvægt atvinnu-, byggða- og mannréttindaatriði að þessari þörf sé hægt að mæta á heimavettvangi á hverjum stað. Ég þekki fátt ömurlegra en að aldrað fólki þurfi að flytjast hálfgerðum nauðungarflutningum um langan veg vegna þess að ekki er kostur á úrræði fyrir það í heimabyggð sinni. Það er að mínu mati ekki sístur hluti af mannréttindum fólks að fá að eyða ævikvöldi sínu á heimaslóðum í nágrenni við ættingja sína eða það byggðarlag sem hefur fóstrað menn í gegnum lífið. Sem betur fer er það víða þannig að þessi þjónusta er fyrir hendi en víða er þörf fyrir að bæta þar um. Ekki síst er það oft þannig að þörf myndast fyrir hjúkrunarrými af eðlilegum ástæðum eftir því sem meðalaldurinn hækkar á dvalarheimilum. Þetta þekkja menn og þarf ekki að fjölyrða um en ég leyfi mér að nefna þetta til sögunnar vegna þess að rökstuðningur fyrir hækkuninni og sú þörf sem tíunduð er af hálfu þeirra sem hafa samið greinargerðina, sem er hugsanlegt að sé einhver annar en hæstv. heilbrrh., þó veit ég ekki hvernig verklagið er í ráðuneytinu, kannski semur hæstv. ráðherra sjálf allar greinargerðir en e.t.v. fær hún til þess einhverja aðstoð frá samstarfsfólki sínu. Í undantekningartilvikum kann það að vera að ráðherra komist ekki yfir þetta allt sjálf og þá er það auðvitað hið besta mál. En það hefur þó aðallega orðið fyrir mönnum, sem er út af fyrir sig skiljanlegt, að ræða um þörfina á höfuðborgarsvæðinu og ég er ekki að gera lítið úr því. Það liggur alveg fyrir að hér eru miklir biðlistar sem þarf að vinna bug á. En þörfin er líka til staðar í ýmsum staðbundnum tilvikum víða um landið.

Herra forseti. Úr því að ég er staðinn upp á annað borð get ég svo sem eins vel komið því að hér og nú og það á ekki síður heima í umræðu um þetta dagskrármál en því sem er næst á eftir á dagskrá, heilbrigðisáætlun, að það blasa við mönnum gríðarleg verkefni fram undan á komandi árum og áratugum. Það liggur alveg fyrir að við erum að fá yfir okkur þróun sambærilega við það sem orðið hefur hjá mörgum nágrannalöndum á undan okkur að aldurssamsetning í samfélaginu er hægt og rólega að breytast og mun gera það áfram á næstu árum og áratugum og þarna mun myndast mjög mikil viðbótarþörf á komandi árum. Auðvitað er þeim mun mikilvægara að menn ráðstafi vel og skynsamlega því fé sem er til ráðstöfunar. Þar ætla ég að láta mér nægja að segja það eitt að þar held ég að lausnin felist ekki í þeirri einkavæðingar- og einkarekstrarleið sem menn hafa illu heilli aðeins verið að leggja af stað inn á í þessum málaflokki. Þar má að sjálfsögðu ekki rugla saman annars vegar

því hugsjónastarfi sem ýmis félagasamtök og sjálfseignastofnanir hafa lengi staðið fyrir þar sem menn hafa tekið að sér og haft forustu um uppbyggingu á þessu sviði, ekki til þess að græða á því peninga, ekki til þess að draga út úr þeim rekstri fé til að hafa í persónulegan arð, heldur einmitt til þess af hugsjónamennsku að ráðstafa hverri krónu sem menn hefðu handa á milli aukinheldur ýmiss konar sjálfsaflafjár og söfnunarfjár til uppbyggingarinnar sjálfrar. Fátt fer meira í taugarnar á mér en þegar menn eru að reyna að læða að nýjum hugmyndum um einkarekstur í velferðarþjónustunni á allt öðrum forsendum en þessum, læða því með og blanda því saman við það sem við höfum þekkt af slíku tagi í gegnum tíðina.

Það er kristaltært í mínum huga að til lengra tíma litið verður dýrara og til óþurftar fyrir hið opinbera sem ber ábyrgð á þessari þjónustu að binda sig í báða skó með langtímasamningum við einkaaðila sem koma til með að hafa undirtökin í þeim samskiptum sem eigendur húsnæðisins og með allt sitt á þurru í gegnum langtímasamninga við ríkið. Það er kapítalismi, herra forseti, sem mætti með réttu kenna við hinn vonda sjálfan. Það er pilsfaldakapítalismi af verstu tegund sem þar á að fara að ástunda og gera í þessum tilvikum út á velferðarkerfið sjálft.

Um stöðu aldraðra, herra forseti, væri líka ástæða til að hafa uppi mörg orð. Það er algerlega ljóst að það er vissulega svo með aldraða eins og marga fleiri hópa að staða þeirra er misjöfn en það er algerlega borðleggjandi og ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að í hópi aldraðra er hluti þeirra þjóðfélagsþegna sem býr við hvað lökust kjör allra landsmanna um þessar mundir. Svona þriðjungur, a.m.k. fjórði partur aldraðs fólks, sem hefur ekki úr öðru að spila en strípuðum bótunum einum saman, býr við gersamlega óviðunandi afkomu. Allar tölur og reynslusögur, sem ég geri ráð fyrir að fleiri en ræðumaður fái á sitt borð eða í gegnum síma, færa manni heim sanninn um það.

Ég er með í höndunum, bara svo að dæmi sé tekið, seðil frá Tryggingastofnun ríkisins til aldraðra hjóna sem mér var sendur í morgun og sendibréf með. Það er allt í lagi aðeins að vitna til þess sem þar kemur fram. Það sem er rosalegast er að þetta fólk sem hefur engar aðrar tekjur en lítils háttar lífeyrissjóðatekjur og svo tryggingabæturnar, fær núna desemberuppbót, sem er af hinum mikla rausnarskap 30% álag á þær tryggingabætur sem þetta fólk fær, missir þær að verulegu leyti í skatta vegna þess að skattheimtan byrjar við 60–65 þús. kr. Þegar menn ættu von í örfáum krónum í viðbót, nokkrum þúsund krónum í launaumslagið af því að það er desember, fer það að miklu leyti í skatta af því að þetta fólk er þegar komið upp fyrir skattleysismörk með bótunum plús þeim lífeyrissjóðstekjum sem það hefur.

Það er mjög algengt að fólk haldi að þetta hljóti að vera mistök og það var upphafið af því að þessir aðilar höfðu samband við mig. Þeir trúðu því ekki að það gæti verið að það ætti að rífa desemberuppbótina af þeim að verulegu leyti í skatta en það er því miður staðreynd. Svo neðarlega eru skattleysismörkin komin að jafnvel þessar litlu tekjur lenda í þeim og menn geta væntanlega gert það upp við sig hver fyrir sig hvort þeim þykir það vera þannig afkoma hjá hjónafólki sem hefur þessar 45 þús. kr. í hjónalífeyri á mánuði hvort um sig, og lítils háttar viðbót úr lífeyrissjóðum, að það sé í hópi skattgreiðenda í landinu. Það er heldur dapurlegt, herra forseti.

Ég ætla ekki að öðru leyti að ræða frekar um um kjör aldraðra en það á samt fullt erindi inn í umræðuna. Það er auðvitað ljóst að kjör aldraðra og möguleikar þeirra, m.a. og ekki síst hvað tekjur snertir, til þess að sjá sjálfu sér farborða úti í samfélaginu og þurfa ekki að leita á náðir stofnana eða koma sér með slíkum hætti þannig fyrir, eru hluti af því máli sem við erum að ræða um. Ekki er nokkur minnsti vafi á því huga mínum að afkoma aldraðs fólks og þess hluta þess sem hefur lakasta stöðuna er í mjög nánum tengslum við þá þörf sem myndast hjá hinu opinbera hvað varðar vistun og úrræði og hlutir eins og að afkoman bjóði upp á sæmilegt öryggi og að eitthvert borð sé fyrir báru, að það sé öflug heimaþjónusta, getur verið einhver besta fjárfesting sem þjóðfélagið getur lagt í og afstýrt öðrum og miklu meiri útgjöldum ef illa tekst til í formi dýrrar vistunar og lakari heilsu og annarra slíkra hluta. Mér hefur stundum, herra forseti, þótt vera lítill skilningur á þessum þætti málsins hversu góða fjárfesting skynsamlegar aðgerðir sem lúta að því að bæta aðstöðu fólks og auka vellíðan þess, bæta heilsu og þar með möguleika manna á því að lifa góðu lífi úti í samfélaginu sem fullgildir þátttakendur í því. Mér virðist að margar aðrar þjóðir hafi meiri skilning á þessu, ég nefni þar sem dæmi frændur okkar Dani. Þar er mjög mikilvæg og markviss stefnumótun á þessu sviði að reyna að styðja sem allra flesta til að vera færir um að sjá um sig sjálfir og sjá sér farborða sjálfir úti í samfélaginu. Auðvitað veit ég að þetta á að heita stefnan í málefnum aldraðra og fatlaðra o.s.frv. en eitt eru orð á blaði, falleg orð eins og sjálfsagt standa og menn fara að ræða á eftir í heilbrigðisáætluninni, og hitt er stundum veruleikinn. En veruleikinn er sá að aðstæður og kjör a.m.k. þriðjungs aldraðra í landinu eru þannig fyrir utan hina siðferðilegu og mannlegu hlið í því dæmi og beinlínis óskynsamlegt og alls ekki til þess fallið að byggja undir stefnu af þessu tagi sem ég hef verið að nefna að gera mönnum kleift að sjá sjálfum sér farborða og lifa góðu lífi úti í samfélaginu. Þá er hættan augljóslega sú að það leiti yfir í þrýsting á hið opinbera og stofnanaúrræði og þar fram eftir götunum sem menn gætu afstýrt í mörgum tilvikum ella.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þessi leiðrétting á upphæðunum er að sjálfsögðu örugglega rétt út reiknuð og eðlileg. Ég hefði talið betra að þetta væri fært upp reglulega þannig að breytingin væri þá minni í hvert skipti. Það veitir víst ekki af ef verðbólgan fer að láta á sér kræla með þeim hætti sem hún er að gera um þessar mundir. Fastar krónutöluhæðir rýrna hratt ef þær eru ekki leiðréttar á hverju ári auk þess sem það er hvort eð er besta fyrirkomulagið þannig að stökkin séu sem minnst hverju sinni.

[18:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á tölu um málefni aldraðra í heild. Ég ætla eingöngu að tala um gjaldið sem við erum að ræða um að hækka. Umrætt gjald er í reynd skattur og hefur sem slíkt tvo ókosti.

Í fyrsta lagi er gjaldið nefskattur sem er félagslega afskaplega óréttlátur. Það borga allir sama skatt, sama hvaða tekjur og eignir þeir hafa. Það er náttúrlega óeðlilegt og ófélagslegt, að maður með lágar tekjur borgi sama gjald og sá sem hefur háar tekjur. Þetta er það fyrsta sem ég hef við þennan skatt að athuga.

Í öðru lagi er hann mjög dýr í innheimtu. Þetta er lágt gjald og það kostar sitt, t.d. bara prentkostnaður og að halda utan um það í bókhaldi. Nú hef ég ekki séð könnun á hve

mikið það kostar en ég reikna með því að drjúgur hluti af þessu gjaldi fari í rekstur.

Einn ókosturinn enn við þennan skatt er að þetta er markaður tekjustofn, markaður skattur. Peningarnir eru merktir ákveðnum verkefnum. Ég teldi miklu eðlilegra að útgjöld til þessa málaflokks væru ákveðin á fjárlögum eins og önnur útgjöld. Þá væri það á hendi fjárln. að ákveða framlög í þennan sjóð. Það mætti þá gjarnan hækka þau miðað við vísitölu, byggingarvísitölu eða annað slíkt, enda er þetta ætlað til bygginga. Fjárln. mundi þá ákveða t.d. 680 millj. í þennan sjóð á fjárlögum. Ég held, herra forseti, að menn ættu að huga að því ef aftur verður farið í að breyta skattkerfinu að hækka þá skattprósentuna, þ.e. lækka hana ekki eins mikið, og láta þennan flata nefskatt falla niður.

[18:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um frv. sem hér liggur fyrir. Við erum að ræða frv. sem gefur öldruðum 76 millj. í uppbyggingu en kostar hvern einstakling sem greiðir gjaldið 1,40 kr. á dag.

Hér hefur ýmislegt borið á góma og margs verið spurt. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir reið á vaðið og spurði hver væri skiptingin á milli framkvæmdasviðs og rekstrafjármagns til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Kostnaðurinn er í kringum 700 millj. í heildina og af því fara í kringum 50% í rekstur og 50% í framkvæmdir.

Spurt var að því hvernig ætti að koma til móts við þá miklu þörf sem er fyrir hjúkrunarrými. Það hefur verið gert á ýmsa vegu nú þegar. Einnig hefur verið talað um manneklu í þjónustunni. Það vantar fólk og við höfum sérstakan vinnuhóp í að laða að fólk til að vinna í þessum geira. Það er mjög gefandi starf að vinna með öldruðum. Sem betur fer hafa kjörin skánað og ýmsir möguleikar opnast að því leyti að starfsmenn geta aukið menntun sína og er gert ráð fyrir því í nýjum samningum sem gerðir voru ekki alls fyrir löngu. Það er ekki nóg að byggja og byggja ef við höfum ekki fólk sem er tilbúið að sinna störfunum.

Við erum eins og oft hefur komið fram að hefja framkvæmdir sem eru nokkuð langt komnar, reyndar á 90 hjúkrunarrýma stofnun. Við höldum áfram og ætlum að byggja meira. Nýlega var opnað á Eir sambýli fyrir aldraða. Sunnuhlíð hefur hafist handa við uppbyggingu. Ýmsir hafa jafnframt sýnt áhuga á að byggja við starfsemi sína, m.a. Dvalarheimili aldraðra sjómanna er eins og kom fram áðan. Það mál er til athugunar í ráðuneytinu en það er ljóst að við þurfum að auka mjög rými fyrir aldraða og erum að vinna að því.

Hér var líka spurt um daggjöldin og þær deilur sem hafa skapast milli Grundar og ráðuneytisins sem hafa verið mjög leiðinlegar ef svo má segja. Það hefur tekið báða aðila þungt að þurfa að standa í þessum deilum. Hér var spurt um daggjöldin á Grund. Þau eru hin sömu og á DAS í Reykjavík ef ég man rétt, í kringum 8.500 kr. á dag. Það sem út af stendur núna varðandi Grund er að Ríkisendurskoðun telur að ríkið skuldi Grund um 12 millj. kr. í vaxtabætur sem við þurfum að sjálfsögðu að standa skil á. Í gegnum tíðina hefur Grund byggt upp af eigin fé mikinn hluta starfsemi sinnar en í dag eru kröfurnar aðrar og daggjöldin duga hvergi nærri til að standa undir uppbyggingu líka.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson spurði ýmissa spurninga, m.a. um hver væri stefna ráðuneytisins. Hún kemur fram í þeirri heilbrigðisáætlun sem hann las upp úr áðan og fannst svolítið kímileg. En það er ekkert kímilegt að gefa sér það markmið að aðeins 90 daga bið verði eftir hjúkrunarrými. Þessi markmið eru til komin vegna þess að Reykjavíkurborg og ríkið hafa unnið saman í gegnum árin að uppbyggingu og framkvæmdaplönum. Þetta kemur til vegna þeirrar samvinnu og við verðum að stytta þá bið sem er í dag.

Við höfum aukið heimaþjónustuna, af því að spurt var um stefnuna. Við höfum aukið hjúkrun inni á heimilunum og stuðning við aldraða. Við viljum stuðla að almennu heilbrigði aldraða. Hér var svolítið brosað að því, þó að það komi ekki þessu frv. við, að rætt væri um tannheilsu aldraðra. Við þurfum samt að huga að henni og öðru varðandi heilsufar aldraðra.

Hér var einnig spurt hvort Sóltúnsheimilið gæti sótt um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Auðvitað geta allir sótt um en það geta ekki allir fengið úr sjóðnum. Það getur vel verið að þeir eigi eftir að sækja um í Framkvæmdarsjóð en samningarnir eru þannig að ekki er gert ráð fyrir að þeir geti fengið fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson talaði um að mikilvægt væri að allir sætu við sama borð, ekki hluti á föstum fjárlögum og annar hluti á daggjöldum. Ég tel einmitt mjög mikilvægt að ná sátt um að allir verði á daggjöldum og það séu ekki einhverjir sem geti haft svo og svo mörg laus rúm af því að það henti þeim. Það skapar náttúrlega misræmi sem útilokað er að þola. Eins og ég sagði áðan þá er engin ástæða til að byggja ef við nýtum ekki rúmin.

Einnig var spurt um hvernig þessu væri farið úti á landi. Yfirleitt er nægt rými úti á landi. Ástandið er verst á Reykjavíkursvæðinu og þess vegna erum við að taka á því. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði áðan að það væri undarlegt að taka ekki allt höfuðborgarsvæðið með í reikninginn, sem sé Reykjavík, Hafnarfjörð o.s.frv. Við gerum það að nokkru leyti. Við höfum byggt upp í Garðabænum og í Hafnarfirði að sjálfsögðu. Öldrunarþjónustan í Hafnarfirði er góð. Hafnfirðingar hafa mjög góða öldrunarþjónustu en Reykvíkingar aftur á móti ekki. Það er enn þá þannig með Reykvíkinga að þeir vilja helst vera í Reykjavík sem næst sínu gamla heimili. Þannig er það og þess vegna höfum við lagt megináherslu á Reykjavík. Hins vegar er ekkert heilagt í þeim efnum. Auðvitað færast menn á milli þessara svæða.

Ég held að ég hafi svarað flestu því sem ég var spurð um. Ég heyri að menn eru sammála því að þessi skattur fylgi byggingarvísitölu og það mun koma uppbyggingunni vel.

[18:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stakk mig í ræðu hæstv. heilbrrh. er hún minntist á að gjaldið hækkaði svo lítið, 513 kr., væri 1,41 kr. á dag og munaði nú ekki mikið um það. Með sömu rökum mætti taka öll laun af fólki, bara í smápinklum, taka bara pínulítið í hvert skipti, 500 kall í hvert skipti og þá munaði ekkert um að í hvert skipti. En að lokum yrðu launin búin. Það vill svo til að með sömu rökum er sett á fullt af litlum gjöldum, t.d. á fasteignir einstaklinga. Ég minni á fjöldann allan af gjöldum sem þar eru sett á eru lág gjöld og sömuleiðis þetta gjald. Ég geri þó ráð fyrir því að einhvern með lágar tekjur muni um 500 kr. á ári. Ég geri ráð fyrir því að hann vanti akkúrat þær 500 kr. sem hér er lagt til að taka af honum.

Ég held að menn ættu ekki að temja sér svo léttúðugt tal um annarra manna peninga.

[18:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef greinilega sýnt allt of mikinn léttleika áðan því að það hitnaði undir hv. þm. Pétri Blöndal. Hvernig ætlar hv. þm. að borga samfélagsþjónustuna ef ekki með sköttum? Þetta er grundvallarspurning sem hv. þm. verður að svara.

[18:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er samfélagið og allt velferðarkerfið greitt af sköttum. Ég var ekki að mótmæla því. Ég var að mótmæla því að menn tala eins og ekkert muni um þetta. Skattgreiðendur munar gífurlega mikið um þá skatta sem þeir greiða. Margir eru plagaðir af sköttum. Að sjálfsögðu þurfa hv. þm. að leggja skatta á almenning en við verðum að gera það með virðingu og ekki tala þannig niður til fólks að ekkert muni um skattana.

Svo vildi ég spyrja að því, af því að ég missti af því, til hvaða nefndar þessu frv. er vísað vegna þess að þetta er greinilega skattamál. Í fjárlögum er þetta flokkað undir skatta á einstaklinga og þetta frv. á að fara í hv. efh.- og viðskn., herra forseti.

[18:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir að frv. fari til heilbr.- og trn. og ég mæli með því en frv. getur þess vegna farið í fleiri nefndir mín vegna, bara að þetta gangi hratt fyrir sig.

Ég ber virðingu fyrir sköttum Íslendinga og mér finnst skipta máli í hvað þeir fara. Þarna er nákvæmlega eyrnamerkt í hvað skattarnir eiga að fara. Fólk munar mismunandi mikið um þessa peninga, það er alveg ljóst. Sem betur fer er mjög stór hluti sem munar ekkert um það en það er líka hluti sem finnur fyrir því og það er auðvitað alltaf þannig í samfélaginu. Við getum ekki komið í veg fyrir það. Aðalatriðið er að það fjármagn sem kemur inn í þessum sköttum fer til aldraðra og ekki er vanþörf á.

[18:32]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Er nægilega eyrnamerkt í hvað þessir peningar fara? Ég velti því fyrir mér. Hæstv. heilbrrh. svaraði spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hlutfallið sem hefði farið í rekstur af fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra væri 50%. Samkvæmt 9. gr. laganna um málefni aldraðra er talað um að þetta fjármagn eigi að fara í rekstur í sérstökum tilvikum. Ég velti því fyrir mér hvort þetta hlutfall sé ekki hærra en menn höfðu ætlað í rekstur þegar til laganna var stofnað á sínum tíma, herra forseti. Gaman væri að fá að heyra það frá hæstv. heilbrrh. hvort menn hafi hugsað sér það í upphafi að þetta hlutfall væri svona hátt vegna þess að samkvæmt lögum er þetta ekki alveg skýrt en það virðist sem það hafi átt að vera í mjög sérstökum tilvikum sem framlög væru sett í rekstur.

Ég ítreka líka spurningu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom með áðan og ég heyrði hæstv. heilbrrh. ekki svara. Það var hvað það kostaði að leysa brýnu þörfina fyrir þessi 230 manns á höfuðborgarsvæðinu og á hversu löngum tíma væri hægt að svara þeirri þörf. Ég held að mjög mikilvægt sé að fá þetta fram í umræðunni og mjög mikilvægt þegar til þess kemur að úthluta fjármunum að þeir fari í þessa brýnu þörf. En það væri gott að fá svar við spurningunni, herra forseti, hvað kostar að leysa brýnu þörfina og hve langan tíma gæti það tekið.

[18:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrri spurninguna um hve mikill hluti fer til rekstrar og hvort það var ætlunin í upphafi þá var uppbygging að hefjast þegar þessi lög voru sett í kringum 1980 og síðan hefur orðið geysilega mikil uppbygging hvað hjúkrunarheimili og dvalarheimili varðar. Orðið hjúkrunarheimili var varla til í kringum 1980 þegar aukningin hófst.

Það er eitt að byggja og annað að reka. Það er eiginlega það ódýrasta að byggja upp. Reksturinn er það sem kostar verulega fjármuni og þá kem ég að síðari spurningunni. Talið er að við getum fullnægt þessari þörf næstu fjögur ár með því fjármagni sem við höfum í Framkvæmdasjóð aldraðra.

[18:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óskandi að öll áhersla verði lögð á að sinna þessari brýnu þörf. Vissulega er það rétt að áherslurnar hafa heilmikið breyst og þörfin eykst í þessum málaflokki en ég held að menn hafi samt vitað það þegar þeir fóru af stað fyrir 20 árum. Það er nokkuð sem við höfum séð fyrir nokkuð lengi að þörfin muni aukast. Ef ég man umræðuna rétt þá held ég að það hafi verið þannig að þetta hafi átt að vera í sérstökum undantekningartilvikum. Það er hreinlega spurning, ef svo hefur verið, hvort ekki sé ástæða til að breyta lögunum ef menn ætla sér að gera það og ætla sér að verja hærra hlutfalli af fjármunum sjóðsins í rekstur vegna þess að þegar farið var af stað á sínum tíma var hugsunin væntanlega sú að þetta væri notað til uppbyggingarinnar sem menn sáu fram á að þörf væri fyrir en að reksturinn væri tekinn úr ríkissjóði. Ég held að það sé mjög tímabært að fara mjög ofan í kjölinn á þessum ákvæðum og velta því fyrir sér hvert við erum að stefna í þessum efnum vegna þess að þörfin er mjög brýn. Fjármunirnir hafa verið notaðir í annað en til var ætlast á sínum tíma og það er ekki alveg nógu góð latína að mínu mati, herra forseti.

[18:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á ekki von á því að þetta hlutfall breytist mjög vegna þess að sveitarfélögin hafa margsinnis komið á móts við ríkið með flýtifé til að framkvæma og það kallar á aukið rekstrarfé. Ég tel að eins og málaflokkurinn hefur verið byggður upp sé hann í nokkuð góðum farvegi og sú samvinna sem við höfum átt við sveitarfélögin hafi skipt gífurlega miklu hvað þetta varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, fyrri umr.

Stjtill., 276. mál. — Þskj. 304.

[18:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Víðtæk áætlunargerð og stefnumótun í heilbrigðismálum hefur átt erfitt uppdráttar á Íslandi. Þetta stafar m.a. af því að heilbrigðiskerfið hefur fram á seinustu áratugi einkennst af dreifðri uppbyggingu þjónustunnar, einangrun stofnana og erfiðum samgöngum. Segja má að enginn einn aðili hafi markað meginstefnuna í heilbrigðismálum heldur komi frumkvæði frá mörgum aðilum. Þetta stjórnunarform hafði þannig ákveðna kosti en einnig þann galla helstan að ekki kom fram nein samræmd heildarstefna.

Sú skoðun var jafnframt ríkjandi að áætlunargerð og setning markmiða væri eitthvað sem ætti ekki við í heilbrigðiskerfinu. Verkefni heilbrigðisþjónustunnar væru fyrst og fremst faglegs eðlis og hlytu eðli málsins samkvæmt að lúta eigin lögum. Ekki væri mögulegt að setja sér markmið eða fylgja fyrir fram gerðum áætlunum á sama hátt og t.d. í samgöngu-, iðnaðar- eða orkumálum.

Í dag hafa aðstæður að mörgu leyti breyst eða eru að breytast. Gerðar eru kröfur til þess að heilbrigðisþjónustan móti sér ákveðna framtíðarsýn og að meginhlutverk hennar sé skilgreint. Sömuleiðis er þess krafist að heilbrigðisþjónustan setji sér markmið og fylgi skipulegum áætlunum, heilbrigðisáætlun verði m.a. að taka til heilbrigðismarkmiða, þjónustumarkmiða, gæðaþróunar, rannsókna, menntunar, fjármála, stjórnunar, skipulags og stefnu í starfsmannamálum.

Líkt og annars staðar á Norðurlöndunum kom sérstakt ráðuneyti heilbrigðismála tiltölulega seint til sögunnar hér á landi eða árið 1970. Framan af áttu tilraunir ráðuneytisins til skipulegrar áætlunargerðar erfitt uppdráttar. Stefnumörkun varðandi uppbyggingu heilsugæslunnar með samþykkt samræmdrar heilbrigðislöggjafar árið 1973 telst þó til undantekninga.

Fyrst árið 1980 voru tekin saman drög að víðtækri heilbrigðisáætlun til lengri tíma. Í ársbyrjun 1986 var ákveðið að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000.

Till. til þál. um íslenska heilbrigðismálastefnu var lögð fram á Alþingi veturinn 1986–1987, endurskoðuð og lögð fram á heilbrigðisþingi í febrúar 1988, lögð fram aftur á Alþingi veturinn 1990–1991 og loks samþykkt 19. mars 1991. Heilbrigðisáætluninni var ætlað að ná til ársins 2000 en átti að endurskoða að þremur árum liðnum. Á árunum 1991–1992 voru gerð drög að sérstakri framkvæmdaáætlun og nefndist hún Heilbrigð þjóð, forvarnir og heilsustefna til ársins 2000.

Árið 1996 hófst endurskoðun heilbrigðisáætlunar frá 1991. Að því starfi hefur einkum komið nefnd um endurskoðun og endurbætur í heilbrigðisáætlun. Í nefndinni sátu fyrrv. heilbrrh., aðstoðarmenn ráðherra, ráðuneytisstjóri heilbrrn., landlæknir, fulltrúar fagstétta og stjórnenda auk starfsmanna heilbr.- og trmrn.

Virðulegi forseti. Árið 1948 skilgreindi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hugtakið heilbrigði á eftirfarandi hátt:

Heilbrigði er fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg velferð, ekki einungis firrð sjúkdóma og vanheilinda. Þessi skilgreining á heilbrigði lá til grundvallar ályktuninni um heilbrigði allra árið 1977 og svonefndri Alma Ata-yfirlýsingu frá árinu 1978. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var gerð á vegum WHO sérstök Evrópuáætlun í heilbrigðismálum árið 1984 og innihélt hún alls 38 meginmarkmið.

Í lok 8. áratugarins og byrjun þess 9. gerðu flestar þjóðir Evrópu sérstakar landsáætlanir til að framfylgja Evrópuáætlun WHO. Svíar voru fyrstir norrænna þjóða árið 1985. Finnar fylgdu á eftir 1987, Norðmenn 1988, Danir 1989 og loks Íslendingar árið 1991. Landsáætlun Bandaríkjamanna leit dagsins ljós árið 1990, landsáætlun Breta 1992. Í kjölfar Maastrict-samkomulagsins 1992 urðu heilbrigðismál hluti af samstarfi ESB-ríkjanna.

Vorið 1998 samþykkti alþjóðaheilbrigðisþing stefnumörkum um heilbrigði allra á 21. öldinni. Svæðisnefnd WHO í Evrópu samþykkti haustið 1998 nýja Evrópuáætlun sem nær í flestum atriðum til ársins 2020 og þar er lögð áhersla á 21 heilbrigðismarkmið í stað 38 áður.

Virðulegi forseti. Við mótun fyrirliggjandi heilbrigðisáætlunar var annars vegar tekið mið af stefnumörkun WHO um heilbrigði allra og heilbrigðisáætlunum annarra ríkja og hins vegar stefnumótun og úttektum undanfarandi ára á fjölmörgum þáttum heibrigðismála hér á landi. Heilbrigðisáætlunin byggist jafnframt á 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, þar sem tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er skilgreindur þannig:

Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

Til grundvallar heilbrigðisáætluninni liggja einnig nýlegar viðmiðunarreglur um forgangsröðun á verkefnum og viðfangsefnum heilbrigðisáætlunarinnar. Var sérstök áhersla lögð á að tryggja rétt þeirra sem sökum æsku, fötlunar eða öldrunar eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu.

Heilbrigisáætluninni má skipta í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er um að ræða svonefnd forgangsverkefni, Evrópumarkmið WHO, og íslensk markmið til ársins 2010. Í öðru lagi var fjallað um stöðu og horfur í íslensku þjóðfélagi, stjórnkerfi og skipulag heilbrigisþjónustunnar. Í þriðja lagi er gerð grein fyrir ýmsum sérsviðum, stoðgerðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja bæði gæði og framþróun heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt áætluninni er ætlunin að eftirtalin svið hafi forgang:

1. Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir.
2. Börn og ungmenni.
3. Eldri borgarar.
4. Geðheilbrigði.
5. Hjarta- og heilavernd.
6. Krabbameinsvarnir.
7. Slysavarnir.

Á hverju sviði er gerð grein fyrir stöðu mála, væntanlegri þróun og leiðum til þess að ná þeim markmiðum sem keppt verður að á næstu árum. Sem dæmi má nefna að á sviði tóbaksvarna eru sett þau markmið að lækka hlutfall þeirra sem reykja á aldrinum 18–69 ára úr 27% árið 1999 niður í 15% árið 2010. Sömuleiðis er markmiðið að draga verulega úr reykingum barna og unglinga.

Annað dæmi snýst um að draga úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma um 20% hjá körlum og 10% hjá konum á aldrinum 25–74 ára. Það þýðir lækkun úr 198 tilfellum að meðaltali á ári hverju á hverja 100 þús. karlmenn á árunum 1991–1995 í 158 árið 2010, og lækkun úr 76 tilfellum hjá 100 þús. konum í 68 á sama tímabili.

Þau 21 Evrópumarkmið sem mynda meginþætti heilbrigðisáætlunarinnar eru til samræmis við Evrópuáætlun WHO og skiptast í eftirtalda sex hluta:

1. Samábyrgð og jafnræði.
2. Bætt heilsufar.
3. Forvarnir og heilsuvernd.
4. Þverfaglegar aðgerðir.
5. Árangursrík heilbrigðisþjónusta.
6. Rannsóknir, samstarf og verkáætlanir.

Undir hverju Evrópumarkmiði eru í flestum tilvikum tilgreind tvö til sex íslensk markmið og tölulegir mælikvarðar fyrir Ísland. Mælikvarðarnir eru fyrst og fremst valdir til að fá betri yfirsýn yfir stöðu heilbrigðismála og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er gert í ljósi þess að mikilvægt er að nota ekki of marga mælikvarða samtímis því þá er hætta á því að mikilvægustu atriðin hverfi í skugga þeirra sem síður skipta máli.

Virðulegi forseti. Í heilbrigðisáætluninni er lögð megináhersla á langtímaheilbrigðismarkmið. Hún miðar að því að bæta heilsufar þjóðarinnar. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var fengin til að framkvæma sérstaka kostnaðar- og ábatagreiningu á heilbrigðisáætluninni. Meginniðurstaðan er sú að verði markmiðum hennar náð ætti að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði sem er á bilinu 7,5–15 milljarðar árlega. Til að ná þessum markmiðum þarf í ákveðnum tilvikum stofna til aukins kostnaðar en í öðrum tilvikum má áreiðanlega ná fram markmiðum með endurskipulagningu núverandi starfsemi.

Heilbrigðisáætluninni er ætlað að gilda til ársins 2010 en á árinu 2005 verður sérstök endurskoðun á öllum helstu markmiðum hennar. Heilbr.- og trmrn. mun annast hina stjórnsýslulegu framkvæmd og endurskoðun markmiða áætlunarinnar. Landlæknisembættið mun sjá um söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga og faglegt eftirlit. Héraðslæknar, heilbrigðisstarfsmenn, stjórnir sem og framkvæmdastjórar stofnana munu sömuleiðis vinna að því að ná settum markmiðum og tryggja eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar á hverjum stað. Árlega verður gefið út yfirlit eða skýrsla um stöðu og framvindu þeirra verkefna sem heilbrigðisáætlunin nær til.

Virðulegi forseti. Ég vona að heilbrigðisáætlun og málefni heilbrigðisþjónustunnar fái vandaða umfjöllun á yfirstandandi þingi. Ég legg því til að till. til þál. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 verði vísað til heilbr.- og trn.

[18:49]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju með að þessi heildarstefnumótun, heilbrigðisáætlun, skuli komin fram. Það er mikilvægt að setja sér slík markmið þó að manni fixnnist stundum, þegar maður fer yfir svo almennar áætlanir, að þær séu haldlitlar. Engu að síður tel ég mjög mikilvægt að þær séu til. Það er mjög mikilvægt að setja sér markmið þó að ljóst sé að þau náist ekki öll. Í áætlun á borð við þessa á stefnumótunin að koma fram og meginþættirnir í heilbrigðispólitíkinni. Þess vegna er svo mikilvægt að hún sé til staðar, að menn hafi hugsað um hvernig þeir ætli að reka heilbrigðiskerfið á næstu árum og horfi svolítið fram á veginn í þeim efnum í stað þess að bregðast aðeins við þeim vandamálum og verkefnum sem upp koma hverju sinni.

Almennt sýnist mér þessi áætlun nokkuð góð. Á köflum eru sett fram nokkuð háleit markmið. Ég ætla svo sem ekki að fara í þau öll hér en mig langar að fara aðeins í 4. kafla B-hluta áætlunarinnar, Markmið og forsendur. Mér þótti hann einna áhugaverðastur. Þar er m.a. fjallað um forgangsröðun og markmiðin sem menn setja sér með heilbrigðisáætlun. Í kaflanum er vísað til 1. gr. laganna um heilbrigisþjónustu. Ég tel mikilvægt að hafa hana í huga við alla þessa umræðu en hún hljóðar svo:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Þessi grein er dregin fram í heilbrigðisáætluninni og mjög mikilvægt er að hafa í huga að taka verður mið af því við framkvæmd þessara markmiða að bilið milli fjárhagslegrar og tæknilegrar getu heilbrigðisþjónustunnar eykst sífellt. Inn á það er komið í heilbrigðisáætluninni, með leyfi forseta:

„Það felur í sér að ekki er alltaf mögulegt að fullnægja öllum þörfum eða óskum um aukna þjónustu. Fjármagn, mannafli, tími, aðstaða eða tæki munu einfaldlega ekki nægja til þess að verða við allri eftirspurn. Á næstu árum verða heilbrigðisstofnanir því að öllum líkindum að forgangsraða viðfangsefnum skipulegar en hingað til og reyna að nýta fjármuni betur.

Heilbrigðisáætlunin byggist á reglum um forgangsröðun sem byggðar eru á tillögum nefndar sem falið var að meta hvernig unnt væri að standa að forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra samþykkti þessar tillögur og hefur falið ráðuneytinu og öðrum aðilum innan heilbrigðiskerfisins að framkvæma þær í skipulegum áföngum. Forgangsröðunin nær jafnt til siðfræðilegra þátta og meginákerslna heilbrigðisþjónustunnar sem og skipulags og stefnumörkunar."

Síðan eru raktar þessar reglur um forgangsröðun. Segja má að í þeim orðum sem ég las upp úr heilbrigðisáætlun felist kannski rót vandans í rekstri heilbrigðiskerfisins. Við höfum háleit markmið og viljum veita góða þjónustu en fjármagnið er takmarkað og bilið milli fjárhagslegrar og tæknilegrar getu heilbrigðisþjónustunnar eykst sífellt. Tæknin verður stöðugt betri. Það er mögulegt að gera fleira en það kostar meiri og meiri peninga. Við þurfum einhvers staðar að draga strik við það hve mikið fjármagn við erum tilbúin að veita til heilbrigðiskerfisins. Jafnframt þarf þá að svara því hversu gott við viljum hafa það.

Ég held að það sé gott að hafa þessi meginmarkmið í huga þegar við fjöllum um rekstrarfyrirkomulagið í heilbrigðisþjónustunni. Það kom til tals fyrr í dag og m.a. hefur verið í umræðunni í þjóðfélaginu upp á síðkastið, spurningin um hvort einkavæða eigi meira í heilbrigðiskerfinu. Þá koma þessar meginspurningar upp í hugann: Mundum við veita betri þjónustu með því? Mundi einkavæðing draga úr kostnaði við rekstur heilbrigðiskerfisins eða auka hann? Værum við, með því að auka einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, að nýta betur þá aðstöðu sem fyrir er eða mundum við nýta hana enn verr? Þetta eru grundvallaratriði sem þarf að hafa í huga þegar rætt er um rekstrarfyrirkomulag í heilbrigðisþjónustu.

Mér þykir þessi kafli um markmið og forsendur mjög góð grundvallarlesning fyrir þá sem vilja velta heilbrigðismálum fyrir sér, sérstaklega í ljósi þess — ég er a.m.k. þeirrar skoðunar — að almenn viðmiðun um lögmál framboðs og eftirspurnar eiga ekki við í heilbrigðiskerfinu, m.a. af þeim orsökum sem hér hafa verið raktar. Þetta er samfélagsleg þjónusta sem okkur er skylt að veita að ákveðnu marki, hvort sem hún er arðbær eða ekki og hversu dýr sem hún kann að verða.

Í þessum kafla eru einnig raktir siðfræðilegir þættir málsins. Þar segir m.a.:

„Heilbrigðisþjónustan á að vera réttlát.

Markmið:

1. Heilbrigðisþjónustan skal vera réttlát, byggð á samábyrgð þegnanna og að mestu leyti kostuð af almannafé.

2. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu skal vera auðvelt og sem jafnast.

3. Þeir einstaklingar sem hafa mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu skulu ganga fyrir."

Eigi þessi markmið að nást er ljóst að það stæðist t.d. ekki að leyfa mönnum að kaupa sig fram fyrir röðina á biðlistum, eins og maður hefur heyrt raddir um í samfélaginu. Margir hafa rökstutt þá skoðun með því að um leið sé hinum sem á eftir koma auðveldaður aðgangurinn vegna þess að þá geti sumir borgað fyrir sig sjálfir. Ég tel hins vegar að það yrði í andstöðu við öll þau grundvallarmarkmið sem við höfum sett okkur við rekstur heilbrigðiskerfisins.

Hér eru síðan raktar áherslur heilbrigðisþjónustunnar, hverjar þær eigi að vera. Það er líka fróðleg lesning. Þar segir að setja skuli reglur um biðlista, biðtíma og tilfærslu sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. Ég tel mikilvægt að til séu einhverjar reglur um þetta. Þannig væri um leið skilgreind sú þjónusta sem ríkið ætlar sér að veita. Við þekkjum öll umræðuna um að ábyrgð þeirra sem reka heilbrigðisstofnanir sé meiri en fjármagnið og þar þarf náttúrlega að leitast við að setja sér markmið með því að forgangsraða.

Ég vildi líka grípa aðeins niður í kaflann um samvinnu og samhæfingu innan heilbrigðisþjónustunnar, um að auka verði þá þætti. Í því samhengi vildi ég spyrja hæstv. heilbrrh. út í það sem fram kemur á bls. 31 og 32 í heilbrigðisáætluninni. Ég hef heyrt af því að mikil samvinna hafi verið á milli Norðurlandanna um þá samhæfingu sem fjallað er um í liðum C.2 og C.3. Ég vildi spyrja, þar sem ég hef líka heyrt að Ísland sé ekki þátttakandi í þeirri vinnu: Þekkir hæstv. heilbrrh. til þessarar vinnu á Norðurlöndunum? Ef svo er, hvernig stendur á því að við erum ekki aðilar að því verkefni?

[18:58]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að átta mínútur yrðu hverjum og einum til ráðstöfunar í þessari umræðu í dag. Ég hafði hugsað mér að ræða þessa heilbrigðisáætlun nokkuð ítarlega, m.a. í tilefni af umræðu undanfarið um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu. Ég verð hins vegar að hlíta þeim reglum sem hér eru settar.

Ég fagna því að þessi heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er komin fram. Það hefur verið unnið að henni um nokkurra ára skeið og margir hafa komið að þessari vinnu, m.a. fulltrúar stjórnmálaflokka. Ég nefni þar sérstaklega til sögunnar tvo fyrrv. heilbrrh., hv. þm. Sighvat Björgvinsson og Svavar Gestsson sem nú er ræðismaður. Einnig sat í nefndinni fyrrv. aðstoðarmaður heilbrrh., Inga Jóna Þórðardóttir. Í nefndinni sátu einnig fagaðilar og embættismenn. Þannig vildi til að ég tók þátt í þessari vinnu í þau fjögur ár sem unnið var að heilbrigðisáætluninni og var tilnefnd sem fulltrúi hjúkrunarfræðinga.

Í störfum mínum sem formaður félags hjúkrunarfræðinga um 10 ára skeið fékk ég tækifæri til að fylgjast vel með þróun heilbrigðismála hér á landi og taka þátt í þróun þeirra. Á þeim ferli mínum vann ég m.a. með fjórum heilbrrh., þar á meðal hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Eitt helsta gagnrýnisatriði sem beindist að heilbrigðisyfirvöldum á fyrri hluta starfstíma míns sem formanns Félags hjúkrunarfræðinga var vöntun á stefnumótun í heilbrigðisþjónustu. Einnig var gagnrýnt á þeim tíma að heilbrigðisráðherrar áttu stundum erfitt með að fá heilbrigðisstarfsmenn til samvinnu við sig um stefnumótandi aðgerðir og sumir þeirra stóðu jafnvel í stöðugum útistöðum við heilbrigðisstéttir, þó ég viðurkenni reyndar að heilbrigðisstéttir eru kannski ekki auðveldasta fólkið til að starfa saman með.

Með góðum vilja má e.t.v. rekja erfiðleika við að hefja vinnu við stefnumótun til þess að heilbrigðisráðherrar sátu oft stutt í stóli sínum og höfðu þá kannski ekki mikla möguleika á að setja af stað stefnumótandi vinnu eða fylgja eftir áherslum sínum. Þess vegna hef ég með ákveðinni ánægju fylgst með störfum heilbrrh. síðustu fimm ár þar sem tekið hefur verið sérstaklega á mörgum stefnumótandi atriðum í heilbrigðisþjónustunni. Framan af var hæstv. heilbrrh. reyndar gagnrýnd fyrir að setja hvert málið á fætur öðru í nefnd. Þessar nefndir hafa nú lokið störfum og skilað árangri þannig að nú liggja fyrir töluvert margar skýrslur og ákvarðanir sem teknar hafa verið í kjölfarið þar sem tekið er á ýmsum málaflokkum í heilbrigðisþjónustunni. Þessi vinna sem hefur farið fram á undanförnum árum var löngu tímabær og hún er þegar farin að skila sér til heilbrigðisþjónustunnar. Vil ég nefna þar nokkur atriði, t.d. stefnumótun í málefnum geðsjúkra og málefnum langveikra, forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu sem m.a. birtist sem hluti af því plaggi sem við erum með fyrir framan okkur um heilbrigðisáætlun, stefnumótun í upplýsingatækni heilbrigðisþjónustu og í málefnum heilsugæslunnar, svo að fátt eitt sé nefnt.

Einnig hafa verið teknar ákveðnar ákvarðanir á undanförnum árum sem hafa lofað góðu. Sérstaklega vil ég nefna sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem ég hafði reyndar sjálf ákveðnar efasemdir um á sínum tíma að væru réttar ákvarðanir. En m.a. eftir heimsókn hv. heilbrn. á Austfirði fyrr í haust varð mér sérstaklega ljóst hve árangurinn hefur verið góður, þ.e. þarna hafa verið teknar ákvarðanir þar sem haft hefur verið að leiðarljósi að skilgreina þörf íbúanna fyrir heilbrigðisþjónustu og setja henni gæðamarkmið og haft hefur verið að leiðarljósi að samhæfa heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa svæðisins og þó að það sé stutt á veg komið, sjáum við nú þegar ákveðinn árangur í því. Þetta hefur leitt til aukins öryggis íbúanna og þeim er í rauninni ljóst hvaða heilbrigðisþjónustu þeir geti leitað á svæðinu og hvaða heilbrigðisþjónustu þeir þurfa að sækja utan svæðisins, en það er mjög mikilvægt fyrir íbúa landsins að átta sig á því hvað þeim stendur til boða.

Sú heilbrigðisáætlun sem hér er fyrir framan okkur er, eins og ég sagði áðan, afrakstur mikillar vinnu. Heilbrigðisáætlun var síðast lögð fram og samþykkt á árinu 1991. Það sem einkenndi þá heilbrigðisáætlun var að þar voru sett fram almenn markmið um skipulag þjónustunnar. Það var sérstaklega gagnrýnt að mælanleg markmið skorti og það var erfitt að festa hönd á því hvernig átti að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd. Sú heilbrigðisáætlun sem við höfum nú fyrir framan okkur og er til umfjöllunar var unnin í samvinnu margra aðila. Meðal annars var hún send til ýmissa til umsagnar, bæði félaga heilbrigðisstarfsmanna, frjálsra félagasamtaka sem vinna á sviði heilbrigðismála, til heilbrigðisstofnana og til annarra stofnana innan heilbrigðis-

kerfisins auk ýmissa embættismanna. Þar að auki var hún til umfjöllunar á heilbrigðisþingi sem haldið var í mars á síðasta ári og í lokafrágangi að heilbrigðisáætluninni var tekið tillit til þessara umsagna og athugasemda. Eins og mál standa er því um að ræða nokkuð gott heildstætt plagg þar sem margir hafa lagt hönd á plóginn.

Eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. byggir áætlunin að grunni til á Evrópuáætlun um heilbrigði fyrir alla til ársins 2020 og 21 markmiði hennar, en þessi Evrópuáætlun var samþykkt árið 1998. Það sem er sérstakt við þessa heilbrigðisáætlun er að hún byggir á greiningu á þörf fyrir heilbrigðisþjónustuna. Hún greinir í rauninni heilbrigðisástand þjóðarinnar og þar er skoðað hvar skórinn kreppir og hvernig við eigum að forgangsraða því. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að sérstaklega ætti að huga að þeim sjö heilbrigðisvandamálum sem hæstv. heilbrrh. nefndi áðan. Þetta eru þeir þættir sem sérstaklega þarf að taka á til þess að bæta heilsufar þjóðarinnar og þeir voru ákveðnir sem forgangsverkefni. Í stað almennra markmiða voru sett mælanleg markmið um hvert og eitt þeirra verkefna sem unnið er að og gerðar eru tillögur um leiðir. Það er hugsað þannig að í framhaldi af markmiðunum yrðu myndaðir hópar eða unnin ákveðin vinna til þess að gera nákvæmar tillögur um hvernig eigi að standa að því að ná þessum markmiðum. Þetta er sambærilegt við það sem Bretar hafa gert. Þeir settu sambærileg markmið og síðan unnin mikil vinna við framkvæmdaáætlun.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað tala aðeins lengur um þetta mál. En við fáum þá betra tækifæri við síðari umræðu málsins og ég geymi hugleiðingar mínar þangað til.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. getur flutt aðra ræðu við þessa umræðu. Hægt er að taka til máls tvisvar.)

[19:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þáltill. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010, langtímamarkmið í heilbrigðisþjónustu.

Hér er mjög gott mál komið fram. Það er mikil nauðsyn á því að setja sér slík markmið sem byggja á greiningu og eru mælanleg eins og þessi. Fyrri heilbrigðisáætlanir voru opnari og meira almenns eðlis og eins og hér hefur komið fram var kannski erfiðara að átta sig á því hvernig ætti að ná þeim markmiðum. En hér eru heilbrigðismarkmið sett fram eftir þörf og með mælanlegum markmiðum. Meiningin er að fara yfir það á hverju ári hvernig hefur gengið að ná þessum markmiðum og vonandi verða þá einhver úrræði til þess að bregðast við og herða aðgerðir til þess að ná markmiðunum ef þau hafa ekki náðst á árinu.

Áætlunin er sett fram í samræmi við Evrópuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Markmiðin eru 21 og skiptast í sex efnisþætti sem varða samábyrgð og jafnræði, bætt heilsufar, forvarnir og heilsuvernd, þverfaglegar aðgerðir, árangursríka heilbrigðisþjónustu og rannsóknir, samstarf og verkáætlanir. Fyrir heilbrigðisþjónustuna alla og í raun þjóðina er þetta ekki plagg til þess að geyma uppi í hillu. Þetta eru markmið sem allar heilbrigðisstofnanir eiga að vinna eftir og vinna eftir þeirri forgangsröð sem hér er sett fram. Það er ekki að ástæðulausu að áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir eru fyrstar af þeim sjö þáttum sem dregnir eru fram sem forgangsverkefni. Það eru þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á heilsu fólks og þeir þættir sem við getum að sama skapi mest unnið í.

Allir þessir sjö þættir sem settir eru fram sem forgangsverkefni hafa mest áhrif og sem við höfum möguleika til að bæta. Að mínu mati eru það raunhæf markmið sem hér eru sett fram. Ég ætla að vona okkar allra vegna að okkur takist að ná þeim og innan þess tíma sem hér er nefndur.

Ég ætla ekki að tala ítarlega um þessa heilbrigðisáætlun. Hún tekur í heild til ársins 2010 og hana á að endurskoðuða að fimm árum liðnum. Í kaflanum Stjórnkerfi og skipulag er m.a. rætt um fjarheilbrigðisþjónustu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á næstu árum má búast við enn meiri samþjöppun sérfræðilegrar heilbrigðisþjónustu. Innan fárra ára verður vart um að ræða nema nokkur fjölgreinasjúkrahús. Háskólasjúkrahús verður miðstöð hátækni- og sérfræðiþjónustu sem önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir tengjast með samhæfingu í rekstri og notkun fjarheilbrigðisþjónustu. Háskólastarfsemi mun einnig verða starfrækt utan sjúkrahúsa, jafnt innan heilsugæslunnar sem sérgreinaþjónustu utan sjúkrahúsa."

Ég vil vekja sérstaka athygli á fjarheilbrigðisþjónustu sérfræðinga að. Rétt eins og með háskólanám þá er tæknin góð í fjarkennslu en það kemur samt ekki í staðinn fyrir að fá sérfræðingana á staðinn og ég vil koma því að að það væri mjög áhugavert að auka sérfræðiþjónustuna einnig með aukinni tímabundinni farandsérfræðiþjónustu.

Ég tek undir þá forgangsröðun sem kemur fram í kaflanum um Markmið og forsendur og gleðst yfir því að hvergi skuli vera lögð áhersla á einkavæðingu í þessum markmiðum. Lögð er áhersla á samfélagslega þjónustu og ég er mjög ánægð með að sjá þessar áherslur. Bak við þessa áætlun er mikil vinna. Mjög margir hafa komið að verki og þetta hefur verið nokkurra ára vinna. Margir hafa gefið umsagnir. Og ég trúi því að góð sátt náist í þinginu um þessa áætlun. Við munum taka hana fyrir og ræða hana betur þegar hún kemur frá heilbr.- og trn.

[19:13]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að ræða ögn meira sérstaklega þau atriði sem hafa komið til umræðu í dag, ekki bara í morgun heldur einnig í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar undir síðasta lið, þ.e. um fjármögnun í heilbrigðisþjónustu, einkarekstur og einkavæðingu. Þá langaði mig sérstaklega til þess að fjalla um það sem snýr að þeim þáttum sem koma fram í heilbrigðisáætlun og vísa ögn til þeirrar stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur markað sér. Jafnframt langaði mig aðeins að lýsa hugmyndum mínum um einkavæðingu á þeim fáu mínútum sem ég hef vegna þess að ég tel að orðin einkavæðing, einkarekstur og slíkt séu ekki vel skilgreind. Ég tel að í hugum fólks, sérstaklega hv. þingmanna, hafi þau mismunandi merkingu. Ég varð vör við það sérstaklega í umræðunni í morgun að hugtökin höfðu mismunandi merkingu eftir því hver talaði.

Í kaflanum Fjármögnun heilbrigðisþjónustu á bls. 45 í Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er verið að ræða um Evrópumarkmiðin og þau taka til allra Evrópuríkja sem eiga aðild að Evrópudeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meðal aðildarríkjanna er samstaða um að fjármögnun heilbrigðisþjónustu verði að byggjast á jafnræði og stöðugleika. Óháð fyrirkomulagi fjármögnunar í hverju ríki fyrir sig verða ríkisstjórnir að tryggja að heilbrigðisþjónustan nái

til allra og að þeim sé tryggður aðgangur, auk þess sem hafa verður stjórn á þróun útgjalda.

Þjónustusamningar eru taldir áhugaverður kostur í stað hefðbundinnar fjármálastjórnar heilbrigðismála. Í þjónustusamningum verður að skilgreina ákveðnar kröfur og skyldur veitenda þjónustunnar og tryggja þeim umbun ef þeir rækja störf sín vel og á árangursríkan hátt. Í heilbrigðiskerfi sem kostað er af skattfé borgaranna eru helstu kostir samningsstjórnunar taldir vera: aukin valddreifing, árangursríkari starfsemi, betri áætlanagerð, betri stjórnun.

Jafnframt geta þjónustusamningar stuðlað að jafnræði til heilbrigðis, sé þeim beitt þannig að þeir tryggi að hópar sem búa við lélegar aðstæður og hafa mikla þjónustuþörf fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda."

Síðan er vikið að Íslandi og þar segir:

„Á Íslandi er samstaða um að heilbrigðisþjónustan sé að mestu leyti kostuð af almannafé."

Ég tek undir þetta. Það eru þau markmið sem við höfum sett okkur að heilbrigðisþjónustan sé að mestu kostuð af almannafé. Hún er kostuð af almannafé upp að um það bil 85% marki. Undanfarin ár og jafnvel áratug hefur heilbrigðisþjónustan verið kostuð beint úr vasa almennings, þ.e. ekki í gegnum skattana, sem nemur um 15%. Það hefur verið stöðugt og ekki verið áætlanir um að auka beina kostnaðarhlutdeild almennings.

En hvað eigum við þá við með einkavæðingu? Hvað er einkavæðing í mínum huga? Mig langar að segja frá því í nokkrum orðum. Ég tel að hv. þm. séu fremur sammála en ósammála í þessum efnum. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það, þegar ég tala um einkavæðingu, að samstaða sé um að heilbrigðisþjónuta sé samfélagsleg þjónusta sem að mestu sé kostuð af opinberu fé. Þetta er tilraun til að koma markaðsöflum inn í heilbrigðisþjónustuna án þess að ábyrgð samfélagsins á að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir almenning sé skert. Aðskilnaður milli kaupenda og seljenda heilbrigðisþjónustu hefur verið íhugaður. Það er ekki sami aðili sem kaupir þjónustuna og veitir þjónustuna. Í raun má segja að eins og þjónustusamningar innan heilbrigðisþjónustunnar eru tíðkaðir nú í dag þá hafi heilbrigðisyfirvöld gert þjónustusamninga við ríkisstofnanir. Ég sé ekki eðlismun á því að slíkur samningur sé gerður við einkaaðila. Þar er þjónustan og gæði hennar skilgreind og auk þess kostnaðurinn við þjónustuna. Ég sé ekki mun á því að gera slíka þjónustusamninga við einkaaðila annars vegar og ríkisstofnun hins vegar, svo framarlega sem við erum sammála um að þjónustan sé kostuð af almannafé.

Í löndunum í kringum okkur eru ýmsir aðilar kaupendur að þjónustunni fyrir hönd sjúklinga. Ýmist eru það ríkið, sjúkrasjóðir eða tryggingafyrirtæki eins og t.d. í Þýskalandi eða Austurríki eða heimilislæknar líkt og tíðkast t.d. í Bretlandi. Seljendur þjónustunnar eru sem sagt heilbrigðisstofnanir sem bjóða upp á tiltekna skilgreinda þjónustu. Með því að aðgreina kaupanda og seljanda að þjónustunni þá er einkaaðilum, fagfólki eða rekstraraðilum, falin ábyrgð á rekstri tiltekinna þátta í heilbrigðisþjónustunni.

Ég tel að með þessum aðferðum sé hægt að fá meira út úr þeim peningum sem við leggjum til heilbrigðisþjónustunnar. Ég hef kynnt mér þróun mála í Evrópu á síðustu árum. Þar hafa verið gerðar ýmsar tilraunir og kannski má segja að þær eigi það sammerkt að hafa verið í stöðugri þróun. Menn hafa skoðað hugmyndir um kaupendur og seljendur þjónustu og frekar færst á átt til þess sem kemur fram í heilbrigðisáætlun og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þ.e. langtímasamninga og þjónustusamninga.

Þær jákvæðu breytingar sem þessar skipulagsbreytingar hafa haft eru m.a. betri skilgreiningar á pólitískri og stjórnunarlegri ábyrgð og þær hafa leitt til þess að nútímalegir stjórnunarhættir hafa verið innleiddir í heilbrigðisstofnanir. Ég tel fulla þörf á að taka þannig á rekstri stofnana að þær séu reknar eins og hver önnur fyrirtæki út frá fjárhagslegu sjónarmiði. Heilbrigðisstofnanir eru að vissu leyti ekki eins og hver önnur fyrirtæki en þó er hægt að innleiða þar ákveðna stjórnunarhætti sem við getum lært af markaðinum. Slíkt leiðir jafnframt til þess að betur er skilgreint hvaða þjónusta er veitt og hvað hún kostar.

Þegar rætt hefur verið um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni finnst mér sá misskilningur oft koma upp að einkareksturinn sé eins og í hinu ameríska kerfi þar einstaklingurinn þarf að leggja meira fram úr eigin vasa til að borga þjónustuna. Málið snýst hins vegar ekki um það. Hugmyndir um einkarekstur í íslenska heilbrigðiskerfinu hafa verið á þeim nótum sem ég hef verið að lýsa. Ég vonast til að útlistanir mínar skýri í einhverju þær hugmyndir sem eru í gangi.

[19:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri í sjálfu sér skynsamlegt að fara út í langa og ítarlega umræðu um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og um hvað slíkt mundi snúast. Það var ágætt að hv. þm. skyldi koma að því í þessari umræðu en ég gerði tilraun til að fjalla sama mál áðan.

Hvað þýðir einkavæðing í heilbrigðiskerfinu í raun og veru? Þýðir hún minni útgjöld ríkisins á hagræðingu? Ég segi: Nei, það er ekkert sem sýnir fram á það. Þýðir hún betri þjónustu? Hugsanlega en ekki endilega. Þýðir hún betri nýtingu tækja og fjármagns? Ég held að svo sé ekki. Það hefur meira að segja verið sýnt fram á það mjög víða, mjög margir sem hafa sýnt fram á það í greinaskrifum og annars staðar, að þar á milli er ekki endilega samhengi þó þeir sem vilja koma á aukinni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu haldi því fram.

Varðandi heilbrigðisstofnanirnar þá er ljóst, og alveg rétt sem hv. þm. Ásta Möller sagði hér áðan, að þær geta lært ýmislegt af markaðnum varðandi stjórn fyrirtækja og stofnana. Þar er greinilega mikið verk ónunið. Við verðum samt sem áður að hafa það í huga að heilbrigðisstofnanir eru ekki eins og venjuleg fyrirtæki. Þær lúta ekki sömu lögmálum og fyrirtæki á markaði. Þær lúta ekki lögmálum framboðs og eftirspurnar af ástæðum sem við höfum margoft farið yfir í þessum ræðustól. Ég veit að hv. þm. Ásta Möller tekur undir það með mér að þetta eru ekki eins og venjuleg fyrirtæki. Þess vegna er mjög erfitt að nota þá röksemdafærslu að hið sama eigi við í heilbrigðisstofnunum og í almennum fyrirtækjum á markaði. Þar er umhverfið allt annað og við getum í mjög takmörkuðum mæli, a.m.k. hvað varðar grunnheilbrigðisþjónustu, fært almenn markaðslögmál yfir á heilbrigðisstofnanir.

[19:24]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir virðist geta svarað spurningum sem margir rannsakendur víða um veröld hafa ekki getað svarað, þ.e. varðandi það að einkarekstur leiði hvorki til minni útgjalda né hagræðingar. Þetta hefur verið skoðað mjög víða og ég hef undanfarið skoðað

slíkar rannsóknir. Í þeim kemur m.a. fram að mjög erfitt er að meta áhrif breytinga á rekstrarformi í heilbrigðisþjónustu þar sem þjónustan tekur stöðugum breytingum og mjög erfitt að finna út hvaða þættir valda tilteknum breytingum.

Hins vegar hafa verið gerðar tilraunir í þessa veru. Ég skoðaði m.a. athugun sem var gerð á heilbrigðiskerfum í Svíþjóð, Nýja-Sjálandi og Bretlandi. Þar kom fram að framleiðni er aukin í heilbrigiskerfunum þó óljóst sé hvort hana megi rekja til skipulagsbreytinga. Það eru ekki til rannsóknir sem meta gæði þjónustunnar. Ljóst er að starfsemin hefur aukist innan heilbrigðiskerfanna en það er alþjóðlegt og ekki hægt að sjá hvort það kemur til vegna skipulagsbreytinga. Framboð á þjónustu er aukið en á hinn bóginn er erfitt að meta kostnaðinn. Allar breytingar í heilbrigðisþjónustu hafa ákveðinn kostnað í för með sér — fleiri þætti hefði ég viljað nefna og ég geri það kannski á eftir — en hins vegar hafa þær jákvæðu breytingar orðið að betri stýring er á fjármagninu sem er til ráðstöfunar. Stjórnendur hafa tekið upp nútímastjórnunarhætti sem gera það að verkum að fremur er hægt að beina fjármagninu þangað sem þörfin liggur.

[19:26]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Ásta Möller hefði nákvæmlega sömu svör við öllum þessum spurningum og ég. Það er nefnilega ekkert sem sýnir fram hagkvæmni þeirra breytinga sem ég spurði um. Ég sagði að í raun hefði ekki verið sýnt fram á samhengi á milli t.d. einkareksturs í heilbrigðiskerfinu og hagræðingar. Margir hafa þó haldið slíku fram og eins að einkavæðing leiði til minni ríkisútgjalda. Það er klisja sem maður heyrir ansi oft og því miður er ekkert sem sannar það eða afsannar. Ef eitthvað er þá bendir margt til hins gagnstæða hvort sem skipulagsbreytingin sem slík er ástæðan eða ekki.

Eitt er mikilvægt að benda á, þ.e. jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu sem er mjög mikilvægt að við höfum alltaf í huga í þessari umræðu. Tvískipt heilbrigðiskerfi í nágrannalöndum okkar, þá vil ég nefna kannski helst Bretland til sögunnar, hefur leitt til þess að þar er langt í frá að menn njóti jafnræðis þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Það er ekki síst það sem ég hef áhyggjur af.

Margir vilja fara varlega í þessum efnum og við verðum að geta séð fyrir hvert einkavæðing í heilbrigðisþjónustu leiðir okkur, sérstaklega þegar það er ekki svo margt sem réttlætir slíkar breytingar. Nútímalegir stjórnunarhættir hafa kannski skilað árangri en það er hægt að innleiða nútímalega stjórnunarhættir á opinberum stofnunum þó að það kunni að vera þyngra í vöfum. Við þurfum að spyrja okkur hvaða verði við erum tilbúin að kaupa þetta. Ég verð aldrei tilbúin til að skrifa upp á breytingar sem kosta það að jafnræði fólks til heilbrigðisþjónustu sé á einhvern hátt ógnað.

[19:27]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Grundvöllurinn fyrir því heilbrigðiskerfi sem við höfum mótað undanfarin ár er jafnræði, m.a. í aðgengi. Það eru engin áform um það að breyta því. Hins vegar mættum við kannski hugleiða hvaða jafnræði er í biðlistum hér á landi. Er það jafnræði? Getur ekki einkarekstur, í því formi sem ég hef talað um, einmitt stytt biðlista og aukið jafnræði í heilbrigðisþjónustunni? Einkareksturinn mundi þannig sinna því fólki sem er á biðlista. (Gripið fram í.) Í því felast fleiri úrræði og ég fullyrði að með því fengist betri nýting á fjármagninu. Það er einu sinni svo að fólk fer betur með eigin peninga en annarra. Það er þannig.

Ég sé það sem mjög heppilegan kost í þessu dæmi að gera samninga við einkaaðila um rekstur ákveðinna þátta í heilbrigðisþjónustu. Ég vil sjá það í heilsugæslunni. Ég vil sjá það inni á sjúkrahúsunum. Ég vil brjóta sjúkrahússtarfsemina eins og hún er í dag upp í mun smærri einingar og fela ábyrgðina í hendur þeirra fagmanna sem þar starfa. Ég tel að þeir geti nýtt fjármagnið betur í minni einingum en starfræktar eru í dag.

[19:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef lofað því að tala hér örstutt enda hefur orðið ágætisumræða um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Af því að mér láðist að þakka fyrir það áðan þá ætla ég að þakka úr ræðustól Alþingis öllum þeim sem komu að gerð þessarar áætlunar. Í hana var lögð geysilega mikil vinna og margir komu að því starfi. Afraksturinn er eftir því og ber að þakka þá miklu vinnu. Ég þakka líka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og vona að þessi áætlun fái góða umfjöllun í heilbr.- og trn.

Til mín var aðeins beint einni spurningu. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir spurði mig um norræna samvinnu varðandi ýmsa þætti. Varðandi alla staðla þá höfum við mikla samvinnu við Norðurlöndin. Mikið upplýsingaflæði er á milli þessara landa og sérstök ráðherranefnd kemur saman reglulega. Við höfum mjög mikla samvinnu við aðrar norrænar þjóðir, enda margt skylt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (ríkistollstjóri). — Þskj. 433.

[19:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og fleiri lögum er varða tollgæslu og tollheimtu.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á yfirstjórn tollkerfisins. Megininntak breytingarinnar er að embætti ríkistollstjóra er lagt niður og verkefni þess falin fjármálaráðherra og tollstjóranum í Reykjavík.

Við heildarendurskoðun tollalaga á árunum 1986–1987 var ákveðið að færa ákveðin verkefni út úr fjmrn. til sérstaks embættis ríkistollstjóra. Jafnframt var kveðið á um að heimilt væri að tollstjórinn í Reykjavík gegndi því starfi. Í greinargerð frv. með þessari breytingu segir m.a., með leyti forseta:

„Embætti hans hefur auk þess um áratuga skeið annast tollafgreiðslu á nær öllum innflutningi landsmanna eða milli 80–90%. Við það embætti hefur einnig vegna umfangs innflutningsins skapast ákveðin verkaskipting varðandi afgreiðslu bæði innflutnings og útflutnings. Tollstjóraembættið í Reykjavík hefur því á að skipa mannafla sem er að mörgu leyti sérhæfður í ýmsum greinum tollamála, t.d. að því er varðar vörugreiningu, endurskoðun tollskjala, tollgæslu o.fl.“

Eftir samþykkt laganna fól fjmrh. tollstjóranum í Reykjavík að gegna jafnframt embætti ríkistolltjóra. Á árinu 1990

tók þáv. fjmrh. þá ákvörðun að setja á fót sjálfstætt embætti ríkistollstjóra. Það var þó ekki fyrr en með lögum nr. 69/1996, um breytingu á tollalögum, að embætti ríkistollstjóra var stofnað formlega og um leið var starf tollgæslustjóra lagt niður. Um leið var felld út heimild fjmrh. til að fela tollstjóranum í Reykjavík að gegna jafnframt stöðu ríkistollstjóra.

Við stofnun embætti ríkistollstjóra stóðu fyrir dyrum ýmis umfangsmikil verkefni á sviði tollamála, svo sem upptaka tölvuvæddrar tollskýrslugerðar og uppbygging tölvukerfis fyrir tollkerfið í heild. Frá þeim tíma sem liðinn er frá stofnun embættisins hefur margt áunnist. Þannig hefur verið byggt upp öflugt tölvukerfi fyrir tollkerfið sem hefur skipt sköpum fyrir þróun tollafgreiðslu í landinu. Nú er svo komið að 80% af tollafgreiðslu fyrir fyrirtæki eru afgreidd rafrænt þannig að ekki er lengur þörf á að senda skýrslur á pappír til tollsins.

Þetta hefur haft í för með sér gríðarlega mikið hagræði fyrir atvinnulífið og tollyfirvöld. Frá og með næstu áramótum munu svo allir aðilar sem flytja inn vörur í atvinnuskyni afgreiða tollskýrslur sínar á þennan hátt. Samhliða þessu hefur verið byggð upp öflug upplýsingaveita í tölvukerfi tollyfirvalda þannig að nú geta þeir sem þess þurfa sótt í gegnum tölvu flestar þær upplýsingar sem þeir þurfa í samskiptum sínum við tollyfirvöld.

Nú stendur embætti ríkistollstjóra hins vegar á ákveðnum tímamótum. Bæði hafa aðstæður breyst og auk þess liggur fyrir að núverandi ríkistollstjóri mun láta af störfum um næstu áramót. Við slík tímamót vakna óhjákvæmilega spurningar um hvernig til hafi tekist og hvert hlutverk embættisins eigi að vera til framtíðar.

Í dag er staða embættisins nokkuð veik af ýmsum ástæðum. Bæði skarast ýmis verkefni þess við verkefni annarra stofnana, einkum tollstjórans í Reykjavík, bæði á sviði tolleftirlits og tollframkvæmdar. Að mínu mati eru þau verkefni sem eru á hendi ríkistollstjóra ekki það umfangsmikil að þau kalli á sérstaka stofnun. Einnig er það mitt mat að fjmrn. hafi í ýmsum tilvikum gengið fulllangt í að ýta verkefnum á tollasviðinu út úr ráðuneytinu, t.d. varðandi stefnumótun, reglugerðasmíð og fleira. Hér er oft og tíðum um pólitísk málefni að ræða eins og á sviði fíkniefnavarna sem kalla óhjákvæmilega á atbeina ráðherra og því verður að vera til staðar ákveðin sérþekking innan veggja ráðuneytisins. Meginmarkmiðið hlýtur alltaf að vera að hafa kerfið einfalt og skilvirkt. Að mínu mati má vel hugsa sér að fela einum aðila ákveðið hlutverk hvað varðar leiðbeiningu og samræmingu, einkum í þeim tilvikum þegar sá aðili hefur á sinni hendi langstærstan hluta verkefnanna. Þar ætti að vera til staðar sú þekking og reynsla sem þarf. Þetta er t.d. það fyrirkomulag sem ráðuneytið hefur þegar ákveðið að hafa á sviði innheimtu opinberra gjalda.

Að því er varðar endurskoðun tollskjala hafa orðið mikil breytingar. Nánast allar tollskýrslur eru komnar í skjalalaust umhverfi, svokallað SMT-umhverfi og frá og með næstu áramótum eiga allar tollskýrslur að vera á því formi. Fyrirkomulag endurskoðunar á tollskýrslum er því með allt öðrum hætti en áður var. Þessi breyting hefur það í för með sér að endurskoðun á tollskjölum þarf að fara fram úti í fyrirtækjunum. Þetta krefst nýrra vinnubragða þar sem áherslan er á skýrar leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn til að vinna eftir og gera miklar kröfur til hæfni tollendurskoðenda. Má því segja að innri endurskoðun hljóti að koma í staðinn fyrir eftirlit ríkistollstjóra á þessu sviði.

Af framansögðu er ljóst að nauðsynlegt er að gera breytingar á yfirstjórn tollamála. Ég tel að þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á síðustu 10–15 árum hafi e.t.v. ekki skilað öllum þeim árangri sem til var ætlast. Staða ráðuneytisins hefur veikst, ekki er til staðar nægileg sérþekking og aðkoma þess að stefnumótun í dag er ekki nægileg. Úr þessu þarf að bæta. Ríkistollstjóraembættið er einnig of veikt miðað við núverandi aðstæður. Jafnframt er of mikil skörun á verkefnum milli ríkistollstjóra og tollstjórans í Reykjavík.

Áður en ég vík að efnisatriðum frv., herra forseti, tel ég rétt að gera frekari grein fyrir uppbyggingu tollkerfisins og rökum fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. þessu. Samkvæmt tollalögum er landinu skipt upp 27 tollaembætti. Sýslumenn eru tollstjórar hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem er sérstakur tollstjóri. Tollstjórar annast tollheimtu og tolleftirlit hver í sínu umdæmi. Þeir sjá um álagningu og innheimtu hvers konar tolla, skatta og gjalda sem lögð eru á og innheimt af innfluttum vörum, þar með talinn virðisaukaskatt. Þeir fylgjast einnig með framkvæmd tollalaga og tollgæslu, jafnframt því að veita einstaklingum og fyrirtækjum þjónustu og upplýsingar.

Auk tollumdæmanna er starfrækt embætti ríkistollstjóra sem hefur það meginverkefni að hafa eftirlit með tollstjórum, sinna tiltekinni rannsóknarvinnu á landsvísu, fara með samræmingarhlutverk, sjá um þróun og rekstur tölvukerfis tollyfirvalda, sjá um fræðslu tollstarfsmanna og útgáfumál sem og almenna miðlun upplýsinga. Loks er fjmrh. æðsti yfirmaður tollamála.

Honum ber sem slíkum að hafa eftirlit með því að ríkistollstjóri, ríkistollanefnd og tollstjórar ræki skyldur sínar. Ríkistollstjóri fer hins vegar í umboði ráðherra með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlit hvarvetna á tollsvæði ríkisins.

Með hliðsjón af smæð íslenska stjórnsýslukerfisins skiptir miklu máli að skipulag einstakra þátta þess sé einfalt og skilvirkt þannig að þekking og starfskraftar nýtist sem best til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Miðað við gildandi skipulag er í vissum tilvikum verið að sinna sambærilegum verkefnum hjá embætti ríkistollstjóra og embættum einstakra tollstjóra. Jafnframt er stefnumótun ýmist á hendi fjármálaráðuneytisins eða ríkistollstjóra. Af því leiðir að starfskraftar þeirra sem að þessum málum koma eru oft dreifðari en æskilegt væri vegna skörunar verkefna.

Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til í frumvarpi þessu að embætti ríkistollstjóra verði lagt niður og verkefni þess færð undir fjármálaráðuneytið og tollstjórann í Reykjavík. Samhliða því verði starfsemi einstakra tollstjóra efld, sem og þáttur fjármálaráðuneytisins í yfirumsjón með tollkerfinu.

Með þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er stefnt að því að samnýta sem best krafta starfsmanna í tollkerfinu með því að fækka stjórnsýsluembættum þess. Jafnframt verður hlutverk fjármálaráðuneytisins við stefnumótun í tollamálum eflt til muna. Af breytingunum leiðir að ábyrgð ráðherra á tollkerfinu verður skýrari og hlutverk hans í stefnumótun og uppbyggingu tollkerfisins markvissara en nú er.

Eftir breytinguna mun fjármálaráðherra bera mun ríkari ábyrgð en áður á eftirlitsþætti tollkerfisins, sem og eftirliti með einstökum tollstjórum. Auk þess hefur Ríkisendurskoð-

un almennt eftirlit með starfsemi einstakra tollstjóra hér eftir sem hingað til.

Samkvæmt tollalögum getur innflytjandi skotið úrskurði tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð og fjárhæð aðflutningsgjalda til ríkistollanefndar og verður engin breyting gerð á því. Á hinn bóginn munu aðrir úrskurðir tollstjóra, svo sem ákvörðun um niðurfellingu og endurgreiðslu aðflutningsgjalda, í öllum tilvikum sæta kæru til fjármálaráðherra, en samkvæmt gildandi lögum er það úrskurðarvald á hendi embættis ríkistollstjóra.

Með hliðsjón af því sem ég hef áður nefnt um nauðsyn þess að samnýta sem best starfskrafta þeirra sem vinna í tollkerfinu er gert ráð fyrir því að tollstjóranum í Reykavík verði falið að fara með tiltekið samræmingarhlutverk svo og að stýra, í samráði við við komandi tollstjóra, eftirlitsaðgerðum á landsvísu. Með slíkri hagræðingu er unnt að nýta betur þá fjármuni sem nú er varið til tollkerfisins til þess að styrkja mikilvæga þætti í starfsemi þess. Þar er einkum horft til herts fíkniefnaeftirlits og bættrar tollheimtu. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti haft umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu gerist þess þörf. Þrátt fyrir að tollstjóranum í Reykjavík sé falið að annast, í umboði ráðherra, tiltekna yfirumsjón þessara mála er lögð á það rík áhersla að hann hafi virkt samráð við tollstjóra í hverju umdæmi og að þeir fari með umsjón aðgerða í sínu umdæmi eftir því sem kostur er. Með því er einstökum tollstjórum gert kleift að sækja liðsstyrk til stærsta tollstjóraembættisins um leið og staðarþekking þeirra er nýtt til hins ýtrasta.

Þá verður leitast við að tryggja að boðleiðir og forræði á stjórnun aðgerða sé með skýrum hætti og um leið lögð áhersla á virkt samráð milli einstakra tollumdæma og ráðuneytisins.

Aukinn innflutningur ólöglegra fíkniefna samhliða auknum umsvifum í inn- og útflutningi krefst þess að leitast sé við að hafa skipulag tollkerfisins þannig að það sé sem best í stakk búið að sinna eftirliti með innflutningi fíkniefna.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur ríkistollstjóri með höndum stefnumótun á sviði fíkniefnaeftirlits auk þess sem hann hefur heimild til að sinna eftirliti á landsvísu. Tollstjórar fara hins vegar með framkvæmd tollgæslu hver í sínu umdæmi. Eins og að framan greinir fer langmest af vöruflutningi til og frá landinu um umdæmi tollstjórans í Reykjavík. Af því leiðir að starfsmenn hans koma óhjákvæmilega mest að framkvæmd daglegs eftirlits og hafa því góða innsýn inn í þau verkefni sem fengist er við hverju sinni. Starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafa enn fremur nokkra reynslu af samvinnu við önnur tollumdæmi á sviði fíkniefnaeftirlits.

Með breytingum á hlutverki tollstjórans í Reykjavík, samkvæmt frumvarpi þessu, aukast möguleikar tollyfirvalda til að nýta þessa reynslu í þágu virkara eftirlits með ólöglegum innflutningi fíkniefna. Embættið verður þannig betur í stakk búið til að undirbúa eftirlit með nákvæmari áhættugreiningu en nú er og getur þannig sinnt tollgæslu markvissar. Sú þekking ætti einnig að nýtast öðrum tollstjórum við skipulagningu tollgæslu í umdæmum sínum. Þannig ætti svigrúm embættisins til frekara samráðs við önnur tollstjóraembætti að aukast.

Auk eftirlits með ólöglegum innflutningi fíkniefna er mikilvægt að efla almennt eftirlit með tollheimtu. Vegna nýrrar tækni við afgreiðslu aðflutningsskýrslna með rafrænum hætti hefur sjálfvirkni í tollafgreiðslu innfluttra vara aukist verulega. Þetta birtist einkum í því að nú eiga innflytjendur möguleika á að senda aðflutningsskýrslur með tölvuskeyti til viðkomandi tollstjóra. Af því leiðir að innflytjendur þurfa ekki að leggja fram kvittanir fyrir innfluttum vörum og farmskírteini í tengslum við hverja tollafgreiðslu. Auknar kröfur til meiri hraða og skilvirkni við tollafgreiðslu og stóraukið vöruflæði hefur leitt til þess að starfsmenn tollyfirvalda koma æ minna beint að hverri tollafgreiðslu. Aðstæður til tollendurskoðunar eru því gjörbreyttar. Þessi þróun hefur leitt til þess að nú er nauðsynlegt að sinna tolleftirliti úti í fyrirtækjunum sjálfum og byggja eftirlitsaðgerðir á vel skilgreindu áhættumati þar sem leitast er við að greina hvar helst sé líklegt að brot séu framin. Þessi starfsemi kallar á nýjar áherslur, aukna menntun og sérhæfingu starfsmanna tollsins. Með þeim skipulagsbreytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verður tollkerfið hæfara til að sinna þessum verkefnum þar sem mannafli þess ætti að nýtast betur.

Starfsmenn ríkistollstjóra eru nú rúmlega 20 talsins og starfa þeir í fjórum deildum. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu verður leitast við að bjóða þessum starfsmönnum áframhaldandi störf í tollkerfinu, sambærileg þeim sem þeir gegna nú, eftir því sem kostur er, enda afar mikilvægt að nýta sem best þá sérfræðiþekkingu sem núverandi starfsmenn embættisins búa yfir.

Ég legg mikla áherslu á að tryggt verði að þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í frv. valdi sem minnstri röskun á högum starfsmanna og starfsöryggi þeirra. Í því skyni hélt ég fund með starfsmönnum ríkistollstjóra um leið og gert var opinbert að ríkisstjórnin hygðist leggja fram frv. þetta. Þar fór ég yfir aðdraganda málsins, helstu rökin fyrir breytingunum og svaraði spurningum starfsmanna um þetta mál. Ég hvatti jafnframt starfsmenn til að snúa sér til ráðuneytisins með þær spurningar sem kynnu að vakna um skipulagsbreytingarnar almennt ellegar stöðu þeirra sjálfra. Verði frv. þetta að lögum munu starfsmenn ráðuneytisins fara yfir málið með hverjum og einum starfsmanni í samstarfi við tollstjórann í Reykjavík.

Að lokum vil ég árétta, herra forseti, að með þeim breytingum sem lagðar eru til í því frv. sem ég mæli fyrir verður í engu dregið úr tollgæslu. Hins vegar verður tollstjórinn í Reykjavík betur í stakk búinn til að veita liðsinni við tolleftirlit í öðrum umdæmum þegar nauðsynlegt er að efla það þar tímabundið og jafnframt að samhæfa eftirlitsaðgerðir í fleiru en einu umdæmi. Í tengslum við það er mikilvægt að komið verði á fót viðvarandi samráði við tollstjóra varðandi skipulag tolleftirlits á landsvísu sem og reglubundið samráð milli ráðherra og tollyfirvalda. Í því sambandi vil ég nefna að nauðsynlegt verður að gera nýjan árangursstjórnunarsamning við embætti tollstjórans í Reykjavík verði frv. þetta að lögum þar sem kveðið verður nánar á um starfsemi þess, þar á meðal samskipti þess við önnur tollstjóraembætti.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[19:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti reyndar ekki von á að þetta frv. yrði tekið fyrir í dag þannig að sá sem hafði skoðað það hjá mér er ekki í þinginu sem stendur. Ég ætla hins vegar ekki að gera athugasemdir við að þetta mál fari áfram en vil koma með nokkrar spurningar.

Sú fyrsta lýtur í raun að samráði við starfsfólk. Um leið og ég hafði beðið um orðið gerði hæstv. fjmrh. því nokkur skil en ég vil bæta við spurningu þar að lútandi:

Hefur því starfsfólki sem vinnur hjá ríkistollstjóra verið tryggð störf annars staðar og hversu margir vinna við embættið?

Munu þessar breytingar hafa einhver áhrif á þjónustu við neytendur sem hafa mikil samskipti við embættið?

Breytir þessi nýja tilhögun einhverju í þjónustu almennt við neytendur eða kostnað við þá þjónustu?

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra nefndi árangurssamninga við tollstjórann í Reykjavík. Er verið að gera því skóna að tollstjórinn í Reykjavík verði með um það bil sömu verkefni og sýslumennirnir út um land?

Herra forseti. Þar sem þetta er svo lítið skoðað af minni hálfu geri ég fullan fyrirvara við málið og lýsi því yfir að það verður skoðað af okkur í Samfylkingunni í nefnd.

[19:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilgangurinn með þessu frv. er að nýta betur fjármagn og mannafla sem varið er til tollamála. Við teljum að nýta megi betur þá fjármuni og þann mannafla með skipulagsbreytingunni sem hér er lögð til.

Ég hef kynnt þetta fyrir starfsfólkinu sem er rúmlega 20 manns. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þörf verði fyrir starfskrafta þeirra allra og sérhæfingu eftir þessa skipulagsbreytingu vegna þess að þeim verkefnum sem þarna er sinnt, þarf að sinna áfram. Það verður ýmist gert í ráðuneytinu eða á vettvangi tollstjórans í Reykjavík, sem fór reyndar áður með mikið af þessum verkefnum. Ég hef gert starfsfólkinu ítarlega grein fyrir þessu á fundi sem ég bað um áður en frv. var kynnt opinberlega.

Að því er varðar þjónustuna við almenning þá á almenningur yfirleitt ekki erindi við embætti ríkistollstjóra. Þeim mun fleiri eiga erindi við embætti tollstjórans í Reykjavík sem og sýslumennina úti um land, sem eru tollstjórar. Hins vegar er ekki hægt að líkja tollstjóranum í Reykjavík saman við sýslumenn úti á landi. Þeir sinna ýmsum verkefnum en hann er sérhæft embætti sem fjallar um tollheimtu, tollgæslu og tolleftirlit á hans yfirráðasvæði. Um það svæði fara á milli 80 og 90% alls innflutnings til landsins auk þess sem embættið er stærsti innheimtuaðili ríkissjóðs að því er varðar opinber gjöld.

[19:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. þessi svör. Ég tek fyrst og fremst eftir þessu með starfsfólkið. Þessi breyting hefur verið kynnt 20 manns sem starfa hjá ríkistollstjóra. Nú er það ljóst að þarna eru um tvö stjórnsýslustig að ræða, er það ekki? Eða heyrir þetta e.t.v. hvort tveggja beint undir embætti fjmrn.? Mun ráðherra með einhverjum hætti geta haft milligöngu um að þetta sérhæfða starfsfólk, 20 manns, fái störf ef það kýs svo á öðrum hvorum staðnum?

[19:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði einmitt að ætlunin væri að nýta þessa starfskrafta til fulls áfram. Það er full þörf fyrir þetta góða starfsfólk og þó að skipulaginu sé breytt eru verkefnin áfram fyrir hendi.

Ég lét þess getið að markmiðið með þessum breytingum væri að nýta betur mannafla og fjármagn sem rennur í þennan málaflokk. Við sjáum fyrir okkur að hægt verði að fá meira út úr því fjármagni með þessum breytingum og efla þar með vissa mikilvæga og viðkvæma þætti í þessari starfsemi, t.d. fíkniefnaeftirlit.

Varðandi hinn stjórnsýslulega þátt þessa máls þá er verið að taka þarna embætti sem hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart öðrum tollstjórum í landinu, þetta er yfirtollstjórinn ef svo mætti segja, ríkistollstjórinn, og flytja eftirlitsþáttinn yfir í fjmrn. eins og var hér áður fyrr. Tollstjórinn í Reykjavík verður þar með ekki eftirlitsaðili með öðrum tollstjórum. *Embætti hans er ekki sett skör hærra en annarra tollstjóra* og heldur ekki í þá aðstöðu að þurfa að hafa eftirlit með sjálfu sér. Slíkt gengur ekki í nútímastjórnsýslu og það verkefni verður hjá ráðuneytinu.

Ætlunin er aftur á móti að tollstjórinn í Reykjavík, sem er langsamlega öflugasta embættið á þessu sviði, fái ákveðið samræmingarhlutverk gagnvart hinum tollstjórunum sem eru auðvitað á sama stjórnsýslustigi. Hann gæti og veitt þessum embættum öfluga þjónustu og stuðning í vissum verkefnum. Við vitum að þar getur verið um að ræða tímabundnar aðgerðir eða verkefni sem lítil embætti úti á landi geta stundum átt í erfiðleikum með að sinna án aðstoðar frá hinum stærri embættum. Það mun þá falla í hlut tollstjórans í Reykjavík að sinna því.

[19:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að að sé endilega svo slæm breyting að leggja niður embætti ríkistollstjóra eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það kunna vel að vera rök fyrir því að ekki sé ástæða eða tilefni til að halda þar úti sjálfstæðu stjórnsýsluembætti eða stofnun. Þó vekur það ýmsar spurningar þegar maður sér þróunina ganga í þá átt sem þarna er lögð til, að slík verkefni hverfi til baka inn í ráðuneytið þaðan sem þau voru færð fyrir 10–12 árum síðan, ef ég man rétt. Þá hlýtur það jafnframt að vera svo, til viðbótar breyttum aðstæðum að einhverju leyti, að skipan mála hafi að dómi manna ekki gefist nógu vel. Ég hef hins vegar vissar efasemdir um að á þessu sviði sé endilega heppilegt að þessi verkefni hverfi aftur til ráðuneytisins. Ég hélt að almenna þróunin væri frekar í hina áttina, að færa verkefni af þessu tagi út til sjálfstæðra stjórnsýslustofnana og menn vildu síður hafa þau inni í ráðuneytunum sjálfum, jafnvel þó það yrðu ekki mjög stórar stofnanir eða mannaflafrekar sem til sögunnar kæmu.

Að þessu leyti virðist þróunin dálítið mótsagnakennd, herra forseti. Undanfarin ár höfum við séð allnokkrar slíkar sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir verða til. Menn hafa einmitt leitast við að færa út úr ráðuneytum verkefni sem mönnum finnst ekki liggja svo nærri hinni formlegu yfirstjórn mála og framkvæmdarvaldinu sjálfu að það sé að öllu leyti heppilegt að hafa þau þar. Þannig hefur einmitt verið með eftirlitshlutverk af því tagi sem þarna var að hluta til staðar hjá ríkistollstjóra.

Í öðru lagi, herra forseti, finnst mér dálítill miðsæknisblær á þessu máli. Maður spyr sig hvort það sé endilega sjálfgefið að þó menn vilji leggja niður sjálfstætt embætti ríkistollstjóra, þá eigi að gera það með þessum hætti. Annars vegar að færa verkefni aftur inn í ráðuneytið og hins vegar að gera einn af tollstjórum landsins, tollstjórann í Reykjavík, með tilteknum hætti að yfirtollstjóra í landinu.

Ég hefði viljað skoða það mál betur, herra forseti, en mér virðist ætlunin að gefa tíma til hér. Ég vek athygli á því að samkvæmt þessu frv. er gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar árið 2001. Það er nú ekki mjög langt þangað til þannig að hæstv. ráðherra hefur ekki ætlað Alþingi langan tíma til að fara ofan í saumana á frv. Breytingin er kannski ekki svo stórvægileg. Það tengist mannabreytingum og fleiru að þetta geti allt gengið. Þarna er ákv. til brb. sem væntanlega er ætlað að taka á réttaróvissu sem kynni ella að koma upp um áramótin, þ.e. að taka á því hvernig réttindi og skyldur embættisins færast til ráðuneytisins og tollstjórans í Reykjavík. Ég tel þó að tæpast verði um það deilt að ágætt hefði verið að hafa einhverjar vikur í viðbót til að skoða þetta.

Ég tek gild orð hæstv. ráðherra um að leitast eigi við að leysa þau mál sem snúa að starfsmönnum þannig að þeim verði boðin sambærileg störf eftir því sem það er mögulegt. Vonandi þarf ekki að koma til neinna uppsagna enda er það væntanlega ekki ætlunin að menn standi á götunni.

Hins vegar er ekki ljóst, herra forseti, hvort sjálfgefið er að standa að þessum breytingum eins og hér er ætlað. Mér sýnist a.m.k. einn þáttur þessa máls verða dálítið sérkennilegur. Það er hlutverk og staða tollstjórans í Reykjavík, sem eins af tollstjórunum í landinu, gagnvart kollegum sínum annars staðar. Ég vek athygli á orðalagi á bls. 8 í grg. frv. sem hæstv. ráðherra fór yfir að hluta, en þar stendur, m.a. undir fyrirsögninni Tilflutningur verkefna til tollstjórans í Reykjavík, með leyfi forseta:

„Samhliða fyrrgreindri tilfærslu verkefna til fjármálaráðuneytis verður tollstjóranum í Reykjavík falið að fara með tiltekið samræmingarhlutverk svo og að stýra, í samráði við viðkomandi tollstjóra, eftirlitsaðgerðum á landsvísu.“

Þetta er nokkuð athyglisvert orðalag, herra forseti. Svo er talað um að með slíkri hagræðingu eigi að vera hægt að nýta betur fjármuni o.s.frv. og að einkum sé horft til herts fíkniefnaeftirlits og bættrar tollheimtu.

Svo kemur, herra forseti, það sem ég staldraði kannski mest við út frá réttarfarslegri hlið þessara mála:

„Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti haft umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu gerist þess þörf. Þrátt fyrir að tollstjóranum í Reykjavík sé falið að annast, í umboði ráðherra, tiltekna yfirumsjón þessara mála er lögð á það rík áhersla að hann hafi virkt samráð við tollstjóra í hverju umdæmi og að þeir fari með umsjón aðgerða í sínu umdæmi eftir því sem kostur er.“

Herra forseti. Nú er það svo að tollgæslan fer með tiltekið lögregluhlutverk og þá spyr maður: Er ekki með vissum hætti verið að bjóða upp á mögulega árekstra með orðalagi af þessu tagi? Er ekki hætt við því, herra forseti, að þarna komi til núnings ef svo óljóst er um hlutina búið? Eða er verið að dulbúa það að í raun verði tollstjórinn í Reykjavík nánast það sem ríkistollstjóri var áður, settur yfir hina tollstjórana í landinu? Það er voðalega erfitt annað en fá það á tilfinninguna að þannig muni þetta í reynd verða. Sé svo ekki þá bið ég um nánari skýringar á því hvar landamærin verða dregin.

Það er augljóslega ekki hægt að bera þetta saman við samskipti ríkistollstjóra áður og einstakra tollstjóra í landinu. Þar er ólíku saman að jafna. Það er auðvitað ljóst að lagalega var ríkistollstjóri yfir aðra tollstjóra landsins settur og engin deila um það.

Vissulega er tollstjóraembættið í Reykjavík langmikilvægast. Hér fer stærstur hluti varningsins í gegn en þar með er ekki endilega sagt að eftirlitið þurfi að beinast að því í sama mæli. Oft hefur ekki síður verið talin ástæða til að halda uppi virku eftirliti á smærri stöðum eða þar minna vörumagn fer í gegn, einfaldlega vegna þess að menn sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu hugsi sér að kannski sé frekar hægt að sleppa í gegn þar sem eftirlitið er mögulega minna.

Menn geta ekki bara horft á það að þarna fari um svo hátt hlutfall eins og hæstv. fjmrh. nefndi, 80% eða svo, af almennum vöruinnflutningi inn um þessa höfn. Það gerir það í miklum magnsendingum en fjöldi eininga getur verið annar. Eins vísa ég til þess að eftirlitinu gæti þurft að haga með fleiri þætti í huga en hlutfallslegt magn varnings.

Að síðustu vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Var það skoðað í tengslum við þessa breytingu að grípa tækifærið, úr því að hér á að leggja niður stofnun og embætti og færa verkefnin annað, og láta eitthvað rætast af öllu talinu að færa verkefni út á land? Kom ekki til greina að fela það öðrum tollstjóra, t.d. tollstjóranum á Akureyri eða sýslumanninum þar, e.t.v. með því að stofna sérstakt tollstjóraembætti, og færa slík verkefni þangað? Nei, ég efast um að það hafi verið skoðað, gefi ég mér svarið svona að hálfu leyti fyrir fram. Mönnum hefur af gömlum vana þótt svo sjálfsagt að þessi verkefni færðust inn í ráðuneytið og til tollstjórans í Reykjavík að slíkir hlutir hafa væntanlega ekki verið hugleiddir.

Það ætti þó að vera hægt að koma slíku við með öllum pappírslausu viðskiptunum og rafrænu sendingunum sem samskiptin eru að færast yfir í, eins og hæstv. fjmrh. vitnaði til. Í sjálfu sér skiptir staðsetning samræmingar- og eftirlitsaðilans, landfræðileg staða hans, ekki öllu máli. Hefði þetta þá ekki verið upplagt? Hefði ekki verið kostur að hafa umsjón þessa ekki hjá tollstjóranum í Reykjavík vegna þess hve yfirgnæfandi stórt það embætti er? Hefðu þessi verkefni ekki verið prýðilega komin t.d. á Akureyri eða Eskifirði, þ.e. annars staðar þar sem er þó umtalsverður inn- og útflutningur og tollstjóri eða sýslumaður er til staðar?

Þetta leyfi ég mér að nefna, herra forseti, af því að þetta vill æðioft gleymast þrátt fyrir öll fögru fyrirheitin og hástemmdu yfirlýsingarnar og loforðin um að nú eigi aldeilis að brjóta í blað og í krafti hinnar nýju tækni og möguleika muni stórir hlutir gerast í þessum efnum hvað varðar flutning starfa og verkefna út um landið og dreifingu á þjónustunni o.s.frv.

Hitt er alveg ljóst öllum sem til þekkja að þróunin er öll í hina áttina og hún er alltaf í gangi. Það er alltaf uppi sú tilhneiging að taka verkefnin og færa þau saman á einn stað. Annað embætti, náskylt ríkistollstjóraembættinu, hefur verið gott dæmi um þetta undanfarin ár, það er ríkisskattstjóri. Ég hef fylgst með því hvernig það hefur verið undanfarin ár. Það hafa ítrekað komið plögg og verið í gangi þróun að draga undir ríkisskattstjóraembættið hluti sem voru áður úti í umdæmunum.

Ég hef m.a. beitt mér fyrir því að stöðva slíka hluti sem voru á ferðinni í lagafrumvörpum í þinginu, algjörlega hugsunarlaust og vélrænt. Mönnum fannst einfaldast að hafa þetta allt hér og færa þetta saman undir eitt stórt embætti í Reykjavík. Þá er auðvitað ekki von á góðu, þá er ekki von á öðru en næst komi tillaga um að leggja viðkomandi sýslumannsembætti niður o.s.frv., en það er það sem verið er að gera. Fyrst eru reytt af þeim verkefnin, ekki er höfð sú hugsun uppi að nýta betur þann mannafla og aðstöðu sem þar

er til staðar. Nei, verkefnin eru dregin undan þessum embættum og svo koma menn og segja: Það er engin glóra í því að vera með sýslumannsembætti á þessum stöðum, það er of lítið fyrir þá að gera. Sama verður sjálfsagt fljótlega uppi á teningnum með tollumsýsluna í landinu. Verður ekki næsta frv. ef svo heldur sem horfir eftir fimm eða tíu ár frv. um að leggja öll tollstjóraembætti niður, nema bara tollstjórann í Reykjavík?

Herra forseti. Ég óttast ef menn fara vélrænt og hugsunarlaust í gegnum hverja breytinguna á fætur annarri að þá endi þetta allt með einhverjum slíkum hætti.

Ég hefði gjarnan viljað ef tími hefði verið til, ég skal ekkert vera að krefja hæstv. ráðherra endilega svara um þetta eða neyða hann til langra ræðuhalda hér, en mér hefði þótt ástæða til að farið yrði yfir þessa hluti, ef ekki nú, þá í þingnefnd sem fjallar um þetta mál og síðan við 2. umr. því jafnvel þótt naumur tími sé til stefnu og menn telji sig vera með ákaflega merkilegt og vandað og vel búið mál í höndunum geti verið ástæða til að fara yfir ýmislegt þar og skoða ýmislegt í því sambandi. Menn mega ekki kasta svo til höndunum eða flýta sér svo að menn neiti sér alveg um möguleikann á því að fara yfir hlutina með gagnrýni og velta því fyrir sér hvort fleiri möguleikar séu í stöðunni.

[20:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég geri ekki lítið úr nauðsyn þess að fara vel og rækilega yfir hlutina með gagnrýni og treysti því að þingnefndin geri það eins og umrædd efh.- og viðskn. er þekkt fyrir að gera.

En að því er varðar síðasta atriðið sem hv. þm. nefndi, þ.e. hinn landfræðilega þátt málsins, hvort ekki hefði verið hægt að flytja þessi verkefni út á land þá vil ég segja eftirfarandi:

Ég fór yfir þá hluti með samstarfsmönnum mínum í ráðuneytinu. En hvað er verið að gera? Það er verið að flytja þætti sem eru staðsettir í Reykjavík til annarra aðila í Reykjavík. Það er ekki verið að taka neitt utan af landi og flytja til Reykjavíkur. Það er verið að flytja verkefni af Skúlagötunni niður á hafnarbakka við Reykjavíkurhöfn eða þá upp í Arnarhvol. Ég vil segja að sem betur fer felst ekki í þessu frv. neinn tilflutningur af því tagi sem hv. þm. gat um og við höfum margrætt í þessum sal við ýmis tilefni.

Ég held kannski að þvert á móti gefist með þessari breytingu tækifæri til að efla eftirlitsstarfsemi hinna ýmsu tollstjóra úti um land, sem eru náttúrlega sýslumennirnir, í nánu samstarfi við tollstjórann í Reykjavík.

Hv. þm. velti því fyrir sér í upphafi hvort það væri rétt stefna að taka inn í ráðuneytið hluti sem hefðu farið þaðan í burtu fyrir einhverjum árum. Í grundvallaratriðum er það ekki rétt stefna enda er ekki verið að taka inn í ráðuneytið margt af því sem þar var áður. Ég gat þess í framsöguræðu minni að úrskurðir sem fara til ríkistollanefndar í dag munu gera það áfram en áður en lögum um tollamál var breytt 1987 var ráðuneytið í því að úrskurða um öll möguleg smáatriði í framkvæmd tollalaganna, og langt fram á þennan áratug um tollflokkun og ýmis slík atriði sem getur skapast ágreiningur um og er yfirleitt til mikilla leiðinda fyrir hinn almenna borgara að þurfa að standa í slíku ef ekki eru skýrar málsmeðferðarreglur um slíkt. Áður fyrr fjallaði ráðuneytið um slíkan ágreining. Þá var iðulega beitt aðferðum til að hafa áhrif á úrskurði ráðuneytisins sem þætti kannski ekki góð latína nú til dags. En þessu hefur verið komið til ríkistollanefndar og það verður engin breyting á því. Þar er um að ræða úrskurði um gjaldskyldu, tollflokkun, tollvernd og fjárhæð aðflutningsgjalda eins og ég gat um áðan.

Aftur á móti eiga önnur verkefni eins og eftirlitsþátturinn eins og ég útskýrði í framsöguræðu minni með framkvæmdinni kannski ekkert heima annars staðar en í ráðuneytinu sem ber meginábyrgðina á yfirstjórn þessa málaflokks. Í tollalögum segir að fjmrh. fari með þá yfirstjórn. Að því leyti til má kannski segja að gengið hafi verið fulllangt í að koma slíku eftirliti út úr ráðuneytinu og því sé eðlilegt að taka það til baka, ekki síst þar sem um er að ræða pólitíska málaflokka eða atriði sem geta verið mjög viðkvæm pólitískt eins og fíkniefnamálin þar sem iðulega er nauðsyn að til komi beinn atbeini ráðherra. Þetta vildi ég segja um þetta atriði.

Síðan að því er varðar tollstjórann í Reykjavík og spurningar þingmannsins um það þá er tekið skýrt fram í frv. að það samræmingarhlutverk sem hann fær með þessu frv. er allt saman í umboði fjmrh. Hér segir:

„Tollstjórinn í Reykjavík skal í umboði ráðherra annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði íslenska ríkisins."

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ekki er verið að gera tollstjórann í Reykjavík að æðra stjórnvaldi en aðrir tollstjórar eru. Honum er heldur ekki ætlað það erfiða hlutverk að hafa eftirlit með eigin tollframkvæmd. En það sem um er að ræða er að þetta er yfirgnæfandi stærsta og burðugasta embættið á þessu sviði sem hefur innan borðs langmestu þekkinguna og burðina til að takast á við þessi verkefni. Það liggur nokkuð beint við að hann taki að sér t.d. verkefni á sviði tölvumála sem eru nú hjá ríkistollstjóra, rekstur tölvukerfis sem þar er, sem er náttúrlega hjartað í þessari starfsemi, tollskólann sem er starfræktur hjá ríkistollstjóra og fleiri slík atriði. Mér finnst það liggja nokkuð eðlilega fyrir. Síðan finnst mér ekki ástæða til að gera lítið úr því, eins og mér fannst hv. þm. gera, að yfirgnæfandi meiri hluti innflutningsins fer um höfnina í Reykjavík og það skiptir auðvitað máli í þessu.

Ég er sammála honum um að það er mjög nauðsynlegt að hafa eftirlit með þeim smugum sem kunna að vera annars staðar á landinu að því er varðar innflutning og að þeir sem þar bera ábyrgð á tollgæslunni fái þá aðstoð sem þeir þurfa þegar kemur til slíkra mála.

Í sumum tollembættum eru tollafgreiðslur á ári hverju innan við tíu, jafnvel teljandi á fingrum annarrar handar, stundum engar sum árin. Það er því ekki er hægt að ætlast til að slík embætti ráði yfir mikilli sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

Tollstjórinn í Reykjavík annast því yfir 80% af öllum innflutningi en næststærsta embættið er hér í nágrenninu, suður í Hafnarfirði, þar sem er líka verulegur innflutningur. Þessi tvö embætti ásamt Akureyri eru náttúrlega með yfirgnæfandi stærsta hlutann af þeim tollafgreiðslum sem um er að ræða.

Ég tel því að þó að tollstjórinn í Reykjavík fái með þessu frv. og væntanlegum lögum ríkara hlutverk í vissu sambandi og í umboði ráðherra sé ekki verið að taka hann óeðlilega út úr umfram það sem er nú í raun og að lögum. Ég vil undirstrika það. Hins vegar vilja menn nýta sér hagkvæmni stærðarinnar, ef svo mætti segja, og þá staðreynd að þetta embætti er í dag langstærst og langbest í stakk búið til að sinna þessum verkefnum.

Ég vil svo bæta því við í lokin að alltaf eru álitamál í svona skipulagsbreytingum og álitamál í sambandi við þetta. Hv.

þm. nefndi nokkur þeirra. Álitamál um hver verkaskiptingin á að vera, hvernig á að flytja þetta á milli o.s.frv. Við höfum farið í gegnum þau álitamál öll. Auðvitað má segja að enginn heilagur sannleikur sé til í því efni. Það er ekki endilega eitt sem er fræðilega best að því leyti til en niðurstaða okkar er sú að skynsamlegt sé að gera þessa breytingu að öllum þessum álitamálum virtum. Þegar búið er að fara í gegnum þau, bæði þau sem þingmaðurinn nefndi og fleiri atriði, þá sé þetta sú niðurstaða sem rétt sé að beita sér fyrir.

Ég virði að sjálfsögðu fullkomlega önnur sjónarmið en þetta er niðurstaða okkar í ráðuneytinu þegar við höfum farið vel í gegnum þetta mál. Ég hef kynnt þetta fyrir starfsmönnum og ég vona að frv. fái greiða og góða fyrirgreiðslu í þinginu. Að sjálfsögðu er eðlilegt að nefndin og þingmenn fari vel í saumana á því eins og öðrum mikilvægum málum.

[20:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og viðbrögð við hugleiðingum mínum. Eins og ég sagði var ég ekki að boða neina andstöðu við frv. en hins vegar vakna ýmsar spurningar í tengslum við það og ég virði það við ráðherra að hann hefur svarað þeim og ýmsu af því sem ég kom inn á málefnalega.

Það er alveg ljóst að með þessu er ekki verið að færa verkefni frá landsbyggðinni og undir þessi embætti hér, það er fyrst og fremst verið að flytja til störf í Reykjavík. En spurningin er kannski meira sú hvort þær breytingar séu líklegar til að vera hluti af þróun og stuðla að þróun sem smátt og smátt færi þetta allt á einn stað. Þar held ég að sé fullkomlega ástæða til að vera á verði.

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann teldi það ekki í grundvallaratriðum rétta stefnu að vera að draga verkefni til baka undir ráðuneyti sem þaðan hefðu verið flutt. Þá erum við hæstv. ráðherra líklega sammála um að ráðuneytin eigi ekki að túlna út heldur eigi þau fremur að vera fámenn og viðbragðssnögg yfirstjórn í málaflokknum og þá sé, þegar umfang verkefnanna kallar á það, betra að byggja á sjálfstæðum stjórnsýslu- og framkvæmdastofnunum sem heyri undir ráðuneytin en þenja þau út og gera þau að mörg hundruð manna batterium. Þetta eru í grundvallaratriðum þær tvær leiðir sem menn eiga oft um að velja. Íslenska Stjórnarráðið og skipan mála hér er reyndar býsna misjöfn hvað þetta varðar. Í sumum málaflokkum eru ráðuneytin mjög stór og hafa engar sérstakar undirstofnanir, eins og heilbrrn. er dæmi um, en í öðrum tilvikum eru ráðuneytin lítil, viðbragðssnögg, en byggja á stofnunum. Ég er að mörgu leyti miklu hrifnari af þeim hlutum.

Ekki verið að færa eftirlitshlutverkið inn í ráðuneytið, gott og vel, bara eftirlitshlutverkið, ekki úrskurðina, ég tek það gilt og það er til bóta. Ég held að þeir hefðu allra síst átt erindi þangað aftur en það má líka spyrja hvort eftirlitið eigi að færast þangað þó svo að ráðherra sé yfirmaður málaflokksins. Ekki fer ráðherra að standa sjálfur í eftirlitinu, eða hvað?

[20:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ljóst er að það eru uppi ýmis álitamál í þessu efni. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð í rauninni. Mér heyrist að ekki sé langt á milli okkar hv. þm. í þessu. Hann nefndi ákveðin atriði sem mætti skoða og velta fyrir sér án þess að lýsa andstöðu við málið. Mér finnst það vera mikilvæg niðurstaða af umfjöllun hans og treysti því að hann skoði þetta vel og vandlega á næstunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:15]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 456; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 457, 461; brtt. GAK o.fl., þskj. 465, 466; brtt. ÖJ og GAK, þskj. 467, 468; brtt. JB o.fl., þskj. 469; brtt. SAÞ o.fl., þskj. 472.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402.

[20:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta og hv. þm. fyrir að sýna mér þá tillitssemi að leyfa mér að mæla fyrir þessu máli nú þegar í raun átti að vera búið að slíta fundi. Ég hef þá framsöguræðu mína um málið.

Hér er um að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem er á þskj. 402 og er 320. mál þingsins.

Þann 22. mars 1999 voru samþykkt lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999. Fljótlega eftir samþykkt laganna gerði Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, athugasemdir við tiltekin atriði þeirra þar sem m.a. kom fram að stofnunin teldi að þau stönguðust á við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

Að ósk ESA féllust íslensk stjórnvöld á það að bíða með að hefja endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á grundvelli laganna þangað til niðurstaða væri fengin í athugun stofnunarinnar á ákvæðum þeirra.

Áður en ég fjalla um athugasemdir ESA og hvernig íslensk stjórnvöld hafa með frv. þessu brugðist við þeim vil ég, herra forseti, rifja upp tilurð þess að stjórnvöld ákváðu á sínum tíma að efla innlenda kvikmyndagerð með tímabundnum endurgreiðslum á hluta framleiðslukostnaðar.

Frv. það sem varð að lögum nr. 43/1999 var afrakstur starfs nefndar sem skipuð var af iðnrh. þann 14. okt. 1998. Nefndin hafði fengið það hlutverk að fjalla um og gera tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að efla kvikmyndaiðnað á Íslandi og laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn. Gerði hún þá tillögu að komið yrði á fót sérstöku hvatakerfi þannig að fyrir fram ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar sem til félli hér á landi við gerð kvikmyndar yrði endurgreitt þegar framleiðslu væri lokið. Endurgreiðslukerfi sem þetta hefði þá kosti að vera einfalt og gagnsætt, það þjónaði jafnt innlendum sem erlendum kvikmyndaframleiðendum, það hvetti til uppbyggingar atvinnugreinarinnar og væri til þess fallið að efla innlenda kvikmyndagerð samfara því að erlend fyrirtæki sæju sér hag í starfsemi hér á landi og væri einfaldara en ýmiss konar skattaívilnanir sem erfitt kynni að vera að fylgja eftir í framkvæmd.

ESA gerði formlegar athugasemdir við fjögur atriði í lögunum.

Í fyrsta lagi taldi stofnunin að lögin væru ekki nægilega markviss hvað varðaði menningarlega skírskotun, þ.e.

að markmið laganna hvað varðaði eflingu kvikmyndagerðar sem listrænnar iðju kæmi ekki nógu skýrt fram.

Í öðru lagi taldi hún skorta rök fyrir því að endurgreiðsla skyldi nema mishárri hlutfallstölu eftir upphæð framleiðslukostnaðar, svo og að framleiðsla sem næði ekki ákveðinni lágmarksupphæð ætti ekki að njóta endurgreiðslu.

Í þriðja lagi taldi stofnunin að lögin samrýmdust ekki meginreglu EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti þar sem skilyrði endurgreiðslu sé bundið við þann kostnað sem eingöngu falli til á Íslandi.

Í fjórða lagi gagnrýndi ESA þann áskilnað að stofna þyrfti íslenskan lögaðila utan um hverja framleiðslu til að njóta endurgreiðslu.

Í því frv. sem nú er lagt fram er gert ráð fyrir að stuðningshlutfallið, 12%, verð fastsett án tillits til heildarframleiðslukostnaðar. Þannig verði ekki um neina mismunun að ræða eftir kostnaði. Til þess hins vegar að tryggja það að um raunverulegt verkefni sé að ræða sem komi íslenskri menningu, landslagi eða sögu á framfæri er nú áskilið að fyrir liggi að um sé að ræða framleiðslu sem fari í almenna dreifingu. Þannig er ekki gert ráð fyrir að upptökur af einstökum atburðum, framleiðsla sem einkum er ætluð til sýningar í eigin dreifikerfi eða svokallaðar stuttmyndir svo dæmi sé tekið, hljóti endurgreiðslu.

Er ég þá komin að þeirri athugasemd ESA sem snýr að framleiðslukostnaði á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í lögunum er gert ráð fyrir að aðeins sá kostnaður sem til fellur hér á landi skuli tekinn með við útreikning á endurgreiðslu framleiðslukostnaðar. Var það álit ESA að slík ákvæði samrýmdust ekki meginreglu EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti. Slíkar takmarkanir virki sem hömlur á að endurgreiðsluþegi geti átt viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. fyrirheit um endurgreiðslu beini viðskiptum frá öðru EES-ríki og til Íslands og skekki með því samkeppni innan EES-svæðisins. Í niðurstöðu ESA kemur fram að ef meira en 80% af framleiðslukostnaði fellur til hér á landi verði endurgreiðslan að reiknast úr frá heildarframleiðslukostnaði þar eð allt að 20% endurgreiðanlegs kostnaðar eigi að geta fallið til í öðru EES-ríki. Á hinn bóginn tekur ESA sérstaklega fram að ef lægra hlutfall kostnaðar, þ.e. 80% eða lægra, fellur til hér á landi þá verði íslenskum stjórnvöldum heimilt við endurgreiðslu að taka einvörðungu tillit til þess kostnaðar er fellur til hér á landi.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að ESA byggir athugasemdir sínar á túlkunum sem framkvæmdastjórn ESB hefur beitt gagnvart aðildarríkjum ESB í sambærilegum tilvikum. Þessar túlkanir lágu ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir þegar nefnd sú er samdi upphaflega frv. var að störfum. Það er því ekki hægt að segja að um handvömm frumvarpshöfunda hafi verið að ræða á þeim tíma.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því að breytt sé því ákvæði í lögunum að íslenskur kvikmyndaframleiðandi sem hlotið hafi styrk úr Kvikmyndasjóði skuli útilokaður frá þeim möguleika að hljóta endurgreiðslu framleiðslukostnaðar. Er þetta í samræmi við ábendingar og óskir kvikmyndagerðarmanna. Frv. gerir ráð fyrir að fenginn styrkur frá Kvikmyndasjóði skuli dreginn frá innlendum framleiðslukostnaði áður en endurgreiðsla er reiknuð. Sá varnagli er einnig sleginn að samanlagður styrkur og endurgreiðsla skuli þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur helmingi framleiðslukostnaðar.

Að lokum tel ég rétt, herra forseti, að gera örlitla grein fyrir fjárhagslegri hlið frv. Eins og áður hefur komið fram hafa þau ákvæði laganna sem heimila ráðherra að endurgreiða tiltekið hlutfall framleiðslukostnaðar ekki verið látin koma til framkvæmda. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 50 millj. kr. til endurgreiðslna framleiðslukostnaðar sem færast yfir á næsta ár. Margir þættir aðrir en beinar stuðningsaðgerðir stjórnvalda hafa áhrif á hvort kvikmyndaframleiðendur ráðast í gerð kvikmynda hér á landi. Það verður því að viðurkennast að stjórnvöld eru ekki vel í stakk búin til að áætla með neinni vissu hver verði fjöldi umsókna um endurgreiðslu né hvert kunni að vera umfang og kostnaður viðkomandi framleiðslu. Ræðst slíkt alfarið af frumkvæði og áræðni kvikmyndagerðarmanna.

Frv. gerir ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um heimild ráðherra til að fresta samþykktum endurgreiðslum í heild eða að hluta til á milli fjárlagaára. Er þetta ákvæði nauðsynlegt til að tryggja að stjórnvöld hafi svigrúm til að haga endurgreiðslum í samræmi við samþykktar fjárheimildir hverju sinni.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Alþingis.

[20:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrr í dag ræddum við m.a. frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa en í þeirri umræðu bar einmitt á góma ákúrur frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, sem hafði gert athugasemdir við framkvæmd tilskipunarinnar sem þau lög er vörðuðu menningarverðmæti og flutning þeirra úr landi byggðu á. Hér höfum við til umfjöllunar annað frv. sem komið er til vegna ákúrna sem við höfum fengið frá sömu eftirlitsstofnun og í báðum tilvikunum er um að ræða flumbrugang og fljótaskrift frumvarpa frá ríkisstjórninni.

Það má rifja upp, herra forseti, að þegar fyrra frv. fór í gegnum Alþingi, 123. löggjafarþing, þá leið einn dagur frá því að því var vísað til nefndar, iðnn., þangað til það var komið til afgreiðslu þingsins. Ég sé ekki betur en að 1. umr. um frv. hafi farið fram þann 8. mars og ég sé ekki betur en að það sé samþykkt sem lög frá Alþingi þann 11. mars.

Herra forseti. Í umræðu um mál af þessu tagi hefur stjórnarandstaðan ævinlega varað við fljótaskrift sem þessari, m.a. vegna þess að við erum að hluta til undir eftirlit Eftirlitsstofnunar ESA sett. Og ákúrurnar sem við höfum fengið upp á síðkastið eru orðnar svo margar, herra forseti, að við erum komin í næstneðsta sæti á þeim lista sem gefinn er út yfir það hvernig löndunum í Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu tekst að lögleiða Evróputilskipanir sem þau eiga að gera. Að Ísland skuli vera næstneðst á þessum lista, eina landið sem er fyrir neðan okkur eru Grikkir, segir náttúrlega sína sögu bæði um vinnubrögðin á Alþingi og um það hvernig stjórnvöld eru í stakk búin til að takast á við að lögleiða þær tilskipanir sem við þó höfum undirgengist.

Herra forseti. Brýnt er að hér verði tekin upp önnur vinnubrögð. Í þessu tilfelli er greinilega ekki verið að gera það því hér er verið að flytja málið löngu eftir að fundi átti að vera slitið vegna þess — ég vona að hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni hafi ekki orðið svo mikið um eitthvað sem ég var að segja að hann hafi ... (**EMS:** Klukkan er orðin svo margt.) Já, herra forseti, klukkan er orðin margt og fundinum hefði átt að vera slitið fyrir löngu en hér er um ámælisverðan flumbrugang ríkisstjórnarinnar að ræða, hér á að koma í gegn á handahlaupum frv. til laga um breytingar á lögum

um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Herra forseti. Ég verð að segja að breytingarnar sem gerðar eru á þessum lögum frá því sem var í hinum flumbrugánginum eru umtalsverðar. En ég get þó ekki orða bundist því að ég er hrædd um að hér sé að hluta til verið að koma sams konar ákvæðum áfram en undir einhvers konar orðalagsbreytingu sem gæti gengið í augun á Eftirlitsstofnun EFTA.

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvernig stendur á því að enn stendur í frv. — verið er tala um endurgreiðslu í 2. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi."

Herra forseti. Hér er ekki um neina endurgreiðslu að ræða því að í tilfelli endurgreiðslna þá er það auðvitað einhver peningur sem hefur trúlega gengið inn í ríkissjóð og er endurgreiddur til baka úr ríkissjóði. Ekki er um slíkt að ræða. Um er að ræða allan framleiðslukostnað eða þ.e. 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndar ef hann fellur til á Íslandi og hér er átt við allan framleiðslukostnað sem hefur verið greiddur í landinu, þ.e. laun, matur eða bílaleigukostnað eða hvað svo sem er annað. Hér er því ekki um að ræða endurgreiðslu úr ríkissjóði eins og orðanna hljóðan virðist gefa til kynna, því með þessum framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem til fellur hér á landi og hefur verið greiddur hverjum sem er, kostnaður sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, eins og segir í frv. Mér finnst því enn vera villandi orðalag í 2. gr. á ferðinni. Þetta atriði var gagnrýnt þegar lögin komu fram í fyrsta skipti og það ber að gagnrýna þetta aftur því að ekki hefur orðið breyting á.

Þegar hæstv. fyrrv. iðnrh. flutti þetta mál hér á sínum tíma í mars 1999 var það alveg ljóst og engin fjöður var dregin yfir það að aðgerðirnar ættu að auka áhuga erlendra kvikmyndaframleiðenda eða kvikmyndafyrirtækja á starfsemi hér á landi og að aukin útgjöld ríkissjóðs vegna aðgerðanna ættu að taka mið af auknum tekjum. Talað var um að aðgerðirnar væru einfaldar og gagnsæjar og það ætti að gæta fyllsta jafnræðis við stuðning stjórnvalda við fyrirtæki í greininni og jafnframt að þær ættu að efla innlendan kvikmyndaiðnað.

Hæstv. fyrrv. iðnrh. Finnur Ingólfsson sem fylgdi þessu máli úr hlaði var spurður um það á hvern hátt þessi lög gætu stutt innlendan kvikmyndaiðnað en fátt var um svör því í öllu hans máli kom fram að það átti að hygla stórum erlendum kvikmyndaframleiðendum.

Nú vil ég spyrja hæstv. iðnrh. sams konar spurninga: Að hvaða marki gilda ákvæði þessa frv. um íslenska aðila? Á hvern hátt rökstyður hæstv. iðnrh. það að hér sé um stuðning til innlendrar kvikmyndaframleiðslu að ræða?

Það verður alls ekki gagnsætt af þessu frv. sem er enda einhvern veginn klæðskerasniðið upp úr gamalli flík og virðist alls ekki passa því sem hér er um að ræða. Því þarf að fá svar við því að hvaða marki ákvæði þessa frv. gildi um íslenska kvikmyndagerð.

Í ljós kemur að það er álit ESA að menningarlega skírskotun hafi vantað í lögin. Og í máli hæstv. iðnrh. kemur fram að nú geri frv. ráð fyrir því að ákveðin endurgreiðslunefnd þriggja eða fjögurra manna eigi að gæta að því að um menningarlega skírskotun verði að ræða. Nú vil ég segja, herra forseti, að vegna þess að hér er menningarlegt hlutverk orðið jafnviðamikið í frv. og raun ber vitni að mér finnst í alla staði eðlilegt að því sé vísað til tveggja nefnda, þ.e. hv. iðnn., ef það má fella þetta undir kvikmyndaiðnað sem ég ætla ekkert að deila um, en það er alveg sjálfsagt að málið verði sömuleiðis sent til hv. menntmrn. því hér á greinilega líka að reyna að færa þetta undir ákveðið menningarhlutverk. Því er ekki eðlilegt að láta einungis iðnn. þingsins fjalla um þetta mál. (**KHG:** Hvor nefndin á að afgreiða málið?) Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur áhuga á því að vita hvor nefndin ætti að afgreiða málið. Það hefur tíðkast hér, herra forseti, að nefndir sendi sín í milli óskir um umsagnir. Hvaða framgangsmáti verður hafður á því skiptir ekki meginmáli, en það er afar mikilvægt að menntmn. fái málið til umsagnar.

Rót málsins eins og það lá fyrir á þinginu 1999 var sú að það ætti að laða erlenda kvikmyndagerðarmenn hingað til lands. Það virðist nú breytt. Þó er það engu að síður mjög erfitt að sjá hvernig þetta á að styðja við bakið á innlendri kvikmyndagerð og fengur væri að því hér við 1. umr. að fá hæstv. iðnrh. til að lýsa því nánar.

[20:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð, en ég má til með að bregðast við nokkrum atriðum sem komu fram í máli hv. þm. Það er eðlilegt að hún gagnrýni það að hér skuli hafa verið sett lög á Alþingi sem síðan komu nánast ekki til framkvæmda vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Sannleikurinn er sá, eins og ég lét koma fram í máli mínu, að ESA byggir athugasemdir sínar á túlkunum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur beitt gagnvart aðildarríkjum ESB í sambærilegum tilvikum og þessar túlkanir lágu ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir þegar nefnd sú er samdi upphaflega frv. var að störfum. Þess vegna tel ég ekki hægt að segja að um handvömm frumvarpshöfunda hafi verið að ræða fyrst og fremst, en hv. þm. vildi meina að svo hefði verið.

Ég held að það sé ekki rétt hjá henni að fyrst og fremst sé talað um vinnubrögð á Alþingi í þessu sambandi og flumbrugang, heldur hafi menn verið að vinna þarna í þeirri trú að lögin stæðust öll þau ákvæði sem þau þyrftu að standast með tilliti til þeirra reglna sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Það sem hv. þm. sagði í sambandi við endurgreiðslurnar var á einhverjum misskilningi byggt vegna þess, eins og kemur fram í 5. gr., þá er verið að tala um 12% endurgreiðslu af framleiðslukostnaði og það er fest í 12% sem er breyting frá því sem áður var. Til þess að fá þessar endurgreiðslur og til þess að fá endurgreiðslur umfram þau 80% sem falla til á Íslandi, þá er það þannig að það sem fellur til á hinu Evrópska efnahagssvæði umfram þau 80% sem falla til á Íslandi, þarf að endurgreiða. Það er nýtt og þar er tekið tillit til athugasemda ESA vegna þess að í athugasemdum þeirra þótti það ekki samræmast þjónustuákvæðum Evrópska efnahagssvæðisins að gera það að skilyrði að einungis skyldi endurgreitt það sem félli til á Íslandi. Þetta er breyting. Það verður því að lesa 2. gr. frv. og 5. gr. samhliða.

Þetta gildir að sjálfsögðu um innlenda framleiðendur líka. Ég hef trú á því að þetta ákvæði, þ.e. að 80% þurfi að falla til á Íslandi, eigi kannski meira við um íslenska framleiðendur en erlenda. Hins vegar verðum við að átta okkur á því að það sem fellur til af kostnaði innan EES-svæðisins, er ekki endurgreitt ef innan við 80% falla til á Íslandi. Þetta er svolítið ruglingslegt en ég vona nú samt, þó nú sé orðið alláliðið

dags, að ég hafi komið þessu sæmilega skilmerkilega frá mér.

Hv. þm. nefndi einnig að menntmn. fengi þetta mál til umsagnar. Ég tel í sjálfu sér enga sérstaka ástæðu til þess, en ég get ekkert sett mig í sjálfu sér upp á móti því. Ég tel að þetta mál sé að öllu leyti unnið í iðn- og viðskrn. og þegar það var áður til umfjöllunar, var það unnið í iðnn. Ég vil sérstaklega taka fram, og kom það ekki fram í máli mínu áðan, að þetta frv. sem nú er til umfjöllunar hefur verið lagt fyrir ESA og stofnunin fallist á það í þessari mynd. Nú tel ég því að við þurfum að einbeita okkur að því að vinna frv. til loka og setja lögin á hv. Alþingi þannig að þetta mikilvæga mál nái fram að ganga til hagsbóta fyrir kvikmyndagerð á Íslandi og víðar. Og það er ánægjulegt að nú fyrir örfáum dögum voru Íslendingar svo sannarlega að gera það gott á Evrópska vísu í sambandi við kvikmyndaiðnaðinn.

[20:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sannarlega þörf á því að styrkja og styðja við bakið á íslenskum kvikmyndaiðnaði. En hæstv. ráðherra hefur enn ekki svarað því á hvaða hátt þetta frv. styrkir innlenda kvikmyndagerð. Mér sýnist að menn þurfi að fara úr landi til að gera hluta af kvikmyndunum til þess að þetta geti átt við. Ég get vel ímyndað mér að einhverjir fleiri akkillesarhælar séu hvað það varðar, t.d. þurfa innlendir kvikmyndagerðarmenn sem hafa fengið styrk úr Kvikmyndasjóði að draga þann styrk frá þeirri upphæð sem teldist innlendur framleiðslukostnaður.

Hvað varðar misskilninginn um tólf prósentin þá er ég fullkomlega meðvituð um að einungis á að endurgreiða 12% af framleiðslukostnaðinum. En það er orðið og hugtakið endurgreiðsla sem ég gagnrýndi því hér er ekki um endurgreiðslu á neinu að ræða. Ef ríkissjóður er að greiða peninga úr sínum sjóði þá er hann í þessu tilfelli að greiða peninga sem hann hefur aldrei fengið inn í sinn sjóð. Hann er að greiða peninga sem hafa verið greiddir til ýmissa aðila og ekki bara á Íslandi heldur á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, 12% af öllum framleiðslukostnaði myndarinnar sem er þarna endurgreiðsluhæfur eins og kallað er. Það er það sem ég gagnrýni. Hér er ekki um endurgreiðslu á neinu að ræða heldur er beinlínis um að ræða greiðslu úr ríkissjóði, ekki endurgreiðslu á neinu.

Ég kem í síðara andsvari mínu að því sem ég átti eftir.

[20:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í greinargerðinni um 2. gr. kemur fram dæmi um það hvernig endurgreiðslum skuli háttað og ég vísa hv. þm. á það ákvæði til skýringar. (**KolH:** Ég er búin að lesa það.) Ég tel að frv., verði það að lögum, sé einmitt alveg sérstaklega hagstætt íslenskum kvikmyndaframleiðendum. Ég veit reyndar að ýmislegt er í pípunum og ýmsir aðilar eru nánast að bíða eftir því að þessi lög verði sett á Alþingi þannig að þessar endurgreiðslur geti hafist.

Auðvitað eru þetta endurgreiðslur vegna þess að bara virðisaukaskatturinn er nú dálítið hærri en 12%. Ætli hann sé nú ekki helmingi hærri. Ef ríkið greiðir því til baka 12% af framleiðslukostnaði þá er það ekki nema helmingurinn af virðisaukaskattinum sem ríkissjóður hefur fengið vegna þessarar starfsemi hér á landi, auk ótal annarra liða sem að sjálfsögðu skapa tekjur fyrir ríkissjóð, laun einstaklinga út um allt land vonandi, sem skattar eru greiddir af. Ég tel því að það sé slíkur fengur fyrir ríkissjóð að setja lög sem þessi, og ekki síst núna þegar við vitum að viðskiptahallinn er algjörlega óviðunandi, að ég hefði í sjálfu sér mælt með því og hefði gjarnan viljað hafa upphæðina á fjárlögum miklu hærri því ég hef trú á því að um verulega starfsemi muni verða að ræða hér á landi í framhaldi af setningu þessara laga.

[20:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér erum við kannski komin að einum kjarna þessa máls, þ.e. upphæðunum sjálfum, því eins og hæstv. ráðherra nefnir, eru einungis 50 millj. til þessa verkefnis á fjárlögum yfirstandandi árs og 50 millj. sem gert er ráð fyrir að fari á fjárlög ársins 2001. En í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. við frv. kemur fram að gera megi ráð fyrir því að umsóknir vegna ákvæða frv. muni nema 110–450 millj. kr. á ári eða alls 660–2.250 millj. kr. til ársins 2006 þegar lögin falla úr gildi þannig að 50 millj. á ári eru greinilega aldeilis vanáætlaðar í þetta verkefni hæstv. iðnrh.

Og þegar hæstv. iðnrh. gefur skýringarnar varðandi virðisaukaskattinn, að hér sé einungis um að ræða mögulega endurgreiðslu á helmingi virðisaukaskatts, þá spyr ég: Hvers vegna mega þá hlutirnir ekki heita sínum réttu nöfnum, þ.e. að verið sé að greiða helming virðisaukaskatts? Jú, það er vegna þess að ekki má mismuna fyrirtækjum með skattlagningu eða með því að ívilna í skattlagningu.

En er þá ekki verið að dulbúa hér einhverja hluti? Erum við fullkomlega heiðarleg í því hvernig þetta mál er fram sett? Ég efast um það, herra forseti.

[20:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hv. þm. væri svolítið jákvæðari í sinni framsetningu vegna þess að ég held að við hljótum að vera sammála um að við erum hér með gott frv. og sem allar líkur standa til að muni efla íslenska kvikmyndagerð og starfsemi í landinu sem eykur tekjur fyrir þjóðina og þar fram eftir götunum.

Ég vil bara endurtaka það vegna þess að hv. þm. efast um að við séum að fara boðlega leið í þessum efnum að þetta frv. hefur verið borið undir Eftirlitsstofnun EFTA og engum blöðum er um það að fletta að ekki verða gerðar athugasemdir við málið í þessari framsetningu. Ég tel að við séum að bregðast við athugasemdum, sem okkur bar skylda til að gera, og setja lögin í þann búning sem allir geta sætt sig við.

Þetta er endurgreiðsla úr ríkissjóði og er fullkomlega löglegt. Þetta er hugsað tímabundið til að efla þessa atvinnugrein sem hefur náttúrlega ekki skapað sér mikla fótfestu, en við bindum miklar vonir við að muni styrkjast og verða okkur Íslendingum enn frekar til framdráttar og til sóma á erlendri grundu og hér heima fyrir.

[20:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get alls ekki skilið við þetta mál hér og nú þar sem hæstv. ráðherra heldur því fram að ég sé ekki jákvæð í garð stuðnings við íslenska kvikmyndagerð. Ég er svo sannarlega jákvæð hvað varðar allan stuðning við alla lista- og menningarstarfsemi í landinu og það veit hæstv. viðskrh. alveg jafn vel og aðrir þm. hv. sem sitja í þessum sal.

Ég tel hins vegar ámælisvert að færa fram frv. af þessu tagi án þess að gefa þinginu og nefndum þingsins eðlilegt svigrúm til þess að ræða málin ofan í kjölinn og finna þær leiðir sem vinna best fyrir innlenda kvikmyndagerð hér á landi. Enn þá finnst mér markmið hæstv. ráðherra vera það að laða til landsins erlenda kvikmyndaframleiðendur.

Ég get ekki orða bundist vegna þess að erlendir kvikmyndaframleiðendur, ég tala nú ekki um stórir erlendir kvikmyndaframleiðendur, eru að framleiða bíómyndir sem kosta fleiri tugi milljarða kr. og þeir þurfa kannski ekki að framleiða mjög margar mínútur í mynd á Íslandi til þess að endurgreiðsla okkar verði kannski miklu meiri en þær 450 millj. sem fjmrn. gerir ráð fyrir að þurfi að endurgreiða á ári varðandi verkefni sem hér gætu komið upp. Ég held að fjármálaáætlunin varðandi þetta dæmi þarfnist líka lengri tíma og betri skoðunar.

Ég get ekki annað en haldið því fram að hér sé verið að ana út í svipað ferli og gert var í mars 1995 þar sem, eins og ég sagði áðan, nefndin fékk ekki nema einn sólarhring til að fjalla um málið.

Ég skil ekki við þetta mál án þess að mótmæla því að hér sé um neikvæðni að ræða af minni hálfu í garð innlendrar kvikmyndagerðar, ég er einungis að óska eftir faglegum vinnubrögðum Alþingis. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gagnrýnt okkur fyrir skort á faglegum vinnubrögðum. Hæstv. ráðherra segir að búið sé að bera þennan texta undir ESA og það er allt í fína lagi. Við skulum segja að ESA muni samþykkja þetta allt saman og telja gott og gilt, en hv. þingmenn eiga eftir að kynna sér málið og þeir eiga rétt á því að fá að fara ofan í málið á sinn hátt og á sínum hraða og á þeim tíma sem þeir telja eðlilegan og nægan til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 16.–17. mál.

Fundi slitið kl. 20:50.

---

44. FUNDUR

föstudaginn 8. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 241. mál, þskj. 266. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 240. mál, þskj. 265. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 430. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 317. mál, þskj. 392. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, stjtill., 276. mál, þskj. 304. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Tollalög, stjfrv., 333. mál, þskj. 433. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 312. mál, þskj. 372. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 320. mál, þskj. 402. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 421, frhnál. 456 og 470, brtt. 441, 457, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 465, 466, 467, 468, 469 og 472. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2001, 1. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 470.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Landssímans.

[10:32]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar er m.a. 3. umr. um fjárlög. Við fulltrúar minni hlutans í fjárln. lögðum fram nokkrar tillögur á fundi nefndarinnar í gær vegna þess að m.a. er gert ráð fyrir því að selja Landssímann. Upplýsingar um þá sölu eru af mjög skornum skammti og þess vegna fórum við fram á það í fjárln. í gær að fá fulltrúa einkavæðingarnefndar á fund nefndarinnar þar sem ekki liggur fyrir skýrsla einkavæðingarnefndar um þessa sölu. Þegar sú tillaga var felld fórum við fram á að fá í hendur drög að skýrslu einkavæðingarnefndar. Sú tillaga var einnig felld. Þá fórum við fram á það að fá umsögn samgn. um sölu Landssímans. Sú tillaga var einnig felld.

Herra forseti. Þess vegna skortir okkur allar upplýsingar um það hvernig á að standa að sölu Landssímans. Hvaða leiðir eru hugsanlegar í því að selja Landssímann, hvernig á að standa að sölu þess hlutfalls sem um er rætt en við höfum ekki staðfestingu á? Rætt er um að hlutfallið sé 20–25%. Fyrir liggur að stjórnarflokkarnir virðast hafa komið sér saman um að selja Landssímann í heild sinni, þ.e. selja grunnnetið með en eins og þingheimi er kunnugt hefur annar stjórnarflokkanna verið með mikla fyrirvara í þeim efnum. Við höfum hins vegar engar upplýsingar um það hvernig á að tryggja jafnan aðgang allra landsmanna að grunnnetinu eftir þessa sölu. Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt í upphafi að við fáum sem gleggstar upplýsingar um málið þannig að við höfum tök á því að fjalla um það í 3. umr. um fjárlagafrv.

Herra forseti. Ég vil koma þessum athugasemdum á framfæri um leið og ég kem þeim upplýsingum einnig á framfæri

að af þessum ástæðum og vegna þess að það skortir upplýsingar um niðurskurð í samgöngumálum, greiddi minni hluti fjárln. atkvæði gegn því að frv. væri afgreitt úr nefndinni.

[10:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fjárln. fjallar ítarlega um alla gjaldaliði fjárlagafrv. Hún fær til fundar við sig hina ýmsu fulltrúa stofnana, samtaka, félagasamtaka og fleiri aðila sem hún telur nauðsynlegt til að geta metið sem vandlegast alla kostnaðarliði sem verið er að leggja til í fjárlagafrv.

Hins vegar, herra forseti, er það svo allt önnur hlið þegar fjallað er um tekjuhlið frv. Þá koma tekjuliðirnir og endurskoðuð tekjuáætlun fram um það leyti sem ætlunin er að afgreiða fjárlagafrv. úr nefnd og eins og var fyrir tveimur dögum, þá kom fram tillaga um stórfellda eignasölu til þess að bæta hag ríkissjóðs eða ríkiskassans. Þar var gerð tillaga um sölu á Landssímanum án þess að nokkur grein væri gerð fyrir því hvernig sú sala ætti að fara fram, hverjir væru söluskilmálar og hvernig farið væri að með þá ábyrgð sem Landssíminn hefur sem almenningsþjónustufyrirtæki fyrir allar byggðir landsins. Þess vegna fórum við í minni hlutanum fram á að fá einkavæðingarnefnd til fundar til þess að skýra þetta. Við óskuðum eftir því að málið væri sent til umsagnar samgn. því að þetta er veigamikið og eitt stærsta samgöngutæki og samgöngumál allra íbúa landsins en því var hafnað.

Herra forseti. Ég tel gersamlega ótímabært að taka fjárlög til 3. umr. og ljúka henni án þess að mun ítarlegar sé fjallað um áhrifin af sölu Landssímans og skilmála sem þar eiga að vera fyrir alla íbúa landsins hvar sem þeir búa. Ég legg til, herra forseti, að 3. umr. um fjárlagafrv. verði frestað uns þetta liggur fyrir.

[10:37]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram vildi ég láta koma fram eftirfarandi um sölu Landssímans að það er ekkert nýtt að í tekjuhlið fjárlaga hafi verið færður væntanlegur hagnaður af sölu eigna. Það er sama aðferð og notuð hefur verið á undanförnum árum.

Frv. um sölu Landssímans, ef til kemur, með öllum þeim skilmálum sem því fylgja mun verða lagt fyrir Alþingi. Það frv. mun væntanlega ekki verða sent til fjárln. og með því mun vafalaust fylgja sem fylgigagn, þegar þar að kemur, skýrsla einkavæðingarnefndar sem er ekki tilbúin. Á þeim forsendum að sala Landssímans er í smáatriðum ekki mál fjárln., það mun verða fjallað um hana í öðrum nefndum þingsins þegar þar að kemur, þótti ekki ástæða til þess að tefja 3. umr. fjárlaga með því að kalla menn til út af sölu Landssímans á þessu stigi. Þetta verður allt saman lagt fyrir þingið í frumvarpsformi þegar þar að kemur og þá fer fram ítarleg umfjöllun um þá skilmála og um þær aðferðir sem notaðar verða við þá sölu ef til hennar kemur. Þetta eru skýringarnar á því að frv. var tekið þannig út í gær.

[10:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er eðlileg krafa að óska eftir því að upplýsingar um eignasölu og tekjuforsendur ríkissjóðs liggi fyrir áður en 3. umr. fjárlaga fer fram. Ekki síst að þá fari fram umræða ef menn eru með miklar breytingar varðandi fyrirkomulag eigna sem hafa verið hluti af grunngerð þjóðarinnar. Þætti mönnum ekki ástæða til að ræða það ef ríkisstjórnin ákvæði að selja Eimskipum, sem halda úti miklum bílaflota, eða einhverjum sérleyfishafa vegakerfi landsins? Halda menn að öðrum sem nýta vegina þætti slíkt traustvekjandi, að það byggði upp traust eða væri líklegt til þess að vera forsenda fyrir jafnræði þegnanna? Ég er ansi hrædd um ekki, herra forseti.

Sama á auðvitað við um grunnnet Landssímans og þess vegna bregðast menn við. Þegar ríkið er að selja stór, gróin og markaðsráðandi fyrirtæki, hljótum við að gera þá kröfu að menn hafi sjónir á hagsmunum fleiri en bara ríkissjóðs. Það getur ekki verið aðalatriðið undir slíkum kringumstæðum hvort ríkissjóður fær einni eða tveimur milljónum meira. Ábyrgð ríkisvaldsins liggur einfaldlega þannig gagnvart þegnunum. Það verður að huga að hagsmunum fleiri.

Í ljósi þessa, herra forseti, er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir og í reynd forkastanlegt að gera ráð fyrir því að hér geti farið fram meginumræðan um tekjur ríkissjóðs án þess að menn geti í leiðinni rætt um það hverjar séu forsendur þessara tekna.

[10:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hún fer að verða brosleg, kokhreysti Framsfl., í ýmsum málum. Þeir hafa haldið því fram á undanförnum mánuðum að þeir ætluðu sér að tryggja að grunnnet Landssímans yrði ekki selt með honum. Nú hafa þeir gleypt aðferðir Sjálfstfl. í málinu og eru búnir að gefast upp. Það er ekki heldur einu sinni gefinn kostur á því að þingið fái að hlýða á það hvernig eigi að fara að þessu heldur skal málið rekið áfram. Hér sagði hv. þm. Jón Kristjánsson að þetta kæmi allt í ljós á sínum tíma. En ákvörðunin liggur fyrir í yfirlýsingum ráðamanna, Framsfl. og Sjálfstfl., á undanförnum dögum að það eigi að selja. Þeir eru gersamlega á valdi nauðhyggjunnar. Það verður að selja til að fjármagna sukkið og viðskiptahallann sem er uppi og þess vegna gefast framsóknarmenn upp í þessu máli.

Mér finnst satt að segja ömurlegt að hlusta á að það skuli þó ekki vera hægt að gera hlutina með þeirri reisn að það fáist rætt í sölum Alþingis hvernig eigi að standa að þessu úr því að þetta er orðin niðurstaða milli stjórnarflokkanna og úr því að það liggur fyrir í raun og veru því að varla efast menn um að á bak við þetta samkomulag sé vissa og vitneskja framsóknarmanna um hvernig eigi að fara að þessu eða hvað? Hvers vegna má þá ekki ræða það í sölum Alþings? Mér er bara spurn. Mér finnst þetta ótrúleg uppákoma. Mér finnst satt að segja ömurlegt að menn skuli standa frammi fyrir því að það eigi að hafa allt í þoku um það hvernig farið verður að þessum málum meðan ákvörðunin verður tekin í hv. Alþingi um að það eigi að verða til staðar fjármunir vegna sölu á þessu stærsta fyrirtæki sem hefur nokkurn tíma verið einkavætt á Íslandi.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir þá alvarlegu gagnrýni sem hefur komið fram á vinnubrögð á Alþingi. Alþingismenn lesa um það í blöðum og heyra um það í öðrum fjölmiðlum hvernig formenn ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., hafi komið sér saman um það í bakherbergjum hvernig þeir ætli að ráðskast með eignir þjóðarinnar. Þetta er hin siðferðilega hlið málsins og snýr náttúrlega einnig að sjálfsvirðingu stjórnarmeirihlutans sem lætur bjóða sér vinnubrögð af þessu tagi.

Við erum að ræða um störf þingsins. Það er óeðlilegt að fram fari 3. umr. um fjárlögin, lokaumræðan um fjárlögin, án þess að allar forsendur í málinu liggi fyrir. Í sjálfu sér er rétt ábending hjá hv. formanni fjárln. að þröngt skoðað er þetta ekki mál fjárln. heldur er samgn. að kryfja málin. Hins vegar er það fjárln. að grafast fyrir um forsendur fyrir tekjuöflun í fjárlagafrv. og þarna þarf að verða samspil og samstarf milli þessara tveggja nefnda en gagnvart þinginu sem á að fara að taka þátt í umræðu um lokaafgreiðslu fjárlaga þarf að gera rækilega grein fyrir efnahagslegum forsendum tekjuöflunar og þar með hugsanlegri sölu á hlut í Landssímanum. Ég tek því undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, m.a. frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem á sæti í fjárln. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að þessar forsendur þurfa að liggja fyrir áður en við göngum frá fjárlögunum.

[10:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ein stærsta breytingin sem gerð er á fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. er að auka verulega tekjur vegna áforma ríkisstjórnarinnar um eignasölu. Sennilega er þetta að stærstum hluta til komið vegna áforma ríkisins um sölu á Landssímanum. Þar er um að ræða stærsta einkavæðingarverkefni sem ráðist hefur verið í og hæstv. forsrh. lýsti því í sjónvarpi í gær að um væri að ræða sölu upp á hugsanlega 60–100 milljarða kr. Það eru ekki boðleg vinnubrögð, herra forseti, að hér skuli vera tekin fyrir umræða þar sem á að ákveða tekjuaukningu vegna þessarar sölu án þess að þingmönnum sé gerð grein fyrir forsendum hennar og að fyrir liggi skýrsla, m.a. um markaðsleg áhrif þessarar sölu, áhrif á vexti, áhrif á þensluna í þjóðfélaginu, áhrif á landsbyggðina o.s.frv.

Herra forseti. Við hljótum að gera kröfu til þess að þessari umræðu ljúki ekki nema að stjórnarliðar geri grein fyrir, og ég beini því hér með til hæstv. forsrh., forsendum þessarar sölu og ýmsu sem henni tengist, hvort setja eigi skorður við eignarhluta, eignarhaldi o.s.frv. og ekki síst markaðslegu áhrifunum. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er hann reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að fjárln. fái drög einkavæðingarnefndar til skoðunar áður en þessari umræðu lýkur? Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir framhald þessarar umræðu, þannig að hún geti gengið eðlilega fyrir sig, að hæstv. forsrh. svari því hvort hann muni beita sér fyrir því að við fáum drög að þessari skýrslu, þ.e. um helstu áhrifin. Það er ekki beðið um meira. Ef þessi sala gengur fram, hvaða áhrif mun það hafa?

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er dæmalaus framganga af hálfu stjórnarmeirihlutans. Sala Landssímans er stórmál og við fylgjumst með umræðu um þetta stórmál í fjölmiðlum. Því er hafnað að fjárln. fái skýrslu einkavæðingarnefndar. Því er hafnað að hún fái drög að skýrslu einkavæðingarnefndar. Því er hafnað að hún fái umsögn um hugsanlega sölu. Þetta er ekki mál fjárln. Þetta er ekki mál þingsins. Þetta virðist enn einu sinni bara vera mál stjórnarmeirihlutans. Málið er fáheyrt vegna þess að í fyrsta sinn að því er ég man eru greidd atkvæði gegn því að fjárlagafrv. sé afgreitt úr fjárln. Þetta er ekkert smámál. Þetta er stórmál, herra forseti. Það er alveg ljóst að friðurinn er úti í þinginu. Ég óska eftir fundi þingflokksformanna og forseta um þetta mál.

Hins vegar finnst mér alveg sjálfsagt að forseti láti atkvæðagreiðsluna fara fram þannig að þeir sem hvort eð er láta ekki sjá sig í fjárlagaumræðunni, þ.e. fyrst og fremst hæstv. ráðherrar, geti horfið á braut til sinna heföbundnu starfa og losnað úr þinginu, en við hin tekið til við að ræða hvernig Alþingi sjálft ætlar að taka á því að selja eigi eitt stærsta fyrirtækið, gullkálfinn sjálfan, án þess að Alþingi komi þar nokkuð að þó að það sé tilgeint í fjárlagafrv.

[10:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Til þess að forðast misskilning skal það fram tekið að sá sem hér stendur er einkavæðingarsinni og er fylgjandi einkavæðingu Landssímans. Jafnvíst er hitt að hann er andvígur einkavinavæðingunni sem þessi hæstv. ríkisstjórn og fyrirrennari hennar er frægust fyrir. Það má mikið vera ef hér verður ekki á ferðinni í sambandi við bankasameiningu og sölu Landssímans hin gamla helmingaskiptaregla. Við skulum sjá hvað setur.

En þær upplýsingar sem komu fram í máli fulltrúa minni hluta í fjárln. eru með ólíkindum. Hér er verið að taka inn í tekjuhlið fjárlaga stóran lið vegna sölu Landssímans en það á ekki að leggja fyrir hv. fjárln. hvað að baki býr. Slíkt er með öllu óforsvaranlegt. Minni hlutinn gerir tilraun til þess æ ofan í æ að nálgast einhverjar upplýsingar sem liggja til grundvallar þessum tekjulið en honum er meinað um það og þær skýringar gefnar af formanni fjárln., hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að fyrir Alþingi muni koma einhvern tíma frv. til laga um sölu Landssímans. Þennan lið á fjárlögum er útilokað að afgreiða nema hið háa Alþingi fái nákvæma lýsingu á því hvað að baki býr, hvers eðlis þessi stórsala er því hér er ekkert smámál á ferðinni.

Allt annað mál er það sem menn þurfa líka að glöggva sig á vegna harðs ágreinings um sölu netsins sjálfs. Það þarf að taka til rækilegrar umræðu. Þess vegna er þessi málatilbúnaður með ólíkindum og ósæmilegur fyrir hið háa Alþingi.

[10:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi framsetning af hálfu ríkisstjórnarinnar er alveg sambærileg við það sem áður hefur verið þegar menn hafa verið að kynna einkavæðingaráform. Á hinn bóginn var nauðsynlegt, hygg ég, vegna þeirrar samfelldu umræðu um að um þetta mál væri stórfelldur ágreiningur milli stjórnarflokkanna, að fram kæmi að svo væri ekki þannig að mönnum væri ljóst að þingmeirihluti væri fyrir málinu. Þess vegna var það upplýst með skýrum og glöggum hætti.

En það er rétt að menn átti sig á því þegar nefnd eru til sögunnar þau fyrirtæki sem til umræðu eru, Landssíminn annars vegar og sameinaður banki hins vegar, að þá eru menn búnir að leggja fram upplýsingar um að á bak við þessar tölur sem getið er um í fjárlagafrv., einkavæðingartölurnar sem þar eru, eru ríflegar eignir. Það þarf aðeins að selja lítinn hluta af þessum tveimur fyrirtækjum sem samstaða er um í ríkisstjórninni að skuli selja á kjörtímabilinu til að tryggja það að þessar tölur standi. Það sem skiptir máli fyrir þingið er að menn sjái hvað er á bak við hugmyndir ríkisstjórnarinnar. Gefið er upp hvaða fyrirtæki eiga þar hlut að máli. Síðan er það algjörlega ljóst að þegar heimildin kemur til sölunnar þá verða hér ítarlegar umræður byggðar á ítarlegum gögnum sem ítarlega og vel hafa verið unnin og ríkisstjórnin mun leggja það fram í byrjun næsta þings. Þá fer fram hin

efnislega umræða um Landssímann til að mynda og hann sem söluefni, en ekki nú.

[10:53]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur ekki upplýst mikið nema fyrst og fremst það að ekki er lengur ágreiningur milli stjórnarflokkanna í málinu. Það eru auðvitað tíðindi í sjálfu sér.

Einnig er athyglisvert að hér eru mjög misvísandi upplýsingar á ferðinni vegna þess að hæstv. forsrh. segir að um sé að ræða ekki eingöngu Landssímann heldur hugsanlega ríkisbankana líka. Hins vegar kemur fram í meirihlutaáliti efh.- og viðskn. að eingöngu sé um Landssímann að ræða. Hér þarf eitthvað að upplýsa þannig að allur vafi hverfi úr málinu.

Herra forseti. Ég vil aðeins rifja það upp að annar stjórnarflokkurinn hefur haft mjög ákveðna afstöðu í þessu máli og vil því vitna í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég hef enn ekki séð rök fyrir öðru en því að ríkið eigi áfram netið og leyfi fyrirtækjum að keppa þar og veita landsmönnum öllum sem besta þjónustu rétt eins og á þjóðvegum landsmanna. Þannig tryggjum við jafnan aðgang allra landsmanna að fjarskiptum. Þannig tryggjum við áframhaldandi eðlilega þróun á sviði fjarskipta og þannig komum við í veg fyrir að hér á landi skapist Microsoft-ástand í fjarskiptum."

Herra forseti. Þessi orð eru í tíma töluð.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Safnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Húsafriðun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Menningarverðmæti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (atvinnumál fatlaðra). — Þskj. 265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Réttindagæsla fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 430.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

[10:58]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Umrætt frv. gengur út á það eitt að hækka gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem er nefskattur, um 513 kr. Þetta er alfarið skattamál og ég legg því til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 26:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, SF, SJS, VS, ÞBack.

nei: JÁ, JB, JónK, PHB, SvanJ.

8 þm. (ÁRJ, BH, GAK, KolH, RG, SighB, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁSJ, EOK, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, IP, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, frh. fyrri umr.

Stjtill., 276. mál. — Þskj. 304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (ríkistollstjóri). — Þskj. 433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 312. mál (rafrænar undirskriftir). — Þskj. 372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

[11:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd við orð herra forseta um að ég hafi komið of seint fram með athugasemdina. Ég hef ekkert á móti því að málinu verði vísað til 2. umr., sjálfsagt að samþykkja það. En það lá ekki í orðum forseta þá hvert málinu yrði vísað. Hann bað um að athugasemdir yrðu gerðar eða andmælt ef einhver hefði við það að athuga hvert málinu yrði vísað.

Ég legg mikla áherslu á það, herra forseti, að menntmn. fái að gefa umsögn um þetta frv. sem hér um ræðir og vísa í því sambandi til þeirra umræðna sem hér urðu um málið í gær. Þetta er í eðli sínu mál sem menntmn. þarf að láta sig varða því hér er verið að breyta forsendum frv., forsendum þeirra laga sem nú eru í gildi og ég tel afar mikilvægt að hv. iðnn. verði gert það að beina ósk um umsögn til hv. menntmn. varðandi málið.

[11:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill taka fram vegna ábendinga hv. þm. að réttur hennar er alveg skýr í þessu.

Vegna athugasemda hennar skil ég það þannig að engin formleg tillaga sé uppi í málinu en þessari ósk verður komið á framfæri við iðnn. og ef ekki eru frekari athugasemdir um þá skipan mála lítur forseti svo á að hún sé hér samþykkt.

Um fundarstjórn.

Fundur þingflokksformanna og forseta.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég var með formlega tillögu um að fjárlagaumræðan hæfist ekki öðruvísi en þingflokksformenn hittust með forseta. Ég skil það að forseti er að hefja þessa umræðu og hefur þar með ekki orðið við þeirri beiðni. Mér er mjög umhugað um að þingflokksformenn og forseti hittist áður en þessi umræða kemst á mikið skrið og ég legg til, herra forseti, úr því ekki verður orðið við þeirri ósk minni að strax að loknu hádegishléi verði fundur þingflokksformanna og forseta. Samfylkingin mun eiga þingflokksfund í hádeginu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að á slíkum fundi sé hægt að fá upplýsingar um það sem hér hefur verið rætt á þessum morgni og ýmislegt fleira sem varðar framvindu þingsins. Ég set þessa ósk fram, herra forseti, og geri ráð fyrir því að við henni verði orðið.

[11:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur mun forseti verða við því og kalla þingmenn til fundar í hádegishléi. Ráð var fyrir því gert vegna þingflokksfunda að það yrði heldur í lengra lagi og hæfist um hálfeittleytið. Eigum við ekki að miða við að matarhlé hefjist 12:20? Þá gefst okkur tækifæri til fundahalda áður en þingflokksfundir hefjast. Fundi verði síðan fram haldið klukkan 13:30 eins og miðað var við. Í þessu ljósi vænti ég þess að umræðan geti hafist án frekari athugasemda.

Fjárlög 2001, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 421, frhnál. 456 og 470, brtt. 441, 457, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 465, 466, 467, 468, 469 og 472.

[11:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. frá meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2001.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 30. nóv. sl. Til viðræðna við nefndina

komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. og 6. gr. frumvarpsins. *Framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu* breytingum sem lagt er til að gerðar verði á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umr.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 253,1 milljarður kr. sem er 12,8 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu. Þar vega þyngst auknar tekjur af sölu á varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 8,2 milljarðar kr.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda um 5.410,7 millj. kr.

Ég mun nú fara yfir skýringar og brtt. sem meiri hlutinn *leggur til.*

Þá er það fyrst Æðsta stjórn ríkisins. Alþingi, alþjóðasamstarf. Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til alþjóðasamstarfs. Veruleg aukning hefur orðið á ráðstefnuhaldi á Íslandi síðustu ár en oft eru ákvarðanir um slíkar ráðstefnur ekki fyrirliggjandi við undirbúning fjárlagatillagna. Nú liggur fyrir að haldin verður ráðstefna á vegum Vestnorræna ráðsins og nýlega hefur verið tekin ákvörðun um fund á vegum þingmannanefndar um norðurheimskautsmál. Þá munu fleiri ráðstefnur á döfinni.

Lögð er til 25 millj. kr. tímabundin hækkun fjárveitinga *til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði Alþingis* sem hafin var með leigutöku Austurstrætis 8–10 og 10A. Breyting verður á notkun Austurstrætis 12–14, Þórshamars, Vonarstrætis 8 og Blöndalshúss. Kirkjuhvoll verður tekinn úr leigu og hluti Austurstrætis 12, en 3. hæð Austurstrætis 10A verður tekin á leigu. Í tengslum við þessar breytingar er heimild í 7. gr. til að selja Skólabrú 2 en söluandvirðið rennur í ríkissjóð.

Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 28 millj. kr. fjárveitingu vegna húsnæðismála Ríkisendurskoðunar, þar af eru 5 millj. kr. vegna innréttinga. Um tveggja ára skeið hafa *farið fram viðræður Ríkisendurskoðunar og skrifstofustjóra* fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytis um viðbótarhúsnæði fyrir stofnunina. Einkum hefur verið horft til húseignar ríkisins að Skúlatúni 6 sem er áfast húsnæði stofnunarinnar. Í viðræðum við fjármálaráðuneyti og Fasteignir ríkissjóð hefur komið fram tillaga um að skynsamlegast væri að byggja tvær hæðir ofan á húsið. Þannig fengist besta nýtingin á þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er. Núverandi húsnæði Ríkisendurskoðunar er í umsjón Fasteigna ríkissjóðs og greiðir stofnunin leigugjöld af því. Óskir stofnunarinnar í sambandi við viðbótarhúsnæðið eru þær að Fasteignir *ríkissjóðs komi húseign þeirri sem hún á* að Skúlatúni 6 í leiguhæft ástand að óskum stofnunarinnar sem hún síðan mundi greiða leigugjald fyrir.

Menntamálaráðuneytið. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Lagt er til að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi verði veittar 4 millj. kr. til viðgerða og umhirðu handrita. Nokkrar stórar skinnbækur í safninu þarfnast mikilla viðgerða og mikið af safnkostinum þarfnast minni háttar viðgerða og eftirlits. Stofnunin þarf að geta ráðið mann í fullt starf við þessi verkefni.

Framhaldsskólar. Byggingarframkvæmdir. Lögð er til 20 millj. kr. hækkun á liðnum vegna framkvæmda við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en gengið hefur verið frá samningi við menntamálaráðuneyti um þær.

Þá er það liðurinn 1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Ég vil taka fram að í brtt. minni hlutans er tillaga um að breyta nafninu á þessum lið í Símenntun og fjarkennsluverkefni. Það er rétt skilgreining og ég legg til að sú tillaga verði *samþykkt þegar hún kemur til afgreiðslu.*

Lögð er til 30 millj. kr. hækkun á þessum lið og er fjárhæðin ætluð til að sinna framboði á námi á háskólastigi á Austurlandi og Vestfjörðum í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum. Einnig er hún ætluð til að styrkja fræðslumiðstöðvar vegna kostnaðar þeirra vegna mikilla fjarlægða og fjarskiptakostnaðar. Auk þess er ráðuneytinu heimilt að styrkja fámenn byggðarlög til kaupa á fjarnámsbúnaði.

Þá er lögð til 56 millj. kr. fjárveiting til rekstrar símenntunarmiðstöðva og er það liður í átaki til eflingar fjarkennslu. Stöðvarnar eru átta og fær hver þeirra 7 millj. kr. fjárveitingu sem færist á eftirfarandi viðfangsefni sem öll eru ný og skilgreind á fjárlögum. Stöðvarnar eru Símenntunarstöð á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóli Norðurlands vestra, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Listdansskólinn. Lagt er til að tekjur af innritunargjöldum, 5,3 millj. kr., verði færðar sem ríkistekjur en ekki sértekjur á sama hátt og tekjur annarra skóla af innritunargjöldum.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. hækkun á liðnum svo að hægt verði að ráða minjavörð á Norðurlandi eystra. Jafnframt er lagt til að Minjasafni Egils Ólafssonar, Hnjóti, verði veitt 2 millj. kr. tímabundin fjárveiting upp í kostnað við kaup á fasteign til að leysa geymsluvanda safnsins.

Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um að veita 2,5 millj. kr. til viðhalds á stafkirkju í Vestmannaeyjum samkvæmt samkomulagi Vestmannaeyjabæjar, Þjóðminjasafns og Biskupsstofu.

Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um 16 millj. kr. framlag til við haldsverkefna í Þjóðleikhúsinu. Fjárhæðin færist af óskiptu fé liðarins og er því ekki um hækkun liðar að ræða.

Listir, framlög. Gerð er tillaga um 0,4 millj. kr. hækkun á safnliðnum og er fjárhæðin ætluð hópi áhugafólks um eflingu menningar á Vopnafirði, Menningu um landið.

Gerð er tillaga um að veita 2 millj. kr. framlag til að styrkja útgáfu Sögu íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002 sem unnið er að á vegum Sagnfræðistofnunar. Hækkar því safnliðurinn um 2 millj. kr.

Gerð er tillaga um 1,5 millj. kr. hækkun safnliðarins Æskulýðsmál og er fjárhæðin ætluð til að styrkja Norræn samtök um ungmennastarf, NSU, við áframhaldandi uppbyggingu samtakanna.

Gerð er tillaga um að veita Stykkishólmsbæ 5 millj. kr. framlag upp í kostnað við uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Stykkishólmi sumarið 2002. Farið er fram á sömu fjárveitingu árið 2002.

Lögð er til 7 millj. kr. hækkun til Bridgesambands Íslands. Til stendur að minnast þess að tíu ár eru síðan Íslendingar urðu heimsmeistarar í bridge og er ætlunin að þjálfa upp nýtt landslið til að keppa um titilinn árið 2002.

Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til kaupa á innanstokksmunum í Gunnarsstofnun, Skriðuklaustri undir liðnum Ýmislegt.

Lagt er til að veitt verði 0,3 millj. kr. tímabundið framlag upp í kostnað við að reisa listaverk eftir Ásmund Sveinsson til minningar um Guðríði Þorbjarnardóttur á fæðingarstað hennar, Laugarbrekku undir Jökli.

Gerð er tillaga um að veita 7 millj. kr. tímabundna fjárveitingu vegna ófyrirséðrar hækkunar á kostnaði við að ganga frá byggingu Snorrastofu og umhverfi hennar. Samið var við menntamálaráðuneytið haustið 1999 um 18 millj. kr. framlag sem greiddist á þremur árum. Ekki eru ákvæði um verðtryggingu í samningnum en verulegur vaxtakostnaður hefur bæst við vegna lántöku sem þurfti til þess að hægt væri að ljúka framkvæmdum. Áætlaður kostnaður var 109,7 millj. kr. en hann reyndist verða 120,6 millj. kr. Nú vantar nær 21 millj. kr. til þess að greiða skuldir vegna framkvæmdanna, og er þetta upp í þá upphæð.

Undir Utanríkisráðuneyti er lagt til að framlag til varnarmálaskrifstofu hækki um 10 millj. kr. Við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 var fyrir mistök gert ráð fyrir auknum ríkistekjum af lóðaleigu á varnarsvæðum.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Gjöld stofnunarinnar hækka um 1,3 millj. kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um tekjur af lendingargjaldi er gert ráð fyrir að þær verði 487 millj. kr. árið 2001. Flugstöð Leifs Eiríkssonar varð hlutafélag 1. október 2000. Við þá breytingu féll niður 25% hluti áætlaðra lendingargjalda sem hafa runnið til Flugstöðvarinnar í B-hluta. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var sá hluti 112 millj. kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur af lendingargjaldi verði 487 millj. kr. og 25% hlutdeild er 121,8 millj. kr. Framlagið verður notað til að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar og færist sem viðskiptahreyfing í fjárlögum fyrir árið 2001.

Ýmis verkefni undir Landbúnaðarráðuneyti. Skógræktarfélag Íslands. Lagt er til að því verði veitt 5,7 millj. kr. framlag til stuðnings við rekstur félagsins.

Gerð er tillaga um að veita 3 millj. kr. til þess að styrkja rekstur Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar á Hólum, undir liðnum 1.01.

Gerð er tillaga undir sama lið um beinar greiðslur til bænda og að beingreiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækki um 67 millj. kr. vegna 4,99% hækkunar á grundvallarverði mjólkur sem tekur gildi 1. janúar 2001, en þegar hefur verið gert ráð fyrir 4% hækkun í forsendum fjárlagafrumvarps. Einnig er gert ráð fyrir að neysla innan lands aukist um 1 milljón lítra og verði 103 milljónir lítra á næsta ári. Beingreiðslur ríkisins reiknast sem hlutfall af grundvallarverði mjólkur.

Lagt er til að greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda hækki um 2,5 millj. kr. Framlag ríkissjóðs miðast við fast hlutfall af beingreiðslum til bænda.

Farið er fram á 66 millj. kr. hækkun til Búnaðarsjóðs til jafns við áætlaða innheimtu búnaðargjalds. Áætlanir um innheimtu búnaðargjalds á næsta ári hafa verið endurskoðaðar í ljósi innheimtu það sem af er þessu ári og endurskoðunar á stofni gjaldsins. Búnaðargjald skiptist þannig að um 58% af gjaldinu renna til sjóðsins og um 42% til Lánasjóðs landbúnaðarins. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem um skil á mörkuðum tekjum er að ræða og hækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð.

Farið er fram á 30 millj. kr. hækkun á framlagi ríkisins til Lánasjóðs landbúnaðarins til samræmis við endurskoðaða áætlun um innheimtu búnðargjalds. Áætlanir um innheimtu búnaðargjalds hafa verið endurskoðaðar í ljósi raunverulegrar innheimtu og áætlana um gjaldstofn næsta árs. Um 42% tekna af gjaldinu renna til sjóðsins og um 58% til Búnaðarsjóðs. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem um skil á mörkuðum tekjum er að ræða.

Sjávarútvegsráðuneyti. Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Við 2. umr. um frumvarpið var gerð tillaga um að veita 5,5 millj. kr. tímabundið framlag til hafrannsóknarskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip 60 daga á ári. Fjárveitingin var færð á lið 05-202 1.30 en er nú færð af honum á þennan lið því að þar hafði þegar verið áætlað fyrir helmingi kostnaðar við rekstur skipsins sem er um 11 millj. kr. á ári.

Lögð er til 9 millj. kr. fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar til að styrkja útibú hennar á Ísafirði og í Ólafsvík.

Gerð er tillaga um að af liðnum Rannsóknaskip færist 5,5 millj. kr. til hafrannsóknarskipsins Drafnar eins og áður hefur verið greint frá.

Lagt er til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði veitt 10 millj. kr. framlag til að styrkja útibú stofnunarinnar svo að hægt verði að vinna að sjálfstæðum rannsóknarverkefnum og auka sérhæfingu hvers útibús.

Lagt er til undir liðnum Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 7 millj. kr. framlag til að ráða aðstoðardómara við héraðsdómstólana á Vestfjörðum og Austurlandi.

Gerð er tillaga um að veita Landhelgisgæslunni 40 millj. kr. tímabundið framlag til að gera breytingar á stýrisbúnaði varðskipanna Týs og Ægis.

Undir liðnum Sýslumaðurinn í Borgarnesi er lögð til hækkun á löggæslu, en nauðsynlegt er að efla umferðarlöggæslu og auka umferðareftirlit á þjóðvegum. Því er lagt til að lögreglumönnum verði fjölgað á þremur stöðum á landinu. Í Borgarnesi er lagt til að bætt verði við einu stöðugildi lögreglumanns og fjárveitingar því hækkaðar um 4,5 millj. kr.

Sömuleiðis á Sauðárkróki undir embætti sýslumannsins þar. Fjárveitingar þar eru hækkaðar um 4,5 millj. kr.

Í Vík í Mýrdal er bætt við hálfu stöðugildi lögreglumanns til viðbótar við fjárveitingu sem veitt var á síðasta ári og fjárveitingar því hækkaðar um 2 millj. kr.

Undir liðnum Biskup Íslands er lagt til að veittar verði verði 4 millj. kr. vegna prests í Grafarvogsprestakalli og er um lokagreiðslu að ræða.

Félagsmálaráðuneyti, liðir 1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál, 1.26 Jafnréttisráð og 1.01 Jafnréttisstofa. Millifærðar eru 6,9 millj. kr. af liðnum 1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál. Á liðinn 07-190 1.26 Jafnréttisráð fara 3,5 millj. kr. og á liðinn 1.01 Jafnréttisstofa fara 3,4 millj. kr.

Lagt er til að heiti viðfangsefnisins 1.70 verði Sólheimar í Grímsnesi en það var Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2001 er farið fram á að framlagið verði hækkað um 36 millj. kr.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 6,9 millj. kr. hækkun á safnliðnum. Skulu 3 millj. kr. renna til Íslenskrar ættleiðingar, 2 millj. kr. til Kristskirkju, Landakoti, 1,5 millj. kr. til Sjálfsbjargar og 0,4 millj. kr. til hækkunar á framlagi til Leigjendasamtakanna.

Félagsþjónusta við nýbúa. Gerð er tillaga um 1 millj. kr. fjárveitingu til að styrkja starf prests sem þjónar nýbúum án tillits til trúar eða þjóðernis og starfar með félagsráðgjöfum Félagsstofnunar Reykjavíkurborgar.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 25 millj. kr. fjárveitingu til að leiðrétta framlag til sjúkrahússins samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar árið 1999. Matið var byggt á upplýsingum stjórnenda sjúkrahússins um fjárheimildir þess. Í ljós hefur komið að ónotað framlag til stofnframkvæmda hafði ranglega verið talið með rekstrartekjum sjúkrahússins og afkoman því ofmetin. Framlag til sjúkrahússins var því áætlað lægra sem fjárbeiðninni nemur.

Landspítali – háskólasjúkrahús. Lagt er til 150 millj. kr. tímabundið framlag til greiðslu kostnaðar við sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1999 og fjárlaga ársins 2000 voru verulegir fjármunir veittir til heilbrigðisstofnana í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði þeirra. Ákvörðun um aukafjármagn var háð því að heilbrigðisstofnanir yrðu reknar innan fjárheimilda á árinu 2000. Af þeim upplýsingum sem fjárlaganefnd hefur fengið hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er ljóst að ekki hefur tekist að laga rekstrarumfang nokkurra heilbrigðisstofnana að þeim fjárheimildum á árinu 2000 sem að var stefnt. Hér er um að ræða tiltölulega fáar stofnanir af þeim 87 heilbrigðisstofnunum sem reknar eru með framlögum frá ríkinu.

Meiri hlutinn telur miðað við forsögu þessa máls og ákvarðanir Alþingis að stofnanir geti ekki lengur vikist undan því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga umfang rekstrar að fjárheimildum hverju sinni. Meiri hlutinn leggur til að veita 200 millj. kr. til óskipts liðar hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sem ráðstafað yrði á árinu 2001 til þeirra heilbrigðisstofnana sem ekki hafa náð því á árinu 2000 að laga starfsemi sína að fjárheimildum. Skilyrði fyrir því að stofnun fái framlög af óskipta liðnum eru að fyrir liggi áætlun um ráðstöfun sem tryggir að rekstur verði í samræmi við fjárheimildir og að gengið verði til þeirra nauðsynlegu aðgerða við stjórn viðkomandi stofnana sem tryggi betur að ákvörðun Alþingis nái fram að ganga.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að hluta af þessum fjármunum verði ráðstafað sem langtímaframlagi til þeirra heilbrigðisstofnana sem áforma endurskipulagningu á rekstri eða sameiningu við aðra heilbrigðisstofnun í hagræðingarskyni.

Ákvörðun um einstök framlög er háð samþykki fjárlaganefndar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Þá er jafnframt lagt til að veitt verði 30 millj. kr. framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla landlæknisembættisins. Fyrir liggja áætlanir sem eiga að tryggja að rekstur embættisins verði innan fjárheimilda á næsta ári. Í fjáraukalagafrumvarpi er 30 millj. kr. framlag til þessa verkefnis þannig að það verður alls 60 millj. kr. á tveimur árum. Áður en framlaginu er úthlutað skal leggja mat á rekstur embættisins á árinu 2001 og hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd til að tryggja að reksturinn verði innan fjárheimilda.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Gerð er tillaga um 100 millj. kr. hækkun á framlagi í Framkvæmdasjóð aldraðra sem skiptist jafnt á rekstrarverkefni og stofnkostnað. Annars vegar er tillaga um 71 millj. kr. hækkun vegna áforma um að hækka sérstakt gjald sem rennur í sjóðinn. Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um að sérstakt gjald, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra, skuli nema 4.578 kr. á hvern gjaldanda árið 2001 í stað 4.065 kr. í gildandi lögum. Hins vegar er áætlað að tekjur sjóðsins hækki um 29 millj. kr. vegna leiðréttingar á álagningu. Samtals aukast því tekjur sjóðsins um 100 millj. kr. sem skiptast til helminga á milli rekstrar og stofnkostnaðar eins og áður sagði.

Lagt er til að liðurinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, hækki um 1 millj. kr. vegna verkefnisins Heilsubærinn Bolungarvík á nýrri öld.

Gerð er tillaga um 2 millj. kr. tímabundið framlag til að vinna að brunavörnum í húsi Sjálfsbjargar undir liðnum 5.21.

Lagt er til að veittar verði 6 millj. kr. til að mæta auknum rekstrarkostnaði Sogns, á liðnum 1.01, vegna ósakhæfra afbrotamanna en alvarlegum fíkniefnamálum hefur fjölgað og erfiðum málum tengdum þeim. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að draga úr útgjöldum stofnunarinnar en þrátt fyrir það er talið nauðsynlegt að hækka rekstrarframlagið.

Fjármálaráðuneyti. Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna verði hækkuð um 820 millj. kr. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að sala á eignum ríkisins verði meiri á árinu en fyrirhugað var í fjárlagafrumvarpinu. Sama fjárhæð færist til tekna hjá ríkissjóði þannig að afkoman verður óbreytt eftir sem áður.

Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 150 millj. kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Fjárheimildin er ætluð til að mæta nokkurri hækkun á forsendum frumvarpsins um almenna verðlagsþróun milli áranna 2000 og 2001. Tillagan gerir ráð fyrir að verðlagshækkunin verði um 4,5% að meðaltali á milli ára í stað 4% hækkunar sem miðað var við í frumvarpinu.

Ýmislegt. Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu. Lagt er til að felld verði niður 23,8 millj. kr. fjárveiting í frumvarpinu sem ætluð var til að mæta tímabundnum kostnaði á árinu 2000 vegna kaupa á búnaði og vöktunar hjá nokkrum stofnunum í tengslum við jarðhræringar í Eyjafjallajökli og á Kötlusvæðinu.

Í stað þess komi liður 1.74 Vöktun og rannsóknir vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Gerð er tillaga um 40 millj. kr. fjárveitingu sem varið verði til að mæta kostnaði við vöktun og rannsóknir í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi. Í fjáraukalögum fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir framlagi til að standa straum af hluta þessa kostnaðar hjá rannsóknastofnunum, auk þess að bæta ýmis tjón og fjármagna bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem misstu hús sín. Á næsta ári er gert ráð fyrir 40 millj. kr. kostnaðarauka vegna meiri vöktunar og rannsókna nokkurra stofnana og er miðað við að fjárheimildinni verði skipt samkvæmt tillögum nefndar ráðuneytisstjóra sem hefur málið til umfjöllunar. Jafnframt er unnið að því að tryggja sem best skipulag þessarar starfsemi og gott samstarf milli allra viðkomandi stofnana.

Samgönguráðuneyti. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Í sérstöku yfirliti, 16, fellur niður d-liður, styrkir til flug-

félaga að fjárhæð 9,7 millj. kr., og var sú fjárhæð millifærð við 2. umr. fjárlaga á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn, 10-471 1.11 Styrkir til innanlandsflugs.

Gerð er tillaga um að veita Slysavarnafélaginu Landsbjörg 5 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til að byggja upp rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum. Áætlaður kostnaður við þetta verkefni er 22 millj. kr.

Siglingastofnun Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til sjóvarnargarða hækki um 2,8 millj. kr. vegna sjóvarna í Leiru í Gerðahreppi og er þetta lokagreiðsla til sjóvarna þar.

Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á 7 millj. kr. fjárveitingu vegna samnings sem gerður var á yfirstandandi ári um áætlunarflug til Gjögurs. Samkvæmt nýgengnu útboði er kostnaður samgönguráðuneytis 60,7 millj. kr. vegna útboðs á flugi til nokkurra staða á landinu. Gjögur var hins vegar ekki í því útboði. Við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið voru millifærðar 9,7 millj. kr. af viðfangsefninu 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar á nýtt viðfangsefni hjá Flugmálastjórn 10-471 1.11 sem höfðu verið ætlaðar til þessa verkefnis.

Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar. Lagt er til að karlakórnum Heimi verði veitt 0,5 millj. kr. tímabundin fjárveiting til að styrkja ferð kórsins til Grænlands nú nýverið.

Ferðamál. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. framlag til rannsókna í ferðaþjónustu.

Lögð er til 25 millj. kr. hækkun undir liðnum Virkjanarannsóknir til að flýta framkvæmd rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með það fyrir augum að geta gefið umsögn um nokkra virkjunarkosti til samanburðar við áformaða Kárahnjúkavirkjun seint á árinu 2001.

Ýmis orkumál. Hitaveitur á köldum svæðum. Liðurinn hækkar um 18 millj. kr. til að standa undir kostnaði við jarðhitaleitarátak en það er kostnaður iðnaðarráðuneytis af átakinu á árunum 2000 og 2001.

Þá er það Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun verði veitt 50 millj. kr. fjárveiting í afskriftarsjóð. Jafnframt er lagt til að veittar verði 5,5 millj. kr. til byggðarannsókna til þess að fjármagna samning Byggðastofnunar, Háskólans á Akureyri og iðnaðarráðuneytis frá sl. sumri.

Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Lögð er til 38 millj. kr. hækkun til atvinnuþróunarfélaga Byggðastofnunar en framlagið hefur verið 65 millj. kr. í nokkur ár og stofnunin hefur bætt við framlagið svo að greiðsla til félaganna hefur orðið 103 millj. kr. Með þessari fjárveitingu er kleift að endurnýja samninga við atvinnuþróunarfélögin.

Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að gjöld Fjármálaeftirlitsins hækki um 18,8 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu eru gjöld stofnunarinnar áætluð 209,2 millj. kr. en samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun eru þau nú áætluð 228 millj. kr. Þá er fyrirhugað að innheimta 195,4 millj. kr. gjald hjá eftirlitsskyldum aðilum en það er 13,8 millj. kr. lækkun frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Mismunur á útgjöldum og rekstrartekjum er 32,6 millj. kr. og verður hann fjármagnaður með rekstrarafgangi ársins 2000 sem gert er ráð fyrir að færist á milli ára. Sá mismunur kemur því fram á fjárlagaliðnum í sundurliðun 2 í frumvarpinu sem viðskiptahreyfing.

Undir Umhverfisráðuneyti er lagt til, undir Ýmis verkefni, að veitt verði 5 millj. kr. tímabundið framlag til Fræðasetursins í Sandgerði til að bæta aðstöðu sem sýni eru geymd í og tryggja betur varðveislu þeirra. Áætlaður kostnaður er um 5 millj. kr. þar sem klæða þarf veggi með eldvarnarklæðningu og setja upp viðvörunarkerfi. Hins vegar er gerð tillaga um að veita 1 millj. kr. framlag vegna vinnu við Staðardagskrá 21 í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Gerð er tillaga um 10 millj. kr. fjárveitingu til undirbúnings stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Er fjárhæðin ætluð til að standa straum af ýmsum kostnaði, svo sem ráðningu þjóðgarðsvarðar frá og með miðju ári, stofnkostnaði og kynningarmálum á friðlýstum svæðum.

Undir liðnum Ýmis verkefni er lagt til að safnliður hækki um 1 millj. kr. og verði alls 4 millj. kr.

Gerð er tillaga um 3,5 millj. kr. hækkun á framlagi til Náttúrustofu Austurlands til að efla grunnrannsóknir á hreindýrastofninum og til að stofnunin geti sinnt á fullnægjandi hátt þeim verkefnum sem henni hafa verið falin á sviði rannsókna og ráðgjafar vegna hreindýrastofnsins. Náttúrustofunni er ætlað að sinna hagnýtum rannsóknum, m.a. vegna vöktunar stofnsins, og almennum rannsóknum til að auka þekkingu á líffræði og lifnaðarháttum hreindýranna. Þá ber henni að meta ágang hreindýra á land.

Náttúrustofa Bolungarvík. Lögð er til 5 millj. kr. fjárveiting til Náttúrustofu Vestfjarða til að halda áfram rannsóknum í Hornstrandafriðlandi. Megináherslan var í upphafi lögð á rannsóknir á refum en nú hafa rannsóknir á gróðri aukist. Áætlaður kostnaður stofunnar við þessar rannsóknir næsta ár er 7 millj. kr.

Þá er komið að liðnum Vaxtagjöld ríkissjóðs.

Gerð er tillaga um að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta verði aukin um 3,2 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að greiðsluheimild verði aukin um 3 milljarða kr. Breytt áætlun um þennan lið skýrist að miklu leyti af endurskoðaðri stefnu um lánsfjármögnun ríkissjóðs á næsta ári. Sú stefnumörkun hefur farið fram í samráði við Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins að undanförnu og hefur hún verið kynnt fyrir aðilum á fjármagnsmarkaði. Þau áform miða að því að ríkissjóður þrengi ekki lengur með aðgerðum sínum að gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og að stuðlað verði að styrkari verðmyndun markaðsbréfa ríkissjóðs. Breyttar forsendur frá frumvarpinu felast einkum í þrennu: Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir að gefa út ríkisbréf og ríkisvíxla í auknum mæli og nota fjárinnstreymið til ráðstafana á fjármagnsmarkaði sem geta t.d. falið í sér forinnlausn á spariskírteinum og aukningu á inneign ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Leiðir það til þess að gjaldfærðir vextir ríkisbréfa og víxla verða hærri en reiknað var með í frumvarpinu. Í öðru lagi er nú fyrirhugað að mæta öllum gjaldföllnum afborgunum af erlendum lánum með nýjum erlendum lánum en að auka í staðinn verulega greiðslur á skuldbindingu ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hefur það í för með sér að vaxtagjöld af erlendum lánum verða hærri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Loks er nú reiknað með að vaxtagjöld af erlendum lánum verði hærri en samkvæmt fyrri áætlun þar sem gengi helstu gjaldmiðla hefur hækkað gagnvart íslensku krónunni og vaxtastig hefur farið hækkandi. Skýrir það um þriðjung hækkunarinnar á gjaldfærðu vöxtunum frá frumvarpinu.

Þá er ég kominn að skýringum við brtt. við sundurliðun 3, B-hluta, og sundurliðun 4, C-hluta.

B- og C-hluta áætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga,

breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á einni áætlun í B-hluta og fimm áætlunum í C-hluta.

Iðnaðarráðuneyti. Rafmagnsveitur ríkisins. Framlag til fyrirtækisins úr ríkissjóði hækkar um 8 millj. kr. frá frumvarpinu og verður 169 millj. kr. Sú hækkun er leiðrétting sem gerð er til samræmis við fyrirhugað framlag í A-hluta frumvarpsins. Við þessa breytingu batnar staða á handbæru fé í árslok um sömu fjárhæð.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Áætlun sjóðsins hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir 4% verðlags- og gengisbreytingu milli áranna 2000 og 2001 í stað 3% í frumvarpinu. Einnig er gert ráð fyrir að leggja tæplega 358 millj. kr. sem svarar til 9,8% útlánafjárhæðar í afskriftarsjóð í samræmi við forsendur Ríkisendurskoðunar, en í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir framlagi í sjóðinn. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 12,4 millj. kr. sem er 9,4 millj. kr. hækkun frá frumvarpinu. Annars vegar er áætlað fyrir 6,6 millj. kr. sértekjum á móti kostnaði við úthlutun styrkja til jöfnunar á námskostnaði framhaldsskólanemenda en sjóðurinn hefur tekið að sér þá þjónustu. Hins vegar er gert ráð fyrir 2,8 millj. kr. auknum tekjum af greiðslu- og tilkynningargjöldum. Önnur rekstrargjöld sjóðsins hækka um 8,6 millj. kr. og munar þar mest um kostnað við þjónustu tengda svonefndum dreifbýlisstyrkjum. Áætlað er að sjóðurinn veiti 85 millj. kr. lán á markaðskjörum sem er 10 millj. kr. lækkun frá frumvarpinu vegna færri umsókna. Útlán eru áætluð 3.665 millj. kr. samanborið við 3.540 millj. kr. í frumvarpinu og skýrist breytingin að mestu af breyttum verðlags- og gengisforsendum. Gert er ráð fyrir að innheimta 2.500 millj. kr. í afborgunum af veittum lánum sem er 100 millj. kr. hækkun frá frumvarpinu. Varanlegir rekstrarfjármunir eru áætlaðir 24 millj. kr. sem er 8 millj. kr. hækkun frá frumvarpinu. Stærsti hluti kostnaðarins er vegna viðhalds og endurbóta á hugbúnaði sjóðsins. Framangreindar breytingar leiða til þess að talið er að sjóðurinn þurfi að taka 2.900 millj. kr. lán á árinu 2001, sem er 200 millj. kr. minna en var áætlað áður, og að hann greiði 2.615 millj. kr. í afborganir sem er 100 millj. kr. lækkun frá frumvarpinu. Framlag úr ríkissjóði breytist ekki, en það er áætlað 2.150 millj. kr. Framlagið reiknast sem 52% útlána eða 1.905,8 millj. kr. að viðbættum 182,6 millj. kr. rekstrargjöldum sjóðsins, 50 millj. kr. vaxtastyrk sem er einnig talinn til rekstrargjalda og 24 millj. kr. til fjárfestingar, en frá dragast 12,4 millj. kr. rekstrartekjur.

Lánasjóður landbúnaðarins. Aðrar tekjur hækka um 30 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtu búnaðargjalds á árinu 2001. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á tekjum eða gjöldum og eykst því hagnaður sjóðsins um 30 millj. kr. og handbært fé í árslok eykst sem því nemur.

Félagsmálaráðuneyti. Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Áætlun sjóðsins hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fjármunatekjur lækki um 176 millj. kr. og fjármagnsgjöld um 195 millj. kr. Hreinar fjármunatekjur hækka því um 19 millj. kr. Því er gert ráð fyrir að húsbréfadeild verði rekin með 1.253 millj. kr. hagnaði árið 2001. Áætlað er að rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi lækki um 1,1 milljarð kr. og verði því 8 milljarðar kr. Á yfirstandandi ári hafa því umsóknir um lán í húsbréfakerfinu dregist saman og er ekki gert ráð fyrir aukningu á árinu 2001 eins og gert var í frv. Samkvæmt endurskoðuðum forsendum er gert ráð fyrir að veitt löng lán verði 27,6 milljarðar kr. eða 4,3 milljörðum kr. lægri en gert var ráð fyrir í frv. Framangreindar breytingar leiða til þess að lánsþörf sjóðsins minnkar og tekin löng lán eru áætluð 27,3 milljarðar kr. sem er 4,2 milljörðum kr. lægri lánsfjárþörf en gert er ráð fyrir í frv.

Gert er ráð fyrir 25 millj. kr. hækkun á framlagi úr ríkissjóði í Orkusjóð til að flýta framkvæmd rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma með það fyrir augum að geta gefið umsögn um nokkra virkjunarkosti til samanburðar við áformaða Kárahnjúkavirkjun, og ég hef áður gert grein fyrir. Önnur rekstrargjöld hækka þá í sama mæli þar sem framlaginu verður ráðstafað til Orkustofnunar til að standa undir kostnaði við þessar rannsóknir og áætlanagerð.

Gert er ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Byggðastofnunar hækki um 93,5 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frv. og verði alls 591,9 millj. kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að stofnunin fái aukið framlag til að hún geti lagt 50 millj. kr. í afskriftarsjóð vegna útlánatapa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 38 millj. kr. til að endurnýja samninga við atvinnuþróunarfélög, og ég hef áður gert grein fyrir, og í þriðja lagi 5,5 millj. kr. til að standa undir kostnaði við samning um byggðarannsóknir, en ég hef áður gert grein fyrir því framlagi einnig. Við þessa breytingu á framlaginu frá ríkissjóði hækka þá framlög í afskriftarsjóð útlána um 50 millj. kr. og önnur rekstrargjöld um 43,5 millj. kr. í framsetningu á fjárreiðum stofnunarinnar. Loks er lagt til, að tillögu stjórnenda sjóðsins, að veitt lán á árinu 2001 lækki um 200 millj. kr. og verði 2.000 millj. kr. en staða á handbæru fé í árslok batnar þá sem því nemur.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 5. gr. frv. Nú er ráðgert að ríkissjóður taki allt að 27,6 milljarða kr. að láni á næsta ári í stað 1,2 milljarða kr., eins og ráð var fyrir gert í frv. Afborganir af teknum lánum aukast úr 32,7 milljörðum kr. í 36,8 milljarða kr. eða um 4,1 milljarð kr., einkum vegna aðgerða á innlendum fjármálamarkaði. Aukin lántökuheimild skýrist að öðru leyti af því að ekki er áformað að greiða niður erlend lán eins og áður var ráðgert og munar þar 15,6 milljörðum kr. Þá er nú áformað að styðja við vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði með auknum skammtímalántökum sem nema um 6 milljörðum kr. og útgáfu á óverðtryggðum ríkisbréfum sem nemur sömu fjárhæð.

Í 2. tölul. er lagt til að lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 millj. kr. og verði 2,9 milljarðar kr., og hef ég áður gert grein fyrir málefnum lánasjóðsins.

Loks er lagt til að lántökur húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs lækki um 4,2 milljarða kr. og verði alls 27,3 milljarðar kr. Í ljósi þróunar útlána það sem af er þessu ári er nú áætlað að lántakendum fækki heldur og að meðalfjárhæð hvers láns lækki frá því sem áður var áætlað.

Lagðar eru til tvær breytingar á 6. gr. frv. Í samræmi við breytingar á útgjöldum Endurbótasjóðs menningarstofnana sem samþykktar voru við 2. umr. um frv. hækkar óskert framlag um 20 millj. kr., úr 480 millj. kr. í 500 millj. kr. Þá er lagt til að 2. tölul., skerðingarákvæði um erfðafjárskatt, falli brott í samræmi við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 2001. Í því frv. er lagt til að lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, falli úr gildi og að tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé renni framvegis í ríkissjóð í stað Erfðafjársjóðs.

Meiri hluti fjárln. flytur nokkrar brtt. við 7. gr. frv. Um er að ræða heimildir til sölu og kaupa eigna og einnig er

að finna nokkrar heimildir til sértækra ráðstafana á liðnum 8.16–8.22.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur fram við 3. umr. fjárlagafrv. Að auki vil ég gera grein fyrir umræðum og afgreiðslu á nokkrum afmörkuðum málum þar sem ekki eru lagðar til fjárveitingar að þessu sinni.

Í fyrsta lagi var við 2. umr. fjárlaga veitt 20 millj. kr. til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í Borgarfirði vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Er nú verið að skoða möguleika á að ákveða rekstrarframlög til skólans á hliðstæðan hátt og menntmrn. notaði við skiptingu framlaga til háskóla. Þannig verði skólanum búin hliðstæð rekstrarskilyrði og öðrum háskólum og yrði þá gerður við hann samningur um fjárframlögin og gerð áætlun um nemendafjölda á næstu árum. Verður þá tekin afstaða til uppbyggingar náms við skólann og sérstöðu hans.

Við athugun á liðnum 11-399 1.15 kom í ljós að nefnd um lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hefur ekki lokið störfum sínum. Nefndinni er ætlað að útfæra markmið sem komu fram í gildandi byggðaáætlun auk þess að skoða form og framkvæmd niðurgreiðslna í ljósi þeirrar skipulagsbreytingar sem fram undan eru á raforkumarkaði. Þær upplýsingar sem liggja fyrir í nefndinni benda til þess að endurskoða þurfi í heild þær forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum sem hingað til hefur verið stuðst við. Þar af leiðandi liggja ekki fyrir upplýsingar um kostnað við að hrinda að fullu í framkvæmd áformum byggðaáætlunar.

Það er fullur vilji meiri hluta fjárln. að markmið um jöfnun húshitunarkostnaðar sem koma fram í byggðaáætlun nái fram að ganga og meiri hlutinn mun beita sér fyrir tillögugerð um fjármögnun þegar niðurstöður húshitunarnefndarinnar eru komnar fram.

Til meðferðar í nefndinni var umsókn Mýrdalshrepps um að koma upp setri Náttúrufræðistofnunar Íslands í Vík í Mýrdal. Meiri hluti nefndarinnar hefur jákvæða afstöðu til þessa máls. Umhvrn. hefur hins vegar ákvörðunarvald í málinu samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun og þau kveða á um að umhvrh. veiti heimild fyrir stofnun nýrra setra.

Meiri hlutinn telur að ef unnið er að þessu máli á næsta ári geti starfsemi í slíku setri hafist á árinu 2002 og samþykkt var að þessi afstaða kæmi fram í framhaldsnefndarálitinu.

Málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa verið til umfjöllunar hjá fjárln. og stjórnvöldum núna eins og áður. Það er eðlilegt því að hér er um gífurlega umfangsmikla og viðkvæma starfsemi að ræða. Eins og fram hefur komið mælir fjárln. með viðbótarframlagi til stofnunarinnar vegna sameiningar spítalanna. Lagt er til að veitt verði heimild til að selja eignir í Kópavogi en fyrirsjáanlegt er að framtíðaruppbygging á meginstarfseminni verður ekki þar. Heilbrrn. og félmrn. vinna nú að því að ná samkomulagi um framtíð þeirra fötluðu einstaklinga sem þar búa, enda er ekki um viðfangsefni sjúkrahússins að ræða. Því er eðlilegt að eignir verði seldar fáist fyrir þær ásættanlegt verð.

Fjárln. hefur verið gerð grein fyrir ýmsum áformum sem stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss vinnur nú að. Mörg þessara viðfangsefna leiða af sameiningu spítalanna, þ.e. fyrrum Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna. Nú er leitað heimilda til að sameina tvö apótek spítalans undir merkjum hlutafélags. Meiri hluti fjárln. telur að hér sé um eðlilega framkvæmd að ræða til að auka hagræðingu í starfseminni en leggur áherslu á að þjónusta við sjúklinga verði ekki skert á nokkurn hátt.

Stjórnendur spítalanna hafa unnið að ýmsum umbótamálum sem nefndinni hafa verið kynnt. Má þar nefna að skilgreina samstarf spítalans og Háskóla Íslands, kostnaðargreiningu starfseminnar þannig að mögulegt verði að tengja læknisverkin við raunveruleg útgjöld og brydda upp á nýjum formum í rekstrinum. Þetta er allt jákvætt og ber að fagna því.

Í þessu sambandi má rifja upp að við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári veitti Alþingi 15 millj. kr. til að undirbúa breytingu á tilhögun fjárveitinga til heilbrigðisstofnana í landinu. Heilbrrn. og Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur nokkuð miðað við þann undirbúning, m.a. að fjárframlög til reksturs kvennasviðs spítalans muni breytast við breytta aðferð á árinu 2001.

Loks er að geta þess að rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss er nokkurri óvissu háður á komandi ári. Það kemur til af því að sameining á svo flókinni og umfangsmikilli starfsemi er ekkert áhlaupaverk. Sameining kostar ugglaust töluverða fjármuni í upphafi og hagræðingin skilar sér mest þegar frá líður. Full ástæða er til að hvetja heilbrrh. og stjórnendur spítalans til að vinna að frekari breytingum á rekstri með það að markmiði að styrkja starfsemina með endurskipulagningu á faglegu starfi spítalans og með hagkvæmni í huga. Einn þáttur í þessu er ugglaust að færa starfsemina á sem fæsta staði.

Meiri hluti fjárln. telur eðlilegt að skoða ávinninginn af þessu og hugsanlega styðja uppbyggingu þar sem kjarnastarfsemi fer fram en það er í Fossvogi og við Hringbraut. Því er rétt að fylgst verði grannt með framgangi þessara mála á komandi ári.

Þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur við frv. og ég hef nú gert grein fyrir leiða til þess að áætlaður tekjuafgangur frv. er 33,9 milljarðar kr. Þessi tekjuafgangur er jákvæð skilaboð inn í efnahagslífið. Ísland er nú í fremstu röð í OECD-ríkjunum hvað varðar afkomu ríkissjóðs miðað við landsframleiðslu. Ég tel að tekist hafi með fjárlagaafgreiðslunni að fara bil beggja og styðja þau mikilvægu verkefni sem ríkisvaldið hefur með höndum án þess að þenja út rekstur ríkissjóðs, sem alltaf er hætta á að gerist þegar tekjur eru miklar eins og nú er.

Mikið hefur verið um það rætt að undanförnu að blikur séu á lofti í efnhagsmálum og einkum vísað til gengismála, gengisþróunar og viðskiptahalla í því sambandi. Ég tel að þjóðin hafi nú meiri möguleika en nokkru sinni til að sækja fram til betri lífskjara og það er engin ástæða til að mála fjandann á vegginn þegar rætt er um efnahagsmál. Jafnsjálfsagt er að huga að þeim hættumerkjum sem eru og sjá fótum sínum forráð. Þegar vel árar er nauðsynlegt að leggja fyrir og greiða skuldir. Nú eru aðstæður þannig að ekki er skynsamlegt að greiða niður erlendar skuldir vegna viðskiptahallans en þá ber nauðsyn til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs á innanlandsmarkaði og leggja fyrir til að mæta þeim skuldbindingum sem falla á ríkissjóð á komandi árum. Þetta fer engan veginn á skjön við þau markmið að varðveita velferðarkerfið og treysta það í sessi. Það er þvert á móti forsenda þess.

Í tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir miklum tekjum af eignasölu. Tilgangurinn með eignasölunni er tvíþættur. Fyrst og fremst er hann sá að draga ríkið út úr samkeppnisrekstri. Hins vegar hefur sala hlutabréfa í þeim fyrirtækjum sem til

umræðu hafa verið haft jákvæð áhrif á efnahagslífið eins og nú háttar til. Ég endurtek það sem ég hef oft tekið fram áður að nauðsyn ber til að verja þeim fjármunum sem fást með sölu ríkiseigna til þess að treysta stöðu ríkissjóðs og greiða niður skuldir eða stofna til nýrra fjárfestinga en ekki nota þær í rekstur. Afkoma ríkissjóðs í ár sýnir að þessum skilyrðum er fullnægt.

Nú hefur tekist annað árið í röð að halda starfsáætlun Alþingis um afgreiðslu fjárlaga og er hún viku fyrr á ferðinni en á fyrra ári. Þetta er afar mikilvægt fyrir stjórnsýsluna og störf Alþingis og auðveldar mjög störfin á lokadögum haustþingsins.

Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum í fjárln. fyrir einstaklega gott samstarf og vilja til þess að ná þessum markmiðum. Án sameiginlegs vilja stjórnar og stjórnarandstöðu og hinum góða vilja um gott samstarf hefði þetta ekki tekist. Ég vil einnig þakka Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, ritara nefndarinnar, og Álfhildi Álfþórsdóttur, sem séð hefur um skráningarvinnu, fyrir þeirra miklu störf fyrir nefndina. Á þeim mæðir sú mikla tæknivinna og ráðgjöf sem fram þarf að fara við afgreiðslu svo fjölmargra erinda sem nefndinni berast. Ég vil einnig þakka Ragnheiði Sumarliðadóttur, Bentínu Haraldsdóttur og Sigríði Jónsdóttur fyrir aðstoð við nefndina, við skipulagningu viðtala, símvörslu og ritarastörf. Öðrum starfsmönnum nefndadeildar Alþingis og öllu starfsfólki þingsins þakka ég lipurð og góð störf.

Ég vil einnig þakka starfsmönnum Ríkisendurskoðunar og fjmrn. fyrir aðstoð þeirra svo og öðrum starfsmönnum ráðuneyta sem hafa lagt okkur lið. Samskipti við einstök ráðuneyti hljóta alltaf að verða mikil við fjárlagavinnuna. Ég vil þó nefna sérstaklega Ólaf Hjálmarsson, forstöðumann fjárlagaskrifstofu, Nökkva Bragason, starfsmann fjmrn., og Inga K. Magnússon, skrifstofustjóra hjá Ríkisendurskoðun, en Ingi hefur m.a. aðstoðað minni hluta nefndarinnar í hans miklu vinnu. (Gripið fram í.) Hún er ekki á mínu verksviði eins og fram hefur komið.

Ég hef nú lokið að gera grein fyrir brtt. og nál. meiri hluta fjárln. en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu.

[12:02]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2001, 1. mál, frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 473.

[12:02]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 2000 gerðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs athugasemdir við ákvæði 7. gr. laganna þar sem fjallað var um sölu á eignarhlutum Skógræktar ríkisins, annars vegar í jörðinni Straumi í Hafnarfirði og hins vegar eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítsstöðum. Ekki kom skýrt fram í þeirri söluheimild að andvirðinu skyldi varið til þess að styrkja fjárhag Skógræktar ríkisins eða verja andvirðinu til skógræktarmála.

Við þá vinnu gaf hv. formaður fjárln. þá yfirlýsingu að það væri skilningur nefndarinnar að andvirðið af sölunni rynni til slíkra mála. Ég átti því von á því, herra forseti, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001, þar sem þessar heimildir eru endurnýjaðar, kæmi þetta skýrt fram varðandi ráðstöfun fjármagns við sölu þessara jarða. Svo er ekki, herra forseti, heldur er einungis opin heimild til þess að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í þessum tveimur jörðum.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. formann fjárln. hvort þarna hafi ekki orðið á mistök. Hann minntist á ýmsa aðila sem ekki hefðu fengið afgreiðslu hjá fjárln. varðandi sín mál. Fjárhagur og fjárþörf Skógræktar ríkisins var ekki þar til afgreiðslu þó að við vitum að þar er þörf aukins fjár og ég vænti þess að hér séu bara mistök á ferðinni og muni verða leiðrétt og þetta verði sett í textann skýrt og skorinort að andvirði sölu þessara jarða, verði þær seldar, renni ótvírætt til eflingar skógrækt í landinu og til Skógræktar ríkisins.

[12:05]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fjallaði um þetta mál í umræðum um fjáraukalög á sínum tíma og gaf um það yfirlýsingar sem meiri hluti nefndarinnar er sammála. Það er fortakslaust að söluandvirðinu á að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins, enda eru gjafabréf fyrir þessum jörðum sem fjalla um að þær séu gefnar til Skógræktarinnar. Þetta eru jarðir sem voru gefnar til Skógræktarinnar á sínum tíma og það er ótvírætt og skilningur meiri hluta nefndarinnar að þessu verði varið til styrktar rekstri Skógræktarinnar. Allar fyrri yfirlýsingar mínar varðandi þetta standa og ég vil staðfesta það hér.

[12:06]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka einarða og afdráttarlausa yfirlýsingu formanns fjárln. og vænti þess að hann í umboði meiri hluta nefndarinnar sé einnig að tala í umboði meiri hluta Alþingis sem stendur að baki meiri hluta fjárln. og þetta verði ótvírætt og verði ekki umdeilt komi sala til. Hrammur ríkiskassans er harður og langur og þarf að vera afar vel á varðbergi gagnvart því að ekki sé gengið á þann rétt sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég fagna þeirri afdráttarlausu yfirlýsingu formanns fjárln. að söluandvirði þessara jarða, verði þær seldar, renni ótvírætt til Skógræktar ríkisins og eflingar skógrækt.

[12:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Ég hef gefið um þetta yfirlýsingar bæði við umræður um fjáraukalög og fjárlög og þær yfirlýsingar eiga að vera jafngildar athugasemdum í nefndaráliti og ég staðfesti það hér með.

[12:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Flestir hv. þingmenn bíða eftir því að þau áform verði kynnt sem hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin hefur boðað um niðurskurð í vegamálum. Hv. formaður fjárln. vék ekki orði að þeim niðurskurði í máli sínu. Minni hlutinn í fjárln., stjórnarandstaðan, hefur margítrekað kallað eftir að fá kynntan þennan niðurskurð en ekki var orðið við eindregnum ósk minni hlutans í fjárln. Ég tel að fátítt sé að að við hefjum 3. umr. fjárlaga og enn hafi niðurskurðurinn ekki verið kynntur sem boðaður hefur verið í vegamálum.

Hæstv. samgrh. lofaði því fyrir örfáum vikum að fyrir 2. umr. fjárlaga yrði þingheimi kynntur niðurskurðurinn í vegamálum. Við erum að hefja 3. umr. og enn bólar ekkert á að við fáum einhverja sundurliðun á því hvar sá niðurskurður á að lenda.

Ég tel, herra forseti, að ótækt sé og ekki hægt að halda umræðunni áfram fyrr en þau áform hafa verið kynnt þingheimi. Ég hygg að margir þingmenn muni víkja að vegamálunum í máli sínu og það er ekki hægt að ræða þau mál í eðlilegu samhengi fyrr en tillögur ríkisstjórnarinnar liggja fyrir í því efni.

Þess vegna kalla ég eftir því, herra forseti, áður en umræðan heldur áfram, að við fáum þennan niðurskurð kynntan. Ég sé að hæstv. starfandi samgrh. er í þingsalnum þannig að ég óska eftir því að áður en næsti þingmaður fær orðið við 3. umr. fjárlaga að við fáum þá kynningu.

Ég spyr hv. formann fjárln.: Hvers megum við vænta í þessu efni? Það eru ekki boðleg vinnubrögð að halda umræðunni áfram án þess að fá skýringar á svo mikilvægum þætti sem vegamálin eru.

[12:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að framkvæmdum í vegamálum verði frestað á milli áranna 2001 og 2002 um 800 millj. kr. Venjan er að setja slík markmið fram í fjárlagafrv. en hins vegar fjöllum við um skiptingu í einstök verkefni, framkvæmdir og forgangsröðun þegar vegáætlun kemur fram eftir áramótin. Þingið mun því fjalla um öll þessi mál þegar að henni kemur strax eftir áramótin. Ég hef kannað það í starfi nefndarinnar hvar þetta er á vegi statt og Vegagerðin hefur ekki gengið frá tillögum sínum um þetta mál enn þá en þær munu væntanlega liggja fyrir í byrjun febrúar þegar vegáætlun liggur fyrir.

[12:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi varla mínum eigin eyrum að málin standi svo, ef ég skil málflutning hv. þm. rétt, að umræðan eigi að ganga fram og ljúka án þess að þingheimi séu kynnt þau áform sem uppi eru í niðurskurði í vegamálum og það upp á 800 millj. kr. Ég gat ekki skilið orð hv. þm. öðruvísi en svo. Hér er auðvitað komin upp grafalvarleg staða í þeirri umræðu sem nú er hafin, þ.e. 3. umr. fjárlaga, og mun hafa áhrif, herra forseti, á þær umræður sem fram fara og framgang 3. umr.

Ég óska því eindregið eftir því að hæstv. starfandi samgrh. blandi sér nú þegar í umræðuna til að 3. umr. geti haldið áfram með eðlilegum hætti og hann segi okkur hvort það sé virkilega rétt sem skilja mátti af orðum hv. þm. að við fáum enga kynningu á þeim áformum sem uppi eru um niðurskurð.

Ég vil líka spyrja hv. formann fjárln., af því að nú boðar Þjóðhagsstofnun að verðlagshækkanir verði 5,8% á næsta ári, hækki úr 4% frá því sem áformað var á fjárlögum í 5,8%: Hvar er gert ráð fyrir því í tillögum meiri hlutans að lífeyristryggingar, þ.e. greiðslur til aldraðra og öryrkja hækki í samræmi við spár um verðlagsþróun? Ég sé að lífeyristryggingar samkvæmt frv. eiga að hækka um 4% en nú ættum við að sjá breytingu við 3. umr. fjárlaga þegar Þjóðhagsstofnun boðar 5,8% verðbólgu á næsta ári. Mér telst til að við gætum verið að tala um 400–450 millj. kr. sem lífeyrir almannatrygginga ætti að hækka út af hinni nýju spá og ég spyr: Hver eru áform hæstv. ríkisstjórnar í því efni?

Ég ítreka óskir mínar til hæstv. starfandi samgrh. að hann blandi sér þegar í umræðuna til að kynna okkur áformin sem uppi eru varðandi vegamálin.

[12:13]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar vegamálin þá hef ég í rauninni engu við þá yfirlýsingu að bæta sem ég gaf áðan nema að því leyti til að ég vil undirstrika eitt í þessu sambandi, að orðanotkunin um niðurskurð í vegamálum finnst mér vera örlítið villandi. Hér er eingöngu um frestun á framkvæmdum að ræða en ekki er verið að hætta við eða skera niður neinar tilteknar framkvæmdir. Þetta er spurning um flutning eða verkhraða í einhverjum tilteknum framkvæmdum en hins vegar er ekki um niðurskurð að ræða. Það kann þá að vera um flutning á verkefnum milli áranna 2001 og 2002.

En þessi mál og þær upplýsingar sem ég hef fengið eru í skoðun hjá Vegagerðinni og munu verða lagðar fram og ræddar ítarlega í Alþingi.

Varðandi tekjuáætlunina þá er rétt að Þjóðhagsstofnun lagði fram þjóðhagsspá. Hún kynnti hana fyrir okkur og við kölluðum tekjudeild fjmrn. til viðtals og bárum þetta undir hana, hvort þeir gerðu breytingar á áætlunum sínum af þessu tilefni, en fengum upplýsingar um það hjá fjmrn. að þeir teldu ekki ástæðu til að gera það. Það eru þær upplýsingar sem við höfum um þetta mál, en hér er auðvitað í báðum tilfellunum um spár að ræða.

[12:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er holur hljómur í orðum hv. formanns fjárln. þegar hann talar um sameiginlegan vilja stjórnar og stjórnarandstöðu í því máli sem hér er til umræðu, þ.e. nýjustu brtt. við fjárlög ársins 2001. Það er vitað, maður finnur það í hverju orði og hverri ræðu, að vilji stjórnarflokkanna til samstarfs er enginn. Allar tillögur sem minni hlutinn leggur fram í þessari umræðu eru felldar, allar tillögur sem minni hlutinn kom með við 2. umr. voru felldar. Það er því harla erfitt, herra forseti, fyrir nýgræðing í þingstörfum að forðast að fá óbragð í munninn við fjárlagaumræðuna á hv. Alþingi. Á þessum pappírum frá hv. formanni fjárln., í brtt. nefndarinnar sér maður hrossakaup stjórnarflokkanna hrópa á sig í hverri línu.

Þess vegna lýsi ég því yfir, herra forseti, að það er holur hljómur í orðum hv. formanns fjárln. þegar hann talar um sameiginlegan vilja og þakkar hann. Spurning mín til hv. formanns lýtur að brtt. á þskj. 457 sem hann gerði grein fyrir í ræðu. Ég er að tala um tölulið 53, breytingu við fjárlagalið 14-190, Ýmis verkefni. Hv. formanni láðist að geta ástæðu hækkunarinnar á þessum fjárlagalið, þ.e. um 1 millj. kr. til ýmissa verkefna. Ég vil fá faglega skýringu hv. fjárln. á þessari tillögu. Hver er ástæða hækkunarinnar um 1 millj. á þessum lið?

[12:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. 17. þm. Reykv. hafi misskilið mig ef hún túlkaði orð mín þannig að ég væri að tala um að stjórnarandstaðan í fjárln. væri sammála tillögum okkar. Það kemur í ljós þegar þar að kemur. Ég var hins vegar að þakka fyrir samstarfið í nefndinni. Við erum vissulega ósammála um marga hluti en það hefur ekki komið niður á samstarfinu í nefndinni. Ég var að þakka samstarfið en ekki að draga stjórnarandstöðuna til fylgis við tillögur meiri hlutans. Mér hefur aldrei komið það í hug. Ég hef kannski ekki kveðið nógu skýrt að orði í því sambandi en ég leiðrétti það þá hér með.

Varðandi liðinn sem hv. þm. bað um frekari skýringar á þá er þetta safnliður undir umhvrn. Inn á honum var óskipt 1 millj. Þegar höfðu verið veittar til umhverfissamtaka 2 millj. Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um þetta mál vildum við rýmka möguleika umhvrh. til að veita umhverfissamtökum styrk og þess vegna var þessi hækkun gerð. Það er skýringin á þessari hækkun.

[12:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér nægir ekki þetta svar. Ég vil fá að heyra hvers vegna sérstakt yfirlit nr. 20, sem fylgir viðkomandi fjárlagalið, hefur að geyma nafngreinda fjárveitingu upp á 2 millj. kr. til Umhverfisverndarsamtaka Íslands. Hvers vegna fer hv. fjárln. ekki að óskum hv. umhvn. þess efnis að Umhverfisverndarsamtök Íslands fái stuðning ásamt Náttúruverndarsamtökum Íslands, sem eins og Umhverfisverndarsamtökin sótti um stuðning til fjárln.? Ég vil fá faglega útskýringu hv. fjárln. á því hvers vegna Umhverfisverndarsamtökin njóta hér forréttinda umfram Náttúruverndarsamtök Íslands.

[12:20]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skýringin á þessu máli er sú að umhvrn. hefur úthlutað Umhverfisverndarsamtökum af óskiptum lið hingað til. Fjárstyrkir hins opinbera til þessara mála eru nýtilkomnir. Ég beitti mér t.d. fyrir því að óskipt fjármagn færi til þessara mála. Varðandi Umhverfisverndarsamtök Íslands þá sóttu þau um að koma upp starfsmanni og skrifstofu. Í umsókn þeirra var greint frá því að þeir hygðust bjóða öðrum náttúruverndarsamtökum afnot af þeirri aðstöðu. Þess vegna ákvað meiri hluti nefndarinnar að gera tillögu um að þetta yrði sérgreint. Í því felst ekki sú skoðun að starfsemi þeirra sé mikilvægari en annarra á þessu sviði. Ég vonast til að önnur samtök geti fengið framlög af þessum safnlið frá umhvrn., þeim safnlið sem við vorum einmitt að rýmka í því skyni.

[12:21]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs undir þessum lið þingskapa í gær af sérstökum ástæðum þar sem fjárln. var ekki í aðstöðu til að vera við upphaf fundar í gær. Þá óskaði ég eftir því við hæstv. forseta að hér í dag lægju fyrir svör um niðurskurð sem hæstv. samgrh. lofaði við 1. umr. að lægju klár fyrir fyrir 2. umr. Í andsvari við ræðu minni sagði hæstv. samgrh., með leyfi forseta:

„Ég mun við 2. umr. og fyrir 2. umr. fjárlaga gera nánari grein fyrir þeim verkum sem um er að ræða vegna þess að við þurfum að skoða það á næstu vikum og m.a. líta til þess sem hv. þm. nefndi hér þegar kemur að því að velja þau verk sem minnst kemur að sök að frestað sé."

Þannig háttar til að hæstv. samgrh. er fjarverandi en starfandi samgrh. er hér viðstaddur. Ég vonast til þess, til þess að greiða fyrir störfum þingsins og þessari umræðu um fjárlög, að við fáum skýr svör um það, undir þessum lið, hvað á að skera niður. Liggi ekki fyrir svör þar um þá sé ég ekki, út frá þeim forsendum sem ég hef rakið, að umræðan geti haldið áfram. Ég vonast eftir því að við þessu komi svör úr því að starfandi hæstv. samgrh. er viðstaddur.

[12:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vesturl. að hæstv. samgrh. hafði hugsað sér að gera þinginu grein fyrir tillögum um niðurskurð í vegáætlun, þ.e. þær 800 millj. sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Það er stundum þannig að kóngur vill sigla en byr verður að ráða. Málin hafa einfaldlega þróast þannig, m.a. vegna þess að skipulagsáætlanir hafa ekki legið fyrir, umhverfismat á einstökum framkvæmdum ekki verið tilbúið og hönnunartími einstakra framkvæmda verið lengri en ætlað var, að tillögur um þetta efni liggja ekki enn þá fyrir. Breytingar við vegáætlun munu að sjálfsögðu verða lagðar fram og afgreiddar hér á Alþingi síðar á þinginu.

Ég held hins vegar að þetta eigi ekki að torvelda Alþingi að halda áfram störfum sínum við að afgreiða fjárlög. Heildarupphæðin liggur klár fyrir sem og tilgangur þess að fresta framkvæmdunum. Niðurstöðurnar liggja af þeim sökum ekki fyrir um einstakar framkvæmdir og ég held að það sé ekki til neins gagns að flýta hér hálfunnum eða hálfköruðum tillögum um þetta sem ekki hefur unnist tími til fyrir ráðherra að taka afstöðu til.

[Fundarhlé. — 12:26]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. ÁSJ og GAK, þskj. 475; brtt. JB o.fl., þskj. 476, 477, 478; brtt. KolH o.fl., þskj. 479; brtt. JB o.fl., þskj. 480; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 482; brtt. SvH, þskj. 483.

[13:31]

Sigríður Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þegar þetta frv. var lagt á borð okkar á haustdögum á líkti ég því við spennandi reifara og kallaði það dularfulla fjárlagafrv. vegna þess að gert var ráð fyrir svo mörgum óljósum fjárveitingum. Meðal annars átti að hafa einhverjar óskaplegar tekjur af sölu ríkiseigna sem engin nánari grein var gerð fyrir í fyrstu útgáfu frv. Það hefur nú verið að smáskýrast. Sömuleiðis var gert ráð fyrir að 800 millj. væru skornar niður eða frestað af útgjöldum til vegamála og ekki gefin nein vísbending um hvar ætti að skera.

Þingmenn höfðu setið hér á vordögum sveittir við að skipta vegafé og skipta niður í kjördæmi sín og unnið þetta af mikilli nákvæmni. Nú kom þeim allt í einu ekkert við hvað ætti að skera niður og hvað ekki. Að vísu gaf hæstv. samgrh. fyrirheit um að hann ætlaði að skýra þetta við 2. umr. um fjárlagafrv. en ekkert varð úr því og enn hefur þessum reifara sem sagt ekki verið lokað.

Ég verð að segja að þetta er eins og að lesa bók og allt í einu uppgötvar maður að endinn vantar. Það er einhver óþægilegasta tilfinning sem ég get hugsað mér og ég vil helst ekki fá svoleiðis trakteringar á hv. Alþingi.

[13:33]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki svo mikið við störf hæstv. forseta að athuga, þau hafa verið með ágætum í morgun. Ég hef hins vegar það um störf þingsins og um stjórn forseta að segja að mér finnst ekki líklegt að störfin sem fram undan eru við að ljúka þeirri umræðu sem hér er

hafin gangi mjög liðlega fyrir sig ef þær upplýsingar verða ekki til staðar sem menn hafa verið að kalla eftir.

Nú hefur líka komið á daginn til viðbótar því sem rætt var um fyrr í dag, Símann, að flestir hv. þm. sem hafa tekið til máls telja mikla nauðsyn á því að upplýst verði hvað menn ætla sér í því stóra efni, og að ekki sé hægt að fá fram þær upplýsingar sem þó var lofað fyrir stuttu af hæstv. samgrh. er ekki gott. Hæstv. samgrh. ætlaði upplýsa við þessa umræðu hvernig skipting ætti að verða á niðurskurði til vegamála. Satt að segja er þetta svo stórt mál og búið að vera það mikið í umræðunni að það er náttúrlega ópolandi að ekki skuli liggja fyrir hvernig menn ætla að fara með það. Um er að ræða framlög til stórra samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu t.d. sem hafa verið í umræðunni. Hæstv. samgrh. hefur marglýst því yfir að hann telji að niðurskurðurinn eigi að koma þar niður af ýmsum ástæðum. Hæstv. ráðherra hefði þurft að vera hér til að útskýra þetta og hæstv. starfandi samgrh. er ekki hér nú. Ég spyr hæstv. forseta eftir því hvernig á því standi að hann er ekki í salnum til að fylgjast með.

(**Forseti** (ÍPG)**:** Forseti vill láta þess getið að starfandi samgrh. er á leið hingað í þinghúsið.)

Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, hæstv. forseti, og hæstv. starfandi samgrh. gengur nú í salinn, umræðan getur þess vegna haldið áfram.

En það sem ég vildi bæta við, hæstv. forseti, áður en ég lýk máli mínu er þetta: Mér finnst full ástæða til að stjórnarliðið bregði nú við, komi með upplýsingar um þau mál sem hér hafa verið til umræðu til að liðka fyrir því að afgreiðsla mála geti gengið fram eins og skyldi og hafi ekki þá hulu yfir þeim fyrirætlunum sem búið er að ná samkomulagi um í stjórnarflokkunum um t.d. Símann og um niðurskurð í vegamálum, því að ég ætla mönnum það ekki að þeir séu ekki búnir að vinna þá heimavinnu og að fyrir liggi hvað menn ætla sér að gera í þessum efnum.

Þetta þarf að koma fram við umræðuna til þess að bæði þingið og þjóðin viti hvað er hér á ferðinni.

[13:36]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hér hafa verið borin fram mótmæli við því að ekki liggi fyrir nauðsynleg gögn og nauðsynlegar upplýsingar við afgreiðslu á veigamiklum liðum fjárlagafrv. Gagnrýnt hefur verið að ekki skuli liggja fyrir gögn varðandi sölu eigna, t.d. sölu Landssímans, hvernig þau skilyrði verða. Einnig hefur verið gagnrýnt að boðaður niðurskurður í vegamálum hefur ekki verið útskýrður eða grein gerð fyrir honum eins og þó var lofað bæði í texta fjárlagafrv. og einnig í umræðum.

Herra forseti. Takist ekki að fá þær upplýsingar fram nú meðan umræða stendur tel ég það vera sjálfsagða og eðlilega kröfu að allir hæstv. ráðherrar séu hér til staðar og verði við umræðuna og geti þá verið til andsvara og upplýsinga um málaflokka sína eftir því sem þingmenn óska eftir að beina til þeirra spurningum.

Það var svo, herra forseti, að við 2. umr. fjárlaga var fjarri því að allir ráðherrar væru hér til staðar og gerðu grein fyrir málaflokkum sínum eftir því sem eftir var leitað. Það er því alveg lágmarkskrafa nú, herra forseti, að við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár séu hæstv. ráðherrar viðstaddir til þess að taka þátt í umræðum, upplýsa og veita svör. Þetta tel ég alveg sjálfsagða og eðlilega kröfu, herra forseti.

[13:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Kallað hefur verið eftir þeim upplýsingum sem boðaðar eru af hálfu ríkisstjórnarinnar um áform í vegamálum og tilfærslur eða niðurskurð í því sambandi. Ljóst er, herra forseti, að eftir að starfandi samgrh. hefur tjáð sig nú í því máli er komin upp alveg ný staða í málinu, ný staða sem kallar á það við skoðum nokkuð framhald þess að því er varðar þá umræðu sem fram fer um fjárlögin.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að ástæða þess að við fengjum ekkert að vita núna áður en fjárlögunum væri lokað og þau afgreidd og fengjum enga vitneskju um stöðu þessara mála eða áformin í niðurskurði fyrr en eftir áramótin væri sú að ýmislegt vantaði upp á hönnunarvinnu, umhverfismat og skipulagsmál. Mér finnst alveg nauðsynlegt, herra forseti, að samgn. komi saman og fari yfir þá stöðu. Hvar er það sem verk eru vanbúin til að hægt sé að skýra þá niðurstöðu sem ríkisstjórnin hefur boðað?

Það hefur oft borið á því að hæstv. samgrh. hafi ýjað að Reykjavík, að vegaframkvæmdir þar séu vanbúnar til að fara í útboð eða framkvæmdir. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að upplýst sé hvað þetta er.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur verið að þetta sé fyrst og fremst Reykjanesbrautin í Hafnarfirði sem er vanbúin í skipulagsmálum? Mér er sagt að það sé ekki síst hún sem standi á í þessu sambandi. Það er því alveg nauðsynlegt að fá botn í þetta mál, á hverju stendur í þessu efni.

Herra forseti. Ég tel að það sé algjört lágmark að samgn. komi saman og fari yfir stöðu þessara framkvæmda sem menn hafa verið með á borðum eða legið í loftinu að yrðu fyrir einhvers konar niðurskurði eða tilfærslum í þessu efni.

Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki væri ráð að samgn. kæmi saman og væri æskilegt að vita hvort formaður samgn. væri hér í húsinu til að taka þátt í umræðunni og hvort hann geti ekki tekið undir þessa ósk sem ég tel að séu eðlileg vinnubrögð í framhaldinu, að samgn. fjalli um málið og fari yfir stöðuna, hvar á vegi þessar framkvæmdir eru staddar í hönnunar- og skipulagsvinnunni og umhverfismatinu þannig að við fáum eðlilega yfirsýn yfir málið og getum metið það hér hvort rétt og eðlilegt sé að fallast á að bíða með að fá niðurstöðu í málið þar til eftir áramót.

[13:42]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Þess skal getið að hv. formaður samgn. er í húsinu og hlýðir á þessa umræðu og forseti mun íhuga athugasemdir hv. þm.

[13:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég skil auðvitað mjög vel að hv. þingmenn vilji fá þær upplýsingar sem um hafði verið talað að gerð yrði grein fyrir áður en fjárlögin væru afgreidd. En eins og ég hef áður skýrt hafa mál einfaldlega þróast þannig að þau gögn sem ætlunin var að hafa tilbúin eru það bara ekki enn þá og þar af leiðandi er ekkert um það að tala að hægt sé að leggja þau fram þar sem þau eru ekki tilbúin, og ég hef reynt að útskýra það eftir bestu samvisku hvernig á því standi.

Staðan er formlega ekkert breytt þrátt fyrir þetta því að það þarf að koma til afgreiðslu Alþingis á breyttri vegáætlun og hún hefði hvort sem er ekki komið fram fyrr en eftir áramótin. Þá liggur fyrir þingmál sem hv. samgn. þarf að taka afstöðu til og fjalla um á eðlilegan hátt eins og við þekkjum

að gert er á Alþingi. Þó að ég viðurkenni að auðvitað hefði verið betra að þessar upplýsingar lægju fyrir eins og ætlunin var þá er staðan bara því miður sú að það hefur ekki getað gerst af þeim ástæðum sem ég hef fyrr tilgreint. En það breytir ekki þeim formlega farvegi sem málið mun eftir sem áður fara í og hefði farið í, að breytingin mun koma sem tillaga við vegáætlun síðar á þinginu.

[13:43]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þessi umræða á sér vissulega eðlilegar skýringar. Það er vegna þess að hæstv. samgrh. lofaði að þessar upplýsingar lægju hér fyrir. Og ekki nóg með það heldur er þessu einnig lofað í texta í fjárlagafrv. Það er því afar einkennilegt að ekki skuli vera hægt að upplýsa nokkurn skapaðan hlut um málið, ég tala nú ekki um í ljósi þess að í þingflokkum stjórnarflokkanna hefur einnig verið fjallað um þetta mál. Til að skýra þetta enn fekar vil ég lesa úr örlítilli frétt sem birtist í dagblaðinu Degi 29. ágúst sl., en þar segir m.a, með leyfi forseta:

„Langstærsta hluta þeirra framkvæmda átti að framkvæma í Reykjavík." — Þ.e. þeirra framkvæmda sem átti að skera niður.

„Helstu framkvæmdirnar sem frestað er í borginni eru tilfærsla Hringbrautarinnar, á móts við Landspítalann, suður fyrir Umferðarmiðstöðina, breikkun Miklubrautar og mislæg gatnamót á mótum Víkurvegar og Vesturlandsvegar. Sömuleiðis verður gerð akstursbrauta vegna lagfæringa á Reykjavíkurflugvelli frestað."

Og áfram segir í sömu frétt:

„Á landsbyggðinni eru þær frestanir eða niðurskurður helstar að byggingu nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Þjórsá verður frestað.

Þá verður byggingu hálendisvega í tengslum við virkjanaframkvæmdir frestað. Ýmsum minni framkvæmdum í vegamálum um landið verður líka frestað."

Herra forseti. Frá þessu er sagt í dagblaðinu Degi 29. ágúst sl. En hvað höfum við fyrir okkur í því að fjallað verði um þetta í þingflokkum stjórnarflokkanna? Jú, í sömu frétt segir, með leyfi forseta:

„Kristján Pálsson, alþingismaður og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd, segir að einhugur ríki innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins um þetta mál og að menn hafi verið ánægðir með niðurstöðuna."

Herra forseti. Mér sýnist hér ekkert fara á milli mála að a.m.k. í þingflokki Sjálfstfl. hafi verið fjallað um þetta og niðurstaða fengin. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. starfandi samgrh.: Eru þessar fréttir réttar?

[13:46]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega eðlilegast að efnisleg umræða um fjárlagafrv. fari fram undir þeim dagskrárlið, í umræðum um fjárlagafrv. Hér er verið að kalla eftir ýmsum upplýsingum sem lúta að fjárlagafrv. Því væri langsamlega eðlilegast að sú umræða færi fram eftir þeim formlegu leiðum sem þingsköpin gera ráð fyrir. Hér á einfaldlega að reyna að draga þessa umræðu á langinn og koma í veg fyrir að hægt sé að fjalla ítarlega um málið undir þeim dagskrárlið sem gert er ráð fyrir. Ég er satt að segja frekar undrandi á þessari umræðu allri saman.

Það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur lagt fram fjárlagafrv. og þær brtt. sem hér eru komnar fram njóta stuðnings ríkisstjórnarflokkanna. Þess vegna er eðlilegast að við höldum umræðunni áfram á þeim forsendum. Hér hefur hæstv. starfandi samgrh. upplýst að það eru ástæður fyrir því að ekki er hægt að leggja fram ítarlega útfærslu á breytingum sem gert er ráð fyrir að verði á vegáætluninni. Hæstv. ráðherra hefur gert alveg fullnægjandi grein fyrir þessu. Það er undarlegt að menn skuli reyna að draga málið á langinn þegar hæstv. ráðherra hefur gefið fullnægjandi skýringar.

Í öðru lagi, varðandi Landssímann, liggur það líka fyrir hvert stefnt er í því máli. Ég hef starfað á Alþingi og staðið að framlagningu fjárlagafrv. þar sem verið hafa hugmyndir um að selja eignir án þess að fyrir hafi legið við afgreiðslu fjárlaga nákvæmlega hvernig menn ætluðu að gera það. Það hefur jafnvel ekki legið fyrir hvaða eignir ætti að selja. (**Gripið fram í:** Ekki var það Alþfl.?) Mig minnir jafnvel að það hafi verið í samstarfi við Alþfl., virðulegi forseti, eins og hv. þm. rifjar upp. Ég var satt að segja farinn að gleyma nákvæmlega hvaða flokkur var í samstarfi með Sjálfstfl. á þeim tíma. Sennilega er það bara rétt hjá hv. þm. (**Gripið fram í:** Hvað varð um hann?) að það var á þeim tíma ... (*Gripið fram í.*) Er ekki hv. þm. nokkuð ánægður með sína stöðu ...

(**Forseti** (ÍPG)**:** Má ég biðja hv. þingmenn að gefa hljóð í salnum.)

Virðuleg forseti. Er ekki hv. 7. þm. Reykv. býsna ánægður með sína stöðu þrátt fyrir að hann hafi á þeim tíma setið í ríkisstjórn sem hann lagði slíkt fram? Ég sé ekki annað en vegur hv. þm. hafi vaxið innan hans eigin flokks þannig að þetta er auðvitað fráleitt.

Hins vegar er þessu ólíku saman að jafna. Nú liggur fyrir að hæstv. ríkisstjórn hyggst beita sér fyrir því að hluti af eignum ríkisins verði seldar, þ.e. hluti af Símanum. Það liggur líka fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir standa einhuga að málinu og okkur er ekkert að vanbúnaði að halda áfram efnislegri umræðu um fjárlagafrv. Allt annað er tilraun til þess að draga málið á langinn, drepa því á dreif, og það er furðulegt ef þingmenn stjórnarandstöðunnar treysta sér ekki til að fara efnislega í fjárlagaumræðuna. Það segir mikið um þá stöðu sem hv. þm. eru komnir í.

[13:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika eitt atriði í þessari umræðu sem ég kom inn á í morgun. Hér er ekki rétt með farið þegar sagt er að um niðurskurð á vegaframkvæmdum sé að ræða. Málið snýst um að fresta framkvæmdum. Það vildi svo til að framkvæmdum fyrir 2 milljarða var frestað á yfirstandandi ári. Við gættum þess og ég hef verið talsmaður þess að staðið verði við að hér sé um frestun en ekki niðurskurð að ræða. Í ljósi þess komu allar þær framkvæmdir inn næsta ár. Það sem fjárln. og meiri hluti hennar getur gert í þessu máli er að sjá til þess að þegar talað er um frestun þá sé það frestun, en ef talað er um niðurskurð þá sé það niðurskurður.

En ég vildi, vegna þess að hér hafa margir talað um niðurskurð, að það væri ljóst að hér er ekki um niðurskurð á vegaframkvæmdum að ræða. Hér er um frestun að ræða en hins vegar hefur það komið í ljós hjá starfandi samgrh. að Vegagerðin er að yfirfara vandlega þau verkefni sem koma til greina í þessu sambandi. Tillögurnar munu liggja fyrir þegar vegáætlunin verður endurskoðuð í vetur. Það vill svo til að ég held að það sé enginn málaflokkur sem þingmenn

hafa jafnmikil áhrif á og vegamál, forgangsröðun og vinnu í þeim efnum. Í engum málaflokki sem ég hef komið að á Alþingi hafa þingmenn haft eins mikil áhrif og þegar kemur að forgangsröðun vegaframkvæmda.

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Tillögur fjárln. að þessu sinni eru með venjubundnum hætti hvað varðar áætlun um tekjur af sölu eigna eða áætlun um framkvæmdir í vegamálum. Venjan hefur verið að ákveða fjárhæð til vegamála í fjárlögum en gera síðan í vegáætlun breytingar á henni í samræmi við afgreiðslu fjárlaga á undan, hvort sem um er að ræða reglubundna endurskoðun vegáætlunar eða aukaendurskoðun eins og stundum hefur komið fyrir. Þannig er ekkert óvenjulegt á ferðinni hvað vegamálin varðar. Málin eru einfaldlega í sama farvegi og áður. Athugasemdir hv. þm. stjórnarandstöðunnar um það efni eru úr lausu lofti gripnar, satt að segja fráleitar og vantar allan rökstuðning.

Mat á tekjum af sölu eigna er, eins og tilgreint er, mat á áformum. Það skýrist síðar hvort þau áform ná fram að ganga. Það þarf yfirleitt að leggja fram sérstakt lagafrv. til að svo megi verða. Við sjáum t.d. á yfirstandandi ári að fjárlagaáætlun ársins mun ekki standast. Áform fjárlaga árið 2000 um tekjur af sölu eigna ganga ekki eftir eins og upplýst hefur verið. Ég hef ekki tekið eftir því að hv. stjórnarandstaða geri neinar athugasemdir við það. Ég hef ekki heyrt einn einasta þingmann stjórnarandstöðunnar víkja að því einu orði að áætlunin fyrir þetta ár gangi ekki eftir. Þannig er ekki samræmi á milli afstöðu stjórnarandstöðunnar hvað það varðar og til áforma fyrir næsta ár.

Menn hafa hins vegar lent í því að setja inn í fjárlög áætlanir um framkvæmdir sem síðan hafa ekki gengið eftir og tekjuáhrif þeirra ekki skilað sér inn í fjárlög eins og ætlast var til. Ég minni á að fyrir allnokkrum árum var að kröfu Alþfl., sem þá var í ríkisstjórn — en tveir af þáv. þingmönnum Alþfl., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, hafa látið til sín taka í þessu máli — gengið út frá því í fjárlögum þess árs að hafnar yrðu framkvæmdir við álverið á Keilisnesi. Allt fjárlagadæmið var reiknað upp miðað við þær framkvæmdir og tekjuáhrif þeirra á ríkissjóð. Það má spyrja þessa tvo hv. þm. sem eru hér í hliðarsal, víkja sér úr sal og hafa greinilega engan áhuga á að hlusta, snúa baki í salinn og hafa greinilega engan áhuga á að rifja upp þessa sögu: Hvað varð um þetta álver á Keilisnesi?

[13:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Eins og í ljós hefur komið ríkir megn óánægja með að hér skuli hafa verið gefin fyrirheit við 1. umr. um fjárlög um að við 2. umr. og fyrir 2. umr. skyldi liggja fyrir hvaða framkvæmdum yrði frestað. Það er þess vegna, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem þessi umræða er í gangi ...

(**Forseti** (ÍPG): Ég minni hv. ræðumann á að ávarpa forseta en ekki einstaka þingmenn.)

Virðulegur forseti. Þetta er vegna ummæla sem hér voru viðhöfð um að fjárlaganefndarmenn skildu ekki hvað væri á ferðinni þegar fjárlagafrv. væri lagt fram. Öðruvísi mér áður brá.

Niðurstaðan í þessari umræðu er að þrátt fyrir fullt samkomulag í Sjálfstfl., í ágúst eða september eða jafnvel fyrr, um hverju skyldi frestað þá liggur það ekki enn fyrir. Það gefur til kynna ágreininginn í stjórnarflokkunum um hvernig eigi að taka á þessum málum. Það sem upp úr stendur í þessari umræðu er að leitað hefur verið eftir samkomulagi um að samgöngunefnd taki málin, bæði Landssímamálið sem hér var til umræðu í morgun og síðan þetta mál, til umfjöllunar. Talið er að þannig verði hægt að greiða fyrir þingstörfum og þau gengju eðlilega fram.

Ég get sagt það, herra forseti, að stjórnarandstaðan er í góðri stöðu varðandi fjárlagafrv. því allt hefur gengið fram. Þróunin er nákvæmlega eins og sagt hefur verið í nál. minni hlutans, allt frá því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sat í fjárln.

[13:56]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hæstv. starfandi samgrh. benti mér á að að vegna þeirra reglna sem gilda um þessa umræðu gæti hann ekki svarað þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur í millitíðinni gengið í salinn og ég vænti þess að hann kannist við töluvert af því sem ég greindi frá í fyrri ræðu minni.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. að gefa hljóð í salnum. Það er einungis einn ræðumaður sem fær að tala í einu hér í salnum.)

Herra forseti. Til þess að fá lausn í þetta mál, í samhengi við það að hæstv. ráðherra hefur ekki tök á að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann, tel ég eðlilegt að hv. þm. Kristján Pálsson, sem vitnað er til í fréttinni sem ég las, staðfesti hvort rétt er eftir haft í fréttinni eða rangt.

[13:57]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mun hér gera grein fyrir frhnál. 1. minni hluta fjárln. En í framhaldi af þeirri umræðu sem hér var rétt að ljúka, um stjórn fundarins, er ekki hægt að komast hjá því að rifja upp ástæðu þeirrar umræðu. Ástæðan var sú að í gær var forseta gerð grein fyrir því að úr því að viðkomandi upplýsingar lægju ekki fyrir þá yrði þeirra krafist strax í upphafi umræðunnar. Það varð úr. Það var leitað eftir því hvað eftir annað að ná samkomulagi um að málin yrðu a.m.k. rædd í samgn. Það er ánægjulegt að sjá að hv. formaður samgn. er viðstaddur hér og veit um hvað málið snýst.

Herra forseti. Af sérstökum ástæðum ætla ég að gera grein fyrir því að hæstv. heilbrrh. hafði samband við undirritaðan og óskaði eftir því að henni yrði liðið það að vera við opnun á barnadeild sjúkrahússins á Akureyri og síðan við opnun sundlaugar í Kristnesi. Við féllumst á það vegna þess að hæstv. ráðherra var hér viðstaddur alla 2. umr. enda hefur verið gerð krafa um að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru viðstaddir við 2. umr. fjárlaga. Að sjálfsögðu geta einstakir þingmenn síðan kallað eftir því að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir.

Hv. formaður fjárln. nefndi að starfsáætlun stæðist og ég verð að segja, herra forseti, að það er ekki síst fyrir það að minni hlutinn hefur mætt til fundar þegar óskað hefur verið eftir. Samstarfið hefur að því leyti verið mjög gott milli meiri hluta og minni hluta fjárln., eins og reyndar hefur verið þau sex ár sem ég hef átt þar sæti. Það væri gott ef aðrar áætlanir stæðust jafn vel og starfsáætlanir sem lagðar voru fyrir í upphafi varðandi þingstörfin.

Herra forseti. Ég mun þá gera grein fyrir framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárln.

Fyrsti minni hluti áréttar það sem sagði í nál. 1. minni hluta við 2. umr. um frv. Spá Þjóðhagsstofnunar fyrir þetta ár og næsta gefur mun dekkri mynd af stöðu efnahagsmála en Samfylkingin hafði spáð. Herra forseti. Ég bið um að það sé tekið eftir þessum orðum: Spá Þjóðhagsstofnunar fyrir þetta ár og næsta gefur mun dekkri mynd af stöðu efnahagsmála en Samfylkingin hafði spáð. Þar er í reynd staðfest að efnahagsstefnu ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hefur rekið upp á sker. Allt hefur þróast með öðrum hætti en forsætisráðherra hefur margsinnis spáð. Verðbólga er á uppleið andstætt spám hans, vextir hækka þrátt fyrir gagnstæðar spár forsætisráðherra, og viðskiptahallinn hefur, þrátt fyrir orð forsætisráðherra, náð sögulegri stærð og vex enn. Spá Þjóðhagsstofnunar staðfestir allt sem Samfylkingin hefur haldið fram á síðustu missirum, nema að spá Þjóðhagsstofnunar er örlítið dekkri en Samfylkingarinnar. Þá er óhjákvæmilegt að rifja upp nýstárlega kenningu sem hæstv. forsætisráðherra hefur sett fram innan hagfræðinnar og felur í sér að núverandi viðskiptahalli stafi einkum af einkaneyslu og sé því góðkynja. Síðustu mánuðir hafa sýnt hið gagnstæða. Mikill og vaxandi viðskiptahalli hefur grafið undan genginu eins og Samfylkingin spáði og gengið hefur nú þegar fallið um 10%. Um þessar mundir er því haldið uppi nánast með handafli Seðlabankans.

Meginmarkmið frumvarps ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2000 var að treysta stöðugleika. Nú er ljóst að það hefur brugðist. Viðskiptahalli fer hraðvaxandi, vextir hækkandi og verðbólga er sömuleiðis á uppleið. Nú ræða sérfræðingar í efnahagsmálum ekki lengur um hvernig megi ná mjúkri lendingu heldur hvort unnt sé að forðast harðan skell. Ríkisstjórnin fór ekki að ráðum Samfylkingarinnar um að beita aðhaldsaðgerðum til að draga úr ríkisumsvifum meðan tækifærið gafst. Ekki var notaður sá byr sem uppsveiflan hafði skapað til að treysta stöðu ríkisfjármála. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að minna á að Samfylkingin bauð í upphafi kjörtímabilsins upp á samstarf um að draga saman seglin í ríkisbúskapnum. Því var hafnað. Á síðasta sumri þegar ljóst var að syrti í álinn bauð hún á ný upp á samstarf við stjórnarflokkana með þátttöku aðila vinnumarkaðarins í því skyni að skapa þjóðarsátt um viðnám gegn verðbólgu. Ábyrgðarleysi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar endurspeglast best í því að hún hafnaði einnig því tilboði.

Helsta ráð ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar nú er að selja eignir til erlendra fyrirtækja og fá með því erlendan gjaldeyri inn í landið til að sporna gegn taumlausum viðskiptahalla og styrkja þar með krónuna. Fyrirhuguð er sala fimmtungs hlutafjár í Landssímanum og ljóst að Landsbanki og Búnaðarbanki eru sömuleiðis á sölulista ríkisstjórnarinnar. Með þessu á að bæta afkomu ríkissjóðs um a.m.k. 15 milljarða kr.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2000 og þær breytingar sem urðu á því í meðförum þingsins sýna skýrt þá lausung sem viðhöfð hefur verið, upp á „hundruð milljóna", svo að vitnað sé í orð varaformanns fjárlaganefndar. Í engu var brugðist við viðvörunum og varnaðarorðum Samfylkingarinnar um hættur í efnahagsþróuninni, hvað þá að reynt væri að bregðast við eins og 1. minni hluti fjárlaganefndar lagði til í nefndaráliti um fjárlög fyrir árið 2000.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 var áætlað að gjöld næmu 209.970 millj. kr. og tekjur 240.300 millj. kr. Tekjuafgangur var þannig áætlaður 30.330 millj. kr. Síðan frumvarpið var lagt fram hafa útgjöldin verið aukin um 9.188,7 millj. kr. sem er engin smátala. Um 600 millj. kr. af þessari tölu má reyndar rekja til vanda heilbrigðisstofnana. Tekjur ríkissjóðs hafa einnig hækkað frá því að frumvarpið var lagt fram um 12.800 millj. kr. Þetta þýðir að tekjuafgangur er nú áætlaður 33.941,3 millj. kr., eða sem nemur 3.611,3 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Áður hefur verið bent á að margt bendi til að enn sé óleystur vandi í heilbrigðiskerfinu og að í menntamálunum sé vandinn verulegur hjá mörgum framhaldsskólum og skólum á háskólastigi. Ekki er nægjanlega tekið á þeim vanda. Ekki er heldur tekið á velferðarmálum eins og Samfylkingin hefur lagt fram hugmyndir um, þ.e. með því að tryggja afkomu þeirra sem lakast eru settir, og ekkert hefur verið gert til að greina á milli aldraðra, öryrkja og einstæðra foreldra eftir mismunandi kjörum sem þeir búa við. Samfylkingin krefst þess að gripið verði til ráðstafana til að leysa þann vanda sem lýtur að þeim sem lakast eru settir og lýsir megnri andúð á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir að lántökur næmu 1,2 milljörðum kr. Á þeim 67 dögum sem liðnir eru frá framlagningu þess hefur áætlunin breyst og fyrirhugað er að taka að láni 27,6 milljarða kr. Afborganir hækka um 4,1 milljarð kr. og verða um 36,8 milljarðar kr. Allt þetta má rekja til aðgerða á innlendum fjármálamarkaði, sem sagt gengislækkunar, eins og fyrr er getið um. Þetta er eðlilegt framhald af vandræðaganginum á þessu ári en nú liggur fyrir að lántökur ársins 2000 verða einnig langt umfram áætlanir fjárlaga. Í stað þess að lántökur næmu 5 milljörðum kr. er nú áætlað að þær nemi 25,5 milljörðum kr.

Herra forseti. Ástæða er til að vitna til framhaldsnefndarálits 1. minni hluta frá liðnu ári, en þar stóð m.a.:

„Miðað við fyrirsjáanlegan viðskiptahalla á næsta ári, ásamt þeirri staðreynd að ekki dregur úr neyslu, er alveg ljóst að þessi áætlun stenst ekki og að lántökur ríkissjóðs verða talsvert umfram það sem áætlað var. Að sama skapi yrði ekki greitt eins mikið niður af erlendum lánum og gert var ráð fyrir. Liggur þá ekki annað fyrir en að afgangurinn verði frystur í Seðlabanka."

Þetta sýnir að ríkisstjórnin hefur léleg tök á efnahagsmálum og bregst ekki við breyttum aðstæðum fyrr en um seinan.

Herra forseti. Ég mun þá víkja að þjóðhagsforsendum.

Á undanförnum árum hafa tekjuliðir frumvarps til fjárlaga breyst við 3. umræðu í kjölfar endurskoðaðrar þjóðhagsspár. Nú bregður svo við að ekki er talin ástæða til þessa þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá víki í veigamiklum atriðum frá forsendum frumvarpsins. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir nú ráð fyrir að verðbólga verði allt að 5,8% í stað 4% í forsendum frumvarpsins. Þessi mikla breyting er m.a. rakin til 3,5–4% lækkunar á gengi krónunnar. Vegna þessa er nú aðeins reiknað með 0,5% kaupmáttaraukningu á næsta ári. Útlit er fyrir 68 milljarða kr. viðskiptahalla, sem svarar til 9,3% áætlaðrar landsframleiðslu. Rétt er að geta þess að OECD er til muna svartsýnni og spáir 10% viðskiptahalla á næsta ári.

Herra forseti. Ég fer hér með mjög alvarleg tíðindi frá þeirri stofnun sem hingað til hefur verið grunnurinn að þeim viðmiðum sem menn hafa notað og hæstv. ríkisstjórn hefur notað í forsendum fjárlagafrv. Hér er mjög alvarlegur hlutur á ferðinni og ástæða er til að vekja sérstaklega athygli á þessu.

Ég vísa til töflu í nál. Ég ætla ekki að fara með hana lið fyrir lið. Ég vísa til þeirrar töflu sem sýnir greinilega þann

mun sem liggur í þjóðhagsspá og forsendum fjárlaga sem fjárlögin byggja á. Þetta er alvarlegt og ástæða er til þess að taka verulega til íhugunar hvers vegna ríkisstjórnin styðst allt í einu ekki við spá Þjóðhagsstofnunar heldur við þær forsendur sem upp var lagt með fyrir 67 dögum síðan.

Samfylkingin hefur margoft bent á að efnahagskerfið er komið að hættumörkum við 8% mörkin.

Veikist gengi krónunnar frekar má búast við enn meiri verðhækkunum að sjálfsögðu. Það þarf ekki skarpa sérfræðinga til að sjá hvaða áhrif þetta hefur á skuldir heimilanna sem hafa aukist verulega á þessu ári eða um 50 milljarða. Viðskiptahallinn í ár verður um 61,5 milljarðar kr. og spáð er að hann verði kominn um og yfir 70 milljarða kr. í árslok 2001. Ljóst er að fjármálastjórn ríkisins ræður ekki við það ástand sem er að skapast í hagkerfinu. Hagfræðistofnun benti nýlega á í skýrslu um eðli og orsakir viðskiptahalla að skattahækkanir og lækkun ríkisútgjalda yllu í senn minni eftirspurn og minni viðskiptahalla. Síðan segir orðrétt í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Ef við viljum ráða niðurlögum verðbólgu með því að draga úr innlendri eftirspurn en jafnframt minnka viðskiptahallann verðum við að beita öflugri fjármálastefnu. Peningamálastefnan ein og sér getur ekki náð báðum markmiðum á sama tíma.“

Bent er á að kostir peningamálastefnunnar felast í hversu fljótvirk hún er en fjármálastefnan er hins vegar svifaseinni. Í ljósi þessa þarf að leggja áherslu á öflugt eftirlit með bönkum og að náið sé fylgst með stöðugleika fjármálakerfisins. Eins og fram hefur komið hafa útgjöld ríkissjóðs aukist að raungildi um 50 milljarða kr. frá árinu 1994 og stefnir í að þau aukist að raungildi um 5 milljarða kr. á árinu 2001. Þegar horft er til þess að nú er seinni hluti kjörtímabils þessarar ríkisstjórnar að renna upp er ekki að vænta aðhaldssamrar fjármálastjórnar á næstu árum.

Herra forseti. Ég mun þá gera grein fyrir tekjuhlið frv. Gert er ráð fyrir tekjum sem nema 253,1 milljarði kr. Það er nærri því 25% aukning tekna frá áætlun fyrir árið 2000. Hvað má lesa út úr þessu? 25% aukning tekna á milli ára. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að gífurleg þensla er í þjóðfélaginu og af því tilefni vil ég spyrja hæstv. fjmrh. sem er hér viðstaddur: Hver eru helstu áform ríkisstjórnarinnar til þess að auka sparnað? Hver eru áform ríkisstjórnarinnar til að fá almenning til að hefja sparnað? Það er ljóst af ráðum hagfræðinga og orðum Þjóðhagsstofnunar að helsta ráðið til að draga úr er að auka sparnað. Ég leyfi mér að spyrja af þessu tilefni hver þau áform eru.

Gert er ráð fyrir tekjum sem nema 253,1 milljarði kr. Þar af er gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna. Ég vísa þar til álits efnahags- og viðskiptanefndar en þar er aðeins gert ráð fyrir sölu Landssímans. En eins og hv. þm. heyrðu, virðulegur forseti, gerði hæstv. forsrh. ráð fyrir því að jafnvel yrði einnig um að ræða sölu á landbúnaðarbankanum eða Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að tekjur af reglulegri starfsemi ríkisins án sölu eigna aukist um 6,4% á milli ára. Ef tekið er tillit til óreglulegra liða nemur tekjuaukinn 12,9%. Ein af breytingunum frá frumvarpinu er tæplega 3 milljarða kr. lækkun á tekjuskatti lögaðila og er nú gert ráð fyrir að sá skattur dragist saman um 10,2% frá árinu 2000. Versnandi afkoma fyrirtækja er vissulega áhyggjuefni. Þetta eykur þrýsting á hækkun verðlags og jafnvel gengislækkun.

Virðulegur forseti. Vegna þessara orða er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvað er að gerast þegar gert er ráð fyrir samdrætti í sköttum á fyrirtæki upp á 2,7 milljarða. Hvað er að gerast, herra forseti? Ég bendi á að rekja má þennan tekjusamdrátt ríkisins til þess að fyrirtækjum er heimilt að kaupa uppsafnað tap. Það er að gerast í verulegum mæli að fyrirtæki sameinast og verða sér með því úti um tap sem þýðir beina tekjuminnkun fyrir ríkissjóð. Ég er ekki að segja að þetta sé ólöglegt heldur löglegar leiðir sem menn hafa fundið og ég tel að ástæða sé til þess að skoða hversu langt eigi að ganga í því að lögaðilar geti sloppið undan sköttum eftir þessum leiðum.

Herra forseti. Tekjuáætlun fjárlaga er háð sveiflum í efnahagslífinu eins og reynslan sýnir. Á undanförnum árum hafa tekjur aukist jafnt og þétt og yfirleitt verið umfram áætlun fjárlaga. Þetta hefur gefið svigrúm til að auka útgjöld án þess að hafa veruleg áhrif á tekjujöfnuð. Með þessu er umfang ríkisrekstrarins aukið meira en góðu hófi gegnir og skapar það erfiðleika þegar tekjur dragast saman. Því er ákaflega mikilvægt að útgjöld fari ekki fram úr áætlun fjárlaga. Það getur og hefur leitt til þess að fjármálamarkaðurinn hætti að treysta efnahagsstjórninni. Á þetta atriði lagði 1. minni hluti áherslu í framhaldsnefndaráliti 1999 við 3. umr. fjárlaga en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er einnig áhyggjuefni að markaðurinn virðist ekki bregðast við afkomu ríkissjóðs eins og ætla mætti. Þetta þýðir að aðgerðir og áætlanir í ríkisfjármálum vekja ekki traust hjá almenningi og fyrirtækjum. Því þarf að beita mun meira aðhaldi í peninga- og vaxtamálum ef takast á að vinna gegn þenslunni og viðskiptahallanum og auka tiltrú markaðarins á stjórn ríkisfjármála.“

Herra forseti. Ég er að fara yfir helstu vandamálin við efnahagsstjórnina. Þetta eru mjög mikilvæg atriði og mér er ljóst að mjög margir efnahagssérfræðingar hafa gert sér grein fyrir að þarna kreppir skórinn að og þarna þarf að taka á.

Eins og fyrr segir er áætluð sala Landssímans og sala á Landsbanka og Búnaðarbanka. Það er komið fram. Það eru augljós markmið ríkisstjórnar að selja þessar eignir og afla með því gjaldeyristekna til styrktar krónunni, með því skal reynt að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Þá er nauðsynlegt að kanna áhrif sameiningar bankanna á markaðinn, ekki síst á atvinnumál á landsbyggðinni því að óhjákvæmilega fækkar útibúum við sameininguna. Þá hefur reynslan sýnt að bankakerfið á í erfiðleikum með að hagræða í rekstri þannig að hægt sé að draga úr vaxtamun hér innan lands. Samfylkingin bendir á að svona efnahagsaðgerðir hafa aðeins skammtímavirkni. Hið eina sem getur skilað árangri er að ríkissjóður dragi úr útgjöldum og beiti ýtrasta aðhaldi. Sparnaður er eini raunhæfi kosturinn til að draga úr þenslu og auka framlegð fyrir tækja.

Herra forseti. Ég er kominn að mjög sérstökum þætti í þessu nál. Það varðar 7. gr. fjárlagafrv. Í 7. gr. er veitt heimild til þess að ganga til samninga um kaup á hlut eins byggðarlags í Orkubúinu. 1. minni hluti er þeirrar skoðunar að ekki komi til greina að skilyrða sölu á hlutum sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða í fjárhagslegu uppgjöri við ríkið.

Ljóst er að verulegur fjárhagsvandi steðjar að mörgum sveitarfélögum vegna laga sem kveða á um innlausnarskyldu þeirra á íbúðum í félagslega húsnæðiskerfinu. Sá vandi er hins vegar ekki að öllu leyti bundinn við Vestfirði. Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið er

hins vegar lagt til að framkvæmdarvaldið fái heimild til að gera bráðabirgðasamkomulag við eitt tiltekið sveitarfélag, þ.e. Vesturbyggð, um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða. Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að sveitarfélög á Vestfjörðum eigi vissulega að hafa svigrúm til að selja hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða. Það á hins vegar að vera frjáls framkvæmd, algerlega ótengd uppgjöri við ríkið vegna fjárhagsvandans sem stafar af félagslega húsnæðiskerfinu. Þess vegna mun 1. minni hluti ekki styðja umrætt ákvæði.

Þessu til viðbótar er rétt að rifja upp að 3. gr. laga um Orkubú Vestfjarða, nr. 66 31. maí 1976, heimilar því aðeins tilteknu sveitarfélagi að selja hlut sinn í Orkubúinu að fyrir liggi að allir sameigendur hafi gefið leyfi sitt til þess að viðkomandi sveitarfélag gangi úr félaginu. Samfylkingin vekur athygli á því að slíkar heimildir liggja ekki fyrir.

Herra forseti. Ég er að vekja athygli á mjög mikilsverðri lagagrein varðandi heimildagrein sem er í fjárlagafrv. og það er bara til þess að vekja athygli á því að ef af þessari aðgerð á að verða þarf að uppfylla ansi mörg skilyrði, þ.e. lagaskilyrði.

Lokaorð nál.: Fjárlagafrumvarp er sett fram við lokaumræðu miðað við óbreyttar forsendur frá því að það var lagt fram eins og hér hefur verið gerð grein fyrir áður. Verulegur mismunur er á forsendum þess og nýrri spá Þjóðhagsstofnunar en stofnunin hefur nú sem áður nokkra fyrirvara á spánni. Úr þeim fyrirvörum má lesa að efnahagskerfið sé ákaflega viðkvæmt um þessar mundir. Þróun olíuverðs, launahækkanir, viðskiptahalli, staða krónunnar og aflabrögð eru allt óvissuþættir sem hver um sig gæti haft veruleg áhrif á afkomu þjóðarbúsins ef þróun þeirra verður önnur en spáð er.

Undir þetta nál. rita, auk undirritaðs, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Einar Már Sigurðarson.

Síðar mun hv. þm. Einar Már Sigurðarson gera grein fyrir þeim útgjaldatillögum og tekjutillögum sem 1. minni hluti stendur að.

Herra forseti. Nú hef ég gert grein fyrir nál. en hef þó nokkru við að bæta. Fyrst er það að nefna, herra forseti, að á síðustu tveimur dögum kom fram tillaga um sölu Landssímans. Minni hluti fjárln. gerði mjög stífa kröfu um að fá upplýsingar um hvernig menn ætla að standa að verki. Fátt var um svör. Í raun kom í ljós að ekkert liggur fyrir um hvernig menn ætla að framkvæma verkið og þetta er mjög miður. Felld var tillaga í þessu sambandi um að fá viðræður við einkavæðingarnefnd eða fá niðurstöður einkavæðingarnefndar sem fyrir lægju. Því var hafnað. Því var einnig hafnað að vísa málinu til samgn. til sérstakrar umfjöllunar fyrir lokaumræðu fjárlaga.

Herra forseti. Ég verð að segja að minni hluti fjárln. mótmælir svona flaustursvinnubrögðum. Ég mótmæli einnig að framkvæmdin skuli þvinguð í gegn án þess að skýrt liggi fyrir hversu mikið á að selja og hvernig standa eigi að sölunni. Ég lýsi hér enn þeirri skoðun Samfylkingarinnar að það beri að aðskilja grunnnetið frá við söluna.

Að þessu sögðu, herra forseti, er ástæða til þess að vitna í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar varðandi þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fákeppni er einfaldlega talin geta drepið í dróma alla eðlilega þróun og skapað hinu drottnandi fyrirtæki hættulega einokunaraðstöðu er bitni endanlega á veskjum neytenda."

Hvað merkir þetta? Hv. þm. Hjálmar Árnason segir að verði fyrirtækið selt í einu lagi muni komast á hættuleg einokunaraðstaða sem að endingu muni bitna á veski neytenda. Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni.

Í sömu ræðu segir, með leyfi forseta:

„Landssíminn er ráðandi á íslenskum fjarskiptamarkaði og drottnar yfir nýjum fyrirtækjum sem reyna að hasla sér völl á þessu sviði. Verði hann seldur í einu lagi er einfaldlega verið að koma á Microsoft-ástandi á Íslandi. Ég vara við því. Tækni á fjarskiptamarkaði fleygir mjög hratt fram. Þess vegna spretta upp ný fyrirtæki."

Það vill svo til, virðulegur forseti, að sá sem hér stendur og hv. þm. Hjálmar Árnason eru hjartanlega sammála um þetta atriði. Ég verð að segja að ég hélt að Framsfl. væri okkur sammála í meginatriðum um þessi mál, um aðskilnað grunnnetsins frá þjónustustarfseminni.

Í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Ég hef enn ekki séð rök fyrir öðru en því að ríkið eigi áfram netið og leyfi fyrirtækjum að keppa þar og veita landsmönnum öllum sem besta þjónustu rétt eins og á þjóðvegum landsmanna. Þannig tryggjum við jafnan aðgang allra landsmanna að fjarskiptum. Þannig tryggjum við áframhaldandi eðlilega þróun á sviði fjarskipta og þannig komum við í veg fyrir að hér á landi skapist Microsoft-ástand í fjarskiptum."

Herra forseti. Þetta hljómar sem bergmál af ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur í morgun þegar hún líkti samgöngukerfinu við grunnnet Landssímans. Ég vona að menn beri gæfu til, fari þeir út í að selja fyrirtækið í einu lagi, að tryggja jafnan aðgang allra landsmanna, hvar á landinu sem þeir búa, að grunnneti Landssímans.

Herra forseti. Auðvitað er ástæða til að velta fyrir sér hvað aðrir hv. þm. Framsfl. hafa sagt í þessum málum. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma skýrt fram að ég er andvígur því að selja það grunnnet sem felst í lagnakerfi Landssímans hf. Ég er þeirrar skoðunar að þetta net eigi að vera aðskilið, og til þess að tryggja samkeppni og tryggja jafnrétti, m.a. milli landshluta að þessu neti, þá tel ég óæskilegt að það sé selt með Landssímanum hf."

Þarna kemur fram einn af yngri varaþingmönnum Framsfl. og segir alveg skýrt og skorinort hvað hann vill.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að vitna í leiðara Dags frá því í dag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framsóknarmenn hafa nú sannfærst um að óhætt sé að selja Landssímann í heilu lagi. Að því er best verður séð skiptu mestu um þá ákvörðun þeirra tæknilegar upplýsingar og trú á að gildandi fjarskiptalög muni í raun tryggja eðlilega samkeppni og jafnan aðgang að grunnnetinu. Það verður þó að segjast eins og er að það eru ekki sannfærandi vísbendingar sem styðja þá niðurstöðu. Þvert á móti virðast fjarskiptalög í dag ekki ná að eyða tortryggni og klögumálum samkeppnisaðila gagnvart Landssímanum. Og ef slík tortryggni er uppi gagnvart ríkisfyrirtæki mun hún magnast um allan helming þegar fyrirtækið hefur verið einkavætt."

Herra forseti. Enn fremur segir í leiðara Dags:

„Spurningin er hins vegar hvort slík málamiðlun sé yfir höfuð ásættanleg þegar menn eru í raun að tefla með slíkt fjöregg sem grunnnetið — sjálf hraðbraut upplýsingatækni-þjóðfélagsins — er og mun verða í fyrirsjáanlegri framtíð.

Óheppileg leið hefur því verið valin, en nákvæmlega hversu óheppileg hún er mun þó fyrst koma í ljós þegar einkavæðingarnefnd skilar tillögum sínum."

Samfylkingin er sammála því sem ég var að lesa upp. Það er í raun skelfilegt að við séum að fjalla um fjárlög sem bera það með sér að það eigi að selja. Það skal selja fyrirtækið í þeirri óvissu sem ríkir, eins og hér hefur komið fram. Það á að halda áfram að selja þrátt fyrir óvissuna og það finnst mér, virðulegur forseti, skelfilegt.

Herra forseti. Það er ástæða til að fara orðum um ýmsar afleiðingar af sofandahætti ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Vegna fiskveiðistjórnarinnar hefur orðið landsbyggðarflótti. Ég segi, herra forseti: Vegna fiskveiðistjórnarinnar hefur orðið landsbyggðarflótti. Afleiðing þessa flótta er verðhrun eigna á landsbyggðinni. Fólk hefur staðið í kostnaðarsömum flutningum til Suðvesturlands. Afleiðingin er tekjumissir sveitarfélaga þaðan sem brottflutningurinn er mestur og þar með brotna undirstöður fjárhags þeirra. Með þessum brottflutningi hafa kvótar, sem settir voru á með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, farið frjálst um landið eftir hagnaðarvonum einstaklinganna sem yfir þeim hafa ráðið.

Sveitarfélög hafa þurft að horfa upp á öflug veiðiskip hverfa úr byggðarlögunum. Áhafnir með miklar tekjur hafa flutt sig um set og jafnframt hefur verið lokað mjög stórum fiskverkunarfyrirtækjum. Ég minni á mína gömlu heimabyggð, vestur við Djúp á Ísafirði, Súðavík. Hvernig er ástandið í minni gömlu heimabyggð? Nú er aðeins eitt frystihús eða fiskverkunarhús rekið á Ísafirði þar sem hundruð manna unnu áður að fiskvinnslu.

Hvernig er ástandið með skipaflotann? Það er enginn togari gerður út frá Ísafirði, ekki einn einasti. Hafa menn velt því fyrir sér hvers konar útgerðarmunstur er orðið á Vestfjörðum? Þar eru hættulegustu verstöðvarnar en þær liggja við gjöfulustu miðin. Ég segi þær hættulegar verstöðvar vegna þess að þar eru veður válynd, sérstaklega að vetrum. Núna eru menn að sækja afla á bátum undir sex tonnum, sem skráðir eru 5,99 tonn nákvæmlega. Menn sækja út á þessum bátum, hversu langt? Allt að 70–80 mílur og stundum verulega lengri vegalegnd, ekki lengra út en lengri vegalengd þegar farið er á smábátum undir sex tonnum alla leið suður á Breiðafjörð.

Herra forseti. Afleiðingar alls þessa eru merkjanlegar nærri hvar sem okkur ber niður. Hér í þéttbýlinu í Reykjavík er fólki að fjölga. Hér eru byggingarkranarnir og steypubílarnir, hér er umferðin að aukast. En hvað er að gerast? Um leið hefur verð á fasteignum hækkað. Úti á landi hefur hins vegar orðið verðhrun, fólksfækkun og tekjumissir sveitarfélaga. Þess vegna er reynt að grípa til ýmissa aðgerða í fjárlagafrv. til að koma á móts við ástand sem ég tel að sé afleiðingin af rangri byggðastefnu.

Því miður virðist mér að enn muni stjórnvöld draga úr mætti byggðanna. Ríkisstjórn hæstv. forsrh. vinnur nú skipulega að því að fækka störfum á landsbyggðinni. Mér þykir slæmt að þurfa að segja þetta, en staðreyndirnar liggja fyrir. Það á að fækka bönkum á landsbyggðinni. Það á að sameina banka sem óhjákvæmilega mun valda því að störfum fækkar. Mér er kunnugt um að nú er verið að undirbúa að breytingu hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þar á að leggja niður stjórnunarstörf. Reyndar mun viðkomandi aðilum boðið að vera í einhverjum vinnuflokkum eða viðhaldsflokkum í staðinn. Ætlunin er engu að síður að leggja niður mikilsverðar útstöðvar sem hafa gegnt lykilhlutverki úti á landinu. Þetta þýðir fólksfækkun og þetta hef ég reynt að rekja og segja frá. Með þessu m.a. er stuðlað að enn meiri byggðaröskun en orðin er af völdum kolrangrar fiskveiðistjórnar á liðnum árum.

Herra forseti. Ég hef hér fjallað um það sem gerst hefur á síðustu árum sem kallast góðærisár, a.m.k. á suðvesturhorni landsins. Ég er viss um að á mörgum stöðum hefur fólk ekki fundið fyrir góðæri í líkingu við lýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar.

Minni hluti fjárln. hefur allt frá árinu 1997 varað við þeim tökum sem menn hafa haft á efnahagsmálum. Þá átti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sæti í fjárln. sem fulltrúi Alþb. en einmitt þá um áramótin skipti hann um lit og gerðist liðsmaður Framsfl. Sá ágæti þingmaður var með í að semja minnihlutaálit fjárln. árið 1997 sem varar við röngum áherslum í efnahagsmálunum. Í því kemur fram að erlendar sérfræðistofnanir á sviði efnahagsmála hafi sent inn viðvaranir í stríðum straumum. Þetta er rétt. Það komu aðvaranir um lausung í efnahagsstjórn á Íslandi þá þó að við höfum verið svo heppin að bylgjan hefur haldið áfram þangað til síðustu mánuði. Á síðustu tveimur mánuðum eru staðreyndirnar hins vegar að koma í ljós. Dregið hefur úr útlánum til húsbygginga og dregið úr umsóknum til Íbúðalánasjóðs, þ.e. nema um greiðsluvandalán, lán til að létta á greiðsluvanda. Aðeins þar hefur orðið aukning. Vanskil við Íbúðalánasjóð eru að aukast. Fasteignaverð er einnig að lækka. Kannski var í lagi að það jafnaðist aðeins en ég vona að það snúist ekki algjörlega við. Þetta eru beinar ábendingar um að við eigum að fara varlega.

Viðvaranir Samfylkingarinnar hafa verið samhljóða því sem fram kemur í álitum frá árinu 1997, þær hafa verið á sama máta. Það væri kannski ástæða til að vitna í nál. 1. minni hluta fjárln. frá 2. umr. um fjárlög ársins 2001.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Það vantaði því ekki að innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar sæju blikur á lofti áður en syrti fyrir alvöru í álinn og spöruðu hvergi aðvaranir sínar. Þeim var ekki sinnt. Afleiðingunum af mistökum ríkisstjórnarinnar var svo lýst með kjarnyrtum hætti af virtum efnahagssérfræðingi sem til skamms tíma var yfirmaður peningamálasviðs Seðlabankans, Yngva Erni Kristinssyni, núverandi bankastjóra Búnaðarbankans í Lúxemborg. Hann lýsti þeim svo á opnum fundi um efnahagsmál 10. nóvember: „Við höfum verið með of harða peningastefnu en of slaka stefnu í ríkisfjármálum. Afleiðingin er sú að við höfum verið með mjög háa vexti og hátt gengi. Það hefur leitt til þess að viðskiptahalli hefur magnast. Við höfum skapað erfiða stöðu fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar og vaxtarsprotana sem þurfa að byggja sig upp á innlendum markaði áður en þeir geta sótt út á erlenda markaði eftir fjármögnun." Í frásögn Morgunblaðsins 11. nóvember er einnig haft eftir Yngva Erni að sennilega hafi efnahagsstefnan sem fylgt hefur verið á Íslandi undanfarin ár „að nokkru leyti magnað þennan vanda sem þjóðarbúið er að glíma við í dag"."

Herra forseti. Mér er mikið mál á halda langa tölu og á létt með að ræða þessi mál og þann vanda sem er uppi í þjóðfélaginu í einn til tvo klukkutíma. En ég sé ekki ástæðu til að japla á sömu hlutunum aftur og aftur. Í þeirri von að menn skilji hvað ég hef verið að segja ætla ég, herra forseti, að halda áfram með mjög viðkvæman þátt að mínu mati, þ.e. um stöðu eldri borgara.

Herra forseti. Skammt er til jóla. Það er sá tími sem menn temja sér umfram annan að sýna tillitssemi og umhyggju. Margt hefur sem betur fer á liðnum áratugum breyst til mikils batnaðar, en það eru enn óunnin verk sem lúta frekar að manngildisrökum en efnahagsaðgerðum og prósentureikningi. Það eru þau atriði sem ég hef margnefnt í ræðum mínum og lúta að stöðu þess fólks sem í dag þarf að búa við laun sem eru undir framfærslumörkum. Þessi hópur er talinn vera á bilinu 9.000–12.000 manns. Það sárgrætilega við málið er að ekki þarf, herra forseti, nema viljann til að laga þá stöðu. Það þarf ekki nema 4% af áætluðum tekjuafgangi ríkissjóðs, 4% af 34 milljörðum til að gjörbreyta stöðu þessa fólks. Í þessum hópi eru aldraðir, öryrkjar og einstæðir foreldrar. Frumatriðið er auðvitað að greina á milli þeirra sem lifa í sárri fátækt og hinna sem komast af. Þess vegna hefur Samfylkingin flutt frv. í þá veru.

Allir þingmenn, herra forseti, fengu bréf Félags eldri borgara þar sem gerð er grein fyrir því að 7.390 eldri borgarar hafa laun undir framfærslumörkum. Það er skelfilegt að vita til þess. Ég veit að það eru 200 öryrkjar sem eru í algjörri neyð. Samt er ekki tekið á hlutunum.

Herra forseti. Því hef ég þessi orð sem eins konar lokaorð og segi að við þurfum að standa okkur í því að hefja baráttu fyrir gildi þess að bera ábyrgð í þjóðfélaginu, gildi þess að vera manneskja þar sem hver einasti maður á það skilið að fá virðingu og vera viðurkenndur. Það sem ég tel að þurfi að gera er að upphefja aga. Það þarf að upphefja reglusemi. Það þarf að upphefja siðbót og menntun. Þá kemst Ísland til þeirrar virðingar sem því ber. Það sem samfélag okkar skortir hvað mest er kærleikur, samviskusemi og trú.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég vil í lok máls míns nota tækifærið til að þakka mjög gott samstarf innan fjárln. Ég get sagt að eðlilega er ágreiningur um pólitísk markmið innan nefndarinnar. Þó er í raun minna sem skilur á milli en margur heldur. Það er víst að mál eru leyst án þess að í hart sé farið og auðvitað er það þannig að meiri hlutinn nýtur stöðu sinnar í lokin.

Ég vil fyrir hönd okkar sem stöndum að nál. 1. minni hluta þakka fyrir samstarf við starfsmenn þingsins og fyrir alla þá miklu og tæknilegu góðu aðstoð sem við höfum fengið og notið frá Ríkisendurskoðun. Ég þakka fyrir samskipti við fulltrúa fjmrn. og annarra ráðuneyta sem til okkar hafa komið og verið býsna greiðir á upplýsingar þrátt fyrir að á síðustu metrunum hafi komið fram alvarleg tregða varðandi mikilsverð mál.

En að lokum þetta, herra forseti: Ágætur félagi í gegnum árin hefur tekið ákvörðun um að hætta á þingi og þar með í fjárln. Séra Hjálmar Jónsson hverfur til starfa rétt hinum megin við götuna, í Dómkirkjuna. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka sérlega góðan félagsskap, einnig vináttu sem orðið hefur á þeim árum sem við höfum átt samleið í fjárln. og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi árum.

[14:53]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Vísað er til nál. 2. minni hluta við 2. umr. frv. og enn fremur er vísað til álits minni hluta efh.- og viðskn. varðandi tekjuhlið frv. og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs á næsta ári sem fylgir frhnál. minni hlutans.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 253 milljarðar kr. eða tæpum 13 milljörðum hærri en frv. gerði ráð fyrir í haust. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 219 milljarðar kr. og tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður um 34 milljarðar kr.

Ég vil, herra forseti, fyrst víkja að vinnubrögðum í fjárlagagerðinni og að þeim breytingum sem ég tel að þar væri æskilegt að gera.

Ríkisstjórnin leggur fram frv. til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárln. til frekari vinnu en sú hefð hefur skapast að við 2. umr. fjárlagafrv. eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frv. 2. umr. hefur þó í auknum mæli snúist um efnahagshorfur og stefnu í ríkisfjármálum þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá og tekjuáætlun fyrir næsta ár liggi ekki fyrir. Við 3. umr. fjárlagafrv. er lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun fyrir næsta ár og jafnframt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin byggjast á á næsta ári. Ítarleg umræða fer fram innan fjárln. um sundurliðaða gjaldahlið frv. og fjölmargir aðilar koma fyrir nefndina og skýra einstaka útgjaldaliði.

Tekjuhlið frv. sem er þó hin hlið fjárlagafrv. fær aftur á móti afar litla umfjöllun fjárln. Má nefna í því sambandi að endurskoðuð tekjuáætlun var kynnt í nefndinni rétt um það leyti sem hún afgreiddi eða gert var ráð fyrir að hún afgreiddi frv. frá sér. Þá kom fram tillaga ríkisstjórnarinnar um stórfellda sölu á ríkiseignum á næsta ári og þar með talið hluta í Landssímanum. Ekki fengust ræddar í nefndinni forsendur eða tilhögun sölunnar eins og gert hefur verið að umtalsefni í þessum umræðum.

Herra forseti. Ég tel að mun eðlilegra væri að við 2. umr. fjárlaga væri fjallað um tekjuáætlunina og efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frv. ákveðin. Við 3. umr. væru útgjöldin hins vegar endanlega ákveðin.

Það er að mínu mati, herra forseti, góður siður á vönduðum heimilum að telja fyrst í buddunni og síðan að ákveða útgjöldin og hvernig þeim skuli ráðstafað. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálunum.

En víkjum að ríkisfjármálunum og stefnunni þar og því sem þar er fram undan. Fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2001 eru afgreidd við mikla óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Forsendur í þjóðhagsáætlun hafa undanfarið tekið stöðugum breytingum og hið sama gildir um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Þannig var viðskiptahalli þessa árs, ársins 2000, áætlaður 32 milljarðar kr. í þjóðhagsspá fyrir ári, en stefnir nú í að verða um 62 milljarðar kr. og ekki víst að öll kurl séu komin þar til grafar.

Við búum enn við svokallað góðæri á yfirborðinu því atvinna er næg þótt henni sé e.t.v. misskipt eftir landshlutum. Landsframleiðsla vex og fjárfesting er mikil. Samt kveður við holan hljóm. Ljóst er að við núverandi horfur í efnahagsmálum ber ríkisvaldinu skylda til þess að sýna aðhald í rekstri og koma í veg fyrir þenslu. Það er að nokkru leyti gert í þessum fjárlögum, en að vísu dálítið seint því áhrif slíkra aðgerða taka nokkurn tíma að koma fram.

Mikil óvarkárni einkenndi fjárlög á árinu 1998 í aðdraganda síðustu kosninga. Þau mistök, ásamt ábyrgðarleysi í einkavæðingu, svo sem ríkisbankanna, varð til þess að verðbólga rauk upp og hefur verið 4–6% síðan.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að aðhaldið komi fram á réttum stöðum og framlög til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu séu ekki skert. Þeir hafa hins vegar feng-

ið næsta lítið í sinn hlut af góðærinu, en þurfa að bera æ meiri byrðar, t.d. vegna aukins húsnæðiskostnaðar, lyfja- og lækniskostnaðar. Þar vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð sjá aðrar áherslur. Grein Ólafs Ólafssonar, fyrrv. landlæknis, sem birt er sem fylgiskjal með þessu nál., sýnir hversu bág kjör margir ellilífeyrisþegar búa við, en samkvæmt því sem þar er haldið fram eru 7.390 manns sem hafa lægri mánaðartekjur en 58.500 kr. fyrir skatta.

Víkjum að vaxtastefnunni. Mikil oftrú hefur ríkt á mætti vaxtaaðgerða til þess að slá á eftirspurn. En vaxtahækkanir hafa einungis orðið til þess að fyrirtæki flytja sig á erlenda fjármagnsmarkaði og hafa bankarnir fengið rýmri fjárráð til þess að auka útlán til einstaklinga. Afleiðingin, a.m.k. til skemmri tíma, hefur verið aukin þensla.

Herra forseti. Hávaxtastefna ríkisstjórnarinnar hefur aftur á móti einnig leitt af sér gífurlegan viðskiptahalla sem er spáð að aukist enn frekar á næsta ári.

Að vissu leyti er mönnum vorkunn. Frelsið á fjármagnsmarkaði hér á landi er tiltölulega nýtt og lítil reynsla hefur fengist af því. Samt sem áður hefur ákveðin grunnhyggni einkennt gerðir manna. Svo virðist sem menn hafi tekið stöðugleikann sem sjálfsagðan hlut. Öllum mátti vera ljóst að mikil aukning peningamagns í umferð, sem lengst af var samfara vaxtahækkun Seðlabankans, hlyti að vera mjög þensluhvetjandi.

Herra forseti. Ef þetta ástand verður viðvarandi er fyrirséð að íslensk heimili beri ofurþungan fjármagnskostnað sem kann að reynast mörgum ofviða þegar fram í sækir. Enn fremur munu háir vextir sem við búum nú við koma afar illa við smærri fyrirtæki og hefta alla nýsköpun. Með öðrum orðum, herra forseti, grafa háir vextir undan framtíð Íslendinga þegar til lengdar lætur.

En hvernig er þá brugðist við? Ríkisstjórnin virðist hafa tekið fjármagnsinnstreymið sem sjálfsagðan hlut og lítið kapp var lagt á að greiða niður erlend lán ríkissjóðs á meðan peningarnir streymdu inn. Loksins þegar til átti að taka á næsta ári eru slíkar niðurgreiðslur ómögulegar. Áætlun stjórnarinnar frá í haust var sú að nota tekjuafganginn til þess að greiða niður erlendar skuldir. Það er hins vegar ekki hægt eins og nú kemur fram vegna þess hve gjaldeyrisstreymi til landsins er viðkvæmt. Í stað þess að greiða niður skuldir verður að grípa til þess að stórauka erlendar lántökur og skuldir erlendis. Þetta er mjög alvarlegt, sérstaklega í ljósi þess að ríkissjóður er nú í þeirri stöðu að þurfa að taka erlend lán til þess að viðhalda genginu.

Það var óvarlegt að rýmka erlendar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna í upphafi þessa árs. Meðal annars í kjölfar þess hefur gjaldeyrisútstreymið verið mikið vandamál. Það verkefni stjórnvalda að viðhalda stöðugleika hefur því orðið mun erfiðara en annars hefði þurft að vera og það að ófyrirsynju.

Herra forseti. Öllu verra er þó að eftir nær fullkomið andvaraleysi skiptir yfir í mikinn ótta um gengi krónunnar og fjármagnsjöfnuð landsins. Gengismálin hafa tekið yfir nær öll markmið í hagstjórn. Það sést greinilega af einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Hér er markmiðið ekki að hagræða eða bæta þjónustu eins og svo oft er haldið fram um einkavæðingu. Markmiðið virðist vera aðeins það eitt að fá aukinn gjaldeyri inn í landið með öllum tiltækum leiðum og þar með talið með sölu ríkisfyrirtækja.

Gengi krónunnar skiptir efnahagslífið og kjör fólks að sjálfsögðu miklu máli. Atvinnulífið er mjög skuldsett í erlendum gjaldmiðlum og þolir illa gengislækkun. Sama gildir um fjárhag heimilanna. En lægra gengi hækkar vöruverð og höfuðstól verðtryggðra lána. Sú staða sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir kom ekki til af sjálfu sér. Sú staða er afleiðing þeirra hagstjórnarákvarðana sem ríkisstjórnin hefur tekið á síðustu árum.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir miklum áhyggjum af gangi mála. Ef þetta ástand varir miklu lengur er hætta á því að útflutningsgeta þjóðarbúsins skaðist þegar til lengri tíma er litið. Jafnvægi í efnahagsmálum innan lands og aukinn útflutningur er eina varanlega lausnin á viðskiptahallanum. Hins vegar skal viðurkennt að einkavæðing getur skapað gjaldeyristekjur, en aðeins einu sinni. Þegar eignirnar hafa verið seldar án þess að taka á undirliggjandi vanda er allt sem áður var.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Allir þegnar þjóðfélagsins skulu eiga tryggð mannsæmandi samfélagslaun. Öll mismunun í lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs. Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli ráðstafað til menntunar og rannsókna og framlög til umhverfismála verði aukin og tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja nokkrar brtt. við 3. umr. fjárlaga sem ég vil nú leyfa mér að víkja að.

Herra forseti. Er hæstv. landbrh. í salnum?

(**Forseti** (GÁS): Landbrh. hæstv. er í húsinu og skal ég gera ráðstafanir til að fá hann til fundar.)

Í 7. gr. frv. til fjárlaga þar sem fjallað er um sölu eigna er í lið 8.20 kveðið svo á um, herra forseti, að veita heimild að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða. Ekki hefur farið fram hjá neinum í umræðunni undanfarið, bæði á Alþingi og á Vestfjörðum og í þjóðfélaginu öllu, hin erfiða staða sem mörg sveitarfélög hafa lent í vegna brottflutnings fólks og lágra tekna, bæði íbúanna og sveitarfélaganna. Þetta hefur ekki síst komið niður á einstökum stöðum á Vestfjörðum.

Herra forseti. Að mínu mati er alveg ótækt að gengið sé að einstökum sveitarfélögum í því markmiði að leysa bráðan fjárhagslegan vanda þeirra með þeim hætti að krefja þau jafnframt um að láta af hendi bestu eignir sínar, eignir upp í skuldir sem hafa orðið til, ekki síst vegna stefnu stjórnvalda. Ég vil líka vekja athygli á því að félagsíbúðakerfið um allt land var hluti af húsnæðisstefnu ríkisins á þeim tíma og það var til komið sem framkvæmd á þeirri stefnu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins við opinbera lánasjóði og sveitarfélögin. Þegar slær í baksegl, m.a. vegna stjórnvaldsaðgerða og byggðastefnu stjórnvalda, er afar ósanngjarnt að ríkið og þeir aðrir aðilar sem áttu hlut að máli við uppbyggingu þessa kerfis, sem var í mörgum tilvikum mjög mikilvægt á sínum tíma og skilar enn góðu til margra sveitarfélaga, skuli

hlaupast frá og velta vandanum og láta sveitarfélögin ein sitja uppi með vandann.

Herra forseti. Þess vegna hef ég ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs lagt til að liður 8.20, verði felldur brott en í stað þess komi nýr liður þar sem verður heimilað að semja með þátttöku félmrh. við sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra með þátttöku ríkisins.

Vandi sveitarfélaganna á Vestfjörðum og þess sveitarfélags sem þarna er minnst á er alvarlegur en hann er ekki einstæður fyrir Vestfirði. Þetta er sameiginlegur vandi og sameiginleg ábyrgð um allt land. Enginn veit hvaða sveitarfélag stendur næst frammi fyrir viðlíka vanda. Þess vegna ber ríkisvaldinu að ganga fram af ábyrgð gagnvart öllum sveitarfélögum sem eru í þessari stöðu en ekki taka þau upp eitt og eitt.

Herra forseti. Ég vil þá víkja aftur að öðrum sölum sem eru þarna lagðar til. — Ég met það að hæstv. landbrh. er kominn í þingsalinn.

Gerðar eru tillögur um sölu allmargra jarða. Við höfum fengið dreift í fjárln. vinnureglum eða ákveðinni stefnu um hvernig landbrn. hyggst vinna við ákvörðun á sölu jarða. Þar er m.a. kveðið á um jarðir sem skipta máli bæði hvað náttúruverðmæti, náttúrufegurð eða annað sem lýtur að almannaheill og útivist, hafa mikla þýðingu fyrir almenning í landinu, að vandlega sé hugað að því áður en þær eru seldar. Ég vil því spyrja, herra forseti: Hefur farið fram sú úttekt og skoðun sem hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir í stefnumörkun sinni, hefur slík úttekt og skoðun og mat varðandi jarðeignir sem hér eru boðnar til sölu farið fram? Ég tel afar mikilvægt að vandað sé til allrar sölu á eignum ríkisins, hvort sem það eru jarðir, Landssíminn eða annað, það eigi að gera að vandlega íhuguðu máli.

Það er nú svo að þegar jarðeignir eru komnar á sölu og auglýstar til sölu gilda um þær sérstakar reglur. Þá er ekki svo gott að hverfa til baka, þá er erfitt að komast hjá því að selja þær hæstbjóðanda, hver svo sem önnur skilyrði og óskir gætu verið fyrir hendi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra um hvers konar úttekt liggi að baki þeim jarðeignum sem hér eru boðnar til sölu.

Þá vil ég og víkja að einstökum nokkrum jörðum ef hæstv. ráðherra gæti gert grein fyrir hver er ástæðan til þess að þær séu boðnar til sölu.

Ég vil þá fyrst nefna jörðina Reyki í Hjaltadal. Jörðin Reykir er innsti bær í Hjaltadal í Skagafjarðarsýslu. Þetta er jörð sem er m.a. með mikinn jarðhita, óvíst hversu mikinn, en þarna er virkjaður jarðhiti og hitaveita Hjaltadals sem hitar m.a. upp fiskeldið á Hólum og íbúðarhús á Hólum og þarna í dalnum. Í þessu landi eru mörg önnur hlunnindi sem ýta undir mikilvægi þess að þessi eign fari ekki í almenna sölu. Hagsmuni ríkisins og ríkiseignanna á þessu svæði tel ég vera miklu meiri en svo að það eigi með gáleysi að setja jörð eins og Reyki í Hjaltadal í sölu. Ég er því afar andvígur og tel að með því sé verið að ganga þvert á hagsmuni, ekki aðeins íbúanna þarna heldur þeirra stofnana sem heyra m.a. undir og tengjast hæstv. landbrh. og ráðuneyti hans. Ég tel afar óviturlegt að setja þessa jörð í sölu.

Sömuleiðis vil ég víkja að jörðum í eigu Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum þar sem búið er að selja jörðina Reykjakot í Ölfusi. Ég get ekki séð hvað rekur á eftir að selja þá jörð. Garðyrkjuskólinn er vonandi að eflast í starfi og hver veit hvenær þær jarðir sem hann hefur undir nýtast og hvenær er þörf á þeim með beinum hætti til þess starfs sem þar er unnið, ásamt víðtækari notkun í þágu almennings.

Herra forseti. Ég ítreka að ég met það að hæstv. landbrh. er hér til staðar og getur þá gert betur grein fyrir því en sem fram kemur í fjárlagafrv. varðandi þessar jarðasölur.

[15:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurna hv. þm. um sölu ríkisjarða og þar sem hann minntist á náttúruperlur og mikilvægar jarðir til útivistar o.s.frv., þá er ég honum sammála í því að fara þar varlega þó að ég hafi lýst því yfir og sé þeirrar skoðunar að mikilvægt sé fyrir ríkið að selja jarðir með skynsamlegum hætti og að einstaklingarnir í þjóðfélaginu eignist þær og búi helst á þeim og að þeir sem hafa forkaupsrétt og leigja ríkisjarðir nýti sér þann rétt o.s.frv.

Skýrsla er til um eyðijarðirnar sem hv. þm. á við sem Jónas Jónsson, fyrrum búnaðarmálastjóri, vann ítarlega og fór yfir þau mál. Ég hef verið að fara yfir þessi mál í ráðuneyti mínu ásamt starfsmönnum landbrn. og fjmrn. hefur verið að skoða þau örlítið og fara yfir þau. Auðvitað verður farið mjög varlega og reynt að marka stefnu til framtíðar og meta hvað ríkið þarf að eiga.

Því miður hef ég ekki alveg þær upplýsingar að ég vilji ræða um Reyki í Hjaltadal, en ég er klár á því að þar sem slík auðæfi eru og skipta byggðina miklu máli megi menn ekki raska slíkri stöðu.

Reykjakot í Ölfushreppi var selt á dögunum. Því fylgja tveir hektarar. Ég hygg að Garðyrkjuskóli ríkisins þurfi aldrei á því landi að halda. Það kann miklu fremur að vera að Garðyrkjuskóli ríkisins þurfi að selja eitthvað af því mikla landi sem tilheyrir honum þó að það komi auðvitað aldrei til greina að selja aðalland Garðyrkjuskólans, hjartastað hans í kringum stofnunina. En Reykjakot skiptir Garðyrkjuskólann ekki máli og þar sest að myndarlegt fólk sem verður prýði að í dalnum.

[15:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau orð sem hann hefur sagt svo langt sem þau ná.

Ég lýsti eftir því hvort úttekt hefði farið fram á þeim jörðum sem hér er verið að bjóða til sölu varðandi einmitt það sem við minntumst á, mikilvægi og þýðingu þess að þær haldist í eigu ríkisins vegna sérstæðrar náttúru eða náttúruverðmæta, til almennings eða útivistar. Ég get ekki séð í hendi mér hve margar af þeim jörðum eru eyðijarðir eða eru jarðir í byggð. Það er alveg rétt að ábúendur hafa rétt til þess að leysa til sín jarðir eftir ákveðnum reglum og það er vel og sömuleiðis er afar gott ef eyðijarðir geta nýst nærliggjandi ábúendum og styrkt byggðina með því móti. Ég held að það sé það mikilvægasta sem verði að huga að.

En ég ítreka að ég hefði viljað sjá ítarlega skýrslu um einmitt þær jarðir sem hér eru boðnar til sölu, að hve miklu marki þær einmitt hafa fengið þá umfjöllun, þá úttekt sem hæstv. landbrh. hefur beitt sér fyrir að setja reglur um. Það tel ég vera mjög mikilvægt. Ég er andvígur ótímabærum jarðasölum.

Ég legg áherslu á að hæstv. landbrh. láti endurskoða heimild varðandi söluna á Reykjum í Hjaltadal.

[15:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ósköp vel að hv. þm. Jón Bjarnason og vinstri grænir séu andvígir sölu á ríkisjörðum. Síðasti ríkiskapítalistinn hlýtur að vera það í hjarta sínu. Það er skoðun hans og flokks hans og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. En við hinir skynjum að mikilvægt er að einstaklingarnir eigi jarðir sínar og beri ábyrgð á þeim. Ég hygg að það sé svo með margar ríkisjarðir sem eru nú í eyði, í eigu skógræktar eða ríkisins, að þær eru án hirðis og án umhirðu margar hverjar og þess vegna er mjög mikilvægt að fara yfir hvernig með þær jarðir verður farið og stefna mótuð um hvernig þær verða seldar í framtíðinni eða hvort þær verða seldar.

Hvað snertir þær jarðir sem hér er beðið um heimild til að selja, þá hygg ég að farið verði vandlega yfir það í ráðuneytinu, að samstaða sé bæði ráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórna og þess vegna jarðanefnda um að svo skuli gert. En ég fullvissa hv. þm. um að þó að heimild fáist í fjárlögum fyrir sölu þessara jarða verður enn og aftur farið yfir það hvort selja skuli og hvaða þýðingu þær hafa. Það verður allt skoðað faglega í ráðuneytinu.

[15:22]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta kemur ekkert ríkiskapítalisma við í sjálfu sér, enda veit ég ekki hver elur á meiri miðstýringu en þessi ríkisstjórn. Þetta snertir heilbrigða skynsemi og ábyrgð gagnvart almenningi í landinu. En ég get áréttað það sjónarmið mitt að jarðir úti um land, jarðeignir og hlunnindi eiga að vera til að styrkja byggðina þar fyrst og fremst. Þær aðgerðir sem þar eru gerðar eiga að snúast um það fyrst og fremst og mun ekki af veita. Þar greinir okkur hæstv. landbrh. greinilega að einhverju leyti á.

Ég legg áherslu á að sú úttekt, skoðun og mat á jörðum verði þá gert sem kveðið er á um í þeim starfsreglum sem landbrn. hefur sett sér áður en þær eru boðnar til sölu, en ekki eftir á eins og hér er greinilega verið að gera.

[15:24]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þetta snertir ekki ríkiskapítalisma, sagði hv. síðasti ræðumaður, heldur heilbrigða skynsemi.

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., gat þess í lok ræðu sinnar fyrr í dag að blikur væru á lofti í efnahagsmálum og menn þyrftu að huga að hættumerkjum. Hann tók þó fram, sem allir geta tekið undir með honum, að ástæðulaust er að hafa uppi ramakvein, úrtölur eða svartsýnisraus. Það er enginn sem heldur því fram að við séum á einhverri heljarþröm, að Íslandi sé að einhverju leyti hætt. Það hefur enginn talað á þá vísu og ég vona að orð mín verði ekki skilin svo þótt ég víki að ýmsu sem ég tel að betur mætti fara.

Í framsögu sinni við 2. umr. fjárlaga ræddi formaður fjárln. um aðallega þrjú hættumerki. Í fyrsta lagi verðbólgu, í öðru lagi hinn mikla viðskiptahalla og í þriðja lagi um peningamálin almennt og sérstaklega um útlánaaukninguna sem hefur orðið gífurleg, vaxtasigið o.s.frv.

Hv. formaður fjárln. tók mjög skýrt fram að hér væri verðbólga, eins og hann sagði þá, tvöfalt hærri en í aðalviðskiptalöndum okkar. Það hefur enn hallast á merinni frá því þau orð voru sögð og hann tók fram, formaðurinn hv., að þetta fengi ekki staðist til lengdar og ég man þau orð greinilega. Hver voru úrræði hans? Að ráða bót á verðbólgunni, fyrst og fremst að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki. Fyrst og síðast væru það ríkisfjármálin sem hann hefur hönd í bagga með sérstaklega sem formaður fjárln., ásamt hæstv. fjmrh. Það var hagstjórnartækið sem beita þyrfti til að hamla gegn þessari vá.

Um viðskiptahallann lét hann þess getið að hann væri allt of mikill, hann væri á milli 50 og 60 milljarða. Á daginn hefur komið að hann er gott betur en það og stefnir upp undir 70 milljarða kr. Hvert er heilsulyfið við þeirri vá? Hv. formaður fjárln. nefndi að það væri fyrst og fremst beiting ríkisfjármálanna sem er í höndum hans.

Þriðja váin, peningamálin, stjórnlaus útlánaaukning, vextir sem nálgast nú 15%, 20% á framlengingarvíxlum, taumlaus fjáraustur lánveitenda og taumlaus innflutningur lánastofnana. Á bílasölum eru núna hundruð bíla sem eru til sölu, en á þeim hvíla vegna kapps eignarleigufyrirtækja og tryggingafélaga fjárhæðir hærri en sem nemur söluverðinu og þess vegna ganga þeir ekki út. Fólk hefur gefist upp á að reka þessi tæki sín af því sem það veldur ekki skuldunum sem á því hvíla.

Ekki mundi þetta að öðru jöfnu vera kallaður stöðugleiki, nema í munni hæstv. forsrh. Hvernig hefur tiltekist um beitingu þessa heilsulyfs, þessa hagstjórnartækis sem ríkisfjármálin eiga að vera og ég er sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni um að eru úrslitaatriði í baráttu við þensluna, við verðbólguna, við öllum meinsemdum, aðalmeinsemdum sem nú stríða á fjármálalíf okkar?

Er það ekki rétt skilið hjá mér að í meðförum fjárln. hafi fjárlagafrv. hækkað um rúm 6% frá því sem það var lagt fram? Er það ekki rétt skilið hjá mér að gert sé ráð fyrir tekjuauka vegna sölu síma og banka upp á 15 milljarða kr.? Tekjuafgangurinn er samtals 34 milljarðar kr. eftir því sem upplýst er, en hvers eðlis er þessi tekjuafgangur?

Ég spyr hv. formann fjárln.: Hversu mikill væri tekjuafgangurinn ef enginn viðskiptahalli væri?

Það vill nefnilega þannig til að í ríkisfjármálunum sýður og kraumar í pottinum. Þessi tekjuafgangur er hér um bil allur, ef ekki allur, froðukúfurinn sem upp af börmunum gengur. Þetta er ekki öðruvísi aflafé, þetta er ekki fé sem verður til vegna arðsemi af rekstri eða vegna framleiðniaukningar. Þetta er froðufé og mig minnir — ég verð þá leiðréttur ef ég fer með rangt mál — að hv. þm., sem er gætinn maður í fjármálum, hafi látið þess sérstaklega getið á haustdögum að þess vegna einmitt, vegna þess hvernig þetta fé er til komið, bólgufé, þá væri varhugavert að ganga mjög á eyðslu þess. Mig misminnir þetta áreiðanlega ekki.

Hækkun fjárlaganna, þessa hagstjórnartækis nú eins og þau líta út er 13,5% miðað við niðurstöðu fjárlaganna eins og þær voru fyrir árið 2000. Og hvað er svo að segja um áform um lántökur eins og gert var ráð fyrir á fjárlögum þessa árs? Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 1,2 milljörðum fyrir næsta ár en nú eru uppi áform um 27,6 milljarða lántökur. Á fjárlögum árið 2000 voru þetta 5 milljarðar, en endar a.m.k. í 25,5.

Þetta eru að vísu ekki margar prósentur, 5 upp í 25,5, eftir reiknimeistaranum hæstv. forsrh. sem fór með útreikninga í útvarpi í gærkvöldi og komst að því að hækkun Þjóðmenningarhússins úr 300 millj. í 400 millj. kr. þegar hann var búinn að reikna allt saman mundi vera svona eins og 5% aukahækkun. Þá vitum við það og höfum eignast nýjan reiknimeistara.

Hv. þm. Jón Kristjánsson var á sínum tíma kunnugur verslun og vafalaust hefur hann starfað á þeim tíma þegar

verðlagsákvæði voru hvað hörðust. Við skulum hugsa okkur að hann hefði mátt leggja á vöru um 15%. Þá þýðir það eftir nýja reiknimeistaranum að hann hefði getað tvöfaldað verðið á vörunni. Hækkun úr 300 millj. í 400 millj. endaði í 5% hjá hæstv. forsrh. í viðtalinu í útvarpinu og þá, ef það hefði hækkað í 500, hefði þetta verið 10% og í 600, um tvöfalt, þá hefði það verið 15% eftir þessum nýja reiknimeistara, hinum nýja Sölva Helgasyni okkar sem einu sinni reiknaði tvíbura í konu og þar af annan svartan. Við höfum sem sagt eignast nýjan doktor í „kalkúlasjónum", hæstv. forsrh. Davíð Íslandus Oddsson.

Hv. formaður fjárln. margtók fram við 2. umr. fjárlaga að ástandið eins og hann lýsti því í þessum þremur aðalatriðum, vegna þessara þriggja aðalhættumerkja væri mikið áhyggjuefni og það væri fullkomin hætta á, ef ekki yrði beitt aðhaldi í ríkisfjármálum, að slægi í bakseglin. Og hver er svo niðurstaðan?

Upplýst hefur verið og yfirlýst að beita ætti aðhaldssemi í ríkisfjármálum. Ekki er nóg að hafa uppi um það orð. Ég spyr beint: Í hvaða efni kemur það fram? Í hvaða stað kemur það niður? Ekki fæ ég það séð með neinu móti í gerð og samsetningu fjárlaganna eins og þau eru úr garði gerð. Ég vil fá að vita hvar og í hverju aðhaldssemin birtist okkur.

En það sem veldur enn meiri vökum er að af þeim hættumerkjum sem hv. formaður fjárln. nefndi hefur hæstv. forsrh. ekkert frétt. Hann hefur ekkert frétt af þeim alveg frá því að hann flutti ræðuna 17. júní og allar götur í hvert einasta skipti sem hann hefur verið spurður út úr þessum málum í fjölmiðlum hefur hann sagt að þetta væri allt í besta lagi. Og hvað sagði hæstv. forsrh. í viðtölum sínum við fjölmiðla í gærkvöldi?

Ég sé mig tilneyddan, herra forseti, til þess að lesa þau viðtöl upp af því að hæstv. forsrh. hefur ekki fyrir því að mæta hér til að fara með speki sína heldur kýs að tala um þessi mál við fréttamiðla sem ekki þora svo að spyrja hann út úr eða kunna það ekki.

Hér er fyrst Ríkisútvarpið kl. 18. Ég vil taka það fram að hann fór með nýju útreikningana sína aðeins síðar og get ég sleppt þeim því ég hef rifjað þá upp. Þar fór þulurinn fyrst með þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Davíð Oddsson forsrh. sagði ... að nýja þjóðhagsspáin sýndi í öllum megindráttum óbreytta og trausta stöðu efnahagslífsins."

Hann vísar á bug gagnrýni Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, á efnahagsstjórnun og segir hana óábyrga.

En að vísu hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson varla tekið eins djúpt í árinni og hv. formaður fjárln. að þessu leyti, ég tala nú ekki um vin minn, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og mun ég koma að honum síðar.

Í öllum megindráttum sýnir þessi nýja þjóðhagsspá óbreytta stöðu hvað efnahagslífið varðar, segir forsrh. Allar meginundirstöðurnar sem nefndar séu í skýrslunni séu afar góðar, verðbólgan, viðskiptahallinn, peningamálin.

Þá hafa menn það. Annar hvor, formaður fjárln. eða forsrh., hefur rangt fyrir sér, en augljóst er að hæstv. forsrh. tekur ekkert mark á formanni fjárln. Gildir hið sama um hæstv. fjmrh.? Hefur hann sama álit á meiningum hv. formanns fjárln. og forsrh.? Það þurfum við að fá að vita til þess að gera okkur grein fyrir því hvort slíkt hættuástand er upp risið, að aðaloddvitar í ríkisfjármálunum viti ekki hvor af öðrum eða tali í austur og vestur um háskamálin um þá vá sem fyrir dyrum er og þeir sjálfir, eða formaður fjárln. aðallega, hefur lagt mikla áherslu á.

Og hér kemur hæstv. forsrh., með leyfi forseta, og segir:

„Atvinnulífið er með mjög traustum blæ. Vinnufúsar hendur, sérhverjar vinnufúsar hendur hafa nægilega atvinnu og atvinnuleysi sem sagt lítið. Hagvöxturinn hins vegar verður nokkuð minni en í ár, verður 4% á þessu liðna ári en um 1,6 kannski til 2% á næsta ári sem er þægilegra við að eiga."

Er þá ekki núll prósent hagvöxtur sá alþægilegasti við að eiga? Eða að það bara snarist á merinni? Sá hagvöxtur sem menn hafa verið að hæla sér af undanfarin ár hefur verið óþægilegur við að eiga. Og hér hefur verið tekið fram að þeir þekki enga þjóð í Evrópu sem hafi haft annan eins hagvöxt og hæla sér af því. Samt er þetta þægilegra við að eiga að hann falli sem mest.

Og áfram segir:

„Það er að draga úr þenslu. Allir þessir þættir eru mjög jákvæðir. Eini þátturinn sem nefndur er til sögunnar er spá um að verðbólgan kunni að fara upp í 5,8%. Þetta er ekki einhver ný spá því um leið og gengið breyttist og gengið seig frá því sem það hafði verið hæst í maí um allmörg prósent, þá er það þumalfingursregla" — ég er hræddur um að hann telji með fótunum stundum — „þumalfingursregla sem spámeistarar gefa sér að það hafi áhrif til verðbólguhækkunar, verðlagshækkunar um tiltekna prósentu vegna þess hversu hátt hlutfall innflutnings er hér á landi."

Hann er þarna að víkja að viðskiptahallanum.

„Davíð gefur lítið fyrir gagnrýni Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, á efnahagsstjórnina." — Ég tek fram, herra forseti, að ég er að lesa upp skrifað mál og þar er öllum titlatogum sleppt. — Davíð Oddsson svarar:

„Mér finnst þetta afskaplega óábyrgt tal hjá honum og ekki jafnvel sæmandi fyrir stjórnmálamenn að tala svona því að menn eru að mála mynd af atvinnunni hér og atvinnuhorfum fólks sem eiga sér enga stoð."

Heyrir hv. þm. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., þetta tal? Hann getur tekið þetta allt til sín ekki síður en hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Allt sem hv. formaður fjárln. hefur sagt um verðbólguna, viðskiptahallann, peningamálin er sem sagt óábyrgt tal að mati formanns ríkisstjórnarinnar, og á sér enga stoð.

Síðan hélt messan áfram þar sem viðtal var á Stöð 2 og hæstv. forsrh. spurður út úr áliti Þjóðhagsstofnunar. Hann sagði að það hefði allt sínar eðlilegu skýringar, eins og hann segir hér, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra segir að spá Þjóðhagsstofnunar um tæplega 6% verðbólgu og aukinn viðskiptahalla komi ekki á óvart og eigi sér fullkomlega eðlilegar skýringar. Hann segir að svo virðist sem formaður Samfylkingar hafi gengið á hurð nýlega."

Þetta heitir nú í lok viðtalsins að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi „gengið á vegg". En það breytir nú ekki miklu ef maðurinn hefur hvort sem er ruglast svona við þennan árekstur.

„Forsætisráðherra er mjög sáttur við nýja þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar. Hann segir að spá hennar um aukna verðbólgu og aukinn viðskiptahalla eigi sér fullkomlega eðlilegar skýringar og hann segir alveg ljóst að formaður Samfylkingar hafi ekki kynnt sér spána eða lesið."

Hvaða eðlilega skýringu á hún sér, þessi spá Þjóðhagsstofnunar? Skýringanna hlýtur að vera að leita hjá stjórn ríkisfjármálanna.

Davíð Oddsson forsrh. sagði orðrétt:

„Ja hún er að flestu leyti mjög hagstæð spá. Það kemur fram í henni að allir grundvallaratvinnuvegirnir standa vel, atvinnuleysi nánast ekkert, allar vinnufúsar hendur hafa hér störf, hagvöxtur á næsta ári verður 1,6% sem er miklu viðráðanlegri hagvöxtur heldur en við höfum haft, hann er 4% á þessu ári samkvæmt skýrslunni, 0,6% meiri en hafði áður verið spáð."

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, að hagvöxturinn skuli falla og við fáum miklu viðráðanlegri hagvöxt en áður. Og áfram segir:

„Hann segir að hækkunin á viðskiptahallanum sé til komin vegna breyttra uppgjörsreglna og sé því í raun ekki hækkun í sjálfu sér." — Má ég fá að vita hvaða nýjar uppgjörsreglur eru hér á ferðinni? Ég hlýt að beina þeirri spurningu til formanns fjárln. hvaða nýjar uppgjörskúnstir eru hér á ferðinni. Ekki hefur það verið skýrt fyrir hinu háa Alþingi svo ég viti til.

„Þá komi spáin um 1,8 prósentustiga hærri verðbólgu engum sem fylgist með á óvart þar sem þumalputtareglan," — kemur hann enn með þumalputtana sína — „sé sú að 40% af gengissigsprósentu skili sér í verðbólgutölu. Hann segist því ekki sjá neinar blikur á lofti í efnahagslífinu þrátt fyrir þessa nýju spá. "

Heyrir hv. formaður fjárln. til eiðspjalls hæstv. forsrh.? Engar blikur á lofti.

En ég vitnaði áðan í hv. formann þar sem hann sagði fullum fetum í lok ræðu sinnar áðan að blikur væru á lofti í efnahagsmálum.

Það er ljóst að ekki er mikið samband milli hæstv. forsrh. og hv. formanns fjárln. þar sem opinber skýrsla í skúffu hæstv. forsrh. kom ekki fyrir augu hv. formanns fjárln. fyrr en í byrjun desember, en það sem fram fór hafði þó legið ljóst fyrir í ágúst, litlar skitnar eitt hundrað millj. sem forsrn. fór fram úr við endurbyggingu Safnahússins gamla. En það þyrfti að breytast. Þeir mega til með að samræma málflutning sinn, oddvitar okkar hér á þingi og í framkvæmdarvaldinu, vegna þess að annars ruglast menn og þeir ruglast án þess að þurfa að rekast á hurð eða vegg. Þetta getur auðvitað ært óstöðugan, en ég verð að segja alveg eins og er að ég tek miklu meira mark á hv. þm. Jóni Kristjánssyni en hæstv. forsrh. í þessu falli.

En ég vil fá að vita hvort hæstv. fjmrh. vildi þá ekki skera úr um það hvort ég hef rangt fyrir mér að þessu leyti, að taka meira mark á hv. formanni fjárln. en hæstv. forsrh. Hann á að vera í færum um það.

Ég hirði ekki um að vitna meira í þessa endileysu, en það er hryggilegt að þurfa að segja að hæstv. forsrh. stundar það jafnt og þétt að mála hlutina allt öðrum litum en staðreyndir og raunveruleikinn segir okkur til um. Þetta er einn endalaus blekkingavefur.

Hv. formaður fjárln. gat þess við 2. umr. fjárlaga að nefndin hefði verið með hugann við að hamla gegn byggðaröskun eins og það var orðað.

Ég átta mig satt að segja ekki vel á því með hvaða hætti hv. fjárln. eða öllu heldur meiri hluti á hinu háa Alþingi, ríkisstjórnin, hefur unnið að því að hamla gegn byggðaröskun. Oft hefur nú hallast á varðandi jafnvægið í byggð landsins eins og það var nefnt, en núna hefur hreinn flótti brostið á í byggðarlögunum. Og menn vita allir af hverju. Að vísu hefur komið ný skýrsla pöntuð hjá Þjóðhagsstofnun um það hvort fiskveiðiheimildir og tilfærsla þeirra mundi hafa einhver áhrif á fólk, búferlaflutning í landinu. Ég held ég segi ekkert of mikið þótt mér sýnist að maður sjái fyrir sér hvaða vegferð það mál hefur haft.

Það er nokkuð langt síðan hæstv. sjútvrh. byrjaði að fullyrða að tilfærsla fiskveiðiheimilda í landinu hefði engin áhrif á byggðaröskunina. Honum hefur þótt eðlilegt að hin svokallaða sáttanefnd í sjávarútvegsmálum sendi fyrirspurn til mágs síns, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, að spyrja um þetta augljósa mál sem hver heilvita maður getur sagt sér sjálfur og vafalaust öll endilöng nefndin, hin svonefnda sáttanefnd. Þjóðhagsstofnun lætur hafa sig í að afgreiða þessa pöntun og segir að engin merki séu þess að kvóta- eða fiskveiðistjórnin eins og það er nefnt sé áhrifavaldur í búferlaflutningi í landinu. Þá hafa menn það.

Ég veit ekki til þess, þótt hefðbundnar fjárveitingar séu til fjárlaga og annarra þarfa á landsbyggðinni til handa sveitarfélögunum, að nein breyting hafi orðið á þessu háskalegasta atriði varðandi búsetuna í landinu sem er fiskveiðistjórnin.

Varaformaður fjárln., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, kom víða við í ræðu sinni um við 2. umr. fjárlaga og var þar að vísu af viti og þekkingu talað eins og hans var von og vísa. En það væri æskilegt að ýmsir kaflar úr ræðu hans kæmust til skila við hæstv. ríkisstjórn. Það hefði mátt ætla af ræðu hans að hann hefði ekki hitt það fólk jafnvel svo missirum skipti að máli og ég tala nú ekki um hæstv. forsrh., formanninn sinn.

Ég grípi, með leyfi forseta, niður í ræðu hv. 5. þm. Vestf. þar sem hann segir:

„Við stöndum líka frammi fyrir því vandamáli að fiskveiðiráðgjöfin á Íslandi er algerlega háð einu ríkisfyrirtæki, einu rannsóknarfyrirtæki á vegum ríkisins sem hefur gefið okkur ráð nú um nokkuð langan tíma. Ráðin hafa hins vegar dugað skammt þó markmiðið hafi verið það að auka hér fiskstofnana, gera okkur kleift að veiða meira. Það hefur gengið alveg öfugt. Við höfum ekki náð nokkrum árangri og í ár hefur verið ákveðið að veiða minna en áður og var þó lítið fyrir miðað við það sem hefur verið síðastliðin 70 ár við veiðar á þorski á Íslandsmiðum. Við erum bara staddir í þeirri gildru. Þeir sem hafa haldið því fram hér að lítið væri að marka þessa ráðgjafa, hafa fengið að heyra að þeir væru mjög óábyrgir menn og það margsinnis ítrekað. Áfram ætla menn að halda og það virðist þverpólitísk samstaða um það meðal Íslendinga að áfram skuli fylgt ráðum þessara ráðalausu manna." — Frjálslyndi flokkurinn er a.m.k. ekki með í þeirri þverpólitísku samstöðu.

En ég hef ekki orðið þess var að hv. 5. þm. Vestfjarðakjördæmis væri yfirleitt að öðru leyti þversum í neinu sem varðar fiskveiðistjórnina. Hann styður framkvæmd hennar af alefli með því að styðja hæstv. núverandi ríkisstjórn, stefnu sem er á góðri leið með að leggja byggðir kjördæmis hans í eyði. Hann styður frjálst framsal veiðiheimilda eða a.m.k. framkvæmdastjórn þess og alla framkvæmd sem hefur leitt til þess að ótrúlegar veiðiheimildir hafa færst úr kjördæminu hans til annarra landshluta. Og mér dettur ekki í hug að hv. þm. trúi því að það hafi engin áhrif á búferlaflutninga eða búsetu manna í kjördæminu hans eða allt annað sem snertir líf og hag og tilveru fólksins á þeim stöðum. Hann styður milljarða gripdeild lénsherranna. Hann tók þátt í að skjóta í gegn lagagrein sem heimilaði þessum mönnum að skjóta því fé úr landi skattlausu. Það eru ekki milljónir sem þar hafa verið fluttar úr landi, ekki milljarðar heldur tugir milljarða

og Ísland nær aldrei um það verðmæti. Og hvernig er það fé fengið? Það er tekið af sameign þjóðarinnar.

Og þessi hv. þm. Vestfjarðakjördæmis styður af öllu afli hæstv. ríkisstjórn sem þessari stefnu framfylgir þótt hann hafi haft hér uppi ýmis gagnrýnisorð sem ég veit að hæstv. ráðherrar taka ekkert mark á.

Hv. þm., fyrrv. útgerðarstjóri á Flateyri, styður stefnu sem lokar fyrir nýliðun í sjómannastéttinni og allir vita hver örlög verða stéttar þar sem nýliðun er útilokuð.

Honum er fullkunnugt um gengdarlaust brottkast afla sem þessi fiskveiðistjórn hefur í för með sér. Og það er ekkert að marka ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar vegna þess að hún er með kolvitlausar tölur inni í reiknilíkani sínu, 10 þús. tonn sem brottkastið á að nema, þar sem menn vita að kynni að nálgast 100 þús. tonn og það kann rétt að vera að við séum að ganga mjög harkalega að þorskstofninum vegna þessa brottkasts.

Í öllum höfnum landsins er stundað svindl og svínarí í framkvæmd þessara laga, endalaust, yfirþyrmandi. En stjórnvöld vilja ekki vita af því vegna þess að ekkert má skyggja á framkvæmd þessara dæmalausu ólaga.

Hvað um skuldir sjávarútvegsins? Og hvað um þátt þessa flutnings fjármagns lénsherranna úr landi? Gæti það ekki haft og hefur vafalaust veruleg áhrif á þann viðskiptahalla sem við stríðum við?

Á síðustu fimm árum uxu skuldir sjávarútvegsins um 80 þús. millj. kr. Þó var markmið, aðalmarkmið fiskveiðilaganna að hagræða í greininni. Hagræðingin felst í þessu. Skuldir sjávarútvegsins stefna í 200 þús. millj. kr. innan skamms. Þetta er hagræðingin sem menn stefndu að. Aðalmarkmiðin voru hagræðing í sjávarútvegi og að bjarga fiskstofnunum.

En hann sagði það rétt, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að það hefur allt gengið öfugt. Það hefur gengið alveg öfugt öll ráðlegging þessara hv. manna og þessarar ríkisstofnunar sem LÍÚ á nú að vísu stjórnaraðild að og ýmsa grunar að sú stjórnaraðild hafi meiri en lítil ráð í för með sér.

En það voru fleiri sem fengu sinn skammt í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar við 2. umr. fjárlaga. Ég ætla að taka það fram að ég hefði rætt þessi mál þá ef óviðráðanleg atvik hefðu ekki orsakað að mér var það ófært.

Hv. þm. gaf lítið fyrir aðgerðir Seðlabankans og seðlabankastjóra og taldi að ráðgjöf og hegðun þeirra væri bara til bölvunar meðan þeir væru að halda uppi genginu. Í vaxtamálum sagði hv. þm. orðrétt að þær aðgerðir bankans væru fikt — orðrétt: „Fikta, segi ég því að þetta er bara fikt." Sagði hv. þm.

En nú vill svo til að Seðlabankanum er stjórnað af hæstv. forsrh., hér um bil einhendis. Og þeir þekkja illa aðalbankastjóra Seðlabankans, Birgi Ísleif Gunnarsson, ef þeim dettur í hug að hann breyti í neinu út af þeim fyrirmælum sem hann fær hjá formanni Sjálfstfl. Birgir Ísleifur Gunnarsson hættir sér aldrei út í neitt nema hann sjái alveg fyrir fram að það muni ekki skaða hann, hvorki á sál né líkama. Hann ætlar sér og og hefur alltaf orðið í meiri hlutanum hver sem hann hefur orðið og fer í einu og öllu eftir þeim fyrirmælum, vegna gengismála t.d. og vegna vaxtamála, sem gefin eru af hæstv. forsrh. í umboði skulum við halda allrar hæstv. ríkisstjórnar.

Og maður getur orðað það svo á vondu máli að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi gefið í ræðu sinni „frat" á stefnu Seðlabankans í gengismálum og vaxtamálum. Og þetta er talsmaður Sjálfstfl. í ríkisfjármálum. Hvað skyldu þeir nú hugsa í Seðlabankanum? Ég skal ekki getum að því leiða, en mér er næst að halda að þeim verði ekki svefnvant vegna þessa því að þeir hafa allt annað skjól. Þeir hafa alveg nægilegt skjól. En Birgir Ísleifur Gunnarsson mundi undir eins leita til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar ef hæstv. fjmrh. sleppti af honum hendinni ef hann fyndi að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri farinn að ráða.

Hv. þm. talaði um að mjög hættulegt væri að toga upp gengið og lýsti efasemdum um alla peningapólitík Seðlabankans eins og hún lagði sig. Skyldi ekkert af þessu berast til eyrna hæstv. forsrh.? Ef svo er, þá er greinilegt að hann gerir ekkert með þetta því ef hann gerði það mundi hann vafalaust svara eins og með hv. þm. Össur Skarphéðinsson að þessi maður hefði ekki rekið sig á vegg heldur hefði hann orðið undir valtara.

Skoðanir þær sem hv. þm., varaformaður fjárln., setti fram í framsögu sinni við 2. umr. fjárlaga gengu í öllum meginatriðum þvert á þá stefnu sem kemur fram í hvert skipti sem hæstv. forsrh. opnar munninn. Og það er eins og ræðuhöld þessa talsmanns ríkisstjórnarinnar í fjármálum og afstaða ráðherranna minni á vísupart Jónasar Hallgrímssonar „... og öllu snúið öfugt þó, aftur og fram í hundamó". Og gætu reyndar orðið einkunnarorð hæstv. menntmrh. í tilefni af verðlaunaveitingunni til Megasar á dögunum — „og öllu snúið öfugt þó, aftur og fram í hundamó".

En hv. 5. þm. Vestfjarðakjördæmis dró heldur en ekki arnsúg á fluginu þegar hann hóf að ræða kjaramál einkum og sér í lagi hið háskalega kennaraverkfall. Sá sem hér stendur er ekki formælandi verkfalla. Hann þekkti þau af eigin raun og honum hefur verið það heldur þungt í skauti að hlýða á þær umræður sem fram hafa farið til stórbölvunar lausnar málinu á hinu háa Alþingi. Og hann hefur ekki treyst sér og ekki séð ástæðu til að taka þátt í þeim.

Því miður hefur jafnvel hinum varkára hæstv. fjmrh. orðið á í messunni að predika um að þessi stétt hefði bara verkfallsvilja en ekki samningsvilja og allt væri uppi í skýjunum og þess vegna hefði hann leyfi til að grafa höfuðið í sandinn. Það átti aldrei að ræða þetta. Þessi mál eru ekki þess eðlis að menn eigi að reyna að slá keilur eða slá plötur hér út á þær aðstæður.

En hvað um stöðu kennarastéttarinnar? Þegar ég kom í Menntaskólann á Akureyri voru laun og kjör kennara þar með því efsta sem gerðist í ríkisgeiranum. Þeim hefur hrakað svo heiftarlega að engu tali tekur. Og hæfir menn eru hættir að sækja í þessa stétt. Og árangurinn? Hv. þm. ættu og ég veit að þeir hljóta að hnjóta um þetta: Í stórum straumum kemur fólk út úr skólunum ólæst og óskrifandi og nærri því ótalandi. Á því hljótum við að leita skýringar og hún hlýtur að liggja m.a. í þessu. Ábyrgð og mikilvægi stéttarinnar er meira en í tölum verður talið. Þetta eru, eins og þjóðfélagið er úr garði gert, aðaluppalendur barnanna okkar og við þá verður að gera vel. Miðað við hversu kjörum hennar hefur hrakað trúi ég því ekki að aðrar stéttir þjóðfélagsins mundu notfæra sér það þótt kjör þeirra yrðu bætt að sprengja upp allan almennan launaskala í landinu. Það væri óheiðarlegt.

Yfirlýsingar hinnar handónýtu verkalýðshreyfingar ASÍ í þessu máli, um að þeir mundu þegar í stað grípa til sinna vopna ef hagsmunum þessa fólks yrði sinnt, eru ekki mannborulegar svo ekki sé meira sagt. Verkalýðshreyfingin er orðin handónýtt fyrirbrigði, handónýtt afl, þar sem forustu-

mennirnir vilja bara telja peninga í lífeyrissjóðum og vera þar í stjórnum.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp örstuttan kafla úr máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þar sem hann sagði:

„Af hverju má ekki segja þetta beint út og opinberlega að þessar kröfur séu hreint rugl. Af hverju má ekki segja sannleikann í þessu og það er enginn grundvöllur til neinna kauphækkana á Íslandi, hvorki fyrir einn né neinn, alveg sama hvað hann heitir, hvort hann er röndóttur eða bröndóttur. Það verður að segja það, herra forseti, það verður að tala hreint út um þetta, að við höfum enga getu til þess."

Það var og. Engir peningar þegar láglaunafólk á í hlut. Eða ellilífeyrisþegar og öryrkjar þar sem birt var opinberlega skýrsla um það nú í gær að nærri þriðjungur af ellilífeyrisþegum er undir lágmarksframfærslutekjum. En það eru til nógir andskotans peningar þegar á að hygla sérhagsmunum, gæðingunum þeirra hjá Sjálfstfl., til þeirra lénsherranna sem hrammsa til sín ekki milljónatugi heldur milljarðatugi og stelast burt með það úr landi skattfrjálst. Þá eru nógir peningar. En ekki til hinna sem verst eru settir.

Þetta er alveg í samræmi við hina nýju stefnu míns gamla flokks sem einu sinni hafði að einkunnarorði „stétt með stétt". Hann hefur snarbreytt um stefnu. Þetta er orðinn klíkuflokkur, hæstv. ríkisstjórn og flokkar hennar orðin klíkuveldi þar sem hugað er að sérhagsmununum. Enda standa þeir útvöldu undir herkostnaði þessara flokka, herkostnaði sem þeir þora ekki einu sinni að upplýsa og tíðkast hvergi í siðuðu landi nema þessu að flokkar gefi ekki upp fjárreiður sínar.

Hv. framsögumenn og talsmenn ríkisstjórnarflokkanna töluðu um það með sanni að ríkisfjármálin væru stýritæki til þess að sigla fram hjá þeim skerjum sem menn sjá augljóslega fram undan og þau eru vissulega til og eitt aðalstýritækið eru ríkisfjármálin. En með hvaða hætti hefur við gerð þessara fjárlaga þetta stýritæki verið nýtt? Ég sé ekki betur af þeim tölum sem fyrir liggja en að hér sé allt látið vaða á súðum, nákvæmlega allt.

Hvaða markmið setti hæstv. ríkisstjórn og fjárlagaforustan? Hvaða markmið settu menn sér við fjárlagagerðina? Það er ekki nóg að segja að nauðsynlegt sé að beita aðhaldi og hafa um það mörg orð ef framkvæmdin gengur ekki eftir. Hvernig er hægt að fá skýr svör við því? Kemur aðhaldið fram við gerð þessara fjárlaga?

Ég fagna því ef hægt er að sýna mér fram á það. Það er áreiðanlega ekki með þeim hætti hægt að segja: Við urðum ekki við öllum óskum. Ég veit nú hvernig undirbúningur fjárlaga fer fram þar sem þeir sem kaupa inn með kaffinu á morgnana í ráðuneytum hrúga saman óskalistunum sínum og senda til fjmrn. Auðvitað er ekkert að marka þann óskalista. Með því að ansa ekki öllu kvabbinu, þá verða ekki færðar líkur fyrir því að menn hafi beitt þessu nauðsynlega stýritæki.

Þetta eru því miður verðbólgufjárlög og greiðsluafgangurinn froðufé. Það er leitt að þurfa að segja þetta af því að manni er ekki sama að þetta skuli vera komið upp á borðið með þessum hætti.

Þess vegna er það, herra forseti, að um leið og ég lýk máli mínu sé ég engin önnur sköpuð ráð en þau að leggja til að hv. fjárln. fái þetta frv. til lokameðferðar þar sem gerð verði tilraun til að skera niður svo um munar og beita þessu stýritæki þá. Þess vegna, herra forseti, hef ég sett saman tillögu sem hér fer á eftir og ég bið forseta að taka við og sjá um meðferð á. Hún hljóðar svo:

„Þar sem fjárlög eru í núverandi mynd sinni verðbólguhvetjandi samþykkir Alþingi að fresta afgreiðslu þeirra um sjö daga, svo fjárln. gefist kostur á tillögugerð um stórfelldan niðurskurð á útgjaldahlið þeirra."

[16:12]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ber alltaf upp á sama daginn í stjórnmálum og hefur svo sannarlega mikið vatn runnið til sjávar síðan ég kom blautur á bak við eyrun í framboð með hv. 18. þm. Reykv. á Austurlandi og hann kallaði mig í þingræðu pakkhúsmann að austan sem hefði skolað inn á Alþingi, en nú er hann farinn að taka meira mark á mér en sjálfum meistara sínum sem þá var, Davíð Oddssyni. (**SvH:** Var það ég sem sagði þetta?) Já, en hins vegar þykir mér hólið gott og ég þakka fyrir það.

En hv. þm. beindi til mín tveimur spurningum. Sú fyrri var: Hversu mikill væri tekjuafgangurinn ef enginn viðskiptahalli væri? Ég mun reyna að nálgast þetta eins og hægt er, þ.e. tekjuafgangurinn er 33,9 milljarðar, af því er 15,5 milljarðar sala eigna, þá eru um 17 milljarðar eftir. Við getum nálgast það með því að telja tekjuaukninguna á virðisaukaskatti sem er 5 milljarðar, þá eru um 12 milljarðar eftir og ljóst er að ríkissjóður væri réttum megin þótt enginn viðskiptahalli væri. En að sjálfsögðu yrði afgangurinn verulega miklu minni og við höfum ekki deilt neitt um það.

Hin spurningin var: Hvar kemur aðhaldið fram? Ég mun, af því farið er að blikka á mig, svara því í seinna andsvari mínu.

[16:14]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki tekið gilt að draga sölu eigna upp á 15 milljarða frá þessum 34,9 milljörðum vegna þess að það kann að hafa verið eytt af þeim fróðukúf sem af viðskiptahallanum stafar innan fjárlaganna þannig að þetta er ekki svar sem getur gilt í þessu sambandi. Þetta stefnir í 70 milljarða. Hér er mest um að tefla gífurlegum vöruinnflutningi á neysluvörum. Og hver er tollurinn á neysluvörunum og eftir að þær koma í landið, virðisaukinn af þeim? Mér hefur verið sagt, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti, að reikna megi með því að fast að helmingi af viðskiptahalla megi reikna sem tekjur vegna innflutningsgjalda og framhaldstekna sem ríkið hefur af innflutningnum. (**Gripið fram í:** 24% til 25%?) 25%. Sem er um fjórðungur af 70 milljörðum. Þá nálgast þetta 20 milljarða, 17, 18 milljarða. Við erum ekki svo nauir með þetta, við Vestfirðingar. Við látum nú fjölina fljóta ef því er að skipta.

En þá eigum við sem sé von á því að fá aukalega upp undir 20 milljarða til þess að eyða og spenna næsta ár vegna þess ógnarlega viðskiptahalla sem við stefnum í.

[16:16]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Seinni spurningin sem fyrir mig var lögð var um hvar aðhaldið kæmi fram í fjárlagafrv.

Þegar talan er athuguð sem bætist við í 2. og 3. umr. verður að gæta að því að hún er samansett af tveimur ákvörðunum, önnur hefur útgjaldaaukningu í för með sér upp á 3,2 milljarða kr., sem er breytt áætlun um vexti sem stafar af endurskoðaðri stefnu um lánsfjármögnun ríkissjóðs á næsta ári, en hin stafar af yfirfærslu fjármuna til sveitarfélaga upp á 3,1 milljarð kr. Þegar þetta er dregið frá 9,2 eru eftir um 2,9

milljarðar kr. sem eru viðbótartillögur fjárln. og ríkisstjórnar við 2. og 3. umr.

Sambærilegar tillögur voru um 4 milljarðar í fyrra þannig að þrátt fyrir að heildarviðbótin sé upp á 9,2 milljarða verður að gæta að þessu og það hefur verið gætt í rauninni meira aðhalds í brtt. nú en áður. Hins vegar hefur þessi ákvörðun verið tekin um sveitarfélögin og breytta áætlun um vexti og í því ljósi verður að skoða þetta mál.

[16:18]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. 3,2 milljarðar vegna vaxta er auðvitað bólgumál. 3,1 milljarður til sveitarfélaga er góðra gjalda vert. En hver er frumástæðan fyrir því að ríkið þarf að rétta sveitarfélögunum sérstaka hjálparhönd nú? Það þarf ekki og ekki eru tök á að rifja það upp nú, en ætli það eigi ekki rætur sínar að rekja alveg sérstaklega til þess hvernig uppgjörið vegna skólamálanna fór fram? Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að mjög hallaði á sveitarfélögin. En auðvitað þarf að sinna þeim.

En þetta eru engin svör við því hvar aðhaldi hafi verið beitt þó nefndar séu skýringar á viðbótunum sem urðu vegna lokafrágangs fjárlaganna. Það er staðreynd að frá lokaniðurstöðu fjárlaganna í fyrra og til þessara núna er 13,5% aukning, vöxtur sem er langt umfram verðlagsforsendur. Þetta eru bara staðreyndir.

Ég spyr af því ég hef verið að mæla hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, vin minn gamlan, máli: Hvernig hefur til tekist í heilbrigðismálunum? Hér hlustaði ég með andakt á hann flytja tilfinningaþrungna ræðu við fjárlagaumræðuna í fyrra þar sem hann sagði að það gæti ekki gengið lengur hvernig menn hefðu haldið á heilbrigðismálunum og þeim gífurlega halla sem á þeim væri.

Hvernig hefur tekist til núna? Eru þetta ekki sömu vandræðin? (**EOK:** Ég skal koma að því.)

[16:20]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við tökum til við og höldum áfram með 3. umr. fjárlaga. Hér hafa talað á undan mér formælendur stjórnarflokkanna í fjárln. og gert nokkuð að umtalsefni fyrst og fremst stöðu efnahagsmála.

Það er helst að segja um þær brtt. sem hér liggja fyrir við 3. umr. fjárlaga að langmesta breytingin sem gerð hefur verið og það sem skiptir máli er að verið er að auka vaxtagreiðslur ríkisins mjög mikið. Reyndar hefur það verið gert á þessu ári að horfið er frá þeirri stefnu sem menn ætluðu sér, þ.e. að borga niður erlend lán. Í stað þess hafa menn tekið innlend. Við erum að gera það og það er ákvörðunin sem kynnt er við 3. umr., sem varðar mestu um efnahagsstjórnina, að taka innlend lán. Markmiðið og tilgangurinn er sá að styrkja með öllu móti Seðlabanka Íslands svo hann geti betur og af meiri krafti unnið að því verkefni sem þeir vilja og ætla sér og ríkisstjórnin vill og ætlar sér, að standa hér að sem mestu jafnvægi í efnahagslífinu, reyna eftir fremstu getu og leggja sig alla fram um að styrkja gengi íslensku krónunnar. Það er tilgangurinn og það er hin mikla breyting sem hér er og verið er að kynna við 3. umr. fjárlaga. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að gera þetta í þensluskyni heldur alveg þveröfugt. Það er verið að treysta bankann í sessi svo hann geti frekar átt við *viðfangsefni sín.*

En í máli stjórnarandstöðunnar hefur það sama komið fram og við 2. umr., að þeir hafa mjög gagnrýnt stöðu ríkisfjármálanna. Nú er það svo, herra forseti, að hvernig sem menn vilja líta á þessa hluti er staða ríkissjóðs í dag betri en hún hefur nokkurn tíma verið á síðustu áratugum. Sú var reyndin áratugum saman, t.d. meðan hv. þm. Sverrir Hermannsson sat hvað lengst á þingi, að ríkisfjármálin voru aðalvandamál hagstjórnarinnar. Hér var bullandi, bullandi rekstrarhalli ár eftir ár og áratug eftir áratug hjá ríkissjóði.

Á undanförnum árum hefur tekist að snúa þessu algjörlega við þannig að Ísland er ekki lengur eins það var, alltaf neðst og til vandræða í samanburði við Evrópuþjóðirnar, heldur er afkoma ríkissjóðs og hins opinbera í dag að mati og reikningi OECD ætluð tæp 3% af vergri landsframleiðslu eða 2,8%. Þetta er mun betri afkoma en flest Evrópuríkin geta státað af, en þá náttúrlega undanskil ég Noreg sem er alveg sér á báti.

Við samanburð er rétt að gera sér grein fyrir því að ef við tökum Evrópulöndin í heild er afkoma hins opinbera þar um 0,2% af þjóðarframleiðslu. Ef við tökum Evrópusambandið er afkoman þar upp á 0,7% og ef við tökum OECD í heild er afkoman upp á 0,4%. Það er gríðarlegur munur að vera með 2,8% í afkomu hjá hinu opinbera miðað við 0,4% hjá OECD.

Ef við notum reikniaðferðir sem stjórnarandstaðan vill stundum nota samanber 2. umr. fjárlaga er þetta mörg hundruð prósent betri afkoma á ríkissjóði Íslands en annarra Evrópuþjóða. En menn nota svona reikning þegar hentar þeim.

Einnig hefur komið fram í máli stjórnarandstöðunnar að þeir hafa sýnt, sagt og bent á að ýmislegt væri sem við skyldum og ættum að forðast og passa okkur á á næstu árum eins og staðan er í dag.

Ég tel þær ábendingar þeirra allra góðra gjalda verðar. Ekki veldur sá sem varar og margt skynsamlegt hefur komið fram hjá þeim. Hins vegar verð ég að segja, herra forseti, að ég er alltaf jafnundrandi þegar ég sit hér og hlusta á formælendur stjórnarandstöðunnar fara tiltölulega skynsamlegum orðum um stöðu efnahagsmála, lesa upp úr spá OECD og spá Þjóðhagsstofnunar um það á hversu viðkvæmu stigi við erum og hversu mjög við þurfum að gæta okkar — *réttilega* — að næstum í hverri viku er haldin smásýning í þingsölum sem stjórnarandstaðan stendur fyrir og umræðuefnið er að átelja ríkisstjórnina, fjmrh. og menntmrh. fyrir að hafa ekki náð samningum við framhaldsskólakennara, átelja það mjög harðlega. Þess vegna skil ég ekki, ef menn líta á ríkisútgjöldin og átta sig á því að laun ríkisins eru yfir 80 milljarðar kr. og eru langsamlega stærsti hlutinn af útgjöldum ríkisins, hvernig þetta sama fólk, sem varar við framtíðinni í efnahagsmálum, getur komið og sagt að semja eigi við aðila sem gera launakröfur upp á tugi og aftur tugi prósenta. Ég næ engu samhengi í þeim málflutningi. Ég hef reynt að vera mjög hreinskilinn í þessu tali og bent mönnum á, alveg sama hvernig við lítum á þetta, alveg sama á hvaða spár við horfum, hvort það er Þjóðhagsstofnun eða OECD eða hverjir, að ekki geti verið ráðrúm nokkurs staðar til þess að Íslendingar geti bætt kjör sín svo neinu nemi á næstu missirum og árum.

Síðan kemur hv. þm. Sverrir Hermannsson hér og segist ekki trúa því að aðrar stéttir komi þá í kjölfarið og krefjist hins sama, segist ekki trúa því, enda væri það óheiðarlegt eins og hann orðaði það. Ég minni á það, herra forseti, að þessi hv. þm. vann í stéttabaráttu lengi fyrir verslunarmenn, mjög lengi, og ætti að þekkja að það hefur aldrei gerst í umræðu eða kröfu um laun á Íslandi að menn tækju ekki mið af samningum hvers annars. Það hefur aldrei gerst. Það ferli

liggur alveg nákvæmlega fyrir að menn hafa alltaf tekið mið af samningum annarra. Það liggja meira að segja fyrir í dag yfirlýsingar Alþýðusambands Íslands um að auðvitað muni þeir taka mið af því um hvað verði samið. Allar stéttir, allir starfshópar ríkisins eru með lausa samninga, hver og einn einasti. Þeir hafa þegar lýst sumum kröfum sínum.

Hvernig dettur einhverjum í hug að koma og segja að hann trúi því ekki að aðrar starfsstéttir ríkisins geri launakröfur, enda væri það óheiðarlegt, eins og hv. þm. sagði. Óheiðarlegt. Það getur ekki annað verið, herra forseti, en að hv. þm. Sverrir Hermannsson tali mjög gegn betri vitund. Hann veit og þekkir þetta frá áratuga starfi sínu að það er útilokað annað, það er útilokað annað en að hinir ýmsu starfshópar og hin ýmsu stéttarfélög taki mið af öðrum samningum.

Ég hef hins vegar ekkert farið dult með það, herra forseti, á undanförnum árum að ég tel að gerð hafi verið ákveðin mistök í kjarasamningum. Ég hef margsinnis farið yfir það úr þessum ræðustól að ég tel samninga ríkisins á árunum 1997 og 1998 hafa verið mjög óvarlega, og við erum að súpa seyðið af því í dag. Fyrir liggur að það sem við erum að kljást við í dag og þar sem hætta steðjar að okkur er af hinni miklu einkaneyslu sem er í samfélaginu.

Herra forseti. Ef stjórnarandstaðan hefur áhyggjur af viðskiptahallanum er eins víst að hún má trúa því að allir stjórnarsinnar hafa það líka. (**ÖS:** Ekki Davíð Oddsson.) Allir hafa áhyggjur af viðskiptahallanum. Það liggur alveg fyrir. En hvað á þá að gera ef við horfumst í augu við viðskiptahallann? Það er rétt að stjórnarandstaðan geri sér grein fyrir því að stefna ríkisstjórnarinnar og viðleitni hennar öll er að verja kaupmátt fólks í þessu landi. Ef markaðurinn gripi til þess að hér yrðu frekari gengisfellingar má alveg búast við því að kaupmáttur fólks færi verulega niður og ríkisstjórnin er af einlægni að reyna að koma í veg fyrir það.

Hvað er þá hægt að gera til þess að verja gengi íslensku krónunnar til þess að vega upp á móti þessum viðskiptahalla? Jú, það er hægt að gera það með því að auka framleiðslu okkar og það eigum við að gera.

Það besta sem við gerðum og það réttasta, númer eitt, er náttúrlega að passa upp á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja á hverjum tíma, gera það eins aðgengilegt og hugsast getur, lækka skatta á fyrirtækjum til þess að gera þau samkeppnishæfari. Þetta er stórkostlegt atriði sem við verðum að gæta mjög vel að.

Ríkisstjórnin hefur líka lagt sig alla fram á undanförnum árum að reyna að vinna að því að auka hér störiðju. Það yrði gríðarleg búbót fyrir Ísland og Íslendinga ef okkur tækist að koma á frekari samningum um stóriðju og virkjanagerð á Íslandi. Hins vegar hefur stór hluti stjórnarandstöðunnar allan tímann verið með mikil bolabrögð og miklar efasemdir um þetta, háværar ræður og mikil fundahöld, efast um þetta mjög. Sumir hér inni hafa m.a.s. haldið því fram að það væri mjög röng stefna að efla hér stóriðju, betra væri að fólk sæti heima og prjónaði og saumaði, að mér skildist, og færi svona þjóðlegar að en að vera að því brölti að búa til mikla framleiðslu. En við þurfum mjög á því að halda og fátt mundi hjálpa okkur meira og styrkja betur íslensku krónuna en ef okkur tækist að gera nýja samninga um fleiri álver og skiptir þá engu máli hvort þau yrðu fyrir austan eða vestan eða hvar þau væru. Þar sem við gætum náð slíkum samningum eigum við að gera það þegar í stað.

Í þriðja lagi eigum við möguleika á að auka okkar framleiðslu. Við eigum þá möguleika. Hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði mér þann greiða áðan að hann las upp aftur ummæli mín um fiskveiðiráðgjöfina sem ég viðhafði við 2. umr. Ég þakka honum mikið fyrir það og þegar ég hlusta á hann lesa þetta er ég sannfærður um að ég hafi engu orði þar við að bæta. Þetta er nákvæmlega eins og ég vildi sagt hafa og þarf þar engu við að bæta. Svona er þetta. Þarna erum við fastir í gildru sem við verðum að komast út úr.

Og hvernig er nú ástandið á Vestfjarðamiðum og alveg norður og austur úr? Hafrannsóknastofnun er í dag að loka allri fiskislóðinni, ofsækja togaraflotann, bókstaflega ofsækja hann. Og hvar stöndum við? Við stöndum þannig að við erum með fjóra stóra árganga sem eru að alast upp, fjóra gríðarlega stóra árganga, (**Gripið fram í:** Einn gríðarlega stóran.) fjögurra ára, þriggja ára, tveggja ára og eins árs fisk. Það liggur líka fyrir að vaxtarhraði fisksins er að fara niður en ekki upp. Hvað er verið að vernda? Hvað er verið að vernda? (**SvH:** Hver stjórnar öllu þessu eiginlega?) Ætli það sé ekki Davíð Oddsson? (Gripið fram í.) Er það ekki? Var það ekki sagt hér áðan? Það er gott að menn japli á því með jólasteikinni að hann beri ábyrgð á þessu öllu saman.

Nei, herra forseti. Þannig er að við höfum, eins og ég sagði áðan, ríkiseinokunarstofnun í hafrannsóknum og hennar orð og hennar meiningar eru lög. Allir sem gagnrýna það eða láta sér detta í hug að efast nokkuð um það eru úthrópaðir óábyrgir menn. Það er enginn sem hlustar á viðvaranir sjómanna. Enginn vill taka inn í þetta dæmi allan reynsluheim þeirra fjölda manna sem stunda hér fiskveiðar.

Í gærkvöldi sendu áhafnir og skipstjórar einna 30 eða 40 togara áskorun um að þessari vitleysu linnti. Í staðinn fyrir að hrekja alla togarana í burtu verðum við að horfast í augu við að auðvitað eigum við og verðum við að veiða þennan smáfisk. Við eigum að veiða þennan smáfisk þannig að stofninn geti lifað. Það getur enginn sett á óendanlega. Það er ekki hægt að setja á óendanlega. Það verður að vera nægt fæðuframboð. Við eigum að veiða þennan smáfisk og við getum gert það mjög auðveldlega og það þarf ekki einu sinni breytingu á lögum um fiskveiðistjórn. Við eigum að leyfa það að veiða undirmálsfisk og koma með hann að landi utan kvóta. Ef menn veiða þriggja, fjögurra ára fisk, ætli það séu þá ekki svona 30–40%. Hann kæmi þá hér að landi, herra forseti. Honum verður örugglega hent ella.

Við eigum að koma með þennan fisk að landi. Þannig styrkjum við útgerðina sem stendur illa. Þannig styrkjum við útflutning Íslendinga. Við eigum fiskvinnslustöðvar sem eru vannýttar. Við eigum skip sem eru vannýtt. Við eigum líka markaði, bæði ferskfiskmarkaðinn á Humber-svæðinu og við eigum freðfiskmarkað í Evrópu og Bandaríkjunum. Við eigum saltfiskmarkaði um alla Evrópu. Við höfum meira að segja skreiðarmarkaði opna í dag.

Þetta liggur allt fyrir, engin fjárfesting. Þannig getum við aukið útflutningsframleiðslu okkar um 22–25 milljarða á næsta ári. Það mundi styrkja stöðu okkar svo um munaði. Því segi ég, herra forseti, að kominn er tími til að menn úr öllum flokkum hafi kjark til þess að leiða okkur út úr þeirri gildru sem fiskveiðiráðgjöfin er. Hún er algjör efnahagsgildra. Hins vegar er rétt að ég taki fram sem allir mættu vita sem hafa litið á þessi mál, að í dag er þörf á því að vernda stórfisk því það er mjög lítið af honum þvert ofan í það sem menn trúðu á hjá þessum meisturum fyrir nokkrum árum, þ.e. að upp mundi rísa stór og sterkur þorskstofn. Hann gerði það ekki af því hann hafði ekki fæðu. Hann át alla rækjuna

fyrir norðan og hann fór síðan suður eftir og hann hryndi og hann dó. Hann hafði ekki fæðu.

Við megum ekki endurtaka þetta. Við verðum að komast út úr þessari gildru svokallaðra sérfræðinga því annars erum við í vondum málum.

Herra forseti. Ég vil því segja og meina að við Íslendingar getum ef við höfum kjark og vilja til staðið ákaflega vel. Við eigum ráð gagnvart þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. Við eigum ráð og við getum vel gert þetta. Ísland getur vel haldið áfram á þeirri farsældarbraut sem við höfum verið á síðustu tíu árin. Við getum það vel en til þess þurfum við kjark. Við þurfum að gera þetta og ég bið menn að reyna að reka af sér slyðruorðið, hætta að hrópa á þá sem hafa verið að gagnrýna þessa stofnun, reyna að hlusta á sjómenn Íslands um hvað er að gerast á miðunum, koma nú og bjarga okkur sjálfum og má þá einu máli skipta hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Við Íslendingar stöndum mjög vel. Ríkisfjármálin eru mjög góð. Við erum hluti af þeirri örlitlu prósentu mannkynsins sem býr við gríðarlega góð kjör. Við eigum að þakka það. Við eigum að vera menn til að halda áfram á þeirri braut.

Ég séð ástæðu til þess núna þegar ég lýk máli mínu að þakka sérstaklega meðnefndarmönnum í fjárln., sérstaklega stjórnarandstöðuþingmönnunum fyrir sérlega ánægjulega og málefnalega og glögga umræðu. Við höfum þurft að vinna mikið saman á undanförnum mánuðum. Það gildir miklu við svona starf að menn komi jafnheiðarlega og eindregið fram og þeir hafa allir gert þessa tvo eða þrjá síðustu mánuði sem við höfum starfað saman.

[16:39]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að breytt hefði verið um stefnu og vaxtagreiðslur auknar til þess að styrkja Seðlabankann í viðfangi við gengismál og vaxtastefnu.

En má ég vitna, herra forseti, í tvær setningar hv. þm. frá 2. umr. fjárlaga þar sem hann sagði:

„Ef við drögum úr viðskiptahallanum gerist það með því að gengið sígur áfram. Ég ætla ekkert að segja til um það hver hin rétta staða gengisins er. Ég veit það ekki og ég veit líka að þeir í Seðlabankanum vita það ekki heldur. Markaðurinn einn mun ráða því. Hann mun segja til um það. Við getum ekkert annað og eigum ekki að gera annað en viðurkenna að hann segi satt og rétt um efnahagsstöðu Íslands. Ég ætla að vona að menn átti sig á því að tilburðir Seðlabanka okkar til að halda uppi hærri vöxtum til langframa en í umhverfinu standast ekki."

Hann lýsti í ræðu sinni frati á Seðlabankann og starfsemi hans. *Ég mun koma að því í seinni athugasemd minni.*

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill geta þess að þegar svo margir veita andsvar verður að stytta ræðutímann vegna þess að andsvör við hverja ræðu mega ekki standa lengur en 15 mínútur.)

[16:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Viðleitni ríkisstjórnarinnar í dag til að setja peninga í Seðlabankann og geyma peninga þar er til að styrkja bankann til þess að bankinn geti staðið þetta af sér og hafi þann styrkleika sem þarf til þess að reyna að verja gengið. Það er meining ríkisstjórnarinnar og vilji hennar að reyna af öllu afli og leita allra leiða til þess að svo verði vegna þess að ríkisstjórnin er að reyna að verja kjör þjóðarinnar, alls almennings í landinu. Það er hinn einlægi vilji hennar. Um það snýst þetta. Þess vegna er svo mikilvægt að styrkja bankann í starfi sínu.

Hitt kemur svo þessu máli ekkert við þó að ég hafi um langan aldur, og ég held nokkrir aðrir fleiri, haft enga trú á hávaxtastefnu þessara banka. (Gripið fram í.) Það er allt annað mál þó ég hafi enga trú á því, og ég skal endurtaka þau ummæli, að slík hávaxtastefna stenst ekki til lengdar.

[16:42]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur alls enga trú á Seðlabankanum og hann hefur margtekið það fram.

Hv. þm. sagði í fyrra andsvari sínu að allir hefðu áhyggjur af viðskiptahallanum. Hvað sagði hæstv. forsrh. í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi? Hann sagði að hækkun á viðskiptahallanum sé komin til vegna breyttra uppgjörsreglna og sé því ekki í raun hækkun í sjálfu sér. Þetta er bara bókhaldsfiff sem beitt er og hann hefur engar áhyggjur af því.

Ég tek undir áskorun og tek áskorun hv. þm. um að ganga til liðs við hann um að reyna að brjóta á bak aftur þá fiskveiðistefnu sem hefur ríkt í landinu og ráðgjöf ráðalausu mannanna í Hafrannsóknastofnun sem er nú reyndar stjórnað af LÍÚ að mestum part.

[16:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur í reynd tekið af mér ómakið. Ég ætlaði að koma upp og gera athugasemd við þá staðhæfingu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að allir í stjórnarliðinu hefðu áhyggjur af viðskiptahallanum. Það er einfaldlega rangt eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson sýndi fram á með því að lesa upp eigin orð hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur ítrekað sagt að viðskiptahallinn sé góðkynja og það þurfi ekki að hafa nokkrar áhyggjur af honum. Hæstv. forsrh. hefur líka sýnt að hann hefur ekki vit barns á samhenginu á milli viðskiptahalla, gengis og verðlags.

Herra forseti. Hv. þm. las upp úr skýrslu OECD og taldi að allar hagstærðir sem tengdust ríkisfjármálum væru mörgum hundruða prósenta betri en í OECD. Herra forseti. Það vill svo til að í sömu skýrslu kemur fram að það er bara eitt land, Portúgal, þar sem viðskiptahallinn er viðlíka mikill og hér. Það land er næst kemur er Tékkland með 5%. Herra forseti. Þetta sýnir svart á hvítu að þarna hefur hv. þm. verið að blekkja með því að fara heldur gróflega með staðreyndir.

[16:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. ætti bara að eiga orðastað við hæstv. forsrh. (**ÖS:** Hvar er hann?) Ég veit ekki hvar hann er.

Ég hlustaði á hann segja að hann hefði ekki áhyggjur af þeim vexti viðskiptahallans sem stafaði af nýrri uppgjörsaðferð. Þannig skildi ég hann. Hins vegar hef ég oft heyrt hann hafa áhyggjur af viðskiptahallanum og veit um engan mann sem hefur ekki áhyggjur af viðskiptahallanum bæði hérlendis og erlendis, alveg sama hvaða þjóð hann tilheyrir.

Ég fór yfir skýrslu OECD um afkomu hins opinbera. Ég bar fram tölur úr þeirri skýrslu um afkomu hins opinbera. Það er rangt sem þingmaðurinn segir að ég hafi haldið því fram að allar tölur varðandi efnahagslíf Íslendinga væru jákvæðar og góðar, langt í frá. Viðskiptahalli hér er óeðlilega hár í

samanburði við OECD og vextirnir hér eru óeðlilega háir.

[16:45]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að það er ágæt ábending hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að auðvitað ætti ég að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Hvar á ég að eiga orðastað við hæstv. forsrh.? Hann leggur aldrei í að koma í umræður. Hann kemur ekki til að eiga orðastað við aðra stjórnmálamenn í öðrum fjölmiðlum og meira að segja ríkisfjölmiðill eins og ríkissjónvarpið spyr ekki forsrh. fremur en formann Samfylkingarinnar um stöðu og þróun efnahagsmála. Menn geta svo velt því fyrir sér af hverju það stafar. Hæstv. forsrh. hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að engin hætta sé á ferðum varðandi viðskiptahallann. Ég vísa t.d. til ummæla hans í þætti hjá Agli Helgasyni, í Silfri Egils, í vor.

Herra forseti. Að því er er varðar afgang ríkissjóðs hefur enginn maður sýnt betur fram á það en hv. þm. Sverrir Hermannsson að ekki er um neitt annað að ræða en froðufé. Hv. þm. hefur sjálfur kennt mér þá þumalfingursreglu að fjórðungur viðskiptahallans sé í reynd hreinar tekjur fyrir ríkissjóð. Þar eru komnir 17,5 milljarðar. Síðan á að selja fyrir 15 milljarða. Þeir stálu 3 milljörðum af öldruðum (Forseti hringir.) og bótaþegum með því að hækka ekki skattleysismörkin. (Forseti hringir.) Þar eru komnir þessir 35 milljarðar. Þetta er (Forseti hringir.) froðufé eins og hv. þm. (Forseti hringir.) hefur margsinnis sagt.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þingmenn að virða tímamörkin. Það eru 16 þingmenn á mælendaskrá og veitir ekki af að halda sig við tímamörk.)

[16:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Áratugum saman voru flestir sammála um að halli á ríkinu, á ríkissjóði, væri aðalorsök þess efnahagsöngþveitis sem ríkti hér áratugum saman. Sumir menn reyndu ranglega að kenna verkalýðshreyfingunni um þetta. Áratugum saman var óreiða á ríkisfjármálunum sem olli þeirri óreiðu sem var hér í efnahagslífinu.

Á þessu hefur orðið grundvallarbreyting á þessum áratug. Ríkissjóður Íslands er mjög sterkur. Það er afgangur og hér hefur árum saman verið afgangur á ríkissjóði og það sem meira er um vert, það er gríðarlega mikill lánsfjárafgangur sem hefur sannarlega orðið til að styrkja efnahagslífið. Þetta er hin mikla stóra breyting sem átt hefur sér stað á þessum áratug frá því sem áður var.

[16:47]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að eitthvað er að fiskveiðilöggjöfinni. Ég get tekið undir það að við séum fastir í gildru. Í hvaða gildru? Við erum fastir í þeirri gildru t.d. í Faxaflóanum að allar bleyður þar, sem hægt er að koma við snurvoð, eru orðnar þannig að enginn fiskur fæst orðið þar að gagni. Nærtækast er að vísa í svar til hæstv. forseta sem situr nú í stóli sem sýnir að aflinn er stöðugt minnkandi. Það er vegna rangrar fiskveiðiráðgjafar, svoleiðis að ég tek undir það. En ég segi að það er fyrst og fremst framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar sem er gagnrýniverð og þar liggur stjórnin hjá ríkisstjórn.

Aðeins varðandi það að hér var talað um að ríkisfjármálin væru í góðu lagi. Það er aðeins ríkiskassinn sem er í góðu lagi. Hann stendur vel. En efnahagsstjórnin er röng þegar viðskiptahallinn stefnir í yfir 70 milljarða.

[16:49]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 472 við frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 frá nefndarmönnum í menntmn. Nefndin hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Tveir þeirra sem voru handhafar heiðurslauna í ár eru nú látnir. Menntmn. leggur til að tíu nýir listamenn bætist í hóp þeirra listamanna sem njóta heiðurslauna.

Leggur menntmn. til að 21 listamaður njóti heiðurslauna árið 2001. Þessir listamenn eru Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hannes Pétursson, Herdís Þorvaldsdóttir, Jón Nordal, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Stefán Hörður Grímsson, Thor Vilhjálmsson, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun verði 1.500 þús. kr. Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu en Þorgerður K. Gunnarsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna tengsla við það.

[16:51]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég mun í ræðu minni gera grein fyrir brtt. okkar í 1. minni hluta fjárln., en auk mín eru í þeim 1. minni hluta hv. þingmenn Gísli S. Einarsson og Össur Skarphéðinsson.

Við erum með nokkrar brtt. í kjölfar þeirra brtt. sem við fluttum við 2. umr. og voru felldar þar. Við kölluðum nokkrar af okkar tillögum við 2. umr. til 3. umr. og ég mun ekki fjalla ítarlega um þær tillögur sem hér eru í raun endurfluttar heldur aðeins fara hratt yfir sögu þar.

Við erum fyrst með í sundurliðun 1 Skatttekjur, þ.e. tillögur um auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Það er í fyrsta lagi 3.350 millj. sem við gerum tillögur um undir liðnum Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla. Það skiptist í þrennt. Það eru í fyrsta lagi 2,6 milljarðar kr. vegna niðurfellingar og heimildar til frestunar á skattskyldum söluhagnaði, í öðru lagi 500 millj. kr. vegna betri skattskila vegna hærri endurgreiðslu virðisaukaskatts af viðhaldi íbúðarhúsnæðis, samanber frv. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er 1. flm. að. Í þriðja lagi eru undir þessum lið 250 millj. kr. sem við gerum ráð fyrir að ná megi inn með hertu skatteftirliti.

Þá er vegna tekjuskatts lögaðila gert ráð fyrir 250 millj. kr. í aukningu tekna sömuleiðis vegna herts skatteftirlits.

Þá er það virðisaukaskattur, sem við gerum ráð fyrir að sé hægt að auka innheimtu á um 350 millj. kr., einnig vegna herts skatteftirlits.

Þá er tillaga um 150 millj. kr. vegna vörugjalds af innfluttum ökutækjum. Þar gerum við ráð fyrir að tekin verði til baka sú lækkun á vörugjaldi á stórum jeppum sem samþykkt var á árinu.

Síðan eru við einnig með nokkrar tillögur til útgjalda, nýjar tillögur að nokkru leyti. Sú fyrsta er vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra, til kennslu, 25 millj. kr. Hér gerum við ráð fyrir því að kennsla eða fullorðinsfræðsla fatlaðra verði stóraukin á landsbyggðinni. Hún er nú eingöngu til staðar í

Reykjavík og á Akureyri en ljóst að þörf er fyrir hana mun víðar og þess vegna ástæða til þess að auka þar fjármuni.

Síðan gerum við í 3. tölulið tillagna okkar tillögu um breytingu á orðalagi á liðnum 02-451 sem heitir Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Við gerum tillögu um að fjárlagaliðurinn kallist Símenntun og fjarkennsla. Það sama á við um undirliðinn 1.11 sem einnig heitir í frv. Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Við gerum einnig tillögu um að sá liður breytist og verði Símenntun og fjarkennsla. Í þessu sambandi er ástæða til að fagna stuðningsyfirlýsingu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., við þessa breytingu og á ég því von á því að hún fari ljúflega í gegnum þingheim þegar til atkvæða kemur.

Í 4. tölulið erum við með tillögu um aukið fjármagn um 100 millj. kr. til Námsgagnastofnunar. Hér er um nokkuð brýnt mál að ræða því að Námsgagnastofnun sinnir afar brýnu verkefni í gerð námsefnis fyrir grunnskóla, en þegar grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga var þetta ein af þeim stofnunum sem skilin var eftir hjá ríkinu. Því miður hefur ríkið ekki staðið sig sem skyldi og er það auðvitað mjög bagalegt, sérstaklega í ljósi þess að fyrir stuttu var samþykkt ný námskrá sem gerði miklar kröfur til þessarar stofnunar. En því miður hefur verið stöðugt dregið úr fjármagni til stofnunarinnar á undanförnum árum. Á tímabilinu t.d. frá 1989–1998 lækkaði fjárhæðin til Námsgagnastofnunar sem hún hafði til námsefnisgerðar fyrir hvern nemanda um rúmlega 25%. Það var fyrst og fremst af þremur ástæðum, þ.e. nemendum fjölgaði um rúmlega fjögur þúsund á þessu tímabili þegar 10. bekkur var gerður skólaskyldur og þar af leiðandi bar stofnuninni að útvega námsefni fyrir þann árgang. Álagning virðisaukaskatts árið 1993 var að sjálfsögðu íþyngjandi fyrir stofnunina og síðan var þetta sama ár lækkuð fjárveiting til stofnunarinnar um 13%. Síðan hefur þetta aðeins verið fært til betri vegar seinustu tvö ár en þó engan veginn nægjanlega. Kröfur til stofnunarinnar hafa að sjálfsögðu stóraukist á þessum tíma, skólatími hefur lengst og krafa um fjölbreyttara úrval námsefnis hefur aukist í öllum greinum. Nú dugar ekki ein grunnbók í námsgrein eins og áður vegna þess að við nútímakennsluhætti þarf miklu fjölbreyttara úrval efnis, bæði á bókum, myndböndum, forritum og einnig á vefnum og síðan að sjálfsögðu ítarefni fyrir nemendur með margs konar sérþarfir. Þar að auki eru í nútímanum gerðar kröfur um að allt námsefni sé bæði fallegt, litríkt og hvetjandi fyrir nemendur og veki áhuga þeirra.

Líftími námsefnis hjá þessari stofnun er miklum mun lengri en hjá öllum systurstofnunum í nágrannalöndunum. Þannig er t.d. nú verið að semja nýtt námsefni í stærðfræði sem er að taka við af 20 ára gömlu efni en víðast hvar í nágrannalöndunum er litið svo á að námsefni ætti alls ekki að vera í notkun lengur en tíu ár. Hér er hins vegar í þeirri mikilvægu grein, stærðfræðinni, loksins verið að semja nýtt námsefni í stað efnis sem er orðið 20 ára gamalt.

Með nýrri námskrá fyrir grunnskólann varð að sjálfsögðu til þörf fyrir nýtt og breytt námsefni í mörgum greinum og mikla endurnýjun námsefnis á stuttum tíma. Vegna breytinga á tungumálakennslu þarf t.d. nýtt enskukennsluefni sem á þessu ári kostaði eitt og sér um 20 millj. kr. Nýjar námsgreinar eins og lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt krefjast hvor um sig nýs námsefnis fyrir tíu árganga. Fjölgun valgreina kallar á nýtt efni í mörgum greinum og lítil upplög sem eru óhagkvæm hvort sem er í framleiðslu eða á innkaupum. Svona mætti að sjálfsögðu áfram telja.

Nú er svo komið hins vegar að fjárveitingar á fjárlögum duga vart til að endurprenta og viðhalda því námsefni sem þegar hefur verið gefið út. Ef allt er endurprentað sem skólarnir hafa þörf fyrir af því efni sem er á skrá er ekkert fé eftir til að setja í ný verkefni. Á síðasta ári var staðan svipuð. Það voru fyrst og fremst aukafjárveitingar sem komu frá menntmrn. sem til eru þar í sjóðum sem nýttust til að setja af stað gerð þess námsefnis sem unnið var á því ári.

Augljóst er að með þessu móti getur stofnunin ekki leyst það hlutverk sem henni hefur verið falið. Herra forseti. Þetta er athyglisvert í ljósi þess sem ég sagði áðan, að þessi stofnun varð eftir hjá ríkinu þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna. Mjög margt mælir með því að þessi stofnun verði í raun færð yfir til sveitarfélaganna og þess vegna, herra forseti, er það íhugunarefni hvort þetta sé leiðin sem notuð er af ríkisvaldinu til þess að svæla stofnunina yfir til sveitarfélaganna og hafa hana þá í þeirri stöðu að viðmiðin um fjármagnið sem eigi að fylgja sé sem allra lægst. Sú aðferð er kunn.

Við viljum reyna að mæta þeim vanda sem þarna er við að etja og leggjum til að fjármagn til stofnunarinnar verði aukið um 100 millj. kr.

Í 5. lið tillagna okkar er tillaga um að 25 millj. kr. verði varið til þorskeldisrannsókna. Hér er verið að hreyfa afar mikilvægu máli til framtíðar litið. Það þarf að setja Hafrannsóknastofnun í þær stellingar að hún geti farið að kanna hvort hagkvæmt sé að hefja þorskeldi. Sú staða virðist vera uppi í dag að þetta sé ekki hagkvæmt en það er augljóst mál að þær forsendur geta mjög fljótlega breyst og því er afar mikilvægt að við séum búin undir þá framtíð.

Síðan eru endurfluttar tillögur í b-lið 5. tölul. og 6. og 7. tölul., þ.e. verið að auka sértekjur stofnana en þær skýrast af tillögu sem er hér aftar undir 18. tölul., þ.e. breytingar á 7. gr. Þetta eru allt stofnanir sem þjónusta sjávarútveginn og í raun er verið að nýta þær auknu tekjur sem við gerum ráð fyrir í tillögunni um breytingu á 7. gr.

Í 8. tölul. leggjum við til átak í umferðaröryggismálum um 100 millj. kr. Hér er verið að hreyfa afar mikilvægu máli og í raun má segja að þetta framlag verði að teljast algjör lágmarksupphæð og er það ætlað til þess að unnt sé að hefja af einhverju viti vinnu við að fækka umferðarslysum þegar á fyrsta ári 12 ára áætlunar sem hæstv. dómsmrh. kynnti nýverið með miklu stolti í flestum fjölmiðlum landsins. Í áætlun hæstv. ráðherra segir að fækka eigi alvarlega slösuðum og látnum í umferðinni á Íslandi um 40% á næstu 12 árum. En hæstv. ráðherra hefur því miður unnið slælega að málinu. T.d. lét hæstv. ráðherra byrja svo seint að vinna að þessari áætlun að hún birtist fyrst rétt fyrir síðustu helgi í formi lítið unninna draga sem líkjast ekki að neinu leyti þeim áætlunum sem er nú unnið eftir í þeim nágrannalöndum okkar sem best hafa staðið sig í baráttunni gegn umferðarslysum. Reyndar hefur hæstv. ráðherra staðið sig svo slælega í þessu máli að umferðarþing undir forustu fyrrverandi aðstoðarmanns fyrrv. dómsmrh. Þorsteins Pálssonar, Þórhalls Ólafssonar, formanns Umferðarráðs, sá ástæðu til að samþykkja eftirfarandi ályktun frá Gunnari H. Gunnarssyni, deildarverkfræðingi á umferðardeild borgarverkfræðings. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umferðarþing, haldið í Reykjavík 30. nóvember og 1. desember árið 2000, fagnaði þeirri myndarlegu stefnumörkun dómsmrh. að miða við 40% fækkun dauðaslysa og meiri háttar slysa í umferðinni á næstu 12 árum á Íslandi.

Umferðarþing bendir á að fullnægjandi umferðaröryggisáætlun verður að innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun og tryggja verður að til hennar renni nægjanlegt fé úr opinberum sjóðum.

Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001 sem nú er verið að afgreiða á Alþingi verður nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu. Umferðarþing skorar á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því nú þegar yfir að væntaleg 12 ára áætlun muni uppfylla framangreind skilyrði."

Herra forseti. Einhverjir gætu undrast og dregið í efa þegar ég segi að Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs, hafi átt drjúgan þátt í að ályktun umferðarþings var orðuð á framangreindan hátt en þannig var að eftirfarandi málsgrein var felld út úr upprunalegri tillögu Gunnars í starfshóp á umferðarþinginu sem falið var að fjalla um tillögu hans, með leyfi forseta:

„Umferðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir því að í fjárlögum fyrir árið 2001 sem nú er verið að afgreiða á Alþingi verður nánast ekkert vart við aukna fjármuni til þessarar baráttu."

En í almennu umræðunum eftir að vinnu starfshópanna lauk flutti Þórhallur tillögu um að þessi málsgrein yrði sett aftur inn í tillögu Gunnars og allur þingheimur samþykkti það.

Í Morgunblaðinu sl. miðvikudag kemur fram sú undarlega afstaða hæstv. ráðherra að ekki sé tímabært að ræða fjárhagsáætlun fyrir 12 ára áætlunina á þessu stigi, það verður gert við fjárlagagerð fyrir árið 2002. Þessi afstaða lýsir verulegum skilningsskorti á því vandamáli sem við er að eiga, þ.e. meiri háttar umferðarslysum fækkar ekki og dauðaslysum í umferðinni fjölgar. Þegar ástandið er þannig heldur hæstv. ráðherra sér höndum og segir að ekkert liggi á.

Herra forseti. Ekkert af þeim löndum í Vestur- og Norður-Evrópu, sem best hafa staðið sig í baráttunni gegn umferðarslysum, t.d. Svíar og Bretar, leyfa sér að láta koma rof í svona baráttu með því að láta heilt ár detta niður á milli áætlana, t.d. er tíu ára áætlun nú að taka við af 12 ára áætlun hjá Bretum. 12 ára áætlunin heppnaðist fullkomlega. Ætlunin var að fækka umferðarslysum um einn þriðja og það tókst. Ekki má rugla saman fjárveitingum til umferðarmála almennt og til umferðaröryggismála eins og hæstv. dómsmrh. gerði reyndar í Ríkisútvarpinu nýlega þegar hæstv. ráðherra reyndi að verjast gagnrýni frá nýafstöðnu umferðarþingi með því að segja að 2 milljarðar kr. yrðu settir aukalega til framkvæmda í vegamálum á árinu 2001.

Herra forseti. Við erum að fjalla um áætlun til fækkunar umferðarslysa og verðum að taka mið af vinnubrögðum þróaðra þjóða á þessu sviði. Danir eru t.d. nýbúnir að samþykkja vandaða áætlun til 12 ára þar sem gert er ráð fyrir 40% fækkun slysa. En þeir gera einnig ráð fyrir fjárveitingum úr opinberum sjóðum öll árin 12 og þessar fjárveitingar, 11 þús. millj. danskra króna alls, munu einungis fara til umferðaröryggismála en ekki t.d. til almennra vegagerðar. Danska þjóðarbúið fær líka góðan arð af þessari fjárfestingu sinni því gert er ráð fyrir að 45 þús. millj. danskra króna sparist alls vegna færri óhappa og slysa í umferðinni á þessum 12 árum. Það er dálagleg þjóðhagsleg arðsemi að ógleymdum öllum þeim mannlegu harmleikjum sem komist verður hjá.

Herra forseti. Okkur þingmönnum Samfylkingarinnar er bæði ljúft og skylt að bregðast vel við framannefndri samþykkt umferðarþings, bæði vegna þess að málefnið er gott og eins hins að á stofnfundi Samfylkingarinnar í vor var samþykkt stefna í umferðaröryggismálum sem rímar nákvæmlega við þessa samþykkt. Það er m.a. af þessum ástæðum, herra forseti, sem við flytjum þá tillögu sem ég nefndi áðan um sérstakt 100 millj. kr. framlag til átaks í umferðaröryggismálum.

Þá flytjum við í 9. tölul. tillögu um 625 millj. kr. til leiguíbúða. Tillagan er flutt vegna ætlunar að hækka vexti upp undir markaðsvexti eða í um 5% á lánum til íbúðanna. Þá þarf ríkið að greiða niður til sveitarfélaganna vegna leiguíbúða þeirra. Til þess að niðurgreiðslurnar verði sambærilegar þarf þessa upphæð, 625 millj. kr. Þetta þurfa að vera ýmist stofnstyrkir og/eða húsaleigubætur til sveitarfélaga og félagasamtaka. Þetta er sem sagt flutt til þess að ekki verði breyting á því sem verið hefur.

Í 10. tölul. eru Málefni fatlaðra, Ýmis verkefni. Þar erum við með tillögu um 200 millj. til viðbótar. Ástæða þeirrar tillögu er viljayfirlýsing sem undirrituð var 2. desember sl. af félmrh. og formanni húsbjórnar Öryrkjabandalagsins, þ.e. viljayfirlýsing milli félmrn. og húsbjórnar Öryrkjabandalagsins, en sameiginlega hafa félmrn. og húsbjóðurinn ákveðið að hefja formlegt samstarf í húsnæðismálum. Markmiðið er að mæta þörf fatlaðra fyrir sambýli í samræmi við skýrslu starfshóps félmrn. frá nóvember 2000 um búsetu fatlaðra. Samstarf aðilanna verður fólgið í því að húsbjóður Öryrkjabandalagsins lætur í té húsnæði fyrir sambýli sem Íbúðalánasjóður veitir lán til að hluta og félmrn. tekur að sér að reka. Þetta segir m.a. í þessari viljayfirlýsingu. Hæstv. félmrh. mun hafa sagt það í þessum stól að tekið yrði á þessum kostnaði með fjáraukalögum á næsta ári. Það teljum við hins vegar ekki rétt að gera vegna þess að miðað við þær upplýsingar sem við höfum á þessi upphæð, um 200 millj. kr., að geta staðið undir þessum samningi á næsta ári og er eðlilegt þegar slíkt er fyrirséð að til þess sé áætlað í fjárlögum næsta árs.

Síðan flytjum við í 11. tölul. tillögu um að liðurinn Þjónusta við langveik börn verði settur inn upp á 300 millj. kr. Þessa þjónustu skortir algerlega og upphæðin er sú sem talin er þurfa til þess að langveik börn geti notið þeirrar þjónustu sem þau eiga rétt á lögum samkvæmt.

Þá er endurflutt tillaga sem kölluð var til 3. umr. varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús. Það er aukning um 50 millj. sem ætlaðar eru til geðsviðs Landspítalans – háskólasjúkrahúss vegna framhaldsmeðferðar ungs fólks með geðsjúkdóma. Þetta er fyrst og fremst ætlað til að taka við ungu fólki með þann sjúkdóm af barna- og unglingageðdeild Landspítalans þar sem þessir sjúklingar þurfa annars að dveljast lengur en ella og orsaka það um leið að biðlistar myndast við barna- og unglingageðdeildina sem ella væru ekki til staðar.

Í 13. tölul. erum við síðan með tillögu um 50 millj. kr. vegna herts skatteftirlits. Þar er komin skýringin á þeim tölum sem ég nefndi áðan um að mundu skila sér betur inn í tekjum. Talið er með þessu herta skatteftirliti, sem mun kosta um 150 millj. kr., megi ná inn 850 millj. og því verði nettótekjurnar af því 800 millj. kr.

Þá er endurflutt tillaga sem við drógum til baka við 2. umr. um barnabætur upp á 1.285 millj. kr. sem er þá til þess að standa undir því að taka af tekjutengingu barnabóta til 16 ára aldurs í stað sjö ára aldurs eins og tillögur ríkisstjórnarflokkanna gera ráð fyrir.

Í 15. tölul. er gert ráð fyrir að draga 190 millj. af þeirri upphæð sem er til Stjórnarráðsbygginga, þ.e. til viðhalds og annarra verkefna. Ég tel mig hafa fært nægileg rök fyrir því við 2. umr. að ástæða væri til þess að staldra örlítið við í verkefnum á vegum Stjórnarráðsins einfaldlega vegna þess að hæstv. forsrh. hefur talað um að eðlilegt sé að menn læri m.a. af þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur tekið saman um framkvæmd við Þjóðmenningarhúsið. Ekki er hægt að búast við öðru, að því er mér sýnist miðað við þær framkvæmdir, en að það veiti af heilu ári til þess að fara yfir þetta með öllum þeim sem af því þurfa að læra því að það sýnist mér vera alveg frá þeim æðsta og síðan eitthvað langt niður. Ég veit ekki hve langt. En meðan sá sem efst situr virðist ekki hafa lært mikið af skýrslunni verðum við að ætla að það geti tekið enn lengri tíma að kenna öllum þeim sem af henni þurfa að læra.

Síðan erum við með tillögu í liðnum Launa- og verðlagsmál þar sem við gerum ráð fyrir 450 millj. kr. Þetta teljum við nauðsynlegt til þess að uppfylla lagaskilyrði vegna þess að Þjóðhagsstofnun spáir að vísitala neysluverðs muni hækka um 5,8% milli ára. Forsendur í fjárlagafrv. miða hins vegar við 4% og lög gera ráð fyrir því eins og segir í 65. gr. laga um almannatryggingar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Hér teljum við því að við séum með tillögu sem er í samræmi við þann lagatexta sem fara ber eftir og teljum að þarna skorti 450 millj. til þess að lögum sé framfylgt.

Þá erum við með í 17. tölul. tillögu um 160 millj. kr. til niðurgreiðslu á húshitun. Hér erum við að gera tillögu um að leysa þann vanda sem hefur nokkuð oft komið upp, þ.e. þann vanda að hinar dýrari hitaveitur í landinu sitja nú eftir í niðurgreiðslu og eru orðnar dýrari en rafhitun víða vegna þess að menn hafa nálgast það mark að rafhitun sé, eins og segir í byggðaáætlun, sem næst meðalverði hitaveitna. En þetta orðalag í byggðaáætluninni veldur þeim einfalda vanda að það þarf að finna meðalverð hjá hitaveitum og það segir sig sjálft að þá eru einhverjar hitaveitur fyrir ofan meðalverðið. Við gerum tillögu um þessar 160 millj. sem er upphæð sem finna má í útreikningsplöggum sem fyrir lágu í merkri nefnd sem starfaði á vegum hæstv. forsrh. og gerði ráð fyrir því að hinar dýrari hitaveitur fengju einnig að njóta niðurgreiðslna. Þetta virðist hins vegar hafa vafist mjög fyrir ríkisstjórnarmeirihlutanum í fjárlögum. En við gerum tillögu um að 160 millj. komi í þennan lið og það verður að sjálfsögðu fróðlegt að fylgjast með því hvernig tillögunni reiðir af í atkvæðagreiðslu eftir helgi.

Í 18. tölul. eru síðan nokkrir breytingar við 7. gr. Þar eru fyrst þrír liðir sem voru kallaðir til 3. umr. við 2. umr. og er því óþarfi að færa mikil rök fyrir þeim en það var gert við 2. umr. Hins vegar er nýr liður, 8.19 Að lækka sérfræðikostnað hjá A-hluta stofnunum um 500 millj. kr. Þessi tillaga er flutt vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar sem gefin var út í maí á þessu ári og fjallaði um sérfræðiþjónustu, kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu. Hér eru færð margvísleg rök fyrir því að ekki hafi verið nægjanlega vel að verki staðið. Við teljum að þarna megi auðveldlega með ýmsum breyttum aðferðum lækka útgjöldin um 500 millj. kr. Þetta má gera með því að vanda betur til verka og jafnvel með útboðum á stundum á þessum verkum. Það kemur m.a. fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að kostnaður ríkisstofnana vegna kaupa á sérfræðiþjónustu hækkaði úr 1,1 milljarði kr. á árinu 1994 í rúma 2 milljarða kr. á árinu 1998 og eru þá báðar tölur gefnar á verðlagi 1998 og nemur hækkunin tæpum 85%. Kostnaðaraukningin varð mest milli áranna 1994 og 1995 eða 32%. Árið 1999 virðist þessi kostnaður síðan hafa verið komin upp í 2,5 milljarða.

Ríkisendurskoðun bendir á ýmislegt sem betur má fara varðandi kaup á sérfræðiþjónustu. Ég vil, með leyfi forseta, lesa örstuttan kafla úr skýrslunni. Hann er svohljóðandi:

„Ríkisendurskoðun telur að í ljósi þess hve kostnaður ríkisins af ráðgjafarþjónustu hefur vaxið á liðnum árum sé bæði tímabært og eðlilegt að gefnar verði út viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar um kaup ríkisstofnana á ráðgjafarþjónustu. Meginatriðin í slíkum reglum eða leiðbeiningum ættu að lúta að eftirfarandi fjórum atriðum:

1. Mat á þörf fyrir ráðgjöf.
2. Val á ráðgjafa.
3. Stjórnun og eftirlit.
4. Mat á árangri ráðgjafar."

Hér eru nefndir fjórir mikilvægustu punktarnir og það gefur til kynna að þeirra hafi ekki verið gætt við ráðgjafarþjónustukaupin á því tímabili sem Ríkisendurskoðun skoðaði þau. Þó verður að telja að allir fjórir liðirnir séu sjálfsagðir. Ef farið verður eftir leiðbeiningum Ríkisskoðunar tel ég því að auðveldlega megi ná þeim 500 millj. sem hér er gerð tillaga um.

Herra forseti. Síðasta tillagan sem ég geri grein fyrir er í raun varatillaga. Við gerum tillögu um það í 10. tölulið að veittar verði 200 millj. til að hægt verði að standa við viljayfirlýsingu félmrn. og hússtjórnar Öryrkjabandalagsins. Verði sú tillaga felld þá höfum við einnig flutt tillögu um breytingu á 7. gr. laganna sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að veita fé til reksturs sambýla sem Hússjóður Öryrkjabandalagsins kemur á fót árið 2001, sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðuneytisins og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins frá 2. des. 2000."

Herra forseti. Ég minni enn á að hæstv. félmrh. taldi rétt að mæta þessum kostnaði með fjáraukalögum á næsta ári. Það teljum við hins vegar rangt og vísum þar til fjárreiðulaganna. Hér væri möguleiki fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann til að sýna í verki að hann vilji fara eftir fjárreiðulögunum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. okkar í 1. minni hluta fjárln. Ég vil að lokum benda á að við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir því að verði tillögur okkar samþykktar þá verði sá afgangur sem af því skapaðist hjá ríkissjóði, upp á tæplega 3 milljarða kr., lagður inn til geymslu í Seðlabankanum. Við teljum ekki ástæðu til að láta þá fjármuni fara annað sem gæti aukið þenslu. Henni þurfum við að ná niður. Ég hef, herra forseti, lokið við að gera grein fyrir brtt. 1. minni hluta fjárln. en hann skipa eins og áður hefur komið fram: Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson og Össur Skarphéðinsson.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að gera viðvart um að mér þætti vænt um að hér yrðu viðstaddir nokkrir hæstv. ráðherrar eftir því sem þeirra málaflokkar heyra undir mitt mál. Hér mættu gjarnan vera viðstaddir hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. þegar ég kem að efnahagsforsendum fjárlaga-afgreiðslunnar. Einnig hæstv. samgrh. eða starfandi samgrh.

sem væri til svara fyrir sölu Landssímans. Síðast en ekki síst hefði verið áhugavert að hafa hér hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. með okkur við umræðuna. Mér hefur þótt halla á Framsfl. og hann vera fullmikið fjarverandi í umræðunni. Það er kannski síður af væntumþykju fyrir honum en hinu að manni finnst ósanngjarnt að þeir séu meira og minna fjarverandi við umræður um efnahagsmál. Hér er þó að sjálfsögðu viðstaddur hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln.

Ég ætla að byrja á, herra forseti, að vísa aðeins í framsöguræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar frá því fyrr í dag og bæta örlitlu við einn þátt í máli hans. Það snýr að þeim tillögum sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur sett fram um breytt vinnubrögð við fjárlagagerðina. Ég verð að segja að ég hef velt þessu þó nokkuð fyrir mér síðan hv. þm. gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum við 2. umr. fjárlaga og í nefndaráliti 2. minni hl. við 2. umr. fjárlaga. Hann hnykkir á þessu hér í nefndaráliti við 3. umr. og ég tel að þetta mál eigi að taka til skoðunar.

Stundum er sagt, herra forseti, að glöggt sé gests augað. Hv. þm. er að starfa í fjárln. á sínu öðru ári ásamt fleiri góðum mönnum sem hafa þar ýmist meiri eða minni reynslu. Kannski er það hollt að nýir menn komi að þessum verkum með ný sjónarmið og velti fyrir sér hvort betrumbæta ætti vinnuna. Ég verð að segja að ég tek að mörgu leyti undir það að þessir hlutir séu ekki afgreiddir í réttri röð hjá okkur. Ég held að það hafi komið mjög skýrt í ljós við 2. umr. um fjárlagafrv. Það var ankannalegt að sú umræða hefði átt að miðast við brtt. og vinnu fjárln., snúast um útgjaldhliðina því að það voru eingöngu til umfjöllunar brtt. sem lutu að útgjöldum ríkissjóðs og tekjuhliðin beið öll 3. umr. 2. umr. snerist hins vegar öll um efnahagslegar forsendur málsins og tekjuhliðina. Þetta er auðvitað öfugsnúið.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt það til að þarna yrði röðinni snúið við og 2. umr. miðaði þá fyrst og fremst að því að festa efnahagslegar forsendur fjárlaga, ganga frá tekjurammanum eins og hann liti út á grundvelli endurskoðaðrar þjóðhagsspár. Þá vissu menn nákvæmlega hvað þeir hefðu til skiptanna og lokuðu svo dæminu og afgreiddu endanlega útgjöldin, að því leyti sem það var ekki gert samtímis við 2. umr. sem væri best, við 3. umr.

Verklagið sem hér hefur þróast er dálítið sérkennilegt, herra forseti, eins og við þekkjum sem höfum verið hér í nokkur ár. Við 2. umr. er aðeins hluti fjárlaganna tekinn til umfjöllunar og stórir kaflar bíða 3. og síðustu umræðu. Þetta er ekki í samræmi við það sem gert er með önnur stjórnarfrv. eða önnur frv. Þar fer yfirleitt fram meginefnisumræða og allar breytingar sem menn eru þá orðnir ásáttir um að gera á frv. eru afgreiddar við 2. umr. Oftar en ekki, ef vel tekst til, er engu breytt við 3. umr. málsins. Málin eru rædd í heild sinni eins og þau liggja þá fyrir og oft afgreidd án mikillar umræðu og með engum breytingum. Þessu er gerólíkt farið við fjárlögin. Menn geta auðvitað sagt að þar sé ólíku saman að jafna. Þetta sé mikið verk, að afgreiða þetta flókna frv. og taka inn þær breytingar sem haustið og haustvinnan bera með sér. Engu að síður gætu menn a.m.k. velt fyrir sér að breyta þessari röð og það má spyrja: Telja menn það í samræmi við mikilvægi hlutanna að fjárln. sitji sveitt yfir því vikum og jafnvel mánuðum saman að taka á móti sendinefndum og ræða, oft um tiltölulega litlar upphæðir sem lúta að útgjöldum, en þegar kemur að tekjuhliðinni, milljörðunum, tugmilljörðunum og hundruðum milljarða, þá séu teknir 1–2 sólarhringar í það mál? Efh.- og viðskn. sem á að heita að gefi fjárln. umsögn sína fær oftar en ekki 1–2 sólarhringa til að fara yfir faglegan hluta þess máls, meta tekjuforsendurnar, fara yfir skattahliðna o.s.frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að hnykkja á þessu atriði og legg til að það verði skoðað rækilega. Af því að hæstv. fjmrh. er viðstaddur og hefur hönd í bagga skulum við segja, þó að það sé verkefni þingsins eftir að fjárlagafrv. er komið fram að afgreiða það þá kemur hann að því verki með ýmsum hætti, þá legg ég til að skoðað verði af hálfu fjmrn. í samráði við fjárln. Alþingis hvort ekki sé hægt að breyta þessu verklagi eitthvað. Þetta kostar að sjálfsögðu að stofnanir eins og Þjóðhagsstofnun þurfa að vera eilítið fyrr á ferðinni með sína vinnu. Þjóðhagsáætlun þyrfti þá að liggja fyrir um mánaðamót nóvember/desember en ekki þegar vika eða 10 dagar eru liðnir af desember. Það væri gott hvort sem er að fá hana nokkrum vikum fyrr þannig að ekki væri um þetta sólarhringaspursmál að ræða þegar hinar endanlegu og endurmetnu þjóðhagsforsendur liggja loksins fyrir.

Ég vil þó segja, herra forseti, að mér finnst til fyrirmyndar að fjárlagagerðin skuli vera jafnsnemma á ferðinni og hún er í ár. Það er til fyrirmyndar. Það er mjög gott að við skulum ljúka umræðum um fjárlögin þetta tímanlega þó að vissir hlutir hefðu þar mátt betur fara. Ég tek undir þá gagnrýni sem áður hefur komið fram um að það er veikleiki að ekki skulu liggja fyrir upplýsingar um tiltekna hluti sem teknir eru inn í tekjuáætlun næsta árs. Þá vísa ég auðvitað til eignasölunnar. Sama má auðvitað segja um fyrirhugaða endurskoðun á vegáætlun, æskilegt væri að fyrir lægi hvaða framkvæmdum á að fresta. Það verður þó að segjast að það er ekkert frábrugðið því verklagi sem tíðkast hér, að útgjaldarammi Vegagerðarinnar sé ákveðinn í fjárlögum og síðan komi endurskoðuð vegáætlun inn í byrjun næsta árs, þeirri endurskoðun ljúki í febrúar eða mars og þar með liggi framkvæmdaröðin fyrir. Það þekkjum við.

Í öðru lagi, herra forseti, ætlaði ég að fara nokkrum orðum um efnahagsástandið og efnahagslegar forsendur þessarar fjárlagaafgreiðslu og ganga þar fyrst og fremst út frá nýrri þjóðhagsspá. Því miður hafa þar heldur dökknað horfur frá því sem var í haust og þar ber kannski hæst að verðlagsforsendurnar eru verri, það lítur út fyrir meiri verðbólgu. Menn geta kannski sagt að það sé ekki óskaplegur munur á spánni upp á 4% sem lá fyrir í haust og núgildandi spá, frá því fyrir nokkrum dögum, upp á tæp 6%. Þar er þó þriðjungsmunur og það munar geysilega um hvert prósentustig í verðbólgu, ekki síst þegar hún fer úr því að hafa verið mjög lág og svo lág að hún nánast skipti ekki miklu máli í framreikningum eða útreikningum. Kaupmáttarskerðing af völdum verðbólgu var þau árin sem hún var lægst svo hverfandi að það þurfti nánast ekki að taka tillit til hennar. Hins vegar er óhjákvæmilegt að horfast í augu við að þegar kjarasamningar liggja fyrir eða eru bundnir á tiltölulega lágum nótum í prósentum og von manna er sú að það mundi að mestu leyti skila sér í kaupmáttaraukningu, þá er það fljótt að breytast ef verðbólgustigið fer úr 3–4 prósentustigum upp í 6 eins og nú horfir til.

Sömuleiðis liggur fyrir að verðbólga á þessu ári verður ívið meiri en spáð var, eða 5,2% eða svo, hækkun verðlags milli áranna 1999 til ársins 2000. Verðalagsforsendurnar eru að versna og það er það fyrsta sem dökknar í þessari nýju þjóðhagsspá.

Í öðru lagi er spáin um viðskiptahallann til muna verri en vonir höfðu staðið til að yrði á þessu ári og horfurnar fyrir árið 2001. Þjóðhagsspá fyrir yfirstandandi ár, þegar hér var

verið að afgreiða fjárlög um svipað leyti í fyrra, gekk út á að viðskiptahallinn yrði 32 milljarðar. Núna horfir í að hann verði 61,5 milljarðar.

Með öðrum orðum, viðskiptahallinn verður rétt tæplega tvöfaldur miðað við það sem spáð var þegar fjárlög voru hér til afgreiðslu síðast. Og því miður er því enn spáð að viðskiptahallinn aukist á næsta ári eins og margfrægt er orðið og fari í 68 milljarða, sem er komið yfir 9% umfram landsframleiðslu.

Í þriðja lagi, herra forseti, hafa horfurnar heldur versnað vegna þess að nú er það metið svo og sagt hér berum orðum í spá Þjóðhagsstofnunar, að viðskiptakjör verði verri, eða eins og þar segir að gert sé ráð fyrir nokkrum áhrifum af verri viðskiptakjörum á inn- og útflutning. Þetta, herra forseti, er það sem þarna má sérstaklega tína til.

Í fjórða lagi er rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd að þessi þjóðhagsspá byggir á óbreyttu gengi frá því sem nú er. Það er því augljóst mál, herra forseti, að ef gengið sígur, þá versnar verðlagsspáin. Þá versnar þessi spá. Þjóðhagsspáin byggist sömuleiðis á því að forsendur gildandi kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum haldi og að engar launahækkanir annars staðar í þjóðfélaginu setji það neitt úr skorðum. Og nú geta menn velt því fyrir sér hvort líklegt sé að þetta náist eða þetta verði svo. Ég segi þá a.m.k. að ekki blási byrlega um samninga við kennara, það er ekki mikið svigrúm fyrir sveitarfélögin að hækka laun grunnskólakennara eða annarra hópa sem eru að fara af stað í kjarabaráttu þar, að ógleymdum öllum öðrum opinberum starfsmönnum sem eru meira og minna með lausa samninga.

Þessar forsendur eru því, herra forseti, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, mjög brothættar. Horfurnar eru versnandi hvað varðar verðlag, viðskiptahalla og viðskiptakjör og byggja *á því að hér haldist óbreytt gengi og að ekkert gerist á* vinnumarkaði sem valdi meiri launahækkunum en bundnir samningar á almenna vinnumarkaðnum gefa tilefni til.

Samt er það svo, herra forseti, að þó að slík merki blasi við hefur hæstv. forsrh., sem hér er viðstaddur umræðuna og skal þakkað fyrir það, ekki fengist til þess að opna mikið á það að ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessu. Þó las ég í Dagblaðinu, held ég, í morgun það sem ég held að sé bara fyrsti viðurkenningarvotturinn á því sem ég hef heyrt frá forsrh., sem af ótrúlegri hörku hefur fullyrt það hvað sem tautar og raular að hér sé allt í himnalagi, að kannski væri farið að örla fyrir viðurkenningarvotti á því að viss hættumerki væru varðandi verðlagið. Ég held ég muni það rétt að þetta hafi verið í Dagblaðinu í dag, alla vega var vitnað í einhver ummæli hans af þessu tagi í því blaði í dag.

Það er út af fyrir sig nokkur árangur miðað við þá taktík sem hæstv. forsrh. hefur byggt framgöngu sína á í þessum efnum að neita því statt og stöðugt, að annað væri hin mesta firra en að allt væri hér í himnalagi og gefa út það sem ég hef kallað reglulegar tilskipanir á u.þ.b. þriggja mánaða fresti um að allt væri í himnalagi. Að vísu verður að segjast að sjálfsagt hafa þessar tilskipanir haft lengi vel sitt að segja og sumir hafa gengið svo langt að tala um þennan áhrifavald í efnahagsmálum, sem væri þessi staðfesta forsrh. í að afneita því að nokkuð væri að og menn hafi viljað halla sér að því að þetta væri bara rétt, treyst á það. En ég hef haldið því fram um nokkurt skeið, herra forseti, að svo hafi verið komið og svo sé komið að þetta hafi hætt að vera trúverðugt. Vissulega getur svona aðferðafræði verið út af fyrir sig skiljanleg þegar í hlut eiga ráðamenn sem reyna að róa ástandið niður og *draga úr áhyggjum og reyna að halda uppi tiltrú á það sem* þeir bera ábyrgð á, þ.e. yfirstjórn efnahagsmála. Við skulum segja að það sé skiljanlegt að menn reyni það í lengstu lög, en þá getur komið að því að slíkt fari að snúast upp í andhverfu sína og fari að verka eins og firring, slíkt fari að verka eins og óraunsæi og þá væri orðið vænlegra fyrir hina sömu aðila að skapa tiltrú á sjálfa sig og sín tök á málum með því að útlista hvernig þeir vildu glíma við það sem þeir viðurkenndu að væri einhver vandi í þessum efnum. Og ég hef verið að bíða eftir því að forsrh. færði sig yfir í það hjólfarið að viðurkenna kannski að það væru jú vissir hlutir sem ástæða væri til að hafa áhyggjur af, eins og vaxandi verðbólga, vaxandi viðskiptahalli, versnandi viðskiptakjör og fleira mætti til nefna. En þá yrði að glíma við það með einhverjum trúverðugum aðferðum og leggja frekar áherslu á það sem menn vildu reyna að gera eða hvernig menn vildu reyna að vinna sig út úr þeim aðstæðum sem menn viðurkenndu að væru alvarlegar.

Ég tek eftir því að formaður Framsfl. fer svolítið öðruvísi í þetta mál. Svo vill til að einhver frá blaðinu Degi hefur af sérstökum ástæðum verið viðstaddur þar sem hæstv. utanrrh. var á hádegisverðarfundi, sem reyndar mun hafa verið boðaður af þingmönnum flokksins í Reykjavík, og Dagur hefur svo mikið við að það er bara opna um þennan fund, sem er auðvitað hið besta mál, því þar með höfum við sem ekki vorum á fundinum aðgang að því sem þarna kom fram. Ég treysti því að þetta sé allt saman fagmannlega unnið og ætla að leyfa mér aðeins að vitna í það sem hæstv. utanrrh. hefur þarna fram að færa um efnahagsmál. Ég vil reyndar skjóta því inn í, herra forseti, að það gladdi mig ósegjanlega að hæstv. utanrrh. skyldi enn þá hafa áhuga á efnahagsmálum. Ég var farinn að sakna þess að ég hafði ekki heyrt múkk frá hæstv. utanrrh. eða Framsfl. missirum saman um efnahagsmál. Ég var farinn að halda að það væri svo skýr verkaskiptingin í ríkisstjórninni að það stæði bara einhvers staðar í leynipappírum að Framsfl. mætti ekki tjá sig eða hafa skoðun á efnahagsmálum. Því satt best að segja held ég að ég hafi ekki heyrt eða orðið var við að utanrrh. tjáði sig um efnahagsmál missirum saman, þangað til núna. Það væri nú fróðlegt að láta fletta upp á því hvort þetta er ekki u.þ.b. svona. (**Gripið fram í:** Í vor.) Kannski eitthvað í vor. (**ÖS:** Hann hefur talsmenn í salnum.) Já, já, auðvitað hefur hæstv. utanrrh. einhverja menn í þessu þegar hann er fjarri eins og stundum er.

En þetta var hið merkasta útspil sem kom frá hæstv. utanrrh. Og hafi hv. þm. Össur Skarphéðinsson talið yfirlýsingar hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., merkar sem hann gerði nokkuð með við 2. umr. fjárlaga man ég, túlkaði nokkuð stórkarlalega, þá hlýtur hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hafa heldur betur kæst þegar hann las Dag í morgun, því hér er sko eldsneyti í að velta því fyrir sér hvort stjórnarflokkarnir séu ekki að meta þessa stöðu með býsna ólíkum hætti. Formaður Framsfl. segir t.d., með leyfi forseta:

„Það ber að viðurkenna að það eru hættumerki uppi. Það er of mikil verðbólga þegar hún er yfir 5%.“ — Nú stefnir hún í 6%. — „Það er of mikill viðskiptahalli þegar hann er yfir 9% af landsframleiðslu, eða yfir 60 milljarðar króna í ár og viðskiptahalli á næsta ári er áætlaður yfir 60 milljarða.“ — Þarna fer formaður Framsfl. fínt í það, því samkvæmt þessari nýjustu spá verður viðskiptahallinn vel á tíunda prósent af landsframleiðslu og stefnir í eina 68 milljarða kr. Útlitið er í rauninni enn verra en þetta. Og áfram er haldið, verið er að

vega og meta stöðu mála út frá þessu. Síðan segir formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., m.a. um fjármagnshreyfingar til og frá landinu, mjög áhugaverðan hlut, með leyfi forseta:

„Við yrðum að gæta þess að fjármagn okkar fari ekki allt úr landi eða alla vega að fjármagn komi inn í landið á móti því sem fer úr landi.“ — Þetta er athyglisverð setning.

Það er auðvitað hárrétt, herra forseti, sem ég tel að allt of lítill gaumur hafi verið gefinn að, að þetta er í rauninni í fyrsta skipti sem við erum að takast á við aðstæður af þessu tagi, þegar forsendur gengis íslensku krónunnar eru að veikjast og aðstæður eru eins og raun ber vitni í efnahagslífi okkar að fjármagnsflutningar til og frá landinu eru í grundvallaratriðum frjálsir. Það er nýtt.

Í fyrri kreppum eða í aðdraganda fyrri erfiðleika sem yfir okkur hafa gengið, hvort sem svo verður nú eða ekki og guð láti gott á vita að þetta leysist allt saman vel, hefur verið einn grundvallarmunur á aðstöðu íslenska þjóðarbúsins miðað við það sem er núna og það er að miklu meiri stýring var á fjármagnshreyfingum til og frá landinu. Dæmið á þessu ári sýnir að gríðarlegir fjármunir geta streymt úr landi og lítið komið í staðinn, ef tiltrú manna býður svo við að horfa og þær aðstæður skapast að menn telji hagsmunum sínum best borgið með þeim hætti. Þar kemur náttúrlega ýmislegt inn í eins og mikill vaxtamunur sem menn eru að spila á og þar fram eftir götunum.

Síðan kemur mjög athyglisverður kafli í ræðu hæstv. utanrrh. á þessum framsóknarfundi í hádeginu í gær eða fyrradag um sölu eigna vegna efnahagsmála. Hæstv. utanrrh. er ekkert að skafa utan af því að meginástæðan fyrir því að fara nú að selja þjóðareignirnar sé staða efnahagsmála. Það er ekki af því að það sé í sjálfu sér markmiðið, eða hvað? að selja bankana eða Landssímann. Nei, það er vegna efnahagsmálanna sem meginréttlætingin liggur, að því er hér kemur fram. Og það er sagt:

„Hann [þ.e. hæstv. utanrrh.] sagði að það væri vegna þessa að ríkisstjórnin hafi ákveðið að selja hlut sinn í bönkunum. Ákveðið hafi verið að sameina ríkisbankana með varfærnum hætti svo samkeppnisumhverfið skaðist ekki.

„Það er alveg ljóst að við þurfum á því að halda á næsta ári, m.a. vegna stöðu efnahagsmála, að selja einhvern hlut af þessum eignum til þess að skapa fjárfestingatækifæri fyrir innlenda aðila eins og lífeyrissjóðina. Þeir eru gífurlegt afl í okkar efnahagsmálum og það er vegna þessara lífeyrissjóða sem við getum stigið þau skref að selja eignir ríkisins Við gætum það ekki annars.““

Og seinna um þetta sama atriði segir hæstv. utanrrh.:

„Það er nauðsynlegt til þess að við getum fjármagnað bæði fjárlögin og viðskiptahallann.“ — Þ.e. að selja eignir, það er nauðsynlegt, segir hæstv. utanrrh., til þess að við getum fjármagnað bæði fjárlögin og viðskiptahallann. Og það er alveg rétt. Eins og málin standa þarf einhvern veginn að horfast í augu við það.

Það sem hæstv. utanrrh. á við þegar hann vísar til fjárlaganna — það er líka hlutur sem ég tel að hafi allt of lítill gaumur verið gefið gefinn að — er sú staðreynd að helmingur afgangsins á fjárlögum á að koma með sölu ríkiseigna, eða mjög nálægt því. Ég held að menn hefðu átt að sýna þeirri staðreynd a.m.k. þá sanngirni, þegar verið er að tala um mikinn afgang á ríkisfjárlögum, að gera skýran greinarmun á því sem annars vegar kemur í afgang vegna tekna og gjalda ríkissjóðs af venjulegum skatttekjum og vegna venjulegra útgjalda og hins vegar því sem menn fá með því að selja eignir sínar. Því það er grundavallarmunur á því hvað varðar aðstæður í hagstjórn um hvort er að ræða í hvoru tilviki.

Að lokum, herra forseti, segir formaður Framsfl. kannski merkilegustu hlutina þegar hann fer að tala um vaxtastigið á Íslandi. Og það er mjög athyglisvert. Maður fer að velta því fyrir sér hvort kannski sé meiri undiralda í þessum efnum, meiri ágreiningur á bak við tjöldin, meira ósætti um efnahagsstjórnina, ef stjórn skyldi kalla, en komið hefur upp á yfirborðið. Og getur þá þessi ríkisstjórn vissulega hrósað sér af því að hún beri ekki ágreiningsmál sín á torg. En það glittir þó a.m.k. í þau einstaka sinnum þegar landsfeðurnir láta eftir sér að tala.

Hér segir hæstv. utanrrh. og það er haft hér feitletrað, ýmist innan gæsalappa eða feitletrað hjá blaðamanni, með leyfi forseta:

„Halldór [þ.e. hæstv. utanrrh.] sagði vexti hér allt of háa. Þeir væru miklu hærri en í nágrannalöndunum. Hann sagði að íslenskt atvinnulíf stæði ekki undir þessum vöxtum til lengri tíma litið. Vextir hér yrðu að lækka.“ — Og hvað þýðir það, herra forseti, á mannamáli að vextir hér verði að lækka? Ja, er ekki hæstv. utanrrh. að boða að áframhaldandi stýring Seðlabankans og áframhaldandi aðferð Seðlabankans að halda uppi genginu með gífurlega háum vöxtum geti ekki gengið? Jú. Og hvað gerist þá? Lækkar ekki gengið? Ég held að ástæða sé til þess, herra forseti, að gefa gaum að þessum ummælum og spyrja: Hvert er t.d. mat hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á þessum ummælum? Eru hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. sem fara með efnahagsmál og ríkisfjármál sammála hæstv. utanrrh. um að vextirnir séu of háir og þeir verði að lækka? Hvernig lækka þeir og hvaða afleiðingar hefur það m.a. og ekki síst á gengið? Eru menn að komast að þeirri niðurstöðu að það gangi ekki að við séum föst í spennitreyju of hárra vaxta og eitthvað verði undan að láta og þá væntanlega gengið?

Ég held að ástæða sé til þess, herra forseti, áður en umfjöllun um fjárlög, ríkisfjármál og efnahagsmál lýkur á þessu þingi fyrir jólaleyfið, sem er væntanlega í aðalatriðum með þessari umræðu, að við fáum aðeins svör í þessum efnum. Mér finnst ástæða til þess við þessar aðstæður að hæstv. forsrh., yfirmaður efnahagsmála og yfirmaður Seðlabankans, geri okkur grein fyrir því við 3. umr. fjárlaga hvernig hann lítur á þetta, hvort hann er sammála þessum ummælum utanrrh. og hver sér þá stefna ríkisstjórnarinnar. Er hún sú sem er boðuð í þessu merka hádegisviðtali eða þessari merku hádegisræðu hæstv. utanrrh. eða er hún áframhaldandi óbreytt peningamálastefna Seðlabankans sem við þekkjum og er nákvæmlega það sem hefur gefið af sér það sem við stöndum frammi fyrir í dag?

Herra forseti. Að síðustu aðeins um afganginn á ríkissjóði. Mikið hefur verið gert úr því að beitt sé svo miklu aðhaldi í ríkissjóði, að þetta séu geysileg aðhaldsfjárlög og mikill afgangur sé á ríkissjóði. En er það? Er það svo? Gætir mikils aðhalds í brtt. meiri hluta fjárln.? Er ég þá ekki að tala gegn því að allt er þar eða a.m.k. flest þarft sem til er lagt. En ég verð að segja það í fullri hreinskilni, og það hljómar kannski undarlega frá stjórnarandstæðingi því menn eru vanastir því að þeir taki undir öll útgjöld alltaf og alls staðar, að mér hafa fundist þetta á köflum vera hálfgerð yfirfallsfjárlög. Ég undrast hversu rausnarlegir og örlátir meirihlutamenn eru gagnvart ýmsum liðum sem hafa komið tugum saman nýir inn. Ekki það að ekki sé þarft og gott að reyna að styðja þetta og má auðvitað segja að góðar aðstæður séu til þess

vegna þess að það sé borð fyrir báru. En ef maður ber þetta saman við það sem oft hefur verið við fjárlagaafgreiðsluna undanfarin ár, þó að það hafi verið ágætt í ári, þá hef ég þá tilfinningu að það hafi verið frekar losaralegt og talsvert örlæti ríkjandi gagnvart því að bæta þarna ýmsu nýju inn. Auðvitað væri áhugavert fyrir rannsóknarblaðamenn að fara ofan í og heimilisfæra suma þessa liði. Ég verð að segja eins og er að mér er það nokkurt umhugsunarefni hversu sterkan ættarsvip ég þykist sjá á ýmsu sem kemur frá meiri hluta fjárln. og heimilisfesti þeirra manna sem þar sitja. Ég verð bara að segja þetta eins og það er, herra forseti.

Þegar ég fór í gegnum þessar brtt., bæði við 2. umr. og aftur við 3. umr. sýndist mér ég sjá ótrúlega mikinn ættarsvip og góðir stærðfræðingar gætu auðvitað farið með þetta í líkindareikning og reiknað út hvort líklegt væri að tilviljun ein hefði ráðið — hér eru miklir stærðfræðingar meðal vor — að svona mikið af þessum hlutum hefðu lent í tiltekin byggðarlög eða kjördæmi en önnur fengið jafnlítið og raun ber vitni af því sem ýmsir mundu hafa tilhneigingu til kalla gæluverkefni viðkomandi manna.

Á hina hliðina á að skila 30 milljarða afgangi af ríkissjóði og er það mikið? Það er auðvitað myndarlegur afgangur og það gleður okkur að ríkissjóður standi vel. Ég hef margsagt að ég sem mikill stuðningsmaður samneyslunnar vil gjarnan að fjárhagur ríkissjóðs sé blómlegur því þá á hann fyrir því að bæta þar um.

En erum við nokkuð að gleyma því, herra forseti, að helmingurinn af þessum afgangi er fenginn með sölu eigna? Helmingurinn er fenginn þannig. Fjölskyldusilfrið verður auðvitað ekki selt nema einu sinni. Ég þekki þess ekki dæmi að menn eigi aðgang að svo örlátum kaupendum að þeir séu til í að kaupa sama hlutinn aftur og aftur. Þó að einstakir klókir sölumenn hafi stundum verið að reyna að selja hlutina oftar en einu sinni og jafnvel tekist það þá held ég að það eigi ekki við í þessu tilviki.

Ef við lítum svo á þennan afgang að hann sé 15, 16 milljarðar en ekki 30 rúmir, hvað er hann þá? Þá er hann kominn niður í um 6% af tekjum ríkissjóðs og hann er kominn niður í 2% af landsframleiðslu. Það er ekki mjög mikið. Þá er þetta allt í einu komið í allt annað ljós, herra forseti. Sérstaklega ef við munum eftir því að viðskiptahallinn er hátt í 10% af sömu landsframleiðslu. Veltum aðeins þessum hlutföllum fyrir okkur.

Íslenska þjóðarbúið er rekið út á við með halla upp á milli 9 og 10% af landsframleiðslu. Ríkissjóður er að vísu með afgangi en hann er ekki nema 2% af landsframleiðslunni svona mældur að eins skiptis eignasala er dregin frá. Það tel ég í raun og veru að eigi að gera af tveimur ástæðum, herra forseti. Eignirnar verða ekki seldar nema einu sinni og þegar eignasölunni lýkur og henni sleppir er allt óbreytt. Þá hafa menn ekki tekið á þeim undirliggjandi vandamálum sem menn eru að glíma við þarna, enda segir hæstv. utanrrh. að eignasalan sé til þess að við getum fjármagnað bæði fjárlögin og viðskiptahallann. Kannski hefur ekki verið ætlunin að það bærist svona skilmerkilega inn í umræður á Alþingi en væntanlega hefur hæstv. utanrrh. meint það sem hann sagði, a.m.k. þegar hann sagði það, eins og maðurinn sagði forðum, og vitað að þarna voru fjölmiðlamenn viðstaddir og hann var á opinberum fundi. (Gripið fram í.) Og meinar það enn þá, telur talsmaður hans hér, þannig að hann mátti þá vita að það kæmi hér upp, að eignasalan er til að fjármagna viðskiptahallann og standa undir fjárlögunum. Þar með er auðvitað verið að viðurkenna að það er skammgóður vermir að leysa málin þannig. Það hefði einhvern tíma verið kallað ósköp einfaldlega að pissa í skó sinn. Menn geta keypt sér með því tíma, mönnum hlýnar smástund en hvað gerist svo?

Þess vegna er alveg furðulegt að menn skuli reyna að bera það á borð að það sé málefnalegur og raunhæfur liður í því að takast á við þessar efnahagsaðstæður að ganga á eignir þjóðarinnar. Það á að halda því algjörlega utan við.

Hvað ætla menn að gera þegar enginn verður Landssíminn og engir verða bankarnir til að selja ef allt helst óbreytt, þjóðarbúið verður rekið áfram með jafnmiklum viðskiptahalla og skuldasöfnun gagnvart útlöndum o.s.frv.? Gjaldeyrisöflun þjóðarinnar styrkist ekki og við sitjum áfram í þessari sömu klemmu sem einkennist náttúrlega alveg sérstaklega af því, herra forseti, að ríkissjóður getur ekki greitt niður skuldir sínar erlendis af því að ekki er til gjaldeyrir til þess. Ríkissjóður þarf þvert á móti að taka lán erlendis til að halda uppi genginu. Það er það sem í veruleikanum er að gerast að ríkissjóður, sem hefði út af fyrir sig afgang til að borga erlendar skuldir eitthvað niður, og það væri gott ef við gætum greitt þær niður, getur það ekki af því að gengið þolir það ekki. Ekki er til gjaldeyrir í þjóðfélaginu til þess, þannig er nú staðan, og Seðlabankinn hefur dregið á heimildir sínar erlendis tugi milljarða undanfarna mánuði til þess að halda uppi genginu.

Svona eru aðstæðurnar, herra forseti. Þetta er mikil klemma sem menn eru komnir í. Hitt er annað mál og það skal fúslega viðurkennt að ég sé engin patentúrræði til að breyta þessu í einum svip. Ég er ekki að halda því fram og það hef ég út af fyrir sig sagt áður í umræðum um þessi mál. Aðstæðurnar eru eins og þær eru orðnar vegna ýmissa þátta og hluta, sumra utanaðkomandi, annarra sem við höfum sjálf ráðið um og það er hægara um að tala en úr að ráða þegar svona er komið, það er alveg ljóst. Ég hefði þó talið að fyrsta skilyrðið væri að menn horfðust í augu við þennan veruleika og ræddu hann hreinskilnislega og ríkisstjórnin hefði við þessa fjárlagaafgreiðslu lagt einhver spil á borðið og t.d. útlistað fyrir okkur hvernig menn ætla að reyna að taka á gengismálum og viðskiptamálum á næsta ári. Þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir því að gengið verði varið óbreytt. Verðlagsforsendurnar versna að sama skapi ef gengið sígur. Utanrrh. segir: Vextirnir eru allt of háir og þeir verða að lækka. Hvað þýðir það? Af hverju eru vextirnir svona háir? Af því að Seðlabankinn hefur keyrt þá upp til að halda uppi krónunni. Þannig er það.

Er þetta ekki skýr lýsing á því að menn upplifi sig í algjörri klemmu milli þessara andstæðu markmiða í raun og veru sem þarna togast á?

Herra forseti. Síðan aðeins um sölu eigna sem hér er áformuð. Það er eitthvað á floti, ef ég hef tekið rétt eftir, hvort bara á að ná þessum viðbótartekjum inn í gegnum sölu á Landssímanum eða hvort bankarnir gætu að einhverju leyti komið þar inn í myndina. Mér hefur a.m.k. sýnst að það væru misvísandi frásagnir um það, jafnvel á pappír, að í nefndarálitum eins og frá efh.- og viðskn. væri bara talað um Landssímann eins og er hér í orði kveðnu af öðrum og þar með talið, ef ég heyrði rétt í morgun, hæstv. forsrh. látið að því liggja að bankarnir gætu líka komið þarna inn í myndina.

Ég vísa til þess, herra forseti, sem ég var að ræða áðan að það er nú í fyrsta lagi skammgóður vermir að ganga á eigur sínar við aðstæður af þessu tagi. Betra er að reyna að ráðast að rótum vandans og jafnvægisstilla efnahagslífið og

hagkerfið þannig að menn geti haldið eignasölunni utan við og þurfi ekki að blanda henni inn í hagstjórnina að öðru leyti.

Í öðru lagi held ég að það sé alveg sérstakt óhappaverk, herra forseti, ef menn fara núna að einkavæða Landssímann eins og aðstæður eru í fjarskiptamálum okkar og verða enn um sinn, verða enn um eitthvert árabil. Hve lengi skal ég ekki segja en það er a.m.k. afar fátt sem bendir til þess að öðru fyrirtæki en Landssímanum hf. verði til að dreifa sem veitt geti alla almenna fjarskiptaþjónustu og gagnaflutningaþjónustu úti um landið. Hér á höfuðborgarsvæðinu eru aðstæðurnar vissulega að breytst, það skal viðurkennt. Það er þó þannig að enn þá býr ekki öll þjóðin hér þó að það stefni vissulega í það. Hvað með þau 40% sem ekki gera það? (Gripið fram í.) Ég vil nú ekki bíða eftir því, hv. þm., ég hefði helst viljað snúa því við, koma þessu í jafnvægi á nýjan leik og það mun einhvern tíma gerast því að sá aumingjadómur, sem uppi hefur verið í þessum efnum síðustu ár og hv. þm. ber sína ábyrgð á, verður ekki endalaust, því skal ég lofa.

Aðstaðan er þannig að Landssíminn hefur þetta dreifikerfi, þetta net, og hann er með 100% markaðshlutdeild á því úti um landið. Það er engum öðrum til að dreifa eða verður á allra næstu árum, það eru engar líkur á því að eitthvert fjarskiptafyrirtæki komi svo snöggt og með svo öflugum hætti til sögunnar að það leggi ljósleiðara hringinn í kringum landið, tengistöðvar inn á þann ljósleiðarahring, byggi upp örbylgjusambönd, jarðstöðvar og annað sem til þarf að koma til þess að það gæti veitt Landssímanum raunhæfa samkeppni um allt land. Þá segja menn: Já, en Landssíminn er skyldugur til þess samkvæmt fjarskiptalögunum að opna mönnum aðgang að kerfi sínu. Það er alveg rétt, það voru sett hér fjarskiptalög. En ég hef nú lítið frétt af því síðan. — Ég spyr, herra forseti, er hæstv. starfandi samgrh. einhvers staðar nálægur húsinu? — Ég tók mig til og fór í gegnum þessi fjarskiptalög til að rifja þau upp. Þó þau séu ekki gömul þá ryðgar maður auðvitað í þessu, og las þetta nokkuð samviskusamlega. Ég verð að segja alveg eins og er ...

(**Forseti** (GÁS): Nú er það svo að hæstv. starfandi samgrh. er ekki í húsinu.)

Ég harma það, herra forseti. Ég verð að leyfa mér að minna á að það var margítrekað áður en umræðan hófst vegna þeirrar hörmulegu frammistöðu sem við máttum þola af hálfu ríkisstjórnarinnar við 2. umr. fjárlaga að mikil áhersla var lögð á það af hálfu okkar að ráðherrar væru viðstaddir umræðuna og sætu helst í salnum.

Ég hef ekki tekið þátt hér í dag eða fyrr í þrasi sem hefur orðið talsvert um frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar hvað það varðar að undirbúa efnislega fjárlagaafgreiðsluna þó ég sé sammála þeim fjárlaganefndarmönnum sem gagnrýndu þar ýmsa hluti. En ég fer fram á að tekið sé mark á því sem ég hafði bæði áður boðað og segi hér nú: Mér finnst engin frammistaða að hæstv. ríkisstjórnin sé öll eða svo til öll fjarverandi og galtómir stólarnir beggja megin við okkur á meðan við eigum að vera að ræða fjárlög við 3. umr. Úr því þeir gátu ekki verið við 2. umr. þá geta þeir verið hérna við 3. umr. Ég er svo sem alveg til í að gera hlé á máli mínu ef hægt er að athuga hvar hæstv. samgrh. er niður kominn og hvort hann kemst hingað.

(**Forseti** (GÁS): Forseti skal nú þegar kanna þau mál og hvort hæstv. ráðherra eigi þess kost að koma til umræðunnar.)

Herra forseti. Ég verð bara að endurtaka óánægju mína með þetta og ég verð að segja að mér finnst þetta lélegt. Mér finnst þetta mjög lélegt og auk þess sem ég segi að mér finnst að hæstv. ráðherrar geti verið í þingsalnum og hlustað á þessa umræðu, sérstaklega þeir sem bera aðallega ábyrgð á þessum málum.

Herra forseti. Það er kannski líka ástæða til að spyrja hvort hæstv. landbrh. gæti svo líka verið hér viðstaddur eftir augnablik því að ég ætlaði sömuleiðis að ræða lítillega við hann. Ég tek það fram að það verður ekki langt mál.

(**Forseti** (GÁS): Nú fór í verra. Hann er heldur ekki í húsinu. Hér eru hins vegar fimm hæstv. ráðherrar.)

En enginn þeirra er hér í þingsalnum.

(**Forseti** (GÁS): Það eru hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. iðnrh.)

Það er auðvitað ágætt að vita af því að þeir séu hérna einhvers staðar í húsinu en það er djúpt á þeim. Ég bað nú sérstaklega hæstv. utanrrh. að koma til umræðunnar en hann hefur ekki séð sér fært að koma í þingsalinn.

(**Forseti** (GÁS): Ber að skilja hv. þm. þannig að hann biðji forseta um að reyna að hafa uppi á hæstv. landbrh.?)

Ég ætlast til þess að forseti vandi um við hæstv. ráðherra. Ég ætlast til þess að forsetar, sem hafa fengið ítrekaðar óskir hér frá okkur þingmönnum, komi því á framfæri við ráðherrana að við ætlumst til þess að þeir séu hér viðstaddir. Það er löng þinghefð fyrir því að fagráðherrar mæti til fjárlagaumræðu og svari fyrir sína málaflokka. Menn geta flett upp á því ef þeir halda að hér sé verið að fara með eitthvert fleipur.

Mér er til efs, herra forseti, að sumir sem núna eru í meiri hlutanum, jafnvel í ráðherrastóli, hefðu tekið því þegjandi sem stjórnarandstæðingar á sínum tíma að óskir af þessu tagi væru ekki virtar. Það má rifja upp, herra forseti, að menn hlífðust ekki við að vekja menn upp um miðjar nætur á heimilum sínum og heimta að þeir kæmu hér til umræðu. Og það var ævinlega orðið við því. Það gerði a.m.k. sá sem hér stendur á meðan hann var ráðherra og skipti þá engu máli hvort sá sem þess beiddist var núv. hæstv. forseti, Halldór Blöndal, eða einhver annar hv. þm. á þeirri tíð. En það kom einstöku sinnum fyrir að virðulegur forseti okkar sem nú er óskaði eftir því, og auðvitað hafði hv. þm. fullan rétt á því, að ráðherrar væru viðstaddir. En það er leiðinlegt að þurfa að standa í þessum barningi endalaust ef maður hefur meira að segja gert aðvart um að maður óski þess að fá að leggja spurningar fyrir tiltekna hæstv. ráðherra. Þeir hafa fengið aðvörun um að þeirra nærveru sé óskað en það dugar ekki. Menn virða umræðuna ekki viðlits og láta ekki sjá sig. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst ákaflega leiðinlegt að standa frammi fyrir því aftur og aftur hvernig bragurinn er að verða á þessari umræðu, þ.e. að ríkisstjórnin er fjarverandi og sárafáir þingmenn nenna að vera viðstaddir umræðuna.

Nú um fjarskiptalögin. Ég býst við að samgöngurnar séu svo erfiðar að hæstv. starfandi samgrh. nái ekki til þinghússins. Hann er kannski fastur í einhverju umferðaröngþveiti. En ég verð að leyfa mér að segja að ég sé ekki hvaða hálmstrá í þessum fjarskiptalögum, hafandi reynt að fara rækilega í gegnum þau, eiga að leysa úr þeim vandamálum sem upp koma þannig að menn rjúka til og fara núna að selja Landssímann og einkavæða hann að hluta eða öllu leyti. Þá koma upp þær aðstæður að einkafyrirtæki, að hluta til a.m.k., hefur yfir að ráða þessu dreifikerfi. Að vísu á að veita öðrum aðgang að því kerfi en sá aðgangur er með ýmsum skilyrðum og skilmálum. Það er mjög líklegt að upp komi klögumál og deilumál og mér segir svo hugur um að Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun muni hafa nóg að gera á næstu

árum eftir að það rís, ég tala nú ekki um ef á að fara að beita heimildum um innheimtu jöfnunargjalda til þess að reyna að jafna einhvern veginn samkeppnisstöðu fyrirtækja sem eru þá komin inn á þetta eina fjarskiptanet sem einn af samkeppnisaðilunum á. Þetta er nú eitt.

Þó eru miklu alvarlegri hin nýju viðhorf og nýju hagsmunir sem að sjálfsögðu koma til sögunnar þegar fyrirtækið er orðið einkafyrirtæki og þarf að fara að skila eigendum sínum arði sem verður tekinn út úr rekstrinum og þegar það breytir um hugsunarhátt og hættir að líta á sig sem þjónustufyrirtæki almennings og fer að líta á sig bara sem gróðafyrirtæki. (Gripið fram í.) Þetta er reynslan víða. Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson ætti t.d. að kynna sér reynslu Nýsjálendinga af því að einkavæða (Gripið fram í.) símann og póstinn. Ég held að hv. þm. hefði gott af því að vita t.d. hvernig þjónustustigið hrundi þegar erlendu símfyrirtækin fóru að keppa á Nýja-Sjálandi og lögðu auðvitað fyrst og fremst áherslu á markaðina í stórborgunum og létu þjónustu við afganginn af landsbyggðinni og landsbyggðina mæta algjörum afgangi. (Gripið fram í.) Ég hef reyndar kynnt mér það hvernig þetta hefur gengið fyrir sig á hinum Norðurlöndunum, hv. þm. Ég er ekki viss um að ég kunni neitt mjög mikið verr á það en hv. þm. sjálfur, Kristján Pálsson, þó að hann sé auðvitað víða vel heima. Það er líka ólíku saman að jafna, aðstæðum í hinni flatlendu og þéttbýlu Danmörku, sem er þó þetta miklu fjölmennari þjóð en við erum, og því sem hér gildir.

Það sem er langalvarlegast og langmesta hættan í þessu er sú að frekari uppbygging og úrbætur í þjónustunni stöðvist úti um landið. Það ætti hvert mannsbarn að geta skilið að vegna hagsmuna fyrirtækjanna og samkeppninnar þá er hættan sú að menn leggi fyrst og fremst áherslu á markaðinn þar sem hann er stærstur og arðsvonin mest. Þar verður slegist en síðan láta menn hitt mæta afgangi. Og það er svo sem nógu bágt ástandið fyrir.

Það sem á að gera, herra forseti, er að beita Landssímanum sem opinberu og öflugu fyrirtæki til að bæta þetta kerfi, ljúka uppbyggingu þess, tengja t.d. alla þéttbýlisstaði við ljósleiðarann. Það er stórkostlegt vandamál og stórkostlegur þröskuldur fyrir þá þéttbýlisstaði að vera ekki tengdir ljósleiðaranum eða hafa fullnægjandi samband inn á hann og heftir það möguleika þeirra t.d. til þess að taka til sín fjarvinnsluverkefni eða nýta sér þá möguleika sem slíkt hefur upp á að bjóða.

Herra forseti. Ég fullyrði að það er aumlegt yfirklór að vísa að þessu leyti í fjarskiptalögin. Menn geta lesið þau og ég bið menn að benda mér á það hvernig það er skýrt og klárt og kvitt að hér sé að finna þau ákvæði sem muni tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar í þessum efnum. Ég bið um að mér verði bent á það. Og ef það er niðurstaða Framsfl. að gefast upp, leggja niður rófuna í málinu og hætta með þá hugmynd eða kröfu, sem vissulega var ein möguleg lausn í þessu ef menn þurftu að vera að vasast í Landssímanum á annað borð, að selja þá ekki grunnnetið, þá er það nú heldur snautleg magalending, verð ég að segja. Það er heldur snautleg magalending hjá þeim flokki og er hann nú að verða býsna rispaður kviðurinn á gömlu Framsókn eftir allar þessar magalendingar. Það verður að segja það bara eins og það er. Það er nú þannig, herra forseti.

Auðvitað er það ekkert vandalaus lausn. Sennilega er sá sem hér talar sá sem fyrstur fór að velta þessum möguleika fyrir sér og spyrja um hann þegar Pósti og síma sáluga var breytt í hlutafélag fyrir nokkuð mörgum árum síðan. Þá spurði ég þáv. hæstv. samgrh., ef farið yrði áfram í því máli og einkavæðing hafin — sem þá vel að merkja var lofað, svarið að væri ekki á dagskrá, kæmi ekki til greina — hvort selja ætti grunnnetið með. Mig minnir nú að þáv. hæstv. samgrh. hafi hváð og spurt: „Grunnnetið ha, hvað er það?" Ég fór þá að útlista hvaða merkingu ég legði í það orð, að það væri ljósleiðarinn, það væru örbylgjusamböndin, það væru tengistöðvarnar, það væru jarðstöðvarnar (**Gripið fram í:** Þú manst þetta skýrt.) og grunnbúnaðurinn sem þarna væri til staðar. (Gripið fram í.)

Auðvitað fóru menn þá að velta hlutunum fyrir sér eins og maður hefur oft síðan heyrt í umræðunni. Ég man að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, núv. forseti, ræddi mikið um þetta hér þegar síðan næsta lota í þessu máli fór af stað. Síðan hefur þetta þróast út í það að menn hafa verið með hugmyndir um þetta. Samfylkingin er með þessa stefnu núna, ef ég veit rétt, að það sé allt í lagi að einkavæða Landssímann en það eigi ekki að selja grunnnetið. Það finnst mér nú vera svona hálfgerð já, já – nei, nei-stefna „à la Framsókn". (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Jú, ég verð nú að segja það. Mér finnst hún nú heldur óskýr.

Framsfl. var á þessari línu og það var enn ein trúlofunin um tíma milli Samfylkingarinnar og Framsfl. En hún stóð stutt þessi. Hjónabandið í Evrópumálunum stendur enn þá. En það virðist hafa slitnað upp úr þessari stuttu trúlofun þeirra í Landssímamálinu núna fyrir nokkrum dögum og Framsókn er allt í einu búin að kasta hringnum og komin á fangið á gömlu kærustunni, Sjálfstfl., búin að gefast upp fyrir einkavæðingarliðinu í Sjálfstfl. Og hver er málsvörnin? Fjarskiptalögin sem lágu fyrir allan þann tíma sem Framsókn talaði um nauðsyn þess að selja ekki grunnnetið. Þetta er nú heldur aumingjalegt, herra forseti.

Auðvitað eigum við eftir að taka þessa lotu, væntanlega þegar lög koma hér sem heimila sölu Landssímans og ræðum það eins og það er. En vegna þess hversu stórt og mikið grundvallarmál hér er á ferðinni þá er engu að síður illa staðið að því að henda þessu svona inn hér á síðustu sólarhringum þinghalds fyrir jól áður en fjárlög eru afgreidd með engum upplýsingum um það hvernig eigi síðan að standa að þessu. Þó hin lögformlega vinna hefði verið eftir þá hefði að lágmarki átt að leggja til grundvallar niðurstöðu í hinni svokölluðu einkavæðingarnefnd sem þarna er verið að vísa til.

Herra forseti. Um bankana eru kannski enn síður forsendur að ræða vegna þess að það mál er allt í þoku. Það eina sem er vitað er að ætlunin er að keyra saman Landsbankann og Búnaðarbankann og selja síðan hlut í þeim banka og það eru ógæfuleg áform. Það er mikil óánægja meðal starfsmanna og öryggisleysi því að á bak við eru tiltölulega grímulaus áform um miklar uppsagnir á fólki. Auk þess eru þarna stór álitamál á ferð sem tengjast samkeppnisaðstæðum og öðrum slíkum hlutum.

Herra forseti. Síðan að lokum nokkur orð um jarðasöluáform hæstv. ríkisstjórnar og þá er spurningin hvort hæstv. landbrh. sé nokkuð á leið í húsið.

(**Forseti** (GÁS)**:** Því miður. Nú er það svo að hæstv. landbrh. ...)

Er hann á hestbaki einhvers staðar?

(**Forseti** (GÁS)**:** Hann er á Selfossi. Forseti veit ekki við hvaða aðstæður.)

Er hæstv. landbrh. kominn með fjarvistarleyfi?

(**Forseti** (GÁS): Ekki er það svo en hans er að vænta hér eftir kvöldmat.)

Þetta er mjög léleg frammistaða, herra forseti. Einn ráðherra var búinn að ganga hér á milli manna og semja um það að tekið yrði tillit til þess að hæstv. ráðherra hefði öðrum skyldum að gegna um miðbik dagsins, þ.e. hæstv. heilbrrh. Allir hafa virt það. Allir eru sammála um að virða slíkar aðstæður. En það er mjög lélegt að menn sem ekki hafa gert neinum aðvart um að þeir hefðu öðrum skyldum að gegna gufa héðan upp þegar búið er að óska viðveru þeirra við umræðuna, þ.e. hæstv. starfandi samgrh. sem jafnframt er sjútvrh., hæstv. landbrh. sem hefði mátt vita að menn hefðu áhuga á því að ræða hér nokkuð um hans málaflokk og aðrir hæstv. ráðherrar.

Það sem ég ætlaði að gagnrýna, herra forseti, alveg sérstaklega á málasviði hæstv. landbrh. er þessi furðulega stefna sem nú er komin upp í sambandi við jarðeignir ríkisins og að mestu leyti heyra undir hæstv. landbrh. af ýmsum ástæðum sem menn þekkja. Ég hef spurt eftir því af og til undanfarin missiri hvað líði einhverri stefnumótun hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum því mér finnst það mikið mál hvernig farið er með hinar sameiginlegu lendur, hinar sameiginlegu jarðeignir þjóðarinnar sem landbrn. að mjög miklu leyti fer með. Það er ekki bara eins og hverjar aðrar eignir eigi þarna í hlut. Þetta er hluti af landinu okkar, reyndar býsna drjúgur hluti af landinu okkar. Jarðnæðinu er þannig fyrir komið í landinu og réttarstöðunni að þessu leyti að það er í aðalatriðum þrenns konar: Það land sem enginn á og ríkið fer með fyrir hönd þjóðarinnar, þ.e. þjóðlendurnar. Það land sem er í beinni eigu ríkisins sem eiganda, þ.e. ríkisjarðir. Svo er það land í einkaeign.

Ég leyfi mér að spyrja: Á hvaða framtíðarstefnu hvílir sú hugsun að selja jarðeignir ríkisins handahófskennt og tilviljanakennt, hluta þær sundur og út í loftið? Það sama á við jarðeignir þegar í hlut eiga náttúruperlur eða ýmis slík verðmæti sem beinlínis er fjarstæða að ríkið láti úr sínum höndum. Þeir einu sem mögulega væru betur að því komnir að halda slíkt jarðnæði væru þá sveitarfélögin. En svo er ekki. Engin stefna hefur verið mótuð t.d. um að ríkið stefni að því, þegar það hentar betur, að bjóða sveitarfélögum upp á að taka við slíku jarðnæði, gera það t.d. í einhverjum makaskiptum eða þess háttar. Nei, þetta er handahófskennt og tilviljanakennt og því miður hefur það stundum virst vera allt að því klíkukennt þegar jarðir eru teknar og seldar, jarðir eru hlutaðar í sundur og bútar úr þeim seldir.

Í þriðja lagi og það sem er kannski verst, þar sem jarðir eru stundum seldar bara til þess að fjármagna rekstur einhverra stofnana sem þær eiga eða heyra undir. Mér sýnist t.d. að það sé að stefna inn á þá braut að jafnvel skólar landbrn. eigi að fjármagna sig að hluta til með því að selja undan sér lóðirnar. Er t.d. gáfulegt að Garðyrkjuskóli ríkisins, sem hefur mikil not af því að hafa land í kringum sig til ræktunar og tilrauna og þar sem nemendur og skólahaldið geta með ýmsum hætti gert sér gagn og mat úr því jarðnæði, sé neyddur til þess að fara að skipta því upp og selja hluta af því? Hver er hugsunin á bak við þetta, hæstv. forsrh.? Er það þannig sem menn sjá framtíðina fyrir sér að það sé markmið að koma þessu í hendur einkaaðila? Hvar er þá almannarétturinn? Hvar er hann? Hver á að standa vörð um almannaréttinn sem er því miður allt of veikur í réttarfari okkar?

Annars staðar Norðurlöndunum er þetta þannig að það skiptir minna máli þó að jarðnæði sé í einkaeign vegna þess að almannarétturinn er svo sterkur. Hver og einn getur farið um land þó í einkaeign sé og týnt ber og sveppi og þarf ekki að spyrja neinn leyfis. Það er meira að segja svo að vegna staðfesturéttarins geta menn komið sunnan úr Evrópu til Svíþjóðar, eftir að Svíþjóð gekk í Evrópusambandið, og týnt þar ber og hafa rétt til þess, þökk sé Evrópuréttinum. Sænskir jarðeigendur verða að gera sér það að góðu. Það eina sem berjatínslufólk má ekki gera er að fara inn á lóðir viðkomandi manna, afmarkaðar og girtar lóðir utan um heimili.

Þessu er ólíku saman að jafna hér. Almannarétturinn er þannig víða í kringum okkur að það er varinn réttur fólks til þess að fara meðfram öllum vatnsfarvegum og allri strönd. Hér eru þau ákvæði mjög veik. Þau eru mun veikari í íslenskum rétti. Þess vegna, herra forseti, skiptir meira máli hvort ríkið lætur þessar jarðeignir úr höndum sér eða ekki. Hvað með framtíðarafnot af slíku landi? Hvað með möguleika félagasamtaka ef ríkið missir úr höndum sínum allt það land sem það hefur haft? Ef allar ríkisjarðir verða meira og minna seldar á næstu tíu árum eða svo, en í það stefnir hér. Hverjir hafa verið í hópi stærstu notenda ríkisjarða aðrir en þeir sem hafa leigt þær til nytja, aðrir en þá bændur sem hafa leigt þær til nytja? Jú, það eru ýmis félagasamtök, útivistarfólk, skógræktaráhugafólk og margir slíkir, og sem í vaxandi mæli hefur verið sú tilhneiging í gangi að þeir gætu haft aðgang að eða afnot af þessu landi. Það er verið að girða fyrir alla slíka möguleika. Verið er að takmarka stórkostlega möguleika þjóðarinnar til framtíðar litið til að njóta landsins með þessum hætti. Það er það. Það er algjörlega borðleggjandi að það sem gerist er að einkaaðilarnir setja upp skilti, loka vegunum, einkavegur – umferð bönnuð, o.s.frv. Það hefur alls staðar gerst. Möguleikar nálægra búenda til að nýta jarðir, til beitar eða slíkra hluta, takmarkast og skerðast. Þetta er bara reynslan alls staðar þar sem þessir hlutir gerast og það vita menn.

Samt er engin umræða um það að ríkisstjórnin veður áfram í þessum efnum. Í fjárlagafrv. er leitað 45 heimilda til þess að selja lóðir, jarðir eða hluta úr jörðum sem er kannski skrýtnast af þessu öllu. En það er ekki nóg því hér bætast við, herra forseti, líklega einar 12, 14 í viðbót, í breytingartillöguskjali meiri hluta fjárln. Sumt eru jarðir sem maður undrast mjög að sjá þarna taldar upp. Það t.d. að selja jörðina Reykjakot II í Ölfusi í Árnessýslu. Ef ég veit rétt er einhver hugsun á bak við það, a.m.k. eitthvað af þeim jörðum sem Garðyrkjuskólinn hefur haft, að þær eigi að selja til þess að afla ríkissjóði tekna.

Herra forseti. Ég og hv. þm. Jón Bjarnason höfum líka aðeins verið að skoða hvernig stofnunum landbúnaðarins reiði af í þessu fjárlagafrv. Kannski þar sé að einhverju leyti komin skýring á mikilli eignasölu, jarðeigna sem heyra undir landbrn. Það er alveg augljóst mál þegar það er skoðað að útkoma landbrn. í þessu fjárlagafrv. er alveg sérstaklega léleg. Það er alveg ljóst að landbrn. er það ráðuneyti sem af einhverjum undarlegum ástæðum hefur fengið nánast sáralítið af beiðnum sínum fram eða bara aldrei komið þeim til skila. Það er alveg augljóst mál t.d. varðandi málefni landbúnaðarskólanna, að það er mjög illa fyrir þeim séð. Þar er mikill óleystur vandi. Á sama tíma og ýmislegt hefur flotið yfir yfirfallið hjá hv. meiri hluta fjárln., auðvitað yfirleitt til góðra verkefna, er nánast ekkert gert til að lagfæra stöðu stofnana sem heyra undir landbrn. Hver er ástæðan, herra forseti? Er það vegna þess að hæstv. landbrh. er svona slappur? Hvar er hæstv.

landbrh.? Er hann bara alltaf á Selfossi? Hefur hann ekkert reynt að koma málum sínum áfram við fjárlagagerðina og fá til þess tilstyrk? Var fjárln. svona sérstaklega níðingsleg við hæstv. landbrh.? Getur hv. formaður fjárln. svarað því? Hverju sætir þessi sérstaki nánasarskapur í garð landbrh.? Hvers vegna þessi níðingsskapur í garð landbrh., hv. þm. Jón Kristjánsson? Af hverju fá stofnanir landbúnaðarins svona sérstaklega hraklega útreið í þessu frv.? Er það vegna þess að landbrh. er svona slappur bara yfirleitt? Eða er það vegna þess að hann hafi mætt alveg óvenjuósvífinni andstöðu hjá meiri hluta fjárln.? Af hvaða sökum er það þá, eða hvaða skýringar aðrar kunna að vera á þessu?

Það er von að spurt sé því það þarf ekki að fara lengi yfir fjárveitingarnar á þessu sviði til að sjá að þarna kveður við allt annan tón en hjá flestum öðrum málaflokkum ríkisstjórnarinnar. Er það hæstv. fjmrh. sem er svona í nöp við hæstv. landbrh. að hann hafi fryst hann úti (Gripið fram í.) með fjárveitingar til landbúnaðarmála? Það er alveg augljóst mál að stofnanir landbúnaðarmála fá þarna hraklega útreið borið saman við flestar aðrar og það er nánast ekkert gert, hvorki brtt. né annað og var þó frv. sjálft nógu lélegt til þess að bæta þarna úr.

Það er mikill skaði, herra forseti, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér til að ræða málin, hann gæti a.m.k. haldið eina af sínum alkunnu 17. júní-ræðum hér, að vísu mjög líklega um allt annað efni en það sem væri á dagskrá en það gerir ekkert til því það er alltaf gaman að heyra himinskautaræður hæstv. landbrh. þó þær séu yfirleitt um eitthvað annað en það sem var á dagskrá og spurt var um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég ætla að lokum aðeins að nefna brtt. sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum, að hluta til ein og að hluta til þingmenn úr okkar röðum með þingmönnum Frjálslynda flokksins. Það sem ég ætla að gera sérstaklega grein fyrir er sú tekjuöflun sem við leggjum til að verulegu leyti á móti þeim útgjöldum sem eru fólgin í brtt. okkar. Það er svo að heildarupphæð brtt. sem þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs flytja og/eða eiga aðild að með þingmönnum Frjálsl. fl. eru upp á um 4 milljarða kr. Við leggjum til tekjuöflun á sérstöku breytingartillöguskjali, þskj. 480, upp á 3 milljarða. Það vantar þar einn milljarð upp á, gott og vel, við viðurkennum það, en það er líka sjónarmið okkar að kannski skipti ekki svo sköpum hver niðurstöðutalan verður nákvæmlega að þessu leyti, að það sé nánast og auðvitað svo langt innan skekkjumarka hvort afgangurinn er einum milljarði kr. meiri eða minni, þegar tekjuhlið fjárlaganna er komin upp í 250 milljarða eða hvað það nú er.

Við leggjum til að tekna sé í fyrsta lagi aflað með nokkru álagi á hátekjuskatt og það skili 300 millj. til viðbótar þeim 1.670 sem tekjugrein fjárlagafrv., vel að merkja hér er ekki verið að tala um endanlega áætlun samkvæmt breytingartillöguskjali heldur fjárlagafrv., var ætlað að gefa. Þarna er því ekki verið að tala um stórfellda hækkun.

Við leggjum til að skattur á fjármagnstekjur verði hækkaður þannig að hann skili 800 millj. kr. í viðbót.

Við leggjum til að tekjuskattur lögaðila verði nokkuð hækkaður þannig að hann skili 1.200 millj. kr. í viðbót við þá 12,5 milljarða kr. sem honum er ætlað að skila samkvæmt fjárlagafrv.

Við leggjum til að áfengisgjald sé hækkað um 300 millj. kr. og það fari úr 6.448,5 millj. kr. upp í rúma 6,7 milljarða.

Við leggjum að síðustu til að liðurinn 5.1.2.5 Hagnaður af einkasölu, þ.e. sá hluti hans sem undir það fellur og er álagning á tóbak, verði hækkaður um 400 millj. kr.

Þannig dreifist þessi tekjuöflun, herra forseti, bæði á einkaaðila og fyrirtæki. Hátekjufólk og fjármagnseigendur sem og lögaðilar sem hafa úr hagnaði að spila mundu leggja sitt af mörkum og sömuleiðis yrði, og þar er ekki síður verið að hugsa til forvarnagildis og heilbrigðismála, aflað nokkru meiri tekna með hækkun, bæði áfengisgjalds og tóbaks.

Enginn vafi er á því, herra forseti, að ástæða er til að reyna að sporna við óhóflegri notkun þessa hvors tveggja, flestir viðurkenna að eitt stórfelldasta heilbrigðisvandamál nútímans eru reykingar og mikil tóbaksnotkun. Þar er kannski alvarlegast stórauknar reykingar kvenna á seinni árum, sem ýmsir óttast að muni vera ávísun á mikinn faraldur, aukna tíðni krabbameins og fleiri sjúkdóma á komandi árum, því miður. En þar hefur þróunin orðið sú að nokkuð hefur dregið úr reykingum karla en reykingar kvenna hafa því miður aukist verulega á móti.

Þetta eru brtt. okkar, herra forseti, og eins og áður sagði, mundu þær skila 3 milljörðum kr. og þar af leiðandi að verulegu leyti mæta þeim útgjöldum sem leiddi af brtt. sem við flytjum, eða eigum aðild að, jafnvel þó þær væru allar samþyktkar sem auðvitað væri nú skynsamlegast að gera.

Um þessi fjárlög að lokum, herra forseti, held ég að það séu nokkur ár síðan að jafnmikil óvissa hefur verið uppi varðandi forsendur fjárlaga og ég spái því, ætla að reyna að gerast sá spámaður, því miður kannski, að ég verð að segja það eins og er að ég met hættuna á því að forsendur þessara fjárlaga þegar kemur inn á næsta ár eigi eftir að reynast ótraustar í verulegum mæli, miklar. Þetta séu allveruleg óvissufjárlög, þetta sé talsvert ferðalag út í óvissuna sem hæstv. fjmrh. með fjárlög sín er hér að leggja upp í. Það er auðvitað slæmt því betra væri ef hlutirnir væru með öðrum hætti og það væri á traustari grunni að byggja en nú er.

Það þarf ekkert annað til sannindamerkis um þetta heldur en þær þó breytingar sem orðnar eru í mati á þjóðhagsforsendum, bara frá því í september og þangað til nú, sem rök til þess að undirbyggja þessa fullyrðingu. Það er bara einfaldlega því miður þannig að það blasir við okkur að við erum að fjalla um þessi mál við meiri óvissu en verið hefur um nokkurt árabil.

[18:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði það að umræðuefni hve við í meiri hluta fjárln. hefðum verið skítlegir við landbrn. En ég vildi láta koma fram að framlög til landbrn. hækka um 12,9% og það er þriðja í röðinni hvað hækkanir snertir, félmrn. fær mestar hækkanir vegna tilfærslu verkefna til sveitarfélaga. Samgrn. fær einnig meiri hækkun vegna þess að vegamál og hafnarframkvæmdir sem var frestað á síðasta ári koma inn í ár en þegar því sleppir er landbrn. með mesta hækkun af ráðuneytunum. Við höfum nú ekki verið verri en þetta.

Ég tók það fram í ræðu minni í dag að tilteknar stofnanir væru til skoðunar. Ég vildi láta þetta koma fram til að forðast allan misskilning í þessu að við hefðum verið að þjarma eitthvað sérstaklega að landbúnaðarmálum.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. vilji reyna að verja meiri hluta fjárln. en hv. þm. veit vel að það er ekki nema hálf

sagan sögð með því að nefna þessa prósentu þarna. Vel kann að vera rétt að landbrn. sé í þessum skilningi þriðja í röðinni, en það á sér þær skýringar sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti og viðurkenni að séu réttar, að þessi aukning er fyrst og fremst til tveggja þátta, þ.e. til skógræktar og svo eitthvað lítillega kannski til landgræðslu. Það hefur lengi legið fyrir að þar væri stefnt í aukningu bæði vegna kolefnisbindingarinnar margfrægu og landshlutabundinna skógræktarverkefna sem búið er að setja lög um og setja af stað. Að hinu leytinu er aukningin leiðréttingar vegna nýlega gerðra búvörusamninga. Það er einfaldlega verið að reikna það betur út á grundvelli nýjustu upplýsinga hvað þarf til að standa við samningsbundinn hlut ríkisins í þeim efnum. En það sem ég var sérstaklega að gera að umtalsefni voru stofnanir landbrn., þ.e. rannsóknastofnanir og skólar landbrn. Ég fullyrði að þar hefði þurft að gera miklu betur. Og það er ámælisvert að mínu mati að þessar stofnanir sem standa veikt og hefðu þurft á öllu öðru að halda en því að vera sérstaklega grátt leiknar við fjárlagagerðina — þær eru úti á landsbyggðinni og það hefði verið kjörið tækifæri fyrir ríkisstjórnina að reyna frekar að efla þær heldur en hitt — fá þarna ekki nógu góða úrlausn og það er það sérstaklega, herra forseti, sem ég átti við.

[18:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. 3. þm. Norðurl. e. segir að hækkanir eru vegna búvörusamningsins, þær eru vegna skógræktar, en það hefur verið gert myndarlegt átak í þessum málum báðum, og til þess að gera það átak þarf fjármagn. Það er ljóst.

Varðandi Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þá var aukafjárveiting til hans og síðan á að vinna áfram að hans málum. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í dag hvaða áform eru um það efni og ég tel að það eigi að vinna þannig að þeim að skólinn verði efldur. Það er ætlun okkar með Hólaskóla einnig, en þar vorum við með fjárveitingar á fyrra ári til að styrkja stöðu skólans.

Hvað Skógrækt ríkisins varðar þá eru söluheimildir fyrir hendi sem ég hef þegar gert grein fyrir og ætla ekki að endurtaka í þessu andsvari mínu. En ég tel mikilvægt varðandi landbrn. að þar hefur verið gert gríðarlega myndarlegt átak í skógræktarmálum og einnig þarf verulegt fjármagn í búvörusamninginn til þess að standa við hann. Það tel ég langmikilvægasta málið í þessu efni, en ég dreg ekkert úr því og er sammála hv. þm. að auðvitað þurfa stofnanir landbúnaðarins að hafa tilverugrundvöll og það er langt í frá að meiri hluti fjárln. sé þeirrar skoðunar að svo eigi ekki að vera.

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við að bæta. Ég skil vel að hv. þm. reyni að berja í brestina, en ég er hér með í höndum fjárlagafrv. og samkvæmt því lækka fjárveitingar til þessara stofnana og ég hef ekki orðið var við tillögur þar til úrbóta sem neinu næmi þannig að ég hlýt því miður að standa við það sem ég hef áður sagt. Ég tel að útkoma þessara stofnana, rannsóknastofnana og skóla undir landbrn., sé mjög slæm.

[18:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrir mörgum árum var sá sem hér stendur í því virðulega embætti að vísa til sætis í Austurbæjarbíói í tvö ár. (**Gripið fram í:** Í Austurbæjarbíói?) Það hét það þá. Ég get sagt þér hvar það er. Hv. þm. er utanbæjarmaður náttúrlega. Og þá man ég til þess að það gerðist með kvikmyndirnar að stundum voru fáeinar sýningar eftir og svo var síðasta sýning og svo var allra síðasta sýning og svo var allra, allra síðasta sýning og svo allra, allra, allra síðasta sýning. Þetta datt mér í hug vegna þess að ég var næstur á mælendaskrá eftir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Fyrir 20 mínútum síðan sagði hann: „Að lokum þetta, herra forseti". Svo sagði hann þetta átta sinnum. (**Gripið fram í:** Taldirðu?) Ég taldi. Hann gengur því lengra í þessu en þeir í Austurbæjarbíói sem stóðu sig þó ákaflega vel. Og alltaf kom eitthvað mjög merkilegt í hverri nýrri tilkynningu um það að hv. þm. væri að ljúka máli sínu. En ég þakka honum fyrir hversu ítarlega og vel hann fór yfir þetta.

Hv. þm. vék nokkuð að mér í spjalli sínu og það hafa sumir aðrir hv. þm. gert hér fyrr í dag. Sérstaklega hafa menn rætt um þá spá sem Þjóðhagsstofnun lét nýlega í té og var í rauninni aðeins endurnýjun á mjög ungri spá frá þeirri ágætu stofnun og var nú ekki mjög margt nýtt sem þar kom fram í sjálfu sér. Þó hafa menn einkum rekið hornin í tvennt, þ.e. annars vegar hækkun á verðbólguspá eða verðlagsspá og hins vegar það sem menn lásu út úr skýrslunni, bersýnilega við mjög hraðan lestur því skýrslan var ekki nema tvær eða þrjár síður, að spáð væri auknum viðskiptahalla. Þetta seinna er ekki í skýrslunni. En það má segja þeim mönnum til hróss sem þetta lásu úr skýrslunni að þeir hafa svo mikla tiltrú í þjóðfélaginu að flestir fjölmiðlar tóku þetta upp og fullyrtu að spáð væri auknum viðskiptahalla. En það er ekki gert í skýrslunni. Það koma að vísu fram í neðanmálsgreinum skýringar á því að Þjóðhagsstofnun hafi tekið upp annan hátt í fyrri skýrslum sem hún breytir núna, sem varðar meðferð á vöxtum af eignum Íslendinga erlendis. Seðlabankinn er andvígur þeirri uppfærslu og þess vegna fellur Þjóðhagsstofnun í hið gamla far og við það breytast þessar tölur. Það hefur ekkert með viðskiptin að gera. Þau hvorki minnka né stækka innan lands eða til útlanda. Ef menn hefðu lesið allar þessar þrjár síður áður en þeir töluðu í 20–30 vélrituðum síðum eða svo um málið, hefðu látið það eftir sér að lesa allar þessar þrjár síður, þá hefði þeim ekki orðið þetta á í messunni að þessu leyti til og fullyrt alls konar hluti sem fjölmiðlar hafa síðan tekið eftir þeim og munu náttúrlega fyrir vikið treysta þeim lakar næst þegar þetta kemur upp.

Af því að við þingmenn viljum hag lands og lýðs sem bestan og erum ekki í einhverju gleðiskapi ef við fáum vond tíðindi, þá ætti það nú að gleðja okkur mest við að lesa þessa skýrslu Þjóðhagsstofnunar að staða efnahagsmála er staðfest þar sem sterk og er í öllum grundvallaratriðum sterk og traust um þessar mundir. Meira að segja kemur fram að hagvöxturinn á þessu ári er meiri en Þjóðhagsstofnun hafði áður gert ráð fyrir. Enn fremur kemur fram, sem hlýtur að teljast jákvætt, að útflutningur er nú talinn verða meiri en áður var spáð, bæði á þessu ári og á hinu næsta ári. Og það sem kemur fram með þessa þróun má ekki síst rekja til áframhaldandi mikils vaxtar hjá þeim greinum sem hafa verið kallaðar að teljast til hins nýja hagkerfis sem við höfum bundið vonir við. Þetta kemur allt fram í töflunum og skýrslunni. En menn hafa ekkert minnst á það, öll þessi meginatriði sem skipta höfuðmáli fyrir land og lýð.

Síðan kemur aftur verðlagsspáin. Menn geta velt henni fyrir sér. Þar kemur fram að Þjóðhagsstofnun styðst við hina gömlu formúlu hvað þetta varðar, að þegar gengið breytist

þá muni verðlag hækka eftir nokkurn veginn fastmældu, öruggu kerfi. En þá er nú dálítið athyglisvert að horfa til þess hvernig gengið hefur breyst frá nóvember til þessa dags. Frá maí þegar það var hæst til nóvember, eða til þessa dags í desember, hefur gengið breyst um 10%. Samkvæmt gömlu tölunni, þumalfingurstölunni, hefði verðlag af þessum sökum átt að hækka um 4%. Og hvað hefur það hækkað um af þessum sökum? Um 0,7%. Þetta er vegna þess að við búum við allt aðra samkeppnisstöðu en áður fyrr. Við búum líka við lægri verðbólgumælikvarða sem verður til þess að menn fylgjast betur með verðlagi en áður fyrr. Það var erfiðara áður fyrr. Fram til þessa dags hafa því afleiðingar af sigi krónunnar um 10% frá því það var hæst í maí, verið 0,7%, ef við sleppum bensíni úr þessum reikningum.

Þjóðhagsstofnun gerir síðan ráð fyrir því að gengið verði óbreytt frá því sem það er nú og virðist því áætla að þessar gengisbreytingar frá því í maí muni allar skila sér á örfáum mánuðum næsta árs og síðan verði nánast engin hækkun upp frá því og verðlag bara slétt og fellt. Þetta má lesa úr þessari könnun ef menn vilja gera það.

Út af fyrir sig ekkert að finna að spánni í sjálfu sér. Hún byggir á þessum gömlu aðferðum og menn hafa ekki breytt um aðferð þrátt fyrir að reynsla okkar allt frá 1993 sýni allt aðra sögu varðandi þróun gengis annars vegar og verðlags hins vegar. Við stóðum að því sum hver hér í þessum sal að breyta gengi meðan við réðum þessu og gerðum það með handstýringu öfugt við það sem nú er gert. Ef við breyttum gengi um 7,5% niður á við var gert ráð fyrir því að það hefði áhrif upp á 3% í verðbólgu samkvæmt þessari gömlu reglu. Eins og við munum þá gerðist það ekki. Það gerðist ekki og var afskaplega athyglisvert. Það sem þar skipti mestu máli var aukin samkeppni. En það er einnig orðið þannig sem ekki var áður að fyrirtækin, innflytjendur og aðrir slíkir, verja sig gagnvart gengisbreytingum, tryggja sig fyrir fram gagnvart gengisbreytingum, þannig að afleiðingarnar verða ekki þær sömu og áður var.

Fram að þessu höfum við haft hvað mestar áhyggjur af því hver þenslan kynni að vera í þjóðfélaginu. Nú er varla hægt um það að deila að flestar nýlegar vísbendingar um efnahagsþróun eru í átt til þess að eftirspurn í hagkerfinu fari nú mjög minnkandi, ekki síst í því sem varðar neyslu og að verðbólga fari af þeim sökum m.a. fremur minnkandi, ef menn taka þann útreikning sem eingöngu er bundinn við verðbólgukipp út af gengisbreytingum sem hafa orðið frá því í maí sl. þegar gengið reis hæst.

Við sjáum að olíuverð fer nú loks lækkandi. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ekki ráð fyrir því. Hún tekur það ekki inn í sína reikninga að olíuverð breytist nú í heilt ár. Olíufélögin lækkuðu meira að segja verðið nú fyrir ekki löngu. Það mun auðvitað mælast í vísitölu. Verð á olíufati er nú komið úr 36 dollurum niður í 28 sem er heilmikil breyting. Flestar alþjóðaspár gera ráð fyrir því að olíuverð fari lækkandi á næsta ári.

Í verðlagsspánni er ekki gert ráð fyrir breytingum á fasteignaverði, óbreytt fasteignaverð. En allar upplýsingar sem við höfum í augnablikinu benda til þess að fasteignaverð fari nú lækkandi. Staðan á fasteignamarkaðinum hefur gjörbreyst og menn búast við lækkun á fasteignaverði á næstu mánuðum fremur en hækkun, miklu fremur lækkun en hækkun. Og auðvitað munu aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi einkavæðingu vera til þess fallnar að treysta stöðu gjaldeyrissjóðs okkar og ekki er vafi á því að slíkar ákvarðanir hafa jákvæð áhrif á þróun efnahagslífsins sem heildar.

Það er þess vegna alveg rétt sem var haft eftir hæstv. utanrrh. á fundi, hygg ég í gær, að þær aðgerðir í einkavæðingarmálum hefðu jákvæð áhrif á þróun efnahagsmála og það væri ein af ástæðunum fyrir tímasetningunni að ákveða sölu á eignum einmitt núna. Því auðvitað eiga menn að selja eignir, ef menn ætla að selja eignir ríkisins, á tímum sem eru hagfelldastir fyrir það efnahagsástand sem við búum við á hverjum tíma. Ég tek algjörlega undir þau sjónarmið sem þarna var vitnað til að höfð væru eftir hæstv. utanrrh.

Menn hafa haldið því fram að ég hafi jafnan gert lítið úr viðskiptahallanum. Það má vitna til margra orða í ræðum sem ég hef flutt þar sem ég hef nefnt viðskiptahallann sérstaklega til sögunnar, að vísu get ég þess að oftast nær hafi verið viðskiptahalli hér á landi, langoftast, þó að þau ár hafi komið að viðskiptaafgangur hafi verið. Þó að það hafi ekki oft verið þá hefur það einmitt gerst núna eða fyrir fáeinum árum.

Ég hegg eftir því að menn vilja gera lítið úr því þegar sagt er að viðskiptahalli geti verið margvíslegur og af margvíslegum rótum sprottinn og það skipti máli við hvers konar ríkissjóðshalla menn búa. Þannig hef ég sagt að ríkissjóðshalli sem drifinn er áfram af vitlausum fjárfestingum ríkisins (Gripið fram í.) sé negatífur halli en viðskiptahalli sem mótast af því að ríki og einkaaðilar gera skynsamlegar ráðstafanir sé jákvæður viðskiptahalli vegna þess að hann er að byggja upp og búa í haginn fyrir framtíðartekjur þjóðarinnar með nákvæmlega sama hætti og gert er af hálfu fyrirtækja og fólks. Menn hafa stofnað sér í skuldir vegna þess að þeir fara í arðbærar framkvæmdir, reistar á skynsamlegu mati á því verkefni og það hefur ýtt undir vöxt og viðgang. Þess vegna finnst mér það afskaplega þýðingarmikið að menn hafi í huga hver samsetning viðskiptahallans er.

Á síðasta ári var mikil þensla í efnahagslífinu, launahækkanir voru miklar, eftirspurn eftir vinnuafli var mikil eins og menn vita. Auðvitað gætti alls þessa í auknum innflutningi sem ekki síst mátti rekja til aukins innflutnings á neysluvörum. Það voru neikvæð tákn í umræðum um viðskiptajöfnuð.

En þetta hefur alveg breyst. Þetta hefur algjörlega snúist við. Þeir sem voru að lesa töflurnar og lásu svo óskýrt virðast ekki hafa haft hugmynd um að þetta hafi algjörlega breyst.

Fyrstu tíu mánuði þessa árs hefur innflutningur aukist um 15 milljarða kr. Þar af skýrir innflutningur neysluvöru einungis hálfan milljarð kr. eða um 5%. Það sem eftir stendur stafar af innflutningi rekstrarvöru og fjárfestingarvöru. Með öðrum orðum neysluæðinu, sem hefur verið kallað svo, virðist vera lokið. Það var hinn neikvæði þáttur uppbyggingar á viðskiptahalla. Það er afar þýðingarmikið að menn þekki til þessara grundvallarreglna áður en þeir fara að hafa uppi stór orð um spár sem þeir hafa ekki einu sinni lesið í gegn. Það er nauðsynlegt að lesa þær í gegn en síðan er þýðingarmikið að þekkja til nokkurra grundvallaratriða um túlkun á slíkum spám.

Það er þýðingarmikið að menn horfi á það að allar grundvallarundirstöður efnahagslífsins eru um þessar mundir traustar. Og ef þær eru traustar þá á ekki að segja við fólk að þær séu ekki traustar. Ef verðlag á mörkuðum okkar er hagstætt, ef helstu undirstöður okkar eins og í sjávarútvegi eru reknar á traustum grunni, fiskstofnarnir standa sæmilega, þá á ekki að segja að þær standi einhvern veginn öðruvísi. Ef þeir þættir sem lúta að hinu nýja hagkerfi eru að skila

okkur fjölmörgum nýjum tækifærum og nýju fjármagni þá eiga menn ekki að láta líta svo út að þeir séu ekki að gera það. Það er þvert á móti skylt, bæði rétt og skylt að segja þjóðinni frá þessu.

Það er af þessum ástæðum sem ég er bjartsýnn um hag þjóðarinnar. Og þó að sumir hafi gripið þessa spá Þjóðhagsstofnunar um verðlagsbreytingu og ekki lesið fyrirvarana sem hún hefur í þessum efnum — og þá sleppi ég þeim mistökum sem þeir hafa gert varðandi viðskiptahallann — og grípa þetta sem eitthvert haldreipi um að hér sé allt að fara í ógöngur þá eru menn ekki að tala réttu máli og eru ekki að leggja fram jákvætt innlegg í þróun íslensks efnahagslífs.

Auðvitað er það mjög jákvæð þróun í efnahagslífi okkar að við skulum hafa getað fjármagnað með gjaldeyrisvarasjóði okkar inneignir erlendis upp á nálega 200 milljarða kr., það stefnir í að vera heil fjárlög sem við höfum þar. Þar hlaðast á vextir sem síðar meir með afborgunum munu skila sér hingað heim og vera viðvarandi styrking í gjaldeyrisvarasjóð okkar. Auðvitað er það fagnaðarefni fyrir okkur að sjá slíkt gerast, slíkt hafði aldrei áður gerst. Og gengið og okkar litli gjaldeyrisvarasjóður hefur risið undir öllu þessu og fjölmörgu öðru sem mikilvægt er.

Við sjáum að bankakerfið hefur farið að með miklu meiri varúð nú en það gerði á sínum tíma og staðan í bankakerfinu er miklu betri nú en stundum áður. Þannig er lausafjárstaða bankanna mjög viðunandi um þessar mundir sem er afar þýðingarmikið og erlend skammtímalán þeirra hafa minnkað mjög frá því sem þau voru hæst, sem er afskaplega þýðingarmikið efnahagslega. Allir þessir þættir eru því mjög jákvæðir.

Auðvitað hefur það mikla þýðingu að hæstv. fjmrh. skuli leggja fram frv. með mjög miklum afgangi. Við tölum um tölur í fjárlagafrv. samkvæmt því fyrirkomulagi sem við höfum nú á uppfærslu frumvarps að fjárlögum. Við gerðum þetta með öðru móti áður fyrr, þá skiluðu reikningarnir sér miklu síðar inn. Og meira að segja við þær aðstæður voru menn að reka ríkissjóð með stórfelldum halla, stórkostlegum halla og byggja þar með upp óvarlega stöðu fyrir komandi kynslóðir. Það erum við ekki að gera um þessar mundir og það er mikið fagnaðarefni.

Spá Þjóðhagsstofnunar gefur því ekkert tilefni til þess að menn séu með þau viðbrögð, þau óábyrgu viðbrögð sem þeir hafa haft uppi, vonandi eingöngu vegna vanþekkingar í tilefni af þeirri spá.

[18:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma inn í umræðuna. Það er nauðsynlegt að hann skýri ýmislegt sem hann hefur verið að segja og það hefur hann gert með vissum hætti.

Ég er svo stálheppinn að ég er næsti maður á mælendaskrá þannig að ég mun þá ræða ýmislegt sem tengist því sem hann sagði, viðskiptahalla og öðru slíku, en það er eitt sem hæstv. forsrh. sagði sem ég hnaut um. Hann sagði: Öll grundvallaratriði efnahagslífsins eru traust. Hæstv. utanrrh. hefur hins vegar sagt að hættumerki séu uppi og að vextir séu óviðunandi. Talsmaður Framsfl., hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur sagt að viðskiptahallinn sé beinlínis skaðlegur. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Er hann sammála þessu eða er ágreiningur uppi um stjórn efnahagsmála innan ríkisstjórnarinnar?

[18:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur um stjórn efnahagsmála innan ríkisstjórnarinnar. Ég er auðvitað sammála hæstv. utanrrh. um að nauðsynlegt er að vaxtastig sé sem hagfelldast og í mestu jafnvægi og í samræmi við það sem annars staðar gerist. En við höfum gert nákvæmlega sama og til að mynda Bandaríkjamenn gerðu. Þegar þenslueinkenni voru í þjóðfélaginu þá hækkuðum við vexti, ekki vegna þess að við teldum, hvorki ég né hæstv. utanrrh., að í sjálfu sér væri æskilegt að hækka vexti, við höfðum verið að berjast fyrir því að hafa vexti lága. En við samþykktum fyrir okkar leyti, þó að það sé hlutverk Seðlabankans, að vextir hækkuðu til þess að slást við þensluna. Og þetta er að bera árangur.

Við verðum að gá að því að vaxtahækkanir eru langtímaaðgerðir. Slíkar hækkanir virka ekki á einum degi. Það tekur tíma að vaxtastigið hafi þau áhrif sem að er stefnt og við sjáum að að því er stefnt. Þá er auðvitað þýðingarmikið, þegar efnahagslífið hefur náð þessu jafnvægi sem við höfum verið að kosta kapps við að ná, að stuðla að því að vextir lækki. Þetta er tæki sem Seðlabankinn með samþykki ríkisstjórnarinnar beitir á tilteknu skeiði til þess að halda niðri þenslunni. En að sjálfsögðu er okkur báðum, mér og hæstv. utanrrh., keppikefli að vextir lækki eftir að þessi mjúka lending hefur náðst sem við erum nú óðfluga að stefna í.

[18:56]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur eftir að hæstv. utanrrh. hefur sagt að hættumerki séu uppi í efnahagslífinu. Það stendur eftir að hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., sem er talsmaður Framsfl. í þessari umræðu, hefur talið það upp að hættumerki séu fólgin í viðskiptahallanum, í vöxtunum, í verðlagsmálum og varðandi gengið líka. En hins vegar kemur hæstv. forsrh. hér og segir að það sé allt í lagi. Hann er í reynd að segja að það sé ekkert að í efnahagsmálunum og hann er að segja að það séu engar breytingar sem komi fram í þessari þjóðhagsspá. Það er auðvitað tóm vitleysa, herra forseti. Þar kemur fram t.d. að viðskiptahallinn er enn að hækka og hann er líka að hækka þó að gamla uppgjörsaðferðin hefði verið notuð.

Það sem skiptir máli, herra forseti, er að bersýnilega er ágreiningur á milli Framsfl. og Sjálfstfl. varðandi það hvað er að gerast í efnahagsmálunum. Talsmenn Framsfl. hafa sagt ákaflega skýrt mörgum sinnum síðustu daga að hættumerki séu uppi en hæstv. forsrh. kemur og segir að það sé allt í fínu lagi, allt sé á góðu róli. Herra forseti. Það er ekki von til þess að fólk hafi traust á slíkri ríkisstjórn.

[18:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel reyndar ekki að þessi ræða sé líkleg til að vekja traust á viðkomandi en við skulum sjá.

En auðvitað er það þannig að þegar ég hef verið að lýsa því hvað þyrfti að gerast varðandi vextina með sama hætti og hæstv. utanrrh. til að slá á þenslu — okkur hefur mislíkað hve þenslan hefur verið mikil og höfum verið að vinna að því að slá á hana með aðgerðum af þessu tagi. Á sama hátt höfum við talið nauðsynlegt við þessar aðstæður að hafa verulegan og mikinn afgang á ríkissjóði af því að það voru ákveðin hættumerki sem ég hef margoft tekið fram. Það er þess vegna sem við erum að gera það. Það er ekki til gamans að við neitum fjölmörgum góðum tillögum hér um eyðslu

og útgjöld. Það er vegna þess að við erum sammála um að þetta beri að gera.

Og á nákvæmlega sama hátt og hæstv. utanrrh. sagði á fundi í hádeginu í gær, hygg ég vera, eða í fyrradag, þá erum við að velja tímann til einkavæðingar á þessum stóru fyrirtækjum vegna þess að við teljum að það vinni gegn þeim hættupunktum sem menn hafa séð. Ég hef sagt að þær aðgerðir sem við gerum séu þess eðlis að við bregðumst við aðvörunarmerkjunum, þess vegna er engin stórhætta á ferðum. Rétt eins og sjúklingur sem fær einkenni um lasleika á einhverjum stöðum fær sína meðferð og aðgerðirnar virka. Við, hæstv. utanrrh. og ég, erum hjartanlega sammála um öll þessi atriði. Ég veit að það hryggir hv. þm. en þannig er þetta. Menn eru sammála um þau meginviðhorf hvernig bregðast eigi við hvað þetta varðar.

[18:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. segir hér allt í lukkunnar velstandi, neysluæðinu virðist lokið, segir hann. Ég er ekki alveg viss um að neysluæðinu sé lokið hjá efnafólkinu sem hefur helst tekið þátt í því æði, ég er ekki viss um að það hafi lokið sér af.

Hæstv. forsrh. verður tíðrætt um þumalputtareglur í hagfræði. Hæstv. forsrh. varð frægur að endemum fyrir að beita þumli sínum við áætlanagerð sem borgarstjóri í Reykjavík. Þumallinn borgarstjórans reyndist hvorki honum né borgarbúum góður vegvísir og vísa ég þar í áætlanagerð við Perluna og Ráðhúsið svo dæmi sé tekið.

Ég hef áður heyrt útreikninga og vangaveltur hæstv. forsrh. á viðskiptahallanum og breyttu eðli hans. Ég heyrði þær útskýringar þegar viðskiptahallinn nam á milli 6 og 7% af landsframleiðslu. Nú er hann kominn um 9% og stefnir enn upp á við og enn er allt í lukkunnar velstandi.

En spurningin sem ég vil beina til hæstv. forsrh. er þessi: Á þetta við um alla Íslendinga? Á það við um það fólk sem er húsnæðislaust í Reykjavík, svo dæmi sé tekið, að allt sé í lukkunnar velstandi? Fróðlegt væri að heyra útskýringar hæstv. forsrh. á því og hverjum orðum hann beinir til þess fólks.

[19:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gerist í öllum löndum og á öllum tímum að menn hafa það misjafnt, það vitum við vel. Sumir reyna að slá sér upp á þeim efnum og þykjast betri vinir þessa fólks en aðrir og sérstaklega verðum við þá væntanlega hinir miklu óvinir þessa fólks. Ég lít ekki á mig sem slíkan mann.

Hins vegar er ánægjulegt og gleðilegt þegar efnahagskerfið þróast þannig eins og maður sér á öllum skýrslum að fólk festist ekki með sama hætti í fátæktargildrum og áður, að menn færast til, menn færast til betri vegar, menn færast til betri efna, menn færast í rétta átt en festast ekki í gildrum vegna þess að þeim eru ekki boðin nein tækifæri. Það er meginatriðið.

Hv. þm. heldur því fram að bara efnafólk, eins og hann kallar það, hafi staðið fyrir því að innflutningur hafi aukist og þensla hafi skapast. Þá er efnafólk á Íslandi gríðarlega fjölmennt og það er gaman að heyra það. Hv. þm. hlýtur að fagna því með okkur að efnafólk er þá alveg gríðarlega fjölmennt sem tekur þátt í því. Við höfum væntanlega öll tekið þátt í því að eftir að fór að rofa til höfum við látið aðeins meira eftir okkur en við hefðum kannski átt að gera. Ég býst við því að við öll höfum tekið þátt í því í þessum sal ef menn líta hver í sinn barm.

Á hinn bóginn er það auðvitað þannig og verður því miður alltaf þannig að einhverjir eru lakast settir í þjóðfélaginu. En það er þýðingarmikið að skapa þeim tækifæri til að komast upp úr þeim sessi, skapa þeim tækifæri til sjálfshjálpar og að þeir finni tækifærum sínum og þeir finni getu sinni viðspyrnu til að bæta kjör sín og hag. Ég fullyrði að í þessum sal er enginn betri í garð almennings en annar. Við viljum því öllu vel.

Ég efast ekkert um að hv. þm. sem talaði síðast er sannfærður um að hann vill öllu þessu fólki vel. Ég vil taka það fram að það vil ég líka.

[19:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við getum ekki afgreitt okkur frá þessum málum á svona ódýran hátt vegna þess að sú efnahagsstefna sem fylgt er og sú pólitík sem er rekin skiptir máli. Hér erum við t.d. að fjalla um fjárlög íslenska ríkisins og hvernig við ráðstöfum peningum t.d. til húsnæðismála. Við fáum þau svör núna þegar vakin er athygli á húsnæðisneyð, t.d. hér í Reykjavík, að það hafi alltaf verið til fátækt fólk og verði um alla daga, um ókominn tíma. Þetta eru kaldar kveðjur til þeirra einstaklinga sem eru tekjulitlir og í erfiðleikum með að koma þaki yfir höfuðið og minna svolítið á svör hæstv. félmrh. í gær þegar hann svaraði því til að allir hefðu einhvers staðar gistingu. Þetta eru kaldar kveðjur.

Hæstv. forsrh. segir að það sé gleðilegt að menn færist í rétta átt, að enginn festist í fari fátæktarinnar. Ég mótmæli þessu. Ég staðhæfi á móti að með stefnu sinni er ríkisstjórnin að færa fólk til fátæktar vegna þess að staðreyndin er sú að búið er að eyðileggja félagslega húsnæðiskerfið. Þetta er staðreynd. Við höfum ekki haldið þar fram á við, við stefnum aftur á bak og við erum komin áratugi aftur í tímann vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hefur fylgt á undangengnum árum.

[19:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætti sjálfsagt ekki að vera að verðleggja okkar ræður, míns og hv. þm., en ég hygg þó að ræða hv. þm. hafi ekki verið miklu dýrari en mín, hafi mín verið ódýr, en það er sjálfsagt að hafa hlutina ódýra a.m.k. öðrum þræði.

Þingmaðurinn sagði: Við skulum horfa á staðreyndir. Þingmaðurinn sagði að fólk væri að færast í ranga átt og við skulum horfa á staðreyndir. Það er ekki hægt að finna neinar tölur um það, hv. þm., að tilteknir hópar séu verr staddir nú en þeir voru þegar ríkisstjórnin tók við, Framsfl. og Sjálfstfl., 1995. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að sýna fram á það með tölum að hópar séu verr staddir. Menn hafa haldið því fram að sumir hópar hafi fengið meiri framgang en aðrir og eru með samanburð í því sambandi. En það er hvergi hægt að sýna fram á það að staða hópa í þjóðfélaginu hafi versnað við aðgerðir ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. frá 1995. (**ÖJ:** Í húsnæðismálum.) Nei, ég mótmæli því, ég tel að staða þeirra hafi ekki versnað, þvert á móti.

Á hinn bóginn vitum við að húsnæðisstefna sem var rekin hér var þannig skilin eftir að sveitarfélögunum úti um land allt er að blæða út. Það hefur stórkostleg áhrif á getu þeirra sveitarfélaga til að sinna þörfum fólksins í byggðunum. Þar fóru menn rangt að og menn sitja uppi með það og sveitarfélögunum er að blæða út hvað þetta varðar.

[19:06]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. EKG o.fl., þskj. 474; rökst. dagskrá SvH, þskj. 486; brtt. JónK, þskj. 487.

Málefni barna og unglinga í hópi nýbúa, 184. mál, svar menntmrh., þskj. 443.

Nám í landsbyggðarlækningum og -hjúkrun, 296. mál, svar heilbrrh., þskj. 404.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar, 205. mál, svar dómsmrh., þskj. 328.

Tóbaksvarnir, 345. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 484.

Úthald og öryggishlutverk landhelgisgæsluskipanna, 346. mál, fsp. GAK, þskj. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:08]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 474–480, 482–483 og 487. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 19:09]

[19:42]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mér er sönn ánægja að halda þessa ræðu yfir nokkuð vel skipuðum þingsal og má eiginlega segja að hér sé athygli allra viðstaddra á fullu. (**JB:** Já.) Og hv. þm. Jón Bjarnason gellur við og segir já, og ekki dreg ég það í efa því hv. þm. er einn af þeim sem eru jafnan með athyglisnetið uppi.

Herra forseti. Þessi umræða hefur staðið í hartnær heilan dag og ákaflega margt fróðlegt hefur komið fram. Kannski má segja það að eins og umræðunni hefur undið fram þá er ekki miklu við hana að bæta. Hv. þm. Samfylkingarinnar, Einar Már Sigurðarson og Gísli S. Einarsson, hafa talað áður af hálfu flokks míns í dag. Við höfum skipt með okkur verkum þannig að hv. þm. Gísli S. Einarsson fjallaði um fjárlagafrv. almennt, hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór yfir þær brtt. sem við höfum gert við fjárlagafrv. en ég mun hins vegar reyna að einbeita mér að þeim stóru dráttum efnahagsmálanna sem máli skipta.

Ég sagði áðan, herra forseti, að e.t.v. væri ekki miklu við að bæta. Þó má segja að miðað við hinar síðustu ræður sem hér voru haldnar, þ.e. af hæstv. forsrh., sé ýmislegt sem þurfi að taka fram áður en umræðunni lýkur. Ég tel, herra forseti, að það hafi verið vel að verki staðið hjá hæstv. forsrh. að koma hingað og láta loksins uppi þau viðhorf sem hann hefur til helstu ágreiningsmála í efnahagsmálum. Ég vil líka óska hæstv. forsrh. til hamingju með að hafa getað komist næstum því í gegnum heila ræðu án þess að vera með hártoganir og skæting. Það er nokkur framför hjá hæstv. ráðherra vegna þess að hann virðist hvorki geta talað í þessum þingsal né í fjölmiðlum um efnahagsmál og stjórn þeirra án þess að þurfa að lítillækka fólk og niðurlægja.

Herra forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir stjórnmálamenn sem ætla sér að bera ábyrgð, ég tala nú ekki um axla ábyrgð eins og hæstv. forsrh., að reyna að beita sér fyrir málefnalegri umræðu. Það hefur Samfylkingin gert. Við ætlum ekki að sökkva niður á það plan sem hæstv. forsrh. hefur sokkið.

Ég get þó ekki stillt mig um, herra forseti, að geta þess að það var dálítið kaldhæðnislegt að það skyldi einmitt vera hæstv. forsrh. sem var með leiðbeiningar til þingmanna um að lesa nákvæmlega plögg eins og þjóðhagsspána áður en þeir tækju til máls um hana með tilliti til þess að það var einmitt sami hæstv. forsrh. sem las ekki þau gögn sem komu frá Framkvæmdasýslu ríkisins í sjö mánuði og leiddi til þess að Þjóðmenningarhúsið fór 100 millj. fram úr áætlun. Það er ákaflega mikilvægt að þetta komi fram.

En hví er það að ég segi að ræða hæstv. forsrh. hafi verið mikilvæg? Hún var mikilvæg fyrir tveggja hluta sakir. Í fyrsta lagi kom það fram að hæstv. forsrh. er enn á sömu skoðun varðandi viðskiptahallann og áður. Hæstv. forsrh. er bersýnilega þeirrar skoðunar, eins og kom fram í ræðu hans fyrr í dag, að viðskiptahallinn veki ekki ástæður til uggs varðandi framtíð efnahagsmála á Íslandi. Hæstv. forsrh. er enn þeirrar skoðunar, sem hann hefur verið áður, að viðskiptahallinn sé góðkynja og ekki sé líklegt að af honum stafi nokkur hætta.

Í öðru lagi kom fram að það er ljóslega ágreiningur á milli stjórnarflokkanna tveggja. Hæstv. forsrh. hafnaði því að staðfesta að það væru hættumerki í efnahagslífinu.

Það er hins vegar svo að kollegi hans og samstarfsmaður, hæstv. utanrrh., hefur í heilli opnu í dagblaði, sem gefið er út hér í borg, lýst því í smáatriðum hvað honum finnst athugavert við efnahagslífið. Hann hefur sagt að hættumerki séu fram undan og hann hefur sérstaklega tilgreint vexti. Við í stjórnarandstöðunni erum honum auðvitað sammála um að vaxtaníðslan, sem er nú að plaga fjölskyldur landsins, er mikil vá, en, herra forseti, við vísum því hins vegar til föðurhúsanna. Sökin á þessari vaxtastefnu á hvergi heima nema einmitt fyrir dyrum hæstv. ríkisstjórnar.

Það skiptir máli að hæstv. forsrh. er bersýnilega á annarri skoðun en hæstv. utanrrh. og hv. þm. Jón Kristjánsson, sem gengur nú í salinn skörulegur að vanda, og hefur lýst með svipuðum hætti og hæstv. utanrrh. afstöðu sinni til efnahagsmála. Þetta er ákaflega mikilvægt, herra forseti. Það liggur sem sagt fyrir að það er í reynd ágreiningur uppi innan ríkisstjórnarinnar um það hvert efnahagsmálin stefna. Þegar hæstv. forsrh. segir að allt sé í himnalagi, allt á góðu róli, en hæstv. formaður Framsfl., utanrrh., segir að það séu hættumerki uppi er alveg ljóst að menn greina ástandið með mismunandi hætti og þeir eru heldur ekki sammála um hvað er að gerast.

Herra forseti. Það er dálítið kaldhæðnislegt að sjá það að hæstv. forsrh. virðist ekki einu sinni muna eftir þeirri litlu hagfræði sem hann lærði þó í stopulum tímum í hagfræði þegar hann tók embættispróf í lögfræði við Háskóla Íslands á sínum tíma. Þar fara menn yfir grundvallarstærðir í hagfræði og þjóðhagfræði. Hæstv. forsrh. virðist öllu hafa gleymt síðan þá. Hann talar eins og hann geri sér enga grein fyrir þeim orsakatengslum sem eru á milli viðskiptahalla, gengis og verðlags. Hann hefur að vísu skilið tvo hluta af þremur í þessari jöfnu, þ.e. hæstv. forsrh. gerir sér grein fyrir því að þegar gengið brestur þá hækkar verðlag. En af öllu máli hæstv. ráðherra er ekki hægt að skilja að hann geri sér grein fyrir því að viðskiptahallinn er hættulegur vegna þess að hann setur þrýsting á gengið sem sekkur við vissar aðstæður. Það er það sem hefur gerst, herra forseti.

Það er eitt sem hæstv. forsrh. virðist algjörlega gleyma þegar hann ræðir um efnahagsmálin. Hann deilir við okkur í þessum sal um hvort viðskiptahallinn sé illkynja eða góðkynja en hann gleymir einu: Hvernig á að fjármagna viðskiptahallann, herra forseti? Það er spurningin sem skiptir ákaflega miklu máli í þessu dæmi. Viðskiptahallinn felur í sér

útstreymi gjaldeyris og við þurfum á móti með einhverjum hætti að tryggja okkur innstreymi.

Þegar við blasir eins og núna að það hægir á efnahagskerfinu getur það jafnvel leitt til þess, herra forseti, að erfiðara verður að fjármagna viðskiptahallann. Hvers vegna? Vegna þess að þegar væntingar manna dofna til hins íslenska gjaldmiðils og þegar óvissa ríkir um hann eins og núna leiðir það einfaldlega til þess að menn fýsir síður að fjármagna framkvæmdir sínar með erlendum lánum og huga fremur að lántökum innan lands. Samkvæmt upplýsingum sem hægt er að fá í bönkum eru vísbendingar um nákvæmlega þetta uppi núna, herra forseti.

Viðskiptahallinn er hins vegar fyrirbæri sem, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, tekur talsvert langan tíma að breyta. Ég vek eftirtekt á því hvað er í reynd sagt í þjóðhagsáætlun um þetta, herra forseti. Þar er sagt að þó að hægi á vexti þjóðarhags og hagvöxtur fari úr 4% niður í 1,6% þá er það niðurstaða Þjóðhagsstofnunar að það dugi ekki til þess að draga úr viðskiptahallanum. Með öðrum orðum, herra forseti, heldur viðskiptahallinn áfram að vera til jafnmikill, meiri í krónum talinn á næsta ári, á meðan það hægir á hagkerfinu. Þegar væntingar manna til styrks gjaldmiðilsins dofna eða jafnvel bresta, eins og hefur verið að gerast, og þeir fara að taka lán innan lands getur það gerst að flæði erlends gjaldeyris inn í landið þorni upp áður en viðskiptahallinn hefur rétt sig af. Þetta er það sem hæstv. forsrh. hefur ekki skilið í þessari jöfnu.

Hann hefur ekki fyrr en á allra síðustu vikum gert sér grein fyrir því að það þarf að fjármagna viðskiptahallann. Hann hefur verið í þeirri slæmu trú að telja að viðskiptahallinn mundi gufa upp af sjálfu sér eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur tvisvar haldið fram hérna. Hann hefur ekki gert sér grein fyrir því að það þarf að fjármagna hann. Hversu mikið er það sem þarf að fjármagna hann, herra forseti? Það er fróðlegt að velta því fyrir sér.

Við stöndum frammi fyrir viðskiptahalla sem er upp á nánast 70 milljarða, a.m.k samkvæmt því sem OECD hefur spáð og hefur jafnan reynst sannspárra en innlendar stofnanir. Ofan á þetta bætist að útstreymi gjaldeyris svarar til 50–60 milljarða í gegnum lífeyrissjóðina sem leita nú að fjárfestingum erlendis. Þetta þýðir að á næsta ári þurfum við að fjármagna viðskiptahalla upp á 120–130 milljarða. Það þýðir að í hverjum einasta mánuði þurfum við að fjármagna sem svarar til 10–11 milljarða.

Ef það gerist, herra forseti, sem ég var að reifa áðan að hæging efnahagslífsins, þ.e. þegar dregur úr þenslunni eins og er væntanlega að gera núna, leiðir til þess sem við sjáum vísbendingar um núna að vegna óvissu um gengi og hættu á gengistapi skipta menn úr erlendum lánum yfir í innlend lán getur það gerst að flæði erlends fjármagns inn í landið þorni upp áður en viðskiptahallinn réttir sig af. Hvað leiðir það til, herra forseti? Það getur ekki leitt til annars en að gengið láti með einhverjum hætti undan. Það þýðir það aftur að verðlag hlýtur að breytast.

Herra forseti. Ég nefni þetta vegna þess að ég held að hæstv. forsrh. hafi gott af því að fá litla lexíu um orsakasamhengið innan efnahagsstjórnarinnar. Hann skilur nefnilega ekki part af því sem er ekki hægt að kalla annað en grundvallaratriði í þessu máli. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að vegna þessa vanskilnings hæstv. forsrh. þá stöndum við núna frammi fyrir þeirri staðreynd að menn vakna allt í einu upp við vondan draum og gera sér grein fyrir því að það þarf með einhverjum hætti að grípa í taumana. Það er loksins að renna upp fyrir mönnum. Það gerðist ekki fyrr en á allra síðustu dögum. Hvað ætla menn þá að gera, herra forseti?

Þá ætla þeir að selja eignir ríkisins, dýrustu gripina úr pússi hinnar íslensku þjóðarfjölskyldu. Það á að gera með því að selja Landssímann og mögulega bankana, annaðhvort ríkisbankana sinn í hvoru lagi eða sameinaðan banka. En, herra forseti, ég er algjörlega á móti því að menn grípi til þeirra ráða. Segjum samt sem áður að það gangi allt saman eftir, ríkisstjórnin hafi sinn gang og það eigi að vera bjargræðið, þá verð ég eigi að síður að halda því fram, herra forseti, að menn séu of seint á ferðinni. Ég held að menn séu u.þ.b. einu ári of seint á ferðinni ef þeir ætla að fara þessa leið.

Hvað er það þá í reynd sem verður að gerast? Það þarf með einhverjum hætti að auka hinn þjóðhagslega sparnað og það þarf eins og sakir standa að draga úr einkaneyslunni til að draga úr innflutningi og minnka viðskiptahallann. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að gera það? Hún hefur ekki sagt það en talsmaður Sjálfstfl. sem hefur nánast einn, þangað til hæstv. forsrh. ræddi hér fyrr í kvöld, rætt málin fyrir hönd Sjálfstfl. Hv. varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, er eini maðurinn sem hefur sett fram einhverjar hugmyndir um það.

Þær hugmyndir eru hins vegar af því tagi að það er með engu móti hægt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að fallast á þær. Í reynd hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagt að ástæðan fyrir viðskiptahallanum sé falskur kaupmáttur sem haldið sé uppi af hávaxtastefnu Seðlabankans. Í reynd er hv. þm. að segja að þegar Seðlabankinn heldur uppi háum vöxtum leiði það til þess að gengið hækkar og innflutningur verður ódýrari og vegna þess, eins og hæstv. forsrh. greindi frá hér fyrr í kvöld, að innflutningur er svo hátt hlutfall af neyslu landsmanna leiðir þessi hávaxtastefna til þess samkvæmt greiningu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að til verður falskur kaupmáttur sem stendur undir viðskiptahallanum.

Ég er auðvitað allt annarrar skoðunar en hv. þm. En því miður þá dregur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson af þessu eina ályktun. Til þess að draga úr kaupmættinum þá vill hann lækka gengið. Þá er komið að þverstæðunni innan Sjálfstfl., herra forseti.

Sjálfstfl. berst fyrir því á annan bóginn að lækka verðlag, halda verðbólgu niðri, m.a. til þess að koma í veg fyrir að forsendur samninga á almennum vinnumarkaði bresti og allt fari í átök og bál og brand. Á hinn bóginn virðist vera uppi ákveðin stefna sem ekki bara hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heldur líka Pétur H. Blöndal hefur lýst fylgi við sem byggir á allt öðru, sem byggir ekki á því að halda genginu stöðugu uppi heldur byggir á því að lækka gengið til að draga úr kaupmætti og þar með að lækka og rýra kjör fólksins í landinu. Herra forseti. Í reynd felur þetta í sér það viðhorf að það séu fjölskyldurnar í landinu, það sé barnafólkið, sem er að berjast við það að koma sér upp húsnæði og koma sér í þá stöðu að geta bætt lífsgæði sín, sem á að borga fórnarkostnaðinn af mistökum ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Hver eru mistökin? Við verðum ákaflega oft fyrir því, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að vera spurð bæði af hv. þm. stjórnarliðsins og eins fjölmiðlum: Hvað viljið þið gera? Það er ákaflega auðvelt að segja við þann sem fer með brunavarnaeftirlitið og gerir tillögur um brunavarnir að spyrja: Bíddu, hvernig viltu slökkva eldinn þegar

búið er að kveikja í? Herra forseti. Það er auðvitað það sem hefur gerst.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum um langt skeið varað við þessari þróun. Við byrjuðum á því, herra forseti, í kosningabaráttunni og uppskárum fyrir flím og spott, m.a. frá formanni Sjálfstfl. og ýmsum öðrum, að vara við því í því góðæri sem þá var að sigla hratt upp á við færu menn í það að lækka skatta.

Hvers vegna vorum við á móti því, herra forseti? Vegna þess að samkvæmt undirstöðubókum í byrjendahagfræði er það það heimskulegasta sem menn gera í aðdraganda og byrjun góðæris að lækka skatta. Hvers vegna? Vegna þess að það ýtir undir mjög mikla þenslu. Það er undirrót allra þeirra meinsemda sem við erum að glíma við í dag. Við vöruðum við þessu, herra forseti, og það þurfti talsverðan kjark til að gera það í miðri kosningabaráttu.

Herra forseti. Í annan stað lögðumst við eindregið gegn þeirri aðferð sem beitt var í fyrstu lotu einkavæðingar ríkisbankanna. Eins og menn muna fóru menn þá leið að selja nýtt hlutafé úr bönkunum í staðinn fyrir að selja hluta af því gamla. Þetta leiddi til þess, herra forseti, að eigið fé bankanna jókst og þeir áttu auðveldara með að verða sér úti um lánsfé í útlöndum án þess að reglur um eiginfjártakmarkanir tækju að bitna á þeim. Þetta gerðu bankarnir svikalaust. Hvers vegna? Vegna þess að það lá fyrir að fram undan var uppstokkun á bankamarkaði og þeir voru allir að hasla sér völl, auka hlutdeild sína, til að vera reiðubúnir undir þessa uppstokkun.

Herra forseti. Þetta tel ég að hafi kannski verið sú einstaka aðgerð sem á mesta sök á þenslunni eins og hún brast á síðar. Þetta voru líklega stærstu mistök ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi nefni ég það, herra forseti, að við höfum heyrt a.m.k. tvo hagfræðinga undanfarið tala um það í fjölmiðlum að sálfræði skipti ákaflega miklu máli um neysluhegðun. Við höfum heyrt m.a. aðalhagfræðing Seðlabankans segja þetta í sjónvarpsþætti og reyndar í sama sjónvarpsþætti, bara nokkru síðar, einn af fyrrverandi æðstu mönnum Seðlabankans, Yngva Örn Kristinsson. Báðir sögðu þeir að það skipti ákaflega miklu máli um neysluhegðan almennings hvaða væntingar væru til framtíðarinnar.

Þarf að rifja það upp, herra forseti, hve oft hæstv. forsrh. hefur brugðist þeirri skyldu sinni að vara við þeim hættumerkjum sem skotið hefur upp á sjóndeildarhringinn?

Þarf að rifja það upp hversu oft hæstv. forsrh. hefur sagt við þjóðina að góðærið, sem við höfum upplifað, sé ekki bara komið til þess að vera í nokkur ár heldur sé það nánast varanlegt? Þarf að rifja það upp að hæstv. forsrh. ...

(**Forseti** (ÍPG)**:** Má ég biðja hv. þingmenn að gefa hljóð í salnum?)

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við kliðinn, hann vekur bara með mér nokkuð þægilegar kenndir og ég veit að það er a.m.k. fólk í kringum mig.

Herra forseti. Þarf ég að rifja upp að hæstv. forsrh. boðaði til sérstaks blaðamannafundar í febrúar 1999? Til hvers? Tilgangurinn var bara einn, að segja þjóðinni að fram undan væru góðæristímar í þrjú til fjögur ár. Að vísu var það svo að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. og leiðtogi lífs þessara tveggja ágætu þingmanna Framsfl., sem eru hér í salnum, tók þátt í þessari svikamyllu, hann tók þátt í því að lýsa þessu yfir.

Herra forseti. Ég skil mætavel að a.m.k. kjósendur þessara flokka og ýmsir meðal þorra almennings, sem hafa ekki tekið harða pólitíska afstöðu, taki mark á svona mönnum. Þegar menn eins og formenn stjórnmálaflokka tala leggja menn við hlustir og þeir trúa á þá. Þegar það gerist síðan að hæstv. forsrh. kemur fram og segir aftur og aftur og allar götur þangað til í gærkvöld að allt sé á fínu róli þá trúa menn því auðvitað. Kannski ekki lengur en þeir gerðu það lengi. Þetta leiddi til þess, herra forseti, að menn fóru fullfrjálslega með neyslusvigrúm sitt. Þetta, samhliða því að bankarnir fóru í slag um hlutdeildina á markaðnum og ýttu út á vildarkjörum, á tombóluprís, öllum þeim peningum sem þeir slógu í útlöndum, leiddi til gríðarlegrar þenslu. Síðan kemur hæstv. forsrh. og talar um að olíuverð sé að hækka í útlöndum og svo hafi fasteignaverð hækkað líka.

Bíðum nú við, þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh. Þensla á fasteignamarkaði á suðvesturhorninu á mikinn þátt í þessu. Hverjir tóku olíutunnuna og fleygðu henni bókstaflega á þann part verðbólgubálsins? Hv. þingmenn Framsfl., hv. þingmenn stjórnarliðsins, fyrst og fremst hæstv. ráðherrar.

Ef við skoðum húsnæðismálin blasir það við að gerðar voru breytingar á húsbréfakerfinu fyrir nokkrum árum, greiðslumatinu breytt, það var opnað. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem þekkir þessi mál gerst á meðal vor, varaði við þessu. Það var heldur ekkert til vinsælda fallið að koma fram og segja: Þetta er líklegt til að leiða til þess að verðbólgan aukist og vanskil aukist. Hv. þm. gerði það, við gerðum það, allt gekk það eftir.

Kerfið sprakk á tveimur árum. Það fór úr 16 milljörðum í 30 milljarða. Árið 1999 stóðu þessir hv. þm. að því að brjóta lög með vissum hætti, þ.e. þá fóru menn 7 milljörðum fram úr heimildum fjárlaga um einmitt þetta kerfi.

Auðvitað var þetta ekki annað en jafngilt því að fleygja olíu á verðbólgubálið. Svo kemur hæstv. forsrh. og segir: Þetta er ekki mér að kenna, það er svo mikil þensla. Maðurinn sem ber ábyrgð á þessari þenslu.

Herra forseti. Þannig væri hægt að telja miklu fleiri hluti. Ég ætla að leyfa mér að nefna eitt dæmi til viðbótar þar sem stjórnarandstaðan, ekki bara Samfylkingin heldur líka vinstri grænir, vöruðu við. Það er nýjasta dæmið. Það var breytingin á lögum um lífeyrissjóðina sem samþykkt var í vor. Það er líklega síðasta árið með þeim heimskulegustu aðgerðum sem gerðar hafa verið með tilliti til verðlagsmála til skamms tíma. Þá gerðist það að hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því að heimildir lífeyrissjóðanna til þess að fjárfesta erlendis voru auknar varðandi eigið fé úr 40% yfir í 50%. Okkur var síðan sagt frá því í þessum sölum að það væri eiginlega enginn sem nýtti sér þetta. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa hins vegar aflað sér upplýsinga um að það eru allnokkrir lífeyrissjóðir sem eru komnir að þessum mörkum.

Herra forseti. Á þessum tíma voru ekki uppi neinar sérstakar væntingar meðal lífeyrissjóðanna um að gera þetta. En þegar ríkisstjórnin beitir sér fyrir svona jafngildir það því að verið sé að gefa lífeyrissjóðunum bendingu, hvata til þess að flytja fé sitt úr landi. Auðvitað er ég viss um að til langs tíma litið er þetta hluti af þeim áætlunum sem lífeyrissjóðirnir hafa gert. Auðvitað mun þetta til skamms tíma grafa undan genginu. Það er alveg sama hvert er litið, það er hægt að benda á fjölmörg mistök sem öll má rekja til aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Ég hef að mér finnst rakið í tiltölulega stuttu máli mistökin sem ríkisstjórnin gerði og ég get þess vegna tekið undir með hæstv. forsrh. þegar hann kemur og segir: Þetta á sér allt saman eðlilegar skýringar. Hæstv. forsrh. sagði það í dag, tuggði það í morgun og í gær í sjónvarpinu og

útvarpinu, að þessi staða ætti sér öll eðlilegar skýringar. Þessar skýringar eru þessi fimm mistök ríkisstjórnarinnar sem ég hef talið upp. Þessar eðlilegu skýringar eru sú staðreynd að aldrei var hlustað á það þegar Samfylkingin varaði við viðskiptahallanum. Hæstv. forsrh., sem virðist ekki hafa meira vit á viðskiptahalla en unglingur í gagnfræðaskóla eða grunnskóla, kom aftur og aftur og sagði við þjóðina að viðskiptahallinn væri ekki neitt sem menn þyrftu að óttast.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem er með allra hagfróðustu mönnum í þessum sal, hefur sagt að viðskiptahallinn muni gufa upp. Þegar hann var spurður um það af hverju það mundi gerast þá svaraði hv. þm.: Menn sjá það bara af rökhyggju sinni.

Það er þessi rökhyggja sem hv. þm. deilir með hæstv. forsrh. en enginn annar sem telur sig hafa vit á hagfræði — og hv. þm. hefur það — deilir þessum skoðunum. Allur fjármálaheimurinn hefur sameinast í einu slökkviliði. Það er alveg sama hvert litið er, allir hagfræðingar fyrir utan einn (Gripið fram í.) hafa varað við þessari þróun.

Ég bið hv. þm. Pétur H. Blöndal afsökunar, auðvitað er hann ekki hagfræðingur. Hann er doktor í stærðfræði. Það eru bara þessir tveir doktorar, hann og doktor Davíð Islandicus, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi hann hér í dag, sem eru þessarar skoðunar. Það er ekki hægt að finna nokkurn mann í íslenska fjármálaheiminum sem telur að hlutirnir séu á góðu róli. Það eru bara örfáir þingmenn Sjálfstfl. og hæstv. forsrh.

Það sem skiptir ákaflega miklu máli, herra forseti, er sú staðreynd að ekki er eining innan stjórnarinnar. Framsfl. skynjar að það eru hættumerki uppi og hann á virðingu skilið fyrir að viðurkenna það. Sjálfstfl. hafnar því algjörlega.

Það hefur borið á því, herra forseti, að undir þessari umræðu hafi hæstv. fjmrh. búið sig undir að tala. En það sem stendur upp úr 2. og 3. umr., sem hér hafa átt sér stað um ríkisfjármál, er það að hæstv. fjmrh. hefur þrumað eins og hnípinn fugl undir umræðunum. Hv. þm. Sjálfstfl., sem voru fyrr í vetur tíðir gestir í ræðustól hins háa Alþingis til þess að monta sig af afrekum flokks síns varðandi stöðu ríkisfjármála, varðandi tekjuafgang ríkissjóðs, eru hættir að koma hingað upp. Enginn tyggur þetta lengur nema hinn virðulegi hv. formaður fjárln. sem kemur stundum hér upp og tyggur það eins og gömul slitin plata þegar menn eru að spyrja hann hvar aðhaldið í ríkisfjármálum sé: Ja, það eru 34 milljarðar í tekjuafgang. (Gripið fram í.) Nei, formaður, hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hefur líka verið málsvari hæstv. fjmrh. í þessari umræðu því að hann hefur ekki sagt eitt einasta orð, ekki eitt orð.

En hv. þm. Sverrir Hermannsson átti auðvitað eins og svo oft áður kollgátuna þegar hann skilgreindi þennan tekjuafgang ríkisins, 34 milljarða, og hann kallaði það froðufé. Af hverju er þetta froðufé, herra forseti? Nú skulum við athuga hvernig á að skilgreina þennan afgang með aðferðum Sjálfstfl.

Hv. þm. og varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, kenndi mér í frumbernsku minni í fjárln. eina reglu. Hann sagði: Tekjur ríkisins aukast jafnan um fjórðung af viðskiptahallanum. Hvað er viðskiptahallinn í ár? Hann er 70 milljarðar kr. Hv. stærðfræðingur, doktor Pétur, hvað er fjórðungur af 70 milljörðum? Það eru 17,5 milljarðar. Herra forseti. Þarna erum við búin að finna skýringuna á helmingi tekjuafgangsins. Hvaðan kemur hinn helmingurinn, herra forseti? Hann kemur af sölu eigna ríkisins. Ekki er hægt að kalla það aðhald þegar verið er að selja eigur ríkisins. Þarna erum við komin upp í 33 milljarða. Hvaðan kemur restin, herra forseti? Það eru peningarnir sem verið er að stela af gamla fólkinu, af bótaþegunum með því að halda skattleysismörkunum niðri.

Ef maður horfir á þetta út frá því sem þeir segja sjálfir, leggur þetta á kvarða þeirra eigin orða er þessi tekjuafgangur skandall. Þá skilur maður, herra forseti, af hverju hæstv. fjmrh. kýs að þegja í þessari umræðu vegna þess að hann hefur ekkert til þess að hrósa sér af. Vegna þess, herra forseti, að þeir standa allir berstrípaðir eins og keisarinn í sögunni. Nýju fötin eru ekki til, þau eru hjóm eitt og loft.

Herra forseti. Þetta er það sem skiptir máli. Þess vegna, af því að hv. þm. Jón Kristjánsson kímir svolítið, ætti hann að koma hér á eftir og taka því fagnandi að það vill svo til að ábyrgir menn eru til í þessu þingi. Það eru til menn í stjórnarandstöðunni sem hugsa fyrir stjórnarliðið og við höfum einmitt, herra forseti, lagt til að samþykktar séu tillögur sem gera það að verkum að tekjuafgangurinn eykst um 2,6 milljarða.

En af því að hér eru menn sem tala fyrir stjórnarliðinu í efnahagsmálum langar mig til þess að spyrja: Hvar er ávinningurinn í ríkisfjármálunum? Er þetta rangt sem ég er að segja hér, herra forseti? Ekki seljum við eigurnar aftur á næsta ári eða árinu þar á eftir. Eða ætla menn kannski að dunda sér við að halda tekjuafgangi á ríkissjóði með því að selja út næsta áratug?

Ef við tökum sölu eigna frá, herra forseti, beitum formúlu hv. varformanns fjárln., hvað er þá eftir? Ekki neitt. Þetta eru afrekin sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur a.m.k. einu sinni eða tvisvar í þessum umræðum komið upp til þess að guma af, reigt sig eins og fallegur vestfirskur hani, teygt stélið út og sagt: Sjá, þetta gerðum við.

En, herra forseti, þetta er staðan: Hæstv. forsrh. sagði áðan að viðskiptahallinn hefði ekkert breyst. Nú vill svo til, herra forseti, að það eru tvær undirstofnanir sem hæstv. ráðherra stjórnar. Önnur er Seðlabankinn, sem er ósjálfstæðasti seðlabanki í heimi, sem var samkvæmt lista kom frá OECD númer 70 á lista yfir sjálfstæðustu seðlabanka heimsins. Hann var með öðrum orðum nánast í hafti stjórnvalda samkvæmt mati OECD. (Gripið fram í.) Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, af því að það er kallað hérna fram í af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann eigi að styðja Samfylkinguna í því að rífa Seðlabankann lausan úr klóm ríkisvaldsins og skiptir engu máli þó að það kynni e.t.v. að leiða til þess að ef hann settist einhvern tíma ríkisstjórn að hann hefði minni völd en ella.

En ég var þar kominn í ræðu minni, herra forseti, að ég var að lýsa því að undir forsrn. væru tvær stofnanir. Ég segi „undir forsrn." vegna þess að hæstv. forsrh. hefur valdboð yfir þeim sem véla um þjóðarhag. Annars vegar er ósjálfstæðasti seðlabanki heimsins en það er hann, herra forseti, sem hefur tekið þessar óvinsælu ákvarðanir um vextina sem þrír hv. þm. Sjálfstfl. hafa komið upp til þess að deila á. Þetta verð ég að segja, herra forseti, vegna þess að þegar þingmenn Sjálfstfl. eru að deila á Seðlabankann eru þeir í reynd að deila á hæstv. forsrh.

Dettur einhverjum þingmanni Sjálfstfl. í hug að Seðlabankinn taki ákvarðanir um vaxtahækkanir án þess að bera það undir hæstv. forsrh.? Læðist sá grunur að einhverjum að það geti kannski verið að sumar af vaxtaákvörðunum

Seðlabankans eigi sér uppruna utan Seðlabankans og jafnvel í hvítu húsi sem einu sinni var fangelsi við Lækjartorg?

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun er hin stofnunin. Það er með endemum að sjá hvernig sú stofnun hefur ruglað fram og til baka með uppgjörsaðferðir á viðskiptahallanum. Hæstv. forsrh. sagði áðan og hefur talað í fjölmiðlum að breyttar uppgjörsaðferðir Þjóðhagsstofnunar hefðu leitt til þess að á pappír hafi viðskiptahallinn aukist. Það sem er rétt í þessu hjá hæstv. forsrh. er það að Þjóðhagsstofnun er stöðugt að breyta uppgjörsaðferðum sínum. Hún hafði eina aðferð í vor. Hún breytti þeirri aðferð í haust. Hvers vegna? Vegna þess að samkvæmt nýju aðferðinni lækkaði það viðskiptahallann. Núna hefur Þjóðhagsstofnun aftur breytt yfir í sömu aðferð og hún hafði í vor. Af hverju? Vegna þess að samkvæmt þessari aðferð þá er viðskiptahallinn líka lægri. Það var rangt sem hæstv. forsrh. sagði áðan að það væri enginn munur. Ef Þjóðhagsstofnun hefði notað sömu aðferð og í haust væri viðskiptahallinn 0,4% hærra hlutfall af landsframleiðslu en hann er í dag samkvæmt núverandi mati.

Þetta skiptir ekki máli, herra forseti. Það sem skiptir máli er að núna nota Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun nákvæmlega sömu aðferðir til þess að meta viðskiptahallann. Eru þetta aðferðir sem eru byggðar á einhverjum loftkenndum órum starfsmanna Seðlabankans eða Þjóðhagsstofnunar? Nei, þetta eru alþjóðlegir staðlar sem byggðir eru t.d. á reglum frá, mig minnir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta eru hinar ísköldu staðreyndir að viðskiptahallinn, metinn samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, er að verða 9,3%.

Herra forseti. Það sem skiptir mestu máli er að þó að Þjóðhagsstofnun spái því að það kólni í hagkerfinu þá kemur líka fram í töflunni, sem hæstv. forsrh. var áðan að segja að menn hefðu ekki lesið, að sú kólnun dugir ekki til þess að draga úr viðskiptahallanum. Þá spyr ég enn og aftur, herra forseti: Er það þess vegna sem menn ráðast allt í einu í fljótræði í það að selja eigur ríkisins, að selja Landssímann? Ég spyr einkum hv. þm. Framsfl. hvort þeir ætli að láta sér það lynda að Landssíminn verði seldur með húð og hári, með dreifikerfi og öllu.

Herra forseti. Oft hef ég vorkennt félögum mínum í Framsfl. hversu valtrað er fram og til baka yfir þá af þeim mikla þunga sem Sjálfstfl. hefur yfir að ráða. Það væri hægt að taka svo ógnarmörg dæmi, herra foreti, en aldrei hefur Framsfl. tekið afdráttarlausari afstöðu gegn Sjálfstfl. en einmitt varðandi Landssímann og dreifikerfi hans. Hv. þm. Framsfl. hafa hver um annan þveran lýst því yfir að fyrr skuli þeir í pólitískum skilningi dauðir falla í valinn en að þeir láti það yfir sig ganga að dreifikerfið verði selt.

Ég rifja það upp, herra forseti, að hv. þm. Hjálmar Árnason hafði uppi ákaflega stór orð í þessa veru. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og núverandi virðulegur forseti talaði einnig í svipaða veru í umræðum á þingi. Hv. þm. Árni Gunnarsson, sem var inni á þingi fyrir hæstv. félmrh., talaði þó allra manna skýrast. Hvernig stendur þá á því, herra forseti, að hv. þm. Framsfl. ætla þannig að láta rífa af sér pólitíska æru sína, láta troða niður um kok og vélinda öllu því sem þeir hafa sagt í þessu máli, herra forseti, og fyrir hvað? Fyrir það sem þeir hafa sjálfir sagt í þessari umræðu vera mistök. Og mistök hverra, herra forseti? Ekki mistök Framsfl., þó að hann beri samábyrgð á því. Það eru fyrst og fremst mistök Sjálfstfl., mistök hæstv. forsrh. sem hefur lesið rangt í þróun allra hagstærða og mistök hæstv. fjmrh. sem valda því að eina leiðin til að bjarga málunum eins og komið er fyrir efnahagsmálum er að selja eigur ríkisins, er að selja Landssímann. Þetta ætla hv. þm. Framsfl. að láta yfir sig ganga þó að þeir geti með sanni sagt að þeir beri enga faglega ábyrgð á þessum mistökum.

Herra forseti. Ég vorkenni félögum mínum í Framsfl. en lýsi því yfir að ég er reiðubúinn til að gera það sem ég get til að rífa þá úr þessum heljarklóm og leyfa þeim að endurheimta aftur pólitíska æru sína og pólitískan heiður sinn.

[20:18]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2001, 1. mál, brtt. ÁRJ og GE, þskj. 488.

[20:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var flutt mikil ræða með leikrænum tilþrifum. Ég verð að óska hv. þm. til hamingju með árangurinn, mér fannst honum takast vel til í leiklistinni. Hins vegar gaf hann sjálfum sér ekki mjög háa einkunn. Hann gat þess að hann hefði mjög lengi haft uppi varnaðarorð um ástandið í efnahagsmálum og þróun og niðurstaðan væri sú að það hefði enginn hlustað á hann eða tekið mark á honum. Hins vegar bætti þingmaðurinn við að þegar formenn stjórnarflokkanna töluðu þá hlustuðu allir. Þetta fannst mér mjög góður vitnisburður um þessa þrjá formenn og geri engan ágreining við þingmanninn um hann.

Þingmaðurinn dregur upp tiltekna mynd af efnahagsástandinu og talar fyrir þeirri skoðun sinni að váboðar séu uppi og ég vil því henda á lofti spurningu sem þingmaðurinn varpaði upp sem var: Hvað vil ég gera? Eða með öðrum orðum hvað vill hv. þm. Össur Skarphéðinsson gera til viðbragða við þeirri stöðu sem hann telur vera uppi? Hann spurði þessarar spurningar en hann svaraði henni ekki. Ég vil því ganga eftir svörum þingmannsins við þeirri stöðu sem hann telur vera uppi í efnahagsmálum.

Ég tek eftir því að þingmaðurinn sagði: Við erum ekki stuðningsmenn þess að hækka skattana. Samfylkingin stóð í miklum umræðum til að tala gegn heimildum sveitarfélaga til að hækka útsvar vegna þess að Samfylkingin styður ekki hækkun skatta svo það liggur fyrir að ekki er það skattahækkun sem er úrræði hv. þm. Hann sagði líka að ríkisstjórnin væri að stela 10 milljörðum af öldruðum og öryrkjum, (**ÖS:** Nei.) þannig að hann vill væntanlega hækka þau útgjöld um svo mikið og kannski meira. Þá spyr ég: Hvað er það sem hv. þm. telur að eigi að gera?

[20:20]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ákaflega auðvelt að koma eftir á þegar í óefni er komið og spyrja þá sem lögðu til brunavarnirnar: Hvernig á að slökkva eldinn sem hv. þm. hefur tekið þátt í að kveikja? Því er ákaflega vandsvarað á þessu stigi málsins.

Herra forseti. Ég hef þremur sinnum, síðast í morgun, lagt til að stjórnarandstaðan, stjórnarliðið og aðilar vinnumarkaðarins beiti sér fyrir því að það verði þjóðarsátt til að veita verðbólgunni viðnám. Þetta er það sem við höfum lagt til, herra forseti. (**KHG:** Hvað þýðir það?) Það þýðir eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði mig fyrir einu ári, jafnvel tveimur, einu og hálfu ári, þegar ég var einmitt að halda ræðu um hve nauðsynlegt væri að draga saman í umsvifum ríkisins, hvort ég væri að leggja til að dregið yrði úr vegaframkvæmdum, og ég sagði já.

Ég get lýst því yfir, herra forseti, ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson treystir sér til að styðja tillögu hv. þm. Sverris Hermannssonar um að fjárlagafrv. verði allt saman sent aftur til fjárln. með það fyrir augum að grípa til samdráttaraðgerða muni ég fyrir mitt leyti styðja það. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, herra forseti, að menn hefðu þurft, eins og við buðum upp á í upphafi kjörtímabilsins, að draga verulega saman umsvif ríkisins. Þá gerðist það að þingmenn Samfylkingarinnar og reyndar líka þingmenn vinstri grænna komu upp og lýstu því yfir í upphafi kjörtímabilsins við umræðu um fjárlög í fyrra að þeir væru reiðubúnir að taka höndum saman um samdrátt í umsvifum ríkisins til að ýta burt þeim váboðum sem við greindum þá. Þetta kom fram skriflega, herra forseti, ekki aðeins í ræðum mínum heldur skriflega í nál. sem stjórnarandstaðan stóð öll að á þeim tíma.

Þessu boði var hafnað, herra forseti. Af biturri en gamalli reynslu taldi ég að það væri best að menn réðust í þetta í upphafi kjörtímabilsins og við vorum til í það núna.

Ef stjórnarliðið er að óska eftir samvinnu Samfylkingarinnar um að skera upp ríkisfjármálin til að draga úr umsvifum þá erum við til í það.

[20:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Viðbrögð við þeirri mynd sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson dregur upp þurfa ekki að vera mjög flókin. Það er ákaflega skýrt hvernig hann lýsir ástandinu með þenslu og verðhækkunum þannig að viðbrögð við því hljóta að vera skattahækkanir eða niðurskurður. Ég sé ekki aðrar hagfræðilegar úrlausnir á því. Þegar ég spyr hv. þm. hvað hann vilji gera til að takast á við þann vanda sem hann sér uppi þá svarar þingmaðurinn: Ég vísa til tillögu formanns Frjálsl. fl., Sverris Hermannssonar. Það eru svörin frá formanni Samfylkingarinnar að vísa til tillögu formanns Frjálsl. fl. sem hefur verið lögð hér fram á borð um niðurskurð ríkisútgjalda, ekki tillögu Samfylkingarinnar.

Hins vegar er á borðunum hver tillagan á fætur annarri frá þingmönnum Samfylkingarinnar um aukin ríkisútgjöld og nú síðast ein sem var að detta á borðið hjá hv. þm. og þarf að ræsa út þingmenn til að greiða atkvæði um afbrigði svo að taka megi fyrir þessar nýju útgjaldatillögur þingmanna Samfylkingarinnar. Herra forseti. Þessi málflutningur talsmanns og formanns Samfylkingarinnar í efnahagsmálum er algjörlega með endemum. Þvílík steypa, herra forseti.

[20:24]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að lesa allar tillögur Samfylkingarinnar. Samkvæmt þeim tillögum sem við höfum lagt fram þá eykst afgangur ríkissjóðs, hann eykst um 2,6 milljarða. Það hlýtur auðvitað að skipta máli, ekki síst fyrir eyðsluklær eins og hv. þm. stjórnarliðsins í þessum efnum.

Ég segi það síðan, herra forseti, að ég kveinka mér ekki undan því að vera spyrtur saman við hv. þm. Sverri Hermannsson í efnahagsmálum. Ég verð að segja það að ég hef fáar ræður heyrt betri en þá sem hv. þm. flutti í dag. Hafi nokkrum tekist að skera sundur og saman efnahagsstefnu hv. ríkisstjórnar þá var það hv. þm. Sverrir Hermannsson, formaður Frjálsl. fl., í glæsilegri ræðu sinni.

Herra forseti. Rétt er að það komi fram að ef ríkisstjórnarflokkarnir eru reiðubúnir og telja að ástandið hafi náð þeirri stöðu núna að það verði að fara í að skera niður útgjöld ríkisins með einhverju móti þá er ég til í það. Herra forseti. Ég hef meira að segja reynslu í því umfram hv. þm. Kristin H. Gunnarsson vegna þess að ég hef gert það áður. Ég hef lent í því að sigla með ríkisstjórn í gegnum kreppu og ég þekki ráðin sem menn gripu til. Ástæðan fyrir því að hv. þm. nýtur nú þeirrar vildar og ágætu stöðu að vera í stjórnarliði sem nýtur góðæris, góðs árferðis í samfélaginu, á rætur sínar að hluta að rekja til þeirra erfiðu aðgerða sem sú ríkisstjórn greip til.

Herra forseti. Það liggur fyrir að menn sem hafa talsvert meira vit en a.m.k. ég en örugglega miklu minna en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þ.e. menn á borð við Yngva Örn Kristinsson, yfirmann peningamálasviðs Seðlabankans til skamms tíma, hafa lýst því yfir að slakinn sem hv. þm. og fleiri þingmenn stjórnarliðsins eru ábyrgir fyrir í ríkisfjármálum sé að hluta til orsök þess ástands sem nú er uppi. Sá ágæti hagfræðingur sagði beinlínis að sú stefna væri skaðleg fyrir atvinnulífið nú um stundir.

[20:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til fjárlaga á þskj. 474. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Rannveig Guðmundsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ögmundur Jónasson og Guðjón A. Kristjánsson.

Hér er um að ræða tvær brtt., annars vegar brtt. sem kölluð er Ýmis verkefni, til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum.

Í þessu sambandi er rétt að rifja aðeins upp aðdraganda þessa máls. Eins og menn vita var starfandi á síðasta kjörtímabili nefnd sem lagði fram hugmyndir að breyttri kjördæmaskipan og kosningalöggjöf í landinu. Eitt af því sem þessi nefnd lagði til var að gripið yrði til svokallaðra hliðarráðstafana sem nauðsynlegt væri að hrinda í framkvæmd bæði varðandi byggða- og félagsmál og hins vegar vegna starfsaðstöðu þingmanna. Í áliti þessarar nefndar, sem var undir forustu hv. þáv. þm. Friðriks Sophussonar, segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar."

Í framhaldi af þessu skipaði hæstv. forsrh. nefnd sem ætlað var að fjalla um hvort tveggja, annars vegar þessar hliðarráðstafanir er lúta að byggða- og félagsmálum og hins vegar hliðarráðstafanir er lúta að starfsaðstöðu þingmanna. Sú nefnd var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem áttu þá fulltrúa á Alþingi undir forustu og formennsku þess sem hér stendur. Ég vil í þessu sambandi vísa einungis til umfjöllunar og álits þessarar nefndar án þess að fara í niðurstöður hennar í smáatriðum en þar var í aðalatriðum gert ráð fyrir því að efla og bæta starfsaðstöðu þingmanna landsbyggðarkjördæmanna þar sem kosnir verða 30 alþingismenn samkvæmt þeim tillögum sem þá lágu fyrir og hafa raunar verið samþykktar í meginatriðum. Gert var ráð fyrir að á miðju næsta ári, þ.e. á árinu 2001, yrði búið að koma að nokkru leyti til móts við þessar tillögur eins og þær voru settar fram.

Síðan gerðist það jafnframt að með bréfi 25. okt. 1999 var skipuð nefnd til að semja frv. til nýrra heildarlaga um

kosningar til Alþingis. Í skilabréfi nefndarinnar segir svo í lokin, með leyfi virðulegs forseta:

„Í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðunar kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþings skipuðuð þér nefnd undir forustu Einars K. Guðfinnssonar alþingismanns til að fjalla um aðgerðir til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni og um starfsaðstöðu þingmanna þar. Nefnd þessi hefur skilað yður tillögum þar sem ýmsum aðgerðum í þessu skyni er forgangsraðað. Nefndin leggur ríka áherslu á að tillögum þessum verði fylgt eftir og þeim hrint í framkvæmd á skipulegan hátt."

Þessari forsögu málsins vildi ég aðeins greina frá, áður en við kæmum að þessu máli sem er sjálfstæð tillaga, brtt. sem hér er flutt. Gert er ráð fyrir því að hæstv. forsrh. muni í samráði við formenn stjórnmálaflokkanna móta nánari reglur um skiptingu fjármagnsins en framkvæmdin málsins verður að sjálfsögðu að öðru leyti í höndum hvers flokks. Það gefur auðvitað augaleið að forræði málsins er í höndum flokkanna sem verða þá að taka hina endanlegu ákvörðun um hvernig þessum málum verður nákvæmlega háttað.

Hins vegar er hér um að ræða brtt. við fjárlagafrv., þ.e. liðurinn Ýmislegt, styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr., og það er brtt. sem felur í sér hækkun á þeim fjárlagalið um 28 millj. þannig að hann verði 164 millj. kr.

[20:31]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Við erum að ljúka umræðu og afgreiða býsna góð fjárlög fyrir árið 2001. Ríkissjóður skilar, eins og hér hefur verið minnst á oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, 34 milljörðum í afgang. Þetta hefur ekki gerst fyrr. Áður hefur verið þensla í þjóðfélaginu eins og nú en hins vegar hefur aldrei slíkur afgangur verið á ríkissjóði. Því má segja að með þessu séu stjórnvöld að vinna gegn verðbólgunni, að hleypa ekki þessum fjármunum út heldur halda þeim eftir.

Spurningar voru um að hafa enn þá meiri afgang á fjárlögum, mörgum þykir vissulega of skammt gengið. Þó má á það benda að ríkisstjórnin reiknaði með við framlagningu fjárlagafrv. í haust að skila afgangi upp á um 30 milljarða. Þeir urðu 34 miðað við núverandi tillögur og niðurstöður. En það er líka á það að líta að erfiðara er að hamla gegn útgjöldum til góðra mála og verkefna þegar verulegur afgangur er á fjárlögum. Þess vegna er erfiðara að standa gegn ýmsum þörfum útgjöldum sem auðveldara er að segja þegar illa árar að sé ekki möguleiki að sinna.

Efnahagsstjórnin hefur tekist vel á undanförnum árum og atvinnulífið einnig svarað því vel. Það er töluverður kraftur að byggjast upp í ýmsum greinum, ekki síst tölvugeiranum og allri slíkri vinnslu. Viðskiptahallinn er vissulega mikill og hann er verkefni sem þarf að bregðast við en ekki endilega alvarlegt áhyggjuefni. Hann er verkefni sem þarf að bregðast við. Hann er kominn til vegna versnandi viðskiptakjara á ýmsum greinum í útflutningi og aftur móti hækkaðs verðs á ýmsum innflutningsvörum t.d. og ekki síst á olíu.

En hvernig á að bregaðst við, hvernig á að fjármagna viðskiptahallann? eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hér um áðan. Því er til að svara að þenslan er vissulega að minnka. Það er samt sem áður alveg ljóst að til þarf að koma ný og arðbær fjárfesting í landinu því að fleiri traustar stoðir vantar fyrir atvinnu- og efnahagslíf. Til þarf að koma fjárfesting, erlend fjárfesting í iðnaðaruppbyggingu með því sem henni fylgir í umsvifum og jákvæðum áhrifum á efnahagslífið. Viðskiptahallinn vex að sjálfsögðu við það til skamms tíma en samt sem áður er það svo að fyrir efnahagslífið er slík innspýting fjármuna til góðs þegar lengra er litið. Þeim framkvæmdum, sem halda núna uppi atvinnustiginu í landinu í atvinnuuppbyggingu, lýkur innan tveggja ára og því er nauðsynlegt að horfa til þess strax á komandi ári að tryggja áframhaldandi góðæri og traustan efnahag með þeim ráðstöfunum.

Herra forseti. Ég hef verið að horfa til síðustu ára og velta fyrir mér breytingum sem hafa orðið við fjárlagagerðina á síðustu árum. Vinnubrögð og fyrirkomulag við fjárlagagerð hefur töluvert breyst. Rammafjárlögin, með meiri ábyrgð út til fagráðuneyta frá fjmrn. hafa bætt ýmsa hluti, mættu vissulega virka betur með meira aðhaldi á fagráðuneytin en áætlanir eru allar orðnar miklu öruggari. Lögin um fjárreiður ríkisins hafa miklu breytt til batnaðar og stjórnvöld og Alþingi hafa þróað ýmsar mikilvægar eftirlitsstofnanir og stjórnir til þess að hafa betri stjórn og eftirlit með ráðstöfun opinberra fjármuna og það er vissulega vel, nú er orðið miklu meira öryggi í þeim greinum.

Mesta breytingin hefur þó orðið vegna þess að fjárlögin voru sett á rekstrargrunn í stað greiðslugrunns áður. Með því hefur fengist miklu betri yfirsýn yfir útgjöld og fjárskuldbindingar ríkisins. Það hefur verið gott og ánægjulegt að eiga þátt í og fylgjast með þessum breytingum sem er auðvitað aldrei lokið en ég vil segja að öryggi í fjárreiðum og fjármálum ríkisins er orðið miklu meira en það var með betri og styrkari áætlunum þannig að við getum haldið áfram að tryggja efnahagslegan stöðugleika í landinu svo fremi að ytra umhverfi stórspillist ekki.

Ég mun ekki fara út í einstaka liði í brtt. okkar í meiri hluta fjárln. við þessa umræðu. Hækkanir hafa orðið til margvíslegra menningarverkefna, til skógræktar, heilbrigðismála, rekstrar símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, allt eru það góð og gild mál og vissulega mörg, mörg fleiri, og svo eru líka öll hin málin sem við hefðum viljað styrkja og veita fé til en áttum ekki kost þrátt fyrir það að mikill afgangur væri á fjárlögum.

[Fundarhlé. — 20:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:46]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 488. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[20:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Nú þegar fjárlagafrv. kemur til 3. umr. er ljóst að það hefur tekið verulegum breytingum bæði á útgjalda- og tekjuhlið. Þannig hefur útgjaldahækkunin orðið um 9 milljarðar en á tekjuhliðinni hefur það hækkað um tæpa 13 milljarða.

Á þessum degi hefur verið deilt nokkuð á þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin hefur viðhaft um stærsta þáttinn í þeirri breytingu sem fram kemur á tekjuhlið fjárlaganna sem er um aukna sölu á eignum sem ríkisstjórnin ætlar að fá 15 milljarða fyrir. Eftir því hefur verið kallað að fá fram skýrari mynd af tekjuhliðinni og hvaða áhrif aukin sala hefur, ekki síst þegar liggur fyrir að Framsfl. hefur fallist á sölu á Landssímanum með dreifikerfinu. Ég held að engan hafi órað fyrir að framsóknarmenn mundu falla frá afstöðu sinni

í því efni svo afdráttarlausir voru þeir um að Landssíminn yrði ekki seldur með dreifikerfinu. Það er því eðlilegt að eftir því hafi verið kallað að það mál yrði skoðað miklu nánar en hægt hefur verið bæði í fjárln. og í samgn. og að þingmenn fengju tækifæri til að meta áhrifin af þeirri sölu bæði á landsbyggðina og á ýmsar efnhagsstærðir og markaðinn í heild sinni vegna þess að hér er verið að taka nokkuð afdrifaríka ákvörðun þegar fyrir liggur sala á þessum eignum þó vissulega eigi eftir að koma fram frumvörp sem heimila endanlega söluna.

Herra forseti. Eins hefur verið gagnrýnt hvernig staðið hefur verið að því nú við 3. umr. að þingmenn fá ekki neina skýringu á þeim áformum sem liggja fyrir um niðurskurð á fjármagni til vegamála. Það er afleitt í ljósi þess að allir treystu orðum hæstv. samgrh. um að hann mundi gera þinginu grein fyrir á hvaða vegaframkvæmdir niðurskurðurinn mundi koma og nefndi hann að þingheimi yrði skýrt frá því þegar við 2. umr. fjárlaga. Nú stefnir í að við ljúkum þessari fjárlagaumræðu og afgreiðslu fjárlaga án þess að það liggi fyrir.

Þetta vildi ég, herra forseti, segja í upphafi máls míns um vinnubrögð um tvo stóra liði sem þessi fjárlög eru reist á, þ.e. annars vegar um söluna á eignum sem ríkisstjórnin ætlar að hafa drjúgar tekjur af og síðan um vinnubrögðin gagnvart niðurskurði til þessa mikilvæga málaflokks sem vegaframkvæmdirnar og vegamálin eru.

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu hafa þingmenn Samfylkingarinnar farið nokkuð vel yfir þau áhrif sem þessi breytta þjóðhagsspá, sem birtist nú við 3. umr., hefur á ýmsar efnahagsstærðir í þjóðfélaginu. Formaður Samfylkingarinnar fór áðan yfir það hve mikið af þeim vandamálum sem við stöndum núna frammi fyrir í efnahagsmálunum eru í raun og sanni heimatilbúinn vandi hjá þessari ríkisstjórn. Hann tiltók þar einkum þrjú atriði sem ber vissulega að halda til haga og snerta mjög þá útlánaþenslu og spennu og auknu verðbólgu sem er nú í efnahagslífinu. Í fyrsta lagi tók hann til þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að viðskiptabankarnir fengju heimild til að auka hlutafé sitt sem gaf þeim svigrúm til að standa að mjög miklum útlánum sem á ekki síst þátt í þeim vandamálum sem við eigum við að glíma núna.

Í annan stað nefndi hann þá breytingu sem orðið hefur á húsnæðiskerfinu með þeim breytingum sem ríkisstjórnin og hæstv. félmrh. stóðu fyrir sem fólu í sér mikla aukningu á útgáfu húsbréfa sem var bein afleiðing þess að hæstv. félmrh. breytti greiðslumatinu í húsbréfakerfinu með þeim afleiðingum að margir milljarðar bættust inn í húsnæðiskerfið. Því miður, herra forseti, held ég að við stöndum frammi fyrir því að sú útlánaþensla, sem hefur orðið í bankakerfinu og íbúðalánakerfinu, muni á næstu mánuðum og missirum leiða til greiðsluerfiðleika heimilanna og það sjáum við m.a. í því sem Seðlabankinn hefur látið frá sér fara.

Í þriðja lagi nefndi formaður Samfylkingarinnar þá auknu heimild sem lífeyrissjóðirnir hafa fengið til að ávaxta fé sitt í útlöndum og Seðlabankinn hefur varað við. Allt eru þetta þrír stórir grunnþættir í þeim vandamálum sem efnahagsmálin eru komin í um þessar mundir.

Vissulega er ástæða til þess, herra forseti, að hafa áhyggjur af skuldaaukningu heimilanna sem hefur vaxið verulega í þessu góðæri. Hygg ég að skuldir heimilanna hafi aukist um nálægt helming í tíð þessarar ríkisstjórnar eða á fimm ára tímabili og stefna nú í á sjöunda hundrað milljarða. Einungis á þessu ári hafa skuldirnar milli áramóta eða frá síðustu áramótum og til þess sem spáð er nú um komandi áramót aukist um 87 milljarða kr.

Í þeirri nýju þjóðhagsspá, sem hefur mjög komið til umræðu, kemur fram að spáð er vaxandi atvinnuleysi og minni kaupmætti. Er það nokkuð athyglisvert, herra forseti, í þeirri spá sem fram kemur um aukna verðbólgu að það ber verulega á milli þess sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram í því efni og sem fjmrn. hefur sett fram og sem tölur nú við 3. umr. fjárlaga, eins og í launa- og verðlagsmálum, taka mið af sem er nauðsynlegt að fara nokkuð nánar yfir.

Áður en ég fer yfir það vil ég fara nokkrum orðum um sölu eigna, þ.e. þessa 15 milljarða kr. sem sala eigna á að gefa ríkissjóði. Við í efh.- og viðskn. fórum mjög yfir þá þætti sem komu fram hjá Þjóðhagsstofnun í þessu efni. Nokkuð var gengið eftir því í efh.- og viðskn. af minni hluta efh.- og viðskn. hvaða áhrif 15 milljarða sala á eignum gæti haft í því efnahagsumhverfi sem við erum í núna. Það er alveg ljóst að það skiptir verulegu máli hvernig ríkisstjórnin ráðstafar því fjármagni sem kemur vegna sölu á eignunum.

Álit Þjóðhagsstofnunar um ráðstöfun þessa fjármagns fór ekki fram hjá neinum, að stofnunin taldi tvímælalaust skynsamlegast að taka það fjármagn úr umferð og setja það í vörslu Seðlabankans en ákvörðun ríkisstjórnarinnar virðist vera sú að greiða 15 milljarða upp í skuld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og er full ástæða til þess að staldra við hvaða áhrif það getur haft. Auðvitað fer það eftir því hvernig það fjármagn er ávaxtað af hálfu lífeyrissjóðsins en það er alveg ljóst að ef lífeyrissjóðurinn stendur þannig að málum að fara með fé úr landi þrýstir það verulega á gengið og ef það er notað innan lands getur það aukið á þensluna.

Sjálfsagt hugsar ríkisstjórnin ráðstöfunina á því með þeim hætti að það gæti orðið til að greiða fyrir sölu á þeim eignum sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir, þ.e. annars vegar sölu á bönkunum og hins vegar sölunni á Landssímanum.

Herra forseti. Í nýrri tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2001 kemur fram að fyrir utan auknar tekjur af sölu upp á 8,2 milljarða gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því, sem mér finnst mjög athyglisvert, að tekjuskattur einstaklinga aukist á næsta ári. Er þá væntanlega tekið tillit til þeirra skattahækkana sem ríkisstjórnin stendur fyrir en í annan stað er gert ráð fyrir að skattar á lögaðila lækki um 2,8 milljarða. Ástæða er til þess að velta fyrir sér þeirri skýringu sem haldið er fram að þetta þýði að staða fyrirtækjanna versni á næsta ári. Ég hygg að eins sé hægt að horfa til þess sem skýringar á þeim samdrætti sem tekjuáætlun boðar hjá lögaðilum að þarna gæti áhrifanna af því sem fyrirtæki geta nýtt sér, þ.e. yfirfæranlegu rekstrartapi fyrirtækjanna en mér skilst að enn séu um 80 milljarðar kr. sem fyrirtækin geta nýtt sér á næstu missirum og árum. Ástæða er til þess, herra forseti, að huga að því hvort það svigrúm sem fyrirtækin hafa sé eðlilegt og hvort þau ár sem sem fyrirtækin hafa til að nýta sér yfirfæranlegt rekstrartap sé eðlilegt.

Ég hygg að þarna gæti líka áhrifa frestunar á skattlagningu söluhagnaðar sem fyrirtækin hafa haft frá árinu 1998 og ríkisstjórnin ætlar ekki að afnema hjá lögaðilum þó hún ætli að afnema heimildina hjá einstaklingum. Þessu vildi ég halda til haga varðandi hina breyttu tekjuáætlun fjmrn. sem við ræddum í efh.- og viðskn.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara nánar út í stöðu efnahagsmála. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur gert þeim það góð skil að ástæðulaust er að fara nánar yfir það. Hann hefur lýst afleiðingunum af

viðskiptahallanum sem hæstv. forsrh. gerir lítið með. Það er ástæða til að vekja athygli á að ef miðað er við stöðu annarra landa innan OECD er aðeins Portúgal með meiri viðskiptahalla en Ísland á þessu ári.

Við þessa umræðu minni ég einnig á, vegna þess að ríkisstjórnin hyggst auka skuldir sínar, að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins voru, þegar þessi ríkisstjórn tók við, rúmlega 50% af landsframleiðslu. Í ár er reiknað með að þessi tala komist í 56,4% af landsframleiðslu og á næsta ári verði erlendar skuldir þjóðarbúsins 65,7% af landsframleiðslu. Sé hins vegar miðað við heildarskuldastöðu eru þessar tölur enn verri. Þá er reiknað með að hrein erlend skuldastaða sem hlutfall af landsframleiðslu verði á næsta ári yfir 90%.

Herra forseti. Hér hefur verið farið yfir þær tillögur sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt við 3. umr. fjárlaga. Í þeim er lagt til að aflað verði tekna og sparað í ríkisfjármálum þannig að, að teknu tilliti til þeirra tillagna sem Samfylkingin er með til útgjaldaaukningar, verði engu að síður afgangur af ríkissjóði upp á um 2,5 milljarða kr. Tillögur Samfylkingarinnar sýna hvað Samfylkingin vill að hafi forgang við fjárlagagerðina.

Við flytjum tillögu sem mælt var fyrir við 2. umr., sem kemur til atkvæða við lokaafgreiðslu fjárlaga, um tekjuauka vegna afnáms frestunar á söluhagnaði, ekki einungis hjá einstaklingum heldur einnig hjá lögaðilum. Við erum ósammála þeirri leið sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, að fari menn yfir tiltekið mark í söluhagnaði, þ.e. 3,2 milljónir hjá einstaklingi og 6,4 milljónir hjá hjónum, þá eigi að lækka tekjuskattshlutfallið úr 38% í 10%. Þar erum við sammála þingmönnum Framsfl. sem hafa gert fyrirvara við leiðina sem Sjálfstfl. boðar í því efni.

Ég held að það sé ekki of í lagt með það, herra forseti, að miðað við það hvernig við viljum standa að málum, t.d. varðandi frestun á skattlagningu á söluhagnaði, þá mundu tekjur ríkissjóðs aukast um 2,5–3 milljarða á næsta ári. Hér hefur komið fram að ríkisskattstjóraembættið áætlar að tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið um allt að 8,5 milljarðar kr. undanfarin tvö ár vegna þessarar frestunarheimildar.

Við leggjum það til hér við 3. umr. — það kom ekki fram við 2. umr. — að dregið verði saman í útgjöldum vegna kaupa á sérfræðiaðstoð hjá ríkisstofnunum og ráðuneytum. Sá kostnaður hefur aukist jafnt og þétt síðustu 5–6 ár. Þar hefur verið innbyggð 10% aukning vegna sérfræðiaðstoðar sem ríkisstofnanir og ráðuneytin hafa keypt af sjálfstætt starfandi aðilum. Þessi útgjaldaliður var 1.100 millj. kr. árið 1994. Á árinu 2000 stefnir sá kostnaður í 2,5 milljarða kr. Ég tel að þar væri hægt að spara um 20%, draga þar saman í útgjöldum eins og lagt er til í þessum tillögum.

Jafnframt er lagt til að fresta framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru vegna kaupa á húsnæði fyrir tvö ráðuneyti en mig minnir að 190 millj. séu áætlaðar í það í fjárlagafrv.

Ég vil, herra forseti, nota örfáar mínútur til að fara yfir tillögur sem ég legg mikla áherslu á en þær eru á útgjaldalið tillagna okkar. Þær snerta búsetumál fatlaðra, stöðu langveikra barna, barnabætur, leiguíbúðir og lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja.

Í fyrsta lagi, vegna lífeyrismála aldraðra og öryrkja, er í launa- og verðlagsforsendum þeim sem formaður meiri hluta fjárln. mælti hér fyrir gert ráð fyrir, ef ég man rétt, 150 millj. kr. Verðlagsforsendur gefa til kynna 4,5% í staðinn fyrir 4% sem frv. byggir á. Skýringin á aukningunni er sú að hún sé fyrst og fremst vegna rekstrarútgjalda, ekki vegna launaliðarins. Ég held að ef fara ætti að lögum um lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu verði að hækka þann lið einnig sem snýr að lífeyrisgreiðslum til aldraðra og öryrkja. Þjóðhagsspáin gerir ráð fyrir verðlagshækkunum úr 4% í 5,8%. Þegar litið er til þeirra forsendna sem Þjóðhagsstofnun gefur sér þá ættu lífeyrisgreiðslur eins og þær birtast í fjárlagafrv. að hækka við lokaafgreiðslu fjárlaga um 450 millj.

Í lögum um almannatryggingar stendur, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“

Þetta þýðir að ef vísitala neysluverðs fer upp fyrir launavísitölu þá á að taka mið af því þegar bætur lífeyrisþega eru ákvarðaðar. Eigi að hækka þær um næstu áramót ættu þær ekki að hækka um 4%, eins og forsendur fjárlaga gera ráð fyrir, heldur um 5,8%.

Mér fannst formaður fjárln. ekki gefa nægа skýringu á þessu í morgun, þegar ég kom í andsvar við ræðu hans og spurði hann út í þetta. Mér finnst að hér hljóti að vera um lagabrot að ræða verði ekki staðið við þetta eins og ég hef lýst. Ef málin þróast hins vegar svo á komandi ári, þegar líður á árið, að launavísitalan verði hærri þá ætti auðvitað að hækka þær bætur. Það á að miða við þá vísitölu sem hærri er hverju sinni. Ég hefði kosið, herra forseti, að formaður fjárln. hefði gefið nánari skýringu á þessu en hann gerði í morgun varðandi þennan þátt mála. Það er afar mikilvægt, herra forseti, eins og margoft hefur komið fram varðandi stöðu lífeyrisþega og aðbúnað þeirra á undanförnum árum að það gengur ekki lengur að þeir séu hlunnfarnir með þeim hætti sem ríkisstjórnin hefur gert. Það liggur fyrir, samkvæmt útreikningum sem samtök lífeyrisþega hafa látið gera, að hlutfallslega hafa greiðslur almannatrygginga lækkað samanborið við laun í almennri verkamannavinnu. Þau eru lægri í dag en þau voru fyrir um tíu árum síðan. Eins og formaður Samfylkingarinnar sýndi fram á er afgangurinn sem ríkissjóður státar sig af m.a. fenginn með því að skerða verulega bætur lífeyrisþega.

Ég óska því eftir því að horft verði til þessarar tillögu sem við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum þar sem gert er ráð fyrir 450 millj. kr. aukningu til þessara mála. Þær tillögur eru einungis til að standa við lagaákvæði sem ríkisstjórnin sjálf beitti sér fyrir á árinu 1998. Hún hafði þremur árum áður kippt úr sambandi tengslum lífeyrisgreiðslna við laun með þeim afleiðingum sem við þekkjum og höfum margfarið yfir. Lífeyrisgreiðslur hafa dregist verulega aftur úr launum og mér finnst nóg að gert í því efni, herra forseti.

Ég tel einnig ástæðu til að staldra við stöðu Ríkisspítalanna í þessari umræðu og líta til þess fjármagns sem stjórnarflokkarnir ætla að veita til að bæta stöðuna á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Þar er staðan mjög alvarleg og fjármagnið sem stjórnarflokkarnir ætla að veita til þeirra mála er hvergi nægjanlegt. Í sumum tilvikum eru biðlistar á sjúkrahúsunum orðnir mjög langir. Á því er nauðsynlegt að taka og er ástæða til að ætla að stjórn Ríkisspítalanna þurfi að grípa til aðgerða ef ekki kemur til meira fjármagn en stjórnarflokkarnir hyggjast verja til sjúkrahúsanna. Ég held að við munum sjá fram á að sá pottur sem til ráðstöfunar er, 230 millj. kr., nægi ekki. Það er auðvitað ótækt

ef stjórnarnefnd Landspítalans er farin að íhuga tekjuöflun með aukinni gjaldtöku, t.d. með innritunargjöldum. Það væri afleitt og eins að grípa til lokana á deildum.

Herra forseti. Við ræddum nokkuð stöðu húsnæðismála í utandagskrárumræðu í gær. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að staðan þar er mjög slæm. Það er neyðarástand hjá hundruðum fjölskyldna hér á höfuðborgarsvæðinu. Reyndar er það svo að biðlistar eftir leiguíbúðum hafa aukist verulega. Ég held að það viðurkenni allir nema hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn að það er beint samhengi á milli ástandsins á leigumarkaðnum og aðgerða ríkisstjórnarinnar, þ.e. breytinga á húsnæðislánakerfinu.

Ég held að jafnframt hljóti allir að sjá að það er beint samhengi milli þess neyðarástands sem nú ríkir á leigumarkaðnum, stöðu þeirra sem þurfa leita sér húsaskjóls á leigumarkaðnum og þeirra vaxtahækkana sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir varðandi leiguíbúðir. Sætir raunar furðu hve hljótt þær hækkanir á vaxtakjörum til leiguíbúða hafa farið. Í 25 ár, fram til 1998 þegar félagslega kerfinu var lokað, var sátt um það í öllum ríkisstjórnum sem þá sátu að hrófla ekki við vaxtakjörum á leiguíbúðum sem höfðu verið 1% samfellt þann tíma. Vissulega hefur það kostað ríkissjóð töluverða fjármuni. Menn hafa t.d. bent á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna í þessu sambandi. En það kostar líka töluvert að búa í velferðarþjóðfélagi þar sem gætt er að þeim sem höllum fæti standa og hafa af einhverjum ástæðum ekki tök á að eignast eigið húsnæði.

Vextir á leiguíbúðum eru komnir í 3,9% á þessu ári. Ég hef sagt að það sé að ganga af leigumarkaðnum dauðum. Ég held að ef ekkert verður gert í því efni, herra forseti, muni þessir biðlistar lengjast og ástandið verða verra en orðið er. Fleiri verða í virkilegri neyð að því er varðar húsnæðismál. Hún er nefnilega ekki svo lítil þessi vaxtahækkun.

Í skýrslu sem birt var í apríl, frá nefnd um leigumarkað og leiguhúsnæði sem hæstv. félmrh. skipaði í kjölfar þess að hann lagði niður félagslega húsnæðiskerfið, er það dregið mjög skýrt fram hvaða afleiðingar þessar breytingar hafa haft og munu hafa. Því er lýst með skýrum dæmum og er ástæða til að þakka hæstv. félmrh. og þeirri nefnd hve vel hefur verið staðið að því að útskýra afleiðingarnar af þeim breytingum á húsnæðiskerfinu sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir. Hins vegar hefur staðið á að hæstv. ráðherra gripi til þeirra aðgerða sem nefndin leggur til svo draga megi úr óæskilegum afleiðingum þeirra breytinga á húsnæðiskerfinu sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir.

Í úttektinni kemur skýrt fram, herra forseti, að leiga á íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. mun hækka um hvorki meira né minna en 80% eða úr 25 þús. kr. í 40 þús. kr. að frádregnum húsaleigubótum eftir skatt eða um 20 þús. kr. ef vextir fara í 4,9%. Ekki er hægt að lesa annað út úr fjárlagafrv. en að hætta eigi niðurgreiðslu á vöxtum á leiguíbúðum og taka væntanlega upp sambærilega vexti og eru í húsbréfakerfinu. Það gæfi þá niðurstöðu sem ég hef hér lýst, að leiga á lítilli íbúð sem kostar 7,6 millj. hækkar um 20 þús. kr. á mánuði. Þá höfum við tekið tillit til húsaleigubótanna að frádregnum sköttum.

Það er sérkapítuli út af fyrir sig að þessi ríkisstjórn skuli þráast við að afnema skatta á húsaleigubótum sem renna til verst stöddu hópanna í þjóðfélaginu. Það kostar ekki mikið að afnema þá skatta, herra forseti. Síðast þegar það var skoðað hefði það þýtt tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 100–150 millj. kr., að hætta að skattleggja húsaleigubætur. Samtímis fara um 4 milljarðar og kannski meira í vaxtabætur til þeirra sem hafa efni á að koma sér þaki yfir höfuðið. Þetta hefur verið skoðað og nefnd á vegum félmrn. hefur sett fram þá skoðun að það sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að standa þannig að niðurgreiðslu til húsnæðismála að mönnum sé mismunað eftir því hvort þeir eiga húsnæði eða eru á leigumarkaði.

Einhverra hluta vegna hafa sjálfstæðismenn þá sérkennilegu skoðun að húsaleigubætur skuli skattlagðar. Þeir eru annarrar skoðunar þegar í hlut eiga þeir sem eiga peninga, eins og við höfum verið að fara hér í gegnum á þessum síðustu dögum í tengslum við frv. hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. beitir sér þar fyrir almennri skattahækkun á launafólk í landinu á sama tíma og hann vill lækka skatta á þeim eru forríkir og eiga fjármagnið.

Í áðurnefndri skýrslu hæstv. félmrh. er lagt til að húsaleigubætur og stofnstyrkir til framkvæmdaaðila sem byggja leiguíbúðir eigi að koma í staðinn fyrir niðurgreiðslur á vöxtum. Nefnd hæstv. félmrh. segir hve mikið þarf í þessa stofnstyrki til að hætta megi að niðurgreiða vexti þannig að bæði þeir sem byggja leiguíbúðir og leigjendurnir sjálfir séu jafnsettir á eftir. Til þess þarf stofnstyrk um 2 millj. á hverja íbúð sem kostar um 7–8 millj. kr., sennilega rúmar 2 millj. 2–2,5 millj. í stofnstyrk á hverja einustu íbúð, til þess að það samsvari þeirri niðurgreiðslu sem sátt hefur verið um í þjóðfélaginu að hafa á leiguíbúðum undanfarin 25 ár.

Í fjárlögum eru aðeins 50 millj. ætlaðar í þessa stofnstyrki og þar er talað um stofnstyrki og húsaleigubætur. Þess vegna flytjum við í Samfylkingunni tillögu um að 625 millj. bætist við þessar 50 millj. sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn mun beita sér fyrir. Samanlagt væri um að ræða 675 millj. Ég hygg þó, herra forseti, að það sé heldur lágt og muni ekki duga fyrir stofnstyrkjum nema til kannski 300–400 íbúða. Það nægir ekki einu sinni til að mæta þörfinni en mundi sennilega tæma biðlistana hjá flestum þeirra sem búa við algjört neyðarástand.

Hvernig orðaði hæstv. ráðherra það hér í umræðunum í gær? Hann sagði að þeir hefðu jú gistingu. Það var sérkennilega til orða tekið.

Herra forseti. Ef ég man rétt þá beitir meiri hlutinn sér fyrir því í 7. gr. að heimilt verði:

„Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög aðila til stofnstyrkja vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum, ... “

Þetta er ekkert frekar tilgreint, herra forseti. Þetta er skilið eftir algjörlega opið þannig að raunverulega vita þingmenn ekkert hvað þetta þýðir, hvort samið verði við sveitarfélögin um 50 millj. til viðbótar, sem litlu máli mun skipta, eða hvort upphæðin verður eitthvað hærri. Við erum ekkert nær því við afgreiðslu fjárlaga hvort ganga mun á biðlista eftir leiguhúsnæði sem eru til skammar. Það vantar ekki að veita lán til fjölda leiguíbúða samkvæmt frv. til fjárlaga, til um 500 leiguíbúða, en það eru allt lán með markaðsvöxtum. Ef við deilum þessari fjárhæð niður á þessar 500 íbúðir og athugum hvað það mundi gera í stofnstyrki á hverja þessara 500 íbúða þá er það ekki nema 100 þús. kr. Það mun engu breyta um uppbygginguna á leigumarkaðnum og er eintóm sýndarmennska nema til komi verulegt viðbótarfjármagn.

Þessu finnst mér mjög nauðsynlegt að halda til haga. Ástandið er hrikalegt á leigumarkaði og við viljum því freista þess að flytja þessa tillögu.

Mér finnst sýndarmennska hæstv. félmrh. að því er varðar afstöðuna til þeirra sem eru á leigumarkaðnum einnig skína í gegn í yfirlýsingu sem ráðherrann beitti sér fyrir í samráði við Öryrkjabandalagið um búsetumál fatlaðra. Ég hygg, herra forseti, að þar séu ekki öll kurl komin til grafar. Þegar skýrsla ráðherrans sjálfs er skoðuð í kjölinn kemur fram, líkt og í skýrslunni um leiguíbúðir, hvernig á að standa að því að fjármagna þessa yfirlýsingu sem hæstv. ráðherrann beitti sér fyrir.

Eins og fram kom í fréttum nú um helgina eiga þessar aðgerðir að eyða öllum biðlistum fatlaðra eftir sambýlum og öðrum búsetuúrræðum á næstu fimm árum. Til þess á að kosta um 4,4 milljörðum kr. Það er ástæða til að halda því til haga, af því að rætt hefur verið um flutning á þessum málaflokki yfir til sveitarfélaganna, að ekki er gert ráð fyrir því, á þessu fimm ára tímabili sem á að nota til að tæma biðlistana, að neinir nýir fatlaðir bætist við. Það er auðvitað sérkennilegt, ætli menn að eyða þessum biðlistum, að gera ekki ráð fyrir neinni fjölgun þar á fimm ára tímabili.

Viljayfirlýsingin er með þeim hætti að Öryrkjabandalagið, eða hússjóður Öryrkjabandalagsins, á að taka að sér að byggja sambýli. Mig minnir að talað sé um 18 sambýli og 5 sérhæfð sambýli sem eru fyrir mikið fatlaða einstaklinga. Þegar maður skoðar hvernig á að greiða þetta þá er það þannig: Hússjóðurinn stendur að uppbyggingunni og fær til þess lán sem, væntanlega hjá Íbúðalánasjóði með 5,1% vöxtum. Fjármagnskostnaðurinn af þessu húsnæði á síðan að fara í leiguna og ríkið tekur að sér að greiða reksturinn og þar með talið leiguna. Þegar maður skoðar síðan, herra forseti, þessa skýrslu um kostnað vegna þjónustu við fatlaða þá kemur fram talan sem við sáum í blöðunum um helgina, 4,4, milljarðar, þar af 4,1 í stofnframkvæmdir. Þegar maður les hins vegar hverjir eiga að standa undir leigugreiðslunum kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun leigugreiðslna íbúa sambýla hefur verið miðað við að þeir [þ.e. íbúarnir] greiði að jafnaði sem svarar 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar verði því sem nemur 6% af stofnkostnaði."

Það á sem sagt að taka upp leigu á sambýlum og vistheimilum fyrir fatlaða sem ekki hefur verið hingað til. Þetta kemur skýrar fram í töflu sem hér fylgir en þar er rætt um auknar leigugreiðslur íbúa á sambýlum upp á 220 milljónir. Til að koma til móts við þá sem þurfa að standa undir þessum greiðslum eru áætlaðar um 40 millj. kr. í húsaleigubætur.

Þetta er, herra forseti, algjör breyting í málaflokki fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur allt frá árinu 1980 fjármagnað gífurlega uppbyggingu í vistheimilum og sambýlum fyrir fatlaða og ríkissjóður staðið undir rekstrinum en ekki íbúarnir sjálfir með leigugreiðslu. Einungis í þeim tilvikum að sjóðurinn hefur fjármagnað 10% en félagasamtök 90%, t.d. hefur Þroskahjálp staðið að uppbyggingu nokkurra slíkra íbúða, hefur verið um einhverjar leigugreiðslur að ræða. Hér stendur því til að gera grundvallarbreytingu á rekstrarformi í þessum málaflokki. Maður sér meira að segja alveg hvað hér er á ferðinni, herra forseti. Það er líka talað um að rétt sé að breyta um rekstrarform og hér stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Lagt er til að stofnað verði hlutafélag sem eigi allar húseignir sem í dag eru notaðar sem þjónustuhúsnæði fatlaðra."

Það er sem sagt hálfgerð einkavæðingarlykt af þessu öllu, herra forseti. Það á að stofna hlutafélag um allar húseignir sem núna eru búsetuúrræði fyrir fatlaða. Það á að fara að láta fatlaða sjálfa standa undir leigugreiðslunum.

Ég vil spyrja formann fjárln. hvort hann geri sér grein fyrir því hvað felst í samkomulaginu sem hæstv. félmrh. gerði. Það er verið að velta kostnaði af þessari ákvörðun hæstv. félmrh. yfir á fatlaða og þroskahefta einstaklinga sem eiga að standa undir henni með leigugreiðslum. Við erum að taka upp algjörlega nýtt fyrirkomulag, þetta er grundvallarbreyting á þjónustu þjóðfélagsins við fatlaða. Þetta er grundvallarbreyting.

Herra forseti. Raunverulega sýndarmennskan í þessu af hálfu félmrh. er að það er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu nú við 3. umr. fjárlaga til viðbótar til að standa undir því samkomulagi sem gert var um helgina við Öryrkjabandalagið. Eigi, herra forseti, að leysa búsetumál fatlaðra og tæma biðlistana á næstu fimm árum þá hlýtur að eiga að byrja þegar á næsta ári að koma upp sambýlum. Auðvitað vantar fjármagn til að reka þau ef Öryrkjabandalagið fer í uppbyggingu sambýla þegar á næsta ári.

Við hljótum að taka þessi mál til sérstakrar umræðu þegar tækifæri gefst. Ég vænti þess, herra forseti, að sú nefnd sem núna hefur til athugunar breytingar á félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem yfirtaka sveitarfélaganna á þessum málaflokki er undirbúin, skoði breytingar á fjármögnun uppbyggingar á þjónustu fyrir fatlaða, skoði vel hvað hér er á ferðinni. Við hljótum þó að freista þess að fá hæstv. félmrh. til að standa við orð sín. Við í Samfylkingunni höfum því flutt tillögu við 3. umr. þess efnis að 200 millj. fari til reksturs þeirra sambýla sem hússjóður Öryrkjabandalagsins mun væntanlega koma á fót á næstu vikum og mánuðum.

Herra forseti. Ég tók eftir því að í tengslum við áðurnefnda yfirlýsingu kom fram að verja ætti um 300 millj. vegna þjónustu við langveik börn. Því var komið af stað í tengslum við tillögu sem var samþykkt á Alþingi, um stefnumörkun í málefnum langveikra barna. Gert var ráð fyrir að auka við þá þjónustu þannig að langveik börn fengju ekki minni þjónustu en gert er ráð fyrir í lögunum um málefni fatlaðra. Til þess þarf fjármagn. Nú hef ég komist að raun um að það eru engar 300 millj. sem setja á til þess málefnis. Þar er um að ræða einhverja tugi milljóna. Mér er sagt að þetta geti verið um 80 millj. kr.

Því flytjum við einnig brtt. að því er varðar langveik börn hér við 3. umr. fjárlaga þannig að staðið verði við þá stefnumótun sem Alþingi ákvað að fylgt yrði í þessum málaflokki. Við leggjum til að 300 millj. verði veittar til þessa þarfa verkefnis en málefni langveikra barna hafa svo sannarlega setið eftir á umliðnum árum. Það er tímabært, herra forseti, löngu tímabært að gera átak í þeim málaflokki.

Barnabæturnar sem við leggjum til, 1.285 millj. kr., ætla ég ekki að hafa mörg orð um. Við ræddum það í tengslum við frv. ríkisstjórnarinnar þar sem gert er ráð fyrir hærri barnabótum, í tengslum við loforð í kjarasamningum og í annan stað til að standa við loforð sem framsóknarmenn héldu á lofti í síðustu kosningum og þeir ætla greinilega ekki að standa við nema að hluta. Þeir lofuðu því að ótekjutengdar barnabætur eða svokölluð barnakort yrðu að veruleika á kjörtímabilinu fyrir öll börn. Öll börn, sögðu þeir og börn eru samkvæmt skilgreiningum í alþjóðasáttmálum, sem við höfum samþykkt hér á hv. Alþingi, börn allt til 18 ára aldurs. Framsóknarmenn ætla ekki að standa við það loforð nema að hálfu og greiða ótekjutengdar barnabætur, rúmar 30 þús. kr., til barna upp að sjö ára aldri. Það er sennilega um helmingur

barnanna. Ætli það séu ekki um 30 þúsund börn af 60–70 þúsund börnum á aldrinum að 16 ára aldri?

Hvenær á að standa við hinn helminginn, herra forseti? Ég spyr formann fjárln. um það. Var fólkið blekkt í síðustu kosningum? Því var sagt að greiða ætti 30 þúsund kr. með hverju barni en tillaga hv. þm. Framsfl. gerir ráð fyrir að hverju barni eða fjölskyldu hvers barns upp að sjö ára aldri verði greiddar rúmar 30 þús. kr. Ekki var hægt að skilja formann Framsfl., þegar hann var spurður um þetta fyrir nokkru í sjónvarpi, öðruvísi en svo að þetta væri allt sem kæmi í þessu efni á kjörtímabilinu. Enda á það sem þó á að gera ekki að koma til framkvæmda, ekki strax, ekki á næsta ári, heldur á þremur árum, sú breyting sem ríkisstjórnin stendur fyrir að því er varðar barnabæturnar. Tillaga okkar sem við flytjum hér, upp á 1.285 millj., miðar að því að greiða barnabætur, rúmar 33 þús. kr. til allra barna að 16 ára aldri.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu þó að ýmislegt fleira mætti svo sem tiltaka í þessu efni. Ég hefði viljað beina einni spurningu til formanns fjárln. sem ég sé að hefur yfirgefið salinn, herra forseti. Það er raunar lokaspurning mín hér í ræðulok. Sjálfsagt hefur hv. þm. verið kallaður í símann eða eitthvað brugðið sér frá. Ég spyr um hv. þm. af því að ég hefði gjarnan viljað að hann svaraði þeirri spurningu.

Ég þakka fyrir að hv. formaður fjárln. er genginn í salinn. Ég hef eina spurningu til hans í lokin sem lýtur að barnabótunum, verðlagshækkun vegna lífeyrisgreiðslna aldraðra og öryrkja og því sem fram kemur í frv. til fjárlaga og ekki hefur verið útfært, þ.e. um sparnað sem hæstv. heilbrrh. ætlar samkvæmt fjárlagafrv. að beita sér fyrir og snertir lækkun á kostnaði vegna lyfja. Í fjárlagafrv. er talað um aukna greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði. Hæstv. heilbrrh. átti að spara milljarða á þessu ári sem ég veit ekki til að hafi gengið eftir. Til viðbótar sýnist mér að áætlaðar séu á fjárlögum 370 millj. kr. í lyfjakostnað.

Ég sagði við 2. umr. fjárlaga að mér fyndist ótækt að skilja þennan lið eftir óskýrðan vegna þess að mér finnst nóg að gert í hækkun á lyfjakostnaði sjúklinga sem hafa þurft að sæta 37% hækkun fyrr á þessu ári á algengum lyfjum. Ég spyr því: Hefur hæstv. heilbrrh. skýrt fyrir fjárln. hvernig eigi að mæta áformum hennar um lækkun á lyfjakostnaði þar sem segir að m.a. eigi að auka greiðsluþátttöku sjúklinga eða er sá þáttur skilinn eftir í vindinum eins og svo mörg önnur mál hér við lokaafgreiðslu fjárlaga? Við getum í því sambandi nefnt vegamál, sölu eigna eða leiguíbúðirnar þar sem enginn veit hvernig með verður farið. Hvað kemur t.d. á móti því að ríkisstjórnin ætlar að hætta niðurgreiðslu á vöxtum til leiguíbúða? Hér er því gerð lokatilraun, herra forseti, til að spyrja um þennan mikilvæga þátt sem snertir mjög heimili landsmanna, þ.e. lyfjamálin.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu en vil taka fram að frv. sem hér er til lokaafgreiðslu, til 3. umr., hefur svo sannarlega ekki batnað við meðferð málsins milli 2. og 3. umr. Mér finnst það enn, miðað við breytta þjóðhagsspá frá Þjóðhagsstofnun og spár fleiri aðila, styðja það sem við í Samfylkingunni höfum sagt, að alvarlegar blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við eins og nauðsynlegt var eða í samræmi við aðvaranir. Því er ástæða til þess núna, þegar við erum að afgreiða fjárlagafrv. sem sýnir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að hafa áhyggjur af framvindunni á næsta ári, ekki síst stöðu heimilanna.

[21:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum. Í fyrsta lagi varðandi verðlagsforsendur frv. Ég tók það fram í andsvari í dag að við fórum yfir verðlagsforsendurnar í fjárln. og fulltrúar fjmrn. gerðu okkur grein fyrir þeim. Þeir töldu ekki ástæðu til breytinga á þeim og við fórum yfir það. Að sjálfsögðu verða þær endurskoðaðar í ljósi þróunarinnar á næsta ári þegar kemur fram á árið.

Varðandi svo sparnað í lyfjakostnaði þá hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, verið í undirbúningi kerfisbreyting varðandi þátttöku neytenda í lyfjakostnaði, að þeir sem nota lítið af lyfjum borgi hærri hluta í kostnaðinum en hinir sem þurfa mikið af lyfjum. Þetta hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi en breytingin er enn áformuð. Hins vegar gæti það tekið einhvern tíma, jafnvel fram á árið, að koma þessu í gagnið.

Varðandi barnabætur og kosningaloforð þá er vissulega greinarmunur á kosningastefnuskrám og stjórnarsáttmála. Hins vegar hefur hér verið stigið mikilvægt skref. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að stíga þetta skref fyrir þennan aldurshóp. Ég ætla svo að geyma frekari útlistingar til seinna andsvars.

[21:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfestir hér það sem allir vita reyndar, að það er munur á loforðum og efndum Framsfl. þegar kemur að barnafólki. Það þvælist eiginlega fyrir manni að nefna slagorð þeirra „Fólk í fyrirrúmi" þegar maður hugsar til efnda þeirra á kosningaloforðum. Sjálfsagt verða margir til að rifja upp hvernig þeir hafa efnt helstu kosningaloforð sín.

Hv. þm. ber fjmrn. alltaf fyrir sig í því efni að ekki þurfi að breyta launaforsendum. Ég spyr: Hefur fjárln. ekki sjálfstæðan vilja í þessu efni? Fer hún bara eftir því sem fjmrn. segir? Það liggur fyrir að Þjóðhagsstofnun spáir 5,8% verðbólgu á næsta ári sem sýnir að það þarf að hækka þann lið sem snýr að lífeyrisgreiðslum aldraða og öryrkja ef ekki á að brjóta lög hér strax í upphafi ársins vegna þess að þá þarf að hækka greiðslur til þessa hóps um hvorki meira né minna en 450 millj. kr., en samkvæmt lögum eiga bætur þeirra að miðast við laun eða verðlag eftir því hvort gefur meira. En það er auðvitað vani hjá ríkisstjórninni að hún miðar alltaf við það sem minnst gefur lífeyrisþegum og það ætlar hún eina ferðina enn að gera.

Síðan lýsir hv. þm. því yfir að áform séu uppi um að auka enn á lyfjakostnað heimilanna og er ekki bætandi á þá pinkla sem ríkisstjórnin er þessa dagana að leggja á heimilin í landinu.

[21:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áður um verðlagsforsendurnar, að hér er um spár að ræða í báðum tilfellum, bæði hjá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun, og vitanlega verða þessar spár endurskoðaðar í ljósi verðlagsþróunar á næsta ári.

Varðandi barnabæturnar þá hefur hv. þm. misskilið mig annaðhvort viljandi eða óviljandi. Ég sagði að munur væri á kosningastefnuskrám og stjórnarsáttmála. En hér hefur verið stigið mikilvægt skref í hækkun barnabóta og það er mjög jákvætt. Hér hefur verið stigið skref til þess að koma á ótekjutengdum barnabótum fyrir yngsta aldurshópinn. Ég

tel það mjög jákvætt og mjög gott skref í rétta átt í þessum efnum.

Ég hef nú ekki orðið var við að talsmenn Samfylkingarinnar vilji afnema allar tekjutengingar. Þeir hafa a.m.k. lýst því yfir að þeir vilji það ekki. Ég hef heyrt það af þeirra vörum úr þessum ræðustól. Ég tel mikilvægara að taka þetta skref og er mikilvægur þáttur í að framkvæma kosningastefnuskrá okkar í þessum efnum. Við höfum unnið að því af fullum krafi. Ég ber engan kinnroða fyrir framkvæmd okkar að þessu leyti.

[21:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mikilvæga skref sem hv. þm. lýsir hér varðandi áform ríkisstjórnarinnar í barnabótum er nú ekki stærra en svo að þegar Framsfl. tók við árið 1995 var ótekjutengdi hluti barnabótanna að meðaltali 40.000 kr. Nú beitir Framsfl. sér fyrir því að ótekjutengdi hluti barnabótanna verði 33.000 kr. en ekki 40.000 kr. eins og hann var þó 1995. Framsfl. beitir sér fyrir því að lækka lítillega skerðingu barnabóta á næstu þremur árum og verja til þess 2 milljörðum kr. Engu að síður verður eftir þrjú ár minna varið til barnabóta en var árið 1995 og heimilum sem fá barnabætur hefur fækkað um helming. Þannig efnir Framsfl. loforð sín. Því skal einnig haldið til haga að Samfylkingin telur að barnabæturnar hafi sérstöðu og á það skal minnt að Ísland er eitt fárra ríkja innan OECD sem tekjutengir barnabætur.

[21:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Fjármagnseigendur eru dekurbörn hins íslenska hagkerfis og guðforeldrar hins íslenska hagkerfis er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Dekurbörn þurfa lítið fyrir lífinu að hafa. Þau lifa í vellystingum praktuglega, maka krókinn í umboði ríkisstjórnarinnar og láta peningana sína vinna fyrir sig. Fjármagnseigendurnir eru skjólstæðingar ríkisstjórnarinnar, ekki atvinnulífið eða heimilin í landinu, sama hversu oft framsóknarmenn reyna að halda því fram. Meðan dekurbörnin þurrka súkkulaðið úr munnvikunum safna heimilin, heimili venjulegra ráðdeildarsamra Íslendinga skuldum alveg sama hversu forráðamenn þeirra leitast við að sýna aðhald og útskýra fyrir börnunum sínum að peningar vaxi ekki á trjánum. En það er erfitt, herra forseti, fyrir börn að trúa því þegar þau hafa dekurbörn ríkisstjórnarinnar fyrir augum. Börnin sem eiga að fá leyfi til að kaupa sig fram fyrir venjulegt fólk í biðröðinni eftir læknisþjónustu, börnin sem ríkisstjórnin ætlar að setja á stofn einkaskóla fyrir svo þau geti orðið afburða dekurbörn, fær um að halda áfram að láta fjölskylduauðinn búa til meiri peninga fyrir sig.

Herra forseti. Leikreglurnar sem ríkisstjórnin hefur sett eru óréttlátar og þær eru til þess fallnar að breikka bilið á milli ríkra og fátækra á Íslandi. Þar eru sömu reglur á ferð og fært hafa örfáum einstaklingum í hendur stærstan hluta auðæfa heimsins, enda er nú svo komið hér á landi að það eru til orðnir nokkrir útvaldir einstaklingar sem hafa náð að sölsa undir sig þjóðarauðinn. Og nú herma fregnir, herra forseti, að ábyrgðartilfinning hinna vellauðugu sé ekki meiri en svo að auðurinn sé nú óðum á leið úr landi. Svona virkar stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Veldisvöxtur peninganna í vestræna hagkerfinu ber ekki vott um heilbrigt hagkerfi. Ó nei, slíkur vöxtur er ónáttúrulegur enda fyrirfinnst veldisvöxtur sem slíkur, vöxtur sem lýtur sömu lögmálum, einungis við óheilbrigðar kringumstæður í ríki náttúrunnar og þar, herra forseti, er hann kallaður krabbamein.

Alræði markaðsaflanna sem ríkisstjórnin lofar og prísar grefur undan jöfnuði og réttlæti í mannlífinu alveg eins og önnur ónefnd alræðisstefna gerði á öðrum stað í heiminum fyrr á þessari öld.

Íslendingar tóku á móti góðum gesti fyrir skemmstu, þeim djúpvitra rithöfundi, Günther Grass. Honum mæltist vel þegar hann tjáði sig um pólitíska fátækt vesturlandabúa. Hann sagði eitthvað á þá leið að vestrænt samfélag byggi nú einungis við eitt hugmyndakerfi, hugmyndakerfi kapítalismans, og kapítalisminn væri að því leyti eins og kommúnisminn að hann tryði sínum eigin lygum. Herra forseti. Ég hef tilhneigingu til að vera honum sammála.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs hafa við þessa umræðu farið vítt og breitt um sviðið, jafnt nú við 3. umr. sem og 2. umr. Við höfum gagnrýnt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir að það auki á misrétti í stað þess að auka jöfnuð og réttlæti. Í brtt. Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs hér við 3. umr. leggjum við mesta áherslu á tillögur til framhaldsskóla, tillögu til félagslegra leiguíbúða og átaks í byggingu félagslegs leiguhúsnæðis. Við leggjum áherslu á heilbrigðismál, eflingu félagslegs forvarnastarfs og við leggjum áherslu á að framhaldsskólarnir verði efldir.

Þar að auki leggjum við áherslu á að náttúruvernd og fjölsóttir ferðamannastaðir verði efldir og bragarbót gerð á ástandi fjölsóttra ferðamannastaða. Auk þessa erum við meðflutningsmenn að tillögum með hv. þm. Frjálslynda flokksins um ýmis mál er lúta að sjúkratryggingum, lífeyristryggingum, barnabótum o.fl.

Það kemur í minn verkahring í þessari umræðu, herra forseti, að gera sérstaklega grein fyrir tveimur þáttum í brtt. Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs og er þar um að ræða tillögur er varða Ríkisútvarpið og tillögur er varða umhverfismál.

Herra forseti. Varðandi Ríkisútvarpið þá er nú svo komið að starfsmenn þess, fjármálastjóri þess og útvarpsstjóri sjálfur hafa farið bónleiðir bæði til hv. menntmn. og hv. fjárln. mörg ár í röð til þess að knýja fram heimild til að hækka afnotagjald Ríkisútvarpsins. Ferðir þessara heiðursmanna hafa engum árangri skilað, nákvæmlega engum, herra forseti, því talan sem hv. fjárln. leggur til að Ríkisútvarpið fái á þessum fjárlögum er nákvæmlega sú sama nú og þegar frv. var lagt fram.

Herra forseti. Í afkomuspá fyrir Ríkisútvarpið er gert ráð fyrir því að niðurstaða sameiginlegs rekstrarreiknings útvarps og sjónvarps og framkvæmdasjóðs verði nálægt núllpunkti. Þessari niðurstöðu verður þó að taka með fyrirvara því rúmlega 3% sveifla í gjöldum eða tekjum getur þýtt u.þ.b. 100 millj. kr. tap.

Væri gert ráð fyrir svipuðum rekstri á næsta ári hjá Ríkisútvarpinu og verið hefur í ár er ljóst að 18,6% hækkun afnotagjalda þarf að koma til og um það hefur Ríkisútvarpinu verið synjað. Ekki fæst eitt einasta prósent. Ein af viðbárunum, herra forseti, er sú að afnotagjöldin vegi svo þungt í vísitölu neysluverðs. En sannleikurinn er sá að 18% hækkun afnotagjalds Ríkisútvarpsins mundi einungis vega sem 0,11% hækkun á vísitölu neysluverðs. Fyrirsláttur hv. fjárln. í þessu efni er því léttvægur.

Þess vegna leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð til, svo bjarga megi þessari merku menningarstofnun frá þeirri lágkúru sem hún er nú ofurseld, að Ríkisútvarpið fái sérstakt

framlag úr ríkissjóði á næsta ári til þess að bæta rekstrarstöðu sína og styðja dreifikerfið upp á 380 millj. kr.

Herra forseti. Um eitt framlag yrði að ræða. Í þessari brtt. er ekki lagt til að afnotagjaldið verði hækkað en gert ráð fyrir því að 380 millj. kr. verði greiddar sem eingreiðsla til Ríkisútvarpsins svo það geti staðið við skuldbindingar sínar og borið höfuðið hátt eins og slíkri menningarstofnun sæmir í samfélagi okkar í dag.

Herra forseti. Þá geri ég grein fyrir brtt. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þskj. 476 er varðar Náttúruvernd ríkisins. Við 2. umr. um frv. til fjárlaga 2001 lögðu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram fjölda tillagna er lutu að umhverfisvernd og náttúruvernd. Í þeim tillögum lögðum við til 200 millj. kr. sem ættu að renna í að styrkja fjölsótta ferðamannastaði og sjá þeim fyrir öflugu viðhaldi og uppbyggingu. 100 millj. kr. af því gerðum við ráð fyrir að ættu að fara til Ferðamálaráðs til þessara nota og aðrar 100 millj. kr. til Náttúruverndar ríkisins. Einnig gerðum við tillögur um sérstaka uppbyggingu og eflingu þjóðgarðanna okkar.

Þessar tillögur hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs voru að sjálfsögðu felldar á Alþingi eins og okkur öll rekur minni til. En við gefumst ekki upp, herra forseti, og leggjum nú til að Náttúruvernd ríkisins fái viðbótarframlag á liðinn Þjóðgarðar og friðlýst svæði upp á 90 millj. kr.

Til þess að árétta hversu lítill hluti það er af því fjármagni sem þörf er á í þetta viðamikla verkefni, get ég hér enn orða hæstv. umhvrh. sem hefur haldið því fram oftar en einu sinni úr þessum ræðustól að til þess að koma fjölförnustu ferðamannastöðunum okkar í það horf að þeir geti tekið við þeim ferðamannastraumi sem sækir þangað þurfi 430 millj. kr. Herra forseti. Ríkisstjórnin er ekki að standa sig í þessum málaflokki.

Þá vil ég gera grein fyrir brtt. á þskj. 479. Svo sem sjá má á 53. brtt., d-lið á þskj. 457 frá meiri hluta fjárln. gerir meiri hlutinn ráð fyrir sérstöku yfirliti undir heitinu Ýmis verkefni hjá umhverfisráðuneyti. Þar er gert ráð fyrir nafngreindri fjárveitingu til Umhverfisverndarsamtaka Íslands upp á 2 millj. kr. sem ég geri ekki athugasemd við. En til að tryggja jöfnuð milli frjálsra félagasamtaka sem starfa að málefnum náttúruverndar ber stjórnvöldum skylda til að veita Náttúruverndarsamtökum Íslands sömu upphæð á þessu sérstaka yfirliti. Við flytjum hér, herra forseti, brtt. þess efnis.

Eins og fram kom í umræðunni í morgun, herra forseti, í andsvari mínu við hv. formann fjárln., Jón Kristjánsson, hafa þeir skýringu á takteinum. Meiri hlutinn skýrir þessa ráðstöfun með þeim orðum að stjórn Umhverfisverndarsamtaka Íslands hafi ákveðið að bjóða ýmsum félagasamtökum á sviði umhverfismála að hafa afnot af skrifstofu samtakanna og starfsmanni. Þetta er skýring meiri hluta fjárln. á þessu nafngreinda framlagi upp á 2 millj. til Umhverfisverndarsamtaka Íslands.

Hv. fjárln. sendi á sínum tíma hv. umhvn. til umsagnar, umsóknir frá Umhverfisverndarsamtökunum og tillögur frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Hv. umhvn. var einhuga í að mæla með fjárstuðningi við bæði samtökin og kemur það fram á þskj. bæði meirihlutaáliti og minnihlutaáliti hv. umhvn.

Fjárln. hunsar álit umhvn. og leggur til nafngreinda fjárveitingu til Umhverfisverndarsamtakanna en ekki til Náttúruverndarsamtakanna. Þegar öllum steinum þessa máls, herra forseti, er velt við koma í ljós lágkúrulegar tilhneigingar stjórnarmeirihlutans. Ekki verður annað séð en að Framsfl. sé hér að hygla fyrrv. framsóknarráðherra, Steingrími Hermannssyni, sem fyrir tveimur árum sá sig knúinn til að stofna Umhverfisverndarsamtök Íslands, sem hefðu m.a. á verkefnaskrá sinni, eins og fram kemur í nefndri umsókn frá samtökunum, að skapa svigrúm fyrir orkufrekan iðnað undir yfirskyni náttúru- eða umhverfisverndar.

Í þessu sambandi, þegar talað er um hagsmunatengsl manna og málefna, má kannski geta þess líka að annar fyrrv. framsóknarráðherra, Jón Helgason, stýrir náttúruverndarsamtökunum Landvernd, sem hafa innan vébanda sinna fyrirtæki á borð við Landsvirkjun. Þessi sami meiri hluti sem við ræðum hér um leggur til að Landvernd, náttúruverndarsamtök Jóns Helgasonar, fái nafngreinda fjárveitingu upp á 3 millj. kr. undir fjárlagalið landbrn. auk þess sem 25 millj. kr. eru ætlaðar í rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Samtök Jóns Helgasonar, Landvernd, eiga að vinna að gerð rammaáætlunarinnar.

Herra forseti. Ég tek það skýrt fram enn einu sinni að ég hef ekkert á móti framlögum ríkissjóðs til Landverndar eða Umhverfisverndarsamtaka Íslands, ekki neitt. Ég styð þessi framlög heils hugar.

Herra forseti. Þá komum við að Náttúruverndarsamtökum Íslands, almannasamtökum með 400–500 manns á félagaskrá, samtökum sem hafa starfað lengur en umhverfisverndarsamtök Steingríms Hermannssonar, samtök sem hafa gengist fyrir ótal verkefnum og trúlega verið virkustu samtök landsins í náttúruvernd. Þau eiga hins vegar ekki að hafa rétt til nafngreindrar fjárveitingar.

Herra forseti. Hér er um grófa mismunun að ræða sem ekki verður unað við. Ég vil leggja fram nokkrar spurningar til hv. þm. Jóns Kristjánssonar, hv. formanns fjárln., sem var einmitt að ganga í salinn.

Er hér, herra forseti, verið að refsa Náttúruverndarsamtökum Íslands fyrir að hafa tekið einarða afstöðu gegn stóriðjustefnu Framsfl.? Má ekki halda því fram, herra forseti, að hér sé um framgöngu að ræða sem flokkast undir spillingu fremur en heilbrigða stjórnarhætti?

Ein spurning enn, herra forseti: Er það rétt sem flogið hefur fyrir að það sé á stefnuskrá Framsfl., með hæstv. umhvrh. í broddi fylkingar, að leggja beri niður Náttúruverndarráð á komandi ári?

Herra forseti. Hvernig getur Framsfl. verið svo blygðunarlaus að skýra þá mismunun sem hér er verið að leggja til með því að Umhverfisverndarsamtök Íslands hafi boðist til að reka skrifstofu fyrir náttúruverndarsamtök á Íslandi? Hvernig getur Framsfl. það, herra forseti? Er hv. þm. Jóni Kristjánssyni kunnugt um hvernig því tilboði verður tekið, tilboði sem enn er ekki búið að leggja fram við nein náttúruverndarsamtök í landinu svo ég viti, tilboði sem fyrrv. ráðherra, Steingrímur Hermannsson, lýsti strax árið 1999 þegar hann stofnaði samtökin sín og gat um í viðtölum að samtökin yrðu regnhlíf yfir öll umhverfis- og náttúruverndarsamtök í landinu? Herra forseti. Ég sé ekki betur en að Steingrímur Hermannsson standi enn einn undir þeirri regnhlíf.

Ég spyr hv. formann fjárln.: Hvernig er hægt að rökstyðja þessa mismunun á þann hátt sem hann gerir?

Til að nefna nokkur þau verkefna sem Náttúruverndarsamtök Íslands hafa staðið fyrir frá stofnun 1997 þá er hér upptalning á því helsta. Kannski væri rétt, herra forseti, að

ég vitni fyrst til 3. gr. laga Náttúruverndarsamtakanna, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Markmið samtakanna er að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Þessum markmiðum hyggst félagið ná með því að:

Veita stjórnvöldum og framkvæmdaraðilum gagnrýnið aðhald.

Tryggja upplýsingastreymi til almennings.

Vinna að bættri lagasetningu í þágu umhverfis- og náttúruverndar.

Efla samstarf við systursamtök hérlendis sem erlendis.

Færa alþjóðlega umræðu nær almenningi.

Efla vitund almennings um umhverfismál og náttúruvernd.

Fræða almenning um gildi náttúrunnar.

Stuðla að því að stjórnvöld virði alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum.

Afla fjár til starfsemi sinnar."

Herra forseti. Árið 1997, á fyrsta starfsári Náttúruverndarsamtaka Íslands, áttu þau frumkvæði að því að vekja athygli á lagningu Búrfellslínu 3A yfir Ölkelduháls og eyðileggingu dýrmætra svæða með slíkri línulagningu. Náttúruverndarsamtökin gerðu sömuleiðis athugasemdir við skipulagstillögur og lögðu fram stjórnsýslukæru við samþykktar skipulagstillögur. Eitt stærsta verkefnið það ár var gerð ítarlegra athugasemda við tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins.

Það ár sendu Náttúruverndarsamtökin einnig frá sér stjórnsýslukæru vegna hringvegarins úr Langadal að Ármótaseli. Athugasemdir Náttúruverndarsamtakanna voru einnig sendar vegna deiliskipulags Hveravalla. Líka voru gerðar athugasemdir við frumathugun á umhverfisáhrifum 132 kílóvatta Nesjavallalínu. Náttúruverndarsamtök Íslands fengu það ár aðild að Climate Network Europe, sem er Evrópudeild alþjóðlegra samtaka sem nefnast Climate Action Network, og eru alþjóðleg regnhlífarsamtök 263 lýðræðislegra umhverfisverndarsamtaka sem berjast fyrir verndum lofthjúpsins. Þetta ár gengu Náttúruverndarsamtökin sömuleiðis í formlegt samstarf við WWF, þ.e. World Wide Fund for Nature.

Þetta ár, 1997, var það og undirbúið að árið 1998 yrði ár hafsins. Náttúruverndarsamtök Íslands sinntu málefnum hafsins þetta ár með fjölda greinarskrifa og með mikilli upplýsingagjöf á netinu. Þetta ár, herra forseti, opnuðu Náttúruverndarsamtök Íslands öfluga heimasíðu með tengingum út um allan heim til sjálfstæðra náttúruverndarsamtaka.

Á öðru starfsári samtakanna 1998 hófst útgáfa fréttabréfs. Sömuleiðis var gefið út ráðstefnurit í samvinnu við Félag um verndun hálendis Austurlands, Fuglaverndarfélags Íslands og Náttúruverndarsamtök Austurlands. Sömuleiðis var enn meira unnið að heimasíðunni og hún gerð enn öflugri. Framan af á þessu ári var mikið um að vera vegna úrvinnslu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins og stjórn Náttúruverndarsamtakanna vann ítarlega álitsgerð um það mál.

Samtökin beittu sér þetta ár líka í umræðunni um sveitarstjórnarlögin, sem var afar mikil. Náttúruverndarsamtökin stóðu ásamt öðrum samtökum að sameiginlegri áskorun þetta ár til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um að fresta afgreiðslu frv. til sveitarstjórnarlaga. Sú áskorun var afhent forsrh. 12. maí.

Þetta ár lögðu Náttúruverndarsamtök Íslands lóð sitt á vogarskálarnar með því að standa fyrir ljóðalestri hér á Austurvelli á hverjum einasta fimmtudegi þann vetur sem þing var starfandi og muna hv. þm. sem hér sitja trúlega eftir þeim uppákomum sem haldið var úti á vegum samtakanna í heilan vetur.

Þetta ár héldu Náttúruverndarsamtökin einnig málþing sem fjallaði um áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á náttúru og efnahag. Þetta var afar öflugt málþing, haldið í hátíðarsal Háskóla Íslands 31. okt. 1998 og var mjög fjölsótt og eins og getið var um áðan var gefið út ráðstefnurit að málþinginu loknu.

Sama ár héldu Náttúruverndarsamtökin ásamt öðrum baráttufund í Háskólabíói. Það hvíldi á Náttúruverndarsamtökunum að skipuleggja þann baráttufund og hann sóttu yfir 1.000 manns til þess að láta í ljós vilja sinn til þess að standa með hálendinu gegn náttúruspjöllum.

Þetta ár var einnig fjallað um Vatnsfellsvirkjun og Þjórsárver. Í júnímánuði það ár lögðu Náttúruverndarsamtök Íslands fram stjórnsýslukæru vegna úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins um framkvæmdir við 140 megavatta Vatnsfellsvirkjun. Sama ár felldi umhvrn. úrskurð skipulagsstjórans úr gildi og tók þar með undir þá kröfu Náttúruverndarsamtakanna að meta skyldi framkvæmdina að nýju. Þarna höfðu Náttúruverndarsamtökin sannarlega árangur sem erfiði.

Hárekssstaðaleið og vegagerð á Jökuldalsheiði var líka til umfjöllunar og Náttúruverndarsamtök Íslands lögðu fram stjórnsýslukæru vegna úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins um framkvæmdina. Farið var fram á að umhvrh. kvæði upp úr um að endubyggja skyldi núverandi þjóðveg um Möðrudalsöræfi og Hárekssstaðaleið yrði hafnað. Þetta ár lögðu Náttúruverndarsamtökin einnig sitt af mörkum til vinnunnar við loftslagsmálin og Kyoto-bókunina. Sú ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að undirrita ekki Kyoto-bókunina stríðir að mati samtakanna gegn vilja þeirra sem standa vilja að náttúruvernd.

Þriðja starfsárið, 1999, var ekki síður öflugt. Skrifstofa samtakanna var opnuð í apríl það ár og annáll verkefna gefinn út í fréttabréfi. Mikið var lagt í að uppfræða fólk um Fljótsdalsvirkjun, Eyjabakka og kröfuna um lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun. Þar unnu Náttúruverndarsamtökin ásamt öðrum náttúruverndarsinnum, eins og allir vita, áfangasigur þegar hætt var við að virkja með uppistöðulóni á Eyjabökkum.

Þá er ég komin að skýrslunni um starf samtakanna á yfirstandandi ári og þar nefni ég fyrst náttúruverndarþing. Í janúar 2000 var haldið náttúruverndarþing og áttu Náttúruverndarsamtök Íslands frumkvæði, a.m.k. að tveimur ályktunum sem samþykktar voru á þinginu. Fjöldi fólks frá Náttúruverndarsamtökum Íslands tók þátt í þessu þingi.

Í janúar á þessu ári stefndu Náttúruverndarsamtök Íslands íslenskum stjórnvöldum, annars vegna ógildingar á virkjunarleyfi sem Landsvirkjun var veitt 1991 fyrir Fljótsdalsvirkjun og hins vegar til að knýja fram mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar í samræmi við gildandi lög. Áfram hefur verið unnið að loftslagsbreytingarmálunum og fulltrúar frá samtökunum sátu nýafstaðið þing Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmálin í Haag.

Náttúruverndarsamtökin hafa fylgst náið með þróun mála á erlendri grund og eiga eins og áður hefur komið fram aðild að Climate Network Europe og taka virkan þátt í því starfi. Sömuleiðis hafa Náttúruverndarsamtökin eða fulltrúar þeirra

átt fulltrúa á fundi vísinda- og tækninefndar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna.

Ég á þá einungis eftir að telja upp umsagnir Náttúruverndarsamtakanna vegna vegagerðarinnar yfir Vatnaheiði og þau afskipti sem Náttúruverndarsamtökin hafa haft af kísilgúrtöku úr Mývatni, álveri á Reyðarfirði og störf þeirra vegna rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar en Náttúruverndarsamtökin eiga fulltrúa í faghópi um náttúru- og menningarminjar í þeirri vinnu.

Fyrir þessari starfsemi, herra forseti, hafa staðið þau samtök sem meiri hluti fjárln. hefur lagst gegn að fari sem nafngreindur liður inn á fjárlög á meðan Umhverfisverndarsamtök Steingríms Hermannssonar fara þar inn sem nafngreindur liður. Má ég biðja hv. þm. Jón Kristjánsson að leggja fram sambærilegan lista og ég hef nú lesið upp um Náttúruverndarsamtök Íslands, yfir verkefni þeirra samtaka sem hann leggur til að fari sem sérgreindur liður á fjárlög íslenska ríkisins, Umhverfisverndarsamtök Íslands? Við skulum sjá hvort við höfum rétt fyrir okkur varðandi þá mismunun sem ég hef reynt að koma orðum að og bregða ljósi á.

[22:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Satt að segja kann ég mjög illa við þær dylgjur sem eru bornar á mig í þessu sambandi, að ég hafi verið að refsa Náttúruverndarsamtökum Íslands fyrir andstöðu við stóriðjustefnu Framsfl., eins og ég er spurður að. Það sem ég hef gert í málefnum náttúruverndarsamtaka er að tryggja það m.a. með persónulegum viðtölum við umhvrh. að þessi samtök fái framlög frá opinberri hálfu. Skiptir þá engu máli hvaða skoðanir eða hvaða skoðanamunur er milli mín og þessara samtaka en hann er ekkert í öllum greinum. Ég sagði það í ræðu og m.a. í andsvari við hv. 17. þm. Reykv. að ég teldi náttúruverndarsamtök og frjáls náttúruverndarsamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna og ég stend við það. Núna er verið að stórauka fjármagn til þessara samtaka og þá bregður svo við að gerðar eru miklar árásir á okkur, meiri hluta fjárln. og jafnvel mig persónulega, fyrir að hafa stuðlað að þessum stórauknu framlögum og látið liggja að því að hér sé um pólitískan mismun að ræða og Umhverfisverndarsamtök Íslands kölluð samtök Steingríms Hermannssonar. Hvers konar málflutningur er þetta? Ég frábið mér slíkar dylgjur sem felast í ræðu hv. þm.

[22:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður fjárln. hefur ekki svarað þeirri spurningu sem ég óskaði eftir að yrði svarað: Hvers vegna er um þá mismunun að ræða að önnur samtökin fara inn sem nafngreindur liður en hin ekki? Ég lagði sömu spurningu fyrir hv. þm. í morgun. Skýringin sem þá kom var sú að Umhverfisverndarsamtök Íslands ætluðu að reka skrifstofu með starfsmanni sem önnur náttúruverndarsamtök ættu að hafa aðgang að.

Herra forseti. Náttúruverndarsamtök Íslands reka skrifstofu með starfsmanni. Náttúruverndarsamtök Íslands hafa aldrei vanþakkað það fé sem þau hafa fengið í gegnum opinbera kerfið. Allir eru þakklátir fyrir það framlag sem ríkisstjórnin hefur lagt til náttúruverndarsamtaka, burt séð frá því hvað þau heita. En hér er um alvarlega mismunun að ræða á milli tveggja nafngreindra umhverfisverndarsamtaka sem hafa bæði sótt um fjárframlög til íslenska ríkisins núna, hafa bæði sótt það stíft, hafa bæði sama rétt, hafa bæði hlotið umsögn umhvn. og jákvæð viðbrögð. Hvernig stendur á því, herra forseti, að önnur fara inn sem nafngreindur liður en ekki hin?

[22:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þegar svarað þessari spurningu. Umhverfisverndarsamtök Íslands tóku það fram í umsókn sinni að þau ætluðu að koma upp skrifstofu, starfsmanni og bjóða öðrum náttúruverndarsamtökum að nýta sér þá aðstöðu. Mér er fullkunnugt um að Náttúruverndarsamtök Íslands reka skrifstofu en það eru fleiri samtök í landinu af þessu tagi. Þó að Náttúruverndarsamtök Íslands hafi unnið mikið starf og séu fyrirferðarmikil fannst meiri hluta fjárln. vera full þörf fyrir aðstöðu af þessu tagi. Það er ástæðan fyrir því að þetta var skilgreint sérstaklega á fjárlögum. Hitt er svo annað mál að það svigrúm sem er fyrir önnur náttúruverndarsamtök inn á safnlið umhvrn. hefur verið aukið og við vorum síðast að samþykkja að auka það í dag. Það er því verið að auka mjög fjármagn til þessara hluta. Á dauða mínum átti ég von en ekki því að þá yrði einhver harðasta umræða við þessa fjárlagagerð um einmitt þetta atriði.

Að lokum ætla ég að svara annarri spurningu sem kemur þessu máli ekki við af því Framsfl. er mjög nefndur til sögunnar í þessu sambandi, þó hér sé um tillögu meiri hluta fjárln. að ræða. Hv. þm. spurði að því hvort Framsfl. hafi það á stefnuskrá sinni að leggja niður Náttúruverndarráð. Hann hefur það ekki á stefnuskrá sinni. Ég kannast ekki við það. Það er ekki á stefnuskrá flokksins og ég svara þeirri spurningu neitandi.

[22:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Meðan hv. þm. Jón Kristjánsson getur ekki gefið svar við þeirri einföldu spurningu: Hvers vegna er þeim tveimur náttúruverndarsamtökum sem hér er rætt um mismunað á þennan hátt, þá getur hv. þm. ekki átt von á öðru en hann fái það sem hann kallar dylgjur úr þessum ræðustóli.

Herra forseti. Ég vil með leyfi fá að vitna í bréf Umhverfisverndarsamtaka Íslands sem þau skrifa 17. október til hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þá hafa samtökin verið með í undirbúningi að ná saman góðum hópi fræðimanna til að gera úttekt á gróðurhúsaáhrifum okkar Íslendinga og gera tillögur um hvernig megi draga úr þeim. Þetta er að mati samtakanna afar mikilvægt, ekki síst með það í huga hvernig við Íslendingar getum staðið við alþjóðlegar skuldbindingar um minni losun gróðurhúsalofttegunda og skapað svigrúm fyrir orkufrekan iðnað."

Herra forseti. Það skyldi þó ekki vera þegar öllu er á botninn hvolft að þessi yfirlýsing Umhverfisverndarsamtaka Íslands sé þvílíkur demantur í augum hv. þm. Framsfl. að þetta sé skýringin á mismununinni. (Gripið fram í.) Að auka svigrúm fyrir orkufrekan iðnað.

[22:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2001 kemur nú til lokaafgreiðslu. Ég vísa til nál. 2. minni hluta fjárln. við 2. og 3. umr. en vil auk þess nefna nokkur atriði sem mig langar til að leggja áherslu á.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum áherslu á að ríkisfjármálunum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Í þeim tilgangi höfum við lagt fram

breytingar við 2. umr. en því miður voru þær allar felldar. Nú við 3. umr. gerum við aftur tilraun til úrbóta og vonandi verður þeim betur tekið en þeim fyrri. En því miður af fenginni reynslu megum við ekki vera of vongóð um það.

Í tillögum okkar sem við flytjum hér breyttar leggjum við enn og aftur áherslu á velferðarmál.

Við leggjum áherslu á umhverfismál og við leggjum áherslu á mál til að styrkja byggð í landinu.

Við leggjum auk þess áherslu á menntun, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi.

Við leggjum áherslu á auknar rannsóknir á mörgum sviðum.

Við leggjum áherslu á grunnrannsóknir til lands og sjávar því á mörgum sviðum stöndum við mjög illa þegar kemur að því að vinna þá vinnu sem okkur ber, bæði hvað varðar mat á umhverfisáhrifum, vegagerð, hvaða framkvæmdir sem er, nýjar atvinnugreinar sem eru að koma til okkar eins og fiskeldi o.fl. Okkur vantar grunnrannsóknir á mjög mörgum sviðum og við leggjum áherslu á að efla þær rannsóknir.

Hvað varðar háskóla landsins hefur ekki verið lögð fram tillaga á hækkun á framlögum til þeirra á milli 2. og 3. umr. þrátt fyrir að ljóst sé að töluvert magn vantar inn í reksturinn, bæði samkvæmt kennsluáætlun og áhuga skólanna á því að sinna eftirspurn eftir námi. Háskólinn á Akureyri hefur t.d. mikinn áhuga á því að uppfylla markmið byggðaáætlunar um háskólanám á Vestfjörðum og Austfjörðum. Til þess að svo megi verða þarf að taka sérstaklega tillit til þess á fjárlögum. En því miður er það ekki á fjárlögum fyrir árið 2001.

Aftur á móti hefur verið komið til móts við þarfir símenntunar og fjarvinnsluverkefna. Símenntunar- og fræðslumiðstöðvarnar, sem eru átta á landinu í dag, fá núna hver um sig 7 millj. kr., auk þess er óskiptur pottur upp á 93,3 millj. kr. Þetta er í heildina töluverð hækkun og það er mikil munur fyrir þessar stöðvar að hafa ákveðinn rekstrargrunn svo þær viti á hverju þær mega byggja frá því sem var á þessu ári þegar var einn óskiptur pottur og þeir sem ráku stöðvarnar vissu ekkert hvað þeir mundu fá úr þeim eina potti. Ég tel þetta til bóta og vonandi að framlagið eins og það er sett upp í dag muni duga til að styrkja þannig rekstur stöðvanna að þær geti haldið áfram að byggja upp eins og þær hafa áhuga á.

Það eru fleiri háskólar en Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fyrir utan Háskólann í Reykjavík, sem mér liggur við að segja sjái um sig, en það eru búnaðarháskólarnir á Hólum og á Hvanneyri. Það vantar aukið fjármagn inn í þá. Vonandi verður bætt úr því. Ekki er nóg að tala bara um að efla byggð. Með því að styrkja búnaðarháskólana styrkjum við einnig búsetu um allt land. Aukin menntun fyrir bændastéttina mun styrkja alla byggð í landinu.

En framhaldsskólarnir, herra forseti, eru í mjög erfiðri stöðu, bæði vegna þess að það módel sem hefur verið sett upp til þess að reikna þeim fjármagn er ekki réttlátt, sérstaklega gagnvart fámennari skólum. Það hefur orðið til þess að í raun og veru hefur dregið mátt úr þeim samfara fækkun nemenda. Þetta hefur verið eins og hálfgerð vítisvél sem fækkun nemenda hefur haft áhrif á þetta módel. Auk þess stendur nú yfir mjög erfið deila milli framhaldsskólakennara og ríkisins og hún verður ekki leyst nema aukið fjármagn komi inn í skólana. Við sjáum ekki að brugðist sé við þessu í fjárlagafrv. við 3. umr. Því höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram brtt. til framhaldsskólanna, óskipt, þar sem við leggjum til að það komi aukalega 250 millj. kr. til skólanna til að koma til móts við þær þarfir sem við vitum að eru til staðar. Ekki verður hægt að leysa þetta verkfall nema semja um launahækkanir til kennaranna og það á að gera ráð fyrir því.

Herra forseti. Opinberar stofnanir eiga í harðri samkeppni við frjálsa vinnumarkaðinn, bæði um starfsfólk og oft um starfsaðstöðu en laun og kjör hafa mest áhrif. Þessi staða er svo notuð til þess í raun að rægja opinberar stofnanir, þ.e. að þær séu ekki samkeppnisfærar og vanmegnugar til að sinna tilskildum verkefnum eða þeim verkefnum sem þær eiga að sinna. Þetta kemur glöggt fram við rekstur heilbrigðisstofnananna. Þar hefur verið sýnt mjög mikið aðhald í rekstri og ýmsum hagræðingaraðgerðum beitt svo sem með því að loka deildum yfir sumartímann og oft miklu lengur, verið er að loka um helgar og takmarka vaktir um helgar o.s.frv. Hægt væri að lesa upp langan lista en þetta ásamt ýmsu öðru hefur haft þau áhrif að biðlistar hafa lengst eftir aðgerðum og meðferð. Þar af leiðandi ásamt örri þróun í læknisfræðinni eru sífellt fleiri aðgerðir gerðar á einkastofum úti í bæ. Mjög mikill áhugi er á því að fjölga slíkum aðgerðum og núna er það notað sem rök fyrir því að koma á einkarekstri í heilbrigðisþjónustunni að þjónustan hjá hinu opinbera sé svo ófullnægjandi að það verði að koma upp einkareknum heilbrigðisstofnunum til að bæta þar úr og til að útrýma biðlistunum. Ekki er byrjað á því að líta til stöðu heilbrigðisstofnana í dag. Er hægt að bæta úr þjónustunni með meira fjármagni með því að styðja rekstur þeirra eins og hann er og það starfsfólk sem þar vinnur með því að verða við óskum um að hafa bakvaktir um helgar þegar þess þarf með þannig að ekki þurfi að senda sjúklinga utan af landi hingað á höfuðborgarsvæðið, svo ég nefni sem dæmi bara af því að það eru ekki bakvaktir og ekki hægt að sinna nauðsynlegri þjónustu? Svo er þetta notað til að krefjast þess að komið verði á fót einkareknum sjúkrahúsum og stofum. Þetta er þróun sem er núna í fullum gangi.

Sameining Landspítalans og Borgarspítalans var mjög umdeild og er það enn í huga mínum. En þessi ákvörðun er tekin og búið er að sameina þessar stofnanir. Það er mjög dýrt að sameina heilbrigðisstofnanir, hvort sem um er að ræða stórar stofnanir eins og Landspítalinn og Borgarspítalinn voru eða heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni eins og verið er að gera. Það eitt að sameina stofnanir er dýr aðgerð. Það hefur ekki farið fram hjá okkur að mikið fjármagn vantar inn í hina nýju, stóru stofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús og miðað við fjárlagafrv. er fjárþörfinni ekki fullnægt.

Þetta er dýrast núna í byrjun meðan er verið að koma sameiningunni á og breyta í rekstri en þetta verður áfram þungt í rekstri. En ekki er fyrr búið að sameina þessar stofnanir í eina og það mjög stóra rekstrareiningu á mælikvarða okkar en farið er að liða stofnunina aftur í sundur. Farið er að hafa einkarekstur inni á þessari stofnun. Varla er búið að sameina þegar farið er að einkareka inni í stofnuninni. Nú þegar er ein deild, öldrunardeild, í einkarekstri og til stendur að sameina lyfjaverslanirnar og koma þeim í einkarekstur. Mér er nær að halda að sameiningin hafi kannski verið gerð til þess eins að búta stofnunina niður og koma henni fyrir í mismunandi einingum og í einkarekstri eftir því sem hægt er.

Þetta breytir ekki því eins og ég sagði að enn þá vantar umtalsvert fjármagn inn í reksturinn og þarf örugglega að halda áfram að hagræða og hafa miklar aðhaldsaðgerðir í gangi á næsta ári svo þetta dæmi gangi upp.

Sama má segja um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þó það hafi fengið hækkun frá fyrra ári verður reksturinn áfram þungur. Þetta á við þegar við lítum til bakvakta og nú hefur sjúkrafluginu verið bætt inn á vaktir heilbrigðisstarfsmanna og þá sérstaklega lækna og það þarf að sinna því. Mikill áhugi er á fjarkennslu og fjarlækningum og væri örugglega hægt að styrkja þann þátt mun meira ef fjármagn væri til þess. Eins til aukinnar sérfræðiþjónustu bæði við stofnunina og að nýta þá sérfræðinga sem eru við stofnunina til að fara í farþjónustu til annarra landshluta.

Herra forseti. Það að styrkja heilbrigðisstofnanirnar úti á landi, hvort sem það heitir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eða Heilbrigðisstofnun Austurlands eða aðrar stofnanir er miklu meira en bara að uppfylla ákveðna þjónustuþörf. Þetta er einn af lykilþáttum til að styrkja byggð á landsbyggðinni og ef þessi þáttur er ekki í lagi hefur það mikil áhrif á það að fólk fer frekar í burtu þó aðrir þættir séu í góðu lagi eins og atvinna og skólar og slíkt.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram brtt. um að liður 08-206 Sjúkratryggingar og lyf hækki enn um 420 milljónir. Það kemur til vegna þess að þrátt fyrir að það standi til að breyta reglum um þátttöku sjúklinga og reglum um lyfjakostnað teljum við þetta mikla bjartsýni í áætluninni eins og hún er lögð upp í dag, ekki muni nást niðurskurður eins og lagt er til nema þá að því leyti að enn meiri álögur verði lagðar á sjúklinga með þátttöku þeirra því að tíma tekur að vinna þá breytingu sem unnið er að, eins og áður hefur komið fram, og koma henni á. Ég held að við þurfum að gefa þeirri vinnu a.m.k. tvö ár í undirbúningi áður en við getum ætlast til þess að hægt sé að reikna inn lyfjakostnaðinn samkvæmt svokallaðri danskri reglu.

Hér hafa margar ágætistillögur verið fluttar til bóta og auðvitað líka til hækkunar. Framlög til skógræktarverkefna hafa verið aukin og það er mjög ánægjulegt en eftir situr svo Skógrækt ríkisins, stofnun sem er mjög mikilvæg til að sinna öllum þessum nýju skógræktarverkefnum og landshlutabundnum verkefnum. Það er nokkuð sem við þurfum að skoða. Við þurfum að styrkja þá stofnun svo að þessi góðu áform um skógrækt í landinu verði okkur til sóma en ekki til einhverrar hörmungar inn í framtíðina.

[22:37]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman gerði að umtalsefni í ræðu sinni sameiningu sjúkrahúsanna og talaði um að ekki væri fyrr búið að sameina sjúkrahúsin en farið væri að brjóta þau niður. Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að hin nýja stofnun, Landspítali – háskólasjúkrahús er stærsta fyrirtæki landsins, fimm þúsund manna fyrirtæki og stjórnunarlegt umfang þess fyrirtækis er gríðarlegt. Tilgangurinn með sameiningu var að færa saman sérhæfðar deildir til þess að veita betri þjónustu, betri gæði þjónustu og þjóna sjúklingunum betur.

Það er mjög eðlilegt að fyrirtæki af þessari stærð brjóti starfsemi sína niður í smærri einingar til að minnka stjórnunarlega umfangið, til að skilgreina betur þjónustuna eins og hún er veitt á hverjum stað og mjög eðlilegt er að gera það á þennan máta. Þarna hefur m.a. verið tekin ákvörðun um að sameina apótekin tvö sem hafa verið starfandi á þessum tveim stofnunum og mjög eðlilegt er að þau verði sameinuð. Annað apótekið var einkarekið og mjög eðlilegt að það verði einkarekið áfram. Síðan hefur verið gerður þjónustusamningur, eins og er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisfyrirtæki, við t.d. Landakot sem er öldrunarsjúkrahús. Það er mjög eðlilegt að taka þá afmörkuðu starfsemi út og setja henni ákveðinn ramma og reka hana sem sjálfstæða einingu innan spítalans. Þetta er mjög eðlilegt og þetta er sjálfsagt og þetta er það sem á að gera til þess að starfsemin gangi eðlilega og vel fyrir sig.

[22:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar kemur að lokum umræðunnar, sem ég hef fylgst með að mestu leyti, verð ég að segja að ekki hefur létt af mér áhyggjum að fylgjast með umræðunni. Mér hefur fundist að hún sannaði það sem ég taldi og setti fram í ræðu minni við 2. umr. um fjárlögin að ekki væri bjart fram undan í íslenskum efnahagsmálum og að menn væru ekki að taka á málum hvað varðaði ríkið og ríkissjóð með þeim hætti að líklegt væri að menn næðu tökum á þeirri spennu sem er nú uppi í þjóðfélaginu.

Það sem hefur gerst frá 2. umr. eins og málið lá þá fyrir og þangað til núna er að það hefur enn versnað. Nú er það ekki þannig að einstakir þingmenn geti út af fyrir sig verið á móti þeim tillögum sem hafa komið fram en menn hljóta þó að horfa yfir málið sem heild að lokum. Þegar á þetta er horft í heild er niðurstaðan sú að sú þenslutíð, sem er nú uppi, skilar af sér niðurstöðum fyrir ríkissjóð sem er nánast ógerningur að halda í horfinu með þegar samdrátturinn gengur í garð. Sá tekjuafgangur sem hv. þingmenn og ráðherrar stjórnarliðsins hafa verið að tala um er afleiðing þenslunnar að stórum hluta til og þeirra hugmynda að selja eigur ríkisins. Greinilegt er að sú nauðhyggja sem hefur komið fram í umræðunni, sem felst í því að að fjármagna þurfi gjaldeyrisskort sem sé fram undan vegna viðskiptahallans og verðbólgunnar með sölu á ríkiseignum. Það er hún sem er að skila þeim ákvörðunum sem liggja fyrir.

Ég held að því miður sé ekki líklegt að ná þeirri mjúku lendingu sem menn eru að tala sífellt um að þurfi að ná út úr þeirri efnahagsmálakreppu, sem ég vil kalla þetta, því að það er alveg greinilegt að það er vandamál fram undan sem þarf að sigla út úr og það verður ekki gert auðveldlega. Menn eru ekki að auðvelda sér það sem fram undan er með þeim fjárlögum sem hér stendur til að samþykkja, það er alveg ljóst. Það er greinilegt að menn binda vonir við að með því að greiða niður gjaldeyri, með því að halda uppi genginu eins og hér er stefnt að með viðskiptahalla og þeim aðgerðum sem hafa verið í gangi af hálfu Seðlabankans, halda uppi háum vöxtum líka, verði hægt að fresta vandamálunum og vonirnar eru bundnar við það að þau líði síðan frá.

Mér finnst ekki líklegt að svona fari. Ég held að það sem er að gerast sé það að menn eru að byggja upp stíflu í efnahagslífinu. Hún hefur reyndar verið byggð upp fyrir þó nokkuð löngu að mestu leyti en haldið er áfram að hlaða ofan á hana með þeim fjárlögum sem nú á að fara að samþykkja. Að leiða einhverja kúna út úr fjósinu til að selja er ekki björgulegur búskapur. Það kann að vera að menn bindi vonir við að þetta gangi allt saman upp en vaxandi verðbólga, áframhaldandi mikill viðskiptahalli, óstöðugt gengi krónunnar, sem er haldið uppi með aðgerðum, segja okkur að í raunveruleikanum mundi gengið falla ef ekki væru notuð öll ráð til þess að koma í veg fyrir það. Ráðin sem eru notuð til að reyna að koma í veg fyrir að gengið falli eru ekki bara Seðlabankans því að það eru fleiri sem eiga hlut að máli. Það er nánast allt fjármálakerfi í landinu að reyna að koma

í veg fyrir að gengið fari neðar því að menn hafa hreinlega ekki efni á því að gengið falli meira. Þess vegna standa menn með krónunni eins og það heitir í dag. Hvað segir það okkur að bæði Seðlabankinn og nánast allt fjármálakerfið í landinu stendur með krónunni? Það segir okkur að það þarf þetta til, samt titrar gengið alla daga.

Við verðum að vona það besta, a.m.k. gerum við það flestir, ekki þó allir. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét það mjög greinilega í ljósi að hann teldi að gengið ætti að fá að falla eitthvað meira. Hann hélt því líka fram að viðskiptahallinn væri að stórum hluta til vegna eyðslu. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hélt því fram að þetta væri góðkynja viðskiptahalli og hann væri ekki kominn til vegna eyðslu. Verulega hefði dregið úr eyðslunni, þetta væru fjárfestingar. Það væri gott að einhver skæri úr um hvað þarna er á ferðinni, hvort það er eyðsla eða fjárfestingar.

Að minnsta kosti er órói í fjármálakerfi landsins og ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af því. Það er líka órói á vinnumarkaðnum. Kennaraverkfall stendur yfir og samningar eru í gangi. Það eru samningar lausir á vinnumarkaðnum og líkur eru til þess að aðrir samningar á vinnumarkaðnum losni. Allar vísbendingarnar sem eru uppi núna benda til þess að mjög erfitt verði að halda aftur af verðbólgunni og viðskiptahallinn muni halda áfram að vaxa.

Síðan er það ekki heldur traustvekjandi að hæstv. ráðherrar tali út og suður. Hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. og flestir þingmenn Sjálfstfl., ekki allir, tala eins og allt sé í fína lagi, allt í góðu lagi, bara fínt ástand í efnahagsmálunum. En hæstv. ráðherrar Framsfl. og hv. þingmenn Framsfl. sjá váboða í hverju horni. Það eru vandamál uppi. Hæstv. utanrrh. sagði mjög greinilega á fundi, sem Framsfl. hélt, að það bæri að viðurkenna að hættumerki væru uppi. Hæstv. forsrh. bar þetta allt til baka í dag. Hann hafði allt aðra skoðun á málinu. Þetta er ekki mjög traustvekjandi frá einni hæstv. ríkisstjórn að menn skuli tala með þessum hætti út og suður, skuli ekki hafa eina skoðun á því hvernig efnahagsmálin líta út. Það vantar mikið á að þar sé talað einum rómi.

Ég ætla ekki að lengja umræður með því að fara yfir einstök mál. Ég hef þann skilning og ég hef samúð með því að hv. alþingismenn eru ekki í neinum færum til þess og síst alþingismenn stjórnarandstöðunnar að vera á móti einstökum málum. Menn verða að horfa á málin í heild sinni og það hlýtur alltaf að verða á ábyrgð þeirra sem hafa tekið völdin og bera ábyrgð á lýðræðislegum meiri hluta, hvort sem það er í ríkisstjórn, bæjarstjórnum eða annars staðar, að hafa þá heildaryfirsýn sem þarf og taka þær ákvarðanir sem ráða rammanum utan um fjárlög eða fjárhagsáætlanir.

Við sjáum hvar sá rammi liggur. Hann liggur þannig að hér er verið að eyða miklu meiri fjármunum en mögulegt er að hafa til ráðstöfunar í framtíðinni þegar samdráttur hefur gengið í garð. Fyrir utan það að tekjustofnar ríkisins, sem eru núna til staðar, munu ekki verða það áfram. Þá þurfa menn að horfast í augu við að leggja á nýja skatta. Yfirlýsingar stjórnarþingmanna, líka hæstv. ráðherra og hv. þingmanna, liggja fyrir um það að menn vilji leggja af suma skatta sem ríkið hefur núna eða ríkissjóður hefur núna til tekjuöflunar. Þar má nefna stimpilgjaldið. Það hefur komið mjög skýrt fram að hæstv. fjmrh. vill að það verði lagt af og ég er honum sammála um að það þurfi að gera. Það liggur líka fyrir að það er sennilega nokkuð öruggur stór meiri hluti fyrir því að hér verði lagðir af eignarskattar, þá þarf að taka á því.

Ríkissjóður hefur ekki til frambúðar neina tekjumöguleika sem skila slíkum tekjum í ríkissjóð sem hann hefur haft núna á þessum árum þenslunnar þegar samdrátturinn gengur í garð.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa ræðu mína lengri. Ég hef því miður ekki neitt sérstakt jákvætt að segja um lok fjárlagaumræðunnar. Mér finnst að menn séu ekki að standa vaktina eins og hefði þurft að gera. Sú ríkisstjórn sem situr núna er ekki líkleg til stórræðanna til að taka á þegar erfiðleikarnir ganga í garð. Hún hefur sýnt það með því að standa fyrir þrennum kosningafjárlögum í röð. Það er ekki hægt að kalla þessi fjárlög annað en kosningafjárlög því að aðhaldið sem er í þeim er nákvæmlega ekki neitt. (**Gripið fram í:** En engar kosningar.) En engar kosningar. Þrenn kosningafjárlög, engar kosningar.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[22:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að beina spurningu til hæstv. fjmrh. Er það rétt sem kom fram í máli hv. formanns fjárln. Jóns Kristjánssonar að Sjálfstfl. hafi staðið í vegi fyrir því að kosningaloforð Framsfl. gagnvart barnafólki hafi náð fram að ganga? Þetta mátti greinilega skilja á ummælum hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Hann lýsti því yfir í ræðustól þegar hann var gagnrýndur fyrir það að framsóknarmenn skyldu slá af kosningaloforðum sínum. Hv. þm. sagði: Menn verða að gá að því að það er sitt hvað kosningaloforð og stjórnarsáttmáli.

Af þessu má ráða að Sjálfstfl. standi í vegi fyrir því að kosningaloforð Framsfl. hafi náð fram að ganga því að þau hafa ekki náð fram að ganga. Framsfl. lofaði því í kosningabaráttunni að hann mundi koma verulega til móts við barnafólk og bæta stöðu barnafólks frá því sem hún hefur verið. Staðreyndin er sú að kjör barnafólks hafa verið rýrð stórlega á undangengnum árum þegar litið er til barnabóta. Þær eru núna að verðgildi tveimur milljörðum lægri en þær voru fyrir tíu árum.

Framsfl. lofaði svokölluðum barnakortum, ótekjutengdum barnabótum til barna. Fyrir fjórum árum námu ótekjutengdar barnabætur að meðaltali 40 þús. kr. fyrir hvert barn. Núna stendur til að fyrir hvert barn verði greiddar 33 þús. kr. en ekki fram að 16 ára aldri eins og verið hefur heldur að sjö ára aldri. Þegar talsmaður Framsfl. var inntur eftir því hverju það sætti að flokkurinn sviki kosningaloforð sín þá sagði hann: Menn verða að gá að því að við erum í stjórnarsamstarfi. Við settum fram kosningastefnu okkar og kosningaloforð. Síðan gengum við til samstarfs og gerðum stjórnarsáttmála. Þar er komin skýringin.

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi okkur um hið sanna í þessu efni. Er það rétt sem má skilja af máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., að Sjálfstfl. hafi staðið í vegi fyrir því að Framsfl. hafi haft sitt fram í þessu efni? Það er mikilvægt að þetta sé upplýst í umræðunni. Eða er þetta ódýr undansláttur af hálfu framsóknarmanna? Við verðum að fá skýringar á þessu áður en umræðunum lýkur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um fjárlagafrv. Ég hef áður gert grein fyrir meginsjónarmiðum mínum og hér hefur verið sagt allflest sem segja þarf í tengslum við þetta fjárlagafrv.

Hv. þm. Jón Bjarnason, talsmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., gerði rækilega grein fyrir efnahagsforsendum frv. og þeim vinnubrögðum sem hafa verið

viðhöfð við smíði þess. Hann vakti athygli á því að við stöndum frammi fyrir miklum efnahagserfiðleikum ef ekki verður að gert og benti sérstaklega á stigvaxandi og hraðvaxandi viðskiptahalla. Mönnum þótti hann slæmur fyrir fáeinum missirum þegar hann nam um 6% af landsframleiðslu, nú stefnir í að viðskiptahallinn verði tæpir 70 milljarðar kr. á næsta ári sem eru rúm 9% af landsframleiðslu. Ég held það sé hæstv. forsrh. einn sem þorir að segja það upphátt að allt sé í lukkunnar velstandi, ég held að aðrir fari varlegar í þeim efnum. Væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. um það efni.

Varðandi vinnubrögðin í tengslum við þetta frv. var tvennt sem vakti athygli mína í málflutningi hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann gagnrýndi í fyrsta lagi að við skyldum ganga til umræðu og afgreiðslu að hluta til um útgjöld ríkisins á komandi ári áður en fyrir lægi hverjar tekjurnar yrðu að öllum líkindum. Hann gagnrýndi þetta varðandi vinnubrögðin.

Það var annað sem hann vakti athygli á og gerði reyndar einnig við fjárlagaumræðuna í fyrra, að benda á brotalamir í lögum um fjárreiður ríkisins. Í lögum um fjárreiður ríkisins segir m.a. að einstökum ráðherrum sé heimilt með samþykki fjmrh. að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni sem heyra undir ráðuneytið til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðra ríkisstofnun, sveitarfélög eða einkaaðila.

Nú gerist það í fjárlagasmíðinni að í sífellt ríkari mæli er verið að færa fjármuni yfir á safnliði einstakra ráðuneyta. Þessir safnliðir skipta núna milljörðum kr. Í skjóli laga um fjárreiður ríkisins, sem sumir hv. þingmenn Sjálfstfl. voru að lofa og prísa við umræðuna fyrr í kvöld, á meðal annarra hv. þm. Hjálmar Jónsson, þá hef ég gagnrýnt þetta ákvæði. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur einnig varað við oftúlkun þess og vakið máls á því við umræðuna hvað sé í reynd að gerast með þessum kerfisbreytingum, að færa fjármagn í síauknum mæli yfir á safnliði og síðan hafi ráðherrar skjól í lagatexta á borð við þennan. Það er verið að færa lýðræðislegt vald yfir í ráðuneytið, yfir í geðþóttaákvarðanir ráðuneytanna. Þetta er nokkuð sem ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni, talsmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln.

Varðandi tekjuforsendur frv. hafa menn furðað sig á þeim vinnubrögðum að koma á síðustu stundu með eina litla átta milljarða rúma fyrir sölu á ríkiseignum. Við höfum fjallað um ráðstöfun fjárins, við höfum greitt atkvæði um einstaka fjárlagaliði án þess að forsendur á borð við þessa lægju fyrir. Þessar forsendur þarf að ræða út frá efnahagslegu sjónarhorni og út frá pólitísku sjónarhorni. Það er engin skýr stefnumörkun varðandi einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, engin efnahagsleg skýr stefna. Hún er ekki til hvað þetta snertir.

Hæstv. forsrh. sagði við umræðuna í dag að þetta væri heppilegt fyrir okkur með tilliti til gjaldeyrisstöðunnar. Ég spyr: Hvað er átt við með þessu? Erum við að tala um að selja þessar eignir til útlanda? Er það skýringin? Hver er skýringin á því? (**Forsrh.:** Það gæti líka þýtt það að menn hefðu bréf að kaupa hérlendis.) Að menn hefðu bréf að kaupa hérlendis. Það heitir bréf núna, Landssíminn, símaþjónustan við þjóðina, það heitir bréf sem gengur kaupum og sölum í erlendum verðbréfahöllum.

Við leggjum hins vegar áherslu á það sem býr að baki þessu bréfi. Við erum að leggja áherslu á þær eignir sem verið er að setja hér á markað og færa yfirráð yfir til útlanda í mörgum tilvikum.

Á sínum tíma töluðu Íslendingar um kosti þess að selja símann til Dana, það var talað um það, ágætt að sameina hann danska símanum. Svo aftarlega voru menn á merinni í þekkingu sinni að þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að danski síminn var fyrir löngu kominn til Ameríku. Það var fyrirtæki í Chicago sem heitir Ameritech og á símann í Ungverjalandi og víðar um heim sem var búinn að festa kaup á honum.

En þetta er sem sagt til þess að menn geti keypt bréfin sín á Íslandi. Salan fyrir eignir og einkavæðingu eða fjármunirnir fyrir einkavæðingu jukust sem sagt á síðustu klukkustundum við afgreiðslu fjárlaganna um helming, um rúma 8 milljarða, voru rúmir 7 milljarðar fyrir. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem ganga ekki upp.

Eitt alvarlegasta málið í fjárlagafrv. að mínum dómi lýtur að húsnæðismálum. Það finnst mér vera mjög alvarlegur þáttur, óraunsær og óskammfeilinn. Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hvort það sé virkilega þannig komið fyrir Sjálfstfl., sem einhvern tíma talaði fyrir því að fólk ætti að geta átt sitt húsnæði, að hann sé búinn að gefa þá stefnu upp á bátinn gagnvart gervöllum tekjulægri hluta samfélagsins? Vegna þess að það kerfi sem við búum við núna býður ekki upp á þennan valkost fyrir tekjulágt fólk, það er staðreynd sem menn geta ekki vikið sér undan. Við búum við húsbréfakerfi þar sem vextir eru núna 5,1%, síðan koma verðbæturnar, það eru önnur 5%, afföllin sem liggja núna í 10%, allt þetta ýtir verðinu upp og eykur á lánsklyfjarnar. Og enginn getur fengið lán að fullu, allir verða a.m.k. að tíunda hluta að leita út á lánsfjármarkað.

Hver eru lánakjörin þar? Fyrir fólk sem ekki á fasteignir til að veðsetja eru víxilvextir, og það er staðreynd að fólk er að taka lán á þeim kjörum, 20%. Menn geta flett upp í Morgunblaðinu á þessum tölum, 20%. (**Forsrh.:** Hvað voru víxilvextir þegar þú varst að byggja? 100%.) Víxilvextir hafa oft verið miklir en ég staðhæfi að ástandið hefur ekki verið verra en það er núna.

Hvað voru vextir þegar ég var að byggja? spyr hæstv. forsrh. Ég man eftir ummælum tveggja manna sérstaklega í tengslum við umræðu um vaxtamál á þeim tíma. Annar heitir Jóhannes Nordal og var þá seðlabankastjóri. Hinn heitir Pétur H. Blöndal og er nú hv. þm. en var forstjóri Kaupþings á þeim tíma. Báðir þessir menn voru spurðir þeirra spurninga hvað þeim þætti eðlileg raunávöxtun á fjármagni. 2% að hámarki, sögðu þessir tveir menn.

Nú erum við að tala um vexti, raunávöxtun á húsbréfum, sem eru 5,1%, og ef við bætum 10% afföllum við þá erum við farin að teygja okkur undir 6%, 5,7%, sagði hæstv. félmrh. við umræðu í gær. (**Forsrh.:** Hvað voru nafnvextir þegar þú varst að byggja?) Nafnvextir voru háir, það er alveg rétt og ég ætla ekki að fara að mæra það ástand. (**Forsrh.:** Þú svarar ekki spurningunni.) Vegna þess að ég vil vera nákvæmur þegar ég er að svara. (**Forsrh.:** Þeir voru 100%.) Það sem ég man að gerðist og varð þess valdandi að stofnuð var húnæðishreyfing, kennd við Sigtún, var það misgengi sem skapaðist á lánamarkaði þegar Sjálfstfl. og Framsfl., tvíburarnir tóku með stjórnvaldsaðgerð vísitölubindingu launa af, afnámu hana en létu lánsfjármagnið æða upp á við.

Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að félagar hans í Sjálfstfl. stóðu að aðgerðum í efnahagsmálum sem voru skelfilegar fyrir húsnæðiskaupendur, það er alveg rétt. Síðan var gripið til ráðstafana, ég man að um haustið 1983 var dælt inn 500 millj. kr. til bjargar og það eru þeir fjármunir sem við erum að auglýsa eftir núna til bjargar því fólki sem ekki getur aflað sér húsnæðis.

20% víxilvextir þýða 200 þús. kr. fyrir hverja milljón til bankans á ári, 400 þúsund fyrir hverjar 2 milljónir. Og það er staðreynd að fólk er að taka lán á þessum vöxtum. Þetta er staðreynd.

Það sem þetta hefur í för með sér, vegna þess, hæstv. forsrh., að á þeim tíma var til nokkuð sem hét félagslegt húsnæðiskerfi líka, verkamannabústaðir, og tekjulægsta fólkið átti athvarf þar inni. Ég get upplýst hæstv. forsrh. um hvað vextirnir voru þar. Þeir voru 1% og voru það alllanga hríð, hækkuðu síðan á tíunda áratugnum upp í 2,4% og síðan var farið yfir 3%. En nú eru menn að teygja sig með þá líka upp í markaðsvexti. Það hangir aðeins á bráðabirgðaákvæði í húsnæðislögunum sem rennur út núna eftir hálfan mánuð að þeir vextir verði ekki hreyfðir. Ég hef auglýst eftir því hvað ríkisstjórnin hyggist fyrir í þeim efnum gagnvart þeim sem njóta lána sem veitt voru til félagslegs húsnæðis, leiguhúsnæðis. Ekki er síður stærri spurningin, hvað gerist með framhaldið og framtíðina?

Í fjárlagafrv. er varið 50 millj. kr. í þennan stuðning. Það vantar ekki að lánsfjármagnið til félagslega leiguhúsnæðis sé aukið, það er aukið, en á kjörum sem eru óviðráðanleg. Það er mergurinn málsins. Þegar farið er að grafast fyrir um það á hvern hátt eigi að veita stuðning kemur í ljós í fjárlagafrv. að tala sem var í 100 milljónum er farin niður í 50 milljónir. Síðan er gerð grein fyrir því að menn hyggist reisa 500 félagslegar íbúðir. Það er stuðningur sem nemur 100 þús. kr. fyrir hverja íbúð. Þetta dæmi gengur ekki upp.

Staðreyndin er þessi að fjöldi fólks sem ekki ræður við markaðsvexti og hefur ekki félagslega valkosti verður að fara út á leigumarkað. Á almennum leigumarkaði er lágmarksleiga fyrir fermetrann 1.000 krónur að því mér er sagt. Það eru 60 þús. kr. fyrir litla tveggja herbergja íbúð og þaðan af er hún meiri. Hún er víða lægri í félagslegu leiguhúsnæði. Þess vegna er brýnt að veita fjármagn þangað inn til að styðja þá aðila sem sinna þeirri þörf og það eru aðilar á borð við Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg, námsmannaíbúðirnar, félagsleg kerfi á vegum sveitarfélaganna o.s.frv.

Aðeins áður en ég skil við þetta efni þá eru menn að tala um að þessar 50 milljónir fari annaðhvort í stofnstyrki eða í húsaleigubætur. Húsaleigubæturnar eru sem kunnugt er rúmlega 40%, 42%, og greiddar af sveitarfélögunum þannig að þar eru menn að velta byrðum yfir á sveitarfélögin.

Mér finnst mjög óraunsætt ef menn ætla að skilja við fjárlagafrv. með þessum hætti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt til framlag til þessara mála sérstaklega. Við lögðum fram tillögu um 800 milljónir í þennan lið, hún var felld. En við komum með aðra tillögu sem er ívið lægri núna til þess að freista þess að fá einhverjar úrbætur.

En ég auglýsi eftir stefnu Sjálfstfl. varðandi eignarhúsnæðið. Ég hef alltaf verið á því máli að bjóða eigi upp á valkosti, að fólk eigi að geta valið um það hvort það leigir eða eignast sína íbúð. Margt ungt fólk vill heldur leigja íbúð, það eru margir sem frekar vilja leigja sína íbúð, leigja húsnæði og nota fjármunina til annars. Ég er meira gamaldags, ég hef viljað eiga mitt húsnæði. En ég vil að allir eigi þessa valkosti og þegar ég segi allir þá meina ég allir. En það er ekki lengur boðið upp á slíkt og það er gengið enn lengra í skerðingarátt.

Skerðingarátt, vel á minnst. Menn samþykktu það hér í þingsal að skerða vaxtabæturnar um 400 milljónir frá því sem upphaflega var lagt til. Ég vænti þess að fá síðan þau svör að þetta sé vegna þess að tekjur fólks hafi aukist. Væntanlega verður boðið upp á það. En lánsbyrðarnar hafa aukist miklu meira. Þetta eru staðreyndir sem menn verða að horfast í augu við.

Herra forseti. Ég lofaði að verða ekki langorður og ég ætla að standa við það. Ég ætla aðeins í lokin að nefna að við leggjum áherslu á ýmsa félagslega þætti og við forgangsröðum. Við horfum til aldraðra og öryrkja. Við gerum tillögu um aukið framlag til tekjutryggingar inn í almannatryggingakerfið og við gerum tillögu um fjármagn til að afnema tengingu örorkubóta við tekjur maka. Við viljum efla fornvarnastarf í heilbrigðiskerfinu, við viljum fjármagn til að styrkja umhverfismálin, styrkja Ríkisútvarpið og menningarstarfsemi og við gerum tillögur um hvernig megi afla ríkissjóði aukinna fjármuna.

En það væri ósköp fróðlegt og skemmtilegt undir lokin að heyra af því að ég er búinn að beina ýmsum spurningum til talsmanna Sjálfstfl., hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og annarra, m.a. spurði ég hvort það væri rétt sem fram hefði komið frá talsmönnum Framsfl. að Sjálfstfl. hefði staðið í vegi fyrir því að kosningaloforð Framsfl. næðu fram að ganga, vegna þess að hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að eitt væru kosningaloforð og kosningastefna, annað væri stjórnarsáttmáli. Þegar menn væru búnir að semja við íhaldið þá væri búið að skera niður. Þetta er digur yfirlýsing og fróðleg.

Eina ósk á ég til handa Framsfl. Það er að hann standi heldur betur vaktina en hann gerir gegn frjálshyggjunni í Sjálfstfl. og láti ekki glepjast á þann hátt sem mér fannst því miður mega kenna í málflutningi hv. þm. Jóns Kristjánssonar undir lok 2. umr. Hann varði einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar á sviði heilbrigðismála, á sviði skólamála sem tilraunastarfsemi, það var tilraun, við erum að gera tilraun, segir hann. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að fjármagn til einkavæðingar innan menntakerfisins hækki um 35 millj. kr. til að gera tilraun væntanlega á sviði framhaldsskólanna, hraðbraut fyrir nemendur. Við þekkjum hin tilraunaverkefnin, Sóltún, þar sem Securitas og Aðalverktakar eru að framkvæma tilraun fyrir framsóknarmenn væntanlega líka og þannig er áfram haldið.

Ég hef hins vegar tekið ofan fyrir hæstv. heilbrrh. sem skörulega, skýrt og skorinort kvað upp úr með það á Alþingi fyrir fáeinum dögum að hún ætlaði að standa gegn einkavæðingaráformum Sjálfstfl. í heilbrigðiskerfinu. Ég tek undir þau sjónarmið og hef fagnað þeim sjónarmiðum og ítreka þá afstöðu mína.

[23:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Í fjárlagaumræðunni allri hefur margt afar áhugavert komið fram. Hér hefur það afdráttarlaust verið dregið fram að mikill stefnumunur er á Samfylkingunni og stjórnarflokkunum. Samfylkingin hefur líka vakið athygli á ólíkri afstöðu talsmanna stjórnarflokkanna til efnahagsmálanna.

Formaður fjárln. er t.d. meðvitaður um að viðskiptahallinn er löngu orðinn hættulegur og að alvarlegar blikur eru á lofti. Það er allt annar tónn en hjá forsrh. sem sópar alvarlegum ábendingum efnahagsstofnana til hliðar og telur þær minni háttar. Hann heldur áfram að tala til þjóðarinnar eins og allt sé í fínasta lagi: Ég er við stjórnvölinn, elskurnar mínar, og tryggi að allt verði í lagi. Hlustið ekki á varnaðarorð leiðindaseggjanna. Ég stjórna, trúið mér, treystið mér, ég gef ykkur góðærið.

Þannig hefur boðskapur hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hljóðað í tvö ár og þannig hefur hann blygðunarlaust slegið á öll varnaðarorð.

Hálfu ári fyrir síðustu kosningar tóku menn að vara við stöðunni og hafa varað við henni síðan. Þess vegna er komið fram við stjórnarandstöðuna hér í þessum sal sem boðbera válegra tíðinda. Drepum sendiboðann, eru viðbrögðin í gegnum alla fjárlagaumræðuna.

Það hefur líka verið athyglisvert að hlusta á viðbrögðin við ýmsu sem haft hefur verið eftir sérfræðingum í efnahagsmálum. Þannig hefur verið reynt að hengja mann úti í bæ fyrir skoðanir á efnahagsmálum, fyrir að tjá sig um þau mál eftir að hann er hættur hjá Seðlabankanum. Herra forseti. Það mætti halda að menn þurfi að hætta í þeim stofnunum sem armur íhaldsins nær til svo þeir geti sett fram aðvaranir. Það er umhugsunarefni ef þessi ríkisstjórn er orðin svo valdasjúk. Ég trúi ekki að svo illa sé komið.

Fyrir rúmri viku átti þingflokkur Samfylkingarinnar fund, eins konar fræðslufund, með nokkrum sérfræðingum á sviði efnahagsmála frá mismunandi stofnunum í okkar efnahagskerfi. Mörg okkar voru miður sín eftir þá yfirferð um efnahagsmálin og hvert stefnir að óbreyttu. Þessir aðilar gera sér grein fyrir því að erfiðara og erfiðara verður að bregðast við vandanum, að það hefði átt gera strax í stað þess að boða rangt fagnaðarerindi aftur og aftur. Herra forseti. Nú þarf í raun að krossa fingur og vona að hér verði ekki kollsteypa. Eftir að hafa hlýtt á slíka umfjöllun er enn furðulegra að taka þátt í þessari umræðu hér um fjárlög og hlusta á ræður hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

Jafnframt vekur það ugg að margar raddir í kerfinu eru þagnaðar, að fólk sem starfar hjá hinu opinbera tjáir sig ekki eins og áður um fjárskort og félagsleg vandamál í stofnunum ríkisins. Það gera menn í einkasamtölum. Úti í samfélaginu tekur fólk eftir þessu og rætt hefur verið um að þaggað sé niður í starfsmönnum. Ef svo er þá er lýðræðið alvarlega í hættu og umhugsunarefni fyrir þessa ríkisstjórn.

Þrátt fyrir að ekki sé lengur kallað eftir viðbrögðum og þrátt fyrir að menn gagnrýni það ekki með sama hætti og áður er viðvarandi fjárhagsvandi, t.d. hjá sjúkrahúsunum. Það er talað um það opinskátt hér í þessum sal að sá vandi ýti undir hugmyndir um einkavæðingu á velferðarsviði. Það er ástæða til að óttast. Sú umræða, herra forseti, var tekin í gær og það hvarflar ekki að mér að endurtaka hana hér. Ég hef hugsað mér að innlegg mitt við lok þessarar umræðu verði örstutt.

Samfylkingin hefur lýst því yfir, af því að ég nefndi einkavæðingu, að hún er tilbúin að einkavæða ýmsa samkeppnisþætti hjá ríkinu. Samfylkingin ætlar hins vegar ekki að taka þátt í eða ljá máls á að einkavæða Ríkisútvarp, dreifikerfið eða símaljósleiðarann, ekki heilbrigðiskerfið og ekki menntakerfið. Svo einfalt er það. Fjóra þætti get ég talið upp sem ekki ætti að einkavæða: Ríkisútvarpið, dreifikerfið, heilbrigðiskerfið, menntakerfið. Fjögur gildi, stöndum saman um þau. Ég er sannfærð um að flestir landsmenn óska þess að við stöndum vörð um þessi gildi.

Herra forseti. Formaður Samfylkingarinnar hefur við allar umræður um fjárlög flutt yfirgripsmiklar ræður með ítarlegum upplýsingum. Skoðum nokkrar staðreyndir.

Fjárlögin 1999 fólu ekki í sér nægilegt aðhald að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Verðbólgan er meiri en í viðskiptalöndunum og viðskiptahallinn er nær 70 en 60 milljörðum kr., milli 8 og 9% af landsframleiðslu. Hreinar erlendar skuldir verða orðnar 84% af landsframleiðslu árið 2004.

Ríkisstjórnin bauð út nýtt hlutafé við einkavæðingu bankanna sem jók eigið fé banka, jók útlán og varð mikill þenslu valdur. Útlán húsbréfadeildar fóru yfir 7.000 milljónir fram úr heimildum og það var heimatilbúinn vandi af hálfu félmrh. Ríkisstjórnin jók heimildir til lífeyrissjóða til að fjárfesta erlendis úr 40 í 50%, áður var hvatt til þess en nú notar ríkisstjórnin og gagnrýnir lífeyrissjóðina og segir þá ábyrga fyrir vandanum.

Efnahagsstofnunin spáir því að viðskiptahallinn verði 70 milljarðar næsta ár og nái upp undir 10% af landsframleiðslu. Erlendar skuldir samhliða viðskiptahalla þýða að gagnvart útlöndum verður staðan neikvæð um 60% af landsframleiðslu næsta ár.

Opinberar framkvæmdir voru í lágmarki árið 1995–1996 en aldrei meiri, herra forseti, en í þenslunni undanfarið. Hins vegar er full ástæða til að benda á að þar sem Alþingi á í hlut er sífellt dregið úr. Enn stendur hér lokaður grunnur fyrirhugaðrar viðbyggingar á meðan ekki er tekið að neinu leyti á hjá ráðuneytunum. Það er umhugsunarefni fyrir Alþingi.

Herra forseti. Þær staðreyndir sem ég hef rakið hér eru allar úr opinberum skýrslum. Þær ganga þvert á stjórnkænsku stjórnarflokkanna. Ég gæti haldið hér langa ræðu en ætla ekki að gera það, herra forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Gísli S. Einarsson og Einar Már Sigurðarson hafa farið mjög vel yfir fjárlögin og hvað þau þýða, hvað úr þeim má lesa um stefnu stjórnarflokkanna. Ég ætla heldur ekki að bera fram neinar spurningar til fjmrh. eða formanns fjárln.

Hins vegar vil ég að það komi fram að á fundi með þingflokksformönnum fyrir kvöldmat í kvöld var það sjónarmið sett fram að við í stjórnarandstöðu mundum meta það kalt hvort það þjónaði pólitískum sjónarmiðum okkar að halda áfram þessari umræðu fram á nótt eða hvort það væri vænlegri kostur fyrir okkur að flytja ræður okkar við umræður um þau mál sem verða rædd eftir helgi, m.a. þau skattamál sem þá verða tekin fyrir og koma þá á framfæri þeim sjónarmiðum sem við höfum staðið við fjárlagaumræðuna. Það munum við gera. Við höfum verið öflug í þessari umræðu, henni er ekki lokið þó lokið verði 3. umr. fjárlaga, herra forseti.

[23:24]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Það er komið að lokum umræðu um fjárlög fyrir árið 2001. Ég vil í lokin minna á tillögu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir mælti fyrir um stuðning við Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið er afar mikilvægt eins og hv. þm. gerði hér grein fyrir. Við flytjum tillögu um aukinn stuðning bæði til að styrkja rekstur þess og starfsemi en einnig til að styrkja dreifikerfi þess um hinar dreifðu byggðir landsins.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þáltill., sem flutt var hér síðasta vetur en var ekki afgreidd frá Alþingi, um sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi. Flutningsmenn þessarar tillögur eru: Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Tómas Ingi Olrich, Gísli S. Einarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Einar Már Sigurðarson og Guðjón Guðmundsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins

þannig að öll heimili í landinu nái sjónvarpsútsendingum þess fyrir árslok árið 2000."

Í grg. segir:

„Ein af merkum uppfinningum 20. aldarinnar er sjónvarpið. Sjónvarpsmenningin er hluti af alþjóðamenningu síðari hluta þessarar aldar. Ríkisútvarpið hóf sjónvarpssendingar árið 1966 og þá sjónvarpaði ein stöð nokkrar klukkustundir á dag. Nú, 33 árum síðar, er sjónvarpað á mörgum stöðvum, jafnvel allan sólarhringinn, og stöðvunum fjölgar sífellt. Nú er ekki spurt hvort sjónvarp sé á heimilinu, heldur hversu mörg. Þrátt fyrir þessa hröðu þróun eru enn, 33 árum síðar," — þetta var síðasta vetur, herra forseti — „77 heimili á Íslandi sem alls ekki ná sjónvarpssendingum Ríkisútvarpsins. Dreifikerfið nær því miður ekki til allra landsmanna. Þessi staða er óviðunandi og snertir alla landsmenn. Mismunun fólks eftir búsetu er hér auðsæ. Því hlýtur það að vera kappsmál þjóðarinnar að allir landsmenn njóti sjálfsagðra þæginda 20. aldar um það bil sem 21. öldin gengur í garð. Lauslegt mat á kostnaði við þetta verkefni er samkvæmt upplýsingum frá tæknideild RÚV allt að 230 millj. kr. Öll þessi 77 heimili eru í dreifbýli. Á síðustu þremur árum hafa verið gerðar úrbætur sem koma tíu sveitabæjum til góða en ástandið er samt sem áður óviðunandi."

Herra forseti. Í lok grg. segir:

„Það hlýtur að vera metnaðarmál þjóðarinnar að allir sitji við sama borð og enn fremur er það ein meginforsendan fyrir ríkissjónvarpi að ekki sé um lokaða dagskrá að ræða heldur sé hún opin öllum landsmönnum, óháð búsetu og efnahag."

Herra forseti. Þessi þáltill. sem flutt var af mörgum þingmönnum allra flokka hlýtur að vera góður stuðningur fyrir þá tillögu sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum, um að veita fjármagn til Ríkisútvarpsins, m.a. til að koma til móts við það sem lagt er til í fyrri tillögunni, að allir bæir fái aðgang að útsendingum sjónvarps.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hér í umræðunum rakið áherslur flokksins í efnahagsmálum, velferðarmálum, atvinnumálum, byggðamálum, menntamálum og ríkisfjármálum almennt. Á mánudaginn verða greidd atkvæði um þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram og ég vænti þess, herra forseti, að áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs nái í þeim atkvæðagreiðslum fram að ganga, landi og þjóð til heilla.

Ég vil í lokin svo þakka fjárln. fyrir gott samstarf við gerð þessara fjárlaga.

[23:29]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að vekja athygli á þáltill. um sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi. Ég var 1. flm. þessarar tillögu í fyrra. Með mér voru allmargir þingmenn allra flokka eins og fram kom í máli hv. þm. Auðvitað er það mannréttindamál og sjálfsagt í upphafi 21. aldar að allir geti setið við sama borð og sjónvarpið sé allra landsmanna.

Samt sem áður er það svo að með litlu meiri kostnaði en reiknað var út að yrði af því að koma sjónvarpsdreifikerfinu í það gagn að það nýttist öllum væri hægt að koma öllum tengingum til viðkomandi heimila, t.d. tölvutengingum og öðru slíku. Ég hyggst í upphafi vorþingsins leggja fram aðra tillögu um útreikning á því hversu miklu meiri kostnaður það væri að koma ISDN-línum og ljósleiðara til allra þessara heimila og annarra í dreifðum byggðum landsins.

[23:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur komið til að árétta umræðuna. Eins og hann gat réttilega um var hann 1. flm. að tillögunni og má vel vera að nýrri og fullkomnari tækni finnist til að ná þar enn betri árangri. Þá er bara að leita hennar en aðalmálið er að þetta komist til framkvæmda eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson lagði áherslu á og stuðningur við tillögu okkar mundi styrkja málið. Ég ítreka að við tillöguflutning á næsta ári, eins og hv. þm. boðaði, mundi ég áfram fagna málinu og ég er reiðubúinn að styðja það áfram til að ná þarna árangri. Það er mannréttindamál að allir Íslendingar sitji við sama borð eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson lagði áherslu á, 1. flm. tillögunnar sem varð ekki útrædd á síðasta þingi.

Ég vona að Alþingi beri gæfu til að ljúka málinu til farsældar fyrir þetta fólk áður en því lýkur í vor.

[23:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna sem hefur staðið daglangt en ég vil aðeins þakka fyrir málefnalega og góða umræðu. Nú er komið að lokum 3. umr. um fjárlög, atkvæðagreiðsla verður á mánudaginn. Þó að þetta sé ein mikilvægasta lagasetning sem Alþingi gengur frá er ekki öllum málum lokið með samþykkt fjárlagafrv. Auðvitað er það ætíð svo að einhverjar útfærslur verða eftir og mál koma upp sem þarf að vinna að þó fjárlagafrv. sé orðið að lögum.

Við hjá fjárln. höfum ætíð ýmis verk að vinna og umsóknir berast til okkar allan þann tíma sem við erum að störfum þó við höfum frest til að skila umsóknum um fjárveitingar. Ég vil sérstaklega nefna eina umsókn sem barst til okkar en við höfum ekki tíma til að vinna að en það var umsókn um styrk til eftirmeðferðarheimilis fyrir þroskahefta og seinfæra einstaklinga í langtímameðferð í Hrísey en þar er húsnæði til staðar fyrir slíka starfsemi og slík úrræði vantar. Þetta erindi vannst ekki tími til að ræða á fundum fjárln. en ég vildi undir lok umræðunnar mæla með því við félmrn. að það taki þetta mál og vinni að því þannig að möguleiki sé þegar við komum næst að málinu að við fjöllum þá rækilega um það.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna enda hefur ekki verið beint til mín neinum sérstökum spurningum. Við höfum venjulega endað umræðuna, ég og hv. 13. þm. Reykv., með því að tala örlítið um einkavæðingu. Ég ætla ekki að orðlengja um það en mér finnst hann oftúlka nokkuð afstöðu mína til einkavæðingar.

Eitt vil ég þó taka fram í lokin að ekkert ber á milli okkar hæstv. heilbrrh. í þessum efnum. Við höfum algjörlega sömu afstöðu til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu.

Ég held ég ljúki umræðunni með þeim orðum og endurtek þakkir mínar til stjórnarandstöðunnar fyrir málefnalega umræðu í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:36.

45. FUNDUR

mánudaginn 11. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2001, stjfrv., 1. mál, þskj. 421, frhnál. 456, 470 og 473, brtt. 441, 457, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 465, 466, 467, 468, 469, 472, 474, 475, 476, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 487 og 488, till. til rökst. dagskrár 486. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[11:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 11. des. 2000:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka.

[11:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er meiningin að jólahlé verði á fundum Alþingis frá og með föstudeginum 15. þessa mánaðar. Þannig háttar til að í dag verða ekki reglulegir þingfundir fyrir utan atkvæðagreiðslur þannig að eftir standa þá fjórir virkir dagar af starfstíma Alþingis. Engu að síður er það svo, herra forseti, að okkur eru að berast fréttir um það utan úr bæ að til standi jafnvel að henda inn í þingið á allra síðustu sólarhringum eða jafnvel klukkutímum, sem ætlunin var að yrði þinghald fyrir jól, stórmáli sem er fyrirhuguð sameining ríkisviðskiptabankanna og afgreiðsla á því máli fyrir jól. Þetta hlýtur, herra forseti, að teljast nokkuð sérstætt í ljósi þess hversu stórt mál er þar á ferð og þær aðstæður sem okkur þingmönnum eru með þessu ætlaðar ekki mjög góðar.

Það mætti ýmislegt um þessi bankamál öll segja, herra forseti, en það er ekki tilefni til að ræða þau efnislega nú þótt ýmislegt bendi reyndar til þess að ætlunin sé að reyna að knýja fram niðurstöðu í tímapressu þannig að málið nái fram fyrir jólaleyfi og hæstv. viðskrh. reyni að fara að knýja áfram niðurstöðu í málinu sem með miklum ólíkindum hlýtur að teljast.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, í ljósi þessa, að spyrja hæstv. forseta og þar sem svo vel vill til að hæstv. viðskrh. er hér einnig: Er hægt að veita okkur þingmönnum einhverjar upplýsingar um stöðu þessa máls? Er við því að búast að starfsáætlun Alþingis verði hent á haugana, ef svo má að orði komast, einhvern næstu daga með því að stórmáli sem ekki var vitað til þegar starfsáætlunin var samin að yrði hér til umfjöllunar, verði kastað inn á borð okkar þingmanna?

[11:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst í sjálfu sér mjög eðlilegt að hv. þm. taki þetta mál upp í upphafi fundar þar sem það er mikil óvissa og því miður get ég ekki létt á þeirri óvissu á þessari stundu vegna þess að ég veit ekki á þessari stundu hvort málið kemur inn í þingið.

Eins og allir hv. þm. vita er þetta mál til umfjöllunar hjá samkeppnisráði og á meðan samkeppnisráð hefur ekki svarað og ekki kveðið upp úrskurð þá veit ég ekki hver úrskurðurinn verður. Ég hef hins vegar undirbúið málið þannig í mínu ráðuneyti að það verður ekkert að vanbúnaði að leggja fram frv. á hv. Alþingi strax og niðurstaða fæst ef hún er á þá lund að þetta sé mögulegt. Ég geri mér fulla grein fyrir því að tíminn er skammur og hv. þm., sem kannski loksins voru farnir að eygja þá von að fá jólaleyfi samkvæmt starfsáætlun, geta ekki á þessari stundu verið vissir um að svo verði. Ég vonast eftir því að hv. Alþingi sé tilbúið til þess að vinna að þessu máli ef niðurstaðan verður sú að hægt verði að sameina bankana. Ég tel að hv. þm. hafi ýmsar upplýsingar og þetta mál sé ekki í sjálfu sér algjörlega nýtt á döfinni og það sé mögulegt að samþykkja frv. fyrir jólaleyfi sem geri okkur þetta mögulegt.

Þetta er það sem ég vildi segja og ég legg áherslu á það í lokin að ef það verður niðurstaðan að sameina bankana þá er mjög mikilvægt ef ekki algjörlega nauðsynlegt að lög um það verði sett fyrir jól.

[11:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er eðlilegt að vakin sé athygli á starfsáætlun þingsins eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert þegar eftir lifa fjórir virkir dagar af þeirri starfsáætlun sem við vinnum eftir og þó að þingmenn stjórnarandstöðunnar séu sannarlega ekki að kveinka sér undan því að vera hér fram á Þorláksmessu þá er engu að síður stórmál á ferðinni og hæstv. ráðherra þarf að útskýra það betur af hverju nauðsynlegt er að afgreiða þetta mál fyrir jólin. Hér er stórmál á ferðinni sem þingið hlýtur að taka sér góðan tíma til að skoða. Sú leiksýning sem var um helgina milli hæstv. ráðherra og fulltrúa Sjálfstfl. í bankaráði, formanns bankaráðs, gefur ekki sérstakt tilefni til að ætla að það sé samstaða um þetta mál milli stjórnarflokkanna, gefur ekki mikið tilefni til þess að ætla að þetta skapi tiltrú á því sem fyrirhugað er í þessu sameiningarmáli og vekur upp spurningar hvort hæstv. ráðherra hafi misst tök hér sem yfirmaður bankamála þegar hún fær svona kveðjur frá formanni bankaráðsins sem

ætlar að hunsa fyrirmæli yfirmanns bankamála, bankamálaráðherrans. Það er því með ólíkindum hvernig þetta mál allt er vaxið.

Herra forseti. Það er ekki boðlegt að ætla okkur að afgreiða þetta stóra mál á stuttum tíma þannig að ég held að stjórnarandstaðan eigi kröfu á því að vita hvort það standi virkilega svo að það eigi að afgreiða þetta mál fyrir jól. Jafnvel þó að niðurstaða samkeppnisráðs komi í vikunni þá eru það fáir dagar sem lifa af þessu þingi að það er ekki boðlegt að afgreiða svona stórt mál á svo stuttum tíma og ég sé ekki að það liggi neitt á því að afgreiða það endilega fyrir jólaleyfi.

[11:10]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er leitt til þess að vita að uppi skuli vera mikil óvissa um þetta mikilvæga mál. En það er ekki tímaskortur sem gerir það að verkum að gjörsamlega er útilokað að taka það til endanlegrar afgreiðslu á næstunni heldur það heiftarklúður sem þetta mál er komið í.

Það var að mínum dómi mjög áhugavert að sameina þessi fyrirtæki af því sem ég þóttist sjá það út undan mér fyrir margt löngu að það kynni að verða sparnaður í rekstri fyrirtækjanna sameinaðra upp á 1 milljarð kr. og menn grípa ekki slíkt fé upp af götu sinni. En frá upphafi þessa máls að því er mér virðist hefur ekki verið rétt að því staðið og að því unnið af því sem þetta er mjög viðkvæmt mál án þess að ég ætli, herra forseti, að fara að ræða það mjög efnislega. Banki er meira en hús eða stjórn eða starfsfólk heldur fyrst og fremst viðskiptavinir hans.

Starfsfólkið sjálft og viðskiptavinirnir hafa verið hafðir algjörlega út undan í því starfi sem unnið hefur verið. Og nú er bætt gráu ofan á svart með því að hæstv. bankamálaráðherra setur af bankaráðið og bankastjóra Búnaðarbankans og fiskar þar upp deildarstjóra þó að hann kunni að vera með nýtt framsóknarflokksskírteini upp á vasann. Slík óvild og andstaða sem býr í starfsfólki bankans sem menn ættu að kynna sér sjálfir veldur því að hér kemur ekki til nokkurra mála að rasa að þessu. Þetta mál þarf að setja á ís í eins og tvö til þrjú ár og athuga það þá því að ef það verður tekið til afgreiðslu með þessum hætti eins og mál standa nú, þá mun eigandinn, skattþegninn, tapa stórlega á málinu. Sameinaður banki — munið orð mín — verður þá innan árs orðinn jafnstór eða minni en Landsbankinn einn er í dag.

[11:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur komið fram í fjölmiðlum og átalið klaufaleg vinnubrögð bankanna í sameiningu eða viðræðum um hugsanlega sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka og kallað eftir faglegum vinnubrögðum um þetta mál. Nú er það svo að margoft hefur verið óskað eftir því að þetta mál komi til umfjöllunar á Alþingi og þess vegna faglegrar, vandaðrar og ítarlegrar umræðu.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst á takmörkunum að hægt sé að bjóða þjóðinni upp á þau vinnubrögð að halda Alþingi í óvissu um það hvort þetta mál komi yfirleitt fyrir þingið núna fyrir jólin og starfsmönnum bankans er ekki hægt að bjóða upp á vinnubrögð af þessu tagi. En þá fyrst fannst mér kasta tólfunum þegar hæstv. viðskrh. kom fram í sjónvarpi í gær og gaf yfirlýsingu um hvernig hún ætlaði að skáka fulltrúum Búnaðarbankans til á taflborði stjórnmálanna. Eitthvað fannst mér skorta þar á fagleg vinnubrögð og eitthvað fannst mér þetta lykta meira af pólitík, þröngri hagsmunapólitík sem er ekki bjóðandi upp á á Alþingi.

[11:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. viðskrh. hefur sett spurningarmerki við það hvort eitthvað verði af þessari sameiningu bankanna. Hún hefur lagt málið upp með þeim hætti. Hún gæti ekki létt af óvissu um það hvort málið kæmi fram. Jafnframt hefur það komið fram bæði frá bankaráðsmönnum Búnaðarbankans og fleiri aðilum að þeir telji að ef þetta mál gangi ekki fram núna, þá sé það úr sögunni.

Það eru ekki margir dagar til stefnu og það hlýtur að vera umhugsunarefni hvað er að ef málið dettur upp fyrir einfaldlega vegna þess að það sé ekki hægt að afgreiða það núna fyrir jólin. Þetta er ekki lítið mál. Þetta hlýtur að vera mál sem menn þurfa að vanda sig við. Ég geri ekki ráð fyrir því að alþingismenn víki sér undan því að vinna að þessu máli. En það liggur fyrir að samkeppnisráð hefur ekki skilað því frá sér. Það er óvissa og ósamkomulag um vinnubrögð a.m.k. milli hæstv. ráðherra og bankaráðsins um það hvernig staðið er að málinu. Manni verður á að hugsa: Líta bankaráðsmenn ekki þannig á að hæstv. ráðherra sé þeirra yfirmaður? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Stendur til að kalla saman hluthafafund til þess að gera mönnum grein fyrir því hvaða stöðu þeir hafi gagnvart hæstv. ráðherra? Hvað er eiginlega fram undan í þessu máli?

Mér finnst a.m.k. algjörlega út í bláinn að halda því fram að þetta mál sé þannig þroskað og tilbúið að hv. Alþingi geti tekið það til afgreiðslu fyrir jól. Það hlýtur að þurfa að skoða málið miklu vandlegar úr því að það er ekki komið lengra núna heldur en raun ber vitni.

[11:16]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er eðlilegt að eftir því sé kallað hér hvort það standi til að afgreiða þetta mál núna fyrir jólin, ekki síst eftir það leikrit sem landsmenn urðu vitni að í fjölmiðlum nú um helgina þar sem hæstv. viðskrh. tókst á við stjórn Búnaðarbankans um það hvernig fara ætti í málið, að manni skildist, svo það yrði til lykta leitt með þeim hætti sem hæstv. ráðherra óskaði eftir.

Herra forseti. Ég held að allur þessi málatilbúnaður sýni það best hversu fráleit sú aðferð er sem hæstv. ríkisstjórn kaus í þessu máli. Á það hefur verið bent af hálfu Samfylkingarinnar að hér er um að ræða tvö hlutafélög starfandi á markaði og hluthafar í þessum hlutafélögum eru býsna margir, mun fleiri en ríkissjóður einn. Eigi að síður gengur hæstv. ráðherra fram með þeim hætti að menn gætu helst haldið að einungis væri um einn hluthafa að ræða sem gæti án tillits til annarra ráðskast með allt féð. Svo er ekki, herra forseti, og þeim mun fráleitari er allur þessi málatilbúnaður.

Menn hljóta að velta því fyrir sér sem hér hefur áður verið spurt um og væri æskilegt að kæmi fram hjá hæstv. ráðherra nú þegar hún fær orðið aftur í þessari umræðu: Verður ekkert af sameiningunni ef hún ekki næst nú fyrir jól? Er þetta mál í slíkri tímapressu? Er spilað það tæpt að ef ekki er hægt að þvinga málið fram nú fyrir jólahlé, þá sé allt í uppnámi? Ég held að það sé mjög mikilvægt að Alþingi fái að vita nánar um hver staða þessara mála er nú.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það hafi verið óhjákvæmilegt að fá þessa umræðu um stöðu þessa máls gagnvart þinginu. Hæstv. ráðherra viðurkennir að fullkomin óvissa sé uppi og nefnir þar til sögunnar úrskurð samkeppnisráðs. Það virðist reyndar ekki síður vera óvissa uppi vegna klúðurs í málsmeðferðinni sjálfri samanber það hnútukast milli formanns bankaráðs Búnaðarbankans og hæstv. ráðherra sem hér hefur ítrekað verið gert að umtalsefni. Það var satt best að segja og undir það skal tekið með ólíkindum að heyra ásakanir ganga á víxl, annars vegar um klaufaleg vinnubrögð af hálfu bankaráðs Búnaðarbankans og hins vegar að hæstv. ráðherra hefði lélega heimildarmenn og væri illa upplýst um það sem fram hefði farið í þessum samningaviðræðum sem voru svörin af hálfu forsvarsmanna Búnaðarbankans.

Ég tek það fram, herra forseti, fyrir mitt leyti að ég tel ekki eftir mér að vinna einhverja daga umfram starfsáætlun og okkur er að sjálfsögðu ekki vandara um, þingmönnum en öðrum að vinna fram að jólafríi og það er ekki það sem hér er ámælisvert heldur það sem stefnir í varðandi vinnubrögð, það flaustur og óðagot sem hér á að fara að bjóða upp á, ef til kemur, í afgreiðslu stórmáls af þessu tagi er náttúrlega algerlega óverjandi. Mér sýnist að menn ættu þann kost skástan að ákveða hér og nú að það gengi auðvitað ekki að láta það hvarfla að sér að ljúka þessu bankamáli með þessum hætti, stórmáli af þessu tagi sem vekur ótal spurningar og er það fyrirferðarmikið m.a. hvað varðar samkeppnislöggjöfina og áhrif þar að Samkeppnisstofnun hefur þurft mikinn mannafla og margar vikur til þess að liggja yfir málinu og hefur þó ekki komist í gegnum það enn.

Herra forseti. Ég tel svo óhjákvæmilegt að þetta mál og ýmsir atburðir sem orðið hafa í því og þar á meðal nú yfir helgina komi til efnislegrar umræðu. Það er rétt að það komi fram að þingflokkur Vinstri hreyfingar – græns framboðs hefur óskað eftir utandagskrárumræðu um málið.

[11:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega mikið stórmál á ferðinni því ætlunin er, ef af verður, að sameina tvo af þremur stærstu bönkum landsins. Við erum að tala um að sameina bankastofnanir sem ráða um það bil 60% af öllum bankamarkaði í landinu og því verð ég að segja, virðulegi forseti, að það getur ekki komið til álita að þingið ætli sér á þremur til fjórum dögum að fjalla um þetta mál, ég tala nú ekki um í ljósi þess sem hér hefur verið að gerast undanfarna daga. Þrátt fyrir að bæði Landsbankinn og Búnaðarbankinn hafi haft langan tíma til þess að vinna að þessu máli, þá er alveg ljóst að þær viðræður hafa verið mjög erfiðar og ef löggjafinn ætlar síðan að afgreiða þetta mál á þremur til fjórum dögum, þá er það einfaldlega þannig að fólkið í landinu hættir að bera virðingu fyrir Alþingi. Það getur ekki verið annað ef svona stórmál á að rúlla í gegn á nokkrum dögum.

Ég verð því að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég trúi því ekki úr því sem komið er að það komi til álita að þetta mál komi hér inn og það eigi að reyna að ljúka því fyrir jól. Þvílíkt stórmál er hér á ferðinni að það getur bara ekki verið og yrði þinginu til mikillar hneisu ef til þess kæmi að það yrði afgreitt á svona stuttum tíma.

[11:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Samfylkingarinnar Svanfríður Jónasdóttir talaði um fráleita aðferð af minni hálfu í þessu máli, þ.e. að málinu skuli hafa verið vísað til samkeppnisráðs til úrskurðar, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, kvaddi sér hljóðs á Alþingi sérstaklega til þess að beina mér inn á þessa braut, eða þannig mátti skilja orð hans. Þetta er núna kölluð fráleit aðferð. Þetta er sú lýðræðislega aðferð sem ég kaus að fara í þessu máli. Það er þess vegna sem við erum í þessari tímaþröng vegna þess að samkeppnisráð þarf að taka þennan tíma til þess að fara yfir málið og tíminn er orðinn naumur sem hv. Alþingi hefur, það er rétt.

Ég tel hins vegar að við höfum möguleika á Alþingi að ljúka málinu fyrir jól og ég vonast til þess að hv. þm. sýni samstarfsvilja í þeim efnum að þetta sé mögulegt. Bankarnir eru fyrirtæki sem eru skráð á markaði. Við vitum öll að það er ekki æskilegt fyrir fyrirtæki sem þannig er ástatt um að vera í opinberri umræðu vikum saman eins og hv. þm. virðast vera að tala um.

Út af þeirri umræðu sem fór fram um helgina og varðaði Búnaðarbankann vil ég segja að ég taldi nauðsynlegt að grípa inn í það mál og ég sem fer með eignarhlut ríkisins, sem er yfir 70% í bankanum, hlýt að hafa fullan rétt á því að kalla formann bankaráðs á minn fund og beina tilmælum til hans. Hann er skipaður af mér. Ég hef ekki farið fram á neitt við bankaráðið. Ég kallaði formanninn á minn fund vegna þess að ég hafði áhyggjur af vinnubrögðum Búnaðarbankans í málinu af því að tíminn er svo skammur sem raun ber vitni. Þetta er málið. Ég lak því ekki í fjölmiðla.

Fjárlög 2001, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 421, frhnál. 456, 470 og 473, brtt. 441, 457, 458, 459, 460, 461, 462, 463, 465, 466, 467, 468, 469, 472, 474, 475, 476, 477, 478, 479, 480, 482, 483, 487 og 488, till. til rökst. dagskrár 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:25]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú við lokaatkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. fyrir árið 2001 vill Samfylkingin enn leggja áherslu á nauðsyn þess að beita aðhaldi í ríkisrekstri og vísum við þar til tekjutillagna okkar þar sem gert er ráð fyrir 2,5 milljarða tekjum umfram útgjaldatillögur. Enn fremur vísum við til óásættanlegra vinnubragða varðandi tekjuauka ríkissjóðs með hugmyndum um sölu Landssímans og/eða bankanna án þess að skilgreina hvað eigi að gera, hvernig eigi að gera það og hvernig framkvæmdin eigi að vera.

Samfylkingin mun veita ýmsum tillögum brautargengi sem greidd verða atkvæði um en sitja hjá við aðrar tillögur eftir aðstæðum við þessa lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

[11:26]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 2001 kemur nú til lokaafgreiðslu og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns

framboðs flytja nokkrar brtt. við frv. sem lúta að því að rétta hlut þeirra sem minna mega sín og áherslur í þeim málaflokkum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill sjá skarpari áherslur í í samræmi við sína pólitísku stefnu.

Við höfum gagnrýnt á lokaspretti vinnubrögðin við afgreiðslu fjárlagafrv. að ekki skuli hafa verið gerð ítarlegri grein fyrir því hvernig afla á tekna við sölu eigna og þá sérstaklega við sölu Landssímans og sölu bankanna eins og hér var til umræðu áðan. Það er óásættanlegt að skilja eftir svo opna heimild til sölu á svo mikilvægum þjónustufyrirtækjum og þjónustustofnunum fyrir allan almenning í landinu án þess að gera grein fyrir því hvað tekur við eða hvernig almenningur má vita af því að þjónustan sé trygg. Við óskuðum eftir því að þetta yrði upplýst frekar áður en kæmi til lokaafgreiðslu fjárlaga.

Sömuleiðis, herra forseti, gagnrýnum við það að skattaprósentan skuli vera hækkuð nú án þess að skattleysismörkin hækki jafnframt. Þetta þýðir, herra forseti, að skattbyrði er aukin sérstaklega á því fólki sem lægstar hefur tekjurnar.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu greiða atkvæði með þeim tillögum sem hér eru bornar fram sem lúta að okkar áherslum. Við munum sitja hjá við þær tillögur sem við viljum ekki bregða fæti fyrir og við munum greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem eru afar andvígar þeim áherslum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur fyrir.

[11:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2001 koma nú til lokaafgreiðslu mun fyrr en venja hefur verið í Alþingi.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þingheimi fyrir mjög gott samstarf um afgreiðslu þessa máls og þó sérstaklega fjárln. þingsins, bæði meiri hluta og minni hluta. Þó svo að eflaust sýnist sitt hverjum um einstaka liði í þessu frv., þá er meginniðurstaða þess sú að rekstrarafgangur er um það bil 34 milljarðar kr. og lánsfjárafgangurinn um 39 milljarðar kr., samtals um 60 milljarðar á árunum 2000 og 2001 í lánsfjárafgang. Þetta er hin stóra niðurstaða úr þessari afgreiðslu og þetta er mjög mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf og það sem fram undan er í þeim efnum.

Þetta vildi ég leyfa mér að undirstrika hér, herra forseti.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 486 kölluð aftur.

Brtt. 482,1 felld með 31:12 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 flytja þingmenn Samfylkingarinnar nokkrar tillögur, bæði tillögur um auknar tekjur ríkissjóðs og eins tillögur til sparnaðar og einnig nokkrar útgjaldatillögur. Það ber að líta á þessar tillögur sem eina heild. Verði þær allar samþykktar mun afgangur á ríkissjóði aukast um rúmlega 2,5 milljarða. Herra forseti. Ég segi já.

Brtt. 480 felld með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér koma til atkvæða þær tekjuöflunartillögur sem við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs flytjum, samtals upp á 3.000 millj. kr. og skiptast þannig að álag á hátekjuskatt er 300 millj., hækkun á fjármagnstekjuskatti 800 millj., hækkun á skatti af hagnaði lögaðila 1.200 millj., hækkun áfengisgjalds 300 millj. og hækkun tóbaksgjalds 400 millj. Þetta er eins og áður sagði 3.000 millj. kr., herra forseti, og nægir langleiðina til að mæta útgjöldum vegna allra brtt. sem þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs flytja eða eiga aðild að með hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins.

Brtt. 458,1–12 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,13 samþ. með 28:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞKG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við þekkjum pólitísk áform og pólitískar forsendur ríkisstjórnarflokkanna varðandi einkavæðingu, áfergju Sjálfstfl. og fylgispekt Framsfl. En við þekkjum ekki efnahagslegar forsendur þeirrar ákvörðunar að koma á síðustu stundu, við 3. umr. fjárlaga og bæta heilum 8 milljörðum við tekjuliðinn í tengslum við sölu á eignum almennings. Það er slæmt að selja almannaeignir á borð við Landssímann

en ég vil vekja ahtygli Alþingis á því að efnahagslegar forsendur skortir. Það hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir þeim. Þær eru óljósar og þær eru óútskýrðar.

Brtt. 458,15–18 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

20 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,1–2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KF, LMR, PP, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 474,1 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 457,3–4 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 476,1 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á hátíðarstundum tala flestir um að styrkja þurfi menntakerfið í landinu. Ríkisstjórnin hefur því miður ekki verið reiðubúin að fylgja yfirlýsingum sínum eftir í verki. Það er augljóst að hækka þarf laun þeirra sem starfa við menntakerfið en verkfall framhaldsskólakennara ber þess órækt vitni. Til þess að sú deila sem þar er nú fyrir leysist þarf viðbótarfjármagn að koma til sögunnar. Við gerum okkur grein fyrir því að það viðbótarfjármagn sem við gerum tillögu um, fjórðungur úr milljarði, þyrfti að vera miklu meira en þetta er þó viðleitni í rétta átt.

Brtt. 482,2 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 487,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS*, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JónK, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég legg til að þessir töluliðir verði samþykktir en vek þó athygli á því að á bls. 9 í atkvæðaskjalinu er brtt. frá 1. minni hluta fjárln. þar sem er breyting á heiti liðarins. Ég legg til að sú tillaga verði samþykkt og heitinu verði breytt en að öðru leyti legg ég til að þessir töluliðir verði samþykktir ásamt brtt. á þskj. 457, 5. tölulið b–i.

[11:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að hér er verið að greiða atkvæði um 30 millj. kr. fjárveitingu til þess að sinna framboði á námi á háskólastigi í Austurlandi og Vestfjörðum í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum. En þessi fjárveiting er einnig ætluð til þess að styrkja fræðslumiðstöðvar vegna kostnaðar þeirra vegna mikilla fjarlægða og fjarskiptakostnaðar og auk þess er heimilt að styrkja fámenn byggðarlög til kaupa á fjarnámsbúnaði. Hér er um ánægjulegt og stórt skref að ræða í menntamálum þjóðarinnar. Hér er einnig um stórkostlegt byggðamál að ræða og það á einnig við liðinn sem við greiðum atkvæði næst um að þar er verið að festa í sessi fræðslumiðstöðvar landshlutanna sem nú þegar hafa ótvírætt sannað gildi sitt.

Brtt. 457,5.a kom ekki til atkv.

Brtt. 457,5.b–i samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga var felld tillaga frá fulltrúum Samfylkingarinnar um að setja meira fé til símenntunar og fjarkennslu. Mér sýnist á því sem hér hefur verið samþykkt nú þegar að menn hafi þó aðeins áttað sig á mikilvægi málsins og ber að fagna því að tillögur koma frá meiri hlutanum nú í þessa sömu veru. Og þó að ekki sé

um jafnstórt skref að ræða og það sem fulltrúar Samfylkingarinnar vildu stíga, þá er hér spor í rétta átt og þess vegna greiddum við, herra forseti, atkvæði með þeim tillögum og sömuleiðis með þeirri sem næst kemur til atkvæða.

Brtt. 482,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,6 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,4 felld með 30:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:42]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þegar rekstur grunnskólans var fluttur til sveitarfélaganna tók ríkið að sér að sjá grunnskólabörnum í landinu áfram fyrir námsbókum eins og verið hafði um áratuga skeið. Síðan hefur verið gefin út ný námskrá fyrir grunnskólastigið en ekki hefur verið hægt að fylgja henni eftir með viðhlítandi námsgagnagerð vegna þess fjársveltis sem Námsgagnastofnun hefur verið haldið í þannig að þeir ná nú aðeins að endurprenta gamalt efni.

Til að losna úr þessu hjólfari og gera námsefni íslenskra barna sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndum og þannig úr garði gert að það haldist í hendur við gildandi námskrá leggur Samfylkingin til að settar verði 100 millj. til viðbótar til námsgagnagerðar árið 2001. Ég samþykki þessa tillögu sem hér liggur fyrir.

Brtt. 457,7.a samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 457,7.b samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
nei: ÞSveinb.
9 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KolH, KLM, SJóh) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BBj, BH, GHall, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SvanJ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,8 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, MF, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, KLM, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 476,2 felld með 30:9 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, LB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.
11 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stöðug andstaða meiri hluta Alþingis við ítrekuðum beiðnum stjórnar Ríkisútvarpsins um hækkun afnotagjalda er fyrir löngu farin að hafa þau áhrif að stofnunin á í sífellt meiri erfiðleikum með að standa undir lögbundnu hlutverki sínu. Dregið hefur úr faglegum metnaði við dagskrárgerð vegna fjárskorts og virðist þessi tregða meiri hlutans við að skilja samhengi metnaðarfullrar starfsemi og fjármála stofnunarinnar fullkomlega óskiljanleg.

Hér er lagt til að stofnunin verði efld með 380 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði á næsta ári sem gæfi þá stjórnvöldum svigrúm til að undirbúa bráðnauðsynlega afnotagjaldahækkun eða róttæka breytingu á tekjuöflun stofnunarinnar. Ég segi já.

Brtt. 483 kölluð aftur.
Brtt. 472 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 457,9–13 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 457,14 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KolH*, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 457,15 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,16–17 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,18 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,19 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,20 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,21 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 457,22 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, GÖ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,5–7 felld með 30:12 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,23 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,8 felld með 30:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 487,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 457,24 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 441 kom ekki til atkv.

Brtt. 457,25–29 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, JóhS, KF, KLM, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við styðjum þessar tillögur, 25.–29. lið, en það er sérstaklega vegna tillögu um 4,5 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til sýslumannsins í Borgarnesi sem ég vil lýsa ánægju minni vegna þess að við hv. 3. þm. Vesturl. höfum rætt um þessi mál bæði hér og gert tillögu um viðbótarfjárveitingu og við lýsum mikilli ánægju með að þetta hafi verið gert á þennan veg.

Brtt. 457,30 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,9 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér eru lagðar til 625 millj. kr. til niðurgreiðslu á 1% vöxtum eins og verið hefur undanfarin 25 ár. Ríkisstjórnin hefur hækkað vextina í 3,9% og stefnir í að hætta niðurgreiðslu á vöxtum á næsta ári. Vegna þessa er nú neyðarástand í húsnæðismálum á húsnæðismarkaðnum, sérstaklega í Reykjavík en 1.900 einstaklingar og fjölskyldur eru á biðlista eftir leiguhúsnæði. Ríkisstjórnin hefur skapað þetta ástand og lýsum við fullri ábyrgð á hendur henni felli meiri hlutinn þessa tillögu. Ég segi já.

Brtt. 476,3 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er að okkar dómi stóralvarlegt mál að ríkisstjórnin skuli ætla að ganga frá fjárlögum með húsnæðismálin í fullkominni óvissu, leiguíbúðakerfið fjárvana. 50 millj. kr. eru ætlaðar til stuðnings félagslegu húsaleigukerfi. Þetta eru fjármunir til lánveitinga en ekki til að styrkja þetta kerfi og það er mjög alvarlegt mál. Við leggjum til 750 millj. kr. framlag til stuðnings félagslegu leiguhúsnæði. Það mundi duga ekki aðeins til að halda í horfinu heldur til þess að stíga skref fram á við og bæta stöðu fólks sem á í húsnæðiserfiðleikum. Það er brýnt mál. Það er þjóðþrifamál.

Brtt. 457,31 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

7 þm. (ÁRJ, EMS, GE, JÁ, KLM, LB, SJS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,10 felld með 29:17 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, JóhS*, KF, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er flutt tillaga sem tryggir að á næsta ári verði hægt að standa við loforð hæstv. félmrh. í búsetumálum fatlaðra. 370 millj. kr. skerðing á Framkvæmdasjóði fatlaðra á næsta ári og ekkert framlag til búsetumála fatlaðra nú við atkvæðagreiðslu við 3. umr. fjárlaga eftir að hæstv. ráðherra undirritaði yfirlýsingu með Öryrkjabandalaginu um átak í húsnæðismálum fatlaðra fyrir nokkrum dögum sýnir að loforð hæstv. ráðherra er marklaust og sýndarmennskan ein.

Brtt. 457,32–33 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 487,3 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (EMS, GE, JÁ, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, BH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,34, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 482,11 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, SvanJ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Alþingi hefur samþykkt þáltill. um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Hæstv. ráðherrar hafa opinberlega sagt að þeir ætli að tryggja þegar á næsta ári margvíslega þjónustu sem lengi hefur vantað fyrir langveik börn. Það vantar fjármagn til að efna þessi loforð og standa við viljayfirlýsingu Alþingis um aukna þjónustu við langveik börn. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Brtt. 468 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um að afnema tengingu örorkubóta við tekjur maka. Það er búið að útskýra þetta nokkuð oft en verður gert svo lengi sem þetta ranglæti viðgengst og þar til þessu hefur verið breytt. En þannig er að öryrki fær um 70 þús. kr. mest á mánuði frá almannatryggingum, hrapar niður í 48 þús. kr. ef hann giftist eða er í sambúð og getur síðan farið enn lengra niður, í 18–19 þús. kr. ef markinn hefur tekjur að einhverju marki.

Hér gerum við tillögu um að afnema þessa tengingu á milli örorkubótanna við tekjur maka. Þetta er mannréttindamál sem Alþingi ætti að sjá sóma sinn í að samþykkja.

Brtt. 466,1 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ekki náðist fyrirhugaður sparnaður á lyfjakostnaði á yfirstandandi ári þrátt fyrir að umtalsverðum kostnaði hafi verið velt yfir á sjúklinga. Enn er áætlað að spara í lyfjakostnaði og í þeim tilgangi er verið að vinna á mörgum sviðum. M.a. er fyrirhugað að taka upp nýtt greiðsluþátttökukerfi. Undirbúningur að slíkum kerfisbreytingum tekur tíma og tel ég, herra forseti, mjög vafasamt að hægt verði að ná sparnaði á forsendum fyrirhugaðra kerfisbreytinga. Sparnaðaraðgerðunum mun verða velt enn og aftur yfir á sjúklinga og því er lagt til að liðurinn verði hækkaður um 420 millj. kr.

Brtt. 466,2 felld með 27:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, KHG, KLM, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,35 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 488 felld með 28:19 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

16 þm. (ÁSJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, KF, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,36 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 482,12 kom ekki til atkv.

Brtt. 457,37–38 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 469 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LMR, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (BBj, BH, GAK, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða brtt. sem var kölluð aftur við 2. umr. Hún felur í sér að veittar verði 100 millj. kr. á næsta ári til að hefja framkvæmd langtímaverkefnis sem

lýtur að eflingu félagslegs forvarnastarfs. Fjölmargir aðilar, stofnanir og félagasamtök sinna margvíslegum verkefnum sem hafa mikið forvarnagildi og er það tiltölulega óumdeilt að mjög margra mati sem að þessum málum koma að ein allra árangursríkasta og vænlegasta leið til þess að efla forvarnastarf meðal ungs fólks væri sú að styrkja starfsemi slíkra aðila. Má þar t.d. nefna félagsmiðstöðvar sem eru í samstarfi sín í milli um margvísleg verkefni á forvarnasviði og fleiri slíka aðila.

Tillagan gerir ráð fyrir að í þetta verði varið 100 millj. kr. en þyki mönnum það of rausnarlegt þá er til vara tillaga á þskj. 476, 4. tölul., þar sem lagðar eru til í þetta 50 millj. Óska ég eftir að báðar tillögurnar komi til atkvæða, herra forseti, fari svo illa að sú fyrri verði ekki samþykkt.

Brtt. 476,4 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

14 þm. (ÁMöl, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,39–41 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 482,13 felld með 29:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

3 þm. (GAK, HBl, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,42 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, DO, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,14 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:10]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það eru engin rök fyrir því að hafa barnabætur ótekjutengdar aðeins til sjö ára aldurs barna. Því gerir tillaga okkar ráð fyrir því að barnabætur verði ótekjutengdar fram að 16 ára aldri barna en það er í raun það sama og Framsfl. lofaði fyrir síðustu kosningar. Það má í þessu sambandi benda á að hinar ótekjutengdu barnabætur stjórnarliða verða 33 þús. kr. á hvert barn á ári en til samanburðar er rétt að geta þess að þessar ótekjutengdu barnabætur voru að meðaltali 40 þús. kr. árið 1995. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 467 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

13 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við umræður um fjárlögin voru framsóknarmenn spurðir að því hvernig á því stæði að þeir ætluðu ekki að standa að fullu við loforð sín um að stórbæta stöðu barnafólks. Sem kunnugt er á að bæta í barnabæturnar en þó ekki meira en svo að þær verða ekki jafngildar því sem þær voru fyrir 10 árum síðan, ekki heldur því sem þær voru þegar þeir settust að völdum. Ótengdar barnabætur verða 33 þús. kr. en ekki 40 þús. eins og þær voru 1997 og aðeins til sjö ára aldurs.

Fulltrúi Framsfl. við umræðuna sagði að það væri eitt að setja fram kosningaloforð, annað að gera stjórnarsáttmála og mátti skilja að það væri Sjálfstfl. sem stæði í vegi fyrir því að kosningaloforð framsóknarmanna næðu fram að ganga. Nú gefst framsóknarmönnum kostur á því að standa við sín eigin loforð.

Brtt. 482,15 felld með 29:11 atkv. og sögðu

já: EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KolH, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,16 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um það að hækka lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt þeim lögum sem um þau fjalla. Það sem nú liggur fyrir í spá Þjóðhagsstofnunar er að gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 5,8% en í frv. var gert ráð fyrir að þessi liður hækki um 4%. Sú tala sem hér liggur fyrir, 450 millj., gerir ráð fyrir því að brúa þetta bil.

Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 457,43 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (ÁSJ*, ÞBack*) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Brtt. 474,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 457,44–45 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 476,5 felld með 29:17 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁSJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, GÖ, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Bætt fjarskipti og aukin flutningsgeta grunnnetsins er nauðsyn vegna atvinnuuppbyggingar og samkeppnishæfni landsbyggðarinnar. Víða er ástand út um land mjög slæmt í þessum efnum og það heftir eða kemur í veg fyrir að hinar dreifðu byggðir geti verið samkeppnishæfar um nútímaatvinnuuppbyggingu. Við leggjum því til að settar verði úr ríkissjóði 250 millj. kr. til styrkingar á þessu kerfi. Ég segi já.

Brtt. 457,46–49 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 475 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þannig er komið í raforkumálum á Íslandi að sífellt minnkandi framlög ríkisins til Rafmagnsveitna ríkisins gera það að verkum að stoðkerfi landsbyggðarinnar er borið uppi nánast af öflugustu byggðakjörnunum úti á landi.

Öflugustu byggðakjarnarnir hér á suðvesturhorninu og á Akureyri eru stikkfrí varðandi stoðkerfi landsins í raforkumálum. Það er bráðnauðsynlegt að efla dreifikerfið í sveitum og nú liggja fyrir stórverkefni á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, m.a. lína frá Egilsstöðum og niður á Eskifjörð.

Rafmagnsveitur ríkisins þurfa 400–700 millj. kr. í framlag frá ríkinu eða aðrar úrlausnir og því leggjum við til, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, að framlag verði aukið um 180 millj. til að styrkja dreifikerfi í sveitum þannig að samtals séu veittar 318 millj. til Rafmagnsveitna ríkisins til þess að standa straum af stoðkerfi landsins í hinum dreifðu byggðum.

Brtt. 457,50 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 482,17 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:18]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu um að auka niðurgreiðslu á húshitun um 160 millj. sem er í takt við niðurstöður í byggðaáætlun og niðurstöður og tillögu frá byggðanefnd hæstv. forsrh. sem starfaði í aðdraganda kosninga 1999. Þá sagði hæstv. forsrh. m.a. í umræðum hér í þinginu um þessa tillögu, með leyfi forseta: „... mundi ríkisstjórnin afla slíkra heimilda og ábyrgjast pólitískt að slíkar tillögur mættu ná fram að ganga. Þegar hafður er í huga þessi skilningur ríkisstjórnarinnar og jafnframt hinn víðtæki stuðningur sem við nefndarstarfið er í þinginu, þar sem allir þingflokkar tilnefndu í nefnd þessa og innan hennar er góð samstaða, tel ég tryggt að þær viljayfirlýsingar, hugmyndir og tillögur sem þar koma fram hljóti brautargengi innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf setur sér."

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. forsrh. í þessu máli. Hér gefst tækifæri til að efna þetta loforð og því segi ég já.

[12:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem ekkert hefur á bak við sig um raunverulega fjárþörf. Ég minni á ræðu formanns fjárln. við 3. umr. fjárlaga um að við athugun á liðnum um niðurgreiðslu á rafhitun hafi komið í ljós að nefnd um lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hafi ekki lokið störfum sínum. Nefndinni er ætlað að útfæra

markmið sem koma fram í gildandi byggðaáætlun og auk þess að skoða form og framkvæmd niðurgreiðslna í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem fram undan eru á raforkumarkaði.

Þær upplýsingar sem liggja fyrir í nefndinni benda til þess að endurskoða þurfi í heild þær forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum. Þar af leiðandi liggja ekki fyrir upplýsingar um þann kostnað sem þarf til þess að hrinda í framkvæmd áformum byggðaáætlunar, einnig að það sé fullur vilji meiri hluta fjárln. að markmið um jöfnun húshitunarkostnaðar sem fram kom í byggðaáætlun nái fram að ganga og nefndin muni beita sér fyrir tillögugerð til fjármögnunar niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar samkvæmt niðurstöðu húshitunarnefndar. Ég segi því nei, hæstv. forseti.

Brtt. 457,51 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 457,52 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞBack.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, GÖ, ÍGP, KF, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,53.a–c samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 479 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

1 þm. (EMS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, KHG, KLM, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem kemur í veg fyrir freklega mismunun frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar sem lögð er til af meiri hluta fjárln. Náttúruverndarsamtök Íslands eru almannasamtök með 400–500 manna félagaskrá. Þau reka skrifstofu með starfsmanni og hafa staðið fyrir fjölda verkefna frá stofnun 1997. Þau eiga gott og mikið samstarf við náttúruverndarsamtök um allt land. Röksemd meiri hluta fjárln. fyrir því að Umhverfisverndarsamtök Íslands fái sérgreinda fjárveitingu en Náttúruverndarsamtök Íslands ekki er út í hött og stenst ekki jafnræðisreglu. Ef Alþingi samþykkir ekki þessa brtt., þá er verið að lögfesta mismunun þeim félagsskap í hag sem vill skapa svigrúm fyrir stóriðju en þar með er hogginn sá sem hefur beitt sér gegn henni.

Ég segi já.

Brtt. 457,53.d samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KolH, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞBack.

6 þm. (EMS, GÖ, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GuðjG, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, KHG, KLM, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 476,6 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KF, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fjölsóttir ferðamannastaðir þar sem er að finna flestar ef ekki allar náttúruperlur okkar hafa drabbast niður. Það er mat hæstv. umhvrh. að 430 millj. kr. þurfi til að bæta ástandið þannig að það verði viðunandi og staðirnir geti borið þann straum ferðamanna sem vill sækja okkur heim og njóta þess sem landið og náttúran hefur upp á bjóða.

Það kom berlega í ljós á síðasta ári að öryggi erlendra ferðamanna hér á landi er í hættu nema betur verði staðið að þessum málum í framtíðinni. Hér er lagt til að fjármagn verði lagt í að betrumbæta þessa staði. Ég segi já.

Brtt. 457,54 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 457,55 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 459 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 461 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, BH, GE, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, SF, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 462 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,1–7 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, EOK, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,8 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack.

12 þm. (EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,9 samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

13 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, BH, EOK, GÁS, GÁ, HBl, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort veita skuli heimild til sölu á allmörgum jörðum í eigu ríkisins. Herra forseti. Það liggur ekki fyrir nein stefnumörkun af hálfu landbrn. eða úttekt á því hvernig best væri að verja þessum eignum af hálfu ríkisins, ekki einu sinni í þeim reglum sem landbrn. hefur sjálft sett sér um að kanna náttúrugildi og útivistargildi jarðanna liggur fyrir.

Ein er sú jörð sem þarna er sérstaklega nefnd. Það er jörðin Reykir í Hjaltadal en þar fær Hitaveita Hjaltadals sitt heita vatn. Þar er mikið heitt vatn í jörðu og það er algjört glapræði að bjóða þessa jörð fala til kaups. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar og til hæstv. landbrh. að endurskoða þessa afstöðu sína. Reykir í Hjaltadal er ein af perlum Hjaltadals og er hluti af því landi sem liggur að Hólum og Hitaveita Hjaltadals á þar sín upptök.

Brtt. 463,10 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,11–12 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KolH, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477 felld með 30:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

12 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi liður sem við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs leggjum til að verði felldur út fjallar um það að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða.

Herra forseti. Það er alveg fráleitt að vera að skilyrða fjárhagsaðstoð við sveitarfélög sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum, að skilyrða fjárhagsaðstoðina því að upp í þá fjárhagsaðstoð séu teknar bestu eignir sveitarfélaganna. Það er alveg hróplegt misrétti sem þarna er ætlunin að beita

sveitarfélagið í Vesturbyggð. Þess vegna leggjum við til að þetta falli út.

[12:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við umræðuna um fjárlög gerði ég rækilega grein fyrir lagagrein sem setur hömlur á meðferð eigna Orkubúsins og á þeirri forsendu og þeim skýringum sem ég þá bar upp situr Samfylkingin hjá við þessa afgreiðslu.

Brtt. 482,18 (liðir 8.16–8.19) felld með 30:11 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, LB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 482,18 (liður 8.20) felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

15 þm. (BBj, BH, DO, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. gaf yfirlýsingu þegar gengið var eftir því við 3. umr. um fjárlagafrv. hvernig hann ætlaði sér að reyna að standa við loforð um rekstrarframlag nýrra sambýla vegna yfirlýsinga sem hann af í því efni fyrir nokkrum dögum.

Hæstv. ráðherra vísaði á fjáraukalög næsta árs í því sambandi. Hér er verið að tryggja að þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra fái þegar lagastoð.

Brtt. 463,13 (liður 8.16) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, ÓÖH, PP, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack.

13 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, BH, DO, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, PHB, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,13 (liður 8.17) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 463,13 (liður 8.18) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 463,13 (liður 8.19) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 478 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, MF, SJóh, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

10 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er á ferðinni tillaga um að veita heimild til þess að semja með þátttöku félmrh. við sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum um fjárhagslega endurskipulagningu með þátttöku ríkisins.

Herra forseti. Við vitum að það eru mörg sveitarfélög, sérstaklega úti um land, sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum og ekki hvað síst sökum erfiðrar skuldastöðu vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagslega íbúðakerfið var sameiginlegt átak og hluti af stefnu ríkisins í húsnæðismálum og þó svo að fólksfækkun og tekjumissir hafi nú hrellt þessi sveitarfélög svo alvarlega að þau eru nú í miklum erfiðleikum, þá er það skylda okkar og skylda ríkisvaldsins að koma þarna til og veita aðstoð með eðlilegum hætti. Það er það sem þessi tillaga gerir ráð fyrir og óska ég eftir að hún verði samþykkt.

Brtt. 463,13 (liður 8.20) samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, DO, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um tillögu sem tengist sölu á Orkubúi Vestfjarða. Hér er um hálfgerða nauðungaraðgerð að ræða gagnvart sveitarfélögunum og þess vegna greiði ég þessari tillögu ekki atkvæði.

Brtt. 463,13 (liðir 8.21–8.22) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh,

SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GAK, JHall) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, DO, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, BH, GÁS, GÁ, ÍGP, KHG, LMR, MF, RG, SighB, SAÞ, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:39]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þau fjárlög sem hér eru til lokaafgreiðslu styrkja stöðu ríkissjóðs og auka möguleika í framtíðinni til að standa undir velferðarþjónustu í landinu. Afkoma ríkissjóðs er nú með því besta sem gerist í OECD-ríkjunum. Þetta eru mikil umskipti eftir samfelldan hallarekstur allt frá árunum 1993–1998 og þetta eru jákvæð skilaboð inn í efnahagslífið í landinu. Þess vegna greiði ég atkvæði með þessari lokaafgreiðslu.

[12:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi fjárlög verða best nefnd óvissufjárlög og það er ekki allt sem sýnist við afgreiðslu þeirra. Þannig er hinn nafntogarði afgangur að helmingi til fenginn með sölu eigna. Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá eru versnandi horfur á alla helstu mælikvarða efnahagsmála. Verðbólguspá hefur verið endurskoðuð til hækkunar um þriðjung og stefnir nú í tæplega 6% verðbólgu á næsta ári. Viðskiptahalli hefur tvöfaldast á þessu ári frá spá fyrra árs, úr 30 milljörðum rúmum í 60 milljarða og stefnir í að aukast á næsta ári. Viðskiptakjör fara versnandi.

Því miður breyta tilskipanir og yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að allt sé í himnalagi, jafnvel þó að þær séu gefnar á Selfossi, engu um þessar staðreyndir mála. Við hljótum öll að vona að það takist að ná tökum á stjórn efnahagsmála án þess að þar verði kollsteypur en til þess verða menn að grípa til aðgerða og innihaldslausar Selfossyfirlýsingar nægja þar ekki til. Fyrsta skilyrðið er að horfast í augu við vandann, herra forseti, og komast af því afneitunarstigi sem einkennt hefur framgöngu hæstv. ríkisstjórnar.

Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs sitjum hjá við lokaafgreiðslu fjárlagafrv., herra forseti.

[12:41]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001. Því miður tekur frumvarpið ekki á þeim meginvandamálum sem til staðar eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er ekki tekið nægilega mikið mark á þeim viðvörunum sem fram hafa komið í umræðum um fjárlögin. Viðskiptahallinn vex enn þá. Verðbólgan er komin í gang á ný og gengi krónunnar er veikt. Þá er ekki bættur hagur þeirra sem minnst hafa fengið úr góðærinu.

Herra forseti. Fjárlögin eru á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Þingmenn Samfylkingarinnar sitja hjá við lokaafgreiðsluna.

[12:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Enn á ný hafa stjórnarliðar fellt þær tillögur sem hér hafa verið bornar fram af Frjálslynda flokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um styrkingu tekjutengingar ellilífeyrisþega og örorkubætur, lagfæringu á barnabótum og sjúkradagpeninga ásamt lyfjakostnaði.

Þau fjárlög sem hér liggja fyrir til afgreiðslu eru verðþenslufjárlög. Í þeim er ekki að finna það viðnám gegn verðbólgu sem nauðsynlegt hefði verið að veita. Þingmenn Frjálslynda flokksins munu sitja hjá við lokaafgreiðslu frv., enda verða þeir ekki kallaðir til ábyrgðar af lagasetningunni, heldur meiri hlutinn á Alþingi, stjórnarflokkarnir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 489).

[Fundarhlé. — 12:43]

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Arðgreiðslur og einkahlutafélög, 71. mál, svar fjmrh., þskj. 464.

Atvinnuleysistryggingar, 347. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 495.

Áhafnir íslenskra skipa, 348. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 496.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 312. mál, nál. utanrmn., þskj. 494.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 232. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 492.

Neytendalán, 90. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 490; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 491.

Tekjuskattur og eignarskattur, 197. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 493.

Fundi slitið kl. 15:02.

---

46. FUNDUR

þriðjudaginn 12. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Lyfjalög, frv., 300. mál, þskj. 342. — 3. umr.
3. Sjúklingatrygging, frv., 301. mál, þskj. 343. — 3. umr.
4. Blindrabókasafn Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 436. — 3. umr.
5. Skráning skipa, stjfrv., 118. mál, þskj. 118. — 3. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206. — 3. umr.
7. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 312. mál, þskj. 372, nál. 494. — Síðari umr.

8. Dómtúlkar og skjalaþýðendur, stjfrv., 80. mál, þskj. 80, nál. 425, brtt. 426. — 2. umr.

9. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81, nál. 354. — 2. umr.

10. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 432. — 2. umr.

11. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226, nál. 445, 446 og 471. — 2. umr.

12. Námsmatsstofnun, stjfrv., 176. mál, þskj. 183, nál. 451, brtt. 452. — 2. umr.

13. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 204, nál. 390 og 455, brtt. 391. — 2. umr.

14. Neytendalán, stjfrv., 90. mál, þskj. 90, nál. 490, brtt. 491. — 2. umr.

15. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167, nál. 424. — 2. umr.

16. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250, nál. 492. — 2. umr.

17. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207, nál. 493. — 2. umr.

18. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 260. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr.

19. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 343. mál, þskj. 453. — 1. umr.

20. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412. — Frh. fyrri umr.

21. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr.

22. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[Fundarhlé. — 13:30]

Tilkynning um dagskrá.

[13:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um klukkan 14.15, að loknu fyrsta dagskrármáli, fer fram umræða utan dagskrár um stöðuna í viðræðum um sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. viðskrh. verður til andsvara.

[13:40]

Útbýting þingskjala:

Landmælingar og kortagerð, 75. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 499.

Málefni aldraðra, 317. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 500.

Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., 349. mál, frv. GAK, þskj. 497.

Tekjuskattur og eignarskattur, 197. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 498.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Tvöföldun Reykjanesbrautar.

[13:40]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Sex sinnum frá árinu 1988 hefur verið flutt till. til þál. á hv. Alþingi um tvöföldun Reykjanesbrautar. Segja má að jafnoft þessi till. til þál. sofnað í meðförum nefnda. Þess vegna var mikill áfangasigur sl. vor þegar tvöföldun Reykjanesbrautar náðist inn á vegáætlun enda fyrir því mjög gild rök eins og þingheimi er kunnugt, ekki síst sú staðreynd að með tvöföldun Reykjanesbrautar mun slysastuðull þessarar varasömu brautar lækka um tugi prósentna.

Í umræðum á hv. Alþingi var hæstv. samgrh. spurður að því hvort hann mundi beita sér fyrir flýtingu á þessu mikla verki.

Atburðir síðustu daga hafa mikið verið í umræðum bæði á hv. Alþingi og ekki síður í fjölmiðlum. Menn spyrja og almenningur ekki síður: Hversu hratt mun verkið ganga? Ég tel afskaplega varhugavert þegar úr annars samhentum þingmannahópi hv. þm. Reykn. koma misvísandi skilaboð. Ég tel það ekki málinu til framdráttar þegar fram koma jafnvel yfirboð á mjög viðkvæmu verki og vandasömu. Því þykir mér ástæða, herra forseti, að spyrja hæstv. samgrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að kanna hversu raunhæf flýting er á tvöföldun Reykjanesbrautar. Í fyrsta lagi varðandi undirbúning og tæknivinnu, hvort unnt sé að hraða því verki, í öðru lagi með framkvæmdatíma og í þriðja lagi að fá þá lokatímann með hliðsjón af fjárveitingum til þess.

Herra forseti. Ég tel eðlilegt og fulla ástæðu til að hæstv. ráðherra fái í samstarfi við samgn. og þingmenn Reykn. skoðað þetta mál til þess að eyða óvissu og til þess að eyða ótímabærum upphlaupum og yfirlýsingum.

[13:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Rétt er að minna á að tekin hefur verið ákvörðun um að tvöfalda Reykjanesbraut. Á vegum Vegagerðarinnar er nú unnið að undirbúningi þess mikilvæga verkefnis og rík áhersla lögð á að hraða þeirri vinnu. Vinnan gengur út á umhverfismat og annan undirbúning. Þegar sá undirbúningur er búinn, sem ég geri ráð fyrir að verði síðla næsta árs, verður fyrsti áfangi verksins boðinn út. Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja neitt ákveðið um niðurstöður af útboðum en vissulega er vilji minn til þess að skoða þegar búið er að bjóða út fyrsta áfanga verksins hvort hraða megi verkinu umfram það sem vegáætlun gerir ráð fyrir en ekkert er hægt að fullyrða um það á þessu stigi. Það verður að skoða þegar undirbúningi er lokið og við höfum fengið tilboð í fyrsta áfangann.

Auðvitað þurfum við að skoða á undirbúningstímanum hvort einhverjar leiðir séu færar en vegáætlun markar þessa línu og hún er mjög mikilvæg. Hún gerir ráð fyrir að ljúka

tvöföldun Reykjanesbrautar á eins skömmum tíma og fært er með svo stórt og mikilvægt verkefni.

[13:45]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Eins og fram kemur í máli hans er verkið í ákveðnum tæknilegum farvegi núna. Það er líka rétt að draga það fram að innan þingmannahópsins hefur verið full samstaða um að halda þessu í eðlilegum farvegi og jafnframt vilji til að hraða þessari viðkvæmu og mikilvægu framkvæmd.

Ég vil ítreka það sem ég nefndi áðan að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að fram fari ítarleg athugun á því hversu hratt megi láta tæknivinnu ganga, hversu hratt framkvæmdir megi ganga fyrir sig í ljósi þess þannig að við getum setið uppi með einhvern lokapunkt á þessari miklu framkvæmd.

Ég ítreka hvatningu mína til hæstv. ráðherra um það og túlka reyndar orð hans þannig að hann muni beita sér fyrir því og ég fagna því.

Frestun vegaframkvæmda.

[13:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgrh. Síðsumars var hávær umræða í kjölfar viðtals við hv. þm. Kristján Pálsson sem birtist í fjölmiðlum um að frestun framkvæmda við samgöngumannvirki mundi aðallega bitna á höfuðborgarsvæðinu. Samgrh. sagði þá að ekkert lægi fyrir ákveðið um málið. Undirritaður spurðist fyrir um frestun framkvæmda við 1. umr. um fjárlög. Þá kvaðst hæstv. samgrh. greina frá stöðu málsins fyrir og við 2. umr. um fjárlög. Nú er umræðu um fjárlög lokið. Því spyr ég: Hvaða framkvæmdum á að fresta fyrir upphæð sem nemur 800 millj. kr? Ef það er ekki ákveðið, mun frestunin þá bitna tiltölulega jafnt á landinu öllu?

Ítrekað var spurt, herra forseti, um þessi mál við 3. umr. um fjárlög. Fátt var um svör hjá starfandi samgrh. en þar sem málið er viðkvæmt er nauðsyn að fá svar við þessum spurningum sem fyrst vegna þess að upp komu viðkvæm augnablik í þessu máli strax á haustdögum þegar menn höfðu gefið yfirlýsingar um að skera ætti aðallega niður á höfuðborgarsvæðinu og því var hafnað. Það er nauðsynlegt fyrir þingið að fá að vita um þessi mál sem fyrst og ekki bara þingið, heldur hafa Reykvíkingar þrýst stöðugt á um að fá upplýst: Á að skera niður bara á Reykjavíkursvæðinu?

[13:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn sem er afskaplega vinsæl um þessar mundir og hefur verið um nokkuð langan tíma, hvaða framkvæmdum eigi að fresta. Eins og hv. þm. þekkja er gert ráð fyrir að draga ögn saman seglin í vegagerð sem nemur 800 millj. kr. frá því sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Ég sagði frá því í þinginu að ég gerði ráð fyrir að annars vegar yrði um að ræða framkvæmdir við svokallaða orku- og iðjuvegi, brú yfir Þjórsá og síðan framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og venja er þegar um frestun framkvæmda miðað við vegáætlun er að ræða er fjallað um það eftir að fjárlög hafa verið afgreidd með breytingum á vegáætlun. Ég geri ráð fyrir að ég muni leggja fram brtt. við vegáætlunina og þar með verði tekið á þessum málum endanlega. En það er alveg ljóst að framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, og kemur þá að atriði sem stundum virðist vera viðkvæmt hjá ýmsum hv. þm., að framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eru ekki allar jafn vel undirbúnar. Það er að koma í ljós núna síðustu vikurnar að kostnaður hefur aukist verulega við ýmsar framkvæmdir svo sem eins og færslu Hringbrautar, mislæg gatnamót við Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut og síðan eru Víkurvegargatnamótin og Vesturlandsvegargatnamótin í skoðun núna vegna breytinga á aðalskipulagi. Allt þetta leiðir til þess og mun leiða til þess að þeim framkvæmdum mun seinka. Þær fara seinna af stað á næsta ári en við höfðum gert ráð fyrir.

[13:50]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. samgrh. er þetta vinsæl fyrirspurn að gefnu tilefni en ég vil þakka fyrir þau svör sem ég fékk. Þau skýra þó málið ekkert frekar en sú umræða sem hefur verið frá því á haustdögum. En fyrirspurnir eru oft bornar fram vegna þess að engin svör koma. Það er ástæðan.

Eins og fram kom í máli mínu áðan og hefur gert oftar en tvisvar í haust, þá sagði hæstv. ráðherra að upplýsingar mundu liggja fyrir fyrir og við 2. umr. um þetta mál. Þess vegna ítreka ég spurninguna núna og ég tel að það sé brýn nauðsyn á að svör komi. Mér er alveg ljóst að ærið oft hefur það verið þannig að talað hefur verið um frestun framkvæmda og síðan hefur það verið ákveðið með endurskoðun. En það háttar öðruvísi til núna, hæstv. samgrh.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þær framkvæmdir sem ég nefndi hafi ekki komið hv. þm. á óvart að gætu verið þær framkvæmdir sem mundi verða að hægja á. Ástæður eru margvíslegar og skilyrðin fyrir því að við teljum forsvaranlegt að hægja á þeim framkvæmdum eru mikil spenna í efnahagslífinu, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu en jafnframt á það við um verktakamarkaðinn almennt þannig að á það allt saman verður að líta. En ég vil bara undirstrika það sem ég sagði áðan að ástæðan fyrir því að ég hef ekki borið fram tillögu til breytinga á vegáætluninni er að það eru mjög mörg verk sem eru í undirbúningi og er verið að vinna að á vegum Vegagerðarinnar sem mun verða að seinka af þeim ástæðum að undirbúningi hefur ekki nægilega miðað áfram og á það bæði við um skipulagsmálin og einnig umhverfismatið.

[13:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fylgja þessum spurningum eftir til hæstv. samgrh. Ég velti því fyrir mér út frá þessum vangaveltum sem hæstv. ráðherra kemur með um undirbúning framkvæmda í Reykjavík, þá hef ég þær upplýsingar frá borgarkerfinu að það sé ekkert þar sem standi í vegi fyrir því að af þessum framkvæmdum geti orðið. Ég velti fyrir mér, hvernig stendur með framkvæmdir t.d. á Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð. Eru einhverjar tafir þar? Ég gæti auðvitað haldið svona áfram og velt fyrir mér brúnni yfir Þjórsá. En ég held að nauðsynlegt sé að upplýsingar komi fram sem fyrst um það sem menn voru með getgátur um eða voru að gefa upplýsingar um í ágústmánuði sl.

[13:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það hefur vakið athygli mína að stundum þegar ég hef nefnt að svo gæti farið að fresta þyrfti framkvæmdum við gatnamót Víkurvegar og Vesturlandsvegar, þá hafa bæði borgarfulltrúar og þingmenn vakið athygli á því að framkvæmdir væru undirbúnar í Hafnarfirði, á Reykjanesbrautinni. Það mætti halda að þeir teldu eðlilegt að fresta þeim. Þessum ágætu þingmönnum vil ég segja það að ég mun ekki gera tillögu um að fresta framkvæmdum við Reykjanesbraut, þeir geta treyst því.

Vegurinn yfir Möðrudalsöræfi.

[13:55]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgrh. Merkum áfanga var náð nú á haustdögum þegar nýr vegur, svonefnd Hárekssstaðaleið, milli Norður- og Austurlands var tekin í notkun og ég undirstrika að fagna ber sérstaklega þeim vegabótum. En galli gæti leynst á gjöf Njarðar.

Ályktа má þar til annað kemur formlega fram að með tilkomu þessarar nýju þjóðleiðar leggist vegurinn um Möðrudalsöræfi af og það yrði afskaplega slæmt um ferðamannatímann a.m.k. Ekki er einasta að útsýni frá veginum um Möðrudalsöræfi sé stórbrotið og ógleymanlegt hverjum sem um fjöllin fer, heldur verða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu, svo sem við Sænautasel og í Möðrudal, afskipt með samgöngur og viðskipti mundu stórminnka og þar með væri tilverurétti þeirra ógnað.

Þá má benda á að frá gömlu þjóðleiðinni um Möðrudal tengjast aðrar leiðir inn á hálendið, svo sem inn í Kverkfjöll og til fleiri staða. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgrh.: Mun hæstv. samgrh. beita sér fyrir að gömlu þjóðleiðinni um Möðrudal verði haldið við og opinni fyrir almennri umferð frá vori til hausts svo lengi sem fært þykir og auðvelda þannig aðgang ferðaþjónustu og ferðamanna að þeim möguleikum sem þar felast?

[13:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að svokölluð Hárekssstaðaleið er afskaplega mikilvæg samgöngubót. Þess vegna hlýtur að koma á óvart ef óskir koma fram um það frá þingmönnum Norðausturlandskjördæmis hins nýja að halda skuli áfram að viðhalda gömlu þjóðleiðinni svokölluðu. Ég geri ekki ráð fyrir að hægt verði að gera það á þann hátt að á henni verði sama þjónusta og á þjóðvegi 1, hringveginum, Hárekssstaðaleið. Ég held að það sé óhugsandi.

Engu að síður þarf auðvitað að líta til þess að viðhalda þeim leiðum sem nýtast ferðaþjónustunni annan tíma en um háveturinn. Svar mitt er því að að sjálfsögðu munum við fyrst og fremst leggja áherslu á að bæta vegina og bæta þjónustu á þjóðvegi eitt á þessu svæði en að öðru leyti hlýtur niðurstaðan að verða sú að úr þjónustunni dragi á hinni gömlu þjóðleið sem hv. þm. nefndi.

[13:58]

Jónas Hallgrímsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin þó mér fyndust þau ekki nógu afdráttarlaus að því er viðkemur meginefni fyrirspurnarinnar eða ekki nógu jákvæð um að viðhalda sumarumferðinni. Ég ítreka þá skoðun mína að afar mikilvægt er að þessari leið sé haldið opinni þannig að almenn umferð geti verið um hana óskert að sumarlagi. Það er afar mikilvægt og í þágu ferðaþjónustunnar.

Mér er kunnugt um skoðun fyrrv. samgrh. í þessu efni. Hún var í þá veru að leiðinni skyldi haldið opinni og ég vona svo sannarlega og veit að þegar þessi mál verða skoðuð betur mun hæstv. samgrh. og Vegagerðin ekki láta sitt eftir liggja.

[13:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Bara til að það komi skýrt fram af minni hálfu, þá er að sjálfsögðu mikilvægt og nauðsynlegt og sjálfsagt að halda opnum vegum og þeim leiðum sem eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna um hálendið, bæði í byggð og í óbyggðum. Við verðum hins vegar að miða fyrst og fremst við það að þjónustan sé yfir sumartímann. Ég mun skoða þetta mál að sjálfsögðu í því ljósi að þetta verði sumarleið en ekki vetrarvegur. Samgöngurnar eru leystar með öðrum hætti á milli þessara landshluta eftir hinni ágætu og rómuðu Hárekssstaðaleið sem við opnuðum formlega í sumar og er feiknalega mikil samgöngubót á milli landshlutanna.

Fjárhagsvandi Vesturbyggðar.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlaga kom fram í brtt. á þskj. 463, 13. lið 8.20 svofelldur texti:

„Að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða."

Því spyr ég í fyrsta lagi: Liggur fyrir hvaða kröfum Vesturbyggð verður að standa skil á vegna vanskila í félagslega íbúðakerfinu?

Í öðru lagi: Liggur fyrir að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum muni ekki nýta forkaupsrétt sinn þegar hlutafélag hefur verið stofnað um Orkubúið? Liggur þá fyrir að fyrirtækið Orkubúið muni ekki kaupa hlut í sjálfu sér þegar það hefur orðið að hlutafélagi? Þetta tel ég að hljóti að þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að gera bráðabirgðasamkomulag um kaup á einhverju.

[14:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hvað varðar tilvitnaða tillögu, sem kom inn í fjárlagafrv., þá kom hún ekki frá mér eða ráðuneyti mínu heldur kom hún frá fjárln. Það eina sem liggur fyrir í málinu er að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa ákveðið að fallast á að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi. Síðan liggur ekki fyrir hvaða sveitarfélög muni óska eftir því að af þeim verði keypt. Ef áhugi kemur hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum að leysa til sín hlut annarra sveitarfélaga tel ég sjálfsagt að líta á það ef þau eru tilbúin að greiða það sama verði og ríkið kynni að vera tilbúið að gera.

Það er því ástæða til að undirstrika að hugmyndin að þessum viðskiptum eða að nýta Orkubúið til að laga fjárhag sveitarfélaga á Vestfjörðum er komin frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum sjálfum. Ekki er nein ásókn frá okkur í ráðuneytunum að kaupa þessa eign eða falast eftir henni. Hins vegar höfum við verið í viðræðum við sveitarfélögin um að kaupa eða gefið það til kynna að við værum tilbúin að kaupa ef þau kynnu að óska eftir því.

[14:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hlýt að standa í þeirri meiningu að sá texti sem var settur inn í fjárlagafrv. að tillögu meiri hlutans sé samþykktur af ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Hann hefur verið samþykktur í hv. Alþingi og textinn er mjög skýr eins og ég las upp áðan: „Að gera bráðabirgðasamkomulag við Vesturbyggð um fjárhagslega fyrirgreiðslu í tengslum við fyrirhuguð kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða."

Ég held ég verði að endurtaka spurninguna: Hvernig verður bráðabirgðasamkomulagi komið við þegar ekki liggur ljóst fyrir hver ætlar að kaupa hvað og hver ætlar að selja hverjum?

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan var þessi texti ekki saminn af mér heldur var hann saminn í fjárln. Ég greiddi honum hins vegar atkvæði mitt sem meirihlutamaður í þinginu og fram hefur komið vilji hjá Vesturbyggð að selja hlut sinn í Orkubúinu. Ekki hefur verið gengið formlega frá neinu slíku og við munum ekkert sækja á um að gera það. En ef önnur sveitarfélög á Vestfjörðum eru fús að kaupa af Orkubúinu sé ég ekkert á móti því ef þau eru tilbúin að gjalda það verð sem Vesturbyggð þarf að fá. En Vesturbyggð þarf að fá peninga og það meira að segja töluvert mikla peninga til að fjárhagur sveitarfélagsins komist á réttan kjöl.

[14:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum fjárlaganefndarmanns kom þessi texti til fjárln. frá fulltrúum meiri hlutans og ríkisstjórninni og var ekki saminn í fjárln. Ég hef ekki enn þá fengið botn í það hvernig á að gera bráðabirgðasamkomulag meðan ekkert liggur fyrir um hvort ríkið kaupi. Þess vegna voru spurningarnar orðaðar eins og þær voru orðaðar. Liggur fyrir að menn hafi þegar gert eitthvert samkomulag um hvernig þessi kaup eiga að fara fram?

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég er hef margsinnis sagt liggur ekki fyrir neitt samkomulag við Vesturbyggð um þetta atriði. Hins vegar höfum við orðið vör við skýran vilja Vesturbyggðar til að reyna að gera sér peninga úr þessum eignarhluta í Orkubúi Vestfjarða. Lengra er málið ekki komið. Ef önnur sveitarfélög á Vestfjörðum hafa áhuga á að leysa til sín þennan hlut á viðunandi verði væri mjög gott að sá vilji kæmi fljótlega fram þannig að Vesturbyggð vissi að hún ætti þar væntanlega viðskiptamenn.

Sýslumannsembættið í Ólafsfirði.

[14:07]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvað varðar sýslumannsembættið á Ólafsfirði. Nú er komið á annað ár síðan sýslumaðurinn var fluttur frá Ólafsfirði og mun hann hafa verið fluttur til Siglufjarðar. Síðan hefur ekkert gerst formlega í málum embættisins á Ólafsfirði. Allt virðist vera í lausu lofti. Að minnsta kosti er bæjarstjórninni á Ólafsfirði ekki kunnugt um það og fólkinu því síður hver áform ráðuneytisins eru varðandi þjónustu við Ólafsfjörð. Ég tel að mjög mikilvægt sé að hæstv. ráðherra og ráðuneytið gefi fólkinu skýra línu um hvernig á að haga þjónustunni við Ólafsfjörð í framtíðinni.

Allir vita að spurningin er um hvort þjónustan fer fram frá sýslumannsembættinu á Akureyri en þá hefur bæjarstjórnin sett fram skýra kröfu um að opinber störf komi í staðinn sem verði þá hjá embættinu á Ólafsfirði. Allt er þetta gerlegt. Það er mjög mikilvægt að heyra frá hæstv. ráðherra hver áformin eru.

Einnig er vert að geta þess að ráðuneytið mun hafa flutt lögregluna í sýslumannsembættisbústaðinn á Ólafsfirði án þess að formlega væri gengið frá kynningu, hvað þá samráði við bæjarstjórnina um slík áform og það bendir til þess að ekki sé allt í lagi í sambandi við samskipti ráðuneytis og yfirvalda á Ólafsfirði.

[14:09]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að fullyrða að það sé allt í lagi með samskipti starfsmanna ráðuneytisins og bæjarstjórnar á Ólafsfirði. Þetta er mál sem hefur verið nokkuð lengi í vinnslu. Þannig er mál með vexti að sýslumaður á Ólafsfirði var fluttur tímabundið til samkvæmt eigin ósk og gerðar ákveðnar breytingar á embættinu. Til stóð að sú tilhögun stæði aðeins yfir í eitt ár þannig að það er rétt hjá hv. þm. að kominn er lengri tími. Hins vegar eru fulltrúar bæjarstjórnar nýbúnir að vera á fundi hjá mér þar sem var farið yfir málið. Þar voru m.a. kynntar tillögur að ýmsum verkefnum sem væri hugsanlegt að kæmu í staðinn fyrir sýslumannsembættið á staðnum þar sem stöðugildum mundi þá fjölga.

Sýslumaðurinn á Akureyri fer núna með þjónustu við bæjarbúa þar og ég veit ekki annað eftir samtölum mínum við ýmsa bæði úr bæjarstjórn og bæjarbúa en að þar ríki ánægja með þá þjónustu sem sýslumaður á Akureyri hefur veitt.

Það er líka rétt að flytja þurfti lögregluna til í sýslumannsbústaðinn því að það háttar þannig til að ekki er hægt að nýta húsnæði lögreglustöðvarinnar á Ólafsfirði lengur, það er svo illa farið. Þetta er því bráðabirgðaráðstöfun og ég veit ekki annað en mönnum hafi verið fullkunnugt um það.

[14:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og mönnum er kunnugt hefur Ólafsfjörður orðið fyrir áföllum nýlega hvað varðar atvinnulífið. Þess vegna mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra gangi röggsamlega til verks hvað þetta mál varðar þannig að allri óvissu sé eytt og ég veit að Ólafsfirðingar eru tilbúnir til að skoða alla möguleika. Mér var ekki kunnugt um þann fund sem var nýlega haldinn en ég vil árétta að ég tel mjög mikilvægt að allri óvissu sé eytt varðandi þetta embætti því að nóg hafa áföllin önnur verið. Síðan vil ég hvetja hæstv. ráðherra — það hefur ekki gengið vel að koma verkefnum úr hinum háu ráðuneytum út á landsbyggðina. Kannski verður hæstv. dómsmrh. öflugastur þegar upp er staðið með því að byrja á Ólafsfirði hvað þessi mál varðar.

[14:12]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil segja að ég er sammála hv. þm. um að áföll hafa vissulega dunið yfir á Ólafsfirði varðandi atvinnulífið. Nauðsynlegt er að eyða óvissu í þessu máli. Það hefur hins vegar tekið nokkurn tíma en ég held að við hljótum að geta náð sátt og samstöðu í málinu. Ég er sammála því að

það sé mikilvægt og ég þakka honum fyrir þessa fyrirspurn.

Aðgerðir lögreglunnar í fíkniefnamálum.

[14:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. vegna fréttar á vef Morgunblaðsins í lok síðasta mánaðar sem vakti óhug. Ég les fréttina, með leyfi forseta, en þar segir svo:

„Lögreglumenn í Hafnarfirði nutu aðstoðar sérþjálfaðs fíkniefnaleitarhunds við leit að ungmennum sem hlupu undan lögreglumönnum í fyrrakvöld.

Um miðnætti komu lögreglumenn að tveimur bílum skammt austan Hvaleyrarvatns sem í voru fimm piltar á aldrinum 17–18 ára, en grunur lék á að þeir væru að neyta fíkniefna. Þegar lögregla nálgaðist flúðu piltarnir á hlaupum.

Var þá sóttur leitarhundur til fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík. Þegar lögreglumennirnir sneru aftur með hundinn gáfu fjórir piltanna sig strax fram. Þegar sá fimmti skilaði sér ekki var hundurinn sendur til að leita hans. Hann fannst svo á fjallinu Selhöfða þar sem hann var nánast kominn upp á topp en hafði lagst þar fyrir.

Nokkuð kalt var í veðri og auk þess að vera orðinn mjög kaldur var pilturinn í annarlegu ástandi, líklega af því að hafa neytt e-taflna."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru þetta aðferðir sem ráðherra telur vænlegar í baráttunni við fíkniefnavandann að siga hundum á 17 og 18 ára unglinga sem eru að fikta við fíkniefni? Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hún sátt við slíkar aðferðir?

[14:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að ég hafði ekki séð þá frétt sem hv. þm. er að spyrja um en mér finnst sjálfsagt að kanna þetta mál. Ég geri hins vegar fastlega ráð fyrir því að lögreglan hafi talið ástæðu til að hafa þarna fíkniefnaleitarhund með í för. En eins og ég sagði áðan mun ég skoða þetta mál sérstaklega.

[14:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vissulega þarf að skoða svona mál sérstaklega en ég spyr: Telur ráðherra þetta vænlega leið? Getur hún sætt sig við að svona aðferðir séu notaðar þegar börn eru að fikta við fíkniefni? Er ekki nær að beita kröftunum í að finna þá sem flytja inn efnin og selja þau en hundelta börn og unglinga sem eru að fikta við þetta? Mér fyndist það óhugnanleg þróun ef sú væri raunin. Þetta hlýtur að vera undantekning, ég trúi ekki öðru. Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hún nokkurn tíma sætta sig við að hundum sé sigað á börn í þessum vanda?

[14:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Án þess að ég viti nákvæmlega um tildrög málsins, eins og ég sagði áðan, finnst mér líklegt að hundurinn hafi verið með í för til að leita að viðkomandi unglingi. Ég geri ráð fyrir því og það er auðvitað mikið öryggisatriði. Ég hygg að hv. þm. geti ekki verið annað en sammála því.

Það er full ástæða til að tryggja enn frekar þjálfun bæði fíkniefnahunda og leitarhunda. Við höfum verið svo lánsöm að björgunarsveitir hafa haft slíka hunda á sínum snærum og lögreglan hefur getað leitað til þeirra. Lögreglan er einnig sjálf með þessa hunda og þeir hafa komið að miklu gagni.

Ég vil undirstrika það, sem ég veit að hv. þm. veit mætavel, að auðvitað er lögreglan fyrst og fremst að leita að þeim sem flytja inn fíkniefni og selja fremur en einhverjum saklausum unglingum sem eru að fikta við slíka neyslu.

[14:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra. Ég geri alls ekki lítið úr mikilvægi leitarhunda og fíkniefnahunda. Þeir eru mjög gagnlegir, t.d. í baráttunni við fíkniefnin. En ég get aldrei sætt mig við að hundum sé sigað á börn eða unglinga eða fólk yfirleitt, sérstaklega ekki í þessu tilviki eins og virðist vera. Það segir í fréttinni — ég hef ekki frekari heimildir en þessa frétt á vegum Morgunblaðsins — að hundurinn hafi elt þennan dreng upp á fjöll. Svo virðist sem hundurinn hafi verið sendur á eftir barninu. Mér finnst það óhugnanlegt og ég vonast til að hæstv. ráðherra stöðvi þessi mál og sjái til að slíkum aðferðum verði ekki beitt.

[14:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil upplýsa að sumir hv. þm. í salnum, sem hafa séð þessa frétt og heyrt af henni, telja að hundurinn hafi bjargað lífi drengsins.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í viðræðum um sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Stutt hefur verið milli stóratburða í heimi íslenskra fjármálastofnana undanfarin ár. Nú er nýjasti kaflinn í þeirri sögu að skrifast með næsta dramatískum hætti í fjölmiðlum. Orðaskipti hæstv. viðskrh. og formanns bankaráðs Búnaðarbankans í fjölmiðlum um helgina sæta vissulega tíðindum. Það er ekki á hverjum degi sem samstarfsaðilar á æðstu stöðum saka hver annan um klaufaskap, ófagleg eða ómarkviss vinnubrögð, um að vera upplýstur af vondum heimildarmönnum o.s.frv., svo teknar séu nokkrar tilvitnanir í fjölmiðla af skeytasendingunum um helgina.

Tilraunir hæstv. viðskrh. til íhlutunar í samrunaferli Landsbankans og Búnaðarbankans með þeim hætti sem raun ber vitni vekur margar spurningar.

Í fyrsta lagi vakna spurningar um lagalegan grundvöll hæstv. ráðherra til slíkrar íhlutunar. Ljóst er að í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og í lögum um hlutafélög er hlutverk bankaráðanna ótvírætt í þessum efnum. Bankaráðin eða ígildi stjórnar í hlutafélagi, þegar hlutafélagabankar eiga í hlut, eru kosin af aðalfundum, af hluthafafundum í heild sinni og bera ábyrgð gagnvart hluthöfum á hluthafafundi. Þeir eru óumdeilanlega, sbr. 31. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, æðsta stjórn fyrirtækisins milli aðalfunda og þeir fara jafnframt, skv. 39. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, sérstaklega með það verkefni að taka ákvarðanir um og leggja til við hluthafafund mögulegan samruna við aðrar fjármálastofnanir.

Í öðru lagi þarf að hyggja að því að ríkið er ekki eitt eigandi bankanna lengur. Þar eiga aðrir hluthafar sinn rétt

og þeir eru ekki þeir sömu í tilviki hvors banka um sig. Hagsmunir þeirra eru fólgnir í sanngjarnri og réttlátri málsmeðferð og eðlilegri skiptingu eða eðlilegum hlutföllum þegar eignarhlutur bankanna er metinn saman.

Síðast en ekki síst, herra forseti, er staða hæstv. viðskrh. í þessu tilviki mjög sérstök og afar vandmeðfarin. Hæstv. viðskrh. er fyrir utan það að fara með eignarhlutinn jafnframt yfirmaður bankamála, viðskrh. og yfirmaður Samkeppnisstofnunar sem jafnframt hefur þetta til umfjöllunar og forúrskurðar. Í því samhengi má velta fyrir sér, herra forseti, hvort ekki væri vænlegra í þessu tilviki, hvort þetta mál sé ekki rök fyrir því, að koma eignarhlut ríkisins fyrir með öðrum hætti en að hann sé milliliðalaust í höndum fagráðherra. Ef annaðhvort sjálfstætt eignarhaldsfélag ríkisins eða hæstv. fjmrh. hefði farið með eignarhlutinn í þessu tilviki þá hefði það væntanlega einfaldað málin og komið í veg fyrir að hæstv. viðskrh. kæmist í þessa afar vandasömu stöðu. Þeim mun vafasamara, herra forseti, og skal ekki kveðið fastar að orði, hlýtur að teljast, í ljósi þessara aðstæðna, að hæstv. viðskrh. reyni að koma fram íhlutun í lögbundið hlutverk bankaráðanna eins og raun ber vitni.

Í gegnum þetta ferli, herra forseti, hefur starfsfólk bankanna búið við mikla óvissu. Því miður hafa engar tryggingar verið gefnar af hálfu stjórnenda bankanna, hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnar fyrir því að ekki komi til uppsagna. Þó hefði verið lágmark að a.m.k. einhver tími yrði tryggður til þess að skoða málefni starfsmanna og auðvelda þeim sem gætu ekki unnið áfram við hinn sameinaða banka, ef af yrði, að finna sér önnur störf.

Það er ljóst, herra forseti, að þetta mál er nánast í upplausn. Þau orð sem hæstv. viðskrh. valdi formanni bankaráðs Búnaðarbankans og Búnaðarbankanum eiga nú væntanlega betur við um málsmeðferð hæstv. ráðherra sjálfs. Ég er þá að vísa til klaufaskapareinkunnargjafar.

Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga í þessu sambandi og með vísan til þessa rökstuðnings:

1. Til hvaða atriða vísar ráðherra þegar talað var um klaufaleg vinnubrögð af hálfu Búnaðarbankans í sameiningarviðræðunum?

2. Í krafti hvaða lagaákvæða var tilraun ráðherra til íhlutunar um það hvernig yfirstjórn Búnaðarbankans stæði að málum í sameiningarviðræðunum?

3. Er þess að vænta að starfsfólk fái tryggingu fyrir því að ekki komi til uppsagna ef af sameiningu verður?

4. Er það enn á dagskrá að leggja frv. um sameiningu bankanna fram á Alþingi fyrir jól?

5. Hvað er því til fyrirstöðu að sameining bankanna verði reikningslega miðuð við áramót en unnin endanlega á næstu mánuðum þar á eftir eins og algengt er með sameiningu fyrirtækja og eins og gert var í tilviki sameiningar Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins?

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil svara spurningum hv. þm. sem eru því miður þannig fram settar að ég sé ekki að neitt nýtt komi fram í svörum mínum.

Í fyrsta lagi er spurt um í hverju meintur klaufaskapur Búnaðarbankans sé fólginn. Því er til að svara að það virðist hafa verið tilviljunum háð hverjum bankinn tefldi fram í hvert sinn þó viðræður séu formlega undir forustu formanns og varaformanns bankaráðs. Í jafnviðkvæmum málum og sameiningarmálum verða vinnubrögð að vera öguð og skilvirk. Á þetta benti ég formanni bankaráðs og beindi þeim tilmælum til hans að einn maður stýrði viðræðum á lokasprettinum. Meira hef ég ekki um þessar viðræður að segja enda tek ég ekki þátt í þeim. Mér þykir miður að eðlileg tilmæli mín skyldu verða tilefni fjölmiðlaumfjöllunar.

Í öðru lagi vill hv. þm. fá meira að vita um hlutafélagalögin. Það skal upplýst að sú meginregla gildir í hlutafélagarétti að stjórnarmenn skuli hafa í huga hagsmuni félagsins og hluthafa í störfum sínum. Á föstudag var svo komið að ég sannfærðist um að sameiningarviðræðum af hálfu Búnaðarbankans væri ekki stýrt þannig að best væri fyrir félagið og hluthafa. Vegna tímapressunnar var brýnt að unnið væri einarðlega að málum. Í ljósi ákvæða samþykkta Búnaðarbanka um að einungis skuli boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafa um aukafund berst frá hluthafa til bankaráðs taldi ég það ekki fýsilegan kost. Því ákvað ég að tjá formanni bankaráðs hvað ég teldi vera bestu ákvörðunina í stöðunni til það tryggja hagsmuni félagsins og hluthafa í þessu mikilvæga máli. Ég var ekki að gefa honum fyrirmæli enda hef ég ekki rétt til þess utan hluthafafunda. Stjórnarmönnum ber hins vegar að hafa í huga hagsmuni hluthafa og félagsins í störfum sínum fyrir félagið og því taldi ég rétt og skylt að upplýsa formanninn um að ég teldi hann ekki vera að vinna eftir þeim reglum. Ég tjáði honum hvernig ég teldi að hagsmunir félagsins og hluthafa væri best tryggðir í þessu gífurlega mikilvæga máli.

Í þriðja lagi er spurt hvort starfsfólk fái tryggingu fyrir því að ekki komi til uppsagna þó af sameiningu verði, t.d. fyrstu þrjú árin. Þessu er fljótsvarað. Ekkert fyrirtæki getur veitt slíka tryggingu, því miður. Bankarnir, sameinaðir eða hver í sínu lagi, munu ekki geta veitt tryggingu fyrir störfum.

Í fjórða lagi er spurt hvort á dagskrá sé að leggja frv. fram fyrir jól ef sameining fær grænt ljós hjá Samkeppnisstofnun. Já, að því er stefnt. Það eru geysilegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir ríkið og viðskiptalegir hagsmunir fyrir bankana. Ekki er boðlegt að starfsmenn bíði lengur í óvissu. Bankarnir eru í mikilli samkeppni um hæft fólk og því meiri óvissa sem ríkir, því líklegra er að bankarnir eigi í erfiðleikum með að halda í hæft fólk eða ráða nýtt til starfa. Þetta verða hv. þm. að skilja þó að ég viðurkenni fúslega að óheppilegt er að málið, ef til þess kemur, skuli koma inn í þingið svo seint.

Þingmálinu er ekki hægt að fresta. Til þess eru hagsmunirnir of miklir. Ég mun fara fram á, verði niðurstaða samkeppnisráðs jákvæð, að fá heimild Alþingis til að greiða atkvæði á hluthafafundum bankanna með samrunanum. Hluthafafundir verða haldnir í lok janúar en samruninn miðast við áramót. Hér er því staðið að málum eins og algengast er við sameiningu fyrirtækja.

[14:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með fádæma klaufaskap og klúðri hefur hæstv. ráðherra komið sér í nokkuð alvarlega klípu sem erfitt er að sjá að gangi upp gagnvart hlutafélagalögum. Þessi sneypuför hæstv. ráðherra virðist farin að lykta af yfirtöku Landsbankans á Búnaðarbankanum í stað sameiningar bankanna. Um leið hefur hæstv. ráðherra sýnt starfsfólki bankanna fullkomna lítilsvirðingu. Það býr nú við meiri óvissu en nokkru sinni um starfsöryggi sitt. Hæstv. ráðherra hefur aðeins unnið það með framgöngu sinni í málinu að fá á baukinn opinberlega frá formanni bankaráðs Búnaðarbank-

ans. Það er spurning hvort hæstv. ráðherra ætlar að leysa bankaráð frá störfum sem hunsar svo vilja hæstv. ráðherra.

Í ofanálag hefur hæstv. ráðherra tekist að ýta enn undir þann ótrúverðugleika sem þessi risasameining hefur á markaðnum. Ótrú markaðarins á þessari sameiningu birtist í miklu verðfalli þessara banka með ærnu tapi fyrir skattgreiðendur. Þannig hefur gengi og markaðsvirði Búnaðarbankans fallið um 20,5% og Landsbankans um 23% frá þeim degi að ríkisstjórnin setti fram tilmæli sín um samruna Búnaðarbanka og Landsbanka 12. október fram til dagsins í dag eða um 11 milljarða kr. Á sama tíma hefur markaðsvirði Íslandsbanka-FBA aðeins minnkað um tæp 10% og úrvalsvísitala á sama tímabili um 10,7%.

Stofnun þessa bankarisa mun stuðla að enn frekari einokun og fákeppni á bankamarkaði sem bitnar sérstaklega harkalega á allri þjónustu við einstaklinga á landsbyggðinni sem greiða fyrir með hærri kostnaði og verri þjónustu. Því verður vart trúað að Samkeppnisstofnun muni gefa grænt ljós á þessa sameiningu, ekki síst út frá gífurlegri markaðshlutdeild þessa bankarisa í einstaklingsþjónustunni.

Hæstv. viðskrh. ætti þegar í stað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að viðurkenna mistök í þessu máli og hætta að misbjóða þingi og þjóð í kapphlaupi sínu við að knýja þetta risamál með offorsi í gegnum Alþingi án þess að nauðsynlegar skýrslur og úttektir liggi fyrir í málinu.

[14:30]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Venjulega taka eigendur hlutabréfa ákvörðun um sameiningu eða yfirtöku fyrirtækja. Það er eðlilegur þáttur í eignarhaldi þeirra. Oft fá þeir stjórnir félaganna til að vinna fyrir sig að málinu en alls ekki alltaf. Þess eru jafnvel dæmi að stjórnir hlutafélaga frétti af samruna í fjölmiðlum.

Í lögum um viðskiptabanka er ákvæði um að bankaráðið fari með þetta hlutverk, þ.e. taki ákvörðun um samruna bankans við annað fyrirtæki sem ég tel eðlilegra að eigandi fari með. Það hlýtur að vera gömul arfleifð frá þeim tíma að bönkunum og útlánum þeirra var handstýrt af stjórnmálamönnum. Það er sem betur fer liðin tíð. Þetta ákvæði þyrfti að skoða.

Herra forseti. Þetta er rót þess vanda sem undanfarið hefur komið upp í samskiptum handhafa stærsta hluthafans, ríkisins, og bankaráðs Búnaðarbankans. Þau vandræði eru til þess að sigrast á þannig að sameinaður banki verði seldur sem fyrst. Ekki til að fjármagna viðskiptahallann eða til að bæta enn frekar stöðu ríkissjóðs, eins og haldið hefur verið fram, heldur til að sleppa dauðri hönd ríkisins af þessum hluta atvinnulífsins og stuðla að samkeppni neytendum til hagsbóta.

Óvíða er ríkið eins afgerandi í fjármálarekstri eins og hér á landi. Ef okkur tekst að selja þennan sameinaða banka, þá eigum við bara eftir að einkavæða Landssímann, Íbúðalánasjóð og raforkukerfið.

Herra forseti. Við allar slíkar hræringar er mjög mikilvægt að upplýsa starfsfólk eins fljótt og auðið er til að eyða óvissu. Einnig er mikilvægt að ferlið taki stuttan tíma til að ekki komi upp órói og óvissa. Því miður tekur sameining opinberra fyrirtækja af þessari stærð allt of langan tíma.

[14:32]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér hefur því verið haldið fram að umsögn hinnar svonefndu Samkeppnisstofnunar muni ráða úrslitum um hvort mál þetta fær framgang eða ekki. Sá sem hér stendur getur ekki lagt mjög mikið upp úr umsögn Samkeppnisstofnunar. Hann varð áheyrsla að því ekki alls fyrir löngu að sú stofnun taldi það ekki hafa neitt að segja þótt einn aðili eignaðist yfir 60% af allri smásöluverslun í Reykjavík.

En það eru önnur miklu mikilvægari skilyrði óuppfyllt en umsögn Samkeppnisstofnunar í þessu sambandi. Með ólíkindum er ef þeir sem vinna að sameiningu þessara tveggja stóru banka, stóru fyrirtækja í þjóðfélaginu, hafa ekki leitað ráðs við þá sem þekkja til slíkra mála, t.d. á öðrum Norðurlöndum þar sem flestir bankar hafa unnið slík verk. Þar hafa menn komist að því að frumskilyrði þess að vel fari úr hendi sé að fá starfsfólkið með í leik. Undirstaða bankaviðskiptanna er viðskiptamaðurinn og sambandið við viðskiptamanninn og hvernig hann bregst við og honum líkar stendur og fellur með störfum og þjónustu starfsfólksins.

Hvernig er þessu háttað í bönkunum tveimur? Hafa þeir haft fyrir því, sem nú er að fara fram með lagaboði, að kynna sér þá stöðu mála? Ég er hræddur um ekki. Ef valdboði verður beitt til að þvinga þessa sameiningu saman nú eftir það sem á undan er gengið og síðustu afrek hæstv. viðskrh., að ætla að setja af allt bankaráð Búnaðarbankans og bankastjórana, þá mun það valda stórkostlegu fjártjóni hjá þessum tveimur fyrirtækjum. Þeir sem fyrir fjártjóninu verða eru skattborgarar þessa lands. Ef þingmönnum tekst með setu sinni yfir jóladagana að hindra framgang þessa máls þá vinna þeir vel fyrir kaupinu sínu.

[14:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fyrirhyggjulítil aukning hlutafjár og sala hlutabréfa í Búnaðarbankanum og Landsbankanum á síðasta ári varð til að vekja óróa á peningamarkaði og ýta undir þenslu í þjóðfélaginu þegar frekar hefði þurft að hægja á. Þarna áttu sér stað meiri háttar mistök í efnahagsstjórn á síðustu missirum. Ofmat á eignum og stóraukin útlán fylgdu í kjölfarið en þessu hefði verið hægt að komast hjá.

Áfram heldur umræðan um enn frekari sölu eða sameiningu og þetta leiðir áfram af sér mikla pressu á hvorn bankann um sig, á að ná til sín sem stærstum hluta viðskiptanna á markaðnum. Afleiðingin er m.a. sú að bankarnir hafa keppst við að lána fé og ná sem stærstri viðskiptahlutdeild. Öll þessi umræða hefur aukið á spennu og þenslu í þjóðfélaginu. Hver eru þjónustumarkmiðin við sameiningu bankanna eins og hér eru fyrirhuguð? Er það bara fákeppni sem hér á að leiða okkur áfram?

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon varpaði fram spurningunni um hver væri staða bankamálaráðherra eða viðskrh. í þessu ferli sem hér á sér stað. Hann er jafnframt yfirmaður viðskiptabankanna, almennra bankamála og peningamála í landinu. Hann er líka yfirmaður þessara banka og fer með hlutabréfin í þeim bönkum sem þarna er um að ræða. Hann er líka æðsti yfirmaður Samkeppnisstofnunar sem á að leggja dóm á hvort þessi sameining fari að samkeppnislögum. Hann er yfirmaður allra þessara þátta.

Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hefur verið kannað hvort staða hæstv. viðskrh. í þessu máli sé eðlileg, lögleg eða siðleg? Hefði ekki átt að viðhafa önnur vinnubrögð og trúverðugri í þessari framkvæmd allri? Mér finnst fráleitt ef

hér á rétt fyrir jól að keyra í gegn frv. um þetta mál af hreinu gáleysi.

[14:37]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að hv. málshefjandi sem og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar víkja sér hjá því að nefna kjarna málsins. Staðreyndin er nefnilega sú að bankavextir á Íslandi eru óeðlilega háir. Ekki eru þeir aðeins þeir hæstu sem þekkjast á Norðurlöndum heldur með því hæsta sem þekkist innan ríkja OECD. Aðeins fjögur ríki innan OECD bera almennt hærri bankavexti en þekkist á Íslandi. Ég nefni Portúgal og Tyrkland sem dæmi um ríki sem verr eru sett hvað þetta varðar.

Hvaða áhrif skyldu hinir háu bankavextir svo hafa? Þeir skekkja m.a. samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og skapa þeim minna svigrúm til þess að sækja eðlilega fram. Þeir veita þeim minna svigrúm til þess að greiða hærri laun. Jafnframt, eins og hv. málshefjanda ætti að vera kunnugt, þá hafa þeir líka áhrif á daglegt líf almennings því að fátt kemur sér betur fyrir kjör almennings en lægri vextir.

Herra forseti. Bankakerfið á Íslandi er of dýrt. Það er kjarni málsins og þess vegna er það vilji ríkisstjórnarinnar að sameina þessa tvo ríkisbanka. Þetta er auðvitað viðkvæmt mál og vandmeðfarið. Að því þarf að vinna faglega og það hefur verið gert. Það er ekki óeðlilegt að vísa málinu til umsagnar hjá Samkeppnisstofnun til að athuga hvort samruninn standist samkeppnislög.

Þá hefur það og, herra forseti, komið fram að það er ágreiningur á milli bankaráða um eignaskiptingu í sameinuðum banka. Því veldur m.a. lakari afkoma Búnaðarbankans að því er virðist samkvæmt fréttum. Þess vegna er ekki óeðlilegt, herra forseti, að kalla fram afkomutölur þessara banka fyrir fyrstu 11 mánuðina til að koma málinu í faglegan farveg.

Það er, herra forseti, mikilvægt að horfa á þessi atriði, markmiðin með sameiningunni, vinna þetta faglega eins og gert hefur verið og umfram allt eyða óvissu.

[14:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er vélað með mikil verðmæti og mikla hagsmuni. Þess vegna skiptir gríðarlega miklu máli að vel sé á haldið. Ég get tekið undir með hv. málshefjanda sem sagði að í þessu máli væri með eindæmum klaufalega að farið. Vitaskuld er maður hugsi yfir því, virðulegi forseti, að málinu skuli vísað til Samkeppnisstofnunar til skoðunar. Svarið þaðan getur verið já eða nei en samtímis er hin hönd hæstv. viðskrh. að skipta sér af samrunanum. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort það sé fyrir fram ákveðið að niðurstaða stofnunarinnar verði sú að þetta standist samkeppnislög. Það er alla vega mjög umhugsunarvert hvernig hæstv. ráðherra hefur haldið á þessu máli og af þeim sökum virðist mér sem markaðurinn hafi metið þessar eignir ríkisins og fellt í verði um rúmlega 20% síðan ákvörðunin var tekin. Það skiptir vitaskuld skattgreiðendur hér á landi og almenning miklu máli, að svona skuli haldið á verðmætum ríkisvaldsins. Vitaskuld eru það skattgreiðendur sem að endingu þurfa að borga fyrir allt ruglið.

Ég get sagt, virðulegi forseti, og hef sagt það oft áður að ég er algerlega andvígur þessum samruna. Satt best að segja fannst mér merkileg fullyrðing hv. þm. Hjálmars Árnasonar hér áðan að fækkun banka yrði til að lækka vexti. Það er nýtt lögmál, virðulegi forseti, að fákeppni leiði til lækkunar vaxta. Það er nýtt og satt að segja hef ég ekki heyrt þessa skoðun áður. Maður veit hins vegar ekki allt þannig að það getur vel verið að þetta hafi farið fram hjá mér, virðulegi forseti. En það er með ólíkindum að heyra þessa útleggingu á lögmálinu.

[14:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér þykir þingmönnum vaxa þetta mál mjög í augum. Þegar Fjárfestingarbankinn og Íslandsbanki voru sameinaðir þá gerðist það á örfáum dögum og hluthafafundir í báðum bönkum samþykktu sameininguna örfáum dögum síðar. Það óx ekki þeim aðilum í augum.

Hér mun birtast þinginu málið sem þannig er vaxið að fyrir liggur umfangsmikil samrunaskýrsla sem bankarnir hafa unnið sameiginlega. Það munu menn hafa í höndunum þegar að sameiningarákvörðunum kemur hér. Þess utan hefur ekki verið veigamikill ágreiningur um þessa sameiningu nema við flokk hv. málshefjanda. Ég minnist þess að formaður Samfylkingarinnar, væntanlega í hennar nafni, lýsti því yfir að hann væri ekki á móti sameiningu, hann vildi bara selja bréfin í báðum bönkunum fyrst og láta svo markaðinn um að sameina. (Gripið fram í.) Ég heyrði hann segja það. Hann hefur kannski skipt um skoðun síðan, breyst í villidýr eins og í öðrum einkavæðingarmálum, það má vel vera. En það er afskaplega undarlegt hve málið vex mönnum í augum. Það verð ég að segja fyrir mig.

Hv. málshefjandi sagði áðan að íhlutun hæstv. viðskrh. væri undarleg. Þegar Útvegsbankinn var sameinaður öðrum bönkum þá sat hv. þm. í ríkisstjórn — ekki satt? Ég man ekki betur. Ég man ekki betur en páv. hæstv. viðskrh., síðar ágætur samstarfsmaður minn, Jón Sigurðsson, hafi heldur betur skipt sér af, ekki bara saumað heldur handheklað hverja einustu lykkju í því máli, persónulega. Ég heyrði ekki hv. málshefjanda, sem þá var ráðherra, gera nokkra einustu athugasemd við þann málatilbúnað.

[14:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda áfram með hannyrðaspuna hæstv. forsrh. en sú mikla óvissa sem komin er upp varðandi sameiningu bankanna stafar að stórum hluta af því að stjórnarþingmenn og ráðherrar bíta nú sem fastast á jaxlinn og ætla sér bara í gegn með málið á hörkunni ef ekki vill betur. Það væri svo sem ekkert nýtt í störfum Alþingis á jólaföstunni, það þekkjum við, en það er engum til framdráttar. Það sem unnið er á slíkum nótum á sannarlega á hættu að vera gersneytt hinum mannlega þætti. Það hefur margoft komið fram síðustu daga að því hvassari sem brúnin verður á hæstv. viðskrh. því minni verður tiltrú manna á getu hennar til að ljúka þessu máli með sóma.

Herra forseti. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Ég spyr: Hvers vegna hægir hæstv. viðskrh. ekki ferðina, andar djúpt og opnar fyrir aðrar hugmyndir en þær sem hún hefur læst sig í? Gæti það ekki leitt til niðurstöðu sem líklegra væri að sátt næðist um? Hverjar eru þær niðurstöður sem ríkisstjórnin væntir í málinu? Hver er megintilgangur sameiningar bankanna í huga hæstv. viðskrh.? Hagræðing er það orð sem oftast heyrist. Hve trúverðugt er það? Hvers konar hagræðing kemur út úr því ferli að slá saman stofnunum með átökum sem skilja fjölda óbreyttra starfsmanna eftir án atvinnu og stjórnendur sem í sameiningarferlinu hafa greinilega ekki setið í sátt og samlyndi við að skapa manneskjuvæna bankastofnun. Meðal annarra orða, hvernig væri

að ræða grundvallaratriði bankastarfsemi af þessu tilefni? Ekki eru bankarnir til fyrir sjálfa sig eða hvað? Er þeim ekki ætlað að vera þjónustustofnanir sem þjóna almenningi eða eru þeir kannski bara peningastofnanir sem almenningur er neyddur til að skipta við, stofnanaskrímsli sem vilja sölsa undir sig fé alþýðunnar og í krafti valds síns og sannfæringamáttar auglýsinganna fara með eigur almennings eins og þeim sjálfum sýnist?

Hefur hæstv. viðskrh. spurt sig þessara spurninga í þeirri hringiðu sem hún er nú stödd í? Ef ekki, væri þá ekki tilvalið að hún gerði það?

Herra forseti. Hér er um gríðarlega stórt mál að ræða sem snertir ekki síst atvinnu fjölda fólks af landinu öllu. Ég skora á viðskrh. að hægja á ferðinni og ganga heldur þannig til verks að tryggt sé að sameining bankanna leiði ekki af sér sársaukafullar fjöldauppsagnir. Eitt er að beita stjórnarandstöðuna hörðu á þinginu, við getum þolað það. Það er annað að berja í gegn lagafrv. sem færir hundruðum landsmanna yfirvofandi atvinnuleysi í jólagjöf.

[14:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það hafa orðið miklar breytingar á fjármálamarkaði síðustu árin og ég hef ekki orðið var við að það sé áberandi ósamkomulag um það að ríkið dragi sig út úr bankastarfsemi. Hugmyndin að þessum samruna kom frá bankaráðum ríkisbankanna vegna versnandi samkeppnisstöðu eftir sameiningu Íslandsbanka og FBA. Markmiðið hjá bankaráðunum var að skapa sterkan banka í nútímaviðskiptaumhverfi sem gæti þjónað fólki í viðskiptum þess innan lands og utan — öflugan banka.

Það hefur mikið verið talað um starfsfólk í þessari umræðu. Það sem starfsfólki kemur best er að eyða óvissunni, ganga hiklaust til verks, gera viðunandi samrunaáætlun og ganga frá þeirri löggjöf sem þarf að samþykkja hér á Alþingi.

Til að greiða fyrir þessu máli var valin sú leið að tryggja að sameiningin gæti gengið fyrir sig af samkeppnisástæðum. Þess vegna var sú leið valin að vísa þessu máli til Samkeppnisstofnunar til að samrunaáætlun gæti legið fyrir og verið tilbúin þegar Samkeppnisstofnun hefði fjallað um málið.

Ég vil undirstrika að ég veit að allir vilja fara í þetta mál með jákvæðum hætti, koma upp sterkri bankastofnun sem getur sótt fram og skapað fólki atvinnu. Starfsfólkinu er mest í mun að sameiningin geti gengið hratt fyrir sig, til þess að eyða óvissu og til þess að geta hafið störf í nýjum, sameinuðum og sterkum banka.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil segja það við hina miklu hannyrðakonu, hæstv. forsrh., að það skýrir ekki málin að grauta í málinu og bera saman algerlega ósambærilega hluti, þ.e. að bera saman við ástandið í dag löggjöf og aðstæður á þeim tíma að Útvegsbankinn í 100% eigu ríkisins rann saman við aðra banka fyrir löngu síðan.

Í öðru lagi vil ég benda á að ræðuhöld hv. þm. Hjálmars Árnasonar um ofurháa vexti eru fyrst og fremst árás á hæstv. forsrh., yfirmann Seðlabankans, sem haldið hefur uppi gengi krónunnar með því að hækka vexti æ ofan í æ. Telji hv. þm. hins vegar að vaxtamunur sé of mikill, sem er rétt, þá er það annað mál sem ætti að ræðast undir þeim formerkjum.

Hæstv. viðskrh. greip til þess ráðs þegar hún réttlætti íhlutun sína í lögbundið verkefni bankaráðsins að vitna til hlutafélagalaga, horfa fram hjá ákvæðum laganna um viðskiptabanka og sparisjóði og taldi til það ákvæði hlutafélagalaga að bankaráði eða stjórn hlutafélags bæri að gæta hagsmuna hluthafa og fyrirtækisins. Hæstv. ráðherra sagði — og það er miklu alvarlegri ásökun heldur en að tala um klaufaskap — að hún hefði verið þeirrar skoðunar að það væru forsvarsmenn Búnaðarbankans ekki að gera. Það er mjög alvarleg ásökun ef ráðherra telur að þeir hafi haldið svo illa á hlut Búnaðarbankans í málinu að þeir hafi borið fyrir borð hagsmuni hluthafanna og fyrirtækisins.

Hæstv. ráðherra taldi að því miður væru engin tök á því að gefa yfirlýsingu sem eyddi óvissu gagnvart starfsfólki. Þetta er einfaldlega rangt. Þetta geta stjórnendur bankans gert hér rétt eins og t.d. í Danmörku. Í tengslum við sameiningu Den danske bank við annan banka er gefin þriggja ára aðlögunartími að því að finna starfsfólkinu ný störf.

Munurinn á þessu máli og öðrum, herra forseti, er sá að það er greinilega djúpstæður ágreiningur bak við tjöldin og andstaða starfsfólks við þessi áform.

[14:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér væri ágætt að taka svolitla æfingu í umræðu um þetta mikilvæga mál en ég verð hins vegar að viðurkenna að ég er dálítið hissa á málflutningi hv. þm. Nú eru allir að tala sig upp í að vera á móti sameiningu bankanna. Ástæðurnar eru helst þær að ófaglega sé unnið að henni og ráðherra hafi orðið á mistök og svo er það ekki rökstutt frekar. Mér finnst þetta nánast broslegt, ég verð að viðurkenna það.

Kannski er broslegast af öllu þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem hefur talað með sameiningu bankanna fram til þessa, er farinn að tala harðast gegn þessari sameiningu. Hann vill að þingmenn hindri framgang málsins. Hver skyldi ástæða þess vera að hann hefur snúið blaðinu við? Jú, að viðskrh. skuli hafa kallað formann bankaráðs á sinn fund og beint til hans tilmælum. Það er nóg til að hv. þm. er orðinn algerlega á móti því að sameina bankana. Þetta er ekki sértaklega trúverðugt, það verð ég að segja.

Kannski er réttast að nota tímann, hæstv. forseti, sem ég hef hér til að vitna aðeins í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hann hélt á hv. Alþingi þegar til umfjöllunar var að breyta bönkunum í hlutafélög. Þá sagði hv. þm.:

„Helstu rökin sem færð eru fram gegn því“ — sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka — „eru að það sé ekki viðráðanlegt vegna þess að þá verði of mikil fákeppni eða þessi aðili of stór í bankaviðskiptunum. En hverju eru menn þá að horfa fram hjá? Þeir eru þá að nota það sem rök fyrir því að afsala sér hlutum sem eru svo borðleggjandi hagstæðir íslenskum neytendum og íslensku atvinnulífi að ég kalla það mikið ábyrgðarleysi að nota jafneinfaldan og raunverulega lítt rökstuddan hlut, eins og það að það geti þá orkað tvímælis hvort það sé ekki óhagstætt út frá samkeppnisforsendum, til að henda því út af borðinu.“

Þetta sagði hv. þm. fyrir örfáum árum.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 489. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Lyfjalög, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 300. mál (persónuvernd). — Þskj. 342.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack.
30 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509).

Sjúklingatrygging, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 301. mál (vísitala neysluverðs). — Þskj. 343.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
29 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 510).

Blindrabókasafn Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 177. mál (verkefni og stjórn). — Þskj. 436.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
26 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, IP, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 511).

Skráning skipa, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál (kaupskip). — Þskj. 118.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
27 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, IP, ÍGP, KHG, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 512).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206.

[14:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er tekið til lokaumræðu mál sem mikið hefur verið rætt í tengslum við fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þ.e. breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um, eins og að mig minnir að það sé orðað í frv., hinar mildandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við aukna skattbyrði sem ríkisstjórnin mun leggja á almenning þegar á næsta ári.

Við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að standa þannig að málum í þessu fjárhagslega uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga, að velta allri skattbyrðinni yfir á almenning.

Þegar málið var tekið til 2. umr. höfðu fulltrúar ASÍ óskað eftir að koma á fund efh.- og viðskn. vegna málsins. Með þeirri heimsókn kom upp algerlega ný staða í þessu máli. Forsvarsmenn ASÍ ræddu þetta mál í samhengi við kjarasamninga og sama gerðu fulltrúar BSRB aðeins síðar. Fulltrúar ASÍ héldu því fram að með áformum um almennar skattahækkanir í landinu á næsta ári væri kjarasamningum á vinnumarkaði teflt í tvísýnu, grafið undan kjarasamningum. Vitnuðu fulltrúar ASÍ til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga fyrr á árinu þar sem ríkisstjórnin gaf yfirlýsingu í fimm töluliðum til að greiða fyrir kjarasamningum. 1. liður þeirrar yfirlýsingar, sem undirrituð var af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., var um að skattleysismörk mundu fylgja launaþróun. Hins vegar er ljóst að með hærra skatthlutfalli munu skattleysismörk raskast og raungildi skattleysismarka.

Við 2. umr. málsins var felld tillaga sem þingmenn Samfylkingarinnar fluttu. Hún gerði ráð fyrir að ríkisvaldið mundi minnka sinn hlut í staðgreiðslunni sem nemur þeirri hækkun sem áformuð er eða búast má við á útsvari. Sú tillaga var felld við 2. umr. málsins og við þá umræðu boðuðu fulltrúar Samfylkingarinnar að við 3. umr. stæði til að flytja brtt. sem gerði ráð fyrir að breyta skattleysismörkunum þannig að raungildi þeirra haldist eins og um var samið í kjarasamningum fyrr á þessu ári.

Jafnframt óskuðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. eftir því að fá á fund nefndarinnar fulltrúa Landssamtaka aldraðra og fulltrúa Öryrkjabandalagsins en ljóst var við 2. umr. að þessi breyting á sköttum, þ.e. almenn skattahækkun án þess að láta skattleysismörkin fylgja, mundi fjölga verulega í hópi skattgreiðenda þegar á næsta ári um 2.100–2.200 samkvæmt upplýsingum fjmrn. Jafnframt var ljóst að verulegur hluti viðbótarinnar væru lífeyrisþegar.

Meirihlutafulltrúar í efh.- og viðskn. féllust á að kalla þessa fulltrúa fyrir milli 2. og 3. umr. og var það mjög gagnlegur fundur þar sem fulltrúar þessara heildarsamtaka lífeyrisþega komu sínum sjónarmiðum á framfæri.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar en það er svolítill kliður í salnum sem er ekki gott undirspil.)

Fulltrúar Öryrkjabandalagsins sem mættu á fundinn, Helgi Seljan og Garðar Sverrisson, fóru yfir hvernig kjör aldraðra hefðu rýrnað á síðasta ári með ýmsum breytingum sem hafa verið gerðar á kjörum og aðbúnaði fatlaðra. Þeir nefndu hækkun á símkostnaði, lyfja- og lækniskostnaði, verulega hækkun á húsnæðiskostnaði. Þeir sögðu að hann hefði hækkað um 50% og töldu fram að sú hækkun sem þó hefði orðið á lífeyrisgreiðslum á liðnu ári hefði margfalt verið étin upp vegna annarra kostnaðarhækkana sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir og er þar ekki síst um að ræða hækkun á húsnæðiskostnaði og lyfjakostnaði sem hækkaði um 37% á miðju þessu ári.

Það sama var raunverulega að segja um fulltrúa Samtaka aldraðra sem mættu á fundinn, Benedikt Davíðsson og Ólaf Ólafsson. Þeir töluðu um þá aldraða sem eiga fasteignir og bentu á að fasteignagjaldahækkunin ein og sér sem er bein afleiðing hækkunar fasteignamats sem hækkaði vegna þenslu sem hér hefur orðið á húsnæðismarkaðnum og er bein afleiðing af þeirri breytingu sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í húsnæðismálum, þ.e. að fasteignagjaldshækkunin ein ásamt hækkun sem hefur orðið hjá þeim sem greiða eignarskatt, hefði þegar étið upp þá hækkun sem varð á lífeyri þeirra á árinu. Það þarf ekki að sökum að spyrja, herra forseti, að auðvitað mótmæltu þessir fulltrúar lífeyrisþega mjög þeim áformum sem uppi eru af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu efni og töldu þeir líka til það sem yfir vofði á næsta ári, þ.e. enn frekari hækkun á fasteignagjöldum vegna hækkunar á fasteignamati sem hefur verið ákveðin, þ.e. 14% hækkun, og koma mun til framkvæmda með álagningu fasteignagjalda á næsta ári. Eins var talin fram hækkun sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, þ.e. hækkun í Framkvæmdasjóð aldraðra sem er um 500 kr. nefskattur á alla að undanþegnum öldruðum 70 ára og eldri. En það var dregið einmitt fram sem er mjög sérstætt og Alþingi ætti að sjá sóma sinn í að breyta, að örorkulífeyrisþegar, t.d. þeir sem eru með fulla tekjutryggingu, þurfa að greiða þennan nefskatt. Ég hygg að ef samstaða næðist um það á þingi að fella það út að öryrkjum með fulla tekjutryggingu væri gert skylt að greiða þennan nefskatt, þá mundi það kosta 15–16 millj. Ég held að það sé ekki meira. Menn ættu að skoða það mál í samhengi vegna þess að allt telst þetta með í buddu lífeyrisþeganna þegar verið er að bæta pinklum á. Mörgum finnst kannski 500 kr. hækkun á mánuði ekki mikil. En 500-kallinn skiptir miklu fyrir þá sem ekkert eiga í vasanum, þ.e. þegar hann er ekki til.

Þetta vildi ég draga fram um aldraða og öryrkja. Við fórum yfir umsögn þeirra við 2. umr. og ég tel ekki ástæðu til að gera það aftur. Ég vil þó í lokin nefna að á milli 2. og 3. umr. bárust nefndinni nokkrar ályktanir frá verkalýðsfélögum alls staðar að af landinu sem voru að mótmæla þeim áformum sem uppi eru um skattahækkanir. Ályktanir komu frá Verkalýðsfélaginu Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, Eflingu – stéttarfélagi, Verkamannafélagi Vestmannaeyja, Trésmiðafélagi Reykjavíkur, Sunniðn, Rafiðnaðarsambandi Íslands, Málarafélagi Reykjavíkur, Einingu/Iðju, Bílaiðnaðarfélaginu, Félagi blikksmiða, Öldunni – stéttarfélagi, Félagi hársnyrtisveina, Félagi garðyrkjumanna, Félagi byggingarmanna, Eyjafirði.

Allir þessir aðilar höfðu sent milli 2. og 3. umr. til efh.- og viðskn. ályktanir þar sem þessu er mótmælt og vil ég í lokin lesa tvær af þessum ályktunum með leyfi forseta. Fyrst frá Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja:

„Hækkun útsvars án samsvarandi lækkunar tekjuskatthlutfalls hefur í för með sér auknar skattaálögur á launafólk og þar með kjaraskerðingu.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja vill að gefnu tilefni benda stjórnvöldum á að slíkt gengur þvert gegn markmiðum kjarasamninganna frá síðastliðnu vori en þau voru að treysta undirstöður kaupmáttar.

Að öðru óbreyttu þýða boðaðar breytingar á útsvari og tekjuskatti einnig raunlækkun skattleysismarkanna en það gengur þvert gegn yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninganna.

Þar var því lofað að skattleysismörk myndu fylgja umsaminni launaþróun.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja bendir stjórnvöldum á að allar aðgerðir sem hafa í för með sér kjaraskerðingar fyrir launafólk eru til þess fallnar að grafa undan forsendum gildandi kjarasamninga. Aðildarfélög og -sambönd ASÍ töldu að víðtæk sátt hefði náðst um kjarasamninga sem stuðluðu að áframhaldandi stöðugleika, tryggðu undirstöður kaupmáttar og bættu sérstaklega stöðu þeirra sem lakast stóðu fyrir. Það er því ábyrgðarhluti af hálfu stjórnvalda að grípa til kjaraskerðinga gagnvart launafólki nú, ekki síst í ljósi þess að gangi nýjustu spár um verðlagsþróun eftir mun stór hluti launafólks verða fyrir kaupmáttarskerðingu á næstu missirum. Þetta er enn alvarlegra í ljósi þess að stjórnvöld létu hjá líða að grípa til afgerandi aðgerða til að draga úr þenslu þegar öll hættumerki blöstu við á árunum 1998 og 1999.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja ítrekar athugasemdir hagdeildar ASÍ um skaðsemi hagstjórnar sem ýtir undir og ýkir hagsveiflur í efnahagslífinu í stað þess að reyna að draga úr þeim og tryggja stöðugleika. Náist markmið kjarasamninganna um stöðugleika og traustan kaupmátt ekki verður það mjög dýrt, ekki aðeins fyrir launafólk heldur atvinnulífið og samfélagið allt.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja heitir því á stjórnvöld að taka þátt í því að verja lífskjör launafólks og forsendur kjarasamninganna í stað þess að grafa undan hvoru tveggja."

Í lokin vil ég vitna í yfirlýsingu sem undirrituð er af forsvarsmönnum Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og

sjómannafélags Keflavíkur og Eflingar – stéttarfélags. Hún er stutt. Byrjað er á því að vitna í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 2000. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í yfirlýsingunni segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu.

Í áformum ríkisstjórnarinnar sem nú liggja fyrir Alþingi kemur fram að ekki á að standa við áður útgefna yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samhliða þessu á að hækka skatta á launafólk. Í þessu sambandi viljum við vísa til samantektar hagdeildar ASÍ um þetta mál sem fram hefur komið. Það er ekki hlutverk félagsmanna innan Flóabandalagsins eða annarra samtaka launafólks innan ASÍ að viðhalda einir stöðugleika í efnahagslífinu. Við viljum minna á að endurskoðun forsendna kjarasamninga liggur fyrir á næstu vikum. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um skattamál var gefin í tengslum við kjarasamninga og við lítum á hana sem hluta af samkomulagi ríkisstjórnar og aðila á vinnumarkaði. Ef þau áform ríkisstjórnar verða að veruleika að hækka skatta mun það ekki auðvelda framlengingu launaliðar kjarasamninga."

Herra forseti. Hér eru aðvaranir á ferðinni sem full ástæða er fyrir ríkisstjórn og hv. Alþingi að taka mark á og því er sú brtt. flutt sem ég hef mælt fyrir og gengur út á það að viðhalda því raungildi skattleysismarka sem um var samið í kjarasamningum allt fram til ársins 2003, herra forseti. Það er auðvitað mikilvægur þáttur í því að þeir kjarasamningar sem samið var um á almennum vinnumarkaði fyrr á þessu ári haldi og það er veigamikið atriði til þess að viðhalda stöðugleikanum, herra forseti.

[15:10]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að lengja þessa umræðu langt umfram það sem orðið hefur við 1. og 2. umr. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur farið yfir þær brtt. sem minni hluti efh.- og viðskn. leggur fram við þetta mál, en þær styðja að fullu þau sjónarmið sem fram hafa komið í mörgum umsögnum frá sveitarfélögunum og viðvörunarorðum þeirra sem og verkalýðshreyfingarinnar um væntanlegar skattahækkanir og áhrif þeirra í þjóðfélaginu og á almenning í landinu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir ályktanir sem borist hafa frá verkalýðsfélögum sem eru í fullu samræmi við ályktun sem við höfðum áður fengið frá ASÍ og umsögn ASÍ og hagdeildar ASÍ og reyndar BSRB líka. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, í framhaldi af þeim umsögnum sem hv. þm. las upp áðan, út í ályktun sem okkur barst á Alþingi og samþykkt var 11. desember, í gær sem sagt. Þetta er ályktun frá verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði vegna þessa máls. Þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfundur í Verkalýðsfélaginu Vöku, Siglufirði, haldinn mánudaginn 11. desember 2000 kl. 16 í fundarsal félagsins að Suðurgötu 10 skorar á stjórnvöld að endurskoða boðaðar breytingar á útsvari og tekjuskatti. Þær breytingar ganga þvert gegn yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sl. vor.

Stjórn Vöku telur að áform um auknar álögur hins opinbera auk óhagstæðrar verðlagsþróunar sem rýrir kaupmátt launafólks séu fullgild ástæða til uppsagnar á launalið kjarasamninga og því beri fulltrúum ASÍ í nefnd þeirri sem starfar samkvæmt 19. gr. kjarasamninga VMSÍ og SA frá 13. apríl 2000 að segja launalið þeirra upp í samræmi við þau ákvæði."

Það eru auðvitað mjög alvarlegar fullyrðingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu sem samþykkt er hjá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði í gær þar sem það er fullyrt að í raun og veru sé nú ástæða til þess að segja upp launalið kjarasamninga frá því í vor.

Í ályktun miðstjórnar ASÍ frá því í síðustu viku segir, með leyfi forseta:

„Hækkun útsvars án samsvarandi lækkunar tekjuskatthlutfalls hefur í för með sér auknar skattaálögur á launafólk og þar með kjaraskerðingu. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands vill að gefnu tilefni benda stjórnvöldum á að slíkt gengur þvert gegn markmiðum kjarasamninganna frá því síðastliðið vor en þau voru að treysta undirstöður kaupmáttar.

Að öðru óbreyttu þýða boðaðar breytingar á útsvari og tekjuskatti einnig raunlækkun skattleysismarkanna en það gengur þvert gegn yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninganna. Þar var því lofað að skattleysismörk myndu fylgja umsaminni launaþróun.

Miðstjórn ASÍ bendir stjórnvöldum á að allar aðgerðir sem hafa í för með sér kjaraskerðingar fyrir launafólk eru til þess fallnar að grafa undan forsendum gildandi kjarasamninga. Aðildarfélög og sambönd ASÍ töldu að víðtæk sátt hefði náðst um kjarasamninga sem stuðluðu að áframhaldandi stöðugleika, tryggðu undirstöður kaupmáttar og bættu sérstaklega stöðu þeirra sem lakast stóðu fyrir. Það er því ábyrgðarhluti af hálfu stjórnvalda að grípa til kjaraskerðinga gagnvart launafólki nú, ekki síst í ljósi þess að gangi nýjustu spár um verðlagsþróun eftir mun stór hluti launafólks verða fyrir kaupmáttarskerðingu á næstu missirum. Þetta er enn alvarlegra í ljósi þess að stjórnvöld létu hjá líða að grípa til afgerandi aðgerða til að draga úr þenslu þegar öll hættumerki blöstu við á árunum 1998 og 1999.

Miðstjórnin ítrekar athugasemdir hagdeildar ASÍ um skaðsemi hagstjórnar sem ýtir undir og ýkir hagsveiflur í efnahagslífinu í stað þess að reyna að draga úr þeim og tryggja stöðugleika. Náist markmið kjarasamninganna um stöðugleika og traustan kaupmátt ekki verður það ekki aðeins *dýrt fyrir launafólk heldur atvinnulífið og samfélagið* allt."

Undir stendur: „Orð skulu standa." Og í raun og veru eru það nákvæmlega sömu kveðjurnar og koma frá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði. Þeirra ályktun lýkur á sama hátt: „Orð skulu standa."

Fyrir hönd Verkalýðsfélagsins Vöku undirritar Signý Jóhannesdóttir en hitt er ályktun miðstjórnar ASÍ frá því í síðustu viku.

Vitnað hefur verið til þeirra breytinga sem hafa orðið á forsendum þjóðhagsspár á síðustu mánuðum sem hafa breyst verulega frá því að fjárlögin voru lögð fram í haust. Þar var reiknað með því að kaupmáttur launa ykist um 1,5% en ný spá gerir ráð fyrir að kaupmátturinn aukist aðeins um 0,5% á næsta ári, að verðlag hækki um 5,8% og vextir fari hækkandi. Menn þora í raun ekki að spá neinu um verðbólgustigið á næsta ári. Þessar forsendur eru allt aðrar en þær sem við ræddum í haust þegar fjárlögin voru lögð fram. Ítarlega hefur verið farið yfir þær við afgreiðslu fjárlaga og er ekki ástæða til að endurtaka þá umræðu. En þessar forsendur og þeir útreikningar sem við höfum séð frá hagdeild ASÍ hljóta að vekja upp þá spurningu hvort forsendur kjarasamninga séu brostnar eða við það að bresta. Ég vil, virðulegi forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann telur að breytt

spá Þjóðhagsstofnunar gangi eftir og tölur í umsögnum frá hagdeild ASÍ og sú fullyrðing sem kemur í yfirlýsingu frá verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði sé rétt, að það sé í raun þannig með auknar álögur hins opinbera eins og segir, með leyfi forseta, í þessari yfirlýsingu:

„Stjórn Vöku telur að áform um auknar álögur hins opinbera auk óhagstæðrar verðlagsþróunar sem rýrir kaupmátt launafólks sé fullgild ástæða til uppsagnar á launalið kjarasamninga og því beri fulltrúum ASÍ, í nefnd þeirri sem starfar samkvæmt 19. gr. kjarasamninga VMSÍ og SA frá 13. apríl 2000, að segja launalið þeirra upp í samræmi við þau ákvæði."

Er hæstv. ráðherra sammála því að þær forsendur sem Verkalýðsfélagið Vaka gefur sér fyrir þessari niðurstöðu og niðurstaðan þar af leiðandi sé rétt?

Umræðu frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 312. mál (rafrænar undirskriftir). — Þskj. 372, nál. 494.

[15:20]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn. Sú gerð sem um ræðir varðar ramma Evrópubandalagsins um rafræna undirskrift. Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og er stefnt að því að frv. til laga um rafrænar undirskriftir verði lagt fram á Alþingi snemma á árinu 2001.

Rétt er að minna á að sú málsmeðferð sem hér um ræðir er hin sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem eins var ástatt um, en þáltill. þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi. Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis yrði það verklag viðhaft að flytja sérstaka þál. um þær ákvarðanir sem samþykktar hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni með fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins og er sú leið farin hér og nú.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálitið skrifa Tómas Ingi Olrich, Árni Ragnar Árnason, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon og Þórunn Sveinbjarnardóttir en hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jón Kristjánsson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (heildarlög). — Þskj. 80, nál. 425, brtt. 426.

[15:22]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. allshn. um frv. til laga um dómtúlka og skjalaþýðendur á þskj. 425, 80. mál. Nefndin fékk vegna þess frv. á fund sinn gesti og eins bárust umsagnir frá nokkrum aðilum sem eru nánar tilgreindir í nefndaráliti á þskj. 425.

Með frv. er lögð til heildarendurskoðun á gildandi lögum um heimild fyrir Stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, nr. 32/1914. Þetta felur í sér nokkuð ítarlegri ákvæði en gildandi lög gera ráð fyrir. Frv. sama efnis var til umfjöllunar hjá nefndinni á 125. löggjafarþingi en var ekki afgreitt og var ein ástæðan sú að nefndin taldi ákvæði sem fjölluðu um hæfisskilyrði umsækjenda um löggildingu of ströng. Frv. er nú til umfjöllunar í breyttri mynd að því er þau ákvæði varðar.

Nefndin fjallaði sérstaklega um það ákvæði frv., 5. mgr. 3. gr., sem snýr að gjaldtöku fyrir að þreyta prófraun sem umsækjendur um löggildingu sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur þurfa að gangast undir og kallaði jafnframt eftir upplýsingum um kostnað við próf sem haldin hafa verið. Í kostnaðaráætlun fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem fylgir frv., kemur fram að kostnaður við árlegar prófanir umsækjenda geti numið um 1 millj. kr. Í upplýsingum þeim sem nefndinni bárust frá dómsmrn. kom fram að undanfarin 20 ár hefðu verið haldin nokkuð reglulega á tveggja ára fresti próf fyrir þá sem vildu öðlast réttindin. Heildarkostnaður við prófin hefði verið á bilinu 950.000–1.250.000 kr. og mun hann fyrst og fremst hafa falist í vinnu prófdómenda og prófstjórnar, svo og vinnu við að undirbúa prófið og halda það. Jafnframt kom fram að miðað við kostnað undanfarinna þriggja prófa (árin 1993, 1995 og 1997) megi ætla að kostnaður hvers próftaka verði um 50.000 kr. Nefndin minnir á að prófgjöldin eru þjónustugjöld og því óheimilt að innheimta hærra gjald en nemur raunverulegum kostnaði við prófin.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þskj. 426. Leggur nefndin m.a. til þá breytingu að í stað inn fyrir að dómsmrh. sé skv. 5. gr. skylt að fella löggildingu úr gildi ef viðkomandi fullnægir ekki lengur hæfisskilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. þá verði ráðherra gert það heimilt. Skyldunni verður þannig breytt í heimild dómsmrh.

Vegna athugasemda sem nefndinni bárust vill nefndin leggja áherslu á að ef til niðurfellingar löggildingar kemur gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til eru orðalagsbreytingar, við 2. gr. frv., um að inngangsmálsliður 1. mgr. orðist svo: „Rétt til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi hefur sá sem fullnægir þessum skilyrðum." Og síðan eru tilgreind tvö skilyrði.

Undir þetta nál. rita eftirtaldir hv. nefndarmenn í allshn.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lúðvík Bergvinsson og Ólafur Örn Haraldsson. Sú sem hér stendur tók þátt í meðferð málsins en ekki afgreiðslu þess og var fjarverandi ásamt Hjálmari Jónssyni og Sverri Hermannssyni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 2. umr.

Stjfrv., 81. mál (framfærsluskylda með maka, barni eða móður barns o.fl.). — Þskj. 81, nál. 354.

[15:27]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allshn. um frv. til laga um breytingar á Norðurlandasamningum um alþjóðleg einkaréttarmálaákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og um innheimtu meðlaga. Í nefndaráliti er tilgreindur gestur, Benedikt Bogason frá dómsmrn. sem fjallaði um málið. Eins bárust umsagnir um frv. bæði frá Barnaverndarstofu og dómstólaráði.

Með frv. er lagt til að heimilt verði að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingar á tveimur Norðurlandasamningum, annars vegar samkomulag um breytingar á samningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og hins vegar samkomulag um breytingu á samningi um innheimtu meðlaga. Jafnframt er lagt til að samningarnir fái lagagildi hér á landi þegar þeir öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Allshn. mælir með samþykkt frv. og undir nefndarálitið rita hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lúðvík Bergvinsson og Ólafur Örn Haraldsson. Sú sem hér stendur var fjarverandi við afgreiðslu málsins en tók þátt í meðferð þess og auk mín voru fjarverandi við afgreiðsluna hv. þm. Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:34]

[15:29]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 196. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 513.

Tryggingagjald, 350. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 504.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 513. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 312. mál (rafrænar undirskriftir). — Þskj. 372, nál. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, TIO, ÞBack.

28 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GE, GAK, GÁ, GÖ, IP, ÍGP, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SP, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 516).

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 80. mál (heildarlög). — Þskj. 80, nál. 425, brtt. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 426,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 426,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 81. mál (framfærsluskylda með maka, barni eða móður barns o.fl.). — Þskj. 81, nál. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206, brtt. 513.

[15:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að lengja umræðuna miklu meira. Ég vil vísa til ummæla og ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar við 2. umr. þegar hann fór yfir málið. Eins vil ég taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frá því hér áðan.

Þetta varðar lækkun á tekjuskatti ríkisins um 0,33% ...

(**Forseti** (GÁS): Það er óþarflega mikill kliður í salnum. Forseti vill biðja þá hv. þm. sem ætla ekki að vera viðstaddir umræðuna, taka þátt í henni eða leggja við hlustir að eiga einkasamtöl sín annars staðar.)

Herra forseti. Þetta fer saman við heimild sveitarfélaganna til hækkunar útsvarsálagningar. Þarna munar 0,33% sem sveitarfélögin geta hækkað útsvarstekjur sínar umfram þessa lækkun þannig að í heildina er þetta skattahækkun fyrir einstaklinga.

Eins og hér hefur komið fram mun þetta bæta allt að 2.000 manns við þann lista manna sem munu greiða skatt en hafa til þessa verið undir skattleysismörkum.

Hér hefur verið vísað til umsagna ýmissa stéttarfélaga og flest þeirra vísa til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því í mars um lagabreytingar, en samkvæmt yfirlýsingunni koma í framhaldi af þessum skattalagabreytingum lagabreytingar í kjölfarið. Gert er ráð fyrir að skattleysismörk hækki samkvæmt lágmarksumsömdum launahækkunum sem þá hafði verið gengið frá. Það er algert grundvallaratriði að skatthlutfall verði ekki hækkað án samsvarandi breytinga á persónuafslætti til að tryggja að skattleysismörk lækki ekki vegna breytinga á álagningarhlutfalli.

Hægt væri að flytja enn lengri ræðu og fara yfir þessi mál enn og aftur en þetta er meginatriðið og því er búið að taka á dagskrá brtt. á þskj. 513, um tekjuskatt og eignarskatt, sem Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Rannveig Guðmundsdóttir eru flytjendur að en þar eru lagðar til breytingar á persónuafslættinum. Ég tel því mikilvægt að brtt. fylgi þessu frv. til laga og verði óaðskiljanlegur hluti af þessum breytingum.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta mál er komið til 3. umr. og búið er að þrautræða að mínum dómi öll helstu efnisatriði þess. Sú brtt. sem hér var verið að útbýta kemur ekki á óvart í ljósi málflutnings hv. flutningsmanna í dag og við 2. umr. þessa máls.

Ég vil gjarnan að það komi fram vegna fyrirspurna frá þingmönnum til mín í dag að ég tel ekki að neitt í þessu frv. raski grundvelli kjarasamninga í landinu. Ég tel reyndar ekki að þetta mál í heild sinni geri það. Ég tel ekki, eins og ég hef margsagt í þessum sal, að hægt sé að gera ríkisstjórninni reikninginn fyrir því þegar sveitarfélögin í landinu ákveða að breyta útsvari sínu. Það var ekki gert þegar útsvarsbreyting varð hjá stærsta sveitarfélagi landsins í ársbyrjun 1999 og að mínum dómi er heldur ekki tilefni til þess nú. Ég tek því ekki undir þær ályktanir sem hér hefur verið lesið upp úr, þau sjónarmið sem hv. þingmenn hafa flutt þar sem tekið er undir slík sjónarmið, enda sjáum við að sjálfsögðu í hvert óefni er komið ef ríkið á á hverjum tíma að jafna út breytingar sem verða á gjaldtöku sveitarfélaganna.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lét þess getið áðan að fasteignamat væri að hækka á höfuðborgarsvæðinu um 14%. Það þýðir að eigendur fasteigna þurfa að borga hærri fasteignagjöld. Og það er ekki samkvæmt ákvörðun ríkisins. En það er væntanlega ákvörðun sveitarfélaganna að lækka ekki gjaldstofninn á móti sem þau hafa fullt vald til og vænti ég þess að það verði þá krafa stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar að sveitarfélögin nýti sér slíka möguleika til að koma í veg fyrir kjararýrnun hjá almenningi. Það verður að horfa á þessi mál í samhengi, hv. þingmenn.

Eins og ég sagði um daginn, jafnvel þó að öll sveitarfélög mundu hagnýta sér útsvarshækkunarmöguleika sína á næsta ári til fulls, þá er ég bara að tala um á næsta ári því ekki er hægt að spá fyrir um hvað gerist eftir það, þá sé ég ekki betur en að við séum að tala hér um breytingu á persónuafslætti, sem er þá jafnframt skattbreytingin, upp á 81 kr. á mánuði. Ef það er tilefni til þess að snúa við kjarasamningum þá má segja að þar hafi lítil þúfa velt þungu hlassi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess, herra forseti, að endurtaka það sem ég hef sagt um þetta mál. Ég tel ekki að tilefni sé til að samþykkja þá brtt. sem fram er komin í þessu máli.

[15:54]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í yfirlýsingunni sem ég las upp áðan frá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði að ekki er um að ræða eingöngu þessar breytingar þegar niðurstaðan er sú að forsendur kjarasamninga séu brostnar heldur ýmis önnur atriði eins og þau sem ég fór yfir áðan og felast í spá Þjóðhagsstofnunar um 0,5% hækkun kaupmáttar, sem er mun minna en menn gerðu ráð fyrir, og hækkun verðlags á milli ára um 5,8% og hækkandi vextir og versnandi kjör heimilanna. Skuldir heimilanna hafa vaxið gífurlega á síðasta ári, um 100 milljarða bara á því ári sem nú er að líða, frá 500 milljörðum upp í 600 milljarða. Staða margra heimila er mjög erfið.

En það sem verkalýðshreyfingin bendir á er að þessar breytingar plús allar aðrar sem felast í spá Þjóðhagsstofnunar og koma fram í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000 þýða samanlagt að brostnar séu forsendur fyrir launalið samninganna og því sé ástæða til þess að segja þeim upp. Ég spyr um þetta vegna þess að af þessu hljótum við að hafa áhyggjur.

Hvað það varðar að sveitarfélögin séu að velta ábyrgðinni yfir á ríkissjóð, virðulegi forseti, þá vil ég aðeins svara því með orðum bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áhrif ýmissa laga- og reglugerðarbreytinga hafa leitt til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að í öllum tilvikum hafi verið tryggt að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt í kjölfarið.

Skattalagabreytingar undanfarinna ára hafa skert útsvarstekjur sveitarfélaga og þannig skapað ákveðið ósamræmi á milli þróunar útgjalda og tekna.

Mörg sveitarfélög hafa séð sig knúin til að mæta kröfum íbúanna um aukið þjónustustig umfram fjárhagslega getu þeirra.

Í sumum tilvikum hefur þrýstingur á aukna þjónustu sveitarfélaganna verið afleiðing af ónógri þjónustu ríkisins."

Þarna er um að ræða algerlega öfuga fullyrðingu, að ríkið hafi velt ábyrgðinni yfir á sveitarfélögin.

[15:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig deili ég áhyggjum þingmannsins út af því spursmáli hvort forsendur kjarasamninganna muni halda þegar komið verður fram í febrúar/mars á næsta ári og það er full ástæða til þess að allir geri það. En ég held ekki að þetta atriði um ætlaða lækkun skattleysismarkanna sé atriði sem velti þungu hlassi í því sambandi.

Mér finnst hins vegar alveg ástæða til þess að velta vöngum yfir öðrum atriðum í þessu sambandi vegna þess að í kjarasamningunum er gert ráð fyrir tvenns konar atvikum sem geta valdið endurskoðun á samningnum, tvenns konar forsendubreytingu sem getur gert það. Annars vegar er það önnur þróun verðlags en út frá var gengið. Við sjáum það náttúrlega ekki enn þá. En við fengum jákvæða vísbendingu í morgun um að ekki er allt sem sýnist í þessum verðlagsmálum vegna þess að verðlagsbreytingin í morgun frá því

í síðasta mánuði var núll og heildarhækkun innan ársins 2000 er 4,2% þannig að fjárlagaforsendan um 4,5% hækkun verðlags er fjarri því að vera út í hött.

Hitt atriðið eru kjarasamningar annarra aðila sem geta haft áhrif á endurskoðunarákvæði hinna almennu kjarasamninga eða kjarasamninga Flóabandalagsins. Mér heyrist nú að ýmsir í stjórnarandstöðunni séu á þeim buxunum að fullt tilefni sé til þess að hækka laun annarra hópa um verulega myndarlegar upphæðir. Ætli þeir hafi þá ekki í því sambandi gleymt þessari forsendu Flóabandalagssamninganna? Mér finnst það líklegt.

[15:59]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þegar talað er um að forsendur kjarasamninganna séu brostnar nú þegar eins og sum verkalýðsfélögin vilja halda fram og sumir talsmenn þeirra, þá er ekki verið að ræða um þær breytingar sem felast í þessu frv. eingöngu heldur þessa mörgu samverkandi þætti. Mig minnir að í forsendum við afgreiðslu fjárlaganna hafi til að mynda verið gert ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn skilaði um 2 milljörðum meiri tekjum í ríkissjóð en gert var ráð fyrir þegar frv. er lagt fram í haust og samkvæmt því sem kom fram á fundi efh.- og viðskn. er það mat Þjóðhagsstofnunar og starfsmanna fjmrn. að það skýrðist fyrst og fremst af verðhækkunum vegna þess að menn búast við samdrætti á ýmsum sviðum. Engu að síður er reiknað með meiri tekjum af virðisaukaskattinum og það væri fyrst og fremst vegna þess að menn búast við að verðlagið hækki verulega og langt umfram þær forsendur sem menn gáfu sér í kjarasamningum.

Ég hef verulegar áhyggjur af því, virðulegi forseti, ef það er niðurstaða þeirra verkalýðsfélaga sem eru að fjalla um kjarasamningana og launaliðinn núna þessa dagana, að áður en nokkrir aðrir kjarasamningar eru gerðir — ég held að 60 kjarasamningar séu lausir hjá sveitarfélögunum núna um áramótin — að þá séu forsendurnar fyrir launaliðnum þegar brostnar. Það er auðvitað verulegt áhyggjuefni, virðulegi forseti.

[16:01]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er e.t.v. ástæðulítið að lengja umræðuna. Þessi þáttur málsins er nú við 3. umr., þ.e. hinn skattalegi þáttur málsins er lýtur að ríkissjóði. Áður og fyrr höfum við rætt mjög ítarlega þann þátt sem var auðvitað upphaf málsins og frumlag þess, þ.e. auknar heimildir til sveitarfélaga og vissulega er hægt að taka undir það að flestallt hefur verið sagt í málinu.

Ég get þó ekki látið hjá líða að bæta nokkrum orðum inn og einkum og sér í lagi vegna þess sem ég hef áður gagnrýnt við umræðuna, þ.e. hversu mér þykir stjórnarliðar taka létt á þessu mikilvæga máli og fjalla um það sumpart með léttúð. Það birtist m.a. í því að þeir eru ekkert við og vilja ekkert vita af málinu þegar það kemur til atkvæðagreiðslu. Það þarf nánast að fá þá til umræðu með hnúum og hnefum um þennan mikilvæga þátt málsins sem er annars vegar fjárhagsleg afkoma sveitarfélaga og hins vegar áhrif þess á afkomu launafólks í landinu, þ.e. hin skattalegu áhrif málsins.

Ég vil einnig láta það koma fram að mér þykir sem fjölmiðlar hafi ákaflega lítið kveikt á perunni í þessu stóra máli sem hefur jafnafdrifaríkar afleiðingar í för með sér og raun ber vitni. Afleiðingar ná út í samfélagið allt, fara nánast hringinn í kring í hverju einasta sveitarfélagi og birtast þar í umtalsverðri hækkun útsvars sem íbúar þessara sveitarfélaga munu finna fyrir. Ekki síst munu íbúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu verða þessa áþreifanlega varir á nýju ári, og eins og hefur komið fram og birtist á lokaspretti málsins, að þeir sem síst skyldi, þ.e. það fólk sem hefur legið undir skattleysismörkum fram að þessu, þurfa að greiða tekjuskatt.

Þess vegna gagnrýni ég það harðlega, herra forseti, að mér þykir sem stjórnarliðar reyni, kannski af eðlilegum ástæðum, að gíra málið niður í umræðunum, vilji sem minnst af því vita. Auðvitað fer þetta mál ekki eitt einasta hænufet og því mun ekki ljúka hér, herra forseti, þó að sennilega fari þannig, eins og við fyrri umræðu málsins, að stjórnarmeirihlutinn knýi það í gegn með meirihlutavilja sínum. Þar þori enginn undan að hrökkva, hvorki virkir sveitarstjórnarmenn né óvirkir, hvorki stjórnarþingmenn sem á hátíðarstundum tala um nauðsyn þess að verja kaup og kjör hinna lægst launuðu, ganga varlega um garð þar sem þeir sem höllum fæti standa eru annars vegar, sjúkir og aldraðir sem þetta kemur einkum og sér í lagi mjög illa við. Einnig munu þeir stjórnarliðar, sem stundum í þessum sama ræðustóli tala af mikilli mýkt og fimi um mikilvægi þess að verja þessa hópa, ekki láta sitt eftir liggja við 3. umr. málsins frekar en við fyrri afgreiðslu þess og greiða atkvæði með stórauknum álögum á þetta fólk.

Ég sagði í atkvæðaskýringu við 2. umr. málsins að þetta verði munað, þetta verði rifjað upp reglulega, ekki aðeins í þessum sal heldur líka í almennri umræðu. Þetta mál er miklum mun stærra í sniðum en menn í hópi stjórnarliða vilja vera láta. Satt að segja er nöturlegt að hlýða á hæstv. fjmrh. fara með tölfræði á borð við þá að hér sé um einhverja tíkalla að ræða fyrir þetta fólk, einhverjar 80 kr. eins og hann tönnlast á ítrekað og aftur í umræðunni. Staðreyndin er einfaldlega sú að þegar þessi skattahækkun er öll komin til áhrifa er um að ræða nettóhækkun á gjaldendur í landinu upp á 2,5 milljarða kr. Auðvitað sér hver maður að gjaldendur í landinu þurfa að meðaltali að borga meira en 81 kr. á hvert mannsbarn á ári hverju þegar öll kurl eru komin til grafar. Það gefur augaleið þannig að ódýrir útúrsnúningar af þessum toga eru ekki samboðnir hæstv. fjmrh. Hann veit það sjálfur.

Herra forseti. Það er líka annað sem er alveg nauðsynlegt að liggi skýrt fyrir og fullyrðingum hæstv. ráðherra í ræðu fyrir nokkrum mínútum verði svarað þar sem hann lét í veðri vaka og raunar fullyrti að hér væri mál á ferð sem hefði í raun og sanni ekkert með ríkissjóð að gera. Hér væri einfaldlega um það að ræða að sveitarfélögin tækju sjálfstæðar ákvarðanir óháð öllu.

Herra forseti. Í þessu samhengi gleyma menn og vilja reyna að gleyma upphafi málsins, þ.e. af hverju menn fóru af stað með þessar auknu heimildir og þessa fjárhagslegu aðstoð til handa sveitarfélögum. Það gerðist ekki út af engu. Það gerðist vegna þess að sveitarfélög lögðu fram rökstuddar upplýsingar í þá veru að ekki væri réttlátlega skipt fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga þegar kæmi að tilkalli til opinbers fjár. Á það var bent og um það ekki deilt að á sama tíma og ríkissjóður væri að skila umtalsverðum afgangi ár eftir ár væru sveitarfélögin á hinum vængnum með bullandi halla og það langflest sveitarfélög, því er verr og miður. Þess vegna var sett nefnd sem skipuð var fulltrúum flestra stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi, þó ekki allra, að ógleymdum fulltrúa félmrn. og að ógleymdum fulltrúa hæstv. fjmrh. sjálfs, Bolla Bollasyni, yfirmanni tekjukontors fjmrn. Um það var ekki deilt í nefndinni að þessi þörf væri til staðar af hálfu sveitarfélaganna. Það er því afskaplega kúnstugt,

svo ekki sé fastar að orði kveðið við lokaafgreiðslu málsins, að það hafi verið eins og akademísk ákvörðun að heimila auknar útsvarsálögur til handa sveitarfélögum og þeim væri það í sjálfsvald sett hringinn í kringum landið hvort og hvernig, hvenær eða alls ekki þau nýttu þær. Þannig er málið ekki vaxið og hæstv. ráðherra veit það mætavel. Þess vegna notaði ég það orð áðan og ætla að gera það aftur að honum er ekki samboðið að leggja málið þannig upp. Mér vitandi hefur enginn efast um þessar niðurstöður tekjustofnanefndar sveitarfélaga um þann vanda sem sveitarfélögin eiga við að stríða og hæstv. ráðherra veit það mætavel í nánum samskiptum við fulltrúa þessara sveitarfélaga. Hann veit það líka vegna þess að hann kom að einhverju meintu samkomulagi um þetta mál, m.a. við formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálm Vilhjálmsson, borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík, þar sem þessi vandi var viðurkenndur og þar sem menn lögðu upp í þessa ferð. Um þann þátt málsins var aldrei deilt. Hins vegar snýst deilan um það mál sem við erum að afgreiða hér, hvort eðlilegt væri að skattgreiðendur bæru þungann af auknum heimildum til sveitarfélaga eða hvort ríkissjóður mætti þeim með lækkun tekjuskatts á móti. Um það stendur deilan en ekki neitt annað. Mér kemur því afskaplega mikið á óvart við þessa ítarlegu umræðu að hæstv. fjmrh., sem hefur raunarýjað að þessum sjónarmiðum sínum fyrr í umræðunni, skuli nú hnykkja á þeim og gefa mjög sterklega til kynna að kannski hafi það verið þannig og kannski sé það bara þannig að þessi ferð sé á misskilningi byggð og sveitarfélögin hafi satt að segja aldrei haft neitt við þessar auknu heimildir að gera.

Herra forseti. Þetta er ekki mjög trúverðugur málflutningur og það veit hæstv. ráðherra. Það er allt of oft þannig að menn eru að gefa eitt til kynna en meina síðan allt annað og það kemur að þeirri niðurstöðu sem égýjaði að strax við 1. umr. málsins fyrir allmörgum vikum sem ég nefndi skattahækkunarfléttu íhaldsins. Það hefur allt komið á daginn sem ég spáði fyrir um á þeim tíma að þessar auknu heimildir væru nokkurs konar gulrót til handa pólitískum andstæðingum Sjálfstfl. í Reykjavík, þ.e. R-listanum í Reykjavík, sem þeir vonuðu þá að mundi nýta þessar auknu heimildir til að flokksbræður og flokkssystur hæstv. fjmrh. og flokkssystkina hans á hinu háa Alþingi gætu síðan bent á einhverja allt aðra sem skattakónga í þessu tilliti. Það er þessi lauflétta en gagnsæja flétta sem hér er á ferðinni og hæstv. fjmrh. er hér, að vísu með ákaflega litlum sannfæringarkrafti, að reyna að halda til haga á lokaspretti málsins. Engu að síður er full ástæða til að halda þessu mjög skýrlega og klárt til haga af hverju þessi ferð var farin og í hverju ágreiningurinn liggur. Hann liggur einfaldlega í því að stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi, Samfylkingin, og með stuðningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fellst ekki á þá skattahækkun á almennt launafólk sem er fólgin í þeim frumvörpum sem eru sum orðin að lögum og m.a. því frv. sem til 3. og lokaumræðu í hinu háa Alþingi sem kveður í raun á um að verið er að auka álögur á almennt launafólk í landinu.

Ég vil líka segja það, herra forseti, að maður veltir vöngum yfir því — ég veit ekki hvernig ég á að orða það — hver er andinn hjá samningamönnum ríkisins sem lúta forsjá fjmrn. í samningum við starfsmenn ríkisins almennt. Verður manni hugsað til framhaldsskólakennara í því samhengi þegar hæstv. ráðherra talar jafnléttúðugt um þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf 10. mars sl. með kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Þá á ég við að það liggur fyrir hjá heildarsamtökum, Alþýðusambandi Íslands, hjá einstökum verkalýðsfélögum víða um landið að þau hafi lýst yfir áhyggjum sínum að þessi gerningur kunni að vera það sandkorn sem fyllir mælinn í þá veruna að forsendur samninganna verði brostnar þegar þeir verða endurskoðaðir í febrúar og hæstv. ráðherra segir að þetta sé sé eitthvert blaður og bull. Það er ekki öðruvísi að skilja þegar undir eru samningar 70 þúsund launamanna í landinu og samtök þeirra lýsa yfir sérstökum áhyggjum með þennan gjörning, þá segir hann að þetta sé allt á misskilningi byggt. Maður spyr sig: Er það hald hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar að heildarsamtök verkafólks verði mjög áfram um að byggja á slíkum yfirlýsingum opinberra aðila eins og ríkisstjórnarinnar sem átti að verða til þess á sínum tíma og varð til þess á sínum tíma að liðka fyrir samningum á hinum almenna vinnumarkaði? Halda menn að slíkir pappírar verði mjög þungvægir í framtíðinni ef efndir eru þannig sem hér um ræðir? Ég held ekki. Ég hef áhyggjur af þeirri léttúð sem mér finnst einkenna samskipti hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar í garð launamanna, í þessu tilfelli Alþýðusambands Íslands, svo ég tali ekki um önnur samtök sem hafa komið eðlilega að málum, öryrkjar og Landssamband eldri borgara. En maður spyr sig og ég velti því hér upp, það skyldi þó aldrei vera að þetta fálæti, sem er nánast eins og dramb, — ég er mátturinn og dýrðin — kunni að vera ástæða þess að nú gangi jafnhægt og raun ber vitni í viðræðum aðila í þessu kennaraverkfalli og trúnaður sé þar enginn milli samningsaðila. Tala ég þá alveg burt séð frá efnisatriðum umræðunnar. Það kann þó aldrei að vera að hér sjáum við eina hlið sem skýrir að ekki gengur betur en efni standa til í þá veruna.

Herra forseti. Einnig er umhugsunarvert að þetta mál er flutt úr nefnd sem fjallaði um það með því að kalla til nefndarinnar ýmsa málsmetandi aðila, fulltrúa stórra samtaka, að formaður og varaformaður nefndarinnar hafi ekki ráð eða tíma til að vera við umræðuna og það eitt út af fyrir sig er enginn bragur á því í jafnmikilvægu máli og hér um ræðir. Ég gagnrýndi það talsvert við 2. umr. málsins og geri það hér enn og aftur.

Ég ætla hins vegar ekki að orðlengja þetta, herra forseti. Það er ljóst að meiri hlutinn mun fara sínu fram í þessu máli. Þeir hreykja sér hátt í augnablikinu og ég segi því enn og aftur, að mikið verður fall þeirra, herra forseti, þegar endirinn verður skoðaður í þessum efnum. Menn munu rifja það upp enn og aftur þegar íhaldið gekk fram með það að hækka sérstaklega skatt á almennt launafólk á því herrans ári árið 2000 vegna fjárlaga ársins 2001, þegar ríkisstjórnin hældist um á sama tíma að hafa skilað hagnaði ríkissjóðs í sögulegu hámarki, þá var akkúrat tíminn að áliti hæstv. ríkisstjórnar og Sjálfstfl. að leggja skatta á almennt launafólk. Það verður rifjað upp og ég mun ekki draga af mér í þeirri upprifjun.

[16:16]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í ræðu minni áðan stillti ég orðum mínum nokkuð í hóf. Ég fór yfir stöðu mála eins og þau lágu fyrir milli 2. og 3. umr. Ég gerði að umræðuefni fund í efh.- og viðskn. þar sem fulltrúar frá samtökum lífeyrisþega komu á okkar fund og þær umsagnir sem bárust á milli 2. og 3. umr. Einnig gerði ég í örfáum orðum grein fyrir brtt. þeirri sem við höfum flutt um þetta mál. Ég ákvað að fara ekki yfir málið vítt og breitt eins og við 2. umr. þar sem við fórum

nokkuð ítarlega yfir áhrifin af aukinni skattbyrði á kjör fólks almennt og kjarasamningana.

Ræða hæstv. ráðherra hér áðan gefur hins vegar fullt tilefni til að fara aftur yfir þessi mál eins og við 2. umr. málsins. Ég verð að segja, herra forseti, að ég var nokkuð hissa á að hæstv. fjmrh. skyldi vekja málið upp á nýjan leik eins og hann gerði. Ég er sammála ráðherranum um að allt hafi verið sagt sem hægt er að segja í þessu máli. Það stendur raunverulega eftir að stjórn og stjórnarandstaða er á öndverðum meiði um hvernig taka eigi á málinu og hvaða áhrif þessi aukna skattbyrði hafi á kjarasamninga.

Herra forseti. Ég get ekki skilið þannig við málið að orð ráðherrans standi við lok 3. umr. án þess að ég fari yfir örfáa þætti í máli hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra sagði enn og aftur að hann sæi ekki að þetta frv. hefði nein áhrif á forsendur kjarasamninga. Það er ekki aðeins að við í stjórnarandstöðunni séum á öndverðum meiði við hæstv. ráðherra í því efni heldur virðist gervöll verkalýðshreyfingin á öndverðum meiði við ráðherrann. Verkalýðshreyfingin, forustan á almenna vinnumarkaðnum og einstök félög sem hafa látið í sér heyra, er aðili að þeim kjarasamningi sem samþykktur var í vor og tveir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni hafa undirritað yfirlýsingu í tengslum við hann, um fimm þætti sem voru settir fram til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á árinu 2000. Þegar annar samningsaðilinn, þ.e. verkalýðsfélögin, er þeirrar skoðunar að þessi skattahækkun muni grafa undan samningum og ógna forsendum þeirra þá hljótum við að taka það alvarlega, herra forseti. Ég ítreka að hæstv. ráðherra er, væntanlega ásamt ríkisstjórn og stjórnarliði, á allt annarri skoðun. Um það standa deilurnar.

Ég tók eftir því, herra forseti, þegar hæstv. fjmrh. ræddi um þetta í sjónvarpi og gerði lítið úr áhrifum þessarar skattahækkunar, þ.e. þeim þætti hennar sem snýr að skattleysismörkum. Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi orðað það þannig að honum fyndist þetta lítið mál, snúast um smáaura en ef annað væri uppi á borðinu þá þyrftu hann og verkalýðshreyfingin að tala saman um þetta mál. Efnislega sagði ráðherrann eitthvað á þá leið.

Úr því að fyrir liggur að það eru deilur á milli hæstv. ráðherra, og þá væntanlega líka hæstv. forsrh., og verkalýðshreyfingarinnar um hvort hér sé smámál á ferðinni, hvort málið snúist aðeins um smáaura eða 80 kr. eins og hæstv. ráðherra ítrekað heldur fram, þá er ástæða til að spyrja, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra ætli að kalla til sín fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar til að fara yfir málið og kanna hvort þeir komist að samkomulagi. Hæstv. ráðherrar og verkalýðshreyfingin þyrftu að ræða hvort hér eru á ferðinni smáaurar sem taki því ekki að ræða mikið um á þingi hvað þá, hæstv. forseti, að flytja um það brtt. eins og við í stjórnarandstöðunni höfum gert.

Hæstv. ráðherra teflir því fram í rökum sínum að enginn hafi hreyft hugmyndum um breytingar á skattleysismörkum í tengslum við útsvarshækkun hjá Reykjavíkurborg. Ef ég man rétt, þá nefndi hann Reykjavíkurborg. Hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. í þessari ríkisstjórn eru hreinlega með Reykjavíkurborg á heilanum í hverju málinu á fætur öðru. Þá snýr málið svolítið öðruvísi við, herra forseti, af því að við flytjum þetta mál — ráðherrann sagði að það yrði að setja þetta mál í samhengi — í samhengi við kjarasamningana. Áhrif þessarar skattahækkunar á skattleysismörkin komu ekki almennilega fram fyrr en við 2. umr. þegar verkalýðshreyfingin sjálf eða fulltrúar hennar höfðu óskað eftir að koma á fund í efh.- og viðskn. og vöktu athygli hennar á þessu samhengi skattleysismarka við kjarasamninga. Að því leyti, herra forseti, er þetta mál öðruvísi vaxið en í því dæmi sem hæstv. fjmrh. kýs að stilla upp til samanburðar. Þó að þessi skattahækkun kippi ekki ein og sér fótunum undan kjarasamningum þá er hún þó veigamikil viðbót í þann pott sem í hefur safnast á liðnum mánuðum og getur gert það að verkum að launaliði kjarasamninga verði sagt upp.

Verðlag hefur hækkað og verðbólguspár hækkað meira en forsendur t.d. fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir, Þjóðhagsstofnun spáir 5,8% hækkun á verðlagi. Þegar týndir eru til ýmsir þættir sem fulltrúar launþega hafa teflt fram og fulltrúar samtaka lífeyrisþega einnig, þegar hækkanir á þessu ári, herra forseti, eru settar í einn pott með þeim kjaraskerðingaráhrifum sem þær hafa á heimilin í landinu þá getur almenn skattahækkun auðvitað haft úrslitaáhrif. Við vekjum athygli á þessu til að verja kjarasamningana vegna þess að enginn vill sjá að forsendurnar breytist þannig að segja þurfi upp kjarasamningum með þeim afleiðingum sem það getur haft fyrir allt efnahagsumhverfið. Við höfum litið á málið frá því sjónarhorni.

Mér finnst hæstv. ráðherra ganga nokkuð langt þegar hann fjallar um fasteignagjöldin. Við höfum rætt um hækkun á fasteignagjöldum í fasteignamati en ráðherrann segir að enginn geri kröfur á borgaryfirvöld um að lækka eða hækka skattleysismörkin í því sambandi. Hæstv. ráðherra verður líka að halda til haga af hverju þessi spenna hefur verið á fasteignamarkaðnum á síðustu mánuðum sem leitt hefur til hækkunar á fasteignamati og þar með á fasteignagjöldum. Ég ætla bara að nefna tvo veigamikla þætti í því sambandi, herra forseti. Ég held að þeir sem skoða málin í réttu ljósi og samhengi viðurkenni að hluti áhrifanna af breytingu á húsnæðiskerfinu fyrir tveimur árum hafi verið spenna á fasteignamarkaðnum. Félagslega íbúðarkerfinu var lokað með þeim afleiðingum að hluti þeirra 1.000–1.500 einstaklinga sem höfðu fengið fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðiskerfinu fór á almennan fasteignamarkað á höfuðborgarsvæðinu. Afleiðingarnar voru þær að verð á íbúðum hækkaði hér verulega, sérstaklega á tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum. Síðan beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar, að rýmka greiðslumatið. Með hvaða afleiðingum? Afleiðingarnar voru þær að auka þurfti útgáfu á húsbréfum sem leiddi til spennu á fasteignamarkaðnum með þeim afleiðingum að húsnæðiskostnaður hækkaði, verð á íbúðum og einnig leiguverð. Það kom fram í aukinni vísitölu og hærra fasteignamati. Þessi spenna hefur valdið hækkun á fasteignamati og þar með hækkun á fasteignagjöldum. Afleiðingar af aðgerðum sem ríkisvaldið beitir sér fyrir leiða til þessarar hækkunar á fasteignamati og þar með fasteignagjöldum. Það vill svo til að það eru sveitarfélögin í landinu sem hafa tekjur af fasteignagjöldum.

Hæstv. ráðherra þarf líka að halda því til haga að ríkið hefur haft umtalsverðar tekjur og mun meiri af þeirri spennu sem hér hefur verið í þjóðfélaginu. Hve mikið af tekjuafgangi ríkissjóðs á næsta ári, þessu ári og síðasta ári, skyldi vera vegna spennu á markaðnum? Ég veit ekki til að hæstv. ráðherra hafi séð ástæðu til að beita sér fyrir skattalækkun af þeim sökum. Hann spyr okkur hins vegar um af hverju sveitarfélögin geri ekki slíkt þegar fasteignagjöldin hækka.

Samkvæmt tekjuhlið og tekjuáætlun við 3. umr. fjárlaga sjáum við að ríkissjóður hefur verulegar viðbótartekjur um-

fram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. af þeirri spennu sem er á markaðnum með auknum tekjuskatti og reyndar einnig virðisaukaskatti. Þannig er, herra forseti, nauðsynlegt að halda þessu til haga út af orðum hæstv. ráðherra hér áðan.

Ég gæti auðvitað fjallað um ræðu hæstv. ráðherra í fleiri orðum. Ég sé hins vegar ekki mikinn tilgang í því þó ýmislegt komi upp í hugann vegna þessa máls og orða ráðherrans. Vissulega væri ástæða til að ræða það sértaklega. Ég held, herra forseti, að ástæðan fyrir því hversu hvumpinn hæstv. ráðherra virðist vera sé fyrst og fremst sú að hann hafi ekki góða samvisku út af þeim skattahækkunum sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir á launafólk í landinu og þeirri niðurstöðu sem varð í fjárhagslegu uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga á sama tíma og ríkisstjórnin beitir sér fyrir skattalækkun á fámennan hóp þeirra sem eiga hlutabréf, eru forríkir af hlutabréfaeign hér á landi. Það er ekki hinn almenni eigandi hlutabréfa í þessu landi heldur þeir sem eiga yfir 3,2 millj., 6,4 millj. séu það hjón. Það eru 636 einstaklingar svo að það sé rifjað upp, herra forseti, sem frestuðu skattlagningu á síðustu tveimur árum upp á 20 milljarða kr. Þetta er hópurinn sem lækka á skatta hjá. Á sama tíma stefnir í að sú tillaga verði felld sem við flytjum um að halda í raungildi skattleysismarka sem um var samið í kjarasamningum.

Herra forseti. Orð hæstv. ráðherra gáfu mér tilefni til að bæta nokkuð við ræðu mína frá því áðan, sem ég ætlaði ekki að gera. Ég minni á að hér er ekki um örfáar krónur að ræða fyrir tekjulægsta hópinn sem á skjól í skattleysismörkunum sem hér mun raskað. Hver króna skiptir verulegu máli fyrir þetta fólk í framfærslu þeirra á þessu og næsta ári. Þá er búist við skattahækkunum í kjölfar þeirrar niðurstöðu sem varð í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég vildi láta þetta koma fram um leið og ég skora á hv. þm. að samþykkja tillögu sem við beitum okkur fyrir, um hækkun á skattleysismörkunum. Tillaga sem þingmenn Samfylkingarinnar beittu sér fyrir undir forustu Guðmundar Árna Stefánssonar, um að ríkisstjórnin, sem eðlilegt og réttlátt hefði verið, lækkaði sinn hlut í staðgreiðslunni, var felld. Sú tillaga var felld þannig að hér er gerð önnur tilraun sem hefur sama markmið, að reyna að komast hjá því að auka skatta á lágtekjufólk í landinu.

[16:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kom aðallega í ræðustól til þess að lýsa stuðningi mínum við þá brtt. við þetta frv. sem hefur borið á góma og verið rætt. Við þingmenn Frjálslynda flokksins munum styðja málið. Við teljum að sanngirni sé í því að leiðrétta þó þetta sem hér er lagt til. Reyndar hefur verið felld tillaga um að ríkið gefi eftir af tekjuskatti sínum til jafns við það sem lagt var á í útsvarinu og fært yfir til sveitarfélaganna. Sú tillaga var felld af stjórnarliðinu. Ég held að það sé lágmark að reyna að gera það sem hér er lagt til þannig að hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar væri það þá varið að þessu leyti til. Auðvitað hækkar allur persónuafsláttur hjá öllum en það kemur þeim mest til góða sem hafa lægstar tekjur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvæli, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 74, nál. 432.

[16:34]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Hv. umhvn. fjallaði um málið á mörgum fundum og kallaði til sín marga aðila en þeir eru Ingimar Sigurðsson frá umhvrn., Elín Guðmundsdóttir og Sjöfn Sigurgísladóttir frá Hollustuvernd ríkisins, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Alda Möller, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Friðrik Blomsterberg frá SÍF og Finnur Garðarsson frá SH-þjónustu.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Læknafélagi Íslands, Öldu Möller, SH-þjónustu, Samtökum fiskvinnslustöðva og SÍF.

Herra forseti. Upphaf málsins er það að sýking og útbreiðsla vegna kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum og orsakir hennar á mönnum hafði valdið miklum usla og því var að frumkvæði umhvrn. og stofnana þeirra farið út í að breyta lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Helstu breytingarnar eru þær að settar eru reglur þess efnis að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð matvæla. Einnig er tekinn af allur vafi um skyldur eftirlitsaðila um að vinna að forvörnum og því að upplýsa mál sem upp kann að koma þannig að gripið verði til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og kostur er og áður en í óefni er komið. Þarna er fyrst og fremst verið að hugsa um hag neytenda og að neytandinn hafi forgang og að eftirlitsskylda sé skýr.

Í 2. gr. er fjallað um þá sem annast rannsóknir og greiningu á matvælum og lögð áhersla á að ef upp koma tilkynningarskyld atvik þar sem um er að ræða sjúkdóma sem ógnað geti almannaheill, þá beri bæði rannsóknaraðila og matvælaframleiðanda að tilkynna viðkomandi yfirvöldum um að hætta sé á ferðum. Yfirvöldum ber síðan að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Einnig er gert ráð fyrir námskeiðum og fræðslu starfsmanna sem vinna við afgreiðslustörf og matvælaframleiðslu. Fyrirkomulag þeirra námskeiða verður sett með reglum sem ráðherra mun setja. Þau námskeið munu verða haldin af heilbrigðiseftirlitum og jafnvel einkaaðilum en fram kom í störfum nefndarinnar að eitt slíkt dagsnámskeið gæti kostað um 10 þús. kr. á mann.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, herra forseti, að með vaxandi matvælaframleiðslu og með vaxandi flutningi milli landa og hér heima breiðast sjúkdómar mjög hratt út. Nefndin telur því að þetta mál sé mjög brýnt og að fest sé í sessi þetta námskeiðahald og reglur um það og ábyrgð rannsóknaraðila og eftirlitsaðila og matvælaframleiðanda um tilkynningarskyldu.

Nefndin telur einnig rétt að benda á að brátt er þörf á heildarendurskoðun á þessum lögum í ljósi breytinga á matvælaráðgjöf í Evrópu en fyrr á þessu ári gaf Evrópusambandið út svokallaða Hvítbók (White Paper on Food Safety) en í henni greinir m.a. frá að innan skamms sé stefnt að nýrri löggjöf um matvælaöryggi og neytendavernd af hálfu Evrópusambandsins og stofnuð verði ný matvælastofnun í Evrópu.

Umhvn. leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu við 2. gr. að í stað orðsins „matvælafyrirtæki" komi: þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta skrifa Ólafur Örn Haraldsson formaður, sem gat ekki verið viðstaddur umræðuna í dag, Kristján Pálsson, sá sem hér stendur, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Gunnar Birgisson og Jóhann Ársælsson.

[16:40]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frv. sem felur í sér mikla bót á þeirri löggjöf sem fyrir er en það kemur fram fyrst í frv. þar sem segir í athugasemdum, fskj. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. í umsögn um breytingarnar á lögunum um matvæli.

Tilgangurinn með frv. er að tryggja gæði matvæla og samhæfa aðgerðir stjórnvalda sem sjá um matvælaeftirlitið. Frv. kveður á um auknar rannsóknir, greiningar, námskeið, þjálfun og sértækar ráðstafanir.

Gert er ráð fyrir að aukinn kostnaður verði greiddur af framleiðendum. Verði frv. að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég vildi spyrja hv. þm., frsm. fyrir nefndaráliti umhvn., hvort mat hafi verið lagt á það sérstaklega hver þessi kostnaður yrði. Mér sýnist að það sé mjög veigamikil starfsemi sem er verið að setja á laggirnar. Hvað er þá verið að tala um mikinn kostnað fyrir þá sem koma til með að bera kostnaðinn af allri þessari auknu starfsemi? Hefur það verið skoðað sérstaklega í nefndinni og hvernig skiptist það á þá sem koma til með að bera þennan kostnað? Hefur það verið rætt innan nefndarinnar að samræma þetta þannig að matvælaeftirlitið sé á hendi eins ráðherra?

[16:42]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefndin fór ekki út í neina sérstaka greiningu á kostnaði. Eins og ég sagði í framsögu minni kom fram að kostnaður á námskeið getur verið 10 þúsund á mann yfir daginn.

Nefndin ræddi samt sem áður að fyrir lítil fyrirtæki, t.d. í sjoppum þar sem starfsmenn afgreiða pylsur eða fyrir veltuhröð, smá fyrirtæki, gæti kostnaðurinn reynst þeim óyfirstíganlegur ef farið væri út í að skylda alla þessa aðila til að fara á námskeið þannig að það er fest í hendur ráðherra að ganga eins langt í þessu máli án þess að fara yfir mörkin.

Ráðherrann mun væntanlega gera könnun á því með einhverjum aðferðum sem við hljótum að treysta ráðherranum til að geta gert í þessu tilliti.

Varðandi samræmingu erum við kannski ekki að tala um að þetta geti verið í höndum eins ráðherra þar sem margir ráðherrar, a.m.k. þeir sem hér eru taldir upp munu koma að fyrirtækjum sem varða matvæli með einum eða öðrum hætti. Þess vegna var það ekkert skoðað sérstaklega af nefndinni og reyndar minnist ég þess ekki hvort sú spurning hafi komið upp hvort beinlínis væri ástæða til að fara út í slíkar rannsóknir eða slíkar breytingar en þessi lög eru samt eins og ég sagði áðan, það er brátt þörf á heildarendurskoðun laganna í ljósi breytinga á matvælalöggjöf í Evrópu sem er þá mjög fljótlega.

[16:45]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á þessu þar sem ég get ekki séð annað miðað við þá upptalningu sem fram kemur í frv. þar sem þetta er dregið saman sérstaklega í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. hvaða verkefni það eru sem þarna er um að ræða. Það eru auknar rannsóknir, greiningar, námskeið, þjálfun og sérstækar ráðstafanir.

Við þekkjum það úr rekstri fyrirtækja í dag, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða opinbera aðila að gjaldtaka, t.d. vegna rannsókna og til þess að standa undir rannsóknum eða námskeiðshaldi, greiningu eins og hér er talað um og sértækri þjálfun, getur verið veruleg. Við þingmenn höfum ábyggilega flestir, ef ekki allir hv. þm., orðið varir við í heimsóknum til fyrirtækja sem starfa í matvælaiðnaði að eftirlitsgjöld eru nú þegar mjög há og margþætt og vissulega er löngu tímabært að samræma þetta eftirlit og koma því yfir á eina hendi. Ég er fullviss um að það mundi bæði fela í sér minni kostnað fyrir fyrirtækin og líka fyrir hið opinbera, sem sér um eftirlitið, ef allt eftirlit með framleiðslu matvæla væri samræmt og á einni hendi. Þetta skiptir verulegu máli og er dæmigert um það — og nú er ég ekki fyrst og fremst að ásaka hv. umhvn. fyrir að hafa ekki sinnt störfum sínum — en hins vegar er það þannig að þetta er dálítið dæmigert fyrir það að við erum að afgreiða frumvörp, gera þau að lögum sem geta falið í sér álögur á fyrirtæki og einstaklinga án þess að hafa í raun og veru gert okkur grein fyrir og mótað afstöðu til þess hvernig þessum kostnaði verði mætt og ráðherra einum, eða þremur í þessu tilviki, er treyst til að sjá um framkvæmd mála en hv. umhvn. hefur auðvitað tækifæri til að fylgjast með því.

[16:47]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki önnur aðferð í þessu tilviki en er almennt viðhöfð í dag á þessum eftirlitsmarkaði. Við vitum um eftirlit með fiskvinnslustöðvum, með skipum o.s.frv. að þetta er allt saman borið uppi af fyrirtækjunum sjálfum þó að í eðli sínu sé eftirlitsaðilinn opinber. Meira að segja eru mörg störf á vegum eftirlitsaðila boðin út þannig að einkafyrirtæki sjá um eftirlitið í umboði opinberra stofnana. Við erum því ekki að fara út á neinar nýjar brautir að þessu leyti.

Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að þetta kostar peninga og enginn vill lenda í öðru eins fári og varð út af kampýlóbaktermálinu. Það er skylda okkar að gæta þess að neytandinn hafi einhverja tryggingu og að opinberir aðilar veiti þá tryggingu að meðferð matvæla sé eins góð og kostur er og það kostar auðvitað peninga.

Ef ég man rétt kom fram í nefndinni að menn gerðu ekki endilega ráð fyrir því að þetta mundi hafa áhrif á matvælaverð, að þetta yrði svo mikið, en tíminn verður að leiða í ljós hvort kostnaður af þessu fer inn í matvöruverðið en það hlýtur hann að gera að lokum. Það gerir allur kostnaður eðli máls samkvæmt.

[16:49]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. að ræða um frv. til laga um breytingu á lögum um matvæli. Hv. umhvn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar og gerði ítarlega athugun á því. Frv. er hluti af viðbrögðum yfirvalda við kampýlóbaktersýkingu í matvælum á síðasta ári sem er okkur öllum mjög ferskt í minni. Markmiðið með þessu frv. er að draga

úr sýkingu af völdum kampýlóbakter sem náði hámarki á síðasta ári. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar á þessu ári, m.a. vann hv. heilbrn. að breytingum á sóttvarnalögum fyrr á árinu í þeim tilgangi að styrkja stjórnkerfið til að taka á kampýlóbaktersýkingum.

Nýlegar fregnir í fjölmiðlum, bara í síðustu viku ef ég man rétt, benda til að verulegur árangur hefur náðst í þessum efnum. Var sagt frá því að tök stjórnvalda á þessu máli séu nú til sérstakrar skoðunar á Norðurlöndum og til þess að skoða sem fyrirmynd. Það eru þó ekki eingöngu þessar sýkingar sem hafa verið í gangi sem kalla á opnari reglur heldur eru einnig auknar kröfur í þjóðfélaginu og ekki síst hjá neytendum að matvæli uppfylli öryggiskröfur og matvæli séu í lagi og einnig hefur þetta verið samfara aukinni vitund þeirra sem eru í matvælaframleiðslu.

Með frv. er í fyrsta lagi verið að auka neytendavernd. Í öðru lagi að innleiða opnara og hreinskiptara kerfi til að bregðast við þegar mál fara af einhverjum ástæðum úrskeiðis og upp koma sýkingar í matvælaiðnaði sem geta verið skaðlegar mönnum. Í þriðja lagi má segja að verið sé að auka ábyrgð framleiðenda og dreifiaðila á vörum sínum.

Í frv. er sérstaklega tekið á nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi er tekið á þáttum sem snúa að fræðslu starfsfólks um meðferð matvæla þar sem gerðar eru auknar kröfur um þekkingu starfsfólks í matvælaiðnaði um meðhöndlun matvæla. Það er gert með því að ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeim sem starfa í þessum iðnaði verði gert að sækja námskeið um meðferð matvæla. Það varð að umræðuefni í ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér á undan og í andsvörum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur var einmitt þetta atriði tekið til umfjöllunar. Ég lít svo á að það séu hagsmunir fyrirtækjanna að hafa gæðamál sín í lagi. Eitt af því er að starfsfólkið, sem kemur að matvælaframleiðslunni, sé hæft til að takast á við þau verkefni. Það var verið að velta fyrir sér hver eigi að bera kostnaðinn af þessu.

Starfsmannavelta í þessum fyrirtækjum er verulega mikil og í hvert sinn sem komið er með fræðslu eða þekking fólks aukin er um leið tekið á því vandamáli sem starfsmannaveltan er. Um leið og fólk hefur meiri þekkingu á þeim störfum sem það sinnir, því meiri líkur eru á að það haldist í störfum. Skoðun mín er sú að það sé hluti af starfsemi fyrirtækjanna að sjá um þessa fræðslu. Hins má hugsa sér að starfsmenntasjóðir verkalýðsfélaganna taki þátt í greiðslu á kostnaði vegna slíkra námskeiða þannig að það séu tveir aðilar, verkalýðsfélögin og fyrirtækin sem koma að þessu.

Annað atriði sem frv. felur í sér er að það leiðir til aukinna forvarna. Það leiðir til að ábyrgð framleiðenda og dreifiaðila á matvöru í framleiðslu sinni eða vöru sem þeir dreifa er aukin samkvæmt 2. gr. frv. Þeim er gert að tilkynna til hlutaðeigandi stofnana verði þeir þess varir að vörur þeirra séu sýktar og feli í sér hættu á heilsustjóni. Þá er einnig sambærileg skylda sett á eftirlitsaðila og þá sem hafa matvælasýni til rannsóknar, m.a. í því skyni að skima örverur. Þessi þáttur, forvarnaþátturinn og aukin ábyrgð þessara aðila, er sérstaklega mikilvæg í ljósi þeirra matarsýkinga sem hafa átt sér stað á undanförnum árum og hún er í samræmi við nútímaleg viðhorf um opið samfélag og neytendavernd. Tilkynningarskylda þessara aðila er fyrst og fremst bundin við þær örverur sem eru tilkynningarskyldar samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga og geta valdið heilsutjóni. Frv. tekur á þessum þáttum en einnig á þeim þáttum að eftirlitsaðilum er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir matarsjúkdóma eða smithættu.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna atriði sem umsagnaraðilar gerðu mestar athugasemdir við og þá á ég sérstaklega við matvælafyrirtækin og rannsóknarstofur en þær voru mótfallnar því að sett væri skylda á rannsóknarstofur að tilkynna ef sýni sem þær eru með til rannsóknar séu athugaverð og þær þurfi að tilkynna það til hlutaðeigandi yfirvalda. Þetta var í raun helsta álitaefnið í nefndinni og við velktumst fram og aftur með þetta. Hérna erum við að tala um rannsóknaraðila sem eru með sýni til rannsóknar. Þetta geta ýmist verið einkaaðilar eða opinberir aðilar og þeir hafa oft sýni til rannsóknar samkvæmt sérstökum samningi við matvælaframleiðanda eða dreifiaðila. Þau sjónarmið komu fram hjá framleiðendum og dreifiaðilum að með þessu ákvæði væri verið að stefna í hættu trúnaði milli rannsóknarstofu og framleiðanda og jafnvel væri hætta á því að framleiðandi leitaði til erlendrar rannsóknarstofu um rannsóknir og þessir erlendu aðilar hefðu ekki sambærilegar skyldur og íslenskir aðilar sem gerði það að verkum að sýkingar af þessu tagi mundu ekki uppgötvast fyrr en í óefni væri komið. Jafnvel var látið að því liggja að framleiðandi mundi hætta eða öllu heldur draga úr rannsóknum og þeir teldu að ekki væri þörf á að rannsóknarstofur hefðu slíka tilkynningarskyldu þar sem innra eftirlitið í fyrirtækjum sé það öflugt og að tilkynningarskyldan ætti fyrst og fremst að vera hjá framleiðslufyrirtækinu eða dreififyrirtækinu sjálfu.

Við ræddum þetta fram og til baka og komust að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa rannsóknarstofur þarna inni sem aðila sem ætti að tilkynna en um leið töldum við að með því að setja þessa skyldu á rannsóknaraðilana værum við með engu móti að draga úr skyldu framleiðenda eða dreififyrirtækis að tilkynna um sýkingar í matvælum og þar lægi fyrst og fremst ábyrgðin.

Það sem okkur fannst hins vegar veigamest í þessu var að sýkingar af þessu tagi, sem varða sóttvarnalög varða almannahagsmuni, og er brýnt að tekið sé á þeim um leið og þær komast upp og má í rauninni segja að um þegnskyldu sé að ræða. Til samanburðar má nefna að dýralæknar og læknar hafa sambærilega skyldu til að tilkynna hættulegar sýkingar.

Okkur fannst líka að þetta væri í samræmi við nútímaleg vinnubrögð í matvælaiðnaði og neytendasjónarmið að allt sem snýr að öryggi í framleiðslu og dreifingu væri uppi á borðinu, það væri enginn feluleikur í gangi. Þetta væri allt saman uppi á borðinu og þyrfti að taka á því með þeim hætti að öllum aðilum, sem hafa einhverja nasasjón af því að framleiðslan sé ekki í lagi eða varan ekki í lagi, beri skylda til að koma þeim upplýsingum á framfæri með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Einnig komumst við að því að framleiðendur og dreifiaðilar þurfa að hlíta ákveðnum reglum um innra eftirlit, þar á meðal tíðni sýnatöku. Sú hætta sem framleiðendur töldu að væri fyrir hendi, að þeir mundu hætta að senda sýni til rannsóknar, væri ekki fyrir hendi vegna þess að eftirlitið og reglurnar eru þess eðlis að ekki væri hætta á slíku. Niðurstaða okkar var því sú að ekki væri hætta á að traust milli rannsóknaraðila og framleiðanda eða dreifiaðila yrði fyrir borð borið því að þarna væru bæði framleiðendur og þeir sem rannsaka sýni tilkynningarskyldir. Að sjálfsögðu væri meginábyrgðin áfram hjá framleiðanda hér eftir sem hingað til.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi ræða varðandi þetta frv.

um matvæli sem tekur á kampýlóbaktersýkingum. Eins og ég sagði í byrjun ræðu minnar virðist sem stjórnvöldum hafi tekist þokkalega til að ráðast gegn þessum vanda með þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar, fyrst með breytingu á sóttvarnalögum og síðan núna til að hnykkja á þessu atriði með breytingu á lögum um matvæli.

[16:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi geta þess til að fyrirbyggja allan misskilning að ég er sammála efnisinnihaldi frv. Ég tel að þær reglur sem verið er að setja séu af hinu góða og við þurfum mjög strangt og öflugt eftirlit með matvælum til að draga úr sýkingarhættu sem hefur verið mikið rædd á undanförnum tveimur árum. Ýmislegt hefur kannski orðið til þess að sýking í matvöru hefur verið heldur meiri en áður þekktist, hvort sem það er af því að matvælin hafi verið sýktari eða rannsóknirnar hafi verið öflugri þannig að við höfum betur gert okkur grein fyrir því hver staðan raunverulega er.

Hins vegar er það þannig að við erum með nokkur smærri og stærri matvælafyrirtæki sem búa nú við ýmsar álögur og eftirlitsgjöld sem þau þurfa að greiða og mjög flókið kerfi. Þau hafa mjög oft komið því á framfæri við ýmsar þingnefndir að samræma þyrfti þessa gjaldtöku og eftirlit. Það þyrfti að ganga þannig frá bæði varðandi starfsleyfisveitingar, eftirlit með starfseminni, ýmis þjónustugjöld og annað sem þeim er gert að innheimta eða greiða, að ein samræmd löggjöf væri í þessum efnum. Það má vel vera, ef heildarendurskoðun á löggjöf, sem bent er á í nefndarálitinu að þurfi að eiga sér stað í samræmi við þá löggjöf sem mun verða tekin í gildi á vegum Evrópusambandsins þegar ný matvælastofnun Evrópu verður til, að tekið verði tillit til þeirra skoðana sem hafa komið fram hjá matvælaframleiðendum sem eru æðimargir hér og sumir hverjir smáir. Þessi gjaldtaka er því verulegur baggi á mörgum fyrirtækjum. Þess vegna hefði mér fundist eðlilegt, og er ekkert endilega við störf nefndarinnar að sakast heldur kannski fyrst og fremst þá sem sjá um kostnaðarmat á viðkomandi frv. sem hér koma inn og ég hef áður nefnt, því þetta er ekkert einskorðað við frv. sem eru til umfjöllunar í þessari hv. nefnd, að það mætti fylgja með ítarlegt kostnaðarmat og að menn reyndu að gera sér grein fyrir því hvaða kostnað við erum að tala um, hvaða álögur við erum að tala um að verði lagðar á viðkomandi fyrirtæki. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að fyrr eða síðar fer þetta út í verðlagið á matvöru. Þegar við búum við það að verðlag sem hefur farið hækkandi á undanförnum mánuðum og reiknað er með að hækki enn frekar á næsta ári á innflutningi á öllum aðföngum hjá þessum fyrirtækjum, ef síðan koma þar til viðbótar ýmis eftirlitsgjöld eða gjöld sem þessari starfsemi er gert að greiða jafnframt því að standa fyrir námskeiðshaldi, getur þetta orðið þessum fyrirtækjum, sérstaklega minni fyrirtækjunum í matvælaiðnaði ofviða.

Hv. þm. Ásta Möller kom áðan inn á það að starfsmannaveltan hefði verið mjög mikil í í fyrirtækjum í matvælaiðnaðinum og það er alveg rétt. Það er m.a. vegna þess að laun í fyrirtækjum, sem starfa í matvælaiðnaði, eru afar lág og þess vegna er starfsmannaveltan svona mikil. Námskeið hlytu að gefa starfsmanni heldur hærri laun, meiri réttindi til launa sem gæti þá þýtt meiri launakostnað hjá viðkomandi fyrirtæki. Þetta eru þættir sem þarf að skoða mjög vel þegar Alþingi tekur ákvarðanir sem þessar.

Virðulegi forseti. Ég mun styðja þetta frv. Ég tel að það sé til bóta en ég held að í framtíðinni mættu hv. þm. og þingnefndirnar taka enn frekar til skoðunar þann kostnað sem frv. fela í sér, ekki eingöngu það sem snýr að ríkisútgjöldum eða hinu opinbera heldur og ekki síður það sem snýr beint að fyrirtækjum og getur farið beint út í verðlagið. Ég hef áður í ræðum í dag út af öðrum málum nefnt að skuldastaða heimilanna fer síversnandi. Miðað við þá spá sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út er reiknað með því að staða fjölskyldufólks fari versnandi á næsta ári. Ef við erum síðan að afgreiða frá okkur frv., sem mun koma fram í hærra matvöruverði á íslenskri framleiðslu, er það auðvitað nokkuð sem við þurfum að taka til rækilegrar skoðunar. Ég ítreka einnig að mikil nauðsyn er á því að samræma í eina heildarlöggjöf alla slíka eftirlitsstarfsemi. Það er nánast óþolandi að þetta falli undir fleiri en eitt ráðuneyti og menn verða að ná um það samkomulagi hvernig með það skuli farið. Mig minnir að varaþingmaður, Katrín Andrésdóttir dýralæknir, hafi lagt til að búið yrði til eitt sérstakt ráðuneyti, matvælaráðuneyti og þá mundi þetta eftirlit að sjálfsögðu falla undir það ráðuneyti og hægt væri að vera með samræmt eftirlit. Eins og fyrirkomulagið er í dag er það óhagkvæmt. Það er dýrara í framkvæmd og hætta á því að um misræmi á milli einstakra greina innan matvælaiðnaðar sé að ræða þegar fyrirkomulagið er með þeim hætti sem við búum við í dag. Ég vildi því, virðulegi forseti, aðeins hvetja til þess að í framtíðinni legðum við mikla vinnu í þá kostnaðaráttekt sem þarf að fylgja þegar við erum að setja álögur á íslenskan iðnað og íslensk fyrirtæki sem getur farið beint út í verðlagið og bitnað illa á fjölskyldum landsins.

[17:06]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig er ég ekki ósammála hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og ég vil þakka henni ábendingarnar. Ég tek undir það að í þingnefndum megi skoða vel og jafnvel betur þann kostnað sem kemur til með að falla á fyrirtæki við breytingar á lögum. Ég tel að við mundum reyna að gera það í umhvn. þegar kemur til endurskoðunar á þessum lögum á næsta ári að ég geri ráð fyrir.

Það er náttúrlega kominn heilmikill eftirlitsiðnaður. Við vitum og sjáum alveg fyrir okkur að það er töluvert flókið að færa þetta undir kannski einn hatt því að við erum með margs konar lög um heilbrigðisfulltrúa, dýralækna, sóttvarnalög o.s.frv. og þetta heyrir undir marga mismunandi ráðherra. Auðvitað er best að einfalda þetta ef þess er nokkur kostur og sjálfsagt að skoða það í framhaldi af þessari umræðu og ég þakka hv. þm. fyrir hana.

[17:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir þetta nál. en vil gera grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég tel að þarna sé verið að gera hluti sem eru ótvírætt til bóta en auðvitað hefðu þeir kannski þurft að vera svolítið betur og nákvæmar undirbúnir. Það er alveg rétt. Það er t.d. ekkert útfært í þeim hugmyndum sem voru settar þarna fram og nefndin fjallaði um hve langt yrði gengið í því að setja kröfur um námskeið. Það kom meira að segja fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að ekki væri endilega víst að settar yrðu reglur um námskeið í öllum tilvikum.

Það er að sumu leyti þess vegna sem það stendur í greinargerð nefndarinnar að hún leggur áherslu á að settar verði reglur um námskeið. En það er heldur ekki nóg. Engin aðstaða var til þess fyrir nefndina að gera sér neina grein fyrir því hve langt yrði gengið í því. Það er mikil vinna að fara

yfir það hvaða starfsmenn á að skylda til að setja á námskeið. Þess vegna mun sá kostnaður aldrei geta legið fyrir fyrr en eftir verulega skoðun á málinu í heild og fyrst og fremst hve langt verði gengið í þeim kröfum sem verða gerðar til þess að starfsmenn, dreifingaraðilar og framleiðsluaðilar fari á námskeið.

Ég held þess vegna að niðurstaða nefndarinnar sé mjög eðlileg miðað við það sem hún hafði í höndunum. Ég tek fullkomlega undir það sem hér er verið að gera hvað þetta varðar. En ég er á þeirri skoðun að kannski hefði verið rétt að ganga aðeins lengra hvað varðar ráðherrana að gera þetta að skyldu en samt sem áður hefðum við ekki getað skorið úr um það hve langt yrði gengið því að það hefði þá verið skylda ráðherrans að láta vinna það verkefni. En þetta er heimildaákvæði og viðkomandi ráðherrar, annaðhvort allir, einn af þeim eða tveir, gætu svo sem sett reglugerð. Við vitum ekki hve langt verður gengið en tilmælin liggja fyrir í greinargerð nefndarinnar.

Ég ætlaði svo að vekja athygli á b-lið 1. gr. Ég benti á það í nefndinni og vil að það komi fram að ég tel að hann hafi ekkert erindi inn í lagatexta. Þetta eru góðfúslegar óskir um hvernig menn eigi að starfa. Ég held að það liggi fyrir annars staðar hvernig þeir eigi að starfa og það eigi ævinlega að reyna að hafa lagatextann þannig að hann sé skýr, hann bæti við einhverjum heimildum eða skyldum á hendur þeirra sem hann á við um en hann sé ekki almennar óskir um að eitthvað sé betra en það er. Þess vegna finnst mér að b-liðurinn hefði ekkert átt að vera þarna vegna þess að ég tel að allir eftirlitsaðilarnir, sem þetta á við um, hafi réttindi og skyldur til þess að gera það sem stendur í b-lið.

Um 2. gr. vil ég segja að það var kannski aðalverkefnið og aðalspurningarmerkin í umfjöllun nefndarinnar hvað við ættum að gera við 2. gr. Niðurstaðan varð sú að sú skylda að tilkynna hlutaðeigandi stofnunum um sýkingar væri alfarið á rannsóknaraðilunum. Við fengum athugasemdir bæði frá framleiðendum, dreifingaraðilum og rannsóknarstofnunum um að þarna væri of langt gengið. En eftir góða yfirferð í nefndinni var það samdóma niðurstaða nefndarmanna að svona langt skyldi gengið að gera þessa kröfu og er þar verið að setja hagsmuni neytandans algerlega fram fyrir hagsmuni sem menn voru að leiða þarna fram sem hefur svo sem verið lýst í ræðum hér á undan. Hv. þm. Ásta Möller kom því ágætlega til skila í ræðu áðan hvernig þessi mál eru vaxin og að menn hafi verið með athugasemdir um að hugsanlegt sé að það muni draga úr eftirliti ef einhver fyrirtæki séu að gera betur en þau séu skyldug til þá sé hugsanlegt að það dragi úr eftirliti ef þessi tilkynningarskylda sé með svo einboðnum hætti eins og þarna er sett fram. Ég hef sæmilegar vonir um að það muni ekki gerast því mér finnst að það hafi komið fram líka í umfjöllun nefndarinnar að það sé kannski ástæðulaus ótti að nokkuð dragi úr eftirliti. Ég held líka að almenn umræða í þjóðfélaginu um þessi mál og þeir atburðir sem hafa gerst undanfarið ýti undir það. Ég held að fyrirtækin séu líka tilbúin til að fjárfesta í góðu orðspori og þau gera það með góðu eftirliti. Ég er á þeirri skoðun að þarna hafi líka verið tekin rétt ákvörðun og ætla svo sem ekki að bæta neinu meiru við ræðu mína. Ég er stuðningsmaður málsins og mun greiða því atkvæði og skrifaði undir nefndarálitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226, nál. 445, 446 og 471.

[17:14]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 445 frá meiri hluta sjútvn.

Nefndarálitið er vegna frv. þar sem lagt er til að gildistími laga nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, verði framlengdur um eitt ár svo að þau gildi fyrir árið 2001, þ.e. næsta ár, en annars hefðu þau fallið úr gildi um næstu áramót.

Ráðgert er að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna fari fram samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða og allir þekkja. Vegna þess að slík heildarendurskoðun stendur yfir er ekki talin ástæða til að taka þessi lög upp sérstaklega núna. Um þetta eru hagsmunaaðilar sem hafa komið á fund nefndarinnar að langmestu leyti sammála.

Á árinu var gerð sú breyting á lögum nr. 38/1998 að af skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað var heimilt að framselja aflahámark án takmarkana. Þetta hefur m.a. haft þau áhrif að framsal á þessu ári var 31,2% en var 11,6% á síðasta ári. Ef við skoðum tonnafjöldann þá var tilflutningurinn í fyrra rúm 23 þús. tonn en 60.600 á þessu ári þannig að óhætt er að segja að áhrif lagasetningarinnar hafi verið allmikil.

Það er líka ljóst að heilmikil breyting er að verða í þeim flota sem hefur stundað þessar veiðar. Fram kom í máli þeirra sem heimsóttu sjútvn. að menn höfðu gert ráð fyrir því í upphafi að þegar þessi stofn gengi meira inn í íslenska landhelgi yrðu veiðarnar stundaðar af minni bátum. Reynslan hefur ekki orðið sú. Heilmikil þróun hefur orðið í þessari veiði. Í staðinn fyrir gamla báta hafa verið að koma stærri skip og þau skip hafa verið betur útbúin fyrir nótaveiðina og meðhöndlun á afla nótaveiðiskipa, þ.e. með sjókælitönkum og annars konar útbúnaði til að fara betur með aflann í því skyni að gera sér meiri mat úr honum og gera það að verkum að hægt sé að vinna hann til manneldis í stað þess að bræða hann eða vinna með öðrum hætti.

Þetta hefur líka haft þau áhrif, sem við vekjum athygli á í nál., að þessar breytingar, þ.e. að stærri skip hafa komið í stað hinna minni hafa haft áhrif á úthlutun á síldarkvótanum til þeirra báta sem fyrir eru.

Í reglunum í dag er gert ráð fyrir að hluti af úthlutunum til þessara skipa ráðist af stærð skipanna. Þess vegna er augljóst mál að þegar stærri skip koma í staðinn fyrir hin minni hefur það þau áhrif til lengri tíma litið að smám saman nagast af kvóta þeirra skipa sem fyrir eru í þessum flota. Þess vegna er mjög mikilvægt að ljúka þessari endurskoðun þannig að slíkri óvissu linni. Það er t.d. ljóst að á þessu ári eru að koma fimm til sex skip sem væntanlega verða þá þátttakendur í síldveiðinni á næsta ári. Auðvitað þurfa önnur skip að hverfa frá veiðinni í staðinn en það er almennt talað um minni skip og þess vegna mun það hafa áhrif á úthlutun kvótans á næsta ári þó ekkert annað gerist. Þess vegna er mikilvægt að því verði örugglega lokið á næsta ári að endurskoða kvótareglurnar þannig að þessari óvissu linni. Þar fyrir utan er nánast

óviðunandi að menn séu óvarðir í þeim skilningi að hægt sé að ganga á kvóta þeirra með þessum hætti.

Sjútvn. aflaði sér upplýsinga um ráðstöfun afla íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995–2000. Þær fylgja með á sérstöku fskj. Athyglisvert er að skoða þessa þróun. Almennt má segja að talsvert mikil breyting hafi orðið á þessu ári. Meira er fryst af síld en áður var úr þessum stofni. Hins vegar er ekkert saltað. Í þessu sambandi er mikilvægast að hafa það í huga að í þessu skiptir göngumynstur síldarinnar mestu máli. Við sjáum líka að síldin var nánast eingöngu veidd í júnímánuði en nánast ekkert í maímánuði. Það var þó aðalveiðimánuðurinn framan af því tímabili sem við höfðum til skoðunar.

Þetta hafði það í för með sér að breytt göngumynstur síldarinnar, síldin hélt sig utar, varð til þess að meira var siglt með afla og hann seldur í Noregi á almennum fiskmörkuðum eða til verkenda þar í landi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, að það er auðvitað ekki bara stjórnkerfi veiðanna sem ræður því hvernig aflanum er ráðstafað. Það er líka göngumynstrið og það sem menn hafa upp á síðkastið kallað veiðanleika sem er nýtt orð í þessari umræðu. Það hefur heilmikið um það að segja hvernig aflanum er ráðstafað. Ef hann kemur seinna á árinu þá er síldin feitari og gengur betur til manneldis að öllu jöfnu. En þá verður það líka að vera þannig að hún sé nær landi svo hún skemmist ekki í meðhöndlun en bætt aðstaða um borð í síldarbátum hefur vissulega gert það að verkum að menn eiga auðveldara með þetta en áður.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða fyrir okkur sem að þessu nál. stöndum að hafa fleiri orð um þetta. Þetta er í sjálfu sér tiltölulega einfalt frv. og eingöngu um það að ræða að framlengja gildistöku laganna um eitt ár meðan menn komast að niðurstöðu um hvernig eigi að skipa þessum málum til framtíðar. Ég tel að ástæða sé til að leggja á það áherslu, eins og ég hef verið að gera, að hægt sé að ljúka þessari endurskoðun á næsta ári þannig að menn sjái fram í tímann og hvaða aðstæður þeim verða búnar á næstu árum.

[17:21]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir áliti 1. minni hluta sjútvn. um það frv. sem við ræðum hér, sem er í raun bara frestunarákvæðisfrv., um að lögin standi óbreytt til eins árs.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laganna verði framlengdur um eitt ár án breytinga. Að tillögu sjávarútvegsráðherra var sl. vor gerð sú breyting á lögum nr. 38/1998 að skipum sem stunduðu síldveiðar árin 1995, 1996 og 1997 eða skipum sem hafa komið í þeirra stað var heimilað að framselja aflahámark sitt án takmarkana. Tilgangur þessa ákvæðis átti að vera að tryggja betur en áður að úthlutaðar aflaheimildir í norsk-íslensku síldinni veiddust að fullu. Að sönnu hefur framsal aukist úr 11,6% á síðasta ári í 31,2% á þessu ári. Það tókst sem sagt að auka kvótabraskið við veiðar á norsk-íslensku síldinni. Önnur markmið með auknu framsali virðast ekki hafa náðst. Heildarveiðin var minni en árið á undan, samanber það að árið 1999 var úthlutað aflahámark 202.000 tonn en það ár varð heildarveiðin 203.493 tonn eða rétt umfram aflamarkið. Allur kvótinn var veiddur. Í ár var úthlutað 194.230 tonnum en aðeins 185.642 tonn veiddust eftir að kvótaframsalið var frjálst.

Árið 1999 var landað innan lands 203.493 tonnum, eða öllu sem veiðarnar gáfu, en árið 2000 var 165.399 tonnum landað hérlendis en 20.243 tonnum erlendis. Mest var saltað af norsk-íslensku síldinni árið 1998, alls 537 tonnum, 24 tonn fóru í söltun 1999 en ekkert árið 2000. Mest var sjófryst árið 1998, 1.797 tonn, en aðeins 138 tonn árið 2000. Þróun veiðanna sl. fjögur ár hefur verið sú að allt frá 1997 hefur veiðin í júní farið vaxandi en minnkað að sama skapi í maí.

Veiðarnar hafa þróast sem hér segir:

Í maí 1997 voru veidd 184.719 tonn eða bróðurparturinn af öllum kvótanum en í júní aðeins 25.522 tonn. Árið 1998 voru veidd 95.274 tonn í maí en heldur þó meira í júní eða 97.337 tonn. Verulegur tilflutningur var sem sagt yfir í júnímánuð á árinu 1998. Á árinu 1999 voru tæp 55.700 tonn veidd í maí en rúm 147.800 tonn í júní. Þá var mestur tilflutningur frá maí yfir í júní. Á árinu 2000, ári hins frjálsa framsals, voru veidd 2.198 tonn í maí og 166.174 tonn í júní.

Þessi þróun síldveiðanna úr norsk-íslenska stofninum hefur að sjálfsögðu að hluta orðið vegna breytinga á göngum síldarinnar en einnig vegna þess að síldin fitnar þegar líður fram á sumarið og verður þar með afurðameira hráefni og ætti þar með að auka verðmæti og þar með það verð sem útgerð og sjómenn fá fyrir aflann.

Júníveiðarnar jukust mest 1997–1998 eða um 72.485 tonn og síðan aftur 1998–1999, eða um 50.465 tonn, en minnst var aukningin eftir að frjálsa framsalið var leyft 1999–2000, eða um 17.372 tonn. Sýnilegur árangur af breytingunni er því enginn. Árið 2000 veiddust ekki tæp 9.000 tonn af kvótanum en aftur allur kvótinn árið 1999, með takmörkuðu framsali. Til erlendrar fiskvinnslu var landað rúmlega 20.000 tonnum árið 2000 en engu 1999.

Þessar staðreyndir benda ekki til þess að atvinna og verðmætasköpun innan lands hafi aukist við breytinguna yfir í frjálst framsal aflamarks í norsk-íslensku síldveiðunum.

Sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir við breytingu á lögunum að „markmiðið væri að ná öll um kvótanum“ með breytingunni yfir í frjálst framsal. Það hefur ekki tekist eins og staðreyndir málsins sanna. Lagabreytingin var því óþörf og einu rökin sem eftir standa nú eru að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur yfir.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Undir þetta álit skrifar sá sem hér stendur.

Ég sé ekki ástæðu til að greiða þessu máli atkvæði og mun sitja hjá við afgreiðslu þess. Það er alveg ljóst að sá tilgangur sem boðaður var með lagabreytingunni af hæstv. sjútvrh. hefur ekki náðst. Ekki hafa orðið neinar aðrar breytingar en þær að framsalið hefur margfaldast. Ef það var eini tilgangurinn að auka framsalið en ná engum öðrum markmiðum eins og hér var lýst í ræðum þegar mælt var fyrir þessu frv. þá sitja menn bara uppi með það.

[17:28]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í 3. gr. laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, nr. 38/1998, segir að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur sjávarútvegsráðherra lagt til með frumvarpi að lögin um norsk-íslenska síldarstofninn verði áfram í gildi. Frestun þess að leggja fram nýtt frumvarp um veiðarnar byggir hann á þeirri forsendu að sú efnislega endurskoðun sem mælt er fyrir um í 3. gr. laganna verði framkvæmd samhliða heildstæðri endurskoðun sem nú er unnið að á lögum um stjórn fiskveiða

á vegum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um stjórn fiskveiða. Norsk-íslenski síldarstofninn er hins vegar deilistofn og ættu veiðarnar því að fara fram skv. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þingmenn Samfylkingarinnar leggja til, í sérstöku frumvarpi, sbr. þskj. 429, 330. mál, breytingar á 5. gr. þeirra laga til samræmis við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda í lögunum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í framför eftir langvarandi lægð. Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Vegna þess hve langur tími leið frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum var ekki á veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem tekið hefur þátt í veiðunum. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, hafa flest horfið úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra eru hættar störfum. Það fyrirkomulag sem gilt hefur við veiðarnar á undanförnum árum hefur verið til bráðabirgða, samanber fyrrgreint ákvæði 3. gr. laga nr. 38/1998, að sjútvrh. skuli fyrir 1. nóvember 2000 leggja fyrir Alþingi frv. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Bráðabirgðaástandi varðandi fyrirkomulag veiðanna var heldur ekki ætlað að skapa grunn að fastri aflahlutdeild, samanber álit meiri hluta sjútvn. við afgreiðslu frv. til laga um veiðar utan lögsögu, 57. mál á 121. þingi, þar sem segir í nál. meiri hlutans:

„Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild."

Ástæða þykir til að árétta þetta því útvegsmenn virðast almennt ganga að því sem vísu að þeir séu að ávinna sér rétt til úthlutunar samkvæmt veiðireynslu þegar þar að kemur. Það hefur víða komið fram að menn hafi í raun eytt miklum fjármunum í jafnvel óarðbærar veiðar vegna þess að þeir telji sig þannig vinna sér inn veiðiréttindi þó að hér liggi fyrir í umfjöllun Alþingis að slíku hafi ekki verið til að dreifa og hafi ekki verið afstaða manna á hv. Alþingi þegar þessi mál voru til umræðu.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar telur að löngu sé tímabært að skipa þessum málum til frambúðar og skapa veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum lagaramma og starfsumhverfi þannig að útgerðir þeirra viti að hverju þær ganga. Skoðun 2. minni hluta er að um veiðarnar eigi að gilda lögin um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, og að veiðarnar verði boðnar út. Þessi stefna er í samræmi við þá stefnu Samfylkingarinnar að bjóða eigi út nýtingu takmarkaðra gæða sem eru í þjóðareign eða þjóðarforsjá.

Annar minni hluti mun því ekki styðja frumvarp sjávarútvegsráðherra um framlengingu gildandi laga.

Ég vil svo taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni í ræðu hans áðan. Þau markmið sem menn settu sér með reglum um framsal aflaheimilda hafa alls ekki náðst og síður en svo að framsalið hafi aukið verðmætasköpun í þessari grein, því miður.

Ég vil til viðbótar segja að mér finnst sérstök ástæða til að vekja athygli á því að þegar menn ræða um réttindi manna til að nýta sér auðlind eins og þessa fiskstofna um ókomin ár er að mínu viti algerlega óviðunandi að stefna eigi að því að rétturinn til að nýta þennan stofn eigi að byggjast á útgerðum fáeinna skipa yfir tiltekið tímabil og í framtíðinni eigi síðan að stefna að því, eins og greinilegt er að meiri hlutinn gerir og þeirri stefnu hefur almennt verið haldið gagnvart sjávarútveginum, að þeir sem nýta þessa auðlind núna eigi að eignast réttinn til að nýta hana hve stór sem þessi stofn gæti orðið. Hver segir að þessi stofn geti ekki vaxið meira en hann hefur þegar gert?

Það er algerlega óviðunandi að þjóðarauðlind eins og þessi eigi að verða handa einhverjum örfáum og ekki sé einu sinni haft fyrir því lengur að rökstyðja það með veiðum eða nýtingu til lengri tíma heldur nægi að rökstyðja það með því að menn hafi veitt tiltekið hlutfall úr stofninum meðan hann var svona stór og það skuli síðan eiga að vera röksemd fyrir því að í einhverri langri framtíð eigi menn þennan stofn í hlutfalli við þá nýtingu sem þá var til staðar. Ef þetta er ekki að færa mönnum þjóðarauðlind á silfurfati þá veit ég ekki hvað það er.

Þess vegna vil ég gera þetta að lokaorðum mínum: Sú stefna sem ævinlega skín í gegnum alla umræðu um aðganginn að auðlindinni hjá þeim sem hafa haldið uppi þeirri stefnu sem gilt hefur fyrir stjórn fiskveiða er algerlega fráleit. Það er fráleitt að menn í útgerð eigi að eiga aðganginn að auðlindinni með þeim hætti sem er og svo greinilega er stefnt að af hendi meiri hlutans hvað varðar síldina eins og allt annað.

[17:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum með síðari breytingum.

Ég vil í örstuttu máli skýra frá því að eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf., Guðjóns A. Kristjánssonar, er ég áheyrnarfulltrúi í sjútvn. Ég er samþykkur því minnihlutaáliti sem hann setti fram og vil árétta að við vorum báðir andvígir því að þessi lög væru sett á síðasta ári. Við þóttumst sjá fyrir að framhald yrði á því á þessu ári.

Það ber að nefna, virðulegi forseti, að nú er að störfum nefnd að endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Það er ein ástæðan fyrir því að við töldum að ekkert hastaði að fara í þessa lagasetningu. Ég harma að menn skuli hafa farið í þessa lagasetningu hvað varðar norsk-íslenska síldarstofninn. Þrátt fyrir drauma manna um að síldin komi inn í íslensku lögsöguna hefur það ekki orðið og þannig mætti líta á stofninn sem úthafsstofn eins og aðra úthafsstofna sem við nýtum. Ég árétta hins vegar að auðvitað er draumurinn sá að norsk-íslenska síldin komi inn í lögsöguna á seinni stigum.

Ég vil ítreka að ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins og atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námsmatsstofnun, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 183, nál. 451, brtt. 452.

[17:39]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. um frv. til laga um Námsmatsstofnun frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til viðræðna um það og einnig bárust nefndinni umsagnir sem komu að góðu gagni við umfjöllun málsins.

Með frv. fer fram endurskoðun á lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, nr. 76/1993, í samræmi við breytingar sem orðið hafa á síðustu árum á löggjöf á sviði menntamála. Í frv. er lagt til að heiti Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt í Námsmatsstofnun og hlutverki hennar breytt þannig að hún annist hluta þeirra verkefna sem unnin hafa verið á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Lagt er til að lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar á meðal samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Gert er ráð fyrir að aðrar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála færist til háskóla landsins en innan þriggja þeirra er unnið að rannsóknum á því sviði. Við umfjöllun málsins kom fram að rannsóknir í háskólum eru mjög að eflast og breytingin því til þess fallin að styrkja þá í því starfi. Nefndin vill þó taka fram að mikilvægt er að áfram verði lögð áhersla á þann þátt rannsókna sem snýr að námsmati hjá Námsmatsstofnun þrátt fyrir breytingar á hlutverki hennar og telur nefndin afar brýnt að hún hafi möguleika á að vinna úr niðurstöðum samanburðarrannsókna við útlönd.

Varðandi umfang stofnunarinnar kom fram í máli fulltrúa menntmrn. að ekki væri búist við því að umsvif stofnunarinnar ykjust verulega við breytinguna. Prófadeildin, sem er umfangsmesta deildin, mundi líklega stækka enn frekar vegna fyrirhugaðra samræmdra prófa í framhaldsskólum. Að öðru leyti yrðu umsvif stofnunarinnar ekki meiri en verið hefur.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að forstöðumaður stofnunarinnar þurfi að uppfylla nein hæfnisskilyrði. Ræddi nefndin það nokkuð og varð niðurstaðan sú að leggja til breytingu við frv. þannig að gerðar yrðu svipaðar hæfniskröfur til forstöðumannsins og gerðar eru til háskólakennara en þó er ekki gert ráð fyrir dómnefnd við valið. Felur brtt. nefndarinnar í sér að forstöðumaður skuli hafa lokið meistaraprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Í 6. gr. frv. er að finna mjög almenna reglugerðarheimild. Að mati nefndarinnar er einungis þörf á reglugerðarheimild við 2. gr. frv. þar sem fjallað er um verkefni stofnunarinnar og leggur nefndin til breytingu í samræmi við það.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ásamt þeirri sem hér stendur rita eftirtaldir þingmenn undir nefndarálitið: Árni Johnsen, Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara, Ólafur Örn Haraldsson, Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Tómas Ingi Olrich og Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

[17:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns menntmn. skrifa ég undir þetta nefndarálit sem hér er til umfjöllunar með fyrirvara. Fyrirvari minn helgast fyrst og fremst af því að ég tel rannsóknarþátt í starfi stofnunarinnar verða út undan við þessa afgreiðslu. Lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar frá því sem var þegar stofnunin hét Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála yrði í sjálfu sér skert, þ.e. verksvið stofnunarinnar og hún gerð að hluta til ekki vanhæf en síður hæf til að gegna því hlutverki sem henni er þó ætlað.

Það sem ég vil ítreka í þessu máli, herra forseti, er að eins og fram kemur í nefndarálitinu er gert ráð fyrir því að aðrar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála séu þær sem Rannsóknastofnun menntamála hefur hingað til annast og aðrar rannsóknir en samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum fari til háskóla landsins því að innan þriggja þeirra sé unnið að rannsóknum á því sviði. Þetta er auðvitað satt, herra forseti, en við skulum ekki gleyma því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur sinnt rannsóknarþætti háskólanna hingað til. Allir háskólar okkar búa við minna fjármagn til rannsókna en þeir telja nauðsynlegt. Ég sé því ekki að þessu rannsóknahlutverki sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur hingað til séð um verði fyrir komið hjá háskólanum án þess að því fylgi fé.

Við 1. umr. um þetta frv. ræddi ég um umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. og gerði athugasemd við hana. Fjárlagaskrifstofa fjmrn. telur að frv. hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum. Tvennt í þessu finnst mér skorta á varðandi umsögn fjárlagaskrifstofu. Í fyrsta lagi er verið að fjölga samræmdum prófum sem þýðir að rannsóknir vegna prófa og námsmat kemur til með að aukast. Þar af leiðandi verður umfang Námsmatsstofnunar meira en Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála að þessu leyti. Sömuleiðis hvað varðar rannsóknarþáttinn er greinilegt að það á ekki að koma aukið fé til þeirra þátta sem mér sýnist að geti þá kostað það að hluti nauðsynlegra rannsókna verði ekki gerður.

Varðandi brtt. sem fyrir liggja á þskj. 452 þá lýsi ég mig fyllilega sammála þeim. Ég tel mig þá hafa gert grein fyrir fyrirvara mínum við þetta mál.

[17:46]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem er til umræðu er fyrst og fremst samið upp úr og byggt á niðurstöðum álitsgerðar stýrihóps menntmrh. um mat á starfsemi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Í þeirri samantekt kemur m.a. fram það álit að setja eigi ný lög um stofnunina sem taki mið af nýjum viðhorfum í stjórnsýslu og breyttu hlutverki stofnunarinnar innan nýrra laga um grunnskóla og framhaldsskóla og að treysta beri sjálfstæði stofnunarinnar og skipa henni stjórn. Stofnunin eigi að leggja megináherslu á hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í próffræði, samræmd próf, mat á námsárangri og rannsóknir, sem bera árangur skólastarfs hér saman við árangur í öðrum löndum, og til að nýta gögn, yfirsýn og reynslu stofnunarinnar og viðhalda færni sérfræðinga hennar gæti stofnunin stundað alhliða rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála í samvinnu við háskólastofnanir hér á landi og erlendar rannsóknastofnanir og tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um þær. Í þriðja lagi er ein af meginniðurstöðum

þessarar álitsgerðar að stofnunin eigi að aðstoða fræðsluyfirvöld í heildarmati á skólastarfi í samvinnu við háskóla og aðrar stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum, og svo eru þarna nokkur atriði til viðbótar.

Segja má að frv. fylgi nokkuð álitsgerðinni en þó ekki alveg, t.d. stendur í álitsgerðinni að til að nýta gögn, yfirsýn og reynslu stofnunarinnar og viðhalda færni sérfræðinga hennar geti stofnunin stundað alhliða rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála en ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt frv.

Þessi lög hafa verið löguð að því sem framkvæmdin hefur verið. Að nokkru leyti má segja að þau hafi verið löguð að því. Í gömlu lögunum stóð: „Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun er heyrir undir menntamálaráðherra."

Hér virðist hafa verið stefnt á nokkurs konar „universitas" en raunar hefur stofnunin aldrei starfað sem slík heldur hefur hún annast framkvæmd samræmdra prófa á grunnskólastigi hingað til og annast alls konar samanburð, t.d. hefur hún séð um þátttöku okkar í erlendum rannsóknum. Í 1. gr. laganna núna stendur einmitt: „Hlutverk stofnunarinnar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi, svo sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám, auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna sem tengjast því svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum."

Þarna er líka komin til sögunnar önnur ástæðan sem er fyrir því að þessi nýju lög eru sett og endurskoðun á hlutverki þessarar stofnunar, þ.e. ný lög um framhaldsskóla sem gera ráð fyrir samræmdum prófum á framhaldsskólastigi.

2. gr. laganna gerir ráð fyrir að megináherslurnar verði á prófagerð og námsmati í starfi stofnunarinnar, og þar er tekinn út með því sem sagt er í athugasemdum við 2. gr. frv. sá þáttur sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála var ætlað að annast samkvæmt gömlu lögunum, þ.e. eftirlit með skólastarfi í landinu. Það er tekið fram í athugasemdum við 2. gr. að það sé hér eftir á ábyrgð menntmrn. „sem hefur komið á laggirnar sérstakri mats- og eftirlitsdeild, auk þess sem ráðuneytið hefur staðið að útgáfu námskráa án beinnar aðildar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála". Þetta líst ekki öllum jafnvel á og t.d. kemur fram í umsögn eða greinargerð sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sendi um frv. að hér sé lögð til stærri breyting en marga grunar. „Heildarmat á stöðu menntamála í landinu er best fyrir komið" — segir í þessu áliti — „hjá sjálfstæðri vísindalegri stofnun. Það er óhjákvæmilegt við slíka heildarúttekt að allir þættir sem hafa áhrif á afrakstur og gæði menntunar í landinu séu teknir með, þar á meðal mat á ýmsum stjórnvaldsákvörðunum. Stjórnvald getur ekki stundað trúverðugt mat á sjálfu sér. Það sjá líklega flestir" — segir í álitsgerð stofnunarinnar.

Þeir bæta við að sérstök mats- og eftirlitsnefnd í menntmrn. sé mikilvæg með hliðsjón af breyttri skipan skólakerfisins. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hafi átt gott samstarf við þessa deild menntmrn. og telji tilvist hennar ótvírætt til bóta. Aftur á móti sé ólíklegt að fram fari víðtækar rannsóknir á skólakerfinu á vegum þessarar deildar. Þvert á móti þurfi að vera til staðar öflug rannsóknastofnun sem geti mætt þörfum hennar á vönduðum rannsóknum og margvíslegum upplýsingum um skólakerfið. Til að svo geti orðið verði fastar fjárveitingar til rannsókna við Námsmatsstofnun að vera tryggðar.

Það kemur sem sagt ákaflega vel í ljós í þessu sjálfsmati Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála að þeir eru ósáttir við þann hluta frv. sem tekur til rannsóknanna og telja að þeirra hlutur eigi að vera samkvæmt lögum meiri en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Varðandi 3. gr. laganna varð mikil umræða í nefndinni vegna þess að þar var samkvæmt því sem frv. gerði ráð fyrir ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum kröfum um menntun og eftir ítarlegar umræður í nefndinni var ákveðið og um það voru allir nefndarmenn sammála að bera fram brtt. um að gera svipaðar hæfniskröfur til forstöðumannsins og eru gerðar til háskólakennara en þó þannig að ekki er gert ráð fyrir dómnefnd við valið. Um þessa brtt. er alger samstaða í nefndinni.

Ýmislegt kom fram hjá þeim sem voru kallaðir til umsagnar til nefndarinnar og t.d. bentu nokkir á að ákvæði vantaði í lögin um reglubundna úttekt á stofnuninni. Fólki fannst ekki rétt að samþykkja þessi lög öðruvísi en að þar kæmi inn breyting hvað þetta varðar. Einnig er bent á að ákvæði vantaði um nánara samstarf við háskólastigið og ýmsir umsagnaraðilar töldu að það mundi vera til bóta ef sú breyting kæmi inn í lögin en það varð ekki niðurstaða nefndarinnar.

Eins og ég sagði kom það mjög greinilega fram bæði í þessari álitsgerð og einnig þegar forstöðumaðurinn kom til nefndarinnar að þeir voru ekki mjög upprifnir yfir þessum nýju lögum að öllu leyti en þó tóku þeir alltaf sérstaklega fram að þeir væru mjög jákvæðir varðandi nýtt hlutverk stofnunarinnar að ýmsu leyti en átöldu að það þyrfti reglur eða lög um fastar fjárveitingar, voru ekki ánægðir með að þetta væri bara bundið við fjölda prófa og einnig gerðu þeir veigamikinn ágreining við þennan tilflutning á rannsóknaþættinum.

Það kemur fram að fjmrn. gerir ekki ráð fyrir að sú áherslu- og nafnbreyting sem felst í frv. hafi áhrif á útgjöld ríkisins. Eiginlega má segja að þarna liggi meginágreiningur minn við þetta frv. vegna þess að mér finnst að ef gert er ráð fyrir því að rannsóknaþátturinn, sem var áður gert ráð fyrir að væri hjá þessari stofnun, sem býr núna við mjög skertar fjárveitingar og í rauninni annað hlutverk, miklu þrengra hlutverk en hún hafði áður, flytjist til háskólastofnana þá hafi það komið mjög greinilega fram í viðræðum við hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins að hann geri ekki ráð fyrir að háskólar fái auknar fjárveitingar af þessu tilefni. Ég verð að segja að eftir því sem ég tel mig vita best er rannsóknastarfsemi háskólanna svo þröngur stakkur skorinn eins og málum er háttað í dag að varla er hægt að bæta á þá miklum rannsóknaverkefnum sem er ekki gert ráð fyrir að hafi neinn viðbótarkostnað í för með sér sem greiðist þá af ráðuneytunum. Í því liggur meginfyrirvari minn við þetta frv.

Þetta kemur líka fram í umsögn Háskólans á Akureyri þar sem þeir segja:

„Í umsögn fjármálaráðuneytis er sagt að sú breyting sem frumvarpið kveður á um hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins, þau ráðist af fjölda og umfangi samræmdra prófa." — Og þeir segja hér: — „Þetta er eðlilegt en ekki má gleyma því að hin nýja stofnun hefur rannsóknahlutverk og útgjöld ríkisins hljóta að stjórnast af því líka."

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni. Ég hef gert grein fyrir í hverju fyrirvari minn við málið liggur.

[18:00]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. ræðumönnum sem tekið hafa þátt í umræðu um málið sem hér er á dagskrá fyrir málefnalega umræðu. Það er einkanlega eitt atriði sem ég vildi bregðast við í máli þeirra, þ.e. rannsóknahlutverk hinnar nýju stofnunar, Námsmatsstofnunar.

Í gildandi lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála er þeirri stofnun ætlað víðtækara rannsóknahlutverk heldur en Námsmatsstofnun er ætlað. Ég tek undir að það er alveg ljóst að það er verið að þrengja hlutverk stofnunarinnar miðað við gildandi lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Á það ber hins vegar að líta að það er mjög skýrt kveðið á um rannsóknahlutverk Námsmatsstofnunar í d-lið 2. gr. frv. Þar segir: „ ... vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum."

Það kom mjög glöggt fram við umfjöllun málsins með forstöðumanni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála að á þessi atriði lagði hann sérstaka áherslu, þá einkanlega samanburðarrannsóknir við árangur skólastarfs í öðrum löndum.

Við verðum líka að horfast í augu við að ætlunin er að laga þetta nýja hlutverk og hina nýju stofnun að núverandi framkvæmd gildandi laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Það er nefnt í grg. með frv. að háskólarnir, t.d. Háskóli Íslands Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskólinn, sinna allir rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála. Það er sérstaklega tekið fram í grg. að því sé óþarfi að á vegum ríkisins sé rekin sérstök stofnun á þessu sviði. Hins vegar er alveg ljóst að hin nýja stofnun mun hafa rannsóknahlutverk og það tel ég mjög mikilvægt.

Ég vil líka taka það sérstaklega fram, vegna þess að það var nefnt hér og dregið í efa að áhugi væri á því að styrkja rannsóknir við háskólana í landinu, að í grg. með fjárlagafrv. er sérstaklega fjallað um gerð reglna um framlög til rannsókna í háskólum. Í framhaldinu verður gengið til árangurssamninga við skólana á því sviði. Af hálfu menntmrn. hefur verið sett fram það markmið að ríkisvaldið leggi áherslu á að efla grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna. Tekið verði mið af því í samningum við háskóla og við ákvörðun um fjárveitingar til sjóða Rannsóknarráðs Íslands. Gert er ráð fyrir að allir háskólar fái grunnframlag sem byggist á fjölda nemenda í fullu námi. Að öðru leyti ráðist framlagið af rannsóknavirkni, fjölda nemenda sem útskrifast úr rannsóknanámi og árangri skólanna í samkeppni um fé úr erlendum og innlendum rannsóknasjóðum. Miðað er við að skólarnir setji sér skýr markmið á sviði rannsókna, fylgist með eigin rannsóknastarfsemi með því að nota innra gæðamatskerfi og að menntmrn. láti gera úttektir á starfseminni, m.a. til að kanna hvort hún stenst alþjóðlegar kröfur.

Ég vildi sérstaklega taka þetta fram því að mér fannst vera tilefni til þess eftir þá umræðu sem hér hefur orðið í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:05]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 320. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 507; nál. minni hluta iðnn., þskj. 508.

Landmælingar og kortagerð, 75. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 503.

Skipulags- og byggingarlög, 190. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 505; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 506; nál. minni hluta umhvn., þskj. 515.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 119. mál, nál. sjútvn., þskj. 514.

Neytendalán, 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 90, nál. 490, brtt. 491.

[18:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 490 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

Frv. er samið að fenginni reynslu af framkvæmd laga um neytendalán frá árinu 1994. Því er ætlað að fella brott ákvæði sem reynst hafa óþörf eða hafa gegnt sínu hlutverki og jafnframt að lagfæra orðalag. Auk þess er frv. ætlað að bæta í lögin tilvísun til þess Evrópuréttar sem þau byggjast á.

Efh.- og viðskn. bendir á að í umsögn Samkeppnisstofnunar um frv. kom fram að stofnunin hefði aldrei fengið sérstaka fjárveitingu til að standa undir kostnaði við eftirlit með lögum um neytendalán. Þá kemur fram í umsögninni að í ljósi þeirra breytinga sem frv. hefur í för með sér sé nauðsynlegt að ráðist verði í kynningu á ákvæðum laganna fyrir neytendur og lánveitendur og leggur Samkeppnisstofnun áherslu á að henni verði gert kleift að ráðast í slíka kynningu. Á þetta var lögð áhersla í starfi nefndarinnar og er rétt að það komi fram.

Nefndin bendir á að við þessa kynningu væri hægt að hafa samráð og samstarf við hagsmunaaðila. Þá er í frv. gert ráð fyrir að í 13. gr. laganna verði að finna sérstaka heimild til að setja reglugerð um framkvæmd upplýsingaskyldu. Nefndin vekur athygli á því að við samningu reglugerðarinnar sé rétt að haft verði samráð við helstu hagsmunaaðila, en Alþýðusamband Íslands hefur sérstaklega óskað eftir slíku samráði.

Það er engin ástæða til að fara ítarlega yfir brtt. sem nefndin er sammála um að flytja en þó ber að nefna að í frv. er gert ráð fyrir að f-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, sem kveður á um að lánssamningar sem tryggðir eru með veði í fasteign séu undanþegnir lögum um neytendalán, verði breytt þannig að hann taki til lánssamninga sem Íbúðalánasjóður gerir eða annarra sambærilegra fasteignaveðlánasamninga sem gerðir eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis.

Enn fremur er ástæða til að vekja athygli á að í frv. er gert ráð fyrir að g-liður 1. mgr. 2. gr. laganna verði felldur brott, en þar er vísað í 3. gr. sem fjallar um yfirdráttarheimild. Lánssamningar sem fela í sér yfirdráttarheimild á tékkareikningi verða því ekki lengur undanþegnir ákvæðum laganna og upplýsingaskyldan samkvæmt þeim mun því ná til slíkra samninga. Því er nauðsynlegt að samræma 3. gr. laganna hinni fyrirhuguðu breytingu. Þær breytingar felast einkum í því að bætt er við greinina nýjum staflið, e-lið, þar sem tekið er fram að í samningi um yfirdráttarheimild skuli lántakanda greint frá árlegri hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni, en ljóst er að sú tala kann að vera breytileg eftir því hvernig heimildin er notuð hverju

sinni. Einnig er gert ráð fyrir því að neytanda verði árlega sendar almennar upplýsingar með dæmum um útreikning kostnaðar vegna þessa liðar. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir það að menn þurfi í hvert skipti sem þeir óska eftir breytingu á yfirdráttarheimild að gera það skriflega. Þess í stað verði það gert innan ársins og að upplýsingarnar berist skriflega einu sinni á ári þannig að mönnum sé þá ljós staða málsins.

[18:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá framsögumanni, hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, standa nefndarmenn í efh.- og viðskn. að þessu nál. Ég var ekki viðstödd afgreiðsluna en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson, þingmenn Samfylkingarinnar, standa að nál. og þeirri afgreiðslu nefndarinnar sem hér um ræðir.

Við þessa umræðu viljum við þó sérstaklega benda á umsögn frá Samkeppnisstofnun þar sem stofnunin lýsti því að frá því að lögin um neytendalán voru sett árið 1993 hafi Samkeppnisstofnun ekki fengið neinar fjárveitingar til eftirfylgni við þessi lög. Í umsögn Samkeppnisstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir að verði frv. að lögum verði ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Með vísan til þessa vill Samkeppnisstofnun benda á að stofnunin hefur aldrei fengið fjárveitingu til að standa undir kostnaði við eftirlit með lögum um neytendalán. Allt frá því að lögin um neytendalán voru sett á árinu 1993 hefur stofnunin af vanefnum reynt að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í ljósi þeirra breytinga sem frv. þetta hefur í för með sér sem og nýlegra breytinga á útreikningsreglum árlegrar hlutfallstölu kostnaðar telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að ráðist verði í kynningu fyrir neytendur og lánveitendur á ákvæðum laganna. Samkeppnisstofnun leggur áherslu á að stofnuninni verði gert kleift að ráðast í slíka kynningu."

Þetta er, virðulegi forseti, í raun sams konar mál og ég var að ræða áðan þegar annað frv. var til umræðu, þ.e. kostnaðaráætlunin frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Hún fylgir gjarnan frv. og í henni er fyrst og fremst fjallað um kostnað ríkissjóðs en ekki þann kostnað sem fellur á þær stofnanir sem eiga að fylgja lögunum eftir þó að um ríkisstofnanir sé að ræða. Það er auðvitað mjög alvarlegt ef Samkeppnisstofnun hefur ekki fengið fjármagn til að sinna þessu hlutverki sínu sem og ýmsum öðrum verkefnum sem alþingismenn hafa lagt henni á herðar á undanförnum árum. Við þingmenn Samfylkingarinnar bíðum enn eftir skýrslu sem óskað var eftir fyrir ári. Þeirri skýrslubeiðni hefur ekki verið hægt að sinna, m.a. vegna þess að fjármagn skortir til að sinna verkefninu. Eftirlitsskyldan sem Samkeppnisstofnun ber vegna þessara laga virðist kannski ekki mjög mikil en engu að síður kostar hún peninga og ekki síður að kynna lögin, sem Samkeppnisstofnun leggur megináherslu á.

Í nál. efh.- og viðskn. kemur einnig fram að við samningu reglugerðar sé rétt að hafa samráð við helstu hagsmunaaðila. Bent er á að Alþýðusamband Íslands hefur sérstaklega óskað eftir slíku samráði, þ.e. við setningu reglugerðar á grundvelli þessa frv. ef það verður samþykkt og verður að lögum. Slík ósk kemur einnig fram hjá Samkeppnisstofnun. Hún segir í umsögn sinni:

„Samkeppnisstofnun væntir þess að stofnunin verði höfð með í ráðum við samningu boðaðrar reglugerðar um framkvæmd við veitingu upplýsinga en einmitt þessi þáttur hefur valdið erfiðleikum við framkvæmd laganna."

Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að sú þekking sem nú liggur hjá Samkeppnisstofnun varðandi framkvæmd laga um neytendalán verði nýtt eins og kostur er og stofnunin komi að starfinu ásamt ASÍ og öðrum hagsmunaaðilum. Ég býst við að BSRB óski einnig eftir því að fá að koma að samningu reglugerðar, alla vega að fá hana til umsagnar. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt.

Neytendasamtökin sendu ekki inn umsögn varðandi þetta frv. en það kom hins vegar fram á fundinum hjá formanni nefndarinnar að Neytendasamtökin hefðu haft samband við formann nefndarinnar og lýst yfir ánægju sinni með frv. Það sama kemur fram hjá Ráðgjafarstofnun heimilanna sem fagna sérstaklega þessu frv. og afgreiðslu þess. Við þingmenn Samfylkingarinnar tökum undir það að hér er um verulega réttarbót að ræða. Jafnframt tökum við undir þá kröfu Samkeppnisstofnunar að hún fái fjármagn til að fylgja eftir þessum lögum. Eðlilegt hefði verið, þar sem vitað var að koma mundi að lokaafgreiðslu frv. nú fyrir jól, að gera ráð fyrir þeim fjármunum í fjárlögum fyrir næsta ár en svo virðist ekki vera. Miðað við það sem ég hef séð í umsögnum varðandi fjárveitingar til Samkeppnisstofnunar virðist hvergi hafa verið tekið tillit til þeirrar löggjafar sem hér um ræðir né aukinna verkefna sem Samkeppnisstofnun hlýtur að taka að sér með breyttu og auknu hlutverki á næstu árum.

Ég ítreka að við tökum undir kröfur ASÍ, Samkeppnisstofnunar og annarra sem vilja fá reglugerðina til skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgðir, 2. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167, nál. 424.

[18:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 424.

Frv. er lagt fram vegna ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins frá 14. júlí 2000 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að núgildandi ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir færi í bága við ákvæði EES-samningsins. Nefndin telur brýnt að lögunum verði breytt á þann veg að aðstaða lántakenda sem njóta ríkisábyrgðar á lánum verði jöfn, hvort sem lánveitendur eru innlendir eða útlendir.

Undir nál. þetta rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Hallvarðsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250, nál. 492.

[18:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 492.

Í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kemur fram að þeir aðilar sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögunum skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Árlega skal viðskiptaráðherra gefin skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Með hliðsjón af skýrslunni tekur ráðherra síðan ákvörðun um hvort ástæða sé til að breyta eftirlitsgjaldinu með lögum. Frv. þessa efnis er nú lagt fyrir Alþingi í fyrsta sinn.

Nefndin tekur fram að strax á næsta ári hyggst hún taka til umfjöllunar skýrslur Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi þess og áætlaðan rekstrarkostnað árið 2001, þar með talin meginatriði athugasemda eftirlitsskyldra aðila við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2001.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason.

[18:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. þessu standa hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson, að því. Ég tók ekki þátt í lokaafgreiðslu málsins en styð það með því þó að fyrir liggi sá vilji hjá formanni nefndarinnar og reyndar öllum hv. nefndarmönnum að taka fyrir skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi þess og áætlaðan rekstrarkostnað fyrir næsta ár og ræða sérstaklega í nefndinni strax eftir áramótin.

Í umsögnum um frv. þetta koma fram af hálfu Samtaka fjármálafyrirtækja nokkrar athugasemdir sem ég tel fulla ástæðu til að nefndin skoði betur í yfirferð sinni yfir skýrsluna. Samtök fjármálafyrirtækja benda m.a. á að ástæða sé til að ætla að kostnaður við eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi sé þegar hærri en almennt tíðkast í ríkjum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við. Þeir segja með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld hljóta því að sýna fyllstu gát áður en þau taka ákvörðun um að auka enn umsvif Fjármálaeftirlitsins og kostnað við starfrækslu þess.

Aðildarsambönd SFF eiga fulltrúa í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila um rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins, og standa því að áliti samráðsnefndarinnar er fylgir frv. í heild sinni. Þau sjónarmið sem þar eru sett fram og rökstudd í sjö töluliðum standa að sínu leyti öll enn. Skal því að svo stöddu látið nægja að vísa til álits samráðsnefndar um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins og þar með um þau álagningarhlutföll sem frv. tekur mið af."

Í flestum tilvikum er um að ræða afar jákvæðar umsagnir, m.a. vegna þess að þegar frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi var lagt fram fyrir ári voru allir aðilar sammála um að þau fyrirtæki eða eftirlitsskyldir aðilar skyldu standa undir þeim kostnaði sem hlýst af þessum þætti í starfsemi Fjármálaeftirlistsins. Þegar frv. var lagt fram fylgdi því ekki einungis skýrsla Fjármálaeftirlitsins heldur einnig þær athugasemdir sem samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila gerir við rekstraráætlun fjármálaeftirlitsins, í sjö liðum eins og áður hefur komið fram.

Þar eru gerðar nokkrar athugasemdir sem er nauðsynlegt að vekja athygli á við þessa umræðu. Í fyrsta lagi segir samráðsnefndin að athyglisvert sé að stofnunin njóti engra vaxtatekna af umframfjármunum sínum í þeim tilvikum sem eftirlitsgjaldið gefur meira fjármagn en notað er síðan til starfseminnar:

„Athyglisvert er, að stofnunin nýtur engra vaxtatekna af þessum umframfjármunum sínum eða af innheimtu eftirlitsgjaldi almennt. Samráðsnefndin hefur áður látið í ljós þá skoðun að slíkt er afar óeðlilegt. Skal því enn ítrekað við stjórnendur FME að leita leiða til að bæta úr þessu."

Virðulegi forseti. Síðan er gerð athugasemd eða beðið um athugun á starfsmannafjölda Fjármálaeftirlitsins. Samráðshópurinn telur að þar sé jafnvel um of mikla fjölgun starfsmanna að ræða, að launakostnaður Fjármálaeftirlitsins vegi þungt í störfum þess og hljóti því að hafa áhrif á það gjald sem lagt er á hverju sinni. Í þessum athugasemdum segir, með leyfi forseta:

„Eftirlitsskyldir aðilar hljóta að krefjast þess að eftirlitskostnaður þeirra sé ekki hærri en erlendum keppinautum er gert að greiða í heimaríkjum sínum. Ástæða er til að ætla að eftirlitsgjaldið hér á landi sé nú þegar hærra en almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar. Æskilegt er að slíkur samanburður verði gerður. Í áætluninni er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld hækki úr 138,8 millj. kr. í 162,2 millj. kr., eða um 17% milli ára, og er þá tekið tillit til ráðningar fjögurra viðbótarstarfsmanna."

Þarna vegur launakostnaðurinn langþyngst. Varðandi starfsmannamálin segir jafnframt í greinargerð samstarfsnefndarinnar, með leyfi forseta:

„Áður en ráðist er í boðaða ráðningu fleiri sérfræðinga til FME, hvetur samráðsnefndin stjórnendur stofnunarinnar að kanna rækilega, hvort ekki gæti verið hagfelldara að vissum verkefnum verði sinnt með tímabundnum ráðningum starfsfólks, aðkeyptri þjónustu sérfræðinga eða jafnvel að endurskoðendur hinna eftirlitsskyldu aðila verði „nýttir" betur til upplýsingaöflunar fyrir FME og skýrslugjafar."

Þá er í 4. lið gerð athugasemd eða bent á óvenjuhá stjórnarlaun þeirra sem sitja í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarlaun eru ákvörðuð af ráðherra, en í stjórn FME sitja lögum samkvæmt þrír menn. Stjórnarlaun stofnunarinnar á þessu ári stefna í rúmlega 4,6 millj. kr., og áætlanir gera ráð fyrir að stjórnarlaun verði ríflega 4,8 millj. kr. á árinu 2001. Ekki verður betur séð en laun stjórnarmanna FME séu hærri en almennt tíðkast hjá opinberum stofnunum og flestum þeim aðilum, sem falla undir eftirlit FME."

Þá er í fimmta lagi rætt um fjölda utanlandsferða og nauðsyn á erlendu samstarfi. Þar segir: „Almennt er samráðsnefndin þeirrar skoðunar að álagt eftirlitsgjald skuli sem framast er kostur vera í samræmi við þann tíma og kostnað sem ætla má að fari í eftirlitið, jafnt með hlutaðeigandi flokki eftirlitsskyldra aðila og einstakra aðila innan hvers flokks."

Hér er fjallað um þá gjaldflokka sem eftirlitsskyldir aðilar lenda í sem kveðið er um í 8. gr. laganna.

Í 7. og síðasta lið segir, með leyfi forseta:

„Í reglugerð nr. 777/1998, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, hefur verið að finna ákvæði um skipan og starfshætti samráðsnefndarinnar. Var sú reglugerð sett m.a. með vísan til 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var 16. gr. laga nr. 87/1998 beinlínis úr gildi felld. Af því leiðir að sem fyrst þarf að huga að því að setja reglugerð á nýjan leik, sem skýtur styrkari stoðum undir skipan og hlutverk samráðsnefndar."

Það er bagalegt, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki vera hér. Ég hefði gjarnan viljað heyra hjá hæstv. ráðherra hvort þessi reglugerð hefði verið sett.

Eins og áður hefur komið fram hefur nefndin tækifæri til að fara yfir skýrslu Fjármálaeftirlitsins ásamt öllum þeim athugasemdum sem komu fram í sjö liðum frá samráðsnefndinni og jafnvel þá að spyrja hæstv. ráðherra um hvernig lögum um Fjármálaeftirlitið hefur verið framfylgt í reglugerðum og farið yfir einstaka þætti, bæði það sem er í reglugerð og það sem samráðsnefndin og eftir atvikum efh.- og viðskn. telur að sé ábótavant. Ég vil samt taka fram, virðulegi forseti, að ég tel mjög góð vinnubrögð við þetta frv., þ.e. að skýrsla Fjármálaeftirlitsins er birt í heilu lagi ásamt athugasemdum frá samráðsnefndinni þannig að það liggur ljóst fyrir við umræðuna hvaða ágreiningsatriði eru helst uppi um þessa gjaldtöku og nefndin mun fara yfir það eftir áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207, nál. 493, brtt. 498.

[18:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 493 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frv. gerir ráð fyrir að teknar verði upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn yngri en sjö ára. Þannig verður dregið úr tekjutengingu barnabótakerfisins auk þess sem tekjuskerðingarhlutföll verða lækkuð. Næstu þrjú ár munu barnabætur síðan hækka til samræmis við almennar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir því að eignaskerðing barnabóta verði afnumin.

Efh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson og Hjálmar Árnason og með fyrirvara hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Jóhann Ársælsson og Ögmundur Jónasson.

[18:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. efh.- og viðskn. ritum við þrjú sem skipuðum minni hlutann í þessu máli við afgreiðslu þess úr efh.- og viðskn. undir nefndarálitið með fyrirvara. Ásamt mér undirrituðu nefndarálitið með fyrirvara hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jóhann Ársælsson.

Ég vil í nokkrum orðum, herra forseti, gera grein fyrir fyrirvara okkar. Þetta mál hefur fengið nokkra umræðu á hv. þingi enda nokkuð um liðið síðan ríkisstjórnin boðaði þær breytingar sem eru í þessu frv. þar sem er verið að bæta nokkuð úr til fjölskyldna varðandi barnabætur, m.a. til þess að efna loforð í tengslum við kjarasamninga og eins til að efna loforð, a.m.k. annars stjórnarflokksins um auknar barnabætur. Það var eitt helsta kosningaloforð Framsfl. í síðustu kosningum að koma á svokölluðum barnakortum.

Auðvitað má segja ýmislegt um þetta mál en það sem vakti athygli mína við umfjöllun málsins í efh.- og viðskn. voru nokkur atriði sem ég vildi koma inn á, herra forseti.

Í fyrsta lagi óskuðum við fulltrúar minni hlutans eftir því að fulltrúar svokallaðs fjölskylduráðs kæmu á fund nefndarinnar. Fjölskylduráði var komið á fót í tengslum við mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar samkvæmt þáltill. sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og var samþykkt á Alþingi. Verkefni fjölskylduráðs er að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.

Einstaka sinnum hefur verið vitnað til fjölskylduráðs úr þessum ræðustól. Þær væntingar voru bundnar við þetta fjölskylduráð að fyrir það mundu fara þau mál sem ríkisstjórnin legði fram á þinginu og fjölluðu með einum eða öðrum hætti um hag fjölskyldnanna í landinu. En samkvæmt orðanna hljóðan á fjölskylduráð að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að tveir fulltrúar fjölskylduráðs mættu á fund efh.- og viðskn. og upplýstu nefndina um að fjölskylduráð hefði hvorki fengið þetta mál til umsagnar né önnur þau mál sem hafa komið til kasta ríkisstjórnarinnar frá því að fjölskylduráðið var sett á laggirnar, þ.e. þau mál sem fjalla með einum eða öðrum hætti um málefni fjölskyldunnar. Ekki í einu einasta tilviki hefur verið leitað álits svokallaðs fjölskylduráðs til að vera ríkisstjórninni til halds og trausts og ráðgjafar í málefnum fjölskyldunnar. Maður spyr, herra forseti: Til hvers er verið að samþykkja slíkt mál á hv. Alþingi? Er það bara einhver silkihúfa eða sýndarmennska hjá hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir samþykkt slíkrar tillögu um mótun opinberrar stefnu í fjölskyldumálum með stofnun fjölskylduráðs sem á að vera stefnumótandi fyrir ríkisstjórnina og ráðgefandi og álitsgefandi um mál sem hún fjallar um? Ekki er leitað í einu einasta tilviki til þessa fjölskylduráðs, eða hefur verið gert. Þessir fulltrúar fjölskylduráðs stjórnvalda upplýstu okkur um að fjölskylduráð hefði í tvígang ritað hverju einasta ráðuneyti til að vekja athygli stjórnvalda á tilvist sinni til að stjórnvöld færu að leita ráða hjá þeim og umsagnar um mál sem snerta fjölskylduna eins og stjórnvöldum ber að gera samkvæmt þeirri þáltill. sem Alþingi samþykkti. Þetta, herra forseti, vakti athygli mína og er ástæða til að fylgjast með því úr þessum ræðustól og þegar stjórnarfrv. eru til skoðunar í þinginu hvort fjölskylduráð hafi fjallað um það.

Ég tel afar miklvægt til þess að gæta samræmingar í málum sem snerta fjölskylduna að fjölskylduráð fjalli um þau. Það er svo að eitt ráðuneyti getur verið að fjalla um mál sem snertir kannski sparnað, segjum í heilbrigðiskerfinu, sem getur svo komið út sem útgjöld í öðru ráðuneyti eins og í félmrn. eða jafnvel hjá sveitarfélögum. Þegar menn eru að spara undir slíkum formerkjum gerir það illt verra. Ég lít á þetta fjölskylduráð sem aðila sem ætti að gæta samræmingar í þessum efnum og að láta álit sitt í ljós, hvaða áhrif einstök mál sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir og aðgerðir hafa á fjölskyldurnar í landinu, t.d. í skattamálum að því er varðar útfærslu á barnabótum eins og við erum hér að ræða. Þessu vildi ég halda til haga. Aldrei hefur verið leitað til þessa fjölskylduráðs og auðvitað ekki í því máli sem við fjöllum um.

Ríkisstjórnin hefur hrósað sér mjög fyrir það mál sem hér kemur fram um auknar barnabætur. Auðvitað ber að

fagna því sem vel er gert í því efni. En ástæða er til þess að halda því til haga að þetta er mál sem er sett fram í tengslum við kjarasamninga sem einn liður í því að greiða fyrir kjarasamningum. Hér á að setja í þetta mál, í auknar barnabætur, 2 milljarða á næstu þremur árum, herra forseti. Það eru töluverðir peningar. En jafnvel eftir þrjú ár þegar framkvæmdin hefur að fullu skilað sér til heimilanna í landinu er heimilin í landinu samt verr stödd að því er barnabætur varðar en var á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Það er allt og sumt sem er að skila sér til heimilanna í landinu í formi aukinna barnabóta og sýnir það okkur fyrst og fremst hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á barnabótum í fimm ára stjórnartíð sinni, barnabótum sem skipta verulegu máli fyrir allar fjölskyldur í landinu. Ísland, eitt fárra ríkja innan OECD, heldur þannig á málum að tekjutengja barnabætur, og það mjög skarpt, herra forseti, vegna þess að tiltölulega fá heimili njóta þess að fá barnabætur. Það er fremur litið á þetta sem félagslega aðstoð við láglaunafólk en sjálfstæðan rétt og framlag sem ætti að tilheyra börnum. Ef við viljum jafna með einhverjum hætti út skattbyrðar, þ.e. varðandi tekjulága hópa og tekjuháa, eigum við að gera það t.d. með fjölþrepa skattkerfi, en við eigum að hafa barnabæturnar og líta til þess að hafa þær í framtíðinni ótekjutengdar þannig að hér sé fyrst og fremst um að ræða rétt hvers og eins barns. Ef við teljum að það eigi að skattleggja, sem ég að sjálfsögðu er hlynnt, þá meira sem meiri hafa tekjurnar, þá eigum við að gera það í gegnum tekjuskattskerfið. En Ísland er sem sagt eitt fárra ríkja innan OECD sem tekjutengir barnabætur.

Þegar ríkisstjórnin kom fram með þessa hækkun á barnabótum sagði hún að hér væri um að ræða þriðjungs hækkun á næstu árum og taldi fram að hér væri verið að hækka sérstaklega til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar um ríflega 8% og auka ráðstöfunartekjurnar sem því nemur á meðan hækkunin nemur 3,7% í hópi tekjulægstu hjóna og sambýlisfólks. Herra forseti. Það er alveg sama hvernig ég reikna þetta út, hverja ég fæ til liðs með mér í að reikna þetta út. Ég get ekki fengið út þá raunhækkun sem verið er að reikna út, herra forseti. Það er aldeilis ómögulegt.

Það hæsta sem ég get komist að því er varðar auknar ráðstöfunartekjur til þeirra sem minnst hafa er einungis hluti af því sem hér hefur verið sett fram af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég hef látið reikna dæmi af hjónum með tvö börn þar sem annað er yngra en sjö ára og útkoman er 0,7% hækkun hjá hjónum í fyrstu tíund — í útreikningum ríkisstjórnar er þetta sett fram í ákveðnar tíundir og hópunum skipt í það miðað við ráðstöfunartekjur — en síðan fæ ég út 2,2% hjá hjónum í svokallaðri fimmtu tíund eins og þetta er sett fram hjá ríkisstjórninni. Ég fæ því ekki út þá aukningu á ráðstöfunartekjum sem er verið að setja fram.

Ef við lítum t.d. á barnabætur til tekjulágra hjóna með tvö börn, annað yngra en sjö ára, sem fengu óskertar barnabætur samkvæmt gildandi kerfi, þá hækka þær aðeins um 2.600 kr. á mánuði eftir þrjú ár þegar breytingin á barnabótunum er að fullu komin til framkvæmda. Skýringin er m.a. sú, sem ekki allir átta sig á, herra forseti, að í nýju kerfi fellur niður á móti tæplega 32 þús. kr. viðbótargreiðsla sem þessi tekjulágu hjón fengu áður vegna yngra barnsins. Þess vegna gerir þetta ekki eins mikla raunhækkun og ríkisstjórnin státar sig af.

Síðan, af því að við höfum verið að ræða um ótekjutengdar barnabætur og Framsfl. setti það fram sem meginloforð sitt í kosningabaráttunni að koma á svokölluðum barnakortum með 32 þús. kr. greiðslu til allra barna, eins og það var orðað, til allra barna á kjörtímabilinu, er sú útfærsla í framkvæmdinni sem við gagnrýnum mjög sú að ótekjutengdar barnabætur munu aðeins ná til barna að sjö ára aldri. Framsfl. uppfyllir því loforðið sem hann gaf kjósendum að hálfu og skilur eftir sennilega um 35 þúsund börn á aldrinum 7–16 ára en börn að 16 ára aldri eru á bilinu 65–68 þúsund. Rúmlega 30 þúsund börn upp að sjö ára aldri munu fá ótekjutengdar barnabætur sem nemur 33 þús. kr.

Herra forseti. Aftur til að sýna fram á hvað hér er raunverulega lítið á ferðinni af hálfu ríkisstjórnar. Ef við berum aftur saman árið 1995 þegar ríkisstjórnin tók við þá var ótekjutengdi hlutinn að meðaltali um 40 þús. kr. til allra barna að 16 ára aldri sem var misjafnt miðað við aldur og hjúskaparstöðu. En hér á sem sagt á þremur árum að koma á framkvæmd sem tryggir ótekjutengdar barnabætur til barna að sjö ára aldri og einungis upp að 33 þús. kr. meðan ótekjutengdi hlutinn var hærri, 40 þús. kr. í stað 33 þús. kr. núna samkvæmt þessu frv. og til allra barna að 16 ára aldri áður árið 1995 meðan það gengur aðeins til barna sjö ára að aldri núna.

Síðan vildi ég, herra forseti, halda því til haga að á verðlagi í maí voru barnabætur á árinu 1995 um 5,4 milljarðar kr. en á yfirstandandi ári 3,5 milljarðar. Það er því einungis verið að skila aftur þessum 2 milljörðum á þremur árum sem er þá samsvarandi fjárhæð eftir þrjú ár sem fer í barnabætur af hálfu ríkisvaldsins eins og það var á árinu 1995. Ástæða er til að rifja þetta upp hér, herra forseti.

Ég vil nefna líka, herra forseti, auk þessarar umsagnar sem ég hef getið frá fjölskylduráði, umsagnar sem kom frá Félagi einstæðra foreldra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Okkur langar til að koma því á framfæri varðandi þetta frv. til laga að það er ekki hliðhollt einstæðum foreldrum né láglaunafólki þessa lands."

Það er nú það sem ríkisstjórnin hefur helst verið að halda til haga, að þessar breytingar séu sérstaklega hliðhollar láglaunafólki.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Við teljum að afnema þurfi tekjutengingu á barnabótum. Einnig teljum við tekjuskattsstofn einstæðra foreldra hvað varðar barnabætur vera allt of lágt reiknaðan, þ.e. 645.109 kr. Þessi tekjutengingarmörk eru óréttlát miðað við þau útgjöld sem einstaklingar þurfa að greiða sér til lífsviðurværis. Þar má nefna að húsaleiga er stór hluti útgjalda fólks og húsaleigubæturnar ná ekki að jafna út skerðinguna sem barnabæturnar koma til með að hækka um."

Síðan segja þeir orðrétt, með leyfi forseta:

„Dagvistargjöld munu hækka á næsta ári og þar mun hækkun á barnabótum ekki jafna þann reikningslið."

Það er ekki meira sem þetta gefur greinilega fyrir marga einstæða foreldra. Síðan segir:

„Ótekjutengdi hluti barnabótanna nær bara til sjö ára aldurs barns. Athuga þarf að það er kostnaðarsamt að koma barni til manns og það tekur ekki bara sjö ár. Barnabætur eiga að vera ótekjutengdar til 18 ára aldurs, þ.e. þar til börn fá sjálfræði. Persónuafsláttur barna ætti einnig að nýtast foreldrum sem eru með lágar tekjur."

Herra forseti. Þetta síðasta um persónuafslátt barna höfum við í Samfylkingunni margoft flutt frv. um, þ.e. að það er réttlætismál að leyfa einstæðum foreldrum og tekjulágum fjölskyldum að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna. Síðast þegar ég skoðaði það mál var ónýttur persónuafsláttur um 2–2,5 milljarðar kr. sem er auðvitað miklu minna í tekjutapi

hjá ríkissjóði ef út í þetta yrði farið. En hér hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að persónuafslátt milli hjóna megi nýta að fullu sem er líka réttlætismál. En á sama tíma horfum við upp á að einstæðir foreldrar sem eðli máls samkvæmt geta ekki nýtt neinn persónuafslátt geta horft upp á ónýttan persónuafslátt barna sinna og mega ekki nýta hann. Þessu vildi ég halda til haga því að það er nefnt hér hjá Félagi einstæðra foreldra.

Eins er það eðlilegt og þarf að fara að skoða það í miklu víðara samhengi hvað sú breyting þýðir sem við beittum okkur fyrir hér fyrir um tveim árum um að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Hvað fylgir því? Ættu t.d. ekki barnabætur að greiðast til 18 ára aldurs barns af því að við höfum með þeirri skilgreiningu þegar við breytum sjálfræðisaldri í 18 ár viðurkennt það sem alþjóðasamþykktir kveða á um? Flestar þjóðir sem við berum okkur saman við miða aldur barns til 18 ára aldurs. Einmitt út á það gengur tillaga sem ég flyt ásamt Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Jóhanni Ársælssyni, þ.e. að miða ótekjutengdan hluta barnabótanna, þessar 33 þús. kr., við 18 ára aldur en við gerum ráð fyrir að það sé sett inn í lagaákvæði sem hin almenna regla sem taki gildi á árinu 2003, þ.e. á síðasta árinu þegar þessar barnabætur eiga að koma að fullu til framkvæmda, en fram að þeim tíma verði ótekjutengdi hluti barnabótanna, þ.e. á næsta ári og árinu 2002, greiddur með öllum börnum yngri en 16 ára. Þar erum við að feta okkur inn á þá braut sem þær þjóðir hafa gert sem við berum okkur helst saman við, þ.e. að hafa barnabætur ótekjutengdar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta er tilraun sem við í minni hlutanum gerum til að gera barnabætur að raunverulegum barnabótum sem gagnast öllum fjölskyldum allra barna að 16 ára aldri næstu tvö árin og síðan verði meginreglan sú að barnabætur greiðist til 18 ára aldurs.

[18:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get í öllum aðalatriðum gert ræðu hv. síðasta ræðumanns, Jóhönnu Sigurðardóttur, að minni. Við styðjum brtt. þá sem flutt er af fulltrúum minni hlutans í efh.- og viðskn. af augljósum ástæðum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er einn flutningsmanna hennar og fulltrúi Vinstri hreyfingar – græns framboðs í nefndinni.

Þetta mál er eins og hér kom fram skref í rétta átt en það veldur vonbrigðum og vekur athygli hversu stutt það skref er og hve veiklulega það er tekið í ljósi hástemmdra yfirlýsinga stjórnarflokkanna í stjórnarsáttmála, þá alveg sérstaklega Framsfl., um að gera bragarbót í þessum efnum. Eins og einhverja rekur ugglaust minni til þá var þetta eitt af stóru loforðunum sem Framsfl. dró upp úr hatti sínum í aðdraganda síðustu kosninga, að nú skyldi heldur betur brotið í blað og aðstæður barnafólks, barnafjölskyldna og barnanna sjálfra stórbættar. Reynt var að selja þjóðinni það að allt mundi læknast með því að taka upp sérstök barnakort. Nú bólar ekkert á barnakortunum, herra forseti. Það sem hér er verið að gera er í sögulegu samhengi dálítið merkilegt. Hér stendur til að taka pínulítið skref aftur til fortíðar, til þess fyrirkomulags sem var áður en núverandi stjórnarflokkar eyðilögðu það fyrir nokkrum árum.

Það sem hér á að gera, herra forseti, er ósköp einfaldlega að taka upp gömlu barnabæturnar aftur að hluta, þ.e. ótekjutengdar grunnbætur. Þær verða því miður aðeins greiddar upp að sjö ára aldri og þar er ekki á ferðinni sá munur eftir fjölskyldustærð eða aldri barna sem var í eldra kerfi.

Lengi vel var þetta þannig, herra forseti, að barnabæturnar voru að uppistöðu almennar grunnbætur til allra barnafjölskyldna. Það kerfi tók við, ef ég man rétt, af enn þá eldra kerfi sem einhvern tíma mun hafa verið við lýði og var fólgið í skattfrádrætti sem tengdist barnafjölskyldum. Um langt árabil var stuðningurinn í formi ótekjutengdra grunnbarnabóta. Til viðbótar bættist svo við svokallaður barnabótaauki og hann var tekjutengdur. Framan af var barnabótaukinn tiltekinn viðbótarstuðningur til tekjulægstu fjölskyldnanna. Það kerfi var keyrt um alllangt árabil og var í sjálfu sér ágætt að mörgu leyti. Stuðningurinn var að uppistöðu ótekjutengdar grunnbarnabætur og í þeim var fólgið það skattalega hagræði sem barnafjölskyldum var veitt gegnum kerfið umfram aðrar fjölskyldur. Fyrir því eru auðvitað ærin rök.

Vissulega geta líka verið rök fyrir því að koma til viðbótar með tiltekinn stuðning til lágtekjufólks ef menn af tekjujöfnunarástæðum eða öðrum slíkum ástæðum innan skattkerfisins telja það gefa betri dreifingu eða nýtingu fjármuna miðað við aðstæður fólks.

Svona var þetta, herra forseti, um nokkuð langt árabil þangað til upp úr 1990. Hv. síðasti ræðumaður verður líka að horfast í augu við að þá var farið að raska þessum hlutföllum skref fyrir skref og færa meira og meira af stuðningnum úr ótekjutengda hlutanum yfir í hinn tekjuengda. Á tilteknu árabili snerust þessi hlutföll í raun alveg við, frá því að stærsti hlutinn var ótekjutengdur yfir í að stærsti hlutinn var orðinn tekjutengdur. Ótekjutengdi hluti barnabótanna var tiltölulega lítill grunnur. Þessi þróun hófst í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. 1991–1995 og hélt svo áfram á fullri ferð í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Þar var svo smiðshöggið rekið á verkið með fullri tekjutengingu barnabóta. Nú brestur mig minni, herra forseti, til að rifja upp hvort það var á árinu 1997 eða 1998 sem það náðarhögg var greitt. Það var á því árabili og í raun ótrúlega stuttu fyrir síðustu alþingiskosningar ef maður hefur það í huga að þegar svo kom að kosningabaráttunni, þá dró gamla Framsókn upp úr hatti sínum — hvað? Að snúa til baka. Taka aftur upp ótekjutengdar barnabætur sem þeir höfðu átt aðild að að leggja niður örfáum missirum áður. Nú er svo loksins snúið aftur en því miður bara miklu ræfilslegar, leyfi ég mér að segja, en maður hefði ætlað miðað við hástemmdar yfirlýsingar á sínum tíma.

Það bólar ekkert á kortunum sem við skildum auðvitað sem svo að ætti að verða grundvallarkerfisbreyting. Einhverjir bundu vonir við að þau ættu að verða til að undirstrika sjálfstæðan rétt barnanna í þessu samhengi. Þannig er það víða í kringum okkur að þetta er ekki bara meðhöndlað sem tekjuspursmál fjölskyldna heldur litið á þetta sem grundvallarréttindamál sem tengist mannréttindum barnanna. Með þeim hætti má líta á þetta sem ákveðinn sjálfstæðan framfærslulífeyri frá samfélaginu til barnanna sjálfra þangað til þau komast á þann aldur að geta unnið fyrir sér sjálf. Í Þýskalandi hefur, herra forseti, t.d. þýski stjórnlagadómstóllinn dæmt barnabætur í þýska kerfinu eign barnanna til að undirstrika þá stöðu þeirra, að þær séu í raun samfélagslegur lífeyrir til barna þangað til þau hafa náð þeim aldri að geta aflað sér tekna sjálf.

Hvernig sem á þetta er litið, herra forseti — það getur út af fyrir sig verið réttarfarslegt spursmál hvort menn vilja nálgast þetta frá sjónarhóli framfærsluþarfar fjölskyldnanna, sem við skulum vona að börn eigi yfirleitt, eða út frá

sjálfstæðum rétti þeirra sjálfra — er aðalatriðið að tryggja börnunum og fjölskyldum þeirra eðlilega framfærslu og taka með sanngjörnum og réttmætum hætti tillit til mismunandi framfærsluþarfar fjölskyldna þar sem börn eru á heimili, eru að alast upp og þurfa sitt og hinna þar sem svo háttar ekki til. Það er í raun hneykslanlegt að menn skyldu fara svo offari í þessum málum að þessi munur skyldi hverfa með öllu eins og ástandið hefur verið í tvö ár eða svo.

Hér á hins vegar að hverfa lítillega til baka og því ber að fagna því svo langt sem það nær. Þetta er þó veiklulega úr garði gert. Ég tek því eindregið undir þá brtt. sem fulltrúar minni hlutans í efh.- og viðskn. flytja á þskj. 498. Það væri strax skref í rétta átt að setja þessar ótekjutengdu barnabætur inn upp að 16 ára aldri, á því árabili sem þarna um ræðir, þ.e. á árunum 2001–2002. Út frá því mætti síðan skoða framhaldið. Vissulega er innbyggð í þessi lög ákveðin þróun sem bætir heldur stöðuna með því að skerðingarmörkin eru hækkuð. Eins verð ég að segja að ég er sammála þeirri breytingu sem frv. felur í sér og kemur strax til framkvæmda að fella niður hina furðulegu eignaskerðingu sem einnig var til staðar í kerfinu. Reyndar er það svo, herra forseti, að þegar maður minnist hinna illræmdu jaðaráhrifa sem hér hafa stundum komið til umræðu í skattkerfi okkar þá voru Íslendingar orðnir sérstakir snillingar í að raða þarna einni skerðingu ofan á aðra. Það var hreint með ólíkindum hversu langt var búið að ganga í íslenska skattkerfinu í þessum efnum og er auðvitað allt of langt gengið enn þann dag í dag. Enn finnast jaðaráhrif í skattkerfi okkar, ég tala ekki um almannatryggingakerfi okkar, sem eru auðvitað geigvænleg. Til eru dæmi um upp undir 100% jaðaráhrif þegar kemur t.d. að skerðingu örorkulífeyris vegna tekna maka og fleiri slíkra þátta.

Hér var við lýði tvöfalt skerðingarkerfi þannig að bæði tekjur og eignir gátu skert barnabætur. Þetta bættist við önnur skerðingarákvæði, t.d. gagnvart tekjutengdri skerðingu vaxtabóta, tekjutengdri afborgun námslána og slíku sem getur hlaðist hvert ofan á annað eins og menn þekkja. Það er auðvitað hreinsun að því, það verður að segja það eins og er og menn verða að eiga það sem þeir eiga, að eignatengd skerðingarákvæði skuli hverfa þarna út. Nóg er að hafa hitt eftir inni og búa við að þarna á að taka hænufetin í átt að því að lagfæra þessi hlutföll með ákveðnum hætti eins og útlistað er í lagatextanum og útskýrt á bls. 3 í grg. með frv. í tiltekinni töflu.

Herra forseti. Það er merkilegt að það er alltaf eins og tíminn líði allt öðruvísi þegar eitthvað er lagfært í þágu launamanna og fjölskyldna í landinu. Það tekur ævinlega mörg ár og þarf að taka í litlum hænufetum hvern áfanga fyrir sig. Ég minnist þess ekki að þurft hafi að gaufa svona við hlutina þegar var verið að létta skatti af fjármagnseigendum eða hlutabréfaeigendum eða lækka tekjuskatt af hagnaði gróðafyrirtækja. Þá var þetta tekið á einu bretti si-svona. Þá var þetta ekki að vefjast fyrir mönnum, herra forseti. En það er ekki sama hvort það er Jón og séra Jón í þessum efnum, barnafjölskyldurnar eða gróðapungarnir, eins og einhvern tíma hefur verið sagt. Það þarf ekki að bíða eftir búdrýgindum þeirra í smáskömmtum heldur er það gert á einu bretti.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki meira um þetta mál að segja. Við hvetjum eindregið til þess að þessi brtt. minni hlutans verði samþykkt. Það væri skref í rétta átt. Auðvitað munu menn styðja þetta frv. því það er til bóta, það litla sem það er og svo langt sem það nær. Ég lít svo á að baráttunni fyrir því að koma hér aftur á sæmilega sanngjörnu bótakerfi eða skattahagræði barnafjölskyldna sé engan veginn lokið þó að þetta nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku, 352. mál, fsp. ÞKG, þskj. 519.

Málefni aldraðra, 317. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 523.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 204, nál. 390 og 455, brtt. 391.

[18:58]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttir frá samgönguráðuneytinu, Pál Ásgrímsson frá Landssímanum hf. og Þórólf Árnason frá Tali hf.

Markmið frv. er að afla lagaheimildar til gjaldtöku vegna þriðja GSM 900 leyfisins. Í athugasemdum við frv. kemur fram að með þessu skuli gætt jafnræðis gagnvart þeim sem þegar hafa fengið slíkt rekstrarleyfi og þurftu á sínum tíma að greiða samsvarandi upphæð fyrir það.

Þá er tekið fram í athugasemdum við frv. að gjaldtakan sem lögð er þar til sé alveg óháð umræðu um þriðju kynslóðar farsíma og verðmæti tíðnirása.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að við lögin bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Vegna úthlutunar tíðni til starfrækslu þriðja rekstrarleyfishafans á GSM 900 MHz þjónustu skal heimilt að taka 16.600.000 kr. gjald."

[19:00]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta samgn. sem er að finna á þskj. 455. Það mál sem við ræðum hér er ekki stórt eða mikið að burðum en þar er kveðið á um að veita eigi leyfi til þriðja rekstrarleyfishafa á GSM 900 MHz þjónustu.

Virðulegi forseti. Ég tek það fram í upphafi að minni hlutinn er sammála því að veita skuli þetta þriðja leyfi en gerir athugasemdir við þær aðferðir sem ætlunin er að nota við úthlutun á því leyfi. Geri ég nú grein fyrir því áliti minni hlutans.

Minni hlutinn telur að í ljósi þess að einungis er pláss fyrir eitt leyfi til viðbótar þeim sem fyrir eru (Landssíminn, TAL) á því tíðnisviði miðað við núverandi tækni eigi að úthluta því á annan hátt en tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir.

Í ljósi þess að leyfi á 900 MHz tíðnisviðinu er verðmætt og afhending þess er úthlutun á takmörkuðum gæðum telur minni hlutinn að réttara hefði verið að bjóða leyfið út í stað þess að afhenda það einum umsækjanda á fyrir fram

ákveðnu verði. Minni hlutinn vill taka fram að það er erfitt fyrir stjórnvöld að meta þetta leyfi til verðs eins og lagt er til í tillögum meiri hlutans, auk þess sem erfitt verður fyrir stjórnvöld að gera upp á milli umsækjenda sæki fleiri en einn um leyfið.

Miðað við þá tækni sem nú þekkist er mun ódýrara að koma upp dreifikerfi á 900 MHz tíðnisviðinu en t.d. 1800 sökum þess að til þess að koma upp dreifikerfi á því tíðnisviði þarf mun fleiri stöðvar. Það er því ljóst að úthlutun síðasta leyfisins á þessu tíðnisviði er úthlutun á verulegum verðmætum miðað við þá tækni sem nú þekkist. Hvort framtíðin ber það í skauti sér að mögulegt verði að úthluta fleiri leyfum á þessu tíðnisviði er atriði sem er ekki hægt að taka afstöðu til nú og því ekki raunhæft að bera það fyrir sig í þessari umræðu.

Að öllu þessu samandregnu er það skoðun minni hlutans að í tilvikum eins og þessu þar sem verið er að úthluta takmörkuðum gæðum sé eðlilegast að úthluta þeim á eins hlutlægan hátt og kostur er. Þá er það skoðun minni hlutans að markaðurinn sé færari um að meta þetta leyfi til raunvirðis en stjórnvöld. Því má spyrja hvort stjórnvöld séu með þessari ákvörðun að afhenda opinbert leyfi á verði sem er langt undir því sem markaðurinn er tilbúinn að borga. Svar við þeirri spurningu fæst ekki að þessu sinni verði hugmyndir meiri hlutans að veruleika því í ákvæðinu er gert ráð fyrir föstu verði.

Það er skoðun minni hlutans að þau leyfi sem hafa þegar verið veitt skapi ekki fordæmi fyrir það leyfi sem stjórnvöld hyggjast *nú veita. Aðstæður þá voru aðrar, auk þess sem* leiða má líkur að því að leyfin hafi verið allt of ódýr ef mið er tekið af þeim tekjum sem nýting þessara leyfa skilar þeim fyrirtækjum sem þau hafa. Það er því skoðun minni hlutans að vafasamar aðgerðir fortíðar eigi ekki að vera fordæmi fyrir nútíð og framtíð.

Þá má enn fremur benda á að þau fyrirtæki sem hafa nú þessi leyfi eru vissulega frumkvöðlar á sínu sviði. Sá er hér stendur er hiklaust þeirrar skoðunar að frumkvöðlar eigi að fá að njóta þess að vera fyrstir á svæðið. Það eru auk þess enn frekari rök fyrir því að þeir sem síðar koma greiði ekki sama verð og þeir sem brjóta ísinn á þessu sviði.

Þá er vert að benda á að í þeim tillögum sem svokölluð auðlindanefnd sendi nýlega frá sér er lagt til að meginreglan verði útboð þegar að því kemur að úthluta takmörkuðum verðmætum. Minni hlutinn tekur undir þá grundvallarhugmynd.

Þá má enn fremur benda á að í leyfisskilmálunum, sem fylgja frumvarpinu, kemur fram að leyfishafi skuli innan *ákveðins tíma hafa komið upp dreifikerfi sem nær til u.þ.b.* 80% landsmanna. Ef svæðið frá Hvolsvelli að Borgarnesi er tekið, auk Vestmannaeyja og Akureyrar, verður þessu markmiði auðveldlega náð. Hins vegar liggur fyrir að nú þegar eru tvö dreifikerfi á þessum svæðum, þ.e. Landssíminn og TAL, og því má velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að gefa nýju fyrirtæki möguleika á því að byggja sig upp með svokölluðum reikisamningum við hin símafélögin í stað þess að gera ónauðsynlega fjárfestingu að skilyrði. Þá má enn fremur velta fyrir sér þeirri spurningu hvort ekki ætti frekar að gefa nýju félagi kost á að byggja upp dreifikerfi á svæðum þar sem ekkert kerfi er fyrir í stað þess að binda skilyrðin við að byggja upp kerfi fyrir 80% landsmanna þar sem tvö kerfi eru fyrir. Það er spurning hvort réttlætanlegt sé að gera kröfu um jafnónauðsynlega fjárfestingu í ljósi veruleikans en tvö kerfi eru fyrir.

Undir þetta ritar sá er hér stendur auk hv. þm. Kristjáns L. Möllers.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þær meginröksemdir sem minni hlutinn hefur í þessu máli og ég er sjálfur sannfærður um að mun fleiri hafa þá skoðun. Það er eftirtektarvert að lesa grein eftir hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur sl. föstudag í Morgunblaðinu en þar tekur hún undir að uppboðsleiðin *sé mun vænlegri leið en aðrar leiðir sem koma* hugsanlega til álita.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem gera það að verkum að við treystum okkur ekki til þess að standa að áliti minni hlutans. Við teljum að nær hefði verið að bjóða leyfið upp þar sem um veruleg verðmæti og takmörkuð er að ræða en munum þess í stað sitja hjá við afgreiðslu frv. þrátt fyrir að við séum því fylgjandi að það pláss sem enn er eftir á 900 MHz tíðnisviðinu verði nýtt.

Virðulegi forseti. Ég hef kynnt minnihlutaálit samgn.

[19:07]

Útbýting þingskjals:

Málefni aldraðra, 317. mál, *nál. minni hluta* heilbr.- og trn., þskj. 522.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 18.–22. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

47. FUNDUR

miðvikudaginn 13. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 196. mál, þskj. 206, brtt. 513. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 432. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226, nál. 445, 446 og 471. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Námsmatsstofnun, stjfrv., 176. mál, þskj. 183, nál. 451, brtt. 452. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 204, nál. 390 og 455, brtt. 391. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Neytendalán, stjfrv., 90. mál, þskj. 90, nál. 490, brtt. 491. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167, nál. 424. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250, nál. 492. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207, nál. 493, brtt. 498. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Dómtúlkar og skjalaþýðendur, stjfrv., 80. mál, þskj. 517. — 3. umr.
11. Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 3. umr.
12. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 75. mál, þskj. 75, nál. 499 og 503. — 2. umr.
13. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199, nál. 505 og 515, brtt. 506. — 2. umr.
14. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 119. mál, þskj. 119, nál. 514. — 2. umr.
15. Málefni aldraðra, stjfrv., 317. mál, þskj. 392, nál. 500 og 522, brtt. 523. — 2. umr.
16. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 320. mál, þskj. 402, nál. 507 og 508. — 2. umr.
17. Lokafjárlög 1998, stjfrv., 260. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr.
18. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 343. mál, þskj. 453. — 1. umr.
19. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412. — Frh. fyrri umr.
20. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr.
21. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454. — 1. umr.
22. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 347. mál, þskj. 495. — 1. umr.
23. Tryggingagjald, stjfrv., 350. mál, þskj. 504. — 1. umr.

Ef leyft verður.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjala:
Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 80. mál, þskj. 517.
Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, 318. mál, nál. samgn., þskj. 524.
Viðskiptahalli, 531. mál, fsp. PHB, þskj. 518.
Örorkubætur, 354. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 521.
Öryrkjar og örorkubætur, 353. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 520.

Matvæli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 74, nál. 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 432 samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (skatthlutfall). — Þskj. 206, brtt. 513.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Brtt. 513,1 felld með 24:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS.
18 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Framganga ríkisstjórnarinnar í þessu máli hvað varðar endurskipulagningu á tekjustofnum sveitarfélaganna er mjög snautleg. Í fyrsta lagi er sú úrlausn sem sveitarfélögin fá alls ónóg. Í öðru lagi er mjög ámælisvert að ríkisstjórnin skuli ekki lækka tekjuskattsprósentuna á móti þannig að heildarskattbyrði haldist óbreytt. Í þriðja lagi, og það er kannski það lakasta af öllu, er neðan við allar hellur að upphæðum persónufrádráttar, og þar með skattleysismarka, skuli ekki vera breytt þannig að skattbyrði láglaunafólks haldist þá óbreytt þrátt fyrir hærri samanlagða álagningarprósentu tekjuskatts og útsvars.

Þessi brtt. gengur út á að tryggja að lágtekjufólk verði ekki fyrir sérstakri skattahækkun með þessum aðgerðum með því að hækka persónufrádráttinn og ég hvet hv. þm. eindregið til að samþykkja hana. Annars munu á næsta ári bætast við milli 2 og 3 þúsund nýir skattgreiðendur, fólk með milli 60 og 70 þús. kr. tekjur mánuði.

Brtt. 513,2 felld með 23:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK*, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HjÁ, HjálmJ, IP, JHall, JBjart, KF, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS.
18 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÖ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Rétt áðan var verið að fella tillögu frá stjórnarandstöðunni um að skattleysismörk héldu raungildi sínu í samræmi við gildandi kjarasamninga þannig að ekki þyrfti að koma til aukin skattbyrði þótt ríkisstjórnin sé að beita sér fyrir almennri skattahækkun í landinu. Sú tillaga var felld.

Áður hafði verið felld tillaga við 2. umr. um að ríkið drægi samsvarandi úr hlut sínum í staðgreiðslunni sem nemur þeirri hækkun sem verður væntanlega á útsvari í landinu. Báðar þessar tillögur hafa verið felldar. Því lýsum við allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um það hvaða áhrif þetta hefur á kjarasamninga en ASÍ hefur haldið því fram að þetta muni grafa undan kjarasamningunum. Hér er þó verið að stíga hænuskref til að milda þá almennu skattahækkun sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir og við því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 525).

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226, nál. 445, 446 og 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Námsmatsstofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 183, nál. 451, brtt. 452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 452,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 452,2 (ný 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

4.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 452,3 (6. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 204, nál. 390 og 455, brtt. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]

Brtt. 391, (ný 1. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Neytendalán, frh. 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 90, nál. 490, brtt. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Brtt. 491,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 491,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 491,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167, nál. 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250, nál. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207, nál. 493, brtt. 498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]
Brtt. 498,1 felld með 27:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er afar athyglisvert í því góðæri sem við höfum búið við á undanförnum árum að jafnvel þegar þessar auknu bætur verða komnar til framkvæmda á næstu þremur árum þá hafa þær verið skertar svo á umliðnum árum að þær munu ekki einu sinni ná þeim hlut sem þær voru í 1995, þ.e. að þremur árum liðnum þegar þessar barnabætur eru að fullu komnar til framkvæmda. Það þekkist í örfáum ríkjum innan OECD að barnabætur séu tekjutengdar.

Þessi tillaga miðar að því að barnabætur verði greiddar með öllum börnum að 16 ára aldri næstu tvö árin og síðan að 18 ára aldri. Þetta er í samræmi við kosningaloforð framsóknarmanna. Nú fá þeir tækifæri til að standa við kosningaloforð sitt. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 felld með 27:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 3. umr.

Stjfrv., 80. mál (heildarlög). — Þskj. 517.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
15 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, LMR, MF, ÓÖH, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Norðurlandasamningar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 3. umr.

Stjfrv., 81. mál (framfærsluskylda með maka, barni eða móður barns o.fl.). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KLM, LB, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BBj, BH, GHall, GunnB, HBl, ÍGP, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SighB, VE, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 531).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 23. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 495.

[10:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í lokahrinu kjarasamninganna í fyrravor, samninganna milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, kom upp sú hugmynd að verja töluverðum fjármunum til starfsmenntunar fyrir ófaglært verkafólk og það varð samkomulag við félmrn. og Samtök atvinnulífsins og Flóabandalagið og síðar Verkamannasambandið að taka þessa peninga úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir því en bera þarf fram sérstakt frv., sem ég er hér með í höndunum, til þess að þetta öðlist lagastoð. Ég veit ekki betur en að allsherjarsamkomulag sé um þetta mál.

Hugmyndin er að þetta átak í fræðslumálum ófaglærðra standi í þrjú ár, þ.e. 2001–2003. Alls á að verja 200 millj. í þetta. Fræðslusjóðir eru tveir og eiga álíka margir aðild að þeim. En það er ljóst að kostnaður við fræðslustarfið er af landfræðilegum ástæðum meiri hjá fræðslusjóði Samtaka atvinnulífsins og Verkamannasambandinu eða Landsmennt og því var honum ætlað heldur meira fé en fræðslusjóði Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins sem heitir Starfsafl.

Þannig er gert ráð fyrir að á árinu 2001 renni 104 millj. kr. til sjóðanna, þ.e. 50 millj. kr. til Starfsafls og 54 millj. kr. til Landsmenntar. 53 millj. kr. árið 2002, þ.e. 25 millj. kr. til Starfsafls en 28 millj. kr. til Landsmenntar og 43 millj. kr. árið 2003, 15 millj. kr. til Starfsafls og 28 millj. kr. til Landsmenntar.

Á móti þessari greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði greiða stéttarfélögin sem mynda Flóabandalagið og stóðu að samkomulaginu 10 millj. á ári til verkefnisins og stéttarfélögin í Verkamannasambandinu greiða einnig 10 millj. í sinn sjóð. Þessu frv. er sem sagt ætlað að tryggja þessu fyrirkomulagi lagastoð.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málið sent hv. félmn. til athugunar. Ég harma að þetta skuli vera svo seint fram komið og lítill tími eftir en þar sem samkomulag er um málið að öðru leyti vonast ég til að það nái afgreiðslu fyrir jólahlé.

[11:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að gagnrýna það að hæstv. forseti skuli taka síðustu mál á fyrri fundinum fram fyrir önnur, 22. málið um atvinnuleysistryggingar sem hér hefur verið mælt fyrir og tryggingagjaldið, bæði mjög seint fram komin og tryggingagjaldið svo seint að leita þurfti afbrigða til að taka mætti það á dagskrá. Þessa dagana er afskaplega mikið að gera hjá þingmönnum. Enn þá er verið að starfa í nefndum þrátt fyrir að yfirleitt sé gert ráð fyrir að nefndastörfum sé lokið á síðustu áformuðu dögum þingsins. Hér er verið að mæla fyrir málum sem eiga að fara til nefndar. Látum það vera þar sem ríkisstjórnin er greinilega búin að setja Alþingi í uppnám með því að halda okkur hér á róli til að koma með ný mál inn, bankamál o.fl. En það getur verið eitthvað í þessum málum sem við viljum koma á framfæri og þingmenn höfðu hugsað sér að nota tækifærið nú meðan önnur mál væru tekin fyrir að skoða þessi mál og það er mjög óþægilegt að mæta í atkvæðagreiðslu og fá þá að vita að síðustu málin séu fyrst á dagskrá.

Vissulega er það svo að samstaða er um að setja peninga í starfsmenntamálin og stjórnarandstaðan hefur flutt tillögur um það við afgreiðslu fjárlaga. En ríkisstjórnin tekur svo seint við sér með þau brýnu mál að verið er að flytja frumvörp um þegar komið er löngu fram yfir þann tíma að ný frumvörp ættu að koma fram. Ég spyr hvort ekki megi hinkra með framhald umræðu um þetta mál og bíða með tryggingagjaldið þar til síðar á fundinum þannig að örlítið tækifæri gefist fyrir þá sem vinna með þessi mál að skoða þau áður en umræða fer fram.

[11:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þeirra athugasemda sem fram komu hjá hv. 4. þm. Reykn. vill forseti fyrir það fyrsta vekja athygli á því að 22. dagskrármálið er á dagskrá með hefðbundnum hætti en viðurkennir fúslega að 23. dagskrármálið var tekið inn með afbrigðum. Forseti vill því reyna að koma til móts við hv. þm. hvað það varðar og taka tillit til athugasemda hennar í þeim efnum og miða að því að það mál komi á dagskrá og til umræðu eftir matarhlé þannig að hv. þm. gefist þá tóm til að lesa það yfir fram að þeim tíma. En haldið verður áfram umræðu um 22. dagskrármálið sem þegar er hafin.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ótrúlegt sleifarlag af hálfu hæstv. félmrh. að koma með þetta mál núna svo seint sem raun ber vitni þegar röksemdin fyrir því er samkomulag sem gert var á vinnumarkaðnum sl. vor. Það er meira en hálft ár um liðið. Samt kemur ráðuneytið ekki þessu frv. frá sér sem er ein grein upp á fjórar línur og gildistökuákvæði í 2. gr. fyrr en rétt fyrir jólaleyfi eftir að nefndastörfum til að mynda samkvæmt starfsáætlun Alþingis átti að vera lokið. Ég leyfi mér að spyrja, hvers lags er þetta? Gleymdist þetta í ráðuneytinu? (**Félmrh.:** Þetta er sleifarlag.) Já, þetta er sleifarlag, það er víst alveg á hreinu með það. Það er ekkert annað fyrir hæstv. félmrh. að gera en að skammast sín fyrir þetta og með ólíkindum satt best að segja.

Það sem verra er þó, herra forseti, er að það hefði verið eðlilegt í tengslum við þetta mál að fara í svolitla grundvallarumræðu um hvort það er heppilegt fyrirkomulag sem

þarna er verið að koma á. Ég leyfi mér að hafa uppi ákveðnar efasemdir um það. Það er alveg ljóst að málefnið er hið þarfasta. Þess vegna eru menn settir í svo ankannalega stöðu að fara að ræða hlutina á þeim nótum að einhver hætta væri á þeim misskilningi að menn væru að leggja stein í götu þessa verkefnis að setja aukinn kraft í fræðslumál og gera átak í fræðslumálum ófaglærðs verkafólks. Það er auðvitað alveg hið mesta framfaramál og er sjálfsagt að stuðla að því og málefnið er mjög þarft.

En samt er ýmislegt við þetta að athuga eins og málið ber hér að. Fyrir það fyrsta eru það þessi vinnubrögð sem við þurfum ekki að dæma meira um, þau dæma sig algerlega sjálf. Hæstv. ráðherra er búinn að játa á sig skömmina.

Í öðru lagi gerast þarna hlutir sem eru býsna umhugsunarverðir en því miður alls ekki einsdæmi. Það er að samið er við einhvern tiltekinn hluta vinnumarkaðarins og menn taka sér þar vald til að ákvarða hluti sem varða allan vinnumarkaðinn. Það mætti margt um þetta segja og kannski er ekki endilega ástæða til að ræða það á mjög neikvæðum nótum af því að hér á í hlut mál sem ég býst ekki við að sé mjög umdeilt, og þó. Menn geta vissulega sett spurningarmerki við það að fjármunum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem er að sjálfsögðu tryggingasjóður alls vinnumarkaðarins sé varið í verkefni af þessu tagi sem varðar hluta aðildarfélaganna og að hluti vinnumarkaðarins skuli taka sér í raun og veru vald með þessum hætti til að ganga frá málum, það er málefni sem menn þurfa að fara að setja ákveðin spurningarmerki við og þurfa að fara að átta sig á hvort kann góðri lukku að stýra.

Við heyrum það oft t.d. notað sem röksemd að í rauninni sé búið að ganga frá forsendum kjarasamninga fyrir allan vinnumarkaðinn með því að einhver hluti hans semur á tilteknum nótum. Mjög oft er sagt að ekki aðeins hafi Flóabandalagssamningurinn neglt niður það mál sem hér er til umfjöllunar og væntanlega eru menn settir í erfiða stöðu með því að fara að hrófla við því, heldur hafi hann meira og minna ákveðið kjarasamningalínuna fyrir hönd alls vinnumarkaðarins þannig að aðrir aðilar hafi engan sjálfstæðan samningsrétt. Ég held að menn verði verulega að fara að spyrja sig spurninga í þessu sambandi. Það kemur að því að þetta mun valda úlfúð, þetta mun valda því að upp úr sýður í samskiptum þessara aðila. Einnig er Alþingi aftur og aftur sett í þær aðstæður að standa frammi fyrir meira og minna gerðum hlutum vegna þess að frá þeim hafi verið gengið, ekki fyrir hönd allra aðila vinnumarkaðarins í heild að samfloti eða þannig að aðrir hafi verið kallaðir að borðinu og spurt: Geta menn stutt þessa ráðstöfun? Eru aðrir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta vegna stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs? Eru þeir sáttir við þessa ráðstöfun? Það kemur ekki fram í þessu máli að svo hafi verið gert. Var kallað á önnur sérsambönd innan Alþýðusambandsins og aðra sjálfstæða hópa á almenna vinnumarkaðnum og þeir spurðir álits á þessu? Var það gert? (**Félmrh.:** Nei, þeir mótmæltu ekki.) Nei, þeir mótmæltu ekki, segir hæstv. félmrh. í frammíkalli. Þar með er þögn sama og samþykki í þessu tilviki jafnvel þó að þetta sé afgreitt í lok samningalotu, kannski á næturfundum þar sem menn eru einangraðir hjá sáttasemjara. Ef ekki heyrast mótmæli úr þjóðfélaginu, þá er það tekið sem samþykki.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég sérstaklega ræða um það fyrirkomulag að sækja þessa fjármuni í Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég hef áhyggjur af því og ég mótmæli því að aftur og aftur sé verið að hengja á Atvinnuleysistryggingasjóð pinkla sem í rauninni orkar verulega tvímælis að eigi að greiðast þaðan. Ég held að menn ættu að varast að taka markaðan tekjustofn atvinnuleysistryggingana og seilast í hann til að standa straum af ýmsum útjöldum. Hvar endar sú þróun? Hún endar eins og við höfum séð í mörgum öðrum tilvikum þar sem tekna er sérstaklega aflað í sérmerktum tilgangi, t.d. framkvæmdasjóðirnir, áður en við er litið er stór hluti þeirra fjármuna farinn að fara í annað en til stóð í upphafi, til að standa straum af ýmiss konar rekstri og öðru slíku. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt hjá Atvinnuleysistryggingasjóði að hann væri farinn að standa straum af félagslegum verkefnum og ýmiss konar rekstri sem hann á að mínu mati ekki að gera. Hættan er sú eins og við núverandi aðstæður að menn seilist til þess að ganga lengra og lengra meðan Atvinnuleysistryggingasjóður hefur borð fyrir báru. Það hefur hann vissulega um þessar mundir því að atvinnuleysi er hverfandi þó að það sé vissulega til staðar. Sjóðurinn hefur verið að byggjast upp á undanförnum árum en menn hafa líka takmarkað tekjur hans. Önnur viðfangsefni hafa verið leyst þannig að farið er inn á þennan tekjustofn, tryggingagjaldið eða þann hluta þess sem á að renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs, og er nærtækast að minna á fæðingarorlofið, ágætt framfaramál, en það var samt seilst til þess að grípa inn í tekjustofn sem á að ganga til Atvinnuleysistryggingasjóðs og annarra þátta sem tryggingagjaldið stendur undir.

Atvinnuleysistryggingasjóður stendur vissulega vel og ætli það séu ekki í honum núna um 6 milljarðar kr. eða svo. Við hjá félmn. könnuðum það fyrir nokkru hvernig hann væri á vegi staddur og spurðumst m.a. líka fyrir um ávöxtun þess fjár sem þar er inni því auðvitað er ástæða til þess að gæta að því að menn sofni ekki á verðinum þó að atvinnuleysi sé lítið og sjóðurinn eigi dálítið í handraðanum, þá geta þeir hlutir verið fljótir að breytast eins og kunnugt er.

Það kom sér ákaflega vel á árunum upp úr 1990 þegar atvinnuleysi fór vaxandi á nýjan leik að nokkrir fjármunir voru þá í Atvinnuleysistryggingasjóði en þeir voru líka fljótir að fara. Menn urðu að grípa til þess að færa meira fé í sjóðinn og hækka tekjustofn hans. Ég vara við því að menn sýni af sér mikið andvaraleysi í málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því miður er margt sem teiknar til þess að útgjöld hans gætu farið að aukast á nýjan leik og staðbundið a.m.k. er við verulegan vanda í atvinnumálum að stríða. Það er eins og menn gleymi því að þó að hér sé spenna á vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins, þá geta þeir hlutir verið fljótir að breytast. Það er auðvitað fljótt að telja þegar staðbundnar aðstæður valda fjöldaatvinnuleysi eins og ástandið í Vestmannaeyjum hljómar núna upp á, eins og ástandið á ýmsum stöðum á landsbyggðinni þar sem menn hafa orðið fyrir áföllum í atvinnumálum og stjórnvöld hafa setið ofan á lúkunum á sér mánuðum og missirum saman og ekki gert nokkurn skapaðan hlut þar til úrlausnar. Mætti þar nefna staði eins og Ólafsfjörð og Hrísey og er auðvitað með miklum endemum sá aumingjagangur allur sem stjórnvöld hafa sýnt af sér í þeim efnum, gapandi uppi með stórar yfirlýsingar um að nú yrðu flutt verkefni úr opinberu stjórnsýslunni og/eða öðrum úrræðum beitt í gegnum Byggðastofnun eða aðra slíka aðila. Síðan hafa liðið mánuðir, missiri og ár og ekkert hefur ræst af því sem stjórnvöld hafa lofað, ekki neitt. Þannig hefur t.d. hin ágæta Byggðastofnun eða stjórn Byggðastofnunar sýnt af sér í framgöngu sinni alveg ótrúlega mismunun hvað varðar það að taka ástand af sambærilegum toga til sambærilegrar

meðhöndlunar og væri saga til næsta bæjar, herra forseti, ef farið væri ofan í saumana á því t.d.

Hvað hefur Byggðastofnun gert í sambandi við vanda Ólafsfjarðar og Hríseyjar sem er sambærilegt við það sem sumir aðrir staðir hafa fengið frá þeirri ágætu stofnun? Ég held að það ætti kannski aðeins að skoða það, talandi um jafnræðisreglu í stjórnsýslunni og aðra slíka hluti. Það vill svo vel til að ég horfi framan í eins og eitt andlit sem sjálfsagt tekur þetta til sín en eins og kunnugt er er stjórn Byggðastofnunar að stórum hluta mönnuð þingmönnum stjórnarflokkanna. Liggur við að þeir gætu sleppt því að halda fundi í stjórn Byggðastofnunar og í staðinn tekið þetta fyrir í þingflokkum stjórnarliðsins. Síðan eru tveir ágætlega menntaðir menn, varaþingmenn Samfylkingarinnar þarna líka í stjórn og í góðu sambandi við almættið. En það hefur samt ekki komið í veg fyrir það að mér virðist að taka þurfi það til rækilegrar skoðunar hvernig þetta batterí hefur gengið fram á undanförnum árum.

Ég nefni þetta, herra forseti, í pínulitlu framhjáhlaupi þar sem við erum að ræða um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs og stöðu atvinnumála sums staðar á landsbyggðinni sem er slæm og má ekki gleyma þó að menn huggi sig við meðaltöl yfir landið sem sýna að atvinnuleysi er lítið mælt á landsmælikvarða.

En áföll í atvinnulífinu, jafnvel hlutir eins og miklar ógæftir og/eða aflabrestur á vetrarvertíðinni, geta skyndilega þýtt umtalsverð útgjöld úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá eru aðstæður hans fljótar að breytast, að hann sé aflögufær og hafi mikið borð fyrir báru til verkefna af þessu tagi. Þess vegna vara ég við þeirri þróun, herra forseti, að halda að menn eigi þarna ótæmandi gullnámu sem hægt sé að grípa til.

Maður spyr sig auðvitað að því, herra forseti, á hvaða braut forsvarsmenn verkalýðsfélaga eru þegar þeir hneigjast til að sækja þangað peninga til að fjármagna þörf málefni. Ég vil leggja áherslu á það aftur að deilan stendur ekki um að þetta er hið þarfasta viðfangsefni en hefði það ekki einfaldlega átt að fjármagnast með framlögum á fjárlögum? Er þetta ekki hluti af framlögum til menntamála? Hvort heldur litið er á þetta í menningarlegu, menntunarlegu eða félagslegu tilliti, herra forseti, þá er þetta eitt af þeim verkefnunum sem ríkið ætti að leggja til fé af tekjum sínum en ekki fara inn á þessa braut.

Verkalýðsfélögin leggja þarna vissulega sjálf sitt af mörkum, talsverðar fjárhæðir. Þegar tillit er tekið til þess að þetta eru þau verkalýðsfélög sem stóðu að Flóabandalagssamningunum annars vegar og Verkamannasambandið sjálft hins vegar þá munar auðvitað um þær fjárhæðir sem þarna eru lagðar fram af þeirra hálfu. Aðalgagnrýni mín er sú, herra forseti, að ég tel að þetta fjármagn ætti í raun að koma sem framlög frá ríkinu með fjárlögum. Ég vara sérstaklega við því að menn fari sífellt lengra inn á þessa braut, að hengja verkefni af þessu tagi á Atvinnuleysistryggingasjóð.

[11:17]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að það kemur mér á óvart að sjá allt í einu þetta frv. komið fram. Við erum að sjá það í fyrsta skipti núna, bara dreift frammi á bekknum. Þannig hefur ekki gefist mikill tími til að fara yfir það en ég vildi gjarnan taka undir margt af því sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði áðan.

Fyrir það fyrsta er Atvinnuleysistryggingasjóður markaður tekjustofn. Þetta minnir mig á það þegar fæðingarorlof var greitt úr þessum sjóði hér áður fyrr. Það þótti alls ekki til fyrirmyndar og því var breytt. Nú er reynt að seilast í þessa sjóði. Í grg. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þá gerðu félagsmálaráðherra og forvígismenn atvinnurekenda samkomulag um að í stað þess að greitt yrði í fræðslusjóði sem stæðu undir þessu átaki með álagsprósentu á laun, líkt og tíðkast hefur hjá fjölmörgum stéttum, rynni ákveðið fjármagn á árunum 2001–2003, alls 200 millj. kr., úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fræðslusjóðanna."

Ég set spurningarmerki við það hvort þetta eigi að greiðast úr þessum sjóði. Atvinnuleysistryggingasjóður á að vera til mögru áranna. Við vitum ekki hvenær þau skella á og það þarf ekki annað en utanaðkomandi áhrif til þess að svo verði. Þetta er auðvitað sjóður sem allur vinnumarkaðurinn greiðir í.

Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að fræðslumál ófaglærðra eru afar brýn þannig að þetta snýst ekki um að vera sammála því eða ekki. Spurningin er hvaðan eigi að taka peningana. Ég tek undir þá skoðun að eðlilegt hefði verið að í menntamálunum væri tekið frá fjármagn til slíkrar starfsemi eða jafnvel eins og tíðkast hjá öðrum stéttarfélögum, að það sé greitt af ákveðinni prósentu. Þannig er það t.d. hjá öllum bandalögum háskólamanna, kennara og annarra. Af hverju á það ekki vera svo með hin almennu stéttarfélög? Ég bara spyr. Af hverju er verið að taka þetta úr þessum sjóði?

Mér finnst líka rétt að það komi fram að öllu nefndastarfi er í raun lokið. Hins vegar verður að kalla til aukafundar út af þessu máli. Ég býst ekki við að fulltrúar stjórnarandstöðunnar verði á móti því en þessi vinnubrögð ganga náttúrlega ekki. Ég vil bara árétta það.

[11:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég get tekið undir mestallt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um þetta frv. T.d. að eilíflega væri verið að hengja pinkla utan á Atvinnuleysistryggingasjóð, oftast vegna þess að þar eru peningar. Ég get nefnt sem dæmi að á sínum tíma var umsjónarnefnd eftirlauna hengd á þennan sjóð, fæðingarorlof eins og hér hefur komið fram o.s.frv., hlutir sem ekkert hafa að gera með atvinnuleysi.

Það mál sem við ræðum hér í dag hefur hins vegar töluvert með atvinnuleysi að gera. Atvinnuleysi stafar oft af takmörkuðum sveigjanleika hjá ákveðnum stéttum en skortur á sveigjanlega stafar aftur af skorti á menntun, þekkingu eða kunnáttu. Þannig hygg ég að margur bóndinn geti ekki hætt búskap af því að hann treystir sér ekki til að vinna við annað. Kynni hann aftur á móti einhverja iðn til viðbótar við verkkunnáttu bóndans þá ætti hann auðveldara með að bregða búi.

Þetta á líka við um ófaglærða verkamenn. Þeir ættu léttara með að skipta um starf ef þeir hefðu til þess menntun og þekkingu. Það er ljóst að atvinnuleysi bitnar fyrst og fremst á ómenntuðu fólki, ófaglærðu. Þeir sem eru menntaðir geta farið í störf fyrir neðan menntun sína, ef svo má orða það, og hafa meiri sveigjanleika á vinnumarkaðnum. Þannig má segja að þetta mál heyri rökfræðilega undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Aukin verkmenntun eykur sveigjanleika og minnkar staðbundið atvinnuleysi.

En þá er það spurningin um ákvörðunarferlið og spurningin um hverjir njóti. Þetta ákvörðunarferli er, eins og hv.

þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á, dæmigert fyrir það hvernig Alþingi fær mál til afgreiðslu, ekki til þess að hafa frumkvæði að málunum heldur til afgreiðslu. Þetta mál verður til í kjarasamningum og fer þaðan inn á borð ríkisstjórnar. Hún, hlýðin eins og hún er, kemur því svo til Alþingis og Alþingi, hlýðið eins og það er, samþykkir það sem lög. Í raun er frumkvæðið og ákvarðanatakan hjá aðilum vinnumarkaðarins.

Þetta hef ég margoft gagnrýnt. Það er ekki endilega víst að þeir aðilar hafi hagsmuni allrar þjóðarinnar í huga. Enda kemur í ljós að hér á að verja peningum úr sjóði sem allir launþegar greiða til. Tryggingagjaldið er skattur á laun allra landsmanna sem atvinnurekandi greiðir og hluti af tryggingagjaldinu rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sjóðurinn er fjármagnaður með flötum skatti á tekjur allra landsmanna, líka þeirra sem ekki eru í þeim félögum sem eiga að njóta góðs af þessu. Ég nefni t.d. bankamenn eða kennara. Allar þessar stéttir greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð en hér er gert ráð fyrir því að eingöngu sjóðir á vegum Verkamannasambandsins og Flóabandalagsins njóti.

Í því sambandi vildi ég gjarnan nefna stöðu bankamanna. Þar eru miklar breytingar fram undan, tæknibreytingar í bankastarfsemi og ég hygg að það muni þurfa að endurmennta jafnvel þúsund manns sem nú starfa sem gjaldkerar í bönkum. Þá þarf að mennta til að verða ráðgjafar í bönkum eða fara yfir í aðrar starfsgreinar. Þetta hefur ekkert verið rætt þannig að ekki veitti af slíku átaki inn í Atvinnuleysistryggingasjóð til að bæta úr þeirri stöðu.

Síðan kemur upp önnur spurning. Hér eiga peningar að renna til ákveðinna menntastofnana eða fyrirtækja á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Maður spyr sig um samkeppni og gæðaeftirlit á þeim vettvangi. Hver fylgist með því að sú menntun sé eins góð og hægt er og eins ódýr og hægt er? Ég hygg að það vanti bæði gæða- og kostnaðareftirlit með þessari menntun. Það er ekkert rætt um að verkefnið sé boðið út. Mér þætti mjög eðlilegt að þessi menntun yrði boðin út *þar sem hún er greidd með opinberu fé*. Hugsanlega getur hv. félmn. sem fær þetta mál til vinnslu kannað það á þeim örstutta tíma sem við höfum hvort hægt sé að tryggja á einhvern hátt gæða- og kostnaðareftirlit með þeirri starfsemi sem þessir peningar eiga að fjármagna.

Eins og ég segi þá er þetta gott mál. Þetta heyrir rökfræðilega undir Atvinnutryggingasjóð, mætti hugsanlega vera víðara þannig að önnur stéttarfélög, t.d. bankamanna, ættu möguleika á að endurmennta sitt fólk. Ég endurtek, þetta er gott mál og ég styð það sem slíkt.

[11:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Um það geta allir verið sammála að brýnt er að taka skipulega á starfs- og endurmenntunarmálum ófaglærðs fólks og að unnið sé að því heildstætt og markvisst.

Með frv. því sem hæstv. félmrh. mælir hér fyrir á vissulega að setja fjármagn til fræðslumála ófaglærðra. Ég vil hins vegar segja, eins og aðrir ræðumenn úr þessum ræðustól, að það ber ekki mikinn vott um áhuga hæstv. ráðherra á fræðslumálum ófaglærðra að hann skuli nánast gleyma málinu í skúffum sínum þó um það hafi verið samið í vor að lögin skyldu taka gildi á árinu 2001 og ekki vonum seinna að koma með það fyrir þingið þegar örfáir dagar eru til jóla, enda hefur hæstv. ráðherra viðurkennt sleifarlag sitt í því efni.

Við þetta mál er mjög margt að athuga, herra forseti. Fari maður í fyrsta lagi aðeins yfir forsögu málins þá gilda í landinu lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem sett voru 1992. Þá var stofnaður starfsmenntasjóður sem var tengdur þeim lögum. Áður hafði á vegum félmrn. verið sett nokkurt fjármagn til þessa verkefnis, starfsmenntunar í atvinnulífinu. Þessum starfsmenntasjóði var fyrst og fremst ætlað að hafa það verkefni að veita fjármagn til starfsmenntunar ófaglærðra.

Ég held að málin hafi þróast með þeim hætti í starfsmenntamálum ófaglærðs fólks að kannski hafi fáir heildarsýn yfir stöðu þessa mikilvæga máls. Og ég vil spyrja ráðherrann: Hefur af hálfu félmrn., en undir það heyra t.d. lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, verið kortlögð með einum eða öðrum hætti þörfin fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu fyrir ófaglærða sérstaklega? Hefur ráðherrann einhverjar hugmyndir um hve stór hópur ófaglærðra þyrfti á skipulegri starfsmenntun að halda?

Við höfum lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hæstv. ráðherra kippti nú hálfpartinn stoðunum undan þegar hann tók að færa fjármagnið frá þeim sjóði og í Atvinnuleysistryggingasjóð, sem ég held að hafi ekki verið skynsamleg ráðstöfun, herra forseti. Mér líkar ekki hugsunin á bak við að setja fjármagn sem tengist starfsmenntun í atvinnulífinu í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Hvað eru menn að segja með því, að fræðsla eða starfsmenntun fyrir atvinnulausa sé bara hluti af atvinnuleysinu? *Það er ekki rétt hugsun í þessu, herra forseti.* Starfsmenntun í atvinnulífinu er nokkuð sem á að vera sífellt í gangi. Það er mjög mikilvægur þáttur fyrir atvinnulífið til að mennta starfsfólkið og eins fyrir starfsfólkið sjálft til þess að tryggja því betri kjör í framtíðinni. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að undir Atvinnuleysistryggingarsjóð heyri einhver starfsþjálfun sem eftir því sem ég best veit er fyrir atvinnulausa sem skrá sig atvinnulausa og fá ekki vinnu. En þar er verið að taka á málum þegar fólk er orðið atvinnulaust og það á að vera sérkafli út af fyrir sig sem eðlilegt og rétt er að fjármagnaður sé af því fjármagni sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur til ráðstöfunar.

En starfsmenntun í heild sinni á að vera fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki er atvinnulaust. Hún á að vera partur af eðlilegu námi, eðlilegu starfsnámi sem bjóða á fólki reglulega upp á, ekki síst ófaglærðu fólki vegna þess að við vitum það og ekki þarf að hafa mörg orð um það að ófaglærðir fylgja ekki eftir í hinni öru tækniþróun sem orðin er. Við sjáum að störf ófaglærðs fólks úreldast í æ meira mæli og þess vegna ber okkur skylda til þess, bæði út af framleiðni í atvinnulífinu og út af kjörum þessa fólks, að sjá svo um að skipulega sé farið í starfsmenntun hjá ófaglærðu fólki.

Hér er vissulega verið að gera það með ákveðnum hætti að því er varðar fræðslumál ófaglærðra og hugsunin er sú sama og ég var hér að lýsa varðandi það samkomulag sem var gert í tengslum við kjarasamningana. En hér hefur bæði verið gagnrýnt hvernig að fjármögnun er staðið í þessu sambandi og hvernig þetta er tekið úr tengslum við aðra starfsmenntun í landinu. Við höfum ákveðin lög um hvernig standa eigi að starfsmenntun í atvinnulífinu.

Ég vil spyrja ráðherra nánar af því hann hefur þann málaflokk með höndum samkvæmt þeim lögum sem gilda um starfsmenntun í atvinnulífinu: Hvernig kemur þessi starfsmenntasjóður inn í heildarsamhengið, bæði varðandi gæði náms og skipulag, almennt varðandi starfsmenntun ófag-

lærðra þegar síðan til eru ýmsir sjóðir eins og fræðslusjóðir utan við það sem er á vegum stéttarfélaga? Vantar ekki heildarsamræmingu í þetta, herra forseti? Ég hef það á tilfinningunni að ekki sé nægjanlega skipulega og vel staðið að þessum málum.

Það má líka taka undir það, eins og fram kom t.d. hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, að þetta frv. er ákveðinn þáttur í lausn á kjaradeilu og farin er sú leið að taka peninga fyrir einn ákveðinn afmarkaðan hóp úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem allir greiða gjald í með sambærilegum hætti. Eins og nefnt er í greinargerð frv. er ekki farin sú leið að láta hlutaðeigandi standa undir þessu með álagsprósentu á laun, eins og hér segir, líkt og tíðkast hefur hjá fjölmörgum stéttum heldur er farin sú leið að láta Atvinnuleysistryggingasjóð greiða ákveðið framlag í tiltekinn árafjölda til fræðslusjóða þessara stéttarfélaga sem eru annars vegar Flóabandalagið og hins vegar Verkamannasambandið.

Ég hefði haldið að það hefði verið eðlilegra í tengslum við þetta mál, þar sem þetta er hluti af kjarasamningum, ef atvinnurekendurnir sjálfir hefðu borgað beint inn í fræðslusjóðina þar sem þetta var hluti af lausn á kjaradeilu en ekki að verið sé að sækja í almenna sjóði eins og Atvinnuleysistryggingasjóð sem hefur náttúrlega það meginhlutverk að greiða til þeirra atvinnulausu þannig að það á ekki að vera að seilast í hann í þessu skyni. Það býður bara upp á það, herra forseti, að í þessu skyni verði aftur og aftur farið í þennan sama vasa sem er Atvinnuleysistryggingasjóður. Mér finnst það ekki vera hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að standa undir almennri starfsmenntun ófaglærðra í landinu. Mér finnst það vanvirðing við hina ófaglærðu að þannig sé haldið á starfsmenntamálum þeirra. Þau eiga að vera eðlilegur hlutur af menntakerfinu í landinu, þ.e. í þessu tilviki starfsmenntun og endurmenntun sem við eigum að fara miklu skipulegar í.

Mig grunar nokkuð, herra forseti, og spyr því ráðherrann um það: Er ekki hlutfallslega miklu minna framlagi varið hér til starfs- og endurmenntunar en í löndunum sem við berum okkur saman við? Er þetta ekki hluti af því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir, ekki bara núna, heldur höfum staðið frammi fyrir lengi, að framleiðni er fremur lítil hjá okkur miðað við aðrar þjóðir? Ég held að öllu því fjármagni sem fer til starfsmenntunar frá hinu opinbera sé vel varið og að hið opinbera verji fjármagni til þess að halda skipulega á þeim þætti og það mun skila sér margfalt aftur bæði í bættum kjörum launþeganna sjálfra, hinna ófaglærðu, og eins í bættri stöðu atvinnulífsins.

Þetta eru auðvitað smáaurar, herra forseti, sem við höfum varið til þessa málaflokks sem heitir starfsmenntun í atvinnulífinu, af hálfu hins opinbera á umliðnum árum og það er raunverulega til skammar hve lítið það hefur verið. Ég man að þegar þessu var fyrst komið á í félmrn. voru settar 50 millj. kr. í þetta og það eru örugglega liðin tíu, tólf ár síðan fyrst voru settar í þetta 50 millj. kr. Það var þó á tímum mikillar niðursveiflu og þegar ekki voru miklir fjármunir umleikis. En nú þegar yfir flóir af peningum í ríkissjóði erum við enn samt með svipaða fjárhæð, 58 millj. á árinu 1999 samkvæmt því sem ég var að fletta upp í fjárlögum, 55 millj. á yfirstandandi ári og 60 millj. eru áætlaðar í starfsmenntasjóðinn á næsta ári. Þetta eru engir fjármunir, herra forseti, miðað við hve mikilvægt verkefni er hér á ferðinni.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í fyrsta lagi hvort hann geti ekki litið á það og verið sammála mér um það að þetta eigi að vera eðlilegur hluti af menntamálum í landinu, starfsmenntun fyrir ófaglærða, og þess vegna sé ekki eðlilegt að hafa fjármögnun hans undir Atvinnuleysistryggingasjóði. Enda gilda hér sérlög um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 1992. Ég veit ekki til þess að þau hafi verið numin úr gildi. Er ekki eðlilegt að farið sé að þeim lögum og sérstaklega stuðlað þar að menntun ófaglærðra og að sett sé myndarlegt fjármagn til þessarar uppbyggingar á komandi árum í staðinn fyrir að hengja þetta sem nokkurs konar viðhengi á Atvinnuleysistryggingasjóð, sem eitthvert aukaverkefni þess sjóðs, eins og ráðherrann gerði fyrir nokkrum árum síðan?

Síðan vil ég spyrja, af því að 60 millj. eru ætlaðar á næsta ári í starfsmenntasjóðinn sem koma þá væntanlega sem hluti af framlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði: Varðandi það fjármagn sem hér er verið að tala um, er þá ekki um að ræða viðbótarframlag umfram þessar 60 millj.? Ég vænti þess að það sé alveg kristaltært að ekki sé verið að taka af þessum 60 millj. inn í þetta sérstaka fræðsluátak sem hér er á ferðinni. (**Félmrh.:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu. En, herra forseti, reynslan kennir okkur að hafa varann á í svona efni vegna þess að þessi ríkisstjórn er mjög dugleg við að smygla alls konar „hér-og-þar-pinklum" inn á verkefni sem ætti ekki að vera að taka aura af og þess vegna er mjög gott að fá það tryggilega fram að þetta sé alveg sjálfstætt og að ekki sé verið að taka af því litla fjármagni sem fyrir er í starfsmenntasjóði.

Síðan eiga þessir peningar að fara inn í fræðslusjóði þessara félaga, annars vegar Verkamannasambandsins og hins vegar Flóabandalagsins. Þó hér sé um að ræða að hluta til opinbert fjármagn sem kemur úr Atvinnuleysistryggingasjóði hvernig verður því ráðstafað? Hvernig verður þessari fræðslu háttað? Mun að einhverju leyti vera tekið tillit til þeirra laga sem við störfum eftir varðandi gæði menntunarinnar, um starfsmenntun í atvinnulífinu, eða munu verkalýðsfélögin sjálf sjá alfarið um skipulagningu á þessari fræðslu eftir sínu eigin höfði?

Ég býst við að eitthvað hafi verið hugsað um það hvort hér sé bara fyrst og fremst verið að láta peninga í þetta án þess að hið opinbera eða þeir sem koma nálægt framkvæmd laga um starfsmenntun í atvinnulífi komi með einum eða öðrum hætti nálægt því hvernig þessum peningum verði ráðstafað og hvernig gæðum menntunar verði háttað sem þeir aðilar fá sem njóta góðs af þessu fjármagni.

Herra forseti. Ég ítreka það eins og nokkrir aðrir að það er óeðlilegt hvernig þetta fjármagn er fengið. Annaðhvort hefði það átt að koma beint frá atvinnurekendunum sjálfum eða þá með sérstöku framlagi beint úr ríkissjóði, en ekki að taka það úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Við vitum ekkert hvað bíður hér handan við hornið í þeirri óvissu sem nú er í efnahagslífinu. Þó að atvinnuleysi sé ekki mikið þá er því þó spáð vaxandi á næstu árum þannig að við skulum ganga hægt um þær dyr að vera sífellt að taka úr þessum sjóði, enda á þetta að vera partur af eðlilegu starfsnámi í landinu sem er fjármagnað öðruvísi en með atvinnuleysispeningum.

Um þetta vildi ég spyrja, herra forseti, og hvort ráðherrann sé tilbúinn, þótt hann hafi það ekki handbært hér, að veita þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar, sem væntanlega verður félmn., heildaryfirlit yfir það hver þörfin er á starfsmenntun og endurmenntun ófaglærðra og hvort ráðherrann telji að hið opinbera taki skipulega á því máli. Og hvort hann geti verið mér sammála um að ákveðna heildarsýn vanti í þennan mikilvæga málaflokk, sem er starfsfræðsla og starfsmenntun ófaglærðs fólks, miðað við þá öru þróun sem

verið hefur í tæknimálum og tæknibyltingu í atvinnulífinu. Ég geri ráð fyrir því að við hljótum öll að vera sammála um að ekki er hægt til þess að horfa að ófaglærðir standi eftir í þeirri tæknibyltingu sem við búum við. Við verðum að búa ófaglært starfsfólk undir það að geta tekist á við þær breytingar sem eru að verða í atvinnulífinu um leið og það bætir kjör sín með skipulagðri starfsmenntun sem hið opinbera á að mínu viti á að hafa frumkvæði að að leggja í myndarlegt framlag.

[11:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Þó vildi ég aðeins fá að leggja orð í belg í framhaldi af ræðu hv. síðasta þingmanns.

Um sumt er ég sammála því sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en um annað ekki. Mér fannst almennur skilningur á gildi starfsmenntunar fyrir þjóðfélagið í heild sinni og fólk á vinnumarkaði koma mjög skýrt fram í máli hv. þm. Hv. þm. vísar til laga um starfsmenntasjóð og til skólakerfisins í heild sinni og varpaði fram spurningunni um það hver eigi að hafa frumkvæði, hvort það sé hið opinbera ellegar atvinnulífið sjálft.

Herra forseti. Það er mitt mat að í það heila tekið hafi áhersla á starfsmenntun í þjóðfélagi okkar og menntakerfi ekki verið sem skyldi. Veldur þar margt. Ekki síst er það mín trú, og tala ég þar sem skólamaður til margra ára, að frumkvæði atvinnulífsins hafi ekki verið til staðar og það hafi verið og sé að mörgu leyti óeðlileg gjá og að sumu leyti spenna á milli skólakerfis og atvinnulífs. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að atvinnulífið sjálft þarf að hafa meira frumkvæði. Ég er ekki með því að segja að frumkvæði eigi alls ekkert að koma frá hinu opinbera. En þarna þarf að vera meiri samhljómur.

Ég er hins vegar ósammála tortryggni og efasemdum hv. þm. um efni þessa frv., þá áherslu og kannski áherslubreytingu að fjármunum Atvinnuleysistryggingasjóðs sé varið til að efla starfsmenntun hjá ófaglærðum. Ég tel að þetta sé afskaplega jákvætt ákvæði og muni þjóna ófaglærðum vel. Eins og hv. þm. veit er drjúgur hluti atvinnulausra ófaglærður. Ófaglærðir eiga minni möguleika en þeir sem hafa einhverja starfsmenntun á því að velja sér starfssvið. Þeir hafa minni möguleika á að verða sér úti um vinnu. Þetta sýna rannsóknir bæði hérlendis og ekki síður erlendis. Menn hafa gripið til aðgerða í Danmörku, í Bretlandi og í Þýskalandi, þ.e. einmitt er að fara þá leið að efla atvinnuleysistryggingasjóði þessara landa og beina ófaglærðum í nám til þess að afla sér menntunar, einkum þó starfsmenntunar, og þar með auka möguleika sína á að komast á vinnumarkað.

Það er þekkt og allar rannsóknir sýna að hjá þeim sem lenda í klóm atvinnuleysis brotnar sjálfstraustið niður á ótrúlega skömmum tíma. Þess vegna hafa þjóðir, m.a. við Íslendingar á grundvelli vinnumarkaðslaga um vinnumarkaðsaðgerðir (**Gripið fram í:** Hvers konar ...?) lagt áhersla á að virkja fólk, m.a. til að afla sér menntunar, ná sér í starfsmenntun til að komast út úr atvinnuleysinu.

Að því leyti er ég ósammála og vegna þessa ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þingmenn að hafa sig hæga.)

Ég sé að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er ósammála þessu og gerist mjög órólegur í sæti sínu. Bið ég hann að hafa hemil á skapi sínu. (**Gripið fram í:** Undrast þetta málþóf.) Þetta er ekki málþóf. Hér er verið að fara yfir mjög alvarlegt mál sem hv. þm. ætti ekki að hafa í flimtingum. Þetta er mjög alvarlegt mál, ef þm. hv. hefur ekki gert sér grein fyrir því. Hér er einmitt verið að ræða um það og í því felst alvarleiki málsins, að atvinnulausir og ófaglærðir í röðum atvinnulausra hafi kost á að rífa sig til náms og til þess verði fjármunum Atvinnuleysistryggingasjóðs varið. Það er í raun ekki mjög flókið. Markmiðið með því er afskaplega göfugt og reynsla annarra þjóða sýnir að það hefur skilað mjög jákvæðum árangri. Ég tel að þeim fjármunum sé afskaplega vel varið og þeir muni til lengri tíma draga úr atvinnuleysi. Í gegnum starfsmenntun á einstaklingurinn meiri möguleika á að afla sér menntunar. Ég tel með öðrum orðum að vart sé hægt að verja fjármunum betur en í þessu skyni.

[11:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir með þingmanninum varðandi þessi úrræði og hugmyndir hans um uppbyggingu atvinnulausra einstaklinga sem búið hafa við atvinnuleysi í einhvern tíma. Ég er sammála því að búa þarf til ný atvinnutækifæri, möguleika á að viðkomandi geti menntað sig til starfa á ný og sé ekki bundinn við að leita að starfi í því fagi sem hann starfaði að áður. Við vitum að þegar atvinnuleysi verður þá verða gjörbreytingar á vinnumarkaði.

Atvinnuleysistryggingasjóður er hins vegar mjög afmarkaður í huga fólks. Hann tengist nákvæmlega því sem þingmaðurinn var að ræða um, þ.e. atvinnuleysi og úrræðum fyrir atvinnulausa, greiðslum til fólks og nýjum úrræðum. En þegar við komum að hugsuninni um starfsmenntun í atvinnulífinu þá erum við að tala um allt aðra hluti. Herra forseti. Þá erum við að tala um þá umskólun sem þarf að eiga sér stað í atvinnulífinu. Þá erum við að tala um að bregðast við breyttum atvinnuháttum. Þá erum við að tala um það sem allir fræðimenn ræða í dag, að menn geti ekki lengur menntað sig til eins starfs heldur verði þeir að mennta sig mörgum sinnum á lífsleiðinni til ólíkra starfa, vegna tækniþróunar og gjörbreytinga í atvinnulífinu.

Það er önnur hugsun og tengist ekki beint atvinnuleysi. Við viljum sjá starfsmenntasjóð, öflugan starfsmenntasjóð sem tekur sjálfstætt á málum fólks, sem sjálfstætt veitir nýju lífi í staðnað atvinnulíf og bregst við breytingum sem þar verða. Ræða hv. þm. náði því bara um málið til hálfs.

[11:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þarna gæti einhvers misskilnings. Öll þau göfugu og fögru markmið sem hv. þm. taldi hér upp eru hin sömu og búa að baki þessu frv. Ég tel að ekki sé hægt að skilja frv. með nokkrum öðrum hætti en því sé ætlað að efla möguleika atvinnulausra á að afla sér starfsmenntunar til þess að komast úr fari atvinnuleysis og skapa sér meiri möguleika, m.a. vegna þess að fjölbreytileiki og kröfur um starfsmenntun eru alltaf að aukast í atvinnulífinu.

Ég átta mig ekki alveg á málflutningnum. Ég tel í raun að þarna sé ekki um ágreining að ræða. Menn eru kannski að reyna að koma af stað málþófi en markmiðin eru augljós og ég tel enga ástæðu til að draga þau í efa. Við virðumst nokkuð sammála um meginmarkmiðin, fjármununum er samkvæmt frv. varið til að ná þessum markmiðum. Ég á bágt með að trúa því að hv. þm. geti verið mótfallinn því.

[11:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður getur stundum orðið alveg gáttaður á útúrsnúningum stjórnarliðsins í umræðum á Alþingi.

Það er hárrétt að ég er sammála þeim göfugu markmiðum sem fram koma í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu og þeim göfugu markmiðum átti að ná í gegnum sérstakan starfsmenntasjóð. Menn höfðu metnað fyrir hönd þess sjóðs. Síðan urðu stjórnarskipti og nýr félmrh. rúllaði þessum sjóði inn í Atvinnuleysistryggingasjóð þrátt fyrir andmæli okkar sem höfðum metnað í þessum málum.

Við höfum undanfarið flutt tillögur um að setja aukið fjármagn í starfsmenntamál. En nú kemur hæstv. félmrh. eftir dúk og disk með frv. um átak í fræðslumálum samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins, Flóabandalagsins, Verkamannasambandsins og ríkisins. Auðvitað gat ríkisstjórnin sjálf ekki sýnt nokkurn metnað eða markmið í þessum efnum. Hún kemur bara með einhvern pening af því það á að fullnægja samkomulagi sem gert var í samningum. Guði sé lof fyrir samninga.

Það sem við höfum rætt um er að sýna þarf ákveðinn metnað og setja upp skipulagða starfsemi samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það á að vera sjálfstætt og framsýnt afl en ekki ganga út frá einhverri upphæð, oftast nær óbreyttri tölu frá samdráttartímanum, í Atvinnuleysistryggingasjóði sem aðeins er aukið samkvæmt samningum sé knúið á um það. Um þetta erum við að ræða, herra forseti.

[11:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki þetta tal um útúrsnúninga. Ég ætla ekki að fara að metast um það. Hér mætti halda langa ræðu um hvernig starfsmenntasjóður hefur virkað gegnum tíðina. Ég þarf ekki annað en að rifja upp ár mín sem starfandi skólameistari og viðleitnina þá til að notfæra sér þann sjóð.

Ég held að hv. þm. hljóti eins og aðrir að gera sér grein fyrir því að áform um starfsmenntun í samfélaginu hafa ekki náð að ganga fram sem skyldi. Áherslur samfélagsins eru með öfugum formerkjum eins og allar úttektir sýna, hvernig þjóðfélagið leggur meiri áherslu á almennt stúdentspróf t.d. í framhaldsskóla en á starfsmenntun. Það er nánast öfugt hlutfall við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Við getum dregið af því ýmsar ályktanir. Latínugráni er sagður ríða húsum hér í þjóðfélagi okkar. Þannig áherslur birtast alls staðar.

Ég er algjörlega ósammála þeirri fullyrðingu hv. þm. að ekki sé til metnaður. Ég tel að þetta frv. sýni einmitt metnað til að taka á atvinnuleysi í gegnum starfsmenntun. Um það er enginn ágreiningur hygg ég. Það er það meginmarkmið þessa frv. og að því er stefnt með miklum metnaði. Ég hygg að Vinnumálastofnun og einstakar deildir hennar hafi einmitt sýnt viljann til að leggja áherslu á starfsmenntun til að hjálpa fólki úr því böli sem atvinnuleysið er.

[11:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það alveg ljóst og skal haldið til haga að þingmenn Samfylkingarinnar styðja átakið sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Við höfum hins vegar farið yfir það hvernig starfsmenntamálum er háttað hér í landinu. Við erum ekki sátt við það hvernig á þeim hefur verið tekið. Við viljum hlut starfsmenntunar meiri en hún hefur verið. Ég er sammála hv. þm. um að öllum fjármunum, sem veitt er til starfsmenntunar, er vel varið. Við viljum gera starfsmenntun það hátt undir höfði að hún verði meiri hluti hinnar almennu menntunar í landinu, starfsmenntun og símenntun. Ég hélt satt að segja að fyrrverandi skólameistari mundi nú taka undir þá skoðun mína fremur en að vilja hafa þetta einhverja afgangsstærð inni í Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar á að fjármagna verkefnið með höppum og glöppum. Þar á fyrst og fremst að fjármagna starfsþjálfun fyrir atvinnulaust fólk en hitt á að vera skipulegur þáttur af menntakerfi okkar og starfsmenntun okkar.

Hv. þm. segir auðvitað réttilega að í þjóðfélaginu hefur verið lögð minni áhersla á starfsmenntun en ætti að gera. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. um það en þeim mun meiri skylda hvílir á okkur hér í þessari virðulegu stofnun að halda merki starfsmenntunar á lofti og sýna það í verki, með löggjöf sem tekur skipulega á þessu, sem ég held að sé til staðar í þeirri löggjöf sem við höfum um starfsmenntun í atvinnulífinu, og ekki síður með því að stuðla að eðlilegri fjármögnun til þessa mikilvæga málaflokks. Ófaglært fólk á allt undir því komið að skipulega sé haldið á þessu máli og ekki síður atvinnulífið, herra forseti. Við þurfum auðvitað á þessu fólki að halda jafnvel þó að tækniþróunin sé nokkuð ör.

[11:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að við skulum í raun vera sammála um meginmarkmiðin, ég og hv. síðasti ræðumaður. Við erum annars vegar að tala um þennan vanda, það hugarfar sem almennt er ríkjandi í þjóðfélaginu þar sem starfsmenntun hefur orðið hornreka, öfugt við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Þetta frv. hefur engin áhrif á það. Það þarf miklu meira til. Það verður ekki leyst hér í sölum Alþingis. Það þarf vitundarvakningu og ekki síst hjá aðilum vinnumarkaðarins til að brúa þetta bil á milli atvinnulífs og skóla sem því miður hefur tekið allt of langan tíma og gengið allt of seint. Það er miklu stærra mál sem hefur í raun ekkert með þetta frv. að gera. Ég met það svo.

Ég lít svo á að þetta sé einungis afmörkuð aðgerð til að mæta þörfum þeirra sem lent hafa í ógöngum atvinnuleysis og þarna sé opnað fyrir þá möguleika til að fá starfsmenntun og fjölga tækifærum að komast út úr atvinnuleysisbölinu. Þess vegna tel ég ástæðu til að fagna frv.

[12:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um það að við leysum ekki málið í þessum sal. En ég var að segja að við gætum haft áhrif á það til þess að þróa það til betri vegar með því að leggja ákveðnar áherslur í þingsölum á þetta mikilvæga mál.

Það sem ég fæ ekki út úr hv. fyrrv. skólameistara er hvort hann telji ekki eðlilegt að gefa starfsmenntuninni, ekki síst starfsmenntun ófaglærðra, það vægi í þjóðfélaginu að þetta verði þá hluti af menntakerfinu. Það verði sjálfsagt og eðlilegt að bjóða ófaglærðum reglulega upp á starfsmenntun sem er þá fjármögnuð bæði af atvinnurekendum og hinu opinbera. Ekki má setja þá pinkla á ófaglærða vegna þess að þeir geta ekki staðið undir því með þeim kjörum sem þeir hafa og á málum sé haldið með þeim hætti frekar en verið sé með nokkuð sérkennilegum hætti að setja þetta inn í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem ekkert skipulag er á málum. Alla heildarsýn og stefnu vantar í þessum málum og

að kortleggja þann vanda sem við höfum í þessu efni, þ.e. hve margir eru í þörf fyrir starfsmenntun eða endurmenntun í hópi ófaglærðra. Ég hygg að það sé gífurlega stór hópur, miklu meiri fjöldi en okkur nokkru sinni órar fyrir. Mér býður svo í grun að ef það yrði kortlagt kæmi í ljós að verulega stór hluti ófaglærðra eru konur og fatlaðir sem á hefur hallað á vinnumarkaðinum. Sérstakt átak þarf að gera í að bjóða upp á endurmenntun t.d. konum sem hafa sinnt heimilisstörfum gegnum árin en eru kannski komnar út á vinnumarkaðinn. Okkur vantar alla heildarsýn í þennan málaflokk, okkur vantar að setja meira fjármagn í þetta með eðlilegum hætti og gera þetta að hluta af menntastefnu okkar líkt og er hjá öðrum þjóðum sem leggja gífurlega mikla áherslu á starfsmenntun og setja til þess það fjármagn sem þarf til að taka á þessum mikilvæga þætti í vinnumarkaðsmálum.

[12:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég verði aðeins að leiðrétta. Mér fannst gæta misskilnings í máli hv. þm. um að innan Atvinnuleysistryggingasjóðs væri unnið óskipulega og ómarkvisst að þessu. Það er svo að starfsstöðvar Vinnumálastofnunar eru í nánu samstarfi við framhaldsskóla, fræðslumiðstöðvar og aðra slíka og beina fólki inn á þann vettvang eftir því sem við á hverju sinni. (**Gripið fram í:** Atvinnulausa?) Með atvinnulausa, það er það sem við erum að tala um. (Gripið fram í.) Já.

Hins vegar af því að hv. þm. kallar eftir afstöðu minni til starfsmennta þá hefur það komið fram bæði hér og áður í ræðum á Alþingi. Meðal annars höfðum við þróað einar 70 nýjar starfsmenntabrautir við minn skóla, ýmist langar eða stuttar eftir atvikum, í samstarfi við atvinnulíf á Suðurnesjum með aðstoð fólks af atvinnuleysisskrá sem var ráðið til að aðstoða við þessa þróun. En þær náðu því miður ekki fram að ganga, m.a. vegna viðbragða frá atvinnulífinu. En það er í rauninni allt annað mál sem tengist ekki þessu frv. Það er miklu stærra mál og er ég reiðubúinn að eiga einhvern tíma orðastað um það við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

[12:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða um að færa fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði, að vísu í mjög þarft verkefni sem er þriggja ára átak í fræðslumálum ófaglærðra og um það mun hafa verið gert samkomulag í kjarasamningum.

Síðan segir í athugasemdum með frv. að félmrh. og forvígismenn atvinnulífsins hafi gert samkomulag um að í stað þess að greitt yrði í fræðslusjóðinn, sem stæði undir þessu átaki með álagsprósentu á laun líkt og tíðkast hefur hjá fjölmörgum stéttum, yrði sótt um að fá fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hér er verið að gefa ákveðið fordæmi. Sú spurning hlýtur að vakna hvort fjölmörg samtök launamanna, m.a. sjómannasamtökin sem hafa á undanförnum árum verið með áherslur um það í kjarasamningum að standa fyrir endurmenntun og símenntun síns fólks en ekki náð því fram — hvort þetta fordæmi hljóti ekki að gefa tilefni til þess að í næstu kjarasamningum verði samið um þær áherslur sem menn hafa viljað bjóða þessum stéttum til endurmenntunar og starfsnáms enda verði féð sótt í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Eigi fæ ég séð hvernig mönnum verði mikið mismunað í þeim efnum að þessu fordæmi gefnu. Ég ætla samt að taka fram til að það valdi ekki misskilningi að ég tel að hér sé gott mál á ferðinni og ástæðulaust annað en að styðja það að það geti gengið eftir. En mér finnst að menn þurfi aðeins að líta til þess í heild sinni hvernig stefnumótun verður í þessum málum. Varla trúi ég því að stéttir sem árum saman hafa reynt að koma fyrir starfsmenntun í kjarasamningum sínum eða í samningum við atvinnurekendur verði settar á einhvern annan bekk eftir að þetta hefur verið gert með þessum hætti, að þeim verði neitað um að fara svipaða leið. Þetta hlýtur því að gefa fordæmi til að menn sækist eftir að fá fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði með svipuðu fordæmi og hér er gert gagnvart tvennum samtökum, Flóabandalaginu og Verkamannasambandinu.

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að það getur varla annað verið en að önnur samtök launamanna, jafnvel einstök stéttarfélög, sem eru ekki í neinu sérstöku sambandi, líti til þessarar lagasetningar sem fordæmis, sem er eðlilegt því að ég tel ekki að mönnum geti neitt verið mismunað í sambandi við slíkan rétt ef hann er á annað borð veittur úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem er sameiginlegur sjóður. Þetta vildi ég láta koma fram og tel rétt að menn hafi þetta í huga og skoði m.a. þegar málið fer til nefndar.

[12:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fagna því frumkvæði sem kom fram hjá aðilum vinnumarkaðarins að taka þetta mál fyrir á þann hátt sem þeir gerðu. Ákvörðunarvaldið á endanlegri útfærslu er auðvitað hjá Alþingi. Það er því ekki rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði að menn væru að koma hér að afgreiddu máli. Það er Alþingi sem afgreiðir þetta mál endanlega.

Þörfin fyrir aukið fjármagn til starfsmenntunar ófaglærðra er tvímælalaust fyrir hendi. Ég held að við getum verið sammála um það og ekki þurfi að deila um það. Stéttarfélögunum hefur verið treyst til að taka þátt í þessari starfsmenntun. Ég nefni Félagsmálaskóla alþýðu og aðra starfsemi sem er á vegum stéttarfélaganna og hefur unnið stórmikið gagn að mínu mati.

Starfsmenntun gerir eintaklingana hæfari hvort sem þeir eru atvinnulausir eða ekki og þeir verða síður atvinnulausir. Starfsmenntunin gerir líka einstaklingana að betri vinnukrafti fyrir atvinnulífið og styrkir atvinnulífið í heild. Ég tel því að það sé ekkert fjarstætt að Atvinnuleysistryggingasjóður komi að slíku verkefni. Ef bankamenn t.d. eða Sjómannasambandið óska eftir einhverju hliðstæðu þá tel ég að það sé alveg einboðið að skoða það í kjarasamningum. Ég vek athygli á því að stéttarfélögin leggja líka peninga á móti í þetta verkefni.

Atvinnulífið greiðir tryggingagjald. Hluti af því tryggingagjaldi fjármagnar Atvinnuleysistryggingasjóð. Atvinnurekendur gætu knúið á um lækkun tryggingagjaldsins í ljósi þess að atvinnuleysi hefur verið nær ekkert að undanförnu en það hafa forsvarsmenn atvinnulífsins sem betur fer ekki gert. Þeir hafa fallist á að nota peningana með nokkuð öðrum hætti enda er Atvinnuleysistryggingasjóður mjög gildur og hefur mikið borð fyrir báru.

Auðvitað er um viðbótarpeninga í starfsmenntunina að ræða sem við erum að tala um hér til viðbótar við allt það sem áður hefur verið og ákveðið hefur verið á fyrri árum. Vissulega verður reynt að fylgjast með því frá ráðuneytisins hálfu að þessir peningar komi að gagni. Atvinnuleysistryggingasjóður er mjög öflugur eins og stendur og menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af honum, jafnvel þó að hér kæmi atvinnuleysi eins og það hefur mest orðið á undanförnum

áratugum, þá á Atvinnuleysistryggingasjóður prýðilega fyrir því. Síðast en ekki síst starfar Atvinnuleysistryggingasjóður með bakábyrgð ríkissjóðs og ef svo illa færi að atvinnuleysi yrði það geigvænlegt að Atvinnuleysistryggingasjóður dygði ekki eða það sem í honum væri þá mundi ríkissjóður neyðast til að koma þar til hjálpar.

[12:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. ræddi mest í síðari ræðu sinni um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs en ég gat ekki heyrt, herra forseti, að hann svaraði þeim spurningum sem beint var til hans. Ég skal endurtaka þær án þess að orðlengja mál mitt, herra forseti.

Það sem mig fýsti að vita í ljósi þess að við höfum lög um starfsmenntun var hvort einhver nýleg úttekt lægi fyrir eða tilraun hefði verið gerð til þess að kortleggja þörfina fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, hve mikið væri af ófaglærðu fólki sem hefði þörf fyrir slíka starfs- eða endurmenntun og hvort því væri boðin slík starfsmenntun skipulega.

Herra forseti. Það er partur af því að við höfum heildarsýn yfir þetta mikilvæga mál sem allir eru sammála um að þurfi að taka á og partur af því að ráðist sé þá í það að skipuleggja þennan málaflokk með þeim hætti að við náum árangri og að á honum verði tekið á þann hátt að áherslur verði lagðar í samræmi við mikilvægi þess að koma á starfsmenntun fyrir ófaglært fólk.

Ég sé, herra forseti, að mér hefur verið veittur ræðutími en ekki andsvarstími og getur verið að það sé einhver misskilningur milli mín og hæstv. forseta en andsvar átti að nægja mér. En úr því að mér hefur verið boðið upp á ræðutíma þá skulum við bara hafa það þannig en ég ætla ekki að nýta hann samt sem áður.

Ég var fyrst og fremst að óska eftir kortlagningu á þörfinni og ef hún lægi fyrir hvort ráðherrann væri þá tilbúinn að beita sér fyrir því að nefndin sem fær málið til meðferðar fengi að skoða þá niðurstöðu. Ef ekkert liggur fyrir um þörfina fyrir starfsmenntun ófaglærðra væri ráðherrann þá tilbúinn að beita sér fyrir því að í það yrði ráðist skipulega og gerð áætlun til nokkurra ára sem tæki á þessu stóra máli sem er brýnt bæði fyrir ófaglærða og atvinnulífið í heild sinni?

Í annan stað var spurning mín til hæstv. ráðherra hvort hann teldi ekki að ætti að líta á þetta mál sem eðlilegan hluta af starfsmenntun, heildarstarfsmenntun í landinu, en starfsmenntun ófaglærðra ætti ekki að vera sett á þann bás að fara inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og fjármagnast þar en ekki sem hluti af heildstæðri mennta- og starfsmenntastefnu í landinu.

[12:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þóttist vera að svara þessum spurningum áðan en ég hef kannski ekki talað nógu skýrt.

Ég sagði að ég teldi óumdeilt að þörf fyrir aukna starfsmenntun væri fyrir hendi. Það hefur ekki svo ég viti verið gerð nein úttekt í því svo að ég hafi tölu á því hverjir þyrftu starfsmenntun eða hverjir vildu leggja á sig að læra meira, taka þátt í námi af því tagi. Vel getur verið að starfsmenntaráð, sem er vel skipað og vakandi, hafi um þetta einhverjar upplýsingar sem ég skal reyna að útvega hv. nefnd.

Ég fagnaði líka hverju framtaki, hugmyndum og tillögum um aukna starfsmenntun í landinu og eflingu starfsmenntunar. Ég tel að hana vanti og þar af leiðandi tel ég að peningum, hvaðan sem þeir koma, sé vel varið gangi þeir til þessa mikilvæga verkefnis.

[12:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. ráðherra veit ekki til að slík úttekt hafi verið gerð en ætlar að kanna það og koma því þá áleiðis til hv. félmn.

Ég vil vitna til þess að í 7. gr. starfsmenntalaga segir, með leyfi forseta:

„Félmrn. skal safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og koma þeim upplýsingum til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins.“

Hér er aðeins fjallað um upplýsingar um starfsmenntun og framboð. Það segir auðvitað ekki að þeir eigi að safna upplýsingum um þörfina en engu að síður tel ég að lesa megi úr verkefni starfsmenntaráðs að þeir eigi að hafa það með höndum vegna þess að þeir eiga að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði starfsmenntunar. Ég tel það hluta af verkefni þeirra að afla sér slíkra upplýsinga. Ég tel mjög mikilvægt ef hæstv. ráðherra mundi skoða málið í því ljósi og ef slík úttekt lægi ekki fyrir að hæstv. ráðherra mundi þá beita sér í þessu efni. Ég held að það gerði alla umræðu hér á þingi og annars staðar þar sem um þessi mál er fjallað miklu marktækari og heildstæðari. Ég held að víða sé að finna starfsmenntun, bæði á vegum stéttarfélaganna, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og hjá starfsmenntaráði. Ég hef hins vegar grun um að alla heildarsýn vanti, bæði yfir framboðið, gæðin, hvernig á þessum málum er tekið og ekki síst á þörfina fyrir skipulegt framboð í þessu efni þar sem ófaglærðu fólki yrði boðin slík starfsmenntun án þess að það þyrfti sjálft að kosta einhverju til. Ég held að mikilvægt sé að reyna að beina málinu inn í þann farveg.

[12:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er til í félmrn. yfirlit um hvaða starfsmenntun er í boði. Ég veit hins vegar ekki um hvort starfsmenntaráð hefur talið hausana sem þurfa á starfsmenntun að halda eða hendurnar. En ég skal reyna að afla þeirra upplýsinga og beita mér fyrir því að koma þeim til hv. félmn.

[12:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og bendi á að ætli hæstv. ráðherra að beita sér fyrir slíkri úttekt væri mikilvægt að fá uppgefið hverjir þörfnuðust helst starfsmenntunar. Mér býður svo í grun að það séu eins og ég nefndi áður að stærstum hluta konur og þeir sem á einhvern hátt búa við skerta starfsorku. Ef á að ráðast í úttekt á þessu, sé hún ekki fyrir hendi, þætti mér fengur í að það yrði kortlagt eins og ég hef nefnt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75, nál. 499 og 503.

[12:22]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta umhvn. um frv. til laga um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóra, Sigríði Auði Arnardóttur og Ingimar Sigurðsson frá umhvrn., Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá ýmsum aðilum, m.a. frá LÍSU, samtökum um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla.

Einnig ákvað nefndin að notast við umsagnir frá 125. löggjafarþingi en þá bárust umsagnir frá Landmælingum Íslands, Landsvirkjun, Landgræðslu ríkisins, Arkitektafélagi Íslands, Landmati, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Náttúruverndarráði, Skipulagsstofnun, Fasteignamati ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Einnig hafa borist nýjar umsagnir, m.a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Arkitektafélaginu.

Í frv. eru lagðar fram ýmsar breytingar sem skipta máli fyrir landmælingar og kortagerð. Í fyrsta lagi er lögð fram sú breyting að stjórn yfir Landmælingum Íslands verði lögð niður. Þar hefur verið þriggja manna stjórn en samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar er ekki talin ástæða til að vera með stjórnir í stofnunum heldur eigi þær að heyra beint undir ráðherra og er það talið að mörgu leyti skilvirkara.

Þetta mál kom töluvert til umræðu og sýnist sitt hverjum eins og gengur. Það kom fram að forstjóri Landmælinga taldi að stjórn gæti verið til bóta en í umræðunni hefur komið fram að í sjálfu sér banni ekkert forstjóranum að hafa tæknilega ráðgjafa sér við hlið. Við teljum því ekki að forstjóra Landmælinga Íslands þurfi neitt að skorta ráðgjöf þó svo að hann sé ekki með stjórn sér við hlið.

Ýmis verkefni eru skilgreind betur gagnvart þessari stofnun en áður var og má þar nefna ýmislegt eins og fjarkönnun, öflun, úrvinnslu og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda, þ.e. myndatöku úr flugvélum og gervitunglum. Landmælingar eru í samvinnu við Háskóla Íslands að þróa tækni fyrir fjarkönnun og er hún talin geta nýst mjög vel, sérstaklega á sviði vöktunar, t.d. eldfjalla og margt fleira.

Einnig er verið að skerpa á skilum um skráningu og miðlun upplýsinga en Landmælingum er falið að skrá og miðla upplýsingum um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem séu í eign íslenska ríkisins. Hér er samt ekki um að ræða neina yfirtöku á gögnum annarra stofnana heldur einungis miðlun upplýsinga og ekki verið að gera ráð fyrir neinni innheimtu fyrir það eða innheimtu Landmælinga fyrir aðrar stofnanir ríkisins. Slíkur upplýsingavefur er þegar kominn á netinu og heitir hann Landlýsing og hefur verið unninn í samvinnu við LÍSU eða samtök landupplýsingar á Íslandi fyrir alla. Það er því mjög góð samstaða um þetta atriði.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að Landmælingar miðli upplýsingum um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands, ekki sé aðeins verið að kortleggja þau heldur einnig að miðla upplýsingum til almennings.

Einnig er lagt til að ráðherra setji reglugerð um vottun þeirra mælingamanna sem sjá eiga um mælingar eignamarka landa og lóða til að tryggja að þeir uppfylli ákveðnar hæfniskröfur, auk ákvæða um réttindi þeirra og skyldur og því er verið að tryggja hag þeirra sem nýta sér slíka þjónustu með þessari löggjöf.

Gjaldskrármál voru nokkuð til umræðu innan nefndarinnar. Í álitum utan úr bæ kom fram að verðlagningin gæti verið mjög há og erfið og svokölluð vigruð gögn væru það dýr að ekki væri hægt fyrir minni fyrirtæki að nýta sér þau. Því er tekið sérstaklega fram í meirihlutaáliti umhvn. að gætt verði fyllsta hófs í verðlagningu. Það hefur komið fram hjá forstjóra Landmælinga að verðlagningu á þessum kortum verði stillt í hóf eins og kostur er. Áskrifendur sem kaupa mikið hafa fengið þessi kort á mun lægra verði eða $^2/_3$ verðs á almennum markaði. Enn frekar verður seilst til að lækka þetta þannig að öllum geti nýst. Það er reyndar staðreynd að sum fyrirtæki dreifa þessu ókeypis á netinu og verður eflaust ekki við það ráðið.

Einnig er talað um það í áliti meiri hlutans að koma þurfi upp heildrænni stefnu í aðgengi almennings að upplýsingum í eigu ríkisins að þessu leyti. Þetta hefur sérstaklega komið fram í athugasemdum stofnunarinnar sjálfrar, þ.e. Landmælinga Íslands sem hefur beðið sérstaklega um samræmda, heildræna stefnu í þessu. Þá er fyrst og fremst verið að tala um að samræma gjaldskrár stofnana ríkisins fyrir kort og upplýsingar sem gefnar eru út af stofnunum ríkisins.

Höfundarréttur var nokkuð til umræðu í nefndinni af þeim gögnum sem eru til. Ég held að þegar upp er staðið sé ekki neinn ágreiningur um það innan nefndarinnar enda kemur það ekki fram. Út af fyrir sig gera menn ekki ráð fyrir að verið sé að taka höfundarrétt af neinum og þeir sem eiga réttinn njóti hans áfram samkvæmt höfundarréttarlögum hvað sem líður lögum um landmælingar og kortagerð og þar með eigi ekki að þurfa að vera óvissa í þessu efni.

Herra forseti. Eins og kemur fram í lok nál. er fjallað um heildræna stefnu og hvort aðgangur eigi að vera ókeypis að upplýsingum sem hið opinbera er með. Auðvitað er það pólitísk spurning hvort Alþingi sem fjárveitingavald ákveði að setja hluta af skattfé borgaranna til þess að greiða fyrir því að slíkar upplýsingar komi rétt og án endurgjalds til allra sem vilja nota. En fram að þessu hefur þó alltaf verið talið eðlilegt að menn greiddu fyrir þá þjónustu sem þeir nýta sér. Þess vegna er ekki tekið á þessu máli, enda almennt álitið að þessi gjaldtaka sé ekki það há að hún eigi að hamla þróun og tekið er fram að menn reyni að stilla gjaldskránni í hóf og Alþingi eða ráðuneyti taki þá tillit til þess í kröfu um tekjur stofnana að þær þurfi ekki að verðleggja þjónustu sína svo hátt að ekki sé hægt að nýta hana.

Herra forseti. Í nál. er lagt til af meiri hlutanum að frv. verði samþykkt óbreytt og undir það rita Ólafur Örn Haraldsson formaður, sem er fjarstaddur, Kristján Pálsson, Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Katrín Fjeldsted og Jónas Hallgrímsson og Kolbrún Halldórsdóttir með fyrirvara.

[12:32]

Frsm. minni hluta umhvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þó nokkrar umræður fóru fram um þetta mál við 1. umr. og snerust töluvert mikið um 1. gr. frv. sem fjallar um að leggja af stjórn stofnunarinnar. Í umfjöllun um málið var farið yfir þá tillögu og rætt við aðila, m.a. forstjóra

um það atriði. Það kemur alveg skýrt fram að sú stjórn sem hefur verið yfir þessari stofnun hefur reynst mjög gagnleg.

Ég ætla ekki að lesa upphaf minnihlutaálitsins vegna þess að það er nánast samhljóða áliti meiri hlutans. Ég ætla að grípa niður í þar sem kemur að þessu fyrsta atriði, en þar segir:

„Minni hlutinn telur að skýrt hafi komið fram í umfjöllun um málið að sú stjórn sem verið hefur yfir stofnuninni hefur verið afar gagnleg fyrir rekstur hennar og stefnumótun undanfarin ár og er þess vegna andvígur breytingunni. Aðrar breytingar sem eru lagðar til með þessu frv. eru til bóta." Minni hlutinn tekur undir þær og umsögn um þau atriði er samhljóða í aðalatriðum því sem hér hefur verið kynnt af hálfu meiri hlutans.

En í lok nál. minni hlutans segir:

„Fram kom hjá umsagnaraðilum að þeir sem þurft hafa á gögnum að halda sem eru hjá stofnuninni hafi jafnvel leitað annað og nýtt sér í sumum tilvikum lélegri gögn en eru í eigu Landmælinga vegna hárrar verðlagningar stofnunarinnar. Minni hlutinn telur að verðlagning Landmælinga Íslands á gögnum sem lúta höfundarrétti ríkisins verði að vera sanngjörn og að viðskiptavinir stofnunarinnar geti nýtt sér þjónustu hennar. Minni hlutinn telur einnig álitamál að aðgangur skuli seldur að kortagrunni Landmælinga Íslands í samkeppni við aðila sem hafa ekki aðgang að sömu grunngögnum. Þetta hefur valdið því að ekki eru notuð bestu fáanleg gögn í öllum tilvikum.

Marka þarf aðgangi almennings að upplýsingum í eigu ríkisins stefnu. Við þá stefnumörkun þarf að taka afstöðu til þess hvort taka eigi gjöld fyrir slíkar upplýsingar eða hvort almenningur eigi rétt á ótakmörkuðum aðgangi að þeim sér að kostnaðarlausu. Minni hlutinn er andvígur 1. gr. frv." — eins og ég sagði áðan — „og mun greiða atkvæði gegn henni en styðja aðrar greinar þess."

Til viðbótar langar mig til að vitna í bréf sem barst í hendur nefndarmanna. Það er reyndar bréf til forsrn. frá 3. febr. 1999 þar sem vinnuhópur á vegum Rannsóknarráðs með forstjórum helstu rannsóknastofnana landsins hafði fjallað um nauðsyn þess að stjórnvöld mörkuðu stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna og skrifaði þetta bréf til ráðuneytisins. Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til að gera tillögur um þessi málefni. Í bréfinu eru verkefni nefndarinnar tilgreind, m.a. talað um að skilgreina þurfi opinber gögn og aðgengi að opinberum gögnum, hverjar greiðslur eigi að koma fyrir gögn og ýmis önnur atriði hvað varðar höfundarrétt o.fl. Í lok þessa bréfs segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um þessar mundir er birt ný skýrsla frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um sama málefni og hér er til umræðu. Niðurstaðan virðist vera mjög í anda bréfsins, þ.e. um nauðsyn samræmingar, um leið og bent er á að auðvelt aðgengi að upplýsingum sé mikilvægur þáttur í þróun samfélaganna og atvinnulífsins."

Þarna er í raun og veru verið, hæstv. forseti, að taka undir það sem þeir kalla í bréfinu „amerísku leiðina", þ.e. opið og ódýrt aðgengi að gögnum almennings sem til staðar eru hjá hinu opinbera. Undir bréfið skrifa Aðalsteinn Sigurgeirsson frá Skógrækt ríkisins, Hallgrímur Jónasson frá Iðntæknistofnun, Hermann Sveinbjörnsson frá Hollustuvernd ríkisins, Hákon Ólafsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Hjörleifur Einarsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Magnús Jónsson frá Veðurstofu Íslands, Sigurður Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Vilhjálmur Lúðvíksson frá Rannís, Þorkell Helgason frá Orkustofnun og Þorsteinn Tómasson frá RALA.

Þetta bréf er skrifað 3. febr. 1999 eins og ég sagði áðan en ekkert hefur gerst í þessu máli. Full ástæða er til að benda á að fram kom í umfjöllun um þetta mál hjá nefndinni að það er greinilega dálítið út og suður hvernig menn vilja fara með þessa hluti. Nauðsynlegt er að farið verði yfir það hvernig reglur eigi að vera um þessi gjöld og verðlagningu á þjónustu og gögnum sem eru til staðar hjá stofnunum eins og þeirri sem við erum að fjalla um.

Það er ekki einu sinni á hreinu heldur hvernig eigi að fara með höfundarrétt og aðgang að því sem gæti lotið einhvers konar verndun höfundarréttar. Ég hygg að menn séu ekki einu sinni sammála um það hvort um sé að ræða endilega höfundarrétt í öllum tilvikum. Það sem kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar áðan um þessi atriði er rétt, en ég vil þó bæta við það því að greinilegt er og kom fram í viðtölum við ýmsa sem komu til nefndarinnar að mönnum finnst að þessari stofnun hafi verið ýtt út í að taka hærri gjöld en hefur verið hægt að innheimta öðruvísi en ganga lengra í þessu efni en skynsamlegt og sanngjarnt er. Þess vegna er full ástæða til að fara yfir þessa hluti og nauðsynlegt að tryggja að það verði gert sem allra fyrst.

Mér er ekki grunlaust um það að sú krafa sem er gerð í fjárlögum nú á stofnunina til að innheimta gjöld setji hana í þann vanda að keyra þessa stefnu þannig áfram með sama hætti og gert hefur verið að menn séu þá að greiða allt of há gjöld og það verði til þess að þeir leiti eftir gögnum annars staðar frá sem séu ekki jafngóð. Þetta kom fram í umfjöllun nefndarinnar og fullyrðingar komu fram um það að dæmi væru til þess að stofnunin hefði verið að innheimta gjöld fyrir gögn sem hún hefur undir höndum sem væru svo há að heildarkostnaður næðist inn ef einungis fjórir, fimm aðilar fengjust til að borga gögnin.

Þetta er auðvitað ekki nógu gott og síðan er náttúrlega algjörlega óviðunandi ef bestu gögn sem til staðar eru um landmælingar og kortagerð, eins og hér er verið að ræða um, og þessi grunnur er ekki til staðar hjá annarri stofnun en þessari, ef þau gögn eru ekki nýtt í öllum tilfellum vegna þess að menn telja sig bara ekki hafa efni á því. Það verður til þess að farið verður að byggja jafnvel upp einhverja kortagrunna annars staðar sem byggja á verri grunngögnum til að hægt sé að hafa aðgang að ódýrari leiðum í þessu efni.

Þetta vildi ég segja. Mér finnst þetta vera kannski það sem er aðaláhyggjuefnið við lokin á þessu máli. Ég geri ráð fyrir að þegar búið verði að afgreiða málið hér, ef tillaga meiri hlutans um að 1. gr. verði samþykkt eða frv. óbreytt, munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins í lokin. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að full ástæða sé til að framhald verði á þessari vinnu og að kallað verði eftir stefnumörkun sem sárlega vantar hvað varðar geymslu gagna, umfjöllun um þessi mál og verðlagningu og með það í huga að sem allra frjálsastur aðgangur verði að slíkum gögnum og það hamli ekki stofnunum og verði ekki til þess að menn byggi upp kannski margfalda kortagrunna eða upplýsingabanka úti um allt.

[12:43]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki langt andsvar við hv. þm. Jóhann Ársælsson út af þessu máli. Minni hlutinn er í grundvallaratriðum sammála meiri hlutanum í afgreiðslu málsins nema þá gagnvart stjórninni. Ég tek alveg undir að nauðsynlegt er að gjaldtaka sé skynsamleg og sanngjörn fyrir þá þjónustu sem Landmælingar veita eins og á sviði gagnaupplýsinga. Ég talaði sérstaklega um þetta við forstjóra Landmælinga í morgun og hann sagði að unnið væri mjög hart að því að reyna að endurskoða gjaldskrána á þeim vigruðu kortum sem hafa verið mjög dýr, og til þess að mæta gagnrýni. Ég held að bæði meiri og minni hluti hafi verið með þau viðvörunarorð að fara varlega í gjaldtökunni þannig að ekki sé verið að ýta mönnum út í ódýrari lausnir sem jafnvel gagnast ekki nægilega vel. Ég held því að skoðanir okkar á málinu fari saman.

Varðandi stjórnina er spurningin einfaldlega þessi: Er nauðsynlegt að hafa stjórn yfir slíkri stofnun eða ekki? Telja stjórnvöld það nauðsynlegt, sem hafa lögsögu yfir starfseminni? Í þessu tilfelli telur ráðherra ekki ástæðu til að vera með stjórn og meiri hlutinn tekur undir það. En auðvitað má finna rök fyrir öllu og eins því að það megi vera stjórn, en eins og ég sagði í upphafsræðu minni er ekkert sem bannar forstjóra að hafa ráðgjafa sína sér við hlið og það veit sá ágæti maður.

[12:45]

Frsm. minni hluta umhvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um stjórn stofnunarinnar. Það er ekkert sem bannar forstjóranum að kalla menn sér til ráðuneytis. Hins vegar er gert ráð fyrir því að í kringum 500 þús. kr. sparist vegna þess að ekki sé lengur stjórn til staðar. Hann hefur þá alla vega ekki fjármuni til að greiða fyrir kostnað vegna stjórnarmanna. Ég tel að stjórn eða ráðgjafahópur sem hafður er yfir stofnun eins og þessari þurfi að hafa formlega stöðu og það verði ekki bærilegur bragur á því að forstjórinn kalli menn sér til ráðuneytis þó að það gæti orðið niðurstaðan. Ég lít svo á að verið sé að kveðja þetta fyrirkomulag, a.m.k. um stundarsakir, við að stýra stofnuninni. Ég tel það miður og finnst það hafa komið mjög skýrt fram að þessi stjórn hafi verið afar gagnleg og staðið sig vel. Ég tel ekki tímabært að leggja hana niður núna hvað sem síðar verður.

Hvað varðar innheimtu á gjöldum þá er það rétt að ekki er ágreiningur um þá hluti. Ég tel samt fulla ástæðu til þess að nefna hana sérstaklega. Áhyggjuefnið er að þarna standi menn ekki nægilega vel að vígi í framhaldinu. Það er greinilegt að stofnuninni er ýtt út í eins mikla gjaldtöku og viðskiptamönnum hennar er mögulegt að ráða við. Það kann auðvitað ekki góðri lukku að stýra ef þannig er. Í slíkri stöðu bjarga forstjórar sér kannski helst á því að hækka það sem þeir hafa til að selja á meðan þeir mögulega geta. Það er greinilegt að viðskiptaaðilar þessarar stofnunar kvarta sáran yfir því að þar sé of langt gengið.

[12:47]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reyndar rétt að ef kalla á til ráðgjafa þá kostar það eitthvert fé. Við vitum að það er hægt að gera það með ýmsu móti en þær stjórnir sem hafa verið yfir svona stofnunum hafa reynst mjög misjafnlega. Það kom mjög fram í viðtölum við forstjóra Landmælinga að stjórnin hefði unnið mjög vel með forstjórunum og yfirfærslan gengið einstaklega vel, ekki síst vegna þess að stjórnin og forstjórinn voru samhent.

Við vitum aftur á móti að á öðrum stofnunum, sem ég ætla ekki að nefna hér, hefur ríkt mikill ófriður milli framkvæmdastjóra og stjórna. Það hefur orðið til þess að þær stofnanir hafa verið í miklu basli og ráðherrar þurft að taka sérstaklega á þeirra málum.

Þetta á náttúrlega allt sín rök og mótrök. Ég held að þegar reynsla verður komin á málið þá komi menn til með að endurskoða hvort það hafi reynst mjög stórt skref aftur á bak að setja stjórnirnar af.

[12:49]

Frsm. minni hluta umhvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afskaplega undarlegt að sækja sér rök í að illa hafi gengið hjá öðrum stofnunum til að leggja niður stjórn sem hefur staðið sig vel og fær jákvæða umsögn hjá öllum sem um hana fjalla. Mér finnst engin ástæða til þess að leggja hana af og leggst gegn því.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að endurtaka umræðuna um það hvort hafa eigi stjórnir í svona stofnunum eða ekki. Við ræddum um það við 1. umr. málsins og ég geri ekki ráð fyrir að við bætum miklu þar við. Ég vil bæta því við að lokum að mér finnst full ástæða til að fara betur yfir sum þau málefni sem þarna var fjallað um, m.a. þetta með kortagrunninn og höfundarrétt stofnunarinnar eða ríkisins á þeim grunni.

Ég tel einnig að fjalla eigi nánar um hvernig fara á með þessi gögn. Ég lít svo á að langeðlilegast sé, þó ekki sé nema vegna þess hvernig þau komu til, fyrir ekki neitt frá annarri þjóð, að landsmenn hafi sem bestan aðgang að þessu og einungis fyrir þjónustugjöld, ekki meira. Það á ekki að notfæra sér aðstöðu sem þannig varð til til að sinna fjárþörf stofnunarinnar eins og hefur greinilega verið tilhneiging til fram að þessu.

[12:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera grein fyrir því að eins og fram kom í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar, frsm. meiri hluta umhvn. í þessu máli, þá rita ég undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Ástæða þess að ég er ekki á nál. með minni hlutanum er einungis sú að ágreiningurinn um stjórnina er að mínu mati ekki það veigamikill að það gefi tilefni til sér nefndarálits. Ég tel, eins og hv. flm. málsins gat um, að hér sé svigrúm fyrir stofnunina að hafa starfandi hjá sér fagráð eða tæknilega ráðgjafa sem gegni því hlutverki sem velheppnuð stjórn hefur gegnt fyrir stofnunina hingað til.

Fyrirvarar mínir varðandi nál. sem hér er til umræðu fjalla í fyrsta lagi um gagnapólitíkina sem slíka, þ.e. nauðsyn þess að tekið sé á því máli að stjórnvöld marki sér almennilega stefnu um meðferð opinberra mála. Ég tel meiri hlutann geta um það og í raun vera sammála því áliti mínu að slíkt sé mikilvægt. Eins og fram kemur í nál. bendir meiri hlutinn á að þörf sé á heildrænni stefnu vegna aðgangs almennings að upplýsingum í eigu ríkisins þar sem hugað verði að því hvort rétt sé að taka gjöld vegna slíks eða hvort almenningur eigi rétt á ótakmörkuðum aðgangi sér að kostnaðarlausu. Um þetta er umhvn. sammála. Öll nefndin er sammála um mikilvægi þessa.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan hafði nefndin við umfjöllun sína undir höndum bréf frá vinnuhópi á vegum Rannsóknarráðs með forstjórum helstu rannsóknastofnana landsins. Þessi vinnuhópur hafði fjallað um nauðsyn þess að stjórnvöld mörkuðu stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna. Herra forseti. Mig langar að fá leyfi til að vitna í þetta bréf því að ég lít svo á að meiri hlutinn sé sammála um það sem kemur fram í inngangi bréfsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að stofnunum hins opinbera hefur á liðnum árum og áratugum verið uppálagt að leita allra ráða til að afla sértekna bæði til að styrkja starfsemi sína en líka til að draga úr þörf á fjárveitingum. Meðal þess sem þá hefur verið gripið til er að verðleggja gögn og aðrar upplýsingar sem veittar eru en voru áður afhentar ókeypis. Ekki verður séð að samræmi sé í aðgerðum stofnana í þessum efnum og er hætt við því að í gangi sé eins konar kapphlaup. Þannig kann sá sem þarf að fara að greiða fyrir gögn að svara með því að verðleggja aftur sínar upplýsingar. Og þar sem slík gagnaskipti eru einkum milli opinberra stofnana má spyrja hvort einhver fjárhagslegur ávinningur fáist að lokum fyrir ríkissjóð, enda má ekki gleyma því að sjálf gjaldtakan hefur umtalsverðan kostnað í för með sér.

Hér er ekki verið að leggjast gegn skynsamlegri gjaldtöku heldur fyrst og fremst verið að benda á nauðsyn stefnu sem setji gjaldtökunni hæfilegar skorður og tryggi samræmi milli stofnana. Eins og fyrr segir er lagt til að skipuð verði nefnd hið fyrsta til að fjalla um þennan vanda og meðan hún er að störfum og þar til hin opinbera stefna hefur litið dagsins ljós beiti stjórnvöld sér fyrir því að hlé verði gert á frekari gjaldtöku."

Þetta er úr bréfi vinnuhóps á vegum Rannsóknarráðs með forstjórum helstu rannsóknastofnana landsins, herra forseti. Í grunninn tel ég meiri hluta umhvn. vera sammála því áliti sem hér kemur fram. Ég lít svo á að hv. þm. umhvn. eigi núna hægt um vik að flytja mögulega þáltill. sem leggi það á herðar stjórnvalda að undirbúa eða koma á fót slíkri nefnd. *Ég minni á að bréf þetta er skrifað 3. febrúar 1999 þannig að* ég tel fulla ástæðu til að þingmenn hnykki á þessu og leggi forstöðumönnum þessara stofnana, sem hafa ritað undir þetta bréf, lið með því að hugleiða einhvers konar þáltill. í þessum efnum.

Varðandi aðra þætti sem ég tel að frekar þurfi að hnykkja á í umfjöllun um málið vil ég benda á það sem segir í nál. meiri hlutans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi er lagt til að Landmælingar Íslands annist skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn *af Íslandi sem séu í eign íslenska ríkisins.*"

Þetta orðalag, herra forseti, var meiri hlutinn sammála um að gæti valdið ákveðnum misskilningi. Það mætti misskilja það svo að Landmælingum væri falið að annast skráningu þessara upplýsinga. Þess vegna var á síðari stigum í vinnslu nefndarinnar bætt við áframhaldi í nál. þar sem segir:

„Er það skilningur meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ætlunin að Landmælingar Íslands taki yfir þau gögn sem nú þegar er að finna hjá öðrum aðilum heldur skuli stofnunin eingöngu halda utan um gagnagrunn þessara upplýsinga."

Í tilefni af þessu, herra forseti, vil ég geta um samtök um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla. Samtökin eru vettvangur samstarfs stofnana fyrirtækja og einstaklinga á sviði landfræðilegra gagnasafna og upplýsingakerfa. Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að það sé hnykkt á þeim skilningi meiri hlutans að samtökin LÍSA hafi áfram allan umráðarétt yfir þeim upplýsingum sem eru í þessu sameiginlega gagnasafni, hér sé einungis verið að festa þessa miðlun, þ.e. aðgang að þessum upplýsingum, hjá Landmælingum. Ég legg hins vegar á það ríka áherslu að það þurfi auðvitað að gera í góðu samkomulagi við samtök um landupplýsingar á Íslandi fyrir alla. Ég tel meiri hlutann sammála um að ekki eigi að hætta því góða samstarfi sem verið hefur við þessi samtök. Nefndin er sammála um að það starf sem þar hafi verið unnið sé af hinu góða og beri að halda áfram að styrkja starfið, þetta starf sé mikilvægt og nú sé einungis orðið fast hlutverk Landmælinga að veita aðgang að þessum upplýsingum. Að öðru leyti tel ég að því hafi verið lýst yfir að samtökin LÍSA eigi áfram tilvistarrétt og þeirra hlutverki sé í engu breytt. Þess má geta að síðasta ár hafa samtökin LÍSA vistað upplýsingar sínar hjá Landmælingum Íslands.

Varðandi fjármögnunarheimildir Landmælinga Íslands eða gjaldskrá stofnunarinnar, *sem hér hefur verið til umfjöllunar* hjá tveimur hv. þm. sem töluðu á undan mér, þá lít ég ekki svo á að neinn sérstakur ágreiningur sé um það mál. Nefndin er sammála um að Landmælingar Íslands eigi auðvitað ekki að þurfa að verðleggja afurðir sína eða þjónustu svo hátt að það standi beinlínis í vegi fyrir því að stofnanir og einstaklingar sjái sér fært að nýta þau gögn sem Landmælingar hafa í vörslu sinni og þurfa að selja aðgang að. Þess vegna tel ég mikilvægt að ramma inn það sem segir í nál. meiri hlutans þegar gjaldskráin er til umfjöllunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Telur meiri hluti nefndarinnar ljóst að verðlagning Landmælinga Íslands vegna gagna sem lúta höfundarrétti ríkisins þarf að vera sanngjörn og í samræmi við markaðinn svo að viðskiptavinir stofnunarinnar geti nýtt sér þjónustu hennar."

Þetta tel ég einungis geta átt sér stað, herra forseti, á einn hátt, ég tel að gjaldskrá Landmælinga Íslands verði að endurskoða. Eins og nefndin hefur fengið upplýsingar um í umfjöllun sinni er verðlagningin afar há eins og kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar áðan, sérstaklega *hvað varðar eina ákveðna tegund korta. Ég held að ákveðin* endurskoðun á gjaldskránni hljóti að fara fram núna í ljósi afgreiðslu nefndarinnar.

Ég skal ekkert fullyrða um hvort stjórnarmeirihlutinn í umhvn. sé mér sammála um að endurskoða þurfi gjaldskrána eða lækka hana en ég tel rökstuðning þeirra umsagnaraðila sem hafa sent nefndinni álit afar sterkan hvað þetta varðar. Ég vil af því tilefni, herra forseti, fá að vitna í bréf frá Háskóla Íslands en það er Jón Guðmar Jónsson, skrifstofustjóri raunvísindadeildar, sem ritar undir bréfið fyrir hönd raunvísindadeildar *í umboði deildarforseta en í því bréfi segir*, með leyfi forseta:

„Á sl. árum hefur gjaldtaka Landmælinga Íslands verið með þeim hætti að raunvísindadeild Háskólans telur sér ekki fært að nýta sér gögn frá Landmælingum Íslands nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta á við um gögn til rannsókna og kennslu svo og þar sem gögn frá Landmælingum Íslands eru hluti af birtum niðurstöðum rannsókna á vegum raunvísindadeildar. Krafa um tekjur Landmælinga Íslands kemur mjög illa við deildina og þegar til lengri tíma er litið mun það líka koma illa við Landmælingar Íslands að deildin veigri sér hjá því að nota gögn hennar vegna kostnaðar sem af því hlýst."

Herra forseti. Í sama streng tekur forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jón Gunnar Ottósson, en hann kom einnig á fund nefndarinnar og lýsti því að þessi verðlagning væri

orðin þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands væri hætt að geta nýtt sér upplýsingarnar. Hún hefði hreinlega ekki fjárráð til þess og yrði þar af leiðandi að nýta sér gögn sem væru ekki eins vel úr garði gerð og ekki eins nákvæm og í raun og veru verri kostur en það að fá þau gögn sem Landmælingar hefðu yfir að ráða.

Herra forseti. Ég tel þetta skjóta stoðum undir það að endurskoða þurfi gjaldskrá Landmælinga. Á þeirri spýtu hangir að sjálfsögðu, herra forseti, að ég lít svo á að sértekjukrafa Landmælinga Íslands sé of há. Ég minni í því sambandi á tillögu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í fjárlagaumræðunni fyrir nokkrum dögum þar sem við lögðum það til að sértekjukrafan sem nú er í fjárlögunum, 48 millj., verði lækkuð um 15 millj. kr., m.a. til að Náttúrufræðistofnun Íslands eigi greiðari aðgang að gögnum sem er þarna að finna innan þess fjárlagaramma sem Náttúrufræðistofnun Íslands er gert að starfa.

Herra forseti. Ég tel aðalmálin vera þau að gjaldskrá Landmælinga Íslands þurfi að endurskoða þannig að hún verði sanngjörn og í samræmi við markaðinn. Svo legg ég afar mikla áherslu á það að þingmenn hv. taki áfram upp þá umræðu sem þörf er um gagnapólitík ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda almennt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504.

[13:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Um leið og ég þakka fyrir að þetta mál skuli tekið fyrir í dag leyfi ég mér að láta þess getið að hér er um að ræða breyting á lögum um tryggingagjald til þess að ganga úr skugga um það að greiðslur úr hinum nýja Fæðingarorlofssjóði, sem tekur til starfa um næstu áramót, verði undanþegnar tryggingagjaldi.

Samkvæmt nýlegum úrskurði ríkisskattstjóra er ljóst að ef ekki kemur til þessarar lagabreytingar munu greiðslur úr orlofssjóðnum ekki falla undir undanþáguákvæði laganna um tryggingagjald. Þegar frá fæðingarorlofslögunum var gengið á síðasta vori var aldrei gert ráð fyrir því að þessar greiðslur yrðu tryggingagjaldsskyldar. Það er til að taka af öll tvímæli sem þetta frv. er flutt og vænti ég þess að ekki þurfi að verða um þetta mál ágreiningur í Alþingi.

Ég leyfi mér að svo mæltu að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég býst við að það sé rétt ályktað hjá hæstv. fjmrh. að ekki þurfi að vera ágreiningur um það frv. sem hann mælir hér fyrir svo sjálfsagt sem það er að ekki sé greitt tryggingagjald af því framlagi sem fer í Fæðingarorlofssjóð eða greiðslur úr honum, en þar er hafður sami hátturinn á varðandi undanþágur og er samkvæmt ákvæðum um eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóðir greiða sem eru undanþegnir tryggingagjaldi, auk annarra bóta sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, þar með talið fæðingarorlof. Hér er því auðvitað um sjálfsagða og eðlilega lagfæringu að ræða og aðlögun að þeirri breytingu sem er á fæðingarorlofskerfinu og vænti ég þess að málið fái greiðan aðgang í gegnum nefnd og þingið, þótt aldrei sé það til fyrirmyndar að koma með mál svona seint inn í þingið.

En ég hefði talið, herra forseti, að mjög þarft, gott og áhugavert hefði verið fyrir marga ef hæstv. ráðherra eða félmrh. sem ber ábyrgð á framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof hefðu gert þinginu grein fyrir stöðu undirbúnings að gildistöku á lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem á að taka gildi um næstu áramót. Hér er náttúrlega um að ræða mikla breytingu á tilhögun fæðingarorlofs sem mikil, breið og góð samstaða er um innan og utan þings, en þarna voru ýmis ákvæði sem þurftu undirbúnings við fyrir gildistökuna sem mér a.m.k. lék forvitni á að heyra hvað liði. Ég sé að hæstv. félmrh. er ekki hér viðstaddur og sjálfsagt er það svo að fjmrh. hefur ekki grannt fylgst með þeim undirbúningi.

Þó er það svo að í lögunum um fæðingar- og foreldraorlof á félmrh. að gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar og sjóðurinn á árlega að gera fjárhagsáætlun sem félmrh. leggur fyrir fjmrh. við undirbúning fjárlaga. Vænti ég að þess hafi verið gætt og sú áætlun hafi verið lögð fyrir fjmrh. og að ekkert vanti upp á það án þess að ég ætli að fara að gera kröfu um að yfir það verði farið. Það hefur væntanlega verið athugað í fjárln. að ekkert vanti upp á að þessi sjóður sé albúinn til að takast á við það mikilvæga verkefni sem honum er ætlað.

Ég hefði líka viljað við þessa umræðu, bara af því það er áhugavert og hefði ekki þurft að taka langan tíma, að hæstv. ráðherrar hefðu gert þinginu grein fyrir áhrifum af þeirri breytingu sem upp var tekin t.d. hjá ríkisstarfsmönnum og á almenna markaðnum varðandi rétt feðra til fæðingarorlofs sem er geysilega mikilvægt jafnréttismál að komið er til framkvæmda, þó ekki sé ýkja langt gengið í því efni og það mál eigi að takast í áföngum. Ég hefði viljað fá aðeins yfirlit og yfirferð yfir það hve mikið þessi sjálfstæði réttur feðra til fæðingarorlofs hefur verið nýttur. Eitthvað hefðum við sjálfsagt getið fengið um það og af því örfáir dagar eru í að þessi lög taki gildi hefðum við örugglega getað fengið einhverjar upplýsingar um stöðuna að því er varðar þessi nýju lög vegna þess að nokkrir hafa örugglega sótt um samkvæmt nýju lögunum og það vekur vissulega upp forvitni um hvaða árangur verður af þessum nýju lögum.

Eins hafði ég nokkrar áhyggjur af því sem mætti kannski kalla yfirgangstíma þegar verið væri að fara úr gamla fæðingarorlofskerfinu yfir í það nýja, hvort einhver vandamál hefðu komið upp lagatæknilegs eðlis eða eitthvað sem á þyrfti að taka, en sjálfsagt er það ekki fyrst hæstv. ráðherra hreyfir því ekki.

En ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. fjmrh., sem hefur hlýtt á mál mitt, og hæstv. félmrh. sem er ekki hér viðstaddur að ef hann hefur einhverja vitneskju eða hugmyndir um það sem ég hef aðeins imprað á í örstuttu máli, sérstaklega varðandi fæðingarorlof feðra, að hann komi þá fram með þær upplýsingar og stöðuna að því er varðar gildistöku á þessum nýju lögum hafi hann einhverja vitneskju um það.

En varðandi tryggingagjaldið þá er þar sjálfsagt mál á ferðinni sem vonandi fær greiðan gang í gegnum þingið.

[13:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum er afleiðing af nýsettum lögum um fæðingarorlof sem er afskaplega mikill áfangi í átt til jafnréttis milli karla og kvenna. En ég vildi rétt aðeins koma inn á það að þessar undanþágur frá tryggingagjaldi eru ákveðinn stílbrjótur í þeirri hugsun að skattar séu altækir og skattstofninn sé klár. Í dag eru bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins undanþegnar tryggingagjaldi, sem er í raun bara bókhaldsatriði, því þetta fer út og inn úr ríkissjóði þar sem ríkissjóður stendur undir öllum bótum Tryggingastofnunar eða mestöllum. Sama er um að ræða hér að Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður á fjárlögum og þetta mundi þýða út og inn. En ég vildi gjarnan beina því til hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta til skoðunar að hún kanni hvort ekki væri eðlilegra og rökréttara að hafa tryggingagjaldið án undanþágna þannig að þetta færi út og inn í þessum stofnunum, bæði Tryggingastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Það sem mundi hugsanlega koma inn í það eru þá bætur sem lífeyrissjóðirnir greiða en þeir eru undanþegnir tryggingagjaldi í dag. Ég vildi beina því til hv. nefndar að hún skoði hvernig þetta komi út rökfræðilega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 1998, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 287.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 sem dreift hefur verið á þskj. 287 og er 260. mál þingsins.

Frv. var lagt fyrir á síðasta þingi en var þá ekki afgreitt og er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem þó eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Framsetningu á talnaefni frv. hefur verið breytt nokkuð frá fyrri gerð þess í samræmi við þær viðmiðanir um uppgjör á fjárreiðum ríkisaðila, sem hafa verið mótaðar af fjmrn. og ríkisbókhaldi í tengslum við gerð ríkisreiknings fyrir árin 1998 og 1999. Breytingin frá fyrri gerð frv. felst í breyttu uppgjöri á mörkuðum skatttekjum sem renna til stofnana og verkefna á gjaldahlið ríkissjóðs. Uppgjör á slíkum mörkuðum tekjum miðast nú almennt við tekjurnar sem innheimtast á árinu í stað álagðra tekna í fyrri gerð frv., nema í þeim undantekningartilvikum þar sem um er að ræða aðila utan A-hluta ríkissjóðs sem annast sjálfur álagningu og innheimtu teknanna. Breytingin á uppgjörinu hefur nokkur áhrif á hækkanir og lækkanir á fjárheimildum ársins 1998 sem lagðar eru til í sundurliðun 1 í frv. vegna frávika bókfærðra markaðra tekna frá áætlun fjárlaga. Á þeim fjárlagaliðum þar sem það á við breytist þá einnig staða fjárheimilda í árslok miðað við fyrri gerð frv., þar með staða sem kann að vera felld niður í sundurliðun 1 í frv. eða flutt til næsta árs, samanber yfirlit í sérstöku fylgiskjali. Að öllu samanlögðu eru áhrifin af breyttu uppgjöri á þessum þætti frv. þó ekki teljandi. Vakin er athygli á að staða fjárheimilda í árslok og flutningur stöðu til ársins 1999 samkvæmt ríkisreikningi 1998 og 1999 er ekki í öllum tilvikum eins og í frv. þar sem gengið var frá því talnaefni áður en viðmiðanirnar fyrir uppgjörinu í frv. voru fullmótaðar. Þar sem það á við eru fjárheimildirnar þá leiðréttar til samræmis við frv. í reikningi næsta árs.

Frv. til lokafjárlaga er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og er til staðfestingar á ríkisreikningi 1998. Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og á ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal í frv. leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimild er í lögunum til að greiða slík umframgjöld af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal í frv. gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 1. gr. frv. eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á öðrum rekstrartekjum og mörkuðum tekjum miðað við fjárlög en nánari skipting er í sundurliðun 1. Er um að ræða breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 1998 þar sem skilað er lögboðnum ríkistekjum til þeirra verkefna sem þær eru ætlaðar eða fjárheimild lækkuð í þeim tilfellum að tekjurnar hafa verið ofáætlaðar í fjárlögum 1998.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum sem ekki flytjast á milli ára og vísa ég til nánari skiptingar í sundurliðun 2.

Í sumum tilfellum eru heimildir felldar niður í árslok og er þar um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að ræða sem breytist lítið á milli ára. Veigamikil breyting er þó fólgin í því að nú eru fjárlög á rekstrargrunni og því sýnd rekstrarstaða stofnana sem ekki eru með efnahag í A-hluta ríkisreiknings, eru það einkum sjálfseignarstofnanir. Lagt er til að staða þessara stofnana miðað við fjárheimildir verði felld niður í árslok, enda miðast framlög til þeirra við fjárveitingar í fjárlögum og skuldir eða inneignir þessara stofnana eru við aðila utan ríkisins. Einnig er sótt um breytingar á fjárheimildum lögboðinna tilfærsluverkefna, svo sem almannatrygginga, og til breytinga á ríkistekjum sem m.a. eru taldar í 1. gr.

Í fylgiskjali er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Í 37. gr. laganna er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsársins og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 1998. Vísa ég til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikning fyrir árið 1998 um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála það ár og um helstu frávik á tekjum og útgjöldum á því ári. Þá hefur Ríkisendurskoðun lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 1998 og um hana hefur verið fjallað í fjárln.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum almennum orðum um frv. og hlutverk þess í tengslum um lög um fjárreiður ríkisins. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði í frv. sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningi og ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

Ég vil geta þess að endingu, herra forseti, að sambærilegt frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 er á lokastigi í vinnslu í ráðuneytinu. Ég vænti þess að unnt verði að leggja það fram áður en jólaleyfi þingmanna hefst. Bæði þessi frv. og sú töf sem orðið hefur á afgreiðslu þeirra bera það með sér að hér er um að ræða fyrstu árin eftir að ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi og hafa verið ákveðnir byrjunarörðugleikar við að koma þessum hlutum í þann búning að geti staðist til

frambúðar. Ég geri mér góðar vonir um það að frá og með næsta hausti, haustinu 2001, verði búið að koma þessum málum í réttan farveg tímalega séð, þannig að við getum snemma næsta haust tekið til við að ræða lokafjárlög fyrir árið 2000. Þar með verði vonandi búið að koma þessum málum í endanlegan búning og þann farveg sem ætlast er til í lögunum um fjárreiður ríkissjóðs þannig að fjárln. þingsins gefist færi á að afgreiða slík mál samhliða því sem hún fjallar um fjáraukalög yfirstandandi árs og fjárlög þess næsta.

[13:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til að lengja umræðu um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998. Ég vil þó byrja á að taka undir með hæstv. fjmrh. um þær væntingar að við getum komið þessum málum í betri farveg en verið hefur. Má ef til vill finna afsökun í því að uppgjörshættir og vinnubrögð eru að breytast. Þess vegna hafi þetta tekið nokkurn tíma. Ég verð að geta þess að þetta er í þriðja skiptið sem frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 er lagt fram. Það sem ég vil helst koma til skila hér er það sama og ég hef sagt undanfarin ár í umræðum um fjárlög, að þessir hlutir þurfa að vera í lagi, svo mikill kerfiskarl er ég að ég vil að þetta gangi alveg eftir réttum farvegi. Ég mótmæli því, eins og ég gerði við umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar, að búið sé að samþykkja ríkisreikning áður en frv. til lokafjárlaga er afgreitt. Ég er fyrst og fremst að árétta þá hluti.

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til að rifja upp það sem ég sagði í umræðu um fjárlög fyrir árið 1998, sem sagt árið 1997. Þótt undarlegt megi teljast hefur skoðun mín varðandi ýmislegt í ríkiskerfinu lítið breyst. Það lýtur að því að misjafnt aðgengi manna er að ýmsum stofnunum, sjóðum og fyrirgreiðslum. Þess vegna hafði ég þau orð yfir og ætla að gera það aftur að ástæða er til að skoða það sem ég kalla ýmsa risnupósta þjóðfélagsins. Ég vil segja að þar geta þeir sem betur mega sín stungið rananum í risnuhunangið og nánast sogið óslitið til sín. Þeim finnst það meira að segja eðlilegt, herra forseti, og skilja ekki að verið sé að fetta fingur út í slíkt, hvort sem það varðar bílafríðindi, ferðafríðindi, laxveiðifríðindi, dagpeningafríðindi, veislufríðindi, gjafafríðindi eða annað. Ástæða er til að taka á slíkum málum, það var ástæða til þess árið 1997, og það er það enn þá. Við eigum að gera þetta þannig að allir hlutir, allt sem fram fer hjá hinu opinbera á að vera gagnsætt, nákvæmlega eins og þegar menn fóru í það að flytja hér frv. í skyndingu um að gera laun forsetans sýnileg, þá tel ég að gera eigi laun allra starfsmanna ríkisins sýnileg. Ég er sannfærður um að svo er ekki og þess vegna eru þau orð viðhöfð um að stinga rana í risnupotta.

Það hefur komið fram að svo mikill lúxus er hjá ákveðnum hluta þjóðarinnar að ástæða er til að gera athugasemd við þá hluti. Ég geri alvarlega athugasemd við það að ýmsir þjóðfélagshópar skuli vera þannig settir að þeir geti útdeilt sjálfum sér því að geta stungið rana sínum í risnupotta sem við þeim blasa. Þessi orð voru sögð við umræðu um fjárlög fyrir árið 1998, þau eiga við enn.

Einnig voru sögð hér orð sem ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vitna í. Ræðumaður og frsm. minni hluta fjárln. var þá hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hann sagði:

„Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í eftirspurn og almennum umsvifum efnahagslífsins. Aðhald í útgjöldum ríkissjóðs er grundvallarforsenda þess að árangur náist í að minnka viðskiptahallann og þar með skuldasöfnun þjóðarbúsins."

Virðulegur forseti. Þessi orð voru sögð 1997 við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998 af hv. þm. og frsm. minni hluta þá, Kristni H. Gunnarssyni. Það er svolítið merkilegt að þessi aðvörunarorð eru í fullu gildi og hafa gengið fyrir öll fjárlög fram til þessa dags og við í minni hlutanum höfum nýviðhaft ámóta aðvörunarorð.

Í nál. minni hlutans fyrir árið 2001 er sagt: „Ríkisfjármálastefna þarf að vera í takt við peningamálastefnu svo að árangur náist." Nánast nákvæmlega sömu orð viðhafði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson í framsöguræðu sinni við afgreiðslu fjárlaganna fyrir 1998.

Ástæða er til að minna á þessi orð, herra forseti, vegna þess að þau eru í fullu gildi og ég veit að það er enginn ágreiningur hjá mér og hæstv. fjmrh. um að þetta eru þau ráð sem ríkið á til að sporna við því efnahagsástandi sem hefur því miður örlað á og er miður fyrir okkur.

Ég gat ekki annað, virðulegur forseti, en nýtt þetta tækifæri varðandi það þingmál sem nú liggur fyrir og nefnt þessar hugleiðingar mínar. Enginn ágreiningur er hjá okkur hæstv. fjmrh. um afgreiðslu á þessu máli. Það er núna í mjög góðum búningi og er miklu betra en það var áður, leiðrétt hefur verið það sem að var fundið þannig að ég vonast til þess að fjárln. afgreiði þetta mál frá sér á fundi hið fyrsta.

Ég fagna einnig þeim orðum að frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 skuli vera væntanlegt og minni hlutinn mun gera allt til að greiða fyrir þessum málum hið fyrsta. Ég tel virkilega ástæðu til þess og þannig að við komum þessum málum í þann farveg að lokafjárlög séu afgreidd á hverju ári áður en ríkisreikningur er samþykktur.

Ég minni á að ríkisendurskoðandi gerði athugasemd og fyrirvara við afgreiðslu á ríkisreikningi fyrir árið 1998 vegna þess að frv. til lokafjárlaga var ekki afgreitt. Þetta er prinsippmál sem menn þurfa að temja sér í vinnu. Í orðum mínum felst engin ásökun á hendur hæstv. fjmrh. vegna þessa og ég fagna þeim orðum sem hann lét falla um að þetta væri að breytast og þetta væri að komast í það lag sem menn hefðu sett sér með setningu fjárreiðulaga fyrir þremur árum.

[13:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ferli fjárreiða ríkissjóðs er að fyrst er lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 á hausti 1997, síðan vinnur Alþingi þetta frv. og breytir því og samþykkir fjárlög fyrir 1998 í lok ársins 1997, svo eru sett fjáraukalög fyrir 1998 á árinu 1998 þar sem menn sjá betur hvert stefnir og svo að lokum eru sett lokafjárlög og síðan kemur ríkisreikningur. Þetta er ferlið. Ég hefði gaman af að sjá helstu niðurstöður úr öllu þessu ferli, ég hef ekki rekist á það í frv., til þess að átta mig á því hversu vel hafi tekist til við spá um fjárlög 1998. Fjárlög eru aldrei annað en spá og áætlun, áætlunargerð sem byggir á ákveðnum forsendum. Því væri gaman að sjá hvernig til hefur tekist því að lokafjárlög eru lokahnykkurinn í slíku ferli.

Ég er mjög ánægður með þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að koma með lokafjárlög 1999 nú fyrir jól og enn betra er að fá ríkisreikning og lokafjárlög fyrir árið 2000 næsta haust, en markmiðið ætti náttúrlega að vera að koma með hvort tveggja 1. febrúar árið á eftir.

Það eru stórfyrirtæki í heiminum, eins og IBM að mér skilst, sem koma með ársreikning 15. janúar. Þetta er náttúrlega ekkert annað en agi í bókhaldi, agi í færslu hjá ríkinu og yrði mjög til bóta ef allar ríkisstofnanir og ríkið sjálf væri komið með allt bókhald sitt, segjum 1. febrúar. Það yrði markmið sem menn settu sér og ég vil skora á hæstv. fjmrh. að stefna að því. Þetta er háleitt markmið, en ég held nefnilega að það gefi ákveðinn aga við að fara að fjárlögum hjá ríkisstofnunum, gefi ákveðinn aga í því að reka fyrirtækin vel og hafa upplýsingar til reiðu.

Þannig er að ég lít á hlutverk bókhalds mjög alvarlegum augum. Bókhaldið gegnir í rekstri fyrirtækis svipuðu hlutverki og taugakerfið í mannslíkamanum, það segir manninum hvar eitthvað er að. Ef maður brennir sig á hendinni, þá fær maður upplýsingar um það strax og maður bregst við með því að kippa hendinni að sér. Sama á bókhaldið að gera. Ef einhver deild eða einhver liður er að fara úr böndunum þá eiga menn að vita það strax og geta kippt að sér hendinni og gert ráðstafanir. Þetta er hlutverk bókhalds og það er því miður allt of lítils metið í atvinnulífinu og í opinberum rekstri. Ég skora á hæstv. fjmrh. að stefna að því að gera bókhaldið enn virkara og skilvirkara en menn hafa þegar náð árangri í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453. [14:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í 6. gr. umræddra laga er fjallað um reiknað endurgjald svokallað, en skv. 4. mgr. greinarinnar ber ríkisskattstjóra árlega að setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra vegna ákvörðunar reiknaðs endurgjalds. Í 4. málslið þessarar málsgreinar er sérstaklega kveðið á um að viðmiðunartekjur þeirra sem landbúnað stunda skuli miðaðar við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

Svo sem kunnugt er var verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða sem lagður var til grundvallar við setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda á sínum tíma breytt með lögum nr. 69/1998, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Af þessum sökum er framangreind sérregla um reiknað endurgjald bænda úrelt og því er lagt til að umræddur 4. málsliður 4. mgr. 6. gr. laganna verði felldur brott. Í breytingu þessari felst að ríkisskattstjóri mun framvegis setja viðmiðunarreglur vegna reiknaðs endurgjalds bænda með sama hætti og gildir um endurgjald annarra starfsstétta. Þannig verða sömu grunnsjónarmið látin gilda um allar starfsstéttir en skv. 3. málslið greinarinnar ber ríkisskattstjóra að hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein.

Í frv. er lagt til að lagabreyting þessi öðlist gildi nú þegar og komi til framkvæmda við setningu viðmiðunarreglna fyrir staðgreiðsluárið 2001.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 119, nál. 514. [14:04]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 514. Það er vegna breytinga á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Í umræddu frv. er leita leiða til að kanna brottkast á afla og jafnframt til að koma í veg fyrir það eftir aðferðum sem menn þekkja. Nefndin fór mjög rækilega yfir þetta mál, efnislega yfir frv., forsendur fyrir eftirlitinu almennt og ýmis álitamál sem þar eru uppi.

Nefndin vekur athygli á að heimild Fiskistofu nær til þess sé að afli tiltekins skips að gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar megi grípa til þeirra ráðstafana að senda mann um borð og vera þar um ótiltekinn tíma. Við bendum á að slíkar heimildir eru matskenndar og vandasamar úrlausnar. Leggur nefndin því til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði falið að móta gæðastaðla sem miða skuli við þegar heimildinni er beitt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að þegar veiðieftirlitsmaður hefur verið um borð í skipi í sjö daga geti Fiskistofa ákveðið hvort hann skuli vera áfram, þá á kostnað útgerðarinnar, ef tilefni er til. Innan sjútvrn. var rætt um hvernig heimildinni skyldi beitt þegar um dagróðrabáta væri að ræða. Telur nefndin eðlilegt að í slíkum tilvikum sé miðað við sjö einstakar veiðiferðir á fiskveiðiári. Til þess að taka af tvímæli um þetta leggur nefndin til breytingu í samræmi við það, sem fylgir hér með á þessu skjali.

Jafnframt leggur nefndin áherslu á að með orðinu veiðiferðir er verið að taka af allan vafa um að hver veiðiferð þurfi ekki að standa yfir í heilan sólarhring þegar um dagróðrabáta er að ræða, eins og menn þekkja og þarf út af fyrir sig ekki að útskýra frekar.

Innan nefndarinnar var talsvert rætt um hvort fortakslaus skylda Fiskistofu samkvæmt orðanna hljóðan í frv., til að setja mann um borð mundi íþyngja stofnuninni um of. Nefndin telur að auk hinnar almennu heimildar sem Fiskistofa hefur í gildandi lögum, bæði þessum lögum um umgengni um nytjastofna og eins í fiskveiðistjórnarlögunum sjálfum, sé nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um að Fiskistofa skuli grípa til aðgerða ef samsetning afla, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpstextanum, gefi tilefni til.

Virðulegi forseti. Ég tel sérstaka ástæðu til að nefna það að nefndin fór rækilega yfir ýmis atriði sem snúa almennt að framkvæmd veiðieftirlitsins með starfsmönnum Fiskistofu, fulltrúum sjútvrn. og síðan á fundum með hagsmunaaðilum og á eigin fundum. Það er ljóst að þar eru uppi ýmis álitamál, sérstaklega þau sem lúta að tímabundinni sviptingu veiðileyfa vegna brota sem augljóslega stafa af gáleysi eða mannlegum mistökum sem alltaf geta átt sér stað í þessum efnum eins og öðrum. Það er ljóst að lögin eru mjög afdráttarlaus að þessu leyti, þau kveða á um að ef menn brjóta af sér, jafnvel þó að klárlega sé um gáleysi að ræða, skuli grípa

til tiltekinna úrræða. Á þeim grundvelli hefur Fiskistofa ekki treyst sér til að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða ásetningsbrot eða brot þar sem mönnum hafa ekki verið ljósar aðstæður, t.d. að það hafi farið fram hjá mönnum að þeir hefðu ekki nægilegar veiðiheimildir fyrir afla sem þeir eru að landa o.s.frv. Auðvitað er það ekki ætlun löggjafans að refsa þeim sem verður fyrir einhverjum slíkum gáleysisyfirsjónum sem að öðru leyti ættu ekki að vera refsiverðar.

Það er ekki augljóst hvernig taka ætti slíkum álitamálum. Þess vegna varð það eiginlega niðurstaðan af þessum vangaveltum í nefndinni að hæstv. sjútvrh. hefur sett af stað vinnu við endurskoðun þessara þátta málsins, þ.e. því sem snýr að framkvæmdinni sjálfri. Hugmyndin er sú að endurskoðunarvinnan fari fram í samráði við hagsmunaaðila og sjútvn. leggur mikla áherslu á að því starfi verði hraðað.

Nefndin leggur síðan til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem þar eru kynntar og ekki er ástæða til að lesa hér upp.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Árni Ragnar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Jónas Hallgrímsson og Hjálmar Árnason. Með fyrirvara undirrita nál. þetta hv. þingmenn Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

[14:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og ætla að gera grein fyrir honum í fáeinum orðum.

Það kom reyndar fram við 1. umr. málsins að menn höfðu mismunandi skoðanir á þeirri viðbót sem þarna stendur til að setja í lög til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr brottkasti og slæmum umgangi um miðin. Auðvitað er mat manna misjafnt á því hvaða áhrif tillögur eins og þessar hafi. Ég tel reyndar að í meðferð nefndarinnar hafi verið gerðar skynsamlegar breytingar á tillögunni frá því sem hún var. Ég tel það til bóta og það sem menn ætla sér með henni betur framkvæmanlegt.

Ég skrifa undir nál. með fyrirvara vegna þess að þó ég sé fylgjandi auknu eftirliti með því að þeim reglum sem settar hafa verið sé fylgt þá hef ég því miður litla trú á að afgerandi breyting verði á þeim vandamálum sem menn eru að glíma við með því að auka eftirlitið með þessum hætti. Ég held að það sem vantar til að fá þau umskipti sé að reglurnar séu þannig að mönnum verði ekki refsað fyrir að koma með fisk að landi og að menn sjái ekki hag í að fleygja aftur í sjóinn því sem kemur upp í veiðarfærin. Það er allt saman til staðar áfram og hefur ekki verið tekið á því með neinum hætti.

Við höfum áður kynnt hér tillögur um þetta efni. Það hefur margkomið fram, m.a. hjá hv. þm. sem hafa verið og eru í sjútvn., að aðrar leiðir séu vænlegri til skoðunar, fleiri en þær sem hér er stungið upp á. Ég minni á að hér hafa ítrekað verið fluttar tillögur í þá átt að í það minnsta skuli gerð ærleg könnun á því hversu mikið brottkastið er með því að leyfa löndun afla utan kvóta um tiltekinn tíma eftir sérstökum reglum. Sú umræða hefur hvað eftir annað verið vakin upp í hv. sjútvn., að kanna hvort þessi leið sé vænleg og hvaða vandkvæði séu á því að fara hana. Ég vil minna á þetta hér vegna þess að ég tel því miður að brottkast og slæm umgengni um miðin verði áfram til staðar þó að þetta frv. verði samþykkt.

Ég er hins vegar tilbúinn að fylgja þessu máli og samþykkja það. Þeir sem hafa þetta eftirlit með höndum telja að þeir gert betur með því að fá þær heimildir sem veittar yrðu með þessu frv. Það er engin ástæða til annars en að láta reyna á hvað geti komið út úr því.

Það skulu vera mín lokaorð um þetta mál. Ég ætla ekki að hafa um það langar ræður. Við ræddum þetta töluvert við 1. umr. Þó að ég hafi ekki trú á að þetta gefi mikið þá vonast ég til að menn ræði frekar hugmyndina um að leyfa löndun afla utan kvóta, fari yfir hana í hv. sjútvn. og athugi hvort ekki sé hægt að ná saman um einhverjar tillögur í því efni. Slíkt mundi þó færa okkur heim sanninn um hvað er að gerast á miðunum. Þar með gætu menn hætt að þræta um það. Ég stórefast um það fyrir fram að tilraunir manna núna til að komast að því hversu mikið brottkastið er muni færa okkur nokkuð nær sannleikanum en við erum nú þegar. Það eina sem gæti svipt hulunni af þessu, þannig að menn væru nokkuð vissir um það sem væri að gerast á miðunum, er að fara þá leið sem margoft hefur verið lögð til og ég hef nefnt hér, að leyfa löndun utan kvóta um tiltekinn tíma með tilteknum reglum sem væru sniðnar þannig að menn gætu ekki haft af því neinn hagnað að koma með umframaflann að landi, þeir yrðu ekki fyrir skaða og sæju sér ekki hag í því að fleygja fiski í sjóinn aftur.

[14:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég stend að þessu nál. frá sjútvn. en hef fyrirvara við það og vil aðeins gera grein fyrir því að hverju hann lýtur.

Í fyrsta lagi segir hér að við séum að leita nýrra leiða með þessari lagasetningu. Ég tel reyndar vafasamt að við séum beinlínis að leita nýrra leiða með þessari framsetningu. Hingað til hafa allar aðgerðir til þess að hamla brottkasti og bæta umgengni um nytjastofna sjávar einmitt verið í þá veru að setja strangari viðurlög og herða eftirlit.

Miðað við þær skýringar sem við fengum frá mönnum í sjútvrn. er ljóst að menn telja það hugsanlega geta orðið til bóta að setja þetta ákvæði inn, að Fiskistofa skuli setja menn um borð í skip og geti haft þá þar í sjö daga á sinn kostnað. Ef talin er síðan ástæða til að hafa þá um borð áfram þá verði það á kostnað útgerðarinnar. Talið er að þetta ákvæði geti haft áhrif til að að bæta umgengni um auðlindina og minnka brottkast. Auðvitað er sjálfsagt að leyfa mönnum að reyna það og vera kann að í textanum felist einhver fælingaráhrif sem bætt gætu ástandið. Á það skal ég ekki leggja dóm, reynslan hlýtur að skera úr um það.

Samt sem áður erum við enn á sömu braut og förum refsingarleiðina vegna þess að kostnaðurinn færist yfir á útgerðina hafi skip hennar afbrigðilega aflasamsetningu. Að vísu er umdeilanlegt hvað telst afbrigðileg aflasamsetning. Aflasamsetning á milli tveggja skipa getur verið misjöfn án þess að neitt sé óeðlilegt við það. Það mundi væntanlega koma í ljós á þeim sjö dögum eða róðrum sem mönnum er ætlað að fylgjast með, ef þeir telja þurfa sjö veiðiferðir til að skýra málin. Þó að heimildin hljóði upp á þetta margar veiðiferðir þá er ekki þar með sagt að hana þurfi að nýta til fulls.

Ég vil hins vegar vekja athygli á hinu sem iðulega hefur verið nefnt en aldrei verið gert, að gera tilraun til að leiða í ljós hvaða vandamál er við að fást. Við höfum heyrt sögur af því hvernig brottkast á sér stað og af hvaða orsökum. Ég held að enginn geti mótmælt því að kvótakerfi, hvar sem þau

eru í veröldinni, hafa innbyggðan hvata til að menn velji úr aflanum. Ég held að flestallir sem rætt hafa um fiskveiðistjórn, bæði hér á Íslandi og annars staðar, hafi viðurkennt að yfirleitt fylgi kvótakerfum tilhneiging til að velja úr aflanum.

Kvótakerfi eins og við erum með, sem ég kalla oftast kvótabraskkerfi með frjálsu framsali, eins og það er notað hér á Íslandi, hefur hins vegar tvöfaldan hvata að þessu leyti. Það hefur þann hvata að menn velji úr aflanum vegna þess að þeir hafa takmarkaða heimild til að veiða. Síðan hvetur það til að velja úr aflanum með tilliti til verðmætanna og jafnvel stærðar fisksins. Stór hluti þeirra sem gera út á fiskveiðar hefur bæði takmarkaðar heimildir og þarf til viðbótar að leigja aflaheimildir á mjög háu verði þannig að verðmætið fyrir aflann þarf að vera í hæsta flokki svo að veiðarnar séu arðsamar.

Ekki hefur verið leyft að menn tilkynntu afla utan aflamarks og gætu landað afla sem þeir hefðu ekki beinan hag af að koma með að landi að öðru leyti. Það væri auðvitað afar fróðlegt, ég tek þar undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að sjá tilraun gerða til þess á næstu vetrarvertíð í tvo mánuði, t.d. í mars og apríl, að leyfa mönnum að landa afla og tilkynna afla utan aflamarks. Á þeim árstíma eru hvað flest fiskiskip í drift og forvitnilegt væri að sjá hvað slík tilraun mundi leiða af sér, hvað kæmi í land, hvaða fisktegundir, hvaða stærð menn væru að tilkynna utan aflamarks og hvaða fisktegundir.

Ég held að það sé okkur til vansa að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og ætla okkur að gera nýjan lagaramma um þessa atvinnustarfsemi en þora ekki að leiða þetta í ljós. Það er furðulegt að við skulum ætla að setja ný lög í hálfgerðri blindni án þess að finna út hvað kerfi eins og það er í dag hefur í för með sér. Það gætum við skoðað með einfaldri tilraun. Það kæmi þá fram hvort menn tilkynntu um mikinn afla utan aflamarks og hvaða tegundir og stærð það væri.

Þetta er því áhugaverðara þar sem sá fiskur sem fer fyrir borð er í flestum tilvikum steindauður og lifnar ekki við við að henda honum í sjóinn. Ég held að það sé rétt af okkur í sjútvn. að fjalla um það um leið og þing kemur saman hvort ekki eigi að gera svona tilraun. Menn geta þá hafnað því ef þeir vilja fara blindandi í gerð nýrra laga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402, nál. 507 og 508.

[14:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í lok síðasta kjörtímabils 1999 voru samþykkt lög á Alþingi þar heimilaðar voru tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Markmið þeirra laga er fyrst og fremst að laða til Íslands erlend kvikmyndafyrirtæki í því skyni að hér verði teknar upp kvikmyndir eða hlutar kvikmynda þar sem hinir erlendu aðilar geti notfært sér íslenska menningu, íslenska náttúru og ekki síður íslenska leikara og aðra þá sem tengjast gerð kvikmynda, tæknilið og aðra slíka.

Lög þessi fengu afskaplega jákvæð viðbrögð, ekki síst frá íslensku kvikmyndagerðarfólki sem væntir mikils af samstarfi við erlenda starfsfélaga sína. Nú gerist það, herra forseti, að Eftirlitsstofnun EFTA gerir athugasemdir við lögin og telur þau stangast á við ýmsar reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ríkisstyrki. Í raun er frv. viðbrögð stjórnvalda við þeim athugasemdum sem bárust frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Þau atriði sem athugasemdirnar ná fyrst og fremst til og tekið er á í frv. eru fimm eða sex. Hér er einkum um að ræða atriði varðandi menningarlega skírskotun þeirra kvikmynda og sjónvarpsefnis sem endurgreiðsla fæst fyrir samkvæmt ákvæðum laganna, ákvæði um af hversu háu hlutfalli heildarframleiðslukostnaðar endurgreiðsla samkvæmt lögunum skal reiknast og ákvæði um framleiðslu í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er það ekki lengur gert að skilyrði að þeir sem sækja um endurgreiðslu samkvæmt lögunum þurfi að stofna sérstakt félag hér á landi, heldur er nægilegt að viðkomandi hafi útibú eða umboðsskrifstofu skráða í aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta eru þau atriði sem Eftirlitsstofnun EFTA gerir athugasemd við og á þeim er skerpt í þessu frv. og verið að taka á þeim vanda sem Eftirlitsstofnunin telur að sé til staðar í gildandi lögum.

Samkvæmt upplýsingum frá gestum nefndarinnar munu þessi atriði fullnægja þeim kröfum sem EFTA gerir varðandi Evrópska efnahagssamninginn.

Að auki er bætt í lögin atriðum sem eru eins konar lagfæring. Kvikmyndasjóði Íslands verður veittur tilnefningarréttur í stjórn sérstakrar nefndar sem annast úrskurð varðandi endurgreiðslurnar. Í lögin kemur ákvæði þar sem kveðið er á um að þeir sem hlotið hafi styrk úr Kvikmyndasjóði séu ekki endilega útilokaðir frá endurgreiðslum samkvæmt lögunum heldur verði sá styrkur sem þeir hugsanlega hafa fengið úr Kvikmyndasjóði dreginn frá framleiðslukostnaði viðkomandi kvikmyndar eða sjónvarpsefnis.

Herra forseti. Þetta eru í megindráttum efnisatriði frv. og meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir það álit rita sá er hér stendur auk hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, Svanfríðar Jónasdóttur, Drífu Hjartardóttur og Árna Ragnars Árnasonar.

[14:26]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999. Ég mæli fyrir nál. minni hluta iðnn.

Ég vil taka fram að ég er efnislega sammála frv. en við 1. umr. og síðan við 2. umr. lögðu menn til að þessu frv. yrði vísað til menntmn. og jafnvel efh.- og viðskn. Ég tel að það hefði verið heppilegra vegna þess að í 4. gr. laganna er kveðið á um mat á því hvort endurgreiðslur skuli falla að framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis. Tekið er fram að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu landsins og náttúru. Þarna er um menningarlegar túlkanir að ræða. Í b-lið segir að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra

sem að framleiðslunni standa. Síðan er farið inn á peningaleg mál.

Ég tel að heppilegra hefði verið að bæði efh.- og viðskn. og menntmn. hefðu komið að frv. og þeim hefði verið gefið tækifæri á því að úttala sig um það og gera athugasemdir.

Í nál. minni hlutans segir:

„Minni hlutinn telur að málið hefði þurft lengri tíma í meðförum nefndarinnar. Eins og fram kom við 1. umr. málsins hefði verið rétt að vísa því til umsagnar menntmn. og efh.- og viðskn., enda koma efnisatriði frv. inn á verksvið beggja þessara nefnda.

Að öðru leyti er minni hlutinn sammála áliti meiri hlutans."

Ég vil að síðustu benda á að ég tel að við höfum verið sannfærð um það í nefndinni að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, geri ekki athugasemdir við frv. eins og það er núna. Hún hefur fengið það til umsagnar og telur að það standast að öllu leyti eftir því sem fram kom í nefndarvinnunni. Efnislega er ég því sammála frv. en þetta minnihlutaálit leggur áherslu á önnur vinnubrögð.

[14:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Markmið þessara laga er að styrkja innlendan kvikmyndaiðnað og þetta frv. er tilraun til að bregðast við athugasemdum frá ESA um að lögin fái ekki staðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta er í sjálfu sér gott og gilt en hér er verið að mismuna atvinnugreinum, við skulum gera okkur grein fyrir því, herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að mörgum atvinnugreinum eins og ferðamannaiðnaðinum þætti gott að fá endurgreiddan hluta af kostnaði innan lands úr ríkissjóði. Sama gildir væntanlega um sjávarútveginn, eða hugbúnaðariðnaðinn o.s.frv.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, framsögumaður meiri hlutans, sagði að gestir nefndarinnar hefðu allir verið mjög ánægðir með frv. Ég efast hins vegar ekki um að fulltrúar ferðamannaiðnaðarins eða sjávarútvegsins eða hugbúnaðargeirans yrðu líka afskaplega ánægðir ef þeir fengju endurgreitt úr ríkissjóði. Öllum þykir ljúft að fá slíkar endurgreiðslur úr ríkissjóði.

Í reynd er þetta ekki annað en lækkun á virðisaukaskatti, 20% af innlendum framleiðslukostnaði er virðisaukaskattur. Hér er verið að endurgreiða 12% af því þannig að þetta er í raun lækkun á virðisaukaskatti þessarar atvinnugreinar. Ég mundi vilja sjá slíka lækkun á virðisaukaskatti í öllu atvinnulífinu. Það mundi örugglega örva atvinnulífið verulega og stuðla að miklum vexti þess innan lands.

Burt séð frá þessum fyrirvörum er ég samþykkur frv. þó að það feli í sér mismunun á milli atvinnugreina. Í ljósi þess að sú grein sem við erum hér að styrkja, kvikmyndaiðnaðurinn, er ákaflega veikburða og ung að árum þá fellst ég á þetta stílbrot, þessa mismunun í skattkerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392, nál. 500 og 522, brtt. 523.

[14:32]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, 317. mál. Þetta er nál. meiri hluta hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa frá Landssambandi eldri borgara og jafnframt frá ASÍ.

Í frv. er kveðið á um hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra. Samkvæmt athugasemdum við frv. hefur gjaldið ekki breyst frá 1. jan. 1997 og er sú hækkun sem lögð er til í frv. miðuð við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999 segir að gjald þetta skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert og telur meiri hlutinn að hækkunin sé í samræmi við ákvæðið og að rétt sé að miða hana við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar eins og gert er í frv.

Fyrir liggur að stórum hluta sjóðsins hefur verið varið til rekstrar á stofnunum aldraðra í stað uppbyggingar eins og var upphaflega gert ráð fyrir þegar lög voru sett um Framkvæmdarsjóð aldraðra. Meiri hluti heilbr.- og trn. leggur áherslu á að viðbótarfé það sem innheimtist, verði frv. að lögum, renni til uppbyggingar enda má ætla af athugasemdum við frv. að slíkt sé ætlunin. Þar kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu bíði um 560 manns eftir vistrými og þar af séu um 230 manns í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými. Meiri hlutinn telur brýnt að hraða uppbyggingu til að mæta þeirri þörf sem fyrir er.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman skrifar undir álitið með fyrirvara. Að frátöldum framsögumanni skrifa undir þetta álit hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir og eins og ég sagði fyrr, Þuríður Backman með fyrirvara.

[14:34]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta hv. heilbr.- og trn., um frv. til laga um breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, á þskj. 522, 317. mál.

Minni hlutinn lýsir ábyrgð á fyrirhugaðri skattahækkun samkvæmt frv. á hendur ríkisstjórninni.

Minni hlutinn er andvígur frv. í núverandi mynd.

Í fyrsta lagi byggist afstaða minni hlutans á því að í upphafi hafi einungis verið ætlast til þess að fé úr sjóðnum rynni til uppbyggingar hjúkrunarrýmis, vistheimila o.s.frv. Með lögum nr. 12/1991 var fyrst heimilað að veita fé úr sjóðnum til rekstrar. Um var að ræða tímabundið rekstrarfé til stofnana aldraðra sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst. Eins og sjá má var einungis um mjög þrönga heimild að ræða. Með lögum nr. 109/1992 var þessu ákvæði breytt á ný með þeim hætti að heimilt var að nýta 55% af framlögum í sjóðinn til rekstrar á árunum 1993, 1994 og 1995 auk þess sem fyrri heimild hélst inni enda erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar á þeim tíma. Á árinu 1999 voru síðan samþykkt ný heildarlög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í þeim lögum er enn inni heimild til að verja fé

úr sjóðnum til rekstrar. Samkvæmt lögunum er heimild til að verja fé úr sjóðnum til rekstrar stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum án þess að kveðið sé á um hámark slíkra fjárveitinga. Nú liggur fyrir að um 55% þess fjár sem í sjóðinn rennur fer til rekstrar þrátt fyrir svokallað góðæri og virðist sem venja hafi skapast um þetta hlutfall með lögum nr. 109/1992. Minni hlutinn telur að með þessu sé framkvæmdin kominn langt út fyrir upphaflegt markmið sjóðsins sem átti í upphafi að renna eingöngu til uppbyggingar á þjónustu og hjúkrunarrými en ekki til rekstrar þess. Með því að færa framkvæmdina nær hinum upprunalega tilgangi telur minni hlutinn að hækkun gjaldsins sé óþörf. Í þessu sambandi leggur minni hlutinn til að óheimilt verði að ráðstafa meira en 25% af framlögum í sjóðinn til rekstrar. Minni hlutinn vill einnig benda á að grg. frv. sé villandi þar sem þar er látið skína í að allt fé úr sjóðnum renni til uppbyggingar en slíkt á ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi byggir afstaða minni hlutans á því að hér sé um svokallaðan „nefskatt" að ræða sem felur í sér að allir sem á annað borð borga skatta borga sömu upphæðina óháð tekjum að öðru leyti. Slík skattlagning hlýtur alltaf að vera óréttlát því hún skerðir tekjur hinna lægstlaunuðu hlutfallslega meira en þeirra sem hærri hafa launin. Því telur minni hlutinn ef þörf er á auknu fé til uppbyggingar eigi það að greiðast beint úr ríkissjóði.

Í þriðja lagi vill minni hlutinn benda á að þótt ekki sé um háar upphæðir að ræða þá samsvari þessi hækkun um 15% þeirrar launahækkunar sem lægstlaunuðu félagsmenn ASÍ o.fl. eiga von á um næstkomandi áramót.

Ég minni einnig á að allir þeir sem eru með tekjur fyrir ofan skattleysismörk greiða til sjóðsins. Í þann hóp hafa bæst lífeyrisþegar og öryrkjar, þ.e. þeir sem eru eingöngu með greiðslu frá almannatryggingunum og eru komnir yfir skattleysismörkin. Þeir borga tugi þúsunda í skatta á ári hverju og fá þarna viðbótarskattlagningu rúmar 5.000 kr. vegna þess að skattleysismörkin hafa staðið í stað. Einnig kom fram og hefur auðvitað oft komið fram í nefndinni að um 47% allra öryrkja hafa ekki greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að treysta einvörðungu á almannatryggingarnar og þeir sem búa einir þurfa að fara að greiða þetta gjald.

Með vísun til framangreinds leggur minni hlutinn til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. frv. verði felld niður þannig að upphæð gjaldsins standi óbreytt. Í stað þessa er lagt til að í 1. gr. verði kveðið á um að óheimilt sé að nýta meira en 25% af framlögum til sjóðsins til rekstrar.

2. Þá er lagt til að við frv. bætist ný grein þar sem örorkulífeyrisþegar verði undanþegnir gjaldinu á sama hátt og aldraðir.

Þar er vísað til þess sem kom fram í máli mínu áðan, að örorkulífeyrisþegar sem eru með lágmarksgreiðslur greiða til sjóðsins en svo var ekki áður. Fyrir árið 1995 voru örorkulífeyrisþegar undir skattleysismörkum og greiddu því ekki til sjóðsins. Við leggjum því til að þeir verði undanþegnir þessum skatti og ef svo verður, gætum við samþykkt þetta frv. með fyrrgreindum breytingum.

Herra forseti. Ég mæli því fyrir brtt. á þskj. 523 við þetta frv. Brtt. eru frá þeirri sem hér stendur og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur og eru svohljóðandi:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að nýta meira en 25% af því fé sem í sjóðinn rennur til rekstrar.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs, þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs og örorkulífeyrisþegar."

Fyrri hluti setningarinnar stendur nú í lögunum þannig að börn innan 16 ára aldurs og þeir sem verða sjötugir og eldri í lok tekjuárs eru undanþegnir greiðslu til sjóðsins. Hér er sem sagt lagt til að örorkulífeyrisþegar bætist í hóp þeirra sem verða undanþegnir með þeim rökum sem ég nefndi áðan er ég mælti fyrir nál., í ljósi þess að þeir eru nú farnir að greiða skatta sem fá eingöngu bætur frá Tryggingastofnun og sömuleiðis lenda þeir í að greiða þessa skattahækkun.

[14:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og nál. meiri hluta heilbr.- og trn. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er helst sá að um nefskatt er að ræða og í sjálfu sér má deila um hvort nefskattar séu réttlætanlegir. En þessi nefskattur hefur alfarið farið til þessa málaflokks, svo ég geri ekki athugasemdir við það. Hér er óskað eftir hækkun á breytingu á tekjulið frv. vegna hækkunar á byggingarvísitölu undanfarinna þriggja ára. Þar sem það er lögbundið að fjalla um og hækka gjald til sjóðsins árlega, legg ég til að það verði gert svo hækkunin verði ekki svona mikil.

Ég tek undir þá gagnrýni sem kemur fram í nál. meiri hlutans að óheyrilega stórum hluta af framkvæmdasjóðnum hefur verið varið til rekstrar. Sá hluti hefur stöðugt hækkað og er nú kominn upp í helmingaskipti, helmingurinn úr sjóðnum fer í rekstur og helmingur til uppbyggingar.

Miðað við þær þarfir sem nú eru, bæði vantar hjúkrunarheimili um allt land og þó sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu og fleiri dvalarheimilisstofnanir — þjóðin er að eldast — þá legg ég ríka áherslu á að þessi hlutföll breytist, að dregið verði úr rekstrarframlögum og framlög til framkvæmda verði aukin. Ég geri mér grein fyrir því að þetta verður ekki gert á einu ári en að því þarf að stefna og fara þá eftir anda laganna að ekki verði nema í sérstökum tilvikum að fé sé tekið í rekstur stofnana.

Ég vil láta þetta duga að sinni. Eins og ég sagði fer sjóðurinn alfarið til þess málaflokks sem honum er ætlað en meiri áherslu verður að leggja á uppbyggingu.

[14:45]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Í nál. minni hluta hv. heilbr.- og trn. segir, sem ein röksemdin fyrir því að hann er ekki samþykkur frv. eins og það er, að hækkunin á gjaldinu, þó þetta sé ekki há fjárhæð, samsvari um 15% þeirrar launahækkunar sem lægst launuðu félagsmenn ASÍ o.fl. eigi von á um næstu áramót.

Ég vil fá að leiðrétta þetta. Þetta kom fram hjá fulltrúa ASÍ á fundi nefndarinnar og talað var um 15% af mánaðarlaunum, á mánaðargrunni.

[14:46]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þetta sé rétt athugasemd og ég þakka hv. þm. fyrir að benda á þetta. Þetta fór fram hjá mér í umræðunni. En ég minnist þess þegar hv. þm. nefnir

það að það kom fram í nefndinni einmitt í þá veru sem hann sagði og rétt skal vera rétt.

[Fundarhlé. — 14:46]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Brtt. 523,1 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞBack.
10 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÖ, JÁ, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, JóhS, JB, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SighB, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 523,2 kölluð aftur.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞBack.
10 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÖ, JÁ, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, JóhS, JB, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SighB, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Landmælingar og kortagerð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75, nál. 499 og 503.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
1. gr. samþ. með 28:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: GÖ, JÁ, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb.
28 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GE, GÁS, GunnB, HBl, HjálmJ, JóhS, JB, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SighB, SF, SJS, SvH, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 119, nál. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Brtt. í nál. 514 samþ. með 36 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402, nál. 507 og 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Lokafjárlög 1998, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 19.–21. mál.

Fundi slitið kl. 14:58.

---

48. FUNDUR

miðvikudaginn 13. des.,
að loknum 47. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Stefna í málum Landspítala -- háskólasjúkrahúss í Kópavogi, fsp. RG, 288. mál, þskj. 319.

Til félagsmálaráðherra:

2. Útskriftir fatlaðra af Landspítala -- háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, fsp. RG, 289. mál, þskj. 320.

Til iðnaðarráðherra:

3. Meistararéttindi byggingariðnaðarmanna, fsp. ÁRÁ, 304. mál, þskj. 347.

Til umhverfisráðherra:

4. Úrskurður um vega- og brúarframkvæmdir í Fljótsdal, fsp. ÞBack, 315. mál, þskj. 378.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Útflutningsskylda sauðfjárafurða, fsp. ÁRÁ, 316. mál, þskj. 380.

6. Nýting sláturúrgangs í dýrafóður, fsp. KolH, 321. mál, þskj. 406.

Til dómsmálaráðherra:

7. Úthald og öryggishlutverk landhelgisgæsluskipanna, fsp. GAK, 346. mál, þskj. 485.

Stefna í málum Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi.

Fsp. RG, 288. mál. — Þskj. 319.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Málefni fyrrum Kópavogshælis, nú Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi hefur borið hátt í umræðunni undanfarna daga og reyndar ber að geta þess að fyrirspurnin er ekki borin fram vegna þess en þau mál sem hafa verið efst á baugi varðandi starfsemina þar tengjast þó fyrirspurninni, þar sem rætt hefur verið um sölu eigna Landspítalans – háskólasjúkrahúss í Kópavogi í tengslum við fjárhagsvanda sjúkrahúsanna til þess m.a. að fjármagna uppbyggingu bráðaþjónustu.

Ég ætla ekki hér og nú, herra forseti, að blanda mér í þá umræðu að öðru leyti en því sem lýtur að fyrirspurn minni. Þó vil ég minna á það sem svo oft hefur verið áréttað við tilsvarandi kringumstæður að það setur íbúa stofnana mjög úr jafnvægi þegar umræður hefjast í fjölmiðlum um að loka eigi heimilinu eða selja eignir sem þeir búa í. Þannig er það nú og segir starfsfólk að íbúarnir séu órólegir vegna þess að selja eigi ofan af þeim heimilið.

Það sem snýr að fyrirspurn minni er þó hvort selja eigi svokallað starfsmannahús sem er heimili fatlaðra einstaklinga á fyrrum Kópavogshæli. Áður bjuggu þar starfsmenn við stofnunina. Þetta er gömul og lúin blokk en í henni hafa undanfarin ár búið fatlaðir einstaklingar sem eru þar í almennri búsetu. Reynt hefur verið að skapa sambýlistilfinningu í því húsi en húsnæðið hefur reyndar ekki boðið upp á það. Ég spyr af því að það tengist fyrirspurn minni: Hafa þessi mál verið rædd við forsvarsmenn endurhæfingar- og hæfingardeildar Ríkisspítalanna?

Það eru samtals 53 fatlaðir einstaklingar, herra forseti, sem búa á fyrrum Kópavogshæli. Í almennri búsetu munu þar vera um 30 manns en 23 teljast nú fatlaðir sjúkir eða fatlaðir aldraðir sem þurfa þess vegna aðhlynningu og eru vart í hópi þeirra sem verða útskrifaðir. Því spyr ég: Hvernig er fyrirhugað að búa að fötluðum sjúkum og fötluðum öldruðum í framtíðinni á þessum stað? Hvernig fellur sú þjónusta að áformum um uppbyggingu á endurhæfingardeildinni? Skriflega fyrirspurnin er formlega orðuð svo, herra forseti:

Hver eru framtíðaráform ráðuneytisins varðandi Landspítalann – háskólasjúkrahús í Kópavogi? Hvernig fellur dvöl fatlaðra sjúkra á spítalanum, þar með aldraðra, að þeim áætlunum?

[15:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin er tvíþætt því að skipta má íbúum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi í tvo hópa. Annars vegar eru þeir sem búa í svokallaðri blokk og þurfa ekki mjög mikla þjónustu og hins vegar þeir sem þurfa mikla aðstoð við allar athafnir daglegs lífs eins og kom fram í ræðu hv. þm. áðan.

Í blokkinni eru um 20 íbúar sem allir eru líkamlega eða andlega fatlaðir. Starfseminni er skipt niður í fjórar einingar sem má líkja við fjögur sambýli fatlaðra. Framtíð þessara einstaklinga hefur verið rædd innan heilbr.- og trmrn., við félmrn. og við samtökin Þroskahjálp.

Það er sameiginlegt álit þessara aðila að rétt sé að fella fyrirgreiðslu við þá einstaklinga sem það á við undir lög og reglur sem gilda um málefni fatlaðra. Því hafa heilbrrh. og félmrh. ákveðið að gera breytingu á fyrirkomulagi þjónustunnar upp úr næstu áramótum. Frá þeim tíma er áformað að ábyrgð stjórnvalda breytist þannig að þjónusta við þessa einstaklinga færist yfir til félagsmálayfirvalda. Þess vegna mun heilbrrh. á næstu dögum skipa starfshóp til þess að útfæra þá breytingu sem hér um ræðir. Tilnefnt hefur verið í hópinn af hálfu félmrn. og Landspítalans – háskólasjúkrahúss en auk þess sitja í starfshópnum tveir fulltrúar heilbrrn. Starfshópurinn mun hefja störf fljótlega og er honum ætlaður skammur tími til að ljúka því verkefni sem fyrir hann er lagt. Færa þarf þá rekstrarfjármuni sem hafa verið á vegum spítalans til félagsmálayfirvalda. Jafnframt verða teknar upp viðræður við Sunnuhlíðarsamtökin í Kópavogi um kaup á umræddri blokk en samtökin hafa lýst áhuga sínum á að kaupa þetta húsnæði.

Blokkin í Kópavogi er komin nokkuð til ára sinna eins og hér hefur verið rætt um áður í þingsölum og þarf mikilla viðgerða við. En ég vil endilega að það komi fram að ekki er verið að selja blokkina án þess að búið sé að finna sambýli fyrir þá sem þar eru í dag. Það verður ekki gert og það verður tryggt af hendi félmrh. og heilbrrh., að sjálfsögðu verður það ekki gert þannig að fólkið getur verið öruggt um sinn hag.

Hvað síðari hópinn varðar, þ.e. þá sem þurfa mjög mikla þjónustu þá standa engin áform um að breyta stöðu þeirra. Spítalinn mun hér eftir sem hingað til búa þeim viðeigandi aðstöðu og sjá þeim farborða.

Verulegar breytingar hafa átt sér stað á allri starfsemi í Kópavogi á undanförnum árum. Fyrir um það bil tíu árum var ákveðið að útskrifa stóran hóp vistmanna Kópavogshælisins. Þá hefur þeim einstaklingum fækkað sem þar hafa dvalið vegna þess að nýir einstaklingar hafa ekki fyllt þau skörð sem myndast hafa. Gangi þær breytingar eftir sem stefnt er að og ég hef nú lýst verður starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi þannig háttað að þar verður rekin líknardeild, endurhæfing í formi göngu- og dagdeildar og umönnun barna og þeirra sem þurfa mikillar þjónustu við. Stjórnendur spítalans vinna nú jafnframt að því að finna not fyrir það húsnæði sem rýmst hefur, bæði með því að flytja tiltekna starfsemi í Kópavog og leigja út til annarra nota.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi svör mín hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Nokkuð þekki ég til þessara talna. Það voru um 100 manns þegar fyrst var áformað að útskrifa fatlaða í almennri búsetu af Kópavogshæli. 37 hafa verið útskrifaðir, 53 búa þarna enn þá. Nokkrir eru látnir, 23 teljast fatlaðir aldraðir eða fatlaðir sjúkir. Var áhugavert að heyra að haldið er áfram með þau áform sem ráðherrann kynnti, ætli það hafi ekki verið 1997, um að starfsemin yrði fyrst og fremst endurhæfingarstarfsemi og umönnun svo sem líknardeildin fellur undir. Koma svör ráðherrans ekki mjög á óvart að öðru leyti en því að það er auðvitað svolítið undarlegt fyrir þá sem hér stendur sem settist í starfshóp sem átti að skoða nauðsyn þess að flytja félagsleg verkefni af heilbrigðissviði yfir til félmrn. strax árið 1997, en eins og kom fram í þessum sal í svari við fyrirspurn minni til forsrh. var sú nefnd hreinleg aflögð án þess að hún fengi að starfa. Það er svolítið undarlegt eftir allar þær nefndir sem hafa fjallað um fyrrum Kópavogshæli og reynt að horfa til framtíðar og skoða hvað þurfi að gerast í málefnum fatlaðra að heyra að enn á ný skuli þurfa að skipa nefnd um að flytja málefni þessa fólks, þessara 30 einstaklinga sem búa enn þá á spítalanum yfir til félmrn. Vissulega geri ég mér grein fyrir að nefndin mun þurfa að vinna fljótt og getur eflaust unnið fljótt en þetta hefur legið fyrir árum saman og er undarlegt að hlusta á það að nú þegar á að fara að taka við sér og selja húsið, þá eigi enn einu sinni að skipa starfshóp þrátt fyrir að mörgum sinnum sé búið að komast að sömu niðurstöðu um þessi mál.

[15:08]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins skjóta inn í viðbótarspurningu áður en hæstv. ráðherra kemur hér aftur og það varðar einmitt þetta hús í Kópavogi og lóðir sem Landspítalinn – háskólasjúkrahús væntanlega á þar.

Nú er í 7. gr. fjárlaga heimild til þess að selja blokkina og við höfum heyrt það í fréttum að áhugi sé á því hjá stjórn spítalans að selja þær eignir sem spítalinn má vera án til þess að nýta andvirðið til annarra hluta sem eru meira áríðandi að þeirra mati. Ég held að það væri gagnlegt fyrir okkur ef hæstv. ráðherra færi aðeins yfir það með okkur hvað það er þarna á lóð fyrrverandi Kópavogshælis sem hugsanlega gæti verið til sölu og hvort það sé þá ekki örugglega Kópavogskaupstaður sem er kaupandinn.

Þarna eru áreiðanlega mjög dýrmætar lóðir. Ljóst er að það hefur ekki verið byggður upp nema hluti þeirrar lóðar sem þarna hefur verið til staðar allan tímann í eigu Ríkisspítala og er áhugavert að vita hvernig þetta lítur út og hvernig þetta blasir við ráðherranum.

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst vegna nefndarinnar sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan, þá er þetta framkvæmdanefnd. Það er búið að taka ákvörðun um þetta. Búið er að taka ákvörðun um að þetta fari yfir til félmrn. og þessir aðilar fái sambýli. Þetta er ekki nefnd sem á að skoða nokkurn skapaðan hlut nema ganga frá málinu og ég held að hv. þm. hljóti að gleðjast yfir því því að ég hef talið hingað til að hún væri sammála þeirri ráðstöfun.

Hvað varðar annað sem hér kom fram hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um lóðir og lönd sem Ríkisspítalar eiga í Kópavogi, þá er það alveg rétt sem kom fram hjá henni að þar eru mjög dýrmætar lóðir sem Ríkisspítalar eiga og hafa hugsað sér að koma í verð til frekari uppbyggingar fyrir spítalann. Heimild er á fjárlögum til að selja þessar lóðir og nú ætla ég ekkert að semja um það héðan úr ræðustól hver kaupir, en ég er alveg viss um að Kópavogsbær hefur mikinn áhuga á því og hefur sýnt því áhuga að kaupa þessar lóðir. Ég ætla ekki fara að segja hvað nákvæmlega við ætlum að selja fyrir mikla fjármuni en það eru geysilega miklir fjármunir sem þarna liggja og mér finnst að þeim peningum sé betur komið til uppbyggingar heilbrigðisþjónustunnar heldur en að eiga lóðir sem er alveg fyrirsjáanlegt að við þurfum ekki að nýta á þeim stað.

En svo að það sé alveg skýrt þá er búið að taka þessa ákvörðun og aðeins er eftir að framkvæma og þessi nefnd sem er saman sett af félmrh., heilbrrh. og Landspítala – háskólasjúkrahúsi á að ljúka því máli. En ég endurtek að alger óþarfi er fyrir nokkurn að hræðast það að hann verði borinn út úr þessari blokk og blokkin seld. Það verður ekki gert fyrr en búið verður að ganga frá sambýlum annars staðar.

Útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi.

Fsp. RG, 289. mál. — Þskj. 320.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Árið 1992 sátum við hæstv. heilbrrh. saman í félmn. og afgreiddum þaðan tímamótalög um málefni fatlaðra og bentum þá á að taka yrði á í málefnum fatlaðra á Kópavogshæli vegna þess að sá hópur mundi ekki falla undir lögin og mundi ekki njóta þeirrar almennu þjónustu sem lögin kveða á um. Reyndar var sett framkvæmdanefnd

beggja ráðuneyta ekki löngu síðar í þessi mál og sú framkvæmdanefnd komst að þeirri niðurstöðu að flytja íbúa af Kópavogshæli og gerði áætlun þar um. Hún gekk ekki eftir. Ég veit því allt um framkvæmdanefndir og ég gleðst yfir þessari og ætla að trúa því að í kjölfarið fylgi áætlun um útskriftir.

Herra forseti. Þess vegna er sú fyrirspurn sem ég ber hér fram til hæstv. félmrh. um hvað líði útskriftum fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi og hvort ríkisstjórnin hafi sett sér markmið um að leysa búsetumál þeirra innan ákveðinna tímamarka, í rökréttu samhengi við fyrirspurnina til heilbrrh. Það er mjög áhugavert að ráðherrann er einmitt farinn að gera samninga fram í tímann inn á kjörtímabil þar sem líkur eru á að hann sjálfur fylgi ekki eftir verkunum. Það hefur hann gert með samningi um uppbyggingu eignarhalds sambýla við hússjóð Öryrkjabandalagsins. Því vænti ég þess að nú verði hæstv. ráðherra líka tilbúinn til þess að gera áætlanir um útskriftir fatlaðra af Kópavogshæli jafnvel þótt þær nái eitthvað inn í tíma þar sem hann mun ekki fylgja málunum eftir.

Í síðasta mánuði var lokið áætlaðri útskrift 37 fatlaðra íbúa sem vænst var að lyki, eftir því sem ráðherrann sagði árið 1997, á árinu 1998. Henni er alla vega lokið núna árið 2000 og eins og kom fram áðan, þegar áætlunin um útskrift var gerð voru íbúarnir um 100. Það eru 53 eftir og komið hefur fram í svari heilbrrh. að 23 muni áfram fá umönnun á þessum stað þar sem þeir hafa alltaf dvalist og ég er mjög meðmælt því. Ég er mjög ánægð að heyra að þar verði þeim valinn staður og aðhlynning.

Það liggur hins vegar ekki fyrir hvernig staðið verður að framhaldsútskriftum fatlaðra sem þarna búa í almennri búsetu, hvort á að finna þeim önnur úrræði, hvort það verða sambýli, hvernig þau verða þá uppbyggð. Þetta með nýbyggingar og sambýli er ekki svo einfalt. Það stefnir í að færri og færri verði á hverju sambýli. Mikið fatlaðir einstaklingar þurfa meira rými, m.a. vegna hjálpartækja, stærri og dýrari hús, rekstrarkostnaður er meiri og við skulum muna þetta núna þegar ákvörðun hefur verið tekin um það að íbúar eigi að taka í auknum mæli þátt í rekstri sambýlanna og skríða kannski þar að auki yfir skattleysismörk þannig að þeir fari að borga skatta eða beina nefskatta.

Herra forseti. Þess vegna ber ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. félmrh.

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ekki veit ég hvaðan hv. fyrirspyrjanda kemur sú vitneskja að fullyrða að ég verði ekki félmrh. að fimm árum liðnum. Það getur vel verið að svo verði ekki, en það er ekkert útilokað, vil ég leyfa mér að fullyrða.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. er nú búin að greina frá því samkomulagi sem orðið er um það að í byrjun næsta árs tökum við í félmrn. við vistmönnum, þessum 18 eða 20 í blokkinni, og þeir öðlist þá réttindi samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra. Framkvæmdanefndin sem bar á góma á fyrst og fremst að semja um peningahliðina á málinu. Ákvörðunin hefur verið tekin. Nefndin á fyrst og fremst að semja um það á hvern hátt fjármunir ganga á milli ráðuneytanna en félmrn. mun í byrjun næsta árs eða snemma á næsta ári taka að sér rekstur blokkarinnar og fela það svæðisskrifstofu Reykjaness að hafa umsjón með þeim rekstri. Fjárveiting færist þá væntanlega til svæðisskrifstofunnar frá heilbrrn. og andvirði blokkarinnar verður væntanlega notað til þess að kaupa eða byggja sambýli fyrir þá vistmenn sem þarna eru núna og ég er mjög bjartsýnn á að það takist að koma þeim fyrir innan tveggja ára.

Við höfum gert samkomulag við hússjóð Öryrkjabandalagsins og munum í næstu viku ganga frá fyrstu samningunum ef allt gengur eftir um byggingar og kaup Öryrkjabandalagsins og leigu okkar á þeim mannvirkjum til að setja þar upp sambýli. Ég vænti þess að þetta geti allt saman gengið eftir sem greiðlegast. Ég tel að hér sé verið að ná verulegum árangri í málefnum fatlaðra og er mjög ánægður yfir því.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Varðandi framtíðina og hver situr í ráðherrastólum — auðna ræður.

Þau eru áhugaverð svörin sem koma fram í dag og þau eru áhugaverð fyrir þær sakir að nú er í raun og veru verið að koma með áform eða ákvarðanir sem hefði auðvitað átt að taka strax í kjölfar ríkisstjórnarskipta árið 1995. Ljóst er að framkvæmdanefndin á að semja um peningahlið á milli ráðuneytanna og nú ætla ég að minna hæstv. félmrh. á það að þegar búið verður að flytja málaflokkinn yfir og flytja eitt stykki kostnaðarhlutdeild úr heilbrrn. yfir til félmrn., þá er ekki verið að auka þjónustuna við fatlaða. Þá talnagleði þekki ég frá fyrri samanburði. Það er verið að flytja til kostnað. Það er ástæða til að ég nefni þetta.

Ég hef upplýsingar frá svæðisskrifstofunum um að mjög margir eru á biðlista eftir búsetu, bæði í Reykjavík og Reykjanesi. Í heimahúsi yfir 16 ára aldri eru 111 á biðlista hjá svæðisskrifstofunni í Reykjavík en alls eru þeir 169. Í Reykjanesi er ég með töluna 130 á biðlista eftir sambýli og þjónustuíbúð en þar eru fullorðnir og líka þeir sem eru undir 16 ára aldri og eitthvað er á listanum af fólki sem er með úrræði í Tjaldanesi og á Kópavogshæli í dag en sækist eftir því að komast í öðruvísi búsetu. Þetta þýðir gífurlega uppbyggingu, herra forseti, af því að búið er að slá slöku við í nokkur ár og nú á hússjóðurinn hjá Öryrkjabandalaginu að taka við og sjá um þessa uppbyggingu. Þá spyr ég, herra forseti, og vænti þess að hæstv. félmrh. svari því: Hverjir verða vextirnir á lánum Íbúðalánasjóðs til hússjóðsins þegar hússjóðurinn fer að byggja eða kaupa hús undir sambýli fyrir fatlaða á næsta ári?

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get upplýst það um vextina að þeir verða innan við 5%.

Varðandi útskriftirnar eða byggingu sambýla þá eru áformin þau að tvö sambýli verði tekin í notkun í lok mars eða byrjun apríl á næsta ári og eitt í byrjun september í Reykjavík. Síðan verði á fyrstu mánuðum ársins 2002 a.m.k. þrjú sambýli tekin í notkun í Reykjavík. Í Reykjanesi verði tekin í notkun í ársbyrjun eitt sambýli, sambýlið í Grindavík verði tekið í notkun í lok júní, sambýlið í Blikaási í lok október, eða um mánaðamót október/nóvember, og síðan á árinu 2002 verði tekin í notkun tvö sambýli á því ári í Reykjanesi. Samtals verði tekin í notkun 58 ný rými sem við höfum fyrir okkur núna á næstu 18 mánuðum.

Á biðlista eru samkvæmt skýrslu biðlistanefndar, sem er dagsett í október, 209 sem þurfa búsetu á sambýlum eða í búsetu með þjónustu.

Meistararéttindi byggingariðnaðarmanna.

Fsp. ÁRÁ, 304. mál. — Þskj. 347.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Á undanförnum árum og allan þennan áratug hafa farið fram umbætur í löggjöf um skólakerfið sem hefur m.a. leitt til þess að fólk sem hefur áður af einhverjum ástæðum horfið frá námi á nú mun auðveldara en nokkru sinni fyrr að snúa aftur að námi og ljúka því sem fyrirhugað var, ná þeim réttindum sem það hefur stefnt að. Fyrirspurnin sem ég ber fram til hæstv. iðnrh. á þskj. 347 fjallar einmitt um slíka möguleika iðnaðarmanna og eru spurningarnar, sem víkja að meistararéttindum byggingariðnaðarmanna, svohljóðandi:

1. Við hvaða reglur styðjast stjórnvöld um útgáfu meistarabréfa til þeirra byggingariðnaðarmanna sem luku meistaranámi og prófum samkvæmt fyrri ákvæðum laga þar um en hafa ekki fengið meistarabréf?

2. Hvaða leiðir eru þeim nú færar sem hafa lokið námi en ekki prófum undir fyrri ákvæðum nefndra laga til að taka nú próf og öðlast meistaraskírteini?

3. Hvaða leiðir eru þeim nú færar til að ljúka námi og prófum til meistaraskírteinis sem hafa hafið nám undir fyrri ákvæðum nefndra laga en ekki lokið því?

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn hv. 11. þm. Reykn., Árna R. Árnasonar, til iðnrh. um meistararéttindi byggingariðnaðarmanna á þskj. 347 er í þremur liðum. Er fyrsti liðurinn á valdsviði mínu sem iðnrh. en ég hef aflað svara við 2. og 3. lið frá menntmrh. þar eð þeir liðir fyrirspurnarinnar eru á valdsviði hans.

Í fyrsta lið fyrirspurnarinnar er spurt: Við hvaða reglur styðjast stjórnvöld um útgáfu meistarabréfa til þeirra byggingariðnaðarmanna sem luku meistaranámi og prófum samkvæmt fyrri ákvæðum laga þar um en hafa ekki fengið meistarabréf? Hér er því til að svara að stuðst er við iðnaðarlög við útgáfu meistarabréfa í löggiltum iðngreinum, m.a. byggingariðnaðarmanna. Skulu lögreglustjórar samkvæmt 12. gr. laganna láta af hendi meistarabréf að fenginni umsögn hlutaðeigandi iðnráðs. Núgildandi iðnaðarlög eru nr. 42 frá 18. maí 1978. Allt frá þeim tíma og þar til breytingalög nr. 133 frá 31. desember 1999 öðluðust gildi hljóðaði 1. mgr. 10. gr. laganna svo:

„Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en tvö ár.“

Tekið skal fram að tilvísun í 3. gr. iðnaðarlaga er um hæfisskilyrði og skiptir hún ekki máli hér. Með framangreindri breytingu á iðnaðarlögum í árslok 1999 er fellt niður ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að eigi sé meistaraskóli í einhverri iðn, enda hafði á þeim tíma verið kostur á meistaraskóla í öllum iðngreinum um nokkurra ára skeið svo sem nánar kemur fram síðar í svari þessu. Samtímis niðurfellingu þessa ákvæðis um starfsnám hjá meistara þegar meistaraskóli væri ekki fyrir hendi var sett inn sérákvæði um sérstök tilvik þegar sveinar eiga ekki völ á starfsnámi hjá meistara en það ákvæði snertir ekki nám í meistaraskóla.

Á gildistíma iðnaðarlaganna frá 1978 hefur samkvæmt þessu ætíð verið ákveðið í iðnaðarlögum að meistaraskólanám væri meðal skilyrða til að geta fengið meistarabréf ef kostur var á meistaraskólanámi í viðkomandi iðngrein og þar hefur aðstaðan verið mismunandi. Þannig hefur verið kostur á meistaraskóla í húsasmíði áratugum saman. Þeim sem hafið hafa nám í löggiltum iðngreinum á gildistíma laganna hefur mátt vera ljóst að meistaraskólanám væri áskilið í iðnaðarlögum þar sem kostur væri á slíku námi. Í lok 9. áratugarins var aðstaðan orðin sú að öllum gafst kostur á meistaraskólanámi og setti menntmrn. þá reglur sem snerta framkvæmd iðnaðarlaganna að þessu leyti, fyrst reglugerð nr. 98 frá 5. febrúar 1988, um meistaranám og útgáfu meistarabréfa. Mun ég gera nánari grein fyrir þeim reglum í svari við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar.

Breytingar á högum byggingariðnaðarmanna með reglum menntmrn. um meistaraskóla eru aðalatriði í svari við fyrirspurn þar eð ekki hafa verið gerðar eiginlegar efnisbreytingar á ákvæðum iðnaðarlaga um meistaraskóla í gildistíð iðnaðarlaganna heldur var þar gerð krafa um meistaraskólanám ef kostur væri á því.

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er spurt hvaða leiðir séu þeim mönnum nú færar sem hafa lokið námi en ekki prófum undir fyrri ákvæðum nefndra laga til að taka nú próf og öðlast meistaraskírteini. Lagaheiti eða númer er ekki tilgreint í fyrirspurninni en þó má ætla af samhenginu að hér sé átt við iðnaðarlög, nr. 42/1978. Meistaraskólaskylda var innleidd að hluta með téðum lögum en var ekki framfylgt að fullu fyrr en frá og með 1. janúar 1989. Þetta hafði í för með sér að þeir sem luku sveinsprófi eftir þann tíma eru nú skyldaðir til þess að ljúka námi frá meistaraskóla ef þeir óska eftir að leysa til sín meistarabréf.

Í 3. lið fyrirspurnarinnar er spurt: Hvaða leiðir eru þeim nú færar til að ljúka námi og prófum til meistaraskírteinis sem hafa hafið nám undir fyrri ákvæðum nefndra laga en ekki lokið því? Af svarinu við 2. lið leiðir að þeir sem hafa hafið nám og jafnvel lokið því fyrir 1. janúar 1989 en ekki lokið sveinsprófi fyrir þann tíma verða að ljúka að fullu námi frá meistaraskóla til þess að geta leyst til sín meistarabréf.

Ég vil bæta því við til skýringar að umhvrn. hefur sett reglugerð nr. 168 frá 3. mars 2000 sem fjallar um skilyrði fyrir löggildingu iðnmeistara samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið. Af svarinu er ljóst að hagir þeirra manna sem hér er spurt um leiðir fyrir falla undir verksvið a.m.k. þriggja ráðuneyta. Mér finnst rétt að fara þess á leit við hæstv. ráðherra að vinna verði lögð í það að gera þeim auðvelt að kynna sér hvaða leið þeir þurfa að fara til að komast áleiðis. Ég segi þetta vegna þess að ég hef orðið þess áskynja að starfandi eru við byggingargreinar menn sem hafa lokið hluta af iðnnámi, jafnvel lokið náminu öllu en ekki fengið meistaraskírteini og þeim er alls ekki ljóst hvernig þeir geta leitað réttar síns eða hvernig þeir geta fengið að ljúka námi sínu. Ég vil eindregið óska þess að ráðuneytið taki upp samstarf við samtök þeirra til þess að koma slíkum upplýsingum á framfæri við greinina í heild.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Árna R. Árnasyni að það er óttalegur frumskógur sem þarna er um að ræða. Ég gerði mér kannski enn betur grein fyrir því þegar ég fór að skoða málið núna vegna fyrirspurnar hans. Þess vegna vil ég þakka honum fyrir að bera fram fyrirspurnina því að hún hefur opnað augu mín fyrir því að þarna þarf að bæta úr. Mun ég taka orð hans alvarlega hvað það varðar að reynt verði að ná samstöðu um það milli þeirra ráðuneyta sem í hlut eiga að koma þessum málum í þann farveg að iðnaðarmenn eigi léttara með að átta sig á stöðu sinni og hvert þeir eiga að leita til þess að fá svör við spurningum og ekki síst fá svör við því hvernig þeir geta öðlast aukin réttindi ef nám þeirra gefur færi á slíku.

Úrskurður um vega- og brúarframkvæmdir í Fljótsdal.

Fsp. ÞBack, 315. mál. — Þskj. 378.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Í því skyni að draga úr framkvæmdum á vegum ríkisins hefur verið ákveðið að fresta vegaframkvæmdum á næsta ári fyrir 800 millj. kr. Eins og glöggt kom fram við afgreiðslu fjárlaga hefur enn ekki verið ákveðið hvaða framkvæmdum verður frestað. En ég sem þingmaður Austurl. hef reynt að fylgjast með hvernig eða hvort þessi frestun framkvæmda komi fram í Austurl. Við þá eftirgrennslan vakti það athygli mína að í mörgum málum, vegaframkvæmdum sem öðrum, hefur umhvrn. tekið sér lengri tíma en lög kveða á um að úrskurða í kærumálum.

Í fyrirspurn minni nefni ég úrskurð um vega- og brúarframkvæmdir í Fljótsdal en það hefði eins geta verið Hallsvegur eða ótilteknar framkvæmdir því að fyrirspurnin snýst aðallega um áhrif seinkunar á úrskurð hæstv. umhvrh. í vinnuferli og framkvæmdaáætlun þeirra framkvæmdaraðila sem eru með verk sem fara í mat á umhverfisáhrifum. Úrskurður hæstv. umhvrh. um vegaframkvæmdir í Fljótsdal liggur nú fyrir en í sjálfu sér skiptir hann ekki máli í þessu sambandi heldur fordæmið og hin réttarfarslega staða þeirra sem að framkvæmdum standa. Frestur ráðherra til að kveða upp lokaúrskurð vegna framkvæmda sem fara í mat á umhverfisáhrifum er átta vikur en hefur í nokkrum málum tafist í tvo og allt að þrjá mánuði. Það er nauðsynlegt að búa svo að ráðuneytinu að það geti staðið við lögbundnar kvaðir þannig að það bitni ekki á vandaðri málsmeðferð við athugun á þeim kærum sem berast hverju sinni.

Tilgangur kærufrests er að tryggja að mál verði til lykta leidd svo fljótt sem kostur er. Því er mjög mikilvægt að fá úr því skorið hver réttarfarsleg staða framkvæmdaraðila er við þessar aðstæður, m.a. vegna skaða sem þeir kunna að verða fyrir af margvíslegum toga, svo sem vegna útboða og árstímabundinna verka o.s.frv. Lög um mat á umhverfisáhrifum eru ný og krefjast aukinnar vinnu bæði hjá umhvrn. og framkvæmdaraðilum. Því er mikilvægt að fá skýringar á því hverjar séu ástæður seinkunar á úrskurði hæstv. umhvrh., hvort þetta séu byrjunarerfiðleikar eða hvort ljóst sé að breytinga sé þörf til að uppfylla tímasetningar á úrskurði ráðherra samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því spyr ég hæstv. umhvrh.:

1. Hverju sætir sú seinkun sem orðið hefur á úrskurði ráðherra um vegarstæði og brúargerð í Fljótsdal?

2. Hvaða fordæmi telur ráðherra að þessi seinkun geti haft á tímasetningar í vinnuferli annarra framkvæmda sem fara í mat á umhverfisáhrifum?

3. Hvaða úrræði telur ráðherra að verði að koma til svo að ekki verði tafir af þessu tagi á matsferli framkvæmda?

[15:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn. Spurt er: „Hverju sætir sú seinkun sem orðið hefur á úrskurði ráðherra um vegarstæði og brúargerð í Fljótsdal?“ Því er til að svara að sá úrskurður sem hér er spurt um er úrskurður skipulagsstjóra ríkisins frá 5. júlí 2000 vegna mats á umhverfisáhrifum, samkvæmt lögum nr. 63/1993, um Upphéraðs- og Norðurdalsveg, Atlavík – Teigsbjarg í Fljótsdal.

Ráðuneytið úrskurðaði í máli þessu þann 7. desember sl. og staðfesti úrskurð skipulagsstjóra. Miðað við lögbundna fresti hefði ráðuneytið átt að vera búið að úrskurða talsvert fyrr eins og hér hefur komið fram. Þær tafir sem urðu á því að kveða upp framangreindan úrskurð stafa af miklum önnum í ráðuneytinu sem koma m.a. til vegna þess að fjölgað hefur kærum til umhvrn. vegna úrskurða skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum og mun ég lýsa því aðeins betur seinna í svari mínu, virðulegi forseti.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða fordæmi telur ráðherra að þessi seinkun geti haft á tímasetningar í vinnuferli annarra framkvæmda sem fara í mat á umhverfisárhifum?“ Því er til að svara að þær tafir sem orðið hafa á úrskurði ráðherra í máli þessu hafa engin áhrif á tímasetningar annarra framkvæmda sem fara í mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstjóri ríkisins úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og fer sérhver framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum óháð því hvenær aðrar framkvæmdir fara í það ferli.

Þriðja spurningin er: „Hvaða úrræði telur ráðherra að verði að koma til svo að ekki verði tafir af þessu tagi á matsferli framkvæmda?“ Því er til að svara að þessar framkvæmdir hafa farið svona seint í gegnum ferli okkar í ráðuneytinu vegna þess að þeim úrskurðum sem við þurfum að fjalla um hefur fjölgað mjög. Ég skoðaði tölur og ljóst er að 1995 eru átta úrskurðir vegna mats á umhverfisáhrifum, 1996 eru þeir tíu, 1997 eru þeir þrír, 1998 eru þeir tíu og í fyrra eru þeir 11 en í ár eru þeir 15. Þeim fjölgar mjög verulega, um 40–50% hin seinni ár þannig að það er miklu meira álag á ráðuneytinu vegna úrskurða.

Það hefur líka komið til núna að úrskurðirnar hafa komið inn afar þétt í kæruferli. Kæruferlið er mjög opið og það virðist vera, ég segi ekki í tísku, en afar vinsælt um þessar mundir að kæra úrskurði skipulagsstjóra og Skipulagsstofnunar til umhvrh. Frá ágúst sl. til desember hafa níu úrskurðir verið í vinnslu á sama tíma. Ráðuneytið verður að vinna þessi mál eðlilega, kalla eftir umsögnum og fjalla um þær og þess vegna hefur þessi töf orðið. Við erum enn þá með nokkur mál á eftir eðlilegu tímaferli eins og við vildum gjarnan sjá það.

Vegna þessara anna höfum við reynt að herða á ráðuneytinu og búið er að fjölga tímabundið um einn lögfræðing núna

þannig að þeir eru fjórir í stað þriggja. Við erum að vonast til að þessi kúfur detti niður á næsta ári en það er alls ekki víst að okkur verði að ósk okkar í því vegna þess að það virðist vera mjög vinsælt að kæra úrskurði skipulagsstjóra vegna umhverfismats. Umhverfismatið virðist vera mjög mikið í umræðunni og ég held að það sé ein af orsökunum fyrir því að kæruferlið er notað eins mikið og raun ber vitni.

Virðulegur forseti. Aðalsvarið er að úrskurðum sem kærðir eru til umhvrh. hefur stórfjölgað og auk þess erum við líka að taka inn úrskurði vegna t.d. starfsleyfa og stjórnsýsluákvarðana en meginþunginn eru kærur vegna umhverfismatsferilsins.

[15:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. umhvrh., þar sem hún nefndi sérstaklega úrskurði um umhverfismat vegna vega- og brúarframkvæmda, hvort sama áhersla hefði verið lögð á umhverfismat vegna skógræktarframkvæmda í Fljótsdal.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin. Almenna reglan samkvæmt stjórnsýslulögum er sú að ákvarðanir í málum sem m.a. er úrskurðað í vegna kæru skuli taka svo fljótt sem unnt er til meðferðar. Það er yfirleitt hægt að kæra óeðlilegar tafir til æðra stjórnvalds en hins vegar er það ekki mögulegt þegar um æðsta stjórnsýslustig er að ræða samanber þær kærur sem við vorum að tala um hér.

Það hefur líka komið fram að lögin um mat á umhverfisáhrifum eru ný. Þau eru frá í maí sl. og það getur verið að sá frestur sem ráðherra er gefinn til að úrskurða, átta vikur, sem lokaúrskurð sé hreinlega of skammur. Við erum með mjög mörg stór og mikil mál sem þarf að skoða vel. Ég vil alla vega ekki að þessi tímabundni frestur, átta vikur, leiði til þess að mál séu ekki nægilega vel unnin. Mér sýnist því tvennt koma til, annaðhvort að lengja frestinn, og þetta hafi bara verið óraunhæf áætlun hjá hv. Alþingi, eða að fjölga enn frekar hjá ráðuneytinu. Mér sýnist að þessi lög bjóði upp á að það verði áframhaldandi aukning, sé ekki bara kúfur núna, vinnubrögðin verði þau að það verði áframhaldandi aukning á þeim málum sem fara til úrskurðar hjá ráðherra.

En eftir stendur þetta og er ósvarað, hver sé réttarfarsleg staða framkvæmdaraðila þegar dráttur verður á úrskurði. Ef ég tek eingöngu Vegagerðina, því ég talaði út frá henni, þá eru framkvæmdir undirbúnar með útboði og verk eru tímabundin, það skellur á vetur. Hver er staða þeirra varðandi fresti?

[15:43]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þessa ágætu fyrirspurn. Ég skynja það þannig að hv. þm. Þuríður Backman vill ná því fram að hugsanlega þarf að búa betur að umhvrn. og mér þykir vænt um að skynja það.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði hvaða áhersla væri á úrskurði gagnvart skógrækt, ef ég skildi það rétt. Í ráðuneytinu tökum við við þeim kærum sem berast á úrskurði skipulagsstjóra og séu þær studdar lögmætum rökum og í eðlilegum farvegi fjöllum við um þær allar. Við fjöllum um allar þær kærur sem koma til ráðuneytisins.

Ég tek undir það sem kom fram í lokaorðum hv. þm. Þuríðar Backman að það eru eiginlega bara tvær leiðir færar ef ástandið skánar ekki, þ.e. ef kærum heldur áfram að fjölga svona, þá er lausnin annaðhvort að fjölga starfsfólki í umhvrn. til að fjalla um kærurnar eða lengja lögbundna tímann þannig að við náum að halda okkur við eðlileg tímamörk. Hann er núna átta vikur á úrskurði skipulagsstjóra og okkar frestur er einungis fjórar vikur þegar tilkynningarskyldan svokallaða er kærð til okkar, þ.e. framkvæmdir sem eru tilkynnarskyldar. Ef skipulagsstjóri kemst að því t.d. að einhver framkvæmd sé ekki umhverfismatsskyld, þá virðist það vera kært til okkar og þá höfum við einungis fjórar vikur. Við þurfum að senda kærurnar til umsagnar ýmissa stofnana, fá svör og senda svörin út aftur o.s.frv. Þetta er þungt ferli og við höfum ekki náð að halda okkur innan tímamarka þannig að það er annað tveggja ef þetta skánar ekki — ég ber reyndar von í brjósti að ástandið geti skánað, það sé kúfur núna — þá þarf að fjölga fólki eða lengja lögbundinn tíma.

[15:46]

Útbýting þingskjals:

Innflutningur dýra, 154. mál, nál. landbn., þskj. 532.

Útflutningsskylda sauðfjárafurða.

Fsp. ÁRÁ, 316. mál. — Þskj. 380.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Í búvörulögum eru nokkur býsna sérkennileg ákvæði sem stemma stigu við frelsi framleiðenda annars vegar og jafnvel söluaðila hins vegar. Merkilegust eru þó ákvæðin sem stemma stigu við frjálsræði framleiðendanna. Fyrirspurn sem ég ber fram á þskj. 380 til hæstv. landbrh. víkur að einu af þessum ákvæðum en ég vil gjarnan að haft sé í huga að ákvæðin eru fleiri. Ég hef áður sagt í þessum sal að þau koma mismunandi við framleiðendur og söluaðila. En fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Hver hefur verið útflutningsskylda sauðfjárafurða frá upphafi núgildandi búvörusamnings, sundurliðað eftir árum?

2. Hvaða áhrif hafa uppkaup ríkisins og breytt eftirspurn eða sala á innanlandsmarkaði haft á útflutningsskyldu milli ára?

3. Hafa útflutningsskyldar sauðfjárafurðir verið seldar á innanlandsmarkaði? Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið, hvernig hefur sú breyting komið fram í ákvörðun um útflutningsskyldu næsta árs og hvernig hafa sauðfjárbændur fengið skil á verðmun?“

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil svara þessari fyrirspurn. Hv. þm. spyr: Hver hefur verið útflutningsskylda sauðfjárafurða frá upphafi núgildandi búvörusamnings, sundurliðað eftir árum?

Árið 1996 voru flutt úr 1.180 tonn af dilkakjöti og 141 tonn af ærkjöti, árið 1997 724 tonn af dilkakjöti og 133 tonn af ærkjöti. Árið 1998 878 tonn af dilkakjöti, ekkert af ærkjöti og ekkert af ærkjöti síðan. Árið 1999 1.588 tonn af dilkakjöti.

Ef ég fer til fróðleiks yfir prósentuna sem veitt hefur verið, þá var það árið 1996 19% á dilkana, 1997 13%, 1988 15% útflutningsskylda. Árið 1999 breyttist þetta dálítið og

árinu var skipt upp. Í fyrsta lagi var minna í sumarslátrun, en var þó í ágúst 10%, ekkert það sem slátrað var í júlí það ár. Í september til október var það 25% og svo aftur frá 1.–14. nóvember 10% og síðan ekkert.

Árið 2000 eða í ár er það frá 13.–31. ágúst 12%, september og október 20% og 1.–18. nóvember 12% útflutningsskylda og ekkert eftir það.

Hv. þm. spyr: Hvaða áhrif hafa uppkaup ríkisins og breytt eftirspurn eða sala á innanlandsmarkaði haft á útflutningsskyldu milli ára?

Áhrif af uppkaupum ríkissjóðs hafa dregið úr útflutningsskyldu. Það held ég að liggi alveg fyrir. Engar mælingar eru til sem geta samt sýnt það í tölum.

Segja má að neysla hér innan lands á þessu tímabili þ.e. frá 1995–2000 hafi haldist, að hver einstaklingur borðar *jafnmikið* má segja á *þessum árum af lambakjöti og hann* gerði og nú er það að gerast að neyslan er að aukast. Lambakjötið er eftirsóttara innan lands en það hefur verið og nýlega voru í blöðunum upplýsingar um það.

Segja má að það hafi fyrst og fremst ráðist af ákvörðunum framleiðenda um framleiðslu umfram það sem beingreiðsluréttur viðkomandi framleiðenda hefur gefið tilefni til. Frjálst er að framleiða í dag lambakjöt. Það er frjálst. En mismunur innanlandsneyslu og framleiðslu kemur fram sem útflutningsskylda. Eftir að ég kom í þetta sæti hefur það verið greinin sjálf sem hefur samkvæmt þeim samningum sem hún gerði sóst eftir því að viðhalda útflutningsskyldunni, bæði af því að greinin trúir á markaði sem verið er að vinna og síðan er það þetta sem hún vill forðast, að hér séu til kjötfjöll eins og var þekkt á árum áður. Nú er það kannski á mörkuðunum og það finnur sauðfjárbóndinn og afurðastöðvarnar að það er allt annað að standa þannig að vera ekki með fjöll af kjöti heldur að markaðurinn veit að þetta er vara sem er ný, selst og hinar gömlu stórbrotnu útsölur sem við þekktum á árum áður, tilheyra fortíðinni. Það er kannski þess vegna sem *þessir samningar voru gerðir* að tilstuðlan bænda ekki síst til þess að skapa nýtt markaðsumhverfi fyrir þessar dýrmætu og eftirsóttu afurðir.

Þriðja spurningin er svo: Hafa útflutningsskyldar sauðfjárafurðir verið seldar á innanlandsmarkaði? Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið o.s.frv.?

Svarið er að útflutningsskylt kjöt hefur ekki verið selt á innanlandsmarkaði. Það hefur verið skýr regla í því.

[15:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. Árna R. Árnasonar vil ég aðeins koma inn á nokkur atriði.

Sauðfjárbændur hafa gengið í gegnum miklar hremmingar undanfarin ár og ég óska þess að þegar þessi búvörusamningur er búinn að gera sitt gagn megi menn kaupa og selja fullvirðisrétt í frjálsræði sín á milli. Ég held að það sé mjög mikilvægt. En sem betur fer er núna aukin sala bæði innan lands og erlendis. Þess má geta að Sláturfélag Suðurlands er að kanna möguleika á því að koma á kjötvinnslu í Danmörku því að háir tollar hafa komið í veg fyrir að þeir gætu flutt út og telja þeir að miklu hagkvæmara sé að vinna úr kjötinu erlendis. Þá missum við reyndar þá vinnu héðan að heiman. En ég held að í rauninni sé mikil framtíð fyrir íslenskan landbúnað vegna hreinnar og góðrar vöru.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. greið svör við þessari fyrirspurn og hv. þm. Sunnlendinga undirtektirnar. Ég vil hins vegar segja sem er, herra forseti, um svar hæstv. ráðherra við þriðja lið fyrirspurnarinnar þar sem hann segir að útflutningsskyldar sauðfjárafurðir hafi ekki verið seldar á innanlandsmarkaði, reglur séu skýrar þess efnis. Heimildir mínar segja að þó nokkuð af útflutningsskyldum sauðfjárafurðum hafi farið á innanlandsmarkað og verði fyrir þær hafi ekki verið skilað til bænda samkvæmt almennum reglum um verðskil á vörum sem fara á innanlandsmarkað.

Ég vænti þess, herra forseti, að landbrh. láti kanna rækilega hvort rétt er. Ég tel það skipta afar miklu máli að réttar upplýsingar liggi fyrir þegar menn fjalla til að mynda um það hvort og hvenær, *sem ég tel raunar óumflýjanlegt* að verði nú bráðlega, verði afnumdar hömlur á markaðssetningu sauðfjárafurða og hömlur við framsal bænda á greiðslumarki milli búa í hagræðingarskyni. Eins og ákvæðin eru í dag, herra forseti, er söluaðilum og sláturleyfishöfum gerður betri kostur til slíkra aðgerða en bændunum sjálfum. Ég tel það mismunun og hef sagt svo áður. Ég vil eindregið óska þess að hæstv. landbrh. beitti sér í þessu efni, fái réttar upplýsingar og fái fram breytingar á þessum ákvæðum sem þrengja mjög að bændum.

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kannski er það að slá mann kaldan að koma upp með slíkar fullyrðingar og kannski hefði verið eðlilegra hjá hv. þm. að óska eftir skriflegu svari frá landbrh. þar sem hægt væri að fara yfir þá stöðu.

Ég hef rakið þær upplýsingar sem ég hef og hef ekki heyrt að menn komist upp með að svindla á kerfinu. Ég mun auðvitað fara rækilega yfir þetta mál í ráðuneyti mínu, hvort brotalöm sé á þeim samningi sem er í rauninni lagabundinn því að Alþingi hefur fjallað um hann og styður hann þannig að ég mun fara yfir það.

Það liggur fyrir að verið er að kaupa upp 34 þúsund ærgildi og átti að kaupa upp 45 þúsund. Ég hygg að það komi að því í lok næsta árs að bændur geti selt framleiðsluréttinn sinn eða ríkisstuðninginn, má segja, sín á milli. Ég tek það aftur fram að hverjum manni er frjálst að framleiða lambakjöt og þá án ríkisstuðnings. En auðvitað kemur annar tími. Ég vona að það verði farsæll tími. Ég sé að hinn gæðastýrði samningur sem gerður var lofar góðu. Hann vekur áhuga. Hann vekur fagmennsku og vonandi nýjan tíma í þessari búgrein sem, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði áðan, á kannski einmitt mikla möguleika núna. Við sjáum hærra verð en nokkru sinni fyrr á mjög takmörkuðum sérmörkuðum, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu sem sækjast eftir þessu kjöti, þess vegna einnig nautakjötinu okkar og fleiri afurðum úr hinni hreinu náttúru Íslands. Við sjáum þar svona ljós í myrkrinu og nýja möguleika sem landbúnaðurinn hlýtur að nýta sér.

Nýting sláturúrgangs í dýrafóður.

Fsp. KolH, 321. mál. — Þskj. 406.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Mengunarmál eru ofarlega á baugi þessa dagana. Það er rætt um mengun lofthjúps jarðar, mengun hafsins, mengun jarðvegsins og mengun í fæðukeðjunni.

Eiturefnin sem lífsstíll mannkynsins krefst að sé dælt út í jarðveginn og út í umhverfið eru komin í fæðukeðjuna okkar og framleiðsluhættir okkar, þar með taldir framleiðsluhættir á landbúnaðarvörum, hafa greinilega orsakað að þjóðir heims hafa ekki sýnt nægan vara. Svo er nú komið að nauðsynlegt er að endurreisa traust neytenda á landbúnaðarvörum. Í allri þeirri umræðu sem hefur staðið nú upp á síðkastið vegna tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um bann á notkun dýramjöls í fóðri og vegna þess að notkun sláturúrgangs og beinamjöls hefur nú verið bönnuð í fóðri dýra sem ræktuð eru til manneldis í Evrópu til manneldis, þá legg ég þessar fyrirspurnir sem hér liggja frammi fyrir hæstv. landbrh.

Nú er það vitað, herra forseti, að sláturúrgangur hefur ekki verið notaður í dýrafóður fyrir jórturdýr hér á landi í 22 ár og er það auðvitað vel. Hitt er eins ljóst að slíkur úrgangur eða kjötmjöl, sem unnið er úr slíkum úrgangi, er notað í fóður handa dýrum sem ætluð eru til manneldis og á ég þá við alifugla, fiska og svín. Nú spyr ég hæstv. ráðherra hvort það hafi nokkuð komið til greina að breyta reglugerð nr. 660/2000, um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi þannig að kjötmjöl verði ekki notað í fóður fyrir eldisfiska eða skepnur sem ætlaðar eru til manneldis, svo sem alifugla og svín. Ég spyr hann sömuleiðis út í eftirlitsþætti málsins því það er alveg ljóst í þeirri umræðu sem okkur hefur borist frá Evrópu að eftirliti með þessum málum hefur verið ábótavant. Ég ætla að vitna, með leyfi forseta, í grein sem skrifuð var í Morgunblaðið fimmtudaginn 16. nóvember sem gefur vísbendingar um að við þurfum líka að athuga og skoða allt okkar eftirlit. Í þessari grein segir, herra forseti, þar sem verið er að ræða við Sigurð Örn Hansson aðstoðaryfirdýralækni:

„Þegar Sigurður er spurður hvort eftirlit verði hert með vörum eins og innfluttum nautakrafti segir hann að ekki hafi komið til álita að banna innflutning á slíkum vörum vegna þess að því sé treyst að í löndum þar sem nautariða hefur fundist séu hættulegir vefir sem innihalda riðusmitefni fjarlægðir."

Herra forseti. Traust er afar viðkvæmt. Neytendur hafa nú þegar misst traustið að miklu leyti. Þörf er á að endurreisa það. Þess vegna spyr ég landbrh. þessarar spurningar.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að neytendur um víða veröld hafa misst traust sitt á landbúnaðarframleiðslu eins og við stöndum nú frammi fyrir í Evrópu. Hitt liggur jafnframt fyrir að Ísland er á allt annarri plánetu sem betur fer hvað þetta varðar.

Hv. þm. spyr:

„Hvernig er háttað eftirliti með framleiðslu kjötmjöls í landinu?"

Ákvæði um meðferð á sláturúrgangi er að finna í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Einnig í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í sumar var sett reglugerð um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi, nr. 660/2000. Þá hefur aðfangaeftirlitið með höndum eftirlit með kjötmjöli eins og öðru fóðri sem hér er notað, samanber lög um aðfangaeftirlit, nr. 22/1994, og reglugerð við þau nr. 650/1994.

Stærsti hluti sláturúrgangs hér á landi er grafinn. Á sumum svæðum er eitthvað af honum notað í loðdýrafóður og loks fer hluti af honum til vinnslu í kjötmjölsverksmiðjum. Um langt árabil starfaði slík verksmiðja í Borgarnesi en hún hefur nú hætt starfsemi. Einnig var lítil verksmiðja á Akureyri en hún hefur einnig hætt starfsemi. Í haust tók til starfa ný kjötmjölsverksmiðja á Suðurlandi. Yfirdýralæknir og héraðsdýralæknir annast eftirlitið með meðferð á sláturúrgangi í sláturhúsunum og í kjötmjölsverksmiðjum og aðfangaeftirlit með nýtingu afurðanna sem fóðurs. Þar sem úrgangurinn er urðaður er samráð haft við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sem annast eftirlit með urðunarstöðunum.

Hér á landi hafa lengi gilt strangar reglur um nýtingu sláturúrgangs í kjötmjöl. Bann hefur verið við innflutningi kjötmjöls í fóður fyrir búfé í áratugi. Bann er við vinnslu sláturúrgangs af riðusvæðum til notkunar í fóður fyrir dýr sem alin eru til manneldis. Bann hefur verið við notkun kjötmjöls í fóður fyrir jórturdýr síðan 1978.

Þar sem upp hefur komið riðuveiki á nýjum svæðum frá árinu 1978 hafa riðuveikar hjarðir verið felldar og grafnar. Frá árinu 1986 hafa allar riðuveikar hjarðir verið felldar og grafnar en ekki settar í kjötmjölsverksmiðjur eins og tíðkast erlendis. Aldrei hefur komið upp grunur um BSE í nautgripum hér á landi.

Hv. þm. spyr í öðru lagi: „Telur ráðherra koma til greina að breyta reglugerð nr. 660/2000, um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi, þannig að kjötmjöl verði ekki notað í fóður fyrir eldisfiska eða skepnur sem ætlaðar eru til manneldis, svo sem alifugla og svín?"

Svar mitt við þessari spurningu er að nú hefur Evrópubandalagið bannað notkun kjötmjöls í fóður dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og tel ég eðlilegt að skoðað verði að breyta reglugerð nr. 660/2000 í þá veru. Landbrn. mun fylgjast mjög vel með þróun mála hjá Evrópubandalaginu og breyta því sem talið er nauðsynlegt.

Ég vil taka fram að sérstaða okkar er að auki sú að við höfum ekki leyft notkun á kjötmjöli til eldis jórturdýra og svo hitt að við höfum vandað mjög til, t.d. er allt það kjöt eða úrgangur sem nú fer í þessa nýju verksmiðju skoðað af dýralæknum og allt það sem einhver grunur leikur á að sé sýkt eða eitthvað er urðað. Í framtíðinni þarf að koma upp brennslu þess að farga þannig afurð endanlega því að móðir jörð tekur ekki endalaust við.

Ég tek undir með hv. þm. að það þarf að vanda sig í þessu öllu. Við þurfum að fara yfir innfluttar vörur. Hv. þm. minntist á kjötkraft og fleira. Við verðum að skapa neytendum í landinu öryggi og nýta okkur þá sérstöðu sem við höfum núna miðað við flest lönd Evrópu.

[16:06]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Árið 1968 var bannað að flytja kjötmjöl til Íslands og Íslendingar voru þá, eða yfirdýralæknir, mjög langt á undan sinni samtíð má segja. Baráttan við riðuna á Íslandi hefur vakið heimsathygli. Aðgerðir þar að lútandi voru mjög umdeildar en eru það ekki lengur.

Kjötmjölið sem framleitt er núna í kjötmjölsverksmiðjunni á Suðurlandi er allt selt til Danmerkur í gæludýrafóður en fitan fer eitthvað lítils háttar í svínafóður. Það sem fer í kjötmjölsverksmiðjuna kemur frá alveg hreinu svæði, riðufríu svæði, og sláturúrgangurinn er allur heilbrigðisskoðaður. Þetta er í rauninni mjög umhverfisbætandi sem verið er að gera þarna. En ég tek undir með hv. þm. hvað varðar innfluttar vörur.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. þau svör sem hann hefur gefið. Sérstaklega vil ég fagna þeirri yfirlýsingu hans að það geti verið til athugunar að endurskoða reglugerð nr. 660/2000 varðandi breytta meðferð um nýtingu á sláturúrgangi. Ég tel það vera til bóta og auka öryggi neytenda og trúverðugleika framleiðslunnar að farin verði sama leið og Evrópusambandið valdi, þ.e. að kjötmjöl, beinamjöl og sláturúrgangur verði ekki nýttur í fóður dýra sem nýta á til manneldis.

Hvað varðar þau ummæli ráðherra að Ísland sé á annarri plánetu hvað landbúnaðarframleiðslu varðar, þá treysti ég mér ekki til að taka svo djúpt í árinni. Ég held að við séum hluti af þessum vestræna markaði sem við eigum viðskipti við. Ég held að þau sjónarmið sem ráða ferðinni í nágrannalöndum okkar hafi áhrif hér. Við þurfum að taka mið af þeim og hlusta á það sem gert er í Evrópusambandinu þó svo að við hlaupum ekki eftir öllu sem þar er gert og við gætum að sjálfsögðu okkar hagsmuna þar.

Eitt vil ég nefna áður en ég hætti, herra forseti, þ.e. möguleg áform um að nýta þann úrgang sem grafinn er til áburðargerðar því nú er þekkt sú tækni að lífrænn úrgangur af ýmsu tagi er nýttur til áburðargerðar með sérstökum aðferðum. Ég hef sjálf heyrt um tilraun sem er í gangi á Íslandi þar sem svínaskít er blandað saman við símaskrána og mun það vera afbragðsefni til jarðvegsgerðar. Ég minni á að hér væri sannarlega átaks þörf í landi sem virkilega þarf á landgræðslu og uppgræðslu lands að halda. Hér gætum við mögulega verið með verðmæta afurð í höndunum sem mætti nýta í áburð í auknum mæli miðað við það sem gert hefur verið hingað til.

[16:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég er sérlega hrifinn af því að nota símaskrána og svínaskítinn til að búa til dýrmæta afurð og það eru öflugir einstaklingar sannarlega að skoða og ýmsar nýjar leiðir í þessu efni blasa við okkur.

En það sem ég átti við í ræðu minni þegar ég sagði að Ísland væri nánast á annarri plánetu, þá meina ég það auðvitað heils hugar að það hefur verið gæfa fyrir okkar landbúnaðarframleiðslu. Við höfum fyrir áratugum tekið á því sem nú er að hrjá menn og skepnur í Evrópu. Við höfum verið þar á undan og ráðið niðurlögum ýmissa sjúkdóma. Ég nefni mikið afrek í baráttunni við salmonellu fyrir nokkrum árum sem fast hefur verið fylgt eftir. Þó að við sjáum því miður ýmis áföll eins og þau sem hafa orðið á síðustu tveimur árum í ákveðnum sjúkdómum sem annaðhvort koma úr náttúrunni eða annars staðar frá, þá verðum við að halda vöku okkar og gera okkur grein fyrir því að jörðin okkar verður ekki betri en mennirnir fara með hana. Þess vegna eigum við að nýta okkur þessa sérstöðu sem hér blasir við á svo mörgum sviðum og veita neytendum okkar það öryggi að þeir geti sest að matarborði sínu án þess að hafa áhyggjur af þeim hryllingi sem nú er að hrjá fólk í mörgum löndum Evrópu, ekki síst þeim stærstu. Ég vil stuðla að því að því verði fylgt fast eftir á öllum sviðum og vil sannarlega að menn hræði ekki neytendur á Íslandi með því að hér sé eitthvað slíkt að gerast. Við erum í fremur góðum málum og eigum að geta haft einhverja bestu stöðu sem sérstakt landbúnaðarland til matvælaframleiðslu ef svo heldur fram sem horfir og við fylgjum þessu fast eftir.

Úthald og öryggishlutverk landhelgisgæsluskipanna.

Fsp. GAK, 346. mál. — Þskj. 485.

[16:12]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ef ég hef réttar upplýsingar, þó að þær séu ekki staðfestar eða komnar á blöð, hefur úthald landhelgisgæsluskipanna dregist saman á liðnu ári. Ég hef ekki yfirlit yfir það hvernig það hefur verið milli mánaða og er því spurt í fyrri spurningunni: Hvernig var úthald landhelgisgæsluskipanna á síðasta ári, sundurliðað eftir mánuðum?

Landhelgisgæsluskipin hafa um langt árabil verið nokkurs konar öryggisstuðull fyrir útgerðir og sjómenn. Menn hafa mestar áhyggjur af erfiðustu mánuðum ársins og þó að tíðarfar í haust hafi fram til þessa að mestu leyti verið þokkalegt, þó misjafnt eftir landshlutum, verður samt að gera ráð fyrir því að komandi vetrarvertíð geti orðið eins og margar aðrar, þ.e. að um erfitt tíðarfar verði að ræða. Þess vegna er spurt: Verður tryggt að tvö skip verði við gæslu og öryggisstörf samtímis á komandi vetrar- og loðnuvertíð?

Það er afar mikilvægt að á erfiðustu tímum ársins hér við land, einkum þegar stór hluti flotans er nú gerður út eins og yfirleitt er frá því að líður á vetrarvertíðina og fram á vor, geti menn verið nokkuð vissir um að tveimur skipum sé haldið úti. Yfirleitt verða slys við erfiðar aðstæður og verstu slysin verða við verstu aðstæðurnar. Þess vegna er að mínu viti nauðsynlegt að halda úti tveimur gæsluskipum, a.m.k. yfir vetrarmánuðina, þannig að ekki taki of langan tíma að komast á slysstað ef svo illa skyldi vilja til að slys yrði. Þess vegna er þessari fyrirspurn beint til hæstv. dómsmrh. um það öryggishlutverk sem Landhelgisgæslan hefur sinnt á yfirstandandi árum og hvernig því verður háttað.

[16:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar á þskj. 485 lýtur að skipaúthaldi Landhelgisgæslunnar, annars vegar hvernig úthaldið hafi verið á síðasta ári, sundurliðað eftir mánuðum, hins vegar hvort tryggt verði að tvö skip verði ávallt við gæslu- og eftirlitsstörf samtímis á komandi vetrar- og loðnuvertíð.

Úthald varðskipanna þriggja var 670 dagar árið 1999, 702 dagar eru ráðgerðir á þessu ári og á næsta ári eru ráðgerðir 673 úthaldsdagar. Úthaldið verður því mjög svipað á þessum þremur árum eða rétt um 700 dagar hvert ár. Breytingar verða þó á skipaúthaldinu og tel ég ástæðu til að útskýra þær og hvernig störfin verða skipulögð vegna þeirra samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá Landhelgisgæslunni.

Óðinn er elsta varðskipið, 40 ára gamalt. Til þess að komast hjá því að leggja í mjög kostnaðarsamar flokkunarviðgerðir að kröfu Lloyds Register flokkunarfélagsins verður

honum lagt í vetur. Hann verður síðan notaður næsta sumar en heimilt verður að nota hann yfir sumartímann fram til ársins 2003 án flokkunarviðgerða. Það verða því Ægir og Týr sem verða við gæslu-, öryggis- og eftirlitsstörf á næsta ári að vetri til. Eftir vandlega athugun þótti það ekki fýsilegur kostur að taka á leigu skip í stað Óðins. Um ýmsar leiðir var að velja við skipulagningu á störfum skipanna tveggja en sú leið sem valin var tryggir að heildarúthaldstími varðskipanna er ráðgerður aðeins tveimur vikum skemmri á árinu 2001 en í ár og reyndar aðeins meiri en árið 1999. Í stað þriggja áhafna á þrjú varðskip verða nú tvisvar sinnum ein og hálf áhöfn. Áhafnir skipanna fara nú út á mánudegi og koma í höfn að 16 dögum liðnum og eru þá frá miðvikudegi til mánudags eða í fimm og hálfan dag í landi. Við breytinguna verða skipin einnig 16 daga á sjó í senn en aðeins tvo og hálfan dag í landi. Að tveimur ferðum loknum verður áhöfnin 18 daga í landi. Jafnframt verður stefnt að því að láta áhafnaskipti varðskipanna fara oftar fram í næstu höfn við gæslu- eða öryggissvæði þar sem fiskiskip eru hverju sinni. Þetta nýja fyrirkomulag hefur verið rækilega kynnt fyrir öllum áhöfnum allra varðskipanna.

Með þessum breytingum skapast nú meira svigrúm til þess að auka menntun skipsáhafnarmanna frá því sem verið hefur og ráðgert er að auka möguleika háseta á skipunum til að afla sér 30 tonna skipstjórnarréttinda svo dæmi sé tekið.

Það skiptir mjög miklu máli að unnt sé að veita því dugmikla fólki sem starfar hjá Landhelgisgæslunni aukna menntun hvort heldur er endurmenntun, símenntun eða réttindamenntun. Á árinu 2001 munu bæði Ægir og Týr, en þau eru 32 og 25 ára gömul, þurfa að fara í flokkunarviðgerðir en ráðgerður viðgerðartími er þrír mánuðir fyrir hvort skip. Áætlað er að fyrra skipið verði frá vegna þessa í maí til júlí og hið síðara frá ágúst til október á næsta ári. Á þeim tíma mun Óðinn verða notaður eins og að framan er rakið þannig að einnig þá verða ávallt tvö varðskip við störf.

Í fjárlögum eru tryggðar fjárveitingar til umræddra flokkunarviðgerða og einnig fékkst fjárveiting að fjárhæð 40 millj. kr. til breytinga á Ægi og Týr sem unnar verða samtímis flokkunarviðgerðum og er ástæða til að fagna því. Eins og menn muna eru mörg ár síðan farið var að leggja drög að endurnýjun elsta varðskipsins. Vinna við útboðslýsingu á nýju varðskipi er nú á lokastigi og mun því verki vonandi verða lokið fyrir næstu áramót. Virðist þá ekkert vera því til fyrirstöðu að hefjast handa við að bjóða út smíði nýs varðskips um leið og ákvörðun er tekin um að gera það.

Herra forseti. Ég tel að ofangreindar breytingar sem gera þarf á úthaldi varðskipa muni ekki skerða möguleika Landhelgisgæslunnar til að gegna öryggis- og eftirlitshlutverki sínu. Eins og fram hefur komið verður heildarúthaldstími örlítið skemmri á árinu 2001 en í ár en aðeins meiri en árið 1999. Undirbúningur að smíði nýs varðskips er kominn á góðan rekspöl eins og lýst hefur verið.

Ég er með í höndunum gögn þar sem úthaldsdagar varðskipanna eru sundurliðaðir mánuð fyrir mánuð árin 1999 og 2000 og hvernig þeir eru ráðgerðir á árinu 2001 og ég mun afhenda hv. fyrirspyrjanda þessi gögn hér með.

[16:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir þessa fyrirspurn. Hún er þörf vegna þess ástands sem ríkir nú og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. og ég þakka henni einnig greinargóð svör við fyrirspurninni.

Hins vegar vekur athygli að þegar mest á reynir að vetrarlagi er einu varðskipi lagt og er það náttúrlega hið alvarlegasta mál út af fyrir sig. Af því að ég hef stuttan tíma hér í ræðustól, þá vil ég einnig víkja að því sem hæstv. ráðherra kom inn á í sambandi við endurmenntun starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Það vakti athygli mína í fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. dómsmrh. um einmitt þetta atriði hve áhafnarmenn skipanna hafa fengið litla endurmenntun. Það sést best að bæði flugmenn þyrlu og flugvélar hafa hlotið mjög mikla endurmenntun en hins vegar hafa þeir sem starfa á varðskipunum hlotið mjög litla og nánast enga.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir afar skýr svör við fyrirspurnum mínum. Ég get ekki séð annað á þeim blöðum sem hæstv. ráðherra fékk mér en að úthaldi skipanna á komandi vertíð sé nokkuð vel fyrir komið og a.m.k. eins gott úthald og hægt er að tryggja með tveimur skipum. Áhyggjur mínar af komandi vetrar- og loðnuvertíð að þessu leyti ættu að vera minni en ella. Mér sýnist að svarið gefi tilefni til þess að ætla að öryggishlutverkinu sé sinnt svo vel sem verða má og ég þakka skýr svör.

[16:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um úthald varðskipa og öryggishlutverk Landhelgisgæslunnar. Ég vil nota tækifærið til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Ég er sammála honum og hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um mikilvægi Landhelgisgæslunnar, bæði hvað varðar hlutverk hennar til að halda uppi lögum og reglu og gæta öryggis sjófarenda. Við þurfum alltaf að halda vöku okkar í þessum efnum.

Ég held að það hafi einnig verið ágæt ábending hjá hv. þm. um endurmenntunarmöguleika starfsfólks Landhelgisgæslunnar og það er þó fagnaðarefni ef betra tækifæri gefst til þess að sinna þeim málum. Ég hef einmitt nýlega fengið í hendur samþykkt formannaráðstefnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þar sem stjórnvöld eru hvött til þess að tryggja Landhelgisgæslunni nægilegt rekstrarfé og til að flýta smíði nýs varðskips og ég get tekið undir hvort tveggja. Ég átti nýlega ágætan fund með fulltrúum Sjómannafélags Reykjavíkur vegna þessara mála. Hins vegar liggur ljóst fyrir að breytt fyrirkomulag á úthaldi varðskipanna hefur óveruleg áhrif á heildarúthaldið. Það verður væntanlega aðeins minna en í ár en aðeins meira en árið 1999. Það liggur jafnframt ljóst fyrir að engar breytingar verða á því að tvö skip verða að jafnaði við gæslu- og öryggisstörf.

Ég held að fyrirspurninni sé svarað, herra forseti.

Fundi slitið kl. 16:25.

49. FUNDUR

fimmtudaginn 14. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Matvæli, stjfrv., 74. mál, þskj. 526. — 3. umr.
2. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 3. umr.
3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 119. mál, þskj. 536. — 3. umr.
4. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 215. mál, þskj. 226. — 3. umr.
5. Námsmatsstofnun, stjfrv., 176. mál, þskj. 527. — 3. umr.
6. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 194. mál, þskj. 528. — 3. umr.
7. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 320. mál, þskj. 402. — 3. umr.
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 317. mál, þskj. 392, brtt. 523. — 3. umr.
9. Neytendalán, stjfrv., 90. mál, þskj. 529. — 3. umr.
10. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 165. mál, þskj. 167. — 3. umr.
11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 232. mál, þskj. 250. — 3. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 197. mál, þskj. 207. — 3. umr.
13. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, stjfrv., 318. mál, þskj. 400, nál. 524. — 2. umr.
14. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 154, nál. 532 og 538. — 2. umr.
15. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199, nál. 505 og 515, brtt. 506. — 2. umr.
16. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412. — Frh. fyrri umr.
17. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr.
18. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454. — 1. umr.
19. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322. — 1. umr.
20. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 297. mál, þskj. 334. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur hættulegra efna um jarðgöng, 93. mál, nál. samgn., þskj. 534.

Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana, 231. mál, svar utanrrh., þskj. 369.

Innflutningur dýra, 154. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 538.

Matvæli, 74. mál, þskj. 526.

Námsmatsstofnun, 176. mál, þskj. 527.

Neytendalán, 90. mál, þskj. 529.

Póst- og fjarskiptastofnun, 194. mál, þskj. 528.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 119. mál, þskj. 536.

Athugasemdir um störf þingsins.

Hækkun afnotagjalda RÚV og forsendur fjárlaga.

[10:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Nýverið var tilkynnt að hæstv. menntmrh. hefði heimilað Ríkisútvarpinu hækkun afnotagjalda. Okkur er öllum ljóst að Ríkisútvarpinu var mikil nauðsyn á að fá auknar tekjur og ráðstöfunarfé. Fjárhagsstaða, fjárþörf og fjármál Ríkisútvarpsins voru rædd í fjárln. og forsvarsmenn Ríkisútvarpsins komu fyrir nefndina og kynntu fyrir henni fjárhagsáætlun sína fyrir næsta ár. Jafnframt greindu þeir frá því að með reglulegu millibili, um meira en ársskeið, hefðu verið send bréf til hæstv. menntmrh. og beðið um hækkun á afnotagjöldum en svör ekki fengist.

Við umræðu í fjárln. spurðist undirritaður fyrir um hvort ekki væri ætlunin að taka fjármál Ríkisútvarpsins fyrir í nefndinni fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þá var upplýst að ekki lægju fyrir neinar tillögur af hálfu ríkisstjórnarinnar eða beiðni um það og þess vegna væri það ekki gert.

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi fluttu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu um að fé yrði aukið til Ríkisútvarpsins en hún var felld.

Herra forseti. Ég fagna því að ráðstöfunarfé Ríkisútvarpsins skuli aukið en ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Samkvæmt hvaða lögum er það gert, tveimur, þremur dögum eftir að við höfum lokið við að ganga frá fjárlögum? Í lögum um Ríkisútvarpið segir: „Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.“ Það höfum við gert við afgreiðslu fjárlaga.

[10:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ef spurt er um lagaheimildir í þessu efni, þá eru þær skýrar í útvarpslögunum. Menntmrh. samþykkir tillögu útvarpsins um hækkun á afnotagjöldum útvarpsins og þær ná ekki fram að ganga nema með samþykki menntmrh.

Það er rétt hjá hv. þm. að hv. fjárln. var gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins við meðferð fjárlaganna. Hinn 6. desember ritaði útvarpsstjóri mér bréf þar sem hann gerði mér grein fyrir stöðunni og hafði raunar 5. desember sent þau álit sem hv. fjárln. voru kynnt. Í bréfi sínu frá 6. desember fer útvarpsstjóri fram á að Ríkisútvarpinu verði heimilað að hækka afnotgjaldið úr 2.100 kr. í 2.250 kr. á mánuði með virðisaukaskatti frá og með 1. janúar. Svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig ætti að vera tryggt að vetrardagskrá útvarps og sjónvarps geti áfram verið með því sniði sem nú er í meginatriðum en tækifæri gefist jafnframt til að endurmeta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins á rekstrarfjárþörf um mitt næsta ár, m.a. í ljósi árangurs af því hagræðingarstarfi sem nú stendur yfir og haldið verður áfram.“

Þessi gögn lágu öll fyrir hv. fjárln. en það er samkvæmt lögum mitt hlutverk að taka afstöðu til tillagna útvarpsstjóra í þessu efni. Það geri ég á grundvelli skýrra lagaheimilda.

[10:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því að ríkisstjórnin skuli loks viðurkenna vanda Ríkisútvarpsins, láta af þrjósku sinni og láta undan þeim þrýstingi sem á henni hefur verið lengi vegna þessa máls.

Herra forseti. Ég verð að taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar og átelja ríkisstjórnina, þá helst hæstv. menntmrh. Var ekki hægt að leggja þessa hækkun afnotagjaldsins til á meðan fjárlög voru enn opin og til umræðu? Nei, það gat hæstv. ríkisstjórn ekki gert vegna þess að tillögur þar um voru á vegum stjórnarandstöðunnar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vann að því á öllum vígstöðvum meðan fjárlög voru til umfjöllunar að tekið yrði á vanda Ríkisútvarpsins. Eins og alþjóð veit, samþykkir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hins vegar ekki tillögur frá stjórnarandstöðunni. Það er prinsipp sem ekki skal brotið, ekki undir nokkrum kringumstæðum. Frekar er ríkisstjórnin tilbúin að leggja á sig fjallabaksleiðir og lagaklæki eftir að búið er að samþykkja fjárlög, fara á bak við, undir, aftan við, umfram allt þannig að ekki verði hægt að hengja ráðherrum um háls að þeir hafi látið undan þrýstingi frá stjórnarandstöðunni.

Herra forseti. Karlar sem haga sér svona eru litlir karlar.

[10:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég ítreka það að ég fagna því að fjárráð Ríkisútvarpsins skuli aukin. Í haust ræddum við hins vegar um með hvaða hætti framkvæmdarvaldið umgengst lögin, lög um fjárreiður ríkisins, fjárlagagerð og alla þá vinnu. Þar hefur þótt á skorta. Þess vegna verð ég, herra forseti, að gagnrýna vinnubrögð hjá hæstv. menntmrh. Þessi bréf frá Ríkisútvarpinu hafa legið fyrir allt þetta ár og frá síðasta ári líka en þeim ekki verið svarað að því er mér hefur verið tjáð. Það var því í lófa lagið að afgreiða þetta mál áður en fjárlög voru samþykkt og láta það fá lögformlega afgreiðslu. Þetta er ekki flokkað lengur sem afmarkaðar sértekjur Ríkisútvarpsins heldur sem ríkistekjur og síðan fært aftur til Ríkisútvarpsins. Þegar slík ákvörðun er tekin er í sjálfu sér verið að breyta nýsamþykktum fjárlögum.

Ég leyfi mér að spyrja, hæstv. forseti, hæstv. menntmrh. um hvernig útfæra eigi það þegar sagt er í 10. gr. í lögum um Ríkisútvarpið að Alþingi staðfesti fjárhagsáætlunina endanlega í fjárlögum, sem við höfum gert. Mun hann fyrir jól leggja fram fjáraukalög sem heimila þá þessa breytingu á fjárlögum. Ég væri mjög fús að taka það fyrir hér fyrir jól þannig að hækkunin, af því að hún á að verða 1. janúar, fái löglega meðferð í þinginu.

Ég held, herra forseti, að allir þingmenn vilji að farið sé að lögum og vilji að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins verði bætt. En þegar farið er í kringum lögin eins og hér er gert þá er það miður af hálfu framkvæmdarvaldsins þó að málefnið sé gott.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sannarlega ástæða til að ræða þetta mál undir liðnum um störf þingsins. Það er með ólíkindum hvílíkt virðingarleysi Alþingi og hlutverki þess við afgreiðslu fjárlaga er sýnt með þessari framgöngu hæstv. menntmrh., að liggja á óskum Ríkisútvarpsins, sem reyndar hafa verið settar fram með reglubundnu millibili lengi, um gjaldskrárhækkanir eða auknar tekjur og fallast svo á þær um tveimur sólarhringum eftir að Alþingi afgreiðir fjárlögin og ómerkir þar með grundvöll fjárlaganna. Ég verð að segja að ég óska hæstv. menntmrh. til hamingju og hann er örugglega að slá Íslandsmet. Ég er viss um það að fjárlög hafa aldrei verið gerð ómerk jafnskömmu eftir að þau voru afgreidd og áður en þau taka gildi eins og hér á að gera.

Tekjuforsendur Ríkisútvarpsins eru hluti af forsendum fjárlaga og reyndar eru tekjurnar færðar eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á, ekki sem sérmerktar tekjur Ríkisútvarpsins heldur tekjur ríkissjóðs. Rekstrarútgjöld Ríkisútvarpsins eru svo færð sem útgjöld á gjaldahliðina þannig að með þessu gefur hæstv. menntmrh. forsendum fjárlaga næsta árs langt nef og sýnir Alþingi ótrúlegt virðingarleysi í leiðinni. Maður spyr sig í raun: Hvað á þetta að þýða? Hvers vegna í ósköpunum fór fyrirhuguð gjaldskrárhækkun ekki inn sem hluti af forsendum fjárlagaafgreiðslunnar áður en henni lauk? Hér voru fluttar brtt. um að bæta fjárhagsafkomu Ríkisútvarpsins en þær voru felldar án þess að nokkur hefði hugmynd um að í kolli hæstv. menntmrh. gerjaðist það að fallast á þessa gjaldskrárhækkun og breyta þar með starfsforsendum Ríkisútvarpsins á næsta ári. Hefur hæstv. menntmrh. einhverjar haldbærar skýringar á þessari framkomu sinni aðrar en þetta tuð hér áðan, vísandi í útvarpslög sem menn þekkja? Hefur hæstv. menntmrh. borið þetta saman við fjárreiðulögin og þær nýju venjur sem menn hafa reynt að taka upp í sambandi við fjárlagaafgreiðslu? Ætlar hæstv. menntmrh. að óska eftir því að flutt verði fjáraukalög þegar á þessu ári?

[10:42]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áður lýst fjárlögum íslenska ríkisins fyrir árið 2001 sem hér hafa verið til umræðu undanfarnar vikur og mánuði sem spennandi reyfara þar sem ýmislegt væri gefið í skyn fremur en það stæði þar beinlínis.

Ýmislegt hefur síðan komið í ljós. Það er ekki nema vika síðan við samþykktum þessi fjárlög endanlega þegar í ljós kemur, sem ýmsum bauð í grun að þyrfti, að það þarf að hækka afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Ég er í sjálfu sér ekki að mótmæla því. Ég held að það sé nauðsynlegt og hafi legið fyrir lengi. Þess vegna verður að átelja það sleifarlag að ekki skyldi hægt að undirrita það plagg fyrr en viku eftir að fjárlög hafa endanlega verið samþykkt (Gripið fram í.) — minna en viku. Ég held að það sé einstakt að hæstv. menntmrh. skuli ómerkja fjárlög íslenska ríkisins með því móti sem hér er gert. Hins vegar vil ég ítreka: Hækkuninni er ég ekki mótfallin. Ég held að hún sé nauðsynleg.

[10:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna þessum umræðum. Það þarf að útskýra þetta mál og nú hafa þingmenn fengið upplýsingar um það. Það er rétt að þessar ákvarðanir voru teknar í sömu andrá og gengið var frá fjárlögum fyrir árið 2001. Það hefur aldrei verið neitt launungarmál af minni hálfu hvernig að þessu máli er staðið. Það var skýrt fyrir fjárln. sérstaklega á lokastigum fjárlagaafgreiðslunnar hvernig fjárhag Ríkisútvarpsins væri háttað og einnig rætt ítarlega í útvarpsráði á þeim tíma. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ákvörðun sem þessi af hálfu menntmrh. kalli á að menn endurskoði fjárlögin því að afnotagjöld útvarpsins hafa að sjálfsögðu verið hækkuð án þess að menn brjóti upp fjárlagagerð eða flytji sérstök fjáraukalög af því tilefni eins og hv. þm. vita.

Ég held að hv. þm. eigi að líta til laganna, þeirra reglna sem gilda og ákvæða sem um þetta mál gilda í lögum. Þar er skýrt tekið fram að menntmrh. þarf að samþykkja tillögu útvarpsstjóra um þetta efni. Hvort hann gerir það sama dag og fjárlagafrv. er afgreitt eða ekki skiptir engu máli fyrir hið formlega gildi þeirrar ákvörðunar.

Hér hefur einnig komið fram að allir hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta mál eru sammála ákvörðuninni. Þeir styðja ákvörðunina og eru kannski frekar á því að þurft hefði að hækka afnotagjöldin meira en um þessi 7%. Þannig er ekki ágreiningur um efnislega niðurstöðu málsins.

Herra forseti. Ég þakka fyrir tækifæri til að skýra þetta út. Það kemur fram í áliti Ríkisútvarpsins að þetta muni auka tekjur þess á næsta ári um 100–130 millj. kr., ef ég man rétt. Þar með liggur fyrir á hv. Alþingi hvaða áhrif þetta hefur þannig að ég tel að málið hafi komist vel til skila til þingheims. Ég þakka mönnum fyrir að lýsa yfir stuðningi við þessa ákvörðun mína.

Matvæli, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 526.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 536.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Námsmatsstofnun, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 527.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 528.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Breytingin er til komin vegna kvartana sem við höfum fengið frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, vegna þess að lögin, sem eru búin að vera hér í gildi í tvö ár, hafa ekki þótt þess eðlis að hægt væri að fara eftir þeim enda hefur það ekki verið gert.

Nú er vegna þessara kvartana frá ESA verið að breyta lögunum á síðustu starfsdögum þingsins. Ég gagnrýndi það, herra forseti, í 1. umr. um málið að ekki væri gefinn meiri tími og krafðist þó í öllu falli þess að málið yrði sent hv. menntmn. til umfjöllunar því að hér er um að ræða grundvallarbreytingar á forsendum laganna frá því sem verið hefur, þ.e. nú á að líta til menningarlegra þátta og nú á að líta sömuleiðis til þess hvernig svokallaðar endurgreiðslur geti nýst innlendum aðilum.

Ekki var orðið við ósk minni. Hv. iðnn. sendi málið ekki til umfjöllunar hv. menntmn. Ég átel enn þennan framgangsmáta og þessa afgreiðslu málsins. Ég tel að hv. iðnn. hefði verið meiri að því að senda málið til menntmn. Það hefði verið hægur vandi fyrir hana að koma saman og fjalla um málið og kynna það fyrir nefndinni þannig að nefndin hefði getað tekið með góðri samvisku á þessu máli. En það var ekki gert. Því var öllu hafnað. Þetta átel ég, herra forseti, og vil að það komi fram við 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraða, 3. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392, brtt. 523.

[10:49]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Eins og fram kom í 2. umr. um þetta mál höfum við þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram brtt. við frv. sem snúa að undanþáguákvæðinu, en undanþegnir frá gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraða eru, eins og lögin eru í dag, börn innan 16 ára aldurs og þeir sem verða 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Í umræðu um málið í nefndinni var vakin athygli á því að þessi nefskattur bitnar mjög illa á

lágtekjufólki og öryrkjum því að nú er svo komið að öryrkjar sem eru eingöngu með greiðslur úr almannatryggingunum og búa einir eru komnir yfir skattleysismörk og þeir sem eru yfir skattleysismörkum greiða þetta gjald til sjóðsins sem er tæpar 4.600 kr. verði frv. að lögum.

Þar sem þetta er nefskattur þá er hann mun þyngri þeim sem eru með lágar tekjur eins og menn sjá. Við leggjum til að örorkulífeyrisþegar verði undanþegnir þessu gjaldi. Rökin fyrir því að við tiltökum ekki aðra láglaunahópa í undanþáguákvæðinu eru að öryrkjum er mjög erfitt að auka tekjur sínar vegna tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Þó að þeir bættu við sig launum eða reyndu að auka tekjur sínar skerðast þær því jafnharðan vegna almannatryggingatekjutenginganna í kerfinu. Okkur finnst því ástæða til að bæta þessum hópi inn í undanþáguákvæðið, þ.e. að þeir verði undanþegnir gjaldinu.

Í nefndinni kom einnig fram að þó svo að skattahækkanir geti ekki verið ástæða fyrir uppsögn kjarasamninga þá raskar þetta kjarasamningum. Þess vegna höfum við verulegar áhyggjur af því að verið er að auka þarna skattbyrði á ákveðna hópa í samfélaginu, líka í framhaldi af skattahækkunum vegna frv. sem nýverið hafa verið afgreidd, eins og frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og hafa bitnað á fólki sem skattahækkun.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á öryrkjana og hefði gjarnan viljað fara fram á það við hæstv. ráðherra — ég hef reyndar nefnt það við hæstv. ráðherra — að hugleiða það að undanþiggja öryrkja, þ.e. örorkulífeyrisþega, frá þessu gjaldi. Öryrkjar sem eingöngu eru með greiðslur úr almannatryggingunum og geta ekki aukið tekjur sínar vegna tekjutenginganna eru þarna að fá til viðbótar 500 kr. skatt en þeir eru nú þegar að greiða nokkra tugi þúsunda króna í skatta á ári þó þeir séu eingöngu með bætur almannatrygginga vegna þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt launaþróuninni og hækkun bóta.

Herra forseti. Ég vil því ítreka þetta og ítreka önnur atriði sem koma fram í nál. okkar þingmanna Samfylkingarinnar í hv. heilbr.- og trn. Einnig vil ég benda á aðra brtt. þar sem við leggjum til að ekki meira en 25% af því fé sem í sjóðinn rennur fari til rekstrar. Það hefur komið fram að gerist það þá komi nægt fjármagn til þeirrar uppbyggingar sem þörf er á í hjúkrunarheimilum og vísað er til í greinargerð með frv. Ég vildi því ítreka þessi atriði og vonast til þess að meiri hlutinn taki tillit til öryrkja og erfiðra aðstæðna þeirra og aukinnar skattbyrði þeirra og hugleiði alvarlega að samþykkja þessa tillögu okkar um að undanþiggja þá þessu gjaldi.

[10:54]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek nú til máls í 3. umr. um málið. Ég var undirbúin undir að taka þátt í umræðunni í gær við 2. umr. málsins en ég tók mig út af mælendaskrá til þess að hliðra til vegna atkvæðagreiðslu sem fór fram kl. 15.

Í frv. sem er til umfjöllunar um málefni aldraðra er kveðið á um hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra. Samkvæmt athugasemdum um frv. hefur gjaldið ekki breyst frá 1. janúar 1997 og er sú hækkun sem lögð er til í frv. miðuð við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá árinu 1997.

Í 1. mgr. 10. gr. laga um málefni aldraðra segir að gjald þetta skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert og segir í nál. meiri hluta nefndarinnar að hækkunin sé í samræmi við ákvæðið og að rétt sé að miða hana við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar eins og gert er í frv. núna.

Ég er samþykk þessu frv. og skrifa undir án fyrirvara eins og kemur fram í nál. meiri hluta nefndarinnar enda er um mikilvægt málefni að ræða, þ.e. að setja aukið fé til uppbyggingar öldrunarþjónustu í landinu.

Í greinargerð með frv. er gert ráð fyrir að hækkun á gjaldi til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem leiði til aukningar um 76 millj. kr. á ársgrundvelli, muni öll renna til uppbyggingar þjónustunnar en ekki til reksturs eða eins og segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Brýnt er að hækka gjaldið svo að hægt verði að hraða uppbyggingu á þeim svæðum þar sem þörfin er mest."

Í nál. meiri hluta nefndarinnar er tekið undir þetta sjónarmið og er ítrekað að þetta sé skilningur meiri hluta nefndarinnar á tilgangi hækkunar gjaldsins, eða eins og kemur fram í nál. meiri hluta nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að viðbótarfé það sem innheimtist, verði frv. að lögum, renni til uppbyggingar enda má ætla af athugasemdum við frv. að slíkt sé ætlunin."

Þetta kom jafnframt fram í framsöguræðu formanns hv. heilbrn., hv. þm. Jónínu Bjartmarz, í gær.

Hv. heilbrn. var gerð grein fyrir því að 55% af fé til Framkvæmdasjóðs aldraðra færi að jafnaði til reksturs stofnana fyrir aldraða. Um það hlutfall er hins vegar ekki kveðið á í lögum um málefni aldraðra en hefur verið vinnuregla og sjálfsagt stendur það einhvers staðar í reglugerð.

Á hinn bóginn er ástæða þess að ég tek hér til máls sérstaklega sú að koma á framfæri þeirri skoðun minni að ég tel skatta af þessu tagi, þ.e. nefskatta, afar óheppilega. Þetta er skattur sem er lagður á alla skattskylda landsmenn fyrir utan þá sem hafa náð 70 ára aldri — einnig eru í lögunum önnur atriði sem ég náði ekki að tékka af — og þessi skattur er óháður tekjum þeirra. Í mínum huga er þetta óréttlát skattlagning þó að tilgangur hennar sé göfugur, þ.e. að taka á í uppbyggingu stofnana fyrir aldraða. Ég hef skoðað sögu þessa skatts lauslega. Þegar hann var tekinn upp var hann settur sem nefskattur. Skatturinn var síðan felldur inn í skatthlutfallið ásamt þremur öðrum álíka sköttum þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp og var álagningarhlutfallið hækkað samsvarandi. Hinir skattarnir voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald. Hins vegar var tilsvarandi upphæð skilað til Framkvæmdasjóðs aldraðra í gegnum ríkissjóð.

Nefskattur sem framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra var síðan tekinn upp aftur stuttu seinna þegar þrengingar voru í þjóðarbúinu án þess að skatthlutfallið í staðgreiðslu væri lækkað samsvarandi. Snemma á síðasta áratug var tekin ákvörðun um að setja ákvæði um hluta sjóðsins til að standa undir rekstri öldrunarstofnana. Var kveðið á um það í lögum. Fyrst var það þriðjungur og síðan hækkaði það. Og aukinn hlutur sjóðsins hefur verið tekinn til þess að standa undir rekstri stofnana fyrir aldraða og er nú 55% eins og áður hefur komið fram.

Það er von mín að álagning skattsins verði tekin til endurskoðunar í tengslum við endurskoðun á skattalögum sem fram undan er, en með þeirri breytingu á lögum um málefni aldraðra og hækkun á gjaldi til Framkvæmdasjóðs aldraðra mun sjóðurinn hafa til árlegrar ráðstöfunar um 700 millj. kr.

Ég vil að lokum taka fram að ég lagði fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. í þinginu í dag þar sem ég spyr hvernig Framkvæmdasjóði aldraðra hefur verið varið undanfarin tíu

ár. Vonast ég til að svör við spurningum mínum geti leiðbeint okkur um endurskoðun á þessum skatti.

Umræðu frestað.

Neytendalán, 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 529.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgðir, 3. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207.

[11:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. sem snertir málefni sem var nokkuð komið til umræðu fyrir síðustu alþingiskosningar en sem kunnugt er höfðu sérstaklega framsóknarmenn uppi stór orð um að nú yrði gripið til róttækra aðgerða til aðstoðar barnafólki. Menn muna eflaust eftir hinum margrómuðu barnakortum þar sem til sögunnar áttu að koma ótekjutengdar greiðslur úr ríkissjóði með börnum, ótekjutengdar barnabætur, og samkvæmt þessu frv. þá eiga þær að verða að veruleika.

Fyrir nokkrum árum námu ótekjutengdar greiðslur úr barnabótakerfinu allsæmilegum fjárhæðum. Þær voru að meðaltali um 40 þús. kr. árið 1997 fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri. Bæturnar sem hér á að lögfesta nema rúmum 33 þús. kr., 33.470 kr., en ekki fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri heldur fram að sjö ára aldri.

Við umræður um fjárlög gerði ég meðal annarra þingmanna þetta að umræðuefni. Því var beint til talsmanna Framsfl. hverju það sætti að kosningaloforð flokksins hefðu ekki náð fram að ganga. Þá kom fram í máli formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar, að eitt væri að setja fram kosningastefnu og gefa kosningaloforð, en annað að semja um stjórnarsáttamála. Þá innti ég nánar eftir því hvort það bæri að skilja þessi ummæli sem svo að Sjálfstfl. hefði staðið í vegi fyrir því að þessi ágætu áform framsóknarmanna næðu fram að ganga og ég fékk ekki betur skilið en að svo hefði verið. Að vísu brá svo við hér við atkvæðagreiðslu bæði við 2. og 3. umr. fjárlaga eða eftir þær umræður að fram komu brtt. við fjárlögin sem hefðu einmitt gert okkur kleift að samþykkja kosningaloforð framsóknarmanna. Í fyrsta lagi kom fram tillaga um tæplega 1.300 millj. kr. viðbótarframlag til barnabótanna sem hefði leitt til þess að unnt hefði verið að greiða ótekjutengdar barnabætur til allra barna fram að 16 ára aldri.

Ég veit ekki betur en allir þingmenn stjórnarmeirihlutans hafi sameinast um að fella þessa tillögu, einnig fulltrúar framsóknarmanna. Þá kom enn ein tillagan fram, þ.e. að gera þetta í áföngum, tillaga um viðbótarframlag í barnabæturnar um 500 milljónir fyrir komandi ár. Einnig þessa tillögu felldu þingmenn stjórnarmeirihlutans og ég fékk ekki betur séð en allir þingmenn Framsfl. greiddu atkvæði gegn henni.

Herra forseti. Þetta eru pólitískar athugasemdir sem mér finnst rétt að komi fram og að við höldum til haga að fyrirheit Framsfl. eru ekki traustari en þetta.

Fram kemur í greinargerð með þessu frv. að þegar það hefur endanlega allt komið til framkvæmda árið 2003 þá mun það þýða árlegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð sem nemur um tveimur milljörðum kr. En það hefur verið sagt hér áður við umræðuna og oftar en einu sinni að þegar við hverfum tíu ár aftur í tímann, til upphafs tíunda áratugarins, þá voru útgjöld til barnabótanna tveimur milljörðum hærri að raungildi, rúmum milljarði í krónum talið, um tveimur milljörðum að raungildi. Það er því ekki einu sinni verið að leggja inn í barnabótakerfið þá upphæð og við vörðum til barnabótanna fyrir tíu árum vegna þess að ætla má að þeir tveir milljarðar, sem nú er verið að tala um, muni hafa rýrnað að verðgildi þegar kemur fram á þennan tíma. Einnig þessu skal til haga haldið.

Það var rætt talsvert í efh.- og viðskn. hvaða leið ætti að fara varðandi barnabæturnar. Frv. gengur út á að afnema eignatengingu barnabótanna og um það voru menn á eitt sáttir. Síðan er hér dregið úr tekjuskerðingunni, þ.e. tekjuskerðingarmörkin eru hækkuð. Um þetta eru menn einnig sáttir. Spurningin er svo hvernig eigi að verja þessum viðbótarfjármunum að öðru leyti og það virðist vera orðið almennara viðhorf í samfélaginu en áður var þegar maður skoðar umsagnir sem bárust um þetta frv. að draga beri úr tekjutengingu barnabótanna og að líta á þær sem jöfnunargreiðslur á milli kynslóða í stað þess að tengja þetta tekjum fólks. Þetta eru viðhorf sem komu úr verkalýðshreyfingunni og eru að verða nokkuð almenn.

Hins vegar kom fram í máli fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar að fara mætti aðrar leiðir til að feta okkur inn í þennan heim og a.m.k. í máli sumra talsmanna hreyfingarinnar kom fram það sjónarmið að e.t.v. hefði verið heppilegra að hækka skerðingarmörkin. Ef við gæfum okkur að þegar fram liðu stundir afnæmum við þessa tekjutengingu væri eðlilegra að fara þá leið vegna þess að ótekjutengdar barnabætur, eins og hér er gert ráð fyrir, munu náttúrlega fyrst og fremst gagnast þeim sem eru í hærri tekjukantinum. Þeir sem eru í lægri tekjukantinum og innan tekjuskerðingarmarkanna fá enga

aukningu með þessari greiðslu. Það fellur inn í þá greiðslu sem þessir aðilar fengu áður.

Einstæðir foreldrar hagnast að því leyti að þessi greiðsla kemur núna með fyrsta barni. En einhverra hluta vegna nutu einstæðir ekki slíkra greiðslna fyrir fyrsta barn. Ég skil það ekki og eiginlega átta sig fáir á því hvernig sú regla varð upphaflega til.

Þetta eru hugmyndir sem voru reifaðar af hálfu talsmanna verkalýðshreyfingarinnar að eðlilegra hefði verið að hækka tekjuskerðingarmörkin en að fara þessa leið að koma með eingreiðslur.

Hver er skoðun mín á því máli að draga úr tekjutengingu barnabótanna? Ég hef fylgt því sjónarmiði að draga beri úr þessari tekjutengingu. Hins vegar vakna óneitanlega alltaf spurningar þegar við erum með takmarkaða fjármuni hvernig þeim verður best varið og að það sé gert á réttlátan hátt og þá er óneitanlega mjög freistandi að halda sig við einhverja tekjutengingu. Ég er t.d. fylgjandi því að hlutfallslega hærri greiðslur komi til einstæðra foreldra en annarra vegna þess að hagur þeirra er erfiðari. Það er staðreynd. Ég á mjög erfitt með að sjá að við munum algjörlega leggja tekjutengingu af. Ég held að hún hljóti alltaf að vera í einu eða öðru formi. Ég hef stundum viðrað þá persónulegu skoðun mína, og er ég þá bara að tala fyrir sjálfan mig, að bótakerfið almennt, bætur eigi ekki að vera undanþegnar skatti, þær eigi að vera jafnar greiðslur en að fella síðan tekjutenginguna og tekjujöfnunina inn í tekjuskattskerfið. Mér finnst að það sé leið sem sé a.m.k. vert að skoða.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta núna. Ég hefði verið sáttari ef við hefðum skoðað þá leið betur að hækka skerðingarmörkin, ef við hefðum varið þessum fjármunum til þess að hækka skerðingarmörkin. Ég held að það hefði að mörgu leyti verið heppilegri leið. Hins vegar fagna ég því að viðbótarfjármagn skuli koma núna inn í barnabótakerfið. Ég held að það sé mjög til góðs. Þótt ég hefði viljað skoða aðrar leiðir mun ég greiða þessu frv. og lagabreytingum atkvæði mitt.

[11:12]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að honum var sérstaklega umhugað um Framsfl. og það virðist vera þannig með vinstri græna að þeir eru í einhverri sérstakri pólitískri baráttu við Framsfl. af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Þeir gleyma því að höfuðandstæðingur þeirra samkvæmt þeirra formlegu skilgreiningu er Sjálfstfl. En ég held að ég verði að taka aðeins til varna vegna þeirra ummæla sem hann lét falla um kosningastefnuskrá okkar.

Í fyrsta lagi varðandi barnabæturnar almennt. Þingmaðurinn vill meina að tekjur eða framlag ríkisins til barnabóta hafi lækkað frá því sem var fyrir allnokkrum árum um tvo milljarða kr. þrátt fyrir þær breytingar sem verið er að gera nú. Ég hef ekki skoðað þær tölur til hlítar og vil því ekkert dæma um sannleiksgildi þeirra. Ég vil þó segja að þegar tekjur fólks hækka eins og verið hefur síðustu fimm ár verulega, 30% kaupmáttaraukning eða svo, leiðir það til þess að bætur sem tengdar eru tekjum hljóta að dragast saman. Annað væri óeðlilegt ef menn eru á annað borð á þeirri skoðun að það eigi að vera tekjutenging bóta sem hv. þm. lýsti sig fylgjandi.

Ég vil því meina að ef fjárhæð barnabóta verði lægri eftir breytingarnar en var áður fyrir nokkrum árum er það fyrst og fremst vegna almennrar kaupmáttaraukningar launafólks. Ég fellst því ekki á þá athugasemd þingmannsins að með því sé á einhvern hátt gengið á bak kosningastefnu Framsfl.

Ég vænti þess að geta síðan bætt við í síðara andsvari öðrum efnisatriðum sem mér finnst full ástæða til að gera athugasemdir við.

[11:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst ein leiðrétting. Ég var með vangaveltur um tekjutengingu barnabótanna. Ég lýsti mig fylgjandi því að draga úr tekjutengingu barnabóta en var með vangaveltur um hvert framtíðarlandið væri í þeim efnum og ætla að leyfa mér að hafa það á vangaveltustigi.

Varðandi upplýsingar um framlag til barnabótanna þá liggja þær fyrir. Hv. þm. getur kynnt sér staðreyndir málsins í þingskjali sem var sett fram á þinginu í vor sem svar fjmrn. við spurningum mínum þar sem ég óskaði eftir því að þessi mál væru rækilega tíunduð, þ.e. framlag ríkissjóðs til barnabótakerfisins og hvernig það hefði þróast í krónum talið og að raungildi einnig, og það er í þetta skjal, þessar upplýsingar fjmrn., sem ég hef vitnað. Þar er staðreyndin sú að fyrir tíu árum voru barnabæturnar að raungildi 2 milljörðum hærri en þær eru nú og breytingarnar sem verið er að gera tillögu um að komi til framkvæmda í áföngum fram til 2003 munu ekki ná því marki. Þetta eru staðreyndir sem við getum ekki vefengt.

Hitt er svo annað mál að velta því fyrir sér hvort menn telji tekjur fólks almennt vera það góðar í landinu að ekki sé þörf á slíkum bótum. Eins og skilja má á máli hv. þm. þá telur hann að launatekjur fólks hafi aukist það ríflega að eðlilegt sé að skerða barnabæturnar, það er það sem gert hefur verið. Mér finnst hins vegar að ekki hafi verið rétt að draga úr framlagi ríkissjóðs til barnabótanna og reyndar stóð ég í þeirri meiningu að Framfl. hefði verið á því máli a.m.k. fyrir síðustu kosningar.

[11:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bæta við það sem hv. þm. nefndi um kosningastefnuskrá Framsfl. um barnakort sem hann reyndar kallaði kosningaloforð sem er nú frekar ómerkilegur útúrsnúningur sem ýmsir ástunda hér til þess að gefa kosningastefnuskrá annað yfirbragð.

Ég vil segja að það er ekki svo fjarri því að við höfum náð því fram sem við settum okkur í þeirri stefnuskrá. Stefnan var fólgin í því að taka upp hluta af barnabótunum á þann veg að vera ótekjutengdur og sá hluti skyldi vera 30 þús. kr. á hvert barn. Athuganir okkar leiddu í ljós að ætla mætti, ef þetta næðist fram að fullu, að það gæti kostað um 2,5 milljarða kr. Það sem við höfum náð fram núna eru breytingar sem munu kosta um 2 milljarða og ef maður bætir við öðrum breytingum sem eru að hluta til óskyldar en líka að hluta til skyldar, þ.e. að fullu millifæranlegan persónuafslátt sem kostar um hálfan milljarð kr. þá má segja að heimilin eða fjölskyldurnar í landinu hafi fengið bætur eða tekjuauka sem nemur svipaðri fjárhæð og ætlað var með barnakortunum.

Munurinn á barnakortunum eins og við settum þau fram í okkar kosningastefnuskrá og því sem er núna í frv. er að barnakortið nær aðeins til sjö ára aldurs en ekki upp að 16 ára eins og áformað var. Þar á móti kemur að dregið er verulega úr tekjutengingu og eignatenging er algjörlega afnumin þannig að verulegar fjárhæðir eru reiddar fram fyrst og fremst til að draga úr almennri tekjutengingu sem var prósentubundin. Ég vil því halda því fram, herra forseti, og

benda hv. þm. á að það sem við settum okkur almennt í okkar kosningastefnuskrá um barnakort virðist mér hafa náðst að verulegu leyti fram og miklu meira en hv. þm. vill vera láta.

[11:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það spurningin um orðanotkun, kosningaloforð, kosningastefnuskrá. Þetta voru engu að síður fyrirheit sem kjósendum voru gefin á þessum tíma, að Framsfl. mundi beita sér fyrir tilteknum breytingum í barnabótakerfinu næði (**KHG:** Sem hann hefur gert.) hann því að komast til áhrifa.

Síðan er það náttúrlega mat flokksins að meta hvað hann gerir sig ánægðan með. Staðreyndin er sú að ótekjutengdar barnabætur voru fyrir aðeins þremur árum um 40 þús. kr. að meðaltali fyrir hvert barn. Nú er verið að lofa því að koma með ótekjutengdar barnabætur, rúmlega 30 þús. kr., 33.500 kr. tæpar, fyrir hvert barna fram að sjö ára aldri, ekki 16 ára aldri. Þetta finnst mér ekki árangur sem menn eigi að stæra sig mikið af. Það er mín skoðun.

Staðreyndin er sú að á undangengnum árum hefur jafnt og þétt verið gengið á barnabæturnar. Þær hafa verið rýrðar jafnt og þétt. Það hefur fengist staðfest í upplýsingum frá fjmrn. að fyrir tíu árum voru þær 2.000 millj. kr. hærri að raungildi en þær eru núna og allan valdatíma Framsfl. hafa þær verið rýrðar jafnt og þétt. Okkur stjórnarandstæðingum finnst að Framsfl. geri sig ánægðan með allt of lítinn hlut miðað við þau stóru orð sem flokkurinn hafði uppi fyrir síðustu kosningar. Við erum einfaldlega að vekja athygli á þessu við 3. umr. frv.

[11:21]

Útbýting þingskjals:

Innflutningur dýra, 154. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 539.

[11:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Komið er að lokum þessarar umræðu um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem felur í sér að auka barnabætur. Sjálfsagt er búið að segja allt sem hægt er að segja í þessu máli og litlu við það að bæta án þess að um endurtekningar verði að ræða.

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir og hefur verið sagt hér — af því að ég sé að formaður þingflokks framsóknarmanna er aðeins á iði þá vil ég biðja hann að hlýða á mitt mál sem verður örstutt. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram að ótekjutengdi hluti barnabótanna nær aðeins til barna að sjö ára aldri. Við höfum haldið því fram, eins og kom reyndar fram í þessum umræðum, að jafnvel eftir að þessi breyting er komin til framkvæmda eftir þrjú ár þá er minna látið til barnabóta en var á árinu 1995 og ekki nóg með það heldur hafi ótekjutengdi hlutinn verið meiri á árinu 1995 en verður þegar tillögur ríkisstjórnarinnar eru komnar til framkvæmda, þ.e. að meðaltali var ótekjutengdi hlutinn áður 40 þús. kr., misjafnt eftir aldri barna og hjúskaparstöðu foreldra. Áður fóru, að okkar mati, 2,8 milljarðar í ótekjutengda hlutann en með tillögum ríkisstjórnarinnar fer aðeins einn milljarður í ótekjutengda hlutann.

Nú hafa menn verið að skiptast hér á skoðunum um kosningaloforð framsóknarmanna í þessu efni. Í mínum huga er alveg klárt hvert það kosningaloforð var. Ég man það næstum orðrétt, en það var að öll börn mundu eiga rétt á, samkvæmt því kosningaloforði, barnabótum í formi barnakorts sem átti að nema 30 þús. kr. fyrir hvert barn. En þegar þetta frv. verður orðið að lögum munu öll börn að sjö ára aldri fá sem nemur 33 þús. og einhverjum krónum hvert barn. Þá standa eftir, ef við skoðum heildarfjölda barna þó það sé ekki nema til 16 ára aldurs, rúmlega 30 þúsund börn sem fá ekki þennan ótekjutengda hluta.

Ég tel og hef sagt að þarna sé Framsfl. bara að efna sitt kosningaloforð að hálfu. Þó við tækjum aðeins börn til 16 ára aldurs en miðuðum ekki við 18 ára aldur sem er þó rétt að gera eftir að við breyttum lögunum um sjálfræðisaldur, þá er þarna verulega stór hópur sem fær ekki neitt samkvæmt því sem Framsfl. hafði áður lofað.

Herra forseti. Nú kem ég að þeirri spurningu sem var erindi mitt í ræðustól. Mér finnst hafa gætt mismunandi sjónarmiða, eins og ég hef metið það, hjá framsóknarmönnum, t.d. með frammíköllum úti í sal hjá einstaka mönnum þegar þessi umræða hefur staðið yfir, hvort að með þeim tillögum sem við erum að ganga frá hér sé endanlega komið fram það sem á að koma fram á þessu kjörtímabili að því er varðar barnabætur.

Þetta frv. tekur gildi í áföngum og á að fullu að vera komið til framkvæmda 2003, þ.e. ári fyrir kosningar. Mér hefur fundist á sumum framsóknarmönnum að það væri von á meiru á þessu kjörtímabili en við erum hér að samþykkja. En það gengur þvert á það sem formaður Framsfl. sagði í viðtali þegar þessi breyting á barnabótakerfinu kom fyrst fram af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hann var sérstaklega spurður um það og mér fannst hann taka af skarið um að það væri alveg ljóst að ekki kæmi meira á kjörtímabilinu, með þessu gengi Framsfl. eins langt og hægt væri í að efna þetta loforð.

Ég vil spyrja formann þingflokks framsóknarmanna hvort hann sé sammála þessu sjónarmiði formanns Framsfl., hvort að með þessu frv. sem við erum hér að samþykkja, sem tekur gildi á næstu þremur árum, sé að fullu stigið það skref sem Framsfl. í samstarfi með Sjálfstfl. mun stíga á þessu kjörtímabili, vegna þess að fólkið á rétt á að vita hvort við séum hér að stíga endanlega það skref sem verður stigið að því er varðar aukningu í barnabótakerfinu á kjörtímabilinu eða hvort von sé á einhverju meira. Ég verð vör við það að framsóknarþingmenn eru ekki alveg sammála formanni Framsfl. í því efni.

Þetta er því mín spurning, herra forseti: Má líta svo á að með þessu frv. sem hér er verið að ganga frá og gera að lögum sé kominn fram allur áfanginn sem Framsfl. mun stíga að því er varðar auknar barnabætur á þessu kjörtímabili?

[11:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá er þetta mál eins og frv. ber með sér afrakstur af samkomulagi milli stjórnarflokkanna um að útfæra það sem fram er tekið í stjórnarsáttmálanum um það efni. Ég ætla ekkert að útiloka að gerðar verði breytingar á þessu síðar á kjörtímabilinu. En það yrði ný ákvörðun. Það er eins og það er að í stjórnarsamstarfi leitast menn við að ná því fram sem þeir stefna að og síðan er hver ákvörðun tekin fyrir sig. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnum. En þetta mál liggur ljóst fyrir. Það er afgreitt til þriggja ára.

Ég vil árétta það vegna ummæla hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og reyndar Ögmundar Jónassonar að þau eru að reyna að gera þetta dálítið tortryggilegt og kannski gera minna úr þessum áfanga en efni standa til. Mér finnst það

vera fullneikvæður tónn hjá hv. þingmönnum sem ég veit að bera þennan málaflokk fyrir brjósti, að leitast við að gera minna úr því sem gert er en efni standa til. Það er algerlega út í hött að bera saman barnabætur miðað við launastig árið 1990 og árið 2000. Það er fullkomlega ómarktækur samanburður þannig að þeir sem eru að draga þær upplýsingar fram verða þá að benda á hvað kaupmáttur hefur aukist mikið og ráðstöfunartekjur fjölskyldna hafa aukist mikið á þessum áratug. Þegar menn hafa bótakerfi, hvort sem það eru barnabætur eða eitthvað annað sem er tengt við tekjur þeirra sem bæturnar fá, þá leiðir af sjálfu sér þegar efnahagur batnar og afkoma þeirra sem bótanna eiga að njóta batnar vegna þess að þeir afla sjálfir meira fjár með sinni vinnu, að það dregur úr bótagreiðslum frá ríkissjóði. Annað væri óeðlilegt nema menn séu þeirrar skoðunar að bæturnar eigi að greiðast óháð tekjum þeirra sem þær fá. Ég er ekki þeirrar skoðunar og það kæmi mér á óvart ef hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir væri þeirrar skoðunar að bætur úr ríkissjóði til þjóðfélagshópa væru að öllu leyti óháðar tekjum þeirra sem bótanna eiga að njóta. Þeir sem benda á þennan þátt málsins eru að mínu viti ekki að draga fram sanngjarnan samanburð sem eðlilegur er. Ég tel að þessi málflutningur þjóni einungis þeim tilgangi að reyna að varpa rýrð á þennan áfanga sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um.

Ég vil svo árétta það líka, herra forseti, að í þeim breytingum sem núna eru gerðar kemur ákveðinn hópur betur út en aðrir hópar innan þess hóps sem fær bæturnar yfir höfuð. Það eru einstæðir foreldrar. Mér finnst full ástæða til þess að halda því á lofti því að ég verð ekki var við að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafi vakið athygli á þessum þætti málsins þó að þeir telji sig alltaf vera sjálfskipaða fulltrúa þeirra sem þurfi eða eigi að njóta bóta úr ríkissjóði. Mér finnst að hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir verði að fara að venja sig af málflutningi sem felst í því að gera stöðugt lítið úr því sem aðrir eru að gera og helst að reyna að draga fram upplýsingar sem eru til þess fallnar að fá fólk til að meta hlutina á annan hátt en sanngjarnt og eðlilegt er. Ég veit ekki alveg hvað vakir fyrir hv. þingmönnum annað en að þeim er það ljóst að þetta mál er tiltölulega gott. Framsfl. er að ná verulegu fram af því sem hann einsetti sér í síðustu kosningabaráttu. Það er kannski ástæðan fyrir því að þingmennirnir telja það ekki eftir sér að fara í ræðustól til þess að draga úr gildi málsins. En ég held að fólkið sem fær bæturnar muni átta sig á þessu þannig að þegar upp er staðið viti allir hvernig í málinu liggur.

[11:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að vera tekinn í kennslustund af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Hann vill innræta okkur betri siði og að við temjum okkur sanngjarnan málflutning og jákvæðan. Við skulum reyna að læra af hv. þm. í þessu efni því að auðvitað er slíkt til góðs.

Í allri þessari orðræðu höfum við viljað setja þessi mál í rétt samhengi og sjá til að menn geri sér grein fyrir staðreyndum málsins. Við höfum vakið athygli á því að á undangengnum árum hafa barnabætur verið rýrðar jafnt og þétt. Við höfum vakið athygli á því að ótekjutengdar barnabætur, sem menn guma mest af í tengslum við þetta frv., voru um 40 þús. kr. fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri árið 1997. Núna stendur til að þessar bætur verði rúmar 33 þús. kr. fyrir hvert barn upp að sjö ára aldri, ekki upp að 16 ára aldri eins og áður var. Við erum að benda á þetta samhengi hlutanna.

Hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni verður tíðrætt um tekjuþróunina á tímabilinu. Staðreyndin er sú að hvorki tekjur né barnabætur voru nægilega ríflegar fyrir tíu árum. Því setti stór hluti þjóðfélagsins sér þau markmið að reyna að bæta hvort tveggja, bæta tekjurnar og auka framlög til barnabóta til að styrkja barnafjölskyldurnar í landinu. Okkur finnst einfaldlega ekki nóg að gert í því efni.

[11:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar dregið er úr tekjutengingu barnabóta eins og gert er í þessu tilviki og afnumin eignatenging þá er verið að hækka barnabætur. Það vill hv. þm. ekki segja.

Það er líka annað sem hv. þm. segir ekki, þ.e. að almennur kaupmáttur hefur aukist um nærri 30% frá 1995. Hv. þm. segir að þrátt fyrir þann bata ættu barnabætur að vera óbreyttar. Hv. þm. segir að hann telji að barnabætur eigi að vera óháðar tekjum en segir svo í ræðum sínum, sem hann flytur hér endalaust, að hann sé fylgjandi því að hafa tekjutengdar barnabætur.

Hvernig eiga menn að skilja þennan tvískinnung hjá hv. þm., formanni þingflokks vinstri grænna? Ég vil svara því, herra forseti. Alveg eins og allan annan tvískinnung frá þessum ágæta flokki sem vill alltaf eitthvað allt annað en á að fara að gera. Hann hefur alltaf viljað, í umræðum um sameiningu bankanna, sameinaðan Búnaðarbanka og Landsbanka þangað til á að fara að gera það, þá vilja þeir það ekki lengur heldur eitthvað allt annað. Þetta er venjulega málflutningur hjá hv. þm. vinstri grænna.

[11:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi að það stæði ekki á því að við fengjum sýnikennslu í því hvernig ætti að hafa hérna uppi sanngjarnan og góðan málflutning.

Varðandi aukinn stuðning við einstæða foreldra þá skil ég það þannig að sá aukni stuðningur komi til tekjulágra einstæðra foreldra gagnvart fyrsta barni, ekki gagnvart öðrum börnum. Þannig fæ ég skilið þessar breytingar svo við höldum því til haga.

Hitt vil ég leggja áherslu á að vissulega hefur orðið kaupmáttaraukning á liðnum árum þegar á heildina er litið. Ég vil hins vegar líka vekja athygli á því að tilkostnaður barnafólksins hefur aukist stórlega. Húsnæðiskostnaður hefur farið verulega upp á við, skólakostnaður hefur farið upp á við, m.a. með auknum skólagjöldum, kostnaður í velferðarþjónustunni hefur almennt farið upp á við með auknum notendagjöldum í heilbrigðisþjónustunni og víðar.

Til að mæta þessu höfum við lagt áherslu á að hagur barnafólksins verði bættur og kjör þess styrkt með auknu framlagi til barnabóta. En það hefur ekki gerst, barnabæturnar hafa verið skertar. Þrátt fyrir aukinn tilkostnað í húsnæðismálum, skólamálum, heilbrigðismálum o.s.frv. þá hefur því ekki verið mætt með auknum barnabótum. Þær hafa verið rýrðar og þær hafa verið skertar. Þess vegna kvaðst Framsfl. ætla að skera upp herör fyrir síðustu kosningar. En árangurinn er því miður ekki meiri en þessu nemur. Við leyfum okkur að vekja á þessu athygli við umræðuna og menn verða að geta tekið slíkri gagnrýni.

[11:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er ákaflega skýrt. Núverandi ríkisstjórn og sú sem sat á síðasta kjörtímabili hefur styrkt stöðu fjölskyldunnar mikið á undanförnum fimm árum, meira en nokkur önnur ríkisstjórn á jafnskömmum tíma, með því að hafa fulla atvinnu og tryggja vaxandi kaupmátt undanfarin fimm ár, meiri kaupmátt en verið hefur nokkru sinni á fimm ára tímabili frá því að lýðveldið var stofnað hér á landi. Með þeim hætti tryggja menn best stöðu fjölskyldunnar og barnafólks miklu fremur en með millifærsluaðgerðum.

Það staðreynd, herra forseti, að með þessu frv. munu barnabætur auknar um 2 milljarða króna. Þeirri aukningu er þannig dreift að einstæðir foreldrar fá mest. Ég veit ekki hvað hv. þm. eru að nöldra í þessari umræðu og stöðugt að reyna að draga úr gildi þessara aðgerða.

[11:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alveg á því fullan skilning að hv. þm. líði illa í ræðustól þegar rætt er um barnabæturnar. Framsfl. er í vondum málum, eins og sagt er. Nú sjáum við hvernig Framsfl. efnir kosningaloforð sín. Framsfl. efnir kosningaloforð sín með framsóknarlaginu, þ.e. segir við fólk fyrir kosningar hvað hann ætli að gera og stendur ekki við það þegar í stjórnarstólana er komið. 2 milljarðar kr. hafa verið teknir af fólki á síðustu fimm árum og þeim á að skila aftur á næstu þremur árum án þess að staðið sé við kosningaloforð framsóknarmanna um að ótekjutengdar barnabætur eigi að ná til allra barna.

Við lýsum hér bara raunveruleikanum. Við erum ekki að fara með neitt fleipur. Hv. þm. talar eins og ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson förum með fleipur. Þetta er bara staðreynd sem þjóðin þekkir núorðið, að framsóknarmenn ætla ekki að standa við loforð sitt um barnabæturnar sem var helsta loforð þeirra í kosningabaráttunni. Þetta verður ekki í síðasta skipti sem við ræðum það, herra forseti.

Hvað varðar ótekjutengdar barnabætur þá eru þær miklu minni núna en þær voru á árinu 1995 og verða það einnig eftir þrjú ár. Ég get alveg sagt, herra forseti, hvað ég vil varðandi barnabæturnar. Ég vil hafa þær ótekjutengdar en vil að jöfnunin komi fram í skattkerfinu, t.d. með fjölgun skattþrepa, með fjölþrepa skattkerfi. Þannig eigum við að jafna skattbyrðina í þjóðfélaginu en líta til barnabótanna eins og önnur siðuð þjóðfélög sem við berum okkur saman við. Við erum sér á báti með að tekjutengja barnabætur hvað þá að við skulum hafa þær svo mikið tekjutengdar sem raun ber vitni. Jöfnunin á að koma fram með öðrum hætti í skattkerfinu.

Því miður, herra forseti, staðreyndin við lokaumræðu málsins er: Framsfl. ætlar ekki að standa við kosningaloforð sitt. Þar við situr eftir umræðuna.

[11:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður tíundað hverju við höfum náð fram af því sem við stefndum að varðandi barnakort. Ég held að við getum verið fullsæmd af því. Við höfum náð verulega góðum árangri og verulega miklu af því sem við stefndum að. Ég dreg ekki fjöður yfir það að við höfum ekki að fullu náð því sem við settum fram, að það væru ótekjutengd barnakort handa öllum börnum. Svo er ekki en hins vegar er dregið úr tekjutengingunni hjá þeim börnum sem eru yfir sjö ára aldri og barnakort fyrir þau sem eru yngri en sjö ára. Það er verulegur áfangi í að ná því fram sem við stefnum að.

Þegar við metum þetta í heild sinni, stöðu fjölskyldunnar og barnafólks, bæði hvað varðar bætur úr ríkissjóði, atvinnutekjur, skatta og annað sem skiptir máli við efnahag fjölskyldunnar, þá er þar ólíku saman að jafna þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn. Þá var atvinnuleysi, samdráttur og kaupmáttarfall og staða fjölskyldunnar varð verri og verri ár frá ári. Það vilja menn auðvitað ekki heldur efnahagsstefnu sem byggir upp stöðuga atvinnu og gefur möguleika á vaxandi tekjum og batnandi efnahag. Það hefur þessari ríkisstjórn tekist, bæði á þessu kjörtímabili og því síðasta, annað en í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem ráðherra þegar undanhald og afturför var á flestum sviðum.

[11:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. líður illa. Hann fer hér út um víðan völl þegar hann reynir að verja kosningaloforð framsóknarmanna. Hann viðurkennir þó að þeir ætli ekki að standa við það nema að hálfu og það stendur eftir.

Hv. þm. skyldi þó fara varlega þegar hann reynir að réttlæta veru Framsfl. í ríkisstjórninni með skattalækkunum. Tökum skattalækkanirnar 1997. Hverjir stóðu undir þeirri skattalækkun? Hverjir borguðu fyrir þær? Það var borgað með því að frysta skattleysismörkin og láta þau sitja eftir með þeim afleiðingum að stór hluti fólks, láglaunafólks og lífeyrisþega, fór að borga skatt sem áður þurfti ekki að borga skatt. Er það að hafa fólkið í fyrirrúmi, herra forseti?

Varlega skyldi hv. þm. tala í þessu efni.

Það sem stendur eftir af veru Framsfl. í ríkisstjórn með Sjálfstfl. er að bilið milli fátækra og ríkra hefur vaxið í þjóðfélaginu. Þeir sem hafa það slæmt, lágtekjuhópar og lífeyrisþegar, hafa það enn verr en árið 1995. Við erum ekki ein um að halda því fram heldur samtök aldraðra og samtök fatlaðra sem þurfa ítrekað að fjölmenna fyrir framan Alþingishúsið til að mótmæla kjörum sínum í góðærinu, á þessu kjörtímabili meðan Framsfl. situr í ríkisstjórn.

Varlega skyldi hv. þm. tala um það að ríkisstjórnin sé að bæta kjör barnafjölskyldna og þeirra sem verst hafa það. Því miður, herra forseti, er staðreyndin önnur. Upp úr standa svikin loforð framsóknarmanna í þessu efni sem öðrum. Einstæðir foreldrar fengu hærri barnabætur, herra forseti, árið 1995 en þeir hafa það í dag. Þetta er lítil viðbót fyrir einstæða foreldra, það er staðreynd málsins.

Umræðu frestað.

[11:44]

Útbýting þingskjala:

Eignarhlutir í Landsvirkjun, 287. mál, svar iðnrh., þskj. 502.

Flugfloti og varðskip Landhelgisgæslunnar, 206. mál, svar dómsmrh., þskj. 329.

Sjálfsvígstilraunir, 97. mál, svar heilbrrh., þskj. 379.

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392, brtt. 523.

[11:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég og hæstv. heilbrrh. áttum við nokkur orðaskipti um það mál sem hér er til umræðu sem er breyting á lögum um málefni aldraðra þar sem verið er að hækka svokallaðan nefskatt á alla 16 ára og eldri að undanskildu fólki með mjög lágar tekjur og þeim sem eru eldri en 70 ára. Þau orðaskipti eru ástæða þess að ég óskaði eftir nærveru hæstv. ráðherra við 2. umr. málsins og ég þakka fyrir að hæstv. ráðherra er hér mætt í salinn.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það, herra forseti, þó full ástæða sé til að ræða um skattamálin og þær skattaklyfjar sem er verið að auka á heimilin í landinu þessa daga. Þetta frv. er einn angi af því og þó að fyrir stóran hluta fólks í þessu þjóðfélagi sé 500 kr. aukinn nefskattur ekki há fjárhæð sem flestir geta reitt fram í þetta mikilvæga málefni þá eru 500 kr. nokkuð stór biti fyrir fjölda fólks, þ.e. fyrir lífeyrisþega og það fólk sem er tekjulægst í þjóðfélaginu. Það munar nokkuð um þennan pening, ekki síst þegar það er nú ljóst eftir að við höfum rætt skattahækkanir sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir almennt á heimilin í landinu. Sú hækkun sem áformuð er og ríkisstjórnin beitir sér fyrir með útsvarshækkunum mun raska skattleysismörkum og það liggur fyrir að raungildi skattleysismarka munu ekki halda sér. Tillögur okkar stjórnarandstæðinga hafa verið felldar í því efni, sem þýðir að tvö til þrjú þúsund manns, ekki síst í hópi lífeyrisþega og námsmanna, bætast í hóp skattgreiðenda og fara að greiða skatt auk þess sem skatturinn hækkar almennt á launafólk í landinu og raskar forsendum kjarasamninga.

Það frv. sem við ræðum hér er ekki heppilegt inn í þessa umræðu eða kjarasamningaumræðuna í heild sinni. En látum það nú vera, herra forseti. Þetta mál hefur verið tekið til meðferðar í hv. heilbrn. og fengið þar skoðun og eftir það hefur verið flutt brtt. af fulltrúum minni hlutans í heilbrn. og ég er flutningsmaður að þeirri tillögu líka.

Ég rifja upp að hæstv. ráðherra sagði við 1. umr. málsins þegar ég var að taka það til að þarna væri verið að setja pinkla á lífeyrisþega, að lífeyrisþegar væru undanþegnir þessu gjaldi. Ég gat ekki betur heyrt, herra forseti, en að ráðherrann hafi sagt við 1. umr. málsins að lífeyrisþegar væru undanþegnir þessu gjaldi. Ef mig misminnir þá biðst ég afsökunar á því, en að minnsta kosti skildi ég orð ráðherrans þannig að lífeyrisþegar væru undanþegnir og ég fagnaði því einmitt í ræðu minni að gjaldið skyldi þó ekki lenda á þeim. En við nánari skoðun málsins kemur í ljós að það eru bara þeir sem eru 70 ára og eldri sem eru undanþegnir gjaldinu og lágtekjuhópur sem er undir tilteknum tekjumörkum sem eru í lögunum tilgreind 71.594 kr. eða lægri upphæð á tekjuárinu 1997. Nú hafa þessar upphæðir eitthvað breyst, vegna þess að þær eiga að uppfærast í samræmi við þær breytingar sem verða persónuafslætti þannig að þessi upphæð er orðin nokkuð hærri.

Það liggur sem sagt fyrir að örorkulífeyrisþegar, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, eru ekki undanþegnir þessu gjaldi. Þessi lága fjárhæð sem tekur til fólks með mjög lágar tekjur, er lægri en skattleysismörkin og þar munar nokkru. Skattleysismörkin eins og þau eru tilgreind í þessum lögum eru um 58.000 kr., en skattleysismörkin í dag eru orðin 63.878 en örorkulífeyrisþegi sem býr einn og fær fulla tekjutryggingu, greiðir skatt, er sennilega með u.þ.b. 68.000 kr. á mánuði. Þessi hópur greiðir t.d. skatt og hann hefur ekkert annað sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga og er að vísu á undanförnum árum farinn að greiða skatt sem nemur á ári um 30.000–40.000 kr.

Það er þessi hópur, herra forseti, sem ég hef áhyggjur af. Mér finnst að við ættum að reyna að sameinast um að skoða í þessari umræðu hvort ekki væri hægt að undanþiggja hann með sama hætti og 70 ára og eldri. Í hópi 70 ára og eldri, ég veit ekki af hverju sú viðmiðun hefur verið tekin, það er sennilega langt síðan það var og ég veit ekki hvort ráðherra þekkir skýringuna á því af hverju miðað var við 70 ára, og ég spyr: Þekkir ráðherrann skýringuna á því af hverju örorkulífeyrisþegar voru ekki með í þessari undanþágu? Ekki er hægt að benda á töluna 701.000 vegna þess að það er miklu lægra en skattleysismörkin eru og því falla öryrkjar með fullum þunga inn í þessa skattlagningu, jafnvel þó þeir séu öryrkjar með fulla tekjutryggingu.

Af því þetta er nefskattur hljótum við að viðurkenna að það er óréttlátt að maður með 2 millj. þarf að borga sama í nefskatt — eru þetta ekki 4.500 kr. eða eitthvað álíka? — og öryrki með 68 þús. kr. eða 65 þús. kr. Við verðum að fara mjög varlega þegar við erum að breyta eða leggja á nefskatta sem koma svona óréttlátlega niður. Við getum ímyndað okkur að 4.500 kr. eru hátt hlutfall af mánaðartekjum lífeyrisþega með 68 þús. kr., við erum að tala um stóran hluta af þeim meðan það skiptir engu máli fyrir manninn með 1 eða 2 millj. kr. á mánuði.

Það er þess vegna sem ég spyr um það, herra forseti, og það var þess vegna sem ég óskaði eftir nærveru ráðherrans. Er hægt að ná einhverri sátt um það með stjórnarliðinu að slík brtt. verði flutt? Nú minni ég á að sú brtt. sem liggur fyrir er töluvert víðtækari. Þar stendur: „Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs, þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs og örorkulífeyrisþegar" segir hér í brtt. sem Ásta R. Jóhannesdóttir er 1. flm. að. Ég spyr: Er hægt að ná einhverri sátt um það við hæstv. ráðherra að hún flytti brtt. um það að örorkulífeyrisþegar með engar tekjur aðrar en tekjur úr almannatryggingakerfinu, örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu, yrðu líka undanþegnir þessu gjaldi? Menn spyrja þá kannski: Hvað með námsmenn? eða eitthvað slíkt. En við erum að skilgreina afmarkaðan hóp, örorkulífeyrisþega með fulla tekjutryggingu, ef við mundum bæta þeim hópi fólks við þá sem eru undanþegnir gjaldinu. Þetta er víðtækara og ég sem flm. að þessari tillögu er auðvitað þeirrar skoðunar að allir örorkulífeyrisþegarnir ættu að vera undanþegnir þessu. Væntanlega mundum við þá ræða um það í okkar hópi, ef jákvæð viðbrögð kæmu frá hæstv. ráðherra, að draga tillögu okkar til baka ef ráðherrann væri tilbúinn til að flytja slíka brtt. nú við 3. umr. málsins og um það væri hægt að ná sátt.

Einnig er ástæða til að halda því til haga að það er ansi mikið af ráðstöfunarfé þessa sjóðs sem fer í rekstur, 55%, og hefur verið allar götur frá 1992. En bæði búum við við meira góðæri en var á þeim tíma, viðfangsefnin eru orðin brýnni og meiri og lengri biðlistar þannig að vissulega er ástæða til að skoða það að draga eitthvað úr hve mikið fé fer í rekstur. En ég skal ekki fjölyrða um þann þátt, herra forseti, ég er fyrst og fremst að kalla eftir viðbrögðum ráðherra út af orðaskiptum okkar við 1. umr. og hermi það ekki fast upp á ráðherra að hann hafi sagt „lífeyrisþegar" það gæti verið að

ráðherrann hafi sagt „ellilífeyrisþegar" en þá er það rangt út af fyrir sig líka, því það er miðað við 70 ára aldur en ekki 67 ára. En aðalatriðið er, hvað sem því líður, hvort hægt sé að ná einhverri sátt við hæstv. ráðherra og stjórnarliða um að taka þessa litlu breytingu inn. Ég er alveg viss um að við erum hér kannski að ræða um, ef ég ætti að giska á það, einhvers staðar á bilinu 3–5 millj. Með því að taka alla örorkulífeyrisþegana inn minnir mig að ég hafi skoðað að það væru 15–16 millj. 47% örorkulífeyrisþega eru með fulla tekjutryggingu, við erum þá að tala um tæplega helming, þannig að kannski væri um að ræða 5 millj. Að minnsta kosti er það ekki stór tala, herra forseti, þannig að ég spyr hvort hægt væri að ná sátt um það.

Síðan ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra í lokin, af því ráðherra er hér viðstaddur, að þegar við vorum að ræða í efh.- og viðskn. almennt um skattlagningu á aldraða og öryrkja og fulltrúar samtaka aldraðra og samtaka öryrkja komu á þann fund þefndarinnar, þá gat ég ekki heyrt annað en að fulltrúar þessara hópa hefðu verið að búast við því að núna við 3. umr. fjárlaga kæmi eitthvað frá ríkisstjórninni sérstaklega til að leiðrétta kjör þeirra. Þeir höfðu þessar væntingar eftir einhver samtöl við ráðherra, ég vissi ekki hvort það var hæstv. heilbrrh., a.m.k. samtöl við þá sem stjórna þessu landi, að nefnd væri starfandi að skoða sérstaklega kjör aldraðra. Nú veit ég ekki hvort hún er jafnframt að skoða kjör öryrkja en sennilega er hún að skoða kjör beggja þessara hópa. Þeir höfðu vænst þess að eitthvað sérstakt umfram það sem er í fjárlagafrv. mundi sjá dagsins ljós fyrir jólaleyfi þingmanna. Þess vegna er ástæða til þess að spyrja að því: Er verið að skoða eitthvað sérstakt til að bæta kjör þessara hópa?

Við þurfum ekki að fara mörgum orðum um að kjör þeirra hafa dregist aftur úr öðrum hópum. Þeir hafa ekki fengið sambærilegt og aðrir láglaunahópar í þjóðfélaginu á umliðnum árum og þeir hafa sjálfir verið að kalla eftir því að ríkisstjórnin skoðaði það mál sérstaklega og þeir fengju leiðréttingu á kjörum sínum.

Ég spyr ráðherrann líka um það hvort málið sé með þeim hætti að öryrkjar og aldraðir eigi von á einhverjum sérstökum viðbótargreiðslum eða lífeyrisgreiðslum umfram það sem er á fjárlögum og hvort eitthvað sé til skoðunar í því efni á borði ríkisstjórnarinnar.

[11:59]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið að ræða um þennan nefskatt og getið um álit minni hluta heilbr.- og trn., nál. og síðan brtt. sem minni hluti hv. heilbr.- og trn. hefur lagt fram. Mér er gjörsamlega ómögulegt að skilja hvert brtt. á að ganga vegna þess að í umræðu um kjör öryrkja heyrist mér öðrum þræði verið að tala um öryrkja sem njóta fullrar tekjutryggingar og talað um hvaða tekjur þeir hafi á mánuði en vek athygli á því að í tillögugreininni og í niðurlagi nál., þar sem fjallað er um þetta, er alltaf sagt örorkulífeyrisþegar en segir hvergi örorkulífeyrisþegar með fullri tekjutryggingu. (Gripið fram í.) Já, ég vildi því gjarnan fá fram út á hvað tillagan í rauninni gengur. Mér var það óskiljanlegt. En ég vek athygli á því að bæði í nál. og brtt. er talað um örorkulífeyrisþega, óskilgreint. Ég vil þá vekja athygli á því í leiðinni að kjör þeirra hljóta að vera óskaplega mismunandi og ekki endilega þau sem hv. þm. var að fjalla um.

[11:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og brtt. er sett fram er gert ráð fyrir að allir örorkulífeyrisþegar verði undanþegnir þessu gjaldi og kjör þeirra eru vissulega mismunandi eins og hv. þm. nefndi. Engu að síður er orðin mikil tekjutenging í þessu lífeyriskerfi þannig að ég býst nú við að stærsti hópurinn sem flokkast undir örorkulífeyrisþega teljist til láglaunafólks. En það sem ég er að ræða, herra forseti, er að þrengja þennan hóp og skilgreina hann, þessa örorkulífeyrisþega, og skilgreina þá lagabreytinguna ef um það næst samkomulag við hæstv. ráðherra og stjórnarliða að þetta verði þá örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu en þeir eru 47% af heildarhópi örorkulífeyrisþega. Með því sem ég er að leggja fram og spyrja hæstv. ráðherra um er verið að þrengja þennan hóp verulega umfram það sem brtt., sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir er 1. flm. að, gengur út á.

[12:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Töluverð umræða varð um þetta frv. sem hér er til umræðu við 1. umr. málsins og við fórum mjög vel yfir þetta mál. Síðan langar mig að koma fram með það sem er auðvitað raunveruleikinn í þessu, að við erum ekki að breyta neinu varðandi almannatryggingar eða málefni aldraðra með þessu frv., heldur erum við alfarið og eingöngu með þessu frv. að hækka þennan nefskatt samkvæmt byggingarvísitölu. Það er það eina sem felst nýtt í þessu frv., og það hefur verið gert árlega, ekki með sérstöku frv. heldur með svokölluðum bandormi í áraraðir. Það eru engar grundvallarbreytingar í þessu.

Aftur á móti hefur komið fram brtt. frá minni hlutanum er varðar þá sem eru undanþegnir þessum skatti og mér finnst nú skynsamlegra að sú nefnd sem er að endurskoða tengingu við skatta og tekjur lífeyrisþega fái þetta verkefni. Ég hef reyndar þegar fengið þeirri nefnd það verkefni vegna þess að þetta tengist mörgum öðrum málum lífeyrisþega og öryrkja. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði: Hvað líður störfum nefndarinnar sem er á vegum forsrh.? Forsrh. stýrir henni eða hún er undir stjórn forsrn. og sú nefnd er að vinna lokaverkefni sitt. Hún lýkur ekki störfum fyrir áramót, það er alveg ljóst héðan af, en eftir því sem ég heyri frá þeim eru þeir u.þ.b. að ljúka störfum. Þetta er mjög flókið og viðfangsmikið verkefni sem þeir hafa fengið og þetta er eitt af því sem þeir hafa fengið til úrlausnar sem hér er til umræðu. Ég vona að hv. þm. sem eru hér inni treysti því að það verði afgreitt þar enda eðlilegt því við erum ekki að gera neinar grundvallarbreytingar með þessu frv.

[12:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er satt og rétt, við erum ekki að gera neinar grundvallarbreytingar með þessu frv. en engu að síður er verið að hækka svokallaðan nefskatt í samræmi við vísitölu eins og ráðherrann lýsti hér. Við höfum farið yfir það að þetta er nokkur peningur fyrir þetta fólk. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki rétt að undanþiggja líka örorkulífeyrisþega, a.m.k. örorkulífeyrisþega með fulla tekjutryggingu. Ég saknaði þess í máli hæstv. ráðherra að heyra það ekki. Hvað réttlætir það að hafa þá utan við þessa undanþágu?

Mér finnst eins og málið er vaxið og það frv. sem við erum að ræða hér ekki kalla á það, sú tillaga sem ég var að leggja fram við ráðherrana, að hún biði eftir einhverri nefnd

á vegum forsrh. sem er að endurskoða almennt tengingu við skatta lífeyrisþega. Mér finnst það svo einfalt mál að breyta þessu sem engu skiptir í búskap ríkissjóðs en breytir stóru á næsta ári fyrir þennan hóp.

Þess vegna valda orð hæstv. ráðherra mér nokkrum vonbrigðum þó hitt veki einhverjar vonir ef nefnd forsrh. er að skila af sér sem er að vinna að því að leggja fram tillögur til að bæta kjör þessa fólks.

Ég hefði gjarnan viljað, fyrst hæstv. ráðherra er svo vinsamleg að vera við umræðuna, að hún mundi skýra verksvið þessa hóps nokkuð nánar en hægt er að gera í stuttu andsvari og hvort lífeyrisþegar geti þá átt von á einhverjum breytingum og bótum á kjörum sínum þegar í upphafi árs af því mér er ekki alveg ljóst hvert verksvið þessarar nefndar er. Ég vildi gjarnan, herra forseti, að hæstv. ráðherra lýsti því nokkuð nánar en hún gerði í stuttu andsvari hvert er verksvið þess hóps og hvort hún telji ekki eðlilegt og réttlátt að örorkulífeyrisþegar séu líka undanþegnir þessu gjaldi.

[12:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tillögur nefndarinnar liggja ekki fyrir og þess vegna væri ekki rétt hjá mér að fara að tengja það hér en hv. þm. spyr hvert sé verksvið nefndarinnar sem er allt annað og ég skal fara yfir það hvert verksviðið er. Ég kom aðeins inn á það í máli mínu að það er að fara í gegnum tengingu tekna og skatta og launa lífeyrisþega. Hlutverk hennar er líka að koma á móts við þá sem minnst hafa og aðalhlutverk nefndarinnar er að koma með tillögu til úrbóta gagnvart þeim hópi. Af því hv. þm. sagði að það væri von, þá vil ég segja það gagnvart því máli og þeirri tillögu sem hér liggur fyrir frá samfylkingarmönnum að ég hef þegar komið því til fulltrúa míns innan nefndarinnar að taka sérstaklega tillit til þessa nefskatts þegar komið er að þessum tengingum. Mér finnst ekki rétt að taka það eitt út úr núna, heldur bíða þar til nefndin skilar tillögum sínum sem þeir segja mér að verði ekki langt að bíða.

[12:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst málið skýrast aðeins betur núna við síðari ræðu hæstv. ráðherra. Ráðherrann ætlar greinilega ekki að fallast á þá tillögu sem við flytjum en þó er ákveðnum áfanga náð vegna þess að hæstv. ráðherra segir að hún hafi komið því til fulltrúa síns í nefndinni að skoða sérstaklega þennan nefskatt gagnvart öryrkjum og þá væntanlega einnig öldruðum því að af hverju skyldu ekki 67 ára og eldri vera undanþegnir þessu gjaldi? En nú sér maður ekki á fjárlögum að gert sé ráð fyrir neinni aukningu til aldraðra. Þar kemur fram að lífeyrir þeirra eigi að hækka um 4%, forsendur þjóðhagsspár segja að verðlag á næsta ári muni hækka um 5,8%. Við erum með lög í landinu frá 1998 sem segja það að taka eigi tillit til launavísitölu en verðlags ef verðlag er hærra. Hverju mega öryrkjar og aldraðir eiga von á að því er það varðar? Eiga þeir von á því strax 1. janúar að lífeyrir þeirra hækki um 5,8% í samræmi við þá verðlagsspá sem liggur fyrir eða hvað er það sem öryrkjar og aldraðir eiga von á núna 1. janúar? Munu þeir fá þessa 4% hækkun strax 1. janúar sem fjárlögin kveða á um? Ég held að það væri mjög mikilvægt ef það liggur alveg skýrt fyrir að ráðherrann mundi þá upplýsa það hér. Síðan spyr ég hæstv. ráðherra, af því að ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni í þetta sem verið er að vinna á borði forsrh. á fjárlögum, hvort þess er að vænta að það verði mjög fljótlega sem þessi niðurstaða fæst og að hún fari þá að skila sér í buddu öryrkja og aldraðra sem ekki nú veitir af.

[12:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bætur hækka um 4% frá og með áramótum. En hvað varðar aðra þætti, sem munu breytast á árinu, er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum og það var heldur ekki gert ráð fyrir í fjárlögum þeim miklu breytingum sem urðu síðan um mitt þetta ár sem nú er að líða. Ég minni á 800 millj. sem settar voru sérstaklega í það um mitt ár án þess að gert væri ráð fyrir því í fjárlögum. Það er erfitt að setja eina tölu í fjárlög þegar tillögurnar liggja ekki fullkomlega fyrir.

[12:09]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er mjög mikilvægt að sú nefnd sem er að vinna að kjörum lífeyrisþega með tengsl tekjutenginga og skatta skili sem fyrst niðurstöðum. En í raun er óþarfi að bíða eftir þeirri nefnd að þessu sinni því í lögunum sem við erum að fjalla um núna er undanþága fyrir ákveðinn hóp lífeyrisþega, þ.e. þá sem eru 70 ára og eldri. Hér höfum við verið að leggja til undanþágu fyrir örorkulífeyrisþega. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt til málamiðlun að hæstv. ráðherra mundi þá leggja til þrengri skilgreiningu á þessum hópi, þ.e. lífeyrisþega með fulla tekjutryggingu. Þetta er hópur sem hefur ekki verið að greiða skatta, þetta er hópur sem hefur ekki lent í þessum nefskatti. (Gripið fram í.) Þ.e. þeir sem búa einir. Þeir sem eingöngu eru með greiðslur frá Tryggingastofnun hafa ekki verið að borga skatta. (Gripið fram í.) Þeir eru núna að borga skatta vegna þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt bótunum, þeir greiða nú milli 30 og 40 þús. kr. á mánuði, þeir lenda núna í því að fá þennan nefskatt á sig. (Gripið fram í.) Þeir hafa ekki lent í því áður vegna þess að þeir voru undir skattleysismörkum fyrir þennan tíma þannig að þeir eru að fá þennan viðbótarskatt á sig núna í seinni tíð.

Við erum að leggja til og spyrjum hæstv. ráðherra hvort hún geti ekki fallist á það með málamiðlun vegna þess að þetta er mjög þungur baggi fyrir það fólk sem hefur ekkert nema almannatryggingabæturnar til að draga fram lífið á. Þess vegna hefði maður talið það vera sanngirnismál núna þegar jólin fara að nálgast að líta til þess hóps sem hefur minnst, sem hefur verið að leita til Hjálparstofnunar kirkjunnar, sem hefur verið að leita til Rauða krossins, sem þarf að leita sér ásjár vegna þess að hann hefur ekki nóg til þess að framfæra sig.

[12:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að endurtaka að engar grundvallarbreytingar eru í því frv. sem hér liggur fyrir. Það er beinlínis rangt að halda því fram að það séu grundvallarbreytingar, það er ekki. En ég sagði áðan að sá starfshópur sem mun skila tillögum í byrjun næsta árs hefur fengið þetta verkefni sérstaklega vegna þess að verið er að taka á þessum tengingum. Það er þá í fyrsta skipti sem það er gert vegna þess að þetta er nefskattur sem hefur verið lagður á alveg frá 1989 og á honum er engin breyting. Það er alrangt að

segja að þetta sé nýr skattur sem verið er að leggja á þá einstaklinga sem hér voru tilteknir.

[12:12]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að hér séu engar grundvallarbreytingar. Það má kannski segja að það sé rétt. Það er verið að hækka nefskatt. Aftur á móti hafa orðið grundvallarbreytingar á kjörum þess hóps sem ég var að nefna, sem eru verst settu lífeyrisþegarnir, því þeir borguðu ekki skatta fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Ekki nefskatta?) Þeir hafa ekki borgað nefskattinn því þeir sem eru undir skattleysismörkum borga ekki í Framkvæmdasjóð aldraðra, ef hæstv. ráðherra kynnti sér lögin. Þeir sem eru undir skattleysismörkum borga ekki þennan nefskatt. Þessi hópur er kominn yfir skattleysismörkin og er þess vegna farinn að borga þennan nefskatt auk almennra skatta. Það eru grundvallarbreytingar á kjörum þessa fólks. Það er á þeim grundavallarbreytingum sem við viljum taka og það er á þeim grundvallarbreytingum á kjörum fólks sem við erum að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún sé tilbúin að koma til móts við okkur og taka á því þannig að þetta fólk sé áfram undanþegið þessum nefskatti eins og það var meðan það var undir skattleysismörkum. Þetta fólk hefur lent í þeim hremmingum að þurfa að fara að borga skatta vegna þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt launaþróun og bæturnar hafa farið upp fyrir, þ.e. öryrkjar og aðrir ellilífeyrisþegar sem búa einir og eru undir 70 ára aldri lenda í þessum nefskatti núna vegna þess að tekjurnar þeirra eru komnar yfir skattleysismörkin. Á það erum við að benda og það er grundvallarbreyting. Þó grundvallarbreytingin sé ekki í þessu frv. þá hafa orðið grundvallarbreytingar á kjörum þessa hóps og það er á því sem við viljum taka og koma réttlátari háttum þar á.

[12:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að enda þessa umræðu, sem ég held að sé nú að ljúka, ætla ég að endurtaka það sem ég sagði áðan, þ.e. ég hef þegar komið því til fulltrúa míns í þessum starfshópi að taka sérstaklega tillit til þessa fólks af því ég tel að það sé réttlætismál. Ég vona að það hafi komið skýrt fram í umræðunni.

[12:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er rétt að við erum hér að fjalla um nefskatt, hækkun á nefskatti um rétt rúmar 500 kr. sem fara til málefna aldraðra. Deila má um réttmæti þess að leggja nefskatta á en þessi nefskattur fer þó í þann málaflokk sem honum er ætlaður. Undanþegin þessum nefskatti eru börn og unglingar innan 16 ára aldurs og þeir sem orðnir eru 70 ára og eldri. Samfylkingin lagði til brtt. um að til viðbótar yrðu allir örorkulífeyrisþegar undanþegnir.

Nú hefur komið fram málamiðlunartillaga eða réttara sagt beiðni til hæstv. heilbrrh. að afmarka örorkulífeyrisþega við þann hóp sem hefur fullar tekjutryggingar. Þetta er þá alveg afmarkaður hópur og eins og hér hefur komið fram hafa skattleysismörkin ekki hækkað í samræmi við tekjur eða bætur þessa hóps, þar af leiðandi er stór hópur farinn að borga skatta sem ekki gerði það áður. Um leið og þeir fara að borga skatta borga þeir nefskattinn líka. Ég hvet hæstv. heilbrrh. til að taka þegar tillit til þessarar beiðni, sem er ekki komin fram í brtt., um að skoða þetta með mjög jákvæðu hugarfari og það væri ósk mín að tillaga þessa efnis kæmi fram frá ráðherra sjálfum nú þegar. Ef ekki þá vona ég að sú nefnd sem vísað var til skili áliti eða niðurstöðu mjög fljótlega og að tekið verði fullt tillit til ekki bara þeirra lífeyrisþega sem eru á fullum örorkubótum heldur til allra lífeyrisþega og örorkulífeyrisþega í sambandi við tekjur, bætur og skatta og nefskatta líka.

En þó svo við séum að fjalla um nefskatt, ákveðna hækkun, þá eru jú undantekningar í þessum lögum og þau má bæta, bæði hvað varðar útdeilingu á þessu fé eins og hér hefur margoft komið fram, að ekki sé sama hvernig þessum sjóði er úthlutað, meiri hlutinn eigi að fara í uppbyggingu en ekki eins og er í dag að helmingurinn fari í rekstur og helmingur fjár í uppbyggingu, heldur að vinna eigi í anda laganna og eins er líka hægt að fækka þeim nefjum sem skatturinn er tekinn af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:18]

Útbýting þingskjals:

Skipulags- og byggingarlög, 190. mál, frhnál. umhvn., þskj. 540.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207.

[12:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál núna. Það hefur verið fjallað mjög rækilega um það. Ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um frv. um breytingar á barnabótakerfinu.

Í fyrsta lagi langar mig til að segja í tilefni af orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan að ríkisstjórnin hefði búið í haginn fyrir aukinn kaupmátt á umliðnum árum og hér væru nú blóm í haga víðast hvar. Ég vil minna á þau varnaðarorð sem hafa verið höfð uppi af hálfu stjórnarandstöðunnar um stöðuna almennt í efnahagsmálum. Það stefnir í að viðskiptahallinn verði tæpir 70 milljarðar kr. á næsta ári sem eru 8–9% af landsframleiðslu. Eftir því sem ég fæ best skilið hefur þetta hlutfall ekki verið hærra nokkru sinni, enda eru skuldir þjóðarinnar þegar á heildina er litið meiri og hærri og hærra hlutfall af landsframleiðslu en verið hefur og stefnir því miður enn á verri veginn, þannig að menn skyldu nú fara varlega þegar þeir eru að tala um blóm í haga í efnahagslífinu.

En það sem mig langaði til að gera að umræðuefni hér undir lokin er sú yfirlýsing hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, talsmanns Framsfl. í barnabótamálinu, að þessar breytingar séu sérlega til hagsbóta fyrir einstæða foreldra. Það er rétt og ég hef tekið undir það að fyrir suma einstæða foreldra eru þær breytingar til hagsbóta, en aðeins að takmörkuðu leyti. Staðreyndin er sú að það eru að koma til sögunnar ótekjutengdar barnabætur upp á rúmar 33 þús. kr., 33.400 kr. eða þar um bil með hverju barni fram að sjö ára aldri.

Barnabótakerfið hefur verið þannig uppbyggt að barnabætur með fyrsta barni hafa verið 107.622 kr., barnabætur

með börnum umfram eitt 128.105 kr. Síðan hefur verið viðbót vegna barna yngri en sjö ára sem nemur 31.703 kr. Þessar bætur hafa allar verið háðar tekjutengingu og þegar fólk er komið yfir ákveðin mörk í tekjum skerðast þessar bætur og það á við um allar þær sem ég gat um. Núna gerist það við tilkomu ótekjutengda hlutans að þessi síðasti liður, 31.703 kr., fellur út þannig að þeir foreldrar sem eiga börn yngri en sjö ára og eru undir tekjuskerðingarmörkunum eru ekki að fá kjarabætur og það á einnig við um einstæða foreldra. En svo háttaði hins vegar að með fyrsta barni einstæðra foreldra var þetta framlag ekki greitt, 31.703 kr., þannig að fyrir þá einstæðu foreldra og náttúrlega alla vegna þess að það er fyrsta barnið er þetta tekjuaukning, þá er þetta viðbót sem kemur. En gagnvart hinum börnum einstæðra foreldra er þarna ekki um aukningu að ræða.

Það sem ég vildi þess vegna leggja áherslu á er að fyrir foreldra með börn sjö ára og yngri innan tekjuskerðingarmarkanna eru þetta eru kjarabætur, ekki þær kjarabætur sem verið er að guma af. Og fyrir einstæða foreldra með einhvern barnahóp er þetta viðbót fyrir fyrsta barnið en ekki fyrir hin börnin.

Þessi aukning í barnabótakerfið gagnast fyrst og fremst foreldrum sem eru yfir skerðingarmörkunum, það gagnast þeim í rauninni best og má segja sem svo að það komi vel á vondan vegna þess að við í stjórnarandstöðu og í verkalýðshreyfingu og víðar höfum verið að krefjast þess að barnabæturnar verði ekki tekjutengdar eða dregið verulega úr tekjutengingunni, og þá er niðurstaðan náttúrlega þessi. Menn verða að horfast í augu við það að þessar bætur eru náttúrlega fyrst og fremst að gagnast hinum tekjuhærri. Þetta er staðreynd.

Þess vegna vildum við í stjórnarandstöðunni í efh.- og viðskn. skoða aðrar hugmyndir, að við nálguðumst það takmark að draga úr tekjutengingu barnabótanna með öðrum hætti. Við gerðum það með því að lyfta skerðingarmörkunum, að láta fjármunina renna til þess að lyfta skerðingarmörkunum. Það hefði hjálpað millitekjuhópum í stað þess að beina fjármagninu að mestu leyti til tekjuhæsta fólksins. Hins vegar má segja að komið sé til móts við þetta sjónarmið vegna þess að tekjuskerðingarmörkin eru hækkuð, þau eru hækkuð í kerfinu.

Herra forseti. Ég kom fyrst og fremst hingað upp til þess að leiðrétta það sem rangt var í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, talsmanns Framsfl. í barnabótamálunum, að þetta gagnaðist fyrst og fremst einstæðum foreldrum. Það er ekki rétt. Staðreyndin er sú að hlutfallslega fer mest af þessum fjármunum til hinna tekjuhærri í samfélaginu. Þetta er nú einu sinni staðreynd málsins sem ég vildi koma á framfæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 400, nál. 524.

[12:26]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu og Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001. Í 15. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2001 verði 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af almennri þjónustu. Gjaldið hefur í rauninni lækkað úr 0,18% í 0,12% og gerir frumvarpið ráð fyrir að viðmiðunarstuðullinn sem er reyndar 0,10% sé enn til grundvallar í því. Prósentuhlutfallið er fundið út með því að miða við veltu gjaldskyldra aðila á árinu 1999 og fjárþörf sjóðsins árið 2001.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:28]

Matvæli, frh. 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (eftirlit, gjaldskrá o.fl.). — Þskj. 526.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KolH, KHG, KPál, PP, PHB, SJóh, SF, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 547).

Landmælingar og kortagerð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (stjórn og verkefni Landmælinga Íslands). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KolH, KHG, KPál, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RG, SighB, SP, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 548).

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (brottkast). — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SP, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 549).

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 215. mál (gildistími). — Þskj. 226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KolH, LB, MF, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Námsmatsstofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 551).

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 194. mál (GSM-leyfi). — Þskj. 528.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, LB, MF, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 552).

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (skilyrði endurgreiðslu). — Þskj. 402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JHall, KF, KHG, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
4 þm. (JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 553).

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 317. mál (Framkvæmdasjóður aldraðra). — Þskj. 392, brtt. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Brtt. 523,1 felld með 29:14 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb.
nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, GÁS, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. eru með brtt. við þetta frv. Annars vegar um að aðeins 25% af sjóðnum fari til rekstrar þar sem sýnt er að það mundi skila sér jafn vel til framkvæmda við hjúkrunarheimili sem er mjög brýnt. Einnig leggjum við til að öryrkjar séu undanþegnir frá greiðslum til Framkvæmdasjóðsins, þessum nefskatti. Þróunin hefur verið þannig í kjaramálum öryrkja að þeir eru farnir að greiða skatt í tíð þessarar ríkisstjórnar sem þeir gerðu ekki áður vegna þess að skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun. Þar með eru þeir farnir að greiða þennan nefskatt sem þeir gerðu ekki áður. Það teljum við mjög ósanngjarnt, einnig vegna þess að öryrkjar eiga mjög erfitt með að auka tekjur sínar vegna aukinnar skattlagningar þar sem tekjutengingar eru mjög miklar í kerfinu. Þess vegna leggjum við til þessar breytingar. Ég segi já.

Brtt. 523,2 felld með 29:15 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

5 þm. (JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, EOK, GÁS, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 554).

Neytendalán, frh. 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (upplýsingaskylda seljenda). — Þskj. 529.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 555).

Ríkisábyrgðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 165. mál (EES-reglur). — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 556).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (álagningarstofnar). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, ÓÖH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 557).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnabætur). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EOK, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, LB, ÓÖH, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiðir atkvæði með þessu frv. þótt við teljum að aðrar leiðir til að draga úr tekjutengingu í barnabótakerfinu hefðu verið heppilegri. Með frv. er eignatenging barnabóta afnumin og skerðingarmörk vegna tekna hækkuð. Þetta er til góðs en síðan koma til sögunnar eingreiðslur, 33.270 kr. fyrir hvert barn fram að sjö ára aldri. Þetta er lægri upphæð en 1997 sem var 40 þús. kr. fyrir öll börn að 16 ára aldri, en látum það vera.

Í kerfinu eins og það er núna er sérstakt framlag til allra barna að sjö ára aldri, 31.703 kr., sem koma núna til allra barna undir sjö ára aldri en það er tekjutengt þannig að fyrir fólk sem er undir skerðingarmörkunum, fyrir lágtekjufólkið, er þetta ekki sú kjarabót sem gumað hefur verið af. Þetta er tekjubót fyrir einstæða foreldra, fyrir fyrsta barn en fyrir hin börnin hafa þessar greiðslur verið til staðar þannig að þetta eru ekki þær úrbætur sem menn guma af.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 558).

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, frh. 2. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 400, nál. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 154, nál. 532, 538 og 539.

[13:41]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum. Það er frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fulltrúa frá landbrn. Þá bárust umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra loðdýraræktenda, Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssambandi kúabænda, Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, yfirdýralækni, Dýraverndunarsambandi Íslands og Hundaræktarfélagi Íslands.

Í frv. eru ekki lagðar til breytingar á núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra og í engu slakað á kröfum um sóttvarnir. Hins vegar er lagt til að ákvæði laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, verði aðlöguð því fyrirkomulagi á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem komist hefur á og að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis.

Með breytingunni er á engan hátt slakað á kröfum, eins og ég sagði, um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um. Að öðru leyti fela ákvæði frv. í sér aðlögun laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, að þeirri þróun löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því að lögin voru sett árið 1990.

Undir nál. rita Hjálmar Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz, Jónas Hallgrímsson og Drífa Hjartardóttir. Einar Oddur Kristjánsson og Guðmundur Árni Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„7. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.“

Þetta er gert þar sem þau hafa tekið gildi. Að öðrum kosti væri verið að vísa í brottfallin lög.

[13:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Hjálmar Jónsson og formann landbn. Alþingis hvort þær breytingar sem meiri hluti landbn. leggur til stuðli ekki að því að hægt verði að koma á fót einangrunarstöðvum á suðvesturhorninu sem komi þá til með að nýtast því fólki sem þar býr og dýrum þess.

[13:44]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra kveður ekki beinlínis á um þetta en valdið er falið hæstv. landbrh. þannig að hann getur heimilað það. Eftirlitið, varúðarráðstafanirnar, eru á ábyrgð landbrn. eftir sem áður.

[13:45]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta dugar mér ekki. Þetta þýðir óbreytt ástand sem segir mér að afar erfitt verður að koma á fót einangrunarstöðvum á suðvesturhorninu. Ég verð því miður að lýsa því yfir að ég get ekki stutt þetta meirihlutaálit hv. landbn.

[13:45]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar ekki um einangrunarstöð á suðvesturhorninu. Það væri nýtt mál. Þetta stjfrv., sem ríkisstjórnin leggur fram, hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir og landbn. hefur fjallað um, fjallar um staðfestingu þess að ekki verði slakað á kröfum um sóttvarnir og einangrun dýra. En framkvæmdin er á hendi landbrh. eins og ég sagði. (**Landbrh.:** Sem er nú hinn vænsti maður.)

[13:46]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eiginlega af sömu ástæðu sem ég kem í ræðustólinn. Ég er alveg sannfærður um, eins og hæstv. landbrh. kallaði fram í áðan, að hann er hinn mætasti maður. Ég veit að hann er líka glöggur á tölur og áttar sig á því að um 90% dýra í sóttvarnastöðinni í Hrísey koma af suðvesturhorninu. Með þeim möguleikum sem felast í frv. sem hér er til umræðu hefði hæstv. ráðherra vald til að opna

nýja sóttvarnastöð á suðvesturhorninu. Eins og ég sagði áðan þá er hann skeleggur og glöggur maður og mun eflaust stuðla að því að svo verði.

[13:47]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hæstv. landbrh. kallaði fram í áðan, að hann væri hinn vænsti maður, landbrh. Það er aldrei að vita hvað honum dettur í hug á haustdögum á næsta ári, ef því er að skipta að taka ákvörðun um nýja einangrunarstöð, einkum fyrir gæludýr. Ég hygg að hv. þm. hafi átt við það. (**GHall:** Hann er mikill dýravinur.) Já, hann er að auki mikill dýravinur.

Ég bendi á að nýbúið er að stækka stöðina í Hrísey. Ég tel að eðlilegt sé að láta reyna á það fyrirkomulag þó að ég viðurkenni að vissulega séu mörg góð og gild rök fyrir því að hafa einangrunarstöð nær alþjóðaflugvellinum á Reykjanesinu.

Hins vegar þarf ekki endilega að vera heppilegt að gæludýr sem flutt eru til landsins séu í göngufæri frá eigendum sínum. Þau þurfa að vera í einangrun. Það auðveldar kannski eigendunum að vita af þeim vel höldnum í fögru umhverfi Eyjafjarðar í Hrísey.

[13:48]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður landbn. lýsir því yfir að nýbyggingin sé með þeim sérkennilega hætti að dýrin njóti útsýnis yfir Eyjafjörð. Það hlýtur að vera ástæðan fyrir miklum kostnaði (Gripið fram í.) við þessa stöð.

Ég árétta að það er svolítið sérkennilegt að fara eigi út í þessar byggingarframkvæmdir sem þingheimi er kunnugt um. Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði að það væri gert dýranna vegna, að eigendurnir ættu ekki að koma nálægt dýrunum. Ég hef lesið um það og séð á undanförnum mánuðum að málið er þvert gegn vilja 90% gæludýraeigenda, þ.e. þeirra sem búa á suðvesturhorninu. Það er greinilegt að málatilbúnaðurinn er ekki í takt við tímann og því er full ástæða til að þingmenn geri athugasemdir við stöðu málsins.

[13:49]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði eru góð og gild rök fyrir því að endurskoða þetta atriði og hafa einangrunarstöð fyrir gæludýr nær alþjóðaflugvellinum á Reykjanesi.

Hitt er annað mál að alvarleg vandkvæði hafa verið vegna þess að stöðin í Hrísey hefur verið of lítil. Það hefur verið löng bið eftir því að koma þar að gæludýrum. Það er óþægilegt og óheppilegt. Þess vegna var hún stækkuð. Eins og ég sagði í upphafi er það ný hugmynd að breyta þessu.

Talandi um að þetta sé ekki nútímalegt þá bendi ég á að hæstv. landbrh. er nútímamaður. Hann kemur til með að skoða þetta rækilega. Ég trúi ekki öðru en hann taki vel þeim ábendingum og áskorunum sem hann fær um að veita heimild fyrir nýja stöð.

[13:51]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Að mörgu leyti get ég tekið undir efni frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. hvað varðar nauðsyn þess að við séum með öflugar sóttvarnir við innflutning á dýrum. Í áliti okkar í 1. minni hluta stendur, með leyfi forseta:

„Þingmenn Samfylkingarinnar í 1. minni hluta landbúnaðarnefndar telja mikilvægt að vel sé staðið að öllum útbúnaði sóttvarna- og einangrunarstöðva þegar kemur að innflutningi dýra. Slíkt er óumdeilt.

Það er hins vegar arfur liðins tíma að rekstur slíkra stöðva skuli heyra beint undir landbrn. eins og verið hefur, ellegar að útvaldir aðilar sjái um slíkan rekstur í umboði ráðuneytisins og geri það nánast á reikning þess eins og lagt er til í frv. þessu.

Í því sambandi má nefna rekstur einangrunarstöðvar fyrir gæludýr í Hrísey sem hefur kostað ríkissjóð umtalsverða fjármuni. Fyrir hefur legið áhugi dýralækna og annarra sérfræðinga á því að bjóða upp á svipaða þjónustu á höfuðborgarsvæðinu fyrir innflytjendur gæludýra og verið hefur í Hrísey. Engin rök eru fyrir því að standa gegn slíkum áformum svo fremi reksturinn falli í einu og öllu að gildandi lögum og reglugerðum og öðrum nauðsynlegum skilyrðum sem eru og verða sett um aðbúnað og rekstur slíkra sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Landbrh. hefur aftur á móti lýst því yfir að hann hafi ekki hug á að heimila nýjum aðilum rekstur á þessum vettvangi.“— Það hefur ótvírætt komið fram af hans hálfu. — „1. minni hluti telur hins vegar alls óljóst, miðað við þær breytingar sem lagðar eru til í frv. og meiri hlutinn hefur lýst yfir stuðningi við, hvort landbrh. hafi í raun heimild til að hafna umsóknum nýrra aðila um slíkan rekstur. Ljóst er hins vegar að túlkun ráðherra á frv., rétt eða röng, liggur fyrir.

Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum flytur 1. minni hluti brtt. við frv. sem kveður skýrt á um það að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum skuli heimilt að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar undir eftirliti yfirdýralæknis. Þá skuli landbrh. enn fremur ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur séu gerðar um útbúnað slíkra stöðva og hvaða skilyrði þær þurfi að uppfylla til að hljóta starfsleyfi.“

Í þessu sambandi vil ég taka fram að ég tel ekki grundvöll fyrir fjölda einkarekinna stöðva. Ég tel hins vegar grundvöll fyrir eina slíka stöð fyrir gæludýr á suðvesturhorninu, sem auðvitað yrði þá að standast allar kröfur í lögum um sóttvarnir.

„Með samþykkt þessarar breytingartillögu yrði það ekki lengur á geðþóttavaldi landbrh. hver hlyti slíkt starfsleyfi né heldur væri óljóst um rétt þeirra sem sækjast eftir slíkri leyfisveitingu.

1. minni hluti leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Efnismálsgrein 5. gr. orðist svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbrh. gefur út starfsleyfi fyrir rekstri slíkra stöðva. Einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum skal vera heimilt að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar undir eftirliti yfirdýralæknis. Landbrh. ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sótt varna- og einangrunarstöðva og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að hljóta starfsleyfi.“

Undir þetta nefndarálit rita Guðmundur Árni Stefánsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Svo vildi til að þetta mál var afgreitt nokkuð óvænt, mundi ég segja, á þriðjudagsmorgni. Á miðvikudagsmorgni var að vísu lögbundinn fundartími fyrir hv. landbn. en vegna aukafundar á mánudegi hafði hv. landbn. ákveðið að hafa

ekki fleiri fundi fyrir jól og hafði því verið frestað að taka þetta mál fyrir þar sem talið var að ekki lægju fyrir nefndinni umsagnir aðila sem ótvírætt ættu að hafa eitthvað um þetta að segja.

Á fundinum á miðvikudagsmorgni lágu þessar umsagnir fyrir. Það vildi svo til að sá nefndarmaður sem hér stendur gat af óviðráðanlegum orsökum ekki komist á fundinn fyrr en tíu mínútum eftir að hann hafði verið settur. Þá hafði málið verið afgreitt í nefndinni og töluvert umfangsmiklar og þýðingarmiklar umsagnir höfðu ekki verið teknar fyrir, a.m.k. eins og bar að gera að mínum dómi. Ég vil átelja þessi vinnubrögð nefndarinnar sérstaklega.

Vegna þess að ekki tókst að fjalla um þessi álit í nefnd þá langar mig að lesa nokkra valda kafla úr þeim. Fyrst kemur umsögn Hundaræktarfélags Íslands sem eru tvímælalaust þau félagasamtök þar sem félagsmenn eru flestir að flytja hunda til Íslands eða stærsti hlutinn af þeim. Þeir segja í sinni umsögn:

„Langvarandi óánægja hefur ríkt meðal gæludýraeigenda ...“

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að leyfi forseta þarf til að lesa upp úr rituðu máli.)

Með leyfi forseta:

„Langvarandi óánægja hefur ríkt meðal gæludýraeigenda vegna staðsetningar einangrunarstöðvar fyrir gæludýr á Íslandi. Sú staðreynd liggur fyrir að 95% innflytjenda gæludýra búa á Suðurlandi eða Suðvesturlandi. Þótt einangrunarstöð hafi í upphafi verið sett upp svo fjarri heimilum innflytjenda dýranna er ljóst að staðsetningin er barn síns tíma og hefur fleiri ókosti en kosti. Í ljósi þessara upplýsinga er kominn tími til að leyfður verði einkarekstur á einangrunarstöðvum fyrir gæludýr á Íslandi. Hundaræktarfélag Íslands telur að samkeppni á því sviði muni koma innfluttum gæludýrum og eigendum þeirra til góða.“

Meðfylgjandi er undirskriftalisti þar sem um þúsund manns skora á hæstv. landbrh. að breytingar verði gerðar á núverandi fyrirkomulagi. Áskorunin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ástandið í innflutningsmálum gæludýra hefur verið óþolandi um langa hríð. Einangrunarstöð ríkisins í Hrísey hefur aldrei annað eftirspurn og álagi. Dýraeigendur hafa þurft að bíða mánuðum saman eftir plássi í óvissu og skipulagsleysi sem einokunarstarfsemin býður upp á. Staðsetning stöðvarinnar gerir flutning dýranna áhættusaman og erfiðan fyrir dýrin auk þess sem staðsetning og reglur um heimsóknir hafa hindrað eigendur dýranna í að hafa eðlilegt aðhald með starfsemi stöðvarinnar.“

Þetta var smákafli úr umsögn sem Hundaræktarfélagið gaf.

Svo kom hér umsögn frá Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands sem ég ætla einnig að lesa úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo á að heita að samkvæmt lögum verði öll dýr sem koma til landsins að fara í einangrun en framkvæmdin hefur verið mjög mismunandi. Undanfarið hefur ríkt ófremdarástand á innflutningi hunda og katta til Íslands vegna plássleysis í Hrísey og nú eftir að stækkunin var tekin í notkun hafa biðlistar styst um helming svo að betur má ef duga skal.“

Það eru sem sagt enn þá langir biðlistar.

„Vart er hægt að finna óhentugri stað fyrir einangrunarstöð gæludýra en Hrísey sem er eins langt frá flugvellinum í Keflavík og hægt er. Ferðalagið þangað er mikil þolraun fyrir dýrin í viðbót við flugferðina til landsins og hugsanleg ferðalög áður í landinu sem þau komu frá. Mun flugferðin erlendis frá ásamt leiðinni til Hríseyjar vera brot á væntanlegri samþykkt Evrópuráðsins um flutningsvegalengd dýra.“

Reyndar var mér tjáð að þetta væri þegar komið inn í Evrópureglur og að þar væri kveðið á um að það mætti í mesta lagi vera átta tíma flutningur milli heimilis og sóttvarnastöðvar.

Svo ætla ég að lesa á öðrum stað í áliti Dýraverndunarfélagsins, það sem er raunar það alvarlegasta sem kemur fram í þessu áliti:

„Jafnframt fer einangrunin að verulegu leyti forgörðum á leiðinni til Hríseyjar. Þegar til Keflavíkur er komið er ekki gert ráð fyrir neinum stað fyrir hundana eða kettina og er þeim komið fyrir í vistarverum efnaleitarhundanna sem þurfa að víkja á meðan. Kostar þetta mikla sótthreinsun og vinnu.“ — Ég hef upplýsingar um að sú sótthreinsun sé kannski ekki alveg eins ítarleg og efni standa til. — „Þaðan er dýrunum ekið á Reykjavíkurflugvöll en þar eru þau geymd í almennri vörugeymslu þar til flogið er til Akureyrar. Ekki er hægt að vakta það sérstaklega að enginn komist í búrin sem eru oft mjög óhrein eftir flugið erlendis frá og hefur SDÍ oft orðið vitni að því ...“

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður um hljóð í salnum meðan hér er verið er að halda ræðu. Ef hv. þingmenn þurfa að spjalla saman geta þeir vikið sér í hliðarsal á meðan.)

„... að fólk flykkist að búrunum til að láta vel að dýrunum. Á Akureyrarflugvelli eru dýrin geymd í almennri flugfrakt á sama hátt og í Reykjavík þar til þeim er ekið til Árskógssands og sett þar um borð í Hríseyjarferjuna en þar eru þau höfð uppi á dekki og ekki vöktuð sérstaklega. Síðan er þeim ekið til Einangrunarstöðvar gæludýra í Kríunesi. Ljóst er að ekki er mögulegt að viðhalda einangrun dýranna á meðan á öllu þessu ferðalagi stendur.“

Hæstv. forseti. Ég vil taka það sérstaklega fram að athugasemdir mínar við þessa 5. gr., sérstaklega eins og hún stendur eftir þær yfirlýsingar sem hæstv. landbrh. hefur gefið, miða ekki síst að því að ég er andvíg því að gæludýrum sé gert að fara í einangrunarstöðina í Hrísey þegar unnt væri að bjóða upp á mjög góða valkosti nálægt flugvellinum. Ég hef upplýsingar um að sótt hafi verið um leyfi fyrir slíka stöð, því leyfi hafi verið hafnað og sú höfnun sé nú í meðferð hjá umboðsmanni Alþingis.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður enn að biðja hv. þm. að hætta samtölum í salnum og það á líka við um hæstvirta ráðherra. Ef fólk þarf að tala saman verður það að fara í annað herbergi á meðan.)

Það er eðlilegt að fólk þurfi að ráðslaga mikið þegar það heyrir hversu alvarlegt efni hér er á ferðinni. Ég vona að það sé af einlægri dýraást og tilliti til dýraverndar sem fólki hér hitnar í hamsi og ég vona að þetta frv. fái verðuga meðhöndlun sem þau dýr sem við erum að flytja hingað til landsins verðskulda.

[14:04]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ræða hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur var ágæt og skörulega flutt. Ég vil geta þess vegna athugasemda við hefðbundinn fund í landbn. að fundurinn var boðaður með eðlilegum hætti og þar að auki var hringt í nefndarmenn daginn fyrir fund til þess að kanna hvort þeir kæmust ekki til

fundarins. Ég veit ekki annað en náðst hafi í þá alla. Ritari hafði þetta á hendi og það átti að vera ljóst hvað fram færi á þeim fundi. Þegar ekki urðu umræður á fundinum og efnið tæmt þá var eðlilega málið tekið út og því lokið.

Ég vil svo segja það um þetta mál og áhuga hv. þm. á því að fá nýja stöð, að þá er einmitt ekki verið að banna slíkt með þessari lagasetningu heldur opna á möguleikann fyrir nýja stöð. Það er ekki verið að banna heldur er verið að opna á möguleika. Og í einni umsögninni til hv. landbn. var einmitt innifalin áskorun til hæstv. landbrh. um að heimila eða leyfa opnun nýrrar einangrunarstöðvar á suðvesturhorninu þannig að ég sé ekki annað en komist geti hreyfing á þetta mál.

Ég vil geta þess líka að mörg rök hníga að því og þeim hef ég vissulega ekki andmælt.

[14:06]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. formanni nefndarinnar að fundurinn var boðaður með eðlilegum hætti en frá því á mánudag hafði samt legið fyrir vissa fundarmanna eða nefndarmanna um að ekki yrði fundur og því hafði ég ráðstafað tíma mínum öðruvísi. Ég hafði samband við starfsmann nefndarinnar og sagði að ég ætti mjög erfitt með að mæta á þennan fund en gerði það samt og lagði af stað heiman frá mér í tíma. Það var mjög vont veður á Reykjanesbraut og ég kom tíu mínútum of seint til fundar. Ég verð að segja það að mér finnst mjög óeðlilegt að þá skyldi vera búið að afgreiða þetta mál út úr nefndinni þar sem fyrir lágu tvær nýjar mjög efnismiklar umsagnir um málið. Ég veit að frv. samkvæmt orðanna hljóðan opnar á möguleika fyrir aðrar stöðvar en það opnar á þær með leyfi hæstv. ráðherra og ummæli hæstv. ráðherra liggja fyrir. Hann ætlar ekki að veita slík leyfi. Þess vegna flytjum við þá brtt. sem hér liggur fyrir.

[14:07]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefði aðeins þurft að taka upp símann sinn á leiðinni og biðja okkur að bíða augnablik, segja að hún hefði tafist, og að sjálfsögðu hefði nefndin orðið við því að geyma afgreiðslu málsins ef við hefðum vitað að hv. þm. væri á leiðinni. (Gripið fram í.)

Hitt vil ég segja að það er einmitt opnað á möguleikann fyrir nýja stöð. En framkvæmdarvaldið er hjá ríkisstjórninni og hjá hæstv. landbrh. í þessu tilfelli. Þó að fyrir liggi einhver orð frá honum getur margt breyst yfir árið. Hann hefur verið á móti innflutningi á fósturvísum norskra kúa. En allt getur breyst á haustdögum eins og dæmin sanna.

[14:08]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður nefndarinnar boðar það hér að verið geti að hæstv. ráðherra muni skipta um skoðun á þessu máli og ef hæstv. ráðherra gerir það þá bara fagna ég því alveg sérstaklega og tel það boða betri tíð með blóm í haga.

[14:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar umræðu vil ég aðeins skýra sjónarmið mín og fara yfir málið. Um leið og ég þakka hv. landbn. fyrir skjót vinnubrögð og vönduð vil ég segja að að allt undir sólinni er háð miklum breytingum og ekkert stendur að eilífu. Svo við förum í háloftin, þá koma ný rök, ný vísindi og nýjar skoðanir mótast. Þar með er ég ekki að boða að ég muni skipta um skoðun út í loftið. Ég hef sagt að frv. opnar fyrir ákveðna möguleika og frelsi í þessum efnum til að fleiri megi koma að þessum verkefnum. En eitt er ljóst að það sem ráðherrann í þessu tilfelli verður að hafa hugfast er hvers vegna dýrin sem til landsins koma þurfa að fara í þessa meðferð, fyrir hverja er það gert o.s.frv. Er það gert af þráhyggju og asnaskap eða er það gert vegna varúðarráðstafana og dýraverndar? Auðvitað snýst þetta mál um dýravernd. Það snýst um það að við göngum af gætni um gleðinnar dyr. Við höfum lent í því Íslendingar, eftir síðari heimsstyrjöld svo að ég taki dæmi, að hér komu lifandi hundar inn í landið sem gerðu það t.d. að verkum, að gamlir menn segja mér, að flestir hundar Sunnlendinga féllu úr fári. Þess vegna er öll þessi varúð viðhöfð að við erum að vernda dýrin sem við eigum og um leið hagsmuni þeirra sem eiga þau dýr. Þess vegna ber okkur að tala ekki um þetta mál af neinni léttuð.

Eitt er klárt að aðstæðurnar kunna að breytast og ég get lýst því hér yfir að sem rökhyggjumaður mun ég hlusta á hina færustu vísindamenn, dýralækna og þá umsækjendur sem vilja gera þessi verkefni að sínum, hvað þeir leggja til og hvernig þeir ætla að standa að sínum málum. Vissulega verður dýrt að koma upp slíkri stöð þannig að þetta er ekkert einfalt mál. Þegar hv. þingmenn tala hér eins og það sé að hefjast ferðalagið í Keflavík þegar fólk flytur inn lifandi dýr, að þar taki við hin mesta þrautarganga og erfiðleikar, þá auðvitað byrjar ferðalagið einhvers staðar annars staðar langt úti í veröldinni, í annarri heimsálfu jafnvel og sá sem á dýrið verður að hafa í huga þegar hann leggur af stað með það og ber ábyrgð á því sjálfur gagnvart dýraverndarlögum og þeirri samúð sem við berum fyrir dýrum í hvaða ferðalag hann er að fara með vininn sinn í. Það getur stundum verið betra að gefa hann nágranna sínum og biðja hann að vernda hann að eilífu heldur en að leggja upp í slíka ferð. Ferðin byrjar ekki í Keflavík.

Ferðin frá Keflavík til Hríseyjar var ákveðin á hv. Alþingi fyrir mörgum árum af þessum ástæðum sem ég hef rakið. Ég vil ekki raska þeirri stöðu út af því sem ég hef nú sagt í þessu máli. Mig undrar sumar umsagnir sem hér koma fram frá dýravinum. Það er eins og þeir séu hættir að gera sér grein fyrir því hvað getur hlotist af slysi í þessu efni.

Líka kann að vera að við Íslendingar ættum fyrst og fremst að segja að okkar sóttkví ætti að vera erlendis, þess vegna gæti hún verið erlendis. Það kann líka að vera að sá tími sé í nánd að lyf og sprautur geti gert það að verkum að aðstæður breytist á stuttum tíma, að hægt sé að sprauta dýrin. Þetta kann að vera. Ég vil fara af fullri varúð og vil fullvissa hv. þingmenn um að ég hef ekki lokað neinum leiðum. Ég er í rauninni með því að leggja þetta frv. fyrir ríkisstjórn og að það er komið til Alþingis, að leggja áherslu á það sem ýmsir hér eru að gagnrýna mig fyrir, að hægt sé að hafa aðra möguleika í frammi í framtíðinni. Ég hef sjálfur lýst því yfir við 1. umr. að ég ætli ekkert að hlaupa til og ákvarða það að sett skuli upp önnur stöð.

Fyrst og fremst hef ég sagt að með samþykki ríkisstjórnar og Alþingis, sem ég hygg að allir hafi greitt atkvæði, þá varð það niðurstaða að stækka stöðina í Hrísey til að þjóna hagsmunum þeirra sem gæludýrin eiga og gera þetta auðveldara og stytta biðlista. Sú vinna hefur farið fram og stöðin hefur verið opnuð þannig að biðlistar munu styttast og með þessu greiddu hv. alþm. atkvæði. En við skulum velta því

fyrir okkur hvað í þessum málum gerist. Ég fullvissa hv. þm. um að ég er tilbúinn að skoða nýjar aðstæður í þessu máli og tel mér skylt að gera það. Sem landbrh. allra Íslendinga mun ég gera það af raunsæi. En ég er ekkert fis og hleyp ekki alltaf til. Ég hef sagt Hríseyingum að þeir hafi staðið sig vel í 25–30 ár, þeir hafi varðveitt áfallalausa stöð. Engin dæmi eru um að slys hafi orðið í þessum efnum á leiðinni frá Keflavík til Hríseyjar, svo vel er hún varin, og þess vegna er ég undrandi á hv. þm. Reykn., Sigríði Jóhannesdóttur, að koma með svona sögusagnir í ræðustól Alþingis að það sé svona hipsumhaps hvernig staðið sé að sótthreinsun í Keflavík. Ég mun fara yfir þau orð og ummæli og láta kanna það því að það er mjög mikilvægt að rétt sé að þessu staðið.

Ég veit ekki hvort ég þarf að leggja meira til þessara mála. Ég hef sjálfur sem landbrh. rutt braut fyrir því að þetta geti verið með öðrum hætti samkvæmt lögum. En ég bið hv. þingmenn um að virða mér það til vorkunnar að það verði að fara mjög faglega yfir þessi mál og það geri ég fyrst og fremst vegna þess að ég er sjálfur dýraverndarmaður og virði það góða og heilbrigða ástand sem dýr okkar eru í. Þau geta nefnilega orðið fórnardýr á einni nóttu.

[14:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir varnaðarorð hæstv. landbrh. því eitt óvarlegt skref í innflutningi dýra til Íslands kann að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir land og þjóð eins og stutt saga hæstv. ráðherra um sunnlenska hunda bar með sér. Ég styð því varnaðarorð hæstv. ráðherra í þessu og hef nánast verið með böggum hildar yfir því að þurfa þó að fara í ágreining við vin minn, hæstv. landbrh. Málið snýst ekki eingöngu um að gæta varnaðar heldur spurninguna um hvar þessi einangrun gæti farið fram.

Ég vil þess vegna fagna og mér er mikill léttir að heyra að hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að hlusta á rök. Ég vil því spyrja hvort það sé réttur skilningur minn að með ágætri ræðu sinni áðan hafi hann í raun verið að opna fyrir þann möguleika að einangrunarstöð geti verið annars staðar en eingöngu í Hrísey.

[14:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var í rauninni að segja hv. þm., ég held í þriðja eða fjórða sinn, var hvað frv. þýðir. Það þýðir að það er möguleiki á nýrri opnun en yfir það mun sá sem hér stendur og meðan hann starfar sem landbrh. fara af mjög mikilli gætni með vísindamönnum. Þess vegna ætla ég ekkert að fullyrða um hvort ég stígi þar ný skref. Það kann vel að vera. Tíminn einn leiðir það í ljós.

[14:19]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn fagna þessari yfirlýsingu. Ég tel að þetta séu ákveðin tímamót að hæstv. landbrh. hefur lýst því svo nú má ljóst vera og má segja að sé kýrskýrt að komi fyrir því rök og fylgi rök umsókn, þá sé hæstv. ráðherra reiðubúinn að bregðast við þeim og opna fyrir einangrunarstöð annars staðar. Ég tel það vera í alla staði skynsamlegt eins og fram hefur komið í máli þeirra hv. þm. sem um það hafa fjallað þar sem innflutningurinn á sér fyrst og fremst stað í gegnum Keflavíkurflugvöll. Þar er markaðurinn ef svo má segja. Hann er næstur þeim flugvelli. Ef hægt er að uppfylla þau varnarskilyrði sem hæstv. ráðherra hefur nefnt hlýtur að vera eðlilegt að opna a.m.k. fyrir þann möguleika að slík stöð rísi þar. Ég vil þess vegna fagna yfirlýsingu hins ágæta ráðherra sem virðist vilja taka rökum.

[14:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða hjá hæstv. landbrh. og skrýtnar voru margar fyrri. Hér hafa menn fagnað þeim nýju möguleikum sem felast í þessu frv. Hæstv. ráðherra hefur tiplað í kringum kjarna málsins og gefið í skyn eitt og gefið til kynna annað en við skulum hins vegar líta til reynslu mála.

Í ráðuneyti hæstv. ráðherra liggur fyrir umsókn um opnun slíkra gæludýrastöðva. Raunar er það svo að þeirri umsókn hefur verið hafnað og umsækjendur hafa þegar vísað erindi sínu til umboðsmanns Alþingis. Ég spyr þráðbeint: Ætlar hæstv. ráðherra á morgun eða hinn daginn eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt að endurskoða fyrri ákvörðun sína og veita það leyfi sem um hefur verið sótt?

[14:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lýsti því yfir áðan að ég væri ekkert fis og afgreitt mál er afgreitt. Hver umsókn verður auðvitað tekin til umfjöllunar og meðferðar á grundvelli sínum. Það eina sem ég hef sagt er að ef þetta mál verður að lögum, þá er hér opnuð leið sem menn hljóta að þræða af mikilli varúð eins og ég hef lýst út frá dýravernd og mörgum öðrum sjónarmiðum. Hvert mál verður að hafa sinn tíma og fá umfjöllun. Ég mun ekki spara að kalla til hina færustu menn til að lýsa þá leið sem þá verður vörðuð.

[14:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að virða mér það til vorkunnar að ég botna hvorki upp né niður í nokkrum sköpuðum hrærandi hlut. Hafi það verið merkileg yfirlýsing hjá hæstv. landbrh. áðan um vilja hans í málinu er þessi enn þá merkilegri því að hann veit greinilega ekkert hvað hann ætlar að gera. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi geri þessa löggjöf þannig að ekki fari á milli mála hvað ráðherrann á að gera, nefnilega að heimila honum það og gera honum það skylt að umsækjendur njóti jafnræðis þegar kemur að rekstri slíkrar einangrunarstöðvar að uppfylltum öllum skilyrðum. Það er vonlaust mál að setja þetta í hendur hæstv. ráðherra. Það liggur alveg í augum uppi.

[14:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þykir mér Hafnarfjarðarskýrleikinn kominn út í móa og brást þar vinur minn, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Hefur hann trúlega seint farið á fætur í morgun og er vart vaknaður fyrst hann skilur ekki það sem ég hef sagt úr ræðustól Alþingis. Það er alveg ljóst að ég hef sagt að hér eru opnaðar leiðir en málið er mjög vandmeðfarið og verður farið yfir það sem slíkt. Málið er opið að því leyti en það verður á herðum og á hendi landbrh. að veita slík leyfi. Hér er ekki um stóran bisness að ræða, u.þ.b. 100 dýr á ári eins og ég hef rakið. Það kann vel að vera að ef þeir einstaklingar sem sækjast eftir þessum verkefnum fengju leyfið, treysti þeir sér ekki að byggja upp þær öruggu stöðvar sem þarf að byggja upp til að halda utan um þessi dýr meðan þau eru í gæslunni.

[14:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðunni hefur komið fram að flutningur dýra frá Keflavík til Hríseyjar er í raun smitleið. Það

er ekki smitvarnaleið heldur smitleið og afskaplega hættuleg þó að hún hafi ekki valdið smiti hingað til.

Nú er það spurning hvort hæstv. landbrh., sem er rökhyggjumaður, þungavigtarmaður og dýravinur, geti ekki hugsað sér með hliðsjón af hagsmunum allra dýra í landinu að stöðva þessa smitleið og þar sem Reykjanes er víða óbyggt bæði af mönnum og dýrum, að finna þar stað sem uppfyllir sömu kröfur og Hrísey og veiti aðila leyfi til að reka nýja stöð sem yrði jafnvel ríkinu að kostnaðarlausu.

[14:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að öll þau ár frá því að Hrísey var opnuð og þessir flutningar hafa farið fram þá hafa þeir tekist. Þetta hefur því ekki verið smitleið og hefur verið gert af öryggi undir öruggri stjórn yfirdýralæknis. Á þessari leið hefur ekki enn orðið slys. Það er kannski það hvernig stöðin í Hrísey hefur reynst í þessu sem gerir það að verkum að erfitt er að raska stöðu hennar. Ég hef sagt að frv. opnar fyrir aðra möguleika og yfir það verður farið hverju sinni og ég þarf vart að ítreka það oftar úr ræðustól. Þá fer ég verulega að efast um heyrn hv. þm.

[14:27]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti ekki laust við það að hæstv. ráðherra, svo hugumstór og góður og gegn, væri að gera mér upp skoðanir í ræðustól og ég vildi mótmæla því. Hann var að tala um að ég vildi að einhverju leyti slaka á sóttvörnum. Það er aldeilis ekki. Ég hef alla tíð verið talsmaður ýtrustu sóttvarna í innflutningi. Það er ekki síst þess vegna sem ég tók upp málið hér og það sem hann talaði um að sé slúður, sem ég hafi farið með í ræðustól, er í umsögn Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, sem ég las upp hér og er undirritað af þekktum lögmanni, Sigríði Ásgeirsdóttur, sem er formaður Sambands dýraverndunarfélaga Íslands. Það var ekki meira slúður frá mér en það.

[14:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlaut að vera að slúðrið væri komið annars staðar frá en frá hv. þm. En það er líka gott að hafa þá reglu þegar maður fer með slúður að geta þess hvaðan það er komið.

Ég vil fagna því að hv. þm. hélt betri ræðu í hið síðara sinn og lýst yfir afdráttarlausum skoðunum sínum að hún geri kröfur til öryggis. Ég vildi að Hafnarfjarðargoðinn héldi ræðu á nýjan leik og það betri en síðast.

[14:29]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra þótti þessi ræða betri. Hún var styttri, hún var bara í eina mínútu en í mjög samanreknum texta sagði ég það sama og í fyrri ræðu minni. Þá var nokkur ókyrrð í kringum hæstv. ráðherra og sérstök fundarhöld í salnum svo hann hefur kannski ekki alveg heyrt það sem ég sagði en ég vil virða það til betri vegar.

[14:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta þótti mér verulega stutt og snjöll ræða og kom að kjarna málsins. Þeim mun styttri og skýrari sem ræðurnar eru, þeim mun líklegra er að maður skilji þær. Auðvitað er öllum ljóst að það að tala er silfur en þögnin er stundum gullið.

[14:30]

Útbýting þingskjala:

Aðgengi og verðlagning opinberra rannsóknargagna, 357. mál, fsp. ÞSveinb og JÁ, þskj. 543.

Einbreiðar brýr, 358. mál, fsp. EKG, þskj. 544.

Hlutfall kynja í nefndum og ráðum á vegum ríkisins, 142. mál, svar forsrh., þskj. 541.

Lífeyrisskuldbinding vegna opinberra starfsmanna, 356. mál, fsp. PHB, þskj. 542.

Tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum, 359. mál, fsp. EKG, þskj. 545.

Þriggja fasa rafmagn, 72. mál, svar iðnrh., þskj. 533.

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta landbn. Ég hefði getað skrifað undir álit meiri hluta landbn. með fyrirvara og gert grein fyrir þeim málflutningi sem ég geri nú með nefndarálitinu en þar sem ég tel að þær breytingar sem hér er gerð tillaga um muni ekki eingöngu lögfesta núverandi rekstrarform heldur leiðir til breytinga í náinni framtíð, þá legg ég fram sérstakt nefndarálit, svohljóðandi:

„Með frv. eru ekki gerðar breytingar á núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra. Hins vegar er lagt til að ákvæði laga nr. 54/1990 verði aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem þróast hefur og að landbrh. geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis.

Það verklag sem þróast hefur við innflutning dýra síðan lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, voru sett hefur í meginatriðum gengið áfallalaust og er því ekki ástæða til að mæla gegn því að því tilskildu að í engu sé slakað á í kröfum um sóttvarnir.

Því er mikilvægt að settar verði í reglugerðir skýrari reglur um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva og eins um rekstur þeirra, eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Þetta er mikilvægt þar sem margir aðilar reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar í dag og þeim mun að öllum líkindum fjölga með lagabreytingunni þrátt fyrir yfirlýsingar landbrh. um hið gagnstæða varðandi gæludýr. Það er ljóst að töluverður áhugi er á því að hafa sóttvarna- og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr nær höfuðborgarsvæðinu. Þessi áhugi er viðskiptalegs eðlis en einnig mikið hagsmunamál eigenda gæludýra og með lagabreytingunni verður erfitt að hafa einungis eina sóttvarna- og einangrunarstöð fyrir gæludýr í landinu.

Eftirlit með sóttvarna- og einangrunarstöðvunum verður að vera virkt og á ábyrgð hins opinbera. Mikilvægt er að fjölga stöðugildum sóttvarnadýralækna í samræmi við fjölda einangrunarstöðva og eins aukinna verkefna.

Mjög alvarlegar athugasemdir komu fram í umsögn varðandi einangrun gæludýra við flutning þeirra eftir komu til landsins að sóttvarna- og einangrunarstöðinni í Hrísey. Því er treyst að brugðist verði við þessum athugasemdum.

Embætti yfirdýralæknis leggur til að sett verði í lögin hæfileg refsiákvæði vegna brota á lögunum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim.

Ákvæði um sóttvarna- og einangrunarstöðvar eru sett til að forðast sýkingu í íslenska dýrastofninum, ekki eingöngu

í þeim dýrategundum sem fluttar eru inn heldur einnig í öðrum sem gætu tekið smit frá sýktum dýrum."

Herra forseti. Lög og reglugerðir varðandi innflutning á dýrum og um einangrunar- og sóttvarnastöðvar eiga í sjálfu sér að vera hindrandi. Þær eiga að vera takmarkandi fyrir innflutning því að eins og hæstv. landbrh. nefndi áðan er þetta til þess að forðast sýkingu í íslenska bústofninum og í öllum íslenskum dýrum og þetta eiga því eðlis síns vegna að vera takmarkandi lög og reglugerðir.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur lýst því yfir að hann muni ekki veita fleiri aðilum rekstrarleyfi fyrir sóttvarna- og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Í andsvörum hefur hann sagt að þessar breytingar muni opna fyrir breytingar á rekstri. Það þarf ekki að þýða að hann sé tilbúinn til þess að fjölga einangrunarstöðvum heldur að hann sé tilbúinn til þess að breyta rekstri en alla vega opnar þetta fleiri möguleika heldur en eru í dag.

Ég tek undir þau sjónarmið að fjölga ekki einangrunarstöðvum fyrir gæludýr. Það er tæplega grundvöllur fyrir rekstri fleiri stöðva og því verður að horfast í augu við þá staðreynd að rekstrargrunni sé kippt undan núverandi einangrunarstöð í Hrísey verði leyfður rekstur annarrar stöðvar. Sú stöð er nýlega stækkuð til að sinna eftirspurn og mikið endurbætt og þessi stöð er viðbótin. Sú starfsemi er svo nýlega hafin að það hefur ekki enn reynt á það hvort hún sinnir öllum eftirspurnum eða getur á skömmum tíma eytt biðlista en vonir standa til að sú stækkun sem nýlega var tekin í gagnið geti uppfyllt þarfir fyrir innflutning á gæludýrum.

Það má deila um það hvort staðsetning einangrunarstöðvar fyrir gæludýr sé rétt í Hrísey út frá öryggis- og sóttvörnum. Bæði vegna sóttvarna frá flugvelli yfir á einangrunarstöðina og eins vegna sóttvarna- og krosssmits dýra úti í Hrísey. Þetta er nokkuð sem verður að meta út frá sóttvarnasjónarmiði en ekki af tilfinningalegum toga. Það hafa verið gerðar töluverðar lagfæringar og endurbætur varðandi umgengni í Hrísey og sóttvarnaeftirlit og reglur hertar og ég hvet til þess að yfirdýralækni verði gert það mögulegt að fá þær breytingar fram sem þarf til þess að allar kröfur um sóttvarnir séu uppfylltar eins og hægt er og að reglugerð komi hið snarasta til þess að öllum sé ljóst hvernig eigi að vinna. Umgangur utanaðkomandi aðila á að vera mjög takmarkaður inn á einangrunarstöðvar. Staðsetningin að því leyti skiptir ekki máli nema hvað hætt er við því að það væri meiri ásókn inn á gæludýrastöð eða gæludýrastöðvar ef slík stöð verður staðsett nær höfuðborgarsvæðinu en það er það sem eigendur gæludýranna eru að leita eftir, að geta haft meira samband við stöðvarnar og þá hugsanlega dýrin meðan á einangrun stendur en það er í sjálfu sér ekki æskilegt því að allur umgangur eykur smithættu og dreifingu smits.

Innflutningur dýra og erfðaefna er í eðli sínu þannig að nokkur viðspyrna, eins og ég sagði áðan, á að vera við innflutningi, bæði vegna sóttvarna og eins vegna kynblöndunar við innlenda dýrastofna. Fjöldi og rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva skiptir því máli því erfiðara verður að fylgjast með framkvæmd sóttvarnaákvæða á hverjum stað eftir því sem stöðvunum fjölgar.

Herra forseti. Það má ekki taka orð mín svo að ég sé að gagnrýna það fyrirkomulag sem hefur gilt og rekstur þeirra stöðva sem reknar eru í dag heldur lýsi ég eingöngu áhyggjum mínum af því að í framhaldi af þessum breytingum verði erfitt að framkvæma ítarlega sóttvarnir ef einangrunarstöðvunum muni fjölga eitthvað að ráði.

Herra forseti. Það virðist líka vera sem áhugi umsagnaraðila eins og Hundaræktarfélags Íslands og Dýraverndunarfélags Íslands lúti frekar að líðan dýranna og eigenda þeirra frekar en því sem snýr að sóttvörnum, þ.e. að frekar sé hugsað um líðan eigenda og skepna í staðinn fyrir að láta sóttvarnirnar ganga fyrir því að svo virðist sem menn hafi áhuga á því að slaka á kröfum, þ.e. að stytta einangrunartímann. Og ef ég fæ að vitna í umsögn Hundaræktarfélags Íslands þá segir þar á einum stað, með leyfi forseta:

„Landbrh. getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna. Telur stjórn Hundaræktarfélags Íslands nauðsynlegt að skýrt komi fram að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum sé heimilt að reka einangrunarstöðvar undir eftirliti yfirdýralæknis eins og í löndum þar sem einangrunar er enn krafist fyrir innflutt gæludýr."

Mér finnst vera tvennt í þessu. Hér á að draga úr ábyrgð ráðherra og þetta sé eins og fyrirtækjum sé heimilt að setja upp einangrunarstöð rétt eins og hvert annað fyrirtæki og það er verið að vísa til þeirra landa, jafnvel meginlanda sem við getum ekki borið okkur saman við.

Í Evrópu og á meginlöndunum er kannski ekki sama ástæðan til þess að setja upp samsvarandi einangrunarstöðvar og við höfum því að þar flæðir allt meira og minna á milli landa. En fyrir okkur sem búum á eylandi og höfum haft í gegnum aldirnar þann möguleika á að halda okkar dýrastofnum hreinum, þ.e. við höfum haft þann möguleika en orðið fótaskortur og því miður ekki verið nógu gætin og fengið inn sjúkdóma með innfluttum dýrum, mjög alvarlega sjúkdóma sem við erum enn að berjast við, en við höfum þessa möguleika og því ber okkur að nota þetta einstaka tækifæri sem við höfum með því að hafa öflugar einangrunarstöðvar og sjá til þess að þau dýr sem koma hingað inn í landið fari í gegnum slíkar stöðvar.

Herra forseti. Í einu andsvari minntist hæstv. landbrh. á að það væru möguleikar á því að koma upp sóttkvíum erlendis í þessu sama skyni og mig langar til þess að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort það gæti þá einnig átt um tilraun þá sem á að fara hér í gang með innflutning á fósturvísum úr norskum kúm, hvort þessi kynblöndun á íslensku kúnni gæti farið fram í Noregi.

[14:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn hendir það þennan hv. þm. að hafa í frammi útúrsnúninga. Það er ekki nein kynblöndun að eiga sér stað á norska og íslenska kúastofninum. Hér er fyrst og fremst að fara fram vísindaleg samanburðartilraun þar sem á að bera saman íslensku kúna og þá norsku.

Hitt er seinni tíma ákvörðun sem verður tekin á grundvelli tilraunarinnar. Fyrri tilraun í þessum efnum var framkvæmd í Færeyjum og það var staðfest ákvörðun vísindamanna að þeir vilja að þessi samanburðartilraun fari fram við íslenskar aðstæður þar sem er íslenskt hey og íslenskir vísindamenn sem geta staðið að henni og íslenskir bændur og Íslendingar í rauninni fylgst með þessu stóra verkefni þannig að það er á hreinu.

Ég vil segja vegna orða hv. þm. að ég hef einungis sagt að ég muni ekki beita mér fyrir því að fleiri stöðvar verði opnaðar. Hitt er annað mál að ég hef líka sagt að einstaklingarnir hafa með þessu frv., þegar það verður að lögum, öðlast það frelsi lögum samkvæmt, það er opin leið. Valdið verður síðan ráðherrans að leyfa hvort það verður gert og eins og ég hef

margsagt verður sú ákvörðun tekin að yfirsýn bestu manna og færustu. Ég efast ekkert um að gott eitt vakir fyrir þeim einstaklingum sem vilja gera þetta verkefni að sínu. Þeir vilja auðvitað standa sem best að þessu, það hef ég aldrei efast um, en það er dýraverndin og sérstaðan sem verður að vera rökhyggjan þegar ákvörðun verður tekin. (Forseti hringir.) En það sjá allir og heyra að það er möguleiki að fara þessa leið.

[14:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við mál sem virðist í fljótu bragði ekki stórt í sniðum, en er óumdeilanlega mjög mikilvægt fyrir marga. Við erum ekki aðeins að ræða það út frá samfélagslegum viðhorfum um mikilvægi sóttvarna og einangrunar í þeim skilningi heldur ekki síður viðhorfum þeirra aðila sem eiga þessi dýr og vilja vera samvistum við þau.

Herra forseti. Mér finnst menn tala hálfgerða tæpitungu og tipla í kringum kjarna málsins. Ég vík nú talinu að því sem mest hefur verið um rætt, rekstri gæludýrastöðva, sem er í raun meginmál umræðunnar þó frv. að vissu leyti fjalli um langtum víðfeðmari svið.

Við skulum fara yfir orðalag 7. gr. gildandi laga sem allt snýst um. Þar segir með leyfi forseta:

„Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð á hentugum stað."

Þetta hef ég túlkað þannig að landbrh., nánast privat og persónulega, eða landbrn. á kostnað skattborgara, hafi staðið að uppbyggingu og rekstri einangrunarstöðvar í Hrísey sem hefur að öllu leyti verið kostuð af fé almennings, skattborgurunum. Hverju er verið að breyta, herra forseti, í frv. hæstv. ráðherra og meiri hluta landbn.? Jú, orðalagið er svona núna, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna."

„Ráðherra getur falið" ... Það er nákvæmlega það sem ráðherra hefur gert á liðnum árum. Þar sem í raun og sanni er ekki verið að breyta neinu, ekki hætis hót. Í sannleika sagt er eingöngu verið að festa það fyrirkomulag í sessi sem verið hefur til staðar, að ráðherra hefur falið einstaklingi eða fyrirtæki, verktaka, að reka gæludýrastöðina í Hrísey, borgað þeim verktaka, byggt fyrir hann húsið, hér með fjármunum almennings en að öðru leyti hefur ráðherra hina fjárhagslegu ábyrgð.

Það frv. sem hæstv. ráðherra er að leggja fram gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á þessu fyrirkomulagi. Það er bara þannig. Við skulum alveg tala tæpitungulaust um það. Þrátt fyrir margar loðnar ræður hæstv. ráðherra um að eitthvað kunni að breytast einhvern tímann og rökhyggja ráði ferð og hvaðeina er það einfaldlega þannig að í ráðuneyti hæstv. ráðherra lá fyrir umsókn um rekstur slíkrar stöðvar. Á grundvelli þessa frv. og gildandi laga, með vísan til þessa frv. sem var fyrir hinu háa Alþingi fyrir ári og er hér á nýjan leik núna, fengu umsækjendur þau svör frá ráðuneytinu að því miður væri ekki heimild til að veita þetta leyfi enda hefur ráðherra engan áhuga á því að fjölga þessum starfsleyfum. Þannig er staða málsins.

Ef hv. þm. nægir það og þeir kalla það tímamótayfirlýsingu hæstv. ráðherra, þegar hann segist ekki vera neitt fis og það kunni kannski að vera einhvern tímann að hann muni vega og meta málin og taka á því með víðsýni hugans, þá finnst mér illa komið fyrir þessari stofnun.

Herra forseti. Það er af þeim ástæðum sem við flutningsmenn brtt. á þskj. 538 viljum einfaldlega taka af öll tvímæli. Við viljum byggja undir að réttur fólks til að reka svona stöðvar sé jafn. En auðvitað skulu skilyrði fyrir slíkum rekstri vera ákaflega skýr og glögg og í engu slegið af í þeim efnum.

Ég vil halda því algjörlega til haga og undrast satt að segja, herra forseti, skrýtin tilsvör hæstv. ráðherra og ég vil segja nánast árásir hans á hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur hér áðan, þar sem hann bar henni það á brýn að hún væri einhver afsláttarmanneskja í þeim efnum. Hæstv. ráðherra hefði betur lesið greinargerð hv. þm. og mína með þessari brtt. þar sem í 1. mgr. er lögð áhersla á að í engu skuli slá af kröfum í þessum efnum, heldur er þvert á móti gert ráð fyrir að ráðherra hafi til þessa heimild og ráðrúm að bæta í þessi skilyrði og kannski er engin vanþörf á því.

Herra forseti. Ég vil strax hér og nú frábiðja mér og okkur flutningsmönnum þessarar brtt. ódýrar sendingar af þessum toga.

Ég spyr hæstv. ráðherra og árétta fyrri spurningu mína um hvort það séu ekki réttar upplýsingar sem ég hef undir höndum að umsækjendum um starfsleyfi gæludýrastöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafi verið vísað frá? Það er fyrsta spurningin.

Í öðru lagi spyr ég af hvaða ástæðum var þessum aðilum vísað frá.

Í þriðja lagi vil ég upplýsa að þessir umsækjendur hafa þegar vísað máli sínu til umboðsmanns Alþingis sem er með það mál til umfjöllunar.

Í fjórða lagi vil ég spyrja og ég vil fá hreinskilið svar við því: Mun hæstv. ráðherra neita eða játa slíkri umsókn komi þessir aðilar að máli við hann eða aðrir sem hafa öll mál sín í stakasta lagi miðað við þær reglur sem gilda.

Það er ósköp einfalt svar við því: Já eða nei. Til þess að fyrirbyggja einhverjar uppskrúfaðar 17. júní ræður vil ég biðja hæstv. ráðherra um að svara mér já eða nei. (**Landbrh.:** Mér er ekki skylt að gera það.) Ég er að biðja hann um að gera það, herra forseti. Auðvitað er ráðherranum ekki skylt að gera eitt eða neitt nema hv. þm. samþykki brtt. okkar Sigríðar Jóhannesdóttur sem gera þá ráðherranum skylt að gæta jafnræðis gagnvart þeim aðilum sem sækja um leyfi af þessum toga.

Herra forseti. Það er sú stjórnfesta í stjórnkerfinu sem við eigum að temja okkur. Finnst fólki, hv. þm., það vera *til mikillar fyrirmyndar að það nánast lúti geðþótta hæstv.* ráðherra hverju sinni hvort Pétur eða Páll njóti náðar hæstv. ráðherra, njóti þess að fá að reka einangrunarstöðvar hér eða þar? Finnst hv. þm. það bjóðandi að bjóða þegnum landsins upp á að loka lagatexta þannig að ráðherra geti, ef hann vill, leyft þessum eða hinum rekstur slíkra stöðva? Hvers konar lagasetning er það, herra forseti? Hún er auðvitað ekki boðleg.

Þess vegna viljum við taka af öll tvímæli, ég og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, og gera þessi skilyrði ákaflega glögg og skýr. Þeir fá til þess leyfi sem uppfylla hin almennu skilyrði, að jafnræðisreglan verði virt að fullu. Það er hin eina rétta lagasetning, herra forseti. Síðan geta menn deilt um það linnulaust hvort ein, tvær, þrjár, fjórar eða fimm stöðvar eigi einhvern rekstrargrundvöll. Það er ekki hlutverk okkar að meta það og kemur okkur ekkert við. Ég er hins vegar

sannfærður um að það verði aldrei nema ein, tvær eða þrjár stöðvar, það verður bara að ráðast. En grundvallaratriðið er það að skilyrðin eru skýr varðandi umbúnað og aðbúnað allan fyrir dýrin.

Þess vegna ætla ég ekki undir þessum formerkjum þó full ástæða væri til þess, að setja hér á langa ræðu um dýravernd og flutninga norður yfir heiðar. Hins vegar er full ástæða til þess af hálfu hæstv. ráðherra vegna þeirra umsagna sem eru komin frá Dýraverndunarsambandinu um gang þessara mála, frá Keflavík norður í Hrísey, að gera á því sérstaka rannsókn, ef sannleikskorn er í þessu sem ég get ekki dregið í efa, þá er náttúrlega mikill misbrestur á öllum hlutum. Það gefur augaleið að ástæða er til þess að gera á því sérstaka athugun og rannsókn. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri það.

Herra forseti. En ég sagði áðan að þetta er mikið mál, ekki bara fyrir dýrin, ekki bara fyrir samfélagið, heldur líka fyrir það fólk sem á hlut að máli, þ.e. eigendur dýranna sem hafa talað skýrt í þessum efnum. Þeir vilja skýrar og glöggar reglur. Þeir vilja betri og bætta þjónustu. Við eigum að reyna að mæta því án þess að slá í nokkru af almennum skilyrðum varðandi umbúnað og allan aðbúnað.

Herra forseti. Við erum annars vegar að ræða um það að mæta nýjum tímum eða hanga í arfi hins liðna. Ég held við eigum að taka skref áfram. Þess vegna samþykkjum við þá brtt. sem hér liggur fyrir.

[14:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var undarleg ræða flutt og í henni mikið yfirboð og ég vil segja mikill tvískinnungur. Undarlega mikill tvískinnungur. Hv. þm. leyfir sér að tala um að það eigi nánast að vera eins og bisniss fyrir hvern mann sem það dettur í hug að reka hér gæludýrastöð til verndar í nokkrar vikur til þess að verja öryggi þeirra dýra sem fyrir eru í landinu og forðast það að smitsjúkdómar berist. Hv. þm. hlýtur að skilja að um slíkan rekstur verða að gilda ströng lög og að uppfylla þarf ákveðin starfsskilyrði. Þetta er ekki verkefni margra aðila að fást við. Það hvarflar því varla að mér að eyða orðum að yfirborðsræðu eins og hér var flutt. Það er nánast eins og ætti að lögsetja að í hverju byggðarlagi væri rekin gæludýrastöð af þeim toga sem nú er í Hrísey. Ég undrast þennan málflutning hv. þm. og hef ekki átt honum að venjast úr þessari átt.

Það er alveg ljóst í þessu máli að farið verður yfir hvert mál. Ég segi það enn og aftur að blessun hefur verið yfir þessu mikla starfi í Hrísey og hver umsókn sem kemur fær umfjöllun. Ég hef margsagt hér úr stóli að þegar við förum yfir fimm síðustu ár eru þetta 100 dýr á ári sem er verið að flytja til landsins. Það er því ekki stór bisniss sem hér er um að ræða. Ég held að menn verði að virða það frv. sem hér er komið fram. Það mótar ákveðna stefnu sem verður vandlega farið yfir í hverju tilviki.

Hins vegar fagnaði ég lokapunktinum í ræðu hv. þm. þegar hann vitnaði í ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur. Hann ítrekaði að hann væri sama sinnis og hún og taldi mig hafa farið rangt að við hana en hún rökstuddi sitt mál vel að hún vill hafa hér sterk lög og góðar reglur.

[14:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð alltaf æ sannfærðari um mikilvægi þess að löggjafarsamkundan geri klárar og skýrar regur í þessu máli enda skil ég það ekki eftir undir geðþóttahætti hæstv. ráðherra. Það er engin afgreiðsla á málinu og mun hafa enga handfestu á því hvernig hann ætlar að snúa sér í málinu til eða frá.

Hann hefur sagt það í fjölmiðlum og tæpitungulaust, og verið mun skýrari í tali en nú í þessum ræðustól, að hann ætli ekki að opna nýja gæludýrastöð. Hann gerði það við endurvígslu stöðvarinnar í Hrísey á dögunum, mánudaginn fyrir rétt rúmri viku. Það var ákaflega skýrt. (Gripið fram í.) Hann mun ekki beita sér fyrir því. Það er alveg skýrt. Hann mun ekki beita sér fyrir því.

Hvað þýðir það? Ég er búinn að spyrja þráfaldlega hvort þeir sem hafa þegar lagt inn umsókn hjá hæstv. ráðherra muni fá jáyrði að uppfylltum almennum skilyrðum. Hæstv. ráðherra hefur komið sér undan að svara því. Hann hefur gert það. Þarf frekari vitnanna við?

Er það hlutverk hæstv. landbrh. að meta og vega hvort það sé stór eða lítill bisness í því að reka gæludýrastöð? Hver hefur valið hæstv. landbrh. til að vera rekstrarstjóri slíkra stöðva? Hefur þingmeirihlutinn beitt sér sérstaklega fyrir því að hæstv. landbrh. verði sérfræðingur í rekstri gæludýrastöðva og sækti peninga til Alþingis og skattborgaranna til þess að reka og byggja slíkar stöðvar? Það kemur mér mjög á óvart ef svo er. Það er ekki stór bisness í því. Ég held, herra forseti, að það eigi ekkert að vera á snærum hæstv. ráðherra að hafa áhyggjur af rekstri slíkra stöðva. Vilji einstaklingar fara í þennan rekstur eiga þeir að fá það að uppfylltum almennum skilyrðum um sóttvarnir. Það er kjarni málsins. Vilji einhverjir aðrir borga þann brúsa, eigendur dýranna, þá eigum við að fagna því en ekki að sækja peninga endalaust í ríkissjóð. Í þessu sambandi er ég einfaldlega einkavæðingarsinni, hæstv. ráðherra.

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. er hugað um stöðu skattborgaranna þá er náttúrlega alveg ljóst að innflytjendur gæludýra borga fyrir þjónustu í þessum stöðvum. Þetta eru ekki allt saman ríkisins peningar og ríkisins verkefni. Hver sá einstaklingur sem kemur að því að flytja inn dýr borgar fyrir ákveðna þjónustu sem er fyrir hendi.

Er hlutverk ráðherra að meta bisness? Ég hef einungis sagt: Þetta er heilbrigðismál. Þetta er vandmeðfarið mál. Þetta er ekki stór bisness. Þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson leyfir sér trekk í trekk að tala eins og þetta geti verið verkefni margra stöðva og margra manna og ætti að fletja þetta út og gera það að allra verkefni þá ofbýður mér málflutningurinn. Auðvitað liggur það fyrir að í þessu litla landi þar sem þessi fáu dýr eru getur þetta aldrei öryggisins vegna — til að halda utan um það af því öryggi sem þarf — orðið verkefni mjög margra.

Ég hef ekki talað óskýrt í þessu. Ég hef sagt: Ég ætla ekki að beita mér fyrir því að fleiri stöðvar verði opnaðar. En ég hef jafnframt sagt: Auðvitað eiga menn rétt sinn samkvæmt lögum þegar þetta frv. er komið í gegn og samkvæmt ýmsum öðrum lögum til þess að farið sé yfir mál þeirra og þetta metið. Hins vegar horfi ég miklu frekar til yfirdýralæknisembættisins og þeirra sem fara með sjúkdómavarnir í landinu og tek meira mark á þeim en hv. þm. sem stundar í þessu máli undarleg yfirboð.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef auðvitað skilning á því að hæstv. ráðherra sé í myljandi vörn í þessu máli og beri sig illa undan málefnalegri gagnrýni. Málflutningur minn miðar að því að lyfta því oki af hæstv. landbrh. að þurfa að hafa áhyggjur af rekstri einangrunarstöðvar fyrir gæludýr. Flóknara er það ekki.

Ég vil hins vegar að hann beri þær skyldur ásamt yfirdýralækni að setja slíkum stöðvum almenn ströng skilyrði um allan aðbúnað. En ég vil lyfta því oki af honum og skattborgurum að þurfa að leggja milljónatugi í uppbyggingu slíkrar stöðvar. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég vorkenni innflytjendum gæludýra það ekki nokkurn skapaðan hlut að þeir beri þann kostnað af einangrun sem er nauðsynlegur. Það á að vera þeirra hlutverk en ekki skattborgara. Ég heyri ekki betur en að eigendur gæludýra eða innflytjendur þeirra geri það með glöðu geði að standa undir slíkum kostnaði og eru satt að segja að fara fram á að bera slíkan kostnað af nýrri stöð. (Gripið fram í.) Þeir hafa gert það í umsögnum og hæstv. ráðherra hefur væntanlega lesið þær umsagnir.

Herra forseti. Það þarf ekkert að orðlengja þetta. Ég bið bara um eitt, að hæstv. ráðherra láti af þeim ljóta leik að snúa út úr orðum mínum og raunar annarra hv. þm. og gefa til kynna æ ofan í æ að hér séu menn með einhver afsláttarkjör af umbúnaði og skilyrðum. Því er ekki til að dreifa. Við viljum þvert á móti þétta þessi ströngu skilyrði og gera þau gleggri og skýrari en fyrir eru.

Það eina sem við leggjum hins vegar til er að stjórnfesta ríki og jafnræði þegnanna sé virt í hvívetna og atvinnufrelsi einstaklinga og félagasamtaka þannig að þau séu ekki undir það seld hvort hæstv. ráðherra sé í góðu eða vondu skapi.

[15:06]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um málið. Hún hefur verið góð og fjörleg og ærleg. Vissulega er meiningarmunur um það hversu langt skuli ganga en ég held að það sé komið fram og menn hafi áttað sig á því að hér er verið að opna á ákveðna hluti og staðfesta það sem þegar hefur orðið. Benda má á að Landssamband kúabænda hefur annast innflutning á erfðaefni í holdanautakyn og Félag svínabænda annast innflutning á erfðaefni í svín. Nú er verið að staðfesta það að ráðherra sé þetta heimilt, en það var á gráu svæði áður vissulega að sú heimild lægi fyrir ótvíræð í lögum.

Upphaflega voru sett lög um einangrunar- og sóttvarnastöð í Hrísey og annars staðar ekki. Nú er opnað á að þær geti verið víðar eins og oft er komið fram. Gagnrýni hefur komið töluvert hörð á að löng bið sé eftir því að koma gæludýrum inn í landið og í sóttkvína í Hrísey. Það er ósköp eðlileg og réttmæt gagnrýni. Ég skil hana mætavel. Þess vegna var ákveðið að stækka þá stöð. Á síðasta ári, fyrir réttu ári, var t.d. samþykkt á hinu háa Alþingi fjárveiting til þess að stækka þá stöð. Mér er til efs að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi verið á móti því að stækka og efla stöðina í Hrísey. Fróðlegt væri reyndar að kanna hvernig sú atkvæðagreiðsla fór.

Þeirri lagasetningu um sóttvarnastöð í Hrísey getur Alþingi hvenær sem er breytt. Það eru ekki ákvæði um það í þessu stjórnarfrv. sem við ræðum hér, en komi fram frv. um að sóttvarnastöð skuli vera á Reykjanesi þá er sjálfsagt hægurinn á að setja hana í atkvæðagreiðslu eftir þinglega meðferð og kanna meiri hluta á Alþingi.

En ég hygg að að svo stöddu sé málið í eðlilegum og góðum farvegi og ég hvet hæstv. landbrh. til að slaka í engu á kröfum um sóttvarnir til að vernda dýr í landinu og önnur sem eru ókomin í landið þannig að við getum búið við það öryggi sem við viljum hafa, að dýrunum okkar, gæludýrunum sem öðrum, líði sem allra best í landinu.

Vitnað var hér áður í reglur Evrópusambandsins og sagt að við værum hugsanlega að brjóta þær með einangrunarstöðinni í Hrísey. En ég vil geta þess samt svona í lokin að víða er ill meðferð á skepnum í Evrópusambandslöndunum og ýmsir mættu nú taka betur til í sínum garði á þeim bæjum.

[15:09]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður landbn. hefur talað og er alveg ódeigur í að hann vill láta samþykkja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir þrátt fyrir að við meðferð málsins og þá sérstaklega kannski í síðustu lotu þeirrar meðferðar hafi komið fram mjög alvarlegar upplýsingar sem mér finnst hv. landbn. þurfa að taka einhvern veginn fyrir. Þar á ég við þær alvarlegu ásakanir sem koma fram í umsögn frá Sambandi íslenskra dýraverndunarfélaga um meðferð gæludýra sem flutt eru hingað til lands og þurfa að fara í áframhaldandi meðferð norður í Hrísey.

Ég hef a.m.k. ekki heyrt annað en að meðferðin í Hrísey sé mjög góð sem slík. En ég verð að segja að þær ásakanir sem koma fram í þessari umsögn finnst mér svo alvarlegar að ég vil fá að vita hvort hv. formaður landbn. hyggist gera eitthvað meira í því máli.

[15:11]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur oft komið fram í dag að meiningarmunur er um hversu langt skuli gengið í þessu efni. Mörg rök hníga vissulega að því að hafa stöð nær flugvelli á Reykjanesinu. Ég hef ekki andmælt þeim rökum. Ég vil nú vekja athygli á því. Ég skil þau mætavel. En ég treysti því hins vegar einnig að hæstv. landbrh. muni svo búa um hnútana að menn geti vel við unað.

Hvað varðar alvarlegar athugasemdir eða ásakanir, ef ég heyrði það rétt, af hálfu Dýraverndunarfélags Íslands — var það ekki svo? — þá hyggst ég senda þær umsagnir til hæstv. landbrh. til athugunar og ég vænti þess og treysti því að hann muni kanna þær og gera viðeigandi ráðstafanir ef eitthvað alvarlegt er að.

Að sjálfsögðu er landbn. starfandi allt árið og getur alltaf brugðist við reynist slíkar ásakanir sannar sem hv. þm. gat um áðan.

[15:12]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér komu, sjálfsagt eins og hv. formanni landbn., þessar alvarlegu athugasemdir um aðbúnaðinn í þessum flutningi mjög á óvart. Ég fagna því að hann hafi hér sagt að hann muni senda þetta áfram til landbrn. Ég mun fylgja því eftir innan hv. landbn. að svo verði gert og við fáum við því skýr svör hver sé hinn raunverulegi grundvöllur fyrir þessum umsögnum. Ef þetta er satt sem þarna er sagt þá er ekki um þær fyllstu sóttvarnir að ræða sem ég vil að séu viðhafðar þegar verið er að flytja dýr hingað til lands.

Varðandi átta tíma reglu Evrópusambandsins sem hv. formaður landbn. vill ekki gera mikið úr hér þá vil ég segja að auðvitað er það rétt að bæði innan Evrópusambandsins og annars staðar tíðkast að fara illa með dýr. En það er verið að reyna að bregðast við því með því að setja þessa reglu og fylgja henni eftir. Ég verð að segja að ég hef verið misjafnlega hrifin af þeim reglugerðum sem Evópusambandið hefur verið að gefa út en þarna finnst mér þó komin regla sem við ættum virkilega að taka fagnandi, við sem látum okkur velferð dýra og flutning þeirra, hvort sem það er til sóttvarnastöðva eða til sláturhúsa, að nokkru varða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 199, nál. 505 og 515, frhnál. 540, brtt. 506.

[15:14]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. umhvn. um frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Nefndin hefur ítarlega fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun ríkisins og Ívar Pálsson frá Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Hollustuvernd ríkisins, Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Almannavörnum ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Akraneskaupstað, Skipulagsstofnun, Landgræðslu ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Ísafjarðarbæ, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Meistarafélagi húsasmiða, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, embætti borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar, Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Borgarskipulagi Reykjavíkur, Samtökum atvinnulífsins, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Ýmislegt í frv. hefur verið rætt ítarlega og eins og fram kemur í nál. er tekið á vissum atriðum, m.a. ýmsum breytingum. Það sem kalla mætti stóra breytingu er hins vegar stofnun Skipulagssjóðs en honum er ætlað að standa undir verkefnum fyrir sveitarfélögin. Skipulagsstofnun verður alfarið með fjárveitingar frá Alþingi framvegis og verður rekin á föstum fjárlögum.

Alls konar deiliskipulags- og löggildingarmál hafa verið til umræðu samfara þessu frv. og í 4. gr. er sérstaklega getið um svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja og áætlana sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, t.d. vegna þjóðvega, orkumannvirkja og fjarskiptalína, og skógræktaráætlanir. Talið hefur verið nauðsynlegt að svæðisskipulagsmeðferð taki á áætlunum sem ná yfir stór svæði sem eðlilegt má telja.

Löggildingarmál hönnuða voru einnig til umræðu og koma fram í nál. Þar er fyrst og fremst um að ræða að ná jafnræði milli stétta og skerpt á atriðum er varða undanþágur í frv.

Heimild ráðherra til að veita undanþágur frá skipulagsreglugerðum og byggingarreglugerðum er einnig skoðað sérstaklega í nál. Þær undanþágur eru einungis hugsaðar í smávægilegum málum og algjörum undantekningartilvikum. Slíkar heimildir eru þó til í öðrum lögum fyrir ráðherra til að breyta reglugerðum og í því sambandi má nefna sérstaklega lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í b-lið 5. gr. í frv. er sérstök heimild til að auglýsa samtímis aðal- og deiliskipulag. Það er eitt af þeim málum sem oft hafa vafist fyrir mönnum og skapað misskilning, að verið sé að auglýsa aðalskipulagið fyrst og síðan deiliskipulagið á eftir. Eins og fram kemur í skýringum með frv. hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála nýlega kveðið upp úrskurð um að 1. mgr. 23. gr. laganna hafi ekki gefið kost á slíku heldur beri að ganga frá aðalskipulagsbreytingum að fullu áður en deiliskipulagstillagan er kynnt. Þess vegna er í frv. lögð til sú breyting sem ég minntist á. Það eru ítarleg gögn sem liggja fyrir við kynningu aðalskipulags og kynning á tillögunum hvorri í sínu lagi getur valdið misskilningi þannig að hagsmunaaðilar telji sig þegar hafa komið með athugasemdir sínar við tillögu um aðalskipulag. Sá háttur að ganga frá aðalskipulagsbreytingu að fullu áður en deiliskipulagstillagan er auglýst hefur auk þess haft í för með sér að breytingartillögur hafa tafið mál, jafnvel allt að þrjá mánuði.

Nefndin leggur fram nokkrar brtt. sem eru svohljóðandi:

„1. Við 5. gr. Á eftir orðinu „deiliskipulagi" í a-lið komi: eða breytingu á deiliskipulagi."

Í þessu felst aðallega að landeigandi borgi deiliskipulag en sveitarfélög borgi auglýsingakostnað. Þetta kom til nokkurrar umræðu í nefndinni. Menn voru sammála um að þessir þættir mundu allir koma til sérstakrar skoðunar við heildarendurskoðun málsins sem gert er ráð fyrir að verði á næsta ári.

„2. Við 7. gr. B-liður falli brott."

B-liður 7. gr. er um skipulagsgjald af mannvirkjum. Gert er ráð fyrir að sá liður verði endurskoðaður við heildarendurskoðun laganna. Hér er fyrst og fremst um að ræða mannvirki sem ekki eru háð byggingarleyfi og greitt skipulagsgjald af, aðal- og dreifiæðar vatnsveitna og önnur mannvirki, raforkumannvirkja o.s.frv. Þessi liður fellur brott samkvæmt brtt.

„3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

1. málsl. 3. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússarkitektar, landslagsarkitektar og rafiðnfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast."

Þetta varðar löggildingarsvið og starfsreynslu hjá löggiltum aðilum á þessu sviði. Talið er að hér sé um það mikla breytingu að ræða að nauðsynlegt sé að þetta atriði verði kannað nánar við heildarendurskoðun.

„4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. laganna koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.

3. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. tölul., enda annist hann störf byggingarstjóra."

Samkvæmt þessu fellur 1. tölul. alveg út og eftir standa 2. og 3. tölul. í 15. gr. frv. Ég tek fram að þetta kemur síðan allt til skoðunar við heildarendurskoðun laganna á næsta ári.

„5. Við 19. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „1. júlí 2001" í 4. málsl. 10. tölul. kemur:

1. júlí 2002, en sækja skal um að fara á námskeið samkvæmt þessu ákvæði fyrir 1. september 2001."

Hér er einungis lengdur sá frestur sem menn hafa fengið til þess að afla sér réttinda á námskeiðum á vegum ráðuneytisins. Námskeiðin hafa verið mjög eftirsótt. Miklu fleiri sóttu um en gert hafði verið ráð fyrir. Þar af leiðandi rúmaðist þetta ekki innan tímans sem hafði verið ákveðinn. Það er ástæðan fyrir því að fresturinn er lengdur til 1. júlí 2002.

Herra forseti. Á fundi hv. umhvn. í gærkvöldi var tekið fyrir sérstakt erindi frá nokkrum aðilum sem barst reyndar seint, eftir að við höfðum gengið frá málinu í heild sinni. Þetta nál. er um frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, eins og það fyrra en þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir að málið var afgreitt úr nefndinni bárust umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Landvernd, Siglingastofnun, skipulagsfulltrúa Garðabæjar og skipulagsstjóra Hafnarfjarðar og Brunamálastofnun.

Vegna umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem barst nefndinni eftir að umsagnarfresti lauk, ákvað nefndin að taka málið til frekari umfjöllunar."

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga var greint frá áhyggjum af því að breytingar á fjárstreymi til Skipulagsstofnunar vegna breytinga á gjaldstofni gerðu það að verkum að sveitarfélögin þyrftu að greiða meira af skipulagsvinnunni sjálf eða sem næmi ákveðinni upphæð. Eftir nákvæma athugun á þessu máli með sveitarfélögunum, skipulagsstjóra og fulltrúum umhvrn. fékkst sú niðurstaða að ekki væri ástæða fyrir sveitarfélögin að óttast þetta. Við í hv. umhvn. teljum tryggt að sveitarfélögin muni ekki bera fjárhagslegan skaða af þessari breytingu.

Á þessum fundi með nefndinni voru Ingimar Sigurðsson og Kristín Linda Árnadóttir frá umhvrn., Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Þórður Skúlason og Sigurður Óli Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Allir nefndarmenn nema hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem var fjarverandi, undirrita frhnál. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, rituðu undir álitið með fyrirvara en Kristján Pálsson, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Gunnar Birgisson og Jónas Hallgrímsson rita undir það án fyrirvara.

Ég geri ráð fyrir að minni hlutinn standi því með sömu fyrirvörum að frhnál. Ég vænti þess að það komi fram í máli fulltrúa minni hlutans.

[15:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér háttar svo til að um frhnál. er að ræða. Rétt er að málið snýst ekki um meirihlutaálit þar sem öll umhvn. stendur saman að einu nál. Hið undarlega við þetta mál er að þegar fyrra nál. var lagt fram í þinginu fyrir tveimur dögum lagði ég fram minnihlutaálit. Það álit byggðist eingöngu á því hversu brátt afgreiðslu þessa máls bar að, þ.e. það var afgreitt úr nefndinni þann 11. des., sama dag og umsagnarfrestur um frv. rann út. Eins og fram kemur í minnihlutaáliti mínu frá 11. des. voru komnar fram umsagnir um málið sem ekki hafði náðst að taka fyrir í umfjöllun nefndarinnar.

Umsagnir héldu áfram að streyma inn eðli málsins samkvæmt og alveg þangað til í gær. Í gær boðaði hv. þm. Kristján Pálsson, varaformaður hv. umhvn., til fundar í nefndinni vegna ákveðinna umsagna sem höfðu komið inn eftir að nefndin hafði lokið afgreiðslu sinni. Ég lít svo á að með þeim fundi hafi ákveðin mál skýrst og allar umsagnir verið teknar til umfjöllunar. Ég fagna því að fundurinn skyldi haldinn í gær. Hann er ástæðan fyrir því að ég skrifa undir nál. meiri hlutans, sem nú er þá orðið nál. umhvn., með fyrirvara þó.

Fyrirvarinn lýtur ekki núna einungis að afgreiðslu málsins og hraða þess heldur hef ég fyrst og fremst verið að bera fyrir brjósti 3. gr. frv. þar sem ég hef ákveðnar efasemdir. 3. gr. er breyting á 10. gr. laganna og er gert ráð fyrir að þar bætist við ný málsgrein svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar."

Herra forseti. Mér þykir afar mikilvægt að það sem kom reyndar fram í máli hv. flm., hv. þm. Kristjáns Pálssonar, komi fram hér og verði ítrekað, að einungis sé um að ræða tilvik sem eru smávægileg og alger undantekningartilvik.

Ég vil af þessu tilefni vitna í umsögn sem nefndinni barst frá Landvernd sem hefur áhyggjur af þessu sama máli en Landvernd telur að skoða beri sérstaklega undanþágur af þessu tagi. Landvernd leggur reyndar til í umsögn sinni að þetta ákvæði verði ekki samþykkt. Ef ég fæ að vitna í umsögn Landverndar, með leyfi forseta, þá segir þar:

„Verði ekki tekið undir þessi sjónarmið telur Landvernd nauðsynlegt að setja slíkri undanþágu skýr mörk með því að tilgreina að allir hlutaðeigandi aðilar þurfi að fá tækifæri til að veita umsögn innan eðlilegra tímamarka og að slík heimild verði bundin við framkvæmdir er varða almannaheill vegna hættuástands eða þá og því aðeins að um afturkræfar framkvæmdir sé að ræða."

Herra forseti. Ég vil einungis að það komi fram í þessari umfjöllun að ég er sammála tillögu Landverndar. Ég lít svo á að nefndin hafi í umsögn sinni tekið undir inntak þeirrar umsagnar vegna þess að hér var nefndin sammála um að einungis væri um að ræða smáatriði og alger undantekningartilvik.

Sama má eflaust segja um 8. gr. frv. en þar er einnig bætt við málsgrein við 37. gr. laganna og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum byggingarreglugerðar."

Varðandi þessa grein frv. fékk umhvn. einnig athugasemd frá Brunamálastofnun sem telur að þegar um er að ræða mál er snerta brunavarnir ætti að leita til Brunamálastofnunar varðandi undanþágur af þessu tagi. Undir það get ég tekið, herra forseti, og tel að hægt sé að taka þetta mál upp aftur þegar allur lagabálkurinn kemur til endurskoðunar eftir áramótin.

Varðandi það, herra forseti, má náttúrlega segja sem svo að umfjöllun umhvn. um þetta mál hafi einkennst talsvert mikið af því að hér sé um stórmál að ræða sem þurfi meiri tíma og frekari umfjöllunar við. Ástæður fyrir breytingartillögunum sem nefndin leggur fram eru í raun og veru þær að ekki hefur unnist tími í nefndinni á þessum skamma tíma sem gefinn er fyrir afgreiðslu málsins að fara inn í þau flóknu mál eins og löggildingarferlið og þau mál sem 7. gr. frv. fjallar um. Ég fagna því að nefndin skuli afgreiða þetta mál svona að veigamestu málin skuli í raun og veru geymd til

endurskoðunarinnar. Ég legg á það áherslu, herra forseti, að umhvn. er tilbúin til að taka lagabálkinn allan, skipulags- og byggingarlögin, til endurskoðunar eftir áramótin. Ég ítreka þá jafnframt, herra forseti, að það verði ekki gert í einum blóðspreng eins og þetta mál er afgreitt núna og eins og málin sem voru afgreidd í tengslum við þessi sömu lög á síðasta vorþingi heldur að nú verði í endurskoðuninni veitt það svigrúm, það ráðrúm og sá eðlilegi tími sem nefndin kemur til með að þurfa til vinnu sinnar.

Þá vil ég áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, einungis geta um umsögn frá arkitektum en nefndinni barst umsögn frá Félagi arkitekta eða laganefnd Félags arkitekta sem fjallar um löggildingu prófa hönnuða og reyndar fleiri atriði. Ég vil láta þess getið hér að ég lít svo á að umsögn arkitektafélagsins sé fullgild og verði tekin til skoðunar þegar endurskoðun lagabálksins í heild verður tekin fyrir eftir áramótin. Sama má raunar segja um aðrar þær umsagnir sem okkur hafa borist og eru ekki teknar til efnislegrar afgreiðslu núna að þá koma þær til með að verða endurnýjaðar eða fullgildar þegar við tökum lagabálkinn allan til endurskoðunar.

Hef ég þá lokið við að gera grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hef við afgreiðslu þessa frv. og lýsi þar með því hvers vegna ég rita undir nál. umhvn. með fyrirvara.

[15:35]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér erum við að taka fyrir til 2. umr. frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Við gerðum það líka á síðasta þingi. Það er því orðinn árlegur viðburður að breyta þessum lögum, og þær breytingar sem hér er um að ræða held ég að séu flestallar til bóta fyrir sveitarfélögin og þá sem í þeim búa.

Það sem ég tel helst merkilegt við þetta er í 1. gr., með leyfi forseta. Þar stendur: „Skilgreining á nýtingarhlutfalli í 2. gr. laganna orðast svo: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits."

Þetta er ný skilgreining frá því sem áður var og ég held að þetta sé til bóta og skýrara.

Þá kem ég að 3. gr. frv. og 10. gr. laganna, með leyfi forseta, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði áhyggjur af:

„Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar."

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa því að aldrei er þetta alveg upp á millimetra eða sentimetra — þannig að þetta verður breyting um einhverja 20, 30 eða 50 sentimetra. Það er óþarfi að hafa heimild til að breyta í þeim undantekningartilvikum. Ég held að það sé þá rétt að ráðherrann hafi heimild til þess.

Síðan kemur hér í 5. gr. frv., um 23. gr. laganna, a-liður, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmdaraðila er þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi á sinn kostnað."

Þetta styrkir rétt landeigenda til að koma með tillögu að deiliskipulagi til sveitarstjórnar, sem tekur náttúrlega ákvörðun um það hvort hún setur það á eða slær það af, og hins vegar framkvæmdaraðila. Þótt þetta láti ekki mikið yfir sér í frv. þá er það svo, herra forseti, að það stendur að það skuli vera á kostnað framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðilar eru oft að koma með breytingar á deiliskipulagi eftir að þeim hefur verið úthlutað lóðum. Það geta verið hækkanir á húsum eða fjölgun íbúða eða breytingar af einhverju tagi sem er kannski til hagsbóta fyrir þá sem eru að byggja, hvort sem það eru byggingameistarar eða einkaaðilar, og fram að þessu hefur sá kostnaður fallið á skipulagsstofur sveitarfélaganna. Það hefur bæði verið teiknikostnaður, auglýsingakostnaður og önnur sú vinna sem hefur þurft að gerast þarna inni. Ég tel þetta vera mjög mikilvægt mál fyrir skipulagsstofur sveitarfélaganna.

Í b-lið 5. gr. frv. sem einnig er um 23. gr. laganna stendur, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr., sem verður 2. mgr., bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Sveitarstjórn getur þó auglýst tillögu að deiliskipulagi samhliða auglýsingu tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi."

Þetta er til verulegra bóta og sparar mikinn tíma. Nýlegur úrskurður kom frá Skipulagsstofnun um þetta mál varðandi það að þetta ætti að gerast í sitt hvoru lagi. Við getum ímyndað okkur að ef breyta þarf aðalskipulagi að einhverju litlu marki þá tekur það a.m.k. átta vikur þannig að við erum að tala um hátt í þrjá mánuði áður en deiliskipulagsfasinn getur farið í gang. Þetta er kannski út af einhverju örsmáu atriði eða mjög litlu þannig að ég held að það sé til verulegra bóta að þetta geti farið samhliða og líka betra fyrir þá sem vilja gera athugasemdir að þetta fari saman. Þá sjái menn þetta í heild sinni, bæði aðalskipulagið og deiliskipulagstillögur.

Virðulegi forseti. Síðan er rétt að koma inn á 6. gr. frv. þar sem stendur í b-lið:

„Þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði."

Það er mikil gjafmildi af hálfu ríkisvaldsins að láta það til sveitarfélaganna. Þessu var breytt, minnir mig árið 1992 eða 1993, en þá var skipulagsgjaldið sem rann allt til sveitarfélaganna áður minnkað um helming hjá sveitarfélögunum hér á höfuðborgarsvæðinu og notað sem jöfnunaraðgerð fyrir aðrar skipulagsstofur úti á landi. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu voru ekki mjög ánægð með að þurfa að fara að greiða niður skipulagsvinnu úti á landi. En það er engin breyting á þessu og er einungis hert á þessu hér.

Varðandi 7. gr., eins og frsm. minntist á, fellur b-liður brott.

Síðan kemur hér í 10. gr. frv. sem bætist við 7. mgr. 43. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar."

Þetta er til verulegra bóta og styttir þann tíma sem grenndarkynning þarf að taka. Það er hægt að fá uppáskrifað og afgreiða málið strax þannig að þetta er til verulegra bóta að mínu mati.

Þá kemur að 12. gr. frv., um 47. gr. laganna, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu."

Þetta er ákveði um að hvort sem það er einstaklingur eða verkfræðistofa eða fyrirtæki hafi ábyrgðartryggingu ef upp

koma hönnunargallar eða annað slíkt sem hægt er að rekja til fúsks í vinnubrögðum eða mistaka.

Varðandi 15. gr. þar sem 1. töluliðurinn fellur út þá hef ég a.m.k. þann sama skilning á því og hv. frsm.

Þá kemur hér í 16. gr. frv. að 2. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta: „Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni."

Þetta er ákvæði sem við tókum inn sl. vor og er verið að endurorða og er nokkuð skýrt þar sem stendur að menn þurfi að hafa sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði og meistaraskólann og þeir þurfa líka að vera meistarar til að geta hlotið þessi réttindi.

Þá segir í 17. gr., með leyfi forseta, að 2. og 3. málsl. 53. gr. laganna orðist svo: „Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda."

Þetta er líka til verulegra bóta fyrir sveitarfélögin því að kostnaðurinn við að fara yfir hönnunargögn og annað sem lýtur að því er orðið gífurlegt verkefni miðað við þær kröfur sem eru gerðar í lögunum að öðru leyti. Það er því óhjákvæmilegt nema hafa möguleikann til að taka gjald fyrir þá vinnu alla og það gildir jafnt með þetta eins og hér í 5. gr. a í frv.

Um annað er svo sem ekki meira að segja. Það eru ekki stórar breytingar aðrar. Ég tel að þær séu allar til bóta fyrir sveitarfélögin og tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að auðvitað þarf að fara í endurskoðun á þessu í ró og næði og engum asa. Ég held að við ættum að byrja á því strax eftir áramótin.

[15:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að koma nokkrum athugasemdum á framfæri en eins og hv. frsm. hefur látið getið skrifar stjórnarandstaðan undir frhnál. hv. umhvn. með fyrirvara. Við erum í sjálfu sér samþykk þeim breytingum sem er verið að gera á skipulags- og byggingarlögum enda eru þær til bóta eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanna. Ýmislegt þurfti að laga og ýmsa vankanta þurfti að sníða af.

Herra forseti. Þessi þriggja ára gömlu lög, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, þurfa greinilega heildarendurskoðunar við og sú heildarendurskoðun hefur verið margboðuð af hálfu stjórnvalda. Nú lít ég svo á að þau orð standi að sú heildarendurskoðun hefjist strax á nýju ári því að það er alveg ljóst að lagabálkur sem þessi krefst mikillar og nákvæmrar yfirlegu. Þessu verður ekki þrýst í gegnum umhvn. á nokkrum dögum, herra forseti, enda væru það vægast sagt mjög ámælisverð vinnubrögð.

Athugasemdir mínar við þetta frv. eiga fyrst og fremst við vinnubrögðin. Fjallað var um málið og það tekið í gegnum hv. umhvn. á einum degi, á mánudaginn var. Svo héldu umsagnir áfram að berast á þriðjudag og miðvikudag og um miðjan dag í gær var orðið ljóst að kannski þyrfti að kalla saman nefndina aftur til þess að fjalla betur um þær umsagnir sem höfðu borist. Varaformaður nefndarinnar varð við þeirri ósk og kallaður var saman fundur í hv. umhvn. í gærkvöldi þar sem farið var yfir nokkrar spurningar, sérstaklega frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Síðast í dag var að berast umsögn sem ég fann í hólfinu mínu áðan frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Það er alveg ljóst, herra forseti, að svona vinnubrögð ganga ekki. Þau eru ekki samboðin virðingu þingsins. Það verður hreinlega að sjá til þess að nefndir hafi þann tíma sem þarf til þess að fjalla um mál og gera þær breytingar sem þörf krefur. Þess vegna stóla ég á það, herra forseti, að þegar heildarendurskoðunin hefst þá verði það snemma á næsta ári og að gefinn verði allur sá tími til hennar sem þörf krefur og þegar henni verði lokið verði búið að sníða alla vankanta eða langflesta vankanta af skipulags- og byggingarlögunum.

Mig langar til að gera að umræðuefni 3. og 5. gr. frv. Í 3. gr. er lagt til að hæstv. umhvrh. verði veitt heimild að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að veita undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar. Eins og fram kemur í nál. hv. umhvn. er það skilningur okkar allra að þessi heimild eigi einungis við litlar breytingar, svokölluð smámál, og hana megi ekki nota til annars. Ég tel mjög brýnt að það komi fram hér.

Hvað varðar 5. gr. þá er ljóst, eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanna, að það er til mikilla bóta að hægt sé að auglýsa tillögu að deiliskipulagi samhliða auglýsingu tillögu að samsvarandi breytingu á aðalskipulagi. Ber að fagna því að svo sé gert. Að auki er hér lagt til að landeiganda eða framkvæmdaraðila sé heimilt að gera tillögu til sveitarstjórna að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Gunnars Birgissonar að auðvitað fylgir því töluverður kostnaður að auglýsa breytingar á deiliskipulagi og vinna þær. Ég hygg þó að það verði að skoða þetta mál betur við heildarendurskoðun laganna því að það má heldur ekki vera þannig að hægt sé að varpa þessum kostnaði eða að sveitarfélögin geti varpað þessum kostnaði yfir á þegnana. Það þarf líka að horfa á það frá þeim sjónarhóli.

Herra forseti. Ég hef komið athugasemdum mínum að við þessa umræðu. Ég segi enn og aftur: Ég treysti á að heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga hefjist snemma á nýju ári og nýrri öld. Ég veit að hv. umhvn. verður ekki skotaskuld að leggja á sig þá vinnu sem þarf til þess að sú endurskoðun verði góð og til bóta enda er samhent nefnd þar á ferðinni, herra forseti.

[15:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú hafa þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað farið yfir þetta mál. Ég get því stytt mér leið í því að í sjálfu sér er ekki ágreiningur í nefndinni um afgreiðslu á þeim atriðum sem koma fram í málinu núna. Ég tel samt ástæðu til að taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á undirbúning málsins.

Ég skil aftur á móti vel að hér skuli hafa birst mál af þessu tagi til þess að bjarga mönnum úr þeirri klípu sem þeir hafa verið í við afgreiðslu skipulagsmála. Það virðist ekki hafa tekist allt of vel til með þessi lög á sínum tíma. Þeim var breytt í fyrra og samt sem áður voru menn í þessum vanda. Við erum líka of stutt komin með skipulagsmál í landinu í heild sem veldur ákveðnum vanda. Það mun taka nokkur ár að koma þessum hlutum í lag en samkvæmt þeim upplýsingum sem skipulagsstjóri lét nefndina fá um hvernig

a.m.k. hann telur að þau muni ganga fyrir sig á næstu árum þá stendur þetta nú til bóta allt saman. Því ber að fagna.

Það var náttúrlega alveg greinilegt að ef menn hefðu nú ætlað sér að taka á öllum þeim atriðum sem voru í frv. í upphafi á þeim skamma tíma sem nefndinni var ætlað að fást við málið þá hefði nú ekki orðið merkilegur bragur á því. Nefndin varð sammála um að fella út úr frv. ákveðna hluti sem þurfa meiri og verulega meiri umfjöllun til þess að menn lendi þar ekki í einhverjum slysum.

Kannski er ástæða til að bæta því við að ég er sammála því að það fyrirkomulag sem tekið er upp í sambandi við fjármögnun á Skipulagsstofnun er betra með þessu lagi en var fyrir. Ég tek undir það sem hv. þingmenn hafa sagt hér um að þessi endurskoðun á lögunum í heild fari sem fyrst af stað. Ég legg áherslu á að nefndin fái síðan gott tækifæri til að fást við málið því að það eru mörg atriði sem þarna eru inni og ég vil nú koma að því sem hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi hér áðan, þ.e. kostnað sveitarfélaganna.

Ég tel ástæðu til þess að farið verði sem allra fyrst yfir það og það niðurgreiðslufyrirkomulag sem er nú í gildi. Ég er ekki á móti því að kostnaði sé einhvern veginn jafnað út milli sveitarfélaga. Það er nokkuð sem á að skoða. En ég er á móti aðferðum sem eru ekki ljósar. Það kom t.d. í ljós þegar spurt var á fundi nefndarinnar — ég spurði um það — hvort menn hefðu um það upplýsingar hvernig þessi kostnaður hefði lagst á sveitarfélögin, að þær upplýsingar eru ekki til. Auðvitað þarf það að liggja fyrir hvaðan menn eru að taka peninga og hvert menn eru að flytja þá.

Hins vegar er alveg ljóst að þau tíu sveitarfélög sem fá núna helminginn af skipulagsgjaldi greiddan en annast skipulagsvinnu sína að fullu sjálf eru að borga helminginn af skipulagsgjaldinu inn án þess að fá nokkurn hlut fyrir það. Það er fyrirkomulag sem er ekki viðunandi. Þetta er að sínu leyti rökstuðningur fyrir því að þessi endurskoðun fari sem allra fyrst fram.

Ég vil bæta við þessa gagnrýni um undirbúning mála. Mér finnst þetta ekki einleikið. Ég held að hæstv. umhvrh. og ráðuneyti hans þurfi að fara yfir það að við höfum verið að fjalla um á undanförnum dögum um fleiri mál en þetta. Ég nefni t.d. lögin um matvæli sem voru afgreidd hér. Þar kemur greinilega á daginn að ekki liggur fyrir nein stefnumörkun um aðalatriði málsins í 1. gr. Það liggur ekkert fyrir hvað t.d. eigi að vera í reglugerð ráðherra, hve langt eigi að ganga í því að krefjast þess að aðilar sem vinna í matvælaiðnaði fari á námskeið. Það er bara beðið um heimild til að setja reglugerð og ekkert meira er um það og enginn veit hvað á að ganga langt. Þetta er ekki nógu góður undirbúningur.

Sama er með landmælingar og kortagerð. Þar kom greinilega fram að engin gagnapólitík er til frá hendi ráðuneytisins hvernig eigi að afhenda gögn eða hvað þau eigi að kosta. Ekki liggur fyrir hver viljinn er. Það vantar undirbúning. Þessi mál hafa ekki verið undirbúin nægilega vel og full ástæða er til þess að koma því á framfæri og það var aðalerindi mitt hérna. Ég er samþykkur málinu eins og það liggur fyrir núna. Ég tel að nefndin hefði þurft lengri tíma til að vinna málið. En ég mun styðja það. Ég hvet til þess og endurtek það að þessi endurskoðun fari sem fyrst fram. En erindi mitt hingað upp er fyrst og fremst að gagnrýna undirbúning þessara mála og beina því frá mér a.m.k. til hæstv. umhvrh. og ráðuneytis hans að hann standi betur að málum en hefur verið gert í þessum tilfellum

[15:58]

Útbýting þingskjals:

Atvinnuleysistryggingar, 347. mál, nál. félmn., þskj. 559.

[15:58]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að það var enginn meiri eða minni hluti. Öll nefndin stóð að áliti umhvn. í þessu máli þannig að eindrægni var mikil og góður samhugur í nefndinni. Ég þakka kærlega fyrir það og fagna því að náðst hafi samstaða um þetta mál þó ekki sé það stórt.

Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og fleirum að ítreka að 3. gr. og 8. gr. um heimildir ráðherra til að víkja frá skipulagsreglugerð eða byggingarreglugerð eiga við í algjörum undantekningartilvikum þar sem um er að ræða óveruleg frávik og þeir sem að málinu koma eru sammála um að þetta sé í lagi. Auðvitað mun tíminn svo leiða í ljós hvort nokkur tilhneiging verði til þess að misnota slík ákvæði. Þá er það ekki óþekkt að slík ákvæði hafi verið þrengd. Við höfum séð það í tilvikum eins og varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem slíkar heimildir voru þrengdar verulega.

Arkitektar sendu inn sérstakt álit eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á. Ég hlustaði á gagnrýni þeirra en þar sem áhyggjur þeirra sneru að lagagreinum sem ekki voru til skoðunar hjá nefndinni þá áleit ég að þau atriði kæmu til sérstakrar skoðunar þegar heildarendurskoðun lagaumhverfisins færi fram, þá mætti taka mál þeirra sérstaklega til skoðunar. Ég vona að það hafi komist til skila og menn sætti sig við það. Kúvending í svona máli gæti einfaldlega þýtt að ekkert af þessu færi í gegn. Eins og komið hefur fram hjá flestöllum hv. þm. er þetta frv. mjög til bóta og menn vilja að málið komist í gegn.

Heildarendurskoðunin, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og fleiri töluðu um, er að sjálfsögðu í höndum ráðherra. Hún ræður alla vega hraðanum á endurskoðuninni og skipar fulltrúa í nefndina. Ég vona að sú nefnd verði skipuð sem fyrst og vil a.m.k. leggja hart að hæstv. ráðherra að hún skipi þessa nefnd sem fyrst þannig að frumvarpsdrög geti legið fyrir á haustþingi.

Varðandi það að undirbúningur hafi verið ónógur, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, þá er það oft svo að ef fyrirvarinn er stuttur þá vill koma fyrir að umsagnargjafar eru ekki klárir á tímasetningunni og þegar þingi er að ljúka kemur fyrir að umsagnir berast eftir að umsóknartíminn er útrunninn. Þannig var í þessu tilfelli, t.d. barst umsögn í dag en umsóknarfresturinn rann út 11. des. Við erum komin tvo daga fram yfir þann frest. Gera má ráð fyrir því umsögnin hefði getað borist í gær ef menn hefðu tekið eftir því hver fresturinn var. Ég ætla ekki að kenna því um að undirbúningur hafi verið ónógur en hann var náttúrlega skammur.

Varðandi reglugerðirnar og það sem fylgir svona frv. oftast nær, þ.e. reglugerðir frá ráðherra, þá er ég þeirrar skoðunar að reglugerðir eigi ávallt að liggja fyrir þegar lagafrumvörp eru samþykkt þannig að menn sjái líka hvað ráðherrann muni leggja áherslu á eftir að frv. er orðið að lögum miðað við þær breytingar sem á því eru gerðar. Við setningu laganna um mat á umhverfisáhrifum kröfðumst við þess af umhvrn. að fá beinagrind af reglugerð. Hún var fylgiskjal eða eitt af þeim skjölum sem bárust nefndinni við vinnslu málsins á síðustu stigum. Þetta er hægt og mér finnst

mjög eðlilegt að þingnefndir fái að sjá drög að reglugerðum og hugmyndir ráðherranna um breytingar á reglugerðum með tilliti til breytinga á lögunum. Mér finnst að umhvn. eigi að tíðka það að krefjast slíkra reglugerðabreytinga fyrir fram þannig að ekkert sé á huldu með það. Ég er sammála því að svona mál eigi að vera gegnsæ og öllum ljós.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnaáætlun 2001–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 412.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 319. mál. — Þskj. 401.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 454.

[16:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um útlendinga. Frv. þetta felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, og er ætlað að leysa þau af hólmi.

Ekki þarf að fjölyrða um að endurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum er orðin löngu tímabær. Brýnt er að ný löggjöf sem tekur mið af ríkjandi aðstæðum taki gildi. Þótt lög um eftirlit með útlendingum hafi í tímans rás tekið ýmsum breytingum svarar sú löggjöf engan veginn þörfum nútímaþjóðfélags.

Endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum á sér nokkurn aðdraganda. Frv. er samið í ráðuneytinu og hefur vinna við undirbúning og samningu þess tekið allnokkurn tíma. Drög að frv. voru send ýmsum aðilum vorið 1998. Umsagnir, athugasemdir og ábendingar sem bárust ráðuneytinu voru síðan teknar til nánari athugunar. Í kjölfarið var frv. lagt fram á Alþingi til kynningar vorið 1999. Eftir það var frv. tekið til frekari athugunar í ráðuneytinu og hafa verið gerðar á því ýmsar breytingar. Þær breytingar leiða einkum af þátttöku landsins í Schengen-samstarfinu en frv. sem kynnt var á Alþingi vorið 1999 tók ekki mið af reglum á vettvangi Schengen-ríkjanna.

Frv. til laga um útlendinga hefur að geyma reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Með hliðsjón af þessu gildissviði nýrra laga er lagt til að þau vísi til útlendinga almennt en vísi ekki eingöngu til eftirlits með útlendingum eins og gildandi löggjöf. Til samræmis við þetta er einnig lagt til að Útlendingaeftirlitið sem annast hefur framkvæmd laganna fái nýtt heiti og verði stofnunin nefnd Útlendingastofnun.

Við samningu frv. hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar á löggjöf undanfarin ár og viðhorfi til málefna útlendinga. Í þeim efnum hefur verið litið til þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku, aðildar að ýmsum mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Þá tekur frv. mið af 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar svo sem henni var breytt árið 1995. Í því ákvæði segir að með lögum skuli skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Þetta ákvæði leggur þá skyldu á löggjafann að setja lög um þetta efni og girða þar með fyrir að framkvæmdarvaldið hafi að þessu leyti ákvörðunarvald án skýrra lögákveðinna skilyrða. Á hinn bóginn hefur löggjafinn frjálsar hendur um efni slíkra skilyrða innan þeirra marka sem leiðir af stjórnlögum og alþjóðlegum skuldbindingum.

Í samræmi við þann áskilnað stjórnarskrár um efni laga um útlendinga sem hér hefur verið rakinn hefur frv. að geyma allar meginreglur á þessu sviði. Hins vegar er gert ráð fyrir að þær reglur verði í ýmsum atriðum útfærðar nánar í reglugerð og er þá jafnan tilgreint á hvaða sviði þau reglugerðarákvæði eiga að gilda. Með þessu hafa stjórnvöld ótvíræða heimild til að setja nauðsynlegar reglur samhliða því að afmarka glögglega efni slíkra reglna. Þetta felur í sér vandaða lagasetningaraðferð sem miðar að því að ákvarðanir stjórnvalda byggist á reglum og samræmi og að þær reglur sem gildi taki hæfilegt mið af breytilegum aðstæðum hverju sinni innan þeirra marka sem lög ákveða.

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er nokkuð að vöxtum og hefur að geyma 57 efnisgreinar í stað 22 í gildandi lögum. Einnig fylgir frv. greinargerð þar sem rakin er þróun löggjafar hér á landi á þessu sviði og gerð er ítarleg grein fyrir helstu þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra. Þá eru þeir þjóðréttarsamningar sem Ísland er bundið af birtir sem fylgiskjöl með frv. auk þess sem í frv. er að finna ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um málefni útlendinga hér á landi. Með þessu móti er leitast við að leggja málið fram eins aðgengilega og unnt er með ítarlegum upplýsingum. Ég mun nú rekja efni frv. í helstu atriðum.

Í I. kafla frv. eru almenn ákvæði um gildissvið nýrra laga um útlendinga og um tilgang laganna. Í 1. gr. segir að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi. Hér er á hinn bóginn ekki vikið að heimild til farar úr landi. Ástæðan er sú að samkvæmt 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður engum meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar verði reglur um eftirlit með brottför úr landi svo sem gert er í frv.

Í 2. gr. segir síðan um tilgang laganna að þau veiti heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Sú stefna sem frv. vísar hér til gerir ráð fyrir að stjórnvöld mótist á hverjum tíma eftir breytilegum aðstæðum. Þannig er gert ráð fyrir ákveðnu svigrúmi fyrir stjórnvöld í þessum efnum en það svigrúm er nauðsynlegt til að unnt sé að taka mið af ástandi atvinnumarkaðarins hverju sinni, almennri stefnu í utanríkismálum og atriðum

sem varða öryggi ríkisins. Á hinn bóginn legg ég ríka áherslu á að frv. miðar að því að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum. Þetta er beinlínis tekið fram í 2. mgr. 2. gr. frv.

Í 3. gr. er mælt fyrir um hvaða stjórnvöld annist framkvæmd laganna.

Í II. kafla frv. eru reglur um komu til landsins og brottför. Um þessi ákvæði má almennt segja að þau taki mið af þeim reglum sem gilda í Schengen-samstarfinu. Þær reglur gera almennt ráð fyrir samræmdu eftirliti ríkjanna á ytri landamærum Schengen-svæðisins og að fellt verði niður persónueftirlit með einstaklingum á ferð um innri landamæri þess. Ákvæði frv. að þessu leyti eru í öllu hliðstæð við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 25/2000 sem taka eiga gildi þann 25. mars nk. þegar Ísland og önnur Norðurlönd hefja þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Samkvæmt 4. gr. frv. skal hver sá sem kemur til landsins þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Einnig skal hver sá sem fer af landi brott sæta brottfarareftirliti. Þetta gildir þó ekki um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins eins og beinlínis er tekið fram í ákvæðinu.

Þá segir að koma og för úr landi skuli fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmrh. ákveður en að för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins sé heimil utan viðurkenndra landamærastöðva. Þessum ákvæðum frv. er hagað í samræmi við 2. og 3. gr. Schengen-samningsins.

Í þessu sambandi vil ég taka fram að afnám persónueftirlits á landamærum hefur engin áhrif á tollgæslu. Þá er þess og að geta að heimilt er að setja reglur um undantekningu frá frjálsri för um innri landamæri Schengen-svæðisins og er það í samræmi við Schengen-reglur sem heimila að taka upp tímabundið persónueftirlit af innri landamærum vegna allsherjarreglu eða þjóðaröryggis.

Í 5. gr. frv. er fjallað um að útlendingur sem kemur til landsins skuli, nema annað sé ákveðið, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Í 6. gr. eru síðan ákvæði um vegabréfsáritanir og þar er lagt til að lögfest verði sú meginregla að útlendingur þurfi vegabréfsáritun nema annað sé ákveðið. Þó er gert ráð fyrir undanþágum frá vegabréfsáritun, t.d. með samningum við ríki um gagnkvæma undanþágu en í þessum efnum hafa Schengen-ríkin mótað sameiginlega stefnu gagnvart öðrum ríkjum.

Þá er í 7. gr. frv. að finna sérreglu um áhafnir skipa og loftfara.

Í III. kafla frv. er að finna ákvæði um dvöl og búsetu. Þessar reglur lúta m.a. að því hverjir megi dveljast hér án dvalarleyfis og hverjir þurfi dvalarleyfi og hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að fá slíkt leyfi. Skv. 8. gr. frv. má útlendingur, sem fengið hefur dvalarleyfi, ekki dveljast hér lengur en þann tíma sem áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Þeir útlendingar sem ekki þurfa vegabréfsáritun mega hins vegar dveljast hér án leyfis í þrjá mánuði frá komu til landsins. Þeir útlendingar sem ætla að dveljast hér lengur en heimild stendur til skv. 8. gr. eða ætla að ráða sig í vinnu eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi þurfa dvalarleyfi. Þetta á þó ekki við um norræna ríkisborgara en þeir eru undanþegnir áskilnaði um dvalarleyfi í samræmi við samkomulag Norðurlandanna um það efni frá árinu 1954.

Samkvæmt 10. gr. skal dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Það er eðlileg krafa að aflað sé slíks leyfis áður en komið er til landsins. Þó er gert ráð fyrir að frá þessu megi víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með en það gæti t.d. átt við ef um er að ræða náin fjölskyldutengsl við einhvern búsettan hér á landi.

Í 11. gr. frv. er mælt fyrir um þau skilyrði sem fullnægja þarf til að útlendingur geti fengið dvalarleyfi. Þessi skilyrði eru að útlendingur hafi trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Einnig þarf útlendingur að fullnægja skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem gert er ráð fyrir að verði sett skv. 1. mgr. 3. gr. Enn fremur mega ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingi verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þrátt fyrir þessi skilyrði dvalarleyfis er að finna heimild í 2. mgr. 11. gr. til að veita útlendingi dvalarleyfi þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla við landið.

Í 12. gr. frv. er að finna nýmæli um svokallaða sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti tekið ákvörðun um að beita ákvæðum greinarinnar sem fela í sér heimild til að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Gert er ráð fyrir að þessi heimild verði tímabundin og standi þar til aðstæður breytast í viðkomandi ríki. Þessi grein á sér fyrirmynd í norskum útlendingalögum og beittu Norðmenn þeirri heimild vegna flóttamanna frá Kosovo.

Í 13. gr. frv. er að finna mikilvægt ákvæði sem miðar að því að sameina fjölskyldur. Í þessu ákvæði er kveðið á um rétt útlendings til að fá dvalarleyfi ef hann telst til nánustu aðstandenda íslensks ríkisborgara, annars norræns ríkisborgara eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi eða búsetuleyfi. Hér er sérstaklega haft í huga að réttur manna til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í 13. gr. frv. er tekið fram að nánustu aðstandendur í skilningi ákvæðisins teljast maki, sambúðarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Í 15. gr. frv. er að finna nýmæli en þar er fjallað um svokallað búsetuleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar. Samkvæmt ákvæðinu á útlendingur, sem dvalist hefur hér á landi í þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, rétt á að fá útgefið búsetuleyfi ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi. Ég legg áherslu á að ákvæðið mælir fyrir um rétt útlendings til að fá búsetuleyfi að fullnægðum settum skilyrðum og því miðar ákvæðið að því að styrkja réttarstöðu útlendinga sem dvalið hafa hér til lengri tíma.

Í ákvæðinu segir að réttur til búsetuleyfis sé bundinn því að útlendingur hafi sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Markmiðið með slíku ákvæði er að veita útlendingi innsýn í tungumálið til að auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi.

Þótt eðlilegt sé að gera kröfu um að þeir sem leita eftir búsetuleyfi hafi sótt slíkt námskeið er ekki gert ráð fyrir að útlendingur fullnægi einhverjum sérstökum kröfum um

námsárangur. Vitanlega er með öllu óraunhæft að ætlast til þess að útlendingur hafi náð góðum tökum á málinu eða geta talað það reiprennandi. Hér er einungis verið að leitast við að treysta stöðu tungunnar með því að tryggja að ákveðinni fræðslu verði komið á framfæri við alla þá sem hafa hug á því að búa hér á landi til langframa. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra mæli í reglugerð nánar fyrir um námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Ég tel rétt að hv. allshn. gefi þessari tillögu frv. sérstakan gaum og meti hvort tilefni sé til að kveða nánar á um þetta námskeið í frv. eða gera aðrar viðeigandi breytingar á þessum ákvæðum frv.

Í niðurlagi III. kafla frv. eru síðan ákvæði í 16. gr. um heimild til að afturkalla dvalarleyfi eða búsetuleyfi útlendings og í 17. gr. um tilkynningarskyldu útlendings sem kemur til landsins og áður hefur fengið dvalarleyfi. Einnig er mælt fyrir um tilkynningarskyldu útlendings sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar.

Í IV. kafla frv. er fjallað um frávísun og brottvísun útlendings. Þessi ákvæði frv. eru mun ítarlegri en ákvæði gildandi laga. Við samningu þessa kafla hefur verið tekið mið af reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og Schengen-samningsins en báðir þessir samningar hafa að geyma ákvæði um rétt útlendinga til komu og dvalar í aðildarríkjunum. Löggjöf ríkjanna verður því að vera samræmd að þessu leyti innan þeirra marka sem ríkin hafa skuldbundið sig til.

Í 18. gr. frv. er að finna heimild til að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum þar á eftir. *Í greininni er síðan afmarkað við hvaða aðstæður* útlendingi verði vísað frá án þess að ég ætli að rekja það hér í einstökum liðum.

Samkvæmt 22. gr. frv. tekur lögregla ákvörðun um frávísun á grundvelli 18. gr. nema í þeim tilvikum þegar útlendingi er vísað frá á grundvelli j-liðar 1. mgr. 18. gr. um frávísun vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða þegar útlendingur ber því við að hann sé flóttamaður. Í þeim tilvikum tekur Útlendingastofnun ákvörðun. Einnig tekur Útlendingastofnun ákvörðun skv. 19. gr. frv. um frávísun eftir komu til landsins þegar sjö sólarhringa fresturinn sem áskilinn er í 18. gr. er liðinn. Á þeim grundvelli má þó ekki vísa frá landi útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi.

Í 20. gr. frv. er fjallað um brottvísun útlendings. Skilyrði þess eru að útlendingur hafi brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða komið sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið. Einnig er brottvísun heimil ef útlendingur hefur á síðustu fimm árum afplánað eða verið dæmdur til refsingar erlendis fyrir háttsemi sem getur að íslenskum lögum varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða ef hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir jafnalvarlegt brot. Þá er og brottvísun heimil ef hún þykir nauðsynleg vegna öryggis ríkisins.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að heimild til brottvísunar er takmörkuð ef það mundi með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendings við landið fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Einnig er heimild til brottvísunar takmörkuð þegar útlendingur hefur dvalarleyfi eða er norrænn ríkisborgari sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði. Í þeim tilvikum er áskilið að sú refsiverða háttsemi sem getur legið til grundvallar brottvísun geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Samkvæmt 21. gr. frv. er lagt bann við því að útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan verði vísað frá landi eða úr landi. Einnig er útlendingum með búsetuleyfi veitt rík réttarvernd að þessu leyti. Þeim verður ekki vísað úr landi nema það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða ef útlendingur hefur afplánað eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað meira en þriggja ára fangelsi og brot hafi átt sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi. Þá er heimild til brottvísunar útlendings með búsetuleyfi ekki heimil ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Í V. kafla frv. er fjallað um málsmeðferðina. Um það efni eru gildandi lög fátækleg. Eins og beinlínis kemur fram í 23. gr. frv. er gert ráð fyrir að málsmeðferðin fari í meginatriðum eftir stjórnsýslulögum. Þó er í einstökum atriðum gert ráð fyrir að sérreglur gildi um málsmeðferðina sem víkja frá stjórnsýslulögum að því marki sem nauðsynlegt er.

Í 24. gr. frv. er fjallað um andmælarétt útlendings. Það ákvæði er samhljóða 13. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti en því að réttur útlendings til að tjá sig skriflega er ekki fyrir hendi þegar honum ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlitið eða lögreglu. Á hinn bóginn mælir ákvæðið fyrir um rýmri rétt útlendings en leiðir af stjórnsýslulögum hvað það varðar að stjórnvald skal, eftir því sem unnt er, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé í máli vegna umsóknar um hæli eða í máli þar sem ákvæði 45. gr. frv. á við svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun.

Í 25. gr. frv. er lögð ríkari leiðbeiningarskylda á stjórnvöld en leiðir af 7. gr. stjórnsýslulaga. Í þessu ákvæði frv. segir að stjórnvald skuli leiðbeina útlendingi um mál er varða frávísun, brottvísun, afturköllun leyfis eða þar sem leitað er hælis um rétt útlendings til að leita, á eigin kostnað, aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans til að fá sér skipaðan talsmann þegar það á við og um rétt hans *til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa* Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtaka hér á landi.

Í 26.–28. gr. frv. er fjallað um miðlun upplýsinga úr landi. Vanhæfi opinbers starfsmanns til að fara með mál samkvæmt lögunum við ákveðnar aðstæður og gagnaöflun fyrir dómi.

Í 29. gr. frv. er síðan fjallað um rannsóknarúrræði vegna mála samkvæmt lögunum. Það ákvæði veitir stjórnvöldum heimildir til rannsóknaraðgerða eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Í 30. gr. frv. er að finna heimild til stjórnsýslukæru en lagt er til að ákvörðun lögreglu verði skotið til Útlendingastofnunar. Ekki er gert ráð fyrir að unnt verði að kæra ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds. Þegar Útlendingastofnun tekur hins vegar ákvörðun á fyrsta stigi verður unnt að skjóta máli til ráðuneytisins. Þá er lagt til í þessari grein frv. að kærufrestur verði 15 dagar. Hér er vikið frá almenna kærufrestinum sem er þrír mánuðir en sá frestur þykir of langur í þessum málum.

Í 31. og 32. gr. er fjallað um hvenær ákvörðun á máli útlendings geti komið til framkvæmdar. Sú meginregla gildir í stjórnsýslurétti að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Í þessum greinum frv. er í ákveðnum tilfellum vikið frá þeirri meginreglu útlendingnum til hagsbóta. Þannig verður ákvörðun ekki framkvæmd fyrr en hún er endanleg þegar um er að ræða synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða búsetuleyfis enda hafi verið sótt um það innan tilskilins frests. Sama á við um afturköllun leyfis skv. 16. gr. og ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem dvalið hefur hér lengur en þrjá mánuði. Þá má ekki framkvæma ákvörðun fyrr en hún er endanleg ef útlendingur ber því við að hann hafi ástæðu til að óttast ofsóknir sem leitt geta til að hann teljist flóttamaður. Um framkvæmd ákvörðunarinnar eru svo nánari ákvæði í 33. gr. frv.

Í 34. gr. er að finna það nýmæli að við ákveðnar aðstæður skal skipa útlendingi talsmann. Þegar þess er krafist að útlendingur sæti gæslu eða þegar beitt er úrræðum 3. mgr. 33. gr. gildir sú almenna regla að skipa skal honum talsmann úr hópi lögmanna. Einnig á útlendingur almennt rétt á að stjórnvöld skipi honum talsmann þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli. Í frv. er lagt til að útlendingur verði að hluta til eða öllu leyti krafinn um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð ef hann hefur ráð á því.

Í VI. kafla frv. eru reglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í kaflanum er lagt til að lögfesta verði meginreglu fyrir þennan hóp útlendinga en þær er nú að finna í sérstakri reglugerð. Þessi ákvæði frv. taka mið af viðeigandi EES-gerðum sem gilda um borgara EES-ríkjanna, maka þeirra og fjölskyldu. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þessi ákvæði nánar hér þar sem frv. felur ekki í sér neinar breytingar á gildandi reglum að þessu leyti.

VII. kafli frv. hefur að geyma reglur sem miða að því að tryggja réttarvernd þeirra sem leita hælis hér á landi sem flóttamenn. Í gildandi lögum er nánast ekkert vikið að flóttamönnum. Það er ekki síst þess vegna sem mikilvægt er að sett verði ný lög um réttarstöðu útlendinga. Ákvæði kaflans taka mið af flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningum á sviði mannréttinda sem Ísland á aðild að. Verði frv. að lögum getur því ekki verið málum blandið að löggjöfin er í samræmi við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir á þessu sviði.

Samkvæmt 44. gr. frv. er lögð til grundvallarskilgreining flóttamannasamningsins á því hverjir teljist flóttamenn. Réttur til hælis hér á landi ræðst því af hinu alþjóðlega flóttamannahugtaki. Í almennum athugasemdum við frv. er fjallað um flóttamannahugtakið auk þess sem flóttamannasamningurinn er birtur sem fskj. með frv.

Í 45. gr. frv. er útlendingi tryggð sú vernd að verða ekki sendur til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Þessi vernd er ekki bundin við þá sem flóttamannasamningurinn tekur til í strangasta skilningi heldur skulu útlendingar einnig njóta samsvarandi verndar ef þeir eru í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri meðferð vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu. Í ljósi 3. gr. samningsins gegn pyndingum og annarri ómannúðlegri meðferð þykir rétt að ganga lengra að þessu leyti en leiðir beinlínis af reglum flóttamannasamningsins. Rétturinn til verndar sætir þó takmörkunum ef ætla má að útlendingur sé hættulegur öryggi ríkisins eða ef hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Þetta á einnig við um þá sem gerst hafa sekir um glæpi gegn mannkyninu.

Samkvæmt 46. gr. frv. gildir sú meginregla að flóttamaður sem er hér á landi eða kemur til landsins á rétt á hæli hér á landi. Frá þessu er síðan vikið við ákveðnar aðstæður sem raktar eru í a–f-liðum. Ég vil láta það koma skýrt fram að þótt flóttamaður kunni í ákveðnum tilvikum ekki að eiga rétt á hæli hér á landi er stjórnvöldum vitanlega heimilt að veita viðkomandi hæli. Þessar undantekningar frá reglunni um rétt flóttamanns til hælis hér á landi eru skýrt afmarkaðar og styðjast allar við veigamikil rök. Hér er m.a. um að ræða regluna um fyrsta griðland og hliðstæðar reglur í norræna vegabréfaeftirlitssamningnum og Dyflinnarsamningnum. Þá vil ég láta þess getið að réttur aðstandenda flóttamanns er sérstaklega verndaður ef maki hans, sambúðarmaki eða börn undir 18 ára aldri eiga rétt á hæli hér nema sérstakar ástæður mæli því mót.

Í 47.–49. gr. frv. eru nánari ákvæði um réttindi flóttamanna sem miða að því að tryggja réttarstöðu þeirra í samræmi við flóttamannasamninginn.

Í 51. gr. eru svo ákvæði um heimild til að leyfa hópum flóttamanna að koma til landsins í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þessi heimild er ekki bundin við flóttamenn heldur getur hún einnig tekið til hópa útlendinga sem ekki teljast til þeirra. Í þessum efnum hefur þeirri skipan verið komið á að ríkisstjórnin hefur að fenginni tillögu félmrh. tekið ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna. Sú tillaga ráðherra hefur verið lögð fram á grundvelli tillagna flóttamannaráðs. Í því ráði eiga sæti fulltrúar frá fimm ráðuneytum, dóms- og kirkjumrn., heilbr.- og trmrn., menntmrn. og utanrrn. auk fulltrúa félmrn., en sá fulltrúi er formaður ráðsins.

Loks er í VIII. kafla frv. ákvæði sem lúta að öryggi ríkisins, upplýsinga- og tilkynningarskyldu útlendinga, um ábyrgð á kostnaði við að flytja útlending úr landi svo og refsiákvæði. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þessi ákvæði hér í einstökum atriðum.

Herra forseti. Ég hef gert nokkuð ítarlega grein fyrir því frv. um útlendinga sem hér liggur fyrir. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar er frv. þetta mikið að vöxtum og varðar mikilvægt réttarsvið og því hefði verið unnt að ræða það í mun lengra máli. Ég mun hins vegar láta staðar numið en vil að lokum taka fram að ég legg mikla áherslu á að frv. verði vandlega rætt í hv. allshn. í kjölfar þess að það hefur verið sent hagsmunaaðilum til umsagnar. Mjög mikilvægt er að löggjöf um útlendinga taki eðlilegt tillit til mismunandi og oft og tíðum andstæðra hagsmuna og að um þá löggjöf ríki almenn sátt í þjóðfélaginu. Í þessum efnum getum við lært af reynslu margra þjóða sem sumar hverjar hafa þurft að glíma við alvarleg vandamál á þessu sviði.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem í andsvar til að lýsa ánægju minni með að þetta frv. til laga um útlendinga sé komið á dagskrá þingsins og til umræðu. Mér hefði einhvern tíma þótt fráleitt að eiga von á því að taka slíkt mál og slíkan lagabálk til umræðu daginn áður en fyrirhuguð eru þingslit fyrir jól samkvæmt starfsáætlun, hvað þá heldur að ég stæði hér og

væri að fagna því. En eins og háttar var hér til umræðu fyrir viku frv. til laga um breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum. Þar var um að ræða eitt ákvæði varðandi hælisleitandi flóttamenn og ég gagnrýndi það harðlega að við værum á svo skömmum tíma að lögfesta slíkt ákvæði eitt og sér út úr þeim lögum sem væri svo brýnt að setja. Þess vegna er ég afskaplega ánægð með að nú skuli fara fram umræða um heildarlöggjöf í málefnum útlendinga vegna þess að það er mín skoðun, og hún hefur komið fram áður, að við getum ekki annað en sett lög um útlendinga, flóttamenn, hælisleitandi flóttamenn, erlent vinnuafl og alla þá sem kjósa að koma hingað og búa með okkur og vera með okkur í að skapa hér samfélag.

Ég lít svo á að þetta frv. sé efni í þá löggjöf og það er, virðulegi forseti, afskaplega mikilvægt að allshn. fari vel yfir þessa þætti, ekki síst þá sem ég hef oftast gert að umtalsefni, þ.e. hælisleitandi flóttamenn, og að allshn. tryggi að þau atriði sem mannréttindasamtök hérlendis hafa hingað til gagnrýnt í löggjöf okkar verði leiðrétt nú með þeim lögum sem verða til í framhaldi af þessu frv.

[16:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. sem mörg okkar hafa lengi beðið eftir að yrði lagt fram á hinu háa Alþingi því að eins og allir vita hefur núgildandi löggjöf um útlendinga fyrir margt löngu runnið sitt skeið og því löngu tímabært að inn á hið háa Alþingi komi frv. sem ætlað er það hlutverk að leysa af hólmi þau lög sem nú gilda.

Ég vil þó nefna í upphafi vegna lokaorða hæstv. dómsmrh. að það frv. sem við ræðum hefur verið um nokkuð langt skeið í smíðum og það veit ég að ýmsir hafa haft á því möguleika að gera athugasemdir við þau drög sem voru nú að mestu leyti tilbúin í fyrra. Má þar nefna Mannréttindaskrifstofuna, Rauða krossinn og Amnesty International. En mér virðist við yfirlestur á frv. að ekki hafi í neinu verið tekið tillit til athugasemda sem þessir aðilar gerðu við drögin og að þau liggi nánast hér óbreytt eins og þau lágu fyrir í fyrra.

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég segja það almennt að þegar frv. er lesið þá virðist manni sem það gefi manni ekki skýra sýn á það hver stefna hæstv. ráðherra er í þessum efnum. Það er alveg ljóst að við erum að sigla inn í þá tíma, og má þar vitna til yfirlýsingar til að mynda framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins og fleiri, að fyrir liggur að til að halda uppi þeim lífskjörum og þeim lífsstandard sem við höfum haft nú undanfarna áratugi munum við þurfa að flytja inn verulegan fjölda útlendinga til að standa undir þeim hagvexti og hafa menn nefnt allt upp í töluna 30 þúsund manns í þeim efnum. Því hefði ég haldið að á þessum tímamótum væri mjög mikilvægt að við reyndum að móta almenna stefnu um það hvernig við ætlum að taka á móti útlendingum og hvernig við ætlum að leyfa þeim eða gefa þeim kost á því að aðlagast samfélagi okkar, enn fremur að þiggja það besta frá þeim sem við getum þegið. Því má segja sem svo að lög um útlendinga séu að nokkru leyti þær reglur sem við ætlum að setja í því skyni og beita til þess að taka á móti útlendingum. Þetta er eiginlega það fyrsta sem útlendingar sem hingað koma verða varir við. Það má kannski segja að gestrisni okkar birtist í þeim reglum sem lög um útlendinga geyma.

Það sjónarmið sem mér virðist vera undirliggjandi í þessum efnum er að við virðumst öll vera hrædd við útlendinga. Það virðist mér vera undirtónninn í þessum lögum því að reglurnar eru nánast undantekningarlaust þannig úr garði gerðar að mjög erfitt er að sjá hvernig framkvæmdin verður. Lítið sem ekkert er neglt niður í þessum lögum heldur er þetta mjög opið og hér er lagt til valdframsal til dómsmrh., með því mesta sem ég hef séð í nokkurri löggjöf eða tilraun til lagasetningar.

Ég hefði til að mynda viljað sjá að í þessum lagabálki væri einnig að finna ákvæði um atvinnuleyfi útlendinga. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta fylgist að í einum lagabálki. Og af því að hæstv. ráðherra vitnaði til Norðmanna í framsöguræðu sinni þá held ég að rétt sé að vitna til þess að þannig hafa Norðmenn það. Þannig hafa Norðmenn ákveðið að hafa það og ég held að mikilvægt sé að búsetuleyfi og dvalarleyfi sé að finna í einum og sömu lögunum.

Það er hins vegar ekki ætlunin að gera hér og þykir mér það mjög miður vegna þess að ég lít svo á að nú sé einmitt tíminn til þess að setja okkur almenna stefnumótun um það hvernig við ætlum að taka á móti útlendingum og hvernig við ætlum að gefa þeim kost á því að aðlagast samfélagi okkar, enn fremur að þiggja frá þeim það sem þeir geta gefið okkur, enda held ég að um samfélag okkar megi almennt segja að það sé mun ríkara af því að hafa tekið á móti þeim útlendingum sem hingað hafa komið og sett verulegan svip á samfélagið, sérstaklega undanfarna tvo áratugi. Þess vegna finnst mér miður, virðulegi forseti, að við skulum ekki sjá í frv. heildstæða stefnu um það hvernig við ætlum að taka á móti útlendingum. Það er fyrsta gagnrýnisatriðið, virðulegi forseti, sem ég hef á þetta frv.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi vil ég nefna það líka að frv. byggir að meginstefnu til og leitar heimilda í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að löggjafinn skuli setja lög um útlendinga.

Lög um útlendinga eru fyrst og fremst lög um mannréttindi, fyrst og síðast lög um mannréttindi, og þegar sett eru lög um slíka hluti þurfa þau að vera nákvæm og þau verða að vera skýr og menn verða að vita hvaða rétt þeir hafa og hvaða rétt þeir hafa ekki. Sú stefna virðist algerlega fyrir borð borin í frv., alveg gersamlega, því að hér er valdframsal slíkt að þegar ég fer yfir frv. þá virðist mér ráðherra á 30–40 stöðum í þessu frv. veitt heimild til setningar reglna. Þetta er algerlega í andstöðu og í brýtur bága við þá meginreglu að mannréttindi þurfi að vera skýr. Það er löggjafinn sem á að setja þessar reglur og mun ég á eftir í ræðu minni nefna nokkur dæmi um þetta.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna nokkrar greinar í þessu frv. Ég hef ekki tíma til að fara mjög ítarlega yfir greinarnar en þær athugasemdir sem ég hef almennt við frv. eru að í fyrsta lagi er enga stefnumótun að finna um hvernig við ætlum að mæta þeirri þörf sem t.d. fulltrúar atvinnulífsins og atvinnurekendur telja fyrir útlendinga á næstu árum. Hér er enga almenna stefnu að finna í þeim efnum heldur er í meginatriðum rætt um að leita leiða til að stjórnvöld geti með einum eða öðrum hætti komið „óæskilegum" útlendingum frá landinu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, geri ég almenna athugasemd við hið óheyrilega valdaframsal í þessu frv. Þetta eru þær tvær meginathugasemdir sem ég geri við þetta frv.

Ég ætla nú að fjalla um nokkrar greinar þó það verði ekki tæmandi. Ég sit í hv. allshn. og mun hafa kost á að fjalla mjög ítarlega um þetta mál. Ég tel mjög mikilvægt að svo verði gert.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, þá vil ég benda á 10. gr. frv. Þar er kveðið á um að dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skuli gefa út áður en komið er til landsins, að ef veita skuli dvalarleyfi skuli viðkomandi útvega sér það áður en hann kemur til landsins. Þetta er ekki í núgildandi lögum og verður að teljast dálítið sérstakt að herða þessi ákvæði svo frá því sem nú er. Vissulega getur það komið upp, virðulegi forseti, að einstaklingar sem hér dvelja óski síðar eftir því að fá dvalarleyfi. Mér finnst alveg ástæðulaust að gera það að skilyrði að dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skuli gefið út áður en komið er til landsins. Ég tel enga ástæðu til að herða á þeim reglum sem nú gilda.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, get ég ekki orða bundist vegna a-liðar 11. gr. í þessu frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmrh. setur."

Hér er það alfarið sett í hendur dómsmrh. að ákveða hvenær veita megi útlendingi dvalarleyfi. Eins og ég nefndi áðan, virðulegi forseti, eru lög um útlendinga fyrst og fremst um mannréttindi. Ég tel það á engan hátt boðlegt að Alþingi framselji þannig valdið að dómsmrh. skuli einhliða veitt heimild til að ákvarða skilyrði fyrir dvalarleyfi. Mér finnst mikilvægt að Alþingi setji mjög nákvæmar reglur, eins nákvæmar og hægt er. Auðvitað verður aldrei hægt að setja algildar reglur þannig að ekki þurfi að veita ráðherra heimild til reglugerðarsetningar en fyrr má nú rota en dauðrota. Hér stendur einfaldlega að dómsmrh. setji bara nánari reglur og skilyrði fyrir dvalarleyfi. Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé ein þeirra greina sem hv. allshn. þarf að taka mjög vandlega til skoðunar.

Þá vil ég, virðulegi forseti, fjalla um 18. gr. sem lýtur að frávísun og brottvísun við komu til landsins en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu hans."

Hér er fjallað um þær reglur sem fara á eftir þegar vísa á útlendingi frá landinu við komu til landsins, þ.e. honum er nánast snúið við í dyrunum ef svo má að orði komast. Hér má finna stórkostlegar reglur í stafliðum frá a–j og er hver annarri betri. Mig langar að nefna tvær þeirra og gefa hv. þingheimi dæmi. Nefna mætti d-lið 18. gr. en þar segir að vísa megi útlendingi frá landinu ef:

„hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar."

Ég veit svo sem ekki nákvæmlega hvað hér er verið að fara, virðulegi forseti. Þurfa menn þá að flagga gullkortum eða platínukortum til að geta sýnt fram á að þeir geti séð fyrir sér og muni ekki lenda á sósíalnum? Hvað er átt við? Þetta er reyndar ákvæði sem þekkist víða en það er ekki þar með sagt að við eigum að taka það upp einnig.

Þá er ekki síður forvitnilegur g-liður 18. gr. en þar segir, með leyfi forseta, að vísa megi útlendingi frá ef:

„hann samkvæmt mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum."

Það er ekkert öðruvísi. Auðvitað, virðulegi forseti, koma þessi mál aldrei til skoðunar eins eða neins. Þessi mál verða einfaldlega afgreidd með því að snúa fólkinu við í dyrunum. Það hvernig fara á að þessum reglum skiptir miklu máli. Mál af þessum toga, hvað sem lögin segja, verða aldrei kærð nema í mjög sérstæðum tilvikum. Þau munu aldrei fá neina málsmeðferð. Þess vegna er mikilvægt að þessar reglur séu skýrar.

Hér er ég ekki að segja að við eigum að opna þetta og leggja þannig upp að hér sé nánast um vængjahurð að ræða. Ég held að við verðum leita einhvers konar millileiðar í þessu, að við byrjum a.m.k. á því að vera hæfilega gestrisin gagnvart þeim sem hingað vilja koma. Ef þetta land vantar eitthvað þá held ég að það vanti fólk. Ég held að hver sá sem flogið hefur yfir þetta land sjái að hér er aðallega landsvæði og lítið um hús, fátt um fólk.

Mér finnst, virðulegi forseti, að undirtónninn í því frv. sem hér er lagt fram sé nánast að okkur langi ekkert að fá hingað fólk. Heimildir stjórnvalda væru þannig úr garði gerðar, eins og einn ágætur embættismaður orðaði það á fundi allshn. fyrir skömmu, þægileg verkfæri til þess að losna við fólk. Það er ekkert öðruvísi, virðulegi forseti. Mér finnst að heyra megi þennan undirtón í þessu frv. og ég gagnrýni það harðlega.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki langan tíma og þarf að fara hratt yfir. Í 26. gr. er ætlunin að lögfesta ákvæði sem nýverið var lagt fyrir þingið með sérstæðum hætti. Þar er ætlunin í raun og veru að lögfesta ákvæði Dyflinnarsamningsins sem Ísland er ekki aðili að. Ætlunin er hins vegar að lögfesta reglur samningsins, sem hlýtur að vera einsdæmi í veröldinni, að þjóð ætli að lögfesta samning sem hún á ekki aðild að. Hér er þetta ákvæði komið inn að nýju í 26. gr. Það má vel vera að stjórnvöld séu í samningaviðræðum um þetta mál þannig að þetta ákvæði fái skýrari mynd á sig á síðari stigum. Svo er a.m.k. ekki í dag.

Vegna umfjöllunar minnar áðan um 18. gr. þá held ég að hún verði ekki lesin nema með hliðsjón af 31. gr. Samkvæmt 18. gr. yrði mönnum snúið við í dyrunum. En í 1. málsl. 1. mgr. 31.gr. segir:

„Ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. má framkvæma þegar í stað."

Miklu máli skiptir að vandað sé til við að ákveða skilyrðin um hvenær snúa megi mönnum frá og hvenær ekki. Enn fremur, virðulegi forseti, verður að vanda til kennslu og námskeiða fyrir þá aðila sem eiga að framfylgja þessum. Frv. sem hér liggur fyrir er svo opið í alla enda að það væri nánast hægt að framfylgja lögunum eins og mönnum sýndist. Mér sýnist það líka vera hugsunin með framlagningu þessa frv., að menn geti haft þetta nánast að eigin geðþótta.

Hratt flýgur stund, virðulegi forseti. Ég ætla líka að minnast á 45. gr., í kafla VII sem fjallar um flóttamenn. Það er náttúrlega einn almikilvægasti kafli þessa frv. Hér er fjallað um vernd gegn ofsóknum, þ.e. greinin fjallar m.a. um að ekki megi senda útlending til baka við tilteknar aðstæður en svo kemur stórkostlegt ákvæði:

„Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins ..."

Hver ætlar að meta það, virðulegi forseti? Það skyldu þó ekki vera stjórnvöld sjálf? Þannig er alveg sama hvar opnað er fyrir að útlendingur sem hingað kemur fái að njóta vafans, alltaf skal a.m.k. tryggt einhvers staðar að því sé ekki ofgert. Hér segir einmitt að ef ætla má að hann sé hættulegur öryggi ríkisins þá gildi ekki það sem á undan er sagt.

Hér eru hinar vísustu reglur með, virðulegi forseti. T.d. í 46. gr.:

„Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi ..." Ekki er það nú til þess að efla trú manna.

Virðulegi forseti, þar sem tími minn er alveg að verða búinn, þá er ekki hægt annað en að bera niður í 53. gr. Þar er m.a. kveðið á um að útlendingur skuli hafa á sér vegabréf ef hann skyldi verða stöðvaður af lögreglunni, þá skal tryggt að hann hafi vegabréfið með sér svo hann geti gert grein fyrir sér. Það er náttúrlega spurning, virðulegi forseti, hvort hann eigi ekki bara að ganga með hvítan hatt svo öruggt sé að menn fari ekki í neinar grafgötur um að þar sé útlendingur á ferðinni.

Virðulegi forseti. Mér finnst svona ákvæði hreinlega þess eðlis að það sé alvarlegt að leggja slíkt fyrir þingið.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Eldi nytjastofna, 361. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 560.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 214. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 561; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 562.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 310. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 564.

Útflutningsráð Íslands, 324. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 563.

Viðskiptahalli, 351. mál, fsp. PHB, þskj. 518.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 16:59.

---

50. FUNDUR

föstudaginn 15. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 154, nál. 532, 538 og 539. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 199, nál. 505 og 515, frhnál. 540, brtt. 506. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, stjfrv., 318. mál, þskj. 400. — 3. umr.
6. Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, þáltill., 93. mál, þskj. 93, nál. 534. — Síðari umr.
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 347. mál, þskj. 495, nál. 559. — 2. umr.
8. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 214. mál, þskj. 225, nál. 561, brtt. 562 og 569. — 2. umr.
9. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 324. mál, þskj. 409, nál. 563. — 2. umr.
10. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, stjfrv., 310. mál, þskj. 370, nál. 564. — 2. umr.
11. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454. — Frh. 1. umr.
12. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322. — 1. umr.
13. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 297. mál, þskj. 334. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdasjóður aldraða, 365. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 568.

Frestun á innflutningi fósturvísa úr kúm, 355. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 535.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 214. mál, brtt. MF o.fl., þskj. 569.

Málefni heyrnarskertra, 364. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 567.

Sporhundar hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði, 362. mál, fsp. GunnB, þskj. 565.

Vegagerðin, 363. mál, fsp. GunnB, þskj. 566.

Innflutningur dýra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 154, nál. 532, 538 og 539.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 538 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvH.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JóhS, ÞKG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, EMS, GE, GHall, GÁS, GunnB, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, LMR, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBjart, KolH, KHG, KLM, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

6 þm. (JÁ, LB, RG, SJóh, ÞKG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, EMS, GE, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, JB, JónK, JHall, KF, KPál, LMR, SP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 532 samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÞKG) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GunnB, JB, JónK, JHall, KPál, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 199, nál. 505 og 515, frhnál. 540, brtt. 506.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 506,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 506,2 samþ. með 48 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
8.–12. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 506,3 (ný 13. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 506,4 (ný 15. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
16.–18. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 506,5 samþ. með 46 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Hafnaáætlun 2001–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 319. mál. — Þskj. 401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 569. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 400.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GE, GÁS, GunnB, JóhS, JB, JónK, JHall, KPál, LMR, MF, SvH, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 573).

Flutningur eldfimra efna um jarðgöng, síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 93. mál. — Þskj. 93, nál. 534.

[10:43]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um flutning eldfimra efna um jarðgöng. Samkvæmt tillögunni er því beint til ríkisstjórnarinnar að setja reglur um flutning á eldfimum efnum um jarðgöng. Í tillögunni er lagt til að í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skuli göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram. Þetta er alhliða úttekt á þessu máli. Á vegum Vegagerðarinnar á sér nú stað athugun á því hvernig og hvort beri að setja nýjar reglur í þessum efnum. Þær eru vissulega til staðar en það er samdóma álit margra að herða þurfi þessar reglur og taka þær fastari tökum.

Á vegum OECD er nú unnið að úttekt á þessu og er von á niðurstöðum á þessu ári. Vegagerðin hefur talið ástæðu til þess að bíða eftir niðurstöðu frá OECD sem vinnur að viðamiklu verkefni í þessari úttekt.

Nefndin leggur til að tillaga um nýjar reglur í þessum efnum verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]
Brtt. í nál. 534 samþ. með 43 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GE, GÁS, GunnB, JóhS, JB, JónK, JHall, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 574).

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 495, nál. 559.

[10:46]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Rannveigu Sigurðardóttur frá ASÍ, Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands og Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Með frv. er lagt til að ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem ákvarðist við afgreiðslu fjárlaga hvers árs, verði varið til þriggja ára átaks í fræðslumálum ófaglærðra. Er frv. í samræmi við samkomulag félmrh. og forvígismanna atvinnurekanda um fyrrnefnt fyrirkomulag í kjölfar samkomulags Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks (nú Starfsgreinasamband Íslands) hins vegar síðastliðið vor um fræðsluátakið.

Nefndin bendir á að eingöngu er um tímabundið átak að ræða sem ekki er fordæmisgefandi og leggur áherslu á að þessi leið verði ekki almennt farin í starfsmenntunarmálum, enda gilda sérstök lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Þá vill nefndin benda á nauðsyn þess að komið verði á því kerfi sem samkomulag varð um til að tryggja að fjármunir séu vel nýttir og að í lok átaksins verði óháður aðili fenginn til að leggja mat á árangur verkefnisins og hvaða ávinningi það hafi skilað atvinnulífinu.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að verkefnið er þegar hafið og var m.a. nefnd til sögunnar íslenskukennsla fyrir útlendinga og lýsir nefndin ánægju sinni með það verðuga verkefni.

Loks vill nefndin benda á að huga þarf að stöðu fleiri hópa launamanna, ekki síst bankastarfsmanna, vegna breytts starfsumhverfis.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að 1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem mynda nú Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.

Undir nál. rita Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Jónas Hallgrímsson, Jónína Bjartmarz, Pétur H. Blöndal, Ásta R. Jóhannesdóttir með fyrirvara, Guðrún Ögmundsdóttir með fyrirvara og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom í lok ræðu frsm., formanns félmn., þá skrifa ég undir nál. með fyrirvara. Ég get í aðalatriðum vísað annars vegar til ræðu sem ég flutti við 1. umr. málsins og gerði þar ýmsar athugasemdir og hins vegar til þess sem fram kemur í nál. Nefndin er sammála um að líta beri á þetta sem tímabundið verkefni og ekki fordæmisgefandi um það hvernig starfsfræðslumálum einstakra hópa launamanna er fyrir komið.

Hitt er annað mál og um það eru líka allir sammála að þetta verkefni er ákaflega þarft og almenn ánægja er með að loksins skuli hafa tekist að koma starfsfræðslumálum ófaglærðs verkafólks í einhvern farveg. Það gerir það að verkum að þó ýmislegt mætti setja út á þá aðferð sem þarna var valin, þ.e. að ávísa kostnaðinum á Atvinnuleysistryggingasjóð með þeim hætti sem samkomulagið gerir og frv. gengur út á að lögfesta, þá leggjast menn ekki gegn því, hvorki heildarsamtök á vinnumarkaði né þingmenn en með vísan til þess þó að á þetta sé litið sem tímabundið átak og fyrst og fremst sem aðferð til að koma þessum málum af stað en stefna beri að því að starfsfræðslumál þessara hópa eins og annarra launamanna komist í þann farveg sem lög um starfsfræðslu gera ráð fyrir. Þess vegna er það svo, herra forseti, að við leggjum til að frv. verði samþykkt og fögnum því að þessi mál séu að komast á hreyfingu en eftir því hefur verið leitað mörg undanfarin ár og oft í kjarasamningum að koma starfsfræðslumálum þessara hópa á vinnumarkaði af stað. Er þá litið til fordæmis margra annarra stétta sem hafa fyrir löngu samið um átak í málum sínum eins og iðnaðarmenn, rafiðnaðarmenn og fleiri sem hafa náð fram í kjarasamningum myndarlegum framlögum til þess að standa straum af fræðslu, starfsmenntun og endurmenntun félagsmanna sinna á þessu sviði.

Það er líka ljóst, herra forseti, að taka þarf á í málefnum margra annarra hópa og hér voru nefnd í nál. og framsöguræðu staða bankamanna þar sem mikill fjöldi ófaglærðs starfsfólks býr við mikið atvinnuóöryggi um þessar mundir af alkunnum ástæðum án þess þó að í kjarasamningum hafi stéttarfélagi þeirra tekist að ná fram enn sem komið er samningsbundnum framlögum til starfsfræðslumála. Á því þarf að verða bót og það er sérstaklega tekið fram í nál. að félmn. er þeirrar skoðunar að náist slíkir samningar fram á næstu mánuðum eða missirum fyrir hönd fleiri hópa en hér eiga hlut að máli þá beri að sjálfsögðu að taka það til skoðunar hvernig það yrði þá lögfest eða greitt fyrir því að það næði fram að ganga jafnvel þó að það þýddi að taka þyrfti upp þessi lög og víkka út þær heimildir sem verið er að lögfesta hvað varðar greiðslur út Avinnuleysistryggingasjóði þó svo æskilegast væri að málum væri skipað þannig sem vísað er í í nál., þ.e. að þetta lyti almennum ákvæðum stafsfræðslulaga.

[10:53]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og ég skrifum undir málið með fyrirvara. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur greint frá þeim umræðum sem við áttum í nefndinni um þessi mál.

Hér er um mjög mikilvægt og merkilegt mál að ræða. Við höfum gagnrýnt að aðeins er um að ræða 12% þeirra sem greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð sem fá þarna ákveðið fé. En málið er afar þarft og er mikilvægt að koma starfsmenntunarmálum og slíku í betra horf.

Eins og greint var frá ræddum við um stöðu bankamanna, fyrst og fremst almennt. Friðbjörn Traustason frá Sambandi ísl. bankamanna kom á fund nefndarinnar. Bankamenn fá hins vegar fé úr starfsgreinasjóði. Varðandi það mál, sem er síðar á dagskránni, um sameininguna, verður kannski enn brýnna að taka á því máli.

Við sáum ekki ástæðu til að vera gegn þessu frv. Það hefur verið samið um það. Það voru aðferðirnar. Við ræddum það við 1. umr. að ekki er gott að vera að sækja í sjóði sem hafa ákveðin markmið en það er tekið skýrt fram í nál. að einungis er um tímabundið átak að ræða og þess vegna samþykkjum við þetta frv.

[10:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um að taka upp þriggja ára átak í fræðslumálum ófaglærðra sem yrði greitt með 200 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Við þetta hef ég tvennt að athuga, herra forseti.

Í fyrsta lagi að einhverjir aðilar, lítill hluti vinnumarkaðarins, geti í samningum ráðstafað fé úr þessum sameiginlega sjóði sem allir launþegar greiða til eða atvinnurekendur vegna þeirra. Þetta er fyrsta athugasemdin sem ég hef við þetta að gera.

Önnur athugasemdin er uppruni málsins og frumkvæði að málinu. Það kemur frá aðilum vinnumarkaðarins, fer svo til framkvæmdarvaldsins sem tekur það hrátt og keyrir í gegn og síðan kemur það til Alþingis til stimplunar. Þetta hef ég bent á mörgum sinnum að Alþingi fær svona mál frá aðilum vinnumarkaðarins til þess að afgreiða.

En þetta er gott mál og það er meira að segja rökrétt. Það er rökrétt að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði fyrir endurmenntun sem hjálpar fólki að skipta um störf vegna þess að það minnkar atvinnuleysið og er til hagsbóta fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Af þeirri ástæðu styð ég málið og líka vegna þess að þetta er tímabundið og einungis til þriggja ára.

[10:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er sammála þeim fyrirvara sem fulltrúar minni hlutans í félmn. hafa sett fram. Auðvitað er það svo að í þessu stóra verkefni sem starfsmenntun í atvinnulífinu er á að vera sérstakt prógramm í gangi sem tekur mið af ástandi á vinnumarkaði, sem tekur mið af breytingum og tekur mið af þeirri þróun sem viðkomandi stjórnvöld vilja stuðla að. Því er ekki til að dreifa varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu hjá þessari ríkisstjórn. Ég get einnig tekið undir það að þegar gert er átak vegna samkomulags á vinnumarkaði þá hefði að sjálfsögðu átt að koma sérstakt framlag til þess úr ríkissjóði. Að sjálfsögðu er ríkissjóður að stuðla að samningum með því að undirrita átak, þá á að greiða sérstakt framlag til þess og á engan hátt að rýra þá fjármuni sem eru hugsanlegir til almennrar starfsmenntunar í atvinnulífinu og til framlags til allra þeirra stétta eða einstaklinga sem um það sækja. Þetta er mikið grundvallaratriði sem mér finnst koma fram í þeim fyrirvara sem hér er.

Það kemur líka fram í þessu stutta nál. að það eigi að fá óháðan aðila til að leggja mat á árangur verkefnisins og hvaða ávinningi það hefði skilað atvinnulífinu. Ég er líka sammála þessu. Ég held að þetta sé mjög gott vegna þess að alls staðar þar sem við erum að setja fjármagn til að byggja upp er mikilvægt að vita hvernig það fjármagn skilar sér. Við vitum árangurinn af því til þess að gera enn betur og nýta fjármagn á besta hátt, ekki bara í atvinnulífinu eins og við hugsum oft um það, heldur ekki síst fyrir einstaklinga sem eru að breyta um farveg og það sé alveg ljóst að þetta fjármagn sé að byggja upp einstaklinga í atvinnulífinu til nýrrar þátttöku og nýrrar atvinnusóknar vegna þess að með aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu er verið að bregðast við því, annaðhvort að fólk er ófaglært og býr við óöryggi á vinnumarkaði, eða að verið er að bregðast við því að störf eru algerlega að úreldast og það fólk sem hefur unnið þau eygir ekki möguleika á nýjum störfum nema mennta sig til nýrra starfa. Um það snýst hugmyndafræðin um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er að koma málum í betra horf, byggja upp einstaklinginn til nýrrar þátttöku.

Mér hefur fundist, herra forseti, að þessu máli sé of lítill gaumur gefinn. Ég upplifi það sem fullkomið áhugaleysi hjá ríkjandi stjórnvöldum að taka á í þessum málum. Ég minnti á það við 1. umr. málsins að auðvitað verður núna að setja sérstakt fjármagn til einhvers átaks af því að það var samkomulagsatriði í kjarasamningum en ekki af því að þetta væri eitthvert metnaðarfullt átak sem væri sprottið af hugmyndum og löngun ríkisstjórnarinnar til að gera betur. Það er mikið umhugsunarefni.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefnir að Alþingi fái mál til stimplunar frá verkalýðssamtökunum. Þessu er ég fullkomlega ósammála. Alþingi er enn einu sinni að fá mál til afgreiðslu frá ríkisstjórninni af því að ríkisstjórnin vildi fremur gera einhvern félagslegan samning til að leysa kjaradeilur eða koma á kjarasamningum en að vinnumarkaðurinn semdi um krónutölur sem e.t.v. yki á þenslu. Þetta snýst alltaf um það. Afskipti ríkisins hafa hingað til snúist um að reyna að stuðla að því að í kjarasamningum fælist minni krónutöluhækkun en ella með því að koma til móts við verkalýðshreyfinguna með ákveðum af félagslegum toga, annaðhvort varðandi húsnæðismál eða varðandi umbótamál önnur, fæðingarorlofsmál, orlofsréttindi eða hvað það hefur verið á hverjum tíma og nú um starfsmenntun og átak í málum ófaglærðra.

Þegar þessum málum hefur svo lítið verið sinnt sem raun ber vitni þá er hægt að segja: Guði sé lof fyrir að í kjarasamningum er tekið á þessum málum og að ríkisstjórnin er að bera inn mál sem er mjög þýðingarmikið og stórt samfélagsmál og afskaplega áríðandi þáttur í menntaumhverfi okkar. Ég brýni hæstv. félmrh. til að gera það að metnaðarfyllsta verkefni sínu að taka á í þessum málum, ekki eingöngu með þessu þriggja ára átaki heldur almennt að fara í lögin, skoða og láta skoða það mjög vel hvar þurfi að taka á í þessum málum annars staðar en hjá ófaglærðum og beina fjármagni inn á þær brautir. Þetta tel ég vera eitt brýnsta málið í dag.

Ég hef stundum sagt að félmrh. hefur verið að taka á málum sem mér hafa hugnast mjög vel og minni ég þar á Barnahúsið, næstum sáluga, og ég hef verið alger bandamaður hæstv. félmrh. í því að það hús og starfsemin þar yrði ekki slegin af, með dæmalausum vinnubrögðum í ríkisstjórninni. Ég brýni hæstv. félmrh. með að vera metnaðarfullur varðandi þessi mál og starfsmenntamálin og endurmenntun þess fólks sem er á vinnumarkaði og þarf á endurmenntun að halda til nýrra starfa og nýrra möguleika. Þetta er það sem þarf að

gera og mun ég styðja hæstv. félmrh. svo sem mér er unnt í því verkefni.

[11:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að frumkvæði að þessari lagasetningu kom ekki frá Alþingi. Það kom heldur ekki frá stjórnarandstöðunni. Það kom heldur ekki frá ríkisstjórn. Það kom frá aðilum vinnumarkaðarins. Þeir höfðu frumkvæði að þessari lagasetningu sem og margri annarri, eins og hv. þm. nefndi, í skattamálum, lífeyrismálum o.s.frv.

Þetta er ágætismál og ekki hægt að hafa á móti slíkum lögum í sjálfu sér nema að því leyti að þau túlka ekki vilja allra landsmanna. Þeir sem vinna að gerð kjarasamninga eru ekki kosnir af öllum landsmönnum. Það er ekki endilega víst að hagsmunir þeirra varðandi mótun á velferðarkerfinu séu hagsmunir þjóðarinnar sem hefur kosið okkur þingmenn til að gæta hagsmuna sinna. Þetta hef ég verið að gagnrýna. Við hv. þm. eigum að hafa frumkvæði að þessari lagasetningu en ekki litlir hópar úti í bæ, hagsmunaaðilar sem hafa jafnvel ekki sömu hagsmuni og þeir sem þeir tala fyrir. Þetta hef ég verið að gagnrýna.

Ég spyr hv. þm.: Hvert er eiginlega hlutverk Alþingis í að móta velferðarkerfið? Stjórnarandstaðan kemur ekki með svona hugmyndir sem eru samþykktar. Ríkisstjórnin gerir það ekki. Það eru aðilar vinnumarkaðarins sem koma með stærstu mál varðandi skattamál og lífeyrismál. Eigum við þá ekki að taka upp það kerfi að þeir verði kosnir af þjóðinni en ekki Alþingi?

[11:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta finnst mér skemmtileg umræða. Hvar er hv. þm. að setja fingurinn? Hann setur fingurinn á ákveðið mein í hinu pólitíska kerfi okkar og hvernig við finnum út vilja meiri hluta þjóðarinnar. Hv. þm. sagði: Stjórnarandstaðan kemur ekki með þessi mál. Stjórnarandstaðan hefur lagt þessi mál fram. Hún hefur ítrekað flutt mál við fjárlagaumræðuna um starfsmenntun í atvinnulífinu og óskað eftir auknu fjármagni til þess. Þetta er eitt af þeim málum sem hún hefur látið sig varða, eins og mörg þeirra mála sem koma svo endanlega hér inn í samskiptum ríkis og verkalýðshreyfingar.

Þegar við tölum hins vegar um meiri hlutann, vilja þjóðarinnar og úrlausn mála á Alþingi, þá skulum við athuga að niðurstaðan er ekki alltaf sú sem meiri hluti fólksins hefði viljað. Hér er aldrei einn flokkur í meiri hluta þannig að meiri hluti þjóðarinnar endurspegli vilja Alþingis. Það endurspeglar ekki vilja meiri hluta þjóðarinnar að hér hefur undanfarin fimm ár verið rekin fullkomin íhaldsstefna. Hún verður ofan á í öllum málum vegna þess að margir sem kusu Framsfl. töldu að hann mundi standa fyrir og verja félagslega þætti. Hann hefur hins vegar ekki staðið undir þeim væntingum. Hverjir eru hagsmunir þjóðarinnar og kemur vilji þjóðarinnar fram í kjarasamningum eða ekki? Það get ég ekki tjáð mig um né heldur hv. þm. Pétur H. Blöndal. Við skulum varast að fullyrða að ríkjandi meiri hluti hér á Alþingi hafi meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig í þeim málum sem þeir knýja hér fram.

[11:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við trúum á lýðræði hljótum við að trúa því að sú niðurstaða sem fæst í almennum kosningum skili niðurstöðu sem er eins nálægt lýðræði og hægt er þannig að meiri hluti á Alþingi sé eins nálægt því að standa fyrir meiri hluta þjóðarinnar og hægt er. Það er örugglega ekki tilfellið með þá sem semja kjarasamninga.

Við búum við það kerfi að hafa samsteypustjórnir þannig að menn þurfa stöðugt að taka tillit til sjónarmiða annarra flokka. Þannig kemst því miður aldrei fram hrein stefna.

En við búum við annað sem ég hef einnig bent á. Það er sérfræðingaveldið. Þjóðfélagið er orðið svo flókið að öll meiri háttar frv. eru samin af sérfræðingum. Ég nefni t.d. frv. sem við höfum nýverið fjallað um varðandi gjaldtöku til Fjármálaeftirlitsins. Það er svo flókið mál að eiginlega getur enginn sett sig inn í það nema Fjármálaeftirlitið sjálft. Frv. er þannig meira eða minna samið af þeim sem það á að eiga við og fjalla um. Þetta er mjög hættulegt vegna þess að borgarinn er berskjaldaður gagnvart slíku sérfræðingavaldi. Þeir sem framfylgja lögum, t.d. samkeppnislögum, eru sérfræðingar á sínu sviði og eru þeir einu sem geta fjallað um og sett saman frv. um það mál. Þetta er mjög hættulegt. Það framtaksleysi sem einkennir löggjöf Alþingis er mjög hættuleg lýðræðinu og við höfum ekki leyfi til að afsala okkur því valdi sem þjóðin hefur veitt okkur.

[11:09]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki þessa umræðu hv. þm. Ég ætla bara að svara henni með þessum orðum:

Lýðræði á Alþingi Íslendinga felst í meirihlutavaldi tveggja flokka. Við fáum að heyra það hverju sinni sem þessir tveir flokkar hafa ákveðið að koma fram máli: Við höfum meirihlutavaldið og það er okkar að ná málum okkar fram í skjóli þess meirihlutavalds.

Það er annar bragur á lýðræðinu í sumum öðrum löndum. Tökum Noreg sem dæmi. Þar er hefð fyrir minnihlutastjórnum. Hvernig gengur það fyrir sig? Þar er reynt að ná víðtækri samstöðu um öll stærri mál og allar meiri háttar breytingar. Í Danmörku eru meirihlutastjórnir en samt hefð fyrir því að reyna að ná víðtækri samstöðu um öll meiri háttar mál. Mér er sagt að þeim mundi ekki detta í hug að reyna að þjösna t.d. breytingum á skólalöggjöfinni í gegnum þingið öðruvísi en að ná stuðningi 80% þingmanna við hana. Það væri fráleitt af því að það byði upp á óstöðugleika í málaflokknum og að við næstu stjórnarskipti yrði kerfinu breytt aftur.

Þannig er unnið með lýðræðið í öðrum löndum. En hvernig er lýðræðið eins og við þekkjum það? Lýðræðið hér er að frv. koma frá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, eru keyrð í gegn með meirihlutavilja tveggja flokka en ekki reynt að ná víðtækri sátt svo lögin lifi til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 225, nál. 561, brtt. 562 og 569.

[11:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um breytingu á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Frv. þetta gengur fyrst og fremst út á að bregðast við breytingum á þessum markaði. Á árum áður var það nánast

eingöngu Sementsverksmiðjan sem flutti inn sement, framleiddi sement og seldi sement í landinu. Nú eru fleiri aðilar að koma inn á markaðinn og meginefni frv. er að bregðast við þeirri breytingu, m.a. breytingum á stjórn.

Nefndin gerir brtt. við frv. Fyrri brtt. felst fyrst og fremst í orðalagsbreytingu sem felur þó í sér að bætt verði inn í lögin ákvæði um að ekki skuli leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem notað er heldur framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum enda greiði sjóðurinn þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

Í öðru lagi er gerð tillaga um breytingu á 3. gr. Þar eru felld niður ákvæði sem veittu ráðherra heimild til að ákveða að flutningsjöfnun væri ekki beitt vegna byggingar orkuvera eða annarra meiri háttar framkvæmda. Samkvæmt tillögu nefndarinnar mun flutningsjöfnun alltaf eiga við.

Tveir hv. nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson, en hv. þm. munu væntanlega gera grein fyrir fyrirvörum sínum.

[11:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. styðja nál það sem hér var kynnt af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og þær brtt. sem nefndin flytur við frv. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Í umræðunni komu fram ýmsar athugasemdir um að lögin væru barn síns tíma og fram þyrfti að fara heildarendurskoðun á ákvæðum þeirra enda hefur ýmislegt breyst frá árinu 1973 þegar lögin voru sett. Lögin hafa vissulega tekið breytingum síðan en það þyrfti að endurskoða markmið þeirra. Ég hef því ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni flutt tillögu þess efnis að við bætist svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Lögin skal endurskoða innan árs frá gildistöku þessara laga.“

Við umræðu um málið kom fram að flestum er ljóst að ýmislegt hefur breyst í byggingarframkvæmdum frá því að lögin voru sett. Menn eru m.a. farnir að notast við ýmiss konar múrblöndur þar sem ekki er sérstaklega getið um hvort sement er í viðkomandi blöndu eða ekki. Innlend fyrirtæki framleiða þessar múrblöndur eða viðgerðarefni úr sementi. Annað er staðsett í Reykjavík og hitt er í Þorlákshöfn. Samkeppnisstaða þeirra versnaði með því að þeim var gert að greiða flutningsjöfnunargjald af sementi. Efnið hafði hins vegar verið flutt inn í miklu magni og ekki greitt flutningsjöfnunagjald af því. Menn töldu það útilokað þar sem þess væri ekki alltaf getið hvort sement væri í þessum blöndunarefnum eða ekki.

Niðurstaða okkar, virðulegi forseti, í nefndinni, þó að við styðjum fyllilega afgreiðslu nefndarinnar á frv. og þær brtt. sem fluttar eru, er að mikil nauðsyn sé að taka lögin til heildarendurskoðunar þar sem þau eru barn síns tíma. Við leggjum til að sú endurskoðun eigi sér stað innan árs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (markaðsgjald). — Þskj. 409, nál. 563.

[11:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum.

Frv. þetta er afar einfalt í sniðum og felst í því að framlengja álagningu svokallaðs markaðsgjalds sem hefur verið nýtt til fjármögnunar á starfsemi Útflutningsráðs. Markaðsgjald er hluti af tryggingagjaldi eða lagt á samhliða því og á sama stofn.

Nefndin fjallaði um þetta mál með hefðbundnum hætti og taldi ástæðu til að framlengja þetta gjald. Ástæðan er sú að þokkaleg samstaða hefur verið um starfsemi Útflutningsráðs og þá fjármögnun sem var tekin upp með þeim breytingum sem urðu á sínum tíma þegar þessi stofn var tekinn upp en það var árið 1998. Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. yrði samþykkt óbreytt í því skyni að lengri tími gefist til að meta hvort ástæða sé til þess í framtíðinni að breyta um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:20]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 495, nál. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:21]

Brtt. í nál. 559, (ný 1. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 225, nál. 561, brtt. 562 og 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]

Brtt. 562,1 (ný 1. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 562,2 (ný 3. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 569 felld með 25:13 atkv. og sögðu

já: EMS, GAK, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, IP, JónK, JBjart, KF, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

25 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GE, GÁS, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JHall, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, RG, SvH, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

[11:23]

Útbýting þingskjals:
Umgengni um nytjastofna sjávar, 366. mál, frv. sjútvn., þskj. 570.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 454.

[11:25]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hlutirnir gerast hratt í þinginu á þessum síðustu dögum en hér er til umræðu frv. til laga um útlendinga. Hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. í gær og fór yfir mörg atriði. Það er afar fróðlegt að skoða þetta frv., svo ekki sé meira sagt, og gaman að setja upp mismunandi gleraugu þegar maður skoðar það. Ef sett eru upp gleraugu framkvæmdarvaldsins hljóta þeir að vera mjög ánægðir með frv. Þingið getur afar lítið fylgst með þessu frv. því það er hvorki meira eða minna en 58 greinar og er gert ráð fyrir a.m.k. 32 reglugerðum. Frv. er því á engan hátt gegnsætt. Það er mikið vald í þessu frv., það er mikið af nálaraugum, það er mikið eftirlit með útlendingum og mörg skilyrði. Ég segi sem svo að kannski er best að fara ekki mikið frá landinu eða fá fólk frá Schengen-svæðinu hingað. Mér finnst fólki vera gert mjög erfitt fyrir. Það er mjög margt sem á eftir að ræða í nefndinni og þetta frv. á vafalaust eftir að vera í nefndinni fram á vorið og þar á náttúrlega eftir að fara fram mjög mikil vinna.

Hins vegar vil ég að sjálfsögðu fagna því að komið er fram nýtt frv. um útlendinga því að lögin, sem við höfum nú í gildi, eru eiginlega orðin eins og götótt dula. Þau eru gömul og um margt eiginlega ekki gott vinnutæki fyrir einn né neinn. Það er ýmislegt í þessu frv. sem við munum skoða áfram í nefndinni og mig langaði aðeins að hlaupa á nokkrum þáttum sem ég rak augun í.

Fyrir það fyrsta eru það allar þessar reglugerðir. Í sumum greinum er gert ráð fyrir tveimur ef ekki þremur reglugerðum sem gerir það að verkum að dómsmrh. hefur mjög mikið vald í málinu en það er líka mjög mikið framsal á valdi. Þegar svona mikið er af reglugerðum er í rauninni erfitt að átta sig á hvernig lögin eiga að virka. Það verður mikilvægt fyrir nefndina að fá fram hugmyndir bæði með þeim embættismönnum, öllum samtökum og öðrum þegar við förum yfir það hvernig þessir hlutir eiga að líta út. Það er mjög mikilvægt að svona frv. sé svolítið gegnsætt þannig að fólk átti sig strax á rétti sínum, hvernig það standi o.s.frv. Það verður því mjög margt sem nefndin þarf að skoða.

Ég ætla aðeins að hlaupa yfir nokkur atriði sem ég hef talið þörf á að skoða sérstaklega og sem mér hefur fundist líka afskaplega sérkennileg. Ef við byrjum t.d. á 6. gr., um vegabréfaáritanir, er þar kveðið á um að dómsmrh. setji reglur. Ég held að það þurfi að setja ákveðin skilyrði í lögin eða fá vitneskju um hvernig þessar reglur eigi að líta út. Jafnframt er í 6. gr. talað um að Útlendingastofnun taki ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Það finnst mér óeðlilegt framsal. Mér finnst að þessir hlutir eigi að vera í utanrrn. eins og þeir hafa verið í sendiráðum og í raun á vegum utanríkisþjónustunnar. Þetta er kannski bara hlutur sem við skoðum í nefndinni áfram.

Ef við tökum 10. gr., sem er um útgáfu dvalarleyfis, þá finnst mér fólki vera gert mjög erfitt þegar talað er um að það skuli hafa dvalarleyfi áður en til landsins er komið því að þetta getur í sumum tilfellum verið mjög erfitt. Talað er um sanngirnisástæður, að það sé í rauninni sú undanþága. Þá er einnig spurning hvort við ættum ekki að reyna að útfæra þessar sanngirnisástæður. Ég held að það væri líka mjög verðugt verkefni fyrir nefndina að ræða það. Inni í þessu mættu hins vegar vera ákveðnar reglur en svo er ekki.

Þá hefur einnig verið spurt af hverju við höfum ekki allan pakkann inni þannig að allt sé á einum stað og þá erum við að tala um dvalarleyfi, búsetuleyfi og atvinnuleyfi. Þannig fengjum við heildstæða löggjöf sem hlýtur að vera markmiðið með því að koma fram með ný og endurskoðuð lög sem verði einnig skilvirkari.

13. gr. frv. fjallar um dvalarleyfi. Mér fyndist að inn í 14. gr. um endurnýjun mætti líka setja inn mannúðarsjónarmiðin. Þau eru þar ekki en spurning hvort þau ættu ekki að vera í 14. gr. Við 1. umr. frv. skoðar maður það sem manni finnst að betur megi fara og hvað mætti bætast við og mér finnst mannúðarsjónarmiðin vera eitt af því sem nefndin eigi skoða þar.

Í 15. gr. finnst mér námskeið í íslensku afar mikilvæg. Þar er gert ráð fyrir ákveðinni reglugerð. Ég held að það þurfi líka að ræða um hvaða innihald við erum að tala, hvaða undanþágur. Auðvitað eru þær líka til staðar þannig að það sé líka mjög læsilegt því að þessi lög verða líka tæki fyrir þá útlendinga sem koma til landsins. Við megum ekki gleyma því að útlendingar kynna sér fremur lögin en þær reglugerðir sem eru í gildi þannig að það er spurning að skoða reglurnar um námskeiðin.

Mig langar að benda á að í 17. gr. er gríðarlega mikil tilkynningaskylda. Í síðustu mgr. 17 gr. segir, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf."

Áður hafa komið ábendingar um af hverju ekki sé nóg að fólk tilkynni Hagstofunni breytingar og öðrum til þess bærum aðilum, af hverju þurfi eitthvert sérstakt eftirlit á alla þessa þætti. Mér finnst að við eigum líka að skoða hvort ekki sé eðlilegt að fólk gangi inn í þau kerfi sem við teljum okkur sjálfum gagnast.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði athugasemd við 18. gr. frv., g-liðinn þar sem segir ef „hann samkvæmt mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum," af hverju viðkomandi má ekki koma til landsins. Þetta er náttúrlega mjög matskennt og er spurning hvaða sjúkdóma við viljum telja upp. Ég er auðvitað ekki að tala um þá aðila sem eru þekktir að einhverju, við erum með á skrá o.s.frv. Mér finnst að við þurfum að ræða hvernig þessi grein virkar.

25. gr. fjallar um leiðbeiningarskyldu og mig langar að ræða aðeins almennt um lögfræðiaðstoð við útlendinga. Ég held að við hefðum átt að velja þá leið sem er verið að

breyta á Norðurlöndunum og sum lög þar eru mun framsæknari en önnur. Ég á lista um hvernig þessum málum er háttað varðandi lögfræðistuðning á Norðurlöndunum. Það er mjög mikilvægt að það sé ekki á kostnað viðkomandi heldur séu það ákveðin réttindi fyrir útlending eða flóttamann að fá talsmann eða lögfræðing ef upp koma einhver vandræði hjá honum. Það er afar mikilvægt þannig að við virðum öll mannréttindi. Mér finnst því að við eigum að bera saman hvað hefur verið að gerast í annarri löggjöf. Sumir fá lögfræðiaðstoð algerlega fría þannig að fólki er fenginn lögfræðingur, bæði í tengslum við mannréttindasamtök og aðra. Það er afar mikilvægt að fólk hafi þann rétt. Það er ekki það fyrsta sem útlendingar gera þó að þeir hafi verið hér í smátíma að reyna að finna sér lögfræðing. Það er því mjög mikilvægt að það sé réttur sem fólk hefur. Það væri mjög gaman fyrir nefndina að skoða samanburðinn.

Í 29. gr. segir: „Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför og gera rannsókn á erfðaefni af útlendingi sem ...“ — og síðan koma ákvæðin, t.d. má taka DNA-sýni af fólki ef því hefur verið synjað um hæli. Hvert erum við að fara? Ég bið virðulegan þingheim að íhuga hvort við erum ekki að ganga fulllangt í því að við getum hreinlega tekið DNA-sýni ef viðkomandi er synjað um hæli. Erum við ekki að ganga einum of langt í einhverjum rannsóknum? Allt verður þetta að þjóna ákveðnum tilgangi því ef við erum með fingraför og ljósmyndir og annað til að bera saman í safni, eigum við að fara að koma upp einhverjum DNA-banka hér með alheimsglæpamenn eða hvað? Mér finnst að við eigum að fara aðeins varlega, við eigum að draga andann djúpt.

Mig langar að halda aðeins áfram með 29. gr., þar segir, með leyfi forseta:

„Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.“

Mér finnst þetta afskaplega langur tími, 12 vikur eða þrír mánuðir. Mér finnst það mjög hægfara rannsóknakerfi ef við getum haldið útlendingi í fangelsi í allt að þrjá mánuði. Ég vil að við íhugum þetta. Það verður mjög gaman og fróðlegt að fá umsagnir frá ýmsum samtökum og kannski líka um þennan þátt þannig að ég held að það sé afar mikilvægt.

34. gr. er um réttaraðstoð þar sem dómari skipar útlendingi talsmann. Það er afar gott og ekki vanþörf á og auðvitað er margt til mikilla bóta.

Svona má fara yfir þetta frv. og nefndin mun að sjálfsögðu gera það en það sem ég vil líka gera örlítið að umtalsefni og held að sé til íhugunar fyrir okkur í allshn. og fyrir þingheim er hvað varðar vernd gegn ofsóknum. Það er ekki í frv. sem ég veit að hefur verið ákall um að færa inn í lög og það er vernd vegna barna. Alls staðar eru komin sérákvæði um vernd barna. Það tel ég mjög eðlilegt að við tökum upp. Við þurfum því að hafa það sem sérstaka klásúlu hér inni þannig að það sé skýrt.

Einnig er talað um vernd kvenna vegna félagsleg hlutverks þeirra sem þarf líka að setja um erlendar konur. Það er líka í öðrum lögum og við þurfum skoða þann samanburð líka. Við þurfum líka að setja inn vernd gagnvart ofsóknum ef við tökum mál eins og Salman Rushdie. Ofsóknir eru á svo marga vegu. Mér finnst að við eigum að skoða það og íhuga vel og vandlega hvernig við getum tryggt þessa vernd, bæði gagnvart trúarofsóknum og öðru. Ég held að við eigum að hafa það inni í löggjöf okkar.

Ég held að ég hafi þetta ekki meira að sinni en veit að nefndin mun skoða þessi mál afar vel og kalla marga til. Það verður mikil og skemmtileg vinna fram undan. Hér er ýmislegt sem mér finnst þurfa að laga strax en ýmislegt er að sjálfsögðu til bóta þó að ég hafi ekki tíundað það.

[11:40]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sagði í upphafi ræðu sinnar að frv. þetta fæli í sér mikið eftirlit og mörg skilyrði. Ég verð að segja að ég tek undir það en ég fagna því um leið því að ég tel að það sé í lagi að hafa mikið eftirlit svo lengi sem það er sanngjarnt. Ég tel í lagi að setja fram mörg skilyrði svo lengi sem þau eru sanngjörn og með tilliti til allra mannúðarsjónarmiða. Ég segi líka eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir að maður er rétt búinn að hlaupa yfir frv. og við eigum eftir að fara vel yfir þetta í nefndinni en mér sýnist frv. vera mjög vandað og mikið í lagt. Eflaust má þó fara betur yfir það og við komum til með að gera það í nefndinni. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að hafa farið mjög málefnalega yfir sviðið og rætt eitt og annað.

Ég hjó eftir því að hv. þm. ræddi m.a. um 29. gr. þar sem hv. þm. fann að gæsluvarðhaldi sem mætti ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt en við fyrstu sýn tel ég að það sé dómari sem metur þetta. Ég treysti því fullkomlega að dómari meti þau gögn sem fyrir hann eru lögð í hverju og einu tilviki þannig að ég kem ekki til með að efast um það nema annað komi til.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kom með margar athyglisverðar ábendingar eins og um mannúðarsjónarmiðin. Ég get hins vegar ekki tekið undir að umsóknirnar eigi að vera áfram hjá utanrrn. Ég held að það sé betur farið að þetta sé allt á einum stað þar sem er yfirlit og yfirsýn yfir þetta, hverjir það eru sem sækja um en það er eðlilegt að viðkomandi sendiráð eða umboðsmenn sjái síðan um framkvæmdina erlendis.

[11:42]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta einmitt fyrst og fremst vera mál sem við eigum eftir að ræða í nefndinni. Ég treysti líka dómstólum afar vel með þessar 12 vikur en mér finnst það samt a.m.k. umræðunnar virði að velta fyrir sér hve við erum að tala um mikinn hámarkstíma.

Ég fer ekki ofan af því að ég held að það eigi alltaf að vinna dálítið hratt og þétt í svona málum. Fólk er ekki í heimalandi sínu, það eru erfiðar kringumstæður þannig að mér finnst að við þurfum að skoða það svolítið. Við eigum auðvitað eftir að fá bæði aðila frá dómstólaráði og ýmsa aðra til að ræða þessi mál.

Mér fannst hins vegar, og það er kannski bara áferðin á því, að utanríkisráðuneyti annars staðar hefðu verið með vegabréf eða lögreglan. Þetta er kannski ákveðinn óvani hjá mér, mér finnst bara vera komið ofboðslega mikið þarna inn þannig að ég er í rauninni að setja ákveðnar spurningar við hvernig framkvæmdin verður. Það er kannski bara ágætt, þá fáum við ákveðna umræðu um það. Ég held að það geti orðið mjög frjó og skemmtileg umræða í allshn. um þetta frv. því að það er mjög margt í því en líka margt sem getur vakið spennandi umræður um mannréttindi og fleira.

[11:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér fer fram afskaplega mikilvæg umræða og mikilvægt frv. Það er auðvitað ankannalegt að vera að ræða það við 1. umr. á þessum degi sem átti að vera lokadagur þingsins en engu að síður ætti það að tryggja að þetta mál yrði tekið fyrir sem eitt af fyrstu málunum hjá allshn. þegar hún tekur til starfa að loknu jólahléi þingmanna.

Þetta frv. er allt annars eðlis en það frv. sem við ræddum fyrir viku og var gagnrýnt mjög sterklega að kæmi fram eitt og sér sem fjallaði um heimild samkvæmt Dyflinnarsamningi að endursenda hælisleitandi flóttamenn. Þetta er ítarlegt frv. um útlendinga. Eins og áður hefur verið rætt þegar við töluðum um málefni þeirra er mjög mikilvægt að lög, sem verða sett núna um útlendinga, spanni þann lagaramma sem snýr að flóttamönnum sem við höfum boðið velkomna hingað til lands og opnað faðminn fyrir. Það er oftast nær þannig að við höfum sent fólk okkar út og það hefur valið úr einhvern hóp. Undanfarið hefur verið valinn um það bil 30 manna hópur á ári sem er boðinn velkominn til að setjast að og greidd er gata þeirra til búsetu, oftast nær út á landsbyggðinni.

Þessi lagabálkur þarf að spanna öll réttindi hælisleitandi flóttamanna sem koma óvænt að og við erum ekki með opinn faðminn gagnvart, þvert á móti, og tryggja þarf lagaumhverfi þeirra sem flokkast undir erlent vinnuafl og koma hingað tímabundið, fólk sem kemur hingað til starfa af ýmsum ólíkum orsökum og hefur reynst vera mjög mikilvægt í þjóðlífi okkar og svo í fjórða lagi það fólk sem velur Ísland til búsetu og heyrir e.t.v. ekki til neins þessara þriggja hópa sem ég hef nefnt. Allshn. þarf að fara yfir frv. og kanna hvort það tryggi þann lagagrundvöll sem er svo mikilvægur fyrir þá hópa sem ég hef nefnt.

Þá er því ábótavant, herra forseti, eins og við fögnuðum því að þetta frv. kæmi á borð okkar þó seint væri, mjög ábótavant í sumum tilfellum. Því er ábótavant og það eru á því miklir megingallar. Þeir hafa verið dregnir fram hér. Í fyrsta lagi er í frv. allt of mikið framsal. Ráðherra er gefið vald til þess að taka á málum og Alþingi framselur vald til ráðherra. Þeir sem hafa farið ítarlega yfir frv. halda því fram að þar séu heimildir til meira en 30 reglugerða. Það er mjög mikið umhugsunarefni ef þetta er rétt vegna þess að það hefur verið að gerast á undanförnum árum að í æ ríkari mæli hafa menn reynt að komast fram hjá reglugerðarvaldinu og ekki síst vegna þess að með miklu reglugerðarvaldi er mjög auðvelt að fara út fyrir lagarammann. Fyrir hefur komið að umboðsmaður Alþingis hafi gagnrýnt það að Alþingi hafi sett lög með miklu framsali. Þegar við fáum á borð okkar frumvörp með lagabreytingum vegna þess að í ljós hafi komið að einhvers staðar sé hjá framkvæmdarvaldinu í framkvæmd eitthvað sem ekki hefur lagastoð þá er það vegna þess að við höfum verið of örlát með reglugerðarvaldið. Það er fullkomlega óþolandi, loksins þegar þetta frv. kemur inn í þingið eftir áralanga bið og eftirrekstur, ef það er svo þannig að allvíða og jafnvel á viðkvæmum stöðum er verið að ákveða að útfærslan verði svo ráðherrans. Það er ekki þannig sem við viljum hafa mannréttindamálin. Við viljum skapa mjög góðan mannréttindaramma um þau atriði sem heyra undir lög sem byggja á alþjóðasamningum þar sem mannréttindi eru í heiðri höfð. Þetta er fyrra atriðið og ég tek fram að ekki hef ég verið að telja reglugerðarheimildir. En þetta hefur þegar komið fram í umræðunni.

Í öðru lagi er skortur á stefnumótun í frv. Frv. er, eins og hér hefur komið fram, ítarlegt og víða er verið að taka á málum. Þá er spurningin: Hversu skelegglega er það gert? Hér hefur það verið orðað þannig að í of ríkum mæli sé verið að leita leiða til að stjórnvöld geti komið óæskilegum útlendingum úr landinu. Ef þetta er rétt þá ætla ég að leggja til að allshn. fari mjög ítarlega yfir frv. vegna þess að þetta má alls ekki verða það sem kemur út úr lögum frá Alþingi loksins þegar tekið er verulega á í málefnum útlendinga.

Svo hefur komið fram að atvinnuleyfisvinkillinn sé ekki í frv. Þá er væntanlega átt við að á skorti í lagaákvæðunum það sem snýr að umgjörð eða réttindum þess sem við köllum erlent vinnuafl. Á þessum síðustu annadögum þingsins er náttúrlega alveg ljóst að við höfum ekki öll getað lesið frv. ítarlega enda hefur það komið fram í máli allra sem hér hafa talað. En ef þetta er rétt þarf verulega að fara yfir þetta mál í allshn. og leiðrétta það sem leiðrétta þarf og taka á ef menn meina eitthvað með því að hafa mannréttindasjónarmið að leiðarljósi samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem við höfum undirgengist.

Herra forseti. Við vorum fyrir viku að ræða annað frv., 284. mál, frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum. Það var bara ein málsgrein.:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Í þeirri umræðu gagnrýndi sú sem hér stendur það harðlega að þarna væri verið að gefa Íslandi tækifæri til að firra sig ávallt ábyrgð ef við kysum svo vegna þess að ef við eigum alltaf möguleika á því að senda útlending til annars lands sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins — í greinargerðinni kemur fram að það séu ESB-löndin og Noregur og Ísland — þá þurfum við aldrei að taka þær erfiðu ákvarðanir sem fylgja því þegar við fjöllum um málefni hælisleitandi flóttamanns og ætlum e.t.v. að leita faglega réttlátra leiða. Þá er mjög einfalt og auðvelt, ef stjórnvöld á hverjum tíma óska þess, að senda til svokallaðs þriðja lands. Þá vaknar strax sú spurning vegna þess að þetta er málefni sem á heima í frv. sem við erum að fjalla um í dag að það verður að sjálfsögðu að taka afstöðu til þessa, þ.e. hvernig þetta verður orðað í lögunum sem verða sett samkvæmt þessu frv. Og þá ber fyrst á góma að við erum með stefnumótun frá því fyrir viku sem byggir á svokölluðum Dyflinnarsamningi, en þegar hefur komið fram í þessari umræðu að við erum ekki enn þá aðilar að Dyflinnarsamningnum.

Fyrsta spurning mín til hæstv. dómsmrh. er hvort ekki sé hárrétt að við séum ekki enn þá aðilar að Dyflinnarsamningnum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að verið er að vísa 7. gr. Schengen-samstarfsins inn í þennan Dyflinnarsamning. En það er líka alveg ljóst að þrátt fyrir þann samning getum við mótað okkar eigin reglur um flóttamenn og að sjálfsögðu um erlent vinnuafl og að sjálfsögðu um börn og aðbúnað allra þeirra sem hafa sest hér að og við þurfum að vernda. Við eigum því að sýna þann metnað að setja lög eins og við viljum hafa þau.

Spurning númer tvö lýtur jafnframt að þessu með hælisleitandi flóttamenn vegna þess að ráðherrann svaraði því ekki í stuttri fyrirspurn í umræðunni fyrir viku. Hún er þessi:

Þegar um hælisleitandi flóttamann er að ræða og við erum búin að lögfesta Dyflinnarsamninginn eða Schengensamkomulagið og það er í slíkum samkomulagssamningum sem er að finna ákvæðið um þriðja ríkið, ekki í flóttamanna-

samningi Sameinuðu þjóðanna, ekki í alþjóðlegu samningunum sem byggja á mannréttindum, þá verður það þannig að ef t.d. flóttamaður hefur komið frá einhverju þriðja ríki eins og við köllum þau — við skulum segja að hann fari til Frakklands og kemur svo frá Frakklandi hingað, við skulum segja hann fljúgi frá París til Íslands — þá er samkvæmt þessari *reglu hægt að ákveða að endursenda þennan útlending* til þessa örugga þriðja ríkis eins og þau eru flokkuð samkvæmt þessum samningum og senda hann aftur til Frakklands.

Ég spurði hæstv. ráðherra: Ef við ákvæðum þessa meginreglu, í hvaða tilfellum mundi slíkur einstaklingur, ef hann væri að biðja um hæli í Frakklandi, vera sendur til Íslands? Ég tel að hann yrði í engu tilfelli sendur til Íslands vegna þess að þetta svokallaða örugga þriðja ríki er þegar maður kemur frá staðnum sem hann er ofsóttur til lands númer tvö í Vesturheimi, í þessum svokölluðu öruggu löndum, fer þaðan til þriðja lands og það þriðja land gæti sent hann til baka. Við búum einfaldlega þannig að það er aldrei neinn að koma beint hingað frá þessum hættulegu löndum. Hann verður að koma við annars staðar. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir. Það þýðir ekkert að vera með fallegar ræður á hátíðarstundum um mannréttindi, skilning og að axla ábyrgð í samfélagi þjóðanna og ætla að taka sinn skerf af því að huga að *erfiðleikum fólks ef við erum aldrei í þeirri stöðu* að vera þetta örugga þriðja ríki sem aðrir senda mann til en erum alltaf í þeirri stöðu sjálf að geta sent hann annað. Þetta er meginatriði sem ég saknaði í umræðunni fyrir viku og ég hlýt að taka það upp hér vegna þess að mér fannst ráðherrann ekki skilja hvað við væri átt og mér fannst aðrir þingmenn sem hlýddu á umræðuna ekki átta sig á því sem felst í reglunni um „safe third country" eins og hún er ölluð í þessum samningum. Þetta er mjög mikið lykilatriði.

Herra forseti. Fyrir viku var ég mjög þakklát fyrir að það mál sem þá var rætt hafði ekki verið tekið fyrir á mánudeginum á undan og mér finnst að það hafi skipt máli. Þá var hér mjög góð og málefnaleg umræða um það frv. sem lá fyrir. Fyrirhugað var að afgreiða það mál og gera það að lögum fyrir jól. Nú hefur allshn. komist að þeirri niðurstöðu að það beri ekki að gera. Það mál bíður og nú erum við að ræða þetta stóra útlendingafrv. og það gefur okkur tækifæri til þess að skoða allar lagagreinarnar í samhengi, réttindamálin, ákvæði um endursendingu o.s.frv. þannig að enginn getur komið hér eftir á og sagt: „Við vissum ekki hvað við vorum að gera." Það hefði getað gerst í hinu tilfellinu ef við hefðum lögfest lagafrv. um hælisleitandi útlendinga eins og til stóð fyrir viku.

Ég er mjög ánægð með að þannig var haldið á málum og að ákvörðun hefur orðið um það að geyma hitt frv. og taka fyrir þetta brýna mál um réttindi útlendinga. Ég treysti því að allshn. fari mjög vel yfir umræðurnar hér og ábendingarnar þannig að það sé alveg ljóst að þau álitamál sem hefur verið hreyft hér verði tekin fyrir og að fyrir liggi pólitísk ákvörðun um að fara ekki mannréttindaleiðina heldur einhverja aðra leið ef það verður þá niðurstaðan.

Ég segi að við eigum að axla okkar ábyrgð eins og allir aðrir í samfélagi þjóðanna en ég vil nefna það að víða hafa menn mjög miklar áhyggjur af breyttri flóttamannapólitík í Evrópu. Það er verið að tala um það víða í mannréttindageiranum að Evrópa sé að víggirðast og loka sig af. Þetta er umfjöllun sem á sér stað líka þar sem fræðimenn eru að skoða stöðuna. Ég fékk ábendingu um þetta í fyrra vegna þess að vinkona mín er að læra þessi fræði í Bandaríkjunum og þar hafa komið fram viðamiklar skýrslur þar sem einmitt er bent á þetta og að verið sé að gera grundvallarbreytingu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að ef við gerum slíka grundvallarbreytingu þá erum við bara að skapa gífurleg vandamál í útjaðri Evrópu þar sem Evrópa er ystu landamæri, í löndum þar sem eru ystu landamæri. Þetta verður ekkert einfalt ef við ætlum að vinna samkvæmt milliríkjasamningum og Evrópusamningum. Ef það á að reisa víggirðingu alls staðar í kring þá mun sennilega aldrei reyna á þær áhyggjur sem ég er að setja hérna fram. Það mun ekki reyna á þær. En þetta eru mikil grundvallaratriði og miklar grundvallarspurningar hjá þjóð sem hefur mjög sterk mannréttindaákvæði í stjórnarskrá sinni. Þetta eru grundvallarspurningar þjóðar sem er í fararbroddi. Við höfum mörg hvatt utanrrh. okkar á hverjum tíma til að vera sterk mannréttindarödd á alþjóðavettvangi og það hefur verið ein af fjöðrunum í hatti núv. utanrrh. að hann hefur unnið sér nokkurn sess hjá mannréttindasamtökum einmitt vegna þess að hann hefur verið þessi rödd í Evrópuráðinu og víðar. Þetta er mjög mikilvægt. En ef við ætlum að vera þannig og viðhafa slíka umræðu þá er líka alveg ljóst að við verðum á sama tíma að setja þannig lög hjá okkur að við getum verið stolt af því að vísa til þeirra, stolt af því að við höfum litið til allra átta og að við séum að skapa umhverfi sem sé til sóma og að við ætlum að taka okkar skerf. En ef við ætlum ekki að hleypa fólki inn þá eigum við líka að hafa tryggt að á öllum sviðum hafi þeim sem hingað leita verið tryggður málsvari, öll lagaaðstoð, réttur til að tjá sig, túlkur og hvað eina það sem þarf til þess að það engin mistök verði gerð í efnis- og málsmeðferð þess sem hingað kemur.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja við þessa umræðu. Ég fagna frv. Ég óttast þó að því sé mjög ábótavant en ég ætla að vona að allshn. bæti úr því sem er ábótavant í frv. og við getum sameinast um það, eins og við gerum oft í slíkum málum, að setja lög þar sem bæði stjórn og stjórnarandstaða standa saman að lagasetningunni. Ég vænti þess að þannig verði það nú.

[12:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég ætla hins vegar að fagna því að fram skuli koma heildarlöggjöf sem tekur til útlendinga þar sem fest eru í lög ákvæði sem snerta réttarstöðu þeirra. Ég fagna því einnig að þetta skuli gert á heildstæðan hátt og að frv. sem hér kom til umræðu í síðustu viku held ég að hafi verið, þar sem tekið er á einum sérstökum þætti skuli hafa verið sett í salt og verði tekið til afgreiðslu heildstætt með þessu frv. Þar var um að ræða lögfestingu á svokölluðum Dyflinnarsamningi sem að mínum dómi hefði veikt réttarstöðu útlendinga, hælisleitenda sem hingað kæmu til landsins, það hefði á engan hátt styrkt stöðu þeirra heldur veikt hana.

Okkur var sagt og ég efast ekki um að Dyflinnarsamþykktin eða sáttmálinn þurfi að fá lagastoð áður en Schengensamkomulagið kemur til framkvæmda í marsmánuði, 25. mars mun það vera, en okkur ætti að gefast tími til að taka heildstætt á þessum málum áður og ég fagna því að það skuli verða gert.

Ljóst er að styrkja þarf réttarstöðu fólks sem hingað kemur en ég vil þó leggja áherslu á að rétti vegurinn er mjög vandfundinn á milli þess annars vegar að verja samfélag okkar fyrir óprúttnu fólki sem er á ferðinni, við skulum ekki ganga að því gruflandi að slíkir einstaklingar eru á ferð-

inni í heiminum og hverju samfélagi ber að vera vakandi gagnvart þeim og verja sig gagnvart slíku fólki. En vegurinn er vandfundinn á milli þessa sjónarmiðs annars vegar og mannréttindanna hins vegar, þ.e. að standa vörð um réttindi þess fólk sem af mannréttindaástæðum eða vegna ofsókna heima fyrir hefur hrakist frá heimalandi sínu. Við eigum að taka alvarlegar ábendingar sem komu frá framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofunnar í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu að við stöndum ekki nægilega vel að verki, við höfum ekki farið að grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hvað snertir hælisleitendur því að þeir hafa verið krafðir um skilríki sem þeir eðli máls hafa ekki haft undir höndum. Hins vegar legg ég á það áherslu að ég lít engan veginn á þetta sem eitthvert einfalt mál. Það geri ég alls ekki. Það þarf að finna þarna hinn gullna meðalveg, en ég tek undir sjónarmið þeirra hv. þm. sem hér hafa talað um mikilvægi þess að við verjum mannréttindin í hvívetna.

Við skoðun á þessu máli er að ýmsu að hyggja. Ég tek undir það sem kom m.a. fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um framsal sem er að finna í frv. í hendur framkvæmdarvaldinu, í hendur ráðherra. Að slíku þarf að hyggja við skoðun á þessum málum.

Ég ætla ekki að lýsa afstöðu minni að öðru leyti en fagna því að heildstæð löggjöf skuli verða sett. Nauðsynlegt er að fara mjög rækilega yfir þessi mál og leita til allra þeirra aðila sem láta sig þau varða og þá ekki síst mannréttindasamtakanna.

[12:06]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu og hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir ætla ég að við séum öll sammála um að sé löngu tímabært að komi fram, enda alvitað að núgildandi lög um eftirlit með útlendingum eru að stofninum til frá 1965.

Frv. felur í sér, eins og fjallað hefur verið um, heildarendurskoðun á eldri lögum sem því er ætlað að leysa af hólmi en frv. er hins vegar engin heildarlöggjöf um útlendinga eða málefni þeirra. Frv. fjallar fyrst og fremst um réttarstöðu útlendinga við komu til landsins, við brottför og dvöl þeirra hér og tiltekin skilyrði til dvalar og búsetu og þeirra leyfa sem frv. áskilur. Eins og fram hefur komið geymir frv. fyrst og fremst meginreglur, skilyrði og ramma sem framkvæmdarvaldinu er ætlað að starfa innan og takmarkar ákvörðunarvald framkvæmdarvaldsins. En útfærsla tiltekinna efnisreglna og ýmissa atriða er varðar framkvæmd laganna er hins vegar eftirlátin ráðherra að kveða á um í reglugerðum.

Í frv. er gert ráð fyrir mjög víðtækum reglugerðarheimildum til ráðherra, bæði um ýmis efnisatriði sem lögin fjalla um og líka um framkvæmd laganna. Það skiptir geysilega miklu máli að vandað sé til þeirra reglugerða við smíði þeirra og þær verða auðvitað ekki hristar fram úr ermi ráðuneytisins en jafnframt er ljóst að það mun taka nokkurn tíma sem skýrir m.a. hvers vegna ekki er gert ráð fyrir gildistöku þessara laga fyrr en 1. júlí þrátt fyrir að aðild okkar að Schengensamstarfinu hefjist 25. mars. Því virðist óhjákvæmilegt að óbreyttu að setja enn einn plásturinn á gildandi lög um eftirlit með útlendingum með því að lögleiða það sem hér hefur stundum verið vísað til sem litla frv. á þskj. 313 eða 284. máls, en fyrir því hefur þegar verið mælt, það hefur verið rætt og því vísað til hv. allshn. sem hefur hafið umfjöllun um það þó það hafi ekki verið afgreitt frá nefndinni. Vegna orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um það frv. og gildi þess að þjóðarrétti, þá er rétt að fram komi að til stendur eftir áramótin að leggja fram þáltill. um löggildingu Dyflinnarsamningsins og fyrr verður sá samningur ekki skuldbindandi fyrir okkur.

En við gerð þessa frv., sem hér er til 1. umr. kom fram í máli hæstv. dómsmrh. og er gerð grein fyrir því í athugasemdum með frv. að að verulegu leyti var stuðst við norsku útlendingalögin og þau eru í sjálfu sér eðlileg fyrirmynd vegna sömu stöðu okkar og Norðmanna vegna aðildar að EES-samningnum og Schengen-samstarfsins innan ESB. En það kemur einnig fram að við gerð þessa frv. var horft til þróunar og breytinga á löggjöf um málefni útlendinga, jafnt almennra laga, stjórnarskrár og mannréttindasáttmála og annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga sem við erum aðilar að. En þegar ákveðin og lögfest aðild okkar að Schengensamstarfinu hefur haft í för með sér töluverðar breytingar á frv. frá því það var fyrst lagt fram á 123. löggjafarþingi vorið 1993 en aðild að því samstarfi, svo og skuldbindingar samkvæmt Dyflinnarsamningnum um meðferð hælisleitanda sem gert var ráð fyrir aðild okkar að í athugasemdum við 7. gr. samningsins um þátttöku okkar í Schengen þýðir auðvitað í mjög verulegum atriðum samræmdar evrópskar reglur um þau málefni sem við erum hér að fjalla um.

Herra forseti. Frv. felur ekki í sér stefnumörkun í málefnum innflytjenda eða nýbúa og það fjallar ekki um stöðu útlendinga hérlendis, hvorki gagnvart félags- eða heilbrigðisþjónustu né skólakerfinu og það geymir engar reglur, stefnu eða leiðbeiningar um hvernig við ætlum að búa að því fólki sem kýs að koma hingað, setjast að til lengri eða skemmri tíma og starfa á íslenskum vinnumarkaði. Sú vinna að móta stefnu í málefnum innflytjenda er óunnin enn þá og þá vinnu tel ég brýnt að hefja og ljúka sem fyrst og áður en þau vandamál sem innflytjendur standa frammi fyrir og vandamál samfélagsins sem tengjast þeim verða stærri en þegar er orðið til tjóns jafnt fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem hlut eiga að máli og samfélagið. Það verður auðvitað ekkert aftur snúið með þá þróun innan Evrópu og alþjóðavæðinguna sem við erum þegar þátttakendur í en það skiptir mjög miklu fyrir okkur að taka þannig á þeim málum að það verði til hagsbóta fyrir íslenskt fjölmenningarlegt samfélag þar sem við öll viljum að jafnræði ríki.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vísaði þegar umræða hófst í gær um þetta frv. til orða eins gests hv. allshn. að hann hefði talað um að litla frv. og Dyflinnarsamningurinn, sem þar er vísað til, væri þægilegt verkfæri til að losa okkur við fólk. Ég sé mig tilneydda að leiðrétta þessi orð vegna þess að umræddur gestur talaði um að þetta væri þægilegt og nauðsynlegt verkfæri fyrir þá sem ynnu að málefnum útlendinga, lögreglu og útlendingaeftirlit til að starfa eftir. Hann sagði aldrei „til að losa okkur við fólk".

Í umræðu á síðasta þingi um Schengen og aðild okkar að því samstarfi og um niðurfellingu vegabréfaeftirlits kom m.a. fram að heimildir lögreglu erlendis sem og hér á landi væru óskertar til að krefja útlendinga um skilríki til að sanna deili á sér og ég vil rétt hnykkja á því líka af því að gefið var til kynna hér í gær að það væri eitthvað óeðlilegt við slíkt eftirlit.

En ég fagna því mjög að þetta frv. er fram komið og ég vænti þess eins og aðrir sem hér hafa talað að það fái mjög ítarlega og vandaða meðferð í hv. allshn. að loknu umsagnarferli og með því að mælt er fyrir málinu nú vonast ég til að þeir sem koma til með að gefa umsögn um það fái til þess

góðan tíma og málið fái að öðru leyti mjög vandaða meðferð í allshn. Ég vænti þess einnig að allshn., bæði trúaðir og vantrúaðir í henni, gæti þar mannréttinda til hins ýtrasta og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem við erum aðilar að.

[12:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp við 1. umr. þessa máls til að benda á nokkur atriði sem ég tel að hv. allshn. þurfi að taka til sérstakrar athugunar í umfjöllun sinni um þetta viðamikla frv. Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. sem hér hafa tekið til máls er um grundvallarlagasetningu að ræða, mjög viðamikla sem mun hafa auðvitað mikil áhrif um ókomin ár.

Það er kannski óþarfi að fara út í umræðu um hvers vegna það hafi tekið svona langan tíma að endurskoða þessi lög. Gömlu lögin eru frá 1965 eins og þingheimi er fullkunnugt um. Nú er hin endurskoðaða útgáfa komin, frv. til laga um útlendinga. Það heitir reyndar ekki lengur frv. til laga um eftirlit með útlendingum og verður það að teljast til bóta en kannski ætti það að heita frv. til laga um réttindi útlendinga.

Ég vil eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir benda á það að víða í frv. er gert ráð fyrir reglugerðarsetningu eða því að hæstv. dómsmrh. setji nánari reglur um hvernig þessum lögum skuli framfylgt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi sem mest að vera í lögunum sjálfum, þau eigi að vera skýr og þau eigi að vera einföld og sem minnst í höndum framkvæmdarvaldsins um nánari útfærslu þeirra.

Í 15. gr. frv. er fjallað um svokallað búsetuleyfi. Ég vænti þess að hv. allshn. muni fjalla vandlega um þessa grein og til hvers svonefnt búsetuleyfi sé, hvað það þýði í raun. Mér hefur verið sagt að í lagamáli sé búsetuleyfi leyfi til að sitja í óskiptu búi. Ég læt það liggja á milli hluta.

Í 15. gr. er einnig kveðið á um að dómsmrh. geti sett reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga þar sem kveðið yrði á um lengd námskeiðs, lágmarkstíma, vottorð staðfestingar þátttöku o.s.frv. Mér finnst óheppilegt að nálgast þetta mál, þ.e. íslenskunám útlendinga, með þessum hætti. Hvers vegna á að skylda þá sem hafa búsetuleyfi til að læra íslensku? Hvað með maka íslenskra ríkisborgara? Hvað með EES-borgara, ef út í það er farið? Ég er ekki viss um að þetta gangi upp. Auk þess er ég þeirrar skoðunar að í grundvallaratriðum sé rangt að skylda fólk til að læra íslensku. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hvetja fólk til að læra íslensku. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að gera það ódýrt og auðvelda fólki að læra íslensku. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að sjá til að atvinnurekendur sjái launþegum sínum fyrir þjónustu á þessu sviði. Mér finnst í hæsta máta óheppilegt að skylda fólk til að læra tungumálið. Ég vænti þess að hv. allshn. fjalli ítarlega um þetta ákvæði frv.

Skilgreining á flóttamönnum í þessu frv. er samkvæmt flóttamannasamningnum. Í 44. gr. segir:

„Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951."

Flóttamannasamningurinn er barn síns tíma ef þannig má að orði komast. Hann er frá upphafi 6. áratugarins. Margt hefur breyst í veröldinni undanfarin 50 ár. Margoft hefur verið bent á það á alþjóðlegum vettvangi að þessi skilgreining ein og sér, þó að hún sé grundvöllurinn, nægi ekki af því að vernda þurfi fólk gegn ýmsu öðru. M.a. þarf að kveða á um sérstaka vernd kvenna og sérstaka vernd barna. Þeim fer fjölgandi flóttabörnunum á jörðinni sem eru ekki í umsjón fullorðinna, t.d. munaðarlaus börn í Afríku sem hafa misst foreldra sína vegna alnæmis og lent á vergangi. Ýmsar aðstæður hafa skapast sem gera það að verkum að við verðum að hafa þessa skilgreiningu eins ítarlega og við getum. Það þarf ekki bara að kveða á um vernd gegn ríkisvaldinu heldur einnig því sem á ensku kallast „nonstate agents". Það gætu þess vegna verið skæruliðahópar, aðrir slíkir hópar eða aðilar sem ógna lífi eða lífsskilyrðum fólks. Ég bið hv. allsherjarnefndarmenn að taka þetta til mjög vandlegrar athugunar. Þetta er auðvitað grundvallargrein og ákvæði í þessu frv.

Mér þykir mikilvægt að kveðið sé á um fræðslu til handa þeim sem starfa í þessum geira, í lögreglunni, hjá væntanlegri Útlendingastofnun eða í ráðuneytunum. Allir þeir í stjórnsýslunni sem höndla með málefni útlendinga þurfa að fá mjög ítarlega fræðslu, ekki bara um lögin eða reglurnar heldur líka um aðstæður í þeim löndum sem fólk hefur flúið, um stjórnmálaástand og mannréttindamál. Auðvitað er þetta mjög misjafnt en þetta er hins vegar grundvallaratriði ef við eigum að geta sett okkur í spor flóttamannsins. Við verðum að hafa í huga að lög sem þessi eiga að kveða á um skyldu ríkisins til að aðstoða og vernda þá sem leita hér eftir hæli. Þetta eru, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði við umræðuna, lög um mannréttindi. Lögin eru um hvernig ríkisvaldið verndar flóttamann. Það er mjög mikilvægt að hv. þm. hafi þá sýn á meðferð þessa máls í hv. allshn.

Að lokum, herra forseti, vil ég koma inn á eitt atriði er varðar atvinnurekendur. Við vitum að flestir útlendingar sem hér setjast að um lengri eða skemmri tíma koma hingað til að vinna. Eins og vís maður sagði einu sinni: Við fluttum inn vinnuafl og fengum fólk. Það á jafn vel við á Íslandi í dag og í Þýskalandi fyrir nokkrum áratugum. Það verður að fjalla um þessi mál út frá skyldum og ábyrgð atvinnurekanda. Erlent vinnuafl er ekki skiptimynt í sjóðum íslenskra atvinnurekenda. Þeir hljóta að bera einhverjar skyldur gagnvart launþegum sínum, m.a. hvað varðar uppfræðslu, íslenskunám og annað. Ég hvet hv. allshn. til að taka það til skoðunar hverjar skyldur íslenskra atvinnurekenda gagnvart erlendu vinnuafli skuli vera.

Mér finnst jafnframt að þetta frv. mætti vera jákvæðara, ef þannig má að orði komast. Mér finnst andi þess ekki jákvæður í garð útlendinga. Ég held að tími sé til þess kominn að við gerum okkur grein fyrir því að hvort sem okkur líkar betur eða verr munu þúsundir manna kjósa að setjast að og búa hjá okkur á Íslandi. Við sjálf höfum mörg hver kosið að búa í öðrum löndum um lengri eða skemmri tíma. Það verða engin vandamál leyst með því að reisa háa og mikla varnargarða eða gera fólki sem vill setjast að á Íslandi erfitt fyrir. Auðvitað eru þessi mál mjög vandmeðfarin, ekki síst vegna þess að fjalla þarf um hvert og eitt þeirra mjög vandlega. Það krefst mikillar vinnu og krefst mikils af þeim sem starfa við þennan málaflokk en ég held að okkur væri hollt að gera okkur grein fyrir því að það er affarasælla að hafa þessi lög einföld, skýr og opin, með minni áherslu á eftirlit og meiri áherslu á hversu mikils virði það er fyrir íslenskt samfélag að hér vilji fleiri setjast að en þeir sem fæddir eru á Íslandi.

[12:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um þetta frv. sem slíkt í heildina. Það er einungis eitt sem ég vil koma að. Mér hefur í gegnum tíðina fundist að þegar rætt hefur verið um

útlendinga, sem hingað hafa komið og viljað leita sér hælis en verið vísað frá, þá hafi oft á tíðum verið býsna óljóst hvort málsmeðferð þeirra hafi verið eðlileg, þ.e. hvort það hafi verið eðlileg niðurstaða að vísa þeim úr landi og leita ekki eftir upplýsingum um afdrif þeirra.

Ég bið hv. nefndarmenn að velta fyrir sér hvort ekki eigi í þessum lagabálki að leggja þá skyldu á herðar útlendingaeftirlitinu og utanrrn. að gefa eftir tiltekinn tíma, t.d. tvö ár, skýrslu um afdrif þeirra sem hafa óskað eftir að fá að flytjast til landsins. Ég legg til að upplýsingar um þessa aðila verði geymdar og fylgst með þeim tiltekinn tíma svo að menn viti hvað gerist eftir að þeir fara héðan. Þar með gætum við séð hvort ákvörðunin um að vísa þeim brott hafi í raun verið rétt. Ég held að ef við hefðum slíkar upplýsingar aftur í tímann þá mundu menn, því miður, komast að þeirri niðurstöðu að stundum hefði átt að leyfa mönnum að vera um kyrrt.

[12:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta frv. sem ég tel marka tímamót og eitt af mikilvægustu frv. á þessu þingi. Ég gat þess í framsögu minni að rétt væri að skoða frv. vel í hv. allshn. í ljósi athugasemda við það. Það þarf að vanda vel til þessarar lagasetningar sem í senn þarf að tryggja rétta framkvæmd á alþjóðlegum skuldbindingum okkar að því er varðar hælisleitendur og skilvirka og lipra stjórnsýslu í málefnum þeirra.

Í frv. er einnig reynt að stuðla að skilvirkri og lipurri stjórnsýslu hvað varðar dvalarleyfi til útlendinga sem hingað koma til búsetu um lengri eða skemmri tíma í því skyni að taka að sér störf í atvinnuvegum landsmanna, en þátttaka þeirra í atvinnulífinu stuðlar að aukinni velferð okkar allra.

Þess var getið í umræðum um málið í gær að frv. skorti ákvæði um atvinnuleyfi. Þar er um að ræða málefni sem heyrir undir félmrn. og því ekki á mínu færi að leggja til breytingar á því sviði. Ég á von á að hv. allshn. muni fjalla nánar um það atriði en ég vil geta þess að ágæt samvinna ríkir um útgáfu dvalarleyfa annars vegar og atvinnuleyfa hins vegar milli þeirra stjórnsýslustofnana sem í hlut eiga.

Svo ég víki að helstu atriðunum sem fram komu í máli hv. 6. þm. Suðurl. í gær þá sagði hann fyrst að svo virtist sem ekki hefði í neinu verið tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem komið hefði fram á fyrra frv. sem lagt var fram til kynningar. Þetta er misskilningur. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á frv., m.a. hefur heimildum til setningar reglugerða verið fækkað verulega. Slíkar heimildir er þó enn að finna í frv. enda er ekki viturlegt að lögfesta í smáatriðum allt sem viðkemur stjórnsýslu þeirri sem hér er um að ræða. Því er lagt til að öll meginatriði verði lögfest en ýmis útfærsluatriði sett með reglugerð. Sumir hv. þm. viku einmitt sérstaklega að þessum þætti málsins.

Ætlunin er ekki að marka í þessum lögum stefnu um hvernig eigi að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir vinnuafl. Þetta eru fyrst og fremst lög um réttindi erlendra ríkisborgara hér á landi en þar er um nokkra aðskilda hópa að ræða.

Stærsti hópurinn er fólk sem hingað kemur til starfa. Réttindin eru nokkuð misjöfn eftir því hvort um er að ræða Norðurlandabúa, aðra EES-borgara eða fólk frá ríkjum utan EES. Einnig er fjallað um umsóknir fólks sem hér sækir um hæli sem pólitískir flóttamenn í samræmi við þær alþjóðlegu reglur sem um það gilda en þar er um mun fámennari hóp að ræða.

Vilji menn stýra aðstreymi erlends vinnuafls er út af fyrir sig hægt að gera það með þeirri stefnu sem beitt er við útgáfu atvinnuleyfa á hverjum tíma. Um það efni mætti hafa lengra mál en málaflokkurinn er eins og áður segir í höndum hæstv. félmrh. Undirstofnun félmrn., Vinnumálastofnun, hefur málið á sinni könnu.

Ég vænti þess að hv. allshn. muni fjalla um athugasemdir hv. 6. þm. Suðurl. um einstakar greinar frv. Ég vil aðeins nefna stuttlega að athugasemdir hans við 11. gr. eru á nokkrum misskilningi byggðar. Ákvæði 10. gr. um að dvalarleyfi skuli aflað áður en komið er til landsins hefur um langt skeið verið meginregla hér sem og í nágrannaríkjunum þó veittar hafi verið undantekningar frá henni. Hér er lagt til að reglan verði lögfest ásamt þeim undantekningum sem heimilt er að gera frá henni.

Því hefur verið haldið fram að ráðherra væri í 11. gr. veitt of mikið vald með reglugerðarheimild en það er ekki tilgangurinn heldur er hugmyndin sú að settar séu liprar og sanngjarnar vinnureglur um veitingu dvalarleyfis þar sem stundum þarf að endurbæta reglurnar vegna breyttra aðstæðna og það þykir eðlilegra að það sé gert með reglugerð.

Varðandi 18. gr. þar sem fjallað er um brottvísun er einungis verið að gera reglurnar skýrar en í reynd er ekki verið að breyta því verklagi sem unnið er eftir, jafnt hér sem í nágrannaríkjunum. Ég vil benda á ítarlega greinargerð með ýmsum ákvæðum frv., sérstaklega um 18. gr. sem fjallað var um í ræðu hv. þm. Með leyfi virðulegs forseta, segir um þá grein:

„Ákvæði greinarinnar taka mið af 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og 5. gr. Schengen-samningsins. Norræna samninginn ber þá að skoða með hliðsjón af viðauka við þann samning sem gerður var til að fullnægja skuldbindingum Norðurlandanna samkvæmt Schengen-samningnum þannig að ákvæði þessara tveggja samninga rekist ekki á."

Hv. þm. nefndi sérstaklega d-lið 18. gr. Á bls. 47 í frv. segir:

„Samkvæmt d-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki getur sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar, sbr. og c-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og c-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins."

Þá voru nokkrir þingmenn sem viku sérstaklega að g-lið 18. gr. en í athugasemdum segir:

„Samkvæmt g-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann að mati þar til bærs heilbrigðisstarfsmanns er augljóslega haldinn alvarlegum geðtruflunum. Ákvæðinu er ætlað að ná til þeirra sem ekki geta ráðið persónulegum högum sínum sjálfir meðan á dvöl hér stendur og/eða geta með framkomu sinni valdið sér eða öðrum tjóni."

Þetta er eins konar varúðarákvæði sem hér er sett inn og þarf auðvitað að meta sérstaklega í hverju tilviki og það er alveg hárrétt að slíkt ákvæði er vandmeðfarið.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir fjallaði sérstaklega um 29. gr. og það ákvæði hennar sem snýr að DNA-sýnum og um það atriði segir í greinargerð með frv.:

„Með 4. mgr. er lögreglunni veitt heimild til að taka ljósmyndir og fingraför og rannsaka erfðaefni útlendings. Þau tilvik þar sem heimild þessi gildir eru tilgreind nánar í fjórum liðum." Og síðan er það talið upp ítarlega. Um þetta er að segja að farið er að nota erfðaefni mjög mikið í ýmsum tilvikum eins og við vitum, í vísindalegum tilgangi og einnig til að sanna ýmsa þætti, m.a. hver viðkomandi aðili er. Ég

hef fullan hug á að kanna hvort Ísland geti ekki komið upp sérstökum DNA-banka m.a. til nota fyrir löggæsluna og ég bendi hv. þingmönnum á að búið er að koma upp slíkum banka alls staðar í löndunum í kringum okkur. Ég tel að það sé mjög mikilvægt mál. En allt þetta er vissulega mjög vandmeðfarið. Það er alveg rétt.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vék sérstaklega að Dyflinnarsamningnum í ræðu sinni og fleiri hv. þm. gerðu það raunar, hv. þm. Jónína Bjartmarz, en það hefur verið gagnrýnt að verið sé að vísa til Dyflinnarsamningsins sem ekki sé enn lögfestur. Málið er þannig til komið að samningnum um aðild Íslands og Noregs að þessum samningi er lokið og í lok síðasta mánaðar settu sendiherrar ríkjanna ásamt fulltrúa ESB upphafsstafi sína undir samkomulag þar að lútandi. Andstætt væntingum mínum hafa tafir orðið á þýðingum á samkomulaginu en reiknað er með að samningurinn verði formlega undirritaður á næstu dögum. Þá verður undirbúin till. til þál. um staðfestingu samningsins sem lögð verður fyrir þingið en héðan af verður það ekki fyrr en þing kemur saman eftir áramót.

Aðild að Dyflinnarsamningnum hefur alla tíð verið ein af forsendum Schengen-þátttökunnar af hálfu Íslendinga og Norðmanna en hann kveður m.a. á um hvar skuli úrskurða um beiðni hælisleitenda.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ræddi sérstaklega um Dyflinnarsamninginn eins og ég sagði áðan en honum er auðvitað fyrst og fremst ætlað að kveða á um hvar skuli ákvarða stöðu flóttamanna. Hér er um að ræða viðbrögð við þeirri stöðu að á Schengen-svæðinu er för manna auðveldari milli ríkja og það væri ekki viðunandi ef menn gætu gengið hringinn og leitað hælis í næstu Schengen-ríkjum eftir að hafa fengið synjun í öðrum. Rétt er að skýra þetta nánar í hv. allshn. en með aðild okkar að Dyflinnarsamningnum er ekki verið að fría okkur við flóttamönnum og hv. þm. Jónína Bjartmarz skýrði þetta einmitt ágætlega í ræðu sinni áðan.

Varðandi íslenskukunnáttu sem spurt var um, þá beindi ég því til allshn. í framsögu minni að athuga það mál sérstaklega og hvernig framkvæmd væri best háttað í því máli.

Loks vil ég nefna ábendingu um kennslu og þjálfun starfsmanna, sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Suðurl. og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi einnig sérstaklega, og upplýsa það að á þessu ári hefur einmitt verið gert mikið átak í því og var Lögregluskóla ríkisins falin sú framkvæmd. Ég er ekki í vafa um að þetta átak mun stórbæta öll fagleg vinnubrögð við landamæraeftirlit hér á landi.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að ítreka þá tillögu að frv. verði vísað til allshn. þar sem ég veit að það fær vandaða meðferð og farið verður yfir ýmsar þær athugasemdir sem hér hafa komið fram í ræðum hv. þm.

[12:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um málefni útlendinga sem við höfum umræðu um í gær og hefur henni verið fram haldið í dag.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég fagna því eins og ég nefndi í gær að fram skuli vera komið frv. til laga um útlendinga þó að ég hafi hins vegar ýmislegt við það frv. að athuga. Ég nefndi það sérstaklega í gær að mér fyndist valdframsal í frv. vera allt of mikið, sérstaklega í ljósi þess að við erum að fjalla um mannréttindi, við erum að fjalla um hvernig ríkisvaldið tekur á móti útlendingum og hvernig það fer með útlendinga eftir að þeir koma hingað. Þess vegna er mjög mikilvægt þegar um slíka hluti er fjallað að um það séu skýrar og gegnsæjar reglur. Frv. er því að mínu viti ekki í samræmi við almennt viðurkennd viðmið um að reglur séu gegnsæjar og að menn viti nákvæmlega að hverju er gengið. Þess vegna er dálítið erfitt fyrir Alþingi að afgreiða þetta mál eins og það lítur út núna sökum þess hversu það er í rauninni erfitt fyrir Alþingi að átta sig á því hvað í frv. felst því það á algerlega eftir að fylla út í þennan ramma. Hæstv. ráðherra sem flutti mál sitt áðan staðfesti í rauninni að þetta væri eitt af þeim markmiðum sem að er stefnt með setningu laganna. Það kemur líka fram í greinargerðinni á bls. 20, en þar segir, með leyfi forseta: „Meginreglur allar koma hins vegar fram í frumvarpsgreinunum en reglugerðarheimild varðar þá útfærslu tiltekinna reglna.“ Það er einmitt þetta atriði sem ég gagnrýndi í gær og ég ítreka þá gagnrýni. Ég sé og heyri eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram að það er í raun og veru markmiðið með lögunum, að hafa þetta svona opið. Og ég held að hv. allshn. muni fjalla mjög vandlega um þetta.

Í öðru lagi gagnrýndi ég í gær, virðulegi forseti, að mér finnst skorta heildarstefnumótun í málefnum útlendinga. Hæstv. ráðherra kom inn á það áðan að þetta fjallaði um tiltekna afmarkaða þætti. Það kemur í sjálfu sér fram þegar maður les það en hins vegar skil ég það ekki og átta mig ekki alveg á því hvernig hægt er að móta heildstæða stefnu án þess að þetta sé hluti af henni. Það var það sem ég var að kalla eftir í umræðunni í gær þegar ég talaði m.a. um að reglur skorti um atvinnuleyfi sem ég tel að eigi að vera í frv. Ég tel að það sé þá einfaldlega ráðherra að komast að niðurstöðu, ótiltekinna ráðherra í ríkisstjórninni sem fara með þessi mál, um að reyna að koma þessu undir einn hatt. Ég held að mjög mikilvægt sé að reglur um þessa hluti séu á einum og sama staðnum og ég ítreka það að ég átta mig ekki alveg á því ef sú vinna fer einhvers staðar fram, hvernig hægt er að aðskilja þá vinnu, að móta heildarstefnu í málefnum útlendinga, því regluverki sem hér er ætlunin að setja. Í umræðunni hefur því ekkert í raun og veru komið fram sem breytir þeirri skoðun minni að miklu skynsamlegra og heppilegra væri fyrir alla aðila að þetta væri á einni hendi.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hefur fátt nýtt komið fram í umræðunni en ég vil þó nefna eitt vegna orða hv. þm. Jónínu Bjartmarz, þar sem hún fór yfir það að ég hefði haft uppi orð í gær sem ekki ættu við rök að styðjast, en flutti síðan nokkurn veginn orðrétt það sem ég sagði og bætti litlu við. Það sem ég sagði var að þegar tilteknir gestir komu á fund allshn. vegna umræðu reyndar um annað mál, mál nr. 284, um eftirlit með útlendingum, þá var það orðað þannig að yrði þetta lögfest yrði þetta þægilegt verkfæri vegna komu útlendinga. Ég held að rétt sé að ég lesi þá grein í því frv. til þess að leiðrétta þetta. Í þeirri grein segir, með leyfi forseta:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins ...“

Þess vegna orðaði ég það þannig að þetta væri þægilegt verkfæri til að senda útlendinga brott sem hingað kæmu og ég sé ekki í raun og veru, virðulegi forseti, að hv. þm. hafi haft nokkuð með það að gera að koma hér upp til að leiðrétta eitthvað sem áður hafi verið sagt.

Ég tek síðan undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem sagði í ræðu sinni að vissulega væri meðalvegurinn í þessu vandrataður og erfitt væri að finna meðalveginn milli eftirlits ríkisvaldsins eða möguleika ríkisvaldsins á að halda

uppi lögum og allsherjarreglu og hins vegar að tryggja að þeir sem hingað kæmu hefðu full réttindi því að þessi vinna og framkvæmd er oft og tíðum dálítið erfið. Hins vegar gagnrýndi ég það og það gerðu fleiri í umræðunni að sá tónn sem væri í frv. væri þess eðlis að allur vafi væri túlkaður eftirlitinu í hag. Það er sá tónn sem ég gerði að umræðuefni í gær og finnst að það megi reyna að vinna bug á honum, ef svo má að orði komast, og ég held að hv. allshn. muni fara mjög vandlega yfir það.

Einnig tel ég, virðulegi forseti, að við megum ekki gleyma því að allar spár aðila á vinnumarkaðnum eru í þá veru að á komandi árum þurfum við að fá hingað mikinn fjölda erlendra einstaklinga til þess að standa undir þeirri atvinnustarfsemi sem hér er og við megum ekki gleyma því að þegar við flytjum inn erlent vinnuafl erum við að fytja inn fólk. Við þurfum að tryggja að það fólk sem hingað kemur njóti allra þeirra réttinda sem hægt er að láta það hafa, og við eigum, virðulegi forseti, að vera í forustu í umræðum og framkvæmd á mannréttindamálum í heiminum og ég held að við getum hæglega orðið það áfram. Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að gera þurfi veigamiklar breytingar á þessu frv. til að við getum staðið undir því.

[12:45]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lenda í einhverjum þrætum um það hvað ákveðnir gestir á fundi hv. allshn. hafi sagt eða ekki sagt. En þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sér ástæðu til að vísa í orð gests sem kemur á fund allshn. og fjallar um frv. til laga um breytingu á lögum um útlendinga og um leið Dyflinnarsamninginn og efni hans, þá geri ég a.m.k. þá kröfu að hann fari rétt með það sem gesturinn segir. Gesturinn sagði að Dyflinnarsamningurinn væri þægilegt tæki til að starfa eftir og bæði ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vitum að núgildandi lög um eftirlit með útlendingum hefur ekki verið það tæki sem menn hafa þurft á að halda til að starfa eftir. En þessi ákveðni gestur sagði að þetta væri þægilegt tæki til að starfa eftir, hann sagði ekki „til að halda útlendingum frá". Það er það sem ég vildi leiðrétta.

[12:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var reyndar verið fjalla um allt annað frv. en það sem við ræðum hér sem ég vitnaði til. Verið var að fjalla um frv. sem átti með ákveðnum hætti að lögfesta bakdyramegin reglur Dyflinnarsamningsins því að við erum ekki aðilar að þeim samningi jafnvel þó að verið sé að vinna að þeim samningi sem stendur. Við erum ekki aðilar að þeim samningi.

Það vill þannig til, hv. þm., að ég bókaði sérstaklega niður í athugasemdum hvað viðkomandi gestur sagði og hann orðaði það með þeim hætti sem ég nefndi hér áðan. Hann orðaði ekki einu sinni að það væri þægilegt tæki, hann orðaði það þannig að það væri „þægilegt verkfæri" þannig að hv. þm. hafi það rétt í umræðunni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda þessari umræðu mikið lengur áfram.

[12:47]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eingöngu leiðrétta það að með umræddu frv., 284. máli að mig minnir, sem var til umræðu í hv. allshn. hafi verið ætlunin að lögleiða Dyflinnarsamninginn. Bæði ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vitum að hann verður ekki lögfestur á þann hátt heldur þarf að leggja fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um lögfestingu hans.

[12:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú tilraun sem þar var gerð að ætlast til þess að þeir sem starfa eftir lögum, sem nú eru í gildi, um eftirlit með útlendingum, er að þeir komi til með að vinna eftir efni þessa samnings. Sennilega er einsdæmi að reynt sé að færa í lög efnisreglur viðkomandi samnings án þess að við séum aðilar að þeim samningi. Það var þess vegna sem ég orðaði það þannig að við hefðum verið að lögfesta hann bakdyramegin.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að hv. þm. þurfi að koma sí og æ upp að leiðrétta einhverja hluti þegar liggur alveg ljóst fyrir að með þessum hætti átti að færa í lög að tilteknir opinberir starfsmenn skyldu vinna eftir reglum samnings sem við erum ekki aðili að. Þetta er algerlega einsdæmi, virðulegi forseti.

[12:49]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 310. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 577.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:50]

Umræður utan dagskrár.

Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka.

[16:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hæstv. viðskrh. hefur óskað eftir því að gefa yfirlýsingu á Alþingi. Forseti hefur fallist á það og ákveðið að um yfirlýsingu ráðherra verði umræður.

Um það er samkomulag milli forseta og formanna þingflokka að með umræðuna verði farið sem utandagskrárumræðu sem geti staðið í eina klukkustund. Ráðherra og talsmenn flokkanna hafa fimm mínútur í fyrra sinn en tvær mínútur í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafi tvær mínútur eftir því sem tíminn leyfir og verður gætt jafnræðis milli þingflokkanna.

[16:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Úrskurður samkeppnisráðs um samruna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hefur nú verið kynntur fulltrúum bankanna. Samkeppnisráð heimilar ekki samruna bankanna og telur hann ganga gegn samkeppnislögum. Álitsorðin eru svohljóðandi:

„Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og eins og málið hefur verið lagt fyrir samkeppnisráð hefur ráðið komist að þeirri niðurstöðu að fyrirhugaður samruni Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. leiði til of mikillar samþjöppunar og markaðsráðandi stöðu á tilteknum mörkuðum á eftirfarandi sviðum; markaði fyrir innlán, markaði fyrir útlán, greiðslumiðlunarmörkuðum og markaði fyrir verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni og brjóti í bága við 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000."

Ég fagna því að niðurstaða er fengin í þessu máli. Ég taldi að samruni Landsbanka og Búnaðarbanka væri besta leiðin til að stuðla að hagræðingu á íslenskum fjármagnsmarkaði. Hins vegar hafði ég efasemdir um samkeppnisþátt málsins og kaus því að leggja til við ríkisstjórn að fenginn yrði forúrskurður samkeppnisráðs í stað þess að ganga til sameiningar og fá afstöðu samkeppnisráðs eftir á. Það var rétt leið.

Landsbanki og Búnaðarbanki hafa á þessu ári hvatt stjórnvöld til að stuðla að frekari hagræðingu á íslenskum fjármagnsmarkaði með samruna þessara banka. Stjórnarflokkarnir hafa verið samstiga í þessu máli. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sagt að samruna Landsbanka og Búnaðarbanka eigi að taka til alvarlegrar athugunar. Formaður vinstri grænna hefur meira að segja haldið því fram að samruninn sé borðleggjandi. Talsmaður Samfylkingarinnar sagði í vor við sameiningu Íslandsbanka og FBA að það sé engin glóra í því að ríkið eigi meiri hluta í og reki tvo banka á íslenskum fjármagnsmarkaði og eðlilegt væri að ríkisstjórnin sameinaði ríkisbankana tvo. Formaður Samfylkingarinnar hvatti mig síðan í haust til að leita forúrskurðar samkeppnisráðs.

Ég hafði gert mér vonir um að niðurstaða samkeppnisráðs yrði önnur, ekki síst vegna þess að samkeppnisyfirvöld í fámennum ríkjum hafa leyft mikla samþjöppun á bankamarkaði vegna alþjóðlegrar samkeppnishæfni. En hér togast á tvö sjónarmið, það er annars vegar hagræðingarsjónarmið, þ.e. stærðarhagkvæmni gerir það að verkum að stærri bankar geta veitt fjölbreyttari þjónustu fyrir lægra verð. Hins vegar eru það samkeppnissjónarmið, þ.e. að stækkun og fækkun banka leiði til of mikillar samþjöppunar.

Ég hef ekki haft tóm til að fara ítarlega yfir úrskurð samkeppnisráðs en það mun ég gera á næstu dögum. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég mun ekki draga niðurstöðu ráðsins í efa. Þetta er niðurstaða sem greinilega er fengin að aflokinni ítarlegri vinnu bestu fagmanna á þessu sviði.

Formaður Samfylkingarinnar lét að því liggja í fréttum í sjónvarpi í gærkvöldi að ég vissi þegar niðurstöðu samkeppnisráðs. Ég held að niðurstaða samkeppnisráðs í þessu máli sýni svo ekki verður um villst sjálfstæði ráðsins gagnvart stjórnvöldum.

Það er öllum ljóst að kostnaður í bankakerfinu er of mikill og hagræðingar er þörf. Fjármagnsmarkaðurinn breytist með ógnarhraða. Íslenskir bankar þurfa að búa sig undir ört vaxandi samkeppni við mun stærri erlenda banka. Ástæður samrunabylgjunnar á undanförnum áratug í Evrópu og í Bandaríkjunum má ekki hvað síst rekja til tækniþróunar og alþjóðavæðingar. Sá banki sem ekki getur boðið kjör sem standast alþjóðlegan samanburð verður á endanum undir í samkeppninni.

Eðlilegt er að spurt sé hver séu næstu skref ríkisstjórnarinnar í bankamálum. Ríkisstjórnin hélt fund nú rétt áðan þegar niðurstaða samkeppnisráðs lá fyrir og var þar samþykkt eftirfarandi yfirlýsing:

„Ríkisstjórnin mun áfram leita leiða til að lækka kostnað í bankakerfinu til að tryggja lægri vexti fyrir heimili og fyrirtæki. Ráðherra mun leggja fram frumvarp á vorþingi þar sem óskað verður heimildar til að selja hlutabréf ríkisins í bönkunum."

Ég vil að lokum þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér svigrúm til að koma með þessa yfirlýsingu hér.

[16:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir að koma svona skjótt til fundar við þingið og greina okkur frá niðurstöðu þessa máls áður en við heyrum það í fjölmiðlum. Ég vil líka þakka hæstv. viðskrh. fyrir það að hún hefur í gegnum þetta ferli reynt eftir því sem hún hafði tök á að halda okkur í stjórnarandstöðunni upplýstum um gang mála, þ.e. hvenær úrskurðar væri að vænta. Fyrir það vil ég þakka.

Að öðru leyti vil ég segja, herra forseti, að í ósigri eiga menn að falla með sæmd, þeir eiga að falla með reisn. Hæstv. viðskrh. kemur hingað og reynir í ósigri sínum að slæma einhverri sök á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann vinstri grænna, og formann Samfylkingarinnar og jafnvel talsmann Samfylkingarinnar í fyrra. Það er lítilmannlegt, herra forseti. Það sem hér er að gerast er ákaflega einfalt. Þetta er mikill ósigur fyrir ríkisstjórnina. Þetta er ósigur fyrir hæstv. viðskrh. Þetta er hins vegar sigur fyrir neytendur í landinu og þetta er líka sigur fyrir lýðræðið í landinu vegna þess að þetta er sigur fyrir samkeppnisráð. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan lét ég að því liggja að hæstv. viðskrh. gæfi sér niðurstöðu þessa máls. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. viðskrh. sýndi þá hneykslanlegu framkomu að ætla að reyna að dreifa hér frv. sem hún hafði látið gera vegna þess að hún gaf sér niðurstöðuna, vegna þess að hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. ráðherrar notuðu öll tækifæri sem þeir gátu til þess að senda stríðsskilaboð til samkeppnisráðs um hver niðurstaðan yrði.

Þess vegna er þetta sigur fyrir lýðræðið vegna þess að samkeppnisráð lét ekki kúgast, það lét ekki beygja sig. Ég tel, herra forseti, að þetta skipti ákaflega miklu máli og ég er stoltur af því að hafa setið í ríkisstjórn sem setti lög um þetta ráð. Það hefur sýnt sig að þetta er einhver mikilvægasti vörður réttra og heiðarlegra leikreglna á markaðnum, herra forseti.

Þetta er hins vegar að ýmsu leyti feigðarflan sem hefur orðið ósigur fyrir skattborgarana í landinu vegna þess að á meðan hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hafa átt í þessu feigðarflani hafa þau verðmæti sem við skattborgararnir eigum í þessum eignum, þ.e. bönkunum tveimur, hríðfallið í verði, þau hafa fallið langt niður fyrir úrvalsvísitöluna. Ég dreg því hæstv. forsrh. og viðskrh. til ábyrgðar fyrir að hafa rýrt eigur íslenskra skattborgara svo milljörðum skiptir, herra forseti.

Ég spyr hæstv. viðskrh. í þessari umræðu: Hvað telur hún að þetta feigðarflan hafi kostað íslenska skattborgara? Ég tel ákaflega nauðsynlegt, herra forseti, að það komi hér fram. Auðvitað er auðvelt að vera vitur eftir á og hæstv. viðskrh. nýtur þeirra forréttinda að vera vitur eftir á. En það var einn flokkur sem ekki var vitur eftir á, einn flokkur sem sagði þetta allt saman fyrir og það var Samfylkingin. Og það var Samfylkingin sem var svo sannfærð um að ríkisstjórnin væri að ganga á svig við samkeppnislög að við fórum hér upp utan dagskrár til þess að beina því til hæstv. viðskrh. að hún leitaði forúrskurðar og hún varð við þeirri bón, hún tók við því ráði og það er þess vegna sem hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. eru ekki ábyrg fyrir því núna í dag að hafa tekið ákvörðun sem hefði í reynd tætt í sundur samkeppnislögin.

Herra forseti. Hvað sagði Samfylkingin? Hún sagði að ef af sameiningu bankanna yrði mundi það leiða til þess að til yrði ofurbanki með markaðsráðandi stöðu. Það mundi

tæta sundur samkeppnina og það mundi skaða neytendur. Og hver er niðurstaða samkeppnisráðs, herra forseti. Hún er eftirfarandi, með leyfi forseta: Niðurstaða samkeppnisráðs er að samruninn muni leiða til markaðsráðandi stöðu sameinaðs banka, skaða samkeppni og verða til tjóns fyrir neytendur. Með öðrum orðum, þessi þrjú atriði sem Samfylkingin sagði að ofurbankinn mundi leiða til eru öll staðfest af samkeppnisráði. Samfylkingin hafði rétt fyrir sér um hvert einasta atriði alveg eins og hún hefur haft rétt fyrir sér um hvert einasta atriði varðandi efnahagsmálin, herra forseti. Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt. Og nú glotta þeir og hlæja, hæstv. ráðherrar, sem í hverju einasta málinu á fætur öðru eru teknir í bólinu og nú síðast hérna varðandi sameiningu bankanna.

Herra forseti. Það sem skiptir líka miklu máli í þessu er staða starfsfólksins. Ég tel að það sé hneykslanlegt að sá flokkur sem gekk til kosninga undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi" skuli ekki í neinu hafa sýnt tilburði til að hafa samráð við starfsfólkið. Eina samráðið, einu upplýsingarnar sem máli skiptir voru þær sem bankastjóri Landsbankans sendi í tölvupósti til allra um að spara ætti milljarð og honum ætti að ná fram á fyrstu sex til átta mánuðum fyrsta heila starfsárins. Með öðrum orðum, það þýddi að segja átti upp 200–300 manns. Þannig fékk fólkið upplýsingar um hvað var að gerast.

Herra forseti. Ég gleðst yfir þessari niðurstöðu. Ég tel eins og ég sagði áðan að hún sé sigur fyrir lýðræðið í landinu en hún er gríðarlegur sigur fyrir neytendur.

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna sömuleiðis niðurstöðu samkeppnisráðs. Ég sé ástæðu til að óska samkeppnisráði, íslenskum neytendum og okkur öllum til hamingju með þessa niðurstöðu. Það er enginn vafi á því að hér er um tímamótaúrskurð að ræða. Samkeppnisráð stóðst álagið, stóðst þann þrýsting sem á það var sett. Sjálf ríkisstjórn Íslands setti á samkeppnisráð bæði tímapressu og þrýsting hvað varðar tiltekna efnislega niðurstöðu. Samkeppnisráð stóðst þetta próf. 18. gr. samkeppnislaganna eins og hún er nú orðin eftir breytingu skv. lögum nr. 107/2000, sem tók gildi 6. desember, er þannig að öðlast gildi og nýtt líf, má segja. Enginn vafi er á því að þessi tímamótaúrskurður á eftir að hafa áhrif. Hann er fordæmisgefandi og mun eftirleiðis verða mönnum til varnaðar hvað það snertir að halda að þeir geti gert það sem þeim dettur í hug í þessum efnum.

Málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar fær hér auðvitað einnig falleinkunn. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur farið fram ógætilega í þessu máli. Hún hefur skapað óvissu, hún hefur gert bönkunum erfitt fyrir og hún hefur skapað öryggisleysi hjá starfsfólki. Hjá öllu þessu hefði mátt komast með öðruvísi og vandaðri vinnubrögðum. Að sjálfsögðu mátti án þess að gefa sér niðurstöðuna fyrir fram, án þess að hefja undirbúning að sameiningu bankanna, láta fara yfir það lögfræðilega hvaða líkur væru á að það stæðist ákvæði samkeppnislaga.

Hæstv. viðskrh. hefur vikið orði að afstöðu þess sem hér talar og fleiri manna til þessara mála gegnum tíðina. Það er hárrétt að ég var þeirrar skoðunar á sinni tíð fyrir fjórum, fimm árum að einn af þeim kostum sem menn ættu að skoðu væri sameining ríkisbankanna sem þá voru í 100% eigu ríkisins og við þær aðstæður sem þá voru uppi á fjármálamarkaði áður en sú uppstokkun og samþjöppun hófst sem þar hefur orðið. Ég átti meira að segja aðild að tillöguflutningi um það mál á 120. löggjafarþingi en þá fluttu þingmenn till. til þál. um að kanna sameiningu ríkisviðskiptabankanna. 1. flm. var hv. þm. Margrét Frímannsdóttir en auk þess fluttu tillöguna af þeim mönnum sem enn eiga sæti á þingi hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, sá sem hér talar og Ögmundur Jónasson.

Hverjir andmæltu þá? Það voru sömu flokkar og nú eru í ríkisstjórn. Þeir töldu engar forsendur til þess að sameina ríkisviðskiptabankana og báru m.a. fyrir sig samkeppnislög. Þá virtust núverandi stjórnarflokkar átta sig á því að það gæti orkað tvímælis sökum samþjöppunar og fákeppniseinkenna á markaði að fara út í þá sameiningu. En síðan hafa þeir væntanlega skipt heldur hressilega um skoðun og ætluðu sér að þvinga þennan samruna nú fram.

Það sem mestu máli skiptir úr þessu, herra forseti, — við getum geymt okkur til betri tíma að ræða aðkomu manna að þessum hlutum frá fyrri tíð og ég verð að segja að ég hlakka sérstaklega til að fá að fara yfir það mál og hef öll gögn um það undir höndum, — er hvað menn ætla nú að gera. Það sem skiptir máli er að bjarga því sem bjargað verður í þessu herjans, árans klúðri, klúðri sem ríkisstjórnin er búin að skapa.

Í fyrsta lagi á ríkisstjórn Íslands að hverfa frá fljótræðislegum og illa ígrunduðum einkavæðingaráformum í bankaheiminum. Vænlegast væri að mínu mati að velja nú þann kost að fara svonefnda norska leið, að ríkið gæfi út um það yfirlýsingu að það mundi halda drjúgum eignarhlut í ríkisbönkunum enn um sinn til þess að koma ró á hlutina á nýjan leik og forða því að verðgildi þeirra falli umfram það sem orðið er. Það hefur verkað til aukins stöðugleika og reynst farsælt í Noregi að ríkið gæfi út slíkar yfirlýsingar um að það muni ekki hrófla við tilteknum eignarhlut sínum í bönkunum eða stórfyrirtækjum og þá hafa aðrir meðeigendur ríkisins talið það sem ávísun á farsæla framtíð viðkomandi stofnana og fyrirtækja að þau ættu sér öflugan bakhjarl í tilteknu eignarhaldi ríkisins.

Í öðru lagi á ríkisstjórnin nú, og það er ekki seinna vænna, að lýsa því yfir að ekki muni koma til uppsagna á starfsfólki. Ef gefin væri yfirlýsing um að a.m.k. næstu tvö til þrjú árin yrði ekki farið í uppsagnir heldur leitað samstarfs við starfsfólk og samtök þess um að leysa mál hvers og eins með öðrum hætti væri það mikilsvert atriði, herra forseti, til að eyða óvissu. Ríkisstjórnin á að hætta þeim flumbrugangi og því óðagoti sem hún hefur ástundað í þessum málum. Það er ekki seinna vænna.

[16:17]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég verð að játa að þessi niðurstaða samkeppnisráðs kom mér á óvart og þá dreg ég dæmin af því sem á undan hefur gengið um afstöðu þess ráðs til að mynda til samþjöppunar í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu. En að því er gætandi að hér eru nýgengin í gildi lög og það meira að segja í þessum mánuði þar sem enn var hert á því að koma í veg fyrir að fákeppnisstaða komi upp eins og talið er að nú þegar einkenni íslenskan fjármálamarkað.

Þessi dómur er án tvímæla. Hann tekur til þess í niðurstöðunni að samruni þessara tveggja banka leiði til markaðsráðandi stöðu og raski samkeppni á öllum aðalsviðum bankastarfsemi, hvorki meira né minna. Þessum dómi verður ekkert áfrýjað og þess vegna er lokið þeim kafla þar sem menn unnu að sameiningu þessara tveggja fyrirtækja.

Ég verð að segja að enda þótt ég dragi við mig að fagna sérstaklega þessari niðurstöðu, þá var þetta góður dómur úr því sem komið er. Sá sem hér stendur var gagnrýndur fyrir það á dögunum af hæstv. viðskrh. að honum hefði snúist hugur varðandi sameiningu bankanna. Þetta er eins og að gagnrýna mann sem gengur inn í verslun til þess að kaupa sér vöru og hann hættir við það af því að hann sér að vörunni hefur verið spillt í meðferð eins og gerðist í þessu máli.

Það voru tvö höfuðatriði sem sátu á hakanum og menn virtust ekki skeyta um í sambandi við undirbúning að bankasamrunanum og það var að semja við starfsfólkið og síðan í framhaldi af því að gera sjálfum viðskiptavinunum til góða en leið allra slíkra samninga til viðskiptavinanna eða til þess að gera þeim til góða liggur í gegnum starfsfólkið. Þess vegna álít ég að með þeim áformum sem uppi voru og þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið væri verið að gildra til þess að stórkostlegt tjón væri unnið á fjárhagi þessara fyrirtækja, enda er enginn vafi á því og ég trúi að menn geti út af fyrir sig samþykkt það að þarna hefði orðið við samrunann um verulega mikið fjárhagstjón að tefla, fjárhagstjón skattborgaranna í landinu. Og það tók svo steininn úr afskipti hæstv. ráðherra, þegar hæstv. ráðherra hóf atlögu sína að Búnaðarbanka Íslands og hafði í hótunum um að setja frá, enda þótt lög stæðu ekki til þess, yfirstjórn bankans, bankaráð og bankastjórn. Allt þetta, slík vinnubrögð eins og þessi bera í skauti sér mikla ógæfu fyrir svo vandasamt verk sem þarna var verið að vinna að.

Hvað tekur nú við? Ég hef verið þeirrar skoðunar og hef ekki breytt um skoðun að hið opinbera eigi ekki að vera að vasast í rekstri banka og helst engum fyrirtækjum, allra síst bönkum. Þetta er orðið fágætt fyrirbrigði um öll þjóðlönd að hið opinbera hafi hendur í bagga með rekstri banka, enda þekkjum við í gegnum áraraðir hvernig til hefur tekist án þess að hér sé tími til þess að rifja það upp.

En auðvitað er hæstv. ríkisstjórn illa sett að þessu leyti. Þeir eru búnir að semja og skipta í fjöru, á Landssímanum öðrum megin og þessum sameinaða banka hinum megin, og meira að segja hefur Framsfl. borgað á sig með netinu sem þeir voru þó ákveðnir í að vera í móti. En sjálfsagt má vera að svo fljótt sem við verður komið verði haldið áfram einkavæðingu þessara tveggja fyrirtækja.

[16:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég var óskaplega hissa hve sigurvegarinn mikli í málinu var æstur hér áðan. Það er nú ekki vani að sigurvegarar séu svona æstir og reiðir þegar þeir fagna stórkostlegum sigri. En hann var það af einhverjum ástæðum og sagði að ríkisstjórnin og viðskrh. og forsrh. hefðu orðið fyrir miklu áfalli og miklum ósigri. Og það var gefið til kynna að þessir aðilar hefðu ætlað að þvinga samkeppnisyfirvöld til einhverra verka.

Ekkert er fjær sanni vegna þess að þeir kostir sem fyrir hendi voru hjá ríkisstjórninni voru hinir venjulegu kostir að sameina þessa banka með lögum. Þá hefðu samkeppnisyfirvöld hvergi komið að málinu. Kostur númer tvö var sá að vísa í ákvæði samkeppnislaga um að Samkeppnisstofnun hefði ekki með málið að gera þegar hin sameinaða eign eða hin tvö sameinuðu fyrirtæki væru að meiri hluta til í höndum sama aðilans. Og í þriðja lagi hefði ríkisstjórnin getað gert það sem flestir gera, að sameina fyrst og láta Samkeppnisstofnun standa frammi fyrir gerðum hlut.

Ekkert af þessu gerði hæstv. viðskrh. eða ríkisstjórnin. Þvert á móti notaði hún heimild sem ekki er mikið notuð, sjaldan notuð, sérstaka heimild um forúrskurði til að fá að vita hvar hún og ríkisstjórnin stæði hvað þetta varðaði. Það er því ekki hægt að tala um neinn sigur eða ósigur í þessum efnum. Hefði ríkisstjórnin viljað fara fram með einhverju offorsi eða miklum ákafa hefði hún að sjálfsögðu lagt fram hér frv. til laga um að sameina banka og ekki látið gilda um sig það sem hún ætlast til þess að sé látið gilda um aðra. Það var nákvæmlega það sem ríkisstjórnin gerði og þess vegna gat ríkisstjórnin ekki neitt unnið eða tapað í þessu máli, hún gat bara fengið svar. Hún bað um svar og fékk svar. Að sjálfsögðu á hinn bóginn hlaut ríkisstjórnin að undirbúa málið eins og það svar yrði jákvætt. Ef svarið yrði neikvætt þá þurfti ekki að undirbúa neitt. En ef svarið yrði jákvætt urðu menn að vera tilbúnir, menn urðu að undirbúa sig. Og það var nákvæmlega það sem hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin gerði.

Það er ómögulegt fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að tala eins og Samfylkingin hafi séð þetta allt saman fyrir og haft allt, allt aðra skoðun. Síðast í mars segir talsmaður Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, — ég ætla nú bara að tala mjög hægt — og hvað skyldi hún nú segja? Hún segir, með leyfi forseta, að ríkisstjórnin verði að skoða vel möguleikana á því að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka í einn öflugan banka. Og síðan bætir hún við, með leyfi forseta:

„Það er náttúrlega engin glóra í því að ríkið eigi meiri hluta í og reki tvo banka á íslenskum fjármagnsmarkaði," segir Margrét Frímannsdóttir, talsmaður Samfylkingarinnar. Segir hún eðlilegt að ríkisstjórnin sameini ríkisbankana tvo og skoði síðan í framhaldi hvort rétt sé að selja hlutafé í bankanum.

Þetta segir talsmaður Samfylkingarinnar og minnist ekki á það að rétt sé að kanna hver sé skoðun Samkeppnisstofnunar á því máli. (**Gripið fram í:** Hver minntist á það?) Þetta er talsmaður Samfylkingarinnar sem vissi þetta allan tímann, vissi allt svo vel. Rétt eins og ég, eins og hv. þm. sagði, veit allt um efnahagsmálin og hef alltaf haft á réttu standa. Nú síðast var hann að spá óðaverðbólgu og tíu dögum seinna kom verðlagsyfirlitið yfir næsta mánuð og verðbólgan var núll á því augnabliki. Og það hefur ekki heyrst í hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um það síðan, ekki heyrst í honum síðan um það atriði. (Gripið fram í.) Það heyrist nú eitthvert smágjamm í einum þingmannanna hér, en það hefur ekki heyrst í hv. þm., ekki heyrst í hv. núverandi talsmanni Samfylkingarinnar.

En það var sem sagt talsmaður Samfylkingarinnar sem sagði þetta með þessu sterka og mikla orðalagi. Það er því ekki hægt að finna með neinum hætti að því hvernig hæstv. viðskrh. hefur haldið á þessu máli. Hún hefur sérstaklega gætt þess, m.a. vegna þess að hún er æðsti yfirmaður samkeppnismála, og lagt lykkju á leið sína til að gæta þess að samkeppnisákvæði og samkeppnisskilyrði yrðu hvergi hunsuð. Þau yrðu skoðuð fyrst.

Það er afar óvenjulegt að þessi leið sé farin, að samkeppnisskilyrðin séu skoðuð fyrst, það sé fenginn fyrirframúrskurður áður en lengra er gengið. Enda er augljóst að það hefði orðið erfiðara fyrir Samkeppnisstofnun að eiga við málið ef bankarnir hefðu þegar sameinast og síðan ætti Samkeppnisstofnun að leysa það upp á eftir. Það var því allt gert af hálfu hæstv. viðskrh. með fullum stuðningi rík-

isstjórnarinnar til þess að gæta þessara sjónarmiða. Það er ekki hægt að lýsa því yfir að þetta sé ósigur fyrir viðskrh. eða ríkisstjórnina. Öðru nær, það var farið nákvæmlega eftir leikreglunum og reyndar nákvæmar en flestir aðrir hafa gert.

[16:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi úrskurður sem nú hefur fallið sýni það afskaplega vel að við erum að feta okkur inn í nýtt samfélag þar sem samkeppni er ríkjandi og við þurfum á sterkum eftirlitsstofnunum að halda til að fylgjast vel með því að samkeppnisreglur séu virtar.

Hér hefur verið kveðinn upp úrskurður sem sýnir það að ríkisstjórnin viðhafði vönduð vinnubrögð í þessu máli. Hún ákvað að leita eftir því hvernig ætti að skilja samkeppnislög í þessu sambandi. Úrskurðurinn kemur vissulega á óvart en við eigum að fara eftir honum. Það má kalla það mín vegna sigur fyrir neytendur og sigur fyrir lýðræðið. Það er gott til þess að vita að við skulum lifa í þannig samfélagi þar sem slík sjónarmið verða ofan á og ætti að verða til þess að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, kæmist að þeirri niðurstöðu að hér væri vel stjórnað og hér væri góð ríkisstjórn.

Ég tel að afskaplega vel hafi verið staðið að þessu máli og ljóst er á þessum úrskurði að við erum í nokkrum vanda stödd þegar við stöndum frammi fyrir stöðu eins og þessari, annars vegar hvort við eigum að hugsa fyrst og fremst um eigur ríkissjóðs og fá sem mest fyrir þær eða hvort við eigum að hugsa fyrst og fremst um samkeppnisskilyrðin í samfélaginu. Við ákváðum að huga fyrst og fremst að samkeppnisskilyrðunum og nú er sá úrskurður fallinn og við hljótum að fagna því að niðurstaða liggur fyrir.

Hvert framhaldið verður er ekki gott að segja til um. Við verðum að sjálfsögðu að fá ráðrúm til þess að lesa þennan úrskurð, túlka hann og fara vel yfir hann. Ég tel að hér sé um tímamótaúrskurð að ræða og þess vegna eigum við að taka okkur góðan tíma í það næstu daga og næstu vikurnar að ákveða næstu skref.

[16:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. má ekki alltaf verða svona reiður þegar formaður Samfylkingarinnar hefur rétt fyrir sér. Staðreyndin er nefnilega sú að þegar málið kom á dagskrá í fyrsta skipti var það auðvitað ljóst að það var mjög tvíbent, gat farið á hvorn veginn sem vera vildi. Því var það að Samfylkingin lagði það til við hæstv. viðskrh. að hún leitaði forúrskurðar Samkeppnisstofnunar og það gerði hún. Það sýnir auðvitað líka og sannar að hún hlaut að mega vænta þess að úrskurðurinn gæti fallið á hvorn veginn sem er, og það á ekki að geta komið mönnum á óvart, neinum hér inni, að úrskurður Samkeppnisstofnunar hafi orðið eins og hann er.

Við skulum gera okkur grein fyrir því hvað Samkeppnisstofnun segir. Samkeppnisráð segir að sameining þessara banka brjóti gegn samkeppnisreglum á sviði markaðar fyrir innlán, markaði fyrir útlán, greiðslumiðlunarmörkuðum og markaði fyrir verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti. Í öllum þáttum hins íslenska fjármálakerfis brýtur þessi ætlaða sameining gegn samkeppnisreglum.

Samkeppnisstofnun segir meira, herra forseti. Samkeppnisstofnun segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Íslenskur fjármálamarkaður ber nú þegar mörg einkenni fákeppni. Þjónustan er í flestum tilvikum einsleit, keppinautar eru fáir og verðlagning er gagnsæ. Þetta er nú þegar fákeppnismarkaður."

Hvað á að gera, virðulegi forseti? Ég tek undir með hæstv. utanrrh. Nú eiga menn að stíga varlega til jarðar. En þessi úrskurður Samkeppnisstofnunar krefst þess af ríkisstjórninni að hún einblíni ekki bara á einkavæðingu fjármálafyrirtækja. Við erum ekkert andvígir því í Samfylkingunni. Við teljum að samkeppnisrekstur af þessu tagi sé betur kominn í höndum einstaklinga en fyrirtækja. En meginatriði málsins er að hvað svo sem gert er, sé það tryggt að fákeppni eigi sér ekki stað, þá beri aðgerðir ríkisstjórnarinnar vott um það að hún muni koma í veg fyrir fákeppni og stuðla að aukinni samkeppni. Það er meginatriði málsins í stöðunni núna. Það er það sem ríkisstjórninni ber skylda til að gera, að auka samkeppni en ekki fákeppni.

[16:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Oft hefur verið tekið djúpt í árinni í umræðu um hugsanlega sameiningu ríkisbankanna, sameiningu áður en þeir yrðu síðan settir á söluskrá. Enginn hefur þó tekið dýpra í árinni en hæstv. viðskrh. sem hefur látið fara frá sér ummæli sem vart eru sæmandi gagnvart þeim aðilum innan bankanna og þó einkum Búnaðarbankans sem hafa verið fengnir til að annast tæknilegar hliðar þessara samningaviðræðna. Auðvitað eiga lýðræðislega kjörnir fulltrúar að taka ákvörðun um framtíð ríkisbankanna en þá þarf líka að standa lýðræðislega að verki. Í fyrsta lagi gagnvart Alþingi. Hér þarf að fara fram umræða á öllum stigum máls um stöðu og framtíð þessara mála.

Í öðru lagi þarf að virða þá aðila sem eru fengnir til þess þekkingar sinnar vegna að annast tæknilegar útfærslur. Það var ekki gert og tilraun var gerð til þess að víkja þeim aðilum til hliðar. Þjóðin varð vitni að því í fjölmiðlum þegar hæstv. viðskrh. hafði í frammi slík vinnubrögð. Ef þetta gerist er hætt við því að ekki sé staðið faglega að verki.

Nú hefur það fengist staðfest með úrskurði Samkeppnisstofnunar að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í málinu voru ekki fagleg. Þau standast ekki þau lög og þær reglur sem við höfum sett okkur. Þess vegna er þetta sigur faglegra vinnubragða og ég held að okkur beri öllum að taka ofan fyrir Samkeppnisstofnun, stofnun sem ég hef þó ekki alltaf verið sáttur við en er það svo vissulega í þessu máli.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er undarlegt að hlýða á menn draga þá ályktun að þessi úrskurður sé einhver sérstakur áfellisdómur yfir ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin ákvað í þessu máli undir forustu viðskrh. að leita til einnar undirstofnunar ríkisstjórnarinnar, eftirlitsstofnunar í ríkiskerfinu, sem er Samkeppnisstofnun. Út úr því máli kemur sá úrskurður sem menn eru hér að ræða. Það lá alveg fyrir að hann gat fallið á þennan veg og núna eru komin við þessu máli skýr svör. Auðvitað eru þau önnur en menn höfðu kannski verið að vona en menn ákváðu það fyrir fram að beygja sig undir þann úrskurð hver svo sem hann yrði. Niðurstaðan er skýr og málið fer ekki fram á þeim forsendum sem ráðgerðar voru.

Þá þurfa menn að þessum þætti afgreiddum að huga að framhaldinu. Og hvert á framhaldið að vera? Hæstv. viðskrh. sagði það reyndar alveg skýrt áðan. Stefna ríkisstjórnarinnar

er, og hún er óbreytt, að selja hlut ríkisins í þessum tveimur fyrirtækjum og frá þeirri stefnu verður ekkert hvikað. Það mun koma fram frv. um það efni á vorþinginu og væntanlega fær það jákvæða afgreiðslu, m.a. með stuðningi eins af stjórnarandstöðuflokkunum sem hefur lýst áhuga sínum á því máli, þannig að ríkið mun draga sig út úr þeim rekstri hvað sem öðru líður og er það löngu tímabært.

Hvort nýir aðilar koma síðan inn á þennan markað, t.d. erlendir aðilar, verður tíminn að leiða í ljós en það væri auðvitað mjög jákvæð þróun í framhaldi af þeirri niðurstöðu sem orðin er.

[16:36]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Málflutningur hv. stjórnarandstæðinga er alveg með ólíkindum. Hér er talað um ósigur ríkisstjórnar, klúður, þrýsting á samkeppnisráð, jafnvel talað um sigur Samfylkingarinnar í þessu máli o.s.frv. Merkimiðar á borð við þessa afhjúpa í rauninni þankagang og innræti og dæma sig sjálfir.

Hvað hefur gerst í þessu máli? Vegna meintrar fákeppni og tilhneigingar til fákeppni á peningamarkaði á Íslandi hafa komið fram óskir um að sameina ríkisbanka og undir það hafa í raun allir tekið þó að vísu sé erfitt að henda reiður á hver stefna stjórnarandstæðinga í þessu máli er á hverjum tíma. (Gripið fram í.) Hvernig hefur hæstv. viðskrh. brugðist við? Með því m.a. að koma hér á Alþingi og lýsa því yfir að málinu verði vísað til samkeppnisráðs og jafnframt að una úrskurði þess. Þetta er sami hæstv. viðskrh. og stuðlaði að því að í gegnum hv. Alþingi fóru nýlega lög til þess að styrkja Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð. Nú liggur úrskurður þess ráðs fyrir og sami hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hún muni una þeim úrskurði eins og um var talað í upphafi.

Herra forseti. Þetta eru einmitt fagleg vinnubrögð og mun faglegri en þeir merkimiðar sem hv. stjórnarandstæðingar hafa notað í málatilbúnaði sínum. En eftir stendur eigi að síður að bankavextir hérlendis eru með því hæsta sem þekkist innan ríkja OECD og eftir stendur mikilvægi þess að finna leiðir til að draga úr þeim kostnaði þannig að vextir lækki til að auka samkeppni á þessum markaði fyrir almenning og neytendur.

[16:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að sýna geðillsku hæstv. forsrh. umburðarlyndi og skilning nú þegar ríkisstjórn hans hefur magalent í þessu máli. Með þessum úrskurði hefur sameining Landsbankans og Búnaðarbankans verið skotin í kaf og hér er um rökréttan úrskurð að ræða, bæði í ljósi samkeppnislaga og fyrri úrskurðar Samkeppnisstofnunar um samruna Íslandsbanka og Fjárfestingarbankans. Ég tel að Samkeppnisstofnun hafi sannað gildi sitt og hve mikla þýðingu hún hefur til að koma í veg fyrir samþjöppun valds og fákeppni og einokun í þjóðfélaginu og að stofnunin standi sterkari á eftir.

Ég fagna mjög þessari niðurstöðu því að við höfum á umliðnum missirum verið að sjá aukna samþjöppun valds og fjármagns í þjóðfélaginu, hjá tryggingafélögunum, hjá olíufélögunum, í flutningastarfsemi og á matvælamarkaði og nú sjáum við loksins öfluga viðspyrnu gegn slíkri samþjöppun, fákeppni og einokun í atvinnulífinu sem er andsnúin neytendum og þjóðarhag. Vonandi hefur hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. fengið nauðsynlega lexíu af þessu frumhlaupi og óðagoti sem þegar hefur gengisfellt þessar eignir þjóðarinnar um á annan tug milljarða kr. Þessi úrskurður er góð jólagjöf til þjóðarinnar og sigur fyrir lýðræðið í landinu. Ég óska þjóðinni til hamingju með þennan úrskurð.

[16:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er ljóst að skynsamlegt var að leita forúrskurðar samkeppnisráðs varðandi sameiningu bankanna. Hins vegar hefur umræðan um sölu eða sameiningu þessara banka á undanförnum mánuðum leitt til aukinnar spennu á peningamarkaðnum, kapphlaups milli bankanna í útlánum til þess að ná sem stærstri markaðshlutdeild og auka þar með virði sitt við sölu. Öll þessi óvissa og þetta kapphlaup hefur virkað sem olía á eld þenslunnar og aukið viðskiptahalla og óvissuna í framtíð efnahagsástands hér á landi.

Ég spyr, herra forseti: Hvert verður framhaldið? Hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir að framhaldið sé að selja bankana með einum eða öðrum hætti en að mínu viti er langskynsamlegasti kosturinn sá að leggja á hilluna allar hugmyndir um sölu þessara stofnana svo að þær fái næði til að skipuleggja þjónustu sína án stöðugs þrýstings um sölu og gefa jafnframt starfsfólkinu endurnýjað starfsöryggi og framtíðarsýn.

Þessar stofnanir, herra forseti, þurfa nú frið til að endurnýja traust viðskiptavina sinna og efnahagslífið og peningamálin í landinu þurfa að fá frí frá flumbrugangi stjórnvalda í einkavæðingarmálum.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að gefa nú bönkunum, þessum mikilvægu þjónustustofnunum allra landsmanna frið til að endurnýja traust starfsfólks og til að byggja upp öfluga þjónustu um allt land.

[16:42]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta álit samkeppnisráðs sé ekki áfall fyrir ríkisstjórnina eða viðskrh. heldur fyrir viðskiptalífið í landinu. Þetta álit er ótrúlega óvandað miðað við þann tíma sem samkeppnisráð hefur tekið sér til verksins. Hlustum á setningar:

„Samkeppnisráð telur að líta beri á innlán hjá bönkum sem sérstakan markað, óháðan öðrum sparnaðarformum eins og t.d. verðbréfum." Þetta lýsir órúlegri vanþekkingu á markaðnum.

Síðan kemur: „Þá fellst ráðið ekki á þau rök álitsbeiðenda að líta beri á hlaupareikninga (t.d. tékkareikninga) sem eitt form greiðslumiðlunar, fremur en form innlána." Það er eins og þessir menn þekki ekki debetkort.

Svo kemur hérna: „Samkeppnisráð telur ekki að staðhæfingar Landsbankans og Búnaðarbankans varðandi hugsanlega hagræðingu geti haft áhrif á mat ráðsins á fyrirhuguðum samruna." Það er eins og þessir menn hafi ekki hlustað á umræður um að segja upp 300 manns við að fækka útibúum í fjöldatali.

Síðan skulum við halda áfram: „Að mati samkeppnisráðs verða núverandi keppinautar ekki færir um að veita hinum sameinaða banka nægjanlegt samkeppnislegt aðhald." Málið snýst um að verið er að leggja núna hömlur á Landsbankann og Búnaðarbankann að veita Íslandsbanka-FBA samkeppni. Síðan kemur: „Ósennilegt er að nýir keppinautar geti dregið úr þessum skaðlegu afleiðingum hins fyrirhugaða samruna þar sem aðgangshindranir eru að bankamörkuðum." Það eru nákvæmlega engar aðgangstakmarkanir að þessum mörkuðum. En úr því sem komið er þá tel ég að selja þurfi

Landsbankann og Búnaðarbankann sem fyrst þannig að þessi fyrirtæki fái möguleika til að keppa á þessum markaði.

[16:44]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið dálítið sérstæð af hálfu ríkisstjórnarinnar en fulltrúar hennar hafa reynt hver á fætur öðrum að lýsa því yfir að fleiri hafi verið þeirrar skoðunar en þeir einir að sameina ætti ríkisbankana. Það er eins og þeir vilji lýsa því yfir að fleiri hafi verið í þeirri sömu villu og þeir voru í. Það er ekki svo.

Ég vil, virðulegi forseti, segja vegna ræðu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar áðan að það álit sem hér liggur fyrir er útdráttur úr því áliti sem samkeppnisráð gaf frá sér og það álit er upp á einar 100 síður eða svo, þannig að ég held að það sé mikið sem menn eiga eftir að fara í gegnum í þessum efnum.

En það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að það virðist vera niðurstaðan að Alþingi hafi með löggjöf sinni í vor komið í veg fyrir það að ríkisstjórnin með ákvörðunum sínum og vilja hefði gert það að verkum að samkeppni á bankamarkaði yrði nánast engin. Það þekkja allir sem fylgjast með þessum málum að vaxtamunur hefur líklega aldrei verið meiri milli innlána og útlána en nú. Vaxtamunur milli Íslands og útlanda hefur líklega aldrei verið meiri en einmitt nú og þó að það verði ekki rakið beint til samruna Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þá er alveg ljóst að hefði orðið af þeim samruna sem ríkisstjórnin hefði viljað hefði þessi munur aukist. Ég vil því taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem sagði áðan að hún vildi óska þjóðinni til hamingju með þessa niðurstöðu því þetta er sigur fyrir lýðræðið og þetta er sigur fyrir neytendur. Og ég held, virðulegi forseti, að við séum að sigla inn í nýja tíma. Við höfum tekið hratt á móti samkeppnisreglum sem eru hér ekki nema á sjö til átta ára gamlar en eiga sér á annað hundrað ára sögu erlendis. Við erum að ná ágætum tökum á þessu og ég ítreka, virðulegi forseti, ánægju mína með þessa niðurstöðu.

[16:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Sá úrskurður sem hér hefur verið birtur sætir tíðindum og mun áreiðanlega hafa mikil áhrif á samruna fyrirtækja væntanlega í framtíðinni. Hér erum við að ganga til móts við nýja tíma. Hlutverk stofnana á borð við Samkeppnisstofnun er að vaxa og styrkjast og það sem hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin gerðu einfaldlega var að vísa málinu til stofnunarinnar vegna þess að efasemdir voru um að þetta mál gengi fram af samkeppnisástæðum miðað við ný ákvæði samkeppnislaga sem hafa nýlega tekið gildi og ég spyr: Hver setti þau ákvæði? Var það hv. formaður Samfylkingarinnar sem setti þau? Ég held ekki.

Talað hefur verið um að lýðræðið hafi sigrað og neytendur hafi sigrað og það er vegna þeirrar niðurstöðu sem nú er fengin. Þeir hafa sigrað, ég get tekið undir það, vegna þess að faglega var unnið að þessu máli. Og hver var það sem lagði þetta mál fyrir og vann þennan sigur fyrir lýðræðið og fyrir neytendur sem stjórnarandstaðan lofar og prísar? Var það ekki hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin sem lagði þetta fyrir þannig að þessi mikli sigur vannst fyrir lýðræðið og fyrir neytendur í landinu? Ég sé ekki betur en svo sé. Það hefur verið unnið faglega að þessu máli en ég hygg að það muni vekja upp miklar umræður í samfélaginu um framhaldið og það er allt annað mál.

[16:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson taldi að þessi dómur eða niðurstaða samkeppnisráðs yrði ekki til hagsbóta fyrir Verslunarráðið og því trúi ég vel en það læt ég mér í léttu rúmi liggja.

Hv. þm. Hjálmar Árnason taldi það hæstv. viðskrh. sérstaklega til hróss og vegsemdar að hún hafi lýst því yfir að hún mundi hlíta niðurstöðu samkeppnisráðs. Það er hægt að spyrja gagnstætt: Er annað hugsanlegt en svo hljóti hæstv. ráðherra að gera og þarf þess vegna ekki að prísa hana sérstaklega fyrir það.

Hæstv. fjmrh. sagði að þetta væri ekki áfellisdómur yfir ríkisstjórninni. Það kann að vera, en mikið áfall er það. Mikið áfall eftir það sem á undan var gengið að þetta mál skyldi verða rekið heim til föðurhúsanna með þessum hætti.

Hæstv. utanrrh. sagði að afskaplega vel hefði verið staðið að málinu og endaði þó með heiftarklúðri sem hæstv. viðskrh. stjórnaði með aðför sinni að yfirstjórn Búnaðarbankans. Það sem ógert var í málinu frá upphafi var samráð og samvinna við starfsfólk þessara fyrirtækja sem er sjálfsagt um 1.000 manns. Það var enginn vandi þótt það hefði kostað töluvert fé að semja við fólkið um hættur með skaplegum hætti þótt það hefði kostað tvö, þrjú eða jafnvel fimm ár. Miðað við þann hag sem það hefði borið í skauti sínu fyrir fyrirtækin var það ekki mikið í lagt. Öllu þessu var sleppt heldur ruðst áfram sjálfsagt með ávinninginn milli flokkanna þar sem þeir hafa verslað sín í milli með sameiningu bankanna og sölu Landssímans og virðist nú ekki fara í láginni.

[16:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi mótmæla ómaklegum árásum formanns efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, á samkeppnisráð héðan úr þessum ræðustóli. Ég held að hv. þm. ætti að ræða við þá sjálfa á þeim vettvangi þar sem þeir geta svarað fyrir sig.

Í öðru lagi, herra forseti, var athyglisvert að heyra hæstv. forsrh. koma upp um það að ríkisstjórninni hafi dottið í hug að sameina bankana með sérlögum til þess að komast fram hjá samkeppnislögum. Það voru afar athyglisverðar upplýsingar. Er hægt að fá eitthvað meira af slíkum hugmyndum að frétta? Í ljósi úrskurðarins sem nú liggur fyrir voru þetta merkilegar upplýsingar, satt best að segja.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort er réttara að kalla þessa niðurstöðu kjaftshögg eða roknalöðrung á ríkisstjórnina. Ekki er það minna. Staðreyndin er auðvitað sú að það er einmitt ríkisstjórnin sem má þakka sínum sæla fyrir að ekki fór enn verr. Eða hefði ríkisstjórnin viljað fá svona úrskurð eftir að hafa knúið fram með offorsi löggjöf um sameiningu bankanna? Ef það er einhver sem má þakka sínum sæla, þá er það ríkisstjórnin.

Í þriðja lagi lagði ríkisstjórnin málið ekki hlutlaust fyrir. Þetta var ekki beiðni frá hlutlausum aðila um faglegan úrskurð. Þetta var beiðni frá ríkisstjórninni sem ætlaði að sameina bankana, ætlaði að keyra löggjöf í gegn á nokkrum sólarhringum. Allt tal um að þetta sé ekki áfall fyrir ríkisstjórnina dæmir sig sjálft.

Ég hvatti til þess, herra forseti, í fyrri ræðu minni að ríkisstjórnin gerði nú þrennt:

1. Lýsti því yfir að ekki yrði um frekari áform um einkavæðingu bankanna að ræða á næstunni. Gefin yrði út yfirlýsing um það að ríkissjóður mundi standa á bak við bankana sem öflugur bakhjarl til þess að róa málin niður og treysta stöðu þeirra.

2. Að starfsfólki yrði gefin yfirlýsing um að ekki kæmi til uppsagnar.

3. Að ríkisstjórnin gerbreytti um vinnubrögð.

Það væri fróðlegt ef hæstv. viðskrh. gæti að einhverju leyti svarað þessum spurningum, herra forseti.

[16:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlusta á þessar umræður, sérstaklega hefur verið fróðlegt að hlusta á hv. þm. Framsfl. Það má segja að þingmenn vinstri grænna og Samfylkingarinnar hafi fagnað þessum úrskurði vegna þess að þeir telja að hann í anda samkeppnis og réttlætis. En það er engu líkara en að hv. þm. Framsfl. séu þeir sem eru fegnastir yfir þessari niðurstöðu og hv. þm. Jón Kristjánsson talaði eins og hæstv. viðskrh. hefði í reynd stefnt að magalendingu allan tímann.

Hæstv. forsrh. er ekki í jólaskapi eins og fram hefur komið af skiljanlegum ástæðum þó að farið sé að nálgast jól. Eigi að síður hefur hann brugðið sér í gervi sem fer honum einkar vel. Hann hefur komið hér eins og jólaveinn og útdeilt ýmsum gjöfum. Meðal annars útdeildi hann nafngiftum og það var hæstv. forsrh. sem útnefndi sigurvegara. Hæstv. forsrh. sagði að Samfylkingin væri sigurvegari. Það er rangt. Ég held að svo sé ekki, enda sögðum við það aldrei. Við sögðum að þeir sem væru sigurvegarar í þessu máli væru neytendur. Hvers vegna? Vegna þess að það tókst að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin næði að búa til ofurbanka sem skapaði enn meiri fákeppni, sem leiddi til enn hærri vaxta þrátt fyrir alla þá vaxtapíningu sem fyrir er og enn hærri þjónustugjalda.

Við sögðum að lýðræðið væri líka sigurvegari. Hvers vegna? Vegna þess að ekki tókst að beygja samkeppnisráð. Það stóð keikt eftir. Það skiptir ákaflega miklu máli og það er sú niðurstaða sem mestu skiptir í þessu máli, herra forseti.

Það hefur komið fram hér, herra forseti, og verið lesið upp að ýmsir hv. þm. Samfylkingarinnar hafi einhvern tíma haft aðra skoðun á þessu máli og það er rétt. Ýmsir í þessum sal, m.a. formaður vinstri grænna, voru á sínum tíma þeirrar skoðunar að sameining ríkisbankanna væri í eðli sínu jákvæð. Þegar þetta mál kom á dagskrá hófu menn auðvitað þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn hefði átt að gera að menn kölluðu til sérfræðinga og við fórum í gegnum þetta mál. Það var sameiginleg niðurstaða okkar allra eins og fram kom og var kynnt, ekki af talsmanni vegna þess að hann er ekki til heldur af formanni Samfylkingarinnar, að við værum á móti þessu af þeim rökum sem ég hef lagt fyrir, herra forseti. Þetta er sigur fyrir lýðræðið, sigur fyrir neytendur, þetta er áfellisdómur fyrir ríkisstjórnina.

[16:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það vekur svo sem ekki neina sérstaka undrun að hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki treyst sér til að ræða þetta mál málefnalega, en það eru öll efni til þess að ræða það á málefnalegan hátt.

Þegar umræðan stóð hér fyrst um það með hvaða hætti væri best að standa að því að sameina bankana þá stóð umræðan í öllum meginatriðum um það, bæði hér á þessum vettvangi og í þjóðfélaginu, hvort ætti að sameina bankana fyrst og selja svo eða hvort ætti að selja fyrst og sameina svo. Í þessum sal eru menn sem töluðu um að selja fyrst og sameina svo. Og það er ekki mjög langt síðan þó að þeir menn séu búnir að gleyma því sem þannig töluðu, menn sem eru meira að segja búnir að gleyma því hvernig ræðan sem þeir fluttu hér fyrst í dag hljómaði, þá er ekki ótrúlegt að þeir séu búnir að gleyma öðrum hlutum.

En deilan stóð í meginatriðum um þetta: Átti að selja bankana og láta markaðinn sameina eða átti að sameina fyrst og selja svo og láta ríkið njóta ávaxtanna af hagræðingu?

Sá úrskurður sem nú liggur fyrir útilokar hvort tveggja, við skulum gá að því, hann útilokar hvort tveggja. Hann útilokar það líka að eftir að búið er að selja bankana, eins og yfirlýsingar liggja fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að þá geti markaðurinn sameinað bankana. Ef einhver aðili ætti að fagna alveg sérstaklega í dag þá er það hinn stóri banki, Fjáfestingarbankinn og Íslandsbanki sameinaðir, því að búið er að ákveða og úrskurða það að honum skuli ekki verða veitt nægileg samkeppni. Hann mun hafa yfirburðastöðu. Það er meginatriðið sem hér kemur fram. Það er jólapakkinn sem felst í þessum úrskurði sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að tala um. Það er meginsigurvegarinn ef svo má segja, því að ekki á að veita þeim banka, þeim langstærsta banka sem verður, almennilega samkeppni. Það liggur fyrir.

Þetta hvort tveggja felst í úrskurðinum, það er rétt að menn átti sig á því, að ekki er hægt að sameina bankana eftir að búið er að selja, eins og margir í þessum sal lögðu til.

Og við heyrum núna að varaformaður Samfylkingarinnar og fyrrum talsmaður hennar heitir núna bara — ýmsir þingmenn sögðu eitt og annað.

[16:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu en verð þó að segja að mér finnst margt af því sem fram hefur komið hjá hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar þeim varla samboðið. Það er útlátalítið að hafa yfir stór orð en rökstyðja þarf stóru orðin og það hafa hv. þm. því miður ekki gert, mjög margir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór hér mikinn og hann talaði í fyrsta lagi um hneykslanlega framkomu, í öðru lagi að sú sem hér stendur hafi gefið sér niðurstöðuna, hann talar um feigðarflan og hann talar um að farið hafi verið á svig við samkeppnislög. En síðan segir hann að þetta sé sigur fyrir neytendur og lýðræðið í landinu. Sem sagt aðferð mín er sigur fyrir neytendur í landinu og fyrir lýðræðið. Ég held því að hv. þm. megi vera mjög hamingjusamur og við öll. Ég er hamingjusöm vegna þess að ég fór þessa leið sem ég var sannfærð um að væri rétt.

Nú liggur niðurstaðan fyrir. Hún er svona og hún er samkvæmt lögum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hjakkaði dálítið í sama farinu en hann segir að það sé staðfest að vinnubrögðin séu ekki fagleg. (Gripið fram í.) Hann segir að vinnubrögðin séu fagleg ... (**Gripið fram í:** Það er von að þú ruglist í þessu.) séu ekki fagleg, þetta er svo ruglingslegt, séu ekki fagleg með úrskurði samkeppnisráðs.

Ég held að hv. þm. ætti að fara í tíma hjá formanni sínum, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, vegna þess að miðað við orð hans hér setti hann einn lögin um samkeppni á Alþingi. Það er nefnilega þannig að þar er ákvæði um forúrskurð. Til hvers var þetta ákvæði um forúrskurð sett í lög ef hugmyndin

var ekki sú að nota ákvæðið? Það var notað í þessu tilfelli, í þessu stóra tilfelli þegar hugmynd kom upp um að sameina bankana. Niðurstaðan er þessi og við hlítum að sjálfsögðu þeirri niðurstöðu.

[17:00]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1999, 360. mál, skýrsla félmrh., þskj. 546.

Fjáröflun til vegagerðar, 283. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 584.

Meðferð opinberra mála, 367. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 580.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 343. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 578.

Tryggingagjald, 350. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 579.

Verðbréfaviðskipti, 233. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 581; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 582.

Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, 368. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 583.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 2. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 370, nál. 564 og 577.

[17:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 2001 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin fjallaði um málið og sendi það til umsagnar allshn., félmn. og menntmn. Umsagnir bárust frá meiri og minni hluta allshn. Eins bárust þrjár umsagnir frá félmn. og tvær frá menntmn.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í áliti menntmn. gerir meiri hluti efh.- og viðskn. þá tillögu við 1. gr. frv. að sú fjárhæð sem þar er nefnd, 480 millj., hækki í 500 millj.

[17:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 2001. Með mér á þessu nál. eru hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Efnahags- og viðskiptanefnd fékk til umfjöllunar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001. Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til skerðingar á sérstökum eignarskatti sem lagður er á og skal varið til þess að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Í frumvarpinu er lagt til að allar tekjur af þessum sérstaka eignarskatti umfram 480 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð á árinu 2001. Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga var ákveðið að 20 millj. kr. til viðbótar rynnu í endurbótasjóð menningarstofnana og skulu 17 af þessum 20 fara í endurbætur á Þjóðleikhúsinu. Skerðingin nemur engu að síður um 130 millj. kr. á næsta ári. Enn liggja fyrir mörg brýn verkefni sem bíða úrlausna. Eðlilegra væri að nýta þá fjármuni sem endurbótasjóðurinn á lögum samkvæmt að fá til þess að sinna þessum brýnu verkefnum en að taka hluta þeirra til almennra útgjalda úr ríkissjóði.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að lögin um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, falli úr gildi og í framhaldi af því er lögð til sú breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, að erfðafjárskatturinn renni í ríkissjóð. Ef þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar verður samþykkt er vandséð hvernig tryggja á fjármagn til margvíslegrar starfsemi fyrir fatlaða, svo sem til hæfingar- og endurhæfingarstofnana, dagþjónustustofnana fatlaðra, áfangastaða, skammtímavistana og verndaðra vinnustaða. Frá árinu 1995 hafa markaðir tekjustofnar til þess að sinna þessum verkefnum verið skertir um 1,8 milljarða króna. Sú skerðing er með öllu óskiljanleg í ljósi þess að enn eru langir biðlistar eftir ýmsum þjónustuúrræðum fyrir fatlaða og enn er langt í land að þessi hópur fólks búi við jafnan rétt á ýmsum sviðum þjóðfélagsins sem stjórnvöldum ber þó skylda til að tryggja. Á meðan svo er tekur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar undir efasemdir sem fram hafa komið frá Samtökum fatlaðra, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands þess efnis að ekki sé tímabært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra.

Enn er verulegur skortur á húsnæði fyrir fatlaða. Ekki verður séð að nýleg viljayfirlýsing félagsmálaráðherra í þeim efnum leysi þann vanda. Af skýrslu félagsmálaráðherra um kostnað vegna þjónustu við fatlaða frá því í október 2000 verður ekki annað séð en að fyrirhugaðar séu grundvallarbreytingar á fjármögnun sambýla fyrir fatlaða. Þar má sjá tillögur um stofnun hlutafélags um flestar eða allar húseignir sem notaðar eru í þjónustu við þennan hóp og að fötluðum er ætlað að mæta rekstrarkostnaði með auknum leigugreiðslum, þeir greiði að jafnaði sem svarar um 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar verði sem nemur 6% af stofnkostnaði eins og segir í skýrslunni. Ekki verður annað skilið af innihaldi skýrslunnar en að þar séu uppi hugmyndir um að auka leigugreiðslur íbúa um 220 millj. kr. en á móti eiga einungis að koma 40 millj. kr. í húsaleigubætur. Minni hlutinn varar alvarlega við því ef gera á þær grundvallarbreytingar á þjónustu við fatlaða að íbúar í húsnæði fyrir fatlaða eigi að fara að standa undir verulegum hluta rekstrarkostnaðarins. Þá hefur Alþingi samþykkt þingsályktanir um stefnumótun í málefnum langveikra barna og fyrir liggur að þjónusta við langveik börn verði eftir því sem við á í samræmi við lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Fram hefur komið í tengslum við yfirlýsingar félagsmálaráðuneytis og Öryrkjabandalags að veita á auknu fjármagni til málefna fatlaðra vegna bættrar þjónustu við langveik börn. Það styður það álit minni hlutans að fjarstæða er að leggja niður tekjustofn sem ætlaður er til uppbyggingar og þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Þá bendir minni hlutinn á skýrslu sem skilað var til félagsmálaráðherra fyrir rúmu ári um möguleika fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa. Þar kemur fram að verulegra úrbóta er þörf og stór verkefni bíða úrlausna ríkis og sveitarfélaga. Minni hlutinn mótmælir því þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 og fela í sér að lögbundin ráðstöfun tekna af erfðafjárskatti og erfðafé í Framkvæmdasjóð fatlaðra verði afnumin. Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn ákvæðum þessa frumvarps.

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi málið til umsagnar félagsmálanefndar, menntamálanefndar og allsherjarnefndar og fylgja umsagnir minni hluta þessara nefnda með sem fylgiskjöl."

Virðulegi forseti. Þau mistök urðu í prentun að minnihlutaálitin frá þessum nefndum sem ég taldi upp fylgja ekki með nefndarálitinu. Það var í fullu samráði við okkur sem að þessu nefndaráliti standa að ekki yrði um það að ræða að prenta þingskjalið upp rétt á síðustu klukkutímunum sem þingið starfar þannig að ég mun, virðulegi forseti, lesa þessar stuttu umsagnir. Í fyrsta lagi er umsögn frá 2. minni hluta félmn. þar sem segir:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti, Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Garðar Sverrisson, Helga Seljan og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Annar minni hluti tekur undir efasemdir félaga fatlaðra, Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands, um að ekki sé tímabært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra. Fjármunir í Framkvæmdasjóði fatlaðra hafa verið nýttir með margvíslegum hætti fyrir utan byggingu sambýla svo sem til hæfingar- og endurhæfingarstofnana, dagþjónustustofnana fatlaðra, heimila fyrir börn, áfangastaða, skammtímavistana og verndaðra vinnustaða, svo eitthvað sé nefnt og ekki verður séð hvernig tryggja eigi fé til þessara þátta ef lög nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, verða afnumin. Frá árinu 1995 hefur tekjustofninn ekki skilað sér til málaflokksins að fullu og ef næsta ár er meðtalið hefur hann orðið af 1,8 milljörðum kr. Ljóst er að biðlistar eftir úrræðum væru ekki í því ófremdarástandi sem nú er ef féð hefði skilað sér að fullu til sjóðsins. Þegar málaflokkurinn fékk fyrst markaðan tekjustofn árið 1978 var ástandið í þjónustunni afleitt, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem úrræði voru engin. Nú eru níu af hverjum tíu fatlaðra á landsbyggðinni með sambýlisþjónustu en $^{2}/_{3}$ fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum félagsmálaráðuneytisins. Þó svo að sjóðurinn hafi verið skertur undanfarin ár telja fulltrúar fatlaðra það hafi ákveðið gildi til að minna á nauðsynlega uppbyggingu í málaflokknum og tekur 2. minni hluti undir það sjónarmið. Óvissa er með framtíð félagslega húsnæðiskerfisins og því er enn sérkennilegra að gera þessa lagabreytingu nú. Enda er vaxandi neyð og langir biðlistar í húsnæðismálum fatlaðra. Alls ekki er verið að leysa allan þann vanda með viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra. Raunar er í algeru uppnámi hvernig fjármögnun á sambýlum verði háttað samkvæmt þeirri viljayfirlýsingu. Má þar nefna að stjórnvöld lögðu ekki til neitt viðbótarfjármagn við afgreiðslu fjárlaga til uppbyggingar þeirra og *vísbendingar eru um það í skýrslu* félagsmálaráðherra um kostnað vegna þjónustu við fatlaða frá október 2000 að grundvallarbreytingar séu fyrirhugaðar á fjármögnun sambýla fyrir fatlaða. Þar koma fram tillögur um stofnun hlutafélags sem eigi allar (eða flestar) húseignir sem nú eru notaðar í þjónustu við fatlaða og reksturinn yrði fjármagnaður með auknum leigugreiðslum fatlaðra íbúa. Orðrétt segir: „Við ákvörðun leigugreiðslna íbúa sambýla hefur verið miðað við að þeir greiði að jafnaði sem svarar 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar verði því sem nemur 6% af stofnkostnaði." Varar 2. minni hluti alvarlega við þessari stefnubreytingu sem er grundvallarbreyting á fjármögnun á rekstri þjónustu við fatlaða.

Annar minni hluti telur ástæðulaust að breyta þessu áður en frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið samþykkt enda hafa engin rök verið færð fyrir nauðsyn þess. Fyrrgreind lög eiga samkvæmt frumvarpinu að falla úr gildi 1. janúar 2001 en málefni fatlaðra munu ekki færast til sveitarfélaganna fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2002 og telur 2. minni hluti þá óvissu sem með þessu skapast óviðunandi.

Leggst 2. minni hluti gegn ákvæðum frumvarpsins um að erfðafjárskattur renni í ríkissjóð í stað Framkvæmdasjóðs fatlaðra."

Undir þessa umsögn 2. minni hluta félmn. skrifa hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

Einnig barst umsögn frá 1. minni hluta félmn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti, Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Garðar Sverrisson, Helga Seljan og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé lagt fram í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 en í 2., 3. og 4. gr., a-lið 5. gr. og 6. gr. þess er lagt til að lögbundin ráðstöfun tekna af erfðafjárskatti og erfðafé í Framkvæmdasjóð fatlaðra verði afnumin og framlög *til sjóðsins ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Til samræmis* eru lagðar til breytingar á erfðalögum, lögum um málefni fatlaðra og lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Fyrsti minni hluti er beinlínis andvígur því að framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra séu skert. Þá telur 1. minni hluti að ákvörðun nú um afnám laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, sé óeðlileg þar sem málefni fatlaðra munu færast yfir til sveitarfélaganna í fyrsta lagi 1. janúar 2002. Eðlilegast hefði verið að hafa allt óbreytt fram að þeim tíma. Auk þess er niðurstaða þess máls óljós."

Undir þessa umsögn 1. minni hluta félmn. skrifar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Þá barst einnig umsögn frá minni hluta menntmn., sem ætlunin var að dreifa með nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. Þar segir um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 2001, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur sem lagður er á samkvæmt lögunum í sérstakan sjóð sem skal varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Hefur sjóður *þessi nýst afar vel til endurbóta á slíkum húsakosti* bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið 2001 verður þessi lögbundni tekjustofn skertur á næsta ári um 130 millj. kr. og sú upphæð látin renna í ríkissjóð í stað fyrrgreinds endurbótasjóðs.

Samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið 2001 verður þessi lögbundni tekjustofn skertur á næsta ári um 130 millj. kr. og sú upphæð látin renna í ríkissjóð í stað fyrrgreinds endurbótasjóðs.

Mat minni hlutans er að rökin sem notuð eru til að styðja skerðingu þessa séu haldlítil, þar sem ekki er gert ráð fyrir lækkun skattheimtunnar heldur er upphæðin nýtt til almennra

útgjalda úr ríkissjóði í stað þess að ganga til verkefna endurbótasjóðsins. Þar að auki er ekki um slíka upphæð að ræða að hún sé þess megnug að slá á þensluna í samfélaginu svo nokkru nemi. Hafa ber í huga að gnægð verkefna er á þessu sviði, samanber að nauðsyn fyrir fjárframlög til endurbóta á Þjóðleikhúsinu er afar brýn. Sé það vilji stjórnvalda að slá á þenslu á höfuðborgarsvæðinu hefði vel mátt hugsa sér að setja fjármagn þetta til endurbóta menningarhúsnæðis á landsbyggðinni."

Undir þessa umsögn rita hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Virðulegi forseti. Það er e.t.v. dálítið óvanalegt að lesa allar þær umsagnir sem eiga að vera fylgiskjöl með nál. en þar sem svo sérstaklega stendur á að þessi mistök urðu við prentun á þingskjalinu þá hef ég leyft mér að gera það úr þessum ræðustól.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umræðuna frekar. Við 1. umr. var farið ítarlega yfir sjónarmið stjórnarandstöðunnar hvað varðar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001 en ekki síður var farið rækilega í umræðuna alla þegar fjárlögin fyrir árið 2001 voru samþykkt. Í raun og veru má segja að meiri hluti Alþingis hefur þegar samþykkt þær ráðstafanir sem hér eru lagðar til því þær fjárhæðir koma flestallar til afgreiðslu við atkvæðagreiðslu um fjárlög fyrir næsta ár. Ég sé í raun ekki ástæðu til þess að lengja umræðuna. Sjónarmið okkar koma mjög skýrt fram í umsögnum okkar og við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frv.

[17:17]

Útbýting þingskjala:

Jöfnunarsjóður sókna, 307. mál, svar dómsmrh., þskj. 537.

Rannsóknir á sviði ferðaþjónustu, 323. mál, svar menntmrh., þskj. 501.

Viðskipti og samningar um gagnaflutninga og önnur tölvusamskipti, 30. mál, svar fjmrh., þskj. 481.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:19]

[17:30]

Útbýting þingskjals:

Eiturefni og hættuleg efni, 369. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 585.

Út af dagskrá voru tekin 12. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 17:31.

---

51. FUNDUR

laugardaginn 16. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, stjfrv., 310. mál, þskj. 370, nál. 564 og 577. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Innflutningur dýra, stjfrv., 154. mál, þskj. 571. — 3. umr.

4. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 190. mál, þskj. 572. — 3. umr.

5. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 347. mál, þskj. 575. — 3. umr.

6. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 214. mál, þskj. 576. — 3. umr.

7. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 324. mál, þskj. 409. — 3. umr.

8. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 343. mál, þskj. 453, nál. 578. — 2. umr.

9. Tryggingagjald, stjfrv., 350. mál, þskj. 504, nál. 579. — 2. umr.

10. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 283. mál, þskj. 311, nál. 584. — 2. umr.

11. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251, nál. 581 og 586, brtt. 582. — 2. umr.

12. Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, frv., 368. mál, þskj. 583. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

13. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 366. mál, þskj. 570. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Einbreiðar brýr, 374. mál, fsp. KF, þskj. 591.

Framkvæmdir tengdar Reykjanesbraut, 373. mál, fsp. KolH og SJS, þskj. 590.

Framlög til lögregluumdæmis Árnessýslu, 372. mál, fsp. MF, þskj. 589.

Kristnihátíðarsjóður, 376. mál, frv. SAÞ o.fl., þskj. 595.

Launakjör lögreglumanna hér á landi og í Danmörku, 371. mál, fsp. MF, þskj. 588.

Staða lögreglumála í Árnessýslu, 370. mál, fsp. MF, þskj. 587.

Tekjuskattur og eignarskattur, 264. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 592; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 593.

Verðbréfaviðskipti, 233. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 586.

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 571.

[10:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, er til lokaumræðu. Hluti af því sem er verið að gera með þessum breytingum er að laga þessi lög að þegar breyttum lögum, svo sem búnaðarlögum, og er það í sjálfu sér hið besta mál.

Hitt, herra forseti, vil ég ítreka og leggja inn varnaðarorð gagnvart því að hér er verið að slaka á ábyrgð sjálfs landbrn. sem hefur annast innflutning dýra og bæði sóttvörn og eftirlit sem þar hefur verið. Þó það hafi falið öðrum aðila ákveðna þætti í því hefur landbrn. borið ábyrgð á framkvæmdinni.

Með þeim breytingum sem verið er að gera er lagt til að eftirlitið verði áfram opinbert en framkvæmdin geti verið í höndum ýmissa aðila sem er tilgreint í frv., allt frá því að vera opinberir aðilar og félagasamtök og einstaklingar og fyrirtæki.

Ég legg áherslu á að að mínu mati á það ekki að vera neinn stór atvinnuvegur að flytja inn dýr, dýr sem eru ekki heldur notuð til atvinnurekstrar. Þessi innflutningur á ekki í sjálfu sér að vera stór atvinnuvegur. Fyrst og fremst er verið að sinna ákveðnum takmörkuðum þörfum en jafnframt að það sé gert af hinu fyllsta öryggi og í engu slakað til og þar eigi hið opinbera að bera fulla ábyrgð, bæði hvað varðar framkvæmd á þessu eftirliti og fylgja því eftir.

Sú hætta er fyrir hendi að einstaklingar, félög eða fyrirtæki ráðist í að stofna til einangrunaraðstöðu eða sóttvarnaaðstöðu og geti jafnvel fengið til þess heimildir en þá þarf líka að fylgja eftir eftirlitinu og því fleiri staðir sem annast slíka sóttvörn eða annað slíkt sóttvarnastarf, því dýrara og jafnvel flóknara er eftirlitið.

Herra forseti. Ekki er lagt eðlilegt kostnaðarmat á þessa breytingu. Gengið er út frá því í umsögn fjmrn. að telja að frv. sem slíkt hafi ekki aukinn kostnað í för með sér, svo fremi sem ekkert er farið eftir því, svo fremi sem ekki eru nýttir aðrir möguleikar til að stofna sóttvarnabú sem frv. býður upp á. Ef þeir eru ekki nýttir hefur það kannski ekki aukinn kostnað í för með sér, en hitt hlýtur að vera vangá hjá fjmrn. að taka ekki með í reikninginn að fjölgun sóttvarnabúa sem frv. gefur möguleika á þýðir aukið sóttvarnaeftirlit. Það getur ekki gert annað. Áfram er í þessum lögum gengið út frá því að hið opinbera annist sóttvarnaeftirlitið og ég er ekki búinn að sjá að neytendur eða þeir sem eigi dýr þarna séu reiðubúnir að greiða þann aukakostnað og kannski ekki sanngjarnt vegna þess að þetta eru fyrst og fremst varnaðar- og varúðarráðstafanir sem við erum að gera gagnvart starfsemi okkar og lífríki okkar.

Því tel ég, herra forseti, að þessi umsögn fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar sé afar ófullkomin og hefur kannski ekki verið gerð full grein fyrir hvers þetta frv. gæti leitt til, svo sem eins og kæmu fleiri nýir aðilar inn með sóttvarnabú.

Herra forseti. Ég ítreka það sem kemur fram í nefndaráliti 2. minni hluta frá landbn., hv. þm. Þuríði Backman, þar sem hún undirstrikar einmitt að eftirlit með sóttvarna- og einangrunarstöðvum verður að vera virkt og á ábyrgð hins opinbera. Í nefndarálitinu víkur hún einmitt að kostnaðarhliðinni. Mikilvægt er að fjölga stöðugildum sóttvarnadýralækna í samræmi við fjölda einangrunarstöðva og aukinna verkefna sem þetta frv. getur leitt af sér. Í nefndaráliti hv. þm. Þuríðar Backman víkur hún einmitt að þessum þætti.

Herra forseti. Ég ítreka þau varnaðarorð sem ég hef áður látið falla í umræðunni um innflutning dýra og þær sóttvarnaaðgerðir sem okkur ber að gera. Það eru gríðarlegir hagsmunir fyrir Íslendinga, sem njóta þeirrar stöðu að vera eyþjóð, fyrir lífríki okkar, fyrir búskap okkar, fyrir atvinnulíf okkar. Þá eigum við að gæta þess að njóta þeirra kosta sem þar eru en ekki véla með þá og draga úr þeim og bjóða hættunni heim eins og við heyrum að herjar nú á mörg lönd í kringum okkur án þess að ég ætli að segja að þessi lög séu beint að opna fyrir það með sama hætti og þar er að gerast.

Þá vil ég og benda á, herra forseti, að sóttvarnir og sóttvarnaeftirlit og einangrun eins og lög kveða á um varðandi dýr kosta peninga og kosta virkt eftirlit og það væri algert gáleysi og algert hugsunarleysi ef horfa ætti fram hjá því en það býður þetta upp á. Verði ekki nóg fjármagn til þess að fylgja eftir eftirlitinu og verði ekki til nægileg sérfræðiþekking og virkt eftirlit, þá má búast við að illa geti farið.

Herra forseti. Ég hvet til þess að farið sé að með mikilli aðgæslu og tel reyndar að í frv. sé verið að ganga að ástæðulausu og þarfleysu of langt í að rýmka heimildir til þess að reka sóttvarnabú.

[10:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti frá 1. minni hluta landbn., þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar, er farið sérstaklega yfir þann þátt sem snýr að rekstri einangrunarstöðva. Í því nál., sem við í Samfylkingunni styðjum að sjálfsögðu og erum sammála, kemur fram að það hljóti að vera arfur liðins tíma að rekstur slíkra stöðva skuli heyra beint undir landbrn. eins og verið hefur og eðlilegt sé að gefnar séu heimildir til að opna stöðvar annars staðar. Í þessu nefndaráliti segir, með leyfi forseta,:

„Fyrir hefur legið áhugi dýralækna og annarra sérfræðinga á því að bjóða upp á svipaða þjónustu á höfuðborgarsvæðinu fyrir innflytjendur gæludýra og verið hefur í Hrísey. Engin rök eru fyrir því að standa gegn slíkum áformum svo fremi reksturinn falli í einu og öllu að gildandi lögum og reglugerðum og öðrum nauðsynlegum skilyrðum sem eru og verða sett um aðbúnað og rekstur slíkra sóttvarna- og einangrunarstöðva."

Fulltrúar okkar, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og Sigríður Jóhannesdóttir, fluttu síðan brtt. sem afgreidd var við 2. umr. um málið. Hún fól í sér að af yrðu tekin öll tvímæli þess efnis að heimilt væri að starfrækja sóttvarnastöðvar annars staðar en í Hrísey og ekki endilega á vegum ríkisins.

Það hlýtur alltaf, virðulegi forseti, að þurfa að spyrja: Hver eru verkefni ríkisins? Hvaða verkefni eiga að liggja hjá ríkinu og hvaða verkefni skulu liggja hjá félagasamtökum eða einkaaðilum? Ég tel einsýnt og reyndar sjálfsagt að þetta verkefni sé eitt af þeim sem mætti gjarnan fara úr höndum ríkisins. Ríkið ætti hins vegar að móta reglurnar og hafa virkt eftirlit með rekstri einangrunarstöðva. Það eru fá rök sem mæla með því að þessi rekstur sé alfarið á höndum ríkisins. Ég vil við 3. umr. minna á brtt. frá 1. minni hluta landbn. og þau sjónarmið sem að baki henni liggja.

Úr því að hæstv. landbrh. er mættur vil ég gjarnan spyrja hann einnar spurningar. Í 41. gr. laga um náttúruvernd, um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera, segir:

„Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlendis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.

Ráðherra skipar til fjögurra ára nefnd sérfræðinga stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar og Náttúruverndar ríkisins áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera."

Síðan er talið upp hverjir skuli eiga sæti í nefndinni:

„Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar."

Ég spyr um hvernig staðið er að þessu, hvort um tvöfalt kerfi leyfisveitinga er að ræða og hvort norskar kýr flokkast t.d. undir dreifingu á framandi lífverum eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera, eins og talað er um í lögunum. Hefur hæstv. umhvrh. þurft að koma að leyfisveitingu fyrir innflutningi fósturvísa úr norskum kúm og leyfisveitingu fyrir tilraunaræktun fasana hér? Hvernig er staðið að setningu þessara reglugerða og hvaða tegundir falla þá fyrst og fremst undir lög um náttúruvernd, þá þarf heimild umhvrh. og svo aftur landbrh.?

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvar munurinn er. Ég hef ekki náð í þá reglugerð sem setja á samkvæmt lögum um náttúruvernd, ekki heldur þá sem snýr að lögum um innflutning dýra. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvort þessar norsku kýr flokkast ekki undir ræktun og dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera. Sannarlega er þarna um nýjar tegundir að ræða. Ég vildi beina þessum spurningum til hæstv. landbrh. Gæti hann upplýst okkur um í hverju þessi mismunur liggur og hvort í einhverjum tilvikum er um tvöfalt leyfiskerfi að ræða, þ.e. leyfi hæstv. umhvrh. og leyfi hæstv. landbrh.?

[10:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. verð ég að taka fram að hér er ekki um það að ræða að norskar kýr verði framleiðsludýr. Málið snýst um tilraun sem á að gera, að á næstu árum 25–30 munu kýr taka þátt í tilraunum, koma með fósturvísa frá Noregi, koma með fósturvísa frá Hrísey og inn í landið. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að þær verði í íslenskri náttúru. Þetta er því samkvæmt lögum og öllum þeim reglum sem hér gilda, líkt og með svínastofna sem fluttir hafa verið inn, hænsni og ekkert síður nautgripi, eins og ég hef margrakið úr þessum ræðustól, Aberdeen Angus, Limousin og Galloway sem eru í íslenskri náttúru og eru íslenskir stofnar nú þegar. Af þeim er framleitt kjöt og þess neytt hér. Það er alveg skýrt.

Ég hygg að hér sé ekki um tvöfalt kerfi að ræða. Umhvrh. fer með vernd dýrastofna og framandi tegunda. Ég held að umsagnarþátturinn í þessu frv. og þessum lögum sé alveg skýr. Þessi lög eru æðri hinum og standa á sínum grundvelli þannig að það er skýrt að kerfið er ekki tvöfalt heldur á það að virka mjög faglega þegar kemur að leyfisveitingum.

[10:22]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé það í lögunum að umhvrh. fer með vernd villtra dýra. Engu að síður þá átta ég mig ekki á í hverju munurinn liggur. Hér talað um innflutning mjög skýrt í 41. gr., innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Hvort sem þessi ræktun tekur 25 ár eða styttri tíma þá átta ég mig ekki á því hvar mörkin liggja. Ég spyr einfaldlega hæstv. ráðherra hvar mörkin eru. Hvenær er dýrategund framandi og hvenær ekki? Hvenær fellur hún undir lög um náttúruvernd og hvenær fellur hún undir lög um innflutning dýra, þ.e. undir landbrn.? Í hvaða tilvikum kemur hæstv. umhvrh. að leyfisveitingu fyrir innflutningi og, eins og segir mjög skýrt í lögunum, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera?

Í mínum huga er verið að flytja inn norska fósturvísa til að rækta nýja tegund lifandi lífvera á Íslandi. Ég á erfitt með að greina mörkin þarna á milli. Eru þau alveg skýr á milli ráðuneyta og er gengið frá því í sérstökum reglugerðum, hvar þessi mörk liggja?

[10:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir hvað eftir annað að flytja eigi inn nýja tegund með fósturvísunum og þeim kúm sem fæðast, en sá innflutningur er fyrst og fremst til að Íslendingar geti áttað sig á gæðum hinnar íslensku kýr sem hefur fylgt þeim. Það fer fram öflug samanburðarrannsókn og enginn hefur sagt að íslenska kýrin tapi henni. Borin verða saman grundvallaratriði sem snúa að arðsemi, hæfni og sérstökum gæðum mjólkur o.s.frv. Kýrin er fyrst og fremst flutt inn til þess. Hún er ekki framandi dýr. Þetta er mjólkurkýr og í lok tilraunarinnar verða þessar kýr, sem koma frá Möðruvöllum og Stóra-Ármóti, felldar. Því næst taka íslenskir bændur ákvörðun um hvort framhald verður á ræktun norskra kúa. Það mál bíður síns tíma og ástæðulaust að snúa út úr og flétta það inn í þessa umræðu.

Ég hygg að ef landbrh. vildi flytja inn framandi dýr, snigla eða eitthvað slíkt, þá kæmi umhvrh. að því.

[10:25]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru sniglar í íslenskri náttúru. Það eru kýr á Íslandi. Ég sé ekki muninn á því að flytja inn erlenda kú eða fósturvísa til að rækta erlendar tegundir og því að flytja inn snigla til að rækta þá og setja eftir einhver ár í íslenska náttúru. Ég er ekki að snúa út úr, virðulegi forseti. Ég er einungis að spyrja um skilin milli landbrn. og umhvrn. í þessum efnum. 41. gr. laga náttúruvernd þar sem fjallað er um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera er mjög skýr. Málið snýst ekki um hvort norska kýrin er flutt inn til að Íslendingar kunni betur að meta íslenskar kýr. Það var alls ekki ætlun mín að vera með útúrsnúninga. Það er frekar að hæstv. ráðherra sé að snúa út úr spurningu minni. Ég spyr: Hvar liggja mörkin á milli ráðuneyta hvað þetta varðar? Hvenær telst tegund vera ný, lifandi lífvera í íslenskri náttúru?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 572.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 575.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 576.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (markaðsgjald). — Þskj. 409.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453, nál. 578.

[10:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið. Málið er einfalt í sniðum og fjallar fyrst og fremst um þá viðmiðun sem nýtt er vegna ákvörðunar staðgreiðslu í landbúnaði.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt og skrifar hún öll undir nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504, nál. 579.

[10:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Mál þetta snýst um ákveðna aðlögun á tryggingagjaldinu, stofni þess, og felur fyrst og fremst í sér að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs svo og greiðslur launagreiðenda vegna fæðingarorlofs, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur þeim hluta sem launagreiðandinn fær greiddan úr Fæðingarorlofssjóði, verði undanþegnar stofni tryggingagjalds.

Nefndin hefur fjallað um málið og gerir þá tillögu að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 311, nál. 584.

[10:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það snýst fyrst og fremst um að lækka svokallað kílómetragjald þungaskatts um 10%. Það hefur verið rætt á opinberum vettvangi.

Síðan gerir nefndin þá brtt. að tekið verði upp bráðabirgðaákvæði sem fjallar fyrst og fremst um álestur á fyrsta álestrartímabili, þ.e. það millibilsástand sem getur skapast eftir að búið er að samþykkja frv.

Nefndin skrifar undir þetta, en tveir hv. þm. skrifa undir með fyrirvara og væntanlega verður gerð grein fyrir honum.

[10:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. styður minni hluti efh.- og viðskn. það frv. sem hér er á ferðinni, en þó með fyrirvara vegna þess að við flytjum brtt. sem er rétt ókomin í salinn, virðulegi forseti. Það er brtt. sem er undirrituð af okkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Vegna mistaka er hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki á þskj., en hann stendur að tillögunni ásamt okkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Frv. er til komið vegna þess að gerðar voru breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar fyrir um ári eða á þessu ári. Breytingarnar fólust í því að fast 100 þús. kr. árgjald á bifreiðar yfir 14 tonnum af leyfðri heildarþyngd var afnumið svo og heimild til að velja í upphafi gjaldárs um að greiða fast gjald sem miðaðist við 95 þús. km akstur í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Samhliða því var gjald fyrir hvern ekinn kílómetra hækkað til að vega upp tekjutap af afnámi 100 þús. kr. fasts árgjalds. Þó að þessi hækkun kæmi var það aldrei ætlunin, og kom mjög skýrt fram í umræðum í efh.- og viðskn. á sínum tíma, að ríkið tæki inn endilega auknar tekjur af þessari breytingu heldur væri jafnsett á eftir. Hins vegar hefur komið fram eftir þessa breytingu að þetta hefur þýtt verulega hækkun á tekjum ríkisins og þar af leiðandi hærri álögur á ýmsa þá sem voru áður á þessu 100 þús. kr. árgjaldi og föstu gjaldi sem miðaðist við 95 þús. km akstur.

Í umræðum í nefndinni hefur komið fram m.a. að tekjuauki vegna aksturs dísilbifreiða umfram áætlun árið 2000 var töluverður. Í fjárlögunum fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af mælagjaldi þungaskatts yrðu 2 milljarðar 247 millj. kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjurnar muni nema 2 milljörðum 571 millj. kr. sem eru 325 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga 2000. Forsendur þeirrar áætlunar eru 5% akstursaukning, auk þess sem leitast var við að meta áhrif þeirra gjaldskrárbreytinga sem fyrirhugaðar voru.

Þegar þessi áætlun var gerð lágu ekki fyrir endanlegar aksturstölur fyrir 1999 sem voru nokkuð lægri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Síðan þegar búið er að bera saman áhrif aukins aksturs á tekjur ríkissjóðs milli ára eru tekjurnar árið 1999 og áætlaðar tekjur 2000 bornar saman, þ.e. ný áætlun. Af þeim samanburði má sjá að tekjur ríkisins af mælagjaldi þungaskatts hafa aukist um 591 millj. kr. milli ára. Af þessum 591 millj. kr. má rekja að mati fjmrn. um 450 millj. til aukins aksturs. 141 millj. kr. má svo rekja til hækkunar gjaldskrár á miðju ári 1999 og yfirstandandi ári. Þessar auknu tekjur ríkissjóðs hljóta líka að felast í því að verð á olíu hefur hækkað verulega frá því sem var þegar lagabreytingin var gerð á sínum tíma.

Skipting tekna af þungaskatti á þessu ári eftir mælagjaldi og fastagjaldi er að mælagjaldið gefur 2 milljarða 360 millj. kr., fast gjald 211 millj. kr., fast gjald almennt 1 milljarð 950 millj. kr. Samtals eru þessar tekjur upp á 4 milljarða 521 millj. kr.

Við beindum þeirri spurningu m.a. til fjmrn. hvað væri unnt að lækka mælagjald mikið ef tekjuauka sem leiðir af auknum akstri umfram áætlun yrði öllum varið til þess. Í svari ráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Tekjuauki ríkissjóðs árið 2000 vegna aukningar á akstri bifreiða sem greiða mælagjald er áætlaður um 450 millj. kr. Tekjur af mælagjaldi eru hins vegar áætlaðar um 2 milljarðar 212 millj. kr. Varasamt er þó að taka mið af þessari tekjuaukningu þar sem hún er háð nokkurri óvissu og akstur bifreiða sem greiða þungaskatt eftir mæli getur sveiflast mikið milli ára. Ef gjald yrði lækkað til samræmis við aukinn akstur mundi skapast þörf til að hækka mælagjald ef akstur drægist saman, til að mynda vegna samdráttar í efnahagslífinu, svo unnt yrði að standa við framlög til vegagerðar samkvæmt vegáætlun."

Ég held að þetta sé, virðulegi forseti, í fyrsta skipti sem það kemur á blaði frá fjmrn. að menn séu farnir að reikna með verulegum samdrætti í efnahagslífi langt umfram það sem áður hafði heyrst í umræðum um fjárlög ríkisins. Með því að hækka mælagjaldið segir ráðuneytið að það mundi aftur koma mjög niður á rekstraraðilum sem þyrftu á sama tíma að búa við samdrátt í sínum rekstri.

Í umsögnum sem okkur bárust kemur fram að margir þeir aðilar sem fá umsagnir um þetta frv. eru orðnir býsna þreyttir á því að alltaf þurfi, nánast árlega, að breyta lögum um fjáröflun til vegagerðar. Menn taka upp umræðuna um olíugjaldið, að mun skynsamlegra sé að leggja niður þennan þungaskatt en taka gjaldið inn í olíuna, en það er umræða sem hefur oft komið upp á Alþingi og eftir þær miklu hækkanir sem hafa orðið á eldsneyti til bifreiða á þessu ári hefur færst aukinn kraftur í þá umræðu. Kom fram í nefndinni þegar fulltrúar fjmrn. voru að vinna með nefndinni að nú er enn ein nefndin komin af stað til að skoða möguleika á því að setja gjaldið inn í olíuna. Ætli það sé ekki nefnd númer fimm eða sex um málið og vonandi verður það til þess að þær breytingar verða gerðar.

Samtök ferðaþjónustunnar sendu okkur umsögn og þar segir, með leyfi forseta:

„Samtök ferðaþjónustunnar fallast á þá grunnhugsun sem er í frumvarpinu, þ.e. að koma til móts við rekstrarvanda fyrirtækja sem gera út dísilbifreiðar, með því að slaka á skattheimtu ríkisins þegar verð á dísilolíu hefur hækkað jafn mikið og raun ber vitni. Þessar hækkanir samhliða breytingum á þungaskattskerfinu hafa komið fyrirtækjunum afar illa.

Samtökin vilja einnig benda á að fólksflutningar eru í þeirri sérstöðu í þessu máli að vera utan virðisaukaskattskerfisins. Þar sem aðrar atvinnugreinar sem eru innan VSK-kerfisins geta dregið innskattinn frá, sitja fyrirtæki í fólksflutningum uppi með skattinn og þá hækkun sem þar hefur orðið á skattlagningu ríkisins. Fólksflutningar sitja nú uppi með að greiða ríkinu allt að 6 krónum meira í virðisaukaskatt af hverjum olíulítra núna en þau gerðu í ársbyrjun 1999. Hefur þess verið krafist við fjármálaráðherra að ríkið láti þessa hækkun ganga aftur til hópferða- og sérleyfisfyrirtækja.

Verði ekki gripið til einhverra ráðstafana í þeim efnum munu fyrirtækin ekki hafa neinn annan kost en að hækka fargjöldin og kemur það niður á öllum þeim sem nota þjónustu hópferða og sérleyfisbíla, eins og þegar hefur komið fram í hækkunum á fargjöldum Almenningsvagna hf., þjónustu sem er þjóðhagslega hagkvæm bæði út frá kostnaðar- og umhverfissjónarmiðum. Ferðaþjónustan mun verða sérstaklega illa úti því nú þegar er kostnaður við hópferðabíla hár liður í móttöku ferðamanna og hækkanir þar verða öðru fremur til að skaða samkeppnisstöðu Íslands á alþjóðamarkaði."

Virðulegi forseti. Við fórum fram á að þessar 6 krónur yrðu skoðaðar sérstaklega sem fólksflutningar sitja uppi með að greiða ríkinu af hverjum olíulítra núna umfram það sem gerðist í ársbyrjun 1999, og að við fengjum yfirlit yfir þær tekjur sem fengust frá þessari atvinnugrein, en ekki vannst tími til að skoða það nákvæmlega.

Við fórum einnig fram á umsögn frá FÍB sem barst nokkuð seint, þ.e. nánast eftir að frv. hafði verið afgreitt úr nefndinni, en áður höfðu nefndarmenn haft samband við fulltrúa FÍB og spurst fyrir um málið þannig að við vissum að þeir gerðu ekki athugasemdir við þær breytingar sem hér er verið að leggja til. En í umsögn þeirra sem barst nokkuð seint segir, með leyfi forseta:

„Félag íslenskra bifreiðaeigenda gerir engar athugasemdir við boðaðar breytingar í ofangreindu frumvarpi í ljósi aðstæðna. Undanfarin ár hefur efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis a.m.k. árlega tekið fyrir breytingar á lögum um þungaskatt og varið til þess óhemju tíma og vinnu. Mikill tími hefur einnig farið fyrir lítið hjá fjármálaráðuneytinu, Ríkisskattstjóra og mörgum hagsmunasamtökum vegna þessara breytinga. Stjórn FÍB væntir þess að þetta sé í síðasta sinn sem Alþingi stagar í þungaskattskerfið enda löngu ljóst að kerfið þarf að afleggja og taka í staðinn upp olíugjald."

Það er eindreginn vilji FÍB að sú breyting verði gerð og það hið allra fyrsta.

Síðan segir áfram í umsögninni, með leyfi forseta:

„Bílaskattar. Stjórnvöld verða að marka skýra stefnu varðandi álagningu skatta á bíla og umferð með það að markmiði að hvetja til minni eldsneytisnotkunar. Skattar vegna bifreiðanotkunar hér á landi skila ríflega 30 þús. millj. kr. í ríkissjóð og eru yfir 4% af landsframleiðslu. Athuganir OECD um kostnað samfélaga vegna bílaumferðar — að teknu tilliti til umhverfis-, heilbrigðis- og samgöngukostnaðar — gera ráð fyrir að skatttekjur af umferðinni þurfi að vera u.þ.b. 3% af landsframleiðslu í OECD.

Skatta á að nota með jákvæðum hætti til að umbuna þeim sem markvisst draga úr eldsneytiseyðslu, t.d. með kaupum á minna mengandi og nýtnari ökutækjum. Skattheimta vegna bifreiðaeignar er í mörgum tilvikum ósanngjörn, með auknar tekjur í ríkissjóð sem meginmarkmið. Að mati FÍB á að nota

skatta til að ná settum markmiðum — en ekki sem refsingu — skattarnir eiga að standa undir samfélagslegum kostnaði við bíla og umferð.

Til að ná raunhæfum markmiðum þurfa stjórnvöld að sjá fyrir heildaráhrifin af sanngjörnum breytingum á skattaumhverfinu. Vissulega getur dregið úr tekjum ríkissjóðs af ákveðnum sköttum en á móti kemur enn meiri ávinningur svo sem veruleg lækkun á heildarolíureikningi Íslendinga, hagstæðari vöruskiptajöfnuður, minni útlosun á gróðurhúsalofttegundum og minni sóun.

Samkvæmt gögnum frá umhverfisyfirvöldum í Sviss og TCS" — sem eru FÍB þeirra í Sviss — „þá eyðir meðalfólksbíll með dísilvél 25–30% minna eldsneyti en sambærilegur bensínbíll. Munurinn er ekki jafnmikill varðandi útlosun koldíoxíðs, CO , þ.e. dísilbíllinn er með 15 % minni útlosun en bensínbíllinn.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kemur fram að skattlagning eldsneytis eigi að miðast við útstreymi koltvísýrings. Í tillögum umsjónarnefndar um framkvæmdaáætlunina segir að skattlagning eldsneytis með tilliti til útstreymis koltvísýrings krefjist þess að farið verði úr þungaskatti í olíugjald. Skattlagningin á að miðast við notkun en það er ekki mögulegt í þungaskattskerfinu.

Þungaskattur af dísilbílum er ranglátur skattur. Eðlilegast er að skattleggja dísilbíla eins og bensínbíla, þ.e. með því að innheimta vegaskatta í olíuverðinu frá söludælu. Innheimtukerfi þungaskatts hefur fylgt ómælt skrifræði með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði fyrir bíleigendur. Ranglætið er mest gagnvart eigendum léttra dísilfólksbíla sem aka nálægt árlegum meðalakstri.

Þungaskattur er markaður tekjustofn til vegagerðar og ætti því að leggjast á í samræmi við slit á vegakerfinu, en gerir það ekki. Þungaskatturinn mismunar neytendum með margvíslegum hætti. Skatturinn mismunar eigendum dísil- og bensínbíla og einnig kemur hann ójafnt niður á dísilbílum eftir notkunarflokki, þyngd og/eða akstursnotkun.

Fólksbílaeigendur sem aka lítið greiða allt of mikla skatta en öðru máli gegnir um þá sem aka mikið — t.d. yfir 30.000 km á ári — og greiða þungaskatt í formi fastagjalds, þeir bera mun minni skatta en aðrir bíleigendur og hlutfallslega enn lægri skatta eftir því sem akstursnotkunin eykst. Það er skylda skattayfirvalda að hafa jafnræðisregluna í hávegum þegar verið er að skattleggja almenning.

Olíugjald stuðlar að því að draga úr eldsneytisnotkun og þar með koltvísýringsmengun. Umhverfissjónarmið vega sífellt þyngra í umræðu um skattamál. Olíugjald er nútímaleg skattheimta sem bætir rekstrarumhverfi atvinnubílstjóra og gerir dísilknúna fólksbíla að eðlilegum og ákjósanlegum valkosti hér á landi.

Olíugjald hvetur bíleigendur til að leita bestu eldsneytisnýtingar og afleggja úreltan tækjaflota. Olíugjald hvetur til eldsneytissparnaðar og mismunar ekki eigendum ökutækja líkt og þungaskatturinn. Sömu rekstursforsendur eiga að vera fyrir bensín- og dísilfólksbíla, skattlagning á ekki að skekkja þær forsendur. Það mælir einnig með olíugjaldi að innheimta þess er öruggari en þungaskatts. Þungaskattur skapar ólíðandi möguleika á undanskotum sem getur haft veruleg áhrif á samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja.

Sjónarmið FÍB varðandi skattlagningu dísilbíla eru í aðalatriðum eftirfarandi:

Olíugjaldið dregur úr eldsneytiseyðslu og útlosun gróðurhúsalofttegunda.

Olíugjaldið tryggir valfrelsi og gerir fjölskyldum mögulegt að eiga og reka sparneytnari bíla.

Olíugjald er æskilegri skattlagning en þungaskattur, þar sem gjaldið hvetur menn til að leita bestu eldsneytisnýtingar og afleggja úreltan tækjaflota.

Olíugjald eykur meðvitund um olíunotkun sem stuðlar að betri nýtingu og dregur úr sóun.

Sömu rekstursforsendur eiga að vera fyrir fólksbíla, óháð því hvort þeir eru bensín- eða dísilknúnir og skattlagning á ekki að skekkja þær forsendur.

Innheimta olíugjalds er öruggari en þungaskatts. Öll undanskot valda ranglátri skiptingu skattbyrði og skekkja samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja.

Auknar virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs eiga að skila sér í frekari lækkun olíugjaldsins."

Þetta er umsögn FÍB í heild sinni og ég sá ástæðu til að fara yfir hana hér þar sem hún barst nokkuð seint til nefndarmanna.

Við fengum einnig umsögn frá Almenningsvögnum BS. Við fylgjum reyndar tillögu þeirra eftir í brtt. sem við höfum vonandi lagt fram, virðulegi forseti. Ef búið er að dreifa henni þá væri notalegt, svo ekki sé meira sagt, að fá eitt eintak í ræðustól. En í umsögn Almenningsvagna segir:

„Almenningsvagnar BS fagna lækkun á þungaskatti sem boðuð er í umræddum frumvarpsdrögum. Fyrirtækið telur að sérstaða almenningssamgangna í þéttbýli eigi að njóta meiri viðurkenningar af hálfu ríkisvaldsins en reyndin hefur verið. Lög um þungaskatt eru einn þátturinn þar sem ríkisvaldið getur komið að og viðurkennt betur en gert hefur verið þátt almenningssamgangna í samfélagsþjónustunni. Fyrirtækið áréttar umsögn sína til nefndarinnar um sömu lög frá 11. janúar 2000, en þar er m.a. lagt til að ríkisvaldið felli niður að fullu þungaskatt af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum."

Í þeirri umsögn sem vísað er til er farið yfir það hversu þungur baggi það er fyrir sveitarfélögin að reka almenningsvagnaþjónustu. Þó hún sé verulega umhverfisvæn þá hefur þungaskatturinn ekki fengist niðurfelldur alfarið af þessum rekstri. Það hefur komið í veg fyrir að minni sveitarfélögin hafi getað tekið upp þetta samgönguform. Í umsögn sem efh.- og viðskn. fékk 11. janúar 2000 segir:

„Á árinu 2000 er áætlað að framlög sveitarfélaganna verði um 213 millj. kr. og af þeirri fjárhæð má gera ráð fyrir að 40 til 50 millj. kr. renni sem tekjur í ríkissjóð eða um 20 til 25% af framlögum þeirra.

Rök sveitarfélaganna fyrir því að þeim verði ekki gert að greiða þungaskatt af rekstri almenningssamgangna eru fyrst og fremst þau að aksturinn fer að langmestu leyti fram á götum sem sveitarfélögin sjálf hafa séð um að kosta. Af samfélagslegum ástæðum eru mörg rök fyrir því að ríkið styðji við þessa starfsemi, þannig að hægt verði að efla hana verulega frá því sem nú er. Má þar sérstaklega nefna minni slysatíðni þeirra sem ferðast með almenningsfarartækjum og minni þörf fyrir dýrar lausnir í umferðarmannvirkjum vegna minni umferðar.

Mikilvægasti þátturinn í þessu sambandi eru þó umhverfismálin. Mikil og vaxandi umræða er nú um þessi mál hér á landi, sem annars staðar. Ríkisvaldið hefur tekið þátt í þessari umræðu og vill greinilega leggja talsvert á sig til að draga úr skaðlegum áhrifum mengunar í umhverfinu. Þetta

verður ekki gert nema að skoða sérstaklega skaðleg áhrif sívaxandi umferðar í þéttbýli. Veruleg efling almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, með það að markmiði að draga úr umferð einkabíla, er sennilega skilvirkasta leiðin til að ná settum markmiðum í umhverfismálum. Þessu markmiði verður best náð með því að ríki og sveitarfélög sameinist um að draga úr umferð einkabíla og auka verulega afkastagetu almenningssamgangna. Eins og ástandið er nú er sveitarfélögunum gert erfitt fyrir að endurnýja vagnakostinn, þannig að hann uppfylli staðla EES-samningsins um útblásur frá farartækjum, hvað þá að þau hafi fé aflögu til að efla þjónustuna frá því sem nú er."

Hér er, virðulegi forseti, eingöngu fjallað um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er að nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni hafa tekið sig til og reka nokkurs konar almenningsvagnaþjónustu en hafa ekki fengið nokkra fyrirgreiðslu vegna þess. Í brtt. sinni leggur minni hluti efh.- og viðskn. til að á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

„3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum sem og almenningsvagnar í áætlanaferðum eru undanþegnir skattskyldu."

Þarna er ekki einungis átt við almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu heldur þá þjónustu sem veitt er á landsbyggðinni. Að þessari brtt. standa ásamt mér hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og eins og fram hefur komið hv. þm. Ögmundur Jónasson en vegna mistaka kemur nafn hans ekki fram á þessari brtt.

Um hve háar fjárhæðir skyldi málið snúast? Hvað mundi það kosta ríkið að þungaskatturinn yrði felldur niður af almenningsvögnum á ársgrundvelli? Við fengum svar við því frá fjmrn. Miðað við akstur almenningsvagna í áætlunarferðum árið 2000 yrði kostnaðurinn við að undanþiggja greiðslu þungaskatts um 33 millj. kr. Það er ekki mikið ef horft er til þess, sem ég held að ég hafi séð við afgreiðslu fjárlaga, að veitt var 30 millj. kr. framlag til könnunar á ferjuaðstöðu í Bakkafjöru austur í Rangárvallasýslu. Það kemur, ef vel tekst til, til með að þjóna mörgum en örugglega ekki jafnmörgum og almenningsvagnarnir á höfuðborgarsvæðinu eða almenningsvagnar í smærri byggðarlögum úti á landi. Þess vegna, virðulegi forseti, að teknu tilliti til þess að hér er aðeins um þessa fjárhæð að ræða, 33 millj. kr. á ári sem það mundi kosta ríkið að undanþiggja almenningsvagna greiðslu þungaskatts, verður ekki séð að það sé útlátamikið fyrir meiri hluta á Alþingi, hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl., að samþykkja brtt. sem minni hluti efh.- og viðskn. flytur. Þar fyrir utan skiptir miklu máli, þetta kæmi sér vel meðan beðið er eftir því, að tekið verði upp olíugjald þannig að heildstæð stefna verði til um hvernig við látum umferðina ganga á umhverfisvænan hátt. Þetta væri þó tilraun til þess að lækka kostnað fyrir almenningssamgöngur í landinu. Eins og hér hefur komið fram mundi þetta ekki kosta háar fjárhæðir.

Margir aðrir hafa velt því fyrir sér hvernig hægt væri að breyta lögum um fjáröflun til vegagerðar þannig að umhverfisvænna yrði. Meira að segja hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir er farin að ræða um málið á heimasíðu sinni. Þar sendi hún 25. sept. 2000 frá sér grein sem heitir Græn gjöld. Í greininni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef undanfarið verið að velta fyrir mér grænum gjöldum sem komið gætu að hluta til í staðinn fyrir aðrar álögur. Tilgangurinn á ekki að vera tekjuöflun fyrir ríkissjóð heldur sá að gjöldin hvetji til breytinga á neyslumunstri og framleiðsluháttum. Nefna má margvísleg dæmi um umhverfisgjöld, t.d. sérstakt gjald á sorp.

Mig langar þó hér að minnast sérstaklega á gjöld þau sem lögð eru á eldsneyti eins og t.d. bensín. Bensínlítrinn ber sérstakt gjald sem er föst krónutala. Þetta gjald má hæglega líta á sem grænt gjald, þó að vissulega sé það ætlað til vegagerðar. Þungaskattar á dísilbíla eru af öðrum toga. Þar er almennt ekki verið að greiða í réttu hlutfalli við akstur, eins og reyndin er með bensínbíla.

Í allmörg ár hefur verið rætt um hvort að gjald á dísillítrann að sömu upphæð og lagt er á bensínlítrann geti leyst þungaskattinn af hólmi. Sú ráðstöfun gæti verið umhverfisvæn því dísilvélar nýta eldsneytið betur en bensínvélar og ef þessir tveir orkugjafar, dísilolía og bensín standa jafnfætis gagnvart álagningu er búið að skapa hagrænan hvata í kerfinu sem mun beina bíleigendum frekar í dísilbíla þar sem rekstrarkostnaður þeirra verður almennt séð lægri en bensínbílanna. Ávinningur umhverfisins er síðan sá að losun koltvísýrings út í andrúmsloftið verður minni en áður.

Í Frakklandi og í Belgíu gera menn sér grein fyrir því að dísilbílar eru skárri kostur fyrir umhverfið en venjulegir bensínbílar. Þar hefur dísilknúnum fólksbílum fjölgað mjög á síðustu árum og nálgast þeir að verða helmingur alls fólksbílaflotans í þessum löndum.

Umræðan um græn gjöld er réttmæt og með umhverfisgjöldum má beina okkur í átt til umhverfisvænni lífshátta."

Svo mörg voru þau orð hæstv. umhvrh. á heimasíðu hennar 25. sept. þar sem hún velti fyrir sér olíugjaldinu og vistvænum gjöldum.

Tillaga okkar er í anda þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin setur núna fram en hæstv. ráðherra hefur þó ekki komist lengra en að skoða bílanotkun í tveimur löndum, þ.e. í Frakklandi og Belgíu. Þungaskatturinn, eins og hann er á Íslandi, er að verða algerlega einstæður. Ekkert annað land leggur gjöld á dísilbílaflotann á sama hátt og Íslendingar gera. Það er löngu tímabært að breyta þessu. Æskilegt hefði verið að taka meiri tíma í að ræða þetta frv. um fjáröflun til vegagerðar. Það hefði þurft að ákveða að fjalla um olíugjald og hvernig að því yrði staðið enda virðist ekki mikill ágreiningur um að olíugjald er það sem koma skal. Meira að segja fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar eru farnir að tala á þeim nótum.

Virðulegi forseti. Við styðjum niðurstöðu nefndarinnar eins og hér hefur komið fram en leggjum jafnframt fram þá brtt. sem dreift hefur verið, um að almenningssamgöngur verði undanþegnar þungaskatti til þess að ýta undir vistvænni ferðamáta og gera minni sveitarfélögum kleift að reka almenningssamgöngur. Við teljum að ef þessi tillaga yrði samþykkt þá mundi það kosta ríkissjóð um 33 millj. kr. á ársgrundvelli. Þar með væri stigið skref í átt til þess að aðstoða sveitarfélögin við að koma á almenningssamgöngum. Sá rekstur er ekki undanþeginn þungaskatti í dag.

[11:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Meginbreytingin sem það felur í sér er að kílómetragjald þungaskatts er lækkað um 10%. Það er komið til vegna þess að á undanförnum mánuðum hefur orðið mikil breyting á

olíuverði. Heimsmarkaðsverð á dísilolíu hefur hækkað verulega og hefur það skilað sér í hærra útsöluverði á olíu hér á landi. Frá því í október árið 1999 til október í ár hefur verðið hækkað um 30% eða úr 38 kr. í 58 kr. Þetta hefur að sjálfsögðu leitt til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir fyrirtæki sem gera út dísilbifreiðar og menn eru að bregðast við þessu með þessari lagabreytingu.

Segja má að skattur á eldsneyti sé í eðli sínu umhverfisvænn vegna þess að eldsneytisbrennsla er mengandi. En eldsneyti notum við til að knýja áfram skipin og bifreiðarnar og bifreiðarnar notum við til að flytja fólk og flytja vörur. Þarna þarf að finna einhvern milliveg og teljum við að hann sé fundinn með þessari breytingu.

Ég vek athygli á því að þegar breytingar voru gerðar á þessum lögum fyrir nokkrum mánuðum var um það rætt í efh.- og viðskn. að lagt yrði til að setja á fót nefnd sem endurskoðaði þessa skattlagningu í heild sinni. Það sjónarmið hefur verið nokkuð ríkjandi innan efh.- og viðskn. og mjög eindregið af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það eigi að skoða þann kost sérstaklega að taka upp olíugjald vegna þess að olíugjaldið er umhverfisvænt. Það hvetur fyrirtækin og einstaklingana til þess að spara eldsneytið. Í stað þess að það skipti máli hve marga kílómetra ekið er skiptir máli hve mikið eldsneyti er notað. Þetta er því líklegt til þess að menn reyni að leita að orkusparneytnum farkostum. Eftir því sem mér er tjáð er þessi nefnd nú að störfum. Fjmrn. tók vel tilmælum efh.- og viðskn. þingsins og sett var á fót nefnd sem er að skoða olíugjaldið og samkvæmt þeim fréttum sem ég hef mun hún að öllum líkindum skila áliti snemma á næsta ári eða í marsmánuði. Það held ég að séu áformin hvað þetta snertir.

Að lokum vil ég segja að ég stend að brtt. sem felur það í sér að strætisvagnar verði undanþegnir þessum skatti. Það hefði ekki í för með sér mikið tekjutap fyrir ríkissjóð en gæti skipt verulegu máli fyrir almannasamgöngurnar sem ber að styrkja í hvívetna.

[11:06]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um frv. sem felur í sér að þungaskattur lækkar um 10%. Það er sjaldan að svo góð mál séu í þingsölum. Þetta er gert til að koma til móts við þá sem gera út bíla sem nota olíu.

Það er ekki bara olíuverðið sem hefur hækkað og hefur verið þeim þungt í skauti er reka slíkar bifreiðar. Tryggingar hækka líka um 30%. Mikil hækkun er á varahlutum og dekkjum. Svo má náttúrlega ekki gleyma því að þungaskatturinn var hækkaður í vor vegna úrskurðar samkeppnisráðs í þriðja skiptið á tveimur árum eða þremur.

Ég þakka fjmrh. fyrir að hafa brugðist svona fljótt við óskum þeirra sem leituðu til hans og snarað þessu frv. fram og ég hef trú á því að það verði stutt hér eindregið.

Það var líka merkilegt, sem kom fram í nefndinni þegar við báðum um upplýsingar um tekjur vegna þungaskatts á árinu, að þær eru mun meiri en áætlað var þannig að það er til fyrir þessari lækkun þungaskattsins og hefði kannski mátt lækka hann heldur meira en þetta.

Ég tel þetta vera hið besta mál og vil líka taka undir það sem aðrir hv. þm. hafa rætt í þessu máli, þ.e. olíugjaldið sem er mjög nauðynlegt að verði tekið til umfjöllunar í nefndinni. Við eigum að fá það einhvern tíma í mars eða apríl. Bara útgerð á þungaskattsmælum er kostnaður upp á einhverja tugi milljóna á ári, bara viðhaldið á þeim, og stofnkostnaður mæla fyrir allan flotann er hundruð milljóna. Ég held að þegar þungaskatturinn er kominn inn í olíuna þá hvetji það menn mjög til sparnaðar á þessu. Menn kaupa þá tæki sem nýta olíuna sem best. Ekkert í núverandi kerfi hvetur til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 596. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 311, nál. 584, brtt. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Brtt. 596,1 felld með 31:15 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GE, GAK, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ*.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 596,2 felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GE, GAK, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 584 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heildarlög). — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, frh. 2. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 370, nál. 564 og 577.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:16]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við göngum nú til atkvæða um frv. sem fjallar um grundvallaratriði. Það er vissulega ámælisvert að skerða framlög til sjóðs sem standa á straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Miklu alvarlegra er hitt að framvegis munu tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé ekki renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra og verður hann lagður af. Samtök fatlaðra, Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands hafa lýst miklum efasemdum um þetta frv. og lagst gegn því, enda er vandséð hvernig tryggja eigi fjármagn til margvíslegrar starfsemi fyrir fatlaða sem fram til þessa hefur verið fjármögnuð úr þessum sjóði. Öll þessi mál eru skilin eftir í mjög mikilli óvissu og við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. og vörum mjög eindregið við samþykkt þess.

[11:18]

Margrét Frímannsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við í minni hluta efh.- og viðskn. höfum mótmælt eindregið þeim breytingum sem eru lagðar til í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í raun má segja að Alþingi hafi samþykkt hluta af þessum breytingum við afgreiðslu á fjárlögum og þar kom þessi afstaða okkar í minni hlutanum líka skýrt fram.

Ég tek undir þau orð að alvarlegt er að skerða eins og lagt er til þá fjármuni sem eiga að fara til endurbóta á menningarhúsnæði. En við áteljum enn harðar þá skerðingu sem felst í framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra þar sem er verið að leggja af lög um erfðafjárskatt og þá möguleika sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hafði á tekjum þar frá. Við hefðum viljað bíða með allar frekari breytingar þangað til búið væri að ganga endanlega frá samningum við sveitarfélögin um yfirfærslu þessa málaflokks og að þá hefðu verið skoðaðir allir þeir möguleikar sem sveitarfélögin hefðu á tekjum til að sinna honum vel.

Brtt. í nál. 564 samþ. með 30:17 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:13 atkv.

2.–3. gr. samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GE, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GAK, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB, SvH) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GE, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GE, GAK, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GE, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GE, JÁ, JB, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: MF, ÖJ.

2 þm. (ÁSJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, PP, StB) fjarstaddir.

Innflutningur dýra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 154. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva). — Þskj. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, GE, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu frv. Ég tel það ekki tryggja fjölgun leyfa til reksturs fleiri einangrunarstöðva á gæludýrum í landinu. Ég vil þó leyfa mér að túlka ummæli hæstv. landbrh. í umræðum um þetta mál þannig að hann muni ekki standa í vegi fyrir fjölgun slíkra leyfa að uppfylltum skilyrðum sem hann og yfirdýralæknir setja, enda mun hæstv. landbrh. ekki vera stætt á því að hafna slíkri umsókn þar sem það mundi stríða gegn meginreglu stjórnsýsluréttar, þ.e. að gæta skuli jafnræðis við meðferð máls.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 603).

Skipulags- og byggingarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 190. mál (skipulagsgjald, svæðis- og deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:24]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 604).

Atvinnuleysistryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (fræðslusjóðir). — Þskj. 575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 605).

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (stjórnarmenn o.fl.). — Þskj. 576.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 606).

Útflutningsráð Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (markaðsgjald). — Þskj. 409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, KLM, KPál, StB, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 607).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453, nál. 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504, nál. 579.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:27]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 12. og 13. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Frv. sjútvn., 366. mál (kostnaður við veiðieftirlit). — Þskj. 570.

[11:28]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Við meðferð þessa máls í hv. sjútvn. féllu niður orðin „eða áttunda veiðiferð" sem gerir það að verkum að lagatextinn er illskiljanlegur.

Með þessu frv. sem hv. sjútvn. leggur fram er bætt úr þessum annmarka og lagagreinin gerð skiljanleg og eðlileg.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 251, nál. 581 og 586, brtt. 582.

[11:30]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent það til umsagnar allmargra aðila og fengið fólk á sinn fund svo sem getið er um í nál.

Nefndin gerir tillögur um breytingar á frv. sem eru í nokkrum liðum. Í 1. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga á 1. gr. frv. sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Í öðru lagi eru gerðar brtt. við 6. gr. frv. og þá er í fyrsta lagi verið að gera þá tillögu að ný málsgrein bætist við sem felur það í sér að Seðlabanki Íslands geti sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum. Regla þessi er í gildi, en meiningin var með frv. upphaflega að fella hana niður en nefndin leggur til að þessi regla verði áfram við lýði. Í öðru lagi undir þessum lið brtt. er gerð sú tillaga um undanþágu frá 25. gr. sem fjallar um útboð að þar séu hlutabréf eða samvinnuhlutabréf einungis boðin eigendum í félagi enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 millj. kr. verði undanþegin þeim ákvæðum um útboð sem er í frv. Rökin fyrir þessu eru þau að þeir sem þarna eiga í hlut eru fyrst og fremst starfsmenn eða aðilar sem eru mjög nátengdir viðkomandi fyrirtækjum og eiga þess vegna að þekkja svo vel til að almenn ákvæði um útboð eigi ekki að þurfa að gilda á þessu sviði.

Í 3. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga á 7. gr. frv. og þar eru einar fimm brtt. á ferðinni. Í fyrsta lagi er gerð sú tillaga að ákvæði kaflans taki til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 13. tölul. 2. gr. Hér er fyrst og fremst verið að ákveða að þessi kafli taki til alls EES-svæðisins, en gildissviðið sé ekki takmarkað við íslenskan markað.

Í annan stað er undir þessum lið verið að taka út nokkur orð þannig að 1. tölul. 1. mgr. b-liðar 31. gr. orðist svo að *óheimilt sé fyrir innherja að nýta trúnaðarupplýsingar*, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa — og orðin „sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta" falli niður. Ástæðan fyrir þessu er sú að menn geta haft ásetning um að ganga á svig við lögin án þess að það hafi kannski síðan endanlega í för með sér hagnað, en brotaásetningurinn geti verið til staðar engu að síður.

Undir þessum lið er enn fremur gert ráð fyrir að 32. gr. breytist og orðist þannig:

„Fruminnherjar skulu ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags, sem þeir eru fruminnherjar í, að ekki liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan félagsins." Greinin er orðuð svo í frv.: „Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna."

Talið er að það orðalag sem var í frv. sé ekki nákvæmt að því leyti til að erfitt sé fyrir dómstóla að kveða á um sekt eða sakleysi og megintilgangurinn með því að setja inn þessa grein í frv. var nákvæmlega það sem brtt. nefndarinnar gengur út á. Það þýðir að fruminnherjar hafa ákveðinni rannsóknarskyldu að gegna og skulu ganga beinlínis úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags að ekki liggi trúnaðarupplýsingar fyrir.

Þá má geta þess um 37. gr. frv., h-lið, að gert er ráð fyrir því að breyta orðalagi sem yrði þá nákvæmara. Enn fremur er í sömu grein verið að segja að stjórn viðkomandi félags skuli setja sér reglur skv. 1. mgr. Þetta á við reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og skal senda þær reglur Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra. Síðast en ekki síst á að staðfesta reglurnar af Fjármálaeftirlitinu. Það er sú breyting sem verður á efnislega samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Þetta eru brtt. þær sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til að gerðar verði við frv. Á nál. er þess getið hverjir skipa þennan meiri hluta.

Að svo breyttu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

[11:38]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hlutans um frv. til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, en minni hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Við 1. umr. þessa máls fór ég nokkuð yfir málefni verðbréfamarkaðarins almennt, þá löggjöf sem um hann gilti og þær breytingar sem hæstv. viðskrh. hefur lagt til í því frv. Ég vil rifja upp í því sambandi, herra forseti, að málið var skilið eftir á síðasta þingi með þeim hætti að ekki var gengið frá mikilvægum þáttum sem lutu að meðferð trúnaðarupplýsinga og ákvæðum til að koma í veg fyrir innherjasvik sem á undanförnum missirum hefur nokkuð borið á í viðskiptalífinu og þá var ekki heldur tekið á því, sem við gagnrýndum einnig, að takmarka á einhvern hátt viðskipti verðbréfafyrirtækja með eigin reikning sem við teljum að geti leitt til hagsmunaárekstra þegar þeir eru að sýsla með eignasöfn viðskiptavina sinna á sama tíma.

Eins eru ákvæðin sem frv. felur í sér ekki nægjanlega trygg til þess að koma í veg fyrir að dreift sé óskráðum bréfum til almennings, sem er auðvitað mjög mikilvægt.

Þetta voru þau atriði sem voru skilin eftir á síðasta þingi og efh.- og viðskn. vísaði því aftur til hæstv. viðskrh. til þess að vinna betur og leggja fyrir þingið, en auðvitað hefði verið hægt að hafa þann hátt á að nefndin sjálf hefði gengið frá brtt. við frv. að því er þessa þætti varða og er allt of mikið um það að löggjafarvaldið sé að senda frá sér löggjöf sem er vanbúin í því efni að of mikið vald er sett yfir til ráðherranna að því er varðar reglugerðarheimildir og ýmsa útfærslu á lögum sem ég tel að eigi að vera meira í höndum löggjafarvaldsins að ganga frá. Þetta er einmitt mjög sérstakt dæmi um það þegar efh.- og viðskn. komst að raun um að lagastoð vantaði undir ýmsa þætti sem ráðherrann átti að fá reglugerðarheimild til. Í stað þess að efh.- og viðskn. tæki sjálf á málinu sendi hún það aftur til hæstv. viðskrh. til að vinna vinnu sína betur og hefur ráðherrann nú skilað þeirri vinnu til þingsins sem hér er komin til 2. umr.

Herra forseti. Þrátt fyrir ágæta viðleitni hæstv. ráðherra í þessu efni, og vissulega eru mörg ákvæði í frv. til bóta, eru lausatök á ýmsum málum sem þurfa að vera styrkari stoðir undir og snerta verðbréfamarkaðinn, ekki síst að því er varðar þá þætti sem ég nefndi. Það er of losaralega frá þeim atriðum gengið sem snerta meðferð trúnaðarupplýsinga og ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir innherjasvik og er tekið afar sérkennilega á því í frv.

Ég hef vakið athygli á því og við gerum það í minnihlutaáliti okkar hvernig vinnubrögðin voru í þessu máli og það skýrir hvernig losaratök eru á ákvæðum sem lúta að innherjamálunum og meðferð trúnaðarupplýsinga. Ráðherrann kaus að skipa tvær nefndir í málið. Það er annars vegar nefnd um innherjaviðskipti og hins vegar nefnd til að skoða útboðsmálin. Og hverjir skyldu hafa átt sæti í þeim nefndum sem voru að fjalla um innherjaviðskipti? Eins og ég nefndi áðan hafa innherjaviðskipti verið til umræðu í viðskiptaheiminum og brotalöm er í því efni vegna þess að komið hafa fram of oft tilvik sem fella má undir innherjasvik. Frá málinu var þannig gengið í vinnubrögðum af hálfu hæstv. viðskrh. að í báðum nefndunum áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila, eins og Kaupþings og Íslandsbanka-FBA, og er ástæða til að gagnrýna að skipaðir hafi verið til verka þeir sem verulegra hagsmuna hafa að gæta í málinu og þeir látnir ganga frá leikreglum sem þeir sjálfir eiga að vinna eftir á verðbréfamarkaðnum. Jafnframt má draga í efa réttmæti þess að eftirlitsaðilar, eins og Verðbréfaþing og Fjármálaeftirlitið, semji frumvarp í samráði við hagsmunaaðila og þurfi þar með að leggja blessun sína yfir málamiðlunarniðurstöðu. Þetta veikir stöðu opinberra eftirlitsaðila í því að sinna ráðgefandi hlutverki sínu gagnvart löggjafanum. Eðlilegra hefði verið að þeir væru umsagnaraðilar um málið en ekki beinir samningsaðilar við hagsmunaaðila um niðurstöðuna sem varð um ákvæði frv.

Ég sé merki þess glögglega, herra forseti, á vinnu nefndarinnar um málið, m.a. í skriflegum upplýsingum, ég óskaði eftir svörum við ýmsum spurningum frá Fjármálaeftirlitinu og ég sé merki þess í svörum Fjármálaeftirlitsins að þeir hafa haft þessa aðkomu að málinu á fyrri stigum, þ.e. að semja sig með hagsmunaaðilum að einhverri málamiðlunarniðurstöðu eins og ákvæði frv. bera með sér. Það er það sem ég gagnrýni að þeir sem eiga að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum sem voru í nefndinni að semja sjálfir sínar eigin leikreglur skuli með svo beinum hætti koma að samningu frv. og þeirri málamiðlunarniðurstöðu sem varð um ýmis ákvæði frv.

Herra forseti. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það er afar mikilvægt að vel sé gengið frá öllum efnisreglum sem lúta að útboði og trúnaðarupplýsingum og að girt sé fyrir alla möguleika á innherjasvikum og að mjög afdráttarlaust verði tekið á þeim málum í slíkri löggjöf vegna þess að við höfum fyrir okkur reynsluna í því efni því að ákvæði sem voru auðvitað afar veikburða í fyrri löggjöf hafa verið misnotuð og svokallaðir innherjar hafa misnotað aðstöðu sína. Það hafa komið upp allt of mörg dæmi um innherjasvik.

Ég skal ekkert úr því draga að ýmis ákvæði í frv. eru til þess fallin að styrkja eðlilegar leikreglur á fjármálamarkaðnum. En það er ekki nægilega frá ýmsum þáttum gengið og framkvæmdin er í of miklum mæli látin í hendur verðbréfafyrirtækjanna með matskenndum ákvæðum um mikilvæga þætti verðbréfamarkaðarins. Það er sett í hendur verðbréfafyrirtækjanna sjálfra að leggja mat á hina og þessa mikilvæga þætti sem m.a. lúta að því hvernig farið er með óskráð verðbréf, þ.e. hvort almenningur sem vill kaupa slík bréf fái nauðsynlega ráðgjöf í því efni og hvort verðbréfafyrirtækin selji þá slíkum aðilum verðbréf eða meini þeim kaup á slíkum bréfum.

Ein grein var mjög mikið rædd í efh.- og viðskn., þ.e. 6. gr. c. Hún orðast svo, með leyfi forseta:

„Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk."

Þannig er frá frv. gengið og þrátt fyrir ýmsar athugasemdir sem komu fram um það frv. í nefndinni sá meiri hlutinn enga ástæðu til þess að gera breytingu á þessu ákvæði sem er mjög matskennt, herra forseti, og getur valdið ákveðinni réttarfarslegri óvissu. Segjum svo að einhver einstaklingur kaupi af verðbréfafyrirtæki óskráð verðbréf sem er veruleg áhættufjárfesting. Hann tapar verulegum fjármunum á því og telur sig þá ekki hafa fengið nægilega góða ráðgjöf hjá

verðbréfafyrirtækinu og fer í mál við verðbréfafyrirtækið. Þá getur skapast ákveðin réttarfarsóvissa og réttarstaða viðskiptavinarins getur verið mjög ótrygg ef ekki er betur frá þessum málum gengið. Fyrirtækið á sem sagt í verðbréfaþjónustu að leggja mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavina og meta á þeim grundvelli hvort viðskiptavinir, aðrir en fagfjárfestar, búi yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu eða fjárhagslegum styrk til þess að eiga viðskipti með verðbréf sem ekki falla undir reglur um almennt útboð. Fjármálafyrirtæki eiga að leggja mat á hvað telst nægjanleg reynsla. Er það að hafa átt viðskipti í mörg ár með verðbréf? Er það ef ég kem í fyrsta skipti og vil kaupa verðbréf, hef ég þá ekki nægjanlega reynslu af viðskiptum með verðbréf eða hvernig í ósköpunum eiga þeir að leggja mat á þessa reynslu? Þetta er allt huglægt og matskennt eins og það er sett fram.

Þeir eiga líka að meta hvað telst nægjanlegur fjárhagslegur styrkur. Hvað skyldi vera nægjanlegur fjárhagslegur styrkur? Eru það þingmannalaun eða hvaða fjárhagslegan styrk er verið að tala um hér? Að ég eigi einhverjar eignir og er þá einhver verðmiði settur á þær? Hvað er nægjanlegur fjárhagslegur styrkur til þess að verðbréfafyrirtæki megi selja mér óskráð verðbréf sem er veruleg áhættufjárfesting í? Þetta er allt saman matskennt, herra forseti, og huglægt og þetta ákvæði verður erfitt í framkvæmd, herra forseti. Ég spái því ef á þetta reynir fyrir dómstólum. Ef ég tel að verðbréfafyrirtækið hafi verið að reyna að selja mér verðbréf og ég hafi ekki fengið eðlilega ráðgjöf um hvaða áhætta fælist í þessu og ég fer með málið fyrir dómstóla og vil fá skaðabætur úr hendi þessa verðbréfafyrirtækis, þá verður erfitt að meta það. Síðan þurfa verðbréfafyrirtækin að leggja mat á hvort ég hafi nægjanlega faglega þekkingu til þess væntanlega að kaupa og sýsla með slík bréf.

Herra forseti. Ég segi að út frá réttarfarssjónarmiði er ótækt að hafa ákvæðið svona matskennt, enda getur verðbréfafyrirtæki, eins og ég sagði áðan, þurft að sæta ábyrgð ef viðskiptavinur telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna verðbréfakaupa samkvæmt þessu ákvæði frv. Ákvæðið er allt of óljóst og háð mati og virðist bjóða upp á að verðbréfafyrirtækin sjálf meti hvort þau hafi óskráð bréf til sölu án útboðs til almennings. Og þar er hættan. Verðbréfafyrirtækin eru sjálf látin meta hvort þau hafi til sölu verðbréf án útboðs til almennings, herra forseti, og það sem a.m.k. í orði kveðnu er verið að reyna að tryggja með þessu frv. er að óskráð verðbréf fari ekki í sölu til almennings án útboðs. Hér er um að ræða bréf sem geta verið verulega ótraust og veruleg áhættufjárfesting í án þess að kaupandi bréfanna geri sér næga grein fyrir áhættunni.

Ég kallaði eftir því við 1. umr. þessa máls hjá hæstv. viðskrh. hvort hún teldi ekki ástæðu til að skoða hvert væri umfang þessara óskráðu bréfa eða gráa markaðarins svokallaða. Hæstv. ráðherra sagði að það væri mjög erfitt að kanna slíkt og erfitt að nálgast upplýsingar til að leggja mat hvert umfang óskráðra verðbréfa væri. En það vafðist ekkert fyrir ríkisskattstjóra þegar ég spurði hann um mat á umfangi óskráðra bréfa. Hann upplýsti mig um að umfang óskráðra bréfa væri mjög mikið. Það er lítið minna að magni en skráð verðbréf. Ríkisskattstjóri hefur áætlað að nafnverð hlutafjár í óskráðum félögum samkvæmt hlutafjármiðum sem hann studdist við sé 45 milljarðar. Þá erum við að tala um nafnverð, en 25 milljarðar kr. þar af eru í eigu einstaklinga. Mig minnir að skráðu verðbréfin séu á markaðsvirði 500 milljarðar, a.m.k. síðast þegar ég var að skoða það, og ef við reiknum gengið af þessum bréfum, sem maður hefur auðvitað ekki hugmynd um, einhvers staðar á bilinu milli fimm og tíu þá erum við kannski að fara eitthvað nálægt þessu að umfangi í markaðsvirði. Ég held að þessi óskráðu bréf á markaðnum fari vaxandi, herra forseti. Því verður, herra forseti, að búa sæmilega að því í löggjöf hvernig með þessi bréf er farið.

Ég held að ákvæði frv. geti stuðlað að því að efla hlut óskráðra bréfa á verðbréfamarkaðnum þegar verið er að setja nokkuð strangar reglur um skráða hlutann og þá vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að engar leikreglur gildi um svo stóran hluta af hlutafjármarkaðnum sem í miklum mæli er veruleg áhættufjárfesting. Ég tel að ákvæði frv. tryggi hvergi fullnægjandi upplýsingagjöf til almennings við sölu á óskráðum verðbréfum. Kjarni málsins eins og ég var að fara yfir áðan er matskennd ákvæði sem verðbréfafyrirtækin hafa til þess að fara eftir við að meta fjárhagslegan styrk og faglega þekkingu og reynslu viðskiptavina, hvort óhætt sé að selja þeim verðbréf.

Þessi óskráðu bréf er mörg að finna í hlutabréfasjóðum. Það sem ekki er til, sem við í minni hlutanum höfum kallað eftir, er að það er nauðsynlegt að skilgreina fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóðanna í lögum. En þeir virðast geta fjárfest í hverju sem er. Löggjafinn hefur þegar sett ákveðnar reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og verðbréfasjóða, en það er ekki síður nauðsynlegt að setja reglur um fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða, ekki síst í ljósi ákvæða þessa frv. þar sem fyrirtækin eru sjálf látin meta hvort þau bjóða almenningi bréf án útboðs. Ég tel að það væri mikið öryggisatriði ef sett yrði löggjöf um fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóðanna.

Þegar hér var verið að setja lög um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna tókst að vísu óhönduglega til af hálfu stjórnarmeirihlutans þar sem var verið að rýmka heimild til lífeyrissjóðanna verulega til þess að fjárfesta m.a. erlendis með þeim afleiðingum sem við höfum farið í gegnum úr þessum ræðustól. Lífeyrissjóðirnir geta farið með helminginn af fjárfestingum sínum erlendis og við erum ekki að tala um neina smáaura. Við erum sennilega að tala um hvorki meira né minna en 300 milljarða kr. sem lífeyrissjóðirnir mega fara með erlendis. Það eru vel fjárlög íslenska ríkisins. Og það hefur einmitt haft þau áhrif sem formaður Samfylkingarinnar hefur lýst hvað best, þ.e. að þrýsta verulega á gengið og ýta undir þann óstöðugleika sem nú er í efnahagslífinu. Engu að síður kalla ég eftir því, sérstaklega af því að gera má ráð fyrir því að mikið af þessum óskráðu bréfum sé í hlutabréfasjóðunum, að fjárfestingarstefna þessara hlutabréfasjóða sé skilgreind.

Af því að við erum að ræða um óskráðu bréfin vil ég í þessu sambandi segja að ég teldi það til verulegra bóta ef komið væri á skipulegum tilboðsmarkaði sem mundi auðvelda minni fyrirtækjum að skrá verðbréf sín og gera þann kost fýsilegri en nú er. Það er nokkrum skilyrðum bundið að skrá verðbréf í kauphöll. Á slíkum skipulegum tilboðsmarkaði væri hægt að gera heldur vægari kröfur eða skilyrði sem mundi þá auðvelda minni fyrirtækjum að skrá verðbréf sín og, eins og ég segi, gera þann kost fýsilegri en nú er. Reyndar er Fjármálaeftirlitið, herra forseti, á sömu skoðun og minni hlutinn um að skipulegur tilboðsmarkaður mundi draga úr viðskiptum með óskráð bréf til almennings, en minni hlutinn óskaði eftir skriflegum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um ýmis atriði sem lúta að ákvæðum þessa frv., t.d. um

óskráð verðbréf. Þær spurningar sem við lögðum fyrir Fjármálaeftirlitið eru birtar sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti og einnig svar Fjármálaeftirlitsins við þeim. Meiri hlutinn taldi enga sérstaka ástæðu til þess að taka á þessu máli eða leggja neina áherslu með einum eða öðrum hætti á þennan gráa markað með öllum þeim áhættufjárfestingum sem þar eru og við það situr nú þegar við erum komin með þetta mál til 2. umr.

Síðan hef ég gagnrýnt, herra forseti, og ég held að það sé með réttu, að ekkert sé á því tekið að takmarka viðskipti verðbréfafyrirtækjanna sjálfra, að þau versli með hlutabréf fyrir eigin reikning.

Hætta er fólgin í því að verðbréfafyrirtækin haldi uppi of háu gengi á bréfunum og hafi óeðlileg áhrif á gengi bréfanna. Full ástæða er til að ætla, herra forseti, að svokallaðir Kínamúrar dugi ekki til að aðskilja á eðlilegan hátt viðskipti innan fyrirtækjanna eða starfssviða og að nægjanlega vel sé gengið frá málum þegar verðbréfafyrirtækjunum er treyst fyrir ávöxtun á eignasöfnun viðskiptavinanna á sama tíma og þau stunda sjálf mikil viðskipti fyrir eigin reikning með verðbréf.

Þarna er veruleg hætta á hagsmunaárekstrum, herra forseti, og segja má að Fjármálaeftirlitið taki í sama streng í skriflegu svari við fyrirspurn minni hlutans en þar kemur fram að upplýsingar eða áætlanir um heildarumfang viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fyrir eigin reikning liggja ekki fyrir. Mér finnst afar sérstakt að ekki sé reynt að kortleggja það og leggja mat á hvaða áhrif þessi miklu viðskipti hafa á gengi hlutabréfa.

En síðan segir hjá Fjármálaeftirlitinu að á jafnsmáum eða grunnum markaði og um er að ræða hér á landi kunni að skapast hætta á að umfangsmikil viðskipti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og annarra sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta hafi áhrif á gengi bréfanna.

Þetta voru ekki mín orð, herra forseti. Það kemur fram hjá Fjármálaeftirlitinu að á jafnsmáum eða grunnum markaði og hér sé geti skapast þessi hætta á að umfangsmikil viðskipti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hafi áhrif á gengi bréfanna.

Fjármálaeftirlitið bendir á að auk Kínamúra séu í grannlöndum okkar reglur um meginviðskipti verðbréfafyrirtækja og viðskipti starfsmanna þeirra. Ég kalla eftir því, herra forseti, að á þessu máli sé tekið og menn séu á varðbergi fyrir því hvaða áhrif mikil viðskipti þessara verðbréfafyrirtækja hafi. Ég spyr: Hverjum er greiði gerður með því að halda uppi háu verði á fyrirtækjum, spenna upp gengið á þeim eins og oft hefur verið? Síðan hrapar þetta niður þannig að raunverulega er ekki innstæða eða eignir á bak við gengi á bréfum hjá mörgum fyrirtækjum. Það kemur bara í bakið á þeim sem eru í slíkum viðskiptum.

Síðan er, herra forseti, hitt ákvæðið, annað helsta gagnrýnisatriðið sem við ræddum mjög í efh.- og viðskn. og það snertir 7. gr. c, innherjamálin. Hvernig er gengið frá því þegar við höfum upplifað aftur og aftur að innherjar hafa ekki gengið um dyr sínar eins og þeir ættu að gera þegar þeim er treyst fyrir trúnaðarupplýsingum og hafa misnotað aðstöðu sína sem leitt hefur til þess sem menn kalla innherjasvik? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að ganga frá því máli í frv.?

Hæstv. ráðherra segir:

„Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna."

Hann á að forðast að eiga viðskipti. Hvers lags lagatexti er þetta, herra forseti, og hvaða réttaróvissu getur slíkt ákvæði skapað þegar löggjafinn er að ganga frá svona bulli? Ég kalla það bull, herra forseti, að vera með svona lagatexta. Þarna sjáum við eina málamiðlunina sem gerð er þegar hagsmunaaðilar eru sjálfir settir til verka að búa til eigin leikreglur eins og þarna var, bæði Kaupþing og Íslandsbanki FBA ásamt Fjármálaeftirlitinu. Þá kemur svona bastarður út úr þessu. Það er þess vegna sem ég var að segja áðan að Fjármálaeftirlitið á ekki að láta hafa sig í að semja frv. að einhverri málamiðlun með hagsmunaaðilum heldur eiga þeir að vera umsagnar- og ráðgefandi aðilar fyrir stjórnvöld í þessu efni.

Þetta var harðlega gagnrýnt af ýmsum sem þarna komu að sem sáu að þetta var mjög óeðlilegur lagatexti og var þar meira að segja Verslunarráðið á ferðinni sem gagnrýndi slíkan frágang á lagatexta. Meiri hluti efh.- og viðskn. sá aðeins að sér í þessu efni vegna þess að í meðförum hefur textanum aðeins verið breytt. Nú stendur að í staðinn fyrir að fruminnherjar eigi að forðast að eiga þessi viðskipti eigi fruminnherjar að ganga úr skugga um að eiga ekki viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar o.s.frv.

Herra forseti. Heldur er afdráttarlausara tekið hér á en hitt. Heldur er skárra í lagatexta að hafa þetta með þessum hætti. En af hverju í ósköpunum er ekki bara sett bann við því að þeir eigi slík viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda? Það er afdráttarlaus texti sem mun ekkert vefjast fyrir dómstólum ef mál sem þetta ákvæði frv. varðar fer til dómstólanna. Er annað megingagnrýnisatriði minni hlutans á þetta frv. um hve losaralega og huglægt er tekið á ýmsum mikilvægum þáttum að þannig er frá þessu ákvæði gengið, herra forseti, af hálfu meiri hlutans.

Það vekur enn og aftur upp spurninguna um réttarstöðu aðila ef þessi ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga eru brotin og hvaða lögformlega þýðingu svona óljós og matskennd ákvæði hafa. Auðvitað er ástæða til þess að fagna öllu sem bætir hér úr og brtt. hefur aðeins bætt úr afar furðulegu ákvæði sem fram kom með frv. hæstv. ráðherra.

Síðan er annar þáttur sem efh.- og viðskn. ræddi ekki nægjanlega mikið og það snertir leiðbeiningar sem Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti en þær voru sendar til umsagnar eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði í júlí. Það er í samhengi við það sem við höfum óskað eftir í Samfylkingunni að settar séu siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði. Um það flutti þingflokkur Samfylkingarinnar þáltill. sem var samþykkt á síðasta þingi. Hæstv. viðskrh. vann í samræmi við þá tillögu og skilaði skýrslu hingað til þingsins um siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði sem hefur ekki verið rædd enn þannig að ég mun ekki fara ítarlega ofan í hana en skýrslan er niðurstaðan af þeirri tillögu sem Samfylkingin beitti sér fyrir þar sem við teljum það mjög mikilvægt fyrir opinn og sýnilegan verðbréfamarkað að slíkar siðareglur séu settar.

Þar kemur fram sú meginniðurstaða að fjármálafyrirtæki telji almennt að þau uppfylli þær reglur um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti sem kveðið er á um í tilmælum framkvæmdarstjórnar ESB frá 25. júlí 1977.

En þær leikreglur sem hér eru settar fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja og sem eru núna til umsagnar hjá verðbréfafyrirtækjum eða eftirlitsskyldum aðilum eru býsna góðar reglur, herra forseti. Enda er það svo, það kom fram á fundi efh.- og viðskn., að t.d. fulltrúi Kauphings og annarra verðbréfafyrirtækja sem sátu þennan fund gagnrýna þessar reglur. Þeir gagnrýna þessar reglur og telja þær of strangar, herra forseti. Þetta eru leiðbeiningarreglur sem Fjármálaeftirlitið vill að verðbréfafyrirtækin setji sér.

Ef ég fer aðeins yfir hvað stendur í þessum leiðbeiningarreglum sem verðbréfafyrirtækin mörg hver hafa gagnrýnt og er ekki enn búið að setja, herra forseti, en mér skilst að stefnt sé að því að setja þær um nk. áramót, þá finnst mér þær ganga miklu lengra í mörgu efni sem lýtur að innherjamálum og meðferð trúnaðarupplýsinga en lögin um verðbréfaviðskipti gera. Því hef ég vakið máls á því hvort menn telja, ef deilt er um leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins, sem greinilega er, af því að verðbréfafyrirtækin hafa verið að gagnrýna ýmis atriði í þessum reglum, hvort menn telja gilda lögin um verðbréfaviðskipti eða þessar leiðbeiningarreglur.

Segjum svo að verðbréfafyrirtækin mundu benda á að reglur Fjármálaeftirlitsins gengju lengra en lögin og ekki væri lagastoð fyrir slíkum ákvæðum sem fram koma í leiðbeiningarreglum. Hvort er það þá sem gildir? Hvaða svör fæ ég við því, herra forseti?

Ég fæ þau svör við því að Fjármálaeftirlitið telur sig geta knúið á um að þessar reglur séu settar, m.a. — eins og fram kemur í svari þeirra við fyrirspurnum mínum — með beitingu dagsekta því að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé skylt að setja sér reglur um innherjaviðskipti og reglur sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið þarf að staðfesta. Þannig er staðan, herra forseti.

Ef ég fer inn á örfá atriði í þeim ágætu leiðbeiningarreglum sem fjármálafyrirtækin telja að séu of ströng og stíf og of hart að sér gengið segir þar að viðskipti starfsmanna með óskráð bréf séu óheimil. Ég sé ekki að neitt standi um það í frv. Hér stendur líka að hægt sé að gera kröfu um lágmarkseignarhaldstíma starfsmanna verðbréfafyrirtækja. Það er það atriði sem við ræddum nokkuð um hér þegar þetta mál var til umræðu á síðasta þingi og einnig hvort skylda ætti innherjana til þess að gangast undir þá reglu að þeir mættu ekki eiga viðskipti með verðbréf á ákveðnum tíma fyrir og eftir t.d. birtingu ársreikninga og mér fannst hæstv. ráðherra taka allsæmilega undir það. En það er ekki að finna því stað í lagatextanum sjálfu, herra forseti, í frv. En engu að síður telur Fjármálaeftirlitið sig geta knúið það fram að hægt sé að gera kröfu um lágmarkseignarhaldstíma starfsmanna verðbréfafyrirtækja.

Síðan segir að tryggt sé að viðskiptamaður sé upplýstur um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækisins þegar ráðlagt er um viðskipti með verðbréf. Þetta er afar mikilvægt, ekki síst í ljósi þess sem ég var að ræða áðan um mikið umfang á viðskiptum verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning. Það á að vera tryggt að viðskiptamaður sé upplýstur um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækis þegar ráðlagt er um viðskipti með verðbréf.

Mér þætti nokkuð fróðlegt að vita hvort eftir því yrði farið í hvert skipti sem viðskiptavinur kemur til þessara verðbréfafyrirtækja og ætlar að eiga þar einhver viðskipti að hann sé þá upplýstur eðlilega um eigendahagsmuni fjármálafyrirtækisins. Maður veltir fyrir sér ábyrgðinni á þessum innanbúðarreglum eða leiðbeiningarreglum og hvernig eftirlitinu verður þá háttað með að þeim sé framfylgt.

Í leiðbeiningarreglunum segir síðan að starfsmanni sé óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtæki sem hann vinnur hjá gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtækið annast fyrir aðra útgefendur nema því aðeins að í útboðinu sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi.

Þetta tel ég afar mikilvægt ákvæði til þess að menn sem vinna hjá þessum fyrirtækjum misnoti ekki aðstöðu sína. Þeim er samkvæmt leiðbeiningarreglunum óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem fjármálafyrirtæki sem þeir vinna hjá gefur út eða útboðum sem fjármálafyrirtæki annast fyrir aðra útgefendur nema því aðeins að í útboðinu sé óskað eftir útboðum um hlut á föstu gengi. Þetta er afar mikilvægt.

Síðan segir að starfsmönnum sem eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefenda verðbréfa sé óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf viðkomandi útgefenda frá því að störf hefjast og næstu þrjá mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur. Hér segir jafnframt að starfsmönnum sé óheimilt að taka þátt í fjárfestingarhópum sem hafa þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.

Hér hef ég aðeins, herra forseti, tæpt á örfáum af þeim leiðbeinandi reglum sem Fjármálaeftirlitið telur sig geta knúið á um að verði settar með beitingu dagsekta. Það hefði verið æskilegt, herra forseti, að vita niðurstöðuna varðandi þessar leiðbeiningarreglur áður en frv. væri samþykkt. Ég held reyndar, herra forseti, að ekki síst fyrir atbeina minni hlutans þá hafi meiri hlutinn tekið upp eitt ákvæði í frv. sem skiptir verulegu máli. Það lýtur að þeim reglum sem ég minntist á og fjallað er um í 7. gr. h-lið í frv. Þar stendur:

„Stjórn félags sem skráð er í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, eða félags sem óskað hefur eftir skráningu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, skal setja reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Í reglunum skal m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli komið í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þarfnast þeirra vegna starfa sinna, hvernig viðskiptum innherja skuli háttað, hver beri ábyrgð innan félagsins á að reglunum sé framfylgt og skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna."

Síðan segir, herra forseti, og þar kemur breytingin í frv.:

„Reglur skv. 1. mgr. skulu staðfestar af stjórn viðkomandi félags og sendar Fjármálaeftirlitinu og kauphöll eða skipulegum tilboðsmarkaði þar sem verðbréf félagsins eru skráð eða óskað hefur verið skráningar þeirra.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni skulu setja sér reglur samkvæmt þessari grein."

Hér er aðeins sagt að reglurnar skuli staðfestar af stjórninni og sendar Fjármálaeftirlitinu. Það er síðan skilið eftir í lausu lofti hvort það er til upplýsingar fyrir Fjármálaeftirlitið eða hvaða gildi sú málsmeðferð hefur. Meiri hlutinn féllst á að þarna yrði því bætt inn að reglurnar skyldu sendar Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar, herra forseti. Þar er reginmunur á og þá væri lagatextinn skýr í þessu efni. Þar gæti verið, herra forseti, sú lagastoð sem þarf til að leiðbeiningarreglurnar sem ég vitnaði til áðan og tel afar mikilvægar, hafi eitthvert gildi, þ.e. að Fjármálaeftirlitið geti þá knúið það fram — gegn vilja verðbréfafyrirtækjanna ef svo ber

undir, vænti ég — að fyrirtækin vinni samkvæmt þessum leiðbeiningarreglum. Þetta tel ég mikilvægt, herra forseti, að liggi fyrir, ekki síst þegar upplýst er í efh.- og viðskn. að ýmsis verðbréfafyrirtæki hafa gangrýnt alvarlega ýmis ákvæði í þessum leiðbeiningarreglum.

Ég tel ástæðu, herra forseti, til að fara yfir nokkur atriði í þeim spurningum sem við í minni hlutanum lögðum fyrir Fjármálaeftirlitið og svör Fjármálaeftirlitsins við þeim spurningum. Öll snerta þessi atriði grundvallarþætti í viðskipum með verðbréf og ýmsa þá þætti sem við í minni hlutanum höfum haft nokkrar áhyggjur af.

Í fyrsta lagi var spurt:

„Hvernig er háttað viðskiptum verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning annars staðar á Norðurlöndunum og er ekki hætta á hagsmunaárekstrum þegar verðbréfafyrirtækjum sem eru í miklum viðskiptum fyrir eigin reikning er um leið trúað fyrir ávöxtun á eignasöfnum viðskiptavina? Er annars staðar á Norðurlöndunum eða eftir atvikum í einhverjum löndum OECD settar einhverjar aðrar skorður við slíkum viðskiptum en svokallaðir „Kínamúrar"?"

Í svari Fjármálaeftirlitsins sem fylgir með áliti okkar í minna hlutanum frá 14. des. kemur fram að þeir telja að lagaheimildir um viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning séu byggðar á svipuðum grunni á Norðurlöndunum og hér á landi. Mér finnst það út af fyrir sig ekki segja mikið, herra forseti, enda er þetta dæmi um hve svör Fjármálaeftirlitsins við þeim spurningum sem við lögðum fram voru óskýr á margan hátt, enda höfðu þeir komið að samningu frv. og sátu í nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði um þetta mál. Ég hef gagnrýnt það áður en ætla ekki að fara um það fleiri orðum.

Síðan segir: „Fjármálaeftirlitinu er hins vegar ekki kunnugt um að gerður hafi verið samanburður á milli þessara landa á því hvernig heimildunum er beitt eða hvernig viðskiptahættir fjármálafyrirtækja hafa þróast að þessu leyti."

Það væri auðvitað ákaflega gagnlegt að það yrði skoðað nánar af Fjármálaeftirlitinu. En síðan segir:

„Auk Kínamúra eru í nágrannalöndunum fyrir hendi reglur um eigin viðskipti verðbréfafyrirtækja og viðskipti starfsmanna þeirra."

Út úr þessu les ég, herra forseti, að betur sé tekið á þessum þætti viðskipta á erlendum verðbréfamörkuðum en er hér á landi.

Við spurðum einnig um heildarumfang viðskipta fyrir eigin reikning. Mér finnst afar sérstakt að Fjármálaeftirlitið hafi ekki undir höndum eða gangi ekki eftir þeim upplýsingum þegar svo greiðlega gekk að fá þær upplýsingar frá ríkisskattstjóraembættinu. Þeir segja hins vegar, með leyfi forseta:

„Upplýsingar eða áætlanir um heildarumfang viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fyrir eigin reikning liggja ekki fyrir. Á jafnsmáum eða grunnum markaði eins og um er að ræða hér á landi kann að skapast hætta á að umfangsmikil viðskipti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og annarra, sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta, hafi áhrif á gengi viðkomandi verðbréfa. Slík viðskipti þurfa hins vegar ekki ávallt að vera óeðlileg. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptum af þessu tagi með ýmsu móti, m.a. við reglubundið eftirlit með starfsemi viðkomandi, athugun erinda frá viðskiptamönnum fyrirtækjanna og með því að fylgjast með viðskiptum á Verðbréfaþingi. Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að það hyggist á næstu missirum byggja upp styrkara eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði og í því skyni byggja upp markaðsvakt, sem bæti yfirsýn eftirlitsins yfir verðbréfamarkaðinn og gefi því færi á að grípa fyrr inn í mál sem upp koma."

Þar er á ferðinni afar athyglisverð nýjung sem þeir eru að fara að taka upp í sínum starfsháttum. Það væri ástæða til þess að ýta undir að hún kæmist sem fyrst til framkvæmda.

Við spurðum líka hvort það væri eðlilegt að mati Fjármálaeftirlitsins að svo stór hluti hlutafjármarkaðarins „leiki lausum hala" og engin laga- eða reglugerðarákvæði gildi sérstaklega um hann. Þá segja þeir, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið lítur almennt svo á að hagsmunir fjárfesta og verðbréfamarkaðar í heild séu best tryggðir með því að verðbréf séu skráð á kauphöllum eða skipulegum tilboðsmörkuðum og lúti þeim reglum sem gilda á slíkum mörkuðum. Viðskipti með óskráð verðbréf eiga hins vegar fullkominn rétt á sér og geta verið heppileg. Fjármálaeftirlitið telur ekki nauðsynlegt að um slík viðskipti verði sett sérstök laga- eða reglugerðarákvæði að öðru leyti en því sem snýr að tilboðum til almennings um viðskipti með óskráð verðbréf, þ.e. reglur um almennt útboð verðbréfa, en þær eiga einnig við um óskráð verðbréf."

Herra forseti. Umsögn Fjármálaeftirlitsins eða hvernig það setur fram skoðun sína á þessum óskráðu verðbréfum veldur mér nokkrum vonbrigðum. Eins og ég hef sagt er þessi markaður mjög stór og umfangsmikill og full ástæða til að hafa betra eftirlit með honum og skýrari leikreglur en verið hafa hingað til.

Í fjórða lagi spurðum við, með leyfi forseta:

„Eru ákvæði um skaðabótaskyldu verðbréfafyrirtækja vegna óábyrgrar ráðgjafar til einstaklinga um verðbréf sem undanþegin eru reglum um almennt útboð nægjanleg neytendavernd að mati Fjármálaeftirlitsins? Hve oft hefur reynt á skaðabótaskyldu í þessu efni og þarf að styrkja ákvæði um ábyrgð verðbréfafyrirtækja og réttarstöðu einstaklinga vegna viðskipta einstaklinga með óskráð verðbréf?"

Svar við þessu frá Fjármálaeftirlitinu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði 6. gr. c. í fyrirliggjandi frv. kemur til viðbótar almennu ákvæði 15. gr. laganna um leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Tilvitnað ákvæði frv. staðfestir skyldur verðbréfafyrirtækja til þess að meta faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar."

Mér fannst einmitt losaralega gengið frá því atriði og vissulega er þar um að ræða matskennd ákvæði sem verðbréfafyrirtækjum eru fengin. Þau gætu að mínu mati valdið einhverjum deilum þegar verðbréfafyrirtækið á að meta fjárhag og reynslu viðskiptavinar.

Síðan segir, í svari Fjármálaeftirlitsins:

„Komi til ágreinings vegna meintrar ónógrar ráðgjafar verður fyrirtækið að sýna fram á að það hafi fylgt þessum ákvæðum og takist það ekki kann það að hafa áhrif á mat hugsanlegrar bótaskyldu gagnvart viðskiptamanni. Fjármálaeftirlitinu er einungis kunnugt um tvö tilvik þar sem dómstólar hafa skorið úr um bótaskyldu vegna þessa. Hins vegar er Fjármálaeftirlitinu kunnugt um ýmis tilvik þar sem ágreiningur af þessu tagi hefur verið leystur með samkomulagi."

Í fimmta lagi var spurt:

„Hvaða lög og reglur gilda um óskráð hlutabréf innan OECD, sérstaklega er þó spurt um Norðurlöndin?"

Svarið við þeirri spurningu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um reglur innan OECD eða á Norðurlöndum sérstaklega um óskráð hlutabréf. Löggjöf aðildarríkja EES-samningsins byggir hins vegar á ýmsum tilskipunum Evrópusambandsins sem taka að hluta til viðskipta með óskráð verðbréf, svo sem tilskipun um almennt útboð verðbréfa."

Það er svolítið sérstakt, herra forseti, að Fjármálaeftirlitið hafi ekki þessar upplýsingar um reglur innan OECD eða á Norðurlöndunum vegna þess að í þeirri skýrslu sem við höfum nú verið að ræða í efh.- og viðskn. og snertir störf og starfsemi Fjármálaeftirlitsins kom það fram sem eftirlitsskyldir aðilar gagnrýndu að Fjármálaeftirlitið væri mikið á ferðum til útlanda að sinna erindum sem tengdust Fjármálaeftirlitinu, væri mikið á fundum með kollegum sínum og samstarfsaðilum erlendis, en síðan hefur Fjármálaeftirlitið þegar eftir því er leitað engar upplýsingar um reglur innan OECD eða á Norðurlöndunum, sérstaklega um óskráð hlutabréf.

Í sjötta lagi var spurt:

„Telur Fjármálaeftirlitið að tryggilega sé gengið frá ákvæðum í frv. til að koma í veg fyrir svik í innherjaviðskiptum? Má líta svo á að ákvæði frv. feli í sér eftirfarandi skilyrði varðandi innherjaviðskipti, (samanber leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um efni reglna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti)?"

Herra forseti. Til að spara mér tíma er í þessu bréfi verið að telja upp ýmis þau ákvæði eða reglur sem koma fram í hinum svokölluðu leiðbeiningarreglum sem fjármálafyrirtækjunum hafa verið send. En um þetta segir í svari Fjármálaeftirlitsins:

„Ekki verður fullyrt að lagaákvæði geti komi að öllu leyti í veg fyrir innherjasvik. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið ákvæði frv. til verulegra bóta í þessu sambandi og líkleg til að auka aðhald að innherjum og draga úr líkum á því að þeir eigi ólögmæt innherjaviðskipti."

Það er líklegt til þess að auka aðhald að innherjum og draga úr líkum á því, segir hér. Ekki er fastar tekið til orða, herra forseti, enda er ekki efni til að taka fastar til orða en hér er gert miðað við frágang inn á frv. vegna þess eins og ég hef ítrekað sagt við 1. umr. málsins að of losaralega er tekið á ákvæðunum um innherjamálin. Þess vegna segir Fjármálaeftirlitið að ákvæðin séu til bóta og líkleg til að auka aðhald að innherjum og draga úr líkum á því að þeir eigi ólögmæt innherjaviðskipti.

Síðan segir:

„Að því er varðar önnur atriði sem spurt er um skal tekið fram að nánar tilgreind upptalning úr drögum að leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins um reglur um verðbréfaviðskipti er ekki sérstaklega tengd innherjaákvæðum laganna eða skilyrðum fyrir viðskiptum innherja, enda þótt einstök atriði reglnanna skarist við slík viðskipti."

Síðan segir að reglurnar taki til fleiri atriða en innherjaviðskipta. Það vissi ég alltaf að þau taka bæði til innherjaviðskipta og annarra þátta viðskipta á verðbréfamarkaði.

Herra forseti. Síðan spurðumst við í minni hlutanum í sjöunda lagi fyrir um það hjá Fjármálaeftirlitinu:

„Telur Fjármálaeftirlitið að tryggður sé framgangur allra ákvæða í leiðbeiningarreglum Fjármálaeftirlitsins (sent til umsagnar í júlí sl.) með ákvæðum frv. um verðbréfaviðskipti eða telur eftirlitið að rétt sé að styrkja ákvæði frv. og þá hvaða til að tryggja öryggi þess að eftir reglunum sé farið með lagastoð?"

Herra forseti. Þarna finnst mér gæta þess einmitt, eins og kemur raunverulega aftur og aftur fram í þessum svörum, að Fjármálaeftirlitið hefur komið að þeirri niðurstöðu sem varð í málamiðlun milli hagsmunaaðila, þ.e. verðbréfafyrirtækjanna sjálfra, um það frv. sem við ræðum hér. En þessari spurningu svarar Fjármálaeftirlitið með eftirfarandi hætti:

„Drög að leiðbeiningarreglum sem vísað er til eru nánari útfærsla Fjármálaeftirlitsins á þeim atriðum sem talið er eðlilegt að fram komi í reglum sem fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er ætlað að setja sér samkvæmt 15. og 21. gr. laga nr. 13/1996. Frv. eins og það liggur nú fyrir tekur ekki sérstaklega til þessara reglna." — Sem mér finnst að það hefði þurft að gera til að tryggja að þær reglur, sem Fjármálaeftirlitið vill beita sér fyrir og sem ágreiningur er um, hafi lagastoð frekar en gert er með þessu frv. ef til alvarlegs ágreinings kemur um þessar reglur milli Fjármálaeftirlitsins og verðbréfafyrirtækjanna.

Síðan segir orðrétt, herra forseti:

„Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum að setja sér þessar reglur, en verða að fá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á þeim. Sú staðfesting fæst ekki nema Fjármálaeftirlitið telji þær ásættanlegar. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið knúið á um að þær reglur séu settar, m.a. með beitingu dagsekta."

Þannig lítur Fjármálaeftirlitið á stöðu sína og þessar reglur sem eru greinilega deilur um og ágreiningur um hjá Fjármálaeftirlitinu og þessum eftirlitsskyldu aðilum, a.m.k. einhverjum þeirra.

Síðan var spurt:

„Telur Fjármálaeftirlitið að ákvæði frv. séu nægjanlega örugg til að koma í veg fyrir að dreift sé óskráðum verðbréfum til almennings eða er rétt að styrkja ákvæði frv. frekar í því skyni?"

Þar segir Fjármálaeftirlitið:

„Ákvæðum frv. er ekki ætlað að koma í veg fyrir viðskipti almennings með óskráð verðbréf heldur er þeim ætlað að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf til almennings við sölu óskráðra verðbréfa. Með því er dregið úr hættunni á að almenningur eigi viðskipti með óskráð verðbréf á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga. Í þessu ljósi telur Fjármálaeftirlitið ákvæði frv. fullnægjandi."

Enn og aftur rekum við okkur á það hvernig þeir hafa komið að þessu máli með samningu frv. Þeir segja að ákvæðum frv. sé ekki ætlað að koma í veg fyrir viðskipti almennings með óskráð verðbréf heldur sé þeim ætlað að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf til almennings um sölu óskráðra verðbréfa. Ég hef farið yfir það hvernig um þá upplýsingahnúta er búið í þessu frv., sem er afar matskennt, sett í fangið á verðbréfafyrirtækjunum sjálfum og undir hælinn lagt hvernig sú upplýsingagjöf er framreidd til viðskiptavinanna. Hætta er á því, herra forseti, og kannski meiri en menn gera sér grein fyrir að almenningur eigi viðskipti með óskráð bréf án útboðs sem er ekki æskilegt í mörgum tilfellum út af þeirri áhættu sem í þeim er fólgin.

Síðan er spurt:

„Má ekki líta svo á að ákvæði frv. séu of opin að því er varðar að verðbréfafyrirtækin sjálf geti metið hvort þau eru með óskráð bréf til sölu án útboðs til almennings?"

„Fjármálaeftirlitið lítur ekki svo á að ákvæði frv. um þetta efni séu of opin. Eðlilegt verður að teljast að mat af þessu

tagi sé í höndum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem eru í beinum tengslum við fjárfesta í starfsemi sinni. Um ábyrgð verðbréfafyrirtækja vísast að öðru leyti til svars við annarri spurningu.“

Fjármálaeftirlitið telur með öðrum orðum að það sé allt í lagi og nánast eðlilegt að hafa mat á þeim mikilvæga þætti sem snertir verðbréfamarkaðinn, það er á höndunum á fyrirtækjunum í verðbréfaþjónustunni sjálfri, og telur enga ástæðu til þess að herða neitt á í löggjöfinni.

Herra forseti. Ég mun fylgjast mjög grannt með framkvæmd á þessari löggjöf og fylgjast grannt með því eftirliti sem Fjármálaeftirlitið mun hafa með verðbréfafyrirtækjum. Þess vegna er ástæða, herra forseti, til að fagna því að við í minni hlutanum beittum okkur fyrir því á síðasta þingi þegar sá gjaldstofn sem Fjármálaeftirlitið hefur til þess að reka starfsemi sína var til umræðu í nefndinni en gjaldtakan mun sennilega hafa árlega viðkomu í þinginu og hjá efh.- og viðskn. vegna breytinga sem þarf að gera reglulega á þeim gjaldstofni — en við óskuðum eftir að í tengslum við þá gjaldtöku yrði á hverju einasta þingi lögð fram skýrsla Fjármálaeftirlitsins um starfsemi sína á árinu þannig að við gætum fengið yfirferð um hvernig gengið hefur að hafa eftirlit með þessum eftirlitsskyldu aðilum. Það er alveg ljóst að ég mun fylgjast mjög nákvæmlega með þeirri skýrslu og skoða hér á þingi sem er örugglega ástæða til þess að hafa til mjög náinnar skoðunar vegna þess að umfjöllun þessa frv. í efh.- og viðskn. og aðkoma Fjármálaeftirlitsins að því máli hefur satt best að segja, herra forseti, ekki aukið traust mitt á Fjármálaeftirlitinu. Ég hafði nokkurt álit á Fjármálaeftirlitinu fyrir, herra forseti. En úr því hefur dregið, satt best að segja, með aðkomu Fjármálaeftirlitsins að þessu máli.

Ég er ekki í annarri stöðu, verandi í stjórnarandstöðu, en að sinna eftirlitshlutverki mínu sem þingmaður með því að hafa eins og ég best get auga með því hvernig Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með verðbréfamarkaðnum, m.a. þessum innherjamálum og meðferð á trúnaðarupplýsingum og í gegnum þá skýrslu sem við munum fá reglubundið á þinginu.

Í tíunda lagi lögðum við í minni hlutanum þá spurningu fyrir Fjármálaeftirlitið hvort ekki væri eðlilegra að mati Fjármálaeftirlitsins að orða 32. gr. c í frv. ákveðnar þannig að fruminnherjar megi ekki eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar, t.d. skömmu fyrir birtingu ársreikninga eða milliuppgjörs.

Ég fór aðeins yfir þetta ákvæði áðan og það var náttúrlega til vansa hvernig frá því var gengið í frv. Hefur þó meiri hlutinn aðeins bætt úr og vísar Fjármálaeftirlitið til þess að þeir leggja til að í stað orðalagsins „að forðast“ að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar útgefanda o.s.frv. verði tekið upp þetta ákvæði „að ganga úr skugga um“. Það er heldur ákveðnara orðalag en þarna vildi ég aftur ítreka að ég tel að það hefði átt að ganga frá málum með þeim hætti að það ætti að banna fruminnherjum að eiga viðskipti þegar þær aðstæður eru sem lýst er í 7. gr. c í frv.

Í ellefta lagi var spurt:

„Er ákvæðum um innherjaviðskipti í frv. ekki einnig ætlað að vernda fjárfesta þó ekki sé um skipulega verðbréfamarkaði að ræða?“

Þeir hafa ekki mikið fyrir að svara þessu og vísa í frv. sjálft, til almennra athugasemda, sem ég, herra forseti, hefði ekki verið að kalla eftir hjá Fjármálaeftirlitinu eða spurt það um ef ég hefði verið ánægð með þær upplýsingar sem koma fram í frv. sjálfu sem ég hef lesið spjaldanna á milli. Þess vegna finnst mér að Fjármálaeftirlitið eigi að leggja meiri vinnu í að svara slíkum spurningum sem a.m.k. einhverjir í nefndinni telja nauðsynlegar til að geta myndað sér skoðun á því mikilvæga máli sem við erum að fjalla um sem eru leikreglur fyrir verðbréfamarkaðinn sem fer sí og æ vaxandi. Það er gott og blessað en um hann þurfa að gilda eðlilegar og sanngjarnar leikreglur.

Í tólfta lagi var spurt:

„Er fyrirtækjum á fjármálamarkaði skylt að fara að fyrirliggjandi leiðbeiningarreglum?“ — Við höfum farið yfir það og það er afdráttarlaust af þeirra hálfu.

Í þrettánda lagi spurðum við um nýfallinn dóm um viðskipti með óskráð verðbréf, hvort hann gæfi tilefni til þess að herða frekar á ákvæðum um viðskipti með verðbréf og hvað það væri í frv. sem hefði getað breytt niðurstöðum dómsins.

Svarið við þeirri spurningu er svohljóðandi:

„Dómurinn fjallar um hvort tiltekin sala verðbréfa hafi talist almennt útboð í skilningi laga nr. 13/1996 og reglugerðar nr. 505/1993 og hvort skylt hafi verið að gefa út útboðslýsingu. Ákvæði frumvarpsins eins og það liggur fyrir taka ekki mið af dómnum, enda hafði frumvarpið verið samið áður en dómurinn féll. Verði frumvarpið samþykkt verða ítarlegri efnisákvæði um almennt útboð sett í lög í stað reglugerðar, en dómur fjallaði m.a. um gildi núgildandi reglugerðar um almennt útboð verðbréfa.“

Það verður að segjast eins og er, að efh.- og viðskn. skoðaði ekki sérstaklega þennan þátt með tilliti til dómsins og hvort það væri ástæða til að skoða þá frekari breytingar á frv. með hliðsjón af þeirri niðurstöðu hans.

Síðan er spurt:

„Er ekki rétt að taka upp í lög bann við innherjaviðskiptum í ákveðinn tíma fyrir og eftir ársuppgjör eða milliuppgjör fyrirtækja og hve oft hefur orðið misbrestur á því að farið sé að tilmælum Verðbréfaþings þar að lútandi?“

Um þetta segir:

„Ákvæði 7. gr. c. í frv. kveður á um rannsóknarskyldu innherja þegar þeir eiga viðskipti. Fjármálaeftirlitið telur ekki skynsamlegt að setja í lög ákvæði um bann við viðskiptum á tilteknum tímabilum, þar sem þau geta slævt vitund innherja um stöðu sína og þar með skapað falskt öryggi.“

Um þetta eru til reglur víða í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er sett ákveðið bann við innherjaviðskiptum á ákveðnum tíma fyrir og eftir árs- eða milliuppgjör fyrirtækja. Mér fannst hæstv. viðskrh. í það minnsta taka alveg bærilega undir það á síðasta þingi að rétt væri að skoða lögfestingu þessa þáttar. Fjármálaeftirlitið telur hins vegar enga ástæðu til þess. Þetta er auðvitað eitt af þeim atriðum sem ástæða er til að fylgjast með hvernig þróast og ástæða til að halda þessu svari Fjármálaeftirlitsins til haga á stað þar sem auðvelt er að ganga að því. Ég er sannfærð um að efni frv. eins og frá því er gengið og afstaða Fjármálaeftirlitsins til ýmissa þátta sem snúa að innherjaviðskiptum og meðferð trúnaðarupplýsinga er svo losaraleg og matskennd — Fjármálaeftirlitið blessar þá framkvæmd — að ég tel að á þetta muni reyna fyrr en seinna.

Síðan segir Fjármálaeftirlitið, með leyfi forseta:

„Einstakir útgefendur geta sett sér eigin reglur um bann við viðskiptum á tilteknum tímabilum með hliðsjón af aðstæðum hjá viðkomandi, sbr. 7. gr. h. í frv.“

15. spurning er svohljóðandi:

„Er ekki rétt að taka af skarið um það í lögum hver ber ábyrgð á því innan fyrirtækja að ekki eigi sér stað ólögleg innherjaviðskipti og misbrestur á meðferð trúnaðarupplýsinga?“

Um þetta segir:

„Kveðið er á um þetta í 7. gr. h. í frv. Felist í spurningunni tilvísun til d-liðar 7. gr. fyrirliggjandi frv. telur Fjármálaeftirlitið eðlilegt að stjórn viðkomandi fyrirtækis beri ábyrgð á að tilnefna þann aðila sem ákvæðið vísar til að teknu tilliti til skipulags fyrirtækisins.“

Eftir þessu hafa ýmsir, bæði úr minni og meiri hluta, kallað, að það liggi skýrt fyrir hver beri ábyrgð í meintum innherjasvikum. Þannig væri alveg skýrt að ef einhver viðskipti ættu sér stað hjá innherjum þá beri einn aðili innan fyrirtækisins ábyrgð á að eftir lögum og reglum sé farið í því efni. Samkvæmt frv. á stjórn viðkomandi fyrirtækis að bera ábyrgð á að tilnefna þann aðila sem ákvæðið vísar til. Þess vegna er afar mikilvægt, herra forseti, að leiðbeiningarreglur verði sem fyrst staðfestar af Fjármálaeftirlitinu og þær taki m.a. á þessu. Þannig yrði tryggilega frá því gengið að hvert einasta fyrirtæki á verðbréfamarkaði hefði skýrar boðleiðir í þessu efni, þ.e. um hver beri ábyrgð þegar um innherjaviðskipti er að ræða.

Í 16. lagi var spurt hvort ákvæði hegningarlaga eigi við um ólögleg innherjaviðskipti og hvaða ákvæðum verði hægt beita þegar slík tilvik koma upp.

Fjármálaeftirlitið svarar, með leyfi forseta:

„Ákvæði IV. kafla og 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfaviðskipti eru sérrefsilagabrot og tæma sök í innherjamálum að mati Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði hegningarlaga eiga því ekki við um slík brot.“

Það hefði verið ástæða til þess af hálfu efh.- og viðskn. að fara yfir refsiákvæði sem gilda um verðbréfaviðskipti en það var ekki gert að þessu sinni.

Í 17. lagi var spurt:

„Hvernig hefur Fjármálaeftirlitið brugðist við í þeim tilvikum sem eftirlitið hefur haft mál til meðferðar vegna meintra innherjasvika?“

Svarið er:

„Af þeim meintu ólögmætu innherjaviðskiptum sem Fjármálaeftirlitið hefur haft til rannsóknar hefur einu máli verið vísað til ríkislögreglustjóra til frekari rannsóknar. Í öðrum málum hafa, að mati Fjármálaeftirlitsins, ekki reynst forsendur til slíkrar málsmeðferðar.“

Í þessu sambandi ætla ég að minna á að við höfum í örfá skipti séð að Fjármálaeftirlitið hefur brugðist hart við þegar um meint innherjasvik hefur verið að ræða. Það tengdist t.d. einum banka. Hins vegar er svo sérkennilegt að við heyrum aldrei um niðurstöðu þeirrar athugunar eða rannsóknar Fjármálaeftirlitsins. Ekki veit ég hvort skýringin er sú að það kemur einhver niðurstaða sem ekki er birt opinberlega eða hvort málin eru hreinlega svæfð einhvers staðar í skúffum hjá Fjármálaeftirlitinu. Mér hefði fundist, herra forseti, að þegar Fjármálaeftirlitið hefur lokið rannsókn sinni þá ætti að birta niðurstöðuna opinberlega. Niðurstaðan í þeim meintu innherjasvikum sem hafa þó komið til kasta Fjármálaeftirlitsins hafa farið fram hjá mér, við höfum ekki fengið að sjá niðurstöðuna í þeim málum.

Síðan er spurt:

„Er rétt að setja í lög ákvæði sem skilgreina fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða?“

Ég hygg að flestir séu sammála um að það þurfi að fara að vinda sér í það verkefni. Fjármálaeftirlitið tekur raunverulega undir það í svari sínu:

„Fjármálaeftirlitið svo og forveri þess, bankaeftirlit Seðlabanka Íslands, hefur bent á nauðsyn þess að sett verði löggjöf um hvers konar sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.“

Þetta stendur eftir, þ.e. að skilgreina í lögum fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða. Ég hvet til þess að hæstv. ráðherra, sem ekki hefur verið viðstödd þá löngu umræðu sem hér hefur orðið um hennar mál sem hún leggur áherslu á að fá afgreidd fyrir jól, beiti sér fyrir því að sem fyrst verði sest yfir að skilgreina fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóðanna. Í þeim sjóðum er örugglega að finna ýmis af þeim óskráðu verðbréfum sem ég hef hér gert töluvert að umtalsefni og tel að þurfi að taka fastari tökum, bæði af hálfu löggjafarvaldsins og Fjármálaeftirlitsins.

19. spurning okkar í minni hlutanum er svohljóðandi:

„Gæti það dregið úr viðskiptum með óskráð bréf ef komið væri á skipulegum tilboðsmarkaði og telur Fjármálaeftirlitið það rétt að beita stjórntækjum, reglum eða lagafyrirmælum sem væru til þess fallin að draga verulega úr viðskiptum með óskráð hlutabréf?“

Fjármálaeftirlitið svarar svo:

„Tilkoma skipulegs tilboðsmarkaðar, þar sem gerðar væru vægari kröfur til skráningar félaga en gerðar eru vegna skráningar í kauphöll, kynni að auðvelda minni fyrirtækjum að skrá verðbréf sín og gera það fýsilegri kost en nú er. Með því mundi eðli máls samkvæmt draga úr viðskiptum með óskráð verðbréf. Hins vegar teldi Fjármálaeftirlitið heppilegt að slík þróun yrði án lagaboða eða stjórnvaldsreglna. Hafa ber í huga að nauðsynlegt kann að vera að ný fyrirtæki hafi möguleika til að afla sér fjár til starfsemi sinnar án skráningar í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Meginatriðið er að verðbréf þeirra verði ekki boðin almenningi nema tryggt sé að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi.“

Það er meginatriðið og undir það vil ég svo sannarlega taka, en því miður, herra forseti, er ekki svo um hnútana búið í þessu frv. að almenningur fái fullnægjandi upplýsingar að því er þennan þátt varðar. Fjármálaeftirlitið dregur úr því og telur ekki heppilegt að gera slíkt með lagaboði eða stjórnvaldsreglum. En, herra forseti, ef þetta gerir verðbréfamarkað okkar heilbrigðari, eðlilegri og þessi óskráðu bréf sýnilegri þannig að þau séu traustari, t.d. á slíkum tilboðsmarkaði, hvað er þá að því? Hvað er að stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvaldsreglum um að koma á slíkum skipulegum tilboðsmarkaði ef það kemur skikkan á þessi óskráðu verðbréf? Þetta hefur ásamt öðru ekki aukið tiltrú mína á Fjármálaeftirlitið.

Við spyrjum einnig:

„Hvaða áhrif hefur það ákvæði laga um verðbréfaviðskipti haft sem heimilar lokað útboð svo framarlega sem hópurinn er ekki stærri en 25 aðilar og hefur það ákvæði verið misnotað að mati Fjármálaeftirlitsins?“

Svarið er að ekki hafi verið gerð almenn athugun á framkvæmd svonefndra lokaðra útboða af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Síðan segir:

„Fjármálaeftirlitið, og áður Bankaeftirlitið, hefur í ýmsum tilvikum krafist þess að sala á tilteknum verðbréfum væri stöðvuð og framkvæmd sölunnar færð til samræmis við reglur um almennt útboð verðbréfa.“

Þar höfum við það, herra forseti. Engin almenn athugun á framkvæmd svonefndra lokaða útboða hefur farið fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Ef þetta, með öðru sem Fjármálaeftirlitið hefur ekki komið í framkvæmd sem ég hef lesið upp, er vegna skorts á starfsfólki eigum við auðvitað að sjá til þess, herra forseti, að fjárhagslega sé þannig búið að þessari stofnun að hún fái það starfsfólk sem til þarf til að sinna eftirliti. Það eru eftirlitsskyldu aðilarnir sem fjármagna starfsemina og auðvitað á að haga eftirlitinu með þannig að Fjármálaeftirlitið geti sinnt hlutverki sínu.

Síðan komum við að því sem nokkuð var rætt í nefndinni og við í minni hlutanum spurðum um:

„Telur Fjármálaeftirlitið að ákvæðið um skilgreiningu á hvað eru fagfjárfestar nægjanlega skilgreint og hver eru rökin fyrir að miða skilgreininguna við að eiga markaðsverðbréf að verðmæti 100 milljónir króna?"

Við spurðumst nokkuð fyrir um þetta í efh.- og viðskn. Við spurðum m.a. fulltrúa verðbréfafyrirtækjanna að þessu. Svörin voru nákvæmlega þau að þessi tala er nánast tekin upp úr hatti. Af hverju ætti hún ekki að vera 150 millj. eða 75 millj.? Nei, hún er 100 millj. kr. Hún er bara tekin upp úr hatti. Ég held að hún sé ekki fundin neitt óðruvísi. Það er sem sagt nægjanlegt, þó að maður hafi ekkert vit á fjármálum, að hafa í gegnum eitthvað, þó það væri ekki nema í gegnum arf, eignast 100 millj. eða 101 millj., þá getur maður orðið fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu þessara laga.

Við spurðum einnig:

„Falla einstaklingar undir þessa skilgreiningu?"

Svarið við því, herra forseti, er svohljóðandi:

„Fjármálaeftirlitið vísar til umfjöllunar í skýrslu nefndar um útboð verðbréfa sem fylgir frv. en Fjármálaeftirlitið telur ekki rétt á þessu stigi að mæla með því að einstaklingar geti talist til fagfjárfesta. Mikilvægt er hins vegar að hafa svigrúm til að móta skilgreiningu á fagfjárfestum í reglugerð."

Þeir vilja fá svigrúm til að móta skilgreiningu á því í reglugerð, herra forseti, en það fengust engin almennileg svör við því af hverju miðað er við 100 millj. kr. Spurning er hvort það ættu ekki að vera önnur fagleg skilyrði fyrir því að menn geti talist til fagfjárfesta, önnur en að eiga 100 millj. í peningum.

Síðan spurðum við:

„Er eitthvað í frumvarpinu sem kemur í veg fyrir „kennitölusöfnun" í kringum útboð á hlutafé? Ef ekki, er æskilegt að taka upp ákvæði í lög eða reglur sem takmarka slíkt?"

Svarið við þessari spurningu er stutt:

„Frumvarpið hefur ekki að geyma ákvæði sem koma í veg fyrir „kennitölusöfnun"."

Í umfjöllun okkar um sölu eigna hjá ríkinu og verðbréfamarkaðinn fengum við heldur betur að kynnast þeirri aðferð við hlutafjárútboð hjá bönkunum og sölu á FBA. Þá var þetta mikið notað. En það er greinilega ekkert tekið á því. Ákvæðið í i-lið 7. gr. tekur ekki á þessu kennitölumáli, en þar segir:.

„Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum."

Þetta, herra forseti, hefði maður ætlað að ætti að skoða í tengslum við þetta ákvæði. Þessi grein tekur greinilega ekki á kennitölusöfnun.

Við spurðum líka hvort væri ekki rétt, að mati Fjármálaeftirlitsins, að breyta vissu ákvæði í frv. í þá veru að reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga skyldu sendar eftirlitinu til staðfestingar. Í meðförum nefndarinnar náðist það þó fram að meiri hlutinn tók það upp að reglurnar yrðu staðfestar. Það kemur inn í frumvarpsgreinina og mun örugglega styrkja Fjármálaeftirlitið þegar það þarf að fara að ganga eftir því að verðbréfafyrirtæki setji sér innanbúðarreglur í samræmi við leiðbeiningarreglur sem Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á.

Í lokin spyrjum við:

„Er, að mati Fjármálaeftirlitsins, fjárhags- og eiginfjárstaða og viðskiptahættir allra fjármálafyrirtækja sem eru eftirlitsskyld með þeim hætti að öryggi viðskiptavina sé tryggt?"

Ég tel afar mikilvægt að Fjármálaeftirlitið svari slíkri spurningu. Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við eiginfjárstöðu ýmissa fjármálafyrirtækja. Staða þeirra hefur veikst mjög á umliðnum missirum og Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir því að fá breytingu á því viðmiði sem notað er varðandi eiginfjárstöðuna. Það hefur meira að segja talið að heimildin ætti að vera þannig að eiginfjárstaða fyrirtækja gæti verið mismunandi eftir fjármálafyrirtækjum. Þess vegna er eðlilegt að um þetta atriði sé spurt.

Því svarar Fjármálaeftirlitið svona:

„Eiginfjárstaða fjármálafyrirtækja sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fullnægir eiginfjárkröfum gildandi laga. Fjármálaeftirlitið hefur ekki ástæðu til að ætla eða upplýsingar sem gefa til kynna að fjárhagsstaða þeirra að öðru leyti sé ótraust. Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við viðskiptahætti einstakra fjármálafyrirtækja sem falla undir eftirlit þess og krafist úrbóta af þeirra hálfu. Hafa athugasemdir Fjármálaeftirlitsins verið teknar til greina af viðkomandi fyrirtækjum."

Ég hef farið yfir þessi svör Fjármálaeftirlitsins, herra forseti, þar sem ekki gafst langur tími til að fara yfir þau í efh.- og viðskn., á þeim hraða sem þar er á afgreiðslu mála.

Við ræðum örugglega síðar í dag annað mál sem efh.- og viðskn. og formaður hennar hafa beitt sér fyrir að fari ekki bara á venjulegum hraða, ekki auknum hraða, heldur á fleygiferð í gegnum þingið, svo mikið liggur á að leggja niður embætti ríkistollstjóra. Starfsmönnum er tilkynnt um þau áform örfáum dögum áður en embættið er lagt og varla hægt að eyða orði í málið áður en það var tekið út úr nefndinni. Þetta mál hefur út af fyrir sig fengið meiri umfjöllun en þó var ýmislegt sem ekki gafst tími til að fara yfir, eins og það sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu þó að ástæða væri til að fara yfir nokkur atriði í viðbót í frv. sem hér á að lögfesta. Við höfum þær skyldur hér, herra forseti, að ganga vel og tryggilega frá leikreglum sem lúta að verðbréfamarkaðnum. Hann er vaxandi þáttur í þjóðfélaginu og er farinn að skipta verulegu máli fyrir allt efnahagsumhverfi og afkomu þeirra sem á þeim markaði vinna, þeirra sem sýsla með hluta- og verðbréf. Þeir eru æðimargir og þar þarf að ganga vel og tryggilega frá öllum hlutum.

Ég sagði í upphafi máls míns að frv. sem við gengum frá á síðasta þingi hafi verið ótækt. Því var vísað aftur til föðurhúsanna. Hér erum við að fjalla um betrumbætt frv. sem þó er ábótavant á ýmsan hátt. Ég hef farið ítarlega yfir það. Með verðbréfamarkaðnum og störfum Fjármálaeftirlitsins honum tengdum verður rækilega fylgst á næstu missirum. Það er

nauðsynlegt þar sem þessi löggjöf er að mínu mati ekki til sóma fyrir þingið.

[13:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í vor afgreiddum við frv. til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti. Í því frv. var gert ráð fyrir heimildum til reglugerðarsetninga um innherjaviðskipti og útboð. Í meðförum nefndarinnar var það tekið út en gert ráð fyrir því að frv. sem er til umfjöllunar kæmi fram.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti mjög hart gegn því að taka út þessar reglugerðarheimildir á sínum tíma. Hún vildi að ráðherra einn hefði vald til að setja reglur um innherjaviðskipti og um útboð. Sá sem hér stendur taldi hins vegar ekki eðlilegt að þingið afsalaði sér svo miklum völdum í hendur ráðherra. Sá skilningur var síðan staðfestur í dómi sem hv. þm. vitnaði til í ræðu sinni.

Og nú vil ég spyrja hv. þm.: Telur hv. þm. enn þá að það hefði átt að ganga frá þessum málum með reglugerð? Hefði það ekki verið fullmikill losarabragur og óvönduð vinnubrögð að mati hv. þm.?

Í annan stað vil ég gagnrýna hv. þm. fyrir ummæli hennar um vinnubrögð í þessu máli. Ég tel til fyrirmyndar að hagsmunaaðilar, eftirlitsaðilar og ráðuneytið vinni saman að setningu þessara leikreglna. Ég tel að það sé öllum í hag að þær séu sem bestar. Markaðurinn sjálfur og allir aðilar þar þurfa á því að halda að markaðurinn sé traustur.

[13:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri þá kröfu til formanns efh.- og viðskn. að hann fari rétt með úr ræðustól. Ég geri þá kröfu til formanns efh.- og viðskn. að hann fylgist betur með störfum efh.- og viðskn. en ummæli hans gefa til kynna að hann geri.

Hvernig var málið afgreitt á síðasta þingi? Jú, þingið sjálft, meiri hlutinn, vísaði málinu aftur til hæstv. viðskrh. með þeim rökum sem hv. þm. nefndi, að það væri ekki nóg að setja brýn ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjamál í reglugerð. Hvað gerðum við í minni hlutanum? Við settumst yfir það að smíða lagastoð um ýmis atriði sem snertu innherjamálin og meðferð trúnaðarupplýsinga. Við fluttum ítarlegt nál. þar sem við gagnrýndum að löggjafinn setti frá sér málið af því að ráðherrann bæði um reglugerðarheimild. Við töldum að nefndin ætti sjálf að útbúa lagastoð fyrir mikilvæg ákvæði sem vantaði þá við meðferð ráðherrans á málinu.

En við fluttum margar brtt. um þetta mál á síðasta þingi. Þær snertu það sem ég hef verið að gagnrýna, innherjaviðskipti, meðferð trúnaðarupplýsinga og hvernig verðbréfafyrirtækin eru í viðskiptum með eigin reikning á sama tíma og þau sýsla með eignasöfn viðskiptavina sinna. Allar tillögur okkar um að koma lögum yfir þessi atriði voru felldar, m.a. af hv. þm., formanni efh.- og viðskn.

Varðandi hitt atriðið, herra forseti, þá höfum við ekki sama skilning á hvað eru hagsmunaárekstrar, ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Við höfum ekki sama skilning á því hvað hagsmunaárekstrar eru. Eftirlitsaðili eins og Fjármálaeftirlitið á ekki að miðla málum fyrir hagsmunaaðila í löggjöf sem þeir eiga að vinna eftir.

[13:12]

Frsm. meiri hluta (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. verður bara að lesa ræður sínar frá því í fyrravor til þess að finna út hvort hún gagnrýndi að reglugerðarheimildin skyldi tekin út eður ei.

Ég tel mikilvægt að Samfylkingin geri sér grein fyrir því hvort fjárstreymi úr landi eða inn í landið sé efnahagslegt vandamál. Hv. þm. gagnrýndi að lífeyrissjóðir væru að fjárfesta erlendis og að heimildir þeirra til þess að fjárfesta erlendis hefðu verið rýmkaðar. Hún talaði um nauðsyn þess að setja í lög eitthvað um fjárfestingarstefnu hlutabréfasjóða. Ég vildi spyrja hv. þm.: Hvort álítur Samfylkingin að vandamál þjóðfélagsins felist í fjárstreymi inn í landið, sem fjármagnar viðskiptahallann og umframeyðsluna, eða fjárstreymi úr landi sem er þá til þess fallið að draga úr viðskiptahallanum og umframeyðslunni? Hvort er vandamálið ef ég mætti spyrja, herra forseti? Getur Samfylkingin gert sér grein fyrir því hvort er vandamálið, viðskiptahallinn og fjárstreymið inn í landið eða fjárstreymið út úr landinu?

[13:13]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrra atriðinu sem hv. þm. gagnrýndi þá hvet ég hann — af því að hann er enn að tala um að ég fari með rangt mál — til að lesa yfir nál. minni hlutans þar sem við förum alveg yfir þau atriði sem ég hef gagnrýnt hér í ræðustól, sem við fluttum brtt. um en hv. þm. felldi. Það er lágmark að maður geti ætlast til þess af formanni nefndarinnar að hann fari rétt með úr ræðustól.

Síðan varðandi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna sem hv. þm. beitti sér fyrir á síðasta þingi og hefur komið í ljós að var ekki rétt að gert — stjórnarliðar hafa m.a. verið að gagnrýna það — þ.e. að opna fyrir heimild lífeyrissjóðanna til þess að fjárfesta erlendis. Við höfum talað fyrir því að hafa markaðinn opinn og frjálsan. En það er hægt að setja ákveðnar skorður þegar fjárstreymið er orðið svo mikið hjá lífeyrissjóðunum út úr landinu að það er farið að veikja verulega gengi krónunnar og hafa þau efnahagslegu áhrif sem ekki bara ég eða þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið að lýsa heldur hvorki meira né minna en seðlabankastjóri. Ég man ekki betur en að hæstv. forsrh. hafi haft einhver orð um það líka að það hafi kannski verið óvarlegt að ganga svona langt í heimild til lífeyrissjóðanna þar sem þeim er heimilað að flytja úr landi á hverju ári sem samsvarar meira en öllum fjárlögum íslenska ríkisins, um 300 milljörðum kr. Það má setja einhverjar takmarkanir á slíkt, herra forseti, þannig að það hafi ekki þau áhrif sem það hefur haft á efnahagsumhverfið og gengi krónunnar sem hefur heldur betur fallið á umliðnum mánuðum meðan íhaldið hefur stjórnað efnahagsmálunum.

[13:16]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 283. mál, brtt. JóhS og MF, þskj. 596.

Frestun á fundum Alþingis, 375. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 594.

Tekjuskattur og eignarskattur, 264. mál, brtt. JóhS og MF, þskj. 597.

Tollalög, 333. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 599.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:16]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut, 377. mál, fsp. KolH og SJS, þskj. 600.

Iðgjaldahækkanir tryggingafélaganna, 155. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 598.

Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna, 378. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 608.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 13:30.

---

52. FUNDUR

laugardaginn 16. des.,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251, nál. 581 og 586, brtt. 582. — Frh. 2. umr.

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, stjfrv., 310. mál, þskj. 602. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Staðgreiðsla opinberra gjalda, stjfrv., 343. mál, þskj. 453. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tryggingagjald, stjfrv., 350. mál, þskj. 504. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 283. mál, þskj. 601. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 366. mál, þskj. 570. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 264. mál, þskj. 292, nál. 592, brtt. 593 og 597. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

8. Tollalög, stjfrv., 333. mál, þskj. 433, nál. 599. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

9. Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, frv., 368. mál, þskj. 583. — 1. umr.

10. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 375. mál, þskj. 594. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Umræður utan dagskrár.

Kjaradeila framhaldsskólakennara.

[13:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Verkfall framhaldsskólakennara sem hófst á miðnætti þann 7. nóv. hefur nú staðið í sex vikur og allan þann tíma hefur nám þeirra ungmenna sem við erum að búa undir lífið á viðkvæmasta aldri í framhaldsskólum landsins legið niðri. Nú er sýnt að ekki verður um neinar útskriftir að ræða fyrir jól. Önnin er ónýt hjá þeim sem eru í annaskiptu námi í fjölbrautaskólunum. Þeir sem voru að undirbúa sig undir að taka lokapróf úr framhaldsskóla og sumir búnir að leggja mikið á sig til að hraða námi til að geta hafið framhaldsnám sem allra fyrst eru sviptir þeim möguleika að sinni.

Og það eru ekki bara einstaklingarnir sem hafa orðið fyrir óbætanlegu tjóni. Þjóðfélagið sem sárlega þarf á því að halda að fleiri útskrifist með einhvers konar próf úr framhaldsskóla hefur orðið fyrir skelli því að það er næsta víst að við þessar aðstæður verður erfitt að kalla alla þá aftur til náms sem urðu frá að hverfa þann 7. nóv. sl.

Og nú loks eftir að hafa þumbast við mánuðum saman virðist hæstv. ríkisstjórn sem auðvitað ber höfuðábyrgð á þessu verkfalli, vera farin að átta sig á alvöru málsins. Samningaviðræður eru farnar að skila einhverjum árangri þó hægt miði og enn vanti fjármagn til að tryggja þá upphafshækkun sem kennarar geta sætt sig við, auk þess sem enn gengur hægt að fá ríkið til að skilja að skólarnir þurfa að geta brugðist við breytingum sem gert var ráð fyrir í nýrri námskrá og hæstv. menntmrh. kynnti með miklum vængjaslætti um allt land fyrir nokkrum missirum.

Til þess að geta brugðist við þessum breytingum þarf aukið fjármagn og það virðist ekki hafa verið út í það hugsað í aðdraganda þeirra kerfisbreytinga sem boðaðar voru. Þar að auki þarf ríkið, ef það vill semja til langs tíma, að tryggja einhverja þá viðmiðun sem getur tryggt kaupmátt launa hjá framhaldsskólakennurum. Hæstv. forseti. Mér finnst samkvæmt reynslu minni sem samninganefndarmaður fyrir kennara að þarna sé nú loksins að hilla undir þann samningsflöt sem mér fannst þegar á liðnu ári, er ég fór að fylgjast með þessari kjaradeilu, ég sjá móta fyrir að yrði að lenda þessari kjaradeilu á. Fyrir meira en ári lá fyrir sá ásetningur framhaldsskólakennara að fá laun sín metin með tilliti til þeirrar kjaraþróunar sem hafði orðið hjá öðrum háskólamönnum í þjónustu ríkisins, einkum vegna svonefndra framgangs- og aðlögunarkjarasamninga.

Allir sem eitthvað hafa fylgst með stöðu framhaldsskólans hafa skilið að mikill og vaxandi vandi hefur verið á undanförnum árum vegna kennaraskorts, sérstaklega í nokkrum raungreinum, sem gerir það að verkum að til að halda skólanum gangandi þurfa kennarar að kenna miklu meiri yfirvinnu en góðu hófi gegnir, en þeir hafa gert þetta til að bjarga skólastarfinu. Launakjörin hafa verið þannig að varla neitt ungt fólk velur sér nú framhaldsskólakennslu að atvinnu. Þessi mikla yfirvinna hefur nú verið notuð gegn kennurum í þessari kjaradeilu og talað um meðalheildarlaun stéttarinnar undir þessari miklu spennu sem eitthvað sem allir kennarar njóti, en því fer auðvitað fjarri.

Hæstv. forseti. Nú þegar hillir undir lausn í þessari kjaradeilu sem auðvitað hefði þurft að liggja fyrir fyrir löngu, hlýt ég því að ásaka ríkisstjórnina harðlega fyrir það áhugaleysi sem hún hefur sýnt viðgangi menntunar í landinu og velferð

ungs fólks með því að leita ekki skynsamlegrar lausnar í þessari deilu áður en þetta langa og harðvítuga verkfall skall á. Að lokum við ég skora á hæstv. ríkisstjórn að sjá sóma sinn í því að gera nú þegar lokahnykk í þessu máli svo að takast megi að undirrita kjarasamninga fyrir jól og létta þar með af þeirri þrúgandi óvissu sem hefur leitt af þessu máli fyrir skólaæsku landsins og ekki síst þá kennara sem í hlut eiga. Vel menntaðir og góðir kennarar eru þjóðinni verðmætur lykill að velferð íslensks æskufólks og þeir eiga skilið að þeirra störfum sé sómi sýndur.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt hjá málshefjanda að þetta verkfall hefur senn staðið í sex vikur nemendunum til mjög mikils tjóns. En því má heldur ekki gleyma hverjir boðuðu verkfallið og gerðu það nánast fyrirvaralaust um leið og kjarasamningar voru fallnir úr gildi, viku síðar, áður en formlegar kröfur voru lagðar fram meira að segja.

En það skiptir nú ekki öllu máli úr þessu. Aðalatriðið núna er að sjálfsögðu að reyna að fá botn í þessa deilu, leysa hana með viðunandi hætti fyrir kennarana, fyrir ríkisvaldið, en síðast en ekki síst fyrir nemendur.

Ég hygg að báðir deiluaðilar hafi að undanförnu lagt mjög mikla vinnu í að undirbúa hinn endanlega samning sem auðvitað kemur, hvort sem það gerist núna á næstu dögum eða eitthvað síðar. Ég held, eins og ég hef áður sagt, að hægt sé að ljúka þessari deilu á stuttum tíma ef menn einsetja sér það. En ef það verður ekki gert núna á næstu sólarhringum er ljóst að það verður úr þessu ekki fyrr en í janúar.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um skipulagsmál í kennslunni held ég að þær hugmyndir sem fram hafa komið frá Verslunarskóla Íslands sýni í raun hvað hægt er að flytja mikið milli einstakra liða innan heildarlaunasummunnar og hvað raunverulega er hægt að ganga langt í því efni, hvað þarna er mikið svigrúm. Ég er ekki að segja að tillögur eða hugmyndir Verslunarskólans henti endilega fyrir alla aðra framhaldsskóla, en þær undirstrika þau aðalatriði sem við höfum talið vera í þessari deilu, sem sagt nauðsyn þess að gera skipulagsbreytingar í skólastarfinu og auka sveigjanleikann sem þar er fyrir hendi og auka möguleika skólastjórnendanna á að skipuleggja störf sín, þar á meðal vinnutíma kennaranna.

Ég held að hægt sé að leysa þetta mál á þeim grundvelli sem við lögðum upphaflega til þegar verkfallið hófst sem byggðist á því að breyta skipulagi í þessari starfsemi. Þar liggur lausn málsins og hugmyndir Verslunarskólans undirstrika þetta atriði, hvort svo sem niðurstaðan gengur jafnlangt á endanum og þar er nú lagt til.

Ég tel að þetta verkfall hafi verið mjög skaðlegt. Ég tel að það hafi skaðað málstað kennaranna. Það hefur ekki greitt fyrir niðurstöðu og ég er alveg viss um að niðurstaðan á endanum verður sú að út úr þessu kemur fyrir kennarana ekkert annað en það sem þeir hefðu getað fengið án verkfallsins. Hverjir borga þennan herkostnað? Það eru nemendurnir í skólunum. Það þarf ekkert að segja mér hvernig það gengur fyrir sig. Við í þessum sal sem eigum börn á þessum aldri erum meira og minna öll foreldrar framhaldsskólanemenda. Það þarf ekkert að setja sig í einhverjar stellingar gagnvart okkur varðandi þau atriði. Nemendurnir bera herkostnaðinn og tapa á þessu. Verkfallið mun að mínum dómi ekki færa þeim sem það boðuðu neinar kjarabætur umfram það sem hefði mátt vænta ella og ég tel reyndar að það hafi verið alveg hörmulega rangt mat á aðstæðum í þjóðfélaginu og á umhverfinu í þjóðfélaginu, miðað við efnahagsmálin, að stefna kennurunum í þetta langa verkfall. Ég tel að það hafi verið hörmulega skakkt mat hjá þeim sem höfðu um það forustu að hefja þetta verkfall á þeim tíma sem hafið var, fyrstir allra ríkisstarfsmanna sem þurfa að semja í þessari lotu.

Þetta er mitt viðhorf í þessu máli, herra forseti. Ég tel að hægt sé að leysa þetta tiltölulega hratt ef menn einsetja sér það. Ef það verður ekki gert núna mjög fljótlega er hætt við því að það dragist fram yfir áramót sem er náttúrlega enn verra, ekki síst fyrir þá sem tapa laununum sínum í þessu verkfalli.

[13:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. segir að það hafi verið hörmulega rangt mat af kennarastéttinni eða framhaldsskólakennurum að fara í þetta verkfall. Það verður að koma fram hér að kennarar höfðu mánuðum saman reynt að fá umræður um þá grundvallarhluti sem yrði rætt um í samningaviðræðunum. Þeir reyndu mánuðum saman að fá samninganefnd ríkisins að þessum viðræðum og því var aldrei neinn áhugi sýndur. Það er viljaleysi og áhugaleysi þeirra stjórnvalda sem nú ríkja sem hefur komið þessari deilu í þann hnút sem hún er í núna. Yfirlýsingar stjórnvalda um mikilvægi menntunar eru hjáróma. Þær eru í meira lagi ómstríðar þar sem enginn vilji og enginn áhugi virðist vera til þess að taka á þeim grundvallaratriðum málsins sem hafa legið fyrir mánuðum saman og lágu raunar fyrir u.þ.b. ári áður en boðað var til verkfalls.

Vægi menntunar í landinu verður ekki aukið nema til komi auknir fjármunir. Þessa fjármuni hefur ríkisstjórnin ekki verið tilbúin að leggja fram heldur hefur verið hangið í tæknilegum atriðum, vinnutímaskilgreiningum, starfsaðstöðu og sveigjanleika. En sannleikurinn er sá að kennarar hafa ætíð lýst sig reiðubúna til þess að ræða um vinnutímaskilgreiningar og sveigjanleika. Það hefur aldrei staðið á þeim hvað það varðar.

En um það næst engin sátt án aukinna fjármuna. Þannig snýst kjaradeila kennara um áherslur ríkisvaldsins í menntamálum. Gott menntakerfi kostar peninga en þá peninga hefur ríkisstjórnin ekki verið tilbúin til að leggja fram. Kennarar og fjölskyldur þeirra, framhaldsskólanemar og fjölskyldur þeirra eiga skilið að hæstv. fjmrh. sýni nú í verki að hann hafi þann áhuga sem hann nefndi í ræðu sinni áðan og ég skora á hann, herra forseti, að hann geri átak í þessum samningamálum og sýni fram á að hægt sé að leysa þessa deilu af hálfu ríkisvaldsins á næstu dögum. Kennarar, fjölskyldur þeirra, framhaldsskólanemar og fjölskyldur þeirra eiga það skilið nú fyrir jólin.

[13:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eftir sex vikna verkfall stefnir í að heil önn í íslenskum framhaldsskólum fari til spillis. Það mun hafa bæði skaðleg og langvarandi áhrif á íslenskt þjóðfélag. Á sama tíma virðast grunnskólakennarar á farsælli leið í samningaferli sínu við forsvarsmenn sveitarfélaga þar sem báðir aðilar nálgast metnaðarfull markmið um skólastarf, byggð á sameiginlegri yfirlýsingu launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Herra forseti. Hljóta ekki allir aðilar í verkfallsdeilu framhaldsskólanna að geta tamið sér eitthvað jákvætt úr vinnu-

brögðum grunnskóla og sveitarstjórnarmanna? Ég hvet aðila til þess að líta til þess ferlis.

Á aðalfundi Landssamtakanna Heimilis og skóla, sem eru samtök foreldra barna í grunn- og framhaldsskólum, laugardaginn 9. des. sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi herra forseta:

„Verkfallið lýsir óforsvaranlegu tómlæti og virðingarleysi gagnvart menntun, nemendum og námi þeirra. Sjálfsmynd nemenda hefur beðið tjón sem seint verður bætt. Veruleg hætta er á að vegna verkfallsins fjölgi þeim enn sem hætta námi. Það hefur í för með sér slæmar félags- og fjárhagslegar afleiðingar fyrir nemendurna, fjölskyldur þeirra og þjóðfélagið í heild.

Virðingu fyrir starfi kennara verður að efla. Bætt launakjör eru einn þáttur í því. Þau eru og ein forsenda þess að í bráð og lengd verði skólar samkeppnishæfir við aðra vinnustaði og hægt sé að manna skólana því hæfa og vel menntaða fólki sem nemendum ber og menntakerfið þarfnast.

Önnur forsenda aukinnar virðingar og viðurkenningar er sýnilegur vinnutími kennara og gegnsætt launakerfi. Trúnaðarstörfum jafnt í pólitík sem í stéttarfélögum fylgir ábyrgð sem við gerum kröfu til að þeir axli er gegna."

Undir þetta tek ég, herra forseti.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Verkfall framhaldsskólakennara hefur nú staðið á sjöttu viku. Alls er óvíst hvort samið verður fyrir jól og við gætum því miður jafnvel horft til þess að nýtt ár renni upp án þess að sátt náist í þessari erfiðu kjaradeilu sem nú þegar hefur raskað öllu námi framhaldsskólanema.

Framhaldsskólakennarar hafa í kröfum sínum litið til þeirra launa sem ríkið hefur samið um við Bandalag háskólamanna. Í þeim samanburði hallar verulega á framhaldsskólakennara sem dregist hafa aftur úr í launakjörum ríkisstarfsmanna með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi. Í svona langvarandi deilu er hætt við að margir framhaldsskólakennarar hafi horfið til annarra starfa. Við hljótum að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort að hans mati sjái alls ekki til lands í lausn þessarar erfiðu deilu.

Ljóst er að samningar verða ávallt bil beggja að lokum. Hefur samninganefnd ríkisins lagt fram einhverjar tillögur nýlega til þess að koma hreyfingu á þetta erfiða mál?

[13:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það síðasta sem frést hefur af kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins er að útlit sé dökkt. Kennarar saka ríkið um skort á samningsvilja. Ráðherrar vilja breyta launakerfi kennara. Skólameistarar og ríkið hafa átt í viðræðum um skilgreiningu á skólastarfi til framtíðar.

Ég lýsi því yfir hér úr ræðustól hins háa Alþingis að ég tel þá stöðu sem þessi mál eru í ófyrirgefanlega. Ég tel að rakinn klaufaskapur og andvaraleysi sé ástæða þess hvernig málið stendur. Þess má geta sér til að beinn og afleiddur kostnaður af þessari hörmulegu deilu geti verið um allt að 6 milljarðar kr. Og nú skulu menn leggja sig niður við að reikna og átta sig á því hvernig það stendur.

Sem foreldri framhaldsskólanema, sem þingmaður og þegn krefst ég þess að deiluaðilar klári þetta mál í einni lotu, saman innilokaðir, þar til lausn er fundin. Við skulum vera minnug þeirra orða að vilji er allt sem þarf. Vilji er allt sem þarf.

[13:48]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég veit ekki til hve mikils gagns það er að ræða mál eins og þetta hér á Alþingi. Stundum hefur það gert illt verra að ræða deilumál af þessu tagi sem oft hefur verið gert hér á hinu háa Alþingi. Það er mjög brýnt að menn reyni að finna flöt á þessu erfiða deilumáli. Deilan stendur í raun og veru alls ekki um hvort það þurfi að bæta kjör kennara heldur hvernig.

Hér hafa stjórnvöld verið sökuð um áhugaleysi. Ég held að það væri nær að menn skoðuðu svolítið söguna og spyrðu sjálfa sig að því hvort ekki er hér um að ræða varfærni stjórnvalda sem full ástæða er til að stunda. Sporin hræða í þessum efnum. Samningarnir, sem takast vonandi sem fyrst, verða að vera þannig að menn geti staðið við þá, að menn geti varið þann kaupmátt sem endanlega verður samið um.

En það hefur því miður gerst hér áður og er mér það mjög minnisstætt sem fyrrverandi framhaldsskólakennara að menn hafa gert tímamótasamninga sem hafa gengið um það að semja um prósentu sem ekki hefur verið hægt að standa við og síðan hafa menn gripið til þess óyndisúrræðis að ógilda samningana með bráðabirgðalögum. Það er nú einu sinni svo að sumir þeirra sem stóðu að þeirri ógildingu sitja hér í salnum enn og eiga að þekkja þetta og vita hvað er í húfi.

Þegar þetta gerðist fyrir hartnær áratug var það dapurleg reynsla og olli miklum trúnaðarbresti milli stjórnvalda og kennara sem menn hafa sennilega ekki náð sér fyllilega af enn þá. Ég legg því áherslu á að það skiptir miklu máli að þeir samningar sem gerðir verða við kennara verði þannig að hægt verði að standa við þá.

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér dró til tíðinda. Í þetta sinn var það hv. þm. Tómas Ingi Olrich sem kom upp fyrir hönd Sjálfstfl. og kvartaði undan því að verkfallið í framhaldsskólunum skyldi vera rætt á Alþingi en ekki hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sem hefur verið í því hlutverki hingað til. En Sjálfstfl. klikkaði að sjálfsögðu ekki á því grundvallaratriði að kvarta undan því að þetta ástand í framhaldsskólum landsins skuli vera rætt á Alþingi. Það finnst þeim mikill óþarfi.

Herra forseti. Það er ömurlegt til þess að hugsa ef árið kveður og öldin kveður við þær aðstæður að framhaldsskólastarf í landinu er í rúst og enn verður ekki vart mikilla tilburða eða mikils áhuga hjá hæstv. ríkisstjórn að leysa þetta mál. Hæstv. fjmrh. notaði því miður enn einu sinni tækifærið úr ræðustól á Alþingi og ónotaðist út í viðsemjendur sína. Er nú ekki búið að ræða það áður hversu gáfulegt það er í viðkvæmri kjaradeilu að annar málsaðilinn sé sífellt að grípa tækifærið á vettvangi þar sem hinn er ekki til staðar og ónotast út í viðsemjendur sína? Hvaða tilgangi á það að þjóna? Segir þessi framganga ráðherra ríkisstjórnarinnar ekki allt sem segja þarf um hvaða andrúmsloft hefur verið í þessari deilu af þeirra hálfu? Er ekki fjarvera hæstv. menntmrh. frá umræðunum, sem ekki er með fjarvistarleyfi samkvæmt fjarvistarskrá, algjörlega dæmigerð? Hæstv. menntmrh. er til staðar þegar eitthvað jákvætt er að gerast í skólastarfinu, það vantar ekki, þegar verið er að tilkynna nýjar námskrár eða taka skóflustungur eða eitthvað því um líkt. En hann gufar ævinlega upp þegar einhver vandamál ber að garði og þá kemur honum þetta meira og minna ekkert við.

Grunnskólinn kemur honum ekki við af því að hann er hjá sveitarfélögunum og framhaldsskólinn, a.m.k. kjaramálin, koma honum ekki við af því að þau eru hjá fjmrh. Þetta er loddaraleikur, herra forseti.

Staðreyndin er sú að laun framhaldsskólakennara hafa dregist aftur úr launum sambærilegra stétta. Flótti er úr greininni og það stefnir í bullandi kennaraskort á komandi árum ef svo heldur fram sem horfir. Úr þessu verður að bæta, herra forseti.

[13:53]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hverjum er um að kenna að skólastarfið er í uppnámi, að framhaldsskólarnir eru við það að hrynja, að nemendur ná e.t.v. ekki að ljúka prófum, ekki að útskrifast, að langur tími mun líða þangað til búið verður að byggja upp skólastarfið í sama form og það var fyrir verkfall, að menntun í landinu hefur ekki í langan tíma verið sýnd öllu meiri lítilsvirðing en núna, að ekki hafi verið samið án verkfalls og að erfitt getur reynst að brúa það bil sem myndast í fjárlögum skólanna vegna þess að ekki er hægt að taka inn tvo árganga í einu? Hverju er um að kenna?

Hæstv. ráðherra sagði áðan að við því væri einfalt svar, þ.e. kennurunum vegna þess að þeir hefðu með tiltölulega stuttum fyrirvara farið í verkfall sem enginn hafði gert sér grein fyrir. Það mátti heyra af orðum hans að enginn hefði gert sér grein fyrir því að verkfall stæði fyrir dyrum.

Í heilt ár hafa kennarar lagt áherslu á að þeir vilji fá laun til samræmis við launakjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins og þá þróun sem þar hefur átt sér stað á undanförnum árum. Í heilt ár hafa þeir sagt: Við munum sækja þessar kjarabætur. Síðan hlusta ég á hæstv. ráðherra segja: Þeir munu ekkert fá nema það sem hefði verið hægt að sækja án verkfalls.

Málið var að ríkisvaldið reyndi ekki, gerði ekki tilraun til að semja við þá þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Er þá hægt að segja að það uppnám sem skapast hefur í skólastarfinu sé kennurunum að kenna og þegar nemendur ekki útskrifast sé það bara kennurunum að kenna? Þetta er stórt byggðapólitískt mál og sá þáttur hefur kannski ekki verið nefndur mikið í umræðunni. En við blasir mjög alvarlegur hlutur ef framhaldsskólarnir á landsbyggðinni hrynja.

[13:55]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Verkfall framhaldsskólakennara hófst 7. nóv. sl. og ekki sér enn fyrir endann á þessari deilu þótt ljóst sé að viðræður hafi fært aðila fram á veginn. Samningsaðilar eru nú sammála um að tekið verði upp nýtt og breytt launakerfi, sambærilegt því sem margir hópar háskólamanna sömdu um á árinu 1997. Með nýju launakerfi er hluti samningsgerðar færður inn á stofnanir til útfærslu og þá skapast forsendur til að láta samninginn endurspegla áherslur viðkomandi stofnunar í starfi sem kemur bæði henni og starfsmönnum til góða. Það skapar forsendur til meta menntun, sérhæfni og ábyrgð til launa á einstaklingsgrunni.

Samningsaðilar eru sammála um að laun kennara skuli vera sambærileg launum annarra háskólamanna með sambærilega menntun. Samningsaðilar eru einnig sammála um að auka hlut dagvinnu á kostnað yfirvinnu í heildarlaunum og skilgreina störf kennara um leið á annan máta en nú er. Þá eru samningsaðilar sammála um að nýr samningur gefi möguleika á sveigjanleika í skólastarfi og að framhaldsskólinn nái að halda hæfu fólki í starfi og laða góða kennara og fræðimenn til starfa.

En hvert er þá vandamálið? Vandamálið er að viðræður um nýtt launakerfi og nýjan samning eru haldnar undir pressu verkfalls. Vinna við að útfæra nýtt launakerfi fyrir eina stétt er umfangsmikil og krefst tíma til að vel fari. Nýtt launakerfi krefst einnig viðhorfsbreytinga einstaklinga sem tilheyra viðkomandi stétt. Í stað þess að líta á sig sem hluta af heild þurfa þeir að hugsa um sig sem einstaklinga sem vegna mismunandi hæfileika, þekkingar og færni geta borið mismunandi laun úr býtum. (**ÖJ:** Á ekki að gera það á þinginu líka?) Þetta er ný hugsun fyrir stéttir þar sem laun hafa um árabil verið metin eftir starfsheitum, ekki hæfni einstaklinga. (**ÖJ:** En á þinginu?)

Ég þekki þetta. Ég fór í gegnum þetta ferli með minni eigin stétt, hjúkrunarfræðingum. Það var oft erfitt, en það var þess virði. Vandamálið er einnig að menn eru ekki sammála um hve langt eigi að ganga í að færa störf sem greitt hefur verið fyrir í yfirvinnu yfir í dagvinnu og verðmæti þess. En þessi deila er orðin nógu löng. Það þarf að leysa hana. Það þarf að leysa hana fyrir áramót. Unglingarnir okkar eiga það skilið.

[13:57]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið ágæt umræða. Þó kom fjmrh. að sjálfsögðu „á skjóttum" eins og við mátti búast og hverju var hann að lýsa eftir hér? Hann var að lýsa því að kröfugerðin hefði ekki borist nógu snemma, kröfugerðin sem hefur valdið, að mér skilst, allri andarteppunni sem þeir hafa átt við að glíma undanfarnar vikur, þessi hræðilega kröfugerð sem gerði það að verkum að ekki var hægt að ræða við framhaldsskólakennara. Nú barst hún ekki nægilega snemma!

Þá vil ég enn á ný benda á það svigrúm sem gafst á því heila ári sem leið frá því að framhaldsskólakennarar báðu um viðræður og þangað til þeir komu fram með kröfugerðina sem öllu breytti og allt eyðilagði. Og ekki var rætt við þá. Hvers vegna var það svigrúm ekki notað, hæstv. forseti? Ég verð að lýsa eftir skýringum á því. Það er mjög dularfullt mál í hæsta máta.

Hér kom fram að gera þyrfti skipulagsbreytingar á skólanum og að það væri vilji ríkisstjórnarinnar. Ég held að það hafi allan tímann legið fyrir, líka þetta ár áður en samningarnir runnu út, að kennarar vildu ræða breytingar á skipulagsmálum og það var ekkert sem aðeins ríkisstjórninni datt í hug.

Ég met stöðuna núna þannig að samningar eigi að geta náðst ef ríkið sýnir sæmilegan sveigjanleika í stöðunni. Ég vil enn skora á hæstv. fjmrh. að láta til skarar skríða og ganga frá þessu máli fyrir jól. Ég tel að á því eigi að vera góður möguleiki og það bæri ekki vott um mikla herstjórnarlist að senda kennara og nemendur inn í jólahátíðina með öll þessi mál í uppnámi eftir það sem á undan er gengið.

[13:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talar eins og að einn aðili sé að semja og beinir áskorun sinni til eins aðila, þ.e. þess sem hér stendur. Hún virðist ekki gera sér grein fyrir því að það þarf tvo til að ná samningum af þessu tagi.

Herra forseti. Ég vil taka það fram út af ummælum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að menntmrh. er að sinna sín-

um skyldustörfum á öðrum vettvangi og hefur fullkomlega lögmæt forföll. (**SJS:** Hann er ekki með fjarvistarleyfi.)

Því hefur verið haldið hér fram, herra forseti, að kennarar hafi reynt mánuðum saman að koma vitinu fyrir ríkið, eins og liggur í loftinu hér, en það hafi ekki tekist. Ég hef sagt það áður í umræðum af þessu tagi að í gildi var kjarasamningur fyrir kennarana og það var vitanlega ekki hægt að taka hann upp á samningstímanum. Hvað halda menn að önnur stéttarfélög sem semja við ríkið hefðu þá sagt eða þá gert? Í staðinn var innt af hendi annars konar greiðsla til kennaranna fyrir námskrárvinnu sem kostaði ríkissjóð vel á annað hundrað millj. kr. í upphafi þessa árs til að koma til móts við þann þátt í starfinu sem var reyndar nýr og mikilvægt að sinna.

En þetta er ekki kjarni málsins núna. Kjarni málsins er auðvitað sá, eins og ég gat um, að reyna að ljúka þessu máli og það mun ekki standa á ríkisvaldinu eða mér að ganga þar hratt til verks þegar upp er kominn viðunandi samningsflötur. Ég tel að kennararnir hafi fyrir sitt leyti lagt mikla vinnu í að útfæra hugsanlegan samning. Það höfum við líka gert. Báðir aðilar hafa slakað á kröfum sínum og þannig verða menn að leysa þetta mál eins og aðrar kjaradeilur og vonandi tekst það innan skamms.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu 2.–8. dagskrármáls og útbýtingu 10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 251, nál. 581 og 586, brtt. 582.

[14:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt hve þétt setinn þingsalurinn er við framhald á umræðu um verðbréfaviðskipti og vonandi munu sem flestir tjá sig um þessi efni, en eins og kunnugt er hefur orðið mikil breyting á fjármálamarkaði og í efnahagslífinu almennt á Íslandi á liðnum árum. Hér hefur sprottið upp öflugur verðbréfamarkaður og hefur hann að ýmsu leyti orðið til góðs. Hann hefur auðveldað eigendum fyrirtækja að koma eignum sínum í verð og festa kaup á nýjum eignum og stuðla þannig að hreyfanleika í atvinnulífinu.

Ekki hefur þessi breyting þó öll orðið til góðs. Hæstv. forsrh. orðaði það svo á síðasta landsfundi Sjálfstfl. að á Íslandi hefði eignagleði aukist og eignagleðin væri til góðs.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður um hljóð í salnum.)

Mönnum er mikið niðri fyrir þegar þessi mál ber á góma, það er skiljanlegt. Ég var að vitna í ummæli hv. forsrh., ég held að það hafi verið á síðasta landsfundi Sjálfstfl., þegar hann sagði að ýta ætti undir eignagleði meðal Íslendinga. Því ríkari sem eignagleðin verður því minna svigrúm hefur öfundin. Þetta sagði hæstv. forsrh. á síðasta landsfundi Sjálfstfl. og vitnaði hann þar í þá nýju hugsun — hún er reyndar ekki ný af nálinni — sem hefur verið að ryðja sér til rúms á Íslandi, græðgina og gróðavonina, og hefur leikið nokkuð lausum hala.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hefur skilning á því að hv. þm. þurfi að spjalla saman síðasta þingdaginn fyrir jól, en þau samtöl verða að fara fram utan þingsalar.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Hins vegar truflar það mig ekki nokkurn skapaðan hlut þó að menn séu að spjalla hér saman um þessi efni því að ég hef alveg nægan tíma, ég hef nægan tíma og mun gefa mér hann til að fjalla um þessi mál.

Frv. sem hér er til umræðu fjallar um verðbréfaviðskipti, en lög voru sett um verðbréfaviðskipti árið 1996 og þau voru síðan endurskoðuð í fyrra og ýmsar bætur gerðar þá á fyrri lögum. Hins vegar var ekki tekið á ýmsum mikilvægum málum og í efh.- og viðskn. höfum við gagnrýnt að ekki hafi verið tekið nægilega vel á innherjaviðskiptum, meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskiptum með óskráð verðbréf, framkvæmd útboða og viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning. Reyndar er tekið á þessum málum í frv. og þar er að finna ýmsar lagabætur sem við munum styðja. Þegar á heildina er litið teljum við frv. vera til góðs, en vildum hins vegar að fastar hefði verið tekið á ýmsum atriðum sem ég nefndi hér.

Við höfum gagnrýnt hvernig unnið hefur verið að þessu frv. Frumvarpsdrögin voru samin af nefnd þar sem fulltrúar Verðbréfaþings og Fjármálaeftirlits og hagsmunaaðila á fjármálamarkaði komu saman að málum og þótt það geti verið til góðs að stofnanir á borð við Fjármálaeftirlitið komi að samningu frumvarpa á borð við þetta að mínum dómi, þá er óeðlilegt þegar þessir aðilar eru settir allir saman í nefnd og komast að niðurstöðu sem byggir á málamiðlun. Við teljum að það veiki stöðu aðila á borð við Fjármálaeftirlitið til að sinna rágefandi hlutverki sínu gagnvart löggjafanum. Þessir aðilar koma sér saman um niðurstöðu sem byggir á málamiðlun og þá á Fjármálaeftirlitið eða fulltrúar þess erfiðara um vik að taka afdráttarlausari og einarðari afstöðu þegar þeir tjá sig gagnvart löggjafanum og okkur þótti nokkuð bera á því við vinnuna við frv.

Hins vegar er afskaplega erfitt að taka á þessum málum einfaldlega vegna þess að þegar grannt er skoðað er það siðferðið sem gildir. Við getum reynt að setja okkur reglur og ramma til að starfa samkvæmt, en endanlega er það siðferðið sem gildir. Ef það er ekki til staðar eða því er mjög ábótavant er vandséð hvernig hægt er að komast hjá svindli og óeðlilegu braski með reglugerða- og lagasmíð. Hins vegar ber okkur að ganga eins langt og við getum í því efni.

Þegar litið er á þennan markað kemur í ljós að byggðar eru inn í hann og inn í þetta kerfi ýmsar mótsagnir. Það gerist t.d. að verðbréfafyrirtæki eru að gera þrennt í senn. Þau eru að koma á markað hlutabréfum fyrir fyrirtæki, þau eru sjálf að kaupa slík hlutabréf fyrir eigin reikning og í þriðja lagi eru þau að ráðstafa fjármunum til fjárfestinga fyrir enn einn aðilann, t.d. lífeyrissjóðina. Og bara þetta eitt býður upp á ýmsar hættur. Þannig getur það verið hagsmunamál fyrir þann sem er að kaupa fyrir eigin reikning en jafnframt að selja hlutbréf fyrir fyrirtæki að hafa hlutabréfin á lágu verði þegar salan fer fram gagnvart eigin fyrirtæki vegna þess að það færir verðbréfafyrirtækinu hagnað og þegar fjármunum þriðja aðilans er ráðstafað eru það hagsmunir verðbréfafyrirtækisins að fá hátt verð fyrir bréfin til að hagnast sjálft á viðskiptunum, en fyrir fjárfestingarsjóðinn eða lífeyrissjóðinn er þetta að sjálfsögðu tap, þannig að beggja vegna

verðbréfafyrirtækisins sem er að kaupa fyrir eigin reikning verður tap.

Menn vilja leysa þetta með því sem þeir kalla Kínamúra. Kínamúrar byggjast á því að innan fyrirtækjanna starfi fólk sem sinni mismunandi hlutverkum, einn annist söluna, annar fjárfesti fyrir reikning verðbréfafyrirtækisins og þriðji aðilinn hafi með fjárfestingar fyrir lífeyrissjóði eða aðra sjóði að gera og það eigi enginn að vita neitt af því hvað hinir eru að sýsla og þess vegna séu engir hagsmunaárekstrar uppi.

Þessu vísa ég algjörlega á bug. Þetta er nánast hlægilegt. Þegar um er að ræða mikla hagsmuni eins og gjarnan gerist á þessum markaði eru óneitanlega miklar hættur á ferðinni. Ég hef velt því fyrir mér hvort það er yfirleitt siðlegt að sama fyrirtækið gegni öllum þessum hlutverkum. Ég velti fyrir mér hvort ekki væri eðlilegra að aðili sem er t.d. að fjárfesta fyrir sjóði á borð við lífeyrissjóði gegni ekki öðrum hlutverkum, sinni engum öðrum skyldum en nákvæmlega þessari og önnur fyrirtæki og aðrir aðilar sjái um að koma hlutabréfum í verð og síðan sé það annað þegar menn eru að braska eða versla með þetta fyrir eigin reikning.

Það voru fulltrúar frá verðbréfafyrirtækjunum sem bentu okkur á það að ef við settum slíkar reglur mundu menn einfaldlega mynda dótturfyrirtæki eða tengd fyrirtæki þannig að við værum í reynd með sama veruleikann uppi. Það má vel vera að erfitt sé að finna einhverja lausn á þessu svo algild sé og á endanum er vandinn náttúrlega sá að það er siðferðið sem allt veltur á.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór mjög rækilega í gegnum frv. og ég ætla ekki að fara að tíunda einstakar greinar þess. Hún vék að ýmsum greinum sem við höfum gert athugasemdir við, þar á meðal 7. gr., en í c-liðnum í upphaflegu frv. sagði, með leyfi forseta:

„Fruminnherjar skulu forðast að eiga viðskipti með verðbréf félagsins þegar ætla má að fyrir liggi trúnaðarupplýsingar hjá útgefanda, svo sem skömmu fyrir birtingu ársreiknings eða milliuppgjörs eða skömmu fyrir tilkynningu um mikilvægar ákvarðanir eða atvik sem varða útgefanda verðbréfanna."

Nú er komin fram brtt. við þennan lið sem er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fruminnherjar skulu ganga úr skugga um það áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf félags, sem þeir eru fruminnherjar í, að ekki liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan félagsins."

Þessi brtt. er til bóta. Við hefðum viljað hafa þetta afdráttarlausara og setja við þessu bann.

En því vek ég sérstaklega athygli á þessari grein að hún varpar svolítið ljósi á stöðuna á þessum markaði. Hverjir eru fruminnherjar? Fruminnherjar eru samkvæmt skilgreiningu frv., með leyfi forseta:

„Aðilar sem búa yfir eða hafa að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi."

Þetta finnst mér segja nokkuð mikla sögu. Við erum að reyna að setja reglur og reisa við því skorður að aðilar sem eru innan þessara fyrirtækja séu iðulega sjálfir, prívat og persónulega, að braska. Að aðilar sem fjárfesta fyrir ábyrga sjóði eins og lífeyrissjóði eða aðra ámóta séu sjálfir, prívat og persónulega, að braska. Þessi mannskapur getur ekki setið á sér og hamið eignagleði sína — lesist græðgi sína — betur en þessu nemur. Þess vegna er löggjafinn að setja við þessu skorður. Lagagreinin gengur út á það og við teljum að þarna hefði einfaldlega átt að setja bann við slíkum viðskiptum og kveða miklu fastar að orði.

En á endanum er veruleikinn sá að það er siðferðið sem skiptir máli. Það skiptir hins vegar máli að aðilar á fjármálamarkaði reyni að koma sér saman um reglur og þetta frv. er tilraun til þess. Við hefðum talið að öðruvísi hefði átt að standa að samningu þess. Við hefðum talið að frv. hefði átt að vera ákveðnara í ýmsum efnum. Ég velti því upp hvort hægt er að setja lög eða reglur sem kveða á um algeran aðskilnað á milli þeirra ólíku hlutverka sem verðbréfafyrirtækin gegna sem býður upp á brask og hreint svindl. Það er verkefni sem bíður okkar. En þegar á heildina er litið erum við með þessu frv. að stíga fram á við. Þetta frv. markar ákveðin framfaraspor og við munum styðja það með þó þeim fyrirvörum sem ég hef nefnt.

[14:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir margt af því sem hv. þm. fjallaði um. Sérstaklega það sem hann ræddi um þýðingu góðs siðferðis fyrir þennan markað. Hann dró mjög réttilega fram að það skiptir miklu máli að það sé gott og lykilatriði er að á markaðnum sé traust.

Hann fjallaði um margs konar hlutverk verðbréfafyrirtækja og ég er honum ósammála í því. Ég held að það sé í lagi að verðbréfafyrirtæki sinni hinum ýmsu þáttum starfsemi á verðbréfamarkaðnum svo sem sölutryggingum, geti verið að kaupa og selja út úr veltubók, geti verið að miðla, geti verið að reka sjóði og annast fjárvörslu. Það er nefnilega líka plúss fyrir aðila sem hasla sér völl á einstökum sviðum, t.d. fyrirtæki sem stunda bara miðlun, fyrirtæki sem eru bara með sjóðarekstur eða sjóðir sem eru algjörlega sjálfstæðir, fyrirtæki sem eru fjárfestingarfélög og annað slíkt. Þegar upp er staðið gengur ekki stóru verðbréfafyrirtæki, sem er á öllum starfssviðunum, vel í samkeppni við þau sem eru á einstökum sviðum nema ákveðinn trúverðugleiki sé í öllu starfinu. Alveg eins og hv. þm. bendir á þarf að vera gott siðferði innan slíks fyrirtækis þannig að það sé ekki að misnota sér trúnað eða gæti ekki fulls trúnaðar við einstaka viðskiptavini.

Ég vil einungis taka þetta fram í framhaldi af ræðu hv. þm.

[14:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gefum okkur það dæmi að Kaupþing selji hlutabréf fyrir Járnblendifélagið, kaupi fyrir eigin reikning en sé jafnframt að fjárfesta fyrir lífeyrissjóði og selji þeim síðan þessi bréf — ekki frá Járnblendifélaginu heldur frá sjálfu sér. Ef þetta væri raunverulegt dæmi væru ekki óeðlilegir hagsmunaárekstrar þarna á ferðinni?

Hér var fyrirtæki, sem heitir Morgan Stanley, fjárfestir fyrir lífeyrissjóði, sennilega stærsti aðilinn sem fjárfestir fyrir lífeyrissjóði. Þetta sama fyrirtæki var að koma á framfæri eða stóð að útboðum fyrir deCode-fyrirtækið og hafði hagsmuni af því að koma verðinu á þeim hlutabréfum upp í forútboði sem fram fór fyrir fáeinum mánuðum. Telur hv. þm. enga hættu samfara því að verðbréfafyrirtæki eru að sinna margþættu hlutverki? Hér erum við að tala um miklar upphæðir og mikla hagsmuni.

[14:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er möguleiki til misnotkunar alltaf til staðar. En það sem fyrirtækin þurfa að gera er að byggja upp svokallaða Kínamúra og gæta ákveðins trúverðugleika gagnvart viðskiptavinum sínum. Ef það kemur í ljós að Kaupþing eða Morgan Stanley eða eitthvert ákveðið annað fyrirtæki á þessum markaði — að sjálfsögðu er hægt að nefna miklu fleiri — er í rauninni í störfum sínum að ganga á svig við hagsmuni viðskiptavinanna þá verður náttúrlega slíkt fyrirtæki ekki langlíft á markaðnum. Það er undirstöðuatriði. Gott siðferði hjálpar fyrirtækinu í samkeppninni á markaðnum ef það ætlar sér að lifa einhvern tíma. Að sjálfsögðu er hægt að hugsa um einhverja stundarhagsmuni en venjulega er það nú þannig að menn fá slíkt í hausinn.

Annað sem hv. þm. kom inn á og ástæða er til að nefna er að viðskipti innherja í fyrirtækjum með hlutabréf í fyrirtækjunum eru ekki í öllum tilfellum óæskileg. Það er ekkert að því að framkvæmdastjórar eða þeir sem standa fyrir rekstri eigi hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem þeir stýra. Menn stofna þessi fyrirtæki, þau fara á markað og menn eru kannski að kaupa bréf eða selja bréf og það er ekkert að því. En það er ámælisvert og ekki samkvæmt lögunum að menn séu að misnota sér trúnaðarupplýsingar í tengslum við slík viðskipti og það er það sem menn eru að reyna að koma í veg fyrir. En það er ekkert að því í sjálfu sér að þeir sem eigi hlutabréf í fyrirtækjum eigi með þau viðskipti. Það er ekki hægt að tala þannig.

[14:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að vissulega sé nokkuð til í því sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að það er mikilvægt fyrir verðbréfafyrirtæki að varðveita trúnaðinn vegna þess að missi þau trúnaðinn og trúnaðartraustið þá missi þau viðskiptavini sína.

Hins vegar held ég að það sé nú svo að oft sé mjög erfitt fyrir þá sem eru að fjárfesta að fylgjast með öllum hreyfingum á þessum mörkuðum. Ég held að staðreyndin sé sú að þeir setji iðulega allt sitt traust á þessi fyrirtæki og ég held að það eigi t.d. við um marga lífeyrissjóði. Þá er beinlínis hættulegt þegar mótsagnakenndir hagsmunir eru innbyggðir í starfsemina. Ég held það sé mjög hættulegt þegar sama fyrirtækið er að selja hlutabréf, kaupir fyrir eigin reikning og ráðstafar síðan áfram til næsta aðila.

Það er umhugsunarefni hvað er að gerast á þessum markaði. Lífeyrissjóðirnir eru t.d. farnir að borga meira til þessara fyrirtækja, til þessara fjárfestingaraðila en þeir greiða í eigin starfsemi í að reka eigin kontóra. Verið er að smíða risastóra nýja yfirbyggingu í þessum verðbréfaheimi. Það er hún sem er að verða ráðandi og þar er sérfræðin til staðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir lífeyrissjóðina að hyggja að því hvert þeir eru að halda í þessum efnum að afsala sér alveg yfirsýn yfir fjármálin í hendur þessara fyrirtækja sem eru síðan með innbyggða gagnstæða hagsmuni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:27]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 264. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 609.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, 3. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 602.

[14:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það fór heldur lítið fyrir 2. umr. um þetta stórmál. Við erum komin inn í 3. umr. og ég vil vekja athygli á helstu þáttum þessa máls en hér er lagt til að skerða fjármuni sem áttu að renna til sjóðs sem stendur straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana. Skerðingin nemur um 130 millj. kr. og eins og áður hefur komið fram í máli minni hlutans þá teljum við að eðlilegra hefði verið að nýta þá fjármuni sem endurbótasjóðurinn átti að fá lögum samkvæmt til að sinna ýmsum brýnum verkefnum sem þarf að sinna á þessu sviði.

En það sem ég tel þó vera miklu alvarlegra er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að leggja niður Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það finnst mér vera miklu stærra mál og vísa þar einnig í álit sem komið hefur frá samtökum fatlaðra, frá Þroskahjálp og Öryrkjabandalaginu sem telja þetta mjög óráðlega ráðstöfun og segja ekki tímabært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra.

Í áliti minni hluta efh.- og viðskn. segir m.a. um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að lögin um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, falli úr gildi og í framhaldi af því er lögð til sú breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, að erfðafjárskatturinn renni í ríkissjóð. Ef þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar verður samþykkt er vandséð hvernig tryggja á fjármagn til margvíslegrar starfsemi fyrir fatlaða, svo sem til hæfingar- og endurhæfingarstofnana, dagþjónustustofnana fatlaðra, áfangastaða, skammtímavistana og verndaðra vinnustaða. Frá árinu 1995 hafa markaðir tekjustofnar til þess að sinna þessum verkefnum verið skertir um 1,8 milljarða króna. Sú skerðing er með öllu óskiljanleg í ljósi þess að enn eru langir biðlistar eftir ýmsum þjónustuúrræðum fyrir fatlaða og enn er langt í land að þessi hópur fólks búi við jafnan rétt á ýmsum sviðum þjóðfélagsins sem stjórnvöldum ber þó skylda til að tryggja.“ — Síðan er vitnað í það sem ég áður nefndi: — „Á meðan svo er tekur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar undir efasemdir sem fram hafa komið frá samtökum fatlaðra, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands þess efnis að ekki sé tímabært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra.“

Það er margt mjög óljóst um framtíð þeirra málaflokka sem hér var vikið að. Hæstv. félmrh. hefur upplýst á Alþingi að hann hafi gert samning við hússjóð Öryrkjabandalagsins. Svo er að skilja að fara eigi inn í gerbreytt fyrirkomulag þar, en sá háttur hefur verið hafður á fram til þessa að aðilar á borð við Öryrkjabandalagið sem reka leiguhúsnæði fyrir skjólstæðinga sína hafa fengið stuðninginn í formi lágra vaxta. Fyrir fáeinum árum voru vextir í félagslegu húsnæði 1%. Þeir voru síðan hækkaðir upp í 2,4% og síðan skriðu þeir yfir 3% markið, ég held þeir hafi farið í 3,1%. Nú er talað um að fara með alla þessa vexti upp í markaðsvexti eða upp undir markaðsvexti. Menn hafa verið að tala um vexti á lánum til félagslegs leiguhúsnæðis einhvers staðar rétt undir 5%. Vextir á húsbréfunum eru núna 5,1% og við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um verðtryggð

lán. Við getum hæglega bætt ofan á 5% þarna og liggjum þar í 5–6% ávöxtun. Reyndar eru vextirnir af húsbréfunum enn hærri þegar allt er skoðað og afföllin eru metin inn í dæmið. Þau eru núna í kringum 10% og samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh. líta þeir svo á að í reynd beri húsbréfin 5,6% raunávöxtun, sem eru háir vextir og allt of háir vextir. Inn í þetta kerfi ætla menn að fara með allt félagslegt húsnæði og þar með félagslegt leiguhúsnæði. Ef það er rétt skilið er hugsunin sú að aðilar á borð við Öryrkjabandalagið eða hússjóður Öryrkjabandalagsins reisi húsnæði. Talað hefur verið um að stofna um þetta hlutafélög sem leigi síðan skjólstæðingum sínum sem borga þá væntanlega hærri leigu en þeir hafa gert og þannig nái menn þessum peningum inn.

Þetta eru menn að gera án þess að nokkrar umræður hafi farið fram um það. Ég tók eftir því í blaðagrein sem hæstv. félmrh. skrifaði í Morgunblaðið fyrir fáeinum dögum um húsnæðiskerfið, og þar á meðal félagslegar lausnir í húsnæðiskerfinu, þá vísaði hann þar í heimildarákvæði í lögunum, að í lögum væru heimildarákvæði til að gera hitt og þetta. En þarf ekki að skýra frá því á hvern hátt slíkar heimildir eigi að nýta og hvaða fjárhagslegar skuldbindingar fylgi þeim? Þessi umræða hefur ekki farið fram. En menn ætla hér að stinga sér til sunds og afnema Framkvæmdasjóð fatlaðra gegn mjög eindregnum mótmælum þeirra samtaka sem hlut eiga að máli, Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins, sem telja þetta engan veginn tímabæra ráðstöfun. Og ætlum við að láta þetta gerast? Á að afnema Framkvæmdasjóð fatlaðra?

Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér hvernig hugsunarhátturinn í landinu er að breytast og hvað við þurfum að gera til að snúa honum að nýju inn í uppbyggilegri farveg. Ég vitnaði í hæstv. forsrh. sem talaði um eignagleðina, að við þyrftum að örva eignagleðina og þar er hann að sjálfsögðu að tala um græðgina, að við eigum að hugsa um það frá morgni til kvölds hvað við getum grætt mikið og hagnast mikið þennan daginn og hvað við verðum búin að græða mikið í kvöld þegar við göngum til náða. Annars vegar er þetta sjónarmið og þessi hugsun. Ég gerði mér það til gamans að fletta upp á grg. með frv. um erfðafjárskatt frá 1952. Það hét frv. til laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Í grg. þess segir, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar höfum ekki efni á því að láta nokkurn mann, sem eitthvað getur unnið, sitja auðum höndum vegna skorts á hentugum verkefnum og vinnustað. Vinnuheimili kosta mikið fé. Til vinnustöðva með nauðsynlegum tækjum og útbúnaði öllum þarf og mjög veruleg stofnfjárframlög. Er því nauðsynlegt, ef tryggja skal framkvæmdir, að sjá fyrir ákveðnum tekjustofni í þessu skyni. Erfðafjárskatturinn ásamt arfahluta ríkissjóðs er í frv. til fjárlaga fyrir 1952 áætlaður 300 þús. krónur. Þess má þó sennilega vænta að hann reynist nokkuð hærri," — og síðan er farið nánar út í það.

Menn segja í þessari grg. að hér megi engu til spara og hér þurfi að standa myndarlega að verki. Ég er að vísa í þau lög og þann sjóð sem við erum núna að afnema, Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þessi sjóður hefur reynst fötluðum og málefnum og hagsmunum þeirra mikil trygging. En ríkisstjórninni hefur þessi sjóður reynst erfiður, hann hefur verið pólitískt erfiður vegna þess að eins og hér kom fram hefur hann verið skertur frá 1995 um 1,8 milljarða kr. Þetta hefur alltaf gerst við umræðu um fjárlög. Á þessum tíma árs höfum við fengið frv. í formi svokallaðs bandorms þar sem slík skerðing er framkvæmd og ákveðin. Þetta hefur valdið pólitískum úlfaþyt og ríkisstjórn og ráðherrar hafa þurft að standa frammi fyrir eigin verkum og frammi fyrir þjóðinni og réttlæta þennan niðurskurð og þeim hefur reynst það erfitt.

Hvað gera þeir þá? Þá afnema þeir náttúrlega bara sjóðinn og segja að þetta sé svo nútímalegt og miklu betra bókhald og eðlilegra að þetta sé ákveðið á fjárlögum ár hvert, enda séu þeir hvort eð er alltaf að skerða framlög í hann, það sé háð ákvörðun þeirra. En með því að gera það með þessum hætti komast þeir hjá hinum pólitísku erfiðleikum sem þeir hafa staðið frammi fyrir árlega undanfarin ár þegar þeir hafa tekið tæpa 2 milljarða út úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Og þetta vilja þeir losna við og það gera þeir með því að afnema sjóðinn.

En á ekkert að hlusta á fatlaða? Á ekkert að hlusta á Þroskahjálp? Á ekkert að hlusta á Öryrkjabandalagið? Ætlar þingið og meiri hluti þingsins að láta þetta yfir sig ganga? Mér finnst þetta vera stóralvarlegt mál og þetta er alvarlegra fyrir þá sök að þessir málaflokkar og þessi málefni eru í mikilli óvissu. Við vitum ekki hvernig ríkið og ríkissjóður ætlar að fjármagna húsnæði fyrir fatlaða, húsnæði sem hefur verið fjármagnað að hluta til úr þessum sjóði. Hvernig á að standa að þeim málum? Finnst mönnum ekki eðlilegt að við fáum svör við því áður en við samþykkjum þessi lög? Mér finnst það. Mér finnst þetta jaðra við hneyksli, alla vega eru það hneykslanleg vinnubrögð að afgreiða frv. sem ekki aðeins skerðir framlag til þessara mála heldur leggur sjóðinn af.

Þótt ég mótmæli, og við gerum það í stjórnarandstöðunni, skerðingu til hússjóðsins eða sjóðsins sem fjármagnar endurbætur á menningarhúsnæði, það er slæmt og við mótmælum því, skerðingu um 130 millj. kr., þá er það miklu alvarlegra mál að Framkvæmdasjóður fatlaðra sé lagður niður með þessum hætti. Ég vil undir lok máls míns ítreka mótmæli mín gegn þessu. Við greiddum atkvæði gegn frv. við 2. umr. fyrr í dag og munum að sjálfsögðu leggjast gegn því, en ég ætla að leyfa mér að höfða til stjórnarmeirihlutans einnig og samvisku hans að hann a.m.k. fresti þessu máli og íhugi það nánar og mér finnst það vera lágmarkskrafa að þingið viti nákvæmlega hvernig á að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sem áður voru fjármagnaðar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

[14:43]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til 3. umr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Frv. fór til umsagnar hv. allshn. og hv. félmn. og mig langar að fara aðeins yfir umsögn 2. minni hluta félmn. þar sem ég tel að hér sé um tiltölulega alvarlega ráðstöfun að ræða og mér finnst að ekki hefði átt að flýta sér að framkvæma hana nú. Ég hefði gjarnan viljað bíða aðeins með þetta og láta kannski sveitarfélögin fá þessi verkefni því að auðvitað kemur líka upp ótti hjá sveitarfélögunum ef taka á burt alla tekjustofna vegna þess að hluti af þessum sjóði, framkvæmdasjóðnum, hefur nefnilega farið til annarra hluta en uppbyggingu sambýla. Það er mjög alvarlegt ef öll þau verkefni eru núna upp í loft því að einhvern veginn verður að tryggja að þau verkefni sem hafa tilheyrt sjóðnum hafi framgang. Ég vil, með leyfi forseta, fara aðeins yfir þá umsögn en þar segir:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félags-

málaráðuneyti, Friðrik Sigurðsson, Garðar Sverrisson, Helga Seljan og Arnór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Annar minni hluti tekur undir efasemdir félaga fatlaðra, Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands, um að ekki sé tímbært að afnema fasta tekjustofna vegna málefna fatlaðra. Fjármunir í Framkvæmdasjóði fatlaðra hafa verið nýttir með margvíslegum hætti fyrir utan byggingu sambýla svo sem til hæfingar- og endurhæfingarstofnana, dagþjónustustofnana fatlaðra, heimila fyrir börn, áfangastaða, skammtímavistana og verndaðra vinnustaða, svo eitthvað sé nefnt og ekki verður séð hvernig tryggja eigi fé til þessara þátta ef lög nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, verða afnumin.

Frá árinu 1995 hefur tekjustofninn ekki skilað sér til málaflokksins að fullu og ef næsta ár er meðtalið hefur hann orðið af 1,8 milljörðum kr. Ljóst er að biðlistar eftir úrræðum væru ekki í því ófremdarástandi sem nú er ef féð hefði skilað sér að fullu til sjóðsins. Þegar málaflokkurinn fékk fyrst markaðan tekjustofn árið 1978 var ástandið í þjónustunni afleitt, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem úrræði voru engin. Nú eru níu af hverju tíu fatlaðra á landsbyggðinni með sambýlisþjónustu en $^2/_3$ fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum félagsmálaráðuneytisins. Þó að sjóðurinn hafi verið skertur undanfarin ár telja fulltrúar fatlaðra að það hafi ákveðið gildi til að minna á nauðsynlega uppbyggingu í málaflokknum og tekur 2. minni hluti undir það sjónarmið. Óvissa er með framtíð félagslega húsnæðiskerfisins og því er enn sérkennilegra að gera þessa lagabreytingu nú, enda vaxandi neyð og langir biðlistar eftir húsnæði fyrir fatlaða. Alls ekki er verið að leysa allan þann vanda með viljayfirlýsingu hæstv. félmrh. Raunar er í algjöru uppnámi hvernig fjármögnun sambýla verður háttað samkvæmt þeirri viljayfirlýsingu. Má þar nefna að stjórnvöld lögðu ekki til neitt viðbótarfjármagn við afgreiðslu fjárlaga til uppbyggingar þeirra og eru vísbendingar um það í skýrslu félmrh. um kostnað vegna þjónustu við fatlaða frá október 2000 að grundvallarbreytingar séu fyrirhugaðar á fjármögnun sambýla fyrir fatlaða. Þar koma fram tillögur um stofnun hlutafélags sem eigi allar (eða flestar) húseignir sem nú eru notaðar í þjónustu við fatlaða og reksturinn yrði fjármagnaður með auknum leigugreiðslum fatlaðra íbúa. Orðrétt segir: „Við ákvörðun leigugreiðslna íbúa sambýla hefur verið miðað við að þeir greiði að jafnaði sem svarar 4% af stofnkostnaði í leigu og að árleg niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar verði því sem nemur 6% af stofnkostnaði.“ Varar 2. minni hluti alvarlega við þessari stefnubreytingu sem er grundvallarbreyting á fjármögnun á rekstri þjónustu við fatlaða.

Annar minni hluti telur ástæðulaust að breyta þessu áður en frv. til laga um félagsþjónustu hefur verið samþykkt enda hafa engin rök verið færð fyrir nauðsyn þess. Fyrrgreind lög eiga samkvæmt frv. að falla úr gildi 1. jan. 2001 en málefni fatlaðra munu ekki færast til sveitarfélaganna fyrr en í fyrsta lagi 1. jan. 2002 og telur 2. minni hluti þá óvissu sem með þessu skapast óviðunandi.

Leggst 2. minni hluti gegn ákvæðum frv. um að erfðafjárskattur renni í ríkissjóð í stað Framkvæmdasjóðs fatlaðra.“

Og undir þetta rita hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og sú sem hér stendur.

Það er líka afar athyglisvert að fylgjast með þeirri viljayfirlýsingu sem gerð var í samvinnu við Öryrkjabandalagið þar sem talað er um milljarð á fimm árum.

Fyrirhugað er að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna og sambýlin munu því falla undir húsnæðismál þeirra. Ég tel afar brýnt að sambýlin og skammtímavistun verði áfram í umsjón sveitarfélaganna. Þannig verður allt eftirlit og öll þjónusta undir smásjá eins og þarf í jafnmikilvægum málum. Fatlaðir þurfa meiri vernd en margir aðrir og því mikilvægt að huga að slíku. Ég benti á það áðan að með því að hafa ekki markaða tekjustofna munu sveitarfélögin frekar halda að sér höndum í því að fá málaflokkinn yfir til sín. Ég teldi það ekki af hinu góða. Þetta hluti þeirrar nærþjónustu sem ég vil meina að sveitarfélögin séu ákaflega vel í stakk búin til að sinna svo fremi sem fjármagn fylgir með.

Ég vil ítreka að við leggjumst eindregið gegn því að þetta verði samþykkt. Það hefði heldur átt að bíða þar til málaflokkurinn væri kominn yfir til sveitarfélaganna.

[14:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er komið til lokaafgreiðslu mál sem skiptir miklu fyrir fatlaða og hvaða niðurstöðu það fær á hv. Alþingi. Út af fyrir sig má segja að örlög þessa máls séu ráðin. Meiri hlutinn felldi tillögu okkar í stjórnarandstöðunni um að Framkvæmdasjóður fatlaðra héldi því fjármagni sem hann hefur haft alveg frá stofnun hans, þ.e. erfðafjárskatti. Út af fyrir sig þjónar kannski ekki miklum tilgangi, herra forseti, að ræða þetta mál. En ég hygg að viðvaranir séu alltaf af hinu góða. Maður gerir sér auðvitað vonir um að þær geti haft sín áhrif.

Mér finnst líka ástæða til þess, þegar þetta mál er komið til 3. umr., að ræða aðeins um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Hann hefur þjónað gífurlega mikilvægu hlutverki í rúma tvo áratugi.

Árið 1979 var þessi sjóður stofnaður, fyrst sem Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Nú, 22 árum síðar, þegar nánast á að leggja hann af er rétt að halda því til haga að þetta var fyrsta þingmálið sem ég fékk samþykkt á Alþingi, stofnun Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, eins og hann hét árið 1979. Hann fékk töluverða peninga í vöggugjöf. Með þeim peningum hófst gífurleg uppbygging í þessum málaflokki um allt land. Á þeim árum var málum þannig háttað, herra forseti, að þjónusta við fatlaða var bara til staðar í Reykjavík en engin úti á landsbyggðinni. Nú, rúmlega 20 árum síðar, getum við þó fagnað því að þessi sjóður, sem núverandi ríkisstjórn ætlar að reisa af sér minnisvarða með því að leggja af, hefur stuðlað að gífurlegri uppbyggingu í þessum málaflokki á umliðnum tveimur áratugum og þjónustu við fatlað fólk í öllum kjördæmum.

Þrátt fyrir þessa staðreynd er enn mjög margt ógert í þessum málaflokki. Raunverulega, herra forseti, eru þar ákveðin tímamót einnig vegna þess að til stendur að flytja þann málaflokk yfir til sveitarfélaganna að rúmlega ári liðnu, ef ég skil áform hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar rétt. Þess vegna er sérkennilegt að nú eigi að leggja af það fjármagn sem hefur runnið til sjóðsins án þess að fyrir liggi endanlegir samningar við sveitarfélögin um hvernig skuli fjármagna málaflokkinn.

Fyrir um hálfum mánuði samdi hæstv. félmrh. við Öryrkjabandalagið og gaf ásamt þeim út yfirlýsingu um búsetumál fatlaðra. Markmið þeirrar yfirlýsingar var að tæma langan biðlista sem hlaðist hafði upp í búsetumálum fatlaðra. Biðlistinn var orðinn æðilangur þannig að hundruð fatlaðra

biðu eftir því að fá húsnæði samkvæmt lögum sem unnið er eftir um málefni fatlaðra.

Eftir því sem efni þessarar yfirlýsingar skýrist betur því sérkennilegra verður það. Því meira sem maður skoðar málið þá sér maður hve hættulegt er að fara þá leið sem ríkisstjórnin leggur til. Hún hefur að vísu staðið þannig að málum frá 1995 og svo verður einnig á næsta ári að lögboðin framlög í þennan sjóð hafa verið skert um sem nemur 1.800 millj. kr., herra forseti. Hefði það fjármagn fengið að vera í friði fyrir hæstv. ríkisstjórn og runnið þangað sem það átti að renna lögum samkvæmt — það stendur jú í lögum að óskert framlag af erfðafjárskatti eigi að renna í ríkissjóð — þá hefðum við ekki verið með þessa löngu biðlista. Þá hefði hæstv. félmrh. ekki þurft að gefa út þessa yfirlýsingu með Öryrkjabandalaginu. Mér sýnist, eftir skoðun á því máli, að sú yfirlýsing sé meira og minna sýndarmennskuplagg. Ég hef verulegar áhyggjur af því hverjir eiga þar að borga brúsann.

Áður en ég kem að því, herra forseti, þá vil ég halda því til haga að ég tel að það orki mjög tvímælis að ríkisstjórnin hafi undanfarin fimm eða sex ár beitt sér fyrir skerðingu á fjármagni í þennan sjóð. Ég minni á að Landssamtökin Þroskahjálp hafa sagt það opinberlega að þau íhugi að láta á það reyna fyrir dómstólunum hvort hér hafi rétt verið staðið að verki af hálfu stjórnvalda. Hverju tefla þau fram í því efni? Jú, þau segja að ákvæði laga um málefni fatlaðra hafi frá setningu þeirra, sennilega árið 1983 og verið endurskoðuð einu sinni eða tvisvar síðan, tryggt fötluðum mjög fjölbreytta þjónustu á ýmsum sviðum. En þegar við höfum í lögum ákvæði sem tryggja eiga þjónustu, ákvæði sem tryggja réttarstöðu fatlaðra á ýmsum sviðum, þá gengur ekki að afnema það sem máli skiptir til þess að sú þjónusta nái fram að ganga, þ.e. fjármagnið og undirstöður framkvæmdanna. Það hefur ríkisstjórnin hins vegar gert. Það hefði verið rökrétt, herra forseti, að afnema um leið ýmis ákvæði í lögum um málefni fatlaðra sem tryggja eiga þeim þjónustu úr því að fjármagnið til framkvæmdanna er tekið frá sjóðnum sem á að standa undir þjónustunni. Á þeim forsendum hafa Landssamtökin Þroskahjálp íhugað málsókn á hendur ríkisstjórninni.

Nú er málunum svo komið að dagar þessa sjóðs eru taldir. Ríkisstjórnin stefnir að því að leggja þennan sjóð niður og taka fjármagnið sem lögum samkvæmt á að renna í hann í ríkissjóð. Þá veltir maður fyrir sér: Hvernig á að fjármagna þessa uppbyggingu?

Á næstu fimm árum á að útrýma þessum biðlistum. Ég bjóst því eins og fleiri við því að við 3. umr. fjárlaga mundi hæstv. félmrh. sýna lit og flytja fjármagn til málaflokksins til að sýna að eitthvað væri að marka þá yfirlýsingu sem hann gaf út með Öryrkjabandalaginu. Nei, herra forseti, það var svo sannarlega ekki gert. Í málaflokkinn var ekki bætt einni einustu krónu þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðherra, ekki einni einustu krónu. Þegar ég fór að rýna í skýrslu um kostnað við uppbyggingu á þjónustu við fatlaða, sem gerð er í tilefni af því flytja á málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna, gangi þau áform eftir eftir rúmlega ár, sá ég að nefnd á vegum ráðherra hefur skoðað uppbygginguna á þessari þjónustu og hvað hún komi til með að kosta í framtíðinni. Þar kemur fram að til að leysa búsetumálin ein og sér, sem eru bara einn hluti af þjónustunni, þurfi 4,4 milljarða í rekstur og stofnkostnað, ef ég man það rétt.

Í fyrsta lagi er við það að athuga að samið var um að það skyldi gert en þá er ekki gert ráð fyrir að á þessu fimm ára tímabili bætist við einn einasti fatlaður sem er í þörf fyrir húsnæði, herra forseti, þannig að biðlistarnir halda áfram.

Þegar skoðuð er fjármögnun á þessu á Öryrkjabandalagið að standa fyrir stofnkostnaði og uppbyggingu og fá til þess lán úr Íbúðalánasjóði með markaðsvöxtum, með 5% vöxtum. Síðan gengur samningurinn út á að þeim fjármagnskostnaði, sem hlýst af slíkri lántöku, geti hann velt yfir í leigukostnað í húsnæðismálum fatlaðra. Með öðrum orðum hélt maður að ríkið mundi taka að sér að fjármagna reksturinn og þar með talinn stofnkostnað. Að vísu er það óhagkvæmara fyrir ríkið en áður var vegna þess að sett var fjármagn beint inn í sjóðinn sem fjármagnaði samtímis uppbygginguna eftir því sem peningar voru til staðar í sjóðnum. Því safnaðist ekki upp neinn fjármagnskostnaður af framkvæmdunum en þetta var sú tilhögun sem stefnt var að að koma á. Þegar maður les svo skýrsluna nánar kemur maður auga á hvernig ríkisstjórnin ætlar að haga þessum málum í framtíðinni, hver er framtíðarsýn hennar í þessum málaflokki. Framtíðarsýnin er sú, herra forseti, að láta íbúa á sambýlum og vistheimilum fatlaðra, þ.e. hina fötluðu og þroskaheftu einstaklinga, standa undir verulegum hluta af leigukostnaði. Þá féll nú gríman af hæstv. félmrh. Þá sýndi hann sitt rétta andlit að það eigi að fara að láta hina fötluðu og þroskaheftu sjálfa standa undir kostnaði við búsetumálin.

Flestir vita að þetta er hópur sem hefur ekki mikla peninga handa á milli. En þarna var þó skrifað í skýrslu ráðherrans hugmynd um að fatlaðir borguðu 4% af leigukostnaði og ríkið 6%. Síðan á að fara að ganga þá götu sem er nú lausn á öllum málum hjá ríkisstjórninni og það er að stofna hlutafélag um öll húsnæðismál fatlaðra, það sem hefur þegar verið byggt af sjóðnum sl. 22 ár og láta alla fara að borga leigu.

Herra forseti. Ég spyr nú: Fyrst þannig á að standa að málum að láta hina fötluðu borga leigu, hefði ekki verið nær að taka allt málið upp í heild sinni og skoða kjör fatlaðra í leiðinni, lífeyrisgreiðslurnar sem renna til þeirra til að þeir geti staðið straum af kostnaði við rekstur á sambýlum og heimilum þar sem þeir búa? En þetta er það sem maður sér fyrir sér að taki við á sama tíma og á að leggja niður sjóðinn.

Ég óttast um framtíðina í þessum málaflokki. Ég óttast hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessum málum að það gæti tafið fyrir því að þessi málaflokkur fari til sveitarfélaganna þar sem hann á með réttu heima vegna þess að alla nærþjónustu eigum við eftir því sem hægt er að flytja til sveitarfélaganna. Ég óttast það, bæði með tilliti til þeirrar reynslu sem sveitarstjórnir hafa af þessari ríkisstjórn og fjárhagslegum samskiptum við hana, að þetta geti tafið fyrir því að málaflokkurinn flytjist til sveitarfélaganna.

Herra forseti. Margt mætti segja um þetta mál. Ég vil aðeins minnast á það líka, herra forseti, sem er ástæða til að minna á, að Alþingi hefur samþykkt stefnumótun í málefnum langveikra barna. Ríkisstjórnin tók vel í þá tillögu eftir að hún hafði verið samþykkt hér á þingi og boðaði til blaðamannafundar um að nú ætti að taka á málefnum langveikra barna, koma upp margvíslegri þjónustu fyrir langveik börn og þau fengju samræmda þjónustu líkt og fötluð börn fá.

Þessu hefur heldur ekki fylgt fjármagn og tilraunir okkar til að bæta þar úr við fjárlagaafgreiðsluna voru einnig felldar. Það er því að bætast í þann hóp sem fær þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra á sama tíma og undirstöðunum undir þennan sjóð er kippt undan með því að hætta að láta fjármagn af erfðafjárskatti renna inn í sjóðinn. Því verður fylgt fast eftir af hálfu minni hlutans að við það verði staðið

sem bæði Alþingi og ríkisstjórn hefur boðað að eigi að koma hér, þ.e. að koma upp markvissri þjónustu fyrir langveik börn.

Herra forseti. Margt mætti um þetta mál segja en ég vil einnig halda því til haga að ýmis þjónustuúrræði sem á lögum samkvæmt að framfylgja eru úti í kuldanum þessa stundina og á næsta ári, eftir að fjárlög hafa verið samþykkt og ríkisstjórnin er að leggja lokahönd á að afgreiða þetta mál á þann hátt að taka fjármagnið sem hefur haldið þessum málaflokki uppi. Þetta er verk sem ég vildi ekki hafa staðið að í sporum meiri hlutans ef ég hefði mátt einhverju ráða þar við stjórnvölinn. Ég hef megnustu skömm á því hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á þessum mikilvæga málaflokki sem hefur svo mikla þýðingu fyrir alla fatlaða á landinu.

[15:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við afgreiðslu eftir 2. umr. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er *minni hluti efh.- og viðskn.*, og reyndar *minni hlutinn hér á* þingi, það eru hv. þm. Samfylkingarinnar og hv. þm. vinstri grænna, á móti því frv. sem er til umræðu. Við erum á móti því ákvæði sem felur í sér skerðingu á framlagi til endurbóta á menningarstofnunum eða húsnæði menningarstofnana okkar en við erum ekki síst á móti því að framlög til málefna fatlaðra verði skert eins og þetta frv. felur í sér.

Þannig er að u.þ.b. 0,5% landsmanna þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda. Miðað við þær upplýsingar sem hæstv. félmrh. hefur ítrekað komið með í fjölmiðlum er sá kostnaður talinn er nema um 4,1 milljarði kr. Sá kostnaður er töluvert miklu meiri en lagt hefur verið til á fjárlögum ríkisins á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum sem koma frá hæstv. félmrh. bætast við þennan kostnað um 300 millj. kr. sem áætlað er að leggja í þjónustu við langveik börn og mikið er búið að tala um. Því er heildarkostnaðurinn við málaflokkinn, sem gert er ráð fyrir að verði á næstu árum um 4,4 milljarðar kr., um 1,16% af útsvarstekjum hvers sveitarfélags en eins og allir vita er ætlunin að sveitarfélögin taki við þessum málaflokki.

Í dag eru 209 fatlaðir einstaklingar á biðlista eftir varanlegu húsnæði eða búsetu. Af þeim 1.061 einstaklingi á aldrinum 16–66 ára sem býr við einhverja fötlun og þarf á á sérstökum úrræðum að halda eru 209 á biðlistum í dag og þeim fer fjölgandi. Ástandið er verst í Reykjavík. Í Reykjavík eru 118 á biðlista eftir búsetu og þar af eru 83 sem bíða eftir vist á sambýli. Á Reykjanesi eru 57 á biðlista og á landsbyggðinni allri eru 34 á biðlista eftir varanlegu húsnæði.

Fyrir stuttu var gerður samningur eða viljayfirlýsing sem var undirrituð af hálfu hæstv. félmrh. og húsnæðissjóði Öryrkjabandalagsins um að á næstu fimm árum yrði bætt að fullu úr þessari þörf og er áætlað að kostnaðurinn við þá fjárfestingu nemi um 1,5 milljörðum kr. Þannig háttar til að skerðing á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra síðan 1995 er um 1,8 milljarðar kr. Það er um 300 millj. meira en áætlaður kostnaður við heildarfjárfestingu til að fullnægja búsetuþörfinni sem er hjá þeim fötluðu einstaklingum sem bíða eftir búsetu.

Því er það ekki að ástæðulausu að við í minni hluta efh.- og viðskn. drögum í efa að þetta sé rétt ráðstöfun, að þrátt fyrir verulegar úrbætur sem gerðar hafa verið á síðustu árum sé það rétt ráðstöfun að skerða framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Við teljum eðlilegt að allar frekari ákvarðanir um Framkvæmdasjóð fatlaðra bíði þar til gengið hefur verið að fullu frá tilflutningi þessa málaflokks til sveitarfélaganna. Fyrir utan það sem ég hef nefnt nokkrum sinnum áður, virðulegi forseti, að í þeim útreikningum sem hæstv. félmrh. hefur verið með frá ráðuneyti sínu og fjalla um heildarkostnað við þjónustu við fatlaða þar sem hann talaði um 4,4 milljarða á næsta ári, þá vantar inn í þá tölu miklar framkvæmdir sem okkur ber lögum samkvæmt að fara í, þó ekki sé miðað við þær reglur Sameinuðu þjóðanna, sem við erum aðilar að gera ráð fyrir enn meiri þjónustu við fatlaða.

Ég hef stundum minnst á það að fyrir ári, í október 1999, skilaði starfshópur um menningar- og tómstundastörf fatlaðra skýrslu til hæstv. félmrh. Þessi skýrsla var gerð eftir að tillaga frá mér um að gerð yrði úttekt á menningar- og tómstundastarfi fatlaðra var samþykkt hér. Samþykkt var að gera sérstaklega úttekt á menningar- og tómstundastarfi hjá fötluðum og þar var því beint til hæstv. félmrh. að skipa nefnd sem framkvæmdi þá úttekt. Hæstv. ráðherra gerði það og nefndin skilaði skýrslu sem liggur fyrir í ráðuneytinu þó að hæstv. *félmrh. hafi af einhverjum ástæðum láðst að* geta þess hver var höfundur þeirrar tilögu sem talað er um á fremstu síðu skýrslunnar. En hún var samþykkt á Alþingi og það hlýtur þá að hafa verið meiningin á bak við það hjá hv. þingmönnum að þeir vildu gera eitthvað við það efni sem safnaðist við slíka yfirferð.

Í ljós kemur að í mjög mörgum þáttum er pottur brotinn hvað varðar aðgengi fatlaðra og möguleika þeirra til tómstunda- og menningarstarfs. Ég nefndi við 1. umr. að það sem sló mig mest var hver bág aðstaðan er hjá þjóðkirkjunni, hve litlir fjármunir hafa verið lagðir í það hjá þjóðkirkjunni að gera hana þannig úr garði að fatlaðir eigi möguleika á að taka þátt í störfum þjóðkirkjunnar til jafns á við ófatlaða. En það voru margar aðrar tillögur og ábendingar sem komu fram hjá þessari nefnd og starfshópurinn leggur fram tillögur til úrbóta á mjög mikilvægum sviðum, ekki einungis hjá ríki heldur einnig hjá sveitarfélögum. Ég spurði formann þeirrar nefndar sem hefur séð um samninga við ríkið út af tilfærslu málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og einnig bæjarstjóra Árborgar, sem er stærsta sveitarfélagið á Suðurlandi, hvort tekið hefði verið tillit til þeirra tillagna og ábendinga sem starfshópurinn kom með og hvar þyrfti að bæta úr. Þá er ekki einungis átt við þá þröskulda sem eru sýnilegir og þá fötlun sem öllum er sýnileg heldur eru þarfir allra þeirra sem búa við einhvers konar andlega eða líkamlega fötlun teknar fyrir.

Ég spurði þá hvort tillit hefði verið tekið til þeirra tillagna og ábendinga sem fram komu og skilað var til félmrn. sem fer með sveitarstjórnarmálin og samninga um tilfærslu þessa mikilvæga málaflokks yfir til sveitarfélaganna. Það er nú þannig að enginn kannaðist við skýrsluna, ekki nokkur maður í nefndinni kannaðist við skýrsluna og þar af leiðandi ekki þær ábendingar eða tillögur sem í henni felast um það hvernig við getum fullnægt þörfum fatlaðra til að taka þátt í daglegu lífi í þjóðfélaginu til jafns á við okkur hin.

Með ólíkindum er að ráðuneytið skuli leggja í svo mikla vinnu sem þarna var farið í og ætli svo ekki að nota hana. Rætt var við og óskað eftir svörum við spurningum frá 124 sveitarfélögum landsins, öllum sveitarfélögum þar sem þau fengu spurningalista um hvernig staðan væri hjá hverju sveitarfélagi hvað varðar aðgengi og möguleika fatlaðra til

að stunda menningar- og tómstundastarf eða taka þátt í því til jafns á við aðra íbúa.

Það voru auðvitað ekki öll sveitarfélögin sem svöruðu en flest þeirra gerðu það. Fram kemur að í langstærstum hluta sveitarfélaga á landinu er aðstaða fyrir fötluð börn og ungmenni og alla fatlaða til að taka þátt í félagslífi eða menningarlífi afar bágborin. Það sama á auðvitað við um ýmsar stofnanir sem heyra undir menntmrn. Það hefði verið full ástæða til og vissulega er ekki öll nótt úti enn, virðulegi forseti, að fara í utandagskrárumræðu um hvern lið í skýrslunni og hvern kafla. Hún gæti eiginlega ekki verið af styttra taginu því að þær athugasemdir sem gerðar eru eru það alvarlegar að við þurfum að taka ítarlega umræðu um hvern þessara kafla og þyrfti að ræða við nánast alla ráðherrana. Hæstv. félmrh. fékk ósk frá mér fyrir ári síðan um að ræða skýrsluna en hann gat ekki orðið við því. Kannski er það vegna þess að hann hefur veigrað sér við að taka þátt í umræðu sem hlýtur að standa í einhverja klukkutíma um þær aðstæður sem fötluðum er boðið upp á í mjög mörgu tilliti.

Það er þess vegna, virðulegi forseti, sem minni hluti efh.- og viðskn. ásamt þeim flokkum sem mynda minni hlutann á Alþingi — því miður, því allt horfði þetta nú til betri vegar ef svo væri ekki, þessu væri þá öfugt farið — styður ekki frv. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu sem við höfum tekið þá afstöðu að styðja ekki efnisatriði frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Og hrædd er ég um að ýmsir þeir þingmenn sem í raun samþykktu allar þessar ráðstafanir við afgreiðslu fjárlaga hafi kannski ekki alveg verið með á nótunum um hvað í rauninni er langt í land með að fatlaðir einstaklingar hér á landi búi við það jafnrétti sem við gætum boðið þeim upp á.

Virðulegi forseti. Við erum sem sagt enn og aftur mjög á móti ákvæðum þessa frv. og munum greiða atkvæði gegn því við lokaafgreiðslu þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 601.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Frv. sjútvn., 366. mál (kostnaður við veiðieftirlit). — Þskj. 570.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:20]

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 292, nál. 592 og 609, brtt. 593 og 597.

[15:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem eru ýmsar. Nefndin fjallaði heföbundið um málið, sendi það til umsagnar margra aðila og fékk fulltrúa nokkurra þeirra á fund til sín. Þess er getið í nál. hvaða aðilar þetta voru.

Nefndin gerir tillögur til breytinga á frv. Í fyrsta lagi gerir nefndin þá tillögu að ákvæði um heimild til samsköttunar fyrirtækja verði útvíkkuð þannig að dótturfélög sem eru í eigu samvinnufélags geti fallið undir þau samsköttunarákvæði þannig að hægt sé að samskatta samvinnufélög og dótturfélög þeirra.

Í annan stað er tæknileg breyting við 11. gr.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að komi nýtt ákv. til brb. sem felur í sér að tekin eru af öll tvímæli um að það sé alls ekki nein afturvirkni í því ákvæði sem felur í sér breytingar á meðferð söluhagnaðar af hlutabréfum. Það er því unnt að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar vegna sölu hlutabréfa einstaklinga á árinu 2000 um ein áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð söluhagnaðarins er umfram 3.230.672 kr. hjá einstaklingum og tvöföld upphæð hjá hjónum. Að öðru leyti er ákvæði þessa liðar í samræmi við ákvæði núverandi lagagreinar.

Í 4. lið brtt. er gerð tillaga um að hinn svokallaði hátekjuskattur framlengist og tillagan gengur út á að sú framlenging vari í eitt ár en á meðan verði framtíð þess skatts rædd.

Virðulegi forseti. Með þessum brtt. gerir meiri hluti nefndarinnar tillögu um að mál þetta verði samþykkt.

[15:31]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er tekið til 2. umr., eftir umfjöllun efh.- og viðskn., frv. til laga um breyting á lögum um

tekjuskatt og eignarskatt. Meginákvæði frumvarpsins snýr að því að fella úr gildi frestun á skattlagningu á söluhagnaði hjá einstaklingum og lækka skatthlutfallið á söluhagnaði yfir tiltekið hámark sem hefur verið í sama skatthlutfalli og tekjuskattur, niður í 10%. Það er ekki bara að stjórnarandstaðan hafi gagnrýnt hvernig að þessari breytingu er staðið heldur hefur einnig verið ágreiningur um málsmeðferðina að því er varðar lækkun á skatthlutfallinu á söluhagnaðinum milli stjórnarflokkanna.

Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort sá ágreiningur er leystur eða ekki vegna þess að ég sé ekki neina breytingartillögu frá meiri hlutanum sem komi til móts við það sjónarmið sem framsóknarmenn settu fram þegar þetta mál var lagt fram af hálfu hæstv. fjmrh. Formaður þingflokks framsóknarmanna gagnrýndi mjög, væntanlega fyrir hönd þingflokksins, að verið væri að lækka skatthlutfallið úr 38% í 10%. Við því er engu hreyft hér þegar málið kemur úr efh.- og viðskn. og það er raunverulega hert á vegna þess að gildistökuákvæðið, sem ég mun koma að síðar í mínu máli, á samkvæmt frv. að taka til söluhagnaðar sem hefur fallið til á þessu ári en upphafspunkturinn í því máli verður samkvæmt brtt. meiri hlutans frá 1. jan. á næsta ári. Hér er því um að ræða frestun um eitt ár miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir með tilheyrandi tekjutapi fyrir ríkissjóð.

Það er sem sagt lagt til að skattlagning söluhagnaðar yfir tiltekin mörk, 3,2 millj. kr. hjá einstaklingum og 6,4 millj. kr. hjá hjónum, verði 10% skattur en ekki 38% skattur eins og áður. Áfram á að gilda heimild til frestunar á söluhagnaði hjá lögaðilum. Segja má að meginmunurinn á því frv. sem hæstv. fjmrh. stendur að og ríkisstjórnin, stjórnarmeirihlutinn, og því frv. sem flutt er af þingmönnum Samfylkingarinnar sé að við viljum að frestunarheimildin sem verið hefur á skattlagningu á söluhagnaði hjá lögaðilum verði einnig felld brott með sama hætti og gerast á hjá einstaklingum fyrir utan það að við viljum halda óbreyttu því skatthlutfalli sem verið hefur.

Ítrekað hefur komið fram hjá embætti ríkisskattstjóra að vegna þessarar heimildar í skattalögum sem lögfest var árið 1996 hafi einstaklingar nýtt sér að fresta um 20 milljörðum kr. á árunum 1998 og 1999. Hér er um mjög fámennan hóp að ræða eða 636 einstaklinga. Og það kemur fram hjá ríkisskattstjóra með ákveðnum fyrirvörum þó að ætla megi að ríki og sveitarfélög hafi tapað í skatttekjum allt að 8,5 milljörðum kr. á þessum tveimur árum vegna þessarar heimildar. Sá fyrirvari er þó gerður af hálfu embættisins að það verði að teljast nokkuð ólíklegt að sala hlutabréfa á þessum árum hefði orðið jafnmikil ef frestunarheimildin hefði ekki verið til staðar. Engu síður er ljóst að ríki og sveitarfélög hafa tapað verulegum skatttekjum vegna þessa lagaákvæðis. Ég held að það sé a.m.k. ekki minni fjárhæð en núna er verið að auka skattbyrðina um hjá einstaklingum.

Megingagnrýni okkar, herra forseti, er hvernig hér er staðið að málum, þ.e. að skilja eftir óbreytta heimild til frestunar fyrir lögaðila. Þó ekki liggi fyrir neinar upplýsingar um það og ekki sé hægt að fá fram hjá ríkisskattstjóraembættinu eða öðrum aðilum neinar upplýsingar um hve háa fjárhæð er að ræða að því er varðar lögaðilana, þá tel ég að vafalaust sé ekki um minni fjárhæð að ræða sem frestað hefur verið að skattleggja hjá lögaðilum en einstaklingum.

Síðan gagnrýnum við það að ríkisstjórnin skuli lækka skatt á forríkum fjármagnseigendum, sem eru nú 636 að tölu eða voru á sl. tveim árum, úr 38% í 10% skatt á sama tíma og hún beitir sér fyrir almennri skattlagningu í landinu sem nemur um 2,5 milljörðum kr. og stefnir með því kjarasamningum í uppnám eins og við höfum margoft farið yfir. Í þriðja lagi hefur svo stjórnarmeirihlutinn við meðferð málsins í nefnd lagt til að fresta gildistöku ákvæðisins um að afnema frestun á skattlagningu hjá einstaklingum um eitt ár.

Skattrannsóknarstjóri segir í umsögn sinni að mismunandi skattlagning eftir uppruna tekna bjóði upp á ýmiss konar undanskot. Það er ástæða, herra forseti, að vitna til umsagnar skattrannsóknarstjóra, en hann segir:

„*Frá árinu 1996 hefur t.d. greinilega orðið vart við aukningu á fjölda einkahlutafélaga og um leið hefur einstaklingum sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í skattalegum skilningi fækkað. Augljósir hagsmunir eru af því að láta atvinnureksturinn vera skattlagðan í skattprósentu hlutafélaga og leitast er við að ná sem mestum fjármunum út úr félaginu í formi arðs sem skattlagður er í 10% skattþrepi. Þá eru það einnig ríkir hagsmunir að skattlagningin fari fram í 10% en ekki hinni reglulegu skattprósentu einstaklinga og af þeim sökum er greinileg tilhneiging að haga löglegum ráðstöfunum þannig að til skattlagningar í 10% skatti komi. Ekki er ósennilegt að ríkissjóður hafi orðið af einhverjum tekjum vegna þessa.*“

Herra forseti. Ég held að eitthvað sé nú til í þessum orðum skattrannsóknarstjóra. Fjölgað hefur verulega í hópi þeirra sem hafa stofnað til einkahlutafélags. Ekki er ég að segja að það sé gagngert í þessum tilgangi en þeim hefur fjölgað mjög mikið eða um 4.900, ef ég man rétt, frá 1996 að telja.

Við í minni hlutanum gagnrýnum mjög þessa frestun á gildistökuákvæðinu sem meiri hlutinn leggur fram brtt. um og sem við teljum að enn mun gefa sterkum fjármagnseigendum svigrúm til að sniðganga skatt vegna þessarar heimildar. Um nauðsyn þess að ákvæðið taki til sölu hlutabréfa á árinu 2000 hefur ríkisskattstjóri sett fram ákveðna skoðun. Þar kemur fram að samkvæmt frv. sé gert ráð fyrir að breyting gagnvart frestun á söluhagnaði komi til framkvæmda vegna sölu á hlutabréfum á árinu 2000. Ríkisskattstjóri segir orðrétt, með leyfi forseta:

„*Telur ríkisskattstjóri mikilvægt að svo verði, m.a. til að komist verði hjá ráðstöfunum sem ella er líklegt að gripið verði til í þeim tilgangi einum að nýta frestunarheimildina á meðan hún er til staðar. Afnám heimildar til ívilnunar gagnvart áhrifum skattskyldu sem þegar var fyrir hendi við sölu hluta bréfanna verður vart talin afturvirk skattlagning. Í þessu efni er einnig til þess að líta hversu takmarkað almennt gildi ívilnunarinnar er, þ.e. til hve fámenns og afmarkaðs hóps hún getur raunverulega tekið, sbr. framangreint.*“

Ljóst er að ríkisskattstjóraembættið tekur ekki undir með meiri hlutanum um að fresta gildistöku á því að afnema þessa heimild til frestunar á skattlagningu á söluhagnaði og er það mjög athyglisvert. Minni hlutinn tekur hins vegar undir með ríkisskattstjóra um nauðsyn þess að gildistakan verði með þeim hætti að hún nái til söluhagnaðar vegna hlutabréfa á árinu 2000. Jafnframt mótmælum því í minni hlutanum að hér sé um afturvirkt ákvæði að ræða eins og meiri hlutinn heldur fram. Miklu nær væri að líta svo á að þetta ákvæði hafi verið brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem ívilnunin nær til mjög fámenns hóps í þjóðfélaginu sem fær sérstaka meðferð í skattkerfinu sem fært hefur þessum hópi milljarða í skattfríar tekjur. Meiri hlutinn vill greinilega viðhalda þessu ákvæði sem lengst og leggur til að þetta verði

fært fram og nái til ársins 2000 líka þannig að ákvæðið taki ekki gildi fyrr en á árinu 2001.

Við í minni hlutanum mótmælum því að ekki sé afnumin frestun á heimild til skattlagningar hjá lögaðilum og þeim heimiluð áfram þessi ívilnun. Auk þess er opnað fyrir það að þeir sem áður nýttu sér heimild til frestunar sem einstaklingar geti nú stofnað einkahlutafélag eða eignarhaldsfélag m.a. til að nýta heimildina sem áfram verður til staðar fyrir lögaðila. Meiri hlutinn ber því fulla ábyrgð á því að verið er að viðhalda áfram þessari skattasmugu sem er ósanngjörn með tilliti til jafnræðis sem á að ríkja í öflun tekna óháð uppruna þeirra, auk þess sem ríkissjóður verður af verulegum tekjum vegna þessa.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögu um að afnema þessa heimild hjá lögaðilum sem er í samræmi við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar sem hefur einnig verið til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Jafnframt leggst minni hlutinn gegn því að lækka skattprósentuna á söluhagnað eins og meiri hlutinn leggur til og mun það koma fram í atkvæðagreiðslu um málið.

Minni hlutinn styður að sjálfsögðu afnám á heimild til skattlagningar á söluhagnaði einstaklinga en leggst raunverulega gegn báðum gildistökuákvæðunum sem eru sett fram í frv., með þeim rökum sem embætti ríkisskattstjóra hefur fært fram.

Herra forseti. Bæði er um að ræða söluhagnað sem aðilar hafa á umliðnum árum frestað og ekki er enn kominn til skattlagningar, að það færist í 10% skatt, sem er ívilnun út af fyrir sig og geta þeir auðvitað fagnað sem hafa nýtt sér þessa heimild um að fresta skattlagningunni vegna þess að nú býður ríkisstjórnin þeim að borga bara 10% skatt af þeim hagnaði sem þeir hafa frestað. Síðan á þessi frestun fyrir einstaklinga að gilda líka fyrir söluhagnað vegna hlutabréfa á þessu ári sem ríkisskattstjóri hefur fært rök fyrir að ekki sé skynsamlegt.

Herra forseti. Önnur atriði eru flest hver minni háttar, svo sem skýrari ákvæði um framkvæmd á kaupréttarákvæðum og kæruleiðir í skattkerfinu, sem og breyting á ákvörðun um hvenær álagning gjalda skuli fara fram og hvernig skilafrestir eru ákveðnir. Helstu breytingar á skattalögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru nokkrar sem við getum um hér í nál. og við gerum athugasemdir við örfáar þeirra:

Kveðið er skýrar á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrir fram greiddar barnabætur og vaxtabætur. Þessi breyting kemur fram í 11. gr. frumvarpsins en minni hlutinn styður ekki a-lið um 15% álag á mismun fyrir fram greiddra barnabóta og endanlegra barnabóta, reynist þær aðrar. Við tökum þar með undir sjónarmið sem fram kemur hjá skattanefnd Félags löggiltra endurskoðenda en þeir gerðu athugasemdir við það og segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir þessari skoðun okkar er að reglur um barnabætur eru flóknar og fólk á erfitt með að skilja þær. Af því leiðir að það hefur ekki forsendur til að andmæla ákvörðun skattstjóra um fyrirframgreiðslur þeirra."

Við teljum alveg ástæðu til að taka undir það og styðjum það að þetta 15% álag verði ekki samþykkt. Síðan segir í nál. minni hlutans:

„Sveigjanleiki vegna álagningar er aukinn í kjölfar aukinna skila á rafrænu formi. Heimilt verður skattstjóra að eigin frumkvæði eða að beiðni skattaðila að endurupptaka skattframtöl allt að sex ár aftur í tímann þegar skattframkvæmd hefur verið breytt með dómi hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Vegna ákvæða í 15. gr. frv. leggur minni hlutinn áherslu á þær athugasemdir að þar sem heimilað verði að „leiðrétta" álagningu opinberra gjalda allt að sex árum aftur í tímann með hliðsjón af niðurstöðum dómstóla um álitaefni varðandi framkvæmd laganna megi slík „leiðrétting" aðeins vera gjaldandanum í hag. Útilokað er að hægt verði að nýta þetta lagaákvæði til hækkunar á sköttum í þjóðfélaginu mörg ár aftur í tímann vegna niðurstöðu dómstóla um álitaefni."

Í þessu efni tökum við undir álit Lögmannafélags Íslands og vera má að hugsunin hafi verið með þessu ákvæði í frv. að það ætti aðeins að gilda þegar um væri að ræða ívilnandi niðurstöðu en ekki þegar um íþyngjandi niðurstöðu væri að ræða og það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi hugsað sér þetta ákvæði í framkvæmd með þeim hætti en a.m.k. vildum við láta þessa áherslu okkar koma fram í nál.

Skattleysismörk barna og sjómannaafsláttur eiga að hækka í takt við hækkun á persónuafslætti í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í vor. Í því sambandi minnum við í minni hlutanum á að raungildi skattleysismarka hefur raskast vegna áforma ríkisstjórnarinnar um almenna skattahækkun. Tillögur minni hlutans um að hækka skattleysismörkin voru felldar, en við viljum halda því til haga þegar verið er að breyta ákvæðum í skattleysismörkum í takt við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga að því er þessa tvo þætti varðar, þ.e. skattleysismörk barna og sjómannaafslátt.

Áætlað kaupverð hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll miðist við meðalverð undangenginna tíu skráningardaga en ekki gangverð á kaupdegi til að milda hugsanlegar sveiflur á markaðsverði bréfanna. Það er eitt ákvæðið í þessu sem ég held að ekki séu efni til að gera neinar athugasemdir við.

Síðan eru tekin af öll tvímæli um það fyrir hve háa upphæð má gera kaupréttarsamninga árlega. Upphæðin sem gera má slíka samninga fyrir er 600 þús. kr. og verður ekki hægt að safna upp slíkum heimildum milli ára verið frv. að lögum. Þær tekjur eru skattlagðar með 10% fjármagnstekjuskatti og hafa ASÍ og BSRB m.a. gagnrýnt að tekjurnar séu ekki skattlagðar eins og aðrar launatekjur með 38,37% skatti. Ég held því að það sé mjög til bóta, eins og kemur fram í frv. hæstv. ráðherra, að tekin séu af öll tvímæli um framkvæmd á þessu ákvæði sem ég tel rétt og eðlilegt.

Loks var við meðferð málsins lögð fram af hálfu meiri hlutans tillaga um að framlengja svokallaðan hátekjuskatt. Ég held að ástæða sé til þess að gagnrýna þau vinnubrögð að sú breyting hafi ekki verið í frv. þegar það var lagt fram í þinginu því það var auðvitað vitað að framlengja þurfti þetta nema ríkisstjórnin hafi hugsað sér einhverja kerfisbreytingu á því sem ekki var.

Ástæða hefði verið til að skoða þessar tillögur nánar og meta tekjutengingaráhrif þeirra á einstaka hópa vegna þess að mjög mikil tekjutenging er í þessum 7% skatti og upplýsingarnar sem fram komu við meðferð málsins frá ráðuneyti hæstv. fjmrh. sýna að mikil breyting hefur orðið á hve fjölgað hefur í hópi þeirra sem greiða hátekjuskatt. Mig minnir að það séu núna um 12 þúsund einstaklingar sem greiði þennan skatt og hefur upphæðin sem skilað hefur sér í ríkissjóð hækkað mjög, var 554 millj. vegna þessa hátekjuskatts 1997, 941 millj. 1998, 1.200 millj. á árinu 1999, 1.670 millj. annaðhvort á þessu eða næsta ári, ég man ekki hvort árið það er. Við erum því að sjá þreföldun á innkomu í ríkissjóð á þessum skatti á þremur til fjórum árum. Þetta skiptist þannig að einstaklingar greiða, ef við tökum árið 1999 400 millj. en

hjón og sambýlisfólk 751 millj. Þegar maður skoðar hvað þetta er viðkvæmt fyrir tekjutengingu þá kemur í ljós þegar ráðuneytið er spurt hvað ef þessi tekjumörk til einstaklinga yrðu á bilinu 3 til 4 millj., að hátekjuskatturinn kæmi ekki fyrr en við um 4 millj. en hann kemur núna á við 3,3 millj., og fyrir hjón með um 7–8 millj., þá þýðir það að hverjar 100 þús. kr. sem tekjumörkin yrðu hækkuð fyrir einstakling og tvöfalt fyrir hjón mundu lækka tekjur ríkissjóðs um 100 millj. að jafnaði sem þýðir að ef farið yrði með einstaklinga upp í 4 millj. þýddi það tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 700 millj. kr. En það er ljóst að þetta mark er fremur lágt hjá einstaklingum, 3,3 millj. kr., og ég hygg að það sé mjög margt meðaltekjufólk, fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og vinnur mikið, sem lendir einmitt í þessum skatti. Það hefði því verið ástæða til að okkar mati að leggja aðeins vinnu í það í nefndinni að skoða áhrifin af þessum skatti og tekjutengingaráhrifin af honum á einstaka hópa.

Herra forseti. Út af fyrir sig væri hægt að segja ýmislegt fleira um þetta mál en ég held ég láti hér staðar numið og hef lýst þeirri brtt. sem við flytjum og andstöðu okkar við einstök ákvæði í frv.

[15:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur ætla ég að fara í andsvar við hv. þm. vegna ummæla um söluhagnað og stofnun hlutafélaga til þess að komast hjá greiðslu tekjuskatts.

Áður en fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp var söluhagnaður skattlagður eins og aðrar tekjur. Þá seldi ekki nokkur einasti maður og tekjur ríkissjóðs voru í heild af þeim stofni um 200 millj. kr., eftir minni. Núna gefur þessi skattur 1.500 millj. kr.

Þess vegna spyr ég hv. þm.: Getur verið að lækkun skattprósentunnar úr 47% niður í 10% valdi því að fólk sé tilbúið til að selja, sem ekki seldi áður? Og getur verið að það að hafa mörk á heimild til að skattleggja með fjármagnstekjuskatti, 10%, og annað fari í hátekjuskatt valdi því að fólk selji ekki nema það geti frestað og frestunin þýði í rauninni að ríkissjóður hefur tapað 10% skatti af því sem frestað var?

Ég held því fram, herra forseti, að tekjur ríkissjóðs hefðu orðið meiri ef ekki hefðu verið þessi hámörk á heimild til fjármagnstekjuskatts og frestunarheimild.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. enn einu sinni: Maður sem á fyrirtæki og græðir hundraðkall borgar fyrst 30 krónur í skatt af hagnaði, þá á hann 70 krónur eftir. Af þeim borgar hann 10% fjármagnstekjuskatt og það eru samtals 37 krónur, þ.e. 37% sem er mjög svipað og hann borgar í tekjuskatt. Þess vegna furða ég mig á því að ummæli skattrannsóknarstjóra hafi ekki verið rökrædd í nefndinni.

[15:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að hv. þm. tók eftir ummælum skattrannsóknarstjóra. Þau eru eins og töluð út úr mínu hjarta. Þetta er maður sem á að hafa vit á málum. Hann segir að það séu augljósir hagsmunir af því að láta atvinnurekstur vera skattlagðan í skattprósentu hlutafélags og leitast er við að ná sem mestum fjármunum út úr félögum í formi arðs sem skattlagður er í 10% skattþrepi.

Í svar við fyrirspurn sem ég var að fá frá hæstv. fjmrh. kemur fram að arðgreiðslur eigenda einkahlutafélaga hafa aukist um 53% milli ára, áranna 1998 og 1999, úr 800 millj. í 1,3 milljarða, og þannig má áætla að hlutur arðgreiðslunnar sem aðeins er greiddur af 10% skattur sé vaxandi hlutur í heildarlaunagreiðslum eigenda einkahlutafélaga. Hjá um 100 eigendum voru arðgreiðslur nálægt þrisvar sinnum hærri en launagreiðslur þeirra. Hæsta arðgreiðslan til eins aðila sem jafnframt fékk laun greidd frá sama félagi var 73 millj. Meðalarðgreiðslur til þeirra 13 aðila sem mest fengu á sl. ári í arð frá sínu einkahlutafélagi voru 35 millj. kr. til hvers þeirra en þeir þáðu að meðaltali tæpar 4 millj. í launagreiðslur.

Þetta má lesa út úr svari fjmrh. og ég held að þessar tölur tali bara fyrir sig.

[15:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki fyrri spurningunni um söluhagnaðinn þar sem yrði 38% skattur. (Gripið fram í.) Nei, ég er að tala um annað, það er söluhagnaður sem fer umfram hámarkið. Skattur á það sem fer í 38% skatt gaf ekki nema 80 millj. á síðasta ári, að mig minnir, og þar af er einn aðili með 50 millj. Það er því eiginlega enginn skattur greiddur af söluhagnaði með 38% skatti, það er bara þannig. Annaðhvort selur fólk ekki eða frestar því.

En varðandi ummæli skattrannsóknarstjóra að ef menn hafa borgað svo og svo mikið eða 10% skatt af arði, þá hafa þeir áður borgað 30% skatt af hagnaði fyrirtækisins, einkahlutafélagsins. En það sem ruglar dæmið hugsanlega er að skattrannsóknarstjóri hefur ekki getað haft hemil á því að menn eru að færa alls konar kostnað undir fyrirtækin og það er hans vandamál. Menn mega ekki draga alls konar einkaneyslu frá kostnaði við hlutafélag, það er bannað.

Það sem ruglar dæmið hugsanlega líka er að menn missa barnabætur og vaxtabætur og alls konar greiðslur sem eru tekjutengdar af tekjum sínum en ekki af tekjum sem fara í gegnum hagnað fyrirtækis og síðan arð. Það kann að valda því að fyrir þá sem eiga börn eða eru með miklar vaxtabætur borgi sig að fara þessa leið en fyrir aðra borgar það sig ekki nema þeir séu með einhvern frádrátt sem er óeðlilegur.

[15:59]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ansi lítið sé við því að gera að ég og hv. þm. erum ekki sammála um skattalega meðferð á tekjum eftir uppruna þeirra. Ég tel að jafnræði eigi að ríkja þar á milli. Ég er ekki sammála ríkisstjórn hans og honum að á sama tíma og við erum að leggja aukna skattbyrði á almenning í landinu eða ríkisstjórnin stendur að, að þá eigi að lækka skatthlutfallið á forríka fjármagnseigendur úr 38% í 10%. Þetta eru ekki margir aðilar, þetta eru 636 aðilar á síðustu tveim árum.

Ríkisstjórnin stendur þannig að verki varðandi þá skattlagningu sem þeir hafa fengið frestun á að þeir þurfa nú að greiða af henni bara 10% en hefðu annars þurft að greiða af henni 38%. Svona er hæstv. ríkisstjórnin að mylja aftur og aftur undir fjármagnseigendur fyrir utan það að hún stendur að því að fresta gildistökuákvæði á þessu frv. sem við ræðum hér um eitt ár til þess að skapa þessa skattasniðgöngu áfram fyrir örfáa einstaklinga. Ég ætla að halda því til haga enn og aftur að ríkisskattstjóri er mjög andsnúinn því að halda þannig á málum að framlengja þetta ákvæði eins og ríkisstjórnin gerir. Hann telur að þetta ákvæði eigi að taka gildi strax til þess að loka fyrir þessa skattasmugu. Við erum bara ekki sammála um það, herra forseti, hvernig á að halda á skattamálum og hvernig á að skattleggja tekjur. Ég tel að

það eigi að vera samræmi í því, það eigi ekki að skipta máli hvernig tekna er aflað. Þess vegna leiðir þetta til þessa mismunar og ójafnræðis. Ég tel að það jaðri við að þetta sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þ.e. að veita örfáum forríkum einstaklingum slíka skattaívilnun eins og ríkisstjórnin stendur að og ætlar að framlengja eitthvað áfram ásamt því að hafa þessa frestunarheimild fyrir lögaðilana áfram.

[16:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er fjallað um víðfeðm efni. Þar er fjallað um barnabætur, vaxtabætur, sjómannaafslátt, eignarskatt, tekjuskatt, hátekjuskatt, fjármagnstekjuskatt af vöxtum, húsaleigu, arði og söluhagnaði. Ég hef eflaust gleymt einhverju.

Svo er lagt fram hér frv. til laga um breyting á þessum lögum. Þar er ekki orð um hátekjuskatt enda átti hann samkvæmt ákvörðun Alþingis að renna út um þessi áramót. Samkvæmt ákvörðun Alþingis er hátekjuskatturinn tímabundinn og átti að renna út um þessi áramót.

Í meðförum nefndarinnar, hv. efh.- og viðskn., sem ég á nú ekki sæti í, er tekin ákvörðun um að setja inn ákvæði um hátekjuskattinn og framlengja hann um eitt ár. Ég er ekki sáttur við þessa málsmeðferð, herra forseti, og ég er ekki sáttur við að hátekjuskatturinn sem er í rauninni skattur á duglegt fólk, ekkert endilega með mjög háar tekjur eins og hér kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, lendi á fólki sem er bara með góðar miðlungstekjur, 300 þús. kr. eða þaðan af hærra, ekki einu sinni 300 þús. kr. á mánuði Ég er ekki sáttur við að það fólk lendi í hátekjuskatti. Þetta er margt duglegt fjölskyldufólk sem er að koma yfir sig húsnæði, þarf að vinna mikið, er með mörg börn og hefur mikil útgjöld og þessi hópur manna er að borga hátekjuskatt og hann skilur það ekki. (Gripið fram í.) Það var sagt hér í framhjáhlaupi að það mætti hækka mörkin en það þýðir að tekjur ríkissjóðs hraðminnka.

Þessi skattur er nefnilega ekkert annað en öfundarskattur. Hann gefur ríkissjóði engar tekjur. (**Gripið fram í:** Nú?) Ekki ef mörkin eru hækkuð t.d. upp í 4 millj. kr. árstekjur. Þá eru tekjur ríkissjóðs orðnar sáralitlar og tekur því ekki að hafa þennan skatt yfirleitt. En sumir vilja skattleggja bara til að skattleggja, til að ná í háar tekjur sem þeir sjá ofsjónum yfir. Þetta er öfundarskattur. (Gripið fram í.) Ég tel nefnilega að það sé miklu meira mál að ríkissjóður hafi tekjur til að fjármagna velferðarkerfið heldur en að hann sé að halda niðri atvinnulífinu með of háum sköttum því að þessi skattur er ekkert annað en skattur á snilli og dugnað og harðfylgi og mikla vinnu. Við megum ekki gleyma því.

Þetta er sama málið og með söluhagnaðinn. Ef skattur af söluhagnaði er 38% þá selur ekki nokkur einasti maður eignir sínar. Menn bara hanga á þeim áfram öllum til óhagræðis, atvinnulífinu til óhagræðis og þeim sjálfum. Lækkun skatts á söluhagnað niður í 10% hefur gefið ríkissjóði miklu meiri tekjur til þess að fjármagna velferðarkerfið. Og hver er tilgangur skattkerfisins yfirleitt? Er hann til þess að ná í einhverja ríka náunga, sem hafa allt of miklar tekjur, hvað sem það kostar, þó að það gefi ríkissjóði engar tekjur og halda þeim niðri eða er það til þess að ná í tekjur til þess að fjármagna velferðarkerfið svo við getum greitt almennilegan lífeyri til öryrkja og fátæks fólks? Ég held að við þurfum að haga skattkerfinu þannig að það gefi ríkissjóði eins miklar tekjur og mögulegt er. Það er mikilvægt.

Herra forseti. Ég er á móti þessari brtt. hv. efh.- og viðskn., um að framlengja hátekjuskattinn sem Alþingi hafði tekið ákvörðun um að ætti að renna út um þessi áramót. Það var ákvörðun Alþingis, annars hefði hann verið ótímabundinn. En hann er tímabundinn og það er aftur verið að framlengja hann. Það er aftur verið að skattleggja dugnaðinn og snillina. Það er verið að skattleggja fólkið sem vinnur úti á hafi. Það er verið að skattleggja fólkið sem vinnur á hálendinu. Það er verið að skattleggja það fólk sem leggur sig fram um að vinna.

[16:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er því fylgjandi að viðhalda hér svokölluðum hátekjuskatti. Þetta er vísir að margþrepa skattkerfi sem margir hafa talað fyrir, verkalýðshreyfingin hefur beitt sér fyrir. Mér finnst eðlilegt að framhald sé þar á þótt það sé alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta hafi verið tímabundin ákvörðun. Ég mun styðja þetta ákvæði frv.

Í þessu frv. um tekjuskatt og eignarskatt kennir margra grasa. Hér er tekið á ýmsum málum. En það ákvæði frv. sem mesta umræðu hefur fengið, og það ekki af tilefnislausu, lýtur að frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa. Þannig er að þegar lögum um tekjuskatt og eignarskatt var breytt á árinu 1996 var samþykkt að heimila frestun á skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa hjá einstaklingum um tvenn áramót. En í greinargerð með lögunum á þeim tíma kom fram að markmiðið með þessu væri að auka aðlögunarhæfni atvinnulífsins að breyttum aðstæðum, auðvelda skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og stuðla að því að fjármagn héldist í íslensku atvinnulífi jafnframt því að auka sparnað hjá almenningi.

Í greinargerð með þessu frv. er velt vöngum yfir því hvernig til hafi tekist í þessu efni. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Ýmislegt bendir til þess að þeir sem hafa hagnast vel á sölu hlutabréfa á undanförnum árum hafi í vaxandi mæli nýtt sér umrædda frestunarheimild. Þá virðast sífellt fleiri telja að hagstæðara sé að ávaxta það fé í hlutafélögum, sem eru annars staðar en á Íslandi, vegna hagstæðari skattareglna og í ýmsum tilvikum í skjóli bankaleyndar. Leiða má líkur að því að í mörgum tilvikum falli skattlagningin jafnvel niður vegna skorts á upplýsingum. Þetta tvennt, frestun skattgreiðslna og hagstætt skattaumhverfi, eru án efa helstu ástæður þess að stærri fjárfestar hafa kosið að stofna eigin hlutafélög erlendis. Þannig má halda því fram að í gildandi reglum felist ákveðin hvatning fyrir einstaklinga til þess að fjárfesta í félögum erlendis fremur en hér á landi. Íslenskir fjárfestar hafa því getað takmarkað skatta sína með því að greiða sér arð frá hinu erlenda félagi sem er skattlagður með 10% skatti hér á landi. Þetta er gert þar sem hagstæðara er að fá fjármagnstekjur í formi arðs en söluhagnaðar þegar fjárhæðirnar eru orðnar háar."

Ég vil taka fram í sambandi við vangaveltur manna um fjármagnsflótta og hvað beri að gera í því efni, hvernig beri að bregðast við, að ég vil taka þátt í þeim tilraunum sem gerðar eru á alþjóðavettvangi, einkum hjá OECD, um að reisa einhverjar skorður við undirboðum í skattkerfunum í stað þess að fylgja alltaf undirboðunum. Hér er hins vegar verið að reisa einhverjar skorður. Ég fagna því í reynd að þetta frv. komi fram þar sem þessi frestunarheimild er afnumin eða takmörkuð. Við hefðum kosið að afnám frestunarheimildarinnar tæki ekki aðeins til einstaklinga heldur lögaðila einnig, til fyrirtækja einnig, og við hefðum viljað

að skattprósentan væri hærri en hér er gert ráð fyrir, sama skattprósenta og gildir um tekjur einstaklinga.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal benti hér á ranglæti þess að fara með skattprósentuna upp í tekjuskattshlutfallið og benti á að einstaklingur sem seldi væri í reynd búinn að greiða skatta í formi tekjuskatts fyrirtækisins upp á 30% og síðan kæmu 10% ofan á sem væri svipað og tekjuskattsprósentan.

Þessu er til að svara eða öllu heldur má taka dæmi að einstaklingur seldi hér í sjávarútvegsfyrirtæki. Ég held að það hafi verið fyrir 3 milljarða kr. Það sjávarútvegsfyrirtæki var búið að greiða tekjuskatt að sönnu. En það er ekki þar með sagt að hægt sé að setja jöfnuna upp á þennan hátt með svona einföldum hætti. Því fer afar fjarri. Eðlilegt er að viðkomandi hefði greitt sem svarar tekjuskattshlutfallinu en ekki fjármagnstekjuskattsprósentunni sem er 10%. En í því tilviki sem hér var vitnað til slapp viðkomandi við skattlagningu yfirleitt í skjóli frestunarákvæðisins vegna þess að með því að koma fjármagninu inn í nýtt fyrirtæki sleppur einstaklingurinn við alla skattlagningu.

Eins og ég gat um kemur fram í stjfrv., frv. hæstv. fjmrh., hvað hafi gerst í skjóli þessa ákvæðis, þ.e. mikill fjármagnsflótti úr landinu og að ríki og sveitarfélög hafi orðið af umtalsverðum skatttekjum. Hvert er umfangið í þessum fjármagnsflutningum? Það hefur komið fram hjá embætti ríkisskattstjóra að vegna þessarar heimildar í skattalögum, sem var lögfest 1996 eins og ég gat um, hafi einstaklingar nýtt sér að fresta um 20 milljörðum kr. á árunum 1998–1999. Gera menn sér grein fyrir umfanginu, þessum upphæðum, að á árunum 1998 og 1999 nýttu á sjöunda hundrað einstaklingar, 636 einstaklingar, sér rétt til þess að fresta skattlagningu á 20 milljörðum kr.? Einnig kom fram í þessum upplýsingum að áætla mætti að ríki og sveitarfélög hafi tapað í skattekjum allt að 8,5 milljörðum á þessum tveimur árum vegna þessarar heimildar.

Nú kann þetta að sjálfsögðu að orka tvímælis því að þetta er allt að því vélræn túlkun eða vélræn niðurstaða sem fengin er. Bent hefur verið á að menn hefðu þá hugsanlega farið aðrar leiðir og komið sér hjá því að greiða skatta einfaldlega með því að ráðast ekki í viðskipti af þessu tagi. Slíkt er alltaf álitamál. En þetta er umfangið.

Herra forseti. Ég lýsi ánægju með að menn skuli vilja afnema þessa frestunarheimild. Ég tel að skattprósentan ætti hins vegar að vera hin sama og gagnvart tekjuskatti einstaklinga en ekki 10%, að óeðlilegt sé að lækka hana eins og gert er með þessu frv., vegna þess að þetta var tvíþætt. Annars vegar greiddu menn fjármagnstekjuskatt upp að vissri upphæð, rúmum 3 milljónum, og helmingi hærri upphæð fyrir hjón og síðan var tekjuskattsprósentan þar fyrir ofan, en núna verður 10% skattur á alla heildarsummuna. Ég hefði talið eðlilegt að tekjuskattsprósentan yrði látin gilda um alla.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan að það væri mjög undarlegt og óeðlilegt að viðhalda hátekjuskatti, að láta harðduglegt og heilbrigt fólk greiða til samfélagsins hátekjuskatt. En hverjir eiga að greiða hann, sjúkir eða lágtekjufólk? Hvar á að taka þessa peninga? Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ekki beinlínis verið stuðningsmaður þess að auka skatta á hátekjufólk eða stöndug fyrirtæki, öðru nær. Reyndar hefur öll skattastefna ríkisstjórnarinnar gengið út á að hlaða byrðum á lágtekjufólk, þá sem síst mega við því, herða skattheimtuna hjá þeim. Það eitt að neita því að hækka persónuafsláttinn eins og stjórnarandstaðan lagði til leiddi til þess að skattleysismörk lækka og skattgreiðendum úr hópi lágtekjufólks fjölgar á næsta ári um rúmlega 2.000, 2.100 að mati þeirra sem hafa skoðað þá útreikninga.

Ég held að helstu atriðin sem ég vildi nefna í tengslum við þetta mál hafi komið fram bæði í máli mínu og hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrsta talsmanni minni hlutans í þessu máli. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en árétta að þessu frv. er mjög ábótavant. Það er mjög óeðlilegt að undanskilja lögaðila frestunarheimildinni. Það er óeðlilegt að fara ekki með skattprósentuna upp í sama hlutfall og gildir um tekjuskatt, að vera sérstaklega að ívilna hátekjumönnum og fjármagnseigendum með þessum hætti. Ég vil árétta andstöðu mína við svokallaða valréttarsamninga inni í fyrirtækjum þar sem um er að ræða eins konar niðurgreiðslu til hlutafélaga. Þau eru styrkt til að fá starfsmenn sína til að fá borgað í hlutabréfum sem eru síðan skattlögð með lægra skatthlutfalli en gerist um launatekjur. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið frá verkalýðshreyfingunni, bæði Alþýðusambandi Íslands og BSRB um það efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 368. mál (safnskráning). — Þskj. 583.

[16:18]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, eins lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og síðast en ekki síst lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Þetta frv. er flutt af efh.- og viðskn. og tengist frv. því um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti sem hér hefur verið til umræðu í dag.

Málið snýst um að opna fyrir svokallaða safnskráningu verðbréfa. Með safnskráningu er átt við þjónustu verðbréfafyrirtækis sem felur í sér að fyrirtækinu er heimilt að halda utan um eignir viðskiptamanna sinna á eigin reikningi, svokölluðum safnreikningi, og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptamanna sinna frá einstökum útgefendum verðbréfa.

Í 2. gr. frv. er fjallað um heimildir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og hvernig þau skulu fara með slíka safnreikninga. Þau skulu halda fjármunum og verðbréfum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins og fjármunir viðskiptamanns skulu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

Síðan bætast við 19. gr. í verðbréfaviðskiptalögunum þrjár málsgreinar, sem mundu vera þannig að verðbréfafyrirtæki væri heimilt að varðveita verðbréf í eigu viðskiptamanna sinna á safnreikningi enda hafi fyrirtækið gert viðskiptamanninum grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt og það þarf að halda skrá yfir eignarhlut hvers viðskiptamanns fyrir sig.

Ef bú verðbréfafyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta eða farið er fram á greiðslustöðvun, slit eða eitthvað slíkt, getur viðskiptamaðurinn tekið verðbréf sín út af safnreikningi, en ráðherra setur reglugerð um þessa skráningu.

Í lögum um breytingu á rafrænni eignarskráningu verðbréfa er gert ráð fyrir að endurorða 1. mgr. 24. gr. laganna

og þar kemur fram að á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Reikningsstofnun er heimilt að annast safnskráningu á reikning í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti. Það þarf að halda slíkum safnreikningum sér þannig að þeir séu auðkenndir sem slíkir.

Breytingin sem lögð er til á lögunum um hlutafélög er þannig að í 2. mgr. 30. gr. hlutafjárlaganna sé það tekið inn að í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang eða þeirra sem heimild hafa til safnskráningar. Í hluthafaskrá er safnskráningin þannig að verðbréfafyrirtækið er skráð sem eigandi bréfanna en ekki viðkomandi einstaklingur.

Með frv. þessu fylgja athugasemdir. Efh.- og viðskn. leggur þetta frv. fram og óskar eftir því að það verði afgreitt hér. Ekki er gerð tillaga um að málinu verði vísað til nefndar heldur beint til 2. umr. enda flytur nefndin málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 375. mál. — Þskj. 594.

[16:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. desember 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 23. janúar 2001."

Tillagan skýrir sig sjálf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (ríkistollstjóri). — Þskj. 433, nál. 599 og 610.

[16:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. um breytingu á tollalögum og ég mæli fyrir munn meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa starfsmanna tollstjóraembættisins og Tollvarðafélagsins. Enn fremur fékk nefndin nokkrar umsagnir um málið.

En það er skemmst frá því að segja að meiri hluti nefndarinnar gerir þá tillögu að frv. verði samþykkt óbreytt.

[16:25]

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 333. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 610.

[16:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég er farin að halda að hv. formaður efh.- og viðskn. geri í því af ásettu ráði að reyna að ganga fram af minni hlutanum. Hann er að mæla fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. þar sem er verið að leggja niður embætti ríkistollstjóra, þar sem er verið að segja upp 23 starfsmönnum hjá því embætti með stuttum fyrirvara og hann er hálfa mínútu að mæla fyrir þessu máli. Er hægt að sýna þinginu meiri óvirðingu, að ekki sé nú talað um þessu embætti, sem komið var á fót fyrir nokkrum árum, eða starfsfólkinu?

Þetta undirstrikar, herra forseti, fyrstu setninguna í nál. okkar í minni hlutanum:

„Óvönduð vinnubrögð hafa einkennt málsmeðferðina á þessu frv. sem keyra á í gegnum Alþingi á nokkrum dögum eftir að það var lagt fram án þess að það hafi fengið fullnægjandi skoðun í þingnefnd."

Herra forseti. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því sem er að gerast á þessari virðulegu samkomu. Ég hef einstaka sinnum farið yfir það hvernig samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er háttað og hvernig löggjafarvaldið er sífellt að veikjast gagnvart framkvæmdarvaldinu og hvernig Alþingi er orðið hrein og klár stimpilstofnun fyrir ríkisstjórn og ráðherra sem eru með vinnumenn eins og hv. þm. Vilhjálm Egilsson hér að verki sem skoðar ekki einu sinni mál eins og þetta eins og á að gera.

Herra forseti. Ég er yfir mig hneyksluð á því hvernig stjórnarmeirihlutinn stendur að málinu. Mér finnst skömm að því að koma nálægt svona vinnubrögðum og ef það er einhver stofnun í þjóðfélaginu sem á að vanda til vinnubragða þá er það hér innan dyra. Fólkið í landinu sem kýs okkur til starfa treystir því að hér sé vandað til vinnubragða, að hér sé farið yfir verk framkvæmdarvaldsins sem framkvæmdarvaldið er að reyna að gera hér að lögum sem skiptir íbúa landsins og þjóðina miklu máli að sé gert.

Þetta er kannski ekki stórmál í hugum hv. þm. eða ríkisstjórnarinnar. En þetta er nokkuð stórt mál þegar grannt er skoðað. Ég er ekki fyrir fram að segja að það mætti ekki hugsa sér að skoða einhverjar breytingar á embætti ríkistollstjóra. En ég frábið mér að standa að þeim vinnubrögðum sem meiri hlutinn viðhefur í þessu máli.

Auðvitað hefði átt að gefa nefndinni svigrúm fram á næsta ár til að skoða þær grundvallarbreytingar sem er verið að gera á stjórnskipulagi tollamála í landinu með því að leggja niður ríkistollstjóraembættið.

Af hverju liggur svona mikið á að keyra málið í gegnum þingið á þeim ofsahraða sem hér er gert? Það er vegna þess að ríkistollstjóri er að láta af störfum. Hann er að hætta af sjálfsdáðum um næstu áramót. Þá setjast þeir niður í fjmrn., klóra sér í hausnum og komast að því að það sé best að leggja þetta embætti niður.

Gengið er á fund starfsfólksins 4. desember, ekki til þess að leita samráðs hjá fólki með mikla reynslu á þessu sviði sem hefur unnið áratugum saman í tollkerfinu heldur til að tilkynna því að embættið sé lagt niður. Mér er sagt að hæstv. fjmrh. hafi að vísu mætt í eigin persónu til að gera það og það er virðingarvert. En vinnubrögðin eru ekki til fyrirmyndar. Þess er ekki einu sinni getið í áliti meiri hlutans hvað trúnaðarmenn starfsfólks höfðu um þetta mál að segja. Ég held að þeir fái nöfnin sín einhvers staðar á þetta nál. um að þeir

hafi mætt á fundinn. En þeir höfðu ýmislegt til málanna að leggja í þessu sambandi.

Mér sýnist að eins og þessi ríkisstjórn gengur um varðandi starfsfólk þegar verið er að leggja niður stofnanir, að þeirri venju sé haldið uppi gagnvart þessu embætti, þ.e. að sýna starfsfólkinu fullkomna óvirðingu og auðvitað er ekkert tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem þetta fólk hefur fram að færa í þessu efni. Trúnaðarmenn starfsfólks sem komu á fund nefndarinnar drógu mjög í efa kosti þessara breytinga og telja að með þeim sé verið að hverfa aftur til fortíðar og með lagaboði verið að færa skipulag tollamála til fyrra horfs. Þeir leggja áherslu á það. Og ég ætla að koma því á framfæri hér í þingsölum og vara þingheim við því að rasa um ráð fram í þessu máli. Og þeir óskuðu eindregið eftir því, af fyllstu kurteisi þó, að gefnir yrðu örfáir mánuðir til að kanna ítarlega þessa skipulagsbreytingu, en þeir sögðu að engin úttekt hefði farið fram á kostum þess og göllum að gera slíka breytingu.

Í umsögn ríkistollstjóra sem nú lætur af störfum kemur fram að hann telji það ekki framfaraspor né í samræmi við grundvallarreglur stjórnsýsluréttar að sama stjórnsýsluvald fari bæði með vald staðbundins stjórnsýsluvalds og eftirlit og boðvald gagnvart hliðsettum stjórnvöldum. En út á það gengur þetta frv. Það er verið að auka vald tollstjórans í Reykjavík og skipta upp þeim verkum sem ríkistollstjóraembættið hefur haft með höndum, flytja hluta af verkefnunum til fjmrn. og hluti er fluttur til tollstjórans í Reykjavík, samræming tollgæslu, tollheimtu og rannsóknarstarfa, svo dæmi sé tekið. Tollstjórinn í Reykjavík á að vera eins konar yfirhattur yfir öðrum sýslumannsembættum. Af hverju má þetta ekki alveg eins vera hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þannig að hann hafi einhverja yfirumsjón fremur en tollstjórinn í Reykjavík?

Ríkistollstjóri segir að þetta gangi þvert á þá þróun sem orðið hefur á undanförnum árum á þessu sviði. Og hann segir í sinni umsögn:

„Ákvörðun fjármálaráðherra 1990 um að færa slíkt vald frá tollstjóranum í Reykjavík til sjálfstæðs embættis og lagabreytingar sem Friðrik Sophusson, þáverandi fjármálaráðherra, beitti sér fyrir 1996 endurspegla þessa réttarþróun. Skoðun mín er því sú að framkomið frumvarp sé ekki réttarbót og ekki framfaraspor á sviði tollamála. Nær hefði verið að taka nokkru lengri tíma til að huga fremur að heildarendurskoðun skatt- og tollkerfisins eins og bent var á í frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi 1996." — Af þessari sömu ríkisstjórn. — „Þær hugmyndir sem fram komu í greinargerð með frumvarpi að síðastnefndum lögum tengjast einnig löngu tímabærum breytingum sem óhjákvæmilega þarf að gera á skipulagi stjórnsýsluumdæmanna sem varla getur talist í takt við þá byggða- og þjóðfélagsþróun sem orðið hefur síðustu áratugina."

Meginathugasemd ríkistollstjóra um að sú breyting sem lögð er til í frv. sé ekki í samræmi við grundvallarreglur stjórnsýsluréttar að sama stjórnsýsluvald fari bæði með vald staðbundins stjórnsýsluvalds og eftirlit og boðvald gagnvart hliðsettum stjórnvöldum, er einmitt rauði þráðurinn í athugasemdum Sýslumannafélags Íslands og Tollvarðafélags Íslands.

Það sem hefur vakið óskipta athygli mína er að á Alþingi 1996 hélt þáverandi fjmrh., forveri núv. ráðherra, á lofti sömu athugasemdum og sagði að það væri grundvallaratriði í allri stjórnsýslu að réttarstaða þeirra sé skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf sem gildir á hverjum tíma um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og um samskipti borgaranna við þessi stjórnvöld. Sagði þáverandi fjmrh. að ekki gengi, eins og hann orðaði það, til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu.

Þessi kerfisbreyting átti sér stað sennilega 1990. Þá var þetta í höndum tollstjórans í Reykjavík sem á að fá þessi verkefni núna aftur. En 1996 mælir páv. fjmrh. fyrir þeirri skipan að þetta verði tekið af tollstjóranum í Reykjavík, sem þá var með framkvæmdina á höndum, en yrði sett undir ríkistollstjóraembættið og sagði, herra forseti, og ég ætla að endurtaka það, að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála var tekin til endurskoðunar að fenginni reynslu.

Það er einmitt lagt hér til, svo ég vísi bara beint í frv., herra forseti:

„Samhliða fyrrgreindri tilfærslu verkefna til fjármálaráðuneytis verður tollstjóranum í Reykjavík falið að fara með tiltekið samræmingarhlutverk svo og að stýra, í samráði við viðkomandi tollstjóra, eftirlitsaðgerðum á landsvísu. Með slíkri hagræðingu er unnt að nýta betur þá fjármuni sem nú er varið til tollkerfisins til þess að styrkja mikilvæga þætti í starfsemi þess. Þar er einkum horft til herts fíkniefnaeftirlits og bættrar tollheimtu. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti haft umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu gerist þess þörf. Þrátt fyrir að tollstjóranum í Reykjavík sé falið að annast, í umboði ráðherra, tiltekna yfirumsjón þessara mála er lögð á það rík áhersla að hann hafi virkt samráð við tollstjóra í hverju umdæmi og að þeir fari með umsjón aðgerða í sínu umdæmi eftir því sem kostur er."

Auðvitað er hægt að taka undir það með fyrrv. fjmrh., herra forseti, að það gangi ekki að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hafi bæði eftirlit með eigin gjörðum og annarra tollstjóra og því hafi verið rétt að taka þá skipan mála til endurskoðunar sem þá gilti, á árinu 1996, að fenginni nokkurri reynslu. En nú er verið að hverfa aftur til þess horfs sem fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, mælti gegn fyrir fjórum árum í þessari sömu ríkisstjórn framsóknarmanna og sjálfstæðismanna.

Það er fróðlegt að rifja upp fleiri kafla úr ræðu fjmrh. þegar hann mælti fyrir þessari breytingu á tollalögum fyrir fjórum árum síðan sem segir raunverulega allt sem segja þarf í þessu máli. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er liður í áformum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að kveða skýrar á um hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu milli æðri sem lægri stjórnsýslustiga innan tollakerfisins til að gera það skilvirkara. Jafnframt að tryggja borgurunum betur en nú rétt til að fá efnislega umfjöllun sinna mála, m.a. þegar ágreiningur rís um tollmeðferð vöru."

Síðan segir: „Við gildistöku tollalaga, nr. 55/1987, var ákveðið að stofna nýtt embætti ríkistollstjóra. Sérstakt heimildarákvæði var jafnframt sett í lögin þar sem gert var ráð fyrir að ákveða mætti að tollstjórinn í Reykjavík gegndi starfi ríkistollstjóra auk starfa sinna sem tollstjóri. Þetta fyrirkomulag var einungis hugsað sem liður í undirbúningi að

stofnun sjálfstæðs embættis sem hefði með höndum yfirstjórn framkvæmdar tollheimtu og tolleftirlits og eftirlit og boðvald gagnvart einstökum tollstjórum.

Ljóst var að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu. Nú að tæpum níu árum liðnum frá setningu tollalaga er fengin nokkur reynsla af þeirri skipan tollstjórnarinnar og ýmsum þeim lagafyrirmælum sem þá voru lögfest." — Ég vek athygli á því að hæstv. fyrrv. fjmrh. er að lýsa því ástandi sem ríkisstjórnin vill innleiða á nýjan leik. Ég endurtek orð hæstv. ráðherra: „Nú að tæpum níu árum liðnum frá setningu tollalaga er fengin nokkur reynsla af þeirri skipan tollstjórnarinnar og ýmsum þeim lagafyrirmælum sem þá voru lögfest. Verður að telja í ljósi fenginnar reynslu að nauðsynlegt sé að gera á lögunum ýmsar breytingar bæði að því er varðar yfirstjórn tollamála og einstök ákvæði er mæla fyrir um tolleftirlit, álagningu, innheimtu og úrlausn ágreiningsmála. Grundvallaratriði í allri stjórnsýslu er að réttarstaða þeirra sé skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf sem gildir á hverjum tíma um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og samskipta borgaranna við þessi stjórnvöld."

Herra forseti. Ég er hér að ljúka því að fara yfir orðrétta tilvitnun úr ræðu fyrrv. fjmrh.

Við setningu tollalaga árið 1987 var sá kostur valinn að heimila ráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík að hafa eftirlit með og boðvald yfir hliðsettu stjórnvaldi. Jafnframt var ákveðið að setja tollgæsluna í heild sinni undir yfirstjórn ríkistollstjóra og fela sérstökum tollgæslustjóra stjórn hennar líkt og áður.

Fram kom hjá páv. fjmrh. að reynslan af þessu fyrirkomulagi hafi leitt í ljós að staða þessara aðila væri stjórnunarlega og stjórnskipulega óæskileg og valdmörk milli þeirra óljós.

Herra forseti. Það er þetta sem ríkisstjórnin er að innleiða á ný og hæstv. fyrrv. fjmrh. lýsti mjög vel 1996. Fram kom hjá páv. fjmrh. að reynslan af þessu fyrirkomulagi hafi leitt í ljós að staða þessara aðila væri stjórnunarlega og stjórnskipulega óæskileg og valdmörk milli þeirra óljós. Það var þegar tollstjórinn í Reykjavík fór með það hlutverk sem á nýjan leik á að færa honum með þessu frv. Orðrétt sagði síðan fjmrh.:

„Sé á annað borð talin ástæða til þess að færa yfirstjórn vissra þátta tollamála sem stjórnunarlega eiga undir fjármálaráðuneyti ætti tvímælalaust að fela hana sjálfstæðu embætti og kveða nánar í lögum á um verkefni sem það bæri ábyrgð á, svo og að kveða skýrt á um stöðu lægra settra tollyfirvalda gagnvart slíku embætti."

Eins og fram kom hjá trúnaðarmönnum starfsfólks, herra forseti, þá hefur engin úttekt farið fram á kostum og göllum þeirra kerfisbreytinga sem nú á að fara að gera með því að færa tollskipulag aftur til fyrra horfs sem fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, gagnrýndi mjög fyrir fjórum árum. Þessi hugmynd virðist að mestu snúast um að nota tækifærið og gera þessa breytingu af því að núv. ríkistollstjóri lætur af störfum um næstu áramót.

Herra forseti. Það vantar mjög mikið á, svo vægt sé til orða tekið, að faglega sé hér staðið að verki og að haldbær rök séu sett fram fyrir því að flýta þurfi svo þessari breytingu að ekki sé hægt að gefa Alþingi eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Þetta er, herra forseti, mjög skýrt dæmi um hroðvirknisleg og ómarkviss vinnubrögð sem virðast ganga gegn grundvallarreglu stjórnsýsluréttar.

Á meðal þess sem þyrfti að kanna eru hugmyndir fyrrv. fjmrh. um að breyta núverandi skipan á þann veg að taka rannsóknarþátt tollamála frá ríkistollstjóra líkt og gert var árið 1992 í skattamálum. Nefndi fyrrv. fjmrh. að skoðað hefði verið hvort ekki væri æskilegt að færa rannsóknarþáttinn undir embætti skattrannsóknarstjóra ríkis ins og sameina vissa þætti tolla- og skattamála. Ekki gafst ráðrúm í nefndinni til að kanna þennan þátt málsins fremur en annað sem að þessu máli snýr.

Ekkert er kannað í þessu efni hvað best er að gera í þessu sambandi, engin úttekt liggur fyrir þar sem menn geta metið kosti og galla ýmissa leiða heldur er bara keyrt beint strik inn í fortíðina aftur, sem fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, varar við, herra forseti.

Við í nefndinni kölluðum eftir því hvort ekki væri nauðsynlegt að bera saman hvort forsendur væru þá líka til að leggja niður ríkislögreglustjóraembættið vegna þessarar stefnubreytingar ríkisstjórnarinnar sem gefur skoðun og stefnu fyrrv. fjmrh. langt nef í þessu máli. Ef þessi stjórnskipulega breyting er rétt og eðlileg, herra forseti, af hverju þá ekki að skoða embætti ríkislögreglustjóra einnig, að leggja það niður, ef rétt er og eðlilegt að fara þessa leið? Það embætti hefur þanist út á kostnað almennrar löggæslu í landinu og er orðið miklu stærra, bæði í rekstri og húsnæði en áætlað var í upphafi. En verksvið þess embættis, ríkislögreglustjóraembættisins, er hliðstætt ríkistollstjóraembættinu, eins og að hafa með höndum samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarstarf. Og væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki með það í undirbúningi að beita sér fyrir því að beina því til dómsmrh. að skoða það að leggja niður embætti ríkislögreglustjóra, sem hefur með höndum samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarstörf með líkum hætti og ríkistollstjóraembættið. En það gafst ekki ráðrúm til þess í nefndinni, í þeim ólýðræðislegu vinnubrögðum sem þar voru viðhöfð af meiri hlutanum, að bera þessi tvö embætti saman, sem eðli máls samkvæmt var sjálfsagt að gera, ef það er skynsamleg stefna að leggja þetta embætti niður, og skoða þá einnig að leggja niður embætti ríkislögreglustjóra, sem er með samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarstörf undir höndum með sama hætti og ríkistollstjóraembættið. En svo mikið lá á að nefndin fékk ekki tíma til þess að skoða það.

Í umsögn Tollvarðafélags Íslands kemur m.a. fram að þeirri spurningu sé ekki nógu vel svarað hvers vegna embætti ríkistollstjóra er lagt niður og allt tal um hagræðingu og betri nýtingu mannskaps og auðveldari rannsókn mála hljómar einkennilega á sama tíma og stjórnvöld eru að gera embætti ríkislögreglustjóra og ríkisskattstjóra veigameiri til að auðvelda fyrrgreind atriði. Í ljósi þess sé mjög erfitt að skilja framlagningu frumvarpsins og tilflutning verkefna til ráðherra og tollstjórans í Reykjavík.

Ljóst er að samkvæmt frv. verður tollstjóranum í Reykjavík m.a. falið samræmingarhlutverk á landsvísu og umsjón með rannsókn tollamála hvar sem er á landinu og að stuðla að bættri tollheimtu tollembættanna og þar með talið síns eigin.

Á tollstjórinn í Reykjavík þá að hafa eftirlit með sjálfum sér í þessu efni? Ýmsar spurningar vakna í þessu máli. Ég vænti þess, herra forseti, að það liggi ljóst fyrir í málflutningi okkar hvað hér er hroðvirknislega staðið að verki og hvað vinnubrögðin eru þinginu til skammar í þessu máli. Hægt er

að fullyrða, herra forseti, að málið hefur ekki fengið þinglega meðferð. Meiri hlutinn ræður auðvitað, en a.m.k. er hægt að segja að gengið er mjög á lýðræðislegan rétt minni hlutans, lýðræðið er fótumtroðið. Þeir sem skipa meiri hlutann víla það ekki fyrir sér að ganga svo svínslega á rétt minni hlutans eins og hér er gert. Málinu er þjösnað úr nefnd í fullkominni andstöðu við minni hlutann.

Ljóst er að breytingin sem hér er verið að gera er til þess fallin að auka á óskýrleika stjórnsýslukerfisins og ljóst er að með því að setja hliðsett stjórnvald yfir önnur á sama sviði er verið að bjóða upp á hagsmunaárekstra. Ég sé ekki annað en að verið sé að bjóða upp á hagsmunárekstra með þessu. Stjórnsýsla ríkisins er stigskipt á þann hátt að æðri stjórnvöld hafa yfirstjórn og eftirlit með þeim stjórnvöldum sem lægra eru sett og breytingar á innbyrðis sambandi stofnana eða annarra stjórnvalda hljóta því að þurfa mikillar skoðunar við, herra forseti, áður en þær eru framkvæmdar. Þróun stjórnsýslukerfisins hér á landi hefur hin síðustu ár verið ákaflega ómarkviss og handahófskennd og frumvarp þetta er þar engin undantekning á. Minni hlutinn leggur til að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins þar sem m.a. er tekin afstaða til þess í hvaða tilvikum sé réttlætanlegt að setja á fót eða leggja niður stjórnsýslustofnanir á borð við þá sem hér er til umræðu. Slíkar breytingar á ekki að framkvæma með hraði og án þess að afleiðingarnar séu ljósar eða hvaða áhrif þær breytingar hafa.

Við höfum auðvitað reynsluna sem ég var að vitna í til að styðjast við og hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði glögga grein fyrir úr þessum sama ræðustól fyrir fjórum árum. En á það hlustar meiri hlutinn greinilega ekki og er staðráðinn í að þjösna þessu máli með offorsi og ólýðræðislegum hætti í gegnum þingið.

Ástæða væri til, herra forseti, að fara yfir langar umræður sem áttu sér stað um frv. fyrir fjórum árum. Ég er hér bara með hluta af þeim umræðum. Þegar ég óskaði eftir að fá þær úr skjalasafninu kom þykkur bunki. Það var að yfirveguðu og vel ígrunduðu máli sem fyrrv. fjmrh. beitti sér fyrir þeirri breytingu sem nú er verið að leggja af. Því er ástæða til að fara yfir þær umræður í ljósi þess hvernig meiri hlutinn er að troða málinu með ólýðræðislegum hætti í gegnum þingið. Ég spyr: Hefur hv. formaður efh.- og viðskn. ekkert samviskubit yfir því að óvirða þessa virðulegu stofnun sem hann vinnur nú í? Hv. þm. hefur ekkert samviskubit yfir því, brosir bara úr sínum stól þarna úti í salnum.

En við í minni hlutanum höfum áhyggjur af því hvernig vinnubrögðum er háttað í þessu máli. Við viljum skoða kosti og galla þess að fara út í slíka kerfisbreytingu. Við neitum henni ekkert fyrir fram en við viljum að hún sé tekin einmitt á grundvelli þess sem ég sagði áðan að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins þar sem tekin er afstaða til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt sé að setja á fót eða leggja niður stjórnsýslustofnanir á borð við þá sem hér er til umræðu. Slík fagleg vinnubrögð viljum við hafa uppi í þessu máli sem öðrum. Það kann ekki góðri lukku að stýra að standa að málum eins og hv. meiri hluti hefur gert.

Ég hef farið yfir umsögn Tollvarðafélagsins. Fjórir af trúnaðarmönnum starfsmanna eru í Tollvarðafélaginu, stór hluti þeirra er í SFR og þeir mótmæltu mjög hvernig að verki er staðið, höfðu áhyggjur af því hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir þau mikilvægu störf sem sinnt er á tollasviðinu og óskuðu eftir því af fyllstu einlægni að reynt yrði að standa þannig að málum að gildistakan ætti sér ekki stað með þeim hraða sem hér er lagt til og svigrúm skapaðist bæði fyrir starfsmenn og til að undirbúa þessa endurskipulagningu með faglegri hætti en hér er gert og að menn gætu séð fyrir sér, áður en frv. yrði að lögum, hvaða áhrif þessi breyting hefði og menn gætu á yfirvegaðan hátt metið kosti hennar og galla. En eftir því er ekki farið, herra forseti, hvað mikið sem við í minni hlutanum leggjum áherslu á það og einnig starfsfólk embættisins.

Sýslumannafélagið sendi inn umsögn og þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir því að tollstjórinn í Reykjavík skuli í umboði ráðherra annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði íslenska ríkisins. Þótt vissulega kunni hin ætlaða skipan að styðjast við hagkvæmnissjónarmið vegna stærðar tollstjóraembættisins í Reykjavík verður að hafa í huga að raunin verður sú, að hliðsettum embættismanni er ætluð samræming starfa annarra hliðsettra embættismanna.“

Maður sér alveg fyrir sér, herra forseti, hvernig framkvæmdin á þessu getur orðið þegar svona er staðið að verki. Þetta er ekki stjórnsýslulega rétt að hafa slíka skipan á málum.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hann getur að eigin frumkvæði [þ.e. tollstjórinn í Reykjavík] eða samkvæmt kæru hafið rannsókn á hverju því atriði og svo framvegis segir í greininni. Aðrir tollstjórar skulu veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna. Þar með er ítrekað boðvald hans gagnvart öðrum tollstjórum.“

Þar með er ítrekað boðvald sem hliðsettur embættismaður hefur, að hann hefur boðvald yfir öðrum hliðsettum embættismanni. Ekki er nú bragur að þessu í stjórnsýslunni, herra forseti, að standa þannig að málum. Það er þetta sem við vildum fá að skoða nánar.

Síðan segir í umsögninni frá sýslumönnum, með leyfi forseta:

„Samkvæmt h. lið (37. gr.) getur hann“ — enn er verið að tala um tollstjórann í Reykjavík — „skriflega og með rökstuddum hætti mælt fyrir um að afgreitt mál skuli tekið upp að nýju, að uppfylltum nánari skilyrðum. Enn ber að sama brunni, boðvald hans yfir hliðsettum embættismönnum.“

Síðan segir: „Skammur tími hefur gefist til þess að skoða boðaðar mjög veigamiklar breytingar á tollalögunum. Þar með kann ýmislegt að yfirsjást. Með þeim fyrirvara eru þessar athugasemdir settar fram. Ekki hefur gefist tækifæri til þess að ræða frumvarpið á félagsfundi og það ekki verið kynnt félagsmönnum Sýslumannafélagsins sérstaklega af hálfu fjármálaráðherra.“

Svo mikill hraði er á þessu máli, svo skammt er frá því að það var lagt fram að það er ekki einu sinni víst að allir sýslumenn viti um þessa breytingu sem hér á að ganga yfir.

Herra forseti. Auðvitað á að vísa því máli frá sem við ræðum hér. Ekki er boðlegt að ræða þetta undir lok þingsins með þessum hraða. Ég vísa fyrir hönd minni hlutans allri ábyrgð á málinu á hendur ríkisstjórninni og tel, herra forseti, eðlilegt og rétt og í samræmi við efni málsins og hvernig að því er staðið að vísa því frá. Ég vona, herra forseti, að meiri hlutinn sjái að sér áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu og mun á síðari stigum umræðunnar fara frekar yfir þær umsagnir sem borist hafa og þá athyglisverðu umræðu sem fram fór um málið á árinu 1996 sem sýnir fram

á hvernig fyrrv. fjmrh. vildi þá standa að málum sem meiri hluti þingsins er nú að gefa langt nef.

[17:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um hve hv. þm. talaði af mikilli virðingu um fyrrv. fjmrh. og hvað hún las mikið upp úr ræðum hans og álitum fyrr á árum. Ég er viss um að í framtíðinni mun hv. þm. lesa jafnmikið og af jafnmikilli virðingu úr ræðum núv. hæstv. fjmrh.

En ég hafna því algjörlega að það sé á nokkurn hátt verið að standa ólýðræðislega að málinu. Þetta er mjög einföld breyting, hún liggur algjörlega ljóst fyrir. Verið er að flytja þarna til ákveðin verkefni og þeim verður öllum sinnt. Í sjálfu sér er ekki verið að setja eitt stjórnvald yfir annað, það er verið að nýta þá sérþekkingu sem er til staðar hjá tollstjóranum í Reykjavík sem er, eins og hv. þm. veit, eina sérhæfða tollstjórambættið. Það eru sýslumenn sem gegna hlutverkum tollstjóra í öðrum umdæmum. Eftirlitsþátturinn er þannig að það er ráðherra sem hefur eftirlit með þessum tollstjórum og að sjálfsögðu þar með tollstjóranum í Reykjavík en hlutverk tollstjórans í Reykjavík verður fyrst og fremst þjónustuhlutverk.

Uppbyggingin á embætti ríkistollstjóra á sínum tíma var mjög þörf og nauðsynleg í því skyni að bæta þjónustu tollgæslunnar og tollstjóranna. Nú er kominn ákveðinn áfangi í því efni og af þeim ástæðum er ágætistækifæri til að breyta þarna til og ég tel það fullkomlega eðlilegt.

[17:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar fengum við sýnikennslu á því hvernig hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lítur á lýðræðið. Hann hefur meira að segja geð í sér til að standa sérstaklega upp til þess að segja að vinnubrögðin hafi verið lýðræðisleg. Svo lágt getur hv. þm. lagst.

Það liggur alveg fyrir hvernig vinnubrögðin voru í þessu efni og yfir það fór ég í framsögu minni áðan. Vinnubrögðin voru bæði ólýðræðisleg og óvönduð og Alþingi til skammar, það er bara það hreina og klára í þessu efni.

Varðandi það að um einfalda breytingu sé að ræða og þetta sé bara allt í hinu besta lagi þá ætla ég að lesa aftur fyrir hann það sem þáv. fjmrh. sagði að það gangi ekki til lengdar, eins og hv. þm. er hér að mæla fyrir, að „eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála væri tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu." Sem hv. þm. beitir sér nú fyrir að hverfa aftur til, svo einfalt er málið.

Sýslumannafélagið segir í stuttri umsögn, þar sem hefur ekki einu sinni gefist tækifæri til þess að taka málið formlega fyrir á fundi í hópi sýslumanna, alveg hreint og klárt að allt beri að sama brunni, að verið sé að taka upp boðvald tollstjórans í Reykjavík yfir hliðsettum embættismönnum. Það gengur ekki upp í stjórnsýslunni að hafa þennan háttinn á, herra forseti.

[17:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka enn og aftur það álit mitt að ég tel að það hafi verið fullkomlega lýðræðislega staðið að þessu máli í meðferð nefndarinnar. Það sem hér liggur fyrir er breyting sem ég get ekki séð annað en að sé mjög einföld, algjörlega skýr og á margan hátt skynsamleg.

Hlutverk tollstjórans í Reykjavík gagnvart sýslumönnunum og störfum þeirra er fyrst og fremst þjónustuhlutverk. Eftirlit tollstjórans í Reykjavík felst fyrst og fremst í eftirliti *með greiðendum og viðskiptavinum, ekki með sjálfum sér,* og það eru slíkar breytingar sem verða gerðar í þessum lögum.

Ríkistollstjóraembættið er búið að gera stórkostlega hluti í uppbyggingu á rafrænum skeytum og rafrænum samskiptum milli fyrirtækja og tollsins og þjónusta við viðskiptavini tollsins hefur snarbatnað á undanförnum árum. Segja má að lokaáfanginn sé þar í höfn og því verður það kerfi kannski í framtíðinni fremur spurning um viðhald en uppbyggingu. Þetta er í sífelldri þróun en með því að flytja þann þátt yfir í þetta sérhæfða tollstjóraembætti, sem tollstjóraembættið í Reykjavík er, þá tel ég að þessu sé mjög vel fyrir komið.

Ég tel því að sú breyting sem verið er að gera sé alveg fullkomlega eðlileg. Ég tel mig þekkja þetta mál og tollstjóraembættið í Reykjavík og embætti ríkistollstjóra allvel. Ég tel þess vegna að ég geti verið mjög öruggur í því sem ég er að gera við að samþykkja þetta mál.

[17:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður eiginlega að svara því hvað hefur gerst síðan 1996 þegar fyrrv. hæstv. fjmrh. var að mæla fyrir þeirri breytingu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er nú að mæla með að verði lögð af. Fór hæstv. fyrrv. fjmrh. bara með bull og fleipur á þeim tíma fyrir fjórum árum? Studdi hv. þm. ekki þá breytingu sem við kölluðum eftir í nefndinni? Hvað hefur gerst síðan fyrir fjórum árum sem kallar á þessa breytingu? Hv. þm. svaraði því ekki í efh.- og viðskn. en ætti auðvitað að sjá sóma sinn í því að svara því úr ræðustóli. Mun hann ekki eðli máls samkvæmt, ef hann ætlar að vera samkvæmur sjálfum sér, beita sér fyrir því að embætti ríkislögreglustjóra verði einnig lagt niður? Bæði þessi embætti hafa með höndum samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarstarf gagnvart öðrum embættum á landsvísu. Nú er verið að færa þetta til tollstjórans í Reykjavík þannig að hann mun hafa samræmingar-, eftirlits- og rannsóknarstarf með höndum gagnvart öðrum hliðstæðum embættum á landsvísu. Þetta er það sem stendur eftir, herra forseti, að hv. þm. svari því hvort hann muni ekki fylgja málinu eftir og beita sér fyrir því ásamt væntanlega hæstv. fjmrh. að embætti ríkislögreglustjóra, sem er samræmingar- og eftirlitsapparat, sem hefur þanist út í kerfinu, verði sett næst upp á teikniborð og skoðað að leggja það niður.

En eftir orðaskipti okkar, herra forseti, er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson búinn að gera hæstv. fyrrv. fjmrh. ómerkan orða sinna, eins og hann sagði og er vitnað í í Alþingistíðindum og hv. þm. ætti að rifja upp í kvöld áður en hann fer að sofa.

[17:09]

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 333. mál, rökst. dagskrá ÖJ o.fl., þskj. 611.

[17:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það kann að vera rétt hjá hv. formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni, að verið sé að leggja til breytingar sem séu skynsamlegar og til hagsbóta. Hann bætti

því við að þetta væru eðlilegar breytingar og lýðræðislega og eðlilega staðið að verki.

Ég tek undir það að ýmislegt kann að mæla með því að ráðast í þessar breytingar ef málin eru skoðuð þröngt. Hins vegar get ég ekki tekið undir það að hér sé eðlilega og lýðræðislega staðið að verki. Í rauninni er það hrein hneisa fyrir Alþingi hvernig við stöndum að þessu máli eða meiri hluti Alþingis stendur að þessu máli. Það snýst um að leggja embætti ríkistollstjóra niður og sameina þá starfsemi sem þar hefur verið rekin tollstjóraembættinu í Reykjavík. Sannast sagna sé ég ýmislegt sem mælir með þeirri ráðstöfun.

Ég hef borið það undir ýmsa sem til þessara mála þekkja og þar sýnist reyndar sitt hverjum. Sumir sjá kostina við þetta en benda jafnframt á að málið sé ekki svo einfalt að við séum eingöngu að fjalla um sameiningu tveggja stofnana. Við erum að fjalla um breytingu á stjórnsýsluhlutverki, verið er að færa tilteknar skyldur frá einni stofnun til annarrar, í þessu tilliti eftirlitshlutverk frá embætti ríkistollstjóra til fjmrn. Slíkar breytingar á náttúrlega ekki að afgreiða eins og hér er lagt til, að koma með frv. inn á Alþingi fáeinum dögum fyrir þinglok og krefjast þess að það verði afgreitt og samþykkt á mjög skömmum tíma án þess að umsagnaraðilum gefist tóm til að tjá sig um málið. Enda kemur það fram hjá samtökum fólksins sem þarna starfar, bæði hjá Tollvarðafélaginu og einnig hjá trúnaðarmönnum SFR, að þeim finnist mjög óeðlilega staðið að þessu og þeim hafi ekki gefist tími til að fara yfir málið til að gaumgæfa allar hliðar þess og sama á að sjálfsögðu við um Alþingi. Hér mun það gerast, ef þetta gengur eftir, að stjórnarmeirihlutinn muni í blindni fylgja ráðherrum sínum og samþykkja lög sem enginn maður hefur kynnt sér til hlítar eða a.m.k. fáir. Að minnsta kosti vil ég taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að málefnaleg, ítarlega umræða hefur ekki farið fram. Það hefur ekki gerst í efh.- og viðskn. þingsins.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hennar. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég hef lagt fram ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur tillögu til rökstuddrar dagskrár um að málinu verði hreinlega vísað frá en hér segir:

„Með vísan til rökstuðnings í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem fram kemur hörð gagnrýni á aðdraganda og meðferð málsins og þess að fram hefur komið í umfjöllun nefndarinnar að ótímabært er að afgreiða málið samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:16]

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 251, nál. 581 og 586, brtt. 582.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]

Brtt. 582,1 (ný 1. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ýmis ákvæði í þessu frv. um verðbréfaviðskipti eru vissulega til bóta. En ýmis ákvæði sem snúa sérstaklega að innherjaviðskiptum, meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskiptum með óskráð verðbréf, framkvæmd útboða og viðskipti verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning eru mörg allt of losaraleg og mun það koma fram í þessari atkvæðagreiðslu í nokkrum frumvarpsgreinum sem við munum ekki styðja eða sitja hjá við.

2.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 582,2 samþ. með 45 shlj. atkv.

6. gr., a–b liður, samþ. með 49 shlj. atkv.

6. gr., c-liður, samþ. með 33:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

6. gr., d-liður, svo breyttur, samþ. með 50 shlj. atkv.

6. gr., e-liður, svo breyttur, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KF, KLM, ÓÖH, StB, SvH, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 582,3.a–b samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 582,3.c samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 582,3.d–e samþ. með 49 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (ÁSJ, BH, GÖ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, LB, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

8.–10. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 2001, frh. 3. umr.

Stjfrv., 310. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 613).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (reiknað endurgjald). — Þskj. 453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 614).

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (fæðingarorlof). — Þskj. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, JóhS, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 615).

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (þungaskattur). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Frv. sjútvn., 366. mál (kostnaður við veiðieftirlit). — Þskj. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 292, nál. 592 og 609, brtt. 593 og 597.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KLM, ÓÖH, PHB, SighB, StB, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. er um margt til mjög mikilla bóta. Hér er verið að þrengja heimildir til að fresta skattlagningu á söluhagnaði. Við hefðum viljað að frv. væri víðtækara, tæki ekki aðeins til einstaklinga heldur lögaðila einnig, þ.e. fyrirtækja. Síðan er mjög undarlegt að ríkisstjórnin og meiri hlutinn vilji hygla sérstaklega stærstu fjármagnseigendunum því að þeir eiga aðeins að greiða 10% af tekjum sínum í skatt en launafólki er gert að greiða tæp 40%. Þetta er mismunun sem á engan rétt á sér. En þegar á heildina er litið er frv. til bóta. Staðreyndin er sú að það hefur komið fram að á síðustu tveimur árum hafa einstaklingar, rúmlega 600 einstaklingar, frestað skattlagningu á um 20 milljörðum kr. Þetta eru rúmlega 600 einstaklingar. Frv. er til bóta en hefði þurft að vera víðtækara.

[17:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er vissulega jákvætt í þessu frv. að verið er að afnema þá heimild sem hefur gilt um frestun á skattlagningu á söluhagnaði hjá einstaklingum. En við mótmælum því að á sama tíma er ríkisstjórnin að lækka skatta á söluhagnaði hjá örfáum forríkum einstaklingum sem á síðustu tveimur árum voru 636 og fengu frestað um 20 milljörðum sem þýddi í skattatap fyrir ríki og sveitarfélög allt að 8,5 milljarða. Hjá þessum forríku einstaklingum ætlar ríkisstjórnin að lækka skattana á meðan hún beitir sér fyrir almennri skattahækkun á almenning í landinu. Þessu mótmælum við og líka því sem ríkisstjórnin er að gera með brtt., sem við greiðum atkvæði um hér á eftir, um að framlengja gildistökuna á þessu um eitt ár.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 597 felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:01]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Heimildir til frestunar á skattgreiðslu á söluhagnaði og möguleikum í framhaldi til að komast algerlega hjá skattgreiðslum hafa verið mikið til umfjöllunar enda ærið tilefni til, herra forseti. Það kom reyndar fram við 1. umr. málsins að framkvæmd laganna hafði orðið nokkur önnur en menn höfðu séð fyrir við setningu þeirra árið 1996 og ég leyfi mér að bæta við árið 1998.

Þessi brtt. er í samræmi við það frv. sem við í Samfylkingunni höfum flutt um að þær heimildir sem bæði lögaðilar og einstaklingar hafa til frestunar á skattgreiðslum af söluhagnaði verði afnumdar. Ég segi já, herra forseti.

3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

4.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 593,1 (tvær nýjar greinar, verða 7.–8. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÞKG) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, JóhS, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

7.–8. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

9. gr. (verður 11. gr.), inngmgr. og a-liður, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

9. gr. (verður 11. gr.), b-liður, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KHG, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það fráleita ákvæði í þessu frv. að lækka skatthlutfall á söluhagnaði, þann hlutann sem verið hefur í rúmum 38% í 10%. Þessu mótmælum við harðlega á sama tíma og verið er að leggja aukna skatta á almenning í landinu.

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að lækka skatthlutfall á söluhagnaði hlutabréfa umfram tiltekin mörk úr

almennu hlutfalli niður í 10%. Segja má með sanni að þetta sé jólagjöfin í ár til þeirra sem ríkisstjórnin hefur helst talið að þyrftu á slíkri heimsendingu að halda, þ.e. stærstu fjármagnseigenda í landinu. Með þessu er Ísland að skipa sér í algera sérstöðu hvað varðar skattlagningu á gróða manna í slíkum viðskiptum. Í öllum löndum í kringum okkur er þetta skatthlutfall til muna hærra, oft þrepaskipt og hlutfallið á bilinu 20–40%. Hér er verið að búa til sérstakt gósenland fyrir þá sem hafa umtalsverðan gróða af hlutabréfaeign og arð af fjármagnstekjum. Það má vera mönnum umhugsunarefni í ljósi þess hvernig búið er að ýmsum öðrum hópum í samfélaginu.

Ég lýsi því yfir fyrir mína hönd, herra forseti, að baráttu minni fyrir því að þarna sé komið á eðlilegri skattlagningu er ekki lokið.

9. gr. (verður 11. gr.), c-liður, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvanJ, SvH) fjarstaddir.

10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 593,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, BH, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

11. gr. (verður 13. gr.), inngmgr. og a-liður, svo breyttur, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, BH, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

11. gr. (verður 13. gr.), b–d-liður, samþ. með 49 shlj. atkv.

12. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 31:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

13.–14. gr. (verða 15.–16. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

15. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, BH, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

16.–18. gr. (verða 18.–20. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

19. gr. (verður 21. gr.), a–b-liður, samþ. með 49 shlj. atkv.

19. gr. (verður 21. gr.), c-liður, samþ. með 49 shlj. atkv.

19. gr. (verður 21. gr.), d-liður, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 593,3 samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KHG, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta er brtt. meiri hlutans sem felur í sér að verið er fresta gildistökuákvæðinu til heimildar skattlagningar á söluhagnaði um eitt ár þannig að söluhagnaður sem hefur komið til vegna ársins í ár kemur ekki til skattlagningar eins og lög gera ráð fyrir. Ríkisskattstjóri telur mikilvægt að komist verði hjá ráðstöfunum sem er ekki líklegt að gripið verði til í þeim tilgangi einum að nýta frestunarheimild á meðan hún er til staðar. Við tökum auðvitað undir það með ríkisskattstjóra. Það er fráleitt að fresta gildistöku þessa ákvæðis og við segjum nei.

[18:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar launafólk er látið greiða skatta greiðir það skatta af þeim tekjum sem það aflar sér á þessu ári. En hvað á að gera við hátekjufólkið? Hvað á að gera við fjármagnseigendurna? Hvað á að gera við þá sem braska með kvóta og hafa verið að selja hlut sinn í fyrirtækjum, ekki bara fyrir nokkur hundruð milljóna heldur fyrir þúsundir milljóna? Nei, það á að gefa þessu fólki heimild til að komast hjá því að greiða skatta á þessu ári. Um það fjallar lagagreinin. Mér finnst hún vera fullkomið hneyksli. En hún er í anda við þau vinnubrögð og þá hagsmuni sem ríkisstjórnin hefur varið og ætlar greinilega að gera enn um sinn.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 29:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KHG, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, JóhS, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvanJ, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er eftir öðru hjá ríkisstjórninni, sem ber þá sérstaklega fyrir brjósti sem eiga mikið fjármagn, þessa forríku fjármagnseigendur, að leyfa þeim 636 einstaklingum, sem frestað hafa 20 milljörðum á söluhagnaði sl. tvö ár, að greiða söluhagnaðinn þegar hann loksins kemur til skattlagningar með 10% skatti. Það er fráleitt að standa svona að málum.

Brtt. 593,4.a (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁS, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 593,4.b–c (tvö ný ákv. til brb., verða ákv. til brb. III–IV) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁS, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (ríkistollstjóri). — Þskj. 433, nál. 599 og 610, till. til rökst. dagskrár 611.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 611 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, IP, ÍGP, KLM, KPál, LB, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fáeinum dögum fyrir þinglok kom fram frv. á Alþingi frá ríkisstjórninni um að embætti ríkistollstjóra skuli lagt niður og starfsemin sameinuð tollstjóraembættinu í Reykjavík. Færð eru fyrir þessu rekstrarleg rök. Það er sagt að þetta sé til hagsbóta. Það kann vel að vera. En hér er um að ræða verulegar breytingar á stjórnsýslunni. Alþingi hefur ekki gefist tóm til að ræða kosti og galla þessara lagabreytinga. Við höfum fengið umsagnir frá stéttarfélögum og ýmsum aðilum sem þessi mál þekkja þar sem kvartað er yfir hroðvirknislegum vinnubrögðum. Við getum ekki boðið Alþingi eða þjóðinni að vinna með þessum hætti. Hér er ófaglega að verki staðið. Þetta eru óvönduð vinnubrögð og Alþingi ekki sæmandi.

Ég leyfi mér þess vegna að bera fram tillögu um að þessu máli verði vísað frá og tekið til endurskoðunar.

[18:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. þetta er ekki í samræmi við grundvallarreglur stjórnsýsluréttar, að sama stjórnsýsluvald fari bæði með vald staðbundins stjórnsýsluvalds og eftirlit og boðvald gagnvart hliðsettum stjórnvöldum. Nefndin hafði ekki færi til þess að skoða þetta atriði vegna þess að ólýðræðislegum vinnubrögðum var beitt í nefndinni og segja má að þetta mál hafi ekki fengið þinglega meðferð. Fyrir utan það er ekki virt það sem starfsfólkið óskaði eftir, þ.e. að þessu máli yrði frestað þannig að svigrúm gæfist til þess að skoða það frekar. Að venju sýnir ríkisstjórnin starfsfólkinu fullkomna óvirðingu. Auðvitað á að vísa þessu máli frá sem er í alla staði vanbúið til afgreiðslu hér í þinginu.

1. gr. samþ. með 29:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:17]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem felast í þessu frv. eru að mörgu leyti skynsamlegar. Ég tel rétt að gera þessar breytingar eins og á stendur. Þetta mál hefur fengið vandaða umfjöllun í meðferð efh.- og viðskn. (Gripið fram í.) Mér og þeim sem skipa meiri hluta nefndarinnar er ekkert að vanbúnaði að vinna þetta mál og það mun verða til góðs fyrir þá starfsmenn sem í hlut eiga.

2.–26. gr. og ákv. til brb. samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
19 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, JóhS, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, StB, SvH, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
6 þm. (GÖ, JÁ, JóhS, MF, SJóh, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, LB, ÓÖH, StB, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 368. mál (safnskráning). — Þskj. 583.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, frh. einnar umr.

Stjtill., 375. mál. — Þskj. 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 618).

Fundi slitið kl. 18:20.

---

53. FUNDUR

laugardaginn 16. des.,
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 233. mál, þskj. 251 (með áorðn. breyt. á þskj. 582). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 366. mál, þskj. 570. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 264. mál, þskj. 292 (með áorðn. breyt. á þskj. 593). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Tollalög, stjfrv., 333. mál, þskj. 433. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, frv., 368. mál, þskj. 583. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Of skammt var liðið frá síðustu umræðu allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð og innherjaviðskipti). — Þskj. 612.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, LB, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, BH, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 619).

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Frv. sjútvn., 366. mál (kostnaður við veiðieftirlit). — Þskj. 570.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 264. mál (söluhagnaður hlutabréfa o.fl.). — Þskj. 617.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þrátt fyrir harða gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta frv. og enda þótt ríkisstjórnin sé staðráðin í að hygla fjármagnseigendum og hátekjufólki, er engu að síður á ýmsan hátt verið að stíga skref fram á við vegna þess að verið er að þrengja ákvæði til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum þannig að frv. er til góðs þrátt fyrir að það sé meingallað og hefði þurft að sníða af þá galla til þess að við gætum stutt það af heilum huga. Engu að síður er verið að stíga spor fram á við og við styðjum að sjálfsögðu það framfaraspor þótt smátt sé.

[18:24]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. tekur á ýmsum málum og eru þau flest til góðs. Sérstaklega hygg ég að áhugavert væri að sjá hvaða afleiðingar þær breytingar sem verið er að gera á skattfrestun á söluhagnaði einstaklinga á hlutabréfum munu hafa í för með sér. Enn fremur er verið að gera ýmsar umbætur á tæknilegum atriðum sem hafa beðið lengi og þær eru flestar skattgreiðendum mjög í hag. Þess vegna er þetta hið besta mál. Ég fagna því hve mikill stuðningur er við þetta mál í þinginu og styð það að sjálfsögðu líka.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 621).

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 333. mál (ríkistollstjóri). — Þskj. 433.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]

Frv. samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, PHB, SJóh*, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, LB, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 622).

Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 368. mál (safnskráning). — Þskj. 583.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:26]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, LB, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:27.

54. FUNDUR

laugardaginn 16. des.,
að loknum 53. fundi.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, frv., 368. mál, þskj. 583. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, rafræn eignarskráning verðbréfa og hlutafélög, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 368. mál (safnskráning). — Þskj. 583.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, JBjart, KF, KolH, KHG, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, ÓÖH, StB, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 623).

Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður,
Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður.

Varamenn:
Hólmfríður Árnadóttir viðskiptafræðingur,
Þuríður Jónsdóttir héraðsdómslögmaður.

Jólakveðjur.

[18:29]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er komið að lokum seinasta fundar Alþingis á þessu ári.

Góður starfsandi hefur einkennt haustþingið og er afgreiðsla fjárlaga ótvírætt merki um það. Fjárlög voru nú afgreidd óvenju snemma og vænti ég þess að við getum staðið þannig að málum í framtíðinni. Ég vil láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingmanna fyrir gott samstarf við þá.

Jólahátíðin er í nánd og gefst nú hv. alþingismönnum og starfsfólki Alþingis tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðarnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna. Ég færi alþingismönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis, bestu óskir um gleðileg og farsæl jól og færi þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á því ári sem nú er senn á enda. Þeim sem eiga um langan veg að fara heimleiðis óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[18:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd alþingismanna flyt ég forseta þakkir fyrir ágætt samstarf. Það er þýðingarmikið þegar forseti Alþingis leggur áherslu á góða samvinnu um framvindu þingstarfa og gang mála.

Við tökumst á hér á Alþingi á hverju þingi um vinnulag, um grundvallaratriði við lagasetningu. En við afgreiðum mjög mörg mál í fullri sátt. Þó um sinn hafi litið út fyrir að starfsáætlun raskaðist og við yrðum að störfum jafnframt í næstu viku, eins og svo oft hefur gerst, þá erum við nú að ljúka þingstörfum á tilsettum tíma fyrir jólahlé og það er afskaplega ánægjulegt. Breytt tímasetning fjárlagaumræðunnar á sinn þátt í að við höldum starfsáætlunina og ég vil lýsa sérstakri ánægju með þá þróun og treysti og styð að þannig verði haldið á málum framvegis.

Ég þakka forseta Alþingis hlý orð í garð þingmanna fyrir okkar hönd og óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Alþingis fyrir framlag þess og lipurð við okkur þingmennina og óskir því til handa um gleðileg jól.

Ég bið hv. þm. að taka undir óskir til starfsfólks Alþingis og óskir til hæstv. forseta okkar og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[18:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur hlý orð og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og starfsmanna Alþingis og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar um innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þm. og alls starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[18:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að

fresta fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 15. desember 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 23. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 18:35.

55. FUNDUR

mánudaginn 15. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Fjarvistarleyfi:
Guðni Ágústsson landbrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur að tillögu minni á grundvelli fyrri málsliðar síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 15. janúar 2001 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 10. janúar 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm., svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna og býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna þingsins.

Ég vil nota þetta tækifæri, nú á fyrsta fundi Alþingis á þessu ári, til að óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir. Ég vænti þess að störf okkar á síðari hluta þessa þings verði þjóðinni til farsældar.

Minning Björns Fr. Björnssonar.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Björn Fr. Björnsson, fyrrverandi sýslumaður og alþingismaður, andaðist á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 21. desember. Hann var níutíu og eins árs að aldri.

Björn Fr. Björnsson var fæddur í Reykjavík 18. september 1909. Foreldrar hans voru hjónin Björn Hieronymusson steinsmiður og Guðrún Helga Guðmundsdóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1929 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands í febrúarmánuði 1934. Að prófi loknu gegndi hann ýmsum lögfræðistörfum, meðal annars setudómarastörfum. Hann var aðstoðarmaður lögreglustjórans á Akranesi í janúar til apríl 1935, settur sýslumaður í Rangárvallasýslu að því er dómsmál snerti átján daga síðsumars 1935 og settur sýslumaður í Árnessýslu 1. desember 1936 til 1. október 1937. Hinn 8. nóvember 1937 var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu, skipaður í það embætti 8. apríl 1938 og gegndi því til 1. desember 1977.

Björn Fr. Björnsson var í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Rangárvallasýslu við alþingiskosningarnar vorið 1942, hlaut kosningu og sat á sumarþinginu það ár. Hann var aftur kjörinn þingmaður Rangæinga vorið 1959 og sat sumarþingið. Haustið 1959 var hann kjörinn þingmaður Suðurlandskjördæmis og sat á þingi til 1974. Hann var varaþingmaður Rangæinga 1942–1959 og sat þá á Alþingi frá nóvember 1953 til apríl 1954 og frá febrúar til mars 1959. Hann sat á 19 þingum alls.

Björn Fr. Björnsson gegndi ýmsum trúnaðarstörfum auk þeirra sem hér hafa verið talin. Hann var formaður Taflfélags Reykjavíkur 1936, formaður skólanefndar Skógaskóla 1949–1977, stjórnarformaður Kaupfélags Rangæinga 1955–1978, formaður Sýslumannafélags Íslands 1970–1971 og Dómarafélags Íslands 1971–1972. Árið 1955 var hann fulltrúi Alþingis á stofnfundi Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins í París og tvisvar var hann á vegum Alþingis á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og tvisvar á þingi Evrópuráðs. Hann átti sæti í tryggingarmálanefnd 1957–1958, var kosinn 1966 í milliþinganefnd til þess að athuga lækkun kosningaaldurs, skipaður 1966 í endurskoðunarnefnd laga um dómaskipun og meðferð dómsmála og skipaður 1972 í nefnd til að endurskoða dómstólakerfi á héraðsdómsstigi.

Björn Fr. Björnsson átti sér mörg áhugamál um ævidagana. Á unglingsárum keppti hann með góðum árangri í knattspyrnu og skák. Hann var tónelskur, lék á hljóðfæri og stóð að stofnun tónlistarskóla í Rangárvallasýslu. Honum var umhugað um menntun í heimahéraði, átti mikinn þátt í stofnun Héraðsskólans í Skógum, hafði forustu um framkvæmdir þar og fylgdist alla tíð með skólastarfinu þar. Auk þess átti hann þátt í stofnun og eflingu byggðasafnsins í Skógum. Mörg voru þau framfaramál í Rangárvallasýslu og víðar um Suðurland sem hann átti hlut að. Hann naut vinsælda meðal sýslunga sinna, enda greiðvikinn og ráðhollur þeim sem til hans leituðu. Hann var röskleikamaður til verka og gegndi störfum sínum í héraði og á Alþingi af samviskusemi og trúmennsku.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Björns Fr. Björnssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 15. jan. 2001:

„Þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 5. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Einar K. Guðfinnsson,
varaformaður þingflokks Sjálfstfl."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:40]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 379. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 624.

Löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., 51. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 625.

Tekjuskattur og eignarskattur, 264. mál, þskj. 617.

Verðbréfaviðskipti, 233. mál, þskj. 612.

Fundi slitið kl. 13:41.

---

56. FUNDUR

mánudaginn 15. jan.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

Almannatryggingar, stjfrv., 379. mál, þskj. 624. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla frumvarps um málefni öryrkja.

[13:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér á að taka fyrir mikið átakamál. Öryrkjabandalagið hefur fengið viðurkenndan stjórnarskrárvarinn rétt öryrkja fyrir Hæstarétti. Ríkisstjórnin hefur þann úrskurð Hæstaréttar að engu. Ekki er ætlunin að fara eftir niðurstöðu Hæstaréttar en hún byggir á mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar sem Alþingi sameinaðist um árið 1995. Hér er óskað flýtimeðferðar í dag. En svo ósvífin er þessi ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti að fulltrúum Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. var synjað um frv. og viðeigandi gögn fyrir helgina. Þetta kemur ekki á óvart. Ríkisstjórnin sýnir fádæma valdhroka gagnvart Hæstarétti og ekki síst öryrkjum sem neyddust til að sækja rétt sinn með dómi.

Herra forseti. Lagaheimild er til að greiða öryrkjum sem hlut eiga að máli 51 þús. kr. mánaðargreiðslu en ríkisstjórnin hyggst flytja frv. til að lækka þá fjárhæð í 43 þús. kr. Lagaheimild er til að greiða öryrkjum sjö ár aftur í tímann, ríkisstjórnin ætlar að hafa árin fjögur.

Herra forseti. Þetta eru fáheyrð og gagnrýniverð vinnubrögð sem við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni allri mótmælum harðlega. Ríkisstjórnin á að draga þetta frv. til baka. Ekki þarf lög til að fara að dómi Hæstaréttar í þágu öryrkja nú. Það er heimilt að greiða öryrkjum það sem þeim ber. Til þess þarf ekki lög, það þarf vilja, herra forseti.

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er sett á dagskrá stjfrv. sem er þannig vaxið að það stríðir gegn stjórnarskrá Íslands samkvæmt dómi sem kveðinn var upp í Hæstarétti. Allur framgangur þessa máls vekur spurningar sem Alþingi ber að taka til gaumgæfilegrar athugunar og ætti að verða þjóðinni allri til alvarlegrar umhugsunar.

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við málsmeðferðina af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi. Ég lít svo á að þinginu sé sýnd vítaverð lítilsvirðing. Enginn deilir um að hér er um að ræða mál sem varðar þær grundvallarreglur sem lýðveldið er reist á. Í stað þess að lýsa því þegar í stað yfir að farið verði að stjórnarskrá og landslögum og efnt til samráðs við alla þingflokka um álitamál sem kunni að vera uppi hefur komið fram að þingmönnum hafi verið meinað að fá frv. í hendur þegar eftir því var leitað fyrir helgina. Stjórnarandstaðan varð sér engu að síður úti um frv. utan þingsins. Stjórnarmeirihlutinn í heilbr.- og trn. hugðist boða til undirbúnings á afgreiðslu málsins áður en það kæmi til umfjöllunar á Alþingi.

Allt ber að sama brunni. Menn ganga út frá því að niðurstaða löggjafarsamkundunnar verði sú sem ríkisstjórnin hefur mælt fyrir um, sem ríkisstjórnin hefur skipað. Sú niðurstaða var birt af hálfu Tryggingastofnunar í auglýsingu nú um helgina en þar segir hvernig staðið verði að málum þegar lögin hafi verið samþykkt, þá verði greiddar bætur allt að fjórum árum aftur í tímann. Hins vegar er augljóst að það ber að lágmarki að greiða sjö ár afturvirkt.

Nú er það eitt hvernig stjórnarmeirihlutinn lætur kúska sig hér á Alþingi. En af hálfu stjórnarandstöðunnar er þessum forkastanlegu vinnubrögðum harðlega mótmælt.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. sem er ætlað að breyta dómsniðurstöðu frá Hæstarétti. Orð Hæstaréttar eru skýr, þau eru þannig:

„Í umræddum dómi Hæstaréttar var viðurkennt að Tryggingastofnun ríkisins hefði verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Einnig var viðurkennt að óheimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þessi orð eru ákaflega skýr. En með þeirri málsmeðferð sem hér er lagt upp með er Alþingi ætlað að breyta þessari niðurstöðu, það er alveg ljóst. Hér á að fara að vilja ríkisstjórnarinnar og keyra yfir það sem dómstólar landsins hafa gert og byggt er á stjórnarskránni.

Frjálslyndi flokkurinn mun ekki undir neinum kringumstæðum leggja þessu máli lið á nokkurn hátt.

[13:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hér stóð til að leita afbrigða til þess að tryggja að sem mestur tími fengist til umræðu um málið vegna þess að við erum bundin í hinn endann. Það er algjörlega ótvíræð niðurstaða þeirra lögfræðinga sem skoðað hafa málið að ekki sé fært að greiða úr því nema á þann hátt að lög séu sett. Ef það er svo að stjórnarandstaðan vill ekki

veita afbrigði þá hefur hún það á valdi sínu og ekkert við því að segja. Þá þrengist bara um þann tíma sem við höfum til að tala um málið.

Málið er reyndar mjög vel kunnugt. Það hefur ekkert vafist fyrir fólki hér í þinginu að tjá sig um það í bak og fyrir í fjölmiðlum, þannig að þeir þekkja málið nákvæmlega. En það er sem sagt verið að leita eftir afbrigðum til þess að tryggja að sem mestur og bestur tími til umræðu um þetta þýðingarmikla mál gefist. Ég vil gjarnan tala sem mest um þetta mál, ég tel að í því sé margt sem þurfi að skýra. Ég tel hins vegar að mjög margir hafi lagt sig fram um að setja fram skýringar sem ekki ganga upp í því máli.

En fyrst og fremst er það algjörlega ótvírætt í mínum huga að þessu máli verður ekki fram haldið nema lagasetning komi til. Hún hefur verið undirbúin og hún þarf að afgreiðast til þess að hægt sé að greiða þeim hluta öryrkja, sem að vísu er ekki stór hópur miðað við heildarfjöldann, bætur sem má lesa úr dómi Hæstaréttar. En án þess að gera það með lögum er ekki nokkur leið að setja þann skilning í málið, ekki nokkur leið.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er afskaplega undrandi á þessum umræðum. Nú er það að sjálfsögðu í valdi stjórnarandstöðunnar hvort hún vill að umræður hefjist í dag. Ég hef ekki orðið var við það síðan þessi dómur féll að stjórnarandstaðan hafi verið í nokkrum vanda með að tjá sig um hann, jafnvel þó að þeir sem styðja ríkisstjórnina og þeir sem sitja í ríkisstjórn hafi verið í miklum vanda með það fyrst til að byrja með. Það var ekki fyrr en niðurstaða starfshóps lögfræðinga lá fyrir að við treystum okkur til að tjá okkur um þennan dóm.

Það er leitt til þess að vita ef stjórnarandstaðan hefur ekki fengið aðgang að gögnum og verið synjað um það. Ég trúi því varla, en ef svo er þá er það mjög miður, ég tek undir það. En ég hef ekki tekið eftir öðru undanfarna daga en að stjórnarandstaðan hafi rætt þessi mál í þjóðfélaginu eins og hún væri með gögnin. En hún er hins vegar ekki reiðubúin til þess að ræða þau á Alþingi.

Það er afskaplega sérkennilegt að stjórnarandstaðan skuli vera tilbúin að ræða þetta mál úti um allt þjóðfélagið en bara ekki á Alþingi. Nú hefði í sjálfu sér verið hægt að kalla Alþingi fyrr saman, fyrir helgi, til þess að leggja frv. fram ef menn hefðu vitað að stjórnarandstaðan vildi ekki veita venjuleg afbrigði til að þetta kæmi sem fyrst á dagskrá, það hefði verið hægt. (**ÖJ:** Til að brjóta stjórnarskrána?)

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að það þyrfti engin lög, það þyrfti bara vilja. Og talað var um lítilsvirðingu við löggjafarsamkomuna. Er það ekki lítilsvirðing við löggjafarsamkomuna að láta það nánast í ljós að ekki þurfi að kalla hana saman út af þessu stærsta máli sem hefur komið fram að mínu mati um árabil? Að sjálfsögðu þurfti að kalla löggjafarsamkomuna saman, það liggur alveg ljóst fyrir. (**ÖJ:** Þetta eru útúrsnúningar.) Þessar bætur verða ekki greiddar nema Alþingi setji fram vilja sinn. (**ÖJ:** Útúrsnúningar.) Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur fengið sinn tíma hér og getur hvenær sem er talað um þetta mál. Hv. þm. neitar að tala um það í dag en vill tala um það í öllum fjölmiðlum þjóðfélagsins. Það er að mínu mati forkastanlegt að vanvirða Alþingi með því að neita að ræða það hér.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ef það verkefni sem biði Alþingis nú væri að afgreiða einfalda greiðsluheimild til að greiða þegar í stað óskerta tekjutryggingu og virða dóm Hæstaréttar að fullu og refjalaust, þá væri það einfalt og fljótafgreitt mál og af okkar hálfu væri um slíkt full samstaða, þó færa megi fyrir því gild rök að Tryggingastofnun hefði átt að gera þetta þegar um síðustu áramót og ríkisstjórnin hafi þar á ofan í sínu valdi að fullnægja formsatriðum sem varða greiðslur úr ríkissjóði þegar óvæntar aðstæður skapast. Þetta liggur fyrir. En viljann skorti.

En það er annað sem á að fara að láta Alþingi gera hér, að okkar mati, það er að framlengja löggjöf sem felur í sér stjórnarskrárbrot og hefur verið dæmd sem slík. Það er vissulega fremur óvenjulegt að því sé hafnað að taka mál á dagskrá með afbrigðum. En það er þó þannig að síður en svo er sjálfgefið að afbrigði séu alltaf veitt. Það ræðst af aðstæðum sem fyrir liggja. Ákvæði 36. gr. þingskapa um að líða skuli minnst tvær nætur frá því að málum er útbýtt og þangað til þau eru rædd eru ekki sett að ástæðulausu. Þau eru í fyrsta lagi sett til þess að þingmenn hafi nokkurt tóm til að kynna sér mál eftir að þau koma fram. Þau eru í öðru lagi sett til þess að undirstrika að Alþingi er ekki færiband fyrir framkvæmdarvald þó að núverandi framkvæmdarvaldshafar vilji að það sé þannig og ætlist til þess að svo sé. En samkvæmt stjórnskipun landsins er það ekki þannig að Alþingi eigi að vera færiband sem lúti í einu og öllu valdi framkvæmdarvaldsins.

Í þriðja lagi er það auðvitað þannig að ef þingmenn eða hópur þingmanna metur það svo að mál sé stórkostlega gallað, óhæft eða óþingtækt, feli t.d. í sér ætlað brot á stjórnarskránni, þá hafa menn þó þessi réttindi til að taka saman vopn sín áður en umræður um slíka hluti hefjast. Ekki er hægt að ætlast til þess að þingmenn sem eru þessarar skoðunar greiði götu þingmála m.a. með því að fallast á afbrigði frá þingsköpum.

Í þessu máli háttar þannig til að ríkisstjórnin hefur í einu og öllu framfylgt valdhroka- og yfirgangsaðferðafræði sinni. Engar tilraunir voru gerðar til að ræða við stjórnarandstöðuna um meðferð málsins, engir fundir boðaðir. Henni var ekki kynnt það, henni var ekki sent það, ekki var rætt um hvort fallist yrði á afbrigði, hvort hægt væri að ná samkomulagi um málsmeðferðina o.s.frv. Þannig að í þessu tilviki, herra forseti, og vegna þess hvað málið er stórt og alvarlegt og vegna þess hvernig ríkisstjórnin hefur hegðað sér bæði gagnvart stjórnarandstöðunni og fjöldasamtökum í landinu eru engar forsendur til að fallast á afbrigði í þessu tilviki og ég greiði með góðri samvisku atkvæði gegn því að málið verði nú tekið á dagskrá en mun hins vegar ræða það ítarlega þegar þar að kemur.

[13:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef lagt eið að því að virða stjórnarskrána og ég hef lagt eið að því að fara eftir sannfæringu minni. Ég væri að rjúfa þann eið minn ef ég færi að styðja að þetta mál væri tekið á dagskrá með afbrigðum vegna þess að ég tel, það er sannfæring mín, að þetta mál fari gegn stjórnarskránni.

Þegar hæstv. utanrrh. leyfir sér að koma hingað og halda því fram að við séum að vanvirða Alþingi vegna þess að við förum eftir sannfæringu okkar þá er það hæstv. utanrrh.

sem er að vanvirða Alþingi. Þetta mál snýst ekkert um það hvort stjórnarandstaðan hefur fengið að sjá einhver gögn eða ekki. Þetta mál snýst um grundvallaratriði. Hvaða grundvallaratriði er verið að ræða, herra forseti? Það er eftirfarandi:

Framkvæmdarvaldið situr í skjóli löggjafans, það situr í skjóli Alþingis og því ber að fara eftir úrskurði Hæstaréttar og Hæstiréttur hefur talað og talað skýrt. Hann hefur sagt að það brjóti gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka. Eigi að síður vogar hæstv. ríkisstjórn sér að leggja fram frv. sem heldur áfram slíkri skerðingu. Þetta er nýtt skerðingarfrumvarp. Herra forseti. Þetta tel ég að brjóti gegn stjórnarskránni og það kemur ekki til mála að ég fari að rjúfa þann eið sem ég gaf sem þingmaður með því að taka þátt í að hrða slíkum brotum. Það er aldeilis út í hött og forkastanlegt af hæstv. ríkisstjórn að halda slíku fram.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði að ekki væri hægt að greiða út bætur nema breyta lögum. Ég vísa þá til þess að prófessor við Háskóla Íslands, Eiríkur Tómasson, sem er hæstv. utanrrh. að nokkuð góðu kunnur, hefur sagt í útvarpi að það sé ein þeirra leiða sem er fær og hægt sé að gera það. Með öðrum orðum, það sem hæstv. ráðherrar halda hérna fram stenst ekki miðað við það sem prófessorar við lagadeild Háskóla Íslands segja.

Herra forseti. Þetta snýst um grundvallaratriði, þetta snýst um stjórnarskrána, ekki um það hvort menn hafi fengið að kíkja á gögnin fyrr eða seinna.

[13:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Augljóst er að stjórnarandstaðan treystir sér ekki til að fara í þessa umræðu núna. Það kemur mér mjög á óvart að hún skuli láta þjóðina bíða eftir því í tvo daga að hér megi fara fram umræður um þetta mikilvæga mál. Ríkisstjórnin var svo sannarlega tilbúin til að fara í umræðu um þetta mál og ekki vanþörf á að leiðrétta alls konar misskilning og rangfærslur sem í gangi hafa verið.

En þar sem þetta er komið fram af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar að þeir treysta sér ekki til að ræða málið opinskátt hér í þingsalnum, þeir treysta sér ekki til þess, er sjálfsagt að bíða með málið og þá föllum við frá beiðni um að afbrigða verði leitað og ræðum þetta mál á miðvikudaginn kemur.

Um fundarstjórn.

Framlagning frumvarps um málefni öryrkja.

[14:00]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það var fyrir réttum hálftíma að ég fékk augum litið það frumvarpsóbermi sem skósveinar ríkisstjórnarinnar hafa sett saman og á að gera að lögum á Alþingi.

Herra forseti. Vill ekki hæstv. forseti gá að því hjá sér hvort hann er ekki að fremja þingsafglöp með því að leyfa framlagningu þessa frv.? Þetta er óþinglegt í hæsta máta. Framkvæmdarvaldið sem starfar í umboði Alþingis hefur sett saman eða látið vinna þetta frv. sem hrindir dómi æðsta dómstóls þjóðarinnar ef að lögum verður. Þetta frv. er þingmönnum sem hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni ætlað að samþykkja.

Sá sem hér stendur hlýtur að segja þvert nei við afbrigðum um að svo fráleitt mál megi koma fyrir til umræðu og afgreiðslu.

[14:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ljúft að kannast við það fyrir hv. 18. þm. Reykv. að ég lærði þingsköp af honum þegar ég var skrifari hans í neðri deild. (Gripið fram í.) Má því kannski segja að ekki sé skrýtið þó að mér kunni að skjöplast.

Út af dagskrá var tekið eina mál fundarins.

Fundi slitið kl. 14:02.

---

57. FUNDUR

mánudaginn 15. jan.,
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 580. — 1. umr.
2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 484. — 1. umr.
3. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.
4. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
5. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
6. Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
7. Lagaráð, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
8. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
9. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.
10. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.
11. Stjórnarskipunarlög, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
12. Sveitarstjórnarlög, frv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 367. mál (opinber rannsókn). — Þskj. 580.

[14:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Með frv. er lagt til að unnt verði að kæra til dómsmrh. ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn á grundvelli 4. mgr. 67. gr. laganna skuli fara fram eða ekki.

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1999 var nýju ákvæði bætt í 4. mgr. 66. gr. laganna um rannsókn opinberra mála. Samkvæmt ákvæðinu er ríkissaksóknara heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að mæla fyrir um rannsókn opinbers máls þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök sé fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.

Í athugasemdum við þetta ákvæði í frv. til laga segir að rannsókn af þessu tagi verði að beinast að háttsemi sem ljóst væri eða grunur léki á að hefði verið refsiverð þegar hún var framin auk þess sem ríkar ástæður yrðu að vera fyrir hendi til þess að unnt væri að mæla fyrir um rannsókn samkvæmt þessu ákvæði, svo sem sú að skaðabótakrafa gæti stofnast í kjölfar slíkrar rannsóknar.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er rannsókn sakamála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að hafa fundarhlé. Ég sé að sumir sem hafa kvartað undan því undir öðrum kringumstæðum að slíkt sé gert eru með einkafundi.)

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan, samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er rannsókn sakamála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ríkissaksóknari getur gefið fyrirmæli í þeim efnum eins og mælt er fyrir í 66. gr. laganna. Ákvörðun lögreglu um hvort rannsókn fer fram er síðan kæranleg til ríkissaksóknara, samanber 76. gr. laganna. Almennt sætir því ákvörðun um rannsókn opinberra mála endurskoðun hjá æðra stjórnvaldi.

Þegar ríkissaksóknari tekur ákvörðun skv. 66. gr. laganna um hvort rannsókn fer fram þó refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd er ákvörðun hans fullnaðarákvörðun og verður því ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Þessu frv. er ætlað að ráða bót á því þannig að mál geti í samræmi við almennar reglur fengið skoðun öðru sinni. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra geti fellt úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara og sett sérstakan saksóknara til að taka ákvörðun um hvort rannsókn fari fram og til að fara síðar með málið.

Þetta fyrirkomulag um kæru á ákvörðun ríkissaksóknara á sér hliðstæðu í 2. mgr. 26. gr. Ég vil taka skýrt fram að um er að ræða mjög þrönga undantekningu á meginreglunni um sjálfstæði ríkissaksóknara sem helgaðist af sérstöðu þessara mála og nauðsyn þess að unnt verði að endurskoða ákvörðun af þessu tagi rétt eins og á almennt við um rannsókn opinberra mála.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[14:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú kemur þannig inn á þingið að ekki gafst mikill tími til að undirbúa sig fyrir umræðuna enda lágu þinggögn ekki fyrir í hliðarherbergjum þegar málið var tekið á dagskrá og því þurfti að bíða örlítið eftir að geta nálgast þau. Það skýrir þá háreysti sem var í þingsalnum áðan.

En aðeins örstutt um málið sem hefur reyndar ekki gefist mikill tími til að kanna. Ég held að almennt sé mjög gott að hægt sé að kæra ákvarðanir ríkissaksóknara til dómsmrh. og afgreiða á þann hátt sem þessi breyting kveður á um, þ.e. settur yrði sérstakur ríkissaksóknari í þeim tilvikum sem ráðherra ákveður að breyta ákvörðun ríkissaksóknara. En það var ekki megintilefni mitt til að koma upp að ræða þennan þátt heldur kannski velta því upp í umræðunni sem ég held að allshn. eigi að gera þegar að því kemur að fara yfir málið, þ.e. að skoða hvort ríkissaksóknara beri ekki að gefa út á hverju ári bók eða skýrslu um það hvenær hann hefur fellt niður mál og af hvaða ástæðum. Það er einfaldlega þannig að það er mikið vald sem ríkissaksóknari hefur þegar hann tekur um það ákvörðun hvort skuli ákæra eða ekki. Ég held að það væri mikið framfaraskref fyrir réttarfarið í landinu og gott fyrir þá sem hafa ákæruvald eins og lögreglustjóra í landinu að þeir hefðu möguleika á að kanna hvenær og í hvaða tilvikum ríkissaksóknari fellir mál niður. Þá er hægt að bera það saman við þær ákvarðanir sem þeir taka sjálfir heima í héraði. Ég held að samhliða þessu máli, þar sem ég tel að þetta sé réttarbót og til mikilla bóta, ættu menn einnig að skoða þann þáttinn að þegar þessar ákvarðanir yrðu teknar skuli þær verða kynntar almenningi líkt og skýrsla umboðsmanns Alþingis og fleiri skýrslur sem eru gefnar út þannig að skýrt verði hvað býr að baki þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Ég held líka að í því fælist mikið aðhald fyrir ríkissaksóknara. Hann yrði að gera heyrinkunnugt hvenær og af hvaða ástæðum hann fellir niður mál. Ég held að þetta skipti máli og þetta sé líka til þess fallið að draga úr áhyggjum manna af því að ekki fái allir sömu úrlausn mála fyrir ákæruvaldinu eins og menn láta oft og tíðum í veðri vaka í hinni almennu og opinberu umræðu.

Meginniðurstaða mín, virðulegi forseti, er sú að ég fagna þessu frv. Mér finnst gott að það skuli vera komið fram. Við munum skoða það í allshn. En ég geri það að tillögu minni að samhliða verði skoðað að ríkissaksóknari gefi út slíkar skýrslur.

[14:12]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Mér finnst framgangur mála í dag með ólíkindum. Það er bókstaflega hægt að segja að allt sé á tjái og tundri. Hæstv. forseti setur í gang umræður um mál og ekki liggja einu sinni fyrir pappírar og menn hlaupa um með dagskrá fundarins á sama tíma og hafin er afgreiðsla á málunum sem eru á þeirri dagskrá. Þingmenn fá að vita það á sama augnabliki að mál þeirra séu komin á dagskrá þessa dags í þinginu. Áður en fundurinn hófst lá fyrir samkvæmt því sem hæstv. forseti sagði að hér ætti að ræða mál sem hafði aldrei verið sent frá þinginu í hendur þingmanna. Núna þegar hæstv. forseti hefur ákveðið að láta það mál hafa þinglega meðferð, og þökk sé fyrir að það skuli þó hafa verið gert án þess að það þyrfti að reka það til baka með atkvæðagreiðslu í þinginu, þá verður uppi fótur og fit og menn eru ekki undirbúnir undir neitt og enginn þingmaður hefur fengið að vita af því að mál hans eigi að koma á dagskrá og til umræðu í þinginu í dag.

Hæstv. forseti. Ég segi alveg eins og er að mér finnst þurfa að undirbúa umræður betur en hér hefur verið gert í dag og full ástæða sé til að gagnrýna málsmeðferð af þessu tagi. Mér finnst að þingmenn eigi að njóta þeirrar virðingar að þeim sé gert viðvart. Þeir hafa lagt mikla vinnu í að undirbúa mál sín og það er ekki boðlegt að menn fái að vita með nokkurra mínútna fyrirvara að nú eigi loksins að fara að ræða mál sem þeir hafa beðið með í allan vetur að komi til umræðu. Það þýðir ekkert að vera með þá viðbáru að menn eigi að hafa mál sín tilbúin úr því þeir séu búnir að bíða svona lengi. Það gera menn auðvitað ekki. Þeir útbúa ræður sínar stuttu áður en málið kemur á dagskrá því þær verða úreltar þegar menn eru látnir bíða með mál. Hv. þm. bíða flestir mánuðum saman með mál sem þeir hafa lagt fram í haust. Ekki þýðir

að setja framsöguræðu á blað og ætla að flytja hana einhvern tímann seinna í þinginu. Það gerir maður þegar maður veit að málið kemst á dagskrá. Þess vegna verða umræður um þau mál sem hv. þm. hafa fram undan í dag sem þeir hafa beðið með frá því í haust ekki eins og þingmenn vilja.

Ég mótmæli þessu. Mér finnst ekki boðlegt að þingmönnum sé boðið upp á slík vinnubrögð. Það hefur ævinlega verið gert í þinginu, a.m.k. eftir því sem ég þekki til, að mönnum hafi verið gerð grein fyrir því að nú ætti að taka þeirra mál á dagskrá og þeim gefinn kostur á að segja til um það hvort þeir eru tilbúnir til að ræða þau mál þann daginn.

[14:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að þessu gefna tilefni í fyrsta lagi segja að ef hv. þm. á mál á dagskrá og er ekki reiðubúinn að ræða það er mér mjög ljúft að taka það af dagskrá.

Ég vil jafnframt að það komi skýrt fram að fyrir helgi, ég man ekki á hvaða degi síðustu viku, átti ég samtal við forustumenn stjórnarandstöðunnar, einn úr hvorum flokki, tvo úr einum af tilviljum. Ég skýrði þeim frá því að gert væri ráð fyrir tveggja vikna hléi á þingstörfum eftir að umræðum lyki um almannatryggingar og spurði hvort þeir væru sammála því. Því var vel tekið af fulltrúum stjórnarandstöðunnar af þeim sökum að þingmenn hefðu búist við því að hafa þessa viku sem er nú að hefjast til funda í kjördæmum sínum. Það lá fyrir að þing yrði e.t.v. kallað saman fyrr en ella sem mundi raska starfsáætlun þingmanna í janúarmánuði. Það lá því fyrir að þetta yrði venjuleg vinnuvika því að að öðrum kosti voru ekki rök fyrir því að fresta þinghaldi þegar það mál hefur verið afgreitt sem var á dagskrá á síðasta fundi.

Ég vil í annan stað segja að á fundi með formönnum þingflokka í morgun gerði ég þeim grein fyrir því að ef afbrigði næðu ekki fram að ganga mundi ég boða til hins þriðja fundar og þar yrðu tekin á dagskrá þau stjfrv. sem hægt yrði að mæla fyrir og eftir atvikum mál þingmanna. Ég átti á hinn bóginn ekki kost á því að sitja fund þingmanna Samfylkingarinnar svo ég gat ekki komið þeim boðum þangað.

[14:17]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil staðfesta það sem fram kom í máli hæstv. forseta að rætt var við fulltrúa þingflokkanna að breyting yrði gerð á þinghaldinu, þingið kallað fyrr saman en til hafði staðið og að síðan yrði gert hlé á þingstörfum. Þetta er í samræmi við það sem við teljum vera eðlilegt því að við þingmenn höfðum áður skipulagt vinnu okkar og eðlilegt að komið yrði til móts við aðstæður sem kynnu að vera uppi af þeim sökum.

Hitt er annað mál að við höfum aldrei lagt blessun okkar yfir þinghaldið eins og það virðist vera að þróast núna. Að sjálfsögðu mátti ríkisstjórnin vita að hér yrðu ekki samþykkt afbrigði til að hraða í gegnum þingið frv. sem stríðir gegn stjórnarskrá Íslands og hefur af öryrkjum lögboðin réttindi þeirra og greiðslur sem þeim ber. Trúa menn því virkilega að stjórnarandstaðan mundi veita slíkum vinnubrögðum brautargengi og aðstoða þannig ríkisstjórnina? Auðvitað mátti hverjum manni ljóst vera að þetta mál mundi aldrei ná þannig fram að ganga.

Herra forseti. Ég tek ég undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og mótmæli því að þingmál séu sett á dagskrá nánast undirbúningslaust án þess að rætt sé við hlutaðeigandi þingmenn og mönnum gefist tækifæri til að undirbúa sig undir önnur mál.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera það að tillögu minni að gert verði hlé á fundinum og formenn þingflokkanna komi saman og ráði sameiginlega ráðum sínum um framhaldið.

[14:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að þessu gefna tilefni taka fram að ég ræddi þetta mál sérstaklega með formönnum þingflokka á fundi í morgun. Þá ræddi ég um hvernig fundahöldum og umræðum yrði hagað í dag og það hefur ekkert breyst síðan þá.

Ég vil líka taka fram að það kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv. að hann hafði búist við því að ekki yrði rætt um almannatryggingalögin í dag þannig að hann hefur þá átt von á því að önnur mál yrðu rædd í dag þar sem við vorum sammála um að nýta þá vinnuviku sem er nú að hefjast hjá þingmönnum.

[14:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla að hafa fullan skilning á því að hæstv. forseti vor sé í uppnámi. Það er alls ekki vanalegt að sjálfur forsrh. skuli koma í ræðustól og blása mál samráðherra síns út af dagskrá. Ég býst við að fleiri séu undrandi í dag en ég. Það var ekki hæstv. heilbrrh. sem óskaði eftir því að málið um að taka almannatryggingamálið á dagskrá færi ekki í atkvæðagreiðslu, það var hæstv. forsrh. Við erum auðvitað vön því, herra forseti, að hann sýni fullkominn yfirgang við alla en nú er hann farinn að sýna hann við ráðherra sína, fyrst með því að kippa máli sem heyrir undir heilbrrh. úr höndum ráðherrans og setja það í hendur eins konar yfirdómara sem hann hefur skipað í máli sem hefur komið frá Hæstarétti.

Ég skil mjög vel að þegar svona mál hefur komið upp á þinginu og við þann úlfaþyt sem það hefur valdið fari ýmislegt úrskeiðis. Ég vil hins vegar árétta það að kl. 11.30 í morgun, u.þ.b. á miðjum fundi okkar með forseta, var tilkynnt að hér yrði undirbúinn þriðji fundur. Það var tilkynning til okkar þingflokksformanna. Að sjálfsögðu bar ég þá tilkynningu inn á þingflokksfund Samfylkingarinnar eins og ég ber allt frá forseta, hvort sem það er beint samráð eða tilkynningar.

Herra forseti. Þannig höfum við unnið að ávallt hefur verið haft samráð við þingmenn, venjulega daginn áður, um hvort mál þeirra komi á dagskrá. Þó hefur það gerst að morgni dags hefur verið spurt um það hvort viðkomandi þingmaður sé tilbúinn að ræða mál sitt þann daginn. Þetta hefur ekki gerst nú. Hver þingmaðurinn á fætur öðrum sér mál frá sér á dagskrá fundarins sem hann átti enga von á. Það er við þessu sem menn eru að bregðast.

Herra forseti. Nú held ég að fari vel á því að gera það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson bar fram, að gera stutt hlé á þessum fundi og hafa fund hjá forseta um þinghald í dag og hvaða mál verða tekin fyrir. Við skulum ekki byrja það vinnulag á Alþingi að þingmenn sjái mál sín birtast á dagskrá sem er dreift til þeirra fimm mínútum áður en farið er að ræða þau. Þetta er þvílík breyting á því sem hefur verið vinnulag á Alþingi að ég bara bið um það, gerum þetta ekki, herra forseti.

[14:23]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég veit ekki hvort það er rétt hjá hv. þm. að ég sé í uppnámi. Hitt má kannski segja að ég sé uppnuminn meðan ég sit í forsetastóli.

Ég vil taka það fram að ég ræddi þessa fundartilhögun við formenn þingflokka í morgun. Þá var vinnufundur forseta Alþingis með þingflokksformönnum. Það er alveg nýtt fyrir mér ef þingmenn hafa vanist því að það sé kallað saman þing til þess að fella niður störf. Þing er kallað saman til þess að vinna.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan að það væri alveg einstakt að forsrh. hefði tekið af dagskrá mál sem væri á dagskrá — áður en það var tekið af dagskrá — frv. til laga um almannatryggingar. Það kom af sjálfu sér að málið komst ekki á dagskrá vegna þess að það var ekki meiri hluti fyrir því að setja það á dagskrá. Stjórnarandstaðan hafði kynnt það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að ekki yrði samkomulag um þau afbrigði sem til þurfti þrátt fyrir að það hefði legið fyrir í meira en viku. Í meira en viku hefur það legið fyrir að þetta frv. kæmi til kasta Alþingis. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur hjá ráðherranum.)

Hér kallar einhver fram í að það sé alger misskilningur hjá ráðherranum. Varðandi gögnin sem við ræddum um áðan þá verð ég að segja að það kemur ekki frá heilbr.- og trn. að gögnin hafi ekki verið öllum klár og opin. (Gripið fram í.) Um leið og ríkisstjórnarfundi var lokið á miðvikudaginn fóru þessi gögn út. En það kann vel að vera og það hefur komið fram að nefndadeildin var ekki tilbúin að láta þessi gögn af hendi. Það er svolítið annar handleggur. Sannleikurinn verður að koma fram. Forsrh. var síðastur á dagskrá áðan og ef hann hefði ekki tekið þetta mál af dagskrá, þá hefði ég komið og kippt þessu máli af dagskrá. Það var sjálfgert og alveg sama hver það gerði því að það var farið af dagskrá miðað við orð stjórnarandstöðunnar.

Ég harma það sjálfsögðu vegna þess að við erum að tala um að greiða öryrkjum ekki síðar en 1. febrúar og ég vona að þetta tefji það mál ekki. Við erum að tala um einn milljarð sem á að greiða út, að vísu ekki allt 1. febrúar því að það eftirágreiðsla sem verður greidd út í apríl. Fyrir janúar og febrúar átti að greiða 1. febrúar og ég harma ef það verður ekki hægt.

[14:26]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek alveg skýrt fram að ég ætla ekki að biðjast undan því að mál mitt sem hér er á dagskrá verði tekið fyrir í dag. Ég hef nefnilega brennt mig á því áður á Alþingi að ef stjórnarandstöðuþingmaður biður um frestun á máli sínu er ekki víst að það birtist á dagskrá Alþingis fljótlega aftur. Það mál sem hér um ræðir birtist á dagskrá Alþingis einhvern tíma í nóvember og hefur ekki fengist inn á dagskrá síðan en birtist aftur núna með þeim fyrirvara sem hér er.

Ég vildi mótmæla þessu. Ég tel að þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í þinginu að þingmönnum hefur verið gerð grein fyrir því að mál þeirra yrðu á dagskrá þannig að þeir gætu verið tilbúnir og brygðust við því hafi verið til fyrirmyndar og eigi að vera þannig áfram.

Hæstv. forseti hefur greinilega rokið til með einhverjum andfælum í morgun að ákveða að þetta yrði svona að taka upp þriðja fund af því að hann hefur ekki gert ráð fyrir því að stjórnarandstaðan nýtti þann möguleika sinn að koma í veg fyrir að tekið yrði fyrir það mál sem hér hefur verið mest rætt í dag þó það hafi ekki komist á dagskrá. Þá verður honum það fyrst fyrir að nú þurfi hann að fara að undirbúa það þinghald sem búið var að boða til að ætti að fara af stað í dag. Svo seint er í rassinn gripið hjá hæstv. forseta. Hann var ekki búinn að vinna heimavinnuna sína. Þess vegna er þetta uppþot í hv. Alþingi. Mér finnst full ástæða þegar hæstv. forseti hefur ekki staðið sig betur en þetta að hann fái að heyra það frá hv. alþm.

[14:28]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er rétt hjá hv. þm. að ég var ekki viðbúinn því síðustu daga fyrir helgi að kalla stjórnarandstöðuna saman til fundar. Ég gerði það á hinn bóginn í morgun og áður á fundi með forsn. Þar kom fram að ég var við því búinn að svo kynni að fara að ekki næðist samstaða um að taka almannatryggingamálið á dagskrá í dag. Ég tilkynnti það bæði forsn. og formönnum þingflokka og ég hygg að það sé — það er a.m.k. nýtt fyrir mér — kannski vegna þess að ég er ekki jafnkunnugur og hv. þm. í sölum Alþingis, ef þingmenn vilja ekki fá mál sín á dagskrá.

[14:29]

Ásta Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessi uppákoma í þinginu er frekar undarleg. Það mátti alveg vera ljóst hver tilgangurinn var með að kalla saman þingið í þessari viku. Það var öllum ljóst, jafnt þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem stjórnarliðsins. Það var þegar ljóst í síðustu viku að þinghald yrði venjubundið þó það væri kallað saman viku fyrr til þess sérstaklega að ræða þetta tiltekna mál, breytingu á lögum um almannatryggingar, í þeim tilgangi að möguleiki væri á að greiða út bætur um næstu mánaðamót. Þetta var stjórnarandstöðunni ljóst og þetta var stjórnarliðinu ljóst. Það á því ekki að koma neinum á óvart ef ekki yrði leyfð umræða um það frv. sem þingið var kallað saman út af þá mundu auðvitað önnur mál verða tekin fyrir til umfjöllunar. Þetta var ljóst í morgun á fundi með formönnum þingflokkanna og þar kom ég að sem staðgengill formanns þingflokks Sjálfstfl. Það var í rauninni stjórnarandstaðan sem vissi það á undan okkur að þessi umræða um almannatryggingafrv. færi ekki fram í dag heldur yrði annað á dagskrá. Þeim mátti vera þetta fullkomlega ljóst og þess vegna koma viðbrögð stjórnarandstöðunnar mér mjög á óvart.

Að lokum vil ég taka fram að ég lýsi ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni að ekki verði hægt að greiða öryrkjum bætur um næstu mánaðamót þar sem hún er að tefja störf þingsins með þessu málþófi.

[14:31]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða síðasta hv. ræðumanns vil ég segja að í raun eru allar heimildir fyrir því að greiða þetta út nú þegar og þess vegna þarf ekkert að setja ný lög.

Við ræðum hér stjórn fundarins og stjórn þessa fundar sýnir glöggt þau viðhorf sem virðast ríkjandi hjá meiri hlutanum. Ef hann fær ekki það sem hann vill þá er nánast farið í fýlu. Þetta eru eins og óþægir krakkar í sælgætisbúð sem fá ekki það sem þeir vilja. Í fýlu yfir því að fá ekki að ræða þau ólög sem hér átti að keyra í gegn er stofnað til nýs fundar án þess að nokkur hafi verið búinn undir það.

Mig langar að spyrja hæstv. forseta: Til hvers er umræðan hér í þinginu? Er hún ekki til þess að hv. þm. geti borið fram mál sitt þannig að aðrir hv. þm. geti brugðist við þeim málflutningi? Ef enginn er undirbúinn þá hlýtur maður að

spyrja: Til hvers fer umræðan fram og til hvers erum við að þessu? Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þessi ákvörðun benda til þess að hæstv. forseti sé ekki í jafnvægi, að eitthvað hafi komið honum í uppnám eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi áðan.

Mér finnst það ekki þjóna neinum tilgangi að hefja umræður um mál þar sem hvorki flutningsmenn eru undirbúnir né þeir sem vildu taka þátt í umræðum. Í sjálfu sér er engin þörf fyrir slíka umræðu á hinu háa Alþingi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þm. á það, úr því hann hefur ekki tekið eftir því, að það er yfirleitt regla að setja stjórnarfrv. á dagskrá þegar efnt er til fundar á þeim dögum sem frv. eru rædd. Þannig er öldungis ljóst að hv. þm. hlaut að vera við því búinn að stjórnarfrv. yrðu rædd á þessum fundi. Hitt má vera að einstakir þingmenn hafi ekki verið undir það búnir að ræða þau frv. sem þeir sjálfir flytja af því að þeir eru efninu ekki nógu kunnugir.)

[14:34]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það lá fyrir að kappkostað yrði að nýta vinnuvikuna vel þegar Alþingi kæmi saman. Það lá líka fyrir af hálfu hæstv. forseta að boðað yrði til þriðja þingfundar í dag ef afbrigði yrðu felld. Það sem ekki lá fyrir var hvað ætti að taka til afgreiðslu á þeim fundi. Það er fyrst og fremst það sem menn gera athugasemd við. Menn mótmæla því ekki að hér fari fram þingfundur og þar sé fjallað um málin.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni að hlé verði gert á þessum fundi á meðan formenn þingflokka komi saman og ráði ráðum sínum.

[14:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Hæstv. forseti talaði um venjur. Á mánudögum á þessum tíma eru venjulega þingflokksfundir í þinginu þannig að það er ekki farið að venjum hér í dag.

Annars verð ég að lýsa furðu minni á ósvífni og útúrsnúningum hvers stjórnarþingmannsins á fætur öðrum í afstöðu þeirra til öryrkjamálsins. Það er hægt að greiða óskertar bætur til þeirra sem bætur hafa verið skertar hjá vegna tekna maka. Því hefur verið lýst yfir af háskólaprófessornum Eiríki Tómassyni og það hefur komið fram hér í umræðunni. Það er hægt að gera það. Stjórnarliðar vilja hins vegar koma í gegn ólögum sem ekki standast stjórnarskrána, skerðingarlögum sem gera þeim kleift að greiða öryrkjum í sambúð skertar bætur, ekki þær bætur sem Hæstiréttur telur að þeir eigi rétt á heldur skertar bætur, miðað við frv. sem kemur hér á borð okkar þingmanna í dag og neitað var að afhenda heilbr.- og tryggingarnefndarmönnum fyrir helgi þó búið væri að boða okkur á fund í dag til að ræða málið. Það er með ólíkindum hvernig menn halda hér á málum.

Ætlunin er að lögfesta áfram og aftur mannréttindabrot eins og gert var árið 1998. Það á enn að lögfesta skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka. Hæstiréttur hefur lýst því yfir að það sé brot á stjórnarskránni, mannréttindabrot ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þm. á að hún hefur ekki enn komið að fundarstjórn forseta. Nú er ekki á dagskrá frv. um almannatryggingar. Ef þingmaðurinn hefur annað til málanna að leggja væri gott að fá að heyra það.)

Herra forseti. Ég hóf mál mitt á því að benda herra forseta á að hann vísaði til venjulegra fundarstarfa á mánudögum. Samkvæmt venju í þinginu eru þá haldnir þingflokksfundir.

Aftur á móti vil ég minnast hér á þingmál sem ég er 1. flm. að og birtist á dagskrá þingsins fimm mínútum eftir að þingfundur hófst hér áðan. Ég tel harla óvenjulegt að þingmaður sjái mál sitt á dagskrá nokkru eftir að þingfundur er hafinn, enda hófst þingfundur án þess að nokkur dagskrá væri á borðum þingmanna. Auk þess er það venjan að þingmenn sjái hvað er á dagskrá dagsins að morgni dags, þannig að menn geti undirbúið sig fyrir umræðuna. Ég veit ekki til þess að hv. þm. í allshn. hafi t.d. vitað að hér ætti að ræða þingmál dómsmrh.

[14:38]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Þetta er farin að verða mjög sérkennileg umræða. Fyrr í dag var því hafnað að veita afbrigði svo hægt yrði að ræða mál sem menn hafa kallað eftir að rætt yrði í þinginu. Menn höfðu miklar skoðanir á þeim málum fyrr á þessu ári og í lok síðasta árs. Þeir höfðu svo stífar skoðanir á málinu að þeir kröfðust þess að þingið yrði kallað saman milli jóla og nýárs til að ræða það. Síðan kemur að því að ræða það efnislega, þá biðja menn um að málið ... (**LB:** Er ekki verið að ræða um fundarstjórn?) Ég er nákvæmlega að gera það gagnstætt mörgum öðrum sem hafa talað hér í dag, án þess að það hafi kallað á frammíkall hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar.

Því var hafnað að taka málið fyrir og hvað átti þá forseti þingsins að gera, senda alla heim í frí eða eiga hérna sameiginlega þagnarstund?

Hæstv. forseti gerði auðvitað hið eina rétta, að boða til nýs fundar með dagskrá. Það er gert með 12 málum á dagskrá. Nú heyrist mér að þingmenn séu ekki búnir undir að taka til umræðu fjölda mála sem mörg hver hafa legið fyrir og menn hafa haft möguleika á að kynna sér.

Ég verð að játa að þetta er alveg nýtt í þingreynslu minni, að þingmenn komi sér undan því að ræða um málin. Að vísu hef ég orðið var við það upp á síðkastið af hálfu þeirrar stjórnarandstöðu sem nú situr að hún biðst stöðugt undan því að ræða efnislega mál, m.a. fjárlagafrv. fyrir síðustu (Gripið fram í.) jól. Þannig er ekki nýtt að hv. stjórnarandstaða komi sér undan því að ræða málið og geri það sem hún kann best, þ.e. að flissa eins og smástelpur frammi í sal þegar þessi mál eru rædd. (**Gripið fram í:** Hvað er að því?) Virðulegi forseti. Það er ekkert að því. Mér finnst það hæfa þessum hv. þingmönnum ákaflega vel, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, svona smástelpufliss framan úr salnum.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skaust síðan hér áðan í umræðuna með almannatryggingalöggjöfina milli setninga, í dulbúinni ræðu um störf þingsins eða fundarstjórn forseta. Hún fjallaði efnislega um frv. sem ekki fékk að koma hér til umræðu. Þessi umræða um fundarstjórn forseta eða störf þingsins er þannig að verða afar sérkennileg. Eðlilegast væri að menn reyndu að koma sér að því að ræða efnislega frv. sem liggja hér fyrir og staðið hefur verið að með eðlilegum hætti af hálfu hæstv. forseta.

[14:40]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Marga hefur rekið í rogastans yfir þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag. Það er ekkert skrýtið. Málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið með eindæmum og ég held að allri þjóðinni hnykki við að hlusta á rök hennar fyrir því að ræða ekki málefni öryrkja sem hafa í augum flestra átt að hafa forgang í þinginu og hjá ríkisstjórninni. Menn hafa lagst á eitt um að gera þetta mál aðgengilegt fyrir þingið og aðra til að fjalla faglega um það. En þegar óskað er eftir að taka það til umræðu í þinginu þá

er það ekki samþykkt af hálfu stjórnarandstöðunnar, að taka málið til eðlilegrar umræðu.

Það er eins og þessi skilaboð hafi ekki verið látin ganga til ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna þannig að einfaldlega hefði verið hægt að fresta þessum þingfundi.

Herra forseti. Ég get vel skilið að það verði uppnám eftir þessa makalausu uppákomu stjórnarandstöðunnar. Út af fyrir sig er vart hægt að ræða önnur mál úr þessu. Það er með ólíkindum hvernig stjórnarandstaðan, þegar hún telur sig hafa mál í höndunum sem hún telur að gæti komið sér illa fyrir ríkisstjórnina eða stjórnarmeirihlutann, gengur fram. Það snýst upp í að koma þeim verst sem átti að leiðrétta málin hjá, þ.e. öryrkjum. Stjórnarandstaðan sneri dæminu þannig að öryrkjar tapa en stjórnin ætlaði hins vegar að flýta þessum leiðréttingum sem kostur var. Þetta er aumur vitnisburður stjórnarandstöðunnar í þessu máli, því miður. Ég verð að segja að ég vorkenni stjórnarandstöðunni að standa uppi með þennan kaleik.

[14:43]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur farið út og suður, einmitt fyrir tilstuðlan þingmanna stjórnarmeirihlutans sem veigra sér við efnislegri umræðu og því að standa við eðlilegan úrskurð Hæstaréttar o.s.frv., sem ég ætla þó ekki að gera hér að umræðu. (Gripið fram í.) Að standa við úrskurð Hæstaréttar heldur fara undan í flæmingi. (Gripið fram í.) Ég vil síðan biðja hv. þm. að róa sig niður.

Ég vil geta þess að það er hárrétt að formaður þingflokks okkar, hv. þm. Ögmundur Jónasson, gerði okkur grein fyrir því á þingflokksfundi að svo gæti farið að boðað yrði til þriðja fundar hér í dag en dagskrá þess fundar væri óviss.

Við höfum lagt áherslu á, einmitt til að þinghaldið verði sem markvissast og öruggast og við náum sem mestu úr hverri stund, að fallist verði á tillögu hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að forseti geri hlé til að funda með formönnum þingflokka. Þar yrði farið yfir þau mál sem hægt er að taka á dagskrá í dag þannig að þingdagurinn nýtist sem best. Menn ættu ekki að standa í röfli um einstök mál við stjórnarliða sem vilja kannski komast hjá því fundurinn gangi eðlilega fyrir sig.

Herra forseti. Ég ítreka það sem formenn þingflokka, bæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, hafa lagt hér til, að gert verði hlé og forseti og þingflokksformenn fari yfir dagskrá dagsins þannig að fundurinn gangi sem best fyrir sig. Ég teldi það betra en að leggja hér upp með einhvern þinglegan skrípaleik.

(**Forseti** (HBl)): Ég vil að gefnu tilefni endurtaka það sem ég hef áður sagt. Þingmenn eru ævinlega við því búnir að stjórnarfrv. sem bíða 1. umr. séu tekin á dagskrá. Þannig getur ekki staðist að þingmenn hafi verið óviðbúnir því að stjórnarfrv. væru hér tekin til 1. umr.)

[14:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég harma það í hvaða farveg þessi umræða hefur farið. Þingflokksformenn hafa óskað eftir fundi og farið yfir það að það kom mörgum þingmönnum á óvart að sjá málin sín á dagskrá. Sumir eru tilbúnir að fara í umræðu um mál sín, aðrir ekki. Þetta snýst ekki um hvort þeir þekkja málin sín. Það er nú einu sinni svo að þegar menn eru með faglega framsögu í þingmáli þá hafa þeir með sér ýmis gögn. Þau eru þingmenn ekki með.

Ef við höldum þennan fund þingflokksformanna og forseta geta þeir þingmenn sem kjósa að taka mál sín fyrir í dag farið út á skrifstofur, sótt þau gögn sem þeir þurfa og við getum átt fund um það með forseta að einhver mál sem þingmenn kjósa að bíði fái að bíða. Um þetta snerist málið. Þetta var erindi okkar beggja þingflokksformannanna og það hefur fullkomlega verið snúið út úr því sem við höfum haft hér að segja. Ég ætla ekki að hafa orð um það meir en vek athygli forseta á því að ástæðulaust er að snupra stjórnarandstöðuna fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Þar hallar ekki á.

Ég tel að nú sé komið að því að fara yfir hvaða mál verða tekin til umræðu og hver fái að bíða. Ég mun kanna það hjá mínum þingmönnum og er þegar byrjuð á því, herra forseti.

[14:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vil ítreka það sem hann áður sagði, að hann átti fund með formönnum þingflokka í morgun. Þar gerði hann þeim grein fyrir því að stjórnarfrv. sem biðu 1. umr. yrðu tekin til dagskrár á þessum fundi og ekki var gerð athugasemd við það.

Gert verður tíu mínútna hlé á fundinum til þess að verða við ósk hv. 13. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar, um að forseti eigi fund með formönnum þingflokka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:47]

Tóbaksvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 345. mál (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.). — Þskj. 484.

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir.

Aðdragandi og gerð frv. er sá að ég fól tóbaksvarnanefnd að gera tillögur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Í ljósi reynslunnar af síðustu breytingum á lögunum, aukinnar þekkingar á skaðsemi reykinga og harðari afstöðu almennings til þessa vágests, bæði hér á landi og í alþjóðasamfélaginu, er tímabært að leita frekari leiða til að draga úr reykingum. Íslendingar hafa verið í fararbroddi í tóbaksvörnum meðal þjóða heims og er það ætlun mín og tóbaksvarnanefndar að svo verði áfram.

Markmið frv. er að draga úr reykingum, bæði meðal fullorðinna, barna og unglinga með því að herða enn baráttuna gegn reykingum og tryggja enn betur rétt þeirra sem ekki reykja. Er réttur barna tryggður sérstaklega í þessu sambandi.

Allmiklar breytingar voru gerðar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með lögum nr. 101/1996, í því skyni að efla tóbaksvarnir í landinu. Í ljós hefur komið að enn þarf að bæta þessa löggjöf með nýjum og fyllri ákvæðum, einkum varðandi markaðssetningu og sölu tóbaks og vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts. Frumvarp þetta er byggt á tillögum nefndarinnar og unnið í samráði við heilbr.- og trmrn.

Alkunna er að tóbaksneysla veldur miklum og margvíslegum heilsuspjöllum. Hafa ber í huga að þeir sem deyja í

dag af völdum reykinga eru reykingamenn gærdagsins. Þeir sem deyja á morgun eru þeir sem reykja og byrja að reykja í dag.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hjartavernd deyja um 370 manns á ári á Íslandi af völdum reykinga eða meira en einn Íslendingur á dag, alla daga ársins. Fjöldi látinna af völdum tóbaksnotkunar hérlendis samsvarar því að tvær farþegaþotur farist árlega fullar af Íslendingum eða hérlendis yrðu tíu stór rútuslys. Fimmta hvert dauðsfall á Íslandi er af völdum reykinga. Þriðja hvert dauðsfall hjá fólki í blóma lífsins á Íslandi, 35–69 ára, má rekja til reykinga. Hætt er við að önnur efni eða önnur lyf sem yllu álíka búsifjum yrðu fljótt bönnuð. Okkur er því skylt að gera ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessa vágests í nútímasamfélagi og við berum ábyrgð á því gagnvart komandi kynslóðum.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 hefur sett það meginmarkmið að ná hlutfalli daglegra reykinga meðal fullorðinna niður fyrir 20%. Til að ná þessu markmiði verður að taka rækilega til hendinni. Ná þarf til unglinga sem er helsti áhættuhópurinn og forða þeim frá því að byrja að reykja og fá þá sem reykja til að hætta. Árangur fólks sem reynir að hætta að reykja er ekki ávallt góður og margir þurfa aðstoð og hvatningu. Í frv. er því gerð tillaga um að fækka svæðum þar sem reykingar eru leyfðar því að rannsóknir sýna að með því að banna og takmarka reykingar sem víðast dregur úr reykingum og reykingamönnum veitist auðveldara að hætta.

Skaðsemi reykinga er óumdeilanleg og hið sama á við óbeinar reykingar. Sé það val reykingamanns að reykja er það að sama skapi réttur þess sem ekki reykir að þurfa ekki að anda að sér tóbaksreyk reykingamanns. Í frv. er kveðið sérstaklega á um rétt barna til reyklauss umhverfis, bæði á heimilum sínum og annars staðar. Allir eru sammála um að vernda eigi börn fyrir tóbaksreyk og grípa verður til nauðsynlegra ráðstafana sem duga í því skyni.

Í frumvarpinu er lagt til að meira fé verði lagt til forvarna. Tóbaksvarnanefnd hefur þegar varið tugum milljóna króna í fræðsluefni handa skólum en telur að gera verði betur til að vernda kynslóðir framtíðarinnar. Hingað til hefur ekki verið hægt að tryggja að öll grunnskólabörn fái tóbaksvarnafræðslu þótt lög geri ráð fyrir að svo sé. Skólakerfið ber líka skyldu hvað varðar fræðslu um tóbaksvarnir en þar er það hluti af uppeldisstarfi skólanna. Með auknu framlagi til forvarna og frekari samvinnu við sveitarstjórnir er unnt að leysa þann vanda.

Rannsóknir staðfesta að það er fjárhagslega mjög hagkvæmt að fjárfesta í tóbaksvörnum. Þannig má koma í veg fyrir að menn byrji að reykja, fá menn til að draga úr reykingum og sannfæra þá um að þeim beri að hætta að reykja. Algjört forgangsverkefni er að koma í veg fyrir að börn og unglingar fari að reykja því að rannsóknir sýna að átta af hverjum tíu reykingamönnum byrjuðu að reykja fyrir 18 ára aldur. Það er einnig afar mikilvægt að geta veitt reykingamönnum stuðning við að hætta að reykja. Um 80% þeirra vilja hætta en mörgum reynist það erfitt.

Í frv. er lagt til að sérstakt leyfi heilbrigðisnefnda þurfi til að selja tóbak í smásölu. Full ástæða er til að kveða á um það með lögum hverjir megi selja tóbak og binda smásölu þess við sérstakt leyfi.

Skráning sú sem leiðir af leyfisskyldu ætti að auðvelda eftirlit með sölustöðum tóbaks og yfirsýn yfir söluna. Vænta má að leyfisskylda verði til þess að sölustöðum fækki og við það dragi úr heildarsölu tóbaks.

Enda þótt bannað sé að selja börnum og unglingum tóbak er það vel þekkt að unglingar eiga ekki í neinum erfiðleikum með að fá tóbak keypt. Brýnt er að leita leiða til að hindra þá sölu eða draga sem mest úr henni. Í því sambandi er einkum mikilvægt að fá heimild til leyfissviptingar eins og kveðið er á um í 15. gr. þessa frumvarps. Það ætti að veita seljendum aukið aðhald um að fylgja ákvæðum laganna.

Samkvæmt könnun Hagvangs í maí 1992 voru 85% þeirra sem afstöðu tóku hlynnt þeirri hugmynd að binda tóbakssölu við sérstök leyfi sem sölustaðir gætu misst fyrir að selja börnum tóbak.

Virðulegi forseti. Ég mun rekja nokkur helstu nýmæli frv. Samkvæmt ákvæði 1. gr. frv. er réttur fólks til reyklauss andrúmslofts afdráttarlaust viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna. Réttur til hreins og ómengaðs andrúmslofts er meðal mikilvægustu og jafnframt sjálfsögðustu réttinda hvers manns.

Í 6. gr. frv. er bannað að setja hér á markað tóbaksvörur undir vörumerkjum sem þegar er þekkt sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu. Enn fremur er í 6. gr. frv. sett bann við hvers konar framlögum til viðburða eða starfsemi í því skyni að hafa þau áhrif beint eða óbeint að kynna tóbak. Loks er í 6. gr. mælt fyrir um að tóbaki skuli komið þannig fyrir á sölustöðum að það blasi ekki við viðskiptavinum, þ.e. uppstilling á tóbaki á sölustöðum er bönnuð.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um að þeir einir sem orðnir eru 18 ára megi selja tóbak. Þykir eðlilegt að sama aldurstakmark gildi um heimild til að hafa tóbak með höndum og til að selja það öðrum. Ráðherra er í 7. gr. frv. veitt almenn heimild til að ákveða í reglugerð hámark skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk. Lagt er til að sérstakt leyfi þurfi til að mega selja tóbak í smásölu og heilbrigðisnefnd viðkomandi eftirlitssvæðis annist útgáfu leyfanna. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald vegna leyfisveitinga og eftirlits.

Í 8. gr. frv. er hnykkt á hinni víðtæku meginreglu gildandi laga um bann við reykingum þar sem almenningur sækir sér afgreiðslu eða þjónustu. Nær bannið nú til hvers kyns menningar- og félagsstarfsemi, íþrótta- og tómstundahúsa og veitingahúsa. Í núgildandi lögum eru veitinga- og skemmtistaðir sérstaklega undanþegnir reykingabanni að öðru leyti en því að þeir skuli hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða þar sem reykingar eru bannaðar, þ.e. reyklaus svæði. Nú þykir fyllilega orðið tímabært að snúa dæminu við og hafa réttinn til hreins lofts í fyrirrúmi á þessu sviði. Samkvæmt frv. er aðalreglan því sú að reykingar eru bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum. Heimilt er þó að reykja á afmörkuðum svæðum að teknu tilliti til réttar hvers manns til hreins andrúmslofts og skal loftræsting vera fullnægjandi þannig að ekki sé um að ræða reykmettun andrúmslofts frá svæðinu þar sem reykingar eru leyfðar. Þessi heimild byggist einkum á því mati að óraunhæft sé að sinni að banna reykingar með öllu á veitinga- og skemmtistöðum.

Eftirspurn eftir reyklausum gistiherbergjum á hótelum og öðrum gististöðum hefur farið ört vaxandi að undanförnu og er nú í fyrsta sinn kveðið á um þetta efni í íslenskum lögum. Er í 8. gr. frv. gerður greinarmunur á hótelum og gistiheimilum annars vegar, en þar má leyfa reykingar í tilteknum herbergjum og ekki meira en í helmingi herbergjafjöldans á hverjum stað, og gistiskálum hins vegar, en þar eru reykingar bannaðar.

Þá er í 8. gr. frv. kveðið á um að reykingar séu bannaðar í sameignarhúsrými í fjölbýlishúsum. Loks er í 8. gr. heimild

til að setja almennar reglur um takmörkun reykinga og annarrar tóbaksneyslu utan dyra á íþróttasvæðum. Er þar bæði litið til heilbrigðis- og fordæmissjónarmiða.

Þá gerir frv. ráð fyrir að ekki aðeins reykingar heldur öll önnur tóbaksneysla sé bönnuð í grunnskólum, leikskólum og í húsakynnum og samkomum sem einkum eru fyrir ungmenni.

Í 11. gr. frv. er staðfest skylda vinnuveitanda til að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklausu umhverfi. Má fullyrða að skorður við tóbaksreykingum á vinnustöðum séu mikilvægur þáttur í vinnu- og umhverfisverndun.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkisframlag til tóbaksvarna hækki úr 0,7% í 0,9% og samkvæmt kostnaðarmati fjmrn. nemur hækkunin um 12 millj. kr.

Í 15. gr. frv. er bætt við í 2. mgr. 17. gr. laganna ákvæði þess efnis að heimilt sé að svipta leyfishafa leyfi gerist hann brotlegur. Í 15. gr. er heimild til leyfissviptingar sé brotið gegn ákvæðum 8. gr. laganna og sé brotið ítrekað eða stórfellt er sú heimild hjá heilbrigðisnefndum á viðkomandi eftirlitssvæði.

Rísi ágreiningur um ákvörðun heilbrigðisnefnda skal vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar sem starfar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Tilgangur þessa ákvæðis er að veita seljendum aðhald um að fylgja ákvæðum laganna og leitast við að hindra aðgengi unglinga að tóbaki.

Í 16. gr. frv. eru refsiviðurlög við brotum á ákvæðum laganna samræmd og viðurlög þyngd.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir aðdraganda þess að ég legg fram frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Ég tel afar brýnt að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því að leggja til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[15:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að í athugasemdum við 2. gr. þessa frv. er lagt til að 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga verði felld niður. Um er að ræða ákvæði um að lögin gildi einnig um varning sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, og segir svo: „Í athugasemd um ákvæði þetta í frumvarpi til laga um tóbaksvarnir, sem samþykkt var sem lög nr. 74/1984, voru svokallaðar gervisígarettur teknar sem dæmi um slíkan varning. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði. Eftirlitsstofnun EFTA hefur bent á að það kunni að brjóta gegn 11. gr. EES-samningsins um frjálst vöruflæði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Því er þetta ákvæði fellt niður."

Skil ég það rétt, hæstv. ráðherra, að hér sé verið að leyfa sölu sælgætis sem er í formi sígarettna? Er það málið að þetta stangist á við EES og því sé eðlilegt að nú verði aftur farið að selja sælgæti í formi sígarettna, eins og var hér fyrir tveim til þrem áratugum?

Annað sem ég vildi líka aðeins koma að og spyrja hæstv. ráðherra er hvernig reykingabannið hafi reynst yfir höfuð. Nú er það svo að t.d. á heimilum aldraðra var á mörgum stöðum búið að koma upp sérstöku reykherbergi fyrir starfsfólk sem átti í erfiðleikum með að hætta að reykja. Boðið var upp á aðstoð, bæði lyfjameðferð og læknisaðstoð. Það gekk ekki fram. Síðan var þessum reykherbergjum lokað en þá tók starfsfólkið upp á því, þrír til fjórir í einu, að setjast út í bíl með kaffibolla, og þá var reykmettunin algjör þegar fólkið kom inn til starfa á ný. Ég spyr: Hvernig eigum við að mæta þessu? Eigum við að setja algjört bann eða eigum við að segja: Það er eðlilegt að á hverri heilbrigðisstofnun sé herbergi sem sé vel reykræstað og þangað geti fólk farið og reykt? Ég held að við ráðum ekki við þetta. Þetta er ákveðið vandamál í heilbrigðisgeiranum.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um það hvernig reykingabann almennt hefur komið út. Víðast hvar hefur það komið vel út. Fólk hefur verið afskaplega ánægt þegar reynsla hefur verið komin á það.

En varðandi dvalarheimili og hjúkrunarheimili þá má fólk reykja í sínum vistarverum að sjálfsögðu en það er ekki gert ráð fyrir að starfsfólk reyki. Það kemur mér á óvart ef starfsfólk er á rúntinum vinnutímanum til að reykja. Það er alveg nýtt fyrir mér. En almennt er það þannig að á vinnustöðum má ekki reykja (Gripið fram í.) og fólk er yfirleitt bara mjög ánægt með það.

Varðandi EES-reglugerðina, sælgæti og sígarettulíkin, þá bönnum við það. Öll leikföng og sælgæti sem minnir á tóbak er bannað.

Það er mjög mikilvægt að fólk almennt viti að auðvitað er dvalarheimili heimili einstaklinga og þeir haga sér á sínum heimilum alveg eins og þeim sýnist.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. um breytingu á lögum um tóbaksvarnir frá hæstv. heilbrrh. og verð ég að segja að ég hefði gjarnan viljað hafa einhvern tíma til að undirbúa mig undir þessa umræðu. Ef ég hefði vitað að þetta mál yrði til umræðu í dag þá hefði ég svo sannarlega gert það. En þar sem þetta mál ber mjög brátt að á dagskránni þá ætla ég aðeins að hlaupa á því. Ég vil lýsa því yfir í upphafi að ég er mjög ánægð með þær breytingar sem ég hef séð í frv. og tel að þær séu allar til bóta og það sé löngu tímabært að taka á ýmsum þáttum sem varða tóbaksvarnir.

Áður en ég fer frekar í ýmsa þætti frv. vil ég minna á að nokkur þingmál í heilbr.- og trn. varða tóbaksvarnir og væri full ástæða til að taka þau fyrir ekkert síður en þetta mál og taka þá samhliða því að þar eru lagðar til ýmsar leiðir til tóbaksvarna sem ég tel að gætu verið til bóta. Minni ég þar á þáltill. hv. þm. Þuríðar Backman sem ég er meðflm. að um tóbaksverð og vísitölu sem við höfum flutt nokkrum sinnum á þinginu. Sú tillaga liggur nú fyrir heilbr.- og trn.

Ég get ekki séð betur en að allar þær tillögur til breytinga sem hæstv. ráðherra leggur til séu mjög til batnaðar. Ég fagna því að óheimilt verði að setja á markað hér vörur sem eru undir sömu vörumerkjum og tóbak og þar með fellur náttúrlega sælgætið sem kom til umræðu í andsvari áðan.

Hvað það varðar að ekki sé heimilt fyrir yngri en 18 ára að selja tóbak þá hef ég gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra um eftirlit með þeim þætti, hvernig hæstv. ráðherra hyggst taka á því að virkt eftirlit verði með ákvæðum þessa frv. og sömuleiðis með ákvæðum 8. gr. frv. sem varðar 9. gr. laganna um það að tóbaksreykingar séu óheimilar á ákveðnum stöðum. Ég fagna því að þessu skuli hafa verið snúið þannig við að reykingar séu óheimilar og síðan séu undanþágur á þeim ákvæðum. Mér finnst það rétt nálgun á þessu máli. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hún hyggst haga því eftirliti bæði hvað varðar gistiheimilin,

gistihús, hótel og veitingastaði. Vissulega má gera ráð fyrir að Hollustuvernd, heilbrigðiseftirlit og aðrir slíkir fylgist með þessu en það er spurning hvort ekki þurfi að auka eftirlit þegar ákveðin ákvæði verða komin inn í lög eins og verður þegar þetta frv. verður orðið að lögum.

Ég tel líka vera mjög til fyrirmyndar að hugað er sérstaklega að börnum í þessu frv., þ.e. rétti þeirra til hreins og ómengaðs lofts og hefði gjarnan viljað sjá svipuð ákvæði t.d. í frv. er varðar aðra vímuefnanotkun og spyr hæstv. ráðherra hvort nokkuð slíkt sé á döfinni hjá henni sem varðar fíkniefni og önnur vímuefni og aukið eftirlit með notkun þeirra.

Ég held að það að reykingar hafi verið bannaðar víða á vinnustöðum hafi haft það í för með sér að reykingamönnum hefur fækkað. Ég tel það vera af hinu góða og ég er alveg sannfærð um að breytingar eins og þær sem lagðar eru til hér muni verða til þess að reykingamönnum fækki. (Gripið fram í.) Þeim verður fækkað með þessu frv. því það fer að verða mjög erfitt fyrir þá sem háðir eru þessari fíkn að halda henni áfram því að þeir eru orðnir fáir staðirnir þar sem þeir eiga afdrep og fagna ég því. Ég verð að segja það. Ég sé að þeir sem eru miklir fíklar hér í salnum eru ekki eins kátir með það — og þó.

Herra forseti. Svo langt sem ég hef skoðað þetta frv., þá get ég tekið undir nánast flest sem það fjallar um og mun auðvitað koma að málinu í hv. heilbr.- og trn. þegar þar að kemur en ég ítreka að þá verði tekin fyrir önnur mál sem varða tóbaksvarnir, tóbaksverð og tengsl þess við vísitölu eins og ég nefndi í upphafi máls míns.

[15:23]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get að flestu leyti tekið undir mikinn fögnuð hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur með þetta frv. Þó vil ég spyrja hæstv. ráðherra um nokkur atriði.

Í 2. gr. þessa frv. er fjallað um munntóbak. Þar segir:

„Með munntóbaki er í lögum þessum átt við allar vörur, unnar að öllu eða einhverju leyti úr tóbaki til töku í munn, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til reykinga."

Ég tók það þannig að í þeim lögum sem voru samþykkt og eru gildandi um tóbaksvarnir hafi verið í gildi algjört bann við munntóbaki nema því grófa, a.m.k. bann við fínu munntóbaki sem var flutt inn um tíma og selt í Reykjavík og sjálfsagt á fleiri stöðum á landinu. Þó virðist neysla á því tóbaki hafa aukist gífurlega á undanförnum árum og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig er háttað eftirliti með innflutningi eða á hvern hátt er reynt að koma í veg fyrir sölu á munntóbaki þar sem það er mjög útbreitt? Maður sér þetta nánast á öðrum hverjum unglingi í dag? Sérstaklega eru það drengir sem nota þetta munntóbak. Það er afar áberandi þegar þeir hafa stungið þessu upp í góminn. Er einhver möguleiki á að herða eftirlitið — eða hvernig er eftirlitinu háttað? — og herða þá refsingar eins og kveðið er á um í þessu frv. og taka á þessu smygli af mun meiri hörku en gert hefur verið?

Þá vil ég í öðru lagi spyrja hæstv. ráðherra um möguleikana á heimildum til þess að reykja inni á heilbrigðisstofnunum eða sjúkrahúsum. Í mörgum tilvikum er um að ræða einhverjar vistarverur sem eru illa loftræstar þar sem sjúklingar mega reykja en í mörgum tilvikum er nánast útilokað fyrir þá að finna þessum ávana sínum stað. Það tel ég vera slæmt þegar um sjúkling er að ræða og finnst eðlilegra að þeir fái aðstöðu sem væri vel loftræst til þess að reykja á meðan á sjúkradvöl þeirra stendur. Ég held að það sé heppilegra fyrir þann sem ætlar að hætta að reykja að vera við fulla heilsu þegar sú ákvörðun er tekin.

Eins er það varðandi dvalarheimili aldraða. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan að auðvitað væri öldruðum eða þeim sem væru á dvalarheimilum heimilt að reykja í sínum eigin vistarverum. Það er ekki þannig. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Á hvaða dvalarheimilum, í hve mörgum tilvikum eru reykingar leyfðar í vistarverum þeirra sem þar dvelja? Oft eru fleiri en einn einstaklingur á herbergi og ekki eru aðstæður til reykinga, a.m.k. ekki vel loftræst aðstaða. Það er eins með það og sjúkrahúsin að ég tel óeðlilegt að banna vistmönnum á dvalarheimilum fyrir aldraða eða gera þeim illmögulegt að reykja ef viljinn er til staðar hjá einstaklingnum.

Þó að flest atriði í frv. séu til bóta og ég styðji ráðherra í að koma því í gegn þá get ég ekki stutt einn lið í 9. gr. Ég bið hv. þingmenn um að íhuga mjög vel áður en slíkt ákvæði er sett í lög, sérstaklega þá sem hafa farið í heimsóknir fangelsi landsins og skoðað þá klefa sem fangarnir eru í eða herbergi þeirra, vistarverur þeirra, sem eru yfirleitt litlar og þröngar, illa loftræstar og litlir möguleikar til að bæta loftræstingu. Engu að síður segir í b-lið 9. gr.:

„Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í fangelsum. Leyfa má þó reykingar í fangaklefum."

Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frv. er þetta ákvæði sett inn í samráði við fangelsisyfirvöld, Fangelsismálastofnun. Ég verð að segja að ég er mjög hissa á því að fangelsisyfirvöld skuli, vitandi hvert ástandið er í fangelsum landsins og þeim klefum sem fangarnir dvelja í á meðan á vistun þeirra stendur, beina reykingunum inn á svefnstað þeirra. Ég tala nú ekki um þegar um einangrun eða gæsluvarðhald er að ræða, að eini möguleikinn fyrir fanga til að reykja sé í litlum illa loftræstum klefa. Þetta ákvæði getur ekki og má ekki undir neinum kringumstæðum fara í gegn á hv. Alþingi. Menn verða að velta því fyrir sér hvaða aðstæður verið er að bjóða upp á. Fyrir þann sem sviptur hefur verið frelsi, oft og tíðum vegna eiturlyfjaneyslu, og er settur í fangelsi sem er verið að reyna að halda án eiturlyfja þó að það gangi misjafnlega, þá er það auðvitað gífurleg aukning á refsingu að taka reykingarnar af líka. Það verður þá að gerast með námskeiðum og kostnaði við nikótínlyf og allri þeirri aðstoð sem möguleg er. Ef banna á reykingar í öllu rými fangelsa, t.d. þar sem verið er við tómstundastörf eða þar sem sjónvarp er þá er það út af fyrir sig allt í lagi, en það yrði þá að búa út herbergi með góðri loftræstingu þar sem viðkomandi einstaklingar gætu reykt, en ekki að beina reykingunum inn í klefana. Ég skil að það þetta ákvæði sé komið inn þarna fyrst fangelsismálayfirvöld hafa samþykkt það, þar sem það er gert í samráði við þau, en ég verð að segja að ég skil ekki þá hugsun sem liggur að baki hjá fangelsisyfirvöldum sem þekkja afar vel þær aðstæður sem fangar búa við.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð sé í bígerð að taka þátt í kostnaði við eða niðurgreiða niktótínlyf. Þau eru öll mjög dýr, líka þau sem eru lyfseðilsskyld eins og töflur sem farið er að gefa eftir lyfseðli og eru að mér skilst gamalt geðlyf sem á að draga úr löngun til þess að reykja, eða a.m.k. hjálpa einstaklingi til þess að hafa ekki þá hugsun að hann langi í sígarettu, ef ég skil verkun þessa lyfs rétt. Mér skilst að hver skammtur af þessu lyfi kosti yfir 6.000 kr. Það er dýrt að reykja en það er líka kostnaður við niktótínlyf, sem oft eru notuð fleiri en eitt saman þegar fólk tekur þá

ákvörðun að hætta að reykja. Ég tala af nokkurri reynslu og þessi lyf eru mjög dýr. Hafa heilbrigðisyfirvöld nokkuð velt því fyrir sér að niðurgreiða þau tímabundið til þess að hvetja fólk til að taka þá ákvörðun að hætta að reykja, því að markmið frumvarpsins og gildandi laga er að draga úr reykingum?

Líkt og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er ég sannfærð um að núgildandi löggjöf hefur dregið úr reykingum. Það sem hér er verið að leggja til mun hjálpa til við að ná því markmiði sem sett var fram í heilbrigðisáætlun. Náttúrlega ættu sem allra fæstir að að reykja. En markmið heilbrigðisáætlunar eru þó mun skynsamlegri en þegar menn setja sér markmið eins og „Ísland án eiturlyfja" sem er illframkvæmanlegt. Hér hafa verið sett fram framkvæmanleg markmið og þetta frv. er til þess að stuðla að því að ná því markmiði og ég styð það, en þó með þeirri breytingu að inn komi ákvæði þess efnis að á dvalarheimilum fyrir aldraða væru vel útbúnar stofur, vel loftræstar, að sett verði inn ákvæði þess efnis að loftræsting skuli vera fullnægjandi, nákvæmlega eins og gert er í 8. gr. frumvarpsins þar sem talað er um að heimila megi reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skuli fullnægjandi loftræstingu. Það er þannig að þetta ákvæði ætti auðvitað að eiga alls staðar við þar sem um er að ræða rými þar sem reykingar eru leyfðar, á dvalarheimilum aldraðra eða hjúkrunarheimilum, sjúkrahúsum eða í fangelsum, þ.e. hvar sem um er að ræða undanþágur. Því ætti að vera til ákvæði þess efnis að það bæri að tryggja fullnægjandi loftræstingu. En því miður er það ekki svo. Ég hef komið inn í nokkra þessa afkima þar sem reykingar eru leyfðar, t.d. á dvalarheimilum fyrir aldraða og það er okkur til háborinnar skammar hvernig búið er að mörgum þeim öldruðu einstaklingum sem vilja gjarnan fá að reykja þann tíma sem þeir eiga eftir. Og aðstaðan hér í þinginu sem útbúin er fyrir þingmenn er kannski að sumu leyti svipuð því og boðið er upp á í ýmsum stofnunum, ég tala nú ekki um hversu léleg loftræstingin er.

En umfram allt er b-liður 9. gr., þar sem banna á að reykja í fangelsum nema í fangaklefum, þar er ákvæði sem Alþingi getur ekki að óbreyttum aðbúnaði í fangaklefum samþykkt.

[15:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir það frv. sem hér er lagt fram og þann anda sem er í frv.

Ég tek undir orð hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að ég hefði verið betur undirbúin undir umræðuna ef ég hefði vitað að hún yrði á dagskrá í dag, en það mun ekki standa á mér eða okkur í heilbr.- og trn. að fara vel yfir málið og ég vona að þær þáltill. sem liggja fyrir heilbr.- og trn. sem snerta tóbakssölu og tóbaksvarnir komi til umræðu og afgreiðslu í nefndinni á sama tíma og verði afgreiddar samhliða.

Fyrir nefndinni liggur þáltill. um tóbaksverð og vísitölu og einnig till. til ţál. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. En nú er leyfisveitingin komin inn í þetta frv. og það gleður mig alveg sérstaklega.

Hæstv. forseti. Mig langar til að fara hér nokkrum orðum um frv. og fyrstu viðbrögð við því. Breytingin á 1. gr. þar sem ákvæðið sem snýr að þeim sem bera ábyrgð á barni, að þeir skuli stuðla að því að börn séu í reyklausu umhverfi, er mjög til bóta og ánægjuleg og gerir alla ábyrga, ekki bara þá fullorðnu sem annast barnið, heldur alla aðra í umhverfinu sem koma að uppeldi og umönnun barna. Ég vil vísa til þess að þetta snýr ekki síður að heilsugæslunni og heilsugæslustörfum í landinu, að taka upp tóbaksvarnir í mæðravernd sérstaklega og ungbarnavernd, og stuðla að reykleysi foreldra og vinna að því að hjálpa þeim sem reykja til að hætta því og gera þeim ljóst hvaða skaða reykingar geta valdið börnum.

Ég tek einnig eftir því að í 2. gr. frv. er búið að fella út ákvæðið um leikföngin eða varning, eins og það er nefnt í núgildandi lögum:

„Lög þessi taka einnig til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, ..." Hér voru á boðstólum lakkríspípur og sælgæti, sígarettur og annað slíkt. Ég mundi vilja óska eftir því að þetta yrði tekið inn aftur, því það er með ólíkindum hvað tóbaksframleiðendur geta seilst langt og eru með ísmeygilegan áróður til að koma vöru sinni á framfæri. Því yngri sem börnin eru, því eðlilegra sem þeim þykir að handfjatla leiksígarettur og pípur og hvað það nú er sem er eftirlíking af tóbaki, vörur sem eru merktar tóbaksframleiðendum, því líklegri eru börnin til að ánetjast tóbaki. Og tóbaksframleiðendur hafa meira að segja gengið svo langt, svo ég taki eitt dæmi, að gefa skó, ungbarnaskó, sérmerkta ákveðnu tóbaksfyrirtæki á því svæði þar sem skór voru lúxusvara. Þetta gera þeir til að skapa jákvætt hugarfar og þess vegna skulum við reyna að beita þeim mótrökum og öllum þeim ráðum sem við höfum til að berjast á móti. Þetta er eitt af þeim og þess vegna vona ég að við getum náð þessu ákvæði inn aftur.

Ég tek einnig undir í 2. gr. hvað varðar eftirlit með dreifingu á munntóbaki, því nú á það ekki að vera í sölu í verslunum. Fínkorna neftóbak, eða „snuff", er ótrúlega algengt og mikið notað, sérstaklega af ungum mönnum. Ég er sannfærð um að fara þarf í sérstakt átak til að koma í veg fyrir innflutning á þessum efnum þannig að ef fínkorna tóbak er selt í verslunum og upp kemst sé gripið til viðurlaga og sekta, því þetta er efni sem hefur mjög hátt nikótíninnihald og er mjög vanabindandi. Það er oft fyrsti vísir þess að verða stórreykingamaður þegar ungir karlmenn byrja á því að nota þessa tegund tóbaks, snuffið, sem þeim finnst trúlega mörgum hverjum bara allt í lagi, þetta sé ekki hættulegt.

Tóbaksvarnalög eru í eðli sínu í anda forræðishyggju ef svo má segja. Við erum að verja börn og ungmenni, við erum að vernda heilsu fólks. Þetta orð, forræðishyggja, hefur oft verið notað til að reyna að draga úr áhrifum og að ákvæði sem hafa verið sett inn í tóbaksvarnalög megi ekki vera með of mikla forræðishyggju. En ég vil bara ítreka það að andi slíkra laga er svona, hvað sem mönnum finnst um það. Við þurfum að setja þau lög til að vernda heilsu fólks. Í þessu frv. er ekkert sem gengur of langt. Frekar hefði ég viljað sjá gengið aðeins lengra og aðeins snarpara orðalag.

Ég gleðst sérstaklega yfir því að sjá það komið inn í 7. gr. að gert sé ráð fyrir því að fólk yngra en 18 ára megi ekki selja tóbak. Þetta hefur verið, er og mun verða vandamál áfram, sérstaklega núna þar sem kaupmaðurinn á horninu sést ekki orðið, þar sem fullorðið fólk afgreiddi áður. Í verslunum eru í dag, sérstaklega í stórmörkuðunum, börn og unglingar, mörg hver undir 18 ára aldri, að afgreiða. Ég tel mig vita að beiðnir um undanþágur frá þessari reglu eigi eftir að koma fram, en það verður þá að koma fram beiðni og það verður að vera undir eftirliti. Til að hægt sé að svipta einstaklinga sem reka verslanir og/eða selja tóbak og fara ekki eftir reglunum því leyfi verður auðvitað að vera til sérstakt leyfi og á heil-

brigðisnefnd viðkomandi eftirlitssvæðis að veita það leyfi. Þetta er mjög ánægjulegt og ég trúi ekki öðru en að það verði niðurstaða umfjöllunar um frv. að þessu verði komið á. Ég man nú ekki hversu oft ég er búin að leggja fram þáltill. um þetta efni og því gleðst ég alveg sérstaklega að sjá það hér.

En samfara þessu verður auðvitað að gefa heilbrigðisnefndunum möguleika á að vera virkt eftirlit. Heilbrigðiseftirlitið í dag á í fullu fangi með að ráða við þau verkefni sem það hefur. Ef þetta á að vera virkt eftirlit, ekki bara stafur á bók eða að farið sé fram hjá þessu, þá verður líka að hugsa málið til enda og setja fjármagn til eftirlitsins, ekki bara út af þessu, heldur gera það mögulegt að hafa þetta virkt eftirlit. Lög sem eru þannig að ekki sé hægt að fara eftir þeim eða mjög auðvelt að fara fram hjá eru ekki góð.

Í 8. gr. hefði ég viljað sjá, eins og ég sagði áðan, aðeins snarpar tekið á því sem tilgreint er í 1. mgr., að tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Ég hefði viljað sjá það á þá leið að tóbaksreykingar væru hreinlega bannaðar í öllu því rými sem almenningur hefði aðgang að í þessum stofnunum. Þegar komið er að veitinga- og skemmtistöðunum, þá á að leyfa reykingar á afmörkuðum svæðum. Þarna mætti flokka skemmtistaðina eða veitingastaðina, t.d. að á þeim stöðum þar sem matur væri borinn fram væri reykt í sérstökum herbergjum og afmarka þetta enn frekar, en ég tek auðvitað undir að tryggja þarf fullnægjandi loftræstingu o.s.frv.

Mig langar að minnast á það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um, þ.e. reykingar í fangelsum. Í dag er þetta mikið vandamál og ekki hægt að segja að réttindi þeirra sem ekki reykja séu virt. Það er ekki hægt að segja þeir fái að vera í reyklausu lofti. Þarna þarf út frá heilsufarslegum sjónarmiðum að ná samstöðu um sérstök reykherbergi þannig að svæði þar sem fangar sitja saman og vinna saman séu reyklaus. Það er óþolandi að fangaklefarnir séu reykklefar. Loftræstingin í þessum klefum er þannig að loftið dreifist út um allt og fer inn í klefa annarra, einnig til þeirra sem ekki reykja. Það þarf að skoða vandlega reglur um reykingar í fangelsum.

Mörg dæmi eru um vanlíðan þeirra sem eru reyklausir og hafa verið viðkvæmir fyrir reyk. Jafnframt er erfitt fyrir fanga að hætta að reykja og í fangeslum þyrfti að koma á alveg sérstöku átaki og hjálp til fanga, ekki bara varðandi afvötnun og vímuefnameðferð heldur og átak til að hjálpa þeim við að hætta að reykja, því allt helst þetta í hendur, óregla og fíkn í vín og tóbak.

Í 11. gr. er fjallað um rétt reyklausra til að vera í reyklausu andrúmslofti á vinnustað. Staðreyndin er að þar sem teknar hafa verið upp ákveðnar reglur um reykingar á vinnustöðum, t.d. bann við að reykja í vinnutímanum, hvort sem það var fyrir gildistöku núgildandi laga eða eftir þau, hefur það hjálpar reykingamönnum til að hætta, a.m.k. til að minnka reykingar. Þrátt fyrir óánægju hjá reykingamönnum í byrjun þá þekki ég ekki vinnustað þar sem starfsfólk er ekki ánægt þegar frá líður, ekki síður þeir sem hafa reykt.

Varðandi 13. gr. þá er til gott fræðsluefni um tóbaksvarnir fyrir 6. bekk grunnskóla og upp úr. Því miður hefur það ekki verið nýtt sem skyldi í öllum skólum. Ég fagna því ef taka á ákveðnar á þessu og koma þessari fræðslu markvissar til skólanna en gert er í dag. Það dugir ekki að útbúa gott kennsluefni, aðgengilegt og skemmtilegt, ef það er ekki notað. Ekki veitir af þessari hækkun frá 0,7% upp í 0,9% til tóbaksvarna. Hugsanlegt mætti líta til þess, þó ég setji ekki samasemmerki þar á milli, hvort það borgi sig ekki fyrir þjóðfélagið til lengri tíma að niðurgreiða nikótínlyf. Stöðugt eru að koma fram ný lyf sem fólk hefur náð betri árangri með en áður til að hætta að reykja. Mér finnst það vera mál sem skoða ætti mjög vandlega.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég vona að frv. nái fram að ganga hið fyrsta og verði afgreitt með öðrum málum sem liggja fyrir heilbr.- og trn.

[15:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég efast ekki um einlægan áhuga og vilja hæstv. ráðherra, flm. þessa frv., og raunar annarra hv. þm. sem hér hafa lagt orð í belg, til að draga úr reykingum og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist þeim. Hins vegar hef ég ákveðnar efasemdir um ýmsa þætti þessa frv. Ég velti því fyrir mér hversu langt er skynsamlegt að ganga til þess að bregðast við vandamálum af þessum toga.

Er það ævinlega rétt nálgun að leggja bann við einhverju, jafnvel þó allir viti að slík boð og bönn muni ekki ná fram að ganga og menn geti nánast gefið sér að gengið verði á svig við þau? Það finnst mér yfirleitt vondar reglur og afspyrnuvond lagasetning þegar um það er að ræða. Boð og bönn og viðmiðunarreglur eru ekki góðar ef menn gefa sér fyrir fram að ekki verði hægt að fara eftir þeim. Þessum hugmyndum er alloft velt upp í almennri umræðu um hámarkshraða á vegum úti og ýmsu öðru.

Ég vil líka vara við því viðhorfi sem mér finnst ég heyra af umræðum ýmissa þingmanna, að þau 20 eða 25% þjóðarinnar sem hafa því miður ánetjast þeirri fíkn sem tóbaksnotkun er séu annars flokks borgarar og skuli alls ekki sjást og helst vera sem fjærst. Ef fordæmisgildið sem reykingamenn sýna yngri kynslóðum með því að reykja hér og þar er það sem ber að forðast, sé það rauði práðurinn í þessu frv., er þá mjög skynsamlegt að skipa þessum tugþúsundum Íslendinga á götur út? Er mjög skynsamlegt gagnvart yngri kynslóðinni að þeir starfsmenn Alþingis sem hér reykja geri það fyrir framan húsið? Er það yfirleitt skynsamlegt að starfsfólki vítt og breitt í samfélaginu sé skákað út í dyr og undir gafla o.s.frv.? Við þekkjum til að mynda að í nágrannahúsi, þar sem Landssíminn sálugi hafði aðsetur áður en hann varð hlutafélag, stóðu yfirleitt fimm eða tíu manns reykjandi í anddyrum.

Hér er vísað til reynslu annarra þjóða, t.d. Bandaríkjamanna í þessu sambandi, af mjög ströngum og hertum reglum um reykingar innan húss. Þeir sem þar hafa farið um vita að þar er fólk í flokkum á gangstéttum fyrir utan stórhýsin, til að mynda á Manhattan og reykir þar. Er það sú mynd sem við viljum sýna? Ég hef talsverðar efasemdir um það. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það eigi í fyrsta lagi, sem ég tek alveg hjartanlega undir, að tryggja rétt þeirra sem reykja ekki til þess að geta andað að sér hreinu og ómenguðu lofti. Ég er hins vegar einnig þeirrar skoðunar að því fólki sem enn er undir þetta böl sett eigi að skapa aðstöðu til þess innan húss í sérmerktum herbergjum að iðka þessa fíkn sína. Ég er t.d. undrandi yfir þeirri stífni sem hefur ráðið ríkjum á sjúkrahúsum þar sem mismunandi veikt fólk sem hefur átt í erfiðleikum að stríða heilsu sinnar vegna, ekki endilega vegna reykinga heldur af ýmsum öðrum ástæðum, stundum af sálrænum ástæðum. Þar er aukið á kvöl þess og erfiðleika með því að banna því að reykja. Ég þekki nokkur dæmi þess. Ég hef ekki séð sérstaka ástæðu til þess í sumum tilfellum og

þar hefur því ekki verið til að dreifa að fólkið hafi sérstaklega verið að káfa upp á rétt annarra.

Ég get ekki látið hjá líða, þar sem menn þekkja auðvitað sitt nánasta umhverfi hvað best, af því ég gat um það hér áðan að þetta hús er þannig hannað að litlir möguleikar eru á því að skapa hér horn eða holu fyrir þá sem reykja. Ég hirði ekki um að nefna fjölda þingmanna sem undir þetta böl eru enn þá settir. Hins vegar eru fleiri sem starfa í þessu húsi en þingmenn. Hér er allnokkur hópur og hann er hér í kyndiklefa í kjallara.

Áður fyrr var það þannig að menn reyktu undir húsveggjum. Mér finnst enginn bragur á þessu og slæmt að menn horfist ekki í augu við veruleikann. 25% þjóðarinnar reykja, þó sem betur fer fækki í þeim hópi. Menn verða að horfa til þessa hóps með ákveðnum hætti. Ég vona að hæstv. heilbrrh. leggi við hlustir. Ég hef vísu átt orðastað við hana undir öðrum kringumstæðum um þessi atriði og hún þekkir viðhorf mín í þessum efnum.

Þetta frv. er einfaldlega þannig að reykingar eru bannaðar nema þar sem þær eru leyfðar. Það er auðvitað ákveðin nálgun við þetta viðfangsefni.

Hins vegar eru nokkur atriði sem mér er ekki ljóst hvernig eru hugsuð og hvernig verða í framkvæmd. Í 11. gr. þessa frv. er til að mynda gerð breyting á 12. gr. laganna þar sem segir:

„... skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi sjá til þess að hann njóti þess réttar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglur í samráði við félagsmálaráðherra og samgönguráðherra um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum," o.s.frv.

Ég vil bara spyrja: Hvað er átt við með þessu? Hvaða breytingar er verið að gera í þessa veru á vinnustöðum? Túlkunin hefur verið sú eins og við þekkjum að í almenningi og þar sem þjónusta er veitt gestum og gangandi hafa verið takmarkanir á reykingum og þær meira og minna bannaðar en í prívatskrifstofum hefur því ekki verið að heilsa. Er átt við að í lokuðum rýmum, á prívatskrifstofum, verði slíkt bann sett? (**Gripið fram í:** Nei.) Ha? (**Gripið fram í:** Ef enginn kemur í heimsókn.) Ef enginn kemur í heimsókn? Það eru örugglega fáir kontórar þannig.

Breytingin þýðir í raun að sett er allsherjarbann á reykingar á vinnustöðum. Ég hef miklar efasemdir um þetta. Ég spyr: Halda hv. þm. að ákvæði af þessum toga haldi? Hvað haldið þið að verði um þessi tugþúsund Íslendinga sem reykja? Finnst mönnum góður bragur á að senda þá undir húsgafla? Við þekkjum að í gildandi lögum er reykingabann í framhaldsskólum, bæði innan húss og á lóðum framhaldsskólanna. Hafa hv. þm. farið í marga framhaldsskóla, farið á framhaldsskólalóðirnar og fylgst með því hvernig þeir húka þar saman, kennarar og nemendur, á girðingum viðkomandi stofnana? Er það sú mynd sem við viljum draga upp? Ég hef miklar efasemdir um það. Er það fordæmið sem við viljum sýna?

Af því að menn ræða mikið um fordæmið, sem sannarlega er mjög mikilvægt, þá skulum við heldur ekki gleyma því sem hefur fylgt manninum frá örófi alda, að forboðnir ávextir bragðast best. Ætli menn ekki að horfast í augu við þetta vandamál með myljandi áróðri og fyrirbyggjandi aðgerðum heldur að ýta þessu í skúmaskotin þá hef ég áhyggjur af árangrinum. Við höfum svo sannarlega náð árangri í þessari baráttu þó að hægt fari. Vafalaust rennur einhvern tíma upp sú stund hjá komandi kynslóðum að þetta verði ekki það heilbrigðisvandamál eða félagslega vandamál sem það er svo sannarlega í dag.

En ég hef miklar efasemdir að við ráðum á því bót og niðurlögum með beinum boðum og bönnum. Þess vegna tek ég mjög heils hugar undir það ákvæði sem er einnig að finna í frv. þar sem vikið er að auknu fjármagni til forvarnastarfsemi. Ég sakna þess hins vegar á sama hátt í frv. að ég hefði viljað fá almenna markmiðssetningu í þá veru að lækka verð á hjálparmeðulum þeirra sem eru að reyna að hætta að reykja. Ég gat því miður ekki farið á spennandi fund sem var boðaður, ég held í síðasta mánuði, desembermánuði, þar sem hjúkrunarfræðingar sem hafa sérhæft sig í þessari baráttu voru einmitt að ræða þennan þátt málsins, þ.e. kostnaðinn við hjálparmeðul, nikótíntyggjóið, plásturinn og hvað þetta heitir nú allt. Slík fjárútlát hafa auðvitað líka talsvert að segja í þessum áróðri þegar sú gulrót er kannski ekki jafnaugljós og ætti að vera að menn spari á því peninga að draga úr reykingum og jafnvel hætta þeim en í staðinn verði umtalsverður kostnaður, kannski ekki jafnmikill en í sumum tilvikum langt í það í kostnaði við að kaupa sér plástur, tyggjó og pillur eða hvað það nú er, þá velta menn eilítið vöngum.

Ég sakna þess dálítið að það sé ekki a.m.k. almenn markmiðssetning í þá veru og mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra færi nokkrum orðum um það því að ég hygg að hún hljóti að hafa velt þeim þætti fyrir sér. Ég hef ekki skoðað í hverju þetta háa verðlag á hjálparmeðulum til að hætta að reykja liggur, hvort það er tollamál eða bara hreinlega álagning eða eitthvað annað, en mér þætti það spennandi þáttur í málinu. Ég er sannfærður um að það dregur niður þessa prósentu miklum mun hraðar en það að senda fólk út á götu til að reykja, það er mín trú.

Herra forseti. Ég hef stiklað skipulagslítið á einstökum atriðum þessa máls og vil að endingu segja að menn skuli ævinlega vera á varðbergi gagnvart svokölluðum búmerangáhrifum, þ.e. þegar of langt er gengið í boðum og bönnum. Ég ætla í engu að líkja þessu frv. við brennivínsbannið forðum daga, það er alls ekki ætlun mín en ég vil þó minna á að það leiddi auðvitað ekki til þess að stórkostlega drægi úr neyslu áfengis heldur breyttist neyslumunstrið og varð öðruvísi. Ég held að við vandamál af öllum toga, þar á meðal það viðfangsefni sem við ræðum hér, sé best við að eiga þegar það er sýnilegt og þó að mönnum finnist vont að horfa framan í það er betra að eiga við það þegar það er fyrir framan okkur heldur en þegar það er í afkimum.

Ég geri svo sem ekki mikið með það en maður fer að velta því fyrir sér hvar möguleikum okkar til þess að halda úti þessum eftirlitsiðnaði og leyfisveitingum af ýmsum toga lýkur. Að setja sérstakt gjald á sjoppur sem selja tóbak og setja ákveðnar reykingalöggur, — jú, jú, við skulum reyna það en ég hef talsverðar efasemdir um að það nái fram að ganga. Með öðrum orðum, áróður, forvarnir og upplýsingar er það sem mun koma okkur áleiðis í þeirri baráttu en algjört bann og að ýta tóbaksreykingum út úr húsum og út á götur held ég að skili okkur ekki jafnhratt og þau atriði sem ég nefndi hér fyrr.

Herra forseti. Ég vænti þess og reikna með því að hv. heilbrn. fari rækilega yfir þetta og skoði alla þætti málsins. Ég tel líka mjög mikilvægt að við 2. umr. liggi það nokkuð ljóst fyrir í grófum dráttum hvernig hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að setja á reglur sem heimild er veitt um í þess-

um lögum þannig að menn viti nokkurn veginn hver hugur hennar er í þeim efnum því að mjög miklu skiptir hvernig framkvæmdin verður. Ég nefni það líka að lyktum að ég er eindregið sammála því að á skemmtistöðum og í veitingahúsum verði það tryggt að þeir sem vilja vera án tóbaksreyks geti það. Það er hægt að gera skipulega og á mjög einfaldan hátt með því að hafa til að mynda reykingasvæðin í innri hólfum veitingahúsanna en ekki fremst við dyr eins og allt of víða tíðkast.

En ég vara mjög við því sem hér er að finna í almennum vangaveltum í greinargerðinni, að það sé bara spurning um tíma og jafnvel mánuði eða missiri þar til að menn fari leiðir ákveðinna fylkja í Bandaríkjunum og setji á algert bann í þessum efnum. Ég hef ákveðnar efasemdir um það og ég hef varast það í vangaveltum mínum hér að tala um rétt reykingamanna en vil þó segja það að lyktum að 25% þjóðarinnar sem reykja, því miður, hafa líka rétt í samfélaginu alveg eins og feitt fólk, kyrrsetufólk og það fólk sem fer ekki samkvæmt ströngustu reglum um heilbrigða lífshætti af öllum toga. Við skulum því ekki búa til óhreinu börnin hennar Evu. Það gæti fjölgað hratt í þeim flokki ef við ætlum að fara í slíkar skilgreiningar.

[16:07]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil andmæla þeim orðum hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem hér var að ljúka ræðu sinni, um að þingmenn töluðu um reykingamenn sem annars flokks þegna. Ég tel að það hafi hvorki ég né aðrir gert. Það er ekki verið að tala til reykingamanna sem slíkra, heldur er það reykurinn sem mengar og það er þess vegna sem við setjum þessi lög. Tóbaksreykingar og tóbaksneysla valda sjúkdómum sem eru lífshættulegir og draga marga til dauða og er þjóðfélaginu mjög dýrt.

Hver er réttur reykingamannsins? Hann nær að nefi næsta manns, það er svo augljóst. Og að vísa mönnum út á götu til að reykja ef þeir geta ekki verið án reyksins segir bara það að á þeim vinnustað eða húsakynnum hefur ekki verið útbúið sérstakt herbergi og það er þá betra fyrir þann sem reykir og alla í kringum hann að hann reyki í vinnutíma sínum úti á götu þar sem reykurinn dreifist og veldur ekki eins mikilli mengun og ef hann gerði það inni á vinnustað sínum eða í sérstöku herbergi. Það er ekki á neinn hátt verið að ráðast að reykingamönnum sem slíkum, heldur er verið að útiloka tóbaksreyk frá umhverfi manna.

Auðvitað fer það eftir vinnustöðum hvort hægt er að koma því við að koma upp sérstöku reykherbergi fyrir þá sem ekki vilja eða geta hætt og það fer vissulega eftir eðli vinnustaðanna. Það fer eftir því hvort um er að ræða matvælaiðnað eða viðkvæman iðnað, sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar. Og það að tala um heilbrigðiseftirlitið sem sérstakan eftirlitsiðnað er ekki rétt því að þeim ber að sjá til þess að lögum sé framfylgt.

[16:10]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað það þjónar miklum tilgangi að ég eigi orðastað við hv. þm. um þessi mál, hún talar í austur meðan ég tala í vestur. Hv. þm. talar um að hér sé ekki verið að tala um reykingamenn heldur reykinn. Það verður auðvitað enginn reykur án reykingamanna, það gefur augaleið, þannig að við erum auðvitað að tala um þá einstaklinga sem hlut eiga að máli, við skulum ekki vera með ódýra útúrsnúninga í því.

Ég er hv. þm. hjartanlega ósammála að besta leiðin til að bregðast við þessu vandamáli og til að tryggja rétt þeirra sem ekki reykja sé að senda fólk út á götu. Við erum algjörlega ósammála um það grundvallaratriði. En það skal enginn eitt aukatekið andartak reyna að hnoða mér upp úr því að ég vilji ekki takast á við það vandamál sem hér er til staðar og ég tók það mjög skýrt og glöggt fram hvernig ég vildi sjá það gert. En ég held að við séum komin að endimörkum boða og banna í þessum efnum og það sé ekki góð mynd af því að við hleypum á nýjan leik 25% þjóðarinnar út á götur til að reykja í stað þess að skapa þeim þann möguleika þar til þeir hætta í þar til gerðum rýmum. Það er skoðun mín og ég held ég hafi rétt fyrir mér í því sambandi. Ég vísaði til reynslu annarra þjóða í þessu. Af því að við erum að tala um börnin, sem ég ber kannski hvað mestan hag fyrir brjósti þegar kemur að því að tryggja gott loft og fordæmi, svo ég haldi því til haga, þá er það ekkert mjög gott fordæmi og ekki góð mynd sem við þeim blasir þegar fólk stendur í hnapp kannski tugum saman reykjandi fyrir utan viðkomandi stofnanir. Það er ekki sú mynd sem ég vil bregða upp en því miður er þetta frv. þannig úr garði gert að við munum kalla fram slíkar sýnir.

[16:12]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að sú sýn, sem ekki er nú fögur, sem hv. þm. dró upp að hér mundu tugir manna flokkast saman úti á götu væri þar nú þegar. Víða í kringum okkur er verið að ganga lengra en gengið er í þessu frv. og sérstaklega með tilliti til reykinga á veitingastöðum þannig að við erum ekki að setja upp eitthvert lögregluríki hvað þetta varðar. Allra best er að stuðla að því að börn og unglingar og fólk byrji ekki að reykja og síðan að hjálpa þeim sem reykja eða nota tóbak til að hætta.

Þar sem hv. þm. nefndi hjúkrunarfræðinga, Samtök hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra gegn tóbaki, þá get ég upplýst að ég er í þeim hópi og mundi gjarnan vilja hjálpa hv. þm. og fleirum ef óskað væri eftir því til að losna við tóbaksfíknina, en eitt af þeim ráðum sem fólk getur notað — ef viljinn hefur ekki dugað sem er það sem gildir — er að nota þau lyf sem til eru á markaðnum. Ég er hlynnt því að þau verði niðurgreidd að einhverju leyti þannig að þeir sem reykja í dag geti frekar notað þau.

En varðandi fyrirmyndir, þá held ég að það sé verri fyrirmynd fyrir börn og unglinga að sjá fullorðna reykjandi inni eins og það sé sjálfsagður hlutur heldur en úti á götum eða svölum sem eru skýr skilaboð um að reykurinn sé mengandi.

[16:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil algjörlega frábiðja mér það að ég þurfi á einhverri sérstakri aðstoð að halda hjá hv. þm., það er alveg ljóst, þó að hún í hjáverkum kunni að vera í sérfræðingahópi hjúkrunarfræðinga sem hafa verið að velta þessum málum fyrir sér, þá er það gott og vel.

Ég var hins vegar að velta fyrir mér verðmyndun lyfjanna, þessara hjálpartækja eða hjálparmeðala og saknaði þess að hún skyldi ekki nýta tíma sinn til að upplýsa um það. Er það einasta leiðin sem fær er, að greiða þau niður með opinberu fé? Ef svo er þá ber að skoða það en ég hef talsverðar efasemdir um að það sé eina leiðin í málinu.

Það er þarflaust út af fyrir sig að orðlengja þetta meira. Skoðanir eru skiptar á því hvaða mynd við viljum draga

upp. Ég vil bara árétta það, herra forseti, að lyktum að vilji menn og ráðamenn hafa þann hátt að setja reglur sem verður afskaplega og nánast ómögulegt að fara eftir til fullnustu, þá þeir um það. Ég hef efasemdir um slíkt regluverk, það hefur alltaf verið sjónarmið mitt í þessu máli og öðru. Og af því menn eru ævinlega að vísa til annarra þjóða í þessu samhengi, þá var ég einmitt síðast í sumar í einu þeirra fylkja í Bandaríkjunum sem hefur gengið hvað harðast fram í algjöru tóbaksbanni á veitingastöðum og maður komst ekki inn úr dyrunum inn á veitingastaðinn fyrir reykingafólki sem stóð þar í reykjarmekkinum. Ef mönnum finnst það betra í stað þess að fólk sitji í hornum og reyki þar, þá er það skoðun þeirra, það er ekki mín skoðun. Og einn er sá staður í Bandaríkjunum, af því að horft er til fyrirheitna landsins í svo mörgu, Berkeley-háskóli sem telur tíu eða fimmtán þúsund nemendur ef ekki fleiri, að þar er algjört reykingabann, en hægt er að ganga allsber þar um allar götur. Sinn er siður í landi hverju.

[16:17]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég kem upp til að gleðjast yfir frv. heilbrrh. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Mörg slík frv. hafa komið fram í gegnum árin og breytingar verið gerðar á tóbaksvarnalögum. Ég gerði mér það til gamans að fara yfir nokkur eldri frv. sem ég átti frá þeim tíma sem ég átti sæti í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Ýmis atriði skjóta upp kollinum aftur og aftur og greinilegt að menn hafa horft mjög á vissa þætti, t.d. hvernig hækka mætti verð á tóbaki til að draga úr reykingum og sömuleiðis að verja svo og svo miklu hlutfalli af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarna. Sem dæmi má nefna að á 120. löggjafarþingi 1995 hækkaði þessi prósenta af bruttósölu úr 0,4% í 0,7%. Í frv. sem þá var lagt fram voru menn að gæla við að hækka smásöluverð á tóbaki um 5–10% árlega frá árinu 1995–2000 en það var reyndar ekki gert.

Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir frv. og eins og ég sagði í upphafi fagna ég framkomu þess. Að vísu eru viss atriði sem má draga í efa að séu framkvæmanleg. Ég er þeirrar skoðunar að vissir þættir séu áhrifaríkastir þegar reynt er að hindra reykingar eða draga úr þeim. Það er í fyrsta lagi að takmarka hvar megi reykja og á því er ágætlega tekið í þessu frv. Einnig skiptir verðið máli því flestir setja það fyrir sig. Lyf standa reykingamönnum til boða og þau eru af ýmsum tegundum: tyggjó, nefúði, húðplástur og nú síðast töflur. Allmiklar rannsóknir liggja fyrir á áhrifum þessara lyfja, ekki síst á vegum þess læknis sem mest hefur beitt sér fyrir tóbaksvörnum hér á landi, sem er Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir á Heilsuverndarstöðinni. Til viðbótar við þetta má nefna einstaklingsráðgjöf. Þó að hópnámskeið gefi þokkalega raun, held ég samt að ráðgjöf læknis til sjúklings síns undir viðeigandi kringumstæðum sé enn áhrifaríkari. Hjúkrunarfræðingar hafa lagt heilmikla vinnu í þessa baráttu og einn þingmaður sem talaði á undan mér, hv. þm. Þuríður Backman, hefur verið mjög framarlega í því og unnið prýðilega vinnu í starfi sínu á Egilsstöðum en þar hefur hún ekki síst unnið með heimilislækni sem þar er, Pétri Heimissyni. Mjög ánægjulegt er til þess að vita þegar heilbrigðisstarfsfólk tekur sig saman til að berjast gegn heilsuspillandi athæfi fólksins í landinu.

Markmið frv. er eins og fram kemur í 1. gr. þess að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Þar segir einnig að virða skuli rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra. Þetta finnst mér mjög mikilvægt og ég held að við hljótum öll að sameinast um þetta.

Það eru örfá atriði í þessu frv. sem ég set spurningarmerki við og vil nefna sem dæmi það sem kemur fram í 7. gr. frv. en þar er ný málsgrein þar sem segir að þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak. Auðvitað er góðra gjalda vert að reyna að koma í veg fyrir að yngra fólk en 18 ára sé að afgreiða tóbak en ég sé ekki að þetta sé raunhæfur kostur þegar við lítum á allt það unga fólk sem starfar í verslunum og söluturnum og á ýmsum stöðum þar sem smásala á tóbaki hefur farið fram. Það er staðreynd sem við búum við. Viðurlögin samkvæmt frv. við því að t.d. 16 ára eða 17 ára starfsmaður í söluturni eða verslun selji tóbak eru sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Ég set spurningarmerki við þetta. Ég held að þetta sé ekki alveg raunhæft eins og málum er fyrir komið í þjóðfélagi okkar. Mjög margir staðir þar sem tóbak er selt fá ekki starfsfólk nema á þessum unga aldri. Það er visst sérkenni á íslensku þjóðfélagi að skólanemendur vinna slík störf meðfram námi.

Mörg atriði hefur verið minnst á af fyrri ræðumönnum og ég ætla ekki að endurtaka þau. Í 8. gr. er rætt um að tryggja skuli fullnægjandi loftræstingu á veitinga- og skemmtistöðum. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt að gera það og afmarka það rými þar sem reykt er til þess að hægt sé að standa við það markmið sem sett er í 1. gr. að virða rétt þeirra sem reykja ekki.

Í 8. gr. segir að stjórnendur veitingastaða skuli af fremsta megni leitast við að vernda starfsfólk gegn tóbaksreyk. Ég held að starfsfólk veitingastaða sé yfirleitt 18 ára og eldra og þar með sjálfráða fólk sem ber ábyrgð á sjálfu sér. Mér finnst eðlilegra að stjórnendum veitingastaða sé gert að bera ábyrgð á að lögum sé framfylgt á vinnustaðnum en ekki að það sé stjórnendanna að vernda starfsfólk þó að e.t.v. megi deila um það.

Hvað varðar niðurgreiðslur á lyfjum sem eru hjálpartæki fyrir fólk sem vill hætta að reykja þá fyndist mér mjög vel koma til greina að hækka verulega álögur á tóbak og verja því sem þar næðist inn til að greiða niður kostnað við niktótínlyf.

Margir reykingamenn, sem setja mikla fjármuni í tóbak, kvarta yfir því að nikótínlyfin séu dýr og það væri líkast til viss hvati fyrir marga þeirra, jafnframt því sem þeir losnuðu við reykingarnar ef þeir spöruðu fjármuni á meðan þeir eru að reyna að venja sig af fíkninni.

Þetta frv. ber samt þess merki, þrátt fyrir þær athugasemdir sem ég er að gera hér, að það sé vel unnið. Í athugasemdum við það kemur fram að tóbaksvarnanefnd vann tillögur að frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og í henni sitja þrír læknar, Þorsteinn Njálsson, sem er formaður, Helgi Guðbergsson og Sveinn Magnússon. Þeir segja reyndar að Íslendingar hafi verið í fararbroddi í tóbaksvörnum meðal þjóða. Við getum vel verið stolt af því, bæði varðandi reykingar á vinnustöðum, reykingar í flugi innan lands og einnig í millilandaflugi. Enn einn læknir kemur til sögunnar á alþjóðavettvangi, en það er fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, sem hefur á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sett baráttu gegn tóbaki og reykingum á oddinn.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að Hjartavernd gefi upp töluna 370 manns yfir þá sem deyja árlega á Íslandi af

völdum reykinga, þ.e. einn maður á dag. Þetta er gríðarlega há tala. Það er svo mikið sem hægt er að vinna í þessu, annars vegar að reyna að draga úr því að ungt fólk hefji reykingar og sömuleiðis að hjálpa þeim sem reykja til þess að losa sig við það.

Ég sagði áðan að ég hefði verið í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur um nokkurra ára skeið. Þar hefur verið heilmikið fræðslustarf í gangi sem hefur beinst að grunnskólum í Reykjavík. Það starf var vel undirbyggt og vel að því staðið og ég held að það módel sé nýtanlegt um allt land og er kannski nú þegar. Skaðsemi reykinga er óumdeilanleg og það að fræða ungt fólk sérstaklega nógu snemma í grunnskólum og í framhaldsskólum skiptir miklu máli.

Börn sem alast upp á heimilum reykingamanna eru heilsuveilli en önnur börn. Þau eru veikari fyrir ýmsum sjúkdómum, fá frekar sýkingar, öndunarfærasýkingar, fá frekar astma upp úr sýkingum o.s.frv. Þetta er þekkt og menn mótmæla því ekki. Það er því til mikils að vinna.

Nú fer þetta frv. til hv. heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti og ég hlakka til að taka þátt í að vinna því framgang.

[16:28]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. kom mjög óvænt á dagskrá í dag en samt hefur verið heilmikið rætt um það og margt gott komið fram. Ég vil þakka fyrir þetta frv. sérstaklega og lýsa yfir stuðningi við allflest sem þar kemur fram.

Það hefur verið rætt að frv. bæri nokkurn keim af forræðishyggju og það er sjálfsagt rétt. En þegar um það er að ræða að berjast gegn reykingum, sem er kannski mesti skaðvaldur sem viðgengst í þjóðfélagi okkar sem við getum gert eitthvað gegn, því vitað er að það eru 370 manns á ári sem deyja af völdum reykinga hér á Íslandi, sem eru margfalt fleiri en þeir sem farast t.d. í umferðarslysum sem okkur vex stundum mikið í augum, þá held ég að ýmis meðul séu leyfileg þegar barist er gegn slíkum vágesti.

Ég verð að segja að mér hefur ofboðið undanfarið hvað reykingar hafa færst í vöxt hjá ungu fólki, a.m.k. því sem ég umgengst og fylgist með, og sérstaklega ungum stúlkum. Ekki eru liðin nema nokkur ár síðan ég sá línurit um dauðsföll hjá konum vegna reykinga hjá einum páv. þm., Kristínu Ástgeirsdóttur, sem hafði sótt ráðstefnu um reykingar kvenna í Bandaríkjunum. Línuritið sýndi hvernig slík dauðsföll hafa farið vaxandi. Mér ofbauð gjörsamlega. Hún var með alls konar línurit sem sýndu fram á og sönnuðu að reykingar væru konum í raun mun hættulegri en körlum. Þess vegna lít ég mjög alvarlegum augum þá þróun sem mér finnst vera í gangi að það sé verulega, ef má nota orðið „smart" hér á Íslandi, hjá ungum stúlkum að reykja í dag.

Ég held að það meðal sem gefast muni best í baráttunni við reykingar í bráð og lengd sé fræðslan, tóbaksvarnir gegnum fræðslu. Það gleður mig mjög að í þessu frv. er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til tóbaksvarna af því tagi. Hér er talað um að nú fari 0,9% af bruttósölu tóbaks til forvarna. Þó finnst mér öðrum þræði svolítið óhugnanlegt að það skuli vera háð sölu á tóbaki að hægt sé að halda uppi almennilegri fræðslu og forvörnum. Það er ekki alveg það sem maður óskar sér. Auðvitað sparar hver einstaklingur sem við getum fengið til að leggja reykingar á hilluna þjóðfélaginu stórfé. Því mætti kannski veita eitthvert fjármagn til tóbaksvarna með öðrum hætti.

Ég vil benda á að í nýrri námskrá framhaldsskóla og raunar grunnskóla líka, er komið inn fag sem heitir lífsleikni. Þetta fag gefur sérstakt svigrúm til að taka inn fræðslu um skaðsemi tóbaks og ég vona svo sannarlega að það svigrúm verði vel nýtt og að sálfræðingar og helstu uppeldisfræðingar verði fengnir til að finna út hvernig þessari fræðslu verður komið á framfæri þannig að hún verði sem áhrifaríkust.

Ég held að þó að við höfum verið með fræðslu og forvarnir þá höfum við kannski ekki slegið alveg hina réttu strengi, ekki náð hinum eina sanna tóni. Ég tel að undirbúninginn mætti vanda betur.

Það hefur komið fram í dag að reykingamönnum finnst að sér vegið með slíkri lagasetningu og finnst þeir vera gerðir að annars flokks þjóðfélagsþegnum. Ég kannast svo sem við þá tilfinningu. Ég er ein af þeim sem reyktu hér áður fyrr. Ég held að það verði að setja þessa fræðslu og forvarnir þannig fram að það vegi ekki að fólki persónulega.

Ég vil taka undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að það getur verið niðurlægjandi fyrir starfsmenn sem ekki treysta sér til að halda sér reyklausum allan daginn, sem mér skilst nú samt að sumir geri, að þurfa að fara út á gangstéttir, út á fjölmennar götur og standa þar hvernig sem viðrar og reykja. Mér finnst að það mætti nú alveg sýna þessu fólki þann sóma að hafa sérstök vel loftræst afdrep innan vinnustaða þangað sem fólk sem þarf að reykja getur farið og reykt ef það vill. En það er sjálfsagt að reyna að verðlauna þá einhvern veginn sem ekki gera það og líka að vinnuveitendur veiti fólki sem vill reyna að halda sér reyklausu á vinnustað lyf til að hjálpa því við að berjast við þessa fíkn.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur áður á fundinum um fanga og reykingabann í fangelsum. Ég kom einu sinni í starfi mínu sem þingmaður, og þá með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, í fangelsi og einmitt inn á þá deild þar sem menn sátu í gæsluvarðhaldi. Það umhverfi og þær gufur sem bárust til manns á þeim stað urðu nú ekki til að hvetja mig til að setja sérstakt reykingabann á fólk sem situr í gæsluvarðhaldi. Allra síst finnst mér viðeigandi að benda því á að reykja í rúmunum. Það er nú eitt það alversta sem ég get ímyndað mér, að reka fólk inn í rúm nánast til að reykja. Þó að ég hafi yfirleitt mikla andúð á reykingum, finnst mér einna verst ef fólk er að reykja í rúmunum. Betra er að það hafi vel loftræst rými sem má reykja í.

Ég las í minningargrein rétt fyrir jól minningarorð um pilt sem hafði dvalist á geðdeild og hafði verið sviptur sjálfræði vegna eiturlyfjafíknar. Á þessari geðdeild sem hann dvaldist á mátti ekki reykja. Sjúklingarnir urðu að fara út í því mjög slæma ástandi sem þeir voru til að reykja, í fylgd eins gæslumanns. Og ég verð að segja að það er mitt álit að á slíkum stöðum þurfi og eigi að sjá fyrir sérstöku afdrepi þar sem fólk getur reykt án þess að fara út á götu.

Eitt enn langar mig að taka undir sem hefur komið fram hérna á fundinum og það er varðandi nikótínlyfin. Mér er hreinlega ekki ljóst hvað veldur því að þessi lyf þurfa að vera svona dýr. Ég þekki til fólks sem af efnahagsástæðum ætlaði að hætta að reykja og ætlaði að gera það með því að nota nikótíntyggjó og nikótínplástra. Þetta fólk gafst upp að því það tjáði mér vegna þess að lyfin voru svo dýr að það gat ekki keypt þau. Það var dýrara að því er þau sögðu að vera á lyfjum en að reykja. Ég verð að segja að ég veit ekki hvað veldur því að þessi lyf þurfa að vera svona dýr, hvort það

er álagning lyfjabúða eða hvort þetta eru innflutningstollar, vegna þess að í rauninni finnst mér þetta vera afskaplega einföld lyf að allri gerð. Hugsanlega væri hægt að framleiða þau ódýrari hér á Íslandi, a.m.k. finnst mér að leita þurfi allra leiða til að gera þessi lyf ódýrari og enn þá aðgengilegri en þau eru nú.

[16:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp er aðallega 11. og 12. gr. þessa frv. og svo náttúrlega efni þess almennt.

Í fyrsta lagi vil ég taka fram að ég er mjög hlynntur því að reyna að draga úr reykingum landsmanna eins og frekast er kostur. Ég vil hins vegar að réttur þeirra sem reykja sé virtur.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að það er lítill bragur að því finnst mér og ekki til fyrirmyndar að sjá fólk reykjandi í stórhópum fyrir utan vinnstaði sína vegna þess að því sé ekki boðin nein aðstaða til þess að reykja á vinnustaðnum. Ég held að það sé ekki til þess fallið að draga úr reykingum að fullorðið fólk standi á strætum úti eða utan við viðkomandi vinnustaði til þess að sinna þessari fíkn sinni, því vissulega er þetta fíkn sem menn eiga miserfitt með að losa sig við.

Í 11. gr. segir að hver maður skuli eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitenda beri að tryggja starfsmanni þann rétt. Í athugasemdum við 12. gr. er einnig vikið að þessum ákvæðum og m.a. vitnað til þess að ekki virðist þörf á sérreglum á vinnustöðum, t.d. ekki um borð í skipum. Ég verð að segja að ég er algjörlega ósammála þessari framsetningu vegna þess að það er talsverður munur að mínu viti á vinnustaðnum flugvél og vinnustaðnum skipi. Sem betur fer dvelja a.m.k. ekki farþegar langdvölum um borð í flugvélum þó áhafnir hafi þar reyndar mjög stranga vinnuskyldu og frítímaákvæði. Vissulega er í því visst öryggisatriði líka að banna reykingar algjörlega um borð í flugvélum.

En þegar kemur að vinnustaðnum skipi gegnir að mörgu leyti öðru máli. Þess vegna vil ég eiginlega vekja athygli á því að ég tel að sérreglur þurfi um borð í skipum að einhverju leyti. Menn verði að skoða það mál. Ég tel varhugavert að halda að það sé hægt að setja þetta þannig upp að uppfylla þessi ákvæði um vinnustaði um borð í skipum.

Þetta getur m.a. orðið til þess að menn fara að freistast til að reykja í klefunum sínum þó að á flestum stærri fiskiskipum sem ég þekki til sé almennt farið fram á það við menn að þeir reyki ekki í klefunum. Svo er líka farið að finna að því ef þeir reykja í borðsalnum og ekki mega þeir reykja í vinnslurýminu og ekki í netalestinni og helst ekki í vélarúminu. Skipstjórinn vill ekki að þeir reyki uppi í brú. Þá er nú ekki margt eftir nema sameiginleg rými eins og gangar og aðrar leiðir sem menn nota til að fara um skipið. Ég held því að mjög mikil þörf sé á því að menn fari yfir þetta. Ég veit til þess að einmitt svona ákvæði um að menn megi ekki reykja um borð í skipum, ekki hér og ekki þar, hafa orðið til þess að það fyrsta sem menn gera þegar þeir koma í klefann sinn er að taka upp plastpoka og líma fyrir reykskynjarann, hylja reykskynjarann og „teipa" með, þannig að það sé nú hægt að reykja í klefanum án þess að skynjarinn fari af stað.

Þetta er náttúrlega ekki til bóta og getur hæglega komið niður á öryggi um borð í skipunum. Hins vegar verður að sjá til þess að menn hafi einhvers staðar leyfi til að reykja um borð í skipinu.

Menn dvelja oft langdvölum um borð í skipum sem eru jafnframt vinnustaður þeirra. Þess vegna held ég að það sé vanhugsað í þessu frv. að menn þurfi engar sérreglur um borð í skipum. Ég held að menn þurfi einmitt að tryggja, bæði út frá heilbrigðissjónarmiði og ekki síður út frá öryggissjónarmiði, rétt þeirra sem reykja og að fyrir slíkri aðstöðu sé séð.

Oft mega menn reykja í hluta borðsalar. Félagarnir koma þá gjarnan og setjast við hliðina á þeim til að rabba því yfirleitt er ekki um marga aðra staði að ræða. Í nýrri og stærri fiskiskipum er farið að gera ráð fyrir því að menn hafi eitthvert sérstakt reykingaafdrep en það á alls ekki almennt við í skipum íslenska flotans. Ég tel að það sem hér er sett í texta fái einfaldlega ekki staðist, að hægt sé að setja þessi lög án þess að hafa sérreglur fyrir skip.

Ég vil ljúka máli mínu á því að ítreka að reykingamenn eiga sinn rétt til að reykja þó allir viðurkenni að það sé heilbrigðisvandamál og engum til góðs. Margt sem við aðhöfumst veldur hins vegar ákveðinni mengun og sjálfsagt er að reyna að stemma stigu við því. Við verðum þó að virða rétt þeirra sem hafa þennan vana og eiga erfitt með að losa sig við hann. Mér finnst enginn bragur á að sjá fólk í hópum, reykjandi á götum fyrir utan vinnustaði sína vegna þess að það vantar afdrep þar sem fólk getur reykt í friði. Þetta held ég að menn ættu nú að athuga mjög gaumgæfilega varðandi vinnustaðina. Þó að réttur einstaklinga til að fá að vera reyklausir á vinnustöðum sé viðurkenndur þá þarf líka að setja upp aðstöðu fyrir þá sem reykja þannig að réttar hvors hóps um sig sé gætt.

[16:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá miklu og góðu umræðu sem fram hefur farið um frv. Það er nú eins og gengur og gerist, sínum augum lítur hver silfrið. Sumir telja að við göngum allt of skammt og aðrir allt of langt. Ég held hins vegar að við höfum fundið þennan gullna meðalveg, eitthvað sem við ráðum við. Við ráðum ekki við að fara öllu lengra í bili. Við höfum tekið þetta í nokkrum skrefum sem hafa verið til góðs. Aðgerðir okkar hafa orðið til þess að reykingar hafa minnkað í yngstu aldurshópunum og skiptir einna mestu máli.

Mér þótti allra verst þegar talað var um að reykingafólk væri annars flokks fólk. Svo er náttúrlega alls ekki. Auðvitað eru til ýmsar fíknir aðrar en reykingafíkn. Þetta hefur ekkert með það að gera að líta niður á reykingafólk á nokkurn einasta hátt. Við erum að reyna að auka forvarnirnar. Það kemur fram í könnun sem gerð var meðal reykingafólks að langstærsti hluti þess, eða 87%, á þá ósk heitasta að hætta. Það segir okkur að við eigum auðvitað að gera það sem í okkar valdi stendur til að hjálpa því til þess.

Í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og fleiri þingmanna kom fram að þeir vilja gjarnan hafa meiri tíma til að búa sig undir málið sem hér er á dagskrá. Sú sem hér stendur átti reyndar von á að ræða um annað mál en tóbaksvarnir og ég get nú svo sem tekið undir það. Það er kannski farið að fjúka í nokkur spor hjá mér varðandi frv. þar sem nokkuð langt er síðan við afgreiddum það í ráðuneytinu. En við lögðum alveg geysilega vinnu í það og ég tel frv. mjög vandað. Það komu mjög margir að því og ég held að við séum búin að snikka af því flesta annmarka þannig að fólk geti verið nokkuð sátt við það.

Hér var spurt að því áðan hvernig eftirliti verði háttað með því að börnum, yngri en 18 ára, verði ekki selt tóbak. Heilbrigðisnefndir og eftirlit í hverju sveitarfélagi eiga að sjá um það og leyfisgjöldin sem gert er ráð fyrir að tekin verði af þeim sem selja tóbak verða nýtt til þessa eftirlits.

Hér var mikið rætt um munntóbak og fínkornótt tóbak. Ég held að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafi verið að spyrja um skroið því hún sagði að hún tæki eftir því að margt ungra manna væri með fullan munninn. Það hlýtur að vera skroið því að fínkornótta tóbakið er það smátt í sniðum að það getur varla myndað mikinn gúl. Við erum ekki að banna skro en við höfum aftur á móti bannað fínkornótt tóbak. Hún spurði líka hvernig eftirliti væri háttað með því að það bærist ekki til landsins. Það er náttúrlega eins og með annað eftirlit með smygli.

Menn höfðu áhyggjur af því að sjúklingar fengju ekki að reykja inni á sjúkrahúsum. Á sjúkrahúsum verður fundinn staður fyrir langlegusjúklinga til að reykja. Það er háð því að þar séu vel reykræstir staðir þar sem auðvelt er að hreinsa andrúmsloftið. Fólkið verður ekki sett í einhverjar kompur og þannig þarf að huga heilmikið að þeim málum.

Hér hefur líka verið rætt um fangelsi í þessu samhengi. Það kom fram í framsöguræðu minni áðan að samkvæmt fangelsisyfirvöldum eða leiðbeiningum frá þeim höfum við farið gjörsamlega að þeirra ráðum. Ég tel mikilvægt fyrir heilbr.- og trn. að fá þá á sinn fund og fara yfir málið með þeim.

Í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar kom fram að honum fyndist allt of langt gengið með þessu frv. og við værum bókstaflega að reka reykingafólk út á götuna o.s.frv. Hann spurði að því hvort það mætti virkilega hvergi reykja á vinnustöðum. Samkvæmt núgildandi lögum áttu yfirmenn stofnana að vera búnir, í samráði við starfsmenn sína, að móta reglur um reykingar á vinnustöðum. Það er þannig oft á tíðum háð samstarfi við yfirmenn. Aðalmálið er hins vegar að þar sem opinber þjónusta er veitt, þar er bannað að reykja. Það er meginlínan.

Hér hefur mikið verið rætt um nikótínlyf og hvað þau eru dýr. Það er alveg hárrétt að þau eru alveg ótrúlega dýr. Mér er sagt af fróðum mönnum að sú regla sé höfð hjá framleiðendum að þetta sé alltaf svipað verð og á sígarettupakka. Hvort sem það er rétt eða ekki rétt þá er það nú nokkuð grunsamlegt að nikótínlyfin eru alltaf á svipuðu verði og sígaretturnar í viðkomandi landi. Það segir nokkra sögu. Hins vegar er alltaf ódýrara að taka inn nikótínlyf en að reykja, það er alveg ljóst. Við höfum ekki farið út í að niðurgreiða þessi lyf. Það er mjög erfitt að fara út í það. Aðrar þjóðir hafa ekki gert það. Ég veit ekki hvort það væri rétt að nota þá fjármuni sem við höfum, kannski 50–60 milljónir til tóbaksvarna, til að greiða niður þessi lyf. Ég held að þetta sé svo mikil ákvörðun hvers og eins að hætta að reykja að ég veit ekki hvort það eru rétt skilaboð að ætla að fara að greiða þetta mjög mikið niður. Aftur á móti höfum við greitt niður námskeið í stórum stíl og jafnvel meðferðarúrræði. Ég tel það vera af hinu rétta. Ég tel að það sé ekki forgangsmál hjá okkur að greiða niður nikótínlyf og við þurfum að fara afar varlega í því, einmitt vegna þess sem ég sagði áðan. Það er tilhneiging til að hafa forvarnalyfin á sama verði og tóbakið. Það segir okkur að ef hið opinbera ætlaði að niðurgreiða lyfin þá mundu þau hækka allverulega. Það er það sem við höfum óttast og það er það sem aðrar þjóðir hjá WHO hafa líka óttast og þess vegna er ekki algengt að þjóðir hafi farið út í þetta. Ég veit reyndar ekki um neina þjóð sem hefur farið út í það.

Ég tel að þessi umræða hafi verið mjög góð. Hér var bryddað upp á mjög mörgum hlutum og sitt sýndist hverjum. En almennt vilja menn fara þær leiðir sem eru í frv. Ég er viss um að það má sníða af þessu ýmsa annmarka í heilbr.- og trn., ef þeir eru til staðar. Þessi umræða verður nú ekki síðasta tóbaksvarnaumræðan. Ég þakka fyrir það sem fram hefur komið hér og langar að segja eitt að lokum.

Hér var einmitt rætt um tóbaksneyslu í skipum. Ég veit að það er visst vandamál. Um borð í skipi er það svæði sem sjómenn hafa yfir að ráða náttúrlega afskaplega þröngt. Samt sem áður hef ég heyrt það frá þeim sem ekki reykja að þeim finnst mökkurinn alveg þrúgandi, t.d. á frystiskipunum þar sem algjörlega er opið að reykja. Þess vegna höfum við verið að bjóða upp á sérstaka meðferð fyrir sjómenn um leið og landlæknisembættið hefur verið að bjóða upp á líkamsæfingar og fróðleik um mataræði vegna þess, eins og ég segi, að það er mjög mikil einangrun fyrir menn að vera lengi til sjós sérstaklega á þessum stóru skipum sem eru farin að vera mjög lengi úti eins og raun ber vitni, allt upp í sex vikur. Þess vegna þurfum við sérstaklega að líta til fiskiskipaflotans og áhafna þeirra skipa varðandi forvarnamál og gefa þeim líka möguleika ekkert síður en þeim sem eru í landi.

[16:58]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil nefna, þ.e. um að skylda dvalarheimili fyrir aldraða til þess að hafa rými fyrir þá sem reykja og hafa það vel loftræst og setja inn sams konar ákvæði og eru gagnvart veitinga- og skemmtistöðum, þ.e. að tryggja skal fullnægjandi loftræstingu.

Og síðan, virðulegi forseti, bið ég hæstv. ráðherra að velta því fyrir sér hvort þau ráð sem Fangelsismálastofnun eða yfirmenn fangelsismála hafa gefið hæstv. ráðherra um það að leyfa einungis reykingar í svefnrými eða í litlum klefum í fangelsinu, geti átt rætur sínar að rekja til þess að það mun auðvitað hafa í för með sér kostnað að koma upp góðu vel loftræstu rými fyrir þá sem reykja. Það er auðvitað mun skynsamlegri ráðstöfun til lengri tíma litið því að hitt mun aldrei ganga og frekar auka á vandann að leyfa einungis reykingar á svefnstað eða í litlum klefum. Eðlilegra væri að einungis væru leyfðar reykingar í einu vel loftræstu rými í fangelsunum og undanþága væri við óbreytt ástand þangað til því hefði verið komið í verk því að það er nú kannski þannig að mönnum vex þessi kostnaður í augum heldur en hitt að þetta sé óframkvæmanlegt.

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá finnst mér að heilbr.- og trn. eigi einmitt að athuga þessa tvo þætti með fangelsisyfirvöldum.

Varðandi dvalarheimilin er það þannig að þetta eru heimili fólks. Ef þeir sem þar búa og þeir sem þar stjórna taka ákvörðun um að hafa eitthvert rými fyrir fólk sem vill reykja þá geta þeir það samkvæmt þessu. Við lítum á þetta sem heimili. Við setjum ekki neinar sérstakar strangar kröfur um heimili fólks.

Ég vil segja um fangelsin að mjög mikilvægt er að þessi umræða fari fram í heilbr.- og trn. af því ég tel að um sé að ræða fleiri atriði, ekki bara kostnaðinn við að koma upp

þessum rýmum í fangelsunum. Það stendur ekki í mönnum, alls ekki. Ég tel að það sé eitthvað annað varðandi þá gæsluna sjálfa sem ég ætla ekki að fara nánar út í því ég þekki það ekki nógu vel. En mér finnst nauðsynlegt að farið sé yfir það í nefndarstarfinu.

[17:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti og hæstv. ráðherra. Það er annað atriði sem þarf að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun varðandi fangelsin og það er að þrátt fyrir að allar reglur um heimsóknir til fanga hafi verið hertar þá koma aðstandendur og dvelja með þeim klukkutímum saman í sérstökum heimsóknarherbergjum. Þetta allt saman þarf að hafa í huga þegar ákvörðun er tekin í sambandi við fangelsin.

En ég hef gjarnan litið svo á, virðulegi forseti, að dvalarheimili aldraða séu heimili þeirra. Hver aldraður greiðir eða greiddar eru með honum háar upphæðir til dvalarheimila. Engu að síður hefur sú ákvörðun oft verið tekin að leyfa ekki reykingar, hvorki á herbergjum né göngum, en vera með lélegar vistarverur fyrir þá sem reykja. Ég tel að það sé ekki rétt og þess vegna hefði ég viljað sjá hrein og klár skilyrði þess efnis að á dvalarheimilum skuli vera vel loftræst rými fyrir þá sem reykja og það sé nokkuð sem þeir sem reka dvalarheimilin skuli sjá um. Þrátt fyrir að þetta séu heimili viðkomandi einstaklinga þá gilda þar allt aðrar reglur en einstaklingarnir hafa vanist á heimilum sínum, eðlilega, þar sem þeir eru oft í sambýli við aðra. Það er einungis í þeirra eigin íbúðum á dvalarheimilum sem þeir geta hugsanlega leyft sér að reykja, en ekki þar sem um er að ræða herbergi á dvalarheimilum, þar sem ekki er boðið upp á sérstakar íbúðir.

En ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þetta og eins heilbr.- og trn. Ég verð að segja að ég hef saknað þess að ekki skuli vera fleiri úr heilbr.- og trn. viðstaddir til að ræða þetta mál eða fylgjast með umræðunni sem á sér stað og taka niður þær ábendingar sem fram hafa komið.

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með nútímatækni geta allir nefndarmenn í heilbr.- og trn. fylgst með umræðunni án þess að sitja í salnum og ég býst við að flestir séu að fylgjast með henni vegna þess að þetta er umræða sem heilbrigðis- og tryggingarnefndarmenn hafa almennt sýnt mikinn áhuga.

Ég hef ekki neinu að bæta við það sem áður hefur komið fram því ég tel að málið sé hér með komið í hendur heilbr.- og trn. og um leið og því er vísað þangað er hægt að taka fyrir þau atriði sem hér hafa verið rædd sérstaklega og gerðar athugasemdir við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–12. mál.

Fundi slitið kl. 17:05.

58. FUNDUR

þriðjudaginn 16. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku, fsp. ÞKG, 352. mál, þskj. 519.

Til dómsmálaráðherra:

2. Framlög til lögregluumdæmis Árnessýslu, fsp. MF, 372. mál, þskj. 589.

3. Einbreiðar brýr, fsp. KF, 374. mál, þskj. 591.

4. Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna, fsp. ÁMöl, 378. mál, þskj. 608.

Til samgönguráðherra:

5. Framkvæmdir tengdar Reykjanesbraut, fsp. KolH og SJS, 373. mál, þskj. 590.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að um kl. 2.30 í dag, að afloknum atkvæðagreiðslum í upphafi síðari fundar, fer fram umræða utan dagskrár um neytendavernd og innflutning á írskum nautalundum. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson verður til andsvara. Samkomulag liggur fyrir milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Háskóla Íslands, 380. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 630.

Húsnæðismál ráðuneyta, 259. mál, svar fjmrh., þskj. 626.

Kostnaður við hafrannsóknarskip, 229. mál, svar sjútvrh., þskj. 628.

Niðurgreiðsla á húshitun með olíu, 383. mál, fsp. SvanJ, þskj. 633.

Notkun úranhúðaðra sprengiodda í loftárásum NATO á Júgóslavíu, 386. mál, fsp. SJS, þskj. 636.

Starfsmenn við íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarf, 384. mál, fsp. GÖ, þskj. 634.

Söfnunarkassar, 381. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 631.

Tekjur og gjöld ríkisins af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, 385. mál, fsp. GÖ, þskj. 635.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, 382. mál, þáltill. HjálmJ o.fl., þskj. 632.

Endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku.

Fsp. ÞKG, 352. mál. — Þskj. 519.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar er sú að innan tíðar munu Færeyingar fá til baka allar sínar fornminjar sem verið hafa á danskri grundu. Á 19. öld var hluti þessara fornminja fluttur á danska þjóðminjasafnið þar sem ekki var hægt að geyma þær á sínum tíma í Færeyjum vegna skorts á

viðunandi rými. Nú hafa Færeyingar eignast sitt safnahús þar sem unnt er að varðveita munina. Líklegt er að endurgerð og mjög fullkomin húsakynni Þjóðminjasafnsins íslenska verði tekin í notkun innan skamms. Það verður þá á sómasamlegan hátt hægt að geyma og taka við íslenskum fornminjum og sýna þá menningar- og söguþyrstum Íslendingum en ekki síður útlendingum.

Við vitum öll að það er mikilvægt hverri þjóð að geta tengst sögu og menningu fyrri tíma á einn eða annan hátt svo hún geti stolt og keik tekist á bæði við nútíð og framtíð. Ómetanleg eru handritin okkar og Íslendingasögurnar. Minna hefur hins vegar verið um hluti sem varðveist hafa, enda aðstæðurnar oft erfiðar í þessu harðbýla landi. Þeir eru þó nokkrir en margir þeirra dýrgripa eru nú á danskri grundu og hafa verið þar nokkuð lengi.

Þegar skrifað var undir sáttmálann við Dani um afhendingu handritanna árið 1965 var eitt ákvæði, þ.e. 6. gr., sem sneri að öðrum þjóðminjum í Danaveldi. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samningsaðiljar eru sammála um það, að með þeirri skipan, sem hér er gerð," — sem tilgreind er í 1. gr. — „sé viðurkennt, að fullkomlega og endanlega sé útkljáð um allar óskir af íslenzkri hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenzkra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru."

Þetta ákvæði er erfitt að sætta sig við í dag en það er að mörgu leyti skiljanlegt, enda barn síns tíma ef svo má segja. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og viðhorf manna um rétt þjóða til eigin þjóðminja á erlendri grundu breyst mikið. Það er vel sjáanlegt í flutningi forngripa frá Danmörku bæði til Grænlands og Færeyja.

Einnig mæta t.d. fyrrum nýlenduþjóðir Englendinga, Frakka og Hollendinga nú frekari skilningi en áður við að heimta til baka fornminjar. Ég veit að hæstv. menntmrh. svaraði hv. þm. Jóni Bjarnasyni svipaðri fyrirspurn fyrir um tveimur árum og þar sagði hæstv. menntmrh., í rauninni skiljanlega líka, með leyfi forseta:

„Þetta eru þeir samningar sem við höfum gert [þ.e. sáttmálinn] við Dani um þessi mál og ég er bundinn af þeim eins og aðrir sem starfa undir þessum samningum."

Engu að síður, herra forseti, tel ég fullt tilefni til að taka upp viðræður að nýju við okkar ágætu vini Dani um að skila okkur fornmunum sem skipta þjóðarvitund okkar miklu. Hér er um að ræða muni eins og Grundarstólinn svokallaða, postulaklæði, biskupsmítur frá Skálholti o.fl. Fyrir okkur Íslendinga skipta þessir munir miklu máli en Dani minna sem sést best á því að þessir munir hafa sárasjaldan verið til sýnis síðustu áratugina í danska þjóðminjasafninu.

Hver sem ástæðan var, herra forseti, fyrir afsalskröfu okkar Íslendinga til íslenskra fornmuna í Danmörku tel ég ástæðu til þess í ljósi breyttra viðhorfa og aðstæðna að taka þetta mál upp að nýju og ég efa það ekki að til þess hefur hæstv. menntmrh. stuðning hins háa Alþingis.

[13:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli og er nauðsynlegt að skýra það eins og raunar hefur verið gert áður í þessum sal.

Hv. þm. las úr 6. gr. sáttmála Danmerkur og Íslands frá 1965 um lausn handritamálsins en sleppti einni mikilvægri setningu, herra forseti, en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því skal að hálfu íslenzka ríkisins eigi unnt í framtíðinni að hefja né styðja kröfur eða óskir um afhendingu slíkra minja úr dönskum skjalasöfnum eða söfnum, opinberum jafnt sem í einkaeign."

Ekki var aðeins lýst yfir að með þessari samþykkt eða sáttmála frá 1965 væri viðurkennt að fullkomlega og endanlega væri útkljáð um allar óskir af Íslands hálfu, heldur var einnig samið um að Íslendingar mundu ekki leggja drög að slíkum kröfum. Hér er því um mun viðameira mál að ræða en það að menn ræði um einstakar minjar í dönskum söfnum. Nauðsynlegt er að hafa í huga að sá gjörningur Dana á sínum tíma að ákveða að afhenda Íslendingum handritin er einstæður í menningarsögu heimsins og það má segja að engin þjóð hafi með slíkum hætti staðið að því að afhenda annarri þjóð menningarminjar eins og Danir gerðu með samningnum um handritamálið. Þess vegna eigum við Íslendingar einnig að virða þau ákvæði sáttmálans og ekki að leggja okkur fram um að rifta þeim nema rík ástæða sé til.

Þetta mál hefur verið reifað oftar en einu sinni, bæði hér í þingsalnum og einnig í blöðum. Þegar menn átta sig á því afdráttarlausa orðalagi í sáttmálanum sem bæði Danir og Íslendingar undirrituðu 1965, þá staldra þeir jafnan við og segja sem svo: Hvaða ríku ástæður eru það nú sem krefjast þess af okkur að við förum að taka upp jafnafdráttarlaus ákvæði og hér er um að ræða?

Aðstæður hafa ekki aðeins breyst á þann veg að þjóðum sé betur ljóst en áður að menningarminjar einstakra þjóða eru dreifðar víða um heiminn, heldur hafa aðstæður einnig breyst á þann veg að miklu auðveldara er en áður var að fá muni til láns úr söfnum hvar sem er og mynda nýjar sýningar eins og t.d. tókst í Bandaríkjunum með því að Norðurlöndin stóðu að víkingasýningunni sem þar fer nú um og verður á ferðalagi þar næstu árin. Ef ekki hefðu verið uppi breytt viðhorf varðandi safnastarfsemi hefði aldrei verið hægt að setja þá sýningu saman. Og þegar leitað hefur verið eftir því við þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn að fá að láni gripi frá Íslandi til sýninga eða rannsókna hingað til lands, hefur ævinlega verið leitast við að verða við því. Síðasta dæmið þar um er þegar stóllinn frá Grund og helgiskrínið frá Keldum voru lánuð á sýninguna Kirkja og kirkjuskrúð, miðaldakirkjan í Noregi og á Íslandi, samstæður og andstæður. Samvinna við þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn hefur ævinlega verið með miklum ágætum.

Ég held að menn verði líka að hafa þetta í huga þegar þeir ræða um stöðu þessara mála og velta fyrir sér hvort einstakar þjóðir geti notið þeirra þjóðardýrgripa sem þær eiga í öðrum löndum og söfnum annarra landa.

Hér var vísað til þess sem hefur verið að gerast í samskiptum Dana við Grænlendinga og Færeyinga varðandi minjar frá þeim löndum í Kaupmannahöfn. Það er rétt að Danir hafa samþykkt að ýmsir merkir gripir verði fluttir til Færeyja, enda hafa aðstæður skapast þar til að vernda þá og varðveita með viðunandi hætti. Sömu sögu er að segja um muni sem á að flytja frá Danmörku til Grænlands. Þar vísa menn að sjálfsögðu m.a. til þess gjörnings þegar Danir ákváðu að afhenda okkur handritin. Ég veit ekki til þess að nokkrir samningar séu til á milli Dana og Færeyinga eða Dana og Grænlendinga sem eru sambærilegir við sáttmálann sem Danir og Íslendingar gerðu árið 1965 um lausn handritamálsins en það er sá sáttmáli sem við verðum að hafa í huga þegar við hugum að þessum atriðum gagnvart Dönum. Mér finnst því að við þurfum að hafa mjög ríkar ástæður til þess að leggja út í það að hefja eða styðja kröfur eða óskir um afhendingu slíkra minja þegar við höfum lýst því yfir í

sáttmálanum að það sé ekki unnt fyrir okkur að gera það.

[13:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. fyrirspyrjanda. Fyrir einu og hálfu ári var ég með hliðstæða fyrirspurn sem tók til aðeins fleiri þátta.

Ég vil taka undir þá ósk fyrirspyrjandans að með vilja beggja aðila má taka málið upp án þess að að því sé farið með neinum óvirðulegum hætti eða fautaskap og mér finnst full ástæða til að leita óformlega leiða til þess.

Ég vil líka vekja athygli á safni í Stokkhólmi, Nordisk Museum, sem var stofnað um 1880 og var ætlast til að það væri einhvers konar alhliða norrænt safn. Þangað fór fjöldi muna héðan frá Íslandi en nú hafa hin Norðurlöndin verið að kalla til sín þá muni sem fóru einmitt á þetta safn. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Hefur hann gert eitthvað í því eða hefur eitthvað verið gert í því að kanna íslenska muni þar og fá þá afhenta hingað?

Sömuleiðis er safn í Hamborg, svokallað Kuhn-safn, sem er með fjölda muna frá Vestfjörðum sem hefði líka verið áhugavert að fá.

Herra forseti. Kaleikur Jóns Arasonar í Hóladómkirkju var tekinn ófrjálsri hendi 1550 og væri gaman að fá hann til baka.

[13:43]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur fyrir að vekja máls á þessu. Ég vil einnig taka undir það sem hæstv. menntmrh. hefur sagt að okkur ber að fara af mikilli gát í þessu máli og við erum bundnir ákveðnum skuldbindingum í sambandi við málið.

Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að samningsstaða okkar á þeim tíma var þröng. Við vildum ná hingað til landsins okkar mestu þjóðardýrgripum og vorum þar af leiðandi tilbúnir til þess að ganga nokkuð langt. Viðhorf til þessara mála hafa breyst og þau hafa breyst nokkuð hratt undanfarna áratugi, ekki síst í ljósi þess hvað gerðist á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari í sambandi við listmuni og þjóðardýrgripi. Ég held því að mikilvægt sé að við leitum leiða til að ræða þessi mál við Dani. Ég tel fullvíst í ljósi þess að Danir eru miklir vinir Íslendinga og þeir stóðu að þessum málum á sínum tíma með sóma, að við gætum fundið leið til þess að orða málið við þá eða kanna hvort einhverjir fletir séu á málinu sem hægt sé að ná sátt við þá um.

[13:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það var sérstakt drengskaparbragð af Dönum þegar þeir skiluðu okkur aftur handritunum og raunar í alþjóðlegu samhengi einstakur atburður. Ég gerði mér samt ekki grein fyrir því að það hefðu fylgt svo strangir skilmálar hvað varðaði kröfur um aðra hluti.

Ég hef lagt leið mína í danska þjóðminjasafnið til að skoða ýmsa hluti sem ég vissi að þar væru geymdir en þá voru þeir ekki til sýnis, þannig að ég hef efast um að þetta væri Dönum svona mikið mál. Mér dettur í hug, fyrst við megum ekki lyfta þessari kröfu, hvort möguleiki væri að fá danska stjórnmálamenn, sem ég veit að eru margir okkur mjög hliðhollir, til að lyfta henni.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu. Það er ljóst að þjóðina þyrstir í enn frekari tengsl við söguna og arfleifðina og því er mikilvægt að huga vel að þessu og slökkva þennan þorsta að mínu mati. Ég held líka að við eigum að fara að taka tillit til þess m.a. að ferðamannaiðnaðurinn er sívaxandi atvinnugrein og það er gott að auka fjölbreytni fyrir þá ferðamenn sem hingað leggja leið sína.

Það er alveg hárrétt sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. áðan að skilmálarnir í sáttmálanum eru afar skýrir og í rauninni okkur óhagstæðir til þess að endurheimta þessa merku dýrgripi. Engu að síður er líka rétt að þetta mál, þ.e. endurheimt þessara fornminja, verði reifað, ekki bara hér á þinginu heldur í dagblöðum og á fleiri stöðum. Það er því ekki að ástæðulausu að ég tek þetta mál hér upp því að ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til að taka þetta mál upp, reifa þetta óformlega eða á þann hátt sem þjónar málinu best og þeim miklu hagsmunum sem því fylgja.

Ég tel að mjög viðeigandi væri að opna Þjóðminjasafnið eftir miklar og virkar endurbætur með glæsibrag einmitt á sýningu á þessum íslensku munum sem hafa verið geymdir á danskri grund fram til þessa. Ég held að það væri mjög viðeigandi og hvet því hæstv. ráðherra til þess að taka þetta upp á einn eða annan hátt.

[13:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt að Þjóðminjasafnið verður opnað vonandi með glæsibrag innan fárra ára og við endurnýjaðar aðstæður og sjálfsagt að huga að því í tilefni af þeirri athöfn að fá sem flesta muni sem Íslendingar hafa ekki alltaf fyrir augunum til sýninga í safninu. Ég vek athygli á því að við snerum okkur til Þjóðminjasafnsins í tilefni af þessari fyrirspurn og þar kom fram að Þjóðminjasafnið hefði ekki nein áform um að endurheimta íslenska gripi frá Danmörku. En að sjálfsögðu hlýtur það mál eins og annað að vera alltaf til skoðunar. Hér var vitnað til blaðagreina og það voru líklega greinar sem Guðmundur Magnússon sagnfræðingur, sem nú er forstöðumaður Þjóðminjasafnsins, ritaði í Lesbók Morgunblaðsins 23. mars 1996. Síðan birti hann aðra grein 30. mars 1996 þar sem fram kom að hann hafði ekki gert sér grein fyrir því þegar hann ritaði grein sína hve afdráttarlaus 6. gr. sáttmála Danmerkur og Íslands frá 1965 er. Menn virðast því ekki almennt gera sér grein fyrir því hve afdráttarlaus þessi grein er og hve mikilvægt er að umgangast hana af fullri virðingu með hliðsjón af sögu handritamálsins þannig að menn geta ekki talað um þetta eins og léttvægt mál bæði út frá sögulegum sjónarhóli okkar, lögfræðilegum sjónarhóli og samskiptum okkar við Dani.

Ég mun því nálgast málið á þeim forsendum með fullri virðingu fyrir þeim sáttmála sem við gerðum 1965 og hvernig Danir stóðu að málum þá og einnig með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á viðhorfum manna að þessu leyti og síðast en ekki síst með hliðsjón af því að við erum að skapa Þjóðminjasafni Íslands algjörlega nýjar starfsaðstæður þegar það verður endurnýjað nú á næstu árum.

Niðurstaða málsins ræðst að sjálfsögðu af því hvort samkomulag tekst við Dani um eitthvað í þessu efni og hvort unnt sé að vinna þannig að þessum málum að við brjótum ekki gegn neinu sem við höfum áður samþykkt.

Framlög til lögregluumdæmis Árnessýslu.

Fsp. MF, 372. mál. — Þskj. 589.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á hverju ári eru ákvarðaðar fjárveitingar til lögregluembætta í landinu. Um langan tíma var það viðurkennt að alltaf gæti komið til einhverrar framúrkeyrslu embættanna vegna ófyrirséðra erfiðra mála.

Fjárveitingar til reksturs sýslumannsembættis og lögreglu í Árnessýslu hafa á undanförnum árum verið naumar samanborið við önnur sambærileg embætti og í engu samræmi við umfang starfsins sem þar er innt af hendi. Fólksfjölgun hefur orðið á svæðinu bæði hvað varðar fasta búsetu og svokallaða dulda búsetu en það er fólk sem dvelur í sumarbústöðum á svæðinu nánast hverja helgi allan ársins hring, en ætla má að íbúum á Suðurlandi fjölgi um tíu þúsund flestar helgar ársins.

Bifreiðaeign og umferð á svæðinu hefur aukist og eðli og umfang afbrota breyst eins og annars staðar á landinu samfara aukinni fíkniefnaneyslu. Þetta hefur í för með sér að stöðugt eru gerðar meiri kröfur til starfa lögreglunnar. Bæjarstjórnir Hveragerðis og Þorlákshafnar hafa ítrekað farið fram á aukna viðveru lögreglu á þessum stóru svæðum og það sama gildir um aðra þéttbýliskjarna á svæðinu. Þá er lögreglunni einnig gert að sinna þeim mikla fjölda sem er í sumarbústaðabyggðum án þess að tekið hafi verið tillit til þess hvað varðar fjárveitingar. Að auki hefur lögreglan með sóma séð um sjúkraflutninga í umdæminu.

Nýlega fékk lögreglan í Árnessýslu lykla að fínu húsnæði í Þorlákshöfn ásamt, að ég held, 500 þús. kr. til að reka húsnæðið, borga leigu, rafmagn, hita og þess háttar. Þetta er jákvætt en ég sé ekki hvernig lögreglan á að geta sinnt störfum þarna því að allan húsbúnað vantar. En það sem verra er, það vantar líka mannskap.

Þrátt fyrir mikla þörf og aukið álag hefur frá 1994 aðeins verið veitt eitt nýtt stöðugildi til lögreglunnar í Árnessýslu, þ.e. ein staða fíkniefnalögreglu. Lögreglumönnum sem ganga vaktir hefur hins vegar fækkað um fjóra á þremur árum.

1. nóv. 1997 voru 20 vaktavinnumenn á fjórskiptum vöktum, allir höfðu lokið Lögregluskólanum. 1. nóv. 2000 eru 16 vaktavinnumenn og þar af sex án menntunar. Það segir sig sjálft að þessi fækkun á vöktum hefur haft í för með sér verulega skerta möguleika lögreglunnar í Árnessýslu til að sinna þeirri þjónustu sem henni ber. Og nú er henni gert að mæta 32 millj. kr. halla sem safnast hefur upp á undanförnum árum, m.a. vegna veikinda. Það er alveg ljóst að það er embættinu algjörlega óframkvæmanlegt nema til komi enn frekari skerðing á þjónustu og t.d. fækkun stöðugilda. Það er útilokað fyrir lögregluna, sýslumannsembættið og íbúa á þessu svæði að fallast á slíkar aðgerðir.

Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

„Hvernig er lögregluumdæminu í Árnessýslu á næstu 3–4 árum ætlað að mæta 32 millj. kr. halla sem safnast hefur upp undanfarin ár? Mun það skerða þjónustu lögreglunnar í umdæminu og þá á hvern hátt?“

[13:53]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það er rétt að embætti sýslumannsins á Selfossi hefur átt við rekstrarerfiðleika að stríða undanfarin ár og hefur safnað upp miklum rekstrarhalla sem nemur nú tæplega 46 millj. kr. Um ástæður þessa er ekki hægt að finna einhlít svör en þó má segja að kostnaður við löggæsluna vegur þungt. Hluta þessa kostnaðar má rekja til mikils veikindakostnaðar lögreglumanna frá fyrri árum sem ekki fékkst bættur. Einnig er það staðreynd að meðalaldur lögreglumanna í liðinu er óvenju hár en það þýðir að þeir eru undanþegnir almennri vaktgöngu eins og yngri lögreglumenn. Þetta kallar á kostnaðarsama aukavinnu yngri lögreglumanna og hefur haft einhver áhrif á það að auka halla embættisins.

Ég vil taka það fram að dómsmrn. hefur lagt sitt af mörkum með því að gera ítarlegar tillögur um að lækka eftirlaunaaldur lögreglumanna einmitt til þess að komast megi hjá vandamálum sem skapast við þessar aðstæður. Þessar tillögur hafa þó ekki fengið hljómgrunn, m.a. með hliðsjón af áhrifum á aðrar starfsstéttir en þess má geta að eftirlaunaaldur lögreglumanna á Íslandi er sá hæsti á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað.

Ég vil líka taka það fram að almennt séð er fjöldi lögreglumanna í löggæsluumdæminu í góðu samræmi við embætti af sambærilegri stærð. Við embættið starfa nú 27 lögreglumenn í umdæminu en hafa ber í huga að lögreglan hefur undanfarin ár einnig sinnt sjúkraflutningum samkvæmt sérstökum samningi við sveitarfélagið. Í reynd er stærð lögregluliðsins hagstæð miðað við fjölda íbúa í umdæminu.

Miðað við þann 1. janúar árið 2000 eru 460 íbúar um hvern lögreglumann og þetta eru færri íbúar um hvern lögreglumann en í mörgum öðrum stórum löggæsluumdæmum úti á landi þar sem talan fer upp í allt að 800 íbúa um hvern lögreglumann. Þó ber að hafa í huga að sérstakir álagstímar í löggæslunni tengjast að einhverju leyti fjölmennari sumarhúsabyggð í umdæminu þar sem fólki fjölgar verulega þótt skráð íbúatala standi í stað.

Dómsmrn. hefur ekki aðra valkosti en að fylgja fjárlögum sem samþykkt eru á Alþingi og að leggja fyrir undirstofnanir sínar að gera það sama. Ráðuneytinu ber einnig að leita leiða til þess að draga úr halla þeirra stofnana sem eru með meira en 4% halla í árslok. Er þá miðað við þá prósentutölu sem tilgreind er í verklagsreglum fjmrn. um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórn ríkisstofnana í A-hluta. Aðallega er um að ræða sýslumannsembætti og er embættið á Selfossi eitt af þeim.

Fundað var með sýslumönnum á vormánuðum og fyrir þá lagt að grípa til sparnaðaraðgerða í þeim tilgangi að draga úr rekstrargjöldum á tveimur til fimm árum. Ráðuneytið hefur síðan verið í stöðugu sambandi við öll þessi embætti og óskaði greinargerða um stöðu mála nú í haust. Það er gert ráð fyrir því að fara yfir stöðuna aftur þegar niðurstaða ársins 2000 liggur endanlega fyrir á næstu vikum. Ráðuneytið hefur einnig óskað eftir því við embætti ríkislögreglustjóra að skoða fyrirkomulag löggæslu á þessum embættum með það í huga hvort unnt sé að breyta vaktskipulagi og/eða gera aðrar breytingar sem geta leitt til skilvirkari og kostnaðarminni löggæslu.

Halli sýslumannsembættisins á Selfossi var 31,9 millj. kr. í árslok 1999 eins og áður segir eða sem nemur 18,5%. Bráðabirgðaniðurstaða gefur til kynna að hallinn sé u.þ.b. 46 millj. kr. í lok ársins 2000.

Eins og áður hefur verið rakið á vandi embættisins sér margar orsakir. Ein af þeim er m.a. hár meðalaldur lögregluliðsins og mikill veikindakostnaður. Það er ljóst að ekki verður unnt að vinna á halla af þessari stærðargráðu nema

með sérstöku aðhaldi í rekstri og sýslumaðurinn á Selfossi hefur lagt fram margvíslegar tillögur um aðgerðir og ráðuneytið hefur fallist á þær. Ég mun rekja þær frekar í seinna svari þar sem ég sé að tíminn er að renna út. En með þessari endurskipulagningu í rekstri embættisins þá er það von okkar að unnt verði að vinna á þeim gríðarlega rekstrarvanda sem blasir við embættinu.

[13:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir að vekja máls á þessu máli sem er vissulega alvarlegt. Ég þakka einnig dómsmrh. fyrir hennar svör. Það er viðvarandi halli á rekstri lögregluembættisins í Árnessýslu og það bitnar á þjónustu á svæðinu. Það finnum við þegar við ferðumst um þetta svæði að mjög mikið er kvartað um að meiri löggæslu vanti, sérstaklega í þéttbýliskjarna svæðisins. Ég veit líka til þess að ungir lögreglumenn sem hafa t.d. verið í víkingasveitinni hér í Reykjavík, hafa farið frá Selfossi og komið hingað, mjög vaskir ungir menn, vegna þess að ekki hefur tekist að skapa þeim aðstöðu sem víkingasveitarmönnum þar. Það er mjög brýnt að horfa til þess hve svæðið liggur nálægt Reykjavík og við þurfum að kappkosta að halda í unga menn sem eru að mennta sig til lögreglustarfa, t.d. í Árnessýslu.

Sérstök álagssvæði eru á Suðurlandi, álagspunktar, samanber sumarbústaðina eins og komið hefur fram og einnig, það sem ekki hefur verið nefnt, að þegar erlendir þjóðhöfðingjar koma á Suðurland þá koma þeir á Þingvöll og þá lendir sá kostnaður á lögregluembætti Árnesinga.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að um viðvarandi halla er að ræða hjá þessu embætti. En skyldi það ekki vera m.a. vegna þess að um 10 þúsund manns bætast við íbúafjölda þessa umdæmis? Ég vil aðeins benda á að við höfum þessa 10 þúsund íbúa um hverja einustu helgi og suma hverja mánuðum saman án þess að þess hafi gætt í fjárveitingum til sýslumannsembættisins.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að í samanburði við önnur embætti byggjum við nokkuð vel. En ef horft er á framlög á fjárlögum 2001 erum við í fjórða neðsta sæti miðað við íbúafjölda hvað varðar framlög til sýslumannsembættisins og þá er einungis miðað við þá sem eru með fasta búsetu, ekki þá sem eru í sumarbústöðum eða dveljast í sumarbústöðum um hverja einustu helgi og nánast allt sumarið. Eðlilega er því um viðvarandi halla að ræða vegna þess að þetta embætti hefur verið í fjársvelti í mörg undanfarin ár. Mér er kunnugt um að sýslumaðurinn heimsótti m.a. fjárln. Alþingis og gerði nefndinni grein fyrir stöðunni í haust. Það virðist ekkert hafa haft að segja og auðvitað er rétt að hæstv. dómsmrh. verður að fara að þeim fjárlögum sem eru í gildi hverju sinni. En það er mikil nauðsyn á því að taka sérstaklega á hvað varðar þetta embætti sem er nákvæmlega eins og hæstv. dómsmrh. lýsti áðan að við búum m.a. við það að hæsti meðalaldur lögregluþjóna er hjá þessu embætti og afar fáir sem ganga vaktir, 16 í staðinn fyrir 20 fyrir þremur árum. Ekki er hægt að endurskipuleggja embættið miðað við þann mannafla sem við höfum, miðað við þær fjárveitingar sem við höfum öðruvísi en skerða og skera niður þjónustuna og það er aldeilis útilokað á þessu svæði.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni og segi það enn að ljóst er að ekki verður unnt að vinna á halla af þessari stærðargráðu nema með sérstöku aðhaldi í rekstri. Sýslumaðurinn á Selfossi hefur tekið þátt í þeirri vinnu og lagt fram margvíslegar tillögur um aðgerðir og ráðuneytið fallist á þær og þær eru helstar: Skipulagsbreytingar og yfirvinnubak á skrifstofu sýslumanns, aukið aðhald í innkaupum og almennum rekstrarkostnaði, hreppstjórum var sagt upp og létu þeir af störfum 1. sept. 2000. Ekki er ráðið í lausar stöður fastráðins lögregluþjóns. Sparað er í sumarafleysingum í löggæslu og löggæslubifreiðum fækkað.

Þetta eru staðreyndir sem blasa við og menn verða að taka á vandanum. Það er alveg ljóst. Með endurskipulagningu í rekstrinum er það von okkar að unnt verði að vinna á þessum gríðarlega rekstrarvanda sem blasir við embættinu. En ég vil vekja athygli á því að þrátt fyrir slæma rekstrarstöðu er ástand mála almennt gott í umdæmi sýslumannsins á Selfossi og engin aðkallandi vandamál sem embættið hefur glímt við, t.d. aukning afbrota. Málafjöldi hjá lögreglunni hefur nokkurn veginn staðið í stað á undanförnum árum þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað nokkuð. Það eru ýmis úrræði sem við sjáum í stöðunni þrátt fyrir að embættið verði að sýna aðhald í rekstri, t.d. hefur átak í fíkniefnalöggæslunni náð til Selfoss þar sem bætt var við stöðu sérstaks fíkniefnalögreglumanns á síðasta ári. Ég legg líka mikla áherslu á að styðja embættið í umferðarmálum og nú er í undirbúningi að koma á samstarfi milli ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar sem felst í víðtæku samstarfi við lögregluembætti á suðvesturhorninu. Ég mun styðja það átak og væntanlega leggja til auknar fjárveitingar til þess og kemur það embætti sýslumannsins á Selfossi að sjálfsögðu til góða og bætir umferðaröryggið verulega.

Ég vil að lokum segja að ég þakka hv. þm. fyrir áhuga þeirra á málinu og ég deili áhuga þeirra á málinu og vona svo sannarlega að fljótlega verði unnt að vinna á þessum fjárhagsvanda hjá embættinu. Mér finnst þó rétt að undirstrika að lögreglan í Árnessýslu hefur staðið sig mjög vel í störfum sínum.

Einbreiðar brýr.

Fsp. KF, 374. mál. — Þskj. 591.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Það er staðreynd sem verður ekki mótmælt að einbreiðar brýr geta verið hættulegar, einkum við hraðan og ógætilegan akstur, ekki síst ef ökumenn taka ekki tillit til umferðar sem kemur úr gagnstæðri átt. Mörg alvarleg slys hafa orðið við slíkar aðstæður á undanförnum árum. Því langar mig að beina svohljóðandi fyrirspurn til dómsmrh.:

„Hefur dómsmálaráðuneytið kannað þann valkost að koma umferðarmerkjum (biðskyldu eða stöðvunarskyldu) fyrir til bráðabirgða við einbreiðar brýr á landinu til að tryggja að umferðarréttur sé skýr og draga þar með úr slysahættu?“

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Við þekkjum það öll og það hefur oft verið rætt á hv. Alþingi að svokallaðar einbreiðar brýr skapa margvísleg vandamál og þar hafa orðið mörg og oft alvarleg umferðarslys. Því er það ekki að ófyrirsynju að hugmyndum sé velt upp hvernig megi bæta úr og fyrirspyrjandi nefnir þá til hvort heppilegt geti verið að koma biðskyldu- eða stöðvunarskyldumerkjum þar fyrir til að draga úr slysahættu.

Samkvæmt umferðarlögum setur dómsmrh. reglur um gerð og búnað umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð svo og hvað þau tákna. Þessar reglur koma fram í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra. Það er síðan hlutverk viðkomandi lögreglustjóra, en vegamálastjóra hins vegar þegar um er að ræða þjóðveg utan þéttbýlis, að sjá um að merki verði sett á eða við veg þar sem sérreglur eiga að gilda um umferð eða þörf er á til stjórnunar eða leiðbeiningar.

Fyrirbærið einbreiðar brýr er einkum á þjóðvegum utan þéttbýlis þar sem Vegagerðin er veghaldari. Dómsmrn. óskaði eftir því að Vegagerðin léti ráðuneytinu í té umsögn af þessu tilefni og hv. fyrirspyrjandi getur nálgast þá umsögn hjá mér þar sem lýst er nánar þeim reglum sem í gildi eru. Allar einbreiðar brýr á stofn-, tengi- og safnvegum eru merktar með gátskjöldum á hvorum enda auk stærri gátskjalda fyrir umferðarþyngri vegi og/eða þar sem ástæða er til að vara sérstaklega við.

Að auki eru sitt hvorum megin brúar, 250 metra frá brúarenda, tvö samhliða viðvörunarmerki „önnur hætta" með undirmerkjunum „einbreið brú" og fjarlægðarmerkinu 250 metrar. Fyrir umferðarþyngri vegi og/eða þar sem ástæða er til að vara sérstaklega við er bætt við í 500 metra fjarlægð frá brúarenda viðvörunarmerkinu „önnur hætta" með undirmerkinu „einbreið brú" og fjarlægðarmerki 500 metrar.

Það er alveg ljóst að ítarlegar reglur gilda í þessu efni og það er allt of langt mál að fara með það hér en þessar upplýsingar koma fram í fyrrgreindri umsögn frá Vegagerð ríkisins. Ég hef líka undir höndum myndir af þeim merkjum sem um er að ræða ef fyrirspyrjandi hefur áhuga á að kynna sér þau.

Ég tel þó rétt að vitna sérstaklega, með leyfi virðulegs forseta, í umsögn frá Vegagerðinni af því að hv. fyrirspyrjandi spyr sérstaklega um þau mál og þar segir:

„Rætt hefur verið um forgangsrétt í akstri yfir þessar brýr með merkjum DO511, umferð á vegi veitir forgang, og merki B2511, skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang, en ekki verið gerðar um það beinar tillögur. Með því að gefa annarri akstursstefnunni forgang í akstri yfir einbreiðar brýr mætti e.t.v. til lengri tíma auka umferðaröryggi eitthvað en þó ber að hafa í huga að slík merking geti í byrjun haft öfug áhrif ef ökumenn eru ekki nógu vel vakandi eða átta sig ekki nógu vel á breyttum merkingum. Ekki er hefð fyrir þessum merkjum í þjóðvegakerfinu hér á landi.

Biðskylda eða stöðvunarskylda kemur vart til greina þar sem þau á samkvæmt reglugerð að nota við vegamót þar sem ökumönnum ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang. Þau eru því notuð við allt aðrar aðstæður og ekki ætluð til nota við brýr."

Þetta er allt nokkuð tæknilegt. Það er alveg ljóst en ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á þessu atriði. Það er staðreynd að umferðarslys við einbreiðar brýr eru áhyggjuefni og því er brýnt að að því sé hugað hvernig úr þessu megi bæta.

Stjórnvöld umferðarmála og vegamála eru vakandi fyrir öllum góðum hugmyndum í þessu sambandi og hafa t.d. í tilraunaskyni verið sett upp blikkandi viðvörunarljós við nokkrar brýr sem reynst hafa hættulegar en tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir um árangur. En ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda um að mikilvægt er að einbreiðar brýr séu tryggilega merktar. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að taka málið til skoðunar og þakka fyrir þessa fyrirspurn.

[14:11]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Þetta er mjög athyglisverð og góð tillaga sem hv. þm. Katrín Fjeldsted er með. Allt of mörg alvarleg slys hafa orðið á einbreiðum brúm og það er allt of algengt að bílstjórar keppi að því hvor verður á undan að komast á brúna. Það vantar mikinn aga og virðingu í umferðinni á Íslandi en gert hefur verið mikið átak, t.d. á Suðurlandi, að breikka brýr og við höfum orðið vör við hvað það skiptir okkur miklu máli.

Einnig hafa verið sett blikkljós upp við einbreiðar brýr eins og yfir Markarfljót og ég held að margt sé hægt að gera og ég tel að þessi tillaga sé mjög góð.

[14:11]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv., Katrínu Fjeldsted, fyrir að vekja máls á þessu brýna máli og hæstv. dómsmrh. talaði um að gott væri að fá góðar ábendingar og ráð. Eitt af því sem ég hef velt fyrir mér þegar ég er að aka t.d. leiðina milli Hvolsvallar og Reykjavíkur er Þjórsárbrúin. Fyrir nokkrum árum var hún lýst upp og það hefur komið sér afar vel. Hefur hæstv. dómsmrh. velt því fyrir sér að forgangsraða umferð, þ.e. þeir sem koma að austan hafa réttinn þegar komið er inn á Þjórsárbrúna? Þar er mjög þung umferð og ber að skoða það mál vel.

Blikkandi ljósum hefur einnig verið komið fyrir við ákveðnar brýr sem þrengja að. Það tel ég vera mjög til góðs en mér finnst full ástæða til þess að skoða á jafnfjölfarinni brú og Þjórsárbrúnni hvort ekki beri að hafa þar forgang varðandi akstursstefnur.

[14:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Einbreiðar brýr á aðalvegum landsins er ein alvarlegasta ógnun við öryggi í umferðinni. Nú er mjög rætt um að flýta framkvæmdum á vegáætlun, einmitt vegna öryggisástæðna. Ég vil því spyrja, herra forseti: Er ekki mögulegt að flýta framkvæmdum við að breikka einbreiðar brýr og fækka þeim þannig? Það er það öryggi sem við viljum fá.

Í öryggisumræðunni er þetta það sem hægt er að gera. Ég hvet hæstv. dómsmrh. til að beita þrýstingi sínum sem ég veit að hún býr yfir til þess að flýtt verði framkvæmdum við breikkun einbreiðra brúa í landinu.

Hæstv. samgrh. er hér einnig og hann hefur einmitt verið að funda um öryggismál í umferðinni og hvernig flýta megi vegáætlun þar sem bæta þarf öryggi umferðarinnar. Ég held að þjóðin öll líti svo á að einmitt einbreiðar brýr séu einn alvarlegasti þátturinn í öryggismálum á vegum.

[14:14]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir að vekja athygli á þessu brýna máli. Ég held hins vegar að málið snúi þannig við að við verðum að taka höndum saman og taka a.m.k. þjóðveg 1 og fækka einbreiðum brúm. Vegagerðin hefur sannast sagna gert átak í öllum merkingum. Það er varla hægt upp á það að klaga.

Á leið minni til höfuðborgarinnar, frá Akureyri til Reykjavíkur, er að mínu mati stórbót að blikkljósunum sem eru komin á flestar brýr. En ég held að það liggi alveg ljóst fyrir eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að við verðum að taka okkur tak og ráðast í framkvæmdir á þessum fjölförnu vegum og breikka brýrnar þannig að þær anni þeirri umferð sem um þær þarf að fara.

[14:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um mikilvægt mál vil ég undirstrika að við höfum tekist á við að fækka einbreiðum brúm. Ég minni á vegáætlun sem var samþykkt hér án mótatkvæða. Í henni er gert ráð fyrir því að fækka þessum hættulegu köflum á þjóðvegakerfi okkar. Ég vil bara minna á að Alþingi tók mjög myndarlega á þessu og fyrir það er ég þakklátur sem ráðherra samgöngumála.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu og hæstv. dómsmrh. fyrir svörin sem voru mjög skýr og gott að vita af áhuganum á þessu máli.

Rétt er að heilmikið átak hefur verið gert í að breikka brýr. Að sjálfsögðu hef ég stutt það. Vegáætlun er gerð til ákveðins tíma í senn og það smásaxast á verkefni af þessu tagi. Mín hugmynd var að gera eitthvað til bráðabirgða þangað til verkinu væri lokið.

Og ég beindi fsp. til dómsmrh. af ráðnum hug vegna þess að eins og hún sagði þá er biðskylda og stöðvunarskylda bundin í reglugerð. Samkvæmt reglugerð á að nota biðskyldu eða stöðvunarskyldu við vegamót. Kannski mætti gera breytingu á þessari reglugerð þannig að heimilað væri að setja slíkar merkingar einnig við brúarsporða þar sem mönnum finnst það eðlilegt? Reglugerðarbreyting af þessu tagi gæti mögulega tryggt eða aukið öryggi í umferð á vegunum.

Ég veit að það er ekki alltaf auðhlaupið að því að breyta reglugerðum af þessu tagi. Þegar ég átti sæti í borgarstjórn og borgarráði á sínum tíma reyndi ég að koma því á hér í Reykjavík að sett yrði upp svokölluð fjórhliða stöðvunarskylda við gatnamót. Um það varð nokkurra ára barátta við dómsmrn. sem lyktaði þannig að það náðist ekki fram. Þar var einnig um reglugerðarákvæði að ræða. Í þessu máli fyndist mér að athuga mætti hvort breyting á reglugerðinni gæti til bráðabirgða dregið úr slysahættu þar til allar þessar brýr hafa verið breikkaðar, en það er auðvitað takmarkið.

[14:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar ábendingar hv. þm. og ég fagna því að við getum tekið höndum saman í þessum efnum. Við þessa umræðu hafa komið fram ýmsar athyglisverðar ábendingar sem ég tel rétt að bregðast við. Meðal annars var minnst á blikkandi aðvörunarljós sem í tilraunaskyni hafa verið sett upp við nokkrar brýr sem reynst hafa hættulegar. Að vísu liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um árangurinn en ég tel verkefnið þarft.

Ég hef átt mjög gott samstarf við hæstv. samgrh. varðandi umferðaröryggismál og í undirbúningi eru ákveðnar tillögur, m.a. um aukna löggæslu í umferðinni. Þar að auki skipaði ég starfshóp þar sem formaður allshn. er formaður. Ég vonast til að sá hópur muni fljótlega skila tillögum til mín um aðgerðir til að auka umferðaröryggi, þar á meðal um breytingar á umferðarlögum. Ég tel koma til greina að vísa því til þessa starfshóps að skoða þá hugmynd sem fram kemur í fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir þessa umræðu.

Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna.

Fsp. ÁMöl, 378. mál. — Þskj. 608.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Síðasta haust varpaði ég fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um Jöfnunarsjóð sókna þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um hversu mikið fé hefði runnið í sjóðinn á árunum 1987–2000. Jafnframt var óskað upplýsinga um hvernig fénu hefði verið varið. Svar við þessari fyrirspurn liggur fyrir.

Jöfnunarsjóður sókna á sér stoð í lögum um sóknargjöld. Sem kunnugt er er kveðið á um það í lögum um sóknargjöld að þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um skráð trúfélög svo og háskólasjóðir eigi ákveðna hlutdeild í tekjuskatti þannig að ákveðin fjárhæð, nú um 500 kr. á hvern einstakling 16 ára og eldri, rennur til þess trúfélags sem viðkomandi tilheyrir. Vegna einstaklinga sem ekki eru skráðir í trúfélag rennur gjaldið til Háskóla Íslands.

Jöfnunarsjóður sókna er á hinn bóginn sérstakt gjald sem nemur 18,5% af gjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða og er til viðbótar sóknargjaldi. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur, að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmætar tekjur, þ.e. sóknargjöld, nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum og í þriðja lagi að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum og að styðja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Jöfnunarsjóður sókna er eingöngu til ráðstöfunar innan þjóðkirkjunnar. Önnur skráð trúfélög hafa ekki aðgang að sambærilegum sjóði til styrktar starfsemi sinni. Í svari hæstv. dómsmrh. við fsp. minni um upphæðir sem runnið hafa til sjóðsins á síðustu árum og ráðstöfun þess kemur fram að á tímabilinu 1987–2000, að báðum árum meðtöldum, runnu 1.758 millj. í Jöfnunarsjóð sókna og er upphæðin talin saman á verðlagi hvers árs og er ekki reiknað til núvirðis. Á árinu 2000 voru 215 millj. og 500 þús. til ráðstöfunar í sjóðnum.

Í samræmi við tilgang sjóðsins, að styrkja sérstaklega þær kirkjur sem hafa sérstöðu umfram aðrar kirkjur, er sérstök áhersla lögð á að styrkja helstu höfuðkirkjur landsins. Þær hafa fengið um 344 millj. úr sjóðnum. Álíka upphæð eða 365 millj. kr. hefur verið varið til ýmissar kirkjulegrar starfsemi og má þar nefna Hjálparstarf kirkjunnar upp á 23 millj., Skálholtsskóli 32 millj. og söngmálastjóri 15,5 millj. kr. svo eitthvað sé nefnt.

Tilefni fsp. minnar til hæstv. dómsmrh. um forsendur sem lagðar eru til grundvallar ákvörðun um úthlutun fjármuna úr Jöfnunarsjóði sókna er að í sundurliðun á upphæð til einstakra sókna og einstakra verkefna er erfitt að sjá á hvaða grunni ákvarðanir um úthlutun eru teknar. Hér er um verulegar upphæðir að ræða eða hátt í þrjá milljarða kr. á núvirði. Því væri fróðlegt að fá þetta upplýst. Jafnframt vil ég vekja athygli á þeim aðstæðumun sem er milli þjóðkirkjunnar annars vegar og annarra skráðra trúfélaga hins vegar gagnvart fjárveitingavaldinu.

Ég vil sérstaklega taka fram að í fsp. minni felst engin gagnrýni á það hvernig fénu er varið eða efasemdir um að því sé vel varið. Ég tel nauðsynlegt að Alþingi fylgist með hvernig skattfé borgaranna er varið og í því sambandi hef ég einnig varpað fram fsp. til hæstv. heilbrrh. varðandi Framkvæmdasjóð aldraða.

[14:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller beinir á þskj. 608 eftirfarandi fsp. til dóms- og kirkjumrh.:

„Hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar ákvörðun um úthlutun fjármuna úr Jöfnunarsjóði sókna, sbr. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987?"

Um sjóðinn gilda lög um sóknargjöld svo og reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna, nr. 206/1991, og ég ætla mér að fara yfir þessar forsendur.

Samkvæmt nefndum heimildum er hlutverk sjóðsins skilgreint í 6. gr. laganna og þær meginforsendur sem byggja ber á við úthlutun. Í 2. gr. reglugerðarinnar er nánari skilgreining á þessum meginforsendum svo og prósentuskipting fjár í helstu flokka. Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári. Skilyrði er að fyllt sé út sérstakt eyðublað og að með fylgi þau gögn sem þar er greint frá, þ.e. endurskoðaðir ársreikningar, rekstraryfirlit, fjárhagsáætlun og nákvæm kostnaðaráætlun verksins ásamt teikningum ef við á. Umsóknir um styrki til nýbygginga kirkna og annarra fjárfrekra framkvæmda skulu að jafnaði berast sjóðnum áður en hafist er handa við framkvæmdir. Ferill umsókna frá einstökum sóknum er sá að fyrst þarf að afla umsagna frá héraðsnefnd viðkomandi prófastsdæmis og síðan fara umsóknirnar fyrir bygginga- og listanefnd þjóðkirkjunnar sem fjallar faglega og ítarlega um þær og sendir þær síðan til kirkjuráðs með umsögn sinni.

Svigrúm sjóðsstjórnar, þ.e. kirkjuráðs, til úthlutunar er talsvert takmarkað samkvæmt reglugerðinni. Núverandi kirkjuráð hefur sett sér ákveðin viðmið vegna úthlutunar og þau helstu eru þessi:

1. Úthlutað er í desember ár hvert vegna styrkja á næsta ári.

2. Úthlutað er til allt að þriggja ára.

3. Hertar eru reglur um kröfur til formsatriða umsókna og fjárhagslegs bolmagns safnaða til að ráðast í framkvæmdir.

4. Verkefni sem byrjað hefur verið á hafi vissan forgang svo og þegar þarf að leysa úr fjárhagsvanda skuldsettra sókna vegna framkvæmda.

5. Viðhald allra friðaðra kirkna er söfnuðum og kirkjustjórninni um megn. Viðræður fari fram við húsfriðunarnefnd um raunhæfa forgangsröðun og möguleika fámennra sókna til að takast á við slík verkefni og hlutverk Jöfnunarsjóðs í því sambandi.

6. Við úthlutun til verkefna er einkum höfð hliðsjón af umsögn bygginga- og listanefndar hver fjárhagsgeta sóknar er, heildarskuldir og hvaða aðra styrki hún fær. Útborgun styrks er í sumum tilvikum skilyrt t.d. þannig að meðmæli frá héraðsnefnd eða bygginga- og listanefnd þurfi að liggja fyrir.

Að því leyti sem unnt er innan ramma laga og reglna er einnig litið til þess við úthlutun að styrkja fámenna og fátæka söfnuði sem ekki hafa burði til að reka eða viðhalda sóknarkirkju fyrir sóknargjöld einvörðungu. Hafa ber í huga að af þeim 300 kirkjum sem eru í landinu eru 210 friðaðar og því er bæði viðhalds- og rekstrarkostnaður oft meiri en ella. Þá er enn fremur hugað að söfnuðum sem hafa reist eða þurfa að reisa kirkju og þurfa sérstaka aðstoð á meðan á því stendur.

Kirkjuþing setti sl. haust nýjar starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili, nr. 822/2000. Þar er m.a. tekið á þeim vanda sem upp kemur þegar kirkjur hafa verið yfirgefnar, t.d. þegar íbúar hafa flust brott úr sókninni. Jöfnunarsjóður hefur styrkt viðhald og endurbætur slíkra kirkna en samkvæmt hinum nýju starfsreglum er unnt að stofna félag um slíkar kirkjur sem þá nefnast bænhús.

Rétt er að ítreka að styrkir Jöfnunarsjóðs fela oft í sér umtalsverðan stuðning við varðveislu menningarverðmæta um land allt og oft tengjast framkvæmdir ferðaþjónustu. Einnig er rétt að fram komi að kirkjur og safnaðarheimili þjóna oft íbúum sem samkomuhús og til tónleikahalds. Þar er oft aðstaða fyrir margvíslegt félagsstarf utan eiginlegs kirkjustarfs.

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á að skömmu fyrir áramót veitti ég sundurliðaðar upplýsingar um allar úthlutanir Jöfnunarsjóðs sókna frá árinu 1988 til ársins 2000, að báðum árunum meðtöldum.

Ég vil að lokum þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. Ég þekki forsendurnar fyrir henni. Til mín hefur komið fólk frá öðrum skráðum trúfélögum og vakið athygli mína á þeim mismun sem er fyrir hendi en staða íslensku þjóðkirkjunnar er auðvitað sterk og tryggð í stjórnarskrá. Það er hins vegar spurning hvort hægt er að skoða þetta út frá reglum um húsafriðun eða á einhvern annan máta. Mér finnst rétt að það sé athugað.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. svörin sem voru mjög ítarleg og góð. Eins og fram kom í ræðu minni hér áðan er Jöfnunarsjóður sókna eingöngu til ráðstöfunar til sókna innan þjóðkirkjunnar. Önnur trúfélög hafa þannig ekki möguleika á að sækja um aukinn stuðning við starf sitt í þennan sjóð. Aðstöðumunur milli þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga gagnvart ríkinu er verulegur. Ég tel ástæðu til þess að vekja sérstaklega athygli á því.

Tæplega 250 þús. manns eru skráð í þjóðkirkjuna 1. des. sl. en um 11 þús. manns eru skráð í fríkirkjur landsins, þ.e. Fríkirkjuna í Reykjavík og Hafnarfirði og Óháða söfnuðinn. Álíka margir eru í öðrum viðurkenndum trúfélögum og þar af 4.300 manns í kaþólsku kirkjunni. Um 12.000 manns tilheyra óskráðum trúfélögum, eru ótilgreindir eða skráðir utan trúfélaga. Sókn fólks úr þjóðkirkjunni til annarra trúfélaga hefur aukist á undanförnum árum og það er athyglisvert.

Skráð trúfélög utan þjóðkirkjunnar byggja fjárhagslega starfsemi sína fyrst og fremst á sóknargjöldum og eru laun presta, allt safnaðarstarf og rekstur og viðhald kirkna greitt af því gjaldi. Til samanburðar má nefna að tekjur þjóðkirkjunnar fást í gegnum sóknargjöld auk þess sem ríkið greiðir sérstaklega laun presta og biskupa og ýmsan kostnað

við rekstur embætta auk launa og rekstrarkostnaðar vegna Biskupsstofu. Þá hefur þjóðkirkjan aðgang að Jöfnunarsjóði sókna sem er hér sérstaklega til umfjöllunar.

Ég vil í þessu sambandi taka sérstaklega dæmi af fríkirkjusöfnuðum sem eru lútersk-evangelískir söfnuðir og byggja á sömu kenningum og þjóðkirkjan. Þeir þurfa sjálfir að standa undir kostnaði við endurbætur og viðhald kirkna sinna sem eru friðaðar byggingar og endurbætur því háðar ákveðnum skilyrðum sem leiða til aukins kostnaðar. Söfnuðirnir hafa ekki sömu möguleika að sækja sér fjárhagslegs stuðnings og sóknir innan þjóðkirkjunnar. Til dæmis má nefna að Fríkirkjan í Hafnarfirði hefur á undanförnum árum staðið í miklum framkvæmdum vegna viðhalds á kirkjunni og kostaði framkvæmdin um 65 millj. kr. Eini fjárhagslegi stuðningurinn af opinberu fé sem kirkjan hefur fengið er 5 millj. kr. framlag úr Húsafriðunarsjóði, þar af 3 millj. af fjárlögum fyrir árið 2001.

Framkvæmdir tengdar Reykjanesbraut.

Fsp. KolH og SJS, 373. mál. — Þskj. 590.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Krafan um breikkun Reykjanesbrautar hefur verið hávær upp á síðkastið, ekki síst vegna vaxandi fjölda alvarlegra umferðarslysa á brautinni síðustu missiri en nú hefur það verið leitt inn í umræðuna að ástandið sé ekki síður slæmt á öðrum sambærilegum vegum, svo sem Vesturlandsvegi þar sem umferðarþungi er jafnmikill eða meiri en á Reykjanesbraut og umferðarslysin jafnmörg eða fleiri.

Þá er eðlilegt að menn vilji ræða hlutina í samhengi og skoða þá líka aðrar lausnir, ekki svo kostnaðarsamar sem gætu orðið til þess að draga úr slysum, lausnir sem gætu bætt ástandið með tilliti til nánustu framtíðar þó ekki verði farið út í ýtrustu framkvæmdir umsvifalaust.

Nú hafa verið að birtast í fjölmiðlum upplýsingar um orsakir þeirra alvarlegu slysa sem orðið hafa á Reykjanesbrautinni. Kemur í ljós að stór hluti eða þriðjungur slysanna hefur orðið við útafkeyrslur sem má mögulega rekja til þess að ökumenn sofni undir stýri eða missi vald á ökutækjum vegna hálku. Það er alveg ljóst að tvöföldun brautarinnar kemur ekki í veg fyrir slík slys. Það mundu hins vegar vegrið beggja vegna brautarinnar mögulega geta gert. Varðandi þau slys þar sem bíll fer yfir á rangan vegarhelming og lendir framan á öðrum sem kemur úr gagnstæðri átt má ljóst vera að aðskilnaður akstursstefna er lykilatriði til að koma í veg fyrir slík slys. Akstursstefnur yrðu trúlega aðskildar með tvöföldun en það mætti líka hugsa sér að aðskilja þær með vegriðum strax án tvöföldunar.

Meðal þess sem komið hefur upp í umræðum síðustu vikna um umferðaröryggi á Reykjanesbraut eru hugmyndir um svonefndan 2 + 1 veg þar sem akreinar eru þrjár alla leiðina en til skiptis tvær í aðra áttina og ein í hina. Okkur ber líka að taka alvarlega upplýsingar sem berast til okkar um umferðarþunga eins og kom fram í grein Sólmundar Más Jónssonar í Morgunblaðinu 19. desember. Þá er algengt að miða við að vegur með eina akrein í hvora akstursstefnu geti annað 12–15 þúsund bifreiðum á dag. Um Reykjanesbrautina fara átta þúsund bifreiðar á dag. Það gefur til kynna að eitthvað annað en umferðarþunginn kalli á tvöföldun brautarinnar. Ef það er ekki umferðarþunginn sem kallar á tvöföldunina, hvað er það þá? Eru vísbendingar um hraðakstur kannski meginorsök alvarlegra slysa á Reykjanesbraut? Er lausnin þá ekki frekar fólgin í aukinni löggæslu sem mundi knýja fram aukna aðgát ökumanna heldur en tvöföldun brautarinnar?

Í framhaldi af þessum hugleiðingum höfum við, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, lagt nokkrar fyrirspurnir fyrir bæði hæstv. dómsmrh. sem eru skriflegar og fyrir hæstv. samgrh. sem eru munnlegar og bornar fram í þessum fyrirspurnatíma:

1. Á hvaða stigi er undirbúningur framkvæmda við Reykjanesbraut og hvenær má vænta að einstakir vegáfangar verði boðnir út og framkvæmdum ljúki?

2. Hefur verið athugað að grípa til bráðabirgðaaðgerða, svo sem uppsetningar vegriða, til að auka öryggi á hættulegum vegarköflum þar til tvöföldun er lokið?

Og að lokum spurning sem kemur til vegna yfirlýstrar stefnu samgrn. um að bæta almenningssamgöngur í landinu, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og sömuleiðis er í umhverfisstefnu ráðuneytisins skýrt tekið fram að leggja beri áherslu á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum með það að markmiði að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda:

3. Hvað líður athugun á rafbraut frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur?

[14:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Undirbúningur framkvæmda við Reykjanesbraut er á því stigi að þann 22. janúar nk. verða opnuð tilboð í áfangann sem eru mislæg gatnamót á gatnamótum Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar en gert er ráð fyrir að ljúka þeirri framkvæmd, sem er upp á tæpan milljarð í kostnaðaráætlun, á þessu ári. Segja má að það sé fyrsti áfanginn í þeirri hrinu.

Í öðru lagi vil ég nefna að tvöföldun frá Fífuhvammsvegi að Arnarnesvegi og mislæg gatnamót er í undirbúningi. Frumdrög verða tilbúin núna í febrúar og fjárveitingar til þess verks eru á árunum 2003–2004 en óskir hafa borist úr Kópavogi um að hraða því enn frekar.

Í þriðja lagi er Reykjanesbraut um Hafnarfjörð. Vinna við umhverfismat er á fullri ferð hvað þann áfanga varðar og verður unnið að því á þessu ári. Fjárveiting er í ár og á árinu 2002 og 2003 upp á tæplega 1.100 millj. kr. Við vonumst til að hægt verði að bjóða það verk út á þessu ári og fjárveitingarnar eru sem sagt fram til 2004.

Í fjórða lagi er það framkvæmdin Hafnarfjörður að Fitjum, þ.e. frá bæjarmörkum Hafnarfjarðar við Straum. Matsáætlun hefur verið kynnt. Skipulagsstofnun þarf að taka afstöðu til hennar núna í janúar. Matsskýrsla verður síðan send og sú vinna verður unnin fullum fetum og að sjálfsögðu verður farið sérstaklega — það vil ég undirstrika — að öllum reglum umhverfismatsins. Verkhönnun verður unnin í ár og á næsta ári og útboð þessa stóra verks sem er þá fyrsti áfanginn þarna verður á hinu Evrópska efnahagssvæði á næsta ári, árinu 2002. Við gerum því ráð fyrir að á vegáætlunartímabilinu verði þeim verkáfanga lokið. Hann nær frá Kúagerði að Hafnarfirði.

Þar er hins vegar um það að ræða og ég hef lýst því yfir að ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um lok þeirrar framkvæmdar, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði alla leið að Fitjum fyrr en fyrir liggur hvers konar tilboð

berast á næsta ári í þennan fyrsta áfanga. Þegar það liggur fyrir og við endurskoðun á vegáætlun á næsta ári verður tekin ákvörðun um það hversu hratt verður unnt að ljúka verkinu öllu alla leið að Fitjum. Ég tel eðlilegt að það komi til kasta Alþingis, að sjálfsögðu, við endurskoðun á vegáætlun þegar tilboðin liggja fyrir.

En ég vil undirstrika það að við höfum unnið að þessu á þann hátt að verið er að flýta framkvæmdum frá því sem áður var í langtímaáætlun og á það vil ég sérstaklega minna.

Hvað varðar 2. lið fyrirspurnarinnar, hvort rétt væri að grípa til bráðabirgðaaðgerða, þá hefur verið gripið til bráðabirgðaaðgerða eins og þeirra að breikka axlirnar, breytingar og lagfæringar á tilteknum stöðum við gatnamót hafa verið til úrbóta en það er mat Vegagerðarinnar að mjög erfitt sé að koma á vegriðum og skipta Reykjanesbrautinni í tvennt eins og hún er. Hún er ekki nægilega breið til þess og axlirnar eru ekki nægilega vel úr garði gerðar til að hægt sé að gera ráð fyrir því að þær séu partur af akbrautinni. Því miður er ekki fyrir séð um að það sé hægt. Engu að síður er í gangi mjög mikið aukið eftirlit á brautinni af hálfu Vegagerðarinnar í samstarfi við lögregluna. Allt er það gert í því skyni að auka öryggi.

Hvað varðar rafbraut frá höfuðborginni til Keflavíkur þá liggur það fyrir að Orkuveita Reykjavíkur er að láta vinna að skoðun á því í samstarfi við Vegagerðina. Gert er ráð fyrir að bjóða út frumathugun en það er alveg ljóst að af hálfu samgrn. verður ekki lagt í mikinn kostnað við það samhliða því að við leggjum á ráðin um að tvöfalda Reykjanesbrautina. Það er forgangsmál umfram það að leggja járnbraut.

[14:40]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér hvað hv. fyrirspyrjanda Kolbrúnu Halldórsdóttur gengur til í þessari umræðu þegar verið er að tala um aðgerðir eins og 2 + 1 veg sem við þekkjum sem bráðabirgðaaðgerð, rafbraut til þess að halda þá þessari 2 + 1 akbraut við eða einhverjar aðrar aðgerðir sem menn eru búnir að skoða lengi og sjá ekki sem neina lausn. Mér finnst og velti því fyrir mér hvort vinstri grænir eru að segja að þeir séu á móti því að tvöfalda Reykjanesbrautina sunnan Hafnarfjarðar. Ég velti því fyrir mér, herra forseti.

Á fundinum í Stapa fyrir nokkrum dögum leit ég svo á að á 1.000 manna fundi hefði náðst sú niðurstaða að ljúka þessu verki 2004, þ.e. að tvöföldun Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar yrði lokið 2004. Ráðherra endurtók hér það sem hann sagði þar og ég geri ráð fyrir að niðurstaðan verði sú að þetta verði árið 2004 og ekki seinna.

[14:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Okkur fyrirspyrjendum hefur þótt ástæða til að fá fram skýrar upplýsingar um hvar einstakir fyrirhugaðir verkáfangar varðandi tvöföldun Reykjanesbrautar eru á vegi staddir. Það hefur verið ruglandi í þessari umræðu og það er ekki síst nauðsynlegt fyrir hv. þm. Kristján Pálsson og flokksbræður hans að upplýsa þetta. Eins og kunnugt er hafa þessir stjórnarþingmenn verið í ritdeilum og orðaskaki í fjölmiðlum þar sem mjög hefur farið tvennum sögum af því á hvaða stigi þessi mál væru. Nú hafa svör hæstv. samgrh. skýrt það þar sem hann hefur útlistað hvaða verkáfangar eru á hvaða stigi fyrir sig, hvenær þeir verða boðnir út og hvenær þess megi vænta að þeim ljúki. Það er til bóta fyrir alla aðila að þetta liggi skýrt fyrir. Sá er tilgangur okkar með þessari fyrirspurn að fá fram staðreyndir málsins þannig að ekkert þurfi að deila um þær, en það hefur verið gert.

Að öðru leyti er það auðvitað svo að umferðaröryggið snýst um fleira en það eitt að bæta vegi og tvöfalda þá þó að það sé nauðsynlegt. Þar geta aðrar aðgerðir komið að gagni og þess vegna er einnig um það spurt eins og vegrið, aðgerðir til þess að ná niður hraða o.s.frv.

[14:42]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég sat einmitt mjög merkilegan fund um þetta málefni í Stapa í Reykjanesbæ í síðustu viku þar sem farið var mjög nákvæmlega yfir þetta mál. Ég tel það vera í býsna öruggum farvegi eins og fram hefur komið hjá hæstv. samgrh. Ég held að óhætt sé að segja að þingmenn frá Suðurnesjum og reyndar Suðurlandi eru býsna samstiga í málinu þannig að við þurfum í rauninni vart um það að deila. Það er í mjög öruggum höndum og mjög öruggum farvegi.

Vissulega er nauðsynlegt að velta upp hugmyndum um járnbrautalest eða eimreið eða hvað við köllum slíkt fyrirbæri en það er í rauninni langtum lengra inni í framtíðinni. Það mál sem hér er rætt er í mjög öruggum höndum og það er líka athyglisvert að skynja það góða samstarf sem er milli lögregluembættanna í Hafnarfirði, á Suðurnesjum og á Keflavíkurflugvelli og Vegagerðarinnar í því að ná niður hraða á þessari braut og það skynja menn sem aka um þá braut.

[14:44]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þau sjónarmið sem hún lét uppi um áhyggjur Suðurnesjamanna af öryggi vegfarenda á Reykjanesbrautinni. Ég tel það meginefni þessa máls og þær umræður voru mest áberandi á borgarafundi í Stapa í sl. viku, þ.e. um öryggi vegfarenda á brautinni. Það skiptir mestu að bæta úr í þessu efni og það sem hæstv. samgrh. hefur sagt um það, bæði á þeim fundi og hér í dag segir mér að hann hefur einbeittan vilja til að flýta þeim framkvæmdum.

[14:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fram hefur komið að ársdagsumferð á Reykjanesbraut hefði ekki mælst nema tæplega 7.000 bílar á sólarhring og það er rétt. Hins vegar er vandi málsins sá að afskaplega miklir álagstoppar eru í þeirri umferð og hún er mjög erfið. Þarna er mikil slysatíðni m.a. vegna þess að fólk hættir sér út í hraðakstur og framúrakstur í allt of miklum mæli.

Ég fagna því að fram kom á fundinum í Stapa að ráðist hefur verið í aðgerðir til að auka löggæslu á veginum. Ég held að það skipti miklu máli þangað til við getum náð þeim áfanga að tvöfalda brautina sem er auðvitað það sem koma skal. Auk þess verð ég að segja að ég hef mikla samúð með því sjónarmiði að athugaður verði nánar kostnaður við að byggja rafbraut milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur. Ég held að slíkt verði gert einhvern tímann í framtíðinni.

[14:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þingmannahópur Reykjaneskjördæmis hefur unnið að því af mikilli einurð að koma tvöföldun Reykjanesbrautarinnar á vegáætlun og fá breytingar í gegn til þess að það geti orðið. Það sem hins vegar hefur breyst hér á síðustu vikum og mánuðum

er að einstakir þingmenn hafa verið að reyna að slá sig til riddara í þessu máli, oft og tíðum, vil ég halda fram, á frekar ósmekklegan hátt. En það breytir því ekki að samstaðan er fyrir í hópnum. Allir eru að vinna að þessu máli.

Ég vil líka taka það fram fyrst ég er komin hér upp að það er algjörlega nauðsynlegt, eins og kemur fram í fyrirspurn hv. þingmanna vinstri grænna, að láta athuga hvað líður athugun á rafbraut til Suðurnesja af því að þó svo að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð á næstu árum þá má líka við því búast að efla þurfi hér almenningssamgöngur svo um munar á næstu áratugum.

[14:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Menn hafa rætt um miklvægi tvöföldunar Reykjanesbrautar í heil þrjátíu ár. Nú loks sér fyrir endann á þessu mikilvæga verkefni ef allt gengur fram sem væntingar manna standa til. Það er ljóst að órofa samstaða er meðal þingmanna kjördæmisins, Reykjaneskjördæmis, og í þann hóp hafa nú bæst góðir liðsmenn úr Suðurlandskjördæmi. En það vantar fjármagn til verksins og það þarf að ná í það og fá heimild hins háa Alþingis til þess, með öðrum orðum það þarf atbeina þingmanna úr öðrum kjördæmum ef þetta á fram að ganga.

Það er einfaldlega þannig samkvæmt langtímavegáætlun að það sést ekki í fjármagn af neinu viti fyrr en á síðustu árum þessa áratugar og til þess að flýta verkinu til ársins 2004, eins og um er rætt og ég vona að verði, þarf hundruð milljóna og milljarða á endurskoðaðri vegáætlun sem fram fer á næsta ári og ég vona svo sannarlega að þingmeirihluti finnist til þess. En ég tek undir það að menn eiga nú að láta af þeirri iðju sinni að slá sig til riddara og þykjast vera menna helstir og fremstir í þessu máli. Við skulum láta verkin tala.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Því var hvíslað í eyra mér áðan að umræðan um tvöföldun Reykjanesbrautar væri sennilega einhver hysterískasta umræða í samfélaginu í dag.

Það er alveg rétt. Hún virkar hálfhysterísk, kannski vegna þess að þingmannahópur Suðurnesjabúa hefur látið virkilega mikið finna fyrir sér á síðum dagblaðanna og í öðrum fjölmiðlum varðandi málið. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja fá inn í umræðuna aðra möguleika. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja herma það upp á hæstv. samgrh. að hann stýri ráðuneyti sem hefur umhverfisstefnu og samkvæmt þeirri umhverfisstefnu ber að efla almenningssamgöngur á öllu landinu. Ég harma þau ummæli hæstv. samgrh. sem komu fram í svari hans áðan að samgrn. hyggist ekki leggja meira fjármagn en búið er í athugun á mögulegri rafbraut suður til Keflavíkur því að þar finnst mér hæstv. samgrh. vera að fara á svig við yfirlýsta stefnu ráðuneytisins sem hann stýrir og sömuleiðis vera að fara á svig við þann yfirlýsta tilgang ríkisstjórnarinnar að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og þar með losun gróðurhúsalofttegunda.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill fá þessa hluti fram í umræðuna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill líka fá fram í umræðuna möguleikana á framkvæmdum sem gætu tryggt öryggi vegfarenda á annan hátt en með milljarðaframkvæmdum sem kannski er ekki þörf á til að auka öryggi vegfarenda. Kannski eru til aðrar aðferðir ódýrari og sem eru jafnvel fljótvirkari. Þessi asi á þingmannahópi Reykjanesþingmanna er í hæsta máta skrýtinn og ég minni á að Vesturlandsvegurinn er hættulegri en Reykjanesbrautin. Um hann fara fleiri bílar. Á honum verða jafnalvarleg og jafnvel fleiri umferðarslys. Það er það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur viljað fá fram hér í umræðunni í dag og við höfum fengið það.

[14:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur að óeðlilega mikill asi sé á þeim þingmönnum sem leggja áherslu á framkvæmdir við Reykjanesbrautina. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt að lögð sé áhersla á þessa framkvæmd. Ég hef ekki hafnað neinum hugmyndum um könnun á lestarsamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Ég hef ekki hafnað því. Ég hef meira að segja staðið fyrir því að Vegagerðin taki þátt í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur um að athuga þetta.

Ég hafna því hins vegar að það sé gefið undir fótinn með framkvæmdir við uppsetningu á lest á milli þessara staða á sama tíma og við ætlum að leggja út í mikla fjárfestingu við tvöföldun á Reykjanesbrautinni. Það er algjörlega óforsvaranlegt að gefa undir fótinn með slíkt.

Lítum aðeins á tölur. Reykjanesbrautin frá Reykjavík til Suðurnesja er talin kosta 9 milljarða. Fjárveitingar á vegáætlun eru 3,3 milljarðar þannig að okkur vantar enn þá 5,7 milljarða til þess að ljúka þessu verkefni sem er að tvöfalda brautina með mislægum gatnamótum allar götur úr Reykjavík til Keflavíkur. Eingöngu kaflinn Hafnarfjörður/Fitjar kostar 2,3–2,5 milljarða þannig að þar vantar yfir 1,5 milljarða til þess að ljúka því verki. Hér er því um stórt verkefni á mælikvarða okkar Íslendinga að ræða og við eigum ekki, þó að við viljum auðvitað draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að nota samgöngutæki sem henta vel til þess, að gefa undir fótinn með þá kosti sem eru ekki í augsýn. En við eigum að skoða það í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 14:53.

---

59. FUNDUR

þriðjudaginn 16. jan.,
að loknum 58. fundi.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 580. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 484. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 369. mál, þskj. 585. — 1. umr.

4. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.

5. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.

6. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.

7. Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
8. Lagaráð, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
9. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — 1. umr.
10. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.
11. Sveitarstjórnarlög, frv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 367. mál (opinber rannsókn). — Þskj. 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tóbaksvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 345. mál (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.). — Þskj. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Neytendavernd og innflutningur á írskum nautalundum. [14:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hjá iðnvæddum þjóðum hafa flestar breytingar í landbúnaði á síðustu áratugum byggst á tækniþróun og notkun vísinda í þágu landbúnaðarins. Meginmarkmiðið hefur verið að ná auknum afköstum og árangurinn raunar mældur í framleiðniaukningu og fækkun starfa í landbúnaði. Þessi þróun hefur ekki farið fram hjá okkur og stefnir í æ meiri verksmiðjubúskap, þ.e. færri og stærri bú eins og orðið hefur í nágrannalöndum okkar.

Slík þróun, studd hörðum kröfum um lægra matvælaverð, hefur neytt bændur víða um lönd til ódýrari framleiðsluaðferða. Dæmi um afleiðingar þessa eru kúariða, sem fyrst varð vart í Bretlandi fyrir 15 árum, díoxínmengun í belgískum matvælum og notkun skolps við búvöruframleiðslu í Frakklandi.

Hér á landi hafa áherslur Neytendasamtakanna og margra annarra sem hafa talið sig vera talsmenn neytenda á Íslandi fyrst og fremst verið á lágt matvælaverð og undir þeim formerkjum er sett fram krafa um innflutning á ódýrum landbúnaðarvörum. Aftur á móti hefur minna farið fyrir kröfum um neytendavernd og hollustu matvælanna, svo sem áhersla á lífrænt ræktaðar vörur eða hreinleika. En það er ætíð samhengi á milli verðs og gæða búvöru eins og gildir um aðrar vörur. Óraunhæfar kröfur um lágt búvöruverð hljóta að koma niður á heilsu dýranna, framleiðsluháttum í landbúnaði og gæðum vörunnar.

Þetta erum við nú að finna á eigin skinni og vöknuðum upp við vondan draum þegar farin var sú leið að flytja í stórum stíl inn í landið ódýrari kjötvörur m.a. frá löndum þar sem kúariða og aðrir sjúkdómar í búfé hafa valdið miklum búsifjum.

Hvað varðar innflutning á ferskum kjötvörum er sú staðreynd hið alvarlegasta mál að ekki hefur verið farið eftir gildandi lögum og reglugerðum um innflutning á kjötvörum. Staðfest hefur verið að viðhlítandi vottorð var ekki til staðar þegar innflutningur á yfir 6 tonnum af írskum nautalundum var leyfður skömmu fyrir síðustu jól. Neytendur, bændur, landlæknir, Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og dýralæknar hafa því búið við falskt öryggi þar sem treyst hefur verið á strangt eftirlit með innfluttum kjötvörum eins og hæstv. landbrh. hefur lýst að sé hér á landi.

Herra forseti. Því er rétt að það komi fram hvort það hafi verið undantekning að ekki var farið eftir gildandi reglum varðandi þennan innflutning eða hvort þetta hafi verið viðtekin vinnubrögð frá því að auglýsingin var birt.

Innflutningur á búvörum á þessu ári hefur vaxið og var innflutningur á nautalundum á síðasta ári a.m.k. 27 tonn. Unnið kjöt af alifuglum var fyrstu tíu mánuði sl. árs komin upp í 43 tonn. En þessi mikli innflutningur kemur ekki til af því að kjöt vanti á markaðinn. Íslenskir nautgripabændur geta ekki losnað við kálfa og ungviði til slátrunar, markaðurinn er yfirfullur.

En það er fleira en innflutningur á ferskum kjötvörum sem þarf vandlega að skoða og endurmeta í kjölfar þeirra sjúkdóma og mengunar sem er í erlendum landbúnaði. Margt er enn óljóst um ferli og smitleiðir kúariðu. Þar til nægileg þekking er til staðar er rétt að sýna ýtrustu gát. Þetta á því við um innflutning á fósturvísum úr norskum kúm sem nú er í undirbúningi og vísa ég í því sambandi til þáltill. sem liggur fyrir þinginu um frestun á tilrauninni.

Þetta á einnig við um unnar kjötvörur til manneldis, mjólkurduft og gæludýrafóður. Við búum enn að þeim varúðarreglum sem fyrrv. yfirdýralæknir, Páll Agnar Pálsson, setti um smitvarnir. En í dag er ástandið þannig að við verðum að leggja enn ríkari áherslu á neytendavernd og verndun hreinleika íslenska dýrastofnsins. Undan því verður ekki komist. Neytendavernd verður að vera ofar hagsmunum matvælainnflytjenda og óraunhæfum kröfum um verðlag á íslenskum landbúnaðarvörum. Því beini ég nokkrum spurningum til hæstv. landbrh.:

1. Hvaða forsendur voru fyrir því að leyfa innflutning á nær 6,5 tonnum af frosnum nautalundum frá Írlandi þegar ljóst er að Írar hafa enn ekki náð tökum á útbreiðslu kúariðu og standa nú í miklum aðgerðum og stórfelldri slátrun vegna smithættu?

2. Hver ber ábyrgð á því að embætti yfirdýralæknis fór ekki eftir auglýsingu nr. 324/1999, varðandi innflutning á írskum nautalundum?

3. Er ástandið á Írlandi ekki næg ástæða til að beita ákvæðum fyrrgreindrar auglýsingar um að kúariða megi ekki hafa greinst í viðkomandi landi í sex mánuði fyrir útflutning og túlkar ráðuneytisstjóri landbrn. skoðun landbrh. þegar hann fullyrðir að reglur sem landbrn. sjálft hefur sett sér um innflutning á kjötvörum stangist á við gildandi lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist?

4. Hvað er því til fyrirstöðu að setja reglur sem banna alfarið innflutning á fersku kjöti frá þeim löndum sem kúariða greinist eins og þegar hefur verið gert í nokkra vetur?

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi umræðunnar þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi því ég held að mjög mikilvægt sé að þingið fylgist með þessum málum. Það hefur sett löggjöfina og ber því mikla ábyrgð.

Ég vil nota þetta tækifæri og fagna því í rauninni að Íslendingar hafa vaknað til meðvitundar um það að þeir eiga mjög sérstæðan landbúnað sem býr við margfalt betri aðstæður en í flestum öðrum löndum og það er auðvitað fagnaðarefni. Þegar ég hugsa til baka þegar ég og minn flokkur og íslenskir bændur vorum sakaðir um fornaldarmennsku fyrir að berjast gegn innflutningi og að vilja beita allri þeirri varúð í þeim málum sem hægt væri á þeim rökum sem nú eru lýðum ljós, þá er það heilbrigði neytenda og hið mikla heilbrigðisástand íslensks landbúnaðar sem er auðvitað ástæðan fyrir því. Ég minnist þess þegar við vorum í upphafi síðasta áratugar að fara þá leið að opna glufu í vegginn að kröfu margra aðila til þess að flytja inn landbúnaðarafurðir og átökin geisuðu í rauninni um það. Átökin á pólitíska vísu voru um hvort ekki ætti að fella allar reglur niður og hafa frjálsan innflutning. Það var krafa margra aðila.

Ég minnist þess að þegar flokkur minn kom að ríkisstjórn 1995 höfðu þeir flokkar sem fóru með GATT-samningana ekki náð samkomulagi um útfærsluna og það var verkefni fyrirrennara míns, Guðmundar Bjarnasonar, að útfæra þær reglur eftir allri þeirri varúð, ná sérsamningum Íslendinga um hvernig staðið væri að því.

Ég minnist þess að hann stóð þá undir veggjum á svörtum loftum, Seðlabankanum sjálfum, og varðist þar af mikilli hörku. Það var ekki bara stjórnarandstaðan eða Alþfl. sálugi (**Gripið fram í:** Sjálfur.) — hann er nú ekki til lengur — sem þá barðist hart gegn honum. Það voru líka Neytendasamtökin, verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar sem töldu að hér væri hart gengið fram og þröngar skorður settar til að vernda sérstöðu Íslands, landbúnaðinn sjálfan. (**SJS:** Hvenær koma þessar endurminningar út?) Þessi niðurstaða náðist sem betur fer fram. (**SJS:** Hvenær koma endurminningar ráðherrans út?) Þær eru hér á ferðinni. Þessi hluti endurminninganna verður skráður í þingsöguna í þúsund ár og verður þar til staðar.

Ég minnist þess enn fremur að stríðið var það hart sem ég hef sagt áður að heill stjórnmálaflokkur lét aka á 150 km hraða með kalkúnalappir til veislunnar miklu á flokksþingi Alþfl. þar sem lærin voru nöguð. En jafnframt gerðist það þá að lögreglustjóri gerði þær lappir upptækar síðar.

Ég minnist þess einnig að Íslendingar urðu að ganga í gegnum það að stór verslunarkeðja stefndi íslenska ríkinu og landbrh. fyrir að banna innflutning á skinku. Hver var niðurstaðan? Hæstiréttur með fjórum atkvæðum gegn þremur komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið væri skaðabótaskylt. Þarna væri verið að vinna gegn hagsmunum neytenda. Það er því víða sem við höfum tekist á um þetta mál. Þess vegna fagna ég þeim áhuga sem Íslendingar hafa nú til þess að meta landbúnaðinn og verk bænda sinna í réttu ljósi.

Við höfum gerst aðilar að alþjóðasamningum. Við styðjumst þar við ákveðin vísindaleg rök sem við leggjum til grundvallar. Hér er allur innflutningur bannaður. Eina landið í GATT sem gerir það þar til hann er leyfður. Hin löndin hafa hann allan leyfðan þar til hann er bannaður. Við leyfum innflutning á vöðvum, önnur lönd á heilum og hálfum skrokkum. Við höfum því farið gætilega í þessu efni.

Hvað þetta mál varðar og um leið og ég svara fyrirspurnum hv. þm. vil ég segja að ráðuneytisstjóri minn hefur viðurkennt að auglýsingin er í rauninni strangari en samningurinn og lögin. Þess vegna hefur það verið vinnuregla hjá yfirdýralækni að vera í beinu sambandi við OIE, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunina í París, til að fá nýjustu og nákvæmustu upplýsingar. En hér vil ég segja að ég hef falið Eiríki Tómassyni lagaprófessor að fara yfir framkvæmd þessara mála, hvort farið hafi verið eftir auglýsingum, reglugerðum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum þegar þessar *írsku nautalundir voru fluttar inn. Eiríki Tómassyni hefur* jafnframt verið falið að fara yfir í samstarfi við færustu sérfræðinga hérlendis fyrirkomulag þessara mála með tilliti til þess hvernig á þeim verður best haldið til framtíðar og hvort mögulegt sé að herða lög og reglur enn frekar. Ég mun kalla dýralæknaráð saman til að fara yfir vísindaleg rök að baki ákvörðun yfirdýralæknis. Ég ætla mér einnig að eiga viðræður við Jóhannes Gunnarsson, formann Neytendasamtakanna, um fyrirkomulag innflutningsmála. Ég vil eiga fullt samstarf við Neytendasamtökin. Ég boðaði Ara Teitsson og Bændasamtökin á minn fund og hann hefur reyndar þegar hitt mig á förnum vegi.

Þegar niðurstaða þessarar úttektar liggur fyrir mun ég leggja hugsanlegar tillögur um úrbætur fyrir ríkisstjórn og landbn. Alþingis sem er mikilvægt svo að um þessi mál megi ríkja sem víðtækust pólitísk sátt.

Ég vil segja að ég er sannfærður um að það hvarflar auðvitað ekki að nokkrum manni eða verslunarkeðju í ljósi umræðunnar að óska eftir að flytja inn nautakjöt frá kúariðulöndum þannig að staðan er alveg ljós í þeim efnum. Sá aðili sem átti óselda $^2/_3$ af írsku nautalundunum hefur pakkað þeim saman og sett þær í frysti af öryggisástæðum og væntumþykju sinni gagnvart neytendum. Þannig að nú gefst okkur tími, ríkisstjórn, Alþingi og færustu mönnum til að fara yfir þessi mál og kanna hvort við þurfum að herða lög, hvort við getum hert lög svo við stöndum öruggir gagnvart framtíðinni, gagnvart okkar íslenska fólki, ferðamönnum og íslenskum landbúnaði.

[15:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði vonir um það við upphaf umræðunnar að hægt væri að fara málefnalega yfir þetta mál og ræða það eins og það stendur í dag, einkum og sér í lagi vegna atburða í lok sl. árs, þ.e. innflutnings þeirra írsku nautalunda sem urðu tilefni þessarar umræðu. Hæstv. ráðherra kaus hins vegar að fara lengra aftur í tímann til upphafs síðasta ártugar.

Ég vil rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að kúariðan og tenging hennar við sjúkdóminn í mönnum varð lýðum ljós eftir að Framsfl. tók við forráðum í landbrn., í heilbrrn. og í umhvrn. Það hefur því verið á verksviði Framsfl. og ráðherra

hans að bregðast við þeim illræmda sjúkdómi sem kúariðan er og þeim ótta sem hefur skapast meðal neytenda af þeim ástæðum þannig að ég sendi þennan bolta aftur í fang hæstv. ráðherra og kollega hans í ríkisstjórninni.

Herra forseti. Ég var og er talsmaður þess að flytja inn landbúnaðarafurðir hingað til lands og ætla ekki að vera með nein afsláttarkjör í þeim efnum. Ég undirstrika hins vegar mikilvægi þess að farið sé að skýrum og gagnsæjum leikreglum í þeim efnum er varða heilbrigði almennings og hreinlæti allt. Ég vildi og vil að íslenskir neytendur geti notið hins sama í verði og raunar oftast í gæðum og íbúar annarra nágrannalanda. En ég vil auðvitað bregðast við nýjum kringumstæðum, nýjum tíðindum sem kúariðufárið hefur svo sannarlega skapað. Þar hefur ríkisstjórnin og ráðherrar hennar brugðist og ekki staðið vaktina nægilega vel.

Herra forseti. Ég vil ekki hræða fólk. Ég vil ekki kalla: Úlfur, úlfur og ég er ekki kominn í þennan ræðustól til þess. Því lýsi ég nokkrum vonbrigðum með það að hæstv. ráðherra skuli sjálfur fylla þann flokk manna og gefa til kynna að það fólk sem hefur neytt hins írska kjöts eigi enn þá að vera óvisst í sinni sök um það hvort kjötið yfirleitt væri smitað eður ei. Það er ákaflega létt í vasa og ég tók sérstaklega eftir því að hann taldi það sér til tekna að þriðjungur þess kjöts sem ekki hefur verið selt hefur verið frystur og geymdur. (**Landbrh.:** Ertu ekki feginn?) Er ég ekki feginn? spyr hæstv. ráðherra. Nei, ég er ekki feginn. Það gefur mér ástæðu til að ætla að ekki hafi allt verið með felldu með söluna á þriðjungi kjötsins sem ég í raun og sanni vildi trúa að allt hefði verið í lagi með. Herra forseti. Hér er hæstv. ráðherra að sá frækornum efans í brjóst þeirra neytenda sem þegar hafa keypt þetta kjöt og því er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra þráðbeint þess sama og spurt var í sjónvarpinu á dögunum, bæði í gamni og alvöru hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn til að neyta þeirra sömu írsku nautalunda ef þær kæmu á hans disk. Hann kom sér undan því að svara á dögunum og það er ástæða til þess að spyrja um það hér beint. Það er ekkert gamanmál, herra forseti, þegar um það er að ræða að 12 þúsund skammtar hafi farið á diska almennings í landinu og hæstv. ráðherra skuli koma hér og leyfa sér að segja að sá hluti kjötsins sem ekki var seldur sé þannig úr garði gerður að hann sé best geymdur í frystum gámum þar til annað sannast. Það er þetta, herra forseti, sem ég tel ástæðu til að gera að umtalsefni. Ég átti satt að segja ekki von á þessum viðbrögðum ráðherrans.

Herra forseti. Ég undirstrika að ég vil að við förum að öllu með gát. Látum vísindin ráða för en fyllumst ekki einhverju írafári og taugaveiklun. Þess vegna tel ég mikilvægt að landbn. komi mjög ákveðið — (**Gripið fram í:** Írafár?) Það er írafár, já, svo sannarlega — að verki í þessum efnum þegar þetta regluverk verður allt endurskoðað. Það liggur fyrir og er staðfest að reglugerð byggð á lögum, auglýsing byggð á reglugerð hefur ekki staðist, ekkert samræmi er þar á milli. Það er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra: Eftir hverju hefur verið farið í raun — og ég spyr í hversu mörgum tilfellum — þegar aðilum hefur verið hafnað um innflutning á fersku kjöti? Hvað hefur í raun ráðið för fyrst auglýsingin gilti ekki, fyrst reglugerðin gilti ekki? Hér rekst hvað á annars horn og við svo búið má ekki standa. Ég held að það þurfi atbeina þingsins, landbn. og allra góðra manna til þess að hjálpa hæstv. landbrh. út úr þessari klípu og ég skal ekki láta mitt eftir liggja.

[15:14]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér hefur staðið deila um það á liðnum árum hvort glenna eigi upp allar gáttir varðandi innflutning landbúnaðarvara ellegar gæta varúðar. Fremstur í flokki þeirra sem hafa krafist afnáms sem flestra innflutningshamla hafa verið alþýðuflokksmenn sem skipa sér nú undir merki Samfylkingarinnar eins og kunnugt er. Hinir sem hafa viljað gæta varúðar hafa tryggt með lagasetningu að hægt er nú og skylt að bregðast við þeirri hættu sem steðjar að vegna kúariðu. Haldreipið í lagasetningunni er að finna í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, en þar segir í 10. gr. að óheimilt sé að flytja til landsins m.a. ferskt kjöt.

Það kostaði eins og kunnugt er mikil átök við alþýðuflokksmenn að halda þessu ákvæði inni í lögunum. Þeir töldu að hér væri eingöngu um að ræða dulbúna viðskiptahindrun. Áralangur málflutningur Alþfl. í þessum málum er nú endanlega gengisfelldur um ári eftir að flokkurinn er lagður niður.

Í þessari baráttu sem okkur er flestum í minni, árin 1991–1995, skipti sköpum einörð framganga landbrh. og forsrh. sem nutu dyggilegs stuðnings þáv. formanns landbn., Egils Jónssonar, og þáv. varaformanns landbn., Guðna Ágústssonar, núv. hæstv. landbrh.

Aðild Íslands að GATT-samningnum takmarkar ekki svigrúm íslenskra stjórnvalda til að bregðast við vandanum. Hér er um alvarlegan og lítt þekktan sjúkdóm að ræða. Í lögum nr. 87/1995 er landbrh. heimilt að veita undanþágu frá innflutningsbanni á fersku kjöti, þó aðeins að því tilskildu að sannað þyki — að sannað þyki — að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Ég tek það fram sérstaklega að ekkert er unnt að sanna í þessum efnum að því er varðar kúariðu.

Sú skoðun hefur verið útbreidd meðal þeirra sem barist hafa fyrir óheftum innflutningi að raunverulegur tilgangur með heilbrigðisreglum hafi verið að hindra innflutning til verndar innlendri búvöruframleiðslu. Málið nú varpar skýru ljósi á að sá málflutningur stóðst ekki. Það sem er í húfi snertir fyrst og fremst neytendur, þ.e. íslensku þjóðina, og hún er fyllilega meðvituð um mikilvægi þess að sýna ýtrustu varúð.

Nú er fyrst og fremst lag til að skoða hvort nægilega vel er staðið að eftirliti með ýmsum unnum matvörum sem innihalda hráar kjötafurðir. Leiða má rök að því að þar kunni ekki síður að vera um varasaman innflutning að ræða en þegar hrátt kjöt á í hlut.

Alþjóðavæðing viðskipta býður upp á ýmsa athyglisverða möguleika fyrir Íslendinga sem þeir eiga að nýta sér. Hins vegar má aldrei gleyma því að ýmsar neikvæðar hliðar fylgja þessari alþjóðavæðingu og hömlulausum alþjóðaviðskiptum. Þær hættur geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Þar má því ekki tefla neinu í tvísýnu og þegar mikil óvissa ríkir í slíkum málum er það skylda okkar að sýna varkárni. Kúariðumálið er dæmigert mál af þessu tagi og kennir vonandi þeim sem fjálglegast hafa barist fyrir andvaraleysi í þessum efnum ákveðna lexíu.

[15:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Þetta máltæki á í rauninni vel við þá umræðu sem nú kemur upp við innflutning á kjöti erlendis frá sem snýr m.a. að neytendavernd. Minnast má margra leiðara Dagblaðsins

fyrrum um hversu fráleitt það væri að leyfa ekki innflutning á landbúnaðarafurðum frá öðrum löndum. Þá var skrifað að þá gætu Íslendingar fengið ódýr og góð matvæli niðurgreidd frá ESB.

Herra forseti. Það hljóta að teljast afglöp við meðferð máls að hingað skuli hafa verið flutt inn nautakjöt frá einu mesta nautgripariðulandi Evrópu, Írlandi. Framsýni þeirra sem stöðvuðu innflutning á erlendu kjötmjöli fyrir áratugum er þakkarvert. Upplýsingagjöf til almennings um smitleiðir er misvísandi og alls ekki trúverðugt að dýrasjúkdómar sem eru í blóði nautgripa berist ekki með kjöti.

Í þeirri stöðu sem upp er komin víða í Evrópu varðandi kúariðu og fóðrun alidýra er nánast sjálfgefið að stöðva eigi allan kjötinnflutning til Íslands. Klúðrið í nautalundamálinu skrifast á landbrh.

Herra forseti. Nú ætti landbrh. að afturkalla ákvörðun sína um innflutning á fósturvísum frá Noregi. Tökum enga óþarfa áhættu um framtíðarhreinleika íslenskra landbúnaðarvara.

Við megum þakka íslenskum bændum fyrir störf þeirra. Og gott er þegar þjóðinni verður loksins ljóst hvaða verðmæti við eigum í hreinum, íslenskum landbúnaði og því að halda sveitum landsins í byggð. Í hreinleika íslensks húsdýrastofns okkar eru fólgin mikil verðmæti sem undir engum kringumstæðum má spilla.

Herra forseti. Standi landbrh. vakt sína sem ekki var gert nú, má áfram að skaðlausu kyssa íslenska kú.

[15:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér gilda lög og hér gilda reglur. Íslenskir neytendur og íslenskir bændur treysta því að landbrn. fari að þeim reglum sem það hefur sjálft sett sér og undirritaðar eru af landbrh. og auglýst að unnið sé eftir. Í stað þess að viðurkenna að hér hafi orðið alvarleg mistök í framkvæmd gildandi laga og reglna við innflutning á írsku nautalundunum fer ráðuneytisstjórinn, talsmaður hæstv. ráðherra, að afsaka afglöpin með því að reglur okkar séu allt of strangar og ekki sé hægt að fara eftir þeim að mati hans. Það er landbrn. sem gefur út skriflegt innflutningsleyfi fyrir kjötið. Hæstv. landbrh. sjálfur getur ekki svarað því í viðtali hvað hann viti um framkvæmd reglna við innflutning á umræddu írsku kjöti.

Verslun með nautakjöt skekur lönd um allan heim og ráðherrar fjúka af stólum sínum vegna slælegrar framgöngu í eftirliti. Hér þykist hæstv. landbrh. ekkert vita hvað um er að vera í eigin ráðuneyti og kallar á lögfræðing til að segja sér hvort brjóta megi eigin auglýstar reglur sem eru í fullu gildi þar til þær hafa verið dæmdar af eða aðrar eru teknar við.

Herra forseti. Það hvarflar að manni hvort Evrópuvírusinn sé farinn að búa svo um sig í landbrn. að þar sé litið svo á að við séum þegar orðin hluti af Evrópusambandinu, að við höfum yfirtekið allan heilbrigðiskafla Evrópusambandsins. En svo er aldeilis ekki. Menn halda þar e.t.v. að hagsmunir ESB-landa séu æðri íslenskum hagsmunum okkar. Nei, herra forseti, svo er ekki.

Bændasamtökum Íslands hefur loks ofboðið og hafa þau í dag skorað á landbrn. að stöðva a.m.k. tímabundið allan innflutning á nautakjöti og unnum matvælum sem innihalda nautgripaafurðir frá þeim löndum þar sem kúariða hefur greinst. Bændasamtök Íslands hafa í dag afhent landbrh. bréf þess efnis. Spurning mín til hæstv. landbrh. er: Ætlar hann að verða við þessu?

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram mun hæstv. landbrh. taka á þessu máli og láta skoða allar lagalegar hliðar þess. Það er nauðsynlegt og brýnt að mínu mati. Hér hefur komið fram að Eiríkur Tómasson lagaprófessor mun fá færustu sérfræðinga til að fara yfir fyrirkomulag þessara mála. (**Gripið fram í:** Er Jón Steinar upptekinn?)

Ég vil koma því á framfæri hérna að Hollustuvernd ríkisins hefur fylgst með eftirliti á unnum vörum í nágrannalöndum okkar daglega í gegnum svokallað Ratex-kerfi eða alþjóðlegt matvælaeftirlitskerfi Evrópusambandsins. Samkvæmt upplýsingum sérfræðinga okkar frá Hollustuvernd ríkisins hefur ekki verið bannað að flytja unnar vörur á milli landa hér í kringum okkur. Hins vegar sendi Hollustuvernd ríkisins bréf 5. desember til innflutningsaðila þar sem þeir eru beðnir að upplýsa hvaðan kjöt kemur sem er í viðkomandi afurð. Þær upplýsingar eru núna að berast.

Ég vil einnig benda á það við þessa umræðu að matvælaráð mun hittast á morgun en þar eru þeir aðilar sem koma helst að matvælaeftirliti í landinu fyrir utan heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, þ.e. fulltrúar Hollustuverndar ríkisins, yfirdýralæknir, fulltrúi Fiskistofu og mér skilst að einnig muni sóttvarnalæknir koma þangað.

Ég vil að lokum taka undir það sem kom hér fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um að við eigum að fara með fyllstu varúð en við eigum líka að hafa vísindalegar upplýsingar að leiðarljósi. Ég fagna þessari yfirlýsingu og tel hana mjög brýna og eðlilega í umræðunum hér. Þetta hefur verið málflutningur okkar út á við, sérstaklega gagnvart fiskimjölinu sem menn hafa nýlega rætt hér. Við höfum viljað styðjast við vísindaleg rök og við hljótum að gera það í þessu máli eins og í umræðunni um fiskimjölið.

[15:25]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Kúariða í búpeningi og ekki síður Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur eru einstaklega erfiðir í greiningu því sjúklingurinn hefur oft gengið með sjúkdóminn árum saman áður en einkennin koma í ljós og ekki er hægt að greina hann með fullri vissu nema við nákvæma rannsókn á aðalhlutum taugakerfis. Smitleiðir eru einnig lítt þekktar. Öll þessi einkenni þekkjum við Íslendingar sem um áratuga skeið höfum barist gegn hliðstæðum sjúkdómi í sauðfé með athyglisverðum árangri og virðast mörg landsvæði nú vera orðin hrein þó seint verði nokkuð fyllyrt í því sambandi og brýn þörf sé á því að hafa áfram fyllstu aðgát vegna lævísi sjúkdómsins.

Ég hef lengi fylgst af miklum áhuga með baráttunni við sauðfjárriðu á Íslandi. Ég verð að segja að mig rak í rogastans þegar ég varð þess áskynja að flutt hafi verið inn nautakjöt frá riðulandinu Írlandi til að Íslendingar gætu gætt sér á í hátíðamatinn. Það verður að segjast eins og er að á Írlandi grasserar riða landsmönnum til mikillar skelfingar. Í nóvembermánuði sl. fundust 20 ný tilfelli þar af kúariðu og stendur nú fyrir dyrum stórfelldur niðurskurður nautgripa þar í landi vegna fársins.

Auðvitað er skýlaus krafa íslenskra neytenda að ekki sé verið að flytja inn nautakjöt frá löndum þar sem er grasserandi kúariða og geta engir alþjóðasamningar komið í veg fyrir að við framfylgjum slíkri kröfu.

Hvað varðar kröfur Neytendasamtakanna um að framleiðslu beinamjöls verði hætt á Suðurlandi, þá tek ég ekki undir hana. Þar er unninn sláturúrgangur frá riðufríu svæði og mjölið ekki gefið jórturdýrum. Nær væri að hvetja til framleiðslu íslensks gæludýrafóðurs úr slíku hráefni en slíkt fóður er einmitt flutt inn í miklum mæli frá löndum sem hafa vafasaman feril hvað varðar framleiðslu fóðurs úr sýktum búpeningi.

[15:27]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Innflutningur nautakjöts frá Írlandi nú á dögunum er einangrað tilfelli og trúlega ekki það alvarlegasta sem gerst hefur varðandi innflutning á kjöti eða tilbúnum réttum sem innihalda kjöt. Því miður hefur ríkt hér nokkurt andvaraleysi varðandi innflutning matvæla. Þetta mál gefur okkur tilefni til að endurskoða allt eftirlit með innflutningi þeirra. Hér hafa þó ríkt kröfur um innflutning kjöts til landsins sem hafa oft sætt gagnrýni og því verið haldið fram að heilbrigðisreglum væri beitt með fölskum viðskiptahindrunum af þeim sem hafa barist fyrir óheftum innflutningi.

Með innflutningi til landsins á matvælum fylgir mikil og vaxandi áhætta og við megum ekki sofna á verðinum. Við eigum að fara að öllu með gát í þessu máli því þar hafa bæði bændur og neytendur sömu hagsmuna að gæta.

Kúariða hefur aldrei fundist hér á landi og fullyrða má að Ísland sé laust við þennan sjúkdóm, ekki síst vegna ákvörðunar sem tekin var árið 1978. Kúariðan er ný ógn sem taka verður mjög alvarlega og gera allt sem hægt er að varast að hún berist til landsins. Öflugur og vel rekinn landbúnaður er þáttur í sjálfstæði hverrar þjóðar og hann er mikilvægur þáttur í íslensku atvinnulífi, bæði hvað varðar framleiðslu og úrvinnslu greinar og hefur íslenskur landbúnaður lagt sitt fyllilega af mörkum til betri lífsafkomu þjóðarinnar. Okkur ber að hlúa að íslenskum landbúnaði, það er bæði neytendum og bændum fyrir bestu.

Herra forseti. Álit mitt er það að við eigum þegar í stað að banna innflutning frá þeim löndum þar sem kúariða hefur komið upp.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér fór eins og fleirum að ég varð forundrandi þegar þær fréttir bárust af því fyrir jólin að landbrn., undirstrikað landbrn., hefði heimilað innflutning á hráu nautakjöti frá Írlandi, frá kúariðulandinu Írlandi.

Pólitísk sagnfræði er áhugaverð og óútgefnar endurminningar stjórnmálamanna. Það er að vísu fremur óvenjulegt að menn sem hafa setið nokkur ár á þingi, eins og eitt og hálft ár sem ráðherrar séu orðnir svo uppteknir af framlagi sínu til stjórnmálasögunnar að þeir gangi um með bólginn hausinn af óútgefnum endurminningum sínum. Og það er enn verra ef menn gleyma hlutverki sínu af þeim sökum.

Hæstv. landbrh. svaraði ekki spurningunni hér: Hvers vegna var þessi innflutningur leyfður? Á því ber hæstv. landbrh. alla stjórnskipulega ábyrgð. Hæstv. landbrh. getur hvorki skotið sér á bak við reglur ráðuneytisins sem hann getur breytt sjálfur né þaðan af síður á bak við húskarla sína. Ég fullyrði að væri þetta Þýskaland eða önnur Evrópulönd þá væri farið að hitna ekki síður undir afturendanum á hæstv. landbrh., Guðna Ágústssyni, en þeim starfsbræðrum hans sem hafa fokið fyrir minni sakir en þær að leyfa innflutning á kjöti frá landi þar sem bullandi riða geisar. Fyrir þær sakir einar að leggja ekki fram nægar upplýsingar hafa landbúnaðarráðherrar orðið að segja af sér.

Ég, herra forseti, tel að það sem hér hefur gerst sé mjög alvarlegt og ekki bætir úr skák ef svo er sem ég hef heyrt fullyrt, eins og fram kom reyndar líka í máli hv. síðasta ræðumanns, að önnur fyrri tilvik séu jafnvel enn alvarlegri varðandi innflutning á kjöti hingað til lands á undanförnum mánuðum og missirum sökum þess að þar hafi jafnvel skort enn þá meira upp á að fullnægjandi vottorð væru fyrir hendi o.s.frv.

Ég tel ekkert annað koma til greina, herra forseti, en að fram fari opinber rannsókn á því hvernig staðið hefur verið að þessum málum á Íslandi að undanförnu. Og hæstv. landbrh. á ekki að komast upp með að breyta umræðum upp í fíflalæti með framgöngu af því tagi sem hann stóð fyrir hér áðan.

[15:32]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Árum saman fóru ýmsir talsmenn Alþfl. hamförum í árásum sínum á Framsfl. og aðra þá sem vildu fara varlega hvað varðar innflutning á kjöti erlendis frá. Undir þessar árásir tóku ýmsir einstakir kaupmenn og jafnvel Neytendasamtökin. Ég fagna því að flestir þessara aðila skuli hafa séð að sér og breytt um skoðun þó að enn megi heyra hér í þingsölum gamla kratatóninn hvað varðar innflutning á kjöti.

Staðreyndin er nefnilega sú að varnaðarreglan er í fullu gildi. Hún snýst um að vernda íslenska náttúru og hún snýst um að vernda hreinleika íslensks landbúnaðar.

Tilefni umræðunnar að þessu sinni er kúariðufaraldur í Evrópu. Það er rétt að leggja áherslu á að vísindalega séð er í rauninni afskaplega lítið vitað um uppruna og útbreiðslu kúariðu og smittíma og þar fram eftir götunum. Einnig er rétt, herra forseti, að minna á að fyrstu viðbrögð ráðamanna í Bretlandi, þegar kúariðufaraldurinn kom þar upp, voru þau að ganga í fjölmiðla og éta þar hamborgara með börnum til að sýna að hættan væri ekki til staðar. Annað kom síðan í ljós.

Við megum ekki og munum ekki falla í sömu gryfju og Bretar gerðu. Við þurfum að skoða í fyrsta lagi: Eigum við að taka tímabundið fyrir innflutning á hráu kjöti þaðan sem kúariðufaraldur hefur gosið upp? En það eitt er ekki nóg. Við flytjum líka inn unnar kjötvörur og við vitum einnig að talið er líklegt að kúariða eyðist ekki við suðu. Þá þarf að taka á því máli einnig með upprunavottorði. En í þriðja lagi þarf líka að efla fræðslu til almennings, Íslendinga sem leggja land undir fót og snæða í Evrópu. Það gerist auðvitað ekki með lögum heldur með fræðslu. Ég treysti hæstv. ráðherra og þar til bærum stjórnvöldum til að taka á þessu máli því að ekki mega verða slys.

[15:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það mætti halda að Alþfl. sálugi hefði flutt inn nautalundirnar í haust af málflutningi stjórnarliða að dæma. Svo er nú ekki og það vitum við öll og ég held að það sé ágætt að fólk haldi sig við efnið í jafnalvarlegri umræðu og hér á sér stað, því við vitum í raun mjög lítið um Creutzfeldt-Jakob heilahrörnunarsjúkdóminn. Við vitum þó að hann veldur alvarlegri lömun og dregur alla sem fá hann til dauða. Við vitum einnig að mörg ár, jafnvel áratugir geta liðið frá því að sjúklingur smitast þar til hann verður veikur

en þetta hefur m.a. komið fram í máli Margrétar Guðnadóttur prófessors, eins helsta sérfræðings á þessu sviði.

Við getum heldur ekkert fullyrt um smitleiðir því að í því efni er ekkert sannað þrátt fyrir fullyrðingar embættismanna og annarra þar um. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að skapa falskt öryggi hjá almenningi, heldur ekki að vekja óþarfa ótta eins og fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Það er hins vegar skylda stjórnvalda að leita allra leiða til þess að stjórnvöld verji heilsu almennings og komi í veg fyrir að kúariða berist til landsins. Það er hægt að gera, herra forseti, þrátt fyrir alþjóðlegar skuldbindingar um frjáls viðskipti, því skulum við ekki gleyma.

Eina leiðin til að tryggja sem best öryggi almennings hér á landi er að koma í veg fyrir innflutning vöru sem unnin er úr nautgripaafurðum frá löndum þar sem kúariðu hefur orðið vart. Í raun er það mjög einfalt og það hafa t.d. Nýsjálendingar og Ástralir gert, því í þessu máli vega heilbrigðissjónarmiðin þyngst. Hagur neytenda verður að ganga fyrir, dýrkeypt reynsla annarra þjóða hlýtur að vera okkur nóg áminning um það. Ef það nægir ekki skyldu ráðherrar hér á landi hafa það í huga að annars staðar í Evrópu hafa ráðherrar fokið þegar sannleikurinn um kúariðuna og Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminn hitti málflutning þeirra sjálfra fyrir.

Ábyrgðin í þessu alvarlega máli er fyrst og síðast pólitísk og þá ábyrgð ber hæstv. landbrh.

[15:36]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Af þeirri umræðu sem hér á sér stað í dag er ljóst að það er þverpólitísk samstaða allra hv. þingmanna og allra stjórnmálaflokka um að við skulum leggja okkur öll fram um að auka svo mjög sem auðið er varnir gegn smitsjúkdómum. Menn hafa haft mismunandi meiningar um þetta fram til þessa en nú er það öllum ljóst að smitsjúkdómar í dýrum eru ákaflega hættulegir, svo hættulegir að aldrei er nógu mikið gert til að forða Íslandi og Íslendingum frá því sem er að gerast úti í Evrópu.

Því er ástæða til að fagna því að nú standa menn saman. Við höfum allar heimildir í lögum og í búfjárlögunum, við höfum heimildirnar alls staðar, þannig að úr því að ljóst er að það er vilji Alþingis, allra stjórnmálaflokka, að herða þetta enn þá meira þá eigum við að gera það. Við getum farið í það að banna þetta. Okkur er alveg fullkomlega heimilt að banna innflutning á hráu kjöti og ganga enn lengra ef okkur sýnist svo. Við skulum fagna því að við berum gæfu til þess að standa saman. Gerum það vegna þess að reynslan frá Evrópu sýnir okkur að það er aldrei nógu varlega farið.

[15:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra áðan. Við höfum fengið svolitla nasasjón af hinum pólitíska ferli hans og áhuga á sínum tíma og ég vona að eitthvað sé eftir af þeim áhuga í dag, að sporna við innflutningi á fersku kjöti en ég hefði viljað fá skýr svör við þeim spurningum sem lagðar voru fram.

Því miður finnst mér eins og hæstv. landbrh. sé að skjóta sér á bak við starfsmenn sína en hann ber fulla ábyrgð á þeim innflutningi sem verið er að ræða um og öðrum innflutningi á fersku kjöti frá því hann tók til starfa og hann ber ábyrgð á því að eftir lögum og reglum sé farið. Greinilegt er að viðhafðar hafa verið leikreglur undir stjórn hæstv. landbrh. þar sem farið hefur verið á svig við þau lög og reglur sem gilda í landinu.

Og finnist starfsmönnum ráðuneytisins og yfirdýralækni að þær reglur sem settar hafa verið séu ekki sanngjarnar, séu ekki réttar og standist ekki lögin þá hefði átt að vera búið að fara yfir það og tilkynna því að í landinu er fólk sem fylgist með og hefur verið þess fullvisst að farið hafi verið eftir þeim reglum sem í gildi eru og mátt hafi treysta því að þær vörur sem það hafi verið að kaupa hafi verið hreinar og góðar vörur. Ég ætla að vona að ekkert komi fram sem sýni annað. En það eru miklu fleiri sjúkdómar og hugsanlega alvarlegri en kúariða sem geta borist með bæði dýrum og eins kjötvöru og annarri vöru. Því er mjög nauðsynlegt að fara vel yfir þetta mál, herða reglurnar, a.m.k. að farið sé eftir þeim reglum gilda í dag.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim mörgu sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir málefnalegar ræður og finn að við eigum samleið. Hér verður farið af fullri varúð og hefur verið gert og farið eftir lögum og reglum að ég vona. Eiríkur Tómasson prófessor er að fara yfir það.

Hins vegar harma ég málflutning sumra. Ekki eru það síst málshefjandi og vinstri grænir sem hér hafa farið offari. Ég vil segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að fylgi hans getur verið jafnfallvalt og stóllinn minn. Hann fer offari í ótrúlegum hroka og ómerkilegum málflutningi. Hv. þm. beitir stíl Gróu á Leiti, hann notar kjaftakerlingarstíl þegar það hentar honum og það hefur hann komist upp með og það gerði hann í ræðu sinni. Ég veit að hv. þm. Drífa Hjartardóttir var að ræða um fleiri vörur og fara þarf yfir unnar matvörur og það kjöt sem í þeim er, pitsur, vorrúllur og fleira sem hér hefur verið nefnt. Yfir það verður einnig farið af hálfu ríkisstjórnarinnar og um það var rætt í morgun. Þess vegna er það hörmulegt að hv. þm. skuli beita kjaftastíl sínum, slá tungunni sitt hvorum megin um höfuðið þegar hann er að reyna að rægja æruna af félögum sínum. Þetta er ljótur málflutningur.

Mér varð það því miður á hér í upphafi að vekja upp lítinn krata í brjósti hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Hann blundaði þá þar enn, blessaður drengurinn. Ég vil segja við hv. þm. að ég vildi auðvitað ekki vekja upp þann draug, ég var að fara yfir söguna. Ég var ekki að gera lítið úr verslunarkeðjunni. Ég sagði: Íslenska þjóðin er dálítið óttaslegin vegna þess sem er að gerast í Evrópu og óttast hið írska nautakjöt. Ég var að dást að verslunarkeðjunni fyrir að segja frá því að nú væri afgangurinn af þessu kjöti kominn í frysti og jafnframt sagði ég frá því til að róa íslenska neytendur að ekkert af þessu kjöti hefði farið á hótelin. Ég var ekki að hræða þá eða annað slíkt, svo að það sé ljóst.

Ég vil líka segja út af umræðunni um norska fósturvísa að ýmsir hér hafa minnst á það og hafa viljað blanda því inn í þessa umræðu þó að það sé vitanlega allt annað mál. Þar ber auðvitað að fara af fullri varúð og verður gert. Ég hef rætt um það við yfirdýralækni að hann fari eftir næstu mánaðamót enn eina ferð til Noregs og hafi með sér í þeirri för Sigurð Sigurðarson á Keldum til þess að fara á nýjan leik yfir öll grundvallarmál í þeim efnum, til þess að alls öryggis sé gætt og við getum gripið í taumana ef þess þarf með.

Ég vil segja við hv. alþm. og raunar við neytendur á Íslandi: Ríkisstjórnin hefur áhyggjur af þessum málum. Við í ríkisstjórn munum fara yfir þau. Við munum á næstu dögum

leita samstarfs við alla þá aðila sem skipta máli í þessum efnum og jafnvel — og enginn vafi að meira að segja — vinstri grænir munu koma að því borði þó að málflutningurinn sé ekki upp á marga fiska.

Ég þakka þessa umræðu og er þakklátur fyrir það að íslenska þjóðin metur landbúnað sinn og skynjar nú hvað hún á.

Um fundarstjórn.

Ummæli landbúnaðarráðherra í utandagskrárumræðum.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að það gerist æ ofan í æ þegar hæstv. landbrh. á í hlut að hæstv. landbrh. notar rétt sinn sem síðasti ræðumaður í umræðu af þessu tagi til að ráðast með býsna svæsnum hætti, hygg ég að megi segja, að þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni og hafa fullnýtt rétt sinn og eiga ekki möguleika á því að bera hönd yfir höfuð sér. Þetta gerðist í utandagskrárumræðu um mál sem heyrði undir ráðherra rétt fyrir jólin og gerðist aftur nú, þar sem hæstv. ráðherra m.a. sakaði mig um að vera í hlutverki Gróu á Leiti og vera með mjög ómerkilegan málflutning uppi og þar fram eftir götunum.

Ég ætla ekki að bera af mér sakir sem engar eru. Ég sé ekki að ég megi ekki hafa uppi ummæli í mjög svipaða veru og aðrir hv. þm. gerðu og lutu að því einu að það kynnu að hafa verið alvarlegri tilvik á umliðnum mánuðum sem vörðuðu innflutning á búvörum en það sem var sérstaklega til umræðu hér. Það var allt og sumt sem ég sagði.

Herra forseti. Auðvitað verður forseti að ráða því hvernig hann fer með áminningarvald sitt og hann kaus að víta ekki framgöngu hæstv. ráðherra hér áðan eða í fyrri tilvikum. Hæstv. ráðherra hefur hér mikinn ræðutíma, mestan allra ræðumanna. Til hvers? Til þess að svara spurningum sem eru meira að segja lagðar skriflega fyrir ráðherrann með margra klukkutíma fyrirvara og öðrum spurningum sem koma fram í umræðunni. Engri einustu spurningu svaraði hæstv. ráðherra hér, hvorki í fyrri né síðari ræðu sinni. (**Utanrrh.:** Er hann að bera af sér sakir?)

Herra forseti. Þetta er að mínu mati misnotkun á því formi umræðunnar sem hér er. Utandagskrárumræður af þessu tagi eru til þess að vekja athygli á máli eða leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Sú venja hefur þróast að til að greiða fyrir umræðunni og auðvelda hæstv. ráðherrum að koma með málefnaleg svör, þeim sem a.m.k. vilja reyna það, hvort sem þeir geta það eða ekki, við hina sem ekki einu sinni reyna er erfitt að eiga, eru ráðherrunum sendar spurningarnar skriflega, jafnvel með sólarhrings eða a.m.k. nokkurra klukkustunda fyrirvara.

Herra forseti. Er það þá við hæfi, samrýmist það þessu tjáskiptaformi að hæstv. ráðherrar komist upp með það endurtekið að svara engum spurningum en nota ræðutíma sinn og sérstaklega seinni ræðutíma þegar aðrir hafa ekki lengur aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér eða verja sig til ómálefnalegra árása á aðra þingmenn? Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þetta til íhugunar og velta því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess með einhverjum hætti að reyna að tryggja að umræðurnar gangi ekki svona fyrir sig. Það er í raun og veru þýðingarlaust að reyna að biðja um utandagskrárumræður og fá svör við spurningum, a.m.k. þegar hæstv. landbrh. á í hlut, ef þetta heldur áfram að ganga svona fyrir sig.

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér er hafin um fundarstjórn forseta vil ég segja að það er þekkt og hv. þm. hlýtur að þekkja að ráðherra fer með síðustu ræðu í umræðum utan dagskrár. Mér þótti að vísu undarlega bregða við að sá sem jafnan gagnrýnir hæst og hefur hæst leyfir sér stærstu orðin og ræðst með mestri ósvífni að þingmönnum og ráðherrum skuli nú kveinka sér svo þegar honum loksins er svarað.

Ég hef því ekki nokkra iðrun í hjarta mínu fyrir að hafa vakið athygli á þeim málflutningi sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon viðhafði í umræðunni, þeim fullyrðingum sem hann lét fram fara.

Ég tel að ég hafi í þessari umræðu svarað eftir því sem ég gat við þessar aðstæður þeim spurningum sem hv. fyrirspyrjandi lagði fyrir mig. Hins vegar mun niðurstaða úr úttekt Eiríks Tómassonar lagaprófessors svara þeim að fullu þegar þær koma fram því að ásakanir hafa komið sem ég vil fá á hreint áður en ég svara þeim til fullnustu. Það verður gert. Þingið og landbn. verða kölluð til þegar því verki lýkur. Ég hef í rauninni ekki fleira um þetta að segja en hef auðvitað samúð yfir því og er hálfviðkvæmur að hafa gert hv. þm. Steingrím Sigfússon svona sáran í þessari umræðu. En minnist hann nú allra sinna verka í þeim efnum fyrr og síðar hvernig hann hefur sótt stundum að öðrum og látið sér fátt um finnast hvaða orð hann viðhafði.

[15:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem á sér stað um hlutverk forseta við þær aðstæður sem urðu rétt áðan og verða satt að segja býsna oft við þær aðstæður sem við sköpum okkur við utandagskrárumræðu, nefnilega það að hæstv. ráðherrar forðast kjarna málsins og efni máls eins mikið og þeir geta og verja takmörkuðum tíma í alls konar snakk og óskylda hluti.

En það er vandlifað á forsetastóli, virðulegi forseti, og ég fæ ekki séð í fljótu bragði hvernig forseti hverju sinni getur haft leiðbeinandi vald eða beinlínis skipunarvald í þessum efnum. Við viljum ekki vera hér á neinni hallelújasamkomu. Við viljum tala hér íslenskt mál og beint út úr pokahorninu og ég kvarta ekki yfir því og ekki yfir talsmáta hæstv. landbrh. eða þingmanna yfirleitt í þeim efnum.

En verst er það í umræðunni þegar hún skilur lítið sem ekkert eftir af efnislegum atriðum og af upplýsingum sem eftir er leitað en það hefur bara verið viðvarandi vandi allt þetta kjörtímabil og það síðasta líka þannig að hér er ekkert nýtt á ferðinni, engin nýmæli sem mér bregður sérstaklega við. Það er hægt að standa hér og rexa yfir því og biðja um atbeina forseta í þeim efnum sem ég held að dugi ákaflega lítið, að kalla t.d. hæstv. landbrh. til byggða í umræðunni hérna áðan, til nútímans, til þeirra verkefna sem hann er að sinna og skáka honum úr fortíð.

Herra forseti. Ég hef fulla samúð með herra forseta í þessum efnum þegar það verkefni er annars vegar að kalla hæstv. landbrh. til byggða og nútíðar. Það hafa margir reynt fyrr og gengið með ýmsu móti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti þakkar hlý orð í hans garð og mun íhuga þær athugasemdir sem hér hafa fram komið.)

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 369. mál (yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 585. [15:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir til breytinga á lögum um eiturefni og hættuleg efni er flutt í framhaldi af tillögu nefndar sem skipuð var 13. júní sl. til að endurskoða áðurnefnd lög nr. 52/1988, með síðari breytingum.

Nefndinni er sérstaklega ætlað að huga að löggjöf Evrópusambandsins og lagaþróun í Evrópu á sviði eiturefna og hættulegra efna og efna almennt, svo sem í tengslum við snyrtivörur, og að fenginni reynslu af framkvæmd gildandi laga.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum í formi frumvarps til laga um eiturefni og hættuleg efni til ráðherra vorið 2001.

Þegar nefndin tók til starfa kom fljótlega í ljós að nauðsynlegt væri að lagfæra sem fyrst nokkur atriði í lögum nr. 52/1988, og áður eru nefnd, og ekki væri hægt að bíða með þær lagfæringar þar til heildarendurskoðun yrði lokið með samþykkt nýrra laga sem væntа mætti árið 2002. Þau atriði sem hér um ræðir varða gjaldtökuheimildir, hvar fegrunar- og snyrtiefnum skal komið fyrir í löggjöf og um yfirstjórn málaflokksins. Þetta væri nauðsynlegt þar sem ýmist er ekki tekið á þessum málum í lögum eða þá til að eyða réttaróvissu. Endurskoðunarnefndin lagði því til að sem fyrst yrðu gerðar breytingar í þessa veru og það áður en nefndin skilaði af sér tillögum að heildarlögum.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem um er að ræða felast í eftirfarandi:

Lagt er til að sett verði í lögin skýr og ótvíræð ákvæði um að fegrunar- og snyrtiefni falli undir lögin. Í því skyni er nauðsynlegt að skilgreina hvað átt er við með fegrunar- og snyrtiefnum og vísa ég þar nánar til 1. gr. frv. og athugasemda við hana. Skilgreiningin er að mestu sú sama og í reglugerð nr. 776/1998, um snyrtivörur, og er tekið mið af skilgreiningum tilskipunar 76/778/EBE um samræmingu laga Evrópusambandsríkjanna um snyrtivörur. Meginmarkmiðið er að tryggja eðlilega notkun fegrunar- og snyrtiefna en þessi efni mega aldrei innihalda eiturefni eða hættuleg efni.

Þar sem gildandi lög fjalla eingöngu um eiturefni og hættuleg efni taka þau því ekki til snyrtiefna í dag og úr því þarf að bæta.

Málefni eiturefna og hættulegra efna fluttust til umhvrn. 1. júní 1994 frá heilbrrn. án þess að viðeigandi breyting væri gerð á þessari löggjöf. Þegar Hollustuvernd ríkisins og þar með eiturefnasvið stofnunarinnar var flutt yfir til umhvrn. frá heilbrrn. 1. júní 1994 færðist málaflokkurinn í reynd milli þessara ráðuneyta. Nauðsynlegt er að þetta komi skýrt fram í lögunum og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni hvað varðar gjaldtöku eru ekki í samræmi við lög sem sett hafa verið að undanförnu og varða starfsemi opinberra aðila, þ.e. Hollustuverndar ríkisins í þessu tilviki. Því er lagt til að þær verði samræmdar reglum sem er að finna í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og matvælalögum, nr. 93/1995, en Hollustuvernd ríkisins starfar samkvæmt þeim lögum fyrst og fremst auk laga um eiturefni og hættuleg efni og laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986.

Því er lagt til að Hollustuvernd ríkisins verði veitt heimild til að taka gjald fyrir vinnu við og útgáfu starfsleyfa til handa þeim sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni, svo og um starfsleyfi meindýraeyða. Vinna Hollustuverndar ríkisins við slík leyfi er miklu meiri en sem nemur heimild til gjaldtöku samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sem eru nú 5.000 kr. og er í sjálfu sér órökrétt að sá kostnaður falli á samfélagið.

Þá er enn fremur lagt til að Hollustuvernd sé heimilt að taka gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við skráningu, breytingu á skráningu, undanþágu frá skráningu, samhliðaskráningu og endurnýjun á skráningu varnarefna en innheimta gjalds hefur til þessa verið hjá lögreglustjórum í samræmi við áðurnefnd lög um aukatekjur ríkissjóðs og er lagt til að Hollustuvernd ríkisins taki yfir þá leyfisveitingu enda í hæsta máta eðlilegt þar sem öll vinna fer fram á stofnuninni önnur en útgáfa sjálfs leyfisins. Hollustuvernd ríkisins hefur engar greiðslur fengið fyrir þá vinnu þótt hún sé oft umtalsverð.

Virðulegi forseti. Þá er enn fremur lagt til að heimilt sé að krefjast gjalds vegna skráningar á varnarefnum enda oft í því fólgin mikil vinna og að Hollustuvernd sé heimilt að krefja umsækjendur um endurgreiðslur þess kostnaðar sem til fellur vegna rannsókna eða úttekta utanaðkomandi sérfræðinga í tengslum við rannsóknir enda hafi verið haft samráð við umsækjendur, sé krafist sérstakra rannsókna.

Allar þessar gjaldtökur eru háðar því að ráðherra staðfesti gjöldin í gjaldskrá og uppæðir taki mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Með þessu yrði framkvæmd samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni færð í sama farveg og framkvæmd er tengist áðurnefndum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég hef farið yfir helstu atriði þess en legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[15:57]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins ein spurning sem mig langar til að leggja fyrir ráðherrann og spurningin varðar 3. gr. frv. Mig langar til að vita hvert verður hlutverk Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í þessu eftirliti. Nú er ég að hugsa sérstaklega um það atriði í 3. gr. þar sem fjallað er um starfsleyfi handa þeim sem úða garða. Hvert verður hlutverk Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna? Hvert hefur það verið og táknar þetta frv. breytingu á hlutverki sveitarfélaganna?

[15:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna mun fara yfir þau gögn sem menn þurfa að hafa til að fá starfsleyfi vegna þess að hér er verið að meðhöndla hættuleg efni og það er alveg ljóst að menn þurfa að gera það með ábyrgum hætti. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna mun því tryggja eins og unnt er að farið verði með þessi efni af ábyrgð.

[15:59]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr af ásettu ráði vegna þess að á tímanum, ég held það hafi verið 1982–1986, þegar ég var formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, heilbrigðisráðs Reykjavíkur, var farið í sérstakt átak út af notkun á DDT við úðun

garða í Reykjavík með þeim árangri að sölutölur yfir þetta eitur fóru frá mörgum tugum ef ekki hundruðum kílóa á ári niður í svo til núll. Það var því dæmi um að sveitarfélag, í þessu tilviki sveitarfélagið Reykjavík, tók sig sérstaklega fram um þetta og kom í veg fyrir það að eiturefni af flokki X, sem eru flokkuð eftir hættu fyrir heilsu manna, hurfu úr notkun hér í Reykjavík.

[16:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gagnrýna að þetta frv. sé lagt fyrir. Mér finnst þó full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort starfsmenn vanti í ráðuneyti hennar. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slík bráðabirgðalagasetning kemur frá umhvrn. Við fjölluðum í vetur um málefni skipulags- og byggingarlaga þar sem kippt var í liðinn fáeinum atriðum á meðan yfir stóð endurskoðun á þeim lagabálki, sem er reyndar það nýr að hann er ekki nema tveggja ára gamall. Það er full ástæða til að velta fyrir sér hvort nægilega vönduð vinnubrögð séu viðhöfð úr því að mál koma með þessum hætti frá ráðuneytinu. Satt að segja voru nokkur okkar í hv. nefnd sammála um að við fengjum ekki nægan tíma til að stunda sæmileg vinnubrögð í því máli sem afgreitt var hér á Alþingi fyrir áramótin og ég nefndi áðan. Ég geri ekki athugasemdir við að þetta mál komi hér inn nema að því leyti, að mér finnst full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra: Þarf hún á meiri liðstyrk að halda til að koma málum fram og fyrir Alþingi með þeim hætti sem hún vill hafa þau? Ég geri ráð fyrir því að hún vilji hafa þau burðug þegar þau eru lögð fyrir hv. Alþingi og að ekki þurfi að endurskoða þau árið eftir eins og hefur brugðið við að undanförnu.

[16:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil mætavel þær áhyggjur sem fram koma í fsp. hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég verð að viðurkenna að æskilegt væri að fá meiri mannskap í ráðuneytið. Við höfum hins vegar kosið að láta reyna á hvort starfsmenn okkar muni ekki geta unnið sig úr þeim kærumálum sem við höfum fjallað um upp á síðkastið, þ.e. kærunum á umhverfismatið. Lögfræðingar ráðuneytisins hafa verið mjög uppteknir af þeim, þær hafa vaxið bæði að umfangi og fjölda. Það kom fram í svari við fsp. frá hv. þm. Þuríði Backman nýlega varðandi umhverfismatið.

Það verður að viðurkennast að það er mjög mikið álag á starfsfólki umhvrn., sérstaklega á lögfræðingunum sem undirbúa löggjöfina. Þeir vinna að endurskoðun stórra málaflokka og gífurleg vinna hefur farið í kærur. Menn vilja fara mjög vandlega yfir þær. Ég skil þau sjónarmið sem hér koma fram en við höfum kosið að sjá hvort kærunum muni nú ekki eitthvað linna. Ef svo verður ekki er ljóst að það verður að auka þarf mannahald í umhvrn. til að geta lagt frv. fyrir Alþingi í heildstæðara formi. Við kusum að leggja nú fram þetta litla frv. Afgangurinn kemur síðan þegar hann er tilbúinn.

[16:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Henni er það vart til huggunar en ég held að kærum í umhverfismálum á Íslandi muni alls ekki linna á næstunni. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi þess vegna að fylgja því fast eftir að fá nægilegan mannskap í ráðuneytið til þess að vinna þau verkefni sem þar þarf að sinna. Ég efast ekkert um það sem hér kom fram, að of mörg verkefni séu núna á borðum starfsfólks umhvrn.

Ég endurtek að ég tel ekki ástæðu til að ætla að það dragi úr kærum vegna umhverfismála á næstunni. Það er það margt að gerast í þjóðfélaginu í slíkum málum og fátt sem bendir til að kærum muni fækka, frekar mundi ég halda að menn sæju fleiri kærur en verið hafa. Almenningur er upplýstari um þau málefni sem hér um ræðir. Það þarf að fara í umhverfismat mjög víða og meta þannig margs konar framkvæmdir. Fólkið í landinu er smám saman að átta sig á því að það getur skipt sér af þessum málum. Það er ekki neikvætt og ég er síður en svo að skammast yfir þess konar aðferðum. Þær er jákvæðar. Almenningur sér að hann getur haft áhrif á það sem til stendur að gera. Þeim áhrifum munu menn beita meira en áður að mínu viti og verkefnum í ráðuneytinu mun því fjölga.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að kærum muni fjölga enn. Um það er þó ekki gott að segja. Kæruferlið er mjög opið og það er jákvætt í sjálfu sér vegna þess að þá getur almenningur fengið umfjöllun sinna mála, þó sumum finnist kæruferlið reyndar of opið. Ég vil benda á að við höfðum gífurlega stór mál í vinnslu í ráðuneytinu í lok síðasta árs, t.d. um Mývatn. Þar kom fram mjög umfangsmikill úrskurður. Ýmis laxeldismál hafa verið til skoðunar og ný kæra hefur verið lögð fram varðandi Reyðarfjörð, þar sem skipulagsstjóri úrskurðaði að það mál ætti að fara í umhverfismat. Nú er búið að kæra það til umhvrh. og umhvrh. beðinn um að hnekkja úrskurði skipulagsstjóra. Að því máli er unnið núna. Það hefur líka verið skorið úr um ýmiss konar vegaframkvæmdir, t.d. hér í Reykjavíkurborg um svokallaðan Hallsveg.

Við bindum vonir við að þessar kærur verði kannski ekki eins umfangsmiklar á yfirstandandi ári. Ef svo verður er ljóst að við munum ekki komast yfir allt sem gera þarf án þess að fá til aukinn mannskap. Ég get í þessu sambandi nefnt að umhvrn. er 10 ára og er orðið eitt af þungavigtarráðuneytum í stjórnsýslunni á Íslandi. Þannig er um allan hinn vestræna heim og að sjálfsögðu þarf að skoða mannahald í slíku ráðuneyti mjög gaumgæfilega á hverjum tíma.

[16:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er bryddað upp á máli, með frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, sem tengist umhverfismálum. Það er ofarlega á baugi í samfélaginu í dag og heyrir undir stofnanir umhvrn.

Hollustuvernd er ein af stofnunum umhvrn. Ég rifja það upp í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sóttu það fast í umræðum um fjárlagafrv. að Hollustuvernd ríkisins fengi hærri fjárveitingu en gert var ráð fyrir. Ég held satt að segja að það sé komið á daginn og þau ummæli sem hér hafa farið á milli hæstv. umhvrh. og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar staðfesta það, að þessi málaflokkur fer vaxandi. Varðandi Evróputilskipanirnar sem hafa verið gerðar og eru fyrirliggjandi varðandi hættuleg efni þá verður að segjast eins og er að Hollustuvernd hefur ekki haft undan að þýða reglugerðir. Við náum ekki að koma þeim reglugerðum sem okkur ber skylda til að setja samkvæmt Evróputilskipunum fram á þeim hraða sem eðlilegt væri.

Einnig er ljóst að Hollustuvernd ríkisins hefur ekki getað ráðið í þær stöður sem losnað hafa, a.m.k. ekki síðasta ár. Ég hef talsvert miklar áhyggjur af því að sá málaflokkur sem Hollustuvernd fæst við skuli ekki fá meira brautargengi hjá fjárveitingavaldinu og vil þá kannski efna til umræðna við hæstv. umhvrh. um það hvort hún og sjónarmið hennar hafi þurft að lúta í lægra haldi í ríkisstjórnarsamstarfinu hvað þetta varðar. Ég tel fulla ástæðu til að hæstv. umhvrh. geri allt sem í hennar valdi stendur til að fá aukið fé til Hollustuverndar til þess að efla þennan málaflokk.

Tilskipanir sem okkur er gert að fjalla um varðandi hættuleg efni eru mjög yfirgripsmiklar. Þær eru neytendamál og neytendamál eru, t.d. í ljósi utandagskrárumræðu sem var hér áðan, eitt af stærstu málunum. Ég tek undir það með hæstv. umhvrh. að umfang umhvrn. og vægi þess í stjórnsýslunni hefur aukist. Það er kominn tími til að það verði viðurkennt.

Ég vil aðeins nefna að í frv. er fjallað mikið um fegrunar- og snyrtiefni. Og hæstv. umhvrh. segir að tímabært sé að ná þessum fegrunar- og snyrtiefnum undir lögin um eiturefni og hættuleg efni. Þar er ég hjartanlega sammála henni. Það er sannarlega tímabært. Hins vegar vil ég líka vekja máls á því að önnur efni en þau sem teljast eiturefni og eru notuð í snyrtivöruiðnaði eru oft á tíðum grunsamleg. Það er sannarlega þess virði að fylgjast betur en gert hefur verið hingað til með þeim efnum sem notuð eru í fegrunarlyf og snyrtivörur.

Þá erum við komin inn á þá braut að ræða um siðfræði vísindanna og áleitnar spurningar eins og: Hvaðan eru efnin komin sem notuð eru í snyrtivöruiðnaðinum? Þar er sannarlega margs að gæta. Mér segir svo hugur, herra forseti, að um það verði rætt í umhvn. sem kemur til með að fá þetta mál til umfjöllunar. Ég býst við að þar verði farið ansi djúpt í þessi mál. Ég lýsi yfir, herra forseti, vilja mínum til að taka vel á þessu máli, skyggnast þar undir yfirborðið og sjá til að neytendavernd á Íslandi verði efld undir forustu umhvrn.

[16:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki svo að umhvrh. hafi þurft að lúta í lægra haldi gagnvart samráðherrum eins og hér var látið liggja að. Það hefur verið góður skilningur á því að skoða þurfi sérstaklega fjármál Hollustuverndar ríkisins. Nefnd sem skipuð er fulltrúum frá umhvrn. og fjmrn. skoðar sem stendur fjármál ráðuneytisins. Niðurstaðan er m.a. sú að *bætt hefur verið við talsverðri upphæð til Hollustuverndar* ríkisins. Þessi nefnd mun hins vegar skoða málin betur.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að Hollustuvernd þarf að fjalla um ótrúlegan fjölda tilskipana eftir að við gengum inn í EES. Mig minnir að Hollustuvernd sé ein með um 40% af tilskipunum sem snerta Ísland. Það er auðvitað gífurlega mikið verk og þeir sem vinna í reglugerðum eru störfum hlaðnir.

Hér áðan var rætt um matvælaeftirlit og núna starfa að því um sex aðilar hjá Hollustuvernd. Helmingur þeirra er meira eða minna í reglugerðarvinnu. Ráðinn hefur verið nýr forstjóri hjá Hollustuvernd ríkisins, Davíð Egilsson, og ég tel að nýr forstjóri, ásamt nefndinni sem ég gat hér um, muni enn frekar skoða þessi mál.

Ég þakka fyrir þá hlýju sem ég finn í spurningum hv. þm. um Hollustuvernd ríkisins og ég finn að menn skynja hve mikilvæg stofnun hún er og hve mikilvægt er að hlúa að henni þannig að hún geti sinnt eðlilegum skyldum sínum.

[16:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. umhvrh. Sannarlega er ástæða til að sinna þessum málefnum af fullri alúð og festu. Ég vil upplýsa það að umhvn. hefur áformað heimsókn til Hollustuverndar ríkisins til að skoða þar aðstæður og ræða við starfsfólk og það er upphafið að umhvn. Alþingis taki þessi mál til sérstakrar skoðunar. Ég vil líka nota tækifærið og óska Hollustuvernd ríkisins og hæstv. umhvrh. til hamingju með nýjan forstjóra Hollustuverndar því auðvitað vitum við að nýir vendir sópa best. Við skulum gera ráð fyrir því að í kjölfarið á ráðningu nýs forstjóra komi málefni Hollustuverndar enn frekar í ljós og úrbóta er þá kannski líka að vænta í t.d. húsnæðismálum stofnunarinnar því eins og við vitum býr stofnunin við erfið skilyrði í húsnæðismálum. Sömuleiðis hefur verið erfitt fyrir stofnunina, eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh., að anna því stóra og mikilvæga verkefni að koma frá sér öllum þýðingum og aðlögunum á reglugerðum Evrópusambandsins sem við erum að lögleiða hér.

En sem sagt: Umhvn. Alþingis kemur til með að taka á málefnum Hollustuverndar af fullri alúð og festu á næstu missirum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[16:16]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem flutt er auk mín af Ólafi Erni Haraldssyni, Kristjáni Pálssyni, Ástu Möller, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Gunnari Birgissyni, Drífu Hjartardóttur og Árna R. Árnasyni.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. *Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar* um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998."

Herra forseti. Fyrir tveimur og hálfu ári var þetta samkomulag undirritað sem kennt er við Árósa. Það er í fullu samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar og þeirrar sem á undan sat um sjálfbæra þróun. Í lýðræðisríkjum hafa frjáls félagasamtök gegnt sífellt mikilvægara hlutverki undanfarna áratugi. Á þetta ekki síst við á sviði umhverfismála. Þau veita stjórnvöldum og atvinnurekendum mikilvægt aðhald og sinna bæði fræðslu- og eftirlitshlutverki. Einkenni frjálsra félagasamtaka er að þau eru óháð ríkisvaldinu, hafa sjálfstæðan fjárhag, eru rekin án gróðasjónarmiða og hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi. Æ fleiri viðurkenna nauðsyn þess að virkja mannauð og þekkingu frjálsra félagasamtaka.

Stjórnvöld í ríkjum heims hafa gengið einna lengst í að viðurkenna nauðsyn þess að almenningur og frjáls félagasamtök séu höfð með í ráðum þegar umhverfismálum er skipað. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Ríó 1992, var í samningi um svokallaða Dagskrá 21, í 27. kafla, fjallað um nauðsyn þess að styrkja stöðu frjálsra félagasamtaka og mikilvægt hlutverk þeirra í umfjöllun um sjálfbæra þróun.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig haldið svæðisbundnar ráðstefnur um umhverfismál. Á fjórða ráðherrafundi umhverfisráðherra um umhverfismál í Evrópu, sem haldinn var í Árósum í Danmörku 23.–25. júní 1998, var gengið skrefi lengra og undirritaður alþjóðasamningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvörðunum og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á réttindum borgaranna að því er varðar umhverfismál og er, eins og fram kom í yfirlýsingu umhverfisráðherranna, mikilsvert framfaraskerf bæði fyrir umhverfið og lýðræðið. Með samningnum er staðfest mikilvægi þess að einstaklingar og frjáls félagasamtök taki þátt í mótun umhverfisreglna og viðurkennt að stjórnvöldum beri að hafa eðlilegt samráð við almenning við mótun umhverfisstefnu.

Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að skipuð verði nefnd er geri annars vegar úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og samskiptum stjórnvalda við þau og hins vegar tillögur byggðar á Árósasamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Flutningsmenn gera hvorki tillögu um fjölda nefndarmanna né hvernig þeir verða skipaðir. Eðlilegt er að nefndin verði skipuð á breiðum grunni, þ.e. með þátttöku hins opinbera, ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífsins, launþegasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

Árósasamningurinn fjallar um hvernig almenningur getur komið að ákvörðunum stjórnvalda í umhverfismálum. Í honum eru þrjú meginatriði. Það fyrsta er aðgangur að upplýsingum eins og áður sagði. Annað er aðgangur almennings að ákvarðanatöku og í þriðja lagi er um að ræða aðgang að réttlátri málsmeðferð, þar með talið að bera fram kærur og láta reyna á ákvarðanir fyrir dómstólum.

Hvað aðgang að upplýsingum snertir segir í samningnum að skylda sé lögð á stjórnvöld að upplýsa almenning um umhverfismál og hvaða áhrif framkvæmdir geti haft á umhverfið.

Í öðru lagi fjallar hann um aðgang almennings að því að taka þátt í ákvörðunum á sviði umhverfismála og hafa áhrif á hvaða ákvarðanir eru teknar og það snemma á ferlinum, einnig þegar verið er að semja lagafrumvörp.

Í þriðja lagi eiga borgararnir rétt á því að geta kært ákvarðanir stjórnvalda og fengið úr þeim skorið fyrir dómstólum, ekki síst við virkjanaframkvæmdir, í efnaiðnaði o.s.frv.

Þá er mælt með því í ályktun, sem fylgdi samningnum, að frjáls félagasamtök fái tækifæri til að taka virkan þátt í milliríkjasamstarfi þegar unnið er að stefnumótun í umhverfisvernd.

Þannig er Árósasamningurinn svokallaði rammi fyrir stefnumörkun Norðurlandanna og fleiri landa fram til ársins 2004 með það fyrir augum að gera almenning meðvitaðan um það sem leitt getur til sjálfbærrar þróunar, einkum með því að almenningur komi sjálfur í auknum mæli að verki. Til þess að samningurinn gengi í gildi þurftu 16 ríki af þeim 40 sem undirrituðu að hafa staðfest hann.

Norðurlöndin vilja vera í fararbroddi í umhverfismálum. Á því leikur varla nokkur vafi. Þó að Norðurlandabúar séu ekki nema um 0,5% af mannkyni hafa þau samt metnað til að vera í fararbroddi.

Þegar samningurinn var undirritaður var gert ráð fyrir því að efni hans yrði lögtekið hið fyrsta og hefur það nú verið gert, a.m.k. bæði í Svíþjóð og Danmörku. Ég veit ekki um Noreg og Finnland. Þar hefur umhverfisverndarsamtökum verið tryggður lagalegur réttur til aðildar að náttúruverndar- og umhverfismálum.

Umhverfisverndarsamtök hafa fjölþætt hlutverk. Hér á landi eru mörg slík samtök, fámenn og fjölmenn sem hver um sig hafa sína sérstöðu, ef svo má að orði komast. Þau eru umræðuvettvangur. Þau hafa alþjóðleg tengsl. Þau eru umsagnaraðilar fyrir stjórnvöld. Þau koma fram með hugmyndir, gagnrýna stjórnvöld, hrósa stjórnvöldum. Þau vekja athygli á því sem miður kann að fara og þau stuðla jafnvel að rannsóknum og auknum rannsóknum á sviði umhverfismála. Ég tel afar mikilvægt að efla slík samtök og virkja þá þekkingu sem þar býr enn frekar. Auðvitað er það gert í talsverðum mæli og leitað umsagnar slíkra samtaka og það er auðvitað af hinu góða. En Árósasamningurinn segir að við eigum að lögfesta þetta og út á það gengur tillagan.

Með því að efla slík samtök og virkja þessa þekkingu erum við að hugsa um framtíðina og eftirkomendur okkar. Með því er líka tryggt að náttúran eigi sér málsvara gagnvart stjórnvöldum og, ef svo vill til, fyrir dómstólum. Með því sem gert hefur verið t.d. í Svíþjóð og Danmörku er komin fyrirmynd sem gæti verið eðlilegt fyrir okkur að nýta.

Ég legg að lokum til, herra forseti, að þáltill. þessari verði vísað til umhvn. þótt að sjálfsögðu komi fleiri nefndir þingsins að málum vegna þess að frjáls félagasamtök eru í svo mörgum málaflokkum. Þau eru í heilbrigðismálum. Það má minna á stór samtök og alþjóðleg eins og Rauða krossinn og Amnesty sem kemur einnig að vinnu hæstv. allshn. Það eru Öryrkjabandalag, sjúklingasamtök af ýmsum toga og í félagsgeiranum eru auðvitað mörg merkileg samtök. Það eru neytendasamtök, það eru kvenfélagasamtök o.s.frv. Því gæti þurft að fá umsagnir fleiri nefnda um þessa nefndaskipan, fleiri nefnda en umhvn. En ég efast ekki um að sú nefnd muni sinna því hlutverki.

Svo vona ég, herra forseti, og skora á hæstv. umhvrh. að taka jákvætt í þessa tillögu og segja okkur frá því hvað er á döfinni í ráðuneytinu um Árósasamninginn og lögleiðingu hans.

[16:26]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög tímabær tillaga og ber að þakka 1. flm. að hafa staðið fyrir þessum tillöguflutningi á hinu háa Alþingi. Málið er samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök í samræmi við Árósasamninginn frá 1998.

Þessi tillaga fjallar að mestu um samráð í málum er varða umhverfið, þ.e. á vettvangi umhverfismála. Hins vegar hef ég tekið eftir því í greinargerðinni að flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að skipuð verði nefnd sem geri annars vegar úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi í samskiptum við stjórnvöld og hins vegar tillögur byggðar á Árósasamningnum. Ég hygg að þetta sé farsælt og gott verkefni sem þarf að vinna og þó svo að ekki sé gerð tillaga um það beinlínis hvernig nefndin skuli skipuð, held ég að það þurfi að ræða

mjög ítarlega þannig að það sé alveg öruggt að enginn verði út undan í undirbúningnum.

Mér finnst ekki síst mikilvægt að farið sé almennt yfir sviðið hvað varðar samskipti stjórnvalda við frjáls félagasamtök, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast. Ef eitt einkenni má draga fram á nútímasamfélagi, því samfélagi sem við búum í, er það að vægi frjálsra félagasamtaka margs konar er alltaf að aukast. Nægir þar að nefna nokkur dæmi. Mannúðarsamtök ýmiss konar eru mjög öflug, ekki bara á Íslandi heldur víða um heim. Íslendingar eru líka hluti af alþjóðlegum mannúðarsamtökum eins og Rauða krossinum, mannúðarsamtök á Íslandi eins og Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, önnur slík. Svo eru auðvitað óteljandi félagasamtök og alls kyns hagsmunasamtök, hvort heldur það eru stangveiðimenn eða samtök foreldra barna í framhaldsskólum þannig að ýmislegt má tína til.

Hins vegar er alveg ljóst að þessi samtök axla líka mikla ábyrgð með starfi sínu. Vægi þeirra er í sjálfu í samræmi við það hversu mikla samfélagslega ábyrgð samtök sem þessi axla í starfi sínu. Þau standa fyrir umræðu og taka þátt í opinberri og almennri umræðu um hin ýmsu þjóðþrifamál. Þau taka málefni upp á arma sína ef þannig mætti að orði komast og vekja athygli á tilteknum málum og ýmsu því sem betur mætti fara í samfélaginu. Þau taka einnig að sér að fylgja því eftir að stjórnvöld taki á málum sem hafa kannski verið látin liggja milli hluta. Síðast en ekki síst virkja þau landsmenn, bæði til ábyrgðar og þátttöku. Ég held að það sé í raun mikilvægasta verkefni allra frjálsra félagasamtaka, alveg sama að hverju þau beina sjónum sínum, að þau virkja fólk til ábyrgðar og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Því er svo brýnt að samskipti við stjórnvöld almennt, hvort heldur það eru ráðuneyti ellegar sveitarfélög eða stofnanir, séu í lagi, séu skýr, allar leiðir séu færar og öllum sé kunnugt um hvernig þau samskipti eigi að eiga sér stað.

Nú kann einhver að halda að þetta gerist bara af sjálfu sér en svo er auðvitað ekki. Stundum þarf að setja ramma utan um slík samskipti og ég vænti þess að verði tillagan samþykkt muni nefndin sem á að gera þessa úttekt skila ítarlegri greiningu á því hvernig við viljum hafa þetta hér og væntanlega þá byggja á reynslu annarra landa í þessum efnum og þeim samningum og ekki síst Árósasamningnum sem hér er lagður til grundvallar.

Annað verður líka að hafa í huga og það er fjármögnun eða framlög ríkisins til frjálsra félagasamtaka. Það er eitt af því sem þessi nefnd þarf svo sannarlega að fjalla um. Við höfum nýleg dæmi þess, við afgreiðslu fjárlaga hér fyrir jól, að framlög til frjálsra félagasamtaka einmitt á sviði umhverfisverndar voru veitt með, ég veit ekki alveg hvernig ég á að orða það, mjög undarlegum hætti. Það er kannski rétta lýsingin, herra forseti. Það er ekki síst þetta sem þarf að taka á í svona nefndarstarfi og að gæta þess að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála eða annarra mála séu jafnsett þegar kemur að styrkjum eða framlögum frá ríkinu eða sveitarfélögum og að skýrar reglur, öllum kunnar, gildi um það hvernig skuli úthluta slíkum styrkjum.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að standi félagasamtök og hagsmunasamtök undir nafni sé því fjármagni yfirleitt betur varið beint til slíkra samtaka en að ríkið sé sjálft að vafstra í ýmsum hlutum sem frjáls félagasamtök geta í raun sinnt miklu betur og hafa mörg hver sýnt í gegnum árin. Ég tel mjög mikilvægt að benda á þetta hér sérstaklega með fjármögnunina.

Að lokum get ég ekki látið hjá líða að minnast á ójafna stöðu félagasamtaka, sérstaklega á sviði umhverfismála, og svo þeirra opinberu stofnana sem sinna sérstaklega orkugeiranum á Íslandi. Ég hef oft velt því fyrir mér í umræðum á undanförnum missirum um stöðu Landsvirkjunar, um virkjanir, hvort heldur það var um Fljótsdalsvirkjunina sálugu eða þá sem nú er í farvatninu við Kárahnjúka, hversu einkennilegt það er að umhverfisverndarsinnar eiga engan aðgang eða skýran aðgang að fjármagni til þess að fjámagna baráttu sína eins og t.d. Landsvirkjun á. Landsvirkjun er náttúrlega fyrirtækið okkar og þar er ófáum milljónum, og ég mundi halda kannski tugmilljónum, varið til auglýsinga, kynningarstarfa og jafnvel listsýninga og menningarviðburða á hverju einasta ári. Auðvitað er þetta hluti af ímynd fyrirtækis. Þetta er hluti af ímynd fyrirtækis sem er í eigu ríkis og sveitarfélaga. Því hefði ég haldið, til þess að á engan sé hallað í þessari umræðu, að ríkið ætti einmitt að leggja sig fram um að styðja við bakið á þeim er halda uppi andstæðum málstað þó svo að hann sé kannski andstæður stefnu stjórnvalda. Þannig þrífst lýðræðið best.

[16:34]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég tek til máls til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu sem fram er borin af hv. þm. Katrínu Fjeldsted og öðrum flutningsmönnum sem tilgreindir hafa verið. Ég vil sérstaklega taka fram að ég hef í nokkrum tilvikum kynnst því hversu mikilvægt getur verið að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála fái tækifæri sem fyrst í meðferð mála og umfjöllun til að láta sjónarmið sín í ljósi. Ég vil þó sérstaklega vekja athygli á því að verulegur munur, herra forseti, er á því hvernig við Íslendingar tökumst á við slík viðfangsefni, hvernig við ræðum álitaefni á sviði umhverfismála, verndunar eða nýtingar, og hins vegar hvernig grannþjóðir okkar sumar takast á við þá umræðu.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að þoka okkur áfram úr ákveðnu fari sem ég tel ekki vera jákvætt við okkar aðferðir við að leysa úr þeim álitaefnum. Það er alls ekki alltaf um að ræða mikilvægan eða þungan ágreining en álitaefni eru þetta vissulega allt saman, hversu langt við göngum í verndaraðgerðum, í mótun reglna eða laga eða í nýtingu auðlinda í hinni lifandi náttúru.

Í fyrsta lagi tel ég mikilvægt að við höldum þannig á þessum málum öllum að það komi skýrt fram að hér á Íslandi taka bæði stjórnvöld og fyrirtæki sem hyggjast nýta náttúrulegar auðlindir tillit til annarra sjónarmiða og taki sérstaklega tillit til óska um varfærni í framgöngu því að þær auðlindir eru eitt það mikilvægasta sem við Íslendingar getum búið að, bæði til skammrar og langrar framtíðar. Það hefur lengi verið skoðun mín að við eigum enn meira undir heilbrigði náttúrunnar og umhverfisins en margar grannþjóðir okkar því að sumar þeirrar lifa að mestu á dauðum auðlindum. Við lifum enn og við ætlum um langa framtíða að lifa af lifandi auðlindum bæði í sjó og á landi og ekki síst fersku vatni.

En þá skiptir mestu máli að við getum tekist á við álitaefni á þann hátt að bæði þeir sem vilja ganga fram og nýta og hinir sem vilja vara við nýtingu geti rætt sín álitaefni frá upphafi mála. Þess vegna tel ég mikilvægt, herra forseti, að við sköpum þannig leikreglur að öllum þessum aðilum séu ljós tækifæri til þess að koma að málum í upphafi.

Ég held að rétt sé að geta þess, herra forseti, að ég þykist hafa greint breytingar á sjónarmiðum sem ráða afstöðu stærri orkufyrirtækja, sem eru nú kannski þau stórtækustu þegar

þau fara af stað í nýtingu umhverfisauðlinda. Á þessum áratug, sérstaklega síðari hluta þessa áratugar sem lauk um síðustu áramót, er alveg greinilegt að þau fyrirtæki — eitt af þeim hefur verið nefnt hér í umræðunni, Landvirkjun — vilja ganga hægar fram og vilja gefa fleiri tækifæri en áður til þess að þeir sem vilja viðhafa varúðarsjónarmið og gæta þess að öll þekking, hvort sem hún bendir til nýtingar eða verndar, fái að koma fram. Mér sýnist einfaldlega að þetta fyrirtæki hafi gengið hægar um gleðinnar dyr en stundum áður og það tel ég afar mikilvægt.

En ég tel enn þá mikilvægara, herra forseti, að við náum því almennt að ræðast við um hugsanleg verkefni í ljósi þess að fyrir liggi almennar leikreglur og almenn tækifæri. Þá skiptir það mjög miklu að samtök fólks sem hefur áhuga á umhverfisvernd geti komið sínum sjónarmiðum fram eftir almennum reglum og geti komið þeim fram áður en við deilum um álitaefnin í einstökum verkefnum eða framkvæmdum. Það skiptir miklu máli að þeir sem hafa uppi mjög ólík sjónarmið nái að kynnast þessum ólíku sjónarmiðum hvers annars og hafa áhrif á hvernig þau ná að taka til eða stemma stigu við hugmyndum um framkvæmdir eða hugmyndum um verndun.

Ég held satt að segja að við höfum alloft farið svolítið ógætilega í báðar þessar áttir og verð að segja að ég til að mynda tel að við gætum haft aðeins greiðari leiðir til að koma að sjónarmiðum beggja, bæði nýtingarsinna og verndunarsinna, við hugsanlega virkjun nokkurra orkuauðlinda þó að ég sé ekki að tala um vatnsföll. Það er til að mynda svo, herra forseti, vegna þess að ég segi þetta, mun auðveldara að virkja vatnsföll á Íslandi en aðra orku sem er í lifandi auðlindum náttúrunnar. Reglurnar í lögum um umhverfismál og reglurnar í lögum um nýtingu orkulinda eða auðlinda í jörðu eru einfaldlega þannig að það er auðveldast samkvæmt lögum að virkja vatnsafl. Það er miklu erfiðara og flóknari leið að fá heimildir stjórnvalda til að virkja t.d. jarðhita. Þannig eru nú einu sinni leikreglurnar og ég tel að þær séu ekki í fullu jafnvægi. Það er að vísu bara mín skoðun. En ég tel að ef þessi samtök fá greiðari leið til að fjalla um viðfangsefnin ásamt þeim sem hafa hugmyndirnar um að virkja eða framkvæma þá gætum við lagað slíkar misfellur eða ójafnvægi eftir leiðum sem allir geta unað við og verið sáttir við.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri till. til þál. sem hér er komin fram annað löggjafarþingið í röð og treysti því að hún hljóti brautargengi og bendi á að allir fulltrúar stjórnarflokkanna í umhvn., sýnist mér, eru flutningsmenn þessarar tillögu. Þó að einungis tveir þeirra séu staddir hér í salnum tel ég náttúrlega alveg deginum ljósara að tillagan kemur til með að hljóta jákvæðar undirtektir og jákvæða afgreiðslu og ef að líkum lætur afskaplega skjóta út úr umhvn. þar sem stjórnarmeirihlutinn er í raun búinn að lýsa því yfir að svona vilji hann að haldið sé á málum. Ég lýsi yfir fullum stuðningi við þessa tillögu og kem til með að styðja skjóta og vandaða afgreiðslu hennar úr umhvn.

Ég er ein þeirra sem hafa gagnrýnt stjórnvöld fyrir að taka ekki nægilega vel á með umhverfisverndarsamtökum þegar náttúruvernd og umhverfisvernd er annars vegar. Og ég hef oft og tíðum orðið fyrir miklum vonbrigðum með stjórnvöld sem hafa í orði kveðnu talað um mikilvægi þess að eiga samráð við umhverfisverndarsamtök en hafa síðan þegar á hólminn er komið ekki efnt þau orð.

Hér voru hörð átök þegar verið var að fjalla um fjárlög þessa árs og eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gat um í ræðu sinni áðan þá var tekist hart á um það hvernig stuðningur hins opinbera við frjáls félagasamtök ætti að vera. Við vændum stjórnvöld um að mismuna frjálsum félagasamtökum með því að gefa einum tækifæri til að vera nafngreindur liður inni á fjárlögum en öðrum ekki algjörlega án nokkurs rökstuðnings. Og við leiddum að því ákveðnar líkur og gátum okkur þess til að þar væri verið að mismuna vegna þess að ein samtökin væru höll undir stefnu stjórnvalda í stóriðjumálum og virkjanamálum en önnur ekki.

Stjórnvöld verða að hefja sjálf sig yfir svona lagað, yfir ásakanir af þessu tagi og það geta þau ekki gert öðruvísi en að jafnræðis sé gætt. Á sama hátt verður að gæta jafnræðis, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir benti á, milli stórra stofnana sem eiga ómælt fjármagn til þess að sinna málefnum sínum, kynna sig, kynna málstað sinn og koma honum vel á framfæri, og til þess að kæra t.d. ef því er að skipta, að reka lögfræðimál fyrir dómstólum. Það er ekki einfalt fyrir umhverfisverndarsamtök á Íslandi í dag að gera slíkt, hvorki að kæra hér innan lands né, að ég tali nú ekki um, erlendis, fyrir eftirlitsstofnunum erlendis sem Ísland í raun heyrir undir. Það eru afskaplega fjárfrekar framkvæmdir að gæta réttar síns fyrir dómstólum og ég verð að segja að mér finnst það samkvæmt Árósasamningnum líka vera að hluta til á ábyrgð stjórnvalda að frjálsum félagasamtökum sé hleypt að málum og að þess sé gætt að sjónarmið þeirra fái notið sín og að þeim sé ekki mismunað.

Mig rekur minni til að ég hafi heyrt hæstv. umhvrh. geta þess að Árósasamþykktina ætti að lögfesta í vetur á þessu þingi. Og af því hæstv. umhvrh. er hér staddur þætti mér vænt um að fá að heyra nánar um það hvar það er á vegi statt að koma Ársóasamþykktinni inn í lög á Íslandi.

Ég lýsi mig sem sé í lok ræðu minnar stuðningsmann þessarar tillögu og ég treysti því að hún fái hratt og gott brautargengi hjá umhvn.

[16:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta hafa verið fróðlegar og góðar umræður og a.m.k. tveir hv. þingmenn hafa nýtt tækifærið fyrst ráðherra er viðstaddur og beðið um upplýsingar um hvar þetta mál er statt. Mér er ljúft að lýsa því í stuttri ræðu.

Árósasamningurinn er að koma úr þýðingu í umhvrn. núna. Það er búið að vera að þýða hann á íslensku að undanförnu. Það tel ég mjög mikilvægt. Við erum að hefja vinnu núna við að skoða hvernig við getum komið honum í gagnið hér á landi. Ég get ekki upplýst um neinar tímasetningar í því sambandi, en sú vinna er að hefjast.

Í máli flutningsmanns kom fram að samningurinn lyti að ýmsum atriðum, t.d. um aðgang að upplýsingum, aðgang að ákvarðanatöku, málsmeðferð umhverfismála og kærur. Ljóst er að ýmislegt af þessu er í mjög góðum farvegi. Annað þarf hugsanlega að bæta. Þetta ætlum við að fara yfir í ráðuneytinu og athuga hvernig við getum uppfyllt samninginn. Hve formleg eiga t.d. samskipti umhverfissamtaka og stjórnvalda að vera? Eiga þau að vera mjög formleg, frekar formleg eða hvernig á þessu að vera háttað? Við erum að skoða það.

Ég hef átt ágæt samskipti við umhverfisverndarsamtök. Ég vil sérstaklega nefna að við styrkjum ýmis verkefni sem þau fara með. Ég get t.d. af handahófi nefnt GAP-verkefnið

eða Vistvernd í verki sem Landvernd hefur með höndum. Við vorum með samráð við umhverfisverndarsamtök og fleiri samtök varðandi Kárahnjúkavirkjun. Þar kom fram ályktun frá samtökunum, sameiginleg ályktun um að fram ætti að fara arðsemismat á virkjanasvæðinu. Við áttum samstarf við þessi samtök við að koma því máli áfram og nú er verið að skoða það á vettvangi rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar, Maður – nýting – náttúra.

Einnig er vert að nefna samráð varðandi undirbúning á umhverfisþingi sem halda á 26. og 27. janúar en þar eiga umhverfisverndarsamtökin sameiginlegan fulltrúa í undirbúningsnefnd, Jón Helgason, formann Landverndar. Það er að mínu mati mikilvægt þing. Þar á að fara yfir stöðu umhverfismála í dag, hvernig okkur hefur miðað að undanförnu og kynna drög að stefnumörkun að sjálfbærri þróun til næstu 20 ára. Drögin verða kynnt þar en síðan munu umhverfisverndarsamtök og aðrir hafa tækifæri til að koma með ábendingar um hvernig er hægt að gera þessa stefnumörkun enn betur úr garði. Hagsmunaaðilar munu síðan fá drögin send í september næsta haust til að undirbúa það að ríkisstjórnin geti samþykkt þessa stefnumörkun fyrir sjálfbæra þróun til næstu 20 ára. Í henni verður reyndar líka innifalin fjögurra ára framkvæmdaáætlun sem verður síðan í stöðugri endurskoðun.

Ég er sammála því sem fram hefur komið, að æskilegt sé að Árósasamningurinn verði tekinn inn í stjórnkerfi okkar. Umhverfisverndarsamtök eins og Náttúruverndarsamtök Íslands hafa sérstaklega hvatt til þess og þau mál eru í vissum farvegi.

Hér hefur réttilega komið fram að vægi frjálsra félagasamtaka er að aukast og verður æ mikilvægara. Það hefur vakið mig svolítið til umhugsunar upp á síðkastið hvernig þessum málum er háttað hér. Það er ljóst að þessi samtök hafa ekki mikið fjármagn og æskilegt væri að þau hefðu meira. Áðan var það gagnrýnt hvernig fjárveitingavaldið á Alþingi hefði reynt að deila þessu fjármagni með styrkjum til samtaka. Af því tilefni vil ég taka fram að í umhvrn. höfum við reynt að búa til reglur um þessa styrki til að mismuna ekki samtökum. Menn fá ákveðna rekstrarstyrki, ég man þessar reglur ekki nákvæmlega hér og nú en rekstrarstyrkir eru veittir eftir ákveðnum reglum og síðan geta menn sótt um ákveðin verkefni. Þá vegum við og metum hvert verkefni, hversu snjallt það er, til hve margra það gæti náð, hve brýnt það er o.s.frv. Við höfum komið til móts við mörg verkefni og styrkt þau.

Ljóst er að stjórnvöld veita fé til stjórnskipaðra ráða eins og Náttúruverndarráðs. Það hefur einnig verið til umfjöllunar. Mig minnir að til þess fari um 8 millj. kr. á ári, hugsanlega minna. Mig minnir að það séu um 8 millj. kr.

Ég hef velt því fyrir mér að náttúruverndarlöggjöfinni hefur verið breytt verulega. Komið hefur verið á umhverfismati vegna framkvæmda. Umhverfisverndarsamtök hafa styrkst og veita stjórnvöldum mikið aðhald, verulegt aðhald og æskilegt. Reyndar hafa þau líka hrósað stjórnvöldum. Ég fékk um daginn bréf frá Náttúruverndarsamtökum Íslands um Staðardagskrá 21. Þau fögnuðu þar fimm ára samningi okkar við Samband ísl. sveitarfélaga þar um. Mér þótti vænt um það að fá þar smáhrós frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Það var mjög gott enda um mikið framfaramál að ræða.

Vegna þessara breyttu aðstæðna hef ég hins vegar velt því fyrir mér hvort það mundi þjóna enn betur hagsmunum umhverfismála á Íslandi að fjármagninu sem fer til Náttúruverndarráðs yrði beint í annað, það færi t.d. til að efla frjáls félagasamtök, umhverfisverndarsamtök. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessu sambandi en við höfum falast eftir viðbrögðum vegna þessa og erum að skoða þau mál. Ég tel verulegar líkur á að það mundi styrkja umhverfismál á Íslandi að efla frjáls félagasamtök með hærri fjárframlögum. Eins og hér kom fram er vægi frjálsra félagasamtaka að aukast. Þau munu eiga auðveldara en margar aðrar einingar í samfélaginu með að nálgast almenning og upplýsa almenning. Eftir því sem þessi félög verða sterkari, þeim mun faglegri verða þau líka og það væri umhvrh., umhverfismálum hér almennt og samfélaginu sannarlega mjög í hag.

[16:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. nefnir hér umhverfisþing sem fram undan er. Af því tilefni vil ég, m.a. af því að hæstv. ráðherrann hefur lýst því yfir að æskilegt sé að umhverfisverndarsamtök veiti stjórnvöldum aðhald og samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála séu af hinu góða, lýsa því yfir, herra forseti, að ég hefði gjarnan viljað sjá hlut frjálsra félagasamtaka stærri á væntanlegu umhverfisþingi. Mér telst svo til að þessi eini fulltrúi umhverfisverndarsamtakanna, sem er framkvæmdastjóri Landverndar, eigi að fá að tala í 15 mínútur og það sé eina innlegg þeirra á tæplega tveggja daga þingi. Það er eina innleggið sem koma á frá frjálsum félagasamtökum. Ég hefði viljað sjá hlut þessara samtaka stærri á þingi þessu og hefði gjarnan viljað sjá talað fyrir sjónarmiðum Náttúruverndarráðs.

Af því að hæstv. umhvrh. gat um það í ræðu sinni áðan að mögulegt væri að fjármunir sem fara til Náttúruverndarráðs gætu gagnast málaflokknum betur með því að fara í annað þá vil ég mótmæla því. Ég held því fram að hæstv. umhvrh. hafi einfaldlega ekki borið gæfu til að efla skapandi eða jákvæð samskipti milli ráðuneytisins og Náttúruverndarráðs. Eins og alþjóð veit þá sló í brýnu milli ráðsins og hæstv. umhvrh. mjög fljótlega eftir að hún tók við embætti. Mér finnst málflutningur hennar varðandi Náttúruverndarráð litast af rimmunni milli ráðsins og hennar.

Ég vil segja hér úr þessum ræðustól, herra forseti, að Náttúruverndarráð er lögskipað ráð samkvæmt náttúruverndarlögum. Þar eru bæði kosnir fulltrúar og skipaðir. Ég tel afar mikilvægt að ráðið sé eflt og fái að starfa áfram.

[16:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Röksemdafærsla hv. þm. í lok ræðu hennar stenst ekki vegna þess að gagnrýni umhverfisverndarsamtaka í garð ráðherra var jafnmikil og frá Náttúruverndarráði á sínum tíma. Það að ég tel æskilegt að efla umhverfisverndarsamtökin vinnur á móti þeim rökum. Auðvitað er það ekki svo að sjónarmið mín litist af fortíðinni í þessu. Ég er að horfa til framtíðar.

Ég tel að umhverfismálum á Íslandi verði hugsanlega betur þjónað með því að efla frjáls félagasamtök og það geti gagnast betur. Þau veita að sjálfsögðu fullkomið aðhald, þessi frjálsu félagasamtök, í framtíðinni eins og hingað til. Ég tel að það geti styrkt umhverfismálin að veita, í stað þess að halda úti Náttúruverndarráði, aukið fjármagn til umhverfisverndarsamtaka. Um það hafa þó ekki verið teknar neinar ákvarðanir.

Varðandi umhverfisþingið þá eiga frjáls félagasamtök fulltrúa í undirbúningsnefndinni. Það er Jón Helgason, formaður Landverndar. Hann hefur engar athugasemdir gert við þá dagskrá sem fyrir liggur og ég heyri að hv. þm. gerir athugasemdir við. Sameiginlegur fulltrúi náttúruverndarsamtakanna hefur ekki gert athugasemdir við dagskrána. Þarna verða stofnanir, fulltrúar atvinnulífsins, umhverfisverndarsamtök og fleiri með framsögu. Það er auðvitað takmarkaður tími sem menn hafa á umræddu þingi og mjög vítt svið sem á að spanna. Þannig komast ekki allir að sem vilja. Í lok ráðstefnunnar eða þingsins verður tekið saman hvað komið hefur fram á þessari ráðstefnu og þar munu náttúruverndarsamtök eiga fulltrúa.

[16:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski rétt að gera örlítinn greinarmun á umhverfisverndarsamtökum og Náttúruverndarráði. Umhverfisverndarsamtök eru frjáls félagasamtök sem að eigin frumkvæði koma saman og láta sig málefni umhverfisverndar einhverju skipta. Náttúruverndarráð er hins vegar lögskipað ráð samkvæmt náttúruverndarlögum sem hefur lögverndað hlutverk. Auðvitað verður Náttúruverndarráð ekki lagt niður í því augnamiði að fjármunirnir sem til þess fara gætu mögulega nýst málaflokknum betur með því að fara í eitthvað annað.

Til að leggja Náttúruverndarráð niður þarf grófa lagabreytingu, skulum við athuga, herra forseti. Ég vara eindregið við hugmyndum hæstv. umhvrh. varðandi Náttúruverndarráð og meint máttleysi þess í málaflokknum.

Hvað varðar hagsmunatengsl og aðkomu ólíkra félagasamtaka að málum þá læt ég þeim sem mál mitt heyra það eftir að hugleiða hvers vegna Jón Helgason, sem á sæti í undirbúningshópi um umhverfisþingið, gerir enga athugasemd við dagskrána eða aðkomu frjálsra félagasamtaka að dagskrá umhverfisverndarþingsins. Framkvæmdastjóri hans eigin samtaka, Landverndar, kemur til með að vera þarna fulltrúi frjálsra félagasamtaka þannig að ég sé ekki ástæðu fyrir Jón Helgason að gera athugasemd við það.

Ég tel hins vegar að ég hafi til þess fullan rétt að benda á og vekja fólk til umhugsunar um hvort hér sé gætt jafnræðis á milli ólíkra félaga og hvort tengsl einstaklinga í þessum félögum við ákveðna stjórnmálaflokka skipti hér einhverju máli.

[16:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. þá er alveg ljóst að Jón Helgason er sameiginlegur fulltrúi allra umhverfisverndarsamtakanna. Hafi menn athugasemdir við störf viðkomandi aðila þá hljóta þeir að snúa sér til hans.

Varðandi Náttúruverndarráð þá er ljóst að grundvallaratriði hafa breyst. Á sínum tíma vorum við bara með Náttúruverndarráð. Síðan var stjórnsýslunni skipt upp og stofnuð Náttúruvernd ríkisins, ríkisstofnun sem fer með ýmsa stjórnsýslu sem hið gamla Náttúruverndarráð fór með. Í stað þess að leggja ráðið niður á þeim tíma er þessi lagabreyting var gerð þá var stofnað Náttúruverndarráð hið nýja, eins og sumir kalla það. Það er svokallað ráðgefandi ráð, á að gefa ráðherra ráð samkvæmt lögum.

Það er alveg ljóst að það ráðgefandi ráð hefur ekki nýst sem skyldi að mínu mati og ekki heldur að mati Árna Bragasonar, forstjóra Náttúruverndar ríkisins. Hann hefur komið með þá ábendingu að það gæti verið rétt að leggja niður Náttúruverndarráð, að það gæti orðið betra að koma þessum málum í annan farveg. Við höfum verið að skoða það í fullri alvöru þó að ekki sé búið að taka ákvarðanir. Það er því engin einkahugmynd umhvrh. að koma fram með þessar hugmyndir, alls ekki. Ég tel að menn eigi að skoða þetta í fullri alvöru og horfa til framtíðar en ekki til fortíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Biðlistar hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, 388. mál, fsp. SvanJ og KLM, þskj. 638.

Lax- og silungsveiði, 389. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 639.

Rekstrarform í menntakerfinu, 341. mál, svar menntmrh., þskj. 629.

Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 54. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 54.

[17:01]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þetta mál er sett á dagskrá. Þetta þingskjal sem lagt var fram á fyrstu dögum þingsins í byrjun október hefur ekki komist á dagskrá þess fyrr, ekki fyrr en í einskærum pirringi virðulegs forseta þingsins í gær en þá var tveimur málum sem bæði fjalla um afleiðingar jarðskjálftanna í sumar skellt á dagskrá. Ég hef verið fulltrúi á þingi í ein þrettán eða fjórtán ár og það hefur aldrei gerst áður að sett hafi verið mál frá mér á dagskrá án fyrirvara. En ég réði mér varla fyrir gleði yfir því að þessi pirringur hæstv. forseta í gær skyldi verða til þess að málin væru nú loksins sett á dagskrá.

Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

Hér er verið að leggja til breytingar á tvennum lögum og byggt á reynslu sem fengist hefur eftir jarðskjálftana í sumar, þ.e. hvernig lög um Viðlagatryggingu og vátryggingarsamninga hafa reynst í útreikningum þeirra bóta og skoðun á þeim tjónum sem urðu í jarðskjálftunum. Og, virðulegi forseti, það er ekki svo að það sé einsdæmi hvernig staðið var að útreikningum bóta í sumar heldur er þetta í raun byggt á miklu lengri reynslu, reynslu frá því að snjóflóð féllu á Vestfjörðum og afleiðingum annarra náttúruhamfara sem orðið hafa á undanförnum árum.

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Öllum eru ofarlega í minni jarðskjálftarnir sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní á liðnu sumri þar sem fjöldi fólks varð fyrir verulegu eignatjóni.

Fljótlega eftir að farið var að meta tjónið kom í ljós að verulegur munur er á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Bætur vegna náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eru greiddar af Viðlagatryggingu Íslands. Við ákvörðun bóta vegna tjóna sem Viðlagatrygging bætir er

farið eftir meginreglum vátryggingaréttar, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gildandi brunabótamat eignar er lögákveðin vátryggingarfjárhæð við upphaf vátryggingarinnar en ekki ákvarðandi varðandi tjónabótafjárhæð. Þannig getur bótafjárhæð verið lægri en brunabótamat, en það er þó alltaf hámark bótafjárhæðar skv. 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar um Viðlagatryggingu Íslands.

Tilkvaddir matsmenn eiga því samkvæmt reglugerð að ákveða verðmæti vátryggðrar eignar með hliðsjón af því hvert var raunverulegt verðmæti hennar þegar tjón varð. Við þetta mat skal samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands tekið tillit til verðrýrunar vegna aldurs, notkunar, minnkandi notagildis eða annarra ástæðna.

Við ákvörðun um hvernig staðið skuli að mati er vísað í 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar segir í 1. mgr.: „Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika."

Í 2. mgr. 37. gr. segir: „Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi."

Þá segir í 3. mgr. 37. gr: „Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs."

Svo virðist af skriflegum svörum sem borist hafa við erindum til Viðlagatryggingar að allar málsgreinar 37. gr. laga um vátryggingarsamninga séu notaðar til hliðsjónar við mat á tjóni á húseign. Brunabótamatið er þó eftir sem áður sá grunnur sem matsmönnum er ætlað að byggja á ásamt settum vinnureglum Viðlagatryggingar Íslands.

Öllum var ljóst áður en jarðskjálftarnir urðu að mikið ósamræmi ríkti á þessu svæði hvað varðar brunabótamat eigna. Fáir áttuðu sig þó á að til væru sérstakar fyrningarreglur sem nýttar væru í tilvikum sem þessum. Þetta hefur komið *mjög illa við þá sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum*, ásamt því að brunabótamatið reyndist í nokkrum tilvikum óraunhæf viðmiðun.

Það hlýtur einnig að teljast óeðlilegt að iðgjald sé greitt af brunabótamati sem þegar á reynir er ekki marktæk viðmiðun. Það á eingöngu við ef eignin skemmist af völdum náttúruhamfara og bætur greiðast af Viðlagatryggingu Íslands því sömu reglur eru að því best verður séð ekki notaðar, t.d. ef hús eyðilegst í bruna.

Þeir sem starfað hafa við að meta tjón einstaklinga og fyrirtækja eftir jarðskjálftana á Suðurlandi hafa unnið gott starf en reglur og lagaákvæði sem þeim er ætlað að starfa eftir verður að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu.

Ljóst er að brunabótamat eigna er ekki grunnur sem hægt er að byggja á við mat á tjóni af völdum náttúruhamfara. Þar er mun eðlilegra að byggja á endurstofnverði eignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Þá er einnig ljóst að þær vinnureglur sem settar hafa verið um mat á fyrningum húseigna og byggðar eru á ákvæðum 37. gr. laga um vátryggingarsamninga þurfa endurskoðunar við og eðlilegra væri að tekið væri tillit til aldurs og ástands tryggðra mannvirkja í endurstofnverði þeirra þannig að eigendur viti hver staðan er hverju sinni.

Frumvarp þetta er flutt til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum jarðskjálfta eins og þeirra sem urðu í sumar, en einnig tjóna sem kunna að verða af völdum annarra náttúruhamfara eins og við þekkjum frá liðnum árum. Valin var sú leið að flytja í einu frumvarpi breytingu á tvennum lögum þar sem verið er að fjalla um sambærileg ákvæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 3. mgr. 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, þar sem tekinn er af allur vafi um við hvað skal miðað þegar bætur fyrir tjón á húseignum eru ákvarðaðar, þ.e. endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem um er að ræða sambærilegt ákvæði, þ.e. að miðað skuli við endurstofnverð húseigna þegar þær eru viðlagatryggðar. Einnig er lagt til að lögtekið verði ákvæði um upplýsingaskyldu þar sem kveðið er á um að tjónþoli skuli eiga rétt á öllum upplýsingum um meðferð og afgreiðslu eigin bótamáls í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga. Að lokum er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin skuli endurskoða fyrir 1. janúar árið 2002. Nauðsynlegt er að endurskoðun þessara laga fari nú þegar af stað og að í henni taki þátt t.d. fulltrúar frá þeim sveitarfélögum þar sem tjón hefur orðið verulegt vegna náttúruhamfara.

Ljóst er af þeirri sáru reynslu sem margir hafa orðið fyrir vegna tjóns af völdum náttúruhamfara að nauðsynlegt er fyrir okkur að búa við trausta löggjöf sem dregur sem mest úr þeim skaða sem einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki, sveitarfélög og þjóðfélagið allt geta orðið fyrir og umfram allt að reglur séu skýrar og almenningi sé fullljós réttarstaða sín þegar áföll verða."

Virðulegi forseti. Því er við að bæta að eftir að þetta frv. var lagt fram sem unnið er í samráði við fulltrúa úr samstarfshópi sveitarfélaga sem stofnaður var eftir náttúruhamfarirnar á Suðurlandi, þá hafa þessi sveitarfélög lagt mikla áherslu á það við þingmenn Suðurlands að farin verði önnur leið við ákvörðun á greiðslum vegna tjóna af völdum *náttúruhamfara. Hinn 8. ágúst sl. var samþykkt eftirfarandi* ályktun af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga sem ég les hér upp, með leyfi forseta:

„Stjórn SASS hvetur eindregið til þess að brunabótamat húsa sem skemmdust í jarðskjálftum á Suðurlandi í júní s.l. verði fært að endurstofnverði þeirra eða því sem næst.

Ljóst er að fólk sem misst hefur heimili sín vegna náttúruhamfara hefur ekki kost á því að koma sér upp sambærilegu húsnæði/heimili nema bætur miðist við endurbyggingarkostnað þess húsnæðis sem eyðilagðist.

Brunabótamat margra húsa sem eyðilögðust í jarðskjálftunum er byggt á gömlum forsendum sem virðast ekki endurspegla raunverulegan byggingarkostnað sams konar húsa. Nauðsynlegt er að þetta verði leiðrétt og með því tryggt að fólkið eigi þess kost að halda áfram búsetu á sama stað og fyrr við sem líkust skilyrði og það hafði fyrir jarðskjálftana.

Stjórn SASS hvetur einnig til þess að kannað verði sérstaklega ástand húsa sem verið geta varasöm eða byggð úr varasömu byggingarefni, samanber reynslu eftir síðustu jarðskjálfta. Kannað verði hvort öryggi íbúa svæðisins sé tryggt til frambúðar."

Jafnframt hefur vinnuhópurinn sem stofnaður var í samstarfi sveitarfélaganna þar sem tjónin urðu hvað mest í jarðskjálftunum, ítrekað komið þessum sömu skoðunum á framfæri á fundum með þingmönnum, þ.e. að það þurfi að hafa önnur viðmið en brunabótamatið.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað hafa hér í þingsal hæstv. viðskrh. sem fer með tryggingamál og ræða við hæstv. ráðherra um þær breytingar sem ég tel að þyrfti að gera á lögum um Viðlagatryggingu Íslands að fenginni reynslu, ekki bara það sem hér er lagt til heldur ýmislegt annað sem komið hefur upp seinna og þá í ljósi þess að þegar jarðskjálftarnir urðu þá mætti æðsti fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., á fund austur á Hellu þar sem hann lýsti því m.a. að það væri vilji ríkisstjórnarinnar að þeir sem hefðu orðið fyrir tjóni yrðu ekki verr settir en áður fjárhagslega. Voru þessi orð sem flestir vildu líta á sem loforð af hálfu forsrh. látin falla á fjölmennum fundi þar sem flestir þeir sem urðu fyrir tjóni voru staddir.

Nú hefur hins vegar komið í ljós í svari viðskrh. við fyrirspurn sem ég bar fram þar sem ég spurðist fyrir um bætur vegna altjóna sem urðu, bæði í Árnes- og Rangárvallasýslu í kjölfar jarðskjálftanna 17. og 21. júní í sumar sem leið, að gífurlegur munur er á bótafjárhæðum, brunabótamati og endurstofnverði. Ef tekið er t.d. eingöngu brunabótamatið og heildarbótafjárhæðir vegna altjóna í Árnessýslu þá er brunabótamat þeirra eigna þar sem um altjón var að ræða 191 millj. 682 þús., en bótafjárhæðin er 134 millj. 838 þús. Ef hins vegar miðað væri við endurstofnverðið þá er það í Árnessýslu 191 millj. 412 þús., en eins og áður sagði er bótafjárhæðin tæpar 135 millj. Ef Rangárvallasýslan er tekin á sama hátt er brunabótamat þeirra eigna þar sem um altjón var að ræða í Rangárvallasýslu 179 millj. 185 þús., en bótafjárhæðin 159 millj. 971 þús. og 800 kr. Endurstofnverð þessara sömu eigna væri hins vegar 208 millj. 695 þús.

Samtals ef tekin er niðurstaðan bæði úr Árnes- og Rangárvallasýslu þá er það þannig að áætlaðar bótafjárhæðir á báðum þessum stöðum nema 294.809.800 kr. Þetta eru sem sagt tæplega 295 millj. en væri farið að endurstofnverði sömu eigna væri um að ræða 400 millj. sem þyrfti að leggja til. Nú er það ekki svo, virðulegi forseti, að endurstofnverðið dekki að fullu þann kostnað sem hver sem hefur orðið fyrir altjóni þarf að bera, það er ekki þannig. Ég hef fengið leyfi til þess að fara með dæmi þar sem um er að ræða altjón á íbúðarhúsinu Árbakka, sem var gjörónýtt eftir Suðurlandsskjálftann og margir hafa sjálfsagt séð myndir af í fjölmiðlum. En það eru ekki margir hér í salnum til þess að sýna hvernig húseign þessi leit út eða hvernig staðið var að hreinsun en ég hef hér myndir af húseigninni sem þurfti að sópa alveg í burtu.

Íbúðarhúsið á Árbakka var 133 fermetrar að stærð. Brunabótamatið var 6.048 þús., sjálfsábyrgðin var 302.400 kr. Kostnaðurinn við rífa niður húsið, þrif og akstur á hauga er 614 þús. kr. Endurbyggingarkostnaður á sambærilegu húsi af sömu stærð er áætlaður 15.960 þús. Þá er miðað við 120 þús. kr. á fermetra af fullbúnu húsi.

Við endurbyggingarkostnað verður auðvitað að hafa það í huga að allt skemmdist, t.d. föst heimilistæki á borð við eldavél, salerni, sturtu, sökkullinn var ónýtur og töluverður kostnaður er við að koma inn í nýtt hús rafmagni, vatni, síma og koma frárennsli í lag o.s.frv. Kostnaðurinn er því varlega áætlaður 15,9 milljónir, tæpar 16 millj. kr.

Ef skoðað er hvað eigendur Árbakka fengu þá var þannig að greiddar bætur eru 6.048 þús., en frá dragast 916.400 kr. sem er annars vegar sjálfsábyrgðin og hins vegar niðurrif og þrif. Greiddar bætur eru því 5.131.600 kr. Það er sú upphæð sem þeir einstaklingar, sem eiga íbúðarhúsið Árbakka hafa úr að spila þegar farið er í nýtt íbúðarhús. Það sér hver maður að hér er ekki hægt að tala um að þessi fjölskylda sé jafnsett og áður þar sem kostnaðurinn er áætlaður um 16 milljónir við nýtt sambærilegt íbúðarhús.

Þá er ekki verið að tala um bætur fyrir það sem er óbætanlegt og þann skaða sem þessi fjölskylda varð fyrir að öðru leyti hvað varðar útihús og ýmsa muni sem verða aldrei bættir af tryggingum.

Virðulegi forseti. Sannarlega er kominn tími til að þessi mál séu rædd hérna og auðvitað er sorglegt að málið skuli ekki hafa komist á dagskrá fyrr. Ég vona hins vegar að efh.- og viðskn., sem mun fjalla um málið, muni afgreiða það fljótt og vel. Ég ætla ekki að fullyrða að þetta sé eina rétta leiðin, þ.e. sú breyting sem lögð er til bæði á Viðlagatryggingu og á lögum um vátryggingarsamninga hér í þessu frv. En það flytja auk mín hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ólafur Örn Haraldsson og Kristján L. Möller.

Ég ætla ekki að halda því fram að þessi lausn sé hin eina rétta. En sannarlega sýna dæmin að það verður að taka á þessum málum. Mér er sagt að það sé enn þannig með einstaklinga og fjölskyldur sem fengu bætur eftir þau áföll sem urðu t.d. á Vestfjörðum eftir snjóflóðin að í raun og veru hafi ekki verið sátt um mörg tilvik þó menn hafi á endanum skrifað undir. Þannig er það á Suðurlandi að þrátt fyrir að flestir hafi skrifað undir samninga um bætur vegna þeirra tjóna sem þeir hafa orðið fyrir er langt í frá að viðkomandi einstaklingar séu sáttir og enn lengra, virðulegi forseti, frá því að þetta fólk sé jafnsett fjárhagslega og það var áður. Mikil þörf er á því að taka þessa löggjöf til endurskoðunar og ganga þannig frá því að þær breytingar, sem gerðar verða, verði afturvirkar þannig að hægt sé að ganga í verkið og klára málið algjörlega og standa við þau orð sem oft hafa heyrst frá fulltrúum hæstv. ríkisstjórnar þess efnis að fólk verði helst jafnsett fjárhagslega og það var fyrir þá hörmungaratburði sem áttu sér stað í jarðskjálftunum í sumar.

Ég vil enn og aftur ítreka, hæstv. forseti, þakklæti mitt fyrir að stjórn þingsins skyldi loksins sjá sér fært að taka þetta mál á dagskrá, sem er 54. mál þingsins, þskj. 54, lagt fram á fyrstu viku þingsins.

[17:20]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ein af flutningsmönnum þessa máls og vil eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lýsa ánægju minni með að það skuli þó vera komið hér á dagskrá en undrast nú mjög að það skyldi ekki vera fært að taka málið fyrir fyrr. Það er nú svo að í þeim hörmungum sem dundu yfir í jarðskjálftunum á Suðurlandi sl. sumar, þar sem margt fólk sá á eftir eignum sínum ýmist að hluta eða algjörlega, að þá höfðu komið yfirlýsingar frá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar um að fólk yrði jafnsett fjárhagslega eftir þessar hörmungar.

Auðvitað gera sér allir grein fyrir því að þegar svona lagað dynur yfir eru ýmis áföll sem fólk verður fyrir sem er ekki hægt að bæta með peningum eða fjármunum. En beint tjón sem verður á húseignum er þó hægt að bæta. Ég verð að segja að þegar ég heyrði eins og aðrir þessar yfirlýsingar ráðamanna leit ég svo á að það yrði gert. Ég varaði mig ekki á að þarna giltu lög um að þetta skyldi greitt samkvæmt fasteignamati og sérstökum fyrningarreglum sem gerðu það að verkum að margt af þessu fólki fékk ekki nándar nærri

nóg út úr eignunum til að fyrir þá fjármuni væri hægt að reisa sams konar húseign. Þar að auki hefur mér fundist þetta ganga svolítið hægt allt saman. Það verður að segja að það var ekki fyrr en rétt fyrir jól sem sumir sem höfðu lengi beðið komust inn í bráðabirgðahúsnæði. Mér finnst að kannski hafi ekki verið staðið af allri þeirri reisn og þeirri drift að þessu uppbyggingarstarfi eins og ég hafði vænst í kjölfar þessara hörmunga í sumar.

Segja má að það sé talandi dæmi um að þetta frv., sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir leggur fram á fyrstu dögum þingsins í haust, og mér fannst sjálfri þá vera svo brýnt mál að ég hélt að málið yrði tekið til umræðu bara strax á næstu dögum, að það hefur mátt dúsa á einhverjum biðlistum þangað til það er tekið nú með mikilli skyndingu á dagskrá í gær og manni gæti virst eins og það hefði verið í ógáti.

En frv. gengur út á það að breyta þeim reglum að greitt sé samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins með tilheyrandi fyrningum og í staðinn verði greitt eftir endurstofnverði. Það er nú ekki eins og endurstofnverð bæti fólki endilega allt það tjón sem það verður fyrir. En það mun þó komast mun nær því og mun jafnara niður á þeim sem fyrir tjóni hafa orðið. Ég verð að segja að ég styð það heils hugar að þessum reglum verði breytt enda er ég einn af flutningsmönnum málsins og vona að það muni eiga greiða leið í gegnum hv. efh.- og viðskn. þar sem ég veit að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er í góðri aðstöðu til að reka á eftir málinu. Ég vona að þetta verði gert að lögum með hraði. Þó ég sé nú oft ekki hrifin af afturvirkni laga þá finnst mér að það hefði mátt samþykkja þessa lagabreytingu í haust með miklum skyndingi. Ég skyldi hafa greitt henni leið gegnum þingið svo hefði mátt gera upp þau tjónamál sem lágu fyrir frá skjálftanum í sumar eftir þessum reglum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 116. mál. — Þskj. 116.

[17:26]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er eins með þetta mál og hið fyrra. Það var lagt fram á fyrstu dögum þingsins en hefur beðið umræðu. Enn og aftur, guði sé lof fyrir geðvonsku hæstv. forseta í gær sem varð til þess að þau komu hér á dagskrá.

En ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum. Þessa tillögu flytja ásamt mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson, varaþm. Framsfl., og Kjartan Ólafsson sem er varaþm. Sjálfstfl.

Í tillögunni segir, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem meginhersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Í grg. segir, með leyfi forseta:

Þann 17. og 21. júní síðastliðið sumar urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Nú þegar hefur verið tilkynnt — þ.e. þegar tillagan var lögð fram, virðulegi forseti — verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem fellur ekki beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem staðsett voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir í sumar. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem urðu í júní sl. og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar þeirra jarðskjálfta sem urðu í sumar og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní sl. og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær

viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniðurstöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjónin urðu hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu í sumar og þegar hefur Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum sé líklegt að skemmdir hafi orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig geti hafa orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við það, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Líður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst í sumar um eðli og afleiðingar jarðskjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af nýliðnum skjálftum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu í sumar og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suðurlandi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem hýsir daglega margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem er ekki hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Virðulegi forseti. Við þessa ítarlegu greinargerð er í sjálfu sér ekki mörgu að bæta en ég vil þó vitna til þess að í byrjun nóvember bar hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. þar sem hann spurði hvort hún mundi láta gera áhættugreiningu sem næði til allra jarðskjálftasvæða landsins og vísaði þar með í þá skýrslu sem fylgir með þessari tillögu sem fylgiskjal, þ.e. samantekt frá jarðskjálftamiðstöðinni. Í svari ráðherra kom fram að hún hefði ekki kynnt sér skýrsluna. Má segja að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hafi tekið hæstv. ráðherra í bólinu hvað þetta varðar þar sem hún er yfirmaður jarðskjálftarannsókna nema þeirra sem fram fara hjá jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi þar sem sú miðstöð fellur undir svið hæstv. menntmrh.

Engu að síður lýsti hæstv. ráðherra því yfir að verið væri að skoða þetta af fulltrúum ráðuneytanna þar sem margar stofnanir kæmu að og þetta væri viðamikið verkefni sem þyrfti að fara í en verið væri að skoða þetta af ráðuneytisstjórum viðkomandi ráðuneyta og tillögur frá þeim væru væntanlegar og að í fjárlögum þessa árs væri lagt nokkuð fjármagn til að hefja þessar rannsóknir. En til þess að þær megi fara skipulega fram er nauðsynlegt að fela einum aðila

yfirumsjón með þeim og teljum við, flutningsmenn þessarar tillögu, að eðlilegt sé að jarðskjálftamiðstöðinni, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi, verði falið þetta verkefni þar sem um er að ræða heildarúttekt á húsnæði. Verkefni Veðurstofunnar og annarra sem koma að slíkum rannsóknum er með allt öðrum hætti. Með þessari tillögu er alls ekki verið að kasta rýrð á þá vinnu sem þar hefur verið framkvæmd en hún er bara allt annars eðlis.

Virðulegi forseti. Ég tel að með samþykkt tillögunnar sé stigið stórt skref í þá veru að búa okkur, eða þau landsvæði þar sem búast má við jarðskjálftum, eins vel undir slíkar náttúruhamfarir og kostur er og tel að það þyrfti að afgreiða slíka tillögu. Ég hefði reyndar talið að það hefði þurft að afgreiða hana áður en fjárlög voru afgreidd en ég lít engu að síður á þá fjárhæð sem sett var í verkefnið á fjárlögum íslenska ríkisins fyrir þetta ár sem vísi að vilja til að fara í svo víðtækt verkefni sem gæti vissulega kostað stórar fjárhæðir *en það má líka vinna á nokkuð mörgum árum.*

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði þessari tillögu vísað til menntmn. þar sem um er að ræða verkefni á sviði Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að tillagan fari til umsagnar í umhvn. þar sem samræma þarf vinnu nokkurra stofnana og þar á meðal stofnana sem falla undir hæstv. umhvrh.

[17:39]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, fyrir greinargóða ræðu þar sem hún mælir fyrir 116. máli, till. til þál. um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum sem hún er 1. flm. að ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Drífu Hjartardóttur, þeim sem hér stendur, Magnúsi Stefánssyni og Kjartani Ólafssyni.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er mjög brýnt að nýta þá þekkingu sem fékkst af þeim hræðilegu náttúruhamförum sem riðu yfir Suðurland 17. og 21. júní sl. Þá kom í ljós hve magnaðir vísindamenn okkar eru, t.d. þeir sem starfa við jarðskjálftamiðstöðina á Selfossi. Mjög brýnt er að efla forvarnir á þessu svæði sem og öðrum. Mjög brýnt er að gera úttekt á öllum jarðskjálftasvæðum á landinu og það er einmitt það sem þessi tillaga felur í sér.

Ég held að í raun sé óþarft að fara yfir einstök atriði tillögunnar, það hefur 1. flm. gert með miklum ágætum, ég tek þar undir hvert orð. Í lok ræðu sinnar, herra forseti, kom þingmaðurinn inn á ákveðin atriði um skörun milli ákveðinna stofnana hvað þetta varðar. Ég get fullvissað hv. þm. um að ég hef m.a. rætt þessi mál við umhvrh. og þessi mál eru öll í athugun í því ráðuneyti. Það kom einmitt í ljós í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrr í vetur að hæstv. umhvrh. hafði ekki fengið þessi gögn. Það minnir okkur á að þegar fulltrúar jarðskjálftamiðstöðvarinnar kynntu skýrslu sína á Hótel Sögu fyrr um veturinn sat þar dómsmrh. sem fulltrúi *þeirra sem fara með almannavarnir í landinu en ekki umhvrh.*, þannig að í raun og veru kom þar í ljós þessi skörun en við eigum ekki að láta það á okkur fá. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur er mjög nauðsynlegt að þetta sé sem allra mest á einni hendi og þar er umhvrn. það ráðuneyti sem á í raun og veru að stjórna þessu. En ég fagna þessari tillögu og vonast til þess að hún fái brautargengi á Alþingi.

[17:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er 1. flm. að þessari tillögu sem gengur út á rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Þar sem hún leggur til að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu og sú stofnun heyrir undir menntmrn., þá mun þessi till. til þál. koma til menntmn. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar ágætu tillögu. Ég tel að tillagan sé mjög góð og það sé mjög brýnt af okkur að samþykkja hana og framfylgja henni. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að fylgja því eftir innan hv. menntmn. að svo verði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 101. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 101.

[17:44]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Á þskj. 101 flyt ég ásamt fimm öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar frv. til laga um breytingu á lögum virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Tillögur þær sem frv. felur í sér eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að hlutfall endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingu íbúðarhúsnæðis, viðhald á því og endurbætur, verði hækkað til fyrra horfs eins og það var árið 1990, þ.e. úr 60% í 100%.

Í öðru lagi verði sambærileg ákvæði látin gilda um framleiðslu á verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Í þriðja lagi fari endurgreiðslur á virðisaukaskatti fram mánaðarlega í staðinn fyrir á tveggja mánaða fresti eins og nú er.

Breytingin sem gerð var á lögunum um virðisaukaskatt árið 1996 var að mínu áliti mjög vanhugsuð. Þá var endurgreiðsluhlutfallið lækkað úr 100%, en það var lögleitt í árið 1990 þegar lögin um virðisaukaskatt tóku gildi, í 60%. Fyrir gildistíma laganna um virðisaukaskatt var vinna manna á byggingarstað, við verksmiðjuframleidd timburhús o.s.frv. alfarið undanþegin virðisaukaskatti. Hefði ekki verið veitt undanþága í lögum um virðisaukaskatt hefði öll slík vinna þar með verið skattlögð. Menn töldu ekki rétt að fara út á þá braut, að skattleggja vinnu sem hefði ekki verið skattlögð áður í söluskattskerfinu, m.a. til að koma í veg fyrir að svarta atvinnustarfsemi og það að greiðslum íbúðareigenda væri skotið undan skatti.

Ástæðan fyrir því að þessi breyting er nú lögð til er sú að þrátt fyrir stóraukin umsvif í húsabyggingum og lánveitingum til húsbyggjenda á árunum síðan breytingin tók gildi hefur umsóknum um endurgreiðslur fækkað mjög og *upphæð endurgreiðslunnar lækkað mjög.* Af því má draga þá ályktun að breytingin sem gerð var árið 1996 hafi stuðlað að því að svört atvinnustarfsemi í greininni hafi aukist umtalsvert. Upphaflegt markmið endurgreiðsluheimildarinnar var einmitt að hún ynni gegn svartri atvinnustarfsemi í byggingariðnaði.

Í ágústhefti Tíundar, tímariti embættis ríkisskattstjóra, rekur Guðlaug M. Valdimarsdóttir áhrif umræddra breytinga

á fjölda umsókna og fjárhæðir endurgreiðslna virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við byggingu, viðhald og viðgerð á íbúðarhúsnæði. Þar koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar.

Árið áður en lögin tóku gildi, þ.e. þegar endurgreiðslan var 100%, nam endurgreiðsla virðisaukaskatts 560 millj. kr., þ.e. árið 1996. Strax á fyrsta ári breytingarinnar, þ.e. eftir að endurgreiðslan hafði verið lækkuð úr 100% niður í 60%, lækkuðu endurgreiðslurnar niður í 226 millj. kr. eða um 59,6% strax á á fyrsta ári. Þær hafa haldið áfram að lækka og lækkuðu um 47,7 millj. kr., t.d. síðasta árið sem upplýsingar eru til um, þ.e. árið 1999.

Sama máli gegnir ef litið er á fjölda umsókna um endurgreiðslur en þær námu árið 1996, síðasta árið sem 100% endurgreiðsluheimild var veitt, samtals 10.768 beiðnum. Strax ári síðar hafði beiðnunum fækkað um 41,7%, eða niður í 6.890 og árið 1999, síðasta árið sem upplýsingar eru til um, voru endurgreiðslubeiðnir aðeins 3.630, þ.e. rösklega $^1/_3$ af því sem þær voru árið 1996 áður en breytingin á endurgreiðslunum tók gildi.

Til samanburðar er nefnt í grein þessari að aukning á útlánum húsbréfakerfisins til nýbygginga og endurbóta nam 17,6% milli áranna 1996 og 1997, 18,4% milli áranna 1997 og 1998 og 20,4% á milli áranna 1998 og 1999. Margir íbúðareigendur fjármagna framkvæmdir sínar með öðrum hætti en töku húsbréfalána. Því er líklegt að framkvæmdir hafi verið mun meiri en húsbréfatölur gefa til kynna enda er almennt vitað og viðurkennt að miklar framkvæmdir hafa verið í byggingariðnaði á síðustu árum, mikill vinnuaflsskortur og mikil þensla.

Í greininni segir Guðlaug orðrétt, með leyfi forseta:

„Ljóst er að endurgreiðsluheimildin hefur haft mikið að segja í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi en viðbúið er að þau áhrif hafi eitthvað minnkað við lækkun endurgreiðsluhlutfallsins.“ Er hér varlega að orði komist.

Það er auðsætt, herra forseti, hvaða áhrif sú vanhugsaða breyting sem gerð var árið 1996 hefur haft. Hún hefur haft þau áhrif að þrátt fyrir stórauknar framkvæmdir við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis á hverju einasta ári síðan, þannig að nú hefur verið hvert metárið á fætur öðru í þeim efnum, þá hefur umsóknum fækkað og endurgreiðslufjárhæðir lækkað mjög verulega á hverju einasta ári. Þetta þýðir ekki nema eitt, þ.e. að svört atvinnustarfsemi í byggingariðnaði hefur stóraukist og ríkið verður af skatttekjum vegna þess að verulegur hluti vinnunnar er dreginn undan skatti.

Ekki er oft hægt að ná þeim tveimur markmiðum í senn, þ.e. að auka skattskil og þar með skatttekjur ríkisins og jafnframt létta útgjöldum af húsbyggjendum. Breytingin sem lögð er til í þessu frv. gerir hvort tveggja. Það munar verulega fyrir húsbyggjendur, hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða viðhald á byggingum, að endurgreiðsluhlutfall vinnu vegna manna á byggingarstað sé hækkað úr 60% í 100%. Það segir sig sjálft. Það verður til þess að lækka allverulega byggingarkostnað sem nú þegar er orðinn mjög hár og hefur farið vaxandi með hverju ári.

Í öðru lagi sýnir reynslan okkur að sú breyting mundi stuðla að miklu betri skattskilum, vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og ekki aðeins bæta ríkinu þá hækkun endurgreiðsluhlutfalls sem þarna kæmi til greina heldur jafnframt auka tekjur ríkissjóðs vegna þess að þá kæmu til framtals tekjur vegna þessarar starfsemi sem er skotið undan í dag, eins og ljós dæmi eru um.

Fyrr í vetur svaraði hæstv. fjmrh. spurningum hv. þm. Katrínar Fjeldsted um sama efni. Hún spurði um þessi mál til lengri tíma en þarna er um að ræða. Það sem ég hef fullyrt hér og sagt kom glögglega í ljós í svari hæstv. fjmrh.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, og við flutningsmenn þessa frv. að horfið verði til fyrra horfs. Það léttir útgjöldum af húsbyggjendum, lækkar byggingarkostnað, vinnur gegn svartri atvinnustarfsemi, eykur skattskil til ríkisins og skatttekjur hins opinbera um leið.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að fara þess á leit að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta mál. Ég fagna því hins vegar að það hafi verið flutt hér og er full ástæða til. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur gert grein fyrir þróuninni eftir að endurgreiðslum var breytt á sínum tíma. Auðvitað vita allir sem fylgjast með að verulega mikið er um svarta atvinnustarfsemi og við núgildandi reglur er líklegt að hún aukist enn.

Varðandi viðhald íbúðarhúsnæðis, þ.e. iðnaðarmannavinnu og annað slíkt sem menn hafa kostnað af, þá eru mál þannig vaxin, svo ég taki dæmi, að ef húseigandi hefur látið vinna verkefni upp á 125 þús. kr. við húsnæði sitt, þá fara af því 25 þús. kr. í virðisaukaskatt og kannski 60 þús. kr. í launalið þeirra sem þarna hafa unnið. Ef launaliðurinn er af þessari stærðargráðu ætti viðkomandi að greiða u.þ.b. 25 þús. kr. til ríkisins í skatt af þeirri vinnu. Viðkomandi aðilar bjóða iðulega þeim sem lætur framkvæma verkið afslátt af verkinu verði ekki gerður reikningur. Þarna eru á ferðinni háar upphæðir, u.þ.b. 50 þús. kr. af verki sem að stofni kostar 100 þús. kr. en virðisaukaskatturinn lyftir því upp í 125 þús. kr.

Af þessum sökum hefur starfsemin horfið undir yfirborðið. Þetta eru ástæðurnar fyrir þeim tölum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi áðan og birst hafa eftir að þessu var breytt. Ég tel augljóst að gera þurfi þessa breytingu og reyna að ná til baka því sem áður var uppi á borðinu og greitt var af til ríkisins.

Til viðbótar má benda á að hagsmunir þeirra sem þarna er um rætt eru fleiri en þeir sem ég hef nefnt. Sá aðili sem ekki gefur upp þau verkefni sem hann vinnur með þessum hætti en rekur fyrirtæki getur sett áfram í bókhald fyrirtækis síns með þann kostnað sem tilheyrði því verkefni sem um var að ræða og þannig séð til þess að fyrirtækið hans þurfi ekki að borga neinn skatt heldur. Hann er sem sagt ekki bara að spara sér skattinn af vinnunni sjálfri heldur líka að spara sér skatta með því að nýta sér kostnaðinn, þá sparar hann sér líka skatta af öðrum verkefnum.

Það er mjög mikið í húfi að koma þessum hlutum í skynsamlegra horf heldur en þeir er núna og ég hvet til þess að þetta mál verði meðhöndlað sem allra fyrst í hv. nefnd og séð til þess að það gangi fram hér í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 135. mál (lágmarksstærð sveitarfélaga). — Þskj. 135.

[18:01]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, flytja ásamt mér hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Efnisgreinin er svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „50" í 1. og 2. mgr. kemur: 1000.

b. Á eftir orðinu „samfleytt" í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eftir gildistöku laga þessara.

Greinargerðin er eftirfarandi:

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. skipaði „sveitarfélaganefnd" í febrúar 1992. Nefndin skilað lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna.

Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil.

Viðræður um sameiningu sveitarfélaga standa nú yfir á einhverjum stöðum þannig að þróunin til stærri sveitarfélaga heldur áfram. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 124. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því sem þeim er ætlað af hinu opinbera og geta ekki heldur veitt þeim sem í þeim búa viðunandi þjónustu miðað við þær kröfur sem gerðar eru almennt í dag í íslensku samfélagi.

Pólitískur vilji til að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera er almennur. Stjórnmálaflokkarnir hafa allir stutt opinberlega þá stefnu. Á Alþingi hef ég orðið var við efasemdaraddir að vísu frá einhverjum þingmönnum vinstri grænna um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga. Þessi almenni vilji, almenni pólitíski vilji er ekki síst sprottinn af þeirri staðreynd að slík verkefni skipta sköpum fyrir byggðarlögin til að þau dafni til framtíðar. Það er sannfæring mín og margra annarra að menntastofnanir og rekstur þeirra í heimabyggð sé mikilvægur til að tryggja framtíð búsetu.

Til að hægt sé að reka skóla á framhaldsskólastigi, háskóla eða aðrar æðri menntastofnanir í sveitarfélagi þarf umhverfi sem ekki er hægt að skapa í fámennu sveitarfélagi. Öflug opinber þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf þarf að vera til staðar. Ástæða er til þess að ætla að sá pólitíski vilji sem ég nefndi áðan byggist á þeirri forsendu að flest og helst öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni frá hinu opinbera, enda engu lýðræðisþjóðfélagi samboðið að mismuna þegnum sínum í opinberri þjónustu svo sem menntun eða heilbrigðisþjónustu.

Vegna getuleysis fámennra sveitarfélaga til að halda uppi opinberri þjónustu og standa undir þeim kröfum sem fjölbreytt samfélag gerir í dag er verulegur annmarki á flutningi verkefna til allra sveitarfélaga í landinu af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan, þ.e. að hið opinbera má ekki mismuna þegnum landsins til grunnréttinda í menntun og opinberri þjónustu. Þess vegna er ekki nóg að pólitískur vilji sé fyrir hendi til að flytja verkefni og þjónustu til sveitarfélaga, efla menntun og styðja þróun til fjölbreytts samfélags. Til þess að sú þróun geti haldið áfram þurfa þau smáu að sameinast og mynda þannig nægilega öflug sveitarfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna og skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda fyrir því að byggð geti haldist víða um land. Af þessum ástæðum ásamt mörgum öðrum er eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélögin á landsbyggðinni.

Einhverjir kunna að segja að þróunin sé í átt til stærri sveitarfélaga og ekki sé ástæða til að þvinga þau til sameiningar. Því er til að svara frá minni hendi að ég var þeirrar skoðunar og ég tel að á undanförnum árum hafi það verið rétt stefna að reyna að leiða fram sameiningar án þess að hækka lágmarksíbúafjöldann með lögum. En margt hefur breyst á undanförnum árum og mikil nauðsyn er á því að koma í veg fyrir að þróunin til öflugri sveitarfélaga tefjist. Það mun hún gera ef áfram verða til lítil sveitarfélög sem eru ekki burðug til að taka við aukinni ábyrgð á þörfum íbúanna.

Ástæðurnar fyrir því að sums staðar hefur sameining sveitarfélaga gengið hægar eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda því að hluta til. En mikil breyting hefur orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er sú afstaða miklu jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á sumum svæðum. Til eru dæmi um fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði og dæmi eru um að þau hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til að tryggja íbúum það búsetuumhverfi sem nú er nauðsynlegt til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt þessarar tillögu yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til þess að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til enn öflugri sveitarfélaga.

Ég er þeirrar skoðunar að sveitarfélögin þurfi að ná þeirri stærð að framhaldsskóli og menntastofnanir á háskólastigi geti þrifist innan vébanda þeirra. Þetta er nauðsynlegt til að nútímaatvinnulíf þróist í iðnaði og þjónustu og þetta er nauðsynlegt til að skapa það nútímasamfélag sem íbúar landsins vilja lifa og starfa í. Þær sameiningar yfir stór landsvæði sem gerðar hafa verið með góðum árangri hafa sannfært mig um að engar óyfirstíganlegar hindranir eru í vegi þróunar af þessu tagi. Þó að einhverjar undantekningar af landfræðilegum ástæðum geti komið til er engin ástæða til að láta slíkt koma í veg fyrir að þessi stefna verði tekin upp.

Afleiðing af stækkun og eflingu sveitarfélaga og flutningi verkefna til þeirra með þeim hætti sem hér er lýst eru margvíslegar. Ég sé ástæðu til að ræða hér aðeins lítillega um þá möguleika á þróun lýðræðisins sem stækkun sveitarfélaga og flutningur verkefna frá ríkinu til þeirra opnar. Með flutningi margs konar þjónustustarfsemi og annarra verkefna svo sem

verklegra framkvæmda frá ríki til sveitarfélaga dregur verulega úr ofurtökum framkvæmdarvaldsins í stjórnsýslunni, þ.e. að sú þróun sem hefur verið veruleg og jákvæð hefur áhrif á starfsumhverfi á Alþingi, sem hefur fram á þennan dag verið upptekið af einhvers konar þjónustuhlutverki við sitjandi ríkisstjórnir, framkvæmdarvaldið. Með minnkandi vægi þeirra verkefna sem heyra undir ríkisstjórn er ástæða til að ætla að Alþingi geti farið að sinna löggjafarhlutverki sínu betur og geti að lokum staðið undir nafni sem löggjafarsamkoma sem ekki tekur við fyrirskipunum og ábendingum frá ráðherrum í einu og öllu. Í beinum tengslum við þá þróun sem hér er verið að lýsa, vilja til að hún verði sem hröðust ætti að taka kjördæmamálið til endurskoðunar með það fyrir augum að gera landið að einu kjördæmi, en forsendan fyrir því er að sveitarfélögin eflist og taki við ýmsum af þeim hlutverkum sem eru hjá framkvæmdarvaldinu í dag.

Hæstv. forseti. Hér er hreyft máli sem hefur oft valdið miklum átökum. Þeir sem fylgdust með pólitískri umræðu á sínum tíma þegar sú þróun hófst sem ég var að lýsa áðan muna að heitt var í kolunum víða vegna sameiningarumræðunnar. Og sameiningar sveitarfélaga hafa ekki gengið þrautalaust. En almennt séð hafa slíkar sameiningar orðið til góðs fyrir þau sveitarfélög sem hafa tekið þátt í þeim og þess vegna er full ástæða til að halda því fram að sannast hafi í því sameiningarferli sem hefur verið í gangi að stærri sveitarfélög veita íbúunum öruggari þjónustu, betri og ódýrari þjónustu. En það sem mér finnst ekki síður um vert er það að í þessum öflugu sveitarfélögum sem eru orðin til sums staðar og verða örugglega til í framtíðinni víðar og vonandi um allt land sem allra fyrst er hægt að taka á móti nýjum verkefnum frá hinu opinbera og hægt er að búa til umhverfi, starfsumhverfi í menntun og þjónustu sem er sambærilegt við það umhverfi sem fólk í þéttbýli býr við í dag, en það gerist ekki með litlum veikburða sveitarfélögum sem víða eru um landið og við þurfum því að taka á þessu máli.

Mér er kunnugt um að margir sveitarstjórnarmenn sem voru sömu skoðunar og ég var hér fyrrum, að ekki ætti að þvinga sveitarfélög til sameiningar, eru komnir á aðra skoðun í dag og eru tilbúnir til að ræða málið á þeim grundvelli. Það mun auðvitað ekki skipta sköpum sem slíkt hvort sveitarfélög sameinist og nái því að verða þúsund íbúar. En það mun skipta mjög miklu þegar kemur að því að taka ákvarðanir um að flytja almennt fleiri störf til sveitarfélaganna, fleiri verkefni frá ríkinu. Og verði lítil og vanmáttug sveitarfélög áfram til staðar á Íslandi, þá mun sú þróun stöðvast.

Þess vegna er þetta frv. flutt og auðvitað er það fyrst og fremst flutt til að koma umræðunni í gang á ný, fá hv. alþm. og aðra þá sem hlut eiga að máli til að hefja málefnalega umræðu um hvernig við getum tryggt framtíðina. Ég tel að við megum engan tíma missa. Ég tel að stærð og styrkur sveitarfélaganna skipti gífurlega miklu máli þegar kemur að því að tryggja byggð til frambúðar. Við þurfum þess vegna að bretta upp ermar og taka mjög fast á þessum málum og vinna hratt vegna þess að víða er fólk orðið óþolinmótt og er farið að missa trú á því svæði á landinu sem það býr á. Við höfum mátt horfa upp á fólksflótta utan af landi til þéttbýlissvæðanna í mörg ár og ég tel að þeim flótta verði ekki snúið við og atvinna og búseta verði ekki tryggð til frambúðar í sveitarfélögum um landið öðruvísi en að þau sveitarfélög séu burðug, geti veitt fjölbreytta þjónustu, í þeim sé gott menntunarumhverfi, fjölbreytt atvinnulíf eigi möguleika á að blómstra. Það gerist ekki ef sveitarfélagið er ekki nægilega stórt og öflugt til að þar sé hægt að reka framhaldsskóla, taka við stofnunum frá því opinbera og reka háskóla ef hentar að setja slíka stofnun niður á því svæði.

Þannig þarf að skoða allt landið með það fyrir augum að hægt verði að nýta möguleika hvers svæðis fyrir sig, að fólkið geti átt möguleika til að hafa börnin sín í skólum, í framhaldsskólum í heimabyggð sinni og að atvinnumöguleikar af fjölbreyttu tagi þar sem menntunar er krafist séu til staðar en þeir verða ekki til staðar í þeim litlu og vanmáttugu sveitarfélögum sem eru núna víða.

Þetta frv. er flutt, hæstv. forseti, til að reyna að hafa áhrif á umræðuna, til að reyna að sjá til þess að þróunin haldi áfram, að ekki hægi á henni og hún stöðvist vegna þeirra aðstæðna sem eru nú komnar upp. Það eru fyrirstöður, þeim þarf að ryðja úr vegi, og ég held að það sé ágætt að menn taki þá umræðuna um lágmarksfjölda í sveitarfélögum. Það er auðvitað ekki nýtt, það hefur alltaf verið lágmarksfjöldi í sveitarfélögum en það er langt síðan menn hafa tekist á í umræðu um það hvert það lágmark eigi að vera. Það er núna 50. Að mínu viti eru ekki til nein rök lengur fyrir því að sú tala eigi að vera lágmarkið. Lágmarkið þarf að miðast við sveitarfélög sem geta staðið undir þeim kröfum sem eru nú gerðar á Íslandi en 50 manna samfélög gera það ekki.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. félmn. þegar það hefur verið rætt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:19]

Útbýting þingskjals:

Óðalsjarðir, 308. mál, svar landbrh., þskj. 627.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

60. FUNDUR

miðvikudaginn 17. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 369. mál, þskj. 585. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frv., 54. mál, þskj. 54. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Virðisaukaskattur, frv., 101. mál, þskj. 101. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Sveitarstjórnarlög, frv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Almannatryggingar, stjfrv., 379. mál, þskj. 624. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Athugasemdir um störf þingsins.
Úrskurður forseta um frumvarp um málefni öryrkja. [10:35]

Sverrir Hermannsson:
Herra forseti. Í gærdag sendum við formenn stjórnarandstöðuflokkanna hæstv. forseta svohljóðandi bréf:

„Það er álit undirritaðra formanna stjórnarandstöðuflokka á Alþingi að frv. til laga um almannatryggingar á þskj. 624 sé óþinglegt með þeim rökum að frv., ef að lögum verður, hrindir dómi Hæstaréttar sem byggður er á ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins, en ákvæði stjórnarskrárinnar hafa þingmenn lagt við drengskap sinn að virða, enda fráleitt að bera fram frv. til laga á Alþingi sem inniheldur lagaákvæði sem brýtur í bága við stjórnarskrá. Því er frv. með öllu óþinglegt og ber að vísa því frá sem óhæfu til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Krafist er úrskurðar hæstv. forseta um þetta efni, enda liggi sá úrskurður fyrir áður en frv. verður tekið til umræðu."

Virðulegi forseti. Gengið er eftir þessum úrskurði.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 369. mál (yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, frh. fyrri umr.

Þáltill. KF o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 54. mál (tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.). — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 101. mál (vinna við íbúðarhúsnæði). — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 116. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 135. mál (lágmarksstærð sveitarfélaga). — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 379. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 624. [10:39]

Forseti (Halldór Blöndal):
Forseta hafa borist tvö bréf, annað frá formönnum stjórnarandstöðuflokkanna um að frv. verði vísað frá, hitt frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna um að það verði tvöfaldur ræðutími um frv.

Í gær barst forseta svohljóðandi bréf:

„Það er álit undirritaðra formanna stjórnarandstöðuflokka á Alþingi að frv. til laga um almannatryggingar á þskj. 624 sé óþinglegt með þeim rökum að frv., ef að lögum verður, hrindir dómi Hæstaréttar sem byggður er á ákvæðum stjórnarskrá lýðveldisins, en ákvæði stjórnarskrárinnar hafa þingmenn lagt við drengskap sinn að virða, enda fráleitt að bera fram frv. til laga á Alþingi sem inniheldur lagaákvæði sem brjóta í bága við stjórnarskrá. Því er frv. með öllu óþinglegt og ber að vísa því frá sem óhæfu til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Krafist er úrskurðar hæstv. forseta um þetta efni enda liggi sá úrskurður fyrir áður en frv. verður tekið til umræðu."

Undir bréfið rita formenn stjórnarandstöðuflokkanna í þessari röð: Sverrir Hermannsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson.

Af þessu tilefni er þess að geta að frv. um almannatryggingar á þskj. 624, sem hefur nú verið tekið á dagskrá, er borið fram með lögformlegum og þinglegum hætti svo sem gildir um stjfrv. Það er lagt fram af ríkisstjórninni og áritað af forseta Íslands sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, og 5. gr. ríkisráðstilskipunar nr. 82/1943. Öll formskilyrði fyrir framlagningu frv. eru að mati forseta uppfyllt. Hann telur því að engin rök séu fyrir því að vísa málinu frá á þeim forsendum að það sé óþinglegt. Samkvæmt þessu verður umræðu haldið áfram um stjfrv., 379. mál, þskj. 624, sem er á dagskrá. [Þingmenn biðja um orðið.]

Það eru ekki umræður um úrskurð forseta Alþingis. Ég vil óska eftir því að formaður Frjálslynda flokksins gefi mér tóm til að skýra frá þeim bréfum sem mér hafa borist frá stjórnarandstöðunni, frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar um þetta mál áður en farið er að kveðja sér hljóðs í þingsölum.

Borist hefur eftirfarandi bréf dagsett, 17. jan. 2001:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við þess fyrir hönd þingflokka stjórnarandstöðunnar að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um almannatryggingar verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.“ Bréfið er undirritað í þessari röð: Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Guðjón A. Kristjánsson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins.

Sjálfsagt er að verða við þessari beiðni þar sem forseti hefur orðið var við að þingmenn úr öllum flokkum hafa áhuga á því að láta til sín heyra og að sér kveða um þetta mál.

[10:43]

Sverrir Hermannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Forsetinn lét þess getið í framhjáhlaupi á dögunum að hann mundi vera fullnuma í fundarstjórn eftir að hann hefði setið sem ritari þáv. forseta sem hér stendur. Sá forseti gat að vísu ekki sagt honum til um þau fræði sem hér eru til úrlausnar af því sem þá höfðu aldrei verið á þingi né voru menn sem umgengust lög og rétt með þeim hætti sem núverandi stjórnvöld gera.

Það er auðvitað virðulegs forseta að gæta virðingar Alþingis í hvívetna. Það gerir hann ekki með því að taka á dagskrá mál — og hann ræður hvaða mál hann tekur á dagskrá — sem ganga beinlínis til þess að hrinda dómi æðsta réttar lýðveldisins og ef að lögum verður að neyða hv. þm. til að rjúfa þann eið sem þeir höfðu unnið þessari heilögu stjórnarskrá.

[10:44]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Af því að hann er nú fullnuma í fundarstjórn undir góðri leiðsögn hv. þm. Sverris Hermannssonar, þá veit hann að það munar um 10 sæti.

Herra forseti. Það er hlutverk hæstv. forseta að gæta virðingar þingsins. Hér liggur fyrir að við ætlum að fara að ræða frv. sem í besta falli ríkir ákaflega sterk óvissa um hvort stenst stjórnarskrá lýðveldisins. Það er alveg ljóst að frv. er ekki þinghæft að okkar mati vegna þess að með því er verið að fara á svig við nýfallinn úrskurð Hæstaréttar. Það liggur fyrir að Hæstiréttur hefur úrskurðað að það er í andstöðu við stjórnarskrána að skerða tekjutryggingu öryrkja með tilteknum hætti sem er ...

(**Forseti** (HBl)**:** Það er fundarstjórn forseta sem er til umræðu. Á hinn bóginn hafði hv. þm. tækifæri til að tala um störf þingsins í upphafi fundar. Fyrir því er þinghefð orðin að eftir því sé farið.)

Ég er einmitt að ræða um fundarstjórn forseta sem mér finnst að sé verulega áfátt vegna þess að ég er að halda því fram, herra forseti, að það sé hlutverk hins virðulega forsetaembættis að gæta virðingar Alþingis. Ég held því fram að forsetinn sé ekki að sinna starfi sínu sem skyldi ef hann leyfir að hér sé verið að taka á daskrá frv. sem gengur á svig við stjórnarskrána. Ég gæti fært margvísleg rök að því, herra forseti, hvers vegna svo er en ef hæstv. forseti telur að ég sé að fara út fyrir svið mitt þar sem mér er heimilt, þá ætla ég ekki að gera það en ég tel að hér sé verið að fá Alþingi til að stimpla brot á stjórnarskránni. Það sýnir framkomu og viðhorf ríkisvaldsins, viðhorf framkvæmdarvaldsins til löggjafarsamkundunnar að búið er að gefa út auglýsingu um það í fjölmiðlum að það eigi að fara eftir lögum sem er ekki einu sinni byrjað að ræða hérna, herra forseti. Það er óvirðing við Alþingi. Hæstv. forseti ætti að sjá sóma Alþingis og síns í því að koma í veg fyrir að slíkt gerist.

Ég mótmæli þessu, herra forseti. Það er skylda okkar sem erum varðgæslumenn stjórnarskrárinnar að gæta þess að hún verði ekki brotin og ég tel að verið sé að brjóta stjórnarskrána með því að taka þetta frv. til umræðu. Ég tel að það sé ekki þingtækt og ég skora á hæstv. forseta að gefa betri svör en þau snautlegu sem hann veitti hér.

(**Forseti** (HBl)**:** Úrskurður forseta er ekki til umræðu.)

[10:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa nokkrum vonbrigðum með einmitt fundarstjórn forseta hér og hvernig virðulegur forseti okkar stendur að verki í sambandi við þau umdeildu mál sem hér hefur borið á góma. Ég lít svo til að forseti sé forseti alls þingsins og honum beri sérstaklega sú skylda að standa vörð um heiður þessarar stofnunar og vönduð vinnubrögð hér.

Þar af leiðandi fannst mér rökstuðningur hæstv. forseta áðan ekki í fullu samræmi við hlutverk virðulegs forseta. Meginrökstuðningur forseta gekk út á það að um væri að ræða stjfrv. Stjfrv. er ekki rétthærra öðrum þingmálum í þeim skilningi að það megi koma á dagskrá nema vera þinglegt.

Það er sömuleiðis heldur langsóttur rökstuðningur, herra forseti, að ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. 3. þm. Norðurl. e. á því að úrskurður forseta er ekki til umræðu. Á hinn bóginn hefur hv. þm. aðra möguleika til að láta það mál bera á góma með þinglegum hætti í annan tíma. En úrskurður forseta er ekki til umræðu. Hv. þm. kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta og ég óska eftir því að hv. ræðumaður ræði um það.)

Ég vona að aðstoðarmaður forseta bæti við í ræðutíma minn sem fór í ræðuhöld forseta. Ég er að ræða það, herra forseti, hvernig forseti fer hér með hlutverk sitt sem forseti þingsins. Er forseti ósammála því að það sé rætt undir liðnum um fundarstjórn forseta? Og finnst hæstv. forseta það lýðræðislegt og rétt að verki staðið að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi engin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessu umdeilda máli áður en umræðan hefst? Finnst forseta það til þess fallið að greiða götu skoðanaskipta hér að forseti með aðstoð aðstoðarforseta, þ.e.

hæstv. forsrh. sem grípur hér fram í og leiðbeinir forseta, standi þannig að fundarstjórn að það hefti eðlileg skoðanaskipti um þetta mál? (Forseti hringir.) Ég tel að forseti hafi ekki (Forseti hringir.) með eðlilegum hætti brugðist við rökstuddum óskum stjórnarandstöðunnar. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. hefur lokið ræðutíma sínum og verður við það að sitja og við það að standa á meðan hv. þm. er í ræðustól að störf þingsins geta ekki haldið áfram. En við erum báðir hraustir menn.)

Ég hef nú sjaldan orðið fyrir því, herra forseti, að ræðutími minn sé að mestu leyti notaður af öðrum og síðan eigi að vísa mér úr (Forseti hringir.) ræðustól.

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Leikreglurnar í þjóðfélagi okkar eru þær að það eru dómstólar sem dæma en ekki þingmenn. Þingmenn setja lög en það er dómstóla að dæma um hvort lögin eru réttmæt eða ekki. Telji þingmenn að frv. sem flutt er brjóti í bága við stjórnarskrá geta þeir auðvitað sett fram þá skoðun sína og mælt fyrir henni. En það er ekki þeirra að kveða upp úr um það.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er verið að ræða um fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Það var út af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem ég kvaddi mér hins vegar hljóðs. Hv. þm. upplýsti í viðtali á Stöð 2 20. des. sl. að frv. sem hér var til umræðu í desember 1998 hefði verið augljóslega (Forseti hringir.) stjórnarskrárbrot. ...

[10:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þm. að virða að verið er að tala um fundarstjórn forseta. Ég vil taka fram að á mánudag, þegar þetta frv. var tekið fyrst á dagskrá, voru mjög ítarlegar umræður um þessi mál. Auðvitað er það réttur þingmanna að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. Ég verð því miður að játa að virðuleiki minn er ekki meiri en guð gaf mér þannig að ég get ekki gefið þinginu meiri virðuleikablæ en mér er eiginlegt. En það bið ég þingmenn að virða að úrskurður forseta er ekki hér til umræðu né stjórnmál almennt.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er okkur öllum sem þekkjum hér til ljóst mál að úrskurður forseta stendur óhaggaður, ekki er verið að ræða um að hann gangi til baka eða að reyna að snúa forseta hughvarf í þeim efnum.

Ég spyr hins vegar virðulegan forseta: Undir hvaða formerkjum eigum við þingmenn að koma á framfæri óánægju okkar með eða athugasemdum við fundarstjórn forseta og það hvernig virðulegur forseti fer með vald sitt? Hæstv. forseti vísaði hér til þess að menn hefðu getað rætt um störf þingsins í upphafi fundar áður en forseti las úrskurð sinn. En ég hygg að þessi liður, sem nú heitir um fundarstjórn eða athugasemdir um störf þingsins, sem ég er reyndar ósáttur við hvað nafngift varðar því hann kom í stað eldra heitis sem hét um þingsköp og tók til fundareglnanna líka og var víðara hugtak en bara þröngt skilgreint fundarstjórn forseta. En mér finnst að virðulegur forseti eigi að sýna því ákveðinn skilning að ef menn hafa athugasemdir fram að færa við það hvernig forseti hefur staðið hér að málum þá er þetta í raun og veru eina úrræðið sem menn hafa til að koma þeim athugasemdum sínum á framfæri.

Og þó að þær í þessu tilviki tengist því að forseti var beðinn um úrskurð þá getur verið fullkomlega eðlilegt að menn biðji um orðið til þess að ræða með hvaða hætti sá úrskurður var upp kveðinn og hvernig kringumstæður voru í kringum það og hvernig forseti fór með hlutverk sitt í þeim efnum. Ég verð því að segja, herra forseti, að ég er ósáttur við og óánægður með hvernig forseti beitti fundarstjórn sinni áðan gagnvart mér og öðrum forustumönnum stjórnarandstöðunnar sem ætluðu að gera athugasemdir og láta þar við sitja.

[10:54]

Vilhjálmur Egilsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil einungis taka fram að ég tel að forseti hafi farið í einu og öllu að málum til að auka veg og virðingu þingsins og væri nú betur ef aðrir þeir sem staðið hafa hér upp hefðu gert það jafn vel og hæstv. forseti. Ég tel að málið hafi borið að með þeim hætti að forseta bar að úrskurða um það. Forseti gerði það. Ef hv. þm. hafa athugasemdir við málið sem slíkt finnst mér eðlilegt að það komi fram í brtt. við frv. og hér í máli manna. Ef mál stenst ekki stjórnarskrá að þeirra áliti á það að koma fram í málflutningi þeirra í efnislegri umfjöllun um málið en að virðingar þingsins sé gætt og menn tali um þetta mál eðlilega.

[10:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar til að fara að dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp 19. desember sl.

Það er viðurkennt að Tryggingastofnun ríkisins hafi verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með þeim hætti sem gert hefur verið um langt árabil þegar maki hans er ekki lífeyrisþegi. Einnig var viðurkennt að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap eins og var gert á grundvelli 5. mgr. 17. gr. laganna sem sett voru í desember 1998.

Virðulegi forseti. Ég held að niðurstaða Hæstaréttar hafi komið flestum þeim á óvart sem hafa haft fyrir því að setja sig inn í málið. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Þegar við settum lögin sem drógu úr makatengingum og skýrðum ákvæði þeirra samkvæmt ábendingum umboðsmanns Alþingis kom engum þeim lögfræðingi sem fjallaði um málið til hugar að hann væri að leggja blessun sína yfir verk sem æðsti dómstóll landsins mundi innan nokkurra missira dæma ómerk á grundvelli sjálfrar stjórnarskrárinnar. (**Gripið fram í:** Það er rangt.)

Ég bið þá sem þykjast hafa séð niðurstöðu Hæstaréttar fyrir að muna að þessi lagasetning var gerð samkvæmt leiðsögn þess umboðsmanns Alþingis sem hefur nú það hlutverk að dæma um mannréttindi í Evrópu. Þegar niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir lýsti ég yfir því að eftir dómnum yrði farið. Ég sagðist jafnframt mundu taka málið upp í ríkisstjórn af þeirri einföldu ástæðu að þegar Hæstiréttur dæmir gjörning löggjafarþingsins ómerkan á grundvelli stjórnarskrárinnar þá er það meiri háttar mál sem varðar alla ríkisstjórnina.

Að minni tillögu var svo skipaður starfshópur til að gera tillögu um hvernig bregðast mætti við dómnum og semja drög að frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar sem lögfesta skyldi svo fljótt sem verða mætti. Þess vegna erum við hér nú en ekki 23. janúar eins og við gerðum ráð fyrir þegar við fórum í jólaleyfi.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til forsrh. 7. janúar og er skýrslan birt sem fylgiskjal III með frv.

Virðulegi forseti. Í frv. er gert ráð fyrir sérreglu í 17. gr. laga um almannatryggingar sem ætlað er að tryggja að öryrki hafi sjálfur ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka. Í reglunni felst að samanlögð eigin tekjuöflun örorkulífeyrisþega og tekjutrygging hans geta aldrei, þrátt fyrir sameiginlegt frítekjumark hjóna, numið lægri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári eða 25 þús. kr. á mánuði. Af þessu leiðir að enginn örorkulífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar að viðbættum eigin tekjum hefur verið lagt við grunnlífeyri samkvæmt 12. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir að $^2/_3$ tekna öryrkjans hafi áhrif á fjárhæð sérreglunnar. Þannig verður þetta til þess að auka tekjur örorkulífeyrisþega sem er með allt að 450 þús. kr. í árstekjur í tilvikum þar sem tekjutrygging öryrkja er skert samkvæmt gildandi reglum vegna tekna maka. Með þessu er m.a. komið til móts við þau meginsjónarmið sem uppi hafa verið á undanförnum árum í almannatryggingakerfinu að hvetja öryrkja til að vera virka þátttakendur í samfélaginu. Gert er ráð fyrir að lögin gildi frá 1. febr. 2001.

Þetta var um framtíðina en snúum okkur nú að greiðslum aftur í tímann. Í ákvæðum til bráðabirgða er fjallað um þær greiðslufjárhæðir sem miða skal við greiðslu vaxta, framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins og hvernig skuli fara með greiðslurnar skattalega. Ákvæði til bráðabirgða I í frv. gerir ráð fyrir að fyrir tímabilið 1. jan. 1997 til 31. des. 1998 skuli greiða tekjutryggingu sem reiknast eftir þeim lagaákvæðum sem voru í gildi þá en án skerðinga sem fólust í ákvæðum reglugerðar nr. 485/1995. Þá er gert ráð fyrir að fyrir tímabilið 1. jan. 1999 til 31. jan. 2001 skuli greiða tekjutryggingu samkvæmt sérreglunni í 1. gr. frv. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skuli draga þær greiðslur tekjutryggingar sem örorkulífeyrisþegi hefur þegar fengið.

Ákvæði II til bráðabirgða í frv. gerir ráð fyrir að útreikningur tekjutryggingar fyrir þessi tímabil skuli gerður eftir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem hafa verið í gildi á hverju tímabili fyrir sig. Einnig skuli greiðslurnar bera 5,5% ársvexti frá þeim degi sem lífeyrisþeginn gat fyrst átt rétt á að fá greiðslur viðkomandi tímabil samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar um það efni. Gert er ráð fyrir að greiða vexti þó ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá lífeyrisþega.

Ákvæði III til bráðabirgða í frv. leggur þá skyldu á Tryggingastofnun ríkisins að hún hafi frumkvæði að greiðslum aftur í tímann í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Einnig er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun beini áskorun til lífeyrisþega um að senda inn upplýsingar ef umsóknir liggi fyrir en upplýsingar eru ekki nægilegar. Miðað er við að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina frá lífeyrisþega verði afgreiddar fyrir 1. apríl 2001.

Ákvæði IV til bráðabirgða í frv. gerir ráð fyrir að öryrkjar geti sótt um tekjutryggingu ef þeir telja sig eiga rétt á henni samkvæmt 1. gr. frv. en hafi ekki sótt um hana fyrir umrætt tímabil. Þeir verða þó að sækja um fyrir 1. júlí 2001. Eftir þann dag gilda ákvæði 42. gr. laga um almannatryggingar um greiðslur tvö ár aftur í tímann.

Ákvæði V til bráðabirgða í frv. fjallar um skattalega afgreiðslu tekjutryggingar þegar greitt er aftur í tímann. Kveðið er á um að Tryggingastofnun ríkisins beri að halda uppi staðgreiðslu af tekjutryggingunni. Þá er gert ráð fyrir að allt til ársloka 2001 geti örorkulífeyrisþegi óskað eftir því að greiðslur á tekjutryggingu vegna tekjuáranna 1997, 1998, 1999 og 2000 verði færðar honum til skattskyldra tekna á viðkomandi ári. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að öll fjárhæðin komi til álagningar með tekjum á árinu 2002. Í því felst að skattstjóri þarf að taka upp framtal þess bótaþega og endurákvarða opinber gjöld hans vegna þeirra ára sem mikilvægt er að öryrkjar geti valið þá leið í þessum efnum sem þeir kjósa að fara.

Virðulegi forseti. Áætlað er að kostnaður við frv. verði um einn milljarður kr. Mikla fyrirvara verður hins vegar að gera við þá áætlun sem þessi tala byggist á þar sem hún er byggð á greiðslum sem miðast við einn mánuð en þegar Tryggingastofnun ríkisins endurúrskurðar bæturnar verður að skoða hvern einstakling sérstaklega og reikna bætur fyrir hann allt árið. Þá er óvissa um fjölda þeirra sem hafa hugsanlega ekki sótt um tekjutryggingu vegna þess að þeir töldu tekjur maka það háar að ekki yrði um slíkar greiðslur að ræða. Ekki er tekið tillit til þeirra í þessari áætlun.

Virðulegi forseti. Heimilistekjur tæplega 90% hjóna sem fá bætur samkvæmt dómi Hæstaréttar eru 200 þús. kr. eða meira. Langflestir öryrkjar í þessum hópi eru í hjónabandi eða sambúð þar sem heimilistekjur eru 200–300 þús. kr. á mánuði og af hópnum sem Hæstiréttur dæmir bætur eru liðlega 7% sem eru með heimilistekjur hærri en hálfa milljón á mánuði.

Virðulegi forseti. Á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins í október 1998 sagði ég að ég liti á breytingar á makatengingu sem réttlætismál. Ég lýsti því yfir að síðar sama ár mundi ég stíga fyrsta skrefið til að draga úr tengingunni og koma því að lausn þessa máls. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki fyrst og fremst að hugsa um þá tekjuhæstu, 7% sem ég minntist á hér áðan þegar ég gaf þetta fyrirheit. Síðan þá hafa verið stigin tvö skref til að draga úr makatengingu. Í árslok 1998 var stigið skref sem kostaði þá um hálfan milljarð kr. og í september í fyrra steig ég annað skref sem kostaði um 200 millj. á ársgrundvelli til að draga úr tekjutengingum sem ég taldi vera réttlætismál. Með þessu voru stigin fyrstu skrefin í 30 ár til að draga úr tekjutengingum bóta og tekna maka. Enginn ráðherra, engin ríkisstjórn hafði sett einmitt þetta atriði á oddinn í aðgerðum sínum frá því að tekjutryggingu var komið á fyrir þremur áratugum en tekjutryggingin var í upphafi skert krónu fyrir krónu eins og ég veit að þeir fyrrv. heilbr.- og trmrh. sem enn sitja á Alþingi þekkja vel.

Frv. sem hér er mælt fyrir fjallar aðeins um að uppfylla dóm Hæstaréttar. Það snertir aðeins afmarkaðan hluta almannatryggingakerfisins en með dómnum er hins vegar snert við nokkrum grundvallarþáttum íslenska velferðarkerfisins og hann knýr okkur öll sem sitjum nú á Alþingi til að taka nokkra þætti þess til rækilegrar umræðu í framhaldinu.

Ég sagði í umræðum utan dagskrár í haust um þessi mál að ég teldi meira liggja á að bæta hag þeirra sem minnst hafa handa á milli og þeir væru næstir á dagskrá áður en lengra væri gengið í að draga úr áhrifum makatenginga. Dómur Hæstaréttar breytir forgangsröðuninni dálítið en ég legg hins vegar áherslu á að fyrir miðjan apríl liggi fyrir tillögur um það hvernig verði komið til móts við þá sem verst eru staddir.

Virðulegi forseti. Framtíðin skiptir meira máli en fortíðin í því máli sem við ræðum hér. Það liggur fyrir að

ríkisstjórnin hefur kallað eftir tillögum um lagfæringar á almannatryggingakerfinu innan þriggja mánaða. Að vinnslu þeirra munu koma samtök aldraðra og öryrkja ásamt aðilum vinnumarkaðarins.

Virðulegi forseti. Ég hef í tíð minni sem heilbrrh. átt gott samstarf við flest hagsmunafélög og samtök. Auðvitað erum við ekki alltaf sammála en fundir og samtöl hafa aukið skilning og oft orðið til þess að leysa vandamál og bæta stöðu þeirra sem erfitt eiga.

Ég hef sem ráðherra fremur kosið að ræða við forustumenn almannasamtaka utan kastljóss fjölmiðlanna en innan. Þetta á við hagsmunahópa í heilbrigðisþjónustunni, þetta á líka við um Öryrkjabandalagið og forustumenn þess, samtök aldraðra og forustumenn verkalýðshreyfingarinnar.

Virðulegi forseti. Ef við skilgreinum rétt einstaklingsins í almannatryggingakerfinu þannig að hann sé eins fyrir alla og jafnóháður tekjum, eignum eða öðrum aðstæðum sem áhrif hafa á afkomu fólks, þá verður þessi réttur annaðhvort afskaplega verðlítill eða þá að kostnaðurinn verður óheyrilegur fyrir samfélagið. Ég trúi því ekki þess vegna fyrr en ég heyri það úr þessum ræðustól að talsmenn stjórnarandstöðunnar vilji túlka dómsniðurstöðu Hæstaréttar þannig að hún þýði endalok maka-, eigna- eða tekjutengingar í almannatryggingakerfinu.

Virðulegi forseti. Því er stundum haldið fram að tekjutengingarfyrirkomulag okkar sé arfur frá 19. öldinni og eigi sér hvergi stað í nágrannalöndunum. Þetta er rangt. Í flestum nálægum löndum sem við jöfnum okkur við eru bætur tengdar tekjum, bæði eigin tekjum og tekjum maka, annaðhvort beint eða óbeint með ákvörðun þess sem talið er að einstaklingurinn eða hjón þurfi til framfærslu. Ég hvet heilbr.- og trn. sem fær þetta frv. til meðferðar að kalla til sín sérfróða aðila til að fá staðfestingu á að fullyrðingar af þessu tagi eru réttar.

Virðulegi forseti. Dómur Hæstaréttar felur í sér að þegar tekjur maka skertu tekjutryggingu öryrkja þannig að eftir stóð grunnlífeyririnn einn, þá stæðist lagareglan ekki stjórnarskrárákvæðið. Með þessu frv. er dómnum fullnægt að áliti allra þeirra lögmanna sem ríkisstjórnin hefur leitað til. Því er haldið fram að nefndin sem skipuð var að tillögu minni hafi verið skipuð til að finna leiðir til að sniðganga dóminn. Það er af og frá. Þegar dómur Hæstaréttar fellur eins og í þessu máli er skylda stjórnvalda að viðhafa vönduð vinnubrögð. Ég held að flestir sem töldu unnt að hrista lausnina fram úr erminni daginn eftir að dómurinn féll hafi komist að raun um að málið er flóknara en svo.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt. Með lagafrv. er dómnum fullnægt en það þýðir ekki endilega að þetta frv. sé fullkomið og því er mjög mikilvægt að nefnd sú sem vinnur að endurskoðun almannatryggingganna vinni vel á næstu þremur mánuðum, sérstaklega með hagsmuni þeirra sem verst eru staddir að leiðarljósi. Mikilvægt er að vinna hratt til að öryrkjar fái greitt í samræmi við frv. hinn 1. febrúar nk. og fái þá einnig leiðréttingu fyrir janúarmánuð.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[11:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var því miður margt rangt og margt misvísandi sem kom fram í þessari ræðu. Hér var verið að útlista fyrir Alþingi Íslendinga hvernig ætti að fara á svig við dóm Hæstaréttar og hvernig ætti að fara að því að brjóta þá stjórnarskrá sem lýðveldinu var sett. Út á það gekk ræðan. Þessar rangtúlkanir verða leiðréttar við umræðuna en eitt verður að segjast þegar í stað. Það er rangt að niðurstaða Hæstaréttar hafi komið á óvart. Hið rétta er að við umræðu á Alþingi hefur margoft verið bent á að þau lög sem hér eru til umræðu stríði gegn stjórnarskrá Íslands.

Síðan segir hæstv. ráðherra að ríkisstjórninni sé umhugað um að hyggja fyrst og fremst að þeim sem lakast standa í landinu. (Forseti hringir.) Þannig mælir fulltrúi ríkisstjórnar sem rétt fyrir jólin gekkst fyrir breytingu á skattalögum sem færa niður skatta á hlutabréfagróða til ríkasta hluta íslenska þjóðfélagsins.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti verður að biðja hv. þm. að virða tímamörk. Það eru mjög margir á mælendaskrá og margir sem óska eftir að komast í andsvör. Það gengur ekki að einstakir þingmenn taki sér vald til að ráða ræðutíma langt umfram það sem ætlað er í þingsköpum.)

[11:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur einmitt fram í þessari umræðu hve mikilvægt er að þessi mál séu rædd á Alþingi og því sé ekki frestað. Hér var fullyrt að ég færi fram með rangtúlkanir. Það geri ég ekki. Sú sem hér stendur fer að hæstaréttardómi. En Alþingi Íslendinga er til þess að ræða þessi mál og fara yfir þau. Hv. þm. sagði áðan að ég færi með rangt mál þegar ég talaði um umboðsmann Alþingis og lögin frá 1999. Ég fer með rétt mál þegar ég ræði um það. Við höfum einmitt komið til móts við kvænta eða gifta öryrkja í tveim stórum skrefum og það kemur einmitt fram í því að nú eru 700 manns sem njóta þess í staðinn fyrir 1.400 vegna þess að við höfum komið til móts við þessa einstaklinga varðandi frítekjumörkin.

[11:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. fór með rangtúlkanir og ósannindi í máli sínu áðan. Þetta mál er ekki flókið heldur mjög einfalt. Með þessu lagafrv. er verið að hnekkja úrskurði Hæstaréttar Íslands og þar með er brotið gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta mál er einfalt og það munum við skýra við umræðuna í dag.

[11:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að framtíðin skipti meira máli en fortíðin. Ég veit ekki hvort það er rétt í tilviki Framsfl. ef þetta mál verður keyrt í gegn með þessum hætti. Hæstv. heilbrrh. kom í þennan stól m.a. til þess að skapa sér hagfellda fortíð. Hún sagði að á ársfundi Tryggingastofnunar árið 1998 hefði hún sagt að hún liti á þessar breytingar sem réttlætismál. Hvað var það sem hæstv. heibrrh. sagði á þessum ársfundi? Hvað sagði hún í blaðaviðtali sem tekið var 30. september í tilefni af ársfundinum? Þar var hún spurð um hvaða breytingar eigi að fara að gera á almannatryggingakerfinu. Þar segir hún, með leyfi forseta:

„Stærsta breytingin er að tekjur maka skerði ekki bætur öryrkja."

Hæstv. heilbrrh. hefur tvisvar sinnum í þessum sal sagt að hún stefndi að því að afnema þessar skerðingar. Hún sagði hið sama á áðurnefndum fundi. Svo kemur hún hingað og segir að hún hafi aldrei sagt þetta heldur ætlað að breyta þessu.

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. verður að hafa kjark, þó hún sé í erfiðri stöðu, til þess að gangast við því sem hún hefur sagt.

[11:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einmitt staðið við það sem ég sagði á þessum ársfundi. Ég hef staðið við það. Ég hef hækkað frítekjumörkin til þess að koma um leið til móts við það af þessu hjónafólki sem minnst hefur. Það veit hv. þm. og ég er fyrsti ráðherrann sem það gerir.

Ég ætla að minna hv. þm. á tekjutengingar almennt og spyrja í leiðinni, hann verður að svara okkur því: Er hann á móti öllum tekjutengingum?

Ég ætla að minna hv. þm. á þann arf sem ég fékk. Ég vildi tala um framtíðina en hann vill tala um fortíðina. Þá ætla ég að spyrja hann hvort hann muni eftir því að ég tók við heilbrigðismálunum af fortíð Samfylkingarinnar sem hét þá Alþýðuflokkur. Þá var staðan sú að einstæð móðir sem var öryrki missti sérstaka heimilisuppbót ef hún eignaðist barn. Ef hún eignaðist barn þá missti hún þessa uppbót. Þessu breytti ég.

Það er ýmislegt fleira sem ég gæti rifjað upp úr fortíðinni ef hv. þm. vill tala um fortíðina en ég vil heldur tala um framtíðina.

[11:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi málið sem hæstv. ráðherra reifaði hérna um hina einstæðu móður: Hvers vegna greip hún til þess að breyta bótunum? Vegna þess að henni var hótað málssókn. Hún var þá þegar með aðra málssókn á bakinu og þess vegna varð af þeirri breytingu. Ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra hefur hækkað frítekjumarkið er einfaldlega sú að hún hefur reynt að rétta sinn hlut áður en hún lenti fyrir dómstólum. Það er eina ástæðan. Þetta er eina frítekjumarkið sem hæstv. ráðherra hefur hækkað.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra verður að svara því hér skýrt og skorinort: Stendur hún við það sem hún sagði í blaðaviðtali 30. september? Hún sagði þá: „Stærsta breytingin er að tekjur maka skerði ekki bætur öryrkja.“

Er það enn stefna hæstv. heilbrrh. að koma því svo fyrir að almannatryggingalögunum verði breytt þannig að tekjur maka skerði ekki tekjutryggingu öryrkja? Ef svarið er já, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvers vegna er hún að leggja þetta frv. fyrir? Ef svarið er nei, þá spyr ég: Hvenær breytti Framsfl. stefnu sinni?

[11:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að svara en mér finnst að hv. þm. Össur Skarphéðinsson eigi líka að svara mér. (**ÖS:** Ég svaraði því í ræðu minni.) Já, þú svaraðir í ræðu en treystir þér ekki til að svara núna. Er hann á móti öllum tekjutengingum? (**ÖS:** Nei.)

Ég hef staðið við það sem ég hef áður sagt. Tekjutengingar hafa verið allt of miklar og ég hef reynt að minnka þær. Ég hef minnkað þær með því að hækka frítekjumörkin. Ég hef tekið tvö skref í því og ég hef sagt að ég ætli að taka þetta í skrefum. Það hef ég gert og staðið við.

Ég hef líka sagt að nú væri mikilvægt að koma til móts við þá sem allra minnst hafa. Það er ekki sá hópur sem við erum að ræða um núna, ekki sá sem Hæstiréttur fjallaði um. Nú verður hv. þm. að svara mér: Er hann á móti öllum tekjutengingum?

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega ósmekklegt og ómaklegt af hæstv. heilbrrh. að reyna að gera Gauk Jörundsson, fyrrv. umboðsmann Alþingis, fjarstaddan, ábyrgan fyrir þeim mannréttindabrotum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Það er ósmekklegt. Í áliti umboðsmanns Alþingis var fyrst og fremst talað um nauðsyn þess að lagareglur væru skýrar en ekki tekin afstaða til innihalds þeirra.

Einnig er athyglisvert að hæstv. ráðherra eyddi ekki einni sekúndu í að ræða ábyrgð sína á því mannréttindabroti sem hér hefur farið fram. Ég fullyrði að það er sérlenskt fyrirbæri að ráðherra í ríkisstjórn sem staðið hefur fyrir slíku skuli koma til þings og ræða málið eins og tæknilegt mál sem varði á engan hátt embættisfærslur ráðherrans eða ráðherraábyrgð viðkomandi. Hneykslanlegast var þó að heyra hæstv. heilbrrh. reyna að gera þá sem hér eiga í hlut að sérstökum hátekjuhópi og tala í hneykslunartón um það hversu háar heimilistekjur þessi hópur hefur.

[11:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. snýr út úr orðum mínum og talar um að ég tali með hneykslun um hátekjufólk hvað þennan hóp varðar. Ég var eingöngu að segja að margir öryrkjar í landinu hafa það enn þá verr og við verðum að koma til móts við þá líka.

Við við verðum ... (Gripið fram í.) Við erum að koma til móts við dóm Hæstaréttar núna. Það er eingöngu það sem við erum að gera. Við erum að koma til móts við dóm Hæstaréttar. Það er okkar verkefni. Ég veit ekki betur en hv. stjórnarandstæðingar hafi verið sammála mér í því að kalla saman þing einmitt til að gera það, einmitt til að koma til móts við dóm Hæstaréttar. Við eigum að setja þetta inn í nefnd og kalla síðan til alla þá lögfræðinga og lögspekinga sem að málinu geta komið vegna þess að allir þeir sem hafa fjallað um þetta fyrir ríkisstjórnina eru sammála um að við komum til móts við dóm Hæstaréttar.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega athyglisvert orðalag sem endurtekið hefur komið fyrir í málflutningi ráðherra ríkisstjórnarinnar, að verið sé að koma til móts við dóm Hæstaréttar. Er það hálfa leið eða einn fjórða? Er það virkilega svona sem ríkisstjórnin lítur á þetta, að hún hafi í valdi sínu að ákveða að koma bara til móts við hæstaréttardóm og þá sé hún búin að gera vel?

Í öðru lagi: Ef þau stórtíðindi hafa gerst að Davíð Oddsson og allir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn hans hafi um jólaleytið allt í einu breyst í miskunnsömu Samverjana, allir með tölu, og vilji nú allt í einu fara að huga sérstaklega að kjörum þeirra sem bágt eiga í landinu þá eiga þeir allan okkar stuðning í því. Það verður auðgert að bæta verulega kjör lágtekjufólks, aldraða og öryrkja og annarra þeirra sem staðið hafa höllum fæti. Hins vegar mun ekki duga hæstv. ráðherrum að setja á slík ræðuhöld og drepa aðalatriðum málsins á dreif. Aðalatriðið er stjórnarskrárbrot sem framið hefur verið, hæstaréttardómurinn og spurningin um hvort hann verði virtur refjalaust eða ekki.

[11:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að þetta er orðin spurning um orðalag þá erum við hér að fullnægja dómnum með því að hækka tekjutrygginguna um 140%. Þess vegna liggur þetta frv. fyrir. Í dómnum stendur að það sé óheimilt að tengja bæturnar tekjum á þennan hátt. Ég gæti spurt hv. þm. lögspekinginn, Steingrím J. Sigfússon: Hvernig mundi hann meta þessi orð „á þennan hátt"?

[11:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir á ársfundi Tryggingastofnunar að hún hygðist afnema tengingu tekjutryggingar við tekjur maka. Nú hefur Hæstiréttur hjálpað hæstv. ráðherra því að hann hefur úrskurðað að sú tekjutenging sé ekki heimil samkvæmt stjórnarskránni. Þess vegna hefði hæstv. ráðherra átt að sleppa þessu frv. og fara að dómi Hæstaréttar, sleppa því að leggja fram þetta skerðingarfrv. í stað þess að fara að dómi Hæstaréttar. Ég vil minna á að dómur Hæstaréttar kemur ekki í veg fyrir að kjör þeirra sem verst eru settir verði bætt. Það er hægt að bæta kjör þeirra þrátt fyrir dóm Hæstaréttar.

Herra forseti. Það að tala um fólk með 200 þús. kr. heimilistekjur sem hátekjufólk, fólki sem býr við sjúkdóma og skerta starfsorku, er algjört siðleysi.

[11:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er svo sem vön stórum orðum frá hv. þm. sem hér talaði á undan. Ég hef komið að því í máli mínu áður að það sem ég sagði á ársfundi Tryggingastofnunar hef ég staðið við. Ég hef minnkað tekjutenginguna í skrefum nákvæmlega eins og ég sagði. Hér erum við aðeins að fullnægja dómi Hæstaréttar og Hæstiréttur segir ekki að tekjutenging sé bönnuð. Hv. þm. rangtúlkar þannig þetta mál en hefur eflaust tækifæri til að bæta sig í umræðunni hér á eftir.

[11:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagðist ætla að afnema tekjutengingu í áföngum. Nú er tækifæri til að afnema hana að fullu. Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm og hana ber að afnema. Það er ákaflega skýrt.

Í dómi Hæstaréttar er talað um að ekki sé heimilt að tekjutengja á þennan hátt og vísað nákvæmlega til 17. gr. almannatryggingalaganna sem tekur á tekjutengingu við tekjur maka. Það er ekki heimilt. Aftur á móti er heimilt að tekjutengja gagnvart öðrum tekjum, þ.e. tekjum einstaklingsins sjálfs. Það er heimilt. Það er heimilt að tekjutengja á annan hátt. En ekki gagnvart tekjum maka öryrkjans. Þetta er ákaflega skýr dómur. Eftir honum ber að fara og eftir honum á að fara. Það er ekki heimilt að tengja tekjutrygginguna við tekjur maka. Það er hins vegar heimilt að tengja hana við tekjur sjálfs öryrkjans.

[11:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð enn að minna á að við erum að koma til móts við dóminn. Við erum ekki að koma til móts við það sem ég sagði á aðalfundi Tryggingastofnunar á sínum tíma. Ég get sjálf séð um það og mun halda áfram að stíga skref í þá átt. Við erum aðeins að svara hæstaréttardómnum og ég mæli með því að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir lesi dóminn. Ég held að hún hafi ekki lesið hann fullkomlega, satt að segja.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst að þessi umræða hafi þegar þróast í jákvæða átt. Hún hefur verið málefnaleg af hálfu hæstv. ráðherra. Hún hefur lagt fram þau rök sem hún telur fyrir því að hún sé að gera rétt. Við erum algjörlega andstæðrar skoðunar og ég ætla síðar í ræðu minni að lýsa fyrir hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hvers vegna ég er algjörlega andstæður þeirri túlkun sem hér kemur fram af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það skiptir ákaflega miklu máli finnst mér, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur lýst yfir að koma verði til móts við þá sem verst eru staddir í hópi öryrkja. Þessu erum við sammála, herra forseti. Þessu er stjórnarandstaðan öll sammála. Það liggur fyrir að hver flokkur um sig, vinstri grænir, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn hafa fyrir skömmu lagt fram tillögur sem miða að því að hækka grunnlífeyri, sem miða að því að bæta stöðu þeirra allra verst settu. Ég *rétti því fram höndina til ríkisstjórnarinnar* og segi: Hér er komin leið til sátta, við erum reiðubúin til þess að nota þetta aukaþing til að taka á dagskrá þær tillögur okkar sem varða þetta eða aðrar tillögur sem hæstv. ríkisstjórn kýs að koma fram með til að hækka einnig grunnlífeyrinn þannig að allir, líka þeir sem hæstv. ríkisstjórn kallar hina verst settu, fái auknar ráðstöfunartekjur. Þetta er fallega mælt af hæstv. ráðherrum og ég fagna því að þeir hafi eins og Sál á veginum til Damaskus verið lostnir ljósi að ofan sem hefur skyndilega leitt til þess að þeir hafa séð að þeir hafa ekki gert rétt.

En, herra forseti, um hvað snýst þetta mál? Það snýst um að ríkisvaldið er að gera tilraun til að hunsa Hæstarétt. Þetta snýst í reynd um áframhaldandi brot á stjórnarskránni. Frá mínum sjónarhóli snýst þetta um tilraun framkvæmdarvaldsins til að láta kné fylgja kviði í viðureign sinni sem staðið hefur í nokkur ár við bandalag íslenskra öryrkja. Málið snýst um valdhroka ríkisstjórnar sem finnst að hún ein eigi að ráða öllu og ekki einu sinni Hæstiréttur geti sagt henni fyrir verkum. Þetta snýst um það, herra forseti, að ríkisstjórn Íslands getur ekki tekið ósigri sínum fyrir dómstólum eins og menn heldur misbeitir hún valdi sínu til þess að koma ranglega fram vilja sínum. Það er ömurlegt að fylgjast með þessari framkomu. Þetta er ömurlegur, fáheyrður valdhroki að mínu viti.

Það er vandi að fara með vald. Það er vandi að vera sterkur og mestur er vandinn við að fara með mikið vald. Það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist, hún hefur misbeitt valdi sínu. Þegar öryrkjar leituðu loksins réttar síns og fóru með málið fyrir dómstóla þá unnu þeir málið fyrir undirrétti og fyrir Hæstarétti. Hver eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar þá? Þeir skrumskæla dóminn, neita að hlíta afdráttarlausri niðurstöðu dómsins og storka síðan öryrkjum og þar með allri þjóðinni með því að segja: Kærið okkur bara aftur, komið þið bara aftur í okkur.

Þeir haga sér eins og ótínt þriðja flokks tryggingafélag í Bandaríkjunum sem segir við þá sem reyna að leita réttar síns: Já, kærið okkur bara, við skulum koma og taka á móti ykkur. Herra forseti. Hvílíkt lýðræði, hvílík reisn yfir einni ríkisstjórn.

Þingmenn eru eiðsvarnir varðgæslumenn stjórnarskrárinnar. Við höfum lagt eið að því að fylgja sannfæringu okkar og það er sannfæring mín, það er sannfæring Samfylkingarinnar og það er sannfæring allrar stjórnarandstöðunnar að það frv. sem hér liggur fyrir sé afbökun og útúrsnúningur á dómi Hæstaréttar. Þess vegna kom aldrei til greina, herra forseti, að aðstoða ríkisstjórnina við að flýta frv. hér í gegn.

Í þessu frv. felst tvennt sem við getum ekki samþykkt:

Í fyrsta lagi felst í því áframhaldandi heimild til að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Dómur Hæstaréttar segir hins vegar fortakslaust að það sé óheimilt og þetta standist ekki hin nýlegu mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Með þessu frv. er enn verið að skerða það sem Hæstiréttur hefur úrskurðað að séu stjórnarskrárvarin, einstaklingsbundin réttindi öryrkjanna. Samkvæmt lýðræðinu hefur Hæstiréttur síðasta orðið hvað sem mönnum kann að finnast um niðurstöðu hans. Hér er um grundvallaratriði að ræða, herra forseti, sem varðar sjálfa stjórnskipunina. Þess vegna teljum við í stjórnarandstöðunni að þetta mál sé fráleitt þingtækt.

Í öðru lagi hyggst ríkisstjórnin einungis greiða öryrkjum fjögur ár aftur í tímann. Ég tel að hún beiti sannast sagna ákaflega hæpnum lagarökum í viðleitni sinni til þess. Á þetta getum við að sjálfsögðu ekki heldur fallist. Það á að greiða öryrkjum allt það fé sem ólöglega hefur verið tekið af þeim. Það liggur fyrir í einróma afstöðu Hæstaréttar að það var ranglega tekið af þeim allar götur aftur til ársins 1994.

Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að nauðsynlegt sé að hraða þessu frv. í gegnum þingið til þess að hægt sé að greiða út samkvæmt nýjum lögum strax í upphafi næsta mánaðar. Eins og ég sagði áðan birtist valdhroki og ósvífni ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi í því að þegar er búið að auglýsa að það eigi að úthluta samkvæmt lögum sem hið háttvirta þing hefur ekki enn rætt, hvað þá samþykkt. Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Ég vil hins vegar að það komi fram, herra forseti, að við teljum ekki nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. til þess að hægt sé að greiða öryrkjum út þær bætur sem þeim ber samkvæmt hæstaréttardómi. Í 33. gr. fjárreiðulaganna er heimild sem gerir það að verkum að ef upp koma ófyrirséð atvik þá getur hæstv. fjmrh., í samráði við viðkomandi fagráðherra, greitt út svo fremi sem hann láti fjárln. vita. Herra forseti. Það er ekki svo að hér sé um mjög miklar upphæðir að ræða. Það kemur fram í svari hæstv. heilbrrh. Ingibjargar Pálmadóttur 4. nóv. 1998, framreiknað til dagsins í dag, að þetta muni kosta u.þ.b. 20 millj. kr. á mánuði. Mér er sagt að það þurfi minna til að fullnægja þessum dómi út í hörgul.

Herra forseti. Það er hreystilega mælt af þeim sem fór ekki bara 100% heldur 100 millj. fram úr fjárheimildum til að útbúa veislusali sína í Þjóðmenningarhúsinu að koma og segja að það séu ekki til fjárheimildir. Þetta er einfaldlega rangt, herra forseti.

Telji menn einhver tormerki á því að fara þessa leið sem ég hef lýst hér þá vil ég vísa til þess að Eiríkur Tómasson, prófessor í lagadeild háskólans, segir í viðtali við Ríkisútvarpið á næstsíðasta degi síðustu aldar að hann fallist á að til greina hefði komið að byrja að greiða út bæturnar 1. janúar án tekjutengingar. Hann segir að vísu að hann telji að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að leggja fram lagafrv. hið fyrsta en hann telur sem sagt að sú leið sé fær.

Herra forseti. Kröfur Öryrkjabandalagsins, sem þetta mál snýst um, voru tvíþættar og má orða þær með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi að það verði viðurkennt að ekki hafi verið lagastoð fyrir reglugerð sem tók gildi 1. jan. 1994, um skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka. Sú reglugerð gilti til loka 1998. Í öðru lagi að lög um slíka skerðingu, sem tóku gildi 1. jan. 1999, væru í andstöðu við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það ríkir enginn ágreiningur um fyrri kröfuna, allir fimm dómarar Hæstaréttar sem og héraðsdómur samþykktu hana athugasemdalaust. Það er ákaflega mikilvæg niðurstaða tel ég, ekki síst hversu óumdeild hún er þegar að því kemur að meta hversu langt aftur í tímann eigi að greiða öryrkjum. Meiri hluti Hæstaréttar samþykkti líka afdráttarlaust seinni kröfuna. Í dómsorðinu segir einfaldlega klárt og kvitt:

„Einnig er viðurkennt að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 ...“ — þar er vísað til tilsvarandi ákvæða í almannatryggingalögunum, þ.e. 5. mgr. 17. gr.

Mér finnst að tæplega sé hægt að orða þetta skýrar. Samþykkt þessarar kröfu skiptir líka höfuðmáli vegna þess að hún felur það í sér að tenging við tekjur maka er óheimil til frambúðar í þessu tilviki. Þetta var höfuðkrafa Öryrkjabandalagsins og Hæstiréttur tók undir hana án nokkurra fyrirvara.

Niðurstaðan er skýr og um það deila t.d. ekki menn eins og Eiríkur Tómasson, sem sagði í fyrrnefndu viðtali að hann teldi að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun væri viðurkenning á því að tekjutenging makans væri ólögmæt og niðurstaðan bindandi fyrir ríkið.

Ef einhver efast um að Hæstiréttur hafi í reynd verið að taka efnislega afstöðu til inntaks og umfangs opinberrar aðstoðar til öryrkja í sambúð, þ.e. tryggja öryrkjum tiltekið lágmark, þá þurfa menn í sjálfu sér ekki að hafa fyrir því að lesa dómsforsendurnar sjálfar, þ.e. álit meiri hlutans, heldur nægir að lesa það sem minni hlutinn segir, en í séráliti minni hlutans segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Það er verkefni löggjafans en ekki dómstóla að kveða á um inntak og umfang þeirrar opinberu aðstoðar, sem öryrkjum er látin í té.“

Hvers vegna, herra forseti, tekur minni hlutinn svona til orða? Röksemdafærsla af þessu tagi væri vitaskuld óþörf og málinu óviðkomandi ef niðurstaða Hæstaréttar, sem minni hlutinn er hér að andmæla, hefði ekki einmitt verið sú að Hæstiréttur var að kveða á um inntak og um umfang aðstoðarinnar. Og það er athyglisvert að þetta var ekki bara skilningur þessara tveggja dómara heldur fjölmargra stjórnarliða, m.a. hv. þm. Péturs H. Blöndals og fleiri sem hafa kvartað undan því að Hæstiréttur hafi bundið hendur þeirra, löggjafans, með dómnum. Í því hlýtur auðvitað að liggja nákvæmlega þessi skilningur því ella væru þeir ekki að kvarta undan þessu.

Mér finnst líka merkilegt, herra forseti, að sjálfur háyfirdómarinn yfir lýðveldinu, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefur í viðtölum upplýst nákvæmlega sama skilning á því hvað fólst í niðurstöðu Hæstaréttar eins og ég les þann ágæta mann. Í helgarblaði Dags sagði hann svo, með leyfi forseta:

„En það getur ekki verið hlutverk dómstóla að ákveða að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt við þennan dóm, dómstóllinn var að þessu leyti að taka sér vald sem hann á ekki að hafa.“

Og í helgarblaði DV segir Jón Steinar Gunnlaugsson að dómstóllinn hafi gengið lengra en heimilt gæti talist og bætir við, með leyfi forseta:

„Það verða til mikil vandamál þegar dómstólar taka að móta reglur sem á undir löggjafann að setja."

Hvað er hæstvirtur háyfirdómari lýðveldisins að segja þarna? Hann er að segja að dómstóllinn hafi ekki aðeins ákveðið að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka, heldur hafi rétturinn líka mótað reglur. Og hvað þýðir það? Hæstiréttur var með öðrum orðum ekki að fela háyfirdómaranum að móta nýjar skerðingarreglur. Ef slíkt hefði hvarflað að Hæstarétti hefði hann haft margvísleg ráð til að koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri í texta sínum.

Samt sem áður hafa nokkrir hæstv. ráðherrar, að ónefndri nefnd þessara fjögurra spekinga sem ég hef vísað til, reynt að skrumskæla þessa niðurstöðu, reynt að afbaka hana eins og hægt er með því að slíta úr samhengi setningar og lesa eitthvað allt annað út úr dómnum en þar stendur.

Herra forseti. Um dómsorðið sjálft er að sjálfsögðu ekki hægt að fjalla án þess að hafa ríkt í huga þær kröfur Öryrkjabandalagsins sem ég hef rifjað upp fyrr í ræðu minni. Þess vegna er ákaflega brýnt að fara ítarlega yfir hvað dómsorðið segir um þetta, hvað segir í forsendum dómsins og reifa þann skilning sem háyfirdómarinn er ranglega að reyna að skeyta inn í dóminn eftir á.

Herra forseti. Í dómnum er m.a. bent á að víða sé tekið tillit til hjúskaparstöðu fólks. Það er minnt á skattalög og það er minnt á ákvæði laga um félagslega aðstoð. Og svo segir orðrétt í dómnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn. Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Herra forseti, þetta er skýr íslenska. Hæstiréttur segir: Það má taka tillit til hjúskaparstöðunnar með því að ákveða öryrkja í sambúð lægri bætur en ella og taka þannig tillit til þess fjárhagslega hagræðis sem hann hefur af sambúðinni. Punktur. Þarna er engin vísbending um það að þar að auki megi tekjur makans virka til skerðingar.

En hvernig er þetta í reynd, herra forseti? Hvernig er bótum öryrkja háttað í dag? Þær samanstanda af grunnörorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Þar af eru heimilisuppbótin og hin sérstaka heimilisuppbót samtals 22.556 kr. Ef þetta ágæta fólk verður hins vegar þeirrar hamingju aðnjótandi að verða ástfangið, leyfir sér þann munað að giftast og fara í sambúð, eins og allir eiga rétt á, þá missir það þessar uppbætur. Það kostar 22.566 kr. á mánuði að verða ástfanginn og giftast. Það kostar 270.272 kr. á ári að fara í sambúð. Þetta jafngildir 30,67% af heildarbótunum.

Hefur Öryrkjabandalagið mótmælt missi þeirra bóta þegar kemur til sambúðar? Nei. Öryrkjabandalagið viðurkennir í reynd með málflutningi sínum fyrir Hæstarétti að það sé ákveðið hagræði af sambúðinni og gerir enga athugasemd við það að einstaklingar tapa 30,67% af lífeyri sínum við það eitt að verða ástfangnir og fara að búa saman og eignast börn.

Öryrkjabandalagið, líkt og Hæstiréttur segir í forsendum sínum, fellst á að gera greinarmun á greiðslum eftir því hvort viðkomandi er giftur, í sambúð, eða ekki. En með því, herra forseti, að fallast á missi þessara 30% þá er búið að gera þennan greinarmun og reyndar miklu meiri en réttlætið og önnur lög sem hægt væri að vísa til segja til um. Þessi orð Hæstaréttar, sem eru þegar uppfyllt, eru hins vegar aðalröksemd starfshópsins fyrir því að viðhalda skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka en bara að haga henni öðruvísi, eins og hæstv. ráðherra sagði: Með öðruvísi hætti, því það er bara með þessum hætti, segir hún, sem er í lögunum núna, núverandi fyrirkomulag tekjuskerðingar út frá tekjum maka sem er óheimil.

Herra forseti. Ég ætla að koma því síðar í ræðu minni. Ég vil hins vegar ítreka það að í orðum Hæstaréttar get ég hvergi fundið neitt sem vísar til þess að minnst sé á tekjur maka með þessum hætti, hvað þá að greiðslur til öryrkjans megi á einhvern hátt ráðast af þeim enda var það augljóslega skoðun meiri hluta Hæstaréttar að það ætti ekki að skerða bætur öryrkjans með þeim hætti. Þetta finnst mér vera geirneglt, herra forseti, þegar menn skoða viðhorf ekki meiri hluta dómsins, heldur minni hlutans sem bersýnilega leggur sama skilning í dómsorð meiri hlutans og ég er hér að lýsa.

Tveir af þessum fimm dómurum voru á öðru máli um nákvæmlega þetta atriði. Þeir töldu það vera, með leyfi forseta, málefnalegt löggjafarviðhorf að taka nokkurt mið af því við lagasetningu hvers stuðnings öryrki megi vænta af maka sínum og svo segja þeir:

„Engin ákvæði í alþjóðlegum skuldbindingum Íslands mæla því í gegn, að greiðslur til öryrkja séu í einhverjum mæli látnar ráðast af tekjum maka og þar með heimilisins."

Hví les ég þetta, herra forseti? Vegna þess að nákvæmlega þetta var það sem skildi á milli Hæstaréttar og minni hluta réttarins. Minni hlutinn taldi að greiðslur til öryrkja mættu í einhverjum mæli ráðast af tekjum maka og það var þetta sem skildi hann frá meiri hluta Hæstaréttar sem var því samkvæmt skilningi tvímenninganna í minni hlutanum að segja hið þveröfuga. Hann var að segja að greiðslur ættu ekki að ráðast af tekjum maka. Þetta segir minni hlutinn. Svona einfalt er þetta.

Þetta reynir ríkisstjórnin hins vegar með hinn nýja háyfirdómara í broddi fylkingar að snúa á haus. Þeir lesa dóminn eins og skrattinn les Biblíuna og halda því blákalt fram að meining meiri hlutans hafi verið þveröfug við það sem kemur fram. En það eru hvergi í forsendum dómsins, sem er aðallega að finna í IV. og V. kafla, vísbendingar um að Hæstiréttur telji tengingu bóta við tekjur maka vera í lagi. Aftur á móti finn ég þar fjölmargar vísbendingar, fjölmargar yrðingar sem sýna ótvírætt fram á hið gagnstæða. Þar segir t.d., með leyfi forseta:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks."

Síðan kemur þessi lykilsetning, herra forseti:

„Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka."

Er hægt að orða þetta skýrar? Til þess að sýna hvað rétturinn er nútímalegur og fylgist vel með framvindunni þá bætir hann við:

„Er það í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur að baki íslenskri löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991, sbr. og 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar."

Herra forseti. Mér finnst að það sé ekki hægt að orða þetta skýrar.

Á þessi atriði sem ég var að lesa hérna og eru lykilatriði er ekki minnst einu orði í skýrslu háyfirdómsins, starfshópsins. Mér finnst að þarna sé einfaldlega verið að segja það

ákaflega skýrt að að telja verði að það sé aðalreglan í réttarkerfi okkar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna og það er einmitt vísað til svipaðra fordæma sem eru sjúkratryggingar, slysatryggingar, atvinnuleysistryggingar, fæðingarstyrkur.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hangir á einu hálmstrái varðandi þennan prýðilega texta Hæstaréttar. Það eru niðurlagsorðin í V. kafla þar sem segir að viðurkennd sé krafa Öryrkjabandalagsins um að, eins og þar segir orðrétt: „... að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þessa setningu hefur bæði hæstv. utanrrh., hæstv. heilbrrh. en þó aðallega háyfirdómurinn, starfshópur ríkisstjórnarinnar, túlkað með þeim hætti að það væri í lagi gagnvart stjórnarskránni að skerða tekjutryggingu með tekjum makans bara ef það yrði gert ekki á þann hátt sem nú er gert heldur með öðrum hætti. Og þetta, herra forseti, þetta er lykilatriði í deilu okkar um túlkun á niðurstöðu dómsins, ekki bara vegna þess að hún skýrir vilja Hæstaréttar um þessa umdeildu tegund tekjutengingar heldur líka vegna þess að hún vísar til meðferðar á öðrum tekjutengingum sem hæstv. heilbrrh. virðist ekki hafa skilið því hún virðist ekki hafa farið nógu djúpt í dóminn.

Um hvað fjallar 17. gr. almannatryggingalaganna sem hér er verið að vísa til? Hún fjallar um skerðingu tekjutryggingar, vegna hvers? Tekna öryrkjans sjálfs, vegna lífeyrissjóðstekna og síðan í téðri 5. mgr. er einmitt fjallað um skerðingar vegna tekna maka. Dómurinn er því klárlega að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkjans áfram með þeim hætti sem er gert í fyrri málsgreinum, þ.e. vegna eigin tekna, vegna lífeyrissjóðstekna en — svo ég lesi aftur orðrétt úr dómnum, ekki á þann hátt sem gert í 5. mgr. lagaákvæðisins, þ.e. í krafti tekna makans.

Þetta er algjörlega kristaltært, herra forseti, þannig að þeir sem halda öðru fram hafa ekki lesið dóminn nógu djúpt og þeir hafa ekki samlesið hann við hinar einstöku málsgreinar 17. gr.

Þetta orðalag, herra forseti, sem menn hafa verið að vísa til þarna er ákaflega mikilvægt. Það staðfestir ekki skilning hæstv. ríkisstjórnarinnar heldur þvert á móti þá staðfestir það endanlega að Hæstiréttur telur óheimilt að nota tekjur maka til þess að skerða tekjutrygginguna en hann segir líka að annars konar tekjutengingar séu heimilar. Þetta er kristaltært.

Herra forseti. Endurgreiðslurnar á því sem tekið var með ólögmætum hætti af öryrkjum eru annað ákaflega þungt deilumál sem tengist þessu frv. Ég verð að segja að það er ákaflega sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt, að í frv. ríkisstjórnarinnar er bara gert ráð fyrir að greiða bætur vegna ólögmætrar skerðingar fjögur ár aftur í tímann. Það er meira að segja lagt út eins og sérstök gustuk til öryrkja og til að sýna fram á alveg einstaka mannúð hæstv. ríkisstjórnar þá er þess getið að það séu nú í reynd lagarök til þess að ríkisstjórnin gæti sloppið með tvö ár. Þetta er öll manngæskan eftir jólin.

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar fjallar um mannréttindi og hann fjallar um brot á mannréttindum. Hæstiréttur segir það alveg skýrt að mannréttindi voru brotin á öryrkjum í sjö ár. Niðurstaða réttarins er að fyrstu fimm árin hafi það verið af því að heimild skorti til að skerða tiltekin mannréttindi í lögum. Um þetta deila menn ekki eins og ég hef áður rakið. Seinni tvö árin eftir að heimildin var sett í lög á hinum fræga næturfundi í þessum sal í desember 1998 taldi Hæstiréttur að með breytingunni sem var gerð á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 væru lögin óheimil samkvæmt stjórnarskránni og skerðing á tekjum öryrkja vegna makateknanna væri brot á þessum mannréttindaákvæðum. Það liggur því alveg fyrir ótvíræður dómur um réttarbrot og þetta réttarbrot fólst í því að ríkið tók með ólögmætum hætti fjármuni af öryrkjum sem áttu þó fyrir í ákaflega krappri stöðu.

Nú er það svo, herra forseti, að samkvæmt íslenskum lögum leiða réttarbrot til skaðabótaskyldu þess sem brotið fremur. Í þessu tilviki er það Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og samkvæmt íslenskum lögum fyrnast skaðabótakröfur á tíu árum. Á þessum grundvelli tel ég engan vafa leika á því að ef einstakir öryrkjar færu í málshöfðun með vísan til þessa þá mundi fyrir rétti verða fallist á þá kröfu að þeim yrði endurgreitt það sem ríkið tók með ólögmætum hætti af þeim sjö ár aftur í tímann, allan hinn umdeilda tíma. Mér finnst að eftir það sem á undan er gengið, eftir þessa áralöngu viðureign Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar hefðu menn nú að átt að sjá sóma sinn í því að freista þess að setja niður deilurnar með því að verða við þessu.

Hér er ekki um venjulegt réttarbrot að ræða, hér er um mannréttindabrot að ræða. Það finnst mér skipta ákaflega miklu máli, það hlýtur að skipta máli fyrir hæstv. heilbrrh. að hún er með það á bakinu að hafa brotið mannréttindi á þeim hópi sem er einna erfiðast settur í ríkinu. Auðvitað hlýtur það að skipta máli þegar menn fara að afgreiða svona hluti.

Starfshópurinn segir hins vegar að ekki eigi að líta á þetta sem brot sem leiði til skaðabótaskyldu fyrir ríkið, þeir líta á þetta sem framfærslukröfu. Þeir horfa aftur til ársins 1905 þegar voru sett lög þar sem er að finna almenn ákvæði um fyrningu skulda og þar er t.d. að finna ákvæði um það „... að kröfur um gjaldkræfan lífeyri fyrnist á fjórum árum." Hinir vísu menn í þessum vitringahópi segja: „Sýnist þessi regla eiga hér beint við." Þeir gera ákaflega lítið úr hinni siðferðilegu ábyrgð ríkisstjórnar sem hefur orðið uppvís að því að brjóta mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar á öryrkjum. Nei, nei, þeir hugsa ekkert um það.

Við skulum samt gefa okkur að þessi starfshópur hafi rétt fyrir sér, að lögin frá 1905 eigi við um þessar kröfur. Samkvæmt því fyrnast þær á fjórum árum. En lögin segja líka alveg fortakslaust að fyrningin sé rofin ef mál er höfðað vegna brotsins. Í þessu tilviki sýnist mér að það liggi algjörlega kristaltært fyrir að fyrningin var rofin með kæru Öryrkjabandalagsins fyrir tveimur árum þannig að jafnvel þó að starfshópurinn hefði rétt fyrir sér ætti ríkið að greiða sex ár aftur í tímann. Þetta finnst mér að allir sæmilega vel gerðir menn ættu að geta skilið.

Ríkisstjórnin er hins vegar einhverra hluta vegna í stríðshugleiðingum við Öryrkjabandalagið. Hún vill láta kné fylgja kviði og hún hefur búið til eigin hæstarétt og hún getur einfaldlega ekki sætt sig við það að hún tapaði fyrir Hæstarétti og í öllum málum sem tengjast Öryrkjabandalaginu virðist hún ætla að láta neyta aflsmunar.

Þess vegna kórónar hún skömm sína með því að hafna því að fyrningunni hafi í reynd verið slitið með útgáfu stefnunnar 1998. Samt liggur það ótvírætt fyrir að ekki bara undirréttur heldur líka Hæstiréttur hefur talið að Öryrkjabandalagið sé

réttur fyrirsvarsaðili fyrir og fullgildur málsvari allra öryrkja. Fjórmenningarnir eru annarrar skoðunar og það stendur einfaldlega, segir ríkisstjórnin.

Ég spyr nú: Hvað segir sá hæstv. ráðherra nú sem sagði *fyrir tveimur árum að þetta mál snerist ekki um lögfræði* heldur siðfræði? Er þetta siðlegt? Ég spyr hæstv. ráðherra.

Ráðherrann hefur lýst því yfir að hún vilji sátt um þetta erfiða mál. Það skil ég vel, hún er í ákaflega þröngri stöðu. *Ég verð að segja það að mér sýnist sem hún sé grátt leikin* af einkavinum sínum sem sitja henni til vinstri handar á ráðherrabekknum. Mér finnst illa farið með ráðherra sem er knúin til þess að leggja fram frv. eins og þetta eftir að *hafa gefið þær yfirlýsingar sem fram komu ársfundi Tryggingastofnunar* fyrir tveimur árum. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra vill sátt í þessu máli. En hvernig byrjaði hún sáttina? Hún byrjaði sáttina með því að fallast á kröfu sem var bersýnilega komin úr öðru ráðuneyti um að sett yrði saman sérstök nefnd til að vinna úr dómsniðurstöðunni, nefnd þar sem allir sem í henni sitja, allir, komu úr röðum þess aðila sem tapaði í málinu, þ.e. frá framkvæmdarvaldinu. Sáttin við öryrkja byrjar svo með því að skipaður er formaður í þessari nefnd sem deginum áður lýsir því yfir í fjölmiðlum að hann sé algjörlega á móti niðurstöðunni. Er þetta heppileg aðferð til þess að ná málefnalegri sátt við öryrkja, málefnalegri sátt við þjóðina um þetta mál? Að sjálfsögðu ekki.

Þetta var ekki málefnalega að farið enda kom í ljós, herra forseti, að nefndin vann ekki málefnalega. Niðurstaða þessarar nefndar — ja, hún er náttúrlega ekki í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar sem við höfum margsinnis rakið. En þetta var ekki bara niðurstaða stjórnarandstöðunnar, þetta var niðurstaða ólíklegustu afla í samfélaginu. Ég lái t.d. ekki leiðarahöfundi Morgunblaðsins sem komst að eftirfarandi niðurstöðu í forustugrein 11. janúar eftir að sérfræðingahópurinn skilaði af sér til ríkisstjórnarinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn túlkar dóminn hins vegar þröngt eins og raunar kemur fram í skýrslunni. Þótt um sé að ræða svonefndan viðurkenningardóm er rök fyrir þeirri þröngu túlkun ekki að finna í dómsorðinu sjálfu þar sem Hæstiréttur fellst án fyrirvara á kröfugerð Öryrkjabandalagsins."

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins er að segja það í fyrsta lagi að fyrirvaralaust hafi verið fallist á körfugerð Öryrkjabandalagsins og að starfshópur ríkisstjórnarinnar hafi ekki rök fyrir þeirri þröngu túlkun á dómsorðinu sem kemur fram í frv. sem við erum að lesa hér.

Herra forseti. Ég vil færa frekari rök fyrir þeirri staðhæfingu minni að nefndin hafi ekki unnið málefnalega. Í skýrslunni er ákaflega víða gefin sú mynd að vandaðir útreikningar og ákaflega ítarleg röksemdafærsla liggi að baki niðurstöðum nefndarinnar. Og m.a. er lyft þessari setningu sem ég hef nokkrum sinnum rakið úr dómsforsendum Hæstaréttar að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera mun á bótagreiðslum eftir því hvort menn eru í sambúð eða ekki, þ.e. öryrkjarnir. Þetta er forsenda meginniðurstöðu sérfræðinga ríkisstjórnarinnar sem felst í reynd í því að það er haldið áfram að skerða tekjutryggingu með tengingu við makatekjurnar.

Með því að vísa til þessara sjónarmiða Hæstaréttar leggja sérfræðingarnir til að núverandi kerfi verði óbreytt, þó þannig eins og hæstv. heilbrrh. rakti, að tekin er upp sérstök sérregla sem á að tryggja ákveðinn lágmarksrétt lífeyrisþega sem eru í hjúskap ef makinn er ekki örorkulífeyrisþegi. Sérreglan *hljóðar upp á að eigin tekjur öryrkjans að viðbættri tekjutryggingu geti aldrei, þrátt fyrir skerðingu vegna tekna maka,* farið niður fyrir 25 þús. á mánuði. Þetta þýðir að þegar búið er að bæta við grunnlífeyrinum, þá fer enginn lífeyrisþegi *vegna tengingar við makatekjur niður fyrir* 43.424 kr. á mánuði. Þetta er að þeirra dómi lágmarkið sem þeir þurfa til þess að fullnægja stjórnarskránni. Eftir að hafa lýst þessari sérreglu segja sérfræðingarnir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun á viðmiðunarfjárhæð þessarar sérreglu er rétt að taka tillit til þess, sem fram kemur í dómsforsendum Hæstaréttar, að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera *nokkurn greinarmun á greiðslum* til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Síðan segir: „Starfshópurinn telur, að með þeim fjárhæðum sem að framan greinir sé fullnægt þeim kröfum sem í dómi Hæstaréttar felast" — þ.e. kröfunum um hin málefnalegu rök.

Ég spurði hæstv. utanrrh. í sjónvarpsþætti um daginn: Hver eru hin málefnalegu rök fyrir þessari upphæð? Hann gat ekki rakið þau fyrir mér. Hæstv. heilbrrh. gat ekki flutt þessi málefnalegu rök. Hver eru þessi málefnalegu rök? Við finnum þau ekki, þannig að niðurstaðan sem sérfræðingahópurinn segir að grundvallist á svo málefnalegri vinnu og ítarlegri röksemdafærslu er eins ómálefnaleg og hægt er að hugsa sér í reynd. Hún er byggð á þeirri blekkingu að dómurinn feli í sér að hægt sé að réttlæta tekjutryggingu svo fremi sem það sé gert með einhverjum öðrum málefnalegum hætti, en hvergi er skýrt hver hin málefnalega rökleiðsla er að þessari niðurstöðu. Mér finnst að í þessu felist óleysanleg þverstæða sem ómerkir meginniðurstöður nefndarinnar og þar með þess frv. sem við höfum hér, herra forseti.

Mér sýnist að það sem hér er verið að gera sé einfaldlega það að þvæla öryrkjum út í enn ein málaferlin. Það á að pína þá til að fara aftur í málaferli við ríkisvaldið. Þeir eru búnir að vinna málið tvisvar sinnum og það á enn og aftur að ráðast á þá á þennan hátt. Mér finnst það ósæmilegt, herra forseti.

Herra forseti. Tenging tekna maka við tekjutryggingu var tekin upp árið 1972, held ég, og undir mismunandi ríkisstjórnum hefur hún viðgengist allar götur síðan. Á sínum tíma þótti slík tenging sjálfsögð. En eins og ég hef rakið hafa breytt viðhorf m.a. til jafnrar stöðu kynjanna en ekki síst breytt viðhorf til annarra mannréttinda, ekki síst lögvarinna réttinda einstaklingsins, átt mikinn þátt í því að menn líta öðrum augum á þá tegund tekjutengingar en áður. Þess vegna var ákaflega athyglisvert, eins og ég sagði áðan, að Hæstiréttur lagði til grundvallar í niðurstöðu sinni breytt lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1991. En skerðingin eins og hún var a.m.k. áður var ákaflega kvenfjandsamleg. Fram kom að $^2/_3$ hlutar þeirra sem skerðingin bitnaði á voru konur.

Nú er það svo, herra forseti, að í auknum mæli eru þjóðirnar farnar að taka upp í stjórnarskrár sínar svokallaða aðra kynslóð mannréttinda, réttindi sem varða bæði félagsleg og efnahagsleg réttindi einstaklingsins sem stjórnarskráin ver gegn íhlutun ríkisins. Það voru Íslendingar að gera árið 1995 þegar mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar var breytt. Fróðlegt er að lesa ræðu hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes sem þá var formaður nefndarinnr og 1. flm. sem lagði á það skýra áherslu að hér væri verið að brjóta í blað því verið væri að taka upp ákvæði um félagsleg og efnahagsleg mannréttindi

og það ættu ekki að vera nein skrautákvæði. Þau ættu að verða virk.

Það er einnig athyglisvert og skiptir máli í þessari rökræðu að fram til ársins 1995 voru ákvæðin í stjórnarskrá um rétt til bóta úr almennum sjóðum á þann veg að sá sem væri á skylduframfæri annars manns ætti ekki rétt á bótum. Og í reynd mátti lesa þetta þannig að öryrkjar í hjúskap ættu ekki rétt á bótum úr almennum sjóðum.

Það er ákaflega athyglisvert að lesa hvað virtur fræðimaður við Háskóla Íslands, sem hæstv. heilbrrh. vísaði til hérna áðan, Stefán Ólafsson, segir um nákvæmlega þetta atriði en hann gaf út bók sem heitir Íslenska leiðin og fjallar um stöðu íslenskra öryrkja og mætti þess vegna allt eins kalla Íslensku neyðina, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum, þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild áður en til fátækraaðstoðar gæti komið með tilheyrandi athugun og þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, ...“

Síðan heldur þessi fræðimaður áfram: „Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn.“

Herra forseti. Þetta segir allt sem segja þarf um þá stöðu sem áður var. Þess vegna skil ég svo mætavel að hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir 1998 að þetta væri óréttlæti sem hún ætlaði sér að afnema. Þess vegna er það sorglegt og hryggilegt að hæstv. ráðherra skuli nú vera lent í þeirri skelfilegu stöðu sem hún er í í dag.

Vendipunkturinn í þessari umræðu var því breytingin á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og ég held líka að vendipunkturinn á afstöðu hæstv. heilbrrh. þegar hún lýsti þessu yfir hafi einmitt verið sá að hún vildi hverfa frá þessari skerðingu vegna þess að hún skildi hvað í þessu fólst.

Stjórnarsinnar segja gjarnan, herra forseti, að þeir vilji byggja á fjölskyldunni sem grunneiningu og fjölskyldan sé grundvöllur þjóðfélagsins. Hér á landi eru 8.700 öryrkjar. Þar af eru 5.124 einstæðir, þ.e. ekki í hjónabandi. Sjá menn hlutföllin í þessum hópi? Hvað segir þetta okkur, herra forseti. Það segir okkur það að bótakerfið hefur verið hjónabandinu, grunneiningu samfélagsins, ákaflega andstæð. Þessar tölur gefa til kynna að fólk geti ekki gift sig, geti ekki notið sömu lífshamingju og við hin út af ranglátu kerfi. Er þetta fjölskylduvænt, herra forseti?

Ég held, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn sé að fara út á ákaflega hála braut. Ég hef í ræðu minni fært rök að þeirri skoðun okkar í Samfylkingunni að það frv. sem hér liggur fyrir sé áframhald á þeirri skerðingu sem Hæstiréttur hefur dæmt ómerka, sé áframhaldandi brot á stjórnarskránni og það kemur ekki til mála, segi ég, að Alþingi Íslendinga verði einhvers konar stimpilpúði fyrir stjórnarskrárbrot ríkisstjórnarinnar.

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði sannfæringu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem stafar af túlkun hans og skilningi á dómi Hæstaréttar. Ég hef hins vegar annan skilning og túlkun á dómnum.

Spurningar mínar til hv. þm. eru eftirfarandi:

Er hann sem vinstri maður og jafnaðarmaður hnugginn yfir þeirri niðurstöðu sem hann les úr dómnum sem leiðir til stóraukinnar einstaklingshyggju burt frá samtryggingu og jöfnuði, og bætir stöðu þeirra 10% öryrkja sem best eru settir?

Heildartekjur félaga í ASÍ fyrir dagvinnu og oft mikla yfirvinnu eru að meðaltali 160–170 þús. kr. á mánuði á öðrum ársfjórðungi árið 2000. Tveir slíkir í sambúð eru með 330 þús. kr. á mánuði og margir eru með miklu minna. Þetta fólk greiðir skatta, tekjuskatt og virðisaukaskatt. Þeir eru að meðaltali með lægri heimilistekjur en þeir 700 öryrkjar sem á að fara að hækka hjá en samkvæmt frétt Morgunblaðsins 13. janúar eru þeir með 340 þús. kr. í tekjur árið 1999, ári fyrr. Finnst hv. þm. félagslega rétt og í samræmi við samtryggingaheimssýn sína að leggja auknar skattbyrðar á lágtekjufólk til að hækka heimilistekjur þeirra sem hafa hærri heimilistekjur því bæturnar eru greiddar með sköttum?

[12:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af hverju hélt ekki hv. þm. uppteknum hætti og sagði að þetta væru bara allt saman óreglupésar?

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ég sé hnugginn yfir niðurstöðu Hæstaréttar. Hæstiréttur er þess konar stofnun að menn eru væntanlega hvorki hnuggnir né glaðir. Hæstiréttur hefur talað og eins og hæstv. heilbrrh. sagði hér á dögunum áður en henni var kippt í lag af hæstv. forsrh. þá á Hæstiréttur að standa. Ég hef því engar sérstakar geðsveiflur yfir þessari niðurstöðu, herra forseti, ég er ekkert hnugginn og ég er ekkert glaður, ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að orð Hæstaréttar skuli standa. Það þýðir einfaldlega að varðandi þennan tiltekna hóp öryrkja er ekki hægt að beita tengingu við tekjur maka.

Hv. þm. talaði síðan um það og ég las úr því eins konar hótun hjá hv. þm. að ef menn færu í þá sjóferð að verða við dómi Hæstaréttar mundi það leiða til þess að aðrir öryrkjar mundu ekki fá neina bót sinna mála. Þetta finnst mér ákaflega óviðkunnanlegt, herra forseti, þetta hefur þráfaldlega komið fram hjá hv. þm. Hann talar eins og það að verða við dómi Hæstaréttar útiloki það sem hæstv. heilbrrh. lýsti yfir hérna áðan að ætti að gera, þ.e. að lyfta grunnlífeyri bótaþeganna. Ég er auðvitað tilbúinn til að koma í þá sjóferð með hv. þm. Við skulum ekki gleyma því hvernig lífeyrisþegar hafa einmitt verið hlunnfarnir í góðærinu undir forustu Sjálfstfl. Grunnlífeyririnn og tekjutryggingin hafa einungis hækkað um 25% frá árinu 1995 meðan launavísitalan hefur hækkað um 41,5%. Og hvað var það sem hæstv. forsrh., leiðtogi lífs þessa hv. þm., sagði á Alþingi 9. des. 1997? Hann sagði að ákvörðun bóta skyldi taka mið af þróun almennra launa á fjárlagaárinu og sagði þá jafnframt orðrétt, með leyfi forseta: „... að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala

neysluverðs segir til um ef laun skyldu þróast með öðrum hætti en verðlag".

Samt sem áður sjáum við þann mikla mun sem þarna hefur orðið. Ég held að hv. þm. ætti frekar að reyna að bindast samtökum við okkur í stjórnarandstöðunni og rétta hlut öryrkja með því að hrinda í framkvæmd yfirlýsingu og loforði hæstv. forsrh.

[12:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni um hvort réttlætanlegt væri að skattleggja lágtekjufólk til að auka bætur til þeirra sem hafa háar heimilistekjur. Hann sagðist hlíta dómi Hæstaréttar. Að sjálfsögðu gera það allir (**ÖJ**: Nei.) En menn geta haft mismunandi skoðanir á því ef hann breytir þjóðfélaginu sem menn lifa í. Maður hefur heimild til að hafa skoðanir á því ef dómur Hæstaréttar breytir því þjóðfélagi sem maður lifir í.

Ég spurði hv. þm. hvort hann væri hnugginn yfir því ef dómur Hæstaréttar, eins og hann skilur hann, mundi leiða til stóraukinnar einstaklingshyggju en frá samtryggingu. Hv. þm. gat ekki látið vera að höggva í þann knérunn að ég hafi talað um að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar væru óreglufólk. Ég hef aldrei sagt það, aldrei nokkurn tíma og hv. þm. veit það. (Gripið fram í.) Það var mjög ósanngjarnt hjá honum og ekki málefnalegt.

Það að aðrir öryrkjar fái bætur, það er alveg á hreinu að þegar búið er að bæta öryrkjum og ellilífeyrisþegum sem koma í kjölfarið, að sjálfsögðu, þeim sem hafa hæstar heimilistekjurnar marga milljarða, þá eru færri milljarðar eftir til að bæta þeim sem verst hafa kjörin. Það gefur augaleið, eða hefur hv. þm. einhvers staðar óendanlega mikla peninga? Allt er þetta greitt með skattpeningum og þeir eru takmarkaðir. Þegar við förum að gera vel við þá öryrkja og ellilífeyrisþega sem hæstar hafa heimilistekjurnar þá er minna eftir til að bæta kjör þeirra sem virkilega þarf að bæta, sem verst eru settir.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um hvað snýst þetta? Þetta snýst um virðingu fyrir einstaklingsbundnum mannréttindum. Ef hv. þm. dregur þá ályktun að ég sé einstaklingshyggjumaður þá er ég það. En ég verð líka að veita honum smá kennslustund varðandi þá hugmyndafræði sem við jafnaðarmenn byggjum starf okkar á. Við teljum að það samrýmist að hugsa um fólk og skapa öryggisnet velferðarkerfisins en skapa því samt svigrúm til að vera einstaklingshyggjumenn.

Herra forseti. Hv. þm. var í reynd að spyrja mig hvort ég væri þeirrar skoðunar að réttlætanlegt væri að skattleggja lágtekjufólk til þess að borga bætur til hátekjufólks, þá væntanlega í hópi öryrkja. Nú er það svo að hér talar talsmaður stjórnmálaflokks sem hefur nákvæmlega á síðustu árum tekið þátt í því í þessum sal að greiða atkvæði með því að skattleggja lágtekjufólk til þess að draga úr sköttum hátekjufólks. Það er einfaldlega þannig að við höfum ekki látið skattleysismörk fylgja launaþróun eins og þó var lofað í títtnefndri ræðu hæstv. forsrh. 9. des. 1997. Við höfum ekki gert það og það hefur leitt til þess að fjöldi manna í hópi öryrkja er allt í einu farinn að borga skatta af stríðuðum bótum sínum, liggur mér við að segja, herra forseti. Og það er það sem hv. þm. hefur tekið þátt í að gera. Ég er á móti slíkri skattlagningu. Ég held að á síðasta ári hafi hún numið einhverjum milljörðum. Það sem skiptir máli hér, herra forseti, er að það virðist vera að skapast ríkur vilji fyrir því í liði stjórnarinnar að bæta hag þeirra verst settu í hópi öryrkjanna, bæta hag hinna verst settu í samfélaginu og það er strax mikill áfangi í þessari umræðu. Ég lýsi því yfir fyrir hönd okkar sem erum í stjórnarandstöðunni að við viljum taka í útrétta hönd stjórnarliðsins í þessum efnum sem að vísu stráfelldi allar okkar tillögur um þetta í desember sl. en við viljum gjarnan reyna að skapa tíma hér í þingsal til að samþykkja slíkar tillögur.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það fari ekki hjá því að dóms Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins gegn ríkisvaldinu, sem hér er sérstaklega til umræðu vegna frv. sem honum tengist, á eftir að verða minnst sem tímamótadóms. Þá á ég ekki fyrst og fremst við þá pólitísku atburði sem honum tengjast heldur mun hans verða minnst þegar frá líður sem tímamótadóms í mannréttindamálum á Íslandi. Líka vegna þess að í honum er staðfest ákveðin þróun bæði í réttarríki okkar og líka í velferðarkerfi okkar og félagslegri samtryggingu í samfélaginu. Í öllum þessum tilvikum fagna ég niðurstöðunni.

Ég tel mjög ánægjulegt að hin nýju mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995, þar sem félagsleg réttindi voru sett inn í stjórnarskrána, skuli nú nýtast með þessum hætti. Ég tel líka mjög mikilvægt að þessi dómur staðfestir þróun í íslenska velferðarkerfinu í átt frá fátæktar- og ölmusuhugsunarhætti 19. aldar í áttina til einstaklingsbundinna réttinda, réttinda fólks til þess að lifa mannsæmandi lífi án tillits til kynferðis, litarháttar, hjúskparstöðu og annars slíks. Hann staðfestir sjálfstæðan rétt manna til sjálfsvirðingar, til þess að vera persónur, til þess að eiga möguleika á fullgildri þátttöku í samfélaginu þó að þeir séu fatlaðir eða af öðrum ástæðum búi við skertar aðstæður. Ég hvet menn til þess og alveg sérstaklega þyrfti hæstv. ríkisstjórn Íslands að lesa t.d. þá kafla í þessari ágætu bók sem fjalla um þróun velferðarkerfanna um víða veröld og þó sérstaklega á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum í þessa átt.

Þar er það því miður þannig að íslenska velferðarkerfið hefur verið allnokkuð langt á eftir hinum Norðurlöndunum einmitt vegna þess að það hefur borið með sér inn í nútímann meira af fátæktar-, ölmusu- og framfærsluhugsunarhætti 19. aldarinnar en annars staðar er eftir til staðar. Þetta stafar bæði af því að íslenska velferðarkerfið hefur aldrei orðið jafnþróað að umfangi og grunngerð og það sem best gerist í skandinavísku löndunum. Noregi, Danmörku og Svíþjóð, og líka vegna hins að íslenska velferðarkerfið er að hluta til byggt á öðrum uppruna. Fyrirmyndirnar voru meira sóttar í almannatryggingalöggjöf Nýsjálendinga, hugmyndir Williams Beveridge og fleiri slíka hluti sem ganga meira út á lágtekjumiðaða framfærsluhugsun en að byggja á réttindum einstaklinganna.

En nú er það sem betur fer þannig að þessi dómur staðfestir að þarna er að verða breyting á vegna þess að við höfum gert breytingar hér innan lands og við erum undir áhrifum af réttarþróun erlendis, alþjóðasamningum og fleiri slíkum hlutum sem eru að færa okkur í þessa átt og það er vel.

Ég kem nánar að því síðar, herra forseti, þeim ótrúlega málflutningi sem hér hefur verið hafður uppi, því miður að hluta til af hæstv. félmrh. en þó enn þá meira af ákveðnum talsmönnum ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. og hæstv.

utanrrh., hv. þm. Pétri H. Blöndal og verkamönnum ríkisstjórnarinnar í starfshópi, að það séu vandamál því samfara að viðurkenna og taka tillit til hinna einstaklingsbundnu og stjórnarskrárvörðu mannréttinda sem hér eiga í hlut annars vegar og reka öflugt samábyrgt velferðarkerfi hins vegar. Þetta er reginmisskilningur. Þetta fer einmitt saman, þetta snýst allt um þá nálgun sem menn velja sér í þessum efnum.

Herra forseti. Þetta mál á sér alllanga forsögu. Hana þarf líka að hafa í huga. Það þarf líka að muna eftir því að þegar tekjutryggingin var tekin upp á sínum tíma í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1971–1974 var hún lítil viðbót ofan á ótekjutengdan grunnlífeyri sem fyrir var og hafði lengi verið í almannatryggingalögunum. Hún var minna en $^1/_3$ hluti ef ég man rétt. Þá var um gjörólík hlutföll og gjörólíkar aðstæður að ræða og reyndar allt annað lagaumhverfi líka.

En síðan er það orðið þannig, þegar þau ár eru að ganga yfir sem málið nú tekur til, að hinn tekjutengdi hluti er orðinn meiri hluti, orðinn $^2/_3$, og ótekjutengdi grunnréttur hvers einstaklings er orðinn svona lágur á Íslandi að það sker sig algjörlega úr í öllum samanburði, t.d. við önnur Norðurlönd. Það er ömurlegt til þess að vita að starfshópurinn skuli í greinargerð og fylgiskjölum vera að reyna að láta að því liggja að íslenska almannatryggingakerfið hafi að þessu leyti til verið sambærilegt t.d. við önnur Norðurlönd. Það er ekki svo. Hvergi annars staðar þekkist að bætur til einstaklings fari niður í 17, 18 þúsund krónur íslenskar, 1.700, 1.800 kr. sænskar, danskar, norskar, vegna tekna maka, hvað þá annað. Þetta liggur fyrir. Þessar upphæðir eru á allt öðrum stað í almannatryggingakerfi annars staðar á Norðurlöndum og reyndar eru þessar miklu tekjutengingar að mestu leyti sérískenskt fyrirbæri. Það er fyrst og fremst viðbótarstuðningurinn ofan á grunninn sem er tekjutengdur annars staðar á Norðurlöndum.

Það er m.a. þessi forsaga málsins sem menn verða að hafa í huga, að búið var að færa svo til þessi hlutföll að þau voru komin á hvolf frá því sem var þegar kerfið hóf göngu sína, þ.e. þegar viðbótartekjutengdi stuðningurinn kom til sögunnar á árunum 1971–1972.

Auðvitað hefur Hæstiréttur skoðað þetta og tekur það til greina í mati sínu. Ég var hjartanlega sammála hæstv. heilbrrh. um það — og hef lengi verið, enda endurtekið tekið þetta mál upp á Alþingi síðustu fimm, sex ár í ræðum, umræðum, fyrirspurnum — að það er réttlætismál að breyta þessu. Það er nefnilega einmitt hárrétt orðað og burt með þetta. Þannig skildu menn hæstv. heilbrrh. samanber tilvitnanir sem hér hafa verið fram reiddar, að vilji hennar stæði til þess að þessi viðmiðun gagnvart grunninum, tekjutryggingunni, hyrfi, a.m.k. varðandi tekjur maka.

Efnisatriði þessa dóms, herra forseti, er á þá leið að hvort tveggja vinnst sem stefnt var út af, skorti á lagastoð frá 1. jan. 1994 til 31. des. 1998. Um það eru allir dómarar á báðum dómstigum sammála og verður ekki skýrara. Og hins vegar líka að tilraun til að skapa lagalegan grundvöll fyrir þessari tekjuskerðingu 1998 í desember standist ekki þá til komin ákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eins og meiri hlutinn og ráðherrar voru margsinnis vöruð við af aðilum innan þings og utan. Það er því hneykslanlegt að menn komi hér og láti að því liggja að þetta hafi komið á óvart. Hvar voru menn þá með meðvitund sína í desember 1998 í heilbr.- og trn. eða hér í þingsalnum þegar þetta var til afgreiðslu?

Það væri fróðlegt, herra forseti, að fara yfir viðbrögðin við þessu. Sérstaklega hvað varðar hæstv. heilbrrh. sem í stað þess að fagna því að hafa í Hæstarétti eignast bandamann um að afnema þessa óréttmætu tengingu, sem hæstv. ráðherra hafði ítrekað nefnt svo, að það væri réttlætismál að breyta þessu og afnema þetta, þá fer málið í hinn furðulegasta farveg. Fyrst er viðtal við forstjóra Tryggingastofnunar. Og hann var nú ekkert að skafa utan af hlutunum áður en hann hafði fengið línuna að ofan, áður en stjórnvöld, og þá væntanlega fyrst og fremst forsrh., sem hefur enga lögsögu yfir Tryggingastofnun ríkisins, er búinn að kippa í spottana, segir í viðtölum við fjölmiðla 19. desember að menn muni þar á bæ strax hefjast handa við að reikna út þær bætur sem hver og einn öryrki á rétt á eftir úrskurð Hæstaréttar í dag. Til viðbótar segir þar að Tryggingastofnun muni nú skoða hjúskaparstöðu, og endurtek hér orðrétt, með leyfi forseta: „.... hvers einasta einstaklings sem hlotið hefur örorkubætur á sjö ára tímabili og reikna út tilskildar bætur".

Það er alveg ljóst að fyrstu viðbrögð Tryggingastofnunar eru að sjálfsögðu þau að fara í vinnu við að virða dóminn að fullu, hefja undirbúning að því að greiða út óskerta tekjutryggingu til öryrkja í sambúð og reikna bæturnar sjö ár aftur í tímann.

Það náðist einnig í hæstv. heilbrrh. og hæstv. heilbrrh. sló á svipaða strengi, sagði ósköp einfaldlega að hún deildi ekki við Hæstarétt. Það er erfitt að skilja það öðruvísi en þannig að nú biði það verkefni að framkvæma eða virða þennan dóm að fullu.

Það er ekki fyrr en tveim dögum síðar sem hæstv. forsrh. kemur í viðtöl við fjölmiðla, og hefur af lítillæti sínu ákveðið að leyfa nú fjölmiðlum að ná í sig svo sem eins og tveim dögum eftir að dómurinn er fallinn, að það kveður við annan tón. Þá er allt í einu málið farið að snúast um spurningar sem vakni um úrskurðarvald dómstóla, hvort þeir séu ekki komnir út fyrir sitt verksvið og mikið er rætt um röksemdir minni hlutans, um dómarana á bólakafi í skylmingum stjórnmálanna o.s.frv. Framhaldið af sögunni þekkja menn.

Hæstv. forsrh. tók völdin af hæstv. heilbrrh. og hæstv. heilbrrh. talaði á allt öðrum nótum eftir að forsrh. hafði tekið við forustu í málinu. Tryggingastofnun ríkisins var lamin algjörlega niður þannig að þar hafa menn ekki haft tjáningarfrelsi um þetta mál og það þó þannig að sjálfstætt lögbundið hlutverk Tryggingastofnunar og tryggingaráðs er að þessu leyti alveg skýrt, að framfylgja lögum eins og þau standa og eru túlkuð á hverjum tíma af dómstólum landsins.

Við bætist svo framkoma hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar aðra aðila málsins. Það varð frægt að endemum að hafandi tapað málinu algjörlega, eftir að Hæstiréttur hafði fallist á kröfur Öryrkjabandalagsins án fyrirvara eru þau samtök engu að síður ekki virt viðlits. Ekki er við þau rætt einu orði fyrr en nokkrum mínútum áður en ríkisstjórnin boðar blaðamannafund um ákvörðun sína í málinu. Það var nú allt samráðið. Svo koma menn og ætlast til góðs samstarfs og væntanlega vinskaps og kærleika við alla aðila málsins, hafandi gengið fram með þeim hætti. Sama gildir auðvitað um stjórnarandstöðuna, aldrei var vikið að henni einu einasta orði í þessum efnum fyrr en við áttum að taka til umræðu þetta endemis frumvarp og þurfti þó að hverfa frá áður ákveðinni starfsáætlun Alþingis til að koma málunum á dagskrá.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, og ég get m.a. vísað til ágæts rökstuðnings næsta ræðumanns á undan mér í þeim efnum, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að ómögulegt

sé að túlka niðurstöðu Hæstaréttar öðruvísi en þannig að *hann komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að skerða* tekjutrygginguna eins og hún er vegna tekna maka. Ég fagna því og það veldur mér engum vandamálum, hv. þm. Pétur Blöndal, sem félagshyggjumanni að bregðast þannig við, ekki nokkrum minnstu vandamálum vegna þess að ég lít svo á að það sem hér er á ferðinni sé ósköp einfaldlega eðlileg uppbygging mannréttinda í okkar samfélagi sem hluti af því heildarsamhengi laga og réttar og afkomuöryggis og velferðar sem við sköpum. Það hlýtur að vera þannig að þetta sé sambland af þessu hvoru tveggja og öllu saman. Mannréttindi í tilteknum skilningi verða alltaf að vera einstaklingsbundin. Öðruvísi eru þau ekki til staðar. Mundi hv. þm. Pétur Blöndal sætta sig við t.d. að kosningarréttur *hjóna væri þannig að bara annað hjónanna gæti farið* og kosið? Ef kosningarréttur er mannréttindi verður hann þá ekki að tilheyra hverjum einasta einstaklingi eða getum við deilt honum út í fjölskyldum þannig að hver fimm manna fjölskylda fái tvö og hálft atkvæði eða eitthvað því um líkt? Nei, það dettur auðvitað engum manni í hug. Slíkt dettur engum manni í hug.

Sama gildir um tjáningarfrelsi og aðra slíka hluti sem eru einstaklingsbundin grundvallarmannréttindi sem auðvitað eru persónubundin. Sama gildir um lágmarkssjálfsvirðingu og sjálfstæði manna sem einstaklinga hvort sem þeir eru í sambúð, eiga börn eða búa sem einstæðingar. Þetta er ekki flóknara en það.

Varðandi þetta með afkomuöryggið og einhverjar lágmarks eigin tekjur til framfærslu þá fellur öll þessi röksemdafærsla ríkisstjórnarinnar um sjálfa sig, allt móverkið, allar tilraunirnar til að gera núna út á samúð með þeim sem hafa enn þá minna en einhverjir í þessum hópi. Hún fellur um þá staðreynd að það er ótekjutengdur einstaklingsbundinn grunnur. Er hv. þm. Pétur Blöndal að leggja til að hann falli niður líka, 18 þúsund krónurnar? Er það? Hann mætti svara með frammíkalli. Ég reikna með ekki.

Er það þá ekki orðin spurningin um það að við viðurkennum að þetta samanstendur af þessu hvoru tveggja, einhverjum sjálfstæðum einstaklingsbundnum grundvallarréttindum ... (**PHB:** Frv. ríkisstjórnarinnar.) Þar til viðbótar *tökum við svo tillit til aðstæðna að ýmsu leyti* og það kemur þar ofan á. Hæstiréttur er einfaldlega að segja okkur, og hann getur ekki dæmt út frá öðru en því, að tekjutryggingin eigi að vera þess konar einstaklingsbundinn grunnur. Þar fyrir ofan geti komið til sögunnar málefnaleg rök að taka tillit til fjölskylduaðstæðna og slíkra hluta og það er gert.

Ósvífnasta túlkunin eða tilraunin af öllum sem fram koma í annars endemisáliti starfshópsins, sem að mörgu leyti er mjög sérkennileg blanda af pólitískri röksemdafærslu og væntanlega lögfræði, er sú að slíta úr samhengi tvær setningar sem allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar byggist á. Það er annars vegar setningin um að það geti verið málefnaleg rök að taka tillit til hjúskaparaðstæðna og svo hins vegar *setningin sem á einum einasta stað kemur fyrir*, þ.e. að skerðingin „með þessum hætti" fái ekki staðist. Á því byggir þetta allt saman hjá ríkisstjórninni, að heimilt sé að halda skerðingunni sem búið er að dæma ólöglega án fyrirvara, að samt sé heimilt að halda henni áfram. Þetta orðalag er út frá hártogunum.

Til hvers er Hæstiréttur að vísa væntanlega varðandi t.d. heimilisaðstæðurnar? Er ekki nærtækast og eðlilegast að skilja það svo að hann sé einmitt að vísa til heimilisuppbótarinnar og sérstöku heimilisuppbótarinnar? Jú, vegna þess að það er það sem fyrir er í lögunum og lýtur þeim lögmálum sem Hæstiréttur er þarna að tala um, þ.e. að það geti verið málefnaleg rök fyrir því að líta að einhverju leyti til aðstæðna fólks og það er gert þarna.

Herra forseti. Ég spái því að ríkisstjórnin muni ekki bæta vígstöðu sína með ótrúlegum tilraunum til þess að snúa nú þessu máli yfir í það að þetta sé eiginlega áfall vegna þess að þetta hindri að hægt sé að koma stuðningi til þeirra sem mest þurfa á honum að halda. Það er rangt. Það er algjörlega rangt. Þó að við föllumst á þennan hæstaréttardóm og að tekjutryggingin upp á rúmar 50 þús. kr. verði grundvallarréttur einstaklinganna þá eru fullnægjandi, og miklu meira en það, heimildir til þess og möguleikar að jafna áfram tekjur og aðstæður manna í þjóðfélaginu með málefnalegum rökum að teknu tilliti til þessara grundvallarréttinda sem Hæstiréttur vísar í.

Og það eru engin smálmál sem hér eiga í hlut. Það er mikið í húfi. Það eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar sem þetta tengist.

Herra forseti. Því miður hefur öll framganga ríkisstjórnarinnar frá því að forsrh. kom í fyrsta skipti, tveim dögum eftir að dómurinn féll, í fjölmiðla og síðan, lyktað af því langar leiðir að ríkisstjórnin væri að reyna að finna sér aðferðir til að komast fram hjá dómnum, lyktað af því langar leiðir. Það er þannig. Framganga þeirra í fjölmiðlum, erindisbréf starfshópsins, greinargerð starfshópsins, þetta er allt á eina bókina lært. Það er verið að reyna að byggja upp undirstöður fyrir því að hægt sé að fara á svig við dóminn og halda að hluta til áfram þeirri skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka sem Hæstiréttur hefur dæmt ólöglega. Stefnan gekk út á það að hún sem slík væri ólögleg og Öryrkjabandalagið vann málið. Og þeir segja sjálfir, háyfirdómararnir sjálfir sem svo hafa verið kallaðir, að það verði að túlka niðurstöðu dómsins með hliðsjón af kröfu stefnanda. Það er rétt, auðvitað, að sjálfsögðu. En af hverju á það þá ekki við þegar þeir fara að beita hártogunum til þess að reyna að finna því rök að það sé samt heimilt að skerða áfram? Þá á ekki við að taka mið af kröfu stefnanda. Þannig að þarna rekur sig hvað á annars horn.

Ég spái því, herra forseti, og legg það eiginlega til, með leyfi, að frá og með þessum tíma verði það skyldulesning í lögfræðideild Háskóla Íslands og annars staðar þar sem lög eru stúderuð að lesa skýrslu starfshópsins til þess að læra af henni hvernig á ekki að umgangast lög og rétt af virðingu. Og það hlýtur að verða aðhlátursefni margra að sjá hvernig þessir miklu lögspekingar sem ætlast væntanlega til þess að þeir séu teknir alvarlega lenda þannig í mótsögn við sjálfa sig inni í greinargerðinni sjálfri að það sér það hvert mannsbarn. Það þarf enga lögfræðinga til að rekast á t.d. slíkar mótsagnir sem blasa við á síðum textans.

Herra forseti. Frv. ríkisstjórnarinnar er að þrennu lagi til og auðvitað í heild sinni mikið hneyksli að mínu mati. Það er auðvitað hneyksli fyrir það fyrsta að ríkisstjórnin ætli að reyna að komast hjá því að bæta fyrir brot sín gagnvart þeim sem þau hafa þolað með því að bera fyrir sig — hverju? Ekki því að þeir hafi ekki orðið fyrir ranglætinu, ekki því að ekki hafi verið brotinn á þeim réttur, nei, vegna þess að mannréttindabrotið sé fyrnt að hluta, fyrnt að hluta. Það skuli bæta fjögur ár aftur í tímann en ekki sjö.

Hvers vegna? Er það vegna þess að það standi einhvers staðar í lögum að Alþingi og ríkisstjórn megi ekki ákveða

að bæta þetta að fullu sjö ár aftur í tímann? Nei, það stendur hvergi og er ekki siður. Það er ekki réttarhefð eða dómstólahefð að mönnum sé skylt að fara að fyrningarákvæðum jafnvel þó þau væru ótvíræð. Svo er ekki. Menn ráða því hvort þeir bera þau við eða fallast á kröfuna. Er það ekki? Jú.

Ríkisstjórnin hefur það því algjörlega í valdi sínu að fallast á kröfuna og bera ekki fyrir sig fyrningu. En hún velur að gera það eftir þessa frammistöðu í málinu, að hafa verið dæmd sek um brot á stjórnarskránni og skort á lögum til þess að beita íþyngjandi skerðingum gagnvart tilteknum hópi. Engu að síður ætlar hún að bera fyrir sig fyrningu til að komast hjá því að greiða hópi sem sannanlega hafa ranglega verið teknar af nokkur hundruð milljónir. Er það nú frammistaða! Er það nú reisn yfir þessu eða hitt þó heldur! Auk þess stenst þetta væntanlega ekki og ríkisstjórnin má vita það að hún fær á sig ný málaferli því að auðvitað mun þessi hópur ekki una því að hann verði af þessu á sama tíma og aðrir fá þetta bætt að fullu. Að sjálfsögðu láta menn reyna á það og þá mun á reyna t.d. hvort eðlilegra sé að líta á þetta sem skaðabótakröfu vegna þess að framið hafi verið réttarbrot á öryrkjum eða hvort um er að ræða tryggingaskuld eins og ríkisstjórnin reynir að bera við.

Að lokum snýst þetta auðvitað alls ekkert um lögfræði. Hvar eru miskunnsömu samherjarnir nú? Hvar er hv. þm. Pétur Blöndal nú? Hvar er miskunnsami samherjinn? Finnst honum það sanngjarnt að sumir fái þetta bætt að fullu en aðrir ekki af því að ríkisstjórnin velji að bera fyrir sig fyrningu kröfunnar. (**Gripið fram í:** Samverjinn.) Eða Samverjinn, já. Allt er þetta nú náskylt auðvitað, hugtök ættuð úr suðaustri.

Nei, herra forseti. Þetta er auðvitað alveg með ólíkindum. Þessi þáttur málsins einn og sér þarf að koma skýrt út. Ég ætla svo sannarlega að vona að þjóðin fylgist með þessari umræðu og auðvitað ekki síður öryrkjar vegna þess að ég er óhræddur við hana. Ég fagna málflutningnum. Ég sakna þess aðallega að hæstvirtir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar skuli ekki sýna henni þá virðingu að sitja hér í salnum. Þeir raupuðu mikið af því á mánudaginn, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að þá klæjaði í lófana að komast í málflutninginn því þeir hafa myndað sér þær kenningar að málstaður þeirra í málinu hafi verið stórkostlega affluttur. Hvar eru þeir núna? Mætti ég biðja um, herra forseti, að þeim væri gert viðvart um það að umræðan er hafin. Hún fer hér fram. Og þeir sem langaði svona óskaplega í hana á mánudaginn ættu þá a.m.k. að geta verið hérna núna.

Ég held að þeir muni ekki vinna þessa lotu út á nýtilkomna manngæsku sína og samúð með þeim sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, þessar riddarar hringborðs Davíðs Oddssonar. Ég held ekki. Og þó að þeir eigi ágæta liðsmenn eins og miskunnsama Samverjann Pétur H. Blöndal þingmann þá held ég að það dugi ekki heldur til því að þegar menn sem eru á móti hátekjuskatti vilja lækka skatta á hagnað fyrirtækja, vilja lækka skatta á fjármagnsgróða og koma svo hér og ætla að fara að kenna okkur hinum félagshyggju þá er holur hljómur í slíku.

Í öðru lagi, herra forseti, er í frv. ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir áframhaldandi tekjutengdu skerðingu örorkubótanna vegna tekna maka upp á 8 þús. kr. á mánuði. Það er að mínu mati, herra forseti, tilraun til áframhaldandi stjórnarskrárbrots. Það er það vegna þess að hvað sem hver segir þá er það tilraun til að fara fram hjá dómi Hæstaréttar, túlkaðan á þann eina hátt sem eðlilegast er að túlka hann, að hann féllst á kröfu Öryrkjabandalagsins um að tekjutengd skerðing tekjutryggingarinnar, miðað við tekjur maka, væri ólögmæt, að hún væri brot á stjórnarskránni.

Það hljóta allir að sjá að ríkisstjórnin er komin út á geysilega þunnan ís að hætta sér út í það að túlka dóminn þannig að það sé nóg að koma til móts við hann að hluta. En það orðalag hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar ítrekað notað, síðast hæstv. heilbrrh. hér áðan. Hæstv. heilbrrh. sagði að því miður — í fyrra svari sínu við andsvar mitt — væri ríkisstjórnin með þessu að koma til móts við dóminn. Það orðalag hef ég heyrt oftar og frá fleirum. Það endurspeglar ákveðið hugarfar, þ.e. að með því að koma til móts við dóminn svo nemur svona 65% eða eitthvað svoleiðis, þá sé þetta í lagi. Það er það sem í þessu felst.

Herra forseti. Þriðja dæmalausa hneykslið í frv., sem að vísu hefur ekki fengið næga athygli, er afturvirkni þess, vegna þess að í frv. er þetta þannig útreiknað af snillingunum, af hinum merka vinnuhópi ríkisstjórnarinnar sem hæstv. heilbrrh. sagði að vísu að væri kannski ekki óskeikull — það er ekki víst að frv. væri fullkomið, sagði hæstv. heilbrrh. hér áðan, en það var erfitt að skilja það öðruvísi en svo að það stappaði nærri, það væri nú mjög nálægt fullkomleikanum, þessi afrakstur snillinganna. En það er ómögulegt að skilja ákv. til brb. öðruvísi en svo að uppgjörið á tveimur fyrri árum fjögurra ára tímabilsins sem á að bæta — en svo á bara að segja um hin þrjú árin, við þá sem þá eiga í hlut: Því miður, þið eruð fyrndir, þið eruð bara fyrndir. Bara bölvuð óheppni, þið eruð fyrndir — en gagnvart hinum sem á að bæta þetta, hvernig á að gera það? Jú, það á að gera það þannig að það á að greiða óskerta fulla tekjutrygginguna, uppreiknaða eins og hún var á hverjum tíma áranna 1997 og 1998. En hvað á svo að gera eftir að lagastoðin fræga sem braut stjórnarskrána kom til sögunnar? Nei, þá á að nota hana sem réttlætingu þess að færa þetta niður um 8 þús. kr. og nota nýju upphæðina, skertu tekjutryggingarupphæðina upp á 43 þús. kr. til að gera upp fortíðina. Er þetta ekki rétt, hæstv. heilbrrh.? Er það ekki svona sem á að skilja frv.? Ég vil strax fá hjálp ef ég er að fara þarna villur vegar. En ég held ekki. Ég er búinn að lesa þetta nokkuð vel. Og þar með á þessi löggjöf að verða afturvirk því að hún á að taka þennan rétt af mönnum tvö ár aftur í tímann sem engin lög stóðu til að þeir yrðu af. Þetta er svona. Það eru nú sjálfir snillingarnir, hinir næstum því óskeikulu löghestar ríkisstjórnarinnar sem eru endalaust í vinnu hjá ríkisstjórninni, það þarf aldrei að líta svo á lögfræðilegt atriði að sömu flokkspólitísku lögfræðingarnir séu ekki kallaðir til. Þeir eru áskrifendur að verkefnum hjá ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, og mér er ekki kunnugt um að þeir hafi unnið þau ókeypis.

Þetta er nú öll snilldin. Ég hef lært það hér á langri veru að eitt það allra ljótasta sem geti komið fyrir Alþingi og löggjafann sé að setja afturvirk lög, þau megi aldrei vera það í þeim lögfræðilega skilningi sem þar liggur til grundvallar að þau hafi íþyngjandi áhrif gagnvart réttindum eða stöðu sem menn áttu að hafa þegar búið er að túlka réttinn eins og hann dæmist eða túlkast réttastur hafa verið.

Það var nú hvorki meira né minna en þannig að það var stjórnarskrárbrot að hafa þessa tekjutryggingu af öryrkjum í sambúð á þessum árum, 1999 og 2000. En samt á að skerða hana með afturvirkri löggjöf. Þvílík endemi, segi ég.

Herra forseti. Ég hef áður vikið að því að samanburður ríkisstjórnarinnar við almannatryggingakerfi hinna Norðurlandanna og í skýrslu starfshópsins er að mínu mati villandi. Ég hef að vísu ekki haft aðstæður til að leggjast yfir það

mál. Ég hef þó skoðað þær opinberu norrænu skýrslur sem til eru og ég hafði meira að segja samband við forstöðumann Norrænu tölfræðistofnunarinnar í gær og bað hann að senda mér allar þær upplýsingar sem hann hefði tiltækar. Vandinn er í og með sá að þessar upplýsingar eru yfirleitt ekki settar þannig fram að það sé sundurgreinanlegt hvaða tekjutengingar eru vegna eigin tekna eða vegna tekna maka. Það gerir þennan samanburð erfiðan og þessi helsti sérfræðingur Norðurlandanna viðurkenndi í samtali við mig að þarna væru vissir erfiðleikar á samanburði. En það stóð ekki í sérfræðihópnum íslenska. Hann vissi þetta allt saman og leyfir sér að fullyrða það að íslenska almannatryggingakerfið sé að þessu leyti ekkert sérstakt og meira og minna mjög sambærilegt við það sem er á hinum Norðurlöndunum. Það er rangt. Og þá vitna ég aftur í þessa ágætu bók hér og ef tíminn leyfði það mætti lesa upp úr henni þar sem einmitt íslenska kerfið er borið saman við það norræna að öðru leyti og komist að þeirri niðurstöðu að þar er verulegur munur á. Og hann liggur ekki síst í því að hinar óhóflegu tekjutengingar á Íslandi ganga miklu lengra og ég fullyrði að viðmiðun við tekjur maka er hér miklu harðari og kemur fyrr til sögunnar en annars staðar gerist.

Aðalreglan er sú, fyrir utan Ísland, að grunnstuðningur við atvinnulausa, sjúka og öryrkja er ekki tekjutengdur, „indkomstsprøvet", eins og það heitir á dönsku. Það er grunnreglan, segir í ágætu svari sem ég fékk frá þessum sérfræðingi, Jóhannesi Nielsen, sem situr yfir þessum hlutum í kóngsins Kaupinhafn.

Ekki meira um það, herra forseti. Yfir þetta má fara betur síðar. Að mínu mati er það alveg ljóst að tvennt á að gera og gera strax til þess að bregðast með þeim eina hætti við þessum dómi Hæstaréttar sem er ekki bara rétt og sanngjarnt heldur skylt, vegna þess að hann snýst um stjórnarskrána. Þetta er ekki þannig að við getum á einfaldan og venjubundin hátt breytt lögum. Við þurfum þá að fara í það mikla verk sem það er að breyta stjórnarskránni ef við viljum taka það út aftur mannréttindaákvæðin, aftengja þau. Það hefði að vísu einn stórkostlegan kost í för með sér, að við fengjum kosningar í millitíðinni og mundi nú margan manninn langa í það miðað við framgöngu ríkisstjórnarinnar og vinsældir með þjóðinni um þessar mundir. En ég sæi á eftir mannréttindaákvæðunum og ætti erfitt með að velja þar á milli þó að mig langi óskaplega mikið í það að koma þessari ríkisstjórn frá.

Nei, þetta er auðvitað einfaldlega þannig að á meðan stjórnarskráin er í gildi þá verður að fara eftir henni. Það er nú bara einhver æðsta skylda okkar allra sem höfum meira að segja svarið að henni dýra eiða. Og til þess að þetta verði er algjörlega ljóst í mínum huga að tvennt þarf að gera: Greiða þegar í stað óskerta tekjutryggingu örorkubóta og hefja undirbúning þess að bæta þeim sem ranglega hafa orðið af þessu sjö ár aftur í tímann eins fljótt og auðið er með fullum vöxtum það sem ranglega var af þeim tekið. Ekkert annað dugar. Það blasir við.

Eitt er víst og það er að hæstv. ríkisstjórn hefur aldrei heyrt um fyrirbærið varúðarreglu. Einhver mundi nú vilja hafa vaðið fyrir neðan sig hafandi verið dæmdur fyrir að brjóta stjórnarskrána, að gera það ekki aftur. Einhver teldi þá að þar ætti líka við varúðarregla, að menn skyldu umgangast stjórnarskrána með þeirri virðingu að taka enga áhættu af því að viðbrögð manna væru þannig að á því gæti verið nokkur minnsti vafi að þau fullnægðu dómnum og ákvæðum stjórnarskrárinnar. En það stendur ekki til.

Herra forseti. Það hefur líka verið mjög spaugilegt að heyra tilraunir hæstv. stjórnarliða til þess að reyna að rétta sinn hlut í umræðum síðustu daga með því að þjóðin hafi verið stórkostlega afvegaleidd varðandi upplýsingar um þetta mál, að Öryrkjabandalagið, stjórnarandstaðan, fjölmiðlarnir og verkalýðshreyfingin hafi öll myndað eitt ægilegt allsherjarsamsæri til að telja þjóðinni trú um að í þessu felist eitthvað allt annað en það í raun og veru gerir. Ekki er nú álitið mikið sem menn hafa á þessum aðilum og þjóðinni, athyglisgáfu hennar og gáfnafari, að þetta hafi tekist. Hæstv. utanrrh. vælir síðast í dag í blöðum um upplýsingavanda, um að upplýsingavandi valdi því að stjórnarflokkarnir mælist svona lítt vinsælir um þessar mundir, að hinni vondu stjórnarandstöðu, Öryrkjabandalaginu og öllu þessu batteríi hafi tekist að afvegaleiða menn svo hroðalega að það misskilji þetta allir. Það er alltaf misskilningur þegar ríkisstjórnin lendir í erfiðleikum. Og allt er þetta auðvitað misskilningur að Framsfl. skuli ekki vera með 50% fylgi og allt það. Það er ævinlega misskilningur.

„Við njótum ekki sannmælis", segir hæstv. utanrrh. „Þetta hefur verið rangtúlkað og út úr þessu snúið." Þá fór ég að hugsa: Hvernig hefur fjölmiðlaaðgangi og tækifærum manna til að koma skoðunum sínum á framfæri í þessu verið háttað upp á síðkastið? Hafa þeir verið þagaðir í hel? Hver hefur fengið að sitja heilan sjónvarpsþátt í útbreiddustu sjónvarpsrás landsins og ráða sjálfur ferðinni við að útskýra sínar hugmyndir annar en forsrh.? Tókst honum þetta svona illa? Dugði honum ekki hálftíma Kastljósþáttur til þess að koma sér sæmilega á framfæri og sínum skoðunum?

Utanrrh. hefur verið í viðtölum og í kappræðum um þetta mál. Og sjálfur háyfirdómarinn, Jón Steinar Gunnlaugsson, „iudex optimus maximus" Íslands, er búinn að vera í öllum fjölmiðlum, opnuviðtölum. Að gera hvað? Rökstyðja lendingu ríkisstjórnarinnar og sína afstöðu. Það hefur greinilega ekki dugað.

Ja, þeir fá ekki háa einkunn þessir menn eftir allan fjölmiðlaaðganginn ef þetta er samt svona eins og utanrrh. segir, að þetta sé allt saman misskilningur og upplýsingavandi. Nei, herra forseti. Ég gef ekki mikið fyrir slíkt.

Og hér er þá tækifærið til að hefna þess á Alþingi sem hefur hallast í héraði. Og hvar eru þá þessir herrar ef þeir koma ekki hér og fara yfir það með okkur í hverju þessi ofboðslegi misskilningur er fólginn? Ég held að mjög fáir hafi misskilið þetta. Auðvitað getur vel verið að einhverjir hafi ekki áttað sig á því í smáatriðum í hverju þetta væri fólgið né hver áhrifin yrðu af viðbrögðunum. En ég fullyrði að allur þorri almennings og ekkert síður öryrkjar en aðrir vita alveg nákvæmlega um hvað þetta mál snýst, enda hefur það alltaf verið skýrt að af tilteknum hópi öryrkja hafa þessar bætur verið ranglega hafðar vegna óréttmætrar tengingu við tekjur makans. Það liggur í orðanna hljóðan og það skilja það væntanlega allir að þetta tekur þar með til þess hóps.

En þetta er hagsmunamál miklu fleiri og því gleymir ríkisstjórnin. Í tilraunum sínum til að etja öryrkjum hverjum gegn öðrum, sem augljóslega eru hér á ferðinni, eða öðru lágtekjufólki samfélagsins gegn þá þessum hópi, gleyma menn því að menn hafa fullan skilning á þessum aðstæðum. Aðrir vita, þ.e. þeir sem fengu þessar óbætur óskertar, þeir eru búnir að njóta þeirra en hinir ekki. Og það vita líka mjög margir öryrkjar að þetta er mannréttindamál einnig í þeim skilningi að eftir þessar breytingar og sérstaklega ef

tekjutryggingin verður greidd að fullu, verður ekki jafnerfitt fyrir þetta fólk að stofna til sambúðar og búa í hjónabandi eins og hingað til hefur verið. Einnig að því leyti er það mikil framför í okkar velferðarkerfi að þessum dómi Hæstaréttar (Forseti hringir.) verði nú framfylgt að fullu.

Herra forseti. Ég hefði svo gjarnan viljað að ráðamenn ríkisstjórnarinnar yrðu aðvaraðir um það þegar umræðan heldur áfram að það er ekki alveg í fullu samræmi við löngun þeirra og vöntun að komast inn í umræðuna að vera svo algerlega fjarverandi í þingsalnum þegar hún fer fram.

[12:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór mikinn hér í umræðunni og vitnaði gjarnan í bókina Íslensku leiðina eftir Stefán Ólafsson og sagði að þar kæmi glöggt fram hvað Íslendingar væru aftarlega á merinni þegar kæmi að því að koma félagslegum úrræðum í lög eða til framkvæmda.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins úr þessari bók til þess að upplýsa hvað þar er í raun sagt. Þar segir svo, með leyfi forseta, á bls. 356:

„Lífskjaravandi sérhópa er því heldur meiri á Íslandi en hjá frændþjóðunum. Að öðru leyti koma Íslendingar mjög vel út úr öllum samanburði á lífskjörum og lífsgæðum, bæði gagnvart norrænu þjóðunum og öðrum vestrænum þjóðum.

Ef tekst að draga markvert úr lífskjaravandanum sem enn er fyrir hendi hér á landi munu fáar eða engar þjóðir í heiminum standast Íslendingum snúning, hvað gæði lífskjara snertir. Umbætur á almannatryggingum geta gegnt stóru hlutverki við að leysa þennan vanda og þar með átt drjúgan þátt í að koma Íslandi á toppinn í lífskjarastiga þjóðanna."

Þannig hljóðar textinn hjá Stefáni Ólafssyni og þetta er ekki slæm einkunn fyrir íslenska almannatryggingakerfið. Samt sem áður er hægt að gera betur og ég held að það sé óhætt að segja að hæstv. heilbrrh. hafi sýnt það á undanförnum árum og ríkisstjórnin að það er verið að reyna að gera betur. Og ef ekki hefði verið dregið úr tekjutengingunni á síðustu þremur árum mundi það frv. sem verið er að tala um hér kosta 400 millj. á ári framvegis í staðinn fyrir 100 millj. Það hefur því sýnilega verið reynt að draga úr þessari tekjutengingu og hugmyndirnar hafa verið einmitt þær að halda því áfram.

[12:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá held ég að menn ættu að muna að tekjutengingarnar höfðu verið stórlega auknar og þessi réttindi skert árin þar á undan, á árum efnhagserfiðleika frá og með 1990 og fram um miðjan síðasta áratug. Menn verða auðvitað að setja þetta allt saman í sitt rétta samhengi.

Varðandi stöðu íslenska almannatryggingakerfisins gagnvart hinum Norðurlöndunum held ég að nú hafi hent hv. þm. að lesa bókina eins og sem sagt er að ákveðinn aðili lesi Biblíuna. Það er afar vandasamt að taka eina setningu út úr þykkri bók og ætla að fara að leiða með henni rök fyrir því að veruleikinn sé einhvern veginn öðruvísi en hann er. Ef hv. þm. hefði byrjað aðeins framar, á bls 355, og lesið t.d. þetta, með leyfi forseta:

„Þegar litið er til þess sem er ólíkt í velferðarmálum Íslendinga og frændþjóðanna á Norðurlöndum verður fyrst staldrað við kostnað velferðarkerfanna. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála almennt eru mun minni á Íslandi en hjá frændþjóðunum. Það má einnig rekja til mikilvægustu skipulagsþáttanna sem eru með öðru sniði á Íslandi. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga eru mun lægri hér en hjá hinum þjóðunum og flatar bætur eru algengari. Það á til dæmis við um atvinnuleysisbætur, örorkulífeyri, sjúkradagpeninga og barnabætur.

Þá er lágtekjumiðun lífeyris ríkjandi á Íslandi, það er fullur lífeyrir er aðeins greiddur til þeirra sem hafa engar aðrar tekjur, en skertur til hinna."

Þetta er miklu betri setning til að lýsa þessum samanburði en sú sem hv. þm. tók og væri ein og sér mjög afvegaleiðandi í þessum efnum. Sömu sögu segja töflur um útgjöld til þessara mála þar sem Ísland er langlægst, hvort sem það er kaupmáttarreiknað eða tekið sem hlutfall af þjóðarútgjöldum. Menn hafa bent á á móti að hér sé lífeyrissjóðakerfið fyrir utan og það er að hluta til skýring. En það á ekki við um þann hóp sem engra eða lítilla lífeyrisréttinda nýtur.

[13:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði að þessi lesning mín kom illa við málflutning hv. þm., skiljanlega. Það kemur líka fram í þessari bók að sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga er mikil og eru þeir á vinnumarkaðnum mjög lengi, alveg óháð stöðu fólks, hvort það hefur verið metið sem öryrkjar, er aldrað eða ekki. Sjálfsbjargarviðleitni er því mjög rík í Íslendingum.

Samhjálpin er einnig mjög rík í Íslendingum og það hefur alls staðar sýnt sig að þegar fólk þarf aðstoð þá hafa Íslendingar verið fyrstir til. Allir sem tekið hafa þátt í pólitískri umræðu og stjórn þessa lands hafa tekið þátt í því að skerða tekjutryggingar bæði hjá öldruðum og öryrkjum og það hefur ekki verið gerð athugasemd við það fyrr en núna.

Mér sýnist að þegar upp er staðið geti ríkisstjórnin verið ánægð með hvernig til hefur tekist í þessum málum á síðustu árum og að sjálfsögðu stefna menn að því að gera enn betur.

[13:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er orðinn dálítið ruglaður á þessari afstöðu félagshyggjufólksins, sem heldur núna hátt á lofti merki einstaklingshyggjunnar ... (**Gripið fram í:** Ert þú ekki ...) Jú, jú, ég er einstaklingshyggjumaður og ég gleðst yfir þessu í sjálfu sér. Ég skil bara ekki afstöðu félagshyggjufólksins. En ég virði skilning hv. þm. á dómi Hæstaréttar, þó ég sé honum ekki sammála. Nú vil ég spyrja hann: Ef bætur til öryrkja eiga ekki að taka mið af félagslegri stöðu hans, t.d. háum heimilistekjum, getum við ekki ályktað að það sama gildi um ellilífeyrisþega sem eiga tekjuháa maka — það er minn skilningur – og um námsmenn. Síðan getum við farið enn lengra í rökfræðilegar afleiðingar. Tökum dæmi af tveimur börnum, annað er munaðarlaust og er vaktað dag og nótt á kostnað ríkisins, hitt býr við þær félagslegu aðstæður að eiga foreldra í fjölskyldu sem annast það dag og nótt ókeypis að sjálfsögðu. Á þessi einstaklingur ekki sama rétt og hinn munaðarlausi á að fá bætur frá ríkinu? Og hvar endum við þá? (**Gripið fram í:** Erum við að tala um örorkubætur?) Við erum að tala um einstaklingshyggjuna, að allir eigi að vera jafnir, jafnt munaðarlausa barnið og hitt.

Hvar endar einstaklingshyggjan? Má ekki gera vel við neinn sem stendur höllum fæti nema bæta öllum? Kemur ekki næst hjá þessu einstaklingsþenkjandi félagshyggjufólki að ekki megi skattleggja fólk mismunandi?

Svo vil ég spyrja hv. þm. eins og ég spurði áðan: Hvað finnst honum um það félagslega réttlæti að skattleggja lágtekjufólk, t.d. hjá ASÍ, sem er jafnvel með mjög lágar tekjur, heimilistekjur, til þess að greiða hátekjufólki auknar bætur?

[13:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega stórkostlegt þegar hv. þm. Pétur Blöndal kemur hér allt í einu upp sem sérstakur varnarmaður félagshyggjunnar og ætlar að fara að taka okkur hin upp í prófi í því hvort við séum nú ekki bara alveg farin út af sporinu í þessum efnum og séum bara orðnir allsherjartalsmenn einstaklingshyggju út í gegn í samfélaginu af þeirri *einu ástæðu að við höfum tekið vel í þennan dóm Hæstaréttar* og teljum hann fagnaðarefni. Sami maður, eins og hér hefur komið fram, hamast gegn t.d. hátekjuskatti. Ég man ekki betur en það sé rétt að hv. þm. Pétur Blöndal sé ekki hrifinn af slíku (**PHB:** Ég er ekki félagshyggjumaður.) og hafi helst viljað fletja allt skattkerfið út í einu prósentu á allt landið og miðin. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi talað fyrir því og kemur hér ævinlega með teoríur sínar um það að þeim mun lægri sem skattarnir verði þeim mun meiri tekjum muni þeir skila út af kúrfunni sinni góðu sem hann dregur stundum hér upp.

En það er sjálfsagt að reyna að virða hv. þm. svars og svara. Hver er mín grundvallarafstaða í þessum efnum? Hún er sú að ég leggst ekki gegn tekjutengdum stuðningi, sérgreindum og málefnalegum viðbótarstuðningi t.d. til öryrkja þegar *þeim grunni er náð sem tryggir* viðkomandi aðila sjálfsvirðingu og þannig afkomuöryggi að hann sem einstaklingur geti talist sæmilega sæmdur af því í okkar samfélagi. Með öðrum orðum, ég er ekki að tala hér gegn t.d. að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót sé tekjutengd. Ég er ekki að því. Og ég geri grundvallarmun á tengingu við eigin tekjur eða þessari tengingu við tekjur maka. Þá koma mörg viðbótarsjónarmið inn í söguna sem við verðum að hafa í huga.

Sættum við okkur við að dæma ungan mann, einstakling sem verður fyrir því að missa starfsorkuna kannski um tvítugt, til þess hlutskiptis ævilangt, ef hann vill vera í sambúð eða gifta sig, að hafa 18 þús. kr. á mánuði í sjálfstæðan eigin framfærslueyri? Um það snýst þetta. Er ekki nær að segja að einhvers staðar þurfi þessi mörk að liggja nær hinum endanum sem *tryggir einhverja lágmarksmöguleika* til sjálfstæðrar framfærslu og fjármálalegs sjálfstæðis viðkomandi einstaklings sem persónu? (**Gripið fram í:** Það segir í frv.)

[13:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara munur á mér og hv. þm. Hann gefur sig út fyrir að vera félagshyggjumaður, ég ekki. Og þess vegna ættum við að hafa mismunandi skoðanir á einstaklingshyggjunni en við höfum það bara greinilega ekki.

Hv. þm. er nefnilega að verða einstaklingshyggjumaður. Hann er að hverfa frá því að vera félagshyggjumaður. Ég get svo sem boðið hann velkominn í hópinn, það er ekki það. Það er munurinn á mér og hv. þm. að ég gef mig út fyrir að vera ekki félagshyggjumaður.

Hv. þm. sagði að það væri mikill munur á tekjum einstaklings og tekjum maka. Hvernig er það í hans fjölskyldu? Kvittar hann fyrir kaffið þegar hann fær það á morgnana, þeim sem greiddi það? Er haldið bókhald yfir einstök útgjöld heimilisins? Að sjálfsögðu eru útgjöld heimilisins sameiginleg og öryrkinn nýtur þess ef makinn er með 500 þús. kr. í tekjur.

[13:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski svo mikil gjá á milli okkar, mín og hv. þm., í viðhorfum að það er ekki alveg von til þess að við náum saman í umræðum um þessi mál eða komumst inn á þá bylgjulengd að við svo mikið sem skiljum hvorn annan og sérstaklega ekki þegar hv. þm. fer að reyna að fara hér út í útúrsnúninga og reyna að láta að því liggja að fólk sem hefur jöfnuð og félagshyggju að lífsskoðun breytist á einni nóttu bara út af því að taka þessa afstöðu í þessu máli *hér í eitthvað allt annað*. Og ætlar svo hv. þm. með skoðanir sínar og sjónarmið sín og afstöðu sína í þingmálum gegnum tímann að koma hér allt í einu sem riddari á hvítum hesti og gerast sérstakur varðgæslumaður þessara gilda? Það fer hv. þm. ekki vel. Það verð ég að segja alveg eins og er. Ég er því algjörlega óhræddur við þessa umræðu.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við höfum gengið allt of langt í því að skerða einstaklingsbundinn rétt manna í vissum tilvikum í okkar velferðarkerfi og ég hef margoft kallað þetta óhæfu, m.a. í ræðu um síðustu stefnuræðu forsrh. og aftur og aftur. Ég tel t.d. að þessi mikla tekjutengda skerðing grunntryggingar öryrkja, það að einstaklingar sem lenda inni á stofnun enda á einhverjum vasapeningum sem ekkert eru o.s.frv., hafi gengið út í öfgar hjá okkur á undanförnum árum.

[13:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hann talaði mikið um mannréttindi og tók m.a. kosningarréttinn sem dæmi um grundvallarmannréttindi í upphafi ræðu sinnar. Er það ekki rétt hjá mér? (**SJS:** Um tjáningarfrelsi ...) Já, eða kosningarréttinn. Ég velti vöngum yfir því og rifja upp söguna. Mig minnir að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi verið í kjördæmisnefnd eigi alls fyrir löngu. Þar rakst ég hvergi á sératkvæði hv. þm., en í lögum er enn frekar og að áliti þeirrar nefndar er enn frekar fest það misvægi eftir búsetu að atkvæðavægið er 1:2.

Það vill svo til að ég er þingmaður Reykjaneskjördæmis sem verður fyrir hvað mestri skerðingu varðandi atkvæðavægi á milli landshluta. Eru það mannréttindi að við þurfum tvo Reyknesinga á móti einum manni í kjördæmi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar? Erum við ekki að brjóta mannréttindi hér, spyr ég? Hver er að tala um útúrsnúninga í þessum málum?

Mig langar til að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon annarrar spurningar: Er sá skilningur minn réttur eftir ræðu hv. þm. að ef hér lægi fyrir frv. sem væri upp á krónutöluna 51 þús. eða því sem nemur grunnörorkulífeyrinum og tekjutryggingunni, værum við þá að fullnægja dómnum að mati hv. þm.? Erum við að tala um það að ef hér væri frv. upp á 51 þús. kr. væri þá verið að fullnægja dómnum eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon les út úr honum?

[13:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við seinni spurningunni er: Já, að þeim hluta til. Hæstiréttur dæmir út frá tekjutryggingunni eins og hún er og það er það sem hann dæmir ólöglegt að skerða. Ef hún, eins og hún liggur núna, væri greidd að fullu þá tel ég að enginn vafi léki á því að sá þáttur dómsins væri

virtur. Síðan þyrfti að koma uppgjör á öllum sjö árunum aftur í tímann miðað við fullar bætur, óskerta tekjutryggingu. Þá væri málinu borgið að mínu mati. Eftir stæði þá í raun fyrst og fremst spurning um aðferðafræði og hugsanlega vaxtaútreikning.

Varðandi fyrra atriðið þá held ég að við skýrum kannski ekki málið með því að fara að blanda inn í það kosningalöggjöf landa þar sem nánast alls staðar er eitthvert svokallað misvægi atkvæða fyrir hendi og allt upp í það að í guðs eigin landi, sem hv. þm. lítur kannski stundum til sem fordæmis, eru t.d. íbúar Washingtonborgar kosningarréttarlausir með öllu þegar kemur að því að kjósa í aðra deild bandaríska þingsins og þetta er þekkt á mismunandi stigum. Ég held að það skýri kannski ekki málin.

Það sem ég var að draga athyglina að er að þessi dómur gengur út á grundvallarmannréttindi sem hljóta eðli sínu samkvæmt alltaf að vera með tilteknum hætti einstaklingsbundnin. Það sem var að gerast 1995 var að við vorum að taka svokölluð annarrar kynslóðar mannréttindi eða félagsleg og borgaraleg mannréttindi af ýmsum toga inn í stjórnarskrána og þau komu inn í mannréttindakaflann rétt eins og önnur mannréttindi, eins og kosningarréttur, tjáningarfrelsi eða annað því um líkt. Ég sé enga aðra leið til þess að ganga frá þeim öðruvísi en svo að þau tengist einstaklingunum í grunninn sem slík.

Það eru einmitt þessi mannréttindi sem þetta mál snýst um og það á einmitt ekki að hverfa út úr umræðunni. Þetta eru mannréttindi eins og t.d. kosningarréttur kvenna í Kúveit. Það átti nú að endurreisa lýðræðið í Kúveit. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur tekið eftir því. Þeir sem studdu innrásina í Kúveit og ætluðu sér að koma þar á lýðræði. Þeir hafa kannski orðið fyrir þeim vonbrigðum í morgun að lesa það í fréttum að dómstóll Kúveit hefur núna úrskurðað að konur eiga engan kosningarrétt að fá í því landi á næstunni og það finnst mér vera alveg freklegt brot á mannréttindum og ég geri ráð fyrir því að ég og hv. þm. séum sammála um það.

[13:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem sagt 51 þús. kr. hefðu fullnægt dómnum. Hvað ef hér lægi fyrir frv. þar sem hjón fengju einmitt þessar 51 þús. kr. en það hefði verið ákveðið að einstaklingar fengju 60 þús. kr. í tekjutryggingu? Og þar erum við einmitt komin að kjarna málsins. Meiri hluti Hæstaréttar segir að 18 þús. kr. séu of lítið. Minni hlutinn segir: Þetta er mat löggjafans. Og það tel ég einmitt vera kjarna málsins. Ég tel það vera löggjafans, okkar hér inni, að meta þennan mun, hversu hár hann eigi að vera. Hefðum við fullnægt því, hverju hefðu menn þá svarað hér inni ef við værum að ræða frv. upp á 51 þús. kr. fyrir hjón en hefðum ákveðið að láta einhleypa öryrkja með börn og fleira á sínu framfæri fá 60 þús. kr. eða meira?

[13:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. horfi fram hjá því mikilvæga atriði að ein af forsendum dómsins er sú að þarna var um tiltekinn afmarkaðan hóp að ræða sem tekin voru af réttindi, sem aðrir höfðu, með óréttmætum hætti. Hæstiréttur gat auðvitað ekki gengið út frá neinu öðru en núgildandi upphæð tekjutryggingar. Þá fyrst væri hann kominn út af sporinu og farinn að blanda sér í það sem er hlutverk okkar stjórnmálamanna.

En hann dæmdi að það hefði verið óréttmætt og ómálefnalegt og skort rök fyrir því að hafa af þessum tiltekna hópi það sem aðrir fá og gekk þar að sjálfsögðu út frá óskertri tekjutryggingu. Það er alveg ljóst. Ég held því að þetta sé ósköp einfaldlega þannig, miðað við þá túlkun sem blasir við og er auðvitað ein held í þessu máli, að það hlýtur að þurfa að miða við fulla tekjutryggingu eins og hún er núna eða er á hverjum tíma ákveðin af löggjafanum. Viðmiðanir yfir í annað eins og heimilisuppbót o.s.frv. eru síðan önnur saga.

[Fundarhlé. — 13:16]

[14:04]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 391. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 641.

Tjón af völdum óskilagripa, 387. mál, fsp. SJS, þskj. 637.

Verslun með áfengi og tóbak, 390. mál, frv. VE o.fl., þskj. 640.

[14:05]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafa gert rækilega grein fyrir afstöðu sem stjórnarandstaðan hefur til þessa máls og get ég þess vegna stytt mál mitt og gert orð þeirra að mínum.

Þetta er vafalaust sérkennilegasta mál sem lagt hefur verið fyrir hið háa Alþingi og vafalaust það varhugaverðasta vegna hættulegra fordæma sem það kann að geta gefið. Það er með ólíkindum að sá dagur skyldi renna að Alþingi væri kvatt saman til þess að hrinda dómi æðsta dóms lýðveldisins sem þetta frv. til laga á þskj. 624 ber með sér.

Hæstv. trmrh. taldi að dómur þessi hefði komið mjög á óvart. Hvernig má það vera? Undirréttardómur hafði gengið á sömu leið. En það er raunar ekki í fyrsta skiptið sem menn grunar að hæstv. ríkisstjórn hafi einhverja nasasjón af því sem fer fram fyrir hinum æðsta dómstóli. Þannig var það reyndar þegar Hæstiréttur kvað upp úrskurð í Vatneyrardómnum fræga. Ekki vantreysti ég þó Hæstarétti að þessu leyti. En hæstv. trmrh. hefði ekki þurft að koma þetta á óvart heldur að fagna því feginsamlega af því að þetta gerði henni auðveldan leik að standa við fyrri yfirlýsingar sínar um að afnema tekjutenginguna.

Ég vík síðar í máli mínu að hinum fræga starfshópi sem kallaður er, sem kvaddur var til þess að setja saman lagafrv. til þess að sniðganga þennan dóm æðsta réttarins. Hæstv. trmrh. tók fram í upphafi að hún deildi ekki við Hæstarétt, deildi ekki við dómarann. En síðan hefur hún margsinnis talað um málið og raunar aldrei á öðrum nótum en þeim að hún og hæstv. ríkisstjórn ætluðu sér að koma til móts við þennan dóm. Að þessu hefur áður verið vikið í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hæstv. ráðherra fullyrti að verið væri að fullnægja dómnum. Það er rangt. Því er bara hægt að halda að fólki sem er ólæst og heyrnarlaust vegna þess að í tveimur mikilvægum atriðum er hæstaréttardómnum hrundið.

Rétt er að það er þörf rækilegrar umræðu um þessi mál á hinu háa Alþingi og ég tala nú ekki um í framhaldi af þeim ókjörum sem nú er boðið upp á hér. Mikil áhersla er lögð á að þetta mál nái fram að ganga svo hægt verði að borga út bætur til öryrkja 1. febrúar. Ég sé ekki annað en að hæstv.

ríkisstjórn búist um rammlega að því leyti sem hún er farin að auglýsa þessa greiðslu samkvæmt lögum sem ekki hafa enn verið sett. Allt er þetta lítilsvirðing sem sýnd er hinu háa Alþingi og ég hef verið að finna að við virðulegan forseta og vin minn, Halldór Blöndal, og honum ber skylda til að standa vörð um. En ég orðlengi það ekki af því að hann er ekki hér viðstaddur.

Mér hefur á undanförnum vikum oftsinnis komið í hug ummæli sem höfð eru eftir Bismarck, hinum þýska járnkanslara. Hann var ýmsu vanur á 40 ára ferli sínum sem forustumaður í þýskum stjórnmálum á öldinni sem þar áður leið, 19. öldinni, og lét sér fæst fyrir brjósti brenna. En eitt sinn gekk svo fram af honum að honum varð að orði: „Þetta er verra en glæpur. Þetta er heimska." Það er ekki að ófyrirsynju sem mér hafa komið þessi orð í hug þegar mér hefur verið hugsað til þeirra viðbragða sem ríkisstjórnin hefur sýnt í málinu.

Mér hefur líka verið hugsað til járnkanslarans míns, Bjarna Benediktssonar, og hvaða viðhorf hann hefði haft til þessarar málsmeðferðar sem nú reynum við af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hann hefði að vísu ekki þekkt gamla flokkinn sinn aftur. Hann hefði ekki þekkt flokk sem hefur yfirgefið gömlu hugsjónir sínar um stétt með stétt, flokk sem predikaði eign handa öllum, en framfylgir nú boðorðinu eign handa örfáum. Hann hefði ekkert kannast við flokk sem á sinni tíð barðist fyrir frelsi einstaklingsins og framtaki, en nú er frelsið aðeins til handa fáum svo við tökum dæmi af sókninni í sjávarauðlindina.

Viðbrögð æðstu *forustumanna framkvæmdarvaldsins* eru með algerum ólíkindum við uppkvaðningu þessa dóms, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. varaforsrh., Halldórs Ásgrímssonar, og við dómum fleirum en þessum. Ég minni á kvótadóminn frá 3. desember 1998. Þegar hann lá fyrir varð hæstv. utanrrh., formanni Framsfl., að orði að það þyrfti að breyta stjórnarskránni. Það er álíka að grípa til þess ráðs að bregðast við dómum eins og þau viðbrögð sem nú eru höfð í frammi, að hrinda dómnum með öllu eða í veigamestu atriðunum.

Við minnumst viðbragða hæstv. forsrh. við undirréttardómi í Vatneyrarmálinu svonefnda. Þar talaði hann um, ef sá dómur yrði staðfestur af Hæstarétti, afleiðingarnar eins og drukkinn maður talar upp úr svefni með óskiljanlegu fimbulfambi um það sem við tæki og endaði á því að segja til um að menn mundu flýja þetta land. Og svo hinn síðasti *stóridómur í málefnum Öryrkjabandalagsins*, þá talaði hann þegar í stað um slys. Hvaða öðrum forsætisráðherra um alla fortíð okkar hefði komið slíkt og annað eins til hugar? Og hvað ætli hann Bjarni Benediktsson hefði sagt? Ég sé fyrir mér augnaráð hans, andlit og önnur viðbrögð við slíkum firnum. Því er kennt um að dómendur væru of fáir. Virðulegur forseti mætti kannski rifja það upp fyrir hv. þingheimi að hér er hægt að setja lög með 17 atkvæðum, langt undir einum þriðja af fjölda þingmanna. Séu 16 mættir til viðbótar sem annaðhvort sitja hjá eða greiða atkvæði á móti þá verður þetta að lögum. Þá eru komnir 33. Æ ofan í æ í allt haust mætti stjórnarliðið ekki þannig að meiri hluti væri fyrir þeim lögum sem afgreidd voru á hinu háa Alþingi. Það var aldrei meiri hluti fyrir þeim nema þegar stjórnarandstaðan greiddi atkvæði með. Þannig gæta þeir skyldustarfa sinna, þessir herrar.

En hvað var þá að ef of fáir dómendur voru mættir, hvað er þá að þar sem þeir allir fimm og þar með meiri hluti hins háa réttar eru þó sammála um að það skuli hafa verið óheimilt að skerða tekjutrygginguna allar götur frá 1994. Þar ætti þó að vera nægilegur meiri hluti til staðar eftir þeirra eigin kröfu.

Og viðbragðið var að kveðja til hlutdrægustu vikapilta sína, hlutdrægustu með réttu eða röngu að áliti alls almennings, húskarlana sem var til þess trúandi að fara fram á brún hlutdrægni og fram af ef húsbændurnir siguðu þeim sem þeir og gerðu með því áliti sem hér liggur fyrir. Það var ekki verið að snúa sér til lagadeildar Háskóla Íslands. Nei, það var verið að setja menn til verka að afgreiða pöntun. Svo virðulegur er þessi málatilbúnaður eða hitt þó heldur.

Og formaður í þessum starfshópi svokallaða, háyfirdómari, var Jón Steinar Gunnlaugsson sem hafði áður unnið sér til brauðsins með því að lýsa yfir opinberlega hver afstaða hans væri svo það þurfti ekki að ganga að því gruflandi hver niðurstaðan yrði enda hefði sjálfsagt verið hægt að ræða þetta við spilaborðið heima hjá hæstv. forsrh. til þess að nota allan tímann. Með þessum aðferðum er vegið hastarlega að dómendum og stjórnarskrá.

Ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins til þess sem doktor og prófessor Gunnar G. Schram hefur sett saman um stjórnarskipunarlög. Þar kemur fram, með leyfi forseta, sem auðvitað er að stjórnarskráin er kjölfesta þjóðfélagsins og að almenni löggjafinn má aldrei ganga inn á svið stjórnarskrárgjafans. Stjórnskipulagið er eins og menn þekkja, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Hér segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja sjálfstæðra valdhafa á að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og að eigin geðþótta."

En nú höfum við það fyrir augum að einn þáttur þessa þrískipta valds hefur tekið sér slíkt vald að fullkomlega má telja að þar sé beitt ofríki gegn t.d. hinu háa Alþingi, tveimur meginþáttum stjórnskipulags okkar, dómsvaldinu ekki síst í þessu falli. Enn segir hér, með leyfi forseta:

„Dómstólarnir eru sjálfstæðir og eiga einungis að dæma eftir lögunum en eru ekki bundnir við nein fyrirmæli af hálfu framkvæmdarvaldsins."

Sá og þeir sem undirbjuggu og skrifuðu niður þetta frv. sem hér liggur fyrir til umræðu eða afgreiðslu þágu sín fyrirmæli frá hæstv. ríkisstjórn. Þannig eru þessi ákvæði uppfyllt.

Sjálfstæðir dómstólar óháðir öðrum handhöfum ríkisvaldsins þykja hvarvetna meðal stjórnfrjálsra þjóða besta trygging fyrir réttvísi og réttaröryggi. Almenn fyrirmæli til dómenda um störf þeirra, hvort heldur eru frá framkvæmdarvaldshöfum eða löggjafarþingi, eru óskuldbindandi fyrir dómstólana. Jafnvel skýringar stjórnvalda á eigin fyrirmælum eru ekki bindandi fyrir dómstóla.

Sama máli gegnir um skýringar Alþingis á lagaákvæðum. Þær eru ekki bindandi fyrir dómendur. Þess vegna munu ákvæði þessara væntanlegu laga sem hér stendur til að setja verða að engu höfð þegar leitað verður til dómstóla vegna þessara þrælalaga. Það hlýtur svo að verða af því að fallið hefur sá dómur æðsta réttar sem við höfum nú fyrir okkur í málefnum Öryrkjabandalagsins.

Af öllu þessu má marka út á hversu hála braut stjórnvöld eru nú komin með vinnubrögðum sínum. Hvað skyldi framkvæmdarvaldinu hafa borið að gera þegar að uppkveðnum þessum dómi? Það er enginn vafi á því að aðrir tekjutengdir eiga lögjöfnunarkröfu vegna þessa dóms í málefnum öryrkja.

Það er enginn vafi á því og þarf engum blöðum um það að fletta að þeir sem enn verr eru settir í öryrkjahópi eiga tvímælalaust lögjöfnunarkröfu og aldraðir eiga þær einneigin. Slík áhrif hlýtur þessi dómur að hafa. Það átti auðvitað að fara að dómnum og setjast niður og gera sér grein fyrir þeim óhemjulegu áhrifum sem þessi dómur hlýtur að hafa ef hann verður ekki með öllu brotinn á bak aftur með óbilgirni og lagakrókum og lögleysi.

Dettur mönnum í hug að aldraðir, en einn þriðji aldraðra er undir framfærslulágmarki í tekjum, dettur einhverjum í hug að þeir eigi ekki lögjöfnunarkröfu vegna þessa dóms? Auðvitað dettur engum það í hug nema þeim sem eru tilbúnir til þess að beita valdi sínu með þeim hætti sem við nú höfum hér fyrir augum. Ég eyði engum orðum á lítilmótleg áróðursbrögð eins og þau að halda því fram að hér sé sérstaklega með niðurstöðu dómsins verið að hygla hinum betur stæðu. Þetta er einhver lítilmannlegasti áróður sem ég man eftir enda eru menn búnir að sýna fram á það í máli sínu hversu haldgóður hann er. Það sýnir líka í sjónhendingu hversu málefnastaðan er fátæk og slök hjá þeim sem bregða á þetta ráð. En ýmsir fjölmiðlar voru fljótir til að ganga undir þetta sérkennilega jarðarmen.

Hver er sá og hverjir eru þeir sem höfuðábyrgð bera á hinum slöku kjörum öryrkja og aldraðra? Því var haldið fram í kosningabaráttunni síðast af hæstv. forsrh. að við stæðum í þeim sökum jafnfætis öðrum þjóðum og Norðurlandaþjóðum sérstaklega. Það er að vísu rangt. Það voru bein ósannindi. Við stöndum þeim langt að baki. En hver ber ábyrgðina? Hæstv. trmrh. hefur fundið til þessarar ábyrgðar og mér rennur til rifja af því sem ég veit að hún vill vel í þessum sökum að hún skuli telja sér nauðsynlegt að lúta því ofurvaldi sem hún er beitt. Með því að bregðast rétt og heiðarlega við þessum dómi eins og hún ætlaði sér í upphafi hefði hún getað bjargað mannorði sínu. En nú þarf hún áreiðanlega fyrir því að hafa ef hún ætlar að standa jafnkeik. Þetta hlýtur mönnum að renna til rifja sem þykjast sjá hvernig málið er í pottinn búið.

Hæstv. ráðherra hlýtur að gera gangskör að því að hrinda af sér því ámæli að hún hafi gerst sek um embættisafglöp með því að láta hafa sig til þess að bera fram slíkt lagafrv. eins og við höfum hér fyrir augunum. Og hvaða aðferð hefur hæstv. ráðherra til þess? Það er leið sem að vísu hefur ekki verið farin enn þá, en er alveg opin. Það er að stefna málinu fyrir landsdóm og láta dæma það þar. Hæstv. ráðherra kemst ekki hjá því að ganga undir próf í þessu efni ef hún ætlar ekki að sitja uppi með þessa harkalegu ásökun um að hún hafi framið bein og ber embættisafglöp.

Það hastarlegasta við málið er e.t.v. það fordæmi sem með þessari lagasetningu er gefið. Það hefur einhvern tíma verið sagt: „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það.“ Hvað verður um aga í þjóðfélaginu ef svo fer fram sem horfir?

Sjómenn hafa leitað til mín, margir hverjir, og borið undir mig þá ætlan sína að hafa íslensk lög um framkvæmd sjávarútvegs að engu. Ég hef við alla þá, og það geta þeir borið vitni um, þvertekið fyrir að menn skyldu bregða á slíkt ráð. En eftir þessi vinnubrögð, hví skyldi ég halda mig við þá ráðgjöf? Hvers vegna skyldi ég ekki ráða þeim til þess að fara þá sömu leið og stjórnvöld haga sér og brjóta dóm sjálfs Hæstaréttar á bak aftur, að þeir hafi þá lög sett af þessum herrum að engu? Það er hastarlegt að verða að tala á þessa vísu hér og hafa svarið stjórnarskráreið eins og allir hv. þingmenn og að þingmenn stjórnarinnar skuli taka því, ef svo verður, þegjandi að láta setja svo óafmáanlegan blett á skjöld sinn sem þetta verður ef fram gengur. Þetta er braut ófarnaðar. Þetta er einræðisbrölt. Við ættum kannski von á því einhvern góðan veðurdag að borið yrði fram frv. á Alþingi til þess að lögfesta að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sæti á stóli forsrh. ævilangt. Það eru fordæmi fyrir því í öðrum löndum að slíkt sé sett í lög. Við höfum stjórnarskrá og við höfum reglur til að fara eftir. En hvað varðar þessa herra um þær ef mönnum býður svo við að horfa? Þetta fordæmi að hrinda dómi æðsta dómstólsins er svo varhugavert, svo háskasamlegt, að ég held að við þurfum þess vegna að taka þetta mál alveg sér tökum. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og alveg sérstaklega á hina góðviljuðu frú, hæstv. heilbr.- og trmrh., að taka sig á í þessum efnum og bjóða ekki hinu háa Alþingi og öllum almenningi upp á annað eins.

Við getum auðvitað haldið áfram að velta fyrir okkur hvað við tekur. Það er svo sem mjög líklegt að lokaákvörðun um einkaeign örfárra manna á sjávarauðlindinni, þar með töldum hæstv. utanrrh., verði innan tíðar fest í lög og höfð að engu þau lagaákvæði sem kveða svo á að þetta sé alþjóðareign. Allt bendir til þess.

Ég verð að segja það að verði þetta frv. að lögum sem hér liggur fyrir til umræðu þá hefur að minni hyggju Alþingi lotið lægst fyrir óprúttnum valdastreitumönnum sem hér hafa gengið um garða.

Ég ætla engum orðum eða getum að því að leiða hvernig hæstv. forseta lýðveldisins verður um þegar þar að kemur að hann á að undirrita þessi lög svo að þau nái framkvæmd því að forsetinn hefur svarið dýran eið við stjórnarskrá Íslands. Ég ætla engum getum að þessu að leiða. En trúlega verða það þung spor sem hann þarf þar að stíga.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að biðja og segja að Alþingi gái að sér og sóma sínum.

[14:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég býst við því að margir aðrir en ég hafi vonast til þess og vænst þess að hér gætu farið fram málefnalegar umræður um það þýðingarmikla mál sem hér er á dagskrá. Fram að þessu, ef undan er skilin ræða hæstv. ráðherra, hefur ekki beint borið á því að menn telji kominn tíma til að fjalla málefnalega um þetta mál. Hins vegar hafa þegar í þessum umræðum farið úr þessum ræðustól ótrúleg stóryrði vegna þessa máls, stórir dómar og jafnvel eins og vant er verið að uppnefna fjarverandi menn, ekki er hægt að ræða um fjarverandi menn nema að gefa þeim uppnefni í leiðinni. Allir formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa gert það og notað sömu uppnefnin af einhverjum ástæðum. Ég veit ekki hvort þeir eru farnir að halda samráðsfundi um uppnefni. En þeir hafa þó gert þetta. Það er auðvitað dapurlegt að menn skuli leggjast niður á það plan þegar svo mikið er í húfi að ræða mál eins og þetta af mikilli alvöru og einurð og fara í gegnum það því til þess eru öll efni.

Það var afskaplega merkilegt fyrir okkur að fylgjast með því á mánudaginn var, og ég hef fundið það meðal almennings að menn furðuðu sig á því sem þar gerðist, þegar stjórnarandstaðan neitaði að taka til umræðu á þessum vettvangi mál sem fólk hafði beðið eftir að gæti farið fram hér í þingsalnum vegna allra þeirra upphrópana og yfirlýsinga og rangfærslna sem átt höfðu sér stað í fjölmiðlum fram að því. En menn neituðu sem sagt umræðunni hér í þingsalnum og kom það mörgum gríðarlega á óvart. Ég held að

stjórnarandstaðan hafi hlaupið á sig í þeim efnum. En svo virðist sem mönnum sé ekki mest í mun að öryrkjar fái sem mest út úr þessu máli heldur að stjórnarandstaðan geti slegið sér upp á því. Það var alveg ljóst að uppákoman á mánudaginn var hafði ekkert með hagsmuni öryrkja að gera heldur var hún einhver tæknileg útfærsla og trikk af hálfu stjórnarandstöðunnar sem að vísu mistókst. (Gripið fram í.)

Í morgun urðum við síðan vitni að enn einni uppákomunni og það var nú því miður, vil ég segja, grátbroslegt að fylgjast með henni vegna þess að lögð voru fram og kynnt tvö bréf í einu, annars vegar frá formönnum flokkanna um að vísa frá án umræðu þessu mikla máli og um leið bréf frá formönnum þingflokka sömu flokka um að tvöfalda umræðutímann um þetta sama mál. Bæði málin voru lögð fram í einu. Þetta voru tvær kröfur, að vísa málinu frá og að tvöfalda umræðutímann. Að vísa sem sagt frá væntanlega tvöfaldri umræðu. Þetta er náttúrlega slíkur skrípaleikur að mönnum verður ekki alveg rótt þegar svona mál á sér stað að þá skuli formenn þingflokka og flokka stjórnarandstöðunnar ekki einu sinni tala saman. Þingflokksformenn biðja um tvöfalda umræðu sem hinir vilja að sé vísað frá. Þetta eru merkilegir aðilar sem þannig komu að málum.

Það vakti nokkra athygli þegar þessi dómur hafði fallið að talsmenn ríkisstjórnarflokkanna kusu að fara nákvæmlega ofan í dóminn og kynna sér hann rækilega áður en þeir tækju afstöðu til hans og fjölluðu um hann. Mönnum fannst þetta svo þýðingarmikið mál. Stjórnarandstaðan, sem var ekki tilbúin til viðræðna á mánudaginn var, þurfti nú ekki á því að halda. Hún var um leið komin með skoðanir á dómnum og flutti feitar og þverar yfirlýsingar um dóminn, hafði lesið hann samkvæmt einhverju hraðlestrarnámskeiði væntanlega, en var síðan ekki tilbúin til að ræða hann hér í þinginu mörgum dögum og vikum síðar. Þetta vakti athygli. En af hverju vildi ríkisstjórnin taka góðan tíma til að ræða þennan dóm? Vegna þess að hann var þýðingarmikill, vegna þess að í hlut átti hópur sem menn vilja gjarnan bera fyrir brjósti hvar sem þeir eru staddir í flokkum, eins og menn vita, og vegna þess að þýðingarmikið var að rétt væri við brugðist.

Ríkisstjórnin skoðaði auðvitað málið í sínum ranni og fékk til viðbótar fjóra lögfræðinga til þess að fara yfir það og koma með sína skoðun á málinu, ekki skoðanir sem ríkisstjórnin væri bundin af heldur skoðanir sem ríkisstjórnin gæti haft til hliðsjónar til þess að þetta mál hefði örugglega fengið góða lögfræðilega skoðun. Aðrir þurftu enga slíka skoðun. Þeir vissu þetta allt saman. Og þeir fullyrtu hitt og þetta án nokkurrar skoðunar, án nokkurrar athugunar sérfræðinga. Þeir vissu þetta allt saman. Síðan hefur margt komið á daginn sem hefur sýnt að það hefði nú verið betra af hálfu stjórnarandstöðunnar að vinna með sama hætti eða svipuðum og ríkisstjórnin og skoða sinn gang vandlega. (Gripið fram í.) Ég hygg að það hefði verið gæfulegra en sú framganga sem stjórnarandstaðan hefur tamið sér. Það kom nefnilega á daginn, og ég hygg að því verði ekki með rökum á móti mælt þrátt fyrir fullyrðingar um annað, að úr þessum dómi varð ekki leyst nema með lögum. Það er algjörlega ótvíræð niðurstaða þeirra lögfræðinga sem þarna komu að, og afar vel rökstudd, að það yrði ekki gert nema með lögum. Hér koma menn og segja: Það þarf engin lög, bara vilja. Hvernig vita þeir það? Hafa þeir skoðað það eitthvað? Hafa þeir sem hafa haldið því fram einhverja sérstaka þekkingu á því? Ónei, ekki neina. Þeir hafa bara fullyrt þetta án nokkurrar skoðunar eða lögfræðilegrar athugunar.

Þetta minnir mig á annað. Hér féllu tveir dómar í Hæstarétti um fiskveiðistjórnarkerfið eins og menn muna og hefur reyndar verið bent á það og vitnað til þess. Eftir fyrri dóminn sagði ríkisstjórnin að úr þeim dómi yrði ekki leyst nema með lögum. Hér fór fram umræða í þinginu og allir þessir sömu menn komu hér upp og sögðu: Það er verið að ganga gegn Hæstarétti. Það er ekki verið að fara eftir vilja Hæstaréttar. Það þarf engin lög. Það þarf bara að fara eftir vilja Hæstaréttar. Við vitum það alveg og höfum sannfæringu fyrir því. — Það var sagt þá. Ríkisstjórnin hélt sínu striki. Þingið hélt sínu striki og lögin voru sett. Það mál gekk aftur til Hæstaréttar og sjö hæstaréttardómarar fjölluðu um málið, m.a. sumir þeirra sem höfðu tekið þátt í að kveða upp hinn fyrri dóm. Engum þessara sjö hæstaréttardómara datt í hug að taka undir fullyrðingar stjórnarandstöðunnar hér, háværar fullyrðingar stjórnarandstöðunnar rökstuddar með sama hætti um að ekki þyrfti lög til þess að leysa úr þessu máli. Allir sjö dómarar Hæstaréttar, hver einasti þeirra án nokkurra undanbragða, féllust í raun með dómi sínum á að það væri algjörlega nauðsynlegt að bregðast við dómi Hæstaréttar með lögum. Og ég er sannfærður um að gangi þetta mál á nýjan leik til Hæstaréttar þá verður afstaða allra þeirra sjö dómara, sem væntanlega munu þá um málið fjalla, sú sama. (**SJS:** Áttu von á því að það gangi til Hæstaréttar?) (Gripið fram í.) Nei, nei. Ég sagði, ef það fer svo fram, þá muni niðurstaðan verða sú. Vegna þess að það liggur ótvírætt í lögunum og reyndar í stjórnarskránni. Það segir nefnilega í þeim stjórnarskrárákvæðum sem verið er að vitna til, bæði af hálfu meiri hluta og minni hluta réttarins, að bætur af þessu tagi verði ekki greiddar út eða ákvarðaðar nema með lögum. Þetta er í stjórnarskrárákvæðunum sjálfum. Og menn sem þykjast bera ákvæði stjórnarskrárinnar fyrir brjósti geta ekki valið sér stjórnarskrárákvæði eftir hendinni. Þeir verða að fara eftir þeim öllum. Þeir geta ekki valið sér stjórnarskrárákvæði eftir hendinni. Þeir verða að fara eftir þeim öllum.

Að vísu er það svo að stundum velja menn hvort þeir séu bundnir af hinum stóra eiði og sinni miklu samvisku þegar stjórnarskrárbrot að eigin áliti eiga í hlut. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði á sínum tíma, og ég er með ræðu hans hér, hann sagði í ræðu sinni þegar verið var að ákveða hér tiltekið mál að það mál, sem er undirliggjandi þessu máli, væri að hans mati brot á stjórnarskránni. En hann ákvað samt að greiða ekki atkvæði gegn því. Hann lýsti því yfir að þó það væri brot á stjórnarskránni þá greiddi hann ekki atkvæði gegn því vegna þess að með því máli ætti að verja 160 millj. í þágu öryrkja, og þess vegna greiddi hann ekki atkvæði gegn málinu þó það væri brot á stjórnarskránni. (Gripið fram í.) Hann lýsti því yfir sjálfur og hann var að tala um sinn eigin eið og sína eigin miklu samvisku hér í ræðustólnum. Hann hafði sannfæringu fyrir því og sannfæringunni verður hann að hlíta. Eiðinn hefur hann skrifað undir eins og menn hafa hlustað á hér. Hann sagði að þetta væri brot á stjórnarskránni en hann mundi ekki greiða atkvæði gegn því vegna þess að öryrkjar fengju 160 millj. kr. Hv. þm. setti sem sagt verðmiða á það af sinni hálfu hvenær mætti brjóta stjórnarskrána. Hann setti verðmiða, 160 millj. í þessu tilviki, á það hvenær mætti brjóta stjórnarskrána án þess að hann greiddi atkvæði gegn því. Nú vill þannig til að í því máli sem hér er á ferðinni, sem er líka brot á stjórnarskránni að mati hv. þm., verður greiddur út milljarður. En nú dugar það ekki til. Hv. þm. er búinn að

hækka verðið, búinn að breyta verðmiðanum. Hann er búinn að hækka verðið sem hann leggur til grundvallar því hvenær hann greiðir atkvæði gegn því sem brýtur stjórnarskrána og hvenær ekki. Það var afskaplega fróðlegt að fylgjast með og sjá hver einlægni manna er í þessum efnum og hversu langt menn geta seilst.

Umræðan hér hlýtur stundum að ganga í tvær áttir. Menn koma hér í ræðustólinn og segja, eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon gerði, að það væri alveg ljóst, klárt og kvitt að samkvæmt dómi Hæstaréttar væri óheimilt að skerða tekjur öryrkja vegna tekna maka. Og eftir að hann hafði komist að þessari niðurstöðu gekk öll ræðan út á það að allt sem ríkisstjórnin væri að gera væri svindl og svínarí. Það er ekkert að þessu. En það er náttúrlega hætt við því að um leið og menn eru komnir á þetta sporið verði umræðurnar út og suður milli aðila. Ríkisstjórnin er ekki þeirrar skoðunar að Hæstiréttur hafi sagt að ekki mætti tengja tekjur öryrkja við tekjur maka. Ég tel að nákvæm skoðun, hvort sem það er fjögurra virtra lögfræðinga eða annarra, sýni þetta afar glöggt. Og ég tel að Hæstiréttur undirstriki þetta í texta sínum afar glöggt. Það kemur nefnilega fram í texta Hæstaréttar, þ.e. meiri hluta Hæstaréttar, að fyrir því séu málefnaleg rök að miða bætur öryrkja við tekjur maka. Hæstiréttur segir það beinlínis að fyrir því séu málefnaleg rök. Og síðan segir hann jafnframt að á hinn bóginn megi ekki skerða bætur öryrkja með þeim hætti sem gert sé.

Mér fannst afskaplega góð lýsing á þessu atriði, einföld og skýr, hjá hæstv. utanrrh. í afar góðum þætti í Kastljósi þar sem hann tók dæmi af því að ef einhver segir að maður megi ekki tala með þeim hætti sem hann gerir, er þá bannað að menn tali yfirleitt? Að sjálfsögðu ekki. Þetta var svo áhrifamikil skýring sem jafnvel börn skilja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson þagnaði um stund en það er afar sjaldgæft. Þetta var mjög áhrifamikið. Ég held að hann hafi meira að segja numið þessa skýringu hæstv. utanrrh. En það er munur á því hvort sagt er að þetta megi gera með þessum hætti eða alls ekki gera það. Þannig var það og þannig er dómurinn og þannig er við honum brugðist.

Menn rugla gjarnan saman, ég býst við vísvitandi í hita leiksins, látum það þá vera, að ef menn segi fyrir sitt leyti: Ég tel einhvern dóm undirréttar eða Hæstaréttar vafasaman eða rangan, þá felist í því bæði vilji og ákvörðun um að fara ekki eftir dómnum. Svo maður taki aftur einföld dæmi: Hversu oft sitja menn ekki á fótboltavelli og fárast yfir úrskurði dómarans á allra lægsta stigi dómgæslunnar en sömu eðlislögmál gilda. En hverjum dettur í hug að fara ekki eftir þeim dómi? Hvað þá þegar gengið er upp í réttarkerfið sjálft frá héraðsdómi upp í Hæstarétt? (Gripið fram í.) Það er auðvitað þannig, hvernig sem menn gjamma, að þegar mál ganga til Hæstaréttar eins og gerist alla daga eru menn þar með og á móti þeim málum sem rekin eru. Ég vil fullyrða og þarf ekki að kanna það að flestir þeir sem ganga frá því borði hafa skoðun á þeim dómum sem þar hafa gengið og kannski helmingurinn eða tæplega það hefur þá skoðun að dómurinn sé rangur sem þá var nýuppkveðinn. Það þýðir ekki að viðkomandi láti sér detta í hug að fara ekki eftir þeim dómi.

Þegar menn leika þennan leik, ég vil segja óprúttna leik, kannski þó í hita leiksins, við skulum þá afsaka það nokkuð, þann óprúttna leik að segja: Menn sem draga dóm í efa eða eiga erfitt með að skilja hann eða telja hann flókinn eru menn sem ætla ekki að virða dóminn. Því fer auðvitað fjarri. Sú nefnd sem menn hafa verið að gera hróp að, að nefndarmönnum fjarverandi, og uppnefna, fékk það verkefni eitt að sýna hvernig bæri að efna dóminn eftir efni hans. Auðvitað kom aldrei annað til greina af hálfu ríkisstjórnar Íslands en að efna dóminn eftir efni hans.

Vel má vera að einhver sé hér í salnum sem telur að við séum ekki að gera það. Ég leyfi mér að draga í efa að þeir hafi meira vit á því en þessir fjórir lögfræðingar eða þeir aðilar sem sitja í ríkisstjórninni. Það er auðvitað gild skoðun. En við erum að fara eftir sannfæringu okkar, heilli sannfæringu, eftir að við höfum látið valinkunna þekkingarmenn fara nákvæmlega ofan í alla þá sauma til að tryggja, og eingöngu tryggja, að hægt sé að framfylgja dómi Hæstaréttar eftir efni hans.

Mér finnst það ósiðlegar árásir í garð andstæðinga sinna á Alþingi að gefa í skyn að menn hafi ætlað sér og hafi vilja til að fara ekki eftir því sem æðsti dómstóll landsins segir. Ég vona a.m.k. að guð gefi að ég leggist aldrei svo lágt í stjórnarandstöðu, þegar og ef sá tími kemur, að gefa það í skyn að þeir sem væru að ráða hér ráðum með eðlilegu meirihlutavaldi væru vitandi vits, með opin augu, að fara gegn ákvörðunum og vilja æðsta dómstóls landsins. (**ÖJ:** Það er fullyrt að svo sé gert.) Þetta segir mér heilmikið um þann sem kallaði fram í. Virðing mín fyrir honum hefur ekki vaxið af þessu tilefni.

Við getum deilt um hvort menn hafa rétt fyrir sér eða rangt en hér vakir ekki fyrir neinum annað en það að fara eftir þeim dómi sem felldur hefur verið og gera það með sem bestri samvisku og eftir sem víðtækastri athugun á öllu því máli. Það er nákvæmlega það sem við höfum verið að gera.

Ég tók eftir því að þegar þetta mál kom til umfjöllunar hagaði stjórnarandstaðan og talsmenn hennar ætíð orðum sínum svo að verið væri að ráðast á öryrkja. Ríkisstjórnin, Sjálfstæðisflokkurinn og ég sérstaklega væru í heilögu stríði við öryrkjana, eins og þeir sögðu sem alltaf taka sterkast til orða og flumbra mest. En þeir gættu þess alltaf sjálfir rækilega að geta þess ekki að dómur Hæstaréttar gekk einungis í þá veru að bæta stöðu þeirra öryrkja, tiltölulega fáu, sem höfðu bestar heimilisaðstæður. Þess var ætíð gætt og kom aldrei fram, þess var ætíð gætt af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar hvar sem var, í þáttum, fréttaaukum, viðtölum og þeir gátu svo sannarlega látið vaða á súðum þótt þeir væru ekki tilbúnir til umræðu í þinginu, að nefna ekki að þessi dómur ætti bara við þá öryrkja sem höfðu bestar heimilisaðstæður.

Til hvers hefur þetta leitt? Nú eru ráðuneytin að fá upphringingar í stórum stíl frá öryrkjum sem eru að átta sig á því að þetta var blekkingarleikur. Þeir eru ekki að fá neinar hagsbætur með þessum dómi. Það var meira að segja hvatt til þess að öryrkjar færu bara þegar í stað niður í Tryggingastofnun og næðu sér í þær bætur sem þeir ættu þar. Þangað fór fólk sem samkvæmt þessum dómi átti ekki neinn rétt á bótum. Vaktar voru upp væntingar hjá 90% öryrkja með þessu óábyrga tali. Hvernig sem menn láta stendur það eftir og verður ekki hrakið að þessi dómur snerist bara um að þeir sem hæstar heimilistekjurnar hefðu skyldu fá auknar bætur. Þó Bill Gates væri íslenskur ríkisborgari, giftur öryrkja, þá skyldi íslenska ríkið leggja honum til heimilishalds þeirra hjóna hærri fjárhæðir en það hefur þegar gert samkvæmt þessum dómi. Ég er að verða var við að fólkið í landinu er að byrja að átta sig á þessu núna. Það er að byrja að átta sig á þessu núna og það mun þá ekki kunna þeim sem hafa haldið

upp mestum rangfærslum neina þökk. Við munum átta okkur á því að þegar þetta verður greitt út vegna þessa talsmáta og framgöngu mun mikill fjöldi öryrkja verða fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Vegna þess að þeir munu þá átta sig á því að þessi dómur og þessi forgangur stjórnarandstöðunnar, sem hún fagnar svo mjög, gildir aðeins um þá öryrkja sem hæstar heimilistekjur hafa.

Stundum hefur stjórnarandstaðan talað um að stjórnmál séu bara spurning um forgang. Ekki lengur. Spurningin mikla um forgang er horfin. Meira að segja hafa þeir ekki lengur skoðun.

Hér gerðist sá athyglisverði atburður áðan í þessum sal að hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem er reyndar á sífelldu randi hér úr salnum — alltaf þegar hann fær nýjar upplýsingar fer hann og hringir eitthvað — hvort hann hefði þá pólitísku skoðun, því það er jú pólitískt mál að sjálfsögðu, að binda ætti tekjur öryrkja að einhverju leyti við tekjur maka. Formaður Samfylkingarinnar kom upp og sagðist ekki geta svarað því vegna þess að Hæstiréttur bannaði núna að tengja tekjur öryrkja við tekjur maka. Hæstiréttur var því búinn að taka frá þessum málglaða hv. þm. tækifærið til að lýsa yfir stjórnmálalegri skoðun á því hvort binda ætti tekjur öryrkja að einhverju leyti við tekjur maka. Það mætti ekki lengur ræða það eða hafa á því pólitíska meiningu af því að Hæstiréttur hefði tekið þá pólitísku umræðu út af dagskrá. Hvílík fjarstæða og hvílík niðurstaða og hvílík pólitísk reisn blasti við mönnum við þessar aðstæður.

Ég hef sagt að menn ættu að vænta þess að fá hér málefnalegar og miklar umræður, ekki hinar fjarstæðukenndu fullyrðingar með stóryrðum eins og hv. þm. gerði hér áðan og leyfði sér að draga Bjarna Benediktsson til vitnis við sína hlið þegar hann ræðst mest á flokkinn hans eins og hann gerir jafnan. Meira að segja þingmenn halda því fram æ ofan í æ og aftur og aftur að hér séu menn ekki að uppfylla dóma Hæstaréttar.

Ég vildi fá málefnalegar umræður vegna þess að þetta er einn stærsti dómur sem Hæstiréttur hefur kveðið upp. Ég kannast ekki við, en vil þó hafa fyrirvara á því af því ég hef ekki athugað það nákvæmlega, en ég kannast ekki við að í framhaldi af neinum dómi Hæstaréttar hafi það orðið að gerast að hinn stefndi aðili eða gagnstefndi þurfi að greiða út 1 milljarð króna eins og ríkisstjórnin er að leggja til að verði gert. Það er stærð þessa dóms, sem sagt er hvað eftir annað að ríkisstjórnin sé ekki að efna. Það er stærð þessa dóms. Ég kannast ekki við annan dóm af stærri gráðu. Einnig er gert tortryggilegt þegar sagt er að við ákvörðunartöku á slíkum dómi ætti að vera fullskipaður dómur. Öll efnisrök, stjórnarskráin, leiða til þess og síðan sú mikla fjárhæð sem þarna er um að tefla. Því eins og menn vita í réttarkerfinu er gerður munur á því hvernig dómur fjallar um mál eftir stærð þeirra hagsmuna sem í hlut eiga. Í sumum tilvikum mega mál ekki einu sinni ganga til Hæstaréttar vegna þess að hinir fjárhagslegu hagsmunir eru of smáir. Auðvitað hefði því verið viðeigandi að Hæstiréttur hefði verið fullskipaður í máli af þessu tagi.

Upp úr þessu stendur að mínu mati þetta: Þegar menn skoða þetta mál málefnalega og horfa á stjórnarskrána og lögin er ekki heimild til þess að bregðast við dómnum nema með lögum. Það er engin fær leið til þess. Það þýðir ekkert að segja bara upp úr höfðinu á sér að það sé bara vilji sem þarf. Slíkt er ekki hægt að segja. Það þarf að rökstyðja svona hluti lögfræðilega og fara nákvæmlega í gegnum þá. Hitt er ekki boðlegt hér í þingsalnum. Þetta stendur upp úr.

Til viðbótar stendur upp úr að mínu mati, það er skoðun mín, aðrir kunna að hafa aðra, sú ótvíræða niðurstaða að meiri hluti Hæstaréttar er ekki að banna í eitt skipti fyrir öll að tekjutengja megi bætur við tekjur maka. Sú stefna sem samstarfsmenn mínir í Alþýðuflokknum höfðu þegar ég var í stjórn með þeim, þar sem þeir voru afskaplega miklir ákafamenn um tekjutengingar alls konar og ekki síður við tekjur maka en annað, er samkvæmt þessum dómi Hæstaréttar ekki röng. Þetta tel ég vera hina réttu niðurstöðu.

Í þriðja lagi þetta: Ég tel að allur þingheimur, að á því sé engin undantekning, sé kominn til þessara verkefna í þeim tilgangi einum að efna þennan dóm eftir efni hans. Þar vilji enginn hafa nein undanbrögð á.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki stóð á hæstv. forsrh. að koma í hlutverki prófdómarans að þessu sinni og gefa málflutningi annarra en sjálf sín einkunn. Einkunnin var sú að hér hefði verið ómálefnalega rætt um hlutina fyrir utan framsöguræðu hæstv. heilbrrh., „ekki málefnalega“, sagði hæstv. forsrh. Staðreyndin er nú sú, svo ég segi skoðun mína á framsöguræðu hæstv. heilbrrh., að hún var óvenjuléleg. Hún var stutt og það var ekki rökstutt með neinum sannfærandi hætti að nálgun ríkisstjórnarinnar stæðist dóm Hæstaréttar. Í öðru lagi var þar ósmekklega látið að því liggja að Gaukur Jörundsson, fjarstaddur fyrrverandi umboðsmaður Alþingis, væri ábyrgðaraðili að þessari framgöngu sem hér á sér stað.

Starfshópur hæstv. forsrh. getur að sjálfsögðu ekki vænst þess að hlutskipti hans í þessu máli sé hafið yfir gagnrýni. Hann getur reynt að leita réttar síns utan dómstóla og einstaklingar þar ef þeir telja að sér vegið. Mér er ekkert að vanbúnaði að endurtaka ummæli mín um þá herra utan þings.

[14:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andvar gekk aðallega út á að níða niður hæstv. heilbrrh. Fær ekki þingmaðurinn tækifæri til þess öðruvísi en í andsvari við mig? Ég tel — það er skoðun mín — að ræða hæstv. heilbrrh. hafi verið mjög góð. Hún var umfram aðrar ræður hér sem hafa enn verið fluttar — kannski lagast það — málefnaleg ræða, vel rökstudd og málefnaleg ræða. Og kurteis ræða.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Prófdómarinn er hér á fullri ferð, eins og heyra má, að gefa sínar einkunnir. Mér leyfist þá væntanlega að hafa skoðun á ræðum rétt eins og hæstv. forsrh.

Varðandi það sem einnig kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að fjarstæðukennt væri að halda því fram að ekki þyrfti lög til að bregðast við dómnum þá er þar um tvíþætt mál að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að engin lög hafi þurft til að hefja frá og með áramótum greiðslu á óskertri tekjutryggingu til öryrkja í sambúð. Þann þátt málsins mátti augljóslega leysa án nokkurrar lagasetningar með því einu að fullnægja formskilyrðum um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, þ.e. grípa þá til þeirra ákvæða laga um fjárreiður ríkisins sem þarf til þess að bregðast við óvæntum aðstæðum og hefja greiðslur úr ríkissjóði.

Varðandi hinn þátt málsins, og því hafa menn allan tímann haldið aðgreindu, kann hið vandasama uppgjör á fortíðinni

í þessu máli að kalla á einhverjar lagareglur. Þetta hygg ég að sé nokkuð skýrt og hæstv. forsrh. ætti, ef hann vill tjá sig um þennan þátt málsins, að aðgreina þetta tvennt.

[15:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega ósammála hv. þm. um að Tryggingastofnun hafi verið fært að hefja greiðslur í kjölfar dómsins. Ég er sammála Hæstarétti um það, eins og Hæstiréttur segir sjálfur, þ.e. meiri hlutinn, að einstakir öryrkjar gátu ekki byggt rétt sinn beint á niðurstöðu þessa dóms. Það er sérstaklega tekið fram í dómnum. En stjórnarandstaðan hefur kosið að líta fram hjá því.

Fyrir utan það sem ég var áður búinn að nefna, að lagaheimild þyrfti samkvæmt stjórnarskrárákvæðum, þá þurfti til viðbótar til að mynda að finna út úr þessum ágreiningi sem er milli mín og hv. þm. um það hvort í dómnum fælist að ekki mætti skerða tekjur öryrkja vegna tekna maka. Ég vitna til orða Sigurðar Líndals prófessors þar sem hann tekur fram í viðtali að auðvitað feli dómurinn það ekki í sér að bannað sé að tekjutengja tekjur örorkulífeyrisþega við tekjur maka.

[15:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagðist hafa vonast eftir málefnalegri umræðu. Ég ætla að upplýsa það hér að ég átti ekki von á málefnalegri umræðu frá forsrh. og ég varð heldur ekki fyrir vonbrigðum. Þetta er hans háttur, herra forseti.

Hæstv. heilbrrh. flutti hér ræðu í morgun og sagði að Hæstiréttur hefði dæmt gjörning löggjafans ómerkan og það væri mál ríkisstjórnarinnar allrar. Ég ætla að ráðleggja hæstv. forsrh. að skoða hvað stendur eftir þegar lögin frá 1998 eru fallin brott. Góðan aðgang hefur hæstv. forsrh. að hinum bestu lögfræðingum enda þótt hann hafi fellt palladóma um þá aðila sem stjórnarandstaðan ráðgast við, hvort heldur úr lögfræðistétt eða annars staðar frá.

[15:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki fellt neina palladóma og hef ekki gert það um þá lögfræðinga sem stjórnarandstaðan hefur ráðgast við vegna þess að stjórnarandstaðan hefur ekki nefnt einn einasta lögfræðing sem hún hefur ráðgast við.

[15:03]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að hæstv. forsrh. er sá sem hefur spilað ákveðnum tilteknum lögfræðingi inn í þetta mál og látið það fyrst og fremst snúast um lögfræði. Aldrei höfum við heyrt hann tala um það út frá öðrum sjónarhóli. Við höfum ekki tiltekið hvaða lögfræðinga við höfum rætt við. En hann leyfir sér að tala til okkar eins og við séum börn eða fávitar sem ekkert vitum hvað við erum að segja og það hvarflar náttúrlega ekki að honum að við höfum rætt við aðra. Það er umhugsunarefni, hæstv. forseti, að þá daga sem liðið hafa síðan dómur féll hefur hæstv. forsrh. aldrei rætt inntak dómsins þó að hann hafi fengið tækifæri til þess aleinn og án truflana í þáttum í fjölmiðlum, t.d. sjónvarpi, svo sem hann hefur fengið tækifæri til.

Það er alveg ljóst í þessu máli, herra forseti, að menn hafa verið að klæða afturhaldið í pólitíkinni í lögfræðibúning.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða þætti hv. þm. er að tala um. Ég hef forðast slíka þætti meðan málið er í undirbúningi. Ég átta mig því ekki á þessu. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði að ég hefði ákveðið að spila lögfræði inn í þetta mál. Ég hlýt að hafa misst af einhverju óskaplega miklu. Erum við ekki að fjalla um dóm Hæstaréttar? (Gripið fram í.) Erum við ekki að fjalla um dóm Hæstaréttar? Þá hlýtur það að snúast að einhverju leyti, vonandi, hv. þm., um lögfræði.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. felldi hér palladóma um málflutning stjórnarandstöðunnar og gerði það með sínum hætti. En ég hjó eftir því að hann nefndi frv. ekki einu orði í ræðu sinni. Það var öll málefnalega umræðan um frv. Hann nefndi það ekki einu orði.

Því vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., vegna þess að hann orðaði það svo að alger nauðsyn væri að setja lög, að ef dómur Hæstaréttar fjallar ekki um annað en það að ákveðið ákvæði í reglugerð falli brott og að ákvæði í 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga falli brott, þá þýðir það í sjálfu sér ekkert annað en að greiða ætti 51 þús. kr. út. Það er réttarstaðan sem er uppi.

Frv. fjallar um að borga ekki 51 þús. heldur 43 þús. Stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart ákveðnum hóp gengur ekki upp nema fram komi lög. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Ríkisstjórnin neitar að borga 51 þús., heldur leggur fram frv. um að greiða 43 þús.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. mælti fyrir frv. með ágætum eins og ég sagði áðan. Það kom því ekki í minn hlut. Ég hef hins vegar farið yfir þá málefnaþætti sem að baki frv. búa og það er út af fyrir sig auðvitað sjálfsagt og eðlilegt.

Hin lögfræðilega niðurstaða hv. þm. er að mínu mati röng. Ég hef marglýst því yfir úr þessum ræðustól núna síðustu mínúturnar vegna þess að hv. þm. gefur sér það með orðum sínum að Hæstiréttur hafi sagt að óheimilt sé að tengja bætur örorkulífeyrisþega við tekjur maka. Það er röng ályktun. (Gripið fram í.) Það er röng ályktun af hálfu hv. þm. Þess vegna var sú ályktun sem hv. þm. dró röng. Því var óhjákvæmilegt að standa við ákvæði stjórnarskrárinnar sem segir að bótum af þessu tagi verði eingöngu skipað með lögum.

[15:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að þessi tvö ákvæði hafi verið felld brott þá er ekki þar með sagt að landið sé löglaust og engin lög í gildi. Þau lög sem eftir stóðu gerðu ráð fyrir því réttarástandi að það ætti að borga 51 þús. Því hafnar ríkisstjórnin og vill fá að borga 43 þús. Hins vegar er það ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að ég hafi dregið þá ályktun að tekjutenging væri óheimil og að ég hafi haldið þeirri ályktun hér fram. Ég vil bara segja að það þessum ákvæðum brottföllnum stendur það eftir að borga á 51 þús. Það telur ríkisstjórnin ekki ásættanlegt. Hún kemur þess vegna fram með þetta frv. sem gerir ráð fyrir að tryggja einstaklingum 43 þús. Um það snýst þetta mál. Þetta er kjarni málsins.

Því til viðbótar, og ég get komið að því í ræðu síðar, á að skerða þær bætur afturvirkt með því frv. sem hér er lagt

fram. En ekki er hægt að fjalla um það hér í stuttu andsvari.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var stórmerkileg yfirlýsing sem þarna kom fram og ánægjuleg af hálfu eins af fáum lögfræðingum í liði Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar. Hv. þm. lýsti því yfir að hann væri andvígur því sem formaður Samfylkingarinnar lýsti yfir úr þessum ræðustól nú nýlega, að með dómi Hæstaréttar séu allar tengingar við tekjur maka ólögmætar. (**Gripið fram í:** Tekjutrygging.) Það var mjög þýðingarmikið. Mér finnst það ánægjulegt. (**Gripið fram í:** Tekjutrygging.) Mér fannst það þýðingarmikið og ánægjulegt að hv. þm. skyldi gefa þessa yfirlýsingu. (Gripið fram í.)

[15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði orðrétt í fjölmiðli nýverið, með leyfi forseta, að stjórnmálamennirnir hefðu ekki tekið þessa pólitísku ákvörðun heldur hefði meiri hluti Hæstaréttar tekið þessa pólitísku ákvörðun.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er það málefnaleg afstaða af hálfu ráðherrans til dómsniðurstöðu æðsta dómstóls þjóðarinnar og í samræmi við þrískiptingu valds að viðhafa svona aðdróttanir, að Hæstiréttur hafi tekið pólitíska ákvörðun með dómsorði sínu? Það er auðvitað krafan að hæstv. forsrh. rökstyðji þessi orð sín á löggjafarþingi þjóðarinnar vegna þess að hvergi í lýðræðisríki, er ég sannfærð um, hefði forsætisráðherra viðhaft slíkar aðdróttanir í garð æðsta dómstóls þjóðarinnar.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm., það var gott að fá þessa spurningu vegna þess að rökin fyrir því sjónarmiði sem ég er að lýsa koma mjög glöggt og vel fram í áliti tveggja dómara Hæstaréttar, forseta réttarins og annars dómara til, sem segja efnislega — ég er ekki með dóminn fyrir framan mig — og reyndar vitnaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson í það áðan, en sem segja efnislega að þetta er löggjafarmálefni en ekki dómsmálefni. Með öðrum orðum, pólitískt málefni. Um þetta er lögfræðilegur ágreiningur. Ég er sömu skoðunar og þessir tveir dómarar Hæstaréttar, að þarna hafi verið um löggjafarmálefni að ræða og þar með pólitískt málefni en ekki um júridískt málefni að ræða. (Gripið fram í.)

[15:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. staðfestir sem sagt hér á löggjafarsamkomu þjóðarinnar ...

(**Forseti** (ÍGP): Má forseti biðja hv. þingmenn að hafa hljóð í salnum.)

að Hæstiréttur hafi tekið pólitíska ákvörðun og verið með pólitíska íhlutun með dómsniðurstöðum sínum. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt og hefði hvar sem er í lýðræðisríki leitt til afsagnar forsætisráðherra.

Ég vil líka spyrja forsrh. hvort hann sé sammála því sem fram kom hjá Eiríki Tómassyni lagaprófessor opinberlega, að hann er þeirrar skoðunar að dómstólar séu ekki að skipta sér af pólitík en það bjóði þeirri hættu heim að farið verði að skipa dómara í pólitískum tilgangi. Ég vil spyrja hann hvort hann sé líka sammála því sem Eríkur Tómasson segir, að hann telur að þetta sé viðurkenning á því að tekjutenging maka sé ólögmæt, þ.e. þessi dómsniðurstaða, og að niðurstaðan sé bindandi fyrir ríkið.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að fjalla um alla þá löngu umræðu sem varð um orð Eiríks Tómassonar prófessors. Reyndar hefur verið snúið út úr orðum hans eins og var gert fyrr í dag af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni vegna þess að þar voru hlutir teknir úr samhengi. Ég vísa til þess varðandi spurningu um hvort það ætti að greiða út bætur strax. Þá segir prófessorinn orðrétt: „Þessi leið er að sumu leyti varhugaverð.“ Þessu var alltaf sleppt þegar tilvitnað var í ræðu Eiríks Tómassonar prófessors.

Ég er þeirrar skoðunar að dómurinn, eins og hann verður skilinn, sé bindandi fyrir alla, ríkisstjórn sem aðra. En það verður að lúta þeim skilningi sem menn hafa á dóminum. Hann er bindandi fyrir hvern aðila eins og hann verður skilinn. Það verður þá borið upp aftur ef menn vilja ekki una því við dómstóla landsins.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fundið var að því rétt fyrir hádegi að ég hefði ekki verið viðstaddur í þingsalnum milli kl. tólf og eitt. Það er rétt og ég biðst velvirðingar á því. En vegna þess að fundið var að því þá vil ég útskýra það.

Í síðustu viku var ég beðinn fyrir það af fulltrúum sjö sveitarfélaga á Norðausturlandi að boða til fundar með þingmönnum Austurl. og Norðurl. e. Ég hafði samband við hæstv. forseta, Halldór Blöndal, og við komum okkur saman um að best mundi vera að gera það milli kl. tólf og eitt þennan dag vegna þess að líklegt væri að umræður um þetta mál yrðu fyrst og fremst á mánudag og þriðjudag. Það var ekki hægt að breyta þessum fundartíma, því miður, því að viðkomandi aðilar voru komnir til borgarinnar. Ég hélt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði vitað um þetta og af því að verið er að tala um virðingu Alþingis þá þykir mér leitt að hann skuli nota þetta tækifæri til þess að finna að fjarveru minni. Því miður gat hann ekki verið viðstaddur þennan fund. En mér fannst ekki drengilegt af honum að nota þetta sérstaka tækifæri til þess að finna að því að ég væri fjarstaddur héðan úr þingsalnum eins og oft kemur fyrir þegar þingmenn þurfa að sinna öðrum skyldustörfum.

En það er ekki tilefni þess að ég er kominn hér í ræðustól heldur það mál sem hér er til umræðu.

Hér hefur margt verið sagt. Það sem hefur vakið mesta undrun mína er þegar sagt að þetta mál sé afskaplega einfalt, það sé auðskilið og þegar það er sagt að afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á málinu og það frv. sem hér er lagt fram, kalli á áframhaldandi brot á stjórnarskrá landsins.

Nú liggur fyrir að dómur Hæstaréttar gekk út á það að lög stæðust ekki ákvæði stjórnarskrár og það bera margir ábyrgð á því að hafa sett þau lög og ég hef ekki trú á því að nokkur hafi gert það í vondri trú, hvorki þeir alþýðuflokksmenn á sínum tíma, né þeir þingmenn sem stóðu að lögunum sem sett voru 1998. En ég segi þetta vegna þess að ég er undrandi á því að hv. þm. þyki málið svona einfalt. Ég hef verið lengur á Alþingi en flestir aðrir og ég man ekki eftir því að ég hafi lent í flóknara og víðfeðmara máli en þessu. Nú má vel vera að ég skilji hlutina verr en margur annar eða hafi aðra sýn til þessara mála en þeir sem hafa lesið þennan dóm og farið yfir hann. Það má vel vera.

Síðan er því haldið fram að að settum þessum lögum verði stjórnarskráin áfram brotin og talað eins og menn hafi sérstakan áhuga á því að brjóta stjórnarskrána, talað eins og þeir sem hafa svarið þess eið að standa og vinna á grundvelli stjórnarskrárinnar hafi sérstakan áhuga á því að vanvirða hana. Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Mér hefur aldrei dottið í hug að þeir sem stóðu að lögunum 1993 hafi ætlað sér að brjóta stjórnarskrá. Mér hefur aldrei dottið í hug að þeir sem hafa verið að standa að lögum í landinu og jafna kjör borgaranna hafi ætlað sér að brjóta stjórnarskrá. En þessir hv. þm. halda því fram að við ætlum okkur vísvitandi að halda áfram að brjóta stjórnarskrána.

Þá er rétt að líta málefnalega á þetta. Fullyrt er að það megi lesa það skýrt út úr dómi Hæstaréttar að það beri að borga hverjum einstaklingi a.m.k. 51 þús. kr., ekkert minna, hvernig sem á stendur. (Gripið fram í.) Og allt (Gripið fram í.) allt annað sé stjórnarskrárbrot. Hv. þm. fær ræðutíma hér síðar og ég skal hlusta með athygli. Allt annað sé stjórnarskrárbrot.

En hvað segir Hæstiréttur? Hann segir okkur að ekki megi skerða þessi réttindi með þessum hætti.

Hann segir að ákveðin lágmarksréttindi verði að tryggja.

Hann segir að málefnaleg rök standi til þess að taka tillit til hjúskapar og tekna maka.

Hv. stjórnarandstæðingar segja: Ekki taka neitt mark á þessu. Það að sagt sé að ekki megi skerða með þessum hætti þýði að ekki megi skerða. Að það verði að vera ákveðin lágmarksréttindi þýðir að ekki megi skerða hámarkið. Það að málefnaleg rök standi til þess að rétt sé að taka tillit til tekna maka þýði að ekki megi taka tillit til tekna maka.

Herra forseti. Ég er ekki lögfræðingur, ég er bara endurskoðandi. En ég þykist vita eitthvað um það hvernig eigi að skilja íslenskt mál. Á því máli sem ég hef lært þýðir þetta að það megi skerða, hins vegar verði að tryggja ákveðin lágmarksréttindi og þau lágmarksréttindi sem þetta fólk hefur búið við séu of lág. Út á það gengur dómurinn.

Þá er viðfangsefnið: Hvar á að ákveða þetta bil milli 18 þús. kr. og 51 þús. kr.? Stjórnarandstaðan segir það beri að miða við 51 þús. Aðrir segja: Nei, það er ekki rétt, dómurinn þýðir annað. Niðurstaðan var sú að þetta lágmark væri 43 þús.

Ég vek athygli á því að við erum að bregðast við þessum dómi. Nú ætla ég ekkert að deila við stjórnarandstöðuna um það hvaða lágmarkslífeyri er rétt að tryggja öryrkjum. Þessi dómur fjallar ekkert um það. Vonandi verður hægt að hækka hann verulega síðar. En þá segir stjórnarandstaðan: Ef þessi lági lífeyrir verður hækkaður einhvern tímann síðar þá ber að hækka hann jafnt hjá öllum og það megi ekki taka tillit til tekna makans. Þetta er hin nýja jafnaðarmennska sem á að gilda á Íslandi og væntanlega einnig á Norðurlöndunum.

Því er lýst yfir í ræðustól að þeir sem hugsa öðruvísi séu fornaldarfyrirbæri og hafi ekki áttað sig á breytingum í heiminum og hafi ekki áttað sig á breytingum á mannréttindum.

Nú er það svo að alls staðar á Norðurlöndunum er tekið tillit til tekna maka. Alls staðar á Norðurlöndunum. (**ÁRJ:** Það er rangt.) Alls staðar á Norðurlöndunum er tekið tillit til tekna maka, það er víst rétt. (**ÁRJ:** Ekki á tekjutryggingu.) Og hv. þm. ætti að nýta fyrst og fremst ræðutíma sinn, ég fer þess á leit við hæstv. forseta að ég fái að nota ræðutíma minn en hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir geti talað síðar ef hún þolir það. (**SJS:** Forsetinn má nota ræðutíma manna.) Hef ég orðið, herra forseti?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þm. á að það er einn ræðumaður sem talar í einu og ég minni hv. 15. þm. Reykv. á að þingmaðurinn er næstur á mælendaskrá.)

Nú tel ég að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi haft jafnlangan ræðutíma af mér og hæstv. forseti hafði af honum, þá ætti það að vera jafnt.

En þetta mál fjallar einmitt um þetta. Það fjallar um velferðarkerfið. Það fjallar um jöfnuð í þjóðfélaginu. Hv. stjórnarandstæðingar segja: Við skulum gera eins og Hæstiréttur segir án þess að Hæstiréttur segi það sem þeir eru að segja. Hv. stjórnarandstæðingar vilja ekki hafa svigrúm til þess að ákveða hlutina með lögum. Þeir vilja fara eftir þessu og túlka dóminn með þessum endemum þannig að valdið sé tekið af þeim þó að það sé alveg ljóst að það mundi hafa veruleg áhrif inn í aðra löggjöf.

Hvað ætla hv. þm. að gera þegar við förum að fjalla um almannatryggingalögin að því er varðar ellilífeyrisþega eins og sumir hafa haldið fram? Ætla þeir að halda því fram að við megum skerða þar? Eða ætla þeir að halda því fram að Hæstiréttur hafi ákveðið það fyrir þá að við mættum ekki skerða?

Hvað ætla hv. stjórnarandstæðingar að segja þegar við förum að fjalla um barnabætur og vaxtabætur, að því beri að skipta upp á milli hjóna og ekkert megi taka tillit til tekna maka?

Hvað ætla hv. stjórnarandstæðingar að gera að því er varðar skattalöggjöfina almennt? (Gripið fram í.)

Hv. þm. Ég hef lesið þennan dóm mjög oft og ég efast ekki um að hv. þm. hafi lesið dóminn. En það sem ég er að segja er þetta, vegna þess að ég veit að hv. þm. er lögfræðingur, að ef við túlkum dóminn með þeim hætti sem hv. þm. vill gera er náttúrlega alveg ljóst að við erum að segja að Hæstiréttur hafi sagt að það sé brot á stjórnarskrá í þessu tilviki að miða við tekjur maka. Það er það sem verið er að segja. Því skyldi það þá ekki gilda í öðrum tilvikum? Því skyldi vera lögjafnað inn í önnur tilvik?

Ég heyri að hinir nýju jafnaðarmenn á Íslandi, undir nafninu Samfylking og vinstri grænir, sem vilja bera hag þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu fyrir brjósti, hafa gjörbreytt um stefnu. Nú er á einstaklingurinn að vera í fyrirrúmi, lágmarksréttindi einstaklingsins. Það á að takmarka vald löggjafans til að taka tillit til aðstæðna, taka tillit til tekna maka o.s.frv. Þetta er hin nýja jafnaðarmennska. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon segir að hugsun þeirra sem standa að þessu frv. sé aftur í fornöld. Hann vísar ekki til jafnaðarmannsins Karls Marx eða Stalíns eða Leníns, heldur fer aftur í aldir og segir að þetta séu fornaldarmenn. (Gripið fram í.)

Nú er það þannig, a.m.k. það ég tel, að allar þjóðir vilja hafa sambærilegt velferðarkerfi og jöfnunarkerfi og er á Norðurlöndunum. Ég hef hvergi komið í heiminum, og hef þó komið nokkuð víða, þar sem menn eru ekki að dást að því kerfi jafnaðar og réttlætis og bræðralags sem hefur verið byggt upp á Norðurlöndunum. Jafnaðarmenn á Norðurlöndum hafa viljað þakka sér það í allt of ríkum mæli, því þar hafa margir aðrir komið að, en nú segja jafnaðarmenn á Íslandi „hingað og ekki lengra". Það ber að túlka dóminn þannig að ekki megi skerða vegna þess að makinn hafi tekjur, alveg sama hvað þær eru háar. Hvort þær eru 200 þús., hvort þær eru 300 þús. og hvort þær eru 400 þús.

Þetta finnst mér vera kjarninn í umræðunni. Þess vegna finnst mér málið flókið þó öðrum finnist það einfalt. Ég lít þannig á að ef þetta mál yrði afgreitt með þeim hætti sem

stjórnarandstaðan vill afgreiða það þá muni það hafa áhrif á aðra löggjöf. Það muni hafa áhrif inn í aðra réttindabaráttu hér á landi.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera á valdi löggjafarvaldsins að geta miðað jöfnuðinn í þjóðfélaginu við tekjur einstaklingsins, við tekjur makans, við eignir makans og ýmsar aðrar aðstæður. Og Alþingi eigi aldrei að afsala sér því valdi.

Auðvitað á Alþingi að fara að dómi Hæstaréttar en Alþingi á ekki að gera meira í þessu tilviki en að fara að dómi Hæstaréttar. Hins vegar ef Alþingi vill seinna meir taka þá pólitísku ákvörðun að það beri hvorki í þessu tilviki né öðrum tilvikum að miða við tekjur maka eða heimilis að öðru leyti þá getur Alþingi að sjálfsögðu tekið þá pólitísku ákvörðun. (**Gripið fram í:** Vilja þeir það?) Ja, vilja þeir það? Ég spyr.

Ég tel að það sé nú betra fyrir Alþingi að fara vel yfir það og fara yfir það flókna mál. Það er alveg rétt að í hæstaréttardómnum segir að öðru máli gegni um ellilífeyrisþega og ýmsa aðra þjóðfélagshópa. Það er alveg rétt. En Hæstiréttur segir heldur ekki að það sé bannað að skerða vegna tekna maka í sambandi við örorkulífeyri. Hann segir það ekki. En ef við, löggjafarvaldið, ætlum að skilja málið þannig, ætla menn þá að segja eftir á að það beri að hafa einhvern allt annan skilning að því er varðar aðra þætti jafnvel þó að Hæstiréttur hafi ekki sagt okkur það? Ég tel að það eigi að vera pólitísk ákvörðun en ekki ákvörðun sem byggir á þessum dómi. Ég tel mig hafa lesið þennan dóm alveg nægilega oft — það er nú kannski orðið svona fimm eða átta sinnum, ég veit það ekki — til þess að vera orðinn nokkurn veginn klár á þessu. Ég skal alveg játa að það hefur sjaldan tekið mig lengri tíma að skilja mál en þetta mál sem hér er til umfjöllunar.

Hér hefur verið sagt að ég hafi haldið því fram að ekki hafi komið fram réttar upplýsingar í þessu máli. Það er alveg rétt að ég sagði það og ég stend við það. Það vill nú svo til að strax eftir að dómurinn var kveðinn upp voru margir sem voru ekki í neinum vandræðum með að túlka hann og töldu að það væri alveg einfalt að verða við þessum dómi, það væri nú ekkert annað en að bara byrja að borga og þá væri málið leyst og það þyrfti ekkert annað að koma til, það þyrfti ekki að breyta lögum, það þyrfti bara að opna pyngjuna og þar væri nóg af peningum og þeir peningar sem þaðan væru greiddir kæmu ekkert niður á öðrum málum. Þá færu menn bara í þau mál seinna og þá yrðu til nógir peningar í þau líka.

Þannig var talað jafnvel þó að í stjórnarskránni segi að þessi réttindi verði ekki veitt nema á grundvelli laga. Voru ekki allir hv. þingmenn sammála um það eftir að svokallaður Valdimarsdómur var kveðinn upp að kalla þyrfti saman Alþingi og setja lög? Ég man ekki betur. Eða töldu menn það vera bara einfalt og nú gætu allir farið að róa eins og hver vildi og fiska eins og hver vildi og þess vegna þyrfti bara vilja en ekki lög, eins og hér hefur verið orðað? Það er gott að hafa vilja. En æðioft þarf að festa þann vilja í lög. (**Gripið fram í:** Vilji er allt sem þarf.) Vilji er allt sem þarf. Það er alveg rétt. En það er nú stundum að þessi vilji gengur í mismunandi áttir og það þarf að hafa ákveðnar reglur í samfélaginu og þessar reglur þarf að festa í lögum. Það er það sem þurfti í þessu máli eins og í hinu málinu. Ég hef ekki séð því haldið fram með rökum að okkur hefði verið heimilt að greiða út bætur nema á grundvelli laga.

Ég las fyrir stuttu viðtal við ágætan lagaprófessor. Mig minnir að hann heiti Skúli Magnússon. Hann sagði það mjög skýrt að framkvæmdarvaldið hefði ekki heimild til þess að greiða út þessar bætur nema á grundvelli laga. Það var alveg skýrt og veit ég ekki til þess að þessi ágæti lagaprófessor hafi verið ráðinn af einum eða neinum til þess að segja það og sé algjörlega hlutlaus í þessu máli. Það hefur því legið fyrir alveg frá upphafi að þetta bæri að gera.

Allur almenningur fékk það á tilfinninguna að það væri bara mannvonska í ríkisstjórninni að borga þetta ekki, bara mannvonska. Og að það væri náttúrlega mannvonska í ríkisstjórninni að halda því fram að það þyrfti að kalla Alþingi saman og setja einhver lög um þetta. Þetta var umræðan.

Hver var svo hin áframhaldandi umræða? Hún var sú, með réttu eða röngu, hver svo sem fyrir því stóð, þótt stjórnarandstaðan vilji nú ekki kannast við það, að öryrkjar í landinu töldu almennt að þeir ættu von á leiðréttingu vegna þessa dóms.

Síðan kemur í ljós að þeir sem eiga von á leiðréttingu fram í tímann eru 700, ekki 8.700, heldur 700. Það var ekki sú tilfinning sem þjóðin fékk í þessari umræðu. Og þó að það sé tekið fram hér í þessari umræðu að þeir sem koma til með að fá bætur séu þeir sem hafa hærri tekjur þá hefur engum dottið í hug að gera einhver ósköp úr þeim tekjum. Ég hef orðið var við það hjá fólki sem hefur verið reitt út af þessum dómi að það stendur í þeirri trú að flestir ef ekki allir öryrkjar fái leiðréttingu sinna mála með þessum dómi.

Nú má vel vera að aðrir hv. þingmenn hafi orðið varir við annað í þessu sambandi. En ég tel að mjög mikill meiri hluti þjóðarinnar hafi talið að svo sé. Það er ekki rétt að fjalla um mál með þeim hætti og gefa slíkar væntingar. Hér er ekki verið að takast á um það hvað er réttlátt í sambandi við öryrkja um lengri framtíð. Hér er fyrst og fremst verið að takast á um það hvað bar að gera í fortíðinni og hvernig ber að leiðrétta það inn í skemmri framtíð og við fáum svigrúm til þess að taka aðrar pólitískar ákvarðanir í nánustu framtíð. Það hefur enginn haldið því fram í þessari umræðu að öryrkjar séu ofhaldnir af því sem þeir hafa og það dettur náttúrlega engum manni í hug að halda því fram að öryrki sem hefur í grunnlífeyri með tekjutryggingu 51 þús. kr., heimilisuppbót upp á 17 þús. kr. og hugsanlega sérstaka heimilisuppbót upp á rúmar 7 þús. kr. eða samtals 75 þús. kr. sé ofhaldinn.

Ef hann fer í sambúð (Gripið fram í.) þá fær hann 51 þús. kr. (Gripið fram í.) í grunninn. Það er hins vegar heimilt að skerða þessar 51 þús. kr. niður í 43 þús. kr. vegna tekna makans. Er þetta ekki alveg ljóst? (**Gripið fram í:** Það á að vera það.) Við erum að tala um frv. eins og það er eftir því sem ég best veit. En það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar halda hér fram er að það megi aldrei skerða þessar 51 þús. kr. vegna tekna makans alveg án tillits til þess hverjar þessar tekjur séu, þó þær séu milljón á mánuði eða 500 þús. á mánuði eða 200 þús. á mánuði.

Nú er það ljóst að þær skerðast eitthvað vegna tekna maka sem hefur yfir 200 þúsund á mánuði. Og það eru tvær leiðir í að draga úr þeirri tekjutengingu. Önnur er sú að hækka frítekjumarkið sem er núna 1.611 þús. á ári. Það hefði verið hægt að hækka það. Ef maki öryrkja hefur 1.611 þús. á ári getur öryrkinn, bótþeginn, haldið sínum 612 þús. kr. sem yrðu samtals 2 millj. 223 þús. og það er yfir þessum mörkum sem bæturnar byrja að skerðast. Það er ekki undir þessum mörkum. Þess vegna er alveg ljóst að samkvæmt þessum dómi eru þeir sem eru með minni tekjur, sem er meiri hluti þessara bótaþega, ekki að fá neina leiðréttingu sinna mála,

það eru eingöngu þeir sem eru yfir þessum tekjum. Með því er ekki verið að segja að þessar tekjur séu háar.

En hv. stjórnarandstæðingar, hvernig halda hv. þingmenn að bótaþeganum sem á maka sem hefur haft lægri tekjur árum saman verði við þegar hann fær enga leiðréttingu en hins vegar að fólkið í næsta húsi eða næstu götu sem hefur það mun betra fær kannski eitthvað á aðra milljón? Halda hv. þingmenn að því fólki sem ekkert fær finnist þetta eitthvert sérstakt réttlæti, að það verði sérstaklega ánægt með það? Nei, það verður ekkert sérstaklega ánægt. En það er náttúrlega þetta fólk sem þarf mest á leiðréttingu að halda.

Ég var að segja að það mætti hækka þessi frítekjumörk og hefur verið vilji Alþingis á undanförnum árum, að hækka þessi frítekjumörk smátt og smátt vegna þess að það kemur þeim sem hafa lægri tekjurnar betur. Nú hefur Hæstiréttur sagt, og við förum að sjálfsögðu að því: „Þetta er ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá og Alþingi ber, áður en frítekjumark er hækkað frekar, að tryggja ákveðin lágmarksréttindi." Og samkvæmt frv. eru þessi lágmarksréttindi ákveðin 43 þús. Um það má vissulega deila. En bilið á milli 18 þús. og 51 þús. kr. er 33 þús. og við erum að taka ríflega þrjá fjórðu af því bili. Ég held því að það megi alveg vera ljóst að við erum algjörlega að fullnægja dómi Hæstaréttar. Og það er út í hött að halda því fram að hér sé stefnt að því að brjóta áfram stjórnarskrána.

Hitt er svo annað mál að réttindamálum öryrkja er að sjálfsögðu ekki lokið með þessum dómi. Þar halda menn áfram að ræða mál og þar á hið pólitíska vald að taka á málum, ekki nema menn séu að fara út á þá braut eða vilji fara út á þá braut að dómstólar fjalli fyrst og fremst um þessi mál. Ég held að engum detti það í hug. En við megum hins vegar ekki ganga svo langt í að oftúlka niðurstöðu ágætra hæstaréttardómara að við séum um leið að skerða möguleika löggjafarvaldsins til tekjujöfnunar og jöfnunar í landinu. Það kemur mér alveg gjörsamlega í opna skjöldu að þeir flokkar sem berjast fyrst og fremst fyrir því skuli skipa sér undir merki jafnaðarmanna. Það er eitthvað sem ég átti aldrei von á í mínu pólitíska starfi. En alltaf er nú eitthvað nýtt að gerast og ég trúi ekki öðru, satt best að segja, en þetta sé einhver grundvallarmisskilningur hjá stjórnarandstöðunni í þessu máli. (Gripið fram í.) Ja, það er það á sumum bæjum. Það hefur komið fyrir mig, hv. þm., að ég hef misskilið hluti og misskilið ýmislegt en ég hef talið mig betri mann ef ég hef getað fengið það leiðrétt. Ef hv. þm. hefur misskilið þetta allt saman þá held ég að mikilvægt sé fyrir hann eins og aðra að viðurkenna það. En ég sé að hann er ekki í neinum stellingum til þess að viðurkenna það vegna þess að stjórnarandstaðan gerir þau grundvallarmistök í þessu máli að það er ákveðin alda í þjóðfélaginu, það er ákveðin bylgja í þjóðfélaginu, (**Gripið fram í:** Eðlilega.) og þá stekkur stjórnarandstaðan um borð án þess að hugsa svo mikið um það út í hvað er verið að fara. Það er afskaplega gaman. Það eru margir að tala illa um ríkisstjórnina. Margir tala um að í ríkisstjórn séu menn sem vilji bara brjóta stjórnarskrá og troða á réttindum fólksins í landinu. Stjórnarandstaðan verður svo ánægð með þessar raddir og hrifin af þessum röddum að hún stekkur umsvifalaust um borð. (**SJS:** Er það þjóðin sem er svona vitlaus?) (**Gripið fram í:** Já, þetta er misskilningur.)

Ég er ekki, hv. þm., að halda því fram að sú þjóð sem ég er hluti af sé vitlaus. (**SJS:** Af hverju er andrúmsloftið eins og það er?) Andrúmsloftið er eins og það er vegna þess að málið hafði ekki verið upplýst. Það höfðu ekki komist á framfæri réttar upplýsingar og ég hef margrekið mig á það í síðustu viku. Ég hef verið á fundum í síðustu viku á átta stöðum á landinu þannig að ég tel mig alveg vera dómbæran á það hvernig þessar upplýsingar höfðu komið fram. Og ég er sannfærður um að miklar ranghugmyndir voru í gangi um þetta mál. Nú má vel vera að stjórnarandstaðan hafi ekki haft neinar ranghugmyndir um þetta mál. En mjög margir af þeim sem ég talaði við höfðu slíkar ranghugmyndir og töldu að hér ætti að fara að leiðrétta kjör nánast allra örorkulífeyrisþega.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Hér hafa verið viðhöfð vönduð vinnubrögð. Málið hefur verið undirbúið mjög vel. Ég gerði mér grein fyrir því á fyrstu dögum þess að afskaplega vandasamt væri að fjalla um það. Það hefði sjálfsagt verið langléttast að líta þannig á dóm Hæstaréttar að okkur bæri að hafa þessi lágmarksréttindi 51 þús. kr. en ekki 43 þús. kr., langléttast pólitískt og allra hluta vegna. (**Gripið fram í:** Og réttlátast.) Ég tel það ekki hafa verið réttlátast. Ég tel að réttlátast sé, hv. þm., að reyna að bæta meira hag þeirra sem minnst hafa. (**Gripið fram í:** Það er hægt að gera það líka.) Það er hægt að gera það líka, segir hv. þm. Ég tek svo oft eftir þessari afstöðu hjá stjórnarandstöðunni, sem telur að hægt sé að ljúka þessu máli fyrst, nota einhver hundruð milljónir í það, og síðan nota nokkur hundruð milljónir eða milljarða í næsta mál.

Þetta er náttúrlega óframbærileg afstaða. Jöfnuður í þjóðfélaginu hefur alltaf gengið út á það að forgangsraða, forgangsraða verkefnum og nota fjármagn í það þar sem þörfin er brýnust og koma þessu fjármagni fyrst og fremst til þeirra sem við vitum að þurfi á því að halda. En stjórnarandstaðan á Alþingi heldur því fram að þetta sé ekkert lengur svona, það skipti engu máli og þess vegna ættum við fyrst að geta hækkað persónuafslátt um einhver ósköp og þegar við erum búin að því þá tökum við fyrir næsta verkefni sem er að lækka tekjuskattinn. En ég kannast ekki við þau vinnubrögð á Alþingi öðruvísi en svo að við stöndum alltaf frammi fyrir því hvar það er sem við viljum forgangsraða. Viljum við t.d. hækka frítekjumark hjóna, viljum við það frekar en að hækka lágmarksréttindin? Hv. þm. sem grípur hér stöðugt fram í segir: Það á bara að gera hvort tveggja, þá verða allir ánægðir. Og það eru nógir peningar í að gera hvort tveggja.

Ég er að vísu búinn að hlusta á þennan hv. þm. hér á Alþingi í allmörg ár og hv. þm. hefur ávallt verið með þann málflutning að nægir peningar væru í alla hluti og það væri bara mannvonska að setja ekki meiri peninga í hitt og þetta. En þetta er veruleiki sem ég kannast ekki við og ég er helst á því að þegar hv. þm. kemst einhvern tímann, vonandi, í þá aðstöðu að styðja ríkisstjórn þá komist hún að annarri niðurstöðu, að þá kunni það að vera heldur erfiðara að gera þetta upp við sig en hv. þm. er að segja hér í frammíköllum.

Herra forseti. Ég ætlaði að fara að ljúka máli mínu en ég kemst illa í það vegna stöðugra frammíkalla. Ég tel að hér hafi verið viðhöfð vönduð vinnubrögð og ég tel afskaplega nauðsynlegt að Alþingi fari mjög vandlega yfir þetta mál og kalli til lögfræðinga og ýmsa aðra til að komast að raun um hvort það geti virkilega verið að ríkisstjórnin sé með það ætlunarverk að halda áfram að brjóta stjórnarskrána. Ef það yrði niðurstaðan þá held ég að ljóst sé að ekki bara einn ráðherra þyrfti að segja af sér, ég held að þá þyrftu ansi margir ráðherrar að segja af sér og trúlega öll ríkisstjórnin, ef ríkisstjórnin verður uppvís að því að hún ætli sér vísvitandi að halda áfram að brjóta stjórnarskrá og vísvitandi ætli

ríkisstjórnin sér ekki að uppfylla dóm Hæstaréttar. Auðvitað dettur engum manni þetta í hug.

Ég verð að játa að ég hef ekki séð neinn lögfræðing koma fram á sjónarsviðið fyrir utan hv. þingmenn sem eru lögfræðingar, nema þann sem er lögfræðingur Öryrkjabandalagsins, sem heldur því fram að dómur Hæstaréttar þýði að ekki megi skerða hámarksréttindi öryrkja. (**LB:** Hvaða lögfræðingum mundir þú taka mark á?) Ég tek yfirleitt mark á öllum sem rökstyðja mál sitt vel. En, hv. þm., ég hef ekki heyrt þann rökstuðning hjá stjórnarandstöðunni en kannski á það eftir að koma í ljós. Ég ætla þá að fara að ljúka máli mínu vegna þess að mér er ekki stætt hér lengur vegna stöðugra frammíkalla og greinilegt að stjórnarandstöðunni liggur mikið á að tjá sig og útskýra þetta mál fyrir okkur.

Ég vona að hv. þm. fái tækifæri til að fara vandlega yfir málið og kannski komast einhverjir að raun um það eins og ég komst að raun um eftir nokkra yfirlegu að málið er afskaplega flókið. Það er alls ekki einfalt, það er mjög flókið og það varðar á margan hátt allt velferðar- og jöfnunarkerfi þjóðfélagsins sem við höfum verið mjög stolt af og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. sjái alvöruna í því máli. Og ég trúi því ekki að þingmenn vilji í fljótræði taka valdið af Alþingi til frambúðar í sambandi við jöfnuð þjóðfélagsþegnanna í framtíðinni.

[15:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segist ekki vera lögfræðingur. Hann segist hins vegar vera læs. Það erum við einnig hér í ... (**Utanrrh.:** Ég sagðist vera endurskoðandi.) ... og sagðist vera læs endurskoðandi meira að segja. Staðreyndin er sú að dómsorð í dómi Hæstaréttar er mjög skýrt og mjög afdráttarlaust. Það segir að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka. Þessi tekjutrygging er núna 32.566 kr. að hámarki. Hún verður færð niður í 25 þús. kr. og sparast þannig 7.566 kr. að hámarki.

Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hvers vegna er þetta gert? Við teljum þetta vera stjórnarskrárbrot og farið sé á svig við dóm Hæstaréttar, ríkisstjórnin telur svo ekki vera. Ef það væri rétt, hvers vegna er þetta gert? Er þetta til þess að spara ríkissjóði tekjur sem varla getur verið, því að það mundu sparast 3,2 millj. kr. á mánuði, eða er þetta til þess að sýna Öryrkjabandalaginu í tvo heimana? Er þetta bara til að hlýða forsrh.?

[15:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er afskaplega einfalt. Þetta er gert til að fullnægja dómi Hæstaréttar. Það liggur alveg ljóst fyrir að í dómi Hæstaréttar er ekki bannað að taka mið af tekjum maka.

Ef Alþingi vill ákveða seinna að ekki eigi að gera það þá ber Alþingi að taka um það pólitíska ákvörðun síðar meir, en hæstaréttardómurinn segir það ekki. Ég er einfaldlega andvígur því að við oftúlkum þennan hæstaréttardóm vegna þess að ég tel að við séum þá að skerða möguleika löggjafarvaldsins til að miða við tekjur maka og leggja fjölskylduna til grundvallar í fjölmörgum málum í framtíðinni. Ég tel þetta þess vegna vera eitt stærsta prinsippmál sem komið hefur fyrir Alþingi þó að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri mjög lítið úr því.

[15:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sakna þess að utanrrh. svari skýrt. Hann segir að verið sé að koma til móts við hæstaréttardóm. Það er nokkuð sem við í stjórnarandstöðunni mótmælum. Það er ekki gert vegna þess að samkvæmt dómnum er bannað að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka eins og segir skýrt í dómsorðinu.

Það er heldur væntanlega varla bannað að greiða þessa tekjutryggingu að fullu, 32.566 kr. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Er þetta til að spara ríkissjóði tekjur, er það til þess? Telur hæstv. utanrrh. þetta vera of háa upphæð sem einstaklingi sem tapað hefur starfsorku sinni er ætluð, rúmar 51 þús. kr., finnst honum þetta vera of há upphæð sem einstaklingnum er ætluð, eða er þetta bara til að fara að vilja hæstv. forsrh.?

[15:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. var að túlka hér dóm Hæstaréttar, þá sagði hv. þm. að það væri óheimilt. Hv. þm. láðist hins vegar að vitna til þeirra laga sem vísað er til.

Það er alveg ljóst að Hæstiréttur segir að ekki megi skerða á þann hátt sem gert er. (**ÖJ:** Er bannað að borga meira?)

(**Forseti** (ÍPG)**:** Má ég minna hv. 13. þm. Reykv. á að hann hefur svarað andsvari.)

Það er ekki bannað að borga meira og þessar bætur eru ekki háar, þær eru lágar en það á að vera ákvörðun Alþingis að ákveða það en ekki Hæstaréttar. Það er aðalatriði málsins. (**ÖJ:** Eða forsrh.?) En vegna þess að ég heyri að hv. þm. er afskaplega óstilltur, hann er bæði óstilltur í ræðustólnum og líka úti í sal og það er ekki hægt að útskýra fyrir hv. þm. hluti ef ég fæ ekki ráðrúm til þess.

[15:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ekki við hæfi að annar oddviti þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, sem sennilega verður kennd við einhven mesta ójöfnuð í samfélaginu, alla vega síðustu árin, skuli bera mönnum það á brýn að vera ekki jafnaðarmenn og vilja ekki jöfnuð í samfélaginu. Mér finnst það ekki viðeigandi.

Hins vegar, virðulegi forseti, er það rétt hjá hæstv. ráðherra að dómurinn fjallar um velferðarkerfið. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra og hann komst að þeirri niðurstöðu að stefna núv. ríkisstjórnar standist ekki stjórnarskrá. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Og við erum að bregðast við því og stefnan birtist núna aftur í því frv. sem hér liggur fyrir og í því felst að lækka á þá tryggingu sem öryrkjar í sambúð hafa úr 51 þús. kr. í 43 þús. kr.

Því spyr ég, virðulegi forseti, í ljósi þess að Hæstiréttur hefur sagt lágmarkið 18 þús. en 51 þús. stendur. Af hverju eru menn að reyna á þolrifin? Af hverju eru menn að láta reyna á þolrifin, hvort 43 þús. standi?

[15:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að lækka þetta lágmark, það er verið að hækka það. (**Gripið fram í:** Nú?) Verið er að hækka það úr 18 þús. kr. í 43 þús. kr. (Gripið fram í.) Það er verið að hækka lágmarkið úr 18 þús. kr. í 43 þús. kr. (**SJS:** Nei.) Er því andmælt? (**Gripið fram í:** Já.) Það má skerða — það er alveg ótrúlegt að hv. þingmenn skuli ekki hafa lesið þetta betur, alveg með ólíkindum. Það er heimilt að skerða í dag niður í 18 þús. kr. (**LB:** Nei, það er

niðurstaða Hæstaréttar.) Það var heimilt að skerða áður en dómur Hæstaréttar kom til niður í 18 þús. kr. Eftir að dómur Hæstaréttar hefur fallið og þessi lög hafa verið sett þá verður aðeins heimilt að skerða niður í 43 þús. kr. Er þá ekki verið að hækka úr 18 þús. í 43 þús. kr., um 25 þús. kr.?

Mér er borið það á brýn að ég sé ekki læs en ég ætla að biðja hv. þm. um að bera mér það ekki á brýn að ég kunni ekki að fara með tölur.

[15:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstiréttur felldi úr gildi þau ákvæði sem heimila skerðingu, úr 51 þús. í 18 þús. Hann felldi skerðingarákvæðin úr gildi þannig að hann skildi það réttarástand eftir að nú eiga þessir aðilar rétt á tryggingu upp á 51 þús. kr. Þetta held ég að flestir skilji, ef ekki allir sem hafa farið yfir þessi mál.

Nú liggur frv. ríkisstjórnarinnar fyrir. Ríkisstjórnin hafnar því að borga 51 þús. kr. og ætlar að heimila skerðingu niður í 43 þúsund. Hæstiréttur sagði: Við getum skipt okkur af því hvar þetta lágmark er. Hann sagði ekki nákvæmlega hvert lágmarkið ætti að vera en hins vegar mátti augljóslega skilja af orðum réttarins að 51 þús. kr. mundu duga.

Ríkisstjórnin vill náttúrlega ekki fá skilaboð frá Hæstarétti heldur segir: Látum reyna á 43 þúsund. Látum á það reyna, sendum þá aftur fyrir dómstólana og látum reyna á hvort við getum ekki lækkað þetta örlítið. Virðulegi forseti, þetta er kjarni málsins.

[16:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil grundvallarágreininginn í þessu máli. Stjórnarandstaðan telur að Hæstiréttur hafi sagt að alls ekki mætti skerða bætur niður fyrir 51 þús. kr. Við teljum að svo sé alls ekki. Frv. gengur út á þetta.

Ég vil á móti spyrja hv. þingmenn: Ég og minn flokkur erum þeirrar skoðunar að ákveðinn grunnur eigi að fylgja hverju barni, um 30 þús. kr. á ári, en ef Hæstiréttur kveði upp slíkan dóm mundu menn þá álíta að Hæstiréttur hefði kveðið upp þann dóm að alls ekki mætti tekjutengja í því tilefni? (**Gripið fram í:** Ef hann rökstyddi það.) Hæstiréttur hefur ekki rökstutt þetta og ekki fellt þennan dóm. Það liggur alveg ljóst fyrir og að því munu hv. þingmenn komast þegar þeir fara betur yfir málið í nefnd.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Allur málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar byggir á því að leggja tiltekinn skilning í tvær setningar í reifun Hæstaréttar, ekki í sjálft dómsorðið. Þess vegna var alvarlegt að hæstv. utanrrh. gerði sig því miður áðan sekan um að vitna rangt í aðra þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn. Getur það því átt við málefnanleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Þarna er ekki minnst einu orði á tengingu við tekjur maka eins og hæstv. utanrrh. sagði því miður. Í því liggur hin ranga tilvitnun og hún er mjög alvarlegs eðlis.

Að öðru leyti, herra forseti, skil ég ekki hvað hæstv. utanrrh. gengur til að oftúlka gildi þess ef fallist yrði á dóm Hæstaréttar með því að greiða óskerta tekjutengingu. Þar með er ekki fallinn dómur gegn tekjujöfnunaraðgerðum almennt í samfélaginu.

[16:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að ég hafi vitnað ranglega í þessa málsgrein í dómi Hæstaréttar. Þegar Hæstiréttur talar um sambúð, er þá ekki alveg ljóst að Hæstiréttur á í því tilviki við tekjur maka? Af hverju skyldi talað um sambúðina eða hjónabandið? Er það ekki vegna þess að Hæstiréttur er að leggja áherslu á að það sé mikið atriði í þjóðfélaginu, að fjölskyldan sé grundvallareining, að hjónabandið skipti miklu máli? Ég les það út úr orðum Hæstaréttar. Auðvitað hlýtur Hæstiréttur að hafa í huga tekjur fjölskyldunnar, tekjur þeirra sem eru í sambúð.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er von að það fjúki í hæstv. utanrrh. Á þessu hálmstrái, þessari hártogun, byggir helmingurinn af öllum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar. Hér er talað um greiðslur til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki og ekki minnst einu orði á tekjutengingu í því sambandi.

Staðreyndin er sú að greiðslur úr opinberum sjóðum, t.d. heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót, tengjast þessu atriði. Hæstiréttur getur nákvæmlega eins, það er eðlilegra að ályktа svo, vísað til að slík skilgreind, málefnaleg og rökstudd aðgreining eigi rétt á sér án þess að það snerti tekjutenginguna. Það er forsenda sem stjórnarliðar gefa sér án þess að hafa fyrir því neina stoð í reifun Hæstaréttar og þaðan af síður í dómsorðinu sjálfu þar sem hvorug forsenda ríkisstjórnarinnar, fyrir því að leggja fram frv. sem byggir ekki á óskertri tekjutryggingu, er til staðar.

[16:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við annað en að þegar talað er um sambúð þá séum við að tala um fjölskylduna sem grunneiningu og að taka eigi tillit til aðstæðna fjölskyldunnar. Þetta er grundvallaratriði í öllu bóta- og skattkerfi, að litið er mismunandi á það hvort fólk býr í hjónabandi eða sambúð eða út af fyrir sig. Þess vegna finnst mér þetta alveg ljóst.

Það fýkur ekki í mig út af því en hins vegar tel ég þetta mál afskaplega mikilvægt. Ég tel að það varði velferðarkerfið og grundvallarskilning á því. Ég tek eftir því að hv. þm. er mér ósammála í því sambandi. Ég veit ekki af hverju verið er að vitna í sambúðina í þessu sambandi ef það er ekki í ljósi þess að hún sé grunneining og taka eigi tillit til aðstæðna fjölskyldunnar, það sé hin eina rétta leið til að jafna í samfélaginu.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fór mikinn í ræðu sinni og ásakaði stjórnarandstöðuna um að hafa skipt um skoðun. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að fyrir liggi hver afstaða Framsfl. er til þessa máls sem hér er verið að deila um, þ.e. að tekjur maka skerði tekjutryggingu öryrkjans.

Hæstv. heilbrrh. sagði fyrir tveimur árum í ræðu á Alþingi að þetta væri áralangt óréttlæti. Hún sagði síðan í blaðaviðtali, 30. sept. 1998, að Framsfl. ætlaði að breyta almannatryggingakerfinu. Hún sagði, með leyfi forseta:

„Stærsta breytingin er að tekjur maka skerði ekki bætur öryrkja."

Er þetta enn þá stefna Framsfl.?

Í öðru lagi, herra forseti, segir hæstv. ráðherra að dómurinn tryggi öryrkjum ákveðin lágmarksréttindi, að þeir hafi

ákveðið að þetta verði 43 þús. kr. Hverjar eru málefnalegar forsendur þessarar ákvörðunar? Getur verið að þetta tengist þeirri staðreynd að 43 þús. kr. eru hin opinberu fátæktarmörk innan OECD?

[16:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur ekkert með fátæktarmörk að gera. Stefna Framsfl og allra annarra flokka á Alþingi hefur verið sú að hækka frítekjumarkið þannig að öryrkjar í sambúð eða hjónabandi, með lægri tekjur, skerðist ekki jafnmikið og raun ber vitni. Eins og hæstv. heilbrrh. rakti höfum við stigið þessi skref. Þau hafa verið stigin tvívegis, síðast í haust, og verið mikil réttarbót fyrir öryrkja í landinu.

Það má fara tvær leiðir. Önnur er sú að hækka þetta lágmark eins og nú er verið að gera eða nota svigrúmið til að hækka frítekjumarkið enn meira. Ef við hefðum notað svigrúmið til að hækka frítekjumarkið enn meira þá hefði það komið sér betur fyrir þá sem lægri tekjur hafa. Þetta er alveg ljóst. Á þessari braut höfum við verið. En núna hefur Hæstiréttur fellt þann dóm að okkur beri að gera þetta með öðrum hætti og við hlítum því að sjálfsögðu.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að tala skýrar. Er það stefna Framsfl. að afnema þetta algerlega eins og hæstv. heilbrrh. hefur talað um?

Ég sakna þess að hæstv. ráðherra skuli ekki skýra út fyrir mér málefnalegar forsendur þeirrar niðurstöðu að lágmarksrétturinn sem öryrkinn á að hafa úr opinberum sjóðum samkvæmt dóminum séu 43 þús. kr.

Hvers vegna spyr ég um þetta, herra forseti? Vegna þess að hæstv. ráðherra fór fögrum orðum um hina harðsnúnu röksemdafærslu í skýrslu starfshópsins. Í þeirri skýrslu er rauði þráðurinn út í gegnum skýrsluna að þar sé málefnaleg niðurstaða. Ég hef þaullesið þessa skýrslu eins og hæstv. ráðherra en ekki fundið forsendurnar fyrir hinni málefnalegu niðurstöðu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig komust þeir að þessari tölu, 43 þús. kr.?

[16:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel meiri þörf á því nota tímann hér á Alþingi í að hv. þm. útskýri stefnu eigin flokks í stað þess að biðja um upplýsingar frá þeim sem eru að flytja hér frv. þar sem stefnan kemur skýrt fram.

Stefna okkar hefur verið að jafna kjörin í landinu sem mest. Við teljum málefnaleg rök fyrir því að miða við tekjur maka, líka hjá öryrkjum. Ég heyri að Samfylkingin telur engin málefnaleg rök fyrir því. Það er niðurstaðan.

Það liggur ljóst fyrir að ef við tökum ákvörðun í aðra átt, t.d. um að hækka þessar 43 þús. kr., sem mér finnst vel koma til greina í framtíðinni, þá er aðalatriðið að Alþingi taki þá ákvörðun. Hið pólitíska vald á að taka slíka ákvörðun vegna þess að dómur Hæstaréttar gefur ekki tilefni til þess. Það er aðalatriði málsins.

[Fundarhlé. — 16:11]

[17:16]

Útbýting þingskjala:

Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna, 395. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 645.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 392. mál, fsp. KLM, þskj. 642.

Hvalveiðar, 397. mál, fsp. SvanJ og JÁ, þskj. 647.

Innflutningur á nautakjöti, 394. mál, fsp. SJóh, þskj. 644.

Innflutningur kjöts á frísvæði, 393. mál, fsp. SJóh, þskj. 643.

Skattskylda barna, 396. mál, fsp. JóhS, þskj. 646.

[17:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað biðja forseta áður en ég hef mál mitt að sjá til þess að hæstv. ráðherrar verði hér í salnum á meðan ég flyt mál mitt. Sömuleiðis tveir síðustu ræðumenn sem töluðu á undan mér vegna þess að ég ætla að gera að umtalsefni í nokkrum orðum atriði sem komu fram í máli þeirra sem töluðu á undan mér, og vil ég biðja forseta um að stoppa klukkuna á meðan í bið eftir að viðkomandi ráðherrar verði komnir í salinn.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti verður við þessu, hv. þm. Hins vegar sé ég hér í tölvunni sem ég er með fyrir framan mig að hæstv. forsrh. er ekki í húsi.)

Það er nú verra. Betra væri að hann væri hér viðstaddur, því ég ætla einmitt að gera að umtalsefni nokkur atriði sem komu fram í ræðu hans.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti hefur þegar komið þessum athugasemdum á framfæri og verið er að sækja viðkomandi ráðherra.)

Hæstv. forsrh. er farinn úr húsi, hann hefur ekki meiri áhuga á málinu en það.

Herra forseti. Fram hefur komið að ég óskaði eftir því að tveir síðustu ræðumenn sem töluðu á undan mér yrðu viðstaddir mál mitt vegna þess að ég ætla að gera ýmis atriði í ræðum þeirra að umtalsefni í upphafi ræðu minnar, en eitthvað er djúpt á því að hæstv. ráðherrar séu hér í kallfæri. Þó er mér sagt að formaður Framsfl. sé á leiðinni, en hæstv. heilbrrh. er komin í salinn og vildi ég gjarnan fá að vita hjá forseta hvort von sé á forsrh. til umræðunnar. Hann lagði mikið upp úr því, bæði í umræðunni á mánudaginn og sömuleiðis í dag, að mikil þörf væri á að ræða málið og að upplýsa þyrfti mjög margt í málinu. Þess vegna er það mjög sérkennilegt að hæstv. forsrh. skuli ekki gefa sér tíma til að vera viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (ÍGP): Það skal upplýst að forseti hefur komið þessum skilaboðum á framfæri og nú er hæstv. heilbrrh. mætt í salinn og hæstv. utanrrh. Forseti hefur komið þessum skilaboðum öllum á framfæri.)

Ég fagna því að a.m.k. tveir ráðherrar séu komnir í salinn af þeim sem ég óskaði eftir, (**Gripið fram í:** Enda með ábyrgð á málinu.) enda eru þeir með ábyrgð á málinu eins og bent er á hér úr sal.

Ég ætla að byrja á að koma að nokkrum atriðum sem komu fram í ræðum hjá tveim síðustu hv. ræðumönnum og byrja á að vitna í hæstv. forsrh. þar sem hann gerði að umtalsefni í máli sínu að ekki hefði verið vilji hjá stjórnarandstöðunni til að flýta umræðu um málið.

Mig langar til að leiðrétta þá fullyrðingu hæstv. forsrh. Það var hæstv. forsrh. sem tók málið af dagskrá á mánudaginn, það kom aldrei til þess að stjórnarandstaðan fengi að segja sitt um það hvort hún vildi fá málið á dagskrá. Reyndar kom fram í ræðum manna að þeir töldu ekki ástæðu til að flýta máli sem menn töldu að færi á svig við þann hæstaréttardóm sem hér er m.a. til umræðu og ræða frv. sem áfram brýtur mannréttindi og hefur í sér skerðingarákvæði gagnvart kjörum öryrkja miðað við dóm Hæstaréttar.

Vegna ummæla hæstv. forsrh. um afstöðu jafnaðarmanna árið 1998 til lagasetningarinnar, vil ég árétta það að mjög skýrt kom fram í máli okkar að við töldum að að öllum líkindum væri lagaákvæðið brot á stjórnarskránni og þar vitnuðum við til álits færra lögfræðinga. Reyndar hafði ekki verið úrskurðað um það en í þeirri lagagrein sem var hér til umfjöllunar og var lögfest á aðventunni 1998 voru ákveðin ívilnandi ákvæði hvað varðaði kjör öryrkja. Og vegna þess greiddum við ekki atkvæði gegn málinu heldur sátum við hjá, við greiddum ekki atkvæði og létum ríkisstjórninni eftir að bera ábyrgð á málinu, það skýrist hér, svo ekki sé um útúrsnúninga að ræða í þeim efnum.

Hæstv. forsrh. talaði um að vaktar hefðu verið miklar væntingar hjá öryrkjum, hjá öryrkjum almennt vegna þessa dóms. Og sama sagði hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. Það var enginn að vekja neinar væntingar. Það var öllum ljóst að hér var verið að fjalla um kjör öryrkja í hjúskap með aðila sem ekki var lífeyrisþegi. Það var alveg ljóst. Verið var að tala um kjör öryrkja sem höfðu orðið fyrir kjaraskerðingu, þ.e. orðið fyrir skerðingu vegna tekna maka síns. Það átti að vera öllum ljóst og eftir því sem ég hef fylgst með umræðunni í fjölmiðlum frá því dómurinn féll, þá hef ég ekki orðið vör við að nokkur maður hafði reynt að afvegaleiða þann skilning á málinu. Ég veit því ekki um hvað þessir tveir síðustu ræðumenn eru að tala þegar þeir segja að einhverjir hafi verið að vekja væntingar. Það hafa a.m.k. ekki þeir þingmenn gert sem ég hef hlustað á tala um þetta og þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hafa rætt þetta í fjölmiðlum, það hafa þeir aldrei gert og er ég með fulla möppu af öllu því sem fram hefur komið í fjölmiðlum um þetta mál frá því dómur féll.

Hæstv. forsrh. talaði einnig um háar fjárhæðir, stærsta mál sem komið hefur til þingsins, og nefndi upphæðirnar. Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, að þegar menn hafa af fólki háar fjárhæðir, háar upphæðir, þá þurfa þeir auðvitað að greiða þær háu upphæðir til baka, þó svo að ríkisstjórnin ætli með frv. sem hér er til umræðu að koma sér hjá því að endurgreiða allt sem öryrkjum ber. Þeir ætla ekki að greiða til baka nema hluta af því sem haft var af þeim með þeirri tekjutengingu sem Hæstiréttur hefur nú úrskurðað ólögmæta. Ég minni á að í dómnum fellst Hæstiréttur, meiri hluti Hæstaréttar, á kröfu stefnanda, þ.e. Öryrkjabandalagsins, um að ekki sé heimilt að tengja tekjutryggingu örorkulífeyrisþega við tekjur maka, fellst á kröfuna óbreytta.

Hæstv. utanrrh. nefndi að hann hefði ekki lent í flóknara máli, og hann er einn af þingreyndari mönnum á Alþingi í dag. Það er alveg rétt. Almannatryggingarnar eru mjög flóknar. Þess vegna hlýtur að vera nokkuð flókið fyrir þá sem ekki þekkja vel til í almannatryggingunum að setja sig inn í þær. En eitt er alveg kristalklárt, dómurinn er mjög skýr. Dómur Hæstaréttar í þessu máli er mjög skýr.

Einnig kom fram í máli hæstv. utanrrh. að dómurinn fjallaði um hvað eigi að greiða öryrkja í hjúskap. Það má eiginlega segja að svo sé því samkvæmt dómi Hæstaréttar á að greiða öryrkja óskerta tekjutryggingu vegna tekna maka. Heimilt er að tengja bæturnar við hans eigin tekjur, en ekki við tekjur maka.

Hæstv. utanrrh. nefndi einnig og spurði: Hvað þá með ellilífeyrisþega? Ég get alveg sagt það sem skoðun mína að ég tel ekki, miðað við þennan dóm, stætt á því að láta ekki þessa reglu gilda um ellilífeyrisþega. Ég minni á að öryrkjar verða ellilífeyrisþegar þegar þeir verða 67 ára.

Er þá eðlilegt, um leið og öryrki verður aldraður, um leið og hann verður ellilífeyrisþegi, um leið og hann verður 67 ára, að þá eigi skerðingarakvæðin vegna tekna maka að fara að dynja á honum á fullu? Er það eðlilegt? Ég tel að svo sé ekki. Ég minni á að öryrkjar verða ekki minni öryrkjar þó þeir verði gamlir. Það er oft að þeir þurfi frekar meiri umönnum, meiri stuðning, beri meiri útgjöld vegna heilsufars síns, eftir því sem þeir verða eldri. Það er alveg ljóst í mínum huga að það er ekki hægt að láta þessa reglu fara að bitna á öryrkjanum um leið og hann verður 67 ára. Bara vegna jafnræðisreglunnar þá hlýtur þetta að gilda einnig um aldraða.

En það er reyndar ekki það sem við erum að ræða hér í dag. Við erum að ræða um öryrkjana og dóm þeirra og ég var aðeins að nefna þetta vegna athugasemda hæstv. utanrrh. hér fyrr á fundinum.

Aðspurður um stefnu Framsfl. hvað varðar tekjutengingu við tekjur maka vísaði hæstv. utanrrh. á frv. ríkisstjórnarinnar. Það fer ekki saman við yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. í málinu sem hafa verið raktar hér í nokkrum ræðum á undan mér. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að það sé stefna hennar að afnema þessa tekjutengingu. Hún byrjaði það í áföngum, undir þrýstingi, vegna þess að það stóð til að fara í málaferli. En núna þegar tækifæri gefst til þess að afnema þessa tekjutengingu algjörlega, þá er komið fram með skerðingarfrv. Þá er ekki staðið við stefnuna. Þá kemur ríkisstjórnin með lagafrv. þar sem eru a.m.k. þrjú skerðingarákvæði miðað við dóm Hæstaréttar.

Tenging tekjutryggingar öryrkja við tekjur maka stenst ekki mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Hún er mannréttindabrot og hún stenst heldur ekki alþjóðasáttmála sem við höfum undirgengist að virða. Hæstiréttur Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé heimilt að skerða tekjutryggingu lífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. gildandi laga um almannatryggingar. Það þýðir að heimilt er að skerða t.d. tekjutryggingu vegna eigin tekna, vegna t.d. lífeyrissjóðstekna eins og gert er með aldraða, vegna fjármagnstekna o.s.frv., en ekki vegna tekna maka, vegna þess að í 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna sem fjallar um tekjutryggingu er bara verið að fjalla um tekjutenginguna við tekjur maka. Þar segir, svo ég hafi þetta beint upp úr lagatextanum, með leyfi forseta:

„Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.“ Viðmiðunartölur hafa reyndar breyst.

Í þessu ákvæði er sem sagt verið að fjalla um skerðingu tekjutryggingarinnar vegna tekna maka. Og það er vísað beint í 5. mgr. Og dómurinn segir að ekki sé heimilt að tekjutengja við tekjur maka eins og segir í 5. mgr. En til annarra tekjutenginga sem fjallað er um í 17. gr. tekur dómurinn ekki afstöðu. Hann er aðeins að fjalla um þessa tekjutengingu við tekjur maka, sem er í 5. mgr. Þetta er eins skýrt og það getur verið.

Hæstiréttur er að vekja athygli á því að skerðing grunnframfærslu með tekjum maka er ekki heimil, en dómararnir taka ekki sérstaklega á öðrum tengingum enda ekki beðnir um það.

Rétturinn til grunnframfærslu úr opinberum sjóðum nýtur verndar samkvæmt stjórnarskránni, samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar og löggjafinn getur ekki skert þessi grunnréttindi, þessa grunnframfærslu. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að sama gildi um tímabilið frá 1. janúar 1994, en þá vantaði lagastoð fyrir þeirri reglugerð sem kvað á um skerðinguna. Yfir þetta hefur verið mjög rækilega farið. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór t.d. mjög rækilega yfir þetta mál í ræðu sinni hér fyrr í dag.

Einnig ber að ítreka það að dómsúrskurðinn verður að lesa í samræmi við kæruna sem var að þessi tekjutenging væri óheimil. Og Hæstiréttur féllst á allar kröfur Öryrkjabandalagsins. Dómurinn er því skýr enda orðréttur samhljóða kröfu ÖBÍ og það átti að greiða samkvæmt honum strax, endurgreiða þeim sem voru hlunnfarnir á þessu tímabili. Það á að endurgreiða þeim allt sem af þeim var haft en ekki bara hluta. Og það að koma með frv. inn í þingið sem á að virka aftur fyrir sig og skerða þær greiðslur sem á að endurgreiða til lífeyrisþeganna sem búið er að hafa af þeim, er náttúrlega ótrúlega siðlaust. Hæstiréttur er búinn að úrskurða um að það eigi að endurgreiða miðað við þær reglur sem giltu, miðað við það að tekjur maka skertu ekki tekjutrygginguna.

Það er áhyggjuefni hvernig afstaða stjórnvalda er gagnvart æðsta dómstól þjóðarinnar, Hæstarétti. Forsrh. setur á laggirnar yfirnefnd, undir forustu félaga síns, hæstaréttarlögmanns og lögmanns Tryggingarstofnunar ríkisins, til að meta hvernig eigi að leitast við að bregðast við dómnum, eða „leita leiða til að bregðast við dómnum", eins og segir. Ekki til að framfylgja dómnum. Nei, bregðast við honum.

Að hvaða niðurstöðu komast lögmennirnir í nefndinni? Jú, það er í lagi að skammta öryrkja í sambúð 43 þús. kr. á mánuði og þetta ákveða mennirnir, lögfræðingarnir, vinir ríkisstjórnarinnar, sem eru hver um sig með meira en árstekjur öryrkjans á mánuði í laun samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar núna síðast. Þeir telja að öryrkinn þurfi ekki nema 43 þús. kr. til að sinna framfærsluskyldu sinni og fjölskyldunnar á mánuði, 43 þús. kr. Þessa upphæð finna þeir fyrir öryrkjann. Ekki fyrir sig. Nei, ekki fyrir sig. Lögfræðingur fær 43 þús. kr. fyrir dagsverk! En það er nóg fyrir öryrkjann á mánuði, heilsulausan mann og þann sem þarf að bera kostnað af heilsufari sínu. Með þessum upphæðum á hann að halda sjálfstæði og mannlegri reisn, 43 þús. kr.

Einnig leggur þessi yfirnefnd ríkisstjórnarinnar til enn brattari tekjutengu á þessa öryrkja, þá öryrkja sem eru í sambúð. Og ég spyr eins og aðrir hér á undan mér: Hvers vegna fá þessir öryrkjar ekki að halda 51 þús. kr.? Hver er ástæðan fyrir því, herra forseti? Þetta eru um 700 manns og það á að hafa af þeim um 8 þús. kr. á mánuði eins og hæstv. utanrrh. tiltók svo glögglega í Kastljóssþætti um daginn og einnig hér í ræðu sinni í þinginu. Og allt er þetta „hátekjufólk" samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni, meira og minna hátekjufólk. Það hlýtur þá að borga af þessu skatta.

Og ef við reiknum þetta saman þá eru það svona innan við 40 millj. kr. á ári sem ríkisstjórnin er að spara með þessari fjallabaksleið, með því að hafa af öryrkjanum tæpar 8 þús. kr. á mánuði., 40 þús. kr. þegar búið er að borga af þessu skatta. Þetta eru miklir höfðingjar.

Hæstiréttur fjallaði um það hvort tekjutenging við tekjur maka væri heimil, m.a. í ljósi mannréttindaákvæða stjórnarskrár og alþjóðsáttmála sem við höfum undirgengist og fleiri þátta. Hæstiréttur hefur komist að því að svo sé ekki, eins og ég hef rakið hér að framan.

Önnur túlkun á niðurstöðu Hæstaréttar er útúrsnúningur. Því er niðurstaða yfirnefndar ríkisstjórnarinnar útúrsnúningur. Því er frv. það sem hér liggur fyrir Alþingi útúrsnúningur og í raun er ríkisstjórnin með því enn og aftur að lögfesta mannréttindabrot gagnvart öryrkjum, verði það að lögum, alveg eins og hún var að gera árið 1998 því það er verið að lögfesta hér skerðingar vegna tekna maka með þessu frv. sem Hæstiréttur er búinn að lýsa yfir mjög skýrt að er ekki heimilt gagnvart grunnframfærslu eins og tekjutryggingunni.

Auðvitað hefði verið langeinfaldast fyrir ríkisstjórnina að greiða út óskertar bætur í stað þess að hafa þessar upphæðir af öryrkjunum. Þetta kostar smánarupphæðir. Þetta kostar helmingi minna en framúrkeyrslan á Þjóðmenningarhúsinu sem menn voru nú ekki mikið að kippa sér upp við.

Ég verð að segja að vinnubrögð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í þessu máli líkjast í mörgum atriðum vinnubrögðum hjá ríkjum sem hafa verið kennd við ákveðinn ávöxt. Ég fer ekki ofan af því.

Ég minni einnig á að með þessari málsmeðferð er heilbrrh. að ganga gróflega á bak orða sinna og þegar ráðherrar gera slíkt og það í siðmenntuðum ríkjum, þá kallar það yfirleitt á afsögn viðkomandi.

Hér gerði hæstv. heilbrrh. það að umtalsefni að þetta væri nú bara nokkuð vel staðar fjölskyldur með 200 þús. kr. tekjur á mánuði. Ég verð að segja að það teljast ekki háar tekjur í dag. Ég veit ekki betur en lágmarkslaun verkamanna séu hátt í helmingurinn af þessu. Og við vitum alveg að við framfleytum ekki fjölskyldu nema á tvennum lágmarkstekjum. Annað er alveg vita vonlaust. Við vitum líka að í tilvikum þar sem öryrki hefur orðið fyrir þessari skerðingu sem nú er búið að dæma ógilda, þá hafa menn lent í því og ég þekki a.m.k. mörg dæmi þess, að maki öryrkjans hefur þurft að leggja á sig margfalda vinnu vegna tekjuskerðingar fjölskyldunnar, næturvinnu, eftirvinnu, yfirvinnu og verið í fleiri störfum, bara til að láta enda ná saman vegna þess að það er dýrt að vera heilsulaus. Það er dýrt að þurfa að leita heilbrigðisþjónustu. Það er dýrt að þurfa að fá aðstoð vegna umönnunar og reksturs heimilis þar sem sjúkdómar og annað hrjá fjölskyldumeðlimi.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka hér orð hæstv. heilbrrh. á fundi Tryggingastofnunar ríkisins. Það hefur verið gert, ummæli í blaðagreinum og hér um nóttina örlagaríku fyrir jólin 1998. Ráðherrann hefur margoft lýst því yfir að hún ætli að afnema þetta. Hún hefur tækifæri til þess núna en hún ætlar ekki að nota sér það tækifæri. Í staðinn ætlar hún að koma hér með skerðingarfrv. sem á að keyra í gegnum þingið og halda áfram að skerða vegna tekna maka.

Maður veltir fyrir sér hvar sjálfsvirðing ráðherra sé sem gerir slíkt, að ætla að fara að lögfesta hér mannréttindabrot að nýju miðað við niðurstöður Hæstaréttar. Hvar er sjálfsvirðingin?

Ég minni á að lágmarksframfærsla fyrir þá sem eru atvinnulausir er samkvæmt velferðarkerfinu 67 þús. kr. óháð tekjum maka. En öryrkjum, sem eru með skerta starfsgetu og geta ekki aukið við tekjur sínar, eiga að duga 43 þús. kr. meðan sá atvinnulausi á að hafa 67 þús. kr. Þarf öryrkinn, herra forseti — og ágætt væri ef hæstv. ráðherra legði aðeins við hlustir — fatlaður, sjúkur og með skerta starfsgetu, minna en atvinnuleysinginn til að halda sjálfstæði sínu og reisn sinni? Þarf hann minna?

Ég minni á að atvinnulaus maður fær 67 þús. kr. þó svo að maki hans sé með milljón á mánuði, 2 millj. á mánuði eða

hvað það er. Atvinnuleysisbæturnar eru algjörlega óháðar tekjum maka. Ég velti fyrir mér, hvers konar viðmiðanir eru þessar 43 þús. kr.? Hvaðan kemur þessi upphæð? Ég minni á að nýbakaði faðirinn, forstjórinn, getur fengið 5 millj. á þrem mánuðum, ef svo verkast, í fæðingarorlofi óháð tekjum maka úr ríkissjóði. Það er upphæð sem tekur öryrkjann tíu ár að vinna fyrir. Það gerði enginn athugasemdir við þessa lagasetningu, reiknað út eða borið saman.

En þegar það er öryrki þá er aldeilis reiknað og skert. Svona er forgangsröðunin og réttlætið hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í upphafi nýrrar aldar. Ekki hefur nú mikið verið minnst á tekjutengingar þegar aðrir þættir eru til umræðu.

Við vitum alveg hvernig búið hefur verið að öryrkjum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Við vitum alveg hvaða smánarkjör öryrkjum eru búin í almannatryggingunum. Við vitum líka hvernig t.d. börn öryrkja hafa orðið afskipt í samfélaginu vegna fjárhagsstöðu þeirra, þ.e. öryrkjanna. Ekki á að þurfa að minna á það því margoft hefur verið bent á það í utandagskrárumræðum og í umræðum um almannatryggingar hvernig láglaunastefna ríkisstjórnarinnar gagnvart öryrkjum hefur leikið fjölskyldur þeirra. Við vitum að börnin þeirra geta ekki tekið þátt í íþróttum, tónlist og öðru félagsstarfi vegna þess að öryrkinn býr við fátækt á Íslandi.

Þessi tekjutengingarregla gagnvart tekjum maka er regla sem veitist gegn fjölskyldunni, veitist gegn grundvallareiningu samfélagsins, fjölskyldunni. Á þetta hafa prestar og biskup bent. Þetta hefur valdið ótrúlega mörgum skilnuðum og brotið upp fjölskyldur. Þetta hefur valdið mörgum mikilli vanlíðan og sorg. Ég tel að menn eigi að hafa þetta í huga og sérstaklega Sjálfstfl. sem hefur margoft ályktað um gildi fjölskyldunnar og hvernig þurfi að verja hana og styðja fólk í að búa í fjölskyldu og að fólk beri ekki af því fjárhagslegt tjón velji það að vera í hjónabandi eða sambúð. Þetta er ályktun frá síðasta landsfundi Sjálfstfl. Þrátt fyrir það er komið hér með skerðingarákvæði þannig að það geri fólki erfiðara en ella að búa í fjölskyldu.

Ég vil einnig benda á að það að beita fyrningarákvæðum við endurgreiðslu þessara tryggingabóta misbýður réttlætiskennd fólks. Að ætla ekki að greiða til baka það sem búið er að hafa af öryrkjum í sambúð frá 1994 er auðvitað algjörlega siðlaust.

Herra forseti. Ég sé að nokkuð er liðið á tíma minn og margt er það sem ég hefði viljað nefna af þáttum sem varða þetta mál og ég tel að eigi erindi inn í umræðuna. Ég ætla aðeins að nefna atriði sem kemur fram í frv., þ.e. í fylgiskjölum þess, og fulltrúar ríkisstjórnarinnar, aðallega formaður Framsfl. hefur gert að umtalsefni og vitnað í í máli sínu, en það er fskj. 2 sem ber yfirskriftina Norrænn réttur þar sem fjallað er um réttindi lífeyrisþega á Norðurlöndum og samanburður við réttindi á Íslandi. Ég mundi gjarnan vilja fá að heyra hjá hæstv. ráðherra: Hvaðan kemur þetta fylgiskjal? Hvaða plagg er þetta sem hæstv. ráðherra setur inn í þingskjalið sem fylgiskjal? Því það er með ólíkindum að fara í gegnum þetta plagg.

Ég verð að segja að hér er í rauninni vísvitandi verið að fara með rangt mál, a.m.k. ef ekki vísvitandi þá eru menn illa upplýstir um norrænan rétt ef þeir telja að þetta sé ástandið. Ég verð að segja það, ég vann við þessi mál í mörg ár hjá Tryggingastofnun ríkisins einmitt við að bera þetta saman. Á sérstökum námskeiðum sem Tryggingastofnun hélt með öðrum Norðurlöndum var farið yfir það hver staða t.d. öryrkja væri við ýmsar aðstæður eftir því í hvaða landi hann byggi og sett voru upp dæmi um slíkt. Það er alveg ljóst að í hvert einasta skipti sem dæmi var tekið um Norðurlöndin þá var enginn sem kaus að búa á Íslandi við þær aðstæður sem voru settar upp. Í öllum dæmum væru greiðslurnar lægstar og kjörin verst á Íslandi. Það getur aðstoðarmaður ráðherra, Vilborg Hauksdóttir, sem situr hér í hliðarherbergi vitnað um sem sat á einhverjum af þessum námskeiðum ásamt mér.

Ég fór því að skoða þessar tölur og þær fullyrðingar í þessu dæmalausa plaggi sem fylgir með frv. Ég velti fyrir mér hvort gagngerar breytingar á almannatryggingunum á Norðurlöndunum hefðu verið gerðar síðan ég kom á þing árið 1995. Ég hafði samband við tryggingastofnanirnar bæði í Danmörku og Noregi vegna þess að tekið er sérstaklega til þeirra landa í þessu plaggi og menn vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið þegar ég fór að spyrjast fyrir um tekjutengingu við tekjur maka. Það var nú aldeilis ekki.

Enda þegar maður fer að skoða töflurnar sem fylgja með þá eru nú aldeilis ekki réttar upplýsingar í þeim töflum. Þar er tekjutrygging t.d. á Íslandi 1998 sögð vera 43.396 kr. Hún var rúmar 28 þús. kr. á þeim tíma. Hvers konar fals og rugl er þetta? Það er greinilega verið að tala um einhverja allt aðra tekjutryggingu en er í almannatryggingalögunum og var þar 1998. Hér er greinilega verið að taka lífeyrissjóðstekjur eða meðaltalslífeyrissjóðstekjur eða eitthvað allt annað þarna inn í. Hér er alls ekki verið að tala um þá tekjutryggingu sem við erum að fjalla hér um og dómur Hæstaréttar fjallar um og óheimilt er að tengja tekjum maka. Heldur betur ekki.

Síðan á að sanna þetta með töflu á bls. 9, töflu 7,3, sem er birt á Norðurlandamáli. Þar eru tíndar til ýmsar bætur og ekkert af þeim bótaflokkum eru almannatryggingar. Þetta eru allt saman bætur um félagslega aðstoð. Þetta eru bætur sem heyra undir allt önnur lög en þau sem við erum að fjalla um. Og þetta á að sanna það að almannatryggingarnar séu tengdar við tekjur maka á Norðurlöndunum.

Hvað eru menn að fara í ráðuneytinu með því að bera slík plögg á borð? Voru þetta kannski lögskýringargögn í þessum dómi? Að minnsta kosti sá ég það í skýrslu nefndar forsrh. að þeir hafa haft þetta plagg til hliðsjónar því að vitnað er í það í nefndarskýrslunni. Ég tel það mjög alvarlegt þegar verið er að bera á borð fyrir nefndir sem fjalla um svona niðurstöður eins og dóm Hæstaréttar eða leggja til í þingskjali til rökstuðnings við þingmálið að vera með alrangar upplýsingar. Það vita auðvitað allir sem vilja vita og þekkja almannatryggingarnar að þetta snýr alls ekkert að grundvallarframfærsluréttinum, tekjutryggingunni, eins og hún er í íslenskum lögum sem við erum að fjalla hér um. Þetta er allt annar handleggur. Síðan komast menn að þeirri niðurstöðu í þessu plaggi um norrænan rétt þar sem tíndar eru til allar þessar tekjutengingar að: „Þrátt fyrir þessar tekjutengingar verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að staða öryrkja á Íslandi sé sambærileg við það sem víðast þekkist á Norðurlöndum.“ Svei mér þá.

Ég ætla aðeins að fara yfir það hvernig þetta er t.d. í Danmörku sem alltaf er verið að vitna til í þessu plaggi. Þar er nú aldeilis ekki verið að tengja við tekjur maka. Þar hafa menn grunnlífeyri og það eru fjórir bótaflokkar sem menn hafa rétt á ef þeir eru öryrkjar, 75% öryrkjar, þ.e. algjörir öryrkjar. Það eru fjórir bótaflokkar, fjórði bótaflokkurinn er uppbót. Hann er að nokkru tengdur við tekjur maka, en það er ekki grundvallarframfærsla. Það er þannig að áður en að uppbótinni kemur er öryrkinn í Danmörku með 95.200 ísl. kr. í grunnframfærslu. Ofan á það getur uppbótin komið.

Reyndar má lækka tvo bótaflokkana aðeins ef menn eru í hjúskap alveg eins og grunnlífeyririnn lækkar í 90% ef báðir eru öryrkjar hjá okkur, þá lækkar hann aðeins hjá okkur, og það hefur enginn gert athugasemd við það. Hann er heldur lægri. Þannig að öryrki sem er í sambúð, þ.e. ef bæði hjóna eru öryrkjar, þá er lægri greiðsla, 83.800 ísl. kr. á mánuði.

Þetta er rétturinn á Norðurlöndunum og geta menn enn samþykkt að þetta sé sambærilegt við réttinn á Íslandi þar sem á að fara að setja grunnframfærsluna niður í 43 þús. kr., helminginn af þeirri upphæð sem öryrki í sambúð í Danmörku fær?

Sömu reglur gilda í Noregi og ég er með plögg um þetta allt saman frá viðkomandi stofnunum hvernig þessu er háttað. Þar er greiddur fullur grunnlífeyrir en ef annað hjóna eða ef um sambúðarfólk er að ræða og sambúðaraðilinn er með verulegar tekjur, þá er frá árinu 1998 lægri greiðsla, þ.e. 3/4 alveg eins og sambúðarfólk í dag hjá okkur fær 90% grunnlífeyri og enginn gerir athugasemd við það.

Í Noregi er mánaðarlífeyrir til öryrkja 130 þús. ísl. kr. á mánuði, það er grunnrétturinn. Hann fær viðbótaruppbót, makauppbót, ef sýnt er fram á að öryrkinn sé með maka á framfæri sínu, ef öryrkinn er með maka á framfæri sínu þá fær hann uppbót. Svona eru nú réttindin á Norðurlöndunum sem þeir halda fram hér í þessu fylgiskjali að séu sambærileg og á Íslandi.

Reyndar er það svo að erfitt er að bera þessar bætur saman, og hefur það komið fram í ræðum á undan mér. Bent hefur verið á að þó svo að kerfin séu nokkuð lík þá eru þau að öðru leyti ólík þannig að mjög erfitt er að bera þetta saman. En engu að síður segir það okkur alla söguna að í þeim löndum sem stjórnvöld halda fram í þessu plaggi að séu tengd við tekjur maka eru menn með þennan grundvallarframfærslurétt sem er helmingi hærri en hér á landi. Ég tel það mjög alvarlegt að menn skuli halda slíku fram í plaggi sem er fylgiskjal með frv. og vísa í heimildabætur sem heyra undir allt önnur lög og eru allt annar handleggur. Það er einmitt vísað til þess í hæstaréttardómnum, og ég ætla aðeins að vitna í það atriði. Í hæstaréttardómnum er einmitt vísað til þess að menn skuli gæta sín á því að rugla ekki saman félagslegri aðstoð og almannatryggingum. Og ég veit að aðstoðarmaður ráðherra, lögfræðingurinn Vilborg Hauksdóttir, sem situr hér til hliðar þekkir þetta vel vegna þess að hann vann einmitt að þessari lagasetningu á sínum tíma þannig að það ætti að vera auðvelt fyrir ráðherrann að fá upplýsingar hjá aðstoðarmanni sínum úr ráðuneytinu um það.

En eins og segir í dómnum, í aðfaraorðum hans, og er vísað þar í athugasemdir með frv. frá 1993, um almannatryggingar, og frv. um félagslega aðstoð, þ.e. lögin nr. 117/1993 og lögin nr. 118/1993, en seinni lögin eru lög um félagslega aðstoð. Þar er bent á að nauðsynlegt sé að gera glöggan greinarmun á bótum almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar.

Í frv. voru flutt þau ákvæði lífeyristryggingakafla almannatrygginga sem í raun voru ákvæði um félagslega aðstoð, eins og t.d. mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, makabætur, heimilisuppbót og uppbætur vegna sérstakra aðstæðna. Þetta eru uppbætur sem eru tengdar alls konar tekjutengingum og öðrum ákvæðum. Meðal annars er heimilisuppbótin tengd því hvort menn eru í sambúð eða ekki, hvort þeir búa með öðrum í heimili. En almannatryggingabæturnar eru eins og Hæstiréttur bendir á grundvallarmannréttindi sem ekki skal skerða.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er nánast lokið, en ég á eftir að koma hér að mörgum atriðum, þannig að ég mun líklega taka til máls aftur í umræðunni. En ég verð að geta þess áður en ég lýk máli mínu, að ég tel það forkastanlegt og alls ekki viðunandi að lagaákvæðin í þessu frv. sem ríkisstjórnin setur hér inn og er nú til umræðu, um skerðingu vegna tekna maka verði látin virka afturvirkt vegna endurgreiðslnanna. Ég tel það ekki boðlegt og ég leyfi mér að efast um að það sé löglegt, ef það er löglegt þá er það algjörlega siðlaust.

Herra forseti. Ég mun taka til máls aftur til að koma að ýmsum atriðum til viðbótar sem ég tel fulla ástæðu til að komi hér inn í þessa umræðu, en ég hef lokið máli mínu að sinni.

[18:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðuna sem hún flutti og ég virði skoðanir hennar og sannfæringu og mat hennar á dómi Hæstaréttar. Ég er hins vegar á allt annarri skoðun, ég hef lagt allt annað mat á dóm Hæstaréttar og ég geri kröfu til þess að hv. þm. virði skoðanir mínar og sannfæringu sömuleiðis.

Ég vil spyrja hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur: Ef hún hefði þá fjármuni sem hér er um að ræða, nokkur hundruð milljónir til ráðstöfunar úr ríkissjóði, hvort mundi hún heldur vilja sjá þá fjármuni fara til öryrkja með lágar tekjur, t.d. 75 þús. kr. á mánuði, einstaklings eða hjóna með bætur samanlagt 102 þús. á mánuði, eða til þeirra öryrkja sem eru með heimilistekjur yfir 200 þús., jafnvel 23% þeirra eru með heimilistekjur yfir 400 þús. kr. á mánuði? Ég vil ekki að hv. þm. geri lítið úr mér með því að segja að hv. þm. mundi gera hvort tveggja vegna þess að fjármunirnir eru takmarkaðir.

Ég er sammála hv. þm. að skoða þurfi dæmið með nákvæmlega sama hætti gagnvart tekjutryggingu aldraðra, en þá kostar dæmið eflaust milljarða og það er til þeirra sem bestar hafa heimilistekjurnar.

Nú eru bætur Tryggingastofnunar greiddar beint með sköttum, allir greiða t.d. virðisaukaskatt. Finnst hv. þm. eðlilegt og réttlátt og í samræmi við eignarréttar- og jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar að skattleggja aukalega lágtekjufólk, t.d. verkamannafjölskyldu, til þess að auka bætur til hátekjufjölskyldu, t.d. læknis sem er giftur öryrkja, um 360 þús. kr. á ári, en þannig túlkar hv. þm. dóm Hæstaréttar.

[18:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki megi brjóta mannréttindi á fólki. Um það snýst þessi dómur Hæstaréttar. Hann segir að það sé mannréttindabrot að skerða tekjur, þ.e. tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka. Þess vegna tel ég að það eigi að greiða þetta, vegna þess að annað er brot á mannréttindum. Ég tel ekki að brjóta eigi mannréttindi á fólki til að bæta kjör annarra. Aftur á móti tel ég, eins og kom fram í máli mínu, löngu, löngu tímabært að bæta kjör lífeyrisþega. Þessi ríkisstjórn hefur veist að kjörum þeirra aftur og aftur. Aftengt þau launaþróun. Aukið útgjöld vegna lyfja. Fækkað bílakaupastyrkjum. Gert bílakaupalánin langtum óhagstæðari. Útvarpsgjöldin eru komin á öryrkjana o.s.frv. Ég get talið svona áfram í það endalausa. Auðvitað hefði átt að vera löngu búið að taka á kjörum öryrkja.

En ég spyr hv. þm.: Telur hann eðlilegt að brjóta mannréttindi á ákveðnum hópi, þ.e. mannréttindi öryrkja í sambúð til að bæta kjör annarra? Telur hann mannréttindabrot eins og Hæstiréttur nefnir hér vera eðlileg og heimil?

[18:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar stendur hnífurinn einmitt í kúnni. Hv. þm. skilur dóm Hæstaréttar óðruvísi en ég. Ég les út úr dómi Hæstaréttar að skerða megi bætur til öryrkja miðað við tekjur maka. Þannig les ég dóm Hæstaréttar. Og ég mun færa rök fyrir því seinna. En ég virði samt sem áður sannfæringu hv. þm. og ég reikna með að hún virði mína líka í þessu máli.

En hv. þm. kom sér undan því að svara hvort hún teldi eðlilegt að skattleggja lágtekjufólk til að borga aukabætur til hátekjufólks. Hvort hún sé sátt við það eða hvort hún sé í reynd ósátt við dóm Hæstaréttar? Hvort hún mundi vilja hafa það öðruvísi?

[18:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. ætti að lesa dóminn betur og hlusta á skýringar okkar og sömuleiðis mjög skýra niðurstöðu Hæstaréttar, sem liggur bara hreint fyrir og hann ætti að lesa ... (**PHB:** Er ég of vitlaus?) Bara lesa betur, herra forseti, það er málið. En ég er alveg sannfærð um að almenningur vill greiða skatta til að koma í veg fyrir mannréttindabrot, það er mín sannfæring.

[18:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einn þeirra sem eru að reyna að skilja hví þetta mál er komið í svo harðan hnút og hví menn deila svo hart eins og raun ber vitni. Það hefur margsinnis komið fram hvernig ríkisstjórnin stóð að þessum hlutum og síðasti ræðumaður margítrekaði það í ræðu sinni að sá skilningur sem þar lægi á bak við, þ.e. gerð þessa frv., skilningur á dómi Hæstaréttar væri útúrsnúningur, hreinn útúrsnúningur margítrekaði hv. ræðumaður.

Nú er það svo, herra forseti, með hæstaréttardóma að eflaust hafa menn leyfi til þess að skilja þá eins og þeir vilja. En það vekur dálítið furðu mína hvers vegna stjórnarandstaðan, sem er svo mjög mikið niðri fyrir í þessu máli, hefur ekki notað hinn langa tíma sem liðinn er frá því að dómur var kveðinn upp til þess að leita til hlutlausra aðila til að fara yfir dóminn til að geta skilið og borið hann saman við þann skilning sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru að leggja í dóminn. Værum við ekki betur sett, væri þá ekki betur komið ef við gætum borið saman hlutlægt mat á þessu í staðinn fyrir að standa í því núna að deila svo hart og hafa uppi svo mörg köpuryrði sem raun ber vitni?

[18:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því fram og held því fram að frv. sem liggur hér fyrir sé útúrsnúningur á dómnum, ég skýrði skilning minn á dómnum. Hann segir að ekki sé heimilt að skerða á þann hátt sem nefnt er í 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Það er tengingin við tekjur maka. Á þann hátt má ekki tengja tekjutrygginguna. Það má tengja hana öðruvísi eins og kemur fram í öðrum málsgreinum greinarinnar, en ekki gagnvart tekjum maka samkvæmt 5. mgr. Ég vil benda hv. þm. á að við erum búin að skoða þetta mál mjög vel. Ég bendi á að ég er 1. flm. að frv. sem leggur til afnám þessarar tekjutengingar og er rökstutt mjög rækilega, og það frv. liggur fyrir í heilbr.- og trn.

Og þegar menn ræða hvort þurft hafi lagasetningu eða ekki, þá er alveg ljóst að í heilbr.- og trn. er frv. sem tekur á þessu máli, þ.e. heimilar ekki tekjutengingu við tekjur maka og er með tillögu að lagabreytingu á þá veru. Það hefði ekkert verið auðveldara, ef menn hefðu verið í einhverjum vandræðum, en að taka og lögfesta það frv. sem er til umræðu í nefndinni. Ég get því alveg fullvissað hv. þm. um það að við erum búin að skoða þetta mál í þaula og búin að gera það síðan lagasetningin var gerð 1998, sem við töldum vera mannréttindabrot og tókum ekki þátt í að greiða atkvæði um. Rökstuðningurinn er allur í greinargerð þess frv. sem liggur í heilbr.- og trn. um að afnema skuli tekjutenginguna við tekjur maka á tekjutryggingu öryrkjans.

[18:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við þeirri spurningu sem ég bar upp, en ég vil vekja athygli á því að það eru heilmargar stofnanir í landinu sem taka að sér að gefa álit, hlutlægt álit á því sem verið er að fjalla um. Til dæmis erum við núna að fjalla um dóm og menn deila um hvernig skilja beri dóminn. Ég nefni stofnun eins og Lagastofnun Háskóla Íslands, hún gerir þetta mjög oft fyrir Alþingi. (**LB:** Af hverju gerðuð þið það ekki?) Við þurftum þess ekki, við töldum okkur vera með álit fjögurra valinkunnra aðila. Við treystum þeim, en stjórnarandstaðan, herra forseti, treystir þeim alls ekki og hefur haft köpuryrði um þá menn, að þeir séu alveg ómögulegir. Því spyr ég: Af hverju leitar stjórnarandstaðan ekki til hlutlausra aðila til að skilja þennan dóm og til að leggja fram rökstuðning gegn því sem hún segir að sé vitleysa? Stjórnarandstaðan segir að þetta sé vitleysa, segir að þetta sé útúrsnúningur, segir að þetta sé allt bull og hvert einasta mannsbarn geti séð í gegnum þetta, þetta sé mjög eymdarlegt álit o.s.frv.

Af hverju koma menn þá ekki og rökstyðja í hverju það er fólgið í staðinn fyrir að standa hér daginn út og daginn inn, eða fram á nótt og á morgun, að mér skilst, og vera með miklar fullyrðingar um það hversu illa sé staðið að málinu? Væri ekki miklu betra að koma með slíkan rökstuðning? Eða kann það að vera, herra forseti, að menn treysti sér ekki til að búa til slíkt álit? Það skyldi nú ekki vera. Mér dettur það í hug úr því ég fæ engin svör.

[18:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum með dóm Hæstaréttar. Er Hæstiréttur ekki hlutlaus aðili? (**EOK:** Það er kynning á dómnum.) Þarf frekari vitnanna við? Dómurinn er mjög skýr. Hann er mjög skýr. (Gripið fram í.) Afstaða ríkisstjórnarinnar og frv. sem liggur hér fyrir er algjör útúrsnúningur á þeim dómi, og fyrir því hef ég fært rök í máli mínu.

Hv. þm. talar um að leita til hlutlausra aðila. Hvernig hefði nú verið fyrir ríkisstjórnina að leita til hlutlausra aðila úr því að dómurinn var svona ofboðslega óskýr fyrir ríkisstjórninni? Það var nú aldeilis ekki verið að leita hlutlausra aðila. Það voru tíndir til einkavinirnir hver af öðrum inn í nefnd til að koma til móts við dóminn. Ekki að fara að dómnum. Nei, (**EOK:** Þetta er bara vitleysa.) heldur til að koma til móts við dóminn. Þetta var nú hlutleysi ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hv. þm. og herra forseti.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill árétta við þingmenn að hafa hljóð í salnum og virða það að þingmenn haldi ræður sínar á þeim tíma sem þeir hafa. Það væri einnig heppilegra ef

mönnum er mjög skemmt að gæta þess að hristast innan rifja, það auðveldar þingstörfin.)

[18:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar leitast við að gera grein fyrir aðalatriðum málsins. Enda þótt tíminn sem hverjum ræðumanni er skammtaður sé ekki mjög langur þá er þetta auðvelt verk vegna þess að málið er mjög skýrt. Það er mjög skýrt og það er mjög einfalt. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi hafa reynt að drepa þessu einfalda máli á dreif og gera það flókið. Hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., kom hingað í ræðustól og sagði að hann hefði aldrei kynnst flóknara máli á sínum ferli. Ég efast ekkert um að þetta mál hafi flækst fyrir honum og ríkisstjórninni. En það er ekki vegna þess að málið sé flókið heldur vegna þess að það er pólitískt erfitt fyrir Framsfl. að fara að skipunum Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. eins og hann er að gera nú. Þetta er kjarni málsins.

Dómsorðið, úrskurður Hæstaréttar í þessu máli, telur fáeinar línur á blaði og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Viðurkennt er að aðaláfrýjanda, Tryggingastofnun ríkisins, hafi verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi.

Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Stjórnarandstæðingar á Alþingi hafa farið yfir þetta dómsorð og vísað í þær lagagreinar og skýrt þær lagagreinar sem hér er vikið að. Þetta er alveg kýrskýrt. Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar er bannað að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum maka þeirra. Þetta er mergurinn málsins. Og eins og hér kemur fram er þessi úrskurður byggður á tvennu: Annars vegar á því að á tilteknu árabili, frá ársbyrjun 1994 til ársloka 1998, hafi skort lagastoð fyrir reglugerð sem skerti tekjutrygginguna, að þá hafi skort lagastoð fyrir henni. Í annan stað er það vegna þess að eftir að stjórnarskrá Íslands var breytt árið 1995 og settar inn greinar, 65. gr. og 76. gr., sem kveða á um þessi réttindi einstaklingsins til lífsviðurværis, þá hafi verið óheimilt að skerða tekjutrygginguna með hliðsjón af þeim. Þetta er mergurinn málsins. Og þetta er mjög einfalt mál. Þetta er afar einfalt mál og skýrt. (**Gripið fram í:** Ótrúlega einfalt.)

Hvað er það þá sem er svona flókið? Í fyrsta lagi segir ríkisstjórnin að skort hafi lagastoð til að fara að þessum dómi, til að hlíta þessum dómi, að ríkisstjórnin hafi ekki haft lagastoð til þess. Þetta teljum við vera alrangt. Fyrr við umræðuna var vísað til þess að í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins er kveðið sérstaklega á um heimild til að bregðast við í tilvikum sem þessum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið."

Þetta segir í lögum sem við eigum að starfa samkvæmt. Það er heimild til að inna þessar greiðslur af hendi samkvæmt 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

En hvað er það þá sem á skortir? Hvað skortir þá? Hvað er það sem stendur í vegi fyrir því að greiða öryrkjum fulla tekjutryggingu án skerðingar vegna tekna maka vegna þess að lögin eru þarna fyrir hendi? Það er einvörðungu búið að fella skerðingarákvæðin úr gildi. Hvað stendur í vegi fyrir því? Jú, það kom fram í mjög góðu andsvari frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrr í dag. Það skortir lagastoð til að skerða tekjutrygginguna eins og ríkisstjórnin er að leggja til í því frv. sem hér er til umræðu. Það er þá lagastoð sem skortir. Og það er þess vegna sem Alþingi er að reyna að keyra þetta makalausa frv. í gegnum þingið.

Nú vil ég taka eitt fram í upphafi. Á undanförnum árum hefur það verið sem rauður þráður í málflutningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og reyndar stjórnarandstöðunnar allrar og vísa ég þar til málflutnings Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins á liðnum árum, það hefur verið sem rauður þráður í málflutningi okkar og tillögugerð að bæta kjör öryrkja og þeirra aldraðra sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar um framfærslulífeyri. Og við höfum lagt sérstaka áherslu á að bæta kjör þeirra sem lakast standa, sem minnstar hafa tekjur. Þetta hefur verið sem rauður þráður í málflutningi okkar og tillögugerð. Og nú spyr hv. talsmaður Sjálfstfl. í þessu máli, Pétur H. Blöndal, hann hefur greinilega ekki fylgst með þeirri tillögusmíð sem við höfum reitt fram hér á Alþingi og hefur gengið út á þetta og ekkert annað en þetta. Þetta eru staðreyndir.

Í öðru lagi höfum við staðhæft, aftur og ítrekað, að framkvæmd almannatryggingalaga undangengin ár stríði gegn stjórnarskrá landsins. Þessu má víða finna stað í þingskjölum og þinggögnum. Það er því rangt sem fram kom í málflutningi hæstv. heilbrrh. að niðurstaða Hæstaréttar hafi komið mönnum á óvart. Hún kom okkur ekki á óvart. (**ÁRJ:** Við höfum margflutt um þetta mál.) Við höfum margflutt um þetta mál og við höfum ítrekað bent á þetta í málflutningi okkar hér á Alþingi þannig að þetta er rangt.

Víkjum aftur að málsatvikum. Nú gerist það að upp er kveðinn dómur í Hæstarétti Íslands í máli Öryrkjabandalagsins gegn stjórnvöldum. Hann er kveðinn upp 19. desember. Og eins og ég segi eru niðurstöður þessa dóms mjög skýrar. Ríkisstjórnin velur hins vegar þá leið að skipa sérstakan starfshóp, eins konar yfirdóm, til þess, eins og segir í erindisbréfi til starfshópsins og hann hefur sett fram á prenti í gögnum sínum, „að finna leiðir til að bregðast við dómi Hæstaréttar". Það á ekki að hlíta dómnum. Það á ekki að fara að þeirri niðurstöðu sem Hæstiréttur komst að. Nei, það á að finna færar leiðir til að bregðast við dómnum eða til að koma til móts við hann, eins og hæstv. ráðherrar hafa leyft sér að segja hér. (**ÞKG:** Útúrsnúningar.) Það á að finna leiðir til þess. Útúrsnúningar, segir hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir. Og sagði að það væri mat löggjafans að finna út hver væri lágmarksframfærslulífeyrir fyrir einstakling til að framfylgja væntanlega stjórnarskrárvörðum réttindum hans eins og þau eru tilgreind í 65. og 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, það væri mat löggjafans.

Ríkisstjórnin fór hins vegar þá leið að fá þessa lögspekinga, þessa starfsmenn, til að setja fram þetta mat. Og þeir komust að því, þessir ágætu hálaunamenn, þessir milljón króna menn komust að því að öryrkjanum nægðu 43 þús. kr., ekki 51 þús. kr. eins og kveðið var upp með úrskurði Hæstaréttar. Þetta er staðreynd málsins. Það voru lögspekingar og lögfræðingar sem unnu það verk fyrir ríkisstjórnina. Maður spyr sjálfan sig hvernig á því standi að þessi upphæð var

endanlega gerð að niðurstöðu meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar. Við fáum engin svör við því og ég mun koma nánar að því hér á eftir að velta vöngum yfir því hvað þessu hafi valdið.

Fólki til upplýsingar þá er það svo að öryrki sem fær fullar bætur getur mest fengið 73.546 kr. á mánuði. Þetta er það sem hann getur mest fengið. Þetta skiptist þannig að í grunninn er upphæð sem er nefnd örorkugrunnlífeyrir og er rúmar 18 þús. kr. Þetta er upphæð innan við 20 þús. kr. Síðan kemur þessi margumtalaða tekjutrygging, sem við erum að ræða um hér, að upphæð 32.500. Um hana er verið að deila. Síðan er þriðja upphæðin eða þriðja skiptingin. Það er heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót, 15 þús. annars vegar og 7 þús. hins vegar, samtals 22–23 þús. kr. Þessi upphæð er til að koma til móts við þá sem búa einir og vikið er sérstaklega að þessu í greinargerð með úrskurði Hæstaréttar. Það er komið sérstaklega til móts við þá sem vegna heimilisaðstæðna þurfa að bera meiri byrðar. Mér finnst að þessar upphæðir allar þyrftu að vera miklu hærri. En þetta er skiptingin. Það er örorkugrunnlífeyrir, síðan þessi tekjutrygging og loks upphæð sem er til að jafna kjör þeirra sem búa einir, þ.e. heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.

En þetta mál snýst um tekjutrygginguna, þessar rúmlega 32 þús. kr. Í stað þess að fallast á niðurstöðu dómsins ákveður ríkisstjórnin að hafa hluta þessarar upphæðar af öryrkjum. Og hvað er það há upphæð? Það eru 7.566 kr. í mesta lagi.

Við skulum nú gefa okkur að þessi upphæð sé skattlögð því það er hún. Hún skilar sér til skattsins. Hvað stendur þá eftir hjá öryrkjanum? 4.633 kr. Ef það er rétt sem hæstv. utanrrh. staðhæfði í sjónvarpsviðtali fyrir fáeinum dögum, að þetta taki einvörðungu til 700 einstaklinga, hvað erum við þá að tala um háa upphæð? Við erum að tala um 3,2 milljónir á mánuði. Við erum að tala um 38,4 milljónir á ári.

Setjum nú svo að þessi hópur væri fjölmennari, segjum 1.000 manns, segjum 1.200 manns. Hvað værum við þá að tala um háa upphæð? Þá værum við að tala um 5,5 milljónir á mánuði. Við værum að tala um 66 millj. kr. á ári.

Síðan leyfa hv. þm. Pétur H. Blöndal og hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sér að fullyrða að við stöndum frammi fyrir valkostum, annars vegar að hlíta þessum dómi og greiða þessa peninga eins og ríkisvaldinu ber að gera og hins vegar að jafna kjörin gagnvart öllum þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu. Hvers konar rugl er þetta? Og maðurinn segist vera tryggingastærðfræðingur. Ég efast um að hann kunni einu sinni að reikna, a.m.k. ekki samkvæmt þessum uppákomum.

Við erum að tala um afar smáar upphæðir þannig að skýringarnar á því að ríkisstjórnin neitar að verða við dómnum og hlíta dómnum geta ekki verið peningalegar eða efnahagslegar. Þær geta ekki verið það. Þær hljóta að vera pólitískar. Þá spyr maður sig þeirrar spurningar: Hver er sú pólitík? Hver er skýringin á því að ríkisstjórnin sér sig knúna til að hafa þessa fjármuni af öryrkjum? Hver er ástæðan fyrir því að hún neitar að hlíta hæstaréttardómi? Það getur ekki verið að það sé til að spara tæpar 40 millj. kr. á ári. Það hljóta að vera aðrar skýringar. Ég spyr hv. þingmenn Sjálfstfl.: Hver er skýringin? Er það til að fylkja sér um foringja sinn sem hefur stillt sér upp í styrjöld gagnvart Öryrkjabandalaginu? Ég spyr hv. þingmenn Framsfl.: Hver er skýringin á því að flokkurinn lætur kúska sig þannig til? Hver er skýringin? Eru þetta peningalegar forsendur eða efnahagslegar eða pólitískar? Hvers vegna leyfir flokkurinn sér og hvers vegna leyfir ríkisstjórnin sér og þingmeirihlutinn að neita því að fara að úrskurði Hæstaréttar? Hverjar eru skýringarnar? Eru þær peningalegar, efnahagslegar? Það getur ekki verið. Hver er þá sú pólitík sem hér býr að baki?

Þegar hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir segir að það sé mat löggjafans og eigi að vera pólitískt mat hans að ákvarða hver upphæðin er sem tryggi stjórnarskrárvarin réttindi einstaklingsins þá er niðurstaðan sú að 43 þús. kr. dugi. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar og um þá niðurstöðu ætla alþingismenn, þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. að fylkja sér. Ég spyr: Hvers vegna? Hvers vegna ætlið þið að bjóða þessu fólki framkomu af þessu tagi? Hver er skýringin?

Ég hvet þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. til að koma hér upp og skýra það fyrir okkur hvernig á þessu standi.

[18:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég sé svo takmarkaður að ég kunni ekki að reikna o.s.frv. eins og hv. þm. sagði þá hef ég nú samt sem áður skoðun mína og skilning minn á dómi Hæstaréttar. Og ég hef ekki fundið sannleikann eins og hv. þm. þegar allt verður svo skýrt og einfalt.

Hv. þm. sagði að hann og öll stjórnarandstaðan skildist mér því hann veit víst skoðun allrar stjórnarandstöðunnar, þetta er sameiginleg skoðun, hafi unnið að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Núna snýst það allt í einu við. Nú er tekin yfir einstaklingshyggja, nú á að fara að bæta stöðu þeirra sem eru vel settir. Ég spyr: Hvenær breyttist skoðun hv. þm. í þeim efnum að hætta að bæta kjör þeirra sem verst eru settir og fara að bæta kjör hátekjufjölskyldna?

Nú er það þannig, herra forseti, að allar bætur Tryggingastofnunar eru greiddar með sköttum. Finnst hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, eðlilegt að lágtekjufjölskylda, t.d. félagar í BSRB, sem hafa því miður ekki allir mjög háar tekjur, kannski með 300 þús. kr. mánaðartekjur í heild, fjölskyldutekjur, sé skattlögð aukalega til þess að greiða aukabætur til hátekjufjölskyldna? T.d. hefur komið fram að 23% þeirra fjölskyldna sem munu njóta þessara bóta, samkvæmt skilningi hv. þm. eru það 360 þús. kr. á ári, eru með meira en 400 þús. kr. á mánuði. Ég hugsa að ekki séu margir félagar í BSRB með slíkar fjölskyldutekjur. Finnst hv. þm. þetta eðlilegt og er þetta í samræmi við það að bæta kjör þeirra sem verst eru settir?

[18:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér stórlega að draga í efa þær upplýsingar sem komu fram á baksíðu Morgunblaðsins ekki alls fyrir löngu. Ég horfi frekar á þær upplýsingar sem bornar voru fram í þinginu fyrir tveimur árum af hæstv. forsrh. þar sem fram kom að meðaltekjur maka öryrkja eru 132 þús. kr. á mánuði. Þetta kom fram í skýrslu hæstv. forsrh. á sínum tíma.

Í Morgunblaðinu kemur fram m.a, með leyfi forseta, að mikill meiri hluti öryrkjanna er með litlar sem engar tekjur aðrar en bótagreiðslur Tryggingastofnunar, yfir 98% alls hópsins hafa minna en 50 þús. kr. í eigin tekjur á mánuði eða fá eingöngu greiðslur frá Tryggingastofnun.

Þegar greinin er lesin og greinargerðin með henni kemur í ljós hvers konar afvegaleiðing hér er á ferðinni. Hv. þm. Pétur H. Blöndal tekur þátt í því að afvegaleiða okkur í þessu efni. Það sem þetta mál snýst um er hvort við ætlum að virða réttarríki á Íslandi. Það er staðreynd málsins. Um það erum

við að fjalla. Þegar hv. þm. reynir að stilla þessu upp sem valkostum sem við stöndum frammi fyrir, annars vegar að greiða þessar tæpu 40 milljónir kr. á ári og hins vegar að koma til móts eða bæta kjör öryrkja almennt og aldraðra er málflutningur af þessu tagi náttúrlega algjörlega út í hött.

Ég vil minna hv. þm. á það að rétt fyrir jólin fór fram alvöruumræða um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu þegar við vorum að fjalla um skattlagningu á söluhagnaði af hlutafé sem ríkisstjórnin færði niður úr tekjuskattsprósentu og niður í 10%. Þar vorum við að tala um milljarða en ekki fáeinar milljónir.

Þetta mál fjallar hins vegar um réttarríki á Íslandi.

[18:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær upplýsingar sem birtust í Morgunblaðinu voru sagðar hafðar eftir Þjóðhagsstofnun. Nú er víst komið þannig í rökþroti hv. þm. að hún kann ekki heldur að reikna og nú er það sennilega aðeins hv. þingmaðurinn sem einn kann að reikna og er þá vel komið þessari þjóð.

En hv. þm. svaraði ekki spurningunni (**ÖJ:** Hver var hún?) hvort eðlilegt væri að lágtekjufólk, fólk með 300 þús. kr. heimilistekjur væri skattlagt til þess að auka bætur til hátekjufjölskyldna. Þó að þessi tafla sem birtist frá Þjóðhagsstofnun væri röng þá er eflaust til eitt dæmi um sjómann eða lækni sem er giftur öryrkja sem fær þá 360 þús. kr. aukalega á ári. Ég spyr hv. þm.: Er ekki nóg að eitt slíkt dæmi sé til? Finnst honum það gott?

[18:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég lít svo á að það sé stjórnarskrárvarinn, einstaklingsbundinn réttur hvers einasta þegns, líka þeirra sem búa við skerta starfsorku, að hafa að lágmarki 51 þús. kr. á mánuði. Mér finnst það lítilmannlegt af ríkisstjórninni og fylgismönnum hennar á Alþingi að ætla að hafa hluta af þessari fjárhæð af þessu fólki (**PHB:** Er það nóg?) og þá með því að gefa falskar tilvísanir eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal leyfir sér að gera.

Ég held að allir Íslendingar, hverjar sem tekjur þeirra eru, vilji tryggja þessi grundvallarmannréttindi í landi okkar. Það held ég að eigi við og það kemur fram í sameiginlegri og einarðri afstöðu allrar launþegahreyfingarinnar á Íslandi.

[18:40]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það mjög alvarlegt mál þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, kemur hingað upp og vegur að starfsheiðri hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem er tryggingastærðfræðingur, með því að segja að hann kunni ekki að reikna. Þetta er það sama og að halda því fram að allar ræður hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem er mikill ræðuskörungur, séu innihaldslaust blaður, kjaftæði með öllu. Ég ætla ekki að halda því fram. Það er mikið innihald í mörgum ræðum hv. þm. en ég er ekkert endilega sammála því innihaldi.

Þessi dómur er ekki skýr. Ég ætla ekki að vitna endilega til orða hæstv. ráðherra fyrr í dag. Ég ætla ekki að vitna til starfshóps ríkisstjórnarinnar. Ég ætla að vitna í orð lektors við lagadeild Háskóla Íslands sem er ekki lögfræðingur Öryrkjabandalagsins. Hann er ekki lögfræðingur ríkisins á einn eða neinn hátt heldur var hann aðeins að túlka skoðun sína á dómi Hæstaréttar í viðtali á Rás 2. Og hvað sagði hann? Upphafsorð hans voru:

„Þessi dómur Hæstaréttar vekur upp fleiri spurningar heldur en hann svarar.“ — Vekur upp fleiri spurningar heldur en hann svarar. Svakalega skýr dómur. Mjög skýr.

Skoðun mín er sú og ég hef sagt þetta áður, hv. þm. Ögmundur Jónasson var að tala um það áðan að ég hefði komið inn á mat löggjafans og ég stend við það — það er fyllilega mat löggjafans að meta við hvað eigi að miða tekjutengingar og tekjuskerðingar í þjóðfélaginu. Það er mat mitt og ég útskýri dóminn í seinni ræðu minni á eftir, í seinna andsvari mínu á eftir. En þetta er mat löggjafans.

[18:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fylgismenn ríkisstjórnarinnar reyna að færa rök fyrir því að dómurinn sé óljós. Við teljum hins vegar að hann sé mjög skýr. Ég las upp dómsorðið og í mínum huga er það mjög skýrt og mjög afdráttarlaust. Engu að síður er um þetta deilt.

Hins vegar hefði ég haldið að það væri óumdeilt að ekkert bannaði að fara að ýtrustu túlkun dómsins, þeirri niðurstöðu sem við teljum vera rétta og greiða einstaklingnum að lágmarki 51 þús. kr. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvað er það sem stendur í vegi fyrir því að ríkisstjórnin og fylgismenn ríkisstjórnarinnar fari að þessu? Hvers vegna vill þingmeirihlutinn hafa þessa peninga af fólkinu? Hver er skýringin á því? Eru það efnahagslegar forsendur, efnahagsleg rök, peningaleg eða pólitísk? Ég óska eftir upplýsingum um þetta. Það getur vel verið að Pétur H. Blöndal geti eitthvað reiknað.

[18:44]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar dómur er ekki skýr þá er farið í dómsforsendur. Hvað er gert þegar vilji löggjafans er ekki nægilega skýr? Það er farið í greinargerðir, það er farið í ræður þingmanna, nefndarálit og fleira. Það er það sem er verið að gera hér. Það er verið að reyna að útskýra dóminn.

Ég vil meina það að munurinn á meirihluta- og minnihlutaáliti Hæstaréttar sé í fáum orðum sagt þessi, ég vitna í beint í hæstaréttardóminn: „Verður tæpast annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur sem nema grunnörorkulífeyri.“ — Þær eru 18 þús. kr. Hæstiréttur er að segja: Það má ekki skerða þær meira. Þær tekjuskerðingar sem hafa verið gegnum tekjutrygginguna mega ekki verða það miklar að þær verði allt niður í 18 þús. kr. Það er verið að segja. Það er ekki verið að segja neitt meira. Það er ekki verið að segja neitt annað. Minni hlutinn segir hins vegar: Það er ekki okkar dómstóla að meta þetta, það er löggjafans. Ég leyfi mér að vitna þar í álit minni hluta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði mjög til þess að reyna að rökstyðja álit meiri hlutans, þar sem segir, með leyfi, herra forseti:

„Af öllu þessu verður örugglega ráðið að löggjafinn sé bær til að meta hvernig tekjur maka örorkulífeyrisþega komi til skoðunar, þegar þeirri skyldu stjórnarskrárinnar er fullnægt að tryggja þeim öryrkjum lögbundinn rétt til aðstoðar sem ekki geta nægilega séð fyrir sér sjálfir.“

Þetta er að mínu mati grundvallarmunurinn á meiri- og minnihlutaáliti. Það er síðan okkar á löggjafarþinginu að segja hversu miklar þær skerðingar eiga að vera. En tenging við tekjur maka er heimil. Það er alveg skýrt. Það eru útúrsnúningar hjá stjórnarandstöðunni að halda öðru fram.

(Forseti hringir.) Hún er að skáskjóta sér undan þeirri spurningu að ... (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég lýk hér með máli mínu.

[18:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum rétt farin að átta okkur á afstöðu skerðingarflokkanna, við erum að byrja að átta okkur á henni.

Ég hef hins vegar staðhæft og ekki fengið nein mótrök gegn því að ekkert banni að greiddar séu að lágmarki rúmar 51 þús. kr. í grunnlífeyri, að það sé tekjutryggingin. Hver er skýringin á því að fylgismenn ríkisstjórnarinnar vilja hafa þessar rúmlega 7.500 kr. af öryrkjum? Hver er skýringin? Eru það efnahagslegar forsendur? Er það til að spara peninga, þ.e. innan við 40 millj. kr. á ári, eða er skýringin pólitísk? Er ástæðan sú að ríkisstjórnin á í stríði við öryrkja og samtök þeirra? Hver er skýringin?

Ég óska eftir skýringu af hálfu fylgismanna ríkisstjórnarinnar fyrir því hvers vegna hún vill hafa þessa peninga af öryrkjum þótt hún telji fyrir því lagaleg rök. Hverjar eru hinar pólitísku, mannlegu skýringar? Ég óska eftir þeim.

[18:47]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Lífeyrir almannatryggingakerfisins hér á landi er fjármagnaður með skattgreiðslum en byggist ekki á iðgjöldum sem veita tiltekin réttindi óháð tekjum. Tilgangurinn með almannatryggingakerfinu og velferðarþjónustu hér á landi er að draga úr fátækt, veita þjóðfélagsþegnum viðunandi lífskjaratryggingu og jafna lífskjör. Almannatryggingakerfinu er ætlað að koma til skjalanna þegar heilsubrestur, örorka, bág kjör, elli eða ungur aldur kemur í veg fyrir að viðkomandi geti framfleytt sér.

Eitt af megineinkennum íslenska velferðarkerfisins er að það telur sig fyrst og fremst hafa skyldur til að koma til móts við þá sem minna mega sín. Almennt er álitið að þeir sem betur standa þurfi ekki á sama máta á stuðningi samfélagsins að halda. Þannig hefur það tíðkast um áratuga skeið að viðhafa víðtækar skerðingar á lífeyri til tekjuhærri einstaklinga til að geta betur mætt þörfum þeirra sem hafa minni möguleika á að framfleyta sér. Hins vegar má alltaf deila um það hvort kjörin sem íslenska velferðarkerfið býður þeim sem minnst hafa séu viðunandi.

Þó mikið hafi verið gert á undanförnum árum til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir er almennt viðurkennt að enn betur þarf að gera í þeim efnum. Grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna þeirra öryrkja og aldraðra sem bera lítið úr býtum og þurfa að reiða sig á almannatryggingakerfið um framfærslueyri, um það eru velflestir sammála.

Markmið ríkisstjórnarinnar sem nú situr er að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Á undanförnum mánuðum hefur nefnd verið að störfum og skoðað hvernig lífeyrissjóðakerfið, skattkerfið og almannatryggingakerfið samtvinnast, í þeim tilgangi að finna leiðir til að draga úr jaðarsköttum og bæta kjör þeirra sem verst standa. Tillögur nefndarinnar áttu að liggja fyrir í ársbyrjun en ljóst er, m.a. vegna dóms Hæstaréttar í öryrkjamálinu svonefnda, að verkefnið dregst á langinn auk þess sem verkefni nefndarinnar hefur verið útvíkkað og henni falið að gera tillögur um endurbætur á almannatryggingalöggjöfinni eins og hún leggur sig.

Eitt af megineinkennum íslenska almannatryggingakerfisins er eins og áður sagði að það gengur nokkuð langt í að jafna tekjur og lífskjör í landinu. Það hefur verið notað sem sérstakt tæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og hefur dugað vel sem slíkt. Þannig hafa tekjutengingar í almannatryggingakerfinu tíðkast frá upphafi hér á landi. Þar hefur bæði verið horft til tekna lífeyrisþegans og maka hans. Viðhorf Íslendinga til hlutverks velferðarkerfisins voru nýverið skýrð í rannsókn sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerði fyrir BSRB. Þar kom fram að Íslendingar leggja mikla áherslu á að það skuli vera hlutverk hins opinbera að minnka tekjumun í þjóðfélaginu.

Bók Stefáns Ólafssonar, Íslenska leiðin, hefur verið töluvert til umfjöllunar á hinu háa Alþingi og í ýmsu samhengi. Meginniðurstöður athugana sem greint er frá í bókinni eru að lífskjör Íslendinga séu almennt mjög góð samanborið við aðrar vestrænar þjóðir. Samsetning tekna hér á landi er hins vegar nokkuð önnur þar sem atvinnutekjur vega meira í heildartekjum fólks og lífeyrisgreiðslur vega þar af leiðandi minna. Hins vegar er það niðurstaða Stefáns Ólafssonar að fátækt sé umtalsvert vandamál fyrir einstaka sérhópa og jafnvel heldur meiri hér á landi en t.d. á öðrum Norðurlöndum. Þá kemur fram sú skoðun að fátækt sem sérhópavandamál hafi farið minnkandi hér á landi. Með leyfi forseta vil ég lesa hér beina tilvitnun á bls. 257 í bókinni þar sem segir:

„... þeir sem einungis hafa framfærslulífeyri frá almannatryggingum eða félagsþjónustunni búa sumir enn við tiltölulega þröngan kost samanborið við sambærilega hópa í grannríkjunum."

Dómur Hæstaréttar frá því í desember breytir ekki því meginviðhorfi sem ríkt hefur hér á landi, að tekjutenging í almannatryggingakerfinu sé heimiluð til launajöfnunar þótt margir vilji svo vera láta. Þannig er rangt að halda því fram að eftir dóm Hæstaréttar sé ekki heimilt að tengja upphæð örorkulífeyris við tekjur maka. Dómur Hæstaréttar gengur út á að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á þann máta sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar.

Í dómi Hæstaréttar um þetta efni segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur almenni löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað. Skipulag, sem löggjafinn ákveður, verður þó að fullnægja þeim lágmarksréttindum, sem felast í ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar."

Með frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á almannatryggingalögum sem hér er til umfjöllunar eru þessi sjónarmið virt og um leið gefið aukið svigrúm til öryrkja til að afla sér tekna án þess að það komi strax til skerðingar á lífeyri. Á undanförnum árum hefur það verið gagnrýnt mjög hve lágar tekjur lífeyrisþegi hefur möguleika á að afla sér með eigin vinnu án þess að lífeyrir sé skertur. Slík ákvæði hafa þótt draga úr sjálfsbjargarviðleitni og athafnaþrá öryrkja. Það frv. sem hér er til umfjöllunar rýmkar þessi mörk.

Umræða um dóm Hæstaréttar í málefnum öryrkja hefur einkennst af einkennilegum upphrópunum, misskilningi og oft á tíðum vísvitandi rangtúlkunum. Hæstaréttardómurinn hefur verið túlkaður sem allsherjarlausn á vanda allra þeirra hópa í samfélaginu sem telja má að beri skarðan hlut frá borði. Það er mikill ábyrgðarhluti að vekja falsvonir hjá því

fólki sem dómurinn tekur alls ekki til. Augljóst er að margir sem hafa úttalað sig um dóminn hafa ekki kynnt sér hann af eigin raun heldur byggja skoðun sína á misvísandi fréttaflutningi og upphrópunum ýmissa aðila sem bera ábyrgð á rangtúlkunum dómsins.

Það er t.d. athyglisvert sem haft er eftir starfandi forseta ASÍ í Morgunblaðinu 12. jan., með leyfi forseta:

„Það er mjög slæmt að sérstaklega er verið að brjóta á mannréttindum öryrkja sem eru með lágar tekjur."

Þessi orð eru athyglisverð í ljósi þess að það eru einmitt ekki þeir öryrkjar sem eru með lágar og lægstar tekjur sem fá aukinn stuðning úr almannatryggingakerfinu í kjölfar dóms Hæstaréttar með því frv. sem nú er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. *Sérstaklega þeir sem betur eru settir fá aukinn* stuðning, þ.e. öryrkjar með miðlungs fjölskyldutekjur um og yfir 200 þús. kr. á mánuði. Þetta er fólk með heimilistekjur sem eru að meðaltali um 338 þús. kr. á mánuði, eins og kom fram á baksíðu Morgunblaðisins laugardaginn 13. jan.

Ég er þeirrar skoðunar að það stríði gegn réttlætiskennd þjóðarinnar að auknum hluta af almannafé sé ráðstafað sérstaklega til að styrkja stöðu þeirra sem búa við þokkaleg kjör en láta þá sem verr búa sitja eftir. Þær ráðstafanir sem frv. mælir fyrir um til að fullnægja dómi Hæstaréttar þýða ekki að kjör þeirra sem verst eru settir séu bætt, það er ekki verið að bæta kjör þeirra sem þurfa að reiða sig eingöngu á lífeyri frá almannatryggingakerfinu til framfærslu, hvort heldur er um einstaklinga, hjón eða sambúðarfólk að ræða. Aðeins 700 öryrkjar af þeim 8.700 sem fá örorkulífeyri frá almannatryggingakerfinu munu fá auknar bætur, þ.e. um 8% öryrkja. Það er allt og sumt, því miður.

Ég tek undir það sem kom fram á forsíðu Dags miðvikudaginn 10. jan., en þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem öllum þykir mjög ósanngjarnt varðandi dóm Hæstaréttar er að einungis þeir sem eiga maka fá bætur fjögur ár aftur í tímann vegna þess að dómurinn gengur út á skerðingu örorkubóta vegna tekna maka. Einstæðingar fá því engar bætur. Bent er á að þeir hafi hins vegar fengið fullar örorkubætur alla tíð en nú fá þeir sem giftir eru og betur settir fullar bætur fjögur ár aftur í tímann."

Þetta er kjarni málsins. Dómur Hæstaréttar leiðir til þess að þeir sem betur eru settir fá hærri bætur. Þeir sem verst eru settir fá ekki meiri stuðning velferðarkerfisins. Þetta er hópurinn sem vegna örorku sinnar getur eingöngu treyst á stuðning frá almannatryggingakerfinu sér til framfærslu. Þetta eru þeir sem Stefán Ólafsson í bók sinni Íslensku leiðinni *skilgreindi sem þann hóp fólks sem mest ríður á* að bæta kjör hjá og leysa úr fátæktargildru. Þar er ég honum hjartanlega sammála. Ég er fyrir hönd þessa fólks sárreið þeim sem hafa gefið því falskar vonir um að nýr dómur Hæstaréttar feli í sér betri kjör þeim til handa. Með hliðsjón af því hverjir fá auknar bætur er augljóst að niðurstaða Hæstaréttar í þessu máli mun leiða til meiri og óréttlátari tekjuskiptingar í þjóðfélaginu. Tekjumunur í þjóðfélaginu eykst, hann minnkar ekki. Hann færir þeim sem hafa meira á milli handanna meiri ráðstöfunartekjur en þeir sem minnst hafa fá ekki meira í sinn hlut.

Það er umhugsunarefni að dómur Hæstaréttar þýðir að í framtíðinni verði ekki sérstaklega hægt að taka á málefnum þeirra sem verst hafa nema að auka jafnframt um leið hlut þeirra sem betur mega *sín í hópi öryrkja. Sú meginhugsun* íslenska almannatryggingakerfisins að almannafé sé sérstaklega ætlað til stuðnings þeim sem minnst hafa og minnst mega sín er því í hættu. Það þykir mér vera afturför.

Virðulegi forseti. Ég hafði atvinnu af því um tíu ára skeið að veita stéttarfélagi forustu. Hlutverk stéttarfélaga sem hagsmunasamtaka er að berjast fyrir bættum kjörum umbjóðenda sinna. Ég er hrædd um að umbjóðendur mínir á þeim tíma hefðu kunnað mér litlar þakkir fyrir ef ég teldi að hápunktur hagsmunabaráttu minnar fyrir hönd stéttarinnar, stærsti sigur minn og félaga minna á ferlinum fælist í að ná hækkuðum launum þeirra sem bestu launin hefðu. Í verkalýðsbaráttu sem og annarri hagsmunabaráttu hafa þeir hópar forgang sem bágust kjörin hafa.

Því hefur verið haldið fram og það ranglega að ríkisstjórnin virði ekki niðurstöðu Hæstaréttar með því að bregðast við honum með því að setja lög um hvernig á að koma til móts við meginhugsun og niðurstöðu dómsins. Þetta er alrangt. Þetta er ódýrt pólitískt áróðursbragð sem stjórnarandstaðan af sinni alkunnu snilld lepur upp gagnrýnislaust, enda þjónar það tilgangi hennar að koma óorði á ríkisstjórnina. Það er reyndar athyglisvert hve stjórnarandstaðan er hugmyndasnauð í þessum málum. Hún hefur ekki komið fram með eina sjálfstæða hugsun í málinu. Í raun er undravert hvað hún, sem ætíð hefur stært sig af hugsjónum um aukna tekjujöfnun í þjóðfélaginu, tekur undir þau sjónarmið sem gengur þvert á þessa hugsun sem færir þeim sem meira hafa auknar tekjur meðan hinir sem minna hafa sitja eftir.

Mér er það hins vegar engan veginn á móti skapi að taka tekjulægsta hópinn upp á arma mína og samflokksmanna minna og mun berjast fyrir bættum kjörum þeirra enda er það í samræmi við réttlætiskennd mína og stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum aldraða og öryrkja að búa betur að þeim sem verst eru settir.

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin hafi brugðist hárrétt við dómi Hæstaréttar með því að skipa nefnd til að skoða áhrif niðurstöðu hans og hvaða leiðir eru færar til að bregðast við honum. Dómur Hæstaréttar er viðurkenningardómur um að virða beri ákveðin grundvallarviðhorf í málefnum tiltekins þjóðfélagshóps, þ.e. að öryrkjar í sambúð hefðu tiltekinn lágmarksrétt til tekna burt séð frá tekjum maka. Hins vegar sagði dómurinn ekki til um hvernig ætti að koma til móts við þessi grundvallarviðhorf eða hver lágmarksréttindin væru fyrir hópinn í heild eða einstaka öryrkja.

Sennilega hefði dómurinn skýrt framkvæmd dómsins nákvæmlega og gefið góðar leiðbeiningar um hvaða reglur ættu að gilda í þessu sambandi ef málið hefði verið rekið á grunni *tiltekins einstaklings. Við þær kringumstæður hefði* orðið til krafa á hendur Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu sem hefði gefið fordæmi fyrir kröfu annarra öryrkja í sambærilegri stöðu. Raunveruleikinn er hins vegar sá að málið var ekki rekið á einstaklingsgrunni. Hæstiréttur gaf á hinn bóginn ákveðnar leiðbeiningar um hvernig ætti að útfæra reglur til að koma til móts við þessi grundvallarviðhorf þótt þær leiðbeiningar hafi hvorki verið skýrar né augljósar enda er það á ábyrgð og á valdi löggjafans að taka pólitíska ákvörðun í þessum efnum. Því var nauðsynlegt að skoða nánar niðurstöðu Hæstaréttar og koma með tillögur um hvernig ætti að fullnægja dómnum.

Það er hægt að hafa ýmsar skoðanir á réttmæti niðurstöðu Hæstaréttar í öryrkjamálinu. Ég legg hins vegar áherslu á, og *tek undir það sem fram hefur komið hjá stjórnarliðum fyrr í* umræðunni, að það hefur aldrei staðið annað til en að virða

niðurstöðu Hæstaréttar. Það er gert með því frv. sem er hér til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Forsvarsmenn aldraðra hafa haldið því fram að dómur Hæstaréttar hafi fordæmisgildi fyrir ellilífeyrisþega og gildi einnig um þá, þ.e. að óheimilt sé að tengja upphæð tekjutryggingar ellilífeyrisþega við tekjur maka. Í þessu efni verður að líta á að í dómi Hæstaréttar er sérstaklega tekið fram að um viðurkenningardóm sé að ræða um réttindi öryrkja en ekki aldraða. Önnur sjónarmið geta átt við um aldraða og því er ekki hægt að heimfæra niðurstöðu dómsins upp á ellilífeyrisþega. Hins vegar, virðulegi forseti, verð ég að segja að ég er í grundvallaratriðum sammála talsmönnum aldraðra. Það þarf að skoða stöðu aldraðra með hliðsjón af dómnum. Ég vil taka lýsandi dæmi því til staðfestingar.

Eins og allir vita fer öryrki sjálfkrafa á ellilífeyri þegar hann hefur náð tilteknum aldri og örorkulífeyrir fellur niður um leið. Það verður að teljast undarlegt og óeðlilegt að tekjur öryrkjans frá almannatryggingakerfinu minnki við að komast á eftirlaunaaldur og að maki öryrkja þurfi að taka á sig auknar framfærsluskyldur gagnvart öryrkjanum við það að hann hafi náð tilteknum aldri. Væri á hinn bóginn þessi réttur sem öryrkjar hafa fengið viðurkenningu yfirfærður til ellilífeyrisþega gæti það einnig litið einkennilega út í ákveðnum tilvikum. Þannig má taka dæmi af konu sem samkvæmt eigin vali hefur ekki verið útivinnandi og þess vegna verið á framfæri maka síns alla tíð. Þetta gæti þess vegna átt við um karl sem hefur verið heima. Við það að komast á ellilífeyrisaldur fær hún eða hann ákveðna viðurkennda upphæð, samanber réttindi öryrkja, sér til framfærslu. Við það eitt að ná tilteknum aldri líta stjórnvöld svo á að vakni sérstakur réttur konunnar eða karlsins til lágmarksframfærslu og að makinn hafi ekki lengur sömu framfærsluskyldu við maka sinn og hefur verið samkomulag hjóna í milli um árabil.

Spyrja má hvaða breytingar verði á högum þessarar konu eða karls við að komast á eftirlaunaaldur sem geri það að verkum að hún eða hann þarf á sérstakri lágmarksframfærslu að halda umfram það sem áður hefur verið. Dómur Hæstaréttar gefur þannig tilefni til að skoða alla þætti sem snúa að snertifleti fjármála fjölskyldunnar og ríkisins, þ.e. með tilliti til grundvallarviðhorfa sem eiga að ríkja við skattlagningu annars vegar og reglur við úthlutun greiðslna velferðarkerfisins til tekjujöfnunar og styrktar þeim sem geta ekki framfleytt sér án stuðnings hins vegar.

Eiga sömu grundvallarreglur að gilda í báðum þessum kerfum, þ.e. á að líta á hjón sem tvo einstaklinga eða eina heild með tilliti til réttinda og skyldna einstaklinga og hjóna í samfélaginu? Þetta tel ég nauðsynlegt að skoða nákvæmlega í kjölfar dóms Hæstaréttar.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að í dómi Hæstaréttar felist að óheimilt sé að tengja tekjur maka við örorkulífeyri. Lífeyrir almannatrygginga til öryrkja sem er einstæður og hefur engar eða litlar aðrar tekjur er samsettur af fjórum þáttum eins og allir vita, grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Þeir sem ganga lengst í að túlka dóm Hæstaréttar á þann veg að tekjutenging bóta almannatrygginga sé með öllu óheimil hafa lýst því sjónarmiði sínu að þeir geri engar athugasemdir við að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót til öryrkja falli niður þegar hann tekur upp sambúð. Í þessu felst ákveðinn tvískinnungur. Öðrum þræði er sagt að líta verði á öryrkja sem einstakling með sjálfstæðan rétt til bóta, burt séð frá tekjum maka, en á hinn bóginn er viðurkennt að rétt sé að taka tillit til þess að við að einstaklingur hefur búskap falli niður ákveðnar bætur. Út á þetta gengur dómur Hæstaréttar, að meta í hve miklum mæli á að taka tillit til þess hagræðis sem felst í að reka sameiginlegt heimili en um leið að virða rétt einstaklings sem er öryrki til sjálfstæðra tekna.

Ég tel að nefndin sem fékk það verkefni að gera tillögur um viðbrögð við dómi réttarins, Hæstaréttar, hafi hér komist að eðlilegri niðurstöðu, þ.e. að gera tillögu um að öryrki í sambúð eigi rétt á tiltekinni tekjutryggingu umfram grunnlífeyri burt séð frá tekjum maka en upphæð tekjutryggingarinnar sé ekki jafnhá þeirri sem sá sem ekki er í sambúð fær.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hefur haldið uppi þeim málflutningi í dag að með því að fella niður heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót þegar öryrki tekur upp sambúð sé nægjanlegt tillit tekið til þess hagræðis sem fæst af sambúðinni, þannig eigi öryrki sem hefur sambúð rétt á fullri tekjutryggingu. Á það verður hins vegar að benda að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót voru ekki til umfjöllunar í Hæstarétti. Til marks um það er hugtakið heimilisuppbót aðeins tvisvar notað í rökstuðningi Hæstaréttar, annars vegar með tilvísun í heiti reglugerðar og hins vegar sem efni laga. Það er því augljóst að Hæstiréttur var eingöngu að vísa í tekjutrygginguna þegar hann úrskurðar að málefnalegar ástæður geti legið að baki mismunandi greiðslum til öryrkja sem eru einyrkjar annars vegar og sambúðarfólk hins vegar.

Virðulegi forseti. Það er almenn skoðun þeirra sem gerst þekkja til skipulags lífeyrismála að kerfi sem veiti rétt m.a. til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris eigi að byggja á þremur stoðum.

Fyrsta stoðin er opinbert kerfi almannatrygginga þar sem tilgangurinn er að greiða tiltekinn lágmarkslífeyri sem er fjármagnaður með sköttum. Meginmarkmið slíks kerfis er tekjujöfnun og samtrygging.

Önnur stoðin byggir á skylduaðild að lífeyrissjóðum þar sem greidd eru iðgjöld til sjóðsins sem myndar rétt til lífeyris, m.a. við örorku og við ellilífeyrisaldur. Meginmarkmið þess kerfis er sparnaður og ávöxtun þess fjár, m.a. til að standa undir elli- og örorkulífeyri þar sem samtrygging er lögð til grundvallar.

Þriðja stoðin byggir á einstaklingsbundnum eða vinnutengdum sparnaði, myndun séreignar og sértryggingar með það að markmiði að spara til elliáranna eða til einstaklingsbundinnar framfærslu við skerta starfsorku af völdum sjúkdóma eða slysa.

Réttindi fólks til lífeyrisgreiðslna vegna örorku í lífeyrissjóðakerfinu eru almennt góð, svo framarlega sem viðkomandi hefur stofnað til réttar til örorkulífeyrisgreiðslna. Almenna reglan er sú að réttur viðkomandi til örorkulífeyris er vakandi hafi hann greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs á síðustu þremur árum fyrir örorku. Uppfylli viðkomandi skilyrði til að fá örorkulífeyri er lífeyririnn framreiknaður til ellilífeyrisaldurs sem þýðir að upphæð örorkulífeyris er eins og hann hafi greitt iðgjöld til lífeyrissjóðsins allan sinn starfsaldur og er hann jafnhár upphæð ellilífeyris eins og hann hefði greitt til sjóðsins þar til hann fer á eftirlaun.

Þannig eru margir sem hafa rétt til örorkulífeyris í annarri meginstoð lífeyriskerfis okkar Íslendinga nokkuð vel settir. Meginundantekning frá þessari reglu eru opinberir starfsmenn sem greiða lífeyrissjóðsiðgjöld til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hjúkrunarfræðingar sem greiða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Þeir eru í þeirri stöðu að

þeir fá ekki framreikning verði örorkan ekki rakin til starfsins sem þeir gegndu þegar þeir greiddu iðgjöld til sjóðsins. Hins vegar verð ég að taka það fram að hin nýja A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins veitir rétt til framreiknaðs örorkulífeyris eins og almenna reglan er í sjóðum á almenna markaðnum.

Mig langar að taka dæmi um einstakling sem er 25 ára og hefur heildarlaun upp á 160 þús. kr. Við örorku, að uppfylltum lágmarksskilyrðum um greiðslu í lífeyrissjóð, gæti hann vænst þess að fá um 120 þús. kr. á mánuði allt sitt líf. Það verður þó að benda á að ætíð verður nokkur hópur örorkulífeyrisþega sem ekki hefur rétt á starfstengdum lífeyrissjóðum landsins þar sem þeir hafa ekki verið á vinnumarkaði. Þetta er hópurinn sem reiðir sig eingöngu á lífeyri almannatrygginga og er sérstaklega illa settur, bæði í innlendum og erlendum samanburði.

Í bók Stefáns Ólafssonar, Íslenska leiðin, sem ég hef nefnt fyrr í ræðu minni, kemur fram að hagur eftirlaunaþega hefur vænkast verulega sl. rúman áratug. Þannig kemst Stefán Ólafsson að þeirri niðurstöðu að 12,4% eftirlaunaþega hafi verið undir fátæktarmörkum á árinu 1988 en fátæktarmörk skilgreinir hann á ákveðinn máta, ekki sem fasta stærð heldur afstæða. Ég fer ekki nánar út í þá reikningsaðferð hér en á hinn bóginn féllu 4,3% eftirlaunaþega undir fátæktarmörk samkvæmt sömu skilgreiningu áratug síðar eða 1997–1998. Mig langar að vitna í bók Stefáns Ólafssonar, með leyfi forseta:

„Meginástæða minnkandi fátæktar meðal eldri borgara er sú, að starfstengdu lífeyrissjóðirnir eru á hverju ári að færa *nýjum eftirlaunamönnum betri réttindi en þeir höfðu sem* fyrr komu á eftirlaunaaldurinn."

Eilítið síðar segir hann jafnframt:

„Einnig kunna breytingar á skattakerfinu og aukin lágtekjuviðmiðun lífeyrisgreiðslna á tíunda áratugnum að hafa haft áhrif til minnkunar fátæktar meðal eldri borgara á Íslandi."

Líklegt má telja að hið sama eigi við um þá sem hafa rétt til örorkulífeyris frá lífeyrissjóðunum og þurfa því ekki að reiða sig á lífeyri almannatrygginga í sama mæli og þeir sem engan rétt hafa í lífeyrissjóðunum. Í skýrslu hæstv. forsrh. um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja sem lögð var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi kemur fram að á árinu 1997 fengu 57% öryrkja greiðslur úr lífeyrissjóði en 43% fengu engar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Meðalupphæð lífeyris þeirra sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóði var tæplega 400 þús. kr. á ári eða um 32 þús. á mánuði sem samsvaraði því að hlutur lífeyrissjóðanna í lífeyri þessara öryrkja var 33% af tekjum þessa hóps. Rúmlega 40% þeirra sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóðum, eða rúmlega 2 þúsund manns, fengu um 56 þús. kr. á mánuði að meðaltali á árinu 1997 en 60% þeirra, eða 3 þúsund manns, fengu minna en 30 þús. kr. í lífeyri frá lífeyrissjóðunum þetta sama ár.

Virðulegi forseti. Niðurstaða mín í þessari umræðu er því sú að eðlilegt er að tekjutengja lífeyrisgreiðslur almannatrygginga sem greiddar eru af skatttekjum. Dómur Hæstaréttar staðfestir þá skoðun mína og gefur ekki tilefni til að ætla að grundvallarbreyting hafi orðið á meginhugsun almannatryggingakerfisins í þessa veru. Hins vegar vekur niðurstaða Hæstaréttar ákveðnar áhyggjur um að ekki verði hægt að koma til móts við þarfir þeirra sem raunverulega *þurfa á auknum stuðningi samfélagsins að halda nema um* leið verði að bæta kjör þeirra sem meira hafa á milli handanna og komast ágætlega af. Það vekur einnig áhyggjur að stuðningi samfélagsins sé ekki beint á rétta staði undir því yfirskyni að brotið sé á mannréttindum einstaklinga.

Ég verð í lokin að taka undir þau rök að öryrki í sambúð þurfi að hafa möguleika á tilteknu sjálfstæði með eigin aflafé, hvort sem þess er aflað með eigin vinnu eða með stuðningi frá samfélaginu. Hins vegar er spurningin um hver sé eðlileg upphæð í því sambandi og hve langt eigi að ganga á almannafé til að koma til móts við þetta sjónarmið. Niðurstaðan er fengin með dómi Hæstaréttar og þeim dómi munum við hlíta verði það frv. að lögum sem hér er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

[19:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínum dómi er það mikill misskilningur að þessi dómur komi í veg fyrir að unnt verði að koma til móts við þá sem verst standa á einhvern hátt með sérstækum aðgerðum, það er mikill misskilningur.

Herra forseti. Þegar alþingismenn fá greidd mánaðarlaunin sín í byrjun hvers mánaðar, á fjórða hundrað þúsund krónur á mánuði, þá er ekki spurt um laun maka okkar. Það er ekki spurt um það. Það er ekki spurt um hvað minn maki hafi í laun eða maki hv. þm. Ástu Möller, þegar við fáum okkar *mánaðargreiðslur, á fjórða hundrað þúsund krónur á* mánuði að lágmarki. Um það er ekki spurt.

Það er heldur ekki gert þegar atvinnulausum einstaklingi *eru greidd hans samfélagslaun, atvinnuleysisbætur,* um 67 þús. kr. á mánuði. Það er ekki spurt hvað maki hans kunni að hafa í tekjur. Honum skal tryggð þessi lágmarksupphæð. Þegar kemur að öryrkjanum, þeim sem tapað hefur starfsorku sinni eða hefur e.t.v. aldrei haft hana vegna slyss, veikinda eða fötlunar, þá skulu honum samkvæmt úrskurði Hæstaréttar tryggðar að lágmarki 51 þús. kr. á mánuði án þess að þær verði skertar vegna tekna maka, sé hann til staðar.

Nú segir hv. þm. Ásta Möller að ríkisstjórninni sé heimilt að hafa tiltekna upphæð af þessu fólki og lækka þessa upphæð sem við teljum að felist í úrskurði Hæstaréttar um 7.566 kr. á mánuði. Ég spyr: Hvers vegna? Allir vita að það er ekkert sem kemur í veg fyrir að þetta verði greitt ef vilji er fyrir hendi. Hvers vegna vilja menn leita leiða til að hafa þessa peninga af þessu fólki? Ég er innilega sammála starfandi forseta ASÍ um að auðvitað eru það lágt launaðir einstaklingar sem eru búin þessi kjör.

[19:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka fram að það er rangt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson segir hér, að ætlunin sé að hafa eitthvað af öryrkjum. Það er rangt.

Það sem við erum að gera hér á hinu háa Alþingi er að bæta kjör ákveðins hóps (**ÖJ:** Samkvæmt dómi.) samkvæmt dómi. Það sem var áður 18 þús. er fært upp í 43 þús. kr. á mánuði að lágmarki. (**ÖJ:** Af hverju ekki 51?) Það eru fyrir því ákveðin rök (**ÖJ:** Hver eru þau?) og ég fór í gegnum þau í ræðu minni hér áðan. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er viðurkennt að það er ákveðið hagræði af því að vera í sambúð. Það hagræði felst í því að það er ódýrara að kaupa inn fyrir tvo en fyrir einn.

[19:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það er ódýrara að reka heimili fyrir tvo, líka fyrir alþingismenn. Á þá ekki að skerða þá þingfararkaupið með tilliti til tekna maka?

Hver er skýringin á því að Sjálfstfl. og þingmenn Sjálfstfl. ætla að hafa þessa peninga af öryrkjum, 7.566 kr. á mánuði? Hv. þm., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, segja að þeim sé stætt á því að gera það. Við teljum að svo sé ekki, að samkvæmt úrskurði Hæstaréttar sé ekki rétt að fara þessa leið. Þingmennirnir segja hins vegar að þeim sé fært að gera það. En þeim er líka fært að greiða þessa peninga.

Hver er skýringin á því að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar ætla að hafa þessa upphæð, 7.566 kr. sem er ekki meira en 4.633 þegar hún hefur verið skattlögð, af öryrkjum? Hver er skýringin? Hún getur ekki verið peningaleg eða efnahagsleg vegna þess að þetta er svo smá upphæð, innan við 40 milljónir á ári hverju. Er skýringin pólitísk? Á hverju byggir hún?

[19:22]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í andsvörum hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér fyrr í kvöld að hann talaði um að við beittum ýtrustu túlkun dómsins — ýtrustu túlkun dómsins, ég tók þetta beint niður eftir honum. Með þessum orðum viðurkennir hv. þm. að dómurinn feli ekki ótvírætt í sér að það hafi verið óheimilt að tekjutengja. (**ÖJ:** Ég tel engan vafa leika á því en það er deilt um niðurstöðuna.) Hef ég orðið?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Ég bið hv. þm. að virða ræðutíma.)

Hann talaði hér áðan um að beita ýtrustu túlkun dómsins. Það er akkúrat það sem stjórnarandstaðan er að gera. Hún er að reyna að beita dómnum pólitískt sér í hag. Það er alveg ljóst að dómurinn felur ekki í sér að óheimilt sé að tekjutengja örorkulífeyri við tekjur maka.

(**ÖJ:** Er þetta pólitík Sjálfstfl. að hafa þessa peninga af fólkinu?)

[19:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir það særa réttlætiskennd fólks að það eigi að leiðrétta bæturnar samkvæmt hæstaréttardómnum eins og við leggjum til. Ég ætla að fara nokkrum orðum um réttlætiskennd.

Ríkisstjórnin frestar skattlagningu á arð af hlutabréfum sem 636 einstaklingar eiga. Fjárhæðin nemur um 20 milljörðum á tveimur árum og tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaganna er um 8,5 milljarðar á tveimur árum. Það særir réttlætiskennd.

Ríkisstjórnin lækkar vörugjöld af dýrum bifreiðum með tekjutapi upp á mörg hundruð milljónir sem hefði fjármagnað þennan dóm og gott betur. Það særir réttlætiskennd.

Ef ríkisstjórnin sæi til þess að allir greiddu skatta og þar með kvótahæstu útgerðarfyrirtækin í landinu, en tveir og þrír af 20 kvótahæstu eigendum og útgerðarfélögum í þessu landi greiddu skatta fyrir tvö síðustu ár, þá mundi viðhorf fólks til þessarar ríkisstjórnar kannski breytast. Eins og staðan í þeim málum er í dag þá særir það réttlætiskenndina.

[19:24]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Það sem ég sagði, virðulegi forseti, var að það særði réttlætiskennd mína þegar almannafé sem notað er í almannaþágu til styrktar þeim sem minna mega sín fer til þeirra sem meira hafa, í því samhengi sem ég er að tala um hér. Við erum að ræða um það í þessu samhengi hér.

Það má hver og einn lýsa sinni réttlætiskennd, ég lýsti minni í þessu máli.

[19:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. taki þar með undir orð hv. þm. Péturs Blöndals sem gefur það til kynna að skattgreiðslur eða greiðslur þeirra sem minnst hafa sé tekið til að borga öðrum örlítið meira úr opinberum sjóðum. Umræðan er svo fráleit og á þvílíkum villigötum að það er varla hægt að hugsa sér hana hér í þingsölum.

Þess vegna hef ég dregið hér fram þrjá hópa sem ríkisstjórnin hefur hyglað með gífurlegum fjárhæðum. Þar væru til peningar, ekki bara til að gera þær breytingar sem við höfum hér talað fyrir heldur einnig til að hækka skattleysismörkin og verða þannig við beiðni ASÍ fyrir jólin um að láta það koma fram í skattleysismörkum sem er að gerast í breytingum á verðlagi og öðru.

Ég ætla líka að nefna það vegna þess að það hefur komið fram hjá Öryrkjabandalaginu í fjölmiðlum að það er algjör samstaða um það hjá öryrkjum að knýja á um að dómnum verði fullnægt. Þegar ég segi fullnægt þá er það með því að þeir sem um ræðir fái þessar 51 þús. kr. Ég ætla því að spyrja þingmanninn, af því það hefur aldrei komið skýrt fram af hálfu stjórnarmeirihlutans, hvort sem ráðherra hefur átt í hlut eða þingmenn: Af hverju er 43 þús. kr. passleg upphæð? Er það nógu lágt til að særa ekki réttlætiskennd þingmannsins eða annarra þeirra sem greiða skatta? Af hverju ekki 51 þús. kr.? Af hverju 43 þús. kr.? Hvar eru mörk réttlætiskenndar stjórnarmeirihlutans?

[19:27]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram rök í mínu máli varðandi það að dómnum verður fullnægt. Það er ljóst að með frv. ríkisstjórnarinnar sem liggur hér á borðinu erum við að fullnægja hæstaréttardómi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði hvort ég væri sammála Pétri Blöndal. Ég er sannarlega sammála hv. þm. Pétri Blöndal. Hér stendur til að auka ójafnræði í tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Hvaðan kemur almannafé? Almannafé kemur af sköttum landsmanna. Hvaðan er þetta fé tekið sem nota á til að greiða þeim sem meira hafa? Af sköttum landsmanna.

Þannig er alveg ljóst að það á að færa fé frá þeim sem minna mega sín til þeirra sem meira hafa. Ég er undrandi yfir því að hv. stjórnarandstaða, sem telur sér til tekna að berjast fyrir launajöfnuði í landinu, skuli taka þá afstöðu sem hún tekur hér í umræðunni í dag.

[19:28]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja því að ítreka spurningu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði og margoft hefur verið spurt að hér í dag: Af hverju misbjóða 43 þús. kr. ekki réttlætiskenndinni þegar 51 þús. kr. gera það? Af hverju þessi munur? Ég vil fá svar við því, annað en að vísað sé til ákveðins hagræðis af sambúð. Til þess hefur þegar verið tekið tillit í gegnum aðra þætti.

Hv. þm. sagði að hjá stjórnarandstöðunni væri engin sjálfstæð hugsun í þessu máli. Ég vil minna á frv. sem liggur fyrir hv. heilbr.- og trn. sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur margoft flutt um nákvæmlega sama mál og hér er til umfjöllunar. Það vill svo til, herra forseti, að dómur Hæstaréttar er í samræmi við það frv., hvað varðar málefni öryrkjanna. Þar er sem sagt sjálfstæða hugsunin komin. Frv.

var til langt á undan dómi Hæstaréttar, herra forseti. Ég vil vekja athygli á þessu hér í umræðunni.

[19:29]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stjórnarliðið er sammála því að tekjutengja bætur. Það kemur fram bæði tekjumegin og gjaldamegin hér í þjóðfélaginu. Hér er varin sú grundvallarhugsun að tekjutengja. Það á að færa fé, að svo miklu leyti sem hægt er, frá þeim sem meira hafa á milli handanna til þeirra sem minna mega sín. Það er því alveg ljóst, eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. í dag, að ef sú leið hefði verið farin, að miða við 51 þús. kr., þá hefði það verið viðurkenning á fullum rétti annarra til að fá bætur án tekjutengingar. Það er bara ekki í samræmi við hugmyndir okkar.

[19:30]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn hefur ekki fengist svar við þessari einföldu spurningu með 43 þús. kr. og 51 þús. kr. En ég vil líka í ljósi þess sem hv. þm. nefndi áðan spyrja — vegna þess að miðað við það sem hún sagði áðan um vörn þessa tekjutengingarkerfis í bak og fyrir sem hlyti að vissu leyti að gleðja þá sem kenna sig við jöfnuð þó að við viljum um leið verja mannréttindi einstaklinga á borð við það sem *Hæstiréttur er að verja í sínum dómi — hvað með* landsfundarsamþykktir Sjálfstfl. þar sem ég man ekki betur en þar hafi verið talað um þá stefnu flokksins að afnema sem mest tekjutengingar í kerfinu, er ríkisstjórnin þá farin að vinna gegn þeim samþykktum? Herra forseti. Ég vildi spyrja hv. þm. um þetta.

[19:31]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu í dag, þá fór ég í gegnum umræður sem fóru fram þegar tekjutenging var hert í tíð heilbrrh. sem var þá hv. núv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Það var alveg sama hvar ég bar niður í umræðum og umræðum þeirra sem hér láta hæst um óréttlætið, alls staðar var talað um réttmæti tekjutengingar í bak og fyrir, þannig að mér finnst það undarlegt að það sé ég sem er að tala í þá sömu átt sem hv. þm. töluðu 1993, 1998 og 1999.

[19:32]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt af því sem er ánægjulegt við þann hæstaréttardóm sem hér er til umfjöllunar ásamt því frv. sem af honum hefur leitt er að hann hefur hrært hjörtu stjórnarliða til meðaumkunar með þeim sem minnst hafa í þjóðfélaginu og ég vil þakka það alveg sérstaklega. Er það ekki að ástæðulausu vegna þess að við sem erum hér í minni hluta höfum staðið *í því að bera fram tillögu eftir tillögu um* að bæta kjör þessa fólks, síðast nú við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin en það var allt stráfellt. Þeir voru alveg pottþéttir á því að ekkert fannst þeim þurfa fyrir þennan hóp að gera. Er það núna meining hv. þm. Ástu Möller að þessar 40 millj. sem ríkisstjórnin ætlar að fara að spara á giftum öryrkjum á ári verði notaðar óskiptar nú þegar til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa?

[19:33]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hrædd um að 40 millj. mundu duga skammt fyrir þennan hóp, átta þúsund ellilífeyrisþega, sem eftir sitja. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar stendur að það eigi sérstaklega að huga að hag aldraðra, öryrkja og þeirra sem bágust kjörin hafa. Það hefur tekið að mínu mati heldur langan tíma að klára þá vinnu að endurskoða almannatryggingakerfið til að hægt sé að endurspegla þessa yfirlýsingu. Ég hef sérstaklega horft til þess að nefnd hefur verið að störfum til að skoða samspil skattkerfisins, lífeyriskerfisins og almenna tryggingakerfisins þannig að það sé ekki hvað að bíta í skottið á öðru svo að hægt verði að bæta kjör þessa fólks.

Ég var að vonast til að nefndin sem hefur þetta hlutverk mundi skila gögnum núna í janúar en það verður bið á því.

[19:35]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh., sem því miður hefur ekki haft tíma til að sitja og hlusta á þessa umræðu boðaði, fyrr í dag að stjórnarliðar væru tilbúnir til að taka þátt í málefnalegri umræðu, *mjög málefnalegri*. Ég verð að segja að eftir að hafa hlustað á þessa umræðu sem farið hefur hér fram þá finnst mér hún ekki vera málefnaleg af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar. Það er að vísu fjallað um ýmislegt hollt og gott en ekki raunverulegt efni dagsins, þ.e. þann hæstaréttardóm sem hér er verið að brjóta á bak aftur. Ég verð að segja að af málflutningi hv. þm. Ástu Möller og hv. þm. Péturs Blöndals í dag *mætti ráða að ríkisstjórnarliðarnir* hafi barist um á hæl og hnakka undanfarin ár og mánuði við að rétta hlut þeirra sem minnst hafa. Ég vildi bara að það kæmi fram að svo hefur ekki verið. Þeirra vitund hefur fyrst vaknað hér og nú.

[19:36]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvar hv. þm. hefur verið í dag ef hún hefur ekki verið að hlusta á þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel einmitt að ræða mín í kvöld hafi verið sérstaklega málefnaleg og tel mér það til tekna að hún hafi verið sérstaklega málefnaleg og fer ekkert ofan af því. Það voru a.m.k. ekki nein hróp og köll fram í ræðu mína sem yfirleitt ómálefnalegar ræður, sumar hverjar, kalla á. Ég tek þetta því ekki til mín að ómálefnaleg umræða hafi verið hér í dag. Ég tel mig hafa verið málefnalega.

[19:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan í dag hefur verið ákaflega fróðleg. Ég hygg að þær rúmlega 7 þús. kr. á hvern einstakling sem rifist hefur verið um verði sennilega einhverjar frægustu 7 þús. kr. í sögunni. Ljóst er að við erum að tala um 40 millj. sem ríkið eigi að láta út þegar búið er að taka tillit til skatta.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller að hún hafi það að markmiði, og það hafa fleiri stjórnarliðar sagt hér í dag, að bæta skuli kjör þeirra sem verst eru settir. Það er nefnilega svo að stjórnarandstaðan öll hefur tvö sl. fjárlagahaust flutt tillögur um að bæta kjör þeirra sem verst eru settir, bæði öryrkja og aldraðra og líka þeirra sem hafa sjúkradagpeningana eina þegar því er að skipta. Þessar tillögur hafa ævinlega verið kolfelldar. Og það er ánægjuefni að standa uppi með það eftir þessa umræðu að nú ætla ríkisstjórnarflokkarnir að koma til liðs við stjórnarandstöðuna og lagfæra málið.

[19:38]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að þetta væru dýrar 7 þús. kr. og það hefði mátt hugsa sér hvað það hefði verið auðvelt að gefa eftir ákveðið prinsipp og láta þessar 7 þús. kr.

fjúka, ef við getum orðað það þannig. Og það hefði verið hin auðvelda leið. Hvað hefði þá stjórnarandstaðan til að rífast um hér í dag? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Hún einblínir á þessar 7 þús. kr. Ég er búin að lýsa því prinsippi og ef hv. þm. leggja ekki við hlustir þegar verið er að tala, þá veit ég ekki hvað þeir eru að gera hér.

[19:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að þetta væru dýrustu 7 þús. kr. Ég sagði að þetta yrðu frægustu 7 þús. kr. sem hefðu verið ræddar hér í þinginu.

Mér finnst þetta mál vægast sagt furðulegt. Verið er að tala um, ef tölur eru réttar, 700 manns. Í minni margföldunartöflu voru 7 sinnum 8 56 eða 5,6 millj. á mánuði sinnum 12, 67 millj. og 200 þús. á ári, skattar af því eru 27 millj. Eftir standa 40 millj. Halda menn að hægt sé að gera eitthvert kraftaverk í því að leiðrétta þá tekjuhópa fyrir þessar 40 millj.? Til hvers er verið að rífast um þetta?

[19:39]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég segi það enn og aftur, ég vona að það verði meira en 40 millj. sem verða til skiptanna fyrir þau 8 þúsund sem núna sitja eftir. Eins og ég hef komið að áður er ríkisstjórnin búin að leggja töluvert mikla vinnu í að skoða hvar vandinn liggur. Við vitum að vandinn liggur hjá þeim sem minnst hafa. Hins vegar verður að skoða nákvæmlega hvernig hægt er að fara inn í almannatryggingakerfið og inn í skattkerfið til þess að tryggja að það sem verður til að auka tekjur lífeyrisþega verði ekki jafnharðan tekið af þeim með sköttum. Þetta verður því allt saman að skoðast mjög nákvæmlega, samspil þessara kerfa til að hægt sé að taka réttar ákvarðanir. (**ÖJ:** Það er búið að skoða það síðan 1995.)

[Fundarhlé. — 19:41]

[20:33]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls míns að það er einlæg sannfæring mín sem bæði lögfræðings og alþingismanns að með frv. því sem hér er til umræðu sé verið að mæta dómi Hæstaréttar og fullnægja dómi Hæstaréttar, svo ég kveði skýrt að, í svokölluðu öryrkjamáli.

Mér finnst rétt að taka það fram að það er venja sem ég held að enginn dragi í efa að þegar viðurkenningardómur gengur, þá er reglan sú að dómsmál er höfðað á grundvelli þess dóms til að fá dóm fyrir tilteknum réttindum sem hægt er að krefja um. Í viðurkenningarmáli er ekki dæmt um tilteknar kröfur sem settar eru fram.

Það segir reyndar skýrt í forsendum dómsins, sem hefur margoft verið vitnað til hér, að af niðurstöðu málsins verði ekki dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega. Sú leið var að mínu mati vissulega fær eftir að dómur gekk að aðhafast nákvæmlega ekki neitt en bíða niðurstöðu í dómsmáli sem væri þá til þess fallið að skýra viðurkenningardóminn og hvaða rétt þeir öryrkjar sem stefnt var út af í málinu ættu samkvæmt dómnum. En strax og viðurkenningardómurinn gekk var farið að kalla eftir efndum á greiðslum á grundvelli dómsins og urðu strax miklar deilur um það hvað dómurinn segði eða segði ekki. Ég held að óhætt sé að staðhæfa að allir lögfræðingar sem hafa lesið dóminn séu á einu máli um eitt. Þeir eru á einu máli um að dómurinn sé ekki skýr. Dómurinn er heldur óskýr og dómurinn er flókinn.

Það er alveg sama hvað þingmenn stjórnarandstöðunnar segja það hátt og hvað þeir segja það oft að þessi dómur sé skýr. Ég held að þeim takist ekki að sannfæra nokkurn mann um það, hvorki löglærðan né ólöglærðan.

Lögfræðingar á hinn bóginn eru almennt á þeirri skoðun að dómurinn veki mun fleiri spurningar en hann svarar og því hafi ekki verið hægt að greiða þeim öryrkjum sem dómurinn tekur til á grundvelli dómsins. Dómurinn svaraði því ekki hvaða fjárhæð skyldi greiða eða hve langt aftur í tímann. Það lá heldur ekki fyrir hvaða vextir væru kræfir, hvaða framkvæmd skyldi vera á greiðslum eða skattaleg meðferð þeirra. En vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar í umræðunni fyrr í dag þegar hann hélt því fram að dómurinn hefði fellt úr gildi skerðingarákvæði 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna, þá stendur eftir sú spurning: Hvaða skerðingarákvæði þess ákvæðis felldi hann úr gildi? Er hv. þm. Ögmundur Jónasson að meina alla 5. mgr. eða einungis síðari málslið 5. mgr.? Ástæðan fyrir því að ég spyr er sú að ef ákvæðið var fellt úr gildi að öllu leyti, þá stendur eftir sú krafa stjórnarskrárinnar að mælt skuli fyrir um þetta í lögum, hvernig þessu skuli háttað. Þá þarf að setja lög til að bæta úr því. Ákvæðið í það heila kveður ekki eingöngu á um skerðingu, það kveður jafnframt á um rétt öryrkjans til tekjutryggingarinnar, þá er þar með sá réttur líka farinn og það sem ákvæðið inniheldur jafnframt að skuli skerðast af eigin tekjum. Ef hann er að meina síðari málsliðinn þá bendi ég á að niðurstaðan gæti orðið sú að einungis þeir sem eru með tekjur innan við 1.611 þús. á ári fengju einhverja tekjutryggingu en þeir sem væru þar fyrir ofan og upp að 2,2 millj. kr. í árslaun fengju ekki neitt.

Til þess að hægt væri að greiða sem allra fyrst þeim öryrkjum sem dómurinn varðar, í stað þess að bíða niðurstöðu dómstóla, sem svaraði öllum þeim spurningum sem viðurkenningardómur Hæstaréttar vekur, þá varð frv. að koma fram og lögfesting þess frv. er forsenda greiðslu. En þeim spurningum öllum sem dómurinn vekur er leitast við að svara í lagafrv. því sem hér er til umræðu. Eins og allir vita byggir frv. á vinnu starfshóps sem í voru m.a. reyndir lögfræðingar sem fengnir voru til að skýra og túlka dóminn. Hvort niðurstöður þeirra og efni og fyrirkomulag frv. er í bága við dóm Hæstaréttar eiga auðvitað dómstólar landsins þegar upp er staðið endanlegan úrskurð um. Því hefur af stjórnarandstöðunni, nánar tiltekið formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, verið haldið fram að frv. þetta, ef það verður að lögum, brjóti í bága við stjórnarskrána. Úrskurðarvaldið og lokaorðin um það eins og annað sem varðar viðurkenningardóminn eiga dómstólar en fráleitt er að setja fram kröfu um að forseti Alþingis skeri þar úr.

Herra forseti. Viðurkenningardómurinn reisir eingöngu ákveðnar en ótilteknar skorður við tengingu örorkubóta við tekjur maka. Hann segir ekki samkvæmt skilningi mínum og sannfæringu að tekjutengingar sem slíkar séu í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það er grátbroslegt að heyra þá sem þykjast vera helstu boðberar félagshyggju og samtryggingar og jafnaðar í þjóðfélaginu halda því fram að dómurinn afnemi tekjutryggingar og heimta að honum sé fullnægt samkvæmt þeim ætlaða skilningi.

Herra forseti. Dómurinn fjallar heldur ekki að mínu viti um stjórnarskrárverndaðan lágmarksframfærslueyri öryrkja, svo sem jafnframt hefur víða verið haldið fram. Um lágmarksframfærslu öryrkja var heldur ekki spurt í þessu dómsmáli enda lýtur dómurinn bara að öryrkjum í hjúskap og um

þá gildir eftir dóminn sem áður óhögguð reglan um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Dómurinn tekur hins vegar afstöðu til þess að fyrirkomulag 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga á skerðingu örorkubóta vegna tekna maka tryggi öryrkjum ekki þau lágmarksréttindi sem felast í 76. gr. stjórnarskrárinnar. En sú grein, eins og við vitum, fjallar m.a. um *félagsleg og efnahagsleg réttindi og hún er ekki talin* tryggja þeim þau lágmarksréttindi sem 76. gr. á að tryggja þeim þannig að þeir fái notið jafnræðis og mannréttinda skv. 65. gr. Í forsendum dómsins er auk þess kveðið upp úr um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og að ekki sé aðeins um skyldu að ræða heldur einnig rétt öryrkjans til framfærslu og þar segir að tæpast verði annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur sem nema grunnörorkulífeyri eða um 18 þús. kr.

Með frv. er tryggt að þessi réttur öryrkja í hjúskap fari aldrei niður fyrir rúmar 43 þús. kr. Með fyrirkomulagi frv. er að auki áfram haldið í tekjutengingar í almannatryggingakerfinu í anda félagshyggju, samtryggingar og þess grunns sem Framsfl. jafnt fyrir og eftir þennan dóm byggir á. En hvað þá fyrningarreglu varðar sem frv. byggir á þá virðist mér ótvírætt að fjögurra ára fyrningarfrestur eigi að gilda því að ekki sé um skaðabótakröfu að tefla með 10 ára fyrningu. Þó að ekki sé skylda að bera fyrir sig fyrningu svo sem hér hefur oft komið fram í dag, þá hlýtur að vakna spurning um hvaða rétt ríkisvaldið hafi gagnvart skattborgurum til að greiða í þessu tilviki frekar en í ýmsum öðrum umfram þá lagaskyldu sem það telst bera. Með því færi enda til ráðstöfunar til þessa hóps öryrkja og maka þeirra ekki svo ýkja stór en stór biti samt af sameiginlegri köku sem ella væri hægt að ráðstafa til þeirra öryrkja sem standa sannanlega verr og fá ekkert á grundvelli þessa hæstaréttardóms.

Það hafa verið viðhöfð mörg orð og stór tengd þessu erfiða máli og hæstaréttardómnum og margir sem hafa reynt slá ryki í augu fólks og reynt að upphefja sjálfa sig með þessu máli. Menn hafa notað orð eins og ránsfengur, stjórnarskrárbrot, einræði, valdhafa og mannréttindabrot á öryrkjum, sem hefur heyrst oftast, án þess að gerður sé nokkur greinarmunur á aðstöðu mismunandi hópa öryrkja og án þess að þess sé mikið látið getið eða nokkuð látið getið að dómur Hæstaréttar varðar aðeins örlítinn hóp eða lítinn hóp öryrkja og þá öryrkja sem sannanlega, ég held að það deili enginn um það, eru ekki verst settir.

Pólitískur tilgangur stjórnarandstöðunnar með stóryrðum og upphrópunum er auðvitað öllum ljós en ég spyr um siðferðilega og samfélagslega ábyrgð stjórnarandstöðunnar og ýmissa annarra sem hafa fjallað um þetta mál. Ástæðan fyrir því að ég spyr að því er sú að umfjöllun þeirra um dóminn og viðbrögð ríkisstjórnarinnar með alhæfingum, upphrópunum og stóryrðum hefur vakið væntingar hjá þeim stóra hópi öryrkja sem er mun verr settur og hefur minnstar ráðstöfunartekjur. Vonbrigði þessara verða sár þegar sannleikurinn verður þeim ljós og ábyrgðina á vonbrigðum og sárindum þeirra sem fá ekkert út úr dómnum hljóta þeir að axla sem vöktu þessar væntingar. Óumdeilt er að þeir sem njóta góðs af dómi Hæstaréttar eru þeir öryrkjar í hjúskap eða sambúð sem hafa ásamt maka sínum yfir 1.611 þús. kr. í árslaun og allt að 2,2 millj. kr.

Hvað varðar síðan þá öryrkja og aðra lífeyrisþega sem verst eru staddir og einskis njóta á grundvelli þessa dóms, þá liggur fyrir sú yfirlýsing hæstv. heilbr.- og trmrh. Ingibjargar Pálmadóttur af hálfu ríkisstjórnarinnar að nefnd sú sem vinnur að endurskoðun almannatryggingakerfisins skuli hraða vinnu sinni og taka sérstaklega til þeirra hópa lífeyrisþega sem fá ekki hækkun bóta í kjölfar dómsins. Það liggur líka fyrir að að þessari vinnu skuli koma ekki bara samtök öryrkja heldur einnig samtök aldraða og aðilar vinnumarkaðarins.

Umfjöllun ýmissa hefur líka verið til þess fallin að veikja traust almennings ekki aðeins á framkvæmdarvaldinu heldur líka á dómstólum. Þegar á það hefur verið bent, svo sem ég gerði í upphafi máls míns, að endanlegt mat á því hvort með frv. því sem hér er til umræðu sé verið að hlíta dómi Hæstaréttar, þ.e. hvort sá skilningur á dómi Hæstaréttar sem frv. byggir á sé réttur, að endanlegt mat eigi dómstólar, úr *því verði ekki skorið í sölum hins háa Alþingis*, þegar þessu hefur verið haldið fram, þá hefur því verið kastað fram af fulltrúum stjórnarandstöðu að slíkar ábendingar séu gerðar í þeirri von að dómarar í því máli verði hagstæðari og vilhallari ríkisstjórninni en dómararnir þrír sem meiri hluti dómenda í öryrkjamálinu var.

Herra forseti. Ég spyr aftur og vænti svars við því hvað mönnum gengur til og hvað veitir þeim rétt til að veikja tiltrú almennings á dómstólum í landinu. Pólitískir stundarhagsmunir geta ekki réttlætt að grafið sé undan öllu trausti í samfélaginu og svo virðist nú sem dómurinn og deilurnar sem um hann hafa spunnist séu einstakur hvalreki á fjörur stjórnarandstöðunnar. Auðvitað er það sjálfsagt að það sé borið undir dómstóla hvort skilningur framkvæmdar- og lagasetningarvaldsins á dómi Hæstaréttar og svör frumvarpsins við öllum þeim spurningum sem viðurkenningardómurinn vekur en lætur ósvarað sé réttur. Það er eðlilegt að dómstólar svari því hvort skilningurinn sé réttur og samrýmist dómnum og mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Auðvitað þurfa ekki eins og stundum hefur verið blásið upp allir öryrkjar að fara í mál verði þetta frv. að lögum. Prófmál eins á að duga og ef þannig háttar um tekju- og eignarstöðu hans og maka hans að hann uppfylli skilyrði laga um gjafsókn getur hann höfðað og rekið málið sér og öðrum að kostnaðarlausu auk þess sem slíkt mál fengi samkvæmt ákvæðum laga augljóslega flýtimeðferð fyrir dómi og niðurstaða gæti legið fyrir mjög fljótlega. Þá fyrst er í rauninni tekinn af allur vafi. Þeirri niðurstöðu hljótum við öll að hlíta.

Herra forseti. Hvað efnisatriði frv. varðar þá hefur verið hreyft fleiri en einu lögfræðilegu sjónarmiði um túlkun á framkvæmd dómsins og að þeim verður m.a. hugað í *meðförum* hv. heilbr.- og trn. sem ég geri ráð fyrir að fái frv. til meðferðar að lokinni þessari umræðu. Ég vænti þess að innan nefndarinnar verði góð samstaða um að veita frv. vandaða og málefnalega meðferð og m.a. verði farið ítarlega ofan í túlkun á dómi Hæstaréttar um öll þau atriði sem nefndarmönnum finnst ástæða til.

[20:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er örstutt svar. Til hvaða hluta 17. gr. laga nr. 117/1993 vitnaði ég til? Það var 5. mgr. Ég las upp dómsorðið. Þar kom það fram.

Það er enginn sem segir að tekjutenging eða eignatenging í tryggingakerfi eða skattkerfi sé afnumin með þessum dómi. Það er mikill misskilningur ef menn telja svo vera. *Mergurinn málsins er sá að niðurstaða Hæstaréttar er að það* standist ekki stjórnarskrárvarinn rétt einstaklinga að skerða tekjutryggingu á grundvelli tekna makans. Þessi tekjutenging nemur 32.566 kr. Hv. þm. telur að ríkisstjórnin geti komist

upp með að lækka þessa upphæð niður í 25 þús. kr. og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að sú upphæð verði innt af hendi ef fyrir því er pólitískur vilji. Nú vil ég beina spurningu til hv. þm.:

Hvers vegna vilja stuðningsmenn ríkisstjórninnar og ríkisstjórnin hafa 7.566 kr. af þessu fólki? Hver er skýringin á þessu? (Forseti hringir.) Ekki getur hún verið peningaleg eða efnahagsleg. (Forseti hringir.) Hver er skýringin?

[20:50]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er alveg sama hve oft og hve hátt hv. þm. Ögmundur Jónasson endurtekur skilning sinn á dómnum. Skoðun mín er önnur.

Varðandi 43 þús. kr. markið þá lá það fyrir með dómi Hæstaréttar að 18 þús. kr., persónulegur réttur öryrkja, var talinn brjóta í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það sem þá lá fyrir að gera með frv. var að meta við hvaða mörk við værum að fullnægja dómnum og hvaða fjárhæð menn teldu þá ekki brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Sú upphæð sem við fundum út, þessar 43 þús. kr., sem kemur fram í frv. er 140% hækkun. (**ÁRJ:** Hvernig funduð þið hana út?) Það er 140% hækkun. Ég lít svo á að með dómi Hæstaréttar, þegar hann segir að málefnaleg rök séu fyrir þeim fjárhæðum þá er í rauninni ... (Forseti hringir.) Ég fæ vonandi að klára svarið.

[20:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bíð eftir þessu svari. Það er verið að hafa af öryrkjum 38,4 millj. á ári. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu hjá hæstv. utanrrh. í sjónvarpi um daginn þá sagði hann að þetta tæki til 700 manns og þá voru það þessar upphæðir þannig að það eru ekki peningaleg eða efnahagsleg rök sem skýra þetta heldur pólitísk. Hver er skýringin? Er það vegna þess að Framsfl. lætur Sjálfstfl. kúska sig til hlýðni? Hver er skýringin á því að Framsfl. lætur hafa sig til þess að hafa 7.566 kr. á mánuði af öryrkjum með þessum hætti? Hver er ástæðan fyrir því? Þó að Framsfl. telji sig geta komist upp með að hafa þessa peninga af fólkinu þá er ekkert sem kæmi í veg fyrir að farið væri að gagnstæðum skilningi á dómnum ef vilji væri fyrir hendi. En hvers vegna er það ekki gert?

[20:52]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mat mitt á hæstaréttardómnum að hann eftirláti löggjafanum að meta hver sú fjárhæð sé sem samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um mannréttindi. Það er verið að gera, herra forseti, í því frv. sem hér er til umræðu. Hins vegar má segja sem svo að til framtíðar er það pólitísk ákvörðun hvort við þessa fjárhæð verður látið sitja eða hvort menn ákvarða einhverja aðra og hærri.

[20:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hún telji eðlilegt að öryrki missi fjárhagslegt sjálfstæði sitt við að ganga í hjúskap þegar framfærslueyrir hans lækkar við það úr 73 þús. niður í 43 þús.

Ég vil líka spyrja hv. þm. hvort hún telji, þegar hún talar um framfærslurétt hjóna, að hann virki ekki í báðar áttir þannig að öryrkinn geti líka haft framfærsluskyldu. Síðan vil ég spyrja hv. þm. hvernig þetta mat er fundið um 43 þús. Er bara puttinn settur upp í loftið, vegna þess að það er hvergi hægt að finna svona lág framfærsluviðmið í þjóðfélaginu hvort sem litið er til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, lágmarkslauna fólks eða atvinnuleysisbóta. Það er ekki neins staðar svona lág viðmiðun. Hvernig er þetta fundið?

Formaður nefndarinnar, Jón Steinar Gunnlaugsson, sagði að þetta væri bara mat. Hvaða mat og forsendur liggja hér að baki?

[20:54]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. 43 þús. kr. og að þær fullnægi dómi Hæstaréttar og ákvæðum hans um mannréttindi er mat löggjafans sem dómstólar eiga þá síðasta orðið um hvort stenst mannréttindaákvæðin. Nú vill svo til að þingmaðurinn er í þeirri stöðu að hún man ekki fyrri spurninguna frá fyrirspyrjandanum. (**JóhS:** Það er um framfærsluskyldu öryrkjans.)

Herra forseti. Í dómi Hæstaréttar er kveðið skýrlega á um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og þar er skýrlega líka tekið fram að þetta sé ekki einungis skylda heldur sé líka um rétt að ræða og þetta virkar auðvitað á báða bóga. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að fyrir 18 þús. kr. leggist réttur öryrkjans fyrir lítið og að sú fjárhæð fái ekki staðist og sá kaleikur sem löggjafinn hefur þá núna er að finna þá fjárhæð sem talin er standast mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. En endanlega orðið um það hvort þessi fjárhæð gerir það hlýtur dómsvaldið að eiga.

[20:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef framfærsluskyldan er líka öryrkjans, sem er alveg rétt, hvernig getur þá hv. þm. ráðlagt öryrkjanum hvernig hann eigi að framfæra fjölskyldu sína á svona lágu mati sem stjórnarflokkarnir eru nú að skammta honum? Þeir eru að skammta honum mannréttindi. Hann hefur lögvarðan rétt samkvæmt stjórnarskránni um lágmarksframfærslu. Eru 43 þús. kr. að mati þingmannsins nægjanlegar fyrir öryrkja til að framfleyta fjölskyldu sinni? Og finnst þingmanninum eðlilegt að öryrki missi fjárhagslegt sjálfstæði sitt við það að ganga í hjónaband?

Ég vil líka spyrja þingmanninn þar sem hún talar um að þetta veiki traust á dómstólunum. Veikir það ekki traust á dómstólunum að tala um að niðurstaða dómsins, dómsorðið, sé pólitískt og það sé slys? Eru það ekki fyrst og fremst stjórnarliðar sem eru að veikja traust á dómstólunum með málflutningi sínum?

[20:56]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um slys sem vörðuðu dóma dómstóla ætla ég ekki að svara fyrir, enda hafði annar þau á orði. Ég ætla ekki að svara fyrir þau orð. En við skulum ekki rugla saman annars vegar persónulegum rétti öryrkja í hjúskap og hvað Hæstiréttur metur og við síðan með þessu frv. að sá réttur þurfi að vera og hins vegar framfærslu öryrkja. Við erum annars vegar að tala um framfærslu og hins vegar erum við að tala um þann persónulega rétt sem öryrkinn hefur í hjúskap og við skulum ekki gleyma reglunni um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Hún stendur eftir sem áður. Í þessu máli sem eingöngu lýtur að fólki í hjúskap, öryrkja í hjúskap með maka sem ekki er öryrki, leggur Hæstiréttur einungis þetta mat á að persónulegi rétturinn og skyldan til framfærslunnar leggist fyrir lítið miðað við 18 þús. kr. Í dómnum er ekkert fjallað um framfærslu sem slíka.

[20:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gengur hér í það verk að verja ríkisstjórn sína og þar á meðal að bera fyrir sig fyrningarreglu og hafa endurgreiðslurnar af þeim hluta öryrkjanna sem skerðingunni sætti á árunum 1994–1997. Það kom merkilegur kafli í framhaldinu um að með því yrðu til peningar sem mætti nota til þess að bæta hag annarra bágstaddra. Það má spyrja: Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um það? Er búið að eyrnamerkja sérstakar fjárhæðir sem á þá að ráðstafa í eitthvað annað, sem á að verða framlag þessa hóps öryrkja sem ekki eiga að fá það sem af þeim var haft með þessum hætti?

Einnig endurtók hv. þm. þá tuggu hér sem er að verða býsna þreytandi, að stjórnarandstaðan, samtök öryrkja, væntanlega líka fjölmiðlar, hafi verið að vekja óraunhæfar væntingar hjá öðrum en þeim sem þessi dómur fjallaði um án þess að nefna eitt einasta tilvik eða dæmi um að slíkt hefði verið gefið í skyn í ræðum. Enginn stjórnarliðanna sem uppi er með þennan söng hefur nefnt eitt einasta dæmi um að menn hafi hagað máli sínu þannig að ætla mætti að annað fælist í dómnum en þar gerir.

[20:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Með því að dunið hefur yfir landslýð dögum og vikum saman þetta slagorð að verið væri að brjóta mannréttindi á öryrkjum þá hefur það vakið væntingar hjá fjölda öryrkja sem búa kannski við verst kjör og ég þori að fullyrða að sárindi þeirra verða mikil og vonbrigðin mikil þegar þeir uppgötva að þeir fá ekkert út úr þessu dómsmáli. Þannig hafa slagorðin verið.

En varðandi það að ég væri að verja ríkisstjórnina þá tók ég það fram í upphafi máls míns að ég hefði sannfæringu fyrir því bæði sem lögfræðingur og líka sem þingmaður sem unnið hefur eið að stjórnarskránni eins og aðrir þingmenn hér, að við værum að fullnægja dómnum og ég reikna með því að ég haldi þeirri sannfæringu þangað til dómstólar komast að öðru. Ég ætla samt ekki að útiloka það þegar máli þessu verður vísað til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. og við förum þar ofan í öll þau lögfræðilegu atriði sem hér hefur svo mikið verið rætt um og margir tekið stórt upp í sig um að einungis einn skilningur á þessum dómi væri réttur.

[21:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór sem mig grunaði. Hv. þm. nefndi engin dæmi til sönnunar ásökunum sínum um að eitthvað í málflutningi stjórnarandstöðunnar, því sem komið hefur í fjölmiðlum eða frá samtökum öryrkja hafi gefið tilefni fyrir þessu endalausa jarmi um að menn séu sekir um að hafa vakið óraunhæfar væntingar. Hvenær hafa menn fjallað um efnisatriði þessa dóms þannig að ástæða væri til að ætla að eitthvað annað fælist í honum en raun ber vitni? Ég bið um dæmin. Í það minnsta hefur tekist að plata þannig 88% þessara örfáu sem eftir eru í stuðningsmannahópi Framsfl. að þeir eru algjörlega á móti viðbrögðum ríkisstjórnarinnar. Er trúverðugt að tekist hafi að plata heila þjóð upp úr skónum þannig að hún haldi að eitthvað allt annað felist í þessu máli en er í reynd?

Hæstv. forsrh. hefur fengið heila sjónvarpsþætti og talsmenn ríkisstjórnarinnar breitt úr sér á síðum dagblaðanna við að reyna að verja og útskýra afstöðu ríkisstjórnarinnar. Það hefur þó ekki tekist betur en þetta.

[21:01]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki gjörla hverju ég á að svara af þessari ágætisræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar. Mig langar að varpa fram til hans spurningunni um hvort hann geti í fáum orðum greint frá því hvað í þessum dómi felst. Það sem dunið hefur yfir landslýð er mannréttindabrot, stjórnarskrárbrot og þetta er tuggið aftur og aftur. Það er talað um mannréttindabrot á öryrkjum eins og þetta sé einn og samstæður hópur í staðinn fyrir að taka fram hve lítill hluti öryrkja nýtur nokkurs af þessum dómi.

[21:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Meðalvegurinn við þessar umræður er vandfundinn þegar ekki má tala um öryrkja í tengslum við þennan dóm öðruvísi en að þylja upp nöfn og kennitölu þeirra sem í hlut eiga en vera ella sakaður um að blekkja þjóðina alla og fara með rangfærslur.

Ég held að flestum sem hafa skoðun á þessu máli, eftir mikla umræðu í þingsölum og víðar í þjóðfélaginu, t.d. í fjölmiðlum, sé ljóst að þessi dómur varðar aðeins tiltekinn hóp öryrkja. Að sjálfsögðu hefur enginn reynt að láta það líta neitt öðruvísi út. Mér þykir leitt að sá misskilningur skuli ríkja hjá flestum stjórnarliða. Ég leyfi mér að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og segi að þrátt fyrir að máttur stjórnarandstöðunnar og Öryrkjabandalagsins geti verið mikill þá tækist okkur ekki í sameiningu að blekkja nánast alla Íslendinga.

Með dómi Hæstaréttar í þessu máli, sem kveðinn var upp nýverið, urðu ekki aðeins mikil tíðindi í réttindamálum öryrkja heldur urðu þar einnig vatnaskil í íslenskri dómaframkvæmd. Með dómnum voru stjórnarskrárvarin mannréttindi einstaklinga auk þess hafin til meiri vegs og virðingar en mann rekur minni til í dómsniðurstöðu fyrir þessum æðsta dómstóli þjóðarinnar.

Dómurinn fjallar um mannréttindi, mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði sem byggð eru á alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er skuldbundið af. Á grundvelli þeirra reglna telur Hæstiréttur að ekki sé heimilt að skerða grunnframfærslu. Ég ítreka að ég er fyrst og fremst að tala um grunnframfærslu. Ég hef orðið vör við að snúið hefur verið út úr því hugtaki en ég er þar með ekki að tala um hinn gagnkvæma framfærslurétt, sem ég mun víkja að síðar og er allt annar hlutur, heldur ákveðna grunnfjárhæð sem felst í aðstoð úr opinberum sjóði sem einstaklingurinn á sjálfur. Á grundvelli þessara reglna telur Hæstiréttur að ekki sé heimilt að skerða þessa aðstoð tiltekins afmarkaðs hóps einstaklinga á þann hátt sem gert hefur verið með því að tengja hana við tekjur maka öryrkjans. Öryrkinn á með öðrum orðum sjálfstæðan, stjórnarskrárvarinn rétt til þessarar aðstoðar upp að ákveðnu marki.

Þessi dómur segir okkur að mannréttindasamningar og betrumbæturnar sem gerðar voru á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar árið 1995 hafi ekki verið orðin tóm heldur feli þau í sér raunveruleg einstaklingsbundin réttindi til handa borgurunum sem æðsti dómstóll þjóðarinnar er tilbúinn til að standa vörð um og því ber að fagna. Þess vegna, herra forseti, fögnuðu margir aðrir en sá hópur sem í hlut á þessum merka dómi Hæstaréttar.

Dómnum fagna fyrst og fremst þeir öryrkjar sem búið hafa við þessi mannréttindabrot sem Hæstiréttur hefur sagt framkvæmd laganna hafa verið. Þeir hafa t.d. ekki átt þess kost að sinna framfærsluskyldu sinni við börn sín eða maka sinn. Þeir hafa ekki síður fagnað sem gagnrýnt hafa dómstóla og stjórnvöld fyrir að líta á mannréttindi sem eitthvað til að halda á lofti á þjóðhátíðum og öðrum hátíðarstundum í stað þess að líta á þau sem raunverulegan rétt einstaklingunum til handa.

Hvernig bregst svo ríkisstjórnin við þessum dómi? Fagnar hún því að nú skuli loksins lokið löngu þrætustríði öryrkja við stjórnvöld um alvarlegar ásakanir um mannréttindabrot og brot á alþjóðlegum samningum? Telur hún mikilvægt að nú hafi æðsti dómstóll þjóðarinnar skorið úr um þetta viðkvæma mál? Viðurkennir ríkisstjórnin sig sigraða fyrir dómsvaldinu sem með sönnu á að skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga? Ónei, alls ekki. Reyndar lýsti hæstv. heilbrrh. því strax yfir að hún deildi ekki við Hæstarétt og var ekki annað að skilja en hún mundi skilyðislaust lúta dómi Hæstaréttar.

Hins vegar kvað við annan tón hjá hæstv. forsrh. þegar hann loksins tjáði sig um málið. Hann vændi æðsta dómstól þjóðarinnar um að beita pólitík en ekki lögfræði í dómnum og að Hæstiréttur væri að setja óeðlileg bönd á löggjafann með þessum dómi. Höfuð framkvæmdarvaldsins er sem sagt ekki sammála dómi Hæstaréttar og þegar þau skilaboð höfðu borist út í samfélagið þá þurfti svo sem ekki að spyrja að því hver eftirmálin yrðu. Hæstv. forsrh. er nefnilega ekki vanur að játa sig sigraðan á þann hátt sem Hæstiréttur kvað upp úr með.

Með þessum dómi var ríkisstjórninni í raun sagt að valdið væri takmörkunum háð. Það er með öðrum orðum ekki heimilt að setja lög um hvað sem er. Löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið eru bundin og háð þeim takmörkunum sem stjórnarskrá og alþjóðasamningar setja okkur. Ég tel reyndar löngu tímabært fyrir hæstv. ríkisstjórn sem hér situr að átta sig á þessu og þótt fyrr hefði verið. En er það svo að Hæstiréttur hafi verið að tala um pólitík en ekki lögfræði í þessum dómi sínum? Ég tel fráleitt að halda því fram þó lögfræði snerti mikið pólitík og öfugt. Það er bara eðli málsins samkvæmt að margt sem lögfræðin kemur inn á snertir sömu svið mannlífsins og pólitíkin kemur nálægt.

Ég vil vitna í viðtal sem tekið var við Sigurð Líndal lagaprófessor á Stöð 2 þann 21. des. Þar lýsir hann því yfir að hann telji nýfallinn hæstaréttardóm í takt við þróun dóma á Vesturlöndum sem taki æ meira mið af mannréttindasjónarmiðum. Hann segir ummæli forsrh. um dóminn úr takti við veruleikann. Fréttamaðurinn segir síðan að forsrh. hafi sagt í Morgunblaðinu þann daginn að dómurinn væri frekar tilvísun í pólitískar hugmyndir en lögfræðileg rök. Sigurður segir þessar hugmyndir heyra til fortíðarinnar. Á einveldisöld hafi verið til einn löggjafi, einvaldurinn. Næsta stig hafi síðan verið að lýðræðislega kjörnir fulltrúar tóku við hlutverki einvaldsins sem löggjafa og þróunin síðan hafi verið mjög ör og flókin og menn geti ekki eins og á 18. öld sett lög sem taki til allra tilbrigða mannlífsins. Þetta telur Sigurður Líndal m.a. að birtist í því að löggjafinn geti ekki fylgt eftir þróuninni. Það er því spurning hvort ummæli forsrh. eigi við gráa forneskju. Þessu svarar Sigurður: „Ja, ég skal ekki segja hversu en mér finnst þau ekki alveg koma heim og saman við raunveruleikann."

Ég get tekið undir þetta. Mér þykir umræðan í tengslum við þetta mál, um að Hæstiréttur sé á einhvern hátt að taka óeðlilega mikið vald af löggjafanum eða framkvæmdarvaldinu, ekki í takt við tímann. Ég vil í því samhengi vitna til orða hæstv. utanrrh. í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu 11. jan., þar sem kynnt er greinargerð starfshópsins í málinu. Þar er haft eftir hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að allt jöfnunarkerfi landsmanna byggir á því að taka tillit til tekna, eigna, til tekna maka og til fjölskyldunnar almennt. Þetta er algjört grundvallaratriði í stjórnmálum. Þess vegna er það nauðsynlegt þegar við komum að svona flóknu máli að við skiljum þann dóm sem er felldur með réttum hætti og við tökum ákvarðanir sem byggja á því að auka þessi réttindi sem þar er fjallað um, án þess að skerða möguleika samfélagsins til samfélagslegrar jöfnunar, því við stjórnmálamenn höfum litið á það sem okkar aðalhlutverk að jafna kjör borgaranna og taka tillit til aðstæðna í landinu. Auðvitað eru viss takmörk fyrir því, en þetta er algjört grundvallaratriði. Það má segja að ef við höfum ekki þau réttindi sem stjórnmálamenn og aðilar sem stöndum að löggjöf í landinu, má spyrja: Um hvað eiga stjórnmálin að snúast og hvað á að fjalla um þar?"

Herra forseti. Það var vikið að þessum sjónarmiðum bæði í ræðu hæstv. utanrrh. fyrr í kvöld og fleiri hafa komið inn á svipuð sjónarmið. Ég verð að segja að mér finnst með ólíkindum að menn upplifi þetta þannig að það sé verið að taka einhvern rétt af stjórnmálamönnum til að beita pólitíkinni. Nútímastjórnskipulag gerir ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin þekki mannréttindasáttmála og stjórnarskrárákvæðin og setji lög í ljósi þeirra. Kerfið sem við viðhöfum hér er reyndar ekki nógu gott, að ganga ekki nægilega vel úr skugga um, áður en frv. eru lögð fyrir hið háa Alþingi, hvort þau samrýmist þeim grundvallarrömmum sem við byggjum allt okkar skipulag á. Í nágrannalöndunum starfa sérstakar lagaskrifstofur, eða lagaráð eins og tíðkast í Svíþjóð, sem fara skipulega yfir frv. áður en þau eru lögð fyrir, m.a. til þess að kanna þetta. Því miður er það svo að hvergi í nágrannalöndunum gerist það eins oft og hér að ýmist umboðsmaður Alþingis eða dómstólar bendi á að lög standist ekki stjórnarskrá, þ.e. telji hnökra á löggjöf. Þetta er alls ekki nógu gott, herra forseti.

Hér hefur verið vakin athygli á því í mörg ár að þessi tiltekna tenging við tekjur maka, í sömu tilfellum og um ræðir í dómnum, sé mannréttindabrot og standist ekki stjórnarskrá. Það hefði verið eðlilegt að hægt hefði verið að vísa þeirri spurningu til einhvers hlutlauss aðila sem e.t.v. starfaði á vegum Alþingis. Ég vil reyndar minna á að við, nokkrir þingmenn úr röðum Samfylkingarinnar, höfum lagt fram þingmál þess efnis að sett verði á stofn sérstakt lagaráð sem verði Alþingi og ríkisstjórninni til ráðgjafar í slíkum málum þannig að hægt sé að fá hlutlausa umfjöllun um þessi mál í stað þess að menn nái í „sína lögfræðinga" eins og staðreyndin hefur allt of oft verið hingað til.

Eins og menn þekkja varð niðurstaðan sú að uppkveðnum dómi Hæstaréttar að nefnd var sett á laggirnar, ekki nefnd óháðra sérfræðinga heldur nefnd skipuð mönnum sem ýmist starfa hjá ríkisstjórninni eða eru þekktir fyrir stuðning við ríkisstjórnarflokkana. Allir eru þeir eflaust ágætir lögfræðingar en þeir eru ekki hlutlausir. Þeim var falið að vinna úr dómi Hæstaréttar en niðurstaðan varð frv. sem lagt hefur verið fram til að koma til móts við dóminn eins og alkunna er.

Herra forseti. Hæstv. ráðherrar og stjórnarliðar hafa haldið því fram að mál þetta hafi einkennst af gífuryrðum stjórnarandstöðu og Öryrkjabandalagsins. Það má vel vera að stór orð hafi fokið í tengslum við þetta mál. Hins vegar hafa rangfærslurnar og stóru orðin ekki síður heyrst úr þeirra eigin herbúðum. Þeir hafa haldið því fram að túlkun okkar á dómi Hæstaréttar feli í sér að ekki megi yfir höfuð tengja við tekjur maka og tekjutengingar séu nánast bannaðar í íslenskum lögum ef okkar skilningur verður ofan á varðandi þennan dóm.

Ég spyr, herra forseti: Hver hefur sagt þetta? Ekki ég og að því er ég best veit enginn úr röðum stjórnarandstöðunnar. Það var alveg örugglega ekki Hæstiréttur. Þetta er einungis ósmekklegt bolabragð af hálfu stjórnarliða til að rýra málflutning stjórnarandstöðunnar og gera hann ótrúverðugan. Því hefur jafnvel verið haldið fram að íslenskir jafnaðarmenn séu að hverfa frá grundvallarprinsippum sínum um það að rétt sé að nota tengingar við fjölskyldutekjur til þess að jafna kjörin. Er það svo, herra forseti? Ég segi nei. Þetta er algjör útúrsnúningur á málflutningi okkar og á dómi Hæstaréttar.

Við tökum undir rök Hæstaréttar með það að örorkulífeyrir sé réttur sem öryrkjar fá og vegna fötlunar sinnar, eins og segir í dómnum, einstaklingsbundinn réttur til ákveðinnar grunnframfærslu úr opinberum sjóði, réttur sem varinn er af stjórnarskrá. Þá er vísað til 76. gr. og 2. mgr. 65. gr. Þessi réttur er almennur að því leyti að hann nær til þeirra sem eins eru settir, þ.e. hafa misst tekjuhæfi sitt vegna örorku. Hæstiréttur vísar síðan til fjölda lagaákvæða þegar hann rökstyður að þennan rétt megi ekki skerða með tekjum annarra, jafnvel þó að um maka sé að ræða. Hann vísar til stjórnarskrárákvæða, til mannréttindasáttmála, til laga um málefni fatlaðra og þess markmiðs að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Hæstiréttur segir einnig að löggjafarvaldið hafi komið til móts við skyldur sínar gagnvart þessum grundvallarrétti öryrkja til ákveðinnar grunnframfærslu með lögum um almannatryggingar en að önnur ákvæði af svipuðum meiði, svo sem samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og félagsþjónustu sveitarfélaga séu heimildarákvæði til handa stjórnvöldum til að greiða fólki ákveðna aðstoð en kveði ekki á um stjórnarskrárvarinn rétt á sama hátt og ákvæðin um örorkulífeyrinn gera. Það er því fráleitt, herra forseti, að setja þetta allt í sama hóp eins og menn hafa reynt og haldið fram þrásinnis aftur og aftur í dag, að verið sé að þvæla öllu saman og nú megi ekki nota neina tekjutengingar neins staðar í lögum ef menn skilja þetta á þann hátt sem við teljum rétt. Það er alveg fráleitt og það eru útúrsnúningar.

Hæstiréttur segir einnig að það geti verið eðlilegt að taka tillit til fjölskyldutekna í ýmsum skyldum tilvikum og nefnir þar sem dæmi skattalög og lög um félagslega aðstoð sem eru af allt öðrum grunni, af allt öðrum toga en þessi réttur, stjórnarskrárvarði réttur sem felst í örorkulífeyrinum samkvæmt almannatryggingalögum vegna þess að þau lög sem ég nefni hér eru byggð á allt öðrum grundvallarprinsippum. Þau eru heimildarákvæði til handa stjórnvöldum og þar geta menn notað pólitíkina væntanlega áfram, t.d. með því að nota skattkerfið til tekjujöfnunar ef þeir vilja sem ég geri ráð fyrir að verði gert eftir sem áður.

Það má einfaldlega ekki taka af fólki alla reisn til að geta lifað eðlilegu lífi með því að svipta það þessum grunni jafnvel þó að viðkomandi sé í hjúskap og eigi maka sem hafi góðar tekjur.

Mannréttindaákvæði stjórnarskrár, alþjóðlegir samningar um efnahagsleg og félagsleg réttindi, m.a. félagsmálasáttmáli Evrópu og fleiri og fleiri samningar sem tíndir eru til í þessum dómi, setja okkur mörkin þarna og þau mörk verða stjórnvöld einfaldlega að virða.

Herra forseti. Ég ætla að nota nokkurn tíma til að fara nánar ofan í dóm Hæstaréttar og velta vöngum yfir því sem þar segir í raun. Ég vil líka minna á að við erum að tala um æðsta dómstól þjóðarinnar. Menn geta haft misjafnar skoðanir á þeim dómum sem þar eru kveðnir upp, en reynum að halda okkur við það sem dómurinn segir í túlkunum á honum því að mér þykir ansi oft sem menn hafi reynt að tína út eina og eina setningu máli sínu til framdráttar, en látið hjá liggja að horfa á þá setningu í því heildarsamhengi sem hún er sett fram í dómnum sem er kannski ekki góð lögfræði. Löggjafinn eða framkvæmdarvaldið getur að sjálfsögðu tekið málið til skoðunar og er ekkert óeðlilegt við það að mínu mati að nefnd sé sett í málið til að skoða hvernig megi ganga frá útfærslu málsins. En það var hins vegar ekki nauðsynlegt að gera áður en réttarbætur voru greiddar út því eins og hér hefur komið fram og margoft hefur verið bent á er alveg hægt að túlka þennan dóm þannig að tengingin við tekjur maka í 5. mgr. 17. gr. falli út og eftir standi þessi 51 þús. kr. aðstoð sem margoft hefur verið bent á.

Þegar menn segja að fleiri spurningar vakni við þennan dóm heldur en svörin sem hann gefur, þá er kannski margt til í því. Það vakna margar spurningar varðandi þennan dóm um hvort hægt sé að leiða af honum einhvern annan rétt en í honum felst en ekki varðandi þann tiltekna hóp sem málið fjallar um. Dómsorðið er ansi skýrt eins og það kemur fyrir í dómnum og vísar meira að segja beinlínis til 5. mgr. 17. gr. laganna sem þeir telja að ekki standist stjórnarskrá.

Ríkisstjórin valdi að leggja þetta mál fyrir Alþingi á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Hún valdi það vegna þess að hún vildi ekki lúta dómnum að fullu. Það er mat mitt að þetta hafi verið hennar val að gera og reyndar hafa fleiri haldið því fram hér, ekki að hún hafi orðið að gera það. Ríkisstjórnin vill frekar láta reyna á það enn frekar hversu langt megi ganga í að skerða þennan stjórnarskrárbundna rétt sem öryrki hefur til lágmarksframfærslu úr opinberum sjóði. Hún hefði alls ekki þurft að gera þetta. Það var pólitískt val hennar.

Einnig er rétt að rifja það enn einu sinni upp sem þegar hefur komið fram að nú þegar missa öryrkjar ákveðnar tekjur við það eitt að ganga í hjúskap, þ.e. þegar þeir missa alveg heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sem eru samtals um 20 þús. kr. Það er algjörlega óháð tekjum makans. Þeir eiga einfaldlega ekki rétt á þessum uppbótum ef þeir eiga maka eða eru í sambúð. Þess vegna eru það líka rangfærslur sem heyrst hafa að með dómi Hæstaréttar sé verið að banna að tillit sé tekið til fjölskylduaðstæðna. Það er ekki þannig. Það er þegar gert og síðan er að sjálfsögðu um að ræða tengingu við tekjur öryrkjans sjálfs ef einhverjar eru.

Ég vil líka aðeins koma inn á það hér af því að nokkuð hefur verið talað um það í umræðunum af hálfu stjórnarliðsins um aðdraganda málsins, að þetta ákvæði hafi verið fest í lög, eins og það var orðað fyrr í dag, eftir leiðsögn umboðsmanns Alþingis sem nú hefur atvinnu af því að dæma um mannréttindi hjá Mannréttindadómstólnum. Mér þykir svolítið bratt farið í að nota þær röksemdafærslur því að ég

efast stórlega um að sá maður sem um ræðir hafi beinlínis leiðbeint ríkisstjórninni í gegnum þetta ferli. Það er hins vegar ríkisstjórnin sem velur að túlka niðurstöður Alþingis á þessum tíma þannig að það beri að festa þetta í lög. Álit umboðsmanns snerist um það að lög ættu að vera skýr og að skerðingarákvæði í reglugerðum þyrftu að hafa skýra stoð í lögum. Ríkisstjórnin dregur af því þá ályktun að þá eigi bara að setja skerðingarákvæði í lög og það er hennar mat að gera það svo. En mér þykir svolítið ódýrt að nánast setja ábyrgð á þeirri ákvörðun á fyrrverandi umboðsmann Alþingis.

Þegar lagabreytingin var gerð á sínum tíma, þ.e. þegar skerðingarheimildin var sett í lög, var vísað til þess að hún væri í anda almannatryggingalaga frá upphafi og samkvæmt gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna. Ágreiningurinn í málinu snerist í raun um það hvort heimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka annars vegar á tímabilinu 1994–1998 og hins vegar eftir 1998, þ.e. þegar skerðingarheimildin var lögfest. En það er líka rétt að halda því til haga að á þeim tíma sem ágreiningurinn stendur um var gerð breyting á stjórnarskránni sem fólst í því að styrkja mannréttindaákvæði hennar, m.a. þau ákvæði sem dómurinn byggir á og það gerist árið 1995 eins og við væntanlega munum. Það skiptir miklu máli þegar menn tala um sögu og forsögu málsins vegna þess að árið 1995 er tekið út það skilyrði fyrir þessari skerðingu að viðkomandi eigi ekki skylduframfæranda eins og var áður.

Hæstiréttur bendir á að ákvæði um rétt þeirra sem ekki geta framfleytt sér sjálfir til aðstoðar úr opinberum sjóðum hafi verið í stjórnarskrá allt frá árinu 1874. Fram til ársins 1995 var þessi réttur þó háður því að viðkomandi ætti sér ekki skylduframfærendur en það skilyrði var afnumið með stjórnarskrárbreytingunni árið 1995 eins og áður var rakið. Við það verður rétturinn til grunnframfærslu úr opinberum sjóði sjálfstæður réttur einstaklingsins sem í hlut á og ég ítreka að við erum að tala um rétt til þessarar tilteknu aðstoðar, ákveðið lágmark sem ekki má skerða vegna tekna annarra en hans eigin. Og það er beinlínis vakin athygli á því í forsendum Hæstaréttar með vísun til stjórnarskrárbreytinganna og alþjóðasamninga að um skerðingar vegna tekna maka geti ekki verið að ræða nema vegna verulegra viðbótarfjárhæða og að viðurkenndur sé réttur hvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans. Miðað við þá skoðun sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur gert á tekjutengingu við tekjur maka öryrkja í öðrum löndum og hún rakti í ræðu sinni fyrr í kvöld, þá virðist mér sú framkvæmd einmitt vera í samræmi við þá alþjóðasamninga sem Hæstiréttur vísar til. Það hefur sem sagt verið heimilt að tengja við tekjur maka þegar við erum að tala um viðbótarframlög sem eru umfram ákveðið lágmark sem í flestum tilvikum, a.m.k. á Norðurlöndunum, er mun hærra en hér á landi.

Hérna virðist hins vegar hafa verið gengið lengra og skerðingin á grunnframfærslunni verið framkvæmd í nafni gagnkvæmrar framfærsluskyldu hjóna. Reyndar bendir Hæstiréttur líka á það í dómi sínum að framfærsluskylda hjóna sé gagnkvæm. Með öðrum orðum virkar hún ekki bara á annan veginn heldur felst líka í henni réttur sem ekki er hægt að svipta menn, sem sagt réttur til þess að sinna framfærsluskyldu sinni gagnvart maka. Þetta er ekki bara á annan veginn. Þetta er gagnkvæm skylda og gagnkvæmur réttur. Með þessum orðum sínum snuprar Hæstiréttur þá sem beita fyrir sig gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna til þess að skerða sjálfstæðan rétt öryrkja og bendir með orðum sínum á það að þessi röksemdafærsla fái alls ekki staðist.

Hæstiréttur áréttar að það sé viðurkennd regla að norrænum rétti að skýra skuli lög til samræmis við alþjóðasamninga sem ríki hefur staðfest eftir því sem kostur er og telur í því ljósi að 76. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til aðstoðar úr opinberum sjóði verði skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar hafi löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað en það skipulag verði þó að fullnægja þeim lágmarksréttindum sem talin eru felast í ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar. Að auki verði skipulagið sem löggjafinn býr til að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti jafnréttis á við aðra sem réttar njóta, svo og almennra mannréttinda.

Síðan bendir Hæstiréttur á það að löggjafinn hafi þegar sett nokkra leiðbeiningu um þetta í 1. gr. laga um málefni fatlaðra þar sem markmið laganna er sagt vera að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að slíkt er ekki gert með því að tryggja þeim 17 þús. kr. mánaðarlega aðstoð úr opinberum sjóði eins og gert var í sumu tilvikum áður. Um þetta síðasta eru sennilega allir sammála. En Hæstiréttur segir síðan í dómi sínum, með leyfi forseta:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks. Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka. Er það í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur að baki íslenskri löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.“ — Síðan segir í áframhaldinu og ég held að mikilvægt sé að halda þessu til haga hér vegna þess að hér þykir mér að svolítið hafi verið reynt að teygja til röksemdafærslur Hæstaréttar: „Í lögum er þó víða tekið tillit til hjúskaparstöðu fólks. Má hér nefna skattalög og ákvæði laga um félagslega aðstoð.“ — En eins og ég hef bent á áður eru þau af öðrum toga og kveða ekki á um þennan grundvallarrétt sem almannatryggingalögin byggja á um aðstoð úr opinberum sjóði og er stjórnarskrárvarinn réttur heldur nefna þeir sem dæmi skattalög og ákvæði laga um félagslega aðstoð. Og síðan kemur þessi setning sem margoft hefur verið rifjuð upp hér í kvöld: „Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki.“

Síðar í röksemdafærslu sinni segir Hæstiréttur, með leyfi forseta:

„Örorkulífeyrir, þar með talin tekjutrygging, er réttur sem öryrkjar fá vegna fötlunar sinnar. Samkvæmt því sem að framan er ritað um skýringu á 76. gr. stjórnarskrárinnar er það á valdi almenna löggjafans að ákveða þau mörk sem örorkulífeyrir og tekjutrygging miðast við, svo fremi sem þau uppfylla önnur ákvæði stjórnarskrárinnar, eins og þau verða skýrð með hliðsjón af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Réttur sá sem almannatryggingalöggjöfin tryggir öryrkjum er almennur og tekur tillit til jafnræðissjónarmiða milli þeirra sem eins eru settir í þröngum skilningi.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Svo sem áður greinir verður að telja að í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar felist ákveðin lágmarksréttindi sem miðuð séu við einstakling. Þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til mats á því hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð geta dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess hvort það mat samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Þegar litið er til skipulags réttinda örorkulífeyrisþega samkvæmt almannatryggingalögum og þeirra afleiðinga sem í raun geta af því leitt fyrir einstaklinga verður þetta skipulag ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði felast, á þann hátt að þeir fái notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. stjórnarskrárinnar mælir þeim, svo sem það ákvæði verður skilið að íslenskum rétti ...“ Í kjölfarið er vísað í alþjóðlega samninga um mannréttindi.

Eins og ég hef rakið hefur Hæstiréttur byggt röksemdir sínar með mjög sterkum rökstuðningi og vísun til lagaákvæða alþjóðlegra samninga og stjórnarskrárákvæða og dómsorðið sem lýtur að margumræddri 5. mgr. 17. gr. er líka mjög skýrt:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.“

Svona hljómaði dómur Hæstaréttar og hann er skýr að mínu mati og vel rökstuddur. Hann er skýr að mínu mati að því sem snýr að þessum tiltekna hópi og rétti hans. Svo má vel vera að hann geti verið óskýr þegar menn ætla að leiða af honum einhvern annan rétt til einhverra annarra hópa. Um það vil ég ekki segja hér og nú. Eflaust vakna margar spurningar eins og þegar hefur komið fram um réttindi ýmissa annarra hópa og hvort þeir gætu byggt rétt sinn á þessum dómi.

Ríkisstjórnin vill hins vegar ekki túlka dóminn á þann veg eins og margir aðrir vilja gera og m.a. stjórnarandstaðan að með honum sé heimildin í 5. mgr. 17. gr. úr gildi fallin og þá beri að greiða þessar 51 þús. kr. Ríkisstjórnin vill lækka þá lágmarksgreiðslu sem má skilja á dóminum, a.m.k. að einhverjir skilja að öryrkjar eigi rétt á. Það er pólitískt mat ríkisstjórnarinnar, pólitísk ákvörðun, að þessi fjárhæð eigi að vera lægri. En ég lít svo á að að auki sé ríkisstjórnin með útspili sínu að segja Hæstarétti og kannski okkur hinum að henni sé heimilt og að hún megi í raun og veru setja þau lög sem henni sýnist. Það er kannski sá tónn sem hefur svolítið skinið í gegn í umræðunum hér.

Herra forseti. Maður veltir því fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegra í ljósi þess að 21. öldin er nú gengin í garð hér á landi sem og víðar um heim að íslensk stjórnvöld hefðu lotið dómi æðsta dómstóls þjóðarinnar og ákveðið að láta fordæmi hans í þessu máli tala og greiða út þær 7 þúsund kr. sem upp á vantar á mánuði og ljúka þar með, herra forseti, þessum eilífu skærum og ágreiningi við öryrkja í landinu, þennan hóp öryrkja svo að enginn fari að misskilja það að ég sé að reyna að plata þjóðina eins og við höfum greinilega verið að gera síðustu vikurnar.

Menn hefðu síðan getað sett nefndir í gang og hefði ekkert verið óeðlilegt við að settar væru nefndir af stað til að reikna nánar útfærslu þessara atriða en ekki hefði þurft að koma í veg fyrir að greitt hefði verið út til þessa tiltekna hóps eftir dóminum eins og a.m.k. sú sem hér stendur og stjórnarandstaðan vill skynja hann. Það hefði verið hægt hefði pólitískur vilji verið fyrir hendi. Maður veltir því fyrir sér hvort það hefði kannski verið þjóðarbúinu ofrausn að gera þetta á sama tíma og við fórum í gegnum afgreiðslu fjárlaga þar sem hundruð millj. fóru í ýmis verkefni sem ég vil kannski telja minna mikilvæg en þau sem hér er verið að fjalla um en þó fyrst og síðast til að leysa þennan ágreining í stað þess að gera eins og ríkisstjórnin hefur gert með þessari niðurstöðu, verði hún að lögum, að láta í raun og veru reyna á þolrifin hjá þessum tiltekna hópi og vísa mönnum nánast áfram til þess að láta dómstóla leysa úr ágreiningi.

Herra forseti. Margir tala um að það sé mikið ábyrgðarleysi af okkur í stjórnarandstöðunni að vekja sífelldar væntingar hjá öryrkjum og jafnvel öðrum hópum í samfélaginu um að þessi dómur feli í sér gríðarlegar réttarbætur, en mér finnst það líka ábyrgðarleysi hjá ríkisstjórninni að fara nánast í valdabaráttu við Hæstarétt um það hver það er sem megi setja þessar tilteknu reglur og fara út í að leggja fram frv. sem má a.m.k. efast um að sé í fullu samræmi við dóminn eins og hann liggur fyrir.

Herra forseti. Enginn hefur verið að vekja óverðskuldaðar væntingar hjá tilteknum hópi öryrkja. Enginn hefur platað þjóðina og það hefur enginn platað öryrkjana heldur. Ég held að það sé bara þannig að ríkisstjórnin verðskuldi fyllilega þá andúð sem hún kann að finna fyrir í sinn garð vegna þessa tilekna máls sem hún vill láta í veðri vaka að sé vegna þess að menn hafi haft uppi rangfærslur í málinu. Ég held að það sé einfaldlega svo að fólk, hvort sem það er þessi tiltekni hópur öryrkja eða aðrir sem hafa fylgst með málinu, sjái í gegnum þessar gerðir sem menn hafa verið að framkvæma og menn séu fullfærir um að meta það samkvæmt bestu skynsemi.

[21:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. dró í efa álit þeirra lögfræðinga sem ríkisstjórnin kallaði sérstaklega til en vitnaði jafnframt í lagaprófessorinn Sigurð Líndal en hann sagði m.a. í viðtali á Stöð 2 eftir að dómurinn féll, með leyfi hæstv. forseta:

„Sigurður segir að þrátt fyrir þennan dóm Hæstaréttar sé í raun ekkert sem útilokið að löggjafinn setji lög sem skerði tekjutryggingu örorkuþega.

Sigurður Líndal: Ef það er gert þannig að það taki jafnt til allra og gert með málefnalegum og réttlátum hætti þá hygg ég að það megi hugsanlega finna flöt á því.“

Síðan vildi ég vitna til annars starfsmanns Háskóla Íslands sem er vísindastofnun okkar á mörgum sviðum vísinda og þar á meðal einnig á sviði lögfræði, en þessi ágæti lektor, Skúli Magnússon, segir:

„En ég held svona að ef ég tala sem skattgreiðandi þá finnist mér eðlilegt að það sé tekið til ítarlegrar skoðunar hvað eigi að greiða úr ríkissjóði í tilefni af þessum dómi og sem kjósandi að þá finnst mér eðlilegt að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar fái að fjalla um málið áður en slíkt er gert og ég held að það hafi ekki komið til greina að Tryggingastofnun greiði umsvifalaust út greiðslur til öryrkja í framhaldi af dómnum. Ég er sammála því sem fram kemur í skýrslunni að til þess þurfi að koma lagabreyting.“

Ég vildi aðeins benda hv. þm. á að það eru fleiri lögfræðingar sem tala með þessum hætti. Og að halda því fram að ríkisstjórn Íslands sé að fara í einhverja valdabaráttu við Hæstarétt er svo fráleitt að ég undrast þessi orð. Ríkisstjórnin er að gegna skyldum sínum með því að leggja fram lagafrv. og Alþingi er að gegna skyldum samkvæmt stjórnarskrá að

fjalla um lög og setja lög í tilefni af þessum dómi.

[21:38]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo að menn séu í valdabaráttu þegar þeir væna Hæstarétt um að vera með pólitík í sínum dómi, að Hæstiréttur sé að fara inn á það svið sem stjórnmálamenn eiga að öllu jöfnu að fjalla um. Það get ég ekki túlkað öðruvísi en svo að menn séu að efast um að Hæstiréttur hafi vald til að fjalla um það sem hann fjallar um. Eða að það sé viðeigandi að hann geri það.

Hæstv. utanrrh. sagði að ég hefði dregið í efa álit þessara lögfræðinga. Ég dró það einungis fram, ég er ekki að segja að þeir séu verri en aðrir lögfræðingar. Það sem ég var að reyna að draga fram er að þeir eru ekki óvilhallir. Þeir starfa ýmist hjá ríkisstjórninni eða eru þekktir fyrir stuðning sinn við ríkisstjórnarflokkana og það er það sem er ótrúverðugt í málinu. Þeir eru ekkert óvilhallir, þeir eru ekkert endilega ómögulegir heldur. Sigurður Líndal, sem ég vitnaði til og var sammála í einu sem hann sagði en kannski ekki því sem hæstv. utanrrh. vitnar til, er heldur ekkert óvilhallur og væntanlega ekki heldur sú sem hér stendur eða nokkur annar lögfræðingur. Menn eru með misjafnar skoðanir, en til þess að ríkisstjórnin sé trúverðug í því sem hún er að gera, hefði hún átt að nefna þarna til að mínu mati óháða og óvilhalla sérfræðinga til þess að fjalla um málið. Það hefði verið mun trúverðugra, ég tala ekki um ef samráð hefði verið haft við forustu Öryrkjabandalagsins þannig að þeir hefðu getað haft lögmann sinn með í því að fara í gegnum málið. En ég hefði talið mjög eðlilegt í ljósi þess að þarna er verið að ræða um málefni sem hóp varðar sem þeir hafa verið talsmenn fyrir og hafi menn einhvern áhuga á því að leysa þennan ágreining endanlega og fá lausn á honum hefði verið hægur vandinn að leita eftir samráði við Öryrkjabandalagið áður en nefndin er sett af stað.

[21:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur lagt fram ákveðið frv. á Alþingi og það er Alþingis að fjalla um það og það er Alþingis að kalla til þá sérfræðinga sem Alþingi telur nauðsynlegt í þessu sambandi. Ég hefði talið að kennarar og prófessorar við Háskóla Íslands væru óvilhallir í slíku máli.

Háskóli Íslands er sjálfstæð stofnun og nú dregur hv. þm. líka í efa ummæli þessara mætu manna. Ég veit þá ekki á hverjum á að taka mark í sambandi við lagaleg atriði hér á landi ef ekki er heldur hægt að taka mark á prófessorum og kennurum við Háskóla Íslands.

Að sjálfsögðu kallaði ríkisstjórnin til hæfa lögfræðinga til að fjalla um þetta mál og undirbúa það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Nú getur Alþingi kallað til þá lögfræðinga sem Alþingi telur nauðsynlegt og ég vænti þess að það leiði í ljós að hér er verið að bregðast rétt við dómi Hæstaréttar.

[21:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu kallar Alþingi til sérfræðinga og ég verð að segja að mér þykja þessi síðustu orð hæstv. utanrrh. vera útúrsnúningur. Að enginn maður í lögfræðingastétt sé trúverðugur hvað sem hann nú starfar þá eru menn einfaldlega ekki sammála um þetta, það vitum við öll. Lögfræðingar eru ekki alltaf sammála um niðurstöður og þess vegna er svo mikilvægt, herra forseti, að leitað sé til manna sem starfa ekki hjá ríkisstjórninni til þess að meta þetta. Þess vegna er það svo mikilvægt að einnig séu tekin inn sjónarmið annarra lögmanna, sem t.d. einn af virtustu mannréttindasérfræðingum Íslendinga hefur starfað fyrir Öryrkjabandalagið að þessum málum, Ragnar Aðalsteinsson. Það er það sem ég er að benda á. Ég er ekkert að segja að eitthvað sé rétt eða rangt í þessu. Ætli ríkisstjórnin að vera trúverðug í þessu máli, hafi hún haft vilja til að leysa þetta vandamál og komast að niðurstöðu sem báðir aðilar málsins eru sáttir við, þá hefði ekki neitt verið verið eðlilegra en hún hefði skipað hóp óvilhallra manna eða a.m.k. gefið hinum aðilanum kost á að eiga sinn mann í nefndinni.

[21:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur málefnalega ræðu. Mig langar til að spyrja hv. þm.: Skil ég rétt að hún telji að þrátt fyrir skilning hennar á dómi Hæstaréttar, þ.e. að ekki megi skerða bætur öryrkja vegna tekna maka, sem ég deili ekki með henni, megi í öðrum lögum skerða bætur vegna tekna maka, t.d. í húsaleigubótum, vaxtabótum, millifærslu 90% persónuafsláttar o.s.frv.? Hvers vegna verður ekki að beita nákvæmlega sömu rökum um mannréttindi einstaklinga þegar kemur að bótum til að standa straum af t.d. húsaleigubótum?

Önnur spurning. Hugsum okkur hjón, bæði verkamenn, með 260 þús. kr. í fjölskyldutekjur sem greiða um 30 þús. kr. á mánuði í virðisaukaskatt og 50 þús. kr. á mánuði í tekjuskatt. Þessi fjölskylda sér aðra fjölskyldu með 520 þús. kr. í tekjur á mánuði fá bætur sem greiddar eru með þessum sömu sköttum. Þá langar mig til að spyrja hv. þm.: Getur þessi tekjulága fjölskylda farið fyrir Hæstarétt með kröfu um að löggjafinn hætti þessari eignatilfærslu til ríku fjölskyldunnar með vísun til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og jafnréttisákvæðis 65. gr.?

[21:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Stórt er spurt og ég efast um að ég nái að svara þessu öllu hér en ég geri tilraun.

Hver er munurinn á sköttunum sem hv. þm. nefndi, húsaleigubótum, vaxtabótum o.s.frv., hvort skerða megi tekjur maka þegar um það ræðir en ekki örorkulífeyri? Hæstiréttur svarar þessu skýrt og ég taldi mig vera að gera tilraun til að útskýra þetta ítarlega í ræðu minni. Hæstiréttur segir:

„Örorkulífeyrir, þar með talin tekjutrygging, er réttur sem öryrkjar fá vegna fötlunar sinnar."

Síðan er vísað í að þetta sé stjórnarskrárvarinn réttur sem megi ekki skerða með tekjum maka og þá er verið að tala um 51.000 kr. eins og ég skil dóminn. Hæstiréttur rökstyður síðan að víðar í lögum sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna þegar veitt er aðstoð úr opinberum sjóðum og það sé heimilt vegna þess að þarna sé um að ræða heimildarákvæði til handa stjórnvöldum sem gefur ekki viðkomandi einstaklingi neinn sjálfstæðan stjórnarskrárvarinn rétt. Það er í raun og veru þarna sem munurinn liggur. Það er mjög gott að þessi spurning kom hérna fram. Að sjálfsögðu má áfram eftir sem áður nota skatta til tekjujöfnunar og það er bara mjög eðlilegt að gera það og mjög margir sem vilja gera það, a.m.k. jafnaðarmenn og það er mjög eðlilegt að gera það áfram — og vaxtabætur. Ég ætla kannski ekki að fara að tjá mig um tekjutenginguna um hvert einasta tilvik sem hv. þm. nefndi. Maður getur ekki verið að hætta sér út í einhverja pytti þar en almennt breytir þessi dómur engu um það hvort nota megi

skattkerfið eða einhver heimildarákvæði eins og lög um félagslega aðstoð til að veita einum aðstoð en öðrum ekki. Það er þessi stjórnarskrárvarði persónulegi réttur einstaklingsins sem felst í tekjutryggingunni, þessum 51.000 krónum sem má ekki skerða. Það er það sem málið snýst um og þarna sem munurinn er á þessu tvennu.

Ég vona að þetta hafi verið skýrt.

[21:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir útskýringarnar. Ég er samt ekki alveg sáttur vegna þess að húsnæði á Íslandi a.m.k. er lífsnauðsyn, ekkert síður en að fá tekjur þegar maður missir getu til að vinna vegna örorku. Ég mundi telja að ekki væri síður mikilvægt að menn fengju húsaleigubætur til að geta leigt sér íbúð en að fá örorkubætur til að gefa lifað. Ég spyr: Hver er munurinn á þessu tvennu? Af hverju má þá taka með inn í húsaleigubæturnar tekjur maka en ekki í örorkulífeyrinn?

Það sem ég er að benda á er að ef dómurinn væri framkvæmdur eins og stjórnarandstaðan vill leiðir hann okkur út í endalausa pytti.

[21:47]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. hafi ekki enn skilið muninn á þessu tvennu eins og ég taldi mig leggja töluvert mikla vinnu í að reyna að útskýra þetta í ræðu minni og kannski þurfum við bara að taka spjall í hliðarherbergi á eftir. Það má vel vera að það sé umdeilanlegt og það sé pólitískt mat hv. þm. Péturs H. Blöndals að sama eigi að gilda um húsaleigubætur. En grundvöllurinn sem Hæstiréttur byggir rökstuðning sinn á er ekki sá sami. Ekki gilda sömu rök um þá grundvallaraðstoð sem maður á rétt á úr opinberum sjóði á grundvelli fötlunar sinnar vegna þess að hann getur ekki aflað sér tekna eða annarra jöfnunaraðgerða sem lög gera ráð fyrir. Þetta rökstyður Hæstiréttur mjög ítarlega í máli sínu. Þetta er grundvallaratriði í lögfræði og ég tel mig a.m.k. hafa reynt að gera mitt ýtrasta til að útskýra muninn á þessu tvennu. Það er alveg fráleitt að draga svo víðtæka ályktun af þessum tiltekna rétti.

[21:48]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir mjög málefnalega ræðu áðan. Hún var að mínu mati sú málefnalegasta af hálfu stjórnarandstöðunnar nú í dag. En þrátt fyrir að ég sé ekki sammála henni í öllum atriðum þá komu þarna mjög athyglisverð lögfræðileg atriði inn. Ég er ekki sammála hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um það hvernig eigi að útskýra dóminn. Við erum auðvitað að ræða þetta frv. í dag og fólk er ekki sammála um hvernig á að útskýra dóminn.

Ég hef útskýrt það hér áður að ég tel að meiri hluti Hæstaréttar hafi túlkað það sem svo að ekki megi skerða tekjutrygginguna meira en svo að það verði alltaf að vera meira en 18 þús. kr. eftir. Aldrei má skerða tekjutrygginguna meira en svo. Gott og vel. Minni hlutinn segir: Þetta mat viljum við ekki hafa. Þetta mat á löggjafinn að hafa.

Þessa skoðun sá ég líka m.a. í Degi í dag hjá einum helsta gúrú Samfylkingarinnar, Stefáni Jóni Hafstein, þar sem hann segir einmitt þetta sem ég var að segja um 18 þús. kallinn, þ.e. Hæstiréttur er einfaldlega að segja: Það er of lítið. En hann segir ekki hversu mikið megi skerða tekjutryggingu örorkubóta.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gat þess áðan að 51 þús. væri í rauninni sú upphæð sem væri varin af stjórnarskrá. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafa einnig sagt hér í dag að 51 þús. séu í rauninni sú upphæð sem um sé að ræða til þess að ekki sé verið að ganga gegn Hæstarétti eins og þeir skilja dóminn.

Því vil ég spyrja hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur: Ef við værum að ræða frv. þar sem gengið væri að þessu, að 51 þús. væru til hjóna (Forseti hringir.) en jafnframt frv. þar sem ákveðið væri að einstaklingur ætti að fá 60 þús. (Forseti hringir.) væri þá jafnframt verið að ganga að stjórnarskránni?

[21:50]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel, og það er skoðun mín, að með vísun í þessa gildandi 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, þ.e. í dómsorðinu, sé í raun verið að segja að hún sé ekki gild og niðurstaðan sé því sú að það skuli taka hana út og eftir stendur, miðað við þann ramma sem við höfum í lögum í dag, að 51 þús. kr. skal greiða. Ég tel þetta vera rétta skýringu á dómnum.

Nú má vel vera, herra forseti, að rétt sé að eitthvað megi efast um þetta. Ég skil alveg þá röksemdafærslu. En ég velti hins vegar fyrir mér á móti og spyr hv. þm.: Af hverju er verið að reyna á þolrifin fyrir 7 þús. kr. á mánuði? Af hverju er verið að reyna á þetta? Það er þetta sem ég sagði. Það er pólitískt mat ríkisstjórnarinnar að svara þessum dómi svona meðan henni hefði verið í lófa lagið að túlka hann á hinn veginn og vera þannig örugg um að ágreiningnum á milli Örykjabandalagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar, sem er að verða til skammar fyrir hana, verði lokið og ekki verði áframhaldandi málaferli í kjölfarið. Það má vel vera að þetta sé pólitískt mat þó ég sé þeirrar skoðunar að rétt sé að túlka dóminn þannig að það hafi átt að greiða út 51 þús. kr.

[21:51]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef farið hefði verið upp í 51 þús. kr. þá hefði um leið verið viðurkennt að ekki mætti tengja tekjutrygginguna við tekjur maka. Það er meginmálið. Það er skoðun mín að löggjafinn hafi þetta mat, (Gripið fram í.) enginn annar. Þetta er skoðun mín. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður um hljóð í salnum.)

Ef farið hefði verið upp í þessa fjárhæð þá hefði verið að segja: Tekjutenging er óheimil. Því er ég ekki sammála. Það er mat löggjafans að ákveða hversu mikið má skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisbóta. Það segir Hæstiréttur að mínu mati skýrt í dómnum.

[21:52]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að þetta kom fram hjá hv. þm., að þetta er nákvæmlega það sem ríkisstjórnin er að gera. Ríkisstjórnin er í þrætu við Hæstarétt um það hver hafi rétt til þess að kveða á um þetta mat. Ég held að það sé nefnilega nákvæmlega þetta. Það var þetta sem ég átti við þegar ég sagði að hér væri valdabarátta á milli tveggja greina ríkisvaldsins, sem er ekki beinlínis til fyrirmyndar.

Ég ítreka líka að Hæstiréttur dregur sérstaklega fram að þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til mats á því hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð geti dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess hvort

það mat samrýmist grundvallarreglu stjórnarskrárinnar. Þeir vísa beint í 5. mgr. 17. gr. og segja að þetta samrýmist ekki stjórnarskrá. Í mínum huga getur það ekki verið skýrara og það er kannski þarna sem pólitíkin er í málinu. Ég er þeirrar skoðunar, og sennilega allir í stjórnarandstöðunni, að ríkisstjórnin hafi átt að lúta þessu dómsorði Hæstaréttar.

[21:54]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Þótt umræðan um lagafrv. sem hér liggur fyrir hafi farið nokkuð út um víðan völl, sem eðlilegt er í viðamiklu og mikilvægu máli sem þessu þá hefur það skýrst nokkuð um hvað ágreiningurinn stendur. Ljóst er að stjórnarflokkarnir telja óhjákvæmilegt að leggja fram lagafrv. og það er ljóst að þeir telja að lagafrv. sem lagt er fram feli ekki í sér brot á stjórnarskránni.

Að því er stjórnarandstöðuna varðar er ljóst að stjórnarandstaðan í heild telur að lagafrv. sem hér er til umræðu sé brot á stjórnarskránni samkvæmt dómi Hæstaréttar. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ekki er fyllilega ljóst í mínum huga hvort stjórnarandstaðan er í raun sammála um það að lagasetning hafi ekki verið nauðsynleg. Þegar litið er á rökstuðning ákveðinna þingmanna stjórnarandstöðunnar, og þá kannski sérstaklega þeirra úr flokki Samfylkingarinnar sem eru löglærðir, verður að draga í efa að sú fullyrðing að lagasetning hafi ekki verið nauðsynleg standist. Ég mun koma að þessu nánar hér á eftir.

Í fyrsta lagi skulum við huga að því hvort lagasetning sé nauðsynleg eða ekki. Mig langar til þess að byrja þá umfjöllun um nauðsyn á lagasetningu með því að vitna í sératkvæði hæstaréttardómaranna Garðars Gíslasonar og Péturs Hafsteins en þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framansögðu er ljóst, að öryrkjar eiga stjórnarskrárvarinn rétt á aðstoð samfélagsins, ef þeir geta ekki nægilega séð sér farborða sjálfir. Um þessa aðstoð skal mæla í lögum. Það er verkefni löggjafans en ekki dómstóla að kveða á um inntak og umfang þeirrar opinberu aðstoðar, sem öryrkjum er látin í té. Dómstólar geta hins vegar metið, hvort lagasetning um þessi málefni samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar."

Síðan komast þeir að þeirri niðurstöðu að ekki standi efni til þess að dómstólar haggi því mati enda hefur ekki verið sýnt fram á með haldbærum rökum að staða öryrkja í hjúskap geti vegna tekna mata orðið á þann veg að stjórnarskrárvarinn réttur þeirra til samhjálpar sé fyrir borð borinn. Þetta er niðurstaða minni hluta réttarins.

Hvað segir meiri hlutinn um það verkefni löggjafans að kveða á um inntak og umfang þeirrar opinberu aðstoðar sem öryrkjum er látin í té? Ýja þeir að því einhvers staðar að það sé hlutverk dómstólanna að ákveða þetta inntak og þetta umfang? Um það eru þeir ekki eins skorinorðir og minni hlutinn. Þó víkja þeir að þessu þar sem þeir segja:

„Það er viðurkennd regla að norrænum rétti að skýra skuli lög til samræmis við alþjóðasamninga, sem ríki hefur staðfest eftir því sem kostur er. Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur almenni löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað."

Með öðrum orðum ýjar meiri hluti Hæstaréttar ekki að því að þetta skipulag skuli ákveðið af réttinum. Hann telur að það sé hlutverk löggjafans að ákveða þetta. Að þessu leyti eru bæði meiri hlutinn og minni hlutinn sammála um að það sé hlutverk löggjafans að ákveða þetta. Því er mjög brýnt að menn átti sig á því að dómstóllinn kveður ekki úr um það hvernig þessi réttindi skuli tryggð. Það er löggjafans að gera það. Um það eru báðir aðilar sammála.

Um það sem hér hefur verið deilt um, þ.e. hvort dómurinn feli það í sér að ekki megi tengja tekjur makans við tekjutrygginguna og skerða tekjutrygginguna á grundvelli tekna makans, er óneitanlega ekki mjög skýrt orðalag að finna í áliti meiri hlutans. Þar stendur, með leyfi forseta, að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi sé í sambúð eða ekki.

Þarna er ýjað að því að gera megi þennan mun. Hér í þingsalnum hefur orðið allmikil umræða um það hvort dómurinn feli í sér að slíkar tekjutengingar séu almennt óheimilar. Það er ljóst að formaður Samfylkingarinnar treystir sér ekki til að svara til um það þótt aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafi fullyrt að dómurinn feli í sér svo afdráttarlausa neitun á heimild löggjafans til að setja ákvæði um tekjutengingar. Það verður því að skoða hvort niðurstaðan er á þann veg að skerðing á tekjutryggingu vegna tekna maka sé með öllu óheimil. Dómsorðið sjálft er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þannig hljóðar dómsorðið. Þegar við lítum í forsendur dómsins kemur fram að forsendur fyrir þessari niðurstöðu eru að í lögunum hafi verið kveðið á um ákveðinn hátt sem ekki standist stjórnarskrána. Orðrétt segir:

„Í samræmi við það, sem að ofan greinir, er fallist á þá kröfu gagnáfrýjanda, að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þetta má, með öðrum orðum, ekki gera á þennan hátt. Á hvaða hátt þetta er heimilt segir rétturinn ekki. Að sjálfsögðu verða menn að gagnálykta að ef það er ekki heimilt á þennan hátt þá sé dómurinn að gera því skóna að það sé heimilt með öðrum hætti. Þetta er deginum ljósara. Það er ekki nóg með að dómurinn komist að þessari niðurstöðu í forsendum sínum heldur vitnar hann beinlínis til þess að gagnáfrýjandinn leggi málið fyrir með þessum hætti, með þeim hætti að krefjast þess að óheimilt verði að skerða tekjutenginguna vegna tekna maka á þennan hátt. Að þessu leyti er ekki hægt að horfa fram hjá forsendum Hæstaréttar. Kjósi menn að horfa fram hjá þessu þá er það vísbending um ákveðinn veikleika í málflutningi þeirra.

Hitt deiluatriðið, sem er ekki síður mikilvægt, varðar það hvort lagasetning sé nauðsynleg eða ekki. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn., rakti um áhrif þess í öllum atriðum. Ég ætla ekki að endurtaka það en ég verð þó að koma inn á þetta vegna þess að hér er um að ræða mjög mikilvægt atriði, ekki síst í ljósi málflutnings stjórnarandstöðunnar og þá ekki síst hinna löglærðu í hópi Samfylkingarinnar sem hér sitja á Alþingi og er mikill styrkur að nærveru þeirra.

Ákvæðið sem dómurinn snýst um er 5. mgr. 17. gr. laganna. Ég las áðan upp dómsorðið: „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga ...“

Ef við eigum að skilja þetta þannig, sem mér finnst engan veginn gefið, að ákvæðið feli það í sér að afnema annaðhvort ákveðna málsgrein laganna ellegar ákveðinn hluta af þessari málsgrein þá gerist nú ýmislegt. Það liggur fyrir að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur lýst því yfir að hann telji að dómur Hæstaréttar þýði að ákvæðið sé niður fallið. Hann hefur lýst því yfir að ákvæðið sé niður fallið. Ætla menn þá að láta sem það leggi engar skyldur á herðar löggjafanum ef þetta ákvæði fellur niður, að það þýði ekki að löggjafinn verði að gera svo vel og bregðast við enda sé það skylda hans? Hvað gerist ef þetta ákvæði fellur eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur fullyrt hér? Mér heyrist að hann eigi skoðanabræður í þeim efnum í þingsalnum.

5. mgr. kveður á um réttindi hjóna þegar aðeins annað hjóna nýtur örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra eru ekki hærri en 1.086 kr. Þessi upphæð er reyndar orðin talsvert hærri núna því að hún er 1.611 þús. kr. „Skal þá greiða,“ takið eftir orðalaginu, og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð ákveðnar krónur. Þetta ákvæði tryggir að þegar aðeins annað hjóna nýtur örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur hjónanna ná ekki ákveðinni upphæð, þá skuli greiða tekjutryggingu. Ef þetta ákvæði fellur brott þá er ekki heimild til að borga tekjutryggingu. (**ÁRJ:** Skerðingarákvæði ...) Það liggur í augum uppi. Þá standa eftir ákvæði ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég minna hv. þm. á að einn ræðumaður heldur ræðu. Ég vil minna hv. 15. þm. Reykv. á að hann hefur þegar haldið ræðu og er á mælendaskrá. Það er engin ástæða til að vera með gjamm og grípa fram í á þennan hátt.)

Ég vil minna á að 6. mgr. 17. gr. kveður á um stöðu hjóna sem bæði njóta örorkulífeyris. Standi það ákvæði áfram breytir það ekki stöðunni þar sem annað hjóna nýtur örorkulífeyris.

8. mgr. skilgreinir stöðu hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar. Annað er örorkulífeyrisþegi en hitt ellilífeyrisþegi. Standi þau atriði eftir þá breytir það ekki heldur stöðu hjóna sem skilgreind eru í 5. mgr. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir að ef þessi málsgrein er úr gildi fallin, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson álítur, þá er fallin niður þessi heimild og skyldan til að greiða tekjutrygginguna. Ég reikna fastlega með því að enginn af þeim sem hér hefur talað af hálfu stjórnarandstöðunnar ætlist til þess að þetta ákvæði falli niður. Það ætlast enginn til þess. Ég ætla ekki stjórnarndstöðunni það að vilja fella þetta niður. Það verður þá að setja inn ákvæði í staðinn fyrir það og það kallar á lagasetningu. Það fer því ekki á milli mála, herra forseti, að sú skýra niðurstaða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að 5. mgr. 17. gr. laganna sé úr gildi fallin með hæstaréttardómnum kallar öllu öðru fremur á lagasetningu. Um það hljótum við að sameinast á þinginu. Það er eðlilegt að bregðast við því á þinginu með því að setja lög um þetta atriði. Dómurinn kallar beinlínis á það. Hann kallar alveg sérstaklega á það ef þessi túlkun hv. þm. Lúðvík Bergvinssonar er rétt.

Ég held að við getum sagt sem svo: Hafi nauðsyn þess að setja lög verið augljós í augum stjórnarþingmannanna, þá ætti hún einnig að vera ljós í augum stjórnarandstöðunnar.

[22:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. vitnaði eins og fleiri stjórnarliðar mikið í minnihlutaálit Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. Það hefur endurtekið læðst að mér sá grunur hér í dag að stjórnarliðið hafi ákveðið að réttlæta viðbrögð sín við dómi Hæstaréttar á þeim grunni að minni hlutinn hafi haft rétt fyrir sér. Ríkisstjórnin vilji bara hafa það þannig að minni hluti Hæstaréttar hafi haft rétt fyrir sér og því skuli flutt lagafrv. í samræmi við það. En það var bara óvart meiri hlutinn sem hafði rétt fyrir sér, hann ræður. Dómurinn er niðurstaða Hæstaréttar á grundvelli þess að meiri hlutinn studdi hana.

Svo var hv. þm. óheppinn þegar hann vitnaði í meirihlutaálitið og komst að þeirri niðurstöðu að meiri hluti og minni hluti væru sammála um að það væri alfarið hlutverk löggjafans að ráða útfærslu bótanna. Hv. þm. hefði þurft að lesa lengra, þar sem meiri hlutinn fjallar um skyldu dómstólanna, þrátt fyrir svigrúm löggjafans, til að meta hvort ákvæðin samrýmist stjórnarskrá og á þeim grunni er niðurstaðan fengin.

[22:11]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður er með útúrsnúninga. Ég vitnaði í álit minni hlutans til að leggja áherslu á að minni hlutinn og meiri hlutinn væru sammála um að það væri löggjafans að ákveða innihald og meðferð þess hvernig slík mörk væru sett. Báðir aðilar leggja áherslu á að dómstólarnir geti lagt mat á það hvort stjórnarskrárákvæðin séu virt eða ekki með þeim hætti sem þetta er gert. Það er ekki dómstólanna að ákveða hver þessi mörk eru. Hvorugur aðilinn hefur treyst sér til þess, hvorki meiri hluti né minni hluti, að segja nákvæmlega hvar mörkin liggja.

[22:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í reifun sinni rétt áður en kemur að dómsorðinu sjálfu segir meiri hluti Hæstréttar:

„Svo sem áður greinir verður að telja að í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar felist ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til mats á því, hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð, geta dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess, hvort það mat samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar.“

Ég tel ekki réttlætanlegt að halda því fram, þegar þessir textar eru bornir saman, rökstuðningurinn í síðari hluta reifunarinnar annars vegar og umfjöllun minni hlutans hins vegar, að þessir tveir aðilar séu sammála. Þeir eru það ekki enda komust þeir að ólíkri niðurstöðu. Meiri hlutinn túlkar hlutverk dómstólanna í þessu samhengi með víðtækari hætti og kemst að ólíkri niðurstöðu. Í raun er það í skjóli hinnar þröngu túlkunar sem minni hlutinn fellir úrskurð ríkisstjórninni í hag.

[22:14]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta er veikur málflutningur hjá hv. síðasta ræðumanni, Steingrími J. Sigfússyni. Meiri hlutinn kemst að þeirri niðurstöðu að lágmarksréttindin sem tryggð eru samræmist ekki stjórnarskránni, séu of lág. Það er meginniðurstaðan en hver mörkin eru segir dómstóllinn ekki. Það er meginmálið. Dómstóllinn er að því leyti samkvæmur áliti minni hlutans. Hann telur það ekki sitt hlutverk að segja hver þessi mörk séu. Dettur mönnum virkilega í hug að ef

dómstóllinn hefði ætlað að ákveða mörkin þá segði hann það ekki skýrt og skorinort?

[22:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich fer mikinn um að rétturinn hafi ekki skýrt hver lágmarksréttindi einstaklinganna, sem varin eru af stjórnarskránni, skuli vera. Hv. þm. segir: Hvorki minni hlutinn né meiri hlutinn treystir sér til að setja fram nokkrar skýringar á því. Það vill svo til að það eru aðilar í þjóðfélaginu sem treysta sér til þess. Það er háyfirdómurinn sem skipaður var af ríkisstjórninni, þ.e. fjögurra manna starfshópurinn sem lagði fram skýrsluna sem frv. byggir á. Það vill svo til að þar eru þessi lágmarksréttindi skilgreind. Hver eru þau? Jú, þau eru að öryrki í þessari stöðu eigi að geta treyst því að hafa eigin tekjur, tekjutryggingu og grunnörorkulífeyri, samtals 43 þús. kr. á mánuði. Þar er sem sagt verið að kroppa 8 þús. kr. af þeirri upphæð sem við teljum að Hæstiréttur hafi komist að niðurstöðu um.

Ég spyr hv. þm. Tómas Inga Olrich: Getur hann skýrt út hvernig starfshópurinn og ríkisstjórnin komst að niðurstöðu um 43 þús. kr.?

[22:16]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi deila um 43 þús. kr. annars vegar og 51 þús. kr. hins vegar er deila um grundvallaratriði en ekki krónur. Hvers vegna kemst stjórnarandstaðan að þeirri niðurstöðu að þarna eigi að vera 51 þús. kr.? Hver er ástæðan fyrir því? Hún liggur alveg ljós fyrir. Það er vegna þess að þeir telja að í dómnum felist að það sé bannað að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka. Og þess vegna komast þeir að niðurstöðunni 51 þús. kr., til þess liggja ekki aðrar ástæður. Um þetta atriði erum við ósammála og teljum að það sé ekki fólgið í dómnum að sú tala sé heilög vegna þess að það sé heimilt samkvæmt dómnum að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka.

[22:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hérna opinberast í reynd ein af grundvallarþverstæðunum í málflutningi stjórnarsinna. Hv. þm. kemur hingað til að svara spurningu sem ég varpa fram og hann svarar henni ekki. Hvers vegna? Vegna þess að hann getur ekki svarað henni. Vegna þess að það eru engar málefnalegar forsendur sem leiða að því að 43 þús. kr. eigi að vera þessi lágmarksréttindi. Hv. þm. viðurkennir að við í stjórnarandstöðunni höfum ákveðin rök fyrir því að leggja fram töluna 51 þús. Hv. þm. skýrði út hver þau rök voru, ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara yfir þau.

En það sem mig skorti í rökfærslu stjórnarliðanna er hvernig í ósköpunum finna þeir út töluna 43 þús. kr. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja það. Og á meðan þeir halda því fram að þetta sé byggt á harðsnúinni röksemdafærslu eins og einn orðaði það í dag, þá getur maður ekki annað en komið hingað og spurt hv. þm. Tómas Inga Olrich: Hvernig getur hv. þm. rökstutt töluna 43 þús.? Af hverju eru það lágmarksréttindi sem stjórnarskráin ver að því er þessum starfshópi og ríkisstjórn finnst?

[22:18]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Alls staðar þar sem mál af þessu tagi eru ákveðin, þá liggur að baki þessu pólitískt mat. Og ef hv. þm. skoðar hvernig staðið er að þessum málum í nágrannalöndum okkar, þá liggur að sjálfsögðu fyrir pólitískt mat og þar eru réttindi bara mjög svipuð. En það er ekki úr vegi að hv. þm. spyrji sjálfan sig hvað varðar mat af hálfu dómsins sem að hans mati hefur ákveðið hvert þetta lágmark skuli vera, hvaða mat liggur á bak við það að hafa þetta 51 þús. kr. frekar en 43? Það getur hv. þm. ekki skýrt heldur. Þetta er pólitískt mat og mér finnst í rauninni það alvarlegasta við þessar umræður vera að hv. þm. skýtur sér á bak við Hæstarétt og telur að Hæstiréttur eigi að meta þetta sjálfur, en það er sú skylda sem hvílir á sjálfum þingmanninum að taka pólitíska afstöðu til þess hver þessi upphæð eigi að vera, en skjóta sér ekki á bak við Hæstarétt.

[22:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að skjóta mér á bak við Hæstarétt Íslands og leggja til að ríkisstjórnin virði niðurstöður Hæstaréttar Íslands. Ef við ætlum að virða niðurstöðu hans að vettugi, þá erum við að vega að rótum réttarríkis í landinu. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich fór með dómsorð Hæstaréttar. Það er mjög skýrt og afdráttarlaust um bann við því að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tilliti til tekna maka hans.

Nú er það svo að þessi tekjutrygging nemur 32.566 kr. Ríkisstjórnin telur sig geta komist upp með að skerða þá upphæð, lækka hana niður í 25 þús. kr. Og hv. þm. Tómas Ingi Olrich talar fyrir því pólitíska mati.

Ég vil inna hv. þm. nánari skýringa. Eru þar efnahagsleg rök sem liggja til grundvallar? Eða telur hann þá upphæð sem öryrkjanum er skömmtuð nægilega? Er það pólitísk afstaða Sjálfstfl.? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÍGP): Enn áminni ég hv. þm. og aðra þingmenn að virða þau tímamörk sem sett eru.)

[22:20]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður Ögmundur Jónasson rangtúlkar dóm Hæstaréttar þegar hann þráfalt, ekki aðeins einu sinni, heldur nánast í hvert einasta skipti sem hann tekur til máls úr ræðupúltinu, neitar sér um að vitna í forsendur dómsins þar sem segir að ekki megi skerða tekjutrygginguna með þeim hætti sem gert er í lögunum. Þetta segir í forsendunum og ef hv. þm. (**Gripið fram í:** Ætlarðu ekki að lesa dómsorðið?) þverskallast við að lesa forsendurnar, — af hverju er hann að þverskallast við því? (**ÖJ:** Á ekki að lesa dómsniðurstöðuna?) Af hverju tekur hann ekki mark á því sem segir í forsendunum? Eru forsendurnar tilgangslausar? Dómsorðið er byggt á forsendunum. Og ég skil raunverulega ekki af hverju þessi þrákelkni kemur hér fram hvað eftir annað, að horfa fram hjá forsendum dómsins. Eru þær merkingarlausar?

[22:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lesið dómsorðið frá orði til orðs. Það er mjög skýrt og það er afdráttarlaust.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur ekki svarað spurningu minni. Það er ekkert sem mælir gegn því eða bannar að ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi haldi þeirri tekjutryggingu til örorkulífeyrisþega sem þegar er kveðið á um í lögum. Þvert á móti er nú lagt til að lækka þessa tekjutryggingu. Hvers vegna er það gert? Hvers vegna vill stjórnarmeirihlutinn hafa 7.566 kr. af örorkulífeyrisþegum? Hvers vegna? Eru það peningaleg eða efnahagsleg rök eða pólitísk afstaða Sjálfstfl. að vilja meina Alþingi að samþykkja lög sem tryggja einstaklingnum að lágmarki 51 þús. kr. á

mánuði? Er það pólitísk afstaða Sjálfstfl. að þetta sé of há upphæð?

[22:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þegar búinn að gefa svar við þessu. Það er niðurstaða meiri hlutans að þetta mark, 43 þús. kr., (**ÖJ:** Sé of hátt?) sé eðlilegt. (**ÖJ:** Nógu hátt?) Ég vil aðeins geta þess sérstaklega vegna þess að ég tek eftir því að þeir sem hér hafa tekið til máls hafa ekki vikið að þeirri fullyrðingu minni að skoðun þeirra á því hvaða áhrif dómurinn hafi á lagasetninguna þýði að það séu engin ákvæði í lögum um hvernig eigi að fara með þetta, þau séu fallin brott. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Og það þýðir að nákvæmlega engin fyrirmæli eru um það hvernig eigi að greiða þetta.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég minna hv. 13. þm. Reykv. á að hann hefur þegar fengið að svara andsvari og það er einn ræðumaður sem talar í einu.)

[22:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því í dag að hv. stjórnarþingmenn og ráðherrar nota oft þetta orðalag „á þennan hátt". — Á þennan hátt megi ekki skerða og hengja sig í að það gefi þeim leyfi til að skerða á einhvern annan hátt. En hvað þýðir þetta hjá Hæstarétti? Þetta þýðir einfaldlega að ekki megi skerða á þann hátt sem gert var, þ.e. með því að skerða tekjutrygginguna (**Gripið fram í:** Við tekjur maka.) við tekjur maka. Það er nákvæmlega það sem það þýðir. Og mér finnst engin ástæða til að menn séu að snúa út úr því.

Síðan spyr ég hv. þm., úr því hann heldur því fram hér blákalt að það hafi orðið að setja lög um það sem eigi að vera hér í framtíðinni og taka við, hvers vegna er þá ekki eitt einasta ákvæði sem kemur inn sem tillaga frá hæstv. ríkisstjórn um annað heldur en skerðingar? Það er ekkert heimildarákvæði af neinu tagi, einungis skerðingarákvæði sem eru sett í lög.

[22:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið mjög skýrt í ljós að lögfræðingar eru sammála um það eitt að dómurinn sé óskýr og það þurfi að lesa út úr (**ÁRJ:** Það er ekki rétt.) honum niðurstöður og að taka þurfi tillit til þess sem sagt er í forsendum dómsins. Það er þess vegna ekki nema sjálfsagður hlutur og eðlilegur að lesa út úr orðalaginu hvað meint er með dómnum. Það er það sem er verið að gera. Og það er ekki nokkur vafi á því að eftir því sem við liggjum lengur yfir í þessu máli, þá munum við átta okkur á því hver merkingin er.

Ég er ekki í neinum vafa um að ef dómurinn lítur svo á að ekki megi skerða tekjurnar með þessum hætti, þá er til önnur leið sem stenst stjórnarskrána.

[22:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Merking dóms Hæstaréttar samkvæmt því sem hv. þm. segir er sú að hann hafi meint það að skerðingarákvæði vantaði til þess að fara eftir. Því ekkert annað stendur til að lögfesta hér en skerðingarákvæði. Ef engin lög væru sett, þá fengju öryrkjar einfaldlega greiddar 51 þús. kr. Það liggur fyrir. Um það er ekki þræta. Og til hvers þarf þá að setja lögin? Til þess að setja hér inn sama skerðingarákvæðið undir a-, b- og c-lið. Nákvæmlega ekkert annað, ekkert heimildarákvæði til eins eða neins, einungis þessi skerðingarákvæði.

Ég segi: Það er ekki hægt að rökstyðja sig frá þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur var að meina þetta. Þeir sem dæmdu þennan dóm meintu þetta. Hæstv. ríkisstjórn telur kannski að það sé til einhver annar meiri hluti í Hæstarétti til að meina eitthvað annað seinna.

[22:27]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstiréttur kemst eingöngu að því að lágmarkið sem lögin taka til stangist á við það lágmark sem skilgreint er í stjórnarskránni. Ég vil hins vegar nota tækifærið til að benda á að í viðbrögðum stjórnarandstöðunnar ríkir mikil þögn um eitt atriði sem ég lagði mikla áherslu á í máli mínu, en það er að ef hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur rétt fyrir sér að 5. mgr. 17. gr. er fallin á brott, þá eru engin heimildarákvæði til að greiða þetta. Enginn þeirra sem hér hefur kvatt sér máls sem hefur viljað fara inn á það, en það er að sjálfsögðu grundvallaratriði, vegna þess að ef þetta ákvæði er fallið brott, þá eru engar heimildir til að greiða þetta. Og enginn af þeim sem hér hafa kvatt sér hljóðs hefur treyst sér til að koma inn á þennan þátt málsins.

[22:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þing er kallað saman eftir jólafrí, viku fyrr en áætlað var, til að afgreiða frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, sem svar hæstv. ríkisstjórnar við dómi Hæstaréttar í máli nr. 125/2000, um málefni öryrkja.

Eins og ljóst hefur verið eftir allar umræðurnar í dag og þær miklu fréttir sem hafa verið af málinu frá því dómurinn var kveðinn upp brást ríkisstjórnin svo við að skipaður var sérstakur starfshópur undir forustu hæstv. forsrh. til að greina sem nákvæmast hvaða leiðir séu færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar. Það þótti sem sé ekki ljóst eins og hér hefur margoft komið fram hvernig ætti að bregðast við.

En hv. Alþingi Íslendinga er kallað saman til þess að lögfesta brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Alþingi er kallað saman til að staðfesta brot á mannréttindum og til að uppfylla ekki niðurstöður Hæstaréttar hvað varðar réttindi takmarkaðs hóps öryrkja.

Ekki þarf að setja lög til að uppfylla dóminn og greiða út 1. janúar. Með dóminum eru í raun skerðingarákvæði 5., 6. og 7 mgr. 17. gr. felld út. Því vil ég koma að því sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich óskaði eftir rétt áðan að því hefði ekki verið lýst hvernig bregðast hefði mátt við þessu án þess að setja skerðingarlög. Það hefði mátt og í raun og veru gerði dómurinn það, hann felldi úr gildi skerðingarákvæði þessara þriggja málsgreina. Í 5. mgr. 17. gr. hefði fallið út og er fallið út með dómi Hæstaréttar þetta ákvæði: „Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru." Þetta er fallið út og ekkert annað. Hitt stendur. Til þess að koma á áframhaldandi skerðingarákvæðum erum við með frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar.

Dómur Hæstaréttar er tímamótadómur því með honum er farið út fyrir þrengstu lagatúlkun í íslenskri löggjöf og einnig dæmt út frá anda stjórnarskrárinnar og alþjóðlegum samningum sem við eigum aðild að. Sömuleiðis er litið til þeirrar þróunar sem er hjá alþjóðlegum dómstólum. Ég mun ekki fara sérstaklega yfir dóminn, það hefur hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gert mjög vel í ræðu fyrir skömmu.

En Öryrkjabandalagið hefur gert athugasemdir og staðið í málarekstri vegna skerðingar á greiðslum til öryrkja í

hjúskap. Fyrst á þeirri forsendu að skerðingin sem sett var í reglugerð 1. jan. 1994 ætti sér ekki stoð í lögum. Síðar, þegar búið var að lögfesta skerðinguna af ótta við málssókn Öryrkjabandalagsins, var látið á það reyna fyrir dómstólum hvort heimilt væri að mismuna fólki eftir því hvort það væri í hjúskap eða ekki með þeim hætti sem búið var að lögfesta.

Dómi héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar og hann birti niðurstöður sínar 19. desember sl. eins og hefur margoft komið fram. Niðurstöður dómsins eru skýrar. Það er óheimilt að mismuna fólki eftir hjúskaparstöðu og því voru viðbrögð forstöðumanns Tryggingastofnunar ríkisins eðlileg þegar hann lýsti því yfir strax eftir dómsúrskurðinn að ekkert væri því til fyrirstöðu að greiða þeim hópi öryrkja sem dómurinn fjallaði um óskertar bætur strax 1. janúar, þ.e. sama grunnlífeyri og tekjutryggingu og þeim sem eru ekki í sambúð. Að sjálfsögðu er átt við að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu einstaklings, svo það sé alveg skýrt.

Forstöðumaður Tryggingastofnunar ríkisins, eins og fleiri, taldi að skerðingarákvæði í 5. mgr. 17. gr. væri fallið úr gildi og að ekkert væri því til fyrirstöðu að greiða þessar bætur, 51 þús. kr., út 1. janúar til þeirra sem féllu undir 5. mgr. en af skiljanlegum ástæðum þyrfti lengri tíma og að settum reglum að greiða til baka vangoldnar bætur.

Herra forseti. Það er ekki hlutverk okkar að fjalla um skerðingarákvæði vegna lífeyris fámenns hóps öryrkja. Búið er að dæma þá gjörð sem brot á stjórnarskrá landsins. En það er alvarlegt fordæmi að fara ekki að dómi Hæstaréttar þrátt fyrir það að hann gangi gegn prinsippákvæðum stjórnarflokkanna. Við ættum frekar að takast á um hvernig eigi að bæta öryrkjum þá skerðingu sem þeir urðu fyrir þau ár sem skerðingarákvæðin giltu, þ.e. á hvaða vöxtum og hvernig eigi að greiða.

Í mínum huga er alveg skýrt að hér er um mannréttindabrot að ræða. Réttindabrot sem búið er að benda á og reynt að fá leiðrétt í sjö ár, eða frá því að skerðingin var sett án lagastoðar. Því gilda ekki þær fyrningarreglur sem settar eru í tryggingalöggjöfinni, né heldur í lögum nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þar sem er að finna ákvæði um kröfur þar sem gjaldkræfur lífeyrir fyrnist á fjórum árum. Hér gilda því 10 ára fyrningarreglur vegna réttindabrota, eftir væri þá að ákveða vexti þau sjö ár sem skerðingin hefur viðgengist.

Í upphafi mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir að það beri að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verði af honum tekin og er þetta undirstaða frelsis, jafnréttis og friðar í heiminum. Dómur Hæstaréttar frá 19. desember fjallaði einmitt um þessi atriði, þ.e. virðingu, frelsi og jafnrétti.

Samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins hefur greiðslu til öryrkja, sem eru ekki í sambúð og hafa litlar tekjur, verið skipt í örorkugrunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót. Samtals gerðu þetta 1. janúar 73.546 kr. Þessar bætur fær sá öryrki sem býr einn en um leið og hann fer í sambúð missir hann heimilisuppbótina og sérstöku heimilisuppbótina sem er í krónum talið 22.556 og jafngildir því að hann missir yfir 30% af tekjum sínum. Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót er viðurkenning á því að það sé á margan hátt kostnaðarsamara að búa einn en í sambúð. Með þessum greiðslum er því verið að jafna kjör öryrkja eftir hjúskaparstétt eða tekið tillit til hjúskaparstéttar.

Vissulega er þetta mikil skerðing sem verður við það eingöngu að stofnað er til sambúðar. Um þennan mismun, þó mikill sé, hefur aldrei verið deilt enda gerði Öryrkjabandalagið ekki tilkall til þess. Þessi skerðing er viðurkenning á því að tekið sé tillit til hagræðingar á því að reka heimili í sambúð. Kröfur Öryrkjabandalagsins voru um afnám tekjutengdrar tekjutryggingar við tekjur maka og að fá endurgreiðslur vegna vangreiddra bóta frá þeim tíma sem tekjuskerðingin var sett á án heimildar í lögum eða frá 1994.

Öryrkjabandalagið, stjórnarandstaðan og þeir sem túlka dóm Hæstaréttar eins og við höfum gert í dag, þ.e. að þessi tiltekni hópur, öryrkjar í sambúð, skuli fá óskerta tekjutryggingu að upphæð 51 þús. kr. eins og þeir sem búa einir, hafa aldrei haldið fram að þetta ætti við aðra hópa, að það væru önnur réttindi eða aðrar bætur sem verið væri að færa öryrkjum heldur eingöngu þessi réttindi til þessa takmarkaða hóps. Hafi aðrir skilið það svo að verið væri að gefa öðrum öryrkjum væntingar um bætur á þessu stigi hefur það verið misskilningur og vonandi öllum ljóst um hvað málið snýst. Málið í heild snýst um dóm Hæstaréttar sem tekur á takmörkun réttinda takmarkaðs hóps.

Í dómnum kemur fram að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn, eins og ég sagði hér áðan, og því getur það átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki. Þeir sem hamra á þessu eina atriði í dómsforsendum gæta sín vandlega á því að þegja um þá staðreynd að áður en til hinnar ólögmætu skerðingar kemur er búið að svipta menn rétti til heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar, samtals 22 þús. kr., sem er mjög há skerðing.

Athyglisvert er að þeir sem reyna að vísa til þessarar einu setningar segja ekki aðeins um þessar 22 þús. kr., heldur einnig um þær setningar sem á undan fara, en þær eru svohljóðandi:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks. Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka. Er það í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur að baki íslenskri löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, sbr. og 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar."

Þetta hefur margoft komið fram í dag. En það er eins og stöðugt sé hægt að snúa út úr þessu og skrumskæla á allan hátt. Ég held að það sé ekki spurning um lagalega túlkun, þetta er spurning um pólitíska lagakróka.

En með breytingu sem gerð var á stjórnarskránni 1995 var horfið frá ómagaframfærslu bændasamfélagsins og samkvæmt jafnréttisákvæðinu í stjórnarskránni er óheimilt að mismuna fólki vegna hjúskaparstöðu og einnig vegna kynferðis. Þarna finnum við þessa upphæð, 51 þús. kr. Sú upphæð hefur verið ákveðin á Alþingi, hún er okkar gjörð, en við þá gjörð er miðað þegar greiða á öryrkjum í sambúð tryggingu sína. Þarna er viðmiðunin og hvergi annars staðar. Mér finnst þessar greiðslur allt of lágar en það er sú jafnræðisregla sem verið er að vísa til og eftir því eigum við að fara. Okkur er heimilt að hækka þessa greiðslu eða hækka frítekjumarkið, það er réttur okkar, en við megum ekki fara neðar en þetta.

Það fyrirkomulag sem í gildi hefur verið varðandi tekjutengingu bóta við tekjur maka er fjölskyldufjandsamlegt og hefur eitt og sér orðið til þess að öryrkjar hafa síður stofnað til

hjúskapar eða sambúðar. Ákvæðið dregur úr sjálfsvirðingu öryrkja, þ.e. að geta ekki framfleytt sér óháð öðrum og veitt sér það sem hann annars hefði gert með óskertum örorkubótum. Ljóst er að kostnaður vegna daglegs lífs er meiri hjá fötluðum en ófötluðum og auk þess er vinnuframlag þeirra takmarkað bæði inni á heimili og á vinnumarkaði. Ákvæðið er enn fremur kvenfjandsamlegt þar sem það bitnar miklu oftar á konum en körlum. Það er niðurlægjandi og brýtur fólk niður að vera byrði á öðrum og því þarf að styrkja stöðu sambúðarfólks þar sem annar aðilinn eða báðir eru fatlaðir og til móts við þann aukna kostnað sem fötlunin veldur.

Þetta á við um alla þá sem eru fatlaðir. Það verður að styrkja fjárhagslega stöðu þeirra svo þeir geti lifað mannsæmandi lífi. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að bæta stöðu lífeyrisþega, öryrkja sem ellilífeyrisþega og annarra, og það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að jafna kjör fólks í landinu. Það er svo annað mál sem við þurfum að taka upp aftur, það fellur ekki undir það mál sem við erum að ræða núna. Við gerðum það þegar við vorum að afgreiða fjárlögin, þá komum við með fjöldann allan af tillögum til að bæta kjör öryrkja en allar þær tillögur voru felldar. Eins liggja hér fyrir og hafa legið fyrir þinginu fjölmargar þáltill. og tillögur til bóta fyrir öryrkja en hafa ekki fengið neinar undirtektir.

En það er réttindamál sem gleður mig náttúrlega að heyra að stjórnarliðar séu nú tilbúnir til að vinda sér í, enda hafa þeir sett kraft í þá nefnd sem er hefur verið lömuð til margra ára, að endurskoða almannatryggingalöggjöfina og vonandi að sú vinna skili sér og skili sér vel, því þar er verið að leita eftir samvinnu og samstöðu með þeim sem er m.a. verið að brjóta hér á. Ég ætla því að vona að kúvending verði á vinnubrögðum stjórnarliðanna varðandi samstarf við þá sem hún er svo að biðja um gott veður hjá en ekki er hægt að segja að það samstarf hafi verið fyrir hendi við undirbúning að þeirri löggjöf sem hér á að fara að taka fyrir og sem við erum að ræða um.

Málaferlin og dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins fjallaði ekki um stærsta hóp öryrkja og kjör þeirra, heldur eingöngu um takmörkuð réttindi afmarkaðs hóps öryrkja í sambúð, hóps sem hefur verið mismunað og með óréttlæti og því ber að fagna réttlátum dómi og fara eftir honum.

Herra forseti. Hæstiréttur hefur lokaorðið í þessu máli. Hann hefur kveðið upp dóm sinn og eftir honum ber okkur að fara, ekki að hafa hann til hliðsjónar og fara svolítið eftir honum, ekki að gera lítið úr honum með því að vísa til þess að hann hafi ekki verið einróma — einungis þrír af fimm dómurum hafi dæmt á þennan veg — ekki með því að nota rök þeirra tveggja dómara sem skiluðu séráliti til að vísa ríkisstjórninni veginn til þess að komast hjá því að uppfylla dóm Hæstaréttar, ekki með því að gera lítið úr dómi Hæstaréttar með því að vísa til þess að hann hafi ekki verið fullskipaður sjö dómurum, og boða svo lagabreytingar um störf Hæstaréttar. En hæstv. forsrh. sagði fyrr í dag að ef þessu máli eða þessum lögum yrði vísað til dómstóla mundi fullskipaður hæstaréttardómur fjalla um það mál. Vissulega fjallar dómurinn um stjórnarskrána og því hefði verið æskilegra að dómararnir hefðu verið fleiri en þeir voru fimm, það var meiri hluti og við tölum um niðurstöðu dómsins en ekki um minni og meiri hluta í þessu sambandi.

[22:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur iðulega fyrir að ég er ekki sammála skoðunum hv. þm. né annarra í stjórnarandstöðunni. *Þrátt fyrir það dytti mér aldrei í hug að segja að þær skoðanir* væru rangar. Ég reikna með því að hv. þingmenn móti skoðanir sínar með hliðsjón af heimssýn sinni og þeir sem eru félagshyggjufólk og vinstri sinnar hafa aðra heimssýn. En mér ber samt sem áður að virða skoðanir þeirra. Þess vegna sló það mig ansi illa, herra forseti, þegar hv. þm. byrjaði ræðu sína með því að segja: Hæstv. Alþingi er kallað saman til að staðfesta brot á stjórnarskránni. — Til að staðfesta brot á stjórnarskránni. Hv. þm. er að segja það að allir þeir þingmenn *sem hér hafa talað og styðja ríkisstjórnina, ráðherrar* meðtaldir, séu að brjóta stjórnarskrána (**ÖJ:** Það er rétt.) og að skoðun þeirra og sannfæring hafi ekkert gildi ... (**SJS:** Þið brutuð hana 1998.) hafi ekkert gildi. Þetta líkar mér miður, herra forseti. Menn eiga að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og ekki fullyrða að þeir séu að brjóta stjórnarskrána nema hægt sé að sanna að þeir geri það vísvitandi. En það ætla ég ekki nokkrum manni. Ég hef a.m.k. þá sannfæringu að dómur Hæstaréttar sé annar en hv. þm. les út úr honum. *Ég hef þá sannfæringu og ég mun rökstyðja það seinna.*

Nú ætla ég að segja við hv. þm. Hann segir: Stefna vinstri grænna er að jafna kjörin í landinu. Hvernig má það vera að það sé jöfnun á kjörum í landinu að nú á að fara að senda hátekjufjölskyldum tékka upp á 1,4 millj. fjögur ár aftur í tímann. Vinstri grænir vilja fara enn þá lengra. Eftir skatt yrðu það svona 800–900 þús. kr. Það er bara sæmilegur bíll. Það á að fara að senda þetta á silfurfati til hátekjufjölskyldna á meðan lágtekjuöryrkjar fá ekki neitt. (Gripið fram í.)

[22:51]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þá sannfæringu að samþykkjum við það frv. til laga sem við erum hér að fjalla um sé það brot á stjórnarskránni. Ég hef þá sannfæringu. Og því miður hefur það gerst áður og það tengt þessu máli. Búið er að dæma að lögin sem sett voru 1998 um almannatryggingalöggjöfina og greiðslur til öryrkja í sambúð hafi verið brot á stjórnarskránni. Þar með er ég ekki að segja að þeir sem samþykktu þau lög hafi vísvitandi verið að samþykkja brot á stjórnarskránni. En með vísan til þess að búið er að dæma að það hafi verið brot á stjórnarskránni þá er það sannfæring mín að við séum nú að brjóta stjórnarskrána með því að samþykkja þetta frv.

Að jafna kjör í landinu er okkar stefna og það að verið sé að leiðrétta kjör þessa hóps til jafns við samsvarandi hóp sem ekki er í sambúð, er réttlætismál og hefur ekkert að gera með það þó að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum stórauka réttindi og kjör öryrkja, lífeyrisþega og annarra í landinu.

[22:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan biðja hv. þm. um að næst þegar hún kemur með stórasannleik og fullyrðir að hv. Alþingi sé kallað saman til að staðfesta brot á stjórnarskránni, að bæta við „að mínu mati“ þó ekki væri annað. Þetta er nefnilega ekki sannleikur. Þetta er bara mat hv. þm.

Varðandi jöfnun kjara í landinu. Ég skil þetta ekki. Núna á að láta hátekjufjölskyldur fá á silfurfati 900 þús. kr. eftir skatt. Vinstri grænir vilja ganga enn þá lengra, borga sjö

ár aftur í tímann. Þá færi þessi upphæð sennilega upp í 1,5 millj., jeppaverð eða ja, kannski ekki gott jeppaverð. Ég þekki ekki verðið á þeim. En ég skil ekki þetta jafnrétti. Ég bara get ekki skilið það. Ég get ekki skilið að það sé jöfnun á kjörum þegar öryrki, einstaklingur eins og hv. þm. gat um, með 75 þús. kr. á mánuði, fær ekki neitt. En öryrki sem býr með sjómanninum eða skipstjóranum eða lækninum eða hvað það nú er og nýtur þeirra háu eigna og tekna sem makinn hefur, á að fá á silfurfati 800–900 þús. kr. Ég skil ekki þá jöfnun kjara sem vinstri grænir eru að berjast fyrir.

[22:54]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þegar maður kemur með fullyrðingar þá er ekki verra að segja: Að mínu áliti. En ég er svo sannfærð um að að dómur Hæstaréttar standi eins og hann stendur og að ekkert þurfi að túlka hann sérstaklega að ég leyfði mér að viðhafa svo stór orð.

Varðandi seinni spurninguna þá er það þannig að það bætir ekki kjör öryrkja í landinu þó svo að við látum það viðgangast að brjóta á tilteknum hópi öryrkja sem eiga persónubundinn og stjórnarskrárbundinn rétt.

[22:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég staldra aðeins við það sem fram kom í máli hv. þm. að það væri skoðun hennar að úr 5. mgr. 17. gr. laganna félli síðari málsliðurinn, sá málsliður sem fjallar um skerðingu á tekjutryggingu ef tekjur eru umfram það sem þar er tilgreint, en hitt stæði eftir óhaggað og þess vegna þyrfti ekki að setja nein ný lög því hægt væri að styðjast við málsliðinn eins og hann væri eftir dóminn að mati þingmannsins.

Þessi fyrri málsliður 5. mgr. 17.gr. laganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári.“

Fjárhæðir hafa breyst eins og fram hefur komið.

Ég staldra aðeins við þetta. Ef það á að framkvæma bara þennan málslið þá þýðir það að þeir sem fram til þessa hafa fengið skerta tekjutryggingu vegna þess að sameiginlegar tekjur hjóna hafa verið yfir tilgreindum mörkum, mundu ekki lengur geta fengið skerta tekjutryggingu af því það væri óheimilt. Ef þessi málsliður stæði og lögin þar með og við þyrftum ekki að setja lög að mati þingmannsins þá erum við að breyta núverandi ástandi eða ástandinu sem var fyrir dóm, yfir í annað ástand sem er öryrkjum lakara sem nemur þeim hópi öryrkja sem fengu skerta tekjutryggingu. (**Gripið fram í:** Þetta er óskiljanlegt.)

[22:58]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég get svarað vegna þess að ég næ ekki þessum lagaskýringum og verð nú að fá hjálp við það og betri útskýringar. Eftir stendur þetta með upphæðina, og enn og aftur, ef ekki má mismuna öryrkjum um tekjutrygginguna eftir því hvort þeir eru í hjúskap eða ekki, þá á persónubundinn réttur þeirra sem eru í hjúskap að vera 51 þús. kr. eins og hinna.

En hvað þessar útskýringar varðar eða beiðni um skýringu þá náði ég þessu bara ekki. Ég verð bara að viðurkenna það að ég er ekki lögfræðingur eins og ýmsir sem hafa tekist hér á í dag og verð því að fá hjálp við að þessa túlkun. En niðurstaða dómsins er mér alveg skýr og hef ég talið að með því félli þessi seinni helmingur málsgreinarinnar út. En ég verð bara að viðurkenna vanmátt minn í að úrskýra eða fara í þessar flækjur hv. þm.

[22:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrri málsliðurinn segir einfaldlega að séu sameiginlegar tekjur hjóna undir tilgreindum mörkum þá skuli greiða tekjutryggingu til viðbótar. Það þýðir að engin lagaheimild er til að greiða tekjutryggingu ef sameiginlegar tekjur fara yfir tilgreind mörk. Það er seinni málsliðurinn sem veitir þá heimild að greiða skerta tekjutryggingu ef sameiginlegar tekjur fara yfir þessi umræddu mörk.

Ég vil líka vekja athygli á öðru í þessu lið, herra forseti. Þar er fjallað um sameiginlegar tekjur hjóna, þ.e. ef sameiginlegar tekjur hjóna eru undir tilgreindum mörkum. Það þýðir að ef tekjur makans hækka þannig að sameiginlegar tekjur fara yfir mörkin þá fellur tekjutryggingin niður eða skerðist. Í 1. málslið er sem sé ekki vefengt að taka eigi tillit til tekna maka.

Hv. þm. Þuríður Backman sagði: „Þessi málsliður stendur.“ Með öðrum orðum viðurkennir þingmaðurinn að þar megi taka tillit til tekna maka. Þar með er fallin algerlega á brott sú staðhæfing að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki megi taka tillit til tekna maka við ákvörðun á tekjutryggingu.

[23:01]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held við þurfum ekkert að karpa um þessa málsgrein, hún stendur. Það er framkvæmd laganna sem dómurinn hefur dæmt ómerka. (**Gripið fram í:** Skerðingin.) Það er dæmt ómerkt að skerða megi tekjutryggingu öryrkja með hliðsjón af tekjum maka.

Mér finnst ótrúlegt hvernig stjórnarliðar Framsfl. leggja sig í líma við að reyna að réttlæta þessa skerðingu, upp á rúmar 7 þús. kr. sem nú á að taka af þessum hópi öryrkja. Mér finnst merkilegt að fylgjast með hversu hart þeir leggja að sér við að reyna að réttlæta þessa skerðingu.

[23:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og skýrt hefur komið fram í valdsmannslegum ræðum hæstv. ráðherra í dag er það ríkisstjórnin sem vill beita valdi sínu og njóta til þess aflsmunar þingmanna sinna sem nú hafa ráðin í hendi sér með drjúgum meiri hluta hér á Alþingi. Þetta er ríkisstjórnin sem fer á skjön við stjórnarskrána eins og ég skil dóm Hæstaréttar. Hún setur af stað sérstaka vinnuhópa til að finna krókaleiðir fram hjá stjórnarskránni og meiri hluta þingmanna á Alþingi er síðan ætlað að gera það að lögum. Á venjulegi máli er gengið á skjön við stjórnarskrána og lýðræðið, þvert á hugmyndir um þrískiptingu valdsins. Þannig lít ég á málið. Ég er eðlilega á öndverðum meiði við stjórnarliða sem telja að réttlætið sé sín megin. Niðurstaða Hæstaréttar sem hæstv. ráðherrum líkar ekki er afgreidd af starfsnefnd úti í bæ og álit nefndarinnar skal verða að lögum.

Það er grundvallarregla að einstaklingur hafi mannréttindi með stjórnarskrárvörðum persónuréttindum, að einstaklingurinn eigi lágmarksrétt óháðan breytilegum tekjum annars einstaklings. Störf Alþingis næstu daga eiga að breyta þeirri niðurstöðu Hæstaréttar sem byggir á stjórnarskránni.

Frjálslyndi flokkurinn mun ekki styðja það með nokkrum hætti að málið gangi svo fram sem frv. mælir fyrir um. Skilningur minn á hæstaréttardómnum frá 19. des. er sá að hver einstaklingur eigi rétt til þess að njóta óskertra lágmarksframfærslutekna og að Hæstiréttur Íslands hafi dæmt öryrkjum þann rétt sem lágmark til framfærslu óháð tekjum maka. Varla verður þó sagt að nokkur sé ofhaldinn af þeirri upphæð, um 51 þús. kr. á mánuði.

Mönnum er það byrði að hafa skerta starfsorku, sama hvernig það er til komið. Það kostar fólk oft mikla fjármuni að búa við örorku. Það liggur því í hlutarins eðli að sá heilbrigði í sambúð eða í hjónabandi þarf að vinna meira og reyna að afla sem mestra tekna því það er dýrt að búa með einstaklingi með skerta starfsorku, einkum ef bætur hans eru svo skornar niður eins og gert var, allt niður í 18 þús. kr. Þetta ættu flestir að vita eða a.m.k. að gera sér ljóst.

Hæstv. heilbr.- og trmh. Ingibjörg Pálmadóttir sagði í ræðu sinni í morgun að sumar fjölskyldur öryrkja væru með meiri tekjur en 200 þús. kr. og jafnvel meiri en 300 þús. kr. Hátekjutölur sem eiga að segja mikið í þessari umræðu og kljúfa samstöðu öryrkja, sem ríkisstjórnin og þingmenn hennar blása út í ömurlegri málsmeðferð sinni við að verja vondan málstað, segja lítið annað en að fjölskyldur öryrkja reyni að afla sér tekna fyrir sérkostnaði samfara því er annar aðilinn býr við mjög skerta möguleika til tekjuöflunar vegna örorku sinnar. Margir hafa búið við það frá 1994 að fá skertar bætur og verið svo til tekjulausir vegna þeirra laga sem Hæstiréttur var að dæma sem ólög. Að sjálfsögðu ætlar ríkisstjórnin ekki að fara að slíkum hæstaréttardómi. Viðbrögð hæstv. forsrh. og utanrrh. eru því miður ekki ný af nálinni.

Hæstiréttur á ekki að kveða upp stefnumarkandi dóma sem núverandi stjórnarherrum líkar ekki. Þá er hann of fáskipaður og lætur ekki vita í hvað stefnir í úrskurði sínum. Við slíkt og þvílíkt er ekki búandi. Muna menn ekki yfirlýsingar út af dómi Hæstaréttar í kvótadómnum í desember, svoköllu Valdimarsmáli, 1998? Til upprifjunar voru viðbrögðin þá í þá veru að jafnvel yrði að breyta stjórnarskránni og vernda þannig áfram forréttindi fárra.

Vonandi hafa menn ekki gleymt ummælum stjórnarherranna í kringum Vatneyrarmálið, þá var jafnvel boðið upp á landflótta og Kanaríeyjatúr, þar sem óbyggilegt yrði hér ef forréttindi sægreifanna yrðu aflögð og þeir sem vildu gera út fiskiskip fengju aðgang að fiskveiðum án þess að greiða okurleigu til sægreifanna. Aðalmál hæstv. ráðherra var enn sem fyrr að vernda samrunaferli þeirra stóru svo auðveldara væri að rífa kvótann undan byggðunum og framfylgja eyðibyggðastefnu sem fylgt hefur frjálsa kvótabraskskerfinu. Enda kom „rétt" niðurstaða úr fjölskipuðum Hæstarétti.

Nú er í þriðja sinn fjallað um niðurstöðu dómstóla. Að sjálfsögðu er settur vel valinn starfshópur í að lagfæra svo vondan dóm Hæstaréttar, líkt og í vonda dómnum haustið 1998. Það þarf að setja lög þegar mönnum sem ráða landinu líka ekki fimm manna dómar. Frv. á að viðhalda því ástandi að hér verði áfram hægt að brjóta mannréttindi sem eru varin í stjórnarskránni. Ég hlýt að spyrja: Erum við búsett í lýðræðisríki með ríkisstjórn sem er fjölskipað vald og þar sem valdið er þrískipt í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald?

Herra forseti. Hæstiréttur dæmdi að Tryggingastofnun ríkisins hefði verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Einnig úrskurðaði Hæstiréttur að Tryggingastofnun hafi verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap.

Eðlileg málsmeðferð í kjölfar dómsins hefði þurft að vera sú að í upphafi þessa árs greiddi Tryggingastofnun samkvæmt dómnum út óskertar bætur til öryrkja. Það átti að gera og ekkert annað við þann þátt málsins. Síðan hefði verið eðlilegt að leita sátta og sameiginlegrar niðurstöðu um hversu langt aftur í tímann bætur til öryrkjans skyldu endurreiknaðar.

Að mínu viti gæti þar aðeins tvennt komið til álita: Annaðhvort að greiða að fullu aftur til 1. janúar 1994 eða fjögur ár aftur í tímann frá því að máli er stefnt, þ.e. frá stefnudegi. Annað fær ekki staðist eins og ég sé málið. Þetta er mín skoðun á dómnum. Með slíku samráði, að uppfylltum fullum greiðslum nú, væri málið í eðlilegum farvegi, en ekki keyrt áfram í andstöðu við alla nema stjórnarliða.

Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur forræði og ábyrgð þessa máls. Hún getur ekki vikið sér undan ábyrgð á því. Að færa málið til hæstv. forsrh. og taka síðan við því aftur í þessum búningi sem hér er verið að kokka er gert með hennar samþykki. Undan þeirri ábyrgð kemst fagráðherrann ekki. Eftir umræðuna í dag er mér ljóst að ríkisstjórnin flytur þetta frv. fyrir Alþingi til að fá lagaheimild til skerðingar upp á 7.500 kr. brúttó, fyrir skatta, í hverjum mánuði hjá viðkomandi öryrkjum. Hafi komið fram réttar upplýsingar hér í umræðunni, að um sé að ræða 700 manns, þá væri kostnaðurinn sem fylgir því að fara eftir niðurstöðu Hæstaréttar um greiðslu bóta frá 1. janúar að teknu tilliti til skattgreiðslna um 40 millj. kr. á ársgrundvelli, þ.e. tæpar 40 millj. Að því gefnu að hér séu um 700 manns og ef við notum töluna 8 þús. þá er þetta gróft reiknað þannig. Ögmundur Jónasson nefndi hér töluna 38 millj. og 500 þús. ef ég man rétt. Ég fullyrða ekki að um 700 manns sé að ræða en göngum út frá því.

Stjórnarliðar hafa í ræðum sínum í dag haldið því fram að með þessu muni batna hagur fárra sem jafnvel hefðu það mun betra en aðrir öryrkjar. Þessu hefur verið lýst hér í ræðum, m.a. af hæstv. heilbrrh. í morgun þar sem hún minntist á nefnd sem hún hygðist skipa til að bæta sérstaklega hag þeirra sem verst eru staddir. Fleiri talsmenn stjórnarliða hafa komið inn á þennan þátt málsins.

Nú vill svo til að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa við afgreiðslu fjárlaga undanfarin tvö ár flutt tillögur um að bæta hag örorku- og ellilífeyrisþega og jafnvel ungs fólks sem verður fyrir sjúkdómum og á engan rétt. Þetta hefur verið gert með brtt. við fjárlög. Þessar tillögur, hvort sem þær hafa verið fluttar af okkur í stjórnarandstöðuflokkunum sameiginlega, Frjálslynda flokknum sér, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eða Samfylkingunni, hafa ævinlega verið kolfelldar. Í umræðunni í dag hefur m.a. komið fram að slíkt frv. liggi fyrir í heilbr.- og trn.

Ef eitthvað er að marka þær yfirlýsingar sem hér hafa komið fram hjá stjórnarliðum þá ber auðvitað að fagna því. Ég er alveg viss um að ekki mun standa á okkur stjórnarandstæðingum að veita stjórnarliðum liðveislu við það að bæta hag þeirra sem verst eru settir. En ef það eiga að vera rökin í þessu máli að þær 40 milljónir sem hér er um að ræða séu peningarnir sem þurfi til að bæta hag þeirra sem verst eru settir þá gef ég lítið fyrir málflutninginn. Þá held ég í raun að ekki sé nokkur einasta meining á bak við það sem

stjórnarliðar hafa sagt hér í dag, að þeir vildu raunverulega taka á hag þeirra öryrkja og aldraðra sem verst eru settir og hafa þurft að búa við strípaðar bætur, lágmarksbætur.

Mig langar einnig að víkja að máli ýmissa annarra sem hér hafa talað í dag. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sagði í morgun að málin hefðu ekki verið rædd málefnalega og að hér hefði eingöngu verið um upphrópanir og rangfærslur að ræða. Ég veit ekki til þess að menn hafi verið með neinar rangfærslur í þessu máli. Menn hafa túlkað dóminn eins og þeir hafa skilið hann. Ég hef rætt við lögmenn um þennan dóm sem hafa sagt mér að ekkert væri því til fyrirstöðu að borga út miðað við 1. janúar eftir niðurstöðu dómsins. Hins vegar þyrfti að finna flöt á því hvernig ætti að fara með hlutina aftur í tímann.

Ég vil líka gera athugasemd við annað sem hæstv. forsrh. sagði. Hann sagði eitthvað á þessa leið: „Hafa þingmenn einhverja þekkingu á þessu máli, á þessum dómi? Varla er svo." Ég held að ég hafi skrifað þetta rétt eftir honum. Ég hygg að við þingmenn séum allir sæmilega læsir og ef við skiljum ekki eitthvað þá getum við reynt að fá skýringar hjá öðrum og beðið um leiðbeiningar. Ekki ætla ég að gefa mig út fyrir að vera lögfræðingur en ég tel mig skilja eðlilegan íslenskan texta. Og eins og ég hef lýst í ræðu minni er skilningur minn sá að ríkisstjórnin hefði átt að gefa strax fyrirskipun um að greiða út samkvæmt dómnum 1. janúar. Síðan hefði átt að leita samkomulags við öryrkja um hvernig ætti að fara með það sem átti að virka aftur í tímann. Ég vil því leyfa mér að mótmæla fullyrðingum hæstv. forsrh. hér í morgun hvað mig varðar.

Hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, vék að því hvort eðlilegt væri að takmarka vald löggjafans. Þegar dómar falla hljóta þeir að takmarka völd okkar og við verðum að una því sem dómstólar, a.m.k. Hæstiréttur kveður upp í málum. Ég hef a.m.k. þá sannfæringu að við getum ekki snúið því á hvolf. Ég ítreka það að skilningur minn á málflutningi stjórnarliða hér í dag er sá að þeir séu fyrst og fremst að fá sér lagaheimild til þess að skerða bæturnar niður í 43 þús. kr. Það er skilningur minn á þessu frv.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði hér að allir lögfræðingar sem hefðu lesið hæstaréttardóminn teldu að hann væri óskýr. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því. Ég hef talað við tvo sem hafa sagt mér að dómurinn sé ekki óskýr þannig að þessi fullyrðing er bara út í loftið. Það kann hins vegar að vera að allir lögfræðingar sem hv. þm. hefur hitt hafi sagt henni að dómurinn væri óskýr. Það er mjög sennilegt og ég get ekki mótmælt því.

Það voru líka önnur ummæli sem hv. þm. Jónína Bjartmarz viðhafði hér um okkur í stjórnarandstöðunni sem mér finnst eðlilegt að víkja að. Hún sagði: „Hvað gengur mönnum til að veikja trú fólksins í landinu á dómstólana í landinu?" Ég veit ekki til þess að ég hafi með nokkrum hætti verið að veikja trú manna á dómstólum í landinu. Ég hef einmitt sagt að ég teldi að dómurinn stæðist að því leyti að greiða fram í tímann en það þyrfti að leita samkomulags við öryrkja um hvernig ætti að fara með eftirágreiðslurnar.

Ég ætla líka að leyfa mér að mótmæla því að ég hafi í málflutningi mínum vakið fólki einhverjar væntingar, þ.e. öðrum öryrkjum en þeim sem málið snýr að. Ég hef ekkert orðið var við það hjá stjórnarandstæðingum að þeir hafi almennt verið að vekja öryrkjum einhverjar sérstakar væntingar. Ég held að alltaf hafi verið talað um þennan hóp öryrkja sem er í sambúð eða giftur enda snerist málið um þá. Vissulega tekur dómurinn sem slíkur til fárra enda held ég að það hafi verið hæstv. utanrrh. sem nefndi töluna 700 manns í dag. Dómurinn tekur því til fárra. Það þýðir hins vegar ekki að dómurinn skipti ekki marga máli. Dómurinn hlýtur að skipta allt fólk í landinu máli og ekki síst aðra öryrkja en þá sem eru giftir eða í sambúð. Þeir hljóta að horfa til þess hvaða aðstæður þeim eru búnar ef þeir stofna til hjúskapar eða sambúðar.

Þetta vildi ég segja um þetta mál. Skoðun mín er sem sagt sú sem ég hef nú lýst. Ég geri mér alveg grein fyrir því að stjórnarliðar eru á annarri skoðun og eru ekki sammála túlkun minni og ég virði það auðvitað að þeir setja fram sitt mál. En svona lít ég á þessi mál og tel að frv. sem er fram komið sé fyrst og fremst skerðingarfrumvarp og ekkert annað og hafi engan annan tilgang.

[23:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði fundið að því í ræðu minni að verið væri að takmarka völd löggjafarvaldsins. Nú geri ég mér afskaplega vel grein fyrir því eins og allir aðrir hv. þingmenn að stjórnarskrá landsins takmarkar að sjálfsögðu vald löggjafarvaldsins og á að gera það. Og þegar dómar falla sem lúta að stjórnarskránni ber löggjafarvaldinu að taka tillit til þeirra dóma og hlíta þeim.

Það sem ég var hins vegar að segja er að ég tel ekki rétt að ganga lengra af því tilefni en dómurinn gerir ráð fyrir. Ef menn vilja ganga lengra þá sé það pólitísk ákvörðun og á það lagði ég fyrst og fremst áherslu.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að frv. gangi út á það að afla lagaheimildar til að skerða. Frv. gengur út á það að afla lagaheimildar til að bæta við en ekki til að skerða. (Gripið fram í.) Það væri nú gott ef hv. þm., sem er að lita á sér varirnar, væri þá upptekin við það en væri ekki ávallt að kalla hér fram í í hvert skipti sem einhver kemur hingað í ræðustól. Ég hlýt að fara fram á það við hæstv. forseta að settar verði reglur um það hér á Alþingi, miðað við þessi sífelldu frammíköll, að við sem viljum gjarnan tala fáum að tala.

Það er verið að bæta 25 þús. kr. við lágmarkið þannig að það verði 43 þús. Það er lagaheimild til að bæta við en ekki til að skerða.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Það skal tekið fram að forseti hefur margávítað 15. þm. Reykv. fyrir frammíköll og mun taka þetta mál fyrir á næsta forsætisnefndarfundi.)

[23:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega rétt að misskilningur sé algengasti skilningurinn sem notaður er og ég hygg að þannig sé stjórnarliðum farið í þessu máli að þeir byggi skoðun sína á þessum algenga misskilningi sem svo margir eru haldnir. Það er sennilega algengasti skilningurinn í landinu að styðjast við og nota misskilning.

Mér finnst að menn eigi að fara að hæstaréttardómi þegar hann er byggður á tivitnun í stjórnarskrá, sama hvort mér líki þeir dómar vel eða illa. Þannig lít ég á þetta mál. Og ef það er misskilningur hjá mér að áliti hæstv. utanrrh. þá verður svo að vera. En ég ætla að leyfa mér að hafa þann skilning (**Gripið fram í:** Misskilning?) líka þó hann sé skilinn sem misskilningur. Ef skilningur minn er túlkaður sem misskilningur af hæstv. utanrrh. þá verður bara við svo að búa.

[23:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við það að hv. þm. hafi annan skilning á máli en ég hef. Þannig er það nú oft og tíðum og ekkert er við því að gera. Hins vegar legg ég á það áherslu að það sé ekki mistúlkað sem ég var að segja og mér fannst hv. þm. hafa misskilið orð mín og ég vildi leiðrétta það. Hvort það hefur nokkuð lagað skilning hans veit ég ekki. Það verður að koma í ljós. En Hæstiréttur hefur fellt sinn dóm og þetta frv. er flutt til þess að bregðast við þeim dómi og taka fullt tillit til hans. Það hefur margoft komið fram í okkar máli. Hins vegar er ekki verið að ganga lengra nema að einu leyti og það varðar skerðingu vegna tekna sem viðkomandi lífeyrisþegi hefur sjálfur. Þar er gert ráð fyrir því að vegna þessara viðbótartekna verði ekki skerðing krónu fyrir krónu heldur 67% af viðbótartekjunum. Ekkert er kveðið á um þetta í dómi Hæstaréttar. En þegar menn fóru að fara yfir málið sýndist mönnum að hér væri um slíkt óréttlæti að ræða að rétt væri að bregðast við því og þess vegna gerir ein lagagrein í frv. ráð fyrir því.

[23:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú skal ég ekki fullyrða að ég hafi skrifað orð hæstv. utanrrh. nákvæmlega orðrétt niður. En svona skrifaði ég það niður sem hann sagði: „Er það virkilega svo að það eigi að takmarka vald löggjafans á að greiða einstaklingi bætur án tengingar við tekjur maka?" Að takmarka vald löggjafans til þess. Og annað: „Það þarf að koma í veg fyrir að dómurinn hafi áhrif inn í aðra löggjöf í þessu landi."

Nú hafa dómar iðulega áhrif og það er bara eðlilegt þegar dómur fellur í Hæstarétti að hann hafi áhrif. Og þegar dómur er byggður á stjórnarskrá og mannréttindasáttmála þá dreg ég mjög í efa að það sé okkar hlutverk að fara að reyna að snúa þar út úr meiningunni eða breyta þeirri túlkun.

[23:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Dómsniðurstaða Hæstaréttar í því máli sem hér er til umræðu snýst fyrst og fremst um það að hverjum einstaklingi séu tryggð ákveðin lágmarksréttindi sem miðuð eru við einstaklinga. Túlkun Hæstaréttar á 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar er grundvallaratriði í þessu máli og snýst um rétt til handa örorkulífeyrisþegum í hjúskap til lágmarkslífeyris sem óheimilt er að skerða vegna tekna maka.

Formaður nefndarinnar um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, hæstv. núv. fjmrh., orðaði það afar skýrt þegar hann mælti fyrir mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar árið 1995, en hann sagði að um væri að ræða mikilvægasta mál þingsins til lengri tíma litið, enda lyti það að grundvallarréttindum borgaranna í landinu og mikilsverðum réttarbótum á því hvernig mannréttindi væru best tryggð.

Orðrétt sagði hæstv. núv. fjmrh., Geir Haarde, með leyfi forseta, þegar hann mælti fyrir þessum stjórnarskrárákvæðum:

„Með því að binda þessar grundvallarreglur skýrlega í stjórnarskipunarlög og veita þeim þannig sérstaklega ríka vernd er verið að viðurkenna þær varanlega sem hornstein íslensks lýðræðisþjóðfélags."

Miðað við þessi orð var túlkun forsrh. varðandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar í sjónvarpsþætti fyrir áramót afar sérkennileg, þegar hann sagði, með leyfi forseta.

„Ég greiddi atkvæði með þessum stjórnarskrárbreytingum. Fjármálaráðherra undirbjó þær sérstaklega. Hvorugum okkar datt í hug að þessar breytingar yrðu túlkaðar með þessum mjög svo sérstæða hætti að okkar mati."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að stjórnarherrarnir verða að skilja að það eru liðnir tímar að fólk sem ekki á fyrir nauðþurftum vegna sjúkdóma, fötlunar eða erfiðra aðstæðna eigi að þurfa að ganga með betlistaf í hendi fyrir stjórnvöld. Framfærslulöggjöfin frá 1947 var numin úr gildi fyrir meira en tíu árum og við tók félagsþjónusta sveitarfélaga en með henni var hafnað ölmusuhugtakinu og innleidd ný sýn sem var sjálfsagður réttur fólksins til samhjálpar vegna sjúkdóma, fötlunar, fjárhagsaðstoðar og félagslegrar þjónustu en því viðhorfi hafnað að t.d. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga væri bara ætluð einhverjum afmörkuðum hópi eða fátæklingum, eins og sumir kölluðu það, sem hefðu orðið undir í lífsbaráttunni. Þeirri sýn hefur löngu verið hafnað og nú getur fólk leitað réttar sín á grundvelli mannréttinda og að fólki sé gert mögulegt að lifa lífinu með eðlilegri reisn.

Vendipunktur varðandi þau mál sem um er deilt, þ.e. heimild löggjafans til að skerða ekki lífeyri vegna tekna maka, eru tvímælalaust þessi nýju stjórnarskrárákvæði um mannréttindi frá 1995 þar sem verið var að binda í stjórnarskipunarlög með afar skýrum hætti jafnræði og mannréttindi og með því að viðurkenna þessa undirstöðuþætti sem varanlegan hornstein íslensks lýðræðisþjóðfélags, þannig að mannréttindi eigi að fylgja öllum frá vöggu til grafar og koma í veg fyrir að stjórnvöld geti ráðskast með fólk að eigin geðþótta og skammtað þeim mannréttindi eins og ríkisstjórnin hefur gert þrátt fyrir þessi nýju ákvæði í stjórnarskránni.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari orðaði þetta afar skýrt í sératkvæði sínu um mál öryrkjanna fyrir héraðsdómi, en þar sagði hún, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnarskipunarlög frá 1995, skal öllum sem þess þurfa tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra tilvika. Ákvæði þessi eiga rót í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland hefur undirgengist."

Um úrlausnarefnið, það að skerða lífeyri vegna tekna maka, sagði dómarinn eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það að flytja lögbundinn rétt öryrkja samkvæmt 76. gr. stjórnarskrár yfir á maka öryrkja og gera öryrkja algjörlega háðan maka sínum fjárhagslega gengur gegn yfirlýsingum og réttindum fatlaðra og er brot á ákvæði stjórnarskrár um jafnrétti og stjórnarskrárverndaðan rétt til aðstoðar vegna örorku, enda telst það að geta gengið í hjúskap, að vissum skilyrðum fullnægðum, hluti almennra mannréttinda og eðlilegs lífs."

Herra forseti. Það er einnig ástæða til, eins og hér hefur verið gert á þessum degi, að velta fyrir sér gagnkvæmri framfærsluskyldu hjóna. Ef menn vilja bera því við þá felst væntanlega í hjúskaparlögum bæði réttur og einnig skylda til að axla ábyrgðina, þ.e. framfærsluskylduna. Og það er ekki bara einhliða framfærsluskylda annars aðilans, ef menn vilja ganga út frá því hugtaki, heldur gagnkvæm framfærsluskylda og maður spyr hvort ekki eigi að gera öryrkjanum kleift að uppfylla þessa framfærsluskyldu ef hann gengur í hjónaband með því að skerða svo framlag hans og lágmarksframfærslumöguleika að hann geti ekki uppfyllt skilyrði hjúskaparlaga.

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var afar athyglisverð grein frá ungri stúlku sem hafði skrifað lokaritgerð til emb-

ættisprófs í lögfræði vorið 1998 þar sem hún fjallaði einmitt um það mál sem hér er til umfjöllunar. Þar kom hún inn á það að framfærsluskyldan virkar ekki aðeins í aðra áttina heldur í báðar áttir, sem þýðir að hinn makinn, ófatlaði, á líka framfærslurétt á hendur hinum fatlaða og í hjúskaparlögunum kemur ekkert fram um það að heimilt sé að skerða lífeyristekjur né aðrar tekjur einstaklinga vegna tekna maka.

Síðan segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„Annað mál er svo hvernig yfirvöld skattleggi tekjur hjóna, sem ekki má rugla saman við skerðingu almannatryggingabóta." — Þetta er auðvitað grundvallaratriði. Tekjur annarra einstaklinga eru ekki tengdar launum makans.

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Með öðrum orðum getur vinnuveitandi ekki miðað laun einstaklings sem er í vinnu hjá honum við þau laun er maki hans hefur. Lífeyristekjur/bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eru skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur, um sama frítekjumark er að ræða og ættu lífeyristekjur því að lúta sömu lögmálum og tekjur almennt. Eðlilegt og rökrétt er að öryrkinn (launþeginn) haldi tekjum sínum þótt hann gangi í hjónaband. Ekki er vitað til þess að neinn annar hópur í þjóðfélaginu missi fjárhagslegt sjálfstæði sitt við það eitt að ganga í hjónaband nema að vera kynni námsmenn, en það er efni í aðra grein."

Mér finnst þetta afar athyglisvert hjá þessum lögfræðingi, Láru Helgu Sveinsdóttur, sem greinilega hefur kynnt sér þetta mál mjög gaumgæfilega, enda skrifaði hún lokaritgerð til embættisprófs í lögfræði um þetta efni.

Herra forseti. Hver eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessum dómi? Um það hefur aðallega verið fjallað hér í dag. Þegar maður ræðir um viðbrögð ríkisstjórnarinnar þá er maður líka að velta fyrir sér viðbrögðum ríkisstjórnarinnar til mannréttindaákvæða og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það sem hefur verið mjög athyglisvert á þessum degi, herra forseti, er ræða hæstv. forsrh. Ég varð næsta orðlaus að hlýða á hæstv. forsrh. sem hefur sagt í fjölmiðlum að hann þurfi mjög að ræða þetta mál hér á þinginu, hér þurfi að fara fram málefnaleg umræða um málið. En hvað gerði hæstv. forsrh. síðan þegar þing kom saman? Það stóð út úr hæstv. forsrh. buna af samfelldum fúkyrðaflaum í allar áttir, skætingur og fúkyrði, skrumskæling á því sem stjórnarandstaðan hefur haft til málanna að leggja. Það var ekki eitt einasta orð sem var málefnalegt í ræðu forsrh. í þessu efni. Það er auðvitað umhugsunar virði og veldur vissulega vonbrigðum að ekki sé hægt, herra forseti, að tala á málefnalegum nótum við sjálfan forsrh. Íslands um þetta alvarlega mál.

Herra forseti. Ég er með útskrift af þessari ræðu og ég fór yfir hana aftur. Og það sem stendur upp úr ræðunni er að ekki er farið einu orði inn á frv. sem hér er um deilt, ekki einu orði. Ekki er með einu orði rökstutt af hverju ríkisstjórnin telji rétt að hafa þessa viðmiðun og skerðingu sem hún er með í frv.

Í ræðu hæstv. forsrh. má lesa að menn séu í óprúttnum leik. Þeir séu bara að gjamma og ósiðlegar árásir séu í garð andstæðinga á Alþingi, og að þeir taki alltaf sterkast til orða sem flumbra mest. Svona er ræðan út í gegn. Hún er út í gegn, herra forseti, á þessum nótum, og það sé trikk af hálfu stjórnarandstöðunnar að vera með þennan málflutning sem hún er með, þetta sé svindl og svínarí. Þetta er sjálfur forsrh. íslensku þjóðarinnar sem talar svo um þetta alvarlega mál sem hér er til umræðu.

Forsrh. hefur ekki verið viðstaddur hér, a.m.k. síðla þessa dags eða á þessu kvöldi, til að hlýða á þann málflutning sem hér fer fram. Mér finnst það ekki boðlegt, herra forseti, af hálfu forsrh. að haga sér á þann hátt í þessu alvarlega máli, að gera enga tilraun til að rökstyðja niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í málinu þó að hæstv. utanrrh., sem hér er staddur, hafi að vísu reynt að gera það eins og fram hefur komið í máli hans, þó að auðvitað sé langt í frá að hann hafi sannfært okkur í stjórnarandstöðunni um niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt sem prófessor Sigurður Líndal segir, að ríkisstjórnin virðist vera langt frá því að vera í takt við tímann í þessu máli, og hann orðaði það einmitt þannig að ummæli forsrh. um dóminn væru ekki í tengslum við íslenskan veruleika en dómurinn endurspeglaði ný viðhorf í túlkun mannréttinda, eins og ég hef hér sagt, og væri það í samræmi við þau nýju viðhorf sem rutt hafi sér til rúms í túlkun mannréttinda hjá dómstólum á Vesturlöndum. Lagaprófessorinn telur að ekki sé einsýnt — og það finnst mér nú mjög athyglisvert — að Hæstiréttur hefði fellt sama dóm ef lög um almannatryggingar hefðu komið til kasta hans fyrir breytingar á stjórnarskránni 1995. Fram til ársins 1995 voru ákvæði stjórnarskrár um rétt til bóta úr almennum sjóðum á þann veg að sá sem væri á skylduframfæri annars manns ætti ekki rétt á bótum. Í einum fjölmiðli nýverið var einmitt greint frá því að samkvæmt þessum bókstaf stjórnarskrárinnar ættu öryrkjar í hjúskap í raun ekki rétt á bótum úr almennum sjóðum þar sem fólk í hjúskap er skyldað til þess samkvæmt lögum að framfleyta maka sínum.

En árið 1995 var ákvæðum stjórnarskrárinnar breytt og þetta skilyrði um að bætur væru háðar því að bótaþegi gæti ekki snúið sér til skylduframfæranda fellt burt, og það grundvallaratriði var viðurkennt að rétturinn væri bundinn við einstaklinginn.

Það er sem sagt aðalregla íslensks réttar, eins og segir í dómnum, að réttur einstaklinga til greiðslu úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka og þar er vitnað til jafnræðisreglunnar, 65. gr., mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, 76. gr., og stefnumörkunar sem liggur að baki jafnréttislögum.

Nokkuð hefur verið rætt um og bar þau á góma hér í dag orð hæstv. forsrh. um að niðurstaða Hæstaréttar og ákvörðun hans væri pólitísk, og er auðvitað mjög sérkennilegt að hæstv. forsrh. skuli viðhafa slíkt. Ég vil vitna í hvað Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögumaður segir um það efni. Hann segir í grein sem hann ritaði nýlega að í fræðilegum umræðum á okkar dögum um stjórnskipunarrétt sé ekki litið svo á að í túlkun dómstóla á stjórnarskrá felist pólitísk afskipti af löggjafarvaldinu. Litið er svo á, og það er reyndar óumdeilt meðal fræðimanna á sviði stjórnskipunarréttar og mannréttindalaga, að dómstólum sé skylt að haga túlkun sinni á stjórnarskrá þannig að gætt sé þeirrar verndar mannréttinda sem þar er að finna, skýrðra í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga svo og að gæta þess að minnihlutahópum sé ekki mismunað.

Það eru fleiri sem taka undir það að ekki sé litið svo á að í túlkun dómstóla á stjórnarskrá felist pólitísk afskipti af löggjafarvaldinu og þetta er auðvitað grundvallaratriði.

Ég vil vitna einnig í Sigurð Líndal lagaprófessor en hann segir um þetta efni:

„Æðstu dómstólar ríkjanna hafa brugðist við og löggjafinn um leið." Þá er hann að tala um áherslur á mannréttindi

að þau hafi verið vaxandi og mannréttindadómstóllinn hafi ráðið miklu um þróunina og hann segir, með leyfi forseta:

„Æðstu dómstólar ríkjanna hafa brugðist við og löggjafinn um leið. Þarna hefur því orðið víxlverkan sem hefur valdið mjög örri þróun. Ég held að hún hafi beinst í þá átt að gefa þessum almennt orðuðu yfirlýsingum, eins og er í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum, efnislegt inntak. Eins og að allir eigi rétt á tiltekinni framfærslu eins og segir í greininni sem Hæstiréttur vísar til: „Öllum sem þess þurfa skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli ..." Hæstiréttur telur að þessi regla feli í sér að mönnum séu tryggð einhver tiltekin lágmarkskjör, sem yrðu þá væntanlega miðuð við það sem tíðkast í hlutaðeigandi samfélagi."

Það sem prófessorinn segir hér er einmitt athyglisvert: „.... tiltekin lágmarkskjör, sem yrðu þá væntanlega miðuð við það sem tíðkast í hlutaðeigandi samfélagi." Það er auðvitað langt frá því að ríkisstjórnin hafi gert það með því mati sem hún leggur á þennan dóm og niðurstöðu hans.

Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin túlkar þennan dóm eins þröngt og nokkur kostur er. Það er auðvitað ekki í eina skiptið eins og rifjað hefur verið upp af síðasta ræðumanni. Allir muna þau hörðu viðbrögð sem ráðherrarnir, ekki síst hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., höfðu við kvótadómnum þar sem niðurstaðan varð hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans ekki að skapi. Viðbrögð hæstv. ráðherra minna mjög á fyrri viðbrögð. Þetta er mjög alvarlegt og hættulegt viðhorf sem grefur undan lýðræðinu, ekki síst grefur það undan dómstólunum í landinu og trúverðugleika þeirra. Ég held að það sé einkum, herra forseti, afstaða stjórnarliðanna og ekki síst ráðherranna og þá er ég náttúrlega helst að tala um hæstv. forsrh. sem leyfir sér að kalla niðurstöðuna slys og pólitísk afskipti dómstólanna. Það eru ekki síst þessi orð sem grafa undan dómstólunum í landinu og trúverðugleika þeirra.

Herra forseti. Ég held að slík viðhorf ógni þeirri réttarvernd sem fólk hefur hjá dómstólunum og því aðhaldi sem í raun og sanni á að hafa þar gagnvart stjórnvöldum. Ég held að mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sé einmitt ætlað að koma í veg fyrir misnotkun stjórnvalda á því valdi sem þau hafa og tryggja að mannréttindi, ekki síst minnihlutahópa, séu höfð í heiðri en ekki fótumtroðin.

Einnig má velta fyrir sér áhrifum slíkra viðhorfa gagnvart þrískiptingu valdsins og hvort vegna yfirgangs framkvæmdarvaldsins séu valdmörkin orðin svo óljós að við séum raunverulega á hraðri ferð inn í fortíðina til, eins og hefur verið orðað af lagaprófessor: „.... til einveldistímans áður en við fengum stjórnarskrána og þá stjórnarskipan sem okkar lýðræði byggir á."

Herra forseti. Það er sem sagt fráleitt, eins og ég hef rökstutt að Hæstiréttur sé að seilast inn á verksvið löggjafarvaldsins með dómsniðurstöðu sinni. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að Hæstiréttur gæti þess í dómum sínum að stjórnarskrá landsins sé fylgt og að við göngum ekki gegn alþjóðasamþykktum, ekki síst mannréttindayfirlýsingum sem við erum aðilar að. Það er alveg ljóst í mínum huga að sú niðurstaða sem hér er fengin, allar þær viðvaranir sem stjórnarandstaðan setti fram 1998 þegar þetta mannréttindabrot var lögfest og ríkisstjórnin knúði það í gegn, þrátt fyrir allar viðvaranir. Margir þingmenn vöruðu við því að hér væri um brot á stjórnarskránni að ræða, brot á alþjóðasamþykktum. Einhvers staðar heyrði ég að það hefðu verið átta þingmenn sem þrjátíu sinnum hefðu varað við þessu á þeim stutta tíma sem málið var til umræðu í þinginu á tveim til þremur dögum. Þrátt fyrir það var þetta lögfest og ríkisstjórnin knúði það fram á mjög stuttum tíma. Það kallar auðvitað á það sem við í Samfylkingunni höfum lagt til að samþykkt verði frv. sem flutt var undir forustu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að hér verði stofnað til lagaráðs til að fara einmitt yfir það hvort frv. standist stjórnarskrána.

Herra forseti. Ég held því að þessi dómur sé raunverulega frumraunin sem nýtt stjórnarskrárákvæði gengur í gegnum og því sé mikið í húfi hvernig þessu máli lyktar.

Hæstv. heilbrrh. sagði á Alþingi 1998, þegar hún var að tala um lögbindingu á greiðslu lífeyrisbóta við tekjur maka, að það mál snerist ekki fyrst og fremst um lögfræði heldur um réttlæti. Í ljósi þessara orða er afar sérkennilegt hvernig hæstv. heilbrrh. hefur litið á réttlætið og samþykkir raunverulega með hæstv. ríkisstjórn að sveigja og beygja dómsniðurstöðuna að vilja sínum og túlkar dóminn eins þröngt og kostur er öryrkjunum í óhag. Það sem er mjög athyglisvert er það framfærslumark sem hæstv. ríkisstjórn kýs að miða við. Það er t.d. afar athyglisvert að skoða dómsniðurstöðu hjá þeirri nefnd sem forsrh. skipaði til þeirra verka. Nefndin skrumskælir að mínu viti mjög dómsniðurstöðuna með því hreinlega að segja að tæpar 51 þús. kr., sem öryrki í hjónabandi fær, sé of mikið og því búa þeir raunverulega sjálfir til það framfærslumark sem þeim þykir hæfilegt fyrir öryrkjann og segja að um 43 þús. kr. á mánuði sé hæfilegt og er það afar sérkennilegt. Það hefur komið fram hjá formanni lögfræðinganefndarinnar, að þar sé um mat að ræða, raunverulega mat, ekki byggt á neinu öðru en mati þeirra lögfræðinga sem sátu í þessari nefnd. Þeir sitja þarna yfir því og meta það að 51 þús. kr. sé of hátt fyrir öryrkjann, það þurfi að lækka það eitthvað eins og niður í 43 þús. kr. Lækka sem sagt þær 51 þús. kr. sem öryrkinn hefur um 8 þús. kr.

Ég spyr af því að hæstv. utanrrh. er viðstaddur umræðuna: Við hvað er raunverulega miðað? Það er sama hvernig maður leitar að því í þjóðfélaginu, maður finnur ekki framfærslumark eins og hér er miðað við, af því að dómurinn er að tryggja öryrkjum lágmarksframfærslu, lágmarksrétt. Lágmarkslaunin í þjóðfélaginu eru nú orðin sem betur fer yfir 81 þús. kr. og er þó til skammar hvað þau eru lág. Ef við skoðum fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, t.d. hjá Reykjavíkurborg eru einstaklingar sem hafa engar aðrar tekjur þó með 60 þús. kr. í fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, hjón eru með 108 þús. kr., 54 þús. kr. á hvort hjóna, er það ekki, herra forseti? Þar munar um 11% eða 6 þús. kr. milli þess sem einstaklingur fær í framfærslustyrk frá Reykjavíkurborg og hvað hvort hjóna um sig fær. En það hefur margoft komið fram að ef öryrki gengur í hjónaband skerðast tekjur hans úr 73 þús. kr. niður í 51 þús. kr. og nú ætlar ríkisstjórnin að ganga enn lengra og fara niður í 43 þús. kr. 30% munur milli einstaklings og hjóna var sem sagt ekki nóg og nú á munurinn að vera 40%.

Atvinnuleysistryggingar, eins og hér hefur komið fram, eru ekki háðar tekjum maka og eru 67 þús. kr. Það næsta sem hægt er að komast er að hér sé miðað við fátæktarmörkin eins og þau voru skilgreind innan landa OECD í mjög nýlegri rannsókn sem þar var gerð á þessum málum.

Það er sem sagt þannig að ef öryrkjar ganga í hjónaband er búið að svipta þá heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót vegna þess hagræðis þeir hafa af því að búa með öðrum og þar með uppfylla það ákvæði sem hefur margítrekað verið vitnað í hér í dag að er í dómsforsendum að það

sé hugsanlega réttlætanlegt, eða hvernig það er nú orðað, að hafa þarna einhvern mun milli hjóna og einstaklinga. Það er greinilega ekkert tillit tekið til þess af hálfu stjórnarflokkanna, sem ákveða öryrkjanum þetta framfærslumark, að öryrkinn hafi veruleg útgjöld vegna fötlunar sinnar, honum eiga að duga 43 þús. kr. samkvæmt þeim framfærslumælikvarða sem hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur fundið út eða lögfræðinganefndin. Auðvitað er nauðsynlegt, annaðhvort hér eða í nefndinni, að farið sé yfir hvaða forsendur og mælikvarða þeir nota til að sýna fram á hvað sé nægjanlegt fyrir nauðþurftum öryrkjans sem hefur stjórnarskrárvarinn rétt, herra forseti, til lágmarksframfærslu sem er óheimilt að skerða vegna tekna maka, dómi sem segir að öryrkjar hafi mannréttindi sem einstaklingur en ekki sem hluti af öðrum einstakling þannig að öryrkinn hafi möguleika á að lifa með fullri reisn.

Það er alveg ljóst að ekki hefur verið tekið með í reikninginn að öryrkjar hafa mikinn kostnað af fötlun sinni og að makar öryrkja þurfa oft og iðulega að leggja á sig mikla yfirvinnu vegna lágra tekna öryrkjans.

Stærstur hluti öryrkja er undir skilgreindum fátæktarmörkum sem notuð hafa verið bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu og var sú viðmiðun t.d. notuð í rannsókn OECD landanna um tekjuskiptingu. Það var árið 1999, ef ég man rétt. Það er auðvitað líka rétt að halda til haga að tekjur maka skipta ekki máli vegna slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks enda segir í dómsniðurstöðu Hæstaréttar að það sé aðalregla íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóði skuli vera án tillits til tekna maka.

Það er alveg hægt að halda því til haga hér líka að engum datt í hug að tengja t.d. fæðingarorlofsgreiðslu við tekjur maka, þar fá allir óháð tekjum maka. Hálaunaforstjórar geta t.d. fengið á einungis þremur mánuðum meira en öryrki getur að hámarki fengið í fulla og óskerta tekjutryggingu á heilum áratug. Það er m.a. á grundvelli jafnréttislaga sem engum datt í hug að tekjutengja þar sem alveg eins og ekki síður á við um öryrkjann enda eru það að stærstum hluta til konur sem lenda í þeirri skerðingu vegna tekna maka. Ég man t.d. ekki eftir að Morgunblaðið hafi verið að leggja á sig að birta hvað þeir hæstlaunuðu gætu fengið í fæðingarorlof, vitanlega ótekjutengt, en það var mikið gert í því fyrir helgi að slá upp töflu um tekjur maka öryrkjanna, allt til þess að gera þetta mál tortryggilegt.

Herra forseti. Ekki hefur síst vakið athygli í þeirri umræðu sem hefur farið fram hér í dag og á undanförnum dögum hvernig ríkisstjórnin hefur allt í einu uppgötvað að stór hluti öryrkja býr við mikla fátækt í þessu þjóðfélagi. Núna segja ráðherrar allt í einu að það þurfi að bæta kjör öryrkja. Ég spyr: Af hverju þarf endilega að bíða, herra forseti, og hæstv. utanrrh. ætti þá að svara því, af hverju þarf að bíða með það að bæta almennt kjör öryrkja fram í miðjan apríl? Af hverju er ekki hægt að gera það strax? Sú nefnd sem vísað er til er búin að starfa frá því í september og ég veit að öryrkjar hafa verið að bíða eftir því að hún skilaði niðurstöðu sinni. Nú þarf allt í einu að bíða fram í miðjan apríl. Þó að ríkisstjórnin sé að uppgötva að margir öryrkjar búi við fátækt erum við aftur og aftur búin að minnast á það á þingi hvað eftir annað síðustu fimm ár. Það fyrsta sem ríkisstjórnin gerði þegar hún komst til valda á árinu 1995 eftir að við höfðum samþykkt mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar var að slíta tengsl launa og lífeyris. Það er eiginlega meginástæðan fyrir því hvað kjör öryrkja hafa verið skert mikið miðað við kjör annarra í þjóðfélaginu.

Það væri hægt að rifja upp fyrir hæstv. ráðherrum að ekki er langt síðan að haldin var hér ráðstefna um kjör öryrkja, það var fyrir einu eða tveimur árum, og þar kom fram að 1.100–1.300 öryrkjar hafi árlega á undanförnum árum þurft að leita neyðaraðstoðar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, og jafnvel þó að þessar tölur kæmu fram gerði ríkisstjórnin lítið til þess að bæta kjör þeirra. Samnorræn skýrsla þar sem gerður var samanburður á raunverulegum greiðslum til örorkulífeyrisþega hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum sýnir að hvergi eru greiddar eins lágar bætur og á Íslandi en þær er að jafnaði um tvöfalt lægri hér á landi. Útgjöld á Íslandi vegna bótagreiðslna eru meira en helmingi lægri á hvern íbúa hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin.

Heildarútgjöld Tryggingastofnunar vegna grunnlífeyris og tekjutryggingar sem eru meginbótaflokkarnir eru að meðaltali um 34 þús. kr. á hvern öryrkja.

Herra forseti. Á árunum 1995–1999 hækkuðu lágmarkslaun í landinu um 52% en örorkulífeyrir og tekjutrygging einungis um 17,4% af því að slitið var á tengsl launa og lífeyris af hálfu þessarar ríkisstjórnar skömmu eftir að mannréttindaákvæðin í stjórnarskránni voru samþykkt 1995. Við þetta hafa öryrkjar mátt búa. Og hversu oft sem við í stjórnarandstöðunni höfum vakið athygli á þessu, herra forseti, hefur það ekki fengið neinn hljómgrunn hjá ráðherrum sem nú allt í einu þegar þessi dómur kemur, sem er að taka á máli sem lengi hefur viðgengist, þ.e. mannréttindabroti gagnvart öryrkjum, vakna upp við það að til sé hópur fátækra öryrkja hér á landi.

Við höfum einnig haldið því til haga, herra forseti, að tekjuafgangur fjárlaga er m.a. fenginn með því að hlunnfara öryrkjana. Því hefur verið haldið fram af hálfu samtaka aldraðra t.d. að bæta þurfi lífeyrisgreiðslur um 3–4 milljarða á ári til að lífeyrisþegar héldu sama hlut og þeir höfðu miðað við dagvinnulaun verkamanna eins og þau voru 1991. Afleiðingarnar af því að slíta tengsl launa og lífeyris eru að frá 1995 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging einungis hækkað um 25% meðan launavísitalan hefur hækkað um 41,5%. Ég veit ekki hvort hæstv. ríkisstjórn hefur gert sér grein fyrir því.

Þessi ríkisstjórn hefur líka staðið fyrir gífurlegri hækkun á lyfja- og húsnæðiskostnaði, skerðingu á skattleysismörkum, hækkun skatta fyrir jól núna um 2,5 milljarða, sem bitnar líka á láglaunafólki og öryrkjum sem allt í einu eftir 1995 fóru að greiða skatta, öryrkjar með mjög lágar tekjur. Við þekkjum atlöguna að húsnæðismálum láglaunafólks, við þekkjum hvernig þeir afnámu hagstæð bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóð til boða með 1% vöxtum og við þekkjum mikla hækkun á lyfjakostnaði, t.d. frá sl. sumri um 37%.

Og síðan, herra forseti, miðar ríkisstjórnin kjör öryrkja ávallt við það sem lægst gerist. Hún samþykkti árið 1998, eftir að hafa kippt úr sambandi tengingu lífeyris við laun en þá var lögum breytt 1. jan. 1998, að bætur almannatrygginga skyldu taka mið af launaþróun þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hæstv. forsrh., sem mælti fyrir þessu í bandormi, sagði þá, með leyfi forseta:

„Þannig er lagt til að ákvörðun bótanna taki mið af almennri þróun launa á fjárlagaárinu og leggi þá sömu forsendur og fjárlagafrv. því til grundvallar en jafnframt er lagt

til að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um ef laun skyldu þróast með öðrum hætti en verðlag."

Herra forseti. Þegar forsrh. mælti fyrir þessu frv. þá sagði hann að ákvæðið þýddi það að taka ætti mið af þróun launa og þróun neysluvísitölu ef hún væri hærri. En það hefur aldrei gerst, herra forseti, á þessu tímabili að miðað hafi verið við launavísitölu sem allan þennan tíma hefur verið miklu hærri en neysluvísitalan. Við getum t.d. nefnt að meðaltalshækkun vísitölu neysluverðs árið 1998 var 1,7% en meðaltalshækkun launavísitölu á sama tíma var 9,4%. Á árunum 1998–2000, á tveimur árum, hafa lífeyrisgreiðslur hækkað um 11% á þessu tímabili en launavísitalan mun meira eða um 17%.

Herra forseti. Ef farið væri með þetta ákvæði fyrir dómstólana þá er ég ekki viss um að það stæðist að standa að málum eins og ríkisstjórnin hefur gert gagnvart þessu ákvæði, að miða við neysluvísitölu en ekki við launavísitölu. Og það hefur heldur betur skert kjör öryrkjanna. Ég spyr hæstv. utanrrh. um þetta ákvæði, hvort ekki hafi verið meiningin hjá ríkisstjórninni að miða þarna við þróun launa eins og lagaákvæðið segir til um en ekki að miða við neysluvísitölu sem hefur skert kjör öryrkja verulega. (**ÖJ:** Það fer eftir því hvernig liggur á þeim.)

Ekki hefur vantað tillögur, herra forseti, frá stjórnarandstöðunni varðandi kjör öryrkja almennt. En það hefur verið fellt, margfellt af stjórnarliðum, bæði frv. um að tekjur maka skerði ekki lífeyri, um að bætur almannatrygginga miðist við launavísitölu, um sérstaka afkomutryggingu sem var flutt hér fyrir jólin sem brtt. við fjárlagafrv. að *láta 3–5 milljarða* til að bæta kjör öryrkja. Svo leyfa þessir herrar sér, herra forseti, að segja að við séum ekkert að hugsa um kjör öryrkja almennt, við séum fyrst og fremst að hugsa um þennan sérstaka hóp öryrkja sem hefur verið með lífeyri sinn tengdan við tekjur maka. Já, vissulega erum við að hugsa um hann núna enda erum við núna fyrst og fremst að fjalla um dóm Hæstaréttar. En það sem þessi dómur hefur þó áorkað, a.m.k. á meðan þetta gengur yfir í þingsölum, er að hann hefur a.m.k. í orði kveðnu kjör öryrkja almennt uppi á borði þó að maður viti lítið um hverjar efndirnar verða. Alla vega er það svo að öryrkjar þurfa greinilega almennt að bíða í einhvern tíma til viðbótar til að fá niðurstöðu í það mál.

Herra forseti. Það hefur minna farið fyrir því að ræða um hvernig greiða á það sem hægt er að segja að sé ólögmæt taka fjármuna í sjö ár og þetta er ekkert annað, herra forseti, en ólögmæt taka fjármuna sem átt hefur sér stað frá 1994. Og það er með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli aðeins ætla að greiða þetta fjögur ár aftur í tímann. Þetta hefur ekki haft lagastoð eins og við þekkjum frá 1994–1999 og þess vegna er það óskiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki ætla að greiða öll þessi sjö ár heldur skera af þrjú ár og greiða í tvö af þessum fjórum árum skertar bætur. Það standa öll rök til þess, herra forseti, að greidd séu full sjö ár og ég trúi ekki öðru en þegar heilbr.- og trn. fer að fjalla um þetta frv. komist hún að þeirri niðurstöðu að þetta er mjög ósanngjörn útfærsla hjá hæstv. ríkisstjórn, hvort sem litið er til þess hvernig hún ætlar að standa að því að greiða þessa ólögmætu töku á fjármunum sjö ár aftur í tímann, sem hún ætlar einungis að greiða í fjögur ár, eða hvernig hún beitir fyrir sig frv. hér einungis til þess að geta greitt öryrkjum skertar bætur þegar, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á hér á þessum klukkutímum sem þessi umræða hefur staðið yfir, að ekki þurfti lög til þess að greiða öryrkjum réttmætar bætur eins og dómsniðurstaða Hæstaréttar kveður ótvírætt á um.

[00:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú ekki sagt mikið á einni mínútu. Hæstv. heilbrrh. hefur sérstaklega beitt sér fyrir því að bæta kjör öryrkja og í tvígang hefur frítekjumark vegna tekjutryggingar verið hækkað.

Ég held að ég muni það rétt að aldrei gerðist neitt slíkt í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Og ég minni hana á að þegar hæstv. heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson mælti fyrir frv. 1993 þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Mitt mat er það að réttlætisrök skjóti stoðum undir þá stefnumörkun að tekjutengja bótagreiðslur í auknum mæli ..."

Þetta gerðist í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ég vænti þess að hún muni það. Við höfum verið að skjóta stoðum undir það í núv. ríkisstjórn að setja aukið fjármagn í velferðarkerfið og það hefur verið gert í miklum mæli, sérstaklega vegna þess að okkur hefur tekist að auka framleiðsluna í landinu og auka þjóðartekjur. Flest af því sem við höfum verið að gera á þeim sviðum hefur hv. þm. verið á móti og ég get nefnt fjölmörg dæmi um það.

Hæstv. heilbrrh. beitti sér fyrir því að sett yrði af stað sérstakt endurskoðunarstarf sem hefur verið í gangi og hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því að því starfi yrði flýtt. Og það er ákvörðun ríkisstjórnar að tillögu hæstv. ráðherra að flýta þessu starfi. Og við gerum ráð fyrir að því verði lokið fyrir 15. apríl. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki síðan þá, hv. þm. (Gripið fram í.) Hvernig væri það, hæstv. forseti, að það væri svona eins og einu sinni sem sá sem hér stendur, og eru gerðar miklar kröfur til að svari, fái einhvern tíma að tala án þess að vera ávallt truflaður. Ég fer þess á leit, ef ég á að geta veitt svör, að ég fái einhvern tímann að tala fyrir þessum stöðugu frammíköllum sömu hv. þm. klukkutíma eftir klukkutíma og settar verði einhverjar reglur á þessa hv. þm.

[00:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um góðan vilja hæstv. heilbrrh. til að bæta kjör öryrkja. En hún hefur bara ekki komist langt í þessari ríkisstjórn með að ná þeim vilja sínum fram vegna þess að þetta er auðvitað alltaf spurning um forgang. Við höfum verið í góðæri núna á undanförnum fimm árum og hverjir hafa setið eftir, hverjir hafa verið hlunnfarnir? Það eru lífeyrisþegar. Hverjir hafa þurft aftur og aftur, þegar þing er að koma saman, að standa í mótmælagöngu út af kjörum sínum hérna fyrir framan Alþingishúsið? Það eru aldraðir og öryrkjar sem hafa gert það á undanförnum árum í góðæri.

Og það liggur fyrir að kjör þessara hópa hafa verið skert langt umfram kjör annarra í þjóðfélaginu. Margar úttektir liggja fyrir á því, m.a. frá samtökum aldraðra og frá samtökum öryrkja. Fyrir liggja upplýsingar, eins og ég kom með áðan, hvernig lífeyrisgreiðslur hafa dregist langt aftur úr launaþróun. Við erum að tala um tímabil góðæris, tímabil uppgangs í þjóðfélaginu þar sem þjóðartekjur hafa verið margfalt meiri en þær voru fyrir 1995, áður en það ákvæði sem við erum að tala um var sett inn í stjórnarskrána.

Finnst hæstv. ráðherra sómi að því að fyrsta verk ríkisstjórnarinnar eftir að *mannréttindaákvæðið* var samþykkt

1995 var að slíta á tengsl launa og lífeyris með þeim afleiðingum sem ég hef lýst? Er nokkur furða, herra forseti, að öryrkjar og aldraðir hafi aftur og aftur þurft að vera í mótmælagöngu fyrir framan Alþingishúsið og aftur og aftur að leita til dómstóla til þess að fá eitthvert réttlæti í kjör sín í þjóðfélaginu?

[00:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, sem betur fer hafa þjóðartekjur aukist og tekist hefur að styrkja velferðarkerfi okkar. Okkur hefur tekist að bæta kjör öryrkja nokkuð. Okkur hefur að sjálfsögðu ekki tekist að bæta þau nóg og okkur mun sjálfsagt aldrei takast að bæta þessi kjör svo öllum líki. En við hljótum að stefna að því að gera betur og þá er forsendan fyrir því að við höfum meira fjármagn til þess. Það hlýtur hv. þm. að vera ljóst.

Hv. þm. talar mikið um stjórnarskrárbreytinguna 1995. Ég stóð að þeirri stjórnarskrárbreytingu. Ég var í nefnd sem fjallaði um þá stjórnarskrárbreytingu, þá var ég að vísu í stjórnarandstöðu, en að álíta að þar hafi orðið einhver stórkostleg breyting á stjórnarskrá er nokkur misskilningur miðað við þær umræður og nál. sem þar liggur fyrir, og hvet ég hv. þm. til að lesa það, og allir hv. þm. sem voru í þeirri nefnd skrifuðu upp á.

[00:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að þetta væri spurning um forgang í þjóðfélaginu. Hérna stöndum við í deilum við stjórnarflokkana af því að þeir eru að skerða það sem öryrkjar eiga rétt á samkvæmt dómsniðurstöðu og það kostar um hundrað milljónir, öðru hvorum megin við hundrað milljónir.

Hvað gerði ríkisstjórnin fyrir áramótin? Síðastliðin tvö ár hafa 636 forríkir fjármagnseigendur fengið 20 milljarða í skattaívilnanir hjá þessari ríkisstjórn sem hefur kostað ríki og sveitarfélög 8,5 milljarða í tekjutap. Þar vorum við fyrst að tala um peninga. Og hverjir áttu þar í hlut? (Gripið fram í.) Ríkir fjármagnseigendur. (**Utanrrh.:** Hverjir settu á fjármagnstekjuskatt?)

En þegar kemur að öryrkjunum þá á að skerða, (Gripið fram í.) þá skal skerða, þá skal flutt frv. til þess að skerða litlar bætur sem Hæstiréttur hefur dæmt þeim. (**Utanrrh.:** Hverjir settu á fjármagnstekjuskattinn?) Það skal liggja mikið við til þess að skerða kjör öryrkja. Svo mikið liggur við að það er flutt sérstakt frv. til að skerða það sem Hæstiréttur hefur dæmt þeim. (**Utanrrh.:** Hverjir settu á fjármagnstekjuskatt?)

(**Forseti** (ÍGP): Forseti minnir hæstv. ráðherra og hv. þingmenn á að hér í þingsalnum talar einn í einu.)

[00:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var hæstv. félmrh. fyrir nokkrum árum einmitt þegar þessi lög um almannatryggingar voru sett. Þá stóð páv. hæstv. ráðherra í stórræðum í ríkisstjórninni við að tekjutengja allar mögulegar og ómögulegar bætur. Meira að segja grunnlífeyririnn, elli- og örorkulífeyririnn, sem hafði lifað af frá 1936, var tekjutengdur. Þá var heimssýnin að jafna kjör fólks og greiða ekki bætur til „hátekjufólks".

Nú er einstaklingurinn allt í einu í fyrirrúmi og jöfnun kjara er orðin skrumskæld. Hv. þm. vill greiða bætur sjö ár aftur í tímann sem mundi gefa þeim sem fengju óskertar bætur 2,5 milljónir, eftir skatt yrði það 1,5–2 milljónir, og það til fjölskyldna sem hafa góðar fjölskyldutekjur fyrir.

Á sama tíma fá hjón sem bæði eru öryrkjar einungis 102 þúsund og það á ekki að hækka það. Á sama tíma á að borga 1,5 milljónir eftir skatt til hátekjufjölskyldunnar ef þær hugmyndir gengju eftir að borga sjö ár aftur í tímann. (Gripið fram í.)

Er þetta jöfnun lífskjara, herra forseti? Ég spyr hv. þm. að því. Er þetta jöfnun lífskjara? Hvenær varð þessi breyting á hugtakinu félagshyggjustefna? Ég þarf nefnilega að leiðrétta orðabókina mína.

[00:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að ekki eigi að leiðrétta kjör öryrkja, það eru væntanlega hjón sem hann er að tala um, með 102 þúsund. Hver segir það? Er það virkilega niðurstaða ríkisstjórnarinnar að ekki eigi að bæta kjör þessara hópa? Ég er svo aldeilis hissa. Það hefur staðið bunan hér út úr ráðherrunum um að það þurfi að bæta kjör þessara hópa. Það hlýtur að vera næsta verk ríkisstjórnarinnar, bara þegar í stað, að bæta kjör þeirra. Ekki hefur staðið á okkur hér í stjórnarandstöðunni að bæta kjör þessara hópa. Við höfum flutt fleiri, fleiri tillögur ár eftir ár um að bæta kjör þeirra. Þær hafa allar verið stráfelldar af þessari ríkisstjórn í góðærinu.

Hv. þm. hefur staðið hér í allan dag og lagt spurningar fyrir stjórnarandstöðuna sem við kveinkum okkur ekkert undan. Nú ætla ég að spyrja hv. þm. einnar spurningar sem snýr líka alveg örugglega að stjórnarskránni og jafnræðisreglunni: Telur hv. þm. eðlilegt að skattleggja húsaleigubætur, sem eru niðurgreiðsla af hálfu ríkisins til þeirra sem þurfa að leigja, á sama tíma og vaxtabætur, sem líka eru niðurgreiðsla til þeirra sem eiga húsnæði, eru ekki skattlagðar? Þar sem húsaleigubæturnar eru skattlagðar þar sem litið er á þær sem tekjur af hálfu ríkisstjórnarinnar þá skerða þær barnabætur og námslán. Er þetta réttlætanlegt? Brýtur þetta ekki á bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar svo ég snúi nú dæminu einu sinni við og leggi spurningu fyrir hv. þm.?

[00:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú breyting sem ríkisstjórnin leggur til kostar einn milljarð. Sú breyting sem stjórnarandstaðan leggur til kostar einn til tvo milljarða. Þegar búið er að setja svo mikla peninga í þennan þátt þá er að sjálfsögðu minna eftir handa hinum sem eru með lágu bæturnar.

Varðandi skattlagningu húsaleigubóta og vaxtabóta þá mætti ákvarða húsaleigubæturnar sem því nemur lægri — það mundi ekki breyta neinu — sem nemur skattinum lægri. Þær voru ákveðnar á sínum tíma með hliðsjón af því að þær yrðu skattlagðar.

[00:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að réttlæti ríkisstjórnarinnar kostaði það að greiða einn milljarð en það að fullnægja dómnum eins og stjórnarandstaðan vill kostar tvo milljarða. Mér finnst peningunum til þessa miklu skynsamlegar varið, þ.e. að verja tveim milljörðum til þess að fullnægja dómnum heldur en að veita 636 einstaklingum skattaívilnanir upp á 20 milljarða sem kostar ríkissjóð og sveitarfélög 8,5 milljarða. Ég vil frekar verja peningunum til þess að fullnægja dómnum á þann hátt sem er eðlilegt og réttlátt.

[00:22]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hélt því fram í ræðu sinni að ríkisstjórnin túlkaði dóm Hæstaréttar eins þröngt og kostur væri og engin þörf væri á að setja lög svo hægt væri að greiða bætur samkvæmt honum.

Dómur Hæstaréttar varðar samkvæmt kröfugerð Öryrkjabandalagsins einungis tilvik 5. mgr. 17. gr., þá öryrkja sem eru í hjúskap með maka sem ekki er öryrki. Stjórnarandstaðan hefur heimtað efndir samkvæmt dómnum og ítrekað sagt að löggjöf þyrfti ekki til. Því spyr ég hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort henni finnist ekki eðlilegt að þeir öryrkjar sem falla undir 6. og 7. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna, þ.e. þeir öryrkjar sem eru í hjúskap með ellilífeyrisþega eða með öðrum öryrkja, njóti góðs af dómnum jafnt og þeir öryrkjar sem búa með þeim sem ekki er öryrki. Og jafnframt hvort henni sé ljóst að til þess að þeim verði greitt þá þurfi að setja löggjöf sem geri þeim jafnhátt undir höfði og hinum sem dómurinn tekur beinlínis til. Hvort í þessu felist ekki viðurkenning á því að á löggjöf sé þörf svo hægt sé að gera þessum öryrkjum jafnhátt undir höfði burt séð frá því með hverjum þeir búi.

[00:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum bara hreinlega verið ósammála um það í dag, stjórnarandstaðan og stjórnarliðar, hvort setja þyrfti lög til þess að fullnægja þessum dómi. Við í stjórnarandstöðunni teljum að þess þurfi ekki, að dómsniðurstaðan sé alveg skýr.

Hvað varðar ellilífeyrisþegana, sem minna hefur verið rætt um, er náttúrlega alveg ljóst að ef 18 þúsund kr. duga ekki fyrir öryrkjann til framfærslu þá getur það varla heldur dugað ellilífeyrisþeganum. Dómsniðurstaðan fjallaði ekki um ellilífeyrisþegana. Það var Öryrkjabandalagið sem höfðaði mál fyrir hönd öryrkjanna þannig að það er alveg ljóst að dómsniðurstaðan er alveg skýr hvað það varðar að það þarf ekki lög til að greiða út þessar bætur, eins og við í stjórnarandstöðunni héldum fram og hefur t.d. verið vitnað í dag til lagaprófessors, Eiríks Tómassonar, sem sagði að samkvæmt dómsniðurstöðunni hefði verið hægt að greiða út bætur til öryrkjanna um síðustu mánaðamót án þess að setja lög í því efni.

[00:25]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar lýtur einungis að tilvikum 5. mgr. 17. gr. Stjórnarandstaðan hefur ítrekað gert kröfu um og haldið því fram að ekki sé þörf á að setja nein lög, einungis beri að efna dóminn. 6. og 7. mgr. 17. gr. lúta að öryrkjum. Þær lúta að öryrkja annars vegar sem eru í sambúð með ellilífeyrisþega og hins vegar öryrkja sem er í sambúð með öðrum öryrkja. Dómurinn lítur einungis á öryrkja sem er í sambúð með þeim sem ekki er öryrki.

Spurning mín til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er sú hvort henni fyndist ekki eðlilegt að aðrir öryrkjar en þeir sem eru í sambúð með þeim sem hefur fulla starfsorku nytu góðs af dómnum og hvort hún væri þá ekki sammála mér í því að til þess að það væri unnt yrði að setja löggjöf og greiða þessum aðilum til að geta gert þeim jafnhátt undir höfði og þeim sem dómurinn beinlínis tekur til. Ellilífeyrisþegar sem hópur voru ekki hér til umræðu.

[00:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg skýrt, herra forseti, og það hefur margoft komið fram í dag að við höfum talið og við teljum að ekki þurfi að setja sérstök lög til þess að greiða öryrkjum út þær bætur sem hæstaréttardómurinn kvað á um. Það er alveg skýrt.

Ef ríkisstjórnin ætlar sér aftur á móti að bæta smánarleg kjör öryrkja almennt eins og t.d. tveggja öryrkja í sambúð eða lífeyrisþega og hækka þessar 51 þús. kr. þá þarf vissulega lagabreytingu.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:28.

---

61. FUNDUR

fimmtudaginn 18. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Almannatryggingar, stjfrv., 379. mál, þskj. 624. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um vaxtahækkun og stöðuna í húsnæðismálum láglaunafólks. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Kveðjur til heilbrigðisráðherra.

[10:32]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég legg til að forseti vor í nafni þingheims sendi hæstv. heilbr.- og trmrh. hlýjar kveðjur með einlægri ósk um góðan og skjótan bata. (**Gripið fram í:** Heyr!)

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti þakkar þessa ábendingu sem verður að sjálfsögðu orðið við og þakkar hv. þm. fyrir þessa hlýju í garð hæstv. ráðherra.

Umræður utan dagskrár.

Vaxtahækkun og staðan í húsnæðismálum láglaunafólks.

[10:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það virðast engin takmörk fyrir því hvað Framsfl. lætur Sjálfstfl. teyma sig langt í að slá af alla félagslega aðstoð í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk. Félagsmálastjórinn í Reykjavík sagði opinberlega nýverið að ástandið á leigumarkaðnum færi stöðugt versnandi, biðlistarnir lengdust sífellt og fjöldi manns búi við algerlega óviðunandi aðstæður. Orðar hún það svo að hún gæti af fullri einlægni sagt að það hefði aldrei verið eins slæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að hún hóf störf sem félagsmálastjóri fyrir sex árum.

Herra forseti. Ég minni á að á þessu tímabili sem félagsmálastjórinn nefnir hefur ríkt góðæri í landinu. Afleiðingar þess að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið fyrir tveimur árum hafa orðið mjög víðtækar og ég hygg að engar aðgerðir ríkisstjórna, þó leitað sé marga áratugi aftur í tímann, hafi haft eins afgerandi áhrif til að draga niður lífskjör láglaunafólks. Beint samhengi var á milli þess að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið og sprengingar á fasteigna- og leiguverði íbúða. Íbúðaverð hefur hækkað um 30–40% og leiguverð enn meira auk þess sem biðlistar eftir leiguíbúðum hafa lengst um helming eins og í Reykjavík. Þetta hefur síðan stuðlað að mikilli hækkun á fasteignagjöldum sem aftur hefur leitt til skerðingar á barna- og vaxtabótum.

Það er deginum ljósara að enginn einn þáttur hefur sl. missiri, utan hækkunar á bensínverði, átt eins mikinn hlut að því að keyra upp vísitölu lána og þar með að hækka höfuðstól húsnæðislána, að ekki sé talað um að magna upp verðbólguna. Vegna aðgerða og aðgerðaleysis þessarar ríkisstjórnar erum við á hraðri ferð aftur inn í fortíðina til ömurlegrar húsnæðisaðstöðu fátæks fólks eins og hún var í upphafi síðustu aldar. „Fólk hefur gistingu," sagði hæstv. félmrh. síðast þegar hann var spurður um húsnæðismál láglaunafólks á Alþingi. En hvar hefur fólk gistingu, herra forseti, sem hundruðum saman býr við neyðarástand? Margir vita ekki frá einni nótt til annarrar hvar þeir fá húsaskjól eða gistingu eins og hæstv. félmrh. kallar það.

Bara í Reykjavík eru 600–700 manns á biðlista eftir leiguhúsnæði sem hefur nánast tvöfaldast frá því að hæstv. ráðherra lagði niður félagslega íbúðakerfið. Sama er að segja um biðlista hjá Öryrkjabandalaginu sem einnig hafa tvöfaldast frá þessum tíma. Þar eru nú 440 einstaklingar og fjölskyldur á biðlista eftir leiguíbúðum og við þann lista bætast um 100 manns á ári. Sömu sögu er að segja af námsmönnum en þar eru 300–400 manns á biðlista eftir leiguíbúðum.

Herra forseti. Hvernig svarar svo hæstv. ráðherra þessari skelfilegu neyð sem ríkir hjá hundruðum fjölskyldna, einkum í Reykjavík? Jú, með því að níðast á láglaunafólki með sérstakri vaxtahækkun á húsnæðislán þeirra sem hækkað hafa úr 1% í 4,9% á tveimur árum og á viðbótarlánum úr 2,4% í 5,7%, en þessi viðbótarlán bera nú mun hærri vaxtakjör en húsbréfalánin, en viðbótarlánin áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður.

Herra forseti. Flestir þeir sem fá viðbótarlán og eru þegar með 85–90% lánað af íbúðarverðinu hafa nýtt sér að fullu vaxtabæturnar og því er hér um raunhækkun á vöxtum að ræða sem ekki verður bætt með vaxtabótum. Sama virðist gilda hjá mörgum sem fá húsaleigubætur að að óbreyttu, ef leiga hækkar vegna þessarar vaxtahækkunar, þá verða þau útgjöld heimilanna ekki bætt með húsaleigubótum. Svo grafalvarlegt er þetta ástand, herra forseti. Það eru forkastanleg vinnubrögð og eftir öðru að fyrsta verk ríkisstjórnarinnar á nýrri öld er að ráðast með miskunnarlausum hætti á lægst launaða fólkið með vaxtahækkun og verk númer tvö að skerða stjórnarskrárvarinn rétt öryrkja til lífeyrisgreiðslna. Félagasamtök og sveitarfélög halda nú að sér höndum og eru í lausu lofti af því að engin svör fást við því hvernig mæta eigi þessum gríðarlegu vaxtahækkunum og ljóst er að uppbygging á félagslegum íbúðum eða leiguíbúðum mun stöðvast verði ekkert að gert, að ekki sé talað um skelfilega slæmar húsnæðisaðstæður hátt í 2.000 fjölskyldna sem eru á biðlista.

Því er nú spurt um aðgerðir ráðherrans, herra forseti, og ég hef lagt fyrir hann fimm spurningar sem lúta að þessum vaxtahækkunum, m.a. hver sé ástæða þess að vaxtahækkunin taki gildi áður en fyrir liggja samtímis aðgerðir til mótvægis eins og stofnstyrkir til framkvæmdaraðila leiguíbúða og hækkun húsaleigu og vaxtabóta og hvort ráðherrann líti svo á að neyðarástand ríki í húsnæðismálum láglaunafólks með tilliti til langra biðlista eftir leiguíbúðum og mikils húsnæðiskostnaðar. Tvær spurningar lúta síðan að því hvort þessar vaxtahækkanir verði afturvirkar.

[10:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr: Hver er ástæða þess að vaxtahækkunin tekur gildi áður en fyrir liggja samtímis aðgerðir til mótvægis eins og stofnstyrkir til framkvæmdaraðila leiguíbúða og hækkun húsaleigu og vaxtabóta?

Þessi hækkun tekur ekki gildi varðandi leiguíbúðir að svo stöddu. Ég ritaði stjórn Íbúðalánasjóðs bréf og bað um að þessari vaxtahækkun yrði frestað. Í þessu bréfi segir m.a., með vísan til bráðabirgðaákvæðis IX í húsnæðislögunum:

„Ekki liggur enn fyrir sú framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins skulu taka mið af í framtíðinni. Þegar hefur verið unnin viðamikil tillögugerð í skýrslu nefndar um leigumarkað og leiguíbúðir. Að mati félagsmálaráðherra er nauðsynlegt að allir þættir tillagnanna komi til framkvæmda samtímis, þ.e. bæði vaxtahækkun og breyting á aðstoð hins opinbera til leigjenda.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 44/1998 ákveður stjórn Íbúðalánasjóðs vexti af lánum til leiguíbúða og skulu þeir vera breytilegir. Með vísan til 3. gr. húsnæðislaga er þess hér með óskað að stjórn Íbúðalánasjóðs geri engar breytingar á vöxtum sem lán til leiguíbúða bera sem veitt hafa verið á árunum 1999 og 2000, þ.e. eftir gildistöku laganna. Hvað snertir ný lán sem ákveðið verður að veita á árinu 2001 er farið fram á það að lán til sveitarfélaga og félagssamtaka vegna leiguíbúða beri ekki hærri vexti en á síðasta ári, þ.e. 3,9%, þar til fyrir liggur ákvörðun um alla þá þætti sem ofangreint bráðabirgðaákvæði IX lýtur að."

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvað á fundi sínum að verða við þessari beiðni minni.

Önnur spurning: Mun ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem tryggi að greiðslubyrði láglaunahópa aukist ekki við vaxtahækkun á viðbótarlánum og lánum vegna leiguíbúða?

Ég hef beitt mér vegna leiguíbúðanna. Því miður hefur vaxtastig í landinu hækkað.

Þriðja spurningin: Munu sveitarfélög og félagasamtök sem fengið höfðu lánsloforð á árunum 1999 og 2000 til

byggingar leiguíbúða með 3,2% vöxtum og 3,9% vöxtum þurfa að sæta vaxtahækkun á þeim lánsloforðum í 4,9?

Lán til leiguíbúða í ár munu bera 3,9% vexti þar til samkomulag hefur tekist, eins og ég sagði, um hækkun húsaleigubóta, stofnstyrkja eða skattfrelsi húsaleigubóta. Vextir á eldri lánum til leiguíbúða munu ekki breytast.

Fjórða spurning: Telur ráðherra eðlilegt að sérstök vaxtakjör ætluð láglaunahópum séu hærri en vextir á húsbréfum og munu þeir lántakendur viðbótarlána sem fengið höfðu vilyrði fyrir viðbótarlánum fyrir áramótin en ekki skuldabréf vegna þeirra þurfa að sæta vaxtahækkun í 5,7%?

Það er ekki rétt sem staðhæft er hér að hinir raunverulegu vextir af viðbótarlánunum sem eru peningalán séu hærri en á húsbréfum. Afföll af húsbréfum eru því miður um 10%. Það er of mikið. En ef þessum afföllum er dreift á lánstímann þá svarar það til þess að það séu um 6% vextir af húsbréfum þannig að þeir eru aðeins lægri af viðbótarlánunum. Ég vek athygli á því að þau lánakjör sem Íbúðalánasjóður verður að búa við til að geta fjármagnað sig eru slík að ekki er unnt að hafa þessa vexti lægri.

Fimmta spurning: Lítur ráðherra svo á að neyðarástand ríki í húsnæðismálum láglaunafólks með tilliti til langra biðlista eftir leiguíbúðum og mikils húsnæðiskostnaðar?

Biðlistar eftir leiguhúsnæði eru of langir. Það er hins vegar ekki eðlilegt að leggja saman alla biðlista sem finnast í landinu því að margir eru á fleiri en einum biðlista. Það er athyglisvert að í Hafnarfirði eru ekki nema 18 á biðlista á meðan 500–600 eru hjá Félagsbústöðum. Það er hlutverk sveitarfélaga en ekki ríkis að skaffa tekjulágum leiguíbúðir og vitna ég þar til sveitarstjórnarlaga. Öllum lánsumsóknum um leiguíbúðir sveitarfélaga frá námsmönnum og Öryrkjabandalaginu hefur verið svarað jákvætt og flestöllum frá Búmönnum og Búseta. Á árunum 1999, 2000 og 2001 verður lánað út á 1.100 íbúðir með 3,2 eða 3,9% vöxtum, samtals 7,5 milljarðar, (Forseti hringir.) og 237 með 1% vöxtum.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Ég verð að segja það, herra forseti, að svör hæstv. félmrh. hljóta að verða Alþingi mikið áhyggjuefni. Hann boðar hér framhald á því óvissuástandi sem ríkir í húsnæðismálum. Hann segir að enn um sinn verði vaxtahækkun frestað til þeirra aðila sem sjá skjólstæðingum sínu fyrir félagslegu húsnæði. En enn er ekki búið að taka ákvörðun um hvernig komið verður til móts við þessa aðila. Hann talar enn um stofnstyrki eða húsaleigubætur. Eða, eða. Engin svör er að fá fyrir þessa aðila. Þetta svar er þeim og þjóðfélaginu öllu mikið áhyggjuefni. Síðan staðfestir hæstv. félmrh. að vextir á viðbótarlánum verði hækkaðir og þeir færðir upp í 5,7%. Hverjum eru þessi viðbótarlán ætluð? Þau eru ætluð láglaunafólkinu. Málsbætur hæstv. félmrh. eru þær að vissulega eru vextir á húsbréfunum enn þá hærri vegna þess að við þurfum að taka tillit til affallanna, þegar það sé gert séu þessir vextir 6% en ekki rúm 5%. Allt er á sömu bókina lært.

Við skulum heldur ekki gleyma því að til viðbótar þarf fólk að taka lán á okurvöxtum í bönkunum sem iðulega bera um 20% vexti, 200 þús. kr. á ári fyrir hverja milljón. Í utandagskrárumræðu um húsnæðismál sem ég efndi til í desember lýsti hæstv. félmrh. yfir að hann vissi ekki betur en allir hefðu einhvers staðar gistingu. Nú spyr ég: Er það stefna Framsfl. í húsnæðismálum að einhvers staðar hafi allir gistingu, flet til að halla sér á? Ekki er markið sett hátt.

[10:45]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Breytingar á félagslega íbúðakerfinu hafa verið miklar á undanförnum árum og það til batnaðar. Horfið hefur verið frá þeirri stefnu að leggja alla ábyrgð á byggingu félagslegs húsnæðis á hendur sveitarfélaganna sem mörg hver voru að verða gjaldþrota vegna þess og í stað þess hafa þessi mál verið sett í hendur einstaklinganna sjálfra og fjölskyldna þeirra. Í stað niðurgreiddra vaxta af lánum er stefnan sú að lántakinn greiði eðlilega vexti af lánum sínum en þeir sem eru tekjulitlir njóti aðstoðar í formi vaxtabóta. Þannig greiddi ríkissjóður tæpa 4 milljarða kr. í vaxtabætur á síðasta ári samkvæmt skattframtölum. Það verður að teljast eðlilegt að greiðsla vaxta fari eftir efnum og aðstæðum í stað þess fyrirkomulags að njóta niðurgreiðslna vaxta um alla framtíð óháð því hvernig aðstæður fjölskyldu breytast.

Um það er einnig fjöldi dæma að sjálfvirk kerfi í byggingu félagslegs húsnæðis leiddu til bygginga sem engin þörf var fyrir. Íbúðalánasjóður hefur veitt loforð fyrir byggingu 1.334 leiguíbúða til félagasamtaka og sveitarfélaga árin 1999–2003, fyrir um 9 milljarða kr. alls. Langstærstur hluti þessara leiguíbúða eða 955 eru á vegum félagasamtaka eins og Búmanna, Búseta, námsmanna, öryrkja, þroskaheftra o.fl., mest á höfuðborgarsvæðinu. Afgangurinn er á vegum sveitarfélaganna. Vextir af þessum lánum hafa verið niðurgreiddir en stefnan er sú að þau beri eðlilega vexti. Þeir tekjuminni, öryrkjar og þroskaheftir, njóta á móti húsaleigubóta sem geta orðið 32 þús. kr. á mánuði. Alls nema þessar bætur 600 millj. kr. árlega.

Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur það hlutverk að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna og sjá til þess að rekstur sjóðsins standi undir sér. Tekjur Íbúðalánasjóðs eru að mestu leyti vaxtamunur inn- og útlána sjóðsins. Þess er gætt að rekstrarkostnaður sé í lágmarki og því hefur vaxtamunur verið mjög lágur eða 0,35% en hjá bönkum er hann 3,4%. Ef Íbúðalánasjóður ætti að lána til þeirra leiguíbúða sem hefur verið lofað með 1% vöxtum væri árlegt tap sjóðsins um 390 millj. kr. og eigið fé sjóðsins mundi eyðast upp á 7–10 árum. Staða einstaklinga í dag er góð gagnvart Íbúðalánasjóði og vanskil hafa aldrei verið minni.

[10:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í umræðu um málefni öryrkja í gær kom fram í máli stjórnarliða að þeir vildu koma að því að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Telja menn nú að hækkun vaxta á láglaunahópa sé í þá átt að bæta hag þeirra sem verst eru settir? Lítur hæstv. félmrh. svo á að vaxtahækkun á lágtekjufólk sé réttlætanlegt og nauðsynlegt skref í því að jafna kjör fólks sem er ekki of haldið af kjörum sínum? Hækkun vaxta á lánum til leiguíbúða um 4% munu að öllum líkindum hækka húsaleigugreiðslur fyrir 80 fermetra íbúð um 20 þús. kr. á mánuði. Varla er það skref í þá átt að bæta kjör þeirra sem hafa ekki miklar tekjur fyrir.

Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að taka á þeim vanda sem vaxtahækkun hlýtur að valda láglaunafólki á næstu mánuðum eða telur hæstv. félmrh. að sveitarfélögin séu svo vel fjáð almennt að vandinn verði leystur af þeim?

[10:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Vaxtahækkun sú sem er til umræðu kemur sér afar illa fyrir marga. Hún kemur sér sérlega illa fyrir þá sem þurfa sérstaka aðstoð vegna kaupa á íbúð að halda og hún kemur sérstaklega illa við láglaunahópa þar sem hún étur upp allar kjarabætur jafnharðan. Hún kemur sér mjög illa fyrir sveitarfélögin. Þess vegna er mjög ánægjulegt að hæstv. félmrh. ætli að setja þetta mál aðeins í salt varðandi þær leiguíbúðir því ef það yrði ekki gert þýddi það að stofnstyrkir sveitarfélaganna yrðu að hækka verulega ef tryggja ætti venjulega mánaðarleigu eins og hún er núna því annars gæti hún hækkað um allt að 16 þús. kr. á mánuði ef þetta yrði ekki dregið til baka. Þá spyr maður hvort það sé hreinlega boðlegt.

Það virkar auðvitað líka inn í húsaleigubótakerfið og við skulum ekki gleyma því að húsaleigubæturnar eru skattlagðar. Þær eru ekki lagðar að jöfnu við vaxtabætur. Þær virka inn á allar tekjutryggingar eins og barnabætur og námslán sem vaxtabætur gera ekki. Við skulum ekki heldur gleyma því að þessi vaxtahækkun hefur líka áhrif á vaxtabæturnar þannig að fólk fær ekki eins miklar vaxtabætur og annars hefði verið. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða.

Ég vil líka spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann ætli að vinna að því í ríkisstjórn sinni að afnema skatta á húsaleigubætur. Það hefur jafnframt komið fram í nefnd og í skýrslum á hans vegum að þetta sé gróft brot á jafnræðisreglu. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann ætli ekki að vinna eitthvað í því máli af því að það er orðin spurning hvaða fólk sé í fyrirrúmi nú á þessum tímum.

[10:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það kemur fram í svari hæstv. félmrh. að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi fengið bréf um að fresta skuli vaxtahækkuninni og þeir haldist í 3,9% þar til samkomulag um aðrar aðgerðir séu í höfn. Ef lánakjör Íbúðalánasjóðs henta ekki láglaunafólki er það merki um að aðgerða sé þörf strax og hverjar verða aðgerðirnar? Bara eitthvað svona þetta eða hitt. Það er fátt um svör hjá hæstv. félmrh. Ekkert afgerandi kemur fram í svari hans við þeim áleitnu spurningum sem til hans er beint.

Staðreyndin er sú að ástandið í Reykjavík hefur ekki verið jafnslæmt í sex ár segja þeir sem best þekkja til. Það er líka staðreynd að fjárlög yfirstandandi árs skera niður framlag til félagslega leiguhúsnæðisins. Þess utan býður ríkisstjórnin þeim sem eru á götunni upp á lán á markaðsvöxtum. Það er stefnan, það er það sem á að gera, og það er kúvending í stefnu hins opinbera því að til skamms tíma báru slík lán 1% vexti. Rökstuðningur þeirra sem aðhyllast félagslega húsnæðiskerfið og aðhyllast félagslegar lausnir hefur verið sá að allir eigi rétt á mannsæmandi húsnæði burt séð frá efnahag. Nægi efnahagur fjölskyldu ekki til að greiða fyrir leigu í mannsæmandi húsnæði þar sem hægt er að bjóða fjölskyldu upp á eitthvert öryggi, þá hefur komið til framlag frá samfélaginu af því að þeir sem hafa byggt þetta samfélag hafa viljað stunda samhjálp af því tagi. Hugmyndafræði samhjálpar hefur verið brotin á bak aftur í þessum efnum af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þar sem lögmál markaðarins eiga að ráða og fjölskyldum sem búa við bágan efnahag eru send þau skilaboð frá hæstv. félmrh. að hann viti ekki til að ástandið sé verra en svo að allir hafi einhvers staðar gistingu. Það er ekkert skrýtið þótt kjósendur Framsfl. flýi hann nú í hópum.

Hvatinn til að byggja húsnæði sem láglaunafólk ræður við er tekinn út úr kerfinu með markaðsvæðingunni og það ásamt öðrum teiknum sem eru á lofti gerir ekki annað en staðfesta fyrir öllum sem hafa augun opin að hér eru menn í óðaönn að undirbúa næstu húsnæðiskreppu.

[10:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um Íbúðalánasjóð er gert ráð fyrir að hann eigi að standa undir eigin rekstri og ekki komi til framlög til hans af fjárlögum og úr ríkissjóði. Það er því á ábyrgð stjórnar Íbúðalánasjóðs að taka ákvarðanir um vexti af lánum sjóðsins þannig að það markmið náist.

Sjóðurinn fjármagnar sig með útboðum húsnæðisbréfa á markaði. Við vaxtaákvörðun ber sjóðnum og stjórn Íbúðalánasjóðs að taka mið af þeim lánskjörum sem sjóðnum bjóðast hverju sinni við sölu húsnæðisbréfa.

Hæstv. forseti. Það hefur orðið kerfisbreyting í hinu opinbera lánakerfi til húsnæðislána. Gamla kerfið sem hv. málshefjandi saknar svo mjög var orðið gjaldþrota. Það var skömmtunarkerfi sem átti ekkert skylt við nútímann. Mun eðlilegra er að aðstoð til fólks til að koma þaki yfir höfuðið komi í gegnum skattkerfið með vaxtabótum. Húsaleigubætur eru hins vegar ætlaðar til að koma til móts við það fólk sem þarf á félagslegri aðstoð að halda. Bótakerfi þessi, vaxtabæturnar og húsaleigubæturnar, eru tekjutengd miðað við fjölskyldutekjur þannig að reiknað er með því að þessi aðstoð sé þannig að hún komi til fjölskyldna.

Hins vegar er rétt að leiga er há á hinum almenna leiguíbúðamarkaði í Reykjavík sem stafar m.a. af því að það er lóðaskortur í Reykjavík og það er mikill aðflutningur fólks til Reykjavíkur. Það eru aftur á móti atriði sem er ekki hægt að bregðast við, hvorki hjá Íbúðalánasjóði né félmrh.

[10:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Félmrh. ætlar að standa fyrir hækkun á vöxtum í húsnæðiskerfinu og hver er ástæðan? Það er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar því að hún er föst í vítahring. Seðlabankinn beitir hæstu stýrivöxtum sem þekkjast til að braskararnir geti haldið áfram að flytja inn gjaldeyri, framkalla þannig það sem hagspekingar ríkisstjórnarinnar kalla jákvæðan viðskiptahalla. Svo aumt er ástandið að ef þessi gjaldeyrisinnflutningur félli snögglega niður mundi gengi krónunnar falla verulega. Þessi peningastefna væri einungis rekin sem skammtímaráðstöfun annars staðar en á Íslandi.

Afleiðingin er vaxtaokur. Almennir vextir eru komnir í um 20%. Þetta okur lendir fyrst og fremst á almenningi og smærri fyrirtækjum. Þeir stóru flytja sjálfir inn peninga á lægri vöxtum. Fyrrv. ráðherra bankamála lýsti reglulega yfir á Alþingi að ríkisstjórnin væri alveg á næstunni að fara að lækka vexti þangað til sá sami ráðherra flutti sig yfir í Seðlabankann, líklega til að lækka vextina. Á skyldi að ósi stemma, héldu sumir, en síðan hafa vextirnir hækkað sem aldrei fyrr. Nú bregður svo við að nýr bankamálaráðherra nefnir ekki vaxtalækkanir.

Stjórnvöld hafa gefist upp á því að reyna að koma á sambærilegum vöxtum hér og í nágrannalöndunum og keyra nú upp vexti á langtímalánum til félagslegs húsnæðis með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar. Hann gengur þar fram af fyllstu hörku gagnvart umbjóðendum sínum, lágtekjuhópun-

um sem þurfa á félagslegu húsnæði að halda og sveitarfélögunum sem verða að tryggja fátæku fólki húsnæði hvað sem líður hávaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra þarf að svara því hvernig hann ætlar sér að bæta þessum aðilum það sem verið er að leggja á herðar þeirra. Hann þarf að svara því hvort hann hafi endanlega misst vonina um að hægt sé að halda uppi eðlilegum vöxtum í húsnæðismálum á Íslandi. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að tryggja að sveitarfélögin geti staðið undir vaxtakröfunni?

[10:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið rakin bág staða félagslega leiguíbúðakerfisins. Biðlistar eru langir og alger óvissa um hvert framhaldið þar verður.

Félagslega eignaríbúðakerfið var einnig hluti af hinni opinberu húsnæðisstefnu. Íbúðir voru byggðar fyrir lágtekjufólk víða um land með þátttöku opinberra sjóða, samtökum vinnumarkaðarins og sveitarfélaga. Nú er einnig þessi þáttur húsnæðiskerfisins í fullkomnu uppnámi. Sveitarfélögin ein eru skilin eftir með kaupskyldu á þessum íbúðum og bitnar það mjög hart á fjárhag margra þeirra í þeirri miklu búseturöskun sem við nú upplifum hér á landi.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. félmrh. að taka á vanda félagslega eignaríbúðakerfisins heildstætt á landsvísu en ekki með því að ríkið bjóðist til þess að yfirtaka bestu eignir sveitarfélaganna upp í skuldir vegna þess. Ég skora einnig, herra forseti, á samtök sveitarfélaga að krefjast heildstæðra aðgerða um land allt á þessum vanda sveitarfélaganna en ekki líða það að ríkið taki þar sveitarfélag fyrir sveitarfélag og kippi af þeim eignum upp í þessar skuldir. Það er afar mikilvægt, herra forseti, að bæði félagslega leiguíbúðakerfið og félagslega eignaríbúðakerfið sé eðlilegur og farsæll þáttur í húsnæðisstefnu landsins.

[10:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Út af fyrir sig er fagnaðarefni að hæstv. ráðherra er á harðahlaupum undan eigin aðgerðum og frestar í bili vaxtahækkun á leiguíbúðum. Það er athyglisvert að enginn framsóknarmaður treystir sér til að verja þær aðgerðir sem ráðherrann er að fara að grípa til og hefur gripið til á umliðnum missirum. Það er alveg ljóst að einungis er um gálgafrest að ræða vegna þess að þetta skilur áfram eftir það ástand sem við búum við í miklu uppnámi og óvissu en það ástand er auðvitað fullkomlega óþolandi og það ástand sem er yfir höfuð á húsnæðismarkaðnum. Þó að þessari vaxtahækkun sé frestað eru vextir á leiguíbúðum enn 3,9% og vöxtum á viðbótarlánunum á ekki að fresta sem verða 5,7%. Mér skilst að þeir sem hafi fengið lánsloforð fyrir áramótin en ekki hafa fengin útgefin skuldabréf muni sæta þessari vaxtahækkun og það er óviðunandi, herra forseti. Það er alveg ljóst að bótakerfið sem við búum við, bæði vaxtabótakerfið og húsaleigubótakerfið, er sprungið. Fólk mun þurfa að bera þessa vaxtahækkun óbætta, taka þetta sem raunhækkun bæði á vöxtum og leigu nema ráðherrann beiti sér fyrir verulegri breytingu á húsaleigubótakerfinu og vaxtabótakerfinu. Þetta eru staðreyndir sem blasa við og mér óar við því, herra forseti, hve hæstv. ráðherra gerir lítið úr því neyðarástandi sem við blasir. Það eru 440 manns hjá Öryrkjabandalaginu sem bíða eftir húsnæðisaðstoð og bætast við 100 á hverju einasta ári. Það eru 400 hjá námsmönnum og það eru 600 hjá Reykjavíkurborg og ráðherrann klifar á tölunni 18 í Hafnarfirði. Auðvitað er skömm að þessu og til skammar hvernig ríkisstjórnin hefur tekið á húsnæðismálunum og leikið húsnæðiskerfið á þeim fimm árum sem Framsfl. hefur farið með húsnæðismálin.

En ég ítreka það, herra forseti, að hér er einungis um gálgafrest að ræða og óvissuástandið heldur áfram.

[11:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Frítekjumarkið var hækkað úr 1.600 þús. í 2 millj. Hámark bótanna fór úr 25 upp í 35 þús., efri mörk leigutillits hækka úr 45 upp í 50 þús. Það fóru 4 milljarðar í fyrra í húsaleigubætur og þeir sem fengu viðbótarlán fengu samtímagreiddar vaxtabætur.

Það verður auðvitað jafnaðarverð á leigu hjá hverju leigufélagi. Félagsbústaðir leigja á jafnaðarverði hvort sem lánið er á 1% eða 3,9% vöxtum eða hvort félagið á íbúðina skuldlausa. Sama gildir að sjálfsögðu um námsmannafélög, Öryrkjabandalagið o.s.frv. Að vísu er þetta óþægilegt fyrir ný félög sem verða að bera hærri vexti en við skulum líka taka með í reikninginn að á móti koma húsaleigubætur.

Félagsleg aðstoð er ekki slegin af. Það eru sveitarfélögin sem eiga að skaffa leiguhúsnæði, ekki ríkisstjórnin. Ef félagsmálastjórinn í Reykjavík er óánægð með ástandið ætti hún að beita sér fyrir meiri leiguíbúðakaupum eða byggingu fleiri leiguíbúða í borginni. Hækkun íbúðarverðs stafar af fólksflutningum til landsins en ekki breytingum á húsnæðiskerfinu.

Vaxtastigið í landinu er of hátt, segja menn. Fyrst skammast hv. þm. Ögmundur Jónasson yfir vaxtahækkun en síðan yfir því að vaxtahækkunin komi ekki til framkvæmda.

Ég ætla ekki að gera Íbúðalánasjóð gjaldþrota. Byggingarsjóður verkamanna varð ekki einasta gjaldþrota heldur át hann upp allar eignir Byggingarsjóðs ríkisins. Það er stórbætt innheimta hjá Íbúðalánasjóði þannig og það ber ekki vott um að menn eigi í vandræðum með að standa undir þeim lánum sem þeir hafa tekið.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 379. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 624.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Áður en ég kem að öðrum atriðum langar mig að rifja eilítið upp aðdraganda þessa máls og forsögu.

Eins og við vitum má rekja upphaf málsins sem hér er til umræðu til lagabreytinga sem gerðar voru 1993. Þá þótti nauðsynlegt vegna ákvæða í hinum nýja EES-samningi að skipta gömlu almannatryggingalögunum, annars vegar í lög um almannatryggingar og hins vegar í lög um félagslega aðstoð, þar sem væru ýmsar greiðslur og bætur sem ekki væri skylt að greiða en kæmi til greina að inna af hendi við sérstakar aðstæður. Þetta var gert.

Þá bar svo við að í lögunum um almannatryggingar féll brott lagastoð undir ákveðnum reglugerðarheimildum í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hafði í þessum efnum frá upphafi. Við lagabreytingarnar 1993 láðist að ganga þannig frá málum að áframhaldandi útgáfa reglugerðar um skerðingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega vegna tekna

maka héldi áfram. Það láðist að tryggja lagastoð fyrir slíkri reglugerð.

Hvað var hér á ferðinni, eitthvert pólitískt mál, ágreiningsmál, ásetningur um að fella þetta brott úr lögum? Nei, það segir skýrt í dómi Hæstaréttar um þetta atriði: Það var ekki vilji löggjafans. Það stóð til af allra hálfu sem greiddu um það atkvæði á sínum tíma að hafa þetta óbreytt eins og það var. Það hefur verið vitnað í ræðu ráðherrans í umræðum á þeim tíma. Hvað gerðist? Þetta var handvömm. Þetta var lagatæknileg handvömm ef svo mætti segja. Hver bar ábyrgð á henni? Vitanlega flutningsmaður málsins? Hver var það? Það var ráðherra Alþfl. í heilbrrn. sem flutti þetta mál inn í þingið. Hann ætlaði sér ekki að gera þarna neinar breytingar. Löggjafinn ætlaði sér ekki að gera neinar breytingar. Menn voru inni á þessu frv. eins og hann lagði það fram. Þetta gleymdist í heilbrrn. Það var að sjálfsögðu á ábyrgð ráðherrans. Sá ráðherra er einn af varaforsetum þingsins núna eins og við vitum. Það skiptir reyndar ekki máli þó að hann hafi hægt um sig í þessari umræðu vegna þess að við vorum aðilar að því stjórnarsamstarfi og studdum þetta mál. Við vissum ekki betur en að þarna væri óbreytt ástand miðað við það sem áður var. Við vissum ekki betur og studdum því heilbrrh. okkar á þeim tíma í því að gera þessar nauðsynlegu lagabreytingar, að skilja í sundur lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Engum datt í hug að þarna hafi verið sá ásetningur að gera einhverja efnisbreytingu. Það datt engum í hug.

Síðan kemur í ljós, þegar menn fara að skoða það mál betur og núna hefur verið dæmt um það, að reglugerðin sem seinna er gefin út, að vísu af núv. heilbrrh. eftir að búið var að ganga frá henni í ráðuneytinu, stenst ekki vegna þess að auðvitað er gerð sú krafa að reglugerðin hafi lagastoð. Um þetta er ekkert deilt. Um þetta er fjallað með mjög skýrum hætti í dómi Hæstaréttar og það er ekkert vafamál. Mönnum varð á í messunni við löggjafarstarfið, að vísu óvart, en þetta eru afleiðingarnar. Menn komast ekki upp með að setja reglugerðir án þess að fyrir þeim sé skýr lagastoð. Þannig var þetta 1993 og við þetta gerði umboðsmaður Alþingis síðan athugasemd, eins og kunnugt er. Þá var lögunum breytt og sett inn heimild fyrir þessari reglugerð.

Í dómsorði Hæstaréttar er skýrt vikið að tímabilinu 1994–1998, þar til nýju lögin eru sett. Við þetta hefur enginn gert athugasemdir, ekki einu sinni minni hluti Hæstaréttar sem er sammála þessu. Hins vegar snýst ágreiningurinn í þessu máli um það sem við tók eftir að lögum var breytt í annað sinn vegna þessa máls með gildistöku 1. janúar 1999. Menn greinir á um það, bæði dómarana í Hæstarétti og marga hv. þm., hvort hægt sé að túlka þau lög sem stjórnarskrárbrot. Þá ætla ég einmitt að koma að því sem gerðist hér í millitíðinni árið 1995 þegar stjórnarskránni var breytt.

Við munum það mörg sem sátum þá á Alþingi að við tókum höndum saman um það, í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins 1994 þar sem samþykkt var þál. um að endurskoða VII. kafla stjórnarskrárinnar, svokallaðan mannréttindakafla, að leggja til breytingar í því efni á næsta þingi á eftir, 1994–1995. Þær voru endanlega afgreiddar eftir kosningarnar árið 1995. Það vill svo til að þetta frv. um breytingar á stjórnarskránni, frv. til stjórnarskipunarlaga, var flutt af fulltrúum þingflokka og ég er sá eini sem sit enn á Alþingi úr þeim hópi. Ég var 1. flm. að því máli og hafði forustu um það í hópi þingflokksformanna að undirbúa þetta mál. Ég var sömuleiðis formaður í stjórnarskrárnefnd þingsins sem fékk þetta mál til meðferðar. Eins og margir muna urðu býsna miklar deilur og átök í samfélaginu um þetta mál og skiptar skoðanir um ýmis atriði en að lokum náðum við góðri sátt um málið í þinginu og þessi ákvæði eru núna í gildandi stjórnarskrá.

Það var ekki tekist á um ákvæðin sem komu til skjalanna, að því er varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi, á þessum tíma. Það var ekki mikil ágreiningur um þau ákvæði sem þá voru sett inn í stjórnarskrána, m.a. vegna þess að ekki var talið að neinar stórfelldar efnisbreytingar væru gerðar á þeim ákvæðum sem áður giltu í ljósi þróunar réttarins, breyttrar réttarvitundar og túlkunar þessara ákvæða í ljósi gildandi og ríkjandi viðhorfa. Þessi ákvæði voru með öðrum orðum færð í átt til nútímans, út úr 19. aldar orðalagi og hugarfari inn í nútímann, m.a. með hliðsjón af mannréttindasáttmálum sem Íslendingar höfðu í millitíðinni gerst aðilar að.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að þarna hafi orðið grundvallarbreyting í stjórnarskrárlegu tilliti varðandi þessi réttindi. Það er tekið fram í grg. stjórnarskipunarlagafrv. og í framsögu minni á þeim tíma hvað þarna er um að ræða. Hins vegar er ekki tekið fram í ræðu minni það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði mér í munn í umræðunum í gær, að ég hafi sagt að þessi ákvæði ættu aldeilis ekki að verða einhverjar skrautfjaðrir í stjórnarskránni. Það er auðvitað bara tilbúningur hv. þm. sem greinilega hefur ekki flett þessu upp eða kynnt sér það sem fór hér á milli manna frekar en ýmislegt annað í þessu máli.

Á þessum tíma barst til stjórnarskrárnefndar þingsins athugasemd og umsögn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, undirrituð af formanni hennar, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni. Þar er sérstaklega vikið að þessari grein. Hann gerir athugasemd við að í ákvæðunum skuli standa að nánar skuli kveðið á um tiltekin réttindi í lögum. Í ákvæðunum stendur að allir sem þurfa skuli eiga rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og sambærilegra atvika, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Hann gerir athugasemd við að þar skuli standa „eftir því sem nánar er ákveðið í lögum“ og telur að það sé merkingarlaust. Hann telur ekki hægt að bera þessi ákvæði fyrir sig í dómsmáli vegna þess að rétturinn sé eingöngu sá sem er ákveðinn í lögum. Þetta sagði viðkomandi lögmaður.

Við gerðum að vísu orðalagsbreytingu við meðferð málsins í þinginu og greinin hljóðar örlítið öðruvísi eins og hún stendur núna í stjórnarskránni. Núna stendur að öllum sem þessi atvik nái til skuli tryggður réttur í lögum. Það er sérstaklega tekið fram í nál. með þessu ákvæði að ekki sé um efnisbreytingu að ræða heldur sé verið að skerpa á orðalaginu. Ég tek það sérstaklega fram í framsögu með nál. að ég telji að ekki sé um efnisbreytingu að ræða. Með öðrum orðum þá standa væntanlega ummæli hæstaréttarlögmannsins um að í þessu felist engin sérstök réttindi umfram það sem áður var.

Þetta er kannski ekki heldur kjarni málsins. Það sem ég er að segja er að með þessum stjórnarskrárbreytingum varð engin grundvallarbreyting í íslenskum rétti að því er þetta varðar. Það var verið að færa þessi ákvæði í nútímalegan búning og taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga sem eru þó eins og við vitum öll svo almenns eðlis að þar er í flestum tilfellum eingöngu tekið fram að þeir sem eru aðilar að samningnum skuldbindi sig til þess að hafa almannatryggingakerfi með einhverjum lágmarksgreiðslum. Auðvitað vita allir að Íslendingar standa flestum öðrum þjóðum miklu framar í því

efni og eru langt umfram þær lágmarksskuldbindingar sem er að finna í slíkum sáttmálum. Þess vegna er furðulegt að menn byggi kröfur sínar eða úrskurði á því að við séum undir einhverjum lágmörkum í slíkum sáttmálum.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, um aðdraganda þessa máls og þær breytingar sem gerðar voru á stjórnarskránni.

Í greinargerðinni með frv. til stjórnarskipunarlaga, sem síðar varð að lögum, er sérstaklega tekið fram að ekki er lögð til breyting frá gildandi reglu sem þá var að því leyti að ekki er ráðgert að sá sem geti séð nægilega fyrir sér sjálfur þurfi að njóta réttar til opinberrar aðstoðar þó svo að að sjálfsögðu sé heimilt að veita mönnum slíkan rétt með lögum. Við getum auðvitað á Alþingi veitt ótal aðilum alls kyns réttindi umfram það sem segir í stjórnarskránni. En okkur er ekki skylt að veita með lögum fólki rétt til aðstoðar ef það getur séð nægilega fyrir sér sjálft. Þetta er líka mikilvægt atriði og snertir náttúrlega það mál sem við erum að tala um. Okkur ber ekki skylda til að útvega hátekjufólki aðstoð úr ríkissjóði. Okkur ber engin skylda til þess. Ef við viljum megum við setja um það lög, en ekki er skylt að gera það.

Herra forseti. Ég kem þá að nokkrum öðrum atriðum í þessu máli en ég tel nauðsynlegt að menn hafi þennan aðdraganda nokkuð í huga, þá handvömm sem varð við lagasetninguna 1993, sem við bárum öll ábyrgð á í stjórnarmeirihlutanum á þeim tíma, þar sem er yfirlýst í dóminum að það var ekki vilji Alþingis að gera breytingar þá frá fyrrverandi framkvæmd en þar urðu mistök sem núna þarf að greiða fyrir og um það er ekki deilt. Fyrri hluti dómsorðs Hæstaréttar tekur af tvímæli í því efni.

Síðari hluti dómsorðsins er hins vegar annars eðlis. Þar er ekkert vikið að því að tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap megi skerða með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Ekki er vikið orði að því í síðari hluta dómsorðsins. Það er eingöngu sagt að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 skv. 5. mgr. 17. gr. viðkomandi laga. Það er ekki sagt: Sömuleiðis er viðurkennt eða tínt til í seinni hluta dómsorðsins það sem segir í fyrri hlutanum um þessar aðstæður sem verið er að fjalla um. Þetta er lykilatriði í túlkun dómsins.

Ég ætla aðeins áður en lengra er haldið að koma að því sem varðar eðli þessa dómsorðs og þess sem menn hafa verið að spyrja okkur um og segja við okkur: Af hverju borgið þið þetta ekki bara út? Það er sagt við okkur úti um allt: Af hverju er þetta ekki bara borgað, af hverju ekki bara að senda ávísanir og greiða fólki þetta? Það er vegna þess að það er ekki hægt, vegna þess að þetta er ekki aðfararhæfur dómur eins og kemur skýrt fram í honum sjálfum. Þetta er nefnilega viðurkenningardómur eins og hefur margoft komið fram og nauðsynlegt er að setja ný lög til þess að fullnægja dóminum. Það er það sem verið er að gera hérna.

Einnig vakna ýmis álitamál sem tekið er á í skýrslu starfshópsins, t.d. varðandi þá einstaklinga þar sem réttindi mundu versna ef dómurinn er túlkaður algjörlega bókstaflega um að það eigi að meðhöndla hvern og einn í hjúskap sem einstakling utan hjúskapar. Það er alveg ljóst að einhverjir aðilar færu verr út úr því en er í dag. En það er tekin afstaða til þess, bæði í skýrslu starfshópsins og í frv. ríkisstjórnarinnar, að enginn skuli verða fyrir slíku, enginn skuli tapa þannig réttindum eða verða fyrir tjóni af völdum dómsins. Það eru tiltekin dæmi um það í skýrslu starfshópsins við hvaða aðstæður það getur gerst. En litið er fram hjá því, ekki er gert ráð fyrir því að dregið sé úr réttindum þeirra örorkulífeyrisþega sem hafa notið hærri örorkulífeyris vegna hjúpskapar síns en vera mundi utan hjúskapar.

Ef menn væru samkvæmir sjálfum sér og segðu: Borgið þið bara. Þá hefðum við líka þurft að taka af viðkomandi aðilum sem þetta á við um réttindi þeirra. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Er þingmaðurinn búinn að ljúka sér af?

Það sem er það mikilvæga að því er varðar innihald þessa dóms er að ekki er lagt bann við því að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka. Sagt er að það hafi ekki mátt á árabilinu fyrir 1998, 1999. En það er ekki sagt að ekki hafi mátt gera það síðan. Það er kannski ekkert skrýtið vegna þess að það er auðvitað grundvallaratriði þegar litið er til félagslegrar stöðu og efnahags að menn hafi í huga fjárhag þess fjárfélags sem verður til þegar stofnað er til hjúskapar. Eins og menn vita er í hjúskaparlögum kveðið á um sérstaka gagnkvæma framfærsluskyldu einstaklinga í hjúskap. Það er reyndar líka tekið fram í tiltekinni alþjóðlegri samþykkt sem heitir Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um lágmark félagslegs öryggis frá 1953, sem vitnað er til í forsendum dómsins, að tilteknar bætur megi lækka einmitt vegna fjárráða eða tekna fjölskyldu bótaþegans við ákveðnar aðstæður sem þar er vitnað til. Mér þykir því tilvitnun Hæstaréttar í þessa samþykkt eilítið undarleg í ljósi þess sem segir í 67. gr. b í þessum sáttmála. Það er viðurkennt víðar en á Íslandi og víðar en á Norðurlöndunum að taka megi tillit til tekna maka. Þess vegna er ekkert skrýtið að það sé niðurstaðan í þessu máli að það sé áfram leyfilegt. En það er ekki leyfilegt að gera það með þeim hætti sem gert var vegna þess að farið var niður fyrir ákveðin lágmarksmörk, að því er virðist í dómi Hæstaréttar, sem samrýmast 76. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún lítur út í dag. Með öðrum orðum, dómsorðið gengur út á að skerðingin hafi verið meiri en svo að það geti samrýmst þessu ákvæði.

Þá er verkefnið það að búa þannig um hnútana í lögunum að þessum ákvæðum sé mætt. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema í lögum bæði vegna þess sem segir í stjórnarskránni og hefur verið vitnað til í umræðunni að það skal gert með lögum, og líka vegna þess að engin leið er að fá neitt vit í slíkt kerfi nema það sé útlistað í lögum hvernig eigi að standa að því og eftir atvikum í reglugerð hvernig eigi að standa að slíkum greiðslum.

Þetta er lykilatriði í þessu. Verkefnið er að koma þessu máli í þann búning að það standist þessi ákvæði og dóminum sé þar með fullnægt.

Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að fá sérfræðinga til að hjálpa sér við að rannsaka þetta mál, valinkunna lögfræðinga sem hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um túlkun á dóminum. En það kemur í ljós þegar menn skoða málið, eins og ég veit að margir hafa nú verið að gera betur og betur í þessum sal, að það er gríðarlega flókið. Það sjá menn bæði ef þeir lesa dóminn og ekki síður ef þeir lesa skýrslu starfshópsins um þetta atriði. Upp hafa komið í sambandi við þetta ýmis álitamál sem ég hef þegar nefnt, eins og með þá sem hefðu orðið fyrir skertum réttindum vegna hugsanlegrar túlkunar á niðurstöðu dómstólsins.

Verkefnið er að leysa úr þessu með þessum hætti. Ríkisstjórnin hefur sinnt þeirri skyldu sinni með því að leggja fram þetta frv. Það er gert til þess að gera ákvæði 5. mgr. laganna, en reyndar einnig 6. og 7., vegna þess að þar eru

atvik sem má með réttu jafna til þeirra atvika sem um getur í 5. mgr., gert þannig að 5. mgr. standist örugglega ákvæði stjórnarskrárinnar.

Þess vegna er það svo fáránlegt sem hér hefur verið haldið fram af löglærðum manni í þessum þingsal, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, að 5. mgr. hafi fallið úr gildi. (Gripið fram í.) Ekki er hægt að halda því fram að þessi ákvæði séu úr gildi fallin. Það þarf að laga þau, það er það sem við erum að gera. Ef 5. mgr. hefði verið úr gildi fallin, eins og ég heyrði ekki betur en hann segði í gær, þá hefði ekki mátt borga neitt út samkvæmt ákvæðum 5. mgr.

Það sem athugavert er við 5. mgr. samkvæmt dóminum er sá efnisþáttur í þessu ákvæði sem gerði bæturnar lægri en svo að þær stæðust ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar. Það var það sem var athugavert og það var það sem dómurinn fellir úr gildi.

Að því er varðar þetta verkefni sem við höfum fengið upp í hendurnar varðandi niðurstöðu dómsins þá er ljóst að útbúa þarf þetta frv. þannig að það standist þessi ákvæði en þó þannig að lágmarksgreiðslan sem Hæstiréttur telur greinilega að þurfi að vera hærri en hún er í dag, sé réttilega til fundin, að hún sé með þeim hætti að hún geti talist vera fullnægjandi sem lágmarksgreiðsla. (Gripið fram í.) Og þá kemur upp spursmálið: Við hvað á að miða í því efni? Við hvað á að miða almennt þegar verið er að ákveða upphæð tekjutryggingar, hv. þm.? Við hvað á að miða almennt í því efni? (Gripið fram í.)

Viðmiðunin í því efni er þá: Hvað fær einstaklingur í sinn hlut sem tekjutryggingu? Það er það sem menn hafa margnefnt hér í salnum, 51 þús. kr. þegar búið er að bæta tekjutryggingunni ofan á grunnlífeyri. Hvað á þá einstaklingur í hjúskap að fá þegar tekið er tillit til þess lögmæta sjónarmiðs að skerða megi tekjutryggingu hans með tilliti til tekna maka? Þetta er vissulega umhugsunarefni.

Niðurstaðan í því varð sú að á bilinu frá 18 þús. kr. sem menn gátu mest farið niður í síðast og upp í 51 þús. var staðnæmst við 43 þús. kr. sem eðlilegt frávik frá 51 þús. (**Gripið fram í:** Eðlilegt frávik!) Og þá verða menn líka að hafa í huga t.d. að grunnlífeyrir hjóna er skertur vegna hjúskapar þeirra og fleiri slík atriði. En auðvitað eru hvorki á bak við þessa tölu frekar en sjálfa tekjutryggingarupphæðina einhver sérstök reiknivísindi. Það er það auðvitað ekki. Það var það ekki þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson sat í ríkisstjórn og var að fjalla um þessar tölur sem ráðherra, eða þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var heilbrrh. og bar ábyrgð á þessum tölum. En þetta er hins vegar hækkun úr 18 þús. upp í 43 þús., u.þ.b. 140% sem er gríðarlega mikil hækkun og uppfyllir alveg örugglega að mínum dómi kröfur Hæstaréttar um þetta ákveðna lágmark. Alveg örugglega.

Eitt atriði enn sem hér hefur borið mjög á góma og kannski ég bæti við út af ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hér í gær og fleiri þingmanna að fólk í hjúskap verði hvort eð er fyrir skerðingu vegna þess að það missir heimilisuppbótina og sérstöku heimilisuppbótina og þar með sé komin skerðing miðað við hjúskap og það sé fullnægjandi ef miða eigi við hjúskaparstöðuna. En þessar bætur eru ekki sama eðlis og tekjutryggingin og þær eru reyndar eingöngu miðaðar við einhleypa en það eru ekkert allir einhleypir sem fá þessar bætur, þannig að þetta á ekki við. Það eru ekki allir sem fá þær, þetta eru heimildarbætur, það er rétt hjá hv. þm., þannig að þetta er ekki sama eðlis og tekjutryggingin, enda er ekkert um það fjallað í hæstaréttardóminum sem snýr eingöngu að tekjutryggingunni. Og dómurinn segir að það sé í lagi að skerða hana (**SJS:** Nei.) samkvæmt okkar túlkun. (**SJS:** Það stendur hvergi í ...) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þingmenn að leyfa ræðumanni að flytja mál sitt án frekari truflana. Það er allt of mikið snakk og gjamm hér í salnum meðan verið er að flytja ræður.)

Það er túlkun okkar á þessum dómi að heimilt sé að skerða tekjutrygginguna sem er hér til umræðu, en hvorki heimilisuppbót né sérstaka heimilisuppbót, með tilliti til tekna maka. Þannig að tilvitnanir í hinar bæturnar eiga ekki við um þetta.

Að því er varðar fyrninguna og þau atriði sem menn hafa verið að gagnrýna, þá tala menn dálítið á þá leið eins og fyrirliggjandi sé eitthvert úrval af fyrningarkostum sem menn geti bara valið sér úr og ákveðið sisona: Við skulum þá bara hafa þetta tvö ár, fjögur ár, sex ár, átta ár, tíu ár. En það er ekki þannig vegna þess að það er alveg skýr regla í lögum um fyrningu af þessu tagi og þá gildir hún en ekki eitthvert huglægt mat á því hvað menn hefðu kannski viljað miða við.

Þetta er í rauninni ósköp einfalt og ég tel satt að segja að handhafar fjárveitingavaldsins þyrftu líka að skoða svolítið hug sinn gagnvart greiðslum úr ríkissjóði sem eru fyrndar samkvæmt lögum. Telja menn það í alvöru skyldu sína og rétt að inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði sem samkvæmt lögum eru fyrndar? Ég held að menn ættu aðeins að hugleiða hvað þeir eru að segja þegar þeir halda því fram.

Ég tel, herra forseti, að þetta mál sé í rauninni afskaplega skýrt þegar búið er að fara yfir alla efnisþætti þess og dómsorðið, sem eins og ég hef margsagt, er tvíþætt og það er enginn að gera ágreining um fyrri hlutann. En ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og aðrir hér inni eru svona vissir í sinni sök að því er varðar túlkunina á síðari hluta dómsorðsins, sem er náttúrlega kjarni málsins varðandi frammíkall hans hér áðan, af hverju skyldi þá ekki standa í dómsorðinu jafnskýrum stöfum og hann telur sig geta fullyrt hér það sem hann er að segja? (Gripið fram í.) Það stendur ekki. (**SJS:** Stefnan liggur fyrir.) Það stendur ekki. Þetta er því bara svona. Það er ekkert hægt að lesa í þetta annað en þarna stendur. (**LB:** Dómurinn staðfestir stefnuna.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég fer að ljúka máli mínu, þá komast þeir að hér. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég tel að búið sé að greina í sundur þetta flókna mál mjög skýrt í skýrslu starfshópsins. Og frv. ríkisstjórnarinnar byggir á skýrslunni, þó með einu fráviki sem menn hafa kannski ekki tekið eftir en það er eitt frávik frá skýrslunni sem ekki er kannski veigamikið en eykur réttindi ákveðinna aðila við ákveðnar aðstæður sem nánar er tilgreint í frv. En það var ákvörðun ríkisstjórnarinnar að bæta þar heldur við frekar en að staldra eingöngu við tillögur starfshópsins í því efni, enda segir í skýrslunni að ef menn vilji bæta einhverju frekara við sé það auðvitað pólitísk ákvörðun.

Ég tel mjög brýnt, herra forseti, að þetta mál verði afgreitt hratt þannig að hægt sé að borga út samkvæmt þessum dómi um mánaðamótin, sem okkur ber að hlíta hvort sem okkur líkar innihald hans eða ekki. Ég segi það fyrir sjálfan mig og sem flm. þeirra tillagna sem ég reifaði áðan frá 1995, að túlkun dómstólsins á þeim ákvæðum kemur mér á óvart, ég er ekki sammála þeim. En ekki kemur annað til greina en að fara eftir þessu áliti, þessum dómi. Ég hef mínar hugmyndir

um hver var vilji stjórnarskrárgjafans í því efni á sínum tíma. Dómstóllinn túlkar þetta svona núna, ég tel að það sé undarleg túlkun en við hana búum við eins og kunnugt er.

Við þurfum að ljúka þessu máli. Það þarf að afgreiða þetta þannig að Tryggingastofnun fái skýr fyrirmæli um að hún eigi að greiða út samkvæmt þessu. En ástæðan fyrir því m.a. að hún gat ekki greitt út var að hún hafði hvorki lagafyrirmæli um það né dóm sem sagði fyrir um hvernig hún ætti að borga þetta út vegna þess að ekki var hægt að byggja rétt einstaklinga á þessum dómi, eins og segir í honum sjálfum, heldur var hér eingöngu um að ræða viðurkenningu á ákveðnum almennum sjónarmiðum.

[11:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að byrja á að mótmæla því harkalega að hæstv. fjmrh. komi hingað og haldi því beinlínis fram að dómur Hæstaréttar heimili að skerða tekjutryggingu með tekjum maka. Það er alveg fullkomlega röng staðhæfing og það er ekkert sem hægt er að finna í dómnum sem staðfestir þetta.

En, herra forseti, jafnömurlegt þótti mér að hlýða á hæstv. ráðherra lýsa því að breytingarnar á stjórnarskránni 1995 hefðu í rauninni ekki verið til eins eða neins. Það hefði bara verið allt í plati. Menn hefðu í reynd ekki verið að gera þar neitt annað en bara það eitt að færa 19. aldar orðalag til samræmis við okkar eigin öld.

En hvað var það sem menn gerðu þarna? Eitt af því sem menn gerðu með þessum breytingum var að afnema skilyrði um að menn mættu ekki eiga sér skylduframfærendur til að eiga rétt til bóta úr opinberum sjóðum. Og ef það, herra forseti, er 19. aldar fyrirkomulag að slíkur réttur sé háður því að viðkomandi eigi ekki skylduframfærendur, af hverju getur þá ráðherrann stutt slíkt fyrirkomulag í almannatryggingalögum?

[11:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú breyting sem þarna var gerð varðandi þetta ákvæði var náttúrlega í samræmi við þá þróun sem hafði orðið frá árinu 1874, m.a. með setningu almannatryggingalaga og með alls kyns endurbótum og umbótum á okkar félagslega réttindakerfi. Auðvitað var ákvæðið, eins og það hljóðaði þegar við breyttum því 1995, löngu úrelt og því var ekkert framfylgt. Það var engin ómagaskylda hér í framkvæmd þá.

Breytingin fól það í sér að þessi ákvæði voru færð í nútímalegan og eðlilegan búning. (**ÖJ:** Ertu að tala um stjórnarskrána?) Ég er að tala um hana, já, og sett voru inn í stjórnarskrána ákvæði sem staðfestu það sem gert hafði verið að öðru leyti. En ekki var verið að bæta við einhverjum réttindum sem ekki voru til í landinu 1995. Auðvitað var ekki verið að því. Hverjum dettur það í hug? Verið var að skrifa þar inn að með lögum ætti að veita fólki ákveðna lágmarksaðstoð við þau skilyrði sem þar eru tiltekin.

[11:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er gersamlega ósammála þessari túlkun hæstv. ráðherra. Ég man ákaflega vel þegar þetta stóð fyrir dyrum í þinginu og þá áttum við þingmenn samræður við fjölda fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka sem töldu að eðlilegt væri að ákveðin ákvæði kæmu þarna inn í. Og sett var upp orðalag sem náði yfir það, náði m.a. yfir það sem hefur komið hér til tals varðandi hæstaréttardóminn, þ.e. hjúskaparstöðu. Það er því alveg ljóst að þarna var um efnisbreytingar að ræða.

Þær breytingar sem voru teknar upp í stjórnarskrána voru auðvitað til þess að svara breytingum sem orðið höfðu á viðhorfum manna, breytingum sem koma fram annars staðar í löggjöf. Og það er ákaflega merkilegt að lesa það í hæstaréttardómnum að nákvæmlega þetta er það sem lagt er til grundvallar af hálfu meiri hluta dómsins. Hann vísar til ákvæða í stjórnarskránni en hann vísar líka til nýrra ákvæða um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna og það er eitt af því sem skiptir líka meginmáli í þessari niðurstöðu.

Herra forseti. Tímarnir breytast, viðhorfin breytast og skilningur okkar á því hvað mannréttindi eru breytist og það er Hæstiréttur sem túlkar það.

[11:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna fer hv. þm. enn einu sinni rangt með því að hann vitnar ekki í rétt ákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur vitnaði ekki í ákvæðið um jafnan rétt og jafna stöðu. (**ÖS:** Í lög.) Hæstiréttur vitnar í 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir skuli jafnir fyrir lögunum, sem er orðalag sem við vorum með í höndunum á sínum tíma. Það er því betra fyrir þingmanninn að temja sér að fara rétt með.

Hann hefur ekki rökstutt þetta með skrautfjaðrirnar sem hann talaði um í gær. (**Gripið fram í:** Hvað er að því?) Hann hefur ekki dregið til baka það sem ég sagði. Hann vitnaði í gær rangt í mál mitt frá 1995. Honum er náttúrlega alveg sama um það.

En kjarni málsins er auðvitað sá varðandi þetta að ekki var verið að gera neinar grundvallarbreytingar frá þeim rétti sem þá var við lýði og var gildur. Það kemur þess vegna á óvart að það skuli hafa verið túlkað svo að þar hafi orðið einhver grundvallarbreyting.

[11:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leitt að heyra hæstv. ráðherra — ég vil ekki segja gera lítið úr hinum nýja mannréttindakafla stjórnarskrárinnar frá 1995 heldur frekar — þynna út gildi þess að þessi ákvæði voru tekin upp í stjórnarskrána. Hvort sem við teljum að efnisbreytingarnar eða breytingar á réttarreglum hafi verið meiri eða minni en engar, þá hlýtur það auðvitað að styrkja stöðu þessa að koma upp í stjórnarskrána eins og þar var gert. Ég held að engum hafi dottið annað í hug en að þessi réttindi öðluðust annan sess með því að koma inn í stjórnarskrá.

Hvað varðar það sem hæstv. ráðherra sagði um breytingarnar 1993 og að þá hefði verið um handvömm að ræða en ekki ásetning þá breytir það ekki hinu að fyrirkomulagið var og hafði lengi verið umdeilt. Fjölmargir öryrkjar höfðu barist gegn þessari tengingu. Þegar glöggir menn uppgötva svo að hún eigi núna að framkvæmast án lagastoðar þá hefja þeir eðlilega baráttuna tvíefldir á þeim grunni. Ég hygg að það hafi verið Bragi Halldórsson og Sjálfsbjörg á Akureyri sem hófu þessa baráttu 1996, en höfðu þá lengi áður staðið gegn þessari tengingu.

[11:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað fjarri mér að gera lítið úr stjórnarskrárbreytingunum 1995. Ég var sjálfur 1. flm. þess máls og ég handskrifaði sum ákvæðin. Við unnum mikið í þessu í góðri sátt, m.a. þáv. þingflokksformaður Alþb.,

Ragnar Arnalds, og margir fleiri sem unnu að þessu máli af fullum heilindum. Við vissum alveg nákvæmlega hvað við vorum að gera. Það þarf enginn að efast um það.

En varðandi það sem gerðist árið 1993 þá rakti ég ósköp einfaldlega að það var ekki ásetningur eða vilji þáverandi ráðherra, þáverandi ríkisstjórnar, þingmeirihlutans né þingsins að gera þarna breytingar á þeirri framkvæmd sem tíðkast hafði. Þetta segir í dóminum og það finnst mér líka mjög athyglisvert. Maður er alinn upp við að lesa um að dómstólar reyni að komast að því hver sé vilji löggjafans. Þeir segja í dóminum alveg skýrt: Það er ljóst að það var ekki vilji löggjafans að gera þessa breytingu 1993. Eigi að síður verður að gera þá kröfu að reglugerðir hafi skýra lagastoð. Það vantaði og þess vegna var þetta handvömm.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar og reki þessa sagnfræði þá má hann ekki láta sem sátt hafi verið um skerðinguna úti í þjóðfélaginu. Svo var ekki og reyndar ekki heldur hér inni á þingi. Ég hef t.d. fyrir mitt leyti um langt árabil iðulega komið inn á að ég telji þessa tengingu, þessa miklu skerðingu á örorkubótum vegna tekna maka, ekki ganga og ég get látið fletta upp í mörgum ræðum því til stuðnings ef með þarf.

Ég vil svo að lokum gera athugasemd við að eins og margir fleiri stjórnarliðar hér í umræðunni reynir hæstv. ráðherra ítrekað að segja að Hæstiréttur eða meiri hluti Hæstaréttar telji í lagi að skerða tekjutrygginguna. Það stendur hvergi í reifun né í dómsorði, hvergi. Og það er rangt að láta að því liggja að hægt sé að sækja sér stuðning í þá túlkun í nokkru sem hér er á blaði. Það er ekki rétt. Hæstv. ráðherra reyndi að lagfæra orðalag sitt hér áðan eftir að hann reyndi að halda hinu fram.

[11:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem er rétt í þessu er að það stendur hvergi í dóminum né í dómsorði að við núverandi aðstæður, eftir að 5. mgr. 17. gr. var breytt 1. janúar 1999, sé bannað skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Það stendur hvergi í dóminum og þess vegna er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að það megi gera, eins og eðlilegt er að gera með tilliti til annarra þátta og með tilliti til annarra atriða sem koma til athugunar í sambandi við slíkar skýringar. Ef það hefði verið ásetningur dómstólsins, þá hefði það örugglega staðið skýrt í síðara hluta dómsorðsins eins og það gerir í fyrri hlutanum sem enginn ágreiningur er um.

[11:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að fjalla um stjórnarskrárvarinn einstaklingsrétt öryrkja til lágmarksafkomu sem nú nemur um 51 þús. kr. á mánuði. Þetta er samanlagður grunnlífeyrir og tekjutrygging. Samkvæmt skilningi mínum og okkar er það skýr niðurstaða Hæstaréttar að ríkisstjórninni ásamt stjórnarmeirihlutanum sé ekki heimilt að skerða þessa upphæð vegna tekna maka.

Hæstv. fjmrh. segir hins vegar að það sé sinn skilningur að þeir geti komist upp með þetta, þeim sé heimilt að hafa 7.566 kr. af einstaklingum eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Þetta geta ekki verið peningaleg eða efnahagsleg rök sem hér búa að baki vegna þess að við erum að tala um afar lága upphæð, innan við 40 millj. kr. á ári. Það hljóta að vera pólitísk rök sem búa að baki og þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Hver er skýringin á því að Sjálfstfl. og Framsfl. og ríkisstjórnin vill hafa þessa peninga af öryrkjum? Hvers vegna vilja þeir hafa þessa upphæð af öryrkjum? Hver er skýringin?

[11:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Skýringin er sú, herra forseti — og það er ekki verið að hafa peninga af neinum með þessu — að það er í samræmi við eðlilega túlkun á þessum dómi og eðlilega framkvæmd í sambandi við almannatryggingakerfið að gera greinarmun á þeim stuðningi sem veittur er fólki í hjúskap og fólki sem ekki er í hjúskap. Það er skýringin. Hvort þetta eiga að vera 8 þús. kr., 10 eða 20 get ég ekki dæmt um. En þetta er okkar niðurstaða, að þarna sé eðlilegt bil miðað við þessar aðstæður. Ég tel alveg í samræmi við dómsúrskurðinn að gera þennan greinarmun. Kjarni málsins í þessu er að áfram er heimilt að gera þennan greinarmun á opinberum stuðningi eftir því hvort fólk er í hjúskap eða ekki og mér finnst það eðlilegt.

[11:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög skýr svör, að þetta sé eðlilegt. Við höfum heyrt það á málflutningi hæstv. ráðherra og öðrum talsmönnum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að þeir telja að þeir geti komist upp með að skerða kjör öryrkja með þessum hætti, að lagalega sé þeim það heimilt. Við teljum svo ekki vera. Við teljum það brjóta í bága við stjórnarskrá Íslands og úrskurð Hæstaréttar í þessu máli.

Hæstv. fjmrh. segir okkur núna að sér finnist þetta vera eðlilegt frávik. En fólk sem þarf að lifa á þessum krónum horfir á þær upphæðir sem um er að tefla. Þess vegna hefur það fengist staðfest að hæstv. fjmrh. finnst eðlilegt að einstaklingsbundinn réttur öryrkja til afkomu án tillits til tekna maka séu 43 þús. kr. (Forseti hringir.) En mér finnst það furðu sæta. Það hlýtur að koma til umræðu á næstu samkomum Sjálfstfl. að ekki sé minnst á næstu alþingiskosningar.

[11:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg ótrúlega bíræfinn útúrsnúningur. Hv. þm. slær hér eigin met í slíku. Með þessu er verið að hækka lágmarksbæturnar úr 18 þús. upp 43 þús. Það er verið að hækka lágmarksbæturnar um 25 þús. kr.

Lykilatriðið í þessu er hins vegar að þær skerðingar sem þarna er um að ræða eru eingöngu vegna þess að heimilistekjurnar hjá viðkomandi einstaklingi, fjölskyldutekjurnar, tekjur hjónanna, eru það háar að þarna verður skerðing. (Gripið fram í.) Ég vildi óska eftir að hv. þm. hætti að grípa fram í, hann á að venja sig af því almennt, sérstaklega núna. — Þetta er ástæðan fyrir því að það er að mínum dómi réttlætanlegt og eðlilegt að grípa til skerðingar vegna þess að það er verið að taka tillit til tekna makans. Þegar hv. þm. ber mér það á brýn að ég telji eðlilegt að einn einstaklingur hafi þessa upphæð þá er það bara rangt. Ég er að hugsa um heildartekjurnar sem þessi hjón eða þetta fólk í hjúskap hefur. Ég frábið mér svona ómerkilegan útúrsnúning, hv. þm.

[11:55]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Ég vil biðja hv. þingmenn um að gjamma ekki fram í í andsvara- og ræðutímum. Núna er einungis ein mínúta til

andsvara þannig að það er ákaflega óþægilegt og setur ljótan svip á þennan fund þegar menn gjamma fram í. (**ÖJ:** Á það við um ráðherra líka?) Það á við um alla, hv. 13. þm. Reykv., það á við alla sem hér eru inni.

[11:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna söguskoðunar hæstv. fjmrh. þá er mér ljúft að leggja þar orð í belg. Það er alveg hárrétt hjá honum að lagasetningunni í árslok 1993 var ekki ætlað að skerða neitt. Þá voru ekki uppi nein áform um að ganga á rétt öryrkja eða annarra hópa sem höllum fæti standa. Þar var um að ræða formbreytingar enda fóru ekki í gegn í minni tíð sem heilbrrh. reglugerðarsetningar í þá veru sem síðar gerði. Það var ekki fyrr en 1995, í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl., sem núv. heilbrrh. setti þá reglugerð sem vakti athygli fólks á því að reglugerðarheimildin fór með lögum frá 1993, sem var heldur e kki í áformum þingheims og þau lög voru samþykkt mótatkvæðalaust.

Í millitíðinni var hins vegar komin ný stjórnarskrá, runnið upp góðæri í landinu og í þriðja lagi áttuðu menn sig á því að reglugerðarheimildin var ekki til staðar í gildandi lögum. Mér er það frekar ljúft að staðfesta að í lagasetningunni 1993 fólust engar skerðingar og engin áform um það sem síðar hefur komið daginn.

[11:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þingmaðurinn er að segja. Hann segir: Jú, ég flutti þetta frv. sem heilbrrh. og í því féllu niður reglugerðarheimildir. Það er rétt. Ég hafði rétt fyrir mér í því, segir hann. Ég veit ekki til þess að framkvæmdinni hafi neitt verð breytt þó að ekki hafi verið búið að gefa út reglugerð fyrr en um mitt ár 1995. Hún hélt áfram óbreytt hjá þessum hæstv. ráðherra og eftirmanni hans áður en núverandi ráðherra kom í ráðuneytið og gaf út reglugerð sem þá lá fyrir tilbúin til undirritunar.

Ég er ekki að ásaka hv. þm. fyrir að hafa ekki staðið sig í stykkinu varðandi þetta atriði. Hann ber hins vegar ábyrgð á þeirri handvömm sem varð við afgreiðslu þessa máls. Ég ber ábyrgð á því líka, ég greiddi þessu máli atkvæði og tók ekki eftir handvömminni frekar en aðrir hér. Við sitjum uppi með það sameiginlega að gefin var út reglugerð sem ekki hafði lagastoð og framkvæmdin á þessu árabili var ólögleg. Um það verður ekki deilt. Þannig var þetta og hvorki ætlun hv. þm., mín né þingsins þegar þessi ákvörðun var tekin og það er staðfest í hæstaréttardóminum. Þetta þarf að liggja hérna fyrir.

[11:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita. Ég tek undir að það voru ekki áform þingheims á þeim tíma að gera þessi mistök, að draga til baka reglugerðarheimildir ráðherra í þessu tiltekna tekjutengingarmáli. Síðan kom á daginn að svo var og það er raunar fagnaðarefni. Í kjölfarið gerist það með breytingum á stjórnarskrá — ég vil undirstrika það hér að ég átti góða samleið með hæstv. fjmrh. í stjórnarskrárnefndinni á þeim tíma — og ég man það jafn vel og hann að mönnum þótti brotið í blað með því stjórnarskrárákvæði sem þá var tekið upp. Ég er því ósammála þessari nýlegu túlkun ráðherra í þeim efnum.

Hins vegar reyndi ekki á það hvort heimild til áframhaldandi reglugerðarheimildar af hálfu ráðherra væri til staðar fyrr en 1995. Þá hafði verið samþykkt ný stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Þá hafði runnið upp góðæri í landinu og þá ræddu menn um það í þessum þingsal að stíga ætti varlega til jarðar. (Forseti hringir.) Og hvað gerist hér árið 2000? (Forseti hringir.) Hæstiréttur úrskurðar um að stjórnarskrárbreytingin sé grundvallaratriði sem breyti þessu og þessari túlkun allri.

[12:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að endurtaka það sem ég er búinn að segja hérna um stjórnarskrárbreytinguna. En hvað sem mönnum kann að finnast um hana þá varð hún árið 1995 og getur þess vegna ekki hafa átt við um tímabilið þegar hv. þm. var ráðherra og fjallaði um þessi mál. Hún gilti auðvitað ekkert aftur fyrir sig. Sú framkvæmd sem ráðherrann þáv. kom á með þeim lagabreytingum sem hann fékk hér samþykktar með mínum stuðningi og fleiri í þessu efni var eigi að síður jafnólögleg á árinu 1994. Ég held að það þurfi ekkert að vera að takast á um þetta. Þetta er ósköp einfalt. Það varð hér handvömm í ráðuneytinu, í þinginu að því er þetta varðar. Það má vera að um það hafi verið pólitískur ágreiningur eigi að síður eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Eigi að síður fór þetta mál mótatkvæðalaust í gegnum þingið, ef ég man rétt, á sínum tíma. Þetta er ekki kjarni málsins. En það er hins vegar mjög mikilvægt að hafa þetta í huga vegna þess að menn verða að greina að þetta tímabil frá 1994–1998 og svo árin 1999 og 2000, bæði vegna þess sem kemur síðan eftir það og við erum að lögfesta hérna en líka vegna uppgjörsins og vegna túlkunarinnar á niðurstöðu dómsins og þessa tvíþætta dómsorðs sem ég hef hér margrætt um.

[12:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað Sjálfstfl. hefur verið með ósæmilegan málflutning í þessari umræðu. Sérstaklega á það við um formann Sjálfstfl. Hann hélt langa ræðu hér í gær sem var eiginlega samhangandi skítkast um aðra og honum tókst að komast í gegnum þessa löngu ræðu án þess að koma nokkru sinni að efni málsins sem hér er til umræðu. Það er athyglivert og hefur vakið athygli þeirra sem hafa orðið sér úti um ræðuna og lesið hana yfir aftur.

Nú er ljóst að menn hafa sett hér alveg óvart svo sterkt mannréttindaákvæði í stjórnarskrána að Hæstiréttur hefur byggt úrskurð sinn á þeim ákvæðum og hittir nú ríkisstjórnina fyrir og nú hafna þeir bæði því að hafa ætlað að setja þessi mannréttindaákvæði í stjórnarskrá, hvað þá heldur að það eigi að leggja þau til grundvallar dómi eins og Hæstiréttur hefur gert og það er með ólíkindum hvernig Sjálfstfl. talar um dóm Hæstaréttar og í raun virðir ekki úrskurð þessa æðsta dómsvalds.

Þetta eru þau viðbrögð sem maður situr með í upphafi umræðu annan dag sem umræða stendur á Alþingi um þetta stóra mál sem á við mannréttindi og fjallar um viðbrögð stjórnvalda við úrskurði sem Hæstiréttur hefur fellt við kröfugerð Öryrkjabandalagsins sem hefur komist alla leið fyrir Hæstarétt og gleymist af og til í þessari umræðu það ferli sem hér hefur átt sér stað.

Herra forseti. Ég ætla að hefja mál mitt á því að flytja Ingibjörgu Pálmadóttur, hæstv. heilbrrh., kveðjur mínar og Samfylkingarinnar með ósk um skjótan og góðan bata. Auðvitað söknum við þess að hún er ekki hér í umræðunni í dag. Hún er að sjálfsögðu í krafti embættis síns lykilmanneskja í að svara ýmsum áleitnum spurningum sem hafa vaknað

í þessari umræðu og ekki allar kannski hlotið skýr svör. Ég fagna því að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., er við umræðuna. Ég geri mér grein fyrir því að hann mun leitast við að svara þeim spurningum sem hér verða bornar fram og mundu hafa verið bornar fram til bæði Framsfl. og heilbrrh.

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að renna enn á ný yfir það hvaða bótaflokkar falla til öryrkja í dag. Mér hefur stundum fundist að umræðan sé á þá lund að menn forðist að horfast í augu við hvernig við greiðum til öryrkja. Það er í fyrsta lagi grunnlífeyririnn sem hefur verið og þróast í að verða mjög lágur og tekjutrygging. En þetta tvennt, grunnlífeyrir og tekjutrygging hefur myndað þann grunn bótaflokks sem við yfirleitt miðum við þegar við erum að tala um greiðslur úr almannatryggingum til öryrkja. Þar að auki eru viðbótarheimildargreiðslur sem heita heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu falla þær greiðslur eingöngu til einstaklinga og geta ekki fallið til þeirra sem eru í hjúskap. Það hefur líka komið fram að þessar fjárhæðir eru um 22 þús. kr. og sá sem er í hjúskap fær þær aldrei.

Herra forseti. Ég vil líka rifja það upp að tekjutrygging kom inn í almannatryggingarnar árið 1971 og var strax þá tengd bæði tekjum lífeyrisþegans sjálfs og tekjum maka hans samkvæmt reglugerð sem átti stoð í lögum og það er 1977 sem Matthías Bjarnason setur reglugerð um tekjutengingar og gildir hún til 1995 þegar hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir setur nýja reglugerð um þessar tekjutengingar.

Eins og hér hefur verið rætt og nú síðast í ræðu fjmrh., sem flutti það mál alveg einstaklega smekklega eða hitt þó heldur, voru sett ný lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð árið 1993 og var þá verið að skipta almannatryggingalögunum í tvennt og tóku þau tvenn lög gildi í upphafi árs 1994. Það er auðvitað umhugsunarefni að ráðuneytið áttaði sig ekki á því að við þessa breytingu féll reglugerðarheimild niður en það er miklu alvarlegra að mínu mati að Alþingi hafi ekki áttað sig á því og segir okkur nokkuð um það í hvaða stöðu Alþingi lendir oft og minnir okkur á umræðu sem oft hefur farið hér fram um að það sé í raun mikilvægt að reglugerðir sem settar eru í kjölfar laga komi hingað til Alþingis og til fagnefnda. Það þýðir ekkert fyrir Alþingi sem slíkt að fría sig ábyrgð. Ef vanbúið frv. af einhverjum orsökum kemur hingað inn og hlýtur ekki lagfæringu hér í meðferð Alþingis þá er ábyrgðin Alþingis sjálfs. Það er frammi fyrir slíku dæmi sem við stöndum í dag að Alþingi hefur sett lög og hefur verið snuprað fyrir af Hæstarétti.

Allir dómarar Hæstaréttar voru sammála um að ekki hafi verið heimilt að tekjutengja við tekjur maka frá 1995 til ársbyrjunar 1999 þegar lögin tóku gildi sem sett voru 1998. Og meiri hluti Hæstaréttar kvað upp sinn úrskurð sem, eins og heilbrrh. orðaði það í umræðunni hér í gær, var á þá leið að Hæstiréttur dæmir gjörning löggjafans ómerkan. Þetta er grundvallarsetning og hún féll úr munni hæstv. heilbrrh.: „Hæstiréttur dæmir gjörning löggjafans ómerkan."

Í kjölfar þessa hafa menn endalaust verið að velta fyrir sér orðalagi og ákvæðum í lögum og hvort ákvæðin í heilu lagi falli brott eða ekki, hvort þá falli brott grunnur til þess að greiða öryrkjum út frá 1. janúar eða ekki. En ég tek undir nákvæmlega þetta orðalag hæstv. heilbrrh., að Hæstiréttur dæmir gjörning löggjafans ómerkan.

Þetta þýðir í fyrsta lagi að Hæstiréttur viðurkenndi að ekki hefði verið lagastoð fyrir reglugerð sem tók gildi 1. janúar 1994 um skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka og hins vegar að lög um slíka skerðingu sem tóku gildi 1. janúar 1999 væru andstæð mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Um þetta var tekist á og Hæstiréttur klofnaði. Meiri hlutinn kemst að þessari niðurstöðu. Meiri hluti Hæstaréttar úrskurðar að gjörningur löggjafans hafi verið ómerkur 1998.

Við verðum að horfast í augu við þetta. Þetta er staðan sem Alþingi stendur frammi fyrir. Svo geta menn hártogað orðalag og ákvæði 17. gr., 5. mgr. 17. gr., og hvort þessi eða hin staðan væri uppi ef hún félli brott. Það vita allir að eftir að dómar hafa fallið og einhver ákvæði hafa ómerkst þá gerist það mjög oft að ákvæðið stendur eftir í lögum í þó nokkurn tíma. Ég er ekki löglærð og ætla ekki að hætta mér út í að fara í ítarlega umræðu um þetta. En þetta eru staðreyndir sem margoft hefur verið bent á.

Það er óþolandi fyrir okkur sem berum ábyrgð á lagasetningu Alþingis þegar svo er komið að menn koma hér aftur og aftur með útúrsnúning vegna þess að það er pólitísk ákvörðun þeirra að bregðast ekki við dómnum eins og hann fellur. Þeir hafa leitað halds í örfáum orðum í úrskurðinum, orðum sem eru eitthvað á þessa leið: „á þann hátt", og geta alveg jafnt vísað til skerðingar tekjutryggingarinnar og munu vísast gera það fremur en nokkurs annars.

Herra forseti. Ég ætla að fara yfir umræðu sem átti sér stað 1998 og bera fram spurningar til formanns Framsfl. í tilefni af því. Þessar umræður urðu eftir að hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir að það væri réttlætismál að breyta tekjutengingu tekjutryggingarinnar. Það er alveg ljóst að heilbrrh. hafði það viðhorf þá, eftir umræðu sem hafði orðið, að það bæri að miða að því að tekjutryggingin væri ótekjutengd. Munum að á þessum árum var ekki neitt okkar að tala um krónutölur heldur að tekjutrygging væri ótekjutengd.

Á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins 1998 kom hæstv. heilbrrh. með ákveðna yfirlýsingu og sú yfirlýsing varð tilefni fyrirspurnar í þessum sal: Það var spurt um afnám skerðingar bóta til öryrkja. Þá svaraði hæstv. heilbrrh. mjög afdráttarlaust og sagði:

„Á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins og reyndar einnig í byrjun september gaf ég þá yfirlýsingu að nú í haust mundi ég stíga fyrstu skref til að afnema skerðingu bóta öryrkja vegna tekna maka."

Við höfum verið að takast hér á um orðalag og þess vegna er fyrsta spurning mín til hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl.: Hvernig skilja menn orðið „afnema"? Er það ekki fyrsta skref í því að hætta algjörlega að vera með tekjutengingu eða skerðingu tekjutryggingar?

Það var alveg ljóst að ráðherrann var að gefa það til kynna að þetta væri fyrsta skref og að þessu skrefi mundu fylgja önnur þar til skerðingar væru afnumdar. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að þarna er líka verið að spyrja ráðherrann hvað þetta kosti og á þeim tíma var þetta talið um 20 millj. kr. á mánuði og uppreiknað til ársins 1998 og það á nokkuð við þær fjárhæðir sem við höfum verið að vinna með. Það er dæmalaust að menn skuli fara í slíkt allsherjarstríð við öryrkja vegna þessara fjárhæða sem um ræðir, eitthvað yfir 200 milljóna, á ári eftir að stefnumörkun hefur verið tekin um að afnema þessar skerðingar að fullu og kalla yfir sig andúð yfir 80% þjóðarinnar í kjölfarið. Það er alveg ljóst að viðbrögð Sjálfstfl. í þessum sal og hvernig Sjálfstfl. hefur brugðist við þessari umræðu ráðast auðvitað af þessum hörðu viðbrögðum sem hafa orðið úti í þjóðfélaginu. Og það þýðir ekkert að koma hér og tala um að menn hafi verið með

upphlaup, upphrópanir og æsing og að þess vegna sé fólk afvegaleitt. Allir vita um hvað málið snýst. Sjaldan hefur komið upp mál hér á Alþingi þar sem jafnalmenn umræða er um stöðuna. Fólk veit um hvað málið snýst og það er að bregðast við því. Auðvitað skil ég vel að það skuli fara í taugarnar á þessum stóra flokki sem hefur haft hérna eins konar alræðisvald.

Spurning til formanns Framsfl.: Ætlaði Framsfl. að afnema skerðinguna á einhverjum tíma til öryrkja alveg eða er þetta mismæli hæstv. heilbrrh.? Eða stóð hún ein að þessari ákvörðun? Það er lykilatriði að þingmenn fái svör við þessum spurningum af því að ef svarið er já, eins og ég álykta, þá er sú staða sem uppi er nú þessa daga gagnvart öryrkjum fullkomlega dæmalaus sem og allt sem hefur gerst frá því að hæstaréttardómurinn féll.

Ég vil bera fram enn aðra spurningu til formanns Framsfl. Menn hafa verið að kasta fram dagsetningum varðandi útborgun til öryrkja og það ber á því í þessari umræðu að verið sé að tala um að umræðunni þurfi að fara að ljúka því að þarf að fara að greiða út til öryrkja samkvæmt nýjum lögum sem ríkisstjórnin ætlar að setja. Þess vegna spyr ég: Hver er nákvæmlega sú dagsetning lagasetningarinnar sem ræður úrslitum um að útborgun verði 1. febrúar? Er það ekki alveg ljóst að ef lagasetningin dregst um einn dag þá dregst útborgunin um einn dag? Það er mjög mikilvægt að við fáum svör við því hvort Tryggingastofnun sé ekki alveg viðbúin því að taka við lögunum héðan þegar þau koma.

Ég ber ekki fram þessar fyrirspurnir vegna þess að ég telji ástæðu til að draga umræðuna. Ég hef látið það í ljós að ég telji mjög líklegt að henni ljúki hér einhvern tíma dagsins og það er mjög eðlileg lengd umræðu í svo stóru máli. En þessi svör vil ég fá.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ætlaði að nota þessa viku í þinginu til að vera með upplýsta umræðu um hæstaréttardóminn, um pólitíkina að baki viðbrögðum stjórnarflokkanna. Hann notaði 40 mínútur í þingsalnum í gær í fullkominn leðjuslag. Ég hef alltaf vitað að þegar á reynir er ekki mikil reisn yfir hæstv. forsrh. en honum tókst enn einu sinni að koma mér á óvart í gær.

Hann veittist líka að formanni Samfylkingarinnar við það að hann brá sér út úr salnum í eins og hálfa mínútu og gerði það að umtalsefni að hann hlypi til ef einhver orð féllu hér til að sækja sér upplýsingar. Sleggjudómur að sjálfsögðu. En eftir að hann lauk ræðu sinni í gær í þessu stóra máli hefur hann varla sést í þingsölum. Ég veit að forsrh. velur oft að sitja afsíðis einn og sér og hlýða á umræður og láta ekki sjá sig. Það er í takt við aðra hegðan hans í samskiptum við fólk og ég bið ekki um hann, hæstv. forseti, hingað í þennan sal. En ég vek athygli á þessu vegna þess að þessi fyrirliði ríkisstjórnarinnar hafði gefið þau fyrirheit að hann mundi nota viku í upplýsta umræðu.

Hver er svo sú upplýsta umræða sem við höfum fengið frá öðrum í stóra flokknum? Það hefur margoft komið fram að kakan stækkar ekki með dóminum. Kakan — lesist: fjárhæðir til öryrkja, fjárhæðir í greiðslur til öryrkja, hvort sem þeir eru einir, búa einir, hvort sem það er í lágmarksgreiðslu til öryrkja eða í greiðslu til þeirra í sambúð — stækkar ekki. Þeim sem finnst að það eigi að standa við þennan hæstaréttardóm eru að taka af kökunni til þeirra sem meira hafa. Þetta er auðvitað fráleit umræða sem hefur farið fram en hún hefur verið endurtekin hér.

Í máli þeirra hv. þm. Ástu Möller og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur kom fram hjá báðum að ef farið hefði verið í 51 þús. kr. greiðslur til öryrkja í samræmi við hæstaréttardóminn væri verið að viðurkenna að ekki megi tekjutengja tekjutrygginguna, sem var úrskurður Hæstaréttar. Ef menn hefðu farið í 51 þúsund kr. væri verið að viðurkenna að ekki megi tekjutengja tekjutrygginguna. Það lesist: Það viljum við í Sjálfstfl. ekki viðurkenna. Við viljum ekki viðurkenna að Hæstiréttur geti kveðið upp úrskurð sem segir okkur fyrir verkum. Það segir enginn Sjálfstfl. fyrir verkum.

Hv. þm. Ásta Möller gekk lengra þar sem það kom fram hjá henni að slík viðurkenning hefði haft afleiðingar gagnvart öðrum. Slík viðurkenning hefði haft afleiðingar gagnvart öðrum. Enginn vafi er á því að í þeim talnaæfingum sem við höfum orðið vitni að hjá stjórnarmeirihlutanum felst að verið er að reyna að afstýra því að aldraðir fari fram og sæki þann sama rétt og öryrkjar kröfðust og fengu með úrskurði Hæstaréttar.

Við höfum hins vegar ítrekað spurt: Af hverju 43 þús. kr.? Svör við því hafa ekki enn komið hjá stjórnarliðum úr þessum ræðustól.

Eitt af því sem pirraði hæstv. forsrh. yfirmáta mikið var að hér var talað um að hann hefði sett yfirdómara til verka. Ég ætla ekki að nota það orð. Ég þarf þess ekki vegna þess að öll þjóðin upplifir að sá einstaklingur, sá löglærði einstaklingur sem settur var til að stýra nefnd forsrh., hafi eiginlega verið settur yfir Hæstaréttinn og til þess að úrskurða um Hæstaréttinn. En ég get ekki stillt mig um að endurtaka það sem hefur verið bent á í umræðunni en það er það sem viðkomandi lögfræðingur sagði ekki í einu viðtali heldur í viðtölum við tvö dagblöð, annars vegar DV og hins vegar Dag. Í helgarblaði Dags sagði hann:

„En það getur ekki verið hlutverk dómstóla að ákveða að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt við þennan dóm. Dómstóllinn var að þessu leyti að taka sér vald sem hann á ekki að hafa."

Þetta eru orð nákvæmlega tekin upp úr viðtalinu.

Í helgarblaði DV sagði sami lögfræðingur að dómstóllinn hafi gengið lengra en heimilt geti talist og bætti við: „Það verða til mikil vandamál þegar dómstólar taka að móta reglur sem á undir löggjafann að setja."

Þarna var lögfræðingurinn að segja að dómstóllinn hafi ekki aðeins ákveðið að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka heldur hafi hann einnig mótað reglur. Ég er ekki að segja það. Ég er að benda á hvað lögfræðingurinn, sem allir upplifa að hafi verið settur yfir allt sem dómar geta talist, hefur verið að segja um Hæstarétt.

Hins vegar upplifi ég það að því fylgir fullkomin niðurlæging að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að láta einhvern hóp fara að túlka niðurstöðu Hæstaréttar. Sett er fram krafa í þessu tilfelli af öryrkjum, dómur fellur, Hæstiréttur landsins er ásakaður um pólitíska íhlutun. Pólitísk nefnd er sett til að greina og túlka efni dómsins sem fjallar um mannréttindabrot. Þannig er það. Herra forseti. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta fyrst og fremst niðurlægjandi fyrir þá flokka sem eiga hlut að máli og ég er alveg sannfærð um að þessa verði minnst í pólitísku sögunni. Ég er alveg sannfærð um það.

Ég sagði í andsvari í gær að hæstv. forsrh. hefði aldrei rætt inntak dómsins. Hann hefði spilað ákveðnum lögfræðingi inn í málið og látið það snúast um lögfræði. Auðvitað sneri forsrh. strax út úr því af því að dómurinn er í eðli sínu lögfræðilegt álitaefni sem er tekið fyrir. Ég á að sjálfsögðu við að velferðarstefna hefur aldrei verið í

umræðunni, mannréttindaumræða eða jafnréttisviðhorf ekki heldur, ekki af hálfu hæstv. forsrh. Ekki heldur umræða um réttinn til grunnframfærslu eða hvaða breytingar hafi orðið á framfærsluhugtakinu, hvort heldur er við aðild okkar að mannréttindasáttmálum eða með þeim breytingum sem við gerðum sjálf á stjórnarskránni. Aldrei. Hvað var þá verið að gera? Ég hef líka haft orð yfir það: Það var verið að klæða afturhaldið í pólitíkinni í lögfræðibúning. Það hefur staðið yfir lögfræðilegt málþóf í stað efnisumræðu þessa viku síðan dómurinn féll, þ.e. þegar stjórnarmeirihlutinn hefur átt hlut að máli.

Ég lít líka svo á að Hæstiréttur hafi snuprað Alþingi. Stjórnarmeirihlutinn setti nefnilega lög 1998 þrátt fyrir afdráttarlausar ábendingar um að það væri varhugavert, m.a. ábendingar lögfræðinga um að ný stjórnarskrárákvæði heimiluðu ekki að setja slík ákvæði í lög. Það hefur komið fram í umræðunni í orðaskiptum við hæstv. fjmrh. sem fór frekar ósmekklega inn á þessa braut og ég harma það nú vegna þess að ég met hæstv. fjmrh. nokkuð mikils einmitt fyrir málefnalegan og heilsteyptan málflutning. En ég skil vel að menn falli í þennan farveg þegar leiðtoginn hefur talað með þeim hætti sem hann hefur gert.

Það var þess vegna með opnum huga og fullum pólitískum vilja stjórnarmeirihlutans á Alþingi að hann fór sínu fram og óháð stjórnarskrárumræðu við lagasetningu 1998 setti hann þessi lög, af því að meiri hlutinn hefur alltaf farið sínu fram í sölum Alþingis og meiri hlutinn lítur á sig sem alvaldan. Það er einmitt orð sem vel metinn lögfræðingur úti í bæ hefur ítrekað nefnt í umfjöllun sinni í fjölmiðlum að meiri hluti á Alþingi sé ekki alvaldur og hann verði að gera sér grein fyrir því. Það hefur núverandi meiri hluti aldrei gert. Hann lítur á sig sem alvaldan og hann leit þannig á málin 1998 þegar hann setti þessi lög.

Mér finnst líka umhugsunarefni, herra forseti, að forustumenn stjórnarliðsins segja nú blákalt að það sé ágætt ef menn hafi efasemdir um heimild til þessarar lagasetningar, þeir fari bara með nýju lögin líka fyrir Hæstarétt og Hæstiréttur túlki hvort þau séu í lagi. Ég verð að segja að mér finnst þetta grín á hv. Alþingi. Þetta upplýsti formaður heilbr.- og trn., formaður þeirrar nefndar sem mun fá þetta frv. til umræðu, nýverið í hádegisfréttum. Í fyrsta lagi að frv. muni engum breytingum taka þrátt fyrir gagnrýni, yfirlýsing áður en þing kom saman, af einum þingmanni, forustumanni stjórnarliðsins og formanni nefndar: Frv. mun engum breytingum taka í meðförum Alþingis. Menn hafa ekki oft tekið svo stórt upp í sig fyrir fram. Svo hvatti hún til þess að aðilar málsins færu bara með nýju lögin fyrir dómstóla og upp í Hæstarétt ef þeir teldu að þau mundu ekki standast ákvæði Hæstaréttar. Þetta er líka alveg nýtt í umræðunni á Alþingi. Við setjum samt lögin. Í annað skipti skulum við gera eins og við viljum og farið þið bara með það fyrir Hæstarétt. — Er þetta það sem koma skal?

Herra forseti. Mér er ekki tamt að vera ekki í málefnalegri umræðu þegar ég er að ræða á Alþingi um aðskilin mál. Ég býst frekar við því að umsögn um þá sem hér stendur væri nákvæmlega um það: Frekar málefnaleg, heldur sig við staðreyndir. Ég ætla aðeins að brjóta út af því núna og það er vegna ræðu hæstv. forsrh. í gær. Ég ætla aðeins að fjalla um stílinn í þinginu og stílinn þegar verið er að koma fram fyrir þjóðina og þegar verið er að nota boðvaldið sem sá ágæti hæstv. fyrirliði ríkisstjórnarinnar hefur tamið sér.

Það er nefnilega þannig að hann hefur ekki bara beitt öðrum fyrir sig í lögfræðilegu málþófi heldur er það þannig að hann mætir ekki jafningjum á jafnréttisgrundvelli, hvorki í þessum sal né utan hans. Þannig er að hæstv. forsrh. hefur fullkomlega brugðið út frá þeirri reglu fyrirrennara síns, eftir að fjölmiðlar af þeim toga sem við þekkjum komu til, að mæta öðrum, t.d. formönnum eða fyrirliðum stjórnmálaflokka, í umræðu. Hæstv. forsrh. mætir bara einn í þætti, annaðhvort einn eða ekki. Um þetta er talað úti í þjóðfélaginu. Hann mætir bara einn í Kastljós. Svo segir hann þar ákveðna hluti og hann staðhæfir ýmislegt sem enginn er til að andmæla honum með eftir að staðhæfingarnar hafa komið fram. Þá komum við stjórnmálamennirnir og bregðumst við því sem hann er að segja, sérstaklega þegar hann leyfir sér að fara með rangt mál. En þá erum við auðvitað í þeirri stöðu að við erum að elta hann uppi.

Svo rammt kveður að þessu, herra forseti, að hæstv. forsrh., sem er í þeirri glæsilegu stöðu að stýra miklum meiri hluta á Alþingi, geta alltaf gert það sem hann vill, geta leyft sér að vera alvaldur í pólitíkinni, hann ber sig þannig að að hann kemur ekki til umræðu með öðrum. Hann tekur ekki pólitíska debatt, hann kemur hingað og flytur ræðu og abbast út í það að aðrir hverfi úr salnum og fljótlega eftir að hann hefur lokið ræðunni þá hverfur hann úr sal. Hæstv. forsrh. mætir ekki öðrum í umræðuþáttum og m.a.s., og að því er gert grín í dag, mætir hann ekki í kryddsíldina fyrr en í miðjum þætti og mætir þá eins og prímadonna og þarf að láta rifja upp umræðuna. En það er af því að hann er að taka upp ræðuna fyrir gamlárskvöldið en hann, hæstv. forsrh., virðist ekki hafa tök á því að sjá til þess að hún sé tekin upp á öðrum tíma.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að með því að fara hér og nú í smápistil um stíl hæstv. forsrh. — sem ég gleðst afar mikið yfir að er mættur hér og hefur greinilega verið afsíðis í herbergi í húsinu og komið hér til að heiðra mig — hef ég brugðið út af því að vera málefnaleg í umræðu á þinginu og tekið smápistil um stíl forsrh. sem hann hefur að sjálfsögðu fullan rétt á. En þetta, herra forseti, eru menn farnir að tala um úti í þjóðfélaginu og á einhverjum tímapunkti geri ég ráð fyrir því að þetta breytist vegna þess að það er einu sinni þannig að þegar menn finna gagnrýni á stíl sinn þá breyta þeir honum gjarnan. En þetta hef ég tilefni til að nefna hér, sérstaklega eftir ræðu hæstv. forsrh. í gær.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að forsrh. sagði eins og ýmsir aðrir þingmenn stjórnarliðsins að þessi lög yrðu borin upp aftur við dómstólana ef mönnum sýndist svo. Sem sagt — kærið þið bara aftur.

Herra forseti. Ég ætla þá að snúa mér að efnisatriðum málsins á ný. Ég ætla að fara aðeins yfir það í síðasta hluta ræðu minnar hvort aðrar greiðslur úr sameiginlegum sjóðum okkar séu meðhöndlaðar með sama hætti og settar undir sama kvarða og það sem við höfum rætt hér í kjölfar öryrkjadómsins. Skoðum það.

Hvað gerist þegar einstaklingur verður atvinnulaus? Hann fer og skráir sig og fær atvinnuleysisbætur. Hvernig kemur það mál út ef hann er giftur eða kvæntur hátekjueinstaklingi? Rýrast þá ekki greiðslurnar sem hann fær sem nemur því hversu heimilistekjur eru háar? Nei. Atvinnuleysisbæturnar eru 66.635 kr. á mánuði og 123 kr. á dag fyrir barn undir 18 ára aldri. Frá þessu dragast lífeyrisjóðsgreiðslur og stéttarfélagsgjöld þannig að greiðslan fer niður undir skattleysismörkin hvort sem það er tilviljun eða meðvitað að sá

sem er atvinnulaus fái lágmarksgreiðsluna eins og hún er samkvæmt skattleysismörkunum.

En hvað með framfærsluhugtak meiri hlutans, sérstaklega Sjálfstfl., sem er búinn að vera hér mjög lengi við völd, að þegar á bjátar eigi fjölskyldan að annast framfærsluna? Fylgir hin mannlega reisn því hvort einstaklingurinn geti verið á vinnumarkaði? Er það e.t.v. vandi öryrkjanna í þessu stóra máli að réttur til grunnframfærslu sé bundinn við ákveðna þjóðfélagshópa og þá sem geta verið virkir á vinnumarkaði en eigi ekki við þá sem sökum örorku eða alvarlegrar fötlunar geta ekki verið á vinnumarkaði? Þetta er umhugsunarefni og í rauninni sú hugsun sem ég hef verið að kalla eftir þegar ég hef talað um að menn hafi bundið sig í lögfræðideilu en ekki mannréttindahugtakið sem dómurinn er að vísa til og við höfum sett í stjórnarskrá.

Það er nefnilega svo að hæstaréttardómurinn, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, breytir framfærsluhugtakinu sem meiri hlutinn rígheldur í. Það hafa líka ýmsir alþjóðasamningar gert sem við höfum undirgengist. Þeir kveða á um ákveðinn rétt einstaklinga til grunnframfærslu við tilteknar aðstæður.

Við skulum einnig muna það í þessu efni, af því að menn eru alltaf að takast á um það hvort sú grunnframfærsla hafi átt að vera þessi lága upphæð sem við vorum komin niður í eða grunnlífeyrir og tekjutrygging. Og af því við höfum alltaf miðað okkur við Norðurlönd og meiri hlutinn hefur verið að reyna að draga það fram, þá vísa ég til ítarlegra skýringa þingmanns Samfylkingarinnar, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, í ræðu sinni í gær þar sem hún fór yfir þau atriði og gerði það svo greinilega að enginn velkist í vafa um að slíkar grunngreiðslur eins og grunnlífeyrir og tekjutrygging eru ekki tekjutengdar við laun maka annars staðar á Norðurlöndunum.

Herra forseti. Við sameinuðumst um að setja ný lög um fæðingarorlof. Það var mikið framfaraskref. Þar er jafnræði, hver og einn getur tekið sér fæðingarorlof nokkurn veginn á launum. Ekki er verið að skoða hvort makinn sé hátt eða lágt launaður. Það var viðhorf Alþingis að hátt launaður einstaklingur ætti að geta tekið fæðingarorlof og fengið háar fæðingarorlofsgreiðslur, lágt launaður einstaklingur tæki fæðingarorlof og fengi lágar greiðslur. Þannig vorum við í rauninni að meta einstaklinginn og rétt hans. Í báðum tilfellum er fullkomlega litið fram hjá því sem maki viðkomandi hefur í laun, sé maki í spilinu.

En þar sem við erum að tryggja lágmarksgreiðslur til þeirra sem ekki hafa starfsgetu, en það er fyrst og fremst það fólk sem hefur lent í tekjutryggingarskerðingunni, þá er rétta fjárhæðin hjá stjórnarmeirihlutanum 43 þús. kr.

Herra forseti. Ég spyr enn á ný: Af hverju 43 þús. kr.? Tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa þegar svarað því að ef þeir hefðu farið í 51 þús. kr. þá væri verið að viðurkenna að ekki mætti tekjutengja tekjutrygginguna. Af hverju 43 þús. kr.? höldum við áfram að spyrja.

Við höfum einnig sagt: Það þurfti ekki að setja lög. Ríkisstjórnin, fyrst og fremst forsrh. sem tók málið í sínar hendur, ákvað að fara ekki þá leið að hlíta dómnum og greiða grunnlífeyri og tekjutryggingu. Komið hefur fram í umræðunni og ég ætla að árétta það, að mikilsmetinn lögfræðingur, Eiríkur Tómasson, sem ég hélt að væri bæði í náðinni og vel metinn af stjórnarmeirihlutanum, sagði í hádegisfréttum 30. des. að þó hann teldi að framkvæmdarvaldið ætti að flytja lagafrv. — þó hann teldi að það ætti að gera það — þá hefði eigi að síður komið til greina að greiða út óskertar bætur í byrjun janúar samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Það er umhugsunarefni að oddvitar ríkisstjórnar skuli líta fram hjá því að það var gjörningurinn frá 1998, eins og heilbrrh. orðaði það svo vel og ég er sammála henni um það orðalag, sem var ómerktur af Hæstarétti. Og sé áfram vísað í heilbrrh. þá snerist það um hvort ríkisstjórnin féllist á að tekjutengja ekki tekjutrygginguna.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu á þessum orðum: Komið hefur í ljós hjá vel metnum lögfræðingum að það kom fullkomlega til greina að greiða út óskertar bætur í byrjun janúar samkvæmt dómi Hæstaréttar. Það höfum við sagt. Ríkisstjórnin valdi annað og ríkisstjórnin hefur valdið og viljann og mun ráða því hvernig þetta mál verður til lykta leitt að lokum.

[12:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir að stjórnarandstaðan tali alltaf um skoðanir okkar, um sannfæringu okkar, þá treysti ég því ekki að allir vinstri menn hafi sömu skoðun og þess vegna spyr ég hv. þm. sömu spurningar og ég hef spurt alla aðra: Vill hv. þm. greiða tekjutryggingu — en mér skilst að hún vilji greiða tekjutryggingu sjö ár aftur í tímann — án tillits til tekna maka?

Reyndar hefur ekki enn komið fram hvaða vexti stjórnarandstæðingar og kannski hv. þm. sérstaklega vilji reikna á þessar greiðslur. Ef reiknað er með núverandi tekjutryggingu, 32.566, í sjö ár er upphæðin 2 millj. 688 þús. Með vöxtum nær hún örugglega 3 millj.

Það finnst örugglega dæmi um öryrkja sem er giftur maka með háar tekjur, t.d. lækni, verkfræðingi eða forstjóra, segjum með 400 þús. kr. á mánuði, og hefur því aldrei fengið tekjutryggingu, alltaf verið skertur 100%. Nú fengi þessi fjölskylda, þessi hátekjufjölskylda 3 millj. í eingreiðslu. Finnst hv. þm. þetta stuðla að jöfnuði í þjóðfélaginu? Og telur hv. þm. að verkamanni í ASÍ eða opinberum starfsmanni í BSRB, sem ekki hafa séð svona upphæðir, finnist það auka jöfnuð í þjóðfélaginu?

Varðandi ummæli hv. þm. um atvinnuleysistryggingar og fæðingarorlof þá vil ég benda á að hvort tveggja er fjármagnað með iðgjöldum, tryggingargjaldinu, og mynda sjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og Fæðingarorlofssjóð. Og nákvæmlega eins er með lífeyrissjóðina þar sem menn borga ákveðið iðgjald og eignast ákveðin réttindi í staðinn. Þar er ekki tekið tillit til tekna maka. En í bótum sem greiddar eru af ríkissjóði er tekið tillit til tekna maka.

[12:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki um hvort mér finnist að greiða eigi einhverjum samkvæmt dómi 2 millj., 3 millj., 5 millj. eða 50 þús. Málið snýst um að menn hafa haldið þannig á málum hér á hv. Alþingi að í kjölfar þess hefur fallið dómur fyrir Hæstarétti og það er sá úrskurður sem ég og við í Samfylkingunni, við í stjórnarandstöðunni, teljum að eigi að ganga eftir.

Hér hefur hv. þm. komið með sömu spurningarnar til allra, og félagar hans hafa tekið undir þær. Ég held að hann hafi orðað það á þá leið í gær hvort það særði ekki réttlætiskenndina að skattar lágtekjufólks væru notaðir til að borga þennan dóm. Ég hef bent stjórnarliðunum á að það eru aðrir hlutir sem særa réttlætiskenndina hjá venjulegu fólki. Það er t.d. þessi frestun á skattlagningu á arði, þar hefði nú verið

hægt að ná í nokkrar milljónir, það er þegar ríkisstjórnin lækkaði vörugjald af dýru bifreiðunum sem þeir lægst launuðu kaupa sér ekki. Það er að tveir eða þrír af 20 hæstu útvegsmönnum og hæstu kvótaeigendum skuli borga skatta og hinir bara alls ekki, og hvað ríkisstjórnin gerir yfirleitt lítið til að sjá til þess að allir greiði til samneyslunnar. Þetta er það sem særir réttlætiskennd.

Ég ætla að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal til baka af því að svo mikil samstaða er með stjórnarliðinu um að greiða 43 þús. kr. Er það rétta talan til að særa ekki réttlætiskennd stjórnarmeirihlutans, en ef hún hefði verið 51 þús. hefði það sært réttlætiskenndina, af því þeir ætla bara að láta skatta lágtekjufólksins greiða þessar örorkubætur en ekki hinna?

[12:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afskaplega merkileg yfirlýsing. Hv. þm. sagði: Það snýst ekki um það hvað mér finnst. Það snýst ekki um hvaða skoðanir ég hef eða lífsstefnu eða því um líkt. Það snýst um dóm Hæstaréttar, um einstaklingshyggjuna. Henni skal fylgt.

Hv. þm. var að segja að Hæstiréttur mótaði pólitík á Íslandi. Hv. þm. var að segja að dómur Hæstaréttar mótaði skoðanir hennar og stefnu á Alþingi. Það er ekki spurningin um hvað hv. þm. finnst eða hvaða stefnu hún hefur og hvort hún sé jafnaðarmaður eða ekki. Hv. þm. ætlar að láta Hæstarétt ákveða að greiddar verði 3 millj. til hátekjufjölskyldna í blóra við þá jafnaðarstefnu sem hv. þm. hefur fylgt hingað til. (Gripið fram í.) Hún hefur gert það.

Hv. þm. sagði í reynd: Jafnaðarstefnan er fyrir bí. Og ég spyr hv. þm. aftur: Er það jafnaðarmennska að borga 3 millj. til hátekjufjölskyldu? Þarf ég að fara að endurskoða orðabókina mína um þýðingu á orðinu „jafnaðarmennska" eða þarf að stofna nýjan jafnaðarmannaflokk sem ekki fylgir þessari jafnaðarstefnu? Ég mun reyndar ekki standa fyrir því.

[12:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað eins fullkominn útúrsnúningur og hugsast getur. Þingmaðurinn var að spyrja hvort mér fyndist að réttlátt væri borga 2 eða 3 millj. Hv. þm. var ekkert að spyrja mig almennt út í stefnu mína eða flokks míns Hún er alveg klár. Jafnaðarmenn vilja jafna kjör. Jafnaðarmenn vilja nota til þess ýmis tæki, þar á meðal skattalög og ýmis lög um félagslega aðstoð.

En jafnaðarmenn telja það líka að ef löggjafi, hver svo sem þar stjórnar, hefur hegðað sér þannig að einstaklingar eða hópar þurfa að fara fyrir dómstóla og þeim er dæmdur réttur, þá eigi sá sem valdið hefur þann eina möguleika að greiða það. Og það er alveg óþarfi að snúa út úr fyrir mér um jöfnuð eða stefnu í velferðarmálum. Ég hef þvert á móti bent á það að í þessari umræðu og af hálfu stjórnarmeirihlutans og þeirra sérstaklega sem hafa komið fram í fjölmiðum fyrir Sjálfstfl. þá hefur algjörlega skort að tala um það sem lýtur að velferðarmálum, mannréttindahugsuninni eða jafnréttissjónarmiðinu. Það þýðir ekkert að koma hér og tala um dóminn og heimfæra hvort hann verði greiddur eða ekki greiddur upp á jafnaðarstefnu eða hvernig maður ætlar að jafna kjör.

Það er svo sannarlega vilji jafnaðarmanna að nota skattalög og öll önnur lög til þess, en jafnframt að tryggja einstaklingnum mannlega reisn og lágmarksframfærslurétt.

[12:46]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sá ástæðu til að koma í ræðustól til þess að fjalla fjálglega um það hversu málefnaleg hún væri í málflutningi sínum.

Ég verð að viðurkenna það að mér hefur stundum fundist það há málflutningi hv. þm. hversu orðalag hennar er loðið og erfitt er að átta sig á því og það var einmitt um slíkt að ræða þegar hún vék að því hér áðan hvort 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna hefði í raun og veru fallið úr gildi eða ekki. Hún vék að því og sagði eitthvað á þá leið að þegar hæstaréttardómurinn hafi fallið þá hafi lagaákvæðið haldið gildi sínu enn um sinn.

Ég verð að viðurkenna það að ég náði ekki upp í þetta og mig langaði til þess, til þess að greiða úr þessari málefnaþoku þingmannsins, að biðja hana að svara því skýrt og skorinort hvort hún telji að ákvæði 5. mgr. 17. gr. laganna séu fallin úr gildi í heild eða að hluta til. Ég vil fá skýr svör við þessu vegna þess að þetta er einmitt málflutningur stjórnarandstöðunnar, hann hefur byggst upp á þessu. Jafnframt hefur stjórnarandstaðan haldið því fram að það þurfi ekki í raun að flytja lagafrv.

[12:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leiðrétta þingmanninn af því að ég tók það sérstaklega fram að ég ætlaði ekki að vera málefnaleg í ákveðnum hluta ræðu minnar, ég ætlaði þvert á móti að fara niður á ákveðið svið sem hv. formaður flokks hans hefði haldið sig á að undanförnu í þessari umræðu og vera verulega ómálefnaleg.

Svo er það sérmál hvort þingmenn skilja hver annan þegar þeir ræða saman og hvort einum finnst annar óskiljanlegur. Það getur átt við þótt sá sem stendur í ræðustólnum sé að hamast við að vera málefnalegur. Það verðum við bara að láta yfir okkur ganga.

En ég hef valið það, hæstv. forseti, að nota tvennt, að nota orð metins lögfræðings, Eiríks Tómassonar, sem hélt því fram að það væri fullkomlega unnt að greiða út 1. janúar. Það á auðvitað að lesast: Ef menn ætluðu ekki að fara að breyta fjárhæðunum, ef þeir ætluðu að meðtaka dóminn og greiða þessi 51 þúsund sem málið fjallaði um, að greiða það út, þá gætu þeir það og það var það sem ég notaði í andsvari mínu í gær um að vilji hefði verið allt sem þurfti ef menn ætluðu að greiða 51 þúsundin. Hins vegar hef ég notað orðalag hæstv. heilbrrh. um að Hæstiréttur hafi ómerkt gjörning löggjafans um skerðingu á tekjutryggingunni. (**TIO:** Er greinin fallin úr gildi eða ekki?) Ja, ég vil að það sé skoðað í heilbr.- og trn. (**TIO:** Nú?) Já, ég lít svo á (Gripið fram í.) að Hæstiréttur hafi ómerkt þennan gjörning. Ég er nákvæmlega sömu skoðunar og heilbrrh. Og hvort það eigi við heila grein, að hún falli út eða ekki, þá ætlast ég til að það sé skoðað.

En það er mat mitt, eins og Eiríks Tómassonar og eins og hæstv. heilbrrh., að unnt hefði verið að greiða út samkvæmt dómnum.

[12:50]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leitt að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir víkur sér hjá því að taka afstöðu til þessa máls sem hefur verið meginuppistaðan í málflutningi stjórnarandstöðunnar vegna þess að hér er um að ræða aðalatriði. Ef þetta lagaákvæði er fallið úr gildi eins og komið hefur fram hjá stjórnarandstöðunni þá eru ekki til neinar heimildir

til að greiða til baka skerðingu, þ.e. ef engin lagaákvæði eru til um greiðslu tekjutryggingar til þessa ákveðna hóps örorkulífeyrisþega.

Þetta er mergurinn málsins. Mér finnst svolítið skrýtið ef hv. þm. treystir sér ekki til þess að taka afstöðu til meginundirstöðunnar í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Það er mjög merkilegt. Ég vona að menn taki eftir þessu.

[12:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmanninum finnst bara ekkert leiðinlegt hverju ég er að svara honum af því að hann veit fullkomlega hvert svar mitt er. Þeir eru í hártogun um orðalag, hvort það eigi við um málslið, hvort það eigi við alla 5. mgr. (Gripið fram í.) eða seinni málsliðinn o.s.frv. Við höfum haldið því sama fram og vel metnir lögfræðingar úti í bæ hafa tjáð sig um, að miðað við hæstaréttardóminn hafi verið heimilt að greiða út. En það þyddi auðvitað að þá varð stjórnarmeirihlutinn að koma sér saman um að greiða samkvæmt dómnum, að greiða 51 þúsund. Ég er fullkomlega sammála hæstv. heilbrrh. og ég kýs að hanga á setningunni hennar af því ég hef afskaplega gaman af því. Hæstiréttur dæmdi gjörning löggjafans ómerkan.

[Fundarhlé. — 12:51]

[13:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Í upphafi míns máls vil ég byrja á því að óska hæstv. heilbrrh. góðs bata. Megi hún koma til starfa hið fyrsta.

Það er kannski ástæða til að vekja athygli á því, virðulegur forseti, að ég mun í máli mínu fljótlega beina spurningum til hæstv. utanrrh. og ég reikna með að hann verði viðstaddur eða heyri ræðu mína og spurningar. Síðan beini ég væntanlega spurningum til þeirra aðila sem hér hafa verið að spyrja stjórnarandstöðuna ákveðinna spurninga og við sjáum til hvað gerist í því.

Upphaf mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 hljóðar svo að það beri að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verði af honum tekin. Þetta er undirstaða frelsis, jafnréttis og friðar í heiminum. Sá dómur sem Hæstiréttur felldi 19. des. sl. var um þessi atriði, virðingu, frelsi og jafnrétti í máli Öryrkjabandalagsins gegn ríkisstjórn Íslands, vil ég segja.

En það má rifja það upp að fleiri athyglisverðir dómar féllu þennan dag. Það féll ákaflega athyglisverður dómur í svonefndu sýslumannsmáli í héraðsdómi Reykjavíkur. Einnig féll ákaflega athyglisverður dómur í máli Kjartans Gunnarssonar gegn Sigurði Guðjónssyni þennan sama dag. Þetta var ákaflega merkilegur dagur fyrir marga. Ég ætla ekki að ræða um þá dóma frekar en þetta verður eftirminnilegur dagur eftir sem áður fyrir þessa dóma sem féllu þennan dag. Kannski má segja að þetta hafi verið svartur dagur í sögu ákveðins stjórnmálaflokks.

Sú deila sem nú er til umræðu á virðulegu Alþingi, herra forseti, það sem er verið að deila hér um snýst um það hvort greiddur verður óskertur grunnlífeyrir og tekjutrygging, samtals 50.990 kr., eða hvort farin verður þessi yfirréttarleið ráðgjafa ríkisstjórnarinnar og aðeins greiddar 42.424 kr. sem tekjur til öryrkja í sambúð. Það vantar 7.566 kr. upp á að ná þeirri tölu sem grunnlífeyrir og tekjutrygging hljóða upp á, 7.566 kr. sem ríkisstjórnin hefur valið að láta greina á milli þeirra öryrkja sem þeir telja vera ríka og hinna sem þeir telja vera fátæka. Ég lít á þetta, virðulegur forseti, sem geðþóttaákvörðun. Það vill verða þannig að geðþóttaákvörðun er ærið oft pólitísk ákvörðun. Um þetta snýst þetta mál allt saman. Það snýst um það að ríkisstjórnin vill fá að taka í friði geðþóttaákvörðun um að greiða 42.424 kr. til öryrkja í sambúð en ekki 50.990 kr. eins og lög kveða á um.

Ég tel að það hefði verið ólíkt heilladrýgra fyrir okkur öll og ólíkt manneskjulegra að afgreiða málið þannig að skerða ekki grunngreiðslur og leysa þessa deilu á sambærilegan máta og gert er hjá nágranna- og viðmiðunarþjóðum okkar. Ég viðurkenni að þar eru skerðingar í gangi en þær skerðingar eru viðhafðar gagnvart svokölluðum heimildargreiðslum en aldrei, herra forseti, aldrei gagnvart grunngreiðslum. Þetta tel ég að mönnum hafi láðst að skoða nægjanlega vel því að það eru heimildargreiðslurnar sem eru skertar en ekki grunngreiðslurnar. Ég hef ekki sett mig á móti því og mun ekki setja mig á móti því að skerða heimildargreiðslur eftir því sem við á. En grunngreiðslurnar tel ég að eigi að haldast.

Það má svo sem auðvitað segja að miðað við nágrannaþjóðir okkar eru grunngreiðslur hér á landi allt of lágar. Það framfærir sig enginn af grunngreiðslum. Þess vegna eru heimildargreiðslur og þær eru ætlaðar einstkalingum. En það er viðurkennt að heimildargreiðslurnar falla ekki til einstaklinga í sambúð, öryrkja í sambúð. Auðvitað má velta því fyrir sér hvað einstaklingurinn þarf til ráðstöfunar. Ég tel að það eigi að fara að því sem ég hef hér áður sagt, það eigi að greiða 50.990 kr. þó það sé í rauninni mjög lág upphæð.

Við búum við það hér á Íslandi, því miður, að menn viðurkenna að lægstu laun fyrir fulla dagvinnu eru svo lág að þau nægja ekki til framfærslu. Þau eru þó 75 þús. kr. á mánuði. Það er viðurkennt að einstaklingurinn kemst ekki af með þau laun. Þá hljóta þeir hinir sömu að viðurkenna að tekjutrygging og lífeyrisgreiðsla til öryrkja er skammarlega lág þó óskert sé. Ég vil minna á að í fjölmiðlum undanfarið hefur Alþingi verið hvatt af hinum ýmsu launþegasamtökum til þess að greiða skilyrðislaust til öryrkja þær bætur sem Hæstiréttur hefur ákvarðað að skuli greiða til þeirra, að mínu mati sjö ár aftur í tímann, að lágmarki fjögur ár aftur í tímann, eins og það frv. sem við erum að fjalla um og ég tel varla vera þingtækt gerir ráð fyrir. (**PHB:** Með vöxtum?) Það á að greiða með vöxtum, já. (**PHB:** Dráttarvöxtum?) Það á að greiða með þeim vöxtum sem eru almennir í samfélaginu, þ.e. vextir, hv. þm. Pétur Blöndal, sem miðað er við þegar skattar eru ofteknir t.d. Ég sætti mig við að farin sé sú leið. En ég hvet til þess að menn skoði vandlega að það verði greitt sjö ár aftur í tímann eins og heimild er fyrir.

Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna hæstv. ríkisstjórn hagar sér eins og sagt var um malbikshross sem kom á heiði, þ.e. fer ofan í fen og kemst ekki upp úr nema því sé velt upp úr. Þetta þekkja þeir sem hafa ferðast um heiðar og þeir sem hafa umgengist hross. Ræða hæstv. forsrh. í gær minnti mig á mann sem aldrei hefur komið á það mýrlendi sem þarf að fara varlega um eða það land sem þarf að fara varlega um og þess vegna datt mér þessi samlíking í hug, að ríkisstjórnin væri að ferðast á malbikshrossi sem ekki áttaði sig á þeim pyttum sem á veginum væru.

Þetta er pólitísk vilpa sem forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa lent í og hún er upp á 7.566 kr. á hvern einstakling og gæti í hæsta lagi numið 280 millj. kr. ef að fullu væri bætt aftur í tímann og til þessa dags eða til þessa árs.

Ég hlustaði á hæstv. utanrrh. þar sem hann fjallaði um hvort greiðslurnar væru nægjanlegar, hvort þær væru of lágar eða hvort þær væru nægjanlega háar. Ég vil segja það við hæstv. utanrrh. að það eru til nægir fjármunir í landinu og í þjóðfélaginu til þess að hver einstaklingur hafi nægjanlegt til grunnframfærslu. Þetta mál varðar, eins og hæstv. utanrrh. sagði, allt velferðarkerfið. Og ég tek undir það og það eru til fjármunir til þess að gera þetta. Það er ekki í lagi að við skulum greiða bætur, að við skulum greiða framfærslueyri sem ekki nægir til framfærslu. Að hluta til snýst þetta mál verulega um þessa hugmyndafræði.

Herra forseti. Ég má til með að rifja það upp að í umræðum um fjárlög undanfarin ár hef ég á hverju einasta ári vakið athygli á stöðu þeirra einstaklinga sem búa við skertan framfærslulífeyri. Það var undarlegt að verða var við það þegar ég var búinn að vinna best gögnin og lagði þau fyrir fréttamenn og bað ágæta fréttamenn að gera nú grein fyrir því nákvæmlega hvernig þetta væri. Þá sögðu þeir: „Það hefur, Gísli minn, enginn maður áhuga á þessum málum þó að þú sért að reyna að tala um þetta." Hvað þurfti til? Það þurfti málsókn. Það þurfti lögsókn á hendur ríkinu. Það þurfti dóm frá Hæstarétti til þess að fjölmiðlar og þjóðin tækju eftir. Og það gerist á þennan veg að þegar dómurinn er fallinn þá bregst hæstv. ríkisstjórn við á þennan máta sem allir þekkja, að vilja skerða aftur og eiga málsókn á hættu. Það er alveg ljóst að það mun verða málsókn og málið mun fara fyrir Hæstarétt og það eru allar líkur á því að ríkisstjórnin verði að sæta því að fá annan dóm á sig. Ég tel það óskynsamlegt, ekki fyrir ríkisstjórnina, heldur fyrir Alþingi allt ef málið fer á þann veg sem frv. sem við erum að fjalla hér um hljóðar upp á. Ég vona að farið verði að þeim orðum hæstv. heilbrrh. að heilbrn. skoði málið þannig og átti sig á því að það eina sem réttlætanlegt er að gera er að greiða þessar 50.990 kr.

En ef það er svo mikið prinsippmál, pólitískt prinsippmál, að hafa vald til skerðingar þá skulu þeir ákvarða 50.989 kr. Þá hafa þeir komið valdinu fram, þ.e. með því að skerða um eina krónu. Það mun ekki skaða. Þá hafa þeir pólitíska viljann sinn og geta skert um eina krónu.

Í umræðum á Alþingi á undanförnum árum hef ég fjallað um mál öryrkja og ég vil, með leyfi forseta, vitna í þá ræðu þegar ég las upp bréf tveggja einstaklinga sem hafa gengið í gegnum þá skerðingu sem við erum að fjalla hér um. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég er gift kona sem varð fyrir því árið 1990 að lenda í miklum veikindum og sjúkrahúsvist. Árin 1990 til 1996 var ég mjög veikburða en vann þó sem fulltrúi hjá Pósti og síma. Að sjálfsögðu höfðu veikindin áhrif á vinnustað svo sem í minnkandi frumkvæði og afköstum. 1996 gat ég ekki meir en var lögð á skurðarborðið og vissi fyrst af mér sex vikum seinna og er óvinnufær með öllu í dag. Ástæðan fyrir þessu bréfi er sú," segir þessi kona, „að mér sárnar mest hve einstaklingurinn er lítils metinn í velferðarríkinu sem Ísland á að vera. Þar á ég við að ég sem einstaklingur er algjörlega háð eiginmanni mínum um framfærslu, hef ekkert sem ég get kallað mitt eigið og einnig þau ólög sem ríkja um það að tekjutengja bætur sem ég hef rétt á að fá vegna þess að ég sem einstaklingur hef lagt mitt af mörkum í þjóðarbúskapinn án nokkurrar aðstoðar frá eiginmanninum eða öðrum. Sú tilhugsun er óbærileg að þurfa að grípa til þess örþrifaráðs að skilja við hann til þess að öðlast sjálfstæði, þ.e. að verða einstaklingur aftur, vegna þess að við höfum það ekki af án míns framlags í sameiginlegan rekstur heimilisins. Í mínu tilfelli höfum við verið saman í 37 ár, eigum fjórar yndislegar dætur, sameiginlegt fallegt heimili sem þarfnast þess að við leggjum bæði okkar af mörkum."

Herra forseti. Þetta er í rauninni það sem málið snýst um. Tveir heilbrigðir einstaklingar sem reka heimili sitt lenda í því að annar verður veikur og hvað gerist þá? Þá minnka heimilistekjurnar um allt að 80% og getur verið miklu meira ef einstaklingurinn er í hálaunuðu starfi. Þetta er skelfileg staðreynd og um þetta er ekki nægjanlega hugsað þegar menn eru að ákvarða það að þar sem eru tveir einstaklingar t.d. með 400 þús. kr. heimilistekjur til að reka heimilið, annar verður veikur og verður öryrki — það gerist enginn öryrki, hann verður öryrki — hvað er honum ætlað? 43 þús. kr. telur hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn á Alþingi, meiri hluti Sjálfstfl. og Framsfl., að sé eðlilegt að ætla þeim einstaklingi sem dettur úr 200 þús. kr. tekjum niður í 43 þús. kr. til framfærslu á móti eiginmanninum eða eiginkonunni. Þetta er skelfilegt og er óverjandi og er til hreinnar skammar.

Virðulegi forseti. Ég mun aldrei þreytast á því að klifa á þessum málum sama hvernig viðbrögðin verða bæði hér hjá einstaklingum og öðrum á Alþingi.

Ég vil fá að vitna, með leyfi forseta, í annað bréf sem ég las við umræðu um fjárlög fyrir 1999 og það var svona:

„Ég undirrituð er 75–100% öryrki og er gift manni sem hefur góð laun. Örorkubætur mínar eru 15.123 kr. á mánuði og rúmar 4 þús. kr. í bensínstyrk.

Það er ótrúlegt að þetta skuli vera til en er því miður satt. Ef ég væri heilbrigð væri ég vinnandi utan heimilisins eins og ég var þegar ég lenti í bílslysi sem varð til þess að ég varð öryrki. Þá hefði ég kaup eins og aðrir en mér væri ekki greitt eftir tekjum maka. Það er verið að sekta okkur öryrkja fyrir að gifta okkur þar sem tekjutrygging til öryrkja byrjar að skerðast strax þegar laun maka fara yfir 40 þús. kr. á mánuði." — Ég vek athygli á því að þetta bréf var lesið upp fyrir einu og hálfu ári. — „Slík laun eru varla til þar sem að atvinnuleysisbætur eru 60 þús. kr. á mánuði. Þar er ekki spurt hvort maður sé giftur né hver laun makans eru."

Þetta tel ég að sé ástæða fyrir okkur á Alþingi að skoða og meta hvers vegna sú upphæð sem ég gat hér um í upphafi, 42.424 kr., er ákvörðuð. Ég spyr endalaust hv. alþm. sem hafa talað í þessu máli: Hvers vegna varð þessi upphæð fyrir valinu? Hvers vegna varð þessi upphæð fyrir valinu? Ekki er hægt að finna nein rök fyrir þessu önnur en pólitíska geðþóttaákvörðun, virðulegur forseti. Ekki er hægt að finna annað. Ekki er farið að hæstaréttardómnum.

Ástæða er til þess, herra forseti, að vitna í ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands frá 21. október á sl. ári. Þar er sagt, með leyfi forseta, að það verði að:

„Hækka tryggingabætur verulega til að íslensk þjóð geti skammlaust borið sig saman við þær lýðræðisþjóðir sem sambærilegar eru henni að þjóðartekjum."

Í þessari ályktun er bara farið fram á sambærilegar tryggingabætur og aðrar þjóðir.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þetta mál. Ég hef farið yfir hvernig þetta er á Norðurlöndum, hvernig þetta er í sambærilegum þjóðlöndum að þar er grunnlífeyrir ekki skertur. Aðeins heimildarbætur eru skertar og ég skora á menn að fara rækilega í það mál. Ég hef hringt til Danmerkur til að ræða við viðkomandi aðila þar um þetta mál og ég fékk staðfestingu á að ég hefði rétt fyrir mér varðandi grunnlífeyrinn en heimildarbætur eru skertar og við höfum ekki hér, stjórnarandstaðan, lagst gegn því að það gæti átt sér stað.

Annað atriði í þessari ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Draga verulega úr þeim harðneskjulegu tekjutengingum sem öryrkjum er gert að búa við — tekjutengingum sem eiga ríkan þátt í að brjóta niður einstaklinga og fjölskyldur. Hverfa algjörlega frá tengingu við tekjur maka."

Það á að hverfa algjörlega frá tengingu við tekjur maka, segir í þessari ályktun. Það er ekki það sem við höfum verið að flytja eins og ég er margbúinn að segja í þessari umræðu.

Það má velta fyrir sér dómi Hæstaréttar og það hefur margsinnis verið gert. Það sem menn hnjóta um og hafa verið að togast á um er það sem stendur í V. kafla að þar er fallist á kröfu Öryrkjabandalags Íslands og viðurkennt að ekki hafi verið heimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 á „á þann hátt" sem gert er í 5. mgr. 17. gr. Þetta atriði er það sem menn hafa verið að togast á um frá því að umræðan hófst.

Ég held að það sé ekki til sóma fyrir neinn af okkur sem hér störfum að vera að togast á um þessa hluti. Það er ömurlegt að segja það en það liggur við að maður þurfi að standa í sömu sporum og það fólk sem hefur lent í því að verða örorkulífeyrisþegi til að skilja stöðu þeirra. Það er ótrúlegt að hlusta á fólk sem er með hærri laun í stjórnarlaun, fyrir að sitja kannski einn stjórnarfund á mánuði, en það sem lagt er til að öryrkjum verði greitt á mánuði til framfærslu. Það er skelfilegt að menn skuli yfir höfuð geta hugsað þá hugsun til enda að það sem menn eru að fá fyrir að sitja einn fund á mánuði, kannski í fjóra til fimm tíma, sé eðlilegt fyrir annan til framfærslu. Þó að það sé kannski afstætt að draga þetta fram þá er þetta svona. Það eru fjölmargir í þessu samfélagi sem þiggja í stjórnarlaun ótrúlega háar upphæðir.

Virðulegi forseti. Einnig má minna á að mikill fjöldi öryrkja hefur aldrei átt möguleika á því að ávinna sér rétt í lífeyrissjóði eða þá svo lítinn að það skiptir engu máli í afkomunni. Það má líka benda á það að sérstök heimilisuppbót öryrkja þurrkast út krónu fyrir krónu við minnstu tekjur úr lífeyrissjóði þannig að það eru alls staðar skerðingar í gangi. Þetta gildir gagnvart einstaklingum eða öryrkjum í sambúð, þetta gildir yfir það allt saman.

Herra forseti. Örorkulífeyririnn er 18.424 kr. Tekjutryggingin eru 32.566 kr. Þetta gerir samtals 50.990 kr. og það er þetta sem verið er að skerða með því frv. sem fyrir er lagt. Það sem liggur að baki, virðulegi forseti, er auðvitað það sem maður verður að velta fyrir sér hvað er, það er að hæstv. forsrh. segir að um pólitískt slys hafi verið að ræða. Hæstv. forsrh. telur að Hæstiréttur hafi í þeim dómi sem við erum að tala um lagt pólitískar línur og að dómurinn hafi verið slys. Hvers konar slys, virðulegi forseti?

Í umræðu á okkar dögum um stjórnskipunarrétt á ekki að líta svo á að túlkun dómstóla á stjórnarskrá feli í sér pólitísk afskipti af löggjafarvaldinu en hæstv. forsrh. telur að Hæstiréttur hafi lagt pólitískt mat á þessa ákvörðun með því að það er túlkað sem greiða eigi 50.990 kr. Það samræmist ekki pólitískum geðþótta ýmissa einstaklinga og ég tala nú ekki um meiri hlutann hér er á þingi.

Lágmarksgreiðsla til öryrkja getur í hæsta lagi verið 73.546 kr., til einstaklings sem er ekki í sambúð. Þetta er lægri upphæð en unnt er að komast sómasamlega af með. Einstaklingur í sambúð á að fá samkvæmt vilja meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar 42.424 kr. Þetta segi ég ítrekað að sé til skammar.

Það er ætlunin með þessu frv. að skerða enn þá lífeyri vegna tekna maka. Skerðing vegna eigin tekna hjóna eða öryrkja í hjónabandi verður meiri en hjá einstaklingi. Með þessu frv. er verið að sveigja að niðurstöðu sem leiðir til þess að ekki þurfi að greiða ellilífeyrisþegum sambærilegar bætur þegar þeir, ég segi þegar þeir, munu fara í mál við ríkið. Það liggur alveg ljóst fyrir að það mun gerast. Ég tel einnig að það liggi ljóst fyrir að það muni gerast að einstaklingar sem orðið hafa fyrir stórskaða vegna þeirra skerðinga sem nú hefur fallið dómur um, þeir einstaklingar sem hafa tapað eignum, þeir einstaklingar sem hafa valið þann kost að fara út í skilnað með hörmulegum afleiðingum, munu reyna að finna sér rétt til að sækja á ríkið. Við þessu var varað þegar síðustu skerðingarákvæði voru sett inn.

Herra forseti. Þó að ég hafi mikið efni um að fjalla, sérstaklega þar sem ég hef áður fjallað um í ræðum mínum og greint niður hvernig skerðingarnar eru framkvæmdar hjá öryrkjum og hver afkoman er hjá öryrkjum og hjá ýmsum stéttum í landinu sem búa við lakastan kostinn, þá ætla ég ekki að gera það frekar nú, það mun verða rætt við 2. umr. nákvæmlega hvernig þetta er. Mér er það alveg ljóst að af þeim 8.700 öryrkjum sem í landinu eru, þá eru 2.000–3.000 einstaklingar sem búa við ákaflega bágan kost og það verður að lagfæra stöðu þeirra. Ég er með, virðulegur forseti, þetta nákvæmlega niðurgreint hér á blaði hversu margir eru í hverjum hópi og hver staða þeirra er, hvað þeir fá greitt og hvernig þeim er ætlað að komast af.

Ég tel að afleiðingin af þessari lögleiðingu ef af verður verði sú að áframhaldandi málarekstur verði á hendur ríkisvaldinu, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ég mun ekki greiða þessu frv. samþykki mitt þegar til þess kemur, nema úr verði bætt frá því sem nú er varðandi tekjur einstaklinga í sambúð.

Herra forseti. Það sem er mikilvægast í allri þessari málaumfjöllun er að ekki verður aftur snúið. Dómurinn sem við erum að fjalla um hefur aukið og vakið skilning hjá almenningi á því að unnt er að sækja rétt sinn fyrir dómstólum og að ríkisstjórn og Alþingi fara ekki með alvald á milli kosninga.

Virðulegur forseti. Það sem ég hef orðið var við er að þjóðin, sem veltir þessum málum ekki mikið fyrir sér, er særð sári, er særð vegna þess að verið er að veitast að lítilmagnanum í samfélaginu og ég gleðst yfir því að þessi dómur skuli hafa fallið og það öryrkjum í vil vegna þessa máls.

Ég segi að lokum, herra forseti: Dómurinn gefur fyrirheit um betra og réttlátara líf og betra samfélag og ég segi að með þessum dómi er stefnt að lýðræðislegu og félagslegu réttarríki. Þetta eru lokaorð mín, virðulegur forseti, að sinni en ef ástæða gefst til við 2. umr. þá er mikið eftir órætt, bæði um dóminn og síðan almennt um kjör lítilmagnans í samfélaginu.

[14:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók dæmi af manni eða konu með 200 þús. kr. sem verður öryrki og fær ekki nema 43 þús. kr. samkvæmt frv. Ég spyr hv. þm.: Hvernig var með þessa manneskju, greiddi hún ekki í lífeyrissjóð? Framdi hún lögbrot? Því það er lagaskylda að greiða í lífeyrissjóð. (**ÁRJ:** Ekki húsmæður.) Hún er ekki með 200 þús. kr. sem húsmóðir. (**Gripið fram í:** Fullorðin.) (**Gripið fram í:** Gömul kona sem hefur verið ...) Hver er með 200 þús. kr. í tekjur og greiðir ekki í lífeyrissjóð? Það er lögbrot. Ég lýsi eftir þeirri

manneskju. Svona málflutningur er villandi. Því þessi manneskja, ef hún er þrítug, þá hefur hún fengið framreikning til 67 ára aldurs í flestum lífeyrissjóðum nema Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og væri með 130–140 þús. kr. í örorkulífeyri frá lífeyrissjóðnum sínum, plús örorkulífeyri frá Tryggingastofnun. (Gripið fram í.) Svona málflutningur er villandi.

Hv. þm. segir auk þess að margir hafi ekki átt rétt á því að greiða í lífeyrissjóð. Hverjir hafa ekki átt rétt á því að greiða í lífeyrissjóð síðustu tuttugu árin? Það er búið að vera skylda að greiða í lífeyrissjóð síðustu tuttugu árin. Það eru eingöngu þeir sem aldrei hafa farið á vinnumarkað, fatlaðir sem búa á sambýlum og verið er að reyna að búa vel um.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. af því ég reikna með að hann hafi ekki þessa stöðluðu samræmdu skoðun og sannfæringu vinstri manna: Hvernig finnst honum það samræmast jafnaðarmannahugsun sinni að vera að borga núna 3 millj. í eingreiðslu til hátekjufjölskyldna með 400–500 þús. kr. á mánuði? Hvernig líður hv. þm. með það og hvernig heldur hann að félagsmönnum í ASÍ eða í BSRB með miklu, miklu lægri tekjur líði og líki slík jafnaðarmennska?

[14:07]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ánægjulegt að fá hv. þm. Pétur H. Blöndal hér upp í ræðustól og flytja mál gegn þeim sem lakast eiga og bágast eiga í samfélaginu. Ég dró það fram að það gæti verið um tvo einstaklinga að ræða sem báðir væru með 200 þús. kr. í laun og annar félli frá eða veiktist og yrði öryrki. Um getur verið að ræða einstakling sem búinn er að vera á vinnumarkaði í eitt ár. Og hvernig er staða hans? Hvað er hann búinn að greiða mikið í lífeyrissjóð? Hvað á hann mikinn rétt úr lífeyrissjóði, hv. þm. Pétur H. Blöndal?

Ég las hér upp, virðulegur forseti, úr bréfum sem mér bárust sem þingmanni, sem sitjandi fjárlaganefndarmanni, og ég hygg að flestum þingmönnum hafi borist. Ég las upp úr bréfum hvílík umskipti það voru hjá þessum einstaklingum, konum í báðum tilvikum, að lenda í því að geta ekki lagt til heimilisins eins og gert hafði verið áður. Sýnt var fram á nákvæmlega hver greiðslan var eftir sambúð í 37 ár, þar var um að ræða 15 þús. kr. plús 4 þús. kr. í bensínstyrk. Það er verið að leiðrétta hjá þessari konu, þessum einstaklingi núna upp í 43 þús. kr. Og ég segi, það er ekki of mikið. Það er ekki of mikið þó það væri 51 þús. kr. eða 50.990 eins og talan hljóðar nákvæmlega upp á.

Út af spurningu hv. þm. Péturs H. Blöndals þá held ég að hann ætti að átta sig á því að ekki eru allir dómar sem falla í Hæstarétti sem fara eftir því hvað menn telja sig hafa gert, rétt eða rangt.

[14:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem eiga bágast, fjölskyldan þar sem annar aðilinn hefur 200 þús. kr. og hinn fær 32 þús. plús 18, það eru um 50 þús. — 250 þús. kr. Það er fjöldi manna hjá ASÍ sem hefur minna í fjölskyldutekjur. Og ég fæ enn ekki svar við því hvernig á því stendur að manneskja sem er búin að vinna 32 ár á engan rétt í lífeyrissjóði? Ég fæ enn ekki svar við því. Hvernig stendur á þessu? Ég fæ bara aldrei svar við því. Þetta fólk hefur væntanlega svikist um að borga í lífeyrissjóð — sem er lögbrot. Og ég vil ekki að hv. þm. noti slíkt dæmi hér á hinu háa Alþingi. Þetta fólk á ekki bágast í þjóðfélaginu. Þeir sem eiga bágast eru þeir sem eru 100% öryrkjar, búa einir og hafa ekki ríkan maka til að lifa með eins og þessi skilningur stjórnarandstöðunnar gengur út á. (Gripið fram í.) Þeir öryrkjar sem munu fá bætur samkvæmt þessum lögum og þeim tillögum sem hér eru lagðar fram eru 10% þeirra öryrkja sem best hafa það í fjölskyldutekjum. Hinir fá ekki neitt.

[14:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í hvert einasta skipti þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur upp í ræðustól til að fjalla um kjör þeirra sem lakast eru staddir skal hann alltaf höggva í sama knérunn og tala um þau fáu dæmi sem geta verið til um að þessir einstaklingar séu þokkalega staddir fjárhagslega.

Út af þeim spurningum sem hér voru lagðar fram varðandi afstöðu einstaklinga í verkalýðsfélögunum, þá vil ég minna á áskoranir frá launþegasamtökum sem hafa dunið yfir okkur í síbylju dag eftir dag um áskorun til Alþingis að leiðrétta þetta mál samkvæmt hæstaréttardómi.

[14:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eftir að hinn umræddi hæstaréttardómur féll í desember þá var því haldið fram að hér væri um að ræða býsna einfalt mál. Hægt væri að bregðast við dómnum án þess að lög væru sett, eðlilegt væri að Alþingi kæmi strax saman milli jóla og nýárs og í raun og veru væri hér um að ræða klárt og kvitt einfalt mál. Þær umræður sem hafa staðið bæði í dag og í gær hafa auðvitað sýnt fram á hið gagnstæða. Þetta mál er margslungið. Margar hliðar eru á málinu, annars staðum við þingmenn ekki hér dögum saman í deilum við að reyna að finna á því niðurstöðu.

Menn töluðu í upphafi um að eðlilegt væri að kalla þingið strax saman án þess að í rauninni lægi fyrir nægjanleg eða ítarleg yfirferð um málið, það hefði auðvitað verið tilgangslaust. Það er augljóst að í máli af þessu tagi, af þessari stærðargráðu, sem margir hafa talað um að sé einstakt mál og sé eitt hið stærsta sem Hæstiréttur hafi fjallað um, þá er auðvitað eðlilegt að mál af þessu tagi sé undirbúið og lagt þannig fyrir þingið. Þannig er það með öll mál af þessari gerð þar sem uppi eru ýmsar skoðanir sem þarf að fara rækilega ofan í. Þess vegna var það eðlilega að verki staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að kalla saman hóp sérfræðinga til að vinna þetta mál sem síðar leiddi til þess frv. sem við erum nú að ræða í dag og í gær.

Alþingi var á sínum tíma sakað um flumbrugang þegar verið var að ganga frá því lagaákvæði sem seinna var dæmt um í Hæstarétti. Alþingi var sakað um að hafa ekki gengið nægjanlega vel frá málum, ekki hefði verið nægjanlega góð yfirferð yfir málið. Hæstv. fjmrh. greindi frá því áðan að það hefði verið fyrir handvömm að hluti féll úr almannatryggingafrv. árinu 1993 sem allt þetta byggist nú á. Er því ekki eðlilegt að við reynum að vanda sem mest málsmeðferðina og undirbúa það sem best þannig að þingið fái málið sem best útbúið í sínar hendur? Og að það geti tekið sem skynsamlegasta afstöðu til máls sem skiptir mjög miklu, sem varðar grundvallarspurningar og er mál af því tagi að það varðar hagsmuni mjög margra, ekki síst þeirra hópa sem við viljum styðja við bakið á. Þess vegna hefði það að mínu mati verið fullkomið óðagot að kalla þingið saman á milli jóla og nýárs án þess að það mál sem við erum að ræða um í dag hefði verið rækilega undirbúið.

En um hvað snýst málið þá í rauninni? Það er alveg ljóst þegar við skoðum það niður í kjölinn, út í hörgul, um hvað

málið snýst og um hvað er verið að dæma. Dómsforsendurnar sýna okkur fram á það. Upplegg þess sem stefndi sýnir okkur það og vörnin sýnir okkur það. Þegar við skoðum þetta blasir það við, en einungis eftir að við höfum farið mjög rækilega yfir málið og ljóst er af umræðunni í dag að sitt sýnist hverjum.

Þegar við veltum aðeins fyrir okkur gagnrýninni sem hefur komið fram á frv. er augljóst að sú gagnrýni er á ýmsa vegu. Síðasta laugardag birtist athyglisverður leiðari í dagblaðinu Degi þar sem vikið er einmitt að þessari sundurlausu gagnrýni sem hefur komið fram á frv. Ég vil leyfa mér, með leyfi virðulegs foreta, að vitna aðeins í þennan leiðara:

„Í þessari breiðfylkingu, eins og oft vill verða í breiðfylkingum eru menn að sameinast um afmarkað fyrirbæri á nokkuð ólíkum forsendum. Þannig virðist það alls ekki ljóst hvort allir þeir sem gagnrýnt hafa frumvarpsgerð öryrkjahóps forsætisráðherra, geri það af sömu ástæðu. Greinilegt er þannig að sumir (öryrkjar og aldraðir) telja dóm Hæstaréttar fela í sér mjög víðtækt bann við tekjutengingu bóta og andmæla viðbrögðum ríkisstjórnarinnar af þeim ástæðum. Aðrir mótmæla hins vegar á grundvelli þrengri útfærsluatriða sem talin eru brjóta gegn dómnum."

Enn segir í þessum leiðara:

„Það er hreint ekki ljóst hver afstaða stjórnarandstöðuflokkanna er í þessu efni þó þeir séu vissulega allir á einu máli um það að viðbrögð ríkisstjórnarinnar sé stjórnarskrárbrot. Er það t.d. túlkun stjórnarandstöðunnar að hugmyndafræði *tekjutengingarinnar hafi beðið skipbrot? Eða að tekjutenging* allra bóta við tekjur maka sé óheimil? Svörin við þessum spurningum geta skipt sköpum fyrir velferðarkerfið eins og við þekkjum það í dag og í versta falli gæti málið snúist um að gengisfella jöfnunarhugsjón þess verulega."

Þetta er mjög athyglisverð ábending. Maður hefði ímyndað sér eftir svo góða brýningu, sem kom fram í þessum athyglisverða leiðara í Degi, að stjórnarandstaðan hefði brugðist mjög vel við og niðurstaðan af þessari tveggja daga umræðu væri orðin mjög skýr í kollum okkar núna. En það er bara ekki þannig, umræðan hefur nefnilega ekkert orðið til þess að skýra afstöðuna, við sjáum það m.a. af umræðu dagsins í dag og dagsins í gær.

Umræðan snýst að sjálfsögðu mjög um 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna og þar virðast vera uppi alls konar sjónarmið. Eitt er að það sé seinni málsliðurinn sem sé brot fallinn. Annar segir: Öll greinin er hrunin. Hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði í dag að ástæða væri til þess að skoða a.m.k. það hvort öll greinin hafi ekki verið dæmd ómerk. Ef það er rétt sem hv. þm. segir, þá eru hér auðvitað mikil tíðindi á ferðinni því eins og menn sjá við lestur þessarar greinar þá er hún tvískipt. Í fyrri málsliðnum er þessi heimild til að greiða tekjutrygginguna þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári." — Með öðrum orðum, þarna er heimildin.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hins vegar í dag í andsvari við hæstv. fjmrh. að með þessum dómi hefði þessi mikla skerðing verið ógilt. Ég ítreka hæstv. forseti „þessi mikla skerðing", þ.e. sú skerðing sem er í lögunum í dag, gildandi lögum, að sú mikla skerðing vegna tekna maka hefði verið ógilt.

Ég verð að segja það og deila skoðunum með leiðarahöfundi Dags að býsna mikið vantar á að stefnan sé skýr. Ég geri ráð fyrir því að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi hver fyrir sig ákveðna skoðun í þessum efnum en ekki er hægt að segja að stefna stjórnarandstöðunnar í heild hafi orðið ýkja skýrari í umræðunni.

Auðvitað er það ekki þannig að verið sé að dæma ógilda 5. mgr. laganna í heild sinni, því fer víðs fjarri. Eins og ég var að rekja áðan er það ekki þannig að þessi grein fjalli eingöngu um þetta tekjuskerðingarákvæði vegna tekna maka, það er ýmislegt annað sem í þessum lagatexta getur að líta. *Málsgreinin fjallar ekki bara um skerðingu tekjutryggingar* sem einstaklingur í hjúskap verður fyrir vegna tekna maka, heldur reglan sjálf eins og ég nefndi áðan, auk þess sem í þessu ákvæði felst regla um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna sem lífeyrisþegi kann að hafa aflað sjálfur. Hér er um að ræða mjög víðtækt ákvæði sem var augljóslega ekki verið að dæma um.

Þegar við skoðum síðan forsendur dómsins betur er alveg augljóst mál að tenging bóta við tekjur maka er ekki ólögleg í sjálfu sér. Þetta hefur náttúrlega fengist viðurkennt í umræðunni í dag, gagnstætt því sem manni virtist á fyrri stigum umræðunnar. Núna hafa menn hins vegar fyrst og fremst einbeitt sér að því að segja: Ekki má skerða tekjutrygginguna, tekjutryggingu einstaklingsins vegna tekna maka. Þetta er a.m.k. blæbrigðamunur frá því sem haft var uppi við upphaf umræðunnar og ekkert við því að segja, umræða þróast með þessum hætti.

Það er líka þannig, ef maður fer yfir hæstaréttardóminn sjálfan, að Hæstiréttur telur í forsendunum að þessir þættir séu háðir mati. Þegar við ræðum þessi mál, um þennan rétt til að skerða tekjutrygginguna út frá tekjum maka, verðum við að gera það með hliðsjón af dómnum og hliðsjón af þeim dómsforsendum sem þar getur að líta.

Í hæstaréttardóminum segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Svo sem áður greinir verður að telja að í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar felist ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling." — Um þetta held ég að flestir séu sammála. — „Þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til *mats á því, hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð*, geta dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess, hvort það mat samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar."

Hérna kemur þetta fram. Með öðrum orðum er dómurinn að segja: Þetta mat er til staðar en hins vegar verðum við að tryggja tiltekin lágmarksréttindi. Þetta er það sem kemur greinilega fram í þessum dómsforsendum og skiptir öllu máli þegar við erum að ræða þessi mál.

Töluvert mikið hefur verið rætt um það og hefur verið gert að eins konar aðalatriði í umræðunni, a.m.k. á seinni stigum hennar, að tekjutryggingin gagnvart makanum í þessu tilviki geti farið niður í 43 þús. kr. miðað við frv. Menn hafa sagt sem svo: *Þetta stenst ekki, tekjutryggingin gagnvart maka á* alveg klárlega og afdráttarlaust að vera 51 þús. kr.

Í þessu sambandi vil ég í fyrsta lagi vekja athygli á því að þegar um það er að ræða að tekjutryggingin fari ofan í 43 þús. gerist það fyrst við það að fjölskyldutekjur fari í 300 þús. kr. á mánuði eða þar um bil. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að í gegnum alla löggjöf okkar, meira og minna, gengur það sem rauður þráður að í fjölskyldum ríki gagnkvæm framfærsluskylda. Í

hjúskaparlögum frá árinu 1993 er kveðið mjög skýrt á um þetta þar sem sagt er:

„Hjón bera sameiginlega ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar. Til framfærslu telst það sem með sanngirni verður krafist til sameiginlegs heimilishalds og annarra sameiginlegra þarfa, uppeldis og menntunar barna og sérþarfa hvors hjóna.“ — Þetta er auðvitað eins og við þekkjum mjög víða í löggjöf okkar.

Í gærkvöldi bar það líka til tíðinda að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir greindi frá því í umræðunum, sem mér fannst mjög athyglisvert, að Reykjavíkurborg greiddi með sérstakri fjárhagsaðstoð hverjum einstaklingi sem ætti á annað borð rétt á því um 60 þús. kr. á mánuði. Ef hins vegar um væri að ræða greiðslur til hjóna, þá skertist greiðslan sjálfkrafa, ekki um 25% en um 10%. Með öðrum orðum þessi greiðsla, sem litið er á sem eins konar tekjutryggingu í skilningi þessarar aðstoðar, er skert ef um er að ræða greiðslur til hjóna, um 10% eins og fjöldamargt annað. Það undirstrikar að ekkert af því sem sagt hefur verið, að það sem við erum að leggja til sé ósamrýmanlegt hugsunarhætti löggjafans að öðru leyti, ekkert af því stenst. Þá vaknar þessi spurning áfram: Hvers vegna er þessi upphæð þá lægri hjá einstaklingi ef um er að ræða hjónafólk í skilningi laganna?

Eins og bent er á í hinni ágætu álitsgerð lögfræðingahópsins er ýmislegt sem styður það að með einhverjum hætti sé tekið tillit til hjúskaparstöðu og þessarar gagnkvæmu framfærsluskyldu. Ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins úr þessari greinargerð, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun á viðmiðunarfjárhæð þessarar sérreglu er rétt að taka tillit til þess, sem fram kemur í dómsforsendum Hæstaréttar, að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn greinarmun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki. Verður því fjárhæð sérreglunnar eðlilega nokkru lægri en fjárhæð óskertrar tekjutryggingar einhleypings.“

Sama sjónarmið kemur auðvitað fram í dómsforsendum Hæstaréttar þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks. Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka. Er það í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur að baki íslenskri löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í lögum er þó víða tekið tillit til hjúskaparstöðu fólks. Má hér nefna skattalög og ákvæði laga um félagslega aðstoð. Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn. Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki.“ (**ÖJ:** Um þetta deilir enginn.)

Um þetta deilir enginn, segir hv. þm. og þetta er auðvitað ... (Gripið fram í.) Þetta eru auðvitað, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) málefnaleg rök, eins og Hæstiréttur er hér að víkja að, að þessi skerðing eigi sér stað eins og hér er verið að leggja til. (**ÖJ:** Það er allt annað. Það er ekki talað um tekjutengingu þarna.)

Virðulegi forseti. Ég held ég verði óska eftir því að ég fái tóm til þess að ljúka máli mínu.

Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað upp á síðkastið hefur verið sagt sem svo að vatnaskilin í umræðunni hafi átt sér stað með breytingum á stjórnarskránni árið 1994. Það hafi gerst á hinum sólríka sumardegi á Þingvöllum að mönnum hafi orðið það ljóst með breytingunum á stjórnarskránni að allt það sem áður hafði verið í lögum í 50 eða 60 ár stæðist ekki það sem menn hafa kallað mannréttindaákvæði. (Gripið fram í.) Það er auðvitað út af fyrir sig dálítið athyglisverð hugsun vegna þess að þeir sem hafa verið að halda þessu fram í þingsölum eru líka þeir sem stóðu að setningu almannatryggingalöggjafarinnar árið 1993 sem tók gildi á árinu 1994. (**Gripið fram í:** 1995) Fyrirgefið 1995, sem breytir út af fyrir sig ekki málinu. Það segir okkur einfaldlega að sú hugsun sem var að baki stjórnarskrárbreytingunum árið 1994 var auðvitað hugsun sem búin var að gerjast lengi. Það er ekki svo að þessari hugmynd ljósti allt í einu ofan í kollinn á mönnum þótt þeir setjist niður á Þingvöllum og breyti stjórnarskránni eins og það eigi sér engan aðdraganda. Auðvitað á þetta allt saman sinn aðdraganda. Sé það svo að það sé skoðun manna að þessi breyting á stjórnarskránni árið 1994 hafi kollvarpað öllum hugmyndum um að hægt sé að tekjutengja þessa tekjutryggingu, þá er það undarlegt að á sama tíma og verið var að undirbúa þessa breytingu á stjórnarskránni, hafi menn líka verið að undirbúa lagabreytingu sem fól í sér heimild til að tekjutengja. Það kemur alls ekki heim og saman.

Sama er að segja um það þegar menn hafa verið að tala um að það sé siðferðisbrestur á bak við þessa hugsun. Þá hefur þessi siðferðisbrestur, ef við gefum okkur það að siðferðishugmyndir séu altækar, væntanlega verið til staðar líka á árum áður þegar þessi tekjutenging var við lýði og var studd hér af stjórnmálamönnum úr öllum stjórnmálaflokkum.

Það er ljóst og kemur mjög greinilega fram í þessu frv. að sú réttarbót sem hér er lögð til handa öryrkjum kemur eingöngu í hlut tiltölulega afmarkaðs hóps. Í sjálfu sér mundi það ekki breyta miklu um það þó að upphæðin yrði hækkuð úr þessum 43 þús. kr. í 51 þús. kr., sem mér sýnist að á síðustu metrunum í þessu máli ætli að verða aðalumræðuefnið af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Það er ljóst að það er tiltölulega afmarkaður hópur sem nýtur þessara bóta. Og það er líka alveg ljóst að þetta frv. er í sjálfu sér ekki tekjujafnandi, gagnstætt því sem menn höfðu svona ímyndað sér í þessari umræðu. Þetta er ekki tekjujafnandi frv. Þetta eru vissulega aukin framlög til hóps manna, til hóps öryrkja sem örugglega í mjög mörgum tilvikum þurfa á því að halda. En þetta er ekki tekjujafnandi aðgerð.

Stefán Ólafsson prófessor, af því mjög hefur verið vitnað til hans, vekur einmitt athygli á því í bók sinni Íslensku leiðinni, að þrátt fyrir alla gallana við tekjuskerðingarnar þá feli þær samt í sér tekjujöfnun. Og það er auðvitað ómótmælanlegt. Þess vegna hefur þessi hugsun verið svona ríkjandi í okkar velferðarlöggjöf að reyna að nýta þessa fjármuni til að jafna kjörin, til að koma þeim til þess fólks sem mest þarf á þeim að halda.

Því hefur líka verið haldið fram, samkvæmt Stefáni Ólafssyni m.a., að þessi íslenski háttur að tekjujafna með því að skerða bætur til öryrkja vegna tekna maka sé einsdæmi. Það er ekki svo. Hann telur að dæmin séu ekki mörg. En hann talaði aldrei um það í sinni bók að þetta væri einsdæmi. Það kemur líka glögglega fram í fylgiskjölum þessa frv. að þessi háttur er viðhafður m.a. á Norðurlöndunum og þær upplýsingar sem ég hef og styðst við, m.a. frá norrænu tölfræðihandbókinni, staðfesta það gagnstætt því sem ég veit að sumir hv. þm. Samfylkingarinnar hafa haldið fram og mjög var haldið fram af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur í

gærkvöldi. En þær upplýsingar sem ég hef reynt að afla mér og byggjast á upplýsingum úr hinni norrænu tölfræðihandbók, benda til þess að þetta sé sannarlega heimilt í norrænni löggjöf, a.m.k. í danskri löggjöf.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fara nokkuð almennum orðum um þessi mál eins og þau horfa við mér. Ég tel að þessi umræða eins og ég sagði í upphafi hafi sýnt og sannað að þetta mál er í eðli sínu flókið. Á því eru margar hliðar og álitamálin eru mjög mörg. Þess vegna var eðlilegt að reyna að undirbúa það sem best með því að kalla til færa sérfræðinga til þess að undirbúa málið í hendur Alþingis þannig að vinna þingsins yrði sem skilvirkust og leiddi til sem farsælastar niðurstöðu.

Það hefur vakið athygli mína að við þráfaldar spurningar hv. þm. Péturs H. Blöndals, sérstaklega til þingmanna Samfylkingarinnar um tekjujöfnunarþátt þessa máls, þá hafa þingmennirnir reynt að skjóta sér undan því að svara svo einfaldri spurningu. Það er mjög sérkennilegt í ljósi þess að maður hefði ímyndað sér að hin pólitíska umræða ætti m.a. að snúast um afstöðu manna til tekjujöfnunar eða afstöðu manna til tekjubilsins í þjóðfélaginu. En þá hafa menn skotið sér á bak við það að Hæstiréttur hafi fellt sinn dóm og ekki sé viðeigandi að fjalla um það mál. Slíkur málflutningur dæmir sig hins vegar sjálfur að mínu mati. Hann er mönnum ekki til mikils framdráttar og eflir ekki þá pólitísku umræðu sem þarf að eiga sér stað í landinu um þetta mál og önnur.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að málflutningur stjórnarandstöðunnar væri ekki skýr. En mér finnst að það vanti líka skýrleika í málflutning hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Hann gleymir að skýra út hvers vegna Sjálfstfl. er að berjast fyrir því að kroppa þessar 8 þús. kr. af þeirri tekjutryggingu sem Hæstiréttur hefur í reynd dæmt öryrkjum. Er það sérstök stefna Sjálfstfl. að ráðast svona aftur og aftur gegn öryrkjum? Hv. þm. verður að reyna að færa einhver rök, annaðhvort efnahagsleg eða pólitísk, fyrir þessari stefnu.

Það er einfaldlega rangt þegar hv. þm. kemur hérna, eins og reyndar allir þingmenn Sjálfstfl., og heldur því fram að dómurinn sé óskýr. Dómurinn er ákaflega skýr. Menn þurfa auðvitað að lesa hann út frá stefnu Öryrkjabandalagsins. En í dómsorði segir, með leyfi forseta:

„Viðurkennt er, að aðaláfrýjanda, Tryggingastofnun ríkisins, hafi verið óheimilt ... að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi.“

Og það sama gildir um lögin sem sett voru 1998. Þetta getur ekki verið skýrara.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú ótrúlega barnaleg spurning, að ímynda sér að einhver stjórnmálaflokkur hafi það sem sérstaka stefnu að ráðast gegn öryrkjum í landinu. Ýmislegt hefur maður nú látið sér detta hug í umræðum við pólitíska andstæðinga sína, en aldrei nokkurn tíma látið sér detta í hug að það sé stefnumörkun af hálfu einhvers stjórnmálaflokks að ráðast gegn tilteknum hópi í landinu, allra síst öryrkjum.

Fyrir því voru málefnaleg rök að komast að þessari niðurstöðu um 43 þús. krónurnar. Fyrir því færði ég allítarleg rök í máli mínu og get vísað til þeirra auk þess sem ég vísa til dómsforsendna Hæstaréttar og álitsgerðar sérfræðingahópsins sem glögglega sýna fram á að fyrir því eru, eins og það var orðað í dómsforsendum Hæstaréttar, málefnalegar ástæður að standa að máli eins og niðurstaða frv. kveður á um.

[14:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það eru málefnaleg rök fyrir því að taka tillit til þess hagræðis sem felst í sambúð og það er gert nú þegar. Það er gert með því að 30% af framfærslueyrinum sem Tryggingastofnun ríkisins lætur einhleypum öryrkjum í té falla niður við það að öryrkinn fer í sambúð, þ.e. hann tapar heimilisuppbót og hann tapar sérstakri heimilisuppbót. Það er því þegar tekið tillit til þessa, herra forseti. Það er hins vegar hvergi í dómsorði Hæstaréttar og hvergi í forsendum að dómsorði sagt eitt eða neitt sem gefur til kynna að dómurinn sé þeirrar skoðunar að það megi skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka. Það kemur hvergi fram þar. Þetta höfum við sýnt fram á aftur og aftur.

Hv. þm. er uppnæmur yfir því að ég spyr hvort það sé stefna Sjálfstfl. að fara þannig að þessum hópi sem á undir högg að sækja. Er nema von að við spyrjum? Við höfum núna bráðum í tvo daga verið að reyna að draga fram skýringar á því af hverju verið er að kroppa þennan 8 þús. kall af tekjutryggingunni. Þau svör hafa ekki enn þá fengist.

[14:38]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt satt að segja að ég þyrfti ekki að fara að kenna hv. þm. stafrófið í því að lesa út úr dómnum eins og við höfum verið að ræða hann ítarlega á þessum degum. Það er deginum ljósara að við verðum að lesa dóminn með hliðsjón af því að hverju var stefnt (**Gripið fram í:** Já.) og með hliðsjón af þeim forsendum sem Hæstiréttur sjálfur leggur upp. Það gefur auga leið og þarf ekki að lesa lengi til þess að sjá það að dómurinn er ekkert að fjalla um heimilisuppbót eða aðra þá þætti sem hv. þm. var hér að ræða um. Dómurinn er að fjalla um tekjutenginguna, tekjutrygginguna og þar (Gripið fram í.) vísar hann sérstaklega til þess í sínum forsendum að málefnalegar ástæður séu fyrir því að taka tillit til fjölskylduaðstæðna og út frá þeim forsendum hljótum við að túlka dóminn með nákvæmlega sama hætti og frv. gerir ráð fyrir.

[14:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er heimilt að taka tillit til fjölskylduaðstæðna og það er gert með heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Það er ekki heimilt að skerða tekjutrygginguna hins vegar með tilvísun í tekjur maka.

Málflutningur ríkisstjórnarinnar byggist á tvennu. Í fyrsta lagi að málið sé óskaplega flókið og í öðru lagi að ríkisstjórninni sé heimilt að lækka tekjutryggingu á grundvelli tekna maka þrátt fyrir dóm Hæstaréttar. Með öðrum orðum að það standist stjórnarskrá Íslands og lög landsins að hafa um 7.500 kr. af öryrkja sem er giftur eða í sambúð með maka með tilteknar tekjur, að ríkisstjórnin muni komast upp með þetta.

Mig langar til að beina spurningu til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar: Hvers vegna leggur Sjálfstfl. svona mikið upp úr því að koma í veg fyrir að öryrki njóti þessara lágmarksréttinda sem einstaklingur, 51 þús. kr.? Hvers vegna

leggur flokkurinn svona mikið upp úr því? Og það er rangt að tala um þetta á annan veg en sem tekjujafnandi aðgerð.

[14:40]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gerði það sem mjög hefur verið gert í þessari umræðu, að segja sem svo að í frv. sé verið að reyna að hafa af fólki rétt og hafa af fólki bætur, þegar fyrir liggur að þetta frv. felur það í sér að hækka tekjutrygginguna úr um það bil 18 þús. kr. í 43 þús. kr. Það er alveg sama hvers konar útúrsnúningum menn reyna að beita í þessum efnum, það er bara einfaldlega þannig að 43 þús. kr. eru hér um bil helmingi hærri tala en 18 þús. kr. Það er þess vegna hækkun, ekki lækkun. Það er viðbót, ekki skerðing.

[14:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. 51 þús. kr. sem talað er um samanstanda af tvennu, grunnlífeyri og tekjutryggingu. Tekjutryggingin er núna 32.566 kr. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar verður hún 25 þús. kr. Ég spyr hv. þm.: Hvort er þetta hækkun eða lækkun?

[14:41]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem öll þessi umræða snýst um er tekjutryggingin sem hefur verið og er í dag 18 þús. kr. Þetta frv. (**ÖJ:** Nei.) (Gripið fram í.) gengur út á það (Gripið fram í.) að hækka þessa viðmiðun.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að ...)

Þetta gengur út á að hækka þessa viðmiðun. Ágreiningurinn sem hefur staðið upp á síðkastið er um það hvort lágmarksviðmiðunin eigi síðan að vera 43 þús. eða 51 þús. kr.

[14:42]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn einu sinni koma hv. þm. úr röðum stjórnarliða og rugla saman grundavallaratriðum í málinu. Annars vegar er um að ræða rétt öryrkjans til greiðslu úr opinberum sjóði sem byggður er á fötlun hans. Þetta er stjórnarskrárvarinn, persónubundinn, einstaklingsbundinn réttur. Hæstiréttur fer margoft yfir þetta í sínum röksemdum. Annars vegar því og hins vegar heimildarákvæðum á borð við fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem hv. þm. nefndi hér sérstaklega máli sínu til rökstuðnings og vitnaði til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það má nefnilega skerða heimildarákvæðin. Og það má líka skerða viðbæturnar eins og t.d. þær sem felast í heimilisuppbótinni. Á þessu er grundvallarmunur og ég vil bara hvetja hv. þm. úr röðum stjórnarliða til að fara að átta sig á þessu grundvallaratriði svo við getum farið að tala hérna af einhverju viti um þetta mál.

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á nú ekki von á því að þó við stöndum hér í allan dag þá takist mér að sannfæra fulltrúa stjórnarandstöðunnar í þessu máli og það sýnir okkur fyrst og fremst það að á þessu máli eru margar hliðar. Og þetta er ekkert einfalt mál, eins og ég lagði áherslu á hér í upphafi. Þess vegna var svo mikilvægt að reyna að vanda undirbúninginn eins vel og hægt er.

Ég hef margoft reynt að vísa hér í dómsforsendur Hæstaréttar þar sem sérstaklega er vikið að þessu máli með þeim hætti sem ég las upp, ekki bara úr áliti sérfræðinganefndarinnar heldur líka úr forsendum þeim sem Hæstiréttur lagði af stað með til þess að sýna fram á að fullkomið samræmi væri á milli röksemdafærslu sérfræðingahópsins og niðurstöðu Hæstaréttar.

Ég get auðvitað ekki gert betur en að lesa upp úr orðum Hæstaréttar. Og það verður auðvitað að koma á daginn hvort það dugi og nái eyrum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. En orð Hæstaréttar tala að mínu mati mjög skýrt í þessum efnum.

[14:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aldrei þótt góð lögfræði að lesa bara út eina og eina setningu sem mönnum hentar hverju sinni, en lesa hana ekki og skoða hana ekki í samhengi við ákveðin grundvallaratriði sem dómurinn byggir á. En það heyrir maður hv. stjórnarliða gera hér aftur og aftur í sínu máli. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé af ásetningi. Það gæti orsakast af einhverjum misskilningi líka. Ég er að reyna að draga þetta fram og er margsinnis búin að gera það hér, að það er grundvallarmunur á þessu, þeim stjórnarskrárvarða rétti sem felst í þessari grunngreiðslu annars vegar og svo hins vegar á einhverjum öðrum heimildargreiðslum til þess að greiða fólki fjárhagslega aðstoð úr opinberum sjóðum í einni eða annarri mynd. Á þessu er grundvallarmunur. Það eru ekki allar félagslegar greiðslur úr opinberum sjóði stjórnarskrárvarinn réttur einstaklinganna og Hæstiréttur er ekki að segja það heldur. Menn verða að átta sig á þessu grundvallaratriði áður en hægt er að ræða málið.

[14:45]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég hefði lesið eina og eina setningu eins og hv. þm. sagði áðan til að reyna að rökstyðja mál mitt þá hefði verið hægt að segja sem svo að ég væri að reyna að slíta hlutina úr samhengi. Ég gerði það ekki. Ég fór allrækilega yfir forsendur dómsins. Ég bar forsendur dómsins saman við álit sérfræðingahópsins til að reyna að leiða það fram að þarna væri samhengi á milli. Niðurstaða mín var sú í þessari ræðu að fullkomið samhengi væri á milli dómsforsendna Hæstaréttar og álits sérfræðingahópsins og þess vegna væri það rökrétt sem lagt er til í frv. að standa þannig að málum varðandi þennan þátt málsins eins og lagt er til í frv.

[14:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lái ekki hv. þm. að hann skuli ruglast í almannatryggingunum því þær eru flóknar og sömuleiðis erfitt að bera þær saman á Norðurlöndum. Ég er með allar þessar samanburðarskýrslur um norrænan rétt og sömuleiðis upplýsingar frá tryggingastofnunum á Norðurlöndum um þetta mál.

Norðurlöndin skerða ekki grundvallarréttindi eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir skilgreindi áðan og eru hér á landi grunnlífeyrir og tekjutrygging. Aftur á móti eru viðbótarréttindin, sem eru bætur um félagslega aðstoð, jafnvel tengd tekjum maka. Hins vegar er það þannig í almannatryggingunum á Norðurlöndum að ákveðnar bætur eru e.t.v heldur lægri ef fólk er í hjúskap, alveg eins og grunnlífeyrir á Íslandi. Ef fólk er gift eða er í hjúskap með öðrum öryrkja fær það 90% grunnlífeyri. Á nákvæmlega á sama hátt er þessu varið á Norðurlöndum, nema hvað á Norðurlöndunum er fólk með helmingi hærri greiðslur í grundvallarréttindi en

hérna. Dæmi: 85 þús. óskertar í Danmörku en 18 þús. hérna.

[14:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við vitum það sem höfum aðeins leitt hugann að þessum málum að það er ákaflega erfitt að bera saman almannatryggingalöggjöfinna milli landa, einfaldlega vegna þess að hún er svo mismunandi uppbyggð. Þáttur lífeyrisgreiðslna og annars þess háttar er mjög mismunandi eftir löndum.

Ég hef fyrir framan mig ljósrit úr bók Stefáns Ólafssonar þar sem segir m.a. að beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu vegna lífeyris öryrkja, vegna tekna maka, sé fátíð. Með öðrum orðum sé hún til staðar í öðrum löndum þó hún kunni að vera fátíð.

Ég hef líka upplýsingar frá Norrænu tölfræðihandbókinni sem segja að það sé viss skerðing vegna tekna maka vegna þessa grunnlífeyris eða tekjutryggingar. Þessar upplýsingar verður að leiða fram og þær verða væntanlega leiddar fram í heilbr.- og trn. en meðan ég hef þessar upplýsingar undir höndum hlýt ég að standa við þær.

[14:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Vissulega munum við fara yfir þessi mál í nefndinni og leiða hið sanna í ljós. En aðeins til að sýna hversu villandi upplýsingar eru í þeim plöggum þar sem er verið að bera saman þessar bætur, þá segir þar að tekjutrygging á Íslandi 1997 sé 43.396 kr. í því plaggi sem fylgir frv. en í raun var hún 27.503 kr. Plaggið segir 43 þús., í rauninni voru það 27 þús. Það er sannleikurinn um tekjutrygginguna. En það er nú sannleikurinn í fylgiskjölum með þessu frv. og þennan samanburð á Norðurlöndunum.

Aftur á móti er staðreynd að viðbótaruppbætur félagslegrar aðstoðar eru oft tengdar tekjum maka og ýmsu öðru og það þykir alveg eðlilegt og það er gert hér nánast, a.m.k. í hjúskap. Aftur á móti er grundvallarrétturinn virtur á Norðurlöndunum og ekki tengdur við tekjur maka.

[14:49]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að danska orðið „grundbeløb" þýði svona hér um bil grunnlífeyrir eða tekjutrygging. Og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hér, svo ég vitni enn til Norrænu tölfræðihandbókarinnar, þá kemur mjög glögglega fram að heimild sé til þess í dönskum lögum að skerða þessar greiðslur alveg með þeim hætti sem ég var að greina frá. Af því að mig minnir að hv. þm. sitji í heilbr.- og trn. þá held ég að það sé mjög mikilvægt að hv. þm. eigi þess kost að stúdera þetta þannig að hún geti í þessum efnum loksins farið að snúa frá villu síns vegar og gera sér ljóst hvers konar ruglmálflutningi hún hefur verið að halda fram og haldið að samþingmönnum sínum sem hafa notað hann til þess að byggja upp falskar árásir í ríkisstjórnina í þessu máli.

[14:51]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er athyglisvert að nú um áramótin, aldamótin eða árþúsundamótin ef menn vilja vera hátíðlegir, þá er það mál sem mesta athygli vekur mannréttindamál. Það er réttindamál minnihlutahóps sem vinnst fyrir dómstólum á grundvelli mannréttindaákvæðis stjórnarskrárinnar. Þetta vekur athygli. Þetta segir okkur, herra forseti, hve áherslur eru að breytast og hvað nýr tími kann að boða. En ekki vekur minni athygli hver viðbrögð valdsins eru. Þau viðbrögð segja okkur nefnilega líka að glímunni við drottnandi valdhafa um mannréttindi er ekki lokið. Enn eru hópar sem þurfa að sækja til þeirra sem valdið hafa, þurfa að sækja um réttinn til að lifa eins og menn.

Hver er ástæða þeirrar umræðu sem hér stendur á hinu háa Alþingi? Jú, hún er sú að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi frv. til að mæta þessum dómi, eins og þeir orða það, þessum dómi Hæstaréttar, sem minnihlutahópurinn vann fyrir dómstólum á grundvelli mannréttindaákvæðis, en ýmsir, Öryrkjabandalagið, við í stjórnarandstöðunni og stór hluti þjóðarinnar, þar með taldir ýmsir lögfræðingar, telja að sé tilraun ríkisstjórnarinnar til að fara á svig við dóminn, til að skerða í raun þann rétt sem dómurinn færði þessum hópi.

Við teljum að þetta sé tilraun til að fara á svig við dóminn, herra forseti, af því að við trúum því tæpast eftir að hafa lesið dóminn og hlýtt á ýmsa þá sem hafa farið vandlega yfir hann að hægt sé skilja dóminn á þann veg sem hæstv. ríkisstjórn og fylgismenn hennar á Alþingi virðast gera.

Ég er í hópi þeirra sem fannst dapurlegt að fylgjast með málflutningi ráðherranna, þó einkum forsætisráðherrans, þegar kynnt var hvernig þau hygðust bregðast við dómi Hæstaréttar. Það var helst á ráðherrum að skilja að dómurinn hefði verið ranglátur af því að hann færði þeim ekkert sem höfðu ekki orðið fyrir skerðingu. Þetta var merkileg niðurstaða, herra forseti. Það var helst á þeim að skilja að það væri skelfilegt ranglæti að þeir sem höfðu verið með skerta tekjutryggingu ættu að fá hana óskerta eða minna skerta samkvæmt túlkun ríkisstjórnarinnar. Maður velti því fyrir sér um hvað þetta fólk teldi að dómur Hæstaréttar hefði eiginlega snúist, hvort þeir hefðu aldrei einu sinni skoðað á hverju krafa Öryrkjabandalagsins var byggð.

Sumir stjórnarliðar, ráðherrar sem aðrir, vilja drepa umræðunni á dreif um niðurstöðu Hæstaréttar með því að tala frekar um hvað þeir hefðu viljað gera við peningana, eins og dómur Hæstaréttar hafi skapað eitthvert peningalegt svigrúm sem menn geti dundað sér við að byggja inn í óskalista sína. Notað svigrúmið, orðaði hæstv. utanrrh. það. Þetta hefur verið dálítið sérkennilegt á köflum hér í þingsal vegna þess að einn hv. þm. hefur verið hér í leiknum „frúin í Hamborg" við alla þá stjórnarandstæðinga sem hafa tekið til máls. En eins og menn kannski muna úr bernsku sinni var sá leikur þannig að annar spurði hinn: Hvað mundirðu gera við peningana sem frúin í Hamborg gæfi þér? Svo átti maður að svara en maður varð að passa sig á bannorðunum sem gátu verið „svart" og „hvítt" eða „já" og „nei". Í tilviki okkar hefur hv. þm. í sínum „frúin-í-Hamborg-leik" orðað spurninguna efnislega á þá leið: Hvað mundirðu gera við svigrúmið sem Hæstiréttur gaf þér? En bannorðið hefur síðan verið það að segja að maður mundi greiða fulla tekjutryggingu til þeirra öryrkja sem hafa orðið að þola skerðingu vegna tekna maka. Eða á ég kannski að segja að bannorðið hafi verið mannréttindi? Borgaraleg réttindi? Það er vart hægt að skilja þingmanninn öðruvísi og hann talar því miður fyrir munn ansi margra, einkum þingmanna Sjálfstfl. Það er vart hægt að skilja hann öðruvísi en þannig að honum finnist í lagi að tekjutengja mannréttindi. Tekjutengd mannréttindi. Eða að rétt sé að fara í manngreinarálit þegar mannréttindi stjórnarskrár er annars vegar og láta það ráðast af stöðu einstaklings, tekjum hans, stöðu maka. Vegna þess að séu fjölskyldutekjur í fjölskyldu öryrkja orðnar þannig að fólk nái rétt að reka nefið upp úr

fátæktarpyttinum þá hafi þeir ekkert með þau einstaklingsbundnu réttindi að gera sem Hæstiréttur, að mínu mati, telur að felist í möguleikum lífeyrisþega til að framfæra sig og eftir atvikum að taka þátt í framfærslu fjölskyldu sinnar.

Málið snýst hins vegar, herra forseti, ekki um þetta, það snýst ekki um svigrúm eða hvað einhver vildi gera við þessa peninga, þessa þá líka svakalegu upphæð, heldur snýst það um það stjórnarfrv. sem liggur hér fyrir og þann dóm sem Hæstiréttur felldi í máli Tryggingastofnunar gegn Öryrkjabandalagi Íslands.

Mér finnst dómsorðið vera skýrt og ég tel að það hafi legið beint við að greiða þeim öryrkjum sem voru með enga eða skerta tekjutryggingu vegna tekna maka, þeirra sem voru skertir á grundvelli 5. mgr. 17. gr. laganna, óskerta tekjutryggingu þegar 1. janúar samkvæmt almannatryggingalögum eins og þau voru eftir að Hæstiréttur, svo ég vitni beint í dómsorðið, „var búinn að viðurkenna að ekki mætti skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á þann hátt sem gert í 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga".

Herra forseti. Síðasta öld var tími mikilla landvinninga í mannréttindamálum á Vesturlöndum. Verkalýðshreyfingin og aðrar lýðhreyfingar börðust fyrir réttindum alþýðumanna, sóttu þessi réttindi í greipar þeirra sem höfðu þau fyrir hefð, arf, löggjöf eða meinta guðlega velþóknun. Konur fengu kosningarrétt á síðustu öld og máttu alla öldina, herra forseti, slást fyrir öðrum formlegum réttindum sínum. Þannig hefur þessi helmingur mannkyns og íslensku þjóðarinnar mátt heyja baráttu minnihlutahóps jafnvel fyrir svo sjálfsögðum réttindum sem sömu launum fyrir sömu vinnu.

Það er vel við hæfi, herra forseti, að nefna það í umræðunni, að $^2/_3$ þeirra sem þessi breyting sem dómur Hæstaréttar kallar á varðar einmitt konur.

Mikið hefur verið rætt um framfærsluskyldu, um skyldu framfæranda gagnvart maka sínum í þessu tilfelli. Ákvæði um rétt til aðstoðar úr opinberum sjóðum til þeirra sem geta ekki framfleytt sér sjálfir hefur verið, eins og segir í dómi Hæstaréttar, í stjórnarskrá allt frá 1874. En rétturinn var háður því að viðkomandi ætti sér ekki skylduframfærandur. Ef skylduframfærandi var til staðar var ekki skylda að framfæra viðkomandi úr opinberum sjóði. Þessu, herra forseti, var breytt formlega við stjórnarskrárbreytinguna árið 1995 og réttur til greiðslu úr opinberum sjóðum þaðan í frá ekki háður því að skylduframfærandann vantaði.

Hæstv. fjmrh. reyndi í ræðu sinni í morgun að gera lítið úr þessari breytingu. Það er hins vegar nákvæmlega þessi breyting sem gerir það að verkum að Hæstiréttur kveður upp þann dóm sem hann gerir nú í máli Öryrkjabandalagsins þegar sú skoðun kemur fram að það styðjist við mannréttindaákvæði að einstaklingurinn verði að hafa ákveðin réttindi, ákveðin fjárhagsleg réttindi, ákveðin efnahagsleg réttindi, hann verði að hafa fjárhagslega stöðu til að framfæra sig og eftir atvikum fjölskyldu sína. Mér finnst óþarfi og satt að segja leiðinlegt að heyra menn gera lítið úr þessari breytingu vegna þess að þetta er að mínu mati breyting sem skiptir verulegu máli og á eftir að skipta verulegu máli í mannréttindabaráttu á þeirri öld sem við erum nú að mæta.

Í dómi Hæstaréttar segir, með leyfi forseta, svo ég hafi þetta nú allt nákvæmlega eins og það stendur:

„Ákvæði um rétt þeirra, sem ekki geta framfleytt sér sjálfir, til aðstoðar úr opinberum sjóðum hefur verið í stjórnarskrá allt frá 1874, en rétturinn var háður því að viðkomandi ætti sér ekki skylduframfærendur. Það skilyrði var afnumið með stjórnarskrárbreytingu 1995. Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á orðið „réttur" vegna þess að við erum að fjalla annars vegar um rétt sem er stjórnarskrárvarinn og hins vegar heimildir. Á þessu verður að gera greinarmun sem hefur ekki verið gert nægjanlega hér í umræðunni. Vissulega hafa þátttakendur í umræðunni, eins og nú síðast hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, reynt að skýra þann mun sem er á stjórnarskrárvörðum rétti manna sem taka bætur eftir almannatryggingalöggjöfinni og síðan þeim bótum sem menn fá greiddar eftir atvikum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, um félagsaðstoð sveitarfélaga, eftir skattalögum eða öðrum leiðum. Á þessu er munur og menn geta ekki notað það að „það má" og „er gert" að tekjutengja og skerða þær bætur sem greiddar eru samkvæmt félagslega kerfinu. Menn geta ekki notað það eins og mér finnst vera gert hér í umræðunni um of til að réttlæta skerðingu á þeim rétti sem fólk hefur samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég legg áherslu á orðið „réttur".

Dómur Hæstaréttar í málefnum öryrkja snýst um mannréttindi og hann snýst um sjálfsvirðingu. Hann snýst um rétt hvers einstaklings til lágmarkslífeyris og efnalegs sjálfstæðis, óháð tekjum eða stöðu maka. Hann snýst um það að þeir sem eru eins settir, þ.e. hafa misst tekjuhæfi sitt, þeir eigi jafnan rétt til greiðslna úr opinberum sjóðum. Um þetta segir, herra forseti, í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta:

„... að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti samkvæmt því jafnréttis á við aðra sem réttar njóta, svo og almennra mannréttinda." Hér er alltaf talað um rétt, herra forseti. „Almenni löggjafinn hefur skilgreint stefnumörkun sína varðandi þessi mannréttindi, svo sem þau horfa við öryrkjum, í 1. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, en markmið þeirra laga er sagt vera að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi."

Ég átta mig ekki alveg á því, herra forseti, hvort menn gera sér leik að því að rugla saman bótum sem menn eiga annars vegar rétt á, bótum almannatrygginga og hins vegar því sem greitt er samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, en þar er einungis um að ræða heimildarákvæði eins og ég sagði hér áðan.

Svo ég vitni aftur í dóm Hæstaréttar, þá segir í framhaldi af því sem ég las áðan, með leyfi forseta:

„Löggjafarvaldið hefur með lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar komið til móts við skyldur sínar um réttindi samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar að því er öryrkja varðar sérstaklega. Önnur lagaákvæði af þessum meiði, svo sem samkvæmt lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru hins vegar heimildarákvæði, en mæla ekki fyrir um rétt öryrkja."

Herra forseti. Mér finnst þetta vera svo skýrt að ég skil ekki hvernig á því stendur að menn rugla endalaust fram og til baka heimildarákvæðum annars vegar og rétti hins vegar, rétti sem Hæstiréttur segir okkur að sé stjórnarskrárvarinn.

Hér hefur nokkuð borið á góma í umræðunni hvort löggjöf okkar sé hliðstæð þeirri löggjöf sem er annars staðar

á Norðurlöndunum eða eftir atvikum í Evrópusambandinu. Það er, vegna þess að með lagabreytingunni árið 1993 sem hér hefur verið nefnd, lögin sem tóku gildi 1994 annars vegar um almannatryggingar og hins vegar um félagsleg réttindi eða félagslega aðstoð, eru einmitt sniðin að þeirri reglu sem þekkt er í nágrannalöndum okkar, að þessu er skipt í sundur. Þess vegna er hægt að bera þetta saman og ég skil ekki af hverju menn eru alltaf að tala um að hlutirnir séu svo flóknir. Það er ekkert flókið að bera saman annars vegar hver rétturinn er og hins vegar hvað felst í þeim lögum hjá okkur og öðrum hvað varðar félagslega aðstoð. Af hverju er það svo flókið?

Það liggur hins vegar fyrir að það sem menn eru með í fylgiskjali II í þessu frv. og á að sýna hvernig hinar Norðurlandsþjóðirnar skerða, er allt úr lögunum um félagsleg réttindi eða félagslega aðstoð. Það er ekki úr almannatryggingalöggjöfinni og þar með réttur, þetta eru allt heimildarákvæði og þess vegna eru þau skert þar, eins og hér. Mér finnst svolítið sérkennilegt, ég segi það einu sinni enn, hvernig menn leyfa sér í raun að blanda þessu saman og ef menn eru að gera það af því að þeir átta sig ekki á málinu, af því að þeir átta sig ekki á hvernig þetta liggur get ég svo sem skilið að mönnum þyki þetta flókið því þá eru menn svo sannarlega búnir að flækja þetta fyrir sér.

Hér hefur verið talað um það, nú síðast af hv. þm. Einari Guðfinnssyni, að lágmarksréttindi eigi að geta verið mat og það eigi að vera mat löggjafans. Þetta er samhljóða því sem Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður hefur sagt og er hluti af rökstuðningi hans fyrir því að ríkisstjórnin geti farið þá leið sem hún fer í frv. sínu, að þetta eigi að geta verið mat löggjafans. Ég er sammála því. Það mat á þá að koma fram í grunnlífeyri og tekjutryggingu. Þar á þetta mat að liggja. Hvað viljum við? Hvað vilja pólitískir flokkar? Hvað vill stjórnarmeirihlutinn að grunnlífeyrir á Íslandi sé hár og hvað á tekjutryggingin síðan að vera há? Það er í því sem hið pólitíska mat liggur. En rétturinn til að skerða síðan þar sem Hæstiréttur er búinn að segja að mínu mati að séu einstaklingsbundin réttindi, lágmarksréttindi, er ekki til staðar. En menn hafa auðvitað möguleika til að beita sér pólitískt þegar þeir eru að ákvarða annars vegar grunnlífeyrinn og hins vegar tekjutrygginguna, þessar bætur almannatrygginga sem eru stjórnarskrárvarinn réttur.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að aðrar greiðslur úr almannatryggingum, svo sem slysatryggingar, sjúkratryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og atvinnuleysistryggingar séu greiddar óháð tekjum maka. Það finnst okkur eðlilegt og sjálfsagt og sama tel ég að Hæstiréttur sé að segja um tekjutrygginguna.

Í dómi Hæstaréttar segir, með leyfi forseta:

„Eru ákvæði laganna um félagslega aðstoð einungis heimildarákvæði um greiðslur bóta, en samkvæmt lögum um almannatryggingar er um að ræða rétt til greiðslu örorkulífeyris og einnig tekjutryggingar en þá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.“

Þetta, „að ákveðnum skilyrðum uppfylltum“ heyrist mér að stjórnarliðar vilji túlka þannig að þá megi skerða þetta eins og um væri að ræða ákvæði sem eru í lögunum um félagslega aðstoð. En að mínu mati er það hreint ekki svo, herra forseti, heldur eru þessi ákveðnu skilyrði sem eiga að vera uppfyllt þau að viðkomandi hafi það miklar tekjur sjálfur að hann þurfi ekki á þessari aðstoð að halda, að viðkomandi geti með eigin tekjum framfært sig þannig að hann haldi fullri reisn.

Í dómi Hæstaréttar er síðan farið yfir það sem ég var að vitna til áðan um þær greiðslur sem taka ekki mið af tekjum maka eins og t.d. slysatryggingu, sjúkratryggingu, atvinnuleysistryggingu og fæðingarstyrk, þar sem segir í dómi Hæstaréttar að það verði að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka.

Ég ætla að endurtaka það „réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka.“ Hér er verið að tala um réttinn sem liggur í almannatryggingalöggjöfinni, hér er ekki verið að tala um þær heimildargreiðslur sem eru í lögunum um félagslega aðstoð. Þar liggur þessi munur og á ekki að þurfa að vefjast fyrir neinum.

Herra forseti. Þetta samanlagt hefur leitt mig og okkur í stjórnarandstöðunni til þeirrar niðurstöðu að með dómsorði sínu sé Hæstiréttur að segja að ekki megi skerða tekjutryggingu miðað við tekjur maka — þær eru réttur sem ekki verður skertur nema öryrkinn sjálfur hafi það háar tekjur að það réttlæti slíkt — að í grunnlífeyri og tekjutryggingu felist sá lágmarksréttur sem hverjum og einum sé tryggður án tillits til tekna eða stöðu maka. Þetta er samkvæmt almannatryggingalögum og réttur einstaklings samkvæmt skilgreiningu.

Herra forseti. Mér finnst ríkisstjórnin hafa vondan málstað að verja í þessu máli. Það er e.t.v. þess vegna líka sem þeim finnst þetta mál svo flókið. Auðvitað er flókið að hverfa frá þessum dómi og reyna að drepa honum á dreif með þeim hætti sem gert hefur verið.

Herra forseti. Ég held líka að það sé vegna þess að ríkisstjórnin hefur vondan málstað að verja að hún leggur sig svo fram við að afflytja mál stjórnarandstöðunnar eða Öryrkjabandalagsins, nú eða annarra sem eru ekki á máli þeirra eða þeirra sem beygja sig ekki undir skoðanir Jóns Steinars Gunnlaugssonar um það hvað Hæstiréttur má og hvað Hæstiréttur má ekki. En ég er sammála því sem hér hefur verið reifað og lesið upp úr viðtölum við þann ágæta lögfræðing að ýmislegt af því er að mínu mati fremur ósmekklegt.

En svo ég fari aðeins yfir það sem stjórnarflokkarnir, þingmenn þeirra, forusta þeirra, hefur verið að segja og gera að málflutningi stjórnarandstöðunnar, þá hefur það einkennt framsóknarmenn sérstaklega að þeir hafa sagt að við í stjórnarandstöðunni, og líklega Öryrkjabandalagið líka, höfum verið að vekja væntingar með umfjöllun okkar um dóminn. Hins vegar hefur ekki verið nefnt eitt einasta dæmi um hvar óréttmætar væntingar hafa verið vaktar, hvorki hver hafi gert það né hvernig. Hins vegar er ég nokkuð viss um að þessi dómur hefur út af fyrir sig vakið væntingar. Hann gerði það hjá mér og gerði það örugglega hjá fleirum. Hann vakti væntingar um að mannréttindi og hugsun um mannréttindi og gildi þeirra væri að færast á nýtt plan. Það vekur mér og okkur mörgum sannarlega væntingar, herra forseti. En það var ekki það sem framsóknarmennirnir hafa áhyggjur af.

Einnig hefur verið reynt að gera þann málflutning okkar tortryggilegan að við töldum að hægt hefði verið að fara að dómi Hæstaréttar strax, þ.e. það hefði strax 1. janúar verið hægt að greiða þeim hópi sem hafði orðið fyrir skerðingu samkvæmt skerðingarákvæði 5. mgr. 17. gr.

Hæstv. forsrh. reyndi í gær að gera málflutning stjórnarandstöðunnar tortryggilegan í þessu með því að segja: Þetta er alveg eins og þegar hæstaréttardómarnir komu um kvótamálin, þá sögðu þeir líka að það þarf ekkert að gera, bara fara að dómnum. Þetta er náttúrlega, herra forseti, eins fjarri

lagi eins og hægt er að vera, vegna þess að þá var alls ekki skoðun okkar að hægt væri að fara að dómnum. Hins vegar vorum við algerlega andstæð þeirri túlkun sem ríkisstjórnin var með á dómi Hæstaréttar og vorum með allt aðra túlkun á þeim dómi. Við vorum á þeirri skoðun að það þyrfti að ganga lengra í lagasetningu en hæstv. ríkisstjórn taldi á þeim tíma. En þetta er dæmi um hversu langt menn ganga í því að reyna að afflytja eða gera málflutning stjórnarandstöðunnar tortryggilegan.

Mér hefur líka fundist merkilegt þegar menn hafa komið upp og í raun afhjúpað vanþekkingu sína á því sem hefur verið að gerast hér í þinginu með því að segja að við höfum stokkið á þennan dóm til að slá pólitískar keilur. Af hverju hefðum við átt að gera það? Við höfum flutt mál aftur og aftur, þingmál, sem svarar nákvæmlega þessum dómi Hæstaréttar eins og við túlkun hann, um það að afnema skerðingarákvæðin sem gerðu það kleift að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega miðað við tekjur maka. Strax fyrsta dag þingsins í haust var dreift 26. máli sem er þannig mál og liggur inni í heilbr.- og trn. Menn voru því sannarlega ekki að slá einhverjar pólitískar keilur með því að taka undir með dómi Hæstaréttar. Menn vissu nákvæmlega hvað fólst í dóminum um leið og hann lá fyrir, einfaldlega vegna þess að margsinnis hafði verið farið yfir þetta mál, talað fyrir því hér og deilt um það.

Síðan kemur þetta makalausa sem ég fjallaði um áðan sem er það að við séum að forgangsraða með því að vilja fara að dómi Hæstaréttar. Að það séum við sem séum að forgangsraða af því við viljum fara að dómi Hæstaréttar þá séum við að velja það að borga þessum þetta en ekki hinum hitt. Þetta er svo fráleitt að ekki tekur því að svara því en sýnir hversu langt menn eru tilbúnir til að ganga. Ég talaði áðan um tekjutengingu mannréttinda. Ég talaði áðan um frúna í Hamborg. Það er kannski besta lýsingin á því sem þar er á ferðinni.

Herra forseti. Af því að hv. formaður heilbr.- og trn. var að tala um það í gær að menn hefðu veikt Hæstarétt með málflutningi okkar, ekki var hægt að skilja hann öðruvísi, þá finnst mér rétt að það komi fram að stjórnarandstaðan hefur ekki kallað dóm Hæstaréttar slys. Stjórnarandstaðan hefur ekki talið heldur að dómur Hæstaréttar væri pólitískur í þeim skilningi sem aðrir hafa talað um. Stjórnarandstaðan hefur heldur ekki reynt að grafa undan trúverðugleik forseta réttarins með fabúlasjónum um fjölda dómara. Stjórnarandstaðan hefur ekki reynt að gera niðurstöðurnar ómerkari af því að forseti réttarins ákvað að fimm en ekki sjö ættu að vera í réttinum. Við teljum nefnilega, herra forseti, að dómur Hæstaréttar sé dómur Hæstaréttar, hvort sem meirihlutaniðurstaða fæst með þremur eða fjórum atkvæðum.

Stundum er sagt að aukin lýðréttindi hafi jafnan komið til Íslands með vorskipi. Þau hafi komið að utan en ekki fyrir baráttu innlendrar borgarastéttar. Menn hafa jafnvel leitt getum að því að það sé einmitt þess vegna sem svo lítil virðing virðist einatt borin fyrir mannréttindum á Íslandi, hversu sjálfsagt mönnum finnst að fara á svig við þau ef passar þeim að öðru leyti. Þetta erum við að upplifa, herra forseti, í þessum sal þessa dagana í þessari umræðu.

Við sjáum líka að framfarir í mannréttindamálum hafa ekki hvað síst orðið fyrir alþjóðlegar skuldbindingar og erlend áhrif. Í dómi Hæstaréttar er rakið hvað kemur fram í athugasemdum sem fylgdu frv. að lögum nr. 97/1995, en þar var tekið fram að gengið væri út frá því „... að nánari reglur um félagslega aðstoð af þessum meiði yrðu settar með lögum, en með ákvæðinu væri markaður sá rammi“ — við erum að tala um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar — „að til þurfi að vera reglur, sem tryggi þessa aðstoð. Var sérstaklega í því sambandi vakin athygli á 12. og 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 15. janúar 1976, og 11. og 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1979. Lýtur fyrrnefndi samningurinn að því að samningsaðilar skuldbinda sig meðal annars til að koma á eða viðhalda almannatryggingum eða gera þeim það hátt undir höfði, sem krafist er til fullgildingar á alþjóðavinnumálasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis, en í 67. gr. þeirrar samþykktar er mælt fyrir um þær reglur, sem þetta lágmark þarf að uppfylla, og kemur þar fram að um skerðingar geti ekki verið að ræða nema vegna verulegra viðbótarfjárhæða. Síðari samningurinn lýtur hins vegar að því meðal annars að samningsaðilar viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans.“

Þær breytingar sem orðið hafa, herra forseti, m.a. með þessum dómi, með breytingum á stjórnarskrá, aðild okkar að enn fleiri fjölþjóðlegum og alþjóðlegum samningum, munum við væntanlega þróa á næstu árum og þær taka mið af reisn og þekkingu einstaklingsins. Þær munu auðvitað breyta þeim viðhorfum sem 20. öldin byggði lengst af á, þ.e. því að handhafar valdsins gætu deilt og drottnað.

Það er afar mikilvægt að umræðan um möguleika lýðræðisins sé lifandi og frjó þannig að við fáum á nýrri öld að njóta þeirra möguleika sem bjóða upp á þátttöku allra í samfélagi upplýstra og menntaðra manna.

Þjóðfélagið er í mikilli gerjun. Hinar nýju aðstæður felast í aukinni menntun og upplýsingu, nýjum viðmiðunum og möguleikum einstaklingsins vegna aukinna mannréttinda, m.a. vegna þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem við erum aðilar að og hafa verið að setja mark sitt á stjórnarskrá okkar, löggjöf og dóma, herra forseti.

Sú kennslustund sem þjóðin hefur undanfarið fengið í mannréttindabaráttu og þá ekki síður í virðingarleysi valdsins fyrir stofnunum þjóðfélagsins er þar ekki þjónað rétt að segja. Virðingarleysi fyrir mannréttindaákvæðum stjórnarskrár okkar og alþjóðlegum skuldbindingum hlýtur líka að hvetja til þess að á næstunni fari fram meiri og dýpri umræða um mannréttindi og í leiðinni um möguleika lýðræðisins á nýrri öld og mikilvægi þess. Það sem mér hefur samt sem áður, herra forseti, fundist erfiðast við þessa atburðarás alla, er að skynja þau viðhorf sem fram hafa komið hjá hæstv. ríkisstjórn sem snúast um valdið. Það hefur mér og býsna mörgum fleirum fundist anda frá þeim þetta viðhorf: Við látum ekki aðila úti í bæ segja okkur fyrir verkum, það erum við sem ráðum.

Ég talaði um það áðan að á 20. öld hafi viðhorfin lengst byggst á því að handhafar valdsins gætu deilt og drottnað og sannarlega virðist það enn eiga heima hjá núverandi valdhöfum á Íslandi. „Við látum ekki aðila úti í bæ segja okkur fyrir verkum“ — það hefur m.a. komið fram í þeim ummælum einstakra talsmanna stjórnarinnar hér í þinginu um tekjutenginguna að hún sé svo mikilvæg að menn gefi það ekki eftir að stjórnmálamenn geti skert hana. Ekki megi gefa það eftir. Ekki einu sinni vegna mannréttinda. Valdið til að skerða yrði að vera áfram hjá stjórnmálamönnum hvað sem Hæstiréttur segði.

Herra forseti. Svo er það hitt sem eru líka viðhorf sem hafa andað í gegn, sýnu verra en þó hluti af því sama. En það eru skilaboðin til þeirra sem hafa verið, eru eða ætla sér að sækja sinn rétt: Þið megið koma skríðandi með bænaskjal og þá munum við kannski líta til ykkar í náð, en þið skuluð ekki láta ykkur dreyma um að koma upprétt og tala um rétt ykkar. Það eru þau skilaboð, herra forseti, sem mér finnast óhugnanlegust og ég er satt að segja svolítið hrædd við þau. Ég skynja þau alveg inn að merg, kannski vegna þess að ég er kona, ég hef tekið þátt í þeirri mannréttindabaráttu sem konur hafa þurft að heyja á öldinni sem leið og ég skynja mjög vel hvernig minnihlutahópar hafa þurft að þola viðhorf sem þessi og þurfa að þola enn þann dag í dag. Það eru þau viðhorf sem menn eiga við þegar verið er að tala um forneskjulegar hugmyndir.

Herra forseti. Þessi viðhorf eru þekkt úr sögunni. Þau eru þekkt úr mannréttindabaráttu flestra minnihlutahópa. Ég hélt að flestir væru orðnir sammála um að þar ættu þau heima og aðeins þar. Ég vona að dómur Hæstaréttar, umræðan um hann og um mannréttindi, og möguleika okkar á nýrri öld verði til að eyða þessum viðhorfum hratt og örugglega því það er skelfilegt að þau skuli þrífast enn þann dag í dag.

[15:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði ætíð skoðanir og sannfæringu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og met rök hennar mikils. Aldrei mundi ég því líkja spurningum hennar við barnaleiki eins og frúna í Hamborg. Til þess virði ég hana of mikið.

Þó að það pirri hv. þm. þá ætla ég að spyrja hana sömu spurningar og aðra félagshyggjumenn en þó með dálítið öðru sniði.

Nú leiðir þessi dómur til þess að mati hv. þm. með vísan í rétt einstaklingsins að ekki megi taka tillit til tekna fjölskyldu við úthlutun bóta til hans. Þannig beri að greiða óskertar bætur til hátekjufjölskyldu, eingreiðslu 1,5 millj. samkvæmt frv. í einstökum tilvikum, 3 millj. samkvæmt hugmyndum stjórnarandstæðinga sem jafnar sannarlega ekki kjör fjölskyldna, heldur veldur auknum ójöfnuði. Þá kemur spurningin: Getur verið að jafnaðarstefnan hafi beðið skipbrot við dóm Hæstaréttar? Ekki megi gera vel við þá sem búa við slæmar félagslegar aðstæður nema gera vel við alla?

Svo er ég með spurningu sem á við öll þjóðfélög. Segjum að dómstólar komist að því að það sem þarf til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni hækki upp fyrir það sem þjóðfélagið ræður við eða að geta þjóðfélagsins minnki undir þau mörk sem menn hafa talið vera nauðsynleg til að framfleyta sér. Yrði þá að skatta alla jafna eða hvernig sér hv. þm. þá fræðilegu spurningu fyrir sér?

[15:31]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. talar hér um er í rauninni allt annað en það sem dómurinn snýst um og það sem ég var að leggja áherslu á. Hv. þm. er alltaf að tala um tekjur fjölskyldu. Það sem dómurinn snýst um er réttur einstaklingsins. Og það höfum við verið að leggja áherslu á að verði að virða. Sannarlega er það svo að tekið er tillit til tekna maka eða tekna fjölskyldu, ef þingmaðurinn vill heldur orða það þannig, í flestöllum þeim greiðslum sem koma til einstaklingsins í gegnum skattkerfi, í gegnum lög um félagslega aðstoð eða félagsþjónustu sveitarfélaga, en það er bara á þessu sviði þegar um er að ræða almannatryggingar að talað er um og Hæstiréttur segir okkur að sé stjórnarskrárvarinn réttur einstaklingsins. Réttur einstaklingsins.

Og af því málið snýst um þetta, herra forseti, þá finnst mér það vera jafnaðarmennska „par excellence" að vilja styðja niðurstöðu Hæstaréttar þegar um er að ræða mannréttindi, vegna þess að það er nákvæmlega sú barátta sem jafnaðarmenn háðu í ýmsum lýðhreyfingum alla síðustu öld, hvort sem það var í kvennahreyfingu, verkalýðshreyfingu eða annars staðar. Það voru mannréttindi og rétturinn til sæmandi lífs, það er hægt að kalla það borgaraleg réttindi, hv. þm., sem er nokkuð sem mér finnst að hv. þm. þyrfti að taka betur inn í mál sitt og inn í forsendur sínar þegar hann er að taka okkur stjórnarandstæðinga upp til að spyrja okkur hvernig við vildum nota svigrúmið.

[15:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú vill svo til að barnabætur eru greiddar í gegnum skattkerfið af einhverjum ástæðum. Hvað mundi gerast ef bætur almannatrygginga væru líka greiddar í gegnum skattkerfið? Báðir aðilar njóta réttinda samkvæmt sömu grein stjórnarskrárinnar, 76. gr., annar aðilinn í 1. mgr. og börnin í 3. mgr. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst."

Þetta er nákvæmlega sami hluturinn. Af hverju má skerða það sem gert er í skattalögunum, eins og barnabæturnar, en ekki það sem gert er í almannatryggingum sem byggir á sömu grein í stjórnarskránni?

Mér hefur orðið tíðrætt um tekjur fjölskyldunnar. Nú veit ég ekki hvernig fjölskyldan er almennt á Íslandi, en mér segir svo hugur að fjölskyldur hafi almennt sameiginlegan fjárhag, séu ekki með sundurgreindan fjárhag. Það sé ekki þannig að húsbóndinn kvitti fyrir kaffið á morgnana af því konan lagði út fyrir því. Ég reikna ekki með að svo sé almennt. Og ég geri ráð fyrir að menn vilji hafa það þannig áfram að fjölskyldan sé ein fjárhagsleg eining. Hún hefur nefnilega heilmikið gildi í hugum manna. Og ef dómurinn á að leiða til þess að fjölskyldan missi þetta gildi, þá er Hæstiréttur heldur betur að gera breytingar á þjóðfélaginu, breytingar sem ég er ekki viss um að allir kæri sig um.

[15:35]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óskaplega erfitt að svara spurningum þar sem forsendan er sú að við værum ekki með almannatryggingalöggjöf, heldur værum við bara með skattalög og greiddum eftir skattalögum. Ég treysti mér einfaldlega ekki til að svara slíkri spurningu þó ég hefði gaman af að diskútera það við hv. þm. við annað tækifæri, hvernig veröldin væri ef forsendurnar væru allt, allt aðrar.

En þegar við erum að tala um fjölskylduna, rétt barna til framfæris, þá erum við að tala um að báðir einstaklingar, báðir fullorðnu einstaklingarnir geti lagt sitt inn í þessa framfærslu. Og það er að hluta til það sem dómur Hæstaréttar snýr að. Skyldaframfærslan er ekki lengur fyrir hendi, þ.e. maki er ekki lengur skyldaframfærandi maka síns, heldur er gert ráð fyrir að hver einstaklingur hafi stjórnarskrárvarinn rétt til tekna svo hann geti verið framfærandi í fjölskyldu sinni eins og hinn aðilinn. Þetta snýst um það, þannig að þetta snýst auðvitað um fjölskylduna.

Það er liðin tíð, herra forseti, að annar aðilinn sé framfærandi og hinn sé, ef ég má nota orðið þiggjandi. Þessi breyting á lögum mun styrkja fjölskylduna að því leyti til að menn

munu væntanlega treysta sér til að ganga í hjónaband eða viðhalda hjónabandi sínu eftir að þessi breyting verður, sem er annað en það ástand sem hefur verið boðið upp á í dag, fólk hefur verið að skilja til þess einmitt að reyna að fá betri aðstöðu til þess að framfæra fjölskyldu sína.

[15:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við búum við þrískiptinguu valdsins: framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Sú þrískipting er ekki af tilviljun, hún byggir á heimspeki, sem byggir aftur á mannréttindahugmyndum þar sem reynt er að vernda einstaklinginn fyrir ofríki ríkisins. Þess vegna er reynt að byggja ríkið upp sem þrjár einingar sem eru jafnrétthár og til varnar einstaklingnum. Dómar Hæstaréttar er gott dæmi um gildi þessa. Hann dæmir þvert á vilja framkvæmdarvaldsins og jafnvel löggjafarvaldsins. Síðan hafa menn ýmsar skoðanir á þessum dómi og ég ætla að biðja hv. þm. að virða skoðanir hvers annars og tala ekki um að menn séu að fremja stjórnarskrárbrot, nema það sé orðið sannað.

Sá dómur sem við fjöllum hér um að mestu leyti er tvískiptur. Það er í fyrsta lagi skortur á reglugerðarheimild á árunum 1994–1998, og síðan hvort ákvæði laga nr. 149/1998 brjóti í bága við stjórnarskrána. Í fyrri hlutanum gerir Hæstiréttur athugasemd við verk framkvæmdarvaldsins. Hann segir: Framkvæmdarvaldið, þ.e. heilbrrh. á þeim tíma, setti reglugerð sem ekki var lagaheimild fyrir. Hann gerði athugasemd við þá framkvæmd framkvæmdarvaldsins. Í seinni hlutanum gerir hann athugasemd við framkvæmd löggjafarvaldsins, þ.e. hv. Alþingis. Og það er Alþingi sem á að bregðast við því eða hefði átt að bregðast við því og enginn annar.

Það sem Hæstiréttur gerir með seinni hluta dómsins er að hann fer inn í hlutverk stjórnlagadómstóls sem er mjög víða til, sérstaklega í mörgum stærri löndum, sem fjallar um það hvort lagasetning löggjafarvaldsins brjóti í bága við stjórnarskrána. Við Íslendingar höfum ekki slíkan stjórnlagadómstól og Hæstiréttur fer einstaka sinnum í þetta hlutverk af því að enginn annar er til. Mér finnst alveg burt séð frá núverandi ríkisstjórn og núverandi Alþingi að Hæstiréttur eigi allur að fjalla um mál sem heyra undir stjórnlagadómstól, þvílíkt sé mikilvægi málsins, af því þá er ein stoð ríkisvaldsins að fjalla um aðra. Og þar verður Hæstiréttur að vera mjög varkár og þar finnst mér að allir dómarar Hæstaréttar, ekki bara fjölskipaður, eigi að fjalla um málið og þá algjörlega óháð þessu máli að sjálfsögðu.

Ég ætla ekki að vera margorður um fyrri hlutann, þ.e. um reglugerðaratriðið. Ég bendi þó á að þetta er atriði sem féll niður að því er virtist. Og Alþingi, löggjafinn, kippti því strax í liðinn og hann varð var við það. Það hefur því verið vilji löggjafans að hafa þetta ákvæði inni, reglugerðarheimildina. En Hæstiréttur dæmir á grundvelli formsins en ekki þess vilja sem ætla má að Alþingi hafi haft. Ég hlíti því að sjálfsögðu eins og ég hlíti dómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Ég ber mikla og djúpa virðingu fyrir dómum Hæstaréttar og hlíti þeim án fyrirvara. Þó eru gerðir Hæstaréttar ekki hafnar yfir gagnrýni, sérstaklega þar sem dómarar eru ekki gerðir ábyrgir gerða sinna, þeir eru ekki kosnir, þeir eru æviráðnir og þeir eru ekki gerðir ábyrgir.

Ég vil benda á þrjá veikleika í rökum meiri hluta Hæstaréttar sem ég þykist hafa séð. Í fyrsta lagi: Í V. kafla rökstuðnings meiri hluta Hæstaréttar segir svo, með leyfi herra forseta:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks. Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka.“

Allar þær bætur sem Hæstiréttur telur hér upp eru þess eðlis að þær eru fjármagnaðar með iðgjöldum eða eru teknar erlendis frá þar sem þær eru fjármagnaðar með iðgjöldum og þær mynda sjóði, Atvinnuleysistryggingasjóð, Fæðingarorlofssjóð o.s.frv. Þess vegna má líkja þessum tryggingum við lífeyrissjóðakerfið þar sem bætur eru greiddar út eða lífeyrir er greiddur út á grundvelli iðgjalda og án tillits til tekna þess sem tekur á móti eða tekna maka. Þess vegna er þessi rökstuðningur Hæstaréttar ekki réttur. Auk þess sem mjög stórir bótaflokkar á Íslandi, meira að segja stærri en þessir, eru tekjutengdir og nefni ég þar vaxtabætur, húsaleigubætur, barnabætur, millifæranlegan persónuafslátt og allar bætur almannatrygginga meira og minna.

Annar veikleikinn sem ég hef séð í rökum meiri hluta Hæstarréttar er í lok IV. kafla en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Löggjafarvaldið hefur með lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, komið til móts við skyldur sínar um réttindi samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar að því er öryrkja varðar sérstaklega. Önnur lagaákvæði af þessum meiði, svo sem samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, og VI. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru hins vegar heimildarákvæði, en mæla ekki fyrir um rétt öryrkja.“

Þetta er afskaplega hæpinn rökstuðningur. Þó að lög um félagslega aðstoð séu heimildarlög er vart hægt að hugsa sér þá stöðu að þær bætur yrðu teknar úr sambandi. Ég sé það ekki gerast að heimilisuppbótin eða sérstaka heimilisuppbótin væru allt í einu teknar úr sambandi. Eða þá að sveitarfélögin hættu að styrkja fólk sem á sér hvergi þak yfir höfuðið. Þetta er réttur. Enda stendur í lögum um sveitarfélög, í 12. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.“

Sveitarfélagið skal tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og sínum, þetta er ekki heimild, þetta er skylda. Þessi rökstuðningur er því líka fallinn.

Síðan er það þriðji veikleikinn sem ég tel mig hafa séð, það er í V. kafla rökstuðnings meiri hluta Hæstaréttar þar sem segir svo, með leyfi herra forseta:

„Ákvæði almannatryggingalaga um örorkulífeyri og tekjutryggingu örorkulífeyrisþega hafa, svo sem að framan er rakið, lengi verið í nokkru samræmi við ákvæði laganna um ellilífeyrisþega. Staða öryrkja getur þó verið að því leyti ólík stöðu ellilífeyrisþega að margir þeirra greiða ekki í sama mæli í lífeyrissjóð og geta því ekki öðlast sams konar réttindi úr lífeyrissjóðum.“

Hæstiréttur er sem sagt að segja að öryrkjar séu verr settir en ellilífeyrisþegar. Það á ekki við rök að styðjast. Þetta er akkúrat öfugt. Vegna framreiknings almennu lífeyrissjóðanna og flestra lífeyrissjóða, nema Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem hefur ekki viljað breyta reglum um örorkulífeyri, eru flestir öryrkjar og eiginlega allir betur settir en ellilífeyrisþegar. Þrítugur maður sem verður öryrki fær framreikning til 67 ára aldurs, hann fær 37 ár gefin hjá lífeyrissjóðunum. Hann er sem sagt kominn með 30, 40 eða

45 ár sem nær enginn ellilífeyrisþegi er kominn með og fær 1,8% af launum, 1,5% í sumum sjóðunum fyrir hvert ár. Öryrkjar eru því alla jafna betur settir en ellilífeyrisþegar á Íslandi. Þessi rökstuðningur er því rangur.

Síðan verð ég að gera athugasemd við nokkra lítilsvirðingu fyrir löggjafanum sem mér finnst birtast í eftirfarandi orðum í Hæstarétti. Hér stendur:

„Almenni löggjafinn hefur skilgreint stefnumörkun sína varðandi þessi mannréttindi, svo sem þau horfa við öryrkjum, í 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en markmið þeirra laga er sagt vera að tryggja fötluðum ..."

Hvað þýðir þetta hjá Hæstarétti?

Herra forseti. Þegar ég las dómsorð Hæstaréttar fylltist ég miklum ugg því ég skildi dóminn við fyrstu sýn eins og stjórnarandstaðan, að ekki mætti taka tillit til tekna maka, þ.e. fjölskyldu, við úthlutun bóta. Ég óttaðist í sjálfu sér ekki afleiðingarnar á því afmarkaða sviði sem dómurinn tók til. Það var í rauninni ekkert stórmál, sem sagt öryrkjar einir sér. En ég sá fyrir mér mjög miklar afleiðingar í hendingskasti um allt þjóðfélagið. Í fyrsta lagi þarf að sjálfsögðu að taka ellilífeyrisþega fyrir með sama hætti. Að sjálfsögðu. Síðan er það spurning hvort menn taka tillit til fjölskyldna námsmanna. Svo eru það að sjálfsögðu barnabætur. Vaxtabætur. Húsaleigubætur. Afleiðingarnar eru um allt þjóðfélagið. Ef ekki má bæta stöðu eins þjóðfélagsþegns sem býr við erfiðar fjölskylduaðstæður án þess að allir verði að fá það sama án tillits til tekna fjölskyldunnar, þá erum við komin í ákaflega hættulega stöðu.

Svo er önnur rökrétt afleiðing sem getur gengið enn engra. Við skulum hugsa okkur tvö börn, annað er munaðarlaust og er á barnaheimili allan sólarhringinn, vaktað af sérfræðingum, og kostar hundruð þúsunda á mánuði. Hitt barnið býr við þá félagslegu stöðu að eiga foreldra sem annast það, vinna ókeypis við framfærsluna, gefa því að borða o.s.frv. og telja það sannarlega ekki eftir sér. Ef þessi tvö börn eiga að vera jöfn samkvæmt stjórnarskránni, og það er meira að segja sérstakt ákvæði í stjórnarskránni um verndun barna, á náttúrlega barnið sem býr við þær félagslegu ástæður að eiga foreldra, að fá greitt nákvæmlega eins og hitt. Hundruð þúsunda á mánuði. Foreldrarnir eiga að geta sent bakreikninga til ríkisins fyrir bakvakt allar helgar, fyrir næturvinnu þegar barnið er veikt o.s.frv. Alveg fráleit hugsun. En rökrétt afleiðing af því sem gæti gerst ef dómurinn yrði túlkaður eins og stjórnarandstaðan túlkar hann.

Verkefni fjölskyldunnar er nefnilega mjög margþætt. Þar er unnið ókeypis allan sólarhringinn. Það þekkja sérstaklega konur sem lenda oft í því hlutverki að reka heimilið og vinna ótæpilega, ógreitt og fá engin lífeyrisréttindi. Þessi túlkun dómsins gæti því leitt til þess að kollvarpa hlutverki fjölskyldunnar.

En sem betur fer varð mér rórra þegar ég las dóminn betur og ég sá að hinn auglýsti og markaðssetti skilningur Öryrkjabandalagsins á dómnum var ekki réttur. Það má taka tillit til fjölskyldunnar. Hæstiréttur var ekki að umbylta þjóðfélaginu.

Herra forseti. Þá kem ég að meginkjarna umfjöllunar minnar um dóm Hæstaréttar. Má skerða tekjutengingu miðað við tekjur maka? Ég segi já. Rökstuðningur minn er eftirfarandi:

Í V. kafla rökstuðnings meiri hluta Hæstaréttar segir svo, með leyfi herra forseta:

„Verður tæpast annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur, sem nema grunnörorkulífeyri." — Það er 18 þús. kr. Þetta er smátt, segir Hæstiréttur. (Gripið fram í.) Síðan segir áfram, með leyfi herra forseta:

„Svo sem áður greinir verður að telja að í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar felist ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð séu við einstakling. Þrátt fyrir svigrúm almenna löggjafans til mats á því, hvernig þessi lágmarksréttindi skuli ákvörðuð, geta dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess, hvort það mat samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar."

Svo segir meiri hlutinn að núverandi skipulag réttinda örorkulífeyrisþega verði ekki talið tryggja þeim lágmarksréttindi sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Seinna í sama kafla segir svo, með leyfi herra forseta:

„Í samræmi við það, sem að ofan greinir, er fallist á þá kröfu gagnáfrýjanda, að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 á þann hátt" — ég endurtek: á þann hátt — „sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993."

Meiri hluti Hæstaréttar segir í VI. kafla rökstuðnings síns, með leyfi herra forseta:

„Hins vegar er tekjutrygging háð umsóknum, sem rökstyðja á til dæmis með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, sbr. 18. gr. almannatryggingalaga." — Hann vísar í 18. gr. í dómsorðinu. — „Í 48. gr. sömu laga" — ég endurtek: 48. gr. — „eru jafnframt ákvæði sem huga verður að við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig. Af ákvæðum þessum leiðir að af niðurstöðu máls þessa verður ekki dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega ..." Þetta segir Hæstiréttur.

Í 18. gr. almannatryggingalaga sem Hæstiréttur vísar í í forsendum sínum stendur svo, með leyfi herra forseta, í 2. málsl.:

„Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar."

Hér er verið að ræða um það að fólk má ekki selja eða gefa eignir sínar til þess að losna við að tekjur af eignunum komi til frádráttar bótum. En eignirnar eru sameiginlegar hjónum. Það þýðir að ekki má selja eignir sem eru sameiginlegar með makanum til að minnka tekjur beggja hjóna. Hæstiréttur er að vísa í grein sem gerir ráð fyrir sameign hjóna. Sameiginlegum tekjum. Sameiginlegum eignum. Hæstiréttur segir hvergi að ekki megi taka tillit til tekna maka heldur að núverandi lágmarksgreiðsla sé of lág. Önnur niðurstaða hefði enda ófyrirséðar afleiðingar í för með sér í öllu þjóðfélaginu eins og ég rökstuddi áðan.

Í VI. kafla rökstuðnings meiri hluta Hæstaréttar segir, með leyfi herra forseta:

„Í 48. gr. sömu laga" — ég las það rétt áðan — „eru jafnframt ákvæði sem huga verður að við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig." Hvað skyldi standa í þessari 48. gr. laganna? Þar stendur, með leyfi herra forseta, 1. málsl. 1. mgr.:

„Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár."

Hæstiréttur er að segja í dómsorði sínu: Fyrningarfresturinn er tvö ár. Það segir Hæstiréttur. (Gripið fram í.) Þar höfum við það. Ekki þarf lengur að ræða um það hvað langt

á að greiða aftur í tímann, Hæstiréttur segir í dómsorði sínu að fyrningarfresturinn sé tvö ár.

Herra forseti. Hæstarétti verður tíðrætt um að sambúðarfólk beri ekki ábyrgð á framfærslu hvors annars. Hann er að benda á vandamál sem ég hef margoft bent á sem er það að sambúð, þ.e. hjónaband annarrar gráðu, er óljóst fyrirbæri í íslensku réttarlandslagi. Sambúðarfólk er búið að öðlast fullt af réttindum út um allt, í lífeyrissjóðum, skattkerfinu, út um allt. Það hefur tekið á sig líka vissar skuldbindingar. En þetta er ekkert á hreinu. Það ber ekki skyldu til að framfæra sambúðarmakann. Það eignast ekki hlutdeild í eignum. Mér finnst það mjög brýnt að hæstv. Alþingi taki sér tak, því það er einu sinni löggjafarsamkundan, og semji lagabálk um sambúð og hjónabandið þannig að það sé alveg á hreinu hvaða réttindi og skyldur menn gangast undir með því að fara í sambúð, hvernig hún stofnast t.d. Er nóg að koma með tannburstann? Eitthvað? Er maður þá kominn í sambúð? (Gripið fram í.) Koma með hundinn? Eða er nóg að fara með tannburstann og þá er sambúðin búin? Þetta er svo óljóst fyrirbæri að ég held að nauðsynlegt sé að setja eitthvert form á það af því að það veitir réttindi og gefur skyldur út um allt.

Margir hafa spurt hvers vegna 43 þús. kr. en ekki 51 þús. kr. Auðvitað getur Alþingi ákveðið að veita öryrkjum 1 millj. kr. á mánuði ef því er að skipta. En það er fordæmisgildið. Í fyrsta lagi á aðrar bætur, í öðru lagi á þá sem borga skattana, að þeir séu ekki verr settir. Það sem er grundvallarhugsun í mínum huga er að sá sem greiðir bætur eigi ekki að vera verr settur en sá sem þiggur þær. Sá sem greiðir bætur á ekki að vera verr settur en sá sem þiggur þær. Þess vegna er ég í grundvallaratriðum á móti þessari breytingu sem við erum að gera á grundvelli hæstaréttardómsins, þótt ég hlíti honum að sjálfsögðu, vegna þess að þar er verið að taka skattpeninga af lágtekjufólki og borga til hátekjufólks. Sá sem greiðir bæturnar er oft og tíðum miklu verr settur en sá sem þiggur þær. Það finnst mér óréttlátt, ég bara kemst ekki fram hjá því, og ég er ekki einu sinni jafnaðarmaður.

Ég má til með að koma til móts við þá sem spurðu: Bíðum við, ef við gerum ekki neitt, hvað gerist þá? Þá gerist eftirfarandi: Þá fellur væntanlega 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna úr gildi. Í 1. mgr. er fjallað um tekjutryggingu einhleyps ellilífeyrisþega. Í 2. mgr. er fjallað um tekjutengingu hjóna þar sem annað er ellilífeyrisþegi. Í 3. mgr. er fjallað um tekjutengingu hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar. Í 4. mgr. er fjallað um tekjutengingu einstaklings sem er örorkulífeyrisþegi. Í 5. mgr. er fjallað um tekjutengingu hjóna þar sem annað er örorkulífeyrisþegi. Ef sú grein félli út þá ætti þetta blessaða fólk nákvæmlega engan rétt vegna þess að það fellur ekki undir neina af hinum málsgreinunum. Það ætti bara engan rétt. Er stjórnarandstaðan að biðja um það? Er hún virkilega að biðja um að ekkert sé gert? Það mundi aldeilis spara peninga. Því það fólk sem fær tekjutengingu í dag, fulla, óskerta, fengi þá bara ekki neitt. Ég vona að ég þurfi ekki að heyra þetta aftur.

Herra forseti. Nú ætla ég að fjalla um markaðssetningu. Hvar eru fulltrúar Öryrkjabandalagsins? (Gripið fram í.) Nei, nei. Við höfum upplifað snilldarlegustu markaðssetningu síðasta árs og það er markaðssetning Öryrkjabandalagsins á túlkun sinni á hæstaréttardómnum, enda vanir menn. Hljóta þeir eflaust ÍMARK-verðlaunin næst þegar þau verða veitt. Ég vil benda á það að þeir voru að sjálfsögðu aðilar að málinu. Allt var tínt til. Auglýsingar, blaðamannafundir, fundir með forseta lýðveldisins. Það virkaði mjög vel. Fundir með verkalýðsforkólfum og stjórnarandstöðunni. Virkaði líka mjög vel. (Gripið fram í.) Mér var ekki boðið, enda móðgaður.

Til viðbótar við þessa stórkostlegu markaðssetningu kom eðlislæg samúð landans með öryrkjum. Árangurinn var stórglæsilegur. Þeir, sem aðilar að málinu fyrir Hæstarétti, fluttu mál sitt áfram á meðan ríkisstjórnin var eðlilega í fyrstu tvístígandi, þurfti að liggja yfir dómnum til að átta sig á honum. Þannig má segja með vísan til markaðarins að þeir hafi tekið samkeppnina í bólinu og standi uppi með pálmann í höndunum. Áhrif markaðsátaksins komu fram í því að stjórnarandstaðan tók yfir skilning þeirra á hæstaréttardómnum og gerði að sínum. Og jafnvel verkalýðshreyfingin fylgdi með en sýnilega eitthvað tregari þó. Almenningur stendur, yfir 80%, með Öryrkjabandalaginu og skilur ekkert í þvermóðsku og illsku stjórnvalda. Formaður Öryrkjabandalagsins var kjörinn maður ársins á einum fjölmiðlinum. (**Gripið fram í:** En hræðilegt.) Markaðsmenn vita að góð markaðssetning er mikilvægari en góð vara þegar markmiðið er að selja vöruna grimmt. Þekkt er að tekist hafi að selja ónýta eða nytlausa vöru með snjallri markaðssetningu. En þegar fólk áttar sig á því að varan er léleg koðnar salan stundum niður og markaðssetninginn getur jafnvel slegið til baka.

Herra forseti. Nú ætla ég að ræða um sigurinn. (**SJS:** Viltu ekki nefna dæmi um ...) Formaður og lögfræðingur Öryrkjabandalagsins dönsuðu stríðsdans, sigurdans. Var helst á þeim að skilja að hæstv. forsrh. hefði tapað, eins og hann mundi nú fara að greiða þetta sjálfur. En það var ekki hæstv. forsrh. sem tapaði. Það var ekki einu sinni hæstv. ríkisstjórn eða hv. þingmeirihluti á Alþingi. (**Gripið fram í:** Af hverju eruð þið þá svona reið?) Nei, það voru skattgreiðendur í landinu sem munu greiða þessar auknu bætur. Þeir töpuðu. Meginþungi þessara greiðslna til hátekjufjölskyldna lendir á u.þ.b. 100 þúsund félögum í ASÍ og félögum í BSRB sem margir hafa ekki háar heimilistekjur. Þannig er nú það, herra forseti.

Herra forseti. Sú vara sem stjórn Öryrkjabandalagsins hefur markaðsett af slíkri snilld er einstaklingshyggjan með vísan til mannréttindaákvæða. Einstaklingnum allt. Hann á sinn rétt burt séð frá þeirri félagslegu stöðu sem hann er í þó hann njóti hárra tekna og eigna maka síns í miklum lífsgæðum skal hann fá sama lífeyri og sá sem ekkert fær frá sínum maka, býr jafnvel með maka sem er öryrki. Það er réttlæti í nafni mannréttinda að heimilt sé að skattleggja lágtekjuheimilin til þess að greiða auknar bætur til hátekjuheimila. Slík hugsun gengur þvert á stefnu vinstri manna og félagshyggjufólks, eins og ég hef skilið hana hingað til, um að bæta hag þeirra sem minnst mega sín. Samt hafa þeir kokgleypt þessa stefnu. Slík er snilld markaðssetningarinnar. Ég þurfti að hlusta mörgum sinnum á stjórnarandstöðuþingmenn, félagshyggjufólkið, jafnaðarmennina, áður en ég trúði eyrum mínum. En ég er þegar búinn að leiðrétta orðabókina mína með þessa nýju jafnaðarstefnu. Nú heitir hún eitthvað allt annað en áður.

Ef við leggjum saman óskerta tekjutryggingu síðustu sjö ára, eins og stjórnarandstaðan krefst að verði greidd, sem öryrki giftur hátekjumanni hefur misst af auk t.d. dráttarvaxta eða eitthvað slíkt, þá fáum við 3 millj. kr. í eingreiðslu sem stjórnarandstaðan krefst að verði greitt án refja nú þegar. Þessar fjölskyldur, þessar hátekjufjölskyldur slá sennilega í nýjan jeppa til viðbótar við hinn. Þetta er hin nýja jafnaðarstefna og hún er komin þannig inn í mína orðabók.

Herra forseti. Verkalýðshreyfingin hefur verið dálítið til baka í þessu máli. Reyndar hafa þeir birt nokkrar auglýsingar fyrir Öryrkjabandalagið. En forkólfar hennar eru ekki eins eindrægir í stuðningi sínum, nema náttúrlega BSRB og BHM. Þar á bæ virðast menn átta sig á því, hjá verkalýðshreyfingunni, að verið sé að styrkja fjölskyldur sem oft hafa miklu hærri fjölskyldutekjur en almennir félagsmenn hreyfingarinnar hafa úr að spila. Félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar borga þó með sköttum sínum allt ballið.

Nú er spurningin: Hefur þetta markaðsátak verið gott fyrir öryrkja og bandalag þeirra? Ég held ekki. Það er ekki gott fyrir slík samtök að fara í stríð við stjórnvöld sem þau ættu að vinna með. Kem ég að því á eftir. (**Gripið fram í:** Ertu að hóta?) Nei, nei, nei. Þá er hætt við að einhverjir þeirra sem lægstar hafa heimilistekjurnar, kannski 75 þús. kr. einstaklingur eða 102 þús. kr. hjón, öryrkjar, verði klumsa þegar þeir sjá Jón lækni og frúna hans sem er öryrki fá 300 þús. kr. aukalega á ári vegna frv. ríkisstjórnarinnar. Hvað þá ef þetta ríka fólk fengi 370 þús. kr. aukalega á ári ef stjórnarandstaðan réði. Þetta lágtekjufólk fær ekki neitt vegna markaðsátaks Öryrkjabandalagsins.

Ljóst er að þessi dómur mun hugsanlega hafa mikinn kostnað í för með sér annars staðar, vegna ellilífeyrisþega o.s.frv. *Þá fjármuni er ekki hægt að nota til að bæta stöðu* þeirra öryrkja sem verst eru staddir. Þannig er hætt við að öryrkjar almennt komist að raun um að varan sé léleg.

Herra forseti. Ég tel að samtök eins og Öryrkjabandalagið gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu. Þau benda á sértæk vandamál og þarfir félaga sinna og vinna með stjórnvöldum að bættu lagaumhverfi fyrir félagsmenn sína. Mikilvægt er að góður andi ríki á milli aðila, þ.e. slíkra samtaka og ríkisvaldsins og löggjafans.

Í sumar átti ég að eigin frumkvæði fund með formanni Öryrkjabandalagsins. Vildi ég kynna honum hugmyndir mínar um aukinn stuðning við þá sem verst eru staddir, sérstaklega í húsnæðismálum. Þá vildi ég kanna stöðu öryrkja frá fulltrúa þeirra frá fyrstu hendi. Sérstaklega vildi ég kanna þá mótsögn sem felst í því að mjög margir öryrkjar hafa lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóði þó að lagaskylda hafi verið að greiða í lífeyrissjóði í 20–26 ár. Og vegna framreiknings flestra lífeyrissjóða, nema LSR eins og ég gat um hér áðan, ætti þetta fólk að vera með 60% af þeim tekjum sem það hefur greitt iðgjald af.

Lausleg könnun mín á þeirri þversögn sem hér kemur í ljós, það er alltaf talað eins og menn eigi bara rétt hjá almannatryggingum og engan rétt í lífeyrissjóði, sýnir að mjög margir hafa svikist um að greiða í lífeyrissjóð. Fólk sem hefur talað við mig hefur ekki greitt í lífeyrissjóð enda var ekkert eftirlit með aðildinni. Sumir hafa tjáð mér að þeir hafi fengið 6% iðgjald atvinnurekandans greitt út og þeir hafa notað það væntanlega ásamt eigin iðgjaldi, 4%, til eyðslu eða til að mynda eignir.

Nú er spurningin hvað eigi að gera þegar kemur að því að menn lenda í að verða öryrkjar eða fara á ellilífeyri, þeir sem ekki borguðu í lífeyrissjóð þó þeir hefðu átt að gera það. Hvað á að gera við þá miðað við hina sem borguðu 10% af launum í lífeyrissjóð alla tíð, kannski í 30, 40 ár, fjögur árslaun? Eiga þeir að fá sama? Það held ég varla.

Herra forseti. Að mínu mati þyrfti að laga nokkur vandamál sem snúa að öryrkjum. Fyrst má nefna það sérkenni íslenskra öryrkja, þ.e. kerfisins, að öryrki sem er algjörlega óvinnufær fær sama örorkulífeyri og annar sem er 70% öryrki, getur unnið 30%. Þeir fá sama örorkulífeyri. Afleiðingin er sú að bætur þess sem getur unnið 30% eru skertar ef hann fer að vinna. Það borgar sig ekki fyrir hann að vinna. Þetta er afskaplega slæmt. Og vegna þess hve það kostar mikið að borga honum 100% örorkulífeyri þá er örorkulífeyririnn lægri en annars væri. Það væri hægt að borga þeim sem er algjörlega óvinnufær hærri örorkulífeyri ef hinn fengi 70%, svo maður tali nú ekki um ef við færum skalann niður í 60%, 50% o.s.frv. Og það mætti gera ráð fyrir því að öryrki sem er með 30% starfsorku mætti vinna 30% starfshlutfall í fullri vinnu fyrir há laun þess vegna, hafi hann t.d. verið verkfræðingur eða læknir áður. Þetta er einn vandinn.

Í öðru lagi mætti ræða þann möguleika sem mikið er rætt um að hægt sé að greiða lífeyri sem styrk til fyrirtækja sem ráða öryrkja og greiddu þá öryrkjunum full laun eins og öðrum. Þetta er reyndar eitthvað að byrja og menn eru nokkuð byrjaðir að hugleiða þetta. Þetta mætti útfæra miklu meira vegna þess að vinnan gefur öryrkjunum miklu meira en bara laun eins og öllu öðru fólki. Hún gefur honum tilgang og það er félagslegt atriði. Og fyrirtækið gæti sætt sig við það að maðurinn væri með minni viðveru eða skilaði ekki sömu afköstum vegna þess að það fengi örorkulífeyrinn greiddan. Þetta er annað atriðið.

Þriðja atriði er þess eðlis að ég þori varla að tala um það. Eitt sinn minntist ég á að óregla snerti fjölskyldur sumra lífeyrisþega. Og það var túlkað þannig að ég hefði sagt að allir öryrkjar og gamalmenni væru fyllibyttur. Það sagði ég aldrei.

Nú ætla ég að tala um mál sem kannski þarf enn meira hugrekki til, þ.e. bótasvikin, bótasvik almennt. Nú ætla ég að tala mjög almennt. Almennt er viðurkennt í útlöndum hjá þeim sem hanna lífeyristryggingakerfi að örorkulífeyrir þurfi að vera hærri en ellilífeyrir. Af hverju? Vegna þess að öryrkinn stendur í framkvæmdum. Hann er að koma sér fyrir. Hann er að kaupa sér íbúð. Hann er að ala upp börn og hann stendur í umsvifum lífsins sem ellilífeyrisþeginn gerir ekki. Sá er sestur í helgan stein, lætur yfirleitt fara lítið fyrir sér. Almennt er því talið að örorkulífeyrir þurfi að vera hærri en ellilífeyrir. En það er líka almennt sagt að það sé ekki hægt vegna þess hve misnotkunin er mikil. Það er svo auðvelt að misnota örorkulífeyri. Það er ekki hægt að misnota ellilífeyri. Menn eru annaðhvort sjötugir eða þeir eru ekki sjötugir, (Gripið fram í.) eða 67 ára, hver sem mörkin eru. Þau eru mismunandi eftir lífeyrissjóðum.

Misnotkunin felst annars vegar í því að fólk sem ekki er öryrkjar er úrskurðað öryrkjar. Það er svo erfitt að skera úr um þetta. Ef ég er með bakverk, hver ætlar þá að sanna að ég sé ekki með bakverk? Þetta er fyrsta misnotkunin. Önnur misnotkunin er sú að maður sem er öryrki og fær bætur vinnur svart til að fá ekki skerðingu. Ég hef nú lent í því sjálfur að ég auglýsti eftir fólki til vinnu, erfiðrar vinnu, og þrír öryrkjar sóttu um. Kannski þeir þrír einu í landinu. En þegar ég sagðist ætla að gefa það upp og yrði að gefa það upp sem þingmaður þá drógu þeir allir umsóknina til baka. Og einn þeirra horfði meira að segja á mig og sagði: „Ætlar þú að breyta heiminum, Pétur?“ Ég sagði já. Það gengur seint.

Þessi bótasvik eru ekki síður skaðleg en skattsvik sem mikið er talað um. Þau eru sérstaklega skaðleg fyrir það fólk sem er raunverulegir öryrkjar því þau sverta ímynd öryrkja og skaða þá velvild sem er þeim svo nauðsynleg. Þegar almenningur fréttir af svona einstaka tilfellum — þau eru kannski ekkert voðalega almenn — þar sem fólk er að svíkja

út bætur þá kemur það slæmri ímynd á alla öryrkja sem þurfa og eiga að eiga velvild þjóðarinnar. Þess vegna er það eitt af verkefnum samtaka eins og Öryrkjabandalagsins að vinna harkalega gegn bótasvikum.

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að lægja þá ófriðaröldu sem ríkt hefur á milli stjórnvalda og Öryrkjabandalagsins. Báðir aðilar þurfa að hafa skilning á sjónarmiðum hins. (**SJS:** Þetta skaltu segja Davíð.) Stjórnvöld verða að skilja og kynna sér enn betur stöðu öryrkja og Öryrkjabandalagið þarf að átta sig á því að fjármunir eru ekki ótakmarkaðir og að bæturnar eru greiddar með sköttum á fólk sem margt hvert er þjakað af skattpíningu.

Ég vona að gott samstarf takist við samtök öryrkja til að leysa ýmsan þann vanda öryrkja sem ég hef nefnt því ég tel að almenn sátt sé um það í þjóðfélaginu að gera vel við þá sem lent hafa í áföllum eins og öryrkjar margir hverjir hafa lent í.

[16:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að sem flestir kjósendur Sjálfstfl. hafi hlýtt á þennan helsta málsvara flokksins á sviði almannatrygginga flytja mál sitt um kjör öryrkja og almannatryggingar. Dómur Hæstaréttar er til umfjöllunar. Hann er úrskurður í tilteknu álitamáli sem vísað var til hans. Öryrkjabandalag Íslands hafði spurt hvort heimilt væri að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka hans eða hennar og vísaði í tiltekin lög og tilteknar málsgreinar.

Úrskurður Hæstaréttar er í dómsorði sem telur níu línur á blaði. Þar segir, með leyfi forseta, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap. Þetta er skýrt, þetta er afdráttarlaust.

Dómar eru ekki hafnir yfir gagnrýni, það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. En dómum ber að hlíta og það ber ríkisstjórninni vissulega að gera í þessu máli. Síðan geta menn komið hingað og farið út og suður eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði.

[16:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gleymdi að lesa niðurlag setningarinnar. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.“

Með þessu segir hann að þetta ákvæði um skerðingu sé ekki heimilt. En það megi hugsanlega hafa aðra skerðingu. (**Gripið fram í:** Nei.)

Herra forseti. Hef ég orðið eða þessi hv. þm.? (**Gripið fram í:** Ég segi það nú.) Ef þetta var niðurstaðan til hvers er þá allur rökstuðningur Hæstaréttar?

[16:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Það er spurt um tiltekið álitamál og vísað til lagagreina og málsliða í lögum þar sem fjallað er um þessa tekjutryggingu. Svar og niðurstaða Hæstaréttar er skýr og það er afdráttarlaust. Þetta er staðreynd málsins.

Á hinu vil ég einnig vekja athygli að það er mjög ómerkilegt af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals að reyna að gera þá sem eiga að njóta þessara lágmarksmannréttinda að hátekjufólki. Verið er að tryggja einstaklingsbundinn rétt til 51 þús. kr. á mánuði.

Atvinnulaus einstaklingur fær 67 þús. kr. á mánuði. Það þykir okkur öllum vera lágt og oft verið um það deilt hér í þingsölum. Það hefur aldrei nokkrum manni komið það til hugar að spyrja hvort sú upphæð sé lág eða há með tilliti til tekna makans. Það ætlar hins vegar hv. þm. að gera gagnvart öryrkjanum. Hann ætlar að svipta hann þeim sjálfsögðu mannréttindum að líta á hann sem einstakling. Mér finnst þetta ómerkilegt og ómaklegt.

[16:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þá breytingu sem lögð er til í frv. sem við ræðum hér í dag mun skerðingin byrja við tekjur upp á 220 þús. Þá byrjar skerðingin. Hún hættir við rúmlega 300 þús. Ég held að það séu ekkert lágar heimilistekjur, herra forseti. Og þeir sem eru með enn hærri tekjur fá þessar bætur líka, 43 þús. kr. Fólk sem er með 500 þús. kr. á mánuði í heimilistekjur fær þessar bætur. Það er nú öll jafnaðarmennska hv. þm. og ég er viss um að félagar hans í BSRB verða afskaplega ánægðir þegar þeir sjá þetta og sérstaklega þegar fólkið fær 1,5 millj. í eingreiðslu.

[16:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar athyglisvert að í þessari umræðu hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal geyst hér fram á sjónarsviðið sem sérstakur talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum. Ég veit ekki hvort ég á að óska Sjálfstfl. til hamingju eða samhryggjast honum, flokki Odds heitins Ólafssonar, Gunnars Thoroddsens, Péturs Sigurðssonar og fleiri slíkra manna sem sumir hverjir voru í fararbroddi fyrir uppbyggingu samtaka öryrkja og í réttindabaráttu þeirra fyrr á öldinni og voru taldir tilheyra hinum húmaníska armi Sjálfstfl. Nú er öldin önnur þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal með þau sjónarmið sem hann hefur opinberað er orðinn helsti talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum.

Varðandi móðursýki hv. þm. út af áróðursherferð Öryrkjabandalagsins þá vísa ég öllu slíku til föðurhúsanna sem og öllu tali um að þjóðin hafi eitthvað verið plötuð í þessu máli, meðan ekki eitt einasta dæmi hefur verið nefnt um að nokkur maður, hvorki í stjórnarandstöðunni né hjá Öryrkjabandalaginu, hafi fjallað um þessa hluti með misvísandi hætti. Ekki nokkur.

[16:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf alltaf að endurtaka það og leiðrétta aftur og aftur að ég er ekki talsmaður Sjálfstfl. í einu eða neinu. Ég er þingmaður á hinu háa Alþingi Íslendinga (Gripið fram í.) og fylgi minni eigin sannfæringu í einu og öllu. Ég hef hins vegar mjög ákveðnar skoðanir í velferðarmálum, hef reyndar stúderað þau fræði. Ég held að ég sé ekkert minna hugsandi um smælingjann en hv. þm.

Varðandi þau orð sem hann notaði um móðursýki mína vegna áróðursherferðar Öryrkjabandalagsins. Ég hrósaði henni í hástert. Ég sagði að þetta væri snilldarleg markaðssetning.

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það misskildist ekkert hvernig hv. þm. var hér að fjalla um framgöngu samtaka öryrkja og reyndar stjórnarandstöðunnar einnig hvað þetta varðar.

Við annað ætla ég að gera athugasemd, það eru þessi endalausu ræðuhöld hv. þm. um hátekjufólkið sem hér eigi í hlut. Getur hv. þm. engan veginn komið því inn fyrir skelina

á sér að verið er að tala um fólk sem var dæmt til þeirra örlaga, jafnvel alla ævina, að hafa 18 þús. kr. á mánuði í sjálfstæðan framfærslulífeyri? Getur hv. þm. fjallað um þessa hluti með þeim hætti að þar eigi í hlut hátekjufólk? Það er miklu eðlilegra að túlka þennan dóm þannig, út frá einmitt jafnaðarsjónarmiðum, að verið sé að lyfta þeim grunni og bæta stöðu þessa fólks.

Eða vildi hv. þm. Pétur H. Blöndal lifa það hlutskipti að vera dæmdur til þess mestalla ævina að hafa 18 þús. kr. til sjálfstæðrar ráðstöfunar á mánuði? Og ef hann væri nú giftur nokkuð harðlyndum maka, að þurfa að koma bónbjargarveg fyrir hverja krónu þar til viðbótar? Um þetta snýst málið, hv. þm.

[16:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en verið sé að hækka þessar 18 þús. kr. upp í 43 þús. kr. þannig að þetta fer nú að verða töluvert önnur tala og önnur staða. (**Gripið fram í:** Finnst þér það ekki mikið?)

Þetta er náttúrlega spurning um hvernig hjónaband er uppbyggt, hvort menn lifi eins og venjulegt fólk í ástúð og beri umhyggju hvort fyrir öðru og ef annar aðilinn lendir í áföllum þá sé sjálfsagt mál að standa með honum. Þetta er það sem ég held að sé grundvallaratriði í fjölskyldunni.

Við mig hefur talað öryrki með lágar örorkubætur. Sonur hennar er í óreglu. Hún sagði: Ég rek hann ekkert að heiman. Ég el fyrir honum önn þó ég hafi bara mínar lágu örorkubætur. Slík eru tengsl fjölskyldunnar og slíkur er styrkurinn.

[16:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur iðulega vikið að því í andsvörum og reyndar í ræðum sínum líka að annar makinn hefði miklar tekjur en hinn litlar og fjölskyldutekjur væru góðar. Finnst þingmanninum eðlilegt að maki sem verður öryrki snemma á ævinni þurfi að búa við það alla sína ævi að hafa nánast engar tekjur og geta aldrei unnið sér inn nein lífeyrisréttindi? Hafa kannski átt maka sem var sjómaður og sem greiddi aldrei í lífeyrissjóð af öllum launum fyrr en eftir 1987, hætti síðan að vinna 1990 og á sáralítinn lífeyrisrétt. Finnst þingmanninum þetta eðlilegt? Er það þetta sem hann er að tala um að sé ofílagt?

[16:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að hv. þm. mundi eftir lífeyrissjóðunum því ef fólk er vinnandi þá er það nefnilega mjög vel sett yfirleitt, nema þeir sem ekki eru byrjaðir að vinna svo sem eins og námsmenn. Þeir voru reyndar einu sinni í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, af einhverjum ástæðum var það tekið í burt, að greitt var fyrir þá í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það er spurning um að taka það upp aftur.

En ég vil benda á að örorkulíkur eru afskaplega litlar á þeim aldri. Þær eru mestar upp úr fertugu, þegar fólk er orðið fertugt. Þannig að þau dæmi sem fólk er að tala hér um eru tómt mengi. Yfirleitt fær fólk, ef það hefur borgað í lífeyrissjóð samkvæmt lögum, og það er skylda síðan 1974, hv. þm., að borga í lífeyrissjóð, ekki 1987. Frá 1974 er lagaskylda að borga í lífeyrissjóð. Og síðan eiga allir öryrkjar sem voru vinnandi að fá mjög myndarlegan örorkulífeyri úr lífeyrissjóði.

[16:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að konur hefðu iðulega unnið kauplaust heima. Auðvitað er það alveg rétt, þær unnu við að ala upp börn en eignuðust engan lífeyrisrétt. Það var einfaldlega þannig að þegar menn voru að greiða í lífeyrissjóð á milli áranna 1970 og 1980 þá voru menn, a.m.k. sumar stéttir, að greiða af afar lágum viðmiðunum. Það voru ekki allir að greiða af öllum launum.

Það er ekki fyrr en bara síðustu tíu, fimmtán árin sem menn hafa verið að eignast einhvern rétt sem skiptir máli í lífeyrissjóðunum.

[16:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið þá er það mál sem ég hef haft mikinn áhuga á. Ég vildi gjarnan að fólk fengi lífeyrisrétt fyrir þann tíma sem það annast börnin eða sinnir foreldrum sínum sem eru með Alzheimer-sjúkdóm eða stundar almennt umönnun á heimilunum, að fólk fái fyrir það lífeyrisrétt og ríkið borgaði fyrir það iðgjald.

Varðandi lága viðmiðun, hún á ekkert við um öryrkja vegna þess að þegar öryrkinn er framreiknaður eru tekin laun síðustu þriggja ára. (**GAK:** Hafi hann þá greitt í lífeyrissjóð.) Hann á að sjálfsögðu að hafa greitt í lífeyrissjóð, hann á að greiða í lífeyrissjóð, það eru lög fyrir því.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. undrast það hvers vegna áróðursstaða Sjálfstfl. í þessu máli er jafnslöpp og raun ber vitni þá ætti hann að fá allar ræður sínar sem hann hefur flutt við þessar umræður og hlusta á þær heima. Þá skilur hann það ef til vill.

Hv. þm., eins og margir þingmenn Sjálfstfl., hangir á einu hálmstrái. Hann hangir á því orðalagi sem er að finna í forsendum dómsins að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laganna.

Herra forseti. Um hvað fjallar þessi 17. gr. sem hv. þm. vísar þarna til? Hún fjallar um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna öryrkjans sjálfs, vegna lífeyrissjóðstekna. Og í téðri 5. mgr. er einmitt fjallað um skerðingu vegna tekna maka. Dómurinn er því klárlega að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkjans áfram með þeim hætti sem er gert í fyrri málsgreinum, þ.e. vegna eigin tekna, vegna lífeyrissjóðstekna, en — svo ég vitni í dóminn — ekki með þeim hætti sem gert er í 5. mgr., þ.e. í krafti tekna makans. Þetta er alveg kristaltært, herra forseti, og þetta sýnir það líka að þó að Hæstiréttur telji óheimilt að nota tekjur maka til að skerða tekjutrygginguna þá segir hann að það sé heimilt að skerða hana með þessum tveimur atriðum öðrum.

[16:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alla daga að hugsa um áróðursstöðu hvorki mína né Sjálfstfl. Ég fylgi sannfæringu minni og ef kjósendum líkar hún, þá kjósa þeir mig, annars kjósa þeir einhvern annan sem þeim líkar betur. Svo einfalt er það.

Varðandi hæstaréttardóminn og 5. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar. Ef farið er beint eftir hæstaréttardómnum og þessi grein lýst ógild, þá fær þetta fólk ekki neitt eins og ég lýsti hérna áðan. Ef öll 5. mgr. fellur burt, þá er engin

tekjutrygging fyrir þá öryrkja sem eru í sambúð með öðrum því að allar greinarnar fjalla um annars vegar einhleypan, síðan hjón með ellilífeyri, síðan hjón bæði með ellilífeyri, svo einhleypan öryrkja og öryrkja í sambúð, vinnandi. Ef sú grein fellur niður, 5. mgr., þá má ekki greiða þessu fólki neitt. Er það það sem hv. þm. er að meina, er það það sem Hæstiréttur meinti? Það held ég ekki.

[16:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heyrði mig ekki segja að ein eða önnur tiltekin grein væri fallin brott. Það sem gerist í þessu máli verða menn að skoða út frá stefnu Öryrkjabandalagsins. Með stefnunni var látið reyna á tiltekið mannréttindaprinsipp á grundvelli tiltekinnar málsgreinar í þessum lögum sem varðar afmarkaðan hóp. Það fékkst staðfesting á því að skilningur Öryrkjabandalagsins var réttur, dómsorðið var skýrt, og með því skapaðist réttarástand sem bar að svara með því að greiða þessum tiltekna hópi öryrkja sem dómurinn varðaði óskerta tekjutryggingu. Ef hv. þm. er að velta fyrir sér þeim hópum sem er t.d. fjallað um í 6. og 7. mgr. þá er auðvitað rétt að engar forsendur eru til annars en að leiðrétting nái líka til þess hóps enda datt engum annað í hug en að það yrði gert með lögjöfnun, eins og t.d. sá embættismaður ríkisstjórnarinnar sem fjallaði um þetta, sagði strax í blaðaviðtali að nú mundu menn fara í það að greiða þessum öryrkjum út og líka öðrum hópum sem málið varðaði, m.a. þeim tveimur sem tekið er á í 6. og 7. mgr..

[16:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór nákvæmlega í gegnum það í ræðu minni hvernig ég komst að þeirri niðurstöðu að það megi taka tillit til tekna fjölskyldu og ég ætla ekki að fara að rekja það allt aftur. En ég bendi á að Hæstiréttur segir þarna „með þeim hætti". Af hverju sagði hann það? Af hverju sagði hann ekki bara „samkvæmt þessu". Af hverju sagði hann ekki bara að þessi grein sé ógild og það hafi komið eitthvað annað í staðinn? Nei, vegna þess að hann gat það ekki. (**ÖS:** Svo segir í dómsorðinu.) (Gripið fram í.) Ef greinin félli burt þá má ekki greiða neitt, (Gripið fram í.) þannig að það má ekki skerða þetta „með þessum hætti". Það má skerða þetta einhvern veginn öðruvísi. Það les ég út úr dómnum og það skal enginn fá mig ofan af því með svona tómum rökstuðningi.

[16:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var fróðlegt að hlýða á hv. þm. Pétur Blöndal flytja mál sitt áðan, fróðlegt í þeim skilningi að ég botnaði ekkert í málflutningnum alveg frá fyrsta orði og taldi ég mig nú hafa hlýtt á hann svo til allan.

Það sem ég skildi helst var það að hann var að reyna að kenna Hæstarétti hvernig hann ætti að koma fram og hvernig hann ætti að rökstyðja sitt mál. Enn fremur gat ég ekki skilið betur en að mannréttindi væru þá væntanlega tengd efnahag, þ.e. það yrði með einhverjum hætti að meta stöðu tiltekinna einstaklinga áður en að því kæmi að meta hvort mannréttindaákvæði ættu við um þá eður ei. Það var sá skilningur sem ég fékk í málflutning hv. þm. En ég ímynda mér að hann hafi nú ekki meint það þannig að niðurstaða mín er sú að ég botnaði ekkert í því hvað hann var að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut. (**PHB:** Er það mér að kenna?)

Virðulegi forseti. Ég vil þó segja hér í upphafi að ég fagna mjög þeim dómi sem Hæstiréttur kvað upp núna fyrir jólin, einkanlega vegna þess að með þessum dómi er Hæstiréttur enn og aftur að ítreka það sjálfstæði sem rétturinn hefur sýnt af sér núna upp á síðkastið og er í samræmi við þróun sem átt hefur sér stað annars staðar. Ég fagna því alveg sérstaklega að fólk í landinu fái það á tilfinninguna að það geti borið álitaefni sem lúta að framkomu annarra þátta ríkisvaldsins undir Hæstarétt og geti treyst því að þaðan komi dómar sem ekki eru ætíð vilhallir framkvæmdarvaldinu. Þess vegna fagna ég þessum dómi sérstaklega.

Í þessum dómi er aðaláherslan lögð á að tryggja ákveðið efnahagslegt sjálfstæði einstaklinga í sambúð. Það er í raun og veru útgangspunkturinn og það er í samræmi við þá stjórnarskrárbreytingu sem átti sér stað 1995 og í samræmi við þá samninga sem við höfum undirgengist, t.d. félagsmálasáttmála Evrópu, alþjóðasamninga um efnahagsleg og félagsleg og menningarleg réttindi o.s.frv. Kjarninn í þessu er sá að Hæstiréttur er að segja: Það er ekki marklaust að lýsa því yfir eða taka þátt í að fullgilda samninga eins og þessa heldur hafa þeir gildi og það ber að túlka reglur innan lands í samræmi við þessa samninga. Og það skiptir miklu máli.

Undirritun svona samninga er ekki bara kokkteilboð. Undirritun svona samninga felur í sér skuldbindingar og Hæstiréttur er að draga þessar skuldbindingar fram og er að túlka stjórnarskrána og þessa samninga inn í þann dóm sem nýverið er fallinn og var á þá leið að ekki mætti skerða tekjutryggingu og örorkulífeyri með tekjum maka. Það er niðurstaða þessa máls, þ.e. verið er að tryggja efnahagslegt sjálfstæði einstaklings í sambúð og það er verið að tryggja honum ákveðinn einstaklingsrétt í samskiptum sínum við maka sinn, tryggja honum ákveðið fjárhagslegt sjálfstæði. Síðan geta menn deilt um það hvort fjárhagslegt sjálfstæði felist í 51 þúsundi eða ekki. En það breytir ekki hinu að Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að 18 þúsund er ekki nóg.

Það sem vakti líka mikla eftirtekt mína varðandi þennan dóm og það sem í kjölfar fylgdi var sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skipa einhliða nefnd til þess að fara yfir hvað í þessum dómi felist. Sá sem verður undir í málflutningi, sá sem tapar málinu, skipar einhliða nefnd til þess að túlka þann dóm og í framhaldi af því er lagt fram frv. á hinu háa Alþingi sem er í samræmi við þessa einhliða túlkun. Ég held, virðulegi forseti, að þetta sé allt að því einsdæmi. Að undanskildum svokölluðum kvótadómi er það mjög sérstakt að sá aðili sem verður undir í dómsmáli skuli leyfa sér að túlka niðurstöðu dómsins eins þröngt og kostur er, komast að sinni niðurstöðu án þess að hafa samráð við einn eða neinn, ekki einu sinni þann sem deilt var við í málinu. Hann átti enga aðkomu að þessari nefnd. Hans sjónarmið vógu ekki þungt. Þau vógu bara þungt fyrir dómstólum. En þegar kom að því að túlka dóminn þá var það aukaatriði. Þetta finnst mér alveg gríðarlega alvarlegt mál, virðulegi forseti, og sýna slíkan valdhroka að leitun er að öðru eins. Að hluta til eru þau slagsmál sem nú eiga sér stað á hinu háa Alþingi í raun að segja hæstv. ríkisstjórn að henni ber að virða þá skiptingu á ríkisvaldi sem hér er til staðar, þá þrískiptingu sem stjórnarskráin kveður á um. Það er kannski að stórum hluta sú barátta sem hér fer fram. Það er sorglegt til þess að vita að einstakir ráðherrar hafa á köflum, þar sem dómar hafa fallið í andstöðu við það sem þeir hafa viljað sjálfir, einfaldlega lýst því yfir að breyta þurfi grundvallarreglum samfélagsins, að breyta þurfi stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Ég held ekki að mörg ríki sem vilja kenna sig við lýðræði láti viðkomandi ráðherra komast upp með slíkar yfirlýsingar. En þetta segir okkur líka að við eigum enn langt í land í þeirri baráttu að koma ríkisstjórninni á réttan kjöl.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, held ég að nauðsynlegt sé að fjalla aðeins um það hvort nauðsynlegt hafi verið til þess að bregðast við þessum dómi að koma með það frv. sem hér liggur fyrir, hvort ekki hefði mátt bregðast við dómnum einfaldlega með því að greiða út í samræmi við hann. Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að svo hefði verið því að eftir að dómurinn er fallinn þá eru tvær efnisreglur, þ.e. annars vegar ákvæði í reglugerð sem heimilaði skerðingu bóta og hins vegar ákvæði í almannatryggingalögum sem var keyrt hér inn í skjóli myrkurs í lok árs 1998, í raun dæmdar dauðar og ómerkar, þ.e. heimild til að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tekjum maka er dæmd á þá vegu að ekki er hægt að nota þessa reglu til þess að skerða. Þessi regla er því í efni sínu fallin brott þó að formlega standi hún enn þá. Og þessi efnisregla kemur fram í seinni málslið 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Það er nákvæmlega þessi efnisregla sem er fallin brott.

Þá stendur eftir, þegar ekki er lengur hægt að skerða samkvæmt þessu, samkvæmt þeim reglum sem nú gilda, að einstaklingar eiga að fá 51 þús. kr. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Það er það réttarástand, það er sú réttarstaða sem upp kemur í kjölfar þessa dóms. 51 þúsund ber að greiða. En þá koma upp aðrar hugmyndir, eins og hér hafa komið fram í þessari umræðu þar sem menn hafa verið að reyna að fá skýringar á því hvernig á því standi að menn treysta sér ekki til að greiða þessi 51 þúsund en vilji hafa þau 43. Einn hæstv. ráðherra lýsti því yfir að þeir létu ekki Hæstarétt segja sér fyrir verkum, því yrði að breyta þessari tölu. Annar hæstv. ráðherra lýsti því yfir í tilraunum sínum til þess að skýra þetta út að það yrði að mismuna einstaklingum og þeim sem væru í sambúð. Og aðrir sem hafa reynt að skýra þetta hafa verið með álíka gáfulegar skýringar.

Hæstiréttur sagði einfaldlega að 18 þúsund væri of lítið. En að þessum skerðingarheimildum brottföllnum er alveg ljóst að hann gerði ekki athugasemd við 51 þúsund því það var sú staða sem upp var komin eftir að þessar skerðingarheimildir eru fallnar. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Í raun og veru var Hæstiréttur því að segja að 51 þúsund væru í lagi. Alla vega skil ég dóminn þannig. En hvort það megi fara með það eitthvað neðar skal ég ekkert um segja. Ég treysti mér ekki til þess að meta það. Hins vegar er ríkisstjórnin hörð á því að lækka þessa tölu og ef menn eru ekki sáttir við það þá geti þeir bara stefnt ríkisstjórinni. Látum þá koma, öryrkjana, látum þá koma. Látum þá koma og látum á það reyna hvort það séu ekki við sem ráðum.

Það eru slíkir hlutir sem gera það að verkum að maður hefur stórar og miklar áhyggjur af því hvernig farið er með vald í þessu landi, enda hefur verið alveg skelfilegt að hlýða á málflutning sumra þeirra hæstv. ráðherra sem hér hafa komið upp.

Hitt er ekki síðra sem ég sjálfur beið mjög spenntur eftir, þ.e. að hlýða á oddvita ríkisstjórnarflokkanna flytja sitt mál hér í gær, vegna þess að þeir höfðu sagt að stjórnarandstaðan og aðrir hefðu verið ómálefnalegir, ókurteisir, farið með fleipur og uppnefnt fólk og að inn í umræðuna skorti allar grundvallarupplýsingar.

Ég segi alveg eins og er að ég sat spenntur og ég beið vegna þess að auðvitað er það alltaf þannig, alveg sama hver á í hlut, að mönnum getur yfirsést ýmislegt, og ég beið eftir því að fá þessar upplýsingar sem skorti í umræðuna.

Annar þeirra nefndi aldrei frv. á nafn, aldrei nokkurn tíma, þannig að ekki bætti hann neinu við þessa umræðu. Hinn hæstv. ráðherrann gerði þó einhverja tilraun til þess að ræða þetta á samviskunótum án þess í sjálfu sér að draga neitt nýtt inn í umræðuna sem gerði það að verkum að við hefðum einhverja ástæðu til þess að breyta þeim málflutningi sem við höfum haft uppi í þessu máli.

Hvert er þá efni þessa frv. sem við ræðum hér? Það er eiginlega tvennt, þrennt ef menn geta skilið þarna að ákveðna hluti. Í fyrsta lagi er það þetta: Við verðum að breyta því réttarástandi sem nú er upp á 51 þús. gagnvart þessum aðilum niður í 43. Við viljum lækka þessa tölu niður í 43 þús. kr. Það gengur 1. gr. þessa frv. út á. Það er einfaldlega efni þeirrar reglu sem hér er ætlunin að lögfesta í 1. gr.

Í öðru lagi er fjallað um það hvernig eigi að greiða aftur í tímann. Þar er í fyrsta lagi ákveðið að greiða fjögur ár aftur í tímann og í öðru lagi er þar ákveðið að tvö ár af þeim sem á að greiða skuli skert á þann hátt er 1. gr. kveður á um. Þetta er kjarni þess frv. sem hér liggur fyrir.

Ég fer að fara yfir það viðhorf sem ég hef til lækkunarinnar úr 51 þús. í 43 þús. og ætla því ekki að lengja það. Hins vegar, virðulegur forseti, vil ég aðeins ræða þá stöðu sem kemur upp þegar skerða á þessi tvö ár, þ.e. árin 1999–2000, með þeim hætti sem ætlunin er í 1. gr. og beita þeirri reglu á þær bætur sem á að greiða.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, virðulegi forseti, að hér sé í raun og veru um eignaupptöku að ræða. Vegna þess að þegar dómurinn fellur verður til krafa á þeim forsendum að menn hafi ekki staðið í skilum við tiltekna einstaklinga í fortíðinni. Til verður ákveðin krafa sem hefur ákveðið verðmæti. Það er alveg kristaltært. Og þegar menn ætla að beita lögum afturvirkt eins og hér á að gera er alveg ljóst að menn eru að minnka þessa kröfu, menn eru að lækka kröfuna sem þeir fengu dæmda. Menn eru í rauninni að taka upp eignir fólks, að minnka réttindi. Það er í raun það sem hér er verið að leggja til og því lít ég svo á að hér sé um allt að því eignaupptöku að ræða og kannski hreina eignaupptöku.

Þá spyr maður: Hvað skyldi stjórnarskráin segja um slíka eignaupptöku? Jú, hún segir að enga eign megi skerða nema fullar bætur komi fyrir. Ég fæ því ekki betur séð ef keyra á þetta í gegn, en þá sé enn og aftur verið að brjóta gegn stjórnarskránni, enn og aftur. Og af því að hér hafa ekki komið fram nein rök, ekki nein viðhorf sem máli skipta, þá slær þetta mig þannig að þetta sé einhvers konar fylukast framkvæmdarvaldsins yfir því að verða undir í dómsmáli. Það eru í rauninni einu rökin sem ég held að sé hægt að draga út úr þeim málflutningi sem hæstv. ráðherrar hafa haft uppi í þessu máli. Það er hreint með ólíkindum að menn skuli leggjast svo lágt sem hér er gert.

Ekki er síður, virðulegi forseti, athyglisvert að því er varðar fyrninguna að hér ætlar ríkisvaldið ekki einu sinni að virða þær reglur sem um fyrninguna gilda. Í fyrsta lagi er mjög athyglisvert að menn skuli bera fyrir sig fyrningu. Það þarf enginn að bera fyrir sig fyrningu. Menn geta viðurkennt kröfur. Það er engin skylda, það er ekkert sjálfgefið að kröfur falli niður við fyrningu heldur er hér um að ræða að menn geta viðurkennt kröfur og menn geta borið fyrir sig fyrningu. Þetta er valkvætt.

Í þessu tilviki hafa menn ákveðið að bera fyrir sig fyrningu. Hvað er í raun og veru í gangi? Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að hér hafi verið brotið gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, sem er náttúrlega alveg skelfilegt að verða fyrir og hefði kannski ýmsum þótt nóg um að verða fyrir því að stjórnarstefna þeirra skuli ekki samræmast mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. En það er ekki nóg, þó að niðurstaðan sé sú að menn eru dæmdir fyrir mannréttindabrot þá ætla þeir að bera fyrir sig fyrningu. Sem sagt, það sem menn hafa tíðkað í fortíðinni sem ekki hefur staðist stjórnarskrá eða mannréttindi, þá ætla menn að reyna að fyrna það. Með öðrum orðum, það á að reyna að fyrna mannréttindabrot. Það er ekki hægt að tala um þetta öðruvísi. Satt best að segja er það viðhorf mitt að mér finnst það mikið siðleysi að menn skuli bera fyrir sig fyrningu þegar brot af þessum toga eiga sér stað. Ef menn ætla að vera svo ósvífnir að bera fyrir sig fyrningu, þá er næsta spurning sú: Hvað á hún að ganga langt aftur?

Þessi merkilega nefnd, þar sem fulltrúar þeirra sem urðu ofan á áttu engan fulltrúa, kemst að þeirri niðurstöðu af einhverri sérstakri góðvild að spekúlera í því að fara svona fjögur ár aftur í tímann. Af sérstakri góðvild ríkisstjórnarinnar ætlar hún að fara fjögur ár aftur í tímann. En ég man ekki betur en a.m.k. þegar ég var í lagadeildinni og við lásum merkan mann sem heitir Bernhard Gomart, hafi niðurstaðan einfaldlega verið sú í þeirri bók að viðurkenningardómar slíti fyrningu. Hér á lagatæknilegan hátt, þar sem viðurkenningardómur er í eðli sínu þannig að ekki er bein krafa, þá eru menn að bera fyrir sig að kröfurnar fyrnist fyrr en ella. Þetta er í rauninni slík ósvífni að engu tali tekur. Fyrst eru menn uppvísir að því að brjóta mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og bera síðan fyrir sig lagatæknileg atriði til að komast hjá því að greiða fólki það sem því ber.

Ég held, virðulegi forseti, að leita þurfi aftur í sögubækur til að finna eitthvað sem má líkja við þetta, þetta er með slíkum ólíkindum. Ég held að í þessu tilviki hefði verið eðlilegt að menn greiddu þetta upp. Að minnsta kosti hefðu menn átt að viðurkenna að fyrningu er slitið 1998 og menn hefðu þá getað greitt upp sex ár vegna þess að þá var þessu viðurkenningarmáli stefnt inn.

Þess utan, af því að þessi lagatæknilega aðferðafræði hefur verið notuð, viðurkennir Hæstiréttur að Öryrkjabandalagið geti stefnt inn fyrir alla þessa aðila. Það kemur fram í dómnum. Fyrirsvar þeirra er viðurkennt. Og það er engin tilviljun. Það er líka til að spara ríkissjóði fé vegna þess að það er dálítið mál að verja 1.200 mál. Það er praktískara fyrir alla aðila að fara í eitt mál og með þeim hætti slíta fyrningu. Það er verið að gæta hagsmuna ríkissjóðs að þurfa ekki að verja 1.200 mál. Það er því alveg með ólíkindum að við þessar aðstæður skuli menn bera fyrir sig fyrningu á þann hátt sem menn gera í þessu frv.

Í umræðunni hafa menn líka jafnvel leyft sér að halda því fram að í góðvild sinni, þ.e. í manngæsku ríkisstjórnarinnar, hafi hún ákveðið að bera ekki fyrir sig tveggja ára fyrningunni, sem í rauninni gengur út á það að ef menn sýna réttindum sínum tómlæti beri ekki að greiða nema tvö ár aftur í tímann, ef menn hafa ekki fyrir því að reyna að sækja sinn rétt þá tapa menn þessu. En hafa menn ekki sótt sinn rétt alltaf þegar hefur verið sótt um þessar bætur? Menn hafa hins vegar verið með reglur í gangi sem hafa gert það að verkum að menn hafa ekki fengið þær. Og svo leyfa menn sér í umræðunni að halda því fram að kannski hefði átt að bera þá reglu fyrir sig.

Kannski hefði það verið eftir öðru. Það hefði verið alveg í samræmi við þá manngæsku sem ríkisstjórnin virðist vera uppfull af. En ég ætla að biðja menn um að láta það eiga sig að vitna til þeirra hluta.

Ýmis orð hafa fallið í þessari umræðu, virðulegi forseti, sem vert er að vísa til. Ekki síst það að hæstv. forsrh. sagði hér í gær að dómurinn væri upp á slíka fjárhæð að Alþingi þyrfti að koma saman. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að það eru margir dómar sem hafa fallið sem geyma miklu hærri fjárhæðir. Og ekki fyrir margt löngu — af því ég sé hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í salnum — var skattamál sem tengdist ákveðnum Hafnfirðingi upp á marga milljarða. Alþingi var aldrei kallað saman, aldrei nokkurn tíma. Menn eiga ekki að tala með þessu móti og vera með útúrsnúninga frá því sem máli skiptir.

Kjarni málsins er hins vegar sá að þessi dómur snýst um mannréttindi. Hann snýst um mannréttindi, hann leggur á það áherslu að tryggja efnahagslegt sjálfstæði einstaklingsins í sambúð. Og til að tryggja stöðu hans og efnahagslegt sjálfstæði þá eru það sjónarmið sem komin eru miklu ríkar inn og tengist þeim alþjóðasáttmálum sem við höfum undirritað og þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað. Það er því verið að viðurkenna þessi réttindi. Verið er að viðurkenna að mannréttindi eru einstaklingsbundin en lúta ekki að stofnunum eins og fjölskyldu. Verið er að viðurkenna rétt einstaklingsins innan fjölskyldunnar, því að það er ekki alltaf þannig að réttur einstaklingsins í fjölskyldu fari nákvæmlega saman við rétt fjölskyldunnar, það er ekki alltaf þannig. Þetta er þróun sem hefur verið að eiga sér stað og sú þróun er að ná hingað og ég fagna því alveg sérstaklega.

Að lokum, virðulegi forseti, af því að menn hafa verið að velta því upp hvort ekki hefði mátt greiða þetta út, þá vil ég ítreka að það liggur alveg klárt fyrir eftir þennan dóm að réttarstaðan er sú að menn eiga rétt á 51 þús. kr. Þá vil ég einnig ítreka að það er nægt fjármagn í Tryggingastofnun til að greiða þetta út. Það er alveg kristaltært. Hins vegar er stefna ríkisstjórnarinnar allt önnur. Hún vill greiða út 43 þús. og hún vill greiða það með því að fyrna mannréttindabrot o.s.frv. Það er allt annað mál. Það er einfaldlega viðhorf ríkisstjórnarinnar og hún hefur farið þá leið. Það er út af fyrir sig svo sem ekkert við því að segja. Velferðarstefna ríkisstjórnarinnar birtist í þessu.

En það var ekkert mál að greiða þetta út strax, allt annað eru rangfærslur. Og ég ætla að halda því fram hér í þessum ræðustól.

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og ströng og flest það komið fram að mínu mati sem ég tel að skipti máli. Ég ætla þess vegna ekki að halda henni áfram lengi, að undanskildu því að ég hef staldrað aðeins við orðalag sem ýmsir hafa notað sem er eitthvað á þá leið, að ekki megi skerða „á þann hátt" sem gert er, ef ég man þetta orðalag nokkurn veginn rétt.

Á hvern hátt hefur verið skert? Það hefur verið skert á þann hátt að tekjur maka hafa komið til frádráttar örorkulífeyri og tekjutryggingu. Það er sá háttur sem hefur verið hafður á þegar verið er að skerða tekjutrygginguna, það er sá háttur. Á þann hátt er ekki heimilt að gera það í þessu tiltekna tilviki.

Hér verða menn einnig að hafa í huga að dómur svarar ekki öðrum spurningum en þeim sem upp við hann eru bornar. Hann er spurður um hvort þessi tiltekni háttur standist. Og

hann stenst ekki. Þá segja hæstv. ráðherrar, margir hverjir: En við megum samt gera þetta einhvern veginn öðruvísi. Við hljótum að mega skerða hjá fólki á einhvern annan hátt. Við tökum ekki við fyrirmælum frá Hæstarétti.

Þetta er umgengni á valdi sem mér líkar mjög illa og minnir í raun og veru á liðnar aldir, allt aðra tíð hvernig menn fóru með vald sitt hér á árum áður.

En það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessi dómur er einfaldur og hann er skýr, dómsorðið er skýrt. Reglugerðarákvæðið sem heimilaði skerðingu er fellt brott, þ.e. efnisregla þess er ekki talin standast ákvæði stjórnarskrár og alþjóðasamninga. Efnisregla sem fram kemur í síðari málslið 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna er ekki talin standast. Það er niðurstaða dómsins.

En hins vegar er þetta frv. sem kveður á um skert réttindi, sem kveður á um fyrningu mannréttindabrota, stefna ríkisstjórnarinnar. Og það er það sem við erum að fjalla um hér í dag.

[16:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ekki mætti fyrna mannréttindabrot. Ég las áðan það sem meiri hluti Hæstaréttar segir í V. kafla rökstuðnings síns, með leyfi herra forseta:

„Í 48. gr. sömu laga eru jafnframt ákvæði sem huga verður að við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig."

Í þeirri grein stendur, með leyfi herra forseta:

„Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár."

Hæstiréttur sjálfur segir að fyrna megi svokölluð mannréttindabrot í tvö ár. Og þar sem stefnt var 19. janúar 1999, fyrir nákvæmlega tveim árum, þá er mjög eðlilegt að taka tvö ár frá þeim tíma, sem sagt samtals fjögur ár, og það er það sem gert er.

Mér finnst hv. þm. gera lítið úr Hæstarétti með því að segja að ekki megi fyrna mannréttindabrot því að Hæstiréttur segir það sjálfur. Og hví ekki ef þetta eru mannréttindabrot? Breyttist það eitthvað við breytingu á stjórnarskránni? Urðu mannréttindabrotin allt í einu fyrnd þá? Af hverju á ekki að endurgreiða í 29 ár?

Síðan sagði hv. þm. að nægt fjármagn væri, ég þarf ekki að ræða það frekar af því að hann á alltaf nóga peninga með því að skattleggja aðra. En mig langar til að spyrja hv. þm.: Telur hann eðlilegt og í samræmi við það að jafna tekjur og lífskjör almennings, að borga 1,5 millj. samkvæmt frv., 3 millj. samkvæmt hugmyndum stjórnarandstöðunnar til fjölskyldna sem eru tiltölulega vel settar fyrir?

[16:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því yfir, virðulegi forseti, í upphafi máls míns að ég hefði ekki botnað neitt í ræðu hv. þm. sem hann flutti á undan mér. Og þetta varð ekki til þess að skýra nokkuð í þeim efnum.

Ég vil mótmæla því harðlega að hér sé verið að gera lítið úr Hæstarétti vegna þess að það hefur algjörlega verið hlutverk stjórnarmeirihlutans. En ég vil spyrja hv. þm., sem hefur verið að leika hér (Gripið fram í.) — ef ég gæti fengið athygli hv. þm. fyrir frammíkalli hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Ég vil spyrja hv. þm.: Er hann þeirrar skoðunar — af því hann spurði mig hvort að borga ætti 1,5 millj. — að hreinlega eigi ekkert að fara eftir þessum dómi?

Það sem gerist er að framkvæmdarvaldið verður uppvíst að því að hafa með röngu haft fé af fólki, það er kjarni málsins. Dómur fellur um að það beri að greiða þessa kröfu. Er hv. þm. að halda því fram að ekki eigi að greiða hana? Hvað er hv. þm. að reyna að segja?

Er hv. að reyna að segja að í tilvikum þar sem kröfuhafi, sem hefur betur í dómsmáli og hefur vegnað ágætlega, að þá beri ekki að greiða honum þær kröfur sem honum eru dæmdar? Hvað er hv. þm. að reyna að segja? Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég hef hlýtt á hann hér í einum 15, 20 ræðum í dag og aldrei fengið neinn botn í það á hvaða vegferð hann er. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég mundi fagna því mjög ef vottur kæmi af einhvers konar vegvísi í málflutningi hans í seinna andsvarinu.

[17:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef spurt alla félagshyggjumenn, hv. þingmenn sem kenna sig við félagshyggju og standa að þeirri stefnu og hafa hana sem heimssýn, þeirrar spurningar hvort þeim finnist að þessi dómur sé í samræmi við þær jafnaðarhugsjónir sem þeir hafa.

Auðvitað hlítum við hæstaréttardómnum. Auðvitað borgum við út 1,5 millj. til hátekjufólks. En ég er að spyrja hvort hv. þingmanni ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Get ég fengið orðið? Ég er að spyrja hvort hv. þm. finnist það í samræmi við lífsskoðanir sínar að verið sé að jafna kjörin með þessum hætti.

Hv. þm. minntist ekkert á það sem ég kom inn á með fyrninguna, þar sem ég gat þess að Hæstiréttur hefði sérstaklega vísað í 48. gr. laganna þar sem stendur að bætur skuli aldrei úrskurða lengra aftur en tvö ár. Hæstiréttur sjálfur segir þetta. Hvernig getur þá hv. þm. sagt að ekki megi fyrna mannréttindabrot? Hann er þá að segja að Hæstiréttur sjálfur sé að fyrna mannréttindabrot.

Ég ætla að biðja hv. þm. að taka afstöðu til þessa.

[17:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er enn í vandræðum með að skilja þingmanninn. Ég er enn í miklum vandræðum með að átta mig á hvað hv. þm. er að fara. Ef ég skil spurningu hans rétt þá er hún sú hvort félagshyggjufólk sé því almennt fylgjandi að dómum sé fylgt, því að hér er í raun dómsniðurstaða sem kveður á um að með ranglátum og röngum hætti hafi (**PHB:** Með því að jafna kjörin?) fé verið haft af fólki. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega kjarni málsins. Fé var ranglega haft af fólki. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að þetta beri að endurgreiða.

Svo kemur hv. þm. hér æ ofan í æ og spyr hvort það sé sanngjarnt að borga samkvæmt dómi. (**PHB:** ... jafna kjörin?) Það er ekki möguleiki ... Þessi dómur snýst ekkert um það. Hann snýst um það að framkvæmdarvaldinu ber að greiða það sem það hafði ranglega af fólki. Og að hv. þm. skuli dirfast að koma hér eins og — ég veit eiginlega ekki hverju er hægt að líkja honum við — aftur og aftur og spyrja hvort það beri að fara að dómnum!

Ég hlýt að spyrja á móti álíka bjálfalegra spurninga: Eigum við bara að láta það eiga sig að fara að dómnum? Eigum við bara að líta svo á að hann hafi aldrei verið til af því að hugsanlega séu einhvers staðar til ríkir öryrkjar? Kannski verða þeir allir á Kanarí vegna ótta við að annar kvótadómur muni falla.

Herra forseti. Ég held að það þjóni ekki tilgangi að menn séu að eyða tíma Alþingis í umræður af þessum toga.

[17:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur margt verið sagt og sumt oft. Ég ætla mér samt að bæta í þetta fáeinum orðum. Fyrst langar mig til þess að fara yfir það hvernig ég lít á dómsorðið og þá setningu sem hv. stjórnarliðar hafa haft hér uppi hvað eftir annað, þ.e. þeir hengja sig á það að í röksemdum Hæstaréttar standi „á þann hátt sem gert er".

Í dómsorðinu segir að viðurkennt sé að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega. Það er alveg skýrt og ákveðið og það stendur þarna og þar er ekki sagt „á þann hátt sem gert er". Ef Hæstiréttur hefði talið að þetta viðhengi sem hv. þingmenn hafa sífellt verið að vitna til ætti að fylgja þá geri ég ráð fyrir því að það væri þarna. Ef Hæstiréttur hefði hins vegar meint að það ættu að vera möguleikar á að skerða þetta einhvern veginn öðruvísi, sem stjórnarliðar í raun halda fram, þ.e. að Hæstiréttur sé að meina að það megi skerða þetta einhvern veginn öðruvísi en það hafi bara ekki verið gert með réttum hætti, þá er ég því algjörlega ósammála og tel að Hæstiréttur hafi fyrst og fremst verið að dæma um það á grundvelli jafnræðisreglu að ekki mætti skerða þessar bætur. Þetta er grunnréttur sem öryrkjar eiga sem Hæstiréttur telur að sé mannréttindi og þessi grunnréttindi má ekki skerða með broti á jafnræðisreglu eins og hefur verið gert og er gert með þeirri tillögu sem liggur hérna fyrir, vegna þess að með henni er verið að mismuna þeim sem hlut eiga að máli með því að skerða suma en aðra ekki.

Ég ætla ekki að lengja mitt mál með þessu. Þetta er bara mín skoðun og ég vil að hún komi hér fram. Ég vitna einungis í eina setningu þar sem verið er að tala um að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti samkvæmt því jafnréttis við aðra sem réttar njóta. Þetta tel ég vera setningu sem megi fullkomlega halda fram að Hæstiréttur sé að vísa til, samanber það sem ég var að segja áðan, þ.e. jafnræði þeirra sem hlut eiga að máli.

Á öðrum stað segir Hæstiréttur að það sé bannað að færa grunnframfærslu ríkisins yfir á maka öryrkjans. Það hefur breyst frá því sem áður var. Það liggur núna fyrir og á þeim grunni er gengið frá málum.

Hæstv. heilbrrh. sagði að hún deildi ekki við Hæstarétt og forstjóri Tryggingastofnunar sagði á sínum tíma að til stæði að fara að reikna út á grundvelli dómsins og ég geri ráð fyrir því að tryggingaráð hafi staðið að baki forstjóranum í því og það er lögformlega á valdi tryggingaráðs og ekki bara á valdi heldur skylda þess að sjá til þess að Tryggingastofnun fari að lögum. Það er sérstaklega tekið fram í sambandi við hlutverk tryggingaráðs.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það ætti að virða dóminn að fullu. Ég tel satt að segja að hæstv. ráðherra hafi meint það fullkomlega þegar það var sagt. Hæstv. utanrrh. sagði aftur á móti í einhverjum fjölmiðli að hann hefði ekki treyst sér til þess að ræða málið að fullu fyrr en hann hefði látið skoða það og sagði að það væri ekki einfalt eða auðskilið og það væri eitthvert flóknasta mál sem hann hefði komið að og hæstv. forsrh. viðhafði svipuð orð. Þeir fengu sem sagt snillinga til þess að fara yfir málið. Hæstv. heilbrrh. sagði síðan að það hefði verið að sinni tillögu.

Nú spyr ég því ekki veit ég það, en einhvern veginn hefur mér skilist það í gegnum tíðina að þegar hæstv. ráðherrar skipa starfshóp þá sé venjan a.m.k. sú að formaður starfshópsins sé fulltrúi þess ráðherra sem skipar hópinn eða leggur hann til. En það vildi svo einkennilega til að formaður þessa starfshóps var fulltrúi Sjálfstfl. en ekki Framsfl. Það læðist að mér sá grunur að fleiri fingur hafi komið að því að finna út þennan starfshóp en hæstv. tryggingaráðherra.

Ég tel reyndar og mig rekur ekki minni til þess að farið hafi verið með nokkurn ráðherra í gegnum tíðina eins og þarna er gert því að það er náttúrlega verið að niðurlægja hæstv. heilbr.- og trmrh. með ömurlegum hætti. Það var ekki hægt að misskilja það sem hæstv. ráðherra sagði í upphafi en hún er rekin til baka og hlýtur slíka meðferð sem hér ber raun vitni. Ég get nú ekki sagt annað en að þar hafi höggvið þeir sem hlífa skyldu því að hæstv. heilbrrh. hefur reynst ríkisstjórninni þörf við að koma fram þeirri stefnu sem rekin hefur verið í gegnum árin.

Síðan sagði hæstv. utanrrh. að tillögur starfshópsins hefðu verið hafðar til hliðsjónar þegar verið var að ákveða hvernig þetta frv. ætti að líta út. Það finnst mér stórundarlegt og einkennilegt vegna þess að tillagan um lagafrv. er í skýrslu þessa starfshóps og ég sé ekki að stafkrók hafi verið breytt frá því sem í skýrslunni er og yfir í það þingmál sem hér liggur fyrir þannig að það hefur nú ekki aldeilis bara verið haft til hliðsjónar.

Ég verð að segja að mér finnst geðleysi stjórnarþingmanna með ólíkindum og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, því ekki hafa það margir tekið til máls hér, að þeir séu allir á þeirri skoðun að það eigi að fara þá leið sem liggur fyrir í þessu þingmáli. Ég trúi því ekki. Mér finnst að það hljóti að koma á daginn að einhverjir hafi þó uppburð í sér til þess að láta ekki draga sig út í að fara þá leið sem hér stendur til að gera. Mér finnst ótrúlegt að meiri hluti sé fyrir þessu. Þetta er þannig mál. Ég held að menn hljóti að skoða samviskusína vel í stjórnarliðinu um það hvort þeir eru tilbúnir til þess að standa að því að fara þessa vafasömu leið.

Það er t.d. alveg nýtt að menn séu tilbúnir að forsvara það að láta lög virka aftur í tímann. Ekki er deilt um það að Hæstiréttur hafi dæmt þetta sem mannréttindabrot og fyrningarleiðin sem hér er lögð til er líka býsna umdeilanleg. Ég ætla ekki að fara yfir það. Það hefur verið gert hér áður.

Hæstv. forsrh. hélt merkilega ræðu að mér fannst og hann minnti okkur á ýmislegt úr fortíðinni. Hann minnti okkur t.d. á Valdimarsmálið og benti á að menn hefðu lesið það með fleiri en einum hætti líka og síðan hafi fallið annar dómur í Hæstarétti. Hæstv. forsrh. var að hælast yfir því að honum hafi áður tekist að reka mál ofan í Hæstarétt. Og það læðist að mér sá grunur að hæstv. forsrh. a.m.k. ali með sér þær vonir að hægt sé að fá eitthvað annað út úr Hæstarétti en þennan dóm ef á þurfi að halda síðar og að við það sé átt.

Ég verð að segja líka að mér finnst að þingmálið sem hér liggur fyrir til umræðu sé eins og svolítið blandað einhvers konar hefndarhug. Það er ekki einleikið hvernig menn taka þarna á málum. Nú ætla ég að koma að atriði sem ekki hefur verið rætt, a.m.k. í þeim ræðum sem ég hef hlustað á hér.

Hvernig stendur á því að mönnum dettur í hug að setja þetta $^{2}/_{3}$ skerðingarákvæði hvað varðar þær 25 þús. kr. sem hæstv. ríkisstjórn vill náðarsamlegast láta af hendi til að hækka grunnframfærslu örorkulífeyrisþega? Þessar 25 þús. kr. eru skertar svo naglalega að ég veit ekki til að það sé til önnur eins skerðing því að ef einhver öryrki hefur gegnum

tíðina haft einhverjar tekjur, við skulum segja 30 þús. kr., þá eru teknar 20 þús. kr. af 25 þús. kr. Hvað er verið að segja við svona öryrkja? Það er verið að segja við hann: Vertu ekki að þessu basli, góði minn. Hættu þessu strax. Sú viðbót sem var verið að viðurkenna hérna náðarsamlegast að viðkomandi ætti að fá er bara tekin til baka af fyrstu 40 þús. kr. sem hann þénar gersamlega og svo bratt að ef hann þénar 30 þús. kr., þá eru farnar 20 þús. Þannig er skerðingin. Í hvernig skapi var það fólk sem samdi þetta og bjó til þá hugmynd sem er þarna sett á blað? Mér finnst þetta með miklum eindæmum.

Ég tel reyndar að ýmislegt muni fylgja í kjölfarið. Auðvitað verður umræða um ýmsa aðra hluti og ég ætla ekki að taka hana upp að öðru leyti en því að ég tel að ástæða sé til að vekja athygli á því að aldraðir munu auðvitað koma í kjölfarið á þessum dómum. Það getur ekki öðruvísi farið. Auðvelt er að rökstyðja það. Ef svo ætti ekki að vera þá þyrftu menn að breyta lögum um öryrkja og sjá til þess a.m.k. að þeir væru þá öryrkjar fram á dauðadag vegna þess að útilokað er að halda því fram að öryrki sem verður 67 ára gamall hætti að vera öryrki og það hætti að vera mannréttindabrot að skerða hann því hann fari þá á ellilífeyri og sé ekki lengur öryrki. Það gengur ekki. Það sjá allir menn. Ég held reyndar að það sé engin leið í málinu öðruvísi en að líta á þetta með sambærilegum hætti.

Það er eitt sem mig langaði til að fara yfir og það er að ítrekað hefur lítið komið fram í máli hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliða að það verði að setja lög vegna þess að stjórnarandstaðan hélt því fram að ekki hefði þurft að setja lög til þess að greiða út þessar bætur um áramótin. Ég er alveg sannfærður um að það er réttur skilningur, það þurfti ekki lög til þess.

Ég ætla ekki að halda því fram að ekki geti verið möguleiki á því að það þurfi lög eða skynsamlegt sé að setja lög til að greiða það sem þarf að greiða aftur í tímann. Það finnst mér að menn geti skoðað og engin ástæða til að hengja sig í þá hluti sérstaklega. En hvað þarf til að sanna að ekki þurfi að setja lög til þess að greiða út 51 þús. kr.? Mér finnst ekki þurfa annað en benda á frv. sem hér er til umfjöllunar vegna þess að í því er ekki neitt ekki eitt einasta ákvæði, engin heimild af neinu tagi sem Tryggingastofnun hefði þurft á að halda, einungis verið að setja ný skerðingarákvæði. Ef þau væru ekki til staðar þá þyrfti að greiða öllum þessar 51 þús. kr. Mér finnst þetta alveg nægileg sönnun fyrir mig. Hún sannfærir mig um að ekki þurfi að setja nein lög. Ríkisstjórnin hefur staðfest það með því að leggja þetta frv. fram með þessum hætti og engin önnur ákvæði skulu vera í því en skerðingarákvæði.

Ég ætla ekki að lengja mikið umræður um hvað maður vildi heldur gera en fara að þessum dómi eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert í allan dag mönnum til skemmtunar. En ég vil bara benda á í því sambandi að auðvitað er hér verið að bregðast við dómi Hæstaréttar en það er ekki bara verið að því. Þetta mál snýst um viðurkenningu á réttindum og ekkert annað. Réttindin voru til staðar að dómi Hæstaréttar og búið er að dæma í málinu. Verið var að afnema skerðingu og það er ekki þannig að verið sé að bæta tekjur öryrkja með einhverjum nýjum ákvæðum. Í raun og veru er verið að afnema skerðingu sem þetta fólk varð fyrir aftur í tímann frá réttindum sem aðrir sambærilegir höfðu og þeir áttu að hafa samkvæmt dómi Hæstaréttar. Hvernig í ósköpunum er hægt að fara út um víðan völl með einhverri röksemdafærslu um hvernig megi nota peningana í eitthvað annað? Þetta er nánast ekki til þess að vera með miklar umræður um.

Það hefur verið á ferðinni mikið óréttlæti hvað þessi mál varðar í langan tíma og margir öryrkjar hafa þurft að sæta því að verða fyrir mikilli skerðingu og orðið að vera á framfæri þeirra sem þeir búa með og sá réttur hefur verið tekinn frá þeim sem þjóðfélagið hefur ætlað öryrkjum með almennum hætti. Hann er skertur og ég held að menn eigi að horfast í augu við þetta. Menn eiga ekki að vera að leita leiða til þess að fara fram hjá þessu. Það er spurning sem hv. Alþingi á að svara og í raun og veru hefur margoft komið fram svar við þeirri spurningu frá hæstv. heilbrrh. hve háar þessar bætur þurfa að vera. Hæstv. heilbrrh. hefur margsagt að þær þurfi að verða miklu hærri og það er spurning sem á að svara á hv. Alþingi. Ef það er niðurstaðan að menn séu sammála, hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. og aðrir aðilar, það eigi að koma fram frv. á næstunni til að hækka þessar bætur. Um hvað snýst þá deilan núna? Hún snýst ekki um neitt annað en það hvort eigi eftir að sú hækkun er komin þá líka að vera hægt að borga mismunandi bætur til öryrkja á þessum grundvelli og ég tel að hér hafi verið skorið úr því að það er ekki hægt. Menn verða að fara aðrar leiðir til tekjujöfnunar þjóðfélaginu en að skerða grunnréttindi öryrkja.

Hæstv. forseti. Það er svo sem margt sem hægt væri að tala um í sambandi við þetta mál. En ég ætla að ljúka mínu máli á dálítið dapurlegum kafla sem fjallar í raun og veru um hvernig mér finnst stjórnvöld í landinu vera farin að haga sér. *Ég held að ýmsir af þeim sem eru við völd í landinu séu* búnir að vera of lengi við stjórnvöld. Þeir hafa fyllst valdhroka þegar eitthvað gengur gegn þeim. Þegar þeir hafa lent í því að verða undir í dómum Hæstaréttar tala þeir jafnvel um að breyta stjórnarskránni af því að hún passar ekki við *hugmyndir þeirra og þegar þar til bærir aðilar hafa kveðið* upp úrskurði þá eru úrskurðirnir vitlausir. Svona hefur þetta nú gengið í þó nokkrum tilfellum sem hægt væri að telja upp en ég ætla að hlífa hv. þm. við því því að þessi umræða er orðin býsna löng en allt ber þetta að sama brunni. Menn virðast vera farnir að líta á sig sem einhvers konar óskeikul yfirvöld og það er ömurlegt að sitja undir því hvernig menn ganga fram. Það hefur sýnt sig að hæstv. forsrh. hefur t.d. beitt þrýstingi á Hæstarétt. Það muna allir. Það hefur komið mjög skýrt í ljós hvernig Sjálfstfl. hefur undanfarin mörg ár raðað fólki í fjölmiðla sem hann ræður yfir í krafti pólitískrar stöðu sinnar. Það hefur verið býsna sérkennilegt og mér hefur fundist allt að því grátbroslegt að hlusta t.d. á ríkisfjölmiðilinn sjónvarpið segja frá atburðum í Tékklandi undanfarna daga þar sem fréttamenn tóku sjónvarpsstöð og komu því til leiðar á nokkrum tíma að sá sem þar hafði verið skipaður með nákvæmlega sama hætti forstjóri eins og nú er gert á Íslandi sagði af sér og gafst upp í starfi sínu *vegna mótmæla. Þetta er hluti af þróun sem ég sé fyrir mér* að má ekki ganga lengra. Menn verða að fara að bregðast við. Hér hefur Sjálfstfl. heljartök á öllu fjölmiðlakerfinu í landinu og hann notar þau út í æsar og ég tel að það þurfi bara að fara að tala um þetta upphátt. Vel kann að vera að einhver haldi því fram að ekki sé málefnalegt að gera það. En það er hluti af því sem hefur verið að gerast og viðbrögð hæstv. forsrh. við dómum og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómum og úrskurðum að undanförnu eru á þá leið að þar eru á ferðinni menn sem sjá ekki bjálkann í eigin auga. Þeir eru ekki tilbúnir til þess að hlíta dómum. Það verður að fara og finna einhverjar leiðir fram hjá þeim og ekki má skerða valdið sem þeir telja sig hafa og eiga að hafa.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég el í brjósti mér þá von að hv. stjórnarliðar fari vandlega yfir málið og skoði samvisku sína og vegna þess að þeir hafa ekki margir talað í umræðunni þó hæstv. forsrh. héldi því fram að hér mundu verða raðir af stjórnarliðum til þess að berjast í umræðunni og fara vandlega yfir hlutina þá hefur það bara ekki gerst. Ég el þess vegna með mér þá von að þeir muni kannski ekki allir saman styðja það sem hér hefur verið lagt á borð þingmanna.

[17:27]

Útbýting þingskjala:

Endurgerð brúar yfir Strönguk vísl, 398. mál, fsp. JB, þskj. 649.

Innflutningur á nautakjöti, 399. mál, fsp. ÞBack, þskj. 650.

[17:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að mótmæla kröftuglega orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um þá gömlu mýtu að Sjálfstfl. hafi heljartök á fjölmiðlum landsins, sérstaklega ríkissjónvarpinu.

Í fyrsta lagi er það alveg makalaus árás á þá hæfu starfsmenn sem þar vinna að ætla þeim eitthvert ósjálfstæði í verkum þeirra, faglegri vinnu þeirra sem þar er. Maður hefur heyrt uppnefningar lon og don frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni: Bláskjár þetta og Bláskjár hitt. Eiga þingmenn Sjálfstfl. t.d. að fara að kalla hina merku og góðu fréttastofu útvarps rauðu línuna? Síður en svo. En síðan nefnir hv. þm. Jóhann Ársælsson eitt dæmi. Ég skal nefna annað um þessi heljartök Sjálfstfl. á fjölmiðlum á Íslandi.

Hefði Samfylkingin látið bjóða sér það að til að byrja með væri einn helsti fréttamaður Ríkisútvarps, hljóðvarps, í öryrkjamálinu, barn t.d. Péturs H. Blöndals eða Sigríðar Önnu Þórðardóttur? Hefði Samfylkingin setið róleg úti í horni og látið það yfir sig ganga? Ég held ekki. Þess vegna vísa ég svona makalausum árásum enn og aftur á meint heljartök Sjálfstfl. á fjölmiðlum algerlega á bug.

[17:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki þá ættfræði sem hér var verið að nefna og ætla ekki að blanda mér í það. Ég ætla hins vegar að segja að mér er kunnugt um að eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi muni vera með þeim hætti að nánast allir fjölmiðlar sem standa undir nafni eru í eigu sjálfstæðismanna og í stórri meirihlutaeigu þeirra og hafa verið lengi. Síðan er hæstv. menntmrh. yfirmaður Ríkisútvarpsins. Það hafa verið pólitískt ráðnir yfirmenn um langan tíma. Þeir hafa notað stöðu sína til þess að ráða fólk eftir sínu höfði og það hefur komið fram.

Það er t.d. opinbert leyndarmál ef svo má að orði komast að fjölmargir fréttamenn á þeim miðli hafa verið starfandi í Sjálfstfl. Það er ekkert leyndarmál. Fólk veit þetta. Ég held að ég þurfi ekkert að telja þetta upp. Maður hefur fylgst með þessum fjölmiðlum og maður hefur skoðun sína á þeim og segir hana hér. Ég held að það sé alveg kominn tími til að menn geri það og séu ekkert að skafa utan af því. Þetta á ekki að ganga svona. Menn eiga að vanda sig betur í því að stjórna fjölmiðlum sem ríkið á og rekur. Það á ekki að ganga eins langt og Sjálfstfl. hefur gert.

[17:31]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg makalaust. Hér kemur hv. þm. Jóhann Ársælsson upp, nefnir engin nöfn heldur ýjar að hinu og þessu. Það getur vel verið að fyrrv. eða núv. sjálfstæðismenn séu starfandi hjá Ríkisútvarpinu eða sjónvarpinu. En þar eru líka aðrir flokksmenn. Og hvað með það? Meðan þeir sinna hlutverki sínu á hlutlægan, ábyrgan hátt þá er það í góðu lagi. Ég veit ekki betur en að t.d. hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi verið starfandi lengi vel sem fréttamaður hjá ríkissjónvarpinu og gerði það með sóma þrátt fyrir að við vitum öll hverjar pólitískar skoðanir hans eru. Ég er ekki að segja að það sé ókostur þó að menn hafi ákveðna pólitíska sýn svo lengi sem þeir misbeita ekki valdi sínu sem fjölmiðlamenn og það vald er orðið ansi mikið. Það getur verið jákvætt ef þeir gera það á hlutlægan hátt og ég vil meina að allir fréttamenn Ríkisútvarpsins, sjónvarps sem útvarps, geri það, sama hver bakgrunnur þeirra er.

Ég ætla ekki að fara að tíunda það hverjir koma frá Röskvu hjá sjónvarpinu eða hverjir koma frá Samfylkingunni því þá finnst mér ég vera að draga þá hæfu einstaklinga niður. Svoleiðis gera menn ekki. Ég treysti þessu fólki og það er ekkert að því þó að það hafi sinn pólitíska bakgrunn svo lengi sem það býður fram ábyrgan og hlutlausan fréttaflutning.

Það hafa fleiri hér verið starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ég var starfsmaður þar, var yfirmaður. Ég man að ég réð t.d. mjög góða útvarpskonu sem heitir Þóra Arnórsdóttir sem er afar hæf og mikilsverð kona. (Gripið fram í.)

[17:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki betur en að það hafi komið fram hjá starfsmönnum þessa fjölmiðils sem um er að ræða að þar teldu menn að pólitíkinni hefði verið beitt ótæpilega, að menn væru þar nánast í pólitískri herkví. Ég er ekkert að finna þetta upp frekar en aðrir í þjóðfélaginu, enda er flestum ljóst hvernig menn hafa haldið á málum. Það hefur bara verið svona í gegnum tíðina síðan hæstv. menntmrh. komst til valda. Hann hefur beitt áhrifum sínum og Sjálfstfl. hefur gert það langt aftur í tímann og það þarf ekkert að leita lengi. Í Tékklandi mundi vera búið að stræka á þetta, stræka á yfirmanninn. Það er ekki gert á Íslandi. Það er býsna broslegt að horfa á fréttir frá þessari fréttastofu þegar verið er að ræða um atburði erlendis af þessu tagi. Það getur vel verið að ég sé að hætta mér út á hálan ís með því að ræða þetta. Það verður þá bara að hafa það. Mér finnst alveg ástæða til að fleiri en starfsmenn sjónvarpsins segi hvernig þetta er.

[17:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur farið um víðan völl og er að sumu leyti orðin eins konar eldhúsdagur um pólitík dagsins í dag og liðinna tíma eins og raunar þau orðaskipti sem hér áttu sér stað rétt áðan sem voru satt að segja ákaflega sérkennileg. Ég fylgdist með ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og áttaði mig ekki alveg á tilefni þeirrar orðræðu sem í hönd fór af hálfu hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur þar sem hún vildi taka upp hanskann fyrir starfsfólk ríkisfjölmiðlanna. Ég heyrði hv. þm. Jóhann Ársælsson aldrei gera nokkra tilraun til þess að sverta þá einstaklinga sem þar eiga hlut að máli. Hann var hins vegar að benda á þá staðreynd að vald Sjálfstfl. á því að skipa mönnum þar til rúms er ótvírætt og því hefur verið beitt. Það hefur hins vegar ekkert með

ágæti þess fólks að gera sem þarna hefur valist til starfa. Það er bara allt annar hlutur þannig að það er ósanngjarnt með öllu að halda því fram að hér sé einhver að ráðast að æru þess fólks sem er að reyna að sinna sínum störfum. Langflest gerir það prýðilega, annað miður eins og gengur.

Það er hins vegar óhjákvæmilegt annað en að horfast í augu við þann veruleika sem við okkur blasir og hann er bara sá að útvarpsstjóri heitir Markús Örn Antonsson. Ekki er hann óflokkspólitískur. Fréttastjóri og varafréttastjóri sjónvarpsins hafa aldrei neitað því að þeir hafa pólitíska sögu að baki. Það kann að vera tilviljun að þeirra pólitíska saga liggu nær ríkisstjórninni en stjórnarandstöðunni. En þannig er það bara. Það er hins vegar enginn að gagnrýna þetta fólk, þessa einstaklinga. Svona birtist þessi veruleiki okkur og það sér hver maður sem vill horfa á það með hlutlægum augum einmitt að valdi Sjálfstfl. á að skipa þarna mönnum í rúm er beitt. Í flestum tilfellum sem betur fer er þetta prýðilegt fólk sem hefur verið kallað þar til starfa þótt það komi úr röðum sjálfstæðismanna. Þannig var það t.d. með hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þegar hún var ekki fyrir margt löngu ráðin þar til starfa. Það var gagnrýnt mjög harðlega að þar væri um flokkspólitíska skipun að ræða. Ég held að ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli að mín skoðun var sú að þar hafi vel til tekist enda þótt þarna væri um pólitíska andstæðing að ræða. Ég held að hv. þm. hafi sannað það og sýnt að þótt hún væri sjálfstæðismaður stóð hún sig prýðilega. Það getur hist svo á að þótt fólk komi úr Sjálfstfl. þá standi það sig ágætlega og í mörgum tilfellum er það. En það sem vekur auðvitað athygli, og ég skildi hv. þm. Jóhann Ársælsson þannig, er í hversu ríkum mæli menn tækju þá áhættu að skipa endilega fólk úr Sjálfstfl. þar sem vigtin mælir. Þetta var alger útúrdúr. En af því að málið hefur tekið þessar sveigjur og beygjur er óhjákvæmilegt að koma eilítið inn á þetta mál sem er að sönnu tiltölulega einfalt í öllum sniðum þó stórt sé.

Það er satt að segja skrýtið, herra forseti, að stjórnarliðar sem hlökkuðu afskaplega til þess að koma til þessarar umræðu og eiga þess kost að upplýsa þjóðina á vitrænan hátt, að koma umræðunni á vitrænt plan eins og um var talað, hafa farið fremstir í flokki við að drepa þessum kjarna máls á dreif og kalla til sögu ýmis óskyld efni sem þessum hæstaréttardómi og málefnum öryrkja kemur í besta falli lítið við og í versta falli alls ekkert við. En á þessu hef ég skilning því að það hefur verið gömul saga og ný að þegar stjórnmálamenn hafa vonda samvisku og vondan málstað að verja þá grípa þeir mjög gjarnan til þess að reyna að drepa málum á dreif og snúa talinu að einhverju allt öðru og það hefur heldur betur verið reynt í þessari umræðu í dag.

Þetta mál er að sönnu ákaflega einfalt, þ.e. það úrlausnarefni sem til staðar var að aflokinni uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í lok síðasta árs. Það mál var tiltölulega þröngt í lögfræðilegu tilliti og var sótt með þeim hætti af hálfu Öryrkjabandalagsins og tók ekki til nema lítils hóps þeirra skjólstæðinga sem Öryrkjabandalagið gætir hagsmuna fyrir. Þannig var málið lagt upp og þannig dæmdi Hæstiréttur. Niðurstaða Hæstaréttar var einfaldlega eins og hér hefur margsinnis verið undirstrikað mjög klár og kvitt, þ.e. að óheimilt væri að skerða tekjur öryrkja með því tekjutengja við tekjur maka. Það er tiltekið ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um þetta og Hæstiréttur segir að efnislega sé það óheimilt og þau skerðingarákvæði sem þar er að finna séu efnislega ómerk. Um þetta er að sönnu ekkert deilt. Á hinn bóginn standa vitaskuld önnur ákvæði almannatryggingalaganna óhögguð sem sem betur fer eru auðvitað fyrst og síðast sett til þess að tryggja rétt fólks en ekki til þess að skerða hann hvað varðar grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Síðan eru önnur lög sem lúta að hinni félagslegu aðstoð og þar var einmitt skilið á milli þess, hið margnefnda ár 1993, sem lýtur öðrum lögmálum. Með öðrum orðum þá var viðfangsefni ríkisstjórnarinnar strax þennan dag í desember ákaflega einfalt. Ríkisstjórnin og þá einkum og sér í lagi hæstv. heilbrrh. — og af því að ég nefni hana til sögunnar vona ég að hún nái fljótt og vel góðri heilsu — en trú mín er sú miðað við fyrstu viðbrögð hennar eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar að hugur hennar hafi staðið til þess, eins og við höfum rætt hér áður, að ganga til þessara verka með embættismönnum ráðuneytisins og embættismönnum Tryggingastofnunar, að greiða þetta út refjalaust og lesa það nákvæmlega sem í dómnum stóð. En það var kippt í spotta og hún var að minni hyggju stöðvuð í því ætlunarverki sínu því að það fer auðvitað enginn í grafgötur með það sem fylgist með umræðum þessara mála bæði frá uppkvaðningu dóms og hér á hinu háa Alþingi að auðvitað er mismunandi tóntegundir hér að finna, annars vegar í sumpart ágætri ræðu hæstv. heilbrrh. við upphaf þessarar umræðu og síðan þeim áherslum sem finna mátti í ræðu hæstv. forsrh. einkum og sér í lagi og sumpart líka hæstv. utanrrh. sem eins og fyrri daginn virðist vera taglhnýtingur forsrh. í einu og öllu, ef hann keyrir þá ekki fram úr honum í ýmsum áherslum.

Viðfangsefni ráðherrans við þessar aðstæður var með öðrum orðum ákaflega einfalt, og þekki ég nú aðeins til á þessum slóðum, það var einfaldlega að kalla til lögfræðinga ráðuneytisins, embættismenn Tryggingastofnunar og gleymum ekki einu, gagnaðila, þeim aðilum sem sóttu málið, Öryrkjabandalaginu, eiga fund með öllum þessum aðilum og fara yfir dómsniðurstöður og reifa það og ræða hvenær og hvernig hægt væri að greiða þetta. Það var auðvitað hin eðlilega, sjálfsagða niðurstaða. Og gleymum því ekki, herra forseti, að þetta er ekki í fyrsta skipti og sennilega ekki það síðasta sem ríkisvaldið, framkvæmdarvaldið fær á sig dóma af einum eða öðrum toga. Auðvitað eru misjöfn mannanna verk og ég ætla ekki að fara að vera með nokkrar einkunnagjafir á einstakar ríkisstjórnir eða ráðherra í þeim efnum. Það þekkja þeir sem þar hafa verið að stundum kemur það fyrir að framkvæmdarvaldið fer offari eða mistúlkar fyrirskipanir Alþingis ellegar þá, eins og líka er til í dæminu, að brotalamir verða á löggjöf Alþingis og hún stenst ekki stjórnarskrá í þessu tilfelli eða önnur þau skilyrði sem lög, reglugerðir og ákvarðanir ráðherra eiga að uppfylla. Þá er venjan sú að framkvæmdarvaldið sest niður með þeim sem brotið hefur verið á og reynir að bæta fyrir, reynir að lagfæra og leiðrétta.

Í þessu tilfelli á þetta sér mjög langa sögu og mönnum þykir það sérstaklega til eftirbreytni að því er virðist í tali stjórnarsinna að Öryrkjabandalagið sótti þetta mál fyrir þennan tiltekna hóp, þurfti að verja til þess verulegum fjármunum og tíma, fyrst í héraði og síðan Hæstarétti. Sá hópur gladdist eðlilega við þá uppkvaðningu sem varð og hefur sennilega átt von á því, eins og venja er til, að til þeirra yrði síðan leitað um það hvernig skaðinn yrði bættur. Það hefur ekki enn þá verið gert eftir því sem ég best veit. Það var a.m.k. upplýst einhverjum vikum eftir uppkvaðningu dóms að enn þá höfðu hvorki forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins né heldur lögfræðingur þeirra heyrt eitt aukatekið orð úr hinu háa ráðuneyti, ekki eitt aukatekið orð. Mér er ekki kunnugt

um það, og kannski verð ég leiðréttur ef það hefur breyst frá þeim tíma, að heilbrrn. ellegar þá forsrn. sem hefur tekið sér forræði þessara mála, hafi átt orðastað við þá sem málið sóttu og málið varðar og fulltrúa þeirra um það hvernig eðlilegt væri að greiða bætur, greiða þann skaða sem fólk hefur orðið fyrir og hvernig þessum málum yrði best fyrir komið í framtíðinni.

Ég sá í sjónvarpi eins og flestir aðrir að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins reyndi að gera sitt besta við erfiðar pólitískar aðstæður. Hann átti orðastað við fólk um síðustu mánaðamót sem ætlaði að sækja rétt sinn til Tryggingastofnunar, sækja þær greiðslur sem dómurinn kvað á um. Hann reyndi að útskýra þá þröngu stöðu sem honum var gert að vinna eftir. Hann var með öðrum orðum ekki í stöðu til að inna þær greiðslur af hendi sem dómurinn kvað á um.

Herra forseti. Hér er fyrst og síðast um að ræða pólitískt sjálfskaparvíti fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr. Hún hefur grafið sér þessa gröf og kemst ekki upp úr henni. Það væri auðvitað gott og blessað, herra forseti, ef pólitískar kringumstæður ættu þar eingöngu í hlut en ekki 700 öryrkjar, raunar 1.200 ef litið er til allra þeirra sem eiga rétt aftur í tímann, og ekki væri um að það að ræða að þeir þyrftu að sjá eftir réttindum sem þeir hafa sótt sérstaklega í málarekstri hjá Hæstarétti. Þá væri út af fyrir sig ekkert um þetta segja. Við stjórnarandsstæðingar gætum glott við tönn og sagt að ríkisstjórnin væri búin að koma sér ofan í þessa holu og hún væri best geymd þar. Ég ætla að koma aðeins að því síðar.

Steininn tekur auðvitað úr, herra forseti, í ljósi forsögu málsins og þeirra atburða sem verða eftir uppkvaðningu dóms þegar þeim sem unnu málið í Hæstarétti á hendur ríkisstjórninni er sagt að séu þeir ekki ánægðir með þær tillögur og úrlausnir sem ríkisstjórnin hefur kokkað í samráði við tiltekna lögfræðinga þá geti einstaklingarnir í hópi öryrkja einir og sér bara farið í mál, þeir geti bara farið annan rúnt, aðra bunu og gott á þá. Herra forseti. Þetta er náttúrlega svo grátlegt, hortugheitin og dónaskapurinn í garð þessa fólks sem má sín lítils þó það sé sterkt í samheldni sinni er með ólíkindum. Þeir sem styðja þennan málarekstur og þessa málsmeðferð segja að dómur Hæstaréttar sé gallagripur að því leyti að hann lyfti fólki sem er kannski ekki verst statt, að aðrir séu verr staddir. Þeir spyrja stjórnarandstöðuna hvort ekki eigi líka að taka á málum þeirra sem ekki eru í sambúð og ekki eiga vinnandi maka.

Ósvífnin er yfirgengileg. Manni verður satt að segja orða vant við að hlusta á þennan tvískinnung og þann dónaskap sem mér finnst stjórnarliðar hver á fætur öðrum sýna fólki sem höllum fæti stendur í þessu samfélagi og þar með þjóðinni allri. Virðingarleysið fyrir bótaþegum, ekki eingöngu öryrkjum heldur öllum öðrum, er slíkt að manni verður orða vant. Hér er látið í veðri vaka, herra forseti, að við jafnaðarmenn og stjórnarandstæðingar séum sérstakir talsmenn þeirra sem betur mega sín í hópi öryrkja. Öllu er snúið á hvolf, herra forseti, og ekki glóra í þessum málflutningi.

Herra forseti. Ég er tilbúinn til þess þegar í dag að fara í umræðu um nýtt frv. um bættan hag öryrkja yfirleitt, um bættan hag eldri borgara og bættan hag fjölskyldunnar í landinu, um endurbætt almannatryggingakerfi. Satt að segja eru nú til frv. af þeim toga sem væru gott innlegg í þá umræðu. Ég held að það sé flokkssystir mín, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hafi til að mynda lagt margt gott inn í þeim efnum. Fleiri stjórnarandstæðingar hafa komið að því verki og okkur er ekkert að vanbúnaði að fara í slíkar lagabætur og lagfæringar hér á velferðarkerfinu. Á því er ekki vanþörf eftir sex ára stjórnartíð helmingaskiptaflokkanna. Okkur er ekkert að vanbúnaði og við þurfum ekki þrjá mánuði eftir nefnd, einhverri yfirbótarnefnd sem á að taka til starfa á næstu dögum ef ég hef skilið það rétt og ljúka störfum fyrir apríl. Við getum byrjað á þessu nú þegar. Það stendur ekki á okkur í því.

Fyrst skulum við hins vegar afgreiða málið sem hér liggur fyrir. Við þurfum að greiða því fólki sem á sinn klára rétt og slugsa ekki með það. Telji ríkisstjórnin sig þurfa einhverja greiðsluheimild frá hinu háa Alþingi þá skulum við afgreiða hana líka. Við skulum hafa hana alveg skýra, setja greiðsluheimild í núgildandi fjárlög. Það getur verið viðbótarheimild þar sem stendur að fjmrh. sé heimilt, best væri nú að hafa það „er gert", að greiða þær nauðsynlegu greiðslur til öryrkja sem fengu réttarbót vegna uppkvaðningar Hæstaréttar í síðasta mánuði. Til að taka af öll tvímæli, af því að menn eiga til að gera einföld mál flókin, skuli greiða sem svarar 51 þús. á hvern einstakling miðað við daginn í dag. Til að hafa það enn skýrara þá skulum við líka láta fylgja í þessari greiðsluheimild að greiða skuli sjö ár aftur í tímann.

Að ríkisstjórnin skuli leyfa sér það að vera í prútti við þennan hóp fólks um hvort greiða skuli tvö ár eða fjögur ár þykir mér sömuleiðis óskiljanlegt. Og hæstv. fjmrh. sagði fyrr í dag að það væri bara ekkert valkvætt varðandi fyrningarreglur. Auðvitað er það valkvætt. Það er algjörlega á valdi greiðandans, annars aðila málsins, hvernig hann vill standa skil á þessum greiðslum, þ.e. hvort hann vilji greiða þær samkvæmt skaðabótalöggjöfinni ellegar samkvæmt þeirri almennu siðaviðmiðun að greiða eins langt aftur og krafa stendur til í ljósi þess að um mannréttindabrot er að ræða. Að standa í prútti við þennan hóp eftir allan þennan tíma, eftir allt sem á dagana hefur drifið, er algjörlega óskiljanlegt.

Stjórnarliðar standa hér, herra forseti, og undrast, horfa hver á annan og botna ekki neitt í því að þjóðin sé ekki með á nótunum, að þjóðin sýni þeim ekki skilning og stuðning í þessari málafylgju. Þeir horfa í forundran hver á annan og átta sig allt í einu á því að nú er svo komið að þessi ósigrandi ríkisstjórn er bara komin á vonarvöl, komin að fótum fram og nýtur ekki stuðnings meðal þjóðarinnar lengur. Það sást í gegnum teflonhúðina, það var lyft upp þessum sparigluggatjöldum og menn sáu inn fyrir. Ég er hræddur um að þetta undanhald ríkisstjórnarinnar verði ekki stöðvað og hún fari bratt niður næstu mánuði og missiri, lifi hún svo lengi. Það eru áhrínsorð mín í þeim efnum, ekki sýnir hún minnstu viðleitni til þess, í þessu máli a.m.k., að sýna iðrun og yfirbót. Þvert á móti reynir hún eins og hún getur. Síðasta skýring þeirra var sú að þetta væri allt stjórnarandstöðunni að kenna, stjórnarandstaðan hefði afvegaleitt þessa umræðu og platað fólk.

Öðruvísi mér áður brá. Ég hef hlustað á ræðuhöld stjórnarliða allt þetta kjörtímabil og stærstan hluta þess síðasta þar sem þeir töluðu af lítilsvirðingu um auma stjórnarandstöðu sem væri kvakandi og vælandi, gæti ekki neitt, hefði enga stöðu, enginn treysti henni, enginn tæki mark á henni og þeir þyrftu nú ekki mikið að hirða um þessa stjórnarandstöðu. Svona hafa stjórnarherrarnir og stjórnarliðarnir talað í hverjum fjölmiðlaþættinum á fætur öðrum: Stjórnarandstaðan, hvað er hún ofan á brauð?

Nú er þetta allt í einu stjórnarandstöðunni að kenna. Þeir eru að vakna til vitundar um að sígandi lukka er best og stjórnarandstaðan hefur hreint og beint, án yfirboða og

upphrópana, með sívakandi umræðu vakið athygli á þeirri öfugþróun sem hefur átt sér stað í samfélaginu. Sú þróun er einfaldlega þannig að misskipting er að aukast og ekki síst með því makalausa máli sem hér er til umræðu.

Við hv. þm. í þessu húsi skynjum þetta uppblásna sjálfsöryggi stjórnarliða. Þeir virðast telja að þá geti ekkert snert, þeir eru ósnertanlegir með öllu. Orð þeirra eru lög, fólk buktar sig, beygir og hlustar. Þetta sjálfstraust er farið. Við þurfum ekki annað en að hlusta á málflutning stjórnarliða, ráðherra og þingmanna til að skilja að ríkisstjórnin hefur uppgötvað að hún er ekki ósigrandi, orð stjórnarherrann eru ekki lög. Það eru til æðri dómstólar í þessu landi, Hæstiréttur, svo ég tali ekki um æðsta dómstólinn gagnvart okkur stjórnmálamönnum, fólkið í landinu sem lætur ekki bjóða sér þennan yfirgang lengur. Þar hafa orðið vatnaskil. Ég trúi því að þau séu varanleg og ekki verði aftur snúið á þessu kjörtímabili, síðan tekur náttúrlega við nýtt líf að loknum næstu kosningum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég sagði áðan að ræða mín yrði ekki löng. Ég er tilbúinn að fjalla hér um tekjutengingar og undirstrika að auðvitað fjallar þessi dómur ekki um tekjutengingar almennt né heldur málflutningur minn eða stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan leggst ekki gegn tekjutengingum þannig að nú renni upp öld einstaklingshyggjunnar. Nei, því fer fjarri. Hin félagslega samábyrgð er rík í samfélagi okkar og hana eigum við að styrkja og styðja. Á hinn bóginn hafa stjórnmálaflokkarnir verið sammála um að á þrengingarárum við upphaf síðasta áratugar var gengið eins langt og nokkur gat í þessum tekjutengingum. Þær aðgerðir leiddu til óhóflegra jaðarskatta svo ég tali nú ekki um það þegar í hönd fer góðæri og viðmiðunum í tekjutengingum er haldið óbreyttum þrátt fyrir góðæri og blússandi hagvöxt. Það hefur auðvitað leitt til mikilla breytinga.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að ræða þetta mikið. Ég gæti farið yfir önnur atriði, t.d. lýðræðið í landinu. Það hefur verið komið mjög rækilega inn á það. Ég gæti líka farið inn á stöðu Hæstaréttar. Ég er ekki í hópi þeirra sem fagna því alveg sérstaklega að Hæstiréttur þurfi að taka á stjórnkerfinu með tímamótadómum á hverju missiri. Ég er ekki þeirrar skoðunar, ég held að við stjórnmálamenn eigum að staldra aðeins við og hugleiða okkar stöðu í því sambandi. Slíkt er gagnrýni á störf okkar hér, Alþingi og stjórnmálamanna yfirleitt. Ég er ekki hrifinn af því fyrirkomulagi sem við sjáum t.d. vestan hafs. Hæstiréttur er þar notaður meðvitað til að móta og skapa lagareglur og lagaramma af því að löggjafinn er í sumum tilfellum ekki nægilega sterkur til að skapa það umhverfi sem honum ber. Ég held að við eigum ekki að missa okkur út í það, ekki síst í ljósi þess hvernig skipað er í Hæstarétt. Það er svo enn annað mál sem við þurfum að ræða mjög náið á næstunni og tengist málinu óbeint.

Viðfangsefnið er einfalt: Borgum þeim sem eiga inni þessa fjármuni. Það er hægt að gera það með mjög einföldum hætti, heimildir eru til staðar. Í þessu sambandi er vilji allt sem þarf. Aðferðafræðin er skýr. Mér er skapi næst að halda, af því ég þekki dálítið til þar innan búðar, að þeir í Tryggingastofnun ríkisins hafi þegar reiknað þetta út. Þar er vaskur flokkur manna að störfum. Ég þekki það frá fyrri tíð. Ég held að okkur sé ekkert að vanbúnaði að skila þeim fjármunum á næstu dögum til þeirra hundruða einstaklinga sem eiga inni hjá ríkisvaldinu og við þurfum ekki að halda langar ræður um það.

[17:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt fróðlegt kom fram í ræðu hv. þm., fyrrv. heilbrrh., sem lýsti sjónarmiðum sínum til þessa máls einnig í ræðu sinni árið 1993. Áður en ég vík að því vil ég forvitnast um það hjá honum hvað hann átti í raun við með ummælum sínum um skipan í Hæstarétt. Mér er ekki ljóst hvaða meining fólst í ummælum hans en það mátti skilja þau svo að hann væri að ýja að því að skipan dómara í Hæstarétt, miðað við núverandi fyrirkomulag, væri óeðlileg. En vegna þess að ummælin voru óljós þykir mér rétt að inna þingmanninn eftir því hvað hann átti í raun við.

En mig langaði að spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi fallið frá þeirri skoðun sinni að það beri að tekjutengja bætur. Ég vil vitna í ræðu sem hv. þm. flutti í desember 1993 sem heilbrrh. þegar fjallað var um það mál sem hann hafði flutt og eru nú lög um almannatryggingar. Þingmaðurinn sagði, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi hafa menn bent á ákveðin réttlætisrök í því og spurt þeirrar áleitnu spurningar hvort það sé skylda samfélagsins að greiða bætur óháð efnum og aðstæðum bótaþegans. Svarið hefur að mínu mati verið í vaxandi mæli nei. Það eigi þvert á móti að líta til félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu njótenda, þ.e. bótaþegans. Hinu er auðvitað heldur ekki að leyna að þegar að kreppir í samfélaginu og enn þá minna verður til skipta hjá ríkissjóði sem öðrum þá hafa menn auðvitað horft með meiri gaumgæfni á þessa leið."

Þarna er þingmaðurinn að vísa til að þegar kreppir að í þjóðfélaginu sé réttlætanlegt að skerða þessar bætur. Ég get ekki skilið ummæli hans öðruvísi.

[18:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa tilvitnun í ummæli mín. Ég stend við hvert einasta aukatekið orð sem ég sagði 1993. Ég fór raunar yfir það í ræðu minni áðan að auðvitað er eðlilegt að tekjutengja bætur og hafa þau viðmið að þeir sem minnstar tekjur hafa fái hærri bætur en þeir sem meiri tekjur hafa. Ég talaði hins vegar jafnframt um grunnrétt hvers einstaklings, burt séð frá þessu. Árið 1993 snerist umræðan einmitt annars vegar um að skipta á milli þeirra réttinda sem felast í almannatryggingum og hinna félagslegu bóta. Í því ljósi voru ákvarðanir teknar árið 1993. Þar er um að ræða heimildarbætur sem enginn hefur gagnrýnt í þessari umræðu, a.m.k. ekki svo ég hafi heyrt, sem taka einmitt mið af öðrum kringumstæðum og eru tekjutengdar.

Ég sagði hins vegar í ræðu minni að menn yrðu að hafa mjög mikla gát á því hvar skyldi byrja að skerða, við hvaða tekjuviðmið. Ég gagnrýndi það hér áðan. Þar hafa menn sofið á verðinum í núverandi ríkisstjórn á síðustu sex árum, í mesta góðæri Íslandssögunnar. Ég sagði líka að ákveðnir skurðarpunktar hefðu leitt til þess að jaðarskattar væru óhóflegir. Menn þurfa að gæta að því líka og því má segja að ég hafi ekki breytt um skoðun í þessum efnum, hvort sem um er að ræða góðæri eða erfitt árferði. Ég þakka því sérstaklega fyrir þessa tilvitnun.

Varðandi Hæstarétt þá er einfaldlega vísað til þess sem við höfum rætt hér áður. Menn hafa, og ég er í þeirra hópi, gagnrýnt með hvaða hætti valið er til Hæstaréttar. Menn þurfa ekkert að fara í grafgötur með að dómarar Hæstaréttar áratugi aftur í tímann, sem skipaðir eru af dómsmálaráðherrum hverrar ríkisstjórnar. Það er auðvitað — ég vil ekki segja

flokkspólitísk lykt — pólitísk lykt af því hvernig menn eru valdir þangað. Hins vegar má enginn skilja það svo að þar sé ekki hið mætasta fólk allt saman.

[18:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá liggur það fyrir að hv. þm. er enn þeirrar skoðunar að tengja eigi saman tekjur öryrkja og maka hans, eins og hann var árið 1993. Það liggur fyrir, herra forseti, bæði í því sem fram kom í þeirri ræðu og hann ítrekar hér að hann standi við það í einu og öllu.

Ég vil minna hv. þm. á að kjör öryrkja nú eru í raun betri en þau voru þá, þegar hann hafði tök á að hlutast til um þau. Frítekjumarkið er um 60% hærra og núv. heilbrrh. hefur stigið tvö skref til að draga úr tekjutengingunum. Það gerði hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ekki meðan hann var heilbrrh. og birti þar með stefnu sína í þeim málum.

Ég undrast ummæli þingmannsins gagnvart Hæstarétti. Hann ýjar að því að dómar Hæstaréttar taki mið af því hvernig í þá er skipað. Hann ýjar að því að skipan hæstaréttardómara sé að einhverju leyti óeðlileg og taki mið af öðrum sjónarmiðum en eigi að gera. Ég spyr þá þingmanninn: Telur hann að dómar sem fallið hafa beri þess merki að skipan í Hæstarétt á undanförnum árum hafi verið óeðlileg? Hvaða dóma hefur þingmaðurinn til marks um það?

[18:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um Hæstarétt. Ég hirði ekki um að fylgja hv. þm. eftir í því öngstræti sem hann er sjálfur að koma sér í. Ég hef ekki orðað það þannig að þar sé um óeðlilega dóma að ræða eða hæstaréttardómara sem sinni ekki starfi sínu hlutlægt. Ég hef ekki nefnt aukatekið orð um það. Þessi spurning er því auðvitað úti í bláinn.

Ég tek aðeins undir vangaveltur um þessi mál og vil gjarnan ræða um hvort ekki sé til eðlilegri leið og lýðræðislegri við skipan hæstaréttaradómara, punktur og basta, og hugsanleg aðkoma þjóðkjörins þings í þeim efnum. Ég er að velta því fyrir mér og vil gjarnan ræða þau mál. Ég held að til séu mun betri leiðir og heilsteyptari en nú eru farnar.

Varðandi kjarna málsins, tekjutenginguna, þá skil ég, herra forseti, að stjórnarliðar reyni í vondum málum að iðka list hins ómögulega með ódýrum útúrsnúningum. Ég undirstrikaði það hér klárlega í ræðu minni og raunar andsvari líka að ákveðinn grundvallarrétt sem ætti ekki að skerða. Það er auðvitað sá réttur sem við höfum rætt í þessu samhengi og Hæstiréttur hefur kveðið upp úr með og ég er sammála varðandi tekjutryggingu og grunnlífeyri. Ég undirstrika hins vegar að engin sérstök ástæða er til þess eins og sakir standa að gera neinar grundvallarbreytingar á þeim heimildarbótum sem eru nú þegar tekjutengdar. Og varðandi þessa tilvitnuðu ræðu — hv. þm. tók nú þátt í þeirri umræðu sjálfur — það væri fróðlegt að hann læsi kannski einnig eigin ræðu í því samhengi. Menn voru nokkuð sammála um þessi meginsjónarmið. Ég held að það sé nokkuð almenn samstaða um þau sjónarmið enn þann dag í dag. Ræðum málið undir réttum formerkjum. Afstaða mín er ákaflega skýr og klár. Ég vonast til að hv. þm. fylli þann flokk sem vill sjá réttlætið ráða í þeim efnum. Hann hafði það einu sinni að leiðarljósi og ég vona að það sé til staðar enn þá, einhver tíra.

[18:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sígur væntanlega á síðari hluta þessarar umræðu. Mig langar aðeins að fara betur yfir nokkur atriði sem ég vék ekki að í fyrri ræðu minni en hefur þó verið komið inn á í umræðunni.

Ég vil fyrst fara aðeins betur yfir forsögu þessa máls, m.a. vegna orða hæstv. fjmrh. fyrr í morgun. Mér fannst hæstv. fjmrh. láta að því liggja að deilur um þetta fyrirkomulag væru tiltölulega nýtilkomnar, þ.e. skerðingu grunnörorkubóta vegna tekna maka. Svo fer fjarri.

Staðreyndin er sú að lengst af síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp hefur það verið umdeilt. Í byrjun tekjutryggingarinnar var hún þó það lítill hluti af greiðslum til öryrkja. Þá var auðvitað síður tilfinnanlegt að hún væri skert með þessum hætti en síðar varð. Í upphafi, þegar hún kom til sögunnar, væntanlega síðla árs 1972 eða á árinu 1973 er greiðslur hófust á grundvelli reglugerðar sem gefin var út 1972, var hún um eða innan við $^1/_3$ af heildinni, grunnlífeyri og tekjutryggingu til samans. Síðan hafa, löngu áður en deilur hófust árið 1993 eða 1994, verið miklar efasemdir um að nokkurn tíma hafi með fullnægjandi hætti verið gengið frá því í lögum að heimilt væri að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka eins og gert hefur verið. Ég óttast að ef farið væri yfir það mál kæmi kannski á daginn að aldrei, alveg frá byrjun, hafi verið með nægjanlega traustum og skýrum hætti gengið frá lagaheimildum til að gera íþyngjandi ráðstafanir í reglugerðum eins og þessi skerðing hefur ætíð byggst á.

Á níunda áratugnum er fyrst er farið að vefengja þennan rétt af hálfu einstakra öryrkja eða hópa þeirra. Árið 1988 kærir öryrki og baráttumaður fyrir réttindum þeirra, Bragi Halldórsson á Akureyri, það til umboðsmanns Alþingis að sú tekjutengda skerðing tekjutryggingar sem hann og aðrir sambærilega settir eiga að sæta standist ekki. Þetta er mál nr. 26/1988 sem kemur til umboðsmanns Alþingis.

Úrskurður umboðsmanns, í fyrra skiptið sem hann fær slíka kæru til meðhöndlunar, er einmitt í þá veru að ganga þyrfti skýrar frá því hvernig tekjutengingin verki. Í raun felst í því gagnrýni á fyrirkomulag sem verið hafði við lýði, væntanlega alveg frá upphafi að hluta.

Sami maður skýtur málinu síðan aftur til umboðsmanns eftir að reglugerð er gefin út 1995 á grundvelli lagabreytinganna sem afgreiddar eru á þingi 1993 í frv. sem flutt var af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni eins og hér hefur komið fram, þáv. félmrh. 31. maí 1996 sem skýtur Bragi Halldórsson málinu til umboðsmanns, það er mál nr. 1815. Úrskurðurinn kemur í kjölfarið frá umboðsmanni. Ég hygg að það sé ekki fyrr en í apríl 1998 að úrskurðurinn er endanlega afgreiddur sem síðan ítrekað orðinn hér að umtalsefni við þessa umræðu. Til hans hefur verið vitnað, m.a. hefur hæstv. heilbrrh. skotið sér á bak við þann málatilbúnað sem síðan varð, að lögin frá því í desember 1998 hafi sótt sér rök í álit umboðsmanns síðara skiptið sem þessi baráttumaður fyrir réttindum öryrkja sendi málið til umboðsmanns.

Þetta, herra forseti, vildi ég láta koma hér fram, m.a. vegna þess að hæstv. fjmrh. fjallaði um hlutina með þeim hætti að ætla hefði mátt, ef hann hefði verið einn til frásagnar, að ágreiningur um þetta fyrirkomulag, bæði hvað varðar hina lögformlegu hlið og um réttmæti þess að skerða þessa tryggingu svona, væri nýtilkominn. Svo er ekki. Baráttumenn fyrir réttindum öryrkja hafa lengi barist fyrir því að þessari skerðingu væri hnekkt og a.m.k. byggði hún þá á lögmætum og réttum lagaforsendum.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég víkja aðeins að málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals. Hann er því miður ekki einn um að hafa reynt að stilla þessu máli þannig upp að nú eigi

að vinna gegn jafnaðarsjónarmiðum í samfélaginu. Það eigi að fara að hygla alveg sérstaklega hátekjufólki í íslensku samfélagi. Hann talar um þær háu upphæðir sem þarna eigi að koma til útgreiðslu til fjölskyldna með háar tekjur og miklar. Það er meira að segja gengið svo langt, eins og hv. þm. Pétur Blöndal, talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum, hefur ítrekað sagt eða látið að liggja að þetta verði fyrst og fremst á kostnað annarra lágtekjumanna, að skattar þeirra verði hækkaðir eins og ná eigi til þeirra sérstaklega, taka af þeim fé og færa svo þessum hátekjuhópi sem hv. þm. telur þarna á ferðinni.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér blöskrar algjörlega þessi málflutningur og þó er maður ýmsu vanur frá þessum talsmanni Sjálfstfl. í velferðarmálum. Gleyma menn því, herra forseti, hverjir hér eiga í hlut? Öryrkjar sem ekki hafa aðrar tekjur sjálfir en það sem frá ríkinu kemur og hafa mátt sæta því að fara niður í 17–18 þús. kr. á mánuði og vera að óbreyttu dæmdir til þeirrar framtíðar ef ekki hefði fengist þar breyting á, að þetta væri þeirra sjálfstæði tekjugrundvöllur. Er hægt að tala um að þar sé hátekjuhópur á ferð sem hefur að þessu leyti farið lægra í afkomu heldur en nokkrir aðrir sjálfstæðir einstaklingar í okkar samfélagi, sennilega ef undan eru skildir þeir sem eru vistaðir á stofnunum til langdvalar og hafa misst allar sínar bætur aðrar en vasapeninga, þau ósköp sem þar eru á ferðinni. Það er um þetta sem málið snýst og hv. þm. verður að átta sig á því. Ef hv. þm. óttast síðan að vegna þess að þessi hópur fái það sem ranglega hefur verið af honum tekið, hækki úr 18 þús. kr. í 43 þús. sem ríkisstjórnin af náðsemi sinni hefur ákveðið að sé hæfilegt, þá muni það bitna sérstaklega á öðru lágtekjufólki og ósanngjarnt sé að hygla með þessu hátekjufjölskyldum, þá kann ég ráð við því að gefa hv. þm. Við skulum þá hækka hátekjuskatt til að sjá til að þær byrðar verði bornar af betur megandi sem hv. þm. man allt í einu núna að eru til. Við skulum þá gera það. Við skulum þá hækka hátekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, skatta á gróðafyrirtæki, á söluhagnað hlutabréfa. Það eru næg úrræði til að dreifa byrðunum með þeim hætti sem hv. þm. Pétur Blöndal virðist allt í einu nú orðinn áhugasamur um.

Er hv. þm. Pétur H. Blöndal, og aðrir sem tala svona, nokkuð að gleyma því að hér á í hlut hópur öryrkja, fólk með skerta eða enga starfsorku og fólk sem er dæmt til frambúðar til þess hlutskiptis? Það er dýrt og það er sárt og það kostar sitt ef það fólk er að reyna eftir sem áður að vera fullgildir þátttakendur í þjóðfélagi okkar. Það er háð aðstoð annarra, m.a. oft fjölskyldu sinnar, um ýmiss konar stuðning. Er þá á það bætandi að menn séu líka algjörlega háðir henni um hverja einustu krónu?

Þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal talar sem hann gerir og kemur hér upp og tekur okkur í krossapróf í félagshyggju þá ætla ég að snúa þessu einu sinni upp á hv. þm. og spyrja: Ef hv. þm. ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur vill hann þá ekki tekjutengja 18 þús. kallinn líka hjá hátekjufjölskyldunum? Hvar ætlar hv. þm. að enda þetta? Eða telur hann að hann sé nákvæmlega sú upphæð sem sé rétt og sanngjörn? Það er nefnilega ekki bæði hægt að sleppa og halda með þeim hætti sem hv. þm. hefur verið að reyna að gera í þessari umræðu. Ég frábið mér frekari kennslustundir í félagshyggju frá þessum hv. talsmanni Sjálfstfl. í velferðarmálum hafandi hlustað á hann í þessari umræðu. Ég spái því að svo sé um fleiri.

Herra forseti. Allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar og talsmanna hennar byggir á tveimur atriðum. Byggir á tveimur hártogunum eða túlkunum á tilteknum stöðum í umfjöllum Hæstaréttar um dóminn. Í báðum tilvikum er að mínu mati lesið út úr þeim setningum hlutir sem standa þar ekki og eru ekki til staðar. Þetta eru þær setningar þar sem annars vegar er talað um réttmæti þess að tengja greiðslur til öryrkja úr opinberum sjóðum við hjúskaparaðstæður eða þá staðreynd að viðkomandi aðili er í sambúð. Hvað er sagt þar nákvæmlega, herra forseti? Það er sagt:

„Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn. Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki.“

Þarna er ekki minnst einu orði á tekjutrygginguna eins og talsmenn stjórnarliðsins einn á fætur öðrum hafa reynt að láta liggja að. Þeir vita alveg hvað þeir eru að gera. Þeir vita að á þessari túlkun á að reyna með óréttmætum hætti að tengja skerðingu tekjutryggingarinnar inn í þessa setningu, á því byggir móverkið. Ef það er alls ekki það sem Hæstiréttur er þarna að segja, þá er þetta að mestu leyti hrunið eins og spilaborg. Engin ástæða er til að ætla að Hæstiréttur sé að tala um það atriði í þessari setningu. Þvert á móti er miklu nær að áætla og álykta hið gagnstæða út af samhengi málsins og dómsorðinu sjálfu.

Herra forseti. Hitt sem sömu aðilar, talsmenn stjórnarinnar, hafa aftur og aftur hengt sig á eru orðin „á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr.“ Sú staðreynd að ekki í dómsorðinu, heldur í reifun, er talað um að það standist ekki og þar með sé fallist á þá kröfu gagnáfrýjanda að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999, á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117 o.s.frv. Til hvers er líklegt að orðin „á þann hátt“ vísi í þessu samhengi? Til þess að túlkun stjórnarflokkanna, vinnuhópsins, talsmanna ríkisstjórnarinnar, standist þyrftu orðin „á þann hátt“ að vísa til upphæðanna. Þau mega ekki vísa til aðferðarinnar því þá er seinni hlutinn af móverkinu hruninn. Þau þyrftu að vísa til upphæðar, til gildis, vegna þess að um leið og vísað er til aðferðarinnar, þ.e. tengingarinnar við tekjur maka, er málið borðleggjandi. Þá er verið að dæma tekjutenginguna út af borðinu í heild sinni og eins og hún leggur sig. Er nú líklegt að Hæstiréttur hafi verið að segja að „á þann hátt“ þýði ekki 18 þús. en kannski 27 þús. eða 36 þús.? Auðvitað ekki. Því þá væri Hæstiréttur kominn inn í að ákveða það sem á að ákveðast hér. Hæstiréttur er auðvitað að fella prinsippúrskurð um aðferðina. Annað er ekki hlutverk hans og hann mundi aldrei orða þetta svona ef eitthvað annað ætti að lesa út úr þessu. Dómsorðið hefði þá orðið öðruvísi.

Að mínu mati er algerlega skýrt og ég hef sannfærst um það, herra forseti, eftir að hafa hlustað á þessa umræðu, eftir að hafa marglesið málsgreinar laganna, dóminn, reifunina og dómsorðið, að hvorugt atriðið stenst hjá stjórnarflokkunum. Hvorugt stenst. Það er eiginlega gjörsamlega borðleggjandi mál að það er tekjutryggingin sem slík sem er verið að dæma þarna ólöglega enda gekk stefnan út á það. Það er hún, það eru kröfur gagnáfrýjenda í máli Öryrkjabandalagsins sem fallist er á. Þær voru ekki um að tekjutengda skerðingin yrði að einhverjum hluta dæmd út af borðinu. Nei, þær voru um það að hún sem slík væri ólögmæt og á það er fallist í dómnum. Það er því algerlega ómögulegt hvernig sem þetta er nálgast af lestri reifunarinnar, dómsorðsins, og með samhengi við stefnuna sem meira að segja sérfræðingahópurinn

— mér var næstum því óvart orðið á að segja sérvitringahópurinn — en það er auðvitað sérfræðingahópurinn, segir sjálfur að það beri að taka mið af stefnunni þegar niðurstaðan er túlkuð. Það er þó gert. Þar með verður þetta nokkuð ljóst, herra forseti.

Mér er að lokum, herra forseti, eitt mjög mikið undrunarefni hér og það eru tilraunir ákveðinna þingmanna og þar á meðal formanns Framsfl., hæstv. utanrrh., til að oftúlka þennan dóm í þá veru að hann sé almennur dómur gegn tekjujöfnunaraðgerðum, jafnvel í skattkerfinu og algjörlega óskyldum stöðum þeim sem við erum nú að fjalla um. Hvað vakir fyrir þeim mönnum sem svo tala? Hvers vegna kjósa menn í sumum tilvikum ýmist að vantúlka dóminn stórkostlega eins og ég tel að þeir geri sem séu að reyna að færa fyrir því rök að áfram megi skerða, bara ekki svona mikið, eða hitt sem hefur líka komið fram á köflum að menn hafa reynt að segja sem svo: Ef skilningur stjórnarandstöðunnar á þessum dómi, Öryrkjabandalagsins og mjög margra annarra, þar á meðal yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, er réttur, að þessi tekjutengda skerðing tryggingarinnar vegna tekna maka sé ólögmæt, er það þá orðið stórkostlegt slys hvað varðar allar tekjujöfnunaraðgerðir í þjóðfélaginu? Þetta er að sjálfsögðu með öllu ástæðulaust eins og ég tel að hafi komið mjög vel fram í umræðunni.

Ég velti hins vegar fyrir mér pólitískum forsendum eða tilgangi þeirra sem svona tala, eins og hæstv. utanrrh. Vilja menn þá í einhverri heift sinni og bræði greiða velferðarkerfinu og samábyrgu tryggingakerfi landsmanna högg með slíkum málflutningi eða hvað? Hvaða tilgangi ætti það að þjóna? Ég vona að svo sé ekki heldur séu einhver örvæntingartilþrif og einhverjar tilraunir á ferðinni til að krafla sig að einhverju leyti í land í þeirri erfiðu stöðu sem stjórnarsinnar eru sannarlega í þessu máli.

Herra forseti. Mér sýnist algjörlega ljóst að framganga hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þriðja ráðuneytis þess manns, í þessu máli eigi eftir að verða henni til lítillar sæmdar. Á spjöldum sögunnar muni þetta þykja heldur dauflegur kafli í þeirri ævisögu verði hún einhvern tíma rituð, þ.e. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Ég tel að ríkisstjórnin sé að uppskera eins og hún hefur sáð í þessu máli, bæði efnisleg aðkoma hennar í málinu og þá ekki síður framkoma og vinnubrögð hafa verið forkastanleg. Ríkisstjórnin á ekkert annað skilið en að uppskera óvinsældir fyrir framgöngu sína í málinu. Það gleður mig að réttlætiskennd íslensku þjóðarinnar skuli vera með þeim hætti að yfirgnæfandi meiri hluti hennar er þeirrar skoðunar.

[18:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór mikinn og var greinilega mjög pirraður yfir málflutningi mínum í þessu þingmáli. Hann segir að hér sé ekki um að ræða hátekjuhóp. Bæturnar, tekjutengingin, fellur niður þegar tekjur makans eru komnar yfir 280 þús. kr. Þá fyrst er öryrkinn kominn með 18 þús. kr., núna, fyrir breytinguna. Ég veit ekki hvaða skoðanir hv. þm. hefur á 280 þús. kr. tekjum eða þaðan af hærri, segjum 400, eins og 23% af þeim bótaþegum sem fá hækkun eru með. Ég hygg hins vegar að margt fólk í BSRB og ASÍ muni telja það góðar tekjur, hátekjur, þegar fólk hefur 300 þús. kr., 400 þús. kr. eða 500 þús. kr. Það er fólkið sem er að fá bæturnar. Ég hef skilið félagshyggjuna öðruvísi þ.e. að hún væri til að jafna lífskjör, hingað til. Þess vegna hef ég spurt þetta ágæta félagshyggjufólk hvernig það má vera að það er að berjast svona mikið fyrir því að veita fólki með háar tekjur, fjölskyldum með háar tekjur, bætur, auknar bætur og meira að segja svo auknar bætur að í staðinn fyrir 1,5 millj. samkvæmt því sem ríkisstjórnin leggur til, þá vilja þeir borga 3 millj. Hvernig fer þetta saman við jöfnunina á lífskjörum? Það er það sem ég skil ekki. Ég hygg að stjórnarandstaðan hafi veðjað á rangan hest.

[18:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alltaf sama ræðan sem hv. þm. flytur hér og endalaust sömu tölurnar sem hv. þm. tyggur upp. Það er eins og gamaldags ryðguð hljómplata sem hoppar alltaf í sama farið aftur og aftur og fer með sömu hlutina. Kannski þýðir ekkert að fást um það að þetta sé svona, þessi talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum eigi aðeins þessa einu ræðu og við fáum að heyra hana eins oft og þessi mál ber á góma.

Það sem hv. þm. virðist alls ekki geta gert er að horfa á þetta mál út frá stöðu viðkomandi einstaklinga. Hann tönnlast á því að þetta séu hátekjufjölskyldur og þvílíkt hneyksli að það eigi að láta þetta hátekjulið fá þessi ósköp. En um hvað er að ræða? Það er að ræða um öryrkja sem kerfið hefur leikið þannig að þeir hafa farið niður í 18 þús. kr. á mánuði í sinn eigin sjálfstæða fjárhagslega grundvöll. Öryrkjar sem engar aðrar tekjur hafa, hafa ekki möguleika til tekjuöflunar vegna þess að þeir hafa skerta eða enga starfsorku. Og þetta snýst um mannréttindi. Það er alveg með ólíkindum að heyra hv. þm. tala um þetta eins og það skipti engu máli að mannréttindi viðkomandi einstaklinga hafi verið dæmt í Hæstarétti. Ég segi bara: Öðruvísi mér áður brá. Hvar er nú allt ropið í sjálfstæðismönnum um að þeir séu alveg sérstakir varðstöðumenn um borgaraleg réttindi og mannréttindi? Hvar er það núna? Skilur hv. þm. þetta ekki? Þetta eru stjórnarskrárvarin mannréttindi þessa fólks.

[18:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei sagt að ég sé óhress með þetta. Ég er nefnilega einstaklingshyggjumaður. Ég spyr þá sem vilja jafna lífskjörin hvernig þetta fari saman við hugsjónir þeirra. Ég spyr hv. þm. hvernig á því standi að hann er að berjast fyrir því að borga hátekjufólki bætur. Ég skil það nefnilega ekki. Ég skil það ekki.

Ég er í sjálfu sér fylgjandi einstaklingshyggju. Ég er það að sjálfsögðu. Það kemur inn á það hvort yfirleitt megi skattleggja menn mismunandi. Það er næsta skref sem ég geri ráð fyrir. Því var velt upp í Viðskiptablaðinu í dag hvort næsta skref yrði ekki, sem afleiðing af þessu, að banna mismunandi skattlagningu, hafa jafnvel nefskatt á allt liðið. Það er auðvitað næst á dagskrá, svona einstalingshyggja leiðir af sér ýmislegt, ekki bara gagnvart öryrkjum.

Ég var að spyrja félagshyggjufólkið, hv. þm. sem kenna sig við félagshyggju: Hvernig stendur á því að þeir berjast fyrir því að borga hátekjufjölskyldum auknar bætur, 1,5 millj. kr. eingreiðslu eða jafnvel 3 millj. kr. í eingreiðslu? Það er það sem ég ekki skil. (**Gripið fram í:** Það er sú upphæð sem var tekin af þeim.) Það er það sem ég ekki skil.

[18:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hafa orðið mikil tíðindi hér í umræðunni. Það kemur í ljós að helsti talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum hefur gert sér upp skoðanir í 36 ræðum eða eitthvað svoleiðis. Hann hefur talað eins og þetta allt væri honum þvert um geð. Hann hefur ekkert skilið í því hvernig við gætum glaðst yfir þessu en svo kemur í ljós að hann er okkur sammála. Hann gleðst yfir því að þessu fólki hafi verið dæmd sín stjórnarskrárvörðu mannréttindi. Um það snýst þetta mál.

Auðvitað fögnum við því að þessi hópur hafi náð tilteknum réttindum á grundvelli mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar. Það er svo sannarlega ástæða til að gleðjaðst yfir því þegar við höfum í huga að þetta var einn þeirra hópa sem dæmdist í hvað mest niðurlægjandi stöðu af öllum þeim sem bjuggu í samfélagi okkar. Ég hef löngum og oft í ræðum einmitt sagt að þetta sé einn af þeim ljótu blettum á velferðarkerfi okkar og samfélagi sem mig hefur sviðið hvað mest undan. Ég þekki marga dugandi menn sem hafa misst starfsorkuna og liðið illa yfir því að vera baggar á fjölskyldum sínum eftir það og hafa enga sjálfstæða möguleika til að kosta þarfir sínar í samfélaginu. Sú staða auðveldar mönnum ekki að halda sjálfsvirðingu sinni ofan í að hafa orðið fyrir áföllum eins og varanleg örorka auðvitað er.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að það er sannarlega ástæða til að gleðjast yfir því. Þetta er tvímælalaust framfaraskref í þróun velferðarkerfis okkar. Mér þykja það mikil undur en ánægjulegt ef í ljós kemur að allar ræður hv. þm. Péturs Blöndals gegn þessu séu á misskilningi byggðar, eða hafi verið leikfléttur og aðferðafræði í þágu umræðunnar væntanlega (**Gripið fram í:** Leiklistarinnar.) eða leiklistarinnar. Ég býð hann bara velkominn í hópinn.

[18:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Margar ræður hafa verið haldnar um þetta mikilvæga mál og má vera að einhverjum stjórnarliða finnist það að bera í bakkafullan lækinn að enn einn stjórnarandstæðingurinn komi upp til að tjá skoðanir sínar á þessu máli. Ég ætla samt sem áður að gera það þó ég vilji jafnframt láta það fylgja að þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem nú þegar hafa talað í þessari umferð hafa gert afstöðu okkar til málsins greinargóð skil. Hins vegar eru nokkur atriði sem mig langar til þess að víkja aftur að í þessari umræðu.

Fyrst er að telja dóm Hæstaréttar, úrskurðinn um grunnframfærsluna. Þetta virðist hafa vafist býsna mikið fyrir mörgum stjórnarliðunum, fylgismönnum ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er þetta í sjálfu sér einfalt mál sem snýst um frelsi einstaklingsins, um mannlega reisn, bætta stöðu öryrkja sjálfra og stöðu þeirra innan eigin fjölskyldu. Þetta eru grundvallarmannréttindi, herra forseti, svokölluð félagsleg mannréttindi sem eru í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, lög þess og þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Þeir liggja m.a. til grundvallar dómi Hæstaréttar eins og þingheimur veit vel.

Af þessu máli má kannski helst draga þann lærdóm að mannréttindi eru raunveruleg. Þau eru ekki bara falleg orð á pappír sem stundum hentar að grípa til og stundum ekki. Í þessu máli eru þau svo gott sem áþreifanleg, herra forseti. Ég hef reynt að skilja hvernig fylgismenn ríkisstjórnarinnar komust að þeirri niðurstöðu að hér væri um tekjujafnandi dóm að ræða eða tekjujafnandi mál. Þeir hafa þá kannski kynnt sér málatilbúnað Öryrkjabandalagsins nógu vel. Þeir hafa kannski ekki gert sér fulla grein fyrir því hvers vegna var stefnt. Ég ætla mér hins vegar ekki þá dul að reyna að skilja hvað fer fram í hugarfylgsnum annarra í þessum sal. En dómurinn snýst auðvitað um tekjutenginguna og við tekjutryggingu öryrkjans.

Það sem mikilvægast er að hafa í huga í þessu máli, herra forseti, er að hér er um einstaklingsbundin mannréttindi að ræða. Ekki er síst mikilvægt að hafa í huga að málið er þrælkvennapólitískt. Mig langar að benda hv. þm. á stutta en jafnframt góða grein í Degi í dag eftir Kristínu Halldórsdóttur, sem sat hér á þingi árum saman. Þeir sem efast um að á þessu sé kvennapólitískur vinkill ættu að lesa þessa grein og ég efast ekki um að þeir muni sjá þau tengsl við þann lestur. Það er einu sinni þannig að tekjutengingin eins og hún hefur verið framkvæmd hefur komið verst niður á konum. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga í þessu samhengi. Þær breytingar sem orðið hafa í réttarfari okkar og á stjórnarskrá lýðveldisins hafa ekki síst miðað að því að tryggja jafnrétti og jafna stöðu þegnanna.

Það er merkilegt að þegar konur eru annars vegar þá er það enn þannig á Íslandi að telja þarf hverja einustu krónu og hvern einasta eyri. Það þurfti ekki þegar við settum lögin um fæðingarorlofið þegar feðrum var tryggður sjálfstæður réttur. Þá spurði enginn hér inni þeirrar spurningar. Mér finnst það býsna merkilegt, herra forseti, að í upphafi nýrrar aldar séu Íslendingar enn að telja krónur og aura ofan í fátækustu konur á Íslandi. Það er ekki mikil reisn yfir því.

Vinnubrögð, herra forseti, viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dóminum einkennast aðallega af ósvífni. Það orð hefur verið notað oft við þessa umræðu. Það er ekki orð sem ég tek mér oft í munn og sérstaklega ekki í þessum sal. Hvernig hefði það nú verið ef stjórnvöldum hefði dottið í hug að hafa samráð við þá sem unnu málið í Hæstarétti? Það má alveg ímynda sér að þá væri ríkisstjórnin ekki, þó svo ég hafi ekki miklar áhyggjur af afdrifum hennar, í þeim vondu málum sem hún er í í dag. Þeim datt það ekki í hug en náðu í sérlega ráðgjafa sína og settu saman sérstakan hóp. Um það hefur hins vegar svo oft verið talað að ekki þarf að fara nánar í það hér.

Síðan vil ég velta fyrir mér málflutningnum, ekki síst þeirri síbylju sem hefur skollið á okkur hér í stjórnarandstöðunni um að við og Öryrkjabandalagið, allir held ég nema Sjálfstfl. og Framsfl., hafi vakið falskar vonir öryrkja á Íslandi með umræðunni um þennan dóm. Því er haldið fram að við berum ábyrgð á því að nú haldi allir öryrkjar á Íslandi að þeir muni fá mikla hækkun. Ég held, herra forseti, að það fólk sem þiggur örorkubætur af ríkinu viti best sjálft hvort þessi dómur á við það eða ekki og viti það best sjálft hversu góðar eða slæmar tekjur það hefur. Við getum ekki kastað ryki í augu almennings hvað þetta varðar. Það hefur líka komi í ljós í málflutningi stjórnarliða að þeir hafa ekki getað nefnt eitt dæmi um svokallaðan svakalega málflutning okkar. Þessar ásakanir eru gjörsamlega úr lausu lofti gripnar.

En það er fleira úr lausu lofti gripið í þessu máli, herra forseti. Hvaðan koma 43 þús. kr. títtnefndu? Hvernig voru þær reiknaðar? Veit það einhver? Í þessari umræðu hef ég ekki heyrt, herra forseti, neinn hv. þm. svara því. Þær voru gripnar úr lausu lofti, eða hvað? Það skyldi þó ekki vera, því nú hafa sumir stjórnarliðar sakað stjórnarandstöðuna um að nýta sér þetta mál til þess að þjóna tímabundnum hagsmunum sínum, að 43 þús. kr. þjónuðu tímabundnum hagsmunum

Framsfl. og Sjálfstfl. þar til annað kemur í ljós, þar til nefndin skilar? Ég veit auðvitað ekkert um það á þessari stundu en það verður fróðlegt að fylgjast með því hvað verður um krónurnar 43 þús. í framhaldinu.

Líklega leggjast þó stjórnarliðar hvergi eins lágt í málflutningi sínum og þegar þeir gera því skóna að með því að tryggja grundvallarmannréttindi ákveðins hóps öryrkja séu um leið minnkaðir möguleikar til að bæta kjör annarra í þeim hópi — kakan stækkar ekki eins og sumir þingmenn Sjálfstfl. hafa orðað það. Samt sem áður hafa framsóknarmennirnir og sjálfstæðismennirnir sem hér hafa talað tekið svo til orða að dómur Hæstaréttar knýi ríkisstjórnina til þess að huga að öðrum þáttum almannatryggingakerfisins. Þar er líklega komið að kjarna málsins.

Þessi dómur hefur ef eitthvað er afhjúpað stefnu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. gagnvart öryrkjum. Á þetta hefur Samfylkingin margoft bent og flutt um það þingmál sem hér eru til umfjöllunar og í nefndum. Hið merkilega við þennan dóm er að þessi afhjúpun veldur því að hvert einasta mannsbarn í samfélaginu sem hefur kynnt sér þetta sér hver sú stefna hefur verið á liðnum árum. Hvernig ríkisstjórn sem hefur verið hér í blússandi efnahagslegum uppgangi á síðustu árum hefur nýtt það fé til að greiða bætur til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda.

Það er mjög gleðilegt, herra forseti, að dómurinn skuli verða til þess að allir Íslendingar geri sér grein fyrir því hver stefnan hefur í raun verið undanfarin ár. Stundum mætti halda að stjórnarliðar hér inni búi ekki í sama samfélagi og við hin þegar um þessi mál er talað.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig bara til að minna hv. þm. á að það er aðeins einn stjórnmálaflokkur á Íslandi sem hefur ályktað á landsfundi sínum um að fella niður allar tekjutengingar. Það er Sjálfstfl. Það væri kannski hollt fyrir sjálfstæðismenn að hafa það í huga í ljósi málflutnings þeirra hér í dag og í gær. Hvernig rímar þetta allt saman, herra forseti?

Ljóst er að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn ríkinu markar tímamót í sögu mannréttindabaráttu á Íslandi, ekkert minna en tímamót. Mig langar í lokin, herra forseti, að lesa hér upp nokkrar línur úr ávarpi Öryrkjabandalags Íslands á degi fatlaðra 3. des. 1998 sem birtist þá m.a. í Morgunblaðinu, með leyfi herra forseta:

„Sú öld sem nú er senn á enda var í upphafi öld sjálfstæðisbaráttu. Síðar tóku við verkalýðsbarátta og loks kvenfrelsisbarátta. Þótt enn megi bæta um betur á öllum þessum sviðum blasir við að mannréttindi öryrkja verða eitt stærsta málefnið sem stjórnmálamenn næstu ára þurfa að takast á við, kynna sér og taka afstöðu til. Þá mun til þess verða tekið hverjir það verða sem fyrstir ganga fram fyrir skjöldu og þegar upp verður staðið munu sagnfræðingar halda því til haga hvað hver og einn gerði og hvað hann lét ógert."

[18:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mig langar að hefja lokaræðu mína á því að lesa upp úr ræðu stjórnmálamanns, með leyfi forseta:

„Fyrirkomulagið í stjórnskipun okkar er að við felum ákveðnum valdastofnunum meðferð ríkisvaldsins en segjum um leið að þessar stofnanir megi ekki skerða þau grundvallarréttindi sem við veitum sérstaka vernd með mannréttindaákvæðum. Það kemur síðan í hlut dómstóla að túlka þessi ákvæði þegar á þau reynir í dómsmálum og þá að kveða á um efni þeirrar verndar sem þau veita borgurunum í einstökum tilvikum. Við þetta starf dómstólanna mega þeir að sjálfsögðu hvergi bogna undan þrýstingi sem kann að stafa frá öðrum valdastofnunum þjóðfélagsins heldur ber þeim að tryggja borgurum hiklaust verndina sem að er stefnt með mannréttindaákvæðunum."

Herra forseti. Þetta eru áhrínsorð sem ég hygg að hver einasti maður sem er hér inni geti tekið undir. Þarna er á ferðinni maður sem er að brýna löggjafarþing sitt, dómstóla sína, þrískiptingu valdsins til að standa vörð um mannréttindaákvæðin í stjórnarskránni. Og hv. þm. Pétur H. Blöndal kinkar kolli til staðfestu því að hann er þessu samþykkur.

Hver er það sem mælir þessi frábæru orð, herra forseti, hver er það sem er að brýna dómstólinn til að halda sjálfstæði sínu? Hver er það sem er að brýna dómstólinn til að tryggja borgurunum verndina sem er að finna í mannréttindaákvæðunum sem allt þetta mál snýst um?

Sá sem þarna talar er núv. hæstv. fjmrh. Það var Geir H. Haarde, þáv. þingflokksformaður Sjálfstfl., sem flutti þetta í prýðilegri ræðu þegar hann mælti fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta er maðurinn sem kom síðan í dag og hélt því fram að það sem menn voru að gera við uppfyllingu loforðanna sem við gáfum þjóðinni á Þingvöllum 1994 hefði bara verið til skrauts, upp á plat, það hefði ekki átt að skipta neinu máli.

Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst vonbrigðum mínum yfir því hvernig hæstv. fjmrh. leyfir sér að túlka, mér liggur við að segja þann helga gjörning sem við tókum að okkur fyrir hönd þjóðar okkar á Þingvöllum 1994 þegar við lofuðum að tryggja borgurunum ákveðna vernd í tilefni af því að lýðveldið varð 50 ára gamalt. Það er engum blöðum um það að fletta að þessi ákvörðun sem Alþingi tók gerði það að verkum að sá dómur sem kveðinn var upp um miklar réttarbætur fyrir öryrkja og fyrir aðra hópa líka hefði aldrei orðið að veruleika nema vegna þessara nýju ákvæða í stjórnarskránni.

Þess vegna finnst mér með ólíkindum að þegar ríkisstjórnin lendir í þeirri nauðvörn sem hún er sannarlega í dag sekkur það lágt að hún vanvirðir meira að segja stjórnarskrána, ekki bara með þeim gerningi sem liggur hér fyrir heldur í ræðum sínum. Hún lýsir því yfir að stjórnarskráin sé aðeins plagg, pappír, innantóm orð. Hún lýsir því yfir að ferð okkar alþingismanna á Þingvöll 1994 hafi raunverulega aðeins verið til að gabba þjóðina, það hafi ekkert verið að marka þetta.

Herra forseti. Þetta finnst mér hróplegt en þetta er líka í takt við þá umræðu sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnarliðsins. Hverjir voru það sem börðu sér á brjóst og sögðu: Við skulum svo sannarlega koma til umræðunnar vegna þess að stjórnarliðið vill tala? Við þurfum að útskýra svo margt, við þurfum að segja svo mikið. Og hér höfum við verið, hér höfum við beðið eftir rökunum frá stjórnarliðinu og hvar eru þessi rök? Hafi bryddað á þeim, sem gerði á vissu tímabili umræðunnar, þá er búið að tæta þau öll í sundur. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég man ekki eftir því að stjórnarandstaða hafi í annan tíma rústað jafnrækilega málflutningi ríkisstjórnarinnar og í þessu máli. Auðvitað má segja að það sé til lítils fyrir mig að koma og stæra mig af því vegna þess að málstaðurinn var svo slæmur. Ég man ekki eftir því að ríkisstjórn hafi áður komið með mál af þessu tagi sem hefur verið jafnilla undirbyggt, jafnilla rökstutt og síðan jafnilla styrkt og fylgt á þinginu.

Hæstv. forsrh., sem fór mikinn í fjölmiðlum og talaði um að stjórnarandstaðan legði ekki í umræðuna vegna þess að hún væri ekki undirbúin, kom hingað í þennan stól og opinberaði það fyrir þjóðinni að hann sjálfur hafði ekki skilið dómsforsendurnar. Það sem haft er eftir hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu í dag er einfaldlega rangt þar sem hann segir að Hæstiréttur hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu sem hann komst, þ.e. að tekjur maka megi ekki nota til að skerða tekjutryggingu öryrkja, þ.e. hann segir beinlínis að það sé í lagi. Þetta er haft eftir honum í Morgunblaðinu í dag.

Herra forseti. Hvar eru þau rök sem stjórnarliðar ætluðu að beita okkur? Ég hef beðið eftir þeim og ég hef ekki fundið þau.

Hv. þingmenn stjórnarliðsins og sérstaklega hæstv. utanrrh. hafa talað um að menn hafi vakið falsvonir. Ég veit ekki hverjir það eru sem hafa vakið falsvonir. Stjórnarandstaðan hefur ekkert gert annað en að lesa upp úr dómnum og túlka hann eins og t.d. Öryrkjabandalagið hefur sjálft gert og það ætti nú gerst að þekkja til þessara mála og vera túlkunarhæfast. Hverjir eru það, herra forseti, sem hafa vakið falsvonir?

Hafi verið vaktar falsvonir, vonir sem hafa ekki innstæðu, þá hefur það gerst með málflutningi stjórnarliða á þessum tveimur dögum. Þeir hafa talað um að nú sé komin í gang nefnd sem eigi að fjalla um málefni öryrkja og þá verði líf þeirra allt annað og miklu betra. Hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa sérstaklega talað í þá veru að sú nefnd sem er nú að störfum og á að ljúka fyrir 15. apríl muni gjörbreyta kjörum öryrkja. Ég vísa sérstaklega til þess, herra forseti, að hæstv. utanrrh. sagði í umræðunni í gær að talan 43 þús. sem lágmarksupphæð, sem við höfum hér verið að deila um, væri ekkert heilög. Út af fyrir sig má segja, herra forseti, að þeir menn sem telja að stjórnarandstaðan hafi engan styrk og engin áhrif, ættu e.t.v. að hugsa sig um tvisvar því það var í kjölfar þeirrar umræðu sem hófst í gær sem hæstv. utanrrh. fór að bakka og segja að talan væri ekkert heilög. Við eigum auðvitað, vegna þess að hér er nú staddur hv. formaður heilbr.- og trn., eftir að sjá hvort það kunni að reyna á þessi orð í meðförum nefndarinnar.

Ég vísa líka til þess sem hæstv. heilbrrh. sagði í gær. Hún tók svipað til orða. Hæstv. heilbrrh. sagði í fjölmiðlum í gær að í meðförum nefndar kæmi vel til greina að breyta þessari tölu og nú reynir á það. Ef það verður ekki gert, hverjir hafa þá vakið falsvonirnar?

Herra forseti. Segja má að umræðan síðustu tvo daga hafi í reynd snúist um fjögur atriði. Í fyrsta lagi hvort þurfi sérstök lög til að greiða öryrkjum út óskerta tekjutryggingu. Hafði stjórnarandstaðan rétt fyrir sér eða hafði hún rangt fyrir sér í því efni? Ég gæti auðvitað haldið nokkra ræðu um það en ég ætla ekki að gera það vegna þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hélt þá ræðu sem um þetta efni var móðir alla ræðna vegna þess að hann tók þar fyrir lið fyrir lið röksemdir stjórnarliðanna um þetta efni og lögfræðingarnir nánast allir í liði stjórnarinnar sátu hér í salnum og hlustuðu á þetta og þeir komu ekki upp til andmæla.

Með öðrum orðum: Ekki er hægt að draga aðra ályktun af því en að það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði fram að færa í ákaflega skýru, lögfræðilegu máli hafi verið niðurstaða sem hv. þm. stjórnarliðsins treystu sér ekki til þess að andmæla. Ég dreg því þá ályktun að stjórnarandstaðan hafi unnið þessa þrætu, þ.e. við höfum komist málefnalega að þeirri niðurstöðu sem hv. þm. stjórnarliðsins treystu sér ekki til þess að andmæla í ræðum eða andsvörum að ekki hafi þurft sérstök lög til að hægt væri að greiða öryrkjum út óskerta tekjutryggingu í janúar. Við þurfum með öðrum orðum ekki að ræða frekar um það vegna þess að við höfum lagt rök okkar á borðið og þeim var ekki andmælt af þeim þremur eða fjórum lögfræðingum sem eru í liði ríkisstjórnarinnar og sumir þeirra sitja í salnum í dag.

Herra forseti. Í öðru lagi, og það er mál sem skiptir verulega miklu en hefur fengið ótrúlega litla umræðu, þá er eitt af því sem hér er að gerast sú staðreynd að verið er að leggja fyrir frv. sem hefur í för með sér afturvirkni, þ.e. með frv. ríkisstjórnarinnar er lagt til að þegar menn fara að greiða öryrkjum bætur aftur í tímann verði fyrstu tvö árin, þ.e. frá núverandi dagsetningu til byrjunar ársins 1999, beitt þeirri skertu tekjutryggingu sem er að finna í frv. hérna. Og, herra forseti, síðan hvenær hefur Sjálfstfl. verið sérstaklega talsmaður þess að beita afturvirkni með þessum hætti?

Þetta er eitt af því sem við höfum fært inn í umræðuna. Ég hef spurt hv. þm. Sjálfstfl. um það hvernig á því standi að þeir treysti sér til að flytja þetta fram og ég hef engin svör fengið.

Ég hef bent á það í umræðunni, herra forseti, að einmitt á Þingvöllum 1994 lofuðum við breytingum á stjórnarskránni sem við uppfylltum síðan 1995 og þar inni eru einmitt ákvæði um afturvirk lög. Ég spyr, herra forseti: Hvernig stendur á því að Sjálfstfl. reynir ekki einu sinni, aðspurður, að útskýra hvernig hann treystir sér til þess að gera þetta?

Í þriðja lagi, herra forseti, höfum við deilt um það hversu langt aftur á að greiða þeim öryrkjum bætur sem urðu fyrir því að peningar voru teknir af þeim með ólögmætum hætti. Hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að í reynd væri hægt að fara þá leið að borga aðeins tvö ár aftur í tímann. Hún er hins vegar í jólaskapi, má ráða af þeirri greinargerð sem fylgir hér eða skýrslu starfshópsins margfræga, og þess vegna ætlar hún að borga fjögur ár aftur í tímann.

Herra forseti. Nú er það svo að það er enginn ágreiningur um það í Hæstarétti eða annars staðar og ekki í þessum sal heldur að á árabilinu 1994 til loka árs 1998 var tekjutrygging öryrkjanna skert með reglugerð sem ekki átti sér lagastoð. Og enginn mótmælir því að sú skerðing var þar af leiðandi óheimil. Það liggur líka fyrir að þessi skerðing felur í sér brot á mannréttindum sem í dag eru varin af stjórnarskránni.

Fyrnast mannréttindabrot? Ég er ekki lögfræðingur en ég er þeirrar skoðunar að mannréttindabrot fyrnist ekki. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það eigi af þeirri ástæðu og ríkisstjórnin hefði af siðferðilegum ástæðum átt að taka það frumkvæði að lýsa yfir að hún mundi greiða sjö ár aftur í tímann. Þar að auki, herra forseti, liggur fyrir að samkvæmt íslenskum lögum felur réttarbrot í sér að skaðabótaábyrgð stofnast. Í þessu tilviki tel ég alveg ljóst að ef einstakir öryrkjar mundu fara í skaðabótamál við ríkið þá njóta þeir þeirrar verndar sem lögin tala um, þ.e. slíkar kröfur fyrnast á tíu árum. Samkvæmt því, herra forseti, er alveg ljóst að þeir eiga lagalegan og siðferðilegan rétt, a.m.k. siðferðilega heimtingu á því að fá greitt með þessum hætti aftur í tímann.

Herra forseti. Þess utan er það alveg ljóst að fyrning, jafnvel þó við lítum svo á að hér sé ekki um skaðabótakröfu að ræða heldur framfærslukröfu, rofnar samkvæmt íslenskum lögum við það að málsaðili höfðar mál. Það hefur gerst í þessu tilviki. Öryrkjabandalagið höfðaði mál gegn Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd framkvæmdarvaldsins og það þýðir auðvitað að fyrningin hefur rofnað. Það sýnir hins

vegar viðhorf ríkisstjórnarinnar gagnvart Öryrkjabandalaginu að hún hafnar því að Öryrkjabandalagið sé í reynd réttur fyrirsvarsaðili. Þetta finnst mér með ólíkindum þegar horft er til þess að bæði undirréttur og Hæstiréttur hafa samþykkt Öryrkjabandalagið sem réttan fyrirsvarsaðila í málinu. Þetta þykir því mér enn og aftur sýna það hugarfar sem hefur litað alla þessa tveggja ára togstreitu á milli hæstv. ríkisstjórnar og Öryrkjabandalagsins. Mér finnst þetta ekki gott, herra forseti.

Í fjórða lagi hafa menn svo deilt um það sem skiptir kannski mestu í þessu máli og það er hvað fólst í dómnum. Hvað fólst í dómnum? Menn hafa lagt í það ákaflega misjafnar túlkanir. Hæstv. forsrh. segir t.d. í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Það kemur fram í texta meiri hluta Hæstaréttar að fyrir því eru málefnaleg rök að miða bætur öryrkja við tekjur maka. Hæstiréttur beinlínis segir það að fyrir því séu málefnaleg rök."

Það hefur enginn maður í allri þessari umræðu treyst sér til þess að orða þetta eins og hæstv. forsrh. gerir. Hvergi í öllum texta Hæstaréttar er að finna nokkuð sem gefur tilefni til þess að halda því fram að Hæstiréttur segi beinlínis að málefnaleg rök séu fyrir því að miða bætur öryrkja við tekjur maka. Þetta er það sem allir hinir á þessu þingi hafa verið að deila um, hvort þetta standist eða ekki. Hvergi er þetta að finna. Menn hafa verið að fara í útúrsnúninga, skæklatog og lagaþrætur til þess að reyna að leiða rök að því að einhvers staðar kunni þessi meining að dyljast. En enginn hefur lesið dóminn á þann veg sem kemur fram hjá hæstv. forsrh.

Herra forseti. Gæti það hafa gerst að hæstv. forsrh. hefði ekki lesið dóminn út í hörgul eins og flestir aðrir sem hér hafa tekið til máls um þetta mál?

Hv. þingmenn eins og t.d. hv. þm. Pétur Blöndal hafa hangið á bara einu hálmstrái varðandi dóminn. Hv. þm. og fjöldi starfsbræðra hans, fjöldi félaga hans úr ríkisstjórnarliðinu hafa hangið á því eins og hundar á roði að í textanum, í dómsforsendum er á einum stað sagt, þar sem verið er að greina frá því að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap: „á þann hátt". Nú langar mig, herra forseti, til þess að taka af allan vafa um hvert dómsorðið sjálft er, að lesa, með leyfi forseta, upp úr því. Þar segir:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þetta dómsorð getur ekki verið skýrara. Það er einfaldlega óheimilt að skerða tekjutrygginguna með þessum hætti. En það er rétt hjá ýmsum þingmönnum að í dómsforsendunum sjálfum segir: „... á þann hátt sem gert er í 5. mgr. ..." Til að skilja nákvæmlega hvað hér er verið að fara þá þurfum við að skoða 17. gr. Og um hvað fjallar þessi grein sem verið er að vísa til? Hún fjallar um það hvernig heimilt er að skerða tekjutryggingingar og það er heimilt samkvæmt ýmsum málsgreinum þessarar lagagreinar að gera það vegna eigin tekna, vegna lífeyrissjóðstekna og síðan er í 5. mgr. einmitt fjallað um skerðingu vegna tekna maka. Það er einfaldlega þannig og ekki er hægt að mótmæla því. Með því að taka svona til orða er dómurinn klárlega að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkjans áfram með þeim hætti sem er gert í fyrri málsgreinum, þ.e. vegna eigin tekna og vegna lífeyrissjóðstekna, en ekki, svo að ég vísi aftur orðrétt í dóminn: „... á þann hátt sem gert er í 5. mgr. ...", þ.e. í krafti tekna makans. Ég held því fram að túlkun þeirra sem reyna að hanga á þessu byggi annaðhvort á vanþekkingu eða vísvitandi vilja til þess að reyna að snúa út úr þessu. Orðalagið sem þarna er vitnað til staðfestir fyrir mér endanlega að Hæstiréttur telur óheimilt að nota tekjur makans til þess að skerða tekjutrygginguna, en jafnframt segir hann að það sé heimilt að beita annars konar tekjutengingum, þ.e. vegna eigin tekna, vegna lífeyrissjóðstekna. Þetta er því alveg kristaltært og tilraunir þess að halda öðru fram byggjast ekki á rökum. Þær byggjast á óskhyggju og vilja og við slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt að slást vegna þess að þar er ekki við rök að etja heldur einhvers konar sálfræði.

Herra forseti. Mig langar líka undir lok máls míns að gera hér að umtalsefni starfshópinn sem hefur unnið þetta frv. Það hefur komið fram aftur og aftur af hálfu þeirra sem talað hafa fyrir hönd stjórnarliðsins að þessi starfshópur hafi staðið sig svo afskaplega vel og hann hafi verið svo málefnalegur. Eigi að síður lýtur grundvallaratriði í þessu frv., sem tekið er beint upp úr skýrslu starfshópsins, að því hver er hinn stjórnarskrárvarði einstaklingsbundni lágmarksréttur sem þeir sem eru í stöðu öryrkjans eiga að hafa. Í skýrslunni er sagt að hann nemi 43 þús. kr. Ég hef aftur og aftur spurt hv. þm. stjórnarliðsins hvernig þeir komist málefnalega að þessari niðurstöðu og það er engin leið að sýna fram á það. Ég hef spurt jafnt sjálfstæðisþingmenn sem framsóknarmenn og ég spyr aftur þá sem hér eru í salnum: Hvernig komast menn að þeirri niðurstöðu að þessi upphæð eigi að vera 43 þús. kr.? Ég held t.d. að það sem hæstv. heilbrrh. hefur sjálf sagt um þetta mál bendi einmitt til þess að hún eigi að vera 51 þús. kr. Á hverju byggi ég það, herra forseti? Ég byggi það á því að hæstv. heilbrrh. hefur sagt að hún stefni að því að afnema það kerfi sem gerir mögulegt að skerða tekjutrygginguna með tekjum maka. Það þýðir að eftir stendur tvennt, þ.e. grunnörorkulífeyririnn og tekjutryggingin sem í dag er 51 þús. kr. Og ég vísa líka til þess, herra forseti, að samkvæmt skattalögum þá er þar líka upphæð sem ber að horfa til vegna þess að persónuafslátturinn er varinn. Við erum ekki látin greiða skatt af honum, herra forseti. Það er vegna þess að þar er upphæð sem er auðvitað sérhverjum einstaklingi nauðsynleg til þess að geta framfleytt sér og sínum.

Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að svona langt væri liðið á ræðu mína. En ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég er enn þeirrar skoðunar eftir þessa umræðu að hér sé um væntanleg ólög að ræða og ég tel enn að hér sé verið að framlengja stjórnarskrárbrot.

[19:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að koma í andsvar af því að ég er búinn að fara í andsvar við hv. þm. en ég gat ekki látið hjá líða vegna tilvísunar hans í 17. gr. laga um almannatryggingar.

17. gr. er í átta eða níu málsgreinum og hún fjallar um tekjutrygginguna, ekki skerðingu á tekjutryggingunni heldur tekjutrygginguna almennt. Þar er fólki skipt í hópa. Í fyrsta lagi er einhleypur ellilífeyrisþegi. Í öðru lagi er annað hjóna ellilífeyrisþegi og hitt vinnandi. Í þriðja lagi eru bæði ellilífeyrisþegar. Í fjórða lagi er einhleypur örorkulífeyrisþegi. Í fimmta lagi er annað hjóna örorkulífeyrisþegi. Í sjötta lagi njóta bæði örorkulífeyris. Svo kemur örorkulífeyrir og ellilífeyrir.

Þetta eru hópar sem eiga ekkert sameiginlegt. Það getur enginn verið í tveimur hópum og þessir hópar spanna allir allt það fólk sem eru lífeyrisþegar. Við erum að fjalla um 5. mgr. þessarar greinar þar sem talað er um að annað hjóna njóti örorkulífeyris og það fær þá tekjutryggingu til viðbótar. Það fær tekjutryggingu samkvæmt þessari grein. Í fyrri málsliðnum stendur að það fái tekjutryggingu miðað við að tekjur beggja hjóna séu undir ákveðnu marki. Þá fái það tekjutryggingu. Síðari málsliður segir að þessi tekjutrygging er skert um 45% ef tekjur eru umfram þessi mörk.

Herra forseti. Ef þessi grein fellur niður fær fólkið enga tekjutryggingu, akkúrat enga. Og ef bara seinni málsliðurinn fellur niður er ekki skert vegna tekna öryrkjans sjálfs sem aldrei hefur verið til tals hér. Þá er ekki skert vegna tekna öryrkjans sjálfs. Þá er bara engin skerðing. Þessi grein er því algjör rökleysa ef hún fellur niður, hvort sem það er 1. málsl., 2. málsl. eða hvernig sem er. Og ef hún fellur öll niður þá er ekkert greitt.

[19:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. þm. hafi verið í salnum þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti sína ræðu vegna þess að hún fjallaði nánast öll um nákvæmlega þetta. Hún var svar við þessum rökum Péturs H. Blöndals. Ég hef ekki og var ekki í minni ræðu að gera því skóna að eitthvert tiltekið atriði í lagagreininni eða einhver tiltekin málsgrein ætti að falla niður. Um hvað snerist þessi deila sem þetta er partur af? Hún snerist um það hvort nauðsynlegt hefði verið að samþykkja lög til þess að hægt væri að greiða út óskerta tekjutryggingu í upphafi janúarmánaðar og hvort það þyrfti sérstök lög til þess að greiða út tekjutryggingu í upphafi næsta mánaðar.

Við erum þeirrar skoðunar að það þurfi engin sérstök lög til þess að gera þetta. Það verður að skoða þetta mál og niðurstöðu dómsins út frá þeirri stefnu sem Öryrkjabandalagið fór fram með gagnvart ríkinu. Þar átti að láta reyna á tiltekið mannréttindaprinsipp á grundvelli ákveðinnar málsgreinar tiltekinnar lagagreinar í almannatryggingalögunum sem varðaði bara afmarkaðan hóp. Hæstiréttur staðfesti skilning Öryrkjabandalagsins. Með öðrum orðum var skilningur Öryrkjabandalagsins réttur og dómsorðið var skýrt. Og eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skýrði hér vel út í dag þá skapaðist réttarástand við það sem varð að svara með því að greiða þessum tiltekna hópi öryrkja sem dómurinn varðaði, út óskerta tekjutryggingu.

Þá gæti hv. þm. velt því fyrir sér hvað verði um hina hópana sem t.d. er rætt um í 6. og 7. mgr. Engum datt annað í hug en að menn mundu beita lögjöfnun til þess að láta þá ná sama rétti. Sá starfsmaður íslenska ríkisins sem á að sinna þessum greiðslum, forstjóri Tryggingastofnunarinnar, sagði það þegar í stað deginum síðar. Væntanlega hefur hann haft eitthvert ráðslag við þann sem yfir honum er. Ég bendi líka á það, herra forseti, að þetta kemur fram í skýrslu starfshópsins og þetta kemur að sjálfsögðu fram í frv. sem hér liggur fyrir. Engum manni datt annað í hug en að gera það. En það breytir því ekki að það var hægt að greiða þessum tiltekna hópi sem dómur Hæstaréttar varðaði beinlínis án þess að setja sérstök lög. Það er það sem skiptir máli og þessu er Eiríkur Tómasson prófessor sammála.

[19:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstiréttur flutti að sjálfsögðu ekki brtt. við þessa málsgrein. Hann gerði það að sjálfsögðu ekki, enda ekki hans hlutverk. Hann sagði eingöngu að ekki mætti skerða örorkulífeyri með þeim hætti sem þar er talað um. Ef menn líta þannig á að úrskurður Hæstaréttar hafi breytt þessari málsgrein einhvern veginn þá ættu þeir að segja mér hvernig. Ég var ekki sáttur við útskýringar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vegna þess að þær eru órökréttar.

Ef Hæstiréttur hefur breytt þessari málsgrein einhvern veginn þá þarf að vita hvernig. Á að leggja saman tekjur heimilisins eins og gert er ráð fyrir þarna, beggja hjóna, eða hvað? Það er nefnilega allt saman í lausu lofti eftir dóm Hæstaréttar. Því varð að setja lög. Það er allt í lausu lofti. Það getur enginn sagt mér hvort leggja eigi saman tekjur heimilisins eftir sem áður. Á að taka tekjur makans út úr? Hver segir það? Og hvernig? Það er nefnilega allt í lausu lofti. Ef þessi grein fellur niður með dómi Hæstaréttar, ef einhver telur það, þá má bara ekki borga þessu fólki tekjutryggingu og þá finnst mér nú aldeilis ástæða til þess að setja lög. Það er því alveg sama hvernig við lítum á dóm Hæstaréttar, hvort hann hafi breytt þessu, hvort hann hafi fellt hana niður eða hvað hann hafi gert, allt er í lausu lofti og ekki nokkur leið að finna út úr því hvað eigi að gera.

Forstjóri Tryggingarstofnunar hefur ekki löggjafarvald enn þá.

[19:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ákaflega skrýtin röksemdafærsla. Ég gat ekki skilið hv. þm. öðruvísi en svo að það væri alveg sama hvernig menn túlkuðu dóm Hæstaréttar, það lægi ekki fyrir hvernig ætti að bregðast við honum. Ef það er svo að við gætum orðið sammála um að dómur Hæstaréttar þýði að tekjur maka megi ekki skerða tekjutryggingu öryrkjans þá borgum við tekjutrygginguna út óskerta. Er það minn prívatskilningur, herra forseti? (Gripið fram í.)

Má ég draga hér til vitnis miðil sem er hv. þm. ákaflega kær, Morgunblaðið. Í ritstjórnargrein 23. desember segir svo, með leyfi forseta:

„Af þessu er ljóst, að það er 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningar sem ráða þeirri skoðun meiri hluta Hæstaréttar, að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja, hverjar svo sem tekjur maka hans eru."

Herra forseti. Enginn í samfélaginu sem hefur þá túlkunargetu sem þingmenn stjórnarliðsins hafa. Allir sem lesa þetta komast að þeirri niðurstöðu sem stjórnarandstaðan hefur komist að og sem leiðarahöfundur Morgunblaðsins hefur komist að. Eins og hér hefur verið sagt, ef menn vilja lesa dómsorðið og forsendur dómsins eins og skrattinn Biblíuna þá geta menn komist að þessari niðurstöðu sem hv. þm. er að tala um. (Gripið fram í.) En það liggur alveg ljóst fyrir að það kemur fram í dómsforsendum að ein meginregla í íslenskum rétti sé að tekjur maka skuli ekki skerða bætur með þessum hætti.

Það kemur líka alveg skýrt fram að ákveðinn hóp bóta má ekki skerða með þessum hætti, en það er annar hópur bóta þar sem það væri í lagi að gera þetta. Þetta kemur fram í dómsforsendum. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það eru bara hv. þm. stjórnarliðsins sem ekki skilja hvað í þessu felst. Ef það væri svo að Hæstiréttur

hefði verið þessarar skoðunar, af hverju hefði hann þá ekki sagt það í dómsorðinu?

[19:16]

Útbýting þingskjala:

Íslenski búningurinn, 402. mál, fsp. RG, þskj. 654.

Íslenskir búningar, 403. mál, fsp. RG, þskj. 655.

Reglur Evrópusambandsins um viðskipti með dýraafurðir, 400. mál, fsp. JB og ÞBack, þskj. 652.

Staða sjávarbyggða, 404. mál, fsp. SJS, þskj. 656.

Þjóðbúningar, 401. mál, fsp. RG, þskj. 653.

[19:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir að greiða fyrir því að þetta mál geti farið til nefndar nú í kvöld og geti þar af leiðandi fengið vandaða meðhöndlun í nefnd. Ég vildi jafnframt skila góðum kveðjum frá hæstv. heilbrrh. sem þakkar góðan hug í hennar garð við þessar umræður.

Mörg stór orð hafa fallið í þessari umræðu og við sem erum í svokölluðu stjórnarliði höfum í ræðum verið ásökuð um vanþekkingu. Því hefur verið haldið fram að við brytum vísvitandi og með vilja gegn stjórnarskrá, að við hefðum engin rök, að Framsfl. væri taglhnýtingur samstarfsflokksins í ríkisstjórn og við skildum ekki nokkurn skapaðan hlut, skildum ekkert í þessum dómi sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að hann og flokksmenn hans skildu einir. (**ÖS:** Og stjórnarandstaðan.) Stjórnarandstaðan væri eini hópurinn í þjóðfélaginu, a.m.k. á Alþingi, sem skildi þetta allt saman. Við sem höfum verið að vinna í þessum málum síðan um jól botnum að hans sögn ekkert í þessu.

Ekki finnst mér þetta mjög málefnalegt, ég verð að segja það eins og er. Ég kannast ekki við að við höfum gert annað, með því að túlka þennan dóm og semja frv. sem sett er hér fram, en allir lögfræðingar sem ég hef talað við telja nauðsynlegt að þessi réttindi verði ákvörðuð með lögum.

Hins vegar er ljóst að málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur gengið út á að fara beri að öllum þeim kröfum sem settar voru fram af hálfu Öryrkjabandalagsins í málflutningnum við Hæstarétt. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa viljað kveða upp þann dóm á Alþingi að það beri að fara að þessum kröfum. Hæstiréttur segir í úrskurði sínum að þessar kröfur séu allar teknar til greina.

Um hvað stendur deilan? Hún stendur í sjálfu sér ekki um mörg atriði en afskaplega mikilvæg atriði. Hún stendur í fyrsta lagi um það hvort Alþingi beri að túlka dóm Hæstaréttar þannig að hámarksbætur til bótaþega samkvæmt almannatryggingalögum skuli vera lágmarksbætur og ekki megi skerða þessar hámarksbætur eða lágmarksbætur vegna tekna maka. Þeir telja að túlka eigi dóm Hæstaréttar þannig að í þessu tilviki sé bannað að miða bæturnar við tekjur maka. Það þýðir þá væntanlega að ef okkur tekst í framtíðinni að hækka þessar bætur, sem ég vona að takist af því að þær eru lágar, þá megum við aldrei miða þær við tekjur maka.

Vitnað hefur verið til þess að slíkt fyrirkomulag sé á Norðurlöndunum og vegna þess að það sé á Norðurlöndum þá beri okkur að gera hið sama. Svo er ekki. Hins vegar eru viðmiðanir með öðrum hætti og flókið mál að bera það saman, m.a. vegna mismunandi skattareglna. Hluti af bótum til öryrkja í Danmörku er skattfrjáls, hluti af bótum til öryrkja í Danmörku er ekki skertur, hvorki vegna tekna maka né eigin tekna. Þannig er það ekki hjá okkur. Bæturnar eru a.m.k. skertar vegna eigin tekna. Niðurstaðan í þeim samanburði sem liggur fyrir frá 1998 er samt að bætur á Íslandi til einstaklinga séu hærri en annars staðar á Norðurlöndum, bætur til þeirra sem búa í sambúð eða hjónabandi séu að vísu heldur lægri en í tveimur löndum, við séum þar í þriðja sæti. Ekki hef ég tölur um hvernig þessi samanburður er í dag, enda skiptir það ekki meginmáli. Ég held að við getum öll verið sammála um það að hér á landi eru þessar bætur ekki háar. Það er mikilvægt að við höldum áfram þeirri viðleitni að bæta kjör þessa fólks.

Hins vegar fjallar dómurinn ekki um það. Hann fjallar um tiltekinn hóp og grundvallaratriði sem Alþingi þarf að taka afstöðu til, ekki síst þeirrar spurningar sem hér hefur mikið verið rædd, hvort dómurinn þýði að okkur beri að nota hámarkið sem lágmark. Ég fæ ekki séð það út úr dómnum og mér er ekki nokkur leið að skilja að það sé niðurstaðan. Það er sjálfsagt vegna þess að ég skil ekki neitt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og aðrir sem honum fylgja skilja allt. Ég vildi að lífið væri svona einfalt en ég tel að það sé ekki svona einfalt.

Ég hef farið í gegnum það hvers vegna ég telji að ekki eigi að skilja dóminn með þeim hætti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson telur að eigi að gera. Ég vitna til þess að Hæstiréttur tali um að það eigi að vera a.m.k. eitthvert lágmark og hann segi jafnframt að ekki megi skerða á þennan hátt. Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að það væri hvergi talað um þessi málefnalegu rök þá vil ég minna á eftirfarandi setningu í dómi Hæstaréttar. Hann sagði að hæstv. forsrh. hefði verið sá eini sem hefði fundið eitthvað um það í dómi Hæstaréttar. Þar stendur hins vegar, með leyfi forseta:

„Getur það því átt við málefnanleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Ég held að enginn vafi sé á því að Hæstiréttur er að vitna til þess að það standist stjórnarskrá að taka mið af hjúskaparstöðu viðkomandi og þeirra tekna sem koma til heimilis, þ.e. tekna maka. Hv. þm. vill útiloka það og telur alls ekki átt við það. En ég spyr nú: Hvaðan kemur öll sú lögfræði sem hv. þm. og aðrir vitna til? Ég hef ekki heyrt neinn lögfræðing, sem starfað hefur að þessum málum, nefndan í umræðunni. Það er kannski alger óþarfi. Hv. þm. hafa vitnað til þess að kalla þyrfti til aðra lögfræðinga. Það var m.a. vitnað í Sigurð Líndal sem ég hef lesið öll viðtöl við og hann segir í einu viðtali og staðfestir að mínu mati að það útiloki ekkert að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef það er gert þannig að það taki jafnt til allra og er gert með málefnalegum og réttmætum hætti þá hygg ég að það megi hugsanlega finna flöt á því." Hann orðaði það að vísu þannig að það megi hugsanlega finna flöt á því.

Nú er þetta sagt í útvarpsviðtali 21. desember. Ég á ekki von á því að lagaprófessorinn hafi verið búinn að fara nákvæmlega í gegnum það en hann segir þetta. Ég tel að það hljóti að vera verkefni þeirrar nefndar sem fer yfir málið að kalla til hina hæfustu menn til að spyrja þá um þetta og fá úr því skorið hvort það geti virkilega verið að þeir sem hafi fjallað um þetta mál í ríkisstjórn og annars staðar botni ekkert í þessu. Ef svo er er illa komið fyrir landinu okkar og ekki merkilegt lið sem situr þá í ríkisstjórn. (**ÖS:** Ykkur hefur áður skjátlast.) Já, ég skal fúslega játa það að mér hefur skjátlast. (**ÖS:** Í þessu máli.) Í þessu máli? (Gripið fram í.)

Nú er það svo að um þetta mál hafa fjallað, eftir því sem ég best veit, níu aðilar, níu menn sem hafa dómararéttindi, þ.e. fimm í Hæstarétti. Þar töldu þrír að Alþingi hefði skjátlast, tveir töldu að Alþingi hefði ekki skjátlast. Í héraðsdómi töldu tveir dómarar að Alþingi hefði ekki skjátlast og einn að Alþingi hefði skjátlast. Sá níundi, sem er umboðsmaður Alþingis, tjáði sig um þetta mál og á grundvelli þess álits voru lögin voru sett árið 1998. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að segja um það hvort niðurstaða Hæstaréttar er röng eða rétt, það kemur málinu ekkert við, það ber að fara að dómnum. Ég tel hann ekki slys. Hæstiréttur hefur kveðið upp úrskurð sinn. Það er lokaúrskurður og um það er ekki meira að segja. Hins vegar er það staðreynd sem við verðum að þola og hv. þm. verða líka að þola að aðrir dómarar hafa sagt annað.

Af því að hér er spurt hvort okkur þingmönnum geti skjátlast vænti ég að einnig megi viðurkenna að dómurum geti skjátlast. A.m.k. hefur þessum fimm af níu skjátlast ef meiri hluti Hæstaréttar, þessir þrír sem við göngum út frá, hefur rétt fyrir sér. Er það ekki nokkuð ljóst? Einhverjum skjátlast í málinu en um það ætla ég ekkert að deila. Ég deili ekki við Hæstarétt fremur en þegar við þurftum að glíma á Alþingi við dóm sem kom frá Hæstarétti vegna kvótamálsins. Þá ákváðum við að sjálfsögðu að setja lög á grundvelli þess dóms.

Ég man eftir því að stjórnarandstaðan og hv. þingmenn héldu því fram að okkur stjórnarliðum skjátlaðist algerlega í því máli og viðbrögð okkar við dómnum væru vegna þess að *við skildum ekki málið. Síðan fór það mál fyrir Hæstarétt* á nýjan leik og þá kom í ljós að við höfðum skilið málið rétt. (Gripið fram í.) Ég man það ekki nákvæmlega en hv. þm. man sjálfsagt hvernig það var, það er algengt að dómar klofni. Þar klofnuðu dómar og það ætti hv. þm. að vita sem lögfræðingur.

Ég hef aldrei fyrr heyrt að kveðið sé upp úr um að þeir sem eru í minni hluta botni ekki neitt í neinu, skilji ekki neitt og skjátlist. Ég hef aldrei haldið því fram að minni hluti Alþingis hafi alltaf rangt fyrir sér. Að sjálfsögðu getur minni hluti Alþingis haft rétt fyrir sér. Mér heyrist a.m.k. á minni hluta Alþingis í dag að hann telji sig hafa rétt fyrir sér. Þess vegna botna ég ekki í því að sami minni hluti gangi út frá því að meiri hluti Hæstaréttar hafi ávallt rétt fyrir sér. Hins vegar er ljóst að það ber að fara ávallt eftir því sem meiri hluti Hæstaréttar segir.

Hér er ég ekki að gera tilraun til að kveða upp nýjan dóm en mér hefur fundist stjórnarandstaðan reyna að úrskurða nýjan dóm sem sé ekki í neinu samræmi við dóminn sem Hæstiréttur hefur kveðið upp. Þetta er það mál sem mest hefur verið deilt um en ef það væri niðurstaða Alþingis, að hámarksrétturinn ætti að vera lágmarksréttur, þá leyfi ég mér að halda því fram að það hlyti að hafa afleiðingar í mörgum öðrum málum. Stjórnarandstaðan gerir lítið úr því en ég stend við þá skoðun mína að það sé deginum ljósara að það hefði veruleg áhrif á önnur mál.

Ég hef jafnframt lagt áherslu á að lágmarkið sem lagt er til í þessu frv., 43 þús. kr., er að sjálfsögðu ekki einhver algildur sannleikur. Það er matsatriði. En miðað við það að lágmarkið var 18 þús. kr. og er hækkað um 25 þús. kr. eða rúmlega $^3/_4$ af því bili sem þar er á milli, þá verður að telja að þar sé farið fram af varúð. Ég hafna því hins vegar algerlega að ganga eigi út frá því að hámarkið sé lágmark. Það er þá alveg nýr skilningur á því þegar maður les orðið lágmark að það beri að skilja það sem hámark eða hámark sem lágmark. Ég hef aldrei vitað það fyrr. En það er sjálfsagt vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skilur allt og sá sem hér stendur skilur ekki neitt.

Herra forseti. Annað atriði sem hér er deilt um eru fyrningarreglurnar. Um þær segir stjórnarandstaðan: Það ber að greiða sjö ár. Niðurstaðan samkvæmt þessu frv. er að það beri að greiða fjögur ár. Nú get ég spurt á móti, fyrst hv. þm. stjórnarandstöðunnar telja að það beri að greiða sjö ár: Af hverju ekki miklu meira? Af hverju ekki 10 ár, 15 ár? Er það þá vegna þess að Öryrkjabandalagið fer ekki fram á meira?

Engin breyting varð á skerðingarreglunum 1993 þegar Alþfl. *beitti sér fyrir nýjum lögum. Þar varð engin breyting.* Sú breyting sem þá var gerð á lögunum var fyrst og fremst vegna þess að við gengum þá inn í Evrópska efnahagssvæðið og því var talið nauðsynlegt að gera breytingar og skipta lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þetta var gert vegna inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið og þessi uppskipting hafði örfáar efnislegar breytingar í för með sér. Ég tel að alveg eins mætti hugsa sér að fara lengra aftur í tímann. Hv. þm. verða að hafa í huga að við erum þá eingöngu að leiðrétta aftur í tímann stöðu hóps öryrkja sem hefur hærri tekjur. (**Gripið fram í:** Hann var skertur.) Sem var skertur? Það er ekki verið að skerða. Þetta tal um skerðingar er ótrúlegt. Það sem einu sinni hét jöfnuður í pólitík heitir núna skerðing, rán og þjófnaður. Það eru orðin sem ég heyri í þessum þingsal.

Fyrr á árum töluðu menn um að það væri mikilvægt að *jafna kjörin í þjóðfélaginu miðað við tekjur*, miðað við stöðu heimila, miðað við eignir. Nú heitir það allt saman skerðing. En þetta er sennilega af sömu ástæðum, að ég skilji þetta ekki. (**Gripið fram í:** Heimur versnandi fer.) Já, hann fer versnandi. Að þessu leyti fer hann svo sannarlega versnandi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að fyrning rofni ekki við stefnu né dóm í viðurkenningarmálum. Þetta er alrangt. Nýlegur dómur í Hæstarétti í innheimtumáli vegna svokallaðra franskra kartaflna er nokkuð frægur dómur og margfrægur. Væntanlega hefur Hæstiréttur haft rétt fyrir sér í því máli. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég sé að lögfræðingarnir í salnum hlæja að þessu. Það er alveg nýtt fyrir mér að það sé hlægilegt að leita fordæma í dómum Hæstaréttar. Þetta er þess konar mál. Þannig að þetta er sennilega hreinlega rangt. Spurningin er þessi: Er það að dómi hv. þm. pólitískt mál hvað greiða á þetta langt aftur, er það pólitískt mál? Er það vegna þess að Alþfl. er kominn með samviskubit yfir því að hafa gert þessa dæmalausu vitleysu 1993 og þess vegna eigi að borga? Þá segja menn að það eigi að borga eins og um skaðabótaábyrgð væri að ræða. Fór þar fram saknæmt athæfi? Átti sér stað ólögmætt athæfi? Ekki dettur mér það í hug.

Skaðabótalög gilda fyrst og fremst ef um saknæmt eða ólögmætt athæfi er að ræða. Hér verður fyrst og fremst að gilda lögfræði og öll rök mæla með því að greitt verði fjögur ár aftur í tímann. Pólitíkin var ákveðin 1993, með röngu að vísu en hún var ákveðin. Ég er alveg viss um að það hefur verið gert í góðri trú.

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara mjög ítarlega yfir þetta mál. Ég vil þakka þessa umræðu. Þetta mál mætti ræða miklu lengur en ég tel það afskaplega góða niðurstöðu að vísa málinu nú til nefndar og þar fái álitamál efnislega umfjöllun og hægt verði að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar. Ég vil fara þess á leit að nefndin vinni eins hratt og nokkur kostur er því að mikilvægt er að ljúka þessu

máli sem fyrst þannig að hægt verði að greiða þær bætur sem aðilar eiga rétt á eins fljótt og auðið er.

[19:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég get ekki látið hjá líða að koma með smáathugasemd við ræðu hæstv. ráðherra vegna samanburðarins við Norðurlönd þar sem hann tiltekur sérstaklega að kjör öryrkja á Íslandi séu einna best á Norðurlöndunum. Það er náttúrlega enginn vandi að finna það út ef menn koma með rangar tölur. Mig langar bara að vísa í samanburðartöfluna á bls. 18 í fskj. frv. þar sem borinn er saman mánaðarlegur lágmarkslífeyrir á Norðurlöndunum. Þar er talað um tekjutrygginguna sem við höfum mikið talað um í umræðunni. Þar er hún sögð vera 43.396 kr. árið 1998 en eftir hækkunina núna um síðustu áramót er hún rúmar 31 þús. kr. Þar er ansi mikill munur á. Hefur hún lækkað milli 12–13 þús. kr. milli tveggja til þriggja ára? Það er alveg ljóst að í skjalinu eru rangar upplýsingar. Þetta er nokkuð sem við munum fara yfir í nefndinni en það er enginn vandi að segja að kjör lífeyrisþega séu fremur góð á Íslandi ef menn leggja fram rangar tölur.

En þetta er sem sagt staðreynd, að í þessu plaggi eru rangar tölur á ferðinni.

[19:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki haldið því fram að lífskjör öryrkja séu sérstaklega góð. Ég hef aldrei haldið því fram. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að rengja þær upplýsingar sem koma frá samnorrænni stofnun sem hefur fjallað um þessi mál um langan tíma.

Ég vil vitna til Stefáns Ólafssonar svo að öllu sé til skila haldið. Hann segir í lok bókarinnar um Íslensku leiðina, með leyfi forseta: „Þannig verður lífskjaraskipting norrænu þjóðanna misjöfn. Fátækt er enn heldur meiri á Íslandi og tekjuskiptingin ívið ójafnari. Lífskjaravandi sérhópa er því heldur meiri á Íslandi en hjá frændþjóðunum. Að öðru leyti komu Íslendingar mjög vel út úr öllum samanburði á lífskjörum og lífsgæðum, bæði gagnvart norrænum þjóðum og öðrum vestrænum þjóðum."

Hann segir sem sagt að tekjuskiptingin sé ívið ójafnari. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að ástæða sé til að jafna kjörin meira í landinu. Er þá ekki rétt að reyna að halda í þær heimildir sem löggjafarvaldið hefur til að jafna kjörin? Eða vill hv. þm. fórna þeim og telur hann enga ástæðu til að líta eitthvað á slíka hluti og áhrifin af því ef hér eru afgreidd lög í einhverju fljótræði sem geta haft áhrif á ýmislegt annað í þjóðfélaginu? Ætli það sé ekki ástæða til þess að halda í þær heimildir fyrir löggjafarvaldið?

[19:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að almennt eru lífskjör á Íslandi nokkuð góð. Aftur á móti er misskiptingin allmikil og meðal þeirra sem eru fátækir á Íslandi eru öryrkjar. Ég tek algerlega undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað þarf að bæta kjör þeirra. Þeir búa við smánarkjör og kjör þeirra hafa ekki skánað undanfarið. Veist hefur verið að kjörum lífeyrisþega aftur og aftur, sérstaklega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég er alveg tilbúin að takast á við það með hæstv. ráðherra að bæta kjör þessa fólks, enda höfum við ítrekað lagt það til bæði í frv., þáltill. og við fjárlagagerð að kjör þessa fólks verði bætt.

[19:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afskaplega hvimleitt þegar hv. þm. talar um það aftur og aftur að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi veist að kjörum þessa fólks. Hver hefur komið þannig fram? Hver hefur talað þannig hér á Alþingi? Ég kannast ekki við það. Það er einhver hugarburður hjá hv. þm. sem virðist líta á alla sem styðja ríkisstjórnina sem óvini þessa fólks. Það er undarlegt hugarfar.

Það er ljóst að nauðsynlegt er að bæta kjör þessa fólks og það hefur verið gert á undanförnum árum. Ég minni á að á sl. árum hefur tvívegis verið dregið úr tekjuskerðingu öryrkja sem búa í hjónabandi. Það var ekki gert öll árin þar á undan, ekki neitt og þegar flokkur hennar, hún að vísu studdi Framsfl. á þeim árum, kannski þess vegna, ég veit það ekki, en þegar sá flokkur var í ríkisstjórn sem hún styður núna var engu breytt, ekki stafkrók. Því eru þetta undarlegar ræður sem haldnar eru yfir þeim sem styðja núverandi ríkisstjórn, að við viljum ekkert lagfæra og séum ekkert að gera. Það er hreinlega rangt og þetta veit hv. þm. og ætti að sjá sóma sinn í að tala öðruvísi um þá sem berjast fyrir því að bæta þessi kjör, ekki síst hæstv. heilbrrh. sem hv. þm. hefur gert sér far um að tala um sem ráðherra sem vilji ekki bæta kjör þessa fólks, sem er alrangt.

[19:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég sé smátt og smátt að átta mig betur á hugmyndum hæstv. utanrrh. um jafnaðarstefnuna. Þær virðast vera á þá leið að eingöngu sé hægt að jafna niður á við. Það er eins og það vanti alveg inn í hugarheim hæstv. utanrrh. að líka er hægt að jafna kjörin upp á við með því að bæta stöðu þeirra sem minna hafa á kostnað hinna sem standa betur. Það er t.d. hægt að gera í gegnum aðgerðir eins og hátekjuskatt og það að þeir sem hæst hafa launin greiði meira.

En mér finnst undarleg þessi áhersla á hinn endann að tekjujöfnunin eigi að gerast t.d. alveg sérstaklega í gegnum það að nauðsynlegt sé að skerða þetta litla sem öryrkjar á Íslandi hafa þó tryggt sem einstaklingar.

Í öðru lagi held ég að hæstv. utanrrh. eigi ekki að stilla þessu þannig upp að í okkar túlkun á dómnum felist að hámarksbætur verði að lágmarksbótum því að þetta eru alls ekki einu greiðslurnar sem lög tryggja þessu fólki. Til viðbótar þessu koma greiðslur sem lúta sérstökum aðstæðum eins og heimilisuppbætur, sérstök heimilisuppbót, ýmiss konar heimildarbætur o.s.frv., þannig að þó að óskert tekjutryggingin yrði þarna ákveðinn grunnur, þá er það ekkert lágmark þar með. Áfram gætu aðstæður skert hluti eins og heimilisuppbætur.

Tölfræði hæstv. utanrrh. sem leggur saman alla dómendur á báðum dómstigum og bætir þar við umboðsmanni Alþingis, hafna ég og mér finnst ekki sanngjarnt að draga Gauk Jörundsson, fyrrv. umboðsmann Alþingis, til ábyrgðar á þessum hlutum eins og gert er ítrekað af hæstv. utanrrh. og hæstv. heilbrrh.

Að lokum, herra forseti, snýst þetta mál um stjórnarskrána, hún hafi verið brotin og síðan túlkun á því hvort frv. ríkisstjórnarinnar fullnægi þessum dómi. Er nú ekki ástæða til í ljósi sögunnar og reynslunnar að umgangast þessi ákvæði og réttindi stjórnarskrárinnar af varúð, að láta stjórnarskrána njóta vafans?

[19:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hv. þm. sé farinn að skilja hugarheim minn og er það vel. En eitthvað fannst mér skilningurinn vera takmarkaður samt því að hv. þm. sagði að ég kynni ekki að jafna nema í aðra áttina. Ég held að maður sem kann að jafna í aðra áttina hljóti að kunna að jafna í hina áttina. Mér finnst það vera eins og maður sem gengur á leiðarenda en getur ekki snúið við og kann ekki að ganga til baka, þannig að mér finnst út í hött að vera að koma með það að ég kunni þetta ekki.

Hins vegar eru tvær leiðir til að jafna kjör öryrkja í sambúð. Það er annars vegar að hækka lágmarkið og hins vegar má líka hugsa sér að nota svigrúmið til að hækka frítekjumarkið. Það er það sem við höfum verið að gera. En að halda því hér fram eins og hv. þm. sagði að það væru aðrar bætur, hann nefndi heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sem geta orðið eitthvað rúmlega 24 þús. kr. en eiga eingöngu við um einstaklinga. Þessar bætur eiga ekkert við um fólk í hjónabandi eða sambúð þannig að það á ekki við og er ekki rétt hjá hv. þm.

Út af Gauki Jörundssyni, þá var ég ekki að draga hann á nokkurn hátt til ábyrgðar. Gaukur Jörundsson er afskaplega hæfur lögfræðingur á sviði mannréttinda og ég er alveg viss um að honum finnst það ekkert slæmt þó að það sem hann hefur sagt um þetta mál sé dregið inn í umræðuna. Það stendur. Og þó að dómur Hæstaréttar sé fallinn með öðrum hætti, þá þarf ekki að líta svo á að það sem Gaukur Jörundsson sagði á sínum tíma sé endilega rangt.

[19:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem mér finnst ekki mega gera er að taka umfjöllun í tveimur úrskurðum umboðsmanns Alþingis sem féllu um þetta mál með tíu ára millibili, 1998 og tíu árum fyrr, 1988, þar sem niðurstaðan er í báðum tilvikum, svo rétt ég man hana sérstaklega, sú að gagnrýnd er sú framkvæmd sem við lýði hafi verið sökum þess að hún styðjist ekki við skýra lagastoð. Með því finnst mér fjarri lagi að túlka megi það svo að í reynd felist í því einhvers konar samþykki við tekjutengingunni og skerðingunni. Að því leyti til mætti ályktа að Gaukur Jörundsson hefði komist að annarri niðurstöðu en meiri hluti Hæstaréttar gerði nú. Það tel ég bara alls ekki hægt að gera.

Varðandi það að jafna bara í aðra áttina, þá hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem ég ætla ekki að fara að gera hæstv. utanrrh. ábyrgan fyrir, nóg er nú samt, talað hér af miklum þrótti um að þetta sé andstætt jöfnunarsjónarmiðum að grunnréttur þessa hóps öryrkja í samfélaginu hækki upp í t.d. 51 þús. kr. Það sem við erum að benda á um leið og við fögnum því að stjórnarskrárvarin réttindi þessa hóps eru þó a.m.k. þau að þetta fólk eigi að hafa sjálfstæða afkomu sem þessu varðar. Auðvitað kemur þetta þá inn í tekjur þessara fjölskyldna og inn í heildarsamhengi kjarajöfnunaraðgerða í þjóðfélaginu. Og úrræðin til þess að tryggja síðan kjarajöfnun í gegnum skattkerfið, gegnum velferðarkerfið, fjármögnun þess og ótal margar aðrar leiðir eru ærin og næg. Sé í þeim tilvikum um að ræða hátekjufjölskyldur þar sem annar er öryrki og fær nú þessar bætur upp á 51 þús. og væri beitt aðgerðum eins og t.d. þrepaskiptum tekjuskatti sem færi stighækkandi eftir því sem skattlagðar tekjur samanlagðar ykjust, þá eru ærin úrræði til að beita tekjujöfnun í þann endann og erum við þá að jafna upp á við en ekki niður á við.

[19:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við þingmanninn um þetta upp eða niður. Það eru tveir takkar á ræðustólnum, á öðrum stendur upp en á hinum stendur niður og nú skal ég sýna hv. þm. að ég kann á þá. En mér finnst þetta ekki vera flóknara en það og ég ætla ekki að fara að rökræða það frekar.

Vegna þess sem hv. þm. sagði út af því að ég væri að leggja saman níu dómendur, þá var það ekki frá 1988. Ég var að tala um þrjá dómendur í héraðsdómi, ég var að tala um fimm dómendur í Hæstarétti og síðan var ég að tala um umboðsmann Alþingis. Þetta eru bara staðreyndir og liggur alveg ljóst fyrir. Ég skil ekki af hverju má ekki ræða og tala um það. Ég tel að dómar Hæstaréttar um hvað eina séu ekki guðslög en við tökum að sjálfsögðu fullt mið af þeim dómum. En ekki er þar með sagt að allt sé þar rétt, enda eigum við ekki að þurfa að ræða um það. Þetta er niðurstaðan. (**SJS:** Það er meiri hlutinn sem ræður.) Að sjálfsögðu, jú, jú. Og líka hér á Alþingi. (**SJS:** Og að allt dæmið sé reiknað.) Og líka hér á Alþingi, þá ræður meiri hlutinn. Þannig er það líka í Hæstarétti, þannig er lýðræðið og við sættum okkur við það. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu að bera þá virðingu fyrir minni hlutanum að nefna megi hann á nafn hvort sem það er á Alþingi, í Hæstarétti, í héraðsdómi eða annars staðar í þjóðfélaginu. Ég skil ekki þessa heilögu vandlætingu stjórnarandstöðunnar að ekki megi tala um minni hluta þegar dómstólar eru annars vegar, það sé bara alveg hræðilegt að nefna það á nafn. Þetta er undarleg afstaða hjá stjórnarandstöðunni.

[19:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. utanrrh. um að Alþingi sé að missa tökin á eða missa heimildir til þess að jafna kjörin með ákveðnum tekjutengingum, þá er langur vegur frá því að dómurinn verði túlkaður á þan veg. Hins vegar er alveg augljóst og það kemur fram í dómnum að ákveðin einstaklingsbundin réttindi eru fest í sessi sem ákveðið lágmark, sem ekki megi skerða á þann hátt sem gert var, þ.e. með tekjum makans. Ég held því að ástæðulaust sé að vera að rugla þessu saman.

Ég taldi reyndar sjálfur þegar hæstv. utanrrh. var að tala um að hann skildi ekki hlutina og aðrir skildu þá betur, þá væri hann að gera góðlátlegt grín, ég tók það þannig. En hins vegar brá mér örlítið í brún þegar hann sagði: Af hverju getum við ekki borgað langt, langt aftur í tímann, 15–20 ár? Ég taldi að það hefði komið nægilegt skýrt fram í umræðunni að lagaheimild fyrir því skorti í lögin frá 1993.

Í framhaldi af því komu inn stjórnarskrárákvæði frá 1995. Af þeim ástæðum er ekki hægt að fara aftar en til ársins 1993. En meginástæðan fyrir því að ég kem hér upp er umræðan um fyrningu. Mér hefur þótt það jaðra við ósvífni að menn skuli beita fyrir sig fyrningu þegar þeir hafa verið uppvísir að og dæmdir fyrir mannréttindabrot. Mér finnst það alveg svakalegt og grafalvarlegt mál að slík viðhorf séu uppi, að menn séu að beita lagatæknilegum aðferðum í því skyni að reyna að fyrna bótarétt. Mér finnst það alveg grafalvarlegt mál og það er það sem mér finnst hreinasta ósvífni.

Ég get bætt við í þessu samhengi af því að sá fræðimaður sem mest hefur verið kenndur í lagadeildinni hélt því fram

og heldur því fram fullum fetum að viðurkenningardómur slíti fyrningu en ég ætla ekki að fara út í þá umræðu hér. En mér finnst alveg grafalvarlegt mál þegar menn beita fyrir sig fyrningarákvæðum þegar um mannréttindabrot er að ræða.

[19:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar aftur og aftur um það sem hann kallar lagatæknileg atriði. Eru lögin í landinu bara eitthvert tæknilegt atriði? Er þetta lögfræðingur sem talar þannig um lögin?

Ég hef litið svo á að það bæri að fara að lögum og það er það sem við erum að gera. Við erum að fara að lögum um þetta mál. Það er aðalatriðið. Ég tel að við eigum að fara að réttum lögum og það erum við að gera. Ef menn vilja gera eitthvað meira, þá er það pólitík og ef Alþingi vill gera eitthvað meira, þá getur Alþingi að sjálfsögðu tekið þá pólitísku ákvörðun að rétt sé að fara lengra aftur í tímann vegna þess að um mannréttindabrot sé að ræða eins og hér er nefnt. Og er það mannréttindabrot þá ekki miklu lengra aftur í tímann? Breyttust mannréttindi á Íslandi svona mikið við stjórnarskrána 1995? Ég kannast ekki við það. Ég var í því að undirbúa þetta frv. og ég kannast ekki við að einhver feiknaleg umræða hafi verið, einhverjar gífurlegar breytingar á mannréttindum á Íslandi. Ef menn vilja taka þá pólitísku ákvörðun að fara lengra aftur í tímann, af hverju þá þrjú ár til viðbótar? Það skil ég ekki. Ef lögin segja fjögur ár, þá er hitt pólitísk ákvörðun og ég tel að pólitíkin hafi verið ákveðin 1993 með þessu frv. sem reyndist svona vitlaust og vanhugsað og eitthvað hefur þurft að laga, en það eigi ekki að vera einhver endapunktur í því hvað menn vilji þá bæta það sem menn kalla mannréttindi langt aftur.

[20:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hversu vel hæstv. utanrrh. hefur fylgst með þegar þessi lagabreyting var gerð, þ.e. þegar stjórnarskránni var breytt, vegna þess að þá var settur inn nýr mannréttindakafli. Ef menn ætla að halda því fram að það að setja nýjan mannréttindakafla inn í stjórnarskrána hafi ekki verið veruleg breyting, virðulegi forseti, ætla ég að draga þá ályktun að menn hafi ekki fylgst mjög vandlega með því sem þá fór fram.

Hæstv. utanrrh. talaði um lagatæknileg atriði og að fara að lögum. Þá er rétt að upplýsa að menn þurfa ekki að bera fyrir sig fyrningu. Þetta eru svokölluð frávíkjanleg lög, menn geta viðurkennt kröfur. Menn þurfa ekki að bera það fyrir sig. Þær deyja ekki sjálfkrafa, það er ekki þannig. Menn geta viðurkennt kröfur jafnvel aftar í tímann. Mér fannst að menn eigi ekki að vera að bera fyrir sig það sem ég kalla lagatæknileg atriði vegna þess að talsverður ágreiningur er um það hvort viðurkenningardómar hlíti fyrningu eða ekki. Það er það sem ég á við þegar ég kalla þetta lagatæknileg atriði að bera slíka hluti fyrir sig í tilvikum eins og þessum þar sem Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að menn hafi með ranglátum hætti, með röngum lögum, haft bætur af fólki sem þær átti að fá. Þess vegna segi ég enn og aftur og ítreka það sem ég hef sagt áður að mér þykir það nánast hreinasta ósvifni að bera fyrir sig fyrningu þegar um brot á mannréttindum er að ræða.

[20:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á þessum lagatæknilegu atriðum og ég átta mig heldur ekki á því að „bera fyrir sig fyrningu". Lögin segja þetta. Þau segja einfaldlega að það beri að greiða fjögur ár aftur í tímann. Það segja lögin. Því er verið að fylgja.

Mér er vel kunnugt um það, hv. þm., ég var ekki sofandi allan tímann sem var verið að fjalla um þetta mál, mér er vel kunnugt um að verið var að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar að því er varðar mannréttindi. En við vorum að mínu mati að laga þau ákvæði að þeim veruleika sem blasti við almennt í íslensku samfélagi. Ég vil ekki halda því fram að þær breytingar sem voru gerðar á stjórnarskránni hafi orsakað einhverja byltingu í samfélaginu. Við vorum að breyta þessum ákvæðum til samræmis við nýja tíma, breyttar aðstæður og breytta hugsun. Þetta var það sem við vorum að gera.

En ég vil leyfa mér að halda því fram að sú hugsun hafi ekki verið fundin upp árið sem þetta gerðist. Ég tel að hún hafi verið að skapast mörg ár á undan, langt á undan þeim tíma. Ég tel að sú bylting sem hafi átt að eiga sér stað hafi ekki átt sér stað. Það var það sem ég var að segja. En ég veit það, hv. þm., að þarna voru breytingar sem vörðuðu mannréttindin.

[Fundarhlé. — 20:04]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það frv. sem hér liggur fyrir gengur á svig við nýfallinn dóm Hæstaréttar. Þetta er brot á stjórnarskrá. Við erum búin að ræða þetta mál í tvo daga og höfum fært fyrir því sterk rök. Þetta mál hefur verið tekið fyrir á ábyrgð meiri hluta. Þetta mál er á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og við munum þess vegna ekki skipta okkur af því með hvaða hætti greidd eru atkvæði um að það fari til nefndar og sitjum hjá við þá atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, VÞV, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁMM, GunnB, HBl, IP, KLM, MF, SighB, SF, SvanJ, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur stjórnarandstöðunni mistekist fullkomlega að sýna fram á að hægt hefði verið að bregðast við niðurstöðu þriggja af fimm hæstaréttardómurum með öðrum hætti en lögum. Þeir hafa borið sakir á þingmenn sína þeim þungu sökum, eins og gerðist hér áðan, að ætla sér vísvitandi og viljandi að brjóta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og hunsa dómstóla landsins. Slík framganga og slíkur málatilbúnaður er fordæmalaus hér á Alþingi.

Vönduð skýrsla lögfræðinga og frv. ríkisstjórnarinnar hrindir þessum tilefnislausu og siðlausu ásökunum.

[20:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er lagt til að vísa til nefndar frv. sem stríðir gegn stjórnarskrá Íslands og gengur á svig við skýra niðurstöðu hæstaréttar landsins sem fékk það verkefni að skera úr um það hvort heimilt væri, með tilvísun til tiltekinna ákvæða í almannatryggingalögum, að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka hans eða hennar. Þessi tekjutrygging er samkvæmt gildandi lögum 32.566 kr. Samkvæmt þessu frv. er hún færð niður í 25 þús. kr. Niðurstaða Hæstaréttar Íslands er afdráttarlaus. Þessi skerðing er óheimil, enda ber að líta á þessa tekjutryggðu fjárupphæð sem einstaklingsbundinn stjórnarskrárvarinn rétt.

Hér er fjallað um mannréttindi. Við munum ekki veita brautargengi frv. sem brýtur í bága við úrskurð Hæstaréttar Íslands og hefur að engu stjórnarskrárvarin mannréttindi.

[20:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins munu ekki styðja þetta frv. og er þar staðið við þá yfirlýsingu sem við gáfum í upphafi málsmeðferðarinnar að við munum með engum hætti ljá þessum málum lið. Stjórnarliðar hafa ákveðið að keyra þetta frv. í gegn og þeim mun örugglega takast það með sínum meiri hluta.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 20:21.

---

62. FUNDUR

laugardaginn 20. jan.,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 379. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 658.

Sjúkraflug, 405. mál, fsp. KLM, þskj. 659.

Útvarpsgjald, 340. mál, svar menntmrh., þskj. 648.

Fundi slitið kl. 17:01.

---

63. FUNDUR

mánudaginn 22. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Almannatryggingar, stjfrv., 379. mál, þskj. 624, nál. 658 og 660. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Magnús Stefánsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsfl."

Magnús Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar, 379. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 660.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 379. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 624, nál. 658 og 660.

[10:32]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta hv. heilbr.- og trn. sem fyrir liggur á þskj. 658.

Frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar var til meðferðar og umræðu á fundi nefndarinnar sl. föstudag. Nefndin kvaddi til fundar við sig fjölda sérfræðinga á sviði lögfræði og mannréttinda auk fulltrúa Öryrkjabandalagsins, verkalýðshreyfingarinnar, Samtaka aldraðra,

norrænu hagsýslunefndarinnar á sviði félagsmála, o.fl. eins og greinir í nefndaráliti meiri hlutans.

Niðurstaða meiri hlutans er að með því að hækka lágmarksupphæð sem örorkulífeyrisþegi hefur til ráðstöfunar úr 18.424 kr. í 43.424 kr. uppfylli löggjafinn skyldur sínar skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt að dómi Hæstaréttar sé þar með fullnægt, eins og lagt er til í frv. því sem fyrir þinginu liggur. Þessu til stuðnings vísar meiri hluti nefndarinnar til skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu og jafnframt til ummæla þeirra Sigurðar Líndals prófessors, Eiríks Tómassonar prófessors og Skúla Magnússonar lektors sem allir komu á fund nefndarinnar. Í máli þeirra kom fram það samdóma álit að hvorki 1. gr. frumvarpsins né frumvarpið í heild væri í andstöðu við stjórnarskrána. Í sama streng tóku lögfræðingarnir Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir sem einnig komu á fund nefndarinnar.

Í máli Eiríks Tómassonar kom fram að það væri meginregla að túlka bæri viðurkenningardóma sem kvæðu á um valdmörk löggjafarvaldsins þröngt sem felur í sér að nota eigi þá skýringarleið sem hefur minnstar skerðingar á valdheimildum löggjafans í för með sér. Í þessu tilviki sé því réttast að túlka dóminn þannig að hann feli ekki í sér algert bann við tekjutengingu tekjutryggingar við tekjur maka, enda gefur dómurinn ekki skýrt til kynna að svo sé.

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar fjallar aðeins um þau tilvik þar sem annað hjóna nýtur örorkulífeyris, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Engu að síður tekur frumvarpið einnig til þeirra tilvika sem um getur í 6. og 7. mgr. 17. gr. laganna, eða til tilvika þar sem bæði hjón eru örorkulífeyrisþegar og þeirra tilvika þar sem annað hjóna er örorkulífeyrisþegi og hitt ellilífeyrisþegi. Meiri hlutinn telur að með þessu sé gætt jafnræðis á milli þeirra hópa öryrkja sem hér greinir.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans með þeim rökum sem þar eru greind telur meiri hlutinn að ákvæði frv. um greiðslur aftur í tímann uppfylli allar kröfur gildandi laga og meginreglur íslensks réttar. Þar er um að ræða ívilnun frá þeim reglum sem í gildi voru og því sé þar um að ræða ívilnandi ákvörðun sem sé heimilt að taka og löggjafinn er bær til að ákveða, samanber einnig álit fræðimanna við lagadeild Háskóla Íslands svo sem greinir í nefndaráliti meiri hlutans. Hið sama á við um greiðslu vaxta á þeim fjárhæðum sem einstaklingar eiga kröfu á samkvæmt frv.

Þá eru í frv. ákvæði um með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins skuli hafa frumkvæði að því að greiða öryrkjum þær fjárhæðir sem frv. mælir fyrir um en jafnframt að þeir öryrkjar sem ekki hafa sótt um tekjutryggingu hafi til þess tiltekinn tíma. Að mati meiri hluta nefndarinnar er nauðsynlegt að kveða á um þetta í lögum. Hið sama á við um skattalega meðferð þessara greiðslna þar sem frv. gerir ráð fyrir að öryrkjar geti sótt um að greiðslur verði færðar til skattskyldra tekna þessara ára sem getur leitt til hagstæðari skattalegrar niðurstöðu.

Nefndin tók sérstaklega til skoðunar hvernig sambærilegum greiðslum og hér um ræðir er háttað á öðrum Norðurlöndum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja kemur fram að tekjutengingar almannatryggingabóta viðgangist í nær öllum löndum Evrópu og að sú staðhæfing að tekjur maka hafi hvergi áhrif nema á Íslandi sé ekki rétt. Tilgangurinn sé alls staðar sá sami þar sem tryggingarnar hafa úr takmarkaðri fjárhæð að spila, þ.e. að tryggja þeim sem verst eru settir hærri bótagrunn með því að skerða bætur á grundvelli tekna hjá þeim sem hafa tekjur eftir öðrum leiðum. Þetta eru þau rök sem tekjutengingar hér á landi hafa alla tíð byggst á.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að hafa í heiðri þau grundvallarsjónarmið að ávallt verði mögulegt að tryggja þeim sem mest þurfa á að halda þeirri aðstoð sem nauðsynleg er, og ef því er að skipta, á kostnað þeirra sem meira hafa.

Þá vil ég vekja athygli á niðurlagi nefndarálits meiri hlutans þar sem kemur fram að starfandi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem vinnur að heildarendurskoðun almannatryggingalaganna hefur verið falið að flýta vinnu sinni þannig að hún geti skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir miðjan apríl á þessu ári. Meiri hlutinn bindur miklar vonir við starf nefndarinnar og að með tillögum hennar og lagasetningu í kjölfarið verði leyst úr ýmsum öðrum álitaefnum sem vaknað hafa í kjölfar dóms Hæstaréttar, ásamt því að almenn endurskoðun á ákvæðum laganna verði til hagsbóta fyrir þá sem byggja á þeim rétt.

Þá vil ég, virðulegi forseti, taka fram að ummæli þau sem höfð eru eftir gestum í nefndaráliti meiri hlutans hafa verið borin undir gestina og þeir staðfest að ummælin séu rétt eftir þeim höfð.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég leiðrétta tilvísun í hæstaréttardóm í nefndaráliti meiri hlutans en rétt tilvísun er að dóminn er að finna í dómasafni Hæstaréttar 1998 á bls. 4180.

Virðulegi forseti. Í samræmi við það sem að framan greinir leggur meiri hluti heilbr.- og trn. til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir álit þetta rita hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn. auk þeirrar sem hér stendur Tómas Ingi Olrich, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Kristinn H. Gunnarsson og Pétur Blöndal.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

[10:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kom fram í máli talsmanns meiri hluta nefndarinnar að meiri hlutinn teldi að með lagafrv. uppfyllti löggjafinn skyldur sínar gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins og farið væri að dómi Hæstaréttar.

Nú hefur komið fram bæði í umræðum á Alþingi og af hálfu sérfræðinga sem kvaddir voru fyrir hv. heilbrn. að menn eru á öðru máli. Margir hafa fært fyrir því mjög haldgóð rök að frv. stríði gegn stjórnarskrá Íslands og fari gegn hæstaréttardómi.

Voru ræddar siðferðilegar hliðar á þessu máli? Var hin siðferðilega spurning reifuð hvort rétt væri að beita fyrningarákvæðum gagnvart þeim brotum sem allir eru þó sammála um að framin hafi verið á öryrkjum?

[10:40]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo sem fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans var fjöldi manna kvaddur á fund nefndarinnar til þess að fjalla um þessi mál. Það sem við höfum hér vísað í eru fyrst og fremst álit lögfræðinga sem lúta að fyrningu. Ég minnist þess ekki að á fundi hv. heilbr.- og trn. hafi mikið verið rætt um siðferði.

[10:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru mjög athyglisverð ummæli um mál sem okkur er sagt af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar að sé fyrst og fremst pólitískt í eðli sínu. Við höfum í málflutningi okkar bent á að hér sé um að ræða brot á stjórnarskrá Íslands og að ekki sé farið að dómi Hæstaréttar. Það er mjög alvarlegt mál ef Alþingi ætlar að fara fram með þessum hætti.

Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að hér séum við að fást við pólitískt álitaefni og siðferðilegt í eðli sínu. Nú er það upplýst af hálfu talsmanns meiri hluta hv. heilbr.- og trn. að um þau efni hafi alls ekki verið fjallað.

[10:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt af því sem ríkisstjórnin virðist hafa uppgötvað eftir að þessi öryrkjadómur féll var að kjör öryrkja eru afar bágborin á Íslandi og var nú ekki vonum seinna eftir fimm ára valdasetu í ríkisstjórn sem byrjaði sinn feril eftir að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar voru sett með því að slíta á tengsl launa og lífeyris með þeim afleiðingum að kjör öryrkja eru orðin mjög bágborin ásamt fleiru sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir til þess að hlunnfara lífeyrisþega.

Því vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar hvort ekki hafi komið til greina í nefndarstarfinu að flýta því að skila niðurstöðu og tillögum um hvernig eigi að bæta kjör þessa hóps. Hvers vegna þarf að bíða til 15. apríl með að leggja fram tilögur þar að lútandi? Þessi nefnd sem vísað er til er búin að starfa í marga mánuði og var það reyndar svo að öryrkjar og ellilífeyrisþegar héldu að hún mundi skila af sér fyrir áramót. Hvers vegna í ósköpunum þarf að bíða fram í miðjan apríl eftir að hún skili tillögum sínum ?

[10:43]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í nefndaráliti meiri hluta heilbr.- og trn. að þeirri nefnd sem hefur verið að vinna að heildarendurskoðun almannatryggingalaganna hafi verið falið að flýta vinnu sinni þannig að hún geti skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir miðjan apríl. Nefndin bindur vonir við að með þeim tillögum og lagasetningu í kjölfarið verði leyst úr ýmsum öðrum álitaefnum sem vaknað hafa í kjölfar dómsins ásamt almennri endurskoðun.

Ég leyfi mér að halda því fram að sá tími sem nefndinni er ætlaður sé ætlaður sé síst of rúmt reiknaður miðað við það viðamikla verkefni sem nefndinni hefur verið falið.

[10:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. „Leysa úr álitaefnum", segir hv. þm. Það er vonandi ekki álitamál enn að kjör öryrkja eru afar bágborin og kjör lífeyrisþega yfir höfuð. Það er því bara fyrirsláttur að bíða þurfi fram í miðjan apríl til þess að bæta kjör þeirra. Fyrir þinginu liggja margvíslegar tillögur, meira að segja frá stjórnarandstöðunni, sem hægt væri að vinda sér strax í að skoða, sem m.a. lúta að því að bæta lífeyrisþegum upp þann mismun sem orðið hefur á kjörum þeirra og annarra hópa í þjóðfélaginu vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til vegna þess að hún hefur ávallt þegar hún hefur verið að bæta kjör öryrkja miðað við það lægsta viðmið sem hún hefur fundið og miðar þar við neysluvísitölu þó hún eigi að miða kjör þeirra við launavísitölu samkvæmt lögum sem samþykkt voru 1998. Þar er enn eina ferðina verið að brjóta á lífeyrisþegum.

Þess vegna er afar sérstætt að það skuli þurfa að bíða í tvo til þrjá mánuði enn með að bæta kjör þessara hópa.

[10:45]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í hv. heilbr.- og trn. var fjallað um þá öryrkja sem þessi dómur tekur til og er hér til umfjöllunar. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að benda á að umfjöllunin um þennan dóm og frv. hefur m.a. vakið athygli á þeim öryrkjum og kjörum þeirra sem við teljum að búi við mun bágari kjör en þeir sem dómurinn lýtur að.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að segjast að á óvart kemur hversu slappt þetta nál. meiri hlutans er með hliðsjón af því hversu stórt og mikilvægt málið er, það losar þrjár blaðsíður og sú fyrsta fer að mestu leyti í upptalningu á gestum sem komu fyrir nefndina.

Ég vil í öðru lagi gagnrýna hversu langt hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn., hefur gengið í því að láta að því liggja að svo til allir lögspekingar sem að þessu máli hafa komið skrifi upp á niðurstöðu ríkisstjórnarinnar. Það er fjarri öllu lagi eins og glöggt kemur fram í nál. minni hlutans.

Í þriðja lagi er sagt á einum stað, á bls. 2 í nál. meiri hlutans, um miðbik nál. að 1. gr. frv. gangi út á að draga úr skerðingunni í þeim mæli að hún standist 76. gr. stjórnarskrárinnar. Hvers vegna, hv. þm., eru engin rök færð fyrir því að þarna liggi þá hin réttu mörk? Er það frambærilegt að leggja fram nál. án þess að reyna að rökstyðja að þessi upphæð sé fundin með einhverjum málefnalegum hætti?

[10:47]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að ég hafi látið að því liggja að allir þeir lögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar hafi tekið undir álit meiri hluta heilbrn. þá tel ég hann vera að vísa í orð mín í kvöldfréttum á föstudaginn var. Mér finnst því rétt fyrst hann kemur inn á þetta að segja hvað ég sagði þar og endurtaka það og vitna hér í útskrift, með leyfi forseta:

Ég sagði þar: „Meiri hluti nefndarinnar leggur það til að frv. verði samþykkt óbreytt og það byggir fyrst og fremst á því áliti nefndarinnar að með því að hækka lágmarksupphæð sem örorkulífeyrisþegi hefur til ráðstöfunar úr þessum rúmum 18 þús. kr. og upp í 43 þús. að þá sé löggjafinn að uppfylla skyldur samkvæmt þessu ákvæði stjórnarskrárinnar 76. gr. og jafnframt að dómi Hæstaréttar sé þar með fullnægt."

Síðan bætti ég við, með leyfi forseta:

„Og fyrir þeim skilningi höfum við náttúrlega stuðning ýmissa lögfræðinga" — ýmissa lögfræðinga — „og lögspekinga sem komu á fund nefndarinnar og samdóma álit þeirra er það að hvorki 1. gr. frv. né frv. í heild sé í andstöðu við stjórnarskrána."

[10:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var í besta falli mjög einhliða og ónákvæm frásögn af því sem gerst hafði á þessum nefndarfundum eins og glöggt kemur fram þegar farið er yfir nál. minni hlutans þar sem betur og ítarlegar er gerð grein fyrir afstöðu hvers lögmanns um sig sem fyrir nefndina kom.

En þetta er ekki aðalatriði málsins og mun hvort sem er falla hér í umræðunum á eftir sú fullyrðing ríkisstjórnarinnar eða tilraunir til þess að búa til þá mynd að meira og minna sé samstaða meðal lögfræðinga í þessu efni. Það er nú öðru nær, herra forseti, og miklu nær að segja að þeir séu fleiri sem skipi þann hóp sem telja í besta falli mikinn vafa á því, mikið mat hvort þetta standist, og svo hina sem eru því algjörlega andvígir.

En ég vildi gjarnan fá að heyra í seinna svari hv. þm. einhverja tilburði til rökstuðnings á þeirri dæmalausu framsetningu málsins að með þessari tölu séu fundin þau mörk að dregið sé nægjanlega úr skerðingunni til að fullnægja dómnum. Það er með ólíkindum að ekki skuli vera reynt að rökstyðja eitthvað í þessu nál. að svo sé.

[10:49]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé a.m.k. orðið ljóst að ég hef hvergi haldið því fram að allir lögfræðingar á fundi heilbr.- og trn. taki undir álit meiri hlutans. Ég tel að það sé ljóst.

Varðandi fjárhæðina sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallar hér um, þ.e. 43 þús. kr., þá hefur í 1. umr. um frv. margoft verið komið inn á rökin fyrir því hvernig sú fjárhæð var fundin (**Gripið fram í:** Nei, það hefur ekki komið fram.) — ef ég fengi að klára mál mitt. Ég geri ráð fyrir að sú umræða muni enn skýrast í 2. umr. um málið en í stuttu máli sagt byggir þetta á málefnalegum grunni, því að ef tekjutrygging einstaklingsins er 51 þús., þá eru málefnaleg rök fyrir því, vegna hagræðisins af sambúðinni, að 43 þús. sé sú rétta fjárhæð.

[10:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað upp til að spyrja um nákvæmlega þetta atriði sem hér var til umræðu. Hv. þm. Jónína Bjartmarz segir að án efa muni þetta mál skýrast við 2. umr. en ég vil gefa hv. þm. tækifæri til að skýra þetta mál nú þegar. Þetta er lykiltala í allri þessari umræðu. Við erum sammála um það bæði meiri hluti og minni hluti að einstaklingurinn hafi samkvæmt dómi Hæstaréttar, þ.e. öryrki í þessari stöðu hafi samkvæmt dómi Hæstaréttar tiltekinn lögvarinn rétt til lágmarksframfærslu. Við erum sammála dómi meiri hluta Hæstaréttar að það þýði að dómnum gengnum að einstaklingurinn eigi að hafa 51 þús. kr. á mánuði.

Hv. þm. talar um að nægjanlegt sé að hafa 43.424 kr. Við höfum þráspurt meiri hlutann: Hverning kemst hann með málefnalegum hætti að þeirri niðurstöðu? Og ég spyr enn hv. þm.: Hvernig kemst meiri hlutinn að þeirri niðurstöðu?

[10:52]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meiri hlutinn kemst að þeirri niðurstöðu, svo sem rök eru fyrir í dómi Hæstaréttar, að ef tekið er mið af tekjutryggingu einstaklingins, 51 þús. kr., þá er 43 þús. kr. ekki óeðlileg tala miðað við það hagræði sem af sambúðinni í hjúskapnum leiðir. Ég vil ítreka það hér að Hæstiréttur segir að þessar rúmar 18 þús. kr. sé ekki nægur lágmarksréttur fyrir öryrkja. Þarna er um að ræða 140% hækkun á þeirri fjárhæð og ég tel að þennan 8 þús. kr. mun megi vel rökstyðja með hagræðinu sem af sambúðinni leiðir.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að hagræðið sem felst í sambúð megi meta til 8 þús. kr. Það er rangt. Það má meta til 22 þús. kr. og það er þegar búið að gera það. Þegar er búið að meta þetta hagræði til nánast þrefalt þeirrar upphæðar sem hv. þm. talar um.

Það liggur einfaldlega fyrir að við það að fara í sambúð tapar öryrkinn heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Þetta nemur samtals 22 þús. kr. Þetta nemur 30,67% af þeim framfærslueyri sem hann hafði úr opinbera sjóðnum. Ef þessi rök hv. þm. eru einu rökin sem meiri hlutinn hefur, þá hrynja þau eins og spilaborg.

[10:53]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Fyrir hönd minni hluta heilbr.- og trn. Alþingis, sem samanstendur auk þeirrar sem hér talar af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Þuríði Backman, mæli ég fyrir áliti um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar vegna málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Með dómi Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins töldu margir að endir væri fenginn í áralangri deilu á milli öryrkja og ríkisvaldsins um það hver réttur öryrkja til aðstoðar úr opinberum sjóði væri. Dómsorð Hæstaréttar er skýrt og það er í fullu samræmi við kröfugerð Öryrkjabandalagsins, svo mjög að hvorugum málsaðila datt í hug eftir uppkvaðningu að ekki yrði fallist á skýra niðurstöðu í dómsorði Hæstaréttar. Þannig lýstu t.d. forvígismenn samtaka öryrkja yfir ánægju með málalok, hæstv. heilbrrh. sagðist ekki mundu deila við Hæstarétt og að sjálfsögðu yrði farið að dómnum.

Það má líka ráða af viðbrögðum þeirra sem eru ósáttir við dóminn að þetta sé þeirra skilningur því gagnrýni þeirra benti til þess að þeir teldu dóminn hafa farið út fyrir það svið sem honum var ætlað, sem felur væntanlega í sér þá hugsun að hann sé að fara inn á eitthvert annað svið.

Ég vil nefna hér sem dæmi viðtal við Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmann og formann starfshóps ríkisstjórnarinnar um málið, en í viðtali við Dag segir hann, með leyfi forseta:

„En það getur ekki verið hlutverk dómstóla að ákveða að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt við þennan dóm, dómstóllinn var að þessu leyti að taka sér vald sem hann á ekki að hafa. Þarna er verið að kveða upp dóm af aðila sem ber hvorki ábyrgð á tekjuöflun ríkisins né fjárreiðum þess á einn eða annan veg."

Sem sagt hæstaréttarlögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson er að gagnrýna að Hæstiréttur hafi kveðið á um þetta, eða hvað? Er hægt að skilja þessa gagnrýni hans á einhvern annan hátt en orð hans segja til um í þessu viðtali við Dag?

Einnig má geta þess, sem verður síðar betur rakið í framsögu minni hlutans, að forstjóri Tryggingastofnunar lýsti því yfir eins og kunnugt er að reiknaðar yrðu út bætur á

grundvelli dómsins strax og það væri ekkert því til fyrirtöðu og verður farið nánar ofan í það á eftir.

En viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa sett málin í þann farveg sem engan óraði fyrir og með meðferð sinni á málinu, ef fram heldur sem horfir, hefur ríkisstjórninni tekist að sjá til þess að enn um skeið munu öryrkjar þurfa að heyja baráttu fyrir dómstólum fyrir stjórnarskrárvörðum rétti sínum.

Reyndar hefur sú skoðun komið fram hjá stjórnarliðum að það sé sjálfsagður og eðlilegur hlutur að öryrkjar leiti réttar sín fyrir dómstólum í kjölfar viðurkenningarmáls og hefur hæstv. formaður heilbr.- og trn. m.a. bent á þá leið fyrir öryrkjana.

Slíkur málflutningur er með eindæmum, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að með dómi Hæstaréttar í viðurkenningarmálinu hefur það fengist ótvírætt staðfest af Hæstarétti að framkvæmdin sem verið hefur um tekjutengingu tekjutryggingar við tekjur maka hefur stangast á við stjórnarskrá. Það getur a.m.k. enginn deilt um það, Hæstiréttur segir það, þessi framkvæmd hefur stangast á við stjórnarskrá og alþjóðlega mannréttindasamninga. Í ljósi þeirrar staðreyndar, burt séð frá því hvern skilning menn kunna síðan að leggja í nánari útfærslu dómsins, þá ætti það nú að vera ríkisstjórninni hvatning til þess að fara varlega svo slíkt gerist ekki aftur gagnvart þessum hópi, eða hvað?

Stjórnarandstaðan fordæmir meðferð ríkisstjórnarinnar á málinu og er í grundvallaratriðum ósammála fráleitri túlkun hennar á skýrum dómi Hæstaréttar. Er það mat minni hluta nefndarinnar að í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi sé ríkisstjórnin að brjóta gegn skýrum fyrirmælum Hæstaréttar um að tenging tekjutryggingar örorkulífeyrisþega við tekjur maka sé óheimil, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, og að frumvarpið feli í sér brot á stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Í ljósi þessa mun minni hlutinn leggja til að málinu verði vísað frá. Mun minni hlutinn í nefndaráliti þessu rökstyðja nánar þessa niðurstöðu sína.

Það vekur óneitanlega mikla athygli hversu mikla þverúð ríkisstjórnin hefur sýnt í þessu máli og fullyrði ég að slík meðferð á hópi sem sannanlega hafa verið brotin mannréttindi á sé með eindæmum. Og svo undarlegt sem það er virðist það víðs fjarri að einhver vilji sé til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að binda endi á þessa áralöngu þrætu við öryrkja. Rétt er í þessu samhengi að rifja það upp að þegar deilan kemur fyrir dómstól var það einhuga niðurstaða þriggja dómara þar, í héraðsdómi sem sagt, að Tryggingastofnun eða ríkisvaldinu hafi verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekjutengingar við tekjur maka á tímabilinu 1994–1998. Þá erum við að tala um fyrra tímabilið. Tryggingastofnun eða ríkisvaldið áfrýjaði niðurstöðunni varðandi þetta tímabil eigi að síður til Hæstaréttar þrátt fyrir að málið væri augljóslega tapað hvað þetta tímabil varðar. Hefði nú ekki verið eðlilegra fyrir ríkisvaldið að láta a.m.k. þessum hluta málsins lokið þar sem hverjum manni mátti vera það ljóst að þar fór ríkisvaldið með vafasaman málflutning, svo vægt sé til orða tekið. Enda kom í ljós að Hæstiréttur var einhuga um að Tryggingastofnun eða ríkisvaldinu hafi verið óheimilt að tengja tekjutryggingu öryrkja við tekjur maka a.m.k. á þessu tímabili. Um það er ekki deilt.

Í lýðræðisþjóðfélagi kallar niðurstaða sem þessi frá æðsta dómstóli þjóðarinnar á einföld viðbrögð: að ríkisvaldið virði niðurstöðu dómsins og geri að fullu upp við þann hóp sem brotið var á. En niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að aðeins þurfi að gera upp að hluta til við þennan hóp og vitnar til fyrningarreglna. Slík framkoma lýsir vafasamri beitingu ríkisstjórnarinnar á valdi sínu svo ekki sé sterkara að orði kveðið.

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls sem hér er til umfjöllunar er sá að 1. jan. 1994 tóku gildi ný heildarlög um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem enn eru í gildi að stofni til. Í lögunum var ekki að finna heimild til skerðingar tekjutryggingar á grundvelli tekna maka heldur var einungis heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna öryrkjans sjálfs.

Í kjölfar laganna var sett reglugerð nr. 485/1995 þar sem kveðið var á um í 2. mgr. 4. gr. hennar að heimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki er maki hans er ekki lífeyrisþegi. Þessari reglu var beitt til skerðingar tekjutryggingar örorkulífeyrisþega allt frá gildistöku laganna og þar til lög nr. 149/1998 tóku gildi. Ágreiningurinn í málinu snýst í samræmi við þetta um tvö tímabil, í fyrsta lagi tímabilið þegar reglugerðin var grundvöllur skerðingar og í öðru lagi tímabilið eftir að lög nr. 149/1998 tóku gildi. Kröfur Öryrkjabandalagsins í málinu ná því til þessara tveggja tímabila.

Hvað fyrra tímabilið varðar vekur minni hlutinn athygli á því að í héraðsdómi þeim sem síðan var áfrýjað til Hæstaréttar sem felldi þann dóm sem frumvarpið er sprottið af kemur fram að fjölmargir félagsmenn aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins hafi leitað réttar síns hjá Tryggingastofnun ríkisins á þeim grundvelli að reglugerðina skorti lagastoð en án árangurs. Þá hafi sumir leitað til umboðsmanns Alþingis á sama grundvelli en án árangurs. Þannig hafi umboðsmaður í áliti 13. apríl 1998 komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 485/1995 hafi verið lögmætt en þar er m.a. fjallað um það til hvaða lagastoðar reglugerðin sæki gildi sitt. Byggði hann álit sitt á því að í eldri lögum hefði verið fullnægjandi lagaheimild til skerðingarinnar og ekki yrði fullyrt að brottfall sérstakrar reglugerðarheimildar benti til breytingar á framkvæmd laganna að þessu leyti. Öryrkjabandalagið mótmælti þessari túlkun umboðsmanns og taldi hana ekki fullnægja viðteknum túlkunarkostum, m.a. um lögmæti og að lagaákvæði um takmarkanir á mannréttindum skuli vera skýr og ótvíræð. Þeir þrír dómarar sem dæmdu málið í héraðsdómi komust hins vegar allir — og þá er vakin athygli á því að héraðsdómur var fjölskipaður í þessu máli — að þeirri niðurstöðu að umrætt skerðingarákvæði í reglugerðinni hefði skort lagastoð og skerðing á grundvelli þess væri því óheimil. Sama var uppi á teningnum í Hæstarétti hvað fyrra tímabilið varðar þar sem það var samdóma niðurstaða þeirra fimm dómara sem málið dæmdu að reglugerðarheimild hefði skort og skerðing á grundvelli hennar því óheimil.

Með lögum nr. 149/1998 var umdeilt skerðingarákvæði lögfest og varð að 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993. Stjórnarandstaðan í heilbrigðis- og tryggingananefnd skilaði sérálíti þegar frumvarp til laganna var afgreitt úr nefndinni þar sem sérstaklega var gagnrýnd sú málsmeðferð sem frumvarpið fékk í þinginu, en frumvarpið var lagt fram degi áður en þingi var frestað í desember 1998 og því var hvorki unnt að senda málið til umsagnar né gafst tóm til ítarlegrar umræðu á hinu háa Alþingi. Í áliti minni hluta heilbr.- og trn. á þessum tíma segir enn fremur:

„Fyrir liggur að hér kann að vera um brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar [að ræða]. Fyrir því liggja eftirfarandi rök:

1. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

2. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Í þessum greinum er því skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og að allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti", fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu."

Síðan segir í nefndarálitinu:

„Í ljósi þessa getur stjórnarandstaðan ekki greitt atkvæði með málinu. Hún hefur jafnframt bent á leiðir sem gætu tryggt að ívilnun gagnvart bótaþegum hefði náð fram að ganga án þess að lögfest yrðu ákvæði sem mögulega fælu í sér mannréttindabrot. Við því vildi meiri hlutinn ekki verða. Stjórnarliðið verður því að bera ábyrgð á samþykkt framangreindra laga."

Undir þetta álit skrifuðu Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður heilbrigðis- og tryggingaefndar, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, og Guðný Guðbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, tóku þátt í afgreiðslu málsins og voru samþykk álitinu.

Það er nú svo, herra forseti, að fyrri ásakanir stjórnarandstöðu um að ríkisstjórnin hafi verið að fremja stjórnarskrárbrot á öryrkjum með því að tengja tekjutryggingu við tekjur maka hafa verið á rökum reistar. Því sætir það furðu að sá hópur hv. þingmanna sem samþykkti lögin frá 1998 og vísaði ásökunum stjórnarandstöðunnar á bug skuli nú kveinka sér svo mjög sem raun ber vitni þegar við lýsum þeirri bjargföstu skoðun okkar að frv. sem hér er til umræðu feli áfram í sér að brotin séu mannréttindi á þessum hópi. Það er okkar einlæga trú að svo sé og það er að sjálfsögðu skylda okkar sem þingmanna að láta þessa sannfæringu okkar í ljósi, enda eru þingmenn bundnir af henni í málflutningi sínum, herra forseti.

Í framhaldi af því sem hér var rakið hefur stjórnarandstaðan tvívegis lagt fram frumvarp sem mælt hefur fyrir um afnám tengingar tekjutryggingar við tekjur maka, það fyrra á 125. þingi og nú liggur fyrir þinginu frumvarp þessa efnis sem þegar hefur verið vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar og bíður þar afgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök, staðfestir að skilningur stjórnarandstöðunnar í málinu hefur verið réttur frá upphafi.

Viðbrögð Öryrkjabandalags Íslands við lögum nr. 149/1998 voru snögg. Einungis nítján dögum eftir að lögin tóku gildi stefndi bandalagið Tryggingastofnun ríkisins. Kröfur Öryrkjabandalags Íslands voru í fyrsta lagi að skerðing skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 væri óheimil, þ.e. fyrra tímabilið, og var fallist á það eins og rakið var hér að framan og jafnframt að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka skv. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, sbr. lög nr. 149/1998, væri óheimil, þ.e. síðara tímabilið.

Öryrkjabandalagið byggði kröfu sína fyrir síðara tímabilið á því að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tengingar við tekjur maka væri andstæð 76. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um rétt til aðstoðar úr opinberum sjóði vegna örorku, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og vísaði í þessu sambandi til 12. og 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 9. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Jafnframt taldi Öryrkjabandalagið að skerðingin væri andstæð jafnréttisákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar sem ætti rót sína að rekja til 2. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Fleiri lagarök voru tínd til í kröfugerð Öryrkjabandalagsins, svo sem að skerðingarreglan væri í andstöðu við 1. gr. laga um málefni fatlaðra. Einnig er kannski rétt að vekja athygli á því hér að lögin um jafnan rétt kvenna og karla voru töluvert notuð í rökstuðningi Öryrkabandalagsins í ljósi þess að $^2/_3$ hlutar þess hóps sem hér um ræðir eru konur, og er líka rétt að vekja athygli á því að í forsendum dómsins vísar Hæstiréttur beinlínis til þessara röksemda Öryrkjabandalagsins og til jafnréttislaganna.

Það er skemmst frá því að segja að meiri hluti Hæstaréttar féllst að fullu á seinni kröfu Öryrkjabandalags Íslands. Þetta má glöggt sjá þegar kröfugerð Öryrkjabandalagsins fyrir Hæstarétti og dómsorð réttarins eru lesin saman. Kröfugerð Öryrkjabandalagsins var svohljóðandi:

„... að einnig verði viðurkennt með dómi Hæstaréttar, að aðaláfrýjanda hafi frá 1. janúar 1999 verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Dómsorð Hæstaréttar hljóðaði svo — og þá er ég ekki að vitna í, eins og meiri hlutinn hefur nú mikið tíðkað hér í einhver önnur orð í forsendum dómsins, dómsorð Hæstaréttar hljóðaði svo:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Er einhver vafi á því hvað þetta þýðir, herra forseti?

Það er óumdeild meginregla í lögfræði að við túlkun dóma skuli fyrst og fremst taka mið af kröfugerð aðila annars vegar og dómsorði hins vegar. Minni hlutinn telur ljóst að Hæstiréttur hafi með skýru dómsorði sínu, sem er orðrétt samhljóða kröfugerð Öryrkjabandalagsins, verið að banna þá aðferð sem fram kemur í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 og felst í því að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tengingu við tekjur maka. Ríkisstjórnin hefur hins vegar þá túlkun á dómi Hæstaréttar í frammi að þrátt fyrir skýrt dómsorð hafi Hæstiréttur verið að meina eitthvað annað sem lesa megi úr því sem segir í forsendum dómsins. Minni hlutinn hafnar slíkri túlkun algerlega og vekur athygli á því að sameiginlegur skilningur Eiríks Tómassonar lagaprófessors, Sigurðar Líndals lagaprófessors og Skúla Magnússonar lektors var að það vægi þungt við skýringu á dómi ef kröfugerð annars aðila væri tekin beint upp í dómsorð. Undir þetta tóku fleiri lögfræðingar sem komu fyrir nefndina. — Ég held reyndar að um það séu allir löglærðir sammála, herra forseti, að þetta vegur mjög þungt þegar kröfugerðin er tekin beint upp í dómsorð. — Slíkt mælti tvímælalaust með því að túlka dóminn á þann veg sem stjórnarandstaðan gerir. Eiríkur Tómasson sagði jafnframt að í skýrslu starfshóps

ríkisstjórnarinnar væri ekki mikið fjallað um þetta atriði og hvers vegna það hefði ekki leitt til annarrar niðurstöðu þegar valið væri á milli tveggja skýringarkosta. Aðspurður hvort með leið ríkisstjórnarinnar væri hún að taka áhættu vegna ásakana um mannréttindabrot svaraði Eiríkur Tómasson því til fyrir nefndinni að svo væri vegna þess að ekki væri hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hver yrði niðurstaða dómstóla ef málið yrði borið undir þá að nýju, en það væri hins vegar pólitískt mat hvort slík áhætta yrði tekin.

Þetta er skilningur lagaprófessorsins á þessu sem ríkisstjórnin er að gera. Og það er kannski einmitt það sem við höfum verið að vekja athygli á í þessu máli að burt séð frá öllum lagarökum er alveg ljóst að með því að túlka dóm Hæstaréttar á þann hátt sem ríkisstjórnin gerir sem ég vil reyndar meina að sé mjög veikur rökstuðningur fyrir þeirri túlkun, að þá er það alltaf þetta mat sem ríkisstjórnin á: Eigum við að taka áhættuna af því að þetta feli í sér áframhaldandi mannréttindabrot? Ég vek athygli á því að þennan kost velur hæstv. ríkisstjórn að taka.

Ég vil í þessu samhengi líka benda á dóm Hæstaréttar frá árinu 1988, bls. 1532 í dómasafni Hæstaréttar, en þar er vakin athygli á þeirri staðreynd að mannréttindi séu sett til verndar borgurunum en ekki stjórnvöldum. Ég held að mjög mikilvægt sé að draga þetta fram, herra forseti, í ljósi umræðunnar sem hér hefur átt sér stað, ekki síst í ljósi þeirra röksemda meiri hlutans um að túlka beri dóminn löggjafarvaldinu í hag ef vafi leikur á um þetta.

Mikilvægt er að hafa í huga að dómurinn fjallar um stjórnarbundin mannréttindi og að málið snýst um deilu á milli ríkisvaldsins og borgaranna um það hversu rík þessi vernd stjórnarskrárinnar er. Því er eðlilegt — og vísa ég þá enn og aftur til þessa hæstaréttardóms sem ég nefndi áðan og kemur fram í nefndaráliti minni hluta — að túlka dóminn mannréttindasjónarmiðinu í hag. Ella væru slík ákvæði lítils virði gagnvart ofríki ríkisvaldsins, en þau eru einmitt sett til þess að ríkisvaldið beiti ekki valdi sínu gagnvart borgurunum á óeðlilegan hátt. Þau eru sett til verndar borgurunum gagnvart ríkisvaldinu m.a.

Eins og sjá má að framan fellst meiri hluti Hæstaréttar án fyrirvara á kröfu Öryrkjabandalagsins í dómsorðinu — og þá erum við bara að tala um dómsorðið, þar birtist niðurstaða hans, Hæstiréttur hefur talað og niðurstaða hans birtist í dómsorðinu. — Í forsendum dóma koma hins vegar fram rök dómsins fyrir þeirri niðurstöðu sem birtist í dómsorði og ber að túlka það með hliðsjón af þeim. Ekki er óeðlilegt að þar sé í einhverjum mæli komið inn á mótrök en slíkt er þá iðulega gert til að skerpa á niðurstöðunni. Þetta má glögglega sjá á nokkrum stöðum í dóminum, t.d. þar sem fjallað er um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Hæstiréttur hrindir þeirri staðhæfingu að hér sé grundvöllur sem réttlæti skerðingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka með því að benda á að slík framfærsluskylda sé ekki á milli sambúðarfólks, en skv. 44. gr. laga nr. 117/1993 gildir 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga einnig um sambúðarfólk, þannig að Hæstiréttur er væntanlega ekki að mótmæla því. Þessu tengt fjallar Hæstiréttur um breytinguna sem varð á stjórnarskránni árið 1995. Ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem með breytingunni varð að 76. gr., hljóðaði svo:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann," — og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, það er mjög mikilvægt að hafa þetta orðalag í huga — „en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja."

Með breytingunni sem gerð var árið 1995 varð hins vegar grundvallarbreyting á ákvæðinu sem leiddi til þess að um einstaklingsbundinn lágmarksframfærslurétt varð að ræða sem löggjafanum er óheimilt að leggja á herðar annarra, eins og heimilt var samkvæmt eldra ákvæðinu. Ákvæði 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar hljóðaði svo eftir breytinguna:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Af orðalagi ákvæðisins eftir breytinguna má vera fullljóst að heimildin til að leggja umræddа lágmarksframfærslu á herðar annarra var felld niður. Þetta má einnig glögglega lesa úr orðum Hæstaréttar þar sem hann fjallar um þetta og undirstrikað er með eftirfarandi orðum í dómnum:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt."

Það er reyndar svolítið ankannalegt að heyra hæstv. ráðherra og stjórnarliða lýsa því yfir við umræðu um málið að ekki hafi staðið til að gera neinar efnisbreytingar á stjórnarskránni árið 1995. Þetta hljómar fremur undarlega í ljósi þess hversu mjög menn hreyktu sér af því afreki sínu að ná þessum breytingum á mannréttindakaflanum fram og vekur, a.m.k. að mínu mati, tortryggni um afstöðu manna til þess hvaða þýðingu það hefur að taka mannréttindaákvæði í stjórnarskrá og staðfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála. Því fylgir nefnilega raunveruleg ábyrgð fyrir ríkisvaldið og það ánægjulega er að dómur Hæstaréttar í þessu máli og reyndar fleiri dómar staðfesta að þessi réttindi borgaranna eru raunveruleg og að dómsvaldið ætlar að standa vörð um þau og hefur gert það. Það er reyndar réttarþróun sem hefur verið að aukast í seinni tíð.

Annað dæmi um það þegar Hæstiréttur bendir á mótrökin í málinu er þegar Hæstiréttur tekur fram að í lögum sé þó víða tekið tillit til hjúskaparstöðu fólks og bendir í því sambandi á skattalög og lög um félagslega aðstoð og dregur af því þá ályktun að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki, enda hafi löggjafinn í þessum tilvikum metið það málefnalegt og fært það í lög og við það er ekki gerð athugasemd, enda var þess ekki krafist. Það verður að hafa í huga. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar má einnig segja að löggjafinn hafi metið það málefnalegt með setningu laga nr. 149/1998 að skerða þann lágmarksframfærslueyri sem felst í tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka en það er hins vegar það málefnalega mat löggjafans sem Hæstiréttur telur að stangist á við stjórnarskrána og alþjóðlega sáttmála sem íslenska ríkið er bundið af og skerðing á þessum grundvelli því talin óheimil.

Í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar sem frumvarp hennar byggist á og birt er sem fylgiskjal með því er framangreind setning úr dómi Hæstaréttar um að það geti átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki slitin úr því samhengi sem hún er sett fram í og dregin sú ályktun að með þessu sé Hæstiréttur að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega

vegna tekna maka, en bara ekki eins mikið og nú er gert! Þessu heldur starfshópurinn fram, og á þessu byggir hæstv. ríkisstjórn frumvarp sitt, þó svo að í málinu hafi einungis verið fjallað um það hvort þessi aðferð við skerðingu væri heimil eða ekki. Með öðrum orðum, Öryrkjabandalagið hélt því fram að þetta væri óheimilt og gerði kröfu um slíkt en Tryggingastofnun gerði kröfu um að því yrði hafnað og stofnunin sýknuð. Öryrkjabandalagið krafðist þess aðeins að sú aðferð að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka yrði dæmd óheimil, m.a. á grundvelli þess að hún væri andstæð stjórnarskrá. Fer svo Hæstiréttur allt í einu að tala um eitthvað allt annað en kröfugerð aðila í málinu fjallar um? Það þykir mér ansi skrýtin túlkun á dómi Hæstaréttar, herra forseti. Mér þætti mjög undarlegt ef svo væri. Mér þykir þurfa sterkari rök en færð eru fyrir þessum lið í röksemdum starfshópsins og tek ég þar undir með Eiríki Tómassyni sem vitnað var í hér áðan. Í málinu var ekki deilt um fjárhæðir heldur aðferð og þá aðferð dæmdi Hæstiréttur ólögmæta.

Starfshópurinn leggur mikið upp úr þeim orðum sem birtast í forsendum dóms Hæstaréttar — í forsendum, ekki dómsorðinu. Starfshópurinn vitnar lítið í dómsorðið — þar sem segir að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998. Starfshópurinn túlkar orðin „á þann hátt" í forsendunum sem endanlega staðfestingu á því sem áður hefur komið fram, að Hæstiréttur sé að segja að heimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka ef það er gert í minna mæli en nú er gert og á þessu er 1. gr. frumvarpsins sem liggur fyrir Alþingi byggð. Starfshópurinn dregur síðan ályktun af þessum röksemdum sínum og segir, með leyfi forseta:

„Í dómnum felst því ekki, að með öllu sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega. Það er aðeins samkvæmt dómsorðinu óheimilt að gera á þann hátt, sem gert er í 5. mgr. 17. gr. Til að ákveða hvað teljast megi heimilt og hvað ekki í þessu efni, þarf nánari athugun á forsendum dómsins."

Hér kemur, herra forseti, alvarleg staðreyndavilla fram í orðum starfshópsins því að það stendur alls ekki í dómsorðinu að það sé óheimilt að skerða á þann hátt heldur kemur orðalagið „á þann hátt" aðeins fyrir í forsenduorðum Hæstaréttar. Starfshópurinn virðist þó átta sig á þessu því hann segir síðar: „Þetta orðalag er raunar notað í forsendum dómsins." Á þessu er bara grundvallarmunur, herra forseti. Engu að síður heldur hann ótrauður áfram að túlka dóminn eins og umrætt orðalag komi fram í dómsorðinu sjálfu eins og sjá má í tilvitnun hér að ofan, þar sem segir:

„Það er aðeins samkvæmt dómsorðinu óheimilt að gera á þann hátt, sem gert er ..."

Á þessu byggja þeir túlkun sína, herra forseti.

Þetta verður að telja alvarlegan galla á röksemdafærslu starfshópsins og er nægjanlegt til að varpa rökstuddum vafa á þá niðurstöðu sem hópurinn kemst að og birtist í 1. gr. frumvarpsins. Það er óumdeild grundvallarregla innan lögfræðinnar að túlka beri dómsorð með hliðsjón af forsendum dómsins en ekki öfugt, sé þess á annað borð þörf sem ekki verður talið í þessu máli þar sem Hæstiréttur felst orðrétt á kröfu Öryrkjabandalagsins.

Það er svolítið erfitt að gera þá kröfu til Öryrkjabandalagsins í þessu máli að þeir túlki þessa niðurstöðu einhvern veginn öðruvísi fyrir sinn hóp þegar kröfugerðin er orðrétt tekin upp í dómsorð Hæstaréttar. Það er fráleitt að gera þá kröfu til borgaranna að þeir fari eftir forsendum dóma en ekki dómsorði, sé það í fullu samræmi við kröfugerð aðila í málinu.

Í samræmi við þetta er því síður heimilt að taka eina setningu úr forsendunum og túlka dómsorðið og að auki allar aðrar forsendur sem fram koma í dómnum með hliðsjón af henni eins og gert er í skýrslu starfshópsins. Telji menn að þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi fallist orðrétt á kröfu Öryrkjabandalags Íslands í dómsorði sé þörf á að túlka það frekar hljóta þeir að gera það með því að túlka dómsorðið með hliðsjón af forsendunum. Ef þannig er litið á málið má augljóst vera að Hæstiréttur er með orðalaginu „á þann hátt" að árétta að einungis sé óheimilt að beita þeirri aðferð við skerðingu að tengja tekjutryggingu örorkulífeyrisþega við tekjur maka og að eftir sem áður sé heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna öryrkjans sjálfs, enda kemur það skýrlega fram í málflutningi beggja aðila að ekki er ágreiningur um hið síðarnefnda, né gerð krafa um að slíkt yrði dæmt óheimilt.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Í samræmi við framangreint er ákvæðið í beinni andstöðu við dóm Hæstaréttar og verður því talið brjóta gegn ákvæðum 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem íslenska ríkið er skuldbundið af.

Meiri hluti hv. heilbr.- og trn. kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæði 2. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, eigi við um kröfur þeirra örorkulífeyrisþega sem rétt eiga samkvæmt dómi Hæstaréttar. Minni hlutinn mótmælir þessum skilningi. Minni hlutinn vill þó benda á að jafnvel þótt fallist verði á skilning meiri hlutans þá séu ýmis álitaefni uppi hvað þetta varðar. Jafnvel þó hugsanlega megi færa fyrir því rök að lögin um fyrningu geti átt við þá eru samt sem áður fjöldamörg álitaefni uppi. Í fyrsta lagi hefur verið bent á í umræðu um málið að höfðun viðurkenningarmáls slíti fyrningu og því sé ekki rétt að nota fyrningarreglur eins og gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar við túlkun dómsins aftur í tímann. Helsta málsvörn ríkisstjórnarinnar gegn þessum málflutningi er vísun í dóm Hæstaréttar nr. 46/1998 þar sem fjallað var um endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem greidd voru af tollyfirvöldum vegna innflutnings á frystum dönskum kartöflum. Málavextir í því máli voru þeir að í viðurkenningarmáli, sem tiltekið fyrirtæki höfðaði, hafði Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að álagning jöfnunargjaldsins á umræddu tímabili fengi ekki samrýmst þeim takmörkunum sem heimild ráðherra væru settar og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu sem gæta hefði átt. Álagningin var því dæmd ólögmæt í viðurkenningarmálinu og höfðaði síðan sama fyrirtæki — ég vek athygli á því — mál gegn ríkinu til endurgreiðslu ofgreidds fjár í kjölfar viðurkenningarmálsins. Ríkisvaldið bar fyrir sig fyrningu í kartöflumálinu á þeim grundvelli að krefjast hefði mátt endurgreiðslu strax og gjaldið hefði verið greitt, sem ekki var gert af hálfu fyrirtækisins. Þá bar ríkisvaldið því einnig við að fyrirtækið hefði bersýnilega greitt gjaldið til ríkisins í þeirri trú að því væri að lögum skylt að gera það og að það hefði ekki verið fyrr en löngu seinna í sambandi við rannsókn tollyfirvalda á réttmæti aðflutningsskýrslna að fyrirtækið fór að halda því fram að gjaldtaka væri óheimil að lögum. Að auki var því borið við af hálfu ríkisvaldsins í málinu að fyrirtækið hefði ekki

orðið fyrir tjóni vegna gjaldtökunnar, það hefði vel getað velt gjaldinu yfir á viðskiptavini sína, enda hefði varan öll selst. Á þessum grundvelli féllst Hæstiréttur síðan á að láta málshöfðun viðurkenningarmálsins ekki rjúfa fyrningarfrestinn. Það er að mati minni hlutans hæpin röksemd af hálfu meiri hlutans að halda því fram að þessi dómur hafi fordæmisgildi varðandi það mál sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi gilda allt önnur sjónarmið um ofgreidda skatta og hugsanlegan rétt til endurgreiðslu þeirra en um vangreiddar bætur á borð við það sem mál Öryrkjabandalagsins fjallar um. Rétturinn til greiðslu aðstoðar úr opinberum sjóði á grundvelli örorku er stjórnarskrárvarinn og fjallar um grundvallarmannréttindi. Það er rétt að hafa það í huga, herra forseti, þegar við fjöllum um þetta mál. Það er því tæpast hægt að líkja slíkum rétti saman við réttarstöðu manna, fyrirtækis í þessu tilviki, gagnvart ofgreiddum sköttum, auk þess sem fyrirsvar var ólíkt í þessum tveimur málum. Sú fyrirsvarsheimild sem Öryrkjabandalagið byggir málsókn sína á í málinu var lögfest með lögum nr. 91/1991 og var þá um nýmæli að ræða. Ekki hefur reynt á það, svo að minni hlutinn viti, hvort málssókn af þessu tagi rýfur fyrningu, þ.e. aftur eftir að nýju lögin væru sett þar sem þessi fyrirsvarsregla er heimiluð. Minni hlutinn veit a.m.k. ekki til þess. Ég verð að viðurkenna ég hef ekki gert ítarlega könnun á þessu en hef spurst fyrir þetta og ekki komist að öðru. Meðan svo er má segja að það sé álitaefni hvort fyrning hafi rofnað við málshöfðun Öryrkjabandalagsins. Það er a.m.k. alls ekki skýrt, herra forseti, miðað við að þarna er um að ræða nýja fyrirsvarsreglu. Ljóst er að mikil hagkvæmnisrök eru því til stuðnings að mál af þessu tagi rjúfi fyrningu. Ljóst er að ef sú regla verður ekki talin gilda að málssókn í viðurkenningardómum, skv. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, slíti fyrningu, hefðu allir öryrkjar sem rétt eiga samkvæmt dómi Hæstaréttar nú — þá skulum við aðeins tala um þá sem heyra undir 5. mgr. og skipta í það minnsta hundruðum ef ekki þúsundum — þurft að fara í mál sérstaklega, til að tapa ekki rétti sökum fyrningar. Getur það talist eðlileg meðferð? Maður getur spurt sig líka að því hver hafi verið tilgangurinn með því að heimila að farið yrði í málsókn á borð við þá sem Öryrkjabandalagið gerir, þar sem hagsmunasamtök fara í mál fyrir hóp félagsmanna sinna.

Ljóst er að mikið hagræði væri af þeirri almennu reglu að viðurkenningardómar slitu fyrningu þótt það væri að sjálfsögðu ávallt undir kröfugerð og öðrum málatilbúnaði komið hvort reglan ætti við í hverju tilviki fyrir sig.

Minni hlutinn bendir að auki á 6. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu, en þar segir:

„Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueigianda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t.d. með því að lofa borgun eða greiða vexti — eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi ...“

Í þessu sambandi má í fyrsta lagi a.m.k. velta því fyrir sér hvort ekki hafi falist í því viðurkenning þegar forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins tilkynnti eftir dómsuppkvaðningu Hæstaréttar að þegar yrði hafist handa við að greiða þeim öryrkjum sem eiga inni hjá stofnuninni, en starfsmenn Tryggingastofnunar lýstu því nánar á fundi nefndarinnar að skilningur þeirra á málinu hefði verið sá, þar með talinn er forstjórinn, að með dómi Hæstaréttar hefði það verið dæmt óheimilt að beita skerðingarheimild 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, með öðrum orðum að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka.

Þeir sögðu líka, herra forseti, — það sögðu þeir aðspurðir eftir að dómur var kveðinn upp — að ekkert hefði verið því til fyrirstöðu tæknilega að greiða út bætur 1. janúar á grundvelli þeirrar túlkunar, allt sem til hefði þurft væri breyting á frítekjumarki í reglugerð og slíkt væri unnt að gera á skömmum tíma. Þeir drógu það sérstaklega fram að tölvutæknin væri orðin slík að ekkert væri því til fyrirstöðu að gera þetta svona.

Herra forseti. Allt benti því til að þessari áralöngu deilu ríkisstjórnarinnar og öryrkja væri lokið hvað þennan tiltekna hóp varðar þótt ljóst væri að kveða þyrfti nánar á um rétt annarra hópa lífeyrisþega á grundvelli dómsins síðar, sem ríkisstjórnin hefur margoft notað sem rök fyrir því í sínum málflutningi að hafa ekki greitt út á grundvelli dómsins strax.

Þá vill minni hlutinn benda á að fyrir því eru fordæmi að sjálft tryggingaráð greiði bætur mun lengra aftur í tímann en lagt er til í þessu máli þegar um mistök eða handvömm er að ræða af hálfu stofnunarinnar. Í þessu sambandi vil ég nefna úrskurð tryggingaráðs í máli 44/1994, dags. 24. febrúar 1994. Ég hef reyndar fengið upplýsingar um að þetta sé ekki eina dæmið um þessa framkvæmd. En í því máli voru málavextir þeir að stúlka var farþegi í bifreið sem lenti í árekstri við vörubifreið og strætisvagn. Hún hlaut mikla áverka á höfði og varanlega örorku. Viðkomandi fékk greiddar bætur frá tryggingafélagi bílsins sem slysinu olli. Sem farþegi átti hún ekki rétt til slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það fengust sem sagt engar greiðslur frá Tryggingastofnunni þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Því var borið við að hún ætti ekki rétt þar sökum þess að hún hefði verið farþegi í bifreiðinni en ekki ökumaður. Í desember 1990 bendir síðan starfsstúlka hjá stofnuninni á að um misskilning hafi verið að ræða. Þó svo hún hefði ekki átt rétt til slysabóta hefði hún átt og ætti rétt til almennra örorkubóta. Stúlkan fór þá í örorkumat hjá tryggingayfirlækni sem mat síðan varanlega örorku hennar 65% frá 1. janúar 1989. Umsókn um örorkubætur er dagsett 11. nóvember 1990, tímamörkum örorkustyrks síðan mótmælt og óskað greiðslna lengra aftur í tímann eða frá 13. september 1982. Þarna er sem sagt um að ræða tímabilið 1982–1994 þegar úrskurður tryggingaráðs er kveðinn upp.

Það er skemmst frá því að segja að tryggingaráð fellst á að greiða stúlkunni þetta að fullu og segir í 2. mgr. 56. gr., sem nú er 48. gr. almannatryggingalaga: „Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár.“ Að þessari reglu var farið og miðað við þann tíma er umsókn er dagsett. Síðan segir að af gögnum málsins sé ljóst að upplýsingar um slys hafi borist Tryggingastofnun þegar 9. ágúst 1983. Frá þeim tíma og fram í desember 1990 er ítrekað spurt um bótarétt hjá Tryggingastofnun ríkisins, — bara spurt um bótarétt, það er ekkert öðruvísi — en ætíð sagt að um engan rétt sé að ræða þar sem hún hefði verið farþegi. Ævinlega var litið á málið sem slysamál en ekki mál sem tilheyrði lífeyrisdeild og því barst ekki umsókn fyrr. Ákvæði um örorkustyrk sé heimildarákvæði. Rétt þyki að falla frá venjubundnum tímamörkum við úrskurð bóta. Varanleg ororka telst frá 13. september 1983 60% og 65% frá 1. janúar 1989. Örorkubætur eru greiddar á mánaðargrundvelli og skulu því bætur greiðast frá 1. október 1983 að uppfylltum öðrum skilyrðum til örorkustyrks. Svo var nú það, herra forseti.

Bæturnar eru greiddar 12 ár aftur í tímann jafnvel þó að lög kveði á um annað. Ég fullyrði það, herra forseti, að fyrir

þessu séu fleiri fordæmi þegar ríkisvaldið á í hlut. Jafnvel þó að heimilt sé að nota fyrningarákvæði þá er vikið frá þeirri heimild ef viðurkennt er að ríkisvaldið eða sú stofnun sem í hlut á hafi gefið rangar upplýsingar eða um mistök hafi verið að ræða að einhverju leyti, að ekki sé talað um það sem fjallað er um í þessu máli, að lög standist ekki stjórnarskrá.

Herra forseti. Ég hef grun um að til séu fleiri slíkir úrskurðir. Vegna tímapressu vannst ekki tími til að fara yfir alla úrskurði tryggingaráðs en ég fullyrði að fleiri eru í þessa veru. Í þessum úrskurði kom hins vegar fram að rétt væri að víkja frá skýrri lagareglu með tilliti til þess að öryrkjanum voru gefnar rangar upplýsingar um bótarétt.

Einnig er vakin athygli á því sem kom fram í heilbr.- og trn. í máli Hrafns Magnússonar, formanns Landssambands lífeyrissjóða. Þar lýsti hann þeirri framkvæmdareglu hjá lífeyrissjóðunum að þegar viðurkennt væri að um þeirra handvömm væri að ræða væri vikið frá því að óheimilt væri að greiða bætur lengra en tvö ár aftur í tímann eins og reglugerðir sjóðanna gera ráð fyrir.

Herra forseti. Þetta eru réttlætisrök og er óeðlilegt að ríkið geti brotið lög og mannréttindi á fólki og síðan borið fyrir sig fyrningu.

Hvernig svo sem litið verður á þetta mál telur minni hlutinn að þegar í ljós kemur að íslenska ríkið eða stofnanir þess hafa brotið mannréttindi á þegnum sínum, eins og háttar til í þessu máli, beri því fortakslaus siðferðileg skylda til að bæta þeim einstaklingum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir, burt séð frá öllum lagarökum, herra forseti. Í þessu sambandi má vitna í dóm Hæstaréttar frá árinu 1988, bls. 1532 í dómasafni Hæstaréttar, sem áður var vitnað til. Þar er vakin athygli á því að mannréttindaákvæði séu sett fyrir einstaklingana en ekki stjórnvöld. Í ljósi þessa dóms er eðlilegt að túlka dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins mannréttindasjónarmiðinu í hag í stað þess að túlka ríkisvaldinu í hag eins og meiri hlutinn vill gera.

Herra forseti. Stjórnarliðar hafa gert því skóna að strangt til tekið þyrfti ekki að greiða lengra aftur í tímann en tvö ár, sbr. 2. mgr. 48. gr. almannatryggingalaga. Þótt minni hlutinn hafni því að regla þessarar greinar eigi við í þessu máli vill hann benda á að tryggingaráð hefur, þrátt fyrir orðalag ákvæðisins, úrskurðað mun lengra aftur í tímann. Þá er aftur vitnað beint í þennan tiltekna úrskurð. Þeirri stefnu hefur verið fylgt af hálfu stofnunarinnar að þegar um mistök eða sök hennar er að ræða sé vikið frá ákvæði 2. mgr. 48. gr. laganna.

Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að greitt sé fjögur ár aftur í tímann en samkvæmt dómi Hæstaréttar voru bætur skertar með ólöglegum hætti í sjö ár. Með tilvísun til þess sem fram er komið telur minni hlutinn að greiða eigi öll þau ár.

Í b-lið ákvæðis til bráðabirgða I í frumvarpinu er kveðið á um að fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 skuli greiða tekjutryggingu sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr.

Það er óumdeilt að óheimilt er að setja afturvirk íþyngjandi ákvæði í lög. Minni hlutinn hafnar með öllu þeirri túlkun sem fram kemur í skýrslu starfshópsins og nefndaráliti meiri hlutans að hér sé um ívilnandi reglu að ræða og hún því heimil. Rök minni hlutans eru eftirfarandi: Við dóm Hæstaréttar, sem komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka, féll framangreind skerðingarheimild niður. Við þetta varð til nýtt réttarástand þar sem óheimilt var að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka. Þetta tiltekna réttarástand gildir því fyrir umrætt tímabil sem leiðir til þess að Tryggingastofnun er skylt að greiða örorkulífeyrisþegum sem rétt eiga, svo framarlega sem eigin tekjur koma ekki til skerðingar, fulla tekjutryggingu eins og hún var hverju sinni á umræddu tímabili. Sem dæmi hefði Tryggingastofnun átt að greiða 50.990 kr. 1. janúar 2001 sem er upphæð fullrar tekjutryggingar að við bættum grunnörorkulífeyri.

Í samræmi við þetta mótmælir minni hlutinn því harkalega að ætlunin sé að skerða bætur til örorkulífeyrisþega í hjúskap aftur í tímann, enda standist það ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Við þetta má síðan bæta að það hefur verið talið eitt af grundvallarskilyrðum réttarríkis að óheimilt sé að lög virki aftur fyrir sig og þá sérstaklega ef þau eru íþyngjandi.

Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að þær greiðslur sem öryrkjar eigi rétt á aftur í tímann samkvæmt frumvarpinu beri 5,5% vexti. Minni hlutinn mótmælir þessu enda er eðlilegast að miða við ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, þannig að miðað sé við að greiddir séu þeir almennu vextir sem á hverjum tíma eru jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum og almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og að þessir vextir reiknist fram að gjalddaga, sem í þessu tilviki yrði fyrsti dagur hvers mánaðar á tímabilinu, sbr. 4. gr. laganna. Frá hverjum gjalddaga ættu síðan að reiknast dráttarvextir, svo sem þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. vaxtalaga, til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga.

Minni hlutinn gagnrýnir villandi upplýsingar um rétt öryrkja á Norðurlöndum, sbr. fylgiskjal 2 í fylgiskjali III með frumvarpinu. Má taka sem dæmi að í töflu 1 í fylgiskjalinu er tekjutrygging sögð vera 43.396 kr. árið 1998, en inni í þeirri fjárhæð eru heimilisuppbætur sem falla niður um leið og öryrki hefur sambúð og telst því ekki til tekjutryggingar.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hv. heilbr.- og trn. fékk þann skilning staðfestan hjá hópi sem kom til nefndarinnar frá svokallaðri NOSOSKO-nefnd. Þeir staðfestu að þessi tala væri í raun og veru ekki tekjutrygging eins og fram kemur í töflunni heldur væri heimilisuppbótin líka þarna inni.

Staðreyndin er sú, samanber fyrirliggjandi upplýsingar, að hvergi á Norðurlöndunum er grundvallarréttur til aðstoðar úr opinberum sjóði á grundvelli örorku jafnlág upphæð og hér á landi. Stjórnarliðar hafa borið fyrir sig staðhæfingar um að tengingar við tekjur maka tíðkist annars staðar á Norðurlöndum og nefnt sem dæmi fyrirkomulagið í Danmörku. Minni hlutinn varar við því að bera þessa hluti saman á þann hátt sem ríkisstjórnin gerir í málflutningi sínum.

Með frumvarpi ríkisstjórnarinnar vill hún tryggja að örorkulífeyrisþegi í hjúskap hafi aldrei, vegna tekna maka, lægri framfærslueyri en 43.424 kr. sem er helmingi lægra en 100% öryrki í sömu stöðu fær í Danmörku. Samanburð á kerfum þessara tveggja landa ber að skoða í þessu ljósi. Til að fræðast um þetta er hægt að skoða fylgiskjal sem fylgir áliti minni hlutans. Minni hlutinn gagnrýnir einnig harðlega skerðingarákvæði 1. gr. frumvarpsins sem felur í sér brattari skerðingu vegna eigin tekna öryrkja en áður hefur tíðkast.

Þessi skerðingarákvæði eru óvirðing við öryrkja sem geta og vilja nýta krafta sína til að leggja sitt af mörkum til þátttöku í atvinnulífinu og til að vinna fyrir fjölskyldu sinni. Ákvæðin í frumvarpinu eru vinnuletjandi, þau hvetja ekki

til að lífeyrisþegar nýti sér þann rétt að ganga í hjónaband né minnka þau líkur á að lífeyrisþegar skilji við maka sinn af fjárhagsástæðum eins og því miður hefur verið algengt. Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á ályktun prestastefnu árið 1997 þar sem staða lífeyrisþega með tilliti til fjölskylduþátttöku var til umfjöllunar, en þessa ályktun má sjá í fylgiskjali IV með áliti minni hlutans. Ég get, með leyfi forseta, lesið þessa samþykkt. Hún er stutt:

„Prestastefnan á Akureyri 1997 beinir því til Alþingis að gerð verði gangskör að því að leiðrétta það ranglæti sem öryrkjar búa við, að tekjutrygging þeirra, sem er 25.800 kr. á mánuði, tekur að skerðast um leið og tekjur maka fara fram úr 36.831 kr. og þurrkast alveg út er tekjur maka verða hærri en 150 þús. kr. á mánuði. Þar með getur öryrkinn aðeins lagt með sér í búið örorkulífeyrinn sem er tæplega 14 þús. kr. á mánuði. Augljóst er að fyrirkomulag þetta stofnar hjónaböndum fólks í hættu og hvetur prestastefnan stjórnvöld að leiðrétta þetta ranglæti."

Þetta var sem sagt á árinu 1997. Einnig ber að minna á að gömlu skerðingarreglurnar gilda áfram þrátt fyrir *viðbótarregluna og bitna því enn harkalegar á þeim öryrkjum* sem verst eru settir og eru í sambúð með öðrum öryrkja eða ellilífeyrisþega.

Skerðingarákvæði 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, sem dæmt hefur verið sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, ásamt þeirri sérreglu sem mælt er fyrir í frumvarpinu mun halda áfram að skerða tekjutryggingu lífeyrisþega á grundvelli tekna maka verði frumvarpið að lögum. Þetta grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu.

Í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslenska leiðin, um íslenska velferðarkerfið, sem Tryggingastofnun lét vinna og gaf út, segir um skerðingu lífeyris vegna tekna maka á bls. 273, með leyfi forseta: „Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild áður en til fátækraaðstoðar gæti komið, með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja *sem fyrir verða, samkvæmt mati* OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum, og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn."

Minni hlutinn tekur undir þessi orð Stefáns. Tekjutrygging lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skal vera óháð tekjum maka þeirra. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við grunneiningu þjóðfélagsins, fjölskylduna.

Fjölskyldan hefur nokkuð komið til umræðu í tengslum við þetta mál. Því hefur jafnvel verið haldið fram að við í minni hlutanum og stjórnarandstæðingar almennt séum með málflutningi okkar að grafa undan fjölskyldunni og meginábyrgð hennar og því hlutverki sem hún á að gegna í samfélaginu. Ég vil í því sambandi vísa til orða sem ég vitnaði í hér áðan úr bók Stefáns Ólafssonar, Íslensku leiðinni. Hann taldi slík sjónarmið arfleifð frá gömlu fátækraaðstoðinni og ekki eiga rétt á sér lengur. Ég vil taka undir þau orð hans en að auki vísa í ágætt viðtal við Sigríði Þorgeirsdóttur, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 21. jan. Þar vekur hún athygli á því að í þessu máli sé tekist á um fjölskyldugildi og einstaklingsréttindi, hún tekur í raun undir það en hún segir, með leyfi forseta:

„Ég tel fráleitt að ætla að óskert tekjutrygging grafi undan fjölskylduábyrgð og ali á sundrung í fjölskyldunni. Ég tel *einmitt mun fleira benda til* þess að afstaða ríkisstjórnarinnar sem hefur á sér þetta fjölskylduvæna yfirbragð sé þegar á allt er litið mun fjölskyldufjandsamlegri en afstaða talsmanna öryrkja í þessu máli. Sjálfsmyndir karla og kvenna með tilliti til stöðu þeirra í fjölskyldunni hafa breyst á undanförnum árum. *Sjálfsvirðing og fjárhagslegt sjálfstæði skipta miklu* máli. Fólki er gert erfitt fyrir með því að vera þiggjendur og vera að stærstum hluta á á framfæri makans. Það skapar enn meira misræmi í þessum samböndum en þyrfti að vera og er til þess fallið að ala á togstreitu. Aðstæður eru að öllu jöfnu nógu erfiðar fyrir í þessum fjölskyldum og bæturnar sem um er að ræða eiga meira skylt við vasapeninga en vinnutekjur, eins og samanburðartölur um örorkubætur á Norðurlöndum gefa skýrt til kynna. Með því að styrkja einstaklinga í þessum fjölskyldum eru meiri líkur á að fjölskyldan geti orðið sterkari og samstæðari heild. Aðgerðir ríkisvaldsins ættu þess vegna að miða að því að styðja við þessar fjölskyldur og við öryrkja yfirleitt."

Ég vil taka undir þessi orð Sigríðar. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbót, allt að rúmum 22 þús. kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn, sem margoft hefur verið vakin athygli á í þessari umræðu. Lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð er þannig ávallt með lægri *almannatryggingagreiðslur* sem þessu nemur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans. Þannig hefur þegar verið tekið tillit til þess að hann er hluti af fjölskyldu.

Kjör öryrkja hafa versnað í góðærinu í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. í samanburði við aðra hópa í samfélaginu sem sést best á því að kaupmáttur lífeyrisþega hefur skerst mun meira en þeirra sem lægstu launin hafa í þjóðfélaginu.

Skattleysismörkin hafa staðið í stað svo að lífeyrisþegi sem býr einn og nýtur eingöngu bóta lendir í að greiða af þeim skatt sem aldrei hefur viðgengist fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hlutur sjúklinga í einstaka lyfjum hefur hækkað um mörg hundruð prósent. Afnotagjald útvarpsins og fastagjald síma, sem þeir voru undanþegnir, þurfa þeir nú að greiða. Bifreiðastyrkjum fyrir fatlaða var fækkað um helming og lánakjörin á bifreiðakaupalánum fyrir fatlaða hækkuð úr 1% í markaðsvexti.

Á sama tíma og ríkissjóður skilar miklum tekjuafgangi breikkar bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa, sbr. fylgiskjal með áliti minni hlutans, úr staðtölum almannatrygginga 1999. Húsaleiga hefur hækkað, *fasteignagjöldin* hækkað, matvörur hækkað, framfærslan almennt hækkað og ekki síst lyfin.

Á þennan hátt hefur stefna ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. birst lífeyrisþegum. Því hefur oft verið haldið fram að slíkt hafi viðgengist hjá fyrri ríkisstjórnum. Það var hins vegar ein regla sem þessar ríkisstjórnir höfðu og hún var sú að kaupmáttur bóta örorku- og ellilífeyrisþega skyldi ekki skerðast meira en kaupmáttur þeirra sem lægstu launin hefðu í þjóðfélaginu. Í upplýsingum kjararannsóknarnefndar, sbr. fylgiskjal V úr staðtölum almannatrygginga, kemur í ljós að kaupmáttur lífeyrisþega skertist um 10% minna en kaupmáttur lægstu launa á tímabilinu 1991–1995. Síðan hefur það gerst að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 37,5% en kaupmáttur lífeyrisgreiðslna um 11,2% eða um þriðjunginn af því sem kaupmáttur lágmarkslauna hefur batnað. Ljóst er því að leitun er að annarri eins kjararýrnun hjá þessum hópi og í tíð þessarar ríkisstjórnar ef mið er tekið af þróun lágmarkslauna í landinu.

Herra forseti. Einn hópur lífeyrisþega hefur lítt komið til umfjöllunar í þessari umræðu en það eru lífeyrisþegar á stofnunum. Þeir missa lífeyri sinn eftir fjögurra mánaða dvöl á stofnun á tveggja ára tímabili. Þeir fá þá um 18.000 kr. í vasapeninga á mánuði og byrjar sú upphæð að skerðast við eigin tekjur umfram 3.700 kr. og falla greiðslur alveg niður þegar lífeyrisþegi hefur um 31.000 kr. í eigin tekjur. Taka verður á þessum greiðslum sérstaklega því að það getur ekki talist fullnægjandi að skammta fötluðum og sjúkum lífeyrisþegum sem dæmast til langdvalar á stofnunum þessar smánargreiðslur. Vasapeningagreiðslurnar og þær reglur sem um þær gilda byggjast á löngu úreltum viðhorfum til sjúkra og fatlaðra og þarfnast endurskoðunar í ljósi nýfallins dóms Hæstaréttar. Ég vil þá sérstaklega vitna til þess, herra forseti, að hér í umræðunum hefur margoft verið lýst yfir ríkum vilja af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarliða, einstakra hv. stjórnarþingmanna, til að bæta kjör lífeyrisþega í landinu. Ég vona að það verði efnt, herra forseti, hvað sem málalokum líður í þessu máli.

Herra forseti. Þessi framkvæmd er til svo háborinnar skammar að það gengur ekki lengur að horfa fram hjá henni og láta sem allt sé í lagi. Það er með öllu óþolandi, í ríki sem telur sig til velferðar- og lýðræðisríkja, að sá skuli dæmast til fátæktar sem verður fyrir því að missa starfsorku sína, dæmast til að hafa ekki nema nokkrar krónur á milli handanna til að sinna nauðþurftum sínum.

Herra forseti. Niðurstaða Hæstaréttar í því máli sem hér hefur verið reifað og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á var sú að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka. Hæstiréttur byggir þessa niðurstöðu á 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar auk annarra lagaraka. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar mælir, þrátt fyrir áðurgreinda niðurstöðu Hæstaréttar, fyrir um áframhaldandi skerðingu tekjutryggingar á grundvelli tekna maka. Minni hlutinn telur að með framlagningu frumvarpsins geri ríkisstjórnin tilraun til að fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar og að frumvarpið feli í sér beint brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ummæli sem höfð eru eftir gestum í nefndaráliti minni hluta heilbr.- og trn. hafa verið borin undir þá og hafa þeir staðfest að ummælin séu rétt eftir höfð.

Með vísun til framangreindrar umfjöllunar telur minni hlutinn ljóst að frv. felur í sér brot á stjórnarskrá og mannréttindum og því getur hann ekki staðið að afgreiðslu frv. Rétt hefði verið, a.m.k. framkvæmanlegt — vísa ég þá enn og aftur til orða þeirra gesta heilbr.- og trn. sem komu frá Tryggingastofnun — að greiða út samkvæmt dómi Hæstaréttar. Samkvæmt þeirra skilningi hefði það verið rétt, svo öllu sé nú til haga haldið, að greiða út samkvæmt dómi Hæstaréttar bætur samkvæmt lögunum þann 1. janúar til þess hóps er málið tekur beint til, þ.e. þeirra sem falla undir 5. mgr., en staða annarra hópa sem leitað gætu réttar samkvæmt niðurstöðu dómsins yrði þá þegar skoðuð í ljósi hans og nánar ákvörðuð í frv. sem heilbr.- og trn. flytti. Hið sama mundi gilda um greiðslu bóta aftur í tímann.

Tryggingastofnun — það er rétt er að vekja athygli á því — hefur að mati minni hlutans allar heimildir til að greiða út á grundvelli dómsins strax til þessa tiltekna hóps. Ríkisstjórnin tók hins vegar málið úr höndum hennar, sem verður að teljast óeðlilegt og sérstakt þar sem hún er sá lögboðni aðili sem á að greiða út almannatryggingabæturnar.

Minni hlutinn leggur því til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem frumvarp þetta felur í sér brot á stjórnarskrá og mannréttindum, svo sem ítarlega er rökstutt í nefndaráliti þessu, leggur minni hlutinn til að heilbrigðis- og tryggingananefnd verði falið að leggja fram nýtt frumvarp, sem allra fyrst, er fullnægi dómi Hæstaréttar og feli jafnframt í sér nauðsynlegar breytingar er varða aðra hópa lífeyrisþega sem málið snertir. Samkvæmt framansögðu samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Guðjón A. Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir þetta álit minni hlutans skrifa auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Þuríður Backman og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

[11:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst koma fram afskaplega merkileg yfirlýsing neðst á bls. 2 í þessu nál. Þar segir, þegar vitnað er til 76. og 65. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum greinum er skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti", fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu."

Á að skilja þetta svo, eins og segir í þessum texta, að stjórnarskráin banni með öllu að taka tillit til hjúskapar og öll mismunun vegna hjúskaparstöðu, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, sé bönnuð samkvæmt stjórnarskránni eins og segir í þessum texta?

[11:57]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að enn og aftur skuli hæstv. ráðherra koma hér og í stað þess að beita fyrir sig málefnalegum rökum koma með útúrsnúninga á því sem sagt hefur verið. Margoft hefur verið ítrekað í þessum sal, herra forseti, að þessi grein stjórnarskrárinnar og jafnframt það sem segir í áliti minni hlutans þýði ekki að ekki megi jafna kjör landsmanna á einn eða annan hátt. Það hefur margoft komið fram. Það skal gera eftir tilteknum málaefnalegum fyrir fram ákveðnum reglum. Ein af þeim reglum er sú að samkvæmt þessum dómi Hæstaréttar þá má ekki skerða grundvallartekjutryggingu með tekjum maka.

Þessi málflutningur, herra forseti, er framhald á þeim útúrsnúningi sem einkennt hefur málflutning stjórnarliðanna í öllu þessu máli.

[11:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að snúa út úr einu né neinu. Hér stendur svo ekki verður um deilt: „Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu."

Er hv. þm. að segja það að samkvæmt þessu megi ekki skerða vegna hjúskaparstöðu öryrkja en hins vegar vegna hjúskaparstöðu annarra lífeyrisþega og það megi skerða vegna skattalaga? Hv. þm. verður að taka þetta skýrt fram, að þetta þýði eitthvað annað en hér stendur. Það er ekki hægt að hlusta alltaf á þessa tvöfeldni í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Hér er alls ekki verið að snúa út úr heldur lesa það sem í álitinu stendur. Mér er það alveg ljóst og ég býst við að öllum öðrum sem lesa þetta sé það ljóst. Það er mikilvægt að stjórnarandstaðan taki skýrt fram við hvað er átt og komi því á blað þannig að það skiljist.

[11:59]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít ekki svo á að það sé hlutverk mitt að kenna hæstv. utanrrh. grundvallaratriði stjórnskipunarréttar og hvernig eigi að skilja ákvæði stjórnarskrárinnar. Með sömu rökum getur hæstv. utanrrh. snúið út úr orðalagi stjórnarskrárinnar nákvæmlega eins og það kemur fram.

Herra forseti. Ég bara geri þá kröfu að menn átti sig t.d. á muninum á grundvallarmannréttindum eða heimildum sem felast í skattalögum til tekjujöfnunar að öðru leyti.

Ég vil líka minna á það, herra forseti, af því að svo virðist sem hæstv. ráðherra hafi ekki lesið álitið í heild, að hér er verið að vísa í nál. minni hluta frá árinu 1998 þar sem fjallað var um tiltekið skerðingarákvæði og væntanlega á þá texti þess sem vísað er í um það skerðingarákvæði en ekki bara alla skapaða hluti, herra forseti. Það verður að lesa texta í samhengi við það sem hann er um.

[12:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir ræðu hennar og virði mat hennar á dómi Hæstaréttar þó að ég sjái dóminn í allt öðru ljósi. Ég ætla að ræða eingöngu fyrningar og leyfi mér að lesa upp úr VI. kafla atkvæðis meiri hluta Hæstaréttar sem er rétt á undan dómsorðinu en þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Í 48. gr. sömu laga eru jafnframt ákvæði sem huga verður að við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig. Af ákvæðum þessum leiðir að af niðurstöðu máls þessa verður ekki dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega ..."

Þetta ákvæði segir að bætur aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar skuli aldrei úrskurða lengra aftur í tímann tvö ár. Hæstiréttur segir þetta. Megum við fara að vanvirða hann, herra forseti?

[12:01]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist hafa farið mjög ítarlega yfir það í máli mínu og notaði til þess nokkurn tíma að útskýra hvers vegna ég teldi að þetta ákvæði ætti ekki við og ekki heldur lögin um fyrningu. En af því að það var dregið fram að kannski væri ekki hægt að draga beinan rétt fyrir hvern lífeyrisþega fyrir sig, og þessu hefur meiri hlutinn haldið svolítið fram í máli sínu, má alveg halda því fram að með þessu sé Hæstiréttur að segja að ekki sé sjálfgefið að þessi grein eigi við. Það má alveg lesa það út úr þessu orðalagi ef hv. þm. tekur eingöngu þetta orðalag út úr rökum Hæstaréttar að öðru leyti. En ég segi enn og aftur og vísa til þess rökstuðnings sem kemur fram í nefndarálitinu þar sem ég lagði fram fyrir því mjög ítarleg rök af hverju ég taldi að þessi ákvæði ættu ekki við og jafnvel, herra forseti, þó að þau ættu við þá væri siðlaust að bera þau fyrir sig eins og margoft eru fordæmi fyrir þegar ríkisvaldið á í hlut.

[12:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Af hverju skyldi standa í 48. gr. laganna að aldrei skuli úrskurða lengur en tvö ár aftur í tímann? Vegna þess að við erum að tala um lífeyri. Við erum ekki að tala um kapítal. Ef farið er að kröfu stjórnarandstöðunnar að greiða sjö ár aftur í tímann þarf að greiða 3 millj. kr. í einni eingreiðslu fyrir fólk sem hefur það tiltölulega gott. (**Gripið fram í:** Segir hver?)

Svo spyr ég: Af hverju stoppum við eftir sjö ár? Af hverju ekki í 29 ár? Ef það er mannréttindabrot aftur til 1994, af hverjum var það ekki mannréttindabrot áður? Eigum við ekki að borga 29 ár aftur í tímann og þá kæmist hámarkstalan upp í 12 millj. (**Gripið fram í:** Þetta er bara þvæla.) Þá erum við að tala um 12 millj. eða rúmlega það. Ég hef ekki reiknað þetta með dráttarvöxtum.

Varðandi það að bætur séu tryggðar með stjórnarskrá, út af kartöflumálinu, þá eru ofteknir skattar líka stjórnarskrárbrot vegna þess að stjórnarskráin tryggir eignarréttinn ekki síður en bótaréttinn. (Gripið fram í.)

[12:03]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þykir mér með ólíkindum að í þessu tilviki skuli hv. þm., sem hefur haft sig mjög í frammi í þessari umræðu, ekki átta sig á einföldum grundvallaratriðum í þessu máli. (Gripið fram í.) Nei, það sagði ég ekki, herra forseti. Ég sagði það ekki. Ég sagði að hv. þm. áttaði sig ekki á grundvallaratriðum í málinu og ætla nú að rökstyðja það.

Tiltekið lagaákvæði um skerðinguna féll niður á tilteknu tímabili og síðan voru mannréttindaákvæði fest í stjórnarskrá, m.a. skilyrðið um að réttur til aðstoðar úr opinberum sjóði (Gripið fram í.) væri ekki háður því að maður ætti skyldutryggingu til 1995. Þetta tvennt er lykilatriði í málinu. En auk þess verður reynt að benda hv. þm. á að ekki var gerð krafa um þetta í málinu, herra forseti. Enn og aftur þarf að kenna hv. þm. stjórnarliðsins lögfræði. (Gripið fram í.) Í þessu tilviki og af því sem leiða má beint af þessum dómi þá skiptir máli hver krafan var í málinu og þau rök sem eru fyrir því að kröfugerðin er miðuð við þessa dagsetningu.

[12:04]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur kom fram og jafnframt í minnihlutaálitinu að dregið er í efa að þær upplýsingar sem liggja fyrir í frv. um samanburð á lágmarkslífeyri til öryrkja á Norðurlöndum séu réttar. Það vill svo til að á fund nefndarinnar komu fulltrúar í nefnd sem heitir norræna hagsýslunefndin á sviði félagsmála. Mjög gott fólk sem hefur mikla yfirsýn í þessu máli.

Þessir fulltrúar okkar, sem hafa það verkefni að skoða samanburð á milli landa sem er raunverulega er mjög erfiður oft og tíðum, staðfesta að þær upplýsingar sem liggja fyrir á bls. 18 í frv. ríkisstjórnarinnar séu réttar. Þær sýni að hagur öryrkja sem hefur engar aðrar tekjur sé bestur hér á landi í krónutölu og er þá miðað við einstakling og hagur þeirra sem eru í hjónabandi sé með því betra sem gerist á Norðurlöndunum.

[12:06]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. muni eftir þeirri umræðu einmitt í samtölum við fulltrúa í NOSOSKO-nefndinni um þessa tilteknu tölu sem ég vísa til í töflu 1 á bls. 18 í frumvarpsgerðinni, 43.396 kr. og þar sem þeir viðurkenndu að þessi samanburður væri svona og svona vegna þess að þetta væri í raun og veru ekki tekjutrygging. Er eitthvað óeðlilegt við að halda því fram að hér sé um villandi samanburð að ræða, herra forseti, þegar verið er að tala um tekjutryggingu í öðrum löndum og fá þannig út þessa háu tölu hér með því að bæta þar inn í heimilisuppbótinni, a.m.k. heimilisuppbótinni sem eru heimildarbætur en ekki tekjutrygging? Eða ætlar hv. þm. að halda því fram að heimilisuppbótin sé tekjutrygging?

[12:07]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bætur almannatrygginga á Norðurlöndum heita ýmsum nöfnum. Hér er verið að taka saman samanburðarhæfar tölur hvort sem það heitir tekjutrygging eða annað. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að þarna er verið að setja saman tölur um hvað einstaklingur eða hjón hafa sér til framfærslu á Norðurlöndum, hafi hann eða þau engar aðrar tekjur og þá má það heita ýmsum nöfnum. Það kemur sem sagt fram að Íslendingar standa sig einna best, best varðandi einstaklinga og álíka varðandi hjón. Það kemur m.a. fram í gögnum frá þessari nefnd eins og segir í lokaorðum samantektar frá nefndinni: „Þessar upplýsingar sýna að staðhæfingin að tekjur maka hafi hvergi áhrif nema á Íslandi er ekki rétt." En nefndin segir líka að kjör öryrkja hér á landi séu með því besta sem sést á Norðurlöndum.

[12:08]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla mjög harðlega þeim orðum að kjör lífeyrisþega séu með því besta sem gerist á Norðurlöndum. Ég vísaði til þess í máli mínu og til ákveðins dæmis. Við skulum þá ekki nota hugtakið tekjutrygging. Það er villandi og það er líka villandi eins og það er sett fram í þessu plaggi hér, eins og við höfum haldið fram. En grunngreiðslan sem öryrkinn fær, sambærilegur öryrkjanum sem fær 18 þús. kallinn á Íslandi og ríkisstjórnin ætlar af náð sinni og miskunn að færa upp í 43 þús. kr. er a.m.k. 85 þús. kr. í Danmörku. Þetta var líka borið undir þessa sömu ágætu fulltrúa í NOSOSKO-nefndinni og þeir staðfestu þetta.

Herra forseti. Hvernig í ósköpunum er hægt að segja að í þessu felist sambærilegur réttur og jafnvel að kjör öryrkja á Íslandi séu með því betra sem gerist á Norðurlöndunum, 18 þús. kr. og 85 þús. kr.? Er þetta tækur samanburður? Er hægt að segja að 18 þús. kr. jafnist á 85 þús. kr.? Er hægt að segja að 43 þús. kr. geri það? Ég segi nei við þessu, herra forseti.

[12:09]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, frsm. minnihlutaálits heilbr.- og trn. fyrir góða yfirferð og greinargott nefndarálit. Þar er að finna ýmislegt, ýmsa umfjöllun um öryrkja og kjör þeirra og ýmsa pólitík sem lýtur að þessu. En á ákveðinn hátt er líka verið að fjalla um skilning hennar á dómi Hæstaréttar sem ég ætla að halda fram að sé nákvæmlega sá sami og hefur verið haldið fram af hálfu öryrkja. Hún leitast þar við að rökstyðja álit stjórnarandstöðunnar, skilning stjórnarandstöðunnar, með tilvísun í dóminn. Hins vegar langar mig í þessu samhengi að benda hv. þm. á og minna hana á orð hennar í sjónvarpsviðtali í gær þar sem hún ítrekaði að skilningurinn gæti verið ýmis og að lögmenn legðu mismunandi skilning og lögfræðingar almennt í þennan dóm.

Mér finnst ástæða til að árétta þetta vegna þess að hv. þm. hefur þótt með ólíkindum margt af því sem aðrir hafa haldið fram um skilning sinn á þessu máli.

[12:10]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að halda því fram að ég hafi ekki rökstutt mitt mál, mál stjórnarandstöðunnar í þessu máli með vísunum í dóminn. Mál mitt gekk meira og minna út á það, herra forseti, og ég vísa til þess, til nefndarálitsins og vísa þessari fullyrðingu algerlega á bug.

Hér hélt ég langa ræðu um það og lagði mjög mikið í það einmitt að rökstyðja mál okkar. Hins vegar vill svo til, herra forseti, að það er að miklu leyti í samræmi við kröfugerð Öryrkjabandalagsins og skilning þeirra á dómi Hæstaréttar. En ég bendi líka á að þegar árið 1998 erum við þessarar skoðunar í nefndaráliti sem kom þá fram frá minni hluta og höfum verið það lengi. Það er því alveg fráleitt að láta að því liggja að við höfum ekki sjálfstæða skoðun í málinu og séum að hengja okkur í kröfugerð Öryrkjabandalagsins.

En varðandi það að ég hafi sagt í viðtali að það væri mismunandi skilningur á málinu þá væri ég hreinlega að ljúga ef ég héldi því fram að svo væri ekki. Það breytir ekki þeirri skoðun sinni að mér finnst margt með ólíkindum sem kemur fram í áliti meiri hlutans og málflutningi þeirra.

[12:12]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fljótséð á minnihlutaálitinu að þar er mörgum orðum farið um lögfræðina í málinu og það er akkúrat það sem þetta mál snýst um. En það sem ég vildi vekja athygli á er að það var í fyrsta skipti í sjónvarpsviðtali í gær við hv. þm. að hún viðurkennir að það séu fleiri en ein lögskýringarleið tæk á þessu máli og ég vil fagna því.

En mig langar að koma aðeins inn á eitt atriði sem þingmaðurinn vék að og það varðar íþyngjandi reglu með afturvirkum hætti. Í lögfræðinni er litið þannig á að óheimilt sé að setja íþyngjandi reglur með afturvirkum hætti og sérstaklega litið til skatta og gjalda. En í því tilviki sem hér um ræðir gilti tiltekin efnisleg skerðingarregla frá 1. jan. 1999 sem Hæstiréttur taldi ganga of langt. Frv. gerir ráð fyrir að í stað fyrri reglu komi önnur efnisleg regla fyrir sama tímabil sem gengur mun skemur. Fyrir örorkulífeyrisþega í hjúskap virkar reglan því ívilnandi en ekki íþyngjandi svo ég haldi

á lofti öðrum skilningi en hv. þm. hafði bara um þetta eina atriði.

[12:13]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór ítarlega yfir það í máli mínu að ég teldi það ekki á rökum reist að segja að þetta væri ívilnandi regla og ég segi það enn og aftur vegna þess að Hæstiréttur sagði að þessi skerðing hafi verið óheimil. Hæstiréttur taldi að þessi skerðing hafi ekki átt rétt á sér. Það er grundvallarmismunurinn á túlkun stjórnar og stjórnarandstöðu, herra forseti. Ég rakti það meira að segja mjög ítarlega í máli mínu hversu mjög svo veika ég teldi stoðina fyrir þessu vera og vitnaði þar m.a. til Eiríks Tómassonar og máls hans fyrir nefndinni hversu lítið mál nefndin, starfshópurinn og stjórnarliðið gerir úr því að rökstyðja af hverju þeir víkja frá því hversu skýrt dómsorðið er í samanburði við kröfugerðina. Mjög litlu púðri er eytt í það af hálfu hv. stjórnarliða og starfshópsins að rökstyðja hvers vegna sé litið fram hjá þessum óljósa skýringarkosti, a.m.k. við fyrstu sýn.

[12:14]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Frá því að viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar komu fram við dómi Hæstaréttar í máli öryrkja og eftir að frv. var kynnt hafa viðbrögð við því verið mjög á einn veg. Þ.e. meiri hluta þeirra sem hafa tjáð sig bæði í máli og eins í ritmáli telur að með frv. sé verið að ganga gegn dómi Hæstaréttar. Svo er einnig samhljóma álit allra launþegasamtakanna sem hafa ályktað gegn því frv. sem við tökumst nú á um í annað sinn og í því frv. sem er um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, sem er svar hæstv. ríkisstjórnar við dómi Hæstaréttar í því umdeilda máli um málefni öryrkja, nr. 125/2000.

Ég vil halda því fram að svör stjórnarandstöðunnar séu mjög skýr og samhljóma. Þau voru skýr við 1. umr. þessa máls og ég vil halda því fram að nál. það sem nú hefur verið mælt fyrir sé einnig mjög skýrt og vil ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að hafa farið hér mjög vel yfir nál.

Vissulega hefur stjórnarandstaðan komist að sömu niðurstöðu og túlkað dóm Hæstaréttar á sama hátt og Öryrkjabandalagið og fjölmargir aðrir. Við erum þó ekki hér að túlka sjónarmið Öryrkjabandalagsins. Við erum að túlka okkar eigin sjónarmið á niðurstöðu dómsins. Það hafa launþegasamtökin einnig gert. Þegar þau komu saman fyrir nefndina og gerðu grein fyrir sínum ályktunum og skoðunum í þessu máli þá ítrekuðu þau mjög að þau væru ekki að koma sem sérstakir stuðningsmenn Öryrkjabandalagsins, þau væru að koma á sínum eigin forsendum vegna þeirrar niðurstöðu sem þau sjálf hefðu komist að með því að fara yfir dóminn, þetta væri þeirra skoðun sem vissulega styrkti sjónarmið Öryrkjabandalagsins.

Með leyfi hæstv. forseta, vil ég fá að lesa upp eina ályktun sem getur verið samhljóma fyrir aðrar ályktanir sem hafi komið frá launþegasamtökunum. Hún er frá Alþýðusambandi Íslands:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórnina að virða undanbragðalaust niðurstöðu æðsta dómstóls landsins í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins. Miðstjórn ASÍ styður öryrkja í baráttu þeirra fyrir að fá greiddar óskertar bætur í samræmi við dómsniðurstöðuna strax frá 1. janúar sl.

Miðstjórn ASÍ telur óumflýjanlegt að ráðast í endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins og að í þeirri vinnu verði m.a. tekið mið af efnisatriðum dóms Hæstaréttar. Alþýðusamband Íslands hefur áður lagt áherslu á að tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins verði aukin. Í tengslum við kjarasamningana sl. vetur gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að farið yrði í ítarlega könnun á kostum og göllum fjölþrepatekjuskatts. Þrátt fyrir eftirrekstur bólar ekkert á því starfi. Þá hefur ASÍ farið fram á þátttöku í yfirstandandi vinnu við endurskoðun almannatrygginga og samspil þeirra við skattkerfið og lífeyrissjóðina en án árangurs hingað til.

Sú staða sem upp er komin vegna dóms Hæstaréttar og það uppnám sem hann virðist hafa valdið hjá stjórnvöldum staðfestir enn og aftur nauðsyn þess að vinna við endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins verði hafin þegar í stað í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar. Alþýðusamband Íslands lýsir sig, eins og jafnan fyrr, reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um þessi mál."

Þetta er nokkuð ítarlegri ályktun, herra forseti, heldur en hefur komið frá öðrum launþegasamtökum þar sem eingöngu hefur verið fjallað um dóminn sem slíkan. En í þá vinnu sem hér hefur verið vitnað til um endurskoðun á samspili lífeyrissjóðsgreiðslna og skatta á víst að fara og vonandi verður það efnt að þessu sinni.

Samstaða verkalýðshreyfingarinnar virðist mér vera alveg einstök, hún er þétt, því þó að dómurinn eigi við um afmarkaðan hóp þá er hann fordæmi fyrir alla Íslendinga. Hann er fordæmisgefandi vegna þess að hann fjallar um mannréttindi. Hann tekur fyllilega tillit til jafnréttissjónarmiða Öryrkjabandalagsins og launþegasamtökin sem og aðrir líta það mjög alvarlegum augum ef ekki verður farið að dómnum því að það er atlaga við lýðræði í landinu.

Dómur Hæstaréttar er tímamótadómur því í þessum dómi er farið út fyrir þrengstu lagatúlkun í íslenskri löggjöf og dæmt er út frá anda stjórnarskrárinnar og alþjóðlegum samningum sem við eigum aðild að. Sömuleiðis er litið til þeirrar þróunar sem er hjá alþjóðlegum dómstólum. Dómurinn er framsækinn, þ.e. hann er um félagsleg mannréttindi.

Dómurinn fjallar um lítinn minnihlutahóp. Það er óréttlát mismunun hjá þessum hópi eftir hjúskaparstöðu og það er óheimilt að mismuna með þeim hætti sem gert er samkvæmt núgildandi lögum að mati hæstaréttardóms. Dómsniðurstöðurnar eru skýrar. Það er óheimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Um þetta atriði fjallar dómurinn. Það ber að greiða öryrkjum í sambúð það sama og þeim sem eru einhleypir að því er þetta varðar, þ.e. þetta er persónubundinn, stjórnarskrárbundinn réttur.

Dómsorðið hið sama og dómskröfur og í málflutningi var alltaf ljóst að málið væri annaðhvort af eða á, þ.e. annaðhvort yrði fallist á kröfurnar eða ekki. Og það var fallist á kröfurnar, herra forseti. Því þurfti dómsorðið ekki að vera skýrari en það er. Það sagði allt sem segja þurfti miðað við kröfur Öryrkjabandalagsins. Því voru viðbrögð forstöðumanns Tryggingastofnunar ríkisins eðlileg þegar hann lýsti því yfir strax eftir dómsúrskurðinn að ekkert væri því til fyrirstöðu að greiða þeim hópi öryrkja sem dómurinn fjallaði um óskertar bætur strax núna 1. janúar, þ.e. sama grunnlífeyri og tekjutryggingu og þeim sem ekki eru í sambúð. Þetta eru nú um 51 þús. kr. Af skiljanlegum ástæðum þyrfti lengri tíma og að settum reglum að greiða til baka vangoldnar bætur.

Um þetta tjáði forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins sig strax eftir að dómur Hæstaréttar féll og hann staðfesti þetta, eins og fram kom í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, á fundi nefndarinnar, að undir þetta hefðu þau verið búin. Það hefði þurft mjög skamman tíma til að ganga frá reglugerð sem tæki út tekjuskerðinguna og greiða þeim sem eru á örorkubótum í dag og eru í hjúskap óskerta tekjutryggingu. Þetta væri lítið verk með nútímatækni þrátt fyrir mjög lélegan tölvukost stofnunarinnar, eins og einnig kom fram hjá nefndinni að gerði starfsemi stofnunarinnar erfitt fyrir. En þrátt fyrir það hefðu þeir getað gert þetta. Hitt hefði svo verið annað mál að það hefði tekið lengri tíma að gera upp málið til enda og fara yfir bætur til þeirra sem ekki voru þegar á skrá. En til þessa afmarkaða hóps sem dómurinn fjallaði um hefði þetta ekki verið erfitt.

En það voru fleiri sem túlkuðu dóm Hæstaréttar á sama veg, hæstv. forseti, því að í Kastljósi þann 10. jan. sl. var viðtal við Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann, sem telst talsmaður starfshóps ríkisstjórnarinnar. Í upphafi viðtalsins eða í sjónvarpsþættinum þar sem hann er spurður að því hvort ríkisstjórnin ætli ekki að fylgja dómi Hæstaréttar, svarar Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, með leyfi hæstv. forseta:

„Kannski áður en ég geri það þá vildi ég nú byrja á því að óska starfsbróður mínum til hamingju með þennan dóm því að óneitanlega var þetta mikill sigur fyrir hann og sjónarmið sem að hann hefur fært fram. Ég er að vísu alveg ósammála dómsniðurstöðunni lögfræðilega en óska honum til hamingju. Þetta var mikill sigur."

Svo heldur hann áfram:

„Ég vil segja það að verkefni okkar í þessari nefnd var auðvitað bara það að greina það á lögfræðilegum forsendum hvað fólst í þessum dómi og það leitumst við við að gera með okkar skýrslu þar sem lögfræðilegar röksemdir eru færðar auðvitað fyrir öllum niðurstöðunum. Það var ekkert fyrir fram ákveðið."

Ég get ekki skilið orð Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns öðruvísi en svo að hann hafi verið sammála niðurstöðu dómsins. Það vantaði eingöngu hin lögfræðilegu rök og útskýringar hvernig ætti svo að túlka hann. Um það höfum við nú tekist á og um það er ágreiningurinn.

Það er vissulega mikill ágreiningur meðal lögmanna og það kom fram hjá þeim lögmönnum sem komu í heimsókn til heilbr.- og trn. En ágreiningur þeirra var mismunandi og ekki alltaf á sömu forsendum þannig að við skulum varast að segja að það sé einróma álit lögfræðinga að túlka beri dóminn á einhvern annan hátt en Öryrkjabandalagið gerir.

Það kom líka mjög skýrt fram hjá þeim lögfræðingum sem komu á fund heilbr.- og trn. að það er pólitísk ákvörðun hvernig dómurinn er túlkaður og það fer eftir því hvaða pólitísku gleraugu maður setur á nefið á sér. Það er málið. Það kemur mjög skýrt fram í skipan starfshóps ríkisstjórnarinnar og eins í ummælum hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í Kastljósi 28. des.

Með leyfi forseta vil ég vitna í innlendar fréttir þar sem kemur fram:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra telur að sá hluti dóms Hæstaréttar, þar sem segir að skerðingarákvæði tekjutengingar við maka öryrkja samræmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sé frekar tilvísun í pólitískar hugmyndir en lögfræðileg rök. Sú niðurstaða hljóti að vekja undrun lögfræðinga. Davíð segir dóminn í heild afar athyglisverðan."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra segir það sömuleiðis athyglisvert að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar skuli vera notuð til að mæla borgurum önnur réttindi en löggjafinn hafði gert. Við það vakni sú spurning hvort virkilega hafi verið verið ætlun stjórnarskrárgjafans að færa lagasetningar- og fjárstjórnarvald frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum á Alþingi til dómstóla.

„Hafi það verið ætlunin hafa þarna átt sér stað grundvallarbreytingar á valdahlutföllum milli Alþingis og dómstóla þar sem dómarar, sem ekki eru lýðræðislega kjörnir, eru komnir með ígildi lagasetningar og fjárstjórnarvalds á ákveðnu sviði og þar með sokknir á bólakaf í hinar hefðbundnu skylmingar stjórnmálanna. Það er einmitt það sem mér finnst hafa gerst í þessu máli," segir Davíð. Hann segir ríkisstjórnina þurfa að skoða málið en heilbrigðisráðherra hefur farið fram á ríkisstjórnarfund í dag."

Mér finnst þessi ummæli lýsa því sem speglast í átökum hér í þingsalnum, pólitísk gleraugu eru sett upp og því er eðlilegt að tekist sé á um málið.

Í þeim ummælum sem hafa fallið hefur verið bent á að Hæstiréttur hafi ekki verið fullskipaður við þennan dóm og klifað á því að þrír lögmenn komust að þeirri niðurstöðu, þrír lögmenn gerðu þetta, og síðan vitnað til þeirra tveggja sem skiluðu séráliti. Mér finnst, herra forseti, gert lítið úr dómi Hæstaréttar. Dómur er dómur og eftir honum ber okkur að fara.

Mikið hefur verið vísað til aðfaraorða dómsins. Nú er ég ekki lögfræðingur, það þarf varla að taka það fram, en að hlusta á mál þeirra lögfræðinga sem komu inn á fund heilbr.- og trn. og það tungumál sem lögfræðingar nota sín á milli getur orðið venjulegri manneskju allt að óskiljanlegt og virkar trúlega á mig eins og þá sem koma inn á sjúkrahús og hlusta á mál sem sérfræðinganna sem þar tala, óskiljanlegt oft og tíðum. En það var þetta orðalag í aðfaraorðunum „á þann hátt sem gert er" sem kemur fyrir aftur og aftur, sem greinilegt er að hangið er á til að finna leiðir til að túlka dóminn eins og við gerum og Öryrkjabandalagið og fleiri gera. En með dómnum, sem er skýr og þarf ekki neinna útskýringa við af því hann vísar beint í kröfugerðina, þá er Hæstiréttur að vísa til þess enn og aftur að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja með því að miða hana við tekjur maka. „Á þann hátt sem gert er" á við aðferðina, þ.e. að skerða og miða við tekjur maka, en ekki er verið að vísa til upphæðarinnar, það er löggjafans að gera. En með þessari aðferð hafa þessi orð verið dregin út úr aðfaraorðum dómsins, tekin úr samhengi og notuð til þess að gera dómsorðin óljós, þ.e. notaðar eru lögfræðilegar röksemdafærslur til að styðja túlkun ríkisstjórnarinnar. Að mínu áliti er ljóst að megintilgangur túlkunarinnar er að finna leiðir til að komast hjá því að yfirfæra dóminn yfir á aðra lífeyrisþega.

En eins og ég sagði er ákvörðun um upphæð lífeyris hjá löggjafanum og vísar dómurinn til þess að löggjafinn verði að ákveða lágmarksframfærslugrunn. Það hefur hann gert með því að ákveða lágmarkslífeyri til einhleypra öryrkja, þ.e. 51 þús. kr. Það er sú viðmiðun sem á að fara eftir samkvæmt dómnum. Því er alveg ljóst að samkvæmt frv. er verið að lækka grunnlífeyri öryrkja í sambúð um 8 þús. kr. á mánuði.

En ég vil rökstyðja það að mér finnst dómurinn einnig vísa til ellilífeyrisþega, þar sem reglugerðin sem felld var úr gildi náði einnig til þeirra. Þar segir aftur á móti ekkert um þá

upphæð sem tekjutrygging ellilífeyrisþega ætti að vera. Samkvæmt dómnum á að mínu mati að vera sama tekjutrygging hjá þeim sem er einhleypur og þeim sem er í sambúð, þ.e. að tekjutryggingin eigi ekki að skerðast vegna tekna maka en það segir ekki um upphæðina, ekki hvað varðar þann hóp.

Því segi ég að í mínum huga er það alveg skýrt að hér er um mannréttindabrot að ræða. Réttindabrot sem búið var að benda á og reynt að fá leiðrétt í sjö ár eða frá því skerðingin var sett án lagastoðar. Því gilda hvorki þær fyrningarreglur sem settar eru í tryggingalöggjöfinni, né heldur í lögum nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þar sem er að finna það ákvæði um kröfur um að gjaldkræfur lífeyrir fyrnist á fjórum árum. Hér gilda því tíu ára fyrningarreglur vegna réttindabrota. Eftir væri þá að ákveða vexti þau sjö ár sem skerðingin hefur viðgengist.

Hér hefur verið farið mjög ítarlega yfir heimild Tryggingastofnunar til að greiða tvö ár aftur í tímann og nefnd dæmi. Það á þá við ef bótaþeginn sem af einhverjum ástæðum er að óska eftir leiðréttingu aftur í tímann vegna eigin sjúkdóms, en Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðirnir greiða lengra aftur í tímann ef brotið liggur hjá þeim, ef um vanrækslu í starfi hefur verið að ræða eða eitthvað komið upp þar sem hægt er að benda á að sökin sé hjá stofnuninni, þá er greitt lengra aftur í tímann. Yfir þetta hefur verið rækilega farið.

Í upphafi mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir:

„Það ber að viðurkenna, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Dómur Hæstaréttar frá 19. desember fjallaði einmitt um þessi atriði, þ.e. virðingu, frelsi og jafnrétti.

Herra forseti. Ekki á að þurfa að taka það fram að dómur Hæstaréttar var eingöngu um rétt öryrkja til óskertrar tekjutryggingar, hvort heldur þeir væru í hjúskap eða ekki. Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót er viðurkenning á því að á margan hátt sé kostnaðarsamara að búa einn en í sambúð. Með þeim greiðslum er því verið að jafna kjör öryrkja eftir hjúskaparstétt. Um þennan mismun hefur aldrei verið deilt. Og það hefur heldur aldrei verið tekist á um annað en að tekjur maka geti skert tekjutrygginguna.

Það fyrirkomulag sem í gildi hefur verið varðandi tekjutryggingu bóta og tengingu við tekjur maka er fjölskyldufjandsamlegt. Og það hafa margir orðið varir við áhrif þessa ákvæðis, t.d. sveitarfélög vegna félagsþjónustu sveitarfélaganna, prestar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og mjög margir sem horfa upp á afleiðingar þessa fyrirkomulags.

Það eitt að viðhalda þessari skerðingu hefur orðið til þess að öryrkjar hafa síður stofnað til hjúskapar eða sambúðar. Maður getur vel skilið það þegar þeir horfa fram á þá skerðingu sem fjölskyldan mundi þá verða fyrir. Þeir hafa einnig skilið til að halda fullri reisn eða fá hærri tekjur og það á ekki eingöngu við um örorkulífeyrisþega, það á við um fleiri sem hafa gripið til þess óyndisúrræðis að skilja til að halda fullri reisn.

En ákvæðið dregur úr sjálfsvirðingu öryrkja, þ.e. að geta ekki framfleytt sér óháð öðrum. Og það dæmi sem vísað var til hér og sem er óháð dómnum í sjálfu sér en ber að líta á varðandi heildarendurskoðun almannatryggingalaganna, er sú skerðing sem fólk verður fyrir fjárhagslega ef það fer inn á stofnun eða þarf að vera á stofnun í fjóra mánuði af tveimur árum.

Það er ömurlegt til þess að vita, herra forseti, að geta ekki einu sinni veitt sér það að kaupa afmælisgjafir handa börnum sínum, hvað þá að sjá sér fyrir því sem við köllum í dag frumþörfum, að vera sómasamlega til fara og geta keypt sér föt án þess að biðja um fatnað frá öðrum.

Það á að vera réttur okkar að ganga í hjúskap ef ósk okkar er í þá veru fremur en að vera í sambúð. Í Morgunblaðinu þriðjudaginn 16. janúar sl. birtist grein eftir Láru Helgu Sveinsdóttur lögfræðing um réttinn til að ganga í hjónaband. Það eru lögvarin mannréttindi. Mig langar, með leyfi forseta, að grípa hér aðeins niður í grein hennar, sem hljóðar svo:

„Í 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu segir að karlar og konur á hjúskaparaldri hafi rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi. Enn ítarlegra ákvæði um réttinn til að ganga í hjónaband er í 23. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í VII. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, kemur fram að hjón séu framfærsluskyld gagnvart hvort öðru. Framfærsluskyldan virkar ekki aðeins í aðra áttina, heldur í báðar áttir, sem þýðir að hinn makinn (ófatlaði) á líka framfærslurétt á hendur hinum fatlaða. Í hjúskaparlögunum kemur ekkert fram um það að heimilt sé að skerða lífeyristekjur né aðrar tekjur einstaklings vegna tekna maka hans. Annað mál er svo hvernig yfirvöld skattleggi tekjur hjóna, sem ekki má rugla saman við skerðingu almannatryggingabóta. Tekjur annarra einstaklinga eru ekki tengdar launum maka. Með öðrum orðum getur vinnuveitandi ekki miðað laun einstaklings sem er í vinnu hjá honum við þau laun er maki hans hefur. Lífeyristekjur/bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eru skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur, um sama frítekjumark er að ræða og ættu lífeyristekjur því að lúta sömu lögmálum og tekjur almennt. Eðlilegt og rökrétt er að öryrkinn (launþeginn) haldi tekjum sínum þótt hann gangi í hjónaband. Ekki er vitað til þess að neinn annar hópur í þjóðfélaginu missi fjárhagslegt sjálfstæði sitt við það eitt að ganga í hjónaband nema að vera kynni námsmenn, en það er efni í aðra grein. Fyrir utan þá staðreynd að öryrkjum er af þessum ástæðum fyrirmunað að framfæra sjálfa sig og leggja sitt af mörkum til framfærslu fjölskyldu sinnar, er þeim hættar við en öðrum að sæta kúgun í hjónabandi, þar sem þeir eru gjörsamlega háðir maka sínum fjárhagslega."

Þetta er mjög mikilvægt atriði, herra forseti. Þetta á við enn í dag og hefur verið svo í gegnum aldirnar að þeim sem minna mega sín er hættara við að sæta kúgun en hinum sem meira mega sín.

„Aðalatriðið er að hjón eru lögum samkvæmt framfærsluskyld gagnvart mökum sínum, þ.e. framfærsluskyldan er gagnkvæm. Þeir einstaklingar sem eru fatlaðir og njóta örorkubóta njóta ekki jafnréttis á við aðra þegna landsins varðandi það að ganga í hjónaband."

Að lokum segir, herra forseti:

„Af framansögðu verður sú ályktun dregin að framkvæmd sú sem tíðkast varðandi skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka lífeyrisþega brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og samræmist ekki ákvæðum mannréttindasáttmála þeirra sem Ísland hefur fullgilt eða lögfest."

Ljóst er að kostnaður vegna daglegs lífs er meiri hjá fötluðum en ófötluðum og auk þess er vinnuframlag þeirra takmarkað, bæði inni á heimili og á vinnumarkaði.

Ákvæðið er kvenfjandsamlegt. Það bitnar miklu oftar á konum en körlum og það er einnig umhugsunarefni. Það er

niðurlægjandi og brýtur fólk niður. Það brýtur fólk niður að vera byrði á öðrum og því þarf að styrkja stöðu sambúðarfólks þar sem annar aðilinn eða báðir eru fatlaðir og koma til móts við þann aukna kostnað sem fötlunin veldur. Það þarf að styrkja fjölskylduna, herra forseti, og þá sérstaklega ef annar aðilinn eða báðir eru fatlaðir.

Herra forseti. Hæstiréttur hefur lokaorð í þessu máli. Hann hefur kveðið upp dóm sinn og eftir honum ber okkur að fara. Við eigum ekki að hafa hann til hliðsjónar og fara svolítið eftir honum eins og fram kemur í frv. því sem nú er fjallað um. Dómur er dómur og það ber að fara eftir honum. Þetta var hæstaréttardómur og hv. Alþingi á að fara eftir dómi Hæstaréttar eins og hver annar.

Herra forseti. Hér beita menn lögfræðilegum rökum til að komast að mismunandi niðurstöðu. Ég kann ekki öll þessi lögfræðilegu rök. Þegar ég var að hlusta á orðaskipti lögfræðinganna fannst mér þetta frekar vera mjög langsótt leið til þess að komast fram hjá því sem dómstóllinn kvað upp úr um. Þannig virka þessi orðaskipti lögfræðinganna á mig að það hafi verið farin mjög langsótt leið til að komast að þeirri niðurstöðu sem ríkisstjórnin hefur komist að. Ég vil ekki segja útúrsnúningar en það eru farnar mjög einkennilegar krókaleiðir að mínu mati.

Þetta snýst um meira en lögfræði. Þetta snýst um mannréttindi. Þetta snýst líka um siðferði. Þetta snýst um að viðurkenna að mannréttindi og lýðræði kosta peninga. Ef við viljum halda uppi nafni mannréttinda og lýðræðis í landinu ber okkur að fara að dómnum og dómsorðinu eins og það stendur en leita ekki að einhverjum bakdyraleiðum og krókum til þess að túlka dóminn einhvern veginn öðruvísi. Yfir þetta hefur margsinnis verið farið.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta verða lokaorð mín að sinni.

[Fundarhlé. — 12:51]

[14:01]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er augljóst af umræðum undanfarinna vikna, það kristallaðist í 1. umr. um frv. það sem hér er til umfjöllunar, að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins er í meginatriðum skilinn á tvo vegu.

Þeir sem skilja hann á þann veg sem stjórnarandstaðan skilur hann segja að þeir dragi ályktun sína af því að bera saman kröfugerð Öryrkjabandalagsins og dómsorð Hæstaréttar. Þeir aðilar segja að dómurinn þýði að óheimilt sé með öllu að tengja tekjur maka við tekjutryggingu öryrkja, dómurinn sé augljós og auðskilinn. Þeir sem skilja dóminn á þann veg horfa alfarið fram hjá rökstuðningi Hæstaréttar fyrir niðurstöðu sinni. Þar er horft fram hjá fleiri síðum í dómi Hæstaréttar þar sem forsendur dómsins eru skýrðar. Það er andstætt við þá almennu reglu að túlka dóma með því að skoða dómsorð og rökstuðning í samhengi. Þetta er eins og að lesa fyrstu og síðustu blaðsíðu í bók og telja sig þar með geta sagt til um efni hennar.

Hinn skilningurinn, sá er meiri hluti heilbr.- og trn. tekur undir, byggir á dómsorðinu með hliðsjón af forsendum dómsins, dómi Hæstaréttar í heild sinni eins og venja er. Meiri hluti heilbr.- og trn. telur að niðurstöðu Hæstaréttar beri að skilja svo að skerðing tekjutryggingar öryrkja í hjúskap með þeim hætti sem segir í 5. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar hafi verið óheimil með vísan til 76. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar sé heimilt að gera það með öðrum hætti, þó þannig að öryrkjanum sé tryggður ákveðinn lágmarksréttur sem miðist við einstakling og uppfylli ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig verði öryrkja í sambúð tryggð ákveðin lágmarksupphæð sér til framfærslu sem óheimilt sé að skerða vegna tekna maka og það sé löggjafans að taka ákvörðun um upphæðina með hliðsjón af ákvæðum 76. gr. og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og fram kemur í nál. meiri hluta nefndarinnar komu tólf lögfræðingar sem kallaðir voru til nefndarinnar sem slíkir, þar á meðal fjórir lögfræðingar sem sömdu skýrslu um málið, fjórir lögfræðingar sem eru kennarar við lagadeild Háskóla Íslands og lögfræðingur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands auk lögfræðings Öryrkjabandalagsins. Það var einróma álit níu lögfræðinga af þessum tólf, þar af öllum fræðimönnunum frá lagadeild Háskóla Íslands, m.a. kennara í alþjóðlegum mannréttindareglum, að það væri réttur skilningur á dómi Hæstaréttar sem kemur fram í frv. því sem hér er til umræðu um breytingar á lögum almannatryggingar. Þeir álitu að með því að hækka lágmarksbætur öryrkja í sambúð úr 18 þús. kr. í um 43 þús. kr., sé löggjafinn að uppfylla skyldur sínar skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar og dómi Hæstaréttar sé þar með fullnægt.

Í þessu sambandi verður að taka fast á þeim misskilningi sem borið hefur á og kom m.a. fram í viðtali við Sigríði Þorgeirsdóttur heimspeking í Morgunblaðinu í gær. Þar er fullyrt að það frv. sem hér er til umfjöllunar leiði til að tekjutrygging giftra öryrkja lækki úr 51 þús. kr. í 43 þús. kr. Þetta er alrangt. Þvert á móti þá leiðir þetta til hækkunar á tekjutryggingu giftra úr 18 þús. kr. í 43 þús. kr. Að halda öðru fram er augljóslega byggt á misskilningi og er dæmigert fyrir hvernig umræðan um málið hefur verið afvegaleidd á undanförnum vikum.

Hins vegar er íhugunarefni og í raun ámælisvert að Hæstiréttur sem hefur það hlutverk að leysa úr ágreiningsefnum geti ekki komið niðurstöðu sinni í málinu á framfæri með ótvíræðari hætti. Það hlýtur að vera Hæstarétti mikið umhugsunarefni að niðurstaða hans í máli Öryrkjabandalagsins sé það óljós að hann leiði til þeirra viðbragða í þjóðfélaginu sem við höfum orðið vitni að á síðustu vikum. Til Hæstaréttar er eðlilegt að gera þær kröfur að vinnubrögð réttarins séu til slíkrar fyrirmyndar að engrar gagnrýni sé þörf. Hæstiréttur er ein af meginstoðum samfélagsins og vinnubrögð hans verða að vera með þeim hætti að virðing sé borin fyrir þeim og þau notuð sem fyrirmynd annarra stofnana samfélagsins.

Hæstiréttur á ekki að vera hafinn yfir gagnrýni. Alrangt er að draga þá ályktun að í gagnrýni á vinnubrögð Hæstaréttar felist einhver áform um að ganga í berhögg við dóma hans. Fráleitt er að halda slíku fram og ég fullyrði að það hefur ekki hvarflað að neinum þeirra sem hafa leyft sér að gera athugasemdir um vinnubrögð Hæstaréttar í þessu máli.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að hægt hefði verið á grundvelli dómsins að greiða öryrkjum í hjúskap fulla tekjutryggingu 1. janúar án þess að breyta lögum. Þessi skoðun byggir á þeirri túlkun á dómi Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að tengja tekjutryggingu öryrkja við laun maka sem meiri hluti heilbr.- og trn. er ósammála. Í þessu sambandi skiptir einnig verulegu máli að hafa í huga að í dómi Hæstaréttar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Af ákvæðum þessum leiðir að af niðurstöðu máls þessa verður ekki dregin ályktun um rétt hvers einstaks lífeyrisþega, enda er hér samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjanda einungis því ráðið til lykta hvort skerðingarákvæði 5. mgr.

17. gr. almannatryggingalaga samrýmist ákvæðum stjórnarskrár."

Dómur Hæstaréttar er þannig viðurkenningardómur og byggir á heimild 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sem kveður á um að félög eða samtök geti í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða til að losa þá undan tilteknum skyldum enda samræmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Málið var ekki rekið á grundvelli einstakra öryrkja og dómurinn kveður ekki á um rétt einstakra öryrkja í þessu sambandi.

Ég er ekki lögfræðingur og þeirrar þekkingar er ekki krafist þegar fólk sækist eftir kjöri á Alþingi. Hins vegar veit ég að í kjölfar viðurkenningardóma þarf oft að koma til frekari dómsmála til að skýra nákvæmlega hvernig réttindum einstakra manna skuli varið með hliðsjón af niðurstöðu viðkenningardóma. Mál Öryrkjabandalagsins var ekki rekið á einstaklingsgrunni heldur á grunni almenns réttar. Til að kveða á um rétt einstaklinga á grunni dómsins þarf því annaðhvort að reka mál einstaklinga fyrir Hæstarétti eða setja um það skýrar reglur í lögum eins og það frv. sem hér er til umfjöllunar gerir.

Því er það svo að þegar rætt er um að eðlilegt sé að fara í frekara dómsmál til að fá fram nákvæmari skilgreiningu á rétti einstakra öryrkja eða hópa öryrkja er verið að tala um venjubundnar aðferðir í lögfræði. Það er alrangt að skilja það svo að Öryrkjabandalaginu sé att í frekari dómsmál eins og hefur verið látið að liggja. Hins vegar er það auðvitað ákvörðun þess aðila sem telur á sér brotið að gera slíkt en ég tek undir það sjónarmið, sem fram hefur komið í umræðunni síðustu daga, að telji öryrkjar að þeir þurfi í frekari dómsmál varðandi þessi mál þá verði búið svo um hnútana að um gjafsókn verði að ræða.

Varðandi það að nauðsynlegt hafi verið að setja lög til að fullnægja dómi Hæstaréttar vil ég nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi kveður 5. mgr. 17. gr. laganna eingöngu á um rétt öryrkja sem eru í hjúskap til tekutryggingar þar sem makinn er ekki lífeyrisþegi. Þannig kveður dómurinn strangt til tekið ekki á um rétt öryrkja í sambúð þó í lögum um almannatryggingar sé réttur þeirra sem eru í hjúskap og í sambúð sambærilegur. Þetta hafa lögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar staðfest.

Í öðru lagi tekur dómurinn ekki á réttindum þeirra öryrkja sem eiga maka sem eru ellilífeyrisþegar eða öryrkjar. Ef dómurinn hefði verið framkvæmdur með einhverjum hætti gagnvart þeim tiltekna hópi öryrkja sem eru í hjúskap og maki ekki lífeyrisþegi skapaðist ákveðið ójafnræði milli þessara hópa sem væri undarlegt með hliðsjón af því að dómurinn gengur út á mannréttindi.

Í þriðja lagi kom fram í máli forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að ef dómurinn væri skilinn á þann máta að bannað væri að tengja tekjutryggingu við tekjur maka hefðu bætur fleiri hundruð öryrkja í hjúskap lækkað. Það væri í þeim tilvikum sem öryrkinn væri með hærri tekjur en maki hans. Þannig er ljóst að nauðsynlegt var að setja lög í kjölfar dóms Hæstaréttar. Meira að segja þeir sem hafa haldið öðru fram viðurkenna nú að nauðsynlegt hafi verið að setja lög, m.a. með hliðsjón af þeim aðstæðum sem hefðu skapast annars og ég hef lýst hér á undan.

Einnig er ljóst, með hliðsjón af þeirri túlkun á dómi Hæstaréttar sem meiri hluti heilbr.- og trn. Alþingis telur vera rétta, að löggjafinn þurfti að ákveða með lögum þá upphæð sem má telja með rökum að fullnægi ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar um rétt öryrkja til lágmarksframfærslu án tillits til tekna maka.

Virðulegi forseti. Í umræðu síðustu vikna hef ég orðið vör við að margir eru farnir að skilja tilgang og markmið almannatryggingakerfisins með öðrum hætti en áður hefur tíðkast. Farið er að skilgreina almannatryggingakerfið fyrst og fremst út frá réttindum burt séð frá þörf. Farið er að skilgreina þörfina sem afstæða þörf en ekki endilega raunverulega þörf. Sem dæmi um þennan málflutning eru ellilífeyrisþegar sem telja réttindi á sér brotin þegar tekjutrygging er skert að hluta eða alfarið vegna eigin tekna úr lífeyrissjóði, jafnvel þótt um verulegar tekjur úr lífeyrissjóði sé að ræða. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Ég legg hér áherslu á orðalagið „öllum sem þess þurfa". Það er almennt viðurkennt alls staðar í heiminum að tilgangurinn með almannatryggingakerfi og velferðarþjónustu sé að draga úr fátækt, veita þjóðfélagsþegnum viðeigandi lífskjaratryggingu og jafna lífskjör. Almannatryggingakerfið er tryggingakerfi sem ætlað er að koma til skjalanna þegar einstaklingur getur ekki framfleytt sér sökum heilsubrests, örorku, elli eða ungs aldurs.

Eitt af megineinkennum almannatryggingakerfa í heiminum er að þau líta fyrst og fremst á það sem hlutverk sitt að koma til móts við þá sem minna mega sín og að þeir sem betur komast af þurfi ekki á sama máta á stuðningi samfélagsins að halda. Þetta er grundvallarhugsunarháttur í öllum hinum vestræna heimi. Því hefur frá upphafi almannatrygginga verið tekið tillit til annarra tekna þess sem rétt hefur til bóta í almannatryggingakerfinu. Þannig er tryggt að sú takmarkaða fjárhæð sem er til skiptanna nýtist þeim helst sem þurfa raunverulega á henni að halda til framfærslu. Eftir því sem fleiri gera kröfu til aðstoðar samfélagsins og skilgreiningarþörf er víðari á því fleiri hendur skiptist fjárhæðin og minna kemur í hlut hvers og eins. Þeir sem minnst hafa fá minna í sinn hlut.

Með hliðsjón af þessu hefur mér komið á óvart í umræðu síðustu daga að ýmsir hafa lýst hugmyndum sínum á þann veg að ætla má að grundvallarhugmynd um hlutverk almannatryggingakerfisins frá upphafi sé á undanhaldi, þ.e. að það styðji þá sem eru í raunverulegri þörf fyrir aðstoð til að framfleyta sér um leið og það er notað til tekjujöfnunar í samfélaginu. Þannig kom það sjónarmið fram hjá ýmsum gestum heilbr.- og trn., m.a. frá fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, að almannatryggingakerfið ætti að byggja á tilteknum réttindum en ekki að vera tæki til tekjujöfnunar, það væri hlutverk skattkerfisins að sjá um tekjujöfnunina innan samfélagsins. Fyrir mér eru þetta töluverðar fréttir og gríðarleg stefnubreyting hjá verkalýðshreyfingunni sem fram til þessa hefur haldið öðru fram og sem öðrum fremur hefur verið talsmaður tekjutenginga almannatrygginga fremur en hitt.

Reyndar er það skoðun mín að ýmsir sem telja að fólk eigi tiltekin réttindi til lífeyris í almannatryggingakerfinu burt séð frá öðrum tekjum séu að rugla saman hlutverki almannatryggingakerfis og lífeyrissjóðakerfanna þar sem réttindi eru skilgreind og upphaf lífeyris í samræmi við ávinnslu. Almannatryggingakerfið er ekki slíkt kerfi. Það var ákveðið

strax í upphafi. Ég lýsi því áhyggjum mínum af því að viðhorf til almannatryggingakerfisins er að breytast án þess að almenn umræða um það hafi farið fram í þjóðfélaginu og sérstaklega umræða um afleiðingar slíkrar stefnubreytingar verði þær að veruleika. Ég hvet til þess að slík umræða fari fram hið fyrsta.

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að kjör öryrkja hér á landi séu lakari en kjör öryrkja annars staðar á Norðurlöndunum og dregið hefur verið í efa af hv. þm. stjórnarandstöðunnar að upplýsingar á fylgiskjali frv. séu réttar en í fylgiskjalinu eru borin saman kjör öryrkja á Norðurlöndum sem þurfa alfarið að reiða sig á opinberan stuðning sér til framfærslu. Því hefur einnig verið haldið fram af þingmönnum stjórnarandstöðunnar að tekjutengingar bóta við laun maka séu óþekkt fyrirbæri í hinum vestræna heimi. Á fund heilbr.- og trn. komu fulltrúar Íslands í norrænu hagsýslunefndinni á sviði félagsmála, NOSOSKO, sem hefur í fimm áratugi unnið að skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefur árlega skýrslu um það efni. Nefndin leggur sig sérstaklega fram um að birta upplýsingar sem eru samanburðarhæfar milli landa þótt nefndinni sé augljós vandi á höndum í samanburði á réttindum í almannatryggingakerfinu þar sem kerfin eru ólík milli landa. Þessir fulltrúar staðfestu að upplýsingar á töflu 1 á bls. 18 í frv. eru réttar en þær lýsa kjörum öryrkja á Norðurlöndum sem þurfa alfarið að reiða sig á opinberan stuðning sér til framfærslu. Ég vil í því sambandi benda á í framhaldi af umræðum hér áðan milli okkar hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að þegar hún bar saman 18 þús. kr. grunnlífeyri hér á landi við 85 þús. kr. lífeyri í Danmörku gerir hún sig seka um að bera saman epli og appelsínur. Þarna er verið að tala um að í báðum kerfunum er lífeyririnn samsettur af ýmsum þáttum. Hér á Íslandi er það grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót. Í Danmörku heitir það bara öðru nafni en það sem skiptir máli í þessu sambandi er að það er verið að tala um einstaklinga sem hafa engar aðrar tekjur. Hvaða tekjur hafa þeir, hvaða stuðning hafa þeir frá almannatryggingakerfinu hér á landi? Burt séð frá því hvernig það skiptist niður er verið að setja saman sambærilegar tölur. Þá kemur í ljós, og þetta kom mér reyndar á óvart miðað við þá umræðu sem hefur verið, að Ísland stendur sig ágætlega í þessu sambandi. Ég er ekki þar með að segja að öryrkjar hafi háar tekjur, alls ekki. En ég er að segja að í samanburði við Norðurlöndin kemur þetta alls ekki illa út, öðru nær. Það kemur þannig út að mánaðarlegur lágmarkslífeyrir öryrkja sem er einstaklingur, býr einn, er bestur hér á landi í þessum samanburði. Mánaðarlegur lágmarkslífeyrir hjóna er í flokki með Danmörku og Svíþjóð og ég endurtek að það kom fram hjá gestum okkar í heilbrn., sem ég nefndi áðan að þeir staðfestu að þessar upplýsingar væru réttar. Ég treysti þessum upplýsingum betur en upplýsingum sem eru teknar héðan og þaðan með símhringingum út um allan heim við einstaka aðila. Varðandi þetta er hægt að fá nákvæmlega þá niðurstöðu sem manni sýnist á hverjum tíma með því að bera saman hinar ólíklegustu tölur. En þessum plöggum treysti ég.

Hvað varðar þá fullyrðingu að tekjutenging bóta við laun maka sé óþekkt þá segir í umsögn fulltrúa Íslands í NOSOSKO eftirfarandi:

„Uppbætur á grunnlífeyri sem er tekjutrygging á Íslandi eru tengdar tekjum maka í Danmörku og reyndar grunnlífeyrinn einnig. Í Noregi hafa makatekjur tengingu við grunnlífeyri en Svíþjóð hefur nokkra sérstöðu vegna ATP-kerfisins."

Þá segir einnig í greinargerð frá þessu sama fólki um tekjutengingar almannatryggingabóta í Evrópu 1. jan. 2000, með leyfi forseta:

„Aðferðir við tekjutengingu og skilyrði eru mjög mismunandi eftir löndum. Stundum eru grunnbætur skertar, stundum viðbótarbætur (hér tekjutrygging) og stundum á þetta við um frekari viðaukabætur (hér t.d.heimilisuppbætur, frekari uppbætur, barnabætur og húsnæðisbætur).

Tengingar við tekjur maka eða jafnvel tekjur allra á heimilinu (eins og í Bretlandi) eru einnig algengar þótt þær séu vissulega sjaldgæfari en hin beina tenging við eigin tekjur bótaþegans. Bretar munu taka upp ákveðnari tengingar við tekjur maka vegna örorkubóta.

Danmörk er með tekjutengingu sem svipar mjög til íslenska kerfisins. Bótaþegi í sambúð fær lægri bætur en einhleypur og þær bætur eru síðar háðar sameiginlegum tekjum hans og maka hans. Þetta varðar „pensionstillæget," sem er jafnhátt grunnlífeyri hjá einhleypingum en aðeins helmingur hjá sambúðarfólki.

Noregur tengir grunnbætur við tekjur maka þannig að grunnbætur lækka niður í 75% af grunnupphæð ef tekjur maka fara fram yfir ákveðin mörk. Það sama á við um ákveðnar viðaukabætur (ektefelletillegg).

Svíþjóð lækkar grunnbætur niður í 72,5% af „grunnbeloppet" ef viðkomandi bótaþegi er í sambúð. Þá eru viðbótarbætur lækkaðar um krónu fyrir krónu á móti hugsanlegum ATP-lífeyri" — sem er þá lífeyrir tengdur atvinnu.

„Holland tekjutengir viðbótarlífeyri við tekjur maka sem er yngri en 65 ára. Í Finnlandi eru viðaukabætur tekjutengdar og koma þar tekjur maka einnig til athugunar."

Niðurstaða þessa ágæta fólks sem kom til okkar, fólks sem er í norrænu samstarfi um samanburð á tölum úr félagslega kerfinu:

„Þessar upplýsingar sýna þó að staðhæfingin að tekjur maka hafi hvergi áhrif nema á Íslandi er ekki rétt."

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum fjalla í nokkrum orðum um sjálfsvirðingu fólks því að hún hefur verið til umræðu í þessu samhengi. Ég get tekið undir það sjónarmið að sjálfstæður réttur örorkulífeyrisþega í sambúð til lífeyris frá almannatryggingakerfinu, sem hefur verið um 18 þús. kr., var of lágur. Því má segja að ég fagni niðurstöðu Hæstaréttar varðandi þetta atriði sem hefur leitt til þess að upphæðin hefur hækkað. Hins vegar get ég ekki fallist á þau rök sem haldið hefur verið fram að sjálfsvirðing og sjálfstæði örorkulífeyrisþega byggist á því hvort hann hafi 43 þús. kr. eða 51 þús. kr. milli handanna á mánuði. 7.500 kr. skipta ekki sköpum í því sambandi og ekki heldur sú staðreynd að lágmarksréttur einstaklinga sem eru ekki í sambúð er samkvæmt frv. ákvarðaður ívið hærri vegna þess fjárhagslega óhagræðis sem felst í því að búa einn. Það sem skiptir máli er að öryrki í sambúð hefur eftir að frv. hefur verið samþykkt ákveðið fjármagn milli handanna sem tryggir honum ákveðinn lágmarksframfærslulífeyri sem munar um og uppfyllir skilyrði stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum í heilbr.- og trn. og nefndarritara samstarfið í nefndinni. Þessi vinna var mjög áhugaverð og gekk afskaplega vel þrátt fyrir að um mikið álitaefni hafi verið að ræða. Ég vil sérstaklega þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, styrka stjórn í störfum nefndarinnar.

[14:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hér eina ferðina enn heyrt lagalegar skýringar á því að ríkisstjórninni sé heimilt að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka þeirra um rúmar 7.500 kr. á mánuði hverjum, að lækka tekjutrygginguna úr 32.566 kr. niður í 25 þús. kr. Ríkisstjórnin telur sig geta sloppið þannig fyrir horn. Hv. þm. virðist þó ekki alveg viss og telur rétt á að láta reyna á þetta fyrir dómstólum. Þetta er undarlegur málflutningur.

En látum þetta vera, leggjum hin lagalegu rök til hliðar og víkjum að hinum pólitísku og siðferðilegu. Ríkisstjórnin hefur bent á það og talsmenn hennar á Alþingi að það sé viðfangsefni stjórnmálanna og Alþingis að ákveða þær upphæðir sem renna til öryrkja. Hver eru hin pólitísku rök og hinn siðferðilegi rökstuðningur ríkisstjórnarinnar og talsmanna hennar fyrir því að lækka tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka um rúmlega 7 þús. kr. á mánuði? Ég auglýsi eftir pólitískri afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls. Við heyrðum það í málflutningi frsm. meiri hluta nefndarinnar, fulltrúa Framsfl. við umræðuna að sú hlið máls hefði hreint ekki verið rædd, hin pólitísku, siðferðilegu rök að færa niður tekjutryggingu öryrkja og lækka hana um 7.500 kr. á mánuði. Hver er skýring Sjálfstfl.?

[14:26]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hve útúrsnúningur í málflutningi getur gengið langt. Við stöndum frammi fyrir því að miðað við það að tekjutengja lífeyrinn við laun maka hefur öryrki sem fær lífeyri frá almannatryggingakerfinu hingað til fengið 18 þús. kr. Síðan er verið að ræða um að þetta sé lækkað úr 51 þús. niður í 43 þús. (Gripið fram í.) Hvar er reikningslistin? (Gripið fram í.) Það er verið að tala um að færa þetta úr 18 þús. upp 43 þús. kr. Er einhver misskilningur hjá hv. þm.?

[14:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru engir útúrsnúningar. Tekjutrygging öryrkja er 32.566 kr. á mánuði hverjum. Hér erum við að ræða frv. sem gerir ráð fyrir því að þessi tekjutrygging verði færð niður í 25 þús. kr. Tekjutryggingin byrjar að skerðast þegar makinn hefur 134.280 kr. á mánuði og staðreyndin er sú að tekjutryggingin er færð niður.

Eru það kannski líka útúrsnúningar að ríkisstjórnin ætli að beita ströngustu fyrningarákvæðum í lögum til að hafa réttmætar greiðslur til öryrkja? Er það líka útúrsnúningur? Ég spyr eftir hinum pólitísku, siðferðilegu röksemdum sem fulltrúar Sjálfstfl. og málsvarar ríkisstjórnarinnar í þessu hneykslismáli ætla að beita fyrir sig í þessu efni.

[14:28]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. er fullljós afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hún telur að Hæstiréttur hafi sagt að heimild sé til að tekjutengja tekjutryggingu öryrkja við laun maka. Það á að vera alveg ljóst. (Gripið fram í.)

Hv. þm. spurði hvort einhver siðferðileg umræða hefði verið um þetta atriði í nefndinni. Vissulega var siðferðileg umræða þar um. Þar var rætt um hvort það væri siðferðilega rétt að færa tekjur frá þeim sem minna hafa til þeirra sem meira hafa, þ.e. að almannatryggingakerfið sem er fjármagnað af almannafé, af skattpeningum allra í landinu verði notað til að færa skattfé frá þeim sem minna hafa og til hinna sem meira hafa.

[14:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari er ekki hægt að fara ítarlega yfir þá ræðu sem hér var flutt áðan en verður væntanlega gert síðar.

Hins vegar langar mig að fá skýringu hv. þm. sem hér flutti tölu sína áðan á því hvernig í veröldinni megi halda því fram að hægt sé að líta svo á að með því að finna út töluna 43.000 sé um ívilnandi aðgerð að ræða? Ég óska eftir skýringu á þessu vegna þess að þá hljótum við að spyrja ívilnandi frá hverju. Frá hverju er verið að ívilna? Væntanlega er verið að ívilna, ef ég skil hv. þm. rétt, frá því sem Hæstiréttur sagði að væri mannréttindabrot. Það er sem sagt orðinn lægsti samnefnari, það er mannréttindabrot og það að fara með þetta í þessa tölu, eru menn að gorta sig af því að verið sé að færa fram á þinginu frv. sem eiga að ívilna öryrkjum. Menn kunna ekki einu sinni að skammast sín. Þegar búið er að taka þá í gegn fyrir æðstu dómstólum og segja sem svo að verið sé að brjóta mannréttindi á þeim sem minnst mega sín, þá koma menn upp og halda því fram að þetta sé ívilnandi. Öryrkar hljóta að þakka manngæsku þessarar ríkisstjórnar að bregðast við því að ríkisstjórnin og ríkisvaldið er rassskellt fyrir að hafa brotið mannréttindi. Kjarni málsins er vitaskuld sá að eftir að þessi dómur er fallinn hefði átt að greiða út strax og það hefði átt að greiða út 51 þús. kr., þ.e. grunnlífeyrinn og tekjutrygginguna. En það er of mikið. Eins og hv. þm. sagði áðan, hvað munar fólk um 7.500 kr.? Hvað er það? Ég ætla að fullyrða það að fólk sem er með þær tekjur sem öryrkjar hafa, munar alveg helling um 7.500 kr.

[14:31]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði að virðing manna byggðist ekki á því hvort þeir hefðu 43 þús. kr. milli handanna eða 51 þús. Það brýtur ekki þar á. (**ÖJ:** Virðing ríkisstjórnar.)

Spurt var um fjárhæðina. Fjárhæðin hefur oft verið til umfjöllunar í þessari umræðu. Það er alveg ljóst að þar skilur á milli stjórnarandstöðu og stjórnarliða varðandi skilning á niðurstöðu Hæstaréttar. Hver horfir sínum augum á niðurstöðu Hæstaréttar, það er alveg ljóst. Spurningarnar sem stjórnarandstaðan leggur fyrir okkur stjórnarliða er í samræmi við þá sýn sem þeir hafa í þessum efnum. Hins vegar er það skilningur meiri hluta nefndarinnar að dómur Hæstaréttar feli í sér að heimilt sé, með tilliti til þess fjárhagslega hagræðis sem felst í sambúð, sem sagt af málefnalegum ástæðum, að tekjutengja tekjutryggingu öryrkja við tekjur maka.

Vegna þess að ég fékk þessa spurningu síðast einnig og taldi mig hafa svarað henni þá þá ákvað ég í eitt skipti fyrir öll að setja þetta skriflega niður fyrir framan mig svo ég geti lesið og fólk geti hlustað á hvað málið snýst um:

Ljóst er að Hæstiréttur taldi að upphæðin 18 þús. kr. væri of lág og ljóst er að 51 þús. kr. er hámarkið, enda er það sú upphæð sem einstaklingur sem býr einn hefur rétt á. Þessi upphæð, 43 þús. kr., er hins vegar ekki heilög. Hún gæti verið lægri og hún gæti verið hærri. Það er þá mat löggjafans hvað er nægjanlegt til að uppfylla ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er ljóst að upphæðin fullnægir kröfum Hæstaréttar um rétt öryrkja í hjúskap til lágmarksframfærslu með hliðsjón af 76. gr. stjórnarskrárinnar.

[14:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Virðing manna verður hvorki keypt, seld né metin út frá þessum 7.500 kr. Það er klárt og við getum verið sammála um það, ég og hv. þm. Kjarninn er hins vegar sá, eins og komið hefur fram, að virðing manna er skert þegar tekjur maka koma til frádráttar, það er nákvæmlega kjarni málsins. Hvað segir Hæstiréttur um þetta? Hann segir að það sé óheimilt að skerða samkvæmt 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, samkvæmt. Þar er skýrt kveðið á um hvernig skuli skert. Það er skýrt. Það er óheimilt að gera það á þann hátt sem þar kemur fram. Við það á Hæstiréttur þegar hann talar um virðingu manna. Síðan birtist virðing ríkisstjórnarinnar fólki í því að hún leyfir sér að skerða þessar stórkostlegu bætur, 50 þús. kall eða svo, um 7.500. Þar birtist manngæska ríkisstjórnarinnar. Það er allt annað mál.

[14:35]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Það er alveg ljóst að, virðulegur forseti, að við náum ekki saman í þessari umræðu. Það liggur alveg fyrir. Fólk skilur þetta á sinn veg og við getum hártogast þetta bak og fyrir. Við náum ekki sameiginlegri niðurstöðu enda er það kannski ekki það sem við ætlum okkur að gera.

Ég hef ekki meira um þetta að segja að sinni. Ég tel mig hafa svarað því sem ég hef verið spurð um. Hér eru hins vegar stöðugt endurteknar sömu spurningarnar sem ég tel mig hafa svarað og stjórnarliðarnir einnig í þessu máli.

[14:36]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orð hv. þm. um viðurkenningardóm, að þetta sé viðurkenningardómur og taki því ekki á rétti hvers einstaks öryrkja þá er er þetta vissulega viðurkenning fyrir hóp. Þetta er viðurkenning fyrir ákveðinn hóp öryrkja. Sá hópur átti að fá greitt eftir dómnum, 51 þús. kr. á mánuði. Þarna stangast á tvenns konar skilningur á þessu máli. En aðstæður fólks eru mismunandi og hafa breyst í gegnum tíðina, fólk hefur gift, skilið og látist. Þessi dómur getur ekki tekið á mismunandi aðstæðum fólks en sá afmarkaði hópur sem býr við þessi skilyrði í dag ætti að hafa fengið greitt. Það á ekki að þurfa að fara í mál fyrir þennan afmarkaða hóp til að fá þetta viðurkennt. Hvernig átti að bregðast við? Það átti að bregðast við, eins og margoft hefur komið hér fram, með því að setja reglugerð. Það var búið að fella skerðingarákvæðin í þessari margumræddu 5. mgr. úr gildi. Það átti að setja reglugerð, greiða þessum hópi og leggja vinnu í að klára dæmið. Það átti ekki að fara þá leið sem frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir heldur fylgja dómsúrskurðinum.

Talandi um sjálfsvirðingu þá munar þennan hóp og alla öryrkja um þessa upphæð sem er á milli 43 og 51 þús. kr. Þetta er jafnsmánarleg upphæð til þess að lifa af eftir sem áður, þannig má kannski segja að það skipti ekki máli, en að svipta fólk henni er lítilsvirðing við það og það skiptir máli.

[14:38]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu sambandi má ekki gleyma hvaða hópur fær þennan aukna rétt. Það er hópur með heimilistekjur yfir 200 þús. kr. (**Gripið fram í:** Nei.) Það hefur margoft komið fram. Þannig að virðing fólks mun ekki bíða skaða af muninum á milli 43 og 51 þús. kr.

Það er talað um mannréttindabrot í þessu sambandi. Það er ekki mannréttindabrot að auka rétt einstaklinga, það er verið að auka rétt einstaklinga. Það er ekki mannréttindabrot heldur er verið að taka tillit til tekna maka. Með sama hætti mætti segja að það væri mannréttindabrot að fella niður heimilisuppbót. Eru það þá ekki mannréttindabrot? Ef þetta er mannréttindabrot þá tíðkast þau einnig í öðrum löndum, t.d. á Norðurlöndunum. Ég fór ítarlega í það áðan að tengingar við tekjur maka tíðkast í hinum vestræna heimi. Málið snýst þannig ekki um mannréttindabrot.

[14:39]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er lítilsvirðandi að láta brjóta á sér. Það skiptir ekki máli í þessu tilfelli hvort tekjurnar eru 200 þús., 1 millj. eða þaðan af meira. Það skiptir ekki máli. Tekjutryggingin er persónubundinn réttur. Aftur á móti hafa tekjur og kjör fólks áhrif á aðra þætti, t.d. heimilisuppbótina og eigin tekjur lækka tekjutrygginguna. Aðeins þessi háttur, að miða tekjur maka, er óheimill.

Þegar menn verða fyrir tjóni skiptir ekki alltaf máli hvort tjónið er mikið eða lítið. Lítilsvirðingin af þeirri upplifun skiptir líka máli.

[14:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál hélt ég því fram að bæði frv. ríkisstjórnarinnar og niðurstaða lögfræðihóps ríkisstjórnarinnar væru útúrsnúningur á niðurstöðu Hæstaréttar. Við umfjöllun í heilbr.- og trn. hefur sú skoðun mín styrkst. Málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða hér er útúrsnúningur á niðurstöðu Hæstaréttar.

Í öllum fréttaflutningi af dómi Hæstaréttar eftir að hann var kveðinn upp var yfirfyrirsögnin á hverju einasta blaði og í hverjum einasta fjölmiðli: Ekki er heimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka. Það brýtur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Enda var það alveg ljóst að hvorugum málsaðila, þ.e. hvorki Öryrkjabandalaginu né Tryggingastofnun, datt annað í hug en að þetta væri niðurstaða Hæstaréttar. Hvorugum málsaðila datt annað í hug en farið yrði að dómsorðinu. Þetta kom fram í heilbr.- og trn. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum. Engan óraði fyrir þessum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar í kjölfarið á svo skýrum dómi Hæstaréttar.

Í áliti minni hluta heilbr.- og trn., sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur farið hér mjög rækilega yfir, koma fram ítarlegar skýringar á afstöðu okkar til alls þessa málatilbúnaðar. Ég ætla ekki að nota tíma minn hér til að endurtaka það enda gerði hún góða grein fyrir þeim þáttum í morgun. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir rakti aðdraganda málsins og þá málsmeðferð sem við, Samfylkingin og stjórnarandstaðan öll á þinginu, leggjum til vegna þessa máls. Við teljum að málið standist ekki stjórnarskrá og leggjum því til að því verði vísað frá.

Í niðurstöðu Hæstaréttar sem er tvíþætt kemur fram að reglugerð sú sem skerðingarákvæðið á tekjutryggingu lífeyrisþega byggðist á hafði ekki lagastoð. Allir dómarar Hæstaréttar voru sammála um að svo væri. Það mátti ekki skerða tekjutryggingu lífeyrisþega vegna tekna maka frá 1994–1998 þegar ákvæðin voru sett í lög. Samkvæmt því gildir þetta einnig um aldraða. Það er ljóst þegar litið er til þess að reglugerðin hafði ekki lagastoð, þar sem reglugerðin tók til bæði skerðingar tekjutryggingar öryrkja og tekjutryggingar aldraða.

Þess vegna eiga allir lífeyrisþegar, sem urðu fyrir tekjuskerðingu vegna tekna maka á tímabilinu frá 1994–1998 þegar lagasetningin var gerð, rétt á endurgreiðslum vegna þessarar skerðingar því hún hafði ekki lagastoð og var óheimil og var brot á stjórnarskránni því það var ekki heimilt samkvæmt lögum að skerða á þann hátt.

Í nál. minni hlutans er bent á að þegar lagasetningin, þ.e. frv. ríkisstjórnarinnar um skerðingarákvæði vegna tekna maka voru tekin til umfjöllunar á Alþingi 1998, þá varaði stjórnarandstaðan *við því að hér væri á ferðinni að öllum líkindum* brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og vísaði til tveggja greina í stjórnarskránni, annars vegar 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Sömuleiðis vísaði minni hlutinn, þ.e. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem þá var formaður nefndarinnar, og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir ásamt þeirri sem hér stendur, einnig á 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Þarna var verið að fjalla um ákveðinn afmarkaðan rétt einstaklings til grunnframfærslu óháð hjúskaparstöðu, þ.e. tekjutrygginguna, og við bentum á að þarna gæti verið og væri að mati ýmissa færra lögfræðinga verið að brjóta mannréttindi og þar með mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, en þar sem málið kom inn í þingið aðeins tveim dögum fyrir jólahlé gafst ekki tími til að senda það út til umsagnar né heldur að láta rannsaka þennan þátt frekar. Þess vegna töldum við okkur ekki geta greitt atkvæði með málinu en í lagasetningunni voru ívilnandi ákvæði gagnvart bótaþegum sem við bentum reyndar á á þeim tíma að hægt væri að koma fram, þ.e. láta fram ganga, án þess að lögfest yrðu ákvæði sem mögulega fælu í sér mannréttindabrot. Þess vegna vísuðum við allri ábyrgð á þeirri lagasetningu til ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnin yrði að bera ábyrgð á því að samþykkja slík lög.

Undir þessa afstöðu okkar fulltrúa í heilbr.- og trn. á þeim tíma tóku hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sem þá var áheyrnarfulltrúi Kvennalistans í nefndinni.

Þetta kemur ítarlega fram í nál. minni hlutans en ég vil ítreka að stjórnarandstaðan var búin að vara við að þarna væri á ferðinni ákvæði sem að öllum líkindum og að mati færustu sérfræðinga stangaðist á við stjórnarskrána. Og það hefur nú komið í ljós við þennan dóm Hæstaréttar frá 19. des. sl. að stjórnarandstaðan hafði á réttu að standa, afstaða hennar var rétt. Dómur Hæstaréttar staðfesti það.

Bent hefur verið á að þessi skerðing er í andstöðu bæði við stjórnarskrána og alþjóðasáttmála og fjölda laga sem vísað er til svo sem laga um málefni fatlaðra og sömuleiðis jafnréttislaga. En það ber að leggja áherslu á að stærsti hluti þeirra öryrkja sem verða fyrir þessari skerðingu vegna tekna maka eru konur, mjög stór hluti þeirra. Það eru konur sem eru öryrkjar, konur sem eru búnar að missa starfsgetuna og í mörgum tilfellum eru þetta konur sem eru fátækar og hafa ekki eða mjög lítinn rétt í lífeyrissjóðum.

Í umræðunni um þetta mál er reynt að telja fólki trú um að hér sé hátekjufólk á ferðinni. Það er alrangt. Við vitum vel að öryrkjar eru yfirleitt ekki vel staddir fjárhagslega. Einnig höfum við bent á að það að missa heilsuna eða starfsorkuna og verða öryrki sé, eins og málum er nú komið, ávísun á fátækt. Því höfum við barist gegn. Við höfum sömuleiðis bent á að nauðsynlegt sé að auka og rétta kjör lífeyrisþega, sérstaklega öryrkjanna því að þær greiðslur sem til þeirra koma úr opinberum sjóðum eru smánarlega lágar. Það staðfesti umfjöllun Morgunblaðsins í gær, þ.e. sunnudagsblað Morgunblaðsins. Þar voru viðtöl við öryrkja þar sem þeir sýndu fram á að það væri nánast ekki hægt að draga fram lífið á þessum greiðslum, hvað þá að þeir gætu gengið í hjónaband á þeim kjörum sem lífeyrisþegum eru skömmtuð úr opinberum sjóðum og sömuleiðis að búa við þá skerðingarreglu sem tekjutengingin við tekjur maka er og heldur áfram að verða miðað við það frv. sem hér liggur fyrir.

En vegna þess að menn hafa haldið því fram að hér væri á ferðinni hátekjufólk vil ég vísa í skýrslu hæstv. forsrh. sem kom fram á 123. löggjafarþingi. Hún kom fram í framhaldi af beiðni þingmanna jafnaðarmanna sem óskuðu eftir upplýsingum um kjör öryrkja. Skýrslan var lögð fram á 123. löggjafarþingið árið 1998–1999.

Samkvæmt þeirri skýrslu kemur fram að meðalgreiðsla til öryrkja árið 1997 var 37.317 kr. á mánuði. Menn hafa verið að halda því hér fram, sérstaklega hefur hv. þm. Pétur Blöndal réttlætt það að fólk fái ekki hærri greiðslur vegna þess að það fái svo góðar greiðslur úr lífeyrissjóðum eða þá af atvinnuþátttöku. En miðað við upplýsingar í skýrslu forsrh. frá 123. þingi fengu öryrkjar að meðaltali 18.254 kr. á mánuði úr lífeyrissjóðum. Það eru nú greiðslurnar úr lífeyrissjóðunum, 18.254 kr., sem eru náttúrlega meðaltalsupphæðir og 43% öryrkja fengu ekki neitt úr lífeyrissjóði, áttu engan rétt þar.

Í skýrslunni í umfjöllun um atvinnutekjur kemur í ljós að atvinnutekjur öryrkja eru að meðaltali, miðað við þá skýrslu, rúmar 14 þús. kr. á mánuði og 62% allra öryrkja hafa engar atvinnutekjur. Hin dæmigerða samsetning væri þá að Tryggingastofnun borgar innan við 40 þús. kr., þ.e. rúmar 37 þús. kr., úr lífeyrissjóðum fá öryrkjar að meðaltali um 18 þús. kr., vinnutekjur eru um 14 þús. kr. og samtals eru þeir þá með innan við 70 þús. kr. í framfærslu. Þetta er nánast sama upphæð og einstaklingur með óskertar hámarksbætur fær að teknu tilliti til eingreiðslna. Þetta er auðvitað talandi dæmi um ástandið í þessum málum.

Einnig hefur verið bent á að makar lífeyrisþega séu með, samkvæmt Morgunblaðinu í vikunni, ég man nú ekki nákvæmlega hvaða dag það var, um 220 þús. kr. á mánuði nú. Við vitum alveg hver staða maka lífeyrisþega er þegar annað hjóna eða annað fullorðinna í sambúð lendir í því að missa starfsgetuna þá verður hinn aðilinn að fara að vinna meira. Fólk er með skuldbindingar, fólk er með ákveðnar fjárskuldbindingar varðandi heimilið þegar það missir heilsuna á miðjum aldri. Ég bendi á að Ísland sker sig úr að því leyti að öryrkjar á Íslandi verða öryrkjar yngri en annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu, þeir eru færri að jafnaði á Íslandi en annars staðar en þeir verða öryrkjar yngri og þess vegna eiga þeir minni rétt í lífeyrissjóðum vegna þess að þeir hafa verið stuttan tíma eða jafnvel ekki á vinnumarkaði, sem er náttúrlega m.a. skýringin á því ástandi sem kemur fram í skýrslu hæstv. forsrh.

Það er alveg ljóst að þær stífu tekjutengingar sem hafa viðgengist og viðgangast í almannatryggingakerfinu halda þessum þjóðfélagshópi niðri, honum er haldið niðri vegna þess að tekjutengingar eru mjög stífar. Tekjutengingar eru

miklar gagnvart öryrkjanum sjálfum. Tekjutrygging hans er skert gagnvart lífeyrisgreiðslum, gagnvart fjármagnstekjum, gagnvart t.d. atvinnutekjum og svo til viðbótar er verið að skerða vegna tekna maka. Margoft hefur verið bent á í þessari umræðu vegna þeirra útúrsnúninga stjórnarliða að heimilt sé að skerða tekjutrygginguna, bara ekki eins mikið og gert er, og þá er bent á að heimilt sé að taka tillit til þess að ódýrara sé að framfleyta tveimur en einum, en þá ber auðvitað að benda á að sú skerðing er fyrir hendi í kerfinu. Sá sem býr með öðrum fær rúmum 22 þús. kr. minna en sá sem býr einn. Og það þarf ekki að vera hjónafólk eða sambýlisfólk í þeirri mynd sem menn hugsa oftast um sem sambýlisfólk, þ.e. karl og kona í sambúð, það getur verið lífeyrisþegi sem býr með systur sinni eða frænda sínum eða dóttur sinni eða móður. Hann lendir í því að hann fær ekki heimilisuppbót, hann er kominn niður í 51 þús. kr. sem síðan skerðast út frá hans eigin tekjum í því tilfelli.

Ég vil ítreka vegna þeirrar umræðu sem hefur farið og fór hér fram áður en ég hóf ræðu mína að heimildarbætur eins og heimilisuppbót hefur ekki verið talin ein af grundvallarstjórnarskrárvörðum mannréttindum í velferðarkerfinu. Það eru aftur á móti almannatryggingarnar sem eru grunnlífeyririnn og tekjutryggingin. Það eru stjórnarskrárvarin réttindi lífeyrisþegans sem samkvæmt dómi Hæstaréttar má ekki skerða vegna tekna annarra, sem má ekki skerða vegna tekna maka. Það er alveg ljóst af öllum málflutningi bæði meiri og minni hluta Hæstaréttar þegar menn fjölluðu um þetta mál og skiluðu dómsorði sínu, það var álit meiri hlutans að þarna mætti ekki skerða og vísa ég til bæði málflutnings okkar í fyrri umræðu og sömuleiðis rökfærslna í minnihlutaáliti og ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur.

Herra forseti. Mig langar til að gera aðeins að umtalsefni hér áður en lengra er haldið hvernig hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar ætla að bregðast við þessum hæstaréttardómi, ekki framfylgja honum eins og við höfum margoft bent á, heldur bregðast við honum. Hér kemur makalaust frv. fram þar sem skerðingarákvæðin standa áfram í 17. gr. en sett er ákveðin regla fyrir lífeyrisþegana. Ég vil nota tækifærið og benda á og spyrja þá sem hlusta á mig, herra forseti, hvort miklar líkur séu á því að hvetjandi sé fyrir lífeyrisþega, ungan karl eða unga konu, sem lent hefur í þeim hremmingum að missa starfsgetuna og býr einn, að ganga í hjónaband þegar þessi regla kemur til sögunnar?

Dæmið sem ég óskaði eftir að yrði reiknað út fyrir okkur í heilbr.- og trn. og fulltrúar nefndarinnar hafa í fórum sínum er af lífeyrisþega sem sjálfur hefur 30 þús. kr. á mánuði, annaðhvort úr lífeyrissjóði, þ.e. hann hafi verið á vinnumarkaði og þaðan hafi hann 30 þús. kr. eða þá fjármagnstekjur, þ.e. hafi átt eitthvað í bréfum og fái fjármagnstekjur, eða þá að hann getur unnið svolítið þrátt fyrir skerta starfsorku og hafi 30 þús. kr. í tekjur. Hann kynnist manneskju sem hann vill gjarnan eiga samleið með í lífinu, búa með eða giftast en sá einstaklingur er með 250 þús. kr. í tekjur. Við skulum segja það. Ég nefni þetta vegna þess að ég horfði á umfjöllun á Stöð 2 þar sem ungt fólk var spurt hvort það mundi gifta sig ef það lenti í þessari stöðu. Það hváði þegar það heyrði tölurnar. En ég ætla að nefna þessi dæmi.

Þessi öryrki hafði fyrir giftingu grunnlífeyri, fulla tekjutryggingu og heimilisuppbót. Hann hafði ekki sérstaka heimilisuppbót vegna þess að hún skerðist krónu á móti krónu. Hann fær því ekkert í sérstaka heimilisuppbót og hefur rúmar 66 þús. kr. til framfærslu frá TR. Samkvæmt gömlu reglunni sem Hæstiréttur er búinn að dæma ógilda, að ekki megi skerða vegna tekna maka þ.e. meðan skert var vegna tekna maka, þá fengi hann bara grunnlífeyrinn, bara 18 þús. kr. og ekkert annað úr Tryggingastofnun. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar sem hér liggur fyrir fær hann aðeins 5 þús. kr. til viðbótar við það sem hann hafði áður. Hann fær aðeins 5 þús. kr. ofan á 18 þús. kr. Hann fær því 23 þús. út úr Tryggingastofnun. Lífeyrisþeginn hafði hátt í 70 þús. kr., 66 þús. rúmar, sá sem ekki treysti sér til að gifta sig og vegna þess að hann var nánast upp á maka sinn kominn með því að fá aðeins grunnlífeyrinn frá Tryggingastofnun. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar fær hann 23 þús. kr. Hver er nú munurinn á því, 18 þús. kr. eða 23 þús. kr.? Hann fær sem sagt 5 þús. kr. meira. Ég get ekki séð að þarna sé kominn hvatinn til hjónabandsins. Væri aftur á móti farið að dómi Hæstaréttar og ekki skert vegna tekna maka þá fengi þessi lífeyrisþegi tæpar 51 þús. kr. Um það munar auðvitað strax.

Þessum samanburði er nú ekki lokið hjá mér vegna þess að ég á eftir að taka nokkra aðra þætti en ég vil í sambandi við hann nefna atriði sem kannski væri full ástæða til að minna á, þ.e. ályktarnir Sjálfstfl. á síðasta landsfundi. Landsfundurinn ályktaði nefnilega í þá veru að vernda ætti fjölskylduna. Landsfundur Sjálfstfl. ályktaði í þá veru að afnema ætti allar tekjutengingar, sérstaklega hvað varðar aldraða. Það átti að afnema allar tekjutengingar, ekki bara tekjutengingar við tekjur maka. Nei, það átti að afnema allar tekjutengingar, líka við tekjur einstaklingsins sjálfs. Það er ályktun Sjálfstfl. á landsfundi.

Ég velti fyrir mér hvernig það sé með hv. þm. Sjálfstfl. Ber þeim ekki að fara eftir ályktun landsfundar?

Landsfundur Sjálfstfl. ályktaði einnig um heilbrigðismál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn hvetur til frumkvæðis um málefni fatlaðra með það fyrir augum að þeim sé tryggður fullur réttur til þátttöku í samfélaginu. Þjónustu við fatlaða ber að skipuleggja út frá þörfum hvers og eins því að á þann hátt eru gæði hennar og hagkvæmni best tryggð."

Þetta sagði nú Sjálfstfl. á síðasta landsfundi. Hvernig er svo þessu framfylgt í þingmáli ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., herra forseti? Öryrkinn sem tapar greiðslum sínum frá Tryggingastofnun, þ.e. tekjutryggingunni sinni í dag, á að fá 5 þús. kr. Það er nú meiri styrkurinn við fjölskylduna frá hæstv. ráðherrum Sjálfstfl. og Framsfl. og hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa sjálfsagt tekið þátt í að ályktа á landsfundi í þessa veru.

Við skulum gera ráð fyrir að öryrkinn sem ég var að tala um áðan hafi ekki búið einn. Kannski bjó hann í foreldrahúsum þegar hann fer að íhuga hvort hann eigi að hefja sambúð með sinni heittelskuðu eða sínum heittelskaða. Meðan hann var í heimahúsum, þ.e. bjó ekki einn, fékk hann úr Tryggingastofnun tæpar 51 þús. kr. af því hann hafði 30 þús. kr. í tekjur. Hann fékk náttúrlega enga tekjutryggingu eða aðrar bætur miðað við reglurnar eins og þær voru. En hann fær bara þessar 5 þús. kr. Hann fær bara þessar 5 þús. kr. vegna þessa frv. ríkisstjórnarinnar. En hann fengi 51 þús. krónurnar ef farið væri að dómi Hæstaréttar sem segir að ekki sé heimilt að skerða vegna tekna maka. Ég minni á að krafa Öryrkjabandalagsins var sú að þessi regla, þessi tekjutrygging, yrði dæmd óheimil eða ekki. Og hún var dæmt óheimil. Það var fjallað um ákveðna skerðingarreglu sem þeir töldu óheimila vegna ákvæða í stjórnarskránni og alþjóðasáttmálum.

Nú skulum við segja að öryrkinn sem við erum að tala um hafi kynnst öðrum lífeyrisþega, öðrum öryrkja og vilji gjarnan hefja sambúð með honum. Þá er hann enn verr staddur, þ.e. ef makinn er einnig lífeyrisþegi. Hann fær bara 5 þús. kr. og í heild, vegna þess að grunnlífeyririnn lækkar um 10%, lækkar hann niður í 90%. Ef tveir lífeyrisþegar búa saman þá lækkar grunnlífeyririnn líka. Hann fær um 16.500 í grunnlífeyri þegar hann fer að búa með öðrum lífeyrisþega og lífeyrisþeginn sem hann fer að búa með lendir líka í skerðingunni. Þau lenda bæði í skerðingu á grunnlífeyri og hann fær aðeins 5 þús. kr. í tekjutryggingu Hann fær úr Tryggingastofnun rúmar 21 þús. kr. Ef bannað væri að tengja vegna tekna maka þá hefði hann fengið um 50 þús. kr.

Þetta er samkvæmt frv. sem ríkisstjórnin leggur hér fyrir og ætlar lífeyrisþegum og á m.a. að koma í veg fyrir skilnaði hjá þeim sem lenda í þeim hremmingum að missa starfsorkuna. Fólk hefur neyðst til þess að skilja eins og bent er á m.a. í umræðu á prestastefnu. Þetta hefur margoft verið rætt hjá prestum. Þeir hafa tekið þetta upp í predikunum í kirkjum sínum og sömuleiðis bendir prestur á þetta í Morgunblaðinu. Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson bendir á þetta sérstaklega í viðtali í Morgunblaðinu í gær. Sagt er í fyrirsögn: „Mannréttindi — ekki hagsmunamál". Þetta eru mannréttindi. Til umfjöllunar er ályktun prestastefnu þar sem hann vísar til þess að þjóðmálanefnd kirkjunnar hafi fengið þetta mál til umfjöllunar, þetta vandamál gagnvart fjölskyldunni, þar sem þessi skerðingarregla vinnur gegn hjónabandinu. Hér segir hann:

„Hann segir ástæðu þess að ekki var tekið sterkar til orða að nefndinni hafi verið skammtaður of naumur tími til að hún gæti sökkt sér í málið. Eins gafst ekki ráðrúm til að leita sérfræðiaðstoðar, sem hefði verið æskilegt."

En prestastefna 1997 beindi því til Alþingis að leiðrétta það ranglæti sem öryrkjar búa við. Telja hv. þm., stjórnarliðar, það leiðrétt með þessu frv.? Ég held að upphæðirnar sem ég hef nefnt hér séu talandi dæmi um að svo sé ekki. Ég get tekið fleiri dæmi ef menn sannfærast ekki um að hér sé farið með rétt mál.

Við höfum margbent á þetta. Það er hægt að taka fleiri dæmi um mismunandi tekjur og það sýnir sig að þessi regla, eins og hún er í frv., er vinnuletjandi og hvetur fólk ekki til að bindast fjölskylduböndum. Það er alveg ljóst. Ég tel fulla ástæðu til þess að meiri hluti heilbr.- og trn. og stjórnarliðar taki á þessum þætti sérstaklega eftir alla þá umræðu sem hefur verið um þetta mál.

Ég vil líka benda á að við í stjórnarandstöðunni höfum margbent á þetta og komið með tillögur í þá veru að afnema beri þessa tengingu. Við eigum frv. núna í heilbr.- og trn. um að þessi tekjutenging verði bönnuð. Við höfum í fjárlagaumræðunni lagt til fjárveitingar til þess að afnema hana og til þess að bæta kjör öryrkja. En það hefur meiri hlutinn alltaf fellt. Allar slíkar tillögur hefur meiri hlutinn, sem nú hefur verulegar áhyggjur af slæmum kjörum lífeyrisþega, fellt og síðast núna í desember. Síðast núna í desember felldi meiri hlutinn tillögur í þá veru að bæta kjör öryrkja og aldraðra sem búa við verstu kjörin í samfélaginu. Það hefur allt saman verið fellt, allar slíkar tillögur.

Mig langar til að nefna annað dæmi um stöðu öryrkja. Þegar öryrki reynir að taka þátt í atvinnulífinu og vinna sér inn einhverja peninga og er í þeirri stöðu að eiga maka með meðaltekjur, svona 200–250 þús. kr. stendur hann uppi með nánast ekki neitt. Þegar skatturinn hefur tekið það litla sem eftir er þá er hann betur kominn með að hafa setið heima. Það tel ég vera alvarlegt. Auðvitað á kerfið að vera hvetjandi fyrir öryrkja þannig að þeir reyni að fara út á vinnumarkaðinn, komist út á meðal fólks og auki starfsgetu sína en sé ekki ýtt út af vinnumarkaðnum vegna þess hvernig skerðingarnar bitna mun harðar á honum vegna þeirrar reglu sem komin er inn í það frv. sem ríkisstjórnin er með og ætlar sér að koma í gegn þessa dagana.

Í heilbr.- og trn. fengum við ýmsa gesti eins og kemur fram í álitum bæði minni og meiri hluta nefndarinnar. Ég verð að segja að það er sérkennilegur málflutningur þegar hv. stjórnarþingmenn koma hér og telja upp hversu margir lögfræðingar hafi komið á fund nefndarinnar og segja síðan: Níu voru með og þetta margir voru á móti og þetta margir studdu ríkisstjórnina og þetta margir studdu eitthvað annað. Talað er um þetta eins og þeir lögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar séu einhver dómstóll. Þetta er hlægilegur málflutningur.

Það er alveg ljóst að þeir mannréttindalögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar voru sammála um að þarna væri verið að brjóta mannréttindi og farið væri á svig við stjórnarskrána með þessu frv. Það kom alveg skýrt fram í nefndinni. Ekki er boðlegt þegar menn hafa kallað fyrir nefndina lögfræðingahópinn sem samdi frv., það hefði verið sérkennilegt ef þeir hefðu verið á annarri skoðun en að frv. væri í takt við skoðun þeirra á hæstaréttardómnum. Nei, svona málflutningur er náttúrlega ekki boðlegur í þessari umfjöllun.

Þeir mannréttindalögfræðingar sem komu á fund nefndarinnar sögðu að þessi skerðing stæðist ekki stjórnarskrá og það væri klárlega niðurstaða Hæstaréttar að ekki væri heimilt að skerða vegna tekna maka.

Einnig hefur komið fram að dómurinn um að ekki sé heimilt að skerða vegna tekna maka gerir öryrkja kleift að ganga með reisn í hjónaband, í hjúskap. Hann verður ekki upp á maka sinn kominn með framfærslu. En það er ekki þannig þegar litið er til frv. ríkisstjórnarinnar. Ekki er hægt að segja að lífeyrisþeginn geti gengið með reisn í hjúskap þegar sú skerðingarregla er farin að bíta.

Við höfum einnig bent á að auðvitað átti að greiða út 1. janúar, það var ekkert því til fyrirstöðu. Það var staðfest í nefndinni að það hefði verið heimilt og það hefði verið mögulegt. Fulltrúar Tryggingastofnunar bentu á það eins og hefur komið fram í máli okkar í minni hlutanum að það var möguleiki, ekki þurfti nema breytingu á reglugerð til að hægt væri að greiða þeim sem málið varðaði fulla tekjutryggingu, þ.e. að hún skertist ekki vegna tekna maka.

Ég hef sagt það fyrr í máli mínu að ég tel persónulega að ellilífeyrisþegar eigi þennan sama rétt. Reglugerðin sem hafði ekki stoð varðaði tekjutryggingu þeirra alveg jafnt og öryrkja og hún hafði ekki stoð í lögum þannig að ekki var heimilt að skerða tekjutryggingu þeirra vegna tekna maka. Sömuleiðis er í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, sem ég hef vitnað til fyrr, ekki aðeins talað um að maður eigi þennan rétt vegna örorku heldur einnig vegna elli. Þegar einstaklingur er kominn á ákveðinn aldur, þ.e. orðinn 67 ára samkvæmt íslenskum lögum, á hann þennan grundvallarrétt samkvæmt stjórnarskránni, hann á persónuvarinn, lögbundinn rétt til þess að fá þessar greiðslur úr opinberum sjóðum, þó háð eigin tekjum, eins og við höfum öll verið sammála um að sé skilningurinn og sé réttlátt samkvæmt almannatryggingunum þó að menn greini á um hvort sú skerðingarregla gagnvart eigin tekjum sé of mikil eða ekki. Það hefur komið

fram hjá ýmsum að sú skerðing sé of mikil eins og hún er í dag en það er ekki til umræðu hér.

Vegna þeirra dæma sem ég tók áðan langar mig líka að nefna enn eitt dæmi um öryrkja sem á maka sem er með tekjur og nýtir frítekjumarkið að fullu. Ef hann er með 37.500 kr. á mánuði — hann þarf að borga fullan skatt af því makinn er með þær tekjur að það fullnýtir persónuafsláttinn hjá báðum — þá þarf hann að greiða um 14.500 kr. af því og þegar allar skerðingar eru komnar inn í myndina þá situr hann eftir með nokkur þús. kr., 2–3 þús. kr., sem mundu síðan skerðast vegna vaxtabóta og barnabóta ef slíkt er til staðar. Staða þessa lífeyrisþega er því ákaflega slæm.

Vegna þeirrar þrætu um norræna réttinn sem við höfum verið í hér þá kom það fram hjá íslenskum fulltrúum NOSOSKO-nefndarinnar að ákaflega erfitt væri að bera saman almannatryggingakerfin á Norðurlöndunum og nánast ómögulegt enda hefur það komið í ljós að þegar þeir bera saman kjör lífeyrisþega á Norðurlöndunum og taka Ísland fyrir sérstaklega eru þeir ekkert endilega að tala alltaf um almannatryggingar. Þeir eru að tala um aðrar bætur en almannatryggingabætur í þeim samanburði og setja það saman í einum pakka. Hv. þm. Ásta Möller talaði um að verið væri að bera saman epli og appelsínur og þannig er það yfirleitt þegar verið er að bera saman réttinn á Norðurlöndunum. Ég hef bent á það í þessum ræðustól að það sé mjög varhugaverður málflutningur sem hefur verið á ferðinni frá stjórnarliðinu að segja að öryrkjar séu einna best settir á Íslandi.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þegar NOSOSKO-nefndin kom á fund nefndarinnar var ekkert af því sem ég hef sagt hér hrakið. Aftur á móti var lagt fram skjal um réttinn á Norðurlöndum sem er athyglisvert. En í fylgigögnum með því skjali — af því að Danmörk hefur nú allmikið borið á góma — þá kemur nefndin með fylgiskjöl úr upplýsingariti um almannatryggingar og félagslega aðstoð í Evrópusambandsríkjunum og EES-ríkjunum sem kallað er MISSOC en treystir sér greinilega ekki til þess að láta gögnin um örorkuna koma með fylgiskjölunum sem var auðvitað það sem var til umræðu, heldur lætur hún ellilífeyrisreglurnar koma með, sem eru náttúrlega aðrar reglur en örorkan sem við erum akkúrat að tala um. Þess vegna töldum við í minni hlutanum fulla ástæðu til að láta dönsku reglurnar um örorkulífeyrinn fylgja með sem fylgiskjal í gögnum okkar þannig að menn sæju að þar er verið að tala um örorkuréttinn í Danmörku en ekki ellilífeyri sem við erum öll sammála um að er annað mál.

Það er alveg ljóst að kerfið er öðruvísi byggt upp. Hér á landi eru aðeins tveir flokkar af örorku, það er örorkulífeyrir og örorkustyrkur. Örorkulífeyririnn fyrir lífeyrisþega í sambúð er um 51 þús. kr. með tekjutryggingunni en örorkustyrkurinn á Íslandi fyrir þá sem eru með lægri örorku er 13.800 kr. Aftur á móti eru fjórir flokkar á Norðurlöndunum og þar fær 100% öryrki sem býr einn um 95 þús. kr. íslenskar án þess að það skerðist vegna tekna maka. Það er grunnréttur hans. En ef hann er í sambúð lækkar það niður í um 85 þús. kr. Það er réttur hans ef hann er í sambúð. Síðan á hann rétt á viðbót sem er tengd tekjum maka, það er alveg rétt. Viðbæturnar eru tengdar tekjum maka. En þennan rétt á 100% öryrkinn í Danmörku.

Náttúrlega sér hver maður að þetta er alls ekki sambærilegt. Það þarf ekkert meira en að nefna þessar tölur, 85 þús. í Danmörku og 18 þús. á Íslandi, og benda á reglurnar í fylgiskjali með áliti minni hlutans til að sýna fram á þetta. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þá umræðu, við getum talað endalaust um þennan samanburð. Flestir sérfræðingar í tryggingamálum á Norðurlöndunum eru sammála um að erfitt sé að bera þetta saman og nánast ómögulegt og þess vegna eru menn að vísa og taka inn í alls konar aðra aðstoð úr samfélaginu til þess að reyna að bera þessi kjör saman. En það er sem sagt ólíku saman að jafna, þetta er skýringin.

Á fund heilbr.- og trn. komu einnig fulltrúar verkalýðsfélaganna og þeir voru allir búnir að skoða dóm Hæstaréttar ásamt lögmönnum sínum og búnir að komast að þeirri niðurstöðu að það sem dómurinn var að að segja var að tekjutenging við tekjur maka stenst ekki stjórnarskrána. Óheimilt er að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans, þ.e. þegar maki er ekki lífeyrisþegi.

Dómurinn tekur kæru Öryrkjabandalagsins orðrétt upp í niðurstöðu sinni, í dómsorðinu. Það er mjög skýrt orðalag. Það er ekkert verið að fjalla um hvort megi skerða minna eða meira, það er verið að tala um hvort heimilt sé að skerða eða ekki. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ekki heimilt og get ég vísað m.a. til minnisblaðs sem kom fram í nefndinni frá ASÍ þar sem þessi niðurstaða er rakin og mun ég ekki fara nánar út í það nema nauðsyn krefji og þá muni ég gera það, herra forseti, í seinni ræðu. Enda tel ég, herra forseti, að rækilega hafi verið farið yfir lögfræðilegan málflutning okkar í minni hlutanum í minnihlutaáliti okkar og ekki þörf á því að ég fari að endurtaka það hér.

Mig langar líka til að benda á öryrkjana sem verða ellilífeyrisþegar við það að verða 67 ára. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort þeir telji það réttlátt og eðlilegt að þegar öryrkinn, sjúklingurinn sem hefur ekki getað unnið fyrir sér og hefur verið með örorkubætur fram til 67 ára aldurs, verður 67 ára, þegar hann er orðinn gamall, að þá megi allt í einu fara að skerða svona harkalega vegna tekna maka. Á þá ellilífeyrisskerðingin að fara að bitna á lífeyrisgreiðslum hins aldraða öryrkja?

Hann er ekki lengur öryrki samkvæmt lögum þegar hann verður 67 ára. Þá gilda um hann aðrar reglur. Þá á að láta hann hafa minna. Ekki verður hann minni öryrki á því að verða gamall. Ég held að allir geti verið sammála um það að sá sem hefur verið heilsulaus eða fatlaður í gegnum lífið lagast ekki með aldrinum. Engu að síður á það að gilda, miðað við frv. ríkisstjórnarinnar, að þegar öryrkinn er orðinn gamall, orðinn 67 ára, þá eigi gamla reglan að gilda. Þá gilda ekki sérstöku ákvæðin í þessu frv. Nei, þá á að fara að láta hann hafa enn þá minna. Þetta er nú réttlætið hjá hæstv. ríkisstjórn. Þetta er réttlætið.

Ég spyr hv. þingmenn stjórnarliðsins: Er þetta eðlilegt? Finnst þeim þetta réttlátt og siðlegt?

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta ákaflega lítilmótlegt og sérstaklega hjá fólki sem allt í einu hefur uppgötvað að bæta þurfi kjör lífeyrisþega og fatlaðra. En það á nú aldeilis ekki að fara að bæta kjör fatlaðra á efri árum, það á ekki að gera.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér mjög langa ræðu en ég vil aðeins gera að umtalsefni greiðslurnar aftur í tímann. Ég verð að segja að mér blöskrar þegar ríkisvaldið ætlar að beita fyrningarákvæðum gagnvart þessum hópi, gagnvart öryrkjum sem sviptir hafa verið upphæðum árlega frá 1994 án þess að það hafi verið heimilt í lögum og ætlar ekki að greiða það til baka. Hvað á þetta að þýða? Fólk sem hefur

lítið fyrir sig að leggja og hefur orðið fyrir þessari skerðingu, sem Hæstiréttur er búinn að lýsa yfir að sé óheimil samkvæmt stjórnarskránni. Samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar er ekki heimilt að skerða tekjutryggingu. Það hefur verið gert frá 1994 og menn eru sammála um að þetta hafi ekki verið heimilt frá 1994–1998, allir dómarar Hæstaréttar eru sammála um það. En það á ekki að greiða til baka fyrir allan tímann.

Í umfjöllun í heilbr.- og trn., herra forseti, kom fram að það hefði verið reglan, t.d. hjá lífeyrissjóðunum þar sem er tveggja ára regla um greiðslur aftur í tímann, að þegar það hefur verið sök lífeyrissjóðsins sjálfs að viðkomandi hafi ekki fengið bætur lengra aftur í tímann þá hafi verið fallið frá þeirri reglu og menn hafi greitt allan þann tíma sem menn telja að réttur þeirra hafi verið brotinn. Það eru til dæmi um það. Ég er með fyrir framan mig úrskurð frá tryggingaráði sem úrskurðaði í kærumálum til Tryggingastofnunar þar til úrskurðarnefndin var sett á laggirnar. Þar hefur verið úrskurðað í svona máli þar sem handvömm var við afgreiðslu stofnunarinnar. Ung stúlka sem dæmd hafði verið öryrki hafði ekki fengið þær bætur sem hún átti rétt á samkvæmt lögum. Úrskurðurinn var þannig að henni voru greiddar bætur tólf ár aftur í tímann. Þessi stúlka fékk allt greitt.

Ég velti fyrir mér hvort ríkisstjórninni sé stætt á þessu bara vegna jafnræðisreglunnar. Dæmi eru um að Tryggingastofnun hafi greitt þegar um handvömm stofnunarinnar er að ræða. Ætti þá ekki samkvæmt jafnræðisreglunni að greiða öllum sem hafa verið hlunnfarnir vegna þess að ríkisvaldið eða Tryggingastofnun fór ekki að gildandi lögum, þar sem reglugerðin stóðst ekki lög? Ég leyfi mér, herra forseti, að halda því fram að svo sé og greiða beri þetta allan þann tíma. Öllu því sem tekið hefur verið frá lífeyrisþegum ber að skila.

Þetta á auðvitað við um aldraða líka, a.m.k. frá árunum 1994–1998 því að reglugerðin, sem er óheimil, gilti líka um þá. Auðvitað ber að greiða þeim. Ég get ekki séð annað, ef ríkisstjórnin ætlar að halda sig við þetta heygarðshornið, en menn neyðist til þess að fara dómstólaleiðina. Það er nú ansi hart þegar þeim hópum í samfélaginu sem þurfa að treysta á velferðarkerfið er sífellt vísað í dómsmál. Það kom einnig fram í nefndinni að lögmaður Öryrkjabandalagsins benti á það að hvorki hann né lífeyrisþegarnir hver um sig hefðu efni á að fara út í slíkan málarekstur, það er alveg ljóst.

Herra forseti. Ég gæti rakið ýmis fleiri dæmi og ýmsa þætti sem varða þetta mál því af mörgu er að taka. Ég hef hins vegar tök á því að koma hér aftur og ræða um þá þætti. Til dæmis væri full ástæða til að fara nánar í þessum umræðum ofan í skýrslu hæstv. forsrh. um kjör öryrkja og benda á hver staða þessa fólks er í raun og hver staða fólks í sambúð með lífeyrisþega er. Ég verð að gagnrýna það, herra forseti, að reynt sé að telja fólki trú um að um hátekjufólk sé að ræða. Það er ekki þannig. Ég held að menn ættu að hætta að reyna að telja fólki trú um að eitthvað slíkt sé á ferðinni.

Þetta snýst um mannréttindi, þetta snýst um grundvallarréttindi. Í þessum dómi er fjallað um þá aðferð að tengja við tekjur maka og sú tenging er ólögmæt. Frv. er útúrsnúningur á niðurstöðu Hæstaréttar og stenst ekki 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar. Ég ítreka það, herra forseti, að endurgreiða ber lífeyrisþegum alla þá upphæð, alla þá skuld sem ríkisstjórnin stendur uppi með.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri að sinni en ég mun taka aftur til máls síðar í umræðunni ef mér þykir ástæða til.

[15:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. að hún sagði að allir þeir mannréttindalögfræðingar sem komu fyrir nefndina hafi verið þeirrar skoðunar að þetta frv. stæðist ekki ákvæði stjórnarskrár. Ég vildi spyrja hv. þm. hverjir þessir mannréttindalögfræðingar eru og hvers vegna er ekki vitnað sérstaklega til þeirra í áliti minni hlutans. Ég tók heldur ekki eftir því að neitt væri vitnað til þeirra í framsöguræðu frsm. meiri hlutans þannig að þetta kemur nokkuð á óvart. Mér finnst nauðsynlegt að það sé upplýst hér í þinginu hverjir allir þessir mannréttindalögfræðingar eru.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að upplýsa hverjir komu á fund nefndarinnar og hafa sérþekkingu í mannréttindamálum. Þar ber fyrst að nefna Ragnar Aðalsteinsson, lögmann Öryrkjabandalagsins. Einnig Margrét Heinreksdóttir sem kom frá Mannréttindaskrifstofunni og er sérmenntuð í mannréttindamálum. Síðan má auðvitað nefna Láru Helgu Sveinsdóttur lögfræðing sem hefur sérhæft sig í réttindum fatlaðra sem auðvitað kemur inn á þessi mannréttindaákvæði. Ég get einnig nefnt álit Magnúsar Nordals frá ASÍ sem kemur einmitt inn á þessa þætti. Hér eru alla vega fjórir sem ég get nefnt nú þegar, herra forseti.

[15:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur afskaplega mikið á óvart ef hv. þm. telur að prófessorarnir Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson og lektor við lagadeild Íslands, Skúli Magnússon, viti lítið sem ekkert um mannréttindi. Ég er alveg undrandi á að ekki skuli vera sérstaklega vitnað í þá lögfræðinga sem hv. þm. nefnir hér í minnihlutaálitinu. Þeir eru ekki nefndir á nafn í ræðu þeirri sem haldin var hér fyrir hönd minni hlutans.

Þetta kemur því sannarlega á óvart og væri fróðlegt að vita hvað þessir lögfræðingar hafa sagt á sviði mannréttinda og hvort hinir lögfræðingarnir, prófessorarnir, hafi ekkert um það sagt því að hv. þm. sagði að allir þeir sem væru á sviði mannréttinda hefðu verið sammála um þetta.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri alls ekki lítið úr prófessorunum sem komu fyrir nefndina, enda er vitnað til þeirra í nál. minni hlutans og nánast orðrétt. Ég geri alls ekki lítið úr þekkingu þeirra. Aftur á móti veit ég ekki til þess að þeir hafi sérhæft sig í mannréttindamálum, ég veit ekki til þess, en ég veit að þeir hafa mjög mikla og yfirburðaþekkingu, enda vitnum við til þeirra í minnihlutaáliti okkar.

Hins vegar veit ég að Margrét Heinreksdóttir og Ragnar Aðalsteinsson hafa sérhæft sig í mannréttindamálum og Lára Helga Sveinsdóttir í réttindum fatlaðra. Ég vitnaði til þeirra sérstaklega hvað varðar sérfræðinga í mannréttindamálum, enda veit ég ekki til þess að aðrir sem komu fyrir nefndina hafi verið með sérmenntun eða sérþekkingu í mannréttindamálum sérstaklega. Það getur verið að svo sé en það var alla vega ekki upplýst sérstaklega í nefndinni.

[15:42]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það alvarleg ásökun þegar því er haldið fram af stjórnarandstöðunni að frv. sem hér liggur fyrir feli í sér brot á stjórnarskrá og mannréttindum eins og haldið er fram í áliti minni hlutans. Mér finnst líka alvarlegt þegar því er haldið fram að allir mannréttindalögfræðingar sem komið hafi á fund nefndarinnar hafi haldið því fram að með frv. sé verið að brjóta stjórnarskrá.

Til að skýra það sem kom fram hér í síðasta andsvari þá var enginn sérstakur mannréttindasérfræðingur sem hélt því fram að verið væri að brjóta stjórnarskrá, þvert á móti. Til viðbótar þeim nöfnum sem nefnd voru áðan þá vil ég láta þess getið að sérstaklega voru kvaddir á fund nefndarinnar tveir lögfræðingar sem eru að skrifa doktorsritgerð í mannréttindum. Þeir styðja niðurstöðu meiri hlutans og vísað er til þess í áliti meiri hlutans hver skoðun þeirra er. Þeirra er ekki látið ógetið og þá eru fáir einir eftir sem styðja þá skoðun sem hér er haldið fram af minni hlutanum skammlaust. Mér finnst það fyrir neðan virðingu Alþingis að halda slíku fram án þess að menn séu þá nafngreindir.

[15:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nafngreint þá aðila sem ég vitnaði til í andsvari áðan. Því er ekki hægt að segja að ég hafi ekki nafngreint þá.

Ég vil minna hv. þm. á, þó að hún hafi ekki verið komin á þing árið 1998, að þá var stjórnarandstaðan, sá þingmaður sem hér stendur og þeir félagar mínir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Bryndís Hlöðversdóttir á þeirri skoðun að vægast sagt væri varhugavert að fara út í þessa lagasetningu þar sem að áliti sérfróðra manna væri líklega um mannréttindabrot að ræða. Þannig ætti alveg að vera ljóst að við höfum verið á þeirri skoðun að það standist ekki mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar að vera með þessa skerðingarreglu. Það hefur verið ljóst frá upphafi í þessu máli og er hér skjalfest í þingskjölum Alþingis að við höfum verið á þeirri skoðun alla tíð.

[15:45]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að vekja athygli á því sem fram kemur í áliti minni hluta hv. heilbr.- og trn. þar sem vísað er til þess að dæmi séu um að tryggingaráð hafi afgreitt og úrskurðað mál lengra aftur í tímann en gert er ráð fyrir í 48. gr. laganna um almannatryggingar. Þar er nefndur, ég ætla að fá að vísa orðrétt í álit minni hlutans, úrskurður í máli nr. 44/1994 þar sem úrskurðað var um bætur rúmlega 12 ár aftur í tímann. Síðan segir, með leyfi forseta: „Hefur þeirri stefnu verið fylgt af hálfu stofnunarinnar að þegar um mistök eða sök hennar er að ræða sé vikið frá ákvæði 2. mgr. 48. gr. laganna."

Þarna er gefið til kynna að þetta sé einn úrskurður af fleirum. Vegna þessa og fyrirspurnar frá heilbrn. sem send var Tryggingastofnun á föstudaginn og ekki fékkst svar við, þá langar mig að vísa í bréf sem barst okkur frá Tryggingastofnun í morgun. Þar kemur fram að þetta sé eini úrskurðurinn sem nokkurn tímann hafi verið kveðinn upp af Tryggingastofnun þar sem greitt hafi verið lengra aftur í tímann en 48. gr. gerir ráð fyrir.

[15:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að það sé fyrir neðan virðingu Alþingis að menn segi hér sannfæringu sína. Mér ber að segja sannfæringu mína. Það er sannfæring mín að það hafi verið niðurstaða Hæstaréttar að óheimilt hafi verið að beita þessari tekjutengingu við tekjur maka. Það er bjargföst sannfæring mín og margra annarra í samfélaginu að það hafi verið óheimilt. Mér ber að segja það. Það er alls ekki fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur það að það sé fyrir neðan virðingu alþingismanna að segja hér sannfæringu sína.

Varðandi tilvitnun í nál. minni hlutans þá höfðum við fengið vísbendingar um að þetta hafi verið gert oftar en í þessum eina úrskurði. Aftur á móti hefur verið farið svo hratt í þetta mál að það gafst ekki einu sinni tími til að athuga fleiri úrskurði tryggingaráðs. Þessi úrskurður fannst vegna þess að einn af hv. nefndarmönnum mundi eftir honum. Það þurfti að leita að honum í möppum. Það gafst ekki tími, eins og segir í svari frá Tryggingastofnun, og því var ekki möguleiki á að finna fleiri úrskurði vegna tímaskorts.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú taka það fram að ég er löglærður og ég hef ekki vitað til þess að hugtakið „mannréttindalögfræðingur" væri eitthvað sérstakt hugtak um lögfræðinga. Sjálfur starfaði ég með Ragnari Aðalsteinssyni við undirbúning á lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu á sínum tíma og vafalaust gæti ég gert tilkall til að vera „mannréttindalögfræðingur" á þeirri forsendu.

Mig langar til að spyrja hv. þm. sem lýsir hér sannfæringu sinni og því að hún viti nákvæmlega hvað felst í dómi Hæstaréttar og hvernig beri að framfylgja honum: Hvers vegna er lagt til í hinni rökstuddu dagskrártillögu minni hluta nefndarinnar að heilbr.- og trn. þingsins verði falið að semja lagafrv. til að unnt sé að framkvæma dóm Hæstaréttar, ef sannfæringin og vitneskjan um það hvernig þetta mál á að ganga fyrir er svo skýr sem hv. þm. hefur áréttað hér?

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég kalla „mannréttindalögfræðinga" eru lögfræðingar sem hafa sérhæft sig í mannréttindamálum.

Ég leyfi mér að halda því fram að ég hafi rétt á að halda fram skoðun minni. Mín skoðun er sú að dómur Hæstaréttar feli það í sér að það ekki sé heimilt að skerða tekjutryggingu lífeyrisþega vegna tekna maka.

Ástæðan fyrir því að við teljum að heilbr.- og trn. eigi að taka þetta mál og leggja fram nýtt frv. er sú að það er ýmis afleiddur réttur af þessari niðurstöðu Hæstaréttar sem ber að skoða. Ég er a.m.k., herra forseti, þeirrar skoðunar að frumkvæði Alþingi til lagasetningar eigi að vera mun meira en það er. Hér er dæmi um frv. sem kemur fyrir þingið frá lögfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar úti í bæ. Ég tel að þingið eigi að hafa mun meira frumkvæði að lagasetningu og þess vegna teljum við m.a. í minni hluta að heilbr.- og trn. að fara eigi yfir málið og breyta lögum í þá veru að þeir sem eiga afleiddan rétt af þessum dómi fái sinn rétt.

[15:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það mjög mikilvægt sem hér hefur komið fram, að hv. þm. telur, þrátt fyrir öll stóryrðin, að nauðsynlegt sé að Alþingi setji lög til að unnt sé að framfylgja dómi Hæstaréttar. Það er alveg skýrt og þess vegna er fjallað um það hér. Þrátt fyrir það sem hv. þm. hefur sagt, hvernig hún hefur talað um sannfæringu sína og hvernig hún hóf ræðu sína um að þetta lægi ljóst fyrir, að það hefði verið unnt strax og dómur Hæstaréttar féll að komast að niðurstöðu í málinu, þá leggur hún hér fram tillögu að rökstuddri dagskrá þar sem lagt er til að heilbr.- og trn. semji frv. til laga svo unnt sé að framfylgja dómi Hæstaréttar.

[15:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekki hlustað á umræðuna í morgun eða framsögu fyrir minnihlutaáliti heilbr.- og trn.

Ég hef haldið því fram, herra forseti, að ekki hafi þurft lög til þess að greiða út 1. janúar. Aftur á móti hef a.m.k. ég alltaf sagt að setja þyrfti lög um frekari útfærslu vegna dómsins, vegna afleidds réttar o.s.frv., um aðrar greinar og aðra hópa sem eiga augljóslega rétt samkvæmt þessu. Ég vísa bara í það sem ég hef sagt áður, að ég tel að ellilífeyrisþegar eigi rétt samkvæmt þessum dómi, það er auðvitað afleiddur réttur.

Annars, herra forseti, vísa ég til framsögu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur með minnihlutaálitinu. Þar kemur rökstuðningurinn fyrir þessari leið mjög glöggt og ljóslega fram.

[15:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður er einn af þeim nefndarmönnum sem skrifa undir nál. minni hluta heilbrn. en þar segir, með leyfi forseta:

„Kjör öryrkja hafa versnað í góðærinu í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. í samanburði við aðra hópa í samfélaginu sem sést best á því að kaupmáttur lífeyrisþega hefur skerst mun meira en þeirra sem lægstu launin hafa í þjóðfélaginu."

Ég hlýt að gera athugasemdir við þessi skrif, herra forseti, þar fyrir liggur að samkvæmt lögum um almannatryggingar ber bótunum að fylgja almennri launaþróun eða verðlagsþróun ef hún er hærri. **(Gripið fram í:** Það hefur ekki gerst.) Ef hún er hærri. Það hefur gerst nákvæmlega þannig. Í nóvember á síðasta ári voru áhöld um það hvort 0,2–0,3% vantaði upp á þessa þróun. Í fjárlögum núna var bætt við 1% meira en verkalýðsfélögin fengu um áramótin. Þess vegna er mismunurinn núna 0,7% umfram hækkun hinna.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hv. þm. á staðtölur almannatrygginga sem eru fylgiskjal með minnihlutaálitinu. Þar kemur það ljóslega fram, bæði í töflu og í línuriti, að það sem ég hef sagt er staðreynd. Þessi ríkisstjórn skar á tengsl lífeyris og launa. Síðan hefur þróunin verið eins og hér kemur fram. Ég held að hv. þm., sem á sæti í fjárln., ætti að kynna sér þær upplýsingar frá kjararannsóknarnefnd sem birtast í staðtölum almannatrygginga frá 1999.

[15:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er bent á þróun lægstu launa. En með kjarasamningunum 1995, 1996 og 1997 og aftur 1999 fékkst loksins samþykkt við verkalýðsfélögin og atvinnurekendur að hækka skyldi lægstu laun en það var gert með tilliti til þess að engin önnur viðmiðun skyldi tekin inn í það, hvorki bónusar né nokkur viðmið önnur, þ.e. önnur laun sem fylgdu. Áður voru vandræði verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda þau að geta ekki hækkað lægstu laun nema hækkunin fylgdi upp allan launastigann. Þessi samanburður er við lægstu laun sem allir voru sammála um að ekki ætti að miða við. Í lögunum stendur að fylgja beri launaþróuninni og það hefur verið gert og rúmlega það. Áður fyrr vorum við alltaf í vandræðum með þetta. Við getum nefnt dæmi um það að kjör öryrkja hafi versnað en þau hafa haldið sér núna og kaupmátturinn aldrei hækkað meira en á síðustu árum.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkissjóður Íslands hefur sparað 3,5 milljarða á ári með því að breyta þessum tengingum, hefur haft 3,5 milljarða á ári af lífeyrisþegum. Það er staðreynd málsins. Með því að nota þá aðferð, sem þessi ríkisstjórn kom á — og er þá miðað við tengingu við laun frá 1991 — hefur hún sparað 3,5 milljarða á ári. Þetta eru nú höfðingjarnir í hæstv. ríkisstjórn.

[15:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mál þetta snýr að réttindum öryrkja og fjallar um tekjutryggingu einstaklinga sem nú er viðurkennt að skuli vera óskertur réttur hvers öryrkja óháð tekjum makans.

Í nál. minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn lýsir yfir furðu sinni á því hversu mikla þverúð ríkisstjórnin hefur sýnt í málinu og fullyrðir að slík meðferð á hópi sem sannanlega hafa verið brotin mannréttindi á sé einsdæmi. Virðist það víðs fjarri að nokkur vilji sé til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að binda enda á þessa áralöngu þrætu við öryrkja. Rétt er að rifja það upp að fyrst þegar deilan kemur fyrir dómstól var það einhuga niðurstaða þriggja dómara þar að Tryggingastofnun (ríkisvaldinu) hefði verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tengingar við tekjur maka á tímabilinu 1994–1998."

Stjórnarandstaðan fordæmir meðferð ríkisstjórnarinnar á málinu og er í grundvallaratriðum ósammála fráleitri túlkun hennar á skýrum dómi Hæstaréttar. Er það mat minni hluta nefndarinnar að í frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi brjóti ríkisstjórnin gegn skýrum fyrirmælum Hæstaréttar um að tenging tekjutryggingar örorkulífeyrisþega við tekjur maka sé óheimil, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, og að frv. feli í sér brot á stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Í ljósi þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá.

Hv. þm. Jónína Bjartmars sagði, og byggir m.a. á því að málflutningur stjórnarliða sé réttur, að á niðurstöðu Hæstaréttar og rökstuðningi dómara megi hafa uppi fleiri en eiga lögskýringu og að jafnvel stjórnarandstaðan víki að því að lögskýring og skilningur geti verið með tvennum hætti. Ég hlýt að spyrja: Eru þetta haldbær rök fyrir ríkisstjórnina til að flytja málið á Alþingi eins og gert hefur verið? Að mínu viti er svo ekki.

Í nánast öllum málum sem flutt eru fyrir Hæstarétti og héraðsdómi er teflt fram tveimur andstæðum sjónarmiðum lögmanna sem skilja væntanlega lögin á tvo mismunandi vegu. Það er jú atvinna lögmanna að skýra og rökstyðja málflutning sinn, oftast verður annar undir og unir því. Töpuð mál fara almennt ekki í frumvarpsform svo að koma megi í

veg fyrir að framkvæma og fylgja eftir hæstaréttardómum. Það gerist hins vegar þegar núverandi ríkisstjórn á hlut að máli.

Ég velti því enn þá fyrir mér hvers vegna forustumenn núverandi ríkisstjórnar óskuðu ekki eftir samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands og settu á fót starfshóp með öryrkjum og fólki frá Tryggingastofnun til að finna sáttaleið um uppgjörsmál aftur í tímann. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig málið gat tekið þá stefnu sem það tók.

Getur verið að þau orð sem féllu strax, þ.e. að hæstaréttardómurinn væri mistök, hafi markað þá óheppilegu og klaufalegu málsmeðferð sem stjórnarliðar völdu? Varla gat niðurstaða Hæstaréttar komið mönnum á óvart um að skerðing væri óheimil á tímabilinu frá því 1. jan. 1994 til 1. jan. 1999 þar sem fyrri lá samdóma álit héraðsdóms. Í minnihlutaáliti stjórnarandstöðunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Þeir þrír dómarar sem dæmdu málið í héraðsdómi komust allir að þeirri niðurstöðu að umrætt skerðingarákvæði í reglugerðinni hefði skort lagastoð og skerðing á grundvelli þess væri því óheimil. Sama var uppi á teningnum í Hæstarétti þar sem það var samdóma niðurstaða þeirra fimm dómara sem málið dæmdu að reglugerðarheimild hefði skort og skerðing á grundvelli hennar því óheimil.

Með lögum nr. 149/1998 var umdeilt skerðingarákvæði lögfest og varð að 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993. Stjórnarandstaðan í heilbrigðis- og tryggingaнefnd skilaði séráliti þegar frumvarp til laganna var afgreitt úr nefndinni þar sem sérstaklega var gagnrýnd sú málsmeðferð sem frumvarpið fékk í þinginu, en frumvarpið var lagt fram degi áður en þingi var frestað í desember 1998 og því var hvorki unnt að senda málið til umsagnar né gafst tóm til ítarlegrar umræðu í þinginu. Í áliti minni hlutans segir enn fremur:

„Fyrir liggur að hér kann að vera um brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar [að ræða]. Fyrir því liggja eftirfarandi rök:

1. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

2. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Í þessum greinum er því skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og að allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti", fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu.

Í ljósi þessa getur stjórnarandstaðan ekki greitt atkvæði með málinu. Hún hefur jafnframt bent á leiðir sem gætu tryggt að ívilnun gagnvart bótaþegum hefði náð fram að ganga án þess að lögfest yrðu ákvæði sem mögulega fælu í sér mannréttindabrot. Við því vildi meiri hlutinn ekki verða. Stjórnarliðið verður því að bera ábyrgð á samþykkt framangreindra laga."

Undir þetta álit [þ.e. frá 1998] skrifuðu Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður heilbrigðis- og tryggingaнefndar, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, og Guðný Guðbjörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, tóku þátt í afgreiðslu málsins og voru samþykk álitinu.

Í framhaldi af þessu hefur stjórnarandstaðan tvívegis lagt fram frumvarp sem mælt hefur fyrir um afnám tengingar tekjutryggingar við tekjur maka, það fyrra á 125. þingi og nú liggur fyrir þinginu frumvarp þessa efnis sem þegar hefur verið vísað til heilbrigðis- og tryggingaнefndar og bíður þar afgreiðslu."

Af þessum tilvitnunum, bæði í forsendur og í dóm héraðsdóms og eins í þetta nál. frá árinu 1998, má sjá að varla gat ríkisstjórnin verið í vafa um að miklar líkur væru til þess að þessi niðurstaða kæmi út úr Hæstarétti.

Ég ætla að vitna aftur í nál., með leyfi forseta: „Dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök, staðfestir að skilningur stjórnarandstöðunnar í málinu hefur verið réttur frá upphafi."

Er þá komið að lögum sem tóku gildi í jan. 1999, en um það segir í nál. minni hlutans, með leyfi forseta:

„Viðbrögð Öryrkjabandalags Íslands við lögum nr. 149/1998 voru snögg. Einungis nítján dögum eftir að lögin tóku gildi stefndi bandalagið Tryggingastofnun ríkisins. Kröfur Öryrkjabandalags Íslands voru í fyrsta lagi að skerðing skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 væri óheimil (fyrra tímabilið) og var fallist á það eins og rakið var hér að framan og jafnframt að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka skv. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, sbr. lög nr. 149/1998, væri óheimil (síðara tímabilið).

Öryrkjabandalagið byggði kröfu sína fyrir síðara tímabilið á því að skerðing tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á grundvelli tengingar við tekjur maka væri andstæð 76. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um rétt til aðstoðar vegna örorku, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og vísaði í þessu sambandi til 12. og 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og 9. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Jafnframt taldi Öryrkjabandalagið að skerðingin væri andstæð jafnréttisákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar."

Skemmst er frá því að segja að meiri hluti Hæstaréttar féllst að fullu á seinni kröfu Öryrkjabandalags Íslands. Þetta má glöggt sjá þegar kröfugerð Öryrkjabandalagsins fyrir Hæstarétti og dómsorð réttarins eru lesin saman. Kröfugerð Öryrkjabandalagsins var svohljóðandi, með leyfi forseta: „... að einnig verði viðurkennt með dómi Hæstaréttar, að aðaláfrýjanda hafi frá 1. janúar 1999 verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998." Dómsorð Hæstaréttar hljóðaði svo:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Þá komum við að því hvort um mannréttindabrot sé að ræða. Ég vil halda áfram að vitna í nál. minni hlutans þar sem greint er frá viðræðum við þá lögmenn sem m.a. voru kallaðir fyrir nefndina og er hér vitnað í afstöðu og skýringar Eiríks Tómassonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðspurður hvort með leið ríkisstjórnarinnar væri hún að taka áhættu vegna ásakana um mannréttindabrot svaraði Eiríkur Tómasson því til fyrir nefndinni að svo væri vegna þess að ekki væri hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hver

yrði niðurstaða dómstóla ef málið yrði borið undir þá að nýju, en það væri hins vegar pólitískt mat hvort slík áhætta yrði tekin."

Það væri sem sagt pólitískt mat hvort slík áhætta yrði tekin.

Furðu vekur að stjórnarliðar skuli enn á ný taka áhættu af að verða á ný dæmdir fyrir að hafa farið á svig við stjórnarskrána og að brotið sé á rétti einstaklingsins með því verklagi að tekjutengja við tekjur maka þegar um tekjutryggingu er að ræða.

Í greinargerðinni er komið að umfjöllun Hæstaréttar og segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt."

Áfram segir í áliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar má einnig segja að löggjafinn hafi metið það málefnalegt með lögfestingu laga nr. 149/ 1998 að skerða þann lágmarksframfærslueyri sem felst í tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka en það er hins vegar það málefnalega mat löggjafans sem Hæstiréttur telur að stangist á við stjórnarskrána og alþjóðlega sáttmála sem íslenska ríkið er bundið af og skerðing á þessum grundvelli því talin óheimil."

Og áfram segir í áliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalagið hélt því fram að þetta væri óheimilt og gerði kröfu um slíkt en Tryggingastofnun gerði kröfu um að því yrði hafnað og stofnunin sýknuð. Öryrkjabandalagið krafðist þess aðeins að sú aðferð að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega á grundvelli tekna maka yrði dæmd óheimil, m.a. á grundvelli þess að hún væri andstæð stjórnarskrá. Í málinu var ekki deilt um fjárhæðir heldur aðferð og þá aðferð dæmdi Hæstiréttur ólögmæta."

Það var ríkisstjórnin sem fann það út með starfshópi sínum að það væri þeim algjört sáluhálparatriði að því er virðist, þ.e. ríkisstjórninni og stjórnarþingmönnum, að lækka þessar 51 þús. kr. um hina frægu tölu 7.500 kr. sem hér hefur margborið á góma. Lækka 51 þús. kr. niður í 43 þús. kr.

Ég hef orðað það svo fyrr í þessum þingsal við 1. umr. um málið að sennilega gætu þessar 7.500 kr. sem slegist hefur verið um orðið einhverjar frægustu 7.500 kr. sem yrðu ræddar á þessu ári ef ekki þessum áratug. (**ÁRJ:** Og ákaflega dýrar ríkisstjórninni.) Já, mjög dýrar. Ekki í peningum, heldur í áliti og heiðarleika.

Það er ákaflega dapurlegt að við skulum þurfa að sitja undir því að vera að ræða þessi mál út frá því sjónarmiði að ekki skuli vera hægt að fara eftir niðurstöðu Hæstaréttar. Eðlilega leggur ríkisstjórnin þetta til vegna þess að hún telur sig hafa til þess lagarök. Stjórnarandstöðuþingmenn eru hins vegar algjörlega ósammála því að hæstv. ríkisstjórn hafi slík lagarök sín megin og hafa í málflutningi sínum vísað í dóm Hæstaréttar, í dóm undirréttar og þau málsrök og skýringar sem fylgt hafa. Þess vegna erum við stjórnarandstöðuþingmenn með málflutningi okkar að segja að stjórnarliðar séu enn á ný að taka áhættu af því að brjóta stjórnarskrána. Enn á ný að taka áhættu af því að verða dæmdir fyrir að hafa tekið þátt í að fara á svig við stjórnarskrána. Við erum með málflutningi okkar að vara þá við að fara þessa leið.

Eins og ég gat um er það svo að þegar deilt er um niðurstöður máls, hvort sem er fyrir dómstólum eða annars staðar, þá skilja menn rökin fyrir niðurstöðunni á tvo vegu. Vafalaust teljum við öll í þessum sal að við tölum fyrir því sem við skiljum sannast og réttast. En mikið óskaplega finnst mér samt málflutningur ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli slakur.

Segja má að sú niðurstaða sem hér er sett fram, að skerða greiðslur til framtíðar, hafi verið dregin upp úr hatti. Fyrir þessari 7.500 kr. lækkun hafa ekki verið færð nein skynsamleg rök.

Frv. ríkisstjórnarinnar sem við ræðum kemur óbreytt frá stjórnarliðum frá heilbr.- og trn. til 2. umr. og gerir ráð fyrir að áfram verði heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Frv. er því enn í andstöðu við dóm Hæstaréttar og fer því gegn ákvæðum 65. og 76. gr. stjórnarskrár að okkar mati.

Ég endurtek þá afstöðu mína að 1. janúar árið 2001 átti að greiða út miðað við dóm Hæstaréttar. Það tel ég að hefði verið hin rétta meðferð málsins. Auðvitað átti að hafa samstarf við Öryrkjabandalagið, ræða um meðferð málsins, hvernig ætti að gera upp aftur í tímann og hve langt ætti að fara. Það hefði verið eðlilegur framgangur þessa máls og málið hefði þannig verið sett í eðlilegt samhengi.

Málflutningur um að sá hópur öryrkja sem dómur Hæstaréttar snýr að hafi þokkalega afkomu og sé jafnvel vel settur er ekki mjög málefnalegur að mínu viti. Það hefur líka verið sagt — reyndar talsvert verið gert úr því — að öryrkjar eigi góðan lífeyrisrétt. Ef ég man rétt frá umfjöllun í heilbr.- og trn. þá var upplýst þar að um helmingur öryrkja ætti ekki rétt í lífeyrissjóði. Ég held að það eigi við um 43% þeirra. (**Gripið fram í:** Jú, um 43%.) Það er vafalaust vegna þess að fjöldi öryrkja hefur ekki aflað tekna og hefur ekki haft tækifæri til þess vegna þess að þeir hafa ekki getað unnið, jafnvel ekki frá æsku.

Í annan stað er í þessum hópi heimavinnandi fólk sem hefur ekki öðlast rétt í lífeyrissjóði og hefur orðið öryrkjar einhvern tímann á lífsleiðinni áður en því tókst að afla tekna. Viðkomandi kann að hafa starfað það stutt á vinnumarkaði að hann hafi ekki öðlast rétt til framreiknings lífeyrisréttinda. Margar ástæður geta verið fyrir því að öryrkjar eignist lítinn eða engan lífeyrisrétt. Vafalaust væri hægt að tína til mörg dæmi um slíkt. Það mun samt sem áður vera staðreynd málsins að nánast helmingur öryrkja hefur nánast engin lífeyrisréttindi.

Það hefur verið nefnt í þessari umræðu að aðrir í hópi öryrkja og jafnvel ellilífeyrisþega væru verr settir en sá hópur sem þessi dómur tekur til. Stjórnarliðar hafa bent á að þeir vildu setja kraft í nefndarstarf og leggja fram tillögur um að bæta stöðu þeirra hópa sem eru jafnvel enn verr settir. Slíkum yfirlýsingum ber auðvitað að fagna. Hins vegar verður ekki of oft minnt á að stjórnarandstaðan, hver einasti flokkur sem nú er í stjórnarandstöðu, hefur flutt tillögur um að bæta stöðu þessara hópa, þeirra sem verst eru settir, bæði örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega og einnig stöðu yngra fólks sem ekki á neins staðar rétt en lendir í sjúkdómum eða slysum og fær þar af leiðandi strípaðar dagpeningagreiðslur.

Tillögur stjórnarandstöðunnar hafa ævinlega verið felldar hér í þingi. Og hverjir hafa fellt þær? Stjórnarflokkarnir. Kolfellt þær allar. Þær hafa ekki einu sinni þótt tilefni til almennilegrar rökræðu þegar þær eru lagðar fram, tillögur um breytingar á fjárlögum um að lagfæra eitthvað í þessari stöðu. Þeim hefur bara verið húrrað út af borðunum með einni sam-

hljóða ákvörðun allra þingmanna stjórnarflokkanna. Þannig hefur nú afgreiðslan verið á því.

Vissulega ber því að fagna þeim sinnaskiptum stjórnarliðanna ef þeir vilja nú taka á þessum málum. Stjórnarandstaðan mun ábyggilega ekki þvælast fyrir í því að lagfæra þau réttindi eða koma að því verki með stjórnarliðum.

Að lokum langar mig til að vitna, með leyfi forseta, í niðurstöðu nál. minni hlutans. Þar segir:

„Niðurstaða Hæstaréttar í því máli sem hér hefur verið reifað og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á var sú að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka. Hæstiréttur byggir þessa niðurstöðu á 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar auk annarra lagaraka. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar mælir, þrátt fyrir áðurgreinda niðurstöðu Hæstaréttar, fyrir um áframhaldandi skerðingu tekjutryggingar á grundvelli tekna maka. ... Minni hlutinn telur að með framlagningu frumvarpsins geri ríkisstjórnin tilraun til að fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar og að frumvarpið feli í sér beint brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar."

Í samræmi við þessa afstöðu allrar stjórnarandstöðunnar er lögð fram tillaga um rökstudda dagskrá sem hér var kynnt í morgun. Hún felur það í sér að málið verði tekið af dagskrá og jafnframt verði það skoðað á nýjan leik í heilbr.- og trn. til að finna flöt á því hvernig eigi að leiðrétta þessi mál aftur í tímann. Vonandi mundi nefndin jafnframt taka frumkvæði í því að lagfæra það sem stjórnarliðar hafa minnst á að þyrfti nú að gera í sérstakri nefnd sem ætti að ljúka störfum fyrir 15. apríl. Við höfum lagt til að þannig verði tekið á málunum, þessu máli verði vísað frá, en tekið til við að ná samstöðu í þjóðfélaginu, samstöðu með öryrkjum, samstöðu með launþegahreyfingunni og samstöðu milli stjórnarandstöðu og stjórnarþingmanna um að lagfæra það sem aflaga hefur farið í réttindamálum öryrkja og ellilífeyrisþega.

Það væri vissulega ánægjuefni ef mönnum tækist að taka þannig á málum og vinna í sameiningu í stað þess að hrökkva alltaf í bakkgír um leið og eitthvað gengur á móti ríkisstjórninni. Hér koma þeir inn með sérstakt frv. til að breyta niðurstöðu Hæstaréttar. Það er vægast sagt lítt málefnaleg málsmeðferð.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að inna forseta eftir því hvort hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé ekki í húsinu. Ef svo er ekki þá hefði ég áhuga á að þingmaðurinn yrði kvaddur til þings. Ég hef áhuga á að hann verði viðstaddur ræðu mína, a.m.k. að einhverju leyti þannig að honum gefist kostur á að veita andsvör ef honum býður svo við að horfa.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun gera ráðstafanir til að komast að því hvort hv. þm. er viðlátinn.)

Ég þakka forseta.

Í þessu máli hefur umræðan verið nokkuð hörð á köflum við 1. umr. málsins og stór orð fallið. Satt að segja man ég ekki eftir meiri ókyrrð í þingsal í nokkru máli en í þessu máli við 1. umr. málsins. Í stóru máli eins og um Evrópska efnahagssvæðið fannst mér minni ókyrrð en nú er. Mér finnst athyglisvert hvað þingmenn stjórnarandstöðunnar virtu lítt venjuleg þingsköp með stöðugum frammíköllum og gáfu ræðumönnum sjaldan frið til að flytja mál sitt ef þeir voru ósammála því sem ræðumenn héldu fram. Þetta keyrði satt best að segja fram úr hófi þegar hæstv. utanrrh. flutti sitt mál. Hann mátti varla ljúka setningu án þess að fá frammíköll frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Nú er annar bragur á hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Ég fagna því að þeir hafi áttað sig á að þetta háttalag var þeim ekki til framdráttar, hvorki efnislega né af öðrum ástæðum. Maður spyr sig hvort þeir sem hafi svo mikla trú á eigin sjónarmiðum og séu sannfærðir um að þau séu rétt og geti því ekki viðurkennt önnur sjónarmið í málinu. Þeir sem ekki geta með nokkru móti unað því að önnur sjónarmið komi fram eða fyrir þeim sé mælt eru nú varla að uppfylla lágmarks lýðræðislegar forsendur fyrir umræðu. Þetta vildi ég segja, herra forseti, vegna þess að mér ofbuðu frammíköll einstakra hv. þm. við 1. umr. málsins. Ég vænti þess að þetta muni ekki endurtaka sig og að málefnalegar umræður geti farið fram, eins og mér hefur fundist umræðan í dag.

Framan af umræðunni bar dálítið hátt ásakanir um stjórnarskrár- og mannréttindabrot með framlagningu þessa frv. og fullyrðingar um að unnt hefði verið að bregðast við dómi Hæstaréttar með því einu að framkvæmdarvaldið færi að honum eins og stjórnarandstaðan telur að eigi að gera. Ég tel nauðsynlegt að fara yfir þessar fullyrðingar, rekja sig eftir málinu og þeim rökum sem fram hafa komið í þessum fullyrðingum. Ég segi fyrr mitt leyti, herra forseti, að ég er dálítið viðkvæmur fyrir því að vera borið á brýn að ég standi fyrir mannréttinda- eða stjórnarskrárbrotum og jafnvel að ég geri það af ásettu ráði. Þessar fullyrðingar komu ítrekað fram, bæði í minn garð og annarra stjórnarliða í umræðunni fram til þessa. Ég vil fara nokkrum orðum um það mál því ég vil ekki una því þegjandi að vera borinn slíkum sökum.

Ég vil fyrst segja að það er dómstóla að dæma um hvað felst í lögum. Oft hafa dómar falið í sér að dómstólar hafa breytt viðtekinni túlkun á gildandi lögum án þess að um neinar breytingar hafi verið að ræða á Alþingi. Þetta er alþekkt og ég minnist t.d. þegar verið var að fjalla um það á Alþingi árið 1995 að setja jafnréttisregluna í stjórnarskrána var það gert undir þeim formerkjum af hálfu þeirra sem stóðu að málum, sem voru reyndar allir þingflokkar, að hér væri ekki um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem gilt hafði árin á undan því í reynd hefði verið tekið tillit til þessarar reglu að fullu af hálfu dómstóla þó að óskrifuð væri. Því væri ekki um neina efnislega breytingu að ræða þótt hún væri fest í stjórnarskrá. Það breytir því ekki að dómstólar geta auðvitað á grundvelli þessarar reglu túlkað rúmt ákvæði stjórnarskrárinnar sem komu líka inn ný á þeim tíma með þeim hætti sem menn sáu þá ekki fyrir. Ég vil leyfa mér að fullyrða að ekki var talað fyrir því fyrir nokkrum árum að með þessari stjórnarskrárbreytingu væru menn að miða að því sem Hæstiréttur komst svo að núna.

Ég er ekki að gagnrýna niðurstöðu Hæstaréttar eða segja að ég sé ósammála henni. Hins vegar er ég að segja þetta til að skýra að viðhorf geta breyst í tímans rás. Það verður því ekki hægt að saka þá þingmenn sem á einum tíma stóðu að lagasetningu í góðri trú að þeir hafi vísvitandi verið að beita sér fyrir stjórnarskrárbroti eða mannréttindabroti. (**ÁRJ:** Þeir voru varaðir við.) Nú er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir byrjuð að kalla fram í á nýjan leik eins og hún gerði svo ítrekað við 1. umr. málsins að ég held að öllum hafi blöskrað, meira að segja þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Ég vænti þess að þingmaðurinn sitji á sér í þessari umræðu og einbeiti sér að því að stuðla að málefnalegum umræðum í stað þess að fara út í stráksskap af þessu tagi.

Á Alþingi hefur oft áður verið fjallað um mál sem ein-

stakir þingmenn töldu vera stjórnarskrárbrot. Ég vil rifja upp tvö mál sem voru nokkuð heit í umræðunni á sínum tíma og í báðum þessum málum komu fram mjög sterk sjónarmið frá þáverandi stjórnarandstöðu að um skýr stjórnarskrárbrot væri að ræða. Rétt er að rifja upp hvernig þessi mál voru vaxin og hvaða afstöðu menn höfðu þá í þeim málum, sérstaklega í ljósi þeirrar afstöðu sem kom fram af hálfu stjórnarinnar við upphaf 1. umr. málsins þegar átti að taka málið fyrir. En þá var lesið upp bréf sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfðu skrifað til forseta Alþingis og í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Það er álit undirritaðra formanna stjórnarandstöðuflokka á Alþingi að frv. til laga um almannatryggingar á þskj. 624 sé óþinglegt með þeim rökum að frv., ef að lögum verður, hrindir dómi Hæstaréttar sem byggður er á ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins, en ákvæði stjórnarskrárinnar hafa þingmenn lagt við drengskap sinn að virða, enda fráleitt að bera fram frv. til laga á Alþingi sem inniheldur lagaákvæði sem brjóta í bága við stjórnarskrá. Því er frv. með öllu óþinglegt og ber að vísa því frá sem óhæfu til afgreiðslu á hinu háa Alþingi."

Þarna kemur í fyrsta lagi fram mat eða sjónarmið þessara þriggja þingmanna að frv. brjóti í bága við stjórnarskrána, en enn fremur er sagt að óþinglegt sé að taka málið til umræðu á Alþingi. Þetta kemur fram síðar í umræðu um fundarstjórn af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er skylda okkar sem erum varðgæslumenn stjórnarskrárinnar að gæta þess að hún verði ekki brotin og ég tel að verið sé að brjóta stjórnarskrána með því að taka þetta frv. til umræðu."

Nú skulum við rifja upp hvernig þessir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon brugðust við í tveimur umdeildum málum sem lutu að stjórnarskránni eða sjónarmiðum þingmanna sem töldu að í þeim málum væri verið að brjóta stjórnarskrána. Þá kemur kannski annað í ljós í afstöðu sömu þingmanna til sömu spurningar og hér hefur verið uppi.

Fyrra málið er frv. til laga um Evrópska efnahagssvæðið sem flutt var árið 1992. Þá sat Alþýðuflokkurinn í ríkisstjórn og þá var formaður þingflokksins hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Herra forseti. Er nokkuð að frétta af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti hefur látið kanna það mál en Össur Skarphéðinsson mun vera upptekinn annars staðar og kemst ekki í húsið.)

Herra forseti. Það er þá upplýst að hv. þm. er að sinna öðrum störfum en að taka þátt í umræðunni og mun ekki geta komið til umræðunnar núna þótt eftir því hafi verið leitað og ekkert er við því að gera en þetta liggur þá fyrir.

Í þessu máli komu fram mjög sterk sjónarmið af hálfu margra um að þetta frv. bryti í bága við stjórnarskrána. Þá voru stofnuð sérstök samtök sem mig minnir að hafi heitað Samtök um óháð Ísland. Ef ég man rétt átti hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir einhvern þátt í þeim samtökum. (Gripið fram í.) Einnig var í þessu máli efnt til undirskriftasöfnunar til að skora á þáverandi forseta landsins að undirrita ekki þessi lög þegar þar að kom. Þá er rétt að rifja upp afstöðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til málsins vegna þess að það snerist um sömu spurningar og hafa verið vaktar upp í umræðunni og m.a. af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Ég vil fyrst rifja upp viðbrögð þáverandi stjórnarandstöðu til þess að menn hafi það til samanburðar við afstöðu stjórnarandstöðunnar núna.

Fyrst nefni ég þáverandi formann Alþýðubandalagsins sem var Ólafur Ragnar Grímsson og menn kannast við. Hann gerði grein fyrir sjónarmiðum flokks síns í umræðum um þingsköp þegar umræðan um Evrópska efnahagssvæðið var að hefjast. Skyldi hann hafa farið fram á það að engin umræða færi fram um málið vegna þess að það bryti í bága við stjórnarskrána að hans mati? Skyldi hann hafa farið fram á það að málið yrði ekki tekið til umræðu? Öðru nær. Hann fór fram á að umræða um stjórnarskrárþátt málsins færi fram á svipuðum tíma og 1. umr. um málið fór fram, og að álit *lögfræðinga sem komust að þeirri niðurstöðu að frv. færi í* bága við stjórnarskrána yrði lagt fram á Alþingi og tekið til umfjöllunar og þakkaði forseta sérstaklega fyrir að verða við óskum um það.

Annar þingmaður, sem þá var fyrir Kvennalistann, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tók í sama streng. Af hálfu hennar voru engar kröfur um að málið kæmi ekki fyrir og yrði ekki tekið til umræðu.

Þriðji þingmaðurinn sem ég vil vitna til í þessu máli er þáv. þingflokksformaður Alþýðubandalagsins, hv. þm. Ragnar Arnalds, sem gerði grein fyrir afstöðu þingflokks síns og óskaði eftir því að stjórnarskrárþáttur málsins yrði tekinn til sérstakrar athugunar í nefnd á milli 1. og 2. umr. Engin krafa var um að málið kæmi ekki fyrir á fundum Alþingis. Ekki verður sagt um hv. þm. Ragnar Arnalds að hann hafi ekki haft vit á þessum hlutum því hann hefur lengst manna setið á Alþingi í seinni tíð og verið manna fróðastur, einmitt um stjórnarskrána og baksvið hennar.

Þingflokkurinn samþykkti ekki aðeins að málið yrði tekið fyrir og rætt, heldur samþykkti hann líka að vísa málinu til nefndar. Í atkvæðagreiðslu, sem fór fram um þá vísun, kemur fram að allir þessir þingmenn þáv. stjórnarandstöðu studdu *að málið færi til nefndar þrátt fyrir að þeir hefðu þá skoðun* að málið bryti í bága við stjórnarskrána. Sú afstaða er ólík þeirri sem við kynnumst núna hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem neituðu að taka málið fyrir og greiddu ekki atkvæði með því að málið fengi þinglega meðferð í nefnd á milli 1. og 2. umr.

Mér finnst eðlilegt að óska eftir því að núv. stjórnarandstaða rökstyðji hvers vegna sjónarmið hennar er annað en var árið 1992. Það hljóta að vera einhverjar efnislegar forsendur fyrir þessari breytingu á afstöðu því varla vilja hv. þm. að um þá verði sagt að eitthvað annað ráði viðbrögðum þeirra að þessu leyti.

Þá vil ég víkja aðeins að þeim rökum sem borin voru fram af hálfu þáv. utanrrh., formanns Alþýðuflokksins, þess flokks sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var þingflokksformaður fyrir og eru því rökin flutt m.a. í nafni hans og lýsa viðhorfum hans eins og þau voru til sams konar máls fyrir nokkrum árum. Hvað gerði hæstv. utanrrh. þegar fram komu ásakanir um að málið bryti í bága við stjórnarskrána? Jú, hann greip til þess ráðs að skipa sérfræðinganefnd, fá fjóra valinkunna lögfræðinga í nefnd til þess að skrifa greinargerð um málið. Það er reyndar sama aðferð og núv. ríkisstjórn greip til í þessu máli og sú aðferð hefur ekki beinlínis verið lofuð af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þetta eru alveg sömu viðbrögð og þáv. utanrrh., formaður Alþýðuflokksins, greip til til að bregðast við þessu máli.

Í ræðu sem þáv. utanrrh. flutti á Alþingi við 1. umr. málsins um EES segir hann, með leyfi forseta: (Gripið fram í.)

„Það hefur komið fram að menn eru ekki á eitt sáttir um þá niðurstöðu sem sérfræðinganefndin komst að, hvorki í röðum stjórnarandstæðinga né í röðum lögfræðinga eins og fram hefur komið. Eftir stendur að eina leiðin sem fær er að íslenskri stjórnskipun til þess að fá hlutlaust álit í þessu máli er sú leið sem þegar hefur verið farin."

Hann segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Að íslenskum rétti er það dómsmál, að lokinni lagasetningu, eina leiðin til að fá endanlega niðurstöðu í ágreining af þessum toga."

Hann vísar sem sé til þess að þegar mönnum beri ekki saman um hvort tiltekið þingmál brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki sé engin önnur leið fær en að þingmenn geri upp við sig, greiði um það atkvæði eins og þeir telja að rétt sé og síðan verði dómstólar að skera úr um hvað rétt er að lokum.

Hann vitnar í ummæli þáv. hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, með leyfi forseta:

„... sagði eftir að álit sérfræðinganefndarinnar lá fyrir að Alþingi yrði að taka pólitíska afstöðu til ólíks mats einstakra lögfræðinga í þessu máli."

Með öðrum orðum, þáv. formaður Alþýðuflokksins lýsti því þannig hvernig menn gætu brugðist við í ágreiningi af þessum toga. Þetta er nákvæmlega sú leið sem menn bregðast við í þessu máli nú þannig að það er sambærilegur ferill er í málinu núna og var árin 1992 og 1993. Það sem hefur breyst er afstaða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem er önnur núna en var þá. Þess vegna óskaði ég eftir því að þingmaðurinn yrði viðstaddur svo hann gæti útskýrt það fyrir hvers vegna afstaða hans er önnur. Hvaða rök færir hann fyrir því að umdeilt mál að þessu leytinu til eigi að hafa aðra meðferð núna en það umdeilda mál hafði sem hann stóð að á sínum tíma?

Það liggur fyrir, herra forseti, að við fáum ekki svar við því hjá hv. þm., formanni Samfylkingarinnar. Kannski vefst fyrir honum að færa fram frambærileg rök viðhorfsbreytingu sinni til stuðnings. (Gripið fram í.) Nú er kominn í salinn hv. þm. Jóhann Ársælsson og hefur greinilega misst af því sem ég sagði. Ég var búinn að rekja afstöðu þáv. stjórnarandstöðu, hvernig hún tók á málinu. Það var með þeim hætti að hún samþykkti að málið kæmi fyrir, tók þátt í umræðum og samþykkti að vísa málinu til nefndar og 2. umr. Hún óskaði eftir því að málið eða stjórnarskrárþáttur málsins yrði skoðaður í nefnd á milli umræðna, sem eru allt önnur viðhorf en koma fram í bréfi stjórnarandstöðuflokkanna sem lesið var hér upp á mánudaginn var og í yfirlýsingum sem féllu þá í umræðum um fundarstjórn. Ég dreg þetta fram vegna þess að það sýnir að þeir sem hafa hagað sér öðruvísi núna en áður í sambærilegu máli eru fyrst og fremst hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Nú vil ég víkja að máli sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var viðriðinn á sínum tíma.

En áður en ég vík frá formanni Samfylkingarinnar vil ég líka rifja upp annað mál sem var til umræðu fyrir rúmum tveimur árum og var umdeilt, einmitt að þessu leytinu til og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt því fram að bryti í bága við stjórnarskrána. Það mál var breyting á lögum um almannatryggingar sem fór að sjálfsögðu til heilbr.- og trn. Hver skyldi hafa verið formaður í þeirri nefnd? Það var umræddur þingmaður Össur Skarphéðinsson sem tók við málinu til þinglegrar meðferðar, vann það og skilaði því af sér, tók fullan þátt í afgreiðslu málsins og lét hvergi steyta á í viðbrögðum sínum varðandi meðferð málins í gegnum þingið og er það þó sambærilegt að þessu leytinu til og það mál sem við erum að ræða núna og hv. þm. Össur Skarphéðinsson telur að eigi ekki einu sinni að taka til umræðu.

Rétt er að rifja upp ummæli þingmannsins í desember 1998 um þetta umrædda mál, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða ívilnanir sem ríkisstjórnin er að leggja til og stjórnarandstaðan leggst ekki gegn því. Hins vegar hefur það komið skýrt fram í máli okkar og við höfum fært rök fyrir því að hér er um að ræða brot á mannréttindum og þess vegna munum við ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu heldur sitja hjá."

Með öðrum orðum, þegar hann taldi þá að um brot á stjórnarskránni væri að ræða, eða mannréttindabrot eins og hann orðaði það, gerði hann ekki kröfu um að málið kæmi ekki til umræðu heldur sá um hina þinglegu meðferð málsins í nefnd sem formaður heilbr.- og trn. og sat hjá, greiddi ekki atkvæði á móti, heldur sat hjá um málið þó um mannréttindabrot væri að ræða.

Það er alveg ljóst að í þessum tveimur málum hefur formaður Samfylkingarinnar brugðist allt öðruvísi við en hann gerir núna. Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að hann geri grein fyrir því hvers vegna viðbrögðin núna eru öðruvísi en þau voru í hinum málunum tveimur. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að koma með neinar kenningar um það, (Gripið fram í.) Það stendur upp á hv. þm. að svara. (**Gripið fram í:** Það kom í dómi Hæstaréttar ...) Viðhorf hans er það sama í málinu 1998, hann taldi að um mannréttindabrot væri að ræða og hlaut því að greiða atkvæði samkvæmt því. Menn geta ekki greitt atkvæði samkvæmt öðru en samvisku sinni.

Þetta er einmitt þingmaðurinn sem ásamt fleirum hefur verið að ásaka stjórnarliða um að bera vísvitandi fram frv. sem felur í sér mannréttindabrot, þ.e. að ásaka menn um óheilindi. Þess vegna er enn ríkari ástæða til að þingmaðurinn geri grein fyrir því hvers vegna hann breytir um skoðun í þessu máli og telur annað eiga við nú en áður átti við fyrir tveimur árum og þegar hann var sjálfur stjórnarliði.

Mig langar að rifja upp annað mál sem var mjög umrætt í þingsölum vegna þess að það var talið brot á stjórnarskránni, ekki bara á einni grein hennar, heldur fjórum greinum hennar. Málið var líka mjög umrætt í þjóðfélaginu og bar alllengi hátt í pólitískri umræðu. Það eru bráðabirgðalög sem ríkisstjórnin setti í kjölfar dóms, Félagsdóms, í máli BMHR árið 1990. Þá sat hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon í ríkisstjórn. Ég vil rifja það upp að nú segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að mál sem er umdeilt að því leyti til að sumir telja það brot á stjórnarskránni, eigi ekki að taka fyrir á Alþingi og eigi ekki einu sinni að koma til umræðu og velur mönnum hin stærstu orð fyrir að flytja mál af þessum toga. Mér finnst því einmitt rétt að rifja upp afstöðu sama þingmanns til þessara bráðabirgðalaga.

Til þess að gera málið einfalt og til þess að lýsa skoðunum hv. þm. á þeim tíma þegar hann var ráðherra er rétt að rekja þær röksemdir sem komu fram af hálfu stjórnarliðsins þá í þinglegri meðferð málsins. Það var sérstaklega umdeilt að verið væri að setja bráðabirgðalög á dóm. Það hafði fallið dómur Félagsdóms sem er endanlegur dómur í viðfangsefnum sínum og sambærilegur Hæstarétti. Dómur hafði fallið

og þáv. ríkisstjórn brást við með því að setja bráðabirgðalög og samtök þeirra launþega sem málið varðaði voru mjög ósátt við og reyndar miklu fleiri og töldu að ekki ætti að setja lög á dóm til að breyta efnisniðurstöðu dóms.

Þetta voru sjónarmiðin sem þá voru flutt. Þá var hv. þm. Steingrímur Sigfússon ráðherra. Við skulum heyra hver rökin voru gegn þessu. Hver voru rök þáv. ríkisstjórnar? (Gripið fram í.) En þar segir í nál. frá meiri hluta fjárh.- og viðskn. neðri deildar, með leyfi forseta:

„Jafnframt er rétt að vekja sérstaka athygli á þeim útbreidda misskilningi að bráðabirgðalögin hafi numið úr gildi niðurstöður Félagsdóms. Þeim niðurstöðum er í engu raskað. Eftir að niðurstöður Félagsdóms lágu fyrir var hins vegar hluta samnings BHMR og fjármálaráðherra breytt með lögum þannig að greiðslur féllu niður frá 1. september 1990. Það þýðir hins vegar ekki að niðurstöðum Félagsdóms sé breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda studdist við."

Þetta voru röksemdir sem fluttar voru þá af hálfu þáv. stjórnarmeirihluta á Alþingi.

Í þessu nál. segir líka, með leyfi forseta:

„Ekki verður fallist á það með stefnanda að löggjafinn sé bundinn til frambúðar við það réttarástand, sem dómstólar hafa kveðið á um að sé gildandi réttur, er dómur gekk. Löggjafinn hefur óumdeilanlega vald til að breyta gildandi rétti. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki það hlutverk eða staða dómsvalds að þegar dómstóll hafi kveðið upp dóm sé þar með komin óbreytanleg niðurstaða til frambúðar sem önnur grein ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvald fái ekki hróflað við."

Þetta var afstaða sem borin var fram sem fullgild rök á þeim tíma að Alþingi hafi heimild til að breyta tilteknu ástandi jafnvel þótt dómur hafi fallið.

Ég held að það væri fróðlegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skýrði fyrir okkur af hverju hann og ríkisstjórnin sem hann sat í taldi rétt að setja bráðabirgðalög og bregðast við dómi Félagsdóms með þeim hætti en telur núna að frv. sem er viðbrögð við dómi eigi ekki að koma fyrir Alþingi til umræðu. Mér finnst dálítið vanta á skýringar í þessum efnum. Fróðlegt verður fróðlegt að heyra hvaða röksemdir koma fram til þess að skýra þau mismunandi sjónarmið sem hv. þm. hefur komið fram með í þessum tveimur eðlislíku málum. Manni verður auðvitað hugsað til þess að það eina sem er öðruvísi nú en þá er að hv. þm. er í stjórnarandstöðu en ekki í ríkisstjórn og hvort það geti virkilega mótað afstöðu hans til málsins hvort hann hafi þá hagsmuni að verja að verja eigin stöðu í ríkisstjórn. (Gripið fram í.)

Ég heyri það að hv. þm. er eitthvað viðkvæmur fyrir þessu og það er svo sem ekkert að furða. Það þarf töluverða leikfimi, held ég, til að hv. þm. geti útskýrt þessa afstöðu sína núna og þá. Eins og menn þekkja voru viðbrögð þingmannsins fyrr í vikunni allt önnur en hann hefur talið bæði í EES-málinu og þessu máli, að bregðast ætti við á Alþingi við umdeildum málum af þessum toga.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að ræða margt í þessum dómi og eðlilegt að skoðanir séu skiptar. Það eitt held ég að menn geti orðið sammála um þegar hann er lesinn að hann er ekki mjög afdráttarlaus. Margt í þessum dómi er ekki fyllilega skýrt. Hann minnir mig að mörgu leyti á Valdimarsdóminn sem féll í desember 1998 að því leytinu til að hann var ekki nægilega skýr í umdeildum atriðum sem leiddi auðvitað til þess að menn lögðu mismunandi skilning í lykilatriði sem dómurinn fjallaði um. Það skýrðist ekki fyrr en með öðrum dómi Hæstaréttar síðar hvað Hæstiréttur átti í raun við.

Ég vil þó segja að ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa lesið þennan dóm eins og vafalaust allir aðrir þingmenn að dómurinn hafi ekki verið að fella þann úrskurð að tekjutenging við tekjur maka væri fortakslaust óheimil. Það var skilningur minn á textanum eftir á hafa lesið hann yfir að það sem væri að mati Hæstaréttar óheimilt væri tekjutengingin með þeim hætti sem kveður á um í 5. mgr. 17. gr. laganna. Ég tel það skipta dálitlu máli að menn verji það sjónarmið að löggjafinn hafi svigrúm til þess að ákveða hluti af þessu tagi. Ég tel að þau viðhorf sem stjórnarandstæðingar og ýmsir fleiri hafa lýst, að það hafi verið niðurstaða Hæstaréttar að óheimilt sé til frambúðar að tengja tekjutryggingu við tekjur maka, séu þess eðlis að það hafi alvarlegar afleiðingar fyrir svigrúm löggjafans ef það er rétt.

Þess vegna held ég að það skipti verulegu máli að standa þannig að afgreiðslu málsins að menn festist ekki í þeirri nauðhyggju að Hæstiréttur hafi kveðið upp úrskurð sem bindi hendur löggjafans hvað þetta varðar um ókomna tíð. Það skiptir m.a. máli vegna þess að umfang málsins er af mörgum talið miklu meira en það fjallar beinlínis um. Þannig hafa komið fram mjög ákveðnar kröfur frá ellilífeyrisþegum eða fulltrúum samtaka þeirra sem telja að dómurinn nái einnig yfir félagsmenn þeirra og það hefur líka komið fram frá fulltrúum námsmanna sem hafa haldið því fram að dómurinn þýddi að tekjutenging við tekjur maka hvað varðar námslán væri eftir þetta óheimil. Það er því margt undir þegar menn fjalla um þetta mál og ef þetta sjónarmið sem deilt er um fellur á þann veg sem stjórnarandstaðan telur að sé þá hefur greinilega mjög þrengst að svigrúmi löggjafans til að ákvarða þessa hluti.

Mér finnst skýrast til stuðnings því að það hafi ekki verið viðhorf Hæstaréttar að þrengja þetta svigrúm það sem fram kemur í útdrætti dómsins sem Hæstiréttur hefur látið taka saman. Þar kemur mjög skýrt fram að það sé svigrúm almenna löggjafans til að leggja mat á þessa hluti. En dómurinn tekur sér hins vegar það á hendur að leggja mat á lágmark, hvort tiltekið ástand uppfylli lágmarksskilyrði, kveður upp úr með það en að öðru leyti ekki hvert lágmarkið ætti að vera og enn síður hvert hámarkið ætti að vera. Ég vek athygli á því að hvergi er fjallað um fjárhæðir í dómi Hæstaréttar þannig að það verður ekki dregin af honum nein niðurstaða um að tiltekin fjárhæð sé að mati Hæstaréttar sú rétta. Það sem menn hafa til viðmiðunar er lágmarkið sem er grunnlífeyririnn, rúmar 18 þús. kr., og að samkvæmt kröfunum er hámarkið 51 þús. kr. sem er full tekjutrygging. Það hafa menn svona til viðmiðunar án þess beinlínis að hafa neina vissu fyrir því hvað Hæstiréttur metur sjálfur sem tölu enda setur hann ekki fram neitt sjónarmið um það.

Það þarf líka að hafa í huga þegar menn meta þetta mál að hagur þeirra sem málið varðar er töluvert betri en hagur öryrkja almennt. Það hefur t.d. komið fram að meðaltekjur einhleypra öryrkja eru um 85 þús. kr. á mánuði. En miðað við þær reglur sem voru í gildi fyrir dóminn byrjaði ekki tekjutrygging öryrkja í hjúskap að skerðast fyrr en heimilistekjur voru orðnar 1.611 þús. kr. þannig að að viðbættum bótunum voru heimilistekjurnar liðlega 2,2 millj. kr. Öryrkjar í hjúskap sem eru undir þessum fjárhæðum fá allir fulla tekjutryggingu. Þá fyrst fer tekjutryggingarhluti bótanna að skerðast þegar sameiginlegar tekjur eru komnar yfir þetta mark, 2,2 millj. kr. og skerðast síðan þar til að sameiginlegar

tekjur eru komnar upp í 3,3 milljónir. Þá fyrst er tekjutryggingin komin niður í núll, þ.e. þegar sameiginlegar tekjur hjóna eru orðnar 3,3 millj. kr. eða nærri 300 þúsundum á mánuði. Það er nú töluverður munur á efnahag þessa hóps sem málið varðar og einhleypra öryrkja sem eru með um 85 þús. kr. á mánuði.

Ég tel sjálfur miklu eðlilegra að stjórnvöld leitist við að bæta efnahag og stöðu þeirra sem eru miklu lakar settir en sá hópur sem stendur þó þetta vel að vígi. Ég hef þá pólitísku skoðun að það eigi að verja fé ríkisins með þeim hætti að fyrst eigi að bæta hjá þeim sem hafa lítið áður en menn fara að bæta við hjá þeim sem eru á bilinu 2,2 millj. kr. til 3,3 millj. kr. (**ÖJ:** ... hlutabréfagróðann.) (**SJS:** Þú varst ekki þeirrar skoðunar við fjárlagaafgreiðslu. Þú felldir hér tillögu um að bæta hag þeirra lægst settu.) Já, já, það má nú margt segja um þessa fjárlagaafgreiðslu og tillögur sem þá voru fluttar af hálfu stjórnarandstöðunnar eins og gengur.

Þannig er nú staða málsins. Ég held að menn eigi auðvitað að vanda sig í þessu máli þannig að þeir loki sig ekki um of inni í þeim möguleikum sem þeir geta haft til þess að færa fjármagn til þess hóps, hvort sem það eru öryrkjar eða aðrir sem hafa mjög lágar tekjur. Ég tel að menn eigi að varast að beita túlkunum á dóma sem þrengja svo að löggjafanum að menn neyðast til að dreifa peningum meira fyrst til þeirra sem hafa það skást áður en hugað er að hinum sem eru á botninum. Ég tel að þessi nauðhyggja sem menn hafa hér talað fyrir, að dómstóllinn hafi í raun ákveðið hvað menn megi gera, sé ákaflega varasöm í þessu tilliti.

Síðan hefur verið mjög til álita hvort nokkuð hafi þurft að setja löggjöf. Því hefur verið haldið fram m.a. af fulltrúum stjórnarandstöðunnar að ekkert hafi þurft að bregðast við dómnum með því að setja lög um framkvæmd málsins heldur hafi bara átt að borga út. Það má töluvert ræða um þetta mál. Ef menn velja þennan skilning og segja að það eigi bara að borga út þá er næsta spurning: Hverjum á að borga? Hvað á að borga? Þá verður að lesa almannatryggingalögin í ljósi þess skilnings sem menn hafa.

5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga fjallar um tekjutryggingu. Þá er fyrst rétt að minna menn á, af því hér er sífellt talað um skerðingu, að löggjöfin er þannig uppbyggð að í fyrsta lagi er grunnlífeyrir sem allir fá, allir sem falla undir þessa grein, 18.424 kr. í dag. Síðar kemur í 5. mgr. að því er bætt við sem heitir tekjutrygging með þeim hætti að þeir sem eru undir tilgreindum heimilistekjum, sem eru 1.611 þúsund, fá fulla tekjutryggingu. Það er ekki skerðingarákvæði. Það er viðbótarákvæði. Síðan þegar tekjurnar hækka, heimilistekjurnar hækka, er dregið úr hvað menn fá mikið í tekjutryggingu þannig að tekjutryggingin lækkar með vaxandi tekjum vegna þess að það hefur verið almenn samstaða meðal íslenskra stjórnmálaflokka, líklega alveg frá 1937 eða 1936 þegar lögin eru fyrst sett, að hafa þetta með þessum hætti, að þeir sem hafa lítið eigi að fá fulla uppbót og þeir sem hafa meira eigi að hafa minni uppbót. Það er ekki skerðing. Það eru uppbætur, trygging.

Hér er stöðugt rætt um málið eins og tekjutrygging sé grunnlífeyrir og svo sé verið að finna einhverjar reglur til að koma í veg fyrir að fólk fái þennan grunnlífeyri, eins og þetta er skilið. Þetta er bara algjörlega rangt og nauðsynlegt að leiðrétta þennan málflutning, nema menn hafi skipt um skoðun og telji að það eigi ekki að vera þannig að þeir sem hafa lágar tekjur fái tiltekna fjárhæð og þeir sem hafi meiri tekjur fái minni fjárhæð. Hafi menn skipt um pólitískt sjónarmið í þessum efnum þá er rétt að þeir geri grein fyrir því. Mér heyrist satt að segja á sjónarmiðum þeim sem hér hafa komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að hún sé á þeirri skoðun að allir eigi að fá jafnmikið án tillits til þess hvaða tekjur þeir hafa.

Meðal annars hefur þetta komið fram hjá Samfylkingunni varðandi barnabætur. Ég man ekki betur en að það hafi komið fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar að barnabætur ættu að vera óháðar tekjum. Ég verð þá leiðréttur af þingmönnum Samfylkingarinnar ef mig misminnir í þessu efni. En ég held einmitt að þessi pólitísku viðhorf séu mjög að ryðja sér til rúms. Ég hef t.d. heyrt þau hjá embættismönnum hjá Alþýðusambandi Íslands sem ég hef átt viðræður við. Þeir tala fyrir því að bætur eins og barnabætur eigi allir að fá án tillits til tekna sinna.

Mér finnst nefnilega glitta í það sjónarmið, það hentistefnusjónarmið sem að baki liggur, vegna þess að tekjudreifingin hefur breyst á undanförnum áratugum og töluverður hluti íslenskra launþega hefur góð laun, að þeir flokkar sem halda þessu fram séu að reyna að tryggja sér atkvæði þeirra með því að bjóða þeim bætur. Mér finnst glitta dálítið í þessi sjónarmið, slík pólitísk hentistefnusjónarmið, til þess að eiga skírskotun til betur launaða hlutans í launastétt. Ég held að á næstu árum muni pólitísk átök snúast einmitt um þetta, hvar flokkarnir ætla að staðsetja sig að þessu leyti til. Og það leynir sér ekki að stjórnarandstaðan hefur valið, að mínu viti, að veðja á þessa pólitísku útgerð, að bjóða öllum, háum og lágum, jafnmikið úr ríkissjóði. Og svo segja menn: Ja, svo þarf að fjármagna þetta þá gerum við það bara með einhverjum breytilegum tekjuskatti.

Ég held að átökin íslenskri pólitík muni snúast um þetta á næstu árum. Það á svo eftir að koma í ljós hvort ég reynist sannspár að þessu leytinu til eða ekki. En þetta hefur mér fundist vera að breytast mjög á undanförnum árum.

Herra forseti. Þá held ég að ég fari svona að draga saman. Ég hef komið því á framfæri sem ég taldi nauðsynlegt að minna á, bæði sjónarmiðum sem varða málið sjálft, efnisleg atriði í því, og vikið að viðhorfum forustumanna stjórnarandstöðunnar sem að mínu viti hafa snúið við blaðinu í viðbrögðum sínum á málum sem að þeirra mati lúta að stjórnarskránni og ganga á svig við hana.

En varðandi það ef greiða á út án lagasetningar þá verður það eitt greitt út, þ.e. ef skerðingaráhrif 5. mgr. 17. gr. hafa verið þurrkuð út þá er bara hægt að greiða út fulla tekjutryggingu. Það fá þeir sem eru undir tilgreindum mörkum og þeir hafa haft það hingað til þannig að hjá þeim verður engin breyting. Telji menn að skerðingarákvæðin séu algjörlega úr gildi fallin þá er ekki hægt að greiða neinum minna en fulla tekjutryggingu og það ákvæði greinarinnar sem er óumdeilanlega í gildi er að það er skilyrt því að heimilistekjur séu undir tilgreindum mörkum. Fari heimilistekjur yfir þau mörk þá greiðist engin tekjutrygging. Þannig að ef fylgja átti því eftir að greiða út án lagasetningar þá mundu allir þeir sem hingað til hafa fengið skerta tekjutryggingu ekki fá neitt. Krafa stjórnarandstöðunnar um útgreiðslu án lagasetningar var því krafa um að allir þeir sem hingað til hafa fengið skerta tekjutryggingu fengju ekki neitt. Hún hefði ekki leitt neitt annað af sér. Viðbrögð þeirra ganga því miklu lengra frá dómnum en þeir telja að frv. stjórnarflokkanna gangi.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt, herra forseti, að liggi ljóst fyrir svo að menn velkist ekki í vafa um það að viðbrögð

stjórnarandstöðunnar voru fyrst og fremst ómálaefnaleg og upphlaupskennd viðbrögð.

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stórkostlega gaman að heyra hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þann hinn sama og steig ölduna sumarið og haustið 1998 og velti því fyrir sér hver af tveimur, jafnvel þremur flokkum sem til greina kæmu væri nú líklegastur til að skila honum inn á þing á Vestfjörðum, koma svo hér og eyða svo til öllum ræðutíma sínum í að reyna að sanna að aðrir stjórnmálamenn séu ekki sjálfum sér samkvæmir.

Um hæstaréttardóm þann sem hér á við og það frv. sem honum tengist er það að segja að hann er ósambærilegur þeim málum öðrum sem hv. þm. talaði hér um — og þá hefði nú hæstv. utanrrh. haft ástæðu til að kalla fram í því hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór um víðan völl og langt aftur í söguna — því að í þessu tilviki liggur fyrir dómur Hæstaréttar um að tiltekin löggjöf hafi brotið ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er ósambærilegt hinum málunum þar sem því var í hvorugu tilvikinu til að dreifa. Og það er í framhaldi af þeim dómi sem við tökumst hér á um hvort viðbrögðin séu fullnægjandi og hann liggur fyrir og hann er staðreynd þó að stjórnarliðar reyni að láta það hverfa út úr umræðunni. En hæstaréttardómurinn er staðreynd hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Hann féll á þá leið að þessi lagaákvæði frá því í desember 1998 brytu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Og undan þessu komast menn ekki hvernig sem þeir reyna að þvæla um málin og tala um allt annað en kjarnaatriðið sem er auðvitað þetta. Með þennan dóm eru menn á bakinu.

En tilburðir stjórnarliða til þess að reyna að færa umræðuna yfir í að snúast um allt annað eru auðvitað alveg skiljanlegir og ljósir svo maður tali nú ekki um stöðu þess hæstv. ráðherra sem ber stjórnskipulega ábyrgð á því að þessi stjórnarskrárbrot hafa viðgengist.

Síðan var náttúrlega dálítið skemmtilegt að heyra hv. þm. barma sér undan því að hiti hefði verið í umræðunni og einhver frammíköll og það hefði sérstaklega bitnað á framsóknarmönnum, sem væntanlega er þá vegna þess að þeir kunna lítið við slíkt að eiga.

[17:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að dómur liggur fyrir og við því er brugðist. Þess vegna er þessi umræða að það er verið að ræða viðbrögð við dómnum, frv. sem lagt hefur verið fram til þess að fara að dómnum.

Árið 1990, sem ég rifjaði upp, þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn féll dómur líka. Þá stóð þingmaðurinn að því að setja bráðabirgðalög til að ógilda áhrif dómsins. Þá voru ekki hróp um stjórnarskrárbrot. Þá voru ekki hróp um að það mætti ekki taka málið til umræðu á Alþingi. Þá sat hv. þm. og hélt í sinn ráðherrastól.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sá að hæstv. utanrrh. glotti við tönn þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var að nudda mönnum upp úr því að hafa átt aðild að svonefndu BHMR-máli á sínum tíma og allri þeirri sögu þekktri. Sá sem hér talar sat ekki einn í þeirri ríkisstjórn og fór reyndar ekki sérstaklega með það mál. Það gerðu aðrir menn. (**Utanrrh.**: Þú barst enga ábyrgð á ...) En ég hef aldrei skorast undan því að bera minn hlut af ábyrgðinni á því máli eins og það gekk fyrir sig. Ég bendi hv. þm. á að lesa þriðja bindi ævisögu Steingríms Hermannssonar þar sem svolítið er komið inn á aðdraganda þess máls og birtar upplýsingar um það sem ekki hafa áður komið fram á prenti og gætu verið fróðleg lesning fyrir hv. þm. Að öðru leyti er upplagt að taka þetta t.d. fyrir á fundum í þingflokki Framsfl. Þar eru enn þá nokkrir menn sem kunna vel inn á þessa sögu.

En við skulum ekki láta áhugaverðar umræður um þessa hluti draga athyglina frá kjarnaatriði þessa máls, hv. þm. — það er væntanlega ekki verið að því, er það? — og það er sú staðreynd að þessi hæstaréttardómur liggur fyrir þar sem þessi lagasetning frá 1998, sem hv. þm. greiddi atkvæði með því að hann hafði þá nokkrum dögum áður, ef ég man rétt, ákveðið að gerast framsóknarmaður og tók það hlutverk mjög alvarlega strax frá byrjun (Forseti hringir.) og studdi stjórnina þegar hún afgreiddi þetta stjórnarskrárbrot.

[17:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða og ég verð að segja að hún virkaði á mig þannig að hún endurspeglaði mikla vanlíðan hjá þingmanninum og ég skil það vel. Hann var að bera saman mjög ólíka hluti. Það eina sem tengdi það saman sem hann var að ræða var að það hefði verið sett fram álit um að viðkomandi mál bryti í bága við stjórnarskrá. Hann nefndi lagasetninguna frá 1998 og það tengist auðvitað þessum hæstaréttardómi í dag vegna þess að 1998 kom hér fram frv. daginn áður en þingi átti að ljúka. Það fór til nefndar og fékk þessa snöggu, hraðsoðnu yfirferð í nefnd sem gerist við slíkar aðstæður. Ef ég man þetta rétt komu fram alvarlegar ábendingar um að það bryti í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar einmitt eftir yfirferð í nefndinni. En þetta getum við þurft að skoða.

Það er afskaplega alvarlegt að menn skuli samt hafa sett lögin með hraði þrátt fyrir þær ábendingar. Síðan fellur hæstaréttardómur og málið kemur aftur til baka og enn berja menn hausnum við steininn. Það er það sem er að gerast.

Hins vegar langar mig líka, virðulegi forseti, að nefna það af því að hér var sómamaður, Ragnar Arnalds, kallaður til sögu, að hin síðari ár hafði hann einmitt þann hátt á að greiða atkvæði um það hvort mál færu til nefndar og 2. umr. eftir því hvort hann var sammála málinu eða ekki, þannig að ef við hefðum átt að nota þá aðferð þá hefðum við í stjórnarandstöðunni e.t.v. átt að greiða atkvæði gegn því að þetta mál færi til 2. umr. en ekki bara sitja hjá.

Svo vil ég sérstaklega taka það fram að formaður Samfylkingarinnar hefur verið mjög þaulsetinn í þessari umræðu og verið í þingsal eiginlega næstum því hverja mínútu. Hann þurfti að bregða sér frá núna og mér finnst ástæða til að það komi fram út af orðum þingmannsins.

[17:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst nú alveg sjálfsagt að taka til máls í þessari umræðu, sérstaklega eftir að formaður Samfylkingarinnar auglýsti eftir því í sjónvarpsþætti um helgina að ég flytti ræðu. Þess vegna finnst mér afar sérkennilegt að formaðurinn skuli svo ekki geta verið viðstaddur og hlustað á ræðuna þegar hún loksins er flutt og hann er búinn að bíða lengi. Ég verð því að lýsa yfir undrun minni á því að formaður Samfylkingarinnar skuli láta önnur störf ganga fyrir því að taka þátt í þessari umræðu.

Það sem ég var sérstaklega að draga fram varðandi formann Samfylkingarinnar er að hann virðist hafa eina skoðun þegar hann er í stjórn, eins og varðandi EES-samninginn, og formaður heilbrn. eins og hann var 1998, og svo allt í einu einhverja aðra skoðun núna á sambærilegum málum. (**Gripið fram í:** Ha!) Ég minni á að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti því yfir í desember 1998 að frv. sem þá var samþykkt væri mannréttindabrot. Hann lýsti því yfir. (Gripið fram í.) Og hvað gerði hv. þm.? (Gripið fram í.) Hann sat hjá. (**Gripið fram í:** Já hann sat hjá.) (Gripið fram í.)

Hvað gerir hann svo núna þegar þetta mál kemur inn sem hann segir líka að sé mannréttindabrot? Hann segir: „Það er stjórnarskrárbrot að taka það til umræðu á Alþingi." Það sagði maðurinn sem tók hitt málið til umræðu sem formaður nefndar og annaðist hina þinglegu meðferð málsins. Það er þetta sem ég vil fá skýringar á, hvers vegna menn venda svona úr einni skoðun yfir í aðra. Það er eins og menn snúist bara eftir vindinum, eftir því hvað þeir halda að gefi þeim best hverju sinni.

[17:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið viðhafðir fullkomnir útúrsnúningar. Ég var einmitt að benda á að það hefði trúlega verið í nefndarumfjölluninni þennan eina dag sem málið 1998 stóð við hér á Alþingi að það kom fram það álit að það bryti í bága við stjórnarskrána. Á það var bent. En stjórnarliðið lét það náttúrlega ekki aftra sér og setti lög engu að síður.

Hins vegar ætla ég að hugga þingmanninn. Hann var manaður upp í ræðustól. Það fáum við að vita núna. En hann treystir sér ekki í neina sérstaka umfjöllun um þetta mál og þess vegna fer hann í söguskýringu og ber saman aðild að alþjóðasamningum eins og EES-málið og mál sem lögmenn hafa staðfest að brjóti í bága við við stjórnarskrána. Þetta er því alveg furðulegur málflutningur. En ég get glatt hann með því að formaður Samfylkingarinnar er á mælendaskrá og mun tala við hann og svara því sem hann hefur spurt um.

[17:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú bara leiðrétta þingmanninn til þess að taka af allan vafa um að ég tók þátt í 1. umr. málsins. En vegna afstöðu þáv. formanns heilbrn. árið 1998 er rétt að ég lesi aftur upp atkvæðaskýringu þingmannsins sem hann flutti fyrir hönd allrar stjórnarandstöðunnar, allrar, líka hv. þm. Ögmundar Jónassonar. (Gripið fram í.) Hún er svo, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Hér er um að ræða ívilnanir sem ríkisstjórnin er að leggja til og stjórnarandstaðan leggst ekki gegn því. Hins vegar hefur það komið skýrt fram í máli okkar og við höfum fært rök fyrir því að hér er um að ræða brot á mannréttindum og þess vegna munum við ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu heldur sitja hjá."

Þetta var hin snöfurmannlega afstaða stjórnarandstöðunnar á þeim tíma.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hin afdráttarlausa afstaða stjórnarandstöðunnar í þeirri atkvæðagreiðslu sem hv. þm. vitnar til byggði á þeirri skoðun okkar og yfirlýsingu að tenging örorkubóta við tekjur maka stæðist ekki stjórnarskrá landsins. Það hefur núna fengist staðfest fyrir dómi.

Hitt langaði mig til að spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson eftir að hann er búinn að tíunda fyrir okkur hvernig tekjur öryrkja sundurgreinast, annars vegar í örorkugrunnlífeyri upp á rúmar 18 þús. kr. og hins vegar tekjutryggingu upp á rúmar 32.566 kr., ef hún er óskert. Hv. þm. varði talsverðum tíma af sinni ræðu til að réttlæta fyrir okkur að eðlilegt væri að skerða þessa upphæð með tilliti til tekna maka. Og nú vil ég spyrja hv. þm.:

Finnst honum eðlilegt, og er það afstaða Framsfl., að skerða framfærslulífeyri fólks sem hefur glatað starfsorku sinni þegar makinn er langt innan við meðaltekjur á íslenskum vinnumarkaði? Þessi tekjutrygging byrjar að skerðast í rúmum 134 þús. kr. Og síðan dettur hún endanlega út, eins og þingmaðurinn rakti, í 273.448 kr., náttúrlega langt innan við það kaup sem menn fá hér í þessum sal sem eru að fá á fjórða hundrað þús. kr. á mánuði hverjum.

En finnst Framsfl. eðlilegt að dæma fólk sem glatað hefur starfsorku sinni til varanlegrar fátæktar? Ég spyr: Er þetta stefna Framsfl. sem hér er verið að lýsa? Og hvernig fór Framsfl. að komast að þessari niðurstöðu? Vill hv. þm. upplýsa þingheim um það?

[17:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig samkvæmt reglunum sem giltu fyrir dóminn að hjón með sameiginlegar tekjur undir 1.611 þús. kr. á ári og annað hjónanna var örorkulífeyrisþegi, að þá fékk hann grunnlífeyri og fulla tekjutryggingu, samtals um 2 millj. og 300 þús. á ári. Þá fer að draga úr tekjutryggingunni þegar tekjurnar eru komnar yfir þetta mark. Tekjutryggingin fellur ekki alveg niður fyrr en samanlagðar heimilistekjur og bætur eru orðnar um 3,3 milljónir á ári.

Varðandi þá leið sem valin hefur verið í frv., að setja lágmark á það hvað full tekjutrygging getur skerst, þá þýðir hún að sameiginlegar tekjur hjóna að viðbættum bótum fara aldrei niður fyrir 195 þús. á mánuði. (**ÖJ:** Sameiginlegar tekjur.) Og þó að makinn hafi hærri tekjur þá skerðir það ekki þennan grunn sem örorkulífeyrisþeginn hefur.

Ég vil því segja, herra forseti, þó að ég ætli ekkert að halda því fram að menn séu ofhaldnir af því sem þeir hafa, fjarri því, þá finnst mér að fólk sem hefur 85 þús. að meðaltali á mánuði hafi það verra en þessi hópur sem frv. fjallar um.

[17:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er Framsfl. að halda því fram að fólk sé ofhaldið ella væri þessi tekjutrygging ekki skert eins og Framsfl. er að berjast fyrir að fá hér staðfest í þinginu. Þetta er staðreynd.

Og ég spyr: Hvar hefur það verið rætt á vettvangi þessa flokks að það sé réttlætanlegt að dæma fólk sem tapað hefur starfsorku sinni til varanlegrar fátæktar? Og ég vil beina enn annarri spurningu til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hvar var það rætt í Framsfl. og hvenær að rétt væri að beita fyrningarreglum til hins ýtrasta til að öryrkjar fengju það sem þeim réttilega ber? Og hvernig ætlar hv. þm. að réttlæta það að þessir peningar verði hafðir af öryrkjum eins og ríkisstjórnin ætlar að gera með því frv. sem hér er til umfjöllunar?

[17:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti halda eftir ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að það væri verið að skerða kjör öryrkja

frá því sem verið hefur. (**ÖJ:** Já, frá dómnum.) Því er auðvitað víðs fjarri. (**ÖJ:** Nei.) Ástandið eftir að frv. hefur verið samþykkt, ef það verður samþykkt óbreytt, verður þannig að sá hópur öryrkja sem málið fjallar um fær meira en hann hafði fyrir dóm þannig að það er ekki verið að skerða það ástand heldur að bæta við. Hv. þm. telur að það hafi átt að bæta meiru við og það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig.

En við teljum eðlilegt að ríkisvaldið nýti það svigrúm sem það hefur til að bæta kjör þess fólks sem hefur minnst. (Gripið fram í.) Og þar greinir mig á við hv. þm. Ögmund Jónasson. (**ÖJ:** Það gerið þið ekki.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það væri heldur til bóta, þar sem andsvaratíminn er aðeins ein mínúta, ef ræðumenn fengju að tala truflunarlítið.)

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta hefur nú verið allmikil umræða nú þegar. Hún hófst í morgun með því að mælt var fyrir nál. meiri hluta og minni hluta. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég get vísað í nál. minni hlutans hvað varðar þann ítarlega lögfræðilega rökstuðning sem þar er fram settur með mjög greinargóðum hætti. Ég leyfi mér enn að bera aðeins saman þessi tvö nál., annað frá meiri hlutanum þar sem farið er afar fljótt yfir sögu og ekki svo mikið sem haft fyrir því að reyna að rökstyðja sum kjarnaatriði málsins eins og það hvernig upphæðin upp á 43 þús. kr. rúmar er fundin út, og hins vegar þetta mjög svo ítarlega nál. minni hlutans sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir mælti fyrir í morgun þar sem á mjög sannfærandi hátt er farið yfir þær lagalegu röksemdir sem við færum fyrir því í minni hlutanum að frv. feli ekki í sér fullnægjandi viðbrögð við dómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Ég ætla þó tímans vegna ekki að rökræða mikið um þessi lögfræðilegu álitamál frekar enda er þetta mál að sjálfsögðu ekki síður spurning um siðferði og pólitík en einungis lögfræði. Ég mun þó aðeins í lokin koma aftur að einu atriði sem í raun er kjarnaatriði í allri framgöngu hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. túlkun á einni einustu setningu, þremur orðum einnar setningar í reifun Hæstaréttar, ekki í sjálfu dómsorðinu þó ranglega sé látið að því liggja í sérfræðingaskýrslunni að þau orð, lykilorðin „með þeim hætti" séu í dómsorðinu sem er ekki. En ég mun koma að því í lokin og það tengist almennri óvissu í tengslum við afgreiðslu þessa máls.

Það sem mér finnst ekki hafa fengið nægjanlega athygli er sú lagaóvissa og réttaróvissa sem augljóslega er fyrir hendi hvað sem hver segir og hvað sem mönnum sýnist um það. Hún er til staðar og þá koma upp þær spurningar sem tengjast því hvernig beri að fara með slíkan vafa. Ef menn yrðu sammála um þó ekki væri nema það eitt að það væri þó í öllu falli líklegt að þarna væri verulegur vafi, hvernig vilja menn þá meðhöndla hann og hver á að njóta hans í þessu tilviki? Það er atriði sem lítið hefur verið rætt hér en ætti kannski að gera, hvort það sé stjórnarskráin eða skilningur hæstv. forsrh. á dómnum sem eigi að njóta vafans.

Herra forseti. Í öðru lagi eru það viðbörgð hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef mikið hugsað um það þessa sólarhringa hvernig víðsýn, sanngjörn og réttlát ríkisstjórn eða stjórn undir slíkri forustu í þróuðu réttarríki hefði (Gripið fram í.) brugðist við þegar mál af þessu tagi kemur upp. Hvernig hefði hún brugðist við? Hvernig væru fyrirmyndarviðbrögð af hálfu einnar ríkisstjórnar þegar þau ósköp gerast að stjórnin er dæmd í æðsta dómstóli landsins fyrir að hafa brotið mannréttindi á tilteknum hópi þegna sinna?

Eiga menn þá ekki að taka slíkt alvarlega? Jú. Á mönnum ekki að vera nokkuð brugðið? Jú. Hvað er eðlilegt að gera fyrir það fyrsta? Á hverju hefði ríkisstjórnin átti að byrja? (**Gripið fram í:** Borga út.) Hún átti að byrja á því að mínu mati að hafa tafarlaust samband við hinn málsaðilann, fara fram á fund og viðræður við Öryrkjabandalagið og lögmann þess um þá stöðu sem upp var komin. „Hér hafa orðið mikil tíðindi og ill. Mönnum hefur orðið heldur betur á í messunni, hafa beitt hér mjög íþyngjandi ákvæðum í lögum sem standast ekki stjórnarskrána. Og nú er það sameiginleg skylda okkar að reyna að gera eins gott úr þessu og hægt er og við erum allir af vilja gerðir", hefðu hæstv. ráðherrar átt að segja, „að reyna að bæta fyrir þetta eins og nokkur kostur er."

En það var ekki það sem þeir gerðu. Það var ekki fyrsta hugsun ríkisstjórnarinnar að reyna að fá í gang samtöl og viðræður um það hvernig menn ynnu úr hlutunum. Nei. Þeir töluðu ekki einu orði við samtök öryrkja eða lögmann þeirra sem hefði þó verið eðlilegt við þessar aðstæður.

Í öðru lagi átti ríkisstjórnin að sjálfsögðu að tryggja það með því að hafa samband við Tryggingastofnun ríkisins að hún greiddi þeim hópi sem dómurinn tók til út óskerta tekjutryggingu frá og með dómnum.

En hvað gerði ríkisstjórnin? Hún gerði ekki það. Nei, hún gerði það gagnstæða eins og í fyrra tilvikinu. Hún hafði samband við Tryggingastofnun til þess að taka af henni völdin og tryggja að hún greiddi ekki út. Það liggur fyrir. Aftur gerði því þessi ríkisstjórn algjörlega það öfuga í stöðunni borið saman við það sem maður hefði ætlast til að víðsýn og réttlát stjórnvöld sem tækju skyldur sínar alvarlega og vildu reyna að bæta fyrir brot sitt hefðu átt að gera.

Í þriðja lagi átti ríkisstjórnin að segja: „Við biðjum svo um biðlund á meðan þær ráðstafanir aðrar sem við teljum nauðsynlegt að gera eru undirbúnar. Og við biðjum um samstarf um þær ráðstafanir. Við viljum fá samtök öryrkja og eftir atvikum fleiri aðila með okkur í að skoða hvernig svo sé eðlilegt að fara í gegnum almannatryggingalöggjöfina og fara yfir það hvaða afleiddi réttur af þessum dómi geti skapast til handa öðrum." Eðilegast og best hefði auðvitað verið að kalla heilbrn. Alþingis til og fá henni líka hlutverk í þessum efnum þannig að í stjórnsýslunni hefðu menn farið sameiginlega yfir það verkefni og reynt að hafa um það eins gott samstarf og kostur var að vinna úr stöðunni. Ég er alveg viss um að ef ríkisstjórnin hefði gert þetta hefði hún komist í mun skárra ljós í málinu strax þá þegar.

En það var ekki þetta sem hún gerði. Hún talaði ekki við Öryrkjabandalagið. Hún tók völdin af Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráði þannig að færa má fyrir því sterk rök — og auðvitað heilbrrh. sem var afmunstraður og hæstv. háyfirráðherra, forsrh., tók í raun og veru við heilbrrn. þessa daga frammi fyrir alþjóð — að þar hafi ríkisstjórninni orðið enn eitt atriðið á vegna þess að í raun og veru er ákvæðum laga um Tryggingastofnun ríkisins og hlutverk stofnunarinnar og tryggingaráðs ýtt til hliðar og komið er í veg fyrir að þeir aðilar sinni lögbundnum stjórnskipulegum skyldum sínum sem eru að greiða út bætur samkvæmt lögum og rétti eins og hann er túlkaður á hverjum tíma.

Í þriðja lagi skipaði svo ríkisstjórnin hina frægu flokkspólitísku sérfræðinganefnd og hafnaði þar með öllu samstarfi við alla um að vinna úr málinu. Ég verð því að

segja það, herra forseti, að viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru að mínu mati, burt séð frá innihaldi mála og ágreiningi um það síðan hvernig til er að takast í þessu frv., skólabókardæmi þar sem allt er gert vitlaust, þar sem allt er gert öðruvísi en menn sem tækju hlutina alvarlega og vildu reyna að vanda sig og vinna vel úr málunum hefðu átt að gera. Þetta blasir við öllum, það sjá það allir. Ég er sannfærður um að það er þetta sem hefur farið verst í þjóðina og valdið því að almenningsálitið er jafnyfirgnæfandi mótsnúið ríkisstjórninni í þessu máli og raun ber vitni. Það er ekki af því að þjóðin hafi misskilið eitt eða neitt í þessum málum svona upp til hópa. Það er af því að öll framganga ríkisstjórnarinnar er eins fautaleg í þessu máli og nokkur kostur er. Auðvelt er að sýna fram á það með því að fara svona yfir það eins og ég tel mig hafa verið að gera hér.

Hver urðu svo viðbrögðin? Hvernig er svo það frv. sem við ræðum hér? Jú, herra forseti, það er eins níðingslegt í öllum tilvikum gagnvart þessum hópi og er hægt að láta sér til hugar koma. Það er eins fantalega haldið á hlut ríkisins í þessum samskiptum og a.m.k. ég hafði hugkvæmni til að hvarflað gæti að nokkrum manni. Einnig er hægt að fara yfir það lið fyrir lið að ríkisstjórnin velur ýtrasta fantaskap í öllum tilvikum. Í fjórum meginefnisatriðum þessa máls tekur ríkisstjórnin alls staðar þann kostinn sem er óhagstæðastur öryrkjanum og túlkaður andstætt honum.

Fyrir það fyrsta velur ríkisstjórnin eða sérfræðingahópur hennar að túlka dóminn þannig að áframhaldandi tekjutenging tekjutryggingarinnar sé heimil. Það er túlkun öryrkjunum og hagsmunum þeirra í óhag sem voru þó búnir að vinna málið gegn ríkisstjórninni og fengu stefnu sína tekna til greina.

Í öðru lagi ber ríkisstjórnin við fyrningu og ætlar ekki að bæta nema fjögur ár af þessu sjö ára tímabili. Það er sömuleiðis pólitísk ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bera henni við og nokkuð borðleggjandi að mun tapast fyrir dómstólum ef einstakir öryrkjar sækja það mál.

Í þriðja lagi eru lögin höfð afturvirk ef af verður. Það er sömuleiðis og að sjálfsögðu einnig í óhag þeim sem hefur þarna verið ranglega haft af undanfarin ár. Með afturvirkninni er af þvílíkri smámunasemi, þvílíkum naglaskap reynt að hafa þessar 8 þús. kr. mánaðarlega af hópnum tvö ár aftur í tímann af þeim fjórum sem á að rausnast til að bæta. Þarna er þriðja atriðið þar sem ríkisstjórnin velur að túlka þetta eins fantalega og hægt er til að klípa aðeins af. Þeir þora ekki í skerðingu á árunum tveimur þar fyrir aftan, þ.e. árunum 1997 og 1998, þau á að bæta miðað við óskerta tekjutryggingu, en nýja formúlan um 8 þús. kr. skerðinguna er notuð til að gera upp bæturnar afturvirkt tvö síðustu ár. Þriðja atriðið sem ríkisstjórnin velur að hafa eins fantalegt gagnvart hópnum og hún væntanlega hefur treyst sér til.

Fjórða atriðið eru vextirnir. Þar velur ríkisstjórnin að því er best verður séð af geðþótta sínum einum að hafa vextina eins lága og stætt var á, 5,5% en ekki meðaltalsávöxtun eins og alsiða er þegar slíkir hlutir eru gerðir upp. Í öllum þessum tilvikum velur ríkisstjórnin eins mikinn fantaskap og mögulegt er. Þetta er svona.

Látum vera ef við værum að takast á við eins og eitt af þessum atriðum, að deila væri um það eitt hvort þessi takmarkaða tekjutenging væri heimil áfram. En að ríkisstjórnin hefði séð sóma sinn í því að gera upp fortíðina með mannsæmandi hætti þannig að að því væri einhver lágmarksmanndómsbragur. Nei, það er ekki. Allt er túlkað þeim aðilanum í óhag sem þó er búinn að vinna málið gegn ríkisstjórninni og fá hana dæmda og fyrir hvorki meira né minna en stjórnarskrárbrot. Út í gegn er þetta á þessa hliðina.

Þessi kröfuharka ríkisins, herra forseti, hefur líka verið mér mikið umhugsunarefni. Hvers vegna gengur ríkið eða stofnanir ríkisins, Tryggingastofnun, og ríkislögmaður væntanlega þar á bak við, fram með slíkri hörku gegn þessum hópi? Ég minni þar á að þetta mál er búið að vera lengi uppi af hálfu einstakra öryrkja eða samtaka þeirra og það er rangt sem menn hafa látið liggja að að algjört samkomulag hafi verið um þessa tekjutengingu fram á síðustu ár. Það er ekki svo.

Strax 1988 kærði fyrsti öryrkinn þetta mál til umboðsmanns Alþingis. Sami maður, Bragi Halldórsson á Akureyri, hélt því síðan aftur áfram 1996 og sá úrskurður féll 1998. Það er í framhaldi af því og hinni dæmalausu lagasetningu ríkisstjórnarinnar í desember 1998 og meiri hluta hennar á þingi sem Öryrkjabandalagið fer svo með málið fyrir dómstólana.

Eigum við að rekja okkur í gegnum þetta aftur, herra forseti, hvernig þetta er? Í öllum tilvikum beitir ríkið ýtrustu hörku í þessum samskiptum, fellst aldrei á neinar kröfur, hversu réttmætar og sanngjarnar sem þær eru og hversu augljóst sem það er að ríkið er með koltapað mál. Það liggur þegar fyrir 1998 að lagastoð skortir fyrir þessari skerðingu. Strax 1996 þegar fyrstu öryrkjarnir snúa sér til Tryggingastofnunar eða 1995 má öllum mönnum vera það ljóst enda hefur enginn lögfræðingur komið fram á sjónarsviðið á Íslandi frá því að þetta mál hóf göngu sína eftir lagasetninguna 1994 sem hefur haldið neinu öðru fram en því nema varnaraðilar ríkisstjórnar og Tryggingastofnunar að málið væri koltapað.

En allan þennan tíma frá því að fyrstu öryrkjarnir fara með kröfur sínar til Tryggingastofnunar, gegnum kærur til umboðsmanns, gegnum ítrekaðar tilraunir til að fá málið tekið upp í viðræðum, gegnum héraðsdóm og í gegnum Hæstarétt, þvælist ríkið fyrir í málinu og beitir ýtrustu hörku til að varna því að öryrkjarnir nái kröfum sínum fram, er svo loksins dæmt í Hæstarétti, og ber þá við fyrningum.

Þessi ótrúlega kröfuharka, þó mér sé að vísu vel kunnur sá plagsiður ríkisins að áfrýja yfirleitt endalaust málum jafnvel þó þau séu koltöpuð og gera sjaldan dómsátt, er mér nokkurt umhugsunarefni í þessum samskiptum. Eru menn stoltir af framgöngu lögmanna sinna, t.d. ríkislögmanns í þessum efnum þegar menn svo bera fyrir sig fyrninguna að lokum? Hefði ekki verið meiri manndómur að því að fallast á kröfuna þegar ljóst var strax fyrir mörgum árum að hún var augljóslega gild og ríkið mundi, ef ekki vildi betur til, verða dæmt til að greiða þetta til baka að gera það þá strax?

Það er nú ekki, herra forseti, eins og ríkisvaldið sé að eiga við einhvern ósvífinn aðila sem með frekju eða yfirgangi eða í krafti þess að ætla að hafa sitt fram með hótunum eða af því að hann hafi kverkatak á einhverjum lífæðum samfélagsins, sé að þvinga fram óréttmætar kröfur. Nei, þetta eru samskipti við tiltekinn hluta af öryrkjum landsins sem ríkið velur að koma fram við af slíkri hörku sem raun ber vitni. Mér finnst mikið umhugsunarefni að ríkið skuli neyta þess gríðarlega aflsmunar sem er þarna á ferðinni í gegnum sterkar stofnanir sínar með fulla vasa fjár til að standa í málarekstri við þennan hóp og þvæla þeim áfram fyrir dómstigunum þannig að sem allra mest af því sem var ranglega tekið af mönnum verði þá fyrnt þegar ríkið verður loksins dæmt. Svona kemur málið út og það er svona sem það blasir við þessu fólki. Svo eru menn

hissa á því að þeir séu ekki vinsælir þessa dagana á götum borgarinnar eða annars staðar í landinu, alveg rjúkandi hissa og sérstaklega framsóknarmenn að þjóðin skuli ekki alveg flaðra upp um þá af gleði yfir því að eiga svona snillinga við stjórnvölinn eins og hafa komið þannig fram undanfarin ár við þennan hóp landsmanna, þennan hóp þegna sinna. Svona hafa menn farið með valdið gagnvart hluta af öryrkjum í landinu.

Herra forseti. Þetta veldur að mínu mati yfirgnæfandi óánægju og hneykslun þjóðarinnar með viðbrögð ríkisstjórnarinnar í málinu. Ég hef farið allvíða undanfarna daga og vikur og verið á mörgum fundum eins og hæstv. utanrrh., sem telur það til tíðinda að hafa farið á nokkra fundi á landinu á síðustu dögum, og orðið sem ég heyri oftast er hroki. Það er hroki, það er tilfinning þjóðarinnar fyrir því að yfirvöldin hafi komið fram af óvenjulegum hroka í þessu máli. Það er því miður rétt. Það er ekkert annað betra orð til á íslensku yfir þessa framgöngu ríkisstjórnarinnar en orðið hroki.

Það er hrokafullt að tala ekki einu sinni við Öryrkjabandalagið þegar ríkið er búið að tapa málinu. Það er hrokafullt að taka völdin af Tryggingastofnun og tryggingaráði og banna þeim að gera það sem þeir ætluðu að fara að undirbúa að gera, að bregðast við dómnum og greiða út óskerta tekjutryggingu. Allur framgangsmáti ríkisstjórnarinnar síðan lýsir af þessu sama.

Það er í öðru lagi það einfalda atriði sem ég held að þjóðin hafi alveg skilið að ríkisstjórnin er að leita leiða til að komast á svig við þennan dóm, a.m.k. að einhverjum hluta til. Þetta held ég að almenningur hafi alveg skilið, hæstv. iðnrh. Ég held að það sé ákaflega hættulegt í stjórnmálum að vera kominn í þvílíka kastþröng en láta það þá eftir sér að henda út þeim spilum að þjóðin misskilji hlutina og gráta undan því að menn séu svo óskaplega misskildir. Það er slíkur óskaplegur allsherjarmisskilningur í gangi úti um allt núna þegar ráðamenn komast í fjölmiðlana að engu tali tekur. Þetta er allt saman meira og minna einn allsherjarmisskilningur. Framsfl. er víst góður og göfugur flokkur, allt hitt er bara misskilningur. (**Gripið fram í:** Og hefur sterk bein.) Og hefur sterk bein. Og forsrh. er lítillátt ljúfmenni. Allt annað er bara misskilningur. Ekki vottar fyrir stærilæti eða valdboðshugsun í framgöngu hans, það er bara misskilningur. Hæstiréttur hefur líka misskilið þetta allt saman, það er alveg fráleitt að vera að dæma þessum hátekjuhópi kjarabætur eins og kunnugt er o.s.frv.

Herra forseti. Ég held að menn krafli sig ekki svona upp úr feninu. Ég held að ríkisstjórninni væri miklu hollara að draga ákveðna lærdóma af því sem hefur gerst og líta í eigin barm og segja: Okkur urðu á mistök og við viljum reyna að bæta fyrir þau. Við höfum greinilega keyrt hér út af veginum, þjóðin er ósátt við okkur og reið. Getur það ekki verið vegna þess að við höfum gert eitthvað sem þjóðinni líkar ekki en ekki bara það að þjóðin misskilji okkur, að þetta sé allt saman misskilningur?

Herra forseti. Ég held að tilraunir ríkisstjórnarinnar og talsmanna stjórnarliðsins til þess að sveigja umræðuna um þetta mál frá því sem er kjarnaatriði þess hafi mistekist og það gleður mig. Ég hef enga trú á því að ríkisstjórninni takist að fela það sem er kjarnaatriði málsins, það er dómur Hæstaréttar og undanbrögð ríkisstjórnarinnar sem falin eru í þessu frv. til að verða við honum með eðlilegum hætti.

Það sem mig undrar kannski meira er það af hversu miklum vilja, að því er best verður séð, ýmsir óbreyttir stjórnarliðar ganga hér í að verja hinn vonda málstað ríkisstjórnarinnar. Sérstaklega finnst mér það merkilegt að þeir hinir sömu þingmenn og lentu í þeim ósköpum að hlíta ráðum og leiðsögn foringja sinna í desember 1998 og greiddu þeim lögum atkvæði sitt sem síðan hafa verið dæmd stangast á við stjórnarskrána, að þeir skuli ekki vera meira hugsi a.m.k. yfir þeim möguleika, svo við kveðum ekki fastar að orði fyrir þeirra hönd. Það hlýtur að hvarfla að einum og einum manni að þeir gætu lent í því að vera að endurtaka sama leikinn. Er það virkilega ekki þannig að einum og einum þingmanni stjórnarliðsins sem rétti upp hönd með þessu 1998 sé órótt núna? Langar menn í þetta aftur? Eða er þetta orðið þannig í þingflokkum stjórnarliðsins að það er bara ekkert val? (**ÁRJ:** Er nokkur þeirra viðstaddur hér?) (**Gripið fram í:** Drífa.) Það er nú einn og einn maður, ein og ein hetja er hérna enn þá úr stjórnarliðinu.

Ég tók eftir því, herra forseti, að þingflokkar stjórnarliðsins voru ekki hátt skrifaðir í þessu ferli. Það var ekki vandasamt og flókið atriði að fá stimplun þingflokkanna á þessari framgöngu ríkisstjórnarinnar. Einhver sagði mér að það hefði tekið hálftíma að afgreiða þetta smámál í a.m.k. öðrum þingflokknum. Og búið var að boða blaðamannafund klukkan tvö fyrripart sama dags og þingflokkunum var hóað saman í hádeginu til þess að leggja að forminu til blessun sína yfir þetta.

Þetta er nokkurt umhugsunarefni því það á að heita svo að lagasetningin hér sé á ábyrgð Alþingis. En það virðist ekki hvarfla að neinum manni að þetta fái hér sjálfstæða skoðun og að einhverjir af þeim ólánssömu þingmönnum sem lentu í þeim ósköpum að samþykkja lögin 1998 og vöruðu sig ekki á því skulum við segja að varnaðarorðin þá voru réttmæt vildu nú hugsa sig vel um áður en þeir lentu mögulega í að gera það sama aftur. En það virðist ekki vera. Satt best að segja man ég ekki eftir því nú í seinni tíð að það hafi nokkurn tíma gerst og komið af því fréttir að þingflokkar stjórnarliðsins hafi neinn sjálfstæðan vilja. Ég man ekki eftir því að hafa heyrt það núna svo mánuðum skiptir að eitt einasta stjfrv. hafi stoppað andartak í þingflokkum stjórnarliðsins. (Gripið fram í.) Ja, þetta er nú bara svona, ég er að vísa til umfjöllunar fjölmiðla um þessa hluti. Þeir fylgjast nokkuð vel með gangi mála. (Gripið fram í.)

Ef hv. þm. vill koma hér upp og nefna dæmin um frv. sem hafi strandað í þingflokkum stjórnarliðsins þá verð ég ákaflega glaður því það væri þá til marks um að þingræðið lægi ekki jafnflatt fyrir fótum valdhöfðingjanna og ég óttast að það sé farið að gera. Ef ég ber þetta saman við ýmis dæmi frá fyrri tíð þá finnst mér að öllu hafi heldur hrakað hvað það varðar að ofríki framkvæmdarvaldsins í þessum efnum sé alltaf að verða meira og meira. Við höfum séð hvernig það birtist gagnvart aðilum í þjóðfélaginu og þó ekki, að maður skyldi ætla, aðilum sem eiga minni samúð skilið en t.d. samtök öryrkja sem framkvæmdarvaldið velur að ganga fram af þvílíkri hörku og ég gerði hér grein fyrir.

Herra forseti. Að síðustu nokkur orð um vafann, um varúð og vafa í þessum efnum. Nú liggur þetta fyrir, en sem betur fer gerist það frekar sjaldan að menn standi frammi fyrir því að hafa að mati dómarans sem í þessum efnum ræður, þ.e. Hæstiréttur Íslands, orðið á þau hroðalegu mistök að setja hér lög sem standast ekki ákvæði stjórnarskrárinnar, nýtilkomin mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar sem sum hver vissulega voru áður í óskráðum rétti eða annars staðar í lögum, eins og fram hefur komið hér, en engu að síður eru í hinum

nýja mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Ég skýt því hér inn að ég fagna auðvitað þeim úrskurði því ég tel að það séu tímamót, og hef áður sagt það, að félagsleg réttindi séu dæmd mönnum til handa með þeim hætti sem þarna er gert á grundvelli mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar. Þetta er hlutdeild í félagslegu tryggingakerfi landsmanna sem þarna er verið að dæma mönnum. Þess vegna er það misskilningur að mínu mati að lesa eingöngu út úr þessu spurningu um einstaklinginn og einstaklingsbundinn rétt. Þetta er það vissulega en er líka um leið geysilega mikilvægur dómur sem í rauninni undirstrikar gildi hinna félagslegu mannréttinda sem við erum búin að byggja upp í landinu. Það er ekki síður í því tilliti sem ástæða er til að fagna honum. En auðvitað fer þetta tvennt saman.

Ég held, herra forseti, að málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar falli um sjálfan sig á einu einasta atriði, þ.e. ég tel að Hæstiréttur hafi verið að segja að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka. Mér er algjörlega ómögulegt að lesa þennan dóm öðruvísi en að fá þá niðurstöðu. Ég hef enn gert áhlaup að því að lesa þetta nákvæmlega og ég minni á að sérfræðinganefndin eins og fram kemur í nál. minni hlutans gerir þau afdrifaríku mistök í rökstuðningi sínum að láta að því liggja að orðin margumtöluðu og frægu „á þann hátt" séu í dómsorðinu sjálfu en svo er ekki eins og kunnugt er. Þau eru í reifun í V. kafla umfjöllunar Hæstaréttar um dóminn.

Og hvað er nú líklegt að Hæstiréttur hafi verið að reyna að segja þarna? Eigum við að reyna að gera eina tilraun til þess að fara yfir það? Þetta er svo samkvæmt orðanna hljóðan, með leyfi forseta:

„Í samræmi við það, sem að ofan greinir, er fallist á þá kröfu gagnáfrýjanda," — það var Öryrkjabandalagið í þessu tilviki — „að viðurkennt verði" — stefnan viðurkennd — „að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 á þann hátt sem gert er í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

Á þann hátt. Stjórnarliðið heldur því fram, sérfræðinganefndin heldur því fram og á því byggir öll nálgun ríkisstjórnarinnar að þetta vísi til upphæðar, þetta hljóti að vísa til þess að ekki megi skerða alveg svona mikið.

Þetta er rangt. Þetta er andstætt málvenju og þetta er augljóslega þannig þegar betur er að gáð að þarna hlýtur að vera vísað til aðferðarinnar. Ef svo er ekki þá er Hæstiréttur að orða þetta einhvern veginn öðruvísi en hægt er að taka gilt af svo virðulegum og háum aðila. Hæstarétti hlýtur að vera ljós merking þessara orða. Það er ekki nema menn lesi annað út úr þeim en stendur samkvæmt orðanna hljóðan og eðlilegt er að túlka þetta miðað við orðabækur að hægt er að fá það út að þetta vísi til einhvers annars en aðferðarinnar.

Ég fletti hér upp í orðabók, herra forseti, stundum er gripið til þess ef maður ætlar að reyna að glöggva sig á því hvað nákvæmlega felst í tiltekinni setningu eða orðum. Og ætli það gæti ekki farið svo að menn gripu til orðabóka ef þeir þyrftu að fara að skýra það hvað tiltekið orðalag merkir? Á því byggir þetta allt saman.

Orðið háttur getur þýtt ýmislegt í mismunandi samsetningum eins og kunnugt er. Þar er gefin fyrsta merking og önnur merking og síðan þriðja merking sem er sú sem hér á við þegar þetta snýr að því hvernig eitthvað er gert. Í Orðabók Menningarsjóðs segir: „það hvernig eitthvað er eða er gert."

Orðið háttur merkir í þessu tilviki með þeim hætti, á einhvern til tekinn hátt. Það merkir: „það hvernig eitthvað er eða er gert, aðferð, máti." Aðferð eða máti.

Þegar orðið háttur er sett í þetta samhengi að eitthvað sé gert á þann hátt, með tilteknum hætti, þá merkir það aðferð eða máti. Og mér er algjörlega ómögulegt að skilja það, herra forseti, hvernig menn geta — af því það er ekkert annars staðar í dómnum sem menn í raun og veru hafa til að undirbyggja það að þetta orðalag vísi til upphæðar, vísi til þess að það sé ekki aðferðin í 2. málsl. 5. mgr. 17. gr. sem þarna er verið að vísa til gegn því að stefnan gekk út á það að dæma aðferðina ólöglega. Samt komast snillingarnir að þeirri niðurstöðu að það sé einmitt þetta sem Hæstiréttur vísi til. Það sé ekki orðanna hljóðan sem þarna eigi að nota, það sé ekki eðlileg málvenja eða útskýringar í orðabókum sem eigi að nota, sem vísar til aðferðar, og það sé ekki krafa gagnáfrýjandans sem vann málið og fékk sína kröfu viðurkennda sem gekk út á að dæma aðferðina ólögmæta. Nei, heldur sé Hæstiréttur að segja þarna — án þess að segja það — að það megi áfram tekjutengja, bara ekki svona mikið.

Þá hefði Hæstiréttur orðað þetta öðruvísi. Það er orðin algjörlega bjargföst sannfæring mín. Þá hefði þarna staðið „eins mikið og gert er" eða „skerða svo mikið" eða „fara svo langt niður með þennan persónulega framfærslugrunn eins og raun ber vitni". Hæstiréttur hafði ótal möguleika til að orða þá hugsun ef hún hefði vakað fyrir honum.

En hann gerir það ekki, orðar þetta þvert á móti þannig að það er ómögulegt að fá annað út úr því ef það er athugað eftir venjulegum leiðum en að þetta vísi til aðferðarinnar, þess máta, þeirrar aðferðar sem þarna er viðhöfð.

Einustu rökin sem ég hef heyrt og hægt er að sækja á annan stað í reifun sjálfs dómsins er sú setning að fyrir því geti verið málefnaleg rök að taka nokkurt tillit til hjúskaparstöðu við greiðslur úr opinberum sjóðum.

„Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Þarna er hvergi minnst á tekjutrygginguna. Það er heldur ekki hægt að sækja í þessa setningu rök fyrir því að túlka síðan orðin á þann hátt með þeim furðulega hætti og undarlega sem stjórnarliðið hefur gert.

Flóknara er málið ekki, herra forseti, en það að á þeirri túlkun þessara þriggja orða byggir öll sú nálgun ríkisstjórnarinnar að heimilt sé að halda tekjutengingunni áfram og allt heila móverkið hrynur til grunna ef lagður er annar skilningur í þessi orð, sá skilningur sem augljóslega er eðlilegast að gera, að þarna sé vísað til aðferðarinnar sem stefnt var út af eða gagnáfrýjað var út af. Þá er nú ekki að verða mikið eftir, herra forseti, í þessum merkilega málatilbúnaði.

Þá þetta með varúðina og vafann. Er það þá ekki þannig, herra forseti, að í öllu falli hljóti menn að viðurkenna að þetta er svo umdeilanlegt og svo mikill vafi — þó að ég sé ekki í neinum vafa og sannfærður um að frv. stenst ekki — þá ættu a.m.k. allir að geta viðurkennt tilvist hans. Það margir lögfræðingar hafa komið og lýst vandamálunum og mismunandi mögulegum valkostum í lögskýringum að menn tækju af þennan vafa, hefðu vaðið fyrir neðan sig og gengju þannig frá þessu að ekki þyrfti um það að deila og ekki gæti komið upp nein óvissa um það að stjórnarskráin væri virt þarna að fullu og öllu leyti. En það er eins og það sé algjört aukaatriði að við séum hérna að umgangast sjálfa stjórnarskrána og grundvallarmannréttindi í henni og ekkert

sé að því að taka aftur sénsinn og láta bara vaða. Það er þá hægt að fara í mál, segja menn, eins og þar í sé réttlætingin fólgin fyrir því að stytta sér leið í vinnubrögðum og taka það ekki alvarlega að uppi eru mjög rökstudd sjónarmið í þeim efnum að ríkisstjórnin sé aftur að lenda í sama feninu með meiri hluta sínum að standa hér fyrir lagasetningu sem ekki samrýmist þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er ekki gæfulegt ef menn lenda aftur og aftur í þeim ósköpum, herra forseti. Maður hefði ætlast til þess eða haldið að menn sem látast í orði kveðnu vera vandir að virðingu sinni og annt um sinn sess á spjöldum sögunnar, sumir hverjir eru jafnvel svo uppteknir af framlagi sínu til stjórnmálanna að þeir eru komnir með hálfar og heilar óbirtar ævisögur í kollinn, eins og hæstv. landbrh., að þeir vönduðu sig við afgreiðslu svona máls.

[18:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur með málefnalegum rökum við 1. og 2. umr. þessa máls sýnt fram á að í fjórum grundvallaratriðum gengur þetta frv. gegn dómsorði Hæstaréttar í máli öryrkjanna.

Í fyrsta lagi gengur frv. sem við fjöllum hér um, þrátt fyrir dómsorðið, út á að það er enn heimilt að tengja lífeyrisgreiðslur við tekjur makans. Frv. er skerðingarfrumvarp vegna þess að það skerðir lífeyrisgreiðslur frá því sem nú er, úr 51 þús. í 43 þús. Í þriðja lagi skerðir það greiðslurnar afturvirkt. Í fjórða lagi gengur ríkisstjórnin svo langt varðandi greiðslur sem dómurinn nær til og öryrkjar eiga rétt á sjö árum aftur í tímann, að tekin eru þrjú ár af þeim sjö og einungis greidd fjögur ár afturvirkt. Í fimmta lagi mætti bæta við að það er gengið lengra en maður hefur séð áður við að skerða lífeyri vegna tekna maka.

Ég held, herra forseti, að minni hlutinn hafi sýnt fram á það í áliti sínu að það sem stjórnarandstaðan hélt fram við 1. umr. málsins og snertir þá þætti sem ég hef nefnt á allt við rök að styðjast. Hann hefur teflt fram lögfræðilegum og málefnalegum rökum máli sínu til stuðnings.

Herra forseti. Stjórnarliðar hafa gefið sínar skýringar á þeirri niðurstöðu sem þeir hafa komist að. Þeir hafa kveinkað sér mjög undan því að stjórnarandstaðan hafi haldið því fram að þeir mundu brjóta rétt á öryrkjum og ganga á svig við dómsorðið og brjóta mannréttindi á öryrkjum. Mig minnir að hæstv. forsrh. hafi orðað það svo þegar málið fór til 2. umr. að það væri einsdæmi í sögunni að stjórnarliðum væri brigslað um að brjóta vísvitandi mannréttindi á öryrkjum.

Það þarf hins vegar ekki að fara lengra aftur í tímann en tvö til þrjú ár til að sjá að þá vöruðu nokkuð margir þingmenn úr þessum ræðustól stjórnarliða við því sem þeir þá gerðu, þ.e. lögfestu tengingu við tekjur maka, lögfestu eins og þá var haldið var fram úr þessum ræðustól bæði brot á stjórnarskránni og brot á alþjóðlegum samningum. Samningarnir sem verið var að brjóta voru taldir upp, ákvæði stjórnarskrárinnar, 65. og 76. gr. Minnt var á ný mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar frá árinu 1995. Ég heyrði í fjölmiðli að átta þingmenn hefðu 30 sinnum varað við þessu sem ég hér lýsi á árinu 1998, þegar lögfesta átti með miklu hraði, á tveimur dögum, ákvæðið sem Hæstiréttur hefur nú dæmt ógilt. Átta þingmenn vöruðu 30 sinnum við þessu fyrir tveimur árum.

Þannig er það ekki í fyrsta skipti nú við þessa umræðu, að stjórnarliðar eru varaðir við að lögfesta ákvæði eins og þeir halda áfram að gera nú þrátt fyrir viðvaranir okkar stjórnarandstæðinga.

Herra forseti. Ég hef lesið bæði meiri- og minnihlutaálitin frá heilbr.- og trn. með athygli og fylgst með þeim umræðum sem hér hafa farið fram í dag. Ég verð að segja að öll lögfræðileg rök og álit standa til þess að hér séu ákvæði stjórnarskrárinnar brotin enn eina ferðina.

Hér hefur verið teflt fram lögfræðingum eins og Margréti Heinreksdóttur, sem er sérfræðingur í mannréttindamálum. Hún er í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar og hún heldur því fram að óheimilt sé samkvæmt dómsniðurstöðunni, stjórnarskránni og mannréttindaákvæðum hennar að tengja lífeyrisgreiðslur við tekjur maka. Því hefur Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögumaður einnig haldið fram, sem líka er sérfræðingur í mannréttindamálum, að óheimilt sé samkvæmt stjórnarskránni, mannréttindaákvæðum hennar og alþjóðasamþykktum að tengja lífeyrisgreiðslur við tekjur maka.

Ungur lögfræðingur, Lára Helga Sveinsdóttir, sem ritaði lokaritgerð sína um réttindi fatlaðra stúderaði sérstaklega ákvæðið sem hér er til umræðu í lokaritgerð sinni. Hún heldur því fram með mjög gildum rökum að óheimilt sé samkvæmt stjórnarskránni og alþjóðasamningum að tengja lífeyrisgreiðslur við tekjur maka. Því hefur Magnús Norðdahl einnig haldið fram en hann er lögfræðingur ASÍ. Hann hefur með málefnalegum rökum sýnt fram á að óheimilt sé að tengja lífeyrisgreiðslur við tekjur maka samkvæmt dómsorðinu, samkvæmt stjórnarskránni og samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga.

Það er sérstakt að hlýða á stjórnarliða taka niðurstöðu og dómsorð Hæstaréttar og allar forsendur hans úr samhengi og hengja sig í raun og sanni á þrjú orð í þessari dómsniðurstöðu, í forsendum dómsins og byggja allan sinn málflutning á því. Það er skýrt sýnt fram á það af hálfu minni hlutans í heilbr.- og trn. að það stenst ekki lögfræðilega að lesa úr dómsorðinu eins og meiri hlutinn gerir hér.

Ég vil vitna hér í minnisblað Magnúsar Norðdahl sem lagt var fram í heilbr.- og trn., en þar segir, með leyfi forseta:

„Í dómsorði Hæstaréttar segir orðrétt: „Viðurkennt er, að aðaláfrýjanda, Tryggingastofnun ríkisins, hafi verið óheimilt frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi.““

Þetta er dómsorðið, herra forseti, sem menn verða að horfa á þegar þeir draga ályktun af þessum dómi. Við höfum haldið því fram að hann sé mjög skýr.

Magnús Norðdahl segir enn fremur að þetta sé mjög skýrt orðalag. Reglugerð var ekki í samræmi við lög. Þar af leiðandi telur hann lögin gilda án reglugerðar og því skuli greiða fulla tekjutryggingu án skerðingar, allt í samræmi við lögin. Þetta dómsorð þarfnast ekki sérstakrar skýringar eða álita þó hver og einn öryrki geti ekki, á grundvelli viðurkenningardóms Hæstaréttar, leitað aðfarar til fullnustu réttar síns. Dómsorðið er í fullkomnu samræmi við íslensk lög um stjórnskipulega stöðu reglugerða gagnvart lögum þegar stoð skortir í lögum fyrir efni reglugerðar.

Síðan vitnar Magnús Norðdahl aftur í dómsorð Hæstaréttar og segir:

„Í dómsorði Hæstaréttar segir síðan einnig orðrétt og í beinu framhaldi: „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi

verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga ...““

Síðar segir Magnús að þetta sé mjög skýrt orðalag. Lög um skerðingu örorkubóta standist ekki stjórnarskrá og þar af leiðandi gildi lögin án þeirra ákvæða sinna sem mæla fyrir um skerðingu.

Þetta er einmitt kjarni málsins, herra forseti. Orðalagið sem meiri hlutinn hangir fast á sem haldreipi sínu er ekki að finna í dómsorðinu. Það er einungis að finna í inngangi dómsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Var það skipulag réttilega örorkulífeyrisþega samkvæmt almannatryggingalögum, að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka hans á þann hátt sem gert væri, ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi, sem fælust í 76. gr. stjórnarskrárinnar ...“

Herra forseti. Ef taka hefði átt tillit til þeirra orða sem meiri hlutinn hefur hangið í þá er mjög sérkennilegt að þau birtast ekki í dómsorðinu. Hér stendur: „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga ...“ — Þarna stendur ekki „á þann hátt“ sem 5. mgr. 17. gr. laga kveður á um.

Þetta er auðvitað mjög skýrt, herra forseti, og minni hluti heilbr.- og trn. gerir þessu mjög vel skil í nál. sínu.

Lögmaðurinn Magnús Norðdahl kemst einmitt að sömu niðurstöðu og segir að þar af leiðandi ætti að álykta svo að greiða skuli fulla tekjutryggingu án skerðingar í samræmi við lögin eins og þau standa án skerðingar.

Þetta finnst mér vera grundvallaratriði, herra forseti, og ég hef nefnt hér fjóra lögfræðinga. Tveir þeirra eru sérfræðingar á mannréttindamálum og komast að þeirri niðurstöðu að í dómsorðinu felist að bannað sé að tengja lífeyri við tekjur maka. Þar er vitnað í stjórnarskrána.

Í nál. minni hlutans er jafnframt vitnað til annarra lögfræðinga, herra forseti. Ég les hér úr minnihlutaálitinu. Minni hlutinn heldur því fram, með leyfi forseta, að það sé:

„... óumdeild meginregla í lögfræði að við túlkun dóma skuli fyrst og fremst taka mið af kröfugerð aðila annars vegar og dómsorði hins vegar. Minni hlutinn telur ljóst að Hæstiréttur hafi með skýru dómsorði sínu, sem er orðrétt samhljóða kröfugerð Öryrkjabandalagsins, verið að banna þá aðferð sem fram kemur í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 og felst í því að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega með tengingu við tekjur maka.“

Dómsorðið fer þannig saman við kröfugerð Öryrkjabandalagsins og síðan segir áfram:

„Ríkisstjórnin hefur hins vegar þá túlkun á dómi Hæstaréttar í frammi að þrátt fyrir skýrt dómsorð hafi Hæstiréttur verið að meina eitthvað annað sem lesa megi úr því sem segir í forsendum dómsins.“

Síðan kemur, sem er kjarnaatriði, herra forseti:

„Minni hlutinn hafnar slíkri túlkun algerlega og vekur athygli á því að sameiginlegur skilningur Eiríks Tómassonar lagaprófessors, Sigurðar Líndals lagaprófessors og Skúla Magnússonar lektors var að það vægi þungt við skýringu á dómi ef kröfugerð annars aðila væri tekin beint upp í dómsorð.“

Ef kröfugerð annars aðila er tekin beint upp í dómsorði, herra forseti, þá vegur það þungt að mati þessara þriggja lögfræðinga sem meiri hlutinn vísar gjarnan til. Það hefur þungt vægi í dómi ef kröfugerð annars aðilans er tekin beint upp í dómsorð.

Þetta finnst mér kjarnaatriði, herra forseti. Það kemur einmitt fram að dómsorðið er samhljóða kröfugerð Öryrkjabandalagsins. Þetta tel ég grunnatriði. Þarna er ekki talað, eins og meiri hlutinn vísar gjarnan í, „á þann hátt sem gert er“ o.s.frv. Þarna er ekki verið að vísa til þess. Mér finnst þetta mjög skýrt lögfræðilega, herra forseti.

Ég var ekki viðstödd fund heilbr.- og trn. af eðlilegum ástæðum því að ég á ekki sæti þar, en það er kannski rétt að halda því til haga áfram sem Eiríkur Tómasson sagði 30. desember í Ríkisútvarpinu og vitna ég orðrétt til hans, með leyfi forseta:

„Eiríkur segir að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun sé viðurkenning á því að tekjutenging maka sé ólögmæt og niðurstaðan sé bindandi fyrir ríkið.“

Ég get ekki lesið þetta skýrar, herra forseti. Eiríkur Tómasson segir orðrétt „að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun sé viðurkenning á því að tekjutenging maka sé ólögmæt og niðurstaðan sé bindandi fyrir ríkið.“ Og einnig eins og hér hefur verið haldið til haga að „Eiríkur segist þó fallast á það að það hefði komið til greina að byrja að greiða út bæturnar nú 1. janúar án tekjutengingar“.

Ég held að aldrei sé of oft haldið til haga þessum lögfræðilegu rökum, herra forseti, sem við í minni hlutanum byggjum álit okkar á. Það er aðalregla íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka. Og til hvers er vitnað? Vitnað er til jafnræðisreglunnar í 65. gr., mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar í 76. gr. og stefnumörkunina sem liggur að baki jafnréttislögum, herra forseti. Það hefur kannski ekki nógsamlega verið undirstrikað að í dómnum er einmitt vísað til jafnréttislaganna sem er ákaflega þýðingarmikið, enda eru það að $^{2}/_{3}$ hluta til konur sem hafa lent í þessari skerðingu sem Hæstiréttur hefur nú metið úr gildi fallna.

Skoðun mín er því sú að þetta muni hafa mjög víðtæk áhrif líka að því er varðar jafnréttismálin. Hér er litið mjög skýrt til jafnréttislaganna og þetta mun líka hafa áhrif almennt, herra forseti, og hefur gert það með þeim hætti að þetta hefur vakið stjórnarflokkana upp af þeim blundi sem þeir hafa verið í vegna þess að nú fyrst, eftir fimm ára setu í ríkisstjórn, eru þeir allt í einu farnir að uppgötva það að stór hluti öryrkja býr við fátækt á Íslandi.

Herra forseti. Það er athyglisvert einmitt í því sambandi að vitna til þess sem mér hafði nú ekki verið ljóst, sem fram kom í Morgunblaðinu í gær, sunnudaginn 21. janúar, þar sem Páll Þórhallsson skrifar langa og mikla grein sem heitir Með réttlætiskenndina að leiðarljósi, en Páll Þórhallsson starfar sem lögfræðingur hjá Evrópuráðinu en var áður blaðamaður hjá Morgunblaðinu.

Þar kemur fram, sem mér var ekki kunnugt um, að ríkisstjórnin hefur greinilega lent á yfirheyrslubekknum hjá Sameinuðu þjóðunum um það hvernig hún hefur farið með öryrkja á Íslandi. Þar hefur hún lent á sakamannabekknum og verið yfirheyrð vegna þess. En í grein Páls Þórhallssonar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Þó verður að geta þess að í áliti nefndar, dags. 12. maí 1999, sem starfar á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna, um síðustu skýrslu Íslands er mælst til þess að íslenska ríkið rannsaki gaumgæfilega bága fjárhagsstöðu tiltekinna hópa fólks þar á meðal öryrkja með það fyrir augum að rétta hag þeirra.“

Það nær sem sagt út fyrir landsteinana að þjóðum heims er kunnugt um hvernig Ísland hefur farið með öryrkja á sl. árum og það í góðærinu, herra forseti. (Gripið fram í.) Já, ég efast um að ríkisstjórnin hafi séð þetta vegna þess að hún hefur látið allt sem vind um eyru þjóta þar til nú að Hæstiréttur tekur hana á beinið fyrir að brjóta mannréttindi á öryrkjum. Og til að komast hjá að ræða efni máls og niðurstöðu dómsins reynir ríkisstjórnin allt í einu að bera fyrir sig fátækt öryrkja. Hve oft hefur hún ekki verið minnt á fátækt öryrkja hér úr þessum sal af stjórnarandstöðunni? Hve oft hefur þessi ríkisstjórn ekki fellt tillögur okkar stjórnarandstæðinga um að bæta kjör öryrkja? Ríkisstjórnin hefur alltaf og ætíð skellt skollaeyrum við því. Hún hefur verið tekin á beinið vegna þess að hún hefur greinilega brotið mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hún verið tekin á beinið fyrir það á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem mælst er til þess að ríkisstjórnin vindi sér í það að rétta við hag öryrkja.

Fróðlegt væri að vita hvernig þeir sem hafa skrifað þetta á blað líta á það sem ríkisstjórnin er að gera hér gagnvart öryrkjum þessa dagana og gagnvart því dómsorði sem Hæstiréttur hefur kveðið á um réttmætar greiðslur þeim til handa samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindaákvæðum.

Herra forseti. Af því ég var að vitna til mætra lögspekinga, fimm talsins, sem allir eru þeirrar skoðunar að ólögmætt sé eftir niðurstöðu þessa dóms að tengja lífeyri við tekjur maka, þá komst Morgunblaðið einnig að þessari sömu niðurstöðu 23. desember, tveim eða þrem dögum eftir að dómurinn féll. Og Morgunblaðið segir, með leyfi forseta:

„Grundvallaratriðið að baki almannatryggingakerfinu hefur jafnan verið skýrt; að allir hefðu í sig og á."

Síðan segir í þessari úttekt, ítarlegri úttekt Morgunblaðsins, sem er reyndar í forustugrein á aðfangadag, sunnudaginn 24. desember:

„Af þessu er ljóst" — þegar Morgunblaðið er búið að rökstyðja það — „að það er 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningar sem ráða þeirri skoðun meiri hluta Hæstaréttar, að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja, hverjar svo sem tekjur maka hans eru."

Þetta er Morgunblaðið, herra forseti, sem segir að ljóst sé að það sé 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningar sem ráði þeirri skoðun. Þeir eru alveg klárir á túlkun dómsins hjá Morgunblaðinu, alveg skýrir á niðurstöðunni og dómsorðinu vegna þess að þeir segja að það sem ráði skoðun meiri hluta Hæstaréttar sé 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningar sem segir, herra forseti, og ég vitna orðrétt í Morgunblaðið, „að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja, hverjar svo sem tekjur maka hans eru". Þetta segir Morgunblaðið, herra forseti, og hefur það nú yfirleitt frekar fylgt línu stjórnarflokkanna en ekki.

Morgunblaðið segir einnig, herra forseti, með leyfi forseta:

„Túlkun laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra getur heldur ekki leitt til annarrar niðurstöðu." — Þetta er einmitt það sem við höfum verið að halda fram. — „Markmið þeirra er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Því markmiði er ekki varpað fyrir róða við það eitt, að löggjafinn meti stöðu öryrkja með hliðsjón af félagslegum aðstæðum þeirra, þar á meðal hjúskaparstöðu."

Þetta er alveg ljóst líka. Þeir vitna í lög um málefni fatlaðra, þeir vitna í stjórnarskrána og alþjóðasamninga allt eins og við höfum verið að gera. Til viðbótar þessum rökum, herra forseti, kemur þetta einnig í Morgunblaðinu á aðfangadag, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn má einnig líta svo á, að sé öryrki peningalega háður maka sínum raski það bæði raunverulegri og sálrænni jafnstöðu á milli hjóna, sem geti valdið margvíslegum vandkvæðum. Það má því færa ákveðin rök fyrir afstöðu meiri hluta Hæstaréttar."

Þetta kemur til viðbótar þessu, herra forseti, allt lesið upp úr Morgunblaðinu.

Herra forseti. Það má líka minna stjórnarherrana og stjórnarliðana á það sem þeir fengu samþykkt með góðum liðsstyrk stjórnarandstöðunnar hér á þingi sem er þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Hvað segir sú stefna um það viðfangsefni sem við erum hér að fjalla um?

Þar er talað um „að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar". Þar er talað um „að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum".

Síðan segir, með leyfi forseta: „Að gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar verði varðveitt og þess verði meðal annars gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti."

Mætti ekki jafna því til þess, herra forseti, að öryrki sem gengur í hjónaband verði ekki fjárhagslega ósjálfstæður við það eitt að ganga í hjónaband eins og hann verður, og stjórnarliðar vilja greinilega halda áfram? En í þessari opinberu fjölskyldustefnu er greinilega verið að setja ákveðna varnagla um að gildi hjónabandsins, sem sé einn traustasti hornsteinn fjölskyldunnar, verði varveitt og þess verði m.a., herra forseti, „gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti".

En við vitum og það hefur margoft komið hér fram að öryrkjar standa verr fjárhagslega ef þeir ganga í hjónaband og það svo að þeir geta eða gátu fyrir dóminn hrapað úr 73 þús. kr. í 18 þús. kr. og núna niður í 43 þús. kr.

Í opinberri fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar stendur einnig: „Að fjölskyldur fatlaðra, sjúkra og annarra hópa njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Grundvallarréttur þeirra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur." Verði virtur, herra forseti. Þar stendur: Grundvallarréttur þeirra til fjölskyldustofnunar, þ.e. réttur fatlaðra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur.

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem þessi dómur hefur verið að vitna til og dómsorðið er, þ.e. að virða rétt fatlaðra, virða það að hinn fatlaði geti lifað með mannlegri reisn og hann verði ekki fjárhagslega ósjálfstæður, missi allan sinn fjárhag niður í nánast ekki neitt við það eitt að ganga í hjónaband.

Hvernig er það, herra forseti, ef fatlaður einstaklingur tekur allt í einu upp á því að ganga í hjónaband? Hér hefur verið tekið saman saman af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og sýnt fram á með dæmum að þegar maki er með 250 þús. kr. og öryrkinn sjálfur með 30 þús. kr. í tekjur þá skerðist hann verulega við það að ganga í hjónaband. Og hvernig, herra forseti? Fyrir giftinguna hafði hann rúmar 66 þús. kr. Samkvæmt þeim reglum sem Hæstiréttur hefur fellt

úr gildi rúmar 18 þús. kr. og samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar 23.424 kr. Það er nú ekki meiri munur á. Áður var það 18 þús., nú er það 23.424, ef hann er með tekjur sem eru um 30 þús. kr. og ætti að hafa samkvæmt dómsniðurstöðunni 50.990.

Þarna munar verulega á. Dómsniðurstaðan gæfi honum 50.990 kr. en samkvæmt frv. hefur hann 23.424 kr. Þar munar verulega.

Herra forseti. Þessu til viðbótar sem kannski hefur minna verið talað um í þessum sal er hin gífurlega bratta tenging og skerðing við eigin tekjur sem birtist í þessu frv. Hvernig getur slíkt dæmi litið út, herra forseti?

Tökum sem dæmi öryrkja með 37.500 kr. á mánuði í tekjur. Samkvæmt frv. væru 25 þús. af þessum 43 þús. kr. strax farin og eftir stæðu 18.424 kr. En fjölskyldan greiðir skatt af þessum 37.500 kr. og ef hann færi yfir mörkin, sem eru 2,2 millj., þá greiddi hann skatt upp á 14.535. Hefði hann ekki þær tekjur, þessar 25 þús. kr., þá greiddi hann í skatt 9.690 kr. Þannig að eftir standa, miðað við 35 þús. í eigin tekjur, 7.655 kr. sem hann græðir á að hafa eigin tekjur. Eftir að hafa aflað sér 35 þús. kr. þá standa eftir 7.655 kr. vegna þess hve skerðingin er brött. Eftir standa 7.655 kr. af 35 þús. kr. sem gætu enn skerst, t.d. vegna barnabóta eða vaxtabóta. Hvað erum við að gera með þessu? Það er a.m.k. ekki mjög álitlegur kostur fyrir öryrkja að afla sér tekna eða vera á vinnumarkaðnum eftir þetta, eftir svo bratta skerðingu.

Hér er mikið talað um jaðarskatta og tekjutengingar. Ég man ekki eftir svona brattri skerðingu eða tengingu. Í þessu frv. kemur fram hve mikið er verið að skerða vegna eigin tekna. Sá sem hefur 35 þús. kr. í eigin tekjur græðir þegar upp er staðið einungis 7.500 kr. sem gætu svo skerst vegna barnabóta og vegna vaxtabóta. Þetta er það sem við í stjórnarandstöðunni höfum kallað, herra forseti, að skammta fólki mannréttindi. Þetta heitir auðvitað ekkert annað. Við höfum gagnrýnt þetta, að ekki skuli hægt að fara refjalaust og skilmerkilega að dómsniðurstöðunni heldur þurfi að fara alls konar krókaleiðir og skrumskæla dómsniðurstöðuna til að öryrkjar fái sem minnst út úr þessu. Það er sama hvernig á málið er litið, hvort sem það er framfærslueyririnn héðan í frá eða það er það sem öryrkjar eiga inni hjá ríkinu, eftir að ríkið hefur ólöglega haft fjármuni af þeim í sjö ár. Hið sama má segja um það þegar litið er, eins og ég hef hér gert, á sjálfsaflafé öryrkjans og hvernig það skerðir síðan lífeyrisgreiðslurnar.

Það er ekki alls kostar rétt og mér finnst stundum gæta misskilnings í hugtökum í umræðunni þegar sagt er: Öryrkinn sem hafði 18 þús. kr. áður hefur að lágmarki 43 þús. kr. núna. Það er bara ekki jafneinfalt og menn vilja setja það fram, herra forseti.

Við höfum auðvitað margfarið yfir það við þessa umræðu og kallað eftir rökum stjórnarliða fyrir þessum 43 þús. kr. Sumir þeirra hafa verið svo heiðarlegir að bókstaflega viðurkenna af hverju farið er í 43 þús. kr. en ekki að dómsniðurstöðunni sem kveður skýrt á um að það eigi að greiða 51 þús. kr. Sumir stjórnarliðar hafa verið heiðarlegir í þessu efni, t.d. hv. þm. Ásta Möller sem sat hér í hliðarherbergi áðan en nú eru engir stjórnarliðar í salnum. Hv. þm. sagði að það hefði verið viðurkenning á fullum rétti annarra til að fá fulla tekjutryggingu án skerðingar við tekjur maka. Það að fara að dómsniðurstöðunni hefði gefið öðrum sambærilegan rétt. Þeir sveigja hjá því að þurfa að greiða öryrkjum það sem þeim ber, t.d. til að þurfa ekki að greiða ellilífeyrisþegum, öldruðum, sem eru í sömu stöðu, sambærilegan rétt. Það er þó heiðarlegt, herra forseti, að viðurkenna að sú sé ástæðan. Þeir hafa líka viðurkennt að þessi tala, 43 þús. kr., sé bara tekin upp úr hatti, herra forseti. Það eru engar forsendur eða rök á bak við hana, tilgangurinn er aðeins að skerða það sem Hæstiréttur segir að öryrkjarnir eigi að fá. Það virðist eini tilgangur þeirra, að skrumskæla niðurstöðuna þannig að ekki sé farið eftir dómsniðurstöðu Hæstaréttar.

Það er eins og ég hef sagt, herra forseti, sama hvar maður leitar, sama hve lágan framfærslugrunn maður finnur, þeir hafa ekki getað fundið lægri framfærslugrunn en þessar 43 þús. kr. Atvinnuleysistryggingarnar fyrir þá sem engar tekjur hafa eru þó 67 þús. kr. Það er skammarlega lágt. Lágmarkslaunin, rúmlega 80 þús. kr., eru skammarlega lág. Fjárhagsaðstoð t.d. hjá sveitarfélögum eins og Reykjavíkurborg, þar fær einstaklingur 60 þús. kr. hafi hann engar aðrar tekjur og hjón 108 þús. Þar munar um 11% á einstaklingi og hjónunum þegar tekjum hjónanna, þessum 108 þús., er skipt í tvennt. Það er hins vegar 30% skerðing þegar búið er að svipta öryrkjann heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Það er ekki nægjanlegur mismunur milli einstaklingsins og öryrkja í hjónabandi. Þeir þurfa að fara enn neðar og hafa 40% mun þar á.

Herra forseti. Það er eins og stjórnarliðar sækist eftir því að ýta öryrkjum aftur með sín mál fyrir dómstólana. Það er ansi hart, herra forseti, við upphaf 21. aldarinnar, að öryrkjar eigi sér ekki skjól hjá löggjafarsamkundu þjóðarinnar en þurfi ávallt að leita með mál sín til dómstólanna. Þegar öryrkjar hafa unnið mál fyrir dómstólunum þá vilja stjórnarliðar ekki viðurkenna dóminn en fara alls konar króka og fjallabaksleiðir til að fá allt aðra niðurstöðu heldur en Hæstiréttur kemst að, allt í þeim tilgangi, herra forseti, að skerða þau réttindi, þann rétt sem dómsniðurstaða Hæstaréttar kveður á um.

Herra forseti. Það er ekki bara varðandi greiðslurnar sjálfar, með skerðingargreinunum, sem þeir fara ekki að dómsniðurstöðunni heldur líka varðandi ólögmæta upptöku fjármuna. Þar tefla þeir svo sannarlega á tæpasta vað. Ég held, herra forseti, að það sé ekki nokkrum blöðum um það að fletta að þar er gengið á svig við dómsniðurstöðuna.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að fara um það nokkrum orðum sem menn hafa rætt um í tengslum við þetta frv., þ.e. um fjölda þeirra sem rétt eiga samkvæmt þessari dómsniðurstöðu. Það hefur verið rætt um 760 öryrkja sem muni eiga rétt skv. 1. og 2. gr. frv., þ.e. sem fá greitt út núna 1. febrúar. Hins vegar er talið að fjölmennari hópur eigi afturvirkan rétt vegna þess að hæstv. heilbrrh. hefur eitthvað dregið úr skerðingum vegna tekna maka. Mig minnir að þar sé um að ræða, ég hef ekki tölurnar fyrir framan mig, eitthvað um eitt þúsund manns á árinu 1999 og um tólf hundruð manns árið 1998.

Herra forseti. Þó farið yrði að því sem ríkisstjórnin vill í þessum efnum og greitt aðeins fjögur ár aftur í tímann þá er það þó aftur til áranna 1997 og 1998. Samkvæmt skýrslu hæstv. forsrh. sem dreift var hér fyrir tveimur eða þremur árum voru tekjur fjölda öryrkja skertar vegna tekna maka. Árið 1995 voru það 1.664, 1996 1.892, 1997 2.150 og 1998 2.335. Þetta eru allt hærri tölur, herra forseti, en hafa verið nefndar í umræðunni um þetta frv. Ég veit ekki hversu mikið hv. heilbr.- og trn. hefur gert í að kanna þann fjölda sem hér hefur verið nefndur. Sé þetta hins vegar sá fjöldi sem fengið hefur skerðingu vegna tekna maka, 2.335 á árinu 1998, þá

hlýtur stærri hópur að eiga afturvirkan rétt samkvæmt dómsniðurstöðunni en nefnt hefur verið. En það kemur auðvitað í ljós þegar farið verður að greiða þetta út.

Í þessu sambandi vildi ég nefna við hvað er miðað þegar þetta er reiknað aftur á bak. Þá er miðað við það lægsta sem ríkisstjórnin getur fundið til að greiða út. Það er með ólíkindum að þegar lög hafa ekki verið í gildi frá árunum 1994–1998 og þar með auðvitað ekki heimilt að skerða vegna tekna maka, að ríkisstjórnin skuli voga sér að greiða einungis fjögur ár aftur í tímann en ekki sjö ár. Ég er sömu skoðunar og Ragnar Aðalsteinsson þegar hann segir í viðtali við Ríkisútvarpið 9. jan., með leyfi forseta:

„Þegar búið er að viðurkenna verkabrotið gegn öryrkjunum, þá eignast þeir bótakröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins og bótakröfur fyrnast almennt á 10 árum. Hér er ekki um neitt aðgerðaleysi eða tómlæti af hálfu öryrkja vegna þess að deila hefur staðið alveg samfellt frá 1. janúar 1994 hjá Tryggingastofnun, hjá tryggingaráði, hjá umboðsmanni Alþingis og Alþingi og fyrir dómstólum."

Mér finnst Ragnar Aðalsteinsson orða þetta skýrt og tel að líta eigi á málið með sama hætti og hann, að þegar öryrkjar hafa orðið fyrir tjóni vegna gáleysis stjórnvalda, vegna mistaka stjórnvalda, sem byggir á reglugerð sem hefur ekki lagastoð og síðan vegna gáleysis hjá Alþingi og við setningu laganna 1998 sem eru í andstöðu við stjórnarskrána, þá hljóti að skapast skýlaus réttur til bótakrafna á þessu tímabili.

Ragnar Aðalsteinsson hefur sagt að ef litið sé á fyrningarfrestinn og fyrningarrof þá verði tvímælalaust fyrningarrof 19. jan. 1999. Þá var stefnan gefin út á hendur Tryggingastofnun í dómsmálinu og það þýðir að greiða verður aftur til 19. jan. 1995, þá er um að ræða sex ár af þeim sjö sem eru til umræðu. Það væri auðvitað algjört lágmark en auðvitað verður að taka á málinu þannig að hér stofnast til bótakröfu þegar um er að ræða það sem flokka mætti undir mistök eða í besta falli gáleysi af hendi stjórnvalda. Hér hefur síðan margkomið fram að ríkisstjórninni ber ekki skylda til að beita fyrir sig fyrningu en gerir engu að síður þó hún hafi augljóslega brotið lög á öryrkjum og brotið stjórnarskrá og mannréttindaákvæði hennar.

Herra forseti. Mér finnst það mjög skýrt, klárt og kvitt að greiða eigi sjö ár aftur í tímann og eru færð mjög gild rök fyrir því af hálfu minni hlutans. Ég tel, herra forseti, að ekki eigi aðeins að greiða 5,5% vexti heldur eigi að greiða dráttarvexti og dráttarvextir eru í dag, herra forseti, 23%. Í 15. gr. laga um dráttarvexti stendur, með leyfi forseta:

„Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta."

En í þessu efni sem öðrum er farið í það sem minnst þarf að greiða, þ.e. 5,5% vexti.

Herra forseti. Þegar einstaklingar eins og öryrkjar standa ekki í skilum með skattaskuld sína þá víla fjmrh. og stjórnvöld ekki fyrir sér að taka dráttarvexti af einstaklingunum og öryrkjunum sem skulda þeim eitthvað í skatt. Ég er einmitt með fyrir framan mig svar fjmrh. við fyrirspurn minni um afskrifaðar skattaskuldir hjá einstaklingum. Svo ég taki bara eitt ár, árið 1995, þá voru afskrifaðir um 5,8 milljarðar og þar af voru dráttarvextir um 2,7 milljarðar eða um helmingur. Dráttarvextir voru um helmingur sem einstaklingar þurftu að greiða ríkinu af því að þeir höfðu ekki staðið í skilum við ríkið. Nú hefur ríkið ekki staðið í skilum við öryrkjana og þá ætti auðvitað ríkið með sama hætti að greiða öryrkjunum dráttarvexti alveg eins og ríkið tekur dráttarvexti af einstaklingum og öryrkjum sem ekki standa í skilum með skattaskuldir sínar. En það er eftir öðru, herra forseti, að á margvíslegan hátt og a.m.k. í fjórum ef ekki fimm grundvallarþáttum er brotinn réttur á öryrkjum með því frv. sem við ræðum hér.

Því þarf engan að undra þó að tillaga stjórnarandstæðinga sé að leggja til frávísun á þessu máli með okkar rökum. Og vænti ég þess, herra forseti, að eftir því verði nú tekið hvernig stjórnarliðar greiða hér atkvæði þegar þeir hafa fyrir framan sig öll þau lögfræðilegu rök sem við höfum teflt fram sem sannarlega sýna fram á það, herra forseti, að stjórnarliðar eru enn og aftur alveg eins og 1998 að ganga til atkvæða um það sem við höfum sýnt fram á að er að okkar mati brot á stjórnarskránni. Og við höfum teflt fram margvíslegum rökum því til staðfestingar.

Síðan, herra forseti, vil ég nefna það undir lok ræðu minnar að mjög sérkennilegt er að ríkisstjórnin, sem allt í einu hefur vaknað upp við það að öryrkjar búi margir hverjir og stór hópur við fátækt, skuli ætla að bíða fram til 15. apríl samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með að gera nokkuð fyrir öryrkja sem búa við mjög bág kjör. Ekki var það svo að ríkisstjórnin væri að skipa þessa nefnd eftir að dómur féll sem sérstaklega átti að skoða kjör öryrkja almennt heldur er nefndin búin að starfa alveg frá því í september. Veit ég til þess að lífeyrisþegar bundu vonir við að nefndin mundi skila af sér fyrir lok afgreiðslu fjárlaga í desember og þá mundu koma fram einhverjar tillögur um bætt kjör þeirra. En nú kallar ríkisstjórnin það að flýta fyrir, herra forseti, að flýta eigi störfum nefndarinnar sem eigi að skila af sér 15. apríl. Það er ekki vonum seinna, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn uppgötvi bága stöðu öryrkjanna og ótrúlegt, herra forseti, að það hafi farið fram hjá ríkisstjórninni vegna þess að ég man á undanförnum árum eftir því að öryrkjar og lífeyrisþegar hafi a.m.k. þrisvar ef ekki fjórum sinnum þurft að standa hér fyrir framan Alþingishúsið til þess að minna á bág kjör sín frá því að þessi ríkisstjórn settist að völdum.

Það hefur ekkert hrinið á ríkisstjórnina í því efni. Hún lokar algjörlega augum og eyrum fyrir bágri stöðu öryrkjanna nema nú þegar það hentar henni, herra forseti, til að reyna að dreifa athyglinni frá þessum dómi og kannski til að reyna að reka fleyg í raðir öryrkja, af því það er ekki nema hluti öryrkja sem fær aukinn rétt samkvæmt þessum dómi. En það hefur sem betur fer ekki tekist og marka ég það á því sem ég hef verið að ræða við öryrkja og eins það sem kom fram í Morgunblaðinu í gær. Öryrkjar gera sér nefnilega grein fyrir því að þessi dómur getur rutt brautina fyrir betri kjörum þeim til handa ef ríkisstjórnin t.d. stendur við það sem hún hefur sagt í því máli.

Herra forseti. Ég get hvað úr hverju farið að ljúka máli mínu. Það er ágætt að halda því til haga hér í lokin, af því að stjórnarliðar fara út um víðan völl í þessu máli, reyna að drepa málinu á dreif eins og ég hef sagt með því að vitna til þess að öryrkjar almennt fái ekki bætur samkvæmt þessum dómi og eru að vitna til þess að með dómnum sé verið að banna almennt tekjutengingu í landinu. Því hefur auðvitað enginn haldið fram, herra forseti, í þessu efni og eini staðurinn sem hægt er að finna það er, eins og hér hefur verið vitnað til, í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. sem vill afnema allar tekjutengingar lífeyrisgreiðslna í almannatryggingakerfinu.

Þessi örorkudómur er sjálfstæður, persónubundinn stjórnarskrárvarinn réttur vegna framfærslu sem tryggir hverjum einstaklingi ákveðin lágmarksréttindi sem eru miðuð við hann sem einstakling. Öryrki sem er með skerta starfshæfni og örorku getur þess vegna ekki notið persónubundinna mannréttinda sinna sem hann á samkvæmt stjórnarskránni til framfærslu og þess vegna hefur einmitt þessi dómur og mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar ákveðna sérstöðu að því er varðar tekjutengingu við tekjur maka.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur sýnt mjög skýrt fram á að verið er að brjóta með margvíslegum hætti á réttindum öryrkja og skammta þeim mannréttindi sem gengur algjörlega á svig við það sem dómsniðurstaðan og Hæstiréttur hefur kveðið á um.

Herra forseti. Þessi niðurstaða og það frv. sem við ræðum — ég tala nú ekki um ef það verður að lögum — verður ríkisstjórninni til ævarandi skammar.

Herra forseti. Ríkisstjórnin leggst lágt þegar hún enn eina ferðina með aðgerðum sínum er í raun og sanni að beina öryrkjum aftur til dómstóla landsins vegna þess að það sýnir sig að öryrkjar þessa lands eiga ekki skjól í löggjafarsamkundu þjóðarinnar meðan þessi ríkisstjórn er við völd.

[19:09]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólanám í Stykkishólmi, 406. mál, fsp. JB, þskj. 661.

Kjarasamningur ríkisins við framhaldsskólakennara, 407. mál, fsp. PHB, þskj. 662.

Kjarasamningur sveitarfélaga við grunnskólakennara, 408. mál, fsp. PHB, þskj. 663.

Lífeyrisskuldbinding vegna opinberra starfsmanna, 356. mál, svar fjmrh., þskj. 657.

[Fundarhlé. — 19:09]

[19:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að enginn velkist í vafa um að hér er til umræðu frv. til laga sem er flestum öðrum frv. mikilvægara að því leyti að hér er tekist á um grundvallarmál. Það er staðföst sannfæring okkar í stjórnarandstöðunni, og styðjumst við þar við lögfræðilegar álitsgerðir og mat margra aðila sem vel þekkja til, að frv. stríði gegn stjórnarskrá Íslands auk þess sem það fer á svig við niðurstöðu Hæstaréttar landsins.

Af þeim sökum hefur verið mjög vel vandað til allra vinnubragða af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli og nál. minni hlutans ber þess vott. Í minni hluta heilbr.- og trn. þingsins sitja hv. þingmenn Þuríður Backman, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir en Guðjón A. Kristjánsson fulltrúi Frjálslynda flokksins hafði áheyrnarsæti í nefndinni og kom að vinnu álitsgerðarinnar.

Ég nefni þessa þingmenn til sögunnar vegna þess að þeir hafa allir mjög mikla reynslu á þessu sviði. Í niðurstöðu sinni undir lok álitsgerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaða Hæstaréttar í því máli sem hér hefur verið reifað og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á var sú að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka. Hæstiréttur byggir þessa niðurstöðu á 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar auk annarra lagaraka. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar mælir, þrátt fyrir áðurgreinda niðurstöðu Hæstaréttar, fyrir um áframhaldandi skerðingu tekjutryggingar á grundvelli tekna maka. Það felur þar á ofan í sér afturvirkni lagaákvæða, ef samþykkt verður, og gengur út á að fyrningu verði borið við í stað þess að bæta að fullu það sem haft hefur verið af viðkomandi hópi öryrkja öll sjö árin. Minni hlutinn telur að með framlagningu frumvarpsins geri ríkisstjórnin tilraun til að fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar og að frumvarpið feli í sér beint brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar."

Herra forseti. Þessi afstaða er mjög afdráttarlaus. Og afdráttarlaus afstaða hefur líka komið fram frá öllum helstu samtökum launafólks á Íslandi. Ég vísa þar í álitsgerðir og stuðningsyfirlýsingar frá Alþýðusambandi Íslands, í álitsgerðir og stuðningsyfirlýsingar frá BSRB, frá BHM, frá Kennarasambandi Íslands, frá Landssamtökum eldri borgara. Ég vísa til ummæla og afstöðu sem fram hefur komið frá forustumönnum stúdenta í stúdentaráði og öðrum hreyfingum námsmanna. Þennan almenna vilja, þjóðarvilja höfum við fengið staðfesta vísbendingu um í skoðanakönnun sem framkvæmd hefur verið þar sem spurt var um afstöðu þjóðarinnar til þessa máls. Rúm 82% lýstu samstöðu með Öryrkjabandalaginu og stjórnarandstöðunni í þessu máli. Þetta er ótvíræð afstaða þjóðarinnar.

Málið hefur verið reifað hér á þingi og ég verð að segja að eftir því sem ég hlusta meira á umræðuna finnst mér augljósara með hverjum klukkutímanum sem líður að tvennt er að gerast. Í fyrsta lagi tilraun ríkisstjórnarinnar til að gera þetta einfalda, skýra mál eins flókið og kostur er. Hver stjórnarliðinn á fætur öðrum hefur stigið hér í pontu með hártoganir og útúrsnúninga til að reyna að drepa á dreif einföldum staðreyndum. En í öðru lagi finnst mér nú vera deginum ljósara að ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem hún styður sig við á Alþingi sé staðráðinn í að beita hnefarétti í þessu máli. Þetta tvennt finnst mér augljóst í þessari umræðu, annars vegar tilraunir til að gera einfalt mál flókið og drepa því dreif og hins vegar sá ásetningur stjórnvalda að beita hnefarétti í þessu máli.

Hvers vegna segi ég að þetta mál sé einfalt? Og þá langar mig til að byrja á því að spyrja annarrar spurningar, grundvallarspurningar: Um hvað fjallar þetta mál?

Undanfarin nokkur ár hafa menn deilt um það bæði á Alþingi og úti í þjóðfélaginu hvort heimilt sé að skerða tekjur öryrkja, að skerða þá tekjutryggingu sem þeir njóta samkvæmt almannatryggingalögum vegna tekna maka þeirra. Og menn hafa spurt þessarar spurningar með hliðsjón af stjórnarskrá landsins.

Fyrir tveimur árum vaknaði önnur spurning. Hún var þessi: Hefur sú skerðing sem átt hefur sér stað undangengin ár stuðst við lög landsins? Menn fóru að draga þetta í efa og þetta kom upp í umræðu á Alþingi.

Um þetta tvennt spurði Öryrkjabandalag Íslands og fékk lögmann til að beina þessum spurningum til dómstóla. Niðurstaða dómstólanna var skýr og afdráttarlaus. Svarið við báðum þessum spurningum var afdráttarlaust. Í fyrsta lagi var því svarað til á afdráttarlausan hátt að lagastoð hefði skort á árabilinu 1994 til ársloka 1998 til að beita skerðingarákvæðum. Í lögunum skorti stoð fyrir reglugerð sem skerti þessa tekjutryggingu. Um þetta deilir ekki nokkur maður, enginn. Allir dómarar í Hæstarétti voru á þessu máli. Þetta var afdráttarlaust.

Hin spurningin sem Öryrkjabandalagið spurði og lögmaður þess var þessi: Er heimilt á grundvelli tiltekins málsliðar í

tiltekinni lagagrein í tilteknum lögum að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka hans? Þetta var skýr, markviss spurning og svar réttarins var afdráttarlaust. Þetta er óheimilt, var svarið.

Og þótt menn leggist hér í miklar skýringar og útúrsnúninga á dómsorðinu þá er svarið dráttarlaust við þessum skýru spurningum. Dómsorðið sjálft er tíu línur á blaði. Og í dómsorðinu er því svarað að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka með tilvísun til þeirrar lagagreinar sem spurt var um. Þetta er skýrt og þetta er afdráttarlaust.

Reyndar var það svo að þegar niðurstaða lá fyrir þá tóku allir þessa skýru afstöðu Hæstaréttar landsins bókstaflega. *Tryggingastofnun bjó sig undir að greiða út bæturnar,* Morgunblaðið skrifaði sinn leiðara um þessa afdráttarlausu niðurstöðu Hæstaréttar og Jón Steinar Gunnlaugsson, sá maður sem ríkisstjórnin fékk til að leiða hóp til að leita leiða um túlkun þessa dóms, velktist heldur ekki í vafa um niðurstöðu þessa dóms. Hann mætti í sjónvarpssal og lýsti því yfir frammi fyrir alþjóð hver þessi niðurstaða væri. Hann sagði, með leyfi forseta, eitthvað á þessa leið:

Ég vil byrja á því að óska starfsbróður mínum til hamingju með þennan dóm því að óneitanlega var þetta mikill sigur fyrir hann og sjónarmið sem hann hefur fært fram. Ég er að vísu ósammála þessum dómi, lögfræðilega ósammála honum.

En niðurstaðan er svo skýr að Jón Steinar Gunnlaugsson sér ástæðu til frammi fyrir alþjóð að óska starfsbróður sínum til hamingju með niðurstöðuna. Hann er ósammála niðurstöðunni en hann fullyrðir að niðurstaða sé fengin fram. Hann er ósammála henni, en niðurstaðan liggur fyrir.

En ríkisstjórnin fékk honum hins vegar það verkefni ásamt nokkrum félögum öðrum að leita leiða til að koma þessum dómi í framkvæmd og út á það hefur þetta mál síðan allt gengið, að leita leiða, kanna hvaða leiðir séu færar. Þannig held ég að það hafi verið orðað. Og til að gera hvað? Til að láta öryrkja njóta góðs af niðurstöðu dómsins? Nei. Til að hafa af öryrkjum hluta af þeim greiðslum sem þeim ber. Og síðan koma þeir hver á fætur öðrum og segja að þetta séu engar heilagar tölur, þegar þeir skerða tekjutrygginguna, færa hana niður úr rúmum 32 þús. niður í 25 þús. Þetta er ekkert heilagt! Þeir segja að þeim hafi verið falið að glíma við lögfræðileg viðfangsefni en reiða fram pólitíska niðurstöðu sem er talan, sem er upphæðin, sem bæði hæstv. forsrh. og þessir sérfræðingar hans hafa sagt að sé viðfangsefni Alþingis.

Hin himinhrópandi mótsögn er að sömu menn sem segja að sér hafi verið falið að glíma við lögfræðileg álitaefni reiða fram hina pólitísku lausn. Þetta er mótsögn. Þetta er himinhrópandi mótsögn frá aðilum sem byrjuðu á því að óska Öryrkjabandalaginu og fulltrúum þess til hamingju með niðurstöðu. Hana vefengdu þeir ekki. En síðan fóru þeir að leita leiða ekki bara til að lækka upphæðirnar, til að hafa af öryrkjum 7.500 kr., heldur einnig til að leita leiða til að fyrna kröfurnar. Þetta er svo fáheyrt, svo fáheyrður er sá gangur sem verið hefur á þessu máli að engu tali tekur.

Öryrkjar og Öryrkjabandalagið leita réttar síns frammi fyrir dómstólum. Það dregst að fá niðurstöðu dómstóla. Og þegar niðurstaða liggur fyrir reynir ríkisstjórnin og ríkisvaldið að flækjast fyrir, tefja málið. Því er skotið til Hæstaréttar og aftur er kveðið upp úr og niðurstaðan er afdráttarlaus. Og hvað gerist þá? Þá er ákveðið að beita fyrningarákvæðum í lögum til að hafa þessar greiðslur af fólkinu. Og þetta ætlar meiri hluti Alþingis að láta yfir sig ganga.

Í fyrsta lagi er þetta náttúrlega lögbrot en menn víla ekki fyrir sér að fremja eitt lögbrotið enn þegar svona er farið með stjórnarskrána og niðurstöðu Hæstaréttar. En ég spyr um hina siðferðilegu afstöðu í þessu máli. Finnst stjórnarmeirihlutanum það virkilega ganga upp í eigin samvisku að koma svona fram gagnvart fólki? Finnst mönnum það ganga upp að koma fram á þennan hátt? Mér finnst það ekki ganga upp.

Ég á við þetta, herra forseti, þegar ég segi að augljóst sé að ríkisvaldið sé staðráðið í að beita hnefaréttinum gagnvart öryrkjum í þessu máli. Og þetta er ástæðan, sú vanvirðing sem Hæstarétti Íslands er sýnd, stjórnarskrá landsins og einnig þessi siðferðilega blinda sem menn virðast slegnir og kemur fram í þessu makalausa máli, sem veldur því að stjórnarandstaðan hefur haft í frammi eins kröftug mótmæli og okkur er unnt við þessa umræðu á Alþingi.

Herra forseti. Þessari umræðu er ekki lokið. Við eigum enn eftir að ljúka 2. umr. um málið og síðan kemur 3. umr. Ég hef ekki lokið við að segja allt sem ég vildi sagt hafa um þetta mál og á eftir að fara betur í saumana á ýmsum þáttum, t.d. peningalegum þáttum. Ég á eftir að svara mönnum á borð við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson og öðrum fulltrúum Framsfl. og Sjálfstfl. sem spyrja okkur í forundran hvað valdi því að við viljum hækka og bæta kjörin hjá þeim sem best standa í samfélaginu en ekki snúa okkur að hinum sem hafi þau lökust. Ég hef verið að vekja athygli á því við umræðuna að þessar rúmlega 7.500 kr. sem ríkisstjórnin ætlar að hafa af öryrkjum kemur til með að kosta ríkissjóð innan við 40 millj. kr. á ári. Þetta er nú samviskan. Hún er ekki meira metin hjá þessari ríkisstjórn, þannig að þetta eru ekki peningaleg rök. Þetta eru einhver önnur rök. Það eru pólitísk rök og pólitískar forsendur en því nefni ég þessa tölu að sömu menn og ætla að gera þetta koma síðan til okkar og koma hér í ræðustól og beina þeirri spurningu til okkar hvorn valkostinn við viljum virkilega taka, að hjálpa þeim sem hafa það skár í hópi öryrkja eða koma með verulegar kjarabætur til alls þorra öryrkja. Þetta eru stærðirnar sem við erum að tala um, og skerðingarmörkin, sem hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þóttu réttmæt, að byrja að skerða tekjutrygginguna, eru um 133 þús. kr., langt undir meðaltekjum hjá íslensku launafólki. En þar finnst honum í lagi að byrja að skerða tekjutryggingu fólks sem hefur tapað starfsorku sinni, öryrkjum. Þetta er fullkomið siðleysi. Það er alveg rétt að tekjutryggingin dettur ekki út fyrr en hún er komin í um 270 þús. kr. eða þar um bil. Það er langt innan við þau kjör sem þeir sem sitja í þessum sal búa við.

En finnst mönnum virkilega í lagi, ég spyr, að dæma öryrkjann til þess að fara niður úr þeim smánarlegu 51 þús. kr. sem honum er ætlað ef makinn er með meira en 133 eða 134 þús. kr. á mánuði? Þetta eru allt spurningar sem á eftir að reifa betur við umræðuna, bæði við 2. umr. málsins sem engan veginn er lokið og að sjálfsögðu einnig við 3. umr. málsins.

[20:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að í niðurlagi ræðu sinnar sagði hv. þm.: Hin smánarlegu 51 þús. kr. á mánuði. Það er sjálfsagt skoðun hans að þessi upphæð sé smánarleg. En hvorki hann né aðrir stjórnarandstæðingar hafa lagt til að hækka þetta. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Hvorki hann né

aðrir stjórnarandstæðingar hafa í þessari umræðu eða með tillöguflutningi lagt til að hækka þetta. (Gripið fram í.)

Ég vil síðan segja, herra forseti, bara til að hafa tölurnar á hreinu og að menn velkist ekki í vafa um hverjar þær eru, síðan getur hver og einn haft sína skoðun á því hve tölurnar eru háar eða lágar, að full tekjutrygging er greidd hjónum eða sambúðarfólki með tekjur allt að 1.611 þús. á ári og til viðbótar við þær tekjur eru tekjutryggingin og grunnlífeyririnn, 620 þús. kr. Tekjutrygging byrjar því ekki að skerðast fyrr en eigin tekjur og bætur eru samanlagt komnar yfir 2,2 millj. kr. og tekjutryggingin skerðist ekki að fullu fyrr en tekjur og bætur samanlagt eru orðnar nærri 3,3 millj. kr. Þetta þýðir að lágmarki 133 þús. kr. á mánuði plús 52 þús. eða um 185 þús. kr. á mánuði og með frv. er lágmarkið sett þannig að þegar tekjutrygging er færð niður úr 51 þús. í 43 þús., þá er það vegna þess að heimilistekjur að viðbættum bótum eru aldrei lægri en 195 þús. kr. á mánuði.

[20:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg makalaus málflutningur, ég verð að hafa þau orð um þetta. Í fyrsta lagi er rangt að stjórnarandstaðan hafi ekki flutt tillögur á Alþingi um að bæta kjör öryrkja. Síðast felldi stjórnarmeirihlutinn slíkar tillögur við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin. Þetta er staðreynd. Ég vil beina því til hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að hann fari með rétt mál. Þetta er rangt sem hann var að fullyrða.

Hitt er rétt sem hann sagði að tekjutryggingin byrjar að skerðast þegar maki öryrkjans er með meira en 134.280 kr. á mánuði. Það er langt innan við meðaltekjur launamanns á launamarkaði. Og það er líka rétt hjá hv. þm., ef hann reiknar þær bætur sem öryrkinn fær, þær greiðslur sem hann fær frá almannatryggingum og laun makans, að skerðingin byrjar þegar samanlagðar fjölskyldutekjur eru meira en 185 þús. kr. Finnst hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og ég beini þeirri spurningu einnig til annarra fylgismanna ríkisstjórnarinnar þetta vera sæmandi einfaldlega vegna þess að þær tekjur fyrir fjölskyldu duga engan veginn og eru allt of lágar og ég held mig við fullyrðinguna — smánarlegar?

[20:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé engar tillögur frá hv. stjórnarandstöðu um breytingar á þessu frv. Hvar eru þær, herra forseti? Og þegar menn leggja ekki fram tillögur, þá er ekki mikil meining á bak við það sem þeir segja. (Gripið fram í.) Það eru engar tillögur frá stjórnarandstöðunni á borðum þingmanna um að hækka þetta lágmark, engar.

Ég vil svo minna hv. þm. á að tillaga hans í málinu núna var í fyrsta lagi að neita að taka málið fyrir á Alþingi. Í öðru lagi að borga bara út fulla tekjutryggingu þeim sem eiga rétt á henni því að miðað við afstöðu þingmannsins var og er ekki hægt að borga neinum út minna en fulla tekjutryggingu. Með þeim skilningi á dómi Hæstaréttar sem þingmaðurinn leggur í hann er ekki hægt að borga minna en fulla tekjutryggingu vegna þess að þau ákvæði 5. mgr. eru fallin brott. Það þýðir að þingmaðurinn er leggja til að þeir sem fram að dómnum fengu minna en fulla tekjutryggingu, og þeir voru æðimargir, fengju ekki neitt. Hann lagðist gegn því að hér yrði lagt fram frv. til þess einmitt að bregðast við þeirri stöðu.

[20:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alrangt sem kemur fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Við höfum farið rækilega yfir þá stöðu með tilliti til greina í lögum um fjárreiður ríkisins, með tilliti til tryggingalaga og það hefur aldrei nokkurn tíma staðið á stjórnarandstöðunni að greiða úr þeim lagaflækjum sem kynnu að vera í vegi fyrir því að sem flestir öryrkjar gætu notið réttarbóta. Það hefur aldrei staðið á stjórnarandstöðunni í því efni.

Hér talaði, herra forseti, fulltrúi ríkisstjórnar og fulltrúi flokks og væntanlega einnig fulltrúi eigin samvisku, maður sem er reiðubúinn að beita fyrningarákvæðum til að koma í veg fyrir að öryrkjar fái greiddar bætur sem Hæstiréttur Íslands hefur úrskurðað þeim. Ég segi að lokum: Ég vona að sem flestir stuðningsmenn Framsfl. hlýði á málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

[20:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er slæm staða í réttarríki eins og Íslandi þegar hægt er að túlka niðurstöður dóma eins og dóma Hæstaréttar á marga vegu og fá þar út mismunandi niðurstöður og túlkun dómanna á marga vegu. Þrískipting valdsins gerir ekki ráð fyrir að túlkun dóma geti verið þannig að hægt sé að túlka þá með þessum hætti.

Alþingi setur lög. Dómsvaldið á að dæma samkvæmt lögunum. Ríkisvaldið eða ríkisstjórnin á að vinna samkvæmt lögunum. Í mínum huga sem leikmanns er það því grundvallaratriði dómara að skýra mál en ekki flækja þau, en það er það sem mér finnst hafa gerst með þessum dómi.

Í því máli sem nú er til umræðu finnst mér það reyndar mjög miður vegna þess að hér á í hlut hópur sem hefur ekki og er ekki ætlast til að þurfi að standa í miklum deilum opinberlega yfirleitt.

Tekjutenging örorkubóta við tekjur maka hafa verið til endurskoðunar í mörg ár og aðrar ívilnandi aðgerðir eins og frítekjumark, en það eru líka peningar fyrir þetta fólk að fá hærra frítekjumark. Þeim breytingum hefur verið náð fram og mörgum breytingum að þessu leyti vegna þess að fólki finnst að strípaðar tekjur öryrkja hafi verið of lágar. Með lögum nr. 149/1998, sem tóku gildi í janúar árið 1999, var tekið sérstakt tillit til öryrkja sem hafa minni möguleika en aðrir til að afla sér lífeyrissjóðsréttinda og frítekjumark allra öryrkja óháð fjölskyldutekjum var hækkað um 50% hjá einhleypingum og hjá öðru hjóna. Enn fremur var tekið sérstakt tillit til þess ef einungis annað hjóna var öryrki en hitt útivinnandi maki.

Við setningu laganna var slíkur bótaþegi meðhöndlaður eins og einstaklingur með 20 þús. kr. frítekjumark og hefði fengið 30 þús. samkvæmt sömu reglum en á nú að fá greiddar 50 þús. kr. í viðbót vegna maka þannig að frítekjumark þessara bótaþega hækkaði verulega. Hjón gátu því verið með um 90 þús. kr. í mánaðarlaun áður en bætur hófu að skerðast samkvæmt þeim reglum sem þá voru settar. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til á þessum tíma, á síðustu tveimur árum, hafa í heild leitt til þess að dómur Hæstaréttar kostar ríkissjóð um 100 millj. kr. á ári á næstu árum en hefði annars kostað 400 millj. kr. Í því liggja þær miklu breytingar sem ríkisstjórnin lét gera á þessu kerfi til þess að mæta þörfum öryrkja fyrir hærri bætur.

Herra forseti. Þetta sýnir svo ekki verður um villst vilja og áhuga meiri hluta Alþingis á því að þessi hópur þjóðfélagsins fengi hærri bætur en þeir höfðu haft fram að því. Auðvitað má deila um það hve þessar bætur eigi að vera háar og hvenær skerðingarákvæði eigi að taka gildi eða fara að virka en ef tengingar við tekjur maka mættu aldrei virka í

neinu tilliti á neinar bætur eða í lögum almennt er almannatryggingakerfið fallið og skattkerfið um leið. Afleiðingarnar af slíku væru í mínum huga miklu líkari byltingu en eðlilegri þróun. Ég geri ekki ráð fyrir því að Hæstiréttur sé að biðja um byltingu að þessu leyti. Ég trúi því ekki að Hæstiréttur hafi þær meiningar að löggjafinn geti ekki tekið tillit til aðstæðna hjóna þegar kemur að því að deila út aðstoð sem ríkið greiðir út með skatttekjum.

Skatttekjur ríkissjóðs koma einnig frá fólki sem hefur minni tekjur en þeir sem eru að fá bætur ef litið er til fjölskyldutekna á ýmsum stöðum í þessu kerfi. Við getum þá allt eins velt því fyrir okkur hvort ekki sé rétt að greiða öllum bætur sem hafa ekki náð ákveðnum tekjum. Ég held, herra forseti, að þegar litið er á málið í heild sinni hafi minni hlutinn í raun farið offari í því að reyna að kalla þetta stjórnarskrárbrot. Það getur ekki legið í augum uppi að Hæstiréttur sé að segja okkur að brjóta stjórnarskrána með því kerfi sem unnið hefur verið eftir í á undanförnum árum.

Í áliti umboðsmanns Alþingis, sem hann gaf 13. apríl 1998, kom fram að Alþingi væri ekki að brjóta lögin eða það væri ekki verið að brjóta lögin með þeim afgreiðslum sem ríkisstjórnin gerði þá, ekki heldur þegar skerðing tekjutryggingar lífeyrisþega vegna maka var sett í reglugerð heldur þyrfti að skýra lögin. Ekki var álitið að það væri verið að brjóta lögin heldur þyrfti að skýra þau. Af þeim lögmönnum sem hafa gefið ríkisstjórninni álit sitt vegna þess frv. sem er nú til umræðu hafa þeir lögmenn sem hafa gefið ríkisstjórninni álit og heilbr.- og trn. álit í flestum tilfellum stutt einróma þá niðurstöðu sem ríkisstjórnin lagði upp með þegar þetta mál var kynnt í þinginu. Sjö af ellefu lögmönnum sem hafa gefið álit að þessu leyti hafa ekki talið þetta frv. stríða gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar né eins og lagt er til í frv. hér að framan væri verið að brjóta niðurstöðu dómsins. Þar að auki vil ég minna á að í þinginu sitja sjö löglærðir menn. Fimm af þeim telja að fyllilega sé farið að ákvörðun samkvæmt stjórnarskránni og ekki sé verið að brjóta lög með því frv. sem hér er lagt fram. Mér finnst það skipta verulega miklu máli að löglærðir menn í þinginu sem eru með sérmenntun, oft er kallað á sérfræðinga til að meta hvernig túlka beri mál með lögfræðilegum aðferðum. (**SJS:** Þú ættir að fara yfir hópinn.) Það eru fimm stjórnarþingmenn löglærðir og tveir stjórnarandstöðuþingmenn og það þarf ekkert að telja þá upp. Þið getið talið þá á fingrum ykkar í sætunum og áttað ykkur á því hverjir þeir eru. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill áminna þingmenn um að vera ekki með samtöl í salnum og gefa ræðumanni frið til þess að halda ræðu sína.)

Herra forseti. Ég skil ósköp vel að þau séu óróleg yfir þessari upptalningu. Það gefur augaleið þegar menn líta á þá staðreynd að hér inni eru margir mjög færir lögmenn. Það er miklu ólíklegra, held ég, ef við erum með sérfræðingana við hliðina á okkur að verið sé að leiða menn í villu. Þess vegna hef ég sagt að mér finnst stjórnarandstaðan fara offari í þessu máli þegar verið er að tala um stjórnarskrárbrot.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna aðeins í eina af fullyrðingum sem koma fram í áliti minni hlutans og er hér á bls. 8. Ég verð að segja eins og er að mér brá verulega þegar ég sá þessa fullyrðingu í áliti minni hlutans því að mér er jafnannt um að halda stjórnarskrána og ég hygg að flestöllum öðrum mönnum hér inni sé. Ég trúi því. En það stendur hér, með leyfi forseta, í áliti minni hlutans:

„Það er óumdeilt að óheimilt er að setja afturvirk íþyngjandi ákvæði í lög. Minni hlutinn hafnar með öllu þeirri túlkun sem fram kemur í skýrslu starfshópsins og nefndaráliti meiri hlutans að hér sé um ívilnandi reglu að ræða og hún því heimil. Rök minni hlutans eru eftirfarandi: Við dóm Hæstaréttar, sem komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap á grundvelli tekna maka, féll framangreind skerðingarheimild niður. Við þetta varð til nýtt réttarástand ...“

Herra forseti. Ég spurði lögmenn að því hvað þetta þýddi. Af hálfu sérfræðinga ríkisstjórnarinnar er verið að tala um að verið sé að ívilna öryrkjum með því að nota afturvirkni frv. með þeim hætti sem þar er gert en aftur á móti kemur minni hlutinn allt í einu og segir að þetta sé íþyngjandi og það skapi þá nýtt réttarástand. Ég spurði lögmenn að því hvað þetta þýddi. Lögmenn sem ég talaði við skildu ekki hvað þetta þýddi. Þeir áttuðu sig ekki á því hvað væri verið að meina. Í huga þeirra hljómar þetta eins og hver önnur golfranska. Þess vegna langaði mig til að fá svör við því frá minni hlutanum hvað sé í rauninni verið að meina. Hvað þýðir að íþyngjandi ákvæði í þessum lögum skapi nýtt réttarástand? Hvað þýðir það að skapa nýtt réttarástand með þessu ákvæði? Ef stjórnarandstaðan getur skýrt þetta fyrir mér þá þætti mér vænt um það en ef hún getur það ekki er það væntanlega vegna þess að hún skilur það ekki sjálf eða sérfræðingar hennar eru ekki á staðnum. En ég held að mjög nauðsynlegt sé að skýra þær fullyrðingar sem koma fram í þessu áliti. Með leyfi, herra forseti, ætla ég að lesa upp lokin á þessu:

„Í samræmi við þetta mótmælir minni hlutinn því harkalega að ætlunin sé að skerða bætur til örorkulífeyrisþega í hjúskap aftur í tímann, enda standist það ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Við þetta má síðan bæta að það hefur verið talið eitt af grundvallarskilyrðum réttarríkis að óheimilt sé að lög virki aftur fyrir sig og þá sérstaklega ef þau eru íþyngjandi.“

Búið er að segja það af meiri hlutanum og sérfræðingum hans að þetta séu ívilnandi ákvæði. Þetta eru ekki íþyngjandi ákvæði. (**SJS:** Það er rangt.) Samt kemur minni hlutinn hingað og segir að verið sé að brjóta stjórnarskrána. Mér finnst svo órúlegt hvernig minni hlutinn er að nýta sér þetta áróðursvopn, stjórnarskrána, með þessum formerkjum, annaðhvort til að hræða fólk eða afvegaleiða í þessari umræðu. Ég veit ekki hvers vegna en starfandi lögmenn skilja ekki hvað átt er við með þessari fullyrðingu í áliti minni hlutans, því miður. Ég óska a.m.k. eftir því að fá skýringu á þessu.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, á ég ekki von á því að minni hlutinn vilji vísvitandi afvegaleiða fólk og ég vonast til að það komi í ljós núna á eftir.

Ef litið er á annað sem kemur fram í áliti minni hlutans, herra forseti, þá kemur fram í áliti þeirra að einhver önnur aðferð sé við að leysa velferðarmál hjá nágrannaþjóðunum. Töluvert hefur heyrst í þessari umræðu að menn telji að Íslendingar séu eitthvað einstakir í þessu þannig að þau vandamál sem snúa að velferðarkerfinu séu leyst með rýrari hætti en annars staðar. Þar sem vitnað hefur verið til annarra þjóða í þessu sambandi er því haldið fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutanum hafi það verið gert ranglega. En ég vildi bara minna á það, herra forseti, að það kemur mjög vel fram í áliti meiri hlutans á bls. 3 að þar hefur verið skoðað sérstaklega hvernig félagsmálum og tekjutryggingum í almannatryggingalögunum er beitt og hvernig skerðingarákvæðum er beitt. Það kemur í ljós að bæði í Noregi og Danmörku og eins í flestöllum Evrópuríkj-

um sem við miðum okkur við eru skerðingarákvæði svipuð í lögum þeirra eins og hér er sem mér finnst það skipta verulega miklu máli. Að sjálfsögðu skiptir miklu máli að við byggjum á réttarhefð sem er að sjálfu sér byggð upp á sambærilegan hátt og hjá öðrum ríkjum í Evrópu. Þess vegna skiptir það máli. Það hlýtur að skipta máli vegna þess að Hæstiréttur hafi í dómum skírskotað til þess. Ég er að biðja um útskýringar á því sem kemur fram í áliti ykkar og ég ætla að vonast til að einhver skýring komi á því.

Herra forseti. Eftir skoðun mína, bæði með því að hlusta á þá lögmenn sem hafa útskýrt málið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og eftir að hafa séð það álit sem kemur frá meiri hluta heilbr.- og trn. ásamt þeirri skoðun sem ég hef sjálfur gert með lögmönnum sem ég treysti, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé verið að brjóta stjórnarskrána, ekki sé verið að brjóta mannréttindi og þar með eigum við ekki að vera í neinni hættu með að gera það frv. sem hér liggur fyrir að lögum. Þess vegna mun ég, herra forseti, styðja það.

Í þessari greinargerð kemur fram, herra forseti, að minni hlutinn vitnar nokkuð mikið í bók Stefáns Ólafssonar, Íslenska leiðin. Þar er m.a. vitnað í hugmyndafræði um almannatryggingar, og þeir segja þar á bls. 9, með leyfi forseta:

„Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu tveimur köflunum í þessari bók."

Herra forseti. Þetta dreg ég fram í áliti minni hlutans til að sýna fram á það hversu aftarlega á merinni Íslendingar voru að þessu leyti. Ég heyrði um þetta sérstaklega frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrr í umræðunni. Mér finnst að verið sé að reyna að misnota þessa bók til að hjálpa minni hlutanum í umræðunni. Það er alveg ljóst að í þessum kafla er verið að tala um allt önnur lög og allt aðrar breytingar sem áttu sér stað 1935 þegar lögum um framfærslu var breytt til þess að þau ákvæði sem skertu fjárræði og kosningarrétt þeirra sem þurftu að þiggja af sveitinni fóru út. Þau ákvæði voru tekin út úr lögum. Það er allt allt annað en það sem verið er að tala um núna. Árið 1946 voru síðan lögð fram lög á Alþingi um almannatryggingar sem settu Íslendinga fremst á bekk að þessu leyti. Íslendingar voru fremstir þjóða í heiminum á sviði almannatrygginga og ef menn muna það ekki, þá var það ríkisstjórn Ólafs Thors sem lét setja þau lög árið 1946. Þau lög eru ítarlega skilgreind í bók Stefáns Ólafssonar Íslensku leiðinni, og því hefði að skaðlausu verið hægt að taka það líka fram.

Ég ætla aðeins að leyfa mér, herra forseti, að lesa upp úr því sem stendur í þeirri bók en þar segir á bls. 356, með leyfi forseta:

„Þannig verður lífskjaraskipting norrænu þjóðanna misjöfn. Fátækt er enn heldur meiri á Íslandi og tekjuskipting ívið ójafnari. Lífskjaravandi sérhópa er þó heldur meiri á Íslandi en hjá frændþjóðunum. Að öðru leyti koma Íslendingar mjög vel út úr öllum samanburði á lífskjörum og lífsgæðum, bæði gagnvart norrænum þjóðum og öðrum vestrænum þjóðum.

Ef tekst að draga markvisst út lífskjaravandanum sem enn er fyrir hendi hér á landi munu fáar eða engar þjóðir í heiminum standast Íslendingum snúning, hvað gæði lífskjara snertir. Umbætur í almannatryggingum geta gegnt stóru hlutverki við að leysa þennan vanda og þar með átt drjúgan þátt í að koma Íslandi efst á toppinn í lífskjarastiga þjóðanna."

Ég get ekki séð, herra forseti, að þetta sé einhver áfellisdómur um almannatryggingakerfið á Íslandi nema síður væri. Ég mundi segja að þarna hafi þetta kerfi sem hefur þó verið unnið eftir í grundvallaratriðum alveg frá 1947 staðist tímans tönn að mörgu leyti en að sjálfsögðu hefur þurft að breyta því eins og öðru í gegnum árin. En markmiðin voru sett hátt á þeim árum og ég held að óhætt sé að fullyrða að Íslendingar vilja vinna þannig og ekki er nokkur vafi í mínum huga að núverandi ríkisstjórn vill vinna þannig.

[20:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur hér upp og barmar sér undan því að við tölum um stjórnarskrána og drögum athygli að þeirri staðreynd, sem stjórnarliðar reyna hins vegar að þegja út úr umræðunni, að þetta mál er þannig til komið að lagasetning á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á Alþingi fyrir tveimur árum, í desember 1998, hefur verið dæmd brot á stjórnarskránni. Fram hjá þessu komast hv. þm. ekki og það er í framhaldi af þeirri niðurstöðu Hæstaréttar landsins sem við erum að ræða um þetta frv. og hvernig brugðist er við þessum dómi. En dómurinn um lögin frá 1998 stendur og hann er endanlegur. Þessu verða hv. þm. stjórnarliðsins að kyngja og það þýðir ekkert að reyna að tala sig frá því í einhverjum endalausum skógarferðum og leiðöngrum eins og hv. þm. Kristján Pálsson reyndi áðan. Þetta er ekki mál sem snýr að okkur og illsku eða meinbægni okkar. Þetta á þá að ræða við Hæstarétt ef hv. þm. vilja halda áfram að kveinka sér út af þessu.

Í öðru lagi þessi stórkostlega tölfræði um lögfræðinga. Með því að telja saman lögfræðinga sem komu fyrir nefndina og með því að finna það út að fimm lögfræðingar séu í stjórnarliðinu en bara tveir í stjórnarandstöðunni, þá hljóti þeir að hafa rétt fyrir sér af því að þeir séu fleiri. Eins og þeir séu allir hlutlausir, lögfræðingarnir í stjórnarliðinu: Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde og hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir. Eru þetta allt saman hlutlausir lögfræðingar í málinu?

Herra forseti. Er ekki hægt að lyfta þessu á aðeins hærra plan, eins og maðurinn sagði í sjónvarpsþættinum um árið?

Af þessum lögfræðingum í stjórnarliðinu er aðeins einn sem ekki var á þingi og greiddi atkvæði með frv. 1998 sem Hæstiréttur hefur núna dæmt brot á stjórnarskránni. Þessir menn eru því greinilega ekki óskeikulir, hv. þm.

[20:35]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki fullyrt það að einhver sé óskeikull í þessu máli. En ég álít sem svo að eftir því sem fleiri færir lögfræðingar komi saman, því meiri líkur séu á því að rétt niðurstaða fáist.

Ég ætla líka að minna á að umboðsmaður Alþingis, sem þá var, taldi ekki hafa verið brotin lög með þeim aðferðum sem notaðar voru áður en nýju lögin voru sett. Menn voru því að sjálfsögðu í góðri trú. Þessi dómur, eins og allir vita og ég trúi ekki öðru en menn viðurkenni það, kom mjög mörgum á óvart, ég held flestöllum sem stunda lögfræði. (Gripið fram í.) Það að eitthvað væri ýjað að því að verið væri að brjóta stjórnarskrána með álit umboðsmanns Alþingis á bak við þetta, mjög virts fræðimanns, var að sjálfsögðu óvenjulegt

og að þessi niðurstaða gæti orðið í Hæstarétti. Þess vegna eru menn auðvitað að grípa til þessa frumvarps sem hér er.

Auðvitað stendur þessi dómur, en því miður, eins og ég sagði áðan, er þessi dómur með þeim hætti að hægt er að skilja hann á marga vegu. Eitt af því sem mér finnst vanta núorðið (Gripið fram í.) er að að dómar Hæstaréttar séu það skýrir að menn geti einróma fallist á niðurstöður þeirra.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þm. að leyfa ræðumönnum að tala án truflana. Það er allt of mikill kliður í salnum.)

[20:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar er algerlega skýr. Dómsorðið sjálft, sem er dómurinn, er algerlega skýrt. Allar málfundaæfingar stjórnarliðsins hér, undirbygging undir afstöðu sérfræðinganefndarinnar og ríkisstjórnarinnar byggist á því að túlka tilteknar setningar í reifuninni en ekki dómsorðið sjálft. Þau er ekki hægt að túlka. Í dómsorðinu er fallist á kröfu gagnáfrýjanda sem var Öryrkjabandalagið, svo einfalt er það, þannig að skýrari og einfaldari getur dómur ekki verið. Hann tekur til greina kröfur annars málsaðilans. Þannig er nú það.

Að þessi dómur hafi komið á óvart er auðvitað fjarri lagi að hægt sé að halda fram. Menn geta reynt að segja að þetta með tekjutenginguna sjálfa hafi verið tiltölulega nýlegt mál og menn leyfi sér að láta það koma á óvart, en má ég þá minna á að á þetta var bent strax 1998 og þá vöruðu fjölmargir menn *við því sem voru vel að sér um almannatryggingalöggjöfina*, stjórnarandstaðan varaði við því og lögfræðingar sem komu fyrir heilbr.- og trn. vöruðu við því. Svo kemur þetta algerlega á óvart, segja menn. Menn koma af fjöllum, það hefur aldrei hvarflað að þeim að þetta gæti brotið stjórnarskrána.

Varðandi aðra þætti málsins eins og skortinn á lagastoð frá 1994, þá hafa allir vitað það í mörg ár að þar var ríkið með koltapað mál. Það hefur enginn einasti lögfræðingur, nema þessar setningar, því miður, í áliti umboðsmanns frá 1998, nokkurn tíma gefið neitt annað í skyn, enda eru allir dómendur á báðum dómstigum sammála um að þar sé um koltapað mál af hálfu ríkisins að ræða. Ekki ætti það að hafa komið á óvart og samt áfrýjaði ríkið af fullkominni fólsku þeirri kröfu ásamt hinum í staðinn fyrir að fallast á að sá hluti málsins væri tapaður og bæta það refjalaust. Allt er þetta náttúrlega meira og minna þannig, herra forseti, að harka ríkisins í þessu máli, framganga ríkisins er með miklum ólíkindum.

[20:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Dómsorðið er ekki skýrara en svo að það er hægt að skilja það á a.m.k. tvo vegu eins og við höfum heyrt í þessum sölum á undanförnum dögum. Þetta er ekki eina málið sem hefur komið svona óskýrt út úr Hæstarétti. Ég held að allir séu sammála um að það er afturför ef dómar geta ekki verið skýrari en svo að hægt sé að rífast um þá í langan tíma út af óskýrri framsetningu. (Gripið fram í.)

Varðandi lögmenn og þau ummæli sem fallið hafa um hverjir eru lögmenn í þingsalnum og hverjir ekki, þá held ég að ekki sé ástæða til að draga lögmenn beint inn í þetta. Ég held að þingmenn almennt séu ... (Gripið fram í.) Ég gerði það, já, *vegna þess að ég tel í rauninni að enginn maður* og allra síst lögmenn hafi áhuga á því að lenda í stjórnarskrárbrotum á Alþingi. Að sjálfsögðu vill enginn lenda í því. Með álit umboðsmanns Alþingis og miklu fleiri á bak við sig í þeirri lagasetningu sem gerð var 1998, þá held ég að mönnum sé alveg ljóst að ekki var hægt að vera með betri sérfræðingsálit á bak við sig. Síðan hefur ýmislegt breyst í umhverfinu sem Hæstiréttur taldi að leiddi til brots á stjórnarskránni. Það var ekki til staðar þegar þessi lagasetning var á sínum tíma til umræðu í þinginu.

[20:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fróðlegt að fylgjast með því hversu gjörtöpuð staða hv. þm. stjórnarliðsins er í þessari rökræðu. Nú eru þeir komnir í þá skotgröf, eins og hv. þm. Kristján Pálsson og reyndar fleiri sem hurfu ofan í þá skotgröf fyrr í dag, að segja að þetta sé allt saman því að kenna að Hæstiréttur hafi verið svo óskýr. Ég auðvitað mótmæli því, herra forseti. Ljóst er, eins og við höfum hér hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum fært rök að, að dómsorðið er ákaflega skýrt og einnig þær dómsforsendur sem hv. þm. *stjórnarliðsins hafa reynt að hanga á eins og hundar á roði til* að snúa við dómsorðinu. Það dugar þeim ákaflega skammt.

Herra forseti. Ég kem aðallega út af þeim orðum sem hv. þm. lét falla um bók Stefáns Ólafssonar, Íslensku leiðina. Nú er það svo, herra forseti, að ekki er rétt að við höfum haldið *því fram í umræðunni* að sú bók væri áfellisdómur yfir almannatryggingakerfinu á Íslandi, síður en svo. Fram kemur að margt hefur tekist ákaflega vel þar. En í bókinni er hins vegar bent á að ein tiltekin skerðingarregla sé í almannatryggingakerfinu á Íslandi sem sé ákaflega fátíð og það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka. Hvað segir prófessorinn um þetta? Hann segir, með leyfi forseta:

„Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum ...“. Og hann segir líka, herra forseti, að þetta gangi gegn hugsun aldarinnar, þ.e. „að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur ...“.

Herra forseti. Aðeins til að varpa skýrara ljósi á hvað menn eiga við sem afleiðingar þessa kerfis, þá bendir prófessorinn á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn.“

Það ætti ekki að vefjast fyrir þingmönnum flokks, sem ber það fagra nafn Sjálfstæðisflokkur, að skilja að það er alvarlegur hlutur fyrir reisn og fyrir sjálfsvirðingu einstaklings sem rændur er sjálfstæði sínu, eins og prófessorinn bendir hér á.

[20:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um arfleifð, sem Stefán Ólafsson talaði um í bók sinni, að það skerðingarákvæði sem núna er til umræðu sé einhver arfleifð frá því fyrir 1935. Ég verð að viðurkenna að það kemur mér algerlega á óvart hvar maðurinn hefur lesið þá niðurstöðu. Ég held að ég fari rétt með að tekjutryggingin sjálf og tekjutengingarnar *við hana komi ekki fyrr en á 8. áratugnum aftur* að nýju. Þetta er því engin arfleifð frá þeim tíma, það var löngu, löngu búið að kippa þessu úr sambandi. Það sem var virkilega sláandi í gömlu lögunum, áður en þessi mannréttindabrot sem þá voru voru tekin út, var fyrst og fremst það að menn töpuðu kosningarrétti, menn töpuðu fjárræði sínu ef þeir þurftu að þiggja af sveitinni. Þetta eru stærstu breytingarnar sem gerðar voru með framfærslulögunum sem sett voru á ný árið 1935. En að vera að vitna í þessi mannréttindabrot

sem tíðkuðust á þeim tíma, á fyrri hluta 20. aldarinnar, er algerlega út úr kú, herra forseti.

[20:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú finnst mér að hv. þm. og ég séum sameiginlega farnir að nálgast kjarna málsins. Viðhorf manna til mannréttinda breytast. Þess vegna m.a. breyttum við stjórnarskránni eða mannréttindaákvæðum hennar 1995. Við vorum að færa hana til samræmis við ný viðhorf sem höfðu fest rætur í samtímanum.

Það sem áður þótti í lagi þykir ekki lengur. Hvers vegna? Ég nefni sem dæmi að við höfum horft upp á gerbreytt viðhorf t.d. til jafnstöðu kynjanna. Það hefur brotist í gegnum löggjöfina í formi nýrra laga og það vill svo til að á tveimur stöðum í forsendum dóms Hæstaréttar er einmitt vísað til þessa.

Sá áfangi sem náðist með dómi Hæstaréttar var líka tiltölulega mikilvægur áfangi í baráttu kvenna hér á landi. Það sést t.d. á því að $^2/_3$ hlutar þeirra sem hafa búið við skerta tekjutryggingu vegna tekna maka síns eru konur.

Herra forseti. Hv. þm. var að velta því fyrir sér hvaðan prófessorinn hefði haft þessar upplýsingar. Hérna er um að ræða prófessor sem er sérfræðingur í þessum fræðum, herra forseti, og í þessari bók segir hann m.a. þegar hann er búinn að reifa þetta, þ.e. að þetta sé hugmyndafræði sem tilheyri liðinni tíð: „Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum."

Þetta er alveg skýrt, herra forseti. En mig langar aðeins að lokum að inna hv. þm. Kristján Pálsson eftir því hvort hann sé stoltur af því sem liggur nú eftir sem verk þessara tveggja daga, þ.e. frv. þar sem menn eru t.d. að beita afturvirkum lögum til að kroppa 8 þúsund kall af öryrkjum sem búið er að dæma tiltekinn rétt? Er hann stoltur af því að fyrningarrétturinn skuli bara vera fjögur ár? Er hann sem góður og gegn sjálfstæðismaður stoltur af þessum vinnubrögðum?

[20:46]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara segja varðandi síðustu orð hv. þm. að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og rannsóknum sem ég hef látið gera fyrir mig persónulega er ekki verið að brjóta stjórnarskrána með því frv. sem hér er lagt fram. Það er heldur ekki verið að brjóta lög með þeim og ekki brotið gegn mannréttindum með þeim. Það er niðurstaðan sem ég hef komist að.

Varðandi viðhorfsbreytingar í almannatryggingum um heiminn þá eru tekjutengingar viðhafðar í öllum Evrópuríkjunum með misjöfnum hætti. Um það er ekki nokkur ágreiningur. Viðhorfsbreytingarnar geta svo sem falist í öðru. Ég hef heyrt hér heima að það ætti bara að henda út öllum tekjutengingum eins og þær leggja sig. (**ÖS:** Landsfundur Sjálfstfl.) Ýmsir hafa haldið því fram en við vitum vel að ef það væri gert yrði það ekki í kjölfar dóms. Það tekur áraraðir að breyta skattkerfinu til að slíkt geti gengið upp. Ég tek ekki undir að gera eigi byltingu að þessu leyti.

Ég held að með þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans sé reynt að uppfylla þann dóm sem felldur var af Hæstarétti eins ítarlega og kostur er. Að öðru leyti lít ég svo á að menn muni halda áfram að reyna að bæta kjör öryrkja eins og lýst hefur verið yfir úr þessum ræðustól fyrr.

[20:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og ströng. Margt hefur verið sagt og sumt hefur skýrst nokkuð. Ég vil segja það í upphafi að ég hef fylgst nokkuð grannt með málflutningi stjórnarliða í þessu máli. Málflutningur þeirra hefur að meira eða minna leyti gengið út á að finna upp, túlka eða búa til lögfræðilegar kenningar um hvað felist í þessu máli og hvað ekki.

Ég hjó sérstaklega eftir því, virðulegi forseti, að í upphafi þessarar umræðu boðuðu oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, þ.e. hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að frá því að dómur var kveðinn upp þar til umræðan hófst hefði stjórnarandstaðan meira og minna stundað ómálefnalegt upphlaup, útúrsnúninga og annað slíkt í tengslum við þennan dóm, þ.e. við hefðum með einum eða öðrum hætti villt á okkur heimildir í þessari umræðu og reynt að draga þjóðina á tálar en þegar til umræðunnar kæmi mundu þeir upplýsa okkur um það um hvað málið raunverulega snýst.

Ég segi það alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér fannst það alls ekkert útilokað að okkur hefði orðið á í þessari umræðu. Því hlýddi ég með mikilli athygli á það sem þessir aðilar höfðu fram að færa. Hæstv. forsrh. kannaðist reyndar ekkert við þetta frv. og ræðuskrifarar mega hafa fullt í fangi með að finna ræðu hans stað, þ.e. um hvaða mál hann var að tala. Hæstv. utanrrh. var þó heldur skárri.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að nú þegar nokkuð er liðið á 2. umr. þá hlýt ég að auglýsa eftir leyniplagginu. Þá hlýt ég að auglýsa eftir upplýsingunum sem þessir aðilar boðuðu að kæmu inn í þetta mál og ekki eru komnar fram enn.

Tvennt hafa þeir lagt fram í umræðunni. Í fyrsta lagi eru það ríku öryrkjarnir. Hvar þeir búa veit ég ekki og fæstir vita það. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir eru meðalheimilistekjur fólks, með bótum, sem eiga hugsanlega að fá úr bætt, þ.e. ef ríkisstjórnin kemur sér að því að greiða þeim eitthvað, um það bil 200 þús. kr. í heimilistekjur — nálægt því. Ef við gefum okkur að um fjórir einstaklingar séu á bak við meðaltalstekjurnar þá er það um það bil 50 þús. kall á haus fyrir skatta. Þetta er reyndar meðaltal og vissulega eru þarna einhverjir hærri en þetta er meðaltal þess sem nú rennur til ríku öryrkjanna sem ríkisstjórnin ætlar að koma í veg fyrir væntanlega að verði á Kanarí eða einhvers staðar það sem eftir er ársins með bæturnar sem þeir hefðu sennilega aldrei átt að fá að þeirra mati. Þetta er sá hópur sem vill fá þessar bætur. Þetta hefur ríkisstjórnin lagt til umræðunnar, hugmyndina um ríku öryrkjana. Það er reyndar ekki upplýst um í hvaða hverfum þeir búa.

Hitt sem ríkisstjórnin getur lagt fram í umræðunni er að ekkert siðferðilegt álitamál kom upp við umfjöllun meiri hluta heilbr.- og trn. um málið. Í andsvari í morgun kom fram að ekkert álitamál kom upp um hversu langt niður ætti að fara með þessa tölu. Stormsveitarhópurinn hafi fundið út úr því strax í kjölfar þess að dómur var upp kveðinn, eftir það komu aldrei upp neinar áleitnar siðferðilegar spurningar hjá óbreyttum hv. þm. sem styðja ríkisstjórnina á hinu háa Alþingi.

Þetta er, virðulegi forseti, það eina sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram til umræðunnar, fyrir utan mjög sérstæðar túlkanir á þessum dómi. Þetta er það eina, virðulegi forseti, og því hvet ég hæstv. utanrrh., sem nú gegnir starfi heilbrrh., að leggja fram við umræðuna upplýsingarnar sem

þeir boðuðu í upphafi. Ég held að það sé fráleitt að við göngum úr þessum sal og ljúkum þremur umræðum án þess að upplýsingarnar komi fram. Það finnst mér vera algert grundvallaratriði. Komi þær fram, virðulegi forseti, þá er ég tilbúinn að endurskoða afstöðu mína sem ég hef þó haft frá upphafi. Við hljótum að gera kröfu um að þessar upplýsingar komi fram því að ekki komu þær fram hér, virðulegi forseti.

Þriggja síðna álit meiri hluta heilbr.- og trn. er náttúrlega nánast með eindæmum. Sé það lesið í ljósi þess hversu alvarlegur þessi dómur er og hversu víðtækar afleiðingar hann kann að hafa þá vekur furðu að nánast ekkert í þessu, að undanskildu því þegar meiri hlutinn reynir að réttlæta orð sín með tilvísun í kartöfludóminn, bendir til að heimilt sé að fyrna á þann hátt sem menn gera tilraunir til. Ég held að mikilvægt sé að lesa þessa stórkostlega yfirlýsingu upp, með leyfi virðulegs forseta. Á bls. 2–3 segir:

„Með því að beita reglu l. gr. frumvarpsins fyrir tímabilið frá 1. janúar 1999 til 31. janúar 2001 leiðir það til ívilnunar fyrir" — þetta á sennilega að vera 31. janúar 2000 en hér stendur 2001 — „örorkulífeyrisþega í hjúskap þar sem þeir þurfa ekki að þola sömu skerðingu og áður viðgekkst." — Þurfa ekki að þola sömu skerðingu og áður viðgekkst.

Um hvað fjallaði þessi dómur? Hann fjallaði um að sú skerðing sem ríkisstjórnin framfylgdi stæðist ekki mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Svo segja þeir, væntanlega í einhverri manngæsku, að þetta hafi í för með sér ívilnun frá mannréttindabrotinu og gorta sig af því í þessu plaggi. Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvað menn hafa verið að hugleiða þegar þeir settu þessi ósköp á blað.

Þar fyrir utan, virðulegi forseti, virðist eiga að halda minni hlutanum algerlega frá þeim grundvallarupplýsingum sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. boðuðu að kæmu inn í umræðuna. Frá þeim hefur ekkert komið, ekki nokkur skapaður hlutur nema það sem rís hæst eins og ég sagði áðan, hugmyndin um ríku öryrkjana og réttlætingin á þessari merku fyrningu með tilvitnun í frönsku kartöflurnar. Það er allt og sumt, virðulegi forseti. Ég þori að fullyrða að það hefði mátt stytta umræðuna eitthvað ef þessar upplýsingar hefðu komið fram strax en menn ekki verið svona leyndardómsfullir á svipinn þegar þeir boðuðu að upplýsingarnar skyldu koma fram og nú skyldi lýðurinn upplýstur um það sem máli skipti: Franskar, sósu og salat.

Virðulegi forseti. Annað atriði sem ég vildi nefna í þessu er margumrædd fyrning í þessu máli. Þar er vitnað í þennan kartöfludóm sem öllu á að bjarga og gerir að verkum að þegar ríkisvaldið hefur haft af fólki bætur með ólögmætum hætti þá þarf ekkert að ræða það sérstaklega siðferðilega álitamál hversu langt eigi að fara aftur í að borga þeim. Þeir eru nefnilega búnir að finna dóminn um frönsku kartöflurnar. Hann svarar þessum stóru spurningum fyrir hæstv. ríkisstjórn. Engin siðferðileg álitaefni koma upp því að dómurinn um frönsku kartöflurnar leysir þau álitaefni sem upp kunna að koma.

En um hvað snýst sá blessaði dómur, virðulegi forseti? Hann snýst um að menn sóttu um að fá endurgreiddar álögur á innfluttar kartöflur. Sá sem sótti málið vildi fá endurgreiðslur og hafði líka sótt viðurkenningarmálið, það var sami aðili. Enda sagði Hæstiréttur: Úr því að hann var í þessu fyrra máli þá hefði hann getað krafið um endurgreiðslur þar og þar af leiðandi er talið að þetta sé fyrnt. En í þessu tiltekna máli er ítarlega fjallað um fyrirsvar í þessu máli, þ.e. að Öryrkjabandalagið hafi getað sótt þetta viðurkenningarmál í þágu allra félagsmanna sinna. Rökin að baki því eru einfaldlega þau að það er hagræði að þurfa ekki að flytja 1.200 mál. Það er hagræði að því. Þess vegna er þetta gert. Það er minni kostnaður fyrir ríkissjóð. Þess vegna er þetta gert með þessum hætti. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur fjalla sérstaklega um þennan þátt málsins. Ég skil það a.m.k. svo að málshöfðun í þessu tiltekna máli hljóti að hafa slitið fyrningu.

Þó að ég hafi komist að þessari niðurstöðu eftir þó nokkra yfirlegu er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki mikið þurft að hugleiða þetta mál. Dómurinn um frönsku kartöflurnar kom inn í þetta og leysti úr þeim merku spurningum sem uppi kunna að vera um fyrninguna. Ég hafna alfarið að hægt sé að bera það saman þegar menn hafa með ólögmætum hætti bætur af fólki sem varið er mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, að það sé hægt að bera fyrningu af því saman við það þegar menn augljóslega vegna tómlætis gæta ekki réttar síns í málsókn. Þetta er tvennt ólíkt og til háborinnar skammar, virðulegi forseti, að menn skuli bera þetta fyrir sig. Ég held að þetta sé eitt af því sem kemur til kasta dómstóla, enda hafa flestir ef ekki allir stjórnarliðar orðað það svo: Þeir geta bara stefnt aftur. Við skulum bara klára þessi mál fyrir dómstólum. Við gefum ekkert eftir og það gerir lítið þó öryrkjamafían sé öll fyrir dómstólum það sem eftir er ársins eða næstu árin. Ef marka má orð ýmissa hv. þm. sem talað hafa af hálfu stjórnarliðsins þá virðist þessi hópur einhver sá alhættulegasti sem upp hefur komið á lýðveldistímanum.

Og til þess að bíta höfuðið af skömminni, virðulegi forseti, þá leyfa þeir sér í frv. að vitna til þess að það séu sanngirnisrök að hafa farið þó lengra aftur en tvö ár og vitna þá í 48. gr. almannatryggingalaganna, það séu sanngirnisrök. En hvað segir í þessari 48. gr.? Þar segir einfaldlega að Tryggingastofnun sé óheimilt að úrskurða bætur lengra aftur en tvö ár hafi menn ekki sótt um þær. Það er bara Tryggingastofnun sem er óheimilt að úrskurða bætur hafi menn ekki sótt um þær. Ef menn sækja um þær þá slíta menn fyrningu þannig hér er ekki um hefðbundna fyrningarreglu að ræða heldur reglu þar sem menn tapa hugsanlega rétti ef þeir sýna tómlæti í að halda rétti sínum fram.

Og svo leyfa menn sér að vitna til þessa fyrningaígildis, ef svo má að orði komast, og þar af leiðandi leiða að því líkum að þetta séu svo miklir sanngirnis- og manngæskumenn að í góðsemd sinni þá ætli þeir að fara jafnvel fjögur ár aftur í tímann. Og lýsa því svo yfir í þessari umræðu að aldrei hafi komið upp nokkrar áleitnar siðferðisspurningar, aldrei, aldrei nokkurn tímann.

Virðulegi forseti. Ég held að það hljóti að vera leitun að öðru eins, eins og ríkisstjórnin hefur hagað sér í þessu máli.

En þá er komið að þriðja atriðinu sem ég vildi nefna. Það er það atriði sem ekki hefur fengið mikla umræðu, en er hugsanlega að finna svar við í leyniplagginu sem ekki hefur komið fram.

Það er alveg ljóst og ég held meira að segja að bæði minni hlutinn og meiri hlutinn séu sammála um að það sé óumdeilt að niðurstaða Hæstaréttar fól það í sér að tiltekinn hópur átti kröfuréttindi á ríkisvaldið, ef nota má það hugtak. Um það er ekki deilt, ekki einu sinni á milli meiri hluta og minni hluta. Það er ekki um það deilt að það voru til einhver kröfuréttindi sem urðu til þegar dómurinn féll. Það er algerlega kristaltært.

Við skulum leyfa ríkisstjórninni að njóta vafans í þessu máli og gefa okkur að hugsanlegt sé að það sé álitaefni hversu rík þessi kröfuréttindi voru. Það voru tveir aðilar sem tókust á um þetta mál. Niðurstaðan var náttúrlega í

hugum flestra skýr. Tekjutengingin við tekjur maka var talin ólögmæt. Tekjutryggingin þennan tíma er algerlega klár, þ.e. hversu há fjárhæð það var. Allir þeir sem tjáðu sig í upphafi máls voru sannfærðir um að það lægi alveg fyrir hver tekjutryggingin hefði verið. Það mátti ekki skerða hana með tekjum maka. Þannig ætti krafan að vera nokkuð skýr. Hún ætti að vera nokkuð skýr.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin, samkvæmt hugmyndum stormsveitarhópsins sem fór fyrir henni fyrstu dagana, komst að þeirri niðurstöðu að krafan eða kröfuréttindin yrðu látin miðast við 43 þús. Annar aðilinn ákvað það einhliða hvað í þessum kröfuréttindum fólst þrátt fyrir að menn væru búnir að takast á um þetta fyrir dómstólunum. Hann ákvað einhliða hvaða eignarréttindi þetta fólk hefði og skerti þau miðað við óskerta tekjutryggingu um þessar 8 þús. kr. og svo geta menn farið til baka og fundið hver hún var nákvæmlega á hverjum tíma. En það er alveg ljóst að þetta er skert einhliða.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða það, virðulegi forseti, að það standa ríkar ástæður til þess að hér sé verið að fara gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. um eignarréttindi. Menn gera það ekki að ákvarða einhliða innihald kröfuréttinda eins og í þessu tilviki. Þetta gera menn ekki. Menn þurfa að hafa alveg sérstakt geðslag, virðulegi forseti, til þess að leyfa sér svona hátterni. Það er a.m.k. mín skoðun.

Menn hafa ákvarðað einhliða hvað í þessum kröfuréttindum felst. Virðulegi forseti. Það var ekki einu sinn rætt við hinn aðilann (**BH:** Sem vann málið.) sem vann málið og sagt: Hvað finnst þér að eigi að vera í þessu? Nei, við ætlum bara að ákveða að hafa það 43 þús. Síðan hafa menn gengið hér hart fram í umræðunni og spurt: Hvernig komust þið að þessari niðurstöðu? Og svarið er: Af því bara. (Gripið fram í.) Af því bara.

Reyndar sagði hv. formaður heilbr.- og trn. hér í morgun að þetta væri nú svona eiginlega kostnaðurinn af því að vera í hjúskap, þ.e. þessi 8 þúsund kall tæpi, það væri eiginlega sanngjarnt að þeir sem eru í sambúð eða hjúskap fengju bara þetta minna. Þetta væri sem sagt einhvers konar kostnaður af því að vera í hjúskap. Og hvernig er þessi tala fengin? Með öðrum orðum er innihald kröfuréttindanna ákveðið án þess að nokkur einustu rök séu sett fram fyrir því hvaða réttindi sé um að ræða önnur en „af því bara".

Ef Hæstiréttur hefði ætlað að það hefði mátt skerða þessa tekjutryggingu á þeim tíma sem hann fjallaði um þetta hlyti hann að hafa nefnt það sérstaklega — annað væri dálítið sérstakt — og þá væri ég sammála því að dómurinn væri óskýr. En hann er það ekki. Hann er alveg skýr. Hann segir að svona máttu menn ekki gera. Það er ósköp einfalt. Virðulegi forseti. Það er því mitt mat að ríkisstjórnin sé hvað þetta varðar á mjög hálli braut, þ.e. að ákvarða einhliða hver eignarréttindi manna eru. Og ekki bara það, heldur skerða þau líka afturvirkt.

Þetta hefði nú einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar, virðulegi forseti, um Sjálfstfl. sem ég held að hafi í gegnum tíðina verið harðasti andstæðingur þess að lög virkuðu afturvirkt og harðasti andstæðingur þess að skerða eignir afturvirkt. En nú kveður við nýjan tón. Þetta eru nefnilega ríku öryrkjarnir. Þess verður nú að gæta að þeir fái ekki of mikið, ríku öryrkjarnir. Það hefur alveg verið með ólíkindum, virðulegi forseti, að hlýða á þann málflutning sem hér hefur verið viðhafður.

Virðulegi forseti. Að lokum kom það fram í máli eins óbreytts hv. þm. stjórnarliðsins að þessi 7.500 kall skipti ekki svo miklu máli, að mannvirðingin fælist ekki í þessum 7.500 kr. eða 8 þús., þar væri ekki að finna mannvirðinguna. Enda höfum við aldrei haldið því fram. Við höfum hins vegar haldið því fram að niðurstaða Hæstaréttar sé í samræmi við þá þróun sem hefur verið að eiga sér alls staðar í hinum vestræna heimi, þ.e. að tiltekin lágmarkstrygging verði ekki skert með tekjum maka. Af hverju? Jú, það er af því að það er verið að tryggja ákveðið efnahagslegt sjálfstæði einstaklinga. Og mannréttindi snúast um einstaklinga en ekki stofnanir. Það er nú einfaldlega þannig. Og þessir frelsisvindar hafa borist hingað upp til Íslands. En ríkisstjórnin hefur sýnt hvernig hún tekur á móti þessum vindum og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég vona að aðrar ríkisstjórnir taki sér það ekki til fyrirmyndar.

[21:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. hvort hann sé undrandi á því að víða í þjóðfélaginu sé borin heldur lítil virðing fyrir þessari háu stofnun sem við sitjum í. Hann talar hér um stormsveit og er með því að líkja þeim sem eru að vinna að þessu máli væntanlega við nasista. Hann talar um öryrkjamafíuna. Hver hefur talað um öryrkjamafíuna nema hann? Hann talar um að við höfum fundið upp orðin ríku öryrkjarnir. Hver hefur sagt það? Hann segir að þeir þingmenn sem að þessu standa þurfi að hafa alveg sérstakt geðslag til að standa í þessu. Hvernig stendur á því að þessi umræða þarf að vera á þessu plani? Það er málefnalegur ágreiningur um þetta mál. Mér er það alveg ljóst. En miðað við orðbragð hans og ýmissa annarra hv. þm. sem tala um naglaskap og fantaskap og ýtrasta fantaskap þá er ég ekkert hissa á því þó mjög margir í þjóðfélaginu beri litla virðingu fyrir Alþingi, því það eru þessir hv. þm. sem tala með þessum hætti sem draga niður virðingu Alþingis.

[21:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef nokkuð hefur orðið til að draga niður virðingu Alþingis þá er það hvernig meiri hlutinn hefur tekið án gagnrýni þeirri niðurstöðu sem að henni var rétt eftir að hópur manna hafði komist að þeirri niðurstöðu að það ættu að vera 43 þús. en ekki neitt annað.

Ég var ekki að líkja nokkrum hér við nasista, ekki einum einasta manni. Og þegar ég talaði um öryrkjamafíuna þá var það meira gert í gamni sökum þess að maður hefur skynjað þann ótta sem ríkisstjórnin virðist hafa af þessu fólki sem er að berjast fyrir þeim sem minnst mega sín. Svo leyfa menn sér að saka okkur um að draga virðingu Alþingis niður.

Virðulegi forseti. Hlustaði einhver á ræðu hæstv. forsrh. hér fyrir tveimur eða þremur dögum? (**Gripið fram í:** Já.) Gerði það einhver? Hann kom ekki einu sinni í hverfið til þess að ræða það frv. sem við ræðum hér heldur stóð hér upp með fúkyrðaflaum og málflutning sem engu tali hefur tekið. Og ekki bara það, virðulegi forseti. Síðan, í allri þessari umræðu þar sem við höfum verið að sækja eftir rökum, bæði siðferðilegum, lagalegum og öðrum, við höfum verið að sækja eftir þeim í þessari umræðu, þá er okkur borið það á brýn að sýna af okkur eitthvert siðleysi. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að slíkur málflutningur var hreint með ólíkindum. Og ef eitthvað hefur verið til þess að draga niður virðingu Alþingis þá er það hvernig meiri hlutinn hefur haldið á þessu máli.

[21:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Ég tel að hér sé ekkert gamanmál á ferðinni og það sé alveg með eindæmum að hv. þm. segi: „Ég notaði orðið öryrkjamafían í gamni." Hann sagði jafnframt að ekkert siðferðilegt álitamál hefði komið upp í þessu máli. Hver hefur sagt það? Það var sagt að slík álitamál (Gripið fram í.) hefðu ekki verið rædd sérstaklega í heilbr.- og trn. Það var sagt. En það heitir á máli stjórnarandstöðunnar að það hafi bara ekkert siðferðilegt álitamál komið upp í þessu máli. Auðvitað hafa mörg siðferðileg álitamál komið upp í þessu máli eins og mörgum öðrum. Það liggur alveg ljóst fyrir.

En mér þykir afar leitt að það skuli þurfa að ræða þetta mál með þessum hætti sem hér er gert. Ég tel að öll þau sem hér eru beri virðingu fyrir þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu, vilji rétta þeirra hlut og það hefur ekkert annað komið fram í þessari umræðu. Og þar sem orðið stormsveit er notað, hvenær var það þá notað og í hvaða samhengi var það mest notað í mannkynssögunni, hv. þm.?

[21:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. orðaði það svo að sér þyki leitt að beita hafi þurft þeirri orðnotkun sem hér hafi átt sér stað úr þessum stóli. En hvernig hefur ríkisstjórnin hagað sér í þessu máli? Hún lagði ekki einu sinni lykkju á leið sína til að tala við þá sem betur höfðu í málsókninni. Túlkaði einhliða og nákvæmlega hver eignarréttindi fælust í þeim kröfuréttindum sem viðkomandi hafði náð. Og hvað leyfir hæstv. ráðherra sér svo að segja? Hann kvartar undan því að hæstv. ríkisstjórn sé skömmuð fyrir þetta háttalag og jafnvel þó að einhver hvöss orð séu notuð. Hvað kallar hæstv. utanrrh. það að verða undir í máli, stofna eigin sveit til þess að finna út úr því hvað felst í þessum dómi, koma síðan með það á hið háa Alþingi og keyra það í gegn í andstöðu við þá sem unnu málið? Hvað kallar hann það annað en yfirgang? Hefðu ekki allflestir tekið það upp hjá sjálfum sér að ræða við hann sem deilt hafði verið við í nokkur ár um málið? Ekki þessi ríkisstjórn. Ekki nokkur.

Svo leyfir hæstv. utanrrh. sér að koma hingað upp og saka minni hlutann eða þann sem hefur mótmælt þessu frv. harðlega um að nota of stór orð. Virðulegi forseti. Ég þori næstum því að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi verið komið fram af eins miklum valdhroka í nokkru máli og í þessu máli. (Gripið fram í.)

[21:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hafði þá skoðun í upphafi umræðunnar að ekki þyrfti að leggja fram neitt frv. heldur væri hægt að framfylgja dómi Hæstaréttar beint og án nokkurra aðgerða Alþingis. Nú hefur komið fram í áliti minni hluta heilbr.- og trn. að stjórnarandstaðan telur nauðsynlegt að leggja fyrir Alþingi nýtt frv. sem allra fyrst til að fullnægja dómi Hæstaréttar. Ég hlustaði vandlega á ræðu hv. þm. og hann vék ekki einu orði að þessari afstöðubreytingu stjórnarandstöðunnar og reyndi ekki að skýra á nokkurn hátt hvers vegna stjórnarandstaðan hefði kúvent í þessu máli. Fróðlegt væri að fá skýringar á því.

Ég hnaut líka um orðalag hv. þm. eins og hæstv. utanrrh. Þingmaðurinn talaði um að þingmenn hlytu að hafa sérstakt geðslag og átti þá við stjórnarþingmenn. Hvað á þingmaðurinn við þegar hann segir um okkur sem erum í stjórnarliðinu að við þurfum að hafa sérstakt geðslag til að ákveða innihald að kröfurétti? Ég áttaði mig ekki alveg á því hvað þingmaðurinn meinar en ég skildi tóninn í orðunum þannig að þetta væri neikvæð merking. Þingmaðurinn talaði um stormsveit, nefnd fjögurra lögfræðinga er kölluð stormsveit. Þingmaðurinn hefur ekki fengist til að útskýra hvað hann átti við með því. Stormsveit er þekkt fyrirbæri úr mannkynssögunni og menn líkja ekki fjórum valinkunnum lögfræðingum í þjóðfélaginu við stormsveit að gamni sínu. Það er alveg augljóst mál að hv. þm. verður að útskýra hvað hann átti við með þessu orðfæri.

[21:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði hér fyrir mig nokkrar spurningar sem ég mun reyna að svara eftir bestu getu og eftir því sem tíminn leyfir.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. hvort orðið hefði afstöðubreyting hjá minni hlutanum hvað það varðaði að ekki þyrfti að setja lög í kjölfar dómsins. Við höfum ætíð haldið því fram og höldum því enn fram að til þess að greiða út í samræmi við dóminn, í samræmi við þann skilning sem við höfum á dómnum og höfum talað fyrir alla þessa umræðu hefði ekki þurft að setja löggjöf. Hins vegar er mjög líklegt að breyta hefði þurft öðrum málsgreinum, þ.e. 6. og 7. mgr. í kjölfar þess, en ríkisstjórnin hefur komið með þetta mál hingað inn á þeirri forsendu að það hefði þurft að setja löggjöf til þess að greiða út. En hvað þýddi dómurinn? Hann þýddi að skerðingarheimildir eru brott fallnar. Það þýðir ekki að almannatryggingalöggjöfin sé á bak og burt. Síður en svo. Það þýðir einvörðungu að þessar skerðingarheimildir eru fallnar brott. Þar af leiðandi lá að mínu viti alveg ljóst fyrir hvað ætti að greiða. Tryggingastofnun átti að greiða þetta út og hún hefur fengið verulega fjármuni á fjárlögum þannig að það hefði alveg örugglega dugað langt fram eftir árinu. Oftar en ekki verið svo þegar slíkt kemur upp, þ.e. að dómur fellur á ríkið, að það hefur verið afgreitt í fjáraukalögum síðar. Það var því ekki forsenda fyrir því að þingið væri kallað saman nú að geta greitt út. Það er það sem við höfum fullyrt allan tímann að ekki sé nauðsyn á löggjöf til að greiða út í samræmi við dóminn. Því hefur engin breyting orðið þar á.

[21:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn hélt því fram við 1. umr. málsins að 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga væri fallin brott. Nú segir hann að aðeins skerðingarákvæði málsgreinarinnar hafi fallið brott og hefur þá séð sig um hönd á milli umræðna í þessari fullyrðingu sinni.

Það sem ég held að þingmaðurinn hafi áttað sig á og fleiri úr stjórnarandstöðunni að ef aðeins átti að styðjast við lögin eins og þau voru orðin eftir hæstaréttardóminn væri ekki hægt að greiða út annað en fulla tekjutryggingu og það fá aðeins þeir sem eru undir tilgreindum mörkum. Allir þeir sem höfðu fengið og áttu að fá áfram minna en fulla tekjutryggingu gátu því ekki fengið það vegna þess að lagastoð skorti til að ákvarða þannig minnkaða tekjutryggingu. Það er það sem stjórnarandstaðan hefur áttað sig á og þess vegna hefur hún fallist á það að nauðsynlegt sé að flytja frv.

Ég vil svo segja við hv. þm., af því hann vék sér undan því að skýra ummæli sín sem ég held að sé skynsamlegt af honum að vera ekki að fjalla meira um heldur láta niður falla, að hv. þm. hættir nokkuð oft til þess að tala niður til þingmanna. Ég skildi þessi ummæli hvor tveggja svo að hann

væri að gera lítið úr þeim sem hann talaði til með þessum orðum. Má vera að það sé misskilningur minn en ég skildi ummælin þannig.

Ég vil segja við hv. þm. að honum væri ráðlegra að venja sig af því að tala niður til fólks. Ég held hann hafi ekki efni á því. Vilji hann hins vegar kynna sér mál um valdhroka og ræða það mál bendi ég honum á mál sem rak inn á Alþingi á sínum tíma um valdhroka páv. umhvrh., Össurar Skarphéðinssonar.

[21:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Ég áttaði mig ekki á hv. þm. í þessari ræðu frekar en í ýmsum öðrum sem hann hefur flutt áður. Hins vegar er það alveg ljóst að það þurfti löggjöf til þess að skerða tekjutrygginguna frá því sem hún er. Það liggur alveg fyrir. Ef menn ætluðu að borga lægra en tekjutryggingin er núna þurfti þar af leiðandi löggjöf.

En ég held að það sé tvennt sem ég þarf að útskýra fyrir hv. þm. Í fyrsta lagi þetta með geðslagið. Það sem ég átti við er það að sú sveit manna sem kölluð var saman til þess að komast að þessari niðurstöðu, komst að ákveðinni niðurstöðu um að greiða ætti 43 þús. kr. Þetta rann í gegnum þingflokkana án athugasemda. Að sögn, og ef marka má fjölmiðla, á hálftíma eða klukkutíma. Það var þetta sem ég átti við þegar ég sagði að mér þætti með ólíkindum að menn hefðu það geðslag að láta þetta yfir sig ganga á ekki lengri tíma.

Mér er bæði ljúft og skylt að útskýra hvað ég átti við þegar ég talaði um stormsveit. Það sem ég átti fyrst og fremst við var að þarna voru á ferðinni fjórir öflugir menn sem fjölluðu um þetta mál. Það er sú sveit manna sem hefur algerlega farið með ferðina fyrir ríkisrtjórnarflokkana í þessu máli. Hún hefur ákveðið hvað felst í dóminum, hvernig á að breyta löggjöfinni og hver eignarréttindi felast í þeim kröfuréttindum sem Öryrkjabandalaginu voru þó til dæmd í þessu máli. (Gripið fram í.) Það er þetta sem ég átti við þegar ég kallaði þessa sveit manna stormsveit af því þarna eru á ferðinni fjórir öflugir menn. Enda hefur komið á daginn að þessi sveit hefur algerlega farið með ferðina. Ég held að alls ekki sé verið að gera lítið úr þessari sveit manna þó hún hafi verið nefnd eins og ég gerði áðan í ræðustól. Það breytir ekki hinu og við getum komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að það þarf löggjöf til þess að skerða tekjutrygginguna.

[21:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það segir kannski sitt um það hvert umræðan er komin að hv. þm. stjórnarliðsins finna sig tilknúna til að veita okkur í stjórnarandstöðunni sérstaka lexíu um uppeldi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kemur hingað og segir okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar að við eigum ekki að tala niður til fólks og við eigum að haga okkur með öðrum hætti, og hann hagar sér eins og góður tyftunarmeistari sem kann að ala upp óþæg börn. En öðrum þræði fannst mér líka sem hér færi maður sem hefði ekki lengur mikið af rökum í farteski sínu.

Hæstv. utanrrh. kom líka og kvartaði mjög undan því að menn viðhefðu ekki rétt orðbragð hér. Ég verð að segja það, herra forseti, að við skulum ekki setja umræðuna niður á þetta plan. Það er allt í lagi þó að í ræðum manna séu stílhvörf og þó að menn feti hinn hefðbundna veg íslenskra ræðumanna og noti myndlíkingar eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Þó að menn nefni orðið þýskaland þá er ekki þar með sagt að menn eigi við nasista. Ég vil því biðja hv. þm. um að stilla sig töluvert.

Herra forseti. Ég skil það hins vegar nokkuð vel að stjórnarliðið skuli vera heldur óhresst með stöðuna eftir þessar umræður. Staðan er einfaldlega þannig að mér finnst sem þær röksemdir sem stjórnarliðið kom með inn í þessar umræður hafi eiginlega allar verið felldar. Mér finnst reyndar, herra forseti, að eftir þá ágætu ræðu sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti áðan þurfi ekki að flytja mjög margar ræður í kvöld. Ég held til að mynda að margt af því sem ég ætlaði að fara yfir í ræðu minni sé fullkominn óþarfi. Hvers vegna? Vegna þess að hv. þm. stjórnarliðsins hafa kosið að beina umræðunni frá kjarna málsins sem er sú staðreynd að stjórnarliðið er áfram að feta þann stíg sem Hæstiréttur sagði að ætti ekki að gera, þeir eru að fela þá staðreynd og í staðinn eru þeir að reyna að draga umræðuna að lögfræðilegri þrætubók. Það hefur þeim svo sem tekist með ýmsum hætti en það er kannski ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. kemur hér og kvartar undan því að kjarni málsins eða röksemdirnar í máli stjórnarliða hafi ekki komist til skila. Staðan er nefnilega sú að hv. þm. stjórnarliðsins hafa fyrst og fremst verið að feta hér einhvern lagaþrætustíg í staðinn fyrir að koma fram með allar þær upplýsingar sem þeir töldu að mundu breyta málinu. Það er það sem hefur gerst.

Þegar við horfum yfir umræður þessara tveggja daga, stendur upp úr að engar nýjar röksemdir hafa komið fram af hálfu stjórnarliðsins. Það sem hefur hins vegar gerst, herra forseti, er að í ljós hafa komið alvarlegar veilur á málflutningi stjórnarliðsins. Það er eitt grundvallarhugtak, einn grundvallarskilningur sem allt mál þeirra byggist á. Það er lágmarksupphæðin. Það er sameiginlegur skilningur okkar stjórnar og stjórnarandstöðu að þessi dómur feli í sér þau sögulegu tíðindi að til sé lögvarinn einstaklingsbundinn réttur sem byggist á þeim félagslegu réttindum sem er að finna í hinum nýju mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Við í stjórnarandstöðunni höfum haldið því fram að að gengnum dómi Hæstaréttar sé óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að sú lágmarksupphæð sem menn eiga rétt á úr opinberum sjóði til framfærslunnar sé 51 þús. kr. Hvers vegna? Vegna þess að það er annars vegar samtala grunnörorkulífeyrisins og hins vegar tekjutryggingarinnar. Við erum þeirrar skoðunar og höfum fært rök fyrir því að hana megi ekki skerða með tekjum maka. Það þýðir, herra forseti, að þessi grunntala er samkvæmt skilningi okkar 51 þús. kr.

Það hefur hins vegar komið fram aftur og aftur hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins og er reyndar grunnurinn undir þeirra málflutningi, að talan sem þeir telja nægja til þess að fullnægja dómi Hæstaréttar sé 43 þús. kr. Og við höfum leitað eftir því aftur og aftur á hverju sú tala byggist. Það hafa engin svör komið, herra forseti, fyrr en í dag þegar mér fannst sem formaður heilbr.- og trn. opinberaði alvarlega veilu í málflutningi stjórnarliðsins. Þegar ég spurði hv. þm. Jónínu Bjartmarz hvernig stæði á þessum 8 þús. kr. mun, þ.e. á 51 þús. kr. og 43 þús. kr. á mánuði, þá sagði hv. þm. Jónína Bjartmarz að það mætti skýra með því hagræði sem hlytist af sambúð. En það er þegar búið að taka tillit til þess hagræðis sem hlýst af sambúð. Hv. þm. mat sem sagt hagræðið af sambúð upp á 8 þús. kr.

Hins vegar liggur fyrir að hagræðið af sambúð hefur þegar verið metið upp á mun hærri upphæð. Við vitum að þegar einhleypur öryrki fer í sambúð þá missir hann heimilisupp-

bótina og hann missir hina sérstöku heimilisuppbót. Þetta eru samtals 22 þús. kr. Þetta eru 30,67% af heildarframfærslunni sem honum var tryggð.

Þetta þýðir, herra forseti, að þarna er um að ræða upphæð sem er nánast þreföld sú sem hv. þm. Jónína Bjartmarz segir að megi meta sem hagræði af sambúð. Ég get því ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að þessi grundvallartala, þessi grundvallarskilningur stjórnarliðsins, byggist á misskilningi. Og það finnst mér vera alvarlegasta veilan sem komið hefur fram í málflutningi stjórnarliðsins. Þetta eru einu nýju upplýsingarnar. Ekkert annað sem fram hefur komið varpar nokkru ljósi á hvaðan þau fá þessa tölu.

Sitthvað hefur þó gerst jákvætt í þessari umræðu, herra forseti. Til dæmis finnst mér ákaflega jákvætt að sú taktík sem stjórnarliðið lagði upp með hefur ekki náð fram að ganga. Hvaða taktík var þetta? Hún fólst í því að etja öryrkjum saman. Og það er nú ekki fallega gert af stjórnvöldum að leggja upp í viðkvæma umræðu, tilfinningahlaðna eins og þessa, með það að markmiði að etja saman hópum öryrkja.

Hæstv. utanrrh. spurði áðan hver hefði búið til hugtakið „ríku öryrkjarnir". Það hefur kannski enginn úr hópi stjórnarliðanna sagt það upphátt. En það hefur verið undirliggjandi hugtak í allri þessari umræðu. Það hefur verið reynt að koma málum svo fyrir að segja sem svo að stjórnarandstæðingarnir og Öryrkjabandalagið væru að berjast fyrir einhvers konar sérstakan hóp öryrkja sem hefði nóg að bíta og brenna, hina ríku öryrkja og vegna þess að við hefðum þá í fyrirrúmi, værum við ekki að berjast fyrir hagsmunum hinna, þ.e. hinna verst settu. Og aftur og aftur hefur það komið fram í umræðunni sem eins konar dulbúin hótun að ef þetta næði fram að ganga, ef það næði fram að ganga að fullnægja dómi Hæstaréttar með þeim hætti sem við höfum talið rétt, þá yrði það til þess að ekkert yrði aflögu handa hinum verst settu. Þannig hefur stjórnarliðið reynt að gera tvennt, annars vegar að setja forustu Öryrkjabandalagsins og hins vegar okkur í stjórnarandstöðunni upp sem einhverja sérstaka óvini þeirra sem eru verst settir.

Herra forseti. Ég vísa þessum málflutningi algerlega á bug og ég hlýt að fordæma það viðhorf sem liggur á bak við málflutning af þessu tagi. Það viðhorf er skammarlegt, herra forseti. Og ég vona að hv. þingmenn stjórnarliðsins stökkvi ekki upp á nef sér og komi hingað með lexíur um það hvernig menn eigi tala og haga sér þó að ég segi þetta. Þessi umræða er tilfinningahlaðin og ástæðan fyrir því að okkur í stjórnarandstöðunni rennur í skap yfir skilningsleysi stjórnarliðsins er auðvitað sú að hér er verið að vega að rótum kjarahóps sem á einna erfiðast í samfélaginu. En það segir ákaflega mikið um samstöðu öryrkja og skilning þeirra á málinu að þeir hafa ekki látið etja sér saman. Og það er gott og það er notalegt, jafnvel fallegt að sjá hina órofa samstöðu sem er að finna í hópi öryrkja. Hins vegar, herra forseti, hafa hv. þm. stjórnarliðsins með tali sínu að sjálfsögðu vakið væntingar í hópi þessara verst settu öryrkja.

Herra forseti. Gervöll stjórnarandstaðan, Frjálslyndi flokkurinn, vinstri grænir og Samfylkingin, hefur á undanförnum mánuðum lagt fram tillögur sem miða einmitt að því að bæta hag verst settu öryrkjanna. Ég læt mér nægja að minna á þingmál sem Samfylkingin flutti um sérstaka afkomutryggingu fyrir aldraða og fyrir öryrkja þar sem lögð var sérstök áhersla á að bæta hag ungra öryrkja. Hvað var gert við þær tillögur sem við lögðum fram í tengslum við þessa tillögu í sambandi við fjárlögin? Þær voru stráfelldar. Og menn sem telja sig jafnvel hafa hjartað á réttum stað og hafa það vafalaust, eins og hæstv. landbrh. sem alltaf hefur staðið með lítilmagnanum, létu sig hafa það að stráfella þessar tillögur. Svo kemur þetta fólk hér og talar um að við í stjórnarandstöðunni séum með málflutning sem miðar að því að skáka til hliðar þeim verst settu. Við höfum engar tillögur flutt varðandi málefni öryrkja nema tillögur sem miða fyrst og fremst að því að bæta hag verst settu öryrkjanna.

Sá málflutningur sem við höfum haft uppi hér og hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa túlkað þannig að við séum með honum að vega að kjörum hinna verst settu, þær skoðanir okkar byggjast á því mati okkar og þeirri bjargföstu sannfæringu að í dómi Hæstaréttar felist að það eigi að láta öryrkja fá óskerta tekjutryggingu, tekjutryggingu sem skerðist ekki vegna tekna maka. Við teljum og erum þeirrar skoðunar og höfum lagt fyrir því rök hér síðustu sólarhringana að þetta byggist á ákaflega skýrum dómi Hæstaréttar sem beitir fyrir sig mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar í fyrsta lagi, í öðru lagi alþjóðlegum samningum sem við höfum orðið aðilar að og í þriðja lagi breyttri og nýrri löggjöf um jafna stöðu kynjanna.

Herra forseti. Það var alveg rétt sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði hérna áðan að menn voru annarrar skoðunar fyrr á öldinni. Það er hárrétt hjá hv. þm. (Gripið fram í.) Á 19. öldinni og líka á fyrri parti síðustu aldar sem nýlega er liðin. En það breytist allt. Viðhorf okkar til jafnréttis kynjanna hafa breyst og sú viðhorfsbreyting hefur fundið sér farveg inn í löggjöfina, m.a. með stuðningi og atbeina hæstv. utanrrh. og alls hans flokks sem hefur síðustu 15 árin lagt ríka áherslu á að bæta stöðu kvenna. Og það er nákvæmlega það sem gerist með þessum dómi. Ég lít svo á, herra forseti, að í þessum dómi felist sögulegur áfangi í jafnréttisbaráttu kvenna og lái mér svo hver sem vill. Það er verið að líta á einstaklinginn þannig að hann hafi tiltekinn lágmarksrétt sem ekki er hægt að skerða.

Og það kemur fram með ákaflega skýrum hætti, finnst mér, hér í dómsorði Hæstaréttar og forsendum dómsorðsins að þarna er um að ræða rétt eins og þann sem við erum að tala um núna, réttinn til atvinnuleysistrygginga, til sjúkratrygginga, til slysatrygginga og fæðingarorlofs. En þar kemur jafnframt fram að heimilt er að beita tekjutengingum og beita hugtakinu fjölskyldutekjur, heimilistekjur, á annars konar bætur sem menn fá í krafti laga, í krafti annarra laga, t.d. laga um félagslega aðstoð. Ég nefni sem dæmi þær tvær tegundir uppbóta sem ég hef hér nefnt og eru ekki veittar í krafti almannatryggingalaganna. Þetta er alveg kristaltært, herra forseti.

Ég segi að eitt af því sem þessi umræða hefur skilað eru loforð stjórnarliðsins um að áður en þessi vetur er úti muni þeir hafa fært hingað inn á þing löggjöf þar sem verulega er tekið á málefnum hinna verst settu. Ég fagna því. Og ég segi við hæstv. utanrrh.: Hafðu heila þökk fyrir þennan skilning. Hafðu heila þökk fyrir þær væntingar sem ráðherrann og aðrir í stjórnarliðinu hafa vakið hjá hinum verst settu öryrkjum. Og það skal svo sannarlega ekki standa á okkur í stjórnarandstöðunni að vera vakandi og sofandi við að minna stjórnarliða á þessi áform og yfirlýsingar og leggja allt af mörkum sem við getum til þess að þetta geti orðið að veruleika, herra forseti.

Ég minni á að hluti þeirra tillagna sem við lögðum hér fram fyrir jólin var líka um hvernig ætti að afla þessara tekna. En mér finnst a.m.k. að þessi umræða hafi skilað því

að komin er breið samstaða á Alþingi Íslendinga um að nú sé kominn tími til þess að taka verulega á í kjaramálum öryrkja. Það þarf að hækka grunnlífeyrinn og það þarf að bæta kjörin með öðrum hætti og það þarf sérstaklega að taka á málefnum ungra öryrkja. Við erum svo sannarlega reiðubúin til samstarfs um þetta við Framsfl., við Sjálfstfl., við hvern sem er. Þetta er einna efst á forgangslista allrar stjórnarandstöðunnar. Og það hefur ekki gengið hnífurinn á milli stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Ég get ekki skilið yfirlýsingar hv. stjórnarliða öðruvísi en að þeir séu sömu skoðunar. En vei þeim ef þeir svíkja þau loforð og þær væntingar sem þeir hafa vakið. Vei þeim ef þær væntingar hafa bara byggst á viðleitni til þess að etja saman mismunandi hópum öryrkja. Vei þeim ef þeir standa ekki við stóru orðin.

Ég hef sagt það og við í stjórnarandstöðunni að dómsorðið er ákaflega skýrt. Og það er þannig, herra forseti, að þegar menn höfðu það í höndunum til að byrja með þá var það skýrt fyrir öllum. Hér hafa verið rifjuð upp ummæli og setningar eftir ýmsum aðilum í samfélaginu sem hafa skilið þetta nákvæmlega sama skilningi og stjórnarandstaðan. Ég rifja það upp, herra forseti, að það var Jón Steinar Gunnlaugsson sem sagði í sjónvarpsþætti að hann væri lögfræðilega ósammála niðurstöðunni. Herra forseti. Hvernig í ósköpunum getur viðkomandi lögfræðingur verið ósammála niðurstöðunni lögfræðilega ef niðurstaðan að lokum er sú sem hann sagði sjálfur að væri hin rétta? Það er ein skýring til á því. Hann hefur breytt um skoðun frá því hann sagði þessi orð fyrst. Sá ágæti lögmaður hefur reyndar víðar verið með yfirlýsingar sem er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að þegar hann var í sjokkinu eftir dóminn fyrstu dagana þá sagði hann hug sinn. Hann sagði t.d. í helgarblaði Dags, með leyfi forseta:

„En það getur ekki verið hlutverk dómstóla að ákveða að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt við þennan dóm, dómstóllinn var að þessu leyti að taka sér vald sem hann á ekki að hafa."

Það liggur alveg kristaltært fyrir í þessum orðum hvað helsti hugmyndasmiður ríkisstjórnarinnar á þessu sviði var þarna að segja. Hann var að segja að dómstóllinn hafi ákveðið að ekki eigi að miða svona styrki við tekjur maka. Það er alveg klárt hvað hann áleit þá að væri niðurstaða dómsins.

Það sama, herra forseti, kom fram í leiðara Morgunblaðsins sem hér hefur verið lesinn. Menn skulu athuga það að Morgunblaðið er stofnun í samfélaginu sem leggur ríka áherslu á að tekjutengingin sé viðhöfð innan almannatryggingakerfisins, eins og þar sagði einhvers staðar, svo ég rifji nú upp eftir slæmu minni, að tekjutengingar leiði til þess að hægt sé að hjálpa þeim verst settu á sem hagkvæmastan máta. Það er ekki heimskuleg niðurstaða. Þetta hefur verið rauður þráður í skrifum Morgunblaðsins.

En Morgunblaðið var algjörlega klárt á því hvað fólst í niðurstöðu dómsins. Þar segir í leiðara 24. desember, með leyfi forseta:

„Af þessu er ljóst, að það er 65. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningar sem ráða þeirri skoðun meiri hluta Hæstaréttar, að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja, hverjar svo sem tekjur maka hans eru."

Svona var skilningur allra.

Herra forseti. Eitt af því sem við höfum kannski ekki gert nægilega mikið af hér í stjórnarandstöðunni er að rifja upp minnihlutaálitið. Það er nefnilega ákafalega merkilegt, þ.e. sératkvæði Garðars Gíslasonar og Péturs Kr. Hafsteins. Það kemur fram í því að þeir eru sammála stórum hluta af atkvæði annarra dómenda en þeir gera sterkan ágreining við tiltekin atriði. Og hvaða atriði eru það? Herra forseti. Það er það sem segir í niðurlagi sérálitsins, að Tryggingastofnun hafi mátt skerða tekjutrygginguna frá 1. janúar 1999 eftir að heimild til þess hafði verið leidd í almannatryggingalög með lögum nr. 149/1998. Það er því alveg klárt að þeir eru andstæðir áliti meiri hluta Hæstaréttar vegna þess að þeir telja að það hafi verið í lagi að skerða tekjutrygginguna. Er þá hægt annað en að gagnálykta að sá sem þeir eru að mótmæla hafi talið að það væri ekki í lagi? Þetta liggur alveg skýrt fyrir.

Herra forseti. Tímans vegna ætla ég ekki að rekja þetta frekar í þessu séráliti en það er hægt að tína til hérna fimm sterkar yrðingar þar sem þeir eru alls staðar að mótmæla gagnályktun í áliti meiri hlutans. Ég get sagt það, herra forseti, að þetta sérálit er ein samfelld yfirlýsing um það að við í stjórnarandstöðunni höfum skilið dóminn rétt, vegna þess að við skiljum hann sama skilningi og minni hlutinn. Og hverjir eru í bestri aðstöðu til þess að vita hvað meiri hluti Hæstaréttar var að meina aðrir en þeir sem áttu í daglegri rökræðu vikum saman um dóminn? Þetta eru sterkustu vitni sem hægt er að leiða fram um að hinn upphaflegi skilningur Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem kom fram í Degi og Kastljósi, skilningur stjórnarandstöðunnar í dag og skilningur forustu Öryrkjabandalagsins er hinn rétti. Það er ekki hægt að velta vöngum yfir þessu, herra forseti.

Áður en ég hætti, herra forseti, verð ég að geta þess að mér hugnast ekki vinnubrögðin við gerð skýrslu starfshópsins. Þegar maður les skýrslu starfshópsins án þess að hafa til hliðar dómsorðið virðist hún byggjast á rökrænni heild. Þegar maður samles þetta þá kemur hins vegar í ljós að það er verið að beita blekkingum í skýrslu starfshópsins sem mér finnst stappa nærri fölsun. Ég veit að þetta eru stór orð, herra forseti, en stundum er sagt að hálfsannleikur sé lygi. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé lygi að finna í skýrslu starfshópsins.

En, herra forseti, á hverju hvílir allur málflutningur starfshópsins? Hann hvílir á þeirri fullyrðingu og staðhæfingu úr dómsorðinu að í lagi sé að taka tillit til þess að einstaklingar séu í sambúð, svo fremi að það sé gert með málefnalegum hætti. Síðan leiða þeir af þessu að í lagi sé að taka tillit til tekna makans við skerðingu tekjutryggingar svo fremi sem það sé ekki gert með þeim hætti sem var í gildi áður.

Herra forseti. Hvað er það sem þeir segja ekki? Hvað gleyma þeir að geta um? Þeir gleyma að geta þess sem fram kemur áður en kemur að þessari setningu, sem hljóðar svo:

„Talið hefur verið að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn. Getur það því átt við málefnaleg rök að styðjast að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki."

Þetta er önnur af meginröksemdum í skýrslu starfshópsins. Eins og ég hef áður sagt í þessari ræðu og allir í þessum sal vita þá er þegar tekið tillit til þessa hagræðis með því að öryrki sem fer í sambúð missir heimilisuppbót og hina sérstöku heimilisuppbót. En hverju sleppa þeir í skýrslu sinni? Það er setningin á undan. Setningin á undan hljóðar svo, herra forseti:

„Tekjur maka skipta ekki máli við greiðslu til dæmis slysatrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og fæðingarstyrks."

Þeir taka heldur ekki setninguna þar á undan, á undan þeirri sem er annar af tveimur hornsteinum skýrslunnar hjá þeim. Hún er svohljóðandi:

„Verður að telja það aðalreglu íslensks réttar að réttur einstaklinga til greiðslna úr opinberum sjóðum skuli vera án tillits til tekna maka."

Þetta liggur skýrt fyrir þegar maður les þetta. Þetta er enn skýrara þegar maður les síðan sérálit minni hlutans. Það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri sem Jón Steinar komst að á fyrstu dögunum eftir dóminn.

Ég velti fyrir mér, herra forseti, spurningu sem ég hef ekki getað svarað og enginn hefur getað svarað. Hvers vegna lagði stjórnarliðið í þessa sjóferð? Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn fóru í að kroppa 8 þús. kr. af tekjutryggingu sérhvers öryrkja í þessum hópi? Hæstv. utanrrh. sagði í sjónvarpsþætti með mér að málið varðaði 700 manns. Þá er auðvelt að reikna út, miðað við að þetta er fólk með góðar tekjur og borgar skatta eins og fram hefur komið margoft í máli stjórnarliða, að á hverjum mánuði þá yrði kostnaðurinn við að hafa ekki 43 þús. heldur 51 þús. sennilega í kringum 3,5 millj.

Til hvers fara menn í þessa sjóferð? Mér er það algjörlega hulin ráðgáta, herra forseti. Er það vegna þess að það eru krytur millum ríkisstjórnarinnar og forustu Öryrkjabandalagsins? Mér hefur stundum komið það til hugar en ég ætla ekki að fullyrða það. Það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ... (**Utanrrh.:** Hvað eru sjö sinnum sjö?) — 49 — og hv. þm. Steingrímur J. Sigússon sögðu hérna áðan um framkomu ríkisstjórnarinnar gagnvart Öryrkjabandalaginu, ég er sammála því öllu.

Hvað er það sem fólki svíður í þessu máli? Því svíður að hópur sem hefur átt undir högg að sækja hefur leitað með kurt og pí á náðir ríkisstjórnarinnar og óskað eftir að fá leiðréttingu sinna mála en verið hrakinn út í málssókn. Þegar málið hefur unnist þá geta þessir herrar ekki tekið ósigrinum heldur búa til sinn eigin hæstarétt. Ekki nóg með það, þeir útiloka alla aðila frá þeim sem sigruðu og hvern setja þeir yfir, herra forseti? Þeir setja þann mann sem nánast einn úr lögfræðingastóði ríkisstjórnarinnar hafði lýst yfir skoðun sinni. Þeir vissu með öðrum orðum þegar þeir settu hópinn hver niðurstaðan yrði. Fólki svíður að sjá þessa meðferð, herra forseti, og sérstaklega að nú að þessu loknu þá komi hv. þm. stjórnarliðsins og segi af dæmalausum hroka: Kærið okkur bara aftur.

Hvers konar framkoma er þetta, herra forseti?

[21:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór mikinn hér í ræðustól og talaði um að engar nýjar hugmyndir hefðu komið frá meiri hlutanum og umræðan væri tilfinningahlaðin. Mér fannst tilfinningarnar hjá hv. þm. vera miklar og út af fyrir sig er ekkert skrýtið við það. Stjórnarandstaðan segist hafa komist að þeirri niðurstöðu að brotið sé gegn stjórnarskránni og mannréttindum með því að gera þetta frv. hér að lögum. Minni hlutinn kemur hér með dæmi um að ívilnandi ákvæði í þessu frv. séu íþyngjandi og nýtt réttarástand verði til, eins og fram kemur á bls. 8. Virtir lögfræðingar úti í bæ skilji í raun ekki meininguna í þessu, finnst þetta einhver golfranska sem í raun sé ekki til í lagamáli og þess vegna ekki hægt að nota hana til að komast að þeirri niðurstöðu að verið sé að brjóta stjórnarskrána, sem er mjög alvarleg ásökun.

Mjög virtir lögmenn eins og Sigurður Líndal prófessor, einn af helstu mentorum okkar í lögfræði, hefur í viðtölum við heilbr.- og trn. staðfest að það sé ekki verið að brjóta stjórnarskrána og ekki brotin mannréttindi á öryrkjum með þessu frv.

Mér finnst með ólíkindum hvernig stjórnarandstaðan hefur látið í þessu máli og einnig að Samfylkingin hafi ákveðið að þrýsta á forseta Íslands um að hann undirriti ekki þessi lög. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) Ég er að velta því fyrir mér: Í hvaða fasa er þessi umræða hjá Samfylkingunni þegar á að fara að blanda forseta Íslands inn í málið? Er það örvæntingin eða hvað rekur forustumenn Samfylkingarinnar til að koma með það inn í umræðuna að nú sé ástæða til að forseti Íslands neiti að undirrita lögin?

[21:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvar örvæntingin er mest í kvöld, í liði Sjálfstfl. eða Framsfl. Ég veit að hún er mikil stjórnarmegin. Það er rangt hjá hv. þm. að Samfylkingin eða aðrir stjórnmálaflokkar hafi þrýst á forseta Íslands um að undirrita ekki þessi lög. Forseti Íslands er fullfær um það sjálfur að ákveða hvað hann gerir.

Það er líka rangt sem mér heyrist annaðhvort koma frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni eða einhvers staðar utan úr salnum að varaformaður Samfylkingarinnar hafi haldið slíku fram. Hið rétta í því máli er að það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði í samtali við Dag var mistúlkað í undirfyrirsögn. Það sem þar stóð var ekki í samræmi við það sem stóð í textanum sjálfum.

Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að hér stendur þingmaður sem hefur tilfinningar. Mér hefur stundum verið misboðið í þessari umræðu, t.d. þegar hv. þm. stjórnarliðsins hafa talið það bera vott um sérstaklega slæmt innræti okkar í stjórnarandstöðunni að halda því fram að hér sé brotið gegn stjórnarskránni. Hér koma menn veifandi öllum öngum og segja: Sjáið nú þetta lið sem heldur því fram að við séum vísvitandi að brjóta stjórnarskrána. Það kom fram í einu frammíkalli sem mátti túlka þannig hér á dögunum en að öðru leyti er slíkt ekki að finna í málflutningi okkar. Hins vegar höfum við hér bjargfasta sannfæringu í þessu máli. Hér hefur komið fram að skoðanir stjórnarliða eru aðrar en ekki hef ég nú fundið sannfæringuna. Það þýðir ekki fyrir menn að halda því fram að við stöndum í þessum málflutningi vegna þess að við séum sérstaklega illa innrætt.

Mér svíður að sjá hvernig farið er með þennan hóp öryrkja. Mér svíður líka sem þingmanni að sjá liggjandi fyrir frv. þar sem farin er leið sem einn af þeim lögspekingum sem hv. þm. stjórnarliðsins höfðu samráð við hefur sagt að feli í sér meiri hættu á því að mannréttindi séu aftur brotin en sú leið sem við erum að tala um. Hv. þm. stjórnarliðsins eru hér í háskaleik. Þeir eru enn að koma sér í stöðu þar sem þeir gætu verið að brjóta stjórnarskrána.

[21:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í áliti minni hlutans á bls. 8 stendur, með leyfi forseta:

„Í samræmi við þetta mótmælir minni hlutinn því harkalega að ætlunin sé að skerða bætur til örorkulífeyrisþega í hjúskap aftur í tímann, enda standist það ekki ákvæði stjórnarskrárinnar."

Það er fullyrt hér að þetta standist ekki. Hv. þm. var ekki að segja það. Hann sagði að það gæti hugsanlega ekki staðist.

Það er mikill munur á því. Stjórnarandstaðan fullyrðir hér að verið sé að brjóta stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Virtustu lögmenn sem hafa fjallað um þetta frv., hafa komið á fund heilbr.- og trn., hafa opinberlega staðfest að þeirra skilningur sé sá að hér sé ekki verið að brjóta stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Það er ótrúleg misnotkun á orðunum finnst mér, herra forseti, þegar minni hlutinn tuðar sífellt um að við séum vísvitandi að brjóta stjórnarskrána. Mér finnst þetta alvarleg ásökun þegar meiri hlutinn er hér með stóran hóp af virtum mönnum sem segja að þetta sé alls ekki brot á stjórnarskránni og alls ekki brot á mannréttindum, að þá skuli hv. þm. koma með slíkar ásakanir. Mér finnst það með ólíkindum.

Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að heyra formann Samfylkingarinnar segja að það sé ekkert að marka það sem varaformaður Samfylkingarinnar segir. Það er athyglisvert.

[21:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm., af því að hann vísar hér í lögspekinga sinnar sveitar — ég vil nú ekki kalla það stormsveit — ætti að bera saman t.d. hvað Eiríkur Tómasson sagði um þetta í hv. heilbr.- og trn. og hins vegar það sem sagt er í skýrslu starfshópsins. Þar er nokkur merkingarmunur. Það sem Eiríkur Tómasson sagði á fundi nefndarinnar er haft eftir honum hér í minnihlutaálitinu, borið undir hann og staðfest.

Herra forseti. Að öðru leyti liggur fyrir að við höfum fært rök fyrir því, ákaflega sterk rök sem mér finnst að hv. þm. stjórnarliðsins hafi ekki tekist að hrekja, að dómur Hæstaréttar sé ákaflega skýr. Í dómsorðið sjálft er tekin orðrétt upp kröfugerð Öryrkjabandalagsins og af því má ljóst vera að með því er verið að viðurkenna að sú krafa sem sett er fram af hálfu Öryrkjabandalagsins standist. Hver var krafan? Að tekjur maka skerði að engu leyti tekjutryggingu öryrkjans.

Lái mér svo hver sem vill þó ég komi hingað upp og segi: Hæstiréttur hefur sagt að það megi ekki nota tekjur maka til þess að skerða tekjutryggingu öryrkja. Í frv. stjórnarliðsins er áfram viðhöfð þessi aðferð. Ég dreg því þá ályktun að þar sé verið að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég get ekki annað en sagt að þeir sem eru að gera það eru hv. þm. stjórnarliðsins. Ekki svo að þeir séu óvanir slíku, herra forseti. Það er ekki nema mánuður síðan þessir menn fengu myllustein dóms um háls sér. Þeir voru varaðir við því, ekki bara af stjórnarandstöðunni heldur líka af mannréttindalögfræðingum, árið 1998.

[21:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur lýst hér yfir í nokkuð löngu máli bjargfastri sannfæringu sinni um þýðingu þessa dóms. Nú er það svo að menn hafa sína bjargföstu sannfæringu um að eitthvað sé á einn veg. Þá hljóta að vakna hjá mér spurningar. Þær eru þessar:

Ef það er bjargföst sannfæring hans að þessi dómur sé eins og hann lýsir, að það sé bannað að tekjutengja við tekjur maka, það sé brot á stjórnarskrá og mannréttindum og ég veit ekki hvað og hvað, hvað í greiningu Sigurðar Líndal prófessors á þessum dómi er rangt? Hvað er rangt í greiningu Eiríks Tómassonar prófessors á þessum dómi? Hvað er rangt í greiningu Skúla Magnússonar lektors á þessum dómi?

Ég hlýt að spyrja að þessu til að reyna að átta mig á því um hvað er talað og hvernig stendur á því að við liggjum undir þessum ásökunum.

[22:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki staddur í nefndinni þegar þeir vísu menn sem hv. þm. nefndi komu til fundar við hana. Sitthvað hef ég séð eftir sumum þessara manna í nál., bæði meiri hluta og minni hluta. Hvað varðar t.d. lögspekinginn Eirík Tómasson blasir það við að sá ágæti prófessor sagði, ekki bara við heilbr.- og trn., heldur við þjóðina alla á næstsíðasta degi liðinnar aldar, að ljóst væri af dómi Hæstaréttar að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu öryrkja með tekjum maka. Hann sagði að þetta væri bindandi fyrir ríkisstjórnina. Þetta hefur lagaprófessorinn ekki borið til baka gagnvart þeim áheyrendahópi sem á þetta hlýddu og þangað til hann gerir það hlýt ég að vera þeirrar skoðunar að hann hafi meint það sem hann sagði.

Herra forseti. Ég er náttúrlega ekki alveg klár á því sem Sigurður Líndal sagði en ég er hins vegar klár á sannfæringu minni. Ég hef farið ofan í þennan dóm. Er það þannig, herra forseti, að menn þurfi helst að vera með lögfræðipróf til þess að vera gjaldgengir í þessari umræðu eins og stundum hefur örlað á í þessari umræðu? Ég hef það litla vit sem mér var gefið af guði og ég hef reynt að beita því. Ég hef legið í þessum dómi, ég hef legið í sérálitinu, ég hef legið í ummælum manna. Það liggur fyrir að á fyrstu dögunum eftir að dómurinn kom fram var umræddur lagaprófessor á þessari skoðun, þá var meira að segja Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður líka á þessari skoðun eins og ég hef rakið hér.

[22:02]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að þingnefndin fékk vitnisburð þriggja kennara í lögfræðideild háskólans. (Gripið fram í.) Það liggur líka fyrir að þingnefndin fékk vitnisburð frá Guðrúnu Gauksdóttur og Oddnýju Mjöll Arnardóttur, sem eru báðar í doktorsnámi í mannréttindafræðum, sem voru nákvæmlega sömu skoðunar og þessir þrír háskólakennarar. Þegar við liggjum undir þeim miklu ásökunum hér stjórnarliðið, að við séum að brjóta mannréttindi, að við séum að brjóta hér stjórnarskrána o.s.frv. hlýtur það að vera krafa að við fáum að vita hvað það er sem er rangt í greiningu þessara prófessora og þessa fólks á dómnum. Við höfum vitnisburð frá þeim um það að það sé hvorki mannréttindabrot, brot á stjórnarskránni né á neinn hátt verið að ganga á snið við dóm Hæstaréttar. Heldur alveg öfugt. Við höfum vitnisburð þeirra fyrir því að það sé alls ekki verið að gera það, heldur sé verið að fullnusta dóm Hæstaréttar. Við hljótum að bera upp þá kröfu: Hvað er rangt í greiningu þeirra á dómnum? Fái ég ekki svar við því núna held ég áfram að spyrja. Vonandi getur einhver svarað þessu.

[22:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. minni hlutans segir í lokin, með leyfi forseta: „Ummæli sem höfð eru eftir gestum í nefndaráliti þessu hafa verið borin undir þá og hafa þeir staðfest að ummælin séu rétt eftir höfð." Það eru tiltekin ummæli sem eru höfð eftir þeim mönnum sem hv. þm. hefur vísað til af miklum þunga og spurt: Hvað er rangt í greiningu þeirra?

Skyldi það t.d. vera rangt í greiningu þeirra, herra forseti, að það var sameiginlegur skilningur Eiríks Tómassonar, Sigurðar Líndals og Skúla Magnússonar að við skýringu á dómi

vegur þungt ef kröfugerð annars aðila er tekin beint upp í dómsorð? Undir þetta tóku fleiri lögfræðingar sem komu til fundar við nefndina. Þetta var borið undir mennina sem mæltu tvímælalaust með því að túlka dóminn á þann veg sem stjórnarandstaðan gerir. Er eitthvað óskýrt í þessu, herra forseti?

Eiríkur Tómasson hefur komið dálítið til umræðu. Mætur maður og hefur góðar skoðanir á mörgu. Eiríkur Tómasson sagði aðspurður að í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar væri ekki mikið fjallað um þetta atriði, þ.e. að kröfugerð annars aðilans væri tekin beint upp í dómsorðið og hvers vegna það hefði ekki leitt til annarrar niðurstöðu þegar valið er á milli þeirra tveggja skýringarkosta sem eru uppi. Svo var Eiríkur spurður að því hvort sú leið sem ríkisstjórnin færi leiddi til þess að stjórnin væri að taka áhættu vegna ásakana um mannréttindabrot. Eiríkur Tómasson svaraði því til fyrir nefndinni að svo væri vegna þess að ekki væri hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hver yrði niðurstaða dómstóla ef málið yrði borið undir þá að nýju. Dugar þetta fyrir hv. þm., herra forseti? Skilur hann nú hvar sannleikurinn liggur? Eða þarf hann að vera eins og Sál, þarf hann að fara til Damaskus til þess að verða lostinn eldingu skilningsins? (**EOK:** Ég kem aftur upp.)

[22:06]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er athyglisverður ágreiningur uppi um það hvort staðhæfingar í áliti meiri hluta og minni hluta fái staðist um það sem sagt var á fundi nefndarinnar. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur beðið stjórnarandstöðuna að skýra þetta, sérstaklega hv. formann Samf., og hefur ekki fengið fullnægjandi skýringar á þessu. Ég held að ég verði að segja eins og er að ég treysti mér til að skýra þennan ágreining og á þann hátt að bæði nefndarálitin, bæði álit meiri hluta og minni hluta, vitni rétt í gesti nefndarinnar, fari rétt með þar sem þeir eru að vitna í það sem segir í nefndinni. Enda hafa þeir staðfest þetta í báðum tilfellum og mikilsvert að menn komist að einhverri niðurstöðu í því máli um hvað sá ágreiningur fjallar sem hér hefur birst.

Mér er nauðsynlegt í þessu að vitna aðeins í nefndarálitin tvö og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstutta tilvitnun í nefndarálit meiri hlutans, en þar stendur svo:

„Í máli Eiríks Tómassonar kom fram að það væri meginregla að túlka bæri viðurkenningardóma sem kveðu á um valdmörk löggjafarvaldsins þröngt sem felur í sér að nota eigi þá skýringarleið sem hefur minnstar skerðingar á valdheimildum löggjafans í för með sér. Í þessu tilviki sé því réttast að túlka dóminn þannig að hann feli ekki í sér algert bann við tekjutengingu tekjutryggingar við tekjur maka, enda gefur dómurinn ekki skýrt til kynna að svo sé."

Þetta er borið undir þennan ágæta lögspeking og hann segir að þetta sé rétt. Þetta felur að sjálfsögðu í sér að það er ekki niðurstaða dómsins að fortakslaust sé bannað að skerða tekjutengingu vegna tekna maka. Það er alveg ljóst. Það þýðir jafnframt að frv. sem lagt er fram, en það felur einmitt í sér að þessar tekjutryggingar eru tekjutengdar, er ekki að þessu leyti neitt brot á stjórnarskránni enda var Eiríkur Tómasson spurður að því sérstaklega. Það er gott að hv. formaður Samf. er að hlusta á þessar umræður vegna þess að ég treysti mér til að skýra þetta. Lögfræðingurinn Eiríkur Tómasson var beinlínis spurður að því, eins og allir þessir þrír lögspekingar, hvort hann teldi að í framlagningu frv. væri fólgið brot á stjórnarskránni. Hann sagði að svo væri ekki.

Hvernig rímar þetta við þá tilvitnun sem er í áliti minni hlutans í þennan ágæta lögfræðing, Eirík Tómasson? Þar kemst sá ágæti lögfræðingur, Eiríkur Tómasson, að þeirri niðurstöðu, og hér vitna ég í þetta orðrétt:

„Aðspurður hvort með leið ríkisstjórnarinnar væri hún að taka áhættu vegna ásakana um mannréttindabrot svaraði Eiríkur Tómasson því til fyrir nefndinni að svo væri vegna þess að ekki væri hægt að fullyrða með óyggjandi hætti hver yrði niðurstaða dómstóla ef málið yrði borið undir þá að nýju, en það væri hins vegar pólitískt mat hvort slík áhætta yrði tekin."

Hvernig rímar þetta við fyrri ummæli? Það rímar að því tilliti að Eiríkur Tómasson er þeirrar skoðunar að niðurstaða Hæstaréttar hafi verið fólgin í því að lágmarkið sem gildandi lög segja nú til um hafi verið dæmt of lágt. Sú leið sem ríkisstjórnin fer er að setja nýtt lágmark. Þá kemst hinn ágæti lögfræðingur að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að meiri áhætta sé fólgin í því að setja lágmark en að setja ekkert lágmark og sætta sig við 51 þús. kr. Í þessu er ágreiningurinn fólginn. Rétt er haft eftir hinum ágæta lögfræðingi í báðum nefndarálitum og um þetta á ekki að þurfa að vera þessi ágreiningur.

Reyndar er athyglisvert að ekki er algengt í nefndarálitum sem þessum að höfð séu bein ummæli eftir gestum nefndarinnar en það er gert í þessum tilvikum í báðum nefndarálitunum og það er borið undir viðkomandi lögfræðinga og þeir samþykkja þau. Ég held að fullkomlega eðlilega sé staðið að þessu í báðum nefndarálitum og ég vona að ég hafi að einhverju leyti skýrt þennan misskilning sem hér hefur verið í gangi í umræðunni í þingsalnum. En það er að sjálfsögðu talsvert mikils virði að reyna að eyða misskilningi þegar það er hægt á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og er ánægjulegt ef það tekst og veit ég þó ekki hvort það hefur tekist með þessari tilraun minni.

Ég vil einnig koma að öðru atriði og ég hefði óskað eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson yrði viðstaddur þegar ég fer yfir það. En þar vék hann að því í ræðu sinni fyrir skömmu hvernig hann skildi niðurstöðu minni hluta Hæstaréttar. En ég tel að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi einmitt misskilið ágreininginn sem er á milli minni hluta og meiri hluta Hæstaréttar um einmitt þetta atriði. Ég skal koma inn á það á eftir en það snertir einmitt sama misskilninginn og kom fram í umfjöllun um nefndarálitin. En ég treysti mér ekki til þess að fara í þetta fyrr en hv. þm. kýs að koma í þingsalinn og hlýða á þetta.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess.)

Ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir það.

Það sem mér finnst hafa komið fram mjög skýrt í umræðunni og þá ekki síst eftir að gestir heilbr.- og trn. höfðu flutt sitt mál, er sú niðurstaða að dómurinn er óljóst orðaður. Nokkrir gestir heilbr.- og trn. töldu reyndar að svo væri ekki og töldu niðurstöðuna skýra. Ljóst er að fjórmenningarnir töldu svo ekki vera enda hefur það komið fram í þingskjalinu sjálfu en það er líka alveg ljóst að þeir þrír lögfræðingar, Sigurður Líndal, Skúli Magnússon og Eiríkur Tómasson, tóku allir mjög skýrt fram að dómurinn væri óskýr. Þeir tóku einnig mjög skýrt fram, svo ég endurtaki það, að dómurinn væri með þeim hætti að ekki væri hægt að líta á hið framlagða frv. sem brot á stjórnarskránni.

Einn af þessum ágætu lögfræðingum sagði mjög skýrt að það væri frumskylda Hæstaréttar og dómstóla almennt að leysa úr ágreiningi en ekki að búa ágreininginn til. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði að það er frumskylda dómstóla að leysa úr ágreiningi en ekki að búa ágreining til. Þetta mál er með þeim hætti að úrskurður Hæstaréttar hefur skapað mikil átök á þjóðþinginu og í þjóðfélaginu öllu og það verður að harma að dómstóllinn standi ekki við það hlutverk sitt, frumskyldu sína að leysa úr ágreiningi fremur en að búa hann til.

Af því ég sé að hv. þm. Össur Skarphéðinsson heiðrar mig með nærveru sinni ætla ég að gera smáhlé á málflutningi mínum og víkja að því hvernig hann túlkar niðurstöðu minni hluta dómsins og segir að niðurstaða minni hluta dómsins sanni í raun og veru að meiri hluti dómsins hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka. Þetta stenst ekki nákvæma skoðun og skal ég nú víkja að því.

Í þessu máli eru meginálitaefnin tvö. Annars vegar er því haldið fram að niðurstaða dómsorðsins sé sú að lágmarkið sem er til umræðu, lágmarkið sem gildandi lög nú segja til um sé of lágt, það þurfi annað lágmark sem standist kröfur stjórnarskrárinnar. Þetta er önnur túlkunin. Hin túlkunin er sú að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að skerða. Minni hlutinn kemst mjög skýrt og skorinort að því að ekki sé ástæða að hagga því lágmarki sem lögin segi til um. Nú skal ég vitna í dóminn.

Þegar hann hefur komist að þeirri niðurstöðu í aðfaraorðum að það sé eðlilegt og málefnalegt að taka nokkurt mið af því við lagasetningu um aðstoð við öryrkja hvers stuðnings öryrki megi vænta af maka sínum — hann telur sem sagt að það sé fullkomlega heimilt að tengja tekjutrygginguna við tekjur maka — þá kemst hann hins vegar að niðurstöðu í þessu máli og niðurstaðan er svohljóðandi:

„Ekki eru efni til, að dómstólar haggi því mati," — og hvaða mat er það? Það er að sjálfsögðu mat laganna á lágmarkinu sem er skilmerkilega skilgreint, dómurinn kemst ekki að þeirri meginniðurstöðu að taka megi tillit til tekna maka þó að það sé líka niðurstaða hans heldur er meginniðurstaða hans sú að það mat á lágmarkinu sem felst í lögunum standist. Þar af leiðandi er ekki hægt fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að túlka niðurstöðu minni hlutans sem þeim hætti sem hann gerir nema þá að hann kjósi að líta fram hjá orðalagi dómsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ekki eru efni til, að dómstólar haggi því mati, enda hefur ekki verið sýnt fram á með haldbærum rökum, að staða öryrkja í hjúskap geti vegna tekna maka orðið á þann veg, að stjórnarskrárvarinn réttur þeirra til samhjálpar sé fyrir borð borinn."

Hann vill sem sagt ekki hagga því lágmarki sem lögin segja til um. Þetta er skilningurinn sem er nauðsynlegt að leggja í niðurstöðuna. Niðurstaðan er fólgin í tveimur efnisatriðum, annars vegar telur hann heimilt að skerða tekjur örorkulífeyrisþega, skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka, og hins vegar lætur hann standa eftir matið á lágmarkinu. Ekki þýðir fyrir hv. þm. að horfa fram hjá þessu.

Með öðrum orðum, hann kemst að þeirri niðurstöðu að matið standi og er ósammála meiri hlutanum um að matið sé of lágt. Ástæðulaust er að gera þetta mál flóknara en það er og reyna að lesa út úr þessum dómum annað en í þeim stendur þegar það er augljóst mál eins og í þessu tilfelli.

Ef menn fallast á það með lögspekingunum þremur að dómurinn sé óljós þá leita menn að túlkun á því hvað hann þýðir. Dómurinn skapar með óljósu orðalagi tómarúm og óhjákvæmilegt er að bregðast við þessu tómarúmi með lagasetningu. Þetta þýðir með öðrum orðum að það var ekki bara valkostur heldur skylda Alþingis að setja lög til að fylla upp í það tómarúm sem úrskurður Hæstaréttar skapaði.

Ég vil einnig leggja áherslu á að lögfræðingarnir þrír sem ég hef verið að vitna í voru sammála um að framlagning frv. fæli ekki í sér brot á stjórnarskrá. Ég hef orðið var við að smámisskilningur hefur verið í gangi. Stjórnarmeirihlutinn hefur hvergi haldið því fram að Hæstiréttur hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu að sá háttur sem hafður er á í 5. mgr. 17. gr. laganna stangaðist ekki á við stjórnarskrána. Það er augljóslega niðurstaða dómsins, ég vona að það sé ljóst, það er alveg kristalklárt og viðbrögðin við þessari niðurstöðu felast í því að við leggjum fram frv. En það er þar sem ágreiningurinn er, við föllumst ekki á að framlagning frv. sé brot á stjórnarskránni. Það er annað mál. En ég heyrði að menn blönduðu þessu áðan svolítið saman og vildi þess vegna taka þetta fram til skýringar.

En þremenningarnir töldu að jafnvel þótt orðalagið væri óljóst og mætti skilja það á tvö vegu — þeir tóku það fram að það mætti skilja þetta á tvo vegu, þessir þrír — þá væri eðlilegt að skilja úrskurð Hæstaréttar, eins og þeir orðuðu það, þröngt, þ.e. að ekki væri með þessum úrskurði lagst gegn tekjutengingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþeganna. Það mætti sem sagt skerða hana þó að það væri gert með þeim hætti í lögunum sem ekki væri við unað.

Meðal merkilegra atriða sem komu fram á fundi heilbr.- og trn., en þar komu mjög margir athyglisverðir hlutir fram sem fullkomin ástæða er til fyrir þingið að hugleiða rækilega, er vaxandi hlutverk dómstóla, ekki síst stjórnlagadómstóla, og var þá líka sérstaklega vitnað í Evrópudómstólinn í lagasetningu. Þetta er mjög athyglisvert mál og ekki nýtt af nálinni því að raunar hefur um fátt verið skrifað meira en afskipti dómstóla af lagasetningu á seinni árum. Ég býst við því að flestir minnist þess að þegar hæstiréttur Flóríða tók að sér að setja lög, setja reglur, var það dæmt ólöglegt af hæstarétti Bandaríkjanna. Hæstiréttur Bandaríkjanna komst að því og var einróma í niðurstöðu sinni að það væri brot á stjórnarskrá Bandaríkjanna að hæstiréttur Flóríða færi að setja lög og reglur.

Þegar vitnað er í Evrópudómstólinn því til sönnunar að dómstólar séu í auknum mæli að setja reglur má aldrei gleyma því að dómstólar eru að dæma um atburði sem orðnir eru. Þegar þeir leyfa sér að setja nýjar réttarreglur eru þeir að setja réttarreglur sem virka aftur á bak. Slíkt athæfi dómstóla er í hæsta máta vafasamt ef skoðaður er aðskilnaður dómsvalds og löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem er hornsteinn lýðræðisins samkvæmt þeim sáttmálum sem við erum aðilar að og samkvæmt skilgreiningu Evrópuráðsins en Evrópuráðið er í raun og veru vörður lýðræðisins í Evrópu og hefur sérstakan dómstól til að fjalla um slík mál.

Það er allathyglisvert ef menn vitna í afskipti Evrópudómstólsins af lagasetningu og telja að það sé vitnisburður um ný sjónarmið í lýðræðinu, að þetta sé til að styrkja lýðræðið. Það er nokkuð sérkennilegt vegna þess að innan Evrópusambandsins er samkomulag um að kalla þennan þátt dómstólsins í löggjafarstarfinu mjög sérstöku nafni. Þetta heitir hinn lýðræðislegi hallarekstur á Evrópusambandinu, hvorki meira né minna. Þetta er einn af mikilvægustu þátt-

unum í því sem kallað er hinn lýðræðislegi hallarekstur á Evrópusambandinu. Vil ég minna ákveðna þingmenn á að fara sér varlega í því ef þeir hafa í hyggju að taka mark á upplýsingum sem segja að afskipti Evrópudómstólsins af lagasetningu sé til marks um styrkleika lýðræðisins. Þvert á móti. Menn eru sammála um að þetta sé ein af svörtustu hliðunum á þessum hallarekstri lýðræðisins í Evrópusambandinu.

Menn viðurkenna að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að ráðherraráðið — en hvor tveggja stofnunin kemur að lagasetningu — brjóti reglur lýðræðisins og þá ekki síst dómstóllinn sjálfur því að dómstóllinn er skipaður mönnum sem eru ekki kosnir af þjóðum Evrópusambandsins og hafa ekki umboð til lagasetningar eins og það er skilgreint í mannréttindasáttmála Evrópu.

Ég geri ráð fyrir því að hvort sem menn eru á þessum stað hlynntir aðild að Evrópusambandinu eða andvígir aðild hafi menn sameiginlega áhyggjur af lýðræðislegum hallarekstri Evrópusambandsins því það hafa Evrópusambandsþjóðirnar sjálfar. Þær hafa þungar áhyggjur af þessu. Það vekur mikla undrun mína þegar það er fært fram sem rök fyrir framförum í lýðræðisþjóðskipulagi að dómstólar séu að taka sér vald sem þeir hafa ekki og er kallað framsækin lagasetning dómstóla. Ég held ég ætti að leyfa mér að ganga svo langt að segja að þetta hlutverk dómstóla, sem hefur farið vaxandi, kalli á umræðu og það gagnrýna umræðu og ég held að við hljótum að geta verið sammála um það að ekki fer vel á því í þessum þingsal að lýsa yfir sérstakri ást og aðdáun á því að Evrópudómstóllinn fari út fyrir hlutverk sitt.

Dómstólar leita að sjálfsögðu heimildar í lögum til túlkunar og fyrir kemur að þeir finna tómarúm í réttarfarinu og þá leita þeir heimilda í gildandi lögum til að fylla í það tómarúm. Ef dómstólarnir setja hins vegar nýjar reglur á öðrum grundvelli en grundvelli gildandi laga er verið að seilast inn á afar vafasaman vettvang. Verið er að seilast inn á það svið sem grunnreglur lýðræðisins ætla löggjafanum.

Ekki er góður svipur á því að löggjafarsamkundan sjálf sem Alþingi er skuli fagna slíkri þróun. Þegar við göngumst undir alþjóðlegar skuldbindingar hvílir sú skylda á herðum okkar að laga löggjöf okkar að slíkum skuldbindingum eftir því sem við skiljum þær. Við eigum ekki að taka því fagnandi að dómstólar séu að taka þetta vald í sínar hendur.

Deilan um það hvort heimilt sé samkvæmt dómi Hæstaréttar að tekjutengja tekjutryggingu örorkulífeyrisþega við tekjur maka er á margan hátt athyglisverð deila og merkileg og þá ekki síður sú niðurstaða réttarins að skylt sé að tryggja með lögum rétt sérhvers einstaklings til a.m.k. einhverrar lágmarksframfærslu án tillits til fjölskyldutekna en þannig verða menn að skilja dóminn. Er þessi niðurstaða Hæstaréttar, að ekki sé minnst á þá túlkun stjórnarandstöðunnar á dómnum að það sé beinlínis óheimilt að skerða tekjutrygginguna, í samræmi við alþjóðasamninga?

Í Morgunblaðinu sunnudaginn 21. janúar er allítarleg grein eftir Pál Þórhallsson, sem er lögfræðingur hjá Evrópuráðinu, en ég hef áður greint þingheimi frá því sem hann veit, að Evrópuráðið mótar, hefur mótað og fylgist með því að farið sé að reglum lýðræðisins, hefur eftirlit með meðlimaþjóðunum, gerir kröfur til þeirra, setur fram reglur sem þessar þjóðir þurfa að uppfylla. Þessi lögfræðingur fjallar nokkuð um þessi mál og er hófsamur í umfjöllun sinni og nokkuð rökfastur og ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna aðeins í grein hans. Hér segir:

„Ákvæðinu til fyllingar vísar Hæstiréttur til ýmissa alþjóðasamninga. Þau ákvæði alþjóðasamninga sem Hæstiréttur vitnar í (þ.e. einkum félagsmálasáttmála Evrópu og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi) eru flest mjög almennt orðuð og taka ekki nákvæmlega á álitaefninu um tekjutengingu bóta. Undantekningu er þó að finna í 67. gr. alþjóðavinnumálasamþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis. Þar er kveðið á um lágmarksbætur sem hlutfall af launum verkamanns. Einungis megi fara niður úr lágmarkinu þegar aðrar tekjur fjölskyldunnar fari fram úr fyrirfram ákveðnum verulegum fjárhæðum. Með öðrum orðum", segir lögfræðingurinn, „ aðrar tekjur fjölskyldunnar eiga ekki að byrja að hafa áhrif strax til lækkunar."

Ég ætla að bæta við annarri tilvitnun eftir þennan ágæta lögfræðing. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur hafnar Hæstiréttur þeim rökum héraðsdóms að gagnkvæm framfærsluskylda hjóna renni stoðum undir það fyrirkomulag að tengja bætur við tekjur maka. Bendir hann á að þetta eigi ekki við um ýmsar aðrar bætur og það sé aðalregla íslensks réttar að slík tekjutenging eigi sér ekki stað, samanber einnig jafnréttisákvæði laga og stjórnarskrár. Er einnig vitnað í 5. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um jafnrétti hjóna og segir Hæstiréttur felast í henni réttur einstaklinga til framfærslu fjölskyldu sinnar." — Og síðan segir lögfræðingurinn: — „Þetta síðastnefnda virðist reyndar vera nokkuð nýstárleg túlkun í þessu samhengi. Niðurstaða Hæstaréttar er því sú að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu." — Og lögfræðingurinn heldur áfram nokkuð neðar: — „Í bakgrunni, þótt ekki sé það beint orðað, virðist vera sú hugsun að það fái ekki samrýmst sjálfsvirðingu einstaklinga að þeir séu alfarið upp á maka sinn komnir fjárhagslega.

Þessi túlkun gengur lengra en alþjóðasamningar beinlínis mæla fyrir um." — Segir lögfræðingurinn og hann bætir við: — „Má benda á að það viðhorf er víða rótgróið að félagslega tryggingar- og aðstoðarkerfið hlaupi einungis undir bagga ef fjölskyldan af einhverjum ástæðum framfleytir ekki viðkomandi. Hæstiréttur er því fyrst og fremst að taka sjálfstæða afstöðu á grundvelli, skulum við segja, nútímaviðhorfa um stöðu fatlaðra, sjálfsvirðingar einstaklingsins og jafnréttis hjóna. En um leið teygir hann sig lengra við skýringu stjórnarskrárinnar en dæmi eru um."

Þetta segir hinn ágæti lögfræðingur Páll Þórhallsson í þessari grein. Og hann kemur enn að einu atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Loks, varðandi það atriði hvort dómurinn taki alveg fyrir tengingu örorkubóta við tekjur maka, má benda á að í 67. gr. alþjóðavinnumálasamþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis sem Hæstiréttur vitnar í er beinlínis gert ráð fyrir að slíkt megi gera enda sé um verulegar viðbótartekjur að ræða." — Þetta segir lögfræðingurinn, og hann bætir við:

„Túlkun 65. gr. stjórnarskrárinnar telst til nokkurra tíðinda og getur opnað leið síðar í öðrum málum til að slá föstum réttindum sem ekki eru beint orðuð í stjórnarskánni."

Og hann bætir við:

„Tenging jafnréttisreglunnar með þessum hætti við félagsleg réttindi auðveldar málshöfðanir þar sem tilteknir þjóðfélagshópar spyrja sem svo: Hvers vegna fáum við minna en hinir? Þannig er gefið undir fótinn með að deilumál sem hingað til hafa fyrst og fremst verið háð á pólitískum

vettvangi fari í vaxandi mæli fyrir dómstólana. Þessi þáttur vekur hvað mestar spurningar. Er þetta æskilegt og lýðræðislegt eða einfaldlega óhjákvæmilegt í réttarríki?" — spyr þessi ágæti lögfræðingur og fer nú í þetta mál af mikilli yfirvegun og án þess að vera yfirlýsingaglaður en telur að þarna sé gengið lengra en alþjóðlegir samningar segja til um.

Ekki er hægt að neita því að niðurstaða Hæstaréttar hefur á sér sérkennilegar hliðar. Hún leiðir m.a. til þess að nú er opin leið fyrir öryrkja sem ekki hefur sótt um tekjutryggingu vegna tekna maka að sækja um greiðslu óháð tekjum makans. Það er því ljóst að niðurstaða dómsins opnar leið fyrir hjón sem hafa fjölskyldutekjur á mánuði 400–800 þús. eða meira til þess að sækja um aðstoð og þau munu gera það. Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta mun gerast. (**Gripið fram í:** Ekki hjónin, öryrkinn.) Öryrkinn.

Afleiðingin er óneitanlega sú að fjármunir verða fluttir frá þeim sem minna hafa til þeirra sem meira hafa milli handa. Þetta leiðir af sjálfu sér. Þetta er það álitaefni sem við þurfum að hugleiða hér, hvort þetta samrýmist hugsun okkar um tilgang almannatrygginganna.

Ég ber fulla virðingu fyrir þeim skoðunum sem menn hafa sett hér fram um að menn eigi alltaf ákveðinn einstaklingsbundinn rétt. Ég er hins vegar ekki á þeirri skoðun að það sé forgangsverkefni. Ég minnist þess að þegar Alþfl. var við völd á tímum þegar samdráttar gætti í efnahagslífi þjóðarinnar þá taldi hann fullkomlega eðlilegt að leita leiða til þess að styðja þá helst sem minnstar tekjur höfðu. Þannig er allt þetta eða mikill hluti af þessum tekjutryggingarákvæðum í lögum til komið, að tilhlutan Alþfl. sem þá var í ríkisstjórn og fór með málaflokkinn og hafði á þeim tíma þá skoðun að eðlilegt væri að beina kröftunum til þeirra sem minnstar tekjur hefðu og ég fellst á það sjónarmið. Ég geri mér grein fyrir því að innan flokks míns eru aðilar sem eru andstæðrar skoðunar og telja að þetta séu réttindi sem allir eigi og það eigi þar af leiðandi að afnema tekjutengingar, en ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að við eigum að hafa tekjutengingar og að þetta mál, þ.e. dómur Hæstaréttar, varpi sérkennilegu ljósi á tilgang almannatrygginga almennt.

Fyrir liggur að við munum taka upp umræðuna um tilgang almannatrygginga og ég er reiðubúinn til þess að ræða það mál, ég held að það sé mjög mikilsvert, og mun þá að sjálfsögðu halda því sjónarmiði mínu til haga að megintilgangur almannatrygginga sé að tryggja rétt þeirra sem minnst bera úr býtum innan hvers flokks.

Ég held að þrátt fyrir mikil átök um þetta mál, sem öllum er ljóst að hafa verið djúpstæð, þá hafi málið samt sem áður, umræðan og vinnslan á vettvangi Alþingis leitt fram ákveðna hluti í umræðunni. Mér finnst einsýnt að halda því fram að það hafi verið niðurstaða umræðunnar og þeirra upplýsinga sem fyrir liggja að niðurstaða Hæstaréttar hafi verið óljós og óhjákvæmilegt hafi verið að bregðast við með lagasetningu. Í mínum augum er það augljóst að ekki er verið að banna skerðingu á tekjutengingu vegna tekna maka örorkulífeyrisþegans og því er það frv. sem hér er borið fram, sem felur í sér heimild til slíkrar skerðingar en færir lágmarkið upp á við, ekki brot á stjórnarskránni og ég legg áherslu á að frv. verði samþykkt.

[22:38]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að hann sagði sem svo að það væri hlutverk Hæstaréttar að leysa úr ágreiningi, ekki búa hann til. Undir þetta vil ég taka með hv. þm. Hann sagði jafnframt að mikil átök hafi verið í þjóðfélaginu vegna þessa máls og ef ég heyrði rétt þá sagðist hann harma það eða eitthvað í þá veruna, það væri ekki gott mál, og undir það vil ég taka líka.

En, herra forseti, ég vil benda hv. þm. á að Hæstiréttur leysir úr ágreiningi í máli þessu sem og mörgum öðrum málum með því að taka kröfugerð annars málsaðilans upp í dómsorð sitt.

Herra forseti. Ég held að það sé a.m.k. tilraun Hæstaréttar til að leysa úr þessum ágreiningi en ríkisstjórnin hefur síðan vísað þeirri skýru aðferð á bug með frv. sem hér liggur fyrir Alþingi. Ástæðan fyrir deilunum í þjóðfélaginu er sú að ríkisstjórnin túlkar þennan dóm í andstöðu við þetta. Hvernig getur Hæstiréttur orðað eða leyst betur úr ágreiningi en einmitt með því að taka kröfugerð annars aðila málsins, í þessu tilviki Öryrkjabandalagsins, nánast beint upp í dómsorð sitt? Ég get ekki séð að hægt sé að gera það á skýrari hátt fyrir þennan dómstól þjóðarinnar sem getur ekki tekið þátt í umræðunum um dóminn hér með okkur, eðli málsins samkvæmt, og út í þetta, herra forseti, held ég að þjóðin sé reið, út í viðbrögð ríkisstjórnarinnar en ekki út í Hæstarétt.

[22:40]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef dómurinn er óskýr og ég hef leitt að því rök og vitnað í virta lögfræðinga sem telja að dómurinn sé óljós þó að þeir telji að það megi skilja hann á mismunandi hátt. Ef dómurinn er óljós verður að leita skýringa í forsendum dómsins. Það er einmitt í forsendum dómsins sem menn finna rök fyrir því að þar sé farið svolítið óljóst með hugtök og þar finna menn einnig rök fyrir því að dómurinn sé ekki að banna almennt, banna með öllu skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka örorkulífeyrisþega.

Ef það var skoðun Hæstaréttar að hann bannaði með öllu skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka örorkulífeyrisþega hvers vegna segir hann það þá ekki í forsendum dómsins skýrt og skorinort? Hann gerir það ekki heldur fer hann þvert á móti út á þær brautir að taka það sérstaklega fram með hvaða hætti þetta var gert í lögunum og það væri gert samkvæmt þessari grein og það væri þetta skipulag sem hann væri að fást við og hann væri að dæma sem svo að það gengi gegn stjórnarskránni. Þetta skildu þessir lögspekingar, ekki bara fjármenningarnir heldur aðrir, sem svo að þarna væri túlkunin óljós og það væri óhjákvæmilegt að bregðast við þessu.

Það eru því sjálfar forsendur dómsins sem byggja undir þessa túlkun og sú staðreynd að hvergi í forsendunum er tekinn af allur vafi um hvað dómurinn er að fara. Og það er það sem veldur því að menn hafa talið að niðurstaðan sé óljós.

[22:42]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Látum vera að vitna í fjarstadda menn um hvor túlkunin sé rétt. Ég vil einungis spyrja hv. þm. tveggja spurninga:

Er dómsorðið ekki í fullu samræmi við kröfugerð Öryrkjabandalags Íslands? Það er fyrri spurningin.

Önnur spurningin er þessi: Ef það var skoðun Hæstaréttar að hann gerði fyrirvara við kröfugerð Öryrkjabandalags Íslands og málflutning þess allan í þessu máli af hverju gerði

hann það ekki í dómsorði til að fyrirbyggja allan misskilning á túlkun dómsins og niðurstöðu hans? Hæstarétti var í lófa lagið að gera það. Hæstaréttardómarar hljóta að vita um þá algengu túlkunarreglu að þegar kröfugerð er tekin beint upp í dómsorð þá hljóti það að vega mjög þungt við túlkun dóms.

Herra forseti. Ég mótmæli því að hægt sé að leyfa sér að líta fram hjá þessu en leita í stað þess lúsa í forsendum dómsins fyrir rökstuðningi niðurstöðu sinnar og neita að horfast í augu við þá einföldu staðreynd að kröfugerð Öryrkjabandalagsins er tekin beint upp í dómsorðið og enginn fyrirvari er gerður við það í dómsorði. Ég vil gjarnan fá svar við þeim tveimur spurningum sem ég bar fram, herra forseti.

[22:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég taka það skýrt fram að þegar ég fer hér með tilvitnanir í orð gesta þá á ég einungis við tilvitnanir sem fram koma í nefndarálitunum, sem ég tel sjálfur að séu rétt eftir höfð, eins og sagt er beinlínis í nefndarálitunum að haft hafi verið samband við alla aðila. Ég legg því áherslu á að ég vitna ekki í önnur ummæli en þau sem vitnað er til í nefndarálitunum.

Að því er varðar dómsorðið og afstöðu dómsins til dómskröfu, þ.e. gagnáfrýjandans, þá er dómsorðið skýrara en aðfaraorðin, það er ljóst. En það er líka skýrt af forsendum dómsins að dómurinn hefur skilið það svo sem gagnáfrýjandi væri að draga í efa að lögin stæðust stjórnarskrárákvæðin með þeim hætti sem þau kveða á um þessa skerðingu. Það kemur reyndar fram í forsendum dómsins að það er einmitt þannig sem dómurinn skilur þetta og þess vegna nefnir hann sérstaklega að það standist ekki stjórnarskrána að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka með þessum hætti. (**BH:** Ekki í dómsorði.) Af því ég hef aðeins tíma til að svara þessu vil ég taka fram að óhjákvæmilegt er, ef menn telja dóminn óljósan m.a. vegna þess sem sagt er í forsendum dómsins, að menn leiti í forsendunum að skilningi á dómnum.

[22:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur fært mjög rækilega rök fyrir máli sínu. Hann vill sannfæra okkur um að skerðingaráform ríkisstjórnarinnar standist stjórnarskrá og brjóti ekki gegn úrskurði Hæstaréttar Íslands. Hann hefur fært fyrir þessu lagaleg rök, að það standist að taka 7.500 kr. af tekjutryggingunni, færa hana niður úr 32.500 kr. niður í 25.000 kr. og fyrir því séu lagaleg rök.

Hv. þm. talaði einnig um pólitísk rök og sagði að hann vildi forgangsraða á annan veg og hjálpa þeim sem minna mættu sín, í hverjum málaflokki bætti hann síðan við.

Ekki stenst þetta nú alls kostar. Hér fyrir jólin voru tillögur frá stjórnarandstöðunni um að bæta kjör þeirra öryrkja sem lakast standa. Ég man ekki betur en hv. þm. greiddi atkvæði gegn þeim tillögum. Ég man ekki betur en að breytingar sem hér voru keyrðar í gegn fyrir fáeinum mánuðum lækkuðu skatta af dýrustu bifreiðum meira en af þeim ódýrustu. Þessi röksemdafærsla hv. þm. gengur þannig ekki alveg upp. Síðan vefst það fyrir mér að skilja hvers vegna menn ganga svo hart fram í þessu máli þegar upphæðirnar eru ekki hærri. Ég spyr hann út í þetta stóra prinsipp og pólitíska markmið sem Sjálfstfl. beitir sér fyrir í þessu máli, að hafa 7.500 af tekjutryggingu öryrkja.

Annað sem ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. um er varðandi fyrninguna. Hver eru hin lagalegu rök að mati hv. þm. fyrir því að beita fyrningarreglu til að hafa úrskurðaðar réttarbætur af öryrkjum? Hver eru hin lagalegu rök?

[22:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við spurningum hv. þm. Ögmundar Jónassonar vil ég taka fram og endurtaka það sem ég hef sagt í þessum ræðustól, að þegar úrskurður Hæstaréttar er skilinn á þann hátt að það lágmark sem felst í lögunum hafi verið of lágt þá stendur upp á löggjafann að ákveða nýtt lágmark. Niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna er að það sé ekki talið óheimilt að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka örorkulífeyrisþegans og þá er að sjálfsögðu ekki hægt að láta sem slík skerðing sé óheimil. Því þarf að ákveða mörk og slík mörk eru í sjálfu sér alltaf pólitísks eðlis fremur en lögfræðilegs eðlis.

Þegar farið er út í þá sálma að reyna að ákveða hvert það lágmark sé sem standist ákvæði stjórnarskrárinnar þá er væntanlega tekið tillit til stöðu öryrkjans og þeirra tekna sem hann sjálfur getur haft, hvað hann getur sjálfur unnið sér inn á ári þegar fullri skerðingu tekjutryggingar er náð en það eru um 450 þús. kr. Þá er rétt að taka tillit til þess líka að frítekjumark makans sem veldur engri skerðingu er árlega 1.611 þús. kr. en grunnlífeyrir er 207 þús. kr. Þegar þetta er skoðað í heild þá sjást brúttótekjurnar sem koma út úr þessu og menn hljóta að leggja pólitískt mat á hvaða fjármuni þurfi að veita til að standast lágmarkskröfu. Það er að sjálfsögðu matið sem kemur fram hér í frv. ríkisstjórnarinnar.

[22:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áttað mig á því að það er pólitískt mat ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að hægt sé að komast fram hjá Hæstarétti og standast stjórnarskrá Íslands með því að skerða tekjutrygginguna sem þessu nemur, um 7.500 kr. á hvern öryrkja sem hennar gæti notið. Ég á svolítið erfitt með að skilja hið pólitíska mat og siðferðið sem þarna býr að baki.

Ég vil hins vegar inna hv. þm. nánar eftir lagalegri réttlætingu fyrir því að beita ýtrustu fyrningarreglum í lögum, sem ég tel reyndar að standist ekki og mér finnst sannfærandi rökstuðningur lögmanna sem telja að þessar reglur eigi ekki við. Það er líka póltískt mat hvernig fyrningarreglum er beitt þegar um er að ræða sanngirnismál og augljósan úrskurð Hæstaréttar, því að hluta til þá deila menn ekki um þann úrskurð þó deilt sé um hann að öðru leyti. Menn deila ekki um að það eigi að greiða öryrkjum aftur í tímann. Mér er því óskiljanlegt hvers vegna ríkisstjórnin kýs að beita fyrningarákvæðum í lögum til að hafa bætur af öryrkjum. Ég auglýsi eftir rökstuðningi, þessa vegna lagalegum, siðferðilegum og pólitískum, frá hv. talsmanni Sjálfstfl. hvað þetta efni snertir.

[22:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna tímaskorts áðan þá tókst mér ekki að ljúka alveg yfirferð minni yfir fyrri spurninguna, um með hvaða hætti menn kæmust að niðursstöðu um það hvert þetta lágmark ætti að vera, sem væri samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar 25 þús. kr.

Nú er það augljóst að þessar 25 þús. kr. auk grunnlífeyris eru ekki há upphæð. Um það eru allir sammála. Við skulum hins vegar hafa það hugfast að þarna er skilgreint lágmark óháð tekjum. Við erum að skilgreina lágmark sem þjóðfélagið ætlar sér að greiða óháð tekjum makans. Það leiðir til þess, eins og ég hef bent á áður, að nú eykst réttur fólks með til þess að gera háar fjölskyldutekjur til að sækja í opinbera sjóði verulegar fjárhæðir og það er gert óháð tekjum maka.

Að sjálfsögðu er ástæða til, af því þetta er óháð tekjum maka, að fara varlega í að skilgreina þessi réttindi vegna þess að þau geta, eins og ég sagði áðan, flutt réttinn frá þeim sem minna hafa til hinna sem meira hafa. Það er óhjákvæmilegt að fara varlega í þetta.

Hvað fyrningarregluna varðar þá styðst hún við gildandi lög og því er ekkert eðlilegra en að vitna í gildandi lög til að ákvarða (Gripið fram í.) hvernig farið verði í þessa fyrningu.

[22:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir starf hv. heilbr.- og trn. að þessu máli sem hefur verið mikið að vöxtum og margir kallaðir fyrir og þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég er þeirrar skoðunar að þótt málið sé umdeilt á Alþingi hafi ýmislegt skýrst við þá meðhöndlun sem það hefur hlotið.

Í máli margra hv. þm., sérstaklega í upphafi þessarar umræðu, hefur komið fram að sá dómur sem hér er verið að fjalla um sé afskaplega einfaldur og skýr og að tiltölulega lítið mál að túlka hann og fara eftir honum. Eins hefur það oft verið túlkað þannig að dómur hefði fallið þannig að öll kröfugerð þess sem höfðaði málið hefði verið samþykkt af Hæstarétti og viðurkenningardómurinn gengi út að fallast á allt sem þar hefði fram komið.

Í nokkrum mæli í þessari umræðu, einnig hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, hefur hins vegar komið fram að hér séu álitamál. Þar með er viðurkennt að dómurinn sé nú kannski ekki jafneinfaldur og skýr og í upphafi virtist.

Mér hefur jafnframt fundist einkenna þessa umræðu frá upphafi að mjög margir héldu því fram að jafnvel væri óþarft fyrir Alþingi að koma saman út af málinu, það þyrfti ekki að setja lög af þessu tilefni. Ég hef hins vegar heyrt að fleiri og fleiri viðurkenna að svo sé ekki og nauðsynlegt sé að setja lög af þessu tilefni. Þar með tel ég hafa komið í ljós að ekki hafi eingöngu verið nauðsynlegt heldur algjör forsenda þess að hægt væri að greiða út þessar bætur að Alþingi kæmi saman og lög væru sett af þessu tilefni.

Í þriðja lagi var því gjarnan haldið fram að hér væri um augljóst stjórnarskrárbrot að ræða og ekki léki nokkur vafi á því að þeir sem stæðu að þessu frv. brytu stjórnarskrána og því var jafnvel haldið fram að það væri gert vísvitandi. Ég hef tekið eftir því að menn segja í meira mæli við umræðuna að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða að þeirra áliti. Það er nokkuð annað og ég tel að það mikla framför í þessari umræðu að því sé ekki haldið fram að þeir sem að þessu standa vilji vísvitandi brjóta stjórnarskrá landsins sem þeir hafa eiðsvarið að þeir muni aldrei gera.

Ég tel það einnig hafa komið mjög skýrt fram í þessari umræðu að málið varðar ekki alla öryrkja í landinu, eins og margir meðal þjóðarinnar töldu í upphafi, með réttu eða röngu, hver svo sem átti hlut að því. Í dag er öllum ljóst orðið að þetta mál varðar aðeins lítinn hluta öryrkja í landinu.

Að mínu mati er aðalágreiningurinn í þessu máli tiltölulega einfaldur. Hann er þessi: Má miða við tekjur maka? Segir hæstaréttardómurinn að ekki megi miða við tekjur maka? Í framhaldi af því er spurt: Er pólitískt rétt að miða við tekjur maka? Um það virðist pólitískur ágreiningur á hv. Alþingi.

Við sem stöndum að þessu máli höfum túlkað dóm Hæstaréttar og fært fyrir því margvísleg rök að dómur Hæstaréttar þýði ekki að bannað sé að taka mið af tekjum maka. Við höfum fært fyrir því rök að Hæstiréttur taki fram að ekki megi skerða með þeim hætti sem gert var og skiljum það svo að lágmarkið þyrfti að hækka og gæti ekki verið þær 18 þús. kr. sem áður var. Samkvæmt þessu frv. er því ákveðið að hækka þessa lágmarksfjárhæð um 25 þús. kr.

Við höfum skilið það svo að þegar Hæstiréttur segir að það verði að miða við tiltekið lágmark, sem áður var 18 þús. kr., þá eigi hann ekki við að það lágmark sé hámarksbætur eða 51 þús. kr. Við skiljum dóminn ekki svo að Hæstiréttur eigi við að lágmarkið eigi að vera hámark. Við skiljum ekki af hverju Hæstiréttur talar um lágmark ef hann á við hámarkið.

Við höfum líka skilið það svo að þegar Hæstiréttur talar um að málefnaleg rök geti verið fyrir því að miða við tekjur maka þá sé ljóst að að hans mati þurfi ekki að banna allar tekjutengingar. Kannski er ágreiningurinn á Alþingi um hvort almennt eigi að miða við tekjur maka helstu pólitísku tíðindin í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Það hefur ekki verið ágreiningur um það.) Er enginn ágreiningur um það? Það er gott að heyra.

Það er talað um varúðarreglu í þessu sambandi. Ég minni á að t.d. í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um þetta mál stendur, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ telur óumflýjanlegt að ráðast í endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins og að í þeirri vinnu verði meðal annars að taka mið af efnisatriðum dóms Hæstaréttar."

(**Gripið fram í:** Þeir segja meira.) Þeir segja meira já, þeir segja líka m.a.:

„Þá hefur ASÍ farið fram á þátttöku í yfirstandandi vinnu við endurskoðun almannatrygginga og samspil þeirra við skattkerfið og lífeyrissjóðina en án árangurs hingað til."

Getur ekki verið að miðstjórn Alþýðusambandsins sé að ályktа í þessa átt vegna þess að miðstjórn Alþýðusambandsins geri sér grein fyrir því hversu flókið þetta mál er?

Hið sama kemur fram í ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson hristir höfuðið en þar stendur, með leyfi forseta:

„39. þing BSRB krefst þess að tekjutenging við laun maka öryrkja og lífeyrisþega verði afnumin."

Ég á von á því að fleirum en þeim sem hér stendur detti í hug að einhverjir telji að það beri að lögjafna í þessu máli að því er varðar lífeyrisþega og málið snúist ekki eingöngu um öryrkja. Ég tel ekki ólíklegt að þeir sem fái þær bætur telji augljóst að ef ekki mætti lengur miða við tekjur maka að því er varðar öryrkja þá eigi hið nákvæmlega sama við um ellilífeyrisþega. (**Gripið fram í:** Hver er skoðun ráðherrans á tengingunni?) Skoðun ráðherrans sem hér stendur á því er að eðlilegt sé að þar sé lögjafnað á milli ef dómur Hæstaréttar er túlkaður með þeim hætti að að bannað sé að miða við tekjur maka. Ég hef haldið því fram í þessari umræðu að það eigi að vera pólitískt mat og ákvörðun Alþingis.

Það liggur ljóst fyrir að frv. sem hér er lagt fram er lagt fram vegna dóms Hæstaréttar, vegna þess að það verður að bregðast við dómi Hæstaréttar. Þar með er ekki sagt að störfum Alþingis og löggjafarvaldsins sé lokið í þessu máli

og það verði aldrei neinar frekari breytingar á almannatryggingakerfinu. Ég hef haldið því fram að það sé ekki rétt að þær breytingar séu framkvæmdar á Alþingi af þessu tilefni. Ég tel að það vald eigi að vera hjá löggjafarvaldinu. Það er þar en hins vegar er okkur skylt að bregðast við dómi Hæstaréttar.

Ég heyri það hins vegar á umræðunni að hv. þm. stjórnarandstöðunnar telja rétt að skilja dóm Hæstaréttar með þeim hætti að tekjutenging af þessu tilefni sé bönnuð. Ég hlýt að taka eftir því sem segir í nefndaráliti stjórnarandstöðunnar:

„Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti", fellur ljóslega hjúskaparstaða."

Þingmenn stjórnarandstöðunnar eru sem sagt vissir um það, þó að það hafi aldrei verið sagt í umræðum um stjórnarskrárbreytinguna á sínum tíma, að undir orðalagið falli ljóslega hjúskaparstaða og segja í framhaldi af því, án þess að það sé nokkur fyrirvari þar á: „Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu."

Í þessari setningu segir ekkert að þetta eigi eingöngu við um öryrkja. Það stendur hér ... (**BH:** Það er verið að tala um öryrkja.) Það stendur ekkert hér. Það stendur bara — það er verið að túlka þetta hér — að þegnum ríkisins verði því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu.

Það má vel vera að það henti hv. þm. stjórnarandstöðunnar að draga nú í land og það er vel. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að svo skuli vera. En um þetta snýst málið. Hér er því um mikið prinsippmál að ræða. Það ber að meðhöndla það sem slíkt. Við sem stöndum að þessu máli teljum það í samræmi við hæstaréttardóminn og í samræmi við stjórnarskrána, enda dytti okkur aldrei í hug að fara fram með frv. á Alþingi ef við tryðum því ekki samkvæmt okkar bestu samvisku að það stæðist stjórnarskrá landsins. Ég trúi því ekki að þeir sem stóðu fyrir þessu máli 1993, en þá var málið borið fram af hæstv. ráðherra Alþfl., Guðmundi Árna Stefánssyni, ef ég man rétt, að hann hafi ekki gert það í þeirri góðu trú að það stæðist stjórnarskrá landsins. Ég er viss um að svo hafi verið með þann ráðherra sem að því stóð.

Ég skil ekki að nokkrum detti í hug að núv. ríkisstjórn vilji standa þannig að málinu að það standist ekki stjórnarskrá landsins. (**Gripið fram í:** Þú verður að vera viss.) Verð að vera viss? Ég er eins viss og ég get verið en ég veit ekki allt eins og mér hefur nú skilist stundum á hv. þm. stjórnarandstöðunnar í þessu máli.

Ég stóð t.d. í góðri trú á sínum tíma að lagasetningu um sjávarútveginn og taldi að það stæðist að öllu leyti stjórnarskrá landsins. Ég hafði fyrir mér í því orð mjög hæfra lögfræðinga. En Hæstiréttur hefur síðasta orðið, þannig er okkar kerfi og enginn getur úrskurðað um það að lokum nema hann. Alþingi getur ekki úrskurðað um það, þjóðin getur ekki úrskurðað um það, aðeins Hæstiréttur sem getur úrskurðað um það. (**RG:** Hann er búinn að því.) Er hann búinn að því? (**SJS:** Og eigum við ekki að una dómi hans?) Hann er búinn að því.

Ég skal, herra forseti, ekki vera lengur í ræðustól. Ég hef ekki farið oft í ræðustól í þessari umræðu (Gripið fram í.) en aldrei hefur það nú komið fyrir að mér hafi ekki verið heimilað að vera hér án stöðugra frammíkalla. Ég er mjög undrandi á því að hluti af þingheimi skuli vera svo óstilltur að geta ekki hlýtt á mál mitt án þess að vera með stöðug frammíköll. Ég skal ekki þreyta hv. þm. með frekari ræðuhöldum. Það er nokkuð liðið að miðnætti en hins vegar er hér um það mikilvægt mál að ræða að hv. þm. verða að þola að sá sem ber ábyrgð á málinu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður fari um það nokkrum orðum í lok umræðunnar. Það verður að sjálfsögðu að hafa sinn gang þótt hv. þm. verði að bæta nokkrum orðum við sinn annars tiltölulega langa málflutning.

[23:12]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að gera athugasemd við mál hæstv. ráðherra. Því hefur ekki verið haldið fram af stjórnarandstöðunni að óþarft hafi verið að setja lög um málið en hins vegar hafi það ekki verið forsenda þess að greiða út bætur þann 1. janúar sl. til þessa hóps sem málið varðar, sem 5. mgr. 17. gr. nær til. Það er mjög mikilvægt að halda þessu til haga vegna ræðu hæstv. ráðherra.

Hins vegar er jafnljóst að setja þyrfti lög í kjölfarið um rétt annarra hópa er kynnu að eiga afleiddan rétt af dómi Hæstaréttar. Vegna orða hæstv. ráðherra vil ég líka minna á að málið fjallar um mannréttindi. Væri ekki eðlilegt að túlkun ríkisstjórnarinnar væri mannréttindunum í hag, sérstaklega í ljósi þess að það er nú svolítill vafi í málinu, a.m.k. eftir því sem fram hefur komið í máli ráðherrans um túlkun á þessum dómi? Er þá ekki eðlilegt af ríkisvaldinu að túlka dóminn mannréttindasjónarmiðinu í hag, herra forseti?

Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda því til haga hér í umræðunni að ríkisstjórnin er með sínu pólitíska mati að taka áhættu hvað mannréttindasjónarmiðið varðar.

[23:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ríkisstjórnin sé ekki að taka áhættu í því. Það má alveg eins halda því fram að það sé ekki í samræmi við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar hve lítill og lágur þessi lífeyrir er. Það er ekki hár lífeyrir 51 þús. kr. Ég ætla að vona að íslenskt þjóðfélag geti hækkað þennan lífeyri í framtíðinni. En mér finnst út í hött að binda sig við það nú á þessari stundu að geta ekki hækkað hann án þess að hann gangi jafnt til allra og því eigi ekki að miða við tekjur maka í því sambandi. Það vill stjórnarandstaðan hins vegar gera og ég er andvígur því.

[23:14]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið fjallar um mannréttindi. Hæstv. ráðherra sagði hér í ræðu sinni að menn greiddu atkvæði eftir bestu samvisku og teldu sig eftir bestu samvisku ekki vera að brjóta stjórnarskrá og hið sama hafa þeir væntanlega gert árið 1998 þegar þetta mál kom fyrst til atkvæða í þinginu, þ.e. þessi lög.

Herra forseti. Besta samviska hv. þingmanna sem greiddu atkvæði með frv. 1998 var ekki nógu góð að mati Hæstaréttar. Hlýtur það ekki að gefa tilefni til að menn taki samvisku sína virkilega vel til endurskoðunar í ljósi þessarar niðurstöðu frekar en að taka áhættu á því að aftur verði litið svo á fyrir Hæstarétti að mannréttindi hafi verið brotin áfram á þeim hópi sem Hæstiréttur hefur sagt að ríkisvaldið hafi brotið mannréttindi á um árabil? Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að verið er að taka áhættu með því að túlka dóminn á þennan hátt.

[23:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki sé verið að taka áhættu. Ég man mjög vel eftir að þegar Alþingi var kallað saman á sínum tíma vegna svokallaðs Valdimarsdóms. Þá var því haldið fram af stjórnarandstöðunni á Alþingi að með þeim lögum sem sett voru væri um áframhaldandi stjórnarskrárbrot að ræða. Við töldum svo ekki vera.

Hæstiréttur felldi svo nýjan dóm sem staðfesti að þau lög sem sett voru af því tilefni væru í samræmi við stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Undir nokkrum þrýstingi.) Undir nokkrum þrýstingi? Er við hæfi að halda því fram að sjálfstæður Hæstiréttur landsins kveði upp dóma undir þrýstingi? Mér finnst alveg furðulegt að hlusta á svona frammíköll á Alþingi.

[23:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sérkennilegt að eitt helsta erindi framsóknarmanna í ræðustólinn hefur verið að barma sér undan því að það hafi á köflum verið hiti í umræðunni og gripið hafi verið fram í fyrir þeim eins og alsiða er og hefur lengi verið á Alþingi og ákveðið umburðarlyndi sýnt í þeim efnum af forsetum þingsins svo lengi sem ég man og örugglega lengur.

En ef taugaástand framsóknarmanna er svoleiðis í þessu máli að þeir þoli ekki frammíköll, kunni ekki að bregðast við þeim og eru gráti nær af sjálfsmeðaumkun yfir því verður að beina því til forseta að setja sérreglu, sérstakt hlífðarákvæði þegar svona stendur á hjá Framsfl. að hann getur ekki tekið þátt í umræðu með þeim hætti sem hefur verið alsiða og þolir illa að einhver hiti sé í umræðunni þó að það hendi svo jafnvel hæstv. ráðherra sjálfan, hafandi barmað sér lengi eina kvöldstund yfir frammíköllum, að grípa svo fram í sjálfur þegar næsti maður fór í ræðustólinn. En það er önnur saga.

[23:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur mikið talað um hroka í umræðunni. Ef þetta er ekki hroki þá veit ég ekki hvað er hroki. Ef það er ekki hroki eins og kom fram í ræðu hans fyrr í kvöld að þetta væri eins níðingslegt og hægt væri, eins fantalegt og hægt væri, beitt væri ýtrasta fantaskap og svo kom enn eitt orðið til viðbótar sem var naglaskapur. (**SJS:** Já, þetta er allt íslenska.) Þetta er allt íslenska. En ef þetta er nú ekki hroki, hv. þm., þá veit ég ekki hvað orðið hroki þýðir á íslensku. Ég vil halda því fram að eina hrokafyllstu ræða á Alþingi sem ég hef hlustað á hafi hv. þm. flutt í kvöld af heilagri vandlætingu.

Eitt skal ég fullvissa hv. þm. um að við erum ekki að kvarta undan orðum hans. Við höfum enga ástæðu til að kvarta undan þeim. Hins vegar teldi ég að meiri sómi væri fyrir þingmanninn að nota stundum einhver önnur orð en hann gerir.

[23:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber ábyrgð á orðum mínum og hef ekki beðið um hjálp frá Halldóri Ásgrímssyni til þess að axla hana.

Ég held að það muni ekki ganga hjá hæstv. utanrrh. eins og hann reyndi hér, verandi síðasti maður á mælendaskrá, að snúa þessri umræðu í þá átt að hún hefði bætt hæpinn málstað ríkisstjórnarinnar. Þvert á móti tel ég að hún hafi kristallað að framganga ríkisstjórnarinnar í þessu máli öllu hefur verið einstaklega fantaleg. Viðbrögð hennar við þessum dómi eru þannig að í öllum fjórum meginefnisatriðum frv. eru breytingarnar eins óhagstæðar þolandanum í málinu, öryrkjunum sem hér eiga í hlut, og kostur er. Það varðar það að bera fyrir sig fyrningu, það varðar afturvirkni laganna, það varðar það að vextir eru hafðir eins lágir og hugsast getur og það varðar það að áfram er haldið í skerðinguna og með því er að okkar mati verið að framlengja það brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem málið snýst um.

Niðurstaðan er skýr, herra forseti. Í öllum þessum tilvikum er tillaga ríkisstjórnarinnar öryrkjunum í óhag.

[23:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að öllum megi vera ljóst að ríkisstjórninni gengur ekki það til í þessu máli að koma illa fram við tiltekinn fram við þjóðfélagshóp, hvað þá að beita hann fantaskap eða níðingsskap svo notuð séu orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ríkisstjórninni og meiri hluta Alþingis gengur það eitt til að fara að dómi Hæstaréttar, bregðast við honum í einu og öllu og gera það sem stjórnarskráin býður okkur. Það þýðir ekki að þar með sé pólitísku starfi þess meiri hluta sem er nú á Alþingi lokið. Það starf mun halda áfram og við höfum þegar lýst því yfir að við munum flýta því starfi. Sú flýting er ekki ákveðin með einhverjar illar hugsanir í huga heldur þvert á móti og það veit hv. þm.

[23:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kveðinn er upp dómur í Hæstarétti Íslands. Ef hann næði fram að ganga mundi hann tryggja öryrkjum nokkrar kjarabætur og mikilvægar réttindabætur sem samtök þeirra hafa fagnað. Mannréttindasamtök hafa fagnað þessum dómi. Verkalýðshreyfingin hefur fagnað þessum dómi. Samtök eldri borgara í landinu hafa fagnað þessum dómi og stjórnarandstaðan á Alþingi hefur beitt sér fyrir því að við honum verði orðið.

Stundum reynir Framsfl. að kenna sig við félagshyggju. En hér stóð í ræðustól formaður þess flokks til að réttlæta skerðingu á tekjutryggingu til öryrkja vegna tekna maka hans eða hennar upp á 7.500 kr. Ég vek athygli á því að skerðing byrjar þegar makinn hefur laun sem eru langt undir því sem gerist að meðaltali á íslenskum launamarkaði. Auðvitað er eitt orð sem á að nota um þetta. Þetta er svívirða.

[23:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki dregið úr því að ýmis félagasamtök í landinu hafa fagnað þessari niðurstöðu enda er verið að bregðast við henni á Alþingi. Hins vegar er út í hött þegar hv. þm. heldur því fram að hér sé verið að leggja fram skerðingarfrumvarp. Það er verið að hækka lágmarkið úr rúmum 18 þús. kr. í 43 þús. kr. og það er kölluð skerðing.

Ég hef aldrei vitað svona málflutning fyrr. Þegar skerðingin er reiknuð út er gengið út frá því að það sé alveg ljóst að niðurstaða Hæstaréttar sé sú að hámarkið eigi að vera 51 þús. kr. Það er ekki forsenda sem hv. þm. getur gefið sér enda hafa ýmsir aðrir þingmenn sagt að hér sé um álitamál að ræða þó að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ekki tekið sér þau orð í munn.

[23:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt skal vera rétt. Með frv. ríkisstjórnarinnar er verið að skerða tekjutryggingu til öryrkja vegna tekna maka þeirra um rúmar 7.500 kr. Þetta er staðreynd sem ríkisstjórnin getur ekki komist fram hjá. Byrjað er að skerða þessa lágu tekjutryggingu þegar tekjur maka hans eða hennar, öryrkjans, eru langt undir því meðaltali sem gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Ég nota óhikað orðið svívirða um þessar aðfarir. En svívirðilegast af öllu er sennilega hitt að leyfa sér að beita skerðingarákvæðum til að hafa þessar réttarbætur af öryrkjum.

[23:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst orðið svívirða lýsa best þingmanninum sjálfum, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að nota slík orð við þessar aðstæður.

Deiluefnið er það hvort heimilt sé að miða bætur við tekjur maka. Það liggur alveg fyrir að við erum ósammála um það, ég og hv. þm., en vegna þess að ég er ósammála því að það megi miða við tekjur maka í litlum mæli á ég þar með að vera að framkvæma svívirðilegt athæfi. Mér finnst þetta vera (**ÖJ**: En fyrningin?) langt fyrir neðan virðingu hv. þm. að tala með þessum hætti. Ég hef oft útskýrt þetta með fyrninguna fyrir hv. þm. og ég hef því miður ekki tíma til að útskýra það fyrir honum frekar.

[23:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. minni hlutans kemur fram að það hafi verið sameiginlegur skilningur Erfks Tómassonar lagaprófessors, Sigurðar Líndals lagaprófessors og Skúla Magnússonar lektors að það vegi þungt við skýringu á dómi ef kröfugerð annars aðila er tekin beint upp í dómsorð.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála þessum skilningi lögspekinganna vegna þess að kröfugerð Öryrkjabandalagsins er tekin upp í dómsorðið og viðurkennt að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyris í hjúskap.

[23:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við prófessora við Háskóla Íslands og ég veit ekki nákvæmlega hvað þeir sögðu og í hvaða samhengi þeir sögðu þetta.

Mér er hins vegar alveg ljóst að auðvitað skipta lokaorð í dómi miklu máli. En þau skipta ekki öllu máli. Ég hef aldrei vitað til þess að dómur sé túlkaður með því að lesa aðeins síðustu setninguna. Síðasta setningin vegur sjálfsagt þungt en hún skiptir ekki öllu máli þó hún skipti miklu máli. Ég hef ekkert annað heyrt frá þessum háttvirtu prófessorum og kennurum við Háskóla Íslands sem hér eru nefndir til en að það lagafrv. sem hér um ræðir standist algjörlega stjórnarskrá Íslands. Það hefur komið fram í máli þessara aðila.

Það vill svo til að minni hlutinn vitnar aðeins í þessa lögfræðinga en ekki þá lögfræðinga sem minni hlutinn krafðist að væru sérstaklega kallaðir til. Þeir eru ekki nefndir á nafn.

[23:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið margvitnað til þeirra lögfræðinga sem hæstv. utanrrh. nefndi, þeirra fjögurra lögfræðinga sem allir eru á einu máli um að samkvæmt dómsniðurstöðunni sé bannað að skerða lífeyri vegna tekna maka.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann sé sammála því að mannréttindaákvæðin í stjórnarskránni nýju frá 1995 hafi haft afgerandi áhrif á þá niðurstöðu sem varð í dómnum. Ég vitna þar m.a. til þess að Sigurður Líndal lagaprófessor sagði að hann væri ekki sannfærður um að *dómurinn mundi hafa fallið á þann veg sem hann gerði ef* mannréttindaákvæðin hefðu ekki verið komin til 1995, ef dómurinn hefði fallið fyrir árið 1995, þ.e. áður en hin nýju mannréttindaákvæði komu inn.

[23:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til áréttingar. Það kom fram í framsögu hv. formanns heilbr.- og trn., Jónínu Bjartmarz, að hún hefði borið það sem stendur í nál. meiri hlutans undir prófessorinn Eirík Tómasson en þar stendur að það hafi komið fram í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar það samdóma álit þeirra að hvorki 1. gr. frv. né frv. í heild væri í andstöðu við stjórnarskrána. Í sama streng tóku lögfræðingarnir Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir sem komu einnig á fund nefndarinnar. Vega þau orð ekki þungt sem þarna eru rituð að fengnu áliti þessara lögfræðinga? Ég tek mikið mark á þeim. Þess vegna skil ég ekki af hverju verið er að draga þetta í efa með því að vitna sérstaklega í Eirík Tómasson lagaprófessor.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:34]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 660 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

7 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér bæði mannréttindabrot gagnvart hópi öryrkja og brot á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það höfum við rökstutt í máli okkar bæði við 1. og 2. umr. málsins og í ítarlegu nál. Nýtt frv. þarf að koma til til að fullnægja dómi Hæstaréttar, m.a. gagnvart öllum þeim hópum sem málið varðar.

Þessu frv., sem við töldum strax í upphafi ekki þingtækt, ber að vísa frá. Ég segi já.

[23:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það var ekkert því til fyrirstöðu að greiða út örorkulífeyri á grundvelli dóms Hæstaréttar þann 1. jan. sl. til þeirra er 5. mgr. nær til. Ekki þurfti lög til þess. Það var tæknilega framkvæmanlegt og það bar að gera.

Frv. ríkisstjórnarinnar felur í sér áframhaldandi brot á mannréttindum öryrkja þar sem það felur áfram í sér skerðingu tekjutryggingar á grundvelli tekna maka. Þess vegna leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og heilbr.-

og trn. Alþingis falið að semja frv. í samræmi við efni dómsins og í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins. Ég segi já.

[23:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ljóst er að það leikur á því mikill vafi hvort frv. ríkisstjórnarinnar standist gagnvart stjórnarskrá landsins. Ef einhver vafi er á því hvort svo sé er rétt að félagsleg mannréttindi gangi fyrir hagsmunum ríkisins og dómurinn túlkaður öryrkjum í hag. Alþingi og ríkisstjórn ber eins og öðrum að fara eftir dómi Hæstaréttar. Undanskot frá dómi veikir lýðræði landsins. Lög eiga að vera svo skýr að ekki þurfi að vísa þeim til úrskurðar dómstóla eins og gert er í þessu máli.

Það er sannfæring mín að frv. ríkisstjórnarinnar fari ekki að dómi Hæstaréttar og því sé frv. brot á stjórnarskrá landsins og mannréttindabrot. Ég greiði því atkvæði að málinu verði vísað frá.

[23:33]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur frá öndverðu álitið að mál þetta væri óþinglegt og með öllu óhæft til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi af því að ýmsar greinar þess, ef að lögum verða, brjóta bersýnilega í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Flokkurinn hefur ekki breytt þessari afstöðu sinni og þegar við bætast röksemdir, sem minni hluti heilbr.- og trn. hefur fært fram, er einsýnt að þingmenn flokksins hljóta að fylgja fast fram þeirri tillögu til frávísunar sem er hér til afgreiðslu.

1. gr. samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Niðurstaða Hæstaréttar er sú að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu öryrkja í hjúskap vegna tekna maka hans. Frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir áframhaldandi skerðingu. Það gerir einnig ráð fyrir skerðingu aftur í tímann auk þess sem ríkisstjórnin ætlar ekki að endurgreiða meiri hluta þess fjár sem tekið var, þ.e. ríkisstjórnin ætlar ekki að endurgreiða nema hluta þess fjár sem tekið var af öryrkjum í heimildarleysi.

Ég segi nei við þessari grein sem og öðrum greinum í frv. Hér er ríkisstjórnin enn að brjóta mannréttindi á þessum hópi.

[23:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Með samþykki 1. gr. á skerðingarfrv. ríkisstjórnarinnar, sem ætlað er að koma í veg fyrir að dómsniðurstaða Hæstaréttar nái fram að ganga, er verið að brjóta rétt á öryrkjum og ganga gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar á nýjan leik. Ég segi nei.

[23:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sú lagagrein sem við greiðum nú atkvæði um er meginefnisgrein þessa frv. Hún gengur út á að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka þvert á úrskurð Hæstaréttar um að slíkt standist ekki stjórnarskrá Íslands, einstaklingsvarin lágmarksréttindi sem er þar kveðið á um.

Ríkisstjórn sem veigrar sér ekki við að færa kaupendum stórra einkabifreiða skattafslátt sem nemur hálfri milljón kr. á hverja bifreið, ríkisstjórn sem lækkar skatta á söluhagnað hlutabréfa sem nemur tugum milljarða kr., er nú með lögum að hafa 7.500 kr. af tekjutryggingu öryrkja. Sérfræðingum ríkisstjórnarinnar var falið að finna færar leiðir til að ná pólitískum markmiðum þessarar ríkisstjórnar. Fólk rak í rogastans þegar það gerði sér grein fyrir hver þau markmið voru. En verst er hlutskipti stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sem er ætlað að ganga svipugöng hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Þessi atkvæðagreiðsla er ljótur blettur á starfsferli ríkisstjórnarinnar.

2. gr. samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Efnisatriði þessa ákvæðis til bráðabirgða I eru lýsandi fyrir framgöngu ríkisstjórnarinnar í málinu. Þetta ákvæði hlýtur að mega kallast hraklegt. Það felur bæði í sér afturvirkni hinnar nýju skerðingarreglu fyrir árin 1999 og 2000 og að borið er við fyrningu þannig að með fyrningu á að hafa af öryrkjum það sem dæmt hefur verið með röngum og ólögmætum hætti af þeim tekið.

Þetta ætlar ríkisstjórnin að gera til að þurfa ekki að skila því sem var ranglega tekið af hópi öryrkja á árunum 1994–1997. Bæði þessi atriði, afturvirknin og það að bera við fyrningunni, lýsa mikilli hörku, því sem ég hef leyft mér að kalla og endurtek og stend við, miklum fantaskap í framgöngu ríkisstjórnarinnar því í hvorugu tilvikinu þurfti ríkisstjórnin að bregðast svona við.

[23:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Öryrkjabandalagið fékk viðurkennda ákveðna kröfu. Bandalagið fékk viðurkennt að ákveðin

kröfuréttindi sem klárlega hefðu verið með röngu af þeim höfð með reglugerð sem hvorki hafði lagastoð né löggjöf sem stóðst stjórnarskrá. Þessi kröfuréttindi á að skerða inn í framtíðina.

En það sem verra er, virðulegi forseti, þessi kröfuréttindi á að skerða afturvirkt. Hér er með öðrum orðum verið að hafa eignir af fólki. Ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, en hér sé eignaupptaka sem fær ekki staðist 72. gr. stjórnarskrárinnar, virðulegi forseti, og því segi ég nei við svona vinnubrögðum.

Ákvæði til brb. II samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III–V samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, JÁ, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, VÞV.

nei: JÁ.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GÁS, HBl, ÍGP, KLM, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 23:41.

---

64. FUNDUR

þriðjudaginn 23. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Almannatryggingar, stjfrv., 379. mál, þskj. 624. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Undanþágur frá fasteignaskatti, 409. mál, fsp. EKG, þskj. 664.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 379. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 624.

[10:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef undirstrikað við þessa umræðu að ég virði skoðanir hv. stjórnarandstöðu og sannfæringu fyrir því sem hún les úr dómi Hæstaréttar. Ég skildi reyndar dóminn á sama hátt við fyrsta yfirlestur. En þegar ég las V. kafla í atkvæði meiri hluta Hæstaréttar ítrekað taldi ég mig skilja hvað meiri hluti Hæstaréttar er að fara. IV. kafli atkvæðis meiri hlutans styrkti þetta álit mitt.

Ég er ekki þar með að segja að aðrar skoðanir eða mat eigi ekki rétt á sér. Ég hef ætíð gert mér far um að vera gagnrýninn á eigin niðurstöðu og gera ráð fyrir að niðurstaða mín gæti verið röng. Það er reyndar fyrsta boðorðið þegar stundaðar eru vísindalegar rannsóknir að menn forðist að finna sannleikann, trúa gagnrýnislaust í staðinn fyrir að skilja og rökstyðja. Ég hef vandað mig við að segja ekki um skoðanir annarra að þær séu vitleysa eða rangar.

Ef við hv. þm. virðum ekki skoðanir hvers annars þá líkist umræðan trúardeilum í staðinn fyrir að vera málefnaleg umræða sem varpað gæti ljósi á viðfangsefnið. Mér finnst nokkuð skorta á að ég mæti sama viðmóti hjá hv. stjórnarandstöðu, því viðmóti að ég megi skilja dóm Hæstaréttar á annan hátt en hún, að ég megi hafa aðra sannfæringu en hún.

Herra forseti. Fallið hafa ótrúlega þungar ásakanir. Mannréttindabrot. Undir mannréttindabrot flokka ég þegar ríkisvaldið tekur fólk af lífi án dóms og laga, þegar ríkisvaldið stundar pyndingar, þegar ríkisvaldið notar hópnauðganir í stríðsrekstri, þegar ríkisvaldið heldur fólki í fangabúðum vegna skoðana sinna eða trúar eða jafnvel af tilviljun árum saman. Það er í mínum huga mannréttindabrot. Við höfum séð slíkt hjá talebönum í Afganistan, Saddam Hussein, hjá Stalín og Hitler.

Ég hef velt því fyrir mér hvort það geti verið að það að taka tillit til tekna fjölskyldu þegar veita á bætur úr sameiginlegum sjóði ríkisins megi setja í flokk með mestu grimmdarverkum mannkynssögunnar. Er ekki verið að þynna út hugtakið mannréttindi, herra forseti?

Þá hafa fallið orð um brot á stjórnarskránni. Ég hef svarið eið að stjórnarskránni og það er mér mikils virði og það er mér mikið atriði. Það er ekki eitthvað sem ég hef gert léttum huga. Stjórnarskráin er lífakkeri einstaklingsins og vörn hans gegn ofríki ríkisvaldsins. Getur það verið að minn skilningur á dómi Hæstaréttar og sannfæring mín sé svo

miklu minna virði en skilningur og sannfæring t.d. hv. þm. Þuríðar Backman að hún geti leyft sér að segja mig brjóta eið minn að stjórnarskránni? Mér er þetta mikið mál, herra forseti.

Slíkar fullyrðingar hef ég nóterað eftir hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Þuríði Backman og fleirum. Þau hafa ekki sett fyrirvara eins og „ég tel" eða „ég skil það þannig" heldur hafa þau fullyrt: „Þetta er stjórnarskrárbrot. Þetta er mannréttindabrot." Meira að segja hef ég grun um að einhver hafi sagt „vísvitandi" sem er enn þá verra.

Er ég ásamt öðrum stjórnarliðum í þessum hópi ómenna mannkynssögunnar eða eru þessi orð úr ræðustól hins háa Alþingis bara orðin tóm, kjaftæði, blaður? Mér líkar hvorug lausnin, herra forseti. Hvernig fæ ég úr þessu skorið, herra forseti? Má ég ekki gera þá kröfu til hv. stjórnarandstöðu að hún líki ekki pólitískum andstæðingum sínum við ótínda glæpamenn í hita leiksins?

Þegar leið á 2. umr. í gær urðu orðin enn heiftúðugri og dómarnir harðari. Það er kannski skiljanlegt ef hv. stjórnarandstaða er svo sannfærð um að hún ein hafi höndlað sannleikann og dóm Hæstaréttar beri að skilja bara á þann hátt sem hún gerir. Þá er hún eins og trúboði sem er að reka út illan anda. Hún trúir og þá skil ég hana.

Herra forseti. Ég er ekki að kveinka mér undan málefnalegri umræðu. En ég vil ekki að sannfæring mín sé metin minna en sannfæring annarra. Ég hlýt að eiga þann sama rétt og aðrir að hafa sannfæringu og mega skilja dóm Hæstréttar eins og ég skil hann.

Herra forseti. Hvernig komst ég að þeirri niðurstöðu sem ég hér hef lýst? Upphaflega, við fyrsta yfirlestur dómsins, hafði ég sama skilning og hv. stjórnarandstaða. Ég las niðurstöðu dómsins, dómsorðið, og ég las kröfu Öryrkjabandalagsins og af þeim yfirborðskennda yfirlestri komst ég að þeirri niðurstöðu að ekki mætti taka tillit til tekna maka þegar bætur öryrkjans voru ákveðnar. En svo fór ég að lesa IV. kafla í atkvæði meiri hluta Hæstaréttar og það var sérstaklega ein setning sem kom mér á sporið að það gæti verið að Hæstiréttur væri að meina eitthvað annað og það var eftirfarandi setning, með leyfi herra forseta:

„Verður tæpast annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur, sem nema grunnörorkulífeyri."

Hafi hann aðeins tekjur sem nema grunnörorkulífeyri, þ.e. 18 þús. kr. á mánuði, þá er réttur hans til framfærslu fjölskyldunnar smár. Síðan í sama kafla atkvæðis meiri hlutans stendur nokkrum sinnum að þetta séu ákveðin lágmarksréttindi sem miðuð séu við einstakling, en að löggjafinn geti sett upp skipulag sem ákveði þessi lágmarksréttindi. Þegar ég hafði lesið þetta og sérstaklega þegar ég las orðin „á þann hátt" sem menn hafa deilt mikið um, þá komst ég að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur væri í rauninni að segja að hver einstakingur yrði að hafa ákveðið lágmark til þess að leggja fram til fjölskyldu sinnar til þess að halda reisn sinni og það lágmark sem hingað til hefur verið ákveðið 18 þús. kr. væri of lágt. Þetta var það sem ég las úr dómi Hæstaréttar og ég hlýt að mega hafa þessa sannfæringu mína í friði fyrir öðrum.

Ég held að ég fari ekki nánar út í þetta. Ég fór í gegnum þetta við 1. umr. þannig að ég held að ég láti það duga. En það er niðurstaða mín að það megi taka tillit til tekna fjölskyldu þegar ákveðnar eru bætur úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Herra forseti. Gætum við komist af án þess að setja ný lög? Því var haldið fram í byrjun umræðunnar, en ekki eins mikið núna enda má segja að ef maður lítur á 5. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar þá stendur þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári" — það hefur reyndar verið hækkað síðan — „og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð ..."

Í þessari málsgrein er sagt um mörkin og að það megi borga tekjutryggingu. Svo stendur að hafi hjón hins vegar tekjur umfram þessi mörk þá eigi að skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú er spurningin: Hvað fellur eiginlega niður við dóm Hæstaréttar? Hvernig getur maður borgað út lífeyri? Ég hef spurt að því. Hvað á að borga? Á að miða við að seinni málsliðurinn falli niður og þá bara af þeirri tekjutryggingu sem er undir mörkunum en hinir fái ekkert sem eru yfir, sem hafa fengið eitthvað hingað til? Varla getur verið að fyrri málsliðurinn eigi að falla niður því að þá fengi enginn tekjutryggingu. Hvað vilja menn? Vilja menn líta á þetta eins og þetta séu einstaklingar, þ.e. samkvæmt 4. mgr. sömu greinar? Þá gerðist það að þau hjón þar sem örorkulífeyrisþeginn er með hærri tekjur en makinn, sem kemur fyrir í nokkrum hundruðum tilfella, mundu tapa á þessu, þ.e. þau hjón. Vilja menn það? Greinilega ekki þannig að ég get ekki séð hvað eigi að borga. Ég get ómögulega séð það. Því er brýn nauðsyn að setja lög um hvað eigi að gera, hvernig eigi að fullnægja dómi Hæstaréttar sem að sjálfsögðu allir vilja hlíta. Ég hef ekki hitt einn einasta mann sem ekki ætlar að hlíta dómi Hæstaréttar. Það er bara spurningin um skilninginn á dómnum og hvort menn megi skilja hann öðrum skilningi en þeim eina sem sumir trúa á.

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði í andsvari við 1. umr. að meðaltekjur maka öryrkja væru 132 þús. sem sé í andstöðu við frétt á baksíðu Morgunblaðsins sem nokkuð hefur verið til umræðu, en þar segir að meðaltekjur þeirra sem fá hækkun vegna frv. séu 338 þús. miðað við árið 1999. Skýringin á þessu misræmi er að sjálfsögðu sú að þeir sem ekki fá bætur núna eru allir með fjölskyldutekjur undir 200 þús. kr. Þeir eru teknir út úr meðaltalinu. Þar með hækkar meðaltalið að sjálfsögðu. Sá mikli fjöldi öryrkja sem eru giftir og ekki fær neitt samkvæmt dómi Hæstaréttar eru allt saman lágtekjufólkið sem er með tekjur undir 200 þús. kr. Þeir sem fá bætur eru þær fjölskyldur sem eru yfir 200 þús. kr. og eins hátt og verkast vill, maki forstjóra o.s.frv. eða skipstjóra. Það eru þeir sem eru að fá bæturnar.

Herra forseti. Spurt var í 2. umr. um siðfræði í nefndinni, hvort það hefði ekki komið til tals og framsögumaður meiri hlutans, hv. þm. Jónína Bjartmarz, sagði að við fyrningu hefði ekki verið rætt um siðfræði. Ég er reyndar ekki alveg sammála því í nefndinni var rætt mjög mikið um siðfræði. Ég tel siðfræði vera málefnalega umræðu eins og hvað annað, eins og um peninga. Í nefndinni spurði ég gesti, sem komu til nefndarinnar t.d. fulltrúa ASÍ, aftur og aftur hvort þeir teldu eðlilegt að skattleggja lágtekjuheimili eins og þau sem félagar í ASÍ mynda. Þeir félagar í ASÍ eða BSRB sem mynda heimili eru með lægri tekjur, herra forseti, en þær fjölskyldur sem eru að fá greitt eru með að meðaltali. Ég spurði hvort þetta væri siðlegt, herra forseti. Ég spurði hvort

það væri siðlegt að skattleggja lágtekjufólk til að borga bætur til hátekjufólks. Er þetta ekki siðfræði, herra forseti?

Ég spurði hvort það gæti verið siðlegt að hverfa frá þeirri stefnu, sem við höfum haft í velferðarkerfinu, að það megi gera vel við þá sem minnst mega sín. Það er siðfræði. Velferðarkerfi okkar hefur gengið út á að gera vel við þá sem minnst mega sín en borga ekki bætur til fólks sem hefur háar tekjur, háar fjölskyldutekjur. (**Gripið fram í:** Eru 18 þús. kr. hátekjur?) 400 þús. kr. plús 18 þús. eru háar tekjur já, herra forseti. Það eru háar tekjur. En auk þess er ég með orðið, herra forseti. Er það ekki þannig?

Ég kom líka inn á það sem er eitt af grundvallaratriðum í lífeyristryggingakerfinu að ekki skuli greiða út kapítal, ekki skuli greiða út uppsafnaðan lífeyri. Í almannatryggingalögunum er 48. gr. um að ekki eigi að úrskurða lífeyri lengra en tvö ár aftur í tímann til þess að vera ekki að borga út kapítal. Menn lifa ekki fyrir tveim árum, fyrir fjórum árum eða fyrir sjö árum á peningum sem greiddir eru í dag. Þeir eru búnir að komast af. Þetta er lífeyrir sem á að greiða og þess vegna er andstætt allri hugsun í lífeyristryggingakerfi að borga kapítal, meira að segja hjá lífeyrissjóðunum þar sem fólk á innstæðu er ekki greitt lengra en í hæsta lagi fjögur ár aftur í tímann ef ég man rétt. Þess vegna er sú hugsun sem stjórnarandstaðan kemur með um að greiða sjö ár aftur í tímann og meira að segja óskert og meira að segja með dráttarvöxtum sem gerði sennilega upphæðina — ég hugsa að það séu svona 4 millj. sem yrðu greiddar til velflestra. 4 millj. á að fara að greiða á einu bretti úr ríkissjóði með sköttum lágtekjufólksins. Á að greiða 4 millj. að kröfu stjórnarandstöðunnar? Veikari krafa er 3 millj. ef ekki eru dráttarvextir. Þetta á að fara að borga til fólks sem hefur það sæmilegt með sköttum þeirra sem hafa það oft og tíðum mjög slæmt. Þetta er ekki lífeyrir, herra forseti. Þetta eru þær siðfræðispurningar sem ég kom upp með í hv. heilbr.- og trn. Það er ekki rétt að ekki hafi verið rætt um siðfræði í hv. nefnd.

Svo er það spurningin, herra forseti, talandi um fyrningar sem mér finnst Hæstiréttur hafa bent á. Hæstiréttur segir í VI. kafla í atkvæði sínu, rétt á undan dómsorðinu, að taka þurfi tillit til 48. gr. almannatryggingalaga þar sem talað er um að ekki megi greiða lengur en tvö ár aftur í tímann. Þetta segir Hæstiréttur sjálfur. Hvað er hann að gefa í skyn? Af hverju segir hann þetta? Af því að hann vill ekki greiða þetta lengur aftur í tímann en tvö ár. Síðan er spurning hvort maður má miða við þann dag sem málið var dómtekið, 19. jan. 1999. Þá eru einmitt fjögur ár frá deginum í dag þannig að það er farið að vilja Hæstaréttar í því máli með því að miða við þann dag sem þetta var dómtekið.

Herra forseti. Svo er það spurning: Ef þetta er mannréttindabrot, og mannréttindabrot fyrnast ekki eins og sumir hafa sagt, af hverju skyldu þau þá fyrnast eftir sjö ár? Af hverju gerir stjórnarandstaðan ekki kröfu um 29 ár? Það væru þá aldeilis stórar summur sem sumir fengju. Þá er það ekki bara einn jeppi, þeir yrðu sennilega tveir eða þrír sem einstaka maður fengi. Reyndar er ekki mjög algengt að menn séu öryrkjar í 29 ár en ólíklegustu menn og dánarbú fengju þá lífeyri í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að gagnrýna Hæstarétt og ætla ekki að fara inn á þá braut. Hins vegar verð ég að segja að þessi dómur er ekki það skýr að hann leysi úr þeim vanda sem honum var ætlað að leysa. Ég hefði talið æskilegra að dómurinn væri skýrari, að hægt væri að lesa út úr honum einum skilning hvað átt er við. Ef Hæstiréttur hefði dæmt í einni setningu og sagt: Ekki er heimilt að taka tillit til tekna maka við úrskurð bóta örorkulífeyrisþega þá hefði ég strax skilið það og þá þyrftum við ekki að ræða meira. Ef Hæstiréttur hefði sagt að taka megi tillit til tekna fjölskyldunnar við úrskurð bóta, þá hefði þetta líka verið kristaltært en hann gerir hvorugt. Það er ljóður. En greinilegt er að dómurinn er undirstrikun á einstaklingshyggju. Hann er undirstrikun á rétti einstaklingsins og það er mjög mikilvægt og í sjálfu sér er ég ánægður með það þó að niðurstaðan sé að mínu mati félagslega ekki rétt, þ.e. sú niðurstaða að skattleggja lágtekjufólk til að borga hátekjufólki lífeyri.

Herra forseti. Á fundi nefndarinnar kom fram að 43% öryrkja eru ekki með lífeyri úr lífeyrissjóði og reyndar kemur það einnig fram í staðtölum Tryggingastofnunar. Ég spurði hvort það gæti verið að það fólk hefði ekki greitt í lífeyrissjóð þó að það hefði átt að gera það. Svarið var að það væri vissulega mjög oft tilfellið. Ég vil að menn hætti að tala eins og öryrkjar fái bara lífeyri úr almannatryggingum. Skylduaðild að lífeyrissjóðum var sett í lög fyrir 26 árum, árið 1974 á hinu háa Alþingi til þess að menn ættu rétt. Allir launþegar eiga að hafa greitt í lífeyrissjóð frá 1974 og verði þeir öryrkjar frá þeim tíma eiga þeir að fá lífeyri úr lífeyrissjóði og í flestum tilfellum framreiknað nema náttúrlega hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem BSRB hefur ekki staðið nægilega vörð um réttindi félagsmanna sinna. En það eru einu dæmin um virkilega lakan lífeyri. Það er um fólk sem var opinberir starfsmenn og varð öryrkjar og svo náttúrlega fólk sem sveikst um að greiða í lífeyrissjóð og hefur brotið lög sem er allt of algengt.

Í dag fær maður á aldrinum frá þrítugu til fertugs sem er með meðaltekjur ASÍ-félaga, segjum 160 þús. lífeyri sem er um það bil 100 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum vegna framreiknings. Hann fær alla jafna réttindi til 67 ára aldurs. Ég vil að menn tali þannig á hinu háa Alþingi að launþegar hafi farið að lögum, geri ekki alltaf ráð fyrir því að menn hafi ekki farið að lögum og tali um það að menn fái aðeins lífeyri frá almannatryggingum. Þeir sem geta bara fengið lífeyri frá almannatryggingum eru nokkrir hópar og það þarf að kanna þá. Það eru t.d. þeir sem eru í umönnunarstörfum og uppeldisstörfum. Konur sem eru t.d. heima yfir þremur börnum þar sem borgar sig ekki að vinna vegna kostnaðar við barnaheimili fá ekki lífeyrisrétt. Við hv. þm. þurfum að taka á þeim vanda. Af einhverjum ástæðum lendir umönnum alltaf á konum. Þær annast um Alzheimer-sjúka foreldra sína eða maka og geta oft verið heima í áratugi án þess að fá neinn lífeyrisrétt. Þetta þurfum við að athuga, herra forseti. Við hv. þm. þurfum að vinna í þessu því að það erum við sem setjum þessi lög. Í einstaka tilfellum fa námsmenn engan lífeyri. Örorkulíkurnar eru reyndar afskaplega litlar fyrir tvítugt fólk eða fólk undir þrítugu. En það kemur fyrir að námsmenn verði öryrkjar og fólk sem er jafnvel í grunnskóla eða í framhaldsskóla. Í þeim tilfellum var til regla fyrir nokkru þar sem námsmenn fengu námslán sem var greitt af í lífeyrissjóð, Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það var aflagt, því miður. Þessu þurfum við að huga að líka þannig að þessi hópur manna sé tryggður. Þó að líkurnar séu afskaplega litlar er það jafnslæmt fyrir þá sem lenda í því. Fyrir hinum borgurum þessa lands sem fara aldrei á vinnumarkað, og þá er ég að tala um fatlaða, mismunandi mikið fatlaða, er nokkuð vel séð. Að minnsta kosti hefur verið gert mikið átak í sambýlum fatlaðra og fyrir þeim sem eru á stofnunum er

líka nokkuð vel séð. Auðvitað getur verið að þar séu einhver dæmi sem eru ekki nógu góð.

Herra forseti. Í greinargerð minni hlutans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan hefur það gerst að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 37,5% en kaupmáttur lífeyrisgreiðslna um 11,2% eða um þriðjunginn af því sem kaupmáttur lágmarkslauna hefur batnað."

Herra forseti. Þetta er allt að því ósvífið. Menn eiga að vita að gert var sérstakt átak meðal aðila vinnumarkaðarins til að hækka lægstu laun. Í áratugi, herra forseti, man ég eftir umræðunni um að það ætti að hækka lægstu launin. Það var ekki hægt vegna þess að þau fóru upp í gegnum alla skala. Ef lægstu launin voru hækkuð, þá hækkaði iðnaðarmaðurinn og öryrkinn líka og allar lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóðanna voru meira að segja bundnar við lágmarkslaun, annan taxta Dagsbrúnar. Allar skuldbindingar lífeyrissjóðanna voru bundnar við þetta. Vegna þess arna var ekki hægt að hækka lægstu launin sem kom ekki niður á voðalega mörgum en nokkrum borgurum þessa lands sem unnu á lágmarkstaxta sem voru oft og tíðum konur. Ekki var hægt að hækka lágmarkslaunin. Ég man að ég sagði þegar ég kom inn á þing að það væri skömm að því hvað lægstu launin, sem voru þá 48 þús. kr., væru lág.

Nú hefur með sameiginlegu átaki verkalýðshreyfingarinnar tekist að hækka þessi lægstu laun og það átti að gerast án þess að hafa áhrif nokkurs staðar annars staðar. Það var sammæli allra aðila. Það átti ekki að hafa áhrif á laun iðnaðarmanna eða annarra. Þeir áttu ekki að klifra upp eftir bakinu á þeim sem voru með lægstu launin. Þetta hefur tekist. Þessi lægstu laun eru núna orðin nokkuð þokkaleg, mættu reyndar vera pínulítið betri. En að bera hækkanir á lífeyrisgreiðslum saman við þessi laun finnst mér vera ósvinna vegna þess að þessi laun áttu að hækka. Það var búið að halda þeim svo lengi niðri án tillits og áhrifa á aðra þætti.

Herra forseti. Ég benti á í fyrri ræðu minni að mjög mikilvægt væri fyrir samtök eins og Öryrkjabandalagið að vera í góðri samvinnu við löggjafarsamkunduna, hið háa Alþingi, og í góðri samvinnu við ríkisvaldið. Mér finnst að atburðir síðustu vikna séu ekki í þessa veru. Mjög mikilvægt er fyrir svona samtök að vinna með mörgum og eins og ég gat um átti ég frumkvæði að góðum fundi með formanni Öryrkjabandalagsins í sumar, eina dagstund þar sem ég fór í gegnum þau mál sem mér finnst brenna á öryrkjum og hleraði hann um þau vandamál sem brenna á öryrkjum frá þeirra hendi. Þetta finnst mér að þurfi að gera. Það eru nokkur mál sem ég hef getið um sem brenna á öryrkjum og mætti bæta. Ég kom inn á það í fyrri ræðu minni og ætla ekki að endurtaka það.

En nú gerist það að Hæstiréttur dæmir þennan dóm og dómurinn er metinn og hvað gerist? Tekjutengingin verður meiri. Hún verður óhjákvæmilega meiri. Þegar menn ætla að fara að taka meira tillit til einstaklingsins og fara að borga hátekjufólki aukinn lífeyri hlýtur tekjutengingin að verða meiri. Það er ekki til hagsbóta fyrir öryrkja sem getur unnið og vill vinna eitthvað eilítið. Mér finnst að hv. löggjafarsamkunda sem mótar stefnuna í þessu máli — við höfum löggjafarvaldið, ekki ríkisvaldið — eigi að taka sér tak og fara í gegnum málefni öryrkja og reyna að leysa þennan vanda. Ég vil nefnilega að öryrkjar geti unnið, þeir sem það vilja og geta, og að kerfið banni þeim ekki að vinna. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að það sé góður andi í samskiptum Öryrkjabandalagsins sem og annarra hliðstæðra samtaka og ríkisvaldsins og löggjafarsamkundunnar.

[11:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar tekjur maka öryrkja ná rúmlega 133 þús. kr. marki byrjar tekjutryggingin að skerðast. Tekjutrygging og grunnlífeyrir eru rúmlega 51 þús. kr. Þegar þessar upphæðir eru lagðar saman fæ ég út um 185 þús. kr. Þetta þýðir að fjölskyldutekjur öryrkja sæta skerðingu innan við 200 þús. kr. markið gagnstætt því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi. Hann verður að fara með réttar tölur. Það er þó grunnkrafa sem við hljótum að gera til hans.

Hv. þm. gerði mannréttindi og brot á mannréttindum að umræðuefni og sagði að þar við ættum að einskorða okkur við líflát, hópnauðganir og pyndingar. Þessi þrönga skilgreining á mannréttindum er mér ekki að skapi og er ekki harla nútímaleg. Þegar velferðarsamfélög (Forseti hringir.) samtímans, auðugustu ríki heimsins, og við erum þar á meðal, fjalla um skiptingu verðmætanna þá er viðfangsefnið mannréttindi og ég held áfram þeirri umræðu í öðru andsvari.

[11:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt í umræðunni að menn séu ekki að negla sig niður á krónur og aura. (Gripið fram í.) Ég sagði um það bil 200 þús. kr. (**ÖJ:** Það er rangt.) Ef öryrkinn hefur einhverjar ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að leyfa ræðumanni að tala í friði.)

Ef öryrkinn hefur einhverjar smátekjur sem hann má hafa þá er maður strax kominn upp í 200 þús., enda skiptir það ekki máli hvort að ... (**ÖJ:** Það skiptir ekki máli. ... skiptir ekki máli.) (Forseti hringir.)

Herra forseti. Þá ætla ég að koma inn á það sem hv. þm. sagði um mannréttindabrot. Mér finnst að þegar menn eru farnir að teygja mannréttindi svona langt sé það orðin mikil útþynning og mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hann telji t.d. að konur í Afganistan muni fallast á þá túlkun hans að við séum að fremja hér mannréttindabrot.

[11:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég held að þær mundu gera það. Við erum að fjalla um hæstaréttardóm sem byggir á skírskotun til ákvæðis stjórnarskrár Íslands, tveggja ákvæða þar og skírskotun til mannréttindasáttmála. Viðfangsefnið er mannréttindi. Mér finnst það sannast sagna vera mannréttindi að fólk sem hefur glatað starfsorku sinni, er öryrkjar, njóti réttarins til þess að framfleyta sér og sinni fjölskyldu. Ríkisstjórnin með talsmann Sjálfstfl. í velferðarmálum í fararbroddi, Pétur H. Blöndal, er að reyna að réttlæta að hafa af öryrkjum 7.500 kr. á mánuði hverjum. Mér finnst þetta lítilmannlegt og lítilmótlegt og mér finnst þetta vera brot á mannréttindum sannast sagna.

Síðan ætla sömu aðilar að beita fyrir sig fyrningarákvæðum í lögum til að koma í veg fyrir að þær réttarbætur sem fólkinu hafa verið dæmdar verði greiddar aftur í tímann eins og vera ber.

[11:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti væntir þess að hv. þm. fái frið til þess að tala fyrir stanslausum frammíköllum. (**ÖJ:** Hann verður að fara rétt með staðreyndir.)

[11:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan um mannréttindi er náttúrlega mjög víðfeðm og við erum að upplifa því miður í dag mannréttindabrot af grófustu tegund um allan heim. Mér finnst það vera útþynning á þessu hugtaki þegar menn tala um það í sömu andránni að það sé mannréttindabrot að kúga konur í Afganistan og það sé mannréttindabrot á Íslandi að borga ekki hátekjufólki óskertar bætur. (**ÖJ:** Hátekjufólki?) (**Gripið fram í:** 18 þús. kr. ...)

Varðandi fyrningarnar þá skil ég ekki hvernig hv. þm. getur lagt til að það eigi að fara að borga út bílverð, jeppaverð, til þessa fólks með því að fyrna ekki miðað við fjögur ár heldur sjö ár. (**ÖJ:** Þið eruð búnir að vera að hygla jeppafólkinu um hálfa millj.) Ég skil því ekki hvernig hv. þm. getur sem félagshyggjumaður lagt til að borga út 3 millj. á einu bretti núna um næstu mánaðamót til fólks sem hefur það ekki eins slæmt og margir aðrir öryrkjar.

[11:05]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill í fullri vinsemd mælast til þess að þeir hv. þm. sem hafa eitthvað til málanna að leggja við þessa umræðu setji sig á mælendaskrá en gali ekki stanslaust fram í ræður þeirra sem eru að tala.

[11:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli hv. þm. á því að í forsendum að dómi Hæstaréttar er mjög víða að finna tilvísun í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Ég gríp niður í V. kafla þar sem segir:

„... verður þetta skipulag ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi, sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði felast, á þann hátt að þeir fái notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. stjórnarskrárinnar mælir þeim, ...“

Ég vil nefna þetta við hv. þm. og ég spyr hann hvort hann telji að Alþingi hafi sett mannréttindaákvæði í stjórnarskrána 1995. Telur þingmaðurinn að mannréttindabrot séu eingöngu þau grófu brot sem hann kaus að draga inn í þessa umræðu, hópnauðganir, morð og pyndingar? Þriðja spurningin er þessi: Telur þingmaðurinn virkilega harla ólíklegt að öryrkjar geti verið öryrkjar í 29 ár — eða misskildi ég hann?

[11:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað spurning um notkun á hugtökum. Hvað eru mannréttindi? Í mínum huga eru mannréttindi alltaf mjög alvarlegur hlutur og mér finnst Hæstiréttur, þó að ég vilji ógjarnan gagnrýna hann, ganga nokkuð langt í notkun á þessu hugtaki. Ég skil það miklu alvarlegar, því miður, herra forseti. Ég hef bara þann skilning á hugtakinu mannréttindi.

Varðandi fyrninguna og að öryrkjar geti verið öryrkjar í 29 ár. Vissulega geta þess verið dæmi. En hefur hv. þm. reiknað út hvaða bætur hann fengi þá? Hann fengi ekki eina milljón, tvær milljónir eða fjórar milljónir heldur fengi hann sennilega nær 12 eða 15 milljónum. Er það virkilega vilji hv. þm. sem jafnaðarmanns að fara að borga út andvirði íbúðar til fólks sem er með yfir 200 þús. kr. tekjur á mánuði og jafnvel 300 þús. kr.?

[11:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er það orðið ljóst að hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið hér í ræðustól Alþingis til, eins og við segjum stundum, að skamma Albaníu. Hann er í raun og veru að senda Hæstarétti tóninn þrátt fyrir að hann sé að segja að hann vilji ógjarnan skammast vegna þess að Hæstiréttur talar hiklaust um mannréttindi samkvæmt stjórnarskránni. Það er alvarlegt ef hugtökin í huga þingmanna eru þannig að mannréttindi séu fyrst og fremst þau grófu brot sem við þekkjum úr verstu ríkjum heims.

Í öðru lagi varðandi öryrkja. Ég hef litið á það sem hluta af félagshyggju og félagslegum sjónarmiðum í velferðarríki að öryrkjum og óvinnufæru fólki sé gert kleift að lifa með reisn og ef viðkomandi er öryrki og óvinnufær muni hann fá úr sjóðum samfélagsins hvort sem hann er óvinnufær og öryrki í færri ár eða fleiri.

[11:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég sagði var að fyrir mér er hugtakið mannréttindi og mannréttindabrot mjög alvarlegur hlutur og ég sagði að ég gæti ekki þynnt það út eins og menn hafa gert. Aðrir geta haft aðra skoðun á þessu. Verði þeim að góðu. Ég virði þá skoðun. En menn geri svo vel að leyfa mér að hafa skoðun líka, mína skoðun.

Varðandi einstaklingshyggjuna og jafnaðarmennskuna þá skil ég ekki hvernig hv. þm. getur látið fólk sem er jafnvel með yfir 400 þús. kr. tekjur — þeir eru þó nokkrir með fjölskyldutekjur yfir 400 þús. kr. — fá bætur sem eru fjármagnaðar með sköttum lágtekjufólks. Þetta er það sem ég ekki skil. Þetta félagslega réttlæti gengur ekki inn í minn huga. En að sjálfsögðu virði ég skoðun hv. þm. að það sé réttlætanlegt að skattleggja lágtekjufólk til að borga hátekjufólki bætur.

[11:10]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt í þessari ræðu sem ástæða væri til að gera athugasemdir við, en það sem ég mælti í upphafi fyrstu ræðu minnar um að frv. væri brot á stjórnarskrá og brot á mannréttindum. Ég segi að ég tók það jafnnærri mér að segja þessi orð og hafði engan fyrirvara þar á og ég veit að hv. þm. voru þessi orð jafnþung. Eins og ég skil dóm Hæstaréttar sem byggir á kröfu Öryrkjabandalagsins, þá er mér þetta mál mjög erfitt og mér finnst, herra forseti, að það sé verið að brjóta stjórnarskrána með þessu frv. og mér finnst að þetta sé brot á mannréttindum.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Eitt orð til viðbótar í næstu ræðu.

[11:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hún virði þá skoðun mína og þá sannfæringu mína að Hæstiréttur hafi dæmt öðruvísi en hv. þm. telur, hvort hún virði þá skoðun mína að það megi skerða bætur öryrkjans miðað við tekjur makans eins og ég skil dóm Hæstaréttar. Virðir hún þessa skoðun mína? Leyfir hún mér að hafa þessa skoðun?

[11:12]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get bæði virt hana og leyft honum að hafa þessa skoðun, enda hef ég engin áhrif á það, en ég er henni algerlega ósammála og ekki bara út frá lögfræðilegum

vangaveltum sem ég er ekki sleip í heldur aftur á móti fyllilega út frá siðfræði og út frá mannréttindasjónarmiði. Ég tel að það sé verið vísvitandi eða ekki vísvitandi að finna leiðir til að fara fram hjá dómi Hæstaréttar svo að niðurstaða hans nái ekki við þessa afgreiðslu einnig til annarra lífeyrisþega. Þetta er mín einlæga skoðun. Ég virði skoðun hv. þm. en ég er henni algerlega ósammála.

[11:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. virðir skoðun mína og ef hún virðir persónu mína og virðir mig sem þingnmann má hún ekki segja að skoðun mín sé röng og að ég sé að brjóta stjórnarskrána. Hún getur í hæsta lagi sagt að hún telji að ég sé að brjóta stjórnarskrána. Og hún getur í hæsta lagi sagt að hún telji að ég sé að brjóta mannréttindi. Hún getur ekki sagt að ég sé að brjóta mannréttindi. Á þetta hef ég lagt áherslu. Ég hef aldrei nokkurn tíma sagt — ég ætla að vona a.m.k. að ég hafi ekki sagt það — að skoðun annarra þingmanna sé röng eða að þeir hafi á röngu að standa. Ég get í hæsta lagi sagt að ég telji að skoðun þeirra sé röng eða að þeir hafi á röngu að standa. Við verðum að bera virðingu hvert fyrir öðru og ekki vera með fullyrðingar um að við höfum fundið sannleikann og aðrir vaði í villu og svíma.

[11:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði í ræðu sinni hvernig ætti að greiða tekjutrygginguna án laga. Ég hefði talið að hv. þm. þyrfti ekki að spyrja um þetta af því að það kom skýrt fram í nefndinni og í nefndarvinnunni. Þar voru starfsmenn Tryggingastofnunarinnar og forstjóri hennar og þeir staðfestu að þeir skildu dóm Hæstaréttar um að tekjutenging við tekjur maka væri óheimil þegar tekjutrygging væri annars vegar og að unnt hefði verið að greiða samkvæmt þeim dómi. Það var heimilt að greiða tekjutrygginguna en ekki skerða hana. Það hefði tekið dagpart að útbúa reglugerð með frítekjumörkum og það hefði þurft að ýta á einn takka á tölvu til þess að fá greiðsluna út úr tölvunum.

Hv. þm. Ef menn taka fé í heimildarleysi ber að endurgreiða það hvort sem það eru öryrkjar sem eiga í hlut eða aðrir.

[11:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi hvað eigi að greiða. Ég spurði að þessu og fulltrúar Tryggingastofnunar sögðust geta greitt þetta en ég fékk ekki upplýsingar um hvað ætti að greiða og eftir hvaða reglum. Ég stórefa að þeir geti búið til rökrænar reglur einir sér sem standast önnur lög því að Tryggingastofnun má heldur ekki greiða út úr sjóðum almennings nema með lögum. Það segir stjórnarskráin sem allir vilja virða.

[11:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn spyr hv. þm., og ætti ekki að þurfa að spyrja vegna þess að allar þessar upplýsingar komu fram í nefndinni við umfjöllun málsins: Hvað á að greiða? Það er ákvörðun ráðherra hverju sinni hvaða frítekjumark hann setur í reglugerðir og það hefði ráðherra getað gert í þessu tilviki. Ef hann má ekki tengja samkvæmt tekjum maka hefði verið hægast að setja frítekjumark miðað við einstakling og ákveða þá síðan hvert það frítekjumark væri. Það er auðvitað á valdi ráðherra. Síðan hefði þingið þurft að koma saman og fjalla um frekari afleiðingar þessa dóms.

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. þar sem hann talar um greiðslur úr lífeyrissjóði, þá vil ég minna hv. þm. á — ég veit það þarf ekki að gera það en ég ætla að gera það samt — að þeir sem eru fatlaðir frá fæðingu eiga engan rétt í lífeyrissjóðum. Við höfum líka talað um húsmæður og við höfum talað um unga öryrkja. Samkvæmt upplýsingum í staðtölum Tryggingastofnunar eru ungir öryrkjar mun fleiri á Íslandi en í öðrum löndum og þeir eiga lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóði.

[11:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var kominn að því atriði sem hv. þm. nefndi síðast í ræðu minni og ég þarf ekkert að endurtaka það. En varðandi það hvað eigi að greiða aftur í tímann og það sé oftekið fé er Hæstiréttur að breyta lagatúlkun. Hann er að auka rétt einstaklingsins með þessum dómi og þá er ekki verið að borga til baka oftekið fé heldur er Hæstiréttur að segja að mörkin sem voru í gildi hingað til voru of lág og það verði að hækka þau. Hæstiréttur er sem sagt að bæta réttinn sem var hingað til. Hann er að breyta lögunum þannig að það eigi að hækka réttinn, hann er að bæta hann. Það er ekki oftekið fé sem er verið að endurgreiða heldur er verið að auka réttinn.

[11:18]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Umræðan um dóm Hæstaréttar gagnvart öryrkjum hefur verið löng hér á hinu háa Alþingi en ég hefði hugsað mér að hefja mál mitt á tilvitnun í blaðaviðtal við ungan öryrkja í Morgunblaðinu á sunnudaginn var og gera þau orð að mínum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dómur Hæstaréttar er ekki aðeins sigur öryrkja í sambúð heldur allra öryrkja og raunar þjóðarinnar allrar enda veit enginn hver þarf næstur á örorkulífeyri að halda."

Í framhaldi af þessum dómi hefur farið af stað mikil og kröftug umræða út um allt þjóðfélag vegna þessa máls og þá kannski alveg sérstaklega vegna arfavitlausra viðbragða hæstv. ríkisstjórnar við þessum dómi sem er reyndar alveg ótrúlegt og vonlaust að fá nokkurn botn í hvers vegna brugðist var við á þann hátt sem gert var. Hvers vegna var ekki gengið í að greiða út frá 1. janúar þær bætur sem öryrkjum var sannarlega dæmt að ætti að greiða, þær rúmar 51 þús. kr. sem við erum að deila um? Í þeirri umræðu sem ég hef hlustað á á hinu háa Alþingi, sérstaklega frá stjórnarsinnum, hef ég ekki komist að neinni niðurstöðu um hvað liggur að baki og hvers vegna talan 43 þús. er fundin en ekki 40 þús. eða 45 þús. Ekkert svar kemur heldur við því. Það er með ólíkindum, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur hrakist út í það forarsvað og það stríð að ráðast á þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu eins og kemur fram í viðbrögðum hæstv. ríkisstjórnar við þessum dómi. Skipun háyfirréttar í framhaldi af því til þess að finna einhverjar færar leiðir til að fara á svig við dóm Hæstaréttar er líka með ólíkindum og hæstv. ríkisstjórnar til stórskammar. Þar voru fundnir til helstu skósveinar forustumanna ríkisstjórnarinnar til að reyna að koma með einhverjar tillögur til að gera það að verkum að ekki yrði greitt út og farið eftir fullnaðarsigri Öryrkjabandalagsins fyrir Hæstarétti.

Herra forseti. Í umræðu á Alþingi hefur margt verið sagt og fyrsti ræðumaður þessa dags, hv. þm. Pétur H. Blöndal, fór yfir þetta svið og komu frá honum ótrúleg ummæli og er

rétt að ítreka enn einu sinni og spyrjast fyrir hvað hv. þm. á virkilega við í því sambandi. Ég sé að hv. þm. er farinn úr salnum en ég hefði talið æskilegra að hann væri á svæðinu þegar ég ræði um málflutning hans og önnur orð sem hann hefur látið frá sér fara. Mér er frekar illa við að gera það að honum fjarstöddum.

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. er í húsinu. Forseti mun senda honum boð um að nærveru hans sé óskað.)

Já, takk. Ég kem þá að því síðar.

Herra forseti. Mjög stór hluti öryrkja er lítt efnum búinn og á verulega undir högg að sækja. Þannig hefur það verið alla starfstíð þessarar ríkisstjórnar og síðasta kjörtímabil líka. Lítið sem ekkert hefur verið gert til þess að bæta hag þeirra.

Þessir þjóðfélagshópar eiga verulega bágt í þjóðfélaginu. Ég trúi ekki öðru en hv. stjórnarsinnar séu í jafnmiklum tengslum við þetta fólk og aðrir og þeir séu ekki vel meðvitaðir um hvers konar kjör því eru búin og við hvaða lífskjör þetta fólk á að búa og hvernig það er jafnvel á síðustu dögum mánaðar að reyna að láta enda ná saman og nurla saman einhverju til að geta haft ofan í sig, maður talar nú ekki um á sig.

Herra forseti. Við þingmenn lentum í því ekki alls fyrir löngu að ganga í hús í landinu fyrir Rauða krossinn og safna peningum. Því langar mig að segja frá einu dæmi sem ég lenti í sem er brennt inn í huga minn og verður svo sennilega það sem eftir er. Við söfnunina lenti ég í því að til dyra kom öryrki, sem ég veit að hefur haft það mjög dapurt í þjóðfélaginu og hefur átt að lifa á strípuðu bótum, hafa engan lífeyrissjóð vegna þess að lífeyrissjóðir voru ekki til þegar þessi aðili var að vinna og þegar þeir voru til var þessi þegn heima hjá sér að ala upp börn og gæta aldraðs foreldris. Ég kynnti erindi mitt og þennan rauða bauk og fékk þá svarið að það væru hreinlega engir peningar til til að leggja inn í þetta þarfa verk, með ákveðnum orðum sem ég ætla ekki að hafa í frammi á hinu háa Alþingi. Mér var þetta ákaflega minnisstætt og sorglegt.

Herra forseti. Þær strípuðu bætur sem þessum þjóðfélagshópum eru skammtaðar og þeir verða að skrimta af eru jafnframt skilaboð frá stjórnvöldum hvers tíma um útskúfun úr því velmektarsamfélagi sem við teljum okkur vera að byggja upp á Íslandi. Þetta er aðskilnaðarstefna sem er í senn siðlaus og stórhættuleg.

Ef maður nefnir það í leiðinni sem varðar börn öryrkja og það sem við bjóðum þessu fólki liggur við að börn öryrkja finni það strax á unga aldri hvernig þau eru nánast útskúfuð úr þjóðfélaginu vegna þess að peningar eru ekki til til þess að þau taki þátt í ýmsum störfum samfélagsins eins og íþróttum og menningarstarfi. Þess vegna, herra forseti, er alveg með ólíkindum að þegar rætt er um þessi atriði skuli koma fram sjónarmið eins og komu fram áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal þó ég taki skýrt fram að ég virði skoðanir hans eins og hann það mann margsinnis um að gera en ég er 100% ósammála þeim. Mér finnst alveg með ólíkindum að menn á hinu háa Alþingi skuli láta það út úr sér sem kom fram í þessari ræðu áðan og að maður tali ekki um þátt sem var í sjónvarpi þegar Alþingi var að koma saman í byrjun október eftir að öryrkjar og aldraðir söfnuðust saman fyrir utan Alþingishús til að mótmæla bágum kjörum sínum. En fyrst aðeins að því sem kom fram í máli hv. þm. áðan.

Hv. þm. talaði um að ef þetta yrði allt greitt út eins og dómurinn segir til um, 51 þús. kr., væru hærri vextir o.s.frv. og þá væru það svo rosalega háar tölur sem öryrkjum yrðu greiddar að það væri jafnvel ekki eitt jeppaverð heldur tvö jeppaverð. Í þessu sambandi sagði hv. þm. eitthvað á þá leið að það væri ólíklegt að menn hefðu verið öryrkjar í 29 ár. Hvað á hv. þm. við með þessum orðum? Hv. þm. ræðir um fyrningar sem við höfum verið að deila um og hvernig á að greiða til baka. Ég leyfi mér að spyrja hv. þm.: Ef ég skulda þessum hv. þm. eina millj. kr. og á að borga það á árinu en tek mig til og borga honum helminginn eða 500 þús. á árinu, skerði með öðrum orðum umsamda greiðslu um 50%, mundi hv. þm. sætta sig við að fá bara helminginn? Ég geri ráð fyrir ekki. Ætli hann mundi ekki höfða dómsmál gegn mér og krefjast þess að ég borgaði honum það sem ég skulda og það sem hann átti sannanlega að fá og ef dómurinn félli þannig, sem er ekki ólíklegt, að mér yrði dæmt í óhag og ég ætti að greiða þetta fullkomlega þyrftum við þá nokkuð að setjast niður? Væri hv. þm. til viðræðu um að setjast niður þrátt fyrir dóminn og við mundum semja um að ég greiddi kannski bara 60% eða eitthvað svoleiðis?

Með öðrum orðum, dómur hefur fallið. Þau lög sem hér var verið að dæma um voru ólög og ekki var heimild til að gera þetta. Þarna hefur verið haft fé af fólki og því á að skila fullkomlega, nákvæmlega eins og þeirri milljón sem ég ætti að skila hv. þm. Pétri H. Blöndal ef ég skuldaði honum milljón en ekki bara 500 þús. eða 600 þús. eða eitthvað slíkt. Ég er ekki viss um að hv. þm. mundi semja um einhverja lágmarksvexti í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég ætla þá að snúa mér að öðrum orðum sem hafa fallið í þessari umræðu eða réttara sagt sem féllu í umræðum um ekki ósvipað mál í upphafi þings og viðtal sem var við hv. þm. Pétur H. Blöndal á Stöð 2 í þætti sem heitir Svar óskast. Þar kemur fram skýring sem ég er ekki sáttur við og vil eiga orðastað við hv. þm. á Alþingi um og ég held að líka sé nauðsynlegt að festa ýmislegt úr þessu viðtali í þingtíðindi vegna þess að ekki eingöngu öryrkjum og öldruðum sárnaði það mjög sem þar kom fram heldur var ég mjög ósáttur við að starfsfélagi minn á Alþingi léti þessi orð falla þó ég ætli að virða skoðanir hans hvað það varðar þótt ég sé 100% ósammála þeim eins og ég sagði áðan. Ég ætla að grípa aðeins niður í þetta viðtal. Þetta er í framhaldi af því þegar aldraðir og öryrkjar söfnuðust saman við setningu Alþingis og mótmæltu kjörum sínum. Fréttamaðurinn heitir Róbert Marshall og gríp ég hér inn í þar sem aðalatriðin koma fram.

Fréttamaðurinn spyr hv. þm. hvort hann sé mjög ánægður með fjárlögin, með leyfi forseta: Hv. þm. Pétur H. Blöndal svarar: Já, þetta eru mjög góð fjárlög. Það er afskaplega óvenjulegt að sjá svona mikinn afgang, 30 milljarða kr.

Fréttamaðurinn spyr: Aldraðir eru ekki ánægðir með sitt. Hv. þm. svarar: Nei. Það er búið að koma því inn hjá öldruðum og þjóðinni allri að þeirra staða sé slæm, en það er bara ekki rétt.

Fréttamaðurinn spyr: Það er búið að koma því inn hjá öldruðum, það er búið að telja þeim trú um það? Hv. þm. Pétur Blöndal svarar: Já, það er búið að því. Þeirra lífeyrir hefur hækkað um 20% umfram verðlag á síðustu fimm árum og það þýðir að þeir geta keypt sér núna 20% meira en þeir gátu fyrir fimm árum.

Fréttamaðurinn spyr: Ertu að segja mér það, Pétur, að aldraðir finni það ekki á eigin skrokki að þeir hafi það ekki nógu gott? Hv. þm. svarar: Þegar maður talar við aldraða eða öryrkja, þá segir hver um sig að þeir hafi það í rauninni ágætt og ég er búinn að fara í gegnum fullt af dæmum.

Fréttamaðurinn spyr: Ertu að segja mér það að allt þetta fólk sem kom niður á Austurvöll í vikunni og hrópaði ... Hv. þm. tekur orðið og segir: Það var allt örugglega ekki fátækt.

Fréttamaðurinn: Heldurðu að það hafi verið eða var búið að glepja þetta fólk til þess að koma niður á Austurvöll og ...? Hv. þm. tekur orðið: Ég segi það, já. Umræðan er svo yfirborðskennd. Hún er svo yfirborðskennd að menn leyfa sér að taka einn lífeyri út úr öllum þeim fjölda bóta sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar eiga rétt á.

Fréttamaðurinn: Þannig að þetta eru nytsamir sakleysingjar sem eru fluttir niður á Austurvöll. Hv. þm. svarar: Já, ég held það. Í fyrsta lagi fá menn ellilífeyri. Síðan fá menn tekjutryggingu. Síðan fá menn heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót. Síðan fá þeir sem vilja húsaleigubætur og svona má telja áfram og áfram.

Fréttamaðurinn: En menn voru að rifja upp þessar hundraðkallshækkanir sem þeir voru að fá. Hv. þm. Pétur Blöndal svarar: Akkúrat. Það er akkúrat dæmi um það hvað umræðan er yfirborðskennd.

Síðar í þessum þætti er spilað af spólu það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði héðan úr þessum ræðustól í umræðu utan dagskrár sem mig minnir að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafi hafið um kjör aldraðra. Þessi ummæli eru spiluð í þættinum og þar kemur fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Auðvitað eru slæmar fjárhagsástæður hjá öldruðum eins og hjá öðrum hópum þjóðfélagsins. Fólk hefur fjárfest glannalega, tapað í atvinnurekstri, skrifað upp á og svo er auðvitað óreglan sem er allt of víða."

Fréttamaðurinn kemur inn í: Offjárfesting og óregla. Kann gamla fólkið ekki að fara með peninga? Hv. þm. svarar: Nú skal ég segja þér eitt. Ég er búinn að fara í gegnum dæmi hjá mörgum, mörgum öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Ég sit um það, ég vanda mig við að fá að heyra stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega og flest dæmin þar sem staðan er vonlaus eða mjög slæm er vegna uppboðsskipta, vegna þess að menn hafa orðið gjaldþrota í atvinnurekstri eða menn hafa verið glannalegir í fjárfestingum eða hreinlega vegna óreglu. Og hvernig getum við lokað augunum fyrir því aðalfélagslega meini og fjölskyldumeini á Íslandi sem er óreglan?

Fréttamaðurinn Róbert Marshall kemur inn í og spyr: En getum við afgreitt vandamál ákveðins þjóðfélagshóps með því að segja þetta í Alþingi? Eru þessi ummæli sæmandi alþingismanni? Hv. þm. Pétur Blöndal svarar: Má ekki segja sannleikann? Má ekki segja það sem allir vita? Í hverri einustu fjölskyldu á Íslandi, — ég fullyrði í nánast hverri einustu fjölskyldu er eitthvert vandamál með óreglu annaðhvort vegna áfengis, eiturlyfja eða vegna fjármálaóreiðu. Þetta er til og af hverju má ekki nefna hlutina?

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram til að fyrirbyggja allan misskilning að hér var ég að lesa það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði. Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli koma frá hv. alþm. Ég tek skýrt fram að ég er ákaflega ósáttur við slík ummæli og mjög sár yfir því að þetta skuli vera sagt og ég veit að þetta fór mjög fyrir brjóstið á öryrkjum og öldruðum mörgum hverjum sem falla ekki undir neitt í þessari upptalningu.

Herra forseti. Það eru fjöldamargir ef ekki flestir öryrkja og mjög margir aldraðir sem hafa það mjög skítt í þjóðfélaginu þrátt fyrir að ekkert af ásökunum hv. þm. eigi við rök að styðjast. Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli vera lagt svona fram og sýnir á hvaða plani þessi umræða er. Til langs tíma og í mörgum umræðum á Alþingi var hv. þm. Pétur H. Blöndal einn eða kannski annar tveggja í mesta lagi af talsmönnum Sjálfstfl. í umræðum um tryggingamál sem hafa verið í haust.

Einnig hefur verið rætt um kjör aldraðra í dag og oft hefur verið vitnað í Öryrkjabandalagið og að hæstv. forsrh. missti stjórn á skapi sínu einu sinni í umræðum á Alþingi út af auglýsingu sem Öryrkjabandalagið birti fyrir síðustu kosningar sem var á þá leið, með leyfi forseta, og ég ætla að lesa ýmislegt úr þessari auglýsingu. Hún er mjög góð og birtist mánudaginn 27. apríl 1999 í blaði allra landsmanna, Morgunblaðinu. Fyrirsögnin á þessari auglýsingu er þannig:

„Á síðustu mánuðum hafa sífellt fleiri gengið fram fyrir skjöldu til að minna stjórnmálamenn á afdrifaríkasta siðferðisvanda einnar ríkustu þjóðar veraldar. Kjósum við óbreytt ástand?"

Þetta olli taugatitringi hæstv. forsrh. á einu augnabliki og fúkyrðum í garð Öryrkjabandalagsins héðan úr ræðustól. En gaman væri að vitna í nokkur atriði úr þessari auglýsingu vegna þess að í rauninni hefur ekkert breyst frá því að hún birtist og nægir þar að minna hv. þm. og aðra á, ef þeir hafa þá ekki klippt hana út, sérstaklega stjórnarsinnar, fimm dálka mynd sem birtist í blöðunum rétt fyrir jól sem sýndi biðröðina sem var hjá mæðrastyrksnefnd til að leita sér aðstoðar fyrir jólin. Sá biðlisti hefur ekki minnkað.

Í þessari auglýsingu segir m.a. herra Karl Sigurbjörnsson biskup, með leyfi forseta:

„Á þriðja þúsund einstaklingar þurftu að þiggja aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir nýliðin jól, og það í mesta góðæri Íslandssögunnar. Þetta fólk er flest öryrkjar sem ættu samkvæmt viðurkenndum grundvallarsiðgildum okkar þjóðar að njóta velferðar og stuðnings samfélagsins. Eitthvað er nú að."

Þetta sagði herra Karl Sigurbjörnsson biskup í nýársprédikun sinni í janúar 1999. Ástandið hefur ekki batnað.

Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, sagði m.a. í þessari auglýsingu:

„Verstur er þó hlutur öryrkjanna, sem aldrei hafa beðið um sína örorku en eru háðir þeim smánarskammti sem hrekkur af borðum allsnægtarinnar." (**Gripið fram í:** Eru þessir menn flokksbundnir í Samfylkingunni?)

Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir, segir í sömu auglýsingu: „Upplýsingar um örorkugreiðslur hér á landi eru ekki til að fara með í aðra hreppa, þær eru svo lágar þrátt fyrir að við höfum verið ein tekjuhæsta þjóð í heimi í áratugi. Hafa menn gleymt tilgangi almannatrygginga?"

Og Bengt Lindqvist, umboðsmaður fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum, segir þetta, og taki hv. þm. eftir: „Þó að íslenska ríkisstjórnin hafi verið ein sú fyrsta sem lét þýða grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, þá er ekki nóg að þýða þær. Það þarf líka að framfylgja þeim."

Forustugrein Morgunblaðsins í desember 1998: „Í ljósi réttsýni og sanngirni er tímabært, að ekki sé fastar að orði kveðið, að endurskoða stöðu öryrkja, sérstaklega þeirra sem urðu öryrkjar ungir." Þetta sagði Morgunblaðið í desember 1998. Hafa kjör þessa hóps eitthvað verið bætt? Nei.

Herra forseti. Umrædd auglýsing hefur orðið tilefni til mikilla umræðna og mjög hvassra hér á hinu háa Alþingi og mér segir svo hugur að það sé hluti af allt að því sem ég kalla hatri sem kemur fram frá nokkrum hæstv. ráðherrum í garð Öryrkjabandalagsins, sennilega vegna þessara auglýsinga.

En þess ber að geta að Félag eldri borgara og Landssamband eldri borgara efndu sameiginlega til kröfugöngu og útifundar á sama tíma og með auglýsingu um sama efni og var tekið undir þau atriði sem þar voru sett fram.

Við getum síðan farið aðeins yfir það, herra forseti, hvernig þessir bótaflokkar hafa hækkað eða staðið í stað, sérstaklega með tilliti til yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar við gerð kjarasamninga sem hún gaf út 10. mars árið 2000. Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík sendi öllum alþingismönnum bréf, en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þann 10. mars 2000 gaf ríkisstjórn Íslands út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000. Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lýsir yfir miklum vonbrigðum og mótmælir harðlega þeim smánarlegu hækkunum almannatrygginga sem fyrirhugaðar eru samkvæmt yfirlýsingunni. Þessi yfirlýsing er algerlega í mótsögn við þau fyrirheit um að bæta hag þeirra lífeyrisþega sem hafa eingöngu greiðslur frá almannatryggingum. Samkvæmt yfirlýsingunni breikkar enn bilið milli lægstu launa og tryggingagreiðslna sem er alls ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar sem m.a. var sagt að greiðslur almannatrygginga skulu fylgja launaþróun í landinu.

Í kjarasamningum Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins sem framangreind yfirlýsing byggðist á er gert ráð fyrir að þeir sem voru á töxtum að upphæð 70 þús. kr. eða lægri munu hækka meira heldur en gert er ráð fyrir í almennu hækkuninni eða hækka upp í 91 þús. kr. á samningstímabilinu. Félag eldri borgara telur eðlilegast að greiðslur almannatrygginga miðist við þær hækkanir og krefst þess að ríkisstjórnin endurskoði sérstaklega þennan hluta yfirlýsingarinnar þar sem verulegur hluti bótaþega almannatrygginga er undir 70 þús. kr. mörkunum."

Hvernig var svo samningurinn? Þeir taxtar sem voru 70 þús. kr. og lægri áður en samningar náðust hækkuðu um 8,9% 1. mars árið 2000. Tryggingagreiðslurnar hækkuðu aðeins um 4,5% 1. apríl 2000. Það voru bæturnar sem aldraðir og öryrkjar héldu að væri aprílgabb. Þetta kom 1. apríl og þeir héldu að það væri aprílgabb frá hæstv. ríkisstjórn þegar þeir fengu hækkunina sem var á grunnlífeyri 151 kr., og á tekjutryggingu ellilífeyrisþega og öryrkja 260 kr., en það reyndist ekki aprílgabb, því miður.

Þessir sömu taxtar hjá 70 þús. kr. fólkinu og lægra áður en samningar náðust hækkuðu um 6,5% 1. janúar árið 2001 en tryggingagreiðslur aðeins um 3%. 1. janúar 2002 hækka þessir lægstu taxtar um 6,5% en tryggingagreiðslurnar aðeins um 3%, og í lokin hækka kauptaxtarnir um 5,25% 1. janúar 2003 en þá munu tryggingagreiðslurnar aðeins hækka um 2,25%, enda er það svo, herra forseti, að árið 1990 námu aðalbótaflokkar Tryggingastofnunar, þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging, samtals 51,4% af meðaldagvinnulaunum verkamanna.

Árið eftir fór þetta hlutfall í 51,7%, en frá árinu 1991 hefur hlutfallið lækkað stöðugt. Það var 43,1% árið 1998 en hækkaði í 43,8% árið 1999. Þessar tölur sýna okkur, herra forseti, að grunnlífeyrir og tekjutrygging þurfa að hækka um 18% til að aldraðir standi kjaralega í sömu stöðu og þeir voru gagnvart verkafólki árið 1999.

Ef horft er til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í vor stefnir í að grunnlífeyrir og tekjutrygging haldi áfram að lækka sem hlutfall af launum verkamanna, hlutfallið verði komið niður í 42,4% árið 2003 ef ekki komi til stefnubreyting af hálfu stjórnvalda varðandi hækkun bóta.

Herra forseti. Þetta er í takt við það sem ég var að lesa áðan um hækkaðar tryggingagreiðslur sem hæstv. ríkisstjórn skammtar því fólki sem getur ekki samið um eitt eða neitt heldur verður að þiggja þá brauðmylsnumola sem hrökkva af borðum hæstv. ríkisstjórnar um þessar mundir.

Herra forseti. Ég ætla að snúa mér aftur að þeim dómi sem við höfum verið að fjalla um og því lagafrv., því skerðingarfrv. sem hér er verið að keyra í gegnum Alþingi í krafti stjórnarmeirihlutans og þarf svo sem ekki að fara mörgum orðum um það. Hér hefur mikið verið rætt um þetta og seint verðum við sammála um það.

Það er alveg með ólíkindum hvað hæstv. ríkisstjórn fór klaufalega í það mál eftir að þessi dómur féll. Sá sem tapaði málinu hefur aldrei gert sér far um að hafa samband við þann sem vann málið. Hæstv. ríkisstjórn hefur aldrei og ekki dottið það í hug að hafa samband við stjórnarandstöðuna um þetta mál á undirbúningsstigi þess. Nei, hún keyrir áfram í krafti meiri hlutans. Það gerir hún svo sannarlega.

Það hefði kannski verið örlítið meiri stíll á því hjá hæstv. ríkisstjórn að kalla Öryrkjabandalagið til viðræðna í framhaldi af þessu máli, greiða þeim það sem þeir eiga að fá samkvæmt dómnum 1. janúar og greiða svo hitt allt saman aftur í tímann fullkomlega eins og átti að gera. Jafnframt hefði verið smábragur á því hjá hæstv. ríkisstjórn að efna til samstarfs eða samvinnu innan hv. Alþingis meðal stjórnmálaflokka um hvernig á þessum málum skuli taka í framtíðinni þannig að við verðum ekki sífellt að ræða það hér.

Nei, það var ekki gert og það er óskiljanlegt hjá hæstv. *ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutanum að keyra þetta svo í* gegn. Það læðist að manni sá grunur að það sé vegna þess að það mátti ekki láta það koma þannig út að Öryrkjabandalagið hefði unnið fullnaðarsigur, „ippon" eins og það heitir á júdómáli, sem það sannarlega gerði, og láta stjórnkerfið ganga frá hlutunum í framhaldi af því. E.t.v. hefur einhverjum hæstv. ráðherrum fundist það vera mikil niðurlæging og það kemur kannski heim og saman við það sem ég nefndi áðan sem mér finnst stundum hafa komið út eins og hálfgert hatur gegn Öryrkjabandalaginu sem kemur svo fram að sjálfsögðu gegn öllum öryrkjum.

Það var ljótur leikur og hreinlega ljótasti leikur í þessari deilu þegar hæstv. ríkisstjórn ætlaði að reyna að etja öryrkjum saman, að etja þeim upp í deilur um það sem ég var að ræða um áðan, þ.e. þær lágmarksbætur sem stór fjöldi öryrkja fær, þær smánarlegu bætur sem þar eru sem vonlaust er að draga fram lífið á eða að hafa mannlega reisn í þessu þjóðfélagi. Hún ætlaði að etja saman „ríku öryrkjunum" eins og einhverjir hér hafa nefnt þá sem njóta þeirra forréttinda að hafa ekki þurft að skilja við maka sína og eiga maka sem e.t.v. eru fullvinnufærir og þéna töluverða peninga og svo hinum sem kannski hafa aldrei fundið sér maka eða hafa ekki farið þá leið. Það var einn ljótasti leikur þessarar deilu í framhaldi af þessum dómi. Hann var jafnvel verri en að skipa yfirhæstarétt til að fara í gegnum málið með nokkrum vildarvinum Sjálfstfl. og Framsfl. í lögfræðistétt.

Það er aumt hlutverk Framsfl. í þessu máli, flokks sem fyrr á árum nuddaði sér upp við félagshyggju, jafnaðarmennsku, samhjálp og annað, hvernig hann hefur látið Sjálfstfl. teyma sig út í það forráttufen eða það fen sem þeir eru komnir í nú. Það er sennilega svipað með Framsfl. í þessum málum og í byggðamálunum þar sem Framsfl. hefur farið langt frá sínum stefnumálum, svikið þau öll, þar sem hann hefur verið

aðili að ríkisstjórn þegar ein mesta byggðaröskun hefur átt sér stað á þessu landi hin síðari ár.

En það ber að virða og það ber að taka ofan fyrir hæstv. félmrh. Páli Pétursyni sem hefur komið fram í fjölmiðlum og sagt beint og án nokkurra undanbragða að Framsfl. hafi gleymt landsbyggðinni. Þetta sagði hæstv. ráðherra í útvarpsviðtali norður í landi og það ber að virða þegar menn koma svo hreint til verks eins og hæstv. félmrh. gerði í þessu viðtali gagnvart byggðamálum.

En hæstv. ráðherrar og aðrir þingmenn Framsfl. hafa ekki viðurkennt neitt svona gagnvart þessu máli heldur göslast áfram, teymdir af sjálfstæðismönnum í þessari deilu, en koma ekki fram til að ræða þessi mál. Það er ákaflega gaman að geta þess að núna rétt á þessari stundu, herra forseti — ég sé að búið er að skipta um forseta — ég ætlaði að segja að tveir stjórnarþingmenn væru í salnum. En það er nú bara einn. Ég hélt þeir væru tveir. (Gripið fram í.) Það má virða hv. þm. Pétur H. Blöndal fyrir það að hann situr þó í þingsal þegar þessi mál eru rædd. Aðrir þingmenn Sjálfstfl. eru ekki hér, að (Gripið fram í.) maður tali ekki um framsóknarmennina. Ég er að spá í hvort framsóknarmenn hafi ekki áttað sig á því að þingfundur hófst kl. 10.30. Hér er enginn þingmaður núna og það er rétt, herra forseti, að geta um það sérstaklega hvað framsóknarmenn hafa haldið sig til hlés í þessari umræðu. (**JB:** Við erum ekki framsóknarmenn.) Nei, ég ætla ykkur ekki það slæmt að telja ykkur framsóknarmenn, hv. þm. Þuríður Backman og Jón Bjarnason, þegar þið gangið inn í salinn. Það dettur mér ekki til hugar.

En það er með ólíkindum hvað framsóknarmenn eru á flótta frá þessum málum öllum. Herra forseti. Það er líka gaman að geta þess svona aðeins til að festa það í þingsöguna og líka í þingskjöl að það kemur ansi oft fyrir núna upp á síðkastið við utandagskrárumræður á hinu háa Alþingi að fulltrúar frá Framsfl. — Framsfl. ætti nú yfirleitt að senda tvo fulltrúa í þær umræður — að það hefur gerst æ ofan í æ í fjöldamörgum utandagskrárumræðum upp á síðkastið að framsóknarmenn hafa ekki mætt í þær umræður, ekki tekið þátt í þeim. Ég var að spá í það um daginn hvort Framsfl. væri orðinn hálfgert B-hlutdeildarskírteini í Sjálfstfl. Framsóknarmenn eru stikkfrí hér og láta ekki sjá sig, taka ekki þátt í umræðunni en eftirláta það bara A-deildarskírteininu, Sjálfstfl. Eins og við vitum fengu menn fyrst B-deildarskírteini í hlutafélagi sem að vísu er skráð í Ameríku og hafa svo fengið skipt yfir í A-deildarskírteini núna. Ég get ekki séð annað með Framsfl. en hann sé bara orðin deild innan Sjálfstfl. og að Hannes Hólmsteinn Gissurarson sé kominn hálfa leið með að sameina Sjálfstfl. og Framsfl. sem hann telur eitt brýnasta verkefni íslenskra stjórnmála í dag.

Herra forseti. Það mætti ræða áfram um margt af því sem komið hefur fram í þessari umræðu. Eitt er það atriði sem ég hef hlustað eftir og hef alltaf verið að bíða eftir einhverju svari við frá hv. stjórnarþingmönnum, þ.e. um þessar 8 þús. kr., þessa skerðingu úr 51 þús. kr. ofan í 43 þús. kr. Þetta er aðeins rúnnað af.

Þessar 8 þús. kr. komu hér við sögu í umræðu í gærkvöld. Hæstv. utanrrh., starfandi heilbr.- og trmrh., lét það koma fram að þetta væru um 700 manns eða 5,6 milljónir á mánuði. Eftir skatta voru þetta svona 3,4–3,5 milljónir á mánuði sem þessi skerðing er eða rétt rúmar 40 milljónir á ári. Hvers vegna er verið að ganga þessa leið fyrir þessar 40 milljónir? Hvað liggur að baki því að þetta er svona skert?

Förum aðeins yfir það hvað 40 milljónir eru miklir peningar í þeirri hít sem ríkissjóður er og við erum hér að fjalla um í lok hvers árs er við semjum fjárlög til að fara eftir. 40 milljónir eru 60–80 millj. kr. lægri tala en Þjóðmenningarhúsið, sem hæstv. forsrh. var byggingarstjóri að, fór fram úr áætlun. Og þessar 40 milljónir eru smáaurar í samanburði við það húsnæði sem verið er að innrétta í Austurstræti 8–10 undir þingflokk Sjálfstfl. sem mun kosta 210 millj. aðeins í innréttingunum, takið þið eftir, ekki bygging hússins vegna þess að húsið byggir annar aðili og Alþingi leigir húsið. En Alþingi tekur að sér að innrétta þetta húsnæði fyrir þingflokk Sjálfstfl. og áætlað er að kosti 210 milljónir að innrétta húsið. (**PHB:** ... atkvæði með því?) Ég greiddi ekki atkvæði með því, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að áætlunin um innréttinguna í þessu húsi yrði í kringum 80 milljónir en lokakostnaðurinn um 210. Og ég trúi því ekki (Gripið fram í.) að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé ánægður með ráðstöfun á þessu fé. (Gripið fram í.) Gott hjá þér. En þú ætlar að flytja í húsnæðið? (**PHB:** Ég neyðist til þess.) Menn láta ekkert neyða sig til eins eða neins í þessum efnum.

Þessi marmarahöll sem á að hýsa þingflokk Sjálfstfl. á komandi árum kostar 210 milljónir eins og ég segi og hefur farið um það bil 130 milljónir fram úr áætlun. Áætlunin var 85 millj. kr. Og þetta er húsnæðið þar sem gleymdist að teikna og hanna rafmagnið inn í efstu hæðina. Það hefði kannski verið allt í lagi að einhver hluti þingflokks Sjálfstfl. hefði verið á efstu hæðinni rafmagnslaus.

En upphæðin sem verið er að níðast á öryrkjum með, öryrkjum sem sannanlega eru búnir að vinna mál fyrir Hæstarétti og eiga að fá það til baka sem af þeim hefur verið tekið vegna þess að það hafði ekki lagastoð, var 40 milljónir. Og ef við förum enn hærra finnum við í fjárlögum íslenska ríkisins dæmi um 450 millj. kr. greiðslu vegna ullarkaupa, geymslu og aksturskostnaðar vegna ullar í sauðfjársamningi. Það er alveg með ólíkindum hvaða leið menn leggja á sig fyrir þessar 40 milljónir. Í mínum huga er þessi skerðing, þessar 40 milljónir, smáaurar hvað þetta varðar, miðað við þennan dóm og það að ekkert tækifæri var notað núna til þess að semja sátt innan Alþingis milli stjórnar og stjórnarandstöðu og þá á ég við sátt um að ganga einhverja markvissa leið við að hækka lægstu bætur örorkustyrks sem hefði verið að sjálfsögðu eðlilegt að gera í þessum efnum.

Herra forseti. Aðeins í lok ræðu minnar — ég á e.t.v. eftir að flytja aðra ræðu í dag — vil ég nefna að í Morgunblaðinu á sunnudaginn var viðtal við nokkra aðila, þar á meðal öryrkja, sem ég trúi því og treysti að allir hafi lesið. Þessi umræða hefur leitt í ljós, eins og ég sagði, að fjölmiðlar hafa dregið fram bág kjör öryrkja og öryrkjar hafa komið sínum málum betur fram upp á síðkastið vegna þess að fjölmiðlar hafa tekið undir og sýnt fram á kjör þeirra. Því er náttúrlega alveg hryllilega dapurlegt að lesa ýmislegt af þessu og lesa lýsingu frá þessu fólki sem á að lifa á þessari hungurlús. Ég ætla ekki að lengja umræðuna hér og nú með því að fara að lesa þetta upp, en ég vitna í ákaflega gott viðtal við Sigríði Þorgeirsdóttur, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, sem segir að vegið sé að sjálfsvirðingu og mannlegri reisn ákveðins hóps öryrkja með því að skerða grunnframfærslu þeirra.

Þetta er náttúrlega grundvallaratriði í öllu þessu máli sama hvaða skoðun menn hafa svo á því hvort það eigi að greiða bætur til þessara — og ég vil helst ekki nota þau orð — „ríku öryrkja“ sem einhverjir hér hafa verið að tala um.

Þetta er náttúrlega fyrst og fremst spurning um mannréttindi og sjálfsvirðingu. Við eigum í raun ekki að þurfa að takast á um þetta og deila um þetta og það er með ólíkindum að þetta skuli gerast á Alþingi jafnvel þó að árið 1998 hafi setið þrír lögfræðingar í ríkisstjórn eins og hv. þm. Kristján Pálsson sagði í gær. Þá voru sjö lögfræðingar á þingi, fimm þeirra stjórnarsinnar en tveir stjórnarandstæðingar og hinir fimm lögfræðingar stjórnarsinna voru allir sammála um að þetta væri rétt leið. Ergó, hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni: Þetta var þá hið rétta.

Ég minnist þess að a.m.k. þrír hæstv. ráðherrar, Davíð Oddsson, Björn Bjarnason og Sólveig Pétursdóttir, allt lögfræðingar, voru í ríkisstjórn og sátu á Alþingi 1997–1998, þ.e. þegar breyting var gerð á lögum sem Hæstiréttur hefur dæmt ógilda. Þetta er nóg um hvort menn brjóti gegn stjórnarskrá eða ekki.

Grundvallaratriðið er auðvitað að sjálfsvirðingu þessa fólks er stórlega misboðið. Það eru náttúrlega engin mannréttindi að skammta öryrkjum í sambúð 18 þús. kr. til að leggja til heimilishaldsins jafnvel þó að makinn þéni vel. Í áðurnefndu viðtali kemur þetta fram og ég vitna kannski til þess seinna í dag.

Herra forseti. Í reglugerð þeirri sem Hæstiréttur hefur dæmt ógilda, nr. 485/1995, í 4. gr., er líka fjallað um elli- og örorkulífeyrisþega. Það leiðir huga minn að því hvort þessi reglugerð hafi lagalega stoð gagnvart ellilífeyrisþegum. Þá hlýtur það að vera næsta skref að samtök ellilífeyrisþega hefji dómsmál fyrir Hæstarétti líkt og öryrkjar gerðu. Hér í 4. gr. er, herra forseti, fjallað um það er aðeins annað hjóna nýtur elli- eða örorkulífeyris. Þá hlýtur það að vera svo.

Ég sé enga framsóknarmenn í húsinu. Ég hafði hugsað mér að leggja fyrirspurn fyrir hv. þm. Jónínu Bjartmarz, 16. þm. Reykv., formann heilbr.- og trn. Hún hefur sagt héðan úr ræðustól og hún hefur sagt það í blaðaviðtölum að ef Öryrkjabandalagið fari aftur í mál út af því sem hér á að troða í gegnum Alþingi í dag þá væri eðlilegt að það fengi flýtimeðferð í gegnum dómskerfið. Hún telur jafnframt koma til greina að Öryrkjabandalagið fengi gjafsókn til að á það reyni fyrir Hæstarétti og undirrétti hvort þau lög sem hér á að samþykkja standast stjórnarskrá eða ekki, hvort mannréttindi eru áfram brotin eða hvort mannréttindin hafi aukist við þessar 25 þús. kr. sem nú eru skammtaðar.

Ég hefði viljað spyrja hv. þm. hvort það komi til greina frá hendi stjórnarliða að veita Landssamtökum eldri borgara gjafsókn til að fara í mál út af sams konar tengingum við ellilífeyri. Það er kannski til of mikils ætlast, herra forseti, að fara fram á að framsóknarmaður sitji hér í salnum. Mér er illa við að gera kröfur sem er eiginlega vonlaust að uppfylla.

(**Forseti** (ÁRJ): Forseti vill upplýsa að það hafa gerðar ráðstafanir til þess að hafa samband við hv. þm. Jónínu Bjartmarz.)

Ég þakka, herra forseti, en ég ætla að ljúka máli mínu á því að mér finnst að í þessu máli hafi komið í ljós ofboðslegur hroki hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarsinna gagnvart þessu máli. Það er eins og þeir geti ekki sætt sig við það að tapa. Þetta er eins og að sjá ákveðinn hóp manna á knattspyrnuleik sem aldrei getur sætt sig við að liðið þeirra tapi. Viðbrögðin eru álíka. Það hefur dregið úr virðingu Alþingis, það er sannarlega rétt, hvernig hér hefur ómaklega verið ráðist að Hæstarétti sem felldi þennan dóm. Þar nægir að minna á orð hæstv. forsrh. sem taldi að það þyrfti að breyta reglum Hæstaréttar til að koma í veg fyrir svona slys framvegis. Jafnframt mætti vitna í orð hæstv. utanrrh. í sambandi við kvótadóminn. Hann ýjaði þar að því að það þyrfti jafnvel að breyta reglum Hæstaréttar vegna þess. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum.

Herra forseti. Það er greinilega til allt of mikils ætlast af mér að fá framsóknarmann til að vera hérna í salnum, hvað þá hv. þm. og formann heilbr.- og trn. Ég dreg þá beiðni mína til baka (**Gripið fram í:** Ekki gera óraunhæfar kröfur.), þá óraunhæfu og ósanngjörnu kröfu að einhver hv. framsóknarmaður sitji í salnum við þessa umræðu. En ég skil vel að þeir láti ekki sjá sig, ég skil það rosalega vel.

[12:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að lesa upp viðtal við mig sem sýnir að ég hef aldrei sagt að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar séu óreglufólk eins og fullyrt hefur verið. Þeir öryrkjar og aldraðir sem ég þekki eru mesta sómafólk þó að nokkrir hafi lent í áföllum vegna óreglu uppkominna barna sinna. Það eru oft óleysanleg vandamál og um það er ég að tala.

En hv. þm. er kominn í rökþrot þegar hann er farinn að nota svona rök máli sínu til framdráttar. Mig langar til að spyrja hv. þm. eins og flesta aðra jafnaðarmenn og félagshyggjumenn: Hvað finnst honum um að skattleggja lágtekjufólk, t.d. á Siglufirði, sem ekki hefur háar fjölskyldutekjur, jafnvel undir 250 þúsundum, til þess að borga bætur til hóps þar sem flestir hafa yfir 300 þús. kr. tekjur og jafnvel upp í 400–500 þús. kr. tekjur. Hvað finnst honum um það og hvernig heldur hann að þessu fólki, lágtekjufólki á Siglufirði, finnist slík jafnaðarmennska? (**Gripið fram í:** Að fólk hafi 18 þús. kr. í tekjur?) Fólk sem hefur 18 þús. kr. til viðbótar við 300 eða 400 þús. kr. sem makinn hefur.

[12:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig finnst hv. þm. Pétri H. Blöndal að skattleggja lágtekjufólkið, hvort sem það er á Siglufirði eða einhvers staðar annars staðar, á sama tíma og skattar á hátekjufólki, jeppafólkinu og öðrum slíkum eru lækkaðir? Hver er munurinn þar á? Það borga fleiri skatta en lágtekjufólk. Hátekjufólk borgar líka skatta sem betur fer.

Af því að hv. þm. er að vitna í þetta dæmalausa viðtal sem haft var við hann á Stöð 2 og aðallega var fjallað um í sambandi við þessa utandagskrárumræðu þá vil ég taka fram að í þessum umræðum voru engar undanþágur frá óreglunni. Allir öryrkjar og aldraðir voru dæmdir sem óreglufólk í þessu viðtali. Það stendur eftir og það las ég upp. Hér er bæði talað um áfengi og eiturlyf og annað slíkt. Ég var að skammast yfir því, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég vona að hv. þm. noti seinna tækifærið í andsvörum til að koma í þennan ræðustól og biðja þetta fólk formlega afsökunar, því sárnaði þessi vitlausu ummæli sem hv. þm. viðhafði. Ég ber virðingu fyrir hv. þm. en er 100% ósammála honum og mjög sár yfir að starfsbróðir minn skuli koma fram í svona gáleysislegu tali.

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. las áðan viðtalið. Þeir sem hlustuðu á það geta sjálfir lagt á það mat hvort ég hafi einhvern tíma sagt að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar væru óreglufólk. Ég

sagði það hvergi nokkurs staðar. Ég sagði að margar fjölskyldur tengdust óreglu og sennilega væru fáar fjölskyldur á landinu sem ekki tengdust óreglu, að fáir þekktu ekki til óreglu hjá systkinum eða börnum, foreldrum eða mökum.

Þetta sagði ég og þau dæmi sem ég þekki um óleysanleg vandræði öryrkja tengjast öll slíku. Stundum er fólk í slæmri stöðu en það eru ekki óleysanleg vandamál. Það eru ekki dæmi sem eru gjörsamlega óleysanleg, þar sem fólk þarf að borga 50 þús. kr. á mánuði af einhverju láni af sínum lága lífeyri og ef það borgar ekki lánið missir aldraður faðir íbúðina eða eitthvað slíkt. Það eru dæmin sem ég er að tala um.

En herra forseti. Ég er ekki félagshyggjumaður en hv. þm. sem félagshyggjumaður svaraði ekki spurningunni um hvort það væri félagslega réttlætanlegt að skattleggja lágtekjufólk á Siglufirði til að borga hátekjufólki bætur. Það langar mig að heyra félagshyggjumanninn segja. Ég er hægt og rólega farinn að breyta skilgreiningunni á félagshyggju í orðabókinni minni. Núna heitir það ekki lengur félagshyggja að gera vel við þá sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Nei, það heitir félagshyggja að gera vel við þá sem best eru settir, og það með rökum einstaklingshyggjunnar, með rökum einstaklingshyggjunnar sem ég dái. Ég hef margoft sagt það í umræðunni að ég er ekki óánægður með þennan dóm Hæstaréttar sem leggur áherslu á einstaklinginn.

Ég spyr hv. þm., sem hingað til hefur gefið sig út fyrir að vera jafnaðarmaður og félagshyggjumaður, hvernig honum finnist að skattleggja lágtekjufólkið til borga hátekjufólkinu.

[12:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. hefur ekki enn beðist afsökunar héðan úr ræðustól á þessu viðtali sem tekið var við hann ætla ég að lesa aftur það sem hann sagði þar. Þar er talað um alla og engir undanskildir. Ég tek það skýrt fram að þetta er haft eftir hv. þm. Pétri Blöndal, til að koma í veg fyrir að einhver haldi að þetta séu mín orð. Með leyfi forseta ætla ég að vitna í ummæli Péturs Blöndals í umræddu viðtali:

„Má ekki segja sannleikann? Má ekki segja það sem allir vita? Í hverri einustu fjölskyldu á Íslandi, ég fullyrði, í nánast hverri einustu fjölskyldu er eitthvert vandamál með óreglu, annaðhvort vegna áfengis, eiturlyfja eða vegna fjármálaóreiðu. Þetta er til og af hverju má ekki nefna hlutina?"

(**PHB:** Hvað kom á undan?) Ég las það allt hér í fyrri ræðu minni og get ekki gert það aftur á þeim 57 sekúndum sem ég á eftir en ég skal gera það seinna í dag. Ég skal með ánægju lesa áfram úr þessu viðtali vegna þess að það er með ólíkindum að einstaklingshyggjumaður, meira að segja hv. þm. Pétur Blöndal, skuli láta þetta út úr sér. Þetta hefur sært fjölda fólks, m.a. fjölda öryrkja sem ég þekki en stunda nær enga óreglu. (**PHB:** Viltu ekki svara spurningu minni um að skattleggja lágtekjufólkið?)

Herra forseti. Það er sjálfsagt að skattleggja þegna landsins til að greiða fyrir það sem Hæstiréttur hefur dæmt ólög. Hv. þm. hefur ekki svarað þeirri spurningu sem ég lagði fram í ræðu minni um að ef ég skulda hv. þm. milljón en borga honum 500 þúsund, hann færi í mál við mig og fengi það dæmt, að ég ætti að borga milljónina að fullu. Væri til umræðu að ég semdi við hann um að greiða bara 100 þús. kr.? Má ég heyra það?

[12:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Frv. er ætlað að uppfylla dóm Hæstaréttar frá 19. des. sl. í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins. Forsaga þessa máls hefur verið ítarlega rakin bæði í fjölmiðlum og hér á Alþingi. Öryrkjabandalag Íslands höfðaði mál til viðurkenningar á því að Tryggingastofnun ríkisins hefði verið óheimilt frá 1. jan. 1994 til 31. des. 1998 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka sem ekki væri lífeyrisþegi með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna örorkulífeyrisþegans. Þá vildi Öryrkjabandalagið einnig fá viðurkennt að slík skerðing hefði verið óheimil eftir að hún var lögfest 1. jan. 1999.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu í málinu að óheimilt hefði verið að skerða tekjutrygginguna á fyrrnefnda tímabilinu en taldi skerðinguna heimila frá 1. jan. 1999, eftir að lögunum hafði verið breytt.

Öryrkjabandalagið, gagnáfrýjandi í málinu, áfrýjaði til Hæstaréttar 29. maí árið 2000 og krafðist þar staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu að einnig verði viðurkennt með dómi Hæstaréttar að aðaláfrýjanda, þ.e. Tryggingastofnun ríkisins, hafi frá 1. jan. 1999 verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap skv. 5. gr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.

Herra forseti. Hér er höfðað mál á klárum og einföldum forsendum, tiltekinn gjörningur sem er skerðing tekjutryggingar einstaklings, örorkulífeyrisþega, á grundvelli tekna maka. Vísað er skýrt til þeirra stafliða í lögum sem beitt hefur verið við ákvörðun um skerðingu tekjutryggingarinnar. Allt er þetta afar skýrt að mínu mati. Ákveðin upphæð liggur fyrir, bæði grunnlífeyrir og tekjutrygging, og skerðing hennar er kærð. Ekki þarf að gera neinar sérstakar kröfur vegna upphæðarinnar. Hún liggur fyrir, bæði í þeim lögum og reglum sem farið er eftir og í því verklagi sem beitt hefur verið og var báðum aðilum vel kunn.

Beðið er um svar Hæstaréttar við einfaldri spurningu: Var þessi skerðing eins og henni var þarna beitt heimil eða ekki? Svar Hæstaréttar var klárt: Hún var ekki heimil.

Dómsorðið er líka skýrt og svörin eru mjög afdráttarlaus fyrir mér. Nei, skerðingin var ekki heimil og viðurkennt er af aðaláfrýjanda, svo vitnað sé í dóminn, herra forseti, að Tryggingastofnun hafði verið „óheimilt frá 1. jan. 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki er ekki lífeyrisþegi."

Herra forseti. Upp á það hljóðaði krafa Öryrkjabandalagsins og um það var dæmt. Upp á þá kröfu kom þetta skýra svar. Ekki var verið að leggja alla almannatryggingalöggjöfina undir dóm Hæstaréttar. Nei, herra forseti, tiltekin ákveðinn gjörningur var það sem var verið að óska úrskurðar um.

Herra forseti. Áfram segir í dómsorði Hæstaréttar, herra forseti: „Einnig verði viðurkennt með dómi Hæstaréttar, að aðaláfrýjanda hafi frá 1. jan. 1999 verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998." Bein spurning og beint svar.

Að sjálfsögðu er dómurinn reifaður. Hinar ýmsu forsendur eru tíndar til. Farið er yfir rök bæði sækjanda og verjanda

í málinu. Það er velt fyrir sér ýmsum þáttum í almannatryggingunum. Velt fyrir sér sjálfstæði, rétti einstaklingsins til samfélagslauna, gagnkvæmum rétti og skyldum samborgaranna og mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Afar eðlilegt er að þessu skuli velt upp bæði í reifun Hæstaréttar og í aðfaraorðum að dóminum.

Herra forseti. Öll þessi reifun og öll sú greinargerð sem þar birtist er afar upplýsandi. Hún er mjög gott innlegg í þá umræðu sem var nauðsynleg um rétt örorkulífeyrisþega, um rétt ellilífeyrisþega, um rétt sjúklinga og annarra sem geta átt við langvarandi erfiðleika að stríða, auk almennrar fátæktar sem er líka þekkt í landinu. Þetta var afar þörf umræða og þarft innlegg inn í umræðuna um málið á Alþingi þessa dagana.

Mjög eðlilegt er að dómurinn kalli fram þessa umræðu og afar eðlilegt að bæði hv. þm. og samfélagið allt verði upptekin af þessu máli einmitt í kjölfar þessa dóms.

Herra forseti. Dómurinn sjálfur og dómsorðið sjálft er skýrt fyrir mér. Spurningin, krafan sem var lögð fyrir dóminn var einföld og afmörkuð og skýr: Er heimilt að skerða núverandi tekjutryggingu eins og hún er skilgreind samkvæmt þeim lagaákvæðum sem beitt er til þess? Svar Hæstaréttar er afdráttarlaust nei.

Upphæðin sem um er rætt liggur fyrir. Um hana þarf ekki að ræða enda er það svo, herra forseti, og þar með krafa löggjafans að löggjafinn ákveður upphæðir og með auknum þunga hefur verið gengið eftir því að þær fjárupphæðir, ákveðnar fjárupphæðir sem eru háðar fjárveitingum, séu tilgreindar í lögum og er nú verið að vinna að því að láta það ná fram þar sem við á innan ríkiskerfisins.

Herra forseti. Þetta mál var höfðað gegn Tryggingastofnun ríkisins enda er það Tryggingastofnun ríkisins sem fer með framkvæmd almannatryggingalaganna og því afar eðlilegt að svo sé. Hver eru viðbrögð forstjóra eða forsvaramanna Tryggingastofnunar ríkisins, þess sem var í forsvari fyrir þá stofnun sem málið var höfðað gegn þegar þessi dómur var birtur? Hann segir í fréttum miðvikudaginn 20. des. árið 2000 undir fyrirsögn: „Við munum kappkosta að vinna eftir niðurstöðum þessa dóms", með leyfi herra forseta: „Þessi dómur kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart enda taldi ég fyrir fram að farið gæti á hvorn veginn sem var. Ég vil nota þetta tækifæri til að óska Öryrkjabandalaginu og þá sérstaklega formanni þess til hamingju með gríðarlegan sigur." Eðlilega, í ljósi þeirrar ábyrgðar sem forstöðumaður fyrir þessa stofnun hefur og finnur hjá sér og þeirri þungu ábyrgð sem hvílir á honum jafnframt að bregðast við þessum dómi sem og öðrum verkefnum sem stofnun hans er falið að leysa, þá segir hann að hann eigi eftir að kynna sér dóminn rækilega. „Þetta er ekkert einfalt. Flestir hagnast á þessum dómi og við þurfum að velta upp hverjum einasta skjólstæðingi stofnunarinnar síðustu sjö árin og meta áhrif dómsins á stöðu hvers og eins. Við munum að sjálfsögðu greiða það sem á vantar, en þetta verður mikil yfirferð og margt hefur vitanlega gerst á þessum sjö árum. Sumir hafa gifst, aðrir skilið og slíkt hefur breytingar í för með sér á högum fólks." Eðlileg viðbrögð af hálfu forstjóra þessarar stofnunar. Hann veltir fyrir sér hvernig hann muni vinna úr þessu en hann víkur sér engan veginn undan þeirri ábyrgð, síður en svo, og viðurkennir að svo geti verið samt ærin vinna.

Herra forseti. Hins vegar er það alveg rétt þegar velt hefur verið fyrir sér ýmsum lagaheimildum að vel má segja að Tryggingastofnun ríkisins hafi ekki haft beina fjárheimild til að inna þessa greiðslur af hendi vegna þess að ekki hafi verið gert ráð fyrir því á fjárlagaliðum stofnunarinnar. En við þessu getur bæði stofnunin brugðist og einnig er kveðið á um hvernig á svona löguðu skal taka samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins. Í 33. gr. þeirra laga, sem kveða á um fjársýsluna, segir, herra forseti: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjmrh. að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjmrh. er skylt að gera fjárln. Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Herra forseti. Þannig er þá leiðin sem hinn ágæti forstjóri Tryggingastofnunar hefði þurft að fara ef hann hefði séð að stofnun hans hefði ekki beinar fjárlagaheimildir til þess að greiða þetta beint út. Hann viðurkennir alveg skyldu sína til þess og víkur sér ekki undan þeirri ábyrgð en hann hefði sjálfsagt þurft á tímabilinu að senda umsókn til fjmrh. um aukna fjárheimild stofnunarinnar til að inna þessar greiðslur af hendi. Nú hefur það ekki verið upplýst hvort hann hafi gert svo eða hvort fjmrh. hafi fengið þá beiðni enda málið þá ekki fengið að vera svo lengi í höndum hans.

Herra forseti. Fyrir mér hefði það verið hinn eðlilegi gangur málsins að til þess þá að taka af öll tvímæli um greiðsluskyldu ríkisins gagnvart þessu máli hefði verið rétt að flytja frv. til fjáraukalaga sem heimilaði þessi auknu fjárútlát af hálfu ríkisins og til þess að forstöðumaður Tryggingastofnunarinnar gæti fullnægt þeim kröfum sem voru gerðar á stofnun hans. Þannig hefðu verið tekin af öll tvímæli því fyrr eða síðar mun hvort eð er þurfa að flytja frv. til fjáraukalaga til þess að mæta þeim aukna kostnaði sem stofnunin verður þarna fyrir, þær greiðslur sem stofnunin þarf að inna af hendi til að fullnusta dóminn.

Herra forseti. Ég hef rakið viðbrögð forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Viðbrögð hæstv. heilbrrh., sem er næsti yfirmaður forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, voru líka afar eðlileg. Í viðtali miðvikudaginn 20. desember í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta, segir hæstv. heilbrrh., eftir að hún hafði sagt að hún vilji ekki ræða dóminn í einstökum atriðum, hún eigi eftir að skoða hann nánar: „Hæstiréttur hefur talað. Ég mun ekki deila við hann. Lögfræðingar ráðuneytisins eru að fara yfir niðurstöður dómsins og í framhaldinu verða næstu skref ákveðin. Meira er ekki hægt að segja á þessu stigi málsins" sagði hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir alvöru málsins, þarna muni þurfa aukin fjárútlát, og hæstv. ráðherra fer fram á að haldinn verði ríkisstjórnarfundur þá strax um daginn, 21. desember, til þess að fjalla um málið.

Herra forseti. Þá verður breyting í ferli málsins. Ekki er orðið við beiðni hæstv. heilbrrh. um ríkisstjórnarfund heldur er ákveðið að þetta mál bíði hefðbundins ríkisstjórnarfundar sem er haldinn 22. desember og eftir það svarar hæstv. forsrh. fyrir málið. Síðan er ljóst, herra forseti, að málið hefur bæði verið tekið úr höndum Tryggingastofnunar ríkisins, sem málið var höfðað gegn og sem forstjóri þess var reiðubúinn að axla ábyrgð á að framkvæma, og einnig líka úr höndum heilbrrh. sem hafði óskað eftir sérfundi í ríkisstjórninni til að fara nánar ofan í þennan dóm, en við því var ekki orðið.

Herra forseti. Hæstaréttardómar eiga að vera skýrir og eru það. Hins vegar vitum við að með hinni þrætugjörnu þjóð, Íslendingum, er mikill vilji til að snúa út úr og drepa á dreif. Mikill vilji er oft og tíðum til að finna eitthvað,

lesa eitthvað annað út úr orðum eða dómum en þar segir. Og það hefur fyrst og fremst birst okkur að mínu mati á Alþingi. Þar hafa ríkisstjórnin og stjórnarliðar lagt sig í líma við að draga sundur og saman dómsorð Hæstaréttar, fara í aðfaraorð Hæstaréttar og gera þau að hluta af dómsorði og auk þess dregið inn hina almennu umræðu um stöðu öryrkja í þjóðfélaginu, sem er vel en er ekki beinn hluti af því að fullnusta þennan dóm Hæstaréttar.

Litið hefur verið svo á að þessi dómur sé dómur fyrir lögfræðinga til að lesa og skilja. Fyrir mér, herra forseti, eiga dómar að vera fyrir almennig til að skilja. Það eru lögfræðingar sem kveða þá upp, en það er almenningur sem á að skilja.

Sé eitthvað óklárt, skilji menn ekki íslenskuna í dómsorðinu, væri ekki úr vegi að kalla til íslenskufræðinga. Það væri þess vegna réttara að kalla til íslenska málfræðinga eða Íslenska málnefnd, herra forseti, í þeirri þrætubókarumræðu sem hér hefur verið á Alþingi um einstakt orðalag þessa dóms. Með þessu dómsorði hafa lögfræðingarnir og hæstaréttarlögmennirnir talað, sem ég ber virðingu fyrir og þeir hafa sína menntun til að kveða upp dóma, en það er okkar almennings að skilja. Almenningur hefur með skýrum hætti skilið dóminn. Að mínu viti er hann einfaldur og hann er skýr.

Herra forseti. Mér mundi aldrei detta í hug að taka alvarlega mann sem hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi ef hann segði: — Ja, við skulum fara yfir þetta nánar og ég ætla að fá vini mína til að kíkja á þetta. Svo athuga ég hvort ég geti ekki komið til móts við Hæstarétt og verið inni svona einn og hálfan mánuð. Ja, einn og hálfur mánuður er kannski ekkert heilög tala í sjálfu sér, tveir mánuðir kannski, en þetta er svona hæfilegt miðað við fjölskylduástæður mínar ef hún skyldi leggja þetta til. Hæstiréttur getur þá bara dæmt aftur og þá skoða ég málin aftur og athuga hvort ég þurfi að ganga lengra til þess að koma til móts við dómsorðið.

Herra forseti. Löghlýðin þjóð sem á að búa við lög sem einstaklingar og hinn almenni borgari skilur getur ekki leyft sér svona málflutning. Og í ummælum Hæstaréttar er það bara dómsorðið sem skiptir mig máli.

Þetta frv., herra forseti, sem hér er flutt og er til umræðu, er að mínu viti ekki beint til þess að verða við dómi Hæstaréttar. Frv. er til þess að skerða greiðslur sem Hæstiréttur var að dæma um.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég hef hér sagt. Dómsorð Hæstaréttar er fyrir mér skýrt. Hæstiréttur reifar málið. Hann drepur á mörg atriði sem snerta almannatryggingalöggjöfina og það er virkilega þörf á að hún sé endurskoðuð. Ég fagna því að nú skuli hafa verið skipuð nefnd til að endurskoða löggjöfina í heild sinni með það fyrir augum að bæta kjör þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Ég fagna því að þessi dómur og þessi umræða skuli leiða til þess. Ég tel reyndar að það hefði átt að vera hægt að flýta þeirri vinnu frá því sem hefur verið lagt upp með. En dómur Hæstaréttar er fyrir almenning til að skilja. Vefjist það fyrir einhverjum að skilja hin íslenskulegu orð Hæstaréttar, þá gæti verið stuðningur að því að kalla til íslenska málfræðinga, Íslenska málnefnd eða aðra sem geta þá leyst úr því. En með dómsorði Hæstaréttar hefur Hæstiréttur talað og þar með er að mínu viti þeirri hlið og aðkomu lögfræðinganna lokið.

Ég leyfi mér að lesa aftur upp dómsorð Hæstaréttar, með leyfi herra forseta:

„Viðurkennt er, að aðaláfrýjanda, Tryggingastofnun ríkisins, hafi verið óheimilt“ — er það ekki gjörsamlega skiljanlegt orð? — „frá 1. janúar 1994 á grundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995“ — það var skýr krafa í málshöfðun og skýr tilvísun — „að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap með því að telja helming samanlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþegans í því tilviki, er maki hans er ekki lífeyrisþegi.“

Herra forseti. Um þetta var spurt, einmitt þetta. — „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998.“

Að mínu mati á að hlíta skilyrðislaust dómi Hæstaréttar. Tryggingastofnun er falið að vinna úr því. En það er afar mikilvægt að endurskoða tryggingalöggjöfina og bæta þar um, bæði í ljósi dóms Hæstaréttar og annars þess sem Hæstiréttur minnist ekki á í reifun sinni.

[12:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði skoðun hv. þm. og túlkun hans á hæstaréttardómnum og ég veit og trúi því að hann er sannfærður um skoðun sína á því máli. Ég er hins vegar á öðru máli eins og ég hef rakið áður.

Hv. þm. er í flokki vinstri grænna og orðið vinstri segir mér að hann sé á einhvern máta jafnaðarmaður eða félagshyggjumaður, nema þetta heiti vinstri eða grænir. Ég held að það sé vinstri og grænir.

Þá vil ég spyrja hv. þm., og að sjálfsögðu hlítum við dómi Hæstaréttar, en spurning mín til hv. þm. er eftirfarandi: Verkamaður sem er félagsmaður í ASÍ er með 165 þús. kr. á mánuði og er giftur öryrkja sem hingað til hefur fengið 51 þús. kr. óskertar, samtals 216 þús. kr. — er hv. þm. hnugginn yfir því að nú á fjölskylda þar sem er forstjóri með 400 þús. kr. tekjur á mánuði, giftur öryrkja sem hingað til hefur fengið 18 þús. kr. á mánuði sem Hæstiréttur segir að sé of lítið, að samkvæmt frv. á þessi fjölskylda nú að vera með 443 þús. kr. á mánuði í staðinn fyrir 418 þús.? Hv. þm., að mér skilst, skilur dóminn þannig að hækka eigi hann upp í 451 þús., þ.e. nánast tvöfalt, meira en tvöfalt það sem hin fjölskyldan fær þar sem verkamaðurinn á í hlut. Spurning mín til hv. þm. er: Finnst honum félagslega réttlátt að öryrkinn sem er giftur hátekjumanninum fái nákvæmlega sömu bætur, eins og hann skilur hæstaréttardóminn, og verkamaðurinn sem er með miklu, miklu lægri tekjur?

[12:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé hvergi að í aðfaraorðum hæstaréttardómsins sé verið að spekúlera í því hvort fólkið sé hnuggið yfir hinu eða þessu. Þetta snýst ekki um hver sé hnugginn yfir hverju. Ég viðurkenni það, herra forseti, að ég er hnugginn yfir því, og það er ég persónulega, að hér skuli vera talið mikilvægt að skerða bætur sem Hæstiréttur var að dæma um 8 þús. kr. Ég er persónulega hnugginn yfir því, já. Ég leyfi mér að vera hnugginn yfir því. Og ég tel að þjóðin öll sé hnuggin.

[12:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er þá ekki meiri félagshyggjumaður en svo að hann telur að einstaklingshyggjan sem kemur fram í dómi Hæstaréttar réttlæti það að hækka tekjur fjölskyldu sem er núna með 418 þús. kr. í tekjur upp í 451 þús., og er jafnvel borgað með sköttum fjölskyldunnar sem er með

216 þús. kr. á mánuði óskert, þ.e. báðir öryrkjarnir eigi að fá nákvæmlega sama úr sjóðum almennings eftir sem áður þó annar sé giftur verkamanni með 165 þús. fyrir dagvinnu og yfirvinnu, þetta eru meðallaun verkamanna, á meðan hinn, forstjórinn, er með 400 þús. kr. á mánuði og sá öryrki nýtur að sjálfsögðu hárra tekna og eigna maka síns. Hv. þm. finnst þetta í lagi félagslega og er ekkert hnugginn yfir því að þessi einstaklingshyggja hafi þau áhrif á jafnaðarmennskuna að hún er eiginlega orðin tóm.

[12:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði mér upp þau orð að mér fyndist eitthvað vera í lagi. Það er ekki rétt. Ég sagði það ekki. Ég viðurkenni það fúslega að ég er hnugginn yfir bágum kjörum margra öryrkja (Gripið fram í.) og ég er hnugginn yfir bágum kjörum ellilífeyrisþega. Ég er hnugginn yfir bágum launum fjölda fólks, ég viðurkenni það. Og ég er hnugginn yfir því að það skattkerfi sem hv. þm. Pétur Blöndal ber ábyrgð á með meiri hlutanum ívilnar ekki sem skyldi þessu fólki. Það ætti að leggja hærri skatta á þá sem meiri tekjur hafa og hækka þar með skattskilin, hækka frítekjumarkið til skatts. En hæstaréttardómurinn gengur ekkert út á þetta og við erum ekki að ræða það hér. Við erum að ræða dóm Hæstaréttar, ekki um almenn kjör íbúa landsins sem er þó fyllilega ástæða til í því stjórnarfari sem við búum við.

En, herra forseti. Hér er ítrekað drepið á dreif því máli sem hér er til umræðu, þ.e. dómsorð Hæstaréttar sem er skýrt og ber að fara eftir. Hina umræðuna tökum við líka, en bara ekki um leið.

[Fundarhlé. — 12:45]

[13:16]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta er 3. umr. þessa máls sem hefur tekið svo mjög á þingið. Ég hef hlustað á þessa umræðu og hlustað á ummæli stjórnarandstöðunnar og það er meining mín hér og nú að fara ekkert sérstaklega ofan í það. Ég hef komið fram með mínar spurningar. Ég hef spurt hvernig það megi vera að við liggjum undir slíku ámæli sem við gerum og ég hef spurt stjórnarandstöðuna hvernig þeir geti staðið að slíkum ummælum og ég hef reynt að átta mig á því. Ég hef spurt stjórnarandstöðuna hvernig það megi vera að við liggjum undir slíku ámæli og þeir geta ekki heldur greint hvað í greiningu þeirra vísu manna sem við treystum mest á sé rangt. Ég flyt þessa spurningu aftur og aftur á meðan ég fæ ekki svör. Og ef ég fæ kannski aldrei nein svör þá hlýt ég að álykta sem svo að þeir hafi ekki svör, þeir geti ekki greint það, þeir geti ekki sagt frá því, þeir kunni ekki rök fyrir því. Svo geta menn talið sig fullvissa. Það er öllum frjálst að vera í sinni vissu. Við stjórnarsinnar hljótum að eiga kröfu á þessu en ef ekkert svar berst þá hljótum við að draga okkar ályktanir, þ.e. þeir geta ekki svarað því.

Herra forseti. Ég hef hins vegar kosið hér og nú að gera dálítið annað í málflutningi stjórnarandstöðunnar að umræðuefni. Ég hef fyrir framan mig álit minni hluta heilbr.- og trn. Ég verð að segja eins og er að ég hef ekki í annan tíma séð meiri vitleysu, meira bull og meiri ósannindi á prenti en ég get lesið í því áliti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að sjá þau nöfn sem undir þetta álit skrifa. Ég lýsi sérstökum vonbrigðum mínum yfir því að sjá nöfn Bryndísar Hlöðversdóttur og Þuríðar Backman undir þessu nál. Ég hef hins vegar kynnst því að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er heimild sem menn kynnast nú og ég undra mig ekki á að sjá nafn hennar.

Í þessu nál., herra forseti, segir m.a., með yðar leyfi:

„Kjör öryrkja hafa versnað í góðærinu í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í samanburði við aðra hópa í samfélaginu sem sést best á því að kaupmáttur lífeyrisþega hefur skerst mun meira en þeirra sem lægstu launin hafa í þjóðfélaginu."

Og áfram stendur í þessu nál.:

„Á sama tíma og ríkissjóður skilar miklum tekjuafgangi breikkar bilið milli tryggingagreiðslna og almennra launa, sbr. fylgiskjal V úr staðtölum almannatrygginga 1999. Húsaleiga hefur hækkað, fasteignagjöldin hækkað, matvörur hækkað, framfærslan almennt hækkað og ekki síst lyfin. Á þennan hátt hefur stefna ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks birst lífeyrisþegum. Því hefur oft verið haldið fram að slíkt hafi viðgengist hjá fyrri ríkisstjórnum. Það var hins vegar ein þumalfingursregla sem þessar ríkisstjórnir höfðu og hún var sú að kaupmáttur bóta örorku- og ellilífeyrisþega skyldi ekki skerðast meira en kaupmáttur þeirra sem lægstu launin hefðu í þjóðfélaginu. Í upplýsingum kjararannsóknarnefndar, sbr. fylgiskjal V úr staðtölum almannatrygginga, kemur í ljós að kaupmáttur lífeyrisþega skertist um 10% minna en kaupmáttur lægstu launa á tímabilinu 1991–1995. Síðan hefur það gerst að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 37,5% en kaupmáttur lífeyrisgreiðslna um 11,2% eða um þriðjunginn af því sem kaupmáttur lágmarkslauna hefur batnað. Ljóst er því að leitun er að annarri eins kjararýrnun hjá þessum hópi og í tíð þessarar ríkisstjórnar ef mið er tekið af þróun lágmarkslauna í landinu."

Þetta er athyglisverður texti, mjög athyglisverður. Það verður ekki hjá því komist, herra forseti, að fara nú í gegnum þessa sagnfræði vegna þess að það hljóta að vera takmörk fyrir því hverju er hægt að ljúga á prenti og hvað er hægt að bjóða þinginu í skrifuðu nál. Ég ætla því að rifja þetta aðeins upp og fara í gegnum þetta aðeins mönnum til hugarhægðar.

Við skulum taka þennan tíma sem minni hlutinn tekur hér. Við skulum taka þann tíma. Við skulum rifja það upp.

Á árunum 1988–1991 sat hér vinstri stjórn. Voru það vondir menn? Nei, herra forseti, það ætla ég ekki. Ég ætla að það hafi verið góðir menn og velviljaðir. Meðal annarra var 3. þm. Norðurl. e., formaður vinstri grænna, þar ráðherra. Á því tímabili lækkaði kaupmáttur launa lífeyrisþega um rúm 16%, nákvæmlega 16,3%, nákvæmlega eins og kaupmáttur launa í landinu, 16,3%. Var það vond ríkisstjórn sem stóð fyrir því? (**BH:** Í samræmi við verðlagsþróun?) Nákvæmlega eins og ég sagði, nákvæmlega sama og launaþróunin gerði. Var það vond ríkisstjórn? Ég held að það hafi ekki verið vonska þeirra og alls ekki mannvonska og alls ekki vilji þeirra að skerða kjör lífeyrisþega. En kjörin lækkuðu nú samt um 16,3% á þessu tímabili, þ.e. kaupmáttur launanna. Mest gerðist á árinu 1989 þegar kaupmáttur hrundi sem allra mest. Enginn réð við neitt. Óstjórnin í efnahagsmálum þessa þjóðfélags beit þjóðfélagsþegnana. Kaupmáttur launa lækkaði um 16,3%, því miður. Það var mjög sárt. Eftir þessa vinstri stjórn tók við ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., okkar góðu vina í Alþfl. Við tókum þá við stjórnartaumunum. Við berum sameiginlega ábyrgð á því sem þá gerðist. Það var gott fólk sem var þar eins og í hinni ríkisstjórninni, mjög gott fólk. Við stóðum fyrir því á árunum 1990–1991 að við hjuggum í sundur allar tengingar launa. Við stóðum fyrir

því. Ekki ríkisstjórnin, en við stóðum fyrir því, aðilar vinnumarkaðarins. Ég var þar framarlega í flokki. Við gerðum það. Það var bara lífsnauðsynlegt að gera það vegna stöðu þjóðarbúsins. Það var mjög sárt fyrir alla sem urðu fyrir þeirri skerðingu en allir hafa fengið bæturnar aftur og allir hafa fengið það til baka margfalt nema einn hópur svo ég haldi sagnfræðinni til haga, þ.e. sauðfjárbændur. Það er eini hópurinn sem ekki hefur fengið kjör sín bætt, svo ég haldi því nú til haga.

Á ríkisstjórnarárum okkar og Alþfl., okkar góðu vina, var sá háttur hafður á við ákvörðun lífeyrisgreiðslna að það var ákvörðun Alþingis. Ég ætla að það hafi verið meining allra sem að þeirri ríkisstjórn stóðu að menn reyndu að hafa lífeyrisgreiðslurnar í nokkru samræmi við þróun launa. Það var vilji manna sem stóðu að þeirri ríkisstjórn. Þeir sem voru þá í stjórnarandstöðu höfðu töluverðar efasemdir um það. T.d. er rétt að rifja það upp, herra forseti, að þá var einn aðaltalsmaður stjórnarandstöðunnar í heilbrigðis- og tryggingamálum hv. þm. og núv. hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir sem nú liggur undir hvað mestum boðaföllum í þessari umræðu. Það er rétt að halda því til haga eins og menn geta lesið í þingtíðindum að hún hélt því fram á þeim árum oft að naumt væri skammtað.

Eftir á þegar við getum reiknað út þetta ferli og séð hvað gerðist á þessum árum, ríkisstjórnarárum Sjálfstfl. og Alþfl., þá er ljóst að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna lækkaði aðeins á því tímabili miðað við kaupmátt launa. Hann gerði það. Það er bara sagnfræði sem við komumst ekki hjá að horfast í augu við. (Gripið fram í.) Hann lækkaði aðeins. Ekki held ég að það hafi verið vilji þeirrar stjórnar eða þeirra ráðherra sem þar sátu. Ég held ekki. Ég held að ekki hafi verið vont fólk í þeirri ríkisstjórn frekar en fólkið sem gegndi ráðherrastörfum þar á undan né heldur þeim sem tóku síðan við. Ég er alveg sannfærður um það.

Í tíð núv. ríkisstjórnarflokka, sem hafa setið að völdum nærri sex ár, var þetta mál mjög til umræðu og umfjöllunar hvernig með skyldi fara og mjög miklar og heitar umræður urðu um það hvernig við skyldum halda á þessum málum. Með lögum sem samþykkt voru í árslok 1997 var síðan ákveðið hvernig við skyldum gera það. Þá voru lífeyrisgreiðslurnar aftur tengdar. Við skulum fara yfir þessa sagnfræði og hafa hana alveg rétta.

Samkvæmt því frv. og breytingu á lögum, þ.e. 10. gr. sem var breyting á 65. gr. almannatryggingalaganna, varð sú breyting á lögum sem stendur enn og hljóðar svo:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Þannig hljóðar lagatextinn.

Mér er mjög minnisstæð umræðan á Alþingi þegar við ræddum þetta á sínum tíma. Menn áttuðu sig ekki alveg fyrst á því hvað þetta þýddi en þegar menn höfðu áttað sig á því var það samdóma álit bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga að þetta væri góður texti. Þannig skyldu menn hafa þetta, þannig ætti þetta að vera. Þessi lög og þessi grein var síðan samþykkt með öllum atkvæðum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu vegna þess að í þessum texta var falið slíkt nýmæli sem hefur aldrei gerst áður á Íslandi. Þá var ákveðið með lögum að lífeyrisgreiðslur skyldu aldrei vera lægri. „Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs." Sem sagt, lífeyrisgreiðslur skulu fylgja almennri launaþróun, þó þannig að þær verði aldrei lægri en vísitala neysluverðs sem þýðir að sé vísitala neysluverðs hærri en vísitala launa þá skal launaþróunin hjá lífeyrisþegum fylgja neysluverði. Þetta var algert nýmæli og mönnum hafði aldrei dottið í hug að gera þetta áður.

Þetta þýðir í reynd að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna mun ekki skerðast þó að þjóðfélagið lendi í þeim krappa dansi sem við höfum oft gert áður að kaupmáttur almennings minnki. Þegar þjóðartekjurnar fara niður, þá minnkar kaupmáttur almennings en tekin var ákvörðun um það að lífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar, skyldu ekki skerðast, við hin skyldum taka á okkur þessa dýfu. (Gripið fram í.) Ég skal fara nákvæmlega yfir þetta, hv. þm., ef það eru erfiðleikar við að skilja þetta. Það er enn frekar ástæða til að fara nákvæmlega ofan í þetta ef einhver skilur þetta ekki.

Ég sagði ég áðan og meinti það sannarlega að á árunum 1988–1991 hefði setið fólk í ríkisstjórn, vinstri stjórn, sem var örugglega gott fólk, en kaupmátturinn rýrnaði um 16,3%, og 16,3% rýrnun kaupmáttar er töluvert. Hefði slík lagaklásúla verið til þá, sem tryggði greiðslur lífeyrisþega, þá hefði kaupmáttur þessa fólks, þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu, ekki rýrnað um einseyring. Menn höfðu bara ekki hugmyndaflug til þess að setja þetta inn í lög áður. Þess vegna var það að lífeyrisþegar og gamalt fólk fylgdi þróuninni með öðrum, tóku á sig hina miklu skerðingu eins og aðrir. En núna er það vilji þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr á Íslandi og þeirra sem fylgja henni og styðja auk þess sem stjórnarandstaðan fylgdi þessu máli líka að breyta þessu, við breyttum þessu í desember 1997, tryggðum það að kaupmáttur lífeyrisþega mun ekki skerðast verði samfélagið fyrir áföllum, tökum þetta á okkur. Ég hef spurt eftir því hvort þessi klásúla sé til í öðrum lögum, t.d. á Norðurlöndunum eða í Evrópu. Enginn kannast við það. Enginn kannast við það að lífeyrisþegar séu tryggðir á þennan hátt í nokkru öðru landi. Þetta var sú ríkisstjórn sem er núna atyrt með mjög skelfilegu orðbragði fyrir óvináttu við þá sem verst standa í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Og ekki að ástæðulausu.) Þetta var nú löggjöfin sem þessi vonda ríkisstjórn setti. Hinir hörmulegu hlutir sem gerðust á árunum 1988–1991 í tíð þeirrar vinstri stjórnar munu því ekki gerast aftur, þ.e. þeir slæmu hlutir munu ekki gerast aftur sem gerðust á stjórnarárunum meðan við sjálfstæðismenn voru í forustu fyrir ríkisstjórn með okkar góðu vinum, Alþfl. og því góða fólki sem þar sat sem ráðherrar, þegar illa gekk í samfélaginu. Svona hefur hin vonda ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sýnt í verki hvað hún vill og hvað hún er að vinna. (Gripið fram í.) Það er kaupmáttur bótanna sem skiptir máli.

Svo gerist eitt, samanber það sem ég las upp úr nefndarálitinu, að í staðtölum almannatrygginga fyrir árið 1999 eða síðustu útgáfu árið 2000, kemur ný tafla sem sýnir þróun kaupmáttar lífeyrisþega versus lægstu laun. Ég verð að segja við hina ágætu hv. stjórnarandstöðu, sem bjó til þetta plagg, þeim til vorkunnar að ég fór að átta mig á því hvaðan þessi tafla væri komin. Ég sé að hún er úr staðtölum almannatrygginga þannig að þeir hafa alveg rétt eftir. Þetta er engin fölsun frá þeirra hálfu eins og mér datt í hug fyrst þegar ég fór að skoða þetta. Ég fór að bera saman staðtölur almannatrygginga 1999 við síðustu 10 ár. Það er rannsóknarefni, herra forseti, hvernig stendur á þessari töflu og hvernig stendur á þessari viðmiðun. Nú kemur tafla sem sýnir viðmiðun við

þróun lágmarkslauna og nú þurfum við að fara í sagnfræðina aftur, herra forseti.

Það var mjög lengi viðleitni aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekenda jafnt sem verkalýðshreyfingar að hækka lægstu laun, það reyndi mjög á vilja til þess í samningum eftir samningum á 9. áratugnum til þess að hækka lægstu laun. Ítrekað var gert alls konar samkomulag sem því miður mistókst allt. Það var nákvæmlega sama. Átakanlegust var hin mikla tilraun til að hækka lægstu laun árið 1987. Þá var gert átak til að hækka lægstu laun sem endaði með gríðarlegri skelfingu. Ekki tókst að halda þeirri hækkun miðað við lægstu laun heldur hljóp hún í gegnum allan launastigann á örfáum mánuðum, jafnvel gegnumrotnir og spilltir bankastjórar Landsbankans voru búnir að fá þessar hækkanir til *sín innan örfárra mínútna. Gegnumrotnir.* (*Gripið fram í.*) Ég sagði bankastjórar ríkisbankanna. Það gekk allt upp. Gersamlega allt mistókst fyrir okkur að hækka lægstu laun. Það var ömurleg saga. Það er ömurlegt að rifja það upp hvernig þetta gekk fyrir sig. Allir í þjóðfélaginu tóku hækkanirnar sem áttu að fara til hinna lægst launuðu.

Hið gleðilega, ef við lítum til baka, er það að árið 1995 tókst loksins að gera samkomulag á almennum vinnumarkaði sem hélt, samkomulag um að við skyldum hækka lægstu launataxta án þess að það gengi í gegnum allt þjóðfélagið, án þess að bónusgreiðslur, verktakagreiðslur, ákvæðisvinna, og allir aðrir í þjóðfélaginu tækju það til sín. Loksins tókst þetta. Samkomulag var um að hækka hin lægstu laun og samkomulagið byggðist á því að enginn skyldi taka þessa taxta til viðmiðunar. Þannig tókst það loksins. Þannig tókst hið mikla afrek 1995, sem hefur verið endurtekið aftur í tveim síðustu samningum, að hækka lægstu laun án þess að allir í þjóðfélaginu tækju þær hækkanir til sín. Það var mikið afrek og mjög þakkarvert hjá forustu verkalýðsins, hjá forustu Alþýðusambandsins að ná því loksins í gegn, mikið afrek. Loksins tókst þetta sem menn vildu svo gjarnan gera í marga áratugi en tókst ekki. Þannig höfum við hækkað lægstu laun í þjóðfélaginu miklu meira en almenn launaþróun er í landinu. Til allrar hamingju. Hafi þeir heiður af sem stóðu að því. (Gripið fram í.) Miklu meira þannig að hinir gömlu taxtar sem lágu þarna inni eru horfnir þannig að enginn þarf að vinna á slíkum töxtum lengur. Þeir eru horfnir. (**ÖJ:** Eru þeir horfnir og há laun á Íslandi?) Lágu taxtarnir hafa hækkað miklu meira en almenn launaþróun, *miklu meira, og ég get sýnt fram á það.* Þetta liggur fyrir í öllum upplýsingum alls staðar frá, frá kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og fleirum. Þetta tókst 1995 og þessu hefur verið haldið áfram sem betur fer.

Þá gerist það að opinber stofnun, Tryggingastofnun ríkisins, tekur nýja viðmiðun til að sýna sagnfræðina. Hún byrjar að miða við þróun lægstu launa. Til hvers? Ég fullyrði, herra forseti, að tilgangurinn var einn: Að segja ósatt. Það er rannsóknarefni þegar opinber stofnun stendur fyrir því að segja ósatt. Það er rannsóknarefni þegar hún tekur að sér að segja ósatt, ber ekki kaupmátt lífeyrisgreiðslna saman eins og alltaf hefur verið gert áður, við almenna launaþróun í landinu. (**Gripið fram í:** Má ekki bera saman þessar tölur?) Það er engum bannað en mér er líka heimilt að gagnrýna störf opinberra stofnana. (**BH:** Eru þetta ósannindi?) Þetta er alveg hárrétt. Þetta er þróunin miðað við lægstu laun. En þetta eru mikil ósannindi ef þú ætlar að segja söguna rétta, hvernig laun hafa þróast í landinu, hvernig kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur þróast. Sannleikur málsins er sá að síðan við samþykktum þessi lög, síðan við tókum af allan vafa um það við hvað skyldi miða hefur kaupmáttur lífeyrisgreiðslna verið nákvæmlega sá sami og hin almenna launaþróun í landinu.

Síðasta haust var gerð athugasemd af hálfu Samtaka eldri borgara, held ég eða hvort það var Öryrkjabandalagið, það skiptir ekki máli, um að það vantaði upp á 0,2–0,3%. Auðvitað má alltaf deila um þetta, einhverjar slíkar tölur miðað við almenna launaþróun. Niðurstaðan var sú að það varð ákvörðun ríkisstjórnarinnar og ákvörðun Alþingis í haust að vegna þess að menn töldu að það væri álitamál að það vantaði upp á þessa lagaklásúlu, að menn vildu ekki láta herma upp á sig að þetta væri rangt, menn vildu ekki liggja undir því að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna lægi undir almennri launaþróun um 0,3%, 0,2% eða hvað sem það var nú, var ákveðið með fjárlögum í haust að við skyldum hækka bætur almannatrygginga, lífeyrisgreiðslur og lífeyri til eldri borgara um 1% meira en almennar kauphækkanir í landinu 1. janúar sl. Almenna kauphækkunin var 3% 1. janúar. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega og eldra fólks voru hækkaðar um 4%, 1% hærra en hinir almennu kauptaxtar til að taka af allan vafa um að það skyldi fara eftir lögunum. Ég ætla því að núna í dag, 23. janúar, sé það þannig að ef eitthvað er, hafi lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega hækkað heldur meira en almenn launahækkun, kannski *núll komma eitthvað prósent. Það fer ekkert milli mála.*

Ekkert hefur verið svikið í þessum málum heldur staðið fullkomlega við hina miklu yfirlýsingu sem var samþykkt 1997 og tilheyrir 65. gr. almannatryggingalaganna. Það hefur nákvæmlega og rúmlega það verið staðið við þá yfirlýsingu. Hið hörmulega er að menn liggja undir ámæli og orðræðum um svik, segir stjórnarandstaðan í dag, herra forseti. Það er sama ágætisfólkið og á árunum 1988–1991 sat í ríkisstjórn þar sem kaupmáttur lífeyrisgreiðslnanna lækkaði, sömu vinir okkar og voru með okkur í ríkisstjórn 1991–1995 þegar okkur tókst því miður ekki alveg að halda í þennan kaupmátt lífeyrisgreiðslna miðað við almenn laun.

Núna þegar búið er að taka af öll tvímæli fyrir þremur árum og því hefur verið fylgt nákvæmlega, herra forseti, koma þessir sömu vinir okkar og þeim dettur í hug að bregða okkur um svik. Mér finnst það hörmulegt. Mér finnst það hörmulegt þeirra vegna. Mér finnst það hörmulegt vegna þess að vel getur verið að einhver trúi þeim. Ég hef trú á *því að einhver trúi að þessi ríkisstjórn og stjórnarsinnarnir,* við sem styðjum þessa ríkisstjórn, séum að bregðast, séum að ljúga, séum að svíkja og brjóta lög. (**ÖJ:** Þú gerðir það 1999.) Þannig höfum við sýnt það í verki, herra forseti, að við höfum sett í lög ákvæði sem tryggja lífeyrisgreiðsluþegum, ellilífeyrisþegum, að þeir fylgja almennri launaþróun í landinu þó þannig að ef kaupmáttur rýrnar á Íslandi, ef við lendum í þeim vandræðum að kaupmáttur rýrnar eins og hefur áður gerst á Íslandi, eins og gerist í öllum þjóðfélögum og hefur gerst alltaf, þá eru lífeyrisgreiðsluþegar, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar, undanskildir. (**ÖJ:** *Lögin voru brotin 1999.*) *Þessi lög hafa aldrei verið brotin,* herra forseti. Það liggur fyrir í dag ef eitthvað er, þá erum við 0,5–0,6% hærri heldur en launaþróunin. Hér sitja menn uppi með lygina, hér sitja menn uppi með að saka okkur um hluti sem ganga þvert á sannleikann. Það er hörmulegt fyrir þetta annars góða fólk, herra forseti, sem gegnir störfum í Alþingi. (**Gripið fram í:** Lygi?) Lygina.

Herra forseti. Það er náttúrlega hörmulegt þegar ágætir

hv. alþm. geta ekki stillt sig meðan ég stend í ræðustól og hrópa á mig: Lygi, lygi. Það er grátlegt vegna þess að staðreyndir liggja fyrir, þessar staðreyndir liggja allar fyrir þannig að það gagnast lítt að hrópa á mig lygi, lygi. (**Gripið fram í:** Hver sagði lygi?)

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Ég áminni hv. þm. um að hafa hljóð í salnum, gefa ræðumanni tækifæri á að flytja mál sitt.)

Það eru ósannindi, herra forseti, að þessi ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir hafi svikið að neinu leyti það sem stendur í 65. gr. laganna um almannatryggingar. (Gripið fram í.) Það hefur margsinnis komið fram og verið rauði þráðurinn í allri umræðunni, það hefur verið rauði þráðurinn í þeirri meiningu sem stjórnarandstaðan hefur látið í ljósi í marga daga, að hér sitji vond ríkisstjórn studd af vondu fólki sem er illa við þá sem eiga bágt í þjóðfélaginu og lakast standa, geri allt til þess að gera hlut þeirra sem verstan eða eins og það hefur verið orðað „eru í heilögu stríði við Öryrkjabandalagið". Þannig hefur það komið fram hér dag eftir dag, viku eftir viku. Við, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin, ég tala ekki um Sjálfstfl., sem hefur verið nefndur sérstaklega, er í heilögu stríði við Öryrkjabandalag Íslands. Þetta hefur verið málflutningurinn, því miður, herra forseti. Þetta er hið ömurlega og hörmulega við það sem hér hefur gengið á undanfarna daga, ömurlega og hörmulega. En staðreyndirnar liggja fyrir.

Kaupmáttur lífeyrisþega hefur fylgt þróun launa nákvæmlega. Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aldrei vaxið meira en á undanförnum árum. Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aldrei verið hærri en í dag. Aldrei. Ekki síðan land byggðist. Það eru mjög traustar heimildir fyrir þessu, a.m.k. ekki síðan 1937 þegar við tókum upp almannatryggingalöggjöfina. Þetta liggur fyrir. Þetta er nákvæmlega það sem hefur gerst. Hin vonda ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., sem sögð er standa í heilögu stríði við þá sem minnst mega sín í samfélaginu, hefur þó bætt kjör þeirra meira en hefur nokkurn tíma áður gerst. Ég spyr og spurði áðan: Voru það vondir menn sem sátu í ríkisstjórn 1988–1991 þegar kaupmátturinn hrapaði hvað mest? Ég svaraði sjálfum mér og sagði: Nei. Það var gott fólk, herra forseti.

Eru það vondir menn með vondar meiningar sem sitja nú í ríkisstjórn? Eru það vondir stjórnmálaflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl.? (**Gripið fram í:** Það er afskaplega gott fólk.) Það er rétt, herra forseti, sem þingmaðurinn sagði. Það er afskaplega gott fólk eins og ég held að stjórnmálamenn á Íslandi séu. Ég er alveg viss um að þetta er vel gert fólk, vel af guði gert og vel meinandi. Þess vegna er þessi umræða svo hörmuleg þegar menn brigsla hvorir öðrum um þá hluti sem hér hefur gerst á undanförnum dögum að menn séu illa meinandi, séu að vinna illa og vinna slæmt starf. (**Gripið fram í:** Hvað með lygarnar?) Þannig er það nú, herra forseti, að við skulum átta okkur á því að kannski er misjafn smekkurinn. Sumir koma upp í stól og geta sagt fjálglega frá því hversu óskaplega þeim þykir vænt um fátækt fólk. Það hafa verið ort ljóð um þá sem vilja endilega nudda sér utan í hvern sem er.

Það eru líka til staðreyndir um að það er ekki spurning um hver hreykir sér á hól og segir hvað hann sé góður og hvað hann vilji vel. Það er líka til fólk sem vinnur eins vel og það getur og þarf ekki endilega að hreykja sér af því.

Sannleikurinn er sá að það er rangt sem hér hefur komið margsinnis fram að kjör hinna verst settu í þjóðfélaginu, öryrkjanna og gamla fólksins, ráðist af einhverjum vilja. Vilji er allt sem þarf, hafa menn endurtekið hér hvað eftir annað. Vilji er allt sem þarf. Var það viljaleysi þeirra sem sátu í ríkisstjórn 1988–1991 að kjörin rýrnuðu? Var það viljaleysi okkar góðu vina sem voru með okkur, alþýðuflokksráðherranna, á árunum 1991–1995, að okkur tókst ekki að halda í við launaþróunina? Nei, það var ekki viljaleysi. Það er ekki spurning um að hreykja sér og segja: Vilji er allt sem þarf. Að baki því að geta boðið upp á samfélag þar sem við gerum eins vel og við getum við þá sem eiga bágt í þjóðfélagi þar sem við reynum að gera allt sem við getum fyrir þá sem lakast standa, það hefur aldrei tekist að gera það nema í því þjóðfélagi þar sem er skynsamleg hagstjórn. Skynsamleg hagstjórn er eina leiðin til að við getum boðið upp á velferðarsamfélag þar sem við hjálpum þeim sem mest þurfa á því að halda. Um heiminn allan liggja hundruð milljóna manna með grátstafinn í kverkunum og dauðann sér við hlið. Það er það hörmulega um þennan heim í dag. Það er til nóg af lífsgæðum í heiminum til þess að enginn þurfi að svelta. Hið hörmulega er að stjórnarfar og hagstjórnin í þessum heimi er mjög víða skelfileg. Þess vegna eru hundruð milljóna manna að deyja af því að hagstjórnin, hin pólitíska stjórn heimsins, er víða svo hörmuleg.

Sú hæstv. ríkisstjórn sem situr á Íslandi er ekki gallalaus. Henni hefur orðið á um ýmislegt en rauði þráðurinn síðasta áratug er að okkur hefur tekist tiltölulega skynsamlega með hagstjórnina alveg öfugt við það sem einkenndi Ísland áratugina þar á undan. (Gipið fram í.) Þá er þingmaðurinn að hugsa um allar hinar opinberu kennitölur um afkomu einnar þjóðar og hvernig hann ber þetta saman, kaupmátt hennar, getu hennar og farsæld hennar. Það er ýmislegt að, herra forseti. Ýmislegt mætti vera mun betra en það hefur tekist tiltölulega farsællega með hagstjórnina. Þess vegna hafa kjör Íslendinga á síðasta ártug batnað meira en í flestum öðrum Evrópuríkjum að Írlandi undanskildu. Þeir hafa verið enn þá duglegri við að bæta kjörin. Þar hefur kaupmáttur aukist enn þá meira en á Íslandi. Kaupmátturinn hefur aukist meira á Íslandi á þessum áratug en áður í sögu Íslands og kaupmáttur lífeyrisgreiðslna líka.

Efnahagsgrundvöllurinn er þessi. Hann er hið frjálsa markaðskerfi sem þessi ríkisstjórn hefur svo mjög unnið að. Við höfum breytt á þessum áratug á annað hundrað löggjöfum um efnahagsmál sem hefur haft mikilvæg áhrif á að við erum hættir í þessu stekkjarstaurasamfélagi í þessu þjóðfélagi þar sem við ætluðum að handstýra markaðnum sem gekk svo illa og leiddi til svo hörmulegra hluta fyrir efnahagslífið í því að gera Ísland markaðsvætt. Það hefur skilað þeim árangri að kaupmáttur hefur aldrei aukist meira í sögu þessa lýðveldis, í sögu þessarar þjóðar. Lífeyrisgreiðslurnar, ellilífeyrisgreiðslurnar, örorkulífeyrisgreiðslurnar, hafa fylgt fullkomlega þeirri þróun og rúmlega það. Þetta eru hinar opinberu staðreyndir sem menn komast ekki hjá að viðurkenna.

Herra forseti. Þetta er það sem við verðum að horfast í augu við. Síðan koma brigslyrði hér, stóryrði. Menn hafa jafnvel farið í orðabækur, held ég, til þess að finna ný fúkyrði.

Það er í sjálfu sér þannig og það er eðli málsins samkvæmt að allar bætur almannatrygginga, ef menn horfa á það með augum bótaþegans, eru lágar. Þær eru lágar, 41 þús. kr., 43 þús. kr., 51 þús. kr. Þetta eru allt lágar greiðslur. Það er bara eðli málsins samkvæmt frá því sjónarhorni. Snúum við nú peningnum við og spyrjum: Hvaðan koma greiðslurnar? Jú, þær koma frá skattgreiðendunum. Þá gerist alveg þveröfugt.

Allir skattar eru háar greiðslur. Allar greiðslur eru háar. Það finnst öllum þetta mjög hátt. Það er vandamálið sem við er að fást.

Sjálfstfl. hefur í áratugi fylgt mjög eftir öllum hugmyndum á Norðurlöndunum um lýðhjálp. Oftast nær starfaði hann með sínum ágætu vinum í Alþfl. Við vorum gjarnan samferða um það að til þess að ná árangri í lýðhjálp ætti að tekjutengja til þess að tryggja að greiðslurnar færu til þeirra sem mest þyrftu á að halda. Í gegnum áratugi stóðum við saman um þetta.

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hér í ræðu í gær þegar lesið var upp úr landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. að í Sjálfstl. eru deilur um það hvort við eigum að tekjutengja bæturnar svo mikið sem við gerum. Það eru deilur um það. Hinn hægri sinnaði hluti flokksins er á móti því. Eldri sjálfstæðismenn sem gerast nú mjög hægri sinnaðir gera að okkur hríð. Ungu sjálfstæðismennirnir, og ég þekki þá nú vel, t.d. börnin mín þrjú, vini þeirra og vini þeirra o.s.frv., gera líka að okkur hríð. Hinir hægri sinnuðu ungu sjálfstæðismenn telja þetta líka rangt. Þeir segja: Það á ekki að tekjutengja. Það á að hafa þetta kvitt og klárt. Það á að hafa þetta beint og ekkert rugl. Það á ekki að tengja bætur við kjör, tekjur eða eignir. Það er því sótt að okkur sem sitjum í þingflokki Sjálfstfl. úr öllum áttum í okkar eigin flokki. (**ÖJ:** Vilja hægri sinnarnir ...?) Og verst er nú af öllu, herra forseti, verst er nú af öllu þegar okkar góði vinaflokkur, Alþfl., sem er nú sagður látinn en ég held að lifi samt, gerir svo harða hríð að okkur sem orðið hefur síðustu dagana og er líka horfinn frá þessum tekjutengingum sem við höfum staðið fyrir. Þá erum við í miklum vandamálum, heilmiklum vandamálum. (**ÖJ:** Vilja hægri menn ...?) Og ég er viss um það, herra forseti — og æsist nú þingheimur allur — og þess vegna hef ég miklar áhyggjur af þessu að það kunni að syrta í álinn fyrir sjónarmiðum lýðhjálpar sem Sjálfstfl. hefur staðið fyrir áratug eftir áratug, þeim sjónarmiðum að nota peninga ríkisins til þess að hjálpa þeim sem helst eru hjálpar þurfi. Þessi umræða hefur því í sjálfu sér að mínum dómi verið slæm umræða, mjög slæm umræða. Menn segja sem svo hér og nú: Við ætlum að fara og taka þetta kerfi allt upp og búa til nýtt. Ég fagna því. Það er nú svo með öll föt að þau slitna. Allir hafa óskir um að hafa kerfið einfalt og réttlátt. Það er ósk allra. En það er hin barnalega ósk vegna þess að það sem er einfalt þarf ekki alltaf að vera réttlátt. Og í viðleitninni til þess að gera hlutina réttláta erum við alltaf að betrumbæta og breyta og breyta, eins og við höfum verið að gera við lögin um almannatryggingar, þannig að við endum eins og við stöndum núna, þ.e. kerfið er orðið svo flókið að það er óréttlátt vegna þess að það kann enginn á það. Og þar með er það óréttlátt þó að við höfum gert allar þessar breytingar í nafni þess að við vildum vera réttlát.

Þess vegna er viljinn til þess að hugsa þetta upp á nýtt mjög gott mál, herra forseti. Við eigum að gera það. Við eigum að gera það í samræmi við það sem við ætlum að gera í skattamálum. Við ættum að gera það í samræmi við það sem við ætlum að gera í lífeyrismálum vegna þess að það þarf að samhæfa þessa hluti. Það er mikið vandaverk. Ég efast stórlega um það, og ætla nú ekki að vera svartsýnn samt, að okkur takist það á þessu vori vegna þess að þetta er gríðarlega erfitt mál.

Ég efast ekki um það heldur, herra forseti, að fólki, þingmönnum, góðu fólki í öllum flokkum, sé mikið niðri fyrir og vilji endilega gera þetta vel. Þetta er flókið. Það er ekki nóg að segja að vilji sé allt sem þarf. Það þarf að skoða þetta af mikilli skynsemi. Það er ekki nóg að segja að nú ætlum við að gera eitthvert átak til þess að bæta kjör öryrkja. Jú, það er fallega hugsað. En hvernig gerir eitt Alþingi eitthvert átak? Það er ekki hægt að bæta kjör þeirra sem eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar öðruvísi en að bæta efnahag landsins, án þess að bæta kjör verkafólks, launþega þessa lands. Menn taka ekkert út úr þúsund, tvö þúsund, átta þúsund eða tuttugu þúsund manna hóp og segja að nú ætli þeir að gera átak. Það er bara blekkingin ein.

Við höfum verið að gera mikið átak hér sl. áratug til að bæta kjör Íslendinga. Aðferðin til þess er skynsamleg hagstjórn. Við ætlum að halda því áfram, herra forseti. Það mun hafa í för með sér að við getum bætt kjör Íslendinga, við getum bætt kjör verkafólks, við getum bætt kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega eins og við höfum verið að gera.

Við 1. umr. fjárlaga í haust fannst mér ástæða til þess að skoða eftir tíu ára forustu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum hvað hefði gerst þau tíu ár sem Sjálfstfl. stjórnaði ríkisfjármálunum. Ég lét vinna þá vinnu að skoða það hverjar væru stærstu og mestu breytingarnar á útgjöldum ríkisins í tíu ár. Mér kom niðurstaðan gríðarlega á óvart, svo og öllum öðrum sem ég hef sýnt þessar tölur, og ég sagði frá því hér í ræðu, herra forseti. Mesta útgjaldaaukning ríkisins á síðustu tíu árum hefur farið í þann málaflokk sem heitir málefni fatlaðra. Það er mikið gleðiefni að við höfum verið svo farsælir á þessum árum að geta loksins tekið stórkostlega á í málefnum fatlaðra. (**JóhS:** Skerða framlög sem fatlaðir og aldraðir ...?)

Þannig liggur það fyrir, herra forseti, að framlög til málefna fatlaðra hafa aukist meira á síðasta áratug 20. aldar en nokkur önnur framlög. Þau hafa hækkað mest allan áratuginn. Við vorum fyrri hluta þess áratugs í góðu samstarfi við vini okkar í Alþfl. Síðan breyttist það nú og við höfum verið í mjög góðu samstarfi við vini okkar í Framsfl. sl. fimm eða sex ár. Eiga þeir mikinn heiður skilinn fyrir það góða samstarf allan þann áratug. En þetta er nú niðurstaðan. Á þessari farsældarbraut verður því haldið áfram.

Sögusagnir um að hér sitji ríkisstjórn sem sé illa hugsandi, illa meinandi og hafi uppi hótanir og stríð við þá sem standa verst að vígi í þjóðfélaginu, eru allt hugarburður, allt til komið af því, sem ég skil kannski ósköp vel, að það er leiðinlegt að vera í stjórnarandstöðu. Ég skil það mætavel og kannski er eðlilegt að þeir sem sitja þar vilji gera allt til þess að breyta því. En ég held að til langframa geti menn ekki haft hagnað af slíku tali sem einkennt hefur stjórnarandstöðuna síðustu dagana. Það hlýtur að vera betra til langframa, bæði fyrir stjórn og stjórnarandstöðu, að haga orðum sínum aðeins hógværar, reyna að halda sér meira við sannleikann og fara eftir því sem rétt er, sem réttar og sannar upplýsingar sýna og viðurkenna að það hefur gengið tiltölulega vel á Íslandi liðinn áratug, betur en hjá flestum öðrum Evrópuþjóðum. Kaupmátturinn hefur aukist betur og meira hér, kaupmáttur lífeyrisþega, kaupmáttur öryrkja og ellilífeyrisþega, betur en hjá öðrum Evrópuþjóðum. Það er ástæða til þess að vilja halda áfram á þeirri farsældarbraut því vel hefur til tekist. Orðaflaumurinn um að hér sitji illa meinandi fólk dæmir sig sjálfur, hann dæmir sig sjálfur af verkunum.

Ég vona, herra forseti, að þrátt fyrir deildar meiningar um hvernig beri að skilja þennan dóm, geti menn áttað sig á því að aðalatriðið í þessu máli er að ríkisstjórn Íslands beri gæfu til þess á hverjum tíma að standa fyrir skynsamlegri

hagstjórn þannig að tryggja megi að allir Íslendingar njóti góðs af því.

[14:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ótrúleg bíræfni og óskammfeilni af hv. þm. að halda fram þessu bulli sínu um kjör öryrkja á sl. fimm árum þegar allir nema hann og þeir sem eru með honum í stjórnarliði vita að samfelld árás á kjör öryrkja hefur verið af hálfu þessarar ríkisstjórnar á síðustu fimm árum. Þeir byrjuðu á því eftir að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar var samþykkt að skera á tengsl launa og lífeyris með þeim afleiðingum að grunnlífeyririnn hækkaði um 25% á sama tíma og launavísitalan hækkaði um 41,5%. Á árunum 1998–2000 hækkuðu lífeyrisgreiðslur um 11% en launavísitalan um 17% þrátt fyrir það ákvæði sem þingmaðurinn nefndi þar sem vitnað var í orð forsrh. um að miða ætti við launavísitölu og allir trúðu því, líka stjórnarandstaðan. En það hefur verið miðað við neysluvísitölu en ekki launavísitölu á þessum tíma og þar með svikið það sem stóð í lögum. Það er því hrein óskammfeilni af hv. þm. að haga orðum sínum eins og hann gerði hér áðan.

[14:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögin eru alveg skýr. Ég skal lesa klásúluna úr 65. gr. aftur. Þar segir:

„Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Þetta hefur staðist nákvæmlega — það liggja allar sannanir fyrir því. Ég get sýnt fram á það með öllum opinberum tölum — launaþróunin í landinu og þróun bóta almannatrygginga, nákvæmlega. Það hefur ekki reynt á seinni part setningarinnar, „þó aldrei lægri en neysluvísitala", þ.e. þau fyrirheit sem þar eru að hækki launaþróun minna en neysluverðið, þ.e. að kaupmátturinn rýrni, þá skal kaupmáttur lífeyrisgreiðslna ekki rýrna. Það hefur ekki reynt á það vegna þess að það hefur verið stöðug aukning kaupmáttar.

[14:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að launavísitala hefur hækkað um 17% á sl. tveimur árum, á því tímabili sem hv. þm. nefnir, meðan lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 11%. Það liggur fyrir að á árinu 1991 voru lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af almennum verkamannalaunum miklu hærri þannig að það þarf að hækka lífeyrisgreiðslur um 3,5 milljarða á mánuði til þess að standast samanburð við það sem var 1991.

Engin önnur ríkisstjórn hefur þurft að fara á sakamannabekkinn í góðærinu hjá Sameinuðu þjóðunum eins og þessi ríkisstjórn hefur þurft, en 1999 fékk þessi ríkisstjórn skömm í hattinn og hún var beðin um að athuga gaumgæfilega bága fjárhagsstöðu öryrkja með það fyrir augum að rétta hag þeirra. Þetta var nú hjá Sameinuðu þjóðunum og það hefur engin önnur ríkisstjórn hlotið skömm í hattinn hjá þeim nema þessi ríkisstjórn í góðærinu, vegna þess að hún hefur verið að hlunnfara lífeyrisþega aftur og aftur og aftur.

[14:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að standa í þessu karpi. Ég skal hér og nú heita því að sjá til að innan nokkurra daga birtist opinberar tölur sem sýni að þetta er ósatt. Launaþróun og kaupmáttur lífeyrisgreiðslna eru samstiga í dag. (**JóhS:** Hefur hann hækkað jafnt og launavísitalan?) Nákvæmlega eins og almenn launaþróun í landinu. (Gripið fram í.) Eins og stendur í lögunum, (Gripið fram í.) herra forseti. Það stendur í lögunum. Ég er búinn að lesa þetta fjórum sinnum. Það fer ekkert á milli mála hvað stendur í lögunum. Það hefur verið farið nákvæmlega eftir því og ekki hægt að standa endalaust í þrasi hér í púlti (Gripið fram í.) þegar menn segja ósatt.

Nú hef ég ekki frið fyrir frammíköllum og hrópum hv. þm. Ég hlýt að eiga mína mínútu. Ég skal láta birta það opinberlega (Gripið fram í.) þannig að menn geti séð það svart á hvítu ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Ég vil áminna hv. þm. um að grípa ekki fram í.)

Ég fæ ekki frið fyrir þingmanninum, hún vill taka minn ræðutíma líka. Ég skal sjá til þess að það birtist opinberlega hið rétta og sanna í þessu máli. Frá því þessi lög voru samþykkt hefur þessu verið fylgt nákvæmlega. Það eru ósannindi að það hafi verið öðruvísi.

[14:16]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta skipti á ævinni hef ég verið sögð lygari. Það var í ræðu hv. þm. hér áðan. Það gerði hann úr ræðustóli á hinu háa Alþingi. Ég lít það mjög alvarlegum augum, herra forseti. Hv. þm. vísar í þessu skyni til nál. sem ég átti þátt í að semja og skrifaði undir. Þar höldum við fram þeirri fullyrðingu að leitun sé að annarri eins kjararýrnun hjá þessum hópi og í tíð þessarar ríkisstjórnar ef mið er tekið af þróun lágmarkslauna í landinu. Síðan er vísað í töflu sem hv. þm. staðfestir að sé sönn. Hún er hins vegar ekki alveg nógu góður samanburður, herra forseti, vegna þess að hún hentar ekki hæstv. ríkisstjórn.

Hv. þm. sagði að það væri sérstakt rannsóknarefni hver hefði fengið að útbúa svona töflu og út af hverju svona tafla hefði verið útbúin. Ég vil segja, herra forseti, að ég lít þessar ásakanir mjög alvarlegum augum, sérstaklega í ljósi þess að hv. þm. furðaði sig á því og nefndi hér nafn mitt og hv. þm. Þuríðar Backman, að við legðum nafn okkar við svona álit. Hv. þm. hefur ekki sagt neitt í ræðu sinni um hvað sé ósatt í þessu plaggi. Ég vil fá að heyra það, herra forseti.

[14:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal viðurkenna að það er ljótt að nota orðið lygi. Ég hefði átt að nota orðið ósannindi, það er miklu penna.

Samt er verið að segja ósatt með þessu nál. (**BH:** Hvar?) Það er verið að segja ósatt um að kjör lífeyrisþega, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega hafi verið skert og hafi rýrnað á þessu kjörtímabili. Það er ósatt. (Gripið fram í.) Það er ósatt og gegn staðreyndum málsins. Það er verið að snúa öllum hlutum við.

Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aldrei vaxið meira í sögu Íslands, ekki frá því að almannatryggingar hófust hér 1936. Aldrei. Þær hafa fylgt launaþróun í landinu nákvæmlega upp á punkt og prik. Fullyrðingar um að hér hafi átt sér stað gríðarleg kjararýrnun og hér hafi verið stolið af ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum eru ósannindi, herra forseti. Það kann að vera ljótt að segja frá því en það er alveg öfugt, herra forseti. Þau hafa aldrei batnað sem undanfarið.

[14:19]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá svar við því hvar lygarnar eru í þessu nál. Ósannindi eru lygar. Það er enginn munur á því í mínum huga.

„Ljóst er því að leitun er að annarri eins kjararýrnun hjá þessum hópi og í tíð þessarar ríkisstjórnar ef mið er tekið af þróun lágmarkslauna í landinu," stendur í nál. Síðan er vísað í töflu í fylgiskjali sem er úr staðtölum almannatrygginga, herra forseti. Hv. þm. staðfesti að hún væri rétt. Þar er mjög nákvæmt línurit um þessa þróun. Hvar eru lygarnar, herra forseti, í þessu nál.?

Ég vil að gerður verði greinarmunur á hvort hv. þm. er að tala um umræðurnar og þau stóru orð sem kunna að hafa fallið í þeim eða nál. Ég vil að hann segi hvort einhverjar lygar séu í því. Ég hlýt að krefjast þess, herra forseti, að fá að sjá nákvæmlega hvaða orð í þessu nál. eru lygi.

[14:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrði að í þessu nál. er sannleikanum snúið á haus. (**BH:** Þú sagðir að það væru ósannindi.) Það er að fara með ósannindi. (**BH:** Hvar eru þau?) Það er að fara með ósannindi að segja að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hafi skerst hér og það hafi verið stolið frá öryrkjum og lífeyrisþegum. Kjör þeirra hafi verið skert. (Gripið fram í.) Það er ósatt vegna þess að launaþróunin í landinu er nákvæmlega hin sama og kaupmáttarþróunin.

Ég fór nákvæmlega yfir hvað gerðist í kjarasamningunum 1995. Hvernig okkur tókst loksins að hækka lægstu taxta með algjöru samkomulagi við verkalýðshreyfinguna og við alla aðila í þjóðfélaginu, og tryggðum að lægstu taxtar færu ekki gegn þróuninni í þjóðfélaginu heldur skyldu þeir fá að vera í friði. Með samanburði við þróun lægstu launa eru lögð fram tölfræðileg ósannindi og Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á því.

[14:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir farið með ósannindi í nál. minni hlutans. Þar er vísað til þróunar lágmarkslauna annars vegar og bóta almannatrygginga hins vegar. Frá 1993–1999 hækkuðu lágmarkslaun um 52% en grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót auk eingreiðslna um 30%. Hafa ber í huga að á þessu tímabili kom til sérstakrar hækkunar á heimilisuppbót vegna niðurfellingar á eftirgjöf á afnotagjaldi útvarps og sjónvarps og ársfjórðungsgjaldi fyrir síma. Þegar þetta er tekið með í reikninginn, lætur nærri að helmingsmunur sé á kjaraþróun þessara hópa. Þetta eru staðreyndir og ég óska eftir því að hv. þm. hreki þær til að finna orðum sínum stað.

Í annan stað leyfi ég mér að fullyrða að gagnstætt því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánssons segir þá hafi þau lög sem vísað er til, frá 1993, verið brotin. Það var gert árið 1999 og ég hef fært rök fyrir því í ítarlegri blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu 24. mars á síðasta ári.

[14:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tölur liggja allar fyrir. Lögin liggja fyrir og allir sem eru læsir geta lesið þau. Greiðslur lífeyrisþega frá ríkissjóði skulu fylgja almennri launaþróun. Það stendur í lögunum. Lögunum hefur verið fylgt nákvæmlega. Allar opinberar tölur geta sannað það. Við getum síðan komið hingað eins og hanar, komið aftur og aftur og sagt að það sem ég segi sé ekki rétt. Ég hef sagt það áður, herra forseti, að ég skal sjá til þess að opinberar tölur verði birtar um þróun kaupmáttar lífeyrisgreiðslna og um þróun kaupmáttar launa. Það liggur nákvæmlega fyrir. Yfir það var farið nákvæmlega sl. haust. Þá lágu fyrir meiningar um að það vantaði 0,3–0,4% upp á að svo væri. Þess vegna hækkuðum við lífeyrisgreiðslur, samanber fjárlög, um 1% meira en kaup hækkaði 1. jan. Þannig var allur vafi af tekinn.

[14:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram til ársins 1995 tóku bætur almannatrygginga mið af lágmarkslaunum. Ríkisstjórnin rauf þetta samband. Síðan var komið á nýju sambandi með lögum frá 1997 þar sem mið skyldi tekið af almennri launaþróun eða neysluvísitölu, þeirri vísitölunni sem hærri væri hverju sinni.

Ég færði rök fyrir því í blaðagrein að þessi lög hefðu verið brotin á árinu 1999. Hv. þm. hafði hér stór orð um það áðan að svo hefði ekki verið. Nú segir hann að það hafi verið einhver meiningarmunur. Meiningarmunur. Menn sem umgangast sannleikann og tölur með þessum hætti eiga að vanda sig betur áður en þeir stíga í ræðustól Alþingis, ekki síst þegar þeir hafa uppi jafnósanngjarnan og villandi málflutning og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson leyfði sér að viðhafa og ósannindi í garð þeirra sem höfðu framsögu fyrir minni hlutann í málinu.

[14:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að benda mér á að ég skuli vanda mig í ræðustól. Ég held að þetta eigi við alla og skal taka þetta alvarlega.

Opinberar tölur kjararannsóknarnefndar Þjóðhagsstofnunar og annarra um þróun þessara hluta liggja fyrir. Ég vísa til þess að það er betra að bera þetta saman á opinberum vettvangi en að standa hér eins og hanar og segja mig fara með ósannindi. Ég hef allar upplýsingar um að þetta er nákvæmlega sama þróunin. Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur fylgt launaþróun í landinu nákvæmlega allt frá því við breyttum þessum lögum veturinn 1997, góðu heilli. (Gripið fram í.) Það liggur nákvæmlega fyrir að engin lög hafa verið brotin heldur hefur þeim verið fylgt. Þetta ákvæði sem við settum 1997 er lífeyrisþegum mjög til heilla. Það tryggir að það gerist ekki aftur að kaupmáttur þeirra rýrni þegar harðnar á dalnum í þjóðfélaginu. Það tryggir það og það er stóra málið.

[14:26]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur haft hér stór orð um óréttlæti og kúgun í heiminum, um ástand heimsins. Hann tók svo djúpt í árinni að segja að hundruð milljóna manna (**EOK:** Lifðu við sult og hörmungar.) lifðu við sult og hörmungar. Ég þakka hv. þm. fyrir.

Ég vil byrja á að bjóða hv. þm. velkominn í hóp okkar hér í þessum sal sem hafa áhyggjur af fleirum en þeim sem búa á Íslandi. Það eru mjög ánægjuleg tíðindi. En mig langar hins vegar að spyrja hv. þm. hvort hann telji að góð hagstjórn ein og sér bjargi mannslífum?

[14:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan fer nú út um víðan völl. Ég og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir þekkjumst greinilega ekki

nógu vel. Hún heldur að það hafi fyrst gerst í dag að ég færi að hafa áhyggjur af heiminum sem ég lifi í. Ég hef mjög lengi haft áhyggjur af honum eins og ég held að flestir góðir menn geri almennt og yfirleitt. Þannig er það ekki nýtt að ég harmi hlutskipti þessa heims, þeirra hundruða milljóna manna sem búa við vond kjör, hungur og hörmungar.

Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, er haft eftir meistaranum frá Nasaret. Ég trúi því að það hafi verið rétt hjá honum en hitt hefur líka sannast að án skynsamlegrar stjórnar, m.a. skynsamlegrar hagstjórnar hellist óhamingjan yfir þjóðirnar.

[14:28]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er allt á sömu bókina lært hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Kjarni deilunnar sem við eigum hér í er að hagstjórnin ein nægir ekki. Frjálsa markaðskerfið er ekki nóg ef það skortir virðingu fyrir grundvallarmannréttindum. Það er ekki hægt að reikna sig frá mannréttindunum en að því hefur hv. þm. orðið ber eins og fleiri íhaldsmenn í þessum sal. Þeir halda að hægt sé að reikna sig frá mannréttindunum. Þau koma fyrst, síðan hin efnahagslegu gæði. En íhaldsmenn þessa heims eru greinilega á annarri skoðun.

[14:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fer að syrta í álinn þegar ég stend hér í andsvari fyrir íhaldsmenn þessa heims. Það er þó þannig, herra forseti, að það sem íhaldsmönnum hefur best tekist upp við er að halda uppi mannréttindum. Okkur hefur best tekist upp við að halda uppi kaupmætti og lífskjörum. Okkur hefur best tekist upp við að halda uppi heilbrigðisþjónustu og svo undarlega vill til að það er einmitt í þeim löndum sem hafa frjálst markaðskerfi. Hvernig skyldi nú standa á því? Skyldi ekki vera neitt samhengi á milli þess að afkoma fólks er þó best í frjálsu markaðskerfi?

Ég tek undir það, herra forseti, með hv. þm. að auðvitað lifir maðurinn ekki á brauði einu saman. En þar sem er frjálst markaðskerfi, þar sem við höfum getað byggt upp lífskjör, þar hefur líka aukist virðing fyrir manninum og mannréttindum. Því miður eru þau fótum troðin þar sem afkoman er slæm. Það er helst á Vesturlöndum, þó að galli sé á sums staðar, sem borin er virðing fyrir manninum, hinum frjálsa manni.

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þingmenn það er allt of mikill kliður í salnum. Ég bið hv. þingmenn að fara í hliðarsal ef þeir þurfa að tala saman, ekki í þingsalnum.)

[14:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er nú orðin býsna löng en ég tel samt að ýmislegt hafi verið að koma fram á síðustu stundu. Reyndar hefur umræðan farið að þróast svolítið um víðan völl því að það mál sem við erum að fást hér við snýst um kjör tiltölulega fámenns og afmarkaðs hóps öryrkja og sú umræða sem hv. stjórnarliðar hafa hvað eftir annað dregið upp með því að reyna að setja þau réttindi sem þessir öryrkjar hafa unnið sér til handa með dómi Hæstaréttar á vogarskálar, hvort eigi nú að gera betur við þá öryrkja sem verst hafa það eða ekki, er auðvitað fáránleg umræða. Þar er verið að reyna að tala um annað en er í raun og veru á dagskrá á hv. Alþingi en það er hvernig eigi að skilja og koma til móts við og framfylgja dómi Hæstaréttar í málefnum öryrkja.

Ég verð að segja alveg eins og er, eftir að hafa hlustað á hæstv. forsrh. í upphafi þessara umræðna, en hann hefur síðan ekki sést við umræðuna nema í mýflugumynd í eitt eða tvö skipti ef ég man rétt, að þá er orðið hjákátlegt að rifja það upp sem hæstv. forsrh. sagði um að hv. þingmenn stjórnarliðsins klæjaði eftir að komast í þessa umræðu og það þyrfti að leiðrétta margt og skýra í þessari umræðu. Það hafa a.m.k. ekki margir hv. stjórnarliðar tekið til sín orð hæstv. forsrh. því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið aðaltalsmaður Sjálfstfl. í þessu máli en formaður hv. heilbr.- og trn. og hæstv. utanrrh. hafa síðan borið uppi þá umræðu sem hefur farið fram af hendi stjórnarliða.

Ég held að kominn sé tími til að hæstv. forsrh. fari að sýna sig aftur og fara yfir það sem honum hefur fundist koma út úr umræðunni og bæta þeim skýringum við þá umræðu sem hann boðaði í upphafi að þyrfti að koma á framfæri til að þjóðin skildi um hvað málið snerist.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í rökstuðning Hæstaréttar áður en ég held áfram máli mínu. Þar stendur í IV. kafla á einum stað:

„Samkvæmt framanrituðu verður 76. gr. stjórnarskrárinnar skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu“ — sérhvers einstaklings, hæstv. forseti — „eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur almenni löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað. Skipulag, sem löggjafinn ákveður, verður þó að fullnægja þeim lágmarksréttindum, sem felast í ákvæðum 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður það að uppfylla skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar um að hver einstaklingur njóti samkvæmt því jafnréttis á við aðra sem réttar njóta ...“

Mér finnst þetta skipta afar miklu máli og í framhaldi af því vil ég lesa á öðrum stað í rökstuðningi Hæstaréttar:

„Örorkulífeyrir, þar með talin tekjutrygging, er réttur sem öryrkjar fá vegna fötlunar sinnar.“— Þetta er réttur sem öryrkjar fá vegna fötlunar sinnar. — „Samkvæmt því sem að framan er ritað um skýringu á 76. gr. stjórnarskrárinnar“ — sem ég var að vitna í áðan — „er það á valdi almenna löggjafans að ákveða þau mörk, sem örorkulífeyrir og tekjutrygging miðast við, svo fremi sem þau uppfylla önnur ákvæði stjórnarskrárinnar, eins og þau verða skýrð með hliðsjón af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Réttur sá sem almannatryggingalöggjöfin tryggir öryrkjum er almennur og tekur tillit til jafnræðissjónarmiða milli þeirra sem eins eru settir í þröngum skilningi.“ — Þetta segir Hæstiréttur hér en í beinu framhaldi segir hann: —„Hins vegar mælir ákvæðið“ — þ.e. ákvæðið sem Hæstiréttur dæmdi ógilt — „fyrir um mismunandi skerðingu lífeyris vegna tekna eftir því um hvaða tekjur er að ræða.“

Og á öðrum stað, hæstv. forseti:

„Þegar litið er til skipulags réttinda örorkulífeyrisþega samkvæmt almannatryggingalögum og þeirra afleiðinga, sem í raun geta af því leitt fyrir einstaklinga, verður þetta skipulag“ — þ.e. þessi skerðing sem er verið að ræða hér um — „ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi, sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði felast, á þann hátt að þeir fái notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. stjórnarskrárinnar mælir þeim, svo sem það ákvæði verður skilið að íslenskum rétti.“

Í lokin, hæstv. forseti:

„Í samræmi við það, sem að ofan greinir, er fallist á þá kröfu gagnáfrýjanda, að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 ...“

Ég spyr hv. þingmenn stjórnarliðsins: Hvernig í ósköpunum er hægt að lesa annað út úr því en að Hæstiréttur sé að segja að þarna séu á ferðinni persónubundin réttindi sem megi ekki skerða vegna tekna maka? Ég fæ ekki með nokkru móti skilið að menn geti tekið síðustu setninguna sem ég las hér upp, eftir að hafa lesið hinar í réttri röð á undan, þó ég hafi ekki lesið allan textann, eins og hv. stjórnarliðar gera þar sem sagt er „á þann hátt sem gert er“. Þeir slíta hana úr samhengi og halda því fram að af því að sú setning sé þarna til staðar megi skerða með einhverjum öðrum hætti tekjutrygginguna sem Hæstiréttur var að dæma ógilda með dómi sínum.

Þetta eru vitanlega útúrsnúningar og hv. stjórnarliðar verða að þola það þó að ýmsum þingmönnum í stjórnarandstöðunni hlaupi kapp í kinn þegar verið er að ræða mál á grundvelli eins og þessum en hv. stjórnarliðar hafa reynt að leiða þessa umræðu út um víðan völl. Þeir hafa líka komið hér, hæstv. forsrh. fyrstur og hélt því fram að umræðan væri ómálefnaleg og eyddi meiri hluta ræðu sinnar í að tala um einhver þvíumlík atriði og kom ekki að aðalmálinu fyrr en í lok ræðu sinnar. En í framhaldinu hafa hv. stjórnarliðar verið að fara um víðan völl og tala um ýmislegt annað en það sem hér er til umræðu.

Ég missti af fáeinum mínútum úr ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar en allur sá hluti ræðunnar sem ég hlustaði á fjallaði um hvort öryrkjar hefðu orðið fyrir kjaraskerðingum á undanförnum árum, hvernig þær kjaraskerðingar hefðu komið til og hvernig ríkisstjórnin væri búin að bjarga öryrkjum með ákvæðum sem hún hefði sett í lög.

Nú liggur fyrir að öryrkjar hafa ekki notið góðærisins. Ekki þarf að fara í grafgötur með það að öryrkjar hafa á undanförnum árum og mánuðum komið því mjög skýrt til skila hvernig kjör þeirra eru í samanburði við kjaraþróun sem verið hefur í landinu á undanförnum árum. Ég held að þjóðin viti þetta allt saman nákvæmlega. En hæstv. ríkisstjórn virðist ekki gera sér grein fyrir því að þessum skilningi hefur verið komið til skila til þjóðarinnar og allir á Íslandi vita að kjör öryrkja eru slæm. Það mun ekki takast þó hv. stjórnarliðar reyni að koma þeim skilningi til þjóðarinnar að öryrkjar hafi það nógu gott á meðan ekki hefur verið gert meira átak í málefnum þeirra en gert hefur verið fram að þessu. Meira að segja þeir öryrkjar sem eiga að hljóta leiðréttingu mála sinna með þeim dómi sem hér er til umræðu hafa það ekki það gott að þjóðinni finnist að það eigi að hafa af þeim þá leiðréttingu sem Hæstiréttur dæmdi þeim.

Þessi langloka hv. þm. um launaþróunina skilaði ýmsum staðreyndum og áliti hv. þm. aftan úr fortíðinni til okkar sem á hana hlýddu en hann nefndi m.a. það sem komið hefði upp í umræðunni að Sjálfstfl. væri í heilögu stríði við Öryrkjabandalagið, hann tiltók þetta og taldi upp meðal annarra fúkyrða og brigslyrða sem hann sagði að stjórnarandstaðan hefði viðhaft. Ég verð að segja eins og er, þó ég sé ekki gjarn á að taka upp einhver fúkyrði, að ef það eru fúkyrði að halda því fram að Sjálfstfl. sé í heilögu stríði við Öryrkjabandalagið þá verður að hafa það þó að ég fái það á mig á eftir að ég sé með fúkyrði. Ekki hefur farið fram hjá mönnum sem hafa fylgst með í þjóðfélaginu að þarna hafa mæst stálin stinn, og hæstv. forsrh., fremstur í flokki, hefur ekki vandað foringja Öryrkjabandalagsins kveðjurnar á undanförnum mánuðum og missirum. Ég hef ekki betur séð en þarna væri eitthvað á ferðinni sem kalla mætti stríð.

Hv. þm. talaði um að stjórnarflokkarnir lægju undir ámæli og það gera þeir auðvitað og hvernig á annað að vera þegar mál liggur þannig fyrir hv. Alþingi? Að hæstv. heilbrrh. liggi undir boðaföllum í þessari umræðu? Ég held að ekki sé hægt að segja að stjórnarandstaðan hafi ráðist harkalega að hæstv. heilbrrh. Hins vegar verða menn að muna hvernig mál bar að á hv. Alþingi. Hæstv. heilbrrh. hafði lýst því yfir að ekki væri annað að gera en að fara að dómi Hæstaréttar og greiða öryrkjum þær bætur sem dómurinn segði til um. Starfsmenn Tryggingastofnunar, með forstjóra í broddi fylkingar og tryggingaráð, voru að hefja undirbúning að því að gera þetta.

Hvað gerist þá? Þá tekur hæstv. forsrh. til fótanna og tekur í taumana á málum hjá hæstv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. mætir síðan til þings og segist hafa lagt til að sett yrði á stofn sú nefnd sem bjó málið í hendur stjórnarliða.

En það er undarlegt, a.m.k. fyrir mér, og ég spyr að því hvort einhver stjórnarliða geti ekki svarað því hvort komin sé upp einhver allt önnur aðferð við að setja á stofn nefndir hjá hæstv. ráðherrum þegar hæstv. heilbrrh. leggur til að einhver nefnd verði skipuð að þá sé lögmaður frá Sjálfstfl. hafður þar í fyrirsvari. Það er eitthvað nýtt, eitthvað sem ég hef ekki tekið eftir fram að þessu, að hæstv. ráðherrar velji sér forustumenn í vinnuhópa og nefndir úr öðrum stjórnmálaflokki en þeir eru í sjálfir. Það segir sína sögu um hver það var sem réði þarna ferð. Ef hæstv. heilbrrh. hefur legið undir boðaföllum þá hefur hún legið undir þeim boðaföllum frá eigin samstarfsmönnum í ríkisstjórn sem keyrðu hæstv. ráðherra niður í málinu, komu í veg fyrir að hún færi sínu fram eins og hún ætlaði sér til þess að koma til móts við dóminn og létu hæstv. ráðherra skrifa upp á þá aðferð sem nú liggur fyrir á hv. Alþingi.

Hv. þm. Pétur Blöndal er búinn að spyrja okkur hv. alþm. stjórnarandstöðunnar hvað eftir annað um ýmsa hluti — ég vona að hv. þm. sé að hlusta á ræðu mína — ég ætla svo sem ekkert að hafa langt mál um það sem hv. þm. hefur verið að segja, en hann hefur hvað eftir annað komið hér upp til að spyrja sömu spurninganna sem ganga út á það hvort við félagshyggjufólkið séum hætt að vera félagshyggjufólk vegna þess að við styðjum það að öryrkjar fái bætur sínar samkvæmt dómi Hæstaréttar og stöndum gegn því frv. sem hér liggur fyrir.

Þarna er verið að snúa málum gjörsamlega á haus. Skoðun mín er sú, og hún er alveg skýr, að Hæstiréttur hafi, eins og ég var að vitna til áðan, verið að dæma öryrkjum einstaklingsbundinn rétt sem er til kominn vegna fötlunar þeirra og þetta er algjörlega sérstakur réttur. Og það er engin ástæða til annars en að túlka þennan dóm þröngt hvað varðar svona sértækan rétt. Þetta er framlag þjóðfélagsins til að rétta hlut öryrkjans í lífsbaráttunni.

Eina vandamálið sem ég kem auga á og er alvarlegt í sambandi við framhald málsins skapast af því kerfi sem við höfum búið við á Íslandi sem felst í því að þegar öryrki kemst á ellilífeyrisaldur þá hættir hann að vera öryrki. Það gæti að mínu viti orðið erfitt að útskýra það og halda því til streitu að öryrki sem hefur fengið þennan rétt sem hér um ræðir missi hann daginn sem hann verður ellilífeyrisþegi. En það er eitt af því sem menn þurfa að taka á í framhaldi af þessu máli.

Hv. stjórnarliðar skrifuðu upp á tillögu starfshópsins sem ég nefndi áðan án þess að breyta stafkrók í þeirri tillögu þó að hæstv. utanrrh. segði að álit starfshópsins hefði verið haft til hliðsjónar, þá get ég ekki séð við yfirlestur að neinu hafi verið breytt af því sem starfshópurinn lagði til. Afstaða stjórnarliða hefur því skapast gjörsamlega í tengslum við álit starfshópsins sem lagði þessa tillögu til.

Mér finnst það vera frekar niðurlægjandi fyrir Alþingi og alþingismenn, stjórnarliða, að fullsköpuð frv. um svona mál dúkki bara upp í stjórnarflokkunum. Ég hef svo sem ekki tekið þátt í ríkisstjórn og því að styðja ríkisstjórn en mér mundi finnast það og finnst það alla vega ekki góð tilhugsun að maður eigi von á því að málin dúkki upp alsköpuð á þingflokksfundi stjórnarliða og þar geti menn ekkert nema rétt upp hönd með því sem að þeim er rétt og kemur frá starfshópi eins og þessum, og það í máli sem svo margar hliðar eru á eins og því sem hér um ræðir. En þannig var það nú.

Í þessu áliti sem tekið er beint upp í þingmálið er klásúla þar sem vitnað er til þess hvernig eigi að fara með eigin tekjur öryrkja. Vitnað er í þessa klásúlu úr áliti starfshópsins í athugasemdum við lagafrv. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Í tillögu starfshópsins er lagt til að eigin tekjur örorkulífeyrisþega hafi áhrif á sérregluna um krónu fyrir krónu en jafnframt er bent á að ákvörðun um hvernig eigin tekjur hafi áhrif á sérregluna sé pólitísks eðlis. Í frumvarpinu er lagt til að $^{2}/_{3}$ hlutar tekna öryrkjans skuli hafa áhrif á sérregluna."

Þetta er tekið beint upp úr athugasemdum við lagafrv.

Hæstv. forseti. Ég bið um að ég verði leiðréttur á eftir ef ég hef rangt fyrir mér, en áhrif af þessari sérreglu sem þarna er á ferðinni sýnist mér vera þau sem ég greini frá á eftir.

Öryrki hefur 18.424 kr. í grunnlaun og við skulum gefa okkur að hann hafi unnið sér sjálfur inn 37.500 kr. á mánuði. Þessi tala er ekki valin út í loftið, hún er valin vegna þess að þegar öryrkinn hefur unnið sér inn þessar 37.500 kr. á mánuði þá er 25 þúsundkallinn fokinn sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til að hann fái.

Þessi öryrki fær frá ríkinu 221.088 kr. á ári. Þetta þýðir að árstekjur hans persónulega eru þá 671.088 kr. áður en þau lög taka gildi sem hér er verið að ræða um. Eftir að lögin hafa tekið gildi og ríkisstjórnin hefur fengið fram túlkun sína á dómi Hæstaréttar fær þessi öryrki nákvæmlega ekki neitt í viðbót. Hann fær ekki neitt í viðbót, hann getur lagt fjölskyldu sinni til áfram sömu upphæð og fyrr. Jú, hann fær einn möguleika. Hann getur valið um möguleika. Og hver er hann? Sá möguleiki er fólginn í því að hann hætti að vinna, hætti að þéna þessar 37.500 kr. Hvað gerist þá? Þá fær hann 25 þús. kr. í viðbót frá ríkisstjórninni. Og ef tekið er tillit til skatta af báðum upphæðunum, þá lækka tekjur hans eingöngu um 7.655 kr.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að val þessa öryrkja sem þarna er um að ræða um hvort hann vinnur eða vinnur ekki byggist á því að hann fái þegar upp er staðið hámarkið 7.655 kr. fyrir þá vinnu sem hann áður fékk 37.500 kr. fyrir, en reyndar hélt hann ekki eftir, eftir skatta af þeirri upphæð nema 22.900 kr. en hann mundi halda eftir skatta af þeirri upphæð sem ríkisstjórnin skammtar 15.310 kr. eða samtals, svo ég fari þá yfir lokatölurnar, þ.e. hann gat skaffað fjölskyldu sinni 41.389 kr., en ef hann hættir að vinna getur hann skaffað fjölskyldunni 33.734 kr. Mismunurinn er 7.655 kr. og það eru þessar 7.655 kr. sem hann hefur í mismun ef hann heldur áfram að vinna.

Mér finnst þetta vera algjör óvirðing við öryrkja. Eftir að hafa hlustað á lærðar ræður fram og til baka hér á Alþingi um að taka eigi á jaðarsköttum og loforð hv. stjórnarliða um að tekið verði á jaðarsköttum, þá finnst mér þetta vera að bíta höfuðið af skömminni, að setja í lög jaðarskatt eins og þennan, sem er sennilega sá allra hæsti sem fyrirfinnst því að það er nánast ekkert eftir af því sem öryrkinn þénar. Þetta getur nefnilega skerst meira í viðbót, þessar 7.600 kr. geta skerst vegna t.d. vaxtabóta eða barnabóta.

Ég ætla svo sem ekki að ræða meira um þetta. Mér finnst að hv. þm. stjórnarliðsins þurfi eiginlega að koma upp og útskýra hvernig í ósköpunum þeir geta staðið í því að hafa slíkt ákvæði í lagafrv. því að þetta er með ólíkindum. Í raun inni er verið að segja við öryrkjann: Verið þið bara heima. Ef þið ætlið að taka við þessum vasapeningum sem þið eruð að fá, þá skuluð þið bara vera heima. Annars skulið þið sleppa þessu.

Það lýsir nákvæmlega því hvernig hv. stjórnarliðar virðast líta á þetta mál, þetta sé framfærsla. Þetta sé ekki réttur, eins og Hæstiréttur er í raun og veru að dæma að okkar mati, heldur sé þetta framfærsla sem eigi að ýta yfir á makann ef mögulegt er. Sá möguleiki er valinn, annars vegar að nota tekjur makans til að skerða þessar bætur um milli 7 og 8 þús. kr. og hins vegar eigin tekjur hversu lágar sem þær eru því að skerðingin byrjar strax og öryrkinn þénar eina krónu, þá byrjar hún. Ef hann vill hafa einhverja vinnu til að leggja sitt af mörkum er alla vega lítið út úr því að hafa fyrr en hann fer að þéna eitthvað miklu, miklu meira en hér hefur verið talað um.

Svo gerist annað. Þessi naglalegu ákvæði, ég leyfi mér að segja naglalegu ákvæði um tekjutengingu, eiga að nýtast til að skerða réttindin aftur í tímann. Þetta eru ný ákvæði um hvernig þessi skerðing á að fara fram, og síðan á að nota þau til að skerða þau réttindi sem öryrkjum voru dæmd á árunum sem liðin eru. Mér finnst að okkar ágætu lögmenn sem eru þingmenn á hv. Alþingi þurfi kannski að fara svolítið betur yfir þetta atriði. Að minnsta kosti er ekki vafi á að þetta er ný aðferð við skerðingu. Hún á að nýtast aftur í tímann.

Og nú hefur öryrkinn sem um er að ræða ekki einu sinni val um það hvort hann vinnur fyrir þessum peningum eða ekki vegna þess að skerðingarákvæðin eru fyrir liðinn tíma líka. Það er ekkert „replay" hjá öryrkjum frekar en okkur hinum.

Mér finnst að það hefði mátt eyða dálítið meiri tíma í að útskýra þetta, og datt það í hug í upphafi að við fengjum einmitt miklu betri útskýringar á þessu hjá hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. stjórnarliðsins hvernig það megi vera að nota eigi skerðingarákvæði aftur í tímann og þau alveg ný.

Ég tel að fyrst og fremst sé verið að ræða um jafnrétti til mannréttinda án tillits til efnahags og það sé það sem hv. alþm. eigi að horfast í augu við að við eigum að tryggja á Alþingi eftir dóm Hæstaréttar. Mér finnst það að vera að tala um eitthvað annað í þessu sambandi og sú leið sem menn velja hérna sem hefur ekki verið útskýrð með því að það skipti svo miklu máli fjárhagslega þó hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi reyndar margsinnis talað um milljónirnar sem þurfi að borga öryrkjum ef menn bara opni kassann og borgi. Þess vegna eigi að nýta sér allar leiðir til þess að ná fram fyrningum á þessu. Mér finnst ekki gott að hugsa til þess að á Alþingi skuli menn hugsa þannig að þegar Hæstiréttur landsins hefur dæmt einhverjum bætur af þessu tagi og var vísað til mannréttindaákvæða þá skuli menn geta hugsað sér

það að þá séu menn að nýta sér einhvers konar fyrningarákvæði. Ég tel það gersamlega fráleitt. Mér finnst jafnvel enn fráleitara að menn geti látið sér detta í hug að setja skerðingarákvæði af því tagi sem ég var að lýsa áðan í lög og láta þau skerðingarákvæði gilda um liðinn tíma til að skerða þau réttindi sem Hæstiréttur var að dæma öryrkjum.

Hæstv. forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að halda langa ræðu. Ég vildi bara koma upp í lokin til að ræða sérstaklega um þessar skerðingar af því að þær hafa ekki verið mikið til umræðu þó að hér hafi langt mál verið og mikið skrafað. Þess vegna vildi ég tala sérstaklega um það og segja síðan það sem ég tel vera aðalatriði málsins, um hvað þetta snýst. Mér finnst að umræðan hafi fært okkur heim sanninn um að hæstv. forsrh. *lítur þannig á að Hæstiréttur geti svo* sem vel tekið við nýju máli af þessu tagi til sín og afgreitt það öðruvísi. Hann vísaði til afgreiðslu Hæstaréttar á öðru máli þar sem málum var snúið við. Hæstiréttur dæmdi fyrst í Valdimarsmálinu, en síðan, eftir miklar yfirlýsingar og hótanir hæstv. forsrh. um efnahagslegan heimsendi á Íslandi og Kanaríferðir snerust hæstaréttardómararnir sumir hverjir í skoðun sinni og urðu gersamlega ósammála um hvað þeir höfðu meint með fyrri dómnum og dæmdu öðruvísi með þeim seinni.

Ég bendi hv. stjórnarliðum á að þetta mál er ekki eins vaxið og það mál því að minni hluti Hæstaréttar í þessu tilfelli er sammála meiri hlutanum í því hvað meiri hlutinn meinar og velkist greinilega ekkert í vafa um að meiri hlutinn sé að gera hlutina með þeim hætti sem stjórnarandstaðan hefur verið að lýsa og er þess vegna á móti málinu. Minni hlutinn mun ekkert velkjast í vafa um það þegar málið rekur aftur upp í Hæstarétt hvað Hæstiréttur sagði í þessum dómi og mér skilst að dómar hafi fordæmisgildi í Hæstarétti þannig að ég á ekki alveg von á því að það *muni* verða dæmt með einhverjum öðrum hætti þegar Hæstiréttur fær nýtt mál frá Öryrkjabandalaginu *um sama efni*, skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka.

Mér finnst satt að segja niðurlægjandi fyrir Hæstarétt að hv. alþm. skuli vera uppi með slíka orðræðu og skuli vera vísað til þess, sem er einsdæmi, að Hæstiréttur snúi við dómum eins og gerðist í þeim sjávarútvegsmálum sem ég nefndi áðan. En hér hefur það verið haft við orð: Kærið þið bara. Er ekki best að þið kærið og fáið botn í málið?

Satt að segja finnst mér eftir þessa umræðu að hún hafi verið að langmestu leyti málefnaleg þrátt fyrir allt, þó að ýmislegt hafi hér fokið. Menn hafa farið mjög vandlega yfir hvert einasta atriði í þessum dómi. Stjórnarliðar hafa gert það, flestir hafa sinnt því að vera hér og tekið til máls. Þeir hafa verið á málefnalegum grundvelli. Hæstv. forsrh. boðaði í upphafi umræðunnar að það ætti aldeilis að taka á málum í hv. Alþingi. Vonandi eigum við eftir að sjá eitthvað af því.

[15:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kvartaði yfir því að einhver fúkyrði og brigslyrði hefðu fokið í umræðunum fyrr í dag. Ég átta mig ekki almennilega á því hvers vegna hv. þm. er að kveinka sér yfir því að umræðan geti orðið hörð í ljósi þess að minni hluti í Alþingi er að ásaka meiri hluta Alþingis um að hann sé að fara vísvitandi út í að brjóta stjórnarskrána og mannréttindi á fólki. Mér hefur ekki fundist það koma neitt sérstaklega vel fram hjá minni hlutanum hvernig í dauðanum þetta eigi að geta átt sér stað. Aftur á móti hefur mjög ítrekað verið bent á það í umræðunni hvernig meiri hluti heilbr.- og trn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé um stjórnarskrárbrot að ræða eða brot á mannréttindum.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa upp úr áliti meiri hlutans sem hljóðar svo:

„... Sigurðar Líndals prófessors, Eiríks Tómassonar prófessors og Skúla Magnússonar lektors sem allir komu á fund nefndarinnar. Í máli þeirra kom fram það samdóma álit að hvorki 1. gr. frumvarpsins né frumvarpið í heild væri í andstöðu við stjórnarskrána. Í sama streng tóku lögfræðingarnir Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir sem einnig komu á fund nefndarinnar."

Herra forseti. Ég hef hvergi getað séð það í gögnum minni hlutans hvar þeir styðjast við t.d. virta lögmenn úti í bæ eða lög annars staðar frá úr hinum vestræna heimi. Það er einmitt úr vestrænum gögnum sem menn hafa séð að þessi framkvæmd er á ósköp svipaðan máta og tíðkað hefur verið á Íslandi að tekjutengja laun við maka í sambandi við örorku og ellilífeyri og að vera að tala um að menn séu vísvitandi að fara í stjórnarskrárbrot er afskaplega hörð og óvægin ásökun á hendur meiri hluta Alþingis.

[15:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið það sem ég sagði því að ég var alls ekki að kvarta undan brigslyrðum og fúkyrðum. Ég var að hafa það eftir sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði um brigslyrði og fúkyrði stjórnarandstöðunnar og sagðist ekki taka að mér að bera ábyrgð á því brigslyrði, sem hann vildi kalla svo, sem var að Sjálfstfl. virtist vera í heilögu stríði við Öryrkjabandalagið. Ég get alveg staðið við það. Mér sýnist að það sé þannig.

Rökstuðningur stjórnarliða fyrir þeirra afstöðu liggur alveg fyrir og ég skil nokkurn veginn hvernig þeir hugsa málið. Ég er algerlega á öðru máli og mér finnst að þeir hafi lagt mikið á sig og farið í langan lögskýringarkrók til að reyna að sleppa fram hjá því sem ég tel að Hæstiréttur sé að meina þarna. Ég segi það alveg eins og er, og hef fyrir því sannfæringu mína og það sem ég hef heyrt og rætt við menn, að þar á bæ, þ.e. hjá ríkisstjórninni, telji menn óskaplega mikilvægt að ekki verði gengið til fulls til móts við þennan dóm. Reyndar hefur það komið fram að á sama tíma og menn eru að leggja þessi ósköp á sig öll, á sama tíma og þeir lýsa því yfir að þeir ætli að bæta kjör öryrkja með þeim hætti að ekki er vafi á því að 8 þúsund kallinn verður löngu uppfylltur þegar það verður lagt á metaskálarnar.

Ástæðan hlýtur þá að vera sú að menn séu að hugsa eitthvað til framtíðar, í skerðingarmöguleikum framtíðarinnar, að skerða þá ekki fyrir sér, og þess vegna hafi menn lagt það á sig að fara þá leið sem hér hefur verið til umræðu. En menn verða þá að þola það líka að hún sé gagnrýnd harkalega. Þetta er skoðun mín og ég er alveg tilbúinn að standa við hana.

[15:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að skoðun meiri hlutans þoli mikla gagnrýni og hafi staðið hana alveg af sér. Ekkert hefur komið fram í máli hv. þm. sem styrkir þá skoðun að minni hlutinn geti ásakað meiri hluta Alþingis um stjórnarskrárbrot, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég heyrði ekki að hv. þm. hefði neitt á takteinum til að sýna fram á að verið væri að brjóta stjórnarskrána nema síður væri. Hann fór út um víðan völl

og talaði helst ekkert um það sem verið var að spyrja um. Að stjórnvöld séu í heilögu stríði við öryrkja er náttúrlega hreinasta bull.

Á síðustu tveimur árum hefur verið gripið til mjög margra ráðstafana til að bæta hag öryrkja. Það kom vel fram í máli hæstv. heilbrrh. fyrst í umræðunum að á síðustu tveimur árum er búið að bæta hag þessa fólks mjög mikið og að þessi dómur Hæstaréttar hefði kostað 400 millj. á næstu árum ef ekki hefði verið gripið til neinna ráðstafana á síðustu þremur árum til að bæta kjör þessa fólks en vegna þessara ráðstafana eru um 100 millj. kr. á ári sem þarf að greiða á næstu árum til að fullnægja þeim dómi Hæstaréttar sem hefur verið til umræðu. Að halda því fram að ríkisstjórnin og Alþingi séu í heilögu stríði við öryrkja er eins og út úr kú og náttúrlega í takt við þann málflutning sem mér finnst hafa verið hjá minni hlutanum í öllu þessu máli þar sem verið er að sverta allt sem gert hefur verið, gera lítið úr því sem vel hefur verið gert og reyna svo að draga upp einhverja mynd af hlutunum sem er ekki til í spilunum og engir hafa getað tekið undir með þeim í þessu máli eins og lögmenn sem komið hafa á fund heilbrn. Enginn þeirra tók afdráttarlaust undir þá skoðun minni hlutans að verið væri að brjóta stjórnarskrána, ekki einn einasti. Aftur á móti tóku þeir undir með meiri hlutanum um að hvorki væri verið að brjóta stjórnarskrána né mannréttindi. Svo koma þessir menn hér upp og kvarta en það er ekkert skrýtið vegna þess að málstaður þessara manna er afskaplega slæmur og hlýtur að dæmast af sögunni.

[15:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir og það hefur verið vitnað í lögmenn sem hafa sagt það á fundi nefndarinnar að þeir teldu þetta vera stjórnarskrárbrot. (**KPál:** Hvar liggur það fyrir?) Það er hægt að telja það upp fyrir þig á eftir.

Það hefur komið fram í áliti minni hluta nefndarinnar. Lestu álit minni hluta nefndarinnar. Síðan það að þetta sé ekki stjórnarskrárbrot. Ég tel að það liggi í augum uppi að eðlilegt sé að menn álykti sem svo þegar Hæstiréttur er búinn að dæma að það sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins að nota tekjur maka til að skerða tekjutrygginguna. Það liggur í dómnum. Um það er ekki deilt. Í dómsorðinu stendur að Hæstiréttur dæmir. Þess vegna held ég að æðisterk rök séu fyrir því að ekki sé hægt að halda slíku áfram þó að hv. stjórnarliðar telji að svo megi vera.

Síðan vil ég bæta við þessa umræðu um það hvort stjórnarliðar séu í heilögu stríði við Öryrkjabandalagið. Það var ekki það sem sagt var. Það var sagt að Sjálfstfl. væri það og hæstv. forsrh. þar í broddi fylkingar. Þar hefur stríðið staðið. Það hefur staðið undanfarið og menn hafa tekið eftir því í þjóðfélaginu. Mér finnst að mönnum hlaupi býsna mikið kapp í kinn og hafi gert það að undanförnu, stjórnarliðum og sérstaklega Sjálfstfl. Það var eins og menn yrðu viti sínu fjær þegar dómurinn birtist. Það er í svoleiðis geðshræringu sem þær tillögur urðu til sem við erum að fást við á hv. Alþingi.

[15:14]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Sorglegt að hlusta á hvernig hv. þm. Jóhann Ársælsson er heillum horfinn frá þeirri hugsjón sem hann bar þó í brjósti þegar hann kom fyrst inn á Alþingi fyrir allmörgum árum. Þá var hann trúverðugur málsvari þeirra sem verja hag þeirra minnstu og það kom oft fram í máli hans en nú er það brjóstlag sem hv. þm. hafði þá fokið út í veður og vind.

Það kann að vera að þetta sé vegna þess að nú er hv. þm. kominn í annan flokk, náttúrulausan flokk, sem hefur engin verkefni að vinna að og grípur hálmstrá í hverju sem er til að koma sér á framfæri, náttúrulausan flokk sem nær ekki takti við nein markverð verkefni, á engar hugsjónir, engan verkefnalista og ekkert til að vinna eftir nema öldugjálfur og pus í kjölfar fréttaflutnings fjölmiðla sem vilja heldur selja fréttir en segja fréttir.

Það er líka sorglegt að hv. þm. hafi ekki meiri móð í hjarta sínu en svo að hann láti Hæstarétt leggja niður jafnaðarstefnuna með dómi þriggja dómara, leggja niður stefnu sem hefur löngum byggst á því að verja hag þeirra sem minnst mega sín og tryggja rétt þeirra til a.m.k. jafnræðis við aðra. Það er auðvitað spurning um fjármagn og ýmsa aðra hluti sem skipta miklu máli. En nú er svo komið fyrir þessum ágæta þingmanni og flokki hans, og það er nákvæmlega eins og kemur fram í málflutningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að það er eins og hv. stjórnarandstöðuþingmenn í salnum séu að keppast við að hafa ofan af hver fyrir öðrum eins og í einhverri dagvistun í þessari umræðu.

[15:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi vögguvísa hefði nú átt vel við á einhverri dagvistunarstofnun. Hv. þm. talaði um að láta Hæstarétt leggja niður jafnaðarstefnuna, að við séum tilbúnir til þess að láta Hæstarétt leggja niður jafnaðarstefnuna. Við erum að tala hér um dóm Hæstaréttar í réttlætismáli, í máli sem fjallar um rétt einstaklingsins til hjálpar frá samfélaginu vegna fötlunar. Það geta öll gildi jafnaðarstefnunnar staðið áfram þó að þessi dómur standi og þó að við viðurkennum að persónan, öryrkinn, eigi einhvern rétt sjálfur og einn og þurfi ekki að ganga í hjúskap með öðrum hokinn og án þess að hafa neitt að færa fram til þeirra sambúðar sem hann er að fara í. Það getur allt staðið áfram. Og mér finnst satt að segja ótrúlegt að hlusta á þegar hv. þm. Sjálfstfl. koma hver um annan þveran og hafa áhyggjur af því að við séum búnir að missa hugsjónirnar. Það er ekki þannig.

Við í Samfylkingunni erum ekki í neinum vandræðum með okkar hugsjónir. Við erum sameinuð. Við erum að vinna að verkefni sem við erum stolt af og við munum örugglega velgja Sjálfstfl. undir uggum í framtíðinni. Ég er viss um að hv. þm. á eftir að lifa þann dag að Samfylkingin muni komast til valda og hann sitji þá hér á bekkjum sem stjórnarandstöðuþingmaður og fái að taka á móti tillögum sem Samfylkingin vill bera fram í þeim málum sem hann virðist nú bera mest fyrir brjósti, þ.e. málefnum þeirra smáu, öryrkja og annarra slíkra. Ég held að það hefði þá átt að örla á því fyrr. Hv. þm. hefur verið æðilengi í stjórnarliðinu og hefur haft mikil áhrif og getur örugglega haft áhrif og notað sér þau til þess að koma góðum málum fram.

[15:19]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Jóhanns Ársælssonar var meira eins og eftirmæli um Samfylkinguna heldur en átakavilji til framtíðar. Það er sorglegt að þeir flokkar sem hafa a.m.k. öðrum fremur nuddað sér upp úr því að vera flokkar jafnaðarmennsku skuli þola slíka niðurstöðu hjá Hæstarétti Íslands þó að það sé Hæstiréttur Íslands sem á að vera skilvirkur dómari.

Það gildir nefnilega enn þá og á vonandi að gilda í þjóðfélagi okkar að menn eigi ekki að þola órétt. Þetta er spurning um að verja möguleika þess smæsta til þess að hafa ... (Gripið fram í.) Hef ég orðið, herra forseti?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. hefur orðið og forseti biður þá sem hér eru viðstaddir að hafa þögn í salnum meðan þingmaðurinn talar.)

Það var nefnilega svolítið merkilegt, herra forseti, í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að hann sagði að kannski væru menn að hugsa til framtíðar, kannski væru menn að hugsa til framtíðar með þeim lögum sem hér er verið að fjalla um. Auðvitað hljóta menn að vera að hugsa til framtíðar og það ætti hv. þm. sem skipasmiður að vita að menn byggja bát sem á að duga til framtíðar en eru ekki með einhvern naglaskap sem er lágkúruyrði og léttvægt í öllu því sem á að standa til framtíðar. Menn verða að þora að forgangsraða hver eigi að hafa rétt umfram annan og þeir verða að þora að skipta kökunni en fara ekki eins og heybrækur í málefnum og hrekjast undan veðri og vindum þó að þar komi ákveðnir dómar eða skipanir að ofan sem eru þó mjög óklárar.

[15:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að ég fagna því sem hv. þm. sagði því hann talaði út úr pokanum. Og hvað sagði hann? Hann var að snupra mig fyrir að við vildum þola slíka niðurstöðu Hæstaréttar. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að hann vill ekki þola slíka niðurstöðu. Í hjarta sínu veit hann að ekki er verið að fara að því sem Hæstiréttur sagði og þess vegna talar hann svona. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst gott að einhver skuli þora að segja það sem hann meinar hérna og hann hugsi til framtíðar með því að reyna að smokra sér fram hjá því sem Hæstiréttur meinti með dómnum. En það er það sem stendur til hér.

Annað get ég vel þolað af hv. þm. sem hann hefur sagt um mig og Samfylkinguna. Við erum alveg menn í Samfylkingunni til þess að taka á því sem þar bar á góma og við munum gera það. Ég fagna því að fást við Sjálfstfl. í framtíðinni úr þeim röðum sem ég er kominn í núna og ég efast ekki um að við munum sanna það fyrir þjóðinni og kannski er ekkert svo mjög langt í það, ég býst við því að ekki sé mjög langt í það að við getum sannað það fyrir þjóðinni að við berum hag jafnaðar fyrir brjósti ... (Gripið fram í.) já, að við berum hag þess fólks fyrir brjósti sem minnst má sín. Jafnaðarstefnan er í fyrirrúmi hjá okkur og það fólk sem þarf á því að halda að jöfnuðurinn sé til staðar í þjóðfélaginu. Mér sýnist að annað fólk hafi verið haft í fyrirrúmi á undanförnum árum og að hv. þm. hafi ekki borið hag smælingjanna fyrir brjósti þegar hann hefur stutt ýmsar tillögur um að rétta hag þeirra sem eiga stærstu fjárhæðirnar og eignirnar í þessu þjóðfélagi.

[15:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég veit ekki hversu miklu lengra við komumst í þessari umræðu málefnalega því að hér takast á stálin stinn, þ.e. fullyrðing gegn fullyrðingu og ég held að það geti ekki verið öðruvísi því að verið er að takast á um túlkun hæstaréttardóms og dómurinn var annaðhvort af eða á og annaðhvort skilur maður dóminn á einn veginn eða annan. Það eru engar málamiðlanir í gangi.

Það hefur margoft komið hér fram að við í minni hlutanum á Alþingi túlkum dómsorðið eins og það stendur vegna þeirra krafna sem fram voru bornar af Öryrkjabandalaginu og teljum að dómsorðið eigi þá við þær kröfur og ekkert annað. Spurningin er í rauninni eingöngu um það hvaða pólitísku gleraugu maður setur á nefið. Í þessari umræðu hefur mér stundum fundist eins og önnur gleraugun væru dökk sólgleraugu en hin aðeins bjartari og þá fer auðvitað eftir því hver tekur þetta til sín. Ég vil meina að stjórnarliðar hafi sett upp dökk gleraugu, hafi ekki viljað sjá það sem stendur í dómnum af því að það þarf að horfa til framtíðar, af því að það þarf að horfa til þess hvaða afleiddu þýðingu dómurinn hefur fyrir aðra hópa. Það er málið.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar. Svo háttar til að forsætisnefnd þarf að koma saman til stutts fundar. Forseti spyr hvort svo standi á að þingmaður geti fallist á fundi verði frestað í tíu mínútur.)

Já, það get ég.

[Fundarhlé. — 15:26]

[15:36]

Þuríður Backman (frh.)**:**

Herra forseti. Ég verð nú að viðurkenna að mér varð hálfbylt við og vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið þegar þetta stutta hlé var gert. En nú getum við vonandi fengið að halda áfram ótrufluð og klárað þessa umræðu, 3. umr. um lagafrv. um almannatryggingar og málefni öryrkja.

Eins og ég sagði hér áður en fundi var frestað þá snýst þetta mál um pólitíska afstöðu. Það fer í raun eftir því hvaða pól maður tekur í hæðina, hvaða pólitísku gleraugu maður setur upp, hvernig maður lítur á það frv. sem hér liggur frammi. Og það er enginn efi í mínum huga að það er lagt fram til þess, og í það var lögð mikil vinna að mínu mati, að finna leiðir til að fara að dómsorði til þess að komast hjá því, eins og sagt er á máli lögfræðinga og almenningur kallar varla skiljanlegt mál, að það sé afleidd gjörð af dómnum, þ.e. að fleiri eigi þá sama rétt, t.d. ellilífeyrisþegar.

Við teljum að dómsorðið standi, að ekki þurfi að leita að neinum skýringum á því hvað það þýðir og við teljum að verið sé að brjóta stjórnarskrána. Þetta er fullyrðing af okkar hálfu sem höfum þessa bjargföstu trú og því skil ég enn betur núna afstöðu og tilfinningar hv. þm. Péturs Blöndals. Hann lýsti því hér fyrr í morgun hvernig hann túlkaði mannréttindabrot, þ.e. að mannréttindabrot væri það að pynda fólk, nauðga konum og alvarleg ofbeldisbrot. En, herra forseti, mannréttindi tengjast fleiru ofbeldi. Til eru einnig félagsleg mannréttindi og þau eru ekki eingöngu mannréttindi gegn ofbeldi. Ef hv. þm. lítur svo á að mannréttindabrot séu aðeins þessi ofbeldisfullu mannréttindabrot þá skil ég vel að tilfinningar hans séu enn frekar særðar en okkar sem höfum þó þessa almennu afstöðu og er hvort tveggja þó jafnalvarlegt.

Herra forseti. Ég vil fá að lesa örstutt úr grein Tómasar Gunnarssonar sem birtist í sunnudagsblaði Morgunblaðsins þann 14. janúar en það hefur ekki farið fram hjá neinum að þetta mál er á dagskrá þingsins svo mikið hefur verið fjallað um það í blöðum og útvarpi. Fólk hefur tjáð sig og m.a. má benda á fund sem Öryrkjabandalagið hefur boðað til sem verður núna klukkan sex og væri ekki boðað til hans nema vegna þess að það er mikill ágreiningur um þetta mál. Greinarhöfundur vitnar í orð hæstv. heilbrrh. Ingibjargar Pálmadóttur og hefur eftir henni eins og margbúið er að vitna til að hæstv. ráðherra túlkaði dóm Hæstaréttar alveg á sama hátt og Öryrkjabandalagið gerði og brást þannig við og öll hennar viðbrögð í upphafi málsins voru rétt að mínu mati

og eins starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessari grein er vitnað til orða hennar og þar er eftir henni haft, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur hefur talað. Ég mun ekki deila við hann. Lögfræðingar ráðuneytisins eru að fara yfir niðurstöður dómsins og í framhaldinu verða næstu skref ákveðin. Meira er ekki hægt að segja á þessu stigi málsins."

Þannig var það. Í staðinn fyrir að hafa strax samband við Öryrkjabandalagið og fulltrúa þess, vinna eftir dómnum og kanna vilja þeirra til frágangs málsins þá var ekkert samband haft við Öryrkjabandalagið. Og þrátt fyrir að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins tjáði sig á sama hátt og ráðherra og málið væri mál Tryggingastofnunarinnar og hæstv. heilbr.- og trmrh. var málið tekið úr þeirra höndum og þau höfðu ekkert með það frekar að segja. Þrátt fyrir góðan vilja og yfirlýsingar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins um að hægt hefði verið að greiða út 1. janúar samkvæmt niðurstöðum dómsins þá var það ekki gert.

Mig langar til þess að fá að leiðrétta orð sem komu fram hálfpart í andsvari mínu við hv. þm. Tómas Inga Olrich þegar frv. var lagt fram. Þá sagði ég að það hefði átt að bregðast þannig við dómnum að greiða strax út því að seinni málsliður hinnar umræddu 5. mgr. 17. gr. væri ógildur, hefði átt að falla út. Ég vil leiðrétta það enda sagði ég síðar í ræðu minni að það væru skerðingarákvæðin sem hefðu verið felld úr gildi og ég ítrekaði það síðar í ræðunni. En þar sem ég sagði þetta vil ég koma hér að leiðréttingu. Það er ekki allur seinni liðurinn sem var felldur úr gildi heldur skerðingarákvæðin.

Í beinu framhaldi af þessu með tilskipun frá ríkisstjórn með reglugerð hefði vitaskuld orðið að fara í að breyta lögunum, það segir sig sjálft. Þetta snerist um greiðsluna 1. janúar svo það sé alveg ljóst.

Ég var að vitna í grein Tómasar Gunnarssonar og ætla að fá að halda því áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagabreytingar án breytinga á stjórnarskrá og alþjóðasamningum virðast ekki inni í myndinni." — Þetta eru viðbrögð við þessu ferli. — „Einbeittur og einráður þingmeirihluti getur auðvitað komið því til leiðar að Íslendingar segi sig úr alþjóðasamfélaginu og hverfi frá almennum, alþjóðlegum skuldbindingum og grundvallargildum, en tæpast er samstaða um það milli stjórnarflokkanna þar sem Framsóknarflokkurinn hefur ákveðið að athuga fulla aðild að Evrópubandalaginu og einangrun lýðveldisins í alþjóðasamstarfi hefur ekki verið á dagskrá.

Það eitt að utandómsmaður eða menn hugleiði að hrófla við eða draga úr áhrifum dómsorðs hæstaréttardóms fyrir liðinn tíma er nánast lögfræðilegt guðlast og mundi almennt skoðast sem tilraun til landráða með þeim hrikalegu afleiðingum sem því fylgja í réttarríki."

Þarna var vitnað í grein Tómasar Gunnarssonar lögmanns.

Ég ætla ekki að fara frekar yfir það sem margoft hefur verið reifað og þessi ágreiningur stjórnar og stjórnarandstöðu byggist á — eða réttara sagt stjórnarmeirihlutinn tekur út úr aðfaraorðum þrjú orð „á þann hátt" og túlkar þau á sinn veg eins og margoft hefur komið fram.

En þau orð hafa líka verið látin falla hér að það sé aðeins á færi lögfræðinga að túlka dóminn. Ég vil benda á orðskýringar sem hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar las upp úr íslenskri orðabók og að það hefði a.m.k. líka þurft að kalla til málfræðinga og vísa til málfarsskilnings þjóðarinnar hvað dómurinn þýddi. Þetta er ekki bara spurning um lögfræðilega túlkun, þetta er spurning um mannréttindi og lýðræði.

Mér hefur fundist að hér hafi nokkrir hv. þm., vísvitandi eða ekki, aftur og aftur verið að rugla saman hvort minni hlutinn vilji þá alfarið afnema allar tekjutengingar öryrkja við tekjur maka. Það er ekki þannig. Við höfum aldrei haldið því fram að það eigi að afnema allar tekjutengingar hjá öryrkjum vegna tekna maka. Það er þetta ákvæði sem Hæstiréttur dæmdi að ekki mætti gera, þetta eina atriði, þessi eina skerðing. Aðrar skerðingar gilda áfram og það hefur aldrei neinn borið á móti því að eigin tekjur hafi áhrif á tekjutrygginguna, það eru bara tekjur maka. Einstaklingar geta haft tekjur aðrar en launatekjur og þær geta haft áhrif á tekjutrygginguna, það eru eingöngu tekjur maka og þetta verður að vera skýrt, það má ekki rugla þessu öllu saman. En það gerist þegar menn eru að segja: Hvar er jafnaðarstefnan? Hvar er hún? Við viljum nota bæði skatta og tengingar við bætur fólks. En við viljum standa vörð um þetta, að það sé réttur einstaklingsins, öryrkjans, sem er bundinn í stjórnarskrá, réttur til grunnlífeyris, rétturinn til tekjutryggingarinnar og tekjutryggingin á ekki að skerðast við tekjur maka. Um þetta viljum við standa vörð.

En vissulega á að mismuna eftir tekjum og gera það til að bæta kjör öryrkja og annarra bótaþega, að hækka frítekjumarkið, að hækka bæturnar. En, herra forseti, dómurinn vísaði þeirri ábyrgð að ákveða grunninn, ákveða upphæðina til okkar á löggjafarþinginu. Það er okkar að ákveða þennan grunn. Það verður að gera skýran greinarmun á stjórnarskrárbundnum rétti sem er grunnlífeyririnn og tekjutryggingin og heimildarákvæðum sem er heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót. Eins eru miklu fleiri heimildarákvæði sem snúa að kaupum á lyfjum, síma, bílastyrkjum og síðan félagsleg réttindi sem snúa að félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Augljóst er að skilningur hæstv. heilbrrh. var réttur eða var eins og okkar í byrjun, enda tjáði hún sig um það að hún mundi boða til ríkisstjórnarfundar eða óska eftir ríkisstjórnarfundi sem hún virðist ekki hafa fengið, en það er ekki heilbrrh. sem skipar nefndina margumtöluðu, sérfræðinganefndina, það er forsrh. sem skipar hana. Ekki er hægt að halda því fram með nokkru móti að þessi nefnd hafi verið hlutlaus nefnd sem hafi skoðað þetta eingöngu út frá lagalegum túlkunum því að þessar lagalegu túlkanir, eins og ég segi, eru pólitískar, ekki hjá Hæstarétti þó að svo hafi verið sagt og þar vitna ég til orða hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar að dómur Hæstaréttar væri frekar af pólitískum toga en nokkuð annað eða að Hæstiréttur væri kominn í pólitík, ég man nú ekki alveg orðalagið, en hann vísaði til þess að þetta væri pólitískur úrskurður. Vissulega eru mannréttindi og félagsleg réttindi pólitísk mál. En það er pólitísk ákvörðun að leggja fram frv. eins og hér liggur fyrir.

Við höfum töluvert rætt um sjálfsvirðingu og virðingu einstaklinganna, virðingu öryrkja til að geta framfleytt sér. Í helgarblaði Morgunblaðsins um síðustu helgi var gerð töluverð grein fyrir þessu máli og m.a. voru viðtöl við nokkra öryrkja sem bæði eru einhleypir og í sambúð. Þar er mjög gott viðtal við Sigríði Gunnarsdóttur sem er 75% öryrki og er í hjúskap. Þar lýsir hún mjög vel kjörum sínum og hvaða þýðingu þetta hefur fyrir hana sem lýtur að virðingu og sjálfsvirðingu hennar. Ég vil vitna í þá grein án þess að lesa hana sérstaklega hér.

Það er alveg ljóst að það skiptir ekki máli hvort öryrki í sambúð er giftur hátekjumanni eða lágtekjumanni hvað varðar þá sjálfsvirðingu að geta sjálfur séð sér og öðrum farborða og það er réttur öryrkjans að geta lagt í búið og séð sér

og maka sínum farborða eins og öfugt. Þetta er gagnkvæm skylda öryrkja sem annarra.

Þetta snýr aðallega að konum, $^2/_3$ þessa hóps eru konur og það segir ekkert um að kona sem er öryrki og er gift hátekjumanni eigi nokkuð betra með að biðja um pening bæði vegna eigin tilfinninga eða vegna þess að hægt sé að ganga út frá því að eiginmaðurinn hafi skilning á því að hún þurfi að kaupa sér föt. Tekjur fólks segja ekkert til um sjálfsvirðingu og upphæðir segja ekkert til um sjálfsvirðingu. Manni getur verið misboðið út af litlum fjárhæðum og réttlætiskennd manna mælist ekki í krónum. Það er jafnmikið brotið á þessum hópi öryrkja þó að upphæðin sem hér er lögð til, 43 þús. kr., hafi verið 49 þús. kr. Upphæðin í sjálfu sér skiptir ekki máli heldur hvort brotið sé á manni, það er það sem skiptir máli.

Auðvitað skiptir máli í þessu samhengi öllu þegar við erum að tala um 8 þús. kr., af svo lágum upphæðum finna menn auðvitað fyrir því. En þá erum við að tala um 8 þús. kr. skerðingu frá því sem öryrkjar í sambúð hefðu átt að fá samkvæmt dómnum óháð tekjum maka.

Varðandi þá skoðun mína að verið sé að komast undan því að láta þennan dóm, sem er dómur um félagsleg réttindi, ná yfir aðra hópa þá vil ég með leyfi forseta fá að lesa örstutt úr sunnudagsblaði Morgunblaðsins — þetta fer nú að verða frægt blað því að það er svo oft vitnað í það, enda er mikið í því og nýjar fréttir og gott að koma þeim hér inn í þingtíðindin líka — en þetta er grein eftir Pál Þórhallsson, sem er lögfræðingur hjá Evrópuráðinu, og segir hér, með leyfi forseta, um viðbrögðin við dómnum:

„Það er tekist á um það í kjölfar dómsins að hve miklu leyti hann taki fyrir tekjutengingu bóta yfirleitt. Að sjálfsögðu snertir hann ekki tengingu við tekjur bótaþegans sjálfs þar sem hún er við lýði, samanber ákvæði stjórnarskrárinnar sem talar um að öllum sem þess þurfa skuli tryggð aðstoð. Þá er álitamál hvort endurskoða verði tengingu ellilífeyris við tekjur maka." — Ég endurtek: „Þá er álitamál hvort endurskoða verði tengingu ellilífeyris við tekjur maka." — „Það sem veldur hugsanlega vafa er að dómurinn leggur töluvert upp úr réttindum fatlaðra sem slíkra er hann kemst að niðurstöðu sinni. Loks, varðandi það atriði hvort dómurinn taki alveg fyrir tengingu örorkubóta við tekjur maka, má benda á að í 67. gr. alþjóðavinnumálasamþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis sem Hæstiréttur vitnar í er beinlínis gert ráð fyrir að slíkt megi gera enda sé um verulegar viðbótartekjur að ræða.

Dómurinn er mikil lyftistöng fyrir félagsleg réttindi almennt og sérstaklega fyrir réttindi öryrkja. Hann kemur í framhaldi af nýlegum dómum Hæstaréttar um rétt blindrar stúlku til aðstoðar við að stunda háskólanám og um rétt heyrnarlausra til að umræður í kosningasjónvarpi skyldu túlkaðar á táknmál.

Túlkun 65. greinar stjórnarskrárinnar telst til nokkurra tíðinda og getur opnað leið síðar í öðrum málum til að slá föstum réttindum sem ekki eru beint orðuð í stjórnarskánni. Svipað hefur gerst hjá öðrum þjóðum þar sem stjórnarskrár eftirlit er hvað þróaðast, þ.e. að dómstólar hafa leitað leiða til að brúa bil milli stjórnarskrárákvæða og ákvæða alþjóðasamninga. Það verður hins vegar eilíft deiluefni hversu langt dómstólar eigi að ganga í þessu efni."

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni las ég upp ályktun miðstjórnar ASÍ frá 10. jan. 2001. Þá skorar miðstjórn Alþýðusambands Íslands á ríkisstjórnina að virða undanbragðalaust niðurstöðu æðsta dómstóls landsins í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins: „Miðstjórn ASÍ styður öryrkja í baráttu þeirra fyrir að fá greiddar óskertar bætur í samræmi við dómsniðurstöðuna strax frá 1. janúar sl." Ég endurtek það sem ég las: „Samhljóða eða samsvarandi ályktanir hafa komið frá öðrum heildarsamtökum, BSRB, BHM og Kennarasambandi Íslands." Til viðbótar þessu bendir miðstjórn ASÍ á að óumflýjanlegt sé að ráðast í endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfisins og að þeirri vinnu verði hraðað og síðan er vísað til síðustu launasamninga.

Því er mjög mikilvægt að fá núna einhverja vitneskju um hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að vinna við endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni. Ætlar hún að vera í góðri samvinnu við Öryrkjabandalagið, við ellilífeyrisþega, við launþegasamtökin eftir það sem á undan er gengið þegar öll þessi stóru heildarsamtök hafa lýst eindreginni skoðun á því hvernig þau túlka dóm Hæstaréttar? Að minnsta kosti líst mér ekki vel á upphaf þeirrar vinnu. Ef á að fara í heildarendurskoðun eingöngu út frá hækkun frítekjumarks, breyta jaðarsköttunum, lagfæra þá, hækka tekjurnar og bótatekjurnar, hvað verður þá með dóm Hæstaréttar í þeirri vinnu? Á að halda áfram að reyna að lagfæra hér og þar? Verður það sannfærandi stefnumótandi vinna sem mun fara af stað? Mun nást sátt um hana?

Herra forseti. Mig langar að fá að vitna í orðsendingu frá Tryggingastofnun sem var send út:

„Tryggingastofnun mun greiða hinn 1. febrúar nk. samkvæmt lögum sem Alþingi mun setja síðar í þessum mánuði.

Í þeirri greiðslu verður jafnframt innifalin leiðrétting vegna janúarmánaðar 2001."

Herra forseti. Nokkrum sinnum hefur orðið hroki verið notað í umræðunum. Ber það ekki keim af hroka að birta svona orðsendingu áður en lögin hafa verið samþykkt, að tilkynna að greitt verði út samkvæmt lögum sem er ekki búið að afgreiða? Fyrir mitt leyti er ég undrandi á að þessi orðsending skuli hafa verið send frá Tryggingastofnun ríkisins. Það hefði mátt skilja orð sem hér hafa verið sögð á þann veg að Tryggingastofnun ríkisins hafi a.m.k. farið út fyrir valdsvið sitt, svo ekki sé meira sagt og sé að auglýsa og gefa yfirlýsingar um það sem hún hafi ekki leyfi til. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og Alþingi ættu frekar að hlúa að þeirri stofnun svo hún geti unnið þá vinnu sem henni er ætlað, að hún hafi tækjabúnað og mannafla til að sinna þeirri flóknu vinnu sem henni er ætlað að vinna og hlúa að þeirri stofnun.

Herra forseti. Komið er að lokum ræðu minnar en það var uppi smámisskilningur varðandi það þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafði talað því að þá bað ég um andsvar. Ekki veit ég hvort hv. þm. er í salnum en hann vitnaði í nál. minni hlutans, sem ég skrifaði undir, og hann nefndi nafn mitt sérstaklega og sagðist ekki trúa því og þótti sárt að sjá nafn mitt undir því nál. ef ég man orð hans alveg rétt. Hann sagði að hann hefði aldrei séð jafnmikið bull og vitleysu og lygar á prenti og kom fram í nál.

Hæstv. forseti. Í nál. sem hv. þm. vitnaði til og sagði að væri bull, vitleysa og lygar, en svo viðurkenndi hann reyndar að það sem stæði þarna væri alveg rétt, það eru opinberar tölur Kjararannsóknanefndar sem hann er að væna um að vera bull, vitleysu og lygi og eru þær upplýsingar í staðtölum almannatrygginga. Við gerum ekkert annað en að taka þær hráar upp. Hægt er að hafa sögulegar skýringar á því hvers vegna þetta lítur svona út. Það er alveg rétt að 1995 voru rofin tengsl á milli bóta og lífeyrisgreiðslna og vísitölu ... Nú

er ég alveg orðin rugluð í þessu öllu saman. (**Gripið fram í:** Bóta og launa.) Bóta og launa, ætlaði ég að segja. Því hefur verið mótmælt svo harðlega þó svo sú leiðrétting hafi komið núna inn að bæturnar fari aldrei niður fyrir lægstu vísitölu.

Ástæðan fyrir því að lífeyrisþegar hafa mótmælt þessu svo harkalega er sú að ríkið hefð hefur verið fyrir því að miða laun bóta við lægstu laun á almennum launamarkaði. Þegar það gerðist, sem var sem betur fer gert í síðustu samningum, að veruleg hækkun kom til þeirra lægst launuðu hækkuðu ekki bæturnar að sama skapi. Ég ætla ekki að fara út í neinar rökræður um söguna og bæturnar og hvernig þetta hefur allt þróast. Það er fyrir utan umræðuna núna því það er í raun og veru efni í þá vinnu sem á að fara í þegar lögin verða öll endurskoðuð. Við erum aðeins að fjalla um afmarkað mál. Ég mótmæli því að í nál. séu bull, vitleysa og lygar.

Skiljanlegt er að hv. þm. hafi sárnað þetta af því við höfðum bent á tímabilið sem skerðingin hefði átt sér stað á, þ.e. í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Það eru bara árin sem telja.

Hann kom líka inn á og nefndi að minni hlutinn væri að nudda sér utan í öryrkja. Við værum að afla okkur vinsælda með því að nudda okkur utan í öryrkja. Þetta mál er miklu stærra en að það sé í raun og veru þessi afmarkaði litli hópur. Þó svo við séum að fjalla um hann hér og breytingarnar á lögunum og leiðréttingin eigi við dóminn þá vísar dómurinn til okkar allra. Þetta er af réttlætiskennd og þess vegna bregðast launþegasamtökin við eins og þau gera. Það er ekkert að því að styðja öryrkja og lífeyrisþega og ellilífeyrisþega í landinu og alla þá sem eiga við bág kjör að búa.

Ekki er hægt að líkja þeim áherslum sem við erum að bera fram saman við áherslur ungliðanna og hægri arms Sjálfstfl. Ég er ekki vel að mér í hugarheimi ungra sjálfstæðismanna eða sjálfstæðismanna yfirleitt þannig að ég geti farið að túlka þeirra skoðanir en ef ég skildi orð hans rétt vilja þeir að enginn tengsl séu þarna á milli, einstaklingurinn sé bara einn og sjálfur með tekjur sínar og skatta, ekkert tillit sé tekið til tekna maka. En við erum alltaf að segja: Það á alltaf að taka tillit til tekna maka og hjóna eins og gert er í dag, bara ekki í þessu tilliti. Ég frábið mér að við séum komin í sama hóp og frjálslyndir sjálfstæðismenn.

Hv. þm. varð líka tíðrætt um bág kjör milljóna manna úti í heimi. Og vissulega er það þannig. Við þurfum ekki einu sinni að fara út í heim. Stór hópur fólks hér á landi býr við sultarmörk. En ég bendi á að hagkerfin og pólitískar stefnur eru alveg eins langt til hægri og vinstri og hægt er að komast og verða það áfram í heiminum. Það er ekki síður hin óbilgjarna frjálshyggjustefna sem hefur skapað þetta mikla óréttlæti, þetta haf á milli ríkra og fátækra í heiminum. Hún er að gera það hér á landi líka. Bilið á milli ríkra og fátækra er að breikka hér líka, ekki bara úti í hinum stóra heimi.

Við erum ekki að nudda okkur utan í Öryrkjabandalagið til vinsælda með því að komast að þeirri niðurstöðu sem við höfum gert hvað varðar dóm Hæstaréttar.

Mjög miklir samskiptaerfiðleikar eru á milli Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar og það má nefna Sjálfstfl. Þar hefur hæstv. forsrh. farið fremstur í flokki — ja, það liggur við að hægt sé að persónugera samskiptaerfiðleikana milli hans og Öryrkjabandalagsins. Að minnsta kosti held ég það hljóti að vera algjört einsdæmi að ekki sé búið að hefja viðræður eða tala við Öryrkjabandalagið þann tíma sem var verið að undirbúa þetta frv. Er ekki venjan að hafa einhver samráð eða tala við Öryrkjabandalagið frá því dómurinn féll? Aðeins til að kynna? Einn kynningarfundur var á frv. Allt var búið, ekki meir. Ekki var talað við þá meir. Þetta held ég að séu slæm skilaboð í þá miklu vinnu sem fram fer við endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni. Auðvitað er ástæða fyrir því að hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur gefist upp í þeirri vinnu. Það þarf að marka heildarsýn. Það þarf að hafa hreinar pólitískar línur við þá vinnu og þar sem það eru alltaf samstarfsflokkar — ekki einn flokkur í meiri hluta á þingi — þarf alltaf að leita eftir samvinnu um stefnumörkun í svo mikilvægu máli. Þá er auðvitað eðlilegt að málið sé erfitt og er örugglega þessari ríkisstjórn ekki síður erfitt en öllum öðrum. Ég dreg í efa að það sé algjör samstaða á milli Framsfl. og Sjálfstfl. hvað varðar stefnumörkun í þessum miklu málum.

Mig langar svo, herra forseti, þar sem þetta hefur verið erfitt mál, og ég dreg ekki í efa að það hafi verið mjög erfitt hæstv. heilbr.- og trmrh., að óska henni góðs bata og vona að hún nái sér fljótt af þeim veikindum sem hún á nú við að stríða.

[16:17]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman vísaði í viðtal við ágæta konu sem birtist í Morgunblaðinu á sunnudaginn var. Ég verð að segja að þetta var frekar óheppilegt dæmi hjá hv. þm. þótt ég hafi reyndar fulla samúð með konunni og hennar aðstæðum og dáist að dugnaði hennar sem kemur fram í greininni. En það var alveg ljóst að þetta frv. mun ekki taka til hennar aðstæðna. Hún hefur verið metin 75% öryrki sem í mínum huga er það að fólk hefur ekki fulla starfsorku, öðru nær. Það hefur ekki starfsorku og á því ekki að geta unnið. En hún hefur samt verið í 67% starfi í 25 ár og 50% starfi frá áramótum. Þessi kona hefur því sömu laun og konur úti í þjóðfélaginu sem vinna sambærileg störf. Hún tapar ekkert þar. Þar að auki hefur hún betri fjárhagslega stöðu en margir aðrir vegna þess að fyrir utan það fær hún einnig ákveðinn styrk frá þjóðfélaginu, t.d. varðandi tannlækningar og annað.

[16:18]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi hana sem dæmi um aðstæður og sjálfsvirðingu fólks. Sú kona sem ég vitna þarna til hefur sem betur fer getað unnið úti og þar af leiðandi kemur þetta ekki inn á hennar kjör. En hún nefnir nákvæmlega þessar tilfinningar, þ.e. geta séð fyrir sér sjálfur. Það er sjálfsvirðingin, það er að vera manneskja og geta séð sér sjálfum farborða og fjölskyldu sinni. Það er til þess sem ég var að vitna.

[16:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi sérstaklega taka þetta fram vegna þess að þetta dæmi sýnir fyrst og fremst hve brýnt er að endurskoða almannatryggingalöggjöfina þar sem tekið er tillit til þess að sumir öryrkjar geta jafnframt unnið og hafi þeir þörf fyrir stuðning frá þjóðfélaginu þá geti þeir fengið stuðning frá almannatryggingakerfinu, en jafnframt unnið ef svo ber við. En þessi kona á ekki vegna eigin tekna rétt á tekjutryggingu. Ég geng út frá því. Og hún kemur því ekki inn í það mál sem við erum að tala um hér.

[16:20]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Ég held að þetta hafi samt verið, eins og ég sagði áðan, að við erum að tala um virðingu. Og þó þessi kona sé 75%

öryrki getur hún unnið og eigin tekjur skerða tekjutryggingu-na. Það sem hefur líka verið bent á er að núverandi kerfi, og þá tek ég hjartanlega undir orð hv. þm. Ástu Möller, er vinnuletjandi. Það er það. Það er komin inn skerðing um leið og maður fer að afla sér tekna. Auðvitað þarf að skoða þetta vel þannig að kerfið í heild sé ekki vinnuletjandi fyrir þá sem hugsanlega þrátt fyrir örorku sína geta unnið.

[16:21]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman gat þess reyndar í andsvari í dag að stjórnarmeirihlutinn væri vísvitandi eða ekki vísvitandi að brjóta stjórnarskrána. Hér er nokkuð mikið mál á ferðinni því það er ljóst að það skiptir máli hvort stjórnarmeirihlutinn er vísvitandi eða ekki vísvitandi að brjóta stjórnarskrána. Og þegar vitnað er í fyrri ræðu hv. þm. Þuríðar Backman kemur fram að hún segir að Alþingi Íslendinga hafi verið kallað saman til þess að lögfesta brot á stjórnarskrá lýðveldisins, til þess að staðfesta brot á mannréttindum, sem þýðir að sjálfsögðu að stjórnarmeirihlutinn hefur verið að þessu vísvitandi. Ég held það sé óhjákvæmilegt annað en að biðja hv. þm. að skýra afstöðu sína til þessa máls vegna þess að það skiptir sköpum í málinu hvort hv. þm. er að saka okkur stjórnarþingmenn um að ganga í málið beinlínis í þeim tilgangi að brjóta stjórnarskrána.

[16:22]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer eftir því pólitíska mati, þeim pólitísku gleraugum sem menn setja upp. Ég efast ekkert um að hér séu stjórnarliðar sem trúi þeirri túlkun sem kemur fram í frv. og telja að hún sé rétt. Þeir hafa lesið þetta þannig að það sé rétt eins og kom fram í máli Péturs Blöndals. Hann hafði fyrst skilið þetta öðruvísi. Svo fór hann að lesa þetta og komst að annarri niðurstöðu. Þannig getur verið um marga fleiri. Þá er ekki vísvitandi verið að brjóta stjórnarskrána. En að mínu mati er verið að fara eftir krókaleiðum nokkuð langsótta leið til þess að leggja fram frv. að lögum sem uppfyllir ekki dóm Hæstaréttar til þess að komast hjá því að aðrir hópar geti átt sama rétt.

[16:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. um að tala skýrt. Stendur hún við þau orð sín að Alþingi Íslendinga hafi verið kallað saman til þess að lögfesta brot á stjórnarskrá lýðveldisins, að Alþingi hafi verið kallað saman til þess að staðfesta brot á mannréttindum?

[16:23]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Það fer eftir pólitískri skoðun, pólitískri túlkun, eigin sannfæringu og eigin upplifun. Ég er þess fullviss, og ekkert hefur breytt sannfæringu minni, að dómur Hæstaréttar, dómsorðið, standi og eigi við kröfugerðina. Þar sem ég upplifi, þar sem ég trúi því að þannig séu málin, þá er það stjórnarskrárbrot. Í huga þeirra stjórnarliða sem leggja þetta frumvarp fram og telja að með því séu þeir að túlka dóminn þá er það ekki stjórnarskrárbrot. En í mínum huga er það.

[16:24]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur haldið langa og ítarlega ræðu, farið víða í henni og m.a. stuðst við dóm Hæstaréttar með mörgum tilvísunum í hann, tekið upp orðrétt margt sem segir í þeim dómi. En mig langar við lok þessarar löngu ræðu að minna hv. þm. á upphafsorð hennar þar sem hún komst svo að orði að við komumst ekki lengra í þessari umræðu vegna þess að hér standi fullyrðing gegn fullyrðingu.

Spurning mín til hv. þm. er sú hver hún telji að eigi að skera úr.

Mig langar að vekja athygli á öðru. Hún vísar í hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og hún talar um hroka. Hún vísar í Steingrím fyrir ágæta orðskýringu hans, „orðabókarskýringu Steingríms" eins og hún kallaði það, og talar síðan um hroka. En lítur hv. þm. ekki svo á að það sé hroki eftir alla þá umræðu sem hér hefur farið fram og alla þá lögfræðinga sem kallaðir hafa verið til að vísa þá í orðabókarskýringu hv. þm.?

[16:26]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég teldi að við kæmumst ekki lengra. Við erum tvær andstæðar fylkingar, ekki bara inni í þingsalnum heldur úti í samfélaginu líka. Hver á að skera úr um þetta deilumál? Auðvitað hafði ég talið að hér næðist sátt um lagasetningu. En það næst ekki sátt í þessu máli. Og mér finnst algjörlega óásættanlegt að afgreiða lög sem við vísum svo til dómstóla hvernig eigi að túlka. Mér finnst það óásættanlegt. Ég veit ekki hver á að skera úr í þessu máli nema þá þjóðin sjálf. Ég held að það verði dómur framtíðarinnar sem sker úr í þessu máli. Ég vil ekki vísa þessu til Hæstaréttar.

[16:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur reynt að gera það tortryggilegt þegar sú sem hér stendur hefur bent á að kannski komumst við ekki lengra í þessari umræðu. Ég hef bent á að samkvæmt stjórnskipuninni sé kannski eina leiðin að fá dóm fyrir þessu. Þessu hefur verið lýst af stjórnarandstöðunni sem einhverri píslargöngu sem við ætlum að reka öryrkja út í.

Mig langaði að árétta þetta hér vegna þess að hv. þm. kastaði fram þeirri spurningu í byrjun hver ætti að skera úr um og að hér stæði fullyrðing á móti fullyrðingu. Samkvæmt stjórnskipuninni eru það dómstólarnir. Það er mjög óeðlilegt ofan á aðra tortryggni sem vakin hefur verið í þessu máli og verið reynt að vekja gagnvart stjórnarflokkunum í þessu að reyna líka að veikja traust á dómstólunum. En það er líka óskaplega fróðlegt að heyra að hv. þm. Þuríður Backman vill ekki að málið fari til Hæstaréttar. (Gripið fram í.)

[16:28]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir að það að verið er reka öryrkja út í píslargöngu. Það eru ekki við sem erum að því. Ég hef ekki sagt að ég vilji ekki að þetta mál fari til Hæstaréttar. Það fer örugglega til Hæstaréttar. En ég vil ekki að við vísum því þangað.

Varðandi tortryggni hefur mér fundist að ríkisstjórnin sjálf hafi skapað sér þessa tortryggni, bæði hjá okkur í stjórnarandstöðu, Öryrkjabandalaginu og í öllu samfélaginu, með framgöngu sinni í málinu. Hún var ekki hrein og klár eins og eðlilegt hefði verið. Það hafa ekki verið viðhöfð venjuleg vinnubrögð í þessu máli. Það var aldrei talað strax

við Öryrkjabandalagið. Þetta var ekki mál Tryggingastofnunarinnar og heilbrrh. Það fór strax úr þeirra höndum. Það er þetta allt sem hefur vakið tortryggni.

[16:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess að löng hefð væri fyrir því að miða bætur almannatrygginga við lægstu laun. Þetta er ekki alveg rétt. Það var lengi vel í lögum að miða skyldi við lægstu laun. Síðan var því breytt. Það var tekið að vísu úr sambandi. En síðan var lögunum breytt 1997 að tillögum ríkisstjórnarinnar. Það voru ekki deilur um það. Stjórnin og stjórnarandstaðan, allir í þinginu, stóðu saman að þeirri breytingu að almennri launaþróun í landinu skyldi fylgt. Við höfum lagt okkur alla fram um að gera þetta. Í haust þegar við vorum að semja fjárlögin töldum við upp á það, vegna þess að það eru alltaf launatilfærslur í landinu, að við þyrftum að hækka þessi laun um 1% meira en launataxtarnir áttu að hækka 1. janúar til þess að leiðrétta þetta, til þess að hafa þetta rétt. Við vorum að vanda okkur. Það er þess vegna sem við hækkuðum þetta í 4% 1. janúar meðan launin hækkuðu um 3%.

[16:30]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna öllum þeim hækkunum sem koma til öryrkja og annarra lífeyrisþega og allra þeirra í landinu sem búa við lág laun.

En það var ekki samstaða um að breyta þessu ákvæði í lögum, að miða ekki við lægstu laun. Ég veit ekki hvort tímasetningin er tilviljun eða ekki, en vissulega er í núverandi ákvæðum sleginn ákveðinn varnagli fyrir því að launin hrapi ekki enn frekar niður en meðallaunin, en það vekur a.m.k. hjá mér ákveðna tortryggni að eftir þennan tíma hefur verið hægt að hækka lægstu launin umfram laun annarra og hefur ekkert veitt af. Ég hefði viljað að þær umframbætur hefðu komið til öryrkja líka.

[16:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að biðjast afsökunar ef ég fer með rangt mál. Ég man ekki betur en það hafi verið almennur fögnuður í þinginu um að setja þetta inn. Ég ætla að fletta upp á því í þingtíðindum hvort okkar hefur rétt fyrir sér. Ef svo er að það sé rangt að stjórnarandstaðan hafi ekki tekið þátt í þessu, þá dreg ég ummæli mín til baka. Að minnsta kosti man ég mjög vel að stjórnarandstaðan fagnaði þessu. Hún fagnaði þessu ákvæði, enda var ákvæðið gríðarlega þýðingarmikið fyrir örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega því að þar er kveðið á um að þessir aðilar skuli ekki verða fyrir kjaraskerðingu ef þannig gengur fyrir sig í landinu að þjóðfélagið verði fyrir kjaraskerðingu, allur almenningur verði að taka á sig kjaraskerðingu, þá var ákveðið og við tókum á okkur að þá skyldum við hlífa þessum aðilum. Það er aðalatriðið í lögunum eins og þau eru í dag. Þess vegna fögnuðu allir þeirri lagasetningu, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Ég ætla að fletta upp á því, herra forseti, hvernig aðdragandinn að þessu var.

[16:32]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í þessar söguskýringar. Ég hreinlega treysti mér ekki til þess. Aftur á móti vil ég ítreka að það sem er fylgiskjal með nál. minni hlutans er birt úr opinberum gögnum og er staðreynd, sama hvernig við förum í þessar sögulegu skýringar. Við eigum að fagna öllum þeim kjarabótum og hækkunum umfram það sem gerist á almennum launamarkaði sem fara til öryrkja og ellilífeyrisþega. Við eigum að gera það. Og við eigum að standa vörð um þau kjör. Vissulega var það viðleitni í þá átt að hafa slíka tryggingu svo bætur færu ekki alveg hreint í botninn.

Ég ætla að vona að við náum í framtíðinni samstöðu um að bæta kjör þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði komum með margar tillögur um það á síðustu fjárlögum, en þær voru allar felldar.

[16:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með þá umræðu sem hér hefur farið fram. Í fyrsta lagi hefur hún varpað mjög skýru ljósi á kjör og stöðu öryrkja í landinu, bæði þeirra sem það mál sem við erum að fjalla um á við og jafnframt annarra. Umræðan hefur einnig dregið fram ákveðin skil, sem eru mjög skýr fyrir alla sem fylgjast með og mjög mikið er fylgst með þessari umræðu, skil á milli þess sem stjórnarandstaðan og þeir flokkar sem hana skipa standa fyrir í velferðarmálum og afstöðu til þeirra sem minnst mega sín og þess hvernig stjórnarmeirihlutinn vill vinna að þeim sömu málefnum og ekki síst, herra forseti, dregur hún athyglina að því hvernig stjórnarmeirihlutinn fer með vald sitt.

Herra forseti. Af því ég hyggst byrja á því að beina orðum mínum til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem var fyrir fáeinum mínútum í þingsal, óska ég eftir því að ef hann er enn þá í húsinu sýni hann mér þann heiður að koma í þingsal vegna þess að ég ætla að fara nokkrum orðum um ræðu hans fyrr í dag.

Auðvitað höfum við tekið eftir því að á sama tíma og stjórnarþingmenn hafa verið að veitast að stjórnarandstöðunni hefur þeim fundist stjórnarandstaðan vera harðorð og nota stór orð. En það hefur verið þannig að mjög margir stjórnarliðar hafa notað orð sem ekki hafa oft heyrst hér áður svo það er alveg ljóst að þeir eru ekki þá að tala af því þetta sé þvert um það sem þeim sjálfum er kært.

Ég gleðst yfir því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er kominn í salinn. Ég ætla að byrja á að nefna það að hann fór mörgum orðum í ræðu sinni um gott fólk í ríkisstjórn, eiginlega alltaf gott fólk í ríkisstjórn á árum áður, á árunum 1988–1991, gott fólk í ríkisstjórninni á árunum 1991–1995 og gott fólk í þeirri ríkisstjórn sem nú er. Ég dró þá ályktun af orðum hans að hann hefði tekið gagnrýni okkar á ákvarðanir þær sem hér hafa verið teknar af stjórnarmeirihlutanum og þeirri ríkisstjórn sem nú situr sem vondum ákvörðunum og það sé yfirlýsing um vont fólk. Ég hef alltaf gert mikinn greinarmun á því hvernig ákvarðanir fólks eru og hvernig þær eru dæmdar og hvernig fólkið sjálft er. Ég er ósammála t.d. hv. þm. Sjálfstfl. í skoðunum, en það breytir því ekki að margt af því ágæta fólki eru góðir kunningjar mínir og ég get látið mér falla mjög vel við þá sem einstaklinga. Þarna geri ég stóran greinarmun á.

En herra forseti. Þetta er eins konar inngangur að því sem ég ætla að segja við hv. þm.

Ég geri mér grein fyrir að hv. þm. þekkir mjög vel söguna og aðdragandann t.d. að þjóðarsáttinni, kjarasamningum og því átakamáli að ná niður verðbólgunni og ná sameiginlega utan um það að gera þjóðarsátt um kjör þannig að við ynnum bug á verðbólgunni. Það er ekki af engu að hv. þm. fékk viðurnefnið bjargvætturinn á þeim tíma og ég segi það í viðurkenningartóni vegna þess að ég lít svo á að þegar um

hv. þm. er þannig fjallað sé í raun og veru verið að segja að hann hafi tekið þar jafnvel frumkvæði sem menn hefðu vænst að yrði tekið annars staðar á hærri stöðum.

En hv. þm. var með nokkuð stórar yfirlýsingar um kaupmátt og tryggingabætur og vildi undirstrika bæði samstöðuna um breytingarnar 1998 — þetta voru breytingar sem gerðar voru í bandormi 1998 — og jafnframt halda því fram að kaupmáttur væri ekki svo miklu lakari og hefði ekki dregist jafnmikið aftur úr á liðnum árum hjá þeim sem lifa af tryggingabótum og þeim sem eru á vinnumarkaði. Ég ætla að einbeita mér að því í upphafi ræðu minnar.

Herra forseti. Frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum kom til þingsins á árinu 1998. Eins og gjarnan er gert var sá hluti þess sem átti við heilbr.- og trn. sendur þangað til umsagnar. Það voru breytingar á útreikningum bóta. Síðan fékk efh.- og viðskn. umsögn minni hluta heilbr.- og trn. og þar vöktu fulltrúar minni hlutans í nefndinni athygli á því að nauðsynlegt væri að taka af öll tvímæli um viðmið og framkvæmd bótahækkana. Það yrði með ótvíræðum hætti að tryggja að fyrirhuguð 4% launahækkun sem ráðgerð var um áramótin á eftir kæmi örugglega líka fram í hækkun bóta almannatrygginga. Minni hlutinn í heilbr.- og trn. bar fram í nál. sínu svohljóðandi brtt., herra forseti:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast í samræmi við launavísitölu Hagstofu Íslands, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísistölu neysluverðs. Breytingarnar skulu vera ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna janúar, apríl, júlí og október og miðast við breytingar launavísitölu á næstliðnum þremur mánuðum."

Efh.- og viðskn. tók við þessu áliti og í áliti minni hluta efh.- og viðskn., sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Ágúst Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson, rituðu undir er fjallað um þessar breytingar. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvaða ákvarðanir voru teknar á þeim tíma. Þeir segja um 8. og 11. gr. sem áttu við þessar breytingar að „fjallað er um breytingar á lögum um almannatryggingar, en þar er að verulegu leyti bakkað með þá breytingu" — taki hv. þm. eftir því — „sem ráðist var í undir lok árs 1995 og tók gildi á árinu 1996 að afnema tengingu bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu. Ríkisstjórnin er á flótta undan mikilli og almennri óánægju elli- og örorkulífeyrisþega með þá ráðstöfun sem stjórnarandstaðan hefur frá upphafi gagnrýnt harðlega og barist gegn. Því miður hefur sú leið verið valin að ganga frá málinu með nokkuð óljósu orðalagi...".

Síðan er farið yfir það hvernig bæturnar skuli breytast og taka mið af launaþróun.

„Minni hlutinn" — og bið ég þm. hv. að leggja við eyrun — „telur eftir sem áður að best hefði verið að ganga frá þessari tengingu við launaþróun eða launavísitölu með skýrum hætti og tekur undir álit minni hluta heilbrigðis- og tryggninganefndar í því sambandi, sbr. fskj. IV. Rétt er að vekja athygli á því að með breytingunum á 59. gr. og 17. gr. almannatryggingalaga er í reynd verið að afnema þá tryggingu sem hefur verið fyrir því að þær fjárhæðir, þ.e. annars vegar frítekjumark eða skerðingarupphæðir skv. 17. gr. og hins vegar greiðslur skv. 59. gr., fylgdu sjálfkrafa launaþróun. Í reynd er verið að aftengja þessi ákvæði og þar með beina tengingu við launabreytingar hvað varðar fleiri stærðir í almannatrygg ingakerfinu. Þau skulu hins vegar tengjast launaþróun á sama hátt og almennir bótaliðir, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Yfirlýsingar forsætisráðherra í umræðum er þó tæpast hægt að túlka öðruvísi en þannig að orðalag 9. gr. frumvarpsins beri að skilja svo að bætur almannatrygginga og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. skuli beinlínis fylgja launaþróun (launavísitölu)." Hér lýkur tilvitnun minni í nál., herra forseti.

Þetta hefur ekki gengið eftir. Ljóst er að minni hlutinn í efh.- og viðskn., á sama tíma og hann tekur undir gagnrýni og tillögur heilbr.- og trn., kýs að gefa því tækifæri að standa að álitinu en hefur efasemdir um að það gangi eftir, en forsrh. hefur verið með þannig yfirlýsingu að menn treysta því að nú verði farið út í að tengja bæturnar við laun.

Hvað hefur síðan gerst á þessum tíma, virðulegi forseti? Það er það sem ég ætla að fara yfir. Við í stjórnarandstöðunni höfum gert okkur það ómak, ef á að orða það svo, að hafa samband við þá aðila sem gerst þekkja til að fá upplýsingar um það. Á tímabilinu janúar 1998 til september 2000 hækkaði neysluvísitalan um 8,8%. Grunnlífeyrir og tekjutrygging samkvæmt ákvörðun eins og hér var verið að breyta hækkaði um 11,4%. En launavísitalan hækkaði um 17,1%. Samanlagður kaupmáttur vegna grunnlífeyris og tekjutryggingar hefur hækkað á þessu tímabili um 2,13%, virðulegi forseti, en kaupmáttur almennra launa um 8,7%. Það töldu allir að miðað yrði við launavísitölu þó að orðalagið væri loðið eins og ég hef hér vísað til, en það hefur aldrei verið gert.

Nú í janúar hækkaði grunnlífeyrir um 4%, en ekki liggur fyrir hvað launavísitalan hefur hækkað, en reiknað er með að hún hafi hækkað meira. Þetta er staðan í málefnum öryrkja og greiðslna til þeirra. Aldrei hefur verið farið eftir því, sem var yfirlýsing um, að láta bæturnar fylgja þeirri þróun sem óskað var eftir. Við skulum muna að samtök aldraðra hafa ítrekað dregið fram þá staðreynd og hafa fært fyrir því rök að ef bætur almannatrygginga hefðu fylgt sama hlutfalli, verið sama hlutfall af almennum launum verkamanna og viðmiðun var við 1991 hefði ríkisstjórnin þurft að punga út 3,5 milljarði meira á ári en hún hefur gert. Það munar um 3,5 milljörðum sem ríkissjóður sparar á því að hlutfallið af þessum greiðslum er miklu lægra en það var 1991. Þetta eru staðreyndir sem hægt er að fá hvenær sem er fullan rökstuðning við hjá samtökum aldraðra og annarra þeirra sem hafa verið að vinna með þessi mál. Þessar tölur hafa verið teknar fyrir á fundum þar sem ég hef verið með fulltrúum stjórnarmeirihlutans og þeir hafa ekki gert tilraun til að hrekja þær staðreyndir.

Þetta, herra forseti, er það sem ég vildi koma á framfæri við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Ég hef lokið þeim kafla í ræðu minni og þakka honum fyrir viðveruna hér.

Herra forseti. Það er bullandi ágreiningur um þetta mál milli stjórnarandstöðu og stjórnarflokka og mikil andstaða í þjóðfélaginu við það sem ríkisstjórnin er að gera. Þess vegna gerist það ítrekað að hv. þm. stjórnarliðsins, sem annars eru mjög drjúgir með sig, koma upp og nota stór orð.

Stéttarfélög, félagasamtök og fjölmargir aðrir hafa sent frá sér bæði auglýsingar og efnt til funda. Viðbrögð fólksins á götunni eru sterk. Það er gott að þessi umræða hefur verið svona drífandi. Nú vita allir hver staðan er. Það vita allir hver kjör öryrkja eru og um hvað við erum að fjalla á Alþingi. Tilraunir til að láta það líta svo út að við værum að styðja greiðslur til ríkra öryrkja en bærum ekki hag annarra fyrir brjósti hafa ekki tekist.

Stjórnarliðar hafa ítrekað lýst því yfir að bæta þurfi hag allra öryrkja. Ítrekaðar hafa verið yfirlýsingar um að nefnd sem hefur verið lengi að störfum eigi að ljúka störfum í apríl

og koma með tillögur sem bæti hag allra öryrkja og þeirra sem minnst hafa. Það er ljóst að við munum fylgja því eftir. Það mun ekkert þýða fyrir ríkisstjórnina ef tillögurnar frá þeirri nefnd skerða á nokkurn hátt kjörin. Hér hafa fallið stór orð og við höfum lýst því yfir að nú er hér samstaða allra flokka um að taka á þessum málum. Ríkisstjórnin hefur árlega sparað um þrjá og hálfan milljarð á undanförnum árum, bæði á öryrkjum og öldruðum og nú er komið að skuldadögum. Þannig er lífið nefnilega. Það kemur fyrr eða síðar að skuldadögum.

Stundum hefur komið að skuldadögunum þegar skipt hefur verið um ríkisstjórn þannig að sú ríkisstjórn sem skerðir er ekki alltaf sú sem þarf að bæta. Nú er komið að skuldadögum þannig að það er ljóst að þessi ríkisstjórn þarf að taka á honum stóra sínum ef hún ætlar að standa undir því sem stjórnarliðar hafa sagt í þessari umræðu.

Athyglisvert er hversu mjög hefur verið gert í að tala um efnafólk eða ríka öryrkja þótt ljóst sé og hafi margoft komið fram að við 134 þús. kr. laun maka fari greiðslur til öryrkja að skerðast. Við 185 þús. kr. samanlagðar tekjur hjónanna er skerðingin hafin. Þetta eru þær tölur sem menn miða við þegar þeir tala um ríku öryrkjana sem við erum sögð bera fyrir brjósti.

Einnig hefur verið fjallað um þá öryrkja, herra forseti, sem eiga maka sem hafa hærri laun. Við skulum koma okkur saman um að 250 þús. kr. í tekjur maka geri hjónin efnafólk. Ég er ekki viss um að margir taki undir það en við skulum notast við þá skilgreiningu að öryrki sem á maka sem hefur 250 þús. kr. á mánuði sé vel settur og ef hann hafi einhverja starfsgetu og geti unnið sjálfur fyrir 30 þús. þá sé þetta harla gott. Hvað gerðist, herra forseti, ef viðkomandi öryrki sem hefur 30 þús. kr. í eigin tekjur væri einn og gifti sig ekki? Þá hefði hann samtals 66.137 kr., lífeyrinn, grunnlífeyrinn, tekjutryggingu upp á 32.566 kr. og heimilisuppbót. Ef hann hefði nú gift sig áður en ríkisstjórnin gerði frv. sem hér er til umræðu að lögum, þá hefði hann fengið eftir giftinguna 18.424 kr. úr sameiginlegum sjóðum. Stjórnarliðar mundu væntanlega segja: Það var í raun nóg því samanlagt höfðu þessi hjón 250 þús. kr. og 30 þús. kr. að auki. Síðan mundu þeir segja: Nú gerum við rosalega vel við þá vegna þess að við hækkum fjárhæðina í 43 þús. kr. — ekki 51 þús. kr. reyndar heldur þessi dularfullu 43 þús. kr. Hvað gerist þá? Jú, gifti þau sig eftir að lögin hafa verið sett, makinn hefur 250 þús. kr. í laun og öryrkinn sjálfur 30 þús. kr., þá fengi hann eins og áður 18.424 kr. og nýja frv. veitir honum 5 þús. kr. í viðbót. Við að gifta sig verður öryrkinn af 42.713 kr. úr opinberum sameiginlegum sjóðum vegna þess að viðkomandi hefur skerta starfsorku. 23.424 kr. fengi sá undir þessum kringumstæðum. Ríka fólkið, stuðningurinn, fjárhæðirnar — þarf að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti?

Ég ætla aðeins að rifja upp af hverju við erum að ræða þetta í stuttu máli. Alþingi setti tvenn lög í staðinn fyrir ein. Það urðu mistök og ákvæði sem stóð undir reglugerð um tekjutryggingu datt út. Tveimur árum seinna breytir Alþingi stjórnarskránni og um það eru allir sáttir. Þar kemur inn nýtt ákvæði um mannréttindi og grunnréttindi einstakinga í nútímasamfélagi og nýtt ákvæði um jafnrétti. Það eru höfð stór orð um það í fjölmiðlum og rætt við hv. þm. um þennan gjörning. Allir eru á sama máli um að það sé verið að færa stjórnarskrá okkar inn í nútímann og bæta réttarstöðu fólks.

Árið 1998 kemur fyrir þingið frv. frá heilbrrh. og þá uppgötvast — væntanlega koma fram ábendingar um það í umfjöllun nefndar — að ákvæði þar brjóti að líkindum í bága við ný ákvæði í stjórnarskrá. Eins og fram hefur komið bentu átta þingmenn á það í yfir þrjátíu ræðum að sú athugasemd hefði komið fram og Alþingi þyrfti að gæta að því.

Ég sagði áðan að umræðan hefði m.a. dregið það fram hvernig þessi ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn fara með valdið. Reyndar hafa virtir lögfræðingar úti í bæ sagt að meiri hlutinn verði að átta sig á því að hann sé ekki alvaldur. Stjórnarmeirihlutanum finnst hann hins vegar vera alvaldur, kærði sig ekki um þessar ábendingar og setti lög samt. Öryrkjar kæra og í árslok 2000 fellur dómur í Hæstarétti. Stjórnarliðar segja ekki: Þetta var leiðinlegt. Lögum þetta. Við töldum að við værum að gera rétt. Nei, þeir ákveða að fara sína eigin leið. Þeir túlka dóminn, fá nefnd til að fara yfir það hvað Hæstiréttur hafi verið að segja og ákveða að þeir geti í raun farið sínu fram þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar.

Ég ætla ekki að fara mikið nánar í hæstaréttardóminn. Ég ætla hins vegar að nefna dómsorðið. Ég spyr: Hvernig stendur á því að Garðar Gíslason, forseti Hæstaréttar, og Pétur Kr. Hafstein lögðu fram sérálit? Hvernig stendur á því að þeir voru ekki með á áliti hinna þriggja sem mynduðu meiri hlutann, miðað við túlkun meiri hlutans á Alþingi? Í dómsorðinu segir að það sé óheimilt frá 1. jan. 1994 að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap. Allir hafa talað um að um það sé ekki ágreiningur. Enda segir í niðurstöðu álits Garðars Gíslasonar og Péturs Hafsteins að frá 1. jan. 1994 hafi verið óheimilt að skerða tekjutryggingu. Allir segja það sama um þetta tímabil.

Þá kemur seinna tímabilið en um það er ágreiningur. Um það segir í dómsorði:

„Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 149/1998."

En hvað segir í niðurstöðu hinna tveggja sem skiluðu minnihlutaáliti? Jú, þar segir:

„Á hinn bóginn hafi aðaláfrýjandi mátt skerða tekjutrygginguna frá 1. janúar 1999, eftir að heimild til þess hafði verið leidd í almannatryggingalög með lögum nr. 149/1998."

Ég hef alltaf talið að ég væri vel læs og tel mig skilja nokkurn veginn það sem ég les en ég get ekki skilið röksemdir stjórnarliða með hliðsjón af þessu. Ef dómsorðið viðurkennir að heimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. jan. 1999 með tilvísun í lagagreinar, af hverju í ósköpunum var þá ekki lagt fram eitt álit? Af hverju í ósköpunum komu tvö álit frá Hæstarétti? Ég get ekki skilið það.

Ég bið um að þeir stjórnarliðar sem halda því fram að þeir hafi skoðað málið svo ítarlega útskýri fyrir mér hver er munurinn á því þegar sagt er í minnihlutaálitinu: „Á hinn bóginn hafi aðaláfrýjandi mátt skerða tekjutrygginguna frá 1. janúar 1999, eftir að heimild til þess hafði verið leidd í almannatryggingalög ..." og setningunni: „Einnig er viðurkennt, að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá 1. janúar 1999 samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993," ef það má skerða tekjutrygginguna eftir sem áður. Af hverju erum við með tvö álit? Ég spyr um það? Það er stóra spurning mín til stjórnarmeirihlutans undir lok þessarar umræðu. Þetta skil ég ekki. Ég bið þá sem hafa skoðað þetta og geta skýrt það fyrir þeim sem ekki skilja að gera það nú.

Herra forseti. Menn hafa keppst við að túlka eitthvað. Ég geri enga tilraun til að túlka. Ég spyr bara: Hver er munurinn á þessum tveim setningum ef báðar setningarnar segja að það hafi mátt skerða tekjutrygginguna? Af hverju kom sérálit?

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að renna yfir t.d. viðbrögð sem komið hafa fram í leiðara Morgunblaðsins, sem við höfum alltaf tekið svo mikið mark á, til að styðja það sem við höfum sagt hér. Ég ætla hins vegar ekki að gera það. Ég ætla bara að minna á hversu stór orð voru látin falla í leiðurum Morgunblaðsins bæði 23. og 24. desember, eftir að þessi dómur féll.

Ég minni jafnframt á sjónarspilið sem sett var af stað í kjölfar dómsins. Hér hefur verið farið mjög vel yfir fyrstu viðbrögðin, fyrstu viðbrögð lögfræðinga og fyrstu viðbrögð Morgunblaðsins. Fyrstu viðbrögð Tryggingastofnunar voru að fara beint og reikna út greiðslurnar og hún taldi sig ekki þurfa til þess lög, fyrst og fremst breytingu á reglugerð og að síðar yrði tekið á afleiddum áhrifum af þessum dómi gagnvart öðrum hópum með lagasetningu. Þess vegna höfum við sagt það að það að greiða út þessum hópi samkvæmt dómnum 1. janúar var fyrst og fremst spurning um vilja. Hins vegar hefur endalaust verið snúið út úr því.

En sjónarspilið fólst í því að eftir fyrstu viðbrögð var málið tekið úr höndum heilbrrh. og lagt fyrir starfshóp sem við höfum notað ákveðið nafn yfir, í hendurnar á lögfræðingi sem stýrði þeim starfshóp sem við höfum notað ákveðið nafn yfir en ég ætla ekki að nefna því það fer svo í taugarnar á forsrh., og allt í einu rann upp fyrir öllum sem fylgdust með að þetta sjónarspil snerist um að finna leið fyrir ríkisstjórnina til að komast hjá því að greiða út óskerta tekjutryggingu.

Við höfum beitt fyrir okkur rökum lögmanna, m.a. Eiríks Tómassonar, um að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að greiða samkvæmt dómnum þá þegar og fulltrúar frá Tryggingastofnun nefndu að aðeins hefði þurft nýtt frítekjumark. Við höfum hins vegar ítrekað spurt hvers vegna hafi verið farið út í að skerða þá fjárhæð sem í dag myndar saman grunnlífeyri og tekjutryggingu, u.þ.b. 51 þús. kr. Við viljum vita af hverju menn hafa haft svona mikið fyrir því að borga ekki þessa fjárhæð og farið í þann pólitíska darraðardans sem hér hefur átt sér stað til að komast hjá því að borga þessum 1.200–1.400 manna hópi út 51 þús. kr. og spara sér þar með 40 millj. eða í kringum 200 millj. á ári. Annað eins höfum við séð renna til minni hópa en þegar ríkisstjórninni hefur hentað.

Af hverju fór ríkisstjórnin í þennan darraðardans, ekki bara við afmarkaðan hóp öryrkja, ekki bara við Öryrkjabandalagið, ekki héðan úr Alþingi heldur beinlínis við allt almenningasálitið í landinu?

Við höfum spurt aftur og aftur: Af hverju 43 þúsund? Illa hefur gengið að fá svör nema formaður heilbr.- og trn. hefur svarað þannig að það sé hagræðið af hjúskap og það sé metið upp á 8 þús. kr., reyndar til viðbótar þeim 22 þúsundum sem þegar er ákveðið að komi ekki til þeirra sem eru í hjúskap eða sambúð sem eru heimildargreiðslur og koma til þeirra sem búa einir.

En við höfum spurt: Af hverju ekki 40 þúsund? Af hverju ekki 45 þúsund? Af hverju 43 þúsund? Við fjárhæðinni fáum við engin svör en við fengum pólitískt svar frá tveimur þingmönnum. Við fengum pólitískt svar frá Þorgerði Gunnarsdóttur og við fengum pólitískt svar frá Ástu Möller.

En svo ég vitni í svar hv. þm. Ástu Möller segir hún:

„Það er því alveg ljóst, eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. í dag, að ef sú leið hefði verið farin, að miða við 51 þús. kr., þá hefði það verið viðurkenning á fullum rétti annarra til að fá bætur án tekjutengingar. Það er bara ekki í samræmi við hugmyndir okkar," sagði þingmaðurinn.

Það var eitt af því sem kom okkur svo á óvart eftir að starfshópurinn hafði verið einhverjar vikur að störfum hvernig stóð á því að starfshópnum og formanninum, sem forsrh. skipaði, var ekki falið að skoða hvaða áhrif þessi dómur hefði á stöðu annarra svo sem aldraða. Vegna hvers ákvað ríkisstjórnin að skoða það ekki hvort nú væri komið að því að meta hvernig ætti að standa að greiðslum til aldraðra? Við skulum ekki gleyma því að annars staðar erum við að tala um nöfn á bótum, hjá okkur, grunnlífeyri, tekjutryggingu og svo heimildarbæturnar, og hins vegar erum við að tala um fjárhæðir.

Ég hef rakið hvernig samtök aldraðra hafa reiknað út hve ríkissjóður hefur sparað stórfelldar fjárhæðir á því að aftengja bætur til aldraðra og öryrkja við launin. Þá hefur maður velt því fyrir sér í góðærinu: Af hverju valdi ríkisstjórnin ekki að skoða hvað þyrfti að gera gagnvart þeim hópum öðrum sem gætu verið í þessu dæmi? Þá liggur beinast við að gefa sér að það væri ekki stefna þessarar ríkisstjórnar. Hver er þá stefna ríkisstjórnarinnar? Er það vilji flokkanna sem standa að ríkisstjórninni eða er það eitthvað sem verður til hjá fámennum hópi sem myndar hið stjórnskipaða vald, ríkisstjórnina? Vildu flokkarnir þetta ekki?

Þá mundum við segja: Jú, Framsfl. hefur boðað það að vilja gera betur við þá sem eiga undir högg að sækja. Framsfl. vill fólk í fyrirrúmi. Heilbrrh. hefur talað um það sem réttlætismál að afnema tekjutengingu við laun maka á tekjutryggingunni og kynnti það á Alþingi sem fyrsta skrefið hjá sér.

En hvað með Sjálfstfl.? Vill Sjálfstfl. þetta ekki? Skoðum það. Að minnsta kosti flokkurinn. Við fáum glæsilegar myndir af því þegar Sjálfstfl. heldur flokksþing sitt og þar eru samþykktar ályktanir sem ég hef talið að væru til þess að móta stefnuna sem sá flokkur ætlar að hafa að leiðarljósi í störfum sínum í sveitarstjórnum og á þingi. Hvaða ályktun hafa þeir gert um málefni eldri borgara?

Látum okkur heyra. Árið 1999 var ár aldraðra samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna og málefni eldri borgara í brennidepli.

„Landsfundurinn felur Sjálfstæðisflokknum að taka frumkvæði í velferðarmálum aldraðra og fagnar yfirlýsingu ríkisstjórnar þess efnis að á þeim verði sérstaklega tekið á árinu." Ég vil biðja þingmenn að leggja eyrun sérstaklega við næstu setningu:

„Landsfundurinn samþykkir að afnema skuli tekjutengingu lífeyrisgreiðslna almannatrygginga til þeirra sem hafa náð 67 ára aldri. Í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar" — takið eftir þessu — „heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eigi sérhver einstaklingur rétt á tilteknum eftirlaunum á mánuði, sem ekki verði skert með neinum hætti. Eftirlaunin samsvari a.m.k. framangreindum greiðslum óskertum og taki árlega breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Eftirlaunin verði óháð hjúskaparstöðu."

Getur verið að einhverjir eftirlaunaþegar séu það sem þingmenn stjórnarliðsins hafa kallað í þessari umræðu „ríkir". Getur verið að einhverjir eftirlaunaþegar eigi bæði miklar eignir og eigi mikla lífeyrissjóði þannig að um sé að ræða fjárhæðir af svipuðum toga og hafa verið nefndar í umræð-

unni um „ríku öryrkjana“? Já, það getur verið. Samt sem áður samþykkir þessi flokkur og þetta flokksþing að eftirlaunin samsvari a.m.k. framangreindum greiðslum óskertum — þá er búið að taka heimildargreiðslurnar inn líka — og taki árlega breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Eftirlaunin verði óháð hjúskaparstöðu.

Þetta er glæsileg samþykkt. Að vísu stendur ekkert hér um öryrkja en ég geng alveg út frá því að þann dag sem Sjálfstfl. í ríkisstjórn hrindir þessari landsfundarsamþykkt í framkvæmd mundi hún jafnframt gilda um öryrkja. Ég get ekki séð að Sjálfstfl. kæmist fram hjá því. Að vísu er líka talað í stjórnarsáttmálanum um að skoða almannatryggingakerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að markmiði að umfang og kostnaður verði sem minnstur og áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Það átti líka að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins en við höfum ekki séð mikið af tillögum í fjölskyldumálum hjá ríkisstjórninni. Það er bara þál. en eftirfylgnin engin.

Herra forseti. Við erum í þessum greiðslum að tekjutengja í ríkum mæli við eigin tekjur í almannatryggingakerfinu. Heimildarbæturnar eru miðaðar við fjölskyldutekjur. Við notum skattkerfið, við notum vaxtabætur, við notum mjög margar leiðir við það að jafna kjör. Það sem við höfum verið að ræða er fyrst og fremst grunnframfærslan og af því að menn hafa sagt að hún sé nokkuð góð miðað við Norðurlönd ætla ég að taka einn samanburð, Danmörku.

Hjá okkur hefur það verið þannig að greiðslan er 18 þúsund, eftir það eru greiðslurnar tekjutengdar, í Danmörku 84 þúsund, eftir það eru greiðslurnar tekjutengdar. Þetta er kallað mismunandi nöfnum. Það sem stendur eftir eru fjárhæðirnar. 18 þúsund hér. Um leið og eitthvað kemur til viðbótar hefst tekjutenging. 84 þúsund í Danmörku áður en greiðslur verða tekjutengdar. Einstaklingur fær meira. Hann fær 95 þúsund áður en tekjutengingar byrja.

Þannig er þetta og mér dettur ekki í hug að nota einhver önnur orð um þetta. En hér hafa menn hamast við að vera með hálfsannleik. Það er alveg hægt að segja: Tekjutryggingar eru tekjutengdar við laun maka í Danmörku. En tekjutryggingin, ef menn segja að „pensionstillæg“ sé tekjutrygging, er allt aðrar krónur og leggst ofan á allt aðrar grunnfjárhæðir sem þar er ætlast til að menn hafi í grunnþarfir sínar.

Herra forseti. Að lokum þetta. Skilaboðin til öryrkjanna í þessari umræðu hafa verið: Kærið aftur til að láta meta lögin. Öldruðum mun sjálfsagt finnast full ástæða til að leita réttar síns á sama hátt. Ef til vill er það svo að við munum ekki vita fyrr en þetta mál og kannski fleiri hafa farið aftur fyrir Hæstarétt hvað Hæstiréttur var að meina en Hæstiréttur klofnaði um ágreining um hvort það mátti tekjutengja tekjutrygginguna við laun maka. Annars vegar var sagt: Það má ekki. Hins vegar var sagt: Það má. Enn kalla ég eftir einu og það er: Herra forseti. Hver getur þýtt fyrir mig þessa niðurstöðu minnihlutaálits Hæstaréttar þegar búið er að bera hana saman við dómsorðið í Hæstarétti. Þá hef ég lokið máli mínu, herra forseti.

[17:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að verða við þeirri beiðni hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að skýra fyrir henni hæstaréttardóminn. Ég reyndi þetta reyndar í gær og lagði í það nokkra vinnu og fékk engin viðbrögð við því. Það var samþykkt sem ég sagði þar og ekki dregið í efa.

Að sjálfsögðu er ágreiningur minni og meiri hluta fólginn í eftirfarandi: Meiri hlutinn telur óheimilt að ákveða lágmarksstuðning eins og það er gert með lögum og skerða síðan tekjutryggingu með tilliti til tekna maka. Minni hlutinn kemst að þeirri skýru niðurstöðu að löggjafinn hafi haft heimild til að meta lágmarkið eins og kveðið er á um í lögunum og sér ekki efni til að hagga því mati eins og stendur skýrt í niðurstöðu minni hlutans. Ef hv. þm. les með lestrarkunnáttu sinni, sem ég dreg ekki í efa, síðustu tvenn greinarskil niðurstöðu minni hlutans kemur þetta skýrt í ljós. Sjálfsagt er að vitna í þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki eru efni til, að dómstólar haggi því mati,“ segir minni hlutinn. Hann endurtekur þetta hér: „Á hinn bóginn hafi aðaláfrýjandi mátt skerða tekjutrygginguna frá 1. janúar 1999, eftir að heimild til þess hafði verið leidd í almannatryggingalög með lögum nr. 149/1998.“

Þarna stendur mjög skýrt að dómurinn sér ekki efni til þess að hagga þessu mati.

[17:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í neina orðræðu við þingmanninn um skilning hans á þessu máli. Þessi skilningur liggur fyrir, spurning mín og skilningur hans.

En ég vek athygli á því að hvorugur aðili, meiri hluti Hæstaréttar eða minni hluti er að fjalla um fjárhæðir. Þeir eru að fjalla um að skerða eða skerða ekki.

[17:13]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hvorugur aðilinn nefnir í sinni dómsniðurstöðu fjárhæðir. En það hefur engin efnisleg áhrif á það álitamál sem hv. þm. bað okkur um að leysa úr áðan, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hann virðist ekki skilja hvaða ástæða er fyrir því að minni hlutinn hafi lagt fram sitt álit, hann virðist ekki botna í því. En ástæðan fyrir því er mjög skýr og glögg og verður lesin beinlínis út úr niðurstöðu dómsins ef hv. þm. vill hafa fyrir því að gera það.

[17:13]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi orðað það svo að ég væri ágætlega læs. Ég get hins vegar vel verið torskilin. En ég hef lesið upphátt niðurstöðu minni hlutans og dómsorðið annars vegar og það er ágreiningur. Annar aðilinn segir: Það má skerða. Hinn aðilinn segir: Það á ekki að skerða.

[17:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur talað mikið og ég hef heyrt á þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hún er formaður fyrir að þeir telji tvímælalaust að stjórnin og stjórnarþingmenn séu jafnvel að brjóta stjórnarskrána og mannréttindi á öryrkjum með því að samþykkja þetta frv.

Nokkuð ítarlega hefur verið farið yfir það í dag af hálfu meiri hlutans hvernig þeir rökstyðja að ekki sé verið að brjóta mannréttindi eða stjórnarskrá með því frv. sem hér er lagt fram. En ég hef saknað þess að í sjálfu sér hefur ekkert komið frá stjórnarandstöðunni sem hægt sé að segja að styrki niðurstöðu hennar þannig að þetta eru einvörðungu bollaleggingar hennar sjálfrar um hvað hún vill fá út úr þessu. Ekkert heilt er á bak við þessa niðurstöðu annað en bollaleggingar. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort hv. þm., sem er formaður þingflokks Samfylkingarinnar, viti betur

og geti bent mér á hvar hægt sé að styrkja þessa niðurstöðu minni hlutans svo að við getum unnið þá út frá því. Hvar geta minni hlutinn og Samfylkingin fundið það út að verið sé að brjóta stjórnarskrána með framlagningu þessa frv.?

[17:16]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar dómur Hæstaréttar er lesinn allur er verið að færa fyrir því í fororði rök að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu sem hann kemst að. Þar er vísað í ákvæði stjórnarskrár. Þar er talað um mannréttindi. Það er talað um lágmarksréttindi og þar er vísað í mannréttindasáttmála. Ég bendi hv. þm. á að skoða þennan dóm vel. Hv. þm. er að verja mjög erfiða stöðu. Ég hef spurt: Hvers vegna leggja menn svona gífurlega mikið á sig til að komast hjá því að borga 8 þús. kr.? Ég hef verið að reyna að leiða rök að því hvers vegna menn geri það þrátt fyrir landsfundarsamþykktir sínar. Við höfum ákveðna skoðun á málinu. Við teljum að þegar Hæstiréttur hefur talað eigi að fara að niðurstöðu hans. Og hann hefur talað þegar meiri hlutinn hefur komist að ákveðinni niðurstöðu. Við höfum þar að auki ákveðna pólitíska skoðun á málinu sem slíku og hún hefur legið lengi fyrir vegna þess að við höfum aftur og aftur verið að flytja þingmál sem fjalla nákvæmlega um það sem hér er til umræðu þessa daga sem við höfum verið kölluð saman til að setja þessi lög.

[17:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði að hv. þm. hefur ekkert á bak við þessa skoðun sína annað en bollaleggingar. Það er ekkert á bak við það að verið sé að brjóta stjórnarskrána eða mannréttindi á fólki. Það er nefnilega staðreynd sem hefur ítrekað komið fram og ég hef verið að reyna að benda á og kemur fram í meirihlutaáliti að Sigurður Líndal prófessor, Eiríkur Tómasson prófessor, Skúli Magnússon lektor, Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir sem komu öll á fund heilbr.- og trn. sögðu að ekkert af því sem kæmi fram í þessu frv. bryti stjórnarskrá eða mannréttindi. Það hefur mér fundist mjög brýnt að komi fram vegna þess að það hefur verið einn helsti þátturinn í málflutningi stjórnarandstöðunnar að verið væri að brjóta mannréttindi og stjórnarskrána. Ekkert bendir til þess. Þar að auki eru í almannatryggingalögum í öllum vestrænum löndum svipuð ákvæði um að heimilt sé að tekjutengja tekjutryggingar með þeim hætti sem gert er hér.

[17:19]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert frekar út í deilurnar um tekjutengingu við laun maka. Aðeins varðandi það að hv. þm. hefur nefnt nöfn nokkurra lögspekinga sem hafa tjáð sig um dóminn og mannréttindi. Eins og ég skildi þetta var það þannig að miðað við skilning ríkisstjórnarinnar bryti þetta ekki í bága við stjórnarskrána. Aðrir komu líka á fund nefndarinnar og margir hafa tjáð sig um málið, löglærðir og ýmsir einstaklingar. Það er alveg ljóst að við vorum að setja í stjórnarskrá mannréttindaákvæði og jafnréttisákvæði og við vorum mjög stolt af því þegar við gerðum það. En þann dag sem hæstaréttardómur fellur um að brotið sé í bága við þessi ákvæði vill enginn við mannréttindin kannast eins og við fengum að heyra fyrr í dag.

[17:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það komi fram að ég fór ekki alveg með rétt mál áðan þegar mig minnti að við atkvæðagreiðslu 19. des. 1997 hefði stjórnarandstaðan greitt með okkur atkvæði. Hið rétta er að hún sat hjá. En í atkvæðaskýringum sem hv. þm. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon gáfu kemur mjög skýrt fram að þeir telja þessa breytingu mjög til bóta, mjög til bóta. Það er líka hægt að sjá það á öllum gögnum þessa máls svo og þingtíðindum að það fór ekkert á milli mála í þessari umræðu um hvað væri verið að tala. Það er verið að tala um launaþróun. Hv. þm. Ágúst Einarsson kom með tillögur um að binda þetta beint við vísitölu launanna. Við vorum alfarið á móti því. Við vildum binda þetta við launaþróun, enda væri aðalmálið og aðalbreytingin fólgin í því að verja þessi laun, þ.e. lífeyrisgreiðslur ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, ef það harðnaði á dalnum eða ef kaupmáttur launa á Íslandi minnkaði. Þannig fór þetta fram þannig að ekkert fer á milli mála. Stjórnarandstaðan sat hjá. En þeir sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu lýstu því yfir að þetta væri mjög til bóta.

[17:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki gert nokkra tilraun til þess að hafna því að stjórnarandstaðan sat hjá (Gripið fram í.) en í ræðu hv. þm. í dag var hann með þannig söguskoðun að það hefði mátt taka það sem svo að stjórnarandstaðan hefði verið mjög sátt og fylgjandi þessari breytingu. Það sem ég gerði, herra forseti, var að færa fyrir því mjög góð rök að stjórnarandstaðan var óróleg. Hún var kvíðin fyrir því hvað þetta gæti þýtt, þ.e. að viðmiðun við neysluvísitölu gæti tryggt að ekki yrði of mikil niðursveifla á þessum kjörum en að ástæða væri til að óttast að tengingin upp á við þegar betur áraði yrði ekki eins og menn vildu. Fyrir þessu færði ég rök. Svo var hitt að menn freistuðust til að treysta forsrh. og orðum hans vegna þess að hann gaf ákveðin fyrirheit sem ég vísaði til í ræðu minni.

Af því hv. þm. nefndi hinn ágæta þingmann Ágúst Einarsson, þá sagði hann svo í sinni atkvæðaskýringu:

„Í minnihlutaáliti okkar bendum við á að við lítum svo á að orðalagið „að miða við launaþróun“ beri að skilja að taki við af launavísitölu. Við bendum hins vegar mjög skýrt á það að hér er ríkisstjórnin að snúa algerlega við blaðinu. Hún afnam tenginguna fyrir tveimur árum, hún var knúin til uppgjafar og það er verið að knýja hana til uppgjafar með afgreiðslunni í dag og tengja aftur bætur úr almannatryggingakerfinu við eðlilega þróun og láta ekki eldri borgara vera háðir geðþóttaákvörðun ríkisvalds hverju sinni.“

En hann hafði rangt fyrir sér. Það var ekki verið að snúa af þeirri braut vegna þess að ríkisstjórnin hefur haldið áfram uppteknum hætti og ekki látið þessar bætur þeirra sem minnst hafa í þessu landi fylgja launavísitölu.

[17:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg skýrt í þingtíðindunum. Það er alveg skýrt. Það er alveg skýrt og kemur fram í atkvæðaskýringum, bæði Svavars Gestssonar og Steingríms J. Sigfússonar, að við erum og vorum þar að samþykkja lög þar sem menn skyldu fara eftir almennri launaþróun í landinu. Síðan geta menn deilt um, herra forseti, hver sé hin almenna launaþróun. Þegar við vorum að fjalla um fjárlögin í haust

vorum við með meiningar um að það þyrfti að hækka þessar bætur a.m.k. 1% hærra en almennu launin, um 4% en ekki 3, vegna þess að við töldum að taxtatilfærslan væri a.m.k. í kringum 1% eða svo. Menn geta alltaf deilt um þetta, kannski upp á 0,5% eða 1% frá einu missiri til annars, en viðleitnin hefur alla tíð, þessi þrjú ár, verið að fylgja launaþróuninni. Svo er í dag.

[17:24]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki meira en eina mínútu vegna þess að það hefur komið fram í orðum mínum að hægt er að deila um hvort kjörin fylgi launaþróun. Ég var að lýsa því að samtök aldraðra hefðu reiknað það út að ef greiðslurnar hefðu fylgt hlutfalli af launum verkafólks frá 1991, og árið 1991 væri ekki góðæri í þessu landi, og ef þannig hefði verið núna árið 1999 og 2000 hefði það kostað ríkissjóð þremur og hálfum milljarði á ári meira en það gerir. Já, það er hægt að deila um hvort kjör fylgi launaþróun.

[17:25]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 411. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 666.

Hjúskaparlög, 410. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 665.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, 412. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 667.

[17:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mörg stór og þung orð hafa verið látin falla í þessari umræðu. Sumt sem sagt hefur verið er réttmætt, annað ekki. En eðli máls samkvæmt er þetta tilfinningaþrungin umræða. Og hvers vegna segi ég eðli máls samkvæmt? Jú, í fyrsta lagi erum við að fjalla um kjör öryrkja, þess hóps í þjóðfélaginu sem almennt býr við bágust kjörin. Hin ástæðan er sú að kjör öryrkja eru á ábyrgð Alþingis. Þau eru á ábyrgð okkar sem hér erum. Þess vegna skynjum við það öll að miklu máli skiptir hvernig á er haldið. Ég held að það sé almenn skoðun á Íslandi að við höfum ekki búið öryrkjum réttlát skipti. Enda kom það fram í skoðanakönnun sem gerð var fyrir fáeinum dögum að yfir 80% þjóðarinnar eru andvíg aðgerðum ríkisstjórnarinnar, eru andvíg þeim skerðingum sem ríkisstjórnin í krafti meiri hluta á Alþingi er staðráðin í að beita í þessu máli.

Þessi umræða er ekki ný af nálinni. Við fjárlagaumræðuna fyrir fáeinum vikum bar kjaramál öryrkja á góma og við fluttum um þau tillögu. Ég held að allflestir flokkar stjórnarandstöðunnar hafi flutt slíkar tillögur, allir flokkar. Þær náðu ekki fram að ganga. Ég man eftir því að ég stóð í ræðustól og spurði hvaða mál það væri öðrum fremur sem við litum á sem algert forgangsmál. Það forgangsmál sem ég vildi nefna var að afnema tengingu örorkubóta við tekjur maka örorkuþegans. Þetta töldum við vera forgangsmál. Við lögðum fram tillögu um þetta efni og hún var felld.

Menn hafa fylgst með þróun kjara öryrkja á undanförnum árum og haft nokkrar og reyndar miklar áhyggjur þegar þeir hafa gert sér grein fyrir því hver þróunin hefur verið. Ef litið er á árabilið 1993–1999 hefur verið helmings munur á kjaraþróun þeirra sem njóta bóta úr almannatryggingakerfinu. Þá er ég að horfa til grunntryggingarinnar, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar. Það er helmingsmunur á kjaraþróun þessa hóps og láglaunafólks hins vegar, helmings munur. Annars vegar er um að ræða 52% hækkun lágmarkslauna á þessu tímabili og hins vegar er um að ræða 30% hækkun á þeim upphæðum sem ég nefndi, þeim greiðslum sem ég nefndi, þ.e. grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót, auk eingreiðslna. En þá er einnig á það að líta að inn í þessar greiðslur hafa ýmis fríðindi verið tekin, útvarp, sjónvarp, sími og þar fram eftir götunum, en slíkar greiðslur, slíkur stuðningur hefur verið felldur niður á þessu tímabili. Það lætur því nærri að helmingsmunur sé á kjaraþróun þessara hópa. Enda kemur það fram að þegar farið er að skoða hlutfall grunnlífeyris og tekjutryggingu af dagvinnulaunum verkamanna þá var þetta hlutfall 51,7% árið 1991, en árið 2000 var þetta hlutfall komið niður í 43,6%.

Hvernig gerðist þetta? Flestir þekkja þá sögu þrátt fyrir þá undarlegu umræðu sem fór fram fyrr í dag fyrir forgöngu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Það sem gerðist árið 1995 var að tengingin sem verið hafði á milli bóta í almannatryggingakerfinu við lægstu laun var rofin. Þessi tenging var rofin og menn voru algjörlega í lausu lofti um nokkurt skeið, í tvö ár.

Þessu var harðlega mótmælt hér á þinginu, ekki síst í ljósi þess að fyrir dyrum stóð að stórhækka lægstu launataxta. Það var vitað að ef þessi tenging yrði rofin og tekið mið af öðrum meðaltölum, öðrum stærðum, mundu öryrkjar og aldraðir bera skarðan hlut frá borði. Þess vegna var þessu mótmælt.

Tveimur árum síðar eru ný ákvæði fest í lög. Í 65. gr. almannatryggingalaga og í greininni segir um bætur almannatrygginga, með leyfi forseta:

„Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Miðað við þær aðstæður sem þarna voru uppi, að engin tenging var fyrir hendi, þá töldu mörg okkar þetta ákvæði til bóta. Enda þótt við hefðum viljað hafa bindinguna við lægstu laun, í ljósi þess að fyrir dyrum stóð að hækka þau stórlega umfram meðaltal, var þarna þó komin nokkur trygging, viðmiðið skyldi vera almenn launaþróun, sem flestir skilja sem launavísitölu eða þróun neysluverðs, þ.e. neysluvísitölu. Við töldum að þarna væri komin ákveðin trygging ef samdráttur yrði í launum, kjararýrnun og verðlag þróaðist hraðar en launin þá væri þarna ákveðið öryggisnet. Mörg okkar töldu þetta til góðs þrátt fyrir, og á það legg ég áherslu, að við vildum hafa aðra tengingu.

En hvað gerist svo? Ekki einu sinni þessi lög gat ríkisstjórnin staðið við, ekki einu sinni þessi lög. Hún braut líka þessi lög.

Ég lagðist yfir það í mars sl. að kanna þetta sérstaklega. Ég kannaði hækkun bóta með eingreiðslum í almannatryggingakerfinu, hver þróunin hefði verið á árinu 1999. Ég rifja það upp nú vegna þess að hér var fullyrt áðan að við þessi lög hefði verið staðið í einu og öllu. Á árinu 1999 kannaði ég hver þróun hefði orðið í hækkun bóta með eingreiðslum. Reyndar skiptir mjög miklu máli hvaða reiknireglur eru notaðar. Það koma út mismunandi stærðir eftir þeim reiknireglum sem eru notaðar. Ég prófaði af þeim sökum þrjár aðferðir. Skoðaði ársmeðaltalið 1999, kannaði hækkun frá janúar 1999 til janúar árið 2000 og í þriðja lagi hækkun frá desember 1998 til desember 1999. Þetta eru mismunandi aðferðir sem iðulega er beitt. Síðan kannaði ég vísitölu neysluverðs. Ég skoðaði ársmeðaltalið, skoðaði hækkun frá janúar 1999 til janúar

2000 og ég skoðaði hækkun frá desember 1998 til desember 1999. Síðan skoðaði ég launin. Ég skoðaði ársmeðaltalið 1999, hækkun frá janúar 1999 til janúar árið 2000 og hækkun frá desember 1998 til desember 1999.

Í öllum tilvikum, hvernig sem dæmið er reiknað, var ekki staðið við lögin. Í öllum tilvikum var hækkunin á bótum í almannatryggingakerfinu minni en annaðhvort neysluvísitalan eða launaþróunin. Ekki einu sinni þetta gátu þeir staðið við. Þeir þóttust vera að búa til öryggisnet fyrir örorkuþega og aldraða en einnig það var rifið. Það var ekki farið að þeim lögum sem menn hafa montað sig af hér í dag. Þetta er staðreynd. Ég óska eftir því ef þetta er vefengt að menn geri það. Þetta hefur legið fyrir í langan tíma.

Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, í ljósi þeirra fullyrðinga að öryrkjar hafi aldrei haft það betra á Íslandi og hagur þeirra hefði aldrei verið betri, frá landnámi held ég það hafi verið, hvort ekki væri rétt að skoða hlutskipti þessa hóps eins og annarra Íslendinga, með tilliti til þess hvernig við deilum þjóðarauði okkar. Við erum meðal ríkustu þjóða heimsins og við hljótum að skoða þessa spurningu í ljósi þess hvernig við förum með þennan auð, hvernig við skiptum honum og hver hlutdeild öryrkja hefur verið í þeim þjóðarauði, í sameiginlegum verðmætum okkar.

Ég fór yfir það áðan hver sú þróun hefur verið. Hún hefur því miður verið afar slæm fyrir þessa hópa. Kjör þeirra hafa þróast verr en hjá öðrum hópum í þessu landi. Ég ætla ekki að fara út í umræður um sjúkrakostnað, lyfin, símann og annan stuðning sem hefur verið tekinn af öryrkjum og öldruðum. Það þekkja menn. Það þýðir ekkert að koma með blekkingar eins og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa reynt að beita í þessu máli.

Þetta er annað atriðið sem veldur því að þessi umræða hefur verið tilfinningaþrungin. Menn þekkja þessa þróun og menn gera sér grein fyrir því að þetta er á okkar ábyrgð, okkar hér á Alþingi. Reyndar ætla ég í fullri hógværð að vísa ábyrgðinni á ríkisstjórnina og þann meiri hluta sem hún styðst við. Við í stjórnarandsstöðunni höfum ítrekað lagt fram tillögur um að breyta þessu.

Þegar þeir leyfa sér að koma hingað í pontu, í ræðustól á Alþingi og segja að þeir vilji forgangsraða í þágu þeirra sem lakast standa í þjóðfélaginu þá veit ég ekki hvaða orð á að nota til að lýsa því, bíræfni sennilega. Hafa menn þá gleymt umræðum frá því fyrir fáeinum vikum um skattleysismörk? Hafa menn gleymt þeim, þegar skattar voru hækkaðir án þess að persónuafslátturinn fylgdi með þeim afleiðingum að skattleysismörkin munu lækka sem bitnar fyrst og fremst á þeim sem hafa minnstar tekjur? Eru menn búnir að gleyma þessu? Hafa menn gleymt því að ríkisstjórnin sem hér situr og styðst við meiri hluta á þingi valdi það sem sérstakt forgangsverkefni að lækka skatta á stærstu bíla um hálfa milljón á bíl? Eru menn búnir að gleyma þessu? Þetta er sama ríkisstjórnin og er að þrátta hér um 7.500 kr. sem hún vill hafa af öryrkjum. Þetta eru sömu aðilar.

Hafa menn gleymt átökum sem hér urðu fyrir fáeinum vikum um söluhagnað af hlutabréfum þar sem fram kom í upplýsingum frá skattstjóra að 636 einstaklingar hefðu á tveimur árum komist hjá því að greiða skatta af um 20 milljörðum kr. og að öllum líkindum hefðu þeir skotið þessum upphæðum til útlanda? Hér voru samþykkt lög á Alþingi þar sem skattar af slíku fé eru lækkaðir, færðir niður úr tekjuskattsprósentu og niður í 10%. Hafa menn gleymt þessu? Ég auglýsi eftir því að fulltrúar stjórnarmeirihlutans komi aftur upp og tali um forgang ríkisstjórnarinnar og þess meiri hluta sem hún styður sig við á Alþingi. Ég auglýsi eftir þeirri umræðu.

Þetta eru sömu öflin, sama ríkisstjórnin og sami meiri hlutinn og núna leitar allra leiða til að hafa 7.500 kr. af öryrkjum. Ekki nóg með það, hún ætlar að beita fyrningarákvæðum í lögum til að komast hjá því að greiða öryrkjum það sem þeim sannanlega ber. Þetta er náttúrlega slíkt hneyksli og málatilbúnaðurinn þvílíkur að það er ekki að undra að mönnum verði heitt í hamsi.

Enn er á það að líta að við erum þrátt fyrir allt að fjalla um niðurstöðu Hæstaréttar Íslands. Við erum að fjalla um stjórnarskrá lýðveldisins vegna þess að dómsorðið byggir á stjórnarskránni, það byggir á tilvísun í stjórnarskrána, dómurinn gerir það. Sú niðurstaða sem Hæstiréttur kemst að byggir á ákvæðum í stjórnarskrá Íslands sem eiga að verja einstaklingsbundin lágmarksmannréttindi. Þar er líka vísað í mannréttindasáttmála sem Íslendingar eiga aðild að.

Í mínum huga er þetta mál mjög skýrt. Það er einfalt og skýrt. Dómsorðið er tíu línur á blaði, svar við skýrum spurningum sem Öryrkjabandalagið beindi til dómstóla til að fá úr því skorið hvort heimilt væri með tilvísun til tiltekinna lagagreina að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka. Svarið var skýrt: Nei, það er ekki heimilt. Það er ekki heimilt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var það ekki heimilt vegna þess að lagastoð skorti fyrir reglugerð sem kvað á um skerðingu á árabilinu 1994 til ársloka 1998. Það skorti þessa lagastoð. Síðan var skerðingin óheimil vegna þess að eftir breytingu sem við gerðum á stjórnskrá lýðveldisins árið 1995 voru sett inn ákvæði sem tryggja þessi lágmarksréttindi öryrkjans. Þess vegna horfa menn aftur til þess tíma og því er út í hött þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur til að endurgreiðslurnar nái aftur til, ég man ekki hvað, 17. aldar eða eitthvað — alla vega mjög langt aftur í tímann. Þetta er alveg skýrt. Við erum að fjalla um skýra dómsniðurstöðu.

Ég sagði áðan að þung orð hefðu fallið í þessari umræðu. Þar hefði margt verið réttmætt og annað ekki. Menn sögðu t.d. að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn væru að brjóta gegn stjórnarskrá landsins, fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar Íslands og einhverjir munu hafa bætt í og sagt að þetta væri gert vísvitandi. Ég held að sá sem hér stendur hafi jafnvel einhvern tíma látið þau orð falla, gott ef ekki var í frammíkalli. Þetta er ómaklegt og ég skal alveg viðurkenna að þessi orð vildi ég ekki sagt hafa. Ég ber þó það mikla virðingu fyrir sjálfum mér að mér finnst ástæða til að það komi fram. Það er engu að síður mat mitt og skoðun mín að hér sé farið gegn stjórnarskrá Íslands og ekki sé farið að niðurstöðu Hæstaréttar landsins. Mér finnst það mjög alvarlegt ef við virðum ekki þessar grundvallarstofnanir Íslands. Mér finnst vegið að rótum réttarríkis þegar slíkt gerist.

Fyrst eftir að niðurstöður dómsins lágu fyrir virtist enginn maður eða fáir menn velkjast í minnsta vafa um hvað hann þýddi. Í leiðara Morgunblaðsins 21. des. segir m.a., með leyfi forseta:

„Í dómi sínum í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins vísar Hæstiréttur til þess, að heimild hafi skort í almannatryggingalögum frá 1993 til að skerða tilkall bótaþega til fullrar tekjutryggingar með setningu reglugerðar. Gera verði þá kröfu til löggjafans, að lög geymi skýr og ótvíræð ákvæði um skerðingu greiðslna úr sjóðum almannatrygginga, sem ákveða megi með reglugerðum. Þar sem lagastoð hafi skort fyrir reglugerðinni er skerðing ár-

in 1994–1998 óheimil. Lögum um almannatryggingar var breytt frá 1. jan. 1999 til að nægileg lagastoð væri fyrir setningu reglugerða um skerðingu bóta, en Hæstiréttur telur þau stangast á við þau lágmarksréttindi, sem felist í 76. grein stjórnarskrárinnar, og þar með að notið verði mannréttinda, sem 65. grein stjórnarskrárinnar kveður á um. Í þessum efnum vísar Hæstiréttur m.a. til mannréttindasáttmála, sem ríkið hafi staðfest."

Þetta er úr leiðara Morgunblaðsins 21. des. sl.

Forstjóri Tryggingastofnunar óskaði Öryrkjabandalaginu til hamingju og hafist var handa um að undirbúa að greitt yrði út í samræmi við niðurstöðu dómsins.

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., sem var síðar skipaður í nefnd til að vinna að þessu máli fyrir hönd ríkisstjórnarinnar virtist heldur ekki vekjast í vafa um biðurstöðu dómsins því að þegar hann mætti Ragnari Aðalsteinssyni í sjónvarpsþætti sagðist hann vilja byrja á því, með leyfi forseta, „að óska starfsbróður mínum til hamingju með þennan dóm því að óneitanlega var þetta mikill sigur fyrir hann og sjónarmið sem hann hefur fært fram. Ég er að vísu alveg ósammála dómsniðurstöðunni lögfræðilega, en ég óska honum til hamingju. Þetta var mikill sigur."

Mikill sigur? Hann var ósammála niðurstöðunni. Hann var ósammála niðurstöðu dómsins. Þetta var mikill sigur fyrir málstað öryrkja.

Hvað hefur gerst síðan? Það kemur hik á Tryggingastofnun. Það fara að birtast annars konar áherslur í Morgunblaðinu og víðar og Jón Steinar Gunnlaugsson fer að starfa í anda erindisbréfs sem hann fékk frá ríkisstjórninni. En hvað skyldi þeim hafa verið falið að gera sem skipaðir voru í þá nefnd?

Jú, það segir í upphafsorðum skýrslu sem þeir sendu frá sér eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þann 22. des. sl. ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að greina með sem nákvæmustum hætti hvaða leiðir séu færar til að bregðast við dómi Hæstaréttar frá 19. des. 2000 í málinu 125/2000, Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök."

Hvaða leiðir séu færar til að bregðast gegn dómnum.

Nú hefði einhver haldið að menn leituðu þá þeirra leiða sem væru líklegastar til að gagnast öryrkjum. Nei, menn tóku að leita leiða til að hafa af öryrkjum bæturnar og hvernig hægt væri að beita fyrningarákvæðum í lögum til að þeim yrði ekki greitt aftur í tímann. Þá er gott að hafa í huga að langt er síðan öryrkjar hófu baráttu sína gagnvart Alþingi, stjórnmálaflokkum, í almennri þjóðfélagsumræðu og þegar það gagnaðist ekki, þá fyrir dómstólum. Þeir fá niðurstöðu í undirrétti. Ríkið er ekki sátt við hana og dregur lappirnar og síðan er málinu vísað áfram í Hæstarétt. Þaðan kemur aftur afdráttarlaus niðurstaða. Það er ríkið sem er búið að draga lappirnar. En nú á að nota þann drátt sem varð á málinu til að beita fyrningarákvæðum í lögum. Er að undra að menn hafi stór orð um slík vinnubrögð, er það að undra? Mér finnst það ekki.

Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hvernig stendur á því að Tryggingastofnun er látin komast upp með að fremja það sem ég tel vera ótvírætt lagabrot með því að greiða ekki samkvæmt hæstaréttardómi um síðustu áramót? Svar ríkisstjórnarinnar hefur verið þetta: Það skortir lagaheimild. Til hvers? Til að greiða samkvæmt dómnum? Nei. Það skortir lagaheimild til að skerða dóminn með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar að gera, ekki til að greiða samkvæmt þeim dómi sem var kveðinn upp.

Ég spyr hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem hristir höfuðið mjög kröftuglega og er væntanlega að gefa í skyn að það hafi skort lagaheimild til að greiða samkvæmt dómnum, hvort lagaheimild sé til að beita skerðingu sem Hæstiréttur Íslands hefur úrskurðað ólögmæta. Fróðlegt væri að fá lærðan fyrirlestur um það. (**KHG:** Þú ert búinn að fá hann.) Er ég búinn að fá hann?

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann og fleiri hafa verið mjög duglegir að reyna að drepa þessu máli á dreif með ýmsum hætti. Þess vegna hef ég svolítið furðað mig á því hver sé skýringin á þessu og hver sé skýringin á því að menn gangi svona langt í því að hafa þessar réttarbætur af öryrkjum því skýringin getur ekki verið af efnahagslegum toga, ekki peningalegs eðlis. Við erum að tala um mjög smáar upphæðir í reynd, við erum að tala um skerðingu sem nemur 7.566 kr. og gæti gagnast um 700 manns. Ef við reiknum skatta á þessa upphæð heldur einstaklingurinn 4.633 kr. eftir sem samkvæmt mínum útreikningum gerir 3,2 milljónir á mánuði eða 38,4 milljónir á ári. Þetta eru upphæðirnar sem um er að tefla.

Reyndar er mjög margt sem hefur verið sagt misvísandi um þessi mál, ekki bara í þessum sal heldur líka í umræðu almennt í þjóðfélaginu. Það var sagt t.d. í einum ljósvakamiðli fyrir fáeinum dögum að þessi dómur snerti 700 öryrkja og greiðslur til þeirra yrðu samtals 1,4 milljarðar kr. Menn reiknuðu þá þannig út og það er verið að gefa í skyn að þetta væru upphæðirnar sem væri nú um að tefla, að þetta væri fundið þannig út að þá væri um að ræða 350 milljónir á ári, 500 þúsund á mann, 41.667 kr. á mánuði. En inni í þessum tölum eru allar þær greiðslur sem eru fyrir hendi þannig að þetta er afar misvísandi.

Mörgum brá í brún þegar þeir sáu flennifyrirsagnir í blöðum fyrir fáeinum dögum um heimilistekjur upp á 338 þús. kr. hjá þeim öryrkjum sem væru að að hafa hagsbætur af þessum dómi og reyndar kom ágæt frétt í Morgunblaðinu laugardaginn 13. janúar þar sem talað er um að fjölskyldutekjur öryrkja væru 220 þúsund og alls kyns líkar fyrirsagnir hafa verið uppi. Ég vek máls á þessu til að leggja áherslu á hve auðvelt er að koma með misvísandi upplýsingar. Auðvitað má segja að þetta komi ekkert málinu við, við erum að fjalla um hæstaréttarúrskurð og dóm sem ber að framfylgja, en mig langar samt til að nefna þetta. Það skiptir nefnilega máli hvernig fréttir eru framreiddar.

Í Morgunblaðsfréttinni þar sem talað er um heimilistekjur að meðaltali 338 þús. kr. á mánuði og er þar verið að vísa til þeirra sem hefðu hagsbætur af dómnum kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Mikill meiri hluti öryrkjanna er með litlar sem engar tekjur aðrar en bótagreiðslur Tryggingastofnunar. Yfir 98% alls hópsins hafa minna en 50 þúsund krónur í eigin tekjur á mánuði eða fá eingöngu greiðslur frá Tryggingastofnun."

Síðan kemur í ljós í þessum sundurliðunum að yfirgnæfandi meiri hluti þessa fólks er láglaunafólk, lágtekjufólk og lágtekjufjölskyldur enda kom fram í úttekt sem birt var á Alþingi fyrir tveimur, þremur árum í skýrslu sem hæstv. forsrh. kynnti þinginu að meðaltekjur maka öryrkja eru 132 þús. kr. á mánuði. Það skiptir því mjög miklu máli hvernig þessar stærðir eru framreiddar.

Á blaðamannafundi sem hæstv. forsrh. boðaði til fyrir nokkru kom fram yfirlýsing sem var síðan birt í leiðara Morgunblaðsins og er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þessi dómur snýr bara að þeim öryrkjum sem búa við hæstar heimilistekjur. Það eru bara þeir öryrkjar þar sem heimilistekjur eru á bilinu 200–300 þúsund kr. á mánuði, sem hafa hagsbót af þessum dómi, aðrir ekki. Það var hvorki stefnt né kveðinn upp dómur í þeim tilgangi að hækka þá sem minna höfðu, heldur eru það eingöngu þeir öryrkjar sem hafa hæstar heimilistekjur, sem fá bætur samkvæmt þessum dómi.“ — Sem fá bætur samkvæmt þessum dómi. Sem fá bætur samkvæmt úrskurði háyfirdóms hæstv. forsrh. Það er mikill munur á þessu vegna þess að samkvæmt dóminum fá allir þeir bætur sem eru með samanlagðar fjölskyldutekjur yfir 185 þús. kr. Ef tekjutryggingin stendur óhögguð fá þar allir bætur vegna þess að byrjað er að skerða tekjutryggingarnar þegar maki öryrkjans er með meira en 134.220 kr. Ef við síðan reiknum hámarkið sem öryrkinn getur fengið, þá er þar um að ræða 18.424 + 34.566, þ.e. óskert tekjutrygging, en samanlagt er þetta 185.370 kr. Þegar fjölskyldan er komin með þetta hefði hún haft hagsbætur af úrskurði Hæstaréttar. Þetta er staðreyndin. Það er af þessu fólki sem ríkisstjórnin sem styðst við meiri hluta sinn á Alþingi ætlar að hafa 7.500 kr. Það er gegn þessu fólki sem þessu er stefnt.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið mjög duglegur að tala um hátekjufólkið, og allt lágtekjufólkið og meðaltekjufólkið í ASÍ og BSRB sem þurfi að niðurgreiða til hinna, borga skatta. Hann hefur verið iðinn við að segja þetta. Ég fullyrði hins vegar og vona að hv. þm. Pétur H. Blöndal taki eftir að við erum að tala um þann hóp í samfélagi okkar sem býr við lægstar tekjur, að hámarki 51 þús. kr. Ég er að sjálfsögðu fyrir löngu farinn að skilja hvað býr að baki málflutningi ríkisstjórnarinnar og fylgismanna hennar hér á Alþingi. Hún þykist af prinsippástæðum vera að verja tekjutengingarkerfið í velferðar- og skattakerfi landsmanna. Hún segir: *Það er svo mikið í húfi af því að við erum svo miklir jafnaðarmenn og við verðum að verja þetta kerfi.* Þess vegna verðum við að búa til mun á því sem einstæðingurinn fær annars vegar og sá sem er í hjónabandi hins vegar og tengja við tekjur makans. Við erum að verja þetta velferðarkerfi, *millifærslukerfi, segja þeir. Þetta er hugsunin. Þetta er* rökstuðningurinn. Síðan segja menn að 43 þús. kr. sé eins góð upphæð og hver önnur. Þeir bara ákváðu að setja hana fram. Þetta er hugsunin.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa þessari hugsun á bug. Einfaldlega vegna þess að við erum ekki að verja neitt kerfi með þessu móti. Það er enginn sem segir að við getum ekki eftir sem áður beitt millifærslu í skattakerfi eða innan velferðarþjónustunnar. Við teljum að líta eigi á öryrkja, þá einstaklinga sem af einhverjum sökum hafa tapað starfsorku sinni, sem einstaklinga sem eigi rétt sem slíkir á sama hátt og við skilgreinum þá sem tapað hafa vinnunni sem einstaklinga og greiðum þeim atvinnuleysisbætur — allt of lágar að vísu, 67 þús. kr. á mánuði. Hins vegar spyr enginn hvað maki þeirra hafi í tekjur. Þetta er þeirra (**PHB:** Þetta er iðgjald.) réttur. Enda iðgjald, það er bókfærsla. Það er allt á einhverjum bókfærslugrundvelli. Við erum að tala um mannréttindi. Við erum að tala um mannréttindasáttmála Evrópu. Við erum að tala um stjórnarskrá Íslands. Við erum að tala um að tryggja einstaklingnum grunnréttindi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal ætlar hins vegar að hafa peningana af fólkinu á einhverjum bókhaldsforsendum.

Ömurlegast finnst mér ef meiri hlutinn hér á Alþingi, einstakir þingmenn, ætlar að axla ábyrgð á því að dæma fólk til varanlegrar fátæktar því það er það sem verið er að gera. Það ætla menn að gera, fólk í þessum sal, allt með miklu hærri tekjur, ekki bara þar sem skerðingin byrjar heldur þar sem hún hættir vegna þess að þar erum við komin í slíkar ofurhæðir. Svo eru menn að tala um hroka. Það er hroki og mannfyrirlitning að fara fram með þessum hætti.

Herra forseti. Ég veit ekki hve lengi ég á að halda þessum lestri áfram. Ég þykist nokkuð viss um að það verði ekki sinnaskipti hjá ríkisstjórninni. Ég vil halda því til haga að ég tel að það sé verið að fremja lögbrot með því að greiða öryrkjum ekki það sem þeim ber samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Ég tel að það sé lögbrot. Ég hef sannfærst um að þetta stríði gegn stjórnarskrá Íslands og brjóti í bága við ákvæði mannréttindasáttmála sem við höfum gerst aðilar að. Ég tel það bæði ólöglegt og siðlaust með öllu að beita fyrningarákvæðum eins og gert er gagnvart þeim sanngirniskröfum sem uppi eru hafðar. Það er samdóma álit allra dómara í Hæstarétti, ef menn ætla að fara út í þá sálma, að á árunum 1994 til ársloka 1998 hafi skort ákvæði í lögum til að skerða tekjutryggingu öryrkja. Í raun sætir furðu að ríkisstjórnin ætli að leyfa sér að hafa þann hátt á.

Ég held, herra forseti, að það sé rangt að menn séu að varðveita mikilvæg grunnprinsipp með slíkri framgöngu. Það er fyrirsláttur og þetta er rangt. Ég leyfi mér að ítreka þau mótmæli sem komið hafa frá þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem fjallað hafa um þetta mál. Ég vil taka fram að það er fullkominn einhugur í okkar hópi í þessu máli, fullkominn einhugur.

[18:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Þessi 3. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar, um svokallað öryrkjafrv., hefur um margt verið athyglisverð. Kannski sérstaklega vegna þess að hér hefur verið tekist á um grundvallaratriði, prinsippmál í íslenskri löggjöf og íslensku stjórnarfari, mál er varðar stjórnarskrána eins og fram hefur komið í máli allflestra hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Hið góða við þær rökræður sem hér hafa farið fram er að við hv. þm. höfum þurft að takast á við grundvallarspurningar um mannréttindi, um stjórnarskrána og um löggjöf sem samræmist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég hef aldrei á mínum stutta þingtíma tekið þátt í umræðu sem reynt hefur eins mikið á þingmenn og þeirri sem hér stendur yfir. Hver og einn einasti sem hér hefur farið í pontu hefur virkilega þurft að setja sig inn í málið. Það er ljóst að það gengur ekki að fara með fleipur þegar um er að ræða grundvallaratriði er varðar stjórnarskrá lýðveldisins.

Það er auðvitað grundvallaratriði þegar rætt er um félagsleg og efnahagsleg mannréttindi karla og kvenna, að hverjum og einum sé tryggð ákveðin lágmarksframfærsla. Um það fjalla hin félagslegu og efnahagslegu mannréttindi. Þó að margir hafi hér stigið á stokk og viljað draga úr gildi þessara mannréttinda, þessarar tegundar mannréttinda, og frekar viljað leggja áherslu á það sem kalla mætti hin klassísku mannréttindi, þau sem áður hafa verið viðurkennd af langflestum þjóðum, svo sem eins og málfrelsi og trúfrelsi og þar fram eftir götunum, þá er það svo að sá heimur sem við búum í hefur breyst æðimikið á síðustu 50 árum, ég tala nú ekki um á síðustu öld. Aðstæður eru þannig að svokölluð félagsleg og efnahagsleg mannréttindi skipta jafnmiklu máli og önnur mannréttindi.

Auðvitað má segja að afstaða okkar til mannréttinda sem hugtaks ráðist að einhverju leyti af pólitískum skoðunum.

Það hefur komið glöggt fram í ræðum ýmissa hv. þm. Ég held samt að það sé mikið gleðiefni að við höfum fengið tækifæri til að kljást hvert við annað og glíma við þetta viðfangsefni þar sem hér er um algjört grundvallarviðfangsefni að ræða. Eins og ég sagði, herra forseti, er það ekki á hverjum degi sem viðfangsefni af því tagi rekur á fjörur hv. þm. Fyrir það getum við verið þakklát þrátt fyrir að málatilbúnaði hafi oft og tíðum verið ábótavant síðustu tvo, þrjá daga.

Þegar rætt er um félagsleg og efnahagsleg mannréttindi ber að gæta þess að þau byggjast ekki síst á jafnstöðu kynjanna. Ég hef sagt það áður og ég mun segja það aftur að dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins er ekki síst kvennapólitískur dómur. Hann byggist m.a. á kröfugerð Öryrkjabandalagsins sem vísar í lög um jafnan rétt kynjanna. Ég hygg að sem slíkur marki dómurinn skil í mannréttinda- og kvenfrelsisbaráttu Íslendinga. Ég hygg að þegar fram líða stundir muni það koma æ betur í ljós í réttarfari okkar og stjórnmálum að félagsleg og efnahagsleg mannréttindi eru jafnveigamikil og önnur mannréttindi sem menn hafa hingað til viljað standa vörð um, treysta og virða.

Í því ljósi er kannski vert að benda á, eins og reyndar hefur komið fram hér fyrr í dag, m.a. í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að hægri menn víða um heim hafa haft horn í síðu þeirra er staðið hafa fremst í baráttunni fyrir eflingu félagslegra og efnahagslegra mannréttinda. Það kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart að íhaldsmenn, þ.e. sjálfstæðismenn, halda uppi þeim viðhorfum hér á hinu háa Alþingi. Umræðan um að tryggja félagsleg mannréttindi hefur lengi verið þyrnir í augum hægri manna. Hins vegar kemur það mér svolítið á óvart þegar hv. þm. og hæstv. ráðherrar Framsfl. taka undir með Sjálfstfl. í þessu efni og fara reyndar á undan í umræðunni. Ég ólst upp við það að Framsfl. kenndi sig við jöfnuð og virðingu fyrir mannréttindum, hvaða nafni sem þau nefnast. Það kemur mér því einkennilega fyrir sjónir þegar sá stjórnmálaflokkur telur það ekki lengur hlutverk sitt að standa vörð um félagsleg og efnahagsleg mannréttindi eins og ég hélt að hefð væri fyrir hjá honum.

Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal orðaði það fyrr í dag vilja menn hafa sannfæringu sína í friði fyrir öðrum. Ég held að þetta sé rétt eftir hv. þm. haft. Það má vel vera að fylgismenn stjórnarinnar líti svo á að þeir geti haft hér og vilji hafa hér sannfæringu sína í friði fyrir okkur sem erum í stjórnarandstöðu. En það vill nú þannig til að hér þarf að eiga sér stað ákveðin samræða og ákveðin skoðanaskipti þó það sé auðvitað alveg ljóst að staðan hefur svo sem ekki breyst mikið, þ.e. fylgismenn ríkisstjórnarinanr virðast ekki ætla að fara ofan af því að hér þurfi að setja í lög það skerðingarfrv. sem um ræðir.

Herra forseti. Mig langar líka að koma aðeins inn á orðræðuna í umfjöllun um þetta frv. Þegar ég tala um orðræðuna á ég einfaldlega við orðin sem við notum. Hér hefur mikið verið rætt um að menn hafi gripið til gífuryrða, stóryrða, fúkyrða ýmiss konar. Ég ætla svo sem ekki að dæma um það á einn eða annan hátt. En það sem hefur komið mest við kaunin á mér í þessari umræðu er að hér hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum stigið í stólinn, og þá á ég bæði við þingmenn stjórnarandstöðu og stjórnarliðs, tek það skýrt fram, herra forseti, og rætt um þá sem minna mega sín, um þá sem eiga bágt, jafnvel okkar minnstu bræður og þar fram eftir götunum rétt eins og við séum hér að ræða um fólk sem þiggur ölmusu af ríkinu. Þetta er auðvitað hreinræktaður 19. aldar hugsunarháttur og er í raun ekki sæmandi hinu háa Alþingi vegna þess að við erum að ræða um réttindi þeirra sem í hlut eiga, um réttindi þeirra sem hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að missa starfsorku sína vegna slyss eða vegna veikinda og þurfa þess vegna að sækja aðstoð sem þeir eiga fullan rétt á til ríkisvaldsins.

Mér finnst mjög mikilvægt að hv. þingmenn hafi þetta í huga þegar þeir ræða um kjör öryrkja af því ég held, og ég get sagt það fyrir sjálfa mig, að ef ég lenti í þeirri ógæfu að missa heilsuna á morgun þá mundi ég ekki sætta mig við að einhver talaði um mig í þriðju persónu sem einhvern sem má sín minna eða á bágt eða stendur að öðru leyti höllum fæti í samfélaginu. Þetta snýst nefnilega um réttindi, herra forseti. Þetta snýst um mannréttindi. Þetta snýst um reisn. Þetta snýst um að fá tækifæri til þess að lifa lífi sínu eins og maður kýs sjálfur, alveg burt séð frá kynferði, frá félagslegri stöðu eða fötlun.

Ég held að þessi umræða hafi m.a. og vonandi fært okkur fram á veginn í þessari orðræðu. Ég held að æ fleirum sé að verða ljóst að hér fjöllum við náttúrlega um mannréttindi. Við fjöllum ekki um einhver skömmtuð réttindi eða ölmusu þeim til handa sem standa höllum fæti eða hafa á einhvern hátt lent í því að missa starfsorkuna.

Með því að tryggja lágmarksréttindi, eins og gert er í hæstaréttardómnum sem þetta mál snýst um, með þeim hætti sem Hæstiréttur gerði þá held ég því fram að í raun sé verið að auka jöfnuð í samfélaginu. Hér hefur hver fylgismaður ríkisstjórnarinnar á fætur öðrum stigið í stólinn og haldið því fram að við jafnaðarmenn værum gengnir af jafnaðarstefnunni, að við værum nú dottnir í taumlausa einstaklingshyggju, sæjumst ekki fyrir í þeim efnum og hefðum nú allt í einu lagt af jafnaðarstefnuna. En það er einmitt ekki þannig. Það er nefnilega einmitt ekki þannig. Það er eiginlega skondið að halda því fram, ef menn hafa þá haft fyrir því að kynna sér jafnaðarstefnuna og kvenfrelsi yfirleitt, að í henni felist engin einstaklingshyggja eða virðing fyrir einstaklingnum sem slíkum. Það er nefnilega rangt, herra forseti. Virðing fyrir einstaklingnum er auðvitað kjarni jafnaðarstefnunnar og virðing fyrir einstaklingnum er kjarni málflutnings kvenfrelsissinna.

Ég held að hv. fylgismenn ríkisstjórnarinnar hafi misskilið þetta einhvers staðar. Ég skil það ekki öðruvísi. Þetta eru vel gerðir og vel greindir menn en þeir hljóta að hafa misskilið grundvallaratriði jafnaðarstefnunnar. Það er einmitt þá og því aðeins að við tryggjum lágmarksréttindi einstaklingsins, lágmarks félagsleg og efnahagsleg réttindi, mannréttindi einstaklingsins ásamt öðrum þeim mannréttindum sem þeir eiga að njóta, sem sá einstaklingur getur staðið jafnfætis öðrum í samfélaginu og beitt sér, nýtt sér þau tækifæri sem standa til boða eins og við jafnaðarmenn viljum, þ.e. að allir geti nýtt sér sömu tækifærin í samfélaginu. Það eykur jöfnuð á Íslandi. Það eykur jöfnuð á Íslandi að tryggja lágmarksframfærsluna með þeim hætti sem dómur Hæstaréttar kveður á um. Það bætir jafna stöðu eða jafnstöðu borgaranna. Og síðast en ekki síst jafnar það stöðu karla og kvenna í samfélaginu. Það er hin sögulega niðurstaða þessa dóms og hafi það ekki runnið upp fyrir mönnum hingað til í umræðunni vona ég að það sé um það bil að renna upp fyrir hv. þingmönnum að þessi dómur markar algjör tímamót í kvenfrelsisbaráttu á Íslandi vegna þess að í honum er vísað í mannréttindaákvæði, lög um jafna stöðu kynjanna og tekið tillit til þess að þeir öryrkjar sem í hlut eiga eru flestir konur.

Án þess að ég ætli að fara út í mjög mikla umræðu um efnahagslegt sjálfstæði kvenna þá vita það allir sem vilja vita að efnahagslegt sjálfstæði einstaklings, hvort heldur það er karl eða kona, er náttúrlega grundvöllur þess að sá einstaklingur geti „funkerað" vil ég segja, herra forseti, í lýðræðissamfélagi, geti nýtt sér réttindi sín, geti sótt sér rétt sinn, geti staðið jafnfætis meðborgurum sínum og haft eitthvað um þetta samfélag að segja og gera.

Það er í raun stórkostlegt að Hæstiréttur skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu sem hann komst að í þessu máli. Því segi ég enn og aftur, herra forseti, að sú niðurstaða er ekkert minna en söguleg og markar vatnaskil í mannréttinda- og kvenfrelsisbaráttu hér á landi.

Ég get heldur ekki látið hjá líða, herra forseti, að víkja orðum að þeim málflutningi fylgismanna ríkisstjórnarinnar þar sem þeir hafa haldið því fram að stjórnarandstaðan vilji skattleggja lágtekjufólk til þess að greiða hátekjufólki bætur. Ég hef ekki heyrt neinn hv. þm. Framsfl. eða Sjálfstfl. rökstyðja þetta neitt ítarlega. Mér finnst það í raun alveg með ólíkindum að menn skuli reyna að halda þessu fram. Síðan er því gjarnan hnýtt við að þessi dómur eigi við svo fámennan hóp öryrkja — og vissulega er það rétt — og þess vegna hljóti allir hinir að vera mjög óánægðir með niðurstöðuna. Þannig er það einmitt ekki, herra forseti. Samstaða Öryrkjabandalags Íslands er órofa í þessu máli. Ríkisstjórninni hefur ekki tekist að koma fleyg á milli fólks þar.

Eins og hv. þm. Þuríður Backman benti á í ræðu sinni og las upp úr viðtölum í Morgunblaðinu kom skýrt fram að öryrkjar standa saman í þessu máli. Við í stjórnarandstöðunni erum að sýna þessum hópi samstöðu og stuðning vegna þess að þetta fjallar um grundvallarmannréttindi og er eitthvert mesta réttlætismál sem uppi hefur verið á hinu háa Alþingi.

Það að tenging tekjutryggingar við tekjur maka sé dæmd óheimil þýðir ekki að þar með eigi hinir ekki að fá neitt. Það er pólitísk ákvörðun. Það höfum við margfarið yfir í þessari umræðu. Vilji stjórnarandstöðunnar í því máli er alveg skýr og fyrir því liggja mörg þingmál. Nægir að minna á afgreiðslu fjárlaga núna síðast fyrir jólin í þeim efnum.

Það jaðrar auðvitað við að vera ósæmilegt hjá hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. að halda því fram að með því að tryggja mannréttindi ákveðins hóps öryrkja sé hægt að ganga að því vísu að þar með sé gengið á rétt einhverra annarra, þeirra öryrkja sem búa einir eða þá að þeir þurfi að greiða fyrir þessa réttarbót.

Ég verð að segja, herra forseti, að þótt ýmis fúkyrði hafi nú fokið hér í umræðunni held ég samt að þessi röksemdafærsla sé einna ósvífnust og reyndar er með ólíkindum að menn skuli hafa komið hér upp aftur og aftur, kannski í þeirri trú að síbyljan nái einhvern tímann í gegn, að fólk fari síðan að trúa því að þannig sé þetta. Jú, jú, það má svo sem halda því fram að annað eins hafi gerst. En ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þar leggjast menn lágt í málflutningi sínum.

Auðvitað hefur málatilbúnaður stjórnarflokkanna allur einkennst af því að vilja ekki ræða aðalatriði þessa máls. Öryrkjabandalagið höfðaði mál vegna tekjutengingarinnar og það var vegna hennar sem Hæstiréttur kvað upp dóm sinn. Sá dómur er skýr. Við erum búin að fara í gegnum það í mörgum tugum þingræðna. En þá mæta stjórnarliðar til leiks í 3. umr. og byrja að tala um launavísitöluna eða verðlagsþróun yfirleitt og efnahagsástand síðustu tíu ára. Gott og vel, auðvitað getum við rætt það líka. En það er ekki aðalatriði þessa máls. Þetta er í raun kristaltært mannréttindamál. Niðurstaða Hæstaréttar er skýr og eftir henni ber okkur að fara.

Mig langar, herra forseti, að vitna til ávarps Öryrkjabandalagsins sem birtist í fjölmiðlum á degi fatlaðra 3. des. 1999 eða fyrir rúmu ári. Þetta er ársgamalt ávarp, herra forseti, og kannski hollt fyrir þá að lesa eða kynna sér sem hafa haldið því fram að Öryrkjabandalagið hafi aðeins hugsað um lítinn hóp félagsmanna sinna. Þar segir, með leyfi forseta, undir yfirskriftinni Goðsögnin um íslenska velferðarríkið:

„Í rúmt ár hefur Öryrkjabandalag Íslands reynt að vekja athygli þings og þjóðar á þeirri staðreynd að ekkert nágrannaríkja okkar ver eins litlu broti þjóðartekna sinna til öryrkja. Bandalagið hefur bent á að með mannréttindasáttmálum höfum við Íslendingar skuldbundið okkur til að tryggja að sérhver einstaklingur eigi kost á fullri þátttöku í menningar- og mannlífi þjóðarinnar, og í því sambandi m.a. vísað til umboðsmanns fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum sem bent hefur á að fátækt fari fyrst og fremst eftir því að hve miklu leyti einstaklingi sé kleift að taka þátt í því mannlífi sem lifað er í kringum hann."

Herra forseti. Ég gæti ekki orðað þetta betur. Við höfum skuldbundið okkur til að tryggja að sérhver einstaklingur eigi kost á fullri þátttöku í menningar- og mannlífi þjóðarinnar. Í því sambandi má vísa til umboðsmanns fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum sem bent hefur á að fátækt fari fyrst og fremst eftir því að hve miklu leyti einstaklingi sé kleift að taka þátt í því mannlífi sem er í kringum hann.

Þetta er auðvitað kjarni málsins, herra forseti. Ef við búum þegnum þessa lands og borgurum þessa lands þau kjör að þeim sé ókleift að taka þátt í samfélaginu þá skerðum við grundvallarmannréttindi þeirra. Það gerist þegar löggjafarsamkoman tryggir ekki þegnum sínum lágmarksframfærslu og um það snýst þetta mál.

Það hangir fleira á þeirri spýtu, herra forseti, því að það er ekki bara sá sem bæturnar eða lífeyrinn þiggur sem á í hlut. Sá hinn sami eða sú hin sama gæti þurft að sjá fyrir fleirum, börnum eða maka. Við skulum ekki gleyma því að framfærsluskyldan er gagnkvæm. Þegar kjör þessa hóps eru skoðuð ofan í kjölinn, þó menn býsnist yfir gríðarháum heimilistekjum og leggi málið þannig upp að hér sé verið að greiða ríku fólki bætur, þá rennur það manni til rifja að þær fjölskyldur hafa ekki mikið fé handa í milli. Það vita allir sem hafa kynnt sér kjör öryrkja og fjölskyldna þeirra.

Hverjir skyldu líða helst fyrir það? Það eru börn öryrkjanna. Það eru afkomendur þeirra. Börn sem eiga þess t.d. ekki kost að taka þátt í félags- eða íþróttastarfi, menningarstarfi, fara í tónlistarnám eða eitthvað slíkt, vegna þess að foreldrum þeirra eru búin þau kjör að þau geta ekki veitt börnum sínum slíkan munað ef þannig má að orði komast. Hins vegar er það ekki munaður heldur hluti af eðlilegu og sjálfsögðu lífi barns að fá að taka þátt í því starfi utan skóla sem það hefur áhuga á, leggja stund á tónlistarnám, vera í íþróttafélagi. Allt kostar það peninga. Mér finnst þetta atriði hafa gleymst í umræðunni sem er kannski ekki furða miðað við hvað hún er yfirgripsmikil. En það eiga fleiri í hlut og það hlýtur líka að vera hluti af efnahagslegum og félagslegum mannréttindum þeirra sem þiggja örorkubætur að geta veitt börnum sínum það sem flestum okkar þykir sjálfsagt að veita þeim.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að 43 þús. kr. eða 51 þús. kr. eru ekki háar upphæðir. Við sem hér erum, sem höfum

að lágmarki 330 þús. kr. á mánuði í þingfararkaup auk alls annars, þurfum auðvitað flest að sjá fyrir öðrum líka. Ég veit ekki hvort nokkurt okkar skilur hvernig er hægt að lifa af slíkum upphæðum hér á landi. En til eru þeir sem halda því fram að það hljóti að vera hægt og það sé bara spurning um að fjölskyldan standi saman og að öryrkinn sé svo heppinn að eiga maka sem sér fyrir honum eða henni.

Þetta er arfur af þeirri gömlu hugsun þegar konur í kjarabaráttu, kennarar og hjúkrunarfræðingar og flugfreyjur, þessar sígildu kvennastéttir, voru spurðar hvað þær væru nú að kvarta, hvort þær ættu ekki eiginmenn sem sæju ágætlega fyrir þeim hvort þær þyrftu nokkuð meira, hvort það væri ekki alveg nóg fyrir þær að fá að vera úti á vinnumarkaðnum fyrst að karlarnir leyfðu þeim það. Þannig var talað á Íslandi fyrir 25–30 árum, það er mér í barnsminni. Það eimir enn þá eftir af svona tali. Þó að menn séu búnir að læra rulluna sína um jafna stöðu kvenna og karla þá virðist þegar á reynir, þegar menn þurfa virkilega að standa fyrir máli sínu og grípa til þeirra grundvallaratriða sem skipta máli þegar mannréttindi eru annars vegar, ekki þurfa annað en rétt að klóra í yfirborðið til að allir gömlu fordómarnir og bábiljurnar um stöðu kvenna og karla gjósi upp, um fjölskylduna sem hornstein samfélagsins eins og lengi hefur verið haldið fram. Ætli það séu ekki flestir stjórnmálaflokkar á Íslandi sem hafi slíkt í stefnuskrá sinni.

Herra forseti. Aðeins með því að tryggja lágmarksréttindi einstaklings, lágmarks efnahagsleg réttindi og félagsleg réttindi hans, náum við að styrkja stöðu þessa einstaklings, bæði innan fjölskyldunnar og úti í samfélaginu. Við skulum ekki gleyma því að fjölskyldan sem slík er bara valdaapparat og staða fólks innan fjölskyldunnar er mjög misjöfn. (Gripið fram í.) Nú kann að vera að einhverjir hv. þm. hvái. (**Gripið fram í:** Já, það er alveg rétt.) Ég get svo sem brostið hér á með langri ræðu um stöðu kvenna innan fjölskyldunnar og ég sé að hv. þm. Katrín Fjeldsted vill gjarnan heyra slíka ræðu.

Ljóst er að konur hafa síðustu áratugi barist fyrir því að styrkja stöðu sína bæði úti í samfélaginu og innan fjölskyldunnar. Eins er ljóst að barátta öryrkja fyrir sínum réttindum er rökrétt framhald af baráttu kvenna fyrir frelsi sínu í samfélaginu og í fjölskyldunni. Það ættu flestir einstaklingshyggjusinnar að skilja. Aðeins með því að tryggja stöðu einstaklingsins innan fjölskyldunnar tryggjum við stöðu hans eða hennar í samfélaginu og þar með tryggjum við fjölskylduna sem einingu. Ég býst við að við séum langflest sammála um að það þurfi að gera — eða hvað? Er engin innstæða fyrir þeim fögru orðum, að fjölskyldan sé hornsteinninn, þegar á reynir. Maður hefur heyrt þau svo oft að þau eru eiginlega orðin merkingarlaus? Með því að tryggja lágmarksréttindi einstaklingsins tryggjum við og treystum og styðjum við íslenskar fjölskyldur. Þar er jafnaðarstefnan komin í hnotskurn, herra forseti. Eftir henni hefur verið mjög lýst hér í þingsalnum á síðustu dægrum. Ég vona að það sé einhverjum þingmönnum stjórnarliðsins til hugarhægðar að fá hér skýringu á því máli.

Herra forseti. Jafnaðarstefnan og kvenfrelsisstefnan fara saman hönd í hönd og öll barátta fyrir réttindum svokallaðra minnihlutahópa. Þess vegna er svolítið undarlegt að sjá hvern þingmann Sjálfstfl. á fætur öðrum lýsa því yfir — nú tek ég fram, herra forseti, að ég er að draga ályktanir af því sem hér hefur verið sagt almennum orðum — að þeir vilji ekki tryggja stöðu einstaklingsins í samfélaginu eða fjölskyldunnar. Öðruvísi mér áður brá, herra forseti. Hvert er stefna Sjálfstfl. komin í þessum efnum?

Skiptir það kannski mestu máli í deilunni við Öryrkjabandalag Íslands að verða ekki undir, að þurfa ekki að viðurkenna mistök, að láta ekki í minni pokann? Er það svo mikið kappsmál ríkisstjórnarinnar að koma sér hjá því með öllum tiltækum ráðum að viðurkenna að kannski hefði verið betra að kalla til fundar með forustumönnum Öryrkjabandalagsins eftir að dómurinn féll, þeim sem unnu málið í Hæstarétti, ræða við þá um hvernig ætti að nálgast lausnina, hvernig mætti leysa þetta í góðri samvinnu og án þess að samfélagið færi bókstaflega á annan endann?

Það segir margt um hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að hún kaus að fara aðra leið. Ríkisstjórnin kaus að fara valdhrokaleiðina með yfirgangi og ótrúlegum málatilbúnaði hér á hinu háa Alþingi. Ég fullyrði, herra forseti, að í annan tíma hefur annað eins ekki gerst í samfélaginu. Þess vegna eru viðbrögð almennings eins og þau eru. Það liggur fyrir að rúmlega 80% þjóðarinnar telja að ríkisstjórnin hafi brugðist rangt við dómi Hæstaréttar. Það er ekki að ástæðulausu, herra forseti. Það er vegna þess að Íslendingar skynja og skilja hvílíkt réttindamál er hér á ferðinni, að hér er um grundvallarmannréttindi að ræða. Það virðast flestir hér í þessu góða landi skilja nema ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og fylgismenn hennar.

Ég sagði fyrr í dag, í andsvari við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, að það væri siður hægri manna að efast um gildi félagslegra og efnahagslegra mannréttinda. Fátt ef nokkuð í þessari umræðu hefur fengið mig af þeirri skoðun. Ef eitthvað er hefur hún sannað og sýnt fram á að íslenskir hægri menn eru eins og skoðanabræður þeirra annars staðar í heiminum í þeim efnum.

Ég held, herra forseti, að í upphafi nýrrar aldar segi það okkur mikið um hvaða stjórnmálastefnur muni duga inn í nýja öld, gamaldags afturhald og íhald eða jafnaðarstefna og kvenfrelsisstefna sem tekur á þeim vandamálum sem við er að eiga í samfélaginu og færir okkur nær lausnum. Ekki ætla ég að halda því fram að hún búi yfir öllum svörunum, ég ætla ekki að reyna það, en hún færir okkur tæki sem duga í þessari samfélagsglímu sem við eigum í.

Það er kannski það sem hefur kristallast hér í umræðunni um hæstaréttardóminn og frv. ríkisstjórnarinnar, að hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. eiga í fórum sínum tæki sem duga á nýjar þjóðfélagsaðstæður og ný viðhorf í mannréttindakafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem endurspegla þá grundvallarbreytingu sem hefur orðið á samfélagi okkar undanfarinn áratug eða svo.

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu frekar. Ég tel að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafi fært mörg og góð rök fyrir afstöðu sinni í þessu máli og þar vanti ekkert upp á. Ég taldi nauðsynlegt að hnykkja á því að aðeins með því að tryggja lágmarksréttindi, lágmarksframfærsluna, mannréttindi sem byggja á efnahagslegum og félagslegum réttindum, fyrir hvern einstakling tryggjum við og aukum jöfnuðinn í samfélaginu.

[18:49]

Útbýting þingskjals:

Ríkisútvarpið, 413. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 668.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er spurning hvort forseti gæti upplýst mig um hvort ríkisstjórnin er búin að segja af sér. Hún er

alla vega ekki hér í þingsalnum. Mér þætti vænt um að þeim hæstv. ráðherrum sem málið heyrir undir eða hafa sérstaklega látið sig það varða væri gert viðvart um að nærveru þeirra sé óskað. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni við 2. umr. og þá fékk ég þau skilaboð að hæstv. forsrh. hygðist hlusta úr fjarlægð. Mér þætti vænt um að vita hvort hið sama er upp á teningnum að hæstv. forsrh. ætli að hlusta úr fjarlægð. Eins mætti hv. þm. Pétur Blöndal, sem hér hefur gert sig talsvert gildan í umræðunni, vita að hans nærveru væri óskað.

(**Forseti** (HBl): Þar sem hv. þm. óskar nærveru hæstv. forsrh. og hv. þm. Péturs Blöndals er sjálfsagt að verða við því og fresta fundi fyrir matarhlé til hálfníu.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:50]

Bréfaskipti forsætisnefndar og forseta Hæstaréttar.

[20:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en haldið er áfram með dagskrá vil ég geta þess að á fundi forsn. í dag lagði ég fram tillögu um að ég mundi skrifa forseta Hæstaréttar eftirfarandi bréf og er það af því tilefni að áður en málið var tekið til 1. umr. höfðu formenn þriggja stjórnmálaflokka óskað eftir því að ég úrskurðaði um hvort hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða eða ekki. Þegar hér var komið sögu lá það fyrir að frv. hafði farið til athugunar í nefnd og verið samþykkt óbreytt við 2. umr. Eftir miklar vangaveltur boðaði ég til fundar í forsn. í dag sem samþykkti að ég skrifaði svohljóðandi bréf til forseta Hæstaréttar, Garðars Gíslasonar, dags. 23. jan. 2001:

„Forseti Hæstaréttar,
Garðar Gíslason.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000 hefur ríkisstjórnin flutt á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er ráðgert að sem fyrr geti orðið skerðing á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekjuöflunar maka hans.

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi hefur verið deilt um, hvort skilja eigi umræddan dóm Hæstaréttar svo að með honum hafi verið slegið föstu, að almennt sé andstætt stjórnarskránni að kveða í lögum á um slíka tekjutengingu. Vegna þess fer forsætisnefnd Alþingis þess á leit við forseta Hæstaréttar að hann láti nefndinni í té svar við því, hvort *dómurinn hafi falið slíka afstöðu í sér.*

Halldór Blöndal."

Rétt í kvöld barst mér svohljóðandi bréf:

„Forsætisnefnd Alþingis.
23. janúar 2001.

Vísað er til bréfs 23. janúar 2001, þar sem þér farið þess á leit að forseti Hæstaréttar láti nefndinni í té svar við því hvort með dómi Hæstaréttar 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000 hafi verið slegið föstu að almennt sé andstætt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að kveða í lögum á um að skerðing geti orðið á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka hans.

Í dóminum var aðeins tekin afstaða til þess hvort slík tekjutenging eins og nú er mælt fyrir um í lögum sé andstæð stjórnarskránni. Svo var talið vera. Dómurinn felur ekki í sér afstöðu til frekari álitaefna en hér um ræðir. Í því ljósi verður að svara spurningu yðar neitandi.

Garðar Gíslason."

Ég hef kynnt þessi bréfaskipti á fundi bæði hjá forsn. og eins á fundi með formönnum þingflokka og beiðni barst frá formönnum þingflokka um að fundi yrði frestað í 15 mínútur til þess að þingflokkar gætu komið saman af þessu tilefni.

[Fundarhlé. — 20:34]

Um fundarstjórn.

Fundarhlé.

[20:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef mér leyfðist að gera stutta athugasemd við fundarstjórn forseta. Mér þætti líka vænt um að ég fengi að flytja hana ótruflaður.

Fyrir nokkru síðan gerðist það hér að ég hafði nýlega hafið ræðu, herra forseti, hafði látið það koma fram í máli mínu að mér þætti vænt um að tilteknum þingmönnum væri gert aðvart um að mér þætti gott að þeir væru viðstaddir en hugðist síðan halda áfram ræðu minni, enda var mér ekkert að vanbúnaði að gera það og ætlaði ekki að gera það að neinni frágangssök þó að viðkomandi menn væru ekki til staðar eða kæmu eitthvað seinna.

Þá mun svo hafa borið til, herra forseti, að á bak við mig höfðu óvænt orðið forsetaskipti í stólnum og var skyndilega lamið í bjöllu og fundinum frestað án þess að ég væri ávarpaður sérstaklega, án þess að ég væri spurður að því hvort ég væri tilbúinn til að gera hlé á máli mínu eða spurður hvort ég ætti langa ræðu eftir. Ég held að ég megi fullyrða að þetta er fordæmalaust í mínu minni hér á þinginu. Að minnsta kosti hefur þetta aldrei orðið áður í þeim tilvikum sem ég hef verið í ræðustóli og svona hefur staðið á að gera hefur þurft hlé á fundi. Mér þótti þetta heldur óþægilegt, herra forseti.

Nú er það svo að ég vil gjarnan mega trúa því að forseta hafi orðið þetta á í fljótræði og hugsunarleysi og ég ætla þar af leiðandi að bjóða forseta upp á að biðja mig og þingið afsökunar og verði það gert, þá verða ekki frekari eftirmál af minni hálfu.

[20:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil segja út af því sem hv. þm. sagði að það er rétt að þegar hann var í ræðustól voru rétt um 10 mínútur þangað til klukkan yrði 7 og eins og venja er til þegar fundur hefst fyrir hádegi, kl. 10.30 hófst fundur í morgun, þá er venja að það sé kvöldverðarhlé. Eins og hv. þm. sagði réttilega hafði hann óskað eftir því sérstaklega að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur ræðu hans og það var að sjálfsögðu ógerningur að hann gæti komist hingað fyrir kl. 7. Eins og hv. þm. veit ber það oft við í þingsölum þegar menn eru að hefja ræður sínar að þeir vilja gjarnan fá að tala í samhengi. Af þeim sökum taldi ég,

í glapræði sýnilega, að hv. þm. væri greiði gerður með því að hann fengi að flytja ræðu sína skipulega í einu lagi og bið hv. þm. afsökunar á því að ég skyldi hafa reynt að haga svo til.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 379. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 624.

[20:56]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er eins og allir væntanlega vita til komið vegna þess að dómur féll í Hæstarétti þar sem ríkið tapaði máli sem Öryrkjabandalagið hafði fyrir hönd hluta félagsmanna sinna höfðað eða gagnáfrýjað eftir að hafa unnið sama mál að hluta til í héraðsdómi. Niðurstaða málsins fyrir Hæstarétti var sú að fallist var á allar kröfur Öryrkjabandalagsins. Á mannamáli heitir það, herra forseti, að Öryrkjabandalagið vann málið og Hæstiréttur féllst á kröfur þess. Þarna notaði Hæstiréttur m.a. alþjóðlega mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að, samþykktir mannréttindasáttmála Evrópu, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og síðast en ekki síst féll þarna dómur með vísan til VII. kafla stjórnarskrárinnar, hins nýja mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það var hvort tveggja dæmt að ríkið hefði með ólögmætum hætti á árunum 1994–1998, sökum skorts á lagaheimild fyrir reglugerð, haft fé af öryrkjum og sömuleiðis hefði meiri hluta Alþingis orðið það á að setja lög í desember 1998 sem voru andstæð mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og ríkið tapaði einnig þeim hluta málsins þannig að tekjutengd skerðing tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka var dæmd ólögleg í heild sinni yfir allt þetta tímabil.

Dómur Hæstaréttar er á margan hátt framsækinn dómur því hann dæmir á grundvelli nýtilkominna ákvæða stjórnarskrárinnar. Hann er að dæma ákveðnum hópi þegna þjóðfélagsins réttindi sem oft eru nefnd félagsleg réttindi og það voru einmitt ákvæði af þeim toga sem voru ný og komu inn í stjórnarskrána 1995.

Í umræðu hér hefur það talsvert farið út um víðan völl um hvað þetta mál snerist í raun og veru. Tímans vegna, herra forseti, ætla ég ekki að fara yfir það. Það er alveg ljóst að stór hluti umræðunnar hefur geisað um annað en það sem er grundvöllur þessa máls, þá staðreynd að málið var höfðað vegna krafna tiltekins hóps öryrkja í landinu á hendur ríkisvaldinu og það vannst.

Menn hafa verið iðnir við, sérstaklega stjórnarliðar, að draga ýmsa aðra þætti inn í málið, væntanlega vegna þess að þeim hefur fallið betur að ræða um aðra hluti en efni málsins sjálfs, þá staðreynd að hér fór fram mannréttindabrot og með ólögmætum hætti var mikið fé haft af tilteknum hópi öryrkja um árabil. Þá staðreynd vilja stjórnarliðar að sjálfsögðu sem minnst ræða sem og þá staðreynd að ekki stendur til að bæta það sem af mönnum var tekið nema að hluta til og ríkið ákveður að bera þar fyrir sig fyrningu kröfunnar, reikna lágmarksvexti á hið ranglega tekna fé og þannig má segja að í öllum atriðum sem snúa að kröfugerð Öryrkjabandalagsins og gagnvart þeim málstað sem vannst fyrir dómi velji ríkisstjórnin með frv. sínu að ganga eins hart fram í samskiptum við þennan hóp og kostur er.

Það er alveg sama hvernig á málið er litið, herra forseti, viðbrögð ríkisstjórnarinnar endurspegla í einu og öllu ýtrustu hörku í garð þessa hóps. Haldið er í tekjutrygginguna sem mjög öflug rök mæla með að sé ólögleg sem slík og í heild sinni en áfram er haldið tiltekinni skerðingu upp á 7.500 kr. Sett eru afturvirk lagaákvæði til að lækka það sem menn eiga inni hjá ríkinu, um nokkra fjárhæð, tvö ár aftur í tímann. Í þriðja lagi er borið við fyrningu til að hafa af þeim hópi allar bætur sem sætti skerðingunni á árunum 1994–1997. Í fjórða lagi eru reiknaðir lágmarksvextir langt undir núgildandi markaðsvöxtum þannig að hefði þetta fólk fengið féð og ávaxtað það á markaðskjörum í bönkum eða annars staðar þessi ár, þá tapar það stórfelldum vaxtamun líka. Allt þetta liggur fyrir. Allt eru þetta staðreyndir. Varla koma stjórnarliðar upp og reyna að halda öðru fram eða hvað? Þetta liggur í forsendum málsins sem allir geta lesið.

Niðurstaðan er sú, herra forseti — og það mega hæstv. ráðherrar gjarnan heyra sem eru önnum kafnir á kærleiksríkum einkafundi eins og ég sé — að þegar farið er yfir þetta, þá er sýnd ýtrasta harka í samskiptum við þennan hóp frá upphafi til enda málsins og kórónan á smíðaverkið er frv. ríkisstjórnarinnar sem hefur þvælt málinu fyrir dómstólunum, tafið tímann, ber svo við fyrningu og gengur fram af ýtrustu hörku í lokin í stað þess að játa brot sitt, biðjast afsökunar, játa það að mönnum hefur orðið stórkostlega á, að menn eru sekir um brot á stjórnarskránni og menn eru sekir um að hafa ranglega og með ólögmætum hætti haft þetta fé af þeim hópi landsmanna sem einna síst skyldi. Nei, þá er framkoman þessi, herra forseti.

Fyrir þá sem hafa gert mikið úr því að það séu aðrir jafnvel enn verr staddir í þjóðfélaginu svo ég tali ekki um ræðuhöld t.d. hugmyndafræðings Sjálfstfl. í velferðarmálum, hv. þm. Péturs Blöndals, sem hefur stigið fram á sviðið sem helsti hugmyndafræðingur og talsmaður Sjálfstfl. í velferðarmálum. Ég óska flokknum svo sannarlega til hamingju með að hafa eignast slíkan talsmann. Þar hefur meira að segja komið fram að það hefur verið sérstaklega ámælisvert að þetta fé ætti að ganga til hátekjufjölskyldna í landinu. Stundum hefur hv. þm. meira að segja sagt hátekjufólks en á þá við í fleirtölu. Hann á ekki við einstaklingana sem voru að sæta því að fara niður í 18 þús. kr. á þessum tíma.

Herra forseti. Ég ætla undir lok ræðu minnar að rifja aðeins upp um hvað þetta mál snerist af hálfu Öryrkjabandalagsins og lögmanns þess. Hvað var það sem vannst í Hæstarétti? Það er farið ágætlega yfir það í grein sem lögmaður Öryrkjabandalagsins, Ragnar Aðalsteinsson, skrifaði og fékk birta í Morgunblaðinu laugardaginn 13. janúar sl. Ég hef ekki séð það gert annars staðar betur. Þar segir m.a., eftir að búið er að vitna í ákvæði mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1948 sem er eitt af fyrstu grundvallarplöggum um mannréttindi sem hér er vísað til, með leyfi forseta:

„Að áliti Öryrkjabandalags Íslands er óheimilt að mismuna fólki með þessum hætti vegna hjúskaparstöðu og einnig vegna kynferðis. Hafði bandalagið m.a. í huga þá breytingu sem gerð var á stjórnarskránni 1995 er afnumin voru ákvæði í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 1874 um það skilyrði um styrk úr opinberum sjóði, að sá sé ekki „skylduómagi annars manns“ og í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 um það skilyrði að öðrum sé „ekki skylt að framfæra hann“.

Þessi gömlu ákvæði fátækar- og ölmusuhjálparinnar felldum við niður með nýja mannréttindakafla stjórnarskrárinnar 1995.

Með breytingunum 1995 var horfið gagngert frá ómagaframfærslu bændasamfélagsins með allri sinni alkunnu niðurlægingu sem almannatryggingalögum okkar var í upphafi ætlað að útrýma. Enn fremur leit bandalagið til nýs jafnréttisákvæðis í stjórnarskrá, sem bannar mismunun.

Öryrkjabandalagið taldi að í stjórnarskrá (76. gr.) væri hverjum öryrkja tryggður réttur til lágmarksframfærslu án nokkurrar mismununar, svo sem vegna hjúskaparstöðu (65. gr.), en Öryrkjabandalagið taldi og rétt að túlka bæri greind ákvæði í ljósi og til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands um mannréttindi. Öryrkjabandalagið gerði sér grein fyrir að það fyrirkomulag sem talið var í gildi væri fjölskyldufjandsamlegt, það vægi að virðingu öryrkjanna og það væri andstætt rétti hvers manns til frelsis. Að auki væri það kvenfjandsamlegt þar sem fyrirkomulagið bitnaði miklu oftar á konum en körlum. Að jafnaði þurfa öryrkjar meiri aðstoð á heimili en þeir sem ófatlaðir eru og þeir geta að jafnaði lagt minna til heimilisins með störfum sínum en hinir ófötluðu. Því væri mikilvægt að koma málum þannig fyrir að sá sem stofnaði til sambúðar með öryrkja þyrfti ekki að auka tekjuöflun sína að miklum mun þar sem ábyrgð hans á heimilinu væri mikil. Þess utan var Öryrkjabandalaginu ljóst að öryrkjar hafa margvíslegan kostnað sem aðrir búa ekki við og því þurfa þeir hærri tekjur en aðrir. Með því að lækka tekjur þeirra allt niður í kr. 18.424 væri ljóst að makinn yrði að auka vinnu sína utan heimilis og það bitnaði á þörf öryrkjans fyrir umönnun og virðingu hans og frelsi. Líkurnar *á upplausn fjölskyldunnar ykjust í samræmi við það.*

Markmiðið með málsókn Öryrkjabandalagsins var að vinna gegn þessu úrelta og mannfjandsamlega fyrirkomulagi og fá viðurkenningu á því að nægilegt tillit væri tekið til hagsbóta af sambúð tveggja einstaklinga með fyrrnefndri skerðingu [heimilisuppbótar] um kr. 22.566 sem jafngildir 30,67% skerðingu tekna. Leit Öryrkjabandalagið svo á að svonefndur grunnlífeyrir og tekjutrygging samtals kr. 50.990 væri sá lífeyrir sem miða bæri við sem algert lágmark.

Af hálfu Öryrkjabandalagsins var á það lögð áhersla að sá hópur öryrkja sem fyrirkomulagið næði til væri tiltölulega lítill, að þeim hópi væri mismunað og sú mismunun ætti sér enga réttlætingu, heldur væri hún þvert á móti óréttlát."

Ég sé að hæstv. utanrrh. gengur út undir lestrinum. Honum líkar e.t.v. ekki vel textinn.

„Hæstiréttur féllst á allar kröfur og röksemdir Öryrkjabandalagsins og lýsti fyrirkomulagið andstætt fyrrnefndum ákvæðum stjórnarskrárinnar og því óheimilt allt frá 1. janúar 1994 eða í sjö ár."

Á mannamáli þýðir þetta, herra forseti, að Öryrkjabandalagið vann málið algerlega og það var þessi röksemdafærsla sem var lögð til grundvallar. Kemur það ekki við hjarta eins einasta manns hér inni sem ætlar sér að greiða frv. ríkisstjórnarinnar atkvæði að hlusta á þær röksemdir sem hér voru svo vel fram settar af hálfu lögmanns Öryrkjabandalagsins?

Herra forseti. Hvað stendur um þessa hluti í stjórnarskránni, og hvar stendur það, sem ég heyrði mann kalla í *sjónvarpsfréttum helgasta plagg þjóðarinnar?* Hvar eru þessi ákvæði í stjórnarskránni? Þau eru í VII. kafla stjórnarskrárinnar um mannréttindi, helgustu réttindi okkar og þau sem sterkasta stöðu hafa samkvæmt okkar stjórnskipun og þarf *tvenn þing og alþingiskosningar í milli til að breyta, guði* sé lof. Og innan um hvaða ákvæði eru þessi mannréttindaákvæði viðkomandi greina, 65. gr. og 76. gr.? Ég ætla að leyfa mér, herra forseti — það þykir kannski óvirðing að *rifja pínulítið upp úr stjórnarskránni fyrir hv. þingmönnum,* en ég ætla að gera það samt. Kannski hafa þeir gleymt því innan um hvaða helgu réttindi þessi mannréttindaákvæði eru og jafnrétthá því stjórnarskráin gerir ekki greinarmun á þeim réttindum sem hún færir þegnum sínum þó að einstöku þingmenn séu að reyna að túlka þau misrétthá. Stjórnarskráin og þau orð sem þar standa hafa sjálfstætt gildi. Þau tala sjálf og enginn nema þá dómstólarnir getur túlkað þau.

65. gr. stjórnarskrárinnar hefst á orðunum:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, ..." o.s.frv.

66. gr. stjórnarskrárinnar í VII. kaflanum um mannréttindi hefst á orðunum:

„Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti."

Og næsta málsgrein:

„Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi."

„67. gr. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum."

Þriðja málsgrein:

„Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara."

„68. gr. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð ..."

„69. gr. Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað ..." o.s.frv.

„*70. gr. Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi* sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma ..." o.s.frv.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. Forseti vill minna á að eigi má nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.)

Ég var búinn að biðjast leyfis áður, herra forseti, um að lesa upp prentaðan texta, en ég get gert það aftur. Má þingmaðurinn lesa upp úr stjórnarskránni, með leyfi forseta?

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti veit nú satt að segja ekki hvort þessu var beint til hans eða þess fólks sem er hér á þingpöllum. En ef þessu var beint til forseta, þá getur hann upplýst hv. þm. um að venja er að leyfa það.)

Það hefur hentað forseta að rjúfa ræðu mína akkúrat á þessum tíma einu sinni sem oftar.

„71. gr. Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu."

Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. gengur úr salnum.

„72. gr. Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína ..."

„73. gr. Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar."

„74. gr. Rétt eiga menn á að stofna félög ..."

„75. gr. Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa."

Og svo kemur 76. gr. og hún er svona:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst."

Herra forseti. Af hverju er ég að rifja þetta upp? Af hverju er ég að lesa í hvaða samhengi stjórnarskrá lýðveldisins, þessi félagslegu mannréttindi sem öryrkjum voru dæmd, eru? Það er vegna þess að hérna í salnum eru menn sem gera sumum þessara réttinda hátt undir höfði. Það er einn og einn maður sem man eftir friðhelgi eignarréttarins þegar það á við og öðrum slíkum hlutum, en nákvæmlega jafnrétthá og á sama stað í stjórnarskrá lýðveldisins eru þau mannréttindi öryrkja sem þetta mál snýst um. Þau hafa sömu stöðu og tjáningarfrelsið og trúfrelsið og friðhelgi eignarréttarins og enn aðrar helgustu grundvallarreglur réttarríkisins. Það voru tímamótin 1995 og því ættu menn ekki að gleyma og muna svo um hvað þetta mál snýst og hvað það snýst ekki um.

Herra forseti. Að lokum gerðust þau óvæntu tíðindi að hér voru lesin upp bréf sem hljóta að teljast næsta mikil tíðindi því að elstu menn rekur engin minni til slíkra bréfaskrifta áður, að löggjafarvaldið leggist í bréfaskriftir til dómsvaldsins og þar á ofan Hæstaréttar og fari fram á að Hæstiréttur túlki og útskýri hvað fyrir honum vaki í dómum. Einhverja rak minni til þess að einu sinni áður hefði þetta verið reynt og þá hefði Hæstiréttur svarað á þá leið að það væri ekki hans hlutverk að túlka út á við sína dóma, það gerði hann í sinni reifun.

Eftir að hafa haft, herra forseti, eins og hér er að störfunum staðið af hálfu virðulegs forseta sem hefur stjórnað hér án umtalsverðs samráðs við stjórnarandstöðuna svo ákaflega vægt sé til orða tekið, og ég vona að ég verði ekki áminntur eða talinn taka of djúpt í árinni yfir því að orða þetta svo, þá fengum við 15 mínútur áðan í hliðarsal til að athuga þetta bréf og það er nokkuð mikill tími miðað við þann tíma sem Hæstiréttur fékk til að svara bréfinu því allar bréfaskriftirnar eru dagsettar í dag. Það er okkar niðurstaða, hafandi skoðað þessi bréf og orðalag þeirra, að þau hafi enga þýðingu fyrir afgreiðslu þessa máls, enga. Þessi bréfaskipti eru fyrst og fremst söguleg vegna þess að þau fóru fram og það munu væntanlega eiga eftir að þykja tíðindi í stjórnskipun landsins og þó víðar væri leitað, grunar mig, að þessi háttur sé upp tekinn. En kannski er merkilegast af öllu að forseti réttarins, sem reyndar var í minni hlutanum í þessu máli, skuli treysta sér til svara með jafnstuttan tíma til athugunar málsins.

Við teljum þessar bréfaskriftir, herra forseti, fyrst og fremst til marks um þá augljósu taugaveiklun sem slegið hefur út hjá stjórnarliðinu á síðustu klukkustundum umræðna um þetta mál. Það er augljóst af mörgum atburðum sem hér hafa orðið í dag í fundahaldinu, og þarf ekki að vísa til þess hvað við er átt, og framgöngu allri að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér er farinn á taugum í málinu og grípur til þess sögulega úrræðis að reyna að fá Hæstarétt til að túlka dóm sinn. (**Gripið fram í:** Fá vottorð.) Fá vottorð frá Hæstarétti um það að dómurinn hafi þýtt eitt en ekki annað (**Utanrrh.:** Eigum við ekki að kalla á lækni?) eftir að búið er að — það er nú spurning hver hefur mesta þörf fyrir hann, hæstv. utanrrh.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti biður afsökunar á því að trufla ræðu hv. þm., en forseti heyrði að það var verið að grípa fram í uppi á þingpöllum.)

Nei, það var hæstv. utanrrh.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti heyrði með sínu vinstra eyra, það er líka gott, og vill biðja menn að hafa helgi þingsins í huga.)

Ég fagna hins vegar sérstaklega frammíkalli utanrrh. Honum er heimilt að kalla fram í hjá mér hvenær sem er. Það lífgar upp á orðaskiptin og ég sé að hann er að ná þó þeirri heilsu að hann getur komið upp einu og einu frammíkalli. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það þarf svo sem ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það er ekki ástæða til að hafa um þessar dæmalausu bréfaskriftir fleiri orð en þau að þau eru algerlega merkingarlaus gagnvart afgreiðslu þessa máls, breyta engu. Enda segir Hæstiréttur ekki neitt um það frv. sem hér er til umfjöllunar og skárra væri það nú. Þá fyrst væri skörin farin að færast upp í bekkinn ef hægt væri að panta frá Hæstarétti, kannski bara með símskeyti eða tölvupósti, álit á einstökum þingmálum sem hér lægju fyrir. Auðvitað gengur það ekki þannig fyrir sig og Hæstiréttur segir í sjálfu sér heldur ekki neitt um þann dóm sem hann felldi. Það er alveg augljóst mál þegar orðalag þessara bréfa er betur skoðað þannig að hvarfli það að stjórnarliðum í taugaveiklun sinni að ætla að fara að gera þetta að einhverju máli hér þá spái ég því að það verði þeim sjálfum mest til háðungar og auðvitað Hæstarétti til nokkurrar skapraunar væntanlega því að hann verður þá ekki á vettvangi til að svara fyrir sig.

[21:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tekið þátt í umræðum um þetta mál sem hér er til umræðu og m.a. í andsvörum við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þar sem ég hef beðið hv. þm. og fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar að skýra hvernig þeir finna það út að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sé vísvitandi að reyna að brjóta mannréttindi. Ég hef ítrekað beðið um svör. Mér finnst þau hafa verið fá og vesöl. Aftur á móti hefur ekki bólað neitt á því að menn vildu draga þá ályktun sína til baka þó ekkert hafi verið á bak við hana.

Nú kemur hér bréf, herra forseti, frá forseta Hæstaréttar þar sem hann lýsir því yfir að ekkert í þessu frv. brjóti í bága við stjórnarskrána (Gripið fram í.) og þá skiptir það ekki lengur máli.

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bað um afsökun frá hæstv. forseta þingsins fyrir að hafa frestað þingfundi til að geta komist í mat. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bað um afsökunarbeiðni fyrir því að veitt var matarhlé í þinginu. Forsetinn gerði það fyrir hv. þm. að veita honum einhvers konar afsökunarbeiðni svo honum liði betur. En ég held að þær móðganir sem er búið að láta dynja hér yfir stjórnarmeirihlutann og meiri hluta Alþingis út af frv. um stjórnarskrárbrot og mannréttindabrot séu svo alvarlegar að ég held að allur minni hluti Alþingis ætti að biðjast afsökunar í einu lagi.

[21:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig rekur ekki minni til þess að ég hafi notað þau orð að meiri hlutinn væri vísvitandi, af einbeittum ásetningi að brjóta stjórnarskrána. Skoðun mín er hins vegar sú að það sé verið að gera, það verði gert með þessari lagasetningu. Það hef ég margsagt og ég þarf ekki að taka það fram í hvert einasta skipti sem ég tala í framsöguhætti fyrir skoðunum mínum að það sé að mínu mati eða mín skoðun. Það er óþarfi að segja það. Við erum hvert fyrir sig að tala fyrir sjónarmiðum okkar.

Ég er þeirrar skoðunar að frv. sé stjórnarskrárbrot líklega á þrennan hátt. Í fyrsta lagi að framlengja áfram þá skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka sem Hæstiréttur hefur að mínu mati dæmt ólöglega. Í öðru lagi að hafa íþyngjandi lagaákvæði afturvirk. Og í þriðja lagi lít ég svo á að verið sé að gera eign öryrkjanna upptæka með því að bera við fyrningu

á fjármunum sem ranglega og sannanlega og með lögleysu hafa verið af þeim teknir. Allt eru þetta stjórnarskrárbrot. Það að taka eign manna án þess að almannahagsmunir krefjist, og það á ekki við hér, er stjórnarskrárbrot. Lög eiga ekki að vera afturvirk með íþyngjandi hætti. Og við teljum einnig að áframhaldandi skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka sé stjórnarskrárbrot. Þetta er skoðun okkar og við erum ekki ein um hana og hv. þm. verður bara að una því að hann er að taka þá áhættu að höggva aftur í sama knérunn, en hann mun hafa verið hér á þingi og greitt atkvæði með þeim stjórnarskrárbrotum sem svo voru dæmd.

[21:21]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa andstyggð minni á svona málflutningi. Komið er bréf frá forseta Hæstaréttar Íslands þar sem hann lýsir því yfir að þetta frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána, (Gripið fram í.) ekki sé verið að brjóta stjórnarskrána né þau mannréttindaákvæði sem henni fylgja. Spurningunni er svarað neitandi. Ég held að hv. þm. ætti að lesa bæði bréfin til að skilja hvað í þeim stendur frekar en að koma hingað upp og halda því áfram fram að stjórnarmeirihlutinn og meiri hluti Alþingis sé vísvitandi að brjóta stjórnarskrána og mannréttindaákvæði, þetta hefur komið fram í málflutningi stjórnarandstöðunnar „vísvitandi", margoft og það er einfaldlega hægt að fletta því upp í Alþingistíðindum hversu oft og hverjir hafa sagt það. Ég segi, herra forseti, að það sé ósvífni af hæstu gráðu að hv. þm. og þingmenn minni hlutans á Alþingi skuli leyfa sér að haga sér á þennan hátt, að ásaka okkur um að brjóta stjórnarskrána og að ætla sér að halda áfram að halda því fram. Ég hefði aldrei trúað því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mundi haga sér á þennan hátt.

[21:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Er hv. þm. nokkuð að gleyma hver er gerandinn í þessu máli? Er stjórnarandstaðan gerandinn í málinu? Var það stjórnarandstaðan sem beitti ólögmætri tekjuskerðingu og var dæmd af Hæstarétti fyrir lögleysu og mannréttindabrot? Nei. Það var ríkisstjórnin. Það voru stjórnvöld og meiri hlutinn sem hv. þm. styður. Í desember 1998 var hv. þm. og aðrir sem stóðu þá að afgreiðslu frv. ítrekað varaðir við því að í þeirri lagasetningu gæti falist stjórnarskrárbrot. Menn létu sig hafa það. Og hver var niðurstaðan? Menn voru dæmdir fyrir stjórnarskrárbrot. Við erum að vara menn við því hér aftur og það er orðinn stigsmunur en ekki eðlis á því hvort það er kallað gáleysi eða ásetningur þegar jafnítarlega og rökstutt hefur verið varað við því (Gripið fram í.) að um stjórnarskrárbrot sé væntanlega að ræða.

Af því að hv. þm. er með endemum svo ósvífinn að leyfa sér að segja að Hæstiréttur stimpli frv. ríkisstjórnarinnar, þá verður það a.m.k. að fara inn í þingtíðindin fyrir komandi kynslóðir þannig að þær geti lesið sig til um það að frv. ríkisstjórnarinnar er ekki nefnt á nafn í svari forseta Hæstaréttar, ekki nefnt á nafn. Það er dómurinn sem forsetinn er að tjá sig um og í reynd segir hann að dómurinn feli ekki í sér afstöðu til frekari álitaefna en hér um ræðir. Í reynd vísar forseti Hæstaréttar því frá, ef á að reyna að fá botn í það sem þarna stendur í örfáum línum, að tjá sig um frekari ágreiningsefni en þau sem dómurinn kvað upp úr um þannig að ég býst við að lögmenn eigi eftir að skemmta sér mikið við það að reyna að ráða í þessar rúnir og það er fjarri öllu lagi að hægt sé að halda því fram að með þessum bréfaskriftum fái málflutningur ríkisstjórnarinnar á nokkurn hátt skjól af þessu merka bréfi forseta Hæstaréttar.

[21:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um fyrninguna. Ég vil leyfa mér að lesa einu sinni enn það sem meiri hluti Hæstaréttar segir í VI. kafla atkvæðis síns:

„Í 48. gr. sömu laga eru jafnframt ákvæði sem huga verður að" — segir Hæstiréttur — „við ákvörðun lífeyris til hvers örorkulífeyrisþega um sig." — Sú grein hljóðar svo:

„Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár."

Hér er Hæstiréttur að segja að ekki skuli greiða lengra aftur í tímann en tvö ár frá dómsupptöku. Þess vegna er fyrningin fjögur ár því að málið var dómtekið 19. janúar 1999.

Hvað varðar lágmarksvextina, þá segir Hæstiréttur að það skipulag sem skoðað er sé ekki talið tryggja þau lágmarksréttindi sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði felast. Þetta lágmark er hækkað. Verið er að bæta rétt manna og þegar verið er að bæta rétt manna, þá er ekki eðlilegt að miða við dráttarvexti heldur venjulega vextir, 5,5% eins og hér er um er um að ræða. Þetta er ívilnun, herra forseti.

Varðandi fyrninguna þá hefur stjórnarandstaðan lagt til að greitt verði í sjö ár sem þýðir eingreiðslur upp á 3 millj. til fólks sem yfir helming er með meira en 300 þús. kr. í fjölskyldutekjur á mánuði. Og fjórðungur þessara 700 einstaklinga er með yfir 400 þús. í fjölskyldutekjur á mánuði. Þetta fólk á núna að fá samkvæmt frv. 1,5 millj. í eingreiðslu. Stjórnarandstaðan vill hafa það 3 millj. og ég hef spurt hv. stjórnarandstöðuþingmenn hvort þetta samrýmist hugmyndum þeirra um jafnaðarmennsku. Ég hef ekki sagt að þetta sé á móti mínum skoðunum því að ég er hlynntur einstaklingshyggju.

[21:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Allur Hæstiréttur er sammála um að óheimilt hafi verið að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka á tímabilinu 1994–1998, þar sem ekki var lagastoð fyrir þeirri reglugerð sem beitt var við þá skerðingu. Allur Hæstiréttur var sammála um það. Kæra Öryrkjabandalags Íslands var tekin orðrétt upp í dómnum um að óheimilt sé að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap eftir að skerðingarreglan var sett í lög á Alþingi og varað var við þeirri gjörð af stjórnarandstöðunni. Hún varaði við því. Það standist ekki mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eftir að ný mannréttindaákvæði voru sett inn í VII. kafla árið 1995. Þess vegna ber að endurgreiða þessu fólki að fullu það sem tekið var af því í heimildarleysi. Það ber að endurgreiða þær fjárhæðir sem teknar voru í heimildarleysi að fullu.

Við höfum farið rækilega yfir frv. og við höfum rætt það ítarlega í þremur umræðum hver afstaða okkar til málsins er og höfum skilað mjög ítarlegu nefndaráliti um niðurstöðu okkar. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu hér. Niðurstaða okkar er sú að það stenst ekki stjórnarskrána eða mannréttindaákvæði hennar að fara þá leið sem ríkisstjórnin fer, og bréf það sem hefur verið hér til umræðu breytir engu þar um og er ekki neitt innlegg í að leysa þann ágreining sem hér er uppi. Aftur á móti hefur komið fram í umræðunni að ýmsir stjórnarliðar eru sammála okkur í þessari túlkun,

m.a. yfirlögfræðingur ríkisstjórnarinnar, Jón Steinar Gunnlaugsson, og hefur verið vísað í viðtöl við hann í blöðum og fjölmiðlum þar sem fram kemur að hann er sammála okkur í túlkuninni þó svo hann hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu þegar hann samdi frv.

Það kom einnig fram hjá einum stjórnarliða í dag, hv. þm. Árna Johnsen, í andsvari við hv. þm. Jóhann Ársælsson, að hann skildi niðurstöðu Hæstaréttar á sama hátt og vændi hv. þm. um að ætla að leggja niður jafnaðarstefnuna með dómi þriggja dómara. Hann ætlar bara að fara að dómi dómara í Hæstarétti. Hann var greinilega á sama máli og Hæstiréttur og við um að þetta væri óheimilt. Síðan furðaði sami hv. þm. sig á því í öðru andsvari að jafnaðarmenn skuli þola slíka niðurstöðu hjá Hæstarétti Íslands. Það sagði hv. þm. Árni Johnsen, þó að það sé Hæstiréttur Íslands. Þetta kom fram í andsvari fyrr í dag þannig að hann skilur greinilega niðurstöðu Hæstaréttar og dóminn á sama hátt.

Hér hafa almennt verið til umræðu kjör lífeyrisþega og öryrkja. Því hefur verið lofað í umræðunni að bæta kjör þeirra og það verði gert áður en þessum vetri lýkur. Það er vel. Við munum sjá til þess að halda ríkisstjórninni við efnið og sjá til að kjör lífeyrisþega verði bætt því að það er löngu tímabært. Það þarf að hækka bæturnar og taka á málefnum ungra öryrkja. Það þarf að bæta stöðu þeirra sem lenda í því að missa starfsorkuna. Það er löngu orðið tímabært.

Mér finnst nokkuð merkilegt, herra forseti, að með frv. til laga sem komið er inn í þingið í kjölfar dóms Hæstaréttar skuli aðeins fylgja nál. frá lögfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar en ekki dómur Hæstaréttar sem þó er ástæðan fyrir framlagningu þess. Dómurinn fylgir ekki með í skjalinu, aðeins niðurstaða lögfræðinganefndarinnar. Þetta þykir mér segja talsvert um hugarfarið á bak við þetta frv.

Ég vil einnig spyrja, fyrst hér eru komnir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, spurningar sem öryrkjar hafa spurt mig um í dag: Hefur komið nokkur skýring á því í þingsölum hvers vegna tekjutrygging öryrkja í hjúskap á að vera 25 þús. kr. en ekki 32 þús. kr.? Hefur komið skýring á því? Hæstv. forsrh. talaði fjálglega um það í upphafi þessarar umræðu að það þyrfti að upplýsa ýmislegt í þessu máli. Hann hefur ekki enn upplýst hvar þeir fundu þessa tölu, 25 þús. kr. í tekjutryggingu eða 43 þús. kr. hámark til þeirra sem eru í hjúskap. Því hefur ekki verið svarað. Það væri ágætt að fá þær upplýsingar áður en umræðunni lýkur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu langa en mig langar að spyrjast fyrir um minnisblað, frá forsrh. til nefndarinnar, sem lögfræðingur Öryrkjabandalagsins hefur óskað eftir að sjá í krafti upplýsingalaga. Því hefur verið synjað og ég spyr, herra forseti: Hvaða pukur er á ferðinni hjá ríkisstjórninni í þessu máli? Hvað hafa þeir að fela? Hvers vegna er ekki hægt að birta öll plögg sem snerta málið, þetta þingmál sem á að skerða kjör ákveðins hóps öryrkja miðað við niðurstöðu Hæstaréttar, þ.e. öryrkja í hjúskap? Ég óska eftir, herra forseti, svari við því hvers vegna er ekki hægt að birta þetta minnisblað frá hæstv. forsrh. sem lögmaður Öryrkjabandalagsins hefur farið fram á að fá að sjá.

Ég vildi gjarnan fá svör við þessu. Hvaðan er upphæðin fengin sem á að skammta lífeyrisþegum í hjúskap úr hnefa? Hvað hefur ríkisstjórnin að fela með því að neita lögmanni Öryrkjabandalagsins um það minnisblað sem óskað hefur verið eftir?

[21:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. 19. desember sl. var kveðinn upp dómur í því máli sem hér hefur nú verið til umfjöllunar á Alþingi í fjóra daga og reyndar lengur. Síðan 15. janúar hafa þingmenn tekist á um þetta mál en þegar dómurinn var kveðinn upp var hæstv. forsrh. staddur ásamt hæstv. utanrrh. og hæstv. heilbrrh. norður á Akureyri að horfa á Kára Stefánsson skrifa undir samning við heilbrigðisstofnanir um að safna heilbrigðisupplýsingum fyrir sig í gagnagrunninn sinn.

Daginn eftir að dómurinn var kveðinn upp kom eftirfarandi fyrirsögn í Morgunblaðinu sem þjóðin las:

„Hæstiréttur dæmir Öryrkjabandalaginu í vil í máli gegn Tryggingastofnun. Óheimilt að tengja tekjutryggingu við tekjur maka."

Morgunblaðið þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um hvernig túlka bæri dóminn. Í sama streng tóku allir þeir sem tjáðu sig um dóminn í byrjun. Meira að segja hæstv. heilbrrh. gaf þá yfirlýsingu að hún deildi ekki við Hæstarétt. Athyglisverð voru ummæli Jakobs Möllers hæstaréttarlögmanns, fyrrv. formanns Lögmannafélags Íslands, sem sagði eftirfarandi í Morgunblaðinu 21. desember, með leyfi forseta:

„Síðan verður að segjast eins og er að þeir sem hafa haldið fram sjónarmiðum um jákvæðar skyldur ríkisvaldsins hvað varðar félagsleg mannréttindi hafa unnið mikinn sigur í Hæstarétti í fyrradag."

Fyrsti maðurinn, herra forseti, að því ég best man, til að draga í efa niðurstöðu dómsins í fjölmiðlum var hæstaréttarlögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson, reyndar eftir að hafa óskað starfsbróður sínum, hæstaréttarlögmanninum Ragnari Aðalsteinssyni sem sótti málið fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands, til hamingju með sigurinn.

Jón Steinar Gunnlaugsson vakti upp efann og tók þar með á sínar herðar það hlutverk að deila við Hæstarétt, m.a. með því að halda því fram að rétturinn hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Jón Steinar Gunnlaugsson var, eins og öllum er kunnugt, skömmu síðar ráðinn til að stýra vörn ríkisstjórnarinnar í málinu. Ég segi vörn vegna þess að eftir að forsrh. hóf að tjá sig um dóminn virtist hann líta svo á að dómurinn væri atlaga að stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum þeirra sem þurfa að reiða sig á bætur frá almannatryggingum til að lifa af í sjálfu góðærinu. Þar með var ljóst að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlaði í stríð við Hæstarétt og í stríð við þjóðina. Herra forseti. Þetta stríð hefur nú staðið í rúman mánuð og er sannarlega ekki búið enn.

Úr þessum ræðustól hafa margar ræður verið haldnar um málið og eflaust á eftir að vitna til einhverra þeirra um ókomna tíma. Sú makalausasta af þeim öllum er að öllum líkindum ræða hæstv. forsrh. sem hann hélt á fyrsta degi umræðunnar. Sú ræða hafði þau áhrif á þá sem hér stendur að hún fann til fullkomins vanmáttar gagnvart óbilgirninni og kergjunni sem einkenndi málflutning hæstv. forsrh. þegar hann hvæsti hér yfir salinn á milli samanbitinna tannanna.

Að sjálfsögðu hlítum við dómi Hæstaréttar, segir ríkisstjórnin, og þingmenn stjórnarflokkanna segja það líka. Við gerum það bara ekki á þann hátt sem Hæstiréttur hefur lagt til, svo að vitnað sé í ræðustíl hæstv. forsrh. Orðin „án þann hátt" eru hálmstrá ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hún og þingmenn stjórnarflokkanna hafa lagt á sig hundrað fjallabaksleiðir til að sannfæra sig um að orðin „á þann hátt" í forsendum dómsins þýði eitthvað annað en það sem dómurinn kveður á um.

Ríkisstjórnin og þingmenn stjórnarflokkanna hafa hundskammað stjórnarandstöðuna í þessari umræðu fyrir að vilja ekki líta málin sömu augum og þeir, vilja ekki skilja dóminn sama skilningi og þeir. Hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. sem árum saman hafa staðið gegn því að kjör öryrkja og ellilífeyrisþega yrðu bætt hafa skyndilega lokið upp gáttum samúðarinnar og þykjast þess nú umkomnir að skamma stjórnarandstöðuflokkana fyrir að gleyma þeim sem minnst hafa.

Í stjórnarliðinu hefur maður gengið undir manns hönd við að gera lítið úr þeim réttarbótum sem öryrkjar í hjúskap eiga rétt á samkvæmt dómi Hæstaréttar, a.m.k. eins og stjórnarandstaðan og þjóðin skilja hann. Menn hafa haldið því fram að réttara væri að leiðrétta eða bæta kjör þeirra sem minnst hafa fremur en að berjast af svo mikilli hörku fyrir afnámi tekjutengingar við tekjur maka. Guð láti gott á vita, herra forseti. Það er aldrei of seint að sveigja frá villu síns vegar, sjái maður á annað borð ljósið. En, herra forseti, ég er mjög efins um að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi séð ljósið. Þó skyldi maður aldrei segja aldrei.

Mér finnst þær skammir sem stjórnarandstöðuþingmenn hafa þurft að þola úr munni stjórnarþingmanna ekki vera maklegar eftir öll þau mál sem hér hafa ítrekað verið lögð fram af þingmönnum stjórnarandstöðunnar til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í samfélaginu, tillögur á þáltill. ofan og frv. sem stjórnarþingmenn hafa fellt, sem þessi stjórnarmeirihluti hefur fellt hátt á sjötta ár. Svo skamma þeir stjórnarandstöðuna, stjórnarliðarnir sem standa að baki ríkisstjórn sem skipuð er dæmdum mönnum, mönnum sem dæmdir hafa verið á grundvelli stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Herra forseti. Ég get ekki annað en viðurkennt vanmátt minn gagnvart slíkum óforskömmugheitum og beygt mig undir orð Þorgeirs Þorgeirsonar rithöfundar og þjóðþekkts konstitúsjónalista eins og hann kýs að kalla sig, en hann skrifar pistil á vefsetri sínu leshúsi þann 4. október sl. í tilefni af stefnuræðu forsrh. og umræðu um hana. Pistill Þorgeirs ber heitið Hugleiðing um orðafar, skilaboð til alþingismanna og ráðherra, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heiðruðu valdamenn: Í gærkvöldi voru umræður á Alþingi um svokallaða stefnuræðu forsætisráðherrans.

Allir ræðuskörungarnir þurftu að minnast á kjör okkar gamla fólksins og öryrkjanna. Þá voru notuð skrauthvörf eins og „lítilmagnar" og „þeir sem minnst mega sín".

Nú er það svo að hvorki öryrkjar né gamalmenni hafa sjálf neitt um kjör sín að segja. Við erum án samningsréttar um peningalega hagi okkar. Eins og hverjir aðrir parías. Það eruð þið löggjafar- og framkvæmdarvaldsmenn sem ákvarðið lífsviðurværi okkar í bráð og lengd. Kjör ykkar eru ákvörðuð af Kjaradómi sem þiggur laun sín frá ykkur sjálfum. Kjör okkar eru síðan komin undir mætti og vilja ykkar en ekki krafti okkar sjálfra.

Verðskuldi einhverjir lítilmagnatitilinn í þessu samhengi eruð það þið. Það eruð þið, sem megið ykkar ekki meir en svo, að lífskjör okkar margra eru undir hungurmörkum. Það eruð þið, sem beitið stjórnarskrárbrotum til að hlunnfara okkur ef þið eruð í stjórn. Það eruð þið, sem látið ykkur nægja krókódílstár og tilfinningavellu ef þið eruð í stjórnarandstöðu. Lítilmagnar sem þið eruð í þessum málum.

Það er ömurlegt lánleysi okkar gamla fólksins og öryrkjanna að hafa ykkur í forsvari. Eða er það kannski lánleysi þjóðarinnar í heild að hafa trúað ykkur lítilmögnunum fyrir öllu þessu valdi?"

Herra forseti. Þetta voru orð Þorgeirs Þorgeirsonar rithöfundar og ég beygi mig undir þau. Ég skil tilfinningarnar sem að baki liggja og ég deili þeim með rithöfundinum. Ég minni á það, herra forseti, um leið og ég geri þessi orð Þorgeirs Þorgeirsonar að lokaorðum ræðu minnar, að að öllum líkindum eru 80% þjóðarinnar ósátt við framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

[21:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Búið er að ræða oft og mikið um dómsniðurstöðu Hæstaréttar sem við í stjórnarandstöðunni viljum virða. Við teljum að frá 1. jan. á þessu ári hefði átt að greiða öryrkjum í hjúskap heildarupphæð upp á 51 þús. kr. óháð tekjum maka. Stjórnarliðar hafa hins vegar ákveðið að 43 þús. kr. sé upphæðin sem öryrkjar eigi rétt á óháð tekjum maka. Engin sérstök rök eru færð fram hjá stjórnarliðum fyrir þessari skerðingu upp á 7.500 kr. Sú tala virðist dregin upp úr hatti. Lækkun tekjutryggingar niður í 25 þús. kr. er bara svo hentug tala. Annar rökstuðningur hefur ekki komið fram.

Stjórnarandstaðan er þeirrar skoðunar að greiða beri út samkvæmt hæstaréttardómi og rétt sé að gera skýr skil milli framtíðar og fortíðar í þessum málum.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir m.a. að eignarrétturinn sé friðhelgur. Það stendur í þessari bók sem inniheldur stjórnarskrá lýðveldisins. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson dró það fram í umræðum í gærkvöldi að öll afturvirkni í frv. ríkisstjórnarinnar væri eignaupptaka og gengi gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Þegar hæstaréttardómur um málið kveður á um að ólögleg skerðing hafi verið viðhöfð, í þessu tilfelli öryrkja í hjúskap, og þar sem um peningagreiðslu er að ræða, þ.e. tekjutryggingu öryrkja, þá hefur öryrkjum verið dæmt að þeir sem málið varðar eigi inni eign eftir niðurstöðu hæstaréttardómsins. Þeir eiga eign inni hjá ríkinu, í þessu tilviki peningaupphæð, misháa eftir stöðu öryrkjans og með hliðsjón af þeim tíma sem hæstaréttardómurinn tekur til. Þessi eignarréttur er friðhelgur skv. 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins. Hann má ekki skerða. Nú á að lögfesta að skerðingarákvæði verði afturvirk. Það á að lögfesta með frv. ríkisstjórnarinnar að skerðingarákvæði verði afturvirk. Það á sem sagt að ganga á þennan eignarrétt. Í skýringum Hæstaréttar segir m.a. að „skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarksframfærslu". Eftir hverju? Jú, „eftir fyrir fram gefnu skipulagi, sem ákveðið sé á málefnalegan hátt".

Ég tel að Hæstiréttur leggi með þessum orðum áherslu á og gefi viðvörun um að dæmdar bætur séu eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar og skilyrði sé að öll takmörkun sé eftir fyrir fram gefnu skipulagi og geti ekki virkað aftur fyrir sig. Ég held að Hæstiréttur sé að vara við því að það sé búið að dæma öryrkjum eignarréttindi og þau verði ekki skert afturvirkt. Slíkt mætti aðeins með fyrir fram gefnu skipulagi. Þannig má ljóst vera að öll afturvirkni er skerðing, upptaka á eign sem öryrkjum hafi verið dæmd í þessu máli.

Í ljósi þessarar niðurstöðu sem ég hef komist að, m.a. út frá málflutningi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar hér í gær

— ég hef ekki heyrt nein andmæli stjórnarliða við þeim málflutningi — og einnig þess sem ég vitnaði til, að eftir fyrir fram gefnu skipulagi skuli unnið, vil ég í lokin spyrja þá lögfræðinga í stjórnarliðinu, sem sumir þingmenn stjórnarliða hafa byggt afstöðu sína og sannfæringu á, hvort þeir telji að dæmdar peningabætur séu eign þeirra öryrkja sem málið varðar eða hvort skerða megi þessa eign þrátt fyrir ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um að eignarrétturinn sé friðhelgur. Ég beini þessari spurningu til löglærðra manna í stjórnarflokkunum. Þeir hafa verið nefndir til sögunnar í ræðum hv. þm. stjórnarflokkanna. Þeir hafa lýst því yfir að vegna þess hve margir löglærðir í stjórnarflokkunum hafi túlkað dóminn svo samræmdist frv. þá standi þeir í þeirri meiningu að þeir væru ekki að festa í lög nein ákvæði sem stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég er ósammála því. Verði þetta fest í lög þá tel ég brotið á eignarréttarákvæðum.

Ef engir löglærðir stjórnarliðar eru við þessa umræðu á Alþingi þá væri mér svo sem þægð í því að hlýða á rök og skýringar þeirra sem ekki eru löglærðir í stjórnarliðinu fyrir því að peningabætur sem öryrkjum hafa verið dæmdar séu ekki eign þeirra og þær megi skerða þrátt fyrir 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ég óska eftir rökum gegn þessum rökum mínum.

[21:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi umræða er farin að snúast eftir einkennilegum áttum. Þetta er í fyrsta skipti frá því að ég kom til setu á hinu háa Alþingi sem nokkur ríkisstjórn hefur haft svo vonda samvisku, svo nagandi efa um að málið sem hún flytur sé í raun nægilega gott og standist stjórnarskrána, að hún fari þá leið að óska eftir sérstöku heilbrigðisvottorði frá Hæstarétti Íslands.

Með öðrum orðum, herra forseti: Röksemdir okkar í stjórnarandstöðunni hrína svo á stjórnarliðinu að það er farið að efast um að háttsemi þess í þessum sölum standist stjórnarskrána. Til að reyna að fá eins konar löggilt heilbrigðisvottorð er farin sú leið að skrifa til vildarvina í forsetadæmi Hæstaréttar og biðja um svar.

Ég hef ekki áður orðið þess áskynja að ríkisstjórnin sé svo hrædd um eigin verk, svo hrædd við vilja fólksins og jafnviss um að hún sé e.t.v. að gera rangt.

Herra forseti. Það sem hér gerðist í kvöld er algerlega óþekkt í þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við. Ég hlýt auðvitað að vekja eftirtekt á því, herra forseti, að bréfið sem hæstv. forseti las upp áðan frá forseta Hæstaréttar er algert einsdæmi. Ég veit engin dæmi þess að löggjafarvaldið hafi með slíkum hætti reynt að fá fram úrskurð hjá dómstólum landsins um hvað þeir væru í reynd að segja. Í þessu máli skiptir miklu, herra forseti, að það er ekki Hæstiréttur sem skrifar þetta bréf. Það er forseti Hæstaréttar og það verður að gera skýran greinarmun á honum og Hæstarétti sjálfum.

Ég vek athygli á því að sá sem skrifar þetta bréf er einn þeirra sem voru ósammála, í séráliti sem skilað var af tvímenningum í Hæstarétti, meiri hluta Hæstaréttar. Þarf það þá að koma einhverjum á óvart, herra forseti, að sá maður haldi áfram fast við þá skoðun sem hann hefur áður rökstutt á tveimur blaðsíðum og segi að sú aðferð sem hér sé viðhöfð brjóti ekki í bága við stjórnarskrána? Að sjálfsögðu ekki. Forseti Hæstaréttar væri haldinn tvíhyggju ef hann ætti á einum mánuði að skipta um skoðun því að ef forseti Hæstaréttar hefði komist að annarri niðurstöðu í þessu bréfi, þá hlyti maðurinn að vera „schizophren", þá hlyti hann að hafa skipt um skoðun á þessum fjórum vikum sem liðnar eru frá því að hann sendi frá sér sérálitið. Þetta þarf því engum að koma á óvart, herra forseti.

Það sem kemur hins vegar á óvart er að bréfið er sent í dag til forseta Hæstaréttar sem hefur tekið skýlausa afstöðu gegn meiri hlutanum og svarið kemur í dag. Ég hlýt sem einn af þeim sem fara með löggjafarvaldið að spyrja: Var haldinn fundur með dómurum Hæstaréttar um þetta mál? Nú ber svo vel í veiði að hæstv. forsrh. er kominn hér í gættina. Hann gæti e.t.v. upplýst okkur um það hvort þetta bréf var sent með samþykki, vitund og vilja allra dómara Hæstaréttar. (**Gripið fram í:** Í nafni réttarins.) Það er kallað fram í hér að það sé sent í nafni réttarins en það er ekki svo. Þetta bréf er ekki sent í nafni Hæstaréttar, herra forseti. Það er sent í umboði forseta Hæstaréttar og á því er auðvitað skýr greinarmunur.

Hitt er ljóst, herra forseti, að ég tel, eins og þetta horfir við mér, að bréf Garðars Gíslasonar, forseta Hæstaréttar, staðfesti í reynd endanlega að það er réttur skilningur hjá stjórnarandstöðunni að dómur Hæstaréttar feli í sér að öryrki í sambúð hafi lögvarinn rétt til að fá úr opinberum sjóðum 51 þús. kr., ekki 43 þús. eins og stjórnarliðið heldur fram, heldur hafi hann lögvarinn rétt til að fá úr opinberum sjóðum 51 þús. kr. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Í dóminum var aðeins tekin afstaða til þess, hvort slík tekjutenging eins og nú er mælt fyrir um í lögum sé andstæð stjórnarskránni. Svo var talið vera."

Að mati forseta Hæstaréttar er sem sagt talið andstætt stjórnarskránni að beita tekjutengingu sem skerðir þennan lágmarksrétt til 51 þús. kr. Það má því ekki hafa minni tekjutryggingu en 33 þús. kr. miðað við að grunnörorkulífeyrir sé 18 þús. kr. Það má ekki hafa tekjutryggingu minni en 33 þús. til þess að ná upp í þessa upphæð.

Herra forseti. Ég tel vegna þessa að bréf forseta Hæstaréttar styðji það sem við höfum sagt allan tímann. Hins vegar vil ég að það komi skýrt fram að það eru kannski ekki svo veigamikil rök með máli okkar vegna þess að hér er auðvitað um að ræða mann sem tók afstöðu með minni hlutanum. Ég rifja samt upp að ég hef áður í ræðum mínum sýnt fram á að sérálit minni hlutans felur að mínu viti í sér margar staðfestingar á því að skilningur okkar á dómi Hæstaréttar hafi verið réttur.

Ég verð þó að segja, herra forseti, að það er dæmalaust að bréf af þessu tagi skulu koma hingað inn í umræðu sem þessa. Það hefur enga þýðingu. Þó að ég telji að það styðji málstað okkar vil ég samt vera svo vinsamlegur gagnvart stjórnarliðinu að taka fram að ég tel að bréfið hafi enga þýðingu. Það er auðvitað lykilatriði að löggjafarvaldið fái tóm til þess að ljúka verki sínu án afskipta dómsvaldsins sem hugsanlega þarf að fjalla aftur um þetta mál, jafnvel í náinni framtíð. Það held ég, herra forseti, að sé lykilatriði sem vert er að hafa í huga.

Að þessu bréfi frátöldu, herra forseti, vil ég nefna þrennt sem ég get ekki sætt mig við í frv. þó það hafi komið fram áður.

Í fyrsta lagi tel ég ekki heimilt, og ég er andvígur því eftir dóm Hæstaréttar, að menn lækki þá upphæð sem við teljum að sé í reynd lögvarinn réttur einstaklingsins við þessar aðstæður til að fá greitt úr opinberum sjóðum úr 51 þús. kr. niður í 43 þús. kr. Ég er andvígur því eins og hér hefur margoft komið fram.

Ég tel í öðru lagi, herra forseti, að sú regla sem notuð er til þess að fyrna kröfur öryrkja samkvæmt frv. sé röng. Ég tel að hún sé a.m.k. siðferðilega röng, herra forseti. Það hefur áður komið fram í máli okkar sem hér höfum talað af hálfu stjórnarandstöðunnar að við álítum siðferðilega rangt að fyrna mannréttindabrot. Það er alveg ljóst að dómur Hæstaréttar gekk út á að brotið hefði verið gegn mannréttindum öryrkja og við teljum að slík brot fyrnist ekki. Og við teljum að ríkisstjórnin hefði átt að sýna þann siðferðilega styrk að lýsa því yfir af eigin hvötum, að eigin frumkvæði, að hún hygðist greiða öryrkjum sjö ár aftur í tímann.

Í þriðja lagi, herra forseti, er ljóst að þetta frv. felur í sér afturvirkni sem ekki er hægt að fallast á. Dómur Hæstaréttar felur í reynd í sér að ríkið hafi með ólögmætum hætti tekið af öryrkjum fémæti aftur í tímann. Auðvitað sjá allir hugsandi menn að eftir þennan dóm verður ríkið að greiða þessa peninga til baka. Þá ber svo við að nota á ný lög þar sem er að finna nýjar skerðingar við útreikning á hluta kröfunnar. Þetta, herra forseti, tel ég í reynd ekki fela í sér neitt annað en upptöku á eignum viðkomandi einstaklinga.

Þegar dómurinn fellur verður til krafa sem byggist á því að sannað þyki að ríkið hafi ekki staðið í skilum við tiltekna einstaklinga í fortíðinni. Þegar ríkið svarar með því að gera upp þessa kröfu á grundvelli afturvirkra laga þar sem nýjar skerðingar eru lagðar til grundvallar við útreikning krafnanna þá get ég ekki skilið þetta öðruvísi en svo að ríkið sé í reynd að beita lögum afturvirkt til að lækka kröfuna sem menn fengu dæmda. Ríkið er þar með að minnka réttindi þessa fólks og taka upp eignir viðkomandi einstaklinga. Mér virðist þannig skýrt að ríkið beiti þá afturvirkum lögum til eignaupptöku því að mér sýnist þetta ekki neitt annað. Þá spyr maður auðvitað líka: Hvað segir stjórnarskráin um það? Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson svaraði því ákaflega vel í ræðu sinni í gær.

Mér skilst, herra forseti, að hér sé lögum beitt afturvirkt til að lækka þær kröfur sem Hæstiréttur hefur í reynd dæmt öryrkjum. Ég verð að segja að ég get ekki annað en mótmælt þeim aðförum. Þær eru hins vegar í stíl við allt annað sem hefur gerst í þessu máli, herra forseti. Ríkið hefur ítrekað komið fram af ótrúlega mikilli hörku gagnvart öryrkjum. Við sjáum þegar dómurinn fellur að þá rís strax ágreiningur á milli Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar um hvernig beri að túlka þennan dóm. Þá er skipuð nefnd, einhliða nefnd þar sem enginn úr hópi sigurvegaranna fær að vera með, þar sem aðeins fulltrúar ríkisvaldsins eru með. Formaður nefndarinnar, Jón Steinar Gunnlaugsson, hafði deginum áður lýst yfir skilningi sínum á dómi Hæstaréttar, sama skilningi og ríkisstjórnin vildi og þveröfugt við túlkun Öryrkjabandalagsins.

Herra forseti. Eitt hefur komið gott út úr þessu máli. Við höfum í þessari umræðu frétt af því hjá hæstv. ráðherrum og hv. þm. stjórnarliðsins að þeim finnist tími til þess kominn að gera átak til að bæta kjör öryrkja. Þar erum við sammála. Nú held ég, herra forseti, að það liggi beint við að við sem erum í stjórnarandstöðu bjóðum fram starfskrafta okkar, tíma og atgervi til að aðstoða stjórnarliðið við að bæta kjör öryrkja. Sá vilji hefur oft komið fram í þessari umræðu og það finnst mér ákaflega jákvætt, herra forseti. Ég tel að umræðan hafi orðið til að gerbreyta viðhorfum stjórnarliðsins til kjara öryrkja og það er ákaflega gott. Ég segi, herra forseti: Nú er komið að því að ríkisstjórnin láti verkin tala í því máli. Nú er komið að því að staðið verði við þau loforð að áður en þessi þingvetur er úti liggi fyrir lagafrv. sem uppfylli þær væntingar sem yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í þessum umræðum hafa vakið hjá öryrkjum.

[22:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir utan hina dæmalausu og óvenjulegu persónuárás hv. þm. á forseta Hæstaréttar, sem er afar óvenjuleg í þingsögunni, þá beindi hann til mín spurningum um það hvort ég vissi hvort fundir hefðu verið haldnir í Hæstarétti út af þessu tilefni og þessu bréfi. Ég hef ekki hugmynd um það. Það er forsætisnefnd þingsins sem biður um svar Hæstaréttar. Það er að vonum að forsætisnefnd þingsins geri það vegna þess að hér hefur því verið haldið fram að menn væru að fremja stjórnarskrárbrot ef þeir túlkuðu lög eða frv. með þeim hætti að tekjutrygging örorkulífeyrisþega í hjúskap væri að einhverju leyti bundin við tekjur maka hans. Í því fólust hinar stóru ásakanir um stjórnarskrárbrot.

Hæstiréttur svarar því að svo sé ekki. (Gripið fram í.) Ég hefði haldið að hér hefði orðið mikil gleði í þessum sal, til að mynda hjá þeim hv. þm. sem talaði um hinn mikla eið sinn, að hann vildi ekki brjóta stjórnarskrá og heimtaði að málið væri tekið af dagskrá vegna þess að menn væru að brjóta stjórnarskrá og túlkaði í sífellu það sem fyrir Hæstarétti vakti. (**ÖJ:** Þarf ekki að fá Jón Steinar til að túlka þetta aftur?) Þessi hv. þm. er nú þannig að menn máttu ekki tala saman tveir hér, þá reigði hann sig allan en hér er sífellt talað fram í. Ég hef fengið mörg bréf frá Hæstarétti í gegnum tíðina af ýmsum ástæðum sem forsrh. Það er jafnan skrifað undir þau af hálfu forseta Hæstaréttar og þá auðvitað í umboði Hæstaréttar. Það mikið veit ég um lögfræði að svona bréf er ekki sent nema Hæstiréttur eða a.m.k. meiri hluti Hæstaréttar standi á bak við það.

[22:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. kemur hingað og ásakar mig fyrir að hafa farið með köpuryrði í garð forseta Hæstaréttar. (**Forsrh.:** Nei, árás.) Það eina sem ég sagði um forseta Hæstaréttar sem hægt væri að túlka persónulega er að ég sagði að hann væri vildarvinur ríkisstjórnarinnar. Hingað til hefur það frekar þótt jákvætt í munni ríkisstjórnarinnar.

Það sem skiptir máli í þessu er að fram kom hjá hæstv. forsrh. að honum væri ekki kunnugt um að aðrir dómarar í Hæstrétti væru samþykkir þessu bréfi. Það kemur fram að honum er ekki kunnugt um að haldinn hafi verið dómarafundur. Ég spyr þá, herra forseti: Ef þetta bréf á að verða gagn sem á að taka mark á, er þá ekki rétt að fresta þessari umræðu og fá úr því skorið hvort þetta bréf er sent með fullum vilja alls Hæstaréttar? Það hlýtur að skipta máli, herra forseti, ef hæstv. forsrh. og ef ríkisstjórnin ætla að leggja fram þetta dæmalausa plagg sem þýðingarmikið gagn í málinu.

Það hefur komið fram af hálfu margra þeirra sem talað hafa hér í kvöld, m.a. hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að þetta bréf skipti öllu máli. Ég held því hins vegar fram að þetta bréf skipti engu máli. Það eina sem hægt er að lesa úr þessu bréfi er staðfesting á því að skilningur okkar í stjórnarandstöðunni er réttur. Það kemur mér ekki á óvart vegna þess að ég hef leitt að því rök að sérálit tvímenninganna í minni hluta í Hæstarétti feli í sér margar setningar og niðurlagsorð sem ekki er hægt að túlka öðruvísi en stuðning við okkar skilning, herra forseti.

Það sem skiptir máli og hlýtur að vera eitt af því sem menn þurfa að velta fyrir sér í framhaldinu er að hér er

dómsvaldið í reynd að gera tilraun til að hafa afskipti af meðferð okkar, hins háa Alþingis, á þessu máli þó það kunni innan tíðar að koma aftur til kasta dómstólanna. Eru hlutirnir þá ekki komnir á haus, herra forseti?

[22:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg ótrúleg óskammfeilni sem hv. þm. sýnir. Hann segir að dómstóllinn sé að reyna að fara inn á svið Alþingis. Dómstóllinn er að svara bréfi, beiðni frá forsætisnefnd Alþingis, nefnd sem er í forsvari fyrir þingið út á við. Dómstóllinn hefur ekkert frumkvæði að þessu máli eins og þessi bréf bera með sér.

Það að mér sé ekki kunnugt um hvort Hæstiréttur fundar eða ekki frekar en hv. þm. sannar ekkert um það hvort rétturinn hafi haldið fund eða ekki. (Gripið fram í.) Það getur skipt máli en það að ég viti ekki um það segir ekkert frekar en að hv. þm. viti það ekki eða einhver annar. Það mikið veit ég þó um lögfræði og það mikið þekki ég til Hæstaréttar að svona bréf eru send í umboði Hæstaréttar og með stuðning Hæstaréttar eða meiri hluta Hæstaréttar á bak við sig. Þannig er þetta.

Hv. þm. bætir því síðan við, eftir að hafa ráðist með svívirðingum á forseta Hæstaréttar sem er afar óvenjulegt, gengur í stólinn á nýjan leik og segir: Ég sagði bara að forseti Hæstaréttar væri að ganga erinda vina sinna. Ég sagði það bara og það þykir nú bara fínt, sagði þessi hv. þm. Ég veit ekki á hvaða plani þessi hv. þm. er en hann er á mjög lágu plani hvar sem það liggur.

[22:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. verður tvísaga. Hann kom hér í seinna andsvari sínu og sagði að auðvitað væri þetta sent með stuðningi meiri hluta Hæstaréttar. Í fyrra andsvari sínu sagði hæstv. forsrh. að hann vissi ekkert um hvort þetta væri sent með vitund eða vilja dómsins. (**Forsrh.:** Ég sagði að ...) Ég held hins vegar, herra forseti, að ef stjórnarliðið og hæstv. forsrh. ætla að nota þetta plagg sem þýðingarmikið gagn í umræðunni, þá þurfi auðvitað að liggja ljóst fyrir hvort þetta bréf er sent með vitund Hæstaréttar alls. Ef það er ekki þá er alveg ljóst að bréfið skiptir engu máli.

Ég vil ítreka það, herra forseti, og það er ég viss um að lagaspekingar úr háskólanum hljóta að staðfesta, að það er auðvitað viðurhlutamikið þegar dómstólarnir, fyrir atbeina forseta Hæstaréttar, hlutast með þessum hætti til um verk löggjafarvaldsins í tilteknu máli sem allt bendir til að komi aftur inn á borð dómstólanna innan skamms tíma. Það hlýtur að vera mál sem menn þurfa að skoða frekar og mig grunar að þetta bréf eigi eftir að draga langan slóða.

[22:11]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Allt orkar tvímælis þá gert er og sagt er. Það sama á við um bætur í hvaða formi sem þær eru. Þær geta orkað tvímælis þó að því miður sé reyndin oft sú að bæturnar verði minni en meiri í flestum tilvikum í bótakerfi okkar.

Ég vil byrja á því, hæstv. forseti, að þakka forsætisnefnd Alþingis fyrir það frumkvæði að leita álits, túlkunar Hæstaréttar Íslands á deilumáli sem hér hefur staðið um lögfræðilega túlkun dómsins, á deilumál sem hefur staðið hér dögum saman og hefur allt snúist um það númer eitt, tvö, þrjú, fjögur og fimm, að ekki mætti skerða tekjur með þeim hætti sem gert er í því máli sem við erum að vinna með.

Ég mun síðar í máli mínu koma að þeim bréfum sem hafa gengið í dag milli Alþingis og Hæstaréttar og m.a. vekja athygli á því að svar forseta Hæstaréttar gengur lengra en spurt er um í bréfi forsætisnefndar Alþingis.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill beina eindregnum tilmælum til þingmanna og hæstv. ráðherra að gefa hljóð í salnum. Það er allt of mikill kliður í salnum.)

Það er líka ástæða til þess að velta upp spurningunni: Ef hæstv. forseti Alþingis svarar bréfi fyrir hönd Alþingis, fyrir hvern er hann að svara bréfinu? Hann er að svara fyrir hönd Alþingis Íslendinga. Hann er ekki að svara fyrir eigin persónu eða hluta þingmanna, hann svarar fyrir hönd Alþingis. Nákvæmlega sama á við um forseta Hæstaréttar sem svarar bréfi sem berst til réttarins. Forseti Hæstaréttar er talsmaður Hæstaréttar Íslands í heild. Það er ótrúlegt að svona málfundaæfingar séu teknar upp á Alþingi Íslendinga en kemur þó ekki að óvörum vegna þess að umræður stjórnarandstöðunnar, umræður Samfylkingarinnar, vinstri grænna og frjálslyndra — ég var að velta því fyrir mér, herra forseti, hvort ég ætti að segja björgunarbáts Sverris Hermannssonar en auðvitað er réttara að segja frjálslyndra — hafa byggst á því ... (**SJS:** Er virðulegt að ávarpa þingmann með þessum hætti?) Ja, ég veit ekki betur en að hv. þm. hafi komið Sverri Hermannssyni inn á þing. (**SJS:** Ég held nú að þú ættir að hætta þessu.)

Ég bíð bara þangað til hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lokið máli sínu og þá held ég áfram. [Kliður á þingpöllum.]

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þm. en einnig gesta okkar að hafa hljóð í salnum. Ræðumanni skal sýna þá virðingu að hann fái að flytja mál sitt. Við hlustum öll.)

Stjórnarandstaðan hefur túlkað dóm Hæstaréttar eins og málfundaæfingu en ekki dóm Hæstaréttar Íslands. Stjórnarandstaðan hefur látið hjá líða í allri umræðunni að skilgreina orðalag dómsins eins og vera ber. Hún hefur til að mynda lagt höfuðkapp á að sleppa orðalaginu að ekki megi skerða tekjutryggingar eða tekjur í tryggingakerfi „á þann hátt" sem gert hafi verið. Þetta gefur ákveðna vísbendingu um heimild til lagasetningar, svo sem forseti Hæstaréttar hefur staðfest með bréfi sínu í dag til forsn. Alþingis. Margra daga deilumáli og málflutningi stjórnarandstöðunnar er því í rauninni lokið með þessari niðurstöðu og ætti hv. stjórnarandstaða að fagna því að skorið er á skorinorðan hátt úr um deiluatriði sem hér hefur verið fjallað um.

Ég ætla að rekja nokkur atriði í gangi þessa máls, hvernig menn hafa þyrlað upp moldviðri, þyrlað upp misskilningi, farið með ósannindi og skapað tortryggni og gefið falsvonir.

Strax þegar dómurinn lá fyrir byrjuðu allmargir fjölmiðlar að túlka dóminn með það að markmiði að selja fréttir í stað þess að segja fréttir, ekki til að túlka það sem er rétt og sanngjarnt og eðlilegt heldur það sem skapaði slúður, óvissu og óöryggi í alla staði, ekki síst hjá þeim sem áttu um sárt að binda í því máli sem við höfum orðið að fjalla um á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan féll í þá gryfju að taka undir þær slúðurfréttir sem óðu fram í fjölmiðlum án þess að spilin væru lögð á borðið með eðlilegum skýringum. — Ég bíð, herra forseti, eftir að fundi ljúki hjá þingmönnum.

(**Forseti** (ÁSJ): Gerðu svo vel.)

(**Gripið fram í:** Þetta er áhrifamikill kafli hjá þér.)

Það eru ekki bara stjórnarandstöðuþingmenn sem féllu í þá gildru að ráðast fram á völlinn með blaðri og fullyrðingum út og suður án þess að hafa kynnt sér málavexti því ekki fór á milli mála að margir tóku til máls án þess að hafa kynnt sér málavexti. Það voru líka ákveðin félagasamtök í landinu sem féllu í sömu gildru því að ef maður tekur eðlilega málsmeðferð í slíkum deilumálum, ef maður tekur það sem fólk hlýtur að miða út frá almennu brjóstviti og sanngirni, er þá eðlilegt þegar upp kemur deilumál sem þetta í kjölfar dóms Hæstaréttar að fulltrúar opinberra starfsmanna, að fulltrúar starfsgreinasambanda, að fulltrúar stjórnmálaflokka komi til sérstakra funda á skrifstofum Öryrkjabandalagsins til að leggja á ráðin og smíða efni í stakk sem var ekki fyrir hendi? Ég ber fulla virðingu fyrir Öryrkjabandalaginu og þeim verkefnum sem það þarf að vinna að. Ég hef lengi fylgst með því og stundum fengið tækifæri til að koma að málum þar og alltaf verið boðinn og búinn þegar eftir því hefur verið leitað eins og líklega flestir sem eru kallaðir til í þeim efnum sem öðrum þar sem um er að ræða jafningja í samfélaginu. Þetta er óeðlilegt. Það er af þessu einföld en sterk pólitísk lykt og þessi verkefni eiga að vera hafin yfir pólitíska teygju og pólitískan fyrirslátt eins og hefur verið tíðkaður á hv. Alþingi undanfarna daga.

Í málflutningi stjórnarandstæðinga hefur fyrst og fremst verið miðað við mygling. Ótrúlega mikill myglingur hefur verið í orðagjálfri stjórnarandstöðunnar í öllu þessu máli. (Gripið fram í.) Myglingur er orðtak sem er gjarnan notað í Skaftafellssýslum um snjódrífu og fjúk þar sem skyggnið er lítið og mönnum verður villugjarnt. Það hefur stjórnarandstaðan kappkostað og ekki síst formenn vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Ekki síst þeir. (**SJS:** Hundslappadrífa er það kallað fyrir norðan.) Hundslappadrífa. Það er eitt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon á kannski sameiginlegt með íslenska hundinum sem er dásamleg skepna eins og hæstv. landbrh. hefur sagt. En hann geltir og er þess vegna ekki brúklegur til hluta. Það er nákvæmlega það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er alltaf að gera á Alþingi. Hann er gjammandi fram í sýknt og heilagt, vælandi yfir því að menn séu ekki viðstaddir og svo þegar á að sækja þá, þá vælir hann líka. Þetta er einstakur stíll hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem er sífellt að kvarta yfir félögum sínum að þeir séu ekki að vinna vinnuna sína en hann sé að sjálfsögðu að gera það. (**SJS:** Um hvað er rætt?) Nú heldur hv. þm. áfram að gelta eins og íslenski hundurinn. (**SJS:** Hvaða mál er á dagskrá?)

Myglingurinn er vondur í fararnesti fyrir menn sem ætla að flytja mál af öryggi og sanngirni. Túlkun lögfræðinga, sem er nú auðveld eftir að Hæstiréttur hefur greitt úr aðalálitamálinu, hefur verið til útúrsnúnings út og suður og ýmist notið eftir því sem hentaði stjórnarandstæðingum eða ekki. Ekkert jafnvægi er í þeim málflutningi. En því miður hefur líka komið víðar fram ójafnvægi í þessu máli. Til að mynda voru leið mistök að mínu mati hjá forustumönnum Öryrkjabandalagsins að kalla alla öryrkja til Tryggingastofnunar og heimta greiðslurnar, sem var búið að skerða hjá þeim, vegna þess að þetta voru falsvonir. Því getur enginn á móti mælt og allir vita að dómur Hæstaréttar fjallaði í raun aðeins um hluta öryrkja. Kannski fjallaði dómurinn um um það bil 10% af öryrkjum, hann fjallaði því miður um þá sem hafa meiri tekjur en flestir aðrir úr þeim stóra hópi.

Hvaða glóra var í því að senda bótaþega á vettvang þar sem þeir áttu ekki von á neinu? Hvaða vinnubrögð eru það hjá forustumönnum í alvörufélagssamtökum sem skipta miklu máli í þjóðfélagi okkar? Þetta er ekki bara dónaskapur, þetta er trúnaðarbrestur. Ef maður segir það nákvæmlega eins og maður hlýtur að meina, a.m.k. ég fyrir hönd þeirra mörgu öryrkja sem ég þekki, virði og þykir vænt um. Ég þoli ekki svona vinnubrögð. Það er best að segja hlutina eins og þeir eru og vera ekkert að pukra með það eða gefa einhverjar falsvonir, síst af öllu í ljósi pólitískra þreifinga.

Samfylkingin og vinstri grænir túlkuðu dóm Hæstaréttar sem ákvörðun um skipbrot jafnaðarmennskunnar, að ekki væri heimilt að tekjutengja bætur. Fyrirkomulag sem hefur tíðkast alls staðar Norðurlöndum um áratuga skeið, í flestum löndum Evrópu og öllum þeim löndum sem við erum að miða okkur við í sterku velferðarkerfi. Þeir túlkuðu það þannig en nú hefur Hæstiréttur sjálfur tekið af skarið og þökk sé fyrirhyggju forsn. Alþingis að koma í veg fyrir að hægt verði lengur að etja saman Hæstarétti Íslands og Alþingi. Það hefur Hæstiréttur gert með bréfi í dag.

Það er ekkert skrýtið þó að hnussi, púi og fussi í hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Búkhljóð eru styrkur hans en feguri mættu þau vera. (**SJS:** Þetta er tímamótaræða.) Jafnvel þó ekki væri nema í litlu lagi eins og Þykkvabæjarrokki.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill enn og aftur áminna hv. þm. en ekki síður okkar ágætu gesti á pöllunum um að hafa algert hljóð þegar ræðumenn flytja mál sitt.)

(**Gripið fram í:** Á þingmaðurinn að segja ...)

Herra forseti. Ég virði það alveg við hv. stjórnarandstöðu að henni þykir sárt og illt að sitja undir þeirri framsetningu sem hér er enda þolir hún hana illa og klæjar mikið. (**SJS:** Þú ert svo öflugur.) Stjórnarandstaðan þolir nefnilega illa hispursleysi og síst af öllu blákaldan sannleikann eins og verið sé að spúla dekkið á vertíðarbát en það er verið að gera núna í þessum málum. Herra forseti. Ég reikna með því að það verði bætt við ræðutíma minn því að það eru svo margir þingmenn búnir að grípa inn í ræðu mína.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að hér er ótakmarkaður ræðutími.)

Já, en eilífðin er endalaus.

Það var sorglegt að verða vitni að því hvað Samfylkingin og vinstri grænir voru þreklitlir gagnvart því sem við héldum margir að væru hugsjónir þeirra. Ótrúlega þreklitlir að túlka niðurstöður Hæstaréttar Íslands þannig að nú skyldi jafnaðarmennskunni fleygt fyrir borð, nú skyldu menn ekki hugsa um náungann, nú skyldu menn ekki hafa möguleika á því að tekjujafna, skattleggja og forgangsraða og reyna að taka tillit til hluta. Það kom verulega á óvart. Ég verð að viðurkenna að kannski var til of mikils mælst en þó hafði ég þetta traust á hv. ágætum félögum mínum á Alþingi.

Um hvað snýst þetta mál í hnotskurn? Hvar byrjar peningadæmið sem við erum að ræða um? Það byrjar við 185 þús. kr. tekjur maka eða hjóna eða sambýlisfólks, 185 þús. kr. Þar byrjar skerðingin. Þar varðar fyrst dóm Hæstaréttar, þar sem sá er býr við örorkubætur hefur 51 þús. kr. en makinn 135 þús. kr. á mánuði. Það er óbreytt, þar er engin skerðing, 185 þús. kr. Eftir þá tölu byrjar skerðingin. Ef við tökum dæmi um einstakling sem hefur 150 þús. kr. á móti maka sínum sem er með örorkubætur, þannig að heildartekjurnar séu 195 þús. kr., þá er skerðingin 6 þús. kr. Ef heildartekjurnar eru komnar upp í 203 þús. kr., þá er skerðingin 8 þús. kr. Ef heildartekjurnar eru komnar upp í 343 þús. kr., er ekki meiri skerðing. Ef tekjurnar eru komnar upp í hærri tölur skiptir það heldur ekki máli. Um þetta snýst málið.

Um aðra var ekki fjallað og það er óumdeilt, um aðra var ekki fjallað í dómi Hæstaréttar og dómur Hæstaréttar varðar bætur, hæstu tölu sem um getur í sögu lýðveldisins, um 1 milljarð. Það er afdráttarlaus dómur sem þó hefur verið deilt um lögfræðilega og tæknilega á Alþingi eins og menn vita og svo hljóp vindurinn úr stjórnarandstöðunni í dag með því að Hæstiréttur leyfði sér að segja hvað hann meinti. Það var þá orðin höfuðsynd.

Ég býst við að þegar á reyndi mundi engin ríkisstjórn Íslands vilja sleppa þeim rétti að geta tryggt framgang mála með tekjujöfnun, engin ríkisstjórn Íslands þegar á reyndi. Allt sem menn hafa sagt í þeim efnum er sýndarmennska, er hráskinnsháttur, myglingur. Svo einfalt er það. Það er illt þegar menn búa til stöðu sem má flokka að mörgu leyti undir hálfgert móðursýkiskast. Við Íslendingar erum fljótir til að æsa okkur upp og gera úlfalda úr mýflugu og við búum við þann veikleika í eðli okkar, a.m.k. ættu þeir sem eru í forsvari fyrir fjölmiðla, stjórnmálabaráttu og félagasamtök að búa við jafnvægi sem tryggði að svona staða fyki ekki upp eins og flensa sem flæðir yfir landið. Málflutningur á fölskum forsendum. Maður á að reiðast því þegar manni er sagt ósatt og það á að gagnrýna. Ekki á að hlusta á þann sem er að tala nákvæmlega eins og hann heldur að maður vilji að hann tali ef einhver grunur er um að hann sé ekki að fara með rétt mál. Þetta hafa sumir hv. þm. kappkostað að gera og verið að nudda sér upp í hópa sem hér um ræðir, hópa sem eiga við skerta starfsorku að búa af ýmsum ástæðum og þurfa þess vegna að taka bætur sem þjóðfélagið sameinast um að veita, bætur sem því miður hafa löngum verið og eru allt of litlar þegar á heildina er litið. Það er engin spurning. Sem betur fer er unnið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að endurskoðun tryggingalaga og vonandi koma þar leiðréttingar eins og oft hafa komið í endurskoðun ríkisstjórna af því tagi. En ekki þýðir að vera með einhverjar jólagjafir á vitlausum tíma og síst af öllu eins og stjórnarandstaðan hefur verið með, jólagjafir þar sem ekkert er í pökkunum.

Hverju svarar fólk þegar það er spurt: Ert þú á móti fólki eða með? Ætli það sé ekki með fólki. Hverju svarar fólk þegar það er spurt: Ert þú á móti öryrkjum eða með öryrkjum? Ætli það svari ekki að öllu jöfnu með öryrkjum (**ÖJ:** Þetta er ...) sem á við um alla Íslendinga. Sá naglaskapur sem hv. þm. vinstri grænna hafa notað hér með stóryrðum, fúkyrðum og ótuktarskap skilar ekki nokkrum árangri því að tómir pakkar eru að baki. Það eru litlir, tómir kassar. Þetta er ekki mál til að flíka eða leika sér með. Þetta er fullkomið alvörumál sem Íslendingar hafa löngum sameinast um að sé í hópi mála sem þeir vilja standa saman að. Annars byggjum við ekki í þessu landi. Þeir sem vilja sífellt efna til ófriðar og nærast á því, nærast á óförum annarra, nærast á því að gera menn neikvæða, óánægða og óhamingjusama, telja það vera höfuðárangur sinn, eiga vonandi ekki mikla framtíð fyrir sér, a.m.k. ekki í íslenskum stjórnmálum. En það er hluti af því bögglauppboði sem hefur til að mynda átt sér stað í vinstri flokkunum undanfarin ár þar sem enginn veit í rauninni hvar hann stendur eða hvers hann er. Fæstir vita jafnvel í hvað mörgum flokkum þeir hafa verið á undanförnum árum. Þeir hafa skipt hraðar um flokka en nærbuxur. Þetta er það sem blasir við í nútímasögu svokallaðra vinstri flokka á Íslandi.

Þegar ráðist er til að mynda á hæstv. forsrh. og reynt að gera hann að óvini þeirra sem þurfa að leita bóta og eiga um sárt að binda, sem er ótrúlega ósvífinn málflutningur, þá leggjast menn lægst í hlutunum því að auðvitað er ríkisstjórn Íslands að vinna að framgangi allra góðra mála á landinu. En hún þarf líka að bera ábyrgð á því að tryggja eins mikinn jöfnuð og hægt er í framgangi allra mála. Hún verður að þora að forgangsraða. Hún verður að þora að taka á málum hvort sem það heyrir til vinsælda eða óvinsælda. Og jafnvel nú þegar niðurstaða Hæstaréttar Íslands liggur fyrir þar sem bætur ákveðins hóps öryrkja hækka úr 18 þús. kr. í 43 þús., þá er það kölluð svívirðileg árás.

Hvar eru menn staddir í hinu pólitíska litrófi? Hvar eru hugsjónir jafnaðarmanna? Jú, þeim hefur skolað út um lensopið. Þeim hefur skolað út um lensopið og þær eru farnar út með grútnum. Það er því margt sérstakt í þessum málflutningi. Það hefur komið greinilega fram t.d. í fréttaflutningi af málunum að sumir fréttamenn fjölmiðla, jafnvel ríkisfjölmiðla eins og fréttastofu Ríkisútvarps eru talsmenn ákveðinna stjórnmálaflokka. Þeir hafa ekki verið talsmenn Öryrkjabandalagsins. Þeir hafa verið talsmenn stjórnmálaflokka. Hvaða vinnubrögð eru það? Það væri sök sér og fyrirgefanlegt ef þeir sem eiga að vera sjálfstæðir aðilar tækju upp hanskann fyrir þá sem um er deilt. En þeir hafa gert Samfylkinguna að höfuðatriði í öllum þessum málflutningi.

Í minni sveit kallast þetta misnotkun, grófleg misnotkun á eðlilegum vinnubrögðum og samskiptum manna á milli. Það er meira að segja svo að forseti Íslands er tekinn haustaki í þessu máli. Hann er bara tekinn haustaki. Og hverjir gerðu það? Það byrjaði á því að hv. varaformaður Samfylkingarinnar tók forseta Íslands haustaki. Hefðu kannski einhvern tíma verið hæg heimatökin, en það er liðin tíð. Hlutverkaskipti hafa orðið og því ósæmilegt að stilla forseta Íslands þannig upp við vegg í viðkvæmu deilumáli sem er fyrst og fremst orðið pólitískt vegna þess að stjórnarandstaðan er verkefnalaus. Hún er verkefnalaus, hún er skoðanalaus, hún hefur tekið heils hugar máli Hæstaréttar þar sem menn deila um lögfræðileg atriði og reynt er að gera þau að merg málsins.

Ég sagði fyrr í dag, herra forseti, að Samfylkingin væri pólitískt náttúrulaus. Það er ekki illa sagt. Yfirleitt er alltaf fallegt og jákvætt að bera hluti við náttúruna því að þar er líf og fjör og þar er gróður og fuglar og brim og fjöll, en það er vont fyrir stjórnmálasamtök að búa við slíkan doða að hafa ekki markvissa stefnu svo maður geti nefnt það almennt verkefnalegt pólitískt náttúruleysi. Það kemur ekkert einstaklingum eða persónum við sem standa að Samfylkingunni. Það kemur við þeim biximat sem kallast Samfylking. Biximatur er líka ágætur matur. Hann er matreiddur úr oft ágætisafgöngum hvort sem það er saltfiskur, ket eða annað góðæti. (**ÖJ:** Sjaldan hefur virðing Alþingis ...) (**KHG:** Er þetta matreiðsluþáttur?) Það er nú rétt að tala svolítið myndrænt fyrir hv. stjórnarandstöðu svo hún hætti að sjá alla geislana og glýjuna í speglunum þegar hún lítur í þá hvern dag, hvunndags.

Það er auðvitað ekki heldur við hæfi að formaður Öryrkjabandalagsins, með allri virðingu fyrir honum, gömlum vinnufélaga mínum, fari að setja skoðanir upp á forseta Íslands um afstöðu til mála. Það er eðlilegast í þjóðfélagi okkar (**ÖJ:** Er ekki málfrelsi í þessu landi?) og þjóðskipan að forseti Íslands hafi auðan sjó til að vinna á. (**ÖJ:** Það er málfrelsi í þessu landi.) Það er málfrelsi í landi okkar já, en við þurfum að kunna mannasiði og leikreglur. (**ÖJ:** ... maðurinn að svara fyrir sig.) Mannasiði og leikreglur. (**ÖJ:**

Þetta er ódrengilegt.) Þetta kemur ekkert forseta Íslands við til þess að svara fyrir sig.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. 13. þm. Reykv. að halda ró sinni. Hann er í andsvari á eftir og getur þá væntanlega svarað hv. þm.)

Herra forseti. Ég virði hv. þm. það til vorkunnar að hann hefur nú sem reyndar æðioft fyrr ekki stjórn á skapi sínu. Verkefnalaus stjórnarandstaða sem nuddar sér upp úr máli sem á að vera hafið yfir slíkar krytur og deilur. Því að þó að menn greini á þá eiga menn að hafa reisn til þess að tala með fullum rökum án útúrsnúninga um mál af þessu tagi. (**ÖJ:** Eins og þingmaðurinn hefur verið að gera.) Hv. þm. þarf ekkert að leiðbeina mér um það hvað ég er að segja og hvað ég meina. Höfuð hans verður að túlka það sem hann heyrir og hann verður að bera ábyrgð á því en þetta er háttur þeirra vinstri grænna sérstaklega að gjamma sífellt og er nú hv. þm. kominn í hóp formanns síns um að óska eftir sérréttindum fyrir sig og sína en eitthvað annað fyrir aðra. Kemur það þó ekki á óvart úr þeim pólitísku herbúðum sem hv. þm. kemur úr. Allt frá Sovét. Allt frá bernskubrekum í tengslum við Sovét. Maður verður að virða þeim það til vorkunnar að þar tala menn sem eru í raun landlausir eftir hrun móðurskipsins, Sovétríkjanna, eftir hrun kommúnismans sem hefur kallað yfir mannkynið mesta vandamál í sögu þess. Ekki er skrýtið þó hv. þingmönnum skjöplist þegar kemur að því að tala um einfalt og almennt brjóstvit fólksins í landinu og eðlilegar viðmiðanir og leikreglur. En við það búum við og tökum eins og hverju öðru pusi sem gefur á bátinn og kippum okkur ekkert upp við það.

Ég ítreka enn á ný það sérstæða sjónarmið stjórnarandstöðunnar að hafna eðlilegum rétti réttkjörinna stjórnvalda lands okkar að taka tillit til tekna við úthlutun fjármagns. Það er eins og þeir hv. stjórnarandstæðingar vilji ekkert við það kannast eða um það vita að öll lög landsins, hver einustu lög landsins, sem snúa að fjármálum, eru háð fjárlögum Alþingis frá ári til árs. Jafnvel beinskeyttustu lög landsins eru háð fjárlögum. Þess vegna verða menn að vera tilbúnir til sanngirni og tilbúnir til þess að reyna að leysa mál eins vel og hægt er með tilliti til allra þátta.

Sérkennilegt var að heyra hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að bréf forseta Hæstaréttar til forsn. hefði enga þýðingu. Nú er allt í einu ekkert að marka Hæstarétt, bréfið væri aðeins sögulegt plagg. Það er sérkennilegt vegna þess að Hæstiréttur hefur með bréfi sínu til forsn. Alþingis í dag svarað ágreiningsefninu um aðalatriði málsins. Ég ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa þessi tvö bréf. Þau eru stutt og þau eru skýr.

Í fyrsta lagi er bréf frá Alþingi Íslendinga, undirritað af forseta Alþingis, sent af allri forsn. Alþingis, 23. jan. 2001.

„Forseti Hæstaréttar

Garðar Gíslason.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar 19. des. 2000 í máli nr. 125/2000 hefur ríkisstjórnin flutt á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er ráðgert að sem fyrr geti orðið skerðing á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekjuöflunar maka hans.“ — Ég endurtek: Í frumvarpinu er ráðgert að sem fyrr geti orðið skerðing á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekjuöflunar maka hans.

„Við meðferð frumvarpsins á Alþingi hefur verið deilt um hvort skilja eigi umræddan dóm Hæstaréttar svo að með honum hafi verið slegið föstu, að almennt sé andstætt stjórnarskránni að kveða í lögum á um slíka tekjutengingu. Þess vegna fer forsætisnefnd Alþingis þess á leit við forseta Hæstaréttar að hann láti nefndinni í té svar við því, hvort dómurinn hafi falið slíka afstöðu í sér.“

Þessi spurning fer ekkert á milli mála, herra forseti.

Svarbréf forseta Hæstaréttar sem talar og skrifar fyrir munn Hæstaréttar Íslands á nokkurs efa er svohljóðandi:

„Forsætisnefnd Alþingis

23. janúar 2001.

Vísað er til bréfs 23. janúar 2001, þar sem þér farið þess á leit að forseti Hæstaréttar láti nefndinni í té svar við því hvort með dómi Hæstaréttar 19. des. 2000 í máli nr. 125/2000 hafi verið slegið föstu að almennt sé andstætt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að kveða í lögum á um að skerðing geti orðið á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka hans.

Í dóminum var aðeins tekin afstaða til þess hvort slík tekjutenging eins og nú er mælt fyrir um í lögum sé andstæð stjórnarskránni. Svo var talið vera. Dómurinn felur ekki í sér afstöðu til frekari álitaefna en hér um ræðir. Í því ljósi verður að svara spurningu yðar neitandi.“

Þetta er mjög skýrt og klárt. (**SJóh:** Ég hefði getað skrifað þetta.) Og ef hv. stjórnarandstöðuþingmenn eru tilbúnir til þess að kyngja núna fúkyrðum sínum, rangfærslum og mistúlkunum þá fagna ég því innilega eins og kom fram hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, minni mætu vinkonu.

Allt er gott sem endar vel. Svo er sagt að þetta bréf hafi enga þýðingu þegar Hæstiréttur hefur staðfest túlkun sína á dómi sem er búinn að vera umdeildur hérna og hefur skapað ókyrrð meðal landsmanna, tortryggni og óvild sem við eigum ekki að rækta af fullum krafti á Íslandi. Búið er að skera úr um það að ekki er hægt í þessu máli að etja saman Alþingi Íslendinga og Hæstarétti eins og stjórnarandstaðan hefur reynt í málflutningi sínum í meðferð málsins.

Ég ítreka þakklæti og fagna frumkvæði forsn. til að leita eftir þessu lögfræðilega álitamáli af hálfu Hæstaréttar sem hefur kippt grundvellinum undan öllum málflutningi og óvild stjórnarandstöðunnar í meðferð málsins og vona að menn geti lært af því að vinna á annan hátt en gert hefur verið til árangurs í framtíðinni.

[22:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. var í ræðustól í dag og talaði þá um gegnumrotna bankastjóra í ríkisbönkunum, svo ég fari rétt með þau orð. (**Gripið fram í:** Í Landsbankanum.) Það er sú málefnalega rökræða sem hérna hefur farið fram.

Ég skal hins vegar verða við þeim orðum hv. þm. Árna Johnsens að halda mig við rök. Ég spurði í ræðu minni fyrr í kvöld um skilning þingmanna stjórnarliðanna á 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn þegar dómur væri genginn. Ég hef ekki heyrt neitt svar við spurningu minni um það hvaða skilning þeir leggja í 72. gr. stjórnarskrárinnar með tilliti til þess að öryrkjum hafi verið dæmdur ákveðinn réttur, hvort þeir líti svo á að þeir hafi öðlast eignarrétt. Ég vona að þetta sé málefnaleg spurning.

[22:56]

Árni Johnsen *(andsvar)***:**

Herra forseti. Með þessu frv. er ríkisstjórnin að framfylgja dómi Hæstaréttar. Menn geta alltaf deilt um á hvaða upphæð

bótatalan endar. En þarna er gengið alllangt miðað við þá tölu sem er grunntalan í hæsta máta, 51 þúsund, sem er þó vissulega ekki há tala. Það er engin spurning að þetta snýst fyrst og fremst um að túlka dóm Hæstaréttar í þessu máli.

[22:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég fái skýrara svar: Á að skilja svar hv. þm. á þann veg að hann líti svo á að öryrkjum hafi ekki verið dæmdur eignarréttur með dómi Hæstaréttar og að það megi skerða þann eignarrétt sem dæmdur var skv. 72. gr. stjórnarskrár?

[22:58]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst við að í stystu máli sé einfaldast að svara á þann hátt að í þessum dómi felst að ákveðnu leyti eignarréttur, ákveðinn réttur sem er eignarréttur. En jafnframt er heimilt að ákveða, miðað við þann hóp sem um ræðir, ákveðnar skerðingar með löggjöf eins og tíðkast í öllum þeim Evrópulöndum sem við höfum miðað allt velferðarkerfi okkar við.

[22:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen hóf mál sitt nokkuð skáldlega og sagði að allt orkaði tvímælis þá gert væri og sagt væri. Þegar ég hafði setið og hlýtt á mál þingmannsins um stund fór ég að fá það á tilfinninguna að sérstaklega væri það nú sumt sem orkaði tvímælis þegar sagt væri.

Tilburðir stjórnarliða og hv. þm. þar á meðal til þess að reyna að komast í skjól með frv. ríkisstjórnarinnar af bréfaskriftum við Hæstarétt eru marklausir og á frv. ríkisstjórnarinnar er ekki minnst einu orði í svari Hæstaréttar. Þessar bréfaskriftir munu fyrst og fremst þykja sögulegar þegar frá líður af öðrum ástæðum og það þeim að þær skyldu yfir höfuð fara fram.

Um hv. þm. Árna Johnsen og málflutning hans að öðru leyti vil ég segja að stjórnarliðið þarf í sjálfu sér ekki mikið á andstæðingum að halda á meðan það á svona liðsmann.

[23:00]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf erfitt að þurfa að meðtaka orðtakið „sá er vinur sem til vamms segir“ og þannig hef ég reynt að fjalla um nokkur atriði í hinu alræmda tunguflæði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það orð er ekki notað um neinn annan Íslending, „tunguflæði“ og er vel við hæfi.

En að halda því fram að út úr svarbréfi vegna spurningar Alþingis til Hæstaréttar í dag sé ekki hægt að lesa að verið sé að fjalla um það mál sem hér er til umræðu er svo langsótt að það er nánast ekki ástæða til að svara slíku. Það vita nákvæmlega allir um hvað málið snýst og um hvað er fjallað, nema strúturinn sem stingur höfðinu ofan í sandinn. Hann sér ekki langt.

[23:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir sérlega fróðlegt og málefnalegt framlag til þessarar umræðu. „Allt orkar tvímælis“, „margt í mörgu“, „myglingur“, og „menn sjá ekki út úr augunum“. Reyndar áfellist ég ekki hv. þm. Árna Johnsen fyrir að eiga erfitt með að átta sig á þessu máli vegna þess að það er ekki fyrr en nú að hann kemur að þessari umræðu sem hér hefur staðið í marga daga. En ég skal þó ekki taka fyrir það að í hv. þm. kunni að leynast glöggur lögskýrandi. Nú hefur hann fengið mikla uppljómun í bréfi sem Garðar Gíslason, forseti Hæstaréttar, ritar Halldóri Blöndal í dag.

Það hefur verið tekist á um það í þessari umræðu hvort með dómi Hæstaréttar sé úthýst öllum tekjutengingum í skatta- og velferðarkerfinu. Við höfum haldið því fram við umræðuna að svo væri ekki. Ég fæ ekki betur séð en að í bréfi forseta Hæstaréttar sé þessi niðurstaða okkar staðfest. Dómurinn stendur.

[23:02]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er tamt að búa sér til sínar eigin kenningar, sín eigin skjól. Auðvitað var það mikill misskilningur sem hann vék að almennt um tekjutryggingar og meðferð slíkra mála í íslensku samfélagi, bara einfaldur misskilningur.

Svo vil ég leyfa mér að benda á, af því að orðið „myglingur“ er fallegt orð, að maður talar ekki um myglingu. Það er myglingur. Þannig er það nú. Ég bið hv. þm. forláts, en þetta fallega orð finnst mér að eigi að standa í réttu kyni.

[23:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að láta málfræðina liggja milli hluta en víkja að pólitíkinni. Hér talaði talsmaður Sjálfstfl. og hann segir: „Í stjórnmálum þarf að forgangsraða og taka á málum.“ Það hefur ríkisstjórnin vissulega gert. Hún hefur vikið til hliðar afráttarlausum dómi Hæstaréttar og hún hefur tekið þá pólitísku ákvörðun á Alþingi að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega, færa hana úr rúmum 32 þús. kr. niður í 25 þús. kr. Og hún hefur gert meira. Hún ætlar að beita fyrningarákvæðum í lögum til að hafa af öryrkjum það sem þeim ber samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Og nú bið ég ekki um lagalegar skýringar, herra forseti. Nú bið ég um pólitíska skýringu og útskýringu á því hvers vegna Sjálfstfl. og Framsfl. ætla að hafa þessar réttar- og kjarabætur af öryrkjum, því fólki sem er lægst launað á Íslandi.

[23:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fer stórum eins og honum er títt í sinni pólitísku útlegð (**ÖJ:** Útlegð?) og er þó ekki skrýtið að hann óski (Gripið fram í.) eftir einhverju haldi til þess að grípa í. En ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að berja höfðinu lengur við þann stein sem hv. þm. er í þessum efnum. (**ÖJ:** Ég óska eftir skýringum.)

[23:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar a.m.k. talað tvisvar í þessu máli og gert að mínu viti nokkuð skýra grein fyrir þeirri afstöðu sem ég hef til þess frv. sem hér er til umræðu. Ég er sannfærður um það og hef sannfærst um það enn í þessari umræðu að það að skerða kröfuréttindi afturvirkt með þeim hætti sem það frv. sem við ræðum hér ætlar að gera fær ekki staðist 72. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Ég hef haldið þessu fram í umræðunni og hér hefur ekkert komið fram sem fær mig til þess að breyta þeirri afstöðu minni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla mikið meira um frv. en grípa frekar niður í því bréfi sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Á meðan allt þetta mál hefur gengið yfir hef ég haft miklar áhyggjur af því hvernig ríkisstjórnin og aðrir framkvæma ríkisvaldið, hvernig farið er með valdið. Valdið er vandmeðfarið. Og það er ekki að ástæðulausu að við höfum skipt valdinu upp í þrennt. Við höfum skipt því upp í framkvæmdarvald, við höfum skipt því upp í löggjafarvald og við höfum skipt því upp í dómsvald. Það er ekki fyrir valdhafana sem við höfum skipt þessu upp með þessum hætti. Það er fyrir borgara þessa lands. Það er verið að reyna að tryggja að ekki sé misfarið með valdið, þ.e. að borgararnir fái notið frelsis. Ef hættan er sú að einn valdhafinn ráðist á borgarana getur borgarinn borið það undir annan. Það er grunnhugsunin með þessari þrískiptingu. Þetta þekkja allir hv. þm. Og þetta er meginforsenda þess að við getum framkvæmt það lýðræði sem við viljum hafa. Þetta er ekki komið til af einhverri tilviljun. Við þekkjum söguna. Við þekkjum það hvernig einvaldar fóru með valdið, hvernig þeir komu fram við fólkið. Söguleg reynsla hefur kennt okkur að það er betra að skipta þessu upp með þessum hætti.

Ástæða þess að ég rifja þetta upp hér er bréf sem forseti Alþingis, sem forseti Alþingis, sem yfirmaður, æðsti maður löggjafarsamkundunnar, sendi Hæstarétti. Hann sendir æðsta dómstólnum bréf þar sem hann spyr spurningar. Og um hvað snýst spurningin? Hún snýst um efni frv. framkvæmdarvaldsins. Það er með öðrum orðum búið að flétta saman alla valdþættina með einum eða öðrum hætti. Þetta er algerlega í andstöðu við þá grunnhugsun sem býr að baki því að skipta ríkisvaldinu upp í þrennt, algerlega í andstöðu við það. En þetta er gert samt. Þetta er algert einsdæmi, virðulegi forseti, og satt best að segja hélt ég að við værum löngu komin af því stigi að svona hugmyndir kæmu upp.

Við skulum halda áfram að velta þessu fyrir okkur. Hver er staða Hæstaréttar? Hver er staða Hæstaréttar til þess að fjalla um þau mál sem kunna að spretta upp í kjölfar þess að þetta lagafrv. verður hugsanlega samþykkt? Hver er staða Hæstaréttar? Það er ekki gott að segja (Gripið fram í.) vegna þess að í raun stendur óskaplega lítið í þessu bréfi. En það breytir ekki hinu að með fjölhæfri túlkun er hugsanlegt að draga þá ályktun eitthvert efni sé í þessu bréfi. Og ef Hæstiréttur hefur tekið einhverja efnisafstöðu til þessa frv. — sem reyndar var ekki beðið um. Hann var beðinn um að fjalla um þann dóm sem féll — en ef menn leyfa sér að túlka það, hvernig ætlar þá Hæstiréttur að fjalla um lögin á síðari stigum? Því verður hann sjálfsagt síðar að svara sjálfur. En ég held að það sé alveg ljóst að hann verður í miklum vandræðum með þetta.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi má ekki gleyma því að dómstólar verða ekkert beðnir um lögfræðileg álit. Það segir einfaldlega í lögum um meðferð opinberra mála og víðar. Svo verður ekki gert.

Er Hæstiréttur að gefa það fordæmi að menn geti skrifað eða hringt í hann og spurt: „Ef ég fer yfir á gulu og það kemur rautt fæ ég þá sekt?" Hvað er í raun og veru verið að fara hérna?

Ég ætla að lesa upp 25. gr. laga um meðferð einkamála:

„Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem er nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli."

Þess vegna heitir þetta dómsvald. Þess vegna heitir þetta ekki lögfræðiskrifstofan ABC. Þess vegna er þetta dómsvald. Því er ætlað að taka afstöðu til mála sem eru borin undir það með ákveðnum hætti. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, þetta grafalvarlegt mál þó að ríkisstjórnin og meiri hlutinn á hinu háa Alþingi sé með böggum hildar yfir því að hugsanlega varði frv. sem hér er rætt við stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta mundi hvergi viðgangast í nokkru því ríki sem við viljum bera okkur við. Vel má vera að einhver fordæmi séu til. Ég þekki þau ekki. En þetta er gersamlega í andstöðu við hugsunina sem er á bak við þrígreiningu ríkisvaldsins sem er sú að borgararnir geti borið álitaefni sín gagnvart ríkisvaldinu eða valdhöfum þess á einn eða annan hátt undir dómstóla.

Mér sjálfum finnast þessi bréfaskipti alveg gríðarlega alvarleg og ég vil a.m.k. lýsa því hér yfir að þau voru ekki send í mínu umboði. Það er alveg kristalstært.

Ég held að með þessum bréfaskiptum hafi að einhverju leyti, ef menn vilja meina að í þessum bréfum sem segja óskaplega lítið sé eitthvert efni, Hæstarétt sett ögn niður og þá einkanlega forseta Hæstaréttar sem undir þetta bréf ritar.

Veltum því líka fyrir okkur hver helstu rök ríkisstjórnarinnar voru þegar málið kom upp. Hver voru þau? Þau voru að Hæstiréttur hafi verið með pólitísk afskipti af því hvað stjórnmálamenn mættu gera og hvað ekki og það ætti ekki að vera þannig, þannig væri ekki skiptingin á milli þessara valdhafa. En hver er staðan nú? Löggjafinn spyr Hæstarétt tiltekinna spurninga þó engin svör komi reyndar við þeim því önnur en þau að dómurinn sem liggur fyrir liggur fyrir. Það er í sjálfu sér ekkert meira sem í þessu bréfi stendur.

En mér finnst, virðulegi forseti, og það er mín gallharða afstaða, að ef svo er komið að hægt sé að tengja þessa valdþætti alla saman á þann hátt sem hér hefur verið gert, þá séum við í verulegum vanda. Mér finnst sjálfum þetta bréf eitthvað það alvarlegasta sem hefur átt sér stað í þessari umræðu.

Hér hafa menn skipst á skoðunum og flestir hverjir gert það málefnalega. En ef ríkisstjórnarmeirihlutinn er ekki óruggari en svo um að hann sé hér með frv. sem standist stjórnarskrána að hann þurfi að fá heilbrigðisvottorð þá er eitthvað meira en lítið að. Maður gæti jafnvel dregið þá ályktun að umræðan sem fer fram um þetta mál hafi náð til eyrna þeirra sem í meiri hlutanum sitja og í ríkisstjórninni sitja.

Gefum okkur, virðulegi forseti, að sá er undir þetta bréf ritar riti undir það einn. Hver er þá hans staða? Það hefur ekkert komið fram um hvernig þetta bréf er til komið. Hver er hans staða þá orðin? Í Hæstarétti sitja níu hæstaréttardómarar og hann er þá að taka afstöðu fyrir hönd þeirra níu. Ég er ekki að segja að svo sé. En það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni hver staða forseta Hæstaréttar sé þá.

Í öðru lagi velti ég fyrir mér: Ef meiri hlutinn er á bak við þetta bréf, hvernig ætlar meiri hlutinn þá héðan í frá að takast á við spurningar sem upp kunna að koma sökum þeirra álitaefna sem ég og fleiri erum sannfærð um að muni spretta upp í kjölfar þess ef þetta verður lögfest? Ef meiri hlutinn stendur á bak við þetta bréf held ég að hann sé líka í vandræðum. Hugsanlega þarf að endurskipa Hæstarétt allan út af þessu bréfi í því tiltekna máli komi til þess að þetta verði borið undir Hæstarétt.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta svo alvarlegt mál að umræðu um það verði ekki lokið hér á einni kvöldstund. En það hefur a.m.k. dregið fram að ríkisstjórnin er með böggum hildar yfir því hvað hún er að gera. Hún hefur farið þá óvenjulegu leið að óska eftir lögfræðiálitum um tiltekna spurningu frá Hæstarétti, frá dómstólum. (**Forsrh.:** Ríkisstjórnin?) Ég

talaði um meiri hlutann hér og það er alveg ljóst að minni hlutinn hefur ekki staðið að því að senda þetta bréf.

Það er alveg kristalstært, virðulegi forseti, að upp er komin staða sem við sjáum ekki fyrir hvernig muni gera sig. En upp er líka komin staða þar sem a.m.k. ég og fleiri drögum í efa hvernig ríkisvaldið er framkvæmt í þessu landi. Mér finnst þrískipting ríkisvaldsins vera einn af hornsteinum stjórnarskrárinnar, sem hún og er. Og mér finnst það gríðarlega alvarlegt mál þegar ríkisvaldsþættirnir þrír eru tvinnaðir saman á þann hátt sem hér hefur verið gert.

[23:17]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fjölgar í tonnatali sjálfskipuðum nýjum hæstaréttardómurum úr hópi stjórnarandstöðunnar.

Spurning forsn. Alþingis var mjög klár: Hefur því verið slegið föstu með tilvísun til dóms Hæstaréttar að almennt sé andstætt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að kveða í lögum á um að skerðing geti orðið á fjárhæð tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka hans? Svarið hjá forseta Hæstaréttar er nei.

[23:18]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Nú líður að lokum þessarar umræðu og það fer ekki á milli mála að mjög margt hefur skýrst í umræðunni. Tekist hefur verið á um túlkun á úrskurði Hæstaréttar. Tekist hefur verið á um þetta á málefnalegan hátt og ljóst er að umræðan hefur verið þörf og gagnleg. Hins vegar verður að segjast eins og er að það hefur verið mjög óþægilegt að starfa í þinginu undir þeim ásökunum að með framlagningu frv. ríkisstjórnarinnar væri verið að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Einnig er mjög óvenjulegt að sitja undir þeim ásökunum stjórnarandstöðunnar að þingið hafi verið kallað saman í þeim tilgangi að brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Út af brigslyrðum ákveðinna stjórnarandstöðuþingmanna hafa spunnist hér þyngri og hatrammari deilur en lengi hafa staðið á þinginu, enda er það í raun fágætt að ríkisstjórn eða þingheimi séu bornar á brýn ásaknir af þessu tagi. Ljóst er að með hörðum viðbrögðum stjórnarsinna við slíkum ásökunum hafa þeir minnt stjórarandstöðuna á hvað þær ásakanir fela í rauninni í sér. Því hafa nokkrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar orðið hugsi. Þeir hafa hugleitt hvort þeir hafa gengið of langt í þeim efnum. Athygli mína vakti að hv. þm. Ögmundur Jónasson sá ástæðu til að koma hér upp í ræðupúlt og lýsa því yfir að hann hefði gengið of langt í þessum efnum og baðst velvirðingar á því. Ég virði það við hann. Mér finnst hann vera maður að meiri. Ég tók nærri mér þær fullyrðingar að við hefðum beinlínis kallað saman þingið í þeim tilgangi að brjóta stjórnarskrána og ég virði það við hv. þm. að hann hafi beðist velvirðingar á þessu. Mér fannst of langt gengið og met það við hann að hann sé mér sammála um það. Ég vil einnig taka fram að þetta gerði þingmaðurinn áður en þau bréf sem hér hafa komið til umfjöllunar voru kunn þingheimi, áður en sú afstaða sem kemur fram í bréfi forseta Hæstaréttar varð kunn.

Hins vegar hafa ekki, svo mér sé kunnugt um, aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar séð ástæðu til að bregðast við með þeim drengskap sem hv. þm. sýndi. Ég verð að segja eins og er að ég sakna þess nokkuð að sá þingmaður sem kom með alvarlegustu athugasemdirnar, en það er hv. þm. Þuríður Backman, sem sagði þingið hafa verið kallað saman til að lögfesta brot á stjórnarskrá lýðveldisins og Alþingi hafi verið kallað saman til að staðfesta brot á mannréttindum, skuli ekki hafa séð sér fært að draga þau ummæli til baka.

Ég held að í rauninni fagni allir því að úr þessu deilumáli hafi verið skorið. Í bréfi forsn. Alþingis til forseta Hæstaréttar, og ég legg áherslu á að forsn. sendir þetta bréf en í forsn. eru fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu, er óskað skýringa á því vegna þess að fram hafa komið ásakanir um að ekki væri heimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka, þá var beðið um að kveða upp úr um hvort almennt sé andstætt stjórnarskránni að kveða í lögum á um slíka tekjutengingu. Með slíkri tekjutengingu er að sjálfsögðu verið að tala um tekjutengingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í hjúskap og ekki annað. Og þess var farið á leit að Hæstiréttur tæki afstöðu til þessa. Auðvitað setur það allar umræður hér í allt annað ljós ef við getum gengið að því vísu að þingstörf brjóti ekki í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Forseti Hæstaréttar svarar, ég tek fram að forseti Hæstaréttar er að sjálfsögðu talsmaður Hæstaréttar, og segir, með leyfi forseta: „Í dóminum var aðeins tekin afstaða til þess hvort slík tekjutenging eins og nú er mælt fyrir um í lögum sé andstæð stjórnarskránni. ... Dómurinn felur ekki í sér afstöðu til frekari álitaefna en hér um ræðir. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega.) Í því ljósi verður að svara spurningu yðar neitandi."

Með öðrum orðum, spurningunni í því álitamáli, hvort almennt væri andstætt stjórnarskránni að kveða á í lögum um að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna hjúskapar, er svarað neitandi.

Mjög mikilvægt er að menn reyni að átta sig á hvað stendur í þessum úrskurði, enda er það mjög skýrt.

Ég hef hér í þingsalnum lagt mig fram um að reyna að leita skýringa í þeim gögnum sem fyrir liggja á dómi Hæstaréttar. Ég hef einnig lagt mig fram um að reyna að skýra ummæli þeirra lögfræðinga sem kallaðir voru fyrir hv. heilbr.- og trn. og ég tel að stjórnarandstaðan og meiri hluti þingsins hafi náð ákveðnum árangri í þessum skýringum. Ég tel t.d. að hv. formaður Samfylkingarinnar hafi ekki séð sér fært að mótmæla þeim skilningi sem ég lagði sérstaklega í ummæli hans og leiðrétti hann í sambandi við álit minni hluta Hæstaréttar. Ég held einnig að menn hafi fallist á skýringar mínar á tilvitnunum í báðum nál. í lögfræðinginn Eirík Tómasson.

Má því segja að okkur hafi gengið þokkalega að ná samstöðu um að hverfa frá þeim alvarlegu ásökunum sem hér hafa verið bornar á ríkisstjórnarflokkana, að þeir væru vísvitandi að ganga gegn stjórnarskránni. Það ber að harma í raun og veru að stjórnarandstaðan skyldi setja það í nál. sitt að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Málið hefði betri svip ef því hefði verið sleppt.

[23:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðun mín er algjörlega óbreytt og stendur óhögguð í þessu máli. Dómur Hæstaréttar Íslands er skýr og afdráttarlaus. Það ber að greiða öryrkjum óskerta tekjutryggingu, ekki er heimilt að skerða tekjutryggingu vegna tekna maka öryrkjans. Þetta er afdráttarlaust. Og einnig ber að greiða þessar bætur aftur í tímann.

Ríkisstjórnin hefur leitað allra leiða til að finna færar leiðir, eins og það var orðað í erindisbréfi sérfræðinganefndarinnar sem vélaði um þessi mál, til að túlka dóminn á annan veg.

Ég er ekki að halda því fram, og ég sagði það í ræðu í dag, að það væri vísvitandi verið að brjóta stjórnarskrá Íslands. Það er rangt að halda slíku fram, tel ég. Hins vegar er það mat mitt og afdráttarlaus skoðun mín að þetta stríði gegn mannréttindaákvæðum í stjórnarskrá Íslands.

Ég vil nota þetta tækifæri til að beina þeirri pólitísku spurningu til talsmanns Sjálfstfl. hvaða skýringar hann hefur á því að Sjálfstfl. — og reyndar Framsfl. einnig en hv. þm. svari fyrir Sjálfstfl. — vill skerða tekjutryggingu hjá tekjulægsta þjóðfélagshópnum á Íslandi. Hvaða skýringar og rök hefur hann fyrir því að beita fyrningarákvæðum í lögum, sem reyndar standast að mínum dómi ekki lög, til að hafa af fólki þær kjarabætur og réttarbætur sem Hæstiréttur hefur úrskurðað?

[23:29]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst, enda hefur það komið afar skýrt fram í málflutningi hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að skoðun þingmannsins hefur ekki breyst, það er alveg ljóst. Ég virði skoðun þingmannsins þó að ég sé henni ósammála. Um það höfum við skipst á skoðunum og það liggur alveg ljóst fyrir að um þetta grundvallaratriði málsins erum við ósammála.

En ég virði einnig við þingmanninn alveg sérstaklega að hann skyldi hafa hugrekki til þess að koma upp í ræðustól og lýsa því yfir sérstaklega að hann teldi ekki við hæfi að lýsa því yfir að tilgangurinn með framlagningu frv. hafi verið að brjóta stjórnarskrána. Ég virði það líka við hv. þm.

Að því er varðar þennan tekjulága hóp, þá er það siðferðilega álitamál sem hefur vaknað í kjölfar úrskurðar Hæstaréttar einmitt tengt tekjujöfnun. Fyrir liggur að í kjölfar úrskurðarins muni vakna kröfur hópa í þjóðfélaginu sem hafa verulegar fjölskyldutekjur. Í krafti úrskurðar Hæstaréttar er hægt að færa fyrir því rök að fjármunir verði færðir frá þeim sem minna hafa til hinna sem hafa meiri tekjur. Þessi dæmi munu koma upp. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það er einmitt þessi þáttur málsins sem vekur spurningar um siðferðilega hlið málsins. Ég get því ekki fallist á það með hv. þm. að hér sé verið að skerða tekjulægsta hópinn í þjóðfélaginu.

[23:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla afstöðu sem felst í því að halda því fram að mannréttindabarátta öryrkja, ef hún nái fram að ganga, muni bitna á öðrum hópum í samfélaginu og er þá sérstaklega vísað til lágtekjuhópa. Það *jaðrar við að mér finnist þetta vera ósiðlegur málflutningur.*

Ég auglýsi enn og ítrekað eftir pólitískri afstöðu Sjálfstfl. og skýringu talsmanna á því að lækka tekjutryggingu öryrkja, þess hóps í þjóðfélaginu sem býr við bágust kjör, lægstar tekjur, og færa hana úr 32 þús. rúmum niður í 25 þús. kr. Ég auglýsi einnig eftir röksemdafærslu fyrir því að beita fyrningarákvæðum í landslögum, sem eiga reyndar ekki við í þessu máli, en víkjum því til hliðar vegna þess að ég spyr um pólitíska afstöðu og siðferðilegan rökstuðning fyrir því að beita fyrningarákvæum í lögum til að hafa af fólki bætur sem Hæstiréttur hefur úrskurðað.

Nú kann hv. þm. að segja: Það orkar tvímælis hvað Hæstiréttur úrskurðaði. Hann kann að halda því fram. En að hluta til er það þó ekki svo. Þinginu og þingmeirihlutanum er í sjálfsvald sett að láta þær bætur sem verður þó samstaða um ná til alls þess tíma sem dómurinn tekur til. Hver eru siðferðileg rök fyrir því að beita fyrningarákvæðum í lögum til að hafa af þessar kjarabætur fólki?

[23:33]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nákvæmlega þessi hlið málsins sem orkar mest tvímælis. Að skattleggja þá sem hafa 200 þús. kr. heimilistekjur á mánuði til að greiða bætur af almannafé til þeirra sem hafa í heimilistekjur 400 þús. kr. eða meira orkar tvímælis. En mál af þessu tagi verða afleiðing af niðurstöðu Hæstaréttar. Það er ljóst. Það er líka *deginum ljósara* að það munu vakna kröfur þeirra hópa sem hafa ekki sótt um tekjutryggingu vegna þessa máls. Það munu vakna kröfur þeirra sem hafa til þess að gera háar heimilistekjur til að fá bætur úr almannasjóðum, bætur sem eru miðaðar við þarfir í stjórnarskránni. Þetta er það sem ég tel að sé ein af vandmeðförnustu hliðunum á þessum dómi og virkar ekki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. (**ÖJ**: *Er tilkostnaðurinn við að* viðhalda mannréttindum of mikill?)

[23:35]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því í mjög stuttu máli að afstaða mín til þess máls sem hér er til umfjöllunar hefur ekki breyst eftir þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag. Ef eitthvað er hef ég enn styrkst í þeirri trú minni sem ég hef lýst margsinnis áður að ég tel þetta frv. ekki fullnægja þeim dómi sem Hæstiréttur Íslands kvað upp í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins.

Margir hafa talað um það í umræðunum og jafnvel borið sig illa undan því í röðum stjórnarliða að mörg stóryrði hafa fallið í þessari umræðu. Menn hafa borið sig mjög *illa* undan því. Kannski eðlilega. Ég vil grípa niður á tveimur stöðum í ræðu eins hv. þm. svo við stjórnarandstæðingar tökum þátt í því að okkur sé ekki alveg sama hvað sagt er úr þessum ræðustól um okkur sem sitjum úti í sal.

Ég vitna aðeins í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í dag sem ég vil meina að hafi verið hámark þess fúkyrðaflaums sem kann að hafa farið um sali Alþingis í þessari umræðu. Í fyrsta lagi lýsti hv. þm. því yfir að í nál. minni hluta hafi hann hvergi séð meiri vitleysu, meira bull og meiri ósannindi á prenti en hann hefði lesið í því áliti. Hann gat ekki rökstutt hvað í þessu fælist eða hvar ósannindin væru. Sem framsögumaður þessa álits tók ég þessa ásökun og tek hana mjög alvarlega. Þegar menn eru vændir um ósannindi og lygar finnst mér það mjög alvarlegt mál, herra forseti.

Hv. þm. sagði líka, með leyfi forseta: „Ekki tókst að halda þeirri hækkun miðað við lægstu laun heldur hljóp hún í gegnum allan launastigann á örfáum mánuðum, jafnvel gegnumrotnir og spilltir bankastjórar Landsbankans voru búnir að fá þessar hækkanir til sín innan örfárra mínútna. Gegnumrotnir.“

Herra forseti. Það væri þess virði ef ekki væri liðið svo langt á kvöldið, og ég veit að hér eru bæði hv. þm. og þeir gestir sem hlýða á þessar umræður örugglega orðnir langþreyttir á því hve hún hefur tafist mikið, en það væri virkilega víti til varnaðar að lesa þessa ræðu frá upphafi til enda, þvílíkur var fúkyrðaflaumurinn, herra forseti.

Ég vildi aðeins koma inn á það bréf sem hér hefur verið til umfjöllunar og þau bréfaskipti sem hv. *stjórnarliðar virtust* einlæglega trúa að mundu gerbreyta allri stöðu málsins fyrir Alþingi. En ég verð að segja og ég fullyrði að það er algjört einsdæmi í stjórnskipunarsögu þessarar þjóðar. Ég vil meina

að það sé algjört einsdæmi í stjórnskipunarsögu vestrænna lýðræðisríkja. Ég held ég geti fullyrt það. Ég hef borið það undir nokkra sem ég tel að þekki vel til. Þá í fyrsta lagi að löggjafarvaldið, höfuð löggjafarvaldsins, forseti Alþingis, óski álits dómsvaldsins, en ég vil taka fram að höfuð þess líka er í þessu tilviki forseti Hæstaréttar. Óskað er eftir áliti Hæstaréttar á máli sem er til meðferðar í þinginu og lögfræðilegri túlkun á máli sem er til meðferðar í löggjafarsamkundunni. Það er það sem gerist í dag að forseti Alþingis óskar eftir áliti á þeirri túlkun sem hér hefur verið deilt um.

Ég held að líka sé algert einsdæmi í stjórnskipunarsögu þessarar þjóðar og lýðræðisþjóða yfir höfuð að dómsvaldið eða öllu heldur forseti Hæstaréttar taki afstöðu til dóms sem hefur verið kveðinn upp í Hæstarétti, þ.e. túlki eigin dóm. Það sem er kannski það allra merkilegasta í málinu er að hann túlki dóm sem hann var í minni hluta í og var andsnúinn við meðferð málsins fyrir Hæstarétti. Bréfaskiptin, herra forseti, vekja einfaldlega upp svo margar spurningar að þau eru hreint með ólíkindum. Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom ítarlega inn á áðan vekja þau mann virkilega til umhugsunar um þrígreiningu ríkisvaldsins og hvers virði hún er. Þau hvetja mann til að rifja upp hvers vegna þessari þrígreiningu ríkisvaldsins var komið á í upphafi. Það var einmitt til þess að tempra ríkisvaldið gagnvart borgurunum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að hver þessara greina ríkisvaldsins starfi sem óháðust hinum. Eða muna menn ekki umræðuna um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds í héraði sem við vorum rekin til að fara í gegnum fyrir einhverjum árum vegna þess að réttarfar okkar stóðst ekki þá mannréttindasáttmála sem við höfðum undirgengist?

Ég er þeirrar skoðunar að bréfaskiptin séu mjög alvarlegur atburður í sögu íslensks lýðræðis og ég held að þau eigi eftir að draga mikinn dilk á eftir sér og eigi eftir að verða umfjöllunarefni á meðal þeirra sem fjalla um og velta fyrir sér stjórnskipun og lýðræði.

Ég vil líka halda áfram að velta upp spurningum um það hvaða áhrif þessi bréfaskipti hafa. Þá skulum við bara tala um bréf Garðars Gíslasonar, forseta Hæstaréttar. Hvaða áhrif hefur bréf Garðars Gíslasonar á hugsanlegt framhald málsins fyrir dómstólum, þ.e. fyrir Hæstarétti? Við vitum að það er réttur borgaranna að fá að bera upp mál sín í ágreiningsmálum fyrir óvilhallan dómstól og í þessu tilviki ætti það að vera Hæstiréttur. Hefur Garðar Gíslason bundið hendur alls réttarins í hugsanlegum dómsmálum sem koma fyrir dóminn? Ég veit ekki betur en hv. stjórnarliðar hafi beinlínis verið að vísa þessum hópi á áframhaldandi málsmeðferð fyrir dómstólum ef þeir telja á sér brotið. Er það þá ekki svo að a.m.k. Garðar Gíslason er á einhvern hátt að binda hendur dómsins í þessu máli? Hann hefur túlkað dóm í viðurkenningarmáli sem féll fyrir Hæstarétti vitandi að það er mjög líklegt. Þá ætla ég ekki að fara út í umræðu um hvort þetta bréf þýði eitthvað, hvernig megi skilja það, menn eru á mörgum málum um hvorum málsaðilanum bréfið sé í hag. En er Garðar Gíslason búinn að binda hendur alls réttarins með því að gefa út einhvers konar forúrskurð í málinu? Hvert á þetta fólk að leita, herra forseti? Hvert á þetta fólk að leita eftir að forseti Hæstaréttar hefur gefið út hvað þessi dómur þýddi? Er þá einhver þýðing fyrir þetta fólk að leita til Hæstaréttar eða til dómstóla um það hvað þessi viðurkenningardómur fól nákvæmlega í sér?

Er það yfirleitt eðlileg málsmeðferð eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á að Hæstiréttur sé að gefa út lögfræðiálit eða forseti Hæstaréttar eins og er í þessu tilviki? Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er ekki skrifað undir þetta fyrir hönd Hæstaréttar. Það stendur bara Garðar Gíslason undir þessu bréfi. Hann er forseti Hæstaréttar og ég er a.m.k. ekki sannfærð um að haldinn hafi verið dómarafundur um þetta mál og Hæstiréttur hafi í heild sinni tekið um það afstöðu að taka þátt í lögfræðitúlkun á eigin dómi. Þá er eitthvað mikið að, herra forseti. Ég verð að segja það.

Ég lýsi yfir áhyggjum af því sem hér hefur gerst, herra forseti, og ég held að þetta sé háalvarlegt mál, a.m.k. fyrir forseta Hæstaréttar. Ég tel að mjög gagnlegt væri fyrir Alþingi að fá úr því skorið hvort þetta bréf væri skrifað í nafni allra dómara í Hæstarétti Íslands, hvort um þetta mál hafi verið fjallað á dómarafundi og hvort allir dómarar í Hæstarétti Íslands hafi fallist á að túlka á þennan hátt eigin dóm. Ef það hefur gerst, herra forseti, eru stórtíðindi að gerast í íslenskri stjórnskipunarsögu. Þá eru stórtíðindi að gerast ef Hæstiréttur er farinn að túlka og gefa út lögfræðiálit um eigin dóma. Ég tel, herra forseti, og ítreka það enn og aftur að ég vil að fengið sé úr því skorið nákvæmlega hverjir það eru sem standa að þessu bréfi og hvort það sé gefið út í nafni alls Hæstaréttar. Ef svo er er það mjög alvarlegt mál fyrir þann hóp öryrkja og lífeyrisþega sem telur sig eins og aðrir borgarar landsins eiga rétt á því að bera mál sín og ágreiningsefni undir óvilhallan dómstól og sjálfstæðan og sem gefur ekki út lögfræðiálit um dóma sem hafa verið kveðnir upp til Alþingis sem er að fjalla um þá dóma.

Þetta vekur upp spurningar um réttaröryggi borgaranna, herra forseti, og ég held að mjög mikilvægt sé að fá úr þessu skorið. En ég ítreka þann skilning minn að hvað varðar meðferð löggjafarvaldsins að öðru leyti á þessu máli tel ég að þetta bréf Garðars Gíslasonar breyti nákvæmlega engu þar um. Við erum jafneiðvarin af stjórnarskránni, við erum jafnbundin af sannfæringu okkar, hv. þm., og við þurfum að taka sjálfstæða afstöðu til þessa máls. Það er ekki forseti Hæstaréttar sem ber ábyrgð á því hvernig við greiðum atkvæði enda hefur honum ekki verið falið það hlutverk. Það mætti þá með þessu fyrirkomulagi leggja það til, ég vil minna á það að við, nokkrir hv. þm., höfum lagt fram frv. um það, að sett verði á stofn lagaráð til að fara yfir það áður en frumvörp eru lögð fyrir Alþingi hvort þau standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Það fyrirkomulag tíðkast mjög víða í nágrannalöndunum og mætti þá með sama hætti láta Hæstarétt gera það, láta hann segja fyrir fram hvernig eigi að túlka lögin á meðan þau eru í frumvarpsformi.

Herra forseti. Ég held að allir hljóti að sjá, hvað sem þeim svo kann að finnast um hvernig túlka beri þetta bréf, að þetta bréf og þessi bréfaskipti á milli forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar eru alvarlegt mál fyrir lýðræðið og lýðræðisþróun í landinu.

[23:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér hefur staðið löng og ströng umræða um þetta mál á hv. Alþingi. Ég vil segja í lok hennar að ríkisstjórnin gerði sér afskaplega vel ljóst þegar þessi dómur var upp kveðinn á sínum tíma skömmu fyrir jól að mjög óvenjulegt mál væri á ferðinni og miklu máli skipti hvernig við yrði brugðist og það mundi líka skipta miklu máli að Alþingi væri kallað saman af þessu tilefni eins fljótt og nokkur kostur væri.

Ríkisstjórnin gerði sér góða grein fyrir því að málið væri flókið og umfangsmikið og því þyrfti að vanda undirbúning áður en Alþingi kæmi saman. Það var gert og unnið var að því í nokkurn tíma að semja frumvarp, nauðsynlegt frumvarp til að hægt væri að bregðast við þessum dómi og koma greiðslum til þeirra sem hlut áttu að máli.

Ég ætla ekki að fara, herra forseti, yfir efnisatriði málsins. Ég hef gert það áður. Ég tel að öll rök sem hafa komið fram í málinu séu til staðar eftir þessa umræðu og litlu sé við að bæta. Aðaldeilan hefur staðið um hvort löggjafarvaldið hefði áframhaldandi heimild til að miða tekjutryggingu til öryrkja við tekjur maka eður ei. Um það hafa verið deildar meiningar. Mjög stór orð hafa verið höfð uppi um það í umræðunni að stjórnarskráin hefði verið brotin þegar þessi lög voru sett. Ljóst er að það var rétt og allir hafa viðurkennt að dómur Hæstaréttar gengur út á það að lögin hafi á sínum tíma ekki verið í samræmi við stjórnarskrá, þ.e. lögin frá 1993 sem Alþingi ber ábyrgð á. Það kom e.t.v. mörgum meira á óvart að lögin frá 1998 væru einnig í ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Engum hefur dottið í hug að deila um það. Hins vegar hefur álitamálið verið það, og ég tel að það hafi komið skýrt fram í þessari umræðu og allir sammála um að hér eru álitamál á ferðinni, hvort beri að líta svo á að hámarkstekjutrygging sé skerðanleg eður ei.

Við sem erum í ríkisstjórn og þeir sem styðja ríkisstjórn á Alþingi hafa haldið því fram að dómurinn þýði að áfram sé heimilt samkvæmt stjórnarskrá að miða bætur öryrkja að einhverju leyti við tekjur maka.

Að sjálfsögðu er mjög óvenjulegt að bréf sé skrifað af forseta Alþingis af þessu tilefni, það er öllum ljóst. En það er líka mjög óvenjulegt að uppi séu þær skoðanir á hv. Alþingi að frv. sem lagt er fyrir Alþingi sé ekki í samræmi við stjórnarskrá landsins. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að hæstv. forseti Alþingis taki slíkt mjög alvarlega og íhugi mjög vandlega hvernig skuli bregðast við slíkum aðstæðum.

En hvað svo sem um það má segja hefur Hæstiréttur svarað því bréfi og ég ætla ekki á nokkurn hátt að reyna að skilgreina það, það hlýtur forseti Hæstaréttar að gera sjálfur. En ég held að það hljóti að vera ljóst að ef forseti Hæstaréttar skrifar bréf hlýtur hann að gera það í umboði réttarins og sem æðsti maður réttarins. Það er ekki fyrir okkur hér á Alþingi að útskýra. Það getur enginn gert annar en forseti réttarins.

Hins vegar er alveg ljóst hvað stendur í þessu bréfi og það verður ekki skilið öðruvísi en að litið sé svo á að það samrýmist stjórnarskrá landsins að hámarkstekjutrygging sé að einhverju leyti skert miðað við tekjur maka. Frv. gengur út á það. Það gengur m.a. út á að það sé áfram heimilt. Við höfum haldið því fram að frv. standist algjörlega stjórnarskrá landsins og ég er vissari um það en nokkru sinni fyrr að svo er og það er allt saman gert í góðri trú.

Ég vil að lokum þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel það afskaplega mikilvægt að Alþingi hafi brugðist við á þann hátt sem hér er að verða niðurstaða um, að hægt sé að ganga frá löggjöf um þetta mál þannig að bótum verði komið til réttra aðila um næstu mánaðamót. Hins vegar er alveg ljóst að áfram verður haldið að fjalla um málefni öryrkja og annarra þjóðfélagshópa sem hafa lágar tekjur. Þetta er ekki síðasta umræðan á Alþingi um þau mál, enda var ekki til þessa frv. stofnað nema til þess að bregðast við dómi Hæstaréttar. Mikilvægt er að það sé ljóst eftir þessa umræðu að ríkisstjórninni hefur ekkert annað gengið til í þessu máli en að bregðast rétt við dómi Hæstaréttar. Það var ekki tilgangurinn með frv. að taka á málefnum öryrkja almennt, enda liggur það alveg ljóst fyrir að frv. varðar tiltölulega þröngan hóp fólks sem er á slíkum bótum.

[23:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að hér sé á ferðinni mikið álitamál. Af hálfu stjórnarandstöðunnar er ekki um vafamál að ræða eða álitamál. Á grundvelli mannréttindaákvæða í stjórnarskrá Íslands og í mannréttindasáttmálum sem við eigum aðild að komst Hæstiréttur Íslands að skýrri og afdráttarlausri niðurstöðu. Þá niðurstöðu ætlar ríkisstjórnin ekki að virða.

Án efa brýtur ríkisstjórn Íslands ekki vísvitandi gegn niðurstöðu Hæstaréttar eða stjórnarskrá landsins. En vísvitandi og á yfirvegaðan hátt hefur hún tekið ákvörðun um að lækka tekjutryggingu örorkulífeyrisþega, þess hóps sem býr við lægst og lökust kjör á Íslandi, um 7.500 kr. og vísvitandi og á yfirvegaðan hátt er tekin ákvörðun um að beita fyrningarákvæðum í lögum til að hafa af þessum hópi þær réttar- og kjarabætur sem honum ber.

[23:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að frv. sé beint gegn einhverjum. Það er alls ekki svo. Verið er að hækka lágmarkstryggingu þess fólks sem frv. snýst um. Verið er að hækka lágmarkstryggingu úr rúmum 18 þús. kr. í rúmar 43 þús. kr. Um það snýst málið. Þetta hef ég margreynt að útskýra fyrir hv. þm.

Mér finnst það afskaplega sérkennilegt þegar slíkur málflutningur er uppi skipti eftir skipti. Deilan snýst hins vegar um hvort mögulegt og rétt sé að skerða þessar tekjur við ákveðnar aðstæður og það er niðurstaðan. Fram að þessu hefur fyrst og fremst verið brugðist við með þeim hætti að hækka svokallað frítekjumark þess fólks sem hér um ræðir. Það hefur verið gert í tvígang á undanförnum árum. Að sjálfsögðu hefði mátt hugsa sér að halda því áfram því það hefði komið þeim betur sem lægri hafa tekjurnar. Nú hefur Hæstiréttur hins vegar ákveðið að þetta hafi ekki samrýmst stjórnarskrá að öllu leyti. Við því hefur verið brugðist með því að hækka þetta lágmark. Það er leitt til þess að vita að hv. þm. skuli skipti eftir skipti snúa þessu við. Ég vona að það sé ekki gert vísvitandi.

[00:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að beina einni einfaldri spurningu til formanns Framsfl. og hæstv. utanrrh. Íslands. Þegar tekjutrygging sem núna er 32 þús. 566 kr. er færð í aðra tölu, 25 þús. kr., er það hækkun eða er það lækkun? Ég hélt það væri lækkun. Og ég spyr sama mann, talsmann Framsfl. og fulltrúa ríkisstjórnarinnar í þessu hneykslismáli, hvernig hann réttlætir það fyrir sjálfum sér og eigin samvisku að beita fyrningarákvæðum í lögum til þess að hafa af fólki réttar- og kjarabætur sem því hefur verið úrskurðað?

[00:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst óþarfi að spyrja mig um þær tölur sem hv. þm. fór með. (Gripið fram í.) Hins vegar spurði hann ekki réttrar spurningar. Það er verið að hækka rúmlega 18 þús. kr. í um rúmar 43 þús. kr. (**Gripið fram í:** ... spurði um tekjutrygginguna.) Út á það gengur málið. (**ÖJ:** Nei.) Ástand

mála var áður þannig að það mátti skerða tekjutrygginguna, tæpar 51 þús. kr., niður í lágmarkslífeyri eða 18 þús. kr. (Gripið fram í.) Þetta vita hv. þingmenn. Og af hverju þurfa þeir alltaf að snúa þessu við? (**ÖJ:** Þetta er misskilningur.) Ég misskil ekkert. Vertu ekki svona óþolinmóður, hv. þm., þó það sé komið rétt fram yfir miðnætti. Þetta er ekki svona og ég þarf ekki að útskýra það fyrir hv. þm. (Gripið fram í.) Hv. þm. ætti að sjá sóma sinn í því að fara rétt með þetta mál og vera ekki að bera öðrum á brýn að vera að brjóta stjórnarskrá og ýmislegt annað vísvitandi eins og hann hefur gert í þessari umræðu.

[00:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill biðja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að vera það efnisríka í sínum ræðum að þeir þurfi ekki að grípa fram í.

[00:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bjargföst skoðun mín að í kjölfar þess að þessi dómur féll, sem hefur verið gert að ítarlegu umræðuefni í þinginu, þá voru fallnar brott þær skerðingarheimildir sem ríkisvaldið hafði til að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í sambúð. Þá stóð það eftir og þá var sú réttarstaða uppi að að þessum skerðingarheimildum brottföllnum stóðu 51 þús. kr. eftir.

Pólitík ríkisstjórnarinnar birtist í því að hún telur að 43 þús. sé nægilegt. Þessu er ég algerlega ósammála. Í öðru lagi er ég sannfærður um að sú afturvirkni í skerðingu sem hér á að ráðast í fær ekki staðist.

Meginástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég óskaði eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. utanrrh. var fyrst og fremst sú að í ræðu sinni kom hann inn á hið umrædda bréf sem fór héðan frá hinu háa Alþingi til Hæstaréttar. Það er kannski ekki mikið um það að segja í sjálfu sér. Menn eiga eftir að ræða það síðar. Að mínu viti er slysið orðið. Bréfið er farið og viðbrögðin fengin.

Mig langaði að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hafi verið sammála því að rétt hafi verið við þessar aðstæður, sökum þess að ríkisstjórninni var borið á brýn að hún væri að fara gegn stjórnarskrá sem oft hefur komið upp í umræðum, að senda bréf af þessum toga til Hæstaréttar.

[00:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu forseta Alþingis og forsn. að taka ákvörðun um hvernig forsn. bregst við ákveðnum aðstæðum. Ég held að hv. þm. geti verið alveg sammála um að hér er um mjög óvenjulegar aðstæður að ræða. Og forsn. þingsins tekur þessa ákvörðun. Ég tel að forsn. þingsins hafi vissulega tekið óvenjulega ákvörðun, en á margan hátt mjög skiljanlega. Og forseti Hæstaréttar fyrir hönd Hæstaréttar hefur svarað og það hlýtur að bera vott um að forseti Hæstaréttar fyrir hönd Hæstaréttar hafi talið að hér hafi verið um mjög óvenjulegar aðstæður að ræða. Ég tel að málið verði skoðað í því ljósi. Hins vegar er ég sammála hv. þm. um að áreiðanlega eigi eftir að verða mikil umræða um þetta mál. En eitt má vera ljóst, sem m.a. hefur verið kvartað yfir oft á hv. Alþingi, að Alþingi hefur ekki mörg úrræði við þessar aðstæður. Við höfum ekki stjórnlagadómstól. Og í ljósi þess hvað hefur gengið á á hv. Alþingi, ekki bara í þessu máli heldur líka öðru máli sem tengdist kvótanum, þá er hér um ákveðna réttarþróun að ræða sem ég ætla ekki að leggja neinn dóm á á þessari nóttu. En mér finnst mjög eðlilegt að forsn. þingsins bregðist við þessum aðstæðum.

[00:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að mínu viti er vart hægt að tala um óvenjulegar aðstæður. Hér hefur verið harkalega tekist á. Hér hefur verið deilt um hvað beri að gera í kjölfar þessa dóms. Menn hafa deilt um hvað hægt sé að gera þannig að þeir standi innan þess ramma sem stjórnarskráin setur. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að keyra út á ystu nöf og að mínu viti hvað varðar afturvirknina er gengið skrefi of langt.

En þegar svo er komið að Alþingi er að skapa það fordæmi að á köflum sé hægt að senda Hæstarétti beiðni um lögfræðilegar álitsgerðir þá er réttaröryggi borgaranna í þessu landi, að mínu viti, ógnað. Ef við förum að blanda saman um of þessum þremur valdþáttum er réttaröryggi ógnað. Það er mín skoðun.

[00:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki með nokkru móti hvernig réttaröryggi borgaranna er ógnað í þessu máli. Hins vegar er um óvenjulegar aðstæður að ræða. En ég man ekki eftir því á Alþingi að áður hafi komið fram jafneindregin skoðun og í þessu máli að það sé verið að brjóta stjórnarskrá nema að því er varðaði málið í sambandi við Valdimarsdóminn. (**Gripið fram í:** EES-málið.) (**Gripið fram í:** NATO.) Ja, EES-málið. Þá kom fram að það kynni að vera í andstöðu við stjórnarskrá. Hins vegar held ég að því hafi ekki verið haldið jafnstíft fram í því máli að það væri augljóst að verið væri að brjóta stjórnarskrána. Það var almennt talað þannig í því máli, eins og ég man þá umræðu og var þá í stjórnarandstöðu, að það léki vafi á um að málið stæðist stjórnarskrá. En ég man ekki eftir því að þáverandi stjórnarandstaða sem ég var í hafi haldið því jafnstíft fram að verið væri að brjóta stjórnarskrána.

[00:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hæstv. utanrrh. ætlaði sem síðasti ræðumaður að ljúka umræðum áreitnislaust hefði hann átt að sleppa því að reyna að skríða í skjól af bréfaskriftum eða bréfaskiptum þeirra pennavinanna forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar.

Hið einstæða bréf forseta Hæstaréttar, Garðars Gíslasonar, staðfestir fyrst og fremst dóminn um stjórnarskrárbrot og minnist ekki einu orði á frv. ríkisstjórnarinnar.

Það var svo að hæstv. utanrrh., og hann á þökk skilið fyrir það, viðurkenndi í sínu máli óvissuna, vafann sem uppi væri í því að viðbrögð ríkisstjórnarinnar fullnægðu dómi Hæstaréttar og væru þar með samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þá er þetta þannig þegar til kastanna kemur að málið liggur skýrt fyrir. Meiri hlutinn, ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hefur ákveðið að láta skilning sinn á þessu máli njóta vafans en ekki stjórnarskrána. Það er það sem að lokum blasir við í þessu efni.

[00:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi ekki þessa ræðu. En það er alveg ljóst, (**Gripið fram í:** ... stjórnarskrána.) hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að hér er verið að bregðast við dómi Hæstaréttar eftir bestu samvisku og í þeirri vissu sem við getum haft um að við séum að virða stjórnarskrá landsins. Hins vegar

er alveg ljóst að aðeins einn aðili, ein stofnun í okkar landi sem getur úrskurðað um það og það er Hæstiréttur landsins. Auðvitað getum við aldrei verið viss um þá hluti. (Gripið fram í.) Ég tek mikið mark á þessu bréfi og það styrkir mig mjög í þeirri trú sem ég hafði áður að við séum á allan hátt að virða stjórnarskrá landsins. En þá leyfir hv. þm. sér að halda því fram að við séum ekki að gera það vegna þess að hann er á annarri skoðun. Ég minni hv. þm. á að hann sagði nákvæmlega það sama þegar brugðist var við Valdimarsdómnum svokallaða. Þá sagði hv. þm.: „Það er áfram verið að brjóta stjórnarskrá." Hvað kom í ljós? Það féll dómur og í ljós kom að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis brást rétt við þeim dómi.

[00:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hæstv. utanrrh. á erfitt með að skilja þetta ætla ég að prófa að svara svona: Það er algjörlega ljóst að ríkisstjórnin er að taka áhættu í þessum efnum sem hún þurfti ekki að taka og meiri hlutinn. Með því að falla með öllu frá skerðingu tekjutryggingarinnar, með því að greiða bætur full sjö ár aftur í tímann eins og stefnt var að, með því að hafa enga afturvirkni laga og með því að greiða fulla vexti var algjörlega öruggt og borðleggjandi að enginn vafi var lengur í málinu. Ríkisstjórnin velur engan af þessum kostum. Hún gengur í öllum tilvikum nær hagsmunum öryrkjanna en þetta væri. Þar með velur ríkisstjórnin að taka áhættu. Hún velur með pólitískri ákvörðun að láta sinn skilning njóta vafans en ekki stjórnarskrá landsins og býður upp á áframhaldandi málaferli og deilur, eins og ekki sé nú nóg komið.

[00:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er ekki að biðja um, að mínu mati, að farið sé að dómnum. Hann er að biðja um að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis samþykki að öllu leyti kröfugerð þess sem flutti málið fyrir Hæstarétti. (**Gripið fram í:** Þeir unnu.) Það er hv. þm. er að segja hér. (**Gripið fram í:** Þannig var dómsorðið.) Þannig var dómsorðið ekki. (**ÖJ:** Þeir unnu málið.) (**SJS:** Þeir unnu málið, utanrrh.) (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er verið að biðja mig, herra forseti, að svara spurningum og ég hef reynt að svara spurningum í nokkra daga. En það gengur heldur illa vegna þess að hv. þingmenn eru mjög órólegir í sætum sínum. Þetta er náttúrlega kjarni málsins og ég ætla ekkert að fara fleiri orðum um það enda hef ég flutt um það allmargar ræður og svarað spurningunum aftur og aftur. En því miður fæ ég alltaf sömu frammíköllin sem ég skil ekki alveg. Ég skil ekki þennan óróa sem er í hv. þingmönnum. (**Gripið fram í:** Það er voðalega skrýtið, eða hvað?) Já, mjög skrýtið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:33]

Frv. samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, MS, JBjart, KF, KHG, KPál, VÞV, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, HBl.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁMM, GÁS, HjálmJ, ÍGP, JónK, MF, ÓÖH, ÞKG) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin er enn á ný að brjóta mannréttindi á hópi öryrkja. Þessi lagasetning um skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka hans stenst ekki stjórnarskrána samkvæmt dómi Hæstaréttar og dæmalaust bréf forseta Hæstaréttar, sem barst í kvöld, staðfestir það. Auk þess ætlar ríkisstjórnin ekki að greiða til baka að fullu það fé sem haft var af öryrkjum í heimildarleysi frá 1994. Þessari gjörð mótmæli ég harðlega og stjórnarandstaðan öll. Ég segi nei.

[00:18]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki tekið þátt í því að samþykkja frv. sem felur í sér áframhaldandi skerðingu á tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka, frv. þar sem ríkisvaldið beitir fyrningarákvæðum og ýtrustu kröfuhörku gegn hópi fólks sem það hefur sannanlega brotið mannréttindi á um árabil og verið dæmt til að leiðrétta. Þetta frv. stríðir gegn stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Ég segi nei.

[00:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem er nú brátt á enda hefur snúist um lögfræðileg og pólitísk álitamál vegna umræddsmæstaréttardóms. Sýnt hefur verið fram á með afgerandi rökum að það frv. sem við erum nú að afgreiða tryggi að lagasetningin verði í samræmi við stjórnarskrána og fullnægi dómi Hæstaréttar.

En á málinu er einnig önnur hlið er lýtur að grundvallarspurningum um jöfnuð og réttlæti. Ljóst er að sú túlkun að bregðast eigi við dómi Hæstaréttar með þeim hætti sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram er í hróplegri mótsögn við þá almennu skoðun sem hefur ríkt í þjóðfélagi okkar áratugum saman um að velferðarkerfið eigi að stuðla að auknum jöfnuði og tryggja fyrst og fremst bættan hag þess fólks sem þarf á gagnkvæmri samfélagslegri aðstoð að halda. Slíku verðum við að hrinda af höndum okkar og tryggja að vandlega undirbúin lagasetning sem hefur jöfnuð, réttlæti og virðingu fyrir stjórnarskránni að leiðarljósi nái fram að ganga. Því segi ég já.

[00:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Nú er verið að festa í lög skerðingarfrv. ríkisstjórnarinnar sem á að koma í veg fyrir að dómsniðurstaða Hæstaréttar nái fram að ganga. Með því að gera frv. að lögum er verið að brjóta á rétti öryrkja. Hér er verið að ganga gegn ákvæðum stjórnarskrár á nýjan leik. Ég segi nei.

[00:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að Hæstiréttur hafi á grundvelli mannréttinda og rétti öryrkja til jafnræðis sín í milli kveðið upp þann dóm að ekki megi skerða bætur vegna tekna maka. Ég tel að frv. ríkisstjórnarinnar brjóti jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar með því að skerða tekjutryggingu öryrkja mismunandi vegna tekna maka. Ég tel að þau ákvæði eigi að nota til þess að skerða síðan þann rétt sem Hæstiréttur dæmdi öryrkjum vegna liðinna ára með afturvirkum hætti. Ég tel að þetta sé óhafandi aðferð og ég segi nei.

[00:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Yfirgangur og hroki ríkisstjórnarinnar í þessu máli er ótrúlegur. Ríkisstjórninni verður það til ævarandi skammar að brjóta lög og rétt á öryrkjum. Það er líka alvarlegt íhugnarefni og nokkuð óhugnanlegt, herra forseti, hvernig réttaröryggi borgaranna hefur verið ógnað með þeirri íhlutun sem forseti Hæstaréttar hefur haft af þessu máli að beiðni forseta þingsins á þessum degi. Hvaða skjól eiga borgararnir nú í Hæstarétti? Trúverðugleiki Hæstaréttar hefur beðið alvarlega hnekki á þessum degi. Ég segi nei.

[00:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samkvæmt sannfæringu minni gengur þetta frv. á svig við dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins. Þetta frv. skerðir að mínu mati þær réttarbætur sem Hæstiréttur dæmdi öryrkjum með skýrum og afdráttarlausu dómsorði Því mótmæli ég þessu frv. og segi nei.

[00:24]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hæstiréttur felldi þann dóm 19. des. sl. að ekki væri tekið nægilegt tillit til réttar öryrkja sem einstaklings til að framfæra fjölskyldu sína með grunnörorkulífeyri að upphæð 18 þús. kr. á mánuði, þessi upphæð væri of lág.

Sem einstaklingshyggjumaður fagna ég aukinni áherslu á einstaklinginn sem felst í dómi þessum. Hins vegar finnst mér sú afleiðing dómsins siðferðilega vafasöm að stórhækka bætur til fjölskyldna með góðar fjölskyldutekjur, bætur sem yrðu fjármagnaðar með sköttum allra landsmanna, líka fjölskyldna sem hafa miklu lægri fjölskyldutekjur. Sérstaklega er ég þó lítið hrifinn af þeirri afleiðingu dómsins að greiða af almannafé eingreiðslu, jafnvel yfir 1,5 millj. á mann, til fjölskyldna sem eru með góðar fjölskyldutekjur. Finnst mér það ekki gott, hvorki félagslega né siðferðilega. Ég hef þá sannfæringu að frv. fullnægi dómi Hæstaréttar. Ég segi já.

[00:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekki er óalgengt að á Alþingi séu mál rædd og afgreidd í harðri rökræðu og tilfinningahita eins og nú. En þetta mál hefur haft slíka framvindu að nú setur að mér ugg, herra forseti. Ólíkt öðrum málum sem snerta samspil framkvæmdarvalds, löggjafans og vinnubrögð Alþingis snýr það jafnframt að Hæstarétti og viðbrögðum stjórnarmeirihlutans við hæstaréttardómi. Öll málsmeðferðin undanfarna daga er með ólíkindum og beinir sjónum að réttaröryggi borgaranna og því dýrmætasta af öllu, sjálfu lýðræðinu.

Herra forseti. Málinu er hvergi lokið með þessari atkvæðagreiðslu. Ég segi nei.

[00:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur farið illa með vald sitt í þessu máli. Allt frá upphafi málsins hefur ríkisvaldinu verið beitt af mikilli hörku þó í hlut ættu öryrkjar eða samtök þeirra. Enn meiri undrun vöktu viðbrögð ríkisstjórnarinnar þegar Hæstiréttur hafði dæmt Öryrkjabandalaginu fullan sigur í málinu. Í stað þess að játa mistök sín, biðjast afsökunar á stjórnarskrárbroti, fullnægja dómnum refjalaust, þar með talið greiða bætur full sjö ár aftur í tímann, brást ríkisstjórnin við eins og við þekkjum öll. Það er trúa mín, herra forseti, að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar muni hafa litla sæmd af þessu máli og það er maklegt. Ég segi nei.

[00:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar snýst um mannréttindi og reisn einstaklingsins. Minnihlutahópur fékk viðurkenningu á þeirri kröfu sinni að ekki mætti tengja tekjutryggingu við tekjur maka og dómurinn er svo skýr að krafa Öryrkjabandalagsins er tekin upp í dómsorði.

En viðbrögð valdsins segja okkur líka að glímunni við drottnandi valdhafa um mannréttindi er ekki lokið. Glímunni um réttinn til að lifa eins og menn. Það sést gleggst af efni þess frv. sem hér er verið að afgreiða. Við því segi ég nei.

[00:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Snarpri umræðu er nú að ljúka á hv. Alþingi um frv. til almannatryggingalaga. Þessi lagasetning er viðbrögð við dómi Hæstaréttar sem kvað á um að óheimilt væri að tengja bætur öryrkja við tekjur maka á þann hátt sem gert var. Tekjutenging er hins vegar áfram heimil enda verður henni viðhaldið. Slíkt samræmist þeirri hugsjón sem stefna Framsfl. byggir á, þ.e. samhjálp og félagshyggju. Að tillögu heilbrrh. verður störfum þeirrar nefndar flýtt sem vinnur að breytingum á almannatryggingalögunum. Fulltrúar öryrkja og ellilífeyrisþega munu koma að þeirri vinnu. Sú vinna mun snúast um að bæta kjör þeirra sem lökust kjör hafa. Síðan ég settist á Alþingi hefur að mínu mati aldrei verið haldið fram í eins ríkum mæli að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Ég segi já.

[00:30]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Dómsorð Hæstaréttar var skýrt og orðrétt samhljóða kröfugerð Öryrkjabandalagsins. Því tel ég að frv. sé ekki samkvæmt dómi Hæstaréttar og því brot á stjórnarskrá landsins.

Herra forseti. Ég tel að dómurinn og lagasetningin í kjölfar hans ásamt meðferð málsins geti verið prófsteinn á lýðræði landsins. Því segi ég nei.

[00:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér á Alþingi hefur ríkisstjórnin og stuðningslið hennar reynt að réttlæta að hafðar eru kjarabætur og réttarbætur af öryrkjum sem þeim voru úrskurðaðar með dómi Hæstaréttar þar sem vísað er í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála sem Ísland á aðild að. Árangurslaust hefur verið reynt að reka fleyg í raðir öryrkja og sundra þeirri sameiningu sem hefur myndast með öryrkjum, eldri borgurum og verkalýðshreyfingunni í landinu, ASÍ, BSRB, BHM og Kennarasambandi Íslands. Staðhæft hefur verið að með því að tryggja mannréttindi öryrkja, þess hóps sem lægstar hefur tekjur í íslensku samfélagi, hljóti það að bitna á öðrum lágtekjuhópum og stefni öllum stuðningi í voða. Þessu hefur verkalýðshreyfingin sameinuð vísað á bug og þessu vísar stjórnarandstaðan á bug og gerir þá kröfu um að farið verði að niðurstöðu Hæstaréttar og öryrkjum

verði refjalaust greiddar fullar bætur án þess að siðlausum fyrningarákvæðum laga verði beitt. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 669).

Fundi slitið kl. 00:33.

---

65. FUNDUR

þriðjudaginn 24. jan.,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 411. mál, þskj. 666. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 411. mál. — Þskj. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:36]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

[00:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 23. janúar 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. febrúar 2001."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[00:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggjast gegn þeirri frestunartillögu sem hér var mælt fyrir af hæstv. forsrh. þó auðvitað megi deila um hvort tilefni eða ástæður séu til að gera þetta langt hlé á fundum Alþingis nú þegar komið er langt fram í janúarmánuð og hefðbundinn starfstími Alþingis samkvæmt áður gerðri starfsáætlun er í raun og veru hafin. Nokkur röskun hefur orðið á fundaáætlun eins og við þekkjum og gert hafði verið samkomulag, þá var reyndar reiknað með því að mál sem var til umfjöllunar á undanförnum dögum tæki skemmri tíma en raun ber vitni.

Ég vil hins vegar hafa þann fyrirvara á að ég áskil mér allan rétt til þess að fara fram á það að Alþingi komi saman fyrr til fundar ef aðstæður verða slíkar í þjóðfélagi okkar að tilefni verði til. Sérstaklega er ég að vísa þar, herra forseti, til þeirrar óvissu sem uppi er í efnahagsmálum og gengismálum og gætu vel valdið því ef svo heldur sem horfir að til verulegra tíðinda dragi á þeim vettvangi, jafnvel á allra næstu sólarhringum. Fari svo, þá geti að mínu mati orðið fullt tilefni til þess að Alþingi komi fyrr saman til funda en áformað er og reiknað er með samkvæmt þessari tillögu, þ.e. að fundir hefjist ekki að nýju fyrr en 8. febrúar nk. Þessu vildi ég koma á framfæri, herra forseti, til þess að það lægi fyrir.

[00:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. er að fara um þetta síðasta en hitt er annað mál að enginn þingmaður hverfur frá rétti sínum með samþykki þessarar ályktunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:39]

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, VÞV, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (JÁ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, GÁS, HjálmJ, ÍGP, JónK, MF, ÓÖH, SighB, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 670).

Þingfrestun.

[00:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Komið er að lokum síðasta fundar í þeirri fundalotu sem staðið hefur í rúma viku. Alþingi var kallað saman til funda nokkru fyrr en ætlað var til að fjalla um stjórnarfrv. sem mikill styr hefur staðið um seinustu daga. Eins og forseti greindi frá þegar þing kom aftur saman eftir jólahlé var um það rætt milli þingflokka að gert yrði að nýju hlé á þingstörfum eftir að þessari lotu lyki svo að hv. þm. gæfist kostur á að halda fundi sem boðað hafði verið til í kjördæmum þeirra og eiga önnur samskipti við kjósendur.

Alþingi hefur nú samþykkt að gera um tveggja vikna hlé á störfum sínum og mun það koma saman til fundar á ný eigi síðar en 8. febrúar nk.

Ég bið þess að að við munum öll hittast heil er Alþingi kemur saman að nýju.

[00:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 23. janúar 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. febrúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 00:41.

Efnisskrá

Almannatryggingar (379. mál, tekjutrygging örorkulífeyrisþega) 3150, 3302, 3410, 3554, 3643.
Athugasemdir um störf þingsins:
Afgreiðsla frumvarps um málefni öryrkja 3043.
Kveðjur til heilbrigðisráðherra 3294.
Úrskurður forseta um frumvarp um málefni öryrkja 3149.
Bréfaskipti forsætisnefndar og forseta Hæstaréttar 3641.
Einbreiðar brýr (374. mál) 3090.
Eiturefni og hættuleg efni (369. mál, yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.) 3117, 3149.
Endurheimt íslenskra fornminja frá Danmörku (352. mál) 3082.
Framhaldsfundir Alþingis 3041.
Framkvæmdir tengdar Reykjanesbraut (373. mál) 3097.
Framlög til lögregluumdæmis Árnessýslu (372. mál) 3087.
Frestun á fundum Alþingis (411. mál) 3685.
Meðferð opinberra mála (367. mál, opinber rannsókn) 3048, 3103.
Minning Björns Fr. Björnssonar 3041.
Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök (46. mál) 3122, 3149.
Sveitarstjórnarlög (135. mál, lágmarksstærð sveitarfélaga) 3145, 3150.
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala 3409.
Tilkynning um dagskrá 3082, 3294.
Tóbaksvarnir (345. mál, markaðassetning, tóbaksmengun o.fl.) 3058, 3103.
Um fundarstjórn:
Framlagning frumvarps um málefni öryrkja 3047.
Fundarhlé 3642.
Ummæli landbúnaðarráðherra í utandagskrárumræðum 3115.
Um fundarstjórn – sjá:
Almannatryggingar 3151.
Meðferð opinberra mála 3050.
Umræður utan dagskrár:
Neytendavernd og innflutningur á írskum nautalundum 3103.
Vaxtahækkun og staðan í húsnæðismálum láglaunafólks 3295.
Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna (378. mál) 3094.
Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál) 3137, 3150.
Varamenn taka þingsæti 3042, 3410.
Vátryggingarsamningar og Viðlagatrygging Íslands (54. mál, tjón á húseignum, endurstofnverð o.fl.) 3132, 3149.
Virðisaukaskattur (101. mál, vinna við íbúðarhúsnæði) 3142, 3150.
Þingfrestun 3686.

66. FUNDUR

fimmtudaginn 8. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, stjtill., 412. mál, þskj. 667. — Fyrri umr.
2. Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, þáltill., 180. mál, þskj. 188. — Fyrri umr.
3. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
4. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
5. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Fyrri umr.
6. Sveitarstjórnarlög, frv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.
7. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.
8. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 171. mál, þskj. 174. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Framhaldsfundir Alþingis.

[10:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 8. febrúar 2001 kl. 10.30.

Gjört á Bessastöðum, 6. febrúar 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

———

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismenn svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa og læt í ljósi þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis. Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þings að nýju.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tvö bréf, hið fyrra dags. 6. febrúar sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Reykn., Drífa J. Sigfúsdóttir húsmóðir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþingmanns.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn."

Síðara bréfið er dags. 5. febrúar og hljóðar svo:

„Herra forseti Alþingis.

Af sérstökum ástæðum getur undirritaður ekki tekið sæti Sivjar Friðleifsdóttur á Alþingi næstu tvær vikur.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Páll Magnússon,
1. varaþingmaður Framsfl. í Reykn."

Kjörbréf Drífu Sigfúsdóttur hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[10:33]

Útbýting þingskjals:

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 164. mál, svar fjmrh., þskj. 651.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bréf forsætisnefndar til Hæstaréttar.

[10:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er óvanalegt að einn af forsetum þingsins kveðji sér hljóðs um störf þingsins. Það er hins vegar af óvanalegu tilefni sem það er gert.

Skömmu áður en þingfundum var frestað þann 23. janúar sl. var tekin um það ákvörðun á skyndifundi forsn. þar sem þrír af fimm nefndarmönnum voru viðstaddir að senda Hæstarétti umdeilt bréf þar sem leitað var svara réttarins á tilteknum þáttum í nýlegum dómi er lutu að meðferð máls hér í þinginu. Ég hafði fjarvistarleyfi úr þinginu þann dag og sat því ekki umræddan fund en gerði grein fyrir afstöðu minni á fundi fullskipaðrar forsn. í gær í ítarlegri bókun. Ég tel nauðsynlegt að gera þingheimi afstöðu mína ljósa þó seint sé.

Ég tel ákvörðun um sendingu umrædds bréfs hafa verið ranga og vanhugsaða. Eðlilegt hefði verið að fullskipuð forsn. kæmi að málinu og einnig formenn þingflokka þegar jafnviðurhlutamikil og umdeild ákvörðun var tekin og þarna var gert.

Þrígreining ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskrá byggir m.a. á því að einstakir valdþættir séu aðskildir hver frá öðrum svo að hver um sig fái haft eftirlit með hinum. Þar á meðal er á því byggt að bera megi gildi laga gagnvart stjórnarskrá undir dómsvaldið. Það verður því að teljast í andstöðu við þá hugsun að forseti Alþingis óski eftir umsögn Hæstaréttar um nýfallinn dóm þess sama réttar í tilefni af stjfrv. sem liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu. Það fær ekki samrýmst hugmyndinni um þrígreiningu ríkisvaldsins að bera slíkar spurningar upp við Hæstarétt sem á síðari stigum kann að þurfa að skera úr um hvort umrætt frv., sem nú er orðið að lögum, fái staðist ákvæði stjórnarskrár.

Þá skal það rifjað upp að áður en hið umrædda bréf var sent hafði forseti Alþingis þegar kveðið upp úrskurð

að beiðni þriggja formanna stjórnarandstöðuflokkanna um að hið umdeilda frv. ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu væri þingtækt. Að sönnu var sá úrskurður umdeildur í umræðum sem í hönd fóru um málið en engu að síður virtur eins og ítarleg umfjöllun þingsins dögum sama ber gleggst vitni um. Þá voru engin efni til að senda umrætt bréf.

Úrskurðum forseta Alþingis verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Yfirstjórn þingsins á að vera hafin yfir dægurþras stjórnmála. Hún á að gæta þess í hvívetna að jafnræði, sanngirni og gagnsæi séu með í för í öllum vinnubrögðum þess. Um margt hefur það tekist (Forseti hringir.) og samstarf yfirleitt verið prýðilegt innan (Forseti hringir.) forsn. Ég vænti því þess að við drögum lærdóm af þeim atburðum sem urðu 23. janúar. (Forseti hringir.) og þeir (Forseti hringir.) verði ekki endurteknir í störfum þingsins.

[10:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vænti þess að ef 1. varaforseti Alþingis vill gera athugasemdir við stjórn mína á þinginu þá haldi hann sig við fundarsköpin.

[10:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er sérstakt að 1. varaforseti fari í ræðustól til að ræða störf þingsins en það var stórt tilefni til að þessu sinni.

Guðmundur Árni Stefánsson alþm. hefur kynnt bókun sem hann hefur gert í forsn. Alþingis um þá vanhugsuðu ákvörðun forseta að skrifa bréf til Hæstaréttar í nafni forsn.

Ég vil taka fram, þess vegna kem ég hér, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar eru bókuninni algerlega sammála og telja bréfaskiptin hafa verið mistök.

Herra forseti. Þessir atburðir og atferlið á Alþingi í aðdraganda bréfasendinga eru ekki til eftirbreytni í framtíðinni. Þeir eru mistök sem vonandi verða ekki endurtekin.

[10:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna ummæla hv. þm. og vegna þeirrar bókunar sem kynnt var af 1. varaforseta Alþingis tel ég nauðsynlegt að kynna bókun sem ég gerði á næstsíðasta fundi forsn.

„Eins og sést af bréfum forseta Alþingis í umboði forsætisnefndar og forseta Hæstaréttar er farið efnislega rangt með innihald þeirra í bókun Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég harma einnig að í viðtölum við tvo forsætisnefndarmenn í fjölmiðlum skuli farið rangt með staðreyndir.

Ef forseti Alþingis boðar til fundar í forsætisnefnd og meiri hluti er mættur er sá fundur ályktunarbær og menn hafa ekki tillögurétt á slíkum fundum sem fjarverandi eru fremur en í sölum Alþingis almennt. Ég vonast til að geta átt gott samstarf við forsætisnefndarmenn í framtíðinni."

Þetta er sú bókun sem ég lét gera og er skýr og kemur að efni málsins.

[10:38]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Mér sýnist á málflutningi hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hann hafi kvatt sér hljóðs á röngum forsendum. Hann taldi að um þá ákvörðun sem tekin var um að senda Hæstarétti bréf hefði átt að fjalla í fullskipaðri forsn. En svo vill til að það var einmitt fullskipuð forsn. sem tók þessa ákvörðun. Hv. þm. sem sjálfur gegnir embætti varaforseta þingsins var í fjarvistarleyfi og svo var einnig um 3. varaforseta þingsins. Þar sem þessir tveir menn höfðu löglegar fjarvistir var forsn. fullskipuð og skiptir þá engu í raun og veru hverra erinda varaforsetar þingsins höfðu gengið.

[10:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sjálfsagt og eðlilegt er að taka málið upp með þeim hætti sem 1. varaforseti, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, hefur gert. Viðbrögð forseta þingsins nú eru því mjög sérkennileg. Engin fordæmi eru fyrir því að forseti Alþingis hafi með þeim einstæða hætti sem hv. þm. lýsir í bókun sinni óskað eftir íhlutun eða inngripi Hæstaréttar í hápólitískt deilumál sem fyrir Alþingi liggur. Þetta er slíkt frumhlaup að komast verður til botns í því hvað raunverulega bjó að baki slíku örþrifaráði sem einungis hluti forsn. ákveður á nokkurra mínútna fundi sínum. Af fullri alvöru verður því að skoða með hvaða hætti Alþingi geti beitt sér í málinu og hvort skipa eigi til þeirra verka óvilhalla aðila eða rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að brjóta allt þetta mál til mergjar, m.a. að kanna tildrög og aðdraganda þessara bréfaskrifta. Allt of margt er enn á huldu um þetta mikilvæga mál til að ályktа megi að hér hafi einungis verið um að ræða stjórnskipulegt slys eða afglöp að þessi bréfaskipti fóru fram. Leita verður allra leiða til að þetta mál hafi ekki fordæmisgildi. Því ber að skoða skipan rannsóknarnefndar í þessu máli.

[10:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Út af umræðum hv. þm. vil ég ítreka að forsn. Alþingis hefur fullan rétt og fullt umboð til að senda bréf og óska svara og þarf ekki að bera það undir Alþingi.

[10:41]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að kynna bókun sem ég gerði vegna þessa máls á forsætisnefndarfundi í gær og bókunin hljóðar svo:

„Boðaður skyndifundur forsætisnefndar þriðjudaginn 23. janúar sl. þar sem kynnt voru drög að bréfi til forseta Hæstaréttar var að mínu mati illa undirbúin og samræmist ekki þeim verklagsreglum sem forsætisnefnd ætti að viðhafa. Til fundarins var ekki boðað með dagskrá. Forsætisnefnd var ekki fullskipuð og aðeins tveir af fjórum embættismönnum sem sitja fundi nefndarinnar voru mættir.

Þar sem mikilvægt mál var til umfjöllunar hefði einnig átt að freista þess að ná símasambandi við þá forsætisnefndarmenn sem fjarstaddir voru. Ég tel mikilvægt að forsætisnefnd setji sér verklagsreglur um fundi sína þannig að traust geti ríkt í framtíðinni."

[10:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Til gamans, út af því sem hv. þm. sagði um verklagsreglur, þá reyndi ég að setja forsn. siðareglur á síðasta fundi hennar.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga hjá lögreglunni.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Upplýst hefur verið að Íslandspóstur hf. hafi fengið upplýsingar um meinta eiturlyfjaneyslu einstaklinga frá tollyfirvöldum í Reykjavík. Í fréttaumfjöllun um málið

hefur komið fram að samstarf sé á milli lögreglu og tollyfirvalda um skráningu á einstaklingum sem taldir eru tengjast eiturlyfjum. Lítið hefur verið upplýst um þetta samstarf eða þær skrár sem hér er um að ræða en yfirlýsingar forsvarsmanna innan lögreglu og tolls í fjölmiðlum að undanförnu gefa tilefni til að leita eftir svörum hjá hæstv. dómsmrh. um varðveislu og notkun á upplýsingum af þessu tagi.

Í fyrsta lagi er svo að skilja að til séu listar um meint afbrot en ekki einvörðungu sönnuð afbrot þar sem dómar hafa fallið. Þannig gæti einstaklingur verið á slíkum lista fyrir það eitt að hafa legið undir grun um fíkniefnaneyslu, jafnvel á unga aldri þótt aldrei hafi verið færðar á það sönnur. Að mínum dómi samræmist þetta ekki þeim grundvallarkröfum sem við hljótum að gera til réttarríkis.

Í öðru lagi kemur fram að upplýsingum hafi verið miðlað „óformlega" svo vitnað sé beint í ummæli tollstjórans í Reykjavík varðandi samskipti við Íslandspóst hf. Mjög alvarlegt er þegar það er staðfest að ekki séu skýrar reglur um þær upplýsingar sem yfirvöld búa yfir og hvernig þeim er miðlað.

Nú hlýtur sú spurning að vakna hvað átt sé við með því að upplýsingum sé miðlað óformlega. Er verið að tala um tveggja manna tal? Ef tryggja á réttindi einstaklinga þurfa að vera fyrir hendi skýrar formlegar reglur bæði um upplýsingar sem leyfilegt er að varðveita og hvernig þeim er miðlað.

Af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hefur ítrekað verið bent á mikilvægi persónuverndar og er þess skemmst að minnast er við vöktum athygli á brotalömum í lögum um Schengen-upplýsingakerfið, þar sem við teljum persónuvernd ekki nægilega vel tryggða. Enda þótt mikilvægt sé að samfélagið snúist af alvöru og af alefli gegn hvers kyns afbrotum, ekki síst þeim sem varða sölu og dreifingu á eiturlyfjum, þarf jafnan að gæta að því að farið sé að reglum réttarríkis. Til þess höfum við dómstóla og sakaskrám er ætlað að geyma upplýsingar um niðurstöður þeirra. Þar er ekkert óformlegt á ferðinni.

Um síðustu áramót tók gildi reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Hverju svarar hæstv. dómsmrh. þeirri gagnrýni sem fram hefur komið, að reglugerðin veiti lögreglu allt of rúmar heimildir til að safna upplýsingum og vinna með þær? Þar er vísað í ákvæði reglugerðarinnar sem heimilar lögregluyfirvöldum að halda skrár yfir einstaklinga sem kærðir hafa verið og aðra sem málið varðar án þess að dómur hafi verið felldur.

Í reglugerðinni eru vissulega mikilvæg ákvæði í þágu persónuverndar. Þar segir m.a. að ef skráðar hafi verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar eða persónuupplýsingar sem hafi verið skráðar án tilskilinnar heimildar skuli lögregla sjá til þess að upplýsingar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort séð verði til þess að farið verði að þessari reglugerðargrein og þá væntanlega máð brott ósönnuð brot, svo sem meint notkun fíkniefna, hugsanlega á æskuárum, og þannig komið í veg fyrir að einstaklingar séu að ósekju og óafvitandi brennimerktir fyrir lífstíð.

[10:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að vekja máls á því sem hér er til umræðu. Að mínu mati er hér um málefni að ræða þar sem vegast á mikilvægir hagsmunir. Annars vegar þau mikilvægu réttindi einstaklinga að ekki séu gerðar um þá leynilegar skrár með persónulegum upplýsingum, sem teljast brot gegn friðhelgi einkalífs þeirra, og hins vegar er um að ræða þá almannahagsmuni að lögreglan safni upplýsingum sem nýtast henni við uppljóstrun glæpa og til að stemma stigu við afbrotum.

Áður en lengra er haldið vil ég að gefnu tilefni taka fram að þær miklu umræður sem á síðustu dögum hafa orðið um málaskrá lögreglunnar hafa að hluta til byggst á misskilningi og missögnum. Umræðan hér gefur mér hins vegar tilefni til að gera grein fyrir því hvernig að þessum málum er staðið.

Ég get ekki vitnað um það sem gerðist í samskiptum tollgæslu og Íslandspósts, formlega eða óformlega. Sé það rétt sem komið hefur fram, að þar hafi verið brotið gegn settum reglum, þá mun sú stofnun sem framfylgja á reglum um persónuvernd taka á því máli og hefur reyndar þegar byrjað á því verki eins og fram hefur komið í fjölmiðlum.

Svo ég komi að því hvernig að þessum málum er staðið eins og er þá er, jafnt hér á landi sem í öllum öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við, viðurkennd nauðsyn þess að lögregla skrái og varðveiti upplýsingar um einstaklinga vegna rannsókna brotamála og annarra löggæsluþarfa. Dæmi um söfnun og dreifingu slíkra upplýsinga á alþjóðavettvangi er einmitt Schengen-upplýsingakerfið sem Íslendingar eru nú að tengjast en gríðarlega strangar kröfur eru gerðar í slíku alþjóðasamstarfi og strangar reglur um aðgang að upplýsingum og eftirlit með notkun þeirra.

Sama er að segja um upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun íslenskra löggæsluyfirvalda. Það er algjört skilyrði að skýrar reglur liggi til grundvallar heimildum lögreglunnar til söfnunar og varðveislu persónuupplýsinga og um réttindi manna til aðgangs að þeim. Hér er ekki tími til að rekja sögu og þróun þeirra mála hjá lögreglunni. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða við hv. þingmenn að miklar framfarir hafa orðið í setningu reglna um meðferð persónuupplýsinga á undanförnum tveimur árum. Meginlöggjöf okkar eru lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem byggð eru á sameiginlegum evrópskum reglum en löggjöfin tók gildi þann 1. janúar sl. Þar eru gerðar miklar kröfur til eftirlits með meðferð persónuupplýsinga.

Hér sem annars staðar viðurkenna lögin að ákveðnar sérreglur skuli gilda um söfnun og meðferð persónuupplýsinga þegar verkefni lögreglunnar eiga í hlut. Þannig er heimilt að setja þrengri reglur um aðgang einstaklinga og stofnana að upplýsingum hjá lögreglu og um eyðingu slíkra gagna. Ég vek sérstaka athygli á því að lagaheimild fyrir starfrækslu málaskrár lögreglunnar er skýr og sérstök reglugerð hefur verið sett til nánari útfærslu á henni en hún tók gildi þann 1. janúar sl.

Skv. 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga er ríkislögreglustjóra falið „að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum."

Þessi málaskrá hefur verið starfrækt með tengingu við öll lögregluembætti frá 1. jan. 1998. Þar getur ríkislögreglustjóri m.a. fylgst með því hvaða mál eru til rannsóknar hjá lögreglunni. Á grundvelli þessa lagaákvæðis og einnig með vísan til laga um meðferð opinberra mála og nýju persónuverndarlaganna hefur verið sett reglugerð um meðferð

persónuupplýsinga hjá lögreglu. Við gerð þeirra reglna var sérstaklega byggt á samþykktum Evrópuráðsins um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Það er alls ekki óeðlilegt heldur er það í reynd nauðsynlegt fyrir þarfir löggæslunnar að lögreglan haldi þessar skrár sem nánar er lýst í reglugerðinni. Hins vegar er alveg ljóst að enginn á að hafa aðgang að þessum skrám nema lögreglan sjálf.

Ríkislögreglustjóri er ábyrgur fyrir málaskránni og hefur hann sett strangar reglur um aðgangstakmarkanir að henni. Þannig hefur almennur lögreglumaður aðeins aðgang að þeim hluta sem varðar embættið sem hann starfar við en stjórnendur hjá hverju embætti hafa hins vegar aðgang að landskrá málaskrárinnar. Þetta er nauðsynlegt svo unnt verði að kanna hvort verið er að rannsaka mál á hendur sama manni í mörgum umdæmum. Að því leyti er málaskráin mikilvægt samræmingartæki.

Að gefnu tilefni get ég sagt að eftir minni bestu vitund eru hvergi í þessu landskerfi lögreglunnar haldnar skipulegar eða kerfisbundnar skrár yfir þá sem taldir eru í tengslum við fíkniefnaheiminn án þess að þeir hafi hlotið dóma.

[10:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Allt sem hægt er að misnota verður misnotað. Þetta er hin grátlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Lögin um persónuvernd og reglugerð sem tók gildi um áramótin, byggð á lögunum, eru hugsuð sem trygging fyrir því að einstaklingar geti treyst því að viðkvæmar upplýsingar um þá liggi ekki þar sem líkur eru á að þær verði misnotaðar. Lögin um persónuvernd eru flókin lög og það var ekki einfalt fyrir alþingismenn, meðan þau voru til meðferðar hér í þinginu, að sjá hvernig þau mundu virka. Enn virðumst við litlu nær.

Í hópi okkar ríkir tortryggni gagnvart lögunum. Hún ríkti strax á vinnslustigi. Þá kom upp ótti við að þau mundu ekki skila tilgangi sínum, að undanþágur og glufur í þeim byðu heim hættunni á misnotkun og ekki síst ótti um að reglugerðir byggðar á þeim yrðu erfiðar í framkvæmd, að ekki sé talað um þá staðreynd að strax við samningu laganna var ljóst að miðlægur gagnagrunnur yfir heilsufarsupplýsingar þjóðarinnar yrði undanþeginn lögunum að stórum hluta.

Hvernig á löggjafinn að bregðast við núna þegar ljóst er að hjá fyrirtækjum og stofnunum finnast skrár sem samkvæmt lögunum er óheimilt að halda? Jafnvel hjá lögreglunni virðast vera til skrár sem spurning er um hvort uppfylli skilyrði laganna. Hvernig eiga fyrirtæki og stofnanir að fara eftir lögunum og bregðast við þeim tilmælum hinnar nýju stofnunar, Persónuverndar, að tilkynna um þær skrár sem til eru og heyra undir lögin? Hvernig gengur hinni nýju stofnun að setja allar þær reglur og staðla sem henni ber samkvæmt lögunum og kynna almenningi? Hvernig á þjóðin svo að sækja rétt sinn sem lögin eiga að tryggja, nú þegar komin er upp tortryggni á alla kanta?

Nei, það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að fólk taki það upp hjá sjálfu sér, herra forseti, að kanna til hlítar þau réttindi sem ný lög veita á hverjum tíma. Það stendur upp á hæstv. dómsmrh. að tryggja að fram fari virkilega góð kynning fyrir allan almenning um rétt fólks. Hvernig hyggst nú hæstv. dómsmrh. bregðast við því? Það virðist ekki vanþörf á að fólki verði kynnt það ítarlega hvaða rétt það á samkvæmt þessum lögum.

[10:55]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Á síðustu dögum hefur ýmislegt komið fram í dagsljósið hvað varðar meðferð persónulegra upplýsinga um einstaklinga. Mig setur hljóða undir þeim fréttum sem hafa verið í öllum fjölmiðlum. Fleiri spurningar vakna en fást svör við í fljótu bragði.

Fyrir það fyrsta: Hvernig má það vera að einkafyrirtæki geti haft slíkan aðgang að opinberu fyrirtæki sem heldur skrár um afar viðkvæmar persónulegar upplýsingar um einstaklinga? Byggist þetta á því að maður þekki mann? Hvernig er þekking starfsmanna á lögum um persónuvernd og hvernig hefur verið staðið að kynningu þeirra?

Þetta er afar mikilvægt mál sem leiðir hugann að því hvað megi skrá og hvað ekki. Hvað má geyma og hvað ekki? Hversu nána skrá má halda um einstaklinga sem ekki hafa verið ákærðir og munu e.t.v. aldrei verða ákærðir? Hversu stóran vinahóp getur tollur og lögregla skráð og gefið upplýsingar um? Er nóg að vera vinur einhvers til að teljast grunaður og hver er staða hins grunaða? Veit hann um slíka skráningu og veit hann að veittar eru um hann upplýsingar eins og dæmi hafa verið um á síðustu dögum? Síðast en ekki síst: Hvað má skrá og hvernig? Hversu lengi má geyma upplýsingar og til hvers á að nota þær?

Fyrir mér og mörgum öðrum er hér um grafalvarlegt mál að ræða. Kannski er best að það skyldi afhjúpað, að ég tali nú ekki um ef slíkt hefur viðgengist um einhvern tíma. Hvernig er farið með aðrar upplýsingar sem safnað er hjá hinum ýmsu opinberu stofnunum sem fara með og vinna með afar viðkvæmar upplýsingar? Við höfum hér tiltölulega ný lög um persónuvernd sem eru um margt afar gott tæki og löngu tímbær. Þar er ekki hvað síst rætt um hvernig á að koma í veg fyrir söfnun upplýsinga um einstaklinga vegna hættu á misnotkun, það er eitt af kjarnaatriðunum í lögunum.

Herra forseti. Krafan hlýtur að vera sú að þegar sé með festu og alvöru tekið á þessu máli því að það getur ekki verið svo að kunningjasamfélagið sé lögum æðra.

[10:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Á tímum mikilla tækniframfara er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að einstaklingurinn verður æ berskjaldaðri fyrir forvitni og jafnvel átroðningi annarra. Á hinn bóginn er eðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki veiti ákveðnar upplýsingar um einstaklinga. Þær upplýsingar verða hins vegar að vera skýrt afmarkaðar og þeim sem aðgang eiga að slíkum upplýsingum settar verklagsreglur.

Sem betur fer hefur íslensk löggjöf það að markmiði að þessar reglur séu öllum kunnar. Markmiðið er að sjálfsögðu að virða friðhelgi einkalífs, samanber ákvæði stjórnarskrárinnar þar um. Þar fyrir utan hefur verið sett á stofn merkileg stofnun, Persónuvernd, en hlutverk hennar er fyrst og fremst að hafa eftirlit með því að grundvallarsjónarmið um friðhelgi einkalífs og persónuvernd séu virt.

Í fréttum undanfarna daga hefur verið rætt um meðferð viðkvæmra trúnaðarupplýsinga hjá opinberum stofnunum og hvort og á hvaða hátt slíkar upplýsingar hafi verið veittar. Ef satt er, sem haldið hefur verið fram, þá er það vitaskuld algjörlega óviðunandi en sem betur fer er laga- og réttarumhverfi okkar þannig að strax er tekið á svo viðkvæmu máli og því beint í ákveðinn farveg sem við hér á Alþingi höfum tekið þátt í að móta, skapa og samþykkja.

Þegar á fyrstu starfsdögum sínum hefur Persónuvernd sýnt hversu megnug hún getur verið í þágu réttaröryggis. Þessar fréttir hafa einnig leitt til þess að auka þarf enn frekar skilning starfsmanna stofnana á almennum stjórnsýsluháttum. Ekki þarf síður að efla og undirstrika þá miklu ábyrgð sem opinberir starfsmenn bera í störfum sínum svo ekki komi til árekstra við fólk, fyrirtæki og fjölmiðla, hugsanlega málaferla sem skaða mundu bæði ríki og einstaklinga.

Þrátt fyrir að réttarstaða borgaranna sé vel vernduð og lagaumhverfi hér á landi með ágætum þá skipta einnig aðrir þættir þjóðlífsins máli. Hér á ég ekki einungis við, herra forseti, ríkissaksóknara eða ríkislögreglustjóra heldur réttarvitund einstaklinganna sjálfra og ekki síður fjölmiðlanna, þ.e. að þessir aðilar standi sig og veiti stofnunum og fyrirtækjum aðhald í þágu persónuverndar. Það hafa þeir að mínu mati einnig gert í máli því sem er kveikjan að þessari utandagskrárumræðu.

[11:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki á að skrá menn sem brotamenn vegna gruns um brot sem ósönnuð eru. Meginreglan er sú að allir eru saklausir þar til sök er sönnuð. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga segir m.a. um viðkvæmar persónuupplýsingar, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað."

Almennt ættu fyrirtæki að leita upplýsinga beint hjá viðkomandi þegar verið er að ráða í störf og óska þá eftir heimild umsækjanda til þess að fá upplýsingar um hann hjá öðrum, t.d. fyrri vinnuveitendum eða af sakaskrá. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að það sé eðlilegt að fyrirtæki í almannaþjónustu eins og Íslandspóstur vilji vita hvort verið er að ráða fólk sem gerst hefur brotlegt við lög. Þeirra upplýsinga á hins vegar að leita hjá viðkomandi einstaklingi og fá heimild til slíks.

[11:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál hér upp.

Fyrir nokkrum árum spurði ég þáv. dómsmrh., Þorstein Pálsson, hvaða reglur giltu almennt þegar opinber fyrirtæki eða stofnanir voru að leita hvert hjá öðrum eftir upplýsingum sem vörðuðu einstaklinga. Þá kom fram að engar almennar reglur gilda um samskipti opinberra stofnana. Hins vegar gilda að sjálfsögðu hinar almennu reglur um persónuvernd og hvernig fara á með slíkar upplýsingar. En í ljósi þess sem hér hefur verið rætt og í tilefni þessarar umræðu má vel velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að skoða það mjög alvarlega að setja reglur um það hvernig opinberar stofnanir og fyrirtæki skiptast á upplýsingum sín á milli.

Virðulegi forseti. Tæknin til þess að geyma upplýsingar er líka orðin miklum mun betri nú en hefur verið. Tölvutæknin gerir það að verkum að upplýsingar geta geymst árum saman og verið mjög aðgengilegar. Því má t.d. velta fyrir sér hvort upplýsingar frá lögreglu frá því árið 1960, 1970, 1975, frá fíkniefnadeildinni og öðrum séu enn öllum tiltækar, hvort þær séu til í skrám. Ég held að það væri mjög mikilvægt að þetta væri upplýst. Menn vissu þá að hverju þeir gengju.

Það má heldur ekki gleyma því að mikilvægt er að lögreglan geti varðveitt þessar upplýsingar til þess að tryggja réttaröryggi og það eru miklir hagsmunir sem lögreglunni er falið að gæta. Því togast hér á tvenns konar sjónarmið. En það breytir ekki því að sú tækni sem við erum smám saman að taka í notkun gerir það að verkum að miklu auðveldara er orðið að geyma upplýsingar, þær eru miklu aðgengilegri og því eru upplýsingar að verða miklu verðmætari en þær hafa nokkurn tíma verið. Þess vegna er mjög mikilvægt að við förum varlega með þær upplýsingar sem hér um ræðir.

[11:03]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er ágætt að á Alþingi sé stofnað til umræðna um persónuvernd og meðferð viðkvæma persónuupplýsinga hjá lögreglu, annars vegar þar sem um er að ræða mikilvægt svið réttarins sem krefst æ meiri athygli, hins vegar og ekki síður vegna þess að um þessar mundir eru að verða miklar breytingar til batnaðar á þessu sviði.

Ný lög um persónuvernd hafa tekið gildi eins og þingmenn þekkja og stofnunin Persónuvernd hefur tekið til starfa. Hvort tveggja styrkir mjög réttarvernd almennings í þessum efnum. En stofnuninni er m.a. ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að séttum reglum á þessu sviði.

Sérstakar reglur hafa verið settar um málaskrá lögreglunnar og meðferð þeirra upplýsinga sem þar er að finna. Um þessar mundir fer fram mikil vinna á vegum ríkislögreglustjóra til þess að tryggja að allar skrár lögreglunnar séu starfræktar í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf en Persónuvernd hefur eftirlit lögum samkvæmt með starfrækslu þessara skráa. Því má segja að einmitt um þessar mundir sé verið að taka verulega á í þessum efnum og mun það leiða til þess að persónuvernd borgaranna verður betur tryggð en áður. Lögreglan verður vitanlega að hafa svigrúm til þess að skrá og varðveita upplýsingar vegna rannsóknar brotamála og annarra löggæsluverkefna. Reglur mega ekki takmarka möguleika lögreglunnar til þess að sinna því meginhlutverki sínu að halda uppi lögum í landinu. Hér vegast því á tvenns konar hagsmunir, persónuvernd annars vegar þannig að menn séu ekki að ósekju brennimerktir fyrir lífstíð eins og hér var sagt fyrr í umræðunum og hins vegar hagsmunir almennings af öflugri og skilvirkri löggæslu. Gildandi löggjöf tekur tillit til beggja sjónarmiða og hún gefur lögreglunni svigrúm til þess að halda nauðsynlegar skrár en undir eftirliti Persónuverndar og samkvæmt skýrum skilmálum sem settir eru í reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Í því máli sem hér er til umræðu hefur Persónuvernd brugðist fljótt og örugglega við.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Fréttaflutningur af því tilefni sem hér er gert að umræðuefni kom ákaflega ónotalega við menn.

Í tölvuvæddum og rafrænum heimi er ástæða til að hafa mikla aðgát í allri skráningu persónulegra upplýsinga og meðferð slíkra upplýsinga. Geymslurými eða geymslumöguleikar slíkra upplýsinga eru praktískt talað ótakmarkaðir í dag og tæknilegum möguleikum til hvers kyns eftirlits, hlerunar og vöktunar borgaranna eru lítil takmörk sett. Það er því sérstaklega mikilvægt eins og málum er nú háttað að vandað sé til allra reglna í þessu sambandi.

Grundvallarreglurnar eiga auðvitað að vera þær að engar upplýsingar um grunsamlegt eða saknæmt athæfi séu skráðar nema viðkomandi athæfi sé sannað. Í öðru lagi að engra

slíkra persónulegra upplýsinga skuli heimilt að afla af utanaðkomandi aðilum án undangengins samþykkis þess sem upplýsingarnar varðar.

Í þriðja lagi, herra forseti, sýnir reynslan að nauðsynlegt er og þörf á reglubundnu og mjög öflugu eftirliti með því hvernig slíkum upplýsingum er safnað, hvernig þær eru geymdar eða varðveittar, hvernig þeim er eytt og hverjir hafa rétt til að hafa aðgang að þeim. Ég held að ekki sé hægt annað en viðurkenna að í ýmsum efnum hefur pottur verið brotinn hjá okkur. Það kann að vera og vonandi er það svo að það standi að einhverju leyti til bóta með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á löggjöf og framkvæmd eða eru að komast í gagnið. En það veitir sannarlega ekki af, herra forseti, ekki síst í ljósi þess að væntanlegur er hinn miðlægi og víðfeðmi upplýsingagrunnur Schengen-kerfisins sem verður mesta upplýsingasöfnun af þessum toga sem sögur fara af og Ísland varða Því hvet ég hæstv. dómsmrh. til þess að standa vel á verði í þessum efnum.

[11:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og öðrum sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Hér hefur komið fram að sett hefur verið reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu og unnið er að því að bæta meðferð slíkra upplýsinga, varðveislu og miðlun og er það mjög vel. Hins vegar er það staðreynd að þessi reglugerð er mjög opin. Það kemur einnig fram í henni að heimilt er að halda skrár um einstaklinga sem tengjast rannsóknum. Hér segir t.d. í 2. gr. reglugerðarinnar, með leyfi forseta, um skrár sem lögreglustjóra er heimilt að halda:

„Aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum.

Ríkislögreglustjóri getur veitt einstökum lögreglustjórum heimild til að halda skrár um ákveðin atriði ef það þykir nauðsynlegt vegna tiltekinna löggæsluverkefna."

Síðan eru vissulega settar skorður við því hvernig má nýta þetta. En ég leyfi mér að efast um að sú staðhæfing hæstv. dómsmrh. standist að hvergi sé að finna skrár yfir aðra einstaklinga en þá sem sannast hefur sekt hjá og dómur hefur verið upp kveðinn um. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að nöfn einstaklinga sem tengjast afbrotum finnist á skrám sem síðan hafi verið notaðar: Tökum dæmi:

Unglingur tekur þátt í samkvæmi þar sem eiturlyf eru höfð um hönd. Lögregla er kölluð á staðinn, fólkið er tekið til yfirheyrslu, sekt sannast eða ekki eftir atvikum, en skráin er til. Hún er dregin fram í dagsljósið 10–30 árum síðar án þess að viðkomandi hafi um það hugmynd. En þannig fær hann þessar upplýsingar frá því áratugum fyrr í lífinu aftur í bakið. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh.: Verður séð (Forseti hringir.) til þess að slíkar upplýsingar verði þurkaðar út?

Í annan stað, herra forseti, langar mig til að bæta lítilli spurningu (Forseti hringir.) við. Hún er stór þó. Er vitað til þess (Forseti hringir.) að einkafyrirtækjum hafi verið miðlað upplýsingum af þessu tagi (Forseti hringir.) öðrum en Íslandspósti hf.?

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að það er ekki ætlast til að ný efnisatriði séu tekin upp eftir að rautt ljós hefur kviknað.)

[11:11]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hér hefur margt athyglisvert komið fram sem mætti hafa langt mál um. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ýmsar þarfar ábendingar.

Varðandi þá upplýsingagjöf tollgæslu til Íslandspósts sem er auðvitað neisti þessarar umræðu, finnst mér rétt að taka fram að óhjákvæmilega kemur oft til samvinnu tollvarða og lögreglu á frumstigum rannsókna fíkniefnabrota, t.d. þegar tollverðir finna fíkniefni eða upplýsingar berast um fíkniefnasendingar á leið til landsins. Þá hljóta lögregla og tollur að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum fyrir framgang rannsóknarinnar. En þar er ekki um sérstakan nafnalista að ræða. Það er ljóst að tollyfirvöld í Reykjavík hafa ekki aðgang að málaskrá lögreglunnar. Það eru mjög strangar takmarkanir um aðgang að málaskránni og þeim er framfylgt. Lögreglan fylgir markvisst hinni nýju reglugerð og ríkislögreglustjóri hefur nú þegar hafið eftirrekstur í því skyni að tryggja að rétt sé staðið að málum hjá öllum lögregluembættum.

Hitt er svo annað mál sem ég hef hugleitt undir umræðunni á síðustu dögum hvort það sé ekki í raun eðlilegt og skiljanlegt að menn vilji sporna við því að fíkniefnainnflytjendur eða sölumenn fíkniefna starfi við afgreiðslu á póstsendingum frá útlöndum sem eru auðvitað þekkt smyglleið fyrir fíkniefni. Því miður hafa komið upp slík dæmi. En það á ekki að standa að upplýsingaöflunum um umsækjendur á þann hátt sem sagt hefur verið frá í fréttum að undanförnu.

Ef fyrir því eru brýnar ástæður að kanna þurfi bakgrunn umsækjanda um svo viðkvæm störf væri t.d. á umsóknareyðublöðum hægt að óska samþykkis þeirra á því að löggæsluyfirvöld væru spurð hvort umsækjendur hefðu gerst uppvísir að misferli hvað fíkniefni varðar. Ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilegt huga að setningu slíkra reglna sem væntanlega yrði að gerast með löggjöf en þá yrði um leið að afmarka hvaða upplýsinga yrði leitað um viðkomandi umsækjanda í gögnum lögreglunnar. Þá hefur líka verið leitað eftir sakavottorðum en þau gefa takmarkaðar upplýsingar vegna þess að mjög ákveðnar reglur um eyðingu upplýsinga koma þar fram.

Ég vil (Forseti hringir.) hins vegar ítreka að þessi umræða í dag er mikilvæg og hún knýr okkur til þess að leita svara við þeirri áleitnu spurningu hvar við ætlum að draga mörkin milli friðhelgi einkalífsins og (Forseti hringir.) almannaþarfar fyrir persónuupplýsingar við uppljóstrun brotastarfsemi og varnir gegn glæpum.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, fyrri umr.

Stjtill., 412. mál. — Þskj. 667.

[11:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Tillögunni fylgja í fimm fylgiskjölum samningurinn um þær gerðir Evrópusambandsins sem hann tekur til.

Ég hygg að ekki þurfi að rifja upp við þetta tækifæri aðdraganda þessa máls sem er þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, en þáltill. þess efnis var samþykkt á hv. Alþingi 22. mars á síðasta ári. Í þeim samningi, eða svonefndum Brussel-samningi sem þá var leitað heimildar Alþingis til að fullgilda, er að finna grunninn að þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Í honum er að finna ákvæði er mælir fyrir um að samningsaðilar séu sammála um að gera þurfi viðeigandi samkomulag um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkjanna eða á Íslandi eða í Noregi. Í greinargerð með þeirri tillögu var gerð efnislega grein fyrir þessu ákvæði og hvað það fæli í sér.

Samningaviðræður um þetta tiltekna mál hófust formlega 6. júlí á síðasta ári og var samningurinn undirritaður 19. janúar sl. Eins og fram kemur í Brussel-samningnum er forsenda þess að þátttaka Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu komi til framkvæmda að frá þessum samningi hafi verið gengið. Ljóst er því að samningurinn þarf að vera kominn til framkvæmda 25. mars nk. þegar ráðgert er að framkvæmd Schengen-samningsins hefjist hér á landi. Til að svo megi verða þarf skv. 14. gr. samningsins að fullgilda hann fyrir lok þessa mánaðar.

Svo sem gefið var til kynna í þál. þeirri sem var til meðferðar á hv. Alþingi sl. vor tekur samningur sá sem hér er til umræðu annars vegar til svonefnds Dyflinnarsamnings um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalagsins og ákvarðana honum tengdar og hins vegar til reglugerða ráðsins um stofnun þess, sem nefnt er EURODAC, sem á að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkni í beitingu Dyflinnarsamningsins.

Rökin að baki gerðar Dyflinnarsamningsins á sínum tíma voru það markmið aðildarríkja ESB að byggja upp eitt svæði án eftirlits á innri landamærum. Kemur það skýrlega fram í aðfaraorðum samningsins. Samsvarandi ákvæði er að finna í Schengen-samningnum sem nú hafa verið yfirtekin af Dyflinnarsamningnum. Þannig hefur allt frá fyrstu tíð verið ljóst að þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefði í för með sér að semja þyrfti við ESB um þátttöku í samstarfi á þessu sviði og var m.a. að finna ákvæði þessa efnis í Lúxemborgarsamningnum frá des. 1996 sem markaði upphaf þátttöku okkar í Schengen-samstarfinu.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni fjallar Dyflinnarsamningurinn um hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalagsins og kom hann til framkvæmda árið 1997. Markmið samningsins er að leitast við að hindra að umsækjanda um hæli sé af yfirvöldum vísað frá einu ríki til annars án þess að tekið sé á umsókn hans um hæli. Samningurinn tryggir umsækjanda um hæli að hann fær meðferð umsóknar sinnar í einu ríki og inniheldur samningurinn reglur um hvernig ákveðið skuli hvaða ríki það er hverju sinni sem ber skyldur að þessu leyti. Samningnum er einnig ætlað að fyrirbyggja að umsóknir um hæli, sem lagðar eru fram í fleiri en einu aðildarríki, verði teknar til meðferðar í fleiri en einu aðildarríki. Í samningnum felst að hafi umsókn um hæli verið hafnað í einu aðildarríki og umsækjandi sækir í framhaldi um hæli í öðru aðildarríki þá er hinu síðarnefnda heimilt að snúa umsækjanda til baka til þess fyrrnefnda án þess að taka umsóknina til meðferðar. Á hinn bóginn er síðarnefnda ríkinu ávallt heimilt að taka umsóknina til meðferðar þó því sé það ekki skylt á grunni Dyflinnarsamningsins.

Auk þess tekur samningurinn til tveggja ákvarðana sem samþykktar hafa verið á grundvelli Dyflinnarsamningsins eins og finna má í fylgiskjölum með tillögunni til nánari útfærslu á honum. Þannig felur Dyflinnarsamningurinn einvörðungu í sér reglur um málsmeðferð en ekki efnisreglur um hvort einstaklingur eigi rétt á eða muni fá hæli í aðildarríki. Í því efni mun hvað Ísland varðar sú stefna sem stjórnvöld móta á hverjum tíma ráða ferðinni. Einnig ber að nefna að samningurinn vísar sérstaklega til flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og viðbótarbókunar við hann frá 1967 en Ísland hefur fullgilt hvort tveggja.

Í öðru lagi tekur samningurinn til reglugerðar um stofnun EURODAC til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkni beitingar Dyflinnarsamningsins. Reynslan af framkvæmd Dyflinnarsamningsins hefur leitt í ljós að ýmislegt má betur fara. Meðal annars hefur reynst erfitt að skera úr í einstökum tilvikum hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð á meðferð hælisumsóknar þar sem erfitt hefur reynst að leiða í ljós hvar umsækjandi hefur haldið sig eða hvaða leið hann hefur komið inn á samningssvæðið. Af þeim sökum hefur ESB leitast við að styrkja og efla samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði og í því skyni samþykkt að setja á fót miðlægt kerfi er geymi skrár yfir fingraför þeirra er leitað hafa hælis á svæðinu og tiltekins hóps ólöglegra innflytjenda en ráðgert er að kerfið verði tekið í notkun á árinu 2002.

Hvað varðar efni samnings Íslands, Noregs og Evrópubandalagsins þá fjallar hann líkt og Brusselsamningurinn um stofnanalega aðkomu Íslands að meðferð mála á samningssviðinu. Felur hann í sér að ESB annars vegar og Ísland og Noregur hins vegar setji á fót sameiginlega nefnd er fjalli um þau atriði er samningurinn nær yfir. Ljóst er að í báðum þessum tilvikum eru fulltrúar íslenskra stjórnvalda að vinna með upplýsingar um einstaklinga. Af þessum sökum er eðlilegt að veruleg áhersla sé lögð á reglur um persónuvernd. Má sjá þess stað í samningnum sjálfum og að sjálfsögðu í þeim reglum sem hann vísar til. Nauðsynlegt er af þessu tilefni að gera breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum. Frumvarp þar að lútandi er þegar til meðferðar á hv. Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn. Ég vænti þess að sátt geti náðst um afgreiðslu málsins á þann hátt að það stuðli að og greiði fyrir því að við getum tekið þátt með eðlilegum hætti í Schengen-samstarfinu frá og með 25. mars nk. eins og öll hin Norðurlöndin.

[11:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er mjög margt sem þarfnast náinnar skoðunar í þeirri tillögu til þál. sem hér um ræðir. Ég ætla í máli mínu að drepa á nokkur atriði við fyrri umr. en vænti þess að hv. utanrmn. muni skoða tillöguna ítarlega, enda ýmislegt sem orkar tvímælis.

Eins og segir í heiti tillögunnar fjallar hún um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja ESB eða á Íslandi eða í Noregi. Einnig kemur fram í ákvæðinu að samkomulag þetta þurfi að ganga í gildi eigi síðar en 25. mars nk. þegar Brussel-samningurinn svokallaði kemur til framkvæmda.

Herra forseti. Í sjálfu sér er markmið Dyflinnarsamningsins gott, þ.e. að leitast skuli við að hindra að umsækjanda

um hæli sé vísað frá einu ríki til annars án þess að mál hans sé tekið til skoðunar og fái rétta meðferð. Hins vegar er ýmislegt sem hangir á þessari spýtu, herra forseti, og mér er ekki alveg ljóst hvernig nákvæmlega það plagg sem hér liggur fyrir á að þjóna hagsmunum þeirra og vernda þá sem eru hælisleitendur því að oftar en ekki þurfa þeir aðilar á vernd ríkja að halda frekar en hitt.

Í samningunum felst að hafi umsókn um hæli verið hafnað í einu aðildarríki og umsækjandi sækir í framhaldi um hæli í öðru aðildarríki er hinu síðarnefnda heimilt að snúa umsækjanda til baka til þess fyrrnefnda án þess að taka umsóknina til meðferðar. Í sjálfu sér er þetta mjög skýrt. En hins vegar verður að leggja þunga áherslu á það, herra forseti, að hér er einvörðungu um heimild að ræða því að ríkinu er einnig heimilt að taka umsóknina til meðferðar þó svo að á því liggi ekki sú skylda. Mér finnst mjög brýnt í þessari umræðu að fram komi á hinu háa Alþingi hvort hæstv. ríkisstjórn þykir ríkari ástæða til að leggja áherslu á heimildina til að vísa manni frá eða þá heimild að taka mál hans til umfjöllunar af því að á þessu er auðvitað grundvallarmunur.

Í framhaldinu, herra forseti, segir að stefna lands ráði því hvaða meðferð verði höfð um umsóknir. Eins og hv. þm. er kunnugt er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi frv. til laga um útlendinga sem einnig þarfnast mjög ítarlegrar skoðunar. Til skamms tíma hefur stefna Íslendinga í málefnum útlendinga verið frekar laus í reipunum og loðin svo ekki sé dýpra í árinni tekið, enda er verið að endurskoða löggjöf frá árinu 1965 um þau efni. Ég vænti þess að sú stefna liggi skýr fyrir við afgreiðslu þessa máls, herra forseti, því að í raun er ekki hægt að afgreiða þetta mál án þess.

Til marks um þá stefnu sem ríkt hefur á Íslandi í málefnum hælisleitenda nægir að nefna að í sögu lýðveldisins hefur einn maður fengið pólitískt hæli á Íslandi, einn einstaklingur, herra forseti. Vissulega hafa menn fengið hér hæli af svokölluðum mannúðarástæðum. Það gefur þeim hins vegar ekki sama „status" og þegar um pólitískt hæli er að ræða. Vissulega höfum við líka veitt flóttamönnum skjól og hæli en það er alveg ljóst að ef þessi samningur á að virka þannig að hann virki hælisleitendum að einhverju leyti í vil, þá verður að verða grundvallarstefnubreyting hvað varðar málefni útlendinga og hælisleitenda hér á landi, herra forseti.

Hér er einnig kveðið á um að koma á fót miðlægu kerfi, miðlægum gagnagrunni. Hv. þingmönnum ætti að vera í fersku minni umræða um annan miðlægan gagnagrunn um heilbrigðisupplýsingar á Íslandi og því ljóst að miðlæg kerfi af þessum toga eru síst einföld viðureignar og það ber að meðhöndla bæði þessar upplýsingar og umgengni um slíkt kerfi af fyllstu varúð.

En við skoðun á þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er ljóst að safna á fingraförum hælisleitanda í miðlægan gagnagrunn. Mér sýnist eftir lauslega skoðun að í einhverjum tilvikum megi geyma þessi fingraför í tíu ár í hinum miðlæga gagnagrunni og í öðrum tilvikum í tvö ár. Það sem meira er, herra forseti, er að í reglugerð Evrópusambandsins um þennan gagnagrunn, sem kallaður er EURODAC, er mælt fyrir um að taka skuli fingraför af öllum er leita hælis og eru 14 ára eða eldri. Hvaðan í ósköpunum kemur sú viðmiðunartala? Er þeim sem sömdu samninginn ekki kunnugt um að menn verða ekki sjálfráða í flestum ríkjum Evrópu fyrr en þeir eru 18 ára? Þarf að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir vegna unglinga? Við þurfum að komast til botns í þessu í hv. utanrmn. og ég vænti þess að þetta atriði verði skoðað mjög vel. Ég leyfi mér að efast um að þetta standist barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þó að ég taki fram að ég hafi ekki kannað það sérstaklega.

Tími minn er á þrotum, herra forseti, og mig langar rétt í blálokin að hreyfa því atriði hver staða samningsins verður eftir árið 2004, sem er einungis eftir þrjú ár, en þá mun eðli þessa starfs innan Evrópusambandsins breytast í grundvallaratriðum vegna Amsterdamsáttmálans. Það er mjög mikilvægt að það sé einnig rætt í þessari umræðu.

[11:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um að fullgilda samning milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um fyrirkomulag á hælisbeiðnum og meðferð þeirra mála tengist svonefndum Schengen-samningi eða aðild okkar að því fyrirbæri sem afnám innri landamæra á Schengen-svæðinu er og er kannski ekki síst lýsandi fyrir það að hann dregur athygli að því, hversu stórt mál er þar á ferð og hefur stórlega skort á að viðurkennt væri í umræðum hér á landi.

Hér er fylgifiskur númer tvö eða þrjú þessarar Schengen-aðildar okkar og er þá fátt upp talið. Rétt er að hafa í huga að þetta tengist þeim grundvallarbreytingum sem eru að verða með þessu á mestöllu meginlandi Evrópu og Íslandi sem valið hefur. Reyndar hefur landið ekki valið það eða þjóðin heldur þeir sem hafa farið fyrir henni og ber þar fyrstan að telja hæstv. utanrrh. sem hefur gert það að sérstöku kappsmáli sínu að koma aðild Íslands að Schengen-samningnum í höfn. Þetta svæði verður sem sagt með sameiginleg ytri landamæri og innan þess verður frjáls för allra þeirra tryggð sem komist hafa með einhverjum hætti, löglega eða ólöglega, inn á þetta svæði eða búa þar, m.a. með því að persónueftirlit á fyrrum landamærum ríkjanna verður beinlínis bannað. Þetta, herra forseti, mun auðvitað leiða til þess hvað sem stendur í greinargerð með tillöguni að aðstæður munu þvinga fram meira og minna algera samræmingu á meðferð allra þessara mála á hinu nýja svæði. Schengen-svæðið mun í æ ríkari mæli taka á sig einkenni ríkis, einnig að þessu leyti. Þetta er enn einn þátturinn í þróun Evrópusambandsins og þá þeirra landa sem hafa kosið að tengja sig við það í átt til ríkis. Það tekur á sig í æ ríkari mæli einkenni ríkis með sameiginlegum ytri landamærum, sameiginlegum gjaldmiðli, dómstóli, seðlabanka, sameiginlegum her sem er nú verið að stofna og hæstv. utanrrh. er einnig mjög mikill áhugamaður um eins og kunnugt er.

Að vísu á að heita svo að hvert land geti innan ramma þess sem Schengen-aðildin og aðild að Dyflinnarsamningnum, og hvað þetta nú heitir allt saman skapar, haft eigin pólitík í heiðri í þessum efnum en flestir þeir sem ég hef a.m.k. rætt við um þessi mál fara í engar grafgötur með að aðstæðurnar muni ósköp einfaldlega þvinga fram meiri og minni og algera samræmingu á þessu sviði að ógleymdu svo upplýsingakerfinu mikla, herra forseti, sem á að taka upp og væri tilefni til sérstakar umræðu.

Herra forseti. Ísland er með aðild sinni að þessu að taka á sig þær skyldur að gæta ekki aðeins eigin landamæra vegna þeirra sem hingað koma eða reyna að koma, berja hér á dyr og sækja um hæli heldur tökum við á okkur að vera hluti af ytri landamærum þessa risastóra svæðis, frá Grikklandi, Ítalíu og Spáni í suðri og austur, norður og vestur um til Íslands stranda. Þetta þýðir, herra forseti, að þeir sem hefðu t.d. áhuga á því að koma sér með einhverjum ráðum til

Frakklands frá Asíu eða Afríku eða hvaðan sem það nú væri, geta alveg eins reynt að gera það í gegnum Ísland eins og Frakkland sjálft, ósköp einfaldlega vegna þess að þegar þeir eru einu sinni komnir inn fyrir ytri landamæri Schengen-svæðisins eru þeim allir vegir færir innan svæðisins. Þetta er staðreynd sem ég held að menn hafi allt of lítið gefið gaum að, hvaða skyldur, stöðu og möguleg útgjöld Ísland er að taka á sig með þessu, lítið land sem hefur af ýmsum ástæðum ekki sömu hagsmuni eða sömu ástæður til að gerast aðili að þessu eins og landlukt smáríki inni á meginlandi Evrópu sem eru af augljósum ástæðum að þessu leyti í allt annarri stöðu en við.

Mér segir svo hugur, herra forseti, að þarna hafi menn farið fram af meira kappi en forsjá og miklu ítarlegri skoðun og rækilegri úttekt hefði þurft á því burt séð frá afstöðu manna að öðru leyti hvað í þessu fælist, hverjir væru hagsmunir okkar í stöðunni en hverjar gætu verið þær byrðar, skuldbindingar og þeir erfiðleikar sem við værum að taka á okkur með þessari aðild umfram það sem tilefni væru til hvað það varðar að eiga góð samskipti við nágrannaríki okkar og greiðan aðgang og auðvelda för ferðamanna og annað í þeim dúr.

Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ég hef ekki efasemdir um ýmislegt í þessum efnum vegna þess að ég telji að framganga Íslands í málefnum flóttamanna eða hvað varðar meðhöndlun hælisbeiðna hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Ég held reyndar að það hefði fyrir löngu mátt setja miklu meiri vinnu í gang af Íslands hálfu að undirbúa sig undir þá framtíð sem er auðvitað að berja hér á dyr að við fáum til okkar þann mikla straum flóttamannavanda og fólksflutninga með ýmsum hliðargreinum sem er í æ ríkari mæli viðvarandi veruleiki, t.d. í næstu nágrannalöndum okkar. Að mörgu leyti höfum við Íslendingar komist upp með að sinna þessum málum lítið fram undir síðustu ár, kannski vegna landfræðilegrar einangrunar, en sá tími er augljóslega liðinn. Það er því engin ástæða til að draga dul á það að þörf er á því að taka á ýmsum málum heima fyrir. En það gætum við og ættum að mínu mati að gera á sjálfstæðum forsendum okkar og halda því algerlega aðgreindu frá hinu, hvort það var skynsamleg ráðstöfun af hálfu okkar að gerast aðilar að þessu Schengen-svæði eða hvort hyggilegra hefði verið að fara t.d. leið eyþjóðanna eða eyríkjanna austan við okkur þar sem eru Bretland og Írland og hafa valið að gera það ekki.

Í fjórða lagi, herra forseti, hlýt ég að nefna það að mér finnst þetta mál nokkuð seint fram komið. Nú er því loks stunið upp að endilega verði að lögfesta þetta í hvelli og í þessum mánuði vegna þess að Schengen-samningurinn mikli eigi að ganga í gildi 25. mars og þar af leiðandi hefði helst þurft að afgreiða þetta í gær, herra forseti. Það eru náttúrlega ekki vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar að málin beri svo seint að.

Þar sem ég sit í utanrmn. á ég kost á því að skoða þetta mál nánar þar og sé því ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta enda ræðutími minn um það bil búinn, herra forseti. Mér telst svo til að núna séu eftir 5, 4, 3, 2, 1 sekúnda og ég lýk því máli mínu.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er til eftirbreytni.)

[11:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir þau orð síðasta ræðumanns að þessi þáltill. er seint fram komin. Það ætti ekki að vera vegna þess að menn hafi ekki haft andvara á sér. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það hefur varla farið fram hjá hæstv. utanrrh. að á haustdögum fór hér fram afskaplega ákveðin umræða um stöðu útlendinga vegna þess frv. sem þá var lagt fram af hálfu dómsmrh. Í raun og veru átti þá að lögfesta eitt afmarkað ákvæði sem tengist þessum samningi.

Ég ætla, herra forseti, að lesa þá grein sem átti að lögfesta og vakti hörð viðbrögð en hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Svo einföld voru þau skilaboð. Útlendingur á ekki rétt hér ef hægt er samkvæmt samningnum að skikka annan til að taka við honum. Þetta er auðvitað mjög hörð túlkun á því ákvæði sem nú er kynnt hér af hálfu utanrrh. og kemur fram í athugasemdum við till. til þál. vegna þess að þar er þvert á móti rætt um það sem réttindi í raun og veru að „samningnum er einnig ætlað að fyrirbyggja að umsóknir um hæli, sem lagðar eru fram í fleiri en einu aðildarríki, verði teknar til meðferðar í fleiri en einu aðildarríki. Í samningnum felst og að hafi umsókn um hæli verið hafnað í einu aðildarríki og umsækjandi sækir í framhaldi um hæli í öðru aðildarríki þá er hinu síðarnefnda heimilt að snúa umsækjanda til baka til þess fyrrnefnda án þess að taka umsóknina til meðferðar. Á hinn bóginn er síðarnefnda ríkinu ávallt heimilt að taka umsóknina til meðferðar þó því sé það ekki skylt á grunni Dyflinnarsamningsins." Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli hæstv. utanrrh. og þingheims á því hversu varlega á að fara með orðalag þegar við erum að setja í lög ákvæði sem byggja á alþjóðasamningum sem við undirgöngumst. Þessar setningar í greinargerð utanrrh. fjalla um réttindi hælisbeiðanda og möguleika og í raun hvatningu til ríkja því jafnvel þótt búið hafi verið að fjalla um hælisbeiðni annars staðar, þá geti viðkomandi land ávallt ákveðið það að skoða þetta sjálft og fara með eigin skoðun á meðferð hælisbeiðandans. Ég geri mér alveg grein fyrir því, herra forseti, að við þurfum ekki að ræða um þetta mjög náið, svo mjög sem við fórum yfir það í nóvember, en það er umhugsunarefni að þegar við höfum rætt það svo oft að setja hér skýr lög um útlendinga, ekki síst hvað varðar réttindi þeirra og það á að sjálfsögðu við um þá útlendinga sem búa hér, um þá sem koma hingað sem erlent vinnuafl, um þá sem við sækjum sjálf og bjóðum búsetu í þessu landi og þá sem koma hér og banka á dyrnar sem hælisbeiðendur.

Nú fór það svo að hv. allshn. ákvað eftir að hafa skoðað frv., sem ég er að vísa til, að láta það bíða í nefndinni og skömmu síðar kom langþráð frv. fram í þinginu um réttindi útlendinga og það er til skoðunar í allshn. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. vegna þess að við erum í þeirri einstöku stöðu að hann leggur fram till. til þál. um fullgildingu samnings á sama tíma og lagafrv. um réttindi útlendinga eru til meðferðar í allshn., hverjir eru möguleikar okkar á grundvelli þessa samnings til þess að vera með eigin reglur í þessu landi, reglur sem byggðar eru á viðsýni, á skilningi og þar sem mannréttindi eru í heiðri höfð? Ég tel það mjög mikilvægt að við sýnum það í verki sem við höfum oft verið að segja að við séum land mannréttinda og að við ætlum að hegða okkur þannig í öllum verkum okkar. Það er ekki lítið atriði að vera með mannréttindaákvæði í stjórnarskránni og leggja áherslu á að vera þjóð sem byggir á mannréttindum og ég ætla að halda því að sjálfsögðu á mjög jákvæðan hátt til streitu hér

þrátt fyrir vonbrigði okkar og átök um hvernig þetta mannréttindaákvæði var túlkað þegar kom að réttindum hóps hjá okkur sjálfum. Ég ætla að halda þeirri umræðu utan við en það er þannig með hæstv. utanrrh. að þó ég sé ekki sammála honum í öllu, þá verður að segja það honum til hróss að hann hefur áunnið sér nokkurn orðstír meðal þeirra sem hafa verið að fjalla um mannréttindamál hjá okkur fyrir það hvernig hann hefur tekið á þeim málum og fyrir það hvernig hann hefur talað á erlendri grund. Sjálf hef ég í umræðum um utanríkismál hvatt til þess. Ég tel að Ísland eigi að vera rödd mannréttinda í alþjóðasamskiptum, eigi að sýna fram á af hverju við erum með svo sterk ákvæði í stjórnarskrá eins og bann við dauðarefsingum, eins og mannréttindaákvæðin og ég hef hvatt ráðherrann til þess að vera þessi rödd og mér er kunnugt um það að hann hefur tekið á í nokkrum tilfellum, t.d. sem formaður í Evrópuráðinu, þannig að við getum alveg verið stolt af.

Þess vegna, herra forseti, er svo mikilvægt, þegar við erum að fara að vinna með þessa tillögu núna í utanrmn., að utanrmn. og allshn. vinni saman og við komum til baka með tillögu til síðari umr. og frv. til laga til 2. umr. frá allshn. þar sem ljóst er að hægri höndin hefur vitað hvað sú vinstri gerir. Þetta er í raun og veru það sem ég vil koma til skila í þessari umræðu. Talsmaður Samfylkingarinnar í umræðunni, Þórunn Sveinbjarnardóttir, hefur farið mjög vel yfir það hvernig meðferð hælisbeiðanda hefur verið hér á Íslandi. Í ræðum mínum fyrir jól setti ég fram skoðun mína mjög ítarlega við bæði þau frv. sem komu frá dómsmrh. og vísa til þeirra orða sem ég sagði þar en ég hvet til þessara vinnubragða af hálfu hv. Alþingis.

[11:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur verið gagnrýnt í þessari umræðu hversu seint málið er fram komið. Ég skil afskaplega vel þá gagnrýni. En ég vildi hins vegar benda hv. þingmönnum á þá staðreynd að samningurinn var undirritaður 12. janúar sl. Það tók mun lengri tíma en við hefðum viljað að ná þessari niðurstöðu og það var verulegur ágreiningur milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar um málið.

Þessi tillaga var lögð fram á hv. Alþingi þegar það kom saman vegna öryrkjamálsins svokallaða. Þá voru engin færi á því eða möguleikar að taka hana til umfjöllunar. Hins vegar var ætlunin, ef Alþingi hefði komið saman með þeim hætti sem ákveðið var fyrir jól, að þetta mál yrði tekið til umfjöllunar strax í upphafi þings og nú er það til umræðu á fyrsta starfsdegi hv. Alþingis. Því miður gátum við ekki haft neina aðra meðferð á málinu því að okkur var engin leið að leggja það fyrir hv. Alþingi fyrr en samningaviðræðum var lokið. Hins vegar er það staðreynd að miðað hefur verið við það af hálfu allra Norðurlandanna að Schengen-samkomulagið tæki gildi samtímis í öllum löndunum þann 25. mars nk. Þess vegna er nauðsynlegt að staðfesta þetta mál nú fyrir lok þessa mánaðar.

Ég tel að þetta mál hafi mátt vera ljóst allan tímann þó að ég sé á engan hátt að afsaka hversu stuttur tími er til stefnu. Ég tel hins vegar að í ljósi aðstæðna ætti að vera vel mögulegt að afgreiða málið innan þeirra tímamarka sem við höfum. Þetta vildi ég sagt hafa um þessa gagnrýni þó að ég skilji það, og auðvitað er það góð regla, að Alþingi hafi ávallt sem lengstan tíma til umfjöllunar um mál. En stundum kemur það fyrir vegna utanaðkomandi aðstæðna að við þurfum að líta á mál með öðrum hætti.

Ég vildi aðeins út af ummælum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann vitnaði til Bretlands og Írlands taka það fram að það er mikill misskilningur að Bretland og Írland standi utan við allt Schengen-samstarfið. Þvert á móti hafa þessi tvö ríki tekið yfir stærstan hluta þeirra gerða sem mestu máli skipta, þar á meðal lögreglusamstarf og Schengen-upplýsingakerfið. Þau hafa hins vegar kosið að halda áfram vegabréfaeftirliti og sem aðildarríki að Evrópusambandinu gátu þessi ríki í Amsterdam, þegar svokallaður Amsterdam-samningur var gerður, sett sín eigin sérskilyrði fyrir því að samþykkja að samstarf Evrópusamstarfsins yrði eflt á þessu sviði, en einmitt vegna stöðu sinnar sem aðildarríki geta þau haldið aðgangi að samstarfinu þrátt fyrir sérreglur um vegabréfaeftirlit.

Það er alveg ljóst að hið sama hefði ekki getað gilt um Ísland og Noreg sem standa utan við ESB. Það liggur alveg fyrir að við gerumst aðilar að þessu samstarfi vegna þeirrar sérstöðu sem við höfum með samstarfi okkar við hin Norðurlöndin. Það er grunnurinn að þessu samstarfi. Vildum við viðhalda því góða og nána samstarfi sem við höfum haft við Norðurlöndin um áratuga skeið? Frammi fyrir þeirri spurningu stóðum við og stöndum enn. Það var pólitísk niðurstaða ríkisstjórnar Íslands að það bæri að gera og þess vegna erum við að þessu. Það er mikill misskilningur þegar því er haldið fram að við hefðum getað gert þetta allt öðruvísi. Auðvitað má alltaf deila um samningsniðurstöðu og það má deila um hvort þeir samningar sem við höfum náð séu fullnægjandi eða ekki. En samningamenn okkar gengu mjög hart fram í þessum samningum og ég tel að þeir hafi staðið sig afar vel.

Við erum í vaxandi mæli þátttakendur í alþjóðasamstarfi og ákveðin mál verða ekki leyst nema í alþjóðasamstarfi. Í því felast miklir hagsmunir fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu samstarfi og það varðar mjög framtíð okkar á alþjóðavettvangi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér erum við að stíga rétt skref. Hér erum við að ganga til samstarfs um mál sem varða miklu um samvinnu okkar við nágrannaþjóðir okkar, þær þjóðir sem skipta hvað mestu í samskiptum við okkur og ég tel að þarna hafi verið stigið farsælt skref.

Ég vil aðeins nefna spurningar sem hér hafa komið fram, í fyrsta lagi frá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur um, ef það er rétt munað, það þegar rætt var um að heimilt sé að vísa manni frá annars vegar og að jafnframt sé heimilt að taka mál hans til umfjöllunar. Hv. þm. spurði á hvort við mundum leggja mesta áherslu. Ég tel að ekki sé hægt að gefa út neina allsherjarreglu í þessu máli. Það hlýtur að vera komið undir hverju einstöku tilviki og mati okkar á því hvað þar sé í húfi. Þar verðum við að sjálfsögðu að hafa í huga mannúðarsjónarmið og almenn sjónarmið um mannréttindi sem ég tel að afskaplega erfitt sé að ákveða fyrir fram. Það er sem sagt ljóst að okkur er heimilt að vísa viðkomandi aðila frá eins og hv. þm. tók fram. En okkur er líka heimilt að taka mál hans til umfjöllunar og þá verður að meta það í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru.

Að því er varðar spurningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um það hvort við getum sett algerlega okkar eigin reglur, þá er það náttúrlega alveg ljóst að þeir samningar sem við erum að gera, bæði á þessu sviði og ýmsum öðrum sviðum, takmarka möguleika okkar til þess að setja okkar eigin reglur að eigin geðþótta. Það held ég að öllum megi vera ljóst. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessir

samningar styrki mannréttindi gagnvart því fólki sem hér leitar hælis og styrki stöðu Íslands sem þjóðar sem vill berjast fyrir mannréttindum í heimi okkar. Við erum með þessu að ganga til samstarfs við þjóðir Evrópu, m.a. hinar Norðurlandaþjóðirnar. Ég er þeirrar skoðunar að mannréttindi séu hvað best tryggð á Norðurlöndunum og að það sé styrkur fyrir Íslendinga nú sem hingað til að hafa náið samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar á þessum sviðum.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að mikil ásókn er í að komast til þessara landa. Mikil örbirgð er í heiminum og margir, afskaplega margir, vildu geta notið þeirra lýðréttinda og mannréttinda og velmegunar sem er almennt á Norðurlöndunum og það eru einhver takmörk fyrir því hvað við getum tekið á móti mörgu fólki. Þetta er okkur afskaplega vel ljóst og þar verða að gilda ákveðnar reglur. Mikilvægt er að þar gildi samræmdar reglur vegna þess að eftir að til þessara samninga hefur verið gengið og þeir gerðir þá eru viðkomandi borgarar frjálsir að því að ferðast innan þessa svæðis og það er einmitt þess vegna sem þarna verða að ríkja samræmdar reglur. En með þeim samningum sem gilda í Evrópu, hvort sem það er á sviði Evrópusambandsins, á sviði Norðurlandanna eða á sviði Evrópuráðsins, eru mannréttindi með þessum samningum tryggð betur á þessu svæði en nokkurs staðar annars staðar í heiminum að mínu mati. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að í því felist ávinningur fyrir Íslendinga að vera aðili að samtökum þessara þjóða á þessu sviði, þar á meðal um þá meðferð sem viðhöfð er þegar einstaklingar leita hælis eða óska eftir því að koma til viðkomandi landa.

[12:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau álitamál sem við höfum sett fram spurningar um vil ég taka fram að við erum svo heppin að íþyngjandi lagaákvæðum hvað varðar réttmæta meðferð á útlendingum sem leita hér hælis var ekki þröngvað í gegnum Alþingi fyrir jól og að stærra frv. um heildarlöggjöf um réttindi útlendinga er nú til meðferðar í allshn. Því munum við skoða þessi mál í tveimur nefndum, eins og ég sagði í ræðu minni, og það er þó kostur að þetta fylgist að í skoðun.

En ég spyr ráðherrann: Er nokkuð í þáltill. að þessum samningi sem hindrar að við setjum lög um útlendinga sem fyrst og fremst tryggi réttindi við málsmeðferð, t.d. varðandi hælisleitendur, samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna? Getum við tryggt framkvæmd flóttamannasamningsins í löggjöf okkar samhliða því að lögfesta þessa tillögu?

[12:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við þessari spurningu er já vegna þess að það eru ekki eingöngu við sem þurfum að framfylgja samningi um flóttamenn á vegum Sameinuðu þjóðanna, það eru öll þau ríki sem hér eiga hlut að máli, þ.e. aðildarríki Evrópusambandsins og Noregur. Það gildir því jafnt um þessi ríki. Sá samningur sem hér um ræðir og við höfum skrifað undir gengur á engan hátt gegn flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og að mínu mati fer þetta algjörlega saman.

[12:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er punctum saliens varðandi málsmeðferð þessa máls og útlendingafrv. sem fyrir liggur í allshn. Þau frv. sem bárust hingað inn á haustdögum og reyndar seint fyrir jól voru ekki fullkomlega í samræmi við flóttamannasamninginn sem við höfum staðfest eða fullgilt. Þess vegna er ég afskaplega ánægð með þetta svar því að það er veganesti fyrir þessar tvær nefndir við vinnu þeirra við málefni útlendinga á næstu vikum.

[12:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er í aðalatriðum kunnugt um hvernig háttað er aðild Bretlands og Írlands að Schengen-samstarfinu. Þar er grundvallaratriði að þau lönd áskilja sér rétt til þess að halda uppi persónueftirliti á landamærum, halda uppi venjulegu landamæraeftirliti í þeim skilningi þess orðs.

Fullyrðingar hæstv. ráðherra um að Íslandi eða Íslandi og Noregi þess vegna eða Norðurlöndunum hafi ekki staðið neitt sambærilegt til boða er ég auðvitað ekki í aðstöðu til að hrekja, ég hef ekki átt aðild að viðræðum um þessi mál en sú spurning vaknar óneitanlega í mínum huga: Var það yfir höfuð eitthvað reynt? Er ekki mergurinn málsins sá að ríkisstjórnir Norðurlandanna, þessar tvær ríkisstjórnir, Sjálfstfl. og Framsfl. á Íslandi og ríkisstjórn jafnaðarmanna í Noregi sem þá var við völd, stjórn Jaglands, tóku þá ákvörðun að stefnt skyldi á fulla aðild að Schengen-samningnum og með því ætti að uppfylla það sem allir voru sammála um að væri æskilegt markmið að varðveita hið svonefnda norræna vegabréfasamband.

Síðan kemur á daginn samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Svíþjóð að reyndar munu menn þurfa að taka upp ný persónuskilríki, sérstök stöðluð viðurkennd nafnskírteini til ferðalaga innan Norðurlandanna, þannig að í raun og veru koma vegabréf framtíðarinnar að þessu leyti til með að heita nafnskírteini. Má því spyrja hversu mikið ávannst í sjálfu sér í því tilliti.

Varðandi ræðubút hæstv. ráðherra um mikilvægi alþjóðasamstarfs þá botna ég ekki í í hvaða tilefni sá bútur er fluttur hér vegna þess að spurningin snýst væntanlega ekki um hvort Íslendingar ætla að ástunda alþjóðasamvinnu heldur hvernig, þ.e. hvernig því samstarfi yrði háttað, á hvaða formi við viljum að það sé hvað Ísland varðar, hvernig við í tilvikum sem þessum teljum heppilegast að búa um það af okkar hálfu út frá sérstöðu og aðstæðum okkar.

[12:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef skilið hv. þm. svo að hann vilji standa utan þessa samstarfs, ég hef skilið hann þannig allan tímann og þess vegna voru þau orð sögð sem hann vitnaði hér til. Það má vel vera að það sé misskilningur og þá biðst ég velvirðingar á því.

En varðandi það að við hefðum getað fengið sömu niðurstöðu og Bretar og Írar þá tel ég að forsendan fyrir því hefði verið sú að Danmörk, Finnland og Svíþjóð hefðu leitað svipaðrar lausnar og Bretar og Írar þegar svokallaður Amsterdamsamningur var gerður. Við stóðum að sjálfsögðu algjörlega utan hans, og ég er þeirrar skoðunar að forsenda þess að við erum nú að ganga til þessara samninga sé ekki síst sú að við gengum ásamt hinum Norðurlöndunum frá samningi á sínum tíma um Schengen. Síðan var það ákveðið af Evrópusambandinu að yfirtaka þessi mál og þá lá sá samningur til grundvallar. Ef sá samningur hefði ekki legið til grundvallar á ég frekar von á því að Evrópusambandið hefði ekki verið mjög fýsandi þess að Noregur og Ísland væru með í þessu samstarfi. Forsendan hefur því allan tímann

verið sá mikilvægi samningur sem gilt hefur í áratugi milli Norðurlandanna á þessu sviði um frjálsa för fólks.

[12:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er ekki misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að ég hef miklar efasemdir um ágæti þessi samnings eða þátttöku Íslands í honum og var því andvígur að hann væri með þeim hætti sem hér hefur borið að. Ég tel að í öllu falli hefðum við átt að leita eftir því að fresta fullgildingu samningsins þó að við hefðum haft það í skoðun um einhvern tíma.

Það breytir ekki hinu að að sjálfsögðu hefði einhver samningsbundin skipan mála væntanlega komið til sögunnar í staðinn. Helst hefði ég auðvitað kosið að sjá Norðurlöndin áfram sem sameiginlegt svæði að þessu leyti utan Schengen en með mjög frjálslegum samningsreglum um frjálsa för ferðamanna o.s.frv. og greiðan aðgang okkar að svæðinu, eins og fjölmörg önnur ríki munu að sjálfsögðu hafa sem ekki eru aðilar að Schengen. Bandaríkin verða ekki aðilar að Schengen eða Kanada en milljónir og milljónatugir ferðamanna frá þessum löndum munu heimsækja Evrópu engu að síður. Það má því ekki stilla þessu dæmi þannig upp að þetta snúist um einhverja allsherjargaddavírsgirðingu sem menn séu annaðhvort innan við eða utan við. Það verða áfram ferðalög um heiminn þó að sum ríki séu í Schengen og önnur ekki.

[12:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Það er staðfest að hv. þm. vill standa utan þessa samstarfs. En það þjónar afskaplega litlum tilgangi að standa hér og vilja hafa þetta með einhverjum allt öðrum hætti sem aldrei hefur staðið til boða eða komið til greina.

Við verðum að sjálfsögðu að taka ákvarðanir á grundvelli þeirrar stöðu sem við stöndum frammi fyrir. Það er það sem við höfum gert í þessu máli. Við höfum náð fullnægjandi samningum að mínu mati og við erum að tala um að fullgilda þá samninga eins og öll hin Norðurlöndin. Ef menn hefðu viljað gera þetta einhvern veginn öðruvísi er alveg ljóst að við hefðum staðið utan þessa samstarfs og við hefðum þá verið á sama báti og Bandaríkin og Kanada. Ég tel að það hefði verið algjörlega ófullnægjandi staða fyrir Ísland og skaðað mjög framtíðarhagsmuni landsins. Þess vegna leggjum við áherslu á að ljúka málinu því það þjónar hagsmunum Íslands til framtíðar.

[12:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að ekki væri hægt að gefa út allsherjarreglur um hvernig ætti að taka á hælisbeiðendum sem hingað koma. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég undrast mjög þessi ummæli hæstv. utanrrh. og verð að inna hann nánar eftir því hvað hann eigi við.

Á ekki að setja það nánar í lög um útlendinga ellegar í vinnureglur þeirra sem starfa við að taka á móti útlendingum í Leifsstöð t.d. hvernig mál skuli meðhöndluð? Þetta er algjört grundvallaratriði, herra forseti, og hæstv. utanrrh. verður að svara þessu skýrar en hann gerði áðan.

Í annan stað langar mig til að minnast aftur á aldursmörkin sem ég gerði að umræðuefni áðan, þ.e. að taka skuli fingraför af öllum er leita hælis og eru 14 ára og eldri. Mig fýsir að vita, herra forseti, hvers vegna miðað er við 14 ára aldur og hvaða rök liggja þar að baki.

Að síðustu, herra forseti, vegna þess sem hæstv. utanrrh. sagði um ásókn fólks til Evrópu, ásókn í að setjast að þar sem efnahagsástandið er betra en í heimalandinu. Á þeim peningi er önnur hlið og hún er sú að Evrópa hefur mikla þörf fyrir vinnuafl, vinnuafl sem verður að koma frá öðrum löndum og um þetta er okkur öllum hér fullkunnugt. Það er því fleira sem stýrir fólksflutningum en þessi svokallaða ásókn. Hún er líka einfaldlega þörfin fyrir erlent vinnuafl.

[12:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar þau aldursmörk sem þarna eru þá er það einfaldlega vegna þess að þeir sem leita hælis eru, mér liggur við að segja því miður, á þessum aldri og þeir aðilar eru til sem töldu nauðsynlegt að fara jafnvel neðar en það var ekki gert.

Að því er varðar svör mín við því hvort hægt er að gefa út einhverjar algildar reglur fyrir fram í því sambandi sem hv. þm. nefndi, þá staðfesti ég aðeins það sem ég sagði, ég tel að það sé ekki hægt. Það er ekki okkar hugmynd með þessum samningum og reglum að beina fólki sérstaklega hingað í ríkari mæli en til annarra ríkja með því að fara að setja einhverjar reglur sem eru miklu frjálsari en alls staðar annars staðar í Evrópu. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina.

En við verðum síðan að meta það á okkar eigin forsendum í hverju einstöku tilviki hvað við gerum í einstökum málum. Og þá verðum við að hafa til viðmiðunar þau mannúðarsjónarmið sem gilda í landi okkar og treysta á framkvæmd þeirra eftir þeim venjum sem ganga í samfélaginu. Við höfum það sterkt lýðræði hér á landi, m.a. með aðhaldi hv. Alþingis, að ég treysti því að sú framkvæmd geti verið til fyrirmyndar. En reglur um hana er ekki hægt að setja nákvæmlega fyrir fram.

[12:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er umhugsunarvert að einhverjir skyldu hafa viljað færa þessi aldursmörk neðar en í 14 ár. Ég held að við ættum að velta því fyrir okkur. En ég segi enn og aftur, herra forseti, ég leyfi mér að efast um að þetta gangi. Við erum að ræða um börn og unglinga, ófullveðja einstaklinga, og það hlýtur að þurfa að huga nánar að þessu atriði, herra forseti, og það munum við gera í hv. utanrmn.

Um það sem hæstv. utanrrh. sagði, að beina fólki sérstaklega hingað, að það sé ekki stefnan, þá liggur það fyrir, herra forseti, það á ekki að beina fólki sérstaklega hingað eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Hins vegar er það þannig og það stendur skýrt í þessari tillögu að Dyflinnarsamningurinn fjallar um málsmeðferð en ekki um innihald stefnu viðkomandi ríkis, stefnu um hvernig skuli hafa eftirlit og réttindi útlendinga. Það liggur alveg fyrir, herra forseti.

Þess vegna skil ég ekki alveg hvert hæstv. utanrrh. er að fara með slíkum málflutningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 180. mál. — Þskj. 188.

[12:14]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um lagabreytingar til að fullnægja ákvæðum Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Hér er um endurflutning á ákaflega einfaldri tillögu að ræða og ég þarf því ekki að hafa um hana mörg orð. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu um viðurlög við stríðsglæpum í samræmi við ákvæði Genfarsáttmálans frá 1949 um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum og viðauka við hann frá árinu 1977."

Hér er í reynd um svo sjálfsagða tillögu að ræða, herra forseti, að ég tel tæpast að haldbærar mótbárur séu fyrir því að við drífum ekki í því þó seint sé að uppfylla þær skyldur sem við höfum tekið á okkur með aðild að þessum sáttmála og Genfarsáttmálunum sem eru m.a., og það er það sem á vantar að þessu leyti, að í 146. gr. sáttmálans er kveðið skýrt á um skyldur aðildarríkjanna. Þau skuldbinda sig til að lögleiða viðeigandi refsingar við alvarlegum brotum gegn ákvæðum sáttmálans. Sem sagt, það þarf að gera að innlendum lögum þau athæfi refsiverð sem sáttmálinn tekur til þannig að hægt sé að fullnusta brot ef til sögunnar koma á grundvelli refsiákvæða í innlendri löggjöf.

Sáttmálinn var undirritaður 12. ágúst 1949 og tók gildi ári síðar. Ísland fullgilti sáttmálann 1965 og hann tók gildi hvað Ísland snerti ári síðar. Tillagan er til þess að vekja enn athygli á og minna á að þarna höfum við ekki uppfyllt skyldur okkar þó svo að 34 ár séu liðin síðan sáttmálinn tók gildi hvað Ísland varðaði.

Ég hef lítillega skoðað hvort tilkoma alþjóðlega sakadómstólsins breyti að þessu leyti einhverju um stöðu okkar og mér sýnist að vísu við lauslega athugun að svo sé ekki, herra forseti. Ég held að eftir standi óbreytt sú skylda okkar að gera tilhlýðilegar ráðstafanir í innlendum lögum hvað varðar ákvæði Genfarsáttmálans þó að alþjóðlegi sakadómstóllinn komi til sögunnar, enda er skýrt tekið fram í þeim samningum að um er að ræða fyllingarsamning, þ.e. hann á fyrst og fremst að vera til viðbótar og til fyllingar þeim lögum sem einstök ríki hafa sett sér og á grundvelli alþjóðasáttmála. Í raun og veru er hlutverk Alþjóðlega sakamáladómstólsins, ef ég hef skilið það rétt, að hann á að loka þeim götum og þeim holum sem ella kynnu að vera í réttinum að þessu leyti. Hann hefur auðvitað almenna lögsögu, er ekki bundinn við einstök mál eins og stríðsglæpadómstóllinn í tilviki Júgóslavíu svo sem kunnugt er.

Mér sýnist, herra forseti, a.m.k. við lauslega athugun eins og ég tek aftur fram, þá standi þessi skuldbinding okkar óhögguð að gera tilhlýðilegar lagaráðstafanir. Ég held að það eigi að gera ósköp einfaldlega með rólegri og vandaðri yfirferð á þessum málum. Ég vil leyfa mér að spyrja af því að svo vel vill til að hæstv. utanrrh. er hér: Eru nokkur haldbær rök fyrir öðru en að við uppfyllum þessi ákvæði samningsins þó seint sé þannig að það sé til staðar í löggjöf okkar? Vonandi reynir seint og helst aldrei á það að við þurfum að beita þeim, en engu að síður lít ég svo til að eðlilegt sé að við höfum löggjöf okkar fullgilda að þessu leyti og tökum einnig alvarlega þær skuldbindingar sem á þessu sviði eru fólgnar í aðild okkar að mannréttindasáttmálum.

[12:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég skal játa að ég hrökk dálítið við þegar ég sá þessa tillögu á sínum tíma. Hún hafði farið fram hjá mér á síðasta ári og þó að hún varði ekki beint utanrrn. heldur eins dómsmrn., þá hef ég látið athuga hvort virkilega geti verið rétt að við höfum ekki fullnægt alþjóðasamningum sem við undirrituðum fyrir áratugum síðan. Mun ég nú gera grein fyrir athugun ráðuneytis míns á þessu máli.

Í 146. gr. Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum er sú skylda lögð á aðildarríki að innleiða lög, ákvæði sem mæla fyrir um viðurlög við ákveðnum alvarlegum brotum. Þessi brot eru síðan talin upp í 147. gr. samningsins. Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er mælt fyrir um refsingar við öllum þeim brotum sem Genfarsáttmálinn tekur til og því er í raun engin þörf á viðbótum eða endurskoðun þar á. Hefðbundin túlkun hegningarlaga leiðir til þess að þau brot sem Genfarsáttmálinn telur upp teljast falla þar undir.

Rétt þykir jafnframt að geta þess að á síðasta Alþingi var samþykkt till. til þál. um fullgildingu Rómarsamþykktar um alþjóðlegan sakamáladómstól. Dómstóllinn mun hafa það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Þessir glæpir eru skilgreindir í samþykktinni að undanskildu ákvæðinu um glæpi gegn friði og dómstóllinn mun hafa sjálfvirka lögsögu í málum sem undir hann heyra. Á yfirstandandi Alþingi mun hæstv. dómsmrh. leggja fram frv. til laga sem mun gera framkvæmd samþykktarinnar mögulega hér á landi.

Með fullgildingu Rómarsamþykktarinnar og lögunum sem verða væntanlega til umfjöllunar og samþykktar vonandi á yfirstandandi þingi mun staðan í mannréttindamálum á Íslandi verða sterkari en áður og ákvæði Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara verða enn betur tryggð. Hér má jafnframt benda á ákvæði VII. kafla stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, sem og lög nr. 62/1944, um lögfestingu ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu. Með lögfestingu mannréttindasáttmálans er Ísland skuldbundið til að framfylgja þeim ákvæðum sem þar eru. Telja verður að ákvæði sáttmálans sem eru að einhverju leyti sömu ákvæði og eru í Genfarsáttmálanum falli innan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Við þetta má bæta að Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum og ber skylda til að fylgja þeim og túlka landslög í samræmi við þá. Telja verður að dómstólar hafi framfylgt þessari skyldu og að mannréttindi óbreyttra borgara séu að fullu virt á Íslandi.

Herra forseti. Ég vildi aðeins gera grein fyrir þessari athugun sem lögfræðingar í utanríkisráðuneytinu hafa gert. Ég tel því að við höfum staðið þannig að málum sem betur fer að fullnægjandi sé.

[12:23]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og ég fagna því að tillagan hefur þá a.m.k. leitt til þess að farið var yfir þessi mál. Mér kemur að vísu fyrri hluti svarsins nokkuð á óvart vegna þess að ég tel mig hafa áreiðanlegar upplýsingar um að lögregluyfirvöld hér á landi hafi borið við skorti á refsiákvæðum þegar spurst hefur verið fyrir um eða farið fram á rannsókn sem tengist þessum ákvæðum alþjóðlegra samninga, þá hafi því beinlínis verið borið við af viðkomandi yfirvöldum að hér hafi ekki verið lögfest sérstök

refsiákvæði í samræmi við þessa 146. gr. Ef það er hins vegar skilningur að undangenginni vandlegri lögfræðilegri skoðun á því að ákvæði almennra hegningarlaga séu fullnægjandi í þessu efni þó að þau nefni ekki þessi brot sérstaklega, þá er það í sjálfu sér fagnaðarefni og má segja að við sleppum kannski fyrir horn með það að hafa ekki eins og flest önnur ríki hafa gert, þ.e. farið þá leið að lögleiða sértæk refsiákvæði sem vísi í viðkomandi brot, heldur nægi ákvæði almennra hegningarlaga, þá er það vel.

Varðandi Alþjóðlega sakamáladómstólinn eða fullgildingu Rómarsamþykktarinnar, þá vek ég aftur athygli á því að ljóst er að þar er um fyllingarlögsögu að ræða og ekki er ætlunin í sjálfu sér að hún leysi af hólmi löggjöf einstakra ríkja og skyldur þeirra á grundvelli annarra alþjóðasáttmála heldur á hún að fylla upp í götin og að því leyti var það mat mitt að hún kæmi ekki í stað þessara refsiákvæða. Hins vegar verður áhugavert að sjá frv. hæstv. dómsmrh. og hvernig refsiákvæði verða útfærð í þeim lögum. Ég bendi á þann möguleika til að taka af allan vafa að inn í það frv. væri auðvelt að taka einnig ákvæði sem vísuðu með pósitífum hætti til Genfarsáttmálanna og eftir atvikum jafnvel fleiri slíkra alþjóðlegra samningsskuldbindinga sem þá gerði það að verkum að við værum með óyggjandi hætti að standa við allar skuldbindingar okkar í þessu efni.

Ég hafði hugsað mér að leggja til, herra forseti, að tillagan gengi til utanrmn. þar sem ábyrgðin á alþjóðasáttmálum er á hendi utanrrh. en það er vissulega rétt að það er á verksviði dómsmrh. að setja síðan sjálf refsiákvæðin. Tillaga mín er að tillagan gangi til utanrmn. og þar fái þetta skoðun og við aðgang væntanlega að þeim gögnum sem hæstv. utanrrh. hefur látið taka saman í ráðuneytinu mun það auðvelda okkur að skoða málin hvort sem það leiðir síðan til þess að einhverra frekari aðgerða verði þörf eða ekki. Ég fagna í sjálfu sér niðurstöðunni á hvorn veginn sem hún verður því að það sem vakti fyrir mér í þessum efnum var að vekja athygli á stöðu þessa máls og fá það á hreint hvort við hefðum staðið við samningsskuldbindingar okkar að þessu leyti.

[12:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa vakandi auga með því að við stöndum við samningsskuldbindingar okkar á alþjóðavettvangi og er ekkert nema gott um það að segja.

Hins vegar er niðurstaða utanrrn. sú, sem betur fer, að við höfum staðið við slíkar skuldbindingar en eðlilegt er að utanrmn. taki málið til umfjöllunar og þá munum við að sjálfsögðu koma þeim gögnum á framfæri sem nauðsynleg eru. Ef eitthvað ber út af í þessu efni eru tækifæri til að lagfæra það að því tilefni sem hv. þm. sagði, þ.e. því frv. sem hæstv. dómsmrh. mun beita sér fyrir að verði til umfjöllunar á Alþingi síðar í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 50. mál (tímabundið atvinnutjón). — Þskj. 50.

[12:28]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Við breytingu á lögum nr. 50/1993 voru til umfjöllunar á Alþingi fyrir skömmu síðan tillögur um að til frádráttar skaðabótum fyrir tímabundið atvinnutjón kæmu 60% af bótum lífeyrissjóðanna og bætur sjúkrasjóða verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt var gerð tillaga um að 40% af eingreiðslu verðmæti bóta lífeyrissjóðanna kæmu til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku. Tillögur þessar voru byggðar á niðurstöðum lögfræðinganna Gests Jónssonar og Guðmundar Jónssonar en í áliti þeirra segir: „Í frumvarpinu er fylgt þeirri stefnu, sem lengi hefur verið ríkjandi í íslenskum skaðabótarétti, að bætur sem falla tjónþola í skaut frá tryggingum sem hann hefur kostað sjálfur með greiðslu iðgjalds eigi ekki að hafa áhrif á skaðabótakröfu. Hins vegar telja frumvarpshöfundar rétt að til frádráttar komi bótagreiðslur sem telja má að séu af félagslegum toga. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um ... að 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði verði dregin frá bótum."

Nokkrir þingmenn í hv. allshn. mótmæltu þessari hugmynd á sínum tíma þegar skaðabótalögunum var breytt árið 1999 og var frsm. fyrir minni hlutann hv. þm. Ögmundur Jónasson en ásamt honum skrifuðu undir álitið hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og þáv. hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Þau mótmæltu þeim skilningi sem kom fram í frv. sem síðar varð að lögum. Því er lagt til í samræmi við þann málflutning að þessu verði breytt með því frv. sem hér er lagt fyrir.

Á sínum tíma þegar málið var til meðferðar í hv. allshn. vísuðu hv. þm. minni hlutans til m.a. mótmæla frá Landssamtökum lífeyrissjóða og frá Alþýðusambandi Íslands. Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða gagnrýndi harðlega að verið væri að búa til enn eina tekjutenginguna á lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna. Sama tóns gætti í mótmælum frá Alþýðusambandi Íslands þar sem því var mótmælt harðlega að launafólki væri hegnt fyrir samtryggingarsparnað sinn og þeim sparnaði verði mismunað gagnvart öðrum sparnaði í samfélaginu sem ekki skerðir rétt til skaðabóta. Á það var bent að öll iðgjöld launafólks til samtryggingasjóða sinna séu hluti umsaminna launa og alfarið í eigu þess sama launafólks. Því var þessu mótmælt að hægt væri að draga þetta frá á þann hátt sem gert er í skaðabótalögunum og undir þetta er tekið í frv. sem hér er mælt fyrir.

Fyrir gildistöku skaðabótalaga árið 1993 tók Hæstiréttur Íslands stundum tillit til örorkulífeyris lífeyrissjóðanna þegar bætur voru ákveðnar. Þetta var ekki gert eftir ákveðinni reglu og stundum var ekkert tillit tekið til þessa lífeyrisréttar. Sú skoðun var talin staðfest af fræðimönnum og Hæstarétti að örorkulífeyri lífeyrissjóðanna bæri að jafnaði að meðhöndla eins og tryggingabætur úr vátryggingum sem tjónþoli hefði keypt sér sjálfur. Þetta þýddi að bætur lífeyrissjóðanna skyldu ekki koma til frádráttar skaðabótum.

Árið 1993 tóku gildi ný skaðabótalög sem fólu í sér staðfestingu framangreindra frádráttarreglna. Á árinu 1998

var tekist á um túlkun laganna og þá skýrt kveðið á um frádrátt vegna örorkulífeyris lífeyrissjóðanna og um eðli lífeyrissjóðsiðgjalda launafólks.

Í dómi Hæstaréttar frá 7. maí 1998 í máli nr. 281/1997 er tekið á þessu máli og þar segir, með leyfi forseta:

„Í málinu liggja fyrir reglugerðir fyrir þá lífeyrissjóði og þann sjúkrasjóð sem áfrýjandi naut greiðslna frá á meðan hann var óvinnufær af völdum fyrrnefnds slyss. Af reglugerðum þessum er ótvírætt að réttur áfrýjanda til greiðslna réðst af framlögum í þágu hans til hlutaðeigandi sjóða. Þótt slík framlög hafi að nokkru verið greidd af vinnuveitendum áfrýjanda breytir það ekki því að þau voru hluti af þeim heildarlaunakjörum sem hann naut eftir lögum og kjarasamningum. Svarar þetta því til þess að áfrýjandi hafi unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi."

Þrátt fyrir framangreinda ályktun Hæstaréttar Íslands um eðli, innihald og meðferð á bótum lífeyrissjóðanna og um meðferð á bótum úr sjóðum verkalýðshreyfingarinnar segir í greinargerð allsherjarnefndar Alþingis með frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum fjórum mánuð um síðar: „Ekki er lagt til að bætur skerðist vegna slysatryggínga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds. ... er gerð tillaga um að frá bótum dragist 40% af verðmæti örorkulífeyris. Lengi hefur verið álitamál hvernig fara beri með örorkulífeyri við uppgjör slysabóta. ... Í eðli sínu er örorkulífeyrir samsettur annars vegar sem trygginga bætur sem tjónþoli hefur sjálfur greitt iðgjald af og hins vegar sem tryggingabætur þar sem vinnuveitandi greiðir iðgjaldið samkvæmt lagaskyldu."

Með breytingunni árið 1998 sem varð að lögum 1999 er ljóst að Alþingi hefur skilgreint upp á nýtt viðkvæm hugtök á sviði vinnuréttar og almennra kjarasamninga og um leið vegið að réttindum launafólks sem hefur um árabil verið skylt að spara í eigin þágu 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs síns.

Jafnframt er rétt að benda á að framlög launafólks til lífeyrissjóðs hafa að hluta verið skattlögð með öðrum launum. Lífeyrir lífeyrissjóðanna hefur síðan verið skattlagður að fullu við töku og komið til skerðingar á greiðslum almannatrygginga. Alþingi hefur margoft fjallað um óréttlætið sem í fyrrgreindri tvísköttun og jaðaráhrifum felst og það var ekki tilgangur þess að auka neikvæð áhrif lög- og skyldubundins lífeyrissparnaðar með breytingum á skaðabótalögum á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að menn hafi ekki gert sér ljóst hvað þeir voru að gera. Ég held að þarna hafi verið tekin markviss ákvörðun um að breyta fyrirkomulaginu á þann hátt sem verið hefur. En ég dreg það fram að með því er verið að mismuna sparnaðarformum fólks þegar tekið er tillit til þess sem fólk sparar í lífeyrissjóði og hins vegar gagnvart öðrum sparnaðarformum og það tel ég ekki eðlilegt að gera á þann hátt sem hér er gert. Ég legg því til að þessu verði breytt með frv. sem hér liggur fyrir.

Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

[12:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir Íslendingar eru skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð og sjúkrasjóð samkvæmt lögum til að þeir séu tryggðir ef eitthvað hendir þá, t.d. slys. Þá fá þeir örorkulífeyri úr lífeyrissjóði og bætur úr sjúkrasjóðum verkalýðshreyfingarinnar. Þetta gerir löggjafinn til þess að tryggja menn. Síðan ef menn lenda í slysi sem fellur undir skaðabótalögin fá þeir bætur þar og í rauninni ættu allar bætur úr fyrrnefndum kerfum, sjúkratryggingum og lífeyrissjóðum að dragast frá að fullu, að mínu mati.

Það sem kemur út úr þessu er oftrygging þeirra sem verða fyrir tjóni vegna þess að lífeyrissjóðirnir ásamt Tryggingastofnun tryggja mönnum 60–70% af launum áfram. Það hefur komið fram í svari sem ég hef fengið. Ef menn eiga síðan að fá úr skaðabótalögum til viðbótar einhverjar milljónir, 9–10 millj. þá er oft um að ræða oftryggingu og oftrygging er skaðleg vegna þess að hún er greidd af einhverjum og það hafa bíleigendur verið að finna á buddunni sinni að oftrygging kemur fram í mjög hækkuðum iðgjöldum til einmitt skaðabótatrygginga.

Nú er spurning mín til hv. þm.: Telur hún eðlilegt að stuðla að enn frekari oftryggingu með því að taka ekkert tillit til bóta úr þeim lögbundnu tryggingum sem velferðarkerfið okkar byggir á?

[12:36]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að benda á og benti á það í framsögu minni að ekki er eðlilegt að mismuna fólki með tilliti til sparnaðarforma. Lífeyrissjóðirnir eru sparnaður launafólks í gegnum tíðina. Lífeyrissjóðsgreiðslur eru hluti af almennum umsömdum kjörum í kjarasamningum og tekið er tillit til þessara greiðslna við gerð kjarasamninga og þegar kjör launafólks eru ákveðin.

Ég er viss um að hv. þm. þekkir til margra sem leggja fyrir annan sparnað sem nokkurs konar tryggingu fyrir sig í framtíðinni. Það gera margir í dag að leggja fyrir tryggingu, peninga inn á reikning sem litið er á sem tryggingu, sparnað þegar fólk þarf á því að halda að nota þá fjármuni. Ég vil spyrja hv. þm. á móti: Telur hann eðlilegt að mismuna fólki eftir sparnaðarformum, hvort það hefur lagt fyrir í lífeyrissjóð sinn til að eiga til mögru áranna eða hvort það hefur lagt fyrir á einhvern annan hátt og geti jafnvel átt þar feita reikninga með fjármunum sem það greiðir síðan 10% af í fjármagnstekjuskatt? Er það ekki mismunun á sparnaðarformum? Það hlýtur að þurfa að taka það þá inn í umræðuna líka, herra forseti. Ég held að hv. þm. verði að taka þetta líka inn í umræðuna að við erum með því að mismuna fólki með tilliti til þess hvernig það velur að leggja sparnað sinn fyrir, í hvaða formi.

[12:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Gera verður skýran greinarmun á þvinguðum sparnaði og frjálsum. Iðgjald til lífeyrissjóða á Íslandi er nánast ígildi skattlagningar. Menn komast ekki hjá því að borga í lífeyrissjóð. Hafi þeir tekjur eiga þeir samkvæmt lögum að greiða iðgjald í lífeyrissjóð. Þetta er þvingaður sparnaður, þvinguð trygging. Þetta er trygging sem keypt er þvinguð af ríkinu til þess að menn séu tryggðir.

Frjáls sparnaður sem menn stunda ef þeir vilja — menn ráða því hvort þeir kaupa einhverjar neysluvörur eða leggja fyrir — er allt annars eðlis og sá sparnaður ætti að sjálfsögðu ekki að koma til frádráttar þessum greiðslum. En þvingaður sparnaður, sem ríkið leggur til til þess að menn séu tryggðir ef þeir lenda í áföllum t.d. af völdum slyss og verða öryrkjar, er ekki í eðli sínu frjáls sparnaður heldur er hann allt að því skattlagning sem ríkið er að leggja á til þess að menn séu tryggðir. Ef menn eru oftryggðir, fá of miklar bætur í slíkum tilfellum, kemur það hreinlega fram þannig að iðgjaldið til

lífeyrissjóðanna samanlagt og til skaðabótatryggingarinnar, þ.e. bílatryggingarinnar, verður of hátt og það kemur niður á öllum greiðendum iðgjalds og skatta.

[12:39]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lífeyrissjóðsgreiðslur eru lögvarið sparnaðarform sem komið var á að kröfu verkalýðshreyfingarinnar, að kröfu þeirra sem sömdu og hafa heimild og umboð til að semja fyrir launafólk á vinnumarkaði. Farið er fram á þessa lögvernd. En það er ekki þannig að ríkið hafi beinlínis komið þessu á til þess að létta af almannatryggingakerfinu. Ég minnist þess ekki á sínum tíma, enda er þessi umræða núna fyrst að koma ég vil segja með mjög auknum þunga, þ.e. að auka sífellt tekjutengingar til að tryggja það að því fólki sem þarf á bótum úr þessum kerfum að halda sé alltaf haldið í ákveðnu lágmarki.

Ég er ekki, herra forseti, almennt séð á móti því, langt í frá. Ég tel að tekjutengingar eigi rétt á sér í kerfi okkar og að jafna eigi kjörin, sérstaklega þó í gegnum skattkerfið. En það eru ekki að mínu mati nægileg rök að segja að slíkur grundvallarmunur sé á frjálsum sparnaði og ég vil ekki segja þvinguðum heldur lögvernduðum sparnaði að þeir sem velja sér hinn frjálsa sparnað geti þá verið algerlega fyrir utan það að taka ábyrgð á og í raun og veru verið fyrir utan það að búa við tekjutengingar vegna þess að þeir hafi farið frjálsa sparnaðarleið og þar með sé allt í lagi þó að þeir þiggi bætur frá almannatryggingakerfinu en haldi sínum frjálsa sparnaði bara fyrir utan. Ég velti fyrir mér hvers konar frelsishugsjón það er. Það verður þá að taka öll sparnaðarform með inn í þessa hugmynd og hugsanir hv. þm. Péturs Blöndals.

[12:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um breytingu á skaðabótalögum frá hv. stjórnarandstöðu. Þetta er eitt af þeim málum sem koma fram til breytingar á velferðarkerfinu án þess að horft sé á heildarmyndina. Enn einu sinni er rætt um breytingartillögu á velferðarkerfinu án þess að litið sé á heildarmyndina.

Hvernig er almannatryggingakerfið uppbyggt? Umræðan undanfarið um öryrkjadóm Hæstaréttar sýnir að menn líta aldrei á allt kerfið í heild sinni.

Í fyrsta lagi erum við með almannatryggingar sem tryggja ákveðið lágmark, tekjutryggingu og því um líkt, sem á í rauninni ekki við nema þá aðila sem ekki eru á vinnumarkaði. Síðan erum við með skylduaðild að lífeyrissjóðum sem komið var á 1974 en margir lífeyrissjóðir hafa starfað miklu lengur. Þessi skylduaðild átti við launþega frá 1974 og alla Íslendinga frá 1980, líka sjálfstæða atvinnurekendur. Í minnst 21 ár höfum við haft skylduaðild að lífeyrissjóði. Þá voru eina nóttina sett á lög um skylduaðild að sjúkrasjóðum, að 1% af launum allra landsmanna ætti að renna í sjúkrasjóði. Af hverju skyldi hið háa Alþigi vera að setja slík lög, að skylda alla landsmenn til að borga í lífeyrissjóð eða í sjúkrasjóð? Til þess að fólkið sé tryggt. Til þess að menn séu tryggðir fyrir þeim áföllum sem þessir sjóðir bæta, þ.e. því áfalli að menn verði mjög gamlir og hafi ekki vinnuþrek, það bæta lífeyrissjóðirnir, ellilífeyrir lífeyrissjóðanna. Síðan er það örorkulífeyrir lífeyrissjóðanna sem bætir þá sem verða fyrir varanlegu tekjutjóni vegna örorku. Þá er það barnalífeyrir og makalífeyrir lífeyrissjóðanna sem bætir þá sem falla frá fyrir aldur fram og skilja eftir sig ómegð og að síðustu eru það sjúkrasjóðirnir sem bæta þá sem verða fyrir skammtímaörorku eða missa vinnugetuna í skamman tíma vegna sjúkleika.

Að síðustu ofan á allt þetta koma skaðabótalögin sem eiga að tryggja þá sem verða fyrir slysi sem þriðji aðili ber ábyrgð á. Slíkt er að mestu leyti tryggt í gegnum bílatryggingar.

Undir allri þessari fjórskiptu uppbyggingu á velferðarkerfinu stendur félagsþjónusta sveitarfélaganna sem á að dekka þá sem ekki eru tryggðir á annan hátt. Það hefur heldur ekki verið minnst á það í umræðunni, aldrei, að þeir sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir eiga rétt á framfærslu hjá sveitarfélagi sínu.

Menn geta því ekki litið á þetta dæmi án þess að horfa á heildarmyndina. Það er grundvallaratriði í öllum tryggingarétti að menn séu ekki oftryggðir. Af hverju skyldi ekki mega gera vel við þá sem lenda í slysi og bæta þeim aðeins of mikið, jafnvel tvöfalt, eins og stundum kemur fyrir vegna skaðabótalaganna, að menn eru kannski með 70–80% hærri tekjur eftir tjón en þeir voru með fyrir vegna oftryggingar?

Það er vegna þess að allar tryggingar eru greiddar einhvers staðar. Menn mættu gjarnan hafa betur í huga að allar bætur eru greiddar af einhverjum. Það er ekki guð almáttugur sem greiðir þetta, það er ekki forsrh., það er ekki ríkisstjórnin sem greiðir þetta. Nei, það eru skattgreiðendur, það eru launagreiðendur og það eru bíleigendur sem greiða allar bætur með sköttum, með iðgjöldum til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða eða vegna bifreiðatrygginga. Þess vegna er mjög mikilvægt að ekki sé um að ræða oftryggingu í kerfinu.

Eins og kerfið er uppbyggt í dag þá er um að ræða oftryggingu. Ekki er tekið tillit til nema 60% af þeim bótum sem menn fá úr lífeyrissjóði og sjúkrasjóði. Menn halda sem sagt 40% sjálfir og fá að öðru leyti tjónið fullbætt. Þetta finnst mér vera slæmt, þetta hefur komið fram í stórhækkuðum iðgjöldum bifreiðatrygginga og þetta hefur komið fram í því að velferðarkerfið er ekki eins skilvirkt og það gæti verið ella. Það bætir ekki nægilega vel þá sem verst eru settir vegna þess að það kostar of mikið fyrir hina sem fá of mikið út úr því. Þetta þurfa menn að horfa á alveg sérstaklega.

Það frv. sem við ræðum hér vinnur á móti þessu. Það á að hætta að taka tillit til þeirra skyldutrygginga sem menn eiga hjá lífeyrissjóði sínum og sjúkrasjóði sínum þannig að þetta er stórt skref aftur á bak og mun auka enn frekar oftrygginguna í kerfinu, auka enn frekar iðgjöldin til bílatrygginga, iðgjöldin til skaðabótatrygginga og er ekki á bætandi, herra forseti.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom inn á það í ágætri ræðu sinni og í andsvari við mig hér áðan að þetta væri lögverndaður sparnaður. Þetta er ekkert lögverndaður sparnaður, þetta er lögþvingaður sparnaður í lífeyrissjóðunum. Menn geta ekkert ráðið því, þetta er ekkert verndað af lögunum, þetta er þvingað. Maður sem vinnur einhvers staðar fyrir launum, segjum 100 þús. kr. á mánuði, verður að borga 10 þús. kr., 10% er yfirleitt lágmark, í lífeyrissjóð hvort sem hann vill eða ekki. Þetta er þvingað, þetta er nánast ígildi skatts.

Þetta er ríkið að gera, þessi lög eru sett til þess að maðurinn sé tryggður ef hann verður fyrir örorku, ef hann verður fyrir því slysi sem er einmitt verið að fjalla um hér. Ef ekki á að taka tillit til þeirra bóta sem hann fær úr lífeyrissjóði þegar úrskurða á skaðabætur út frá skaðabótalögunum gerist það hreinlega að maðurinn er allt of mikið tryggður. Hann fær nefnilega vegna framreiknings í dag úr lífeyrissjóði yfirleitt

60–70% af þeim launum sem hann hafði áður og hann þarf að sjálfsögðu ekki að borga í lífeyrissjóð af lífeyrinum sínum. Þannig að hann sparar það og hann sparar félagsgjaldið í stéttarfélagið. Það sparast líka sjúkrasjóðsiðgjald o.fl. og iðgjald atvinnurekandans þannig að maður sem er á lífeyri er kannski með 70–80% af þeim tekjum sem hann hafði áður vegna framreikningsins.

Ef á að fara að bæta enn betur og láta þessar bætur ekki hafa áhrif við úrskurð skaðabótalaganna þá er maðurinn hreinlega oftryggður. Enda kom það fram í fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. forsrh. að maður sem var með 80 þús. kr. sem var þá dálítið yfir lágmarkslaunum, það er dálítið síðan, tvö eða þrjú ár síðan þetta var, fékk um 140 þús. kr., ígildi 140 þús. kr. ef hann lenti í slysi. Hann stórhækkaði í launum við það að verða fyrir slysi. Það er ekki markmið bótalaga að menn hækki við það að lenda í slysum.

Við þá breytingu sem hér er lögð til mun sá munur enn aukast. Auðvitað viljum við gera vel við þá sem lenda í slysum og verða öryrkjar. Ekki er hægt að bæta vissa hluti með fé en ef það á að bæta tekjutap eiga bæturnar ekki að vera meiri en menn höfðu í tekjur áður. Ég er því eindregið á móti þessu frv. og ég mundi vilja ganga akkúrat öfuga leið, að taka að fullu tillit til allra bóta úr sjúkrasjóði og lífeyrissjóðum vegna þess að það er eðlilegt og ég gat um það við umræðu um skaðabótalögin á sínum tíma en ég gat þess jafnframt að ávöxtunarkrafan sem notuð er við útreikning á skaðabótalögunum, 4,5% ef ég man rétt, er of há sem vegur þar á móti því að þá eru bæturnar þeim mun lægri. Eftir því sem ávöxtunarkrafan er hærri í útreikningi á skaðabótum, eingreiðslunni, verða bæturnar lægri. Það vinnur á móti þessu og þess vegna væri eðlilegt, þess vegna gat ég samþykkt að tekið væri tillit til 60%. Auðvitað eru það engin rök, það á að miða við eðlilega ávöxtunarkröfu og það á að miða við eðlilegar bætur úr lífeyrissjóðum og draga þær að fullu frá, þ.e. þær bætur sem eru vegna skyldutryggingar sem hin háa löggjafarsamkunda hefur komið á.

Ég er því eindregið á móti þessu frv. og mér finnst þetta bera keim af því að menn ætli að vera góðir við alla og gleyma því hver borgar.

[12:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki á mér setið en að koma í andsvar eftir að hafa hlustað á hv. þm. tala um fólk sem hefur lent í slysi og segja nánast að það sé alveg nóg fyrir það að fá 70% af launum eftir að hafa lent í slysi. Það er eins og skaðabæturnar séu einhver viðbótarþóknun eða einhver mikill lúxus fyrir þetta fólk — svo eru margir sem fá alls ekki 70% launa.

Auðvitað er verið að bæta miklu meira en tekjumissi, það er verið að bæta miska og það er verið að bæta skaða þeirra sem lenda í þessum slysum. Vissulega er það svo þegar fólk hefur lent í alvarlegum slysum að það ber mjög mikinn kostnað af heilsufari sínu. Og að geta síðan verið að tala um það hér að því sé ekki of gott að fá bara 60–70 eða 80% af launum. Ég skil ekki hvaða afstaða þetta er til fólks sem hefur lent í alvarlegum áföllum eftir slys.

Herra forseti. Ég er undrandi að hlusta á hvernig hv. þm. leyfir sér að tala gagnvart fólki sem hefur lent í t.d. alvarlegum bílslysum eða öðrum slysum og þeim þörfum sem það fólk hefur. Vissulega er þetta mikið sanngirnis- og réttlætismál því að auðvitað er verið að fara fram á að ekki sé verið að mismuna fólki eftir sparnaðarformum og það fái skaðabætur sínar eftir slys. Ég er því undrandi, herra forseti, á afstöðu þingmannsins til þeirra sem hafa lent í alvarlegum slysum og eiga rétt á skaðabótum.

[12:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom inn á það sérstaklega að það væri verið að bæta tekjutap. Miski er eitthvað allt annað og hann er líka innifalinn í skaðabótalögunum. Menn geta deilt um það hvort miskinn sé nægilega hátt metinn eða ekki hér á Íslandi, hann er reyndar óvenju lágur hér á Íslandi og mætti gjarnan skoða það mál sérstaklega. En það er bara ekki meiningin, það er ekki það sem við erum að ræða.

Að vera að núa mér um nasir að ég hafi ekki skilning eða samúð með þeim sem lenda í bílslysum, að færa umræðuna á svona tilfinningalegt svið, finnst mér vera ósanngjarnt, herra forseti. Við erum að tala um tekjumissi, við erum að tala um tekjutap, við erum að tala um krónur, við erum að tala um aura. Við erum ekki að tala um meiðsli eða áverka eða annað slíkt, við erum að tala um tekjutap. Mér finnst að þegar menn verða fyrir tekjutapi vegna slyss, — tekjutapi, herra forseti, ég undirstrika það — eigi að taka tillit til allra þeirra tekna sem menn fá út af slysinu, t.d. örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og bóta frá sjúkrasjóðum sem þeir fá vegna skyldu þeirra til að borga í þessa sjóði, lagaskyldu. Ríkið hefur séð til þess að þeir fái þessar bætur og þá er óþarfi að ríkið sé að gera ráð fyrir að þeir fái bætur annars staðar frá vegna skaðabótalaganna, vegna sama atviks, vegna sama tekjumissis.

Það á að taka tillit til allra bóta sem menn fá annars staðar. Annars erum við með oftryggingu og annars erum við með of hátt iðgjald sem allir bíleigendur á landinu borga. Of hátt iðgjald sem allir borga í sjúkrasjóði eða í lífeyrissjóði.

[12:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki notað orðið samúð því að ég efast ekki um að hv. þm. hafi samúð með þeim sem lenda í slysum. Aftur á móti virtist mér hann ekki hafa skilning á því í hvaða stöðu þetta fólk er og hvaða þörf það hefur fyrir viðbótarstuðning úr velferðarkerfinu vegna þess skaða sem það verður fyrir við að lenda í slysi. Það sem ég var að nefna, herra forseti, var að mér fyndist hv. þm. ekki hafa skilning á þeirri stöðu þar sem hann telur það bara nóg fyrir þann sem lendir í alvarlegu slysi að fá út úr lífeyrissjóðum og þeim sjóðum sem hann nefndi og eru u.þ.b. 70% af þeim launum sem viðkomandi hafði fyrir slysið.

Ég vil mótmæla því og ég er sannfærð um að það er nauðsynlegt bara ef jafnræðissjónarmið eru höfð til hliðsjónar að gera þá breytingu á lögunum sem er lögð til í þessu frv. því að auðvitað er verið að mismuna fólki í því hvort það er með frjálsan sparnað eða hvort það er með lífeyrissjóðasparnað.

Ég verð að nefna það, herra forseti, að hv. þm. hefur iðulega í umræðu um tryggingamál verið að tala um þá sem hafa svikist undan lífeyrissjóðssparnaðinum og hafa þá kannski verið með sparnað einhvers staðar annars staðar, að það fólk fær allan sinn sparnað og það skerðir ekki skaðabætur þeirra þegar það hefur lagt sinn sparnað einhvers staðar annars staðar. Þarna er því náttúrlega komin önnur hlið á sama peningi.

[12:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur mig ekki hafa skilning á kjörum þeirra sem lenda í slysum. Ég þakka hv. þm. fyrir þau ummæli. Ég tel mig aftur á móti hafa skilning og ég vil gjarnan að lendi menn í kostnaði, t.d. vegna hjólastóls eða einhvers slíks sé vel séð fyrir þeim kostnaði. Það vil ég gjarnan. Lendi menn í miklum miska þá vil ég líka að það sé bætt enda er gert ráð fyrir því í skaðabótalögunum.

Það að ekki sé nóg að fá 70% af tekjum, það er það sem menn fá úr lífeyrissjóðunum og það er það sem ég vil að metið sé inn í skaðabótalögin þannig að það bæti það sem á vantar upp á 100% laun, herra forseti, eða 96% laun því að menn borga ekki í lífeyrissjóð af þessum bótum. En hv. þm. vill leggja til að ekkert tillit sé tekið til þeirra 70% tekna sem menn fá úr lífeyrissjóðunum og það get ég ekki fallist á.

Það að ekki sé jafnræði á milli sparnaðarforma, ég fór inn á það áðan. Annars vegar erum við að tala um skyldutryggingu, skyldusparnað með lögum, allt að því skattlagningu. Skilgreiningin á skatti á nánast við um iðgjald í lífeyrissjóð og sjúkrasjóði. Það er mikill munur þar á ef ríkið skyldar alla landsmenn til að borga í lífeyrissjóð og svo hins vegar því þar sem menn taka sjálfir ákvörðun um að spara og neita sér um neyslu af því sem eftir er af launum.

En það að menn skuli leyfa sér á hinu háa Alþingi að tala um lögbrot sem einhvers konar venjulega leið, þ.e. það lögbrot að menn hafi ekki borgað í lífeyrissjóð af launum sínum, ég vil ekki að því blandað sé inn í umræðuna og notað sem rök.

[12:58]

Útbýting þingskjala:

Dómstólar, 415. mál, frv. LB o.fl., þskj. 675.

Dómstólar, 417. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 677.

Íslenski búningurinn, 402. mál, svar menntmrh., þskj. 672.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 414. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 674.

Stofnun stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs, 416. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 676.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á skaðabótalögum, flutt af hv. þm. Samfylkingar en hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir er 1. flm. Frv. er mjög í anda þess málflutnings sem ég hef áður haldið fram þegar skaðabótalögin hafa verið hér til umfjöllunar en það hafa þau alltaf verið annað veifið frá því ný lög tóku gildi sumarið 1993. Frá þeim tíma hefur verið deilt um réttmæti laganna, hvort þau væru byggð á réttum útreikningsstuðlum o.s.frv. Á undanförnum árum hefur verið bætt úr þessu og gerðar breytingar á lögunum, síðast árið 1999, ef ég man rétt. Ég held að þá hafi verið gerðar breytingar á þeim lagagreinum sem hér eru til umfjöllunar.

Við breytinguna var ákveðið að til frádráttar skaðabótum fyrir atvinnutjón skyldu koma 60% af bótum lífeyrissjóðanna og bætur sjúkrasjóða verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt var ákveðið að 40% af eingreiðslu bóta lífeyrissjóðanna kæmu til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku. Samkvæmt frv. er lagt til að þessi skerðing falli brott.

Í umræðunni um frv. hefur farið fram umræða um grundvallaratriði. Annars vegar segja flutningsmenn að rangt sé að draga frá skaðabótum greiðslur sem komi frá lífeyrissjóðum eða sjúkrasjóðum verkalýðshreyfingarinnar. Hins vegar hefur því sjónarmiði verið haldið á loft, og þá einkum af hv. þm. Pétri H. Blöndal, að greiðslur úr lífeyrissjóðum byggi á lögþvingun, lögum sem gildi um alla landsmenn og séu þess vegna félagslegs eðlis, séu í raun hluti af lögbundnu tryggingakerfi landsmanna þótt í lífeyrissjóðum sé. Þetta er umræða um grundvallaratriði að mínum dómi.

Að vissu marki get ég tekið undir sjónarmið hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það verður eðlismunur á þegar lög eru sett um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem skylda alla landsmenn, jafnt launamenn sem aðra, til að greiða til lífeyrissjóða og félagslegra trygginga. Þegar þau lög voru til umfjöllunar hér á Alþingi var einmitt á þetta bent, að við værum að færa hluta skuldbindinga sem hafa verið inni í almannatryggingakerfinu yfir á lífeyrissjóðina. Þannig get ég að nokkru leyti tekið undir þetta sjónarmið. En á þessu eru ákveðnir annmarkar. Þó að í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða séu ákvæði um örorku eða tryggingar gegn örorku, að öllum félagslegum tryggingasjóðum eða sjóðum sem ber að skilgreina sem slíka beri að veita tryggingu gegn örorku, þá eru þessi ákvæði nokkuð opin. Hér segir í 15. gr. þeirra laga, með leyfi forseta:

„Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, ...“ og síðan er haldið áfram.

Hér er fjallað um það ákvæði laganna að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulífeyri ef hann verði fyrir orkutapi sem metið er meira en 50% og hefur greitt í lífeyrissjóð í tiltekinn tíma. Upphæð örorkugreiðslna og fyrirkomulag er því tiltölulega opið og útfærslan látin lífeyrissjóðunum eftir.

Innan lífeyrissjóðanna hefur á undanförnum árum farið fram mikil umræða um hversu miklu fjármagni eigi að verja í örorkutryggingar. Sumir hafa þá viljað ganga lengra en aðrir eins og gefur að skilja. Sumir hafa lagt ríka áherslu á örorkutryggingar og viljað hafa þær sem mestar, að framfylgja þessu ákvæði laganna sem allra best fyrir þann sem verður fyrir örorku. Aðrir hafa viljað setja peningana í annað, t.d. hærri ellilífeyri, hærri barnalífeyri eða aðra þætti lífeyrissjóðsins. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi kannski nefna og þá sem mótvægi við þeim rökum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal setti hér fram. Ef við höldum því ákvæði inni í lögunum, sem hér er gerð tillaga um að breyta, þá mun það óneitanlega draga úr hvatningu lífeyrissjóðanna til að hafa þessar örorkutryggingar sem allra hæstar og traustastar.

Í annan stað vil ég taka undir það sjónarmið að þrátt fyrir þá staðreynd að lífeyrissjóðirnir gegni þessu lögboðna hlutverki, og ég ætla ekki að gera lítið úr því, tryggja menn sig gegn örorku, gegn slysum og sjúkdómum, einnig á einkamarkaðnum. Þær greiðslur sem einstaklingurinn kemur til með að fá úr slíkum sparnaði koma ekki til frádráttar skaðabótum. Þetta er kannski mergurinn málsins, að menn eru þarna að mismuna sparnaðarformum. Það segi ég þó með þeim fyrirvara sem ég hef haft á varðandi hið lögbundna hlutverk lífeyrissjóðanna.

Sama gildir um sjúkrasjóði. Sjúkrasjóðirnir eru náttúrlega ekki lögbundnir, að því er ég best veit, þeir eru samningsbundnir og mjög misgóðir. Þannig hafa t.d. sjúkrasjóðir ekki

tíðkast hjá opinberum stofnunum, þar hefur veikindaréttur verið með öðrum hætti. Hið sama gildir um sjúkrasjóðina og lífeyrissjóðina, að þeir starfa á mismunandi forsendum og samkvæmt mismunandi reglum þótt það kunni að vera rangt hjá mér að þeir eigi ekki stoð í lögum. Ég skal ekki alveg um það segja en það gildir þá um launafólk. Atvinnurekandinn, sá sem er ekki launamaður á markaði, mundi tryggja sig á samsvarandi hátt hjá fjármálafyrirtækjum og greiðslur sem hann fengi úr slíkri tryggingu kæmu ekki til frádráttar samkvæmt skaðabótalögum.

Á þessum forsendum lýsi ég stuðningi við þetta frv. en hef þó á þessu þann fyrirvara að við erum að færa okkur yfir í nýtt fyrirkomulag og að því leyti tek ég undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram við umræðuna. En ég styð þetta frv.

[13:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir málefnalega ræðu. Það er rétt hjá honum að örorkulífeyrir er mismunandi hjá lífeyrissjóðunum, afskaplega mismunandi. Þar vil ég nefna Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem er með tiltölulega lágan örorkulífeyri, hann er ekki með framreikning. Einnig er staða lífeyrissjóðanna afskaplega mismunandi vegna þess að þeir hafa mismunandi aldurssamsetningu og þeir eru ekki með lífeyrisréttindi sem háð eru aldri og kyni, sem þyrfti að vera. Þetta eru vankantarnir og auk þess er ekki tekið fram í lögunum um lífeyrissjóði hver örorkulífeyririnn skuli vera.

Mér finnst hins vegar brýnt, þegar búið er að setja lög um að skylda alla Íslendinga til að vera í lífeyrissjóði og í sjúkrasjóði, það er líka lagaskylda, að tekið sé á því hvaða réttindi þeir eigi að lágmarki að fá. Það er gert í lögunum um lífeyrissjóði, en er dálítið opið gagnvart örorkulífeyri. Það þyrfti að skerpa á því ákvæði þannig að þar sé ákveðið lágmark og það lágmark verði þá tekið inn í skaðabótalögin sem lágmark og að fullu til frádráttar.

Í skaðabótalögunum mundi ég vilja lækka ávöxtunarkröfuna, sem þar er 4,5%, jafnvel niður í 3% eða jafnvel, herra forseti, hætta með eingreiðslur í skaðabótalögunum og taka upp samtímagreiðslur, þ.e. lífeyri sem kæmi fólki mikið betur. Ég hef rekist á mörg dæmi um að menn hafi lent í slysum og eytt upphæðinni snarlega í vitleysu og síðan verið illa tryggðir gagnvart örorku.

Ég vil endurtaka þakkir mína til hv. þm. um málefnalega ræðu. Þetta eru atriði sem mér finnst að hv. Alþingi þurfi að fjalla um en það er þannig, herra forseti, að það er Alþingi sem setur lög hér á landi.

[13:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom varðandi lífeyrissjóðina að þeir eru með mismunandi örorkutryggingar. Ég gerði það reyndar að umfjöllunarefni. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vísaði sérstaklega í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að örorkutryggingarnar þar væru slakari. Það er rétt en það á við um svokallaða B-deild sjóðsins. Þar eru tryggingarnar lakari en almennt gerist hjá lífeyrissjóðum að því leyti að einstaklingur sem slasast eða verður fyrir orkutapi utan vinnu á ekki sama rétt og gerist í öðrum lífeyrissjóðum. Þetta hefur hins vegar verið lagfært í A-deild sjóðsins, og á við um alla nýja starfsmenn, þ.e. þá sem hafa komið inn í sjóðinn frá því að ný lög tóku gildi í ársbyrjun árið 1997. Hitt er alveg rétt að í hinum sjóðnum eru þessi kjör lakari.

Varðandi meginefni í málflutningi hv. þm. Péturs H. Blöndals, að það væri eðlilegt að skerpa á lágmarkskvöðum á lífeyrissjóði varðandi örorku, þá vil ég taka undir það. Mér fyndist koma til álita að skoða í því samhengi frádrátt vegna greiðslna sem allir landsmenn lögum samkvæmt þurfa að inna af hendi. Við búum ekki við slíkt fyrirkomulag núna.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða mál sem lýtur að skaðabótarétti og tryggingarétti, hvernig það tengist saman og hvernig það hefur verið meðhöndlað við uppgjör bóta.

Tilefni þess að ég kem hér upp er að ég styð frv. sem hér er verið að ræða en þó alveg sérstaklega vil ég leiðrétta ákveðin ummæli hv. þm. Péturs H. Blöndals í morgun sem ég tel röng og vil láta koma fram hvað ég tel rétt í málinu.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði í umræðunni í morgun að allir greiddu 1% af launum í sjúkrasjóði stéttarfélaga. Ég vildi að satt væri. Því miður er þetta rangt. Í kjarasamningum sjómanna greiða þeir í sjúkrasjóð 0,7% af kauptryggingunni. Kauptrygging háseta í þessu tilviki er rúmar 85 þús. kr. á mánuði og skipstjóra 127 þús. kr. á mánuði. Það er því rangt að allir greiði í sjúkrasjóði 1% af launum sínum. Því miður er þetta svona enn þann dag í dag.

Þetta vildi ég láta koma fram alveg sérstaklega vegna þess að oft hefur verið rætt um það, hefur m.a. komið fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, að allir ættu orðið nokkuð góðan rétt í lífeyrissjóðum og hefðu nokkuð góð réttindi sem ættu að tryggja þeim 60–70% af launum sínum. Því miður er það ekki svo enn, a.m.k. þori ég að fullyrða að margur elli-lífeyrisþegi og margur lífeyrisþegi sem hefur verið sjómaður fer ekki nálægt þeirri upphæð, því miður. Það liggur í því að greiðslur af sjómannsstarfinu inn í lífeyrissjóðina voru löngum einungis miðaðar við kauptrygginguna en ekki af heildarlaunum. Þetta er einn anginn af því sem enn situr inni í kjarasamningum, að sjómenn greiða ekki af heildarlaunum í sjúkrasjóði eins og flestar aðrar ef ekki allar aðrar stéttir. Þetta er því miður enn þá inni í kjarasamningi og hefur ekki fengist leiðrétt. Þetta er m.a. eitt af þeim málum sem sjómenn hafa reynt að sækja í gegnum kjarasamninga sína. Þrátt fyrir að Alþingi hafi sett lög á sjómannasamninga árum saman hefur Alþingi aldrei sýnt viljann í verki með að taka þessi ákvæði inn og gera sjómennina að þessu leyti jafnsetta öðrum launþegum.

Þetta vildi ég að kæmi fram og ég tel að ekki sé of oft vakin athygli á þessu. Menn eru greinilega að halda annað og eru að flytja mál sitt líkt og málið sé með öðrum hætti og þess vegna vildi ég leiðrétta þetta.

[13:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að sjómenn eru sér á báti og ýmsir aðrir hópar, t.d. opinberir starfsmenn. Þeir eru líka sér á báti, bæði gagnvart sjúkrasjóði og örorkulífeyri.

Í stuttu andsvari getur maður ekki komið inn á alla þætti í því óskaplega flókna kerfi sem við höfum í dag. Ég setti því fram almenna fullyrðingu um að öllum bæri að greiða 1% af launum í sjúkrasjóði, sumir greiða reyndar meira, burt séð frá því hvort þörf sé á því eða ekki. Það er svo merkilegt, ég veit til þess að t.d. hjá verslunarmönnum var búið að semja um bætur fyrir sjúkdóma þegar lögin voru sett, einhverja nóttina hérna í félagsmálapakka fyrrverandi ríkisstjórnar, um að allir skyldu borga 1% af launum í sjúkrasjóði. Lögin

um skylduaðild að sjúkrasjóðum eru með fádæmum. Það stendur bara að menn eigi að borga 1% í sjúkrasjóð en ekki nokkur skapaður hlutur um hvað eigi að gera við peningana. Það er ekki einu sinni markmið í lögunum. Það eina sem menn geta ályktað út frá er nafnið á fyrirbærinu, sjúkrasjóður á að tryggja, sjúkra-eitthvað.

Þetta er dæmi um óskaplega lélega uppbyggingu á velferðarkerfi. Hér hefur maður aftur og aftur heyrt umræðu þar sem menn gleyma þessum þætti velferðarkerfisins sem 1% af launum velflestra landsmanna rennur til. Menn gleyma jafnvel líka lífeyrissjóðunum, með 700 milljarða í sjóðum sínum, í umræðunni um velferðarkerfið. Ég held að brýnt sé að menn taki á því að gera kerfið skilvirkara og betra og það sem mest er um vert, að gera það einfaldara.

[13:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að lífeyrissparnaður fólks sé sparnaður, alveg eins og annar sparnaður sem fólk leggur fyrir. Þó að hann sé lögbundinn er það einfaldlega þannig að lágtekjufólk hefur yfirleitt ekki miklu meiri afgang til að leggja fyrir en bara lífeyrissparnaðinn og e.t.v. þá peninga sem því tekst að festa í fasteignum á ævinni. Uppistaðan verða svo þessar lífeyrisgreiðslur af lágum tekjum og hins vegar eignir þeirra. Þetta held ég sé hin almenna regla hjá fólki sem er með tiltölulega lágar tekjur. Það leggur ekki mikið fyrir umfram þetta enda hefur það yfirleitt ekki efni á því.

Varðandi sjúkratryggingasjóði stéttarfélaganna hafa þeir allir sérstakar úthlutunarreglur. Ég veit ekki betur en að atvinnurekendur eigi aðild að stjórnun sjúkrasjóðanna ef þeir kjósa svo. Í gegnum tíðina í starfi mínu í Farmanna- og fiskimannasambandinu í 17 ár varð ég aldrei var við að sjúkrasjóðirnir væru notaðir öðruvísi en til þeirra verkefna sem þeir voru ætlaðir til.

Ég held að greiðslurnar í sjúkrasjóði hafi eingöngu þjónað félagsmönnum í tryggingalegu tilliti, þá vegna sjúkdóma og líka þess að þeir hafi þurft að fara í sérstaka meðferð, t.d. vegna áfengis, eiturlyfja eða annars slíks.

[13:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ríkið skyldar alla landsmenn til að borga í lífeyrissjóð til þess að þeir séu tryggðir, verði þeir fyrir áföllum, örorku, dauða eða verða mjög gamlir, þá er það trygging sem ríkið ætlast til að menn hafi. Ekki er hægt að bera þann sparnað saman við frjálsan sparnað sem menn ákveða að spara af eigin hvötum í stað þess að eyða peningunum. Þeim sparnaði sem hér um ræðir er þannig ætlað að veita ákveðna tryggingu. Sú trygging sem hér er um að ræða er skyldutrygging, er þannig stór hluti af velferðarkerfi okkar. Ég bendi á að lífeyrissjóðirnir borga jafnmikið í bætur og Tryggingastofnun á ári hverju, 15 milljarða.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um verkefni sem sjúkrasjóðunum er ætlað að sinna er það akkúrat það sem ég benti á. Þeir hafa ekkert verkefni. Það stendur ekkert í lögunum um skylduaðild þar sem atvinnurekendur eru skyldaðir til að greiða 1% af launum starfsmanna inn í sjúkrasjóði. Til hvers á að nota peningana? Sjúkrasjóðirnir hafa flestir notað þetta, eins og hv. þm. kom inn á, til að bæta mönnum kostnað vegna sjúkdóma, jafnvel ferðir til Reykjavíkur eða eitthvað slíkt, sumir sjúkrasjóðirnir úti á landi hafa keypt íbúðir í Reykjavík fyrir fólk til að búa í þegar það þarf að leita sér lækninga. Aðrir hafa farið þá leið að fara í önnur verkefni, t.d. fæðingarorlof. Þar nefni ég sjúkrasjóð LV, þ.e. verslunarmanna. Menn hafa enga leiðsögn í lögunum um til hvers eigi að nota peningana, nema nafnið eitt, sjúkra-eitthvað.

[13:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, sjúkra-eitthvað. Það er einmitt það markmið sem sjúkrasjóðirnir standa fyrir. Þeir setja sér starfsreglur og ég veit að þær reglur eru til. Hv. þm. ætti mjög auðvelt með að útvega sér þær ef hann vildi kynna sér þær. (**PHB:** Nei, það er erfitt að fá þær.) Á hann það ekki? Þá vil ég mælast til þess úr þessum ræðustól að þau stéttarfélög sem heyra á mál okkar sendi hv. þm. reglugerðir sínar um sjúkrasjóði og styrktarsjóði þannig að honum gefist kostur á að kynna sér eftir hvaða reglum er unnið svo að það fari ekkert á milli mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 48. mál (erlendir makar íslenskra ríkisborgara). — Þskj. 48.

[13:55]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo: Veita ber útlendingi, sem er maki íslensks ríkisborgara, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein."

2. gr. hljóðar svo:

„Síðari málsliður a-liðar 13. gr. laganna fellur brott."

3. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 41/2000, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Með 1. gr. þeirra laga var mökum Íslendinga veitt undanþága frá því að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Það var sem sagt sett inn í lögin, herra forseti, ákvæði sem menn voru sammála um að væri réttarbót fyrir þá útlendinga sem giftir voru íslenskum ríkisborgurum. Þrátt fyrir þá réttarbót sem í þessu fólst er staða erlendra maka íslenskra ríkisborgara eftir sem áður sú að ef hjúskap lýkur af einhverjum orsökum stendur erlendi makinn eftir án atvinnuleyfis. Þar sem atvinnuleyfið er háð hjúskap útlendingsins með Íslendingi þarf hann að sækja um atvinnuleyfi eins og hver annar erlendur starfskraftur sem sækir um slíkt leyfi í fyrsta sinn ef hjúskapnum lýkur. Hér er því um nokkurs konar þvingun að ræða sem hefur þau áhrif að útlendingur stendur ekki jafnfætis íslenskum maka sínum og leggur jafnvel ekki út í skilnað af hættu við að missa atvinnuleyfið og verða hugsanlega vísað úr landi. Einnig setur þetta ákveði útlending í mjög erfiða stöðu við fráfall íslensks maka.

Nú ber að geta þess að það er mjög algengt — ég geri ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem eru í þessari stöðu séu konur.

Staða þeirra er náttúrlega mjög erfið gagnvart íslenska makanum, bæði við fráfall hans og einnig ef þeir kjósa að ljúka hjúskapnum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita erlendum mökum íslenskra ríkisborgara óbundið atvinnuleyfi í stað þess að þeim verði veitt undanþága sem félli niður við lok hjúskapar. Þannig þarf erlendur maki ekki að uppfylla skilyrðin í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna um að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár, að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi til að ráða hann til vinnu og að hann hafi öðlast ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi. Atvinnuleyfið verður óbundið og ekki háð hjúskap útlendingsins með Íslendingi til frambúðar.

Jafnframt er lagt til að ákvæðið sem sett var inn í lögin á 125. löggjafarþingi um undanþágu frá því að sækja um atvinnuleyfi verði fellt brott þar sem það verður óþarft nái frumvarpið fram að ganga.

Herra forseti. Það er alveg ljóst í hvaða stöðu þeir útlendingar eru sem missa maka sína eða hætta hjúskap eins og lögin eru í dag. Þeir standa uppi án atvinnuleyfis, hafi þeir ekki fyrir sótt um atvinnuleyfi, og standa sem sagt mjög illa að vígi. Þeir eru mjög óöruggir um framtíð sína, sérstaklega þeir sem eru í erfiðu hjónabandi og vilja skilja við maka sinn. Ég vakti athygli á því áðan að það eru að stórum hluta konur sem eru í þessari stöðu.

Eins og menn þekkja þarf að sækja um atvinnuleyfi sérstaklega og atvinnurekandi þarf að ábyrgjast t.d. heimflutning að starfstíma loknum. Það þarf að liggja fyrir að útlendingurinn muni búa í viðunandi húsnæði o.s.frv. Um það gilda ákveðnar reglur. Nú veit ég, herra forseti, að þessi breyting, sem auðvitað var hugsuð sem réttarbót og var það í rauninni, setur útlendinginn í erfiða stöðu við ákveðnar aðstæður. Þeir lögfræðingar sem hafa fjallað um þessi mál, bæði hjá Vinnumálastofnun og útlendingaeftirlitinu hafa velt fyrir sér hvernig bregðast eigi við þessari stöðu.

Þar sem hæstv. félmnrh. er hér viðstaddur, þá hefði ég gjarnan viljað heyra hans afstöðu til málsins. Þetta er ekki stórt mál en hins vegar mikið réttlætismál fyrir útlendinga í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum. Þetta er mikið jafnréttismál einnig og jafnræðismál, þannig að menn standi jafnfætis maka sínum og hafi jafnræði gagnvart honum. Þess vegna vildi ég, herra forseti, óska eftir því að hæstv. ráðherra segði álit sitt á því að þessi breyting verði gerð á lögunum til að tryggja rétt fólks í þeirri stöðu sem ég hef lýst hér á undan.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu þá óska ég eftir því að þetta mál verði sent hv. félmn. til umfjöllunar.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á síðasta þingi var lögunum um atvinnuréttindi útlendinga breytt og inn í þau tekið ákvæði um maka Íslendinga eins og hv. þm. gat réttilega um. Ég hafði frumkvæði að því og minnir að þetta ákvæði hafi verið tekið inn að minni beiðni í hv. félmn. Það var viljandi orðað eins og það stendur í lögunum nú, þ.e. að það væri bundið við hjúskap.

Ef þetta frv. færi fram eins og það er úr garði gert hjá hv. þm. þá finnst mér að það gæti verið hætta á að menn freistuðust til að ganga í gervihjónabönd, þ.e. til þess að útvega viðkomandi atvinnuleyfi, óbundið atvinnuleyfi. Þá væri hugsanlegt, ég er nú ekki að segja að þetta sé mjög líklegur möguleiki eða nein stórhætta, að um gervihjónabönd yrði að ræða þar sem annar aðilinn væri Íslendingur.

Það vill svo til að það er nefnd að störfum við að endurskoða lögin um atvinnuréttindi útlendinga. Formaður þeirrar nefndar er skrifstofustjóri í félmrn., Sigríður Lillý Baldursdóttir. Aðrir í nefndinni eru Magnús Norðdahl, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Gissur Pétursson og Heiða Gestsdóttir frá Vinnumálastofnun. Ritari nefndarinnar er Ásta Helgadóttir lögfræðingur, ef ég man þetta rétt. Nefndin fjallar m.a. um þetta atriði. Væntanlega verður lögð til sú breyting að mögulegt sé að vikið verði frá kröfunni um að útlendingur þurfi að hafa fengið atvinnuleyfi við komuna til landsins. Sú krafa getur verið ósanngjörn. Væntanlega verður líka lögð til sú breyting að það megi víkja frá því skilyrði að útlendingur sem sækir um óbundið atvinnuleyfi hafi áður fengið tímabundið atvinnuleyfi, sé ákveðnum skilyrðum fullnægt. Í því sambandi eru m.a. til skoðunar þau tilvik þegar útlendur maki Íslendings hefur verið í hjúskap tiltekinn tíma.

Síðan verður tekið á fleiri þáttum, t.d. íslenskukennslu og samfélagsfræðslu, þ.e. að atvinnurekandi skuli hlutast til um að starfsmaður fái tækifæri til þess að sækja grunnnámskeið í íslensku og sé gert skylt að upplýsa starfsmann sinn um réttindi sín og skyldur. Starfsmaðurinn skuli og eiga kost á samfélagsfræðslu þar sem því verður við komið. Væntanlega verður líka tekið á sjúkratryggingum, þ.e. að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann um leið og hann kemur til landsins. Eins verða skýrð ákvæðin um hvernig atvinnurekandi sé ábyrgur fyrir greiðslu á heimflutningi starfsmanns að loknum starfstíma ef hann verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og enn fremur ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á.

Það verða einhver ákvæði um fjölskyldusameiningu í nýju frv. Stefnt er að því að þessari nefndavinnu ljúki í lok þessa mánaðar. Að líkindum legg ég frv. fyrir þingið í byrjun mars ef allt gengur eftir. Þá er hægt að fjalla um frv. í hv. félmn. og jafnframt frv. sem hér er til umræðu sem væntanlega verður þá fyrirliggjandi í nefndinni.

Eins og ég sagði áðan óttast ég að hægt yrði að misnota þessi hjónabandsákvæði. Ég vil líka taka það fram að út af fyrir sig er það ekki kvöl eða pína að sækja um atvinnuleyfi. Væntanlega verður tekið á því með sanngirni, t.d. ef íslenskur maki viðkomandi fellur frá. Mér dettur ekki í hug annað en að við slíkar kringumstæður verði atvinnuleyfi veitt með hraði.

[14:08]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þessi vinna sé í gangi. Ég heyri að þar er ýmislegt á döfinni sem er til bóta og eykur rétt útlendinga í þessari stöðu.

Hæstv. ráðherra talaði um að þetta hefði verið orðað viljandi eins og það er nú til að koma í veg fyrir gervihjónabönd. Þannig er með reglurnar í samfélagi okkar að það eru alltaf einhverjir sem reyna að komast í kringum þær. Mér finnst hins vegar mikið atriði að réttarstaða útlendra maka Íslendinga í þessari stöðu verði tryggð. Það er mjög mikilvægt. Við megum náttúrlega ekki láta það hefta okkur að einhverjir gætu svindlað á lögunum. Við getum örugglega tekið á því.

Ég er sannfærð um að þessi hópur sem vinnur fyrir hæstv. ráðherra muni geta tekið á þessu. Ég fagna því að þetta mál muni þá kannski fara inn í þá vinnu og menn tryggi rétt þessara útlendinga. Staðan eins og hún er nú er ekki boðleg.

Það er ekki hægt að setja þetta fólk í þá stöðu að missa atvinnuréttinn. Ég heyri að hæstv. ráðherra hefur skilning á því og vill taka á því. Við þurfum auðvitað að hafa það ljóst í lögunum að þessi réttur sé tryggður. Það er auðvitað ágætt að hafa vilyrði fyrir því að fljótt verði tekið á málum þeirra sem missa maka sinn, en það þarf auðvitað að hafa réttinn tryggðan í lögunum.

Ég fagna því, herra forseti, að þessi mál séu í þessum farvegi í ráðuneytinu og fagna vinnu hæstv. ráðherra í þessa veru.

[14:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég leyfi mér að fullyrða að nefndin sem er að endurskoða lögin gangi til verka með það fyrir augum að hafa lögin sem sanngjörnust þannig að ekki verði gengið á rétt nokkurs manns.

[14:11]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér á dagskrá þingsins er mál er varðar breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir frv. en ég er ásamt henni og fleirum einn af flutningsmönnum þess.

Ég vil byrja á að taka undir það að frv. er ætlað að stoppa í ákveðin göt og reyna að tryggja ákveðið réttlæti til handa ákveðnum hópi. Málið varðar fyrst og fremst útlenskar konur þegar um skilnað er að ræða eða fráfall maka, sem væri í þeim tilfellum Íslendingur.

Það er mikið rétt að við í félmn. tókum ekki alls fyrir löngu fyrir þessa breytingu sem gerð var varðandi undanþágu vegna maka Íslendinga. Það var strax ákveðin réttarbót en í nefndinni var rætt um framhald þeirrar vinnu. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með vinnuna í nefnd þeirri er skoðar þessi mál. Það er ekki óeðlilegt, þegar málið fer til nefndarinnar, að þetta mál verði sent til hennar þannig að hún taki tillit til þessara þátta. Ég efast ekki um að svo verði.

Ég staldra hins vegar oft við hve erfitt hefur verið — við höfum nýlega afgreitt yfirgripsmikil lög um málefni útlendinga — í umræðum um málefni útlendinga að hafa þessi mál aðskilin. Það er spurning hvort ekki ætti að skoða í framhaldinu hvort þau mál ættu ekki öll heima í einum stórum lagapakka, líka atvinnuréttindin, þannig að við höfum heildarsýn á málaflokkinn og hann verði gagnsær þannig að gott verði fyrir fagaðila að vinna með hann þegar þeir þurfa að leiðbeina þeim sem heyra undir lögin. Ég vildi gjarnan sjá þá heildarhugsun þó svo að atvinnumálin verði alltaf á ábyrgð félmrn. og Vinnumálastofnunar. Ég mundi kjósa að heildarlögin væru þannig að hægt sé að átta sig á þessu.

Ég get tekið undir það að hluta að það má ekki stoppa svo í göt að maður búi til ný. Við þekkjum hættuna á gervihjónaböndum en það er hægt að tryggja að slíkt viðgangist ekki, bæði með orðalagi og öðru, m.a. með því að hjónabandið þurfi að gilda í ákveðinn tíma. Þetta á hins vegar ekki við við fráfall maka sem er svolítið annað heldur en þegar um skilnað er að ræða, þ.e. gervihjónabönd og snöggan skilnað. Flestallir þingmenn muna eftir svokölluðum sparimerkjagiftingum ætla ég að vona sem voru á árum áður nýttar til að fólk gæti tekið út sparnað sinn og eytt honum í einhverja bölvaða vitleysu í stað þess að nýta hann í eitthvað skynsamlegt.

Þetta er ekki mjög stórt frv., hér er um réttlætismál að ræða en því er ætlað að stoppa í ákveðin göt. Hópurinn sem frv. beinist að samanstendur fyrst og fremst af konum. Þetta er spurning um að tryggja hag þeirra þannig að kerfið vinni ekki gegn þeim. Ég hef fulla trú á því að nefndin sem áður var minnst á muni skoða málið með velvilja. Það er mjög ánægjulegt að þeirri vinnu fari að ljúka og ég efast ekki um að henni sé sinnt af góðum fagmönnum.

[14:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn af meðflutningsmönnum þessa máls. Mig langar að rifja það upp við þessa umræðu að á síðasta þingi, 125. löggjafarþingi, var gerð þessi breyting á lögum um undanþágu maka Íslendinga frá því að sækja um atvinnuleyfi. Ég fór þá sérstaklega í þennan ræðustól og lofaði og prísaði hæstv. félmrh. fyrir að gera þessa lagabreytingu.

Ég hafði þá einmitt, fjóra mánuði á undan, staðið í miklu stappi út af tengdadóttur minni, ættaðri frá Filippseyjum, sem framið hafði þann höfuðglæp að koma inn í landið á gestapassa þegar hún fór að gifta sig. Þess vegna fékk hún ekki atvinnuleyfi og ekki dvalarleyfi nema hún færi a.m.k. til Danmerkur og biði þar á meðan afgreiðslan færi fram. Þetta fundust mér sérkennilegir afarkostir, sérstaklega þar sem hér var um kvenkost að ræða sem var sérstakur fengur fyrir land og þjóð að fá inn í landið að mínum dómi. En svona voru reglurnar og svo sem ekki aðeins hún sem lenti í þessu heldur hafði samband við okkur fjöldi fólks sem lent hafði í miklum hremmingum vegna atvinnuleyfa, einmitt erlendir ríkisborgarar sem voru giftir Íslendingum.

En ég sá ekki við klókindum laganna varða í félmrn. því að ég í minni villtustu fantasíu gerði mér ekki grein fyrir að þetta yrði nú þannig eftir sem áður að ef maki þessara erlendu ríkisborgara félli frá þá væru þeir þar með komnir upp á guð og lukkuna. Ég hafði nú ekki hugsað svo langt. Þess vegna gerðist ég með mikilli gleði meðflutningsmaður að þessu frv. hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur þar sem lagt er til að hnykkt verði aðeins betur á réttarstöðu útlendinga sem giftir eru Íslendingum.

Auðvitað er örlítil hætta á að í einhverjum tilfellum sé um sýndarhjónabönd að ræða og að fólk sé að gifta sig eingöngu til að gera út á það að fá atvinnuleyfi. Ég reikna með því að alltaf sé eitthvað um örlítið um það. En ég held þó að jafnvel þótt einhverjir slíkir fengju venjulegt atvinnuleyfi, þá sé það nú, eins og rifjað var upp í ágætri ræðu sem hér var haldin áður en ég kom í þennan stól, ekki alveg óþekkt athæfi meðal Íslendinga sem iðkuðu það hér á árum áður að gifta sig til að fá út sparimerkin sín og lá nú ekki mikil alvara þar á bak við. Ég held að þessi hætta sé samt svo hverfandi lítil að það sé með einhverjum aðgerðum hægt að reyna að fyrirbyggja hana og náttúrlega er mjög mikilvægt að við séum samt ekki með einhverjum of hörðum reglum að knýja fólk til að vera áfram í hjónaböndum sem eru kannski óþolandi.

Ég ætla að fagna því líka sérstaklega sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að verið er að endurskoða lög um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi vegna þess að ýmislegt í þeim lögum kom mér t.d. á óvart þegar ég fór, allt í einu orðin slíkt tengdaforeldri, að athuga þetta mál. Þá kom mér mjög á óvart hve mikil forneskja og harka þarna er á ferðinni. Þarna er í ákveðnum köflum nánast eins og um sé að ræða þrælahald, t.d. ber atvinnuveitandinn algjörlega ábyrgð á þessum útlendingi sem hér starfar og það er alveg sama hvernig hann hagar sér, útlendingurinn getur ekki skipt um starf, ekki nema með sérstöku leyfi bæði ráðuneytisins að sjálfsögðu og svo þess atvinnurekanda sem réði hann til landsins. Ég verð nú að segja að ég átti ekki von á að rekast á slíkt ákvæði

í íslenskum lögum og kom það mér satt að segja svolítið á óvart. Einnig það ákvæði að ef þetta blessaða fólk sem er að koma hér um langan veg til að vinna — og þar sem ég þekki til og hef spurst fyrir um er það að langstærstum hluta alveg afburða vinnukraftur, það er auðvitað töggur í því fólki sem kemur yfir hálfan hnöttinn til að setjast einhvers staðar að þar sem það getur fengið að vinna — að þá eru mjög hörð ákvæði t.d. um greiðslu bóta ef þessir útlendingar verða fyrir slysum á vinnustað. Það mun hafa komið upp mjög alvarlegt atvik varðandi pólska stúlku sem missti hönd í frystihúsi á Vestfjörðum, ef ég hef réttar fregnir, og hafði ekki dvalið hér í sex mánuði. Þar af leiðandi giltu ekki um hana venjulegar reglur sem gilda um þá sem lenda í vinnuslysum hér á landi. Ég held að það verði með einhverjum hætti í lögum að girða fyrir að slíkt geti komið upp, að fólk sem kemur hingað sé algjörlega réttlaust þegar slíkir atburðir verða og að sá atvinnurekandi sem er að ráða þetta fólk sé þá a.m.k. skyldugur til að kaupa sérstaka tryggingu fyrstu mánuðina ef ekki gilda almennar tryggingar í landinu um slík slys á vinnustöðum.

Ég fagna því að hin almennu lög um atvinnuréttindi skuli vera í endurskoðun. Ég bara vona að þau sýni sig hér sem fyrst. Þá fáum við tækifæri til að skoða þau. Ég hef ekki ástæðu til að efast um að þar verði um mikla réttarbót að ræða fyrir það fólk sem er að koma hingað um langan veg til að vinna fyrir okkur og sem við höfum gríðarlegan hag af að fá hingað til lands. Hagfræðingar hafa sagt við mig að sá hagvöxtur sem hefur verið hér á undanförnum árum sé ekki síst fyrir tilstuðlan þessa erlenda vinnuafls sem við höfum fengið til landsins.

[14:22]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau varnaðarorð sem fram komu hjá hæstv. félmrh. áðan um þessi ákvæði, þ.e. að það sé ekki mikið mál fyrir erlenda aðila að ganga hér í hjónaband og öðlast þar um leið íslenskan borgaralegan rétt. Það gerist bara ekki svona annars staðar. Ég held að Íslendingar hafi ekki á móti því að taka á móti erlendu vinnuafli. Ég held að það þurfi auðvitað fyrst og fremst að aðlaga sig skjótt að íslenskum aðstæðum.

Ég minnist þess eftir að hafa setið í heilbr.- og trn. í átta ár að oft hafi komið upp á borðið mál þar sem erlendir aðilar sem komu hingað til lands drógu við sig að fara í heilbrigðisskoðun þangað til þeir höfðu gengið í hjónaband til þess að þurfa ekki að borga svo og svo háa upphæð fyrir heilbrigðisskoðun sem er eðlilegt að gerð sé áður en til hjónabands er stofnað. Það var vandamál sem við stóðum frammi fyrir. Og annað er það sem allt í einu er núna farið að snúast upp í andhverfu sína og varðar fólk sem kemur hingað til lands og slasast á fyrstu sex mánuðunum og á engan rétt í heilbrigðiskerfinu. Það eru ekki mörg ár síðan fólk talaði um að hingað kæmu Íslendingar sem hefðu verið búsettir erlendis um áratuga skeið til þess að njóta læknisþjónustu hér. En skattborgarar sem fyrir voru mótmæltu þessu og sögðu: Hvers vegna eigum við að borga skatta í heilbrigðiskerfið hér og síðan kemur fólk sem býr erlendis og borgar enga skatta eða skyldur hingað en nýtur góðs af því? Það var borgari sem mótmælti þessu og þess vegna var þessu m.a.a breytt í heilbr.- og trn. og því kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir nú að af því að það er útlendingur sem hefur lent í slysi, átt bágt og atvinnurekandinn hafði ekki tryggt hann, þá eigi allt í einu að fara að breyta þessu kerfi aftur. (**BH:** Þetta er rangt.) Nei, þetta mál snýst ekki um það en þetta var m.a. það sem síðasti hv. ræðumaður kom inn á.

[14:24]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta andsvar kom satt að segja á skjóttum og snerti lítið það mál sem hér er til umræðu. En ég vil samt þakka fyrir það því það gefur mér tækifæri til að koma inn á þessi mál og skýra þau nokkuð nánar fyrir hv. þm.

Allir sem koma inn í landið, a.m.k. frá hinum svokallaða þriðja heimi, verða að fara í gegnum heilbrigðisskoðun áður en þeir fá atvinnuleyfi. Það er þannig. (Gripið fram í.) Þeir fá því ekki atvinnuleyfi og ekki skattkort og ekki neitt fyrr en þeir eru búnir að fara í gegnum mjög viðamikla heilbrigðisskoðun og það er vel. Það er hins vegar svolítið vandamál að sú heilbrigðisskoðun gengur mjög hægt fyrir sig. Það þyrfti kannski að liðka þar aðeins fyrir og smyrja hér og þar.

Svo er annað. Hann er að bera saman fólk sem er hér að vinna og borga skatta og skyldur, rétt þeirra og einhvers fólks sem er búsett erlendis og er svo að koma hingað og vill e.t.v. fæða börnin sín hér ókeypis. Ég er að tala um fólk sem er hérna að vinna, sem er hér í fullri vinnu og borgar skatta af hverri einustu krónu til íslenska samfélagsins. Ef við höfum um það einhverjar reglur að þetta fólk eigi ekki rétt í okkar kerfi fyrr en eftir svo og svo langan tíma — auðvitað geta verið slíkar reglur, ég er ekki að segja það — þá verða líka að vera um það reglur að þeir sem ráða þetta fólk verði að tryggja það, þeir verði að tryggja það með öðrum hætti. Það var það sem ég var að segja.

[14:26]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður hélt því fram að það sem ég hefði sagt hér snerti ekki þetta mál. En síðasti ræðumaður kom inn á þetta í ræðu sinni og það var það sem ég var að gera athugasemdir við. Það er rétt að þetta snertir ekki þetta mál en óbeint snerti það auðvitað málið. Ég tek alveg undir með hv. síðasta ræðumanni að auðvitað sé eðlilegt að leggja þær skyldur á atvinnurekanda að hann fái ekki heimild til þess að ráða þetta erlenda fólk fyrr en hann sýni fram á að hann hafi tryggt það. Ég tek alveg undir það. Hins vegar var ég að fara aftur í þá sálma þegar þetta var svona og eins líka varðandi heilbrigðisskoðunina. Hún var ekki framkvæmd svona. Sem betur fer hefur þetta breyst fyrir fólkið sem er að koma hingað og fyrir okkur sem fyrir erum.

Í annan stað vildi ég líka geta þess að ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að ég tek undir það með félmrh. að við eigum að ganga hægt í þessu máli, mjög hægt vegna þess að ég held og efast um að það séu fordæmi fyrir þessu með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um í þessu frv. um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Ég vara því við þessu máli og get þess vegna ekki stutt það.

[14:28]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög miður að við skulum ekki geta fengið stuðning hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar við þetta einfalda réttlætismál því ég verð að segja að mér fyndist það alla vega mjög sorglegt ef einhver stúlka — því þetta eru nú mjög oft stúlkur þótt svo sé ekki alltaf — einhver sem kemur hingað og giftir sig og missir maka sinn, missi þar með atvinnuleyfið og verði að hrökklast úr landi svo fljótt sem auðið er. Mér fyndist það mjög sorglegt.

Hins vegar vil ég taka undir eitt sem hv. þm. sagði. Hann talaði um nauðsynlegt væri að útlendingar sem kæmu hingað til að vinna legðu sig fram við að aðlaga sig íslenskum aðstæðum. Ég vil taka undir það. Það er mjög nauðsynlegt að gera þá kröfu að útlendingar sæki alla vega grunnnám eða eitthvert frumnám í íslensku. En við þurfum þá líka að gera þá kröfu til atvinnurekenda, verkalýðsfélaganna og ríkisins í sameiningu að þeir sjái um að þetta nám sé í boði fyrir alla þá útlendinga sem í hlut eiga, því sumt af þessu fólki er verið að ráða á staði þar sem ekki hefur reynst mögulegt að bjóða upp á slíkt. Og það er mjög miður.

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að það komi hér fram út af orðum hv. síðasta ræðumanns sem þótti lög nr. 133 um atvinnuréttindi útlendinga vera forneskjuleg, að þessi lög eru frá 21. desember 1994 og þá var félmrh. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ég ber því út af fyrir sig ekki ábyrgð á þeirri forneskju að hafa sett lögin svona.

Ég tel hins vegar að ábyrgð atvinnurekandans á starfsmanni verði að vera skýr. Óhjákvæmilegt er að hann hafi skyldur við starfsmann sinn sem hann fær utan úr heimi. Og m.a. þess vegna beitti ég mér fyrir því að nektardansmeyjar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins yrðu að fá atvinnuleyfi hér, vegna þess að við höfðum dæmi um það af því þær komu hingað sem listamenn eða voru flokkaðar sem slíkar, að næturklúbbaeigendur höfðu farið illa með einstaklinga sem þeir fengu hingað til að skemmta. Þær voru réttlausar, þær voru mállausar og bjargarlausar. Það var auðvitað ekki hægt.

Það hefur komið fyrir, því miður, að atvinnurekendur eða þeir sem fengið hafa atvinnuleyfi handa útlendingum hafa ekki staðið við það eða ekki getað staðið við það að láta þá hafa vinnu út ráðningartímann. Til dæmis eru nokkur dæmi um gjaldþrot, ég man eftir einu stóru gjaldþroti í fyrirtæki þar sem margir útlendingar voru að störfum og Vinnumálastofnun gekk í það að útvega þeim vinnu annars staðar, þá á öðru leyfi, þ.e. þannig að þeir gætu endað ráðningartíma sinn hér á landi.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að við erum háð þessu erlenda vinnuafli og við eigum að bjóða það velkomið. Það eru líklega um 3.000 útlendingar að störfum hér núna með atvinnuleyfi, þ.e. sem eru ríkisborgarar landa sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins, og svipaður hópur af borgurum af Evrópska efnahagssvæðinu sem ekki þurfa nein atvinnuleyfi og hafa sama rétt og við hér á landi.

Margt af þessu fólki er að setjast hér að. Það sýnir náttúrlega að því líður ekki illa og ekki er farið illa með það. Ég lét athuga fyrir nokkru hvað hefði orðið um þá sem fengu tímabundin atvinnuleyfi fyrir fjórum árum. Tekinn var hópur sem fékk atvinnuleyfi fyrir fjórum árum. 40% af þeim voru hér enn. Það segir manni að þetta fólk ætlar að vera um kyrrt og setjast hér að.

Ég vil láta þess getið og undirstrika sérstaklega að við eigum og þurfum að sinna þessu fólki miklu betur en við höfum gert og aðstoða það með skilvirkari hætti en við höfum gert, rjúfa einangrun þess, styðja það eftir því sem við mögulega getum til þess að verða gjaldgengir borgarar í samfélaginu, þ.e. geti tekið fullan þátt í samfélaginu, m.a. með íslenskukunnáttu o.s.frv. Í byrjun mars tekur nýbúamiðstöð til starfa á Ísafirði sem ég vænti að eigi eftir að vaxa og dafna og skila góðu verki.

[14:35]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hefur farið fram um þetta litla frv. sem þó felur í sér mikla réttarbót fyrir afmarkaðan hóp. Ég er sannfærð um að umræðan er gott veganesti, bæði fyrir félmn. sem mun fjalla um þetta þingmál og sömuleiðis nefnd hæstv. ráðherra sem er að vinna að endurbótum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Ég get tekið undir það sem kom fram í umræðunni að mikilvægt er að það sé heildarsýn yfir málefni útlendinga og atvinnumálin komi þar inn í.

Einnig er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að þörf er fyrir þennan vinnukraft og þetta er yfirleitt mjög dugmikið fólk sem kemur hingað til vinnu. Ég veit eiginlega ekki hvernig staðan væri t.d. í ýmissi félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustunni ef við hefðum ekki alla þessa útlendinga sem hafa komið hingað og vinna þar mjög mikilvæg störf.

Aftur á móti eru auðvitað margir þættir sem þarf að huga að eins og hæstv. ráðherra kom inn á og fleiri hér í umræðunni. Sinna þarf þessum hópi betur og það þarf að sjá til þess að hann sé tryggður. Við getum ekki horft fram hjá því. Sé hann ekki tryggður samkvæmt íslenskum lögum þarf að sjá til þess að hann hafi sínar tryggingar.

Hæstv. ráðherra kom inn á það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefði sem ráðherra sett þessi lög. Það er nú svo með ýmsa lagasetningu að hún verður úrelt á skömmum tíma og þarf auðvitað að vera í stöðugri endurnýjun. Og bara umræðan um málefni útlendinga, réttindi þeirra og annað er varðar útlendinga á Íslandi hefur auðvitað kallað á það að við skoðum þessi mál og hefur breytt afstöðu fólks til þessa hóps og menn eru farnir að leggja meiri áherslu á réttindamál þeirra.

Mér fannst á aðalfundi Vinnumálastofnunar í vetur öll sú úttekt mjög athyglisverð sem gerð hefur verið á málefnum útlendinga á Íslandi. Hæstv. ráðherra benti á að 40% af þeim sem voru hér fyrir fjórum árum væru hér enn og það segir að fólki líður vel.

Aftur á móti verð ég að nefna vegna ummæla hv. þm. Sjálfstfl. sem talaði hér fyrr í umræðunni að þeir aðilar sem þetta frv. varðar eru hér að vinna án þess að vera með atvinnuleyfi vegna þess að þeir eru með undanþágu. Þeir eru því að störfum, hafa sem sagt leyfi til að vinna hér án þess að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Og það er það sem einmitt hefur verið bent á í þessu máli að það væri e.t.v. affarasælla, og við teljum svo vera, að þeir fái óbundið leyfi frekar en að vera á undanþágu vegna þess að við hjúskap er viðkomandi útlendingur án nokkurs leyfis til að vinna á Íslandi og stendur mjög illa að vígi við fráfall maka eða við skilnað. Ef við hugsum um gervihjónabönd eða hagkvæmnishjónabönd eins og við höfum aðeins verið að ræða um, þá getur þessi lagagrein eins og hún er í dag kallað á það líka að fólk komi hingað og gifti sig til að geta unnið án þess að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Það eru því vissulega margar hliðar á þessum málum.

En hæstv. ráðherra hefur sagt hér í umræðunni að til standi að bæta stöðu þessa fólks. Það þurfum við að gera það. Við flutningsmenn frv. teljum nauðsynlegt að bæta réttarstöðu útlendinga. Ég er á því að það verði að gera á þann veg sem við leggjum hér fram, þ.e. að þeir fái óbundið leyfi þannig að þeir standi ekki illa að vígi við að hjónabandi ljúki. Ég vil einnig ítreka að þetta eru mestmegnis konur, þetta er því

jafnréttismál. Og þetta er til að bæta stöðu útlendra kvenna á Íslandi sem starfa hér.

Herra forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þessa ágætu umræðu og er sannfærð um að þessu máli verður vel tekið í nefndinni og gerðar verði breytingar á lögum til hagsbóta fyrir þær konur og alla sem þetta mál varðar, þ.e. útlendinga sem eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum og því hjónabandi lýkur, þannig að réttur þeirra verði tryggður við lok hjónabands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður aldraðra, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 117. mál. — Þskj. 117.

[14:40]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Hér er lögð fram þáltill., ekki í fyrsta sinn, á þskj. 117, 117. mál, um umboðsmann aldraðra.

Meðflutningsmenn mínir að þáltill. eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir, Stefanía Óskarsdóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Þáltill. hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Í greinargerð segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra, um 4.000 manns, á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk þessara hjúkrunar- eða vistheimila að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir starfsfólk vist- og hjúkrunarheimila að geta vísað þeim til umboðsmanns komi slíkar deilur upp.

Eftir því sem þeim fjölgar sem komast á eftirlaunaaldur vex þörfin fyrir sérhæfðari öldrunarþjónustu og allar líkur eru á að sama þróun verði hér og í öðrum löndum, að upp vaxi ný atvinnugrein sem leitast við að sinna þeim óskum aldraðra sem ekki er komið til móts við af hálfu hins opinbera. Löggjafanum ber að setja lagaramma um slíka starfsemi þar sem kveðið verði á um þau skilyrði sem einkaaðilum og opinberum aðilum, sem starfa að þessum málum, ber að uppfylla. Með heildarlöggjöf um umönnun aldraðra væri lagður grunnur að því að þeir sem kaupa öldrunarþjónustu fái þá þjónustu sem þeir vænta og þá þjónustu sem þeir eru að greiða fyrir.

Umboðsmanni aldraðra væri einnig ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum sem snerta aldraða.

Eins og ég sagði, herra forseti, er þetta ekki í fyrsta sinn sem þessi þáltill. er lögð fram. En segja má að fram hafi komið frá fjmrn. við athugasemdir um þessa þáltill. varðandi kostnaðarhliðina, að fjmrn. lítur svo á að kostnaður mundi verða um 10 millj. kr. á ári vegna umboðsmanns og þeirrar skrifstofu sem hann kynni að reka.

Margt hefur komið fram frá því ég og hv. meðflutningsmenn mínir lögðum þáltill. fram fyrir um þremur árum sem sýnir fram á að hér er um mikið þarfamál að ræða. Til dæmis spurði ég hæstv. viðskrh. ekki alls fyrir löngu hverjar innstæður væru á sparisjóðsbókum sem ekki hafa hreyfst á sl. 15 ár. Og enn fremur hve háar upphæðir væru á almennum sparisjóðsbókum sem væru undir venjulegri ávöxtun.

Í svari viðskrh. kom m.a. fram að almennar sparisjóðsbækur sem ekki hafa hreyfst sl. 15 ár væru á fjórða þúsund og þar væru innstæður yfir 30 millj. Jafnframt var talað um að 216 þúsund bækur væru orðnar 20 ára og eldri og væru komnar á sérstakan biðreikning, og þar væri upphæðin tæpar 70 millj. sem ekki hefði verið hreyft við. Það er því mjög sérstakt þegar litið er til þessa máls. Enn fremur kemur það ekki fram sem kannski skiptir máli og það er að margir aldraðir stofna til sérstakra bankabóka, hafa jafnvel gert það á sínum ungdómsárum og ekki fylgt eftir þeirri þróun og þeim sífelldu breytingum sem bankar og sparisjóðir hafa verið að gera í tímans rás, t.d. hvað áhrærir vaxtabreytingar o.s.frv. Við þekkjum trompbækur, gullbækur og hvaða nafni þær allar nefnast. Það er enginn til þess að fylgjast með þessu. Enginn er til þess að gefa öldruðum góð ráð sem halda e.t.v. tryggð við eitthvert ákveðið númer bankabókar.

Í annan stað, herra forseti. Ég gat um það áðan að núna væru tæp 4.000 vistrými á hjúkrunar- og dvalarheimilum og þeim á eftir að fjölga. Miklar umbreytingar hafa orðið í þjóðfélaginu. Margt fólk á eignir, bæði fasteignir og peninga og það er enginn sem gætir hagsmuna þeirra þegar aldurinn segir til sín og minni brestur og geta til þess að hugsa um sín eigin fjármál. Þá eru það bara ættingjarnir. Og oftar en ekki hefur það komið upp að ættingjar hafa sótt á eignirnar, leitað jafnvel til starfsfólks hjúkrunarheimila og beðið það um að skrifa undir og ganga frá kvittun þar sem staðfest væri að hinn aldraði sem væri að ganga frá erfðaskrá sinni væri alheill. Og það gerist kannski eftir ítrekaðar tilraunir að sá aldraði gefst upp og beygir sig fyrir því sem aðrir vilja án þess að raunverulegur vilji sé fyrir hendi. Hvert á sá aldraði að leita? Til starfsstúlkunnar á hjúkrunarheimilinu? Til læknisins? Eða hvert?

Það ber líka dálítið á öðru. Nú um nokkurn tíma hefur sá háttur verið hafður á hjá ágætum félagsskap eins og Krabbameinsfélaginu o.fl., sem sent hefur út bréf til fólks að boðað það til krabbameinsskoðunar, að því er hætt þegar viðkomandi aðili verður sjötugur. Kona sem hefur farið reglulega í brjóstakrabbameinsskoðun, er ekki lengur boðuð þegar hún er orðin sjötug. Hins vegar veit ég og hef kynnt mér það að allar dyr standa opnar fyrir þeim sem vilja leita þangað. En af hverju skyldi bréfasendingum vera hætt? Er það eðlilegt?

Í nýjum lögum um réttindi sjúklinga stendur að ekki skuli mismuna fólki eftir kyni eða búsetu. Þar stóð áður: eða aldri.

Það var tekið út úr lögunum, því miður, og talið að þess þyrfti ekki. Nokkur upptalning er á því hverjir skuli njóta réttarins en samt sáu menn ástæðu til þess að taka út þetta ákvæði varðandi aldurinn.

Fram kom í umræðum hér áðan réttleysið sem útlendingar ættu við að búa ef þeir væru búnir að vera skemur en sex mánuði á Íslandi. Hvernig er staða aldraðra sem hyggjast búa á erlendri grund í sex mánuði eða eru u.þ.b. sex mánuði erlendis en koma svo hingað heim aftur? Hver er þeirra réttarstaða? Er hún ekki sú sama og hjá útlendingunum? Er hún ekki sú sama og hjá námsmönnum sem eru lengur en sex mánuði erlendis? (Gripið fram í.)

Það er í mörg horn að líta, herra forseti, og vissulega er full ástæða til að þetta mál verði tekið alvarlega til skoðunar í heilbr.- og trn. En ég vildi þó aðeins geta þess að umsagnir bárust frá fjölmörgum aðilum þegar þessi mál voru hér til umræðu, líklega á 122. eða 123. þingi, og þær voru flestar jákvæðar. Formaður Landssambands eldri borgara sagði í blaðaviðtali 20. október í fyrra þegar hann var spurður um álit á þessu máli, með leyfi forseta:

„Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir sjálfsagt að skoða tillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra. Segist hann jákvæður fyrir því að embættið verði að veruleika."

Tillaga um að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra er af hinu góða.

„Ef svona embætti verður stofnað er líklegt að það verði stofnun sem bæði stjórnvöld og aðrir aðilar verði að taka mark á og þar af leiðandi getur þetta orðið að verulegu gagni. Á heildina litið er ég því mjög jákvæður fyrir því að embættið verði að veruleika en það verður auðvitað að meta það hve mikið við ætlum að leggja í það."

Þetta segir formaður Landssambands eldri borgara, Benedikt Davíðsson.

Einnig vil ég vitna til forustugreinar Morgunblaðsins frá sama tíma, eða 19. október. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Reynslan af embættum umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna er góð. Þar eru til staðar embætti sem hinn almenni borgari getur snúið sér til með margvísleg málefni sem varða samskipti hans við stjórnvöld. Umboðsmenn hafa haft margvísleg áhrif á gang mála og þau hafa verið jákvæð.

Hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda landsins fer vaxandi. Þjóðfélagsumræður einkennast í auknum mæli af umfjöllun um málefni aldraðra.

Þar ber kjaramál þeirra hátt þessa dagana en einnig skiptir miklu máli, að búa í haginn fyrir aldraða að öðru leyti bæði varðandi heilbrigðisþjónustu og húsnæðismál.

Þá bryddir nú á umræðum um að sú regla sem lengi hefur verið í gildi, að fólk ljúki starfsævi sinni um sjötugt, eigi ekki lengur við. Fólk á þessum aldri sé nú við mun betri heilsu en áður og engin ástæða til að dæma það út af vinnumarkaðnum á forsendum liðins tíma. Umræður um þetta mál eiga vafalaust eftir að aukast og þá jafnframt hvaða hlutverki eðlilegt sé, að þeir sem komnir eru yfir sjötugt gegni í atvinnulífinu.

Á næstu árum mun ekki draga úr umræðum um málefni aldraðra. Þvert á móti munu þær aukast. Ljóst er að margir í hópi aldraðra telja sig búa við skertan hag og að þeim gangi illa að leita réttar síns."

Svo mörg voru þau orð.

Herra forseti. Ég vék aðeins að því áðan að þau mál sem hér þyrfti að líta til væru margþætt. Nú kunna auðvitað einhverjir að segja það sem áður hefur komið fram í umræðunni: Af hverju umboðsmann aldraðra? Af hverju ekki umboðsmann ferðalanga? Af hverju ekki umboðsmann allra starfsstétta o.s.frv.?

Eins og ég nefndi og vitnað er til í forustugrein Morgunblaðsins þar sem getið er um umboðsmann Alþingis og umboðsmann barna þá eru aldraðir öðruvísi í sveit settir en þeir sem eru á milli þess að vera orðnir fullorðnir og hinna sem farið er að halla heldur undan fæti hjá áranna vegna. Það er munur á þeim sem eru orðnir aldraðir og þeim sem stunda fulla vinnu. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns þá eru þeir um 4.000 á hjúkrunarheimilum og vistheimilum og fjölmargir að sjálfsögðu, sem betur fer, búa við þá heilsu að geta verið heima. En þótt heilsan, hin líkamlega heilsa, sé góð þarf það ekki alltaf að fara saman að sú andlega fylgi þar með. Og þess vegna m.a., eins og ég kom að í upphafi máls míns, er full nauðsyn á að þeir aldraðir sem vilja og þurfa á að halda, og þeir eru margir, geti leitað til einhvers sem getur leiðbeint þeim og hreinlega varið þá gegn utanaðkomandi áhrifum vegna þess að þeir eiga til peninga og fasteignir.

[14:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða þáltill. frá þingmönnum Sjálfstfl. um umboðsmann aldraðra sem hefur komið til umræðu nokkrum sinnum, minnir mig, alla vega í minni tíð í þinginu. Ég hef yfirleitt tekið vel undir það að ágætlega væri til fundið að aldraðir hefðu sinn umboðsmann. Jafnvel mætti einnig segja að þörf væri á því að fatlaðir hefðu sinni umboðsmann með sömu rökum.

En í þessari þingsályktun segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra."

Ég verð að segja, herra forseti, að það er löngu orðið tímabært, sérstaklega í tíð þessarar ríkisstjórnar, að einhver gæti hagsmuna og réttinda aldraðra því eins og aldraðir hafa verið leiknir í tíð þessarar ríkisstjórnar þá veitir nú ekki af því, og hefðu hv. þingmenn Sjálfstfl. kannski átt að beita sér svolítið hér í þinginu fyrir hagsmunum og réttindum aldraðra, sérstaklega hvað varðar kjörin. Og af því að hv. 1. flm. þessarar tillögu vitnaði hér til eins málsvara aldraðra, Benedikts Davíðssonar, sem hefur tekið undir það að komið verði á slíku embætti, sem ég get alveg fallist á að sé alveg athugunar virði og kannski sé rétt að gera, þá vil ég vitna hér í annan forsvarsmann aldraðra sem er fyrrverandi landlæknir, Ólafur Ólafsson, sem skrifaði grein í Morgunblaðið í desember sl. þar sem hann bendir á að tæpur þriðjungur ellilífeyrisþega nær ekki lágmarksframfærslumörkum. Þriðjungur ellilífeyrisþega nú árið 2001 nær ekki lágmarksframfærslumörkum. Svona eru nú kjör aldraðra í tíð þessarar ríkisstjórnar sem er í aðstöðu til að bæta þessi kjör.

Herra forseti. Ég vil líka minna á að í tíð þessarar ríkisstjórnar eru aldraðir sem hafa lágmarkslífeyri, þ.e. hafa bara lífeyri frá almannatryggingunum, farnir að borga skatt. Þeir borga tugi þúsunda í skatt á hverju ári. Ég hefði haldið að sjálfstæðisþingmennirnir hefðu nú kannski átt að standa vörð um hagsmuni þessa hóps sem er verið að skattlegga hér. Það hefur ekki gerst fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar að ellilífeyrisþegar sem eru eingöngu með almannatrygg-

ingabæturnar sér til framfærslu séu skattlagðir. Það hefði t.d. verið verkefni fyrir þennan hóp að huga að hagsmunum þessara öldruðu.

Ég veit að hv. þm. ber hag aldraðra fyrir brjósti. Ég hef unnið með honum í hv. heilbr.- og trn. og ég veit að hann vill hlut aldraðra sem mestan og hag þeirra sem bestan. Ég vil því spyrja hv. þm.: Hvað ætlar ríkisstjórnin og hans lið sem *stýrir landinu að gera í sambandi við aldraða öryrkja?* Nú er búið að breyta lögum þannig að öryrkjar eru með minni skerðingu vegna tekna maka. Ég spyr hv. þm. Ég vona að hann sé að hlusta á mig, herra forseti: Hvað hyggst hann gera með öryrkjann sem verður 67 ára og mun þá um leið, ef hann er í hjúskap eða sambúð, fá mun lægri framfærslu frá almannatryggingunum vegna þess að aðrar reglur gilda um aldraða en öryrkja hvað varðar tekjutengingar vegna tekna maka. Finnst honum réttlátt að öryrki sem verður 67 ára verði fyrir verulegri tekjuskerðingu við það eitt að ná þeim aldri? Telur hv. þm. að hann geti framfleytt sér á lægri bótum *eftir að hann er orðinn eldri?*

Ég hefði líka gjarnan viljað svara því sem hv. þm. varpaði fram í ræðu sinni um tryggingar aldraðra. Ég er alveg sammála að huga ber að þeim málum. Hann spurði: Hvað með aldraða sem flytja burtu og koma svo aftur eftir sex mánuði? Ég get upplýst hv. þm. um að ekki er sama hvert hinn aldraði eða lífeyrisþeginn fer. Ef hann fer til annarra landa en EES-landanna missir hann tryggingu sína. Hann missir sjúkratryggingar sínar við að fara úr landi, t.d. til Bandaríkjanna og flytja lögheimili sitt þangað. Þetta er auðvitað mál sem þarf að taka á. Ég er alveg sammála hv. þm. um að huga þarf að þeim *réttindum. Aftur á móti mundi* hann halda tryggingu sinni ef hann ferðaðisteða flytti innan EES-svæðisins, en ef hann flytti lögheimili sitt til annarra landa en EES-landanna mundi hann missa tryggingunа. Þetta er sagt til upplýsingar, herra forseti, fyrst hv. þm. spurðist fyrir um þetta.

Ég hef, herra forseti, yfirleitt tekið ágætlega undir tillögu um umboðsmann aldraðra og höfum við jafnaðarmenn einnig flutt tillögu um umboðsmann fatlaðra sem full ástæða er til að gera. Aftur á móti hafa aldraðir ágætis félagsskap, samtök með sér sem hafa gætt hagsmuna þeirra og hafa verið baráttuaðilar fyrir kjörum þeirra og hefur reyndar ekki veitt af í seinni tíð eins og við vitum hvernig staðan hefur verið.

Ég minni á, herra forseti, að þegar þing hefur komið saman hafa einmitt þessir hópar, bæði aldraðir og öryrkjar, staðið fyrir utan þinghúsið í mótmælastöðu til að vekja athygli á kjörum sínum. Það hefur ekki gerst fyrr en í seinni tíð. Ég tel því löngu tímabært að hagsmuna þessa fólks, aldraðra, verði gætt.

Ég er ekki að tala gegn þessari tillögu en ég hefði gjarnan viljað sjá að þeir þingmenn sem flytja hana sýndu það víðar en í tillögunni, þ.e. í verki, baráttu fyrir betri kjörum einmitt aldraðra og réttindum þeirra.

[15:02]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. og fyrrum blaða- og upplýsingafulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þennan lestur um hver staða aldraðra er þegar þeir eru erlendis. Ég kastaði því fram að m.a. væri eitt af verkum umboðsmanns aldraðra að gæta réttarstöðu hinna öldruðu.

Í annan stað er þetta ekki í fyrsta skipti sem stjórnarandstaðan fellur í þá gryfju þegar verið er að ræða um umboðsmann aldraðra sem á að gæta hagsmuna þeirra, að farið er út í allt aðra sálma. Þá er farið að tala um öryrkja. Auðvitað verða þeir aldraðir. Þeir falla síðan inn í þennan ramma. Það er því í mörg horn að líta.

Ég vildi þó aðeins, af því að ég vitnaði í forustugrein Morgunblaðsins áðan, enda orð mín á því að vitna í forustugrein Morgunblaðsins frá 15. febrúar 2000, þar sem verið er að fara yfir niðurstöðu kjarakönnunar frá Rauða krossi Íslands. Það sem þar kemur fram er athyglisvert og vitna ég nú til forustugreinarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Athyglisvert er þó, að aðeins 4% aldraðra búa við bág kjör. Þetta er hópur, sem nefndur er ellilífeyrisþegar, sem hefur lítinn sem engan lífeyri og á engar eignir. Almennt hafa flestir í hópi aldraðra viðunandi kjör, en lítill en vel merkjanlegur hópur býr við bág kjör. Þetta fólk þarf mjög svo að velta fyrir sér fjármálunum, svo að það eigi fyrir lífsnauðsynjum frá degi til dags." Þetta er rétt. En sem betur fer er þetta ekki stór hópur. Það er hann sem við þurfum að hugsa um og líka um þá sem eru sæmilega staðir og vel staðir en hafa ekki andlega heilsu til að gæta eigna sinna.

[15:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt að benda á að aldraðir öryrkjar falla einmitt inn í þennan ramma og verða fyrir verulegri kjaraskerðingu í kerfinu þar sem aðrar reglur gilda um aldraða en öryrkja. Þeir sem eru öryrkjar í gegnum lífið verða fyrir kjaraskerðingu og hagsmuni þeirra þarf auðvitað að rétta. Ég spurði hv. þm.: Hvað hyggst stjórnarliðið gera í málefnum þessa hóps? Það er það sem ég benti á.

Hv. þm. vitnar í leiðara Morgunblaðsins. Ég vitna í grein í Morgunblaðinu og gerði það áðan í máli mínu. Þar bendir Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir og formaður Félags eldri borgara, á að tæpur þriðjungur ellilífeyrisþega nær ekki lágmarksframfærslumörkum og að 23 þúsund ellilífeyrisþegar fá óskertan grunnlífeyri á mánuði en rúm 10 þúsund af þeim fá til viðbótar óskerta tekjutryggingu. Það eru sem sagt yfir 10 þúsund manns sem eru einungis með 48 þús. kr. í framfærslu. Þessar tölur segja okkur allt. Ég þarf ekki að nefna fleiri tölur, þessi umræða er búin að fara hér fram aftur og aftur. Ekki er hægt að halda því fram að það fólk sem er á *tómum bótum almannatrygginga hafi það eitthvað gott*, þ.e. sem hefur þær eingöngu til framfærslu. Þetta fólk hefur það mjög skítt og það þarf að velta fyrir sér hverri krónu og mjög margir hafa ekki til hnífs og skeiðar í lok mánaðar. Það veit ég af reynslunni því að mjög margir aldraðir hafa samband við mig og kvarta yfir þessu og við þingmenn Samfylkingarinnar erum nýbúin að vera hjá öldruðum í borginni og það er alls staðar fólk sem kemur til okkar og kvartar yfir bágum kjörum sínum.

[15:06]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber allt að sama brunni. Menn eru komnir frá málinu. Þeir eru komnir langt á undan því máli sem við erum að tala um. Málið snýst um það hvort þingmenn eru sammála um að sett verði á laggirnar embætti umboðsmanns aldraðra til að gæta hagsmuna þeirra. Við erum ekki að tala um vandann í dag eða í gær. Við getum deilt um það. En það sem umboðsmaður aldraðra á að gera er einmitt að gæta hagsmuna þeirra og leiða mönnum fyrir sjónir hver vandinn er.

Við vitum einnig eins og ég sagði áðan að um 4.000 manns eru á vist- og hjúkrunarheimilum og það er vel séð

fyrir þeim. Að flestu leyti er það fólk þannig komið að það á ekki fyrir greiðslum, þ.e. daggjöldum vegna þeirrar umönnunar sem þar er veitt. Við vitum einnig að lífeyrissjóðirnir eru ekki eldri en síðan 1970 flestir hverjir og við vitum að það verður ekki fyrr en eftir um 15 ár sem þeir fara að borga þau eftirlaun sem við teljum að séu eðlileg miðað við þann lífsstandard sem við höfum valið okkur. Þar eru menn mjög mismunandi settir vegna þess að þeir gátu keypt sér tryggingar en þeir gerðu það ekki. En nú er ég kannski kominn í sama farið og hv. þm. áðan og er farinn að tala um allt annað en það sem málið snýst um. Þetta snýst um hvort þingheimur standi með okkur flutningsmönnum að þáltill. um að sett verði á fót embætti umboðsmanns aldraðra.

[15:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var einmitt alveg á réttu róli. Hér er verið að tala um hagsmuni aldraðra, réttindi og hagsmunagæslu þeirra og það er einmitt það sem við erum að ræða. Hv. þm. segir að hlutverk umboðsmanns sé að gæta þessara hagsmuna. En það er einnig hlutverk alþingismanna sem eru hér á þingi og setja lög og reglur um réttindi þessa fólks. Auðvitað er það einnig okkar að standa vörð um rétt og hagsmuni þess hóps sem aldraðir eru.

Herra forseti. Hv. þm. talaði um öldrunarstofnanirnar og ég geti verið sammála ýmsu sem hann sagði í andsvari. Aftur á móti vil ég benda á annað atriði sem fyrrv. landlæknir, Ólafur Ólafsson, nefnir í grein sinni en það er að í desember biðu 560 manns eftir vist eða dvöl á hjúkrunar- og dvalarheimilum og þar af voru 230 í brýnni þörf. Þar er því mikill vandi sem við þurfum að huga að og hagsmunum þess fólks sem bíður í brýnni þörf heima, kannski við mismunandi aðstæður eftir því að fá úrlausn sinna mála og ég held að við getum alveg verið sammála um það.

Auðvitað snýst þessi umræða öll um hagsmuni og réttindi, í þessu tilfelli aldraðra, og þess vegna vill sá hópur koma með umboðsmann. En það fríar ekki þingmenn frá þeirri ábyrgð sem þeir bera hér inni um að gæta hagsmuna þessa hóps, við lagasetningu og við þær reglur sem við setjum í samfélaginu.

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Fiskistofa, 423. mál, fsp. GAK, þskj. 684.

Hafrannsóknastofnun, 424. mál, fsp. GAK, þskj. 685.

Kostnaður við að skýra hæstaréttardóma, 420. mál, fsp. JóhS, þskj. 681.

Málefni Búnaðarbankans, 419. mál, fsp. JóhS, þskj. 680.

Setning reglna um kosningar skv. 26. gr. stjórnarskrár, 427. mál, fsp. SJS, þskj. 688.

Sjálfstæði Seðlabanka Íslands, 425. mál, fsp. DSigf, þskj. 686.

Skipan gjaldeyris- og peningamála, 426. mál, fsp. DSigf, þskj. 687.

Skipan stjórnarskrárnefndar, 428. mál, fsp. SJS, þskj. 689.

Umhverfisgjöld, 422. mál, fsp. SvanJ, þskj. 683.

[15:11]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að ræða aðeins um þáltill. um umboðsmann aldraðra og ég held að aðeins gott eitt vaki fyrir flm., hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Ég held að það sé rétt að halda þarf utan um málefni aldraðra og mér finnst að ýmsu leyti mjög eðlilegt að fram komi þáltill. um þetta efni þar sem margir aldraðir standa höllum fæti. Ég held hins vegar að það séu ýmsir aðrir hópar sem við þurfum að horfa á sem ekkert síður standa höllum fæti og þá velti ég því fyrir mér við hvaða þjónustustig fólk býr.

Aldraðir, t.d. á Suðurnesjum, búa við mun hærra þjónustustig en fatlaðir. Mikið fé vantar til fatlaðra í Reykjavík og Reykjanesi þannig að þjónustustig sem veitt er þeim hópi er lægra en aldraðra. Ég hef stundum velt því fyrir mér að barnafjölskyldur búa sums staðar við lakari kjör en margir aldraðir. Margir aldraðir hafa það ljómandi gott þó svo að inni á milli séu aldraðir sem þurfa á mikilli aðstoð að halda og búi við erfið kjör.

Ég held hins vegar að ef við förum að skipta litlu fé á milli margra aðila verði erfitt að skipta því réttlátlega niður. Ég held að eðlilegra sé að við mundum frekar stofna embætti umboðsmanns neytenda. Ég hef séð það í störfum mínum fyrir neytendur hvað slíkur umboðsmaður hefur gert eins og t.d. í Svíþjóð. Hann sinnir einmitt þeim hópi sem flestallir landsmenn tilheyra. Það er miklu stærri hópur en aðeins aldraðir. Næstum allir landsmenn eru neytendur.

Neytendur standa mjög höllum fæti. Þegar þeir eru í málarekstri, þá eru fyrirtækin með fagþekkinguna. Þau eru með völdin og fólkið sem veit allt um stöðu mála. Þau hafa féð og þess vegna er staðan mjög ójöfn. Við þekkjum t.d. stöðuna gagnvart fjármálafyrirtækjum. Þar er þekkingin og síðan kemur neytandinn sem á erfitt með að ná fram rétti sínum. Við þekkjum það þegar við kaupum hús o.s.frv. Til eru fjölmargar nefndir sem taka á ýmsum deilumálum en það er eins og frumskógur fyrir almenning að leita sér upplýsinga. Oft er það svo að ef við kaupum t.d. gallaða peysu er dýrt að fara að sækja málið af því að hluturinn sem við erum að deila um er smár. En það eru mörg slík mál sem neytendur lenda gjarnan í og eiga erfitt með að sækja rétt sinn. Ég held að mjög mikilvægt sé að hinn stóri hópur, sem eru flestallir landsmenn sem eru neytendur, eignist talsmann sem væri umboðsmaður neytenda. Í Svíþjóð hef ég skoðað mjög athyglisverða skýrslu þar sem þeir hafa tekið á réttindamálum sem snerta fatlaða, öryrkja, aldraða o.s.frv. Til dæmis er mjög athyglisverð skýrsla um aðgengi fatlaðra að tækni.

Þeir hafa farið þá leið að búa til hópa sem halda utan um það að sú tækni sem verið er að bjóða henti öllum, ekki bara venjulegum neytanda heldur t.d. að allir sjái á skjáinn í hraðbanka, hvort sem menn eru í hjólastól, standa eða sjá illa. Þegar menn fara í flugstöð sjái þeir á skjáinn o.s.frv. Ég held að við gætum, miðað við það sem þeir eru búnir að gera, flutt inn dálítið af þeirri þekkingu með því að vera með umboðsmann fyrir neytendur, bætt bæði aðgengi fyrir fatlaða og líka auðveldað neytendum leiðina gegnum þennan frumskóg af flóknu kerfi sem við búum við.

Ég vil taka fram að á síðustu árum hefur Alþingi samþykkt margháttaða löggjöf sem er til mikilla framfara fyrir neytendur og eiga þingmenn þakkir skildar fyrir að hafa sinnt því starfi því mjög margt hefur áunnist gagnvart neytendum. En ég held að mjög mikilvægt sé þegar við veljum að taka upp embætti sem þetta, sem ég held að sé mjög athyglisvert og jákvætt, að við horfum á stærri heildir, og að við sinnum þeim þá frekar og aldraðir mundu njóta þar þjónustu á við aðra landsmenn. Þess vegna held ég að mikilvægt væri að skoða það sem einn af valkostunum, þ.e. að stofna embætti umboðsmanns neytenda. Ég tel að það ætti að standa framar

í röðinni og að aldraðir mundu þá njóta réttar síns til jafns við aðra.

[15:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að þakka hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur fyrir þessa ræðu. Mér finnst hugmyndir hennar í sambandi við umboðsmenn neytenda vera mjög athyglisverðar. Hún bendir á að hann sé nánast umboðsmaður allra í samfélaginu og nefnir svo mjög athyglisvert dæmi um hvernig hann hefur barist fyrir réttindum t.d. fatlaðra og aðgengi þeirra að t.d. hraðbönkum og öðru. Mér finnst þetta hlutur sem við eigum að skoða og ættum kannski að skoða í sambandi við slíkar tillögur.

Ég nefndi áðan í máli mínu að við jafnaðarmenn höfum lagt fram tillögur um umboðsmann fatlaðra. Kannski er það einmitt leiðin sem hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir bendir á að hér verði stofnað embætti umboðsmanns neytenda sem mundi þá beita sér fyrir réttindum og hagsmunum allra hópa í samfélaginu. Þá gæti hann tekið fyrir málefni aldraðra og fatlaða og síðan aðra þá sem telja á sér brotið eða eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Mér finnst þetta vera athyglisverðar tillögur og dæmi sem hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir kemur með inn í umræðuna um umboðsmann aldraðra.

Herra forseti. Þetta eru allt tillögur sem vert er að skoða.

[15:17]

Drífa J. Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæt viðbrögð. Ég vona að þingheimur geri sér far um að afla sér þeirra skýrslna sem ég benti á sem eru til hjá sænska umboðsmanninum sem gæti kannski orðið til þess að menn kæmust að annarri niðurstöðu en nú er rætt um og væri kannski sanngjarnari fyrir alla landsmenn.

Ég vildi aðeins ítreka að ég held að það sé mjög mikilvægt að skoða þær skýrslur sem þar eru til. Við þurfum ekki alltaf að finna upp hjólið.

[15:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem ég á sæti í hv. heilbr.- og trn., þangað sem þetta mál fer, þá mun ég a.m.k. óska eftir því við formann nefndarinnar að skoðaðar verði fleiri hliðar á þessu máli og einmitt hugmyndir um t.d. umboðsmann neytenda og ég efast ekki um að nefndin mun reyna að fá til sín upplýsingar um þá þætti sem hv. þm. nefndi.

[15:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um umboðsmann aldraðra er að mínu viti allra góðra gjalda verð. Við þekkjum áhuga hv. 1. flm., Guðmundar Hallvarðssonar, á ekki hvað síst málefnum aldraðra. Eins og hann hefur reifað þetta, bæði í greinargerð og með máli sínu, eru þar færð rök fyrir þeirri þörf sem gæti verið fyrir umboðsmann aldraðra.

Ég tek undir þau rök sem hv. þm. kom inn á, bæði varðandi réttinn til starfa, sem við höfum áður rætt um og mig minnir að till. til þál. hafi verið fluttar um, um að fólk þurfi ekki að hverfa af vinnumarkaði við einhvern tiltekinn aldur heldur verði starfslok sveigjanleg og ýmis önnur atriði sem jaðra að mínu viti við brot á hreinum mannréttindaatriðum þegar verið er að vísa fólki úr starfi eingöngu vegna aldurs. Það er frumréttur alls fólks að fá að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins, til samfélagsins, leggja vinnu sína fram svo lengi sem það er fært um það. Þennan rétt finnst mér beri að virða og ég tek undir það með hv. þm. að þarna eru miklar brotalamir á.

Ég vil líka taka undir það sem hann kom inn á varðandi sparisjóðsinneignir aldraðra. Mér er persónulega kunnugt um að einmitt á ákveðnum stað fór einn nýkominn vistmaður á dvalarheimili, gamall og gegn oddviti sem var annt um fjársýslu. Hann fór að athuga stöðu þeirra mála hjá nábýlisfólki sínu á dvalarheimilinu. Hann komst að raun um, eins og hv. þm. gerði hér grein fyrir, að í viðkomandi bankastofnun þar sem ellilífeyririnn og annað slíkt var lagt inn, höfðu verið stofnaðir reikningar sem voru án ávöxtunar. Hann gekk í þetta mál.

Við vitum að aldraðir eiga oft og tíðum erfitt með fylgjast með samfélagslegum réttindum sín eins og þeir eiga kröfu á. Það gildir jafnt bæði um réttindi sem þetta fólk getur sótt til annars vegar sveitarstjórna og hins vegar til ríkisvalds.

Herra forseti. Að öðru leyti ber að harma það að við á Alþingi skulum þurfa að leggja til að stofnuð séu embætti umboðsmanna hinna ýmsu hópa. Við höfum stofnað embætti umboðsmanns Alþingis og upphaflega var gert ráð fyrir því að hann tæki yfir öll þau mál sem við höfum verið að ræða. Ég hygg að hann hafi í sjálfu sér unnið ágætt og þarft starf. En engu að síður er umhugsunaratriði ef við teljum nauðsynlegt að fara inn á þá braut að stofna þurfi embætti umboðsmanns fyrir hina ýmsu þjóðfélagshópa til að verja þá og styrkja annars vegar gagnvart löggjöfinni og gagnvart framkvæmdarvaldinu og eins og hv. þm. kom nú inn á, almennt því sem þarf að takast á við ef fólki finnst það ekki geta sótt rétt sinn eða viti ekki hver hann er. Við getum varla hugsað þá hugsun til enda hvar það gæti endað.

Umboðsmaður öryrkja hefur verið nefndur og talin fyllilega ástæða til, embætti umboðsmanns barna hefur verið stofnað, umboðsmaður aldraðra o.s.frv. Mér finnst umhugsunaratriði að þessi staða sé að koma upp fyrir utan það að svo höfum við lögreglustjóra og félagsmálastjóra og öll þau mörgu embætti sem hafa verið stofnuð og eru til til að vernda þessa hagsmuni.

Hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir kom inn á að stofna embætti umboðsmanns neytenda og það tæki yfir þetta allt saman og gæti þá líka létt af umboðsmanni Alþingis og þau rök sem hv. þm. færði fyrir þeirri stofnun voru góð og gild. En viss hætta er í því fólgin þegar við förum að stofna embætti umboðsmanns fyrir hina og þessa hópa sem vissulega mega sín minna í þjóðfélaginu í mörgum tilvikum þá séum við að víkja ábyrgðinni af Alþingi, af framkvæmdarvaldinu, af sveitarstjórnarstiginu, af því félagslega velferðarkerfi sem við höfum byggt upp og á að axla þá ábyrgð sem er verið að fjalla um. Að mínu viti þyrfti ekki síður að skerpa þar á þeim mannréttindaákvæðum sem þetta fólk á rétt á og skerpa á því að fólk geti, án þess að þurfa að berjast fyrir því, fengið þá þjónustu sem það á rétt á.

Herra forseti. Ég vildi nefna þetta hér. Ég ítreka að ég tek undir góðan vilja og góða sýn sem birtist í tillögunni af hv. 1. flm., Guðmundi Hallvarðssyni, og styð þá sýn í sjálfu sér en ég harma það ef við þurfum að fara í auknum mæli að ganga inn á þá braut til þess að standa vörð og verja hagsmuni fólks hvort sem eru hópar eða einstaklingar.

[15:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir annarra hv. ræðumanna til hv. flm. Guðmundar Hallvarðssonar vegna þessa

máls um umboðsmann aldraðra. Það er reyndar dálítið ankannalegt, eins og hv. þm. nefndi og ég hef rekist á dæmi um, að það þurfi að verja aldraða fyrir börnum þeirra og ættingjum sem ásælast eignir þeirra. En það eru nokkur dæmi um þetta og má vel vera að það þurfi umboðsmann til að gæta þessara hagsmuna. Einnig til að gæta hagsmuna aldraðra gagnvart bönkum sem greiða vexti sem eru sannarlega allt of lágir á hina almennu sparisjóðsbók. Af þessum vöxtum sem eru langt undir verðbólgu er meira að segja tekinn 10% fjármagnstekjuskattur.

Hins vegar finnst mér vanta inn í umræðuna að það þarf að leiðbeina öldruðum gagnvart kerfinu, gagnvart hinu óskaplega flókna bótakerfi velferðarkerfisins sem eru almannatryggingar með yfir 100 tegundir lífeyris, sem eru eitthvað um 50 starfandi lífeyrissjóðir, sem er Félagsþjónustan með margbrotnum reglum, mismunandi eftir sveitarfélögum, og sem eru skattalögin sem taka á þessu öllu saman. Þarna stendur hinn aldraði oft mjög berskjaldaður sem og aðrir landsmenn, herra forseti.

Ég vildi koma þessu að og síðan vildi ég geta þess að eignarskattur kemur oft mjög illa niður á öldruðum og sérstaklega þegar annar maki fellur frá þá er hinn allt í einu orðinn stóreignamaður og borgar eignarskatt þegar hann má síst við því. Það eru því ýmis atriði sem þarf að gæta að hjá öldruðum og þannig séð er embætti umboðsmanns aldraðra gott mál.

En það er hægt að hugsa sér mjög marga umboðsmenn eins og hér hefur komið fram, sjúklinga, fatlaðra, neytenda, fanga, öryrkja o.s.frv. Það er spurning hvort ekki hleypur verðbólga í hugtakið umboðsmaður þannig að umboðsmenn fari að minnka í gildi hver og einn. Ég mundi heldur leggja til, herra forseti, að hv. þm. reyndu að hanna þau kerfi sem þeir eru að búa til einfaldari þannig að borgarinn geti skilið þau. Ég leyfi mér nánast að fullyrða að sárafáir aldraðir eða öryrkjar, jafnvel fólk sem hefur alla ævi starfað við flókin störf og bráðgreint fólk, skilji til hlítar af hverju þeir fá 15.132 kr. úr einhverju kerfinu en ekki 15.160.

Kerfið er orðið svo flókið að fólkið tekur nánast það sem að því er rétt. Ég hef margoft rekist á það að menn vita ekki um rétt sinn.

Menn eru að kvarta undan því að þeir fái strípaða taxta hjá almannatryggingum en vita ekki t.d. að þeir eigi rétt á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðnum sínum eða ellilífeyri héðan og þaðan úr mörgum lífeyrissjóðum. Ég held að það væri nú nær að reyna að einfalda kerfið sem við hv. þm. höfum byggt upp meira og minna með endalausum stagbætingum. Ég held að kominn sé tími til að taka almennt séð og heilsteypt á velferðarkerfinu öllu saman eins og við ræddum hér fyrr í dag um skaðabótalögin, að taka á öllu velferðarkerfinu sem einni heild en ekki alltaf vera að líta á eina eða eina skúffu í kommóðunni og gleyma kommóðunni í heild sinni.

[15:30]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa talað í þessu máli og jákvæðni þeirra. Hins vegar hafa menn mismunandi skoðanir á þörfinni en eins og allir þekkja verður maður tvisvar barn. Ég hrökk við þegar enginn hafði athugasemd við það að færa að til væri umboðsmaður barna. Menn vilja frekar gefa í og bæta við fleiri umboðsmönnum en að fallast á þetta mál, a.m.k. öðruvísi en með einhverjum ívöfum og athugasemdum. Það er vel svo langt sem það nær.

Ég tel hins vegar að talsverður munur sé á þeim sem eru heilbrigðir andlega og þeim sem er farið að förlast hugsun aldurs vegna. Þeir eru að ljúka löngu ævistarfi og hafa ýmislegs að gæta, svo sem eigna og fjármuna eins og ég kom að áðan, og m.a. þess vegna er þetta til komið og líka vegna þess — og það er kannski til umhugsunar fyrir hv. heilbr.- og trn. — að í langan tíma hefur það gengið fram hjá heilbrigðisráðherrum umliðinna ríkisstjórna að þeir hafa meiri áhuga á því að setja einhverja stjórnarmenn á hjúkrunarheimili og dvalarheimili en að senda sendiboða sinn frá ráðuneytinu til að fylgjast með því hvað ráðuneytið borgar fyrir í þjónustuþætti þessara stofnana, hvernig þjónustan er veitt. Það eru hlutir sem þarf að athuga. Það er m.a. þetta sem ég er að koma að. Margir aldraðir eru farnir að borga hluta af dvalargjöldum og ekkert er fylgst með því hvaða þjónustu þeir fá og hvort hún sé í samræmi við reglugerð sem á að vera til.

Við stöndum einnig frammi fyrir því að yfir 30 þúsund Íslendingar eru 67 ára og aldri og þeim fjölgar. Það er m.a. þess vegna sem ég tel fulla ástæðu til að koma að málinu.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á að m.a. væri líka nauðsynlegt að líta til þessa máls með tilliti til starfsloka, sveigjanlegra starfsloka. Fyrir þremur árum flutti ég í fyrsta sinn þáltill. um sveigjanleg starfslok og sú þáltill. var samþykkt á vordögum, ef ég man rétt. Forsrh. hefur nú þegar skipað nefnd til að fara ofan í saumana á þessu máli sem er mjög stórtækt, yfirgripsmikið, og gert er ráð fyrir að nefndin skili af sér fyrir árslok 2002.

Ég held að ég fari ekki frekar ofan í saumana á þessu að öðru leyti en því að geta þess að Jón Bjarnason nefndi að við hefðum lögreglustjóra o.s.frv. Jú, við höfum sálfræðinga, félagsfræðinga, ráðgjafa, lögfræðinga og allt. En hvar er heimild þeirra til þess að grípa inn í missætti í fjölskyldum þeira yngri og eldri, t.d. vegna fjármuna og fasteigna? Hvar er það vald? Ef sá aldraði getur ekki varið sig hefur enginn heimild til að grípa þar inn í. Þannig eru málin. Það er alveg eins og með börnin. Hvernig eiga þau að leita réttar síns? Þess vegna er líkt á komið með þessum tveim hópum, þeir þurfa umboðsmann.

Að lokum, herra forseti, endurtek ég þakkir mínar til þingmanna fyrir þátttöku í málinu og legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tólf ára samfellt grunnnám, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 166. mál. — Þskj. 168.

[15:35]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um tólf ára samfellt grunnnám. Meðflutningsmenn mínir eru þingmennirnir Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt

þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi, atvinnu- og menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu. Endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tæknináms, sérnáms og háskólanáms með tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við alla framhaldsmenntun í landinu."

Herra forseti. Þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillagan er því lögð fram aftur lítillega breytt. Einnig hefur greinargerð verið aukin með nýjum upplýsingum.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að auka almenna grunnmenntun í landinu og laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þegar einn vetur í framhaldsskóla kostar á bilinu 300–500 þús. kr. fyrir einstakling sem verður að kaupa fæði og húsnæði fullu verði hlýtur það að leiða til þess að unglingar sem koma frá tekjulágum heimilum lendi í verulegum vandræðum með að kosta nám sitt. Slíkt ástand skerðir augljóslega jafnrétti til náms.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir átt erfitt uppdráttar og ekki notið nægjanlegs stuðnings stjórnvalda eða næsta móðurskóla, samanber ákvarðanir sem teknar voru síðastliðið sumar en þá var framhaldsnám á Dalvík lagt niður og menntamálaráðherra hafnaði því að starfræktur yrði 2. bekkur framhaldsdeildar í Stykkishólmi.

Af svari menntamálaráðherra á síðasta löggjafarþingi, þar sem spurt var um hlutfall nemenda sem stunduðu framhaldsnám eftir landshlutum, kom fram að hlutfallið í hverjum árgangi sem hefur framhaldsnám er talsvert misjafnt eftir landshlutum. Fyrir því eru vafalaust nokkrar samverkandi ástæður en telja verður líklegt að áðurnefndur kostnaður og leyst fjölskyldubönd eigi þar hlut að máli. Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða kross Íslands um fátækt á Íslandi er talið að um 45% íslenskra framhaldsskólanema ljúki ekki skilgreindu framhaldsskólanámi.

Þetta er hliðstætt því sem kemur fram í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur um brottfall í framhaldsskólum þar sem hún bar saman brottfall nemenda í framhaldsskólum á Íslandi við önnur lönd á Norðurlöndum. Samkvæmt athugunum hennar eru það um 10% nemenda sem hefja ekki framhaldsskólanám og um 33–35% nemenda af þeim sem hefja framhaldsskólanám ljúka ekki þannig að um 45% nemenda ljúka ekki framhaldsskólanámi á Íslandi sem er það lægsta á öllum Norðurlöndum.

Þá má geta þess að hinn fjögurra ára framhaldsskóli okkar á sér líka sérstöðu. Í öðrum löndum hefur náminu verið breytt þannig að framhaldsskólinn er styttri og tæknináms, sérnám eða háskólanám hefst fyrr.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir bar fram fyrirspurn til menntmrh. á síðasta ári um útskrift nemenda úr framhaldsskóla hér á landi. Í svari menntmrh. kom fram, með leyfi forseta, að aðeins 43% af þeim nemendum sem fæddir voru á árunum 1975–1978 höfðu lokið framhaldsskólanámi á eðlilegum tíma og var munurinn mjög mikill eftir landshlutum. Hæst var hlutfallið í Reykjavík, 47%, en lægst var hlutfallið á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra, 32% og 36%.

Það er því ljóst, herra forseti, að hér er annars vegar um verulega mikla vegar mismunun á milli landshluta að ræða en hins vegar líka ljóst að þetta brottfall sýnir að framhaldsskólinn nær ekki hlutverki sínu eins og við nú rekum hann.

Því er ljóst að ýmislegt bendir til þess að brýnt sé að endurskoða skipulag og framkvæmd menntamála í landinu í nýju ljósi. Að því miðar þessi þingsályktunartillaga. Hér er lagt til að boðið verði upp á tólf ára samfellt nám í öllum byggðarlögum landsins, þ.e. tveimur árum lengra nám en nú er. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að þau tvö ár sem þar með bætast við byggist að hluta á starfstengdu námi með öflugri tengingu við atvinnulíf, sögu, menningu og náttúrufar viðkomandi byggðarlags. Með því að auka vægi þessara þátta í námi má efla sjálfsvitund unglinga og samábyrgð þeirra gagnvart fólki og umhverfi. Rannsóknir benda til að góð þekking nemenda á heimabyggð sinni auki líkurnar á því að þeir kjósi að búa þar á fullorðinsárunum.

Á þennan hátt eykst jöfnuður í aðgengi til náms óháð búsetu. Ungu fólki er auðveldað að sækja sér meiri almenna menntun jafnframt því sem verkmenntun er efld í landinu, en það er ekki síður brýnt. Þessar breytingar þurfa ekki sjálfkrafa að kalla á breytingar á skólaskyldualdri þótt ýmislegt gefi tilefni til að ætla að hann beri að endurskoða. Fyrst og fremst er verið að skylda stjórnvöld til að sjá til þess að slíkt nám standi til boða. Hér er því um fræðsluskyldu að ræða en ekki endilega skólaskyldu. Að sjálfsögðu munu núverandi framhaldsskólar að stærstum hluta geta séð fyrir námsframboði á tveimur síðustu árum í samfelldu tólf ára námi en þar sem framhaldsskólar eru ekki til staðar er eðlilegt að þetta nám verði byggt upp í þeim grunnskólum sem fyrir eru. Þá er rétt að minna á þá miklu möguleika sem eru til að styrkja nám á heimaslóðum með fjarnámi. Má nefna Grundarfjörð í því sambandi þar sem komið er á námi að loknum grunnskóla með öflugum stuðningi fjarnáms.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tæknináms og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Undirbúningsvinnan mun taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmdar, hugsanlega í áföngum. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á víðtækara framhaldsskólanámi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Aukið almennt menntunarstig þjóðar er ein af grunnforsendum framfara og aukinnar hagsældar. Jafnframt er hér áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

Herra forseti. Einnig er vert að ítreka það hér að hækkun á sjálfræðisaldrinum í 18 ár veldur því að framhaldsskólarnir eru nú þegar skiptir þar sem hluti nemenda er undir sjálfræðisaldri og hluti nemenda er yfir sjálfræðisaldri. Þetta gerir þessum skólum erfitt fyrir bæði í skipulagi náms, í skipulagi félagslífs og annars. Það er því svo margt, herra forseti, sem bendir til og leiðir til þess að á þessu þurfi að fara fram endurskoðun.

Ísland hefur nú lengstan framhaldsskóla af löndunum í Norður-Evrópu. Þar sem ég þekki til eru þeir lengst þrjú ár og það er því fyllilega ástæða til að taka allan framhaldsskólann og síðustu ár grunnskólans til endurskoðunar og færa það nám saman og til meira nútímahorfs. Ég hef nefnt brottfall úr framhaldsskóla sem dæmi um það hver menntunarleg staða framhaldsskólans er og þá alvarlegu staðreynd að margir nemendur þar ljúka ekki prófum og lenda á öðrum leiðum lífsins en ætlað var.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að þessi vinna fari í gang. Þetta er frumskilyrði okkar til þess að styrkja og efla almenna menntun í landinu, jafnræði og jafnt aðgengi til menntunar og laga menntakerfi okkar að framtíðarhagsmunum þjóðarinnar allrar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lokinni umræðunni að óska eftir því að þessi þáltill. fari til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Frv. PHB, 171. mál (afli utan kvóta). — Þskj. 174.

[15:48]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

1. gr. frv. er svohljóðandi:

„Í stað 2. mgr. 3. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Skipstjóri skal við löndun ákveða hvaða hluti af afla skips skuli telja til kvóta sem skipið ræður yfir.

Afli skips annar en sá sem tilgreindur er í 2. mgr. telst eign Hafrannsóknastofnunarinnar. Útgerð skipsins skal sjá um að selja afla Hafrannsóknastofnunarinnar og greiða henni söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans.

Gjald skv. 3. mgr. skal lægst vera 5% og hæst 15% af vergu söluandvirði aflans. Það skal ákveðið í reglugerð með hliðsjón af tegund og gerð afla, veiðum og framboði slíks afla og renna til útgerðar skips. Skal það koma til hlutaskipta eins og annað aflaverðmæti."

2. gr. hljóðar svo:

„Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Afla Hafrannsóknastofnunarinnar skal halda aðgreindum frá afla útgerðar og vega sérstaklega."

3. gr. kveður á um að lög þessi öðlist þegar gildi

Herra forseti. Þáltill. og lagafrumvörp, breytingafrumvörp, hafa komið fram þrisvar sinnum áður um þetta efni. Hér er verið að taka á ákveðnum vanda sem hefur verið mikið í umræðunni, þ.e. brottkasti.

Í grg. með frv. til laga nr. 57/1996 kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og landað fram hjá vigt. Margt hefur verið gert til að koma í veg fyrir þetta en að mati flutningsmanns og margra annarra er ljóst að markmið laganna hefur ekki náðst að öllu leyti og töluvert er um að afla sé hent frá borði. Í ljósi þess er þessi tillaga flutt.

Eins og lög nr. 57/1996 eru úr garði gerð verður að telja að rökfræðileg mótsögn sé á milli 1. mgr. 2. gr. þar sem segir: „Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla" og 2. mgr. 3. gr. þar sem segir: „Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru."

Flutningsmaður og reyndar fleiri álíta að ekki sé mögulegt að sjá fyrir hvaða afli muni berast upp með veiðarfærum og í hvaða magni. Þannig yrði sérhvert skipa að eiga veiðiheimildir í öllum tegundum en það er ekki raunhæft. Þessi lagaákvæði koma fólki því oft í þá aðstöðu að verða að brjóta lög.

Í frv. er lagt til að 2. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, verði felld brott og í hennar stað komi þrjár nýjar málsgreinar sem feli í sér að skipstjóra sé heimilt að ákvarða hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess en allur annar afli teljist eign Hafrannsóknastofnunar. Þetta yrði þá í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna þar sem segir að skylt sé að hirða og koma með allan afla að landi án þess að tekið sé fram hvað um allan þann afla verður. Hér er tekið á því. Hann er annaðhvort eign útgerðarinnar og telst sem kvóti hennar eða eign Hafró. Eigi útgerðin ekki kvóta fyrir aflanum verður hann að sjálfsögðu eign Hafró.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum, geyma hann og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi yrðu minni líkur á að afla yrði hent. Að mati flutningsmanns er slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur, sem núna er veiddur og hent, mun skila sér í land ef frv. þetta verður að lögum. Nú er hins vegar beinlínis refsivert að koma með afla umfram aflaheimildir að landi, sbr. 14. og 23. gr. laganna.

Gjaldið sem útgerðin fengi fyrir að flytja aflann í land, landa honum, geyma hann og sjá um sölu hans yrði á bilinu 5–15% af vergu söluandvirði aflans. Það yrði ákveðið af sjútvrh. með hliðsjón af tegund afla, gerð hans, veiðum og framboði slíks afla. Þannig gæti verið annað gjald fyrir þorsk en síld, smáfisk eða stóran fisk, gamlan fisk og skemmdan eða nýjan fisk, sumarveiðar og vetrarveiðar. Þá mætti enn

fremur greiða lægri prósentutölu eftir því sem verðmæti fisksins væri meira og öfugt. Eins og annað aflaverðmæti kæmi gjaldið til hlutaskipta. Mikilvægt er að gjaldið verði nægilega hátt til að hvetja sjómenn til að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla.

Herra forseti. Fernt mun hvetja sjómenn til að koma með utankvótaafla að landi, sem þeir gera í einhverjum mæli ekki núna. Í fyrsta lagi færu þeir að lögum og gætu farið að lögum. Í öðru lagi fengju þeir nokkurt verð fyrir aflann. Í þriðja lagi þykir flestum leitt að henda verðmætum og það er veigamikið atriði. Sjómönnum þykir hart að henda góðum fiski. Að síðustu rynni verðmæti aflans til rannsókna fyrir sjávarútveginn.

Þessi aðferð hefur kosti og galla. Búast má við að miklu meiri afli bærist að landi. Bæði mundi allur sá afli sem nú er hent berast að landi, sem að sjálfsögðu er mikill kostur því að þessi fiskur er deyddur hvort sem er. Jafnframt mundu útgerðir ekki forðast, eins og núna, þau mið sem mest gefa af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig mundu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Þetta er að sjálfsögðu ljóður á þessari reglu en á móti kemur að allur þessi afli kæmi að landi og nýttist þjóðfélaginu. Auk þess yrði þá vitað með meiri vissu hve mikið veiddist en það liggur ekki fyrir núna vegna brottkastsins. Fiskifræðingar vita ekki hvað brottkastið er mikið og tölur eru á reiki um það. Verðmæti þessa utankvótaafla yrði auk þess lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létti byrðum af ríkissjóði.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. flutti í haust frv. sem reyndar var lagt fram sama dag og þetta frv. Það var afgreitt sem lög í desember. Þar er farin önnur leið til að leysa sama vanda, þ.e. að setja um borð í fiskiskip eftirlitsmenn ef Fiskistofa telur að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu og gæðum frábrugðinn afla annarra skipa. Þetta er regla sem ég tel að mörgu leyti slæma. Í fyrsta lagi minnir þetta illilega á lögregluríki. Þarna er einhver opinber stofnun sem getur lagt á það huglægt mat hvort þörf sé á eftirlitsmönnum. Menn gleyma hinum sálrænu atriðum í samskiptum fólks. Þegar eftirlitsmaður hefur verið nokkra daga um borð í með sjómönnum fer hann kannski að finna til ákveðinnar samkenndar og er því kannski ekki eins gagnrýninn á þau störf sem þar eru unnin. Hann hefur kannski skilning á því að menn telji sig þurfa að henda fiski. Ég held því að þetta kerfi sé ekki sérstaklega æskilegt frá neinu sjónarmiði.

Ég held að sú regla sem lögð er til í því frv. sem við ræðum hér sé að mörgu leyti betri. Hún er að mínu mati eðlilegri, menn geta valið um það þegar þeir koma í land hvað af aflanum fellur undir kvóta skipsins. Þetta frv. fékk því miður ekki umræðu áður en frv. hæstv. sjútvrh. varð að lögum og sú leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir kom ekki til umræðu, hennar er hvergi getið þó að hún hafi legið fyrir Alþingi. Hennar er hvergi getið í nál. sjútvn. um frv. hæstv. sjútvrh. sem er dálítið merkilegt því að þetta er frv. sem tekst á við nákvæmlega sama vanda. Eðlilegt hefði verið að hv. sjútvn. fjallaði um slíka aðferð um leið og hún fjallaði um frv. hæstv. sjútvrh. sem tókst á við nákvæmlega sama vanda.

Ég tel, herra forseti, að tillagan sem ég mæli fyrir hér hafi á margan hátt hljómgrunn meðal sjómanna og útgerðarmanna. Þeir átta sig á því því hve brýnt er að leysa þennan vanda, ég vil segja, þessa rökleysu sem nú er í lögunum, að mönnum sé skylt að koma allan afla að landi en megi það í sumum tilfellum ekki ef þeir eiga ekki kvóta fyrir honum. Þeir neyðast því til að brjóta lög. Ég tel að það sé slæmur hlutur og mjög dýrt kerfi eftirlitsmanna tel ég heldur ekki gott fyrir utan það að það getur aldrei verið skothelt.

Herra forseti. Ég hef reifað rök með og á móti þessu frv. Það hefur svo sem verið gert mörgum sinnum áður. Ég vona að hv. sjútvn., sem ég legg til að málinu verði vísað til, fjalli um þetta mál sjálfstætt og fari í gegnum þær umsagnir sem borist hafa. Hún mun væntanlega biðja um þær til að fá skýrari mynd af þessu dæmi. Ég held að sú leið sem farin var með eftirlitsmönnunum muni því miður ekki leysa þann vanda sem við er að glíma.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[16:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur oft komið til umræðu, þ.e. brottkast og hvaða leiðir væru til að koma í veg fyrir það. Þessi tillaga gerir ráð fyrir lausn á málinu og er ekki tilraun heldur breyting á lögunum og viðvarandi breyting. Þær tillögur aðrar sem hafa verið fluttar og hafa verið af sama tagi, þar sem sams konar úrlausnir eru í raun og veru á ferðinni, hafa að ég held flestar gengið út á að gerð verði tilraun með fyrirkomulag til að geta síðan í framhaldi af þeirri tilraun áttað sig á því hvort setja ætti viðvarandi reglu af þessu tagi í lögin.

Nú ætla ég ekki að dæma um hvor aðferðin er betri. Vissulega væri hægt að breyta lögunum aftur ef það sem hér er lagt til virkar ekki sem skyldi. Það er svo sem ekki mjög mikill munur á þessum tveimur aðferðum við að prófa sömu úrlausnina sem hér er verið að tala um. Þessi tillaga eða sú hugmynd sem er á bak við hana kom fram í a.m.k. þremur útgáfum á síðasta þingi að ég hygg, í tillögum frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, tillögunni sem hér er til umfjöllunar núna og eins var tillaga af sama tagi í frv. um sjávarútvegsmál sem Samfylkingin lagði fram í fyrravetur en komst ekki til umræðu og liggur reyndar fyrir í því frv. sem Samfylkingin endurflutti í haust.

Ég hef ástæðu til að halda að býsna margir þingmenn séu samþykkir því að skynsamlegt væri að reyna þetta fyrirkomulag því að þó nokkuð margir hafa tekið þátt í að flytja mál af þessu tagi og ég veit að stuðningur við þessa hugmynd er víða. Ég vil aðeins koma að því sem hv. þm. nefndi áðan hvers vegna sjútvn. hefði ekki rætt slíka hugmynd núna þegar tillögur hæstv. sjútvrh. voru til úrlausnar. Því til að svara að ekki hefur verið mjög auðvelt að koma að öðrum hugmyndum þegar frumvörp ríkisstjórnarinnar hafa verið til umfjöllunar og afgreiðslu, a.m.k. ekki í hv. sjútvn. Ég geri ráð fyrir að býsna erfitt hefði verið að fá þessa hugmynd þar undir á einhvern hátt.

Ég tel hins vegar að þó svo að frv. hæstv. sjútvrh. um eftirlitsmenn hafi verið samþykkt breyti það engu um að þessi leið sé vænleg og að þau lög sem voru sett um eftirlitsmennina geti staðið áfram og geti verið gagnleg fyrir Fiskistofu og sjútvrn. til að fylgjast með því sem þarf að gera á miðunum. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að menn þurfi að fylgjast með veiðum og fyrir liggur að það er ekki endilega alltaf af sömu ástæðum sem fiski er hent í sjóinn. Við vitum að það getur komið til af fleiru en því að menn hafi ekki kvóta, þannig að Fiskistofu er náttúrlega ekkert skylt að beita þeim úrræðum sem felast í eftirlitinu en

hefur þar aftur á móti heimildir í höndunum sem hún getur notað ef ástæða er talin til.

Ég vil nefna í þessu sambandi, sem hefur oft verið minnt á hér á hv. Alþingi, að 1992 eða 1993 voru samþykkt lög sem bönnuðu að fiski væri hent í sjóinn. Þeim var ætlað að tryggja að allur afli kæmi að landi og yrði meðhöndlaður í landi en ekki hent aftur í sjóinn, þ.e. því sem menn ekki gætu nýtt um borð í skipum. Þau lög voru afnumin áður en þau áttu að taka gildi 1996, ég segi því miður, vegna þess að þau lög voru framsækin. Þau voru auðvitað að sumu leyti álögur á útgerðina en það er margt sem bendir til þess að nýting þess hluta aflans sem nú er hent í sjóinn sé að verða hagkvæmari og hagkvæmari. Ég bendi t.d. á að nú er farið að flytja út afskurð frá frystitogurum, hann er saltaður og fluttur út og seldur fyrir mjög gott verð í dag. Ég held að ef menn eru skyldugir til að ganga vel um fiskimiðin, þá sé hluti af því að fleygja ekki afla í sjóinn, a.m.k. að það sé þá ekki gert nema vísindalegar sannanir séu fyrir því að það valdi ekki skaða á lífríkinu og einhver stjórn sé höfð á því sem þar er verið að gera.

Þau lög, eins og ég sagði áðan, voru afnumin áður en þau komust til framkvæmda vegna þrýstings frá áhrifamiklum aðilum í útgerð á Íslandi og forustumönnum LÍÚ. Ég tel það miður og tel að það þurfi að fara að skoða það mál aftur hvort ekki eigi að taka þau lög og endurskoða þau og lögfesta á ný, þ.e. að allur afli skuli koma að landi. Auðvitað hafa tapast þarna mörg ár úr þeirri þróun sem hefði orðið ef menn hefðu staðið frammi fyrir því í alvöru að þurfa að nýta þann hluta aflans sem er hent í sjóinn.

Ég er sammála hv. þm. um að áhrifin af þeim lagabreytingum sem hann leggur til mundu örugglega verða þau að menn mundu nánast hætta að henda fiski í sjóinn, það er alveg hægt að slá því föstu. Og þó að ég hafi í þeim tillögum sem ég hef tekið þátt í að flytja af þessu tagi gert ráð fyrir að þar væri um tilraun að ræða sem mundi færa mönnum heim sanninn um hvað hefði í raun og veru verið að gerast á miðunum, þá tel ég að það sé bara skilsmunur og ekki ástæða til að gera mikið úr muninum á þeim tillögum og þessari.

Mér finnst að menn verði að fara vandlega yfir þetta mál í sjútvn. og skoða hvort ekki er hægt að finna á því sáttaflöt, flytja tillögu og ná fram breytingu á lögunum á hv. Alþingi. Það er mikið í húfi. Sú umræða sem farið hefur fram um brottkastið er að mörgu leyti skelfileg vegna þess að ég held að eftir hana séu menn almennt sammála og almennt sannfærðir um að verið er að henda fiski í sjóinn. Það getur auðvitað enginn mælt það, það getur enginn sagt hvað það er mikið. Menn geta sagt hvað þeir halda að það sé mikið og sumir segja að það sé lítið, aðrir segja mjög mikið. Ég ætla ekki að vera með yfirlýsingar um það að öðru leyti en því að ég þekki marga sem hafa tekið þátt í að henda fiski í sjóinn og þeir hafa sagt mér af því sjálfir, ég hef því beina vitneskju um það. Þess vegna er það niðurstaða mín að mikið af fiski sé hent í sjóinn, a.m.k. af þeim fiski sem veiddur er í sum veiðarfæri, og mjög lítið sé hent í sjóinn af fiski sem veiddur er í önnur veiðarfæri. Þetta er misjafnt eftir aðstæðum, veiðarfærum og aðstæðum útgerða og gerir málið óskaplega flókið ef menn ætla sér að reyna að komast að niðurstöðu um hvað þetta er mikið í heild.

Ég held hins vegar að ef menn gerðu slíka breytingu, annaðhvort sem tilraun til ákveðins tíma eða með lögfestingu eins og hér er lagt til, sem er auðvitað hægt að taka til baka ef í ljós kemur að fiski hafi ekki verið hent því að það skilar sér í framhaldinu, það sést þá ef slík breyting verður gerð og ekkert breytist og menn landa engum fiski utan kvóta, þá hafa þeir sigrað í deilunni sem halda því fram að engum fiski sé hent. En því miður held ég að það muni ekki fara þannig.

Eina röksemd hef ég heyrt, sem ég sé ástæðu til að nefna hér sem áhrif af slíkri breytingu, gegn því að gera þá tilraun sem hér er verið að tala um. Hún gengur út á það að miklu meira yrði veitt. Menn muni hætta að forðast fisk sem þeir hafa ekki kvóta fyrir, halda óáreittir áfram að veiða á svæðum sem þeir annars færðu sig af og þannig mundi sóknin aukast og breytast. Ég get út af fyrir sig ímyndað mér að í einhverjum tilfellum geti þetta verið rétt en ég bendi á — ég tek þetta upp vegna þess að þetta er í rauninni eina mótbáran sem ég hef orðið var við hvað þetta mál varðar, þess vegna tek ég hana hér upp — að ég held að engu sé kastað með því, engum markmiðum kastað þó svo að menn veiddu meira. Þeir hefðu ekki hagnað af því, fiskurinn kæmi að landi, hann yrði unninn og mundi skila sér í gjaldeyri til þjóðarinnar og peningarnir rynnu til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins eins og hér er lagt til. Mér finnst því að þau rök sem þarna hafa verið færð fram gegn þessari hugmynd eigi ekki með neinu móti að fella hana. Að mínu viti er engu til hætt þó að tilraunin sé gerð vegna þeirra röksemda sem þarna hafa verið færðar fram.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég á sæti í hv. sjútvn. og mun fylgja því eftir þar að menn fari yfir þetta mál vandlega og það er full ástæða til þess. Greinilega er töluvert mikill stuðningur við að skoða þá hugmynd sem hér er á ferðinni, og ég endurtek, ég mun fylgja því eftir í nefndinni að svo verði gert.

[16:12]

Útbýting þingskjals:

Innflutningur hvalaafurða, 421. mál, fsp. SvanJ, þskj. 682.

[16:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Verið er að mæla fyrir máli um hvernig tryggja megi að sá afli sem á annað borð kemur í veiðarfæri og kemur í langflestum tilfellum dauður inn fyrir borðstokkinn komi að landi. Þetta mál er mjög þarft og hið besta mál að það skuli koma fram í sérstöku frv. sem snýr eingöngu að þeim þætti, þ.e. að reyna að tryggja að sá afli sem á annað borð kemur á skip sé færður að landi þannig að séð verði í fyrsta lagi hvað veitt er og einnig hitt að þau verðmæti sem ella færu í súginn nýtist íslensku þjóðinni.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að því miður hafa slík viðhorf sem koma fram í frv. hv. þm. Péturs Blöndals, og ég tel hin þörfustu, haft lítinn hljómgrunn í sjútvn. Alþingis. Á síðasta hausti mælti ég í annað sinn fyrir þáltill. um stefnumál og grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar. Sú tillaga liggur í sjútvn. og hefur ekki enn þá verið tekin til umræðu.

Mig langar til gamans að geta þess að ég held að það hafi verið í október, hæstv. forseti, sem umræðu um þetta mál lauk í hv. Alþingi og málinu var vísað til sjútvn. Í 13. lið greinargerðar Frjálslynda flokksins í þessari tillögu sem fór til sjútvn. í október og hefur ekki enn þá komið þar til umræðu segir svo, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir skyldu til að allur afli, sem á skip kemur, verði fluttur í land. Til að tryggja þetta og búa til hvata fyrir sjómenn og útgerðir til að sinna þessari lagaskyldu, þvert ofan í það sem núgildandi kerfi gerir, er gert ráð fyrir að slíkur lágverðsafli verði seldur á hæsta fáanlegu verði og

andvirðinu skipt til helminga milli sérstaks brottkastssjóðs annars vegar en skips og áhafnar hins vegar. Reglunni er ætlað að ná því jafnvægi í þessum skiptum að hvatningin sé næg til að komið sé með fiskinn í land, en ekki svo mikil að slíkur veiðiskapur verði stundaður sem viðvarandi útgerð."

Ég tel að þarna sé í raun lýst nákvæmlega sömu sjónarmiðum og koma fram í frv. hv. þm. Péturs Blöndals, þ.e. það vandamál sem viðurkennt er að er innbyggt í öll kvótakerfi sem notuð eru við fiskveiðar, að kvótakerfin valda því að menn velja úr aflanum og það upphefst brottkast ef mönnum tekst ekki að hafa þannig veiðarfæri í notkun að þau velji það sem menn vilja fiska. Það væri auðvitað hið æskilegasta ef mönnum tækist að nota þannig veiðarfæri að þeir gætu bara veitt það sem þeir ætluðu að koma með að landi eða sækjast eftir. Því miður er tæknin ekki það langt komin. En kannski verður svo einhvern tíma og vonandi fyrr en seinna. Það er auðvitað alveg gilt og rétt sjónarmið sem lýst hefur verið af þeim sem skoðað hafa m.a. og stundað sérstaklega veiðarfærarannsóknir. Ég get í því sambandi nefnt Netagerð Vestfjarða og Einar Hreinsson sem þar hefur staðið fyrir miklum tilraunum og veiðarfærarannsóknum. Það væri vissulega best ef hægt væri að gera veiðarfærin þannig úr garði að þau veldu það sem menn vildu veiða. Menn hafa auðvitað lýst áhuga á því og það kostar þá að setja af stað markvissar rannsóknir og leggja fram mikla fjármuni. En ég held að þegar upp verður staðið væru þeir fjármunir virkilega þess virði og er þá nánast sama hvaða veiðiaðferðir við notuðum eða stjórnkerfi. Við næðum meiri árangri við að nýta auðlindina rétt.

Ég vil vekja athygli á því að þau sjónarmið sem koma fram í frv. hv. þm. Péturs Blöndals hafa í raun legið fyrir í tillögu inni í sjútvn. sem ekki hefur enn fengið umfjöllun í nefndinni. Vissulega hafa sumir nefndarmenn í sjútvn., m.a. sá sem hér stendur og hv. þm. sem talaði á undan mér, Jóhann Ársælsson, lýst því að þeir vildu ræða svona mál í sjútvn., þ.e. hvernig eigi að setja reglur í lögin sem tryggja að allur afli komi að landi. Og á að setja þær reglur viðvarandi, eins og lagt er til í þessu frv. eða á að leggja þær til tímabundið og reyna þá að leiða í ljós hvert vandamálið er sem menn hafa verið að ræða í sambandi við brottkastið?

Ég vil hins vegar í þessari umræðu vekja athygli á því, og þeir vita það sjálfsagt sem fylgst hafa náið með fréttum og hafa mikinn áhuga á sjávarútvegsmálum vítt og breitt í veröldinni, að í fréttum undanfarið, t.d. frá Noregi, hefur komið upp svipuð umræða og var á Íslandi í sumar og vor um brottkast. Þar er reyndar stýrt með kvótakerfi sem er ekki alveg eins uppbyggt og okkar en kvótar eru þar eigi að síður þannig að menn lenda í takmörkum aflakvótans og þá fara menn ýmist að velja aflann, fara í brottkast eða landa fram hjá vigt og smygla aflanum á land með einhverjum aðferðum því öllum finnst mjög slæmt að þurfa að standa í að henda þessum fiski í sjóinn. Ég þekki engan sjómann sem gerir það með ánægju að grýta fiski fyrir borð.

Hitt er líka rétt að sjómenn hafa á undanförnum árum vanist talsvert við það að þurfa að búa við þetta hlutskipti. Ég þekki jafnvel unga sjómenn sem hafa aldrei verið á skipum þar sem ekki hefur verið valið úr aflanum eins og þeir kalla það. Þeir kalla það ekki lengur endilega brottkast. Þeir kalla það að velja úr aflanum. Því miður hafa menn lent í því alla sína starfsævi, þeir sem jafnvel eru búnir að starfa nokkur ár til sjós, að vera á tiltölulega kvótalitlum skipum eða jafnvel skipum sem hafa góðan kvóta en lenda í því einhvern hluta ársins að velja úr aflanum eins og kallað er.

Svo að ég víki aftur að þessari umræðu sem ég nefndi að hafi verið erlendis þá hafa slíkar umræður einnig tengst umræðu Evrópusambandsins um veiðar, m.a. í Norðursjó, og þekkt er að í Eystrasaltinu hefur slík umræða komið upp. Hún hefur komið upp hér hjá okkur og hún hefur komið upp við Grænland. Menn hafa heyrt þessa umræðu þar í sambandi við rækjuveiðar. En það er einn staður í Norður-Atlantshafinu þar sem slík umræða hefur ekki komið fram á undanförnum mánuðum og árum. Hvaða staður skyldi það nú vera? Það eru Færeyjar.

Í Færeyjum tóku menn þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að setja á kvótakerfi að tillögu Dana. Færeyingar sjálfir töldu að þetta væri vond aðferð og aðalástæðan fyrir því að Færeyingar hurfu frá kvótastýringu við fiskveiðar var sú að það var upplýst hjá þeirra veiðimönnum að menn höfðu staðið í brottkasti á allt upp að 25% af aflanum. Þeir tóku þá ákvörðun þrátt fyrir lítinn fögnuð í Danaveldi að hverfa frá þessari kvótakerfisstýringu og losna út úr þessum brottkastsvandamálum. Og núna í nokkur ár hefur verið sóknarstýrt veiðikerfi í Færeyjum og eftir því sem ég veit best eru allir sammála um það sem koma nálægt fiskveiðum í Færeyjum, hvort heldur það eru útgerðarmenn, sjómenn, fiskvinnsluaðilar, stjórnmálamenn eða sveitarstjórnarmenn, hafnarverðir eða aðrir, að vilja ekki hverfa til baka. Það eru ekki sérstaklega háværar deilur um fiskveiðistjórnina í Færeyjum eins og hér á landi. Menn eru nokkuð sáttir við það kerfi sem þeir tóku upp og það hefur engin umræða komið upp á þessum eyjum í næsta nágrenni okkar um að menn séu enn að henda aflanum fyrir borð. Hins vegar hefur það komið í ljós að aflaverðmæti í Færeyjum hefur aukist á undanförnum árum. Þeir tóku það reyndar líka upp fyrir nokkrum árum að verðleggja allan fisk á fiskmarkaði. Eftir því sem ég veit best þá hefur þeim bara vegnað nokkuð vel í sínum sjávarútvegi undanfarin missiri. En það er ákaflega athyglisvert að hér á landi og nánast í öllum löndum í kringum okkur sem nota einhvers konar kvótakerfi skuli koma upp þessi brottkastsumræða. Þar kemur upp umræðan um framhjálöndun. Þar kemur upp að menn færi sig á milli veiðisvæða þaðan sem þeir hafa veitt einhverja aðra tegund og eru svo að skrá hana inn á ný veiðisvæði sem þeir koma á og þannig koll af kolli. Þetta er nákvæmlega það vandamál sem við höfum verið að fást við í okkar fiskveiðistjórn hér á landi, nákvæmlega. Það er svona uppbyggt og þess vegna er sú tillaga sem hér er flutt í frumvarpsformi mjög tímabær og hefði auðvitað verið æskilegt að hún hefði verið komin lengra í umræðunni en raun ber vitni. Auðvitað vonumst við, sem höfum haft verulegar áhyggjur af því hvernig umgengni við miðin er háttað og hvaða verðmætum í raun er verið að sóa með því að hafa kvótakerfið útfært eins og það er, til þess að tillaga eins og sú sem hér er um að ræða fái góðan byr í sjútvn. Ég held að það sé ekki síst ástæða til þess að hún fái slíkan byr í ljósi nýlegra yfirlýsinga sjútvrh. í Degi í morgun þar sem sjútvrh. lætur að því liggja að jafnvel séu litlar líkur til þess að sú „sáttanefnd", því að mér skilst að ákaflega lítil sátt sé þar innan dyra, ljúki störfum fyrir vorið eða það tímanlega að fram komi efnislegar tillögur til þess að ræða um hvernig fiskveiðistjórninni verður skipað á næstu mánuðum að tillögu sáttanefndarinnar. Þess heldur er ástæða til að taka á svona máli þar sem vitað er að verðmætin fara í súginn. Það þýðir ekkert að deila um það. Svo mikið hefur komið upp á yfirborðið í þessari umræðu að það þýðir ekki

lengur að deila um að mikil verðmæti fara í súginn í þessu kvótakerfi.

Reyndar er það svo, svo að ég endurtaki það, að flestir sem á annað borð fylgjast með umræðunni um stjórn fiskveiða viðurkenna að inn í öll kvótakerfi er innbyggður hvati til þess að velja úr aflanum. Það fylgir þeim óhjákvæmilega. Nánast allir sem á annað borð vilja ræða þessi mál hlutlaust og tala um þau öðruvísi en sem trúarbrögð viðurkenna að kvótakerfið hefur þennan annmarka. Það kann að hafa ýmsa aðra kosti en það hefur tvímælalaust þennan annmarka að menn velja úr aflanum og koma ekki með að landi verðlítinn afla. Ég held að íslenska kvótakerfið sé verst hannað allra kvótakerfa sem ég þekki að þessu leyti og það er vegna þess að í því er framseljanlegur hvati. Menn geta framselt aflaheimildirnar eins og þeir vilja og þegar það bætist við að menn þurfa að leigja þennan afla til sín fyrir kannski á annað hundrað krónur þá gefur augaleið að þeir sem eiga að gera út undir þeim formerkjum eru auðvitað að sækjast eftir dýrasta aflanum. Og þá lenda þeir auðvitað í því við að „nýta sína hagkvæmni" að velja úr þeim fiski sem þeir fá á skip.

Svoleiðis hefur umræðan verið hér á landi að jafnvel þessi kalda staðreynd hefur ekki fengist viðurkennd af þeim sem hafa haft íslenska kvótakerfið fyrir trúarbrögð og hafa ferðast um veröldina til að tilkynna það að Íslendingar hafi fundið upp eilífðarkerfi í fiskveiðum og það besta sem við verði búið. Við höfum því miður átt slíka trúboða sem sendir hafa verið af stjórnvöldum um víða veröld. Hins vegar verður að segjast öllum til ánægju að þeir hafa náð litlum árangri. Fáar þjóðir hafa farið í að taka upp eftir okkur íslenska kvótakerfið með því braski og leiðindum sem því hafa fylgt.

Ég vil að endingu vonast til þess, og láta það verða mín lokaorð, að sú tillaga sem efnislega er hér til umræðu og fellur að tillögum sem aðrir hafa flutt, eins og ég gat um í upphafi máls míns og hv. þm. Jóhann Ársælsson gat einnig um, fái málefnalega umfjöllun í sjútvn. og verði ekki afgreidd þar eins og einhver tillaga sem þarf að leggjast á og setja út í horn vegna þess að menn fást ekki til þess að ræða raunveruleikann og galla í íslenskri fiskveiðistjórn.

[16:28]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka góða og málefnalega umræðu um þetta mál sem við hér ræðum og tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hugsanlega þyrfti þetta að vera gert sem tímabundin tilraun, að um það sé eitthvert ákvæði í frv. þegar hv. sjútvn. er búin að fjalla um það, þ.e. að þá verði sett inn ákvæði um að gera þetta í tilraunarskyni. Ég vil undirstrika að hér er um að ræða hugmynd til lausnar á þeim vanda sem brottkastið er og velflestir eru sammála um að sé til staðar þannig að þetta er hugmynd til að leysa þann vanda. Ef menn koma með betri hugmynd í hv. sjútvn. þá er það gott. Komi menn með hugmynd um að hafa þetta sem tímabundna tilraun til þess að sjá hvernig þetta reynist þá er það líka gott. En ég tel mjög brýnt að menn komi með einhverjar breytingar þannig að komið verði í veg fyrir það brottkast sem óhjákvæmilega fylgir aflamarkskerfinu.

Varðandi það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði um sóknarmarkskerfið og Færeyinga þá hef ég nokkrum sinnum nefnt að kostir og gallar eru við bæði kerfin. Bæði kerfin mynda kvótaverð, annars vegar magn fiskjar, hins vegar veiðitíma eða veiðigetu og það myndast auðæfi af báðum kerfum sem vandi er að dreifa. Og hvort sem menn hafa sóknardag til umráða eða tonn til að veiða, þ.e. heimild til að veiða þennan sóknardag eða þetta tonn, þá myndar það verðmæti.

Gallinn við aflamarkskerfið er einmitt brottkastið. Það er eiginlega eini umtalsverði ókosturinn ef ekki er ráðin bót á honum. Gallinn við sóknarmarkskerfið er hins vegar sá að menn huga meira að magni en gæðum þennan eina dag sem menn mega veiða. Þá reyna þeir að veiða eins mikið og þeir mögulega geta og það leiðir líka til annars ókostar sem ég mundi segja að væri mjög umtalsverður og það er hversu hættulegt það kerfi getur verið, sérstaklega á miðum sem búa við viðsjárvert veður. Menn leggja af stað og byrja á sínum sóknarmarksdegi, eru að veiða, en þá dregur ský fyrir sólu með lægð og miklum stormi en þó er haldið áfram að veiða vegna þess að menn geta ekki sleppt þessum degi.

Auðvitað má hanna kerfið þannig að menn geti veitt allt niður í mínútur í sóknarmarki sínu og komið þannig í veg fyrir að menn veiði þegar veður eru mjög válynd. Þessi kerfi hafa bæði kosti og galla.

Annar ókostur við sóknarmarkskerfið er að hætta er á að mikið umframframboð verði á fiski þegar síst skyldi, allir landi afla á sama tíma þannig að ekki verði sú sama góða dreifing og þegar menn mega ekki veiða nema ákveðið aflamark. Þeir reyna þá að koma með fisk eins verðmætan og hægt er og reyna þá helst að koma með fisk á markaðina þegar minnst framboð er hjá öðrum skipum. Þessi kerfi hafa því bæði kosti og galla. En mér finnst mjög gott að menn ræði þessa kosti og galla málefnalega þegar umræða kemur hér upp um sjávarútvegsmál.

Að öðru leyti vil ég þakka þessa umræðu. Hún var mjög góð. Ég vona að hv. sjútvn. taki þetta mál til umfjöllunar þrátt fyrir að nýverið hafi verið samþykkt lög um að taka upp kerfi eftirlitsmanna um borð í skipunum.

[16:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var í raun aðeins eitt sem fékk mig til að veita andsvar við ræðu hv. þm. og það er að hann sagði að eini gallinn við kvótakerfið væri brottkastið. Kvótakerfið sem við höfum hér hefur fjölmarga galla. Þar er ekki bara um brottkastið að ræða heldur fyrst og fremst átök um eignarhaldið á veiðiheimildunum. Um það hefur stríðið staðið allan tímann og við höfum aldrei komist í að ræða af fullri alvöru um áhrif kvótakerfisins sem slíks sem veiðistjórnunartækis, svo uppteknir hafa menn verið af átökunum um eignarhaldið.

Hægt er að segja það í fáum orðum að munurinn á sóknarstýringarkerfi og kvótakerfi við stjórn fiskveiðum er aðallega fólginn í því að sóknarstýringarkerfið tekur fyrst og fremst mið af náttúrunni, menn beita þá sóknarstýringum með tilliti til náttúrunnar. Kerfið sem við höfum í gangi núna er reyndar fullt af sóknarstýringaratriðum og kvótakerfið væri ónothæft ef ekki væru notaðar sóknarstýringar. Hins vegar er kvótakerfið, eins og það virkar, þannig að það kemur náttúrunni verst þegar hún er veikust fyrir. Framsalsmöguleikarnir eru þannig að ef einn getur ekki fiskað þá getur hann látið annan gera það. Þegar lífríki er veikast fyrir er kvótakerfið verst, þá virkar það þyngst í náttúrunni. Það hefur verið reynslan og það er hægt að benda á tilvik t.d. varðandi þorskinn þar sem menn náðu ekki kvótanum. Lífríkið var þá illa statt og þá virkaði kvótakerfið af fullum þunga.

[16:34]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom inn á að bæði aflamarks- og sóknarmarkskerfi hefðu innbyggða eignarmyndun, þ.e. í báðum kerfum myndast verðmæti sem leiðir til sama vanda. Þegar ég gat um að eini ókostur aflamarkskerfisins væri brottkastið þá átti ég við innri vanda kerfisins eftir að því var komið á, burt séð frá eignarhaldinu. Ég hef sjálfur lagt fram tillögu um að leysa vandann með eignarhaldið með því að dreifa aflamarkinu á alla þjóðina. Mér er vel kunnugt um þennan vanda beggja kerfanna varðandi eignarhald á kvótanum, hvort sem þar er um að ræða sóknarkvóta eða aflamarkskvóta.

Það er rétt hjá hv. þm. að við erum með blöndu af hvoru tveggja og það er alveg stórhættulegt. Enn höfum við krókaleyfisbáta og slíka báta sem gera út á sóknarmark og það gengur ekki upp rökfræðilega að hafa kerfin hlið við hlið. Menn geta t.d. landað afla á milli báta úti á miðunum. Þó að ég sé ekki að segja að menn geri það þá er ég nokkuð viss um að einhvern tímann hafi komið fyrir að menn hafi látið afla úr aflamarksbát yfir í sóknarmarksbát á miðunum. Rökfræðilega ganga bæði kerfin ekki upp saman.

Ég ítreka að tæknilegu gallarnir við kerfin eru annars vegar brottkast og hins vegar að menn geri hættulega mikið út á afla og hugsi meira um magn en gæði í sóknarmarkskerfinu.

[16:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég átti við með því að tala um að kvótakerfið væri óhugsandi án sóknartakmarkana er að í kvótakerfinu sem nú er í gildi — þá er ég að tala um aflamarkskerfið en ekki sóknarstýrðu smábátana — eru notaðar fjölmargar sóknarstýringar, þ.e. svæðalokanir, afskipti af því hvernig veiðarfærin eru, tímasetningar á því hvenær megi veiða og annað eftir því. Þetta þekkja menn. Þessar sóknarstýringaraðferðir eru margar og væri óhugsandi að hafa bara kvótakerfi á. Auðvitað verður að verja lífríkið. Það hafa menn horfst í augu við og gert það með þessum sóknarstýringum.

Vont að blanda saman kerfum. Út af fyrir sig er svolítið til í því. Það getur verið vont og getur vakið upp ákveðna möguleika til að menn misnoti aðstöðu sína. Sjálfsagt hefur það komið fyrir. Það er a.m.k. vitað að menn hafa verið ákærðir fyrir slíkt þó þeir hafi ekki verið dæmdir. Vandinn við allt þetta eftirlit er hve erfitt er að ætla að reka fiskveiðistjórn sem stendur og fellur með því að eftirlit sé í öllum hornum og passa þurfi upp á alla til að þeir svindli ekki.

Frv. sem hér er til umræðu er byggt á mjög góðri hugmynd um reglur sem gera kleift að ná árangri án einhvers konar lögregluaðgerða heldur með jákvæðum reglum sem verða til þess að menn hætta af sjálfsdáðum að sóa verðmætum með því að kasta fiski í sjóinn.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir að flytja þetta frv. Það er þarft og ástæða til að flytja það sem oftast.

[16:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einkum svara því í svari hv. þm. Péturs H. Blöndals sem laut að almennri fiskveiðistjórnun þegar hann bar saman þessi kerfi, annars vegar aflamarkskerfið og hins vegar sóknarmarkskerfið. Það er nefnilega innbyggt í kvótakerfið að þegar og ef, það gerist oft, að aflabrögðin verða tregari en gert er ráð fyrir í úthlutuðum kvótum þá breytist kvótakerfið í harðasta sóknarkerfi sem þekkist í veröldinni. Þeir sem illa gengur framselja til annarra sem betur gengur eða eru á stærri og öflugri skipum. Nákvæmlega sama mundi gerast ef sett yrði eins kvótakerfi yfir smábátaflotann og er í stóra flotanum. Þegar illa áraði og erfið tíð væri og smærri skipin gætu ekki sótt sjó þá mundu þau auðvitað framselja rétt sinn yfir til hinna. Það gæti hins vegar orðið til þess, ef saman færi svo aflasamdráttur og veiðisókn, að allir færu á fleygiferð.

Þetta fyrirbæri þekkjum við af Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1992–1993 þegar allur flotinn var á fullri ferð að leita að þorski og hamast við að veiða hann vegna þess að menn töldu að þeir ættu fisk í sjónum. Sumir áttu úthlutun, aðrir höfðu leigt til sín. Þá var beitt hörðustu sókn sem nokkurn tíma hafði sést við veiðar á þorski. Afleiðing þessa kann að hafa verið að nauðsynlegt þótti að skera aflann niður í 155 þúsund tonn. Reyndar voru ekki allir sammála um að svo neðarlega þyrfti að fara enda hefur reynslan sýnt fram á annað.

[16:41]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er slæmt þegar ráðgjöfin bregst — ég hygg að hún hafi brugðist að einhverju leyti — og leyfðar eru meiri veiðar en stofninn gefur. Auðvitað geta verið einhverjar aðrar ástæður sem ég þekki ekki fyrir því að flotanum tekst ekki að veiða það sem gert er ráð fyrir að hann eigi að veiða en nærtækast er að álykta að ráðgjöfin hafi að einhverju leyti brugðist og stofninn sé bara ekki eins stór og menn ætluðu. Þess vegna veiðist ekki fiskurinn. Þegar slík staða kemur upp þá breytist aflamarkskerfið í sóknarmarkskerfi og þá hafa menn allt árið til að veiða eins og þeir mögulega geta. Vegna framsalsins, það er rétt, flyst kvótinn yfir á stærri og öflugri skip sem geta verið mjög skaðleg en þetta á eingöngu við þegar ráðgjöfin hefur að einhverju leyti brugðist. Ef við gerum ráð fyrir að ráðgjöfin verði betri ætti sú staða ekki að koma upp, sérstaklega ef veiðifæri eru það góð að flotinn geti náð þeim afla sem gert er ráð fyrir. Þessi agnúi hefur komið upp einstaka sinnum en er, held ég, fremur galli á vísindalegari ráðgjöf en kerfinu sem slíku.

[16:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að Færeyingum hafi tekist að sníða flesta agnúa af sóknarkerfi sem af því verða sniðnir. Þeir mæla t.d. sóknina höfn í höfn. Menn geta þess vegna farið af stað í veiðiferð, svo koma þeir bara í land og þá er sókn þeirra mæld. Þeir eru því ekki undir þeirri pressu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gat um. Auðvitað gætum við haft nákvæmlega eins sóknarmark hér, að menn hætti veiðum þegar þeir telja eðlilegt að hætta þeim.

Ég vil hins vegar láta í ljós við lok umræðunnar, þar sem við höfum farið yfir í að ræða almennt um fiskveiðistjórn, að mikilvægasta verkefnið við endurskoðun nýrrar löggjafar um stjórn fiskveiða er að tryggja íbúum byggðanna við ströndina rétt til atvinnu, byggðar og búsetu. Þetta er grundvallaratriði við endurskoðun á löggjöfinni. Fólk verður að hafa þá vissu og festu í byggð sinni að undirstöðuatvinnugreinarnar séu til staðar. Það er allt gott um ný atvinnutækifæri að segja og allt gott um nýsköpun en að rífa fyrst undan byggðunum með framseljanlegu kvótakerfi án þess að tryggja forgangsrétt byggðanna og fólksins í byggðunum er ekki hagkvæmni

í mínum huga. Sú aðferð skilar þjóðinni engu nema eyðibyggðastefnunni sem fylgt hefur verið af ríkisstjórninni.

[16:44]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel má vera að Færeyingum hafi tekist að sníða agnúa af sóknarmarkskerfinu þannig að það sé manneskjulegra og ekki eins hættulegt. Segja má að sú hugmynd sem hér er verið að ræða sé tilraun til að sníða af agnúana á aflamarkskerfinu, ég á við þá tæknilegu agnúa sem fylgja báðum kerfum.

Hinn vandinn, eignarhaldið og framsal á honum er miklu meira mál. Mér finnst alltaf að kerfi sem þvingar fólk til lögbrota, eins og núverandi kerfi gerir að einhverju leyti og ég gat um í framsögu minni, leiði til siðleysis. Ef menn geta brotið ein lög með því að velja afla eins og hér kom fram þá er það siðleysi sem leiðir til brota á öðrum lögum. Það getur verið mjög hættulegt. Auðvitað eiga lög að vera þannig að menn fari eftir þeim.

Ég tel hins vegar, eins og hv. þm. var að segja varðandi endurskoðun á löggjöfinni, að kannski væri brýnast að létta af kvöðum á útgerðinni, miklum og illskiljanlegum lagalegum kvöðum. Ég stórefa að nokkur maður skilji nákvæmlega alla þá lagasetningu sem er í kringum sjávarútveginn á Íslandi. Ef hann þykist hafa skilið það með því að lesa lögin þá tekur við fjöldinn allur af reglugerðum sem þarf að skoða. Þegar menn hafa skoðað það allt saman kemur að framkvæmdinni en hún er kannski allt önnur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:46.

---

67. FUNDUR

mánudaginn 12. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, stjtill., 412. mál, þskj. 667. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, þáltill., 180. mál, þskj. 188. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Skaðabótalög, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 48. mál, þskj. 48. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Umboðsmaður aldraða, þáltill., 117. mál, þskj. 117. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Umgengni um nytjastofna sjávar, frv., 171. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668. — 1. umr.
10. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253. — 1. umr.
11. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 262. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
12. Tónminjasafn, þáltill., 267. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
13. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
14. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
15. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
16. Grunnskólar, frv., 299. mál, þskj. 337. — 1. umr.
17. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.

Þingmennskuafsal Sighvats Björgvinssonar.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér hefur í dag borist svohljóðandi bréf frá hv. 2. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, dags. 12. febr. 2001:

„Til forseta Alþingis, herra Halldórs Blöndals.

Þar sem ég hef verið ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands segi ég hér með af mér þingmennsku.

Ég vil biðja þig að koma á framfæri við þingmenn kveðju minni og þökkum fyrir langt og gott samstarf á Alþingi Íslendinga jafnframt sem ég óska Alþingi og alþingismönnum allra heilla í störfum í framtíðinni.

Þér vil ég þakka sérstaklega fyrir langt og traust samstarf sem við höfum átt allt frá því að leiðir okkar lágu saman í Menntaskólanum á Akureyri fyrir meira en þremur áratugum.

Með kveðju,
Sighvatur Björgvinsson."

Við þingmennskuafsal Sighvats Björgvinssonar hverfur af þingi litríkur persónuleiki og maður sem hefur verið virkur þátttakandi í stjórnmálalífi þjóðarinnar í nærfellt fjóra áratugi. Sighvatur var fyrst kosinn á þing 1974 fyrir Alþfl. úr Vestfjarðakjördæmi og hefur setið á 30 þingum. Hann hefur tvívegis gegnt ráðherrastörfum, fyrst 1979 og síðan 1991, samtals í á fimmta ár.

Sighvatur Björgvinsson hefur verið í forustuhlutverki á Alþingi sem formaður þingflokks um fimm ára skeið, formaður fjárln. eitt kjörtímabil og loks flokksformaður 1996–1999.

Við þessi þáttaskil í lífi Sighvats Björgvinssonar vil ég færa honum þakkir fyrir störf sem hann hefur unnið á vettvangi Alþingis. Persónulega þakka ég honum góð kynni og skemmtileg skoðanaskipti í pólitík, einkum meðan við vorum í Menntaskólanum á Akureyri.

Ég veit að ég tala fyrir munn allra alþingismanna þegar ég þakka honum ánægjuleg kynni og gott samstarf. Hann

hverfur nú til nýrra starfa og við óskum honum allra heilla á þeim vettvangi.

Við þingsæti Sighvats Björgvinssonar tekur séra Karl V. Matthíasson sóknarprestur og verður 2. þm. Vestf. Hann hefur tekið sæti sem varamaður á þessu kjörtímabili og undirritað drengskaparheit. Ég býð hann velkominn til starfa.

Breyting á starfsáætlun þingsins.

[15:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur starfsáætlun Alþingis raskast vegna aukafunda þingsins í janúar og þingfrestunar til 8. febrúar. Ráðgert var að nefndadagar yrðu í næstu viku en það getur ekki talist hagkvæmt við þessar aðstæður, hvorki fyrir afgreiðslu þingmála né vinnu þingnefndanna. Forsn. samþykkti því á fundi sínum í næstliðinni viku þá breytingu á starfsáætluninni að í stað nefndadaga í vikunni 19.–22. febrúar verði haldnir þingfundir á venjulegum tíma, þó þannig að enginn fundur verður fimmtudaginn 22. febrúar. Þetta bið ég þingmenn að hafa í huga.

Húsnæði þingnefnda.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er þess að geta að frá og með morgundeginum flytja fastanefndir þingsins starfsemi sína úr Þórshamri í nýtt húsnæði í Austurstræti 8–10A sem hefur manna á milli verið nefnt Ísafoldarhús. Starfsfólk nefndanna hefur um helgina unnið kappsamlega að því að flytja á milli húsa og er ráðgert að fyrstu nefndafundirnir verði haldnir þar á morgun. Nefndirnar hafa fundaherbergi á 2. hæð hússins og starfsmenn þeirra á 3. hæð.

Of þröngt hefur verið um nefndirnar í Þórshamri. Þangað fluttu þær starfsemi sína úr Alþingishúsinu árið 1965 og hefur nefndastarfið því farið þar fram í 36 ár. Ætlanda er að á þessum tíma hafi verið haldnir í kringum 10 þúsund nefndafundir. Má því segja að ekki hafi verið kastað höndunum til löggjafarstarfsins á þessum tíma eins og þó stundum er látið að liggja.

Í Þórshamar flyst bókasafn þingsins og tæknideild sem verður sífellt umfangsmeiri og er það tímanna tákn.

Með tilkomu Ísafoldarhússins eru komnar í höfn langþráðar umbætur á starfsaðstöðu nefndanna. Það er von mín að bætt aðstaða þeirra og starfsfólks þeirra verði til bóta í nefndastarfinu og skili sér í bættri meðferð mála á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum 1. dagskrárlið og atkvæðagreiðslum um 2.–8. mál, upp úr kl. 15.30, fer fram umræða utan dagskrár um útboð á kennslu grunnskólabarna. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson en hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara.

[15:08]

Útbýting þingskjals:

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, 429. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 690.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á stjórn þingflokks Samfylkingarinnar.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil við upphaf þingfundarins tilkynna þingheimi að í dag hefur verið gerð breyting á stjórn þingflokks Samfylkingarinnar. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður þingflokksins. Í stað hennar hefur hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir verið kjörinn formaður.

Stjórn þingflokksins er að öðru leyti eins skipuð. Hv. þm. Jóhann Ársælsson er varaformaður og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir er ritari.

[15:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil við þetta tækifæri þakka hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir gott og ánægjulegt samstarf á Alþingi síðan ég var kjörinn forseti Alþingis og raunar miklu lengur og vænti þess að henni nýtist tíminn vel þegar hún gefur sig með öðrum hætti að þingstörfum.

Ég vil bjóða nýkjörinn formann þingflokks Samfylkingarinnar, Bryndísi Hlöðversdóttur, velkomna til þeirra starfa.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Í tilefni af góðum orðum hæstv. forseta þakka ég fyrir og þakka samstarfið sömuleiðis og vil nota þetta tækifæri til að þakka þingflokksformönnum fyrir gott starf um mörg liðin ár og óska Bryndísi Hlöðversdóttur gæfu í því starfi sem hún tekur nú við.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Lækkun skatta á fyrirtæki.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á viðskiptaþingi nú fyrir helgina gaf hæstv. forsrh. upp boltann um að verulegar eða eins og það var reyndar orðað „myndarlegar skattalækkanir“ til fyrirtækja kynnu að koma til greina. Þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. vakti óneitanlega nokkra athygli, m.a. vegna þess að nýlega hafa verið afgreidd fjárlög og voru þá engar slíkar áætlanir boðaðar.

Í öðru lagi hafa menn fram undir það síðasta frekar haft áhyggjur af þenslu, ofhitun og slíkum vandamálum í hagkerfinu en hinu að ástæða væri til að breyta því sem menn mundu væntanlega flokka undir örvandi aðgerðir af því tagi að lækka skatta.

Í þriðja lagi hafa skattar á fyrirtæki á Íslandi verið lækkaðir umtalsvert á undanförnum árum á sama tíma og skattbyrði á almenning hefur þyngst og þess vegna mundi það sæta nokkrum pólitískum tíðindum ef enn lengra yrði haldið út á

þá braut að lækka skatta á hagnað fyrirtækja á sama tíma og skattbyrði á almenning og sérstaklega láglaunafólk þyngist í gegnum það að skattleysismörk fylgja ekki verðlagsþróun. Enn fremur má minna á að skattar á fyrirtæki eru tiltölulega lágir ef borið er saman við t.d. önnur lönd innan OECD.

Herra forseti. Allt þetta gefur tilefni til að spyrja hæstv. fjmrh. sem fer með skattamál hvar þetta mál sé á vegi statt. Ég tel að Alþingi eigi skildar skýringar á því ef svona útspil kemur frá hæstv. forsrh. Er hafinn undirbúningur að því í fjmrn. að leggja fram tillögur um stórfelldar skattalækkanir á fyrirtæki og hver er afstaða hæstv. fjmrh. til þess að svo verði gert?

[15:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hygg að það segi sig sjálft að í fjmrn. er jafnan unnið að ýmsum tillögum til endurbóta á skattkerfinu. Menn þurfa ekki annað en lesa stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar til að átta sig á því að við höfum fjarri því náð landi með allar þær breytingar á skattkerfinu sem er nauðsynlegt og æskilegt að gera. Eitt slíkra mála er einmitt það sem hæstv. forsrh. vakti athygli á á viðskiptaþingi sem hv. þm. gerði að umtalsefni, skattar fyrirtækja.

Vitanlega þarf að halda áfram að gera skattumhverfi fyrirtækjanna í landinu samkeppnishæft þannig að við missum ekki fyrirtækin úr landi og eigum þess frekar kost að laða önnur erlend fyrirtæki hingað til lands. Það gerum við m.a. með því að lækka skatthlutfallið á fyrirtækin.

Ég skal nefna fleiri skatta sem hafa verið til umræðu þó ekki liggi fyrir neinar ákvarðanir í því efni út af fyrir sig, hvorki um fyrirtækjaskatta né aðra, en þar eru til að mynda eignarskattar, stimpilgjöld og fleira sem ég heyrði ekki betur í fjárlagaumræðu en að alls kyns aðilar í salnum, sem hafa ekki látið sig miklu varða skattbyrðina af þessum sköttum, væru farnir að tala um að væru orðnir til óþurftar. Það er ýmislegt í þessum málum sem þarf að endurskoða og betrumbæta. Að því er unnið á vettvangi fjmrn. og ríkisstjórnarinnar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um þetta en auðvitað er þetta stefnan sem m.a. kom fram í máli hæstv. forsrh.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er ekki miklu nær. Það eru út af fyrir sig ekki neinar sérstakar fréttir að hlutirnir séu almennt í skoðun í fjmrn. Það ráðuneyti sem fer með skattamál hefur málin væntanlega almennt til umfjöllunar á hverjum tíma. Hins vegar var ómögulegt að merkja í svari hæstv. fjmrh. hvort einhver formleg vinna væri í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar til að undirbyggja það útspil sem hæstv. forsrh. kom með á viðskiptaþinginu. Var það bara ætlað til heimabrúks, sem konfekt í eyru þeirra fyrirtækjaforkólfa sem hæstv. forsrh. ávarpaði á viðskiptaþinginu? Er það þá ábyrgur framgangsmáti að gefa upp boltann um að í farvatninu kunni að vera stórfelldar skattalækkanir á fyrirtæki ef engar innstæður eru fyrir því annað en almennt tal hæstv. fjmrh. um að þessi mál séu út af fyrir sig alltaf til skoðunar? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Stendur til að stórlækka skatta á fyrirtæki eða ekki?

[15:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. er bæði að reyna að leiða þetta mál inn á villigötur og reyna að gera úlfalda úr mýflugu í sambandi við ummæli mín. (Gripið fram í.) Er það ekkert svar að verið sé að vinna að þessu máli í fjmrn.? Er það ekkert svar að það séu ýmis skattamál fleiri en þetta, sem m.a. er vikið að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem núverandi ríkisstjórn hefur ekki enn getað komið í framkvæmd, mál sem lúta að lækkunum á sköttum? Er það ekkert svar að nauðsynlegt sé að halda áfram að betrumbæta skattaumhverfi fyrirtækja, m.a. með því að lækka skattprósentuna á þeim? Ég held að hv. þm. sem er gamall skattpíningarsinni, sérstaklega á fyrirtækjum, ætti að kynna sér það sem gerðist þegar skattprósenta fyrirtækja var lækkuð úr 50% í 30%. Hvað gerðist? Skatttekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni jukust, m.a. vegna þeirra áhrifa sem þessi skattbreyting hefur haft hér í þjóðfélaginu og efnahagsumhverfinu.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel ekki að saklaus fyrirspurn mín hafi gefið hæstv. fjmrh. tilefni til að ýfast upp nema ég hafi komið við snöggan blett. Er það mögulega þannig að þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. hafi komið eins og köld vatnsgusa framan í hæstv. fjmrh.? Það skyldi nú ekki vera að það hafi verið eitthvað lítið um samráð áður en þessu var spilað út. Ég þykist einmitt muna að hæstv. fjmrh. hafi tiltölulega nýlega, m.a. úr þessum ræðustól, varað við því að menn væru að gera gælur við skattalækkanir vegna þenslunnar og af fleiri ástæðum.

Væntanlega fer honum eins og fjármálaráðherrum fer almennt, að þeim er annt um pyngjuna sína, þeir vilja sitja ofan á kassanum og helst hafa einhverja aura þar á botninum. Þar af leiðandi kemur þetta nokkur sérkennilega út, herra forseti. Síðan verður hver og einn að dæma fyrir sig hvað var á þessum svörum að græða. Ég fékk engan botn í það hvenær formleg vinna sem miðaði að því að lækka skatta á gróða fyrirtækja hefði hafist og að hverju hún miðaðist. Þetta voru almennar hugleiðingar hæstv. fjmrh. sem greinilega er í vanda með málið.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það var ekki fyrr en í þessari lokaspurningu þingmannsins sem loksins glytti í tilgang hans með þessum spurningum: Er ekki örugglega einhver ágreiningur uppi milli forsrh. og fjmrh.? Er það nú ekki örugglega svo að forsrh. hafi verið með útspil sem hann var ekki búinn að bera undir fjmrh.? Auðvitað ekki. Auðvitað fylgjum við hér samræmdri stefnu í þessum málum. Þetta er það sem við viljum gera. Það er ekki búið að ákveða með hvaða hætti eða hvenær en þetta verður áreiðanlega gert, herra forseti, jafnvel þó að það muni mæta andstöðu hv. fyrirspyrjanda, sem ég efast ekki um, þegar þar að kemur.

Fyrirvari um greiðslu lífeyrisþega.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þann 26. janúar lýsti lögmaður Öryrkjabandalags Íslands því yfir bréflega til Tryggingastofnunar að allir þeir öryrkjar sem fengju greitt samkvæmt nýsettum lögum um tekjutryggingu almannatrygginga tækju við greiðslum sínum með þeim fyrirvara að þeir telji greiðslurnar ekki í samræmi við niðurstöðu dóms Hæstaréttar og þeir áskilji sér rétt til að krefja Tryggingastofnun um það sem á vantar. Farið var fram á að Tryggingastofnun féllist á

þennan fyrirvara fyrir alla þessa öryrkja með undirskrift en greiðslur eru lagðar inn á reikninga þannig að menn kvitta ekki eða skrifa undir greiðslurnar, því var ekki hægt að setja fyrirvarann þannig.

Tryggingastofnun neitaði að fallast á að Öryrkjabandalagið væri fulltrúi þessara einstaklinga þrátt fyrir að bandalagið hefði verið fulltrúi þeirra í málarekstri sem öllum ætti að vera kunnur. Tryggingastofnun féllst ekki á að undirrita fyrirvarann og ákvað það í samráði við heilbrrn. Þar sem heilbrrn. og Tryggingastofnun hafa ekki vald til að ákveða hverjir koma fram í umboði þessara öryrkja hefur Öryrkjabandalagið ítrekað fyrirvarann og lýst hann bindandi fyrir hönd umbjóðenda sinna. Það hafa þeir gert bréflega til Tryggingastofnunar ríkisins. Því spyr ég hæstv. ráðherra og formann Framsfl. hvort ekki megi treysta því að ráðherra virði þennan sjálfsagða og eðlilega fyrirvara.

[15:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það má ljóst vera að ef einhver málaferli hefjast út af þessu máli fyrir dómstólum landsins og niðurstaða fæst samkvæmt þeim venjum sem um það gilda, ef menn telja, að þau lög gem sett hafa verið séu ekki í samræmi við stjórnarskrá og þess vegna sé höfðað mál, þá liggur fyrir að sú niðurstaða sem fæst fyrir dómstólum gildir ekki eingöngu fyrir þann einstakling heldur alla þá einstaklinga sem hlut eiga að máli.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég gat ekki skilið svar hæstv. ráðherra, sem ég þakka fyrir, óðruvísi en svo en að hann hyggist virða þennan fyrirvara sem Öryrkjabandalag Íslands hefur sett fram til Tryggingastofnunar ríkisins í bréfi. Ég fagna því og bið hæstv. ráðherra að leiðrétta það ef ég hef misskilið orð hans. Því spyr ég, herra forseti: Hvers vegna var ekki skrifað umyrðalaust undir bréfið þar sem farið var fram á þennan eðlilega og sjálfsagða fyrirvara? Hvers vegna var ekki skrifað undir það um leið farið var fram á það, ef menn ætluðu að virða þennan fyrirvara, sem ég vil fagna hér?

[15:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það sem farið hefur fram á milli aðila í þessu máli. Aðalatriðið er að verði málaferli út af þessu máli og fáist niðurstaða í því fyrir dómstólum þá mun það ekki aðeins gilda um þann einstakling sem þar á hlut að máli heldur alla einstaklinga sem hafa sambærilegar aðstæður. Það hlýtur að vera aðalatriði málsins.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú er alltaf matsatriði hvenær aðstæður eru sambærilegar hjá örorkulífeyrisþegum. Menn treystu sér ekki til að reikna aftur í tímann vegna þess að það væri matsatriði hvort aðstæður manna væru sambærilegar og skoða þarf hvern og einn. Þess vegna tel ég mikilvægt að það komi fram að þessi fyrirvari gildi fyrir alla þá sem taka við greiðslum vegna breyttra laga um tekjutryggingu almannatrygginga en ekki að það verði matsatriði hverju sinni hvenær aðstæður eru sambærilegar og hvenær ekki. Gildir ekki fyrirvarinn fyrir alla þar sem hann gengur út á að menn eru ekki sammála því að þessi lög séu samkvæmt niðurstöðu dóms Hæstaréttar? Menn þurfa þá ekki að vega og meta hverju sinni hvenær aðstæður eru sambærilegar eða ekki vegna þess að það getur verið mjög flókið mál. Ég vildi gjarnan fá að heyra, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra telji ekki eðlilegt gagnvart þessum hópi að láta fyrirvarann gilda fyrir alla öryrkja, sem reyndar kom fram í fyrra svari hans.

Aðgengi að úrlausnum samræmdra prófa.

[15:24]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Um árabil tíðkaðist að leggja samræmd próf einungis fyrir í 10. bekk grunnskóla. Á síðustu árum hafa einnig verið innleidd samræmd próf í 4. og 7. bekk, þ.e. þau eru nú haldin í þremur árgöngum. Með því móti skapast möguleikar til afskaplega mikilvægra rannsókna á námi í grunnskóla þar sem nú er unnt að bera saman hvort einhver virðisauki hafi orðið frá 4. bekk og upp í 7. bekk og áfram í 10. bekk. Þannig safnast mikilvægar upplýsingar fyrir yfirvöld menntamála, fyrir einstaka skólastjórnendur, kennara og ekki síst nemendur og foreldra.

Nú er það þekkt meðal allra sem komið hafa að skólamálum að þegar nemendur fá úrlausnir sínar aftur þá steypa þeir sér yfir úrlausnirnar til að sjá hvernig þeir hafi staðið sig og ekki síst til að sjá hvar veikleika í úrlausnum er að finna. Ég hef haft spurnir af því frá nokkrum foreldrum að þeim og jafnvel kennurum sé meinaður aðgangur að úrlausnum úr samræmdum prófum. Sé það rétt er það auðvitað afskaplega bagalegt og mikið tekið af nemendum og kennurum. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrn. hvort málum sé þannig skipað. Hvert er aðgengi foreldra, nemenda og kennara að úrlausnum samræmdra prófa?

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í gildi er reglugerð um framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa og samkvæmt 8. gr. þeirrar reglugerðar hefur sá aðili sem framkvæmir prófin, þ.e. Námsmatsstofnun eins og hún heitir núna, mánuð til að skila af sér úrlausnum til skólastjóra. Eftir þann tíma eru úrlausnirnar til ráðstöfunar fyrir nemendur og kennara væntanlega líka. Nemendur geta krafist úrlausnanna innan þriggja mánaða frá því að skólinn fær þær afhentar.

[15:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svarið og fagna því. Augljóslega er hér í gangi misskilningur. Tilefni þessarar spurningar var að fá úr því skorið hvernig þessum málum er skipað. Nú liggur það ljóst fyrir.

Jafnframt er rétt að draga fram að einstakir foreldrar hafa áhyggjur af meintri gjaldtöku fyrir aðgang að nemendaúrlausnum. Ég tek það svo að þannig sé málum ekki háttað enda væri afskaplega varasamt ef Námsmatsstofnun gerði slíkt að tekjulind. Hér er um afskaplega mikilvægt mál að ræða í námsmati og í framförum nemenda og því má segja að hér sé um þjóðhagslegt mál að ræða. Ég vildi bera þessa fyrirspurn hér fram til þess að fá úr því skorið. Nú hefur það verið skýrt og ég þakka hæstv. ráðherra svarið.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. nefndi, þ.e. gjaldtöku ef menn óski eftir þessum prófum, þá hefur ráðuneytið úrskurðað á þann veg að ekki sé unnt að krefjast annarra

gjalda en þeirra sem beinlínis snerta ljósritun á gögnum eða annað slíkt.

[15:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Með svörum hæstv. ráðherra liggur tvennt fyrir. Annars vegar að nemendur og kennarar hafa greiðan aðgang að úrlausnum sínum á samræmdum prófum og í öðru lagi að Námsmatsstofnun er ekki ætlað að hafa þetta sem tekjulind. Ég fagna því og þakka svarið.

Breytingar á starfsemi Rariks.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur legið fyrir að stjórnvöld stefna að endurskipulagningu á raforkusölu og dreifingu í landinu. Ráðherra hefur lýst því yfir að stefnan ætti að birtast hér í lagafrv. á þessu vori og einnig að til greina kæmi að flytja Rarik til Akureyrar. Menn hafa einnig talað um að eignarhaldi á Rarik yrði breytt og Akureyringar færðu jafnvel eignarhlut sinn úr Landsvirkjun þangað.

Nú berast fréttir af því að miklar skipulagsbreytingar séu í gangi hjá Rarik, tilflutningur starfsmanna og verið sé að leggja niður störf og fækka þeim á landsbyggðinni. Með leyfi forseta vil ég vitna í bókun sveitarstjórnar Búðahrepps um þetta málefni. Þar stendur að sveitarstjórnin furði sig á þeirri byggðastefnu sem ríkisstjórnin virðist líða í þessum breytingum hjá Rarik. Þjónustan við íbúa svæðisins skuli skert, óöryggi byggðarinnar aukið og störfum fækkað. Rafmagnsveitustjóri brást hart við, bar þetta til baka og harmaði þann djúpstæða misskilning sem hefði gætt í þessari bókun. Ég hef hins vegar af því fréttir víðar að en þarna frá að þessar skipulagsbreytingar séu á fullri ferð. Allt virðist vera komið af stað þó að ekki hafi komið fram neitt frv. og engin stefnumörkun frá hæstv. ríkisstjórn. Ekki hefur farið fram nein umræða í sölum Alþingis um þetta mál en samt sem áður er verið að ganga í það að fækka störfum á landsbyggðinni. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna hann lætur þessar skipulagsbreytingar hefjast áður en umræðan hefur farið fram og hvort rétt sé að niðurstaðan verði sú að bæði sé verið að flytja störf til Reykjavíkur eins og nú háttar til og fækka störfum á landsbyggðinni án þess að ríkisstjórnin sjái til þess að önnur störf komi í staðinn. Ég held að margir hafi áhuga á því að frétta hvernig byggðastefna ríkisstjórnarinnar fer saman við þetta.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að miklar breytingar eru fyrirhugaðar á raforkukerfinu og nýtt frv. til raforkulaga mun líta dagsins ljós alveg á næstunni. Það er á lokastigi í vinnslu í ráðuneytinu. Þessar breytingar eru mjög miklar og mjög afgerandi á mörgum sviðum og þær eru fyrst og fremst til komnar vegna tilskipunar Evrópusambandsins. Engu að síður er það rétt sem hv. þm. segir að Rarik hefur nú þegar farið út í skipulagsbreytingar sem kemur til af því að Rarik veit hver tilskipunin er og veit hvað fram undan er. Þess vegna tel ég að skynsamlegt sé af fyrirtækinu að hefja nú þegar vinnu við þessar skipulagsbreytingar.

Það er hins vegar ekki rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að verið sé að fækka störfum á landsbyggðinni. Það er verið að breyta starfsheitum í einhverjum tilfellum en það er ekki rétt að verið sé að færa störf af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég hef orðið vör við þó nokkuð mikinn draugagang, ef þannig má að orði komast, í þessu máli og víða er mikill órói hjá starfsmönnum þessa fyrirtækis sem mér þykir miður en ég tel að þegar frv. lítur dagsins ljós og málefnalegar umræður hefjast á hv. Alþingi um þær breytingar sem fram undan eru verði hægt að skýra þetta mál. Hvað varðar flutning fyrirtækisins eða höfuðstöðvar til Akureyrar hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það en það kom fram í fréttum fyrir helgi, sem var ekki frá mér komið, að ríkisstjórnin er að fjalla um það mál.

[15:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi góðar heimildir fyrir því að sumt af störfum sem unnin eru á vegum Rariks séu einmitt að flytjast til Reykjavíkur um þessar mundir, ég hef það frá þeim sem hafa fengið fréttir af því. Ég tel líka að fullkomin ástæða sé til þess að gera athugasemdir við það og gagnrýna harðlega að umræðan skuli ekki fá að fara fram á undan athöfnunum því að það hlýtur að skipta miklu máli í sambandi við endurskipulagningu á þessu fyrirtæki hvernig eigi að haga þessum málum til framtíðar, hvernig eignarhaldið eigi að vera, hvort Rarik eigi að fara til Akureyrar o.s.frv.

Það er ansi hart að taka þátt í pólitík á Íslandi ef ekki er hægt að fá að tala um málin áður en þau eru tilbúin og sett fram í frv. á hv. Alþingi en við það megum við búa í stjórnarandstöðunni.

Rarik veit hvað stendur til og þess vegna er Rarik að gera hlutina er hér sagt. Ég segi: Hverjir eru það sem ráða? Er það stjórnendur Rariks?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að ekki er verið að gera neitt af hálfu Rariks sem ekki samrýmist lögum og reglum í landinu. Auðvitað hefur fyrirtækið ákveðið svigrúm til að gera skipulagsbreytingar án þess að mál þurfi að koma fyrir Alþingi. Hins vegar vil ég ítreka að þær breytingar, sem eiga sér stað hjá þessu fyrirtæki, eru í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins og í samræmi við það frv. sem hér mun líta dagsins ljós vegna þess að það er grundvallaratriði í því frv. og í tilskipuninni að það þarf að greina á milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu. Þetta eru staðreyndir sem ég hélt að allir gerðu sér grein fyrir en ég vil ítreka að málið mun koma mjög fljótlega til Alþingis og þá efast ég ekki um að hér verða fjörugar umræður.

[15:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að það verði fjörugar umræður. Ég býst við því. Ég er ekki að halda því fram að Rarik sé að brjóta ein eða nein lög. Rarik er einfaldlega að gera skipulagsbreytingar. Þær eru á ferðinni áður en umræðan hefur farið fram.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því líka vegna þess að það vill svo til að hún er líka ráðherra byggðamála, hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar sem speglast í þessum ráðstöfunum, að verið sé að skipuleggja upp á nýtt, t.d. í sambandi við póstinn í landinu, verið að breyta, leggja niður störf og gera skipulagsbreytingar, eins og hjá Rarik, án þess að ríkisstjórnin ætli að sjá til þess að önnur störf komi í staðinn fyrir þau sem eru lögð niður. Er það byggðastefna ríkisstjórnarinnar? Ég hef ekki á móti skipulagsbreytingum til hagræðingar en það hlýtur að verða að gera þá kröfu að hæstv. ríkisstjórn standi við stóru orðin um byggðastefnuna og sjái til þess að

þegar störfum á landsbyggðinni fækkar vegna slíkra hluta, komi ný störf í staðinn.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ætli við getum ekki verið sammála um það, ég og hv. þm., að ef til þess kemur að höfuðstöðvar Rariks verði fluttar til Akureyrar, sem er ekki ákveðið á þessari stundu, sé það byggðaaðgerð. Mér finnst hann því tala gegn sjálfum sér þegar hann telur að það sé andstætt byggðastefnu að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins hugsanlega til Akureyrar.

Ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi að þær breytingar sem gerðar verða hjá Rarik eru í samræmi við það nýja raforkukerfi og raforkufyrirkomulag sem við sjáum fyrir okkur. Sá skipulegi áróður sem haldið uppi og hnígur í þá átt að byggðamálaráðherrann sé að flytja störf til Reykjavíkur er hreint og beint ósannur. Ég veit ekki hver stendur fyrir þessum áróðri en a.m.k. verð ég mjög víða vör við hann og hann er ósanngjarn.

Lokun pósthúsa á landsbyggðinni.

[15:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í blöðum nýverið, nú síðast í Dagblaðinu í dag, er greint frá því að Íslandspóstur hf. hafi ákveðið að loka útibúi sínu á Hofsósi frá næstu mánaðamótum og sömuleiðis er gert ráð fyrir lokun pósthúss í Varmahlíð. Lokun pósthúss á Skagaströnd hefur einnig verið ákveðin og lokanir pósthúsa víðar um land hafa bæði verið yfirstandandi og eru væntanlegar.

Í umræðu á Alþingi í fyrra vildi hæstv. samgrh. ekki gera mikið úr því að til stæði að loka pósthúsum en nú virðist annað vera uppi á teningnum.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. samgrh.: Eru þessar lokanir og þessi stefna Íslandspósts með fullum vilja og vitund hæstv. samgrh. sem fer með hlutabréf þessa fyrirtækis? Er það sem nú er að gerast í póstmálum skipulagður liður af hálfu ríkisstjórnarinnar í byggðaaðgerðum að loka pósthúsum og segja þar upp fólki, fólki sem hefur starfað í mörg ár, fólki sem meira að segja vann á Þorláksmessu og bar út póst óumbeðið á eigin kostnað? Hefur hæstv. samgrh. haft samráð við byggðamálaráðherrann um þessar aðgerðir í byggðamálum sem þarna er verið að vinna svo ötullega að? Veit hæstv. samgrh. hversu miklum sparnaði er hægt að ná með þeim lokunum sem þarna er verið að vinna að? Hvenær er ætlunin að stöðva þessar lokanir eða niðurlagningu pósthúsa úti á landi? Er einhver áætlun sem þarna er unnið eftir með vilja og vitund hæstv. ráðherra?

[15:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það vill þannig til að það er stjórn yfir Íslandspósti hf. Í þeirri stjórn eru fulltrúar flestra ef ekki allra stjórnmálaflokka, sennilega ekki allra reyndar, sem eru í þinginu þannig að tiltölulega greiður aðgangur er að upplýsingum frá stjórn Íslandspósts hf. þegar verið er að fjalla um svo viðamiklar breytingar sem hv. þm. gat um.

Á hitt ber að líta að þær aðgerðir sem Íslandspóstur stendur fyrir og snúa að hagræðingu úti um allt land bæði á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar og eru vegna mikilla breytinga í þjónustu póstsins, snúa allar að því að styrkja póstþjónustuna, koma í veg fyrir að hún leggist af. Meðal annars þess vegna flutti hæstv. iðnrh. og viðskrh. frv. sem gaf færi á því að bankastofnanir og sparisjóðir gætu tekið að sér þessa þjónustu þannig að þar sem svo háttar til og mikill samdráttur hefur orðið m.a. í íbúafjölda og mikill samdráttur í póstþjónustunni eftir að sjálfvirki síminn varð að veruleika, svo að sérstök athygli sé vakin á því vegna þess að símaþjónustan og póstþjónustan fóru áður saman, þá hefur verið staðið þannig að málum að reynt hefur verið að slengja þessari þjónustu saman. Af þessum skipulagsbreytingum verður sparnaður að sjálfsögðu, og umfram allt er reynt að sjá svo til að þjónustan sé ekki síðri en verið hefur.

Við verðum auðvitað að líta til stöðu mála, þrátt fyrir það að við þurfum að halda öllum störfum sem við getum og helst fjölga þeim úti um allt land, m.a. hvað varðar rekstur pósthúsanna í landinu. En ég mótmæli því algerlega að hér sé óeðlilega að staðið og vænti þess að þingmaðurinn fái upplýsingar um það.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vek athygli á þeim orðum hæstv. ráðherra að hér væri ekki óeðlilega að staðið í byggðamálum af hæstv. ríkisstjórn um fækkun starfa úti um land. Það er sjálfsagt að hæstv. ráðherra finnist það vera hið besta mál.

Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi rætt þetta við hæstv. byggðamálaráðherra, hvort sú stefna Íslandspósts sem hann var að kynna sé meint og skipulögð stefna af hans hálfu sem fer með þau mál því að þó að skipuð sé stjórn fyrir fyrirtækið þá starfar hún náttúrlega samkvæmt pólitískri sýn ríkisstjórnarinnar. Hefur verið rætt við heimamenn þegar verið er í grundvallaratriðum að breyta skipulagi þjónustunnar? Hvernig er eiginlega staðið að þessu öðruvísi en að lúta lögmálum hendingarinnar um arðsemi einhvers fjár í Reykjavík?

[15:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Auðvitað þurfum við að huga mjög að því að verja byggðirnar en ég held að það sé sem betur fer þannig að þær standi ekki og falli með því hvort við höldum óbreyttri starfsemi póstþjónustunnar í landinu þrátt fyrir breytingar í henni. Við getum ekki litið fram hjá því að þarna hefur orðið ákveðin þróun.

Á hitt er að líta að um leið og við höfum verið að hagræða, og það á einnig við um póstþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu, hefur Íslandspóstur tekið ákvarðanir um að færa tiltekin verkefni út á land sem hægt er að vinna þar. Ef hv. þm. leitar sér upplýsinga um það hjá Íslandspósti hf. þá gæti hann væntanlega komist að raun um að svo hefur verið og að því er unnið.

Ég vil bara leggja áherslu á að í mínum huga skiptir mjög miklu máli að við tryggjum póstþjónustuna í landinu og að því er unnið fullum fetum.

[15:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að lögð hafi verið mikil vinna í að flytja störf til þessara staða í stað þeirra sem verið er að leggja af. Þarna er verið að segja upp líklega fimm til átta starfsmönnum. Ég veit hins vegar að einum eða tveimur þeirra var boðið að fara suður og vinna þar. Ekki var rætt um flutningsstyrk, ekki það ég veit, en þeim stóð til boða að flytja hingað suður.

Ég ítreka það, herra forseti, að hæstv. ráðherra getur ekki skotið sér á bak við einhverja stjórn. Þarna er verið að fylgja stefnu. Ég velti því fyrir mér að hve miklu leyti hæstv. ráðherra fylgist með þeim þjónustuúrbótum sem verið er að vinna að. Er það samkvæmt stefnu sem hæstv. ráðherra samþykkti og veit hvað felst í að sami maður afgreiðir pylsu, kjöt, bréf og bensín? Finnst hæstv. ráðherra það vera eðlileg þjónusta sem verið er að bjóða þarna upp á? Ég ítreka svo spurningu (Forseti hringir.) mína: Hefur hæstv. ráðherra samráð við byggðamálaráðherrann sem hefur þungar áhyggjur af flutningum starfa (Forseti hringir.) frá landsbyggðinni til Reykjavíkur og er haft samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um svona (Forseti hringir.) grundvallarþjónustu?

[15:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti væntir þess að óþarfi sé að endurtaka spurningar sem áður eru fram komnar eftir að ljósið er orðið rautt. (**JB:** Já, en þegar svörin koma ekki þrátt fyrir þrítekningu. Hæstv. ráðherra hefur nú tækifæri.)

[15:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Og hv. þingmaður heldur áfram ræðuhöldum sínum, herra forseti. Því er til að svara að ekki hefur verið haft sérstakt samráð við byggðamálaráðherra um rekstur Íslandspósts hf. (**JB:** En þjónustan, er það ekki ...?) Þjónusta Íslandspósts er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar eins og ég fór rækilega yfir með hv. þm. fyrr á þessu þingi og er tilbúinn til þess að gera enn frekar þegar betra tóm er til.

Það er alveg ljóst að verið er að endurskipulegga póstþjónustuna í landinu með það í huga að styrkja hana og ef hægt er að ná samstarfi við heimaaðila sem reka aðra starfsemi þá finnst mér ekki sanngjarnt af hv. þm. að gera lítið úr þeim sem eru tilbúnir til þess að taka að sér póstþjónustuna í landinu. (**JB:** Ég hef aldrei nefnt það.) Það lá í orðum hv. þm. áðan að hann var að gera lítið úr þeim sem stunda annars konar þjónustustarfsemi en eru tilbúnir til þess að sinna póstinum.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, frh. fyrri umr.

Stjtill., 412. mál. — Þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 180. mál. — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 50. mál (tímabundið atvinnutjón). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 48. mál (erlendir makar íslenskra ríkisborgara). — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umboðsmaður aldraða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 117. mál. — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tólf ára samfellt grunnnám, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 166. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 171. mál (afli utan kvóta). — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Útboð á kennslu grunnskólabarna.

[15:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í 1. gr. laga um grunnskóla segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli."

Í 1. gr. er einnig kveðið á um skyldu þessa aldurshóps til að sækja skóla. Það er því grundvallaratriði íslenskrar menntastefnu að það sé bæði skylda sveitarfélaga að reka og kosta grunnskóla og um leið réttur og skylda barna í viðkomandi sveitarfélagi að sækja grunnskólann og eiga þar kost á víðtækri grunnmenntun. Um þessa grundvallarsamfélagsþjónustu hefur verið góð sátt í íslensku samfélagi og einnig á hinum pólitíska vettvangi. Jafnrétti til náms á grunnskólastigi hefur einfaldlega verið óumdeilt.

Nú hafa hins vegar borist af því fréttir að meiri hluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hyggist rjúfa þessa sátt og hefur leitað atbeina menntmrh. til að koma fram þeim áformum sínum að bjóða út kennsluþáttinn í nýjum skóla sem er í byggingu og áformað er að taki til starfa á hausti komanda. Minni hluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, fimm bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, hafa mótmælt þessum áformum harðlega en meiri hlutinn, sex bæjarfulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. hafa knúið málið í gegn og samþykkt að fram fari útboð á börnum og jafnframt óskað eftir undanþágu samkvæmt 53. gr. grunnskólalaga þar sem kveðið er á um tilraunaverkefni innan skólans.

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að mitt álit og fleiri, þar á meðal Kennarasambands Íslands, er að engan veginn sé hægt að heimfæra útboð á börnum og kennsluþættinum í starfi héðbundins hverfisskóla undir þessa tilteknu grein grunnskólalaganna. Það er raunar önnur saga, en rétt er að geta þess að núverandi bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa farið svokallaða einkafjármögnunarleið varðandi byggingu þessa skóla og raunar fleiri sem í undirbúningi eru. Það þýðir í mæltu máli að sveitarfélagið er leigjandi skólahúsnæðisins í næstu 25 ár og þarf að þeim tíma liðnum að semja um áframhaldandi afnot. Lætur nærri að skuldbindingar bæjarfélagsins vegna allra slíkra fjárfestinga, ef af verða, verði nærri 7 milljörðum kr. í lok kjörtímabils núverandi sveitarstjórnar. Það er ógnvekjandi tala.

En nú á að ganga skrefinu lengra. Nú á að markaðsvæða sjálfa kennsluna. Það er rétt að undirstrika það klárlega að væntanlegir nemendur í þessum skóla, Áslandsskóla, munu ekki hafa neitt val. Þetta verður þeirra hverfisskóli. Hér er því ekki um héðbundinn einkaskóla að ræða þar sem nemendur þurfa að greiða sérstök skólagjöld kjósi þeir af einhverjum ástæðum að nema í öðrum skólum en boðið er upp á í sveitarfélaginu.

Herra forseti. Ég ætla að tala hér tæpitungulaust. Þessi áform á að stöðva í fæðingu. Það á ekki að heimila útboð á börnum. Með þessu er markaðshyggjan færð yfir á ný og áður óþekkt svið. Hvað kostar eitt barn, ljóshærður drengur, átta ára gamall, meðalgreindur með engin sérstök hegðunarvandamál en hefur þó átt í erfiðleikum í stærðfræði? Tilboð óskast. Nei, herra forseti. Svona gera menn ekki. Ég geng út frá því að hæstv. menntmrh. stöðvi þetta. Ef hann gerir það ekki þá hefur hann hrundið af stað styrjöld sem ekki verður séð fyrir endann á. Hann getur þó a.m.k. gengið út frá því sem vísu að við jafnaðarmenn munum berjast gegn þessari frjálshyggju af fullri hörku. Kennarar og skólamenn í þessu landi og stór hluti almennings trúi ég að muni einnig ekki taka þessu með þegjandi þögninni. Og við spyrjum að leikslokum.

Hér er að sönnu ekki um að ræða einkamál meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar heldur í raun og sanni framtíð grunnskólans hér á landi, hvorki meira né minna. Í því framhaldi spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Áformar menntmrh. að verða við beiðni bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að bjóða út kennslu til handa grunnskólanemendum í nýjum skóla í Hafnarfirði?

2. Standast áform Hafnarfjarðarbæjar um útboð og kennsluþætti í nýjum skóla grunnskólalög að mati menntmrh. eða mun ráðherra leggja fram frv. til breytingar á lögunum ef hann hyggst koma til móts við ætlan ráðamanna í Hafnarfirði?

3. Hafa bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fengið fyrirheit um jákvæða afstöðu menntmrn. á undirbúningsstigi málsins?

4. Telur menntmrh. að útboð á börnum styrki skólastarf á grunnskólastigi og jafnræði til náms sem er hinn rauði þráður þessarar grundvallarsamfélagsþjónustu hér á landi?

Skýr svör óskast.

[15:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti telur að óhjákvæmilegt sé að gera athugasemd við það orðalag að verið sé að efna til útboðs á börnum. (**GÁS:** Ha! Hvað sagði forseti?)

[15:58]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég er spurður í fyrsta lagi: Áformar menntmrh. að verða við beiðni bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að bjóða út kennslu til handa grunnskólanemendum í nýjum skóla í Hafnarfirði?

Svarið er þetta: Menntmrn. hefur fengið bréf frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið veiti Hafnarfjarðarbæ undanþágu á grundvelli 53. gr. laga nr. 66/1995, varðandi heimild til útboðs kennsluþáttar í fyrirhuguðum grunnskóla bæjarins í Áslandi. Jafnframt er óskað eftir leyfi til reksturs hans sem tilraunaskóla. Áform Hafnarfjarðarbæjar virðast í öllum aðalatriðum nægilega skýr til þess að heimila megi þetta útboð með þeim fyrirvara að ráðuneytið fái til skoðunar drög að endanlegum samningi Hafnarfjarðarbæjar og verksala. Næstu daga munu embættismenn menntmrn. ræða við fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og leggja áherslu á mikilvægi þess að ekki verði gengið á þau réttindi sem nemendur og foreldrar þeirra hafa samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá.

Þá er spurt: Standast áform Hafnarfjarðarbæjar um útboð og kennsluþætti í nýjum skóla í Hafnarfirði grunnskólalög að mati menntmrh. eða mun ráðherra legga fram frv. til breytingar á lögunum til að koma megi til móts við ætlan ráðamanna í Hafnarfirði?

Svarið er þetta: Sumarið 1999 gengu erindi á milli menntmrn. og skólaskrifstofu Hafnarfjarðar þar sem hún óskaði eftir mati ráðuneytisins á því hvort sú leið að bjóða út allan rekstur grunnskóla, þar með kennslu, væri fær. Menntmrn. taldi ekki ljóst á því stigi málsins með hvaða hætti útboð og einkarekstur á skólanum gæti orðið. Skólaskrifstofan gerði ekki ráð fyrir að um einkaskóla væri að ræða og þess vegna virtist sú leið sem skrifstofan kynnti ráðuneytinu kunna að kalla á lagabreytingu. Ráðuneytið lýsti því á hinn bóginn yfir

að það teldi koma til álita að vinna að framgangi málsins sem tilraunaverkefnis á grundvelli heimildar í 53. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla. Verði beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkt og stofnað til þessarar tilraunar verður lagt mat á framgang hennar áður en ráðuneytið hefur frumkvæði að tillögu um breytingu á grunnskólalögunum.

Í þriðja lagi er spurt: Hafa bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fengið fyrirheit um jákvæða afstöðu menntmrn. á undirbúningsstigi málsins? Svarið er þetta:

Í lok bréfs ráðuneytisins til skólaskrifstofu Hafnarfjarðar frá 22. júlí 1999 segir að hafi bæjarstjórn Hafnarfjarðar áhuga á að ganga til þessa verkefnis á grundvelli heimildar samkvæmt 53. gr. grunnskólalaga, sé nauðsynlegt að hún móti tillögur sínar frekar og kynni þær ráðuneytinu. Menntmrh. mun ekki hafa forgöngu í máli þessu heldur mæta ósk um heimild til að nýta ákvæði umræddrar lagagreinar eins og segir í bréfinu.

Þá er spurt í fjórða lagi: Telur menntmrh. að útboð á börnum styrki skólastarf á grunnskólastigi og jafnræði til náms sem er hinn rauði þráður þessarar grundvallarsamfélagsþjónustu? Ég tek undir með hæstv. forseta að það að tala um útboð á börnum í þessu sambandi er rangnefni. Þegar grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga efndi ég til fjölmargra funda til að ræða þessa miklu valddreifingu. Þá lét ég þess oft getið að ég liti á flutninginn sem fyrsta skrefið í þá átt að flytja skólann enn nær foreldrunum og hvatti til þess að þau kæmu enn frekar að skólastarfinu. Þá sagði ég einnig að æskilegt væri að efla enn ítök einkaaðila í skólastarfi.

Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að ríkið eigi að setja sveitarfélögunum strangar skorður um hvernig þau standa að því að reka grunnskólana. Ljóst er að menntmrn. hefur skyldum að gegna vegna námskráa, mats og eftirlits og námsgagnagerðar. Einnig er efnt til samræmdra prófa undir forsjá ríkisins. Breytt fyrirkomulag á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði raskar ekki með neinum hætti þessu hlutverki ríkisins og unnt verður að fylgjast með innra starfi í þeim skóla eins og öðrum. Ég sé ekki nein rök fyrir því að hér sé um útboð á börnum að ræða eins og hv. þm. orðar það svo ósmekklega og ég sé ekki heldur að með þeim tillögum sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur kynnt menntmrn. sé vegið að jafnræði til náms á neinn hátt. Það er skoðun þeirra sem um málið hafa fjallað innan menntmrn. að hér sé um að ræða nýbreytni í rekstrarformi sem full ástæða sé til að reyna. Meðal annars færi þetta form rekstur skóla enn nær vettvangi og geti stytt allar boðleiðir í skólastarfinu.

[16:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er hér fyrir svörum. En mér leikur nú mest forvitni á að vita hvað Framsfl. segir um þessi mál. Hér er grafalvarlegt mál á ferðinni. Það er mikið álitamál hvort þessi beiðni Hafnarfjarðarbæjar standist lög, en kröfur skynseminnar stenst hún engan veginn, nánast hvernig sem á málið er litið. Verið er að gera samning við einkafyrirtæki um að reisa og reka skóla. Það fær í sinn hlut milljarða kr. án þess að bæjarfélagið eignist húsnæðið. En það er eitt mál og er peningalegs eðlis.

Við erum að ræða um hag skólabarna og á hvern hátt hæstv. ráðherra Björn Bjarnason ætlar að standa vörð um hag þeirra. Við vitum að fjármálafyrirtæki og verktakar vilja komast inn í velferðarþjónustuna, vegna þess að þar er hagnaðarvon. Aðrir hafa um þetta efasemdir. Mér er kunnugt um það bæði í Sjálfstfl. og Framsfl. Þess vegna er núna talað um að gera tilraun. Að gera tilraun á skólabörnum í Hafnarfirði. Við þurfum að fá það upplýst í hverju þessi tilraunastarfsemi á skólabörnum á skólaskyldualdri á að felast. Og á hvern hátt á að meta útkomuna úr þeirri tilraun?

Herra forseti. Sú spurning sem ég vildi fá fyrst svarað er þessi: Hefur þetta mál verið rætt í ríkisstjórninni? Er um það einhugur að einkavæða grunnskóla á Íslandi og gera tilraun á skólabörnum eins og hér er lagt til?

[16:05]

Ólafur Örn Haraldsson:

Herra forseti. Stefna Framsfl. í menntamálum og rekstri grunnskóla er afdráttarlaus. Það er eitt af aðalhlutverkum ríkis og sveitarfélaga að bera ábyrgð á menntamálum, velferðarmálum og heilbrigðismálum. Sú ábyrgð felst m.a. í því að reka grunnskóla og ráða til þeirra starfa hæft starfslið, bæði kennara, skólastjóra og aðra sem að máli koma. Framsfl. er ekki á móti einkavæðingu eins og alþjóð veit, en sú stefna nær ekki til menntamála. Og sú stefna nær ekki til velferðarmála og heilbrigðismála.

Í þeirri stefnu felst líka að Framsfl. styður jafnrétti til náms. Jafnrétti til þeirra gæða sem alls staðar á landinu eiga að vera aðgengileg fyrir ungmenni. Þegar grunnskólarnir voru fluttir til sveitarfélaganna var ekki meiningin að þar ættu að verða breytingar á þeirri grundvallarstefnu. Þess vegna verðum við að líta á þessa tilraun í Hafnarfirði sem afar afmarkaða tilraun. Einkavæðing kennslu í grunnskólum er því ekki í samræmi við stefnu Framsfl.

[16:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir liggur að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hyggst nota undanþáguákvæði í grunnskólalögunum til reksturs tilraunaskóla til að setja rekstur almenns hverfisskóla í Hafnarfirði í útboð og ég gat ekki heyrt annað en að hæstv. menntmrh. ætlaði að blessa yfir þá aðgerð. Kom mér það nokkuð á óvart. Auk þess sem þetta gengur þvert gegn anda laganna hafa íslenskir íhaldsmenn og þeir sem eru með þeim í bandalagi eins og framsóknarmenn í Hafnarfirði nú sýnt að þeir eru kaþólskari en páfinn, því engum hefur enn á gjörvöllum Vesturlöndum dottið í hug í sinni villtustu fantasíu að bjóða út í einkaframkvæmd rekstur almenns hverfisskóla. Þetta er grafalvarlegt mál því þarna er ekki um að ræða einkaskóla sem auðvitað eru víða til og undir ýmsum formerkjum heldur almennan hverfisskóla þangað sem börn úr hverfinu eru skyldug til skólagöngu. En þó er ekki gert ráð fyrir alveg öllum börnum í þessum skóla því heyrst hefur, enda ekki annað ráðið af útboðsgögnum, að ekki sé gert ráð fyrir að nemendur sem þurfa á mikilli sérkennslu að halda gangi í þennan skóla. Þeim verður úthýst. Sumir eru jafnari en aðrir. Aðrir skólar í Hafnarfirði verða látnir annast kennslu þeirra barna. Enda vandséð hvernig hægt er að setja slíkan óvissuþátt í útboð.

Komið hefur fram í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að forráðamenn bæjarins ætla sér að spara á þessu fyrirkomulagi. Þeir sem gera tilboð í reksturinn ætla síðan vafalaust að græða. Og þá kemur upp spurningin: Hver er það er sem mun tapa?

Það er engin spurning að ýmsar leiðir eru til að spara í rekstri grunnskóla. Til dæmis með því að hafa fjölmennari bekkjardeildir og enga sérhjálp svo dæmi sé tekið. Það er bara spurningin hverjir vilja svo selja börnin sín lægstbjóð-

endum og láta þau sæta þeim afarkostum sem slíkt býður upp á.

[16:09]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það hefur verið bæði áhugavert og spennandi að fylgjast með áformum Hafnarfjarðarbæjar um að fela einkaaðilum í útboði þjónustu eins grunnskólanna í Hafnarfirði. Hér eru nýjar og athyglisverðar hugmyndir á ferðinni sem geta gert skólastarfið enn fjölbreyttara og markvissara. Nú eru liðin tæplega sex ár frá því grunnskólarnir voru fluttir frá ríki til sveitarfélaga og óhætt er að segja að tilfærslan hafi tekist einstaklega vel og skólastarfið blómstrar hjá sveitarfélögunum í landinu sem hafa sýnt mikinn metnað í að sinna því sem best. Mörg þeirra gera raunar miklu meira en þeim er skylt samkvæmt lögum.

Menntmrh. getur samkvæmt grunnskólalögum heimilað sveitarfélögunum að brydda upp á nýjungum og tilraunum í skólastarfi. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni. Það er ótvírætt samkvæmt grunnskólalögum að endanleg ábyrgð er hjá viðkomandi sveitarfélagi, en eftirlitsskyldan hjá ráðherra. Það er því tryggt í bak og fyrir að rétt sé að verki staðið samkvæmt lögum.

Sveigjanleiki í skólastarfinu og sjálfstæði hvers skóla til að móta starf sitt og taka upp nýjungar sem henta á hverjum stað eru afar mikilvæg í öllu skólastarfi og á þetta er m.a. lögð áhersla í nýjum kjarasamningum. Grunnskólalög og aðalnámskrá tryggja síðan að það sé gert innan þess lagaramma sem í gildi er á hverjum tíma. Þessi nýjung getur ef vel tekst til stuðlað að fjölbreytni og margbreytileika og þannig orðið lyftistöng í öflugu skólahaldi í grunnskólum landsins.

Ég verð að segja að sá forpokaði hugsunarháttur sem fram kemur í málflutningi stjórnarandstöðunnar gagnvart eðlilegri ósk sveitarfélagsins Hafnarfjarðar (**GÁS:** Og Framsóknarflokksins.) um að taka upp spennandi nýjung í skólastarfi vekur furðu. Það er hrópað „úlfur, úlfur" og reynt að gera tortryggilega eðlilega ósk um nýbreytni og þróunarstarf í grunnskóla án þess að nein haldbær rök séu færð gegn málinu.

[16:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. formanns menntmn. Alþingis, um að hér sé á ferðinni tækifæri til spennandi nýjungar í skólastafi og til öflugs þróunarstarfs, þá fullyrði ég að spennandi nýjungar og öflugt þróunarstarf í skólastarfi rúmast fyllilega innan þess kerfis sem við höfum búið við í skólamálum til þessa.

Herra forseti. Börn í hverfisskóla suður í Hafnarfirði sem eiga lagalegan rétt til náms samkvæmt grunnskólalögum eiga nú á hættu að verða tilraunadýr og ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, fórnarlömb einkavæðingaræðis Sjálfstfl. og Framsfl. Og það er alveg sama hvað talsmaður Framsfl. við þessa umæðu, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, segir um þetta mál, Framsfl. er fastur í þessu neti. Hann er fastur í neti einkavæðingaræðisins hér í þingsölum í samstarfi sínu við Sjálfstfl. og hann er fastur í einkavæðingaræðinu greinilega víðar. Hann er fastur í því suður í Hafnarfirði.

Félagsdeild Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Hafnarfirði hefur mótmælt kröftuglega þessum áformum og hefur harmað það að bæjarstjórn Hafnarfjarðar skuli nú bjóða út í þessu almenna útboði kennslu í grunnskóla í hverfisskóla sem er að rísa í Áslandi í Hafnarfirði. Hér er um að ræða kennslu barna á skólaskyldualdri, kennslu sem á að bjóða lægstbjóðanda á markaðstorgi, alveg eins og um hefðbundna neysluvöru sé að ræða. Málið snýst um kerfisbreytingu í menntun barna á skólaskyldualdri í Hafnarfirði. Um þessi áform hefur alls ekki farið fram nein fagleg umræða eða kynning fyrir bæjarbúum. Þegar svona er staðið að málum í jafnmikilvægum málaflokki sem menntamálum fyrir börn á grunnskólaaldri, þá eru vinnubrögð af þessu tagi forkastanleg.

[16:14]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er athyglisvert að heyra í þessari umræðu eins og oft áður hver áhugi vinstri grænna er á Framsfl. Hann er yfirleitt nefndur þegar vinstri grænir taka hér til máls. Og í framhaldi af orðum síðasta hv. þm. vil ég fagna því og þakka fyrir að Framsfl. skuli ekki vera pinnfastur í íhaldsfari vinstri grænna.

Hér er til umræðu mál sem snertir einkavæðingu grunnskóla í Hafnarfirði. Þegar hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir var að því spurð á hv. Alþingi hvort til stæði að einkavæða sjúkrahús á Íslandi, þá var svar hennar mjög afdráttarlaust. Hún svaraði því neitandi. Og hvers vegna skyldi hún hafa svarað því á þann hátt? Það er ekki einasta vegna þess að það er hennar eigin sannfæring, heldur og að á bak við sig hefur hún stefnu Framsfl. sem er hvað þetta varðar afskaplega skýr. Framsfl. hefur ítrekað ályktað um það að markaðslögmálin gildi ekki um grundvallaratriði í heilbrigðiskerfinu, í menntamálum og varðandi Ríkisútvarpið. Hvað aðra þætti varðar er það stefna flokksins að þegar ytri skilyrði til samkeppni eru til staðar þá sé eðlilegt að ríkið dragi sig út úr þeim rekstri en það gildir ekki um þá þrjá þætti sem ég nefndi. Það er stefna flokksins og hún hefur ekki breyst. Þess vegna höfum við áhyggjur af því sem er að gerast í Hafnarfirði en rétt er að taka það fram að það eru einstaklingar og einstök félög sem taka ákvörðun um það. Það er ekki miðstýring, hvorki héðan né annars staðar. Það er hjá sveitarfélögunum. Við höfum hins vegar verulegar áhyggjur af þessu vegna þess að að mörgu leyti samræmist það ekki grundvallaratriðum Framsfl. eins og ég hef nefnt.

Ég ítreka og hef farið yfir það (Gripið fram í.) og þrátt fyrir frammíköll liggur nokkuð ljóst fyrir til hvaða þátta við teljum að markaðslögmálið eigi ekki að ná. Það hefur komið skýrt fram.

[16:16]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir með nokkrum hv. þm. sem hafa rætt um það hversu vel hefur gengið með yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Ég var þátttakandi í þeirri umræðu sem átti sér stað þegar sú tilfærsla var ákveðin. Ég fullyrði að hvergi nokkurs staðar var til það hugmyndaflug að nokkrum dytti í hug að svo langt yrði gengið við þá tilfærslu að sveitarfélög færu út í það útboð sem er nú verið að undirbúa í Hafnarfirði. Hér er gengið algerlega á skjön við þann anda sem ríkt hefur og hér er algerlega ný útfærsla á þeirri einkavæðingu sem hefur tröllriðið öllu.

Einnig er athyglisvert að velta fyrir sér hvernig stendur á því að leitað er til heimilda í 53. gr. grunnskólalaga en ekki eftir þeirri heimild sem er að finna í 56. gr. um einkaskóla. Hver skyldi skýringin vera á því? Jú, í einkaskólum er það nákvæmlega þannig að forráðamenn ákveða það sjálfir hvort nemendur sækja skólana eða ekki. Hér er hins vegar um það

að ræða að taka á hverfisskóla, setja hann niður og skylda öll börn í því hverfi að sækja skólann. Slíkt er ekki hægt í einkaskóla. Það skyldi þó ekki vera að það væri ein ástæðan fyrir því að þessi leið er farin?

Herra forseti. Það er fleira sem veldur þeirri spurningu af hverju er leitað til heimildar í 53. gr. og talað um sérsakan tilraunaskóla í þessu efni. Það vill svo til, herra forseti, að í 53. gr. segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni."

Herra forseti. Óhjákvæmilegt er að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort telja megi líklegt að á næstu fjárlögum verði heimild til handa menntmrh. að styrkja svokallaðan tilraunaskóla í Hafnarfirði og þar sé komin meginskýringin á því að verið sé að leita enn einnar leiðar til þess að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

[16:18]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég fagna ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að leita útboða á kennslu grunnskólabarna og óska henni til hamingju með að hafa valið nýjar leiðir í rekstri grunnskóla í bæjarfélaginu. Í kjölfar ákvörðunar bæjarstjórnarmeirihlutans í Hafnarfirði hafa vinstri menn rokið upp til handa og fóta og fundið þessari ákvörðun allt til foráttu. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur m.a. orðað það svo ósmekklega að verið sé að halda útboð eða uppboð á börnum í Hafnarfirði. En um hvað fjallar málið?

Málið snýst um að Hafnarfjarðarbær áformar að gera samkomulag við einkaaðila um byggingu og rekstur grunnskóla. Það er gert þannig að einkaaðilum er gefinn kostur á að bjóða í verkefnið til að m.a. verði hægt að meta menntun, hæfni, grundvallarhugmyndir og stefnu þeirra sem sækjast eftir verkefninu og velja þá bestu úr. Grunnskólinn verður rekinn á sömu forsendum og allir aðrir grunnskólar hér á landi. Hinn nýi skóli mun að sjálfsögðu byggja á aðalnámskrá sem menntmrn. setur og verða undir eftirliti stjórnvalda á sama máta og aðrir skólar. Þar sem um nýjar leiðir er að ræða er gengið út frá að eftirlit menntmrn. og sveitarstjórnar með starfsemi skólans og árangri í skólastarfi verði nákvæmara og kröfur til skólans jafnvel enn meiri en til annarra skóla.

Það er almennur skilningur og sátt um það hér á landi að samfélagsleg þjónusta eins og heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og skólastarf sé að mestu kostað af opinberu fé. Því grundvallarsjónarmiði er ekki verið að breyta með ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Það á hins vegar ekki að vera nein kennisetning að allt sem ríkið borgar eigi ríkið einnig að reka. Stjórnvöld bera ábyrgð á að tiltekin samfélagsleg þjónusta sé í boði en hins vegar á svigrúm stjórnvalda til að fela einkaaðilum ábyrgð á rekstri stofnana samfélagsins að vera vítt og það á við í þessu tilviki. Sveitarfélagið er að fullnægja skyldum sínum um að sjá börnum sveitarfélagsins fyrir grunnskóla.

[16:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur leitt margt fróðlegt í ljós. Augljóst er hér á hinu háa Alþingi að Sjálfstfl. er einn á ferð. Hann er kominn út úr skápnum með grímulausa aðdáun sína á því að markaðurinn leysi öll vandamál. Á hinn bóginn er ljóst af tóntegund þeirra framsóknarmanna sem hér hafa talað að þeir eru ekki í för með sjálfstæðismönnum í þessum efnum. Ég vænti því að þessi mál verði tekin upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar og þingflokka stjórnarflokkanna og að Framsfl. setji hæstv. menntmrh. stólinn fyrir dyrnar. En það var alveg augljóst á svörum hans að hann ætlar að verða við þessari beiðni og meira að segja að túlka gildandi lög á þann veg að ekki þurfi að breyta þeim, og allt í nafni einhverrar tilraunar. Herra forseti verður að afsaka það en þannig er það nú bara að hér er á ferðinni uppboð og útboð á börnum. Það er þetta sem það heitir og ég er vanur því hér á hinu háa Alþingi sem og annars staðar að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

Við erum að ræða það að fram fari útboð á þessari grundvallarþjónustu við börn í landinu. Við skulum hugsa okkur það, herra forseti, hvernig útboð af þessum toga ganga fyrir sig og það er alkunna og það þekki ég vel sem fyrrum sveitarstjórnarmaður að menn leita frávikstilboða. Það má vænta þess að þau verði nokkur frávikstilboðin sem komi í rekstur og kennslu þessa skóla þegar um er að ræða óhefðbundna nemendur sem að einhverju leyti eru kannski ekki í takt við það sem gerist og gengur. Er það spennandi framtíðarsýn, herra forseti? Ónei. Það er ekki spennandi framtíðarsýn að bjóða upp börn á Íslandi, hefur aldrei verið það og verður það ekki.

[16:22]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég sagði áður að hér er ekki verið að tala um að bjóða upp börn og ég get ekki að því gert þó ... (**SJS:** ... annaðhvort eða.) Ég var ekki að spyrja hv. 3. þm. Norðurl. e. hvað honum þætti. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrím J. Sigfússon, um að stilla skap sitt.

[16:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður. Ég minni á að bæjarfulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. standa að meiri hluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ég vil líka taka fram að ég skýrði frá því í ríkisstjórninni hvernig ég mundi svara þessum spurningum og lýsti því yfir hvaða afstöðu ég hefði í málinu og hún hefur komið skýrt fram og hefur ekki breyst við þessar umræður. Þvert á móti finnst mér ekki hafa komið nein rök gegn því að þessi tilraun verði heimiluð. Ef menn lesa og kynna sér tilurð ákvæðisins í lögunum sem um er að ræða sjá þeir að ógerningur er að túlka ákvæðið um tilraunastarfið í skólunum á þann veg að ekki sé heimilt að heimila slíka tilraun.

Varðandi það sem menn sögðu þegar grunnskólinn var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaga, þá sótti ég fjölmarga fundi og lá aldrei á þeirri skoðun minni sem ég lýsti í svari mínu áðan að ég teldi að þetta væri fyrsta skrefið til að færa skólana enn nær foreldrunum og taka upp nýja starfshætti við stjórn skólanna eins og verið er að gera með því útboði sem Hafnfirðingar ætla að fara af stað með. Þegar menn líta á rammann sem settur er í útboðinu verða þeir að líta til þess að gerðar eru mjög ríkar kröfur varðandi faglega þætti skólastarfsins, hugmyndafræðina sem á að vera innan skólans og líka til þeirra þarfa sem á að fullnægja hjá börnunum innan skólans og ekki er slegið af neinu. Ég fullyrði það líka að fylgst verður frekar með því þarna en í öðrum skólum hvernig að öllum þessum þáttum er staðið og menntmrn. hefur þau tæki sem duga til að sjá um að það verði ekki gengið á hlut barna. Ég ítreka svo andstöðu mína við hin ósmekklegu ummæli hv. fyrirspyrjanda.

Ríkisútvarpið, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668.
[16:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

Frv. er einfalt. Lagt er til að 11. gr. laganna falli brott en í 11. gr. laganna er gert ráð fyrir því að starfandi sé innan Ríkisútvarpsins framkvæmdasjóður. Hann var stofnaður með breytingu á útvarpslögum árið 1970 og var þá ákveðið að 5% af heildartekjum stofnunarinnar skyldu renna í sjóðinn. Þetta hlutfall var hækkað í 10% með breytingu á útvarpslögum árið 1979.

Þau markmið sem stefnt var að með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins voru að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Þessum markmiðum hefur verið náð. Öll starfsemi Ríkisútvarpsins hefur nú verið flutt í hús Ríkisútvarpsins við Efstaleiti og verið sameinuð þar. Samhliða flutningum hefur tækjakostur verið endurnýjaður. Þá hefur uppbyggingu dreifikerfis fyrir eina sjónvarpsrás og tvær rásir hljóðvarps, sem Ríkisútvarpinu ber skylda til að reka lögum samkvæmt, verið lokið með þeim árangri að meira en 99% þjóðarinnar ná þessum útsendingum.

Í ljósi þessa er lagt til með frumvarpi þessu að sú lagaskylda sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu að taka frá 10% af bruttótekjum stofnunarinnar verði felld niður. Ætti það að greiða fyrir því að Ríkisútvarpinu verði gert betur kleift en áður að framleiða og kaupa dagskrárefni til flutnings í útsendingum sínum.

Með frv. fylgir ítarleg greinargerð útvarpsstjóra sem er dagsett 1. desember árið 2000. Þar fá hv. þm. tækifæri til að kynnast þeim viðhorfum sem útvarpsstjóri setur fram, m.a. varðandi dreifikerfið. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðunum með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins hefur verið náð og var það innsiglað nú fyrir skemmstu þegar sjónvarpsstarfsemi Ríkisútvarpsins var flutt í Útvarpshúsið við Efstaleiti og öll starfsemi stofnunarinnar sameinuð þar. Samhliða flutningum hefur tækjakostur verið endurnýjaður. Þá hefur uppbyggingu dreifikerfis fyrir eina sjónvarpsrás og tvær rásir hljóðvarps, sem Ríkisútvarpinu ber skylda til að reka lögum samkvæmt, verið lokið með þeim árangri að meira en 99% þjóðarinnar ná þessum útsendingum. Stórátak hefur og verið gert í endurbyggingu langbylgjukerfisins með hinum nýju sendistöðvum á Gufuskálum og Eiðum.

Á allnokkrum sveitabæjum á tiltölulega afskekktum svæðum eru enn ekki skilyrði til að ná útsendingum sjónvarpsins. Áætlað er að kostnaður vegna viðbótarsenda og annarra aðgerða við dreifikerfið til að þjóna umræddum bæjum, sem eru 41 að tölu, nemi um 120 milljónum króna. Þá er miðað við venjulega senda fyrir eina rás sjónvarpsins. Ný tækni, sem er í þróun, getur orðið álitlegur kostur við að leysa umrædd tæknivandamál með heildstæðari lausnum en viðbætur við hið hefðbundna dreifikerfi sjónvarpsins fela í sér.

Landssími Íslands hf. vinnur nú áætlun um ISDN-væðingu sveitabæja. Með ISDN-tækninni er lagður grunnur að stafrænum flutningi til símnotenda. Sá grunnur getur jafnframt verið nýttur til að flytja sjónvarpsefni frá dagskrárveitu til notenda ef fjarlægð frá stofnveitu fjarskiptakerfisins í heimahús notenda er innan viðráðanlegra marka. Þarna getur verið um tvær mismunandi lausnir að ræða. Dagskrárveita sé með efni frá fleiri stöðvum, e.t.v. frá sjónvarpinu, Stöð 2, Skjá einum o.fl., og notandinn velji efni til áhorfs eftir framboði og áhuga. Hin leiðin er að dagskrárveitan sé dagskrárháð, t.d. eingöngu með dagskrá sjónvarpsins í boði, og tæknilausnir aðlagaðar hverjum sveitabæ eða fáum sveitabæjum. Í fyrri kostinum mundi kostnaður við dreifinguna væntanlega deilast á fleiri aðila, en í þeirri síðari aðeins á sjónvarpið. Búnaður fyrir þjónustu af þessu tagi er á þróunarstigi og óvíst í hvað miklum mæli hann mun henta umræddum sveitabæjum en þróunin er ör um þessar mundir. Lausnir af þessum toga eru álitlegar þegar almennt er horft til þróunar og samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Með hliðsjón af framansögðu“ — segir útvarpsstjóri — „á það ekki við lengur að Ríkisútvarpinu sé skylt að taka frá 10% af bruttótekjum til framkvæmda og binda í þessum sjóði, óháð því hverjar þarfirnar raunverulega eru og hvernig sem ástatt er í fjármálum stofnunarinnar að öðru leyti. Hlutverk Ríkisútvarpsins hlýtur fyrst og fremst að vera að framleiða og kaupa dagskrárefni til flutnings í útsendingum sínum.“

Herra forseti. Það er fleira að gerast en þarna er lýst og þau markmið sem menn hafa sett sér hér á landi varðandi ISDN-tengingu með þeim hætti sem hér var lýst er mjög óvenjulegt markmið því að ég veit ekki til þess að nokkurs staðar í heiminum hafi menn ákveðið að stefna að því að allir bæir í einu landi, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, eigi kost á því að nýta sér þessa tækni, en tækninni fleygir ört fram og stafræn tækni tekur á sig aðrar myndir. Nú er það svo að í 34. gr. nýsamþykktra útvarpslaga er gert ráð fyrir því að menntmrn. hafi ákveðið frumkvæði varðandi upptöku stafrænnar tækni við útsendingar á sjónvarpsefni sérstaklega. En þar hefur þróunin líka orðið mjög ör.

Við óskuðum eftir að fá þessa heimild í 34. gr. útvarpslaganna vegna þess að ekki var ljóst að það væri endilega mikill áhugi á því hjá útsvarpsstöðvum hér að nýta sér þessa tækni. Það hefur hins vegar breyst á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að þessi heimild fékkst. Nú mun Póst- og fjarskiptastofnun þegar hafa fengið, ég veit ekki hvort það er formlega, en a.m.k. óformleg tilmæli um að stöðvar hér fái leyfi til þess að nota hina stafrænu tækni.

Segja má að þetta ákvæði í 34. gr. útvarpslaganna sé óþarft varðandi þá heimild sem menntmrh. er þar veitt ef einstakar útvarpsstöðvar eru þegar farnar að nýta sér þessa tækni en það er Póst- og fjarskiptastofnun sem bregst við slíkum leyfisbeiðnum og úthlutar tilraunaleyfum til útsendinga á stafrænu sjónvarpi svo dæmi sé tekið.

Þetta mál hefur borið hraðar að en menn væntu. Þarna er um stórvægilegri breytingar að ræða á allri tækni til miðlunar sjónvarps- og útvarpsefnis en áður hefur þekkst. Ég vona svo sannarlega að hér á landi takist okkur að nýta þá tækni sem best, að menn haldi þannig á málum að hafa allt landið undir, ef þannig má að orði komast, strax í upphafi og hafi það sem sjónarmið þegar í hina nýju tækni er ráðist.

Eins og við vitum hafa verið boðuð áform um einkavæðingu Landssímans. Hann hefur verið samstarfsaðili Ríkisútvarpsins varðandi uppbyggingu á dreifikerfinu. Þær forsendur eru allar að breytast með einkavæðingaráformum Landssímans og þessari nýju tækni. Ég árétta að ég tel öll rök hníga að því að hætta að skylda Ríkisútvarpið til að

leggja 10% af heildartekjum stofnunarinnar í þennan sérstaka framkvæmdasjóð. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmrn.

[16:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er hlynntur þessu frv. til laga um að leggja niður Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem starfræktur hefur verið frá 1970. Hann er náttúrlega barn síns tíma. Mér finnst að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag og mynda afskriftasjóð, þá heitir þetta afskriftir sem væru til framkvæmda. Þannig er það í venjulegu hlutafélagi. Að sjálfsögðu er þessi þróun ekki á enda hjá útvarpinu. Að sjálfsögðu er uppbyggingunni ekki lokið. Henni er aldrei lokið. Þannig er það ekki hjá neinu fyrirtæki.

Mér finnst, herra forseti, að bjóða eigi út menningarhlutverk og öryggis- og dreifingarhlutverk Ríkisútvarpsins, gera kröfu um dreifingu og gera kröfu um hvaða menningu eigi að styðja. Hægt væri að gera kröfu um öryggi o.s.frv. sem reyndar er þegar inni í lögum um útvarpsstarfsemi almennt. Síðan þætti mér eðlilegt að Ríkisútvarpið yrði hlutafjárvætt og selt eins fljótt og auðið er. Ég skora á hæstv. menntmrh. sem einkarekstrarsinna, það kom fram hér í umræðum áðan, að hlutafjárvæða og selja eða gefa starfsfólki Ríkisútvarpsins allt fyrirtækið.

[16:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér kom fram í framsögu hæstv. menntmrh., þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði, að markmiðum með stofnun framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins hafi verið náð. Í fyrsta lagi séu nú bæði Ríkisútvarpið og sjónvarpið flutt með alla sína starfsemi í nýtt hús við Efstaleiti. Í öðru lagi sé uppbyggingu dreifikerfisins fyrir eina sjónvarpsrás og tvær rásir hljóðvarps lokið, með þeim árangri, eins og kemur fram í greinargerð frá útvarpsstjóra og fylgir frv. þessu, að meira en 99% þjóðarinnar ná nú þessum útsendingum.

Herra forseti. Vitað er að ákveðnir bæir í sveitum þessa lands ná alls ekki útsendingum sjónvarps og ekki eða mjög illa útsendingum útvarps. Því vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu sem kemur fram í máli hæstv. menntmrh. og sömuleiðis þeirri fullyrðingu sem kemur fram í greinargerð útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins að markmiðum framkvæmdasjóðs hvað varðar uppbyggingu á dreifikerfi Ríkisútvarpsins hafi verið náð. Uppbyggingunni er ekki lokið. Þeim orðum mínum til staðfestingar má nefna tillögu, sem kannski má kalla sýndartillögu, frá nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. sem liggur fyrir þessu þingi þar sem hv. þm. hafa áhyggjur af því að útsendingar Ríkisútvarpsins nái ekki til allra heimila á landinu.

Ég hef á tilfinningunni, herra forseti, að hér sé um frumhlaup að ræða, með framlagningu þessa frv. Ég tel röksemdir hæstv. menntmrh. hvað þessi tvö atriði varðar ófullnægjandi, þ.e. að útsending sjónvarps og útvarps nái nú til allra landsmanna eða svo gott sem. Sömuleiðis tel ég að framkvæmdasjóðurinn hafi stöðug verkefni til að standa straum af, eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals sem talaði hér á undan mér.

Ljóst er að hér eru einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar uppi á borðinu eins og í því máli sem rætt var um næst á undan þessu. Væntanleg einkavæðing Landssímans spilar vissulega mjög mikið inn í þetta mál. Að mínu mati kom ekki nægilega vel fram í máli hæstv. menntmrh. hvernig hann telur öll rök hníga að því að ný tækni, sem í greinargerð er nefnd ISDN-væðing, geti komið til hjálpar Ríkisútvarpinu og þeim heimilum sem enn ná ekki útsendingum sjónvarpsins og hafa ætíð mátt búa við léleg skilyrði hvað varðar móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins.

Kostnaðurinn er mikilvægt atriði í þessu máli. Í greinargerð útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins sem fylgir þessu frv. og eins í máli hæstv. menntmrh. kom fram, varðandi kostnaðinn við dreifinguna, við þessa tæknivæddu dreifingu, ISDN-væðingu sveitabæjanna eins og talað er um í greinargerð útvarpsstjóra, að búnaður af þessu tagi sé á þróunarstigi. Talað er um að óvíst sé í hve miklum mæli hann muni henta umræddum sveitabæjum. Hins vegar er talað um að þróunin sé ör um þessar mundir og að lausnir af þessum toga séu álitlegar þegar almennt er horft til þróunar og samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Herra forseti. Það kann vel að vera að þær séu álitlegar en þær eru ekki ókeypis. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvaða rök hníga að því að fella úr gildi lagaákvæði um framkvæmasjóð Ríkisútvarpsins þegar það er greinilega á teikniborðinu að halda áfram að efla dreifikerfið, breyta þar um tækni og innleiða tæknínýjungar? Því, herra forseti, þessar tækninýjungar eru sannarlega ekki ókeypis.

Þess er skemmst að minnast, herra forseti, að hér urðu í þingsölum umræður um fjármál Ríkisútvarpsins í stóru samhengi. Við umræður fjárlaga fyrr í vetur var ríkisstjórnin og ríkisstjórnaflokkarnir gagnrýndir fyrir afstöðu sína í þeim málum. Stjórnarandstaðan og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gekk hér fram fyrir skjöldu og reyndi að fá hækkuð afnotagjöld Ríkisútvarpsins, sem mönnum er enn í fersku minni að ríkisstjórnarflokkarnir vildu ekki ljá máls á því á þeim tíma. Deginum eftir að fjárlagafrv. var afgreitt héðan frá Alþingi kom hins vegar tilkynning frá hæstv. menntmrh. um hækkun afnotagjaldanna. Ekki samkvæmt áeggjan stjórnarandstöðuflokkanna. Nei, það var ekki rökstutt þannig, öðru nær. Sannleikurinn er sá að Ríkisútvarpinu hefur um árabil verið haldið í spennitreyju. Því hefur verið gert erfitt fyrir með allar sínar framkvæmdir og stór hluti af framkvæmdasjóðnum sem hér um ræðir hefur þurft að fara í rekstur.

Ég fullyrði það, herra forseti, að fram undan eru dýrar framkvæmdir hjá Ríkisútvarpinu til að standa undir lögbundnu hlutverki sínu, sérstaklega í tengslum við innleiðingu þessarar nýju tækni. Ég minni á að slíkar lausnir eru sannarlega ekki ókeypis. Ég tel þess vegna að hér sé frumhlaup á ferðinni, að fella 11. gr. laganna um Ríkisútvarpið brott.

[16:41]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. dró upp mjög dökka mynd af stöðu Ríkisútvarpsins. Ég get ekki fallist á það enda tel ég Ríkisútvarpið afskaplega vel rekið.

Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er hins vegar að það kom ítrekað fram í ræðu hv. þm. að Ríkisútvarpið þyrfti að standa fyrir miklum framkvæmdum varðandi dreifingu og nefndi þar sérstaklega ISDN-tengingu. Ég held ég hafi tekið rétt eftir með það. Í því samhengi er rétt að upplýsa hv. þm. um að það liggur fyrir samkvæmt fjarskiptalögum sem samþykkt voru hér á hv. Alþingi sl. vor að Landssíminn hefur tekið að sér að ljúka ISDN-tengingunni um allt land í síðasta lagi á árinu 2002. Ég nefni þetta hv. þm. til hugarhægðar.

[16:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir þá hugarfró sem hann veitir mér með því að rifja upp að Landssími Íslands ætli að ISDN-væða landið allt innan þeirra tímamarka sem hv. þm. nefndi. Það breytir þó ekki því að í greinargerð útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins með þessu frv. kemur fram að búnaður fyrir þjónustuna sem hér um ræðir, þ.e. að gera fólki kleift að taka á móti sjónvarpsútsendingum í gegnum ISDN-kerfið, er á þróunarstigi. Það kemur sömuleiðis fram í greinargerðinni að það sé óvíst í hversu miklum mæli hann muni henta á þeim sveitabæjum sem hér um ræðir. Hér er hins vegar látið að því liggja að menn treysti á tæknina því þróunin í þessum tæknimálum sé ör. Það virðist því alveg ljóst á orðum útvarpsstjóra að það sé alls ekki búið að tryggja, þó ISDN-væðing landsins verði að veruleika innan einhvers tímafrests, að hægt verði að nota þá tækni sem ISDN-væðingin býður upp á til að taka á móti sjónvarpsútsendingum.

[16:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir hugarfró hv. þm. Ég tel hins vegar rétt að ítreka það sem ég sagði vegna þess að hv. þm. hagaði orðum sínum í fyrstu ræðu sinni þannig að það væri skylda Ríkisú tvarpsins að annast þessa ISDN-lagningu. Ég kvaddi mér hljóðs til að vekja athygli þingmannsins á því að þar fór hún ekki með alveg rétt mál. Það mun Landssíminn gera samkvæmt fjarskiptalögum samþykktum hér á Alþingi en vitaskuld þarf ýmiss konar búnað til þess eins og í allri tækni.

[16:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Frv. stefnir að því að leggja niður framlög í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins en hann átti eins og kunnugt er að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og ekki síst dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

Í greinargerð kemur fram að um 99% heimila í landinu njóti útsendinga frá Ríkisútvarpinu en engu að síður er komin hér fram í þinginu þáltill. 13 þingmanna, margra stjórnarliða, þar sem fram kemur að um 77 heimili í landinu nái alls ekki sendingum. Einhverjar áhyggjur hafa þeir af stöðu mála ef maður les á milli línanna. Þessi 77 sveitaheimili sem þar er talað um segja nefnilega ekki hálfa söguna. Ákveðin svæði, jafnvel héruð, hafa svo lélega móttökumöguleika að varla er viðunandi. Við sem ferðumst mikið um landið vitum vel hvernig ástandið er og m.a. þess vegna er þessi tillaga komin fram.

Ég held að nauðsynlegt sé fyrir nefndina sem fjallar um frv. að gera sér fyllilega grein fyrir því hvernig á að standa að málum hvað varðar landsbyggðina í framtíðinni vegna þess að menn tala alltaf um að það séu svo örar framfarir. Auðvitað þarf framkvæmdasjóð til þess að standa straum af kostnaði við uppbyggingu vegna örra framfara og að sjá til þess að alltaf sé á hverjum tíma bestu skilyrði fyrir alla landsmenn til að ná sendingum Ríkisútvarpsins. ISDN-tenging á vegum Landssímans kemur vissulega til greina, en það er algjör krafa okkar í stjórnarandstöðunni að við vitum nákvæmlega hvert við erum að stefna með svona lagabreytingu. Við sjáum það nefnilega þegar verið er að fjalla um hin ýmsu mál að verið er að gera breytingar sem á seinni stigum koma niður á landsbyggðinni og rýra þjónustuna þar. Ætli það geti ekki farið svo að hlutirnir þróist þannig vegna þess að þó svo að búið sé að byggja í Efstaleiti, þá er húsnæði á vegum Ríkisútvarpsins annars staðar á landinu? Þar eru svæðisbundnar útvarpsstöðvar sem líka þurfa sinnar þróunar við. Það þarf að byggja upp og viðhalda tækjakosti á þessum stöðum, ekki bara í Efstaleitinu. Mjög mikilvægt er að til séu fjármunir til slíkra verkefna þó dreifikerfið sé að sjálfsögðu mikilvægur hlutur í þessu sambandi. Ég vil árétta að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt borið hagsmuni Ríkisútvarpsins fyrir brjósti.

Við lýstum því yfir við afgreiðslu fjárlaga í desember að við vildum stórauka framlög til Ríkisútvarpsins, einmitt til þess að gera stofnuninni kleift að standa myndarlega að uppbyggingu á dreifikerfinu, sérstaklega í sveitum þar sem því er víða mjög ábótavant. Þó að nafninu til eigi að heita svo að menn nái sendingum, þá er það alls ekki svo. Í heilu byggðarlögunum eru skilyrði þannig að varla er hægt að greina mynd á sjónvarpsskjánum vegna „snjókomu". Í sumum tilvikum hefur maður hugsað sem svo hvernig í ósköpunum fólk geti unað við þetta, en það virðist vera orðið vant því.

Kona nokkur norður á Sléttu sagði við mig um daginn þegar ég gat varla greint mynd í sjónvarpinu hennar, að því er mér fannst. Hún sagði: „Ja, þetta er nú miklu betra en snjórinn sem var fyrir fimm árum, því þá sá ég akkúrat ekki neitt, ég fékk bara hljóðið." Við skulum gera okkur grein fyrir því að uppbygging á dreifikerfinu og viðunandi móttökuskilyrði fyrir Ríkisútvarpið eru alls ekki fyrir hendi um allt land. Við þurfum að standa myndarlega að þessum málum. Það verður ekki við það unað að framkvæmdasjóður sem á að tryggja þessa uppbyggingu verði lagður niður og landsbyggðin verði eina ferðina enn skilin eftir upp í vindinn án úrræða, sem er raunar verklag þessarar ríkisstjórnar, vegna þess að menn segja: Ja, það er eitthvað annað sem á að koma í staðinn, en síðan kemur ekkert. Og þetta höfum við upplifað í sambandi við umræðuna og síðan afleiðingarnar varðandi einkavæðinguna á Pósti og síma, þar sem stórlega er verið að draga úr þjónustunni úti á landi og leggja niður útibú. Það er mjög mikilvægt fyrir allra hluta sakir, ekki síst fyrir svæðisstöðvarnar, að þessi mál séu skoðuð og að fjármagn sé tryggt til þessarar stofnunar hvað varðar uppbyggingu og viðhald á húsnæði og tækjakosti ekki síst, ásamt dreifikerfinu um hinar dreifðu byggðir landsins.

[16:50]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, þar sem lagt er til að ákvæði laganna um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins verði felldur brott.

Vissulega er margt sem mælir með því að framkvæmdasjóðurinn sem slíkur verði aflagður, hann var auðvitað og er barn síns tíma. Hins vegar er nauðsynlegt að farið verði mjög vel yfir það í hv. menntmn. hvernig hagsmunir landsbyggðarinnar í þessum efnum verði tryggðir sem best. Ljóst er að framkvæmdasjóðurinn sem slíkur, þau ár sem hann hefur verið til, hefur ekki tryggt það algjörlega að skilyrði séu viðunandi um landið allt. Um 99% þjóðarinnar ná þessum útsendingum. Það er að okkar mati ekki viðunandi, heldur þarf að tryggja að þær útsendingar sem um er rætt náist alls staðar á byggðu bóli, því það er jú eitt af markmiðum Ríkisútvarpsins að það sé útvarp allra landsmanna og það getur

það ekki orðið öðruvísi en að öllum séu tryggð þau skilyrði sem viðunandi eru við að hlusta og horfa á þá starfsemi sem Ríkisútvarpið sinnir.

Í greinargerð útvarpsstjóra kemur fram að 41 bær nýtur ekki dreifikerfis eða útsendingar sjónvarpsins. Eins og fram hefur komið hjá nokkrum hv. þm. er nauðsynlegt að fram komi að því miður eru skilyrði mjög slæm víðar en á þeim bæjum sem hér eru tilgreindir og auðvitað þarf að finna leiðir til að bæta það. Það er rætt um þá miklu þróun sem er í margs konar tækni og rætt um að Landssíminn sé að vinna að áætlun um ISDN-væðingu sveitabæja. Vissulega er það mjög álitlegur kostur ef tæknin býður upp á þá möguleika að leysa þann vanda með því. En það þarf auðvitað að fara mjög vel yfir það í menntmn. hvort hægt er að finna aðra leið til að tryggja sem best þessa dreifingu, því það stendur helst á því nú.

Einnig er ástæða til að skoða þetta mál í samhengi við það sem hæstv. menntmrh. ræddi um, einkavæðingu Landssímans og þá ekki síður að einnig er ætlunin að einkavæða ljósleiðarann eða grunnnetið sem að sjálfsögðu kemur hér við sögu.

En áleitnasta spurningin nú hlýtur þó að vera sú hvað því markmiði hæstv. menntmrh. líði að leggja fram breytingu á lögum um Ríkisútvarpið sem hefur væntanlega í för með sér, miðað við það sem við heyrum í fjölmiðlum, breytingu á rekstrarformi, og eins og kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að sett verði á útvarpið hf. Ég ætla ekki að ræða þær hugmyndir við umræðuna nú, enda verður væntanlega betra tóm til þess þegar það frv. kemur fram.

En nauðsynlegt er, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh. hvað þessu öllu líður og hvenær við megum eiga von á tillögum hæstv. ráðherra. Hver er staðan í málinu? Er deilum stjórnarflokkanna lokið og hver verður væntanleg niðurstaða í málinu? Og einnig er nauðsynlegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort menntmn. hafi hugsanlega nægan tíma til að yfirfara frv. sem hér er til umræðu og bíða með endanlega afgreiðslu á því þar til að annað frv. kemur frá hæstv. ráðherra sem fjallar um stærra mál tengt þessari stofnun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni, en ítreka að hér er verið að hreyfa máli sem þarf gaumgæfilegrar skoðunar við í menntmn.

[16:54]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. sem tvímælalaust horfir til bóta og framfara í rekstri Ríkisútvarpsins og er ég einlægur stuðningsmaður frv. í þeim búningi sem það kemur hér fram. Ég tel að sá málflutningur sem hafður hefur verið uppi af hv. þm. vinstri grænna og hrakspár um að ekki verði staðið við eðlilegar og sanngjarnar kröfur landsbyggðarinnar og þeirra bæja sem ekki njóta fyllstu þjónustu í útsendingum, séu ekki reistar á traustum grunni. Að sjálfsögðu verður brugðist við því hlutverki eins og áður og haldið verður áfram að byggja upp bættar sjónvarpsútsendingar til landsbyggðarinnar. Það er verkefni sem lýtur að réttlætis- og jafnræðistilfinningu okkar og við eigum að rækja það hlutverk við landsbyggðina og einstaka bæi, þó fáir séu.

Ég tel að þetta frv., ásamt ýmsu öðru sem við eigum óunnið á þessu sviði, muni leysa Ríkisútvarpið úr þeim skorðum sem hafa nokkuð heft starfsemi þess. En um leið og við slökum til og rýmkum þær skorður er nauðsynlegt að við gleymum aldrei þeim skyldum og því hlutverki sem Ríkisútvarpið hefur meðal okkar Íslendinga. Þar er að sjálfsögðu um að ræða öryggi, menningarhlutverk og aðra þá þætti sem ég geri ekki að umræðuefni hér.

En það er ekki aðeins að við þurfum að losa um þær skorður sem Ríkisútvarpinu eru settar til að veita betri þjónustu við alla landsmenn, heldur þarf Ríkisútvarpið líka að fá auðveldara og betra svigrúm til að standast þá samkeppni sem það er í. Ljóst er að við leggjum með ýmsu móti skyldur á Ríkisútvarpið í dagskrárgerðinni sem eru að mörgu leyti íþyngjandi en við teljum þó algjörlega nauðsynlegar vegna þjónustu við alla landsmenn. Að þessu leyti stendur Ríkisútvarpið höllum fæti í samkeppninni við aðrar stöðvar.

Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. muni svara á eftir þeim fyrirspurnum sem þegar eru fram komnar um hvenær vænta megi frv. um breytingar á Ríkisútvarpinu. Þá munu öll þessi atriði koma til ítarlegrar umræðu.

En meðal þess sem við þurfum að létta af Ríkisútvarpinu er að afnema skylduáskrift að því. Ég er einlægur stuðningsmaður þess að við afnemum skylduáskriftina og öflum tekna til Ríkisútvarpsins á annan hátt svo sem á fjárlögum Alþingis. Það er enn fremur algjörlega nauðsynlegt að við breytum bæði samsetningu og hlutverki útvarpsráðs. Ég vænti þess að við fáum tækifæri til að ræða þessi mál þegar frv. hæstv. menntmrh. kemur fram, en lýsi yfir stuðningi mínum að nýju við þetta frv. sem hér er fram komið.

[16:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson talaði um hrakspár stjórnarandstöðunnar og þá sérstaklega vinstri grænna í því sambandi. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji að menn úti um hinar dreifðu byggðir landsins hafi ekki ástæðu til að staldra við. Einkavæðing Landssímans hefur leitt af sér ýmislegt á hinum ýmsu stöðum á landinu. Einkavæðing póstsins á sama hátt. Einkavæðing bankanna á sama hátt. Það ber allt að sama brunni. Getur hv. þm. ekki verið sammála mér um að farið er út í kerfisbreytingar án þess að sjást fyrir og brugðist er síðan við með öðrum lausnum? Þessar lausnir á svo mörgum þáttum hafa ekki litið dagsins ljós. Það er þess vegna sem menn vilja fara varlega. Þess vegna vill fólk eins og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði staldra við og skoða málin í þaula þannig að ekki verði anað út í hluti sem menn hafa ekki hugmynd um hvernig muni enda.

[16:59]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir andsvarið. Ég vil að það sé alveg ljóst að enda þótt ég styðji þetta frv., þá vil ég með engum hætti, nema síður sé, slaka á þeim kröfum sem við gerum til Ríkisútvarpsins um jafna og góða dreifingu til allra landsmanna hvar á landinu sem þeir búa. Mér finnst hins vegar að það þýði ekki það að við getum ekki unnið að kerfisbreytingum hjá Ríkisútvarpinu. Það er síður en svo verið að tala um að hætta eigi uppbyggingu Ríkisútvarpsins. Þvert á móti.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. um að landsbyggðin þarf verulega á stuðningi hins opinbera að halda. En það þýðir ekki að við séum aldrei tilbúin til að gera nauðsynlegar rekstrarbreytingar og þá er ég ekki að tala um einkavæðingu. Ég er ekki að tala um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, það hef ég tekið alveg skýrt fram. En ýmislegt í rekstri Ríkisútvarpsins, svo sem framkvæmdasjóðurinn, má vel missa sín án þess að slakað sé á þeim kröfum sem ég finn að við báðir, hv. þm. og ég, deilum.

[17:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson virðist ekki átta sig á því að hann er í stjórnarsamstarfi við flokk sem keyrir harðsvíraða einkavæðingu án tilsvarandi hliðaraðgerða sem hugur margra — og ég efast ekkert um að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er í þeim hópi — án þess að farnar séu þær leiðir sem hugur margra framsóknarmanna stendur til varðandi hliðarúrbætur. Við erum að tala um hvern málaflokkinn á eftir öðrum. Þetta gengur ekki upp og þess vegna erum við að ræða þessi mál. Það er billegt og það þýðir ekki fyrir framsóknarmenn að koma hér og segja: „Þetta verður ekki svona slæmt. Við göngum með Sjálfstfl. þessa leið, en við ætlum að gera hlutina öðruvísi þannig að þetta komi ekki niður á ykkur." Á landsbyggðinni finnast fjöldamörg dæmi um að nákvæmlega þetta hafi verið sagt og það hefur farið í þveröfuga átt. Ég nefndi hér bara ríkisfyrirtækin í því sambandi. Við hv. þm. hljótum að vera sammála um það. Við höfum ferðast báðir jafnmikið um landið og sjáum fyrir okkur ljóslifandi afleiðingarnar af þessari stefnu hjá þeim fyrirtækjum sem hafa verið einkavædd, þó svo þau séu ekki komin úr ríkiseigu.

[17:02]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér hafa spunnist upp töluverðar umræður um lítið frv. til laga um niðurfellingu á Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins og er það vel. Mér fannst nú umræðan orðin ansi farsakennd þegar farið var að tala um einkavæðingar á öðrum sviðum, eins og það væri algjört glapræði þegar farið væri út í að einkavæða eða selja hlut ríkisins í Landssímanum og öðrum stofnunum sem ljóst er að er þjóðhagslega hagkvæmt og eðlilegt að gera.

Auðvitað er í sjálfu sér ekkert athugavert við að blanda Ríkisútvarpinu inn í þá umræðu og fyrst það er gert finnst mér ástæða til þess að segja skoðun mína á því. Að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag er löngu orðið tímabært og það hefur margítrekað komið fram hér í þinginu í hvílíkum fjötrum Ríkisútvarpið er í dag við núverandi fyrirkomulag þar sem yfirkommissarar úr hverjum einasta flokki vilja hafa áhrif á það hvernig þessari stofnun er stjórnað. Hér hafa komið fram fyrirspurnir í þinginu þar sem verið er að gera athugasemdir við einstakar ráðningar og breytingar á rekstri Ríkisútvarpsins og það hefur fólk á vinstri vængnum talið mjög eðlilegt og fundist eðlilegt að slíkri stofnun ætti alveg eins að geta verið stjórnað héðan úr þessum sal og af þeim sem stjórna stofnuninni sjálfir. Ég hef heyrt slíkar umræður hér frá þingmönnum vinstri grænna, ef hv. þm. muna það ekki.

Í mínum huga hefur verið klifað allt of lengi á því að öryggishlutverk Ríkisútvarpsins sé slíkt meginatriði í þessu máli að það megi alls ekki breyta fyrirkomulaginu frá því sem það er. Mér finnst þessir menn tala eins og ekkert hafi gerst í 50 ár á þessu sviði, eins og engar breytingar í fjarskiptatækni, útsendingartækni og móttökutækni, hafi orðið á 50 árum. Auðvitað er allt umhverfið orðið gjörbreytt. Og það er engin ástæða til þess að halda að þó svo að Ríkisútvarpið væri ekki skyldugt til þess samkvæmt lögum eða samkvæmt hugmyndum manna að sinna öryggishlutverki í þessum málum, að það væri þá ekki yfirfært á einhverja aðra. Dreifing útvarps í dag er slík að Stöð 2 er nánast með sömu dreifingu og Ríkisútvarpið. Við vitum að útvörpin sjálf eru mjög víða og eins símafyrirtækin, t.d. Tal, hafa verið mjög fljót að ná útbreiðslu á sínum sendingum eða á sínu sendingarsvæði þannig að vandamálin við að senda út merkin hafa ekki verið þau sem menn hafa viljað vera láta. Þó svo að ríkisreknum fyrirtækjum sé breytt í hlutafélög og jafnvel hlutafélög sem hefur verið í ríkiseigu selt þá á það ekki að breyta neinu um áræðanleika þessara stofnana fyrir landsmenn alla og á það jafnt við um Ríkisútvarpið sem önnur ríkisfyrirtæki sem rætt hefur verið um að breyta. Ég held líka varðandi öryggismál, þjóðaröryggi eins og útsendingar frá hljóðvarpi, að hægt sé að setja ákvæði um það í lög eða reglugerðir sem yrði þá fullnægt af þeim sem hefðu yfir útsendingum að ráða.

Herra forseti. Ég vildi aðeins segja að hræðsla vinstri manna við einkavæðingu almennt er dálítið sérstök og reyndar órökstudd og þess vegna er engin ástæða til þess að þau sjónarmið ein komi fram við þessa umræðu að ekkert annað komi til greina.

Herra forseti. Ég held í rauninni að það væri langeðlilegast í framhaldinu að Ríkisútvarpið og sjónvarpið yrði selt og gert að hlutafélagi eins og önnur fyrirtæki sem ríkið hefur átt og er að einkavæða um þessar mundir. Ég held að það væri affærasælast fyrir Ríkisútvarpið þegar til lengri tíma er litið og ég vona svo sannarlega að við eigum eftir að sjá þann dag að Ríkisútvarpið losni úr þeim fjötrum sem það er nú í.

[17:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að efast um að við séum að gera réttan hlut með því að taka þetta frv. til afgreiðslu og, ef það yrði samþykkt, fella niður 11. gr. laganna.

Í greinargerðinni segir m.a. að 99% þjóðarinnar nái útsendingum stöðvarinnar, þ.e. Rásar 2, Rásar 1 og sjónvarpsins. Síðan segir í greinargerð útvarpsstjóra um hlutverk framkvæmdasjóðsins að markmiðum Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins hafi verið náð. Ég get ómögulega fallist á þessi viðhorf. Mér finnst þau hins vegar lýsa því að menn sem sitja hér í miðri Reykjavík telja að ef tekst að koma starfsemi Ríkisútvarpsins á einn stað í Efstaleiti þá sé markmiðunum náð.

Mig langar m.a. að víkja aðeins að því að fyrir mörgum árum var því lofað úr þessum ræðustól að sjónvarpssendingar til fiskimiðanna skyldu gerðar mögulegar. Þetta var í sambandi við staðsetningu ratsjárstöðva annars vegar á Gunnólfsvíkurfjalli og hins vegar á Bolafjalli. Þessi orð viðhafði þá, ef ég man rétt, Geir Hallgrímsson. Það var m.a. bent á það að með staðsetningu þessara stöðva ætti að vera auðvelt að sjónvarpa til fiskimiðanna, á þau svæði sem þessi umræddu fjöll snúa sérstaklega vel að, þ.e. annars vegar Vestfjarðamiðin að stórum hluta, reyndar þó nokkuð austur á Strandagrunn og hins vegar norðausturmiðin. Ég hef alltaf litið svo á varðandi þau loforð sem voru gefin í sambandi við þetta og voru m.a. flutt hér og er vafalaust hægt að fletta þeim orðum upp, að sjómenn á fiskimiðum landsins teldust líka notendur Ríkisútvarpsins og þar með talið sjónvarpsefnis, og að það yrði framkvæmt þannig varðandi dreifikerfið að þeim markmiðum þyrfti líka að ná. Ég hef alltaf tekið það þannig að þetta væri hlutur sem menn ætluðu að standa við og framkvæma. Mér finnst að markmiðum í sambandi við uppbyggingu útvarpsins sé alls ekki náð með því að koma starfseminni fyrir á einum stað í Reykjavík. Mér finnst að markmiðunum sé þá fyrst náð þegar búið er að tryggja að þær sendingar sem allir landsmenn taka þátt í að kosta geti borist til allra og að það sé það hlutverk sem eigi að tryggja.

Þess vegna verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að ég er lítt hrifinn af því að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt. Ég hefði m.a. viljað fá mjög skýrar yfirlýsingar um að við loforðin um sjónvarpssendingar á fiskimiðin væri staðið. Þar að auki hafa um 40 bæir mjög skert eða lítil móttökuskilyrði. Ég tel að allir landsmenn eigi að vera jafnir með tilliti til þess að geta notið þjónustu Ríkisútvarpins.

Ljóst er að íslenskir útgerðarmenn m.a. hafa verið að greiða gjöld til Ríkisútvarpsins á undanförnum árum, bæði fyrir útvarp og sjónvarp þó að notkun sjónvarpsins um borð í fiskiskipum sé mjög takmörkuð. Ég vil inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort hann minnist þess að slík loforð hafi verið gefin úr þessum ræðustól á Alþingi fyrir mörgum árum að einnig skyldi tryggja dreifikerfi til fiskimiðanna umhverfis landið varðandi sjónvarpssendingar. Ég tel víst að ég geti fundið þessar ræður og þær yfirlýsingar sem þá voru gefnar, en þær voru gefnar í tengslum við umræður um ratsjárstöðvar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli eins og ég gat um áður.

Ég vil sem sagt ítreka það að ég tel að markmiðum Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins hafi ekki verið náð.

[17:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Ríkisútvarpið. Þessi litla lagabreyting sem hér er á ferðinni lætur svo sem ekki mikið yfir sér. Lagt er til að 11. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið verði felld brott, en eins og fram hefur komið hljóðar hún svo, með leyfi herra forseta:

„Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af bruttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins."

Hvergi annars staðar í lögunum er skýrt kveðið á um hver annars vegar skylda Ríkisútvarpsins sé til þess að byggja upp dreifikerfið og hins vegar hvernig það eigi að gera. Sú grein sem þarna er lagt til að verði felld brott kveður svo afdráttarlaust á um að þetta sé hlutverk Ríkisútvarpsins og að til þess sé ætlað ákveðið fjármagn sem beri að reiða fram.

Herra forseti. Í athugasemdum með lagafrv. þessu, segir:

„Þau markmið sem stefnt var að með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins voru að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi" — ég ítreka: dreifikerfi —„fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins."

Og svo kemur þessi hógværa setning sem er svona visst tákn fyrir þá sýn sem þessi ríkisstjórn hefur í byggðamálum:

„Þessum markmiðum hefur verið náð." — Það er að tryggja dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. — „Öll starfsemi Ríkisútvarpsins hefur nú verið flutt í hús Ríkisútvarpsins við Efstaleiti og verið sameinuð þar."

Það er mat hæstv. menntmrh. og væntanlega hæstv. ríkisstjórnar að þessum markmiðum hafi verið náð. Maður veltir fyrir sér og ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni áðan að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn virðast lifa í fílabeinsturni eða einhverri firringu, því það eru þó nokkuð mörg heimili hér á landi sem ekki hafa aðgengi að sjónvarpi. Og auk þess eru sjónvarps- og útvarpssendingar mjög skertar víða um land. Hvernig er með tónlistarflutninginn sem átti að vera kominn í stereó um allt land? Kannski hæstv. menntmrh. geti upplýst okkur um hvar sú tónlist heyrist með þeim hætti sem kynnt var fyrir nokkrum árum af miklum metnaði?

Ég þekki til á Vesturlandi, ekki svo langt frá Reykjavík, þar sem útsendingar frá útvarpi heyrast bara með höppum og glöppum. Fólk getur ekki valið um hvort það hlustar á Rás 1 eða 2 heldur er það skikkað til að hlusta bara á aðra rásina og þó það stilli meira að segja á eina rás, þá fær það bara hina inn. Ef þetta á að vera, eins og stendur hér, að markmiðum um dreifikerfi til allra landsmanna hafi verið náð, þá finnst mér það vera mikill hroki, herra forseti, gagnvart því fólki sem greiðir full afnotagjöld og hvort sem það greiðir þau eða ekki, þá ber því lagalegur réttur til að fá þá þjónustu með fullkomnum hætti.

Það væri einnig fróðlegt að heyra, herra forseti, frá hæstv. menntmrh. hvaða áætlanir liggja fyrir um að tryggja annars vegar fjármagn og hins vegar framkvæmdir og úrlausnir þannig að dreifikerfið nái til allra landsmanna. Ég hygg, herra forseti, að um leið og við afnemum, eins og hér er gert ráð fyrir, þennan sérstaka fjáröflunarlið til þessa, að það sé þá jafngott að lögð verði fram skýr og afdráttarlaus stefna og framkvæmdaáætlun um að þessum markmiðum verði náð. Mér finnst skorta mikið á það. Þau prósent þjóðarinnar sem búa við skerta þjónustu, sem eru reyndar fleiri en hér er verið að tala um, eru fyrir mér alveg jafnmikilvæg, þeir einstaklingar sem þarna eiga hlut að máli, hvort sem þeir búa inn til dala, meðfram ströndum landsins eða eru úti á sjó eiga alveg jafnan rétt á að fá þessa þjónustu eins og hin 95, 96, 97, 98 eða 99% sem hæstv. ríkisstjórn finnst vera nóg.

Mér finnst, herra forseti, að hér sé verið að taka ótímabærar ákvarðanir. Ég viðurkenni að ég hefði heldur viljað heyra hér flutta af hæstv. menntmrh. metnaðarfulla framkvæmdaáætlun um að ljúka því að dreifikerfið næði til allra landsmanna eins og að er stefnt og kveðið er á um í lögum. Það hefði verið mynduglegra að fá að heyra það sagt hér heldur en: Þetta er nóg komið, nú getum við lagt þessa áherslu okkar niður, við höfum náð því sem við ætluðum okkur, þó svo að ákveðinn hluti landsmanna búi áfram við skerta þjónustu.

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að þetta komi fram og hæstv. ráðherra gefist tækifæri til að greina þessu fólki frá því hvenær það fær þessa þjónustu um leið og lagt er til að fella niður bæði áherslur laganna varðandi Ríkisútvarpið að standa að þessari þjónustu og ætlað sé sérstakt fjármagn til þess. Þá er eins gott að það fylgi með að staðið verði við þetta lagalega fyrirheit en ekki bara sagt við fólk sem ekki hefur fengið þjónustu: Þið skiptið okkur ekki lengur neinu máli, eins og hér er látið að liggja með því að segja að markmiðum um að allir landsmenn fái þessa þjónustu hafi verið náð.

[17:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta var dæmalaus ræða sem við heyrðum hér síðast. Alveg ótrúlega einkennileg ræða, sérstaklega með hliðsjón af því að hv. ræðumaður er flutningsmaður að þáltill. um útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi. Í greinargerð þeirrar tillögu er tekið upp orðrétt það sem stendur í greinargerð með því frv. sem við erum að ræða um hvaða aðferðum á að beita til að ná því markmiði sem hv. þm. sagði að þyrfti að ná, þ.e. að beita ISDN-tækninni og að taka eigi mið af því að hún á að vera tiltæk á öllum bæjum landsins árið 2002. Og svo kemur hv. þm. hér upp eins og hann sé að tala um einhverja hluti sem menn hafi ekki

velt fyrir sér og er sjálfur flutningsmaður að tillögu þar sem þetta er tekið fram í greinargerð sem aðallausn á málinu. Ég botna ekkert í svona málflutningi, herra forseti, og sýnir hann hvað umræður geta farið um víðan völl og hvað menn eru hólfskiptir þegar þeir standa hér í þessum ræðustól. Annars vegar eru þeir flutningsmenn að tillögum hér í þinginu þar sem talað er um ákveðna lausn í því máli sem þingmaðurinn gagnrýnir aðallega að ekki sé tekið á, en þó er það tekið upp úr greinargerðinni með þessu frv. og sett inn í tillögu sem þingmaðurinn flytur. Ég held að þingmenn verði nú að vanda málflutning sinn til að eitthvert mark sé tekið á þeim. Tal af þessu tagi er ekki til þess fallið að leiða neitt til lykta fyrir það fólk sem enn hefur ekki notið sjónvarpsins og þarf að fá úrlausn eins og aðrir. Og svona tal eins og hér var uppi hjá hv. þm. *er síst til þess fallið að nokkur lausn finnist* á þessu máli og hann er ekki með hugmyndum sínum raunar að leita að slíkum lausnum, heldur er hann eins og endranær að gera ríkisstjórnina tortryggilega á fölskum forsendum og ráðast að okkur ráðherrunum fyrir það sem hefur ekki við nokkur rök að styðjast þegar það er skoðað og liggur fyrir hér í tveimur þingskjölum, sem þingmaðurinn hefði nú átt að lesa þar sem hann er flutningsmaður að öðru skjalinu og tekur upp úr hinu sem hann telur að vanti alla niðurstöðu í. Herra forseti, ég bið því um að þingmenn vandi málflutning sinn og komi fram og leggi fram mál þannig að það sé marktækt þegar þeir eru að ræða mál hér í þinginu.

Það er náttúrlega undarlegt að komast að þeirri niðurstöðu að öllum framkvæmdum á vegum Ríkisútvarpsins verði hætt þótt 11. gr. laganna verði felld brott og menn dragi þær ályktanir að þar með verði bara öllum framkvæmdum á vegum Ríkisútvarpsins lokið. Ég skil ekki hvernig menn halda að sú stofnun ætli að þjóna hlustendum sínum og áhorfendum ef hún ætlar að leggja niður allar framkvæmdir. Það sem hér er um að ræða er það, eins og fram hefur komið hjá þeim þingmönnum sem hafa þó lagt efnislegt mat á þetta mál, að taka upp nútímalega hætti varðandi þennan þátt í rekstri Ríkisútvarpsins eins og okkur tekst vonandi að gera á fleiri sviðum, en ekki er verið að leggja til að öllum framkvæmdum á vegum Ríkisútvarpsins verði hætt.

Og að þingmenn komi hér síðan upp og tali eins og hv. síðasti ræðumaður um þetta mál sýnir náttúrlega að þeim er nokk sama um staðreyndir mála. Það er bara verið að reyna að koma höggi á ríkisstjórnina og einstaka ráðherra, sama hvaða mál er tekið fyrir á hinu háa Alþingi, þá koma alltaf sömu mennirnir upp og telja að tillögunum sé sérstaklega beint gegn fólki úti á landsbyggðinni. Ég bið menn að gæta sín og þeir verða þá að rökstyðja mál sitt betur en hv. síðasti ræðumaður gerði til að þeir séu marktækir. Það er kannski helsti vandi fólks á landsbyggðinni að hafa slíka málflytjendur og málsvara eins og síðasti ræðumaður var ef fólk telur sér trú um að þeir eigi frekar erindi sem málsvarar þess heldur en við hinir sem komum hér og ræðum málin á efnislegum forsendum.

Herra forseti. Ég var spurður um hvenær frv. til laga um Ríkisútvarpið kæmi fram. Eins og ég hef margoft sagt þegar þessi mál hafa verið á dagskránni samþykktum við á síðasta vori frv. til útvarpslaga sem var nauðsynleg forsenda þess að sá almenni rammi yrði markaður um útvarpsstarfsemi í landinu sem við þurfum að hafa hliðsjón af þegar lög um Ríkisútvarpið yrðu endurskoðuð. Ég hef einnig lýst þeirri skoðun minni að ég tel að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag í eigu ríkisins. Ég skildi ekki hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, 6. þm. Norðurl. e., hvernig unnt er að tala eins og hann gerði, að fyrirtæki hafi verið einkavædd en eru ekki komin úr eigu ríkisins. Hvaða fyrirtæki eru það sem hafa verið einkavædd en eru samt í eigu ríkisins? Ég skil ekki hvað sú setning þýðir, því að einkavæðing felur það í sér að fyrirtæki fara úr eigu ríkisins. Það hefur ekki verið talað um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Talað hefur verið um að breyta því í hlutafélag, breyta rekstrarforminu og gera því kleift að starfa á þeim forsendum og takast á við verkefni sín á þeim forsendum eins og menn hafa verið að gera annars staðar á Norðurlöndunum. Það eru eindregin tilmæli allra stjórnenda Ríkisútvarpsins að fyrirkomulaginu á skipulagi útvarpsins verði breytt með þessum hætti. Ég hef lýst því yfir að ég er talsmaður þess að sú leið verði farin og tel að *hún sé fær og það sé líka fært að fara þá leið*, um leið og því markmiði er náð að fella niður afnotagjöldin, að gera Ríkisútvarpið að fjárlagalið eins og þær ríkisstofnanir sem fá ríkistekjur sínar beint af fjárlögum.

Hvenær frv. verður flutt ætla ég ekki að fullyrða, þetta er viðamikið mál. En ég taldi nauðsynlegt að bregðast fljótt við þessum óskum frá Ríkisútvarpinu um niðurfellingu 11. gr. laganna um framkvæmdasjóðinn og tel að það sé brýnt mál til þess að Ríkisútvarpið njóti sín sem best við meðferð fjármuna sinna og það sé algjör tímaskekkja að binda þannig tekjur þeirrar stofnunar frekar en annarra með sambærilegum hætti. Halda menn að engar framkvæmdir væru t.d. á vegum Alþingis nema starfræktur væri sérstakur framkvæmdasjóður Alþingis? Við vitum að þessi hugtök eru börn síns tíma og segja ekkert fyrir um það að menn ætli að leggja af allar framkvæmdir. Að draga þá ályktun er náttúrlega algjörlega út í hött og er til þess fallið eins og ég hef sagt að halda fram einhverjum áróðri sem á ekki við nokkur rök að styðjast.

Ég man ekki eftir, herra forseti, að lofað hafi verið þegar ratsjárstöðvarnar komu til sögunnar um miðjan níunda áratuginn að þær mundu hafa í för með sér sjónvarpssendingar til skipa á þeim svæðum sem stöðvarnar ná til, þannig að ég get ekki svarað neinu um það efni. Ég man hins vegar að umræður voru um það á sínum tíma þegar verið var að skoða þá tækni sem menn töldu að væri fyrir hendi þegar ratsjárstöðvarnar voru til umræðu, að unnt væri að fylgjast með skipum úr þeim stöðvum. En eins og hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, veit var tæknin ekki með þeim hætti að unnt yrði að fylgjast með skipum á hafinu úr slíkum stöðvum. Þær eru aðeins til þess fallnar að fylgjast með flugvélum, í lágflugi þó, en ekki því sem er á hafinu sjálfu. Það kann m.a. að skýra að ekki er hægt að nota búnað í stöðvunum til að senda sjónvarpsgeisla til skipa á hafi úti, ef það hefur verið ætlunin á einhverju stigi málsins.

En hins vegar kemur fram, herra forseti, í þeirri skýrslu sem samgrh. hefur lagt fram varðandi einkavæðingu á Landssímanum að þær framkvæmdir sem unnar voru í tengslum við gerð ratsjárstöðvanna á sínum tíma með því að leggja ljósleiðara umhverfis landið duga nú hvað best þegar menn líta til þeirrar endurnýjunar sem er fyrir dyrum varðandi alla sendingu á bæði útvarps- og sjónvarpsefni og öðru efni með stafrænum hætti. Þessar framkvæmdir, lagning ljósleiðarans, skipta sköpum þegar við lítum til þessara þátta núna.

Ég hef sjálfur talið að það ætti að vera markmið þeirra sem starfrækja hér sjónvarp að nýta sér gervitungl og það ætti að vera íslenskur geisli í gervitungli, þannig að menn gætu með þeim móttökutækjum sem best eru tekið á móti geislum úr gervitunglum, og þá ættu menn að geta notað

og náð til íslenskra sjónvarpssendinga. Ég held að það sé raunhæfasta leiðin þegar við ræðum um hvernig best er að miðla sjónvarpi til skipa á hafi úti, nema til sögunnar komi önnur tækni. Og þrátt fyrir að ratsjárstöðvarnar á sínum tíma urðu ekki eins fullkomnar og menn ætluðu, þá hefur fjarskiptatæknin tekið svo stórstígum framförum á undanförnum árum og raunar undanförnum missirum, að sífellt auðveldara verður að miðla sjónvarps- og útvarpsdagskrá.

Ekki má draga þá ályktun af frv. að Ríkisútvarpið eða aðrir sem hafa atvinnu af því að nýta sér þessa tækni muni leggja hendur í skaut þó að framkvæmdasjóðurinn verði lagður niður og 11. gr. laganna um Ríkisútvarpið hverfi úr sögunni. Það þýðir ekki að öllum framkvæmdum í þágu Ríkisútvarpsins verði hætt, það er óskaplega mikill barnaskapur að draga þá ályktun af frv.

[17:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að allnokkrir þingmenn hafa flutt þáltill. um átak í að koma á sjónvarpssendingum á öll heimili. Þessi hópur er greinilega ekki sammála yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að því markmiði hafi verið náð að koma dreifikerfinu til allra landsmanna. Hópurinn sem flytur fyrrnefnda þáltill. er greinilega ekki sömu skoðunar og hæstv. ráðherra sem er að hæla sér fyrir stöðu mála.

Sambærileg þáltill. var flutt á liðnu ári og þá var ætlunin að ná árangri á þessu ári, en sú tillaga var kæfð í nefnd. Ef hæstv. menntmrh. hefði haft mikinn hug á að það mál næði fram að ganga þá hefði hann náttúrlega getað veitt því lið. Ég fagna því ef hæstv. menntmrh. nú vill þá veita þessari tillögu meira brautargengi en hann veitti henni þegar hún var flutt í fyrra. Það væri fagnaðarefni ef þetta gæti orðið til þess. Og ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Ætlar hæstv. menntmrh. að lýsa því nú yfir að hann muni beita sér fyrir því að innan tveggja ára verði komnar sjónvarpssendingar og fullkomin útvarpsskilyrði inn á öll heimili í landinu? Um það snýst málið. Í okkar huga verður ástandið ekki viðunandi fyrr.

[17:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn heldur hv. þm. uppteknum hætti að snúa út úr því sem hann les út úr þingskjölunum því hér kemur fram að 99% heimila hafi aðgang að sjónvarpi og það vanti enn á 41 bæ. Það stendur í þessum skjölum og við erum ekkert að hreykja okkur af neinu öðru en því sem staðreyndirnar mæla um.

Ég held að það sé nýmæli í greinargerð með þessari ágætu tillögu að taka upp úr frv. mínu meginrökstuðninginn fyrir því hvernig er unnt að leysa þetta mál og flytja það sem greinargerð með tillögunni sem hv. þm. flytur. Ég sé því að hv. þm. er að nálgast þær hugmyndir sem útvarpsstjóri leggur til og telur að séu raunhæfar til þess að þetta markmið náist. Það hefur komið fram hér við umræðurnar, ef hv. þm. hefur hlustað, að Landssíminn hefur það sem markmið að árið 2002 verði þessi ISDN-væðing á alla sveitabæi komin til sögunnar. Þetta er ekki flóknara en það ef hv. þm. fylgist með því sem hér er að gerast í þingsalnum. Og þess vegna er þetta í augsýn, þessi lausn sem þingmaðurinn gerir ráð fyrir að bæti þennan vanda miðað við þá greinargerð sem hann hefur sjálfur lagt fram hér á þinginu.

[17:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Ætlar hann persónulega sem ráðherra að beita sér fyrir því að þetta mál nái fram að ganga, í stað þess að vísa því alltaf yfir á aðra? Ætlar hæstv. ráðherra hér að koma og segja: Já, ég skal standa við þetta!

Þá verðum við ánægð.

[17:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg ekki í vana minn að vera með slíkar upphrópanir hér í ræðustólnum eins og hv. þm. Það sem ég hef lagt hér til er að leggja niður ákvæði í lögum um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Ég er ekki að gefa yfirlýsingar um eitthvað sem ég hef ekki umboð til þess að ákveða (**JB:** Þú ert yfirmaður þessara mála, hæstv. ráðherra.) Herra forseti. Má ég ljúka máli mínu? Þótt ég sé yfirmaður þessara mála þá verður hv. þm. að virða þau landslög sem gilda og þær reglur sem gilda. Hér fyrir jólin ákvað ráðherrann, sem ég hef beina heimild til, að gefa Ríkisútvarpinu leyfi til þess að hækka afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Hver stóð þá upp í þingsalnum, herra forseti, og skammaði ráðherrann fyrir það mest allra að hafa notað þessa heimild? Það var viðkomandi þingmaður sem krefst þess nú að ég gefi yfirlýsingu hér sem ég hef enga lagalega heimild til að gefa. En fyrir nokkrum mánuðum gekk hann hér um þingsalinn og stóð í ræðupúltinu og réðst á mig sérstaklega fyrir að beita þeirri heimild sem ég hef lögum samkvæmt. (**JB:** Fyrir að brjóta lög um fjárreiður ríkisins.)

[17:37]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða hæstv. menntmrh. að ég vissi ekki muninn á hlutafélagavæðingu og einkavæðingu þá höfum við nú reynsluna af því að það er náttúrlega miðað við verkreglur og vinnulag Sjálfstfl. alveg eins gott að hlaupa yfir hlutafjárvæðingarþáttinn og skella sér beint í einkavæðinguna, vegna þess að í flestum málum er hlutafélagavæðingin notuð sem verkfæri til þess að koma starfsemi ríkisins í einkahendur. Ég sé því ekki að efnislega skipti þetta máli í málflutningi mínum.

Við erum talsmenn fyrir ríkisútvarp. Við viljum hafa ríkisútvarp og um það snýst ágreiningurinn. Það er ekkert óeðlilegt að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tölum fyrir áframhaldandi rekstri Ríkisútvarpsins á myndarlegan hátt. Við viljum stuðla að því. Hins vegar er það þannig og ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé í hans röðum, meðal hans stuðningsmanna og flokksmanna, mjög mikill áróður fyrir því, eins og hefur komið fram í flokkssamþykktum og blöðum, að beita þeim aðferðum að hlutafélagavæða og síðan einkavæða Ríkisútvarpið? Ég hélt að það væri ekki launungarmál. Með málflutningi okkar viljum við standa gegn því. Við viljum myndarlegt ríkisútvarp og um það snýst málið.

[17:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég gerði athugasemd við í máli hv. þm. var þegar hann sagði í umræðunum að ríkisstofnanir hefðu verið einkavæddar en væru ekki komnar úr eigu ríkisins. Ég vakti athygli á því að þarna væri hv. þm. að nota hugtök með þeim hætti að stæðist ekki.

Varðandi samþykktir Sjálfstfl. um Ríkisútvarpið þá hefur Sjálfstfl. á landsfundum sínum aldrei samþykkt að selja beri

Ríkisútvarpið. Það hafa verið umræður um afnotagjöldin og þá skyldu fólks að greiða afnotagjöld án tillits til þess hvort það horfði nokkurn tímann á viðkomandi stöð eða hlustaði nokkurn tímann á viðkomandi útvarpsstöð. Þessu vil ég breyta. Og ég heyri það hér í umræðunum að fleiri þingmenn eru sama sinnis og ég um að afnema afnotagjöldin. Ég hef líka orðið var við það hér í umræðum á Alþingi á undanförnum missirum þegar þessi mál hefur borið á góma, að æ fleiri þingmenn úr öllum flokkum aðhyllast þá skoðun mína að skynsamlegast sé að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í eigu ríkisins. Þeim mun meira sem við ræðum málið, þeim mun fleiri munu verða sama sinnis og ég um þetta til þess að Ríkisútvarpið fái að þróast við viðunandi aðstæður. Ég er viss um það að áður en þessu kjörtímabili lýkur verðum við búin að samþykkja það hér á hinu háa Alþingi og vonandi slást vinstri grænir í þá för með okkur.

[17:40]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra segist hafa tröllatrú á því að það verði stofnuninni fyrir bestu að breyta henni í hlutafélag. Ég held að sú leið, eins og í svo mörgum öðrum málaflokkum, sé leið Sjálfstfl. og Framsóknar til þess að einkavæða. Það hefur sýnt sig. Menn eru annaðhvort á leiðinni út úr hlutafélagavæðingu ríkisfyrirtækja eða búnir að því. Um þetta finnst mér málið snúast. Þetta er hin pólitíska lína í málinu. Ef allir gætu treyst því, eins og samkomulag virðist vera um víða í nágrannalöndum okkar, að um formbreytingu væri að ræða og fyrirtækið ætti að áfram að vera í opinberum rekstri þá gæti vel verið að fleiri væru á þeirri línu.

Eins og ég segi varðandi mál eftir mál á þeirri hröðu einkavæðingarstefnu sem hér gengur yfir þá treysta menn ekki öðru en að hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja sé eins og endranær bara fyrsti fasi í því að koma þessu í hendurnar á einkaaðilum úti um borg og bý.

[17:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alls ekki í hlutarins eðli að breyting á rekstrarformi opinberra fyrirtækja úr stofnunarformi, eins og Ríkisútvarpið er núna, og í hlutafélag í eigu ríkisins, leiði til þess að fyrirtæki verði einkavædd. Um þarf að taka sjálfstæða og sérstaka ákvörðun. Það er ekki hægt að bera þetta saman við t.d. Landssímann eða bankana. Þar hafa stjórnmálaflokkar beinlínis lýst því yfir sem stefnu sinni að selja beri þessar opinberu stofnanir, það beri að einkavæða þær. Enginn stjórnmálaflokkur hefur lýst því yfir að það eigi að gera við Ríkisútvarpið. Það hefur hvergi verið ályktað um það á stjórnmálavettvangi hér að selja beri Ríkisútvarpið. Menn verða því að draga þessi mörk þegar við ræðum þessi mál. En það hefur komið fram, herra forseti, í þessum umræðum að vinstri grænir vilja ekki draga aðrar ályktanir af þeim málum sem hér eru til umræðu en þeim sjálfum dettur í hug án tillits til þess hvernig málin eru lögð fram, eins og best hefur komið fram í málflutningi hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Mér finnst hann því alveg dæmigerður fulltrúi vinstri grænna í þessum umræðum, þar sem alltaf eru dregnar þær ályktanir sem standast ekki þegar menn lesa þau skjöl eða heyra þær yfirlýsingar sem gefnar eru.

Og varðandi Ríkisútvarpið þá hefur enginn stjórnmálaflokkur lýst því yfir að það eigi að selja Ríkisútvarpið. Hins vegar eru æ fleiri að komast á þá skoðun að það beri að breyta því í hlutafélag í eigu ríkisins.

[17:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram afar áhugaverð umræða um framtíð Ríkisútvarpsins. Ég held að það sé rangt sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að þeirri skoðun vaxi fylgi að breyta beri rekstrarformi Ríkisútvarpsins og gera það að hlutafélagi. Ég held að þetta sé ekki rétt staðhæfing hjá hæstv. menntmrh. Ég held að þeirri skoðun vaxi fylgi að það beri að efla Ríkisútvarpið, stofnun í almannaeign og að sú stofnun eigi að lúta almannavaldi. Menn hafa á liðnum árum verið að gera lítið úr hlutverki stjórnmálanna og lýðræðislega kjörinna fulltrúa, hvort sem er í ráðum á borð við útvarpsráð eða öðrum ráðum, og talið þetta vera af hinu illa. Ég er ekki á þeirri skoðun. Síður en svo. Mér finnst eðlilegt að stofnun sem rekin er fyrir almannafé sé tengd almenningi í gegnum stjórnkerfi stofnunarinnar. Og ég hef gagnrýnt það að þegar stofnanir eru gerðar að hlutafélögum séu þær fjarlægðar þessum eiganda sínum. Það er staðreynd. Þannig höfum við orðið vitni að því að stofnanir sem hafa verið gerðar að hlutafélagi í eigu ríkisins hafa fjarlægst þessa stofnun hér. Það gerðist með Íslandspóst. Það gerðist með Landssímann. Þar var búið til eitt hlutabréf sem var sett undir einn hæstv. ráðherra, en aðgangur Alþingis, kjörinna fulltrúa almennings, var takmarkaður að þessum sömu stofnunum. Ég er því algerlega andvígur að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi með þessum hætti. Og þó að það sé að vissu leyti rétt hjá hæstv. menntmrh. að menn þurfi að vara sig á hugtakanotkun þarna þá hef ég hins vegar verið á því máli að tala um einkavæðingu. Réttara væri sennilega að tala um markaðsvæðingu þegar stofnun er gerð að hlutafélagi, þegar rekstrarfyrirkomulagi hennar er breytt.

Menn geta valið um mismunandi rekstrarfyrirkomulag og eftirlits- og aðhaldskerfi sem stofnanir í samfélaginu búa við. Þegar þeir breyta rekstrarfyrirkomulagi opinberra stofnana og gera þær að hlutafélögum þá er það gert með það að markmiði að innleiða annars konar lögmál, að þær séu reknar samkvæmt öðrum lögmálum en tíðkast hefur. Það er yfirlýst markmið. Menn telja þær verða sveigjanlegri, eiga auðveldara með að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og stofnunum og fara inn í markaðsumhverfið. Þetta eru rökin fyrir því að gera stofnanir að hlutafélögum. Vandinn er bara sá að á markaði gildir eftirlit markaðarins. Í hlutafélögum sinna hluthafarnir aðhalds- og eftirlitshlutverki. Sé þessi aðili aðeins einn, einn hæstv. ráðherra, þá virkar ekki þessi eftirlitsmekanismi, ef svo má að orði komast. Þess vegna hef ég alltaf skilið þá mjög vel, þótt ég sé þeim ósammála, sem vilja breyta opinberum stofnunum í hlutafélög og síðan selja þær og virkja þannig eftirlit markaðarins. Mér finnst ákveðin rök fyrir því þó að ég sé þessu ósammála. En þeir sem vilja breyta rekstrarfyrirkomulaginu með það eitt að markmiði að gera þau að hlutafélagi með einu hlutabréfi nýta sér ekki þá kosti markaðarins sem þeir þykjast þó sækjast eftir. Í þessu eru mótsagnir sem ósvarað er af hálfu þeirra sem tala fyrir markaðsvæðingunni.

Það sem við vitum hins vegar og kom réttilega fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar og Árna Steinars Jóhannssonar, er að þessi umræða hefur verið afar óheiðarleg. Menn hafa látið í veðri vaka að þeir séu að gera allt annað en í reynd vakir fyrir þeim. Það er staðreynd. Menn segja að fyrir þeim vaki ekki annað en að gera stofnanirnar að hlutafélagi en síðar þegar á hólminn kemur eru þær seldar. Þetta er reynslan hérlendis og þetta er reynslan erlendis.

Ég man eftir því í umræðu um Landssímann á sínum tíma þegar ákveðið var að gera hann að hlutafélagi. Þá var því ítrekað lýst yfir af hálfu þeirra hæstv. ráðherra sem fóru með málefni símans að ekki stæði til að selja þessa stofnun, að ekki stæði til að selja hlutabréfin. Að sjálfsögðu var það svikið. Að sjálfsögðu, segi ég vegna þess að þetta er sú formúla sem hefur víðast hvar verið fylgt.

Ég vildi koma hér upp og gera grein fyrir mínum sjónarmiðum og andæfa þeirri staðhæfingu sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. að þeirri hugsun vaxi fylgi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Hvað hefur hæstv. ráðherra fyrir sér þegar hann fullyrðir þetta? Ég held að hann hafi ekkert fyrir sér í þessu. Ég held að það sé almennur vilji fyrir því á Íslandi að reka sterkt ríkisútvarp í eigu þjóðarinnar, sem lýtur stjórn þjóðarinnar en er ekki fært á bak við tjöldin með sjónhverfingum eins og hlutafélagaformið hefur reynst vera. Ég veit hins vegar að það mundi auka völd eins manns, þ.e. þessa sama hæstv. ráðherra. Hann færi með alræðisvald í stofnuninni sem handhafi eins hlutabréfs. Síðan leyfa þeir sér sem tala með þessum hætti að láta sem ekkert annað vaki fyrir þeim en að auka sjálfstæði stofnunarinnar. Þeir ætla að færa sjálfum sér alræðisvald yfir þessum stofnunum.

[17:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru ágætar umræður um Ríkisútvarpið. Ég vil svara hv. þm. þegar hann spyr um á hverju ég byggi þá skoðun mína að því vaxi fylgi að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Ég dreg þá ályktun út frá umræðum sem hafa verið í þinginu á undanförnum missirum og ég hef tekið þátt í. Annars staðar þar sem ég kem og menn ræða við mig um málefni Ríkisútvarpsins þá verð ég einnig var við að þeir sem eru gjörkunnugir útvarpsstarfsemi hér á landi og annars staðar átta sig á því að þetta er skynsamleg leið til að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins við núverandi aðstæður hér á landi eins og menn hafa gert annars staðar á Norðurlöndunum. Ég verð var við þetta þegar ég les norrænar skýrslur. Það er unnið að skýrslugerð varðandi þessa þætti á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og upplýsingum safnað um hvernig þessi starfsemi þróast víðs vegar um löndin. Af þessu sé ég að menn telja að rekstrarskipulag með þessum hætti sé síst af öllu til þessu fallið að draga úr starfsemi útvarps í almannaeigu eða ríkisútvarpa, „public service"-stöðva eins og þær eru kallaðar á ensku. Ég sé þessi teikn mjög víða.

Ég sé jafnframt að á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu eiga þessar stöðvar í vaxandi mæli undir högg að sækja vegna samkeppniskrafna og annarra slíkra sjónarmiða. Menn telja alls staðar nauðsynlegt að bregðast við til að tryggja þær í sessi. Ég hef aldrei talað öðruvísi um þetta mál en að fyrir mér vaki að tryggja Ríkisútvarpið í sessi sem ríkisrekið fyrirtæki, en með nýjum formerkjum til þess að það standi sig betur í samkeppninni. Þessar tvær mínútur duga mér ekki til að nefna fleira en ég gæti haldið lengi áfram að telja upp þau teikn sem ég sé máli mínu til stuðnings.

[17:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason sjái víða teikn á lofti um einkavæðingu. Sami hæstv. ráðherra talaði fyrr í dag fyrir því að barnaskólar í Hafnarfirði yrðu einkavæddir og taldi það afar merkilega tilraun sem Hafnfirðingar vildu gera enda þótt þingsalurinn, meiri hluti þings, væri án efa mjög andvígur þeim hugmyndum í hjarta sínu og þjóðin, leyfi ég mér að halda, þessu mjög andvíg. En hæstv. ráðherra finnst þetta hið besta mál og sér náttúrlega þar sem víðar teikn um vaxandi fylgi við einkavæðingu. Ég held hins vegar að fyrir þessu tali tiltölulega þröngur hópur. Þar eru fjármálamenn og menn sem láta stjórnast af pólitískri hægri sinnaðri frjálshyggjuhugmyndafræði. Úr þeim ranni kemur að sjálfsögðu hæstv. ráðherra Björn Bjarnason og talar fyrir þessum hugmyndum.

Ég leyfi mér að halda því fram að ég hafi líka séð einhverjar skýrslur og heyrt mál manna á Norðurlöndum og víðar um heim, einnig þeirra sem þekkja vel til í útvarpsrekstri, og þar hef ég ekki orðið var við þennan vaxandi stuðning við einkavæðingu, síður en svo. Ég held að í heimi markaðshyggjunnar, þar sem markaðslögmálin eru farinn að ráða æðimiklu, sjái menn einmitt nauðsyn fyrir því að hafa hér óháðan fjölmiðil, óháðan markaðsöflunum, sem lýtur valdi og stjórn eigenda síns, þ.e. þjóðarinnar, almennings á Íslandi. Við eigum að mínum dómi að búa þannig um hnútana að Ríkisútvarpið fái að starfa óháð en sé ekki sett á klafa hjá fjármálaöflunum.

[17:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að átta mig betur á hugtökunum. Hv. þm. talar um einkavæðingu þar sem ég tala frekar um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í ríkiseign. Ef hann á við einkavæðingu, að ég sé að tala um að selja eigi Ríkisútvarpið, þá er ekki svo. Ég hef aldrei verið málsvari þess. Hann segir að markaðshyggjumenn og fjármálamenn séu aðaltalsmenn þessa. Þeir sem hafa lýst slíkum sjónarmiðum fyrir mér af hvað mestum þunga eru stjórnendur Ríkisútvarpsins, þeir sem bera ábyrgð á daglegum rekstri Ríkisútvarpsins. Þeir hafa hvað helst vakið máls á því við mig að nauðsynlegt sé að skapa Ríkisútvarpinu nýjar forsendur að þessu leyti. Þeir eru ekki talsmenn þess að Ríkisútvarpið verði selt heldur vilja þeir geta rekið þessa stofnun þannig að hún sé sem best í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem við henni blasa, þar með að rekstrarfyrirkomulagið geri þeim kleift að sinna þessu.

Að draga upp þá mynd að með þessu sé menntmrh., af því að hann hafi eitt spil á hendinni, trompið á hendinni og hlutabréfið í vasanum, að seilast til gjörræðisvalds yfir stofnuninni er náttúrlega alveg út í bláinn. Það er eins og málflutningur vinstri grænna jafnan verður og við urðum vitni að hér áðan hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ég veit ekki hvað oft þarf að rekja þann málflutning til enda þar sem menn telja að með þessu sé seilst eftir alræðisvaldi eða skipunarvaldi sem ekki ber að hafa. Það er ekki svo. Þetta spurning um efnislegt atriði sem menn verða að geta rætt án þess að fara í þau spor að ráðherrar séu að reyna að sölsa undir sig eitthvert alræðisvald. Hvaða ráðherra dytti það í hug að hann ætti að hafa alræðisvald yfir Ríkisútvarpinu?

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að hér komi fram, þegar vísað er í álit starfsmanna Ríkisútvarpsins, að ég veit ekki betur en að samtök starfsmanna Ríkisútvarpsins séu mjög andvíg því að það sé gert að hlutafélagi og hafi viljað efla þessa stofnun sem þjóðarútvarp í eigu þjóðarinnar. Ég held að þeir séu frábitnir hugmyndum um að gera það að

hlutafélagi jafnvel þótt það væri í eigu þjóðarinnar í formi hlutafélags. Þeir gera sér grein fyrir því að með því móti væri verið að innleiða markaðslögmálin í ríkari mæli inn í þessa stofnun en þeir telja æskilegt að gera.

Ég tek hins vegar undir það með hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að fram fari um þessi mál róleg, yfirveguð og málefnaleg umræða þar sem menn færi fram rök sín. Ég hefði t.d. mikinn áhuga á að fá að vita hvað stendur í vegi fyrir því að Ríkisútvarpið sé rekið á þann hátt sem yfirmenn stofnunarinnar, sem hæstv. ráðherra vísar til, sækjast eftir. Hvað kemur í veg fyrir það? Þetta er stofnun sem lýtur stjórn Alþingis, fær fjárveitingaheimildir frá þinginu og síðan er hæstv. ráðherra yfirmaður þessarar stofnunar af hálfu framkvæmdarvaldsins. Er það eitthvað í hans stjórn sem kemur í veg fyrir að Ríkisútvarpið fái blómstrað? Hvað veldur því að starfsmenn telja svo brýnt að losna undan stjórn hæstv. ráðherra eða stjórnvalda? Hvað vilja menn losna við? Getur verið að þar ráði þrýstingur frá fjármálaheiminum og að pólitísk hugmyndafræði frjálshyggjunnar stýri för að einhverju leyti?

[17:59]

Útbýting þingskjala:

Menntun í ferðaþjónustugreinum, 322. mál, svar menntmrh., þskj. 691.

Rekstrarform í löggæslu, 342. mál, svar dómsmrh., þskj. 692.

[17:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér hafa verið sérkennilegar og á köflum skemmtilegar umræður um Ríkisútvarpið. Ég tel að það sé rétt skoðun hæstv. menntmrh. að Ríkisútvarpsinu verði komið í hlutafélagsform. Um það hefur verið rætt nokkuð lengi að þessi grámygla fortíðar sem heitir útvarpsráð sé löngu úrelt fyrirbrigði. Það heyrist úr herbúðum Ríkisútvarpsins, starfsmanna. Þeir taka undir að pólitískt kjörið útvarpsráð til þess að stýra þessu fyrirtæki á því herrans ári 2001 sé algerlega út úr kortinu.

Það hefur líka heyrst frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins að sú leið sem hæstv. menntmrh. hefur boðað verði mikill léttir fyrir Ríkisútvarpið og muni, í þeirri hörðu samkeppni sem það á við að etja í dag, skapa allt annað andrúmsloft og starfsaðstöðu fyrir þá sem þar vinna.

Eins verð ég að minnast á þetta lögþvingaða afnotagjald sem allir verða að borga. Það er í andstöðu við skoðanir þorra þjóðarinnar að slíkt gjald skuli enn vera við lýði þegar útvarpsstöðvar eru frjálsar og orðnar fjölmargar. Í starfsumhverfi Ríkisútvarpsins í dag getur ekki gengið að gera eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson talar fyrir, að festa allt í viðjum vanans. Það hefur komið fram hjá stjórnendum Ríkisútvarpsins að hinn daglegi rekstur er í ákveðinni þvingun, það er ákveðið þvingunarform sem yfir mönnum hvílir vegna útvarpsráðs sem er pólitískt kosið. Menn eru þar að slá pólitískar keilur, jafnvel á kostnað ágætis Ríkisútvarpsins.

Út af því sem kom fram hjá Guðjóni A. Kristjánssyni vegna Gunnólfsvíkurfjalls og Bolafjalls, um að á sínum tíma hafi jafnvel verið gefin loforð þess efnis að þangað yrði hægt að leiða kapla til sjónvarps- eða útvarpssendinga. Ég finn það ekki í skráðum umræðum sem fram hafa farið á Alþingi um þetta mál en mér kann að hafa yfirsést.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh. og tel að skylduáskriftin hefti starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég tel rétt að leyfa starfsmönnum Ríkisútvarpsins að búa við frjálst rekstrarumhverfi líkt og viðgengst á öðrum fjölmiðlum í dag.

[18:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar sem mig langar að beina til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Hann talar um grámyglu fortíðarinnar sem er útvarpsráð. Nú má deila um hvernig eigi að skipa útvarpsráð, hvort stjórnmálaflokkarnir eigi að skipa útvarpsráð eða Alþingi Íslendinga. Eins og búið er um hnútana núna er það Alþingi Íslendinga sem skipar útvarpsráð. Deila má um hvort aðrir aðilar eigi að koma þar að verki. Mér þætti fróðlegt að vita hvaða aðila hv. þm. er þá með í huga. Hin leiðin sem farin yrði ef stofnunin yrði gerð að hlutafélagi væri þá að handhafi hlutabréfs eða hlutabréfa skipaði stjórn fyrirtækisins. Væntanlega á það að lúta einhverri stjórn. Á hlutabréfamarkaði ráða þeir sem eiga hlutabréfin, fjármagnið, yfir fyrirtækjunum. Hvaða hugmyndir hefur hv. þm. um það?

Það er rétt að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa eins og í öðrum stofnunum oft eitthvað við stjórnendur og stjórnina að athuga. Ég þekki það sjálfur. Ég starfaði þarna í mörg ár. (**GHall:** Varst þú ekki sáttur við útvarpsráð?) Ég var ekki alltaf sáttur við það, að sjálfsögðu ekki, en ég vil að sjálfsögðu að þessi stofnun sem er í almannaeign lúti almannastjórn og þangað liggi einhverjir lýðræðislegir þræðir. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það.

Hin spurningin sem ég vildi beina til hv. þm. er svohljóðandi: Ef skylduáskriftin er afnumin, vill hann þá tryggja samsvarandi fjármagn til Ríkisútvarpsins í gegnum beina skatta?

[18:05]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh. hvernig eigi að fara með. Það er alveg ljóst. Ég geri ekki ráð fyrir að það yrði skipað neitt útvarpsráð heldur bæru æðstu stjórnendur Ríkisútvarpsins beina ábyrgð gagnvart hæstv. menntmrh. Ég sé því enga meinbugi á því. Ég held að það yrði bara af hinu góða. Þá er ekki verið að kjósa einhverja fulltrúa í þjóðfélaginu sem ekki eru neinir sérfræðingar í rekstri útvarpsstöðva hvað þá í fjölmiðlum. Ég er sannfærður um að æðstu stjórnendur Ríkisútvarpsins vildu miklu frekar geta stjórnað þessu fyrirtæki eins og þeir hafa þekkingu og kunnáttu til án þess að vera settir undir útvarpsráð sem, með fullri virðingu fyrir því,

Varðandi skylduáskriftina þá er það mál sem ætti að skoða. Ég verð ekki var við annað en að ákaflega svipað magn auglýsinga sé í Ríkisútvarpinu og í öðrum fjölmiðlum. Hvers vegna skyldi vera svo erfitt með rekstur Ríkisútvarpsins í þeirri stöðu? Af hverju er hann erfiðari en hjá hinum frjálsu útvarpsstöðvum? Það vakna auðvitað ýmsar spurningar í kringum það. Er reksturinn miklu þyngri eða miklu erfiðari? Eru starfsmennirnir fleiri eða hvað? Eða hefur Ríkisútvarpið ekki lagað sig að breyttu formi og aðstæðum, og heldur áfram í viðjum vanans vegna þessara föstu greiðslna sem það fær árlega án þess að þurfa að hafa nokkrar áhyggjur eða takmarkaðar af rekstrinum sjálfum?

[18:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekki um að bæði hæstv. menntmrh. og æðstu stjórnendum Ríkisútvarpsins þætti miklu þægilegra að hafa bara svona tveggja manna tal sín á milli og ekkert

útvaprsráð sem truflaði þá. En finnst okkur þetta svara kröfum lýðræðisþjóðfélags? Er það eðlilegt? Er nokkuð óeðlilegt við að fjölbreytt sjónarmið komist að hjá stjórnendum þessarar stofnunar, gagnrýni o.s.frv.? Mér finnst að skoða megi hvernig skipað er í þetta ráð sem á að halda uppi aðhaldi og gagnrýni á þessa stofnun. Ég held að hún hafi bara gott af því.

En skildi ég það rétt hjá hv. þm. að hann vildi svipta stofnunina tekjustofnum? Hann ætlaðist ekki til að peningar kæmu úr ríkissjóði ef afnotagjöldin yrðu lögð af. Mér finnst hann gera mikið úr auglýsingatekjum og spyr: Er starfsemi Ríkisútvarpsins dýrari, kostnaðarsamari en hjá öðrum útvarpsstöðvum? Já, hún er miklu kostnaðarsamari á marga lund enda sinnir Ríkisútvarpið fræðslu og menningarlegum skyldum í miklu ríkari mæli en allar aðrar útvarpsstöðvar í landinu. Þetta er ástæðan fyrir því að við viljum hafa sterkt, öflugt þjóðarútvarp, menningarmiðil sem gegnir sínu hlutverki vel. Margt í starfsemi Ríkisútvarpsins er á heimsmælikvarða. Ég vísa þar í dagskrá Rásar 1 og hið sama á reyndar við um aðra hluta þessarar stofnunar sem ber að efla en ekki draga úr. Ég held að ef við sviptum Ríkisútvarpið tekjum sínum að öðru leyti en auglýsingatekjum þá mundi það að sjálfsögðu koma niður á dagskránni.

[18:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður sagt á Alþingi þegar umræðan um Ríkisútvarpið hefur farið fram að ég styð heils hugar Rás 1. Auðvitað þurfum við að afla fjármagns til þess að reka þá stöð. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er virkilega góð stöð og menningarleg eins og hann kom hér inn á.

En hvert er svarið þegar spurt er: Svarar þetta kröfum nútímans? Ef við berum saman Bylgjuna og Rás 2 þá held ég að þær stöðvar séu mjög svipaðar. Ég tel því að við hljótum að geta rekið Rás 2 með öðrum hætti en með beinum fjárframlögum frá ríkinu. Hins vegar tek ég undir það, varðandi þá stöð sem menn kalla Gufuna, að það er úrvalsstöð og að sjálfsögðu þarf að styrkja hana héðan frá Alþingi með föstum fjárlögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 235. mál. — Þskj. 253.

[18:10]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég legg fram frv. til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika ásamt eftirtöldum hv. þm.: Kristni H. Gunnarssyni, Drífu Hjartardóttur, Ástu Möller, Guðmundi Árna Stefánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Vilhjálmi Egilssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Árna Johnsen, Svanfríði Jónasdóttur, Einari K. Guðfinnssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Gísla Einarssyni og Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Frv. var lagt fram á 125. löggjafarþingi og er nú lagt fram á ný óbreytt. Frv. er svohljóðandi:

„1. gr. Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.

2. gr. Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.

3. gr. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð með frv. segir:

Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Með frv. þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Rétt er að taka fram að ólympískir hnefaleikar eru keppnisgrein á Ólympíuleikum og hafa verið það lengi. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni.

Gera verður skýran greinarmun á annars vegar ólympískum hnefaleikum, með öðrum orðum áhugamannahnefaleikum, og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru stundaðir í öllum heimsálfum. Reglur og öryggiskröfur greinanna eru afar ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum en þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem um þá gilda. Samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 1990, sem Yvonne Haglund læknir gerði á því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika, virðist svo ekki vera sé fylgt ströngum áhugamannareglum eins og í Svíþjóð. Ég geri betur grein fyrir þeim síðar.

Lögð er áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Að öðru leyti standa óbreytt lög nr. 92/1956 sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

Árið 1956 voru hnefaleikar bannaðir vegna meiðsla sem urðu við iðkun hnefaleika, svo var a.m.k. talið en áhöld eru um það meðal manna. Ólympískir hnefaleikar eru allt annars eðlis en atvinnuhnefaleikar. Í fyrsta lagi eru notaðar höfuðhlífar og þykkari hanskar sem eru sérhannaðar til að draga úr skaðsemi höggsins. Í öðru lagi eru lotur þrjár í þrjár mínútur en geta líka verið fimm sinnum tvær mínútur eða fjórum sinnum tvær mínútur. Í atvinnumannahnefaleikum eru lotur hins vegar allt að 12, 10–12. Ólympískir hnefaleikar snúast um að skora stig. Engin aukastig eru gefin fyrir að sá andstæðinginn niður eða rota hann. Hugtakið „tæknilega sleginn út", eða TKO á ensku, er ekki til og minna en 1% allra ólympískra hnefaleika endar með rothöggi.

Ólympískir hnefaleikar, karate, júdó og ýmsar fleiri bardagaíþróttir eru fyrst og fremst hugsaðar sem sjálfsvarnaríþróttir. Ólympískir hnefaleikar byggjast ekki á að sigra með því að meiða andstæðinginn heldur að vinna á stigum. Vörnin er því mikilvægur þáttur í ólympískum hnefaleikum, ekki bara sóknin.

Meiðsli í ólympískum hnefaleikum eru meira en 50 sinnum minni en í atvinnumannahnefaleikum. Að meðaltali vankast áhugamannahnefaleikari sjaldnar en í hundruðustu hverri keppni. Ef það gerist má hann ekki keppa fyrr en eftir þrjá mánuði. Áhugamannahnefaleikari fær ekki að keppa eftir 33 ára aldur. Læknisskoðun er skylda fyrir og eftir keppni. Skylda er að hafa viðurkennda keppnisbók sem er sjaldgæft í öðrum íþróttagreinum. Dómgæsla og reglur miða að því að

vernda hnefaleikarann eins og framast er kostur. Leikur er stöðvaður ef annar keppandi hefur yfirburði og mjög hart er tekið á ólöglegum höggum. Ef keppendur verða uppvísir að slíku er þeim tafarlaust vísað úr keppni.

Ólympískir hnefaleikar hafa verið keppnisgrein á Ólympíuleikum frá árinu 1904 og hefur verið mjög vinsæl grein. Til stendur að taka upp hnefaleika fyrir konur á næstu Ólympíuleikum. Ólympískir hnefaleikar eru sjálfsvarnaríþrótt líkt og glíma, karate, júdó og fleiri íþróttir sem heita austrænum nöfnum. T.d. er leyfð kennsla og iðkun í „jeet kune do" sem er tælensk íþrótt sem kallast „kickbox" á ensku. Þar er barist með hönskum eins og í hnefaleikum en einnig eru leyfð spörk. Í annarri austurlenskri sjálfsvarnaríþrótt, „tae kwon do", er barist með berum hnefum og fótum og meiðslatíðni er mun hærri en í ólympískum hnefaleikum, en „tae kwon do" er ólympísk íþrótt. Það má nefna „kumite" sem er partur af karate-íþróttinni en þar eru notaðar hendur og fætur.

Hefðbundnir atvinnumannahnefaleikar eru bannaðir í nokkrum löndum, m.a. Svíþjóð og Noregi. En ólympískir hnefaleikar eru hvergi bannaðir annars staðar í heiminum *en á Íslandi. Hvergi, herra forseti, hvergi bannaðir nema á* Íslandi.

Þeir sem mest hafa talað á móti ólympískum hnefaleikum halda því fram að þessi íþrótt sé hættuleg iðkendum, að meiðsli séu tíð og geti verið varanleg. Rétt er að fara yfir nokkur atriði í þessu sambandi því að það hafa fallið margar fullyrðingar, sérstaklega frá læknum, varðandi þessa íþrótt. Það er rétt að rekja hér nokkur dæmi og benda á nokkrar rannsóknir.

Árið 1960 skipaði Norðurlandaráð nefnd til að rannsaka hversu áhættusamt væri að stunda ólympíska hnefaleika. Margir læknar voru kallaðir til verkefnisins ásamt fleiri fagmönnum. Niðurstaða nefndarinnar var að meiðsli í ólympískum hnefaleikum væru alls ekki meiri en í öðrum íþróttagreinum og ekki væri ástæða til að banna íþróttina.

Árið 1985 fól sænska þingið sænska íþróttasambandinu að láta fara fram rannsókn á öryggi áhugamannahnefaleika í Svíþjóð til að komast að því hvort fyrrverandi eða núverandi áhugamannahnefaleikarar hefðu orðið fyrir varanlegum heilaskemmdum. Til að vinna þetta verk fékk sænska íþróttasambandið færustu sérfræðinga á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi til að gera þessar rannsóknir. Þær fóru fram á íþrótta-, taugalækninga- og bæklunardeild sjúkrahússins. Einn og þeim sem unnu við þessar rannsóknir var fyrrnefnd dr. Yvonne Haglund, læknir sem að rannsókn sinni lokinni varði doktorsritgerð um þetta mál árið 1990. Markmiðið með ritgerðinni var að meta varanlegar heilaskemmdir sem hlutust í áhugamannahnefaleikum í Svíþjóð frá 1970 eða um 15 ára skeið. Að rannsókn lokinni voru birtar fjórar greinar um rannsóknarverkefnið eftir dr. Haglund en meðhöfundar hennar voru prófessorar og læknar starfandi við Karólínska sjúkrahúsið.

Rannsakaðir voru 50 fyrrverandi áhugahnefaleikarar, 25 sem höfðu háð marga bardaga og 25 með tiltölulega fáa bardaga að baki. Hnefaleikararnir voru bornir saman við tvo hópa, 25 knattspyrnumenn og 25 frjálsíþróttamenn á sama aldursskeiði. Þeir voru síðan allir bornir saman við fjórða hópinn sem samanstóð af venjulegu fólki héðan og þaðan. Þátttakendur voru spurðir um íþróttaferil sinn, menntun, atvinnu, hjúskaparstétt, heilsufarssögu, snertingu við lífræn leysiefni, neyslu áfengis eða lyfja og lifnaðarhætti yfirleitt.

Helstu niðurstöður úr doktorsritgerðinni og rannsóknirnar voru þessar: Verulegur munur kom fram eftir félagslegri aðstöðu. Hnefaleikamennirnir voru minna menntaðir og stunduðu sjaldnar stjórnunarstörf. Þeir neyttu áfengis og lyfja í ríkari mæli en þó mest áður en þeir hófu að iðka hnefaleika. Þegar rannsóknin var gerð var líf allra hnefaleikaranna og samanburðaraðilanna í traustum skorðum félagslega.

Allir rannsóknaraðilar gengust undir venjulega læknisskoðun. Allir þátttakendur gengust undir víðtæka taugafræðilega rannsókn þar á meðal minni háttar geðrannsókn. Einn hnefaleikarinn sem var með marga bardaga að baki og þrír knattspyrnumenn sýndu lítils háttar frávik frá eðlilegu ástandi en enginn verulegur munur fannst þó á hópnum, allir sýndu normal prófgildi. Töluverður munur fannst á breytilegum persónuleikaeinkennum. Yfirleitt voru íþróttamennirnir minna uppnæmir og féllu betur inn í samfélagið en samanburðarfólkið. Taugarafrænar rannsóknir sýndu engan marktækan mun á hópunum og engin merki um varanlegar heilaskemmir komu fram hjá hnefaleikurum eða samanburðarhópunum.

Klínísk próf á borð við heilalínurit o.fl. voru rannsökuð. Engin meiri háttar afbrigðileg merki sáust á heilalínuriti. Meira var um minni háttar frávik í heilalínuriti hnefaleikaranna en hjá knattspyrnumönnum og frjálsíþróttafólki. Ekkert af frávikunum var í tengslum við fjölda bardaga, fjölda ósigra eða lengd hnefaleikaferils. Það fundust þannig engin merki um alvarlegar heilaskemmdir hvorki hjá áhugahnefaleikurum, knattspyrnumönnum eða frjálsíþróttamönnum.

Niðurstaðan úr rannsókninni sem gerð var fyrir Norðurlandaráð og rannsókninni sem gerð var á Karólínska sjúkrahúsinu leiddu til hliðstæðrar niðurstöðu: Það á ekki að banna ólympíska hnefaleika.

Rannsóknir á sömu atriðum hafa einnig verið gerðar í öðrum löndum, t.d. í Kanada, á Írlandi, Bretlandi og Finnlandi. Þær rannsóknir sýndu að ólympískir hnefaleikar leiddu ekki til heilaskaða. Niðurstöðurnar sýndu einnig að hætta á áverkum af völdum ólympískra hnefaleika væri tiltölulega lítil í samanburði við aðrar íþróttir, áverkar á höfði sem ættu sér stað í keppni væru aðallega vægur heilahristingur.

Í grein úr þýska fagtímaritinu Sportsverletzung, „Sportschaden" sem birtist í mars 1999 er greint frá úttekt á slysum vegna sjálfvarnaríþrótta og byggist hún á athugunum á sjúkraskýrslum og skýrslum tiltekins tryggingafélags yfir 15 ára tímabil. 137 slys voru skráð sem áttu sér stað í þessum íþróttum. Af þeim áttu 47 tilvik sér stað í júdó, 44 í karate, 22 í wrestling, 9 í tae kwon do, 7 í hnefaleikum og færri tilvik í öðrum tilteknum íþróttagreinum sem falla undir sjálfsvarnaríþróttir. Þetta var, herra forseti, eingöngu varðandi sjálfsvarnaríþróttir.

Í frétt sem birtist í breska læknatímaritinu The British Medical Journal í ágúst árið 1998 kemur fram að samkvæmt slysaskráningu í Hollandi á tíu ára tímabili, frá 1987–1996, voru skráð 18 þúsund slys þar sem heilaáverkar komu við sögu. Í 4.300 tilvikum varð slysið í fótbolta og í umræðum hér á síðasta ári veltu menn vöngum yfir því hvort hætta væri á heilaskaða þegar þungur knöttur væri skallaður í fótbolta. Það hafa komið fram fullyrðingar um slíkt en hér sýnir sig að þar sem heilaáverkar komu við sögu voru 4.300 tilvik úr fótbolta. Samkvæmt kenningu andstæðinga hnefaleikanna þá ætti að banna knattspyrnu, ef fólk ætti að vera samkvæmt sjálfu sér, ég tala nú ekki um handbolta, þ.e. þegar menn eru í marki í handbolta og fá boltann í höfuðið þá getur verið hætta á að þeir fái heilahristing eða annað slíkt. Af

þessum heilaáverkum voru 3.400 tilvik eftir reiðmennsku og 70 tilvik sem rekja mátti til hnefaleika.

Í annarri grein sem birtist í sama tímariti í febrúar 1998 var bent á að af dauðsföllum sem áttu sér stað í íþróttaiðkun í Bretlandi á árunum 1986–1992 voru 3 af völdum hnefaleika, 77 dauðsföll við mótoríþróttir, 69 við flugíþróttir, 54 vegna fjallaklifurs og 28 dauðsföll vegna hestaíþrótta.

Einnig má nefna að árið 1998 gerði öryggisnefnd íþrótta- og tómstundamála í Bandaríkjunum rannsókn á tíðni meiðsla í íþróttum. Þar lentu ólympískir hnefaleikar í 71. sæti af 76 á listanum yfir hættulegustu íþróttirnar.

Herra forseti. Ég hef farið yfir helstu atriði þessa máls. Mér finnst þau lög sem nú gilda um hnefaleika talandi dæmi um forsjárhyggju í þessum málum. Ég tel að landsmenn allir eigi að geta valið um að geta stundað þær íþróttir sem þeir vilja og sérstaklega ef íþróttin er viðurkennd ólympísk íþrótt allt frá 1904. Við erum þátttakendur í Ólympíusambandinu og Ólympíuleikunum en samt bönnum við þessa einu íþróttagrein. Það hefur ekkert verið sannað í því máli að hnefaleikar séu hættulegri en aðrar greinar. Það hefur einmitt verið öfugt. Þeir eru heldur hættuminni en aðrar íþróttagreinar. Engin íþróttagrein er hættulaus því miður, ekki nema kannski að tefla skák eða spila brids og slíkt, en í knattspyrnu, hestaíþróttum, handknattleik og í körfuknattleik, í þessum íþróttum verða meiðsli og náttúrlega vinnur stór hluti lækna að því að sinna öllum þeim meiðslum sem þar verða.

Mér finnst þessi forsjárhyggja gjörsamlega óþolandi og ég vona að þingheimur hafi breytt um skoðun frá því í fyrra þegar þetta frv. var fellt. Ég tel það réttlætismál fyrir landsmenn að við breytum þessu.

Að síðustu legg ég til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og til 2. umr.

[18:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að bera upp eina spurningu mér til upplýsingar og fróðleiks. Hv. þm. Gunnar Birgisson talar um tíðni slysa í íþróttagreinum. Ég vil spyrja hann hvort það hljóti ekki að vera samhengi á milli slysatíðni og þess fjölda sem íþróttirnar stunda. Hann vísar í knattspyrnu og aðrar íþróttagreinar og segir að þar séu slysin tíð. Box eða hnefaleikar hafa aldrei verið fjöldaíþrótt í þeim mæli sem knattspyrna eða handknattleikur eða ýmsar aðrar íþróttagreinar hafa verið. Þess vegna spyr ég hann hvort þetta sé raunhæfur samanburður eða gefi rétta mynd.

Staðreyndin er sú að margir einstaklingar sem hafa lagt stund á hnefaleika hafa varað okkur við því að styðja þetta frv. eða þessa breytingu og vísa þar í eigin reynslu og annarra sem hafa lagt stund á hnefaleika enda stóð ég í þeirri trú að markmiðið með hnefaleikunum eða íþróttin gengi út á það að öðlast færni í bardagatækni. Mér hefur ekki sýnst betur en menn geri talsvert til þess að reyna að berja hver annan í höfuðið ef því er að skipta og ekkert undarlegt að af því hljótist skaði.

[18:30]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þessu er það alveg rétt að í sumum löndum eru örugglega fleiri sem stunda knattspyrnu en ólympískt box. Nefna má lönd eins og til að mynda Bandaríkin þar sem hnefaleikar eru gífurlega vinsæl íþrótt og ein af fjölmennustu íþróttunum sem stundaðar eru í Bandaríkjunum þannig að samanburður þar segir manni meira en lítið þegar þetta lendir í 71. sæti hvað varðar hættu.

Bara með því að fara, eins og ég gerði, í gegnum skýrslu hjá fagtímaritum og breska læknatímaritinu, þá sést að þetta er gífurlega vinsæl íþróttagrein í Bretlandi. Skyldu það vera fleiri eða færri sem stunda hestaíþróttir í Bretlandi en hnefaleika? Ég get ekkert sagt um það. Hv. þm. hefur dvalist í Bretlandi eins og ég og þekkir að þetta er mjög vinsæl íþróttagrein þar en ég tel það ekki skipta meginmáli. Það sem er niðurstaðan í læknisfræðilegum rannsóknum er að þar eru hverfandi líkur á meiðslum. Aðrar íþróttagreinar geta líka valdið meiðslum eins og knattspyrna, handknattleikur og hestaíþróttir. Meiri möguleiki er á að meiðsli verði í þeim íþróttagreinum en ólympískum hnefaleikum en samt eru þessar íþróttagreinar leyfðar hér á landi. Ég spyr: Hvers eiga ólympískir hnefaleikar að gjalda?

[18:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði en ég tók eftir því að á mælendaskrá er hv. þm. sem er jafnframt læknir. Ég bíð eftir því að heyra það sem kemur frá hv. þm. Katrínu Fjeldsted og mun hlusta með athygli á það.

[18:33]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil draga það fram enn og aftur að ef fólk ætlar að vera samkvæmt sjálfu sér í þessum málum þá eiga þeir læknar sem tala á móti þessu máli — nú eru margir sem tala með þessu máli — en þeir sem tala á móti eiga að vera samkvæmir sjálfum sér og banna þá þær íþróttagreinar sem þeir telja líka hættulegar. Ef ekki, til hvers eru þeir eingöngu að tala á móti þessari íþróttagrein? Hvað vakir fyrir þeim lækum sem eru á móti því? Ég spyr. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að það verði minna hjá þeim að gera eða eitthvað. Ég veit ekki, ef við mundum banna knattspyrnu.

Í fyrra var birt grein þar sem skoskir knattspyrnumenn töldu sig hafa orðið fyrir varanlegum höfuðskaða eftir að hafa skallað blautan bolta sem er náttúrlega þungur. Þá spyr maður sjálfan sig: Á að banna knattspyrnu í rigningu eða bara leyfa hana í þurru veðri eða hvað er í gangi? Mér finnst þessi forsjárhyggja vera með ólíkindum. Núna er árið 2001 eftir Krist og ég vona að þingheimur átti sig á því.

[18:34]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta en furða mig á því hversu fáir eru í þingsalnum því að miðað við hitann í kringum málið sl. vor gat maður dregið þá ályktun að hér væri eitt af heitari og viðkvæmari og mikilvægari málum þingsins en svo kom í ljós að það féll en mjög naumlega.

Um hvað snýst svo þetta mikla mál? Í rauninni snýst það um tvennt. Það er í rauninni ekki flóknara en það. Það er annars vegar um það hvort eigi að innleiða ólympíska hnefaleika í anda Ólympíuleikanna og rétt er að vekja athygli á og draga fram einmitt þetta forskeyti, ólympíska hnefaleika. Á bak við það er alþjóðlegt og þekkt hugtak. Það er ólympíuhugsjónin með ólympíueldinn og þær íþróttagreinar sem stundaðar eru á Ólympíuleikum og þurfa í nafni þeirra að sæta mjög ströngum reglum og skilyrðum til að vera samþykktar sem keppnisgreinar á Ólympíuleikum. Það snýst um það hvort við eigum áfram að vera eina þjóðríki veraldar sem bannar beinlínis að innleiða ólympíska grein

inn í íþróttaflóru okkar og svo hins vegar fjallar málið um að meta hættustigið af þessari íþróttagrein og eins og fram hefur komið hjá hv. málshefjanda er það sá mælikvarði sem andstæðingar ólympískra hnefaleika nota, þ.e. að íþróttin sé hættuleg. Með öðrum orðum, það er hættumatið sem lagt er til grundvallar og á þeim forsendum er síðan dregin sú ályktun. Íþróttin er hættuleg og þess vegna skal hún bönnuð.

Eins og fram kom hjá hv. málshefjanda verða slys í mjög mörgum íþróttum og við verðum þá að vera sjálfum okkur samkvæm og leggja sama mat á aðrar íþróttagreinar. Nú er ég mikill áhugamaður um nokkrar íþróttagreinar. Þó getan sé ekki til staðar er ég áhugamaður og fylgist mjög grannt með og hef starfað á vettvangi íþrótta. Ein af uppáhaldsíþróttagreinum mínum er handknattleikur sem ég bar gæfu til að fylgjast vel með og starfa innan íþróttahreyfingar þegar ég bjó í Hafnarfirði. Hlutverk markarvarðar í handknattleik er í rauninni afskaplega undarlegt. Hann er því betri sem hann er lagnari við að þvælast fyrir boltanum sem getur verið skotið á hann, í andlit hans eins og gerist oft, með allt að 100 km hraða á klukkustund og það er ekkert smáhögg. Þeir sem fylgdust með heimsmeistarakeppninni í handbolta nú nýverið sáu mikla hetju, egypska markmanninn í undanúrslitaleiknum sem var ítrekað skotinn í gólfið en stóð upp aftur. Hvaða skaða hann hefur hlotið af því veit ég ekki um en þetta voru bylmingsskot eins og frægur íþróttafréttaritari segir gjarnan.

Ég minnist þess að hafa starfað með ágætri körfuboltahetju í Hafnarfirði, Einari Bollasyni, og einhvern morgun kom hann til starfa eftir harðan leik í körfubolta með glóðaraugu á báðum, nefbrotinn og gott ef ekki eitthvað meira eftir fagran og góðan leik í körfu. Ég hef ekki séð ógeðslegri íþróttameiðsl en í sjónvarpi í fótbolta þar sem menn hafa brotnað afskaplega illa með opið brot. Ég hef séð menn fá hræðileg höfuðhögg, bæði með því að skalla hver annan í hita leiksins eða þeir sem verða hálfóðir í baráttunni og eiga til að skalla stöngina til að forða marki og liggja jafnvel óvígir á eftir. Hvað þá, eins og hv. málshefjandi vék að, góðir varnarmenn sem þurfa árum saman að skalla rennblauta tuðru þess vegna úr mikilli hæð og það er ekkert smáhögg.

Meira að segja hefur maður séð og lesið um íþróttaslys í glímu þegar menn veita hverjir öðrum bræðrabyltu og eru jafnvel haltir eftir eða fá þung höfuðhögg. Í hestamennsku, reiðmennsku, þeirri göfugu og fornu íþrótt, hafa menn upplifað og séð afskaplega ljót slys sem hafa bæði skaðað útlimi og ekki síður höfuð. Meira að segja í dansi, þeirri fallegu og rómantísku íþrótt, eiga menn til að slasast ef menn gá ekki að sér.

Herra forseti. Ég dreg þetta fram til þess að hafa sama mælikvarða á öðrum íþróttagreinum, ólympísku íþróttagreinum, greinum sem eru innan vébanda ÍSÍ, íþróttagreinum sem eru stundaðar og vinsælar hér á landi. Ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm eigum við að draga þá ályktun um þessar greinar líka að þær skuli bannaðar. Ég er, herra forseti, ekki á nokkurn hátt sem unnandi þessara greina tilbúinn til að styðja slíka aðgerð.

Mér finnst hv. frummælandi hafa rakið það prýðilega m.a. með tilvitnunum í alþjóðlegar rannsóknir þar sem fram hefur komið að ólympískir hnefuleikar eru ekkert hættulegri en aðrar íþróttir en hættulegir kunna þeir að vera. Ég held að enginn haldi öðru fram alveg eins og handknattleikur, knattspyrna, hestamennska o.s.frv. En það gilda líka afskaplega strangar reglur um ólympíska hnefaleika sem voru raktar hér, sem snúa að öryggi og dómgæslu. Ef menn verða fyrir einhverjum meiðslum mega þeir ekki keppa í þrjá mánuði, ef þeir verða vankaðir, næstu þrjá mánuði á eftir, og þar fram eftir götunum.

Þá vil ég vekja athygli á því að þessi íþrótt er auðvitað stunduð á Íslandi, við getum sagt í skúmaskotum. Það er þá væntanlega ólöglegt. Þá er líka rétt að spyrja sem svo: Ætla menn að koma í veg fyrir það? Er ekki hyggilegra að lögleiða þessa íþróttagrein af því að engin rök styðja það að hún sé hættulegri en aðrar íþróttgreinar og fá hana þá fram í dagsljósið þannig að t.d. Íþróttasamband Íslands geti fylgst með iðkendum og félögum á því sviði eins og í öðrum íþróttagreinum og haft það þó þannig í dagsljósinu?

Herra forseti. Ég hef ekki séð þau rök sem styðja að þessi íþróttagrein sé hættulegri en aðrar íþróttagreinar sé reglum hennar fylgt. Ég hef heldur ekki séð rök sem styðja það eða réttlæta að við skulum vera eina ríki veraldar sem bannar beinlínis þessa íþróttagrein. En ég vona að á það reyni á þinginu og verður fróðlegt að sjá hverjar lyktir verða þegar það kemur til atkvæðagreiðslu.

[18:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp í fróðleiksleit. Hv. þm. sagðist hafa séð margt ógeðslegt á íþróttaleikvangi, hræðileg höfuðhögg og að þau hefðu menn getað fengið í aðskiljanlegum íþróttaleikjum. Menn hefðu slasast í dansi, á hestbaki og í körfuknattleik. Ég spyr: Snýst þetta fyrst og fremst um jafnræði með íþróttagreinum? Jafnvel þótt rétt væri að menn slösuðust í öðrum greinum eigi síður en í þessari þá vil ég spyrja hv. þm.: Snýst þetta ekki um neitt annað? Skiptir eðli íþróttagreinarinnar engu máli? Mörgum sem hafa andæft hnefaleikum og öðrum bardagaíþróttum finnst svo vera. En ég vek athygli á því að jafnvel þótt hnefaleikar og ýmsar bardagaíþróttir séu leyfðar víða um lönd þá er það ekki svo að það sé óumdeilt. Víða er þetta umdeilt og til að mynda í Bandaríkjunum eru fjölmargir hópar, einnig úr röðum fyrrverandi hnefaleikamanna, sem hafa verið því fylgjandi að bann verði lagt við þessari íþrótt. Ég vildi fá að heyra aðeins nánar röksemdir hv. þm. annars vegar um jafnræðið hvort það sé fyrst og fremst það sem þurfi að tryggja en svo ekki síður um hitt: Snýst þetta ekki að einhverju leyti um eðli íþróttagreina? Leggja menn allt að jöfnu, dansíþróttina, hestamennskuna, körfuknattleikinn og hnefaleika?

[18:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur tíðindi ef þingflokksformaður vinstri grænna gefur í skyn að jöfnuður skuli ekki ríkja í íþróttum. Það sem ég dró fram var áhættumatið, grundvöllur að röksemdafærslunni gegn íþróttagreininni er í raun áhætta. Ef við viljum vera sjálfum okkur samkvæm þá eigum við að láta það gilda um aðrar íþróttagreinar og ég nefndi einungis nokkrar og hefði getað haldið áfram að telja upp þær íþróttagreinar sem stundaðar eru og slys verða í. Ég held að það sé mjög mikilvægt og trúi ekki öðru en að mikill jafnaðarmaður, hv. þm. Ögmundur Jónasson, vilji vera jafnaðarmaður í íþróttum líka.

Hvað síðari liðinn varðar um tilgang og eðli íþrótta má segja að mjög margar íþróttir feli í sér árásargirni. Gott sóknarlið er mjög árásargjarnt t.d. í handbolta eða í körfubolta. Við höfum innleitt og leyft íþróttagreinar eins og karate, júdó og aðrar slíkar sem eru fyrst og fremst hugsaðar sem

varnaríþróttir, sjálfsvarnaríþróttir. Ég hygg að í framsöguræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar hafi einmitt komið fram það sjónarmið að þetta væri upphaflega hugsað sem sjálfsvarnaríþrótt og sá væri mestur snillingur í að beita þessu sem keppnisgrein sem sýndi samhæfingu huga og líkama án þess að valda öðrum skaða. Í því fælist íþróttamennskan og snilldin.

[18:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi eitthvað misskilið mál mitt. Ég var að beina spurningu til hans um hvort þetta snerist um jafnræði milli íþróttagreina vegna þess að hann var búinn að finna út að menn gætu slasast í dansíþróttinni, körfubolta og hestamennsku og einhverjar fleiri greinar taldi hann til. Ég var að spyrja hann hvort þetta snerist fyrst og fremst um jafnræði á milli íþróttagreina að þeim væri öllum gert jafnhátt undir höfði þannig að menn gætu slasað sig á margbreytilegri hátt en nú er, að menn ættu líka að geta slasast í hnefaleikum fyrst menn gætu farið sér að voða á dansgólfinu eða á hestbaki, þetta var spurning sem ég beindi til hans.

En ég vil beina spurningu til hv. þm.: Er honum ekki kunnugt um að í Bandaríkjunum, í Bretlandi og víðar þar sem hnefaleikar eru stundaðir er andóf gegn þessari íþrótt, bæði vegna skaðsemi íþróttarinnar en einnig vegna hins að mönnum finnst ástæða til þess í ofbeldisfullum heimi að reyna að draga úr því sem er líklegt til að stuðla að ofbeldinu? Það er alveg rétt að menn geta stundað karate og hnefaleika, þess vegna í varnarskyni, en að sjálfsögðu eru þetta fyrst og fremst bardagaíþróttir sem menn eru að tala fyrir og hvetja til að verði lögleiddar á Íslandi.

[18:49]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dreg ég í efa að andóf er gegn þessum íþróttum bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi og ég hef í rauninni enga athugasemd við það. En þetta eru engu að síður ekki bannaðar íþróttir. Ég hygg að m.a. ýmsir Norðurlandabúar, sem eru afskaplega meðvitaðir og á stundum ríkir í forsjárhyggju, væru búnir að banna þessa íþróttagrein ef hún væri jafnhættuleg og oft er gefið í skyn. En það skyldi þó ekki vera að þeir styðjist við þær ágætu rannsóknir sem hv. þm. Gunnar Birgisson dró fram í ágætri framsöguræðu sinni?

Síðan varðandi það að þetta sé fyrst og fremst árásaríþrótt þá eru þetta ekki hnefaleikar eins og Mike Tyson stundar, þetta eru ólympískir hnefaleikar. Ég legg áherslu á að þarna gefst áhugasömu fólki kostur á að stunda hreyfingu, samhæfa huga og líkama án þess að valda öðrum meiðslum, rétt eins og í karate og júdó og öðrum skyldum íþróttagreinum sem menn hafa ekki gert athugasemd við. Ég ítreka að það er í anda ólympíuhugsjónarinnar ganga ekki vísvitandi fram til þess að valda mönnum meiðslum. En svo gerist það vegna þess að það er misjafn sauður í mörgu fé, mönnum rennur kapp í kinn, og gerist örugglega í ólympískum hnefaleikum alveg eins og í handbolta, fótbolta og öðrum greinum — og dansi. En þá skal gilda það sama um ólympíska hnefaleika og aðrar þær íþróttagreinar sem við höfum nú þegar heimilað hér.

[18:51]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þá hefur frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika litið dagsins ljós á ný. Ég gerði mér það til gamans að fara yfir ræður sem voru fluttar af þessu tilefni sl. vor og þar var farið mjög ítarlega ofan í efnisatriði í þessu frv. og í málinu öllu.

Fyrst langar mig að segja að það að kalla þetta ólympíska hnefaleika finnst mér blekking. Í flestum löndum er talað um áhugamannahnefaleika. Fótbolti er ekki kallaður ólympískur fótbolti þó að keppt sé í fótbolta á Ólympíuleikum. Sama gildir um flestar aðrar íþróttir. Þetta er kallað áhugamannahnefaleikar víðast hvar eftir því sem ég best veit. Mér finnst það vera sett fram til að blekkja fólk og gylla og fegra það fyrirbæri sem hér er talað um.

Áhugamannahnefaleikar eru að mörgu leyti ólíkir atvinnumannahnefaleikum, það er alveg rétt. En þau rök sem dregin hafa verið fram um að um forsjárhyggju sé að ræða þegar þetta sé ekki heimilað hljóta þá að ná líka til atvinnuhnefaleika. Hægt er að beita nákvæmlega sömu rökum til að halda því fram að lögleiða eigi atvinnuhnefaleika en flutningsmenn þessa frv. hafa ekki gert það. En ef þessi röksemdafærsla stenst þá getur það orðið næsta skref.

Jafnræði milli íþróttagreina er auðvitað undir fána ólympíumerkisins, eitthvað sem almenningur í landinu og þeir sem hafa ekki hafa kynnt sér rannsóknir sem gerðar hafa verið á slysum í áhugamannahnefaleikum verða til þess að villa fyrir mönnum.

Áðan var lesið upp úr greinum úr breska læknablaðinu British Medical Journal frá 1998 og það gerði hv. þm. Gunnar Birgisson. Það sem þingmaðurinn sagði hins vegar ekki var að breska læknafélagið hefur reynt að beita sér gegn þeirri íþrótt sem við erum að ræða um hér. Sama er að segja um ameríska læknafélagið. Í báðum þessum löndum er þó öllu meiri vá á ferðum vegna þess að þar eru einnig leyfðir atvinnumannahnefaleikar og eðlilegt að menn reyni að beita sér þar sem vandinn er greinilega enn þá stærri.

Það er munur á slysatíðni milli íþróttagreina og ég held ekki nokkru öðru fram. En sú slysatíðni sem mér finnst skipta öllu máli, og má kannski kalla að skipti höfuðmáli, eru áverkar á heila. Brot gróa og meira að segja glóðaraugu jafna sig. En það sem ekki jafnar sig er heilinn. Í þriggja mínútna lotum má segja að heilinn sé ekki eins líklegur að verða fyrir áverka og í tólf mínútna lotum. En verði heilinn fyrir áverka er áverkinn mjög svipaður, þ.e. heilinn hefur ekki mjög margar leiðir til að bregðast við höggi. Hann bregst við högginu á sama hátt hvort sem hlíf er á höfðinu eða ekki vegna þess að heilinn heyfist ekki á sama hraða og hauskúpan. Yfir þetta eru til heiti á frönsku sem eru „coup" og „contre coup". Það þýðir að þegar högg kemur á höfuðið hreyfist höfuðkúpan á öðrum hraða en heilinn sem er þar inni í. Það er sá áverki sem er alvarlegur.

Ekki er hægt með neinum vitrænum hætti að bera þessi högg saman við slys í öðrum íþróttum sem eru alvöruslys. Þessum höggum er beint vísvitandi að höfði. Sams konar högg sem lenda á útlimum eða á brjóstgrind eða hvar sem er valda auðvitað líka áverka en það eru ekki eins alvarlegir áverkar og heilaáverkar. Beinin gróa, margt er hægt að græða og bæta með læknismeðferð og skurðaðgerðum en áverka á heilann er því miður ekki hægt að bæta. Þess vegna sagði ég það í vor, herra forseti, að eftir höfðinu dansa limirnir. Þegar ákveðið var fyrir margt löngu í hnefaleikum, hvort sem um atvinnumanna- eða áhugamannahnefaleika er að ræða, að banna að kýla fyrir neðan beltisstað, þá var það vegna þess að það komu alvarlegir áverkar á kynfæri íþróttamanna. Allir sameinuðust um að það gengi náttúrlega ekki að þau líffæri

löskuðust varanlega í þessari íþrótt. Þess vegna hefur breska læknafélagið m.a. lagt það til að á sama hátt verði bannað að kýla fyrir ofan viðbein, líka í áhugamannahnefaleikum. Það er rökrétt. Þá eru áverkarnir sennilega álíka alvarlegir og í öðrum íþróttagreinum en reyndar vísvitandi af því að það er innifalið í reglum íþróttarinnar en ekki slys eins og er í öðrum. En þetta hafa boxarar náttúrlega ekki viljað heyra nefnt því að þeir segja: Þá er þetta ekki box. Þá er þetta ekki lengur box.

Umræðan í Bretlandi hefur oft borist hingað til lands. Nú í desember þegar hnefaleikari varð fyrir mjög alvarlegum höfuðáverka, hnefaleikari að nafni Paul Ingle, fór þessi umræða á fulla ferð aftur í Bretlandi. Ég hef ekki nákvæmar fréttir af því hvernig Paul Ingle reiddi síðan af en mér skilst að hann hafi orðið fyrir mjög alvarlegum áverkum. Í framhaldi af því segir í blaðagrein sem ég er með frá 18. desember að það standi til að leggja fram á breska þinginu tillögu um að banna högg á höfuðið í hnefaleikum. Ég veit ekki hvort þeir þingmenn sem flytja það hlustuðu á ræðurnar mínar í vor. Líkast til ekki en ég segi nú svona vegna þess að þetta er alvöruvandamál og menn horfast í augu við það annars staðar líka. Á meðan við erum að tala um að innleiða íþrótt sem getur valdið svona áverkum eru aðrir að reyna að losa sig út úr því. Ég veit að læknasamtök víða um heim vinna að því að reyna að stöðva íþróttina í löndum sínum og vilja jafnvel beita sér fyrir því að hún verði gerð útlæg frá Ólympíuleikunum.

Ef það er skylt í þessari íþrótt að læknir skoði keppandann fyrir keppni og eftir keppni hafa þá ekki læknar svolítið með það segja hvort þeir vilja taka þátt í því? Ég held að samtakamáttur lækna í heiminum gæti skipt mjög miklu í þessu. En sú læknisskoðun fyrir og eftir keppni er falskt öryggi fyrir keppandann vegna þess að heilaskaði, jafnvel vægur, getur haft alvarlegar afleiðingar seinna á ævinni. Svo virðist sem áhrif vægs heilaskaða, örvægs, kannski ítrekað, safnist saman.

Menn gera lítið með að það komi fram í rannsóknum að fínhreyfingar reynist kannski eitthvað skertar hjá boxurum, einhverjar fingrahreyfingar. En er það eitthvað sem er léttvægt? Það er ekki léttvægt. Skertar fínhreyfingar þýða að það er skaði í heilastarfseminni. Skertar fínhreyfingar geta þýtt að viðkomandi getur ekki unnið þau störf sem hann hefur unnið við, hann geti kannski ekki skrifað nafnið sitt, hann geti ekki unnið að ýmsu í daglegu lífi sem hann þarf að geta til að sjá um sig, sjá sér farborða o.s.frv. Menn mega ekki gera lítið úr þessu, skella í góm og halda að einhver smávegis brenglun á fingrahreyfingum sé smámál. Það er ekkert smámál.

Hitt er svo annað mál að það eru líka jákvæðar hliðar á áhugamannahnefaleikum. Ég sagði það líka í ræðum mínum í vor þegar við fjölluðum um þetta mál. Þau jákvæðu áhrif komu auðvitað fram í þeirri þjálfun sem fólk nær sem æfir þessa íþrótt eins og þegar það æfir aðrar íþróttir. Það stuðlar að betra hjarta- og æðakerfi, hjálpar lungum, styrkir vöðva og stælir skrokkinn, eykur snerpu. Það er allt af hinu góða. Þetta er loftsækin íþrótt þegar menn æfa fyrir hana og þar er áverkatíðnin og slysatíðnin núll, ef hægt er að tala um núll áverkatíðni. Hún er engin fremur en í því sem næsti maður í íþróttasalnum er að gera. Vandinn liggur í keppni þar sem einn er farinn að kýla annan en ekki bara í púða. Þar liggur vandinn. Mér þykir því miður að þetta frv. skuli ekki gera greinarmun á þessu tvennu. Ég segi fyrir mig að ég get vel hugsað mér að heimila sölu og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja til þjálfunar í hnefaleikum. Ég held að þetta sé ekki óhollari íþrótt en hver önnur. Hún er jafnholl og margar aðrar loftsæknar íþróttir. Mínar athugasemdir lúta að keppni í hnefaleikum, bæði áhugamannahnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum, vegna þess skaða sem getur orðið á heila. Það er bara svona einfalt.

Með því að lögleiða áhugamannahnefaleika eru menn að heimila að börn niður í átta ára aldur fái að keppa í hnefaleikum. Menn verða að vita hvað felst í þessu. Aldursmörkin eru dregin þar. Ef átta ára barn fær að keppa í hnefaleikum, á hvaða aldri hefur það þá sína þjálfun? Ég segi fyrir mig að mér finnst þetta ekki vera það sem við þurfum að innleiða, keppni fyrir börn í hnefaleikum. Mér finnst það ekki. Ég held að það sé margt þarfara hægt að gera. Ég held að margar aðrar íþróttir geti kennt börnum snerpu, aga og þjálfun og komið þeim upp úr sjónvarpssætunum.

Herra forseti. Þetta er í stuttu máli skoðun mín á þessu máli. Það er mjög margt annað sem ég gæti tínt til hér og mun kannski gera við seinni umræðuna um þetta mál. Hv. þm. Gunnar Birgisson boðaði hér að á næstu Ólympíuleikum ætluðu menn að taka upp hnefaleika kvenna. Ég sé fyrir mér hvernig þetta verður hjá þeim ungu hnefaleikakonum sem í framtíðinni ætla sér að hafa börn sín á brjósti. Það verður fróðlegt að sjá hvernig það tekst hjá þeim eftir áverka og skemmda vefi. Þær hugsa ekkert um það í dag. Þær eru ekkert að fara að eiga börn. Þær ætla bara að keppa á Ólympíuleikunum. (**Gripið fram í:** Og svo?) Og hvað gerist svo? Mín spá er sú að verði þetta tekið upp á Ólympíuleikunum muni það ekki vera þar lengi.

Meiðslin eru hvað höfuðið varðar alvarlegri en í öðrum íþróttagreinum og í grein sem vitnað var í hér áðan úr British Medical Journal var sagt að af 18 þúsund slysum með höfuðáverkum hafi 70 verið úr hnefaleikum. Það kom fram í andsvari frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það yrði að taka tillit til þess hversu margir stunduðu íþróttina. Við ræddum þetta talsvert í vor og menn hafa verið að reyna að slá á þetta einhverjum mælikvarða. Það þarf að reikna út í fyrsta lagi hve margir stunda íþróttina, hve lengi æfingatíminn stendur o.s.frv. Alla vega er það niðurstaða breska læknafélagsins eftir að yfirfara málið á þennan hátt að þetta sé ein hættulegasta íþróttin. Það er ekki hægt að bera saman heilan handboltaleik eða fótboltaleik og einhverjar þriggja mínútna lotur nema gera það á tölfræðilega og stærðfræðilega réttan hátt eins og verkfræðingurinn, hv. þm. Gunnar Birgisson, áreiðanlega veit að er rétt.

Herra forseti. Hér greiddu 27 þingmenn atkvæði gegn þessu frv. í vor og 26 greiddu með. Þar með tóku þónokkrir greinilega ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu. Ég skora á þá og jafnvel einhverja af þessum 26 sem samþykktu frv. í vor að hugsa um þessi varnaðarorð. Ef breska læknafélagið telur ástæðu til þess að fara í herferð gegn þessari íþrótt vegna áverka á heila, vitum við þá betur á Alþingi Íslendinga? Ég held að við verðum að fara eftir vitrænum ábendingum af þessu tagi.

Ég ætla aðeins að nefna að í greinargerð með frv. var talað um Yvonne Haglund lækni. Í rannsóknum hennar er einmitt sagt undir lokin að fram hafi komið munur á hópunum hvað varðar viss taugafræðileg próf. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara að fletta upp í þessu núna en ég er með þessa grein. Það má ekki líta fram hjá því. Síðan gefur fjöldi annarra rannsókna vísbendingar um að heilaskaði

vegna áhugamannahnefaleika sé jafnalvarlegur og af öðru boxi og menn telja að það sé vegna þessa sem ég sagði áðan að heilinn hreyfist ekki á sama hraða og höfuðkúpan þegar högg er veitt höfðinu.

Herra forseti. Nú fer þetta frv. líkast til til menntmn. En ég fer þess á leit að það verði sent til umsagnar heilbr.- og trn. jafnframt.

[19:09]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted. Þingmaðurinn talar, eins og oft áður, eins og það eigi að lögleiða hér atvinnumannahnefaleika. Mér finnst sá málflutningur ekki sæma hv. þm. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að tala um það. Við erum að tala um áhugamannahnefaleika.

Ég spyr hv. þm.: Er til samþykkt frá breska læknafélaginu á móti ólympísku boxi? Er sú samþykkt einhvers staðar til? Það væri gaman að fá hana hér.

Þingmaðurinn sem er læknir talar um áverka á heila og hreyfingu heilans inni í höfuðkúpunni. Má ég spyrja hv. þm.: Hvernig verður með hreyfingu heilans inni í höfuðkúpunni þegar þungur fótbolti lendir á höfði? Getur hv. þm. lýst því fyrir þingheimi hvað þá gerist? Er einhver hætta á heilaskaða þá?

Þingmaðurinn talaði líka um að ekki væri hægt að bera þetta saman við aðrar íþróttagreinar. En það er víst hægt. *Það hafa farið fram margar rannsóknir. Við erum eina þjóðin* í heiminum sem leyfir ekki ólympískt box. Hvers vegna skyldum við flutningsmennirnir vera að flytja þetta ef við værum að boða einhverja stórhættu yfir landann, þ.e. að stunda einhverja íþrótt sem eru stórhættuleg? Ekki aldeilis. (Gripið fram í.) Við erum að tala um að hérna sé jafnræði, hérna geti fólk valið um hvaða íþróttir það vilji stunda og það er búið að sýna fram á að þetta er ekki eins hættumikið.

Hvað Paul Ingle varðar þá kemur það enn upp að verið er að draga inn í þetta atvinnumannahnefaleikana, „prófessjónal" boxið. Það er verið að draga það inn til þess að sýna hvað þetta sé hættulegt. Við erum að tala um áhugamannahnefaleika með sérstökum höfuðhlífum og sérstökum hönskum allt öðruvísi en í atvinnumannaboxinu. Málflutningurinn má ekki vera á þessum nótum.

[19:11]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Gunnar Birgisson snúa algerlega við því sem ég var að segja. Ég var ekki að tala um að verið væri að reyna að innleiða atvinnuhnefaleika. Ég var að nota það sem samlíkingu við rökin um forsjárhyggjuna. Ef það er forsjárhyggja að leyfa ekki áhugamannahnefaleika, er þá ekki líka forsjárhyggja að leyfa ekki atvinnumannahnefaleika? Þetta var samlíkingin sem ég að taka, ekkert annað.

Í öðru lagi var spurt hvort breska læknafélagið hefur gert einhverja sérstaka samþykkt á móti áhugamannahnefaleikum. Breska læknafélagið hefur ályktað út af höfuðáverkum í hnefaleikum og það eru bæði atvinnumanna- og áhugamannahnefaleikar vegna þess að áverkinn á heilann er hinn sami. Þó að hann sé algengari í atvinnumannahnefaleikum þá er hann í eðli sínu sá sami af því að höfuðið, heilinn bregst við á sama hátt við högginu. Og hvað varðar höfuðið sem skallar fótbolta þá hef ég ekki tölur um það hér. En ég efast ekki um að ef áverkinn er jafnalvarlegur og af þessu þá mundi breska læknafélagið og önnur læknafélög í heiminum ályktа um það og reyna að hafa áhrif á það. En það hefur ekki verið gert svo ég viti þannig að ég dreg af því þær ályktanir að svo sé ekki, en þori ekki að svara því fyrr en ég hef flett því upp nánar.

[19:12]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn sagði líka að aðrar þjóðir væru að reyna að losa sig út úr þessum hnefaleikum. Hún er kannski fróðari en ég um þessi mál en ég hef ekki heyrt mikinn hávaða í því máli hjá öðrum þjóðum. Norðurlandaþjóðir stunda þetta og keppa í þessu á Ólympíuleikum og hafa átt ólympíumeistara í þessari grein. Og varðandi hnefaleika fyrir börn þá er eins og það sé alveg voði að unglingar stundi hnefaleika. Þetta er bara heilbrigð íþrótt, sjálfsvarnaríþrótt. Hv. þm. hefur ekki komið inn á hinar austurlensku bardagaíþróttir, sjálfsvarnaríþróttir. Þar eru menn að berjast til að skora stig. Það er ekki eingöngu að menn fái stig fyrir að koma höggi á höfuðið í hnefaleikum. Það má ekki skilja það þannig. Mér finnst þetta atvinnumannahnefaleikatal ekki eiga heima hérna núna.

Við erum að tala um að leyfa hér ólympískt box og við sem flytjum frv. segjum að það sé ekki hættulegra en aðrar íþróttagreinar, síður en svo. Því segjum við að við viljum að landinn geti valið það að fá að keppa í þessari grein sem öðrum. Ef menn finna út úr þessu alls staðar annars staðar í heiminum að þetta sé óferjandi og hættulegt — en ekkert hefur komið fram þar að lútandi.

Varðandi síðan að fá fótbolta á höfuðið, þ.e. högg á höfuð. Það hlýtur að vera sama hreyfing á heilanum hvort heldur boxhanski eða fótbolti lendir á höfði. Eins og ég segi, ef fólk á að vera sjálfu sér samkvæmt í þessu þá á að banna allar íþróttir sem geta valdið höfuðhöggi og ég vona að hv. þm. endurskoði afstöðu sína í því ljósi.

[19:15]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Reyndar er það svo að höggið sem kemur á höfuðið þegar bolti er skallaður kemur líkast til meira ofan á höfuðið heldur en á hliðina og það getur verið talsverður munur á því hvernig heilinn hreyfist miðað við það, heldur en í upp og niður hreyfingunni. En ég ætla ekki að fara út í smáatriði með það.

Það er eðlilegt að draga atvinnumannabox inn í umræðuna vegna þess að áverkinn á heilann er sama eðlis, það er eðlilegt. Ekki er rétt hjá hv. þm. að hnefaleikar séu ekki hættulegri en aðrar íþróttagreinar og þá innifel ég áhugamannahnefaleika, vegna þess að sýnt hefur verið fram á og menn telja að það sé skýrt svo, a.m.k. breska læknafélagið og bandaríska læknafélagið og fleiri, að þeir séu hættulegri en aðrar íþróttir, ekki síst vegna þess að það er vísvitandi verið að skaða líkama keppinautarins. En aðalatriðið er að það eru áverkar á heilann sem þarna skipta máli og það hefur ekkert með forsjárhyggju eða ekki forsjárhyggju að gera. Við getum bara verið alsæl og verið í fararbroddi í einu máli, þ.e. að vera ekki með ólympískt box.

[19:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted var að því er mér fannst miklum mun mildari í ræðuhöldum sínum nú en þegar við ræddum þetta ágæta frv. hér síðast. Til að taka af allan vafa vil ég spyrja hv. þm. örfárra spurninga til upplýsinga um afstöðu hv. þm. Þó virðist mér enn vera nokkuð óljóst, eins

og var hér áður, um þau mörk sem hv. þm. vill setja varðandi það hvenær á að leyfa og banna íþróttir. Ég sakna enn nákvæmari útlistana á því. Mörk sem hugsanlega gætu verið þau að ef höfuðið er í ákveðinni hættu, við gætum fundið okkur einhvern stuðul á það, þá ættum við að sjálfsögðu að banna allar þær íþróttir sem væru yfir þeim mörkum þannig að jafnræði væri á milli íþrótta og samræmi í skoðunum fólks gagnvart því banni sem hér um ræðir.

En það sem mér þótti athyglisverðast í ræðu hv. þm. voru þær athugasemdir sem mér fannst fyrst og fremst snúa að tvennu, þ.e. annars vegar nafngiftinni ólympískir hnefaleikar, þ.e. að ef frv. fjallaði um lögleiðingu áhugamannahnefaleika þá væri viðhorf hv. þm. hugsanlega eitthvað annað til frv. Það væri fróðlegt að fá að heyra nákvæma útlistun á þessu eða hvort um misskilning af minni hálfu hafi verið að ræða. Og hins vegar það sem mér þótti nú einna merkast, ef ég hef skilið rétt, að hv. þm. væri í raun sammála frv. ef ekki væri til staðar heimild til keppni, þ.e. hugsanlega væri þarna hægt að ná einhverri vítækari sátt um frv. ef heimildin til keppni væri tekin út og eingöngu væri heimilt að kenna og sýna áhugamannahnefaleika. Einnig vil ég vekja athygli hv. þm. á því að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að Ólympíusamband Íslands setji reglur um hnefaleikana, áhugamannahnefaleikana, og því er hægt að skera nánar úr um málið þar ef á þarf að halda.

[19:18]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég sé alveg jafnmild í málflutningi mínum núna og í vor. Ég er yfirleitt mild í málflutningi mínum, held ég.

Að leyfa og banna íþróttir. Mér finnst skipta máli hvort heilinn í íþróttamanninum er í hættu eða ekki. Mér finnst það skipta höfuðmáli. Ef í ljós kemur að einhverjar íþróttir eru jafnhættulegar heilanum og hnefaleikar og að áverkinn sem hlýst af þeim er jafnalvarlegur, já, þá finnst mér eðlilegt að reyna að hindra slíka áverka, vegna þess að ekki er hægt að lækna þá. Viðkomandi aðili situr uppi með þá til æviloka.

Nafngiftin ólympískir hnefaleikar fer fyrir brjóstið á mér, já, en fyrst og fremst vegna þess að mér finnst því vera beitt til að blekkja almenning. Það breytir engu fyrir mig. Það er bara heilinn sem skiptir þarna máli fyrir mig. En ég held að þegar fólk kynnir sér þetta mál og sér fyrir hvaða áhrifum heilinn getur orðið þá sjái það í gegnum þetta heiti.

Í 1. gr. þar sem talað er um að heimiluð sé keppni og sýning — ég lýsti því hér áðan og í vor að ég tel að þjálfun í íþróttasal sé af hinu góða líkt og aðrar íþróttir, gefi mjög góða hreyfingu og styrki líkamann, ég fór mjög nákvæmlega yfir það áðan og í vor, en keppni þar sem menn slá hvor annan, það er þar sem áverkarnir verða, þessir sem ég er að gera að umtalsefni og skipta höfuðmáli.

[19:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nokkuð skýrt hjá hv. þm. og það er þá ljóst að hv. þm. vill banna íþróttir þar sem heilinn er í hættu. Ég skora á hv. þm., sem er læknismenntuð eins og fram hefur komið, að fara yfir hvaða íþróttir þetta eru. Ég verð að segja fyrir mína hönd að ef frv. kæmi frá hv. þm. sem tæki á þessu og skapaði jafnræði meðal íþróttagreina mundi ég hugleiða mjög stuðning við það frv. Stuðningur minn við þetta frv. er fyrst og fremst vegna þess að ég tel ekki næg rök fyrir því að gera svona upp á milli íþróttagreina. Ég hefði talið það eðlilega viðmiðun að nota Ólympíuleikana. En ef hægt er að færa rök fyrir því að við getum haft önnur viðmið en aðrar þjóðir og það sé gert með rökum, og þá með því að skapa jafnræði meðal íþróttagreina, þá finnst mér eðlilegt að við skoðum það.

Hins vegar varðandi það sem hv. þm. sagði um að heimila þjálfun í íþróttagreininni þá finnst mér eðlilegt að það verði skoðað í menntmn. að finna einhvern flöt á því að hægt væri að ganga svo langt sem þetta frv. gerir ráð fyrir í einhverjum áföngum, þannig að hugsanlega væri hægt að ná meirihlutsamþykkt fyrir því að heimila þjálfun áhugamannahnefaleika. Þá er auðvitað spurning hvort ekki eigi að leyfa sýningu eins og gert er í ýmsum íþróttagreinum. Það er mjög gjarnan þannig á íþróttamótum að fyrstu kynningar á ýmsum íþróttum eru einmitt með því að leyfðar eru sýningar en ekki keppni. Mér sýnist því að hér sé flötur til samkomulags í málinu ef það getur veitt málinu framgang og ég held að eðlilegt sé að það verði skoðað mjög nákvæmlega í menntmn.

[19:22]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög hlynnt jafnræði meðal íþróttamanna. Ef um er að ræða að banna íþróttir þar sem heilinn er í hættu, þá held ég að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hljóti að taka undir með mér að það sé ekki æskilegt ef heilinn í fólki er í hættu. En ef við erum að gera upp á milli íþróttagreina og segja að sumar séu hættulegri en aðrar þá vakti ég athygli á því að breska læknafélagið telur að þetta sé ein hættulegasta íþróttin. Ég hlýt að taka það sem skynsamlega niðurstöðu eftir einhverja yfirlegu en ekki bara tilviljanakennda fordóma breska læknafélagsins. Það er ekki svoleiðis. Menn komast að þessari niðurstöðu eftir ítarlega yfirferð yfir þetta mál og það byggir á því að það er heilinn sem skaðast. En hann skaðast ekki á æfingum, hann skaðast ekki við það að leyfa búnaðinn, hann skaðast ekki við það að menn kýli í púða inni í íþróttasölum. Hann skaðast við höfuðhögg í keppni, það er málið. (**Gripið fram í:** Þá leysum við þetta mál.) Þá leysum við þetta mál.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–17. mál.

Fundi slitið kl. 19:24.

---

68. FUNDUR

þriðjudaginn 13. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 297. mál, þskj. 334. — 1. umr.

3. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322. — 1. umr.

4. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639. — 1. umr.
5. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 361. mál, þskj. 560. — 1. umr.
6. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — 1. umr.
7. Villtur minkur, þáltill., 334. mál, þskj. 434. — Fyrri umr.
8. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.
9. Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frv., 349. mál, þskj. 497. — 1. umr.
10. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr.
11. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 262. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
12. Tónminjasafn, þáltill., 267. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
13. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
14. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
15. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
16. Grunnskólar, frv., 299. mál, þskj. 337. — 1. umr.
17. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Ríkisútvarpið, frh. 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Skýrsla auðlindanefndar.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú hefst umræða utan dagskrár um skýrslu auðlindanefndar. Málshefjandi er hv. þm. Sverrir Hermannsson. Hæstv. sjútvrh., Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Það er samkomulag um það hvernig umræðunni verður hagað. Í fyrstu umferð hafa málshefjandi og ráðherra hvor um sig 12 mínútur og talsmenn annarra þingflokka átta mínútur hver. Í 2. og 3. umferð hefur einn þingmaður frá hverjum flokki fjórar mínútur. Við lok umræðunnar hafa málshefjandi fimm mínútur og ráðherra átta mínútur. Ætlað er að umræðan standi í röska eina og hálfa klukkustund.

[13:33]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Mönnum er sjálfsagt í fersku minni tilurð hinnar svonefndu auðlindanefndar. Þegar nálgaðist síðustu kosningar ruku menn í stjórnarflokkunum upp með nokkrum andfælum og tóku til að smíða þann blekkingavef sem ofinn var allar götur fram yfir þær kosningar og heppnaðist með ágætum. Þar var þrifin upp tillaga Alþb. sáluga um auðlindanefnd og hún sett á laggirnar og menn þekkja erindi hennar.

Hér er um eitt mikilvægasta málefni þjóðarinnar fyrr og síðar að ræða. Þegar þessi skýrslugerð lá fyrir í september og þegar Alþingi hafði komið saman gerði Frjálslyndi flokkurinn, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, fyrirspurn um það til þess sem þessi skýrsla var afhent hvort ætlunin væri að taka hana til umræðu á Alþingi af hans hálfu. Svo var ekki. Þá var gerð fyrirspurn um það til stjórnar þingsins hvort hæstv. sjútvrh. hygðist taka þetta til umræðu og gera Alþingi grein fyrir skýrslunni en því er einnig neitað. Auðvitað vildu þeir ekkert með það hafa að tala við Alþingi um þetta mál. Að sjálfsögðu er ekkert hundrað í hættunni, eins og hæstv. sjútvrh. nefndi það, þó þetta dragist von úr viti úr allri hömlu því á meðan búa sægreifarnir um sig, handhafar gjafakvótans og byggðir landsins brotna saman.

Þessi skýrsla, þessi álitsgerð er þegar hún er rýnd niður í kjölinn, skálkaskjól fyrir hæstv. ríkisstjórn til þess að halda óbreyttu fiskveiðistjórnarkerfi og skáka sjávarauðlindinni endanlega til hinna örfáu útvöldu. Það verð ég að segja að það er nokkur haldhæðni örlaga að undir þessa skýrslu skulu skrifa þingmenn Vestmannaeyja, sérstakur, og Hríseyjar eins og nú hljóða fréttir frá þessum stöðum um þá ógn sem yfir dynur vegna þess kerfis sem hér er í framkvæmd.

Því hefur verið haldið mjög hátt á lofti að samkomulag og samstaða sé um niðurstöðu þessarar nefndar. Ég vil, með leyfi forseta, rifja upp það sem segir á bls. 43 um afstöðu til þeirra tveggja meginleiða sem nefndin fitjar upp á að færar séu í sambandi við framkvæmd laganna og kerfis sem þá yrði komið á:

„Tekið skal fram að einstakir nefndarmenn hafa mismunandi skoðanir á því hvora þessara leiða sé æskilegra að fara ... Einnig eru skiptar skoðanir um það hversu hátt veiðigjald eða fyrningarhlutfall skuli vera ...“

Og samkomulagið er ekki meira en svo að þrír nefndarmannanna af níu undirrita þetta með fyrirvara og hafna fyrningarleiðinni, þeirri leið sem er þó eina leiðin sem fær er til þess að auðlindin gangi til frjáls markaðar sem einu sinni var meginatriði í stefnuskrá míns gamla flokks, Sjálfstfl. Þeirri leið er hafnað. Um hana er ekkert samkomulag a.m.k. því að jafnskjótt sem þessi álitsgerð var lögð fyrir hæstv. forsrh. héldu lénsherrarnir í LÍÚ blaðamannafund og tilkynntu um sitt val, enda er ég ekki í nokkrum minnsta vafa um það að löngu fyrr var búið að semja á bak við tjöldin um þessa leið, löngu fyrr.

Um hvað er þá samkomulag og samstaða ef svo telst vera yfirleitt? Það er ekki nema önnur leiðin eftir og það er veiðigjaldsleiðin. Það er að vísu leið formanns framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, kjörleið hans, þessa sem fyrir

utan venjulega úthlutun og gjafakvóta fékk svonefndan skipstjórakvóta eins og bráðum mun koma á daginn þegar svarað verður fyrirspurn sem ég hef lagt fram, skipstjórakvóta upp á svona 2,5 milljarða kr. Það er val sægreifanna. Sú leið er þeirra val, að fá að borga afnotagjald, auðlindagjald sem svarar svona eins og þeir kalla kostnaðarhlutdeild, þ.e. sem rekstur hins opinbera vegna nýtingar auðlindarinnar nemur. Þetta er þeirra val og menn skulu sjá til hvort það verður ekki niðurstaðan.

Það fer ýmsum fréttum af átökum innan hinnar svonefndu kvótanefndar sem einu sinni var kölluð „sáttanefnd". Um hvað skyldi vera tekist á þar? Um það fyrst og fremst og síðast að það á að þröngva smábátakerfinu, krókabátakerfinu, inn undir kvótabraskskerfið og það stendur líka í þessari auðlindaálitsgerð að það sé tillaga þeirra að fella þetta í sama kerfi. Það stendur hér og ég mun vitna til þess þó síðar verði. Teljist samkomulag um eitthvað í þessari álitsgerð þá er það um veiðigjaldsleiðina og það er kjörleið þeirra sem ráða ferðinni.

Ég leyfi mér að vitna í skýrsluna á bls. 30. Þar segir án þess að ég vitni orðrétt eða lesi það upp, að nefndin sé þeirrar skoðunar að byggja eigi stjórn fiskveiða áfram í meginatriðum á núverandi grunni. Mér er alveg hulin ráðgáta hvernig fulltrúar Samfylkingarinnar fá sig til þess að skrifa undir þvílíkt. Hér gengur í salinn Jóhann Ársælsson sem ég minnist að hafa séð eftir í rituðu máli að hann nefndi þessa útlistun „úldinn kött í sekk sem ekki yrði keyptur". Misminnir mig að þessu leyti? Ó nei. Og það er eftir að sjá hvort menn ná ekki áttum í þessu máli.

Málinu var skákað, eins og ég sagði áðan, frá kosningunum síðustu og það heppnaðist svo til alveg og formaður vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var fyrstur til að taka undir það að við þyrftum engar áhyggjur að hafa af þessu máli, það væri komið á rétta leið, væri á réttu róli eins og það var nefnt af því ríkisstjórn hefði lofað bót og betrun sem ekkert var nema yfirskin, fals og ósannindavaðall.

Menn minnast kannski forsendnanna fyrir þessu kerfi, hagkvæmni, hagræðing, verndun fiskstofna fyrst og fremst. Hvernig hefur úr ræst? Allir aðalfiskstofnar við strendur landsins hafa stórlega skroppið saman síðan þetta kerfi komst á. Ætla menn að þræta gegn því? Þeir menn hljóta að hafa búið síðustu árin hinum megin á sjöstjörnunni sem dettur í hug að bera brigður á það, allir. Hagkvæmnin lýsir sér kannski í fréttum af afkomu ÚA á Akureyri í gær, 700 millj. kr. tapi. Þessi aðferð átti að minnka veiðiflotann. Hann hefur stækkað mikið á þessu tímabili. Lýsir hagræðingin og hagkvæmnin sér kannski í því að sjávarútvegurinn stefnir lóðbeint á höfuðið með ofboðslegri skuldasöfnun sem nálgast 200 milljarða kr.? Er þetta hagkvæmin? Hagkvæmni einstakra manna lýsir sér í því að þeir selja þessa auðlind fyrir eigin reikning og stelast burt með peningana skattlaust til útlanda eins og séð var vel fyrir af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni sem stundar það í hjáverkum að vera formaður efh.- og viðskn. á löggjafarsamkundunni, í hjáverkum við það að vera framkvæmdastjóri illmúruðustu eiginhagsmunaklíku landsins. Þetta er hagkvæmnin og þetta er af uppbyggingu nytjastofnanna að segja.

Og svo er talað um reynslu annarra þjóða. En það má ekki taka reynslu Færeyinga sem dæmi. Þeim var fengin í hendur fiskveiðistjórn af Dönum, sú sama sem við höfum í dag. Af hverju hættu þeir við hana aðallega eftir þrjú ár? Af því að kerfið felur í sér botnlaust brottkast. Og hvað segja menn hér? Menn þræta gegn þessu, að þetta eigi sér ekki stað. Einn þekktasti fiskiskipstjóri landsins, Hrólfur Gunnarsson, telur að þetta nemi 200 þús. tonnum. Jafnstaða þorskafla á Íslandsmiðum var í 22 ár, frá 1950–1972, 438 þús. tonn á ári á 43 þús. ferkílómetra þorskslóð. Nú höfum við 750 þús. ferkílómetra og við höfum ekki náð nema helmingnum af þessum afrakstri, nema það sé fólgið í því að hinum helmingnum sé hent? Það er hent fiski fyrir milljarða. Á því leikur ekki nokkur minnsti vafi. Á öllum fiskiskipahöfnum landsins er það ástundað undir drep eins og kostir gefa að skjóta öllu undan þeim lögum og reglum sem gilda. Til hvers? Til þess að menn bjargi lífi sínu, afkomu og æru. Til þess að verða ekki uppiskroppa eins og Vestfirðingar eru að verða, eins og Hríseyingarnir eru að verða og hvarvetna í kringum landið, að yfirgefa sínar eignir verðlausar. Þetta er afleiðingin. Og þessi dæmalausa nefnd segir að ekkert bendi til þess og ekkert sanni að um brottkast sé að tefla. Hún segir að þessi aðferð ætti ekki sérstaklega að leiða til þess að samþjöppun yrði í greininni. Hvar hafa þeir menn verið sem upp á þetta skrifa?

Þessi tími endist ekki til neins að sjálfsögðu. Enda er það ekki ætlunin að menn fái að ræða þetta í rólegheitum. Enda er svo komið um málfrelsið á hinu háa Alþingi að það þarf sérstaklega að taka það til umræðu þar sem menn eru í ani við að koma frá sér setningum áður en skekin er að þeim skella með ofsalegum geðsveiflum eins og dæmi sanna.

[13:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Auðlindanefndin svokallaða skilaði álitsgerð sinni til forsrh. í lok septembermánaðar síðasta haust. Nefndin hafði þá starfað óslitið frá því á miðju ári 1998 eða frá því að Alþingi samþykkti ályktun um kosningu hennar og hlutverk.

Samkvæmt umboði nefndarinnar, eins og það var skilgreint í ályktun Alþingis, átti starf hennar fyrst og fremst að beinast að tveimur viðfangsefnum. Í fyrsta lagi nýtingu auðlinda sem eru eða kunna að vera þjóðareign, skilgreiningu þessara auðlinda og hvernig með þær skuli farið. Í öðru lagi gjaldtöku af þessum auðlindum til að standa undir rannsóknum á þeim og stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu þeirra svo og til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Margt hefur verið rætt og ritað um skýrslu auðlindanefndar frá því að hún kom út. Þeir bjartsýnustu segja að hér hafi verið höggvið á þann gordíonshnút sem sjávarútvegsmálin voru að þeirra mati komin í, aðrir að hér sé kominn grunnur að byggja á en eftir sé að útfæra mikilvæga þætti. Svo heyrast líka þær raddir að ekkert hafi breyst, verið sé að blekkja þjóðina.

Auðlindanefndarskýrslan sætti í öllu falli tíðindum og þá ekki síst vegna þess að nefndarmenn náðu saman um þær tillögur sem þar eru settar fram. Þá eru nefndarmenn sammála um að aflamarkskerfið eigi áfram að vera hornsteinn íslenskrar fiskveiðistjórnar sem er sannarlega mikilvægur útgangspunktur.

Í mínum huga skiptist þessi skýrsla í þrennt. Í fyrsta lagi eru í henni vegvísar um auðlindamál íslenskrar þjóðar í heild og lagt til að í stjórnarskrá verði bætt ákvæði þannig að eignarhald á auðlindum sem ekki eru í einkaeign verði í þjóðareign. Ég tel að þessi mál eigi að skoða í heildarsamhengi og að Alþingi eigi að gera það að mestu leyti óháð

því hverju fram vindur í endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða.

Annar hluti skýrslunnar og sá stærsti fjallar um gjaldtöku á sjávarútveginn vegna nýtingar hans á auðlindum sjávar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að greiða eigi fyrir afnotin en hún setur jafnframt skilyrði fyrir gjaldtökunni. Slík greiðsla stuðli að því að sátt geti tekist um stjórn fiskveiða, segir í álitinu, enda verði sú gjaldtaka ákveðin með hliðsjón af afkomuskilyrðum og uppbyggingu sjávarútvegsins og þeirri óvissu sem hann á við að búa, m.a. vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á aflabrögðum og vegna alþjóðlegrar samkeppni, þar á meðal þau skilyrði sem sjávarútvegur annarra þjóða býr við. Þetta er mikilvægt ásamt þeirri forsendu nefndarinnar að gjaldtakan verði hófleg. Tekið er fram að veita eigi núverandi handhöfum aflahlutdeilda aðlögunartíma, bæði vegna íþyngjandi breytinga og með tilvísun til áunninna atvinnuréttinda. Aðlögunartíminn fari eftir því hvaða gjaldtökuleið verði valin, áhrifum hennar á tekjuskiptingu innan greinarinnar og hve mikil gjaldtakan verður.

Gjaldtökuleiðirnar sem nefndin leggur til og gerir ekki upp á milli eru tvær, fyrningarleið eða veiðigjaldsleið. Báðar hafa þær áhrif á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja, veðhæfni þeirra og stöðu greinarinnar í heild. Verið er að taka fjármuni út úr hagkerfi sjávarútvegsins, með öðrum orðum að minnka það.

Til að gera sér grein fyrir hvað sjávarútvegurinn gæti greitt í auðlindagjald lítur auðlindanefndin til rekstraryfirlita Þjóðhagsstofnunar fyrir 1997 og 1998 og ársreikninga fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi.

Í tölum Þjóðhagsstofnunar kemur fram að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 9 milljarðar 1997 og rúmir 10 milljarðar 1998 en það er tap á reglulegri starfsemi upp á 1,2 milljarða tæpa 1997 og 2 milljarða 1998.

Fyrirtækin í sjávarútvegi á Verðbréfaþingi voru með tæpan þriðjung heildartekna sjávarútvegsins 1998. Í hópnum má ætla að séu þau fyrirtæki sem mestum hagnaði skila. Gefi menn sér þó að allur sjávarútvegurinn sé að gera það jafngott og þau má ætla að heildarhagnaður sjávarútvegsins 1999 fyrir afskriftir og fjármagnsliði hafi verið 15,5 milljarðar kr. og hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir utan skatta 3 milljarðar. Þessar tölur segja mikið. Þær sýna að miðað við afkomuskilyrði núna er að mati auðlindanefndar ekki mikið svigrúm til gjaldtöku.

Fyrirtækin nú eru að gera upp árið 2000. Upplýsingar um afkomu þeirra liggja því ekki fyrir en þó má segja að afkomuviðvaranir þær sem sjávarútvegsfyrirtæki á Verðbréfaþingi hafi birt gefi vísbendingar um að afkoma ársins 2000 verði lakari en gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum.

Auðlindanefndin tekur fram að erfitt sé að ákvarða auðlindarentuna svokölluðu og segir einnig afar erfitt að ákveða gjöld sem eigi að standa undir kostnaði ríkisins vegna sjávarútvegsins. Það fari eftir því hvað er tekið með í reikninginn og hvernig kostnaðurinn er skilgreindur. Áhrif af gjaldtökunni á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja eru í þessari skýrslu nefnd auðsáhrif og greind þannig frá beinum áhrifum sem felast í auðlindagjaldsgreiðslum hvers tímabils. Þessi tvenns konar áhrif eru kortlögð í skýrslunni. Þar geta menn séð áhrif mismunandi hárra gjalda svart á hvítu.

Auðlindanefndarskýrslan hefur nú verið í opinberri umræðu í liðlega fjóra mánuði og m.a. hefur mikil áhersla verið lögð á það að með því að nefndarmennirnir níu styddu hana allir fælist að hér væri kominn grunnur að þjóðarsátt. Í skýrslunni kemur skýrt fram að nefndin gerir ekki upp á milli þeirra tveggja leiða sem bent er á varðandi gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum sjávar. Það er hluti af þeirri sátt og samstöðu um meginlínurnar í málinu að ekki skipti máli hvor leiðin verði farin.

Það olli mér talsverðum vonbrigðum á fyrstu dögum eftir skýrsluna að það virtist sem fulltrúar flokka sem áttu fulltrúa í nefndinni væru að hlaupa frá þessu markmiði en ég vona að sú hafi ekki verið raunin og vona að það sé ekki merki um að þeir sem komu að nefndarstarfinu og samherjar þeirra hér á Alþingi ætli sér eftir á að setja ný skilyrði fyrir sáttinni sem boðuð var með hinu sameiginlega áliti nefndarinnar.

Sjávarútvegurinn hefur í fyrirsjáanlegri framtíð áfram það hlutverk að afla íslensku þjóðarbúi helmings tekna af útflutningi okkar, vöru og þjónustu. Enn verður ekki séð að aðrar greinar geti tekið það hlutverk ef sjávarútvegsfyrirtækin lamast eða missa flugið. Þá þarf þjóðin í heild að taka á sig byrðar versnandi lífskjara. Til þess má ekki koma og þess vegna þarf að finna leiðir og komast að niðurstöðu í framhaldi af tillögum auðlindanefndar sem tryggja að svo verði ekki.

Þriðji hluti skýrslunnar í mínum huga er kaflinn um fiskveiðistjórnarkerfið í heild. Þar koma fram afar athyglisverðar tillögur. Nefndin mælir eindregið gegn því að framsal á kvóta verði takmarkað, enda sé flutningur á aflaheimildum til fyrirtækja sem best geta nýtt þær ein helsta leiðin til aukinnar hagkvæmni í greininni. Hvað varðar sérstakar eða breyttar skattareglur til að ríkið nái auknum hlut af ágóða af kvótaviðskiptum leggst nefndin gegn því að slíkar breytingar verði gerðar enda muni auðlindagjaldið koma í staðinn.

Þegar rætt er um dreifða eignaraðild er bent á að tækniþróun og gjörbreytt skilyrði á fjármagnsmarkaði séu meginorsakir breytinga á skipulagi sjávarútvegsfyrirtækja frekar en kvótakerfið. Þegar kvótaþakið hafi verið leitt í lög hafi það byggst á þeirri skoðun að kvótakerfið væri aðalorsök samþjöppunarinnar og henni fylgdi hætta á byggðaröskun og yfirdrottnun fárra. Bent er á að íslenskur sjávarútvegur sé í harðri samkeppni og stærstu fyrirtækin í greininni fjarri því að vera stór á alþjóðlegan mælikvarða. Þarna eru leidd rök að því að afnema kvótaþakið.

Mér þykir nefndin samkvæm sjálfri sér í þessum efnum. Þegar lagt er til að leggja aukin gjöld á greinina verður jafnframt að gera sjávarútveginum kleift að afla þeirra tekna sem þarf til að greiða gjaldið. Þarna kemur fram skilningur á því að fyrirtækin geti ekki skilað hagnaði til að greiða veiðigjald ef þau eru með aðra höndina bundna fyrir aftan bak.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði að umtalsefni við upphaf umræðunnar hver hefði verið tilurð auðlindanefndarinnar og rakti það til einhverra klækja eða refskaps af hálfu stjórnarflokkanna. Hann minntist á það í framhjáhlaupi að þáv. formaður Alþb. var 1. flm. tillögunnar um auðlindanefndina. (**Gripið fram í:** Og er enn þá formaður ...) Þetta finnst mér vera ómaklega af stað farið af hálfu hv. þm. Sverris Hermannssonar gagnvart þáv. formanni Alþb. Þessi nefnd hefur að mínu mati skilað mjög merku starfi og um hana var tiltölulega góð samstaða hér í þingsölum þó ekki væri hún alveg 100%. En ég held hins vegar að nefndin hafi sýnt það að hún var starfi sínu vaxin með því að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem lögð verður til grundvallar í áframhaldandi starfi.

Hv. þm. nefndi einnig í ræðu sinni að hagkvæmni og verndun fiskstofna hefði verið grunnur kvótakerfisins eða núverandi fiskveiðistjórnarkerfis og það er að sönnu rétt. En hann dró mjög í efa að vel hefði til tekist. Ég er honum ósammála í þessu. Sýnt hefur verið fram á það með mjög skýrum rökum að framleiðni greinarinnar jókst stórlega bæði í framhaldi af löggjöfinni 1983 og löggjöfinni 1990. Jafnframt tel ég að stærðir uppsjávarfiskstofna okkar og að fjögurra ára vel heppnað klak, stærstu klakárgangar þorskstofnsins, séu ekki merki um misheppnað fiskveiðistjórnarkerfi.

Að lokum, herra forseti, vitnaði hv. þm. Sverrir Hermannsson í auðlindaskýrsluna á bls. 43 þar sem rætt er um samstöðu nefndarinnar og fór ekki alveg rétt með þar sem hann sagði og vitnaði beint: „æskilegt að fara", en orðrétt í skýrslunni er sagt: „æskilegra að fara". Og það er munur á þeirri merkingu sem orðin standa þarna og í þeirri niðurstöðu að nefndin er samhljóða um hvaða leiðir eigi að fara og þá skipti ekki máli hvor leiðin af þeim tveimur sem nefndar hafa verið, veiðigjaldsleiðin eða fyrningarleiðin, er farin. Það ætti að nást um það jafnvíðtæk sátt.

[13:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta var sérkennileg ræða hjá hæstv. sjútvrh. Hann flutti okkur þau tíðindi að auðlindanefnd hefði verið starfi sínu vaxin og þetta væri merk skýrsla sem hefði komið fram. En hvað vantaði í ræðu hæstv. ráðherra? Það vantaði stefnu.

Hver er afstaða hæstv. ráðherra t.d. til þeirra tveggja tillagna sem koma fram um gjaldtöku og aðferðir í skýrslu auðlindanefndarinnar? Hver er afstaða hæstv. ráðherra til tímasetningar? Hvenær ætlar hann að fara að gera eitthvað í málinu?

Herra forseti. Saga auðlindamálsins er að verða sagan endalausa. Eins og staðan er í dag samkvæmt ræðu hæstv. ráðherra eru þær fréttir helstar af gangi þessa máls að nákvæmlega ekkert er að frétta. Þetta endurspeglar í reynd ekki neitt annað en það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson kallaði hérna áðan algert viljaleysi ríkisstjórnarinnar til að gera alvöruuppskurð á stjórnkerfi fiskveiða.

Fregnir hafa komið fram um það, herra forseti, að litlar líkur séu á því að það takist að endurskoða kvótalögin á þessu ári. Ég tel, herra forseti, að viðbrögð hæstv. sjútvrh. við þeim tíðindum séu þess eðlis að vægast sagt sæti þau viðbrögð tíðindum í sjálfu sér. Hann sagði af því tilefni í forsíðufrétt Dags í síðustu viku að það væri nú svo sem ekki hundrað í hættunni þó að endurskoðun kvótakerfisins tefðist eins og um eitt ár. Áhugi hæstv. ráðherra á að leysa þetta erfiða vandamál er sem sagt svo stórkostlegur að honum er alveg sama þó ekkert gerist, þó frestist um heilt ár að leggja fram frv. Hæstv. ráðherra talar eins og hann hafi engan sérstakan áhuga á að málið komist fyrir alvöru á dagskrá fyrr en á næsta ári. Þegar þar að kemur verður, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði hérna áðan, enn auðveldara að vefa áfram vef blekkinganna. Þá er enn auðveldara að fresta málinu lengra, enn auðveldara að fresta því fram yfir kosningar. Ég velti fyrir mér, herra forseti. Er það kannski tilgangur ríkisstjórnarinnar? Hæstv. ráðherra verður að tala skýrt og ég spyr hann úr þessum ræðustóli: Kemur til greina af hans hálfu að fresta endurskoðun laganna fram yfir næstu kosningar?

Í þeirri skýrslu sem við erum að ræða hér, herra forseti, var meginniðurstaðan tillaga um ákveðna grundvallaraðferð til að deila út réttinum til að nytja takmarkaðar auðlindir í sameign þjóðarinnar. Leiðin sem auðlindanefndin lagði til fól í sér að menn byðu á jafnræðisgrundvelli í réttinn til að nýta viðkomandi auðlind um takmarkaðan tíma. Þetta varð meginniðurstaða nefndarinnar. Þetta var leiðin sem menn lögðu til að yrði farin til að úthluta takmörkuðum gæðum eins og jarðefnum, jarðhitaréttindum í eigu ríkisins, farsímarásum og líka á sviði auðlinda sjávar. Að vísu var líka tekin með frávikleið sem fólst í þessari veiðigjaldsleið en það breytir ekki hinu að að mínu viti var eitt merkasta framlag auðlindanefndarinnar sameiginleg niðurstaða um nákvæmlega þessa leið til að útdeila takmörkuðum gæðum í sameign samfélagsins.

Nú virðist mér hins vegar, herra forseti, að í hverju málinu á fætur öðru sé ríkisstjórnin að taka ákvarðanir sem ganga beinlínis í berhögg við niðurstöðu auðlindanefndarinnar. Í fyrsta lagi rifja ég upp að auðlindanefndin lagði til að varðandi farsímarásir yrði farin leið uppboðs en hæstv. samgrh. hefur tekið þverófuga afstöðu til þess hvernig eigi að deila út leyfum varðandi þriðju kynslóð farsíma. Í öðru lagi var það meðal tillagna nefndarinnar að beitt yrði hagrænum aðferðum til að draga úr brottkasti. Hæstv. sjútvrh. hefur valið allt aðra leið. Í þriðja lagi get ég ekki, svo fremi sem ég skil sæmilega íslenskt mál, skilið tíðindin af kvótanefndinni öðruvísi en svo að þar sé álit auðlindanefndarinnar í reynd komið út af borðinu. Ég tel því óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. sjútvrh. sem er kominn hingað til að svara fyrir skýrsluna í heild, ekki bara sjávarútvegsmálin: Er búið að ákveða að hafa tillögur auðlindanefndarinnar að engu?

Herra forseti. Önnur ákaflega merkileg tillaga frá nefndinni var að í stjórnarskrána yrði bætt sérstöku auðlindaákvæði. Þetta þótti mér mjög þörf tillaga. Þar yrði skýrð út réttarstaða eigandans, þ.e. þjóðarinnar sem samkvæmt ákvæðinu verður ævarandi eigandi auðlindanna sem verða aðeins látnar tímabundið í té til nýtingar svo fremi að sanngjarnt gjald renni til þjóðarinnar í staðinn. Um leið var líka skýrð réttarstaða þeirra sem vilja nýta auðlindir hafsins. Ég held, herra forseti, ef menn vilja koma festu á umhverfi sjávarútvegsins, ef menn vilja eyða þeirri óvissu sem hefur ríkt allt of lengi um eign og afnotarétt af auðlindum hafsins, að ekkert sé betra en einmitt að taka upp ákvæði af þessu tagi í stjórnarskrána. Mér finnst hins vegar sem ákaflega mikið tómlæti hafi ríkt af hálfu hæstv. ráðherra og raunar ríkisstjórnarinnar allrar gagnvart þessu tiltekna ákvæði sem ég tel reyndar eitt merkasta framlag nefndarinnar og ég spyr þess vegna hæstv. sjútvrh.: Mun hann á þessu kjörtímabili beita sér fyrir því að lagt verði fram frv. um að ákvæði af þessum toga verði tekið upp í stjórnarskrána?

Herra forseti. Þrátt fyrir ákaflega mikinn áróður talsmanna gjafakvótakerfisins hefur þjóðin ekki bifast í þeirri sannfæringu sinni að í því felist gríðarlegt ranglæti. Samfylkingin hefur þess vegna lagt fram ákaflega skýrar og afdráttarlausar tillögur sem miða að því að afnema gjafakvóta. Tillögur okkar falla undir það sem í skýrslunni er kallað fyrningarleiðin og tillögur okkar gera ráð fyrir því að undið verði ofan af gjafakvótakerfinu í áföngum þannig að á hverju ári verði tekinn tíundi hluti kvótans og leigður á markaði og eftir 10 ár verði búið að taka allt kerfið í sundur. Mér sýnist að ekki sé langt á milli þeirra hugmynda sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur flutt hér og þeirra skýru tillagna sem Samfylkingn hefur sett fram. Tillögur okkar ganga sem sagt út á það, herra forseti, að allir þegnar samfélagsins hafi sömu

möguleika til að verða sér úti um veiðiheimildir og þar með er jafnræði tryggt og það er það sem skiptir máli.

Þetta tryggir líka að aflaheimildir munu aldrei komast úr sameign þjóðarinnar. Þetta tryggir líka að hinn raunverulegi eigandi, þjóðin, fær greitt leigugjald og þessi aðferð opnar líka greinina. Hún tryggir nýliðun og gerir það líka að verkum að byggðarlögin sem liggja næst miðunum munu njóta nálægðar við miðin. Auðvitað mundi þetta kerfi leiða til þess að allir yrðu að sönnu að greiða gjald en þegar allar veiðiheimildir eru komnar á markað mun verðið að sjálfsögðu lækka og eins og segir í skýrslu auðlindanefndar, með leyfi forseta:

„Enginn mun bjóða hærra verð en hann telur ásættanlegt í ljósi mats hans á líklegri arðgjöf í framtíðinni." Það verða ekki því stjórnmálamenn heldur greinin sjálf sem ræður gjaldinu. Af því að byggðamál hafa jafnan komið til umræðu er rétt að geta þess að tillögur Samfylkingarinnar gera líka ráð fyrir því að hægt sé að taka sérstakt tillit til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuörðugleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði á dögunum að þetta mál, stjórnkerfi fiskveiða, væri þverpólitískt mál og hann hefur sagt margt vitlausara en það. Ég held að á Alþingi væri hægt að skapa þverpólitíska samstöðu um lausn sem byggir á einhvers konar afbrigði á þeirri meginreglu sem kom fram í skýrslu auðlindanefndar og sem Samfylkingin fylgir. Ég vil því að lokum spyrja hæstv. sjútvrh.: Getur hann ekki fallist á þá tillögu að Alþingi verði einfaldlega falið þetta mál til úrlausnar og látið verði á það reyna hvort sjútvn. þingsins getur ekki náð þverpólitískri samstöðu um það?

[14:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft mikilsverðu máli og ég tek undir að þörf hefði verið og rétt að taka skýrsluna til umræðu fyrr en gert hefur verið og fyllsta ástæða til að Alþingi fjallaði um efni hennar sem er ákaflega viðamikið og skiptir miklu máli fyrir fólk um land allt.

Skýrsla auðlindanefndarinnar hefur ekki verið afgreidd formlega í Framsfl. og ég á von á því að það verði gert á næstunni. Fram undan er flokksþing og þar munu menn taka afstöðu til þessarar skýrslu og þeirra tillagna sem í henni eru.

Ég vil segja um þessa skýrslu að ég staldra auðvitað fyrst við þá tillögu sem gerð er af hálfu nefndarinnar allrar og verður ekki annað séð en allir standi að, tillögu sem er að finna á bls. 27, um að taka sérstakt ákvæði inn í stjórnarskrá þar sem kveðið verði á um þjóðareign náttúruauðlinda og landsréttinda og um afnotarétt eða hagnýtingarrétt á þessum auðlindum gegn gjaldi eins og segir í þessum texta, með leyfi forseta: „... að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum."

Ég vil segja um þennan texta sem ég held að sé kannski grundvöllurinn að tillögum nefndarinnar að ég er sammála honum í öllum meginatriðum og tel rétt að hvetja menn til þess að hrinda efni hans í framkvæmd með lagasetningu á Alþingi.

Það er eins og fram hefur komið tvennt sem greinist síðan í tillögum nefndarinnar um útfærsluna á þessu. Það er annars vegar svonefnd fyrningarleið og hins vegar önnur leið sem byggir á óbreyttu kerfi gegn vægu gjaldi eða gjaldtökuleið.

Ef menn velta fyrir sér að framlengja núverandi kerfi þar sem engar breytingar yrðu aðrar en þær að þeir sem í dag hafa veiðiheimildir undir höndum mundu hafa þær áfram til mjög langs tíma gegn hóflegri greiðslu og að hrint verði í framkvæmd þeir breytingum sem nefndin mælir með og veruleg krafa er uppi um af hálfu útgerðarmanna að afnema takmarkanir á framsali, þá erum við í þeirri stöðu að verið er að ákveða með lögum að afhenda réttindi á fyrir fram ákveðnu verði en síðan veita þeim sem réttindin fá heimild til þess að selja þessi réttindi á markaðsverði og innheimta þann hagnað sem er á milli markaðsverðs annars vegar og ákveðins verðs hins vegar. Þá þurfa menn að velta því fyrir sér hvort það fyrirkomulag sé eðlilegt til lengri tíma litið.

Ég vil lesa upp úr ályktun síðasta flokksþings Framsfl. sem veitir ákveðnar vísbendingar um afstöðu manna gagnvart þessari spurningu en þar stendur, með leyfi forseta: „Framsóknarmenn telja óeðlilegt að einstakir aðilar skuli hafa komist upp með að fénýta endurnýjanlegar auðlindir í eigin þágu. Nauðsynlegt er að skattkerfinu verði beitt til að koma í veg fyrir að slíkt gerist í framtíðinni." Því er ljóst að þarna er um að ræða ákaflega mikið álitaefni, að hve miklu leyti veita á útgerðarmönnum heimild til þess að innheimta tekjur af öðrum útgerðarmönnum því að framsalið hefur enga þýðingu nema fyrir hendi séu einhverjir aðrir útvegsmenn sem vilja taka veiðiheimildirnar á leigu af þeim sem hafa þær fyrir.

Það beinir sjónum manna að öðru atriði sem leiðir af þessum vanda sem er mismunandi samkeppnisstaða útvegsmanna innan greinarinnar þar sem hluti útvegsmannanna býr við það forskot að þurfa ekki að greiða fyrir veiðiheimildirnar nema lítið fé og annar hluti útvegsmanna býr við þá stöðu að hann þarf að greiða hinum hlutanum verulegt fé til þess að fá að gera út. Þessi samkeppnisskilyrði eru algerlega ójöfn. Það sér hver maður að erfitt er að réttlæta til frambúðar slíkt kerfi.

Það hefur líka í för með sér að byggðarlög sem hafa orðið illa úti og misst frá sér veiðiheimildir sínar eru í þeirri stöðu að útvegsmenn í þeim ná ekki vopnum sínum og geta ekki byggt upp stöndugar útgerðir nema með því að greiða óheyrilegt fé til annarra útvegsmanna á öðrum stöðum. Ég hlýt að spyrja: Hvar er réttlætið í því, herra forseti? Þó að ég hafi fram að þessu ekki verið stuðningsmaður þess að taka upp markaðstengt úthlutunarkerfi þá er ég heldur ekki stuðningsmaður þess að það kerfi sem við notum í dag leiði til þess að blómlegar byggðir hnigni jafnt og þétt eftir því sem árin líða. Ég hlýt því að gera þá kröfu að menn breyti löggjöfinni á þann hátt að menn standi a.m.k. jafnfætis þannig að þeir sem lifa og starfa í þessum sjávarplássum eigi þann möguleika til framtíðar litið á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna segi ég, herra forseti, að sú leið að framlengja núverandi ástand er ekki viðunandi. Það verður að breyta þessu ástandi og því verður ekki breytt nema að innkalla veiðiheimildirnar af þeim sem hafa þær fyrir og endurúthluta þeim á jafnréttisgrundvelli. Ég sé enga aðra leið í þessum efnum til að jafna stöðu manna og gera mönnum kleift að komast úr þeirri stöðu að vera leiguliðar annarra útgerðarmanna í öðrum landsfjórðungum.

Herra forseti. Hér er um mikið mál að ræða. Ég þekki útvegsmenn vestur á fjörðum sem voru togarasjómenn og þegar sá togari var seldur í annan landsfjórðung ásamt kvóta sínum þá vildu mennirnir á togaranum hafa vinnu áfram við það sem þeir höfðu unnið. Þeir vildu búa áfram þar sem þeir

hafa búið þannig að þeir gripu til þess ráðs að kaupa sér bát, kvótalausan. Þeir hafa reynt að hafa ofan af fyrir sér og sínum með því að gera út þann bát og leigja til sín allan þann kvóta sem þeir veiða. Útgerðardæmið lítur þannig út að þeir veiða fyrir 45 millj. kr. á ársgrundvelli. Þar af greiða þeir um 30 millj. kr. í leigugjald til þess sem á kvótann. Ég get ekki með nokkru móti, herra forseti, fallist á að framlengja slíkt kerfi.

[14:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir að hefja umræðu utan dagskrár um svo mikilsvert mál sem skýrsla auðlindanefndar er. Nýting sameiginlegra auðlinda okkar Íslendinga er einn helsti ásteytingarsteinninn í samfélaginu í dag.

Ég vil ekki gera lítið úr skipan auðlindanefndar árið 1998. Ég tel að það hafi verið heillavænlegt skref. Ég tel að vinna auðlindanefndar, þ.e. greiningin í skýrslu hennar, sé mjög góð og þar sé hægt að byggja á grunnvinnunni. Allt öðru máli gildir svo um niðurstöður, um þær er eins og gengur ágreiningur. Hér er lögð fram skýrsla sem tekur á öllum þeim sameiginlegu auðlindum sem við þurfum að takast á um hvernig skuli stjórna.

Nýting fiskimiðanna umhverfis landið og það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við hefur leitt af sér ótrúlegar breytingar á samfélaginu á örskömmum tíma og auðsöfnunar á fárra manna hendur sem er afleiðing hagræðingar og byggðahruns víða um land. Þjóðin sættir sig ekki lengur við stjórnkerfi fiskveiða sem í krafti hagræðingar getur í einni svipan girt fyrir afkomumöguleika fólks. Við nýtingu sameiginlegra auðlinda landsins verður að gæta byggðasjónarmiða, þar má markaðsvæðingin ekki ráða ein.

Auðlindanefnin, eins og fram hefur komið, var ekki með sameiginlega niðurstöðu. Rætt var um fyrningarleið eða veiðleyfisgjald. Menn greinir líka á um hvort vera eigi, í framhaldi af fyrningarleið, frjáls markaður eða byggðakvóti svo dæmi sé tekið. Málið snýst nefnilega um notkun stjórnvalda á skýrslunni. Sú vinna er eftir. Grunnur skýrslunnar er góður en notkunin á skýrslunni, sú stefna sem við ætlum að taka, er algjörlega eftir. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Það er ekki við það unandi ef við fiskveiðistjórnarkerfið reynist ekki betur en svo að hinn almenni borgari komist í þá stöðu að þurfa að fara í mál við stjórnvöld ríkisins til að gæta réttar síns. Við höfum upplifað það.

Við skulum taka annað mál sem er mikið í umræðunni og af þessum meiði. Það eru þjóðlendumálin. Það gengur náttúrlega ekki að landeigendur séu settir í þá stöðu að þurfa að gæta réttar síns gagnvart ríkinu, gagnvart ásælni ríkisins, herskara lögfræðinga sem eru sendir út af örkinni af stjórnvöldum út af þjóðlendumálum.

Við getum tekið fyrir hvert sviðið á fætur öðru sem farið er í gegnum í þessari skýrslu. Við skulum bara taka orkugeirann. Þar er annað mál í uppsiglingu sem kann að valda nákvæmlega sömu vandamálum í samfélaginu og stjórnkerfi fiskveiða. Við höfum í undirbúningi, það er ekkert launungarmál, lagasetningu um gjörbreytingu á orkugeiranum þar sem heimilt verði að keyra rafmagn inn á línufyrirtæki á frjálsum markaði. Okkur láðist að fara í gegnum þá umræðu sem grunnurinn er lagður að í þessari auðlindaskýrslu. Það er í mínum huga mergurinn málsins.

Ef við víkjum aðeins að fiskveiðistjórnarkerfinu aftur þá sakna ég þess að ekki skuli rætt um það afar nákvæmlega á grunni þessarar auðlindanefndarskýrslu. Evrópusambandið fer t.d. í gegnum mjög gagnrýna umræðu um sitt fiskveiðistjórnarkerfi sem stendur, það sem þeir kalla grænu blöðin. Þar eru menn settir í þá stöðu að þeir þurfa að setja sér markmið. Þar fara menn yfir nýjan grunn að fiskveiðistjórninni og þar er farið yfir atriði sem reyndar er mjög vel fjallað um í þessari skýrslu hér. Þar eru tekin fyrir atriði eins og náttúran, vistvænar veiðar, hvert beri að stefna á þeim grunni. Þar er fjallað um samsetningu flotans og fara jafnvel í það sem ekki hefur mikið verið talað um, svæðisbundna útgerð. Þá eru menn komnir á nákvæmlega sama reit og hér heima fyrir, að tala um byggðabundinn kvóta að einhverju leyti. Þetta er í umræðunni þar á bæ.

Vegna þess hve við höfum verið bundin af því að tala um útgerðina sem bisness og afkomuna, þó ég geri ekki lítið úr því, þá höfum við alls ekki rætt þessi mál í þaula hér í þinginu út frá þessari skýrslu þannig að mönnum mætti vera ljóst hvert einstakir þingmenn og þingflokka stefna í þessum málum. Það þarf auðvitað að gera. Við höfum ekki gert það. Vinnan á grunni skýrslunnar hvað varðar fiskveiðistjórnarkerfið átti að sætta menn. Hins vegar hefur verið hlaupið yfir um átta kafla í því dæmi og þess vegna gengur vinnan eins og raun ber vitni og það er vont mál. Þess vegna er mikið fagnaðarefni frá mínum bæjardyrum séð að skýrsla auðlindanefndar skuli rædd í þinginu. Ég held að við þyrftum miklu meiri tíma til að fara í gegnum öll þessi mál.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. keyrir blint einkavæðingarstefnu á öllum sviðum. Afleiðingarnar hafa verið að koma í ljós og eru auðvitað komnar í ljós í sjávarútveginum. Við stöndum frammi fyrir, eins og ég sagði áðan, nákvæmlega jafnstórum spurningum þegar kemur að orkugeiranum og auðlindanýtingu að öðru leyti. Þess vegna þarf að ræða þessi mál þótt því hafi hingað til verið sleppt eins og menn vita. Við sem við viljum fara aðrar leiðir höfum áhyggjur af þessu.

Ég og flokkur minn teljum nauðsynlegt að gera grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það verður að treysta rétt byggðarlaganna, sjávarbyggðanna með grunnrétti sem þeim yrði tryggður með fyrningarleið og byggðatengdum kvóta. Útfærslan á því er samningsatriði en það verður ekki gert með okkar vilja og vitund að svæla fólkið af landsbyggðinni með öflum hagræðingarinnar og frjálshyggjunnar. Þar eru menn að mínu mati að hagræða sig í hel og missa oft áttir þegar talað er um þessi mál í því samhengi.

[14:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í skýrslu auðlindanefndar er vikið að eignarréttindum, að nytjastofnar séu þjóðareign og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmni í nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Nýmæli í textanum er þjóðareign sem á að tryggja að nytjastofnar í sjó verði aldrei eign fyrirtækja eða einstaklinga.

Vestfirðingar hafa löngum haft frekar litlar mætur á kvótakerfinu enda framkvæmdin þannig að atvinnuréttur og eignir fólks í sjávarbyggðum hafa glatað verðgildi sínu. Fiskveiðrétturinn er seldur burt af þeim eina aðila sem fékk aflahlutdeildina í óveiddum fiski í sjónum, eiganda fiskiskipsins, útgerðarmanni eða mönnum í viðkomandi sjávarbyggð. Sjómennirnir og fiskvinnslufólkið verður réttlaust þegar útgerðin selur burt kvótann. Kvótinn er seldur öðrum, oftast burt úr byggðinni. Nú er eitt togaraútgerðarfyrirtæki

starfandi á Vestfjörðum. Vestfirskir sjómenn hafa reynt að bjarga því sem bjargað verður með því að ná fótfestu í veiðkerfi smábátanna.

Vestfirðingar eiga nánast allt sitt undir því að fá áfram að búa við það frelsi sem verið hefur við lýði í krókakerfi smábátanna. Hingað til hefur kvótabrasksstefna stjórnvalda verið sannkölluð eyðibyggðastefna. Byggðastefnan hefur eingöngu snúið að því að bregðast við þeim vanda sem eyðibyggðastefna kvótabraskskerfisins hefur valið íbúum landsbyggðarinnar.

En hvernig ætlar auðlindanefndin að taka á vanda kvótabrasksins í þessari skýrslu? Jú, á bls. 50 segir m.a.:

„Hins vegar er æskilegt að bæði kerfin séu byggð á sömu meginreglum, þ.e. framseljanlegum aflahlutdeildum. Það er því lagt til að allir krókabátar verði settir á aflamarkskerfi og að aflahlutdeildir verði framseljanlegar ... Nefndin mælir eindregið gegn því að við þessu sé brugðist með því að takmarka framsal á kvóta ...“

Á Vestfjörðum eru nú um 1.700 íbúar sem hafa lifibrauð sitt af fiskveiðum á krókabátum í smábátakerfinu sem gerðir eru út í aflahámarkskerfi í þorski eða sambærilegu kerfi. Á suðursvæði Vestfjarða, frá Brjánslæk til Bíldudals, eru 450 íbúar með beina hagsmuni af sjómennsku og beitningu á aflahámarksbátunum. Þá er gert ráð fyrir að fjórir séu í fjölskyldu hvers sjómanns eða beitningamanns. Á svæðinu frá Þingeyri til Súðavíkur hafa 1.000 íbúar afkomu sína að mestu leyti af veiðum í aflahámarkskerfi smábátanna. Á Ströndum eru sambærilegar tölur 150 íbúar.

Við þetta má síðan bæta krókabátum í 23 daga kerfinu sem á sl. fiskveiðiári lönduðu alls 4.300 tonnum á Vestfjörðum. Um 200 Vestfirðingar hafa afkomu sína og fjölskyldutekjur af 23 daga kerfinu. Af minni bátum Vestfirðinga, undir 30 brúttólestum að stærð, hafa 200–300 íbúar lifibrauð sitt, þ.e. 2.000–2.100 íbúar Vestfjarða lifa beinlínis af veiðum smærri fiskiskipa. Sum fiskiskipin undir 30 tonnum eru því miður kvótalaus eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að í góðri ræðu sinni.

Hjá eina togaraútgerðarfyrirtækinu sem eftir er á Vestfjörðum, Hraðfrystihúsinu Gunnvöru, starfa á togurum sennilega um 100 sjómenn í 60–70 stöðugildum. Ef gert er ráð fyrir að fjórir séu í fjölskyldum þeirra sjómanna þá eiga 400 íbúar á Vestfjörðum afkomu sína af fiskveiðum togaranna beint.

Það liggur þess vegna ljóst fyrir að eigi að byggja útfærsluna á veiðkerfi smábáta á skýrslu auðlindanefndar þá yrði náðarhöggið greitt. Ríkisstjórninni mun þá takast með eyðibyggðastefnu sinni að leggja af byggð þar sem plágur fyrri alda náðu ekki að drepa niður frumkvæði og kraft íbúanna.

[14:27]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Staða íslensks sjávarútvegs er að mörgu leyti einstök. Á sama tíma og aðrar þjóðir Evrópu deila um hvernig skuli skipta á skattgreiðendur byrðum af rekstri sjávarútvegsins deilum við hér á landi um hvernig arðinum af sjávarútveginum skuli skipt milli þeirra sem taka áhættuna í rekstri sjávarútvegsins og hinna sem enga áhættu taka. Svo miklar deilur hafa risið um þetta mál að það stofnar rekstrarumhverfi sjávarútvegsins í hættu og hefur leitt til þess að menn hafa leitað úr þessari atvinnugrein. Óvissan og óróinn í kringum sjávarútveginn er þegar farinn að valda því að hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum eru fallandi og ungt fólk forðast þessa atvinnugrein, sækir hvorki í skipstjórnarnám né í sjávarútvegfræði.

Íslenskur sjávarútvegur er einn best rekni sjávarútvegur í heimi hér og framleiðni íslenskra sjómanna meiri en annars staðar gerist. Jafnframt er rétt að minna á að sjávarútvegur er burðarásinn í atvinnulífi landsbyggðarinnar sem á nú undir högg að sækja sem aldrei fyrr. Allt hið sérkennilega og innantóma tal um byggðakvóta leiðir hjá sér þá meginstaðreynd í sjávarútvegi og fiskvinnslu að kvótinn er nú þegar hjá byggðunum. Sérstakur byggðakvóti sem úthlutað væri af stjórnmálamönnum verður ekki til nema aðeins með því að taka kvótann frá byggðarlögunum þar sem hann er nú. Hvers vegna hefur sjávarafli sótt til Dalvíkur eftir leiðum markaðskerfisins? Er það ekki vegna þess að á Dalvík er frábært frystihús sem menn sjá sér hag í að setja meiri afla í gegnum? Ætla þeir góðu aðilar sem vilja byggja upp sérstakan byggðakvóta að taka aflann með einhverjum fyrningarleiðum af Dalvíkingum og úthluta honum annað? Ég held að það sé rétt að menn horfist í augu við þetta.

Þegar rætt er um að ná sátt um fiskveiðistjórnina með sérstakri gjaldtöku á handhafa veiðiheimilda, en 90% þeirra eru á landsbyggðinni, er vandinn þessi: Hvernig er þetta hægt án þess að spilla sjávarútveginum sem atvinnugrein og veikja enn frekar stöðu landsbyggðarinnar? Það er deginum ljósara að gjald á sjávarútveginn er gjald á landsbyggðina. Þetta er viðurkennt í skýrslu auðlindanefndarinnar þó lítið fari fyrir þeirri viðurkenningu. Það er einnig ljóst að fylgjendur auðlindagjalds krefjast í raun enn meiri hagræðingar og samþjöppunar veiðiheimilda en nú er. Það er best að þetta liggi alveg ljóst fyrir. Ef meiningin með gjaldtöku er að veikja ekki sjávarútveginn sem atvinnugrein þá felst í kröfunni um auðlindagjald aukinn þrýstingur á frelsi til hagræðingar og framleiðniaukningar. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er vandleyst, þ.e. að leysa þetta mál án þess að sjávarútvegurinn bíði af því skaða og án þess að breytingarnar verði enn ein áþjánin sem lögð er á landsbyggðina. Það verður að viðurkenna að svigrúmið til þess er afar lítið eins og málið hefur verið lagt fyrir af auðlindanefndinni.

Ég vil vekja athygli á því að hingað hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum, ég nefni sérstaklega hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson, komið upp til að lýsa því yfir að ástæða sé til að taka veiðiheimildirnar af landsbyggðinni þar sem þær eru nú, fyrna þær, láta borga fyrir þær og útdeila þeim aftur. Láta menn sér virkilega til hugar koma að slíkar aðferðir muni verða til að styrkja landsbyggðina?

[14:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Auðlindanefnd var falið að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að vera í þjóðareign. Kjarninn í tillögum nefndarinnar er nýtt stjórnarskrárákvæði þar sem annars vegar er kveðið á um réttarstöðu eigandans, þ.e. þjóðarinnar, og hins vegar er fjallað um öryggi afnotaréttarins til handa þeim sem fá að nýta auðlindina á hverjum tíma. Í þeirri tillögu sem fyrir liggur segir, herra forseti, með þínu leyfi:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. ... Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu

að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti."

Herra forseti. Þetta var grunnurinn að öðrum tillögum auðlindanefndar. Auðlindanefnd lagði til að úthlutun þeirra réttinda sem þarna er fjallað um yrði með uppboði þar sem samkeppni um réttindin er næg en ella með samningum þar sem reynt væri að meta hugsanlegan auðlindaarð.

Herra forseti. Það er alveg ljóst miðað við þær deilur og þá dóma sem verið hafa allt of tíðir á undanförnum árum að það er nauðsynlegt bæði að skýra réttarstöðu eigenda auðlindarinnar og ekki síður hitt að þeim sem hafa afnot af þessari auðlind eða öðrum sé algerlega ljóst hver er réttur þeirra og líka hverjar eru skyldur þeirra.

Það var svolítið merkilegt, herra forseti, að hlýða á ræður annars vegar frummælanda og hins vegar hæstv. ráðherrans. Þær báru sama svipinn. Báðir tóku úr samhengi og tóku til og *lýstu sérstaklega því sem þeim hentaði. Hvorugur minntist á* stjórnarskrárákvæðið, hvorugur taldi það þess virði að nefna sem grundvöll annarra tillagna. Hæstv. ráðherra vék þannig að ákvæðinu þó að það væri að mestu leyti óháð því sem gerðist með endurskoðun laga. Herra forseti, þessi málflutningur kallar á viðbrögð. Það kemur nefnilega nokkuð á óvart ef endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða getur nú farið fram án tillits til þess grundvallar sem auðlindanefndin leggur með tillögu sinni um stjórnarskrárákvæði um eignarhald og réttarstöðu eigenda og notenda auðlindarinnar.

Hæstv. ráðherra virðist gleyma því að tillaga auðlindanefndar er heildstæð tillaga sem sátt náðist um í nefndinni á þeim grundvelli. Enginn ætlar að hlaupast undan þeim merkjum en ekki er hægt að ganga að því sem vísu, herra forseti, að sú sem hér stendur styðji einstök atriði valin af hæstv. ráðherra eða annarri nefnd eftir að allt hefur verið slitið úr samhengi og það á ekki bara við um þá sem hér stendur. Það á einnig við um þann flokk sem hún situr fyrir á Alþingi.

[14:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af fyrir sig er eðlilegt að taka til umræðu það mikilvæga mál sem við erum að ræða í dag og ég þakka hv. frummælanda fyrir að hafa haft frumkvæði að því. Við höfum búið við kerfi sem við höfum verið að reyna að betrumbæta í gegnum árin. Okkur hefur tekist misjafnlega við það, oftast sæmilega og stundum vel en stundum illa. Menn hafa líka umgengist þetta kerfi með mismunandi hugsunarhætti. Ég tel að Norðlendingar hafi umgengist þetta kerfi með allt öðrum hætti en t.d. Vestfirðingar og að því leyti til stendur Norðurland betur en Vestfirðir núna.

Skýrsla auðlindanefndar er fyrst og fremst safn hugmynda. Ég get t.d. fallist á hugmyndina um ákvæði í stjórnarskrá, þó með hliðsjón af hefðarrétti sem sveitarfélögin kunna að hafa unnið sér. Ég hef alltaf verið andvígur veiðileyfagjaldi. Það er fyrst og fremst skattur á sjávarbyggðir og landsbyggðarskattur. Ég gæti miklu frekar fallist á einhverja fyrningarleið eða einhverja útfærslu á fyrningarleiðinni.

Í síðustu lotu hafa vegist á hagsmunir útgerðar og sjómanna og hámarksarður hlutabréfaeigenda því að eignarhaldið hefur færst mjög mikið til í þessari grein. Hagsmunir fiskverkafólks og hagsmunir sveitarfélaganna þar sem fiskverkafólkið hefur búið eða hagsmunir útgerðarstaðanna hafa verið bornir fyrir borð og við höfum fyrir augum okkar sár dæmi um einmitt þetta.

Í Bolungarvík og Vestmannaeyjum ríkir eins og stendur allt of mikið atvinnuleysi. Þar hafa orðið áföll og hópur af fólki er atvinnulaus. Einungis þriðjungurinn af botnfiskafla sem berst að landi í Bolungarvík er unninn á staðnum. Tveir þriðju hlutar aflans eru keyrðir í burtu. Í Vestmannaeyjum er sagan svipuð. Einungis 37% af þeim botnfiskafla sem Vestmanneyingar flytja að landi er unninn í Vestmannaeyjum. 34% fer beint út í gámum.

Menn hafa verið að hugsa um hámarksarð útgerðar og hámarksarð sjómanna en það þarf ekki að fara saman við hagsmuni sveitarfélaga eða hagsmuni fiskverkafólks í landi. Breyttir útgerðarhættir hafa líka stuðlað að óhagstæðri byggðaþróun og flutningum fólks til höfuðborgarsvæðisins. Þegar heimilisfaðirinn er langdvölum úti á sjó í þessum löngu úthöldum er freisting fyrir fjölskylduna að flytja sig til.

Fiskstofnarnir eru eign íslensku þjóðarinnar, ekki eign útlendinga. Menn hafa verið að snúa út úr þessu hugtaki en þeir eru ekki eign útlendinga. Útgerðirnar hafa veiðiheimildirnar að láni. Þær hafa ekki fengið þær til varanlegrar eignar. Skotar áttu við mikinn byggðavanda að stríða. Þeir festu hluta kvótans á sveitarfélögin og sneru byggðaþróuninni við. Ég tel að við ættum að íhuga svipaða leið, fyrna eitthvað og taka einnig væntanlega aukningu og festa á sveitarfélögin.

[14:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Sverri Hermannssyni, fyrir að taka skýrslu auðlindanefndar til umræðu, álitsgerð sem ásamt fylgiskjölum fyllir væna bók. Hér er tekið á *málum í sögulegu, efnahagslegu og jafnvel heim*spekilegu ljósi og sannast sagna kom mér á óvart hve sterkur frjálshyggjutónn er í skýrslunni. Hér segir t.d. á þá leið að eignarréttarskipun eða fullkominn séreignarréttur öllu heldur sé líklegastur til að tryggja þjóðhagslega bestu nýtingu þeirra umhverfisgæða sem eignarrétturinn nær til. Í niðurstöðum segir að nokkuð hafi þokast í þá átt hér á landi á undanförnum árum að fella umhverfisgæði undir séreignarskipan. Menn fagna þessu sérstaklega.

Ég man ekki betur en við værum nýlega að samþykkja lög sem voru mjög umdeild og gengu í þá átt að færa auðlindir þjóðarinnar, t.d. auðlindir í jörðu í séreignarform og mjög hörð gagnrýni var gegn þessu. Mér finnst þessi hugsunarháttur líka byggja á tímaskekkju frá þeim tíma þegar bóndinn var á sínum stað eða útgerðarmaðurinn og ekki hreyfanlegur. Nú er fjármagnið hreyfanlegt. Það sem menn hafa einmitt áhyggjur af er að séreignarfyrirkomulagið stuðli að því að gengið sé á gæði náttúrunnar en hún sé ekki varin sem skyldi.

Þessi skýrsla tekur til auðlinda almennt. Hins vegar er eðlilegt að menn staðnæmist sérstaklega við sjávarútveginn í ljósi þess hvernig núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur leikið mörg byggðarlög í landinu og hvert misrétti hefur þrifist í skjóli þess. Hæstv. sjútvrh. benti réttilega á að mörg sjávarútvegsfyrirtæki ættu við miklar skuldir að stríða og vildi hann vara við því að setja á þau auknar álögur.

Staðreyndin er hins vegar sú að útgerðin býr við miklar álögur og þeir sem hafa ekki fengið kvótann eða veiðiheim-

ildir á silfurfati þurfa iðulega að greiða fyrir slík gæði en ekki ríkinu eða handhöfum almannavalds heldur einstaklingum. Við búum því við slíkt kerfi og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram á Alþingi tillögur til að uppræta þetta misrétti.

Við lögðum fram tillögu um bann við leigu á kvóta. Við lögðum einnig fram róttæka tillögu um breytingar á þessu kerfi með sólarlagsákvæðum þannig að núverandi kvótakerfi, sem heimilar brask og verslun með kvóta, verði lagt af og ný skipan tekin. Þar er í fyrirrúmi hjá okkur að tryggja hag sjávarbyggðanna og tryggja vistvænar smábátaveiðar.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að við búum nú við kerfi sem má engan veginn framlengja og við eigum að skapa um það sátt á Alþingi að finna leið út úr þessum vanda. Það er góðra gjalda vert að reiða fram skýrslu af þessu tagi en hér skortir engu að síður þá stefnu sem þarf að taka til að leiða okkur frá því ófremdarástandi sem engin þjóðarsátt ríkir um.

[14:44]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu kemur fram að grundvallaratriði fyrir því að leggja á auðlindaskatt í einhverri mynd sé umframhagnaður í sjávarútvegi, þ.e. einhver auðlindarenta sé til staðar sem hægt sé að skattleggja. Til þess að slík auðlindarenta skapist eða umframhagnaður þarf fiskveiðistjórnarkerfið að leyfa hagkvæmni í rekstri fyrirtækjanna, hagkvæmni í rekstri greinarinnar. Að öðrum kosti skapast aldrei þessi fiskveiðiarður.

Hvort menn ná í þennan fiskveiðiarð með auðlindaskatti eða með svokallaðri fyrningarleið er fyrst og fremst spurning um aðferð til þess að ná inn þessum umframhagnaði. Að sumu leyti mundi fyrningarleiðin styrkja eignarréttarlega stöðu þeirra nýtingarrétta sem felast í kvótanum og að því leyti til væri hún í einhverju formi æskilegri.

En varðandi þennan svokallaða gjafakvóta sem hér verður mörgum að umræðuefni vil ég segja að mér finnst sú umræða að mörgu leyti á villigötum. Fjölmörg fyrirtæki í sjávarútvegi starfa á Verðbréfaþingi. Hlutabréf í þessum fyrirtækjum hafa gengið kaupum og sölum á háu verði. Ríkið, undir forustu Alþb. á sínum tíma, einkavæddi jafnvel eitt sjávarútvegsfyrirtæki og seldi það á eðlilegu verði að því er sagt var, og ég veit ekki til þess að þeir sem fjárfestu í því hafi fengið neinn gjafakvóta með því. Eða þegar þeir sem fjárfestu í Útgerðarfélagi Akureyringa á sínum tíma og keyptu hlutabréf af bæjarsjóðnum á Akureyri, ég veit ekki til þess að þeir hafi fengið neinn gjafakvóta. Eða þeir sem voru nýlega að kaupa hlutabréf í Samherja fyrir 3 milljarða, voru þeir að fá einhvern gjafakvóta? Enda snýst málið um það að fyrirtæki sem starfa við þessi skilyrði þurfa að ná þvílíkri hagkvæmni í rekstrinum að þau geti staðið undir því verði sem menn hafa verið að greiða fyrir þessi hlutabréf. Það þýðir ekki að koma hér og tala um það annars vegar að það eigi að leggja auðlindaskatt á í einhverju formi og hins vegar að það megi síðan ekki hagnast á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Og það þýðir ekki að tala um að leggja auðlindagjald á einhvern umframhagnað ef ekki má síðan eiga viðskipti með aflahlutdeildir eða aflamark eða viðskipti með fyrirtæki yfirleitt.

Það er athyglisvert að menn koma hérna og tala jafnvel um 10% fyrningu á ári. Þá erum við að tala um 12 milljarða gjaldtöku á greinina. Er slík tillaga lögð fram vegna þess að menn haldi að umframhagnaður í sjávarútvegi sé 12 milljarðar? Hafa menn t.d. skoðað reikninga Útgerðarfélags Akureyringa núna og fundið það út að 10% af útflutningsverðmæti þess fyrirtækis sé umframhagnaður? Það þýðir náttúrlega ekkert að koma hingað og tala um einhverjar prósentur í fyrningu hvort sem það eru 3% sem mundu skila 6 milljörðum, 5% sem mundu skila 8,5 milljörðum, og segja svo á hinn veginn að sjávarútvegurinn megi þá ekki skipuleggja sig þannig að hann geti grætt þessa peninga. Þá eru menn bara að drepa málum á dreif og tala ekkert um málið eins og það liggur fyrir.

Fólki er að fækka í sjávarútvegi enda er það nauðsynlegt vegna þeirrar hagræðingar sem er í gangi. Og ef menn hafa raunverulegan áhuga á framþróun byggðar í landinu þá mundu menn vera að tala um það hvernig byggðirnar eigi að bregðast við og byggja upp nýja atvinnustarfsemi í stað sjávarútvegsins.

[14:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur um margt verið mjög merk. Hún endurspeglar það hversu mörg og margvísleg sjónarmið og viðhorf eru uppi í umræðu um sjávarútveg. Við erum vitaskuld að tala um helstu atvinnugrein þjóðarinnar. Og það endurspeglast kannski best í því, af því að sá er hér stendur átti sæti í auðlindanefnd, að frummælandi eða upphafsmaður þessarar umræðu, hv. þm. Sverrir Hermannsson, sagði einvörðungu það sem honum hentaði í þeirri umræðu, dró út úr skýrslunni það sem honum hentaði að draga út. Og hæstv. sjútvrh. svaraði á sama hátt, tók til umræðu það sem honum hentaði með hugsanlega framtíðarmöguleika á nýtingu þessarar skýrslu í huga. Það er því ekki nema von þegar Alþingi samþykkir að skipa nefnd til þess að fara yfir þessa hluti að ekki sé sjálfgefið að menn komist að niðurstöðu sem öllum hugnist.

Mér þótti ekki síður merkilegt að hlýða á hv. talsmenn Frjálsl. fl. í þessari umræðu sem hafa verið einhvers konar einsmálsflokkur, að það þeir skuli ekki einu sinni í þessari umræðu koma fram með þau viðhorf sem þeir hafa þó sjálfir í þessum málum. Það helsta sem kom fram í málflutningi þeirra beggja hv. þingmanna var að líklega væru hugmyndir Samfylkingarinnar skástar í þessum efnum. Það er allt og sumt sem þessir hv. þingmenn höfðu til málanna að leggja.

Það hefur líka verið merkilegt að hlýða hér á hv. þingmenn Framsfl. Þeir eru á engan hátt samstiga hv. sjútvrh. þannig að mér heyrist af þessari umræðu að hún endurspegli það ágætlega að sérhver flokkur á hinu háa Alþingi er með sína stefnu í þessum málum. Og svo eru menn undrandi á því að ekki geti allir fallist á þau sjónarmið eða þau viðhorf sem nefndin setti frá sér. Kannski var líka eina samkomulagið í þessari nefnd samkomulag um að þessar auðlindir — og við vorum náttúrlega að fjalla um miklu fleiri auðlindir en einungis sjávarútveginn — að þessar sameiginlegu auðlindir skyldu vera í þjóðareign, að þær skyldu nýttar þannig að þær mundu aldrei lenda í höndum einhverra útvalinna eða fárra. Samkomulag var um það í nefndinni að þegar kæmi til þess að úthluta þessum auðlindum þá yrði greitt gjald fyrir það. Þetta er vitaskuld lægsti samnefnari sem má segja að hafi falist í samkomulagi nefndarinnar.

Það kemur líka fram í skýrslu auðlindanefndarinnar að ágreiningur var í nefndinni um hvor leiðin skyldi farin af þeim tveimur sem síðan voru lagðar til. Sumir voru með bókanir og aðrir ekki. En það þarf engan snilling til að sjá að áherslumunur er verulegur.

Niðurstaðan varð samt sem áður sú, þrátt fyrir að á margvísleg sjónarmið reyndi, að menn skyldu greiða gjald af nýtingu sameiginlegra auðlinda. Og það var kjarni máls í þeirri niðurstöðu sem við komumst að. Þetta verða menn að hafa í huga.

Það er líka þannig að þegar við fjöllum um helstu atvinnugrein þjóðarinnar getum við hv. þingmenn ekkert leyft okkur að haga okkur ætíð þannig í umræðunni að ekkert mark sé á okkur takandi. Við þurfum að leita leiða til þess að ná einhverri sameiginlegri niðurstöðu því að það er einu sinni þannig að þessi atvinnugrein skiptir okkur meiru enn sem komið er en nokkur önnur. Og við getum ekki leyft okkur að segja ætíð það sem við höldum að einhverjum finnist að við eigum að segja. Við þurfum einhvern veginn að leita niðurstöðu og leita að sátt. Menn eru sammála um að það þarf að stjórna þessum veiðum. Menn eru sammála um að það gengur ekki að leyfa hér frjálsar veiðar miðað við þá afkastagetu sem er í fiskiskipaflotanum. Það verður alltaf erfitt að komast að niðurstöðu. En við eigum a.m.k. að reyna að komast að niðurstöðu og ég er einn af þeim sem standa að þeirri niðurstöðu sem auðlindanefndin sendi frá sér.

[14:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Kjarni málsins kom að mínu viti vel fram í orðum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem sagði hér áðan að aðilar hefðu keypt hlut í útgerðarfyrirtæki fyrir 3 milljarða króna og það væri að sönnu ekki gjafakvóti eða hvað? Ég held nefnilega að menn eigi að velta fyrir sér þessari athugasemd.

Hvað hefðu menn verið tilbúnir til að borga fyrir þessi hlutabréf ef fyrirtækið þyrfti að borga fyrir veiðiheimildirnar í stað þess að hafa þær undir höndum að miklu leyti án þess að þurfa að borga nokkuð fyrir þær? (Gripið fram í.) Hvernig hefðu menn verðlagt þessi hlutabréf ef rekstrarskilyrði fyrirtækisins hefði verið það en ekki eins og það er í dag? Og hvað eru menn tilbúnir til að fjárfesta í nýjum útgerðarfyrirtækjum sem menn eru að reyna að koma á lappirnar á þeim stöðum þar sem kvótinn hefur farið burt? Svarið liggur líka fyrir. Menn eru ekki tilbúnir til þess vegna þess að menn eru ekki samkeppnisfærir í að reka sitt fyrirtæki í samkeppni við annað fyrirtæki sem hefur mikinn kvóta og þarf ekkert að greiða fyrir hann en getur þess í stað aflað sér tekna með því að leigja út þann kvóta öðrum útvegsmönnum sem verða þá að leggja það á sig að taka tekjur úr sínum rekstri til að standa undir þessum greiðslum.

Ég held nefnilega að þetta atriði hv. þm. varpi að mörgu leyti ljósi á vandann í þessu máli, þann vanda sem þessi mismunandi samkeppnisaðstaða skapar og þann vanda sem hún leiðir af sér milli byggðarlaga og milli fyrirtækja. Ég held, og það var ég að segja í fyrri ræðu minni, að menn verði að stefna að því að jafna aðstöðu fyrirtækja að þessu leyti. Og það gera menn ekki með því að framlengja óbreytt kerfi. Það gera menn aðeins með því að innkalla veiðiheimildirnar í áföngum og jafna þannig aðstöðu fyrirtækja.

Ég er á þeirri skoðun að skynsamlegast sé að hluti veiðiheimildanna sé á forræði sveitarfélaga. Það eigi ekki allt að vera á forræði ríkisins heldur verði hluti þeirra að vera á forræði sveitarfélaganna. Ég tel að það megi hugsa sér að innkalla um þriðjung til fjórðung veiðiheimildanna, 3–5% á ári, og láta sveitarfélögin hafa það til úthlutunar hjá sér sem þau bjóði út og hafi heimild til að setja skilmála sem tryggja eiga atvinnustarfsemi í viðkomandi sveitarfélagi. Ég held að það verði að vera þannig til þess að menn tryggi stöðu byggðarlaganna, að þá hafi byggðarlögin eitthvað undir höndum til að tryggja sína stöðu. Ég er sammála hæstv. félmrh. í þeim áherslum sem hann dró upp að þessu leyti í sinni ræðu.

Menn kunna að segja að þarna sé þá verið að frysta eitthvert tiltekið byggðamynstur, eitthvert tiltekið ástand. Já, það er verið að leitast við að gera það. Og þá segi ég á móti að vilji menn gera breytingar á byggðunum, fækka sjávarplássunum þá verða menn að koma með lausnir í stað þess sem þeir taka í burtu. Það er engin hemja að opinber stjórnvöld kippi fótunum undan fólki með lögum og aðferðum, leikreglum í þjóðfélaginu og gefi mönnum þá engan kost á öðru starfi á þeim slóðum þar sem þeir sækja sína vinnu. Annað er ekki boðlegt hvorki á Íslandi né annars staðar en að gefa mönnum möguleika á nýjan leik.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nokkuð merkilegt að þessi auðlindaskýrsla skuli fyrst nú vera að koma hér til umræðu á Alþingi og það er ástæða til að þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir að taka málið upp.

Það er alveg ljóst að það er mikið óunnið í þessu máli. Og þó að skýrsla auðlindanefndar geti kallast ákveðið innlegg eða skref í þetta mál — og það er rétt hjá hv. málshefjanda að ég var einn af þeim sem lýstu ánægju með hana sem slíka og hef kannski verið of bjartsýnn á það sem í kjölfarið mundi fara — þá er alveg jafnljóst að mikið verk er óunnið í þessu efni.

Ég hafði frá upphafi kannski fyrst og fremst tvo meginfyrirvara á þessari skýrslu og þeir lúta annars vegar að aðferðinni eða útfærslu þeirra hugmynda sem þar eru um gjaldtöku og þá hvert slíkt gjald skyldi renna því það skiptir líka máli að svo miklu leyti sem það er greitt, og svo að sjálfsögðu á hinu að ég er ekki tilbúinn til þess að skrifa upp á í grundvallaratriðum óbreytt fiskveiðistjórnarkerfi. Það finnst mér vera að sínu leyti megingalli auðlindanefndarskýrslunnar að hún skilar í raun auðu í þeim efnum. Nú, gott og vel. Við getum sagt að það sé hlutverk endurskoðunarnefndarinnar. En það er þá eins gott að það fari að bóla á einhverju af þeim bæ.

Sú meginniðurstaða út af fyrir sig sem menn gerðu að miklu umfjöllunarefni, að einhver samræmd, hófsamleg gjaldtaka á auðlindum til lands og sjávar í sameiginlegri eigu kæmi til sögunnar, fannst mér aldrei vera stór tíðindi í sjálfu sér, kannski eins og 10% af þessu máli. Eftir eru þá 90% og það sem öllu máli skiptir og það er sú grundvallarstefna sem þetta síðan byggir á og er útfært samkvæmt. Og eins og ég segi þá líður tíminn. Kjörtímabilið er senn hálfnað og það er eins gott að menn fari að koma sér til verka ef á að standa við þau loforð og fyrirheit frá því fyrir kosningar að leita sátta um sjávarútvegsstefnuna. Það bólar lítið á því enn þá.

Ég er fyrir mitt leyti orðinn algerlega sannfærður um það að eigi minni sjávarbyggðirnar við strendur landsins að eiga sér framtíð þá verður með einhverjum hætti að tryggja þeim lágmarksaðgang, lágmarksgrunnréttindi í þessum efnum. Það þarf ekki að þýða kollsteypur í útgerðarmunstri eða þróun sjávarútvegsins, síður en svo. Fyrst og fremst þarf að tryggja að menn hafi einhvern lágmarksaðgang og standi ekki uppi allslausir þegar sviptingar verða í sjávarútveginum.

Það er stórkostlegt að heyra þingmenn eins og hv. þm. Tómas Inga Olrich tala um að í vændum sé mikið óréttlæti ef eitthvað slíkt verði gert, það eigi að fara að taka eitthvað af mönnum. En bíðum við. Á einhver þetta í dag? Er verið að tala fyrir þeim sjónarmiðum að nákvæmlega núverandi handhafar kvótans eigi hann og það sé sérstakt ranglæti að Alþingi Íslendinga, á grundvelli þess að um sameiginlega auðlind þjóðarinnar er að ræða, kunni að hrófla við einhverju? Er meira réttlæti fólgið í því ástandi að sum byggðarlög og sumar fiskvinnslur eigi nægar ókeypis veiðiheimildir fyrir sig en önnur byggðarlög og aðrar fiskvinnslur ekki neitt, ekki eitt einasta kíló? Er réttlætanlegt að markaðurinn flytji 4 þús. tonn frá Hrísey en stjórnvöld megi ekki koma með eitt einasta kíló til baka? Það er óréttlæti að mati hv. þm. Tómasar Inga Olrichs og sjálfsagt einnig hæstv. forseta Halldórs Blöndals.

Nei, herra forseti. Ég held að menn verði að horfast í augu við þetta eins og það er. Spurningin snýst um það hvort við viljum tryggja einhverja lágmarksjafnstöðu í þessum efnum hjá þeim sem byggt hafa upp sjávarútveginn á Íslandi og eiga allt sitt undir honum, húsin sín, störfin sín vítt og breitt í byggðum landsins. Eða viljum við láta markaðinn sópa þessu saman í um 4–6 fyrirtæki á jafnmörgum stöðum á landinu? Það er það sem er að gerast, herra forseti.

[15:02]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég gat þess og ég hygg að við getum verið sammála um það að þetta er eitt mesta örlagamál íslensku þjóðarinnar. En hvar skyldu foringjar stjórnarliða vera staddir? Hvaða virðingu sýna þeir hinu háa Alþingi með fjarveru sinni? Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. treysti sér ekki til að vera hér ef hann skyldi verða spurður út úr um það hvernig hann hefur mulið sjávarauðlindina undir fjölskyldufyrirtæki sitt. En þetta er víst að dómi forsetadæmisins vítavert orðalag.

Ég skal að gefnu tilefni upplýsa það sem kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að ég er í grundvallaratriðum sammála því sem hér segir í álitsgerð auðlindanefndar um hið nýja stjórnarskrárákvæði sem þar er lagt til. En ekki einu sinni um þetta atriði varð öll nefndin sammála. Byltingarsinninn Ragnar Árnason gerir sérstaka bókun í þessu efni og er andvígur ákvæðum í stjórnarskrá sem lúti að því að náttúruauðlindir megi ekki selja eða láta af hendi til einstakling eða lögaðila. Það er skýr fyrirvari en í umræðum um þessa skýrslu láta menn eins og þeir hafi ekki lesið hana.

Ég skil vel að þingmaður ættaður úr Vestmannaeyjum sé órólegur undir þessari umræðu og því að honum skyldi verða það á að skrifa upp á þetta dæmalausa plagg. Hann er kannski ekki fulltrúi allra Vestmanneyinga, kannski ekki launþeganna þar sem þurfa að vinna í fiskvinnslunni eða sjómannanna. Það er svo annað mál.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um auðlindarentuna og hagkvæmnina sem yrði að vera til svo hægt væri að standa undir henni og það kemur í ljós að Sjálfstfl. er líka á móti þessari leið og þá vitum við hvað við tekur því alltaf lætur Framsfl. teyma sig á forað ið þótt ég sé hins vegar mjög ánægður með þau orð sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lét falla.

Við skulum víkja að hagkvæmninni. Hver er hún þegar það kostar 3 kr. á kg fyrir krókabátana að sækja fiskinn, mesta úrvalsefni sem gefst og 30 kr. fyrir stórsköfuna sem er búin að slétta Halann eins og stofugólf? Það er víða hægt að bera niður þegar menn tala um hagkvæmni í þessu sambandi.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sérstakur þingmaður Samherja á Akureyri, talaði um að hjá öðrum þjóðum væru reiddir fram stórkostlegir styrkir til sjávarútvegsins, því væri ekki að heilsa hér. Hann lét þess auðvitað ekki getið að stórfurstarnir fá þetta allt saman gefins. Hvað er að í Hrísey? Það er verst að hæstv. forseti vor er ekki viðstaddur en ég hef lesið að úr mundi rakna fyrir Hríseyingum ef leyfi fengist til að stunda laxeldi í Eyjafirði því að upplagt væri að leggja þann afla á land, eftir 5–6 ár þegar hann er vaxinn, til vinnslu í Hrísey. Hins vegar er það talið beint afbrot að sækja aflaheimildir annað því að þá væri verið að taka þær af öðrum. Það minnir á það sem Gróa sagði: Ólyginn sagði mér, en ég hafði áður sagt honum. Það var nefnilega búið að gefa þetta áður.

Hvað um hina dreifðu eignaraðild? Ekki átti það að heita að vera gjafafé þegar menn voru að kaupa í Samherja fyrir 3 milljarða. Af hverjum var keypt? Á hverja dreifðust þeir 3,1 milljarður, með leyfi? Hjón og tvö börn. Það er rétt að við óbreytt ástand verður ekki unað en að því stefna þessir háu herrar.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur leitt ýmislegt í ljós og sveigt þá sem maður átti ekki von á til fylgis við gjörbreyttar áherslur í þessu efni. Frá því að kvótakerfið hélt innreið sína í íslenskum sjávarútvegi undir forustu stórkvótagreifans Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh., hefur LÍÚ-klíkan og Kristján Ragnarsson ráðið öllu um skipan og framkvæmd þeirra mála eins og fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson staðfestir rækilega í endurminningum sínum.

[15:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri grænna, sagði að skapa þyrfti sátt um sjávarútvegsmálin. Um það snýst þessi umræða, um það snýst þessi skýrsla og um það snýst vinna nefndar sem tók við málinu í framhaldi af niðurstöðu auðlindanefndarinnar. Sú vinna mun væntanlega koma fram í þingmáli hvort sem það verður á þessu þingi eða næsta. Um það get ég ekki sagt. Það mun síðan fara til hv. sjútvn. þannig að Alþingi mun fá málið til umfjöllunar á endanum eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að vita mætavel.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að mikið sé óunnið en hann vill fá að sjá niðurstöðuna strax. Hann er formaður vinstri grænna. En einmitt sá flokkur sem þeir fara fyrir, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon, á mann í þessari nefnd. Það er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hann segir líka að mikil vinna sé eftir. En þeir hafa þó möguleika á að taka þátt í vinnunni og leggja hönd á plóginn. Ég ætla að vona að það muni ekki standa upp á þá að sinna þeirri vinnu og hjálpa til við að ná sáttinni.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi það að ég hefði ekki minnst á stjórnarskrána í ræðu minni. Það er rangt. Ég sagði hins vegar að stjórnarskrána og hlutverk hennar í þessu ætti að skoða almennt en ekki sérstaklega bara vegna sjávarútvegsmálanna. Ég held að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir leggi ofuráherslu einmitt á þann hluta þessa máls, sem sennilegast verður ekki afgreiddur á sama tíma og breytingar á sjávarútvegsstefnunni vegna þess hvernig breytingum á stjórnarskránni er hagað, til að undirbúa það að geta hlaupist undan merkjum, undan sáttinni og þykir mér það mjög miður. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson saknaði tillagna (**ÖS:** Stefnu.) eða stefnu frá hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) en umræðan snýst um annað. Umræðan er um auðlindanefndarskýrsluna og það sem þar kemur fram. Fyrir það var ég að svara og eins og fram hefur komið er framhald á þeirri vinnu í nefnd á vegum sjútvrh. Þar á flokkur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar einnig fulltrúa þannig að þeir geta lagt hönd á plóginn og vonandi þarf ekki að bíða eftir því að þeir leggi í púkkið til þess að sáttin náist.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnar í ummæli höfð eftir mér í dagblaðinu Degi. Hann leyfir sér að sjálfsögðu, eins og virðist vera plagsiður, að taka ummælin úr samhengi og vitna einungis í helminginn af því sem sagt er. Í þessu viðtali kemur fram að ég vilji auðvitað sjá niðurstöðu í þessu máli sem fyrst því að meðan við eyðum tímanum í það þá sinnum við ekki öðrum mikilvægum málum. Málið er hins vegar ekki þannig vaxið að þó það tefjist örlítið sé einhver voði fyrir dyrum. Við erum ekki með fiskveiðistjórnarkerfið í einhverjum stórkostlegum vandræðum. Markmiðið, eins og fram hefur komið hjá mörgum þingmönnum í umræðunni, er að ná meiri sátt í málinu. Markmiðið er ekki að laga kerfi sem í grundvallaratriðum er til óþurftar. Ég endurtek það, svo að hv. þm. Össur Skarphéðinsson misskilji það ekki, að ég vil fá niðurstöðu í málið sem fyrst. Það fer auðvitað eftir því hvernig miðar í þeirri nefnd sem m.a. hans flokkur á fulltrúa í.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson heldur því fram, eins og reyndar kom fram hjá fleiri þingmönnum, að ég og hv. þm. Sverrir Hermannsson veljum úr skýrslunni það sem okkur hentar best. Þetta er 200 blaðsíðna skýrsla og ég er að reyna að greina niðurstöður hennar. Á ég að fara yfir hvert einasta orð í skýrslunni? Ég reyni að greina meginniðurstöðu skýrslunnar, mikilverðustu atriðin í skýrslunni sem varða sjávarútveginn, atriðin sem sátt virðist um. Ég get ekki betur séð en að þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fer sjálfur að greina skýrsluna þá komist hann að sömu niðurstöðu og ég, alla vega mjög svipaðri niðurstöðu. Ég trúi því að hann muni standa við sáttina sem náðist við gerð skýrslu auðlindanefndar.

Herra forseti. Þegar stefnan og tillögur hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar koma fram þá verða þær byggðar á niðurstöðum skýrslu auðlindanefndar. Ég treysti því þeir aðilar sem að skýrslunni stóðu standi að þeirri sömu niðurstöðu og hlaupist ekki undan þeim merkjum sem þeir hafa reist.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (gjöld og veiðitími). — Þskj. 334.

[15:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frv. er á þskj. 334 og er 297. mál þingsins.

Með frv. eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er verið að lagfæra annmarka í lögunum og samræma ákvæði þeirra, einkum varðandi fiskræktar- og fiskeldismál. Hins vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru til að ákvæðin samræmist betur lögmætisreglunni um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda.

Herra forseti. Í fyrstu þremur greinum frv. er kveðið á um breytingar er varða málsmeðferð í fiskræktar- og fiskeldismálum. Með breytingunum er lagt til að málsmeðferðin verði einfölduð án þess þó að draga úr fagmennsku við framkvæmdina. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að veiðimálastjóri afgreiði undanþágubeiðnir til framlengingar á sjóbirtingsveiði með hliðsjón af umsögn rannsóknaraðila. Áður var gert ráð fyrir að leggja slíkar undanþágubeiðnir fyrir veiðimálanefnd. Ekki þykja tök á því þar sem nefndin hittist með nokkurra mánaða millibili og afgreiða þarf beiðnirnar með stuttum fyrirvara.

Í 2. gr. frv. er lagt til að 11. mgr. 23. gr. laganna verði felld niður en hún fjallar um heimild ráðherra til að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis veiðimálastjóra af málsmeðferð 23. gr. laganna.

Í 3. gr. frv., herra forseti, er breyting til að leiðrétta ákvæði núgildandi laga. Fyrir breytingu laganna sem gerð var 1998 mælti veiðimálastjóri með staðsetningu rekstrarleyfis til fiskeldis og landbrh. gaf leyfið. Samkvæmt núgildandi lögum skal veiðimálastjóri gefa leyfið út. Auk þess sem hann mælir með staðfestingu leyfisins er lagt til að felld verði niður meðmælaskylda veiðimálastjóra við veitingu leyfisins.

Í 4. gr. frv., herra forseti, er lagt til að skilgreint verði betur hvaða gjald er átt við og hver eigi að greiða það. Eru þessar breytingar gerðar til að ákvæðin samrýmist betur lögmætisreglunni.

Í 5. gr. frv. er síðan lagt til að við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein sem fjallar um hvenær greiða eigi gjöld í Fiskræktarsjóð og til hverra úrræða Fiskræktarsjóður geti gripið sé gjald ekki greitt.

Virðulegi forseti. Ekki verður við þessa umræðu ítarlegar farið í að skýra einstakar greinar frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í þingskjalinu.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér virðist vera um einfalt frv. að ræða sem lagt er fram til að lagfæra annmarka í lögum og samræma ákvæði þeirra. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að veiðimálastjóri geti gefið undanþágu varðandi lengingu veiðitíma göngusilungs. Áður hafði umsagnarhlutverkið verið flutt til veiðimálanefndar. Þetta var mjög snúið og frá mínum bæjardyrum séð er sú einföldun til bóta sem hér er lögð til.

Það á jafnframt við um 3. gr. þar sem lagt er til að afnumið verði að veiðimálastjóri mæli bæði með staðfestingu rekstrarleyfis og gefi leyfið út. Í staðinn er lagt til að veiðimálastjóri gefi út rekstrarleyfi og öðlist starfsemin þar með réttindi. Mér finnst þetta vera einföldun og til bóta.

Að öðru leyti er skýrt í frv. hvað varðar möguleika til skattlagningar og töku þjónustugjalda frá því sem var í fyrri lögum. Það virðist líka horfa til bóta. Einnig er í 5. gr. frv. sett inn ákvæði til að skýra þær heimildir sem Fiskræktarsjóður hefur til aðfarar ef ekki er staðið við greiðslu þeirra gjalda sem ákveðin eru í lögum.

Við fyrstu sýn virðist mér þetta vera gott frv. og vel ásættanlegt. Að sjálfsögðu á eftir að fara mun betur yfir það í landbn. og kann þá sitthvað að koma í ljós en ég mun

taka þátt í þeirri yfirferð og móta mér frekari skoðun á frv. í framhaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýrasjúkdómar, 1. umr.

Stjfrv., 291. mál (sjúkdómaskrá o.fl.). — Þskj. 322.

[15:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. Frv. er á þskj. 322 og er 291. mál þingsins.

Með frv. eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er lagt til að felld verði niður dýrasjúkdómanefnd sem aldrei hefur verið skipuð. Hins vegar er lagt til að núgildandi sjúkdómaskrá verði breytt í þá átt að aðlaga hana alþjóðlegum stöðlum.

Í 4., 7., 8., 9. og 10. gr. frv., herra forseti, er verið að gera breytingar til samræmingar því að dýrasjúkdómanefnd verði lögð niður. Lagt er til að ákvæði laganna um dýrasjúkdómanefnd, sem aldrei hefur verið skipuð, verði felld niður og skyldur hennar að hluta færðar yfir til yfirdýralæknis og að hluta til dýralæknaráðs sem skipað er af landbrh. skv. 4. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Í 1., 2., 3., 5. og 6. gr. frv., herra forseti, er verið að gera breytingar til samræmis breytingum á 11. gr. sem kveður á um nýja viðauka við lögin, viðauka 1A, 1B og viðauka 2. Með breytingunni er lagt til að tilkynningarskyldum sjúkdómum verði skipt í tvo flokka: viðauka 1A og viðauka 1B í stað viðauka 1 áður. Tilgangur þessarar skiptingar er að greina betur á milli mjög alvarlegra smitsjúkdóma (A-sjúkdóma), sem krefjast skilyrðislaust niðurskurðar, og annarra smitsjúkdóma (B-sjúkdóma) sem krefjast annars konar viðbragða eftir aðstæðum. Viðauki 2 (C-sjúkdómar) hefur einnig verið tekinn til ítarlegrar endurskoðunar. Hann nær nú yfir alla skráningarskylda sjúkdóma að kröfu OIE, en auk þess finnast þar smitsjúkdómar sem talið er mikilvægt að fylgst sé með hvað varðar dreifingu og útbreiðslu hér innan lands.

Nauðsynlegt er, herra forseti, að núgildandi sjúkdómaskrá verði aðlöguð alþjóðlegum stöðlum. Leitast er við að samræma listann í takt við reglur Alþjóðadýrasjúkdómastofnunarinnar í París (OIE), en hingað til hefur þess ekki verið gætt. Ísland hefur í áratugi verið eitt af aðildarríkjum OIE og hefur því ákveðnum skyldum að gegna í sambandi við skráningar og tilkynningar dýrasjúkdóma sem vart verður hér á landi. Þessi breyting greiðir fyrir allri skráningarvinnu um leið og hún einfaldar öll samskipti við erlend ríki á sviði dýraheilbrigðis.

Til þess að hægt sé að aðlaga íslenska sjúkdómaskráningu að leikreglum OIE er lagt til að ákveðnir sjúkdómakóðar fylgi öllum sjúkdómaheitum. Kóðar þessir eru þannig upp byggðir að með sjúkdómabókstafnum, þ.e. A, B eða C fylgir þriggja stafa talnaruna, til dæmis A010 sem er gin- og klaufaveiki, B059 sem er garnaveiki og C615 sem er bótulismi. Í nokkrum tilvikum er kóðinn án bókstafs, en það eru sjúkdómar sem ekki finnast á lista OIE. Þá er gefinn innlendur kóði svo auðvelda megi tölvufærslu og skilvirkni, til dæmis má taka I013 sem stendur fyrir fjárkláða. Hér er bókstafnum I (fyrir Ísland) bætt fyrir framan þriggja stafa talnarunu.

Virðulegi forseti. Ekki verður við þessa umræðu ítarlega farið í að skýra einstakar greinar frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í þingskjalinu og auðvitað mun landbn. taka þetta mál til umfjöllunar, fara yfir efni þess og vinna það þinglega.

Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:27]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða enn eitt aðlögunarfrv. þar sem verið er að aðlaga gildandi sjúkdómaskrár að alþjóðlegum stöðlum. Mér sýnist við fyrstu yfirferð á frv. að það hafi verið löngu tímabært.

Einnig er heimild til skipunar sjúkdómanefndar felld niður og virðist náttúrlega vera borðleggjandi að það sé mikið þarfaverk því að sú sjúkdómanefnd hefur aldrei verið skipuð. Þess vegna hlýtur það að vera sjálfsagt mál að aðlaga þessar skrár eins og hér er gert að reglum Alþjóðadýrasjúkdómastofnunarinnar í París. Ég tala nú ekki um þar sem við höfum okkar sérstöku kóða þar sem hæstv. landbrh. vitnaði í sem 1013 en mér sýnist með mínum skástu gleraugum að sé I013 og minnir þetta mig á þegar Ljósvíkingurinn var að glíma við 111 meðferð á skepnum sem bar vott um grimmt og guðlaust hjarta. Auðvitað er ekki svo hér því að I013 stendur fyrir fjárkláða.

En mér líst svo á að þetta sé hið besta mál og auðvitað verður nánar farið yfir þetta allt saman í hv. landbn. En mig langar að bera fram spurningu af því að við höfum hæstv. landbrh. í skotlínunni. Spurningin fjallar um sjúkdóminn B115 sem heitir kúariða. Mikið hefur verið talað um að ekki hafi verið lagastoð fyrir ákveðnu atriði í auglýsingu landbrn. varðandi bann við að flytja nautakjöt til landsins frá löndum þar sem upp hafa komið kúariðutilfelli á síðustu sex mánuðum. Mikið var talað um að lagastoð vantaði fyrir þessu atriði í auglýsingunni. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. landbrh.: Væri kannski lag að setja með einhverjum hætti slíka stoð í frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma, því að mér sýnist að í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við, virðist ekki vanta lagastoðir þegar slíka vá ber að dyrum?

[15:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ágæta ræðu hv. þm. og segi að auðvitað verður þetta mál unnið í nefndinni.

Hv. þm. minntist á kúariðuna og þær tölur sem stæðu fyrir því. Ég ætla ekki að fara langt út í þá umræðu. Þetta er andstyggilegur sjúkdómur sem leikur kollega íslenskra bænda grátt í Evrópu og víða um veröld og er harmleikur sem ég vona að þeir nái sem fyrst tökum á og allir þeir sem betur standa að vígi þurfa að gæta hagsmuna sinna og verja sig.

Hv. þm. spurði hvort einhverja slíka lagastoð hefði vantað. Nú er ég búinn að margútskýra þetta mál úr þessum ræðustól og hef sagt sem svo: Hvað heimilaði GATT-samningurinn á sínum tíma? GATT-samningur var grundvöllur 140 þjóða til að auka flæði á landbúnaðarvörum eftir ákveðnum leiðum alveg eins og EES-samningurinn heimilaði annað sem við höfum kannski enn þá meiri áhyggjur af og verðum að skoða, þ.e. iðnaðarvörur, kjötmagn o.s.frv.

En það sem hefur komið út úr þeirri athugun sem ég lét gera er það að yfirdýralæknir fór í þessu máli bæði að samningum og lögum. Hitt var ljóst að það kom enn fremur út úr því að reglugerðin og auglýsingin gengju í rauninni lengra en samningurinn og lögin. Þess vegna hafði yfirdýralæknir farið þá leið gegnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina að vera þar í netsambandi við þá, fá frá þeim nýjustu upplýsingar um dýr o.s.frv., fyrir utan hitt að niðurstaðan mun vera sú að í einhverju vísindasamfélagi í kringum þetta komast menn að einhverri vísindalegri niðurstöðu um hvað sé hættulegt og hvað er ekki hættulegt. Þar stöndum við frammi fyrir því að það sem hér gerðist var löglegt og það var samkvæmt samningnum. Því er það svo nú að þeir tveir lögmenn sem eru að vinna þetta mál fyrir ríkisstjórnina eru að yfirfara GATT-samninginn og lögin sem þingið setti á sínum tíma, hvort hægt sé að herða það þannig að við þurfum t.d. ekki að sæta því samkvæmt GATT-samningi að hingað komi vöðvar frá landi þar sem greinst hefur kúariða. Þetta er verið að fara yfir.

Af því hv. þm. sagði að mörg önnur lönd gerðu alla hluti þá vil ég taka enn einu sinni fram að Ísland er sem betur fer með þrengsta nálaraugað í þessu samfélagi GATT-þjóðanna og hefur sett sér þar skýrari og strangari reglur en aðrir. Við höfum t.d. ekki gert það sem allar hinar þjóðirnar munu gera, að leyfa flæði á kjöti í heilum og hálfum skrokkum eða kjöt á beinum. Við höfum ekki leyft það hingað. Við höfum fallist á þessa vísindalegu leið. Við tökum ekki frá hvaða landi sem er og hér er alla daga í hverjum mánuði verið að hafna innflutningi á kjöti einhvers staðar að í veröldinni. Fram að þessum tíma hafa menn trúað því að þetta væri nokkuð frjálst og áhættulaust væri að flytja kjöt hingað frá alls konar þjóðlöndum en menn hafa nú áttað sig á að bæði vill íslenski neytandinn það ekki og að auki getur það verið hættulegt.

Í sjálfu sér hef ég ekki meira um þetta að segja. Verið er að fara yfir lögin, hvort hægt sé að herða þau þannig að við getum staðið enn fastar og þrengt nálarauga okkar hvað þetta varðar. Þeir lögfróðu menn munu skila áliti sínu fyrir 1. mars, ef ég man rétt, þannig að þá kemur sú niðurstaða fram. Ég sem landbrh. mun auðvitað strax kynna hv. landbn. þá niðurstöðu sem hefur eðlilega fylgst með þessu máli, bæði haft áhyggjur af málinu og viljað gera allt til þess að vernda bæði íslenska neytendur og íslenskan landbúnað. Það styttist því í að þessar upplýsingar liggi fyrir.

[15:36]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér kemur svolítið á óvart hve mjög þeir íslensku vísindamenn og embættismenn sem fjalla um þetta mál vísa til vísindalegra niðurstaðna um þetta mál. Ég hef reynt að kynna mér þetta af bestu getu og mér skilst að það sé einmitt vandamálið í þessu að það er enginn klár vísindalegur grunnur til að standa á. Þegar sagt er t.d. að óhætt sé að flytja inn vöðva þá greinir vísindamenn mjög á um hvort það sé óhætt, hvort mikill munur sé á því að flytja inn vöðva eða flytja inn hálfa og heila skrokka.

Ég verð að segja að mér finnst þurfa að nýta það tækifæri sem gefst þegar við erum að flytja svona frv. til laga um breytingu á lögum dýrasjúkdóma til að skjóta þar inn ákvæði ef það kann að vera svo að það vanti lagastoð fyrir þessu sem mér fannst vera fyrirmyndarákvæði í auglýsingunni.

Eins og hæstv. ráðherrann hefur upplýst eru lögfróðir menn að kanna þetta mál. Ég vil biðja hæstv. ráðherrann að skila því til þeirra að það séu sérstök tilmæli héðan hvort hægt sé að skjóta einhverju því ákvæði inn í þessi lög sem gefi umrædda lagastoð.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú snýr þetta kannski ekki að tilmælum. GATT-samningur var gerður. WTO-samningar eru að fara í gang. Hv. þm. tilheyrir flokki sem ég ætla ekkert að sakast hér við, sem stóð auðvitað að því hér og var í ríkisstjórn á þeim tíma sem GATT-samningarnir voru gerðir. Þeir voru gerðir á þessum grundvelli sem ég hef verið að lýsa. Ég get tekið undir með hv. þm. að auðvitað fannst mér auglýsingin til fyrirmyndar og hefði viljað sjá málið standa þannig. En það kemur í ljós að auglýsingin stendur ekki samkvæmt GATT-samningnum eða lögunum. Menn hafa samið um aðra hluti og það er hin vísindalega niðurstaða. Nú mega Íslendingar í samfélagi þjóðanna ekki hafna vísindalegum niðurstöðum. Við höfum sótt mál okkar í fiskimjölinu á grundvelli vísindalegra niðurstaðna. Við teljum okkur í málefninu um sauðfjárriðu hafa staðið okkur betur en allar aðrar þjóðir og ég er klár á því að þar höfum við verið að gera mjög rétta hluti. Við verðum að gæta okkar á því að við erum þarna í samstarfi við 140 þjóðir á grundvelli samnings sem gerður var. Við þurfum núna að fylgjast með því sem er að gerast í veröldinni. Kannski er hún á allt annarri leið. Ég trúi því hún sé það á mörgum sviðum en hún var fyrir sjö, átta árum. Ég finn það a.m.k. hér innan lands. En aðalatriðið er að vita hvort við eigum nýjan og öruggari fótstall samkvæmt samningnum og getum þess vegna þrengt lögin.

[15:40]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að hjörtu okkar hæstv. landbrh. slá að mörgu leyti í takt í þessu efni. Við höfum ævinlega verið mjög samstiga varðandi þetta mál. En það eru, eins og hæstv. ráðherrann tiltók hér, 140 lönd í GATT og mörg þeirra hafa séð tilefni til að þrengja gríðarlega reglur og banna jafnvel alveg innflutning vegna kúariðunnar og þá einkum og sér í lagi vegna þess að þær vísindalegu niðurstöður sem við tökum auðvitað tillit til, ef þær liggja fyrir, eru í þessu tilfelli ekki fyrirliggjandi. Það er vandinn við þennan vandræðasjúkdóm. Við höfum ekki nægilega traustan vísindalegan grunn til að standa á. Ég verð að segja að mér finnst a.m.k. sanngirnismál að á þeim grundvelli getum við sett sérstakar reglur sem gera mögulegt að stoppa innflutning þegar það mikill vafi eins og nú er leikur á hinum vísindalega grunni.

[15:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið er ekki það að mörg lönd hafi verið að banna. Hins vegar er leið í þessum samningum sem er þess eðlis að menn geta tekið sér bann stuttan tíma til að fara nýjar leiðir og þá á vísindalegum grundvelli. Mér er sagt að margar þjóðir horfi öfundaraugum til þess þrönga nálarauga sem Íslendingar hafa náð í samningum. Þess vegna hafi þær treyst sér til þess að banna og meta það og ætla að leggja það til gagnvart skjólstæðingum sínum og löndum sínum að íslenska leiðin verði farin. Við sem höfum þrengsta nálaraugað eigum því í sjálfu sér enga aðra leið í samningnum en hinar þjóðirnar margar eiga, íslensku leiðina sem er sérleið og viðurkennd. Hinar þjóðirnar eru allar með innflutning heimilan þar til hann verður bannaður. Við erum með hann bannaðan þar til hann verður leyfður. Við höfum sem betur fer ákveðið að við flytjum ekki inn í heilum og hálfum skrokkum heldur

í vöðvum af því vísindin hafa sagt að það sé minni áhætta og sumir vísindamennirnir segja að það sé engin áhætta. Ég ætla ekki að taka svo djúpt í árinni úr þessum stól.

Ég er sama sinnis og hv. þm. Ég vil að landið og neytandinn njóti vafans og við eigum að fylgjast með umræðunni. Við eigum að leita okkur að nýrri stöðu til þess að geta farið enn varlegar. En ég geri það jafnan að fagna þeirri samstöðu sem er nú bæði meðal neytenda og bænda og ég vil segja stjórnmálamanna, að fara þarna að sem mestri varúð. Auðvitað ætla ég ekkert að gleyma kaupmönnunum sem mér finnst að hafi sýnt mikla ábyrgð og innflytjendunum við þessar aðstæður. Málið vinnst auðvitað hér á þinginu í vetur.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta litla frv. um ákveðnar lagfæringar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim hafa af ósköp skiljanlegum ástæðum gefið tilefni til að ræða aðeins þá atburði sem mest hafa verið á dagskrá í sambandi við sjúkdómavarnir að þessu leyti hér á landi að undanförnu og mætti ýmislegt um það segja.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst það í raun mjög merkilegt, nánast alveg dæmalaust að það skuli ekki liggja fyrir alveg óyggjandi og skýrt hvað Ísland getur gert og hvað ekki á grundvelli þeirra alþjóðasamninga sem við erum búnir að vera aðilar að um árabil og að það skuli þurfa að standa þannig á einmitt nú um stundir að lögspekingar séu að skoða það. Hvernig í ósköpunum stendur á því að þeir hlutir hafa ekki verið skýrari en raun ber vitni?

Ég verð að segja að ég tel að landbn. sjálf hljóti að fara rækilega ofan í saumana á þessu máli fyrir sitt leyti og á sjálfstæðum óháðum forsendum vegna þess, með fullri virðingu fyrir framkvæmdarvaldinu, að því er málið ákaflega skylt. Ég held að það sé bæði þarft og gott og hollt að landbn. beiti sér fyrir vandaðri yfirferð á þessum málum. Með því er ég ekkert að gera lítið úr góðum vilja framkvæmdarvaldsins. En það hefur með þessi mál að gera og það er að leggja *mat á eigin verk í raun og veru með lögfræðilegum úttektum* og álitsgerðum sem má auðvitað setja spurningarmerki við, þ.e. hvort það eigi að vera þannig að landbrn. ræður eiginlega lögfræðing utan úr bæ til þess að skoða sjálft sig. Þannig hef ég nú skilið að þetta sé, að Eiríkur Tómasson sé meira og minna í verkum fyrir landbrn. að skoða landbrn. og hvernig það hefur staðið að málum í samskiptum sínum við yfirdýralæknisembættið o.s.frv. og á hvaða stoð reglugerðir byggja eða byggja ekki, hvað okkur er heimilt samkvæmt GATT-samningunum og hvað ekki.

Herra forseti. Ég held því að það sé mikil ástæða til þess að fara mjög rækilega yfir framkvæmdina í þessum efnum. Mér virðist því miður að við höfum verið dálítið andvaralaus í þessum efnum og það er alveg skiljanlegt. Við höfum talið okkur vera nokkuð vel varin og nokkuð örugg og menn hafa gengið út frá því að það væri svo að hér væru reglurnar mjög strangar og sú var tíðin að um það var ekki deilt. En kannski höfum við verið of værukær í ljósi þess sem nú er að koma í ljós. Kannski hafa menn ekki alltaf staðið á ýtrasta rétti sínum til þess að fara þarna með gát og láta heilbrigði íslenskra búfjárstofna og öryggi neytenda sitja algjörlega í fyrirrúmi.

Ég var aldrei í neinum minnsta vafa, herra forseti, um að samkvæmt GATT-samningunum væri okkur heimilt að stöðva innflutning á hráu kjöti ef einhver minnsti grunur léki á að í því gæti verið fólgin sjúkdómahætta. Það var aldrei minnsti efi um það í mínum huga varðandi aðild okkar að GATT-samningunum á þeim forsendum sem við gerðumst aðilar að Úrúgvæ-niðurstöðu í GATT-ferlinu. Og ég veit ekki betur — það eru þá nýjar upplýsingar — en að þeir menn sem um það véluðu mest fyrir Íslands hönd á þeim tíma, eins og fyrrverandi yfirdýralæknir og fleiri menn, hafi verið sömu skoðunar. Það eru mér alveg nýjar fréttir ef menn hafa einhvern tímann fyrr en þá nú á seinni árum gefið sér einhverjar aðrar niðurstöður. Það kann að vera að nýir menn, nýr ráðuneytisstjóri í landbrn. eða einhverjir aðrir slíkir, hafi tilhneigingu til að lesa öðruvísi úr þessum pappírum. En mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert af þeim sem þá stóðu mest í þessu fyrir Íslands hönd, sem voru sennilega að öðrum mönnum ólöstuðum þeir Brynjólfur Sandholt, fyrrverandi yfirdýralæknir, og Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri landbrn.

Ég kom talsvert að þessu máli á sínum tíma. Þetta Úrúgvæ-ferli tók mörg ár. Það hófst 1986 ef ég man rétt. Það er kennt við upprunastað sinn í Úrúgvæ þegar viðræðulotan *fór af stað. Margar árangurslausar tilraunir voru gerðar á* árunum 1989–1991 til að ljúka þessu ferli. En þær tókust ekki. Það er sem sagt ekki fyrr en í tíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. sem þetta er til lykta leitt og kemur hér fyrir þingið. Þá urðu miklar umræður um þetta og þær hafa að hluta til verið rifjaðar upp, m.a. í greinaskrifum hv. þm. Egils Jónssonar. Og ef ég man rétt þá var sömuleiðis þar á ferðinni staðfesting á því að það væri enginn vafi í hugum manna sem að þessu komu á þeim tíma að í höndum Íslands væru algjörlega ótvírætt heimildir til þess að stöðva eða banna innflutning á hrámeti ef ástæða væri til þess eða rök fyrir því á grundvelli heilbrigðis og hollustu. Þess vegna snúa nú lögin eins og frægt er. Það var deiluefni hér, sem hefði í raun ekki átt að vera deiluefni um efnisatriði, hvort menn hefðu þetta þannig að innflutningurinn sé bannaður á grundvelli almennrar reglu en síðan heimilt að veita undanþágu frá því banni, eða að þessu er snúið við og sagt að innflutningurinn sé heimill á grundvelli almennrar reglu, en það sé hægt að banna hann ef ástæða er talin til. Um þetta var nú þrætan að miklu leyti og var ekki mjög frjó satt best að segja.

En aðalatriði málsins er auðvitað hvort ekki sé ótvírætt að Ísland hafi á grundvelli þeirrar sérstöðu sem alltaf var talað fyrir, alveg frá byrjun þátttöku Íslendinga í viðræðunum, þ.e. *vegna okkar sérstöku stöðu og landfræðilegrar einangrun*ar og þess að landið væri laust við mjög marga alvarlega smitsjúkdóma sem væru að skjóta upp kollinum í nálægum löndum þá yrðum við að geta samið um miklu strangari takmarkanir í þessum efnum, eins og t.d. algjört bann við innflutningi lifandi dýra, nema þá að undangenginni einangrun o.s.frv., og möguleikum á því að banna innflutning á hrámeti, nema þá þegar hægt væri að leyfa hann að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Á þetta var strax af Íslands hálfu lögð mikil áhersla og ástæðan var m.a. sú að í raun hafði sú vernd sem íslensk framleiðsla bjó við verið í skjóli þeirra innflutningsbanna sem í gildi höfðu verið og þar af leiðandi höfðu ekki verið fyrir hendi stýritæki eða jöfnunartæki af því tagi sem þekkt var orðið víða erlendis, að innflutningsverndin var falin í tollmúrum o.s.frv.

GATT-samningarnir leiddu til breytinga að þessu leyti eins og mönnum er kunnugt. Innflutningsverndin var umreiknuð yfir í stuðningsígildi eða tollvernd og sá takmarkaði innflutningur sem við erum samningsbundin að leyfa á lægri

tollum er svo á grundvelli þessara breytinga og heimildin síðan til að auka tollverndina til að stuðnings innlendri framleiðslu.

Þetta þekkja menn, herra forseti, og óþarft að þylja þetta frekar yfir þeim sem hér eru viðstaddir. Ég er bara að rifja þetta upp vegna þess að allt hékk þetta nú saman með tilteknum hætti. Og það er alveg ljóst að þessi mikla sérstaða Íslands borið saman við eiginlega velflest önnur lönd sem þátt tóku í þessum viðræðum og einhverju máli skipta í viðskiptum með matvæli og búvörur, var þessi. Undantekningin á hinum endanum er kannski Nýja-Sjáland sem vissulega er landfræðilega einangrað og er í sömu stöðu og við hvað það varðar að verja sinn landbúnað fyrir hættu af smitsjúkdómum, og að nokkru leyti Ástralía, en þar var því þó ólíku saman að jafna að Nýsjálendingar og að nokkru leyti Ástralir eru ein stærsta útflutningsþjóð í heimi á þessu sviði og hagsmunir þeirra voru því gríðarlegir í því að ná niður tollmúrum og opna markaði fyrir sína framleiðslu. Þeir voru þar af leiðandi að mörgu leyti að velja meiri hagsmuni fyrir minni þegar þeir urðu að semja sig inn í tiltekinn ramma í þessum efnum. Staða Íslands var gjörólík. Það sem skipti máli frá upphafi af Íslands hálfu var að geta varðveitt þessa sérstöðu sína, að taka ekki óþarfa áhættu varðandi hollustu og heilbrigði landbúnaðarframleiðslu okkar og verja okkur fyrir hættunni á smitsjúkdómum.

Ég held að það sé líka alveg augljóst mál, og hæstv. ráðherra kom reyndar aðeins inn á það hér, að tímabundnum aðgerðum getum við beitt. Það er alveg á hreinu að þessir samningar rúma tímabundnar og bráðaaðgerðir ef ástæða þykir til. Það er því enginn vafi t.d. á því í mínum huga að við hefðum í október eða nóvembermánuði sl. haft alla stöðu til þess að ákveða tímabundið innflutningsbann, bara algert innflutningsbann á hráu kjöti til landsins. Okkur hefði verið stætt á því að viðhalda því í nokkra mánuði enda um mjög óverulega hagsmuni nokkurs aðila að ræða í þeim efnum, þ.e. innflytjendur á þennan markað eiga þar náttúrlega svo hverfandi hagsmuni. Það væri þá fyrst og fremst kannski spurning um pólitískt eða táknrænt mál sem hefði getað leitt til þess að einhverjir hefðu getað orðið óánægðir með slíka aðgerð af okkar hálfu.

Ég veit heldur ekki betur en að í þessum samningi eins og velflestum sambærilegum alþjóðasamningum séu beinlínis beint tekin fram svona neyðarákvæði, þ.e. einhvers konar „force majeure"-ákvæði. Og jafnvel þó þau séu ekki inni í samningunum þá held ég að það sé viðurkennd regla í þjóðarétti að ríki hafa leyfi til að bera fyrir sig slíkan rétt ef mjög ríkar ástæður teljast vera fyrir því. Ef sem sagt almannaheill, öryggi borgara eða landsins er talið ógnað af einhverju ástandi þá fylgir einfaldlega fullveldisréttinum í þjóðarétti möguleiki á að grípa til slíkra aðgerða. Ég held að það sé alveg sama hvernig á það er litið að ef við hefðum talið, sem ég held að sé full ástæða til að gera, verulega alvarlegar aðstæður uppi í landbúnaði okkar og matvælaöryggi og fæðuöryggi landsmanna þá gætum við gert slíka hluti.

Í ljós hefur komið, eins og hefur verið að gerast síðustu mánuðina, að menn hafa vanmetið stórfellt útbreiðslu t.d. kúariðunnar og nú reikna Danir með því að þeir eigi eftir að horfa framan í 100–200 tilfelli á ári núna næstu árin. Það er gjörbreytt staða hjá þeim frá því fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þetta reikna þeir einfaldlega tölfræðilega út frá því magni innflutnings á lífdýrum og þeim viðskiptum sem þeir hafa staðið í með þessar vörur. Norðmenn bíða með öndina í hálsinum og spyrja Dani hverjar líkurnar séu á því, þó ekki væri nema tölfræðilega, að kúariða komi upp þar vegna þess tiltekna innflutnings sem þar hefur verið. Og Danir svara auðvitað að tölfræðilega séu verulegar líkur á því að þeir fái fyrstu tilfellin núna innan tiltölulega skamms tíma. Staðan er að vísu betri þar en sums staðar annars staðar því þeir reikna með að geta rakið alla þá gripi sem komið hafa inn í landið.

Við erum sem betur fer ekki í þessari hættu hvað varðar viðskipti með lifandi dýr. En það er engu að síður ástæða til að fara varlega. Og það sem gerðist með fóðurvörurnar, mögulegan innflutning á nautshúðum og annað í þeim dúr, er líka mjög óheppilegt. Ég veit ekki hvort þessi innflutningur á nautshúðum er seinni tíma vandamál tilkomið vegna þess að menn hafa lagst svo mikið undir húðir upp á síðkastið. Það liggja allir undir feldi. Nú er ekki orðið hægt að hugsa neina hugsun nema skríða fyrst undir feld, þá væntanlega nautshúð. Gárungarnir segja meira að segja að verðið á nautshúðum sé þegar farið að hækka af þessum ástæðum. Framsfl. getur nú ekki hugsað ráð sitt með neinum hætti, ekki hvort menn eiga að fara í varaformannsframboð eða að gera eitthvað annað, öðruvísi en að skríða fyrst undir feld. Það er vonandi að það komi íslenskum landbúnaði til góða en valdi ekki auknum innflutningi og aukinni hættu á smitsjúkdómum.

Herra forseti. Af því þessi umræða var hafin þá vildi ég aðeins koma með þessar hugleiðingar mínar inn í málið og slæ botninn í þetta með því að endurtaka það sem ég sagði fyrr. Ég sé alla ástæðu til þess að landbn. Alþingis, sem ég veit ekki til þess að hafi haft neitt yfirmáta mikið að gera fram að þessu — það eru að vísu að koma til hennar núna nokkur frv. frá hæstv. ráðherra — en það er drjúgur hluti eftir af vetrinum og ef mönnum vinnst vel væri að mínu mati alveg hægt að setja í gang myndarlega yfirferð á þessum málum af hálfu landbn. Það væri full þörf á að gera það og að landbn. og þingið allt fylgdist mjög vel með framvindu þessara mála og það yrði gerð grein fyrir því hér inn í þingið í formi einhvers konar skilagreinar frá landbn. Svoleiðis er unnið að þessum málum einmitt þessa mánuðina á hinum þjóðþingunum. Það vill svo til að ég kannaði það sérstaklega núna fyrir fáeinum dögum síðan hvernig staða mála væri bæði í Danmörku og Noregi. Þar eru þær þingnefndir, sérstaklega í Danmörku, sem með þessi mál fara með viðamikið prógramm í gangi sem lýtur bæði að störfum í þinginu og lýtur líka að samskiptum út á við við samtök og hagsmunaaðila. Danir eru með þetta allt saman í einni mjög öflugri nefnd sem heitir fødevare- og madsikkerhedsnævn, þ.e. nefnd sem fer með allt sem lýtur að fóðurvörum og matvælahollustu og heilnæmi. Það er að mörgu leyti mjög góð skipan mála. Þar er þetta allt sameinað á einum stað í einni mjög öflugri nefnd og hún tekur þessi mál alvarlega og stendur sjálf fyrir mjög viðamiklu starfi um þessar mundir að gefnu tilefni.

Ég held að við mættum gjarnan taka okkur það til fyrirmyndar í einhverjum mæli og líta svo á að landbn. og eftir atvikum þá í samstarfi við aðrar þingnefndir eins og heilbrn., tæki þessi mál virkilega fyrir á dagskrá á næstunni.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að ég hygg að það séu alveg full rök í hverju tilfelli til þess að fresta eða segja hina frægu setningu „obbobbobb, bíðiði nú við". Ég held að það sé nú alveg ljóst að við höfum

fullt leyfi til þess og grípa þannig til tímabundinna aðgerða og vara við. Ég saknaði þess kannski í þessu máli að það skyldi ekki gert. En hins vegar er eins og hv. þm., sem er nú mjög reyndur, veit að bann er dálítið viðamikil aðgerð því að pólitíkin er líka dálítið hörð á veraldarvísu og getur snúist upp í andhverfu sína. Þar verða menn því að meta mjög stöðu sína. Svo verðum við auðvitað að treysta á þessa litlu samhentu þjóð. Það er eins og skáldið sagði:

Svo henti lítið atvik einu sinni,
sem okkur, þessa gömlu fjandmenn, sætti:

Nú erum við allir samherjar um að við viljum fara varlega. Allir Íslendingar hygg ég vilja fara með fullri gætni þannig að það er fagnaðarefni.

Hv. þm. þarf svo sem ekkert að gera lítið úr því þó ég fengi færan lögmann til að fara yfir þessi mál til að vita um stöðu mína. Ég get tekið undir með honum að það er mjög mikilvægt að landbn. vinni vinnu sína og hún fer áreiðanlega yfir þessi mál.

Auðvitað höfum við tekist á um margt í þessu í gegnum tíðina. Ég man eftir, hvort sem það var nú í tíð hv. þm. sem landbrh. eða eftir að hann var hættur, að við Egill Jónsson, sem þá var formaður, sátum yfir því að setja í gat í lögunum þar sem orðið var heimilt að flytja rotmassa til Íslands frá Bretlandi. Okkur leist satt að segja ekkert á þá stöðu. Við höfum því alltaf verið að upplifa eitthvað nýtt í þessum málum. Hv. þm. veit að án nokkurrar umræðu fluttu menn hér inn ný nautgripakyn, Limousin og Aberdeen Angus. Nú eru menn bara á allt annarri ferð og allt annarrar skoðunar í svona málum. Veröldin er á mikilli ferð, hv. þm. og sumt af því, vonandi allt, verður okkur til hagsbóta.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í svo andlægum stíl að ég ætla að reyna að trufla það ekki, enda ekki mikið tilefni til svara af minni hálfu. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að ég hef haft gaman af því að heyra ýmsa tala um innflutning á búvörum núna síðustu mánuðina miðað við það sem áður hefur verið. Ég fagna því. Ég held að þessi umræða hafi þrátt fyrir allt leitt það gott af sér að menn eru minntir á hvað þeir hafa í innlendu framleiðslunni sem menn eru tiltölulega öruggir með og sem betur fer hefur enn ekkert komið fram sem gefur okkur tilefni til að óttast. Og það eru mikil verðmæti og mikil gæfa í því fólgin. Þess þá heldur ber okkur að fara varlega og með ýtrustu varúð. Við verðum þá líka um leið að gera okkur grein fyrir því að við höldum þar á verðmætu fjöreggi sem ekki má kasta rýrð á, ekki gera neitt sem grefur undan trúverðugleikanum.

Ég er síður en svo að gera lítið úr lögfræðilegum störfum Eiríks Tómassonar, það má enginn skilja það svo. Ég var eingöngu að draga athyglina að því að það er út af fyrir sig ekki endilega eina aðferðin sem menn hafa til að gera úttekt á framkvæmd í tilteknum málaflokki að framkvæmdarvaldið sjálft velji sér og ráði einn tiltekinn lögfræðing til að skoða sjálft sig. Það eru auðvitað ýmsar aðrar leiðir mögulegar og færar í því eins og t.d. sú sem ég var að hvetja til, a.m.k. jafnframt, að þingnefndin fari á sjálfstæðum og óháðum forsendum yfir það sem þarna er að skoða í þessum efnum.

Það er auðvitað löng saga af alls konar tilraunum manna til að flytja ýmislegt inn. Ég man eftir þessum rotmassamálum og stóð m.a. í að stöðva innflutning á rotmassa. Og það getur vel verið að þurft hafi að skjóta einhverri sterkari lagastoð undir það síðar meir og ég þakka góðum mönnum fyrir það sem þeir hafa gert. En ég man þó svo mikið að sá innflutningur sem var á rotmassa og byggði m.a. á húsdýraúrgangi frá Bretlandi var stöðvaður í minni tíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl.). — Þskj. 639.

[16:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 639, en um er að ræða frv. til laga sem mun hafa í för með sér breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laganna um fiskeldi og hafbeit. Ljóst er að löggjöf um fiskeldi hefur lengi verið ábótavant hér á landi. Núgildandi löggjöf um þennan málaflokk er fábrotin og gefur stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar. Í löggjöfina vantar ýmis ákvæði sem eðlilegt og nauðsynlegt má telja að þar sé að finna.

Með frumvarpi þessu er leitast við að setja fram skýrari reglur um starfsemi fiskeldis og styrkja og treysta þau ákvæði laganna sem ætlað er að sporna gegn aukinni hættu á fisksjúkdómum, óæskilegri blöndun fiskstofna og öðrum vistfræðilegum vandamálum. Með lögum nr. 50/1998 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem höfðu þetta markmið en náðu eingöngu til hafbeitar. Sömu sjónarmið eiga hins vegar í mörgum tilvikum við um annars konar fiskeldi, einkum sjókvíaeldi þar sem alltaf fylgir því nokkur hætta á að eldisfiskur sleppi úr kvíum.

Hæstv. forseti. Ég mun nú víkja að helstu breytingum sem frv. mun hafa í för með sér á ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Helstu nýmæli í frv. eru þessi:

1. Landbrh. veitir rekstrarleyfi til fiskeldis- og hafbeitar samkvæmt frv., en samkvæmt gildandi lögum veitir veiðimálastjóri rekstrarleyfi. Veiðimálastjóri verður hins vegar umsagnaraðili um veitingu rekstrarleyfa ásamt fleiri aðilum.

2. Settar eru skýrar og afdráttarlausar reglur í frv. um á hvaða grunnsjónarmiðum landbrh. ber að byggja í meðferð umsókna um reksrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar. Samkvæmt því ber landbrh. við ákvörðun um veitingu rekstrarleyfis að leggja til grundvallar bæði sjúkdómstengd og vistfræðileg sjónarmið sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Þetta kemur ekki skýrlega fram í gildandi lögum.

3. Settar eru skýrari og ítarlegri reglur í frv. um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn um rekstrarleyfi m.a. um eignaraðild, fagþekkingu umsækjenda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, starfsleyfi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíka starfsemi, áætlun um fjármögnum

mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun leyfa til mannvirkjagerðar o.fl. Jafnframt er gert ráð fyrir að landbrh. geti óskað eftir að aðrar upplýsingar og gögn verði lögð fram.

4. Samkvæmt frv. verður óheimilt að gefa út rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar fyrr en ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt skal rekstrarleyfi vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

5. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök nefnd, fiskeldisnefnd, sem landbrh. skipar. Gert er ráð fyrir að fjórir menn eigi sæti í nefndinni. Einn skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjútvrh., einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Nefndinni er ætlað að vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi, bæði á landi og í sjó og sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin, með gildandi lögum á hverjum tíma.

6. Landbrh. ber við meðferð umsókna um rekstrarleyfi að leita umsagnar dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, fisksjúkdómanefndar og veiðimálastjóra, auk veiðimálanefndar. Einnig ber landbrh. að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði gefi tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun. Samkvæmt gildandi lögum ber veiðimálastjóra eingöngu að leita umsagnar veiðimálanefndar og í undantekningartilvikum Veiðimálastofnunar. Ákvæði þetta um fleiri umsagnaraðila er sett til að tryggja enn betur að umsóknir um veitingu rekstrarleyfa fái eins faglega umfjöllun og kostur er.

7. Nýmæli er í frv. að rekstrarleyfi skuli gefið út til fimm ára, en landbrh. getur einnig ákveðið skemmri gildistíma rekstrarleyfis. Eðlilegt þykir að takmarka gildistíma rekstrarleyfis með þessum hætti, þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir hjá stjórnvöldum um þessa atvinnugrein og því eðlilegt að stjórnvöld endurskoði reglulega ákvarðanir sínar um rekstrarleyfi og önnur atriði er varða slíka starfsemi.

8. Rekstrarleyfi tekur samkvæmt frv. ekki gildi fyrr en veiðimálastjóri og dýralæknir fisksjúkdóma hafa gert úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöð. Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrr en veiðimálastjóri hefur gert úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöð. Ákvæði þetta hefur hins vegar ekki reynst raunhæft í framkvæmd þar sem rekstraraðilar eru almennt ekki tilbúnir að leggja fjármuni í fjárfestingar við að byggja stöðvarnar fyrr en rekstrarleyfi er fengið. Því er þessi breyting lögð til.

9. Sett eru ákvæði um skilyrði sem nauðsynlegt þykir að landbrh. setji eða geti sett í rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar. Landbrh. getur m.a. takmarkað stærð og/eða framleiðslumagn stöðvar. Einnig er þar að finna ákvæði um að ef fyrirliggjandi gögn veiti ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti, geti landbrh. lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar m.a. að framkvæma tilteknar rannsóknir á hvort starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna. Gert er ráð fyrir að landbrh. geti tekið ákvörðun um slíka rannsóknarskyldu áður en rekstrarleyfi er gefið út. Enn fremur er gert ráð fyrir að rekstrarleyfi kunni að vera gefið út í takmarkaðan tíma og rannsóknarskylda sé lögð á leyfishafa á gildistíma rekstrarleyfis. Niðurstöður slíkra rannsókna kunna að verða lagðar til grundvallar við ákvarðanir um hvort framlengja skuli gildistíma rekstrarleyfis, hvort heimila skuli aukningu í framleiðslumagni o.fl.

10. Nýmæli er í frv. um gjaldtökuheimild fyrir útgáfu rekstrarleyfa svo og ákvæði um að embætti veiðimálastjóra skuli hafa eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum og um gjaldtöku fyrir slíkt eftirlit.

11. Nýmæli er um að landbrh. sé heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi ef breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni. Gert er ráð fyrir að landbrh. meti hverju sinni hvort ástæða sé til að fella rekstrarleyfi úr gildi og leggi þá til grundvallar hvort brostnar forsendur séu fyrir rekstrarleyfinu.

12. Einnig er í frv. mikilvægt ákvæði um að ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi að því marki sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis, geti landbrh. fellt rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef rekstraráætluninni er ekki fylgt eftir þann tíma. Ákvæði þessu er ætlað að sporna gegn því að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar eða aðrir aðilar afli sér rekstrarleyfa ef ekki eru fyrirhugaður raunverulegur rekstur á grundvelli leyfisins. Fiskeldi er takmörkuð auðlind og því nauðsynlegt að lögfesta slíkt ákvæði.

13. Enn fremur er í frv. nýmæli um að skylt sé að tilkynna embætti veiðimálastjóra ef fiskeldisstöð missir út eldisfisk og að ítrekaðar slysasleppingar geti leitt til þess að landbrh. taki rekstrarleyfið til endurskoðunar eða felli það jafnvel úr gildi, svo og ákvæði um að ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði innan 12 klukkustunda eftir að hún missti út eldisfisk, geti veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu.

14. Þá er í frv. ákvæði um að fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sé óheimilt að hefja starfsemi og að óheimilt sé að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar fyrr en rekstrarleyfi er fengið. Landbrh. getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

15. Bann er við flutningi eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Einnig er bann við flutningum og sleppingum lifandi fisks og frógvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum. Í núgildandi löggjöf eru ekki skýr ákvæði um þetta, en mjög mikilvægt er að slík ákvæði séu í lögum, þar sem slíkur flutningur getur falið í sér verulega aukna hættu á fisksjúkdómum og óæskilegri blöndun fiskstofna.

16. Þá er í frv. nýmæli um að kynbættan eldislax megi eingöngu nýta til fiskeldis og lagt bann við því að hann sé nýttur til fiskræktar eða hafbeitar. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum í vísindalegum tilgangi.

17. Einnig er í frv. ákvæði um bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði. Nauðsynlegt er að lögfesta slíkt ákvæði þar sem innflutningur á notuðum eldisbúnaði getur haft í för með sér verulega hættu á sjúkdómum.

18. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi er óheimil samkvæmt frv. en í samræmi við það verða rekstrarleyfi bundin við þær fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem fá rekstrarleyfi gefin út. Hér er átt við að óheimilt sé að selja, leigja eða veðsetja rekstrarleyfi. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að eigendaskipti geti orðið að fiskeldis- eða hafbeitarstöð, ef sami lögaðili með sömu kennitölu, er áfram handhafi rekstrarleyfisins. Með banni við framsali, leiguveðsetningu o.fl. er því átt við að óheimilt sé að selja rekstrarleyfi til annarra lögaðila eða einstaklinga en fengu leyfið útgefið. Samkvæmt

því verður hægt að selja fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar sem fengið hafa útgefið rekstrarleyfi, en einstaklingur sem rekur fiskeldis- eða hafbeitarstöð í eigin nafni, getur hins vegar ekki framselt rekstrarleyfið með því að selja það eða leigja reksturinn.

19. Loks eru í frv. víðtækar heimildir fyrir landbrh. til að setja reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur til að stýra eldisstarfseminni, m.a er þar mikilvægt ákvæði um að landbrh. geti takmarkað eða bannað fiskeldi eða hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi, svo og ákvarðað heildarframleiðslu á hverju svæði. Samhliða lögfestingu þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem fjallar um svipað efni en gengur mun skemur en það ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest.

20. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að allar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar skuli endurnýja rekstrarleyfi sín innan árs eftir að frv. verður að lögum.

Á fskj. með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað.

Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni frv. en hér er um mikilvægt mál að ræða. Það er von mín að frv. muni leiða til þess að styrkja og treysta starfsemi fiskeldis hér á landi. Jafnframt er það von mín að frv. muni stuðla að því að lægja þær öldur sem staðið hafa um þessa atvinnugrein og verða til farsældar fyrir starfsemi fiskeldis hér á landi í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. landbrh. varðandi það frv. sem hann fylgir hér úr hlaði. Um afskaplega mikilvægt mál er að ræða og sannarlega von til að það frv. sem hér um ræðir komi til með að lægja þær öldur sem hafa risið hátt í samfélaginu í umræðunni um þauleldi á fiski og þær laxeldisstöðvar sem hafa nú þegar sótt um starfsleyfi. Af því tilefni langar mig til að spyrja hæstv. landbrh.: Er það ekki rétt skilið hjá mér að það leyfisveitingaferli sem nú þegar er hafið fari eftir þessum lögum, ef þau öðlast gildi, segjum bara á vordögum, er þá ekki hægt að treysta því að þær stóru stöðvar sem nú eru komnar í eins konar leyfisveitingaferli mundu heyra undir þessa löggjöf verði hún samþykkt frá Alþingi eigi síðar en á vordögum?

[16:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. þau orð sem hún lét falla um frv. og erum við þá sammála um að mikilvægt er að lægja öldurnar og vinna þetta mál vel í þinginu. Landbn. mun vissulega gera það og bera þar hitann og þungann og fara yfir málið.

Ég vil segja um spurningu hv. þm. að þingmaðurinn má treysta því að þau leyfi, verði þau gefin út áður en lögin verða sett, munu auðvitað styðjast við það frv. sem hér kemur fram. Það er vilji þess sem hér stendur og ríkisstjórnarinnar, ég held það sé líka vilji þeirra sem ætla að fara út í þessa atvinnustarfsemi, að ramminn verði strangur. Þeir vilja vanda sig og skynja að þeir þurfa auðvitað að fara að reglum og hafa bundið vonir við þetta frv. Ég held því að það sé alveg ljóst að starfsleyfin miða að því að fara að þeim ströngu skilyrðum sem sett eru í frv. sem ég vona að verði lögfest núna í apríl.

[16:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessi svör og tel það sannarlega hið þarfasta mál að öll þau leyfi sem nú eru komin í einhvers konar undirbúning lúti þeim skilyrðum sem þessi lög koma til með að setja. Á hitt vil ég þó minnast, herra forseti, að ég hefði talið fulla þörf á því eins og hefur reyndar komið fram í ræðum mínum á Alþingi, að þauleldi á fiski af þeirri stærðargráðu sem virðist nú í undirbúningi í fjörðum landsins, hefði verið látið lúta mati á umhverfisáhrifum og þætti fengur að því að heyra hæstv. landbrh. fara um það einhverjum orðum hvernig hann líti á þau mál, hvort hann sjái einhverja leið til þess að fram fari einhvers konar vísindalegt mat eða rannsókn sem leiddi í ljós áhrif af því eldi sem nú er í undirbúningi í stórum stíl, hvort hægt væri að hugsa sér að einhver rannsókn gæti farið fram á því hver áhrif eldis af þessu tagi yrðu á náttúrulega villta laxastofna. Um það hafa deilur staðið í samfélaginu og ótti manna byggir á því að eldi af því tagi sem er í undirbúningi geti skaðað varanlega þá villtu laxastofna sem lifa hér við land enn þá og við getum vonandi borið gæfu til að þeir laxastofnar njóti nægilegrar verndar til að þeir haldi áfram að skila okkur þeirri björg í bú sem þeir hafa gert hingað til. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Eru líkur á því að hægt verði að láta fara fram einhvers konar yfirlitsrannsókn á hvaða áhrif eldi af því tagi sem hér um ræðir hefur á okkar villtu laxastofna?

[16:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist að ýmsar umsóknir sem eru að koma fram muni fara í umhverfismat. Ég vil hins vegar leggja upp úr því að þetta er atvinnustarfsemi sem fer í gang. Aðalatriðið er að allt öryggi sé fullkomið og vísindalega sé staðið að málum og fylgst með. Sumir kalla það lifandi umhverfismat. Ég vil líka leggja áherslu á að ég tel að það séu ekkert margir firðir á Íslandi sem koma til greina í þessu efni, t.d. út frá þeirri verndun sem hv. þm. minntist á, hinna gjöfulu fiskveiðiáa með sín hlunnindi og þau ævintýri sem höfðar til margra í veröldinni, þannig að þá náttúru megum við ekki skemma. Út frá því sjónarmiði og veðráttu okkar eru firðirnir því mjög fáir sem koma til greina.

En það sem er mikilvægast fyrir okkur í þessu efni er að læra af reynslu stórþjóðanna sem eru nú orðnar stórveldi í fiskeldi eins og Skotland og Noregur, þær eiga sína mistakasögu. Þær bjuggu við öðruvísi tæknibúnað o.s.frv., þannig að við getum mikið lært af mistökum þeirra. Þessar þjóðir vilja miðla okkur af þekkingu sinni og eru að því. Við eigum því að geta staðið öðruvísi að þar sem við förum með þessa atvinnustarfsemi í gang og eigum þá á þessu sviði að vera fremstir þjóða með öryggi gagnvart náttúrunni.

[16:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í orðaskiptum að brýn þörf sé á þessari löggjöf og hún sé til mikilla bóta frá því sem er um þessar mundir eða hefur gilt, enda er satt best að segja frekar óvenjulegt að sjá tekið svo til orða í upphafssetningum greinargerðar með stjórnarfrv. Það er í rauninni ekki verið að gefa gildandi

lagaramma um þessa starfsemi mjög háa einkunn. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, um fiskeldi og hafbeit.“ — Síðan kemur: — „Ljóst er að löggjöf um fiskeldi hefur lengi verið ábótavant hér á landi. Núgildandi löggjöf um þennan málaflokk er fábrotin og gefur stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar.“

Ég ætla ekkert að vefengja þessi orð og tek þau bara gild og er þeim í sjálfu sér sammála. En þar með er líka heilmikið sagt um þá stöðu sem var fyrir hendi til að leyfa fiskeldi í stórum stíl að fara af stað fyrr en þeirri vinnu væri lokið sem hér er núna loksins að hefjast á löggjafarsamkomunni. Er ekki spurningin sú hvort þetta eru ekki m.a. mjög sterk rök fyrir því að ótímabært hafi verið og okkur hafi skort grundvöllinn til að taka stórar og bindandi ákvarðanir fyrr en þessari vinnu var lokið.

Ég tek undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan að að sjálfsögðu er það skoðun okkar að atvinnurekstur í þetta stórum stíl með umtalsverðum umhverfisáhrifum eins og stórfellt sjókvíaeldi, ég tala nú ekki á erlendum stofni er, hefði átt að sæta umhverfismati. Og átti auðvitað að hlutast til um að það yrði gert hvað sem lagalegri stöðu þess líður. Enginn vafi er á því í mínum huga að stjórnvöld hafa fullnægjandi stöðu til þess að mæla fyrir um slíkt þó það sé ekki skylda samkvæmt lögum. Spurningin er bara um hvaða stefnu menn vilja hafa í því máli.

Í öðru lagi, herra forseti, vekur þetta orðalag sem þarna var vitnað til og svo þau ákvæði 3. gr. frv. sem lúta að hættu á áhrifum á vistkerfi og lífríki, spurningar um hvernig þetta verður framkvæmt og hvernig hæstv. ráðherra skilur þennan texta því nú hlýtur það að teljast hinn æðri skilningur sem fram kemur hjá höfundi frv., þ.e. hæstv. ráðherra.

Hvaða afleiðingar hefði þessi lagatexti haft ef hann hefði legið fyrir í lögum síðasta vor þegar hæstv. ráðherra leyfði tilraunaeldi við Stapann? Hvaða afleiðingar hefði þessi texti haft nú síðla hausts þegar umhvrh. leyfði fyrir sitt leyti að stórfellt laxeldi færi af stað án umhverfismats? Hefði slíkt komið til greina ef þessi texti hefði verið orðinn að lögum? Ég ætla að vitna í 3. tölul. 3. gr., herra forseti, en þar segir að 62. gr. laganna skuli orðast svo — en í 1. tölul. er fjallað um rekstrarleyfi landbrh., í 2. tölul. um umsóknina og í 3. tölul. segir, með leyfi forseta:

„Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal landbúnaðarráðherra leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.“ — Ég kýs að túlka þetta þannig að séu einhverjar líkur á að slíkt geti verið fyrir hendi, þá beri að líta á þessa þætti. — „Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til að leggja mat á þá [þ.e. þættina væntanlega] getur landbúnaðarráðherra lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt, þar á meðal að framkvæma á eigin kostnað rannsóknir á hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, svo sem merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar.“

Þarna er nú ekki verið að telja upp neitt smáræði. Ég get ekki betur séð, herra forseti, en verið sé að telja upp mjög viðamiklar rannsóknir, sjálfstæðar rannsóknir og upplýsingaöflun. Að minnsta kosti að slíkt sé tekið saman ef það er fyrir hendi, ef ekki, þá séu slíkar grundvallarrannsóknir gerðar.

Ef við gefum okkur, herra forseti, að þetta sé réttur skilningur sem ég legg í þetta eða rétt túlkun, þá kemur auðvitað aðalspurningin: Vantar ekki í öllum aðalatriðum þessar upplýsingar? Vantar þær ekki gagnvart t.d. því að leyfa sjókvíaeldi í stórum stíl á erlendum stofni? Ég óttast að svarið sé jú. Það liggi mjög lítið fyrir af því sem talið er upp í textanum. Hvað ætlar ráðherra þá að gera sjálfum sér samkvæmur? Er hann ekki þeirrar skoðunar að þetta sé gott frv. og æskilegt sé að framkvæmdin komist í þennan farveg? Og er þá ekki, herra forseti, afar hæpið að reyna að segja okkur að það hafi verið í lagi að sleppa þessu öllu gagnvart þeirri starfsemi sem búið er að hleypa af stað eða verið er að hleypa af stað áður en þessi lög taka gildi? Eða verður það kannski ekki gert? Verður þessi bókstafur látinn gilda um þau mál sem eru í farvatninu? Þá sýnist mér alveg ljóst að menn fari ekkert að slátra fiski úr þeim kvíum á allra næstu missirum.

Þetta verður auðvitað að mínu mati, herra forseti, að vera annaðhvort eða. Menn geta ekki annars vegar sleppt þessu af stað og hins vegar ætla svo að setja í lög miklar neglingar gagnvart því hversu vanda skuli alla málsmeðferð á komandi tímum. Það er gott og blessað. En hvað með það sem er þó að gerast akkúrat núna þessi missirin og er auðvitað mjög stórt, þar sem kannski nokkrar stöðvar eru að fara af stað með sjókvíaeldi á erlendum stofni í stórum stíl? Og ekkert af þessu hefur gilt sem hér er verið að setja í lögin.

Ég endurtek að mér sýnist vera nokkuð rækilega um þetta búið, þ.e. ef framkvæmdin verður sú að menn taka þennan bókstaf alvarlega og fara eftir honum og túlka óvissu náttúrunni í hag í þeim skilningi að orðin t.d.: „sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar“ séu túlkuð á þann veg að ef einhverjar líkur eru á því að það gæti — það þarf ekki að sanna að svo sé eða leiða út af fyrir sig endilega mjög sterkar líkur að því að sú yrði endilega niðurstaðan — en ef vafinn er uppi, þá skuli hann túlkaður náttúrunni eða vistkerfinu í hag. Og sama gildi um mat á gögnum. Þar skiptir máli hvort menn telja að fyrirliggjandi gögn séu nægjanleg og láti þar við sitja, eða beiti þessum viðbótarmálsliðum 3. tölul. 3. gr. og láti fara fram viðamiklar rannsóknir eða draga að öll þessi gögn sem þar eru talin upp.

Það er, eins og ég segi, ekki verið að tala um lítið, þ.e. að meta það rækilega hvort fyrirhuguð starfsemi feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum, það er ekki lítið, það stendur nú í ýmsum. Norðmenn og Skotar hafa verið að rífast talsvert um þetta fram á síðustu ár. Og að fara út í svo viðamiklar aðgerðir eins og merkingar á fiski eru náttúrlega gagnslausar nema endurheimtan sé síðan skoðuð og unnið úr þeim merkjum, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Liggur fyrir eitthvert mat á göngu laxfiska á fjörðum við vestanvert landið eða út af Austfjörðum? Liggur það fyrir? Ég veit ekki til þess að það hafi verið metið sérstaklega. Þarna hlýtur að vera átt við mat á göngumunstrinu svipað og gert hefur verið t.d. í nágrenni Elliðaánna, þar sem menn hafa kortlagt

nokkuð nákvæmlega göngu Elliðaárlaxins á leið sinni upp í árnar. Það kom á daginn eins og menn muna kannski að hann gengur hringinn í Grafarvoginum og gerðu menn sér það að veiðiskap hér á ákveðnum tíma þar til það var stoppað. Segja má að vegir laxins séu ekki síður órannsakanlegir en fleiri fyrirbæra dettur mér í hug af því ég horfi framan í hv. þm. Hjálmar Jónsson. Gönguleiðir laxins eru — það þekkja þeir sem eitthvað þekkja til á fjörðum — oft býsna sérstakar og ég legg þá merkingu í þessi orð að þetta eigi allt saman að skoða.

Ég vildi gjarnan heyra hæstv. landbrh. fara aðeins betur yfir þetta samhengi því það er í rauninni að hluta til sambærilegur hlutur og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði um. Mér sýnist það skipta alveg sköpum fyrir upphaf slíkrar starfsemi ef hún er að koma til í stórum stíl eða í einhverjum mæli. Verður hún felld undir þetta, sætir hún þessari vönduðu málsmeðferð sem hér er í rauninni verið að leggja til eða sleppa einhver nokkur fyrstu fyrirtækin undan því? Og liggur ekki allur rökstuðningur fyrir í málinu sjálfu um hversu óheppileg sú niðurstaða yrði? Ef maður á að reikna með að menn vilji vera sjálfum sér samkvæmir, menn telji þörf á þessari lagasetningu, menn ætli að vanda framkvæmdina, menn ætli ekki að taka þarna óeðlilega áhættu, ber þá ekki að tryggja það í reynd með því að menn dragi andann nokkrum sinnum og fari ekki af stað í stórum stíl fyrr en þessum ákvæðum er fullnægt?

Herra forseti. Ýmis önnur nýmæli eru í frv. og ég held að þau séu flest til bóta. Það má deila um einstök atriði eins og leyfisveitingar eða framkvæmd af því tagi. Á slíkt að vera hjá veiðimálastjóra eða landbrh.? Á að vera stjórnsýslustofnun á því sviði sem fer með þá hluti eða á ráðherrann að gera það sjálfur? Auðvitað gildir það í sjálfu sér, það er framkvæmdalegs eðlis, en það varðar líka að einhverju leyti ábyrgðina, hvar hún á að liggja. Samskipti og landamæri sjútvrn. og landbrn. eru líka gamalt þrætumál í þessu efni. Á eftir er á dagskrá frv. sem ég skil svo, ég réð það eftir að hafa grúskað í því í um stund, að það ætti að heyra undir sjútvrh., það var reyndar ekki tekið skýrt fram því báðir ráðherrarnir koma fyrir í lagatextanum, þ.e. landbrh. og sjútvrh. En ég skildi það svo að eldi nytjastofna, sem ber að skilja nytjastofnana sjálfa, heyri undir sjútvrh. Líffræðilegu mörkin liggi þá þar að ef um ferskvatnsfiska eða þá sem hrygna í fersku vatni er að ræða, þá heyri sá fénaður undir landbrh. Einhvern veginn þannig er þetta væntanlega hugsað.

Þarna eru einnig ákvæði sem ég tek undir og er tvímælalaust rétt að hafa eins og þau að stórfellt tap á eldisfiski sé tilkynningarskylt. Og að fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sé óheimilt að flytja til eldisfisk eða seiði af tilteknum stofni. Það er hlutur sem menn eru auðvitað í vaxandi mæli að átta sig á að mönnum varð stórlega á í messunni á ákveðnum áratugum á fyrri öld, að menn grautuðu saman erfðaefni ólíkra stofna í stórum stíl og voru sleppandi seiðum í ár þvers og kruss, þvert á þann erfðabanka sem geymdur var í stofni hverrar ár. Nú hafa menn lært nokkuð af þessu og að sjálfsögðu ber að taka slíkt í löggjöfina.

Það síðasta, herra forseti, sem ég ætlaði að nefna er meira til gamans en þó af nokkurri alvöru. Það er bæði lagaákvæðið sjálft en þó ekki síður hvernig um það er búið í greinargerð með tillögunni. Mér finnst menn vera dálítið gamansamir í landbrn. því í lok greinargerðarinnar segir — það er gott að menn skemmti sér við eitthvað — um heimildir ráðherra til að gefa út reglugerðir. Ég tel að þetta sé annaðhvort óvenjulegur kjarkur eða þá gamansemi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Loks eru í frumvarpinu víðtækar heimildir fyrir landbúnaðarráðherra til að setja reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur til að stýra eldisstarfseminni, ...“ o.s.frv.

Mér finnst þetta vera gamansemi, herra forseti. Heldur réttara hefur verið talið að menn reyndu að halda aftur af sér í þessum efnum og hemja græðgi sína í galopnar og víðtækar reglugerðarheimildir, en það er ekki að sjá á þeim húmoristum í landbrn. að þeir skrifi upp á þann jús og þeir segja það hér blákalt í lokin, eða öllu heldur hæstv. ráðherra því ég auðvitað veit að hann hefur legið yfir því að semja greinargerðina, að loks séu í frv. víðtækar heimildir fyrir ráðherra til að setja reglugerðir. Þá það, herra forseti, en þetta kíkir landbn. sjálfsagt á eins og fleira.

[16:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra. Þetta var skemmtileg ræða hjá hv. þm. og hún rifjaði upp þann tíma í lífi mínu þegar mér datt í hug hvort ég ætti að verða prestur og las Biblíuna af innlifun, en þar segir einmitt um ræðuna: Ræða þín skal vera já, já og nei, nei. Allt sem er umfram það er af hinu illa. — Mér fannst þetta koma glöggt fram í ræðu hv. þm. Stundum er nú gott að fara undir feld og hugsa ráð sitt, en stundum er Loðgrímur góður og þetta var góð ræða hjá hv. þm. og ég tek undir margt sem hann sagði. Ég fagna stuðningi hans við málið og tek undir margt sem hann segir um hvernig hann vilji fara að þessu, rækilega umbúið, túlka óvissu náttúrunni í hag. Þetta hef ég allt saman sagt í málinu og þess vegna er framlagning þessa frv. auðvitað mikil alvara, hv. þm. Og sannleikurinn er sá að hv. þm. hefur verið landbrh. meðan fiskeldi hefur verið í sjónum. Þá var enginn að hugsa um svona lög eða reglur. Nú hefur heimurinn farið enn einn hring og við stöndum á nýjum tímapunkti. Fiskeldi hefur verið í kjördæmi hv. þm., bæði í Eyjafirði og ekkert síður í Kelduhverfinu. Við þurfum auðvitað að huga að því að setja nýjar reglur þar sem það hefur verið. Minn vilji er sá og ég hef rakið það áður að menn verða að vanda sig í þessu verki. Það er enginn tími til að liggja lengi undir feldinum, ég er kominn undan honum og við erum á fullu að vinna í málinu. Við hér á Alþingi Íslendinga treystum bæði landbn. og hv. þm. vel til þess að verða okkur til aðstoðar til að við getum fylgt þessu eftir í þeim anda sem við báðir styðjum, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

[16:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það helsta biblíulega í texta mínum var þetta með að vegir laxins væru órannsakanlegir eins og fleiri fyrirbæra, og átti ég þá auðvitað við almættið.

En varðandi laxeldi hér fyrr á tímum og í minni tíð sem landbrh., þá voru gerðar og höfðu á árunum þar á undan verið gerðar einhverjar fremur óburðugar tilraunir til sjókvíaeldis á laxi af innlendum stofni, þær gengu ekki vel, m.a. vegna kynþroskavandamála í þeim stofni.

Það var einnig í minni tíð að ákvörðun var tekin um að norska laxinum yrði ekki sleppt í sjó og að þeir sem hann fengu að halda yrðu að gera það í landstöðvum. Til þess samkomulags, reyndar heiðursmannasamkomulags, hefur oft verið vitnað í umræðum um þess mál að undanförnu. Það var vegna þess að menn vildu ekki taka áhættu á erfðamengun og vildu fara með mikilli gát hvað varðaði meðferð þessa erlenda stofns í sjónum.

Varðandi meginspurningu mína þá vona ég að ráðherra noti seinni svarrétt til að svara henni úr því að hann gerði það ekki í fyrri umræðunni. Það er um lagaskilin. Hvernig sér hæstv. ráðherra lagaskilin fyrir sér gagnvart þeim umsóknum og leyfum sem eru í farvatninu? Mun ekkert sjókvíaeldi á erlendum laxi fara af stað í stórum stíl við Ísland fyrr en það hefur sætt þeirri málsmeðferð sem lögin mæla fyrir um eða munu einhverjar umsóknir, einhver leyfi sleppa við það? Þetta er punctum saliens, einföld spurning: Hvernig sér ráðherra þetta fyrir sér? Hyggst hann bíða með að gefa út frekari leyfi? Getur hann tryggt að engin starfsemi hefjist fyrr en hún hafi uppfyllt öll skilyrði væntanlegra laga?

[16:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé enn andvígur því að þessi dýrmæti norski lax sem hann stóð vörð um á sínum tíma og er hér auðæfi í landinu, góður eldisfiskur, fari ofan í sjókvíar sem verða jafn vel varðar og lagt er til í þessu frv.

Hv. þm. minntist áðan á fiskeldi undir Vogastapa. Það er auðvitað skiptieldi. Það átti auðvitað að vera komið upp um áramót en því miður hafa orðið smáhnökrar í því. Eigi að síður hefur það sannað að fiskeldi á hér gríðarlega möguleika. Auðvitað má velta því fyrir sér hvort það sé rétt staðsett en sums staðar getur skiptieldi komið til greina, að það sé komið upp áður en vetrarveðrin skella á og þar verður auðvitað að fylgja ströngum leikreglum.

Ég legg hér fram frv. Starfsleyfin verða sjálfsagt gefin í vetur en líka með hliðsjón af því að vilji ráðherrans sem fer með málið liggur fyrir. Það verður fylgst með því sem gerist hér í þinginu og það er engin ástæða til að ætla annað en að farið verði að þeim ströngu skilyrðum sem hér eru lögð til.

[16:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þykja mér svörin svolítið loðin. Það er ekki kveðið á um lagaskilin í frv. Um þau er ekkert sagt og mér finnast svör hæstv. ráðherra vera fremur opin í þeim efnum. Það er eins og látið sé að því liggja að endanleg rekstrarleyfi verði gefin út í vetur þrátt fyrir að frv. liggi hér fyrir og sé til umfjöllunar á þinginu. Hæstv. ráðherra hefur uppi um það góðar væntingar að tekið verði eitthvert mið af því sem hér er í textanum. En það er auðvitað ekki það sama og segja að nú verði engin frekari leyfi veitt, beðið eftir því að lögin taki gildi og síðan fari hver einasta ákvörðun eftir það fram í samræmi við texta laganna og þar með talið þennan 3. tölul. 3. gr. Þá væri auðvitað fyrir þeim hlutum séð.

Þannig fór, herra forseti, að ég fékk frekar loðin svör og lítil en hins vegar spurningu í staðinn. Spurning hæstv. ráðherra var um hver væri afstaða mín til lax af erlendum stofni, til þess að setja hann í sjókvíaeldi í stórum stíl. Ég tel að það sé mjög stór og afdrifarík ákvörðun fyrir það fyrsta og að menn hljóti náttúrlega þar af leiðandi að vanda allan umbúnað þeirrar ákvörðunartöku í samræmi við það. Ég tel að (**Landbrh.**: Er hann Kelduhverfinu?) hvorki sá lagalegi grunnur né vistfræðilegi og líffræðilegi sé til staðar eins og málin standa í dag. Ég tel ótímabært að taka um það ákvörðun. Ég hef sjálfur umtalsverðar efasemdir um það. (**Landbrh.**: Er hann í Kelduhverfinu?) Sá lax? Hann er væntanlega í Ísnó eða í Rifósi. (**Landbrh.**: Er hann alinn nálægt þingmanninum?) Hæstv. landbrh. veit væntanlega best sjálfur hvar lax af norskum stofni er alinn í landinu. Ætli það sé ekki aðallega á þremur stöðum sem hann hefur verið í eldi núna síðustu árin.

Erfðafræðilega er þetta erlendur stofn, framandi gestur í lífríki okkar. Um það er engin spurning þannig að það hlýtur að teljast umtalsverð hætta á erfðamengun í íslenska laxastofninum ef þarna yrði blöndun. Það þarf í raun ekki að segja meira um það til að átta sig á hversu stór og afdrifarík slík ákvörðun er.

[16:50]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka sérstaklega fyrir þetta frv. til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði sem hér liggur fyrir. Segja má að þetta sé langþráð mál og hefðu þessi ákvæði, sem eru þó þetta skýr, betur legið fyrir þegar þau álitamál komu hér upp fyrr á þessu ári sem mikill styr hefur staðið um. Segja má að með þessu frv. séu sett mun skýrari og ítarlegri ákvæði um fiskeldi og hafbeit en áður hafa verið í íslenskum lögum. Auk þess er kveðið á um leyfiskostnað og eftirlit og áætlað að innheimta þarna gjöld sem muni á árinu 2002 skila 8 millj. kr. sem standa eiga undir kostnaði af eftirliti. Mér finnst þetta allt í góðum anda sem við höfum rætt hér fyrr í dag.

Það eru ýmis ágæt nýmæli í þessu frv. en þó finnst mér margt þar gefa tilefni til að fara mjög nákvæmlega yfir það í hv. landbn. Þó verð ég að segja að ég mun beita mér fyrir því að þetta mál verði afgreitt sem fyrst vegna þess að ég tel að mikil bót verði að því. Ég vona að það gefist tækifæri til þess hjá hæstv. ráðherra að bíða með frekari afgreiðslur og leyfisveitingar á rekstrarleyfum meðan þetta mál er til umfjöllunar í þinginu svo við stöndum ekki frammi fyrir því, loksins þegar lögin eru tilbúin, að búið verði að fylla alla firði af norskum laxi og þá verði um að ræða leyfi sem mjög snúið verði að afturkalla.

Helstu nýmæli í þessu frv. virðast mér að útgáfa rekstrarleyfa færist til landbrh. Samkvæmt gildandi löggjöf á veiðimálastjóri að gefa út þessi rekstrarleyfi. Það má svo sem ræða það, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði hér, hvort sé heppilegra. Ég tel hins vegar að það sé heppilegra að hafa málið hjá ráðherra, sérstaklega þegar við bætist að þegar farið er með umsóknir um rekstrarleyfi þá ber landbrh. að leita umsagna víða, t.d. hjá dýralækni fisksjúkdóma, fiskeldisnefnd, fisksjúkdómanefnd og veiðimálastjóra auk veiðimálanefndar, Veiðimálastofnun o.s.frv. Þetta er nokkuð ítarleg upptalning. Í ákvæði þessu er einnig upptalning á ýmsum þeim gögnum sem ber að skila með slíku rekstrarleyfi. Mér finnst, þegar ég les þetta í gegn, alls ekki borðleggjandi að ýmislegt hefði farið í gegn, sem þótt hefur viðunandi hingað til eða á liðnu ári, ef þessi lög hefðu verið í gildi.

Þessi rekstrarleyfi skulu gefin út af landbrh. til fimm ára. Þó hefur hæstv. landbrh. möguleika til að gefa leyfið út í styttri tíma. Segja má, og hefur verið nefnt fyrr í umræðunni, að landbrh. hefur víðtækar heimildir til að setja reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur samkvæmt þessum lögum. Það er náttúrlega eitt af því sem þarf að athuga í hv. nefnd, hvort ástæða er til að takmarka eitthvað þessar reglugerðarheimildir.

Það kemur líka fram hér að það er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurð-

ur um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Ég fagna því auðvitað sérstaklega en þar er vísað til laga nr. 106/2000.

Það er líka sett undir ákveðna brotalöm sem verið hefur í öðrum lögum sem gilt hafa um veiði, þ.e. að framsal er bannað samkvæmt þessum lögum. Frjáls leiga og veðsetning á rekstrarleyfi er bönnuð en þó kemur svolítið sérkennileg setning í lagaskýringum:

„Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að eigendaskipti geti orðið að fiskeldis- eða hafbeitarstöð ef sami lögaðili með sömu kennitölu er áfram handhafi rekstrarleyfisins."

Þarna eru sem sagt einhver kennitöluviðskipti leyfileg og ég verð að segja að þetta er t.d. ein af þeim smugum sem mér finnst við þurfa að kanna náið í hv. nefnd.

Í frv. er einnig heimild til gjaldtöku sem er líka nýmæli. Þar er ýmislegt fleira sem ég skauta yfir, ekki síst það sem komið hefur fram fyrr í umræðunni. Í 4. gr. er það nýmæli að fiskeldisstöðvum sem missa út eldisfisk sé skylt að tilkynna það embætti veiðimálastjóra og að ítrekaðar slysasleppingar geti leitt til endurskoðunar á rekstrarleyfi og jafnvel fellt það úr gildi. Einnig er tiltekið í þessu ákvæði að ef fiskeldisstöð hefur ekki byrjað veiði innan 12 klukkustunda eftir að hún missir út eldisfisk geti veiðimálastjóri gefið út almenna heimild til veiði á svæðinu með sömu skilyrðum og gilda um stöðina sjálfa. Þarna finnst mér að geti hugsanlega orðið mikið líf í tuskunum, þ.e. ef fiskeldisstöðin getur ekki sannað að hún sé byrjuð veiði innan þessara 12 tíma. Þá geti nú ýmsir brugðið undir sig betri fætinum með veiðistangirnar sínar til að veiða út á þetta ákvæði.

Í frv. er og ákvæði sem ég fagna ákaflega, að ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefji ekki starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, innan 12 mánaða eftir útgáfu rekstrarleyfis, sé landbrh. heimilt að fella rekstrarleyfið úr gildi. Það hefur verið mikil umræða um að ákveðnir aðilar séu að slá sig niður á alla mögulega staði í kringum landið og sæki þar um rekstrarleyfi og hyggist einhvern tíma í fjarlægri framtíð eða kannski aldrei hefja rekstur. Mér finnst þetta ákvæði koma nokkuð vel í veg fyrir slíkt.

Það stendur hér í b-lið 5. gr., það tengist 62. gr. laganna, að embætti veiðimálastjóra skuli hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Það hvarflar að mér hvort ekki geti orðið árekstur þarna, við það sem getið er um í 7. gr., um þessa sérstöku nefnd, fiskeldisnefnd sem sæti eiga í fjórir menn skipaðir af landbrh. til fjögurra ára í senn. Hlutverk þeirrar nefndar er að vera til ráðgjafar og taka þátt í stefnumótun um fiskeldi bæði á sjó og landi. Mér finnst að þarna geti hlutverkin skarast nokkuð en það stendur líka í greinargerð eða lagaskýringum að nefndinni sé ætlað að tryggja samráð og samræma sjónarmið landbrn. og sjútvrn., m.a. um fiskeldi á landi og í sjó.

Í c-lið sömu greinar er talað um að lögfest sé að kynbættan eldislax megi eingöngu nýta til fiskeldis og bann er lagt við því að hann sé nýttur til fiskiræktar eða hafbeitar. Þá vísað til þess að það sé stórvarasamt, hann geti sloppið og jafnvel kynblandast öðrum tegundum. Ég talaði fyrr í dag við fiskeldisfræðing sem taldi miklar líkur á að einmitt þetta hefði þegar gerst, þessi lax hefði sloppið og líkur væru á að kynblöndun hefði orðið.

Ég vil ítreka að það er mikilvægt að þetta frv. fái góða og hraða afgreiðslu hjá hv. landbn. Ég vil fara þess að leit við hæstv. landbrh. að meðan málið er til umfjöllunar í nefndinni verði ekki veitt frekari leyfi til fiskeldis á laxi af erlendum stofni.

[17:03]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessi umræða er fyrir margra hluta sakir athyglisverð. Í fyrsta lagi vegna afstöðu þingmanna, hvort þeir eru þess hvetjandi að hér verði almennt tekið upp fiskeldi í stórum stíl eða hvort þeir telji að of mikil hætta fylgi slíkum atvinnurekstri til að hægt sé að fallast á að svo verði gert.

Þá ber að minnast að þegar Stofnfiskur var settur á fót á sínum tíma, áður Silfurgen, var tekin ákvörðun um að hefja frameldi á norskum laxi til þess að gefa Íslendingum möguleika á fiskeldi á alþjóðlegum mörkuðum í alþjóðlegri samkeppni. Slíkt var auðvitað óhjákvæmilegt á þeim tíma. Eins og þeir vita sem hafa kynnt sér þessi mál er gersamlega útilokað að hugsa sér að nota óræktaðan íslenskan lax til laxeldis með góðum árangri. Við erum þess vegna að tala um það hvort við viljum nota norska eldislaxinn til fiskeldis við strendur Íslands. Um það snýst málið og ekkert annað.

Ég hygg að ég fari rétt með það að allur lax sem alinn hefur verið hér á landi síðustu ár, a.m.k. síðasta áratuginn, sé norskur eldislax. Svo einfalt er það. Í ljósi þess er sjálfsagt að velta því fyrir sér hvort við viljum taka þá áhættu að heimila eldi á laxi af þeim stofni hér við strendur landsins. Ég hef heyrt á ýmsum þingmönnum að þeir vilji gefa í skyn að það sé varhugavert og gera mikið úr hættunni við slíkt eldi. Þá værum við jafnframt að taka ákvörðun um að halda okkur við landeldi og má um leið velta því fyrir sér, sem kom fram í frammíkalli hjá hæstv. landbrh., hvort laxeldið hjá Rifósi í lóninu í Kelduhverfi fullnægi þeim skilyrðum sem þeir vilja setja sem harðast ganga fram í að við eigum að tryggja að norskur eldislax sleppi ekki í sjóinn, þeir sem ekki vilja taka slíka áhættu. Ég sé ekki betur en þeir hljóti að setja mjög ströng skilyrði og þá hlýtur maður að velta fyrir sér framhaldi laxeldis t.d. í Lóni í Kelduhverfi.

Einnig væri algerlega útilokað, svo ég taki annað dæmi, að halda áfram því laxeldi sem er nú í smáum stíl í Eyjafirði, ég tala nú ekki um ef menn láta sig dreyma um að hægt yrði að nota norskan eldislax til að halda uppi atvinnu í sjávarplássum eins og í Hrísey sem hér hefur verið til umræðu upp á síðkastið. Fróðlegt væri að fá um það svör hér á Alþingi hvort þeir þingmenn sem glaðast hafa talað um atvinnumálin þar séu reiðubúnir til að fallast á að gefa Samherja leyfi til að framleiða þar 800 tonn af eldislaxi. Það kemur auðvitað inn í þetta mál.

Í mínum huga er óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér hvernig við alþingismenn getum hagað löggjöf sem skapaði atvinnuvegunum slíkt rekstrarumhverfi með almennum aðgerðum að einhver rekstur geti risið á landsbyggðinni annar en sá sem þar er núna. Ég hlustaði á það úti í Hrísey að einn ágætur þingmaður stakk upp á að 1% yrði tekið af aflahlutdeild hvers skips á ári. Ef við hugsum okkur að það séu 10 togarar á Akureyri, þá ætlaði þessi hv. þm. að fækka um einn togara á Akureyri á hverjum 10 árum. Ef við tökum það sem annar hv. þm. sagði í ræðustól í dag, að fyrningin ætti að vera 10% á ári, þá jafngildir það því að gera einn togara Akureyringa upptækan á hverju ári. Þannig er umræðan um sjávarútvegsmálin hér. Þetta er rekstrarvitið sem í henni er lagt til grundvallar.

Við höfum velt fyrir okkur hvaða möguleikar séu á því að skjóta nýjum stoðum undir atvinnurekstur á Austfjörðum. Sumir þingmenn hafa í mín eyru talað um að þeir geti ekki hugsað sér álver í Reyðarfirði, sömu menn og ekki gátu hugsað sér álver í Hvalfirði né í Straumsvík. Það eru menn sem

geta ekki hugsað sér stórvirkjanir. Það eru menn sem ekki vildu að við gerðum samninga um hið Evrópska efnahagssvæði. Það eru menn sem voru á móti frjálsum viðskiptum. Það eru menn sem vildu ekki afnema einkarekstur Ríkisútvarpsins, t.d. á sjónvarpsrekstri, vildu ekki Stöð 2, vildu ekki frjálst útvarp. Þegar við horfum á þetta kemur í ljós að það eru alltaf sömu mennirnir sem vilja þetta afturhaldsþjóðfélag, þar sem ekki er frjáls fjölmiðlun og reynt er að hamla heilbrigðum rekstri með hvers konar opinberri íhlutun. Þeir tala þó manna hæst þegar verið er að gera almennar kröfur eða einstakar kröfur og vilja þá að ríkið borgi hvað eina og stundum miklu meira en góðu hófi gegnir.

Nú stöndum við frammi fyrir spurningum, þegar við tölum um byggðir landsins: Eru alþingismenn meðmæltir því að við heimilum laxeldi, t.d. í Mjóafirði eða Berufirði? Vilja alþingismenn stuðla að því að þetta leyfi verði veitt þannig að þegar í stað sé hægt að hefja þetta eldi? Vilja menn koma til móts við Austfirðinga með þessum hætti til að treysta þar atvinnurekstur? Eða vilja menn alltaf og stöðugt vera á öfugum nótum, þráast við, standa á móti sjálfsbjargarviðleitninni í byggðum landsins? Þetta er eftirtektarvert.

Það skulu menn hafa í huga að ef menn tala á móti norskum eldislaxi þá eru menn að tala á móti fiskeldi í stórum stíl á Íslandi. Þá eru menn á móti því að laxeldi á Íslandi sé rekið þannig að það standist samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum. Um það snýst málið. Þess vegna er ég auðvitað þakklátur hæstv. landbrh. fyrir að taka þetta mál upp hér. *Ég vil um leið og ég þakka honum fyrir vekja athygli á þeim* málflutningi sem hér hefur verið uppi hafður í dag, þeim málflutningi sem hefur verið uppi hafður hér í sambandi við þetta mál, t.d. *þegar sagt er að það sé leikur með kennitölur* að hægt sé að selja fyrirtæki. Hver vill leggja fjármagn í fyrirtæki sem ekki má selja? Hver vill það?

Hér á móti mér er 3. þm. Vesturl., hv. þm. Jóhann Ársælsson, mikill rekstrarmaður. Ætli hann vilji ekki geta selt atvinnurekstur sinn þegar þar að kemur eða látið hann ganga í erfðir? Ætli það sé ekki svo þegar menn fjárfesta að þeir hugsi um hvernig þeir geti komist út úr rekstrinum? Ég hygg að svo sé og veit að svo er. Ef rekstur stendur höllum fæti verða menn að hafa möguleika til að afla viðbótarfjár með hlutafjárútboði eða öðru slíku. Ýmsar aðrar ástæður geta verið til þess að menn vilji auka hlutafé í fyrirtækjum sínum.

Í annan stað vil ég segja: Stundum getur verið nauðsynlegt að víðtækar heimildir séu til útgáfu reglugerða ef sá rekstur sem í hlut á er nýr, er viðkvæmur eða þegar bregðast þarf skjótt við. Þess vegna er ég mjög ánægður yfir að gert skuli ráð fyrir því í þessu frv. að heimildir til reglugerðarútgáfu séu víðar.

Auðvitað er það rétt sem hér kom fram að menn hafa gert margvíslegar vitleysur á liðnum árum og áratugum í sambandi við fiskeldi og fiskrækt, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Aðalatriðið er hins vegar þetta: Ef menn vilja ekki norska eldislaxinn í sjó, þá vilja menn ekki laxeldi í stórum stíl á Íslandi. Þá verður sá draumur sem nú er á Austurlandi að martröð.

[17:13]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér fannst hæstv. forseti Alþingis koma hér enn á skjóttum. Hann vísaði í ræður þingmanna sem talað hafa í dag eins og hann hefði bara skellt við þeim algerlega skollaeyrum og skilið þær sínum skilningi. Ég hefði viljað að hann hlustaði kannski aðeins betur áður en hann kom hér til að gera manni upp skoðanir.

Ég fagnaði sérstaklega þessu frv. vegna þess að ég er hlynnt því að við nýtum þá möguleika sem við höfum á Íslandi. En ég vil að það séu skýr lög og reglugerðir sem setji okkur ákveðinn ramma þannig að ekki sé anað út í einhverja vitleysu áður en málin eru könnuð ítarlega. Mér finnst einmitt að þetta frv. tali máli skynseminnar. Hér er gert ráð fyrir ítarlegri könnun sem ég saknaði að fór ekki fram í ákveðnum málum fyrr í vetur. Hér er gert ráð fyrir að sú könnun fari fram og þess vegna fagnaði ég frv. sérstaklega.

Hæstv. forseti Alþingis talaði um að ég hefði haft óviðuleg orð um kennitöluskipti. Það eina sem ég talaði um var að æskilegt væri að athugað yrði nánar í hv. landbn. hvað þetta þýddi. Ég setti það ekki inn í frv. að bannað væri að framselja, leigja eða veðsetja rekstrarleyfið. Það var ekki ég heldur er það sett fram í frv. sem hæstv. forseti Alþingis er væntanlega að leggja lið sitt og er til umræðu hér í dag.

[17:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að biðjast afsökunar úr því að ég hef misskilið hv. 9. þm. Reykn., Sigríði Jóhannesdóttur. Ég heyri að hv. þm. er sammála mér um að nauðsynlegt sé að fiskeldisstöðvar geti gengið kaupum og sölum og einnig að hv. þm. er sammála mér um að nauðsynlegt sé að stuðla að því að laxeldi í stórum stíl geti orðið við strendur landsins.

[17:16]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. heldur áfram að gera mér upp skoðanir og segir að við séum sammála um ákveðna agnúa á þessu frv. Það er öðru nær. Ég fagnaði einmitt því sérstaka nýmæli í þessu frv. að framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi er óheimil. Ég hélt að það væri komið beint frá hjarta hæstv. forseta Alþingis sem ég veit ekki betur en styðji þá ríkisstjórn sem leggur fram þetta frv. með því nýmæli að framsal, leiga og veðsetning á slíku rekstrarleyfi er óheimil.

[17:17]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðara andsvar hv. þm. virðist benda til þess að ég hafi skilið hana rétt. Það má kannski segja að það sé jákvætt fyrir minn skilning. Mér þykir á hinn bóginn leiðinlegt að hv. þm. skuli ekki vilja láta laxeldisfyrirtæki lúta sömu *grundvallarreglum og annar rekstur í landinu.*

[17:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal, virðulegur forseti vor, fór um víðan völl í umræðunni og lagði ekki síst út af *utandagskrárumræðu sem var á dagskrá fyrr í dag og eins* fundi sem var norður í Hrísey fyrir nokkru síðan. Ég tók eftir því að starfandi forseti sýndi mikið umburðarlyndi og gerði engar athugasemdir við það þó að ræðumaður viki talsvert frá dagskrármálinu. Ég tel það út af fyrir sig vera umburðarlynda og sanngjarna fundarstjórn.

Annað vil ég segja, að mér þætti betra að hv. þm. nafngreini þá stjórnmálamenn sem hann er svona að láta liggja að að hann sé að fjalla um þegar hann talar um að þingmaður hafi sagt þetta hér eða hinn hafi sagt annað þar. Ég var að giska á að í einu tilviki ætti hv. þm. Halldór Blöndal við mig

og í öðru tilviki hafi hann átt við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem ég held að hafi nefnt þessa 10% tölu í umræðum fyrr í dag. Mér finnst betra fyrir málefnaleg skoðanaskipti og meiri reisn yfir því að menn nafngreini þá einstaklinga og vitni beint til þeirra sjónarmiða sem þeir hafa sett fram, enda er þá væntanlega yfirleitt um að ræða einstaklinga sem eru menn til að standa við skoðanir sínar.

Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi laxeldi í Eyjafirði og spurði hvort við værum tilbúnir til að heimila það í stórum stíl til þess að hægt væri að vinna úr fiskinum í Hrísey. Hv. þm. veit kannski ekki hvers vegna þær hugmyndir m.a. voru lagðar til hliðar. Það var vegna þess að aðrir hagsmunir sem það hefði rekist á töldust vera svo ríkir að það væri ekki réttlætanlegt, m.a. ört vaxandi lúðueldi og miklar vonir sem bundnar eru við það, sem sækir fæðu í Eyjafjörð fyrir ungviðið og auðvitað ýmsir aðrir hagsmunir. Náttúrulegu laxastofnarnir víða um land eru aðrir hagsmunir sem verður að líta til.

Það sem ég hef fyrst og fremst verið talsmaður fyrir er að menn fari varlega og vandi stefnumótun og ákvarðanatöku. Mér fannst einmitt hv. þm. Halldór Blöndal koma hér af gamla skólanum og vilja ryðja öllu slíku til hliðar af því að nú væru mögulega í sjónmáli störf og einhver umsvif í atvinnurekstri og þá ætti að ýta öllu svona umhverfiskjaftæði til hliðar. Eða hvert er hv. þm. að fara? Vill hann viðhafa venjuleg varúðarsjónarmið í þeim efnum eða ekki?

[17:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti athyglisvert hjá hv. þm. að ekki megi ræða stefnur stjórnmálaflokka án þess að nafngreina sérstaklega hvaða þingmaður viðkomandi stjórnmálaflokks hafi orðað hlutina. En það er rétt sem hv. þm. sagði. Hann hafði orð á því í Hrísey að rétt væri að taka 1% af aflaheimildum allra skipa á hverju ári og af því leiðir að á tíu árum, væri sú tillaga samþykkt, mundi fækka um einn togara á Akureyri ef þeir eru tíu.

Í annan stað vil ég segja að Stofnfiskur var á sínum tíma styrktur mjög og settur á fót meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var landbrh. ef ég man rétt. Þau rök lágu því til grundvallar að nauðsynlegt væri að verja af ríkisins hálfu mjög miklum fjármunum, verulegum fjármunum, til framræktunar á norskum laxi til að gera það mögulegt að hann yrði ræktaður við strendur landsins og á landstöðvum.

Nú er á hinn bóginn komið í ljós að hv. þm. hefur miklar efasemdir um að þarna hafi verið stigið rétt skref. Ekki gat ég heyrt annað á ræðu hans nú en hann vilji hægja mjög á ferðinni og hvetja til þess að leyfi til laxeldis í Mjóafirði verði ekki gefið nú á þessum vikum, sem auðvitað þýðir að þessi rekstur hlýtur þá að tefjast um eitt ár a.m.k. Það er með vissum hætti innlegg í byggðamál Austfirðinga.

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að því sé til haga haldið fyrir þingtíðindin þá gengu hugmyndir mínar, sem ég reifaði á þessum Hríseyjarfundi, út á að mögulega mætti skapa svigrúm til að byggðatengja einhvern lágmarksgrunnrétt í veiðum með fyrningu, t.d. eins og 1% veiðiheimilda í fimm ár. Ég lagði út af því dæmi. Lengra var ekki gengið í þessum vangaveltum þannig að tíu prósenta dæmi eða tíu ára dæmi hv. þm. er að því leyti ekki á réttum rökum reist því það er ekki í samræmi það sem ég sagði þarna. Síðan getum við rætt þau mál betur.

Varðandi þessa ákvörðun um norska eldislaxinn þá er það rétt að þegar Stofnfiskur var settur á fót var honum ætlað það hlutverk að kynbæta eldislax, reyndar bæði af innlendum og erlendum stofni. Norski laxinn var staðreynd og búinn að vera í landinu nokkurt árabil. Vonir manna við laxeldi á Íslandi voru þá fremst bundnar við landstöðvar. Það var ekki verið að taka neina nýja viðbótaráhættu með því að kynbæta eldisstofna með því að ala í þeim landstöðvum sem búið var að byggja. Menn kannast væntanlega við þau stórfelldu áform sem verið höfðu uppi. Byggðar voru allmargar stöðvar sem ætlað var að ala lax á landi svo næmi 500–1.000 tonnum á ári eða jafnvel meira. Síðan fór þetta allt eins og það fór en það er önnur saga.

Menn verða fyrst að gera það upp við sig hvort þeir meina eitthvað með tali um að þeir vilji framkvæma mat á umhverfisáhrifum, að menn vilji viðhafa varúðarreglur í sambandi við villta náttúru og lífríki landsins. Út frá því verða menn síðan að taka á einstökum málum sem koma upp. Ef menn ætla alltaf að nota þá aðferð sem mér heyrist hér talað fyrir, að vera í orði kveðnu með þau sjónarmið uppi að það beri að viðhafa varúðarreglu og það beri að ástunda umhverfisvernd en víkja því svo til hliðar um leið og það rekst á einhverja hagsmuni í einhverjum einstökum tilvikum, með þeim rökum að það sé á Austfjörðum í dag eða Vesturlandi á morgun eða það vanti vinnu hér eða það komi tekjur þar. Til hvers er þetta þá? Verða menn ekki að reyna að hafa einhvern grundvöll undir sinni stefnu í þessum efnum sem menn eiga síðan að vera menn til að standa við?

[17:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög gott að þessu sé vel til skila haldið sem hv. þm. talaði um, að hann vilji taka 1% af aflaheimildum í fimm ár og byggðatengja, óafturkræft 5%. Það er ekki lítið sem hinir ýmsu útgerðarmenn og útgerðarfélög um landið eiga að bera og þeir sem hafa fest fjármuni sína í þeim fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði. Þetta er auðvitað mjög fróðlegt.

Í annan stað vil ég segja að við sem búum í landinu hljótum að taka áhættu hverju sinni. Við búum hér með náttúrunni og verðum að lifa með henni. Eins og sakir standa hafa menn bundið miklar vonir við það, m.a. fyrir austan land, að laxeldi geti breikkað atvinnugrundvöllinn og komið í staðinn fyrir minnkandi sjósókn, treyst byggðirnar. Ég er einn af þeim sem hafa gert sér vonir um það. Þess vegna er ég líka einn þeirra sem hafa verið þess hvetjandi að menn gæfu slíkt leyfi.

Nú má auðvitað lengi tala um að halda eigi áfram að rannsaka og að halda eigi áfram að rannsaka. Ég geri mér vel grein fyrir því. En það sem ég hef líka vakið athygli á er að það eru oft sömu mennirnir sem ekki vilja leyfa laxeldið, sem ekki vilja virkja, sem ekki vilja álver, sem ekki vilja frjálsa verslun, sem ekki vilja annað en ríkisútvarp og ríkissjónvarp og vilja takmarka fréttaflutning eins og þessi hv. þm. vildi á sínum tíma. Það er þetta þrönga sjónarhorn, þetta afturhaldssjónarhorn sem skýtur allt of oft upp kollinum í ræðuflutningi hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Það væri fróðlegt að reyna að ímynda sér hvernig væri umhorfs á Íslandi ef hans hugmyndir hefðu alltaf náð fram að ganga.

[17:26]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu en mig langaði til að spyrja hæstv. landbrh. tveggja eða þriggja spurninga. Veit hæstv. forseti hvort landbrh. hefur möguleika á að hlýða á mál mitt?

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun grennslast fyrir um hæstv. ráðherra.)

Ég held að hæstv. forseti, hv. þm. Halldór Blöndal sé horfinn úr salnum. En ég vil samt segja meðan ég bíð hæstv. landbrh. að mér fannst margt í ræðu hans með sama brag og ég hef oft heyrt hjá honum, að þeir sem hafi öðruvísi skoðanir á hlutunum eða hafa sett fram hugmyndir um að öðruvísi eigi að standa að undirbúningi mála séu ævinlega á móti landsbyggðinni eða atvinnulífinu í landinu. Hv. þm. Halldór Blöndal orðaði það svo áðan að menn sem væru á móti því að veita þessi leyfi þegar í stað væru nánast óalandi og óferjandi, ef ég skildi orð hv. þm. Hann talaði um menn sem væru á móti fiskeldi og nefndi sérstaklega í því sambandi frjálsa verslun. Hann ræddi einnig um það að einhverjir hefðu verið að leggja til, að hv. 3. þm. Norðurl. e. hefði verið að leggja það til, að veiðiheimildir yrðu teknar af þeim sem nú hefðu þær og þær gerðar að einhvers konar tryggingu fyrir byggðarlögin. Þessu var hv. þm. ekki mjög hrifinn af.

Í samhengi við það að hann nefndi að menn hefðu verið á móti frjálsri verslun þá er kannski ástæða til að rifja það upp að hv. þm. Halldór Blöndal er afar mikið á móti frjálsri verslun með veiðiheimildir, nema sú verslun fari fram milli þeirra sem hafa þær undir höndum núna. En eigandi þessara veiðiheimilda, þ.e. þjóðin sjálf, á þar hvergi nærri að koma. Þá skal ekki ríkja frelsi í verslun með þessar veiðiheimildir, alls ekki fyrr en þær eru komnar í hendur þeirra sem eiga að heita útgerðarmenn.

Nú er hæstv. landbrh. genginn í salinn og ég ætla þess vegna að hverfa frá þeirri Hríseyjarumræðu sem hélt áfram áðan og snúa mér að því sem ég ætlaði að segja.

Mér fannst nefnilega svör hæstv. landbrh. dálítið loðin þegar kom að því að reyna að koma hv. þingmönnum sem hér sitja í salnum í skilning um hvernig hæstv. ráðherra ætlar að standa að því að veita þau leyfi sem fyrir liggur að hann mun þurfa að veita áður en þessi lög taka gildi ef lagafrv. sem hér liggja fyrir til umræðu verða að lögum. Hann orðaði það þannig, ef ég man rétt, að það yrði litið sterklega til frv. sem hér lægju fyrir við þessa umfjöllun.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra þurfi að fara að þeim lögum sem eru í gildi, verði því miður fyrst og fremst að horfa til þeirra laga og hafi ekki ótakmarkað reglugerðarvald þegar hann á að veita þessi leyfi. Það liggur fyrir að þau fyrirtæki sem hér um ræðir hafa fengið þá niðurstöðu að þau megi setja upp laxeldi upp á 8 þús. tonn. Nú spyr ég hæstv. ráðherra hvernig og á grundvelli hvaða laga hann getur takmarkað þau leyfi sem hann þarf að veita. Til hve langs tíma telur hann að hann að gefa þurfi leyfin? Varla getur hann vísað til ákvæða í þessum frv. hvað það varðar. Það hlýtur að þurfa að byggja slíka ákvörðun á þeim lögum sem fyrir eru. Hvernig verða leyfin veitt, til hve langs tíma og hve víðtæk mega þau vera?

Þegar þessi frv. eru síðan orðin að lögum, ef ég skil málið rétt, mun líða heilt ár þar til þau virka gagnvart leyfum sem hafa áður verið gefin út. Ég spyr þess vegna: Munu ákvæði þessara laga geta hrundið þeim leyfisveitingum sem þá liggja fyrir og hafa verið gefin út á grundvelli laga sem nú eru í gildi?

Ég vil svo taka undir þau varnaðarorð að menn verði að hafa í huga hvaða hættur geti helstar verið fram undan varðandi þessi mál. Það er ekki svo langt að líta til baka til að muna eftir loðsilungsævintýrinu sem Íslendingar lentu í, þar sem bæði loðdýrarækt og fiskeldi misfórst með þeim afleiðingum að hér töpuðust gífurlegir fjármunir. Stjórnvöld lánuðu þá peninga og hvöttu bæði einstaklinga og fyrirtæki til að hefja bæði með fiskeldi og loðdýrarækt. Margir sitja sárir enn í dag eftir það ævintýri. Það má með sanni segja að það hafi komið skýrt fram að menn höfðu ekki skoðað sig nógu vel um áður en lagt var í þann leiðangur. Þess vegna þarf að huga vel að því sem hér er á ferð og ástæða til að skoða það vel.

Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra um annað. Hér liggur fyrir annað frv. um eldi fiska í sjó og þar hefur niðurstaðan greinilega orðið sú að skipta eigi því eldi sem fram fer í sjó á milli tveggja ráðuneyta. Hvort það hefur orðið bardagi eða bræðrabylta hjá þeim, hæstv. sjútvrh. og hæstv. landbrh., veit ég ekki en mér finnst það skondið og sé ástæðu til að spyrja hvort menn hafi ekki verið í dálitlum vafa um hvort heppilegt væri að hæstv. landbrh. hefði yfirumsjón með þessu eldi í einum firðinum en í næsta firði við stjórnaði hæstv. sjútvrh. Kannski ræki sama fyrirtækið eldisstöðvar í tveimur samliggjandi fjörðum. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé ekki óheppilegt og hvort ekki hefði verið eðlilegra að skipa þessu öðruvísi.

Þriðja atriðið sem mig langar að tala um er eignarhaldið á leyfunum eins og talað var um í dag, þ.e. að veita eigi fyrirtækjunum leyfi og þau megi ekki veðsetja leyfin eða framselja þau. Þó liggur fyrir að fyrirtæki sem er hlutafélag og fær slíkt leyfi getur skipt gersamlega um eigendur án þess að það reyni nokkurn tíma á þessi ákvæði. Séu verðmæti fólgin í þessum leyfum, þ.e. telji þeir sem vilja inn í þennan rekstur mikils virði að fá leyfi til að reka svona fyrirtæki, þá munu þeir borga fyrir það. Leyfin sem hafa gengið kaupum og sölum, t.d. í Noregi, hafa verið seld fyrir himinháar fjárhæðir. Hæstv. ráðherra lýsti því áðan að hann teldi tiltölulega fáa firði í landinu koma til greina fyrir slíkt eldi. Þessi réttindi, þessi leyfi, þessi aðstaða sem hið opinbera mundi veita þeim sem fara út í slíkt getur orðið mjög mikils virði.

Ákvæðin sem hér eru sett inn um að ekki megi framselja leyfin munu alls ekki skipta neinu máli hvað varðar hlutafélög. Þau geta skipt máli hvað varðar einstaklinga sem fá slík leyfi en ég get ekki séð að það skipti neinu máli hvað varðar hlutafélög. Ég beini því til hv. nefndar að menn ræði þetta í alvöru, kynni sér hvernig farið hefur verið að í Noregi, kynni verðlagið á þessum leyfum og reyni að átta sig á því hvort ekki eigi að fara aðra leið en hér er lögð til. Ég beini því til hv. nefndarmanna að skoða möguleikann á, þegar ákvörðun hefur verið tekin um að í einhverjum firði eða á einhverju svæði megi hafa slíkt eldi, að þeim sem hafa áhuga á slíku verði gefinn kostur á að leysa það á markaði hverjir fái leyfin um tiltekinn tíma og þar séu hlutirnir á hreinu.

Ég tel vafasamt þó ég skilji alveg hvað menn eru að hugsa með þessum ákvæðum en ég er allt að því sannfærður um að menn muni ekki ná þessum markmiðum, einfaldlega vegna þess hve mikil verðmæti eru í húfi. Þeir sem leggja út í þennan rekstur munu stofna hlutafélög um hann og geta selt þetta hlutafé hvenær sem er. Það verða engar hömlur á slíku.

Þetta voru vangaveltur mínar í þessu máli, hæstv. forseti. Að öðru leyti vil ég fagna þessu frv. Það er ljóst að það er nauðsyn að setja lög um þessi efni. Ég held að þetta frv. sé að mörgu leyti vel unnið, mér hefur a.m.k. sýnst það við yfirlestur á því og tel að það sé ekkert nema gott um frv. í heild að segja. Ég hef hins vegar þessar athugasemdir sem ég hef sett fram og beini þeim til hæstv. ráðherra og síðan til hv. nefndar.

[17:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf sagt að mikilvægt sé að hafa góð gleraugu og gagnrýnin augu. Það er mikilvægt að hafa nöldrið sitt, eins og maðurinn sagði forðum, að menn reyni að rýna í textann og gera betur. Ég er þakklátur fyrir það.

Ég vil segja við hv. þm. að ég hef sem landbrh. leitað leiða og sátta í þessu máli. Ég hef átt marga fundi með þeim sem vilja fara í stórhuga fiskeldi. Ég hef líka átt marga fundi með mönnunum í hinni frjálsu náttúru, eigendum laxveiðijarða o.s.frv. Þannig er alveg klárt að vilji minn, sem ég legg hér fram, er skýr. Þeir gera sér grein fyrir því. Þeir gera sér grein fyrir því að þessa leið beri að varða af miklu öryggi hvað sem líður þeim veiku og gildandi lögum. Við stöndum í rauninni ekki á neinum grunni. Það hefur ekkert verið unnið í þessum málum árum saman. Nú er þetta uppi aftur og þá verðum við að vanda okkur. Það getur vel verið að landbn. verði fljót að afgreiða þetta mál. Hún getur unnið hratt ef hún vill þannig að kannski gerist það á nokkrum vikum. Þetta er viljinn og auðvitað verða leyfin bundin þessu. Ég held að menn séu sáttir við það.

Hvað varðar stærð þá held ég að það hvarfli ekki að neinum, miðað við reynslu annarra þjóða, að fara í 8 þús. tonna eldi, einn, tveir og þrír. Hvort það verða 3 eða 4 þús. skal ég ekkert segja um. Við ætlum að reyna að læra af mistökum annarra og fara aðrar leiðir.

Hvað eignarhaldið varðar þá er það ljóst. Ég útskýrði hér áðan hvað ég ætti við og hef ekki tíma til að svara því aftur. Það er ekki bann við að menn selji fyrirtækin en samt sem áður á þarna að vera öruggt aðhald fyrir þá sem eru að gutla þetta í sjónum.

[17:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði svo sem ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hefði leitað sátta og í þessu kæmi fram ýmislegt sem náðst hefði eftir mikla umræðu. Ég er hins vegar á þeirri skoðun og ég endurtek það að eignarhaldið getur orðið mikils virði. Ég hef svo sem ekki mikið að athuga við að það verði mikils virði. Ég tel hins vegar, það er stefna sem við í Samfylkingunni höfum haft að leiðarljósi við alla umræðu um slíka hluti, að fara þurfi ákveðnar leiðir þegar ríkið úthlutar einhverju sem getur orðið mikils virði. Þá eiga menn að meta það á markaði, ef fleiri vilja, hverjir eigi að hljóta þá náðarmola sem detta af borðum t.d. hæstv. landbrh. í þessu tilfelli.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. ráðherra telur sig hafa það í hendi sinni að ákveða hve mikið umfang verður á þessu eldi núna á hverjum stað. Ég tel, þrátt fyrir að ég bindi vonir við að þessi atvinnuvegur geti hjálpað landsbyggðinni, að það sé til góðs að menn fari ekki hratt af stað. Fiskeldisfyrirtæki upp á 3–4 þús. tonn eru býsna stór þrátt fyrir allt þó að þau fari ekki upp í 8 þús.

[17:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nefndi það áðan að ég hef leitað sátta. Ég er samt ekki að segja að þær hafi endanlega náðst. Það verður sjálfsagt aldrei í stórpólitísku máli þar sem menn hafa sterkar tilfinningar og skoðanir. Ég er ekki að boða að sátt hafi náðst. Ég held að menn virði hins vegar alla þá varúð sem ég hef viljað sýna og kemur fram í þessu frv. og ekki síður vilja þingsins í þessu máli þegar það verður afgreitt. Ég bind auðvitað vonir við að menn geti markað leið sátta í því.

Hv. þm. leiðir sjálfsagt rök að gjaldtöku og auðlindagjaldi ef ég skildi hann rétt. Það er heimild í þessu frv. til slíks. Aðalatriðið og spurningin er auðvitað hvernig þetta heppnast hér. Eigum við möguleika á að taka þátt á heimsmarkaði? Við erum matvælaþjóð, höfum reynslu í fiskveiðum og erum frábær matvælaþjóð, einnig í landbúnaðinum. Spurningin er: Hvernig tekst til? Aðalatriðið er að fá í þetta raunverulega atvinnurekendur sem vilja og geta.

Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að þessi atvinnustarfsemi geti ekki verið hér í mjög mörgum fjörðum, hvorki veðráttunnar vegna né hins sem við verðum að standa vörð um, þ.e. hinnar villtu náttúru. Hún á eins og ég hef sagt að njóta vafans í málinu. Þess vegna verður umgjörðin, eftirlitið og reglurnar sem settar eru um uppbygginguna að vera skýrar. Það verður að fylgja þessu vel eftir.

[17:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra kallaði þetta auðlindagjald sem ég sagði áðan að þyrfti að koma til til þess að hægt væri að velja með sanngjörnum hætti þar sem jafnræði gilti þá sem fengju að hljóta hnossið, þ.e. ef það er mikils virði að fá að nýta sér aðstöðu til þess að ala upp fisk í firði eða einhvers staðar í kringum landið. Menn mega svo sem kalla þetta auðlindagjald. Ég tel hins vegar að það skipti miklu meira máli en hvað kemur út úr slíku gjaldi, þ.e. hversu hátt það verður skiptir miklu minna máli heldur en það að sanngjarnar leikreglur gildi og að stjórnvöld þurfi ekki að handvelja þá sem hljóta hnossið eða molana sem falla af borðum ríkisins.

Ég vil leggja áherslu á að ef það er svo að hægt sé að hafa fiskeldi í tiltölulega mjög fáum fjörðum á Íslandi, þá verða menn að ganga í það að skilgreina það og velja og skoða og síðan verði mönnum gefinn kostur á því að keppa um það á eðlilegum markaði hverjir fái að reka fiskeldisstöðvar á þeim stöðum sem verða fyrir valinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:46]

Útbýting þingskjala:

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn, 444. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 710.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 445. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 711.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 446. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 712.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), 447. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 713.

Forvarnastarf gegn sjálfsvígum, 437. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 700.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna fundahalda, 438. mál, fsp. GHall, þskj. 701.

Lífeyristryggingar örorku- og ellilífeyrisþega, 436. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 699.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, 432. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 695.

Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, 433. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 696.

Sálfræði- og geðlæknisþjónusta við fólk í sjálfsvígshugleiðingum, 434. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 697.

Skipstjórakvóti, 441. mál, fsp. SvH, þskj. 704.

Sveigjanleg starfslok, 435. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 698.

Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, 443. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 708.

Úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu, 440. mál, fsp. KPál, þskj. 703.

Þjóðbúningar, 401. mál, svar samgrh., þskj. 671.

Eldi nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 560.

[17:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Markmið þess frv. sem ég mæli fyrir er eins og fram kemur í 1. gr. þess að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Til þess þarf í fyrsta lagi að tryggja gæði framleiðslunnar og í öðru lagi að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og í þriðja lagi að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Ein mikilvæg breyting í frv. þessu er að lagt er til að mynduð verði fiskeldisnefnd er verði til ráðgjafar og til stefnumótunar í fiskeldi, bæði á landi og í sjó. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi taka einungis til ferskvatnsfiska.

Við stjórnun á auðlindum er mikilvægt að samræma ólíka hagsmuni, t.d. hagsmuni af fiskveiðum, af eldi á vatnafiski og af eldi nytjastofna sjávar. Til að tryggja samræmda stefnumótun og framkvæmd reglna varðandi fiskeldi er mikilvægt að þeir ráðherrar sem að þessum málum koma, þ.e. landbrh. og sjútvrh., hafi aðgang að sambærilegum upplýsingum og njóti sambærilegrar ráðgjafar. Ekki er í gildi löggjöf um eldi nytjastofna sjávar sem sambærileg er þeirri sem gildir um eldi vatnafiska og er brýnt að úr því verði bætt. Fiskeldisnefndinni er m.a. ætlað að vera sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar við þá vinnu sem fram undan er við framangreindar úrbætur. Ákvæðum þessa frumvarps er ætlað að brúa bilið þar til allsherjarendurskoðun hefur farið fram á þessu sviði.

Landbrh. flytur, eins og ég gat um áðan, frv. um breyting á lögum um lax- og silungsveiði. Helstu nýmæli þess frv. er að leitast er við að setja fram skýrari reglur um starfsemi fiskeldis og styrkja og treysta þau ákvæði laganna sem ætlað er að sporna gegn aukinni hættu á fisksjúkdómum og óæskilegri blöndu fiskstofna og öðrum vistfræðilegum vandamálum.

Við samningu þessara frv., þ.e. frv. landbrh. um breyting á lögum um lax- og silungsveiði og frv. þess sem ég mæli hér fyrir um eldi nytjastofna sjávar, hafa landbrn. og sjútvrn. haft náið samráð til að tryggja samræmi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[17:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fæ möguleika á því að ræða þetta mál í sjútvn. og ætla ekki að fara yfir einstakar greinar núna. Við vorum að ræða annað mál á undan sem er af nákvæmlega sama tagi. En mig langar til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ekki hafi komið til umræðu í tengslum við umfjöllun um þetta frv. sem hér liggur fyrir að sú heildarendurskoðun sem hann nefndi áðan gengi þá út á að skoða í alvöru að allt fiskeldi yrði undir einu ráðuneyti, a.m.k. það sem fram fer í sjónum. Mér finnst það dálítið undarlegt varðandi fiskeldi sem færi fram, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, í fjörðum sem liggja hlið við hlið, að annars vegar væri hæstv. sjútvrh. með yfirumsjónina en hæstv. landbrh. í næsta firði jafnvel þó að sama fyrirtækið ræki báðar stöðvarnar. Er þetta ekki tvíverknaður og er ekki ástæða til þess, ef þessi endurskoðun á að fara fram, að menn skoði það í alvöru að koma þessu undir einn hatt?

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. landbrh. sé fastheldinn á það sem hann hefur komið krumlunum yfir. En það mun þá reyna á hæstv. sjútvrh., þ.e. hvort honum muni ekki takast að ná til sín þeim verkefnum sem þarna eru. Ég tel þetta skipta máli vegna þess heildareftirlits sem þarf að fara fram. Ég geri ráð fyrir því að hvort sem er verði reynt að samræma það og samnýta starfskrafta hvað þetta allt saman varðar og þá aðila sem um þetta fjalla. En mér finnst einhvern veginn einmitt núna þegar menn eru farnir að ræða um þetta eldi í stórum stíl og binda við það miklar vonir, að þá hefði verið ástæða til þess að skoða vandlega hvernig framtíðin eigi að vera þannig að það verði þá eitthvert samræmi. Það skiptir örugglega máli líka út frá því hvaða stöðvar er hægt að staðsetja. Það geta orðið árekstrar á milli þeirra sem vilja reka fiskeldi sem heyrir undir sjútvrh. og annarra sem vilja reka fiskeldi sem muni þá heyra undir landbrn.

Að öðru leyti vil ég fagna því að hér er þó lagt af stað og tel mikla ástæðu til þess að mennýti undir og reyni með öllum ráðum að sjá til þess að eldi sjávardýra hefjist hér þannig að við sitjum ekki þar langt á eftir. Ég tel að það geti komið að því fyrr en seinna að þetta hafi veruleg áhrif á fiskveiðar okkar og markaði okkar erlendis því að menn allt í kringum okkur eru með mjög miklar fyrirætlanir um fiskeldi og jafnvel eldi á þorski á næstu árum og það getur haft veruleg áhrif á rekstur sjávarútvegsins hér. Ég tel að full ástæða sé til þess að ganga hart fram í því að öll skilyrði séu til staðar og aðilar eigi þá möguleika á því að komast í þennan rekstur og að það verði ekki tafið vegna þess að stjórnvöld hafa ekki staðið sig í þeim undirbúningi sem þarf að verða.

Þessu vildi ég koma til skila og fyrst og fremst spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki yrði farið yfir þetta í heild í þeirri endurskoðun sem hann nefndi áðan að væri fram undan. Það er áreiðanlegt að það getur skipt verulegu máli upp á framtíðina og maður talar nú ekki um ef menn fara að takast á um aðstöðuna í kringum landið til þess að ala fisk.

[17:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins örfá orð af minni hálfu. Ég get í aðalatriðum tekið undir ræðu síðasta ræðumanns. Ég er í þeim hópi sem hefur bundið miklar vonir við það að í eldi

sjávarfiska kynnu að vera fólgnir miklir möguleikar fyrir okkar Íslendinga og að þar gætum við orðið í fararbroddi í stað þess að verða aftaníossar annarra, ef svo má að orði komast, sem líklegast er nú orðin staðreynd hvað laxeldi varðar. Við erum þar langt á eftir þeim þjóðum sem mest hafa sótt fram í þeim efnum og njótum auðvitað þá að einhverju leyti góðs af því brautryðjendastarfi sem þar hefur verið unnið. En við erum líka þeim skrefum aftar á ferðinni í markaðsaðgangi og öðru slíku sem til þarf.

Möguleikar okkar hins vegar til eldis sjávarfiska ættu að geta verið góðir og a.m.k. í einu tilviki, þar sem lúðueldi á í hlut hafa Íslendingar þegar náð miklum árangri akkúrat þar sem flöskuhálsinn í því eldi hefur verið, þ.e. í seiðaframleiðslunni.

Ég ætla ekki að eyða tíma hér, nenni því ekki einu sinni, í að ræða um landamæri milli landbrn. og sjútvrn. og skipulagið á þessu. Það er hálfvandræðalegt allt og við þekkjum það. En það er eins og það er og kannski er best að vera ekki að eyða kröftunum í landamæradeilur af því tagi heldur stuðla fremur að því að lögin séu eftir föngum samræmd og það sé ekki meiri skörun eða tvíverknaður í gangi en ástæða er til. Út af fyrir sig má svo sem nota þessa líffræðilegu skilgreiningu sem byggt hefur verið á.

Það sem ég ætla að segja um þetta frv. er, herra forseti, og ég neyðist því miður til að segja það að þegar ég fór að skoða það betur varð ég þeim mun óánægðari með þessa smíð og ég tel að eiginlega sé ekkert annað að gera en að endursemja meira og minna þetta frv. Það er svo illa orðað, herra forseti. Það er alveg ómögulegt að afgreiða þetta svona. Það verður einhvern veginn að reyna að tryggja að frumvarpstextar séu á sæmilegu mannamáli, með boðlega framsetningu, og að hugsunin sem þar á að vera til staðar sé skiljanleg. Ég verð bara að segja í fullri hreinskilni við hæstv. ráðherra sem ber þetta fram að þetta er ekki nógu gott.

Hvað þýðir t.d. þessi fyrsta setning á mannamáli: „Markmið þessara laga er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna ...“? Hvað er ábyrgt eldi nytjastofna? Að hverju snýr ábyrgðin? „Stuðla að“ hefur aldrei þótt sérstaklega góður lagatexti. Þetta eru svona viljayfirlýsingar. Það er mikið af þeim þarna, „stuðla að“, „leitast við“. Þarna hefðu menn a.m.k. í markmiðsgrein átt að reyna að setja fram megininntak þessara laga skýrar og afdráttarlausar auk þess sem ég tel að það eigi að koma fram þegar ný löggjöf er sett að þessu leyti að málið heyri undir sjútvrh. En það þarf eiginlega að finna það út með því að lesa sig aftur í 3. gr. Bæði landbrh. og sjútvrh. koma fyrir í lagatextanum því að í 4. gr. er fjallað um fiskeldisnefnd sem landbrh. skipar þannig að ef menn eru ekki þeim mun betur að sér í þessum efnum og hafa misst af því að heyra hæstv. sjútvrh. mæla fyrir málinu þá gætu þeir lent í vandræðum með að átta sig á undir hvern þetta mál heyrir. Það er ágætisvenja að í löggjöf sé tekið fram í 1. gr. undir hvern málið heyrir.

Í öðru lagi þetta með ábyrgt eðli nytjastofna og þetta að „stuðla að“ o.s.frv. Þarna hefði ég viljað sjá menn umorða hlutina. Það er þó betra að segja að markmið þessara laga sé að tryggja eftir því sem kostur er, eða eitthvað í þeim dúr. Og ábyrgt eldi nytjastofna á væntanlega að merkja að staðið sé að eldi nytjastofna með ábyrgum hætti. „... tryggja verndun villtra nytjastofna.“ Gott og vel. Það er reyndar svo, herra forseti, að hér eru ákveðin vandræði á ferðinni í hugtakanotkun og það er heldur klúðurslegt að sjá setningu eins og neðst í 2. gr.:

„Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna“ — að vísu er svo bætt við: „samkvæmt þessum lögum.“

En það er hálfvandræðalegt að þurfa að orða þetta svona. Var engin leið að finna þarna betri afmörkun og tala þá bara um sjávarfiska?

Eitt atriði enn, herra forseti, sem ég kann ekki við stendur í þriðju línu í 1. gr:

„Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum“ — til hvers þessi upptalning? — „og lífríki þeirra ...“

Bíðum nú við, lífríki villtra nytjastofna, lifa þeir í sjálfstæðu lífríki? Er ekki bara verið að tala hér um að við ætlum að reyna að koma í veg fyrir umhverfisslys, að við ætlum að koma í veg fyrir skaða í vistkerfinu, í lífríkinu. Ég átta mig ekki á því að hægt sé að tala um sjálfstætt eða sérstakt lífríki nytjastofna sjávar eins og það sé eitthvað einangrað frá öðru í lífríkinu.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta nöldur, herra forseti, sem einhver kann að kalla svo. En þegar ég var búinn að lesa þetta nokkrum sinnum og reyna að átta mig á bæði merkingu og orðanotkun þarna var mér nóg boðið og ég ákvað að gera athugasemd. Ég tel að þarna hefðu menn þurft að vanda betur frumvarpssmíð. Að sjálfsögðu er þingnefnd ætlað að fara yfir þessa hluti og vonandi betrumbætir hún þetta og er til þess bær og til þess fær. Ég efa það ekki. En það er dálítið til umræðu þessa dagana að lagasetning sé ekki nægilega vönduð og oft óskýr og þá skiptir auðvitað máli að vandað sé til alls ferlisins allt frá því að frumvarpsdrög eru samin og þangað til umfjöllun um þau lýkur og þau verða að lögum. Ég tel að við þingmenn eigum að taka skeytasendingar utan að alvarlega um að stundum sé misbrestur á því að hér sé nægjanlega vel að verki staðið og eitt af því sem á að vanda er málfar þó að það hafi kannski ekki endilega mikil réttarfarsleg áhrif eða breyti í miklum mæli inntaki laganna eða merkingu. Málfar og framsetning eru hlutir sem á líka að hyggja að.

[18:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka ágætar undirtektir hv. þingmanna. Varðandi stöðu fiskeldisins í stjórnkerfinu er það út af fyrir sig rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er ekki um að ræða óumdeilda stöðu ef svo má að orði komast. Um það hefur mikil umræða spunnist á síðustu tveimur áratugum. Ég held hins vegar ekki að sú staða hafi beinlínis staðið greininni fyrir þrifum. Að vissu leyti eru þar eðlileg mörk látin ráða, annars vegar vatnafiskar og hins vegar nytjastofnar sjávar og því ráða þar auðvitað ferðinni tengsl landbúnaðarins og landeigenda við laxveiðiárnar og fiskeldi sem hófst í kringum þær með klaki á seiðum til sleppinga í ár og vötn sem síðan varð að sjókvíaeldi og hafbeit. Ég held varðandi þær umræður og deilur sem verið hafa um hættu á erfðamengun í laxveiðiám að það hefði jafnvel getað orðið enn erfiðra og viðkvæmara mál ef eldi laxfiska hefði verið skipt á milli tveggja ráðuneyta eins og er í Noregi, þ.e. þar sem sleppingar í ár og vötn væru hjá landbrn. eða umhvrn. en eldi í sjó væri hjá sjútvrn. Ég held að það þurfi ekki að standa okkur neitt fyrir þrifum og sameiginleg aðkoma ráðherranna tveggja í fiskeldisnefndinni er einmitt hugsuð til að koma í veg fyrir að vandamál eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson minntist á í sinni ræðu verði eldinu til trafala þannig að ekki sé hægt að leysa úr slíkum vandamálum fljótt og vel. Ég hef því ekki áhyggjur af þessu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór fögrum orðum um möguleika til eldis sjávarlífvera. Þeir eru vissulega fyrir hendi hjá okkur þó að ég vilji vara við ofurbjartsýni í því. Við verðum að fara varlega í þessum efnum og undirbúa vel þá hluti sem við gerum þar. Við höfum forskot í eldi vissra tegunda, bæði lúðu og sæeyra. Við þurfum að fara varlega með það og nýta okkur það vel til að byggja á í framtíðinni. En ofurbjartsýni í einhverja átt getur valdið okkur erfiðleikum.

Varðandi nöldrið sem hv. þm. nefndi svo sjálfur, þá veit ég að það er vel meint og því er ekki illa tekið og sjálfsagt er að hv. sjútvn. fari yfir það. Svona til þess að útskýra a.m.k. eitt af því, þ.e. ábyrgt eldi nytjastofna, þá er hér um svipaða eða nánast sömu orðanotkun og farið er að nota í sjávarútvegi þegar talað er um ábyrgðar fiskveiðar. Það má segja að ábyrgar fiskveiðar í alþjóðlegri umræðu séu að vissu leyti að taka við eða séu ákveðið framhald af sjálfbærum veiðum. Ráðstefnan sem við Íslendingar munum standa að ásamt FAO næsta haust er einmitt undir kjörorði ábyrgra fiskveiða. Í því ljósi held ég að þetta eigi að skiljast fullkomlega.

Varðandi önnur atriði vonast ég til þess að þau verði skoðuð í nefnd og telji menn að bæta megi úr er auðvitað sjálfsagt að svo verði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

69. FUNDUR

miðvikudaginn 14. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 297. mál, þskj. 334. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 361. mál, þskj. 560. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 2000, 418. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 678.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 431. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 694.

Íslenskir búningar, 403. mál, svar samgrh., þskj. 715.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 297. mál (gjöld og veiðitími). — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GE, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KPál, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (DSigf) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁJ, BBj, BH, DO, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JóhS, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MF, SP, SJS, SvH, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Dýrasjúkdómar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 291. mál (sjúkdómaskrá o.fl.). — Þskj. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl). — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hef mikinn hug á því að umhverfisþáttur málsins sem hér um ræðir verði sendur til skoðunar í umhvn. Ég set mig sannarlega ekki á móti því að landbn. fjalli um málið enda heyrir það undir hana eðli málsins samkvæmt. Ég legg það til að umhvn. fái umhverfisþátt málsins sérstaklega til skoðunar.

(**Forseti** (ÁJ): Forseti vill taka það fram að hann mun koma því á framfæri við landbn. að frv. verði sent til umsagnar í umhvn.)

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

70. FUNDUR

miðvikudaginn 14. febr.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Vegagerðin, fsp. GunnB, 363. mál, þskj. 566.
2. Sjúkraflug, fsp. KLM, 405. mál, þskj. 659.

Til félagsmálaráðherra:

3. Tjón af völdum óskilagripa, fsp. SJS, 387. mál, þskj. 637.
4. Undanþágur frá fasteignaskatti, fsp. EKG, 409. mál, þskj. 664.

Til sjávarútvegsráðherra:

5. Hvalveiðar, fsp. SvanJ og JÁ, 397. mál, þskj. 647.

Til iðnaðarráðherra:

6. Endurgerð brúar yfir Ströngukvísl, fsp. JB, 398. mál, þskj. 649.
7. Staða sjávarbyggða, fsp. SJS, 404. mál, þskj. 656.

Til landbúnaðarráðherra:

8. Reglur Evrópusambandsins um viðskipti með dýraafurðir, fsp. JB og ÞBack, 400. mál, þskj. 652.

Til menntamálaráðherra:

9. Framhaldsskólanám í Stykkishólmi, fsp. JB, 406. mál, þskj. 661.

Til fjármálaráðherra:

10. Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna, fsp. ÁSJ, 395. mál, þskj. 645.

Vegagerðin.

Fsp. GunnB, 363. mál. — Þskj. 566.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég er með nokkrar spurningar til hæstv. samgrh. varðandi Vegagerð ríkisins.

„1. Hve margir starfa nú hjá Vegagerðinni og hve margir störfuðu þar árin 1990 og 1995?"

Með auknum útboðum í vegagerð spyr maður hvort starfsmönnum hafi fækkað eða fjölgað. Við skulum sjá hvernig það kemur út með svari ráðherrans.

„2. Hvenær stendur til að öll slitlagsgerð sem framkvæmd er af Vegagerðinni verði boðin út?"

Vegagerðin er með einn slitlagsflokk, þ.e. vinnuflokk, sem leggur klæðningar, og spurning hvenær það verður boðið út eða hvort hagkvæmara er að hafa ríkisrekna starfsemi.

„3. Hvernig hefur einingaverð í kostnaðaráætlunum Vegagerðarinnar breyst frá 1. ágúst 1999 til 1. desember 2000 með tilliti til þess að miklar hækkanir hafa orðið á olíuverði, þungaskatti, tryggingaiðgjöldum, varahlutaverði o.fl.?"

Og velta má upp fleiri spurningum: Er launaskrið upp á 20–30% og viðgerðaþjónusta upp á 20–30%? Olían hefur hækkað um 70–100% á þessu tímabili, þungskatturinn um 25%, tryggingaiðgjöld um 33% og varahlutaverð um 10–20%. Gaman verður að sjá hvernig kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar hefur breyst prósentvís á þessu tímbili en eins og þær eru gerðar, að mér skilst, er tekið hæsta og lægsta tilboð og síðan er reiknað meðatal. Ég spyr ráðherra hvort þetta sé rétt aðferð og þá á þetta að heita markaðspróf og á að heita réttu nafni. Kostnaðaráætlun þýðir að það kosti ákveðið, með vél og mannskap að vinna ákveðinn hlut. En þessar áætlanir eru ekki alveg réttar. Það er nú þannig að margir verktakar hafa reynt að núllstilla sig inn á tölur Vegagerðarinnar, þ.e. kostnaðaráætlanir, og verðið hefur þá kannski fylgt svolítið straumnum í því máli. Slík áætlun er því mjög leiðandi í verði eins og hún er gerð. Ég ætla bara að spyrja hvort það sé rétt að þetta sé gert þannig. Að lokum:

„4. Hve margir yfirmenn Vegagerðarinnar eru:

a. verkfræðingar,

b. tæknifræðingar,

c. viðskiptafræðingar?"

Þá á fyrirspyrjandi einungis við umdæmisstjóra og sviðsstjóra innan Vegagerðarinnar. Sá kvittur hefur verið, og vonandi hreinsar ráðherra Vegagerðina af honum, að einungis verkfræðingar nái frama innan þeirrar stofnunar.

[13:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær fyrirspurnir sem hér liggja fyrir og mun ég svara þeim. Fyrsta spurningin er: „Hve margir starfa nú hjá Vegagerðinni og hve margir störfuðu þar árin 1990 og 1995?" Hjá Vegagerðinni starfa nú 338 starfsmenn í 331 stöðugildi. Þann 1. janúar voru starfsmenn Vegagerðarinnar 345 í 338 stöðugildum og 341 í 336 stöðugildum 1. janúar 1995.

Á 9. áratugnum fækkaði starfsmönnum Vegagerðarinnar verulega eða úr tæplega 500 starfsmönnum í um það bil 350 og hefur sú tala að mestu haldist óbreytt síðan. Fækkunin stafaði fyrst og fremst af aukningu á útboðum. Gera má ráð fyrir að starfsmannafjöldi Vegagerðarinnar verði svipaður á næstu árum ef forsendur verða óbreyttar í starfsemi stofnunarinnar.

Í öðru lagi er spurt: „Hvenær stendur til að öll slitlagsgerð sem framkvæmd er af Vegagerðinni verði boðin út?" Því er til að svara að bundið slitlag á þjóðvegum er af tvennum toga. Það er malbik á fjölförnustu vegunum og klæðning á öðrum vegum. Malbik hefur verið boðið út að fullu um mjög langt árabil.

Þegar hafist var handa um að leggja klæðningu hér á landi í lok 8. áratugarins vegna þess hversu ódýrt það var samanborið við aðrar gerðir bundins slitlags annaðist Vegagerðin lögn hennar með eigin starfsmönnum. Ýmis rök hnigu að því að hafa þennan hátt á, ekki síst að innleiðsla nýrra aðferða og nýrrar tækni er mun auðveldari og fljótvirkari en ef semja þarf við verktaka um verk sem hvorki verkkaupinn né verktakinn hafa reynslu af. Fyrstu árin lagði Vegagerðin þannig alla klæðningu og hafði um tíma tvo vinnuflokka í þeim verkefnum. Fljótlega fóru verktakar að sýna verkefninu áhuga og lagði þá Vegagerðin annan flokkinn niður. Hefur svo verið um alllangt skeið að Vegagerðin hefur rekið einn

vinnuflokk með heimastöð á Akureyri sem fæst einkum við viðhaldsverkefni en sinnir nýlögnum í litlum mæli. Nokkrir verktakar eru í slíkum verkefnum og þegar boðið er út hreint klæðningarverkefni má að jafnaði gera ráð fyrir fjórum tilboðum miðað við reynslu undanfarið. Sömu verktakar leggja klæðningu fyrir aðra jarðvinnuverktaka sem undirverktakar.

Árið 2000 má áætla að vinnuflokkur Vegagerðarinnar hafi verið með um $^1/_5$ af heildarlögn klæðninga sem eru um eða rúmir milljón fermetrar samkvæmt upplýsingum sem Vegagerðin hefur gefið ráðuneytinu.

Vinnuflokkur Vegagerðarinnar er rekinn sem sjálfstæð eining og eru gerðir samningar, byggðir á einingaverðum, við hann um öll verkefni hans. Þau einingaverð eru sambærileg við verð hjá verktökum. Litið hefur verið á flokkinn sem öryggisventil gegn fákeppni eins og Vegagerðin orðar það í greinargerð til ráðuneytisins en sú hætta er gjarnan fyrir hendi á svo litlum markaði eins og hér um ræðir.

Þá hefur flokkurinn sinnt verkefnum sem liggja lengst frá markaðnum og minnst eftirsókn er í af hálfu verktaka. Loks má nefna að rekstur vinnuflokksins hefur verið liður í því að Vegagerðin ráði yfir haldgóðri þekkingu á þessu sviði að mati forsvarsmanna Vegagerðarinnar. Nýjungar og breytingar á aðferðum eru að jafnaði reyndar í vinnuflokknum en í þessum efnum eins og öðru þarf þróun að vera í gangi.

Þess ber hins vegar að geta að þetta verkefni hlýtur að fara vaxandi eftir því sem bundið slitlag lengist í vegakerfinu. Af þeirri ástæðu má gera ráð fyrir að í þeim efnum sem öðrum fylgi þessi starfsemi þeirri þróun að Vegagerðin bjóði þetta allt út og er þess að vænta að svo verði.

Í þriðja lagi er spurt hvernig einingaverð í kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar hafi breyst á tilteknum tíma. Á umræddu tímabili hefur vísitala Vegagerðarinnar hækkað um 6,5% og ætti þá einingaverð að hækka samsvarandi. Hér er um meðaltalshækkun að ræða og er rétt að geta þess að vísitalan er ekki alltaf góður mælikvarði þegar einstakir þættir hennar hækka mjög mikið en aðrir standa í stað eða því sem næst. Auk þess eru einingaverð endurskoðuð með reglubundnu millibili með hliðsjón af tilboðsverðum verktaka í útboðsverkum. Áhrif tilboðsverðanna á einingaverð eru breytileg eftir verkþáttum en líklegt má telja að heildaráhrif þeirra á tímabilinu séu heldur meiri en vísitalan segir til um og hefur verið reynt að koma til móts við verktaka vegna þess.

Ég mun svara síðasta lið fyrirspurnarinnar í seinni ræðutíma mínum.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil nefna tvennt í þessu sambandi. Það fyrra er af því að hér ræðir um starfsmenn eða starfsmannafjölda hjá Vegagerðinni, þá held ég að ekki sé á neinn hallað þó sagt sé að Vegagerðin hafi verið í nokkrum fararbroddi hvað það varðar að byggja upp starfsemi sína með þeim hætti að eins mikið af verkefnum væri unnið á landsbyggðinni og kostur er og þróunin hefur heldur verið í þá átt að störfum þar hefur hlutfallslega verið að fjölga og það finnst mér vera til fyrirmyndar. Mættu ýmsir taka sér það til eftirbreytni.

Það síðara er að ég er ósammála því sem kemur fram í fyrirspurninni í 2. lið að það eigi að vera markmið í sjálfu sér að Vegagerðin þurfi endilega að bjóða alla slitlagagerð eða lagningu bundinna slitlaga út. Ég held að það fyrirkomulag sem við lýði hefur verið að a.m.k. einn öflugur flokkur hefur verið hjá Vegagerðinni sjálfri hafi gefist vel. Gegnum það hefur Vegagerðin haft aðgang að upplýsingum til samanburðar. Hún hefur sjálf haft nokkurt svigrúm til að leysa tilfallandi verkefni, minni verkefni, tvöföldun kafla o.s.frv. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að amast við því fyrirkomulagi að sjálfstæð eining innan Vegagerðarinnar sem gerð er upp sem sjálfstæð rekstrareining sé þarna til staðar um einhvern lítinn hluta af verkefnunum.

[13:47]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að beina örlitlu máli til hæstv. samgrh. því að á hinu háa Alþingi var samþykkt þáltill. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Hana flutti undirritaður ásamt fleirum. Sannað hefur verið að á fjölförnum leiðum er steinsteypa hagkvæmari og mengar þar að auki miklu minna en malbik eða olía. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur hann einhver áform um að hvetja til aukinnar notkunar á steinsteypu við vegagerð, sem þar að auki ætti að vera þjóðhagslega hagkvæmt þar sem algerlega getur verið um íslenskt efni að ræða?

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög áhugaverð fyrirspurn og áhugavert að hún skuli hafa komið fram. Mér kemur ekki á óvart að starfsmönnum Vegagerðar hafi fækkað frá því fyrir um áratug en það er e.t.v. umhugsunarefni að síðan hefur sá starfsmannafjöldi eða stöðugildafjöldi haldist nokkurn veginn sem festist þá í sessi.

Það sem vekur mig til umhugsunar er 2. spurning, þ.e. um klæðningu eða aðra slitlagsgerð. Mig langar til að fá upplýsingar um það í umræðunni hve margir það eru hérlendis sem leggja klæðningu og hve margir sem leggja malbik með tilliti til þess hversu hagstætt það er að bjóða út.

Að öðru leyti kom það mér líka á óvart að heyra hjá fyrirspyrjanda að búin séu til einingaverð í kostnaðaráætlunum. Þegar ég var bæjarfulltrúi var útgangspunkturinn sá að leggja mat á hvað það mundi kosta að vinna verkið sjálfur og leita síðan útboða.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og í máli hæstv. ráðherra kom fram að eiginlega þyrftu að vera vinnuflokkar í hverri starfsgrein til að geta kontróllerað verð. Það er ekki pólitík sem gengur upp í mínum huga og gengur ekki. Hér þyrfti t.d. að auka útboð í brúargerð og annað en Vegagerðin er nú að gera það. Það hefur vafist fyrir mörgum allur sá kostnaður sem verður af þeim flokkum hjá Vegagerðinni.

Rétt til upplýsinga, þar sem spurt var um klæðningu, þá eru það fjögur fyrirtæki sem eru í klæðningu og fjögur til fimm fyrirtæki sem geta lagt malbik. Einnig má taka fram að Vegagerðin sjálf er með viðgerðaflokka í klæðningum sem væri leikandi hægt að bjóða út.

Það er annað varðandi kostnaðaráætlanirnar. Þær hafa einungis breyst um 6,5% frá ágúst 1999 til desember 2000. Á sama tíma hefur kostnaður við verkin aukist um 20–30%. Þá spyr maður hvernig Vegagerðin hafi hugsað sér að vinna slík verk eða hvernig þeir mundu svara fyrir það. Mundu þeir lækka verðið á mönnunum — þeir gætu það nú ekki — eða tækjunum sínum eða öðru slíku? Ég held að þessi hækkun sé algerlega óraunhæf.

Að lokum þakka ég enn og aftur hæstv. ráðherra fyrir svör hans.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrirspurn hv. þm. kom fram sú spurning hve margir yfirmenn Vegagerðarinnar væru verkfræðingar, tæknifræðingar og viðskiptafræðingar. Því er til að svara að í yfirstjórn sem skipar fimm menn eru þrír verkfræðingar, einn lögfræðingur og einn náttúrufræðingur.

Samsetning forstöðumanna deilda og umdæma er þannig að þar eru 12 verkfræðingar, tveir tæknifræðingar, tveir viðskiptafræðingar, einn lögfræðingur og einn tölvunarfræðingur eða samtals 18 starfsmenn.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að meiri hækkanir hafa orðið á einstökum liðum en sem nemur þessari hækkun á vísitölu en þarna er að sjálfsögðu um að ræða útboð sem byggja á ákveðnum forsendum og ákveðnum verðviðmiðunum. Þess vegna er þetta bundið og erfitt við að eiga. Samt sem áður hefur verið komið til móts við verktaka vegna þessarar sérstöku hækkunar að sjálfsögðu hvað varðar þungaskattinn sem er stjórnvaldsákvörðun og er í fyllsta máta eðlilegt að taka tillit til og að hinu leytinu olíuverðsbreytingar.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði um steypuna. Það er að sjálfsögðu vilji til þess að nota steypu en því miður hefur það ekki reynst vera eins hagkvæmt og vonir manna stóðu til. (**SJS:** Það kemur steypa frá Akranesi.) Hún er íslensk, steypan, en kannski breytist tæknin og möguleikarnir skapast á að nýta steypuna meira en gert er.

Ekki er óeðlilegt að stöðugildi eða starfsmannafjöldi Vegagerðarinnar hafi haldist í þessu horfi en hafi ekki fækkað meira vegna þess að á vegum Vegagerðarinnar hefur þjónustan aukist svo mjög mikið eins og hv. þm. þekkja og fjárveitingar til Vegagerðarinnar hafa aukist.

Sjúkraflug.

Fsp. KLM, 405. mál. — Þskj. 659.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til samgrh. er um framkvæmd á sjúkraflugi, sérstaklega á landsbyggðinni, og hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra tryggja að ávallt sé einhver á bakvakt vegna sjúkraflugs á þeim flugvöllum sem ekki eru með sólarhringsvakt? Ef svo er, hvenær er úrlausnar ráðherra þá að vænta?"

Herra forseti. Ástæðan fyrir fyrirspurn minni er sú að verklagsreglur sem hafa verið gefnar út til starfsmanna flugvalla á mörgum stöðum úti á landi eru þannig að flugvallarverðir eða staðgenglar þeirra eru fyrstir í pýramídanum hvað það varðar þegar læknir metur svo að hann þurfi að fá sjúkraflug, og þessir starfsmenn Flugmálastjórnar eru ekki á bakvakt. Ef við tökum sem dæmi Aðaldalsflugvöll eða Húsavík, þar er ekki orðinn eftir nema einn starfsmaður, þeim hefur fækkað um tvo hjá Flugmálastjórn. Sá starfsmaður er með vinnutíma frá 8–5 á virkum dögum og engan fastan vinnutíma um helgar og þar er enginn á bakvakt. Ef þessi maður er ekki í héraðinu, þá er sá pýramídi sem hefur verið byggður upp eða það skipulag um sjúkraflug fallið, ef ekki næst í þennan starfsmann.

Við getum tekið dæmi um hvernig þetta virkar á Aðaldalsflugvelli. Ef heilsugæslulæknir eða aðili frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hringir á flugvöllinn, þá hljóðar þetta á þessa leið: Hringt er í 464 1253 og eins og það var morgun, þá hringdi lengi, og ef farsíminn er ekki innan þjónustusvæðis (**EKG:** Hver svarar þá?) þá kemur: Veljið talnaboð, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson. Síðan er númerið hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga stimplað inn og þá kemur svarið: Boðin verða send. Þá er það undir hælinn lagt hvenær viðkomandi starfsmaður fær þau skilaboð eða hann gæti þess vegna verið suður í Reykjavík vegna þess að hann er ekki á bakvakt ef þetta væri um helgi. Upp á þetta skipulag er íbúum landsbyggðarinnar á fjölmörgum stöðum boðið upp á og maður gæti spurt, hvort hér sé ekki verið að búa til eitthvert kerfi þannig að íbúar landsbyggðarinnar fái það á tilfinninguna að þeir séu í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum með skilaboðum frá hæstv. ríkisstjórn og stjórnvöldum í Reykjavík einhvers konar annars flokks þegnar landsins. Ég spyr þess vegna samgrh. þeirrar spurningar sem ég las upp í byrjun: Hvernig á að bregðast við þessu máli og hvað verður gert til þess að íbúar landsbyggðarinnar muni búa við sama öryggi og sömu heilsugæslu og íbúar höfuðborgarsvæðisins sem geta farið hvenær sem er sólarhringsins til læknis?

[13:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hafa orðið mjög miklar breytingar á þjónustu á flugvöllum landsins vegna þess að sums staðar er ekki lengur um að ræða áætlunarflug og umferð hefur dregist saman á tilteknum flugvöllum og starfsemin þar af leiðandi hvað varðar þjónustu á hinum sömu völlum, en á öðrum flugvöllum landsins hefur umferðin hins vegar aukist og þjónustan verið aukin.

Aðalatriði þessa máls er hins vegar það að fyrir stuttu var gerður samningur, hinn fyrsti, um sjúkraflug, reyndar áætlunarflug, sem heyrir ekki undir mitt ráðuneyti. Það var einn útboðspakki og það er í fyrsta sinni sem sjúkraflutningsmálunum er komið í mjög fast og ég vil vona farsælt far og traust. Hins vegar er á það að líta að þjónusta á flugvöllunum er að sjálfsögðu eitt af þeim lykilatriðum sem þarf að vera í lagi. Þess vegna er í framhaldi af því að verklagsreglur voru settar, eins og hv. þm. vitnaði til, um þjónustu á þessum völlum, verið að endurskipuleggja starfsemina á flugvöllunum með tilliti til vaktstöðu og annarra hluta. Vandinn er hins vegar sá að hin almenna umferð er mjög lítil langvíðast.

Sjúkraflutningar eru annars vegar með venjulegum flugvélum, sem þurfa að nýta sér flugvellina, og þarf þá að sjálfsögðu að vera tryggt að þeir séu opnir og hins vegar er sjúkraflutningum sinnt með þyrlum sem kalla ekki á sömu aðstöðu á flugvöllunum eins og hv. þm. þekkja. Í því ljósi, vegna hinna miklu breytinga á flugvöllunum, í framhaldi af þessum settu verklagsreglum um þjónustu á flugvöllunum og vegna þessa samnings um sjúkraflutningana er núna í undirbúningi að gera verulegar breytingar, endurskipulagningu á flugvöllunum um allt land með það í huga að reyna að tryggja og treysta þessa mikilvægu þjónustu. Við erum þar m.a. að huga að samstarfi við heimamenn þannig að sú þjónusta og fjármunirnir nýtist sem best. Í burðarliðnum er m.a. samningur um þjónustuver á Snæfellsnesi þar sem þjónustuver Vegagerðar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar mun sjá um rekstur flugvallanna á Snæfellsnesi. Annar samningur er í burðarliðnum í Neskaupstað við Fjarðarbyggð þar sem

gert er ráð fyrir að heimamenn sinni þessari þjónustu. Það er vilji minn að ganga til samninga við heimamenn um að þeir sinni þjónustunni þannig að flugvellirnir megi nýtast sem allra best.

En ég vil undirstrika að með útboði á sjúkrafluginu og að sjálfsögðu með þyrluþjónustunni er sjúkraflutningum á Íslandi mjög vel fyrir komið í dag.

[14:02]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Rétt er að byrja á því að fagna því að hæstv. samgrh. hefur hug á að ganga til samninga við heimamenn til þess að tryggja þá þjónustu sem hér á skortir. Hins vegar blasir það við eftir svör hæstv. ráðherra að því miður virðist þessi hlekkur hafa gleymst sem er svo mikilvægur til að sjúkraflug sé raunverulega tryggt til ýmissa staða.

Ljóst er að þjónusta þyrlu verður ekki í sama mæli jafngóð á t.d. norðausturhorni landsins þar sem við eigum eingöngu eina þyrlu á suðvesturhorninu. Þess vegna er mjög alvarlegt þegar gengið var þó til þeirra samninga sem gerðir voru um sjúkraflugið að þessi hlekkur skuli hafa gleymst. Það er því miður ekki gott að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa gefið um það yfirlýsingu að gengið verði í að leysa bakvaktarvandann, a.m.k. til bráðabirgða, þar til gengið verður til samninga við heimamenn um lausn vandans til framtíðar.

[14:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ekki er björgulegt ef þeir sem eiga að sjá til þess að hægt sé að fljúga af völlunum eru ekki á bakvöktum þegar sjúkraflug þarf að fá forgang. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara skýrt. Það var verið að spyrja tveggja einfaldra spurninga, þ.e. hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því að bakvakt yrði tryggð og hvenær. Mér fannst að óljós svör kæmu við báðum þessum spurningum.

Það liggur fyrir að hjá heilbrigðiseftirlitinu könnuðust menn ekki við þessar reglur og vísuðu á samgrn. Þar á bæ vissu menn um þennan ágalla en engin svör voru um það hvenær yrði úr bætt eða hvort það yrði úr þessu bætt. Hæstv. ráðherra hefur góð orð en mér finnst að í seinni ræðu sinni ætti hann kannski að reyna að koma mönnum í betri skilning um hvort það eigi að taka á þessu máli strax þannig að ekki hljótist af þessu slys og vandræði og hvenær bráðabirgðaúrræði verði til staðar í málinu.

[14:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Getur það réttlætt lakari þjónustu við fólk hvað varðar sjúkraflug að áætlunarflug minnki eða hætti? Störfum hefur greinilega verið að fækka við þessa þjónustu úti á landi og afleiðingin er augljós. Hún er óöryggi, hún er það ástand sem hv. þm. Kristján L. Möller lýsti áðan og ekki er auðvelt að sjá hvernig á að mæta þörfum fólks þegar þannig er farið í málin.

Í frétt Dagblaðsins segir og það er starfsmaður samgrn. sem talar, með leyfi forseta:

„Ætlunin er að fara í það á þessu missiri að reyna að finna eitthvert það kerfi sem getur komið til móts við þarfir sjúkraflugsins."

Herra forseti. Þetta getur tæpast talist farsælt og traust en það voru þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla áðan um sjúkraflug og samninga um það.

[14:06]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með svör hæstv. ráðherra. Nú hafa verið gerðir samningar um sjúkraflug á landinu og verið er að endurskipuleggja þessa hluti og það kom líka fram hjá honum að verið er að semja við heimamenn um þessi störf.

Ég vil bara geta þess og minna á hve Reykjavíkurflugvöllur er mikils virði fyrir landsbyggðina hvað varðar sjúkraflug.

[14:06]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það gefur augaleið að þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað á undanförnum árum í innanlandsflugi hafa orðið til þess að við höfum orðið að taka sjúkraflugið til gagngerrar endurskoðunar og hæstv. samgrh. hefur verið að gera það mjög skipulega. Hann hefur verið að reyna að ná samningum við þá aðila sem stunda þetta flug og tryggja síðan með samningum við heimamenn að hægt sé að sinna þessum málum sem best og farsælast.

Stóra málið í þessu sambandi er einmitt það sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir var að segja og það er hvernig fer nú um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem er auðvitað grundvallarhlekkurinn í þessu máli öllu saman. Það gefur auðvitað augaleið, virðulegi forseti, ... (Frammíköll í þingsal.)

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti biður þingmenn að gefa hljóð í salnum.)

Það gefur augaleið, virðulegi forseti, að það þýðir lítið að byggja upp öflugt bakvaktakerfi úti á landi og byggja upp öfluga þjónustu á þessu sviði (**TIO:** Hárrétt.) ef það er þannig að Reykjavíkurflugvöllur verði ekki miðstöð sjúkraflugsins því það þýðir einfaldlega að verið er að lengja þann tíma sem það tekur sjúkling að fara utan af landi og til Reykjavíkur á sjúkrahús til að sækja sér nauðsynlega þjónustu. (Frammíköll í þingsal.) Það er undarlegt að þingmenn skulu verða órólegir undir þeim sannindum sem hér er verið að færa fram.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill enn og aftur áminna þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

[14:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir að Reykjavíkurflugvöllur er mjög mikilvægur hvað varðar sjúkraflug og tel að hann hafi miklu hlutverki að gegna til framtíðar í því. Aftur á móti vil ég aðeins leggja orð í belg um ástandið eins og það er núna og hefur verið.

Nú veit ég að eins og ástandið hefur verið í vetur hefur það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjúklinga. Ég þekki dæmi þess að ekki hefur verið unnt að vera með viðunandi sjúkraflug. Ég vildi gjarnan fá svar við því hér hver ber ábyrgðina þegar skaði hlýst af því að ekki er viðunandi sjúkraflug og sjúklingurinn ber skaða af.

Nú hafa menn verið að sinna þessu frá tveimur ráðuneytum, þ.e. heilbrrn. og samgrn., og ég hefði gjarnan viljað fá það fram í umræðunni hver ber ábyrgðina þegar skaði hlýst af hjá sjúklingi þegar ekki er veitt viðunandi sjúkraflugsþjónusta og verið er að þvæla sjúklingnum á milli staða vegna þess.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda staðsetningu Reykjavíkurflugvallar inn í þetta mál þó að ég heyri að sjálfstæðismenn í þingsalnum rétt eins og víðar og hjá borginni hafi mikinn áhuga á því.

Ég vil fyrst og fremst leiðrétta þann misskilning að Reykjavíkurflugvöllur sé aðalflugvöllur sjúkraflugs með heföbundnum flugvélum. Það er hann ekki. Að stærstum hluta fer það sjúkraflug sem kemur inn á Reykjavík fram með þyrlum og þær lenda við Borgarspítalann. Það hefur einmitt verið tekin ákvörðun um að Akureyri verði aðalmiðstöð heföbundins sjúkraflugs samkvæmt þeim samningum sem hefur nýverið verið gengið frá. Sjúkraflutningar nota að sjálfsögðu Reykjavíkurflugvöll í talsverðum mæli þegar verið er að flytja sjúklinga milli landshluta en það sem venjulega er kallað sjúkraflug, þ.e. fyrstu flutningar á sjúklingi eru samkvæmt þeim samningum sem nú hafa verið gerðir þannig hugsaðir að taka fyrst og fremst til vestan-, norðan- og austanverðs landsins og Akureyri er miðstöð þeirra flutninga. Ég tel að rétt sé að hafa þetta í huga. Ég tek þó fram að að öðru leyti ætla ég ekki að æsa frekari umræður upp um Reykjavíkurflugvöll enda annað mál.

[14:10]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég má til með að leggja aðeins orð í belg í þessari umræðu. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og þær ábendingar sem hafa komið fram og svör samgrh. Það er greinilega verið að vinna að þessum málum.

Þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um Austurland, Norðurland og Vesturland gleymdi hann að sjálfsögðu Suðurlandi vegna þess að á Suðurlandi eru Vestmannaeyjar. Sjúkraflug skiptir Vestmannaeyjar gríðarlega miklu máli og Vestmannaeyjar eru einmitt einn hlekkurinn í þessari keðju. Ég geri mér mjög glögga grein fyrir því að Reykjavíkurflugvöllur hlýtur að skipta miklu máli í þessu sambandi. Við megum heldur ekki gleyma því að ákveðið er að hafa Reykjavíkurflugvöll á sínum stað til ársins 2016. (Gripið fram í.) Við erum að tala um daginn í dag þannig að við skulum ekkert endilega vera að blanda Reykjavíkurflugvelli inn í þetta mál.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill enn áminna hv. þm. um að hafa hljóð í salnum á meðan á umræðum stendur.)

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál. Það verður að segjast eins og er að í þeim útboðsgögnum sem var verið að gera um sjúkraflugið gleymdist þessi mikilvægi þáttur, þessi fyrsti aðili í öllum þessum strúktur. Það gleymdist að setja hann á bakvakt og tryggja að hann væri ávallt til staðar. Það er grundvallaratriði.

Eins og sagði í dagblaðsgrein að þegar það var kannað hjá heilbrrn. vissu þeir ekkert um þessar reglur og vísuðu því á samgrn. Þetta er náttúrlega ekki góður bragur á því hvernig málið er unnið.

Ég vil, herra forseti, aðeins segja að það er sannarlega rétt að sjúkrafluginu verður vonandi vel fyrir komið í framtíðinni en það er ekki þannig í dag vegna þess þáttar sem ég hef gert að umtalsefni sem er mjög alvarlegur.

Ég tók dæmi eins og ég sagði frá Húsavík en þetta á við um marga fleiri staði. Þetta á t.d. við um Sauðárkrók. Þetta á við um Vopnafjörð, Siglufjörð, Þórshöfn, Grímsey, vafalaust Vestmannaeyjar og fleiri staði. Ekki er hægt að una við þetta og landsbyggðarfólk getur ekki sætt sig við það, hvort sem það verður mánuð í viðbót eða tvo mánuði að sjúkraflugi sé stefnt í hættu vegna þess að viðkomandi starfsmaður Flugmálastjórnar er ekki á svæðinu, hefur brugðið sér frá og enginn tekið við í staðinn, kröfur til hans séu ekki það miklar að hann eigi að vera til þess að sinna þessum þætti. Ég vara menn við því að segja að í staðinn fyrir sjúkraflug gæti komið sjúkraakstur og tek bara sem dæmi að ef þyrfti skyndilega sjúkraflutninga frá Húsavík eða úr Þingeyjarsýslum er það ekki fullnægjandi þó að hægt sé að aka frá Húsavík til Akureyrar á einhverjum klukkutímum í góðri færð. Ég minni á það að í vetrarveðrum getur verið mjög erfitt að aka Kinnina, Ljósavatnsskarð þar sem jafnvel er hætta á snjóflóðum, Víkurskarðið og vera kannski einhverja 2–5 tíma til Akureyrar í slæmum veðrum. Það er ekki hægt að sætta sig við það í mikilli ófærð.

Herra forseti. Ég þakka enn á ný fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

[14:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér hafa orðið allmerkilegar umræður finnst mér. Merkilegust þóttu mér viðbrögð hv. þm. Samfylkingarinnar við því þegar vakin var athygli á mikilvægri þýðingu Reykjavíkurflugvallar í þessu sambandi. Aðeins einn hv. þm. Samfylkingarinnar sem hingað kom upp og hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar tekið undir mikilvægi uppbyggingar Reykjavíkurflugvallar, sem er hv. 15. þm. Reykv., ég ætla enn að nefna hana því nafni, hv. 15. þm. Reykv. sem hefur verið mjög ötull stuðningsmaður Reykjavíkurflugvallar árum saman og vil ég undirstrika það en aðrir sýndu allt aðra hlið.

En hvað um það. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson tók þetta mál upp og telur að einhver hlekkur hafi gleymst og eins var um fleiri þingmenn í útboði vegna sjúkraflugsins. Ekki var gert ráð fyrir því að í útboði væri verið að bjóða út einhverja þjónustu á flugvöllunum. Það er grundvallarmisskilningur. Flugmálastjórn sér um rekstur á flugvöllunum og sér um að þjónustan sé í lagi. Ég veit ekki til þess að þjónustan sé í því ólagi sem hv. fyrirspyrjandi lét að liggja. Fróðlegt væri að heyra hvað starfsmenn Flugmálastjórnar segja um þessar umsagnir hv. þm. Ég hef ekki orðið þess var að þeir standi sig ekki í stykkinu.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 3. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég kem til að mótmæla síðustu orðum hæstv. samgrh. Ég er ekkert að gefa í skyn að starfsmenn Flugmálastjórnar standi sig ekki í stykkinu. Þeir hafa sennilega staðið sig miklu betur en ýmsir aðrir, við þetta útboð og þessa vinnu. Og ég blæs á það að verið sé að snúa þessari umræðu yfir á það. Ég held að starfsmenn Flugmálastjórnar víða úti um land hafi æðioft tekið að sér sjálfboðavinnu við að vera á bakvakt og sinna sjúkraflugi sem skyndilega getur komið upp. Ég mótmæli því þessum dylgjum sem mér finnst koma fram hér í minn garð vegna þessarar fyrirspurnar. Ég tek það skýrt fram og vil láta það koma skýrt fram að starfsmenn Flugmálastjórnar nánast um allt land hafa staðið sig mjög vel. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um hið

frábæra, skulum við segja, útboð þar sem tvinnað var saman sjúkraflugi og farþegaflugi, um það að fyrsti aðilinn sem á að koma að þessu flugi er ekki á bakvakt og það er engin trygging fyrir því að hann sé á staðnum þegar skyndilega er þörf á sjúkraflugi. Þetta vildi ég láta koma fram. (Gripið fram í.) (**KPál:** Sannleikanum er hver sárreiðastur.)

[14:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég undrast þessi viðbrögð hv. þm. en vek bara athygli á því að niðurstaða hans var sú að starfsmenn Flugmálastjórnar stæðu sig í stykkinu og sæju um þá þjónustu sem veitt er á flugvöllunum. (**KLM:** Í sjálfboðavinnu.) Og það er aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er að ekki er við neinn að sakast í þessu máli.

Tjón af völdum óskilagripa.

Fsp. SJS, 387. mál. — Þskj. 637.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja eina litla fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. Hún varðar nokkuð sérstakar aðstæður sem virðast geta komið upp og gera sannanlega, því ég hef a.m.k. eitt slíkt dæmi undir höndum, þar sem óskilagripir, í þessu tilviki og væntanlega flestum tilvikum, hross, ómerkt og ómörkuð, sem valda tjóni á bifreiðum t.d. eða mögulega einhverju öðru tjóni, og ekki reynist unnt að sanna eignarhald á gripnum. Þá virðist svo sem í raun og veru komi upp réttaróvissa eða gat þannig að enginn beri eigendaábyrgð á viðkomandi grip. Þetta leiðir svo aftur til þess að sá sem fyrir tjóninu verður situr uppi með það óbætt og hvorki sveitarfélög né tryggingafélög sem leitað hefur verið til í slíkum tilvikum vilja neitt við málin kannast þar sem engum eiganda er til að dreifa til að bera þá a.m.k. að sínu leyti eftir því sem sannaðist, ábyrgð á tjóninu.

Ég hef því lagt þá spurningu fyrir hæstv. félmrh., því mér sýnist mikilvægt að fá úr því skorið hver réttarstaðan sé í slíkum tilvikum, hvort ekki sé eðlilegt að sveitarfélögin beri þá eigendaábyrgð á óskilagripum innan sinna lögsögumarka. Það virðist tæplega öðrum til að dreifa og má til rökstuðnings færa það að slíka óskilagripi taka sveitarfélög og bjóða upp og taka til sín andvirðið þegar svo ber undir. Alla vega sýnist mér ómögulegt að uppi sé réttaróvissa í þessum efnum og það getur tæpast verið sanngjarnt að það geti verið tilviljanakennt með þessum hætti hvernig tryggingum manna og öðru uppgjöri tjóns er háttað, þ.e. að í því tilviki sem um merktan grip sé að ræða, markaðan, eða grip sem tekst þótt ómerktur sé að sanna eignarhald á þá sé til staðar skýr eigendaábyrgð en í öðrum tilvikum ekki og það sé þá bara óheppni þeirra sem fyrir því verða að lenda í slíkum tilvikum og verða fyrir tjóni.

Ég þarf ekki, held ég, að hafa frekari orð um þetta. Spurningin skýrir sig væntanlega nægjanlega sjálf og ég bíð eftir svörum hæstv. ráðherra.

[14:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrirspyrjandi spyr hver sé afstaða mín til þess að sveitarfélög beri eigendaábyrgð í þeim tilvikum þar sem ómerktir óskilagripir sem ekki tekst að sanna eignarhald á valda tjóni, t.d. óskilahross á vegum þar sem lausaganga er bönnuð.

Félmrn. telur að sveitarfélögin séu ekki ábyrg eins og lögum er háttað í dag við þær aðstæður sem hér um ræðir. Þá vaknar sú spurning hvort ég hyggist beita mér fyrir lagasetningu sem kveði á um bótaábyrgð sveitarfélaga í slíkum tilvikum eða kanna hvort breyta eigi lögunum til að og gera sveitarfélögin ábyrg. Það er rétt að taka fram að ráðuneytið hefur ekki neinar handbærar tölur um fjölda umferðaróhappa vegna lausagöngu óskilapenings. En á það skal bent að það stendur e.t.v. öðrum aðilum nær en sveitarfélögunum að gæta þess að bann við lausagöngu sé virt og má í því sambandi nefna lögreglu og Vegagerð.

Í 56. gr. vegalaga, nr. 45/1994, segir raunar:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Ekki munu vera til dómar þar sem Vegagerðin hefur verið dæmd bótaskyld á grundvelli þessa ákvæðis enda er einungis um heimild að ræða en ekki skyldu. Í einhverjum lögregluumdæmum mun eigi að síður vera um það að ræða að lögreglan vísi kvörtunum vegna lausagöngu hrossa til starfsmanna Vegagerðarinnar, a.m.k. ef slíkar kvartanir berast á dagvinnutíma. Og starfsmenn Vegagerðarinnar munu leysa úr slíkum málum eftir getu.

Ef huga ætti að því að auka ábyrgð Vegagerðarinnar vegna þessara mála þá má að mörgu leyti segja að hún sé betur í stakk búin til að framfylgja lausagöngubanni en sveitarfélögin. Aukin ábyrgð mundi væntanlega einnig leiða til þess að Vegagerðin legði meiri áherslu á byggingu og viðhald girðinga meðfram þjóðvegum en nú er. Það er augljóst að það mætti fækka slysum sem hljótast af búfé með því að hafa girðingarnar betri og ganga betur frá hliðum, þ.e. hafa pípuhlið eða ristarhlið.

Sveitarfélögin hafa einungis eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu og geta sinnt viðhaldi á kostnað eigenda ef því er ábótavant. Spurningin er hvort aukin ábyrgð sveitarfélaga mundi bæta úr því ófremdarástandi sem sums staðar ríkir vegna lausagöngu búfjár. Það má telja hæpið. Ráðuneytinu er kunnugt um að allmörg sveitarfélög hafa sett almennt bann við lausagöngu búfjár. En það þýðir að eigendum er skylt að halda fénaði innan girðingar allt árið. Og með því skapa þau reyndar skaðabótaábyrgð eigenda sem eiga skepnur sem þvælast út á vegina.

Ef þau ættu að bera fjárhagslega ábyrgð vegna óhappa á vegum eru mestar líkur á því að sveitarfélög felldu einfaldlega þetta lausagöngubann úr gildi. Að vísu er mikið ólag á því að ekki skuli vera samræmi í því hvort lausagöngubann er eða ekki milli sveitarfélaga. Og ég vek athygli á því að búfjáreigendur geta tryggt sig hjá tryggingafélögum vegna tjóns sem gripir þeirra kunna að valda. En auðvitað er það fyrst og fremst á ábyrgð ökumanns ef óhapp verður, þ.e. þá er ekki ekið í samræmi við aðstæður ef menn keyra á.

[14:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fyrirspyrjandi spyr um eigendaábyrgð þegar óskilagripir valda tjóni. Mig langar til að fara þess á leit við hæstv. félmrh. að hann staðfesti það að eigendaábyrgð sé í gildi þegar merktur gripur veldur tjóni eða slysi, og gjarnan fá að heyra frá honum í hvaða tilfellum tjónþoli ber ábyrgð

þegar merktur gripur veldur slysi eða tjóni. Við vitum að það hefur gerst og það er sífelld umræða um lausagönguna hjá okkur. Ég ætla líka að láta í ljós þá skoðun að það er fráleitt að eina ráðið sem við höfum gripið til sé að girða alla vegi og virðist vera að það þurfi að girða alla vegi, breiða, mjóa, langa, stutta og stóra um landið til þess að verjast. En í öðrum löndum er ekki um það að ræða. Þar eru stór beitarhólf og gengið frá málum eins og hjá siðuðum þjóðum. Þetta var athugasemd mín, herra forseti.

[14:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Það var kannski ekki alveg hárrétt orðað hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að girða alla vegi. Það þarf að sjálfsögðu að girða meðfram vegum. En það var hárrétt sem fram kom hjá hæstv. félmrh. áðan að það væri afar erfitt að átta sig á því hvar lausaganga er leyfð og hvar hún er ekki leyfð. Tökum Rangárvallasýslu sem dæmi. Ef við komum akandi frá Reykjavík og keyrum yfir Þjórsárbrúna þá er lausaganga t.d. ekki bönnuð í hreppum eins og Ásahreppi, Holtahreppi og Landssveit. Aftur á móti er lausaganga bönnuð í Rangárvallahreppi og Hvolhreppi. Vegfarendur eiga að sjálfsögðu afar erfitt með að átta sig á þessu, þ.e. hvar bannið er í gildi. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að banna lausagöngu meðfram þjóðvegum. Þar verður Vegagerð ríkisins að koma að vegna þess að lausaganga búfjár skapar mikla hættu við þjóðveginn. Ég er ekki allsendis sammála félmrh. því að oft og tíðum keyra menn varlega og allt það. Ég var t.d. að koma frá Höfn í Hornafirði í dimmunni (Forseti hringir.) í gær og keyrði varlega. En engu að síður munaði mjög litlu að ég keyrði á skepnu.

[14:29]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu hvort sveitarfélögin eigi að bera eigendaábyrgð. Ég verð ekki alls kostar ánægð með það ef sveitarfélögunum verður gert skylt að bera þá ábyrgð. Ég tel að það eigi að banna alla lausagöngu búfjár, ekki aðeins hrossa og nautgripa heldur sauðfjár einnig. Við sem eigum sauðfé, hross og kýr eins og ég eigum sjálf að bera ábyrgð á okkar gripum og hleypa þeim ekki út á vegi. Sá sem á gripina ber ábyrgð. Hann á þessa gripi og hann ber ábyrgð á þeim og á að halda þeim innan girðinga.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það var ekki ætlun mín með þessari einföldu fyrirspurn að vekja almennar umræður um lausagöngu búfjár. Hér er spurt um mjög afmarkað atvik, þ.e. þær sérstöku aðstæður sem upp koma réttarfarslega þegar ekki er unnt að sanna hver er eigandi grips sem valdið hefur tjóni. Engin deila er um að þegar eigandi liggur fyrir þá ber hann eigendaábyrgðina hver sem hún er og tekur á sig hlutfallslegt tjón ef tjóni er skipt o.s.frv. Ég spyr hér um þær sérstöku aðstæður sem koma upp og dæmi eru um, að ómerktir óskilagripir valda tjóni og ekki tekst að sanna hver eigandinn er. Þá virðist samkvæmt núverandi réttarástandi í landinu enginn bera eigendaábyrgðina. Hæstv. félmrh. vísar því frekar af sveitarfélögunum en hitt að þau geri það. Því er ég ósammála og ég teldi út af fyrir sig ástæðu til, í ljósi þessara svara, að einhver léti á það reyna fyrir dómstólum hvort svo er. Það er allsendis óvíst að mínu mati hvernig um það færi. Ég sé ekki að það sé líklegt að sveitarfélög geti tekið óskilagripi, boðið þá upp og hirt andvirðið, sem sagt fénýtt þá ef svo ber undir en neitað að bera ábyrgð ef þeir valda tjóni. Út frá venjulegum gagnályktunum þá finnst mér það hæpið.

Það er ósanngjarnt gagnvart þeim einstaklingum sem verða í sérstökum tilvikum fyrir tjóni vegna óskilagripa sem ekki tekst að sanna eignarhald á, að þeir skuli njóta lakari tryggingaverndar og vera verr staddir með uppgjör á sínum málum en ella. Þarna verður að loka gatinu. Ég held að lausnin sé tæplega sú að velta því yfir á Vegagerðina. Ég held að það sé miklu frekar þannig að fara verði yfir það hvort nokkur annar aðili en sveitarfélögin geta, þá innan sinnan lögsögumarka, axlað þessa eigendaábyrgð. Ég var að vonast til að hæstv. ráðherra mundi svara sjálfum sér játandi þeirri seinni spurningu sem lá auðvitað í loftinu, hvort ekki væri þá óhjákvæmilegt að breyta lögum og taka af skarið í þessum efnum. Ég a.m.k. áskil mér allan rétt til að skoða í framhaldinu hvort ekki sé ástæða til slíks.

[14:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það kann að vera erfitt að fullyrða að gripurinn sé úr sveitarfélaginu þar sem slysið verður. Það er hægt að búa sér til dæmi um að óskilagripir fari á milli sveitarfélaga. Reyndar hefur slíkt iðulega gerst.

Dómar hafa fallið á þann veg að í sveitarfélagi þar sem lausaganga er bönnuð þá sé eigandi skaðabótaskyldur. Hæstaréttardómar hafa gengið í þessa veru. Þar með er það ekki hvetjandi fyrir sveitarfélög að setja á lausagöngubann. Ég sé ekki að annar en Vegagerðin sé heppilegri til að sjá til þess að vegir séu hindranalausir, þ.e. að hætta skapist ekki á vegum.

Varðandi ábyrgð ökumannsins þá var það þannig þegar ég lærði að aka — ég hef ekið manna lengst hygg ég, í þessum sal, hef farið a.m.k. tvisvar til tunglsins og til baka aftur, þ.e. ég á að baki eitthvað á aðra milljón kílómetra í akstri — þá var mér kennt að maður ætti ekki að aka hraðar en svo að maður gæti bremsað á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem maður sæi skýrt fram undan sér.

Undanþágur frá fasteignaskatti.

Fsp. EKG, 409. mál. — Þskj. 664.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í skýrslu nefndar um tekjustofna sveitarfélaga sem skilaði áliti sl. haust er vikið að sérstökum ákvæðum í nokkrum lögum, sérstaklega varðandi tekjustofna sveitarfélaga en einnig sérlögum, sem lúta að undanþágum frá greiðslu á fasteignasköttum. Í skýrslunni segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin leggur til að undanþágum verði fækkað og að þegar verði hafin vinna við að endurskoða ákvæði þar að lútandi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga og öðrum lögum. Slíkt mundi bæði einfalda álagninguna og auka einnig skatttekjur sveitarfélaga.“

Hér er hreyft við ansi stóru máli sem ég held að sé í sjálfu sér margslungið og nauðsynlegt að hyggja mjög vel að því. Við getum velt fyrir okkur þessu ákvæði um undanþágurnar, hvort þær eigi yfir höfuð nokkurn rétt á sér en við sjáum líka að á því eru aðrar hliðar sem þarf að fara mjög vel í gegnum.

Þess vegna er mikilvægt að það sé gert með þeim hætti sem þarna er lagt til.

Undanþágurnar geta auðvitað haft ýmislegt í för með sér. Þær skekkja á vissan hátt samkeppnisstöðu stofnana gagnvart atvinnugreinum. Á síðasta þingi var samþykkt hér á Alþingi að falla frá því að t.d. Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefði sérstaka undanþágu frá því að greiða fasteignaskatta af húsum sínum. Fyrir eitt tiltekið sveitarfélag þýddi það að mig minnir eitthvað á aðra milljón kr., enda var það svo að þetta undanþáguákvæði skekkti samkeppnisstöðuna þar á bæ. Sama sést ef við skoðum áhrifin af þessum undanþágum varðandi álagningu fasteignaskattanna. Sums staðar kemur þetta sér vel fyrir sveitarfélög og annars staðar ekki.

Ef við skoðum textann í núgildandi lögum þá kemur fram að undanþegin fasteignaskatti séu ýmsar sjúkrastofnanir, kirkjuskólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús. Síðan þurfa ýmsar aðrar stofnanir, menningarstofnanir t.d., að greiða heilmikla fasteignaskatta. Þannig að getum við sagt að þetta skekki á vissan hátt stöðuna milli einstakra sveitarfélaga.

Á árinu 1992–1993 fékk ég svarað fyrirspurn um þessi mál. Þar kom m.a. fram að Alþingi greiðir t.d. 5 millj. í fasteignaskatta til höfuðborgarinnar og Ríkisútvarpið 21 millj. kr., á meðan t.d. aðrar menningarstofnanir og skólar greiða ekki fasteignaskatta. Þessar stofnanir eru almennt talað fremur staðsettar úti á landi. Ef ég veit rétt þá er Háskólabíó í eigu Háskóla Íslands og Háskólabíó greiddi á þessu ári 2,5 millj. kr. í fasteignaskatta en skólar í eigu ríkisins úti á landi greiða hann ekki.

Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, á þskj. 664 að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

1. Hvernig verður unnið að þeim fyrirheitum sem fram koma í skýrslu nefndar um tekjustofna sveitarfélaga að fækka undanþágum frá fasteignaskatti?

2. Hvenær má vænta þess að þeirri vinnu ljúki og tillögur liggi fyrir?

3. Liggja fyrir upplýsingar um hve háum fjárhæðum þessar undanþágur geti numið?

[14:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í samræmi við tilmæli tekjustofnanefndar hef ég skipað nefnd til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti og hefur sú nefnd hafið störf. Í henni eiga sæti Gísli Gíslason bæjarstjóri og Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður, tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Páll Gunnarsson, tilnefndur af fjmrh. og Guðjón Bragason, deildarstjóri í félmrn., sem er formaður nefndarinnar.

Borist hefur ósk frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að umboð nefndarinnar verði útvíkkað og henni falið að kanna einnig undanþágur frá öðrum lögákveðnum tekjustofnum sveitarfélaga sem tengjast eignarhaldi á fasteignum, svo sem gatnagerðargjöldum, og einnig að yfirfara kvaðir sem lagðar eru á sveitarfélög til að láta af hendi, endurgjaldslaust, lóðir til ýmissa opinberra framkvæmda. Þessi ósk er til athugunar í ráðuneytinu en ekki er ljóst hvort við útvíkkum þetta umboð. Ætlast er til þess að nefndin ljúki störfum fyrri hluta sumars. Ef niðurstaðan yrði sú að útvíkka umboðið þá kynni það að fresta því að nefndin ljúki störfum því þá er henni fengið meira verk en áformað var upphaflega.

Engin heildarúttekt liggur fyrir um hversu háar fjárhæðir eru í spilinu. Nefndin um tekjustofna sveitarfélaga sendi að vísu fyrirspurn til allra sveitarfélaga um þær eignir sem undanþegnar eru fasteignaskatti samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Það má gefa sér að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða, peninga sem ganga frá ríki til sveitarfélaga. Ég hef ekki í valdi mínu að skjóta á hve há upphæðin er. Í svari Reykjavíkurborgar til tekjustofnanefndar kemur fram að fasteignir í eigu ríkissjóðs og einkaaðila sem undanþegnir eru fasteignaskatti hér í borginni, samkvæmt ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga um undanþágu frá fasteignaskattinum, séu samtals metnar á rúmlega 23 milljarða í fasteignamati.

Það er ekki gefið hvernig álagningarprósenta yrði á þessar fasteignir. Ég treysti mér því ekki til að giska á hve háa upphæð er um að ræða en málið snýst um verulegar fjármunatilfærslur, ef farið yrði í að útrýma þessum undanþágum algerlega, frá ríki til sveitarfélaganna. Það kæmi að sjálfsögðu inn í önnur fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga.

[14:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég held að hv. fyrirspyrjandi hreyfi hér mjög stóru máli. Sveitarfélögin hafa á undanförnum áratugum nýtt sér þær heimildir að geta fellt niður eða lækkað fasteignagjöld ýmissa hópa og félagasamtaka og opinberra bygginga. Þau hafa reyndar gert það með mjög mismunandi hætti. Við vitum að aldraðir hafa fengið niðurfellingu fasteignagjalda, öryrkjar og fleiri, með ýmsum aðferðum. Skólahúsnæði hefur verið undanþegið fasteignaskatti enda er það gjald sem rennur í vasa sveitarfélagsins í dag. Þegar sveitarfélögin og ríkið ráku þetta saman þá var reynt að skipta þessu. Ég held að það væri mjög varasamt að taka það vald af sveitarfélögunum að þau geti nýtt sér það að veita undanþágu frá fasteignasköttum. Ég er ekki viss um að það sé rétt leið.

[14:43]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir þessa fyrirspurn og eins fyrir svar hæstv. ráðherra. Það er hárrétt að ríkið greiðir ekki fasteignaskatt og það skekkir svo sannarlega samkeppnisstöðu sveitarfélaganna sem eru ávallt í samkeppni. Sveitarfélögin eru misjafnlega stödd fjárhagslega. Sveitarfélögin getur munað verulega um að fá fasteignaskatt greiddan frá ríkinu. Þetta eru verulegar fjárhæðir, eins og hæstv. ráðherra sagði, en mér finnst að ekki eigi að blanda öldruðum þar inn í eins og hv. þm. Kristján Pálsson nefndi hér áðan. Ég er á því að þeir eigi að fá undanþágu frá fasteignaskatti.

[14:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög merkilegu máli sem nauðsynlegt er að ræða. Ég tek undir það að engin ástæða er til að fella úr gildi heimildir sveitarfélaga til að lækka fasteignagjöld hjá öldruðum og öryrkjum.

Svo sannarlega skekkja undanþágur samkeppnisstöðu sveitarfélaga og sum ríkisfyrirtæki greiða fasteignagjöld til sveitarfélaga, það er alveg ljóst. Það eru mörg ráðuneyti sem eru með byggingar í viðkomandi sveitarfélögum. Eitt fyrirtæki, Rarik, greiðir t.d. ekki fasteignaskatta af byggingum sínum til sveitarfélaga. Hins vegar greiðir það þjónustugjöld og annað þess háttar og auðvitað sjáum við það í hendi okkar hvernig þetta skekkir í raun og veru samkeppnisstöðu sveitarfélaga þar sem sum ríkisfyrirtæki greiða fasteignaskatta og

önnur ekki. En fyrir alla muni eigum við að gefa sveitarfélögunum frjálsar hendur að veita undanþágur til hópa eins og aldraðra og öryrkja.

[14:46]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá fyrirspurn sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson flytur um þetta mál, sem er efnislega sams konar fyrirspurn og ég lagði fram á síðasta þingi til hæstv. félmrh. og í svari var vitnað til þess að tekjustofnanefndin væri að störfum og þaðan kæmu tillögur.

Nú hefur tekjustofnanefndin lokið störfum eins og við vitum. Þar var lögð fram tillaga og ég fagna því að hæstv. félmrh. skuli strax vera búinn að skipa nefnd til að vinna þetta. En ég hjó eftir því þegar hann taldi upp þá sem eru í nefndinni að enginn er af landsbyggðinni. Ég vil undirstrika og segja að Akranes tilheyrir nú ekki landsbyggðinni (**Gripið fram í:** Guðjón Bragason.) eins og við erum hér að tala um. (Gripið fram í.) Ég hefði viljað að litlu sveitarfélögin úti á landsbyggðinni hefðu fengið að tilnefna mann í þessa nefnd.

En það er auðvitað hárrétt sem hér hefur komið fram að verið er að mismuna sveitarfélögunum mjög mikið. Greitt er fasteignagjald af ráðuneytum til höfuðborgarinnar, en t.d. ríkisfyrirtæki eins og Rarik þarf ekki að borga sveitarfélögum eins og Skagafirði eða öðrum. Þetta á einnig við um framhaldsskóla. Ég vil enn á ný þakka fyrir fyrirspurnina en hvetja til þess að vinnu í þessu máli verði lokið sem allra fyrst.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. félmrh. fyrir afar greinargóð svör við fyrirspurninni og þakka góðar undirtekir þingmanna við mál mitt. Ég held að ástæða sé til að leggja áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi að það sem ég vék að var eingöngu það ákvæði sem er fortakslaust í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. að tilteknar ríkisstofnanir og ég endurtek – tilteknar ríkisstofnanir – eru undanþegnar því að greiða fasteignaskatta til sveitarfélaganna. Ég var ekki að tala um þá heimild sem er líka í þessum lögum um að sveitarfélög geti undanþegið tiltekna hópa að greiða fasteignaskatta eða lækka gjöld þeirra. Það er út af fyrir allt annað mál og ég er alveg sammála því sem hv. þm. hafa sagt um það.

En vandinn er auðvitað sá þegar menn fara að búa til svona undanþágur að menn missi sjónar af heildarmyndinni. Þess vegna getur þetta orðið til þess að skekkja stöðu einstakra sveitarfélaga. Það að við höfum tekið um það ákvörðun að byggja upp alla stjórnsýsluna á höfuðborgarsvæðinu og erum þeirrar skoðunar að sú stjórnsýsla eigi að greiða fasteignaskatta veldur því að við verðum að taka um það pólitíska ákvörðun að efla tekjustofna þess sveitarfélags sem nýtur slíkrar uppbyggingar. Þegar við tökum um það ákvörðun t.d. að ýmsar byggingar hins opinbera sem eru úti á landi séu undanþegnar fasteignasköttum, þá erum við líka að taka um það pólitíska ákvörðun að þau sveitarfélög sem hýsa slíkar byggingar verði af einhverjum tekjustofnum.

Þetta er hins vegar margslungið mál eins og ég sagði áðan. Við vitum að dreifbýlustu héruðin eru sjaldnast með miklar opinberar byggingar. Þau mundu því ekki njóta þess ef undanþáguákvæðin yrðu tekin burtu. Við þurfum þess vegna að sjá heildarmyndina fyrir okkur og þess vegna hvatti ég til þess í fyrstu ræðu minni áðan að menn færu sér að engu óðslega og ég orðaði það svo að þetta mál væri margslungið. Og það er margslungið að því leyti að þetta samspil er þess eðlis að við verðum að sjá fyrir okkur til hvers það mun leiða þegar við gerum einhverjar breytingar á þessum málum.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. félmrh. fyrir svarið og hversu vel hann hefur brugðist við þeim tilmælum sem koma fram í áliti tekjustofnanefndar.

[14:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er hverju einstöku sveitarfélagi að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvort það vill undanþiggja eða gefa eftir fasteignagjöld hjá ellilífeyrisþegum, öryrkjum eða öðrum hópum. En það kemur þessu máli ekki við og ekki stendur til að afnema þá heimild, a.m.k. mun ég ekki beita mér fyrir að afnema þá heimild hjá sveitarfélögunum. En sveitarfélögum er samkvæmt lögum ekki heimilt að leggja á sumar fasteignir. Dæmið snýst um það.

Einnig er rétt að hafa það í huga að sveitarfélagi getur verið akkur í og meira að segja mikill akkur í að fá fasteignir eða starfsemi í sveitarfélag sitt fremur en að hún færi fram einhvers staðar annars staðar. Ég nefni t.d. framhaldsskóla eða kirkjur sem kynnu að verða skattskyldar.

Hvað varðar Rarik og samkeppnisstöðuna, þá má líta á það frá ýmsum sjónarhornum. Ef Rarik yrði að fara að borga fasteignagjöld af mannvirkjum sínum, þá yrði að velta því út í raforkuverðið og raforkuverðið hjá Rarik er æðimikið hærra en t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ræð ekki tilnefningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, það var Samband íslenskra sveitarfélaga sem tilnefndi í nefndina og fjmrn. líka, en ég hef enga trú á því að sú nefnd verði dreifbýlisfjandsamleg þrátt fyrir það. En fyrst og síðast er náttúrlega verið að ræða um hagsmuni höfuðborgarinnar, vegna þess að það er fyrst og fremst höfuborgin sem græðir á því ef undanþágur verða afnumdar.

Hvalveiðar.

Fsp. SvanJ og JÁ, 397. mál. — Þskj. 647.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Um miðjan janúar sl. ákváðu Norðmenn að leyfa útflutning hvalaafurða, þ.e. hrefnukjöts og spiks, enda veiða þeir bara hrefnu. Þessi ákvörðun Norðmanna varð formanni sjútvn. Alþingis, Einari K. Guðfinnssyni, tilefni til að vekja enn á ný vonir um að hvalveiðar á Íslandi væru alveg að hefjast. En af því tilefni var haft eftir honum í Ríkisútvarpinu að ekkert væri nú því til fyrirstöðu að hefja veiðarnar.

Herra forseti. Fyrirspurn mín er með tilvitnun í þau ummæli eða þessa skoðun, en hún er svohljóðandi:

1. Er sjávarútvegsráðherra þeirrar skoðunar að ekkert sé því til fyrirstöðu að Íslendingar hefji hvalveiðar nú þegar Norðmenn hafa ákveðið að hefja útflutning hvalaafurða?

2. Ef svo er hvenær sér ráðherra þá fyrir sér að veiðar hefjist og á hvaða tegundum?

Herra forseti. Auðvitað leikur okkur forvitni á að vita hvort formaður hæstv. sjútvn. var að tala fyrir hönd stjórnvalda. Eða var einungis rétt eina ferðina verið að slá ryki í augu fólksins í landinu og telja því trú um að hvalveiðar væru bara spurning um einfalda ákvörðun? Það hefur verið plagsiður manna að telja þjóðinni trú um að hér væri um þess

háttar ákvörðun að ræða að nánast óskiljanlegt væri að hún skyldi ekki hafa tekin í gær eða fyrir löngu.

Herra forseti. Skyldi ekki málið vera þannig vaxið að um býsna flókna ákvörðun er að ræða og þess vegna full ástæða til að tala um hana sem slíka? Og muna eftir því þegar verið er að ræða hvalveiðar að hvorki erum við í sömu stöðu og Noregur með að vera í Alþjóðahvalveiðiráðinu, né heldur mótmæltum við banninu á sínum tíma. Ef við hefðum gert það væri kannski sú skoðun sem hæstv. formaður sjútvn. lætur frá sér fara frekar á sínum stað en mér sýnist hún vera miðað við núverandi aðstæður. Full ástæða er til þess, herra forseti, að þingið ræði þessi mál af raunsæi. Að þingið ræði þessi mál í ljósi þess hver staða Íslands er og hverjir möguleikar okkar eru á því að hefja hvalveiðar. Upphrópunum linni eins og þeim að nú sé ekkert því til fyrirstöðu að hefja veiðar, að nú sé síðustu hindruninni rutt úr vegi af því að Norðmenn hafi ákveðið útflutning.

Hitt er aftur annað mál, herra forseti, hvort einhverjir ætli að flytja inn þó svo Norðmenn ákveði að flytja megi út.

[14:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég er frekar óvanur því að svara fyrirspurnum sem lagðar eru fram sérstaklega til þess að berja á öðrum hv. þm., í þessu tilfelli hv. formanni sjútvn.

En því er til að svara að því miður er það ekki svo að ekkert sé til fyrirstöðu þó að Norðmenn hafi heimilað útflutning á hvalaafurðum, því það þarf auðvitað einhver sem skiptir máli að heimila innflutning. Í þessu tilfelli er það Japan og það innflutningsleyfi liggur ekki fyrir. Japanir gera kröfu um það í fyrsta lagi að hvalaafurðir komi úr löglegum hvalveiðum. Í öðru lagi munu þeir vætnanlega gera kröfu um að fyrir liggi DNA-upplýsingar um úr hvaða stofnum afurðirnar eru svo hægt sé að sannreyna það kerfisbundið. Að því er ég best veit liggur slíkt kerfi ekki fyrir enn þá.

Staðan er því sú að við mundum ekki í dag geta uppfyllt skilyrði Japana um að hvalveiðar okkar væru löglegar. Í fyrsta lagi vegna þess að við erum ekki meðlimir í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Í öðru lagi, þó að við værum meðlimir í Alþjóðahvalveiðiráðinu þá yrðum við annaðhvort að hafa viðurkenndan fyrirvara á hvalveiðibanninu eða þá að stunda vísindaveiðar á hvölum.

Seinni liðurinn fjallar um það hvenær ráðherra mundi heimila hvalveiðar. Það liggur ekki enn þá fyrir. Eins og fram hefur komið er unnið að kynningu á málefninu meðal viðskiptaþjóða okkar í samræmi við ályktun Alþingis frá 1999 og í samræmi við fjárveitingar á fjárlögum síðasta árs og yfirstandandi árs. Eins og reyndar hefur komið fram voru ákveðnir erfiðleikar á því að nýta þær fjárveitingar sem við höfðum heimildir fyrir á síðasta ári eins og best hefði verið á kosið, vegna þeirrar stöðu sem kom upp í Bandaríkjunum í kosningunum. Hún svo sem kom ekkert upp, það fóru einfaldlega fram kosningar og því ekki vitað hverjir yrðu við stjórnvölinn á næstu árum og því ekki hægt að beina upplýsingum okkar til þeirra sem mestu máli skipta.

Í seinni liðnum er einnig spurt á hvaða tegundum veiðar yrðu heimilaðar. Það hefur áður komið fram á hv. Alþingi að ég tel að ef við hefjum hvalveiðar þá eigum við ekki að einskorða það við einstakar tegundir, nema að því marki sem Hafrannsóknastofnun telur að stofnarnir þoli, og þá á ég við að við ættum ekki bara að fara út í veiðar á hrefnu heldur ættum við jafnframt að heimila veiðar á stórhvölum og ekki gera okkur málið þannig erfiðara fyrir með því að skipta heimildinni í tvennt.

[14:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt að það teldist ekki til sérstakra tíðinda að ég væri þeirrar skoðunar að við ættum að vera búnir að hefja hvalveiðar. Ég hef verið þeirrar skoðunar árum saman að við ættum að vera byrjuð að taka þennan slag. Þess vegna flutti ég fyrir nokkrum árum þáltill. með fjöldamörgum þingmönnum sem var samþykkt í nokkuð breyttri mynd á hinu háa Alþingi sem fól í sér viljayfirlýsingu um að Íslendingar hæfu hvalveiðar. Ég tók þátt í þeirri umræðu sem fór fram, bæði í utanrmn. og sjútvn. Þar kom mjög glögglega fram af hálfu sérfræðinga utanrrn. að engar þjóðréttarlegar skuldbindingar væru sem kæmu í veg fyrir að við gætum hafið þessar veiðar. Þegar ég held því fram að ákvörðun Norðmanna um að hefja útflutning á hvalaafurðum sé að ryðja okkar helstu hindrun úr vegi, þá er það auðvitað þannig, því að það er stóra málið fyrir okkur að við getum selt hvalaafurðirnar inn á Japansmarkað. Við höfum ýmsa möguleika í þessum efnum. Sé það svo, sem mér býður í grun, að Japanir vilji gera það að skilyrði að við verðum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu, þá eigum við bara að gera það, en í því skyni að hefja veiðar og hefja útflutning.

[15:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég var einn af þeim sem taldi rétt að hefja hvalveiðar sem allra fyrst og hef einnig lýst þeirri skoðun minni að við eigum að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið enda löngu ljóst að það er akkillesarhællinn í því að við getum hafið þessar veiðar strax. Sú skoðun var reyndar uppi fyrir löngu að við þyrftum að ganga úr þessu ráði en það var misskilningur og hann þurfum við að leiðrétta.

Ég trúi ekki öðru og finnst ástæðulaust að gera því skóna hér að ráðherra og ríkisstjórn séu ekki að gera allt í þessu máli til þess að hvalveiðar geti hafist. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. sjútvrh., sem er úr Hafnarfirði, þar sem höfuðstöðvar hvalveiðiflotans eru, vinni að þessu máli af heilindum svo að málið nái fram að ganga og sem allra fyrst. Í mínum huga er ekki eftir neinu að bíða með að hefja hvalveiðar miðað við ástand hvalastofnanna eins og það er í dag.

[15:01]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í hvalveiðiumræðum í þingsalnum hefur oftast skort skilning á sölumöguleikum hvalaafurða. Þótt Íslendingar uppfylli öll formleg skilyrði um hvalveiðar er fullkomlega óljóst að hægt yrði fyrir okkur að flytja hvalaafurðirnar út. Norðmenn hafa ákveðið að flytja út hvalaafurðir en hverjir hafa ákveðið að kaupa þær? Það liggur alveg ljóst fyrir að það er mjög óvíst að Norðmenn finni nokkurn markað fyrir hvalaafurðir sínar í Japan. Um þetta hafa borist upplýsingar til Norðmanna.

[15:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst svörin heldur rýr hjá hæstv. ráðherra í þessu máli. Hann talar um að við þurfum að hafa veiðarnar löglegar og það vitum við. Sú spurning hlýtur því að vakna: Hvenær á þá að sækja um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu eða taka ákvörðun um að hefja vísindaveiðar ef það er niðurstaðan? Það hlýtur að vera hægt að svara því við þessa umræðu.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi áðan að skilning skorti á því að hægt væri að selja þessar vörur. Ég veit ekki betur en að það hafi legið fyrir í mörg ár að þörf hafi verið fyrir hvalkjöt inn á markaðinn í Japan og það hefur margoft komið fram hér á Íslandi að þar væru markaðir fyrir hendi. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich veit það kannski betur en aðrir en ég veit ekki betur en að Norðmenn hafi verið að ákveða að flytja út kjöt, einmitt til Japans. Þannig hefur það a.m.k. komið fyrir sjónir manna hér.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Enn á ný kemur hæstv. sjútvrh. og svarar að verið sé að kynna málin. Það sé verið að stefna að kynningu. Ég hlýt að spyrja: Hvar á að kynna málin? Hvenær á að kynna þau? Hvernig á kynna þau? Hver ætlar að kynna þau?

Svona þokusvar sem ber allt keim af því að menn séu að sigla í hringi með engan kompás og engin staðsetningartæki gengur ekki í þessu máli.

[15:04]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Burt séð frá því hvort við getum selt hvalaafurðir eða ekki, sem vonandi verður nú, er ég því fylgjandi að veiddir verði hvalir af tveimur ástæðum. Ég segi að verði hvölum ekki fækkað þá sé þetta spurning um lífríkið í hafinu. Ef hvölum fjölgar þá verður væntanlega meiri samkeppni um fæðuna í sjónum, þ.e. milli manna og hvala, þeir borða fisk eins og við. Að mínu mati er þetta einnig spurning um lífskjör þjóðarinnar. Ef menn fækka ekki hvölum munu lífskjör þjóðarinnar fara versnandi. Viljum við það? Nei, við viljum það ekki. Sjómenn á Vestfjarðamiðum hafa orðið varir við gífurlega fjölgun hvala á miðunum undanfarin ár. Við getum líka verið samtímis með ferðamennsku og hvalaskoðun, það getur vel farið saman. Ég hvet því sjútvrh. til að kynna málið þannig að við getum farið að veiða hvali hið fyrsta.

[15:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er eiginlega alveg frábær umræða. Það hafa verið mjög misvísandi skilaboð frá stjórnarliðinu í fjölmiðlum og eru hér í dag. Já, það á að veiða, það er hægt að selja, er sagt annars vegar, já, veiðum, bara ekki strax af því það er ekki hægt að selja, er sagt hins vegar. Við getum ekki uppfyllt skilyrðin, segir ráðherrann. Við erum ekki í ráðinu og höfum ekki sett fyrirvara við banninu. Það er hárrétt. Það er staðan sem við erum í. Niðurstaðan: Það er verið að kynna viljann hjá ríkisstjórninni til að veiða og hugsanlega selja í Bandaríkjunum. Að öðru leyti er þetta bara sýndarpólitík, yfirlýsingar í eyru þeirra sem vilja heyra að nú eigi að taka á í málinu, en það er ekkert að marka það sem sagt hefur verið. Við erum bundin í þessari stöðu og það er kannski það sem helst er verið að draga fram með þessari fyrirspurn, alveg óháð því hvað hver einstaklingur, þingmaður eða flokkur vill í þessum sal.

[15:06]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Eins og áður vil ég hvetja mjög til þess að hvalveiðar verði leyfðar hér við land. Þá er ég auðvitað að hugsa um raunverulegar hvalveiðar á langreyði, sandreyði, en ekki smáhvalaveiðar, og tel að nauðsynlegt sé að stefna óhikað og fast að því markmiði.

Ég er sammála því sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykn., Gunnari Birgissyni, að hægt er að gera hvort tveggja í senn, að vera með hvalaskoðun og hvalveiðar, án þess að þeir hagsmunir stangist á eða rekist á. Ég vil því eindregið hvetja hæstv. sjútvrh. til að halda vel á þessu máli.

[15:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Enn á ný ræðum við hvalamál í þingsölum. Ég vil taka undir orð hv. þm. Tómasar Inga Olrichs þegar hann velti fyrir sér markaðsmálum á hvalaafurðum. Það vantar mjög gjarnan inn í þessa umræðu. Við vitum að Norðmönnum hefur ekki gengið allt of vel að selja þessar afurðir. Við vitum líka að ef við hefjum hvalveiðar, eru markaðsmál okkar á hvítum fiski hugsanlega í uppnámi á Bandaríkjamarkaði. Þetta eru atriði sem við þurfum að skoða, þannig að ég held að sé ágætt að fara með hraða snigilsins í þessu máli eins og hæstv. sjútvrh. hefur gert.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram eru skilaboðin sem koma núna úr þessum sal varðandi hvalveiðar afar misvísandi. Hæstv. ráðherra segir okkur, og það kemur mér ekki á óvart, að við höfum ekki uppfyllt ákvæði til að geta flutt út hvalaafurðir til Japan. Þetta hefur legið fyrir. Þess vegna hef ég og ýmsir fleiri hér verið þess mjög fýsandi, og höfum við lagt fram þingmál þess efnis, að þetta lagaumhverfi yrði gert þannig að við gætum unnið, að við gætum farið að taka ákvarðanir sem byggðu þá á þeirri þekkingu og þeirri vitneskju sem við hefðum um markaði og um þær aðstæður sem okkur eru að öðru leyti búnar.

Ég held að ég sé þrisvar eða fjórum sinnum búin að flytja tillögu um að við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið með fyrirvara gagnvart því banni sem okkur láðist að mótmæla um árið. En það hefur ekki verið samþykkt enn og ekki vitum við hvað verið er að vinna. Nefndir hafa verið settar á, þær hafa skilað niðurstöðum og ekkert gerist.

Herra forseti. Ég er ekki að fara í þessa umræðu til að berja á þingmönnum, það er svo fjarri mér, og allra síst þeim ágæta dreng Einari Kristni Guðfinnssyni, en þegar menn eru titlaðir formenn sjútvn. Alþingis og fara fram með staðhæfingar af þessu tagi, hlýt ég að verða að spyrja hér: Er verið að lýsa skoðunum íslenskra stjórnvalda? Hvað stendur til? Við eigum fullan rétt á því að vita það og þess vegna vil ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa komið frá ráðherra. Við erum allnokkru nær enda þótt svörin hafi kannski ekki sagt okkur hvenær eða hvað yrði byrjað að veiða.

[15:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ágætt að ekki er verið að berja á þingmönnum. En ég man hins vegar ekki eftir því að ég hafi nokkru sinni svarað spurningu á hv. Alþingi sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur verið ánægður með. Það kemur mér svo sem ekkert á óvart þótt honum finnist svör mín vera rýr í dag.

Enn á ný er verið að fara sama hringinn, segir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, og ekkert að marka, segir hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. En ég get alveg fullvissað þau um að það er full alvara í þeirri vinnu sem fer nú fram á vegum ráðuneytisins í að kynna afstöðu okkar og undirbúa það að hvalveiðar geti hafist. Því tek ég afar vel hvatningu hæstv. forseta um að hefja hvalveiðar og ég held að það sjónarmið sem hv. þm. Gunnar Birgisson kom fram með um að við séum í samkeppni við hvalina sé hárrétt sjónarmið.

Út af fyrir sig fagna ég þeirri afstöðu sem kom fram hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að hún virðist gera sér grein fyrir því hvernig málið er statt varðandi hvalveiðiráðið og varðandi fyrirvarann, en vil bæta því við að það skiptir líka máli hvernig fyrirvara okkar er tekið innan Alþjóðahvalveiðiráðsins þegar og ef við göngum þar inn með fyrirvara. Í því liggur einmitt skýringin á því, hv. þm. Kristján Pálsson, að við gengum úr Alþjóðahvalveiðiráðinu til þess að geta hugsanlega freistað þess að komast þangað aftur inn með fyrirvara. Fordæmi eru fyrir því á alþjóðavettvangi að ríki hafi gengið úr samtökum og farið aftur inn með fyrirvara sem við gerum þá við ný eða eldri efnisatriði.

Til þess að þingheimur velkist ekki í nokkrum vafa um afstöðu mína í málinu þá hyggst ég ekki tileinka mér hraða snigilsins í þessu máli, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason.

Endurgerð brúar yfir Ströngukvísl.

Fsp. JB, 398. mál. — Þskj. 649.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. iðnrh. varðandi endurgerð brúar yfir Ströngukvísl. Brúin yfir Ströngukvísl á Eyvindarstaðaheiði eyðilagðist í flóðum síðla vetrar árið 2000. Brúin var á sínum tíma hluti af samningi sem Landsvirkjun eða aðstandendur Blönduvirkjunar gerðu við bændur þar á svæðinu um bætt aðgengi að nýju landi vegna þess lands sem fór undir vatn og aðra umferð um svæðið. Eins og áður er sagt fór brúin síðla vetrar árið 2000 og hefði þá verið eðlilegt að hún hefði verið endurgerð síðasta sumar og komið að fullum notum eins og samningar gera ráð fyrir.

Ég vil leyfa mér að spyrja hvers vegna Landsvirkjun stóð ekki við þann hluta samningsins að gera það þegar í stað.

Í öðru lagi leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra að því, þar sem þessi brú var ekki endurgerð, hvort hún muni beita sér fyrir því við Landsvirkjun að hún láti endurbæta brúna strax í vor þannig að umferð um hana geti orðið eðlileg næsta sumar.

Herra forseti. Eins og ég sagði er þessi brú er hluti af samningi sem gerður var milli Blönduvirkjunar eða aðstandenda Blönduvirkjunar og bænda um svæðið. Það breytir engu þótt nú hafi staðið yfir viðræður um að Landsvirkjun losi sig undan þeim ábyrgðum sem hún fékk með yfirtöku Blönduvirkjunar gagnvart bændum og öðrum landeigendum á svæðinu þar sem verið er að vinna að því að Vegagerðin taki að hluta til yfir ábyrgð á vegum og samkvæmt nýgerðu samkomulagi þar um er einmitt gert ráð fyrir að svo sé.

Engu að síður, herra forseti, er í því samkomulagi, sem er dagsett núna 8. febrúar, það áfram bundið því skilyrði að samningar hafi náðst milli sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar um þann heildarpakka sem þar er verið að ræða um. Ég leyfi mér því að spyrja, herra forseti: Er hætta á því að einmitt þessar viðræður um samninga verði til þess að draga þessa framkvæmd enn á langinn og skapa um hana áframhaldandi óvissu eða verður þetta framkvæmt með óyggjandi hætti þegar í stað í vor?

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í virkjunarsamningi milli ríkisins annars vegar og viðkomandi sveitarstjórna um Blönduvirkjun, dags. 15. mars 1982, var kveðið á um ýmsar vegabætur sem virkjunaraðilar skyldu annast sem hluta af bótum sem hlytist af gerð miðlunarlóns virkjunarinnar eða óþægindum og óhagræði sem af byggingu virkjunarinnar leiddi. Hluti af þeim samgöngubótum á Eyvindarstaðaheiði og Auðkúluheiði var bygging brúar yfir Ströngukvísl, en hún fellur að austanverðu í Blöndu um 10 km sunnan miðlunarlóns Blönduvirkjunar. Brúin var reist á árunum 1984 og 1985 og hefur nánast ekkert verið notuð fyrir almenna umferð enda eru aðeins torfærar slóðir og erfiðar ár yfir að fara þar fyrir sunnan. Brúin hefur hins vegar verið notuð frá upphafi fyrir flutning sauðfjár og hrossa suður í Guðlaugstungur sem eru sunnan Ströngukvíslar.

Í miklum vetrarleysingum á útmánuðum árið 2000 ruddi Strangakvísl sig með þeim afleiðingum að jakar hrifu með sér brúardekkið niður eftir ánni. Við vettvangsskoðun sumarið 2000 kom í ljós að smíða þyrfti nýtt brúardekk. Sama vor kom fram ósk frá heimamönnum um að brúarundirstöður yrðu hækkaðar frá því sem verið hafði til að draga úr líkum á því að brúin yrði fyrir skemmdum. Sumarið 2000 var unnið að undirbúningi þess að gera nauðsynlegar endurbætur á brúnni.

Um síðustu áramót gerði Landsvirkjun annars vegar og fulltrúar sveitarstjórna beggja vegna Blöndu hins vegar samkomulag um viðauka við virkjunarsamning aðila frá 1982. Hann felst í því m.a. að heimamenn taka yfir skyldur virkjunaraðila varðandi viðhald girðinga á viðkomandi afréttum og viðhaldi vega að hluta. Í samræmi við samkomulagið við heimamenn hefur Landsvirkjun jafnframt gert samning við Vegagerðina um viðhald annarra vega á heiðunum en jafnframt er gert ráð fyrir því að Vegagerðin nýti Blöndustíflu sem hluta vegar frá Kjalvegi yfir á Vesturheiðarveg sem tengja mun saman vegi og vegslóða á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði.

Í samningi Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar er ákveði um að Vegagerðin muni vorið 2001 endurnýja brúargólf Ströngukvíslarbrúar og jafnframt er gert ráð fyrir því að Vegagerðin muni bjóða út fyrirhugaða hækkun á brúarstöplum. Þessi verk verða væntanlega unnin seinni hluta sumars þegar fært verður þeim tækjum og vinnuvélum sem til þarf. Samtals er áætlaður kostnaður við endurbyggingu brúarinnar um 24 millj. kr.

Sem svar við síðari spurningunni vil ég segja þetta: Í máli mínu hér hef ég rakið á hvern hátt staðið hefur verið að málum við endurgerð brúarinnar og fæ ég ekki séð að ráðherra þurfi á einn eða annan hátt að beita sér í þessu máli. Fullt tillit hefur verið tekið til ábendinga heimamanna varðandi breytingar á brúnni sem hafa valdið því að endurgerð hennar tefst um eitt ár.

En eins og ég hef rakið hér á undan er staðið fullkomlega eðlilega að undirbúningi verksins.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við þessum spurningum. Ég vil þó vekja athygli á því að samningar á milli heimamanna og Landsvirkjunar eru ekki í höfn. Það er bara viljayfirlýsing um að ganga til samninga á ákveðnum forsendum. En þeir eru ekki í höfn varðandi

meginatriði, þ.e. hvað lýtur að fjármagni. Vonandi nást þessir samningar. Engu að síður er það áfram skilyrt — eða svo má skilja af þeim samningum frá 8. febrúar sl. sem ég vitnaði til í máli mínu og hæstv. ráðherra einnig — þá er einnig kveðið þar á um að það skuli hafa náðst fullt samkomulag, eða ég skil það svo, á milli allra aðila áður en ráðist er í þessar framkvæmdir. Ég vil því leggja áherslu á að þessi brúargerð er í sjálfu sér óháð þessum samningum sem slíkum því Landsvirkjun bar ábyrgð á þessari brú. Og varðandi umrædda hækkun þá var vitað mál í upphafi þegar hún var hönnuð að hún væri of lág. Ég legg áherslu á að ekkert í samskiptum eða samningum öðrum dregur ábyrgðina frá því að þessari brúarendurgerð verði lokið nú á þessu sumri.

Herra forseti. Ég vil líka benda á að í þessum samningum er gert ráð fyrir að Vegagerðin leggi þarna fram fé á móti Landsvirkjun. Mér fyndist eðlilegt að Landsvirkjun beri ein kostnað við þessa brú þó svo að samningar náist um að Vegagerðin annist framkvæmdina.

Staða sjávarbyggða.

Fsp. SJS, 404. mál. — Þskj. 656.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrirspurnir fyrir hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra vegna skýrslu og vinnu sem í gangi hefur verið á vettvangi Byggðastofnunar og varðar stöðu sjávarbyggða. Drög að þessari skýrslu komu út nú í árslok, eða eru dagsett a.m.k. í desember árið 2000.

Það sem mér leikur sérstaklega hugur á að vita er hvernig hæstv. byggðamálaráðherra hyggist fylgja eftir þessari vinnu, þessari skýrslu Byggðastofnunar og hvort hæstv. ráðherra hafi beitt sér eða muni beita sér sérstaklega sem ráðherra byggðamála gagnvart þeirri endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða sem í gangi er, m.a. í ljósi veikrar stöðu minni sjávarbyggða sem skýrt kemur fram í þessari skýrslu og mjög hefur verið til umræðu af ýmsum ástæðum að undanförnu.

Það ber að taka fram að vísu að ég hef upplýsingar um það frá Byggðastofnun að þessi skýrsla kunni að verða endurskoðuð eða endurbætt áður en hún verður formlega eða endanlega gefin út og er það vel. Það má vissulega finna í henni atriði sem betur mættu fara og ef menn vildu mætti þar benda á ýmislegt sem kannski er svolítið skondið eða kemur broslega fyrir sjónir. En það er ekki aðalatriði málsins heldur hitt að það er þó gott svo langt sem það nær að á vegum Byggðastofnunar er verið að reyna að kortleggja þessa hluti og skoða sérstaklega stöðu byggðarinnar við sjávarsíðuna og þá ekki síst í minni sjávarútvegsbyggðunum. En það er alveg ljóst hverjum þeim sem þessi mál kynnir sér eða um fjallar að þar er vandinn einna alvarlegastur og þar er styst í bókstaflega hrun í mörgum tilvikum ef ekki verður rönd við reist.

Menn deila um áhrifavalda í þessu sambandi og eru ekki endilega sammála um það t.d. hversu mikil áhrif núverandi fiskveiðistjórnarkerfis séu í þessum efnum. En ég held að það sé óhjákvæmilegt að horfa til þess að þar er a.m.k. samhengi á ferð og þar af leiðandi eðlilegt að litið verði til þeirra hluta nú við þá endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem á að heita að sé í gangi. Það er jú eitt af markmiðum laga um stjórn fiskveiða og bundið í lög víðar, á mörgum stöðum, í lög um Byggðastofnun og byggðamál, lög um málefni sveitarfélaga og fleira, að treysta atvinnu og byggð í landinu og þar af leiðandi er það yfirlýst og margsamþykkt og lögbundið markmið sem við hljótum að gefa okkur að verið sé að reyna að vinna eftir.

Herra forseti. Mér fannst tilefni til þess að fá að heyra frá hæstv. byggðamálaráðherra hvernig þessir hlutir sérstaklega standa og í því samhengi sem ég hef hér spurt um.

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Tilgangur SVÓT-greiningarinnar, byggðarlög í sókn og vörn – sjávarbyggðir, er að finna staðbundin sóknarfæri varðandi atvinnu og búsetu. SVÓT er skammstöfun fyrir styrk, veikleika, ógnanir og tækifæri. Hér er í raun ekki um nýja rannsóknaraðferð að ræða heldur flokkun niðurstaðna sem miðar að því að auðvelda notkun þeirra við framkvæmdaáætlanir. Greiningin er unnin samkvæmt 8. lið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001, en þar segir:

„Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða og -vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi. Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar. Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu."

Niðurstöður þessarar greiningar verða notaðar á landsvísu við gerð nýrrar byggðaáætlunar, en undirbúningur að þeirri vinnu stendur nú yfir. Þá munu einstök sveitarfélög geta nýtt sér niðurstöðu greiningarinnar í stefnumörkun og aðgerðaáætlun á sínu svæði. Nokkur sveitarfélög hafa nú þegar sýnt áhuga á samvinnu við Byggðastofnun varðandi frekari úrvinnslu á þeim niðurstöðum sem fram koma í greiningunni.

Rétt er að hafa í huga að niðurstöður slíkrar greiningar gefa ekki fullkomna mynd þar sem þær eru dregnar saman í örfáar setningar. Jafnframt eru niðurstöðurnar mismunandi fyrir hina einstöku landshluta. Þó má segja að miðað við greiningu Byggðastofnunar þá einkenni eftirfarandi sjávarbyggðirnar í heild sinni.

Helsti styrkur sjávarbyggðanna telst vera nálægð við fiskimiðin og þekking á veiðum og vinnslu sjávarafurða. Einnig má telja almenna ánægju með opinbera þjónustu svo sem góða öldrunarþjónustu og dagvistun og félagslega samkennd á smærri stöðum.

Helstu veikleikar eru veik fjárhagsstaða sveitarfélaganna, fólksfækkun, fábreytt atvinnulíf, lágt menntunarstig, hár samgöngu- og fjarskiptakostnaður, lágt söluverð fasteigna, víða lág laun, fábreytt námsframboð og fábreytt framboð á afþreyingu.

Helstu ógnanir eru samkvæmt skýrslunni atgervisflótti, fækkun starfa í sjávarútvegi og ótrygg framtíð áætlunarflugs.

Helstu tækifæri liggja í samstarfi eða sameiningu sveitarfélaga, eflingu mannauðs, aukinni fjölbreytni atvinnulífs, fjárfestingu í samgöngum og fjarskiptum, menningartengdri ferðaþjónustu, auknu rannsóknarstarfi, fjarvinnslu og fjarkennslu.

Við gerð skýrslunnar voru sjávarbyggðir skilgreindar þannig að 30% starfa tengjast beint sjávarútvegi. Ætlunin er að uppfæra niðurstöðurnar reglulega og þess vegna er skýrslan að svo stöddu ekki prentuð heldur aðgengileg á

vefsíðu Byggðastofnunar. Byggðastofnun mun framkvæma sams konar greiningu fyrir stærri þéttbýliskjarna og landbúnaðarhéruð á næstu mánuðum.

Sem svar við síðari spurningunni vil ég að eftirfarandi komi fram: Hér á fyrirspyrjandi við nefnd sem sjútvrh. skipaði í samræmi við bráðabirgðaákvæði V við lög nr. 1/1999, sem breyttu lögum nr. 38, um stjórn fiskveiða. Þessi nefnd var skipuð haustið 1999, en í skipunarbréfi hennar segir:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu. Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar, né heldur að raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni."

Ljóst er að verkefni nefndarinnar er vandasamt og miklu skiptir að hún fái starfsfrið til að sinna verkefni sínu. Niðurstöður nefndarinnar og tillögur sjútvrh. í framhaldi af þeim munu koma til kasta Alþingis. Þegar að því kemur gefst þingmönnum öllum kostur á að leggja mat á þá tillögugerð með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett voru með þessu starfi, þ.e. að ná sátt um fiskveiðistjórnarkerfið. Sú sátt þarf m.a. að byggja á því að taka tillit til sjónarmiða byggðanna eins og skýrt kemur fram í erindisbréfi nefndarinnar eins og áður sagði.

[15:30]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Byggðastofnun lagði fram skýrslu um stöðu sjávarbyggða sem kom út í desember. Mér fannst svar ráðherra varðandi þessa fyrirspurn frekar efnislítið og kannski í takt við annað sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn í sambandi við byggðamál.

En ég vil nota þetta tækifæri og nefna af því að við vorum nýlega á borgarafundi í Hrísey, hæstv. byggðamálaráðherra og þingmenn Norðurl. e. og ég kom þar svona sem óboðinn gestur úr annarri sókn ef svo má að orði komast, að fram kom hjá hv. þingmönnum Sjálfstfl., Halldóri Blöndal og Tómasi Inga Olrich, um síðasta verk síðustu stjórnar Byggðastofnunar sem var undir forsæti Egils Jónssonar, þingmanns Sjálfstfl., að Byggðastofnun hefði brotið lög með því að úthluta byggðakvótanum til fimm ára en ekki eins árs.

Ég vil spyrja hæstv. byggðamálaráðherra: Er ráðherrann sammála þessu sjónarmiði?

Og hitt atriðið: Hyggst hæstv. byggðamálaráðherra beita sér fyrir því að byggðakvóti verði aukinn til að koma til móts við minni staði eins og Hrísey?

Herra forseti. Það vantar ekki fleiri skýrslur um vanda landsbyggðarinnar, (Forseti hringir.) en það vantar aðgerðir. (**Gripið fram í:** Það vantar þögn.)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hef áður tekið fram, hv. þm., að eftir að rautt ljós hefur kviknað er ekki ætlast til þess að menn taki upp ný efnisatriði í ræðum sínum. Það er naumt skammtaður tíminn og ég áminni þingmenn um að gæta háttvísi og virða þingsköp.)

[15:31]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er hreyft afar brýnu máli, sérstaklega þó í seinni hluta spurningarinnar sem lögð var fram og ber að þakka það.

Ágallar kvótakerfisins eru að verða flestum ljósir og menn vita í hverju þeir felast. Kerfinu var þröngvað á í miklum flýti og asa árið 1983, svo maður líti svo langt aftur, á hinu háa Alþingi Íslendinga. Talsmenn kvótans töldu að með þessu kerfi væri búið að leysa byggðavandann á Íslandi. Og ég vísa þar með í ræður einstakra þingmanna frá þeim tíma.

Herra forseti. Kvótakerfið ætlar þvert á móti að reynast banabiti ýmissa sjávarbyggða. Þetta er dapurleg 16 ára reynsla. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda: Hver eru ráð hæstv. byggðamálaráðherra gagnvart því sem við blasir varðandi framkvæmd kvótakerfisins?

Fróðlegt væri að vita það í ljósi þess að hér hafa tveir frammámenn Framsóknar vitnað um að þeir séu á móti kerfinu eins og það er framkvæmt.

[15:33]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í þeirri greiningu Byggðastofnunar um styrkleika og veikleika sjávarbyggða sem hér hefur verið til umræðu hefur skýrt komið í ljós að ákveðin byggðarlög hafa verið að styrkja stöðu sína í veiðum og vinnslu. Í þeim byggðarlögum er það fyrst og fremst þekking á veiðum og vinnslu, mikil sérhæfing og mikil gæði sem hafa náð því að byggja þar upp og standa undir rekstri kröftugra fyrirtækja í sjávarútvegi í fiskvinnslu.

Afar brýnt er þegar menn vilja koma hér og stuðla sérstaklega að því að aðstoða þær byggðir sem standa höllum fæti, að menn gangi ekki á þann árangur sem þessi byggðarlög hafa náð í sjávarútvegi og fiskvinnslu, og að sífellt sé verið að miða við það að draga kraftinn úr þeim byggðarlögum með því að bæta stöðu hinna. Menn vinna ekki fyrir hagsmunum landsbyggðarinnar með þeim hætti.

[15:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar takmörkuðum gæðum er skipt eru þau auðvitað á einhverjum stöðum. Spurningin er um hvort þeim sé réttlátlega skipt og hvort aðgangurinn að auðlindinni sé með þeim hætti að sanngjarnar og eðlilegar leikreglur séu til staðar. Þær eru það ekki í dag og um það snýst deilan. Slíkar aðstæður koma verst niður á mörgum minnstu byggðarlögunum og þeim sem eiga undir högg að sækja af öðrum ástæðum líka. Þetta eru mestallt sjávarbyggðir sem hafa ekki í önnur hús að venda. Í dag er það þannig að ekki er hægt að stofna til nýrrar útgerðar á þessum stöðum, einfaldlega vegna verðs á veiðiheimildum og þetta veit hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Og þegar hann talar um að að taka eigi veiðiheimildirnar annars staðar frá er það út af fyrir sig rétt, það er verið að taka þær annars staðar frá. En það er líka búið að úthluta þessum veiðiheimildum nógu lengi til þeirra aðila sem ekkert hafa fyrir þær borgað.

[15:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var örðugt að átta sig á hvað hæstv. byggðamálaráðherra átti við þegar hún tókst á við að svara síðari spurningunni sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bar upp. En af svari hæstv. byggðamálaráðherra mátti ráða að vandi sjávarbyggða sé fyrst og fremst kvótakerfinu að kenna. Enn fremur að sá vandi sé ekki á herðum byggðamálaráðherra. Sá vandi er fyrst og fremst á herðum sjútvrh. og það helsta sem hæstv. ráðherra hafði til málsins að leggja var að hv. Alþingi skyldi bíða og sjá til með hvað hæstv. sjútvrh. mundi leggja fram á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Svör af þessum toga eru vart til þess fallin að efla trú þess fólks sem nú býr í þessum byggðum í ljósi þess að algerlega nauðsynlegt er að það fái aukinn aðgang að sjávarauðlindinni.

[15:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Rétt er að fagna þeirri skýrslu sem hér er til umræðu sem samin var af Byggðastofnun um stöðu sjávarbyggða. Það er um margt fróðleg lesning. Það sem vekur hins vegar einna mesta athygli við lestur skýrslunnar eru hinar tíðu og mörgu tilvitnanir í hina samþykktu þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1999–2001. Það er athyglisvert vegna þess að skýrslan er gefin út í desember árið 2000. Við höfum verið að lesa hana árið 2001, þegar ætti að vera komið undir lok á framkvæmd þeirrar stefnu í byggðamálum sem var áætluð fyrir árin 1999–2001.

Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að spyrja hæstv. byggðamálaráðherra hvenær við megum vænta þess að tekið verði til umræðu hvernig til hefur tekist í framkvæmd stefnunnar í byggðamálum fyrir 1999–2001, en hæstv. ráðherra hefur nokkrum sinnum tjáð þingheimi að sú umræða standi til nú í vetur og því spyr ég, herra forseti, hvort við megum ekki búast við þessari umræðu fyrr en síðar.

[15:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Byggðir drógust saman löngu fyrir kvótakerfið og við höfum séð miklar breytingar þrátt fyrir mjög opnar heimildir og aðgang að fiskimiðum, (Gripið fram í.) þannig að við þurfum ekki að fara svo langt til þess, hv. þm.

Veikleiki lítilla byggða er fyrst og fremst einhæfni atvinnulífsins og spurningin er hvernig menn geta breikkað þennan atvinnuþátt í byggðunum eða bætt samgöngur til byggðanna, svo að fólk treysti sér til að búa þar.

Ég held, herra forseti, að þessi sífelldi söngur um að ekki sé nokkur leið að búa úti á landi vegna þess að kvótakerfið er við lýði eða þá að einhver önnur óáran ríði yfir dragi fyrst og fremst kjark úr landsbyggðarmönnum. Það er þessi ótrúlega svartsýni. Það er fullt af fiski úti á landi sem menn gætu unnið ef hlutunum væri snúið á þann veg. Við vitum að kvóti sumra byggða er margfaldur miðað við það sem hægt væri að vinna þar.

[15:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ekki hefur vantað yfirlýsingar um hvað byggðastefnan stæði fyrir. En vantað hefur framkvæmd byggðastefnunar. Byggðastefnan hefur fyrst og fremst verið eyðibyggðastefna. Og þær fullyrðingar hv. þm. Tómasar Inga Olrichs áðan að söfnun aflaheimilda inn á fáa staði hafi ekki áhrif á neina aðra eru vægast sagt furðulegar. Það hlýtur að þurfa að færa aftur til baka til þeirra sem hafa misst aflaheimildir sínar ef menn eiga að njóta þeirra staðarkosta að sjávarbyggðir liggi vel að fiskimiðum. Þá hljóta þær að þurfa þess. Þá er rétt að taka fram í hinum enda skýrslunnar að sjávarbyggðir hafa mesta ógnun af að fá ekki að stunda fiskveiðar.

[15:40]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mjög mikilvægt mál. Ég vil taka fram að þegar menn segja að vandinn í byggðunum sé vegna þess að talað sé um vanda, þá er ekki rétt að koma með slík rök hingað. Byggðirnar hafa dregist saman, segir einhver, og það er tilhneiging sem hefur verið um veröld víða að mikill flutningur er til borga. En hjá okkur hefur átt sér stað hrun undanfarin ár. Ef einhverjir ætla að halda því fram að kvótakerfið eigi lítinn eða engan þátt í því, þá er það algjör rangfærsla, við sjáum það, það er alveg ljóst mál. Ég tel að fiskverkafólk, bæði í Bolungarvík, Vestmannaeyjum og víðar á Íslandi muni halda því fram.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, en hlýt um leið að lýsa nokkrum vonbrigðum með þau. Út af fyrir sig er góðra gjalda vert að útskýra hvernig veikleikagreining er unnin og að síðan standi til að nota efni hennar í endurskoðun byggðaáætlunar. En það er nú að verða svo að trú manna daprast mjög á að fögur fyrirheit í byggðaáætlunum sem lengi hafa verið þar á blaði, og mikið var látið með þá síðustu, skili miklu ein og sér. Það sem ég var fyrst og fremst á höttunum eftir voru aðgerðir, beinar tillögur um úrræði og eitthvað sem hönd er á festandi. Í aðalatriðum liggur allt fyrir sem þarf að liggja fyrir. Undirstöðuatvinnugreinarnar hafa veikst, sums staðar er undirstaðan hrunin og undirstaða byggðarinnar við sjávarsíðuna, í minni sjávarbyggðunum er bátaútgerð og fiskvinnsla. Vandséð er að annað reynist auðuppbyggt í staðinn ef sú undirstaða er frá mönnum tekin eða ekki til staðar. Þjónusta hefur dregist mikið saman. Pósthús, sími og bankar hafa lokað eða dregið úr starfsemi sinni. Verslun á í erfiðleikum o.s.frv. Allt ber því að sama brunni að atvinnulífið hefur veikst á þessum stöðum og þá þarf auðvitað ekkert að spyrja að leikslokum.

Varðandi svar við seinni spurningunni um það með hvaða hætti hæstv. ráðherra hygðist beita sér gagnvart þeirri endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem nú stendur yfir, þá verð ég að lýsa miklum vonbrigðum með það. Ef hæstv. ráðherra ætlar ekki á neinn hátt sem ráðherra byggðamála að beita sér gagnvart því starfi á meðan það er á vinnustigi, því ég held að það verði torsótt að koma því að með fullnægjandi hætti eftir að málin eru frágengin í slíkum hóp eða komin frá ráðherra og hingað til þingsins og vísa því inn í framtíðina, mér finnst það ekki fullnægjandi lausn. Ég tel að hæstv. ráðherra ætti að beita sér með því að vekja sérstaklega athygli nefndarinnar á, m.a. þessari skýrslu, þeim vanda sem við er að glíma í fiskvinnslunni á minni sjávarbyggðunum og fara fram á að endurskoðunarstarfið taki mið af þeim veruleika.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi varð fyrir vonbrigðum með svör mín og vill aðgerðir og hef ég heyrt það áður. Hann hefur ekki trú á að þessi mál verði leyst með hátækni eða öðrum slíkum nýjum greinum, það hef ég heyrt hann segja, heldur hefur hann trú á því að leysa þurfi þessi vandamál sjávarbyggða í gegnum landbúnað eða sjávarútveg. Ég er hins vegar ósammála honum um það og skoðun mín er sú að nýjar greinar þurfi til að bæta stöðu þeirra byggða sem veikastar standa og ég mótmæli því að vandamálið sé fyrst og fremst fiskveiðistjórnarkerfið. Það er mjög mikil einföldun þegar hv. þingmenn sem ekki hafa nokkur úrræði halda því fram að þetta sé allt saman fiskveiðistjórnarkerfinu að kenna. Þetta er nokkuð sem við heyrum oft hér á Alþingi og er í sjálfu sér þægileg afsökun og þægileg skýring fyrir þá sem ekki hafa skýringar og ekki hafa tillögur, en hún gengur ekki upp og þetta sjáum við t.d. í sambandi við þá erfiðleika sem núna, vonandi tímabundið, standa yfir í Vestmannaeyjum.

Einn hv. þm. talar nánast alltaf um að stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum sé eyðibyggðastefna þegar hann stígur hér í stól. (**GAK:** Eyðibyggðastefna, já.) Þetta er ósanngjarnt og ómálefnalegt og ætti ekki að heyrast á hv. Alþingi.

Einn hv. þm. talar um að búið sé að úthluta nógu lengi. Það er búið að úthluta nógu lengi. Vita þessir hv. þm. ekki hvað rekstraröryggi er? Eða öryggi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og útgerða? Það er ótrúlegt að hv. þm. leyfi sér að skauta svona yfir sviðið (Forseti hringir.) en ég veit að tíminn er stuttur.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Innflutningur gæludýrafóðurs, 439. mál, fsp. GHall, þskj. 702.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 449. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 717.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 448. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 716.

Umboðsmaður neytenda, 442. mál, þáltill. DSigf o.fl., þskj. 705.

Reglur Evrópusambandsins um viðskipti með dýraafurðir.

Fsp. JB og ÞBack, 400. mál. — Þskj. 652.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina spurningum til hæstv. landbrh. varðandi reglur Evrópusambandsins um viðskipti með dýraafurðir og hvernig þeim hefur verið beitt hér og öðrum reglum um innflutning á landbúnaðarvörum.

Þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu fékk það góðu heilli undanþágu frá I. viðauka sem fylgdi með samningnum sem fjallar um verndun og heilbrigði dýra og plantna. Sá kafli fjallaði einmitt um verslun og markaðssetningu á dýraafurðum. Ef Ísland hefði nú gerst aðili að þessum hluta samningsins yrðum við að hlíta sömu reglum og áhættumati og ESB-löndin gera innbyrðis, eða svipað og Norðmenn gerðu, en innan Evrópusambandsins er verslun með dýraafurðir að öðru jöfnu frjáls.

Samkvæmt þeim samningi sem gerður var um þessa undanþágu átti að taka upp og endurskoða þessa undanþágu á árinu 2000. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra:

Mun ráðherra áfram standa gegn því að teknar verði upp reglur Evrópusambandsins varðandi heilbrigði dýra og plantna sem undanþágа fékkst frá þegar EES-samningurinn var samþykktur og koma fram í I. viðauka við hann?

Í framhaldi af því spyr ég einnig: Hver fer með þessa endurskoðun samningsins af hálfu íslenskra stjórnvalda? Er það hæstv. landbrh.?

Herra forseti. Viðbrögð landbrn. við innflutningi á írsku nautalundunum fyrir áramótin og umræðan sem fylgdi í kjölfarið virtist benda til þess að nú þegar væri unnið samkvæmt reglum eins og við værum þegar orðnir aðilar að Evrópusambandinu og hefðum gert innri reglur Evrópusambandsins um verslun og markaðssetningu á dýraafurðum að okkar. En svo er alls ekki, herra forseti, eins og ég hef bent á.

Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra:

Er það mat ráðherra að Íslendingum beri nú þegar að fara að áliti og niðurstöðum vísindanefndar Evrópusambandsins við áhættumat í viðskiptum og við markaðssetningu á lifandi dýrum og dýraafurðum frá ríkjum þess?

Herra forseti. Fjölmörg ríki hafa þegar bannað innflutning á nautgripaafurðum frá mörgum löndum. Því spyr ég:

Hvers vegna bannar ráðherra ekki nú þegar innflutning nautgripaafurða frá Evrópusambandinu vegna hættu á kúariðusmiti og fylgir þannig fordæmi fjölmargra annarra ríkja, t.d. Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálands og Japans, sem eins og Ísland eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni? Við Íslendingar ættum að geta fylgt fordæmi þeirra.

[15:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrstu spurningu hv. þm. er þetta:

Við endurskoðun EES-samnings um heilbrigði dýra og plantna, sem fram fór árið 1995, var ákveðið að þær undanþágur sem Ísland hafði frá samningnum skyldu teknar til endurskoðunar árið 2000. Sú endurskoðunarvinna er þegar hafin og var fyrsti fundur aðila haldinn í nóvember sl. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja áherslu á óbreyttar samningsskuldbindingar eins og þær eru nú í I. viðauka og var sú stefna kynnt á fundinum af hálfu minna manna. Ég ræddi þetta mál í ríkisstjórn og þess vegna er landbrn. þarna í hlutverki sínu. Sá sem hér stendur mun áfram standa gegn því að teknar verði upp reglur Evrópusambandsins svo þetta sé sett á skýrt mannamál. Hv. þm. lætur kannski í sumum atriðum liggja að hlutum sem eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum eins og að menn séu farnir að vinna eftir innri reglum Evrópusambandsins. Við gerum það ekki, við vinnum á þeim grunni sem samningurinn byggir á. Hitt er auðvitað ljóst mál að utanrrn. og utanríkisþjónustan kemur að öllum þessum málum eins og hv. þm. þekkir.

Svar við annarri spurningu: Ísland er ekki skuldbundið til að fara eftir áliti og/eða niðurstöðum vísindanefndar Evrópusambandsins við áhættuna í viðskiptum og markaðssetningu á lifandi dýrum og dýraafurðum nema hvað varðar fisk og fiskafurðir þar sem er ekki um samningsbundin atriði að ræða. Íslendingar hafa strangari reglur en flest önnur ríki að því er lýtur að innflutningi og viðskiptum með dýr og dýraafurðir sem kemur m.a. til af góðri stöðu sjúkdóma og einangrunar landsins. Þegar innflutningur á sér stað er stuðst við bestu vísindalegar upplýsingar sem tiltækar eru, t.d. í sérfræðiskýrslum og álitsgerðum alþjóðastofnana, svo sem WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, OIE, Alþjóðaheilbrigðisstofnunar dýra, CODEX, gagnagrunns eða áhættumats einstakra ríkja. Þannig er þessi vinna unnin á grundvelli samningsins.

Svar við þriðju spurningu: Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er innflutningur ýmissa hrárra landbúnaðarafurða bannaður. Landbrh. er hins vegar heimilt að leyfa innflutning á þar til greindum vörum að fengnum meðmælum yfirdýralæknis enda þykir sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Meginreglan hérlendis er því bann og er innflutningur undantekning að mjög ströngum skilyrðum uppfylltum. Ég hef margsinnis rakið það hér í þessum stól og gerði það síðast í gær að vinnubrögð okkar í þessu eru auðvitað mjög vönduð. Við erum með þrengsta nálaraugað og stöndum öðruvísi að en aðrar þjóðir og nú eru sumar þjóðir að leita eftir því að fara að eins og Íslendingar.

Í spurningunni er gert ráð fyrir að innflutningsbönn nokkurra samningsaðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar séu fortakslaus. Svo er ekki í öllum tilfellum. Opnara innflutningsfyrirkomulag þessara ríkja hefur kallað á bráðabirgðaviðbrögð af þeirra hálfu. Þjóðir á borð við Nýja-Sjáland, sem

hafa ekki minni hagsmuna að gæta í sjúkdómavörnum en Ísland, hafa nú kosið að taka upp til bráðabirgða sem meginreglu það fyrirkomulag sem ríkir hér. Athygli er vakin á því að Rússland er ekki aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eins og kom fram í máli eða fyrirspurn hv. þm. Margar þjóðir vilja nú fara hina íslensku sérleið, að þurfa ekki að flytja inn kjöt í heilum og hálfum skrokkum eins og rakið hefur verið.

Ríkisstjórn Íslands hefur nú skipað tvo óháða starfshópa til að gera úttekt á:

Annars vegar hugsanlegri hættu sem neytendum stafar af neyslu á vörum sem innihalda innflutt nautakjöt eða nautakjötsafurðir.

Hins vegar lögum, reglum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands sem snúa að innflutningi matvæla.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður þessarar úttektar liggi fyrir um næstu mánaðamót og munu aðgerðir landbrn. taka mið af þeim m.a. hvað varðar hugsanlegar laga- og reglugerðarbreytingar. Satt að segja vænti ég góðs samstarfs og veit að það verður svo frá hinu háa Alþingi og ekki síst við hv. landbn. í þeirri vinnu sem ég hygg að sé fram undan.

[15:55]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Kúariða og innflutningur matvæla hefur gefið okkur núna kærkomið tækifæri til að endurskoða allt eftirlit með innflutningi matvæla. Á Íslandi hafa sem betur fer ríkt strangar kröfur um innflutning kjöts til landsins, kröfur sem oft og tíðum hafa verið gagnrýndar. En þessar raddir eru ekki háværar í dag og nú þakka flestir fyrir hve vel hefur verið staðið að þessum málum. Með innflutningi matvæla fylgir mikil og vaxandi áhætta sem allt of margir hafa gert lítið úr. Landbúnaðurinn varðist af hörku gegn þessu og bar þau rök við sem voru réttmæt að hafa í hávegum heilbrigðissjónarmið og hollustuhætti. Nú getum við farið að eins og aðrar þjóðir, þ.e. að banna þennan innflutning og stöðva tilteknar framleiðsluaðferðir, á meðan þetta lítið er vitað um smitleiðir eins og raun ber vitni.

Að lokum vil ég nefna það að við eigum heldur ekki að taka óþarfa áhættu á innflutningi á norskum fósturvísum.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir innlegg hennar í umræðuna. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra gaf. Ég leit svo á að það væri vilji og ákvörðun ríkisstjórnarinnar að Ísland muni áfram standa utan við aðild að I. viðauka við Evrópusambandssamninginn þar sem kveðið er á um heilbrigði dýra og plantna. Ég vona að ég hafi skilið það rétt að við munum gera það áfram.

Ég vil þó í framhaldi af því, herra forseti, spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann líti á þá verslun og viðskipti við einstök lönd Evrópusambandsins. Eins og við vitum eru Evrópusambandslöndin ein heild í viðskiptalegu tilliti og þau mega ekki beita takmörkunum innbyrðis nema að mjög takmörkuðu leyti og með allt öðrum hætti en þriðja ríki, eins og Ísland sem ekki á aðild, getur beitt gagnvart þeim. Hins vegar hafa önnur ríki verið að takmarka aðkomu að mörkuðum sínum, að líta á Evrópusambandslöndin sem heild, vegna þess að þeir telja að þau séu öll jafnhættuleg vegna þessara fríu viðskipta þar á milli.

Ég vildi árétta, herra forseti, að ég vil að skýr svör komi frá hæstv. ráðherra hvort ekki megi skilja orð hans svo að litið sé á Evrópusambandslöndin sem eina heild í þessu viðskiptalega tilliti en þau ekki flokkuð eitt og eitt sem gengur náttúrlega ekki samkvæmt viðskiptareglum þeirra.

[15:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil segja að auðvitað verðum við að ræða þetta mál af fullri gætni. Við höfum verið að takast á um viðskiptamál í haust, eldheitt pólitískt mál — beinamjöl. Við erum að beita þar vísindalegum rökum til að sannfæra menn. Það var mikil pólitík í þeim málum og viðskipahagsmunir sem blossa upp. Ég veit að þegar ég tala úr þessum ræðustól þá er auðvitað fylgst með því hvernig landbrh. talar um virðulegar þjóðir í útlöndum sem við eigum mikil og mikilvæg samskipti við. Auðvitað verðum við að fara með fullri gætni í öllum þessum málum. Sé ég nú að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon félagi minn kinkar kolli (Gripið fram í.) og gleður það hjarta mitt. Þess vegna verðum við að vinna þessi mál á vísindalegum grundvelli og gera það eftir þeim samningum. Við eigum að leita allra leiða til þess að þrengja nálarauga okkar ef við getum það hvað innflutning á hráu kjötmeti varðar. Það er skoðun mín.

Ég veit ekki hvort ég hef rétt til að segja að Evrópa eigi öll við sömu vandamál að stríða og stærstu ríki hennar. Ég ætla ekki að leyfa mér það. Ég hef mikla samúð með bændum í stærri ríkjum Evrópu og örlögum þeirra upp á síðkastið. Auðvitað lofa ég og þakka, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir, fyrir það hversu gætnir við Íslendingar höfum verið í okkar málum, höfum varið okkar landbúnað og stöndum nú með sterkan landbúnað.

Ég leyfi mér líka við þessa umræðu að fagna þeirri miklu ábyrgð sem verslunin sýnir. Þegar á reynir er þessi litla íslenska þjóð eins og lítil fjölskylda. Hún er það í þessum málum og allir vilja sýna varúð. Við skulum nýta okkur stöðu okkar og þakka fyrir ástand þessara mála í okkar litla og góða samfélagi.

Framhaldsskólanám í Stykkishólmi.

Fsp. JB, 406. mál. — Þskj. 661.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Við grunnskólann í Stykkishólmi hefur verið boðið upp á kennslu á fyrsta námsári á framhaldsskólastigi undanfarin ár. Ég vil í upphafi máls míns leggja áherslu á mikilvægi þess að nemendur geti stundað nám sitt sem lengst í heimabyggð, a.m.k. til 18 ára aldurs. Almenn krafa fólks til fjölskyldulífs með börnum sínum hefur verið ítrekuð í nýjum lögum um hækkun sjálfræðisaldurs. Hækkun menntunarstigs og aukið námsframboð í heimabyggð er eitt brýnasta búsetumál hinna dreifðu byggða. Benda má á að í framhaldsskólum er meira brottfall nemenda af svæðum þar sem ekki eru starfandi framhaldsskólar. Eins stundar lægra hlutfall þeirra framhaldsnám, svo ekki sé minnst á stóraukinn kostnað fyrir þá sem þurfa að sækja nám fjarri heimabyggð. Hækkun framlaga til jöfnunar á námskostnaði er spor í áttina en jafnar þann kostnað engan veginn.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, hefur í allmörg ár verið starfræktur 1. bekkur framhaldsdeildar við grunnskólann

í Stykkishólmi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Síðasta vor vildi meginþorri nemenda á fyrsta ári fá að halda áfram í Stykkishólmi og taka þar annað ár. Foreldrar þessara barna sendu um það erindi til menntmrh. að starfræktur yrði 2. bekkur framhaldsskóla í vetur en við því gat hæstv. menntrh. ekki orðið.

Nú háttar svo til að í 1. bekk framhaldsdeildar í Stykkishólmi eru um 25 nemendur og í 10. bekk grunnskólans eru einnig um 25 nemendur. Það yrði mikill styrkur fyrir Stykkishólm og nágrenni ef tekin yrði ákvörðun um að starfrækja þar bæði fyrsta og annað námsár framhaldsskóla. Með aukinni tækni í fjarnámi og fjarkennslu ætti að vera hægt að styrkja þessa kennslu og gera hana samkeppnishæfa. Gagnvart nemendum sem nú eru að taka ákvörðun fyrir næstu ár er mikilvægt að ákvörðun um þetta verði tekin sem fyrst.

Því leyfi ég mér, herra forseti, að spyrja hæstv. menntmrh.: Með hvaða rökum hafnaði menntmrh. beiðni sem kom frá heimafólki á síðasta ári um að boðið yrði upp á hefðbundið nám á öðru ári framhaldsskóla við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2000–2001?

Það er mikilvægt, herra forseti, að rökin fyrir því komi í ljós þannig að hægt sé að vinna að því að bæta úr því sem á kann að hafa vantað.

Í öðru lagi, herra forseti: Mun ráðherra samþykkja og stuðla að því að bæði fyrsta og annað námsár framhaldsskóla verði starfrækt við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2001–2002?

Ég ítreka það, herra forseti, að það er afar mikilvægt að bæði vilji og styrkur menntmrh. komi þarna að og að svör við þessu fáist sem allra fyrst svo nemendur og starfsfólk geti búið sig undir að takast á við verkefnið.

[16:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Hvers vegna hafnaði ráðherra beiðni frá heimafólki í Stykkishólmi á sl. ári um að boðið væri upp á hefðbundið nám á öðru ári framhaldsskóla við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2000–2001?“

Svarið er þetta: Tildrög málsins má rekja til bréfs sem menntmrh. var sent hinn 31. maí á sl. ári fyrir hönd foreldra barna í framhaldsskólanámi í Stykkishólmi þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið heimilaði kennslu í framhaldsáföngum átta námsgreina á öðru ári framhaldsskólastigsins, alls 11 áföngum, veturinn 2000–2001. Ítarlega var fjallað um málið innan menntmrn. og m.a. var haldinn fundur með fulltrúum foreldra, rætt við skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og bæjarstjóra í Stykkishólmi um málið. Af hálfu ráðuneytisins var málið metið á faglegum og rekstrarlegum forsendum með hliðsjón af meginsjónarmiðum varðandi réttindi til náms, auk þess sem litið var til gæða og inntaks námsins.

Jafnrétti til náms felst m.a. í því að allir nemendur eigi kost á þeirri kennslu sem skólar leitast við að tryggja nemendum og kveðið er á um í námskrá. Á framhaldsskólastigi eru gerðar ríkari kröfur til inntaks í námi og fjölbreytni en unnt virtist að uppfylla í þágu annars árs nema í Stykkishólmi. Fyrirhugað námsframboð í Stykkishólmi var eingöngu bóknám og ekki stóð til að nýta kosti nýrrar námskrár, fjarkennslu eða annars þess sem jafnöldrum viðkomandi nemenda stendur almennt til boða í skólum á framhaldsskólastigi. Ráðuneytið taldi ekki unnt að heimila nýtt námsframboð á framhaldsskólastigi nema þessir kostir byðust nemendum.

Einnig ber að líta til þess að af 10 kennurum framhaldsdeildanna í Stykkishólmi og Ólafsvík, samkvæmt skrá Fjölbrautaskólans á Akranesi yfir starfsfólk á vorönn 2000, voru fjórir kennarar með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi, þar af tveir í þeim greinum sem til stóð að kenna umræddum nemendum. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að faglega væri ekki hægt að rökstyðja að haldið yrði úti námi á öðru ári framhaldsdeildarinnar í Stykkishólmi án þess að réttindakennarar á framhaldsskólastigi væru fleiri.

Enn fremur komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að rekstrarforsendur annars árs framhaldsdeildar í Stykkishólmi væru veikar þar eð um var að ræða rúmlega sex nemendur að meðaltali í hópi áfanga en almennar forsendur skólakerfisins gera ráð fyrir 18–19 nemendum að meðaltali í slíkum bóklegum áföngum.

Að mati forsvarsmanna Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hefur rekstur framhaldsskóladeildar í Stykkishólmi og Ólafsvík verið mjög íþyngjandi fyrir skólann undanfarin ár og vart á þá örðugleika bætandi nema rekstrarforsendur eininganna breytist að mati ráðuneytisins. Menntmrn. taldi í ljósi ofangreindra atriða að viðkomandi nemendum mundi ekki bjóðast það jafnrétti til náms sem ráðuneytið leitast almennt við að tryggja nemendum íslenskra framhaldsskóla og sá ráðuneytið sér ekki fært að verða við beiðninni án frekari undirbúnings og könnunar.

Þá er spurt: „Mun ráðherra samþykkja og stuðla að því að bæði fyrsta og annað námsár framhaldsskóla verði starfrækt við framhaldsdeild í Stykkishólmi skólaárið 2001–2002?“

Svarið er þetta: Miðað við óbreyttar faglegar og rekstrarlegar forsendur framhaldsdeildarinnar í Stykkishólmi sér menntmrn. sér ekki fært að viðurkenna rekstur annars árs framhaldsdeildarinnar í Stykkishólmi enda hafi ekkert breyst frá því niðurstaða fékkst í málinu á síðasta ári. Í þessu sambandi vill ráðuneytið árétta að það hefur unnið að tilraunaverkefni með fjarkennslu á framhaldsskólastigi í Grundarfirði. Telur ráðuneytið að þróun framhaldsnáms í Stykkishólmi eigi að taka mið af þeim nýju tækifærum sem upplýsingatæknin veitir og að þróun framhaldsnáms með fjarkennslusniði gæti komið á móts við óskir um framboð á frekara námi á framhaldsskólastigi í Stykkishólmi sem uppfyllti faglegar kröfur ráðuneytisins um námsframboð og kennsluþætti sem gerðar eru til náms á öðru ári framhaldsskóla. Þá hafa farið fram viðræður milli fulltrúa ráðuneytisins og Snæfellinga um nýjan framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Menntmrn. sér því mikla annmarka á því að unnt sé að tryggja nemendum viðunandi framhaldsmenntun á öðru námsári í Stykkishólmi.

[16:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. nefndi í lok ræðu sinnar að viðræður hefðu farið fram um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ég vil að fram komi að ég tel að að því máli sé unnið af miklum áhuga á svæðinu. Menntmrn. og hæstv. menntmrh. hafa tekið jákvætt óskum um að skoða þetta mál í alvöru. Það eru miklar vonir bundnar við að út úr því komi skóli sem geri fólki á svæðinu kleift að stunda nám á framhaldsskólastigi á þessu svæði öllu. Það er ekki vafi á því að þar er á ferðinni besta lausnin, ef mönnum tekst að koma saman skóla fyrir þetta svæði. Vegna fámennisins styrkja menn það helst með því að ná þessu saman í Grundarfirði. Ég tel að þar sé lausn sem menn ættu að vinna að af fullum krafti.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil að öllum sé ljóst að það er menntmrh. sem ber ábyrgð á framhaldsskólastiginu þannig að vilji og hans og áhugi ræður þar náttúrlega afar miklu. Mér finnast þau rök sem hann færði hér fyrir því að ekki væri hægt að koma á 2. bekk við framhaldsdeildina í Stykkishólmi ekki haldbær. Þetta er alltaf spurning um fjármagn en það er líka dýrt fyrir byggðarlagið að senda nemendur heiman frá sér og þar spilar inn í spurningin um jafnrétti til náms eins og hæstv. ráðherra vék reyndar að.

Ég vil líka víkja að þeirri hugmynd um að stofna framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ég tel það afar góða hugmynd og sjálfsagt að vinna að henni en það mun taka nokkur ár og ekki koma til móts við þarfir unga fólksins sem nú er í Stykkishólmi. Ég bendi á að þarna er góður hópur, milli 20 og 30 nemendur sem vilja væntanlega vera áfram. Það yrði geysilegur styrkur, bæði fyrir þennan hóp og fyrir byggðarlagið að koma á þessu námi. Ég skora því á hæstv. menntmrh. að láta það ekki vera sitt lokasvar að hafna þessu næsta vetur heldur skoði hann málið með það að markmiði að það takist að koma á slíku námi. Að mínu viti þarf að nálgast málið þannig og það fyrr en seinna. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita áhrifum sínum og ábyrgð í þá veru.

[16:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að hv. þm. Jón Bjarnason sé ósammála mér um þetta. Hins vegar lagði ég fagleg sjónarmið til grundvallar í svari mínu. Það var alveg ljóst og kemur fram í svarinu, ef hv. þm. hefur hlustað á það sem ég sagði, að námið hefði dreifst um of. Það nám var ekki í boði, að okkar mati, sem fullnægði þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt námskrá (Gripið fram í.) og það var ekki vilji til þess — herra forseti, get ég fengið að ljúka máli mínu? — að nýta tækjakost í fjarkennslu í Stykkishólmi eins og gert hefur verið í Grundarfirði. Það voru margir annmarkar á þessu og það hafa ekki verið kynnt nein ný sjónarmið í þessu máli frá Stykkishólmi. Ég held mig því við þau faglegu rök sem ég beitti í svari mínu við þessum tveimur fsp. og læt mér í léttu rúmi liggja orð hv. þm.

Varðandi það sem hins vegar hefur gerst í framhaldsskólamálum á Snæfellsnesi þá sótti ég þar fund 11. nóv. og þar voru þau mál rædd af einurð og hreinskilni. Ég bíð eftir því að heyra frekar frá Snæfellingum um það mál og tel, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson, að það sé mun skynsamlegra að beita kröftunum að slíkri lausn frekar en að dreifa þeim eins og hv. þm. Jón Bjarnason telur skynsamlegast.

Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna.

Fsp. ÁSJ, 395. mál. — Þskj. 645.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég er hér með fsp. til fjmrh. um Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna. Með ákvörðun um stofnun Landskrár fasteigna ákvað Alþingi að Landskráin skyldi vera á skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Í umræðunni um málið kom fram yfirlýsing hæstv. fjmrh. um að svo skyldi vera. Nú hef ég upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins á Akureyri um að enginn undirbúningur sé í gangi þó að áform hafi verið um að Landskráin ætti að taka til starfa við þá stofnun um áramótin.

Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, spyrja hæstv. fjmrh.:

1. Hversu marga nýja starfsmenn hefur Fasteignamat ríkisins ráðið sl. 18 mánuði og hvar á landinu starfa þeir?

Ég hef upplýsingar um það að vegna vinnunnar að undirbúningi við stofnun Landskrár fasteigna hafi þegar verið ráðnir starfsmenn. Gott væri að fá svör við því hvort þær upplýsingar séu rangar eða hvort þegar sé byrjað að ráða starfsmenn og hvar þeir séu þá við störf.

2. Hefur ráðherra áminnt forstjóra Fasteignamats ríkisins fyrir að framfylgja ekki ákvörðun Alþingis og vilja ráðherra um að Landskrá fasteigna verði á skrifstofu stofnunarinnar á Akureyri?

3. Hverju sætir að undirbúningur starfrækslu Landskrárinnar fer að engu leyti fram norðan heiða?

Eins og kom fram hjá mér fyrr þá er mér ekki kunnugt um það, það hefur þá gerst á allra síðustu dögum, að nokkur vinna væri í gangi varðandi undirbúning að Landskrá fasteigna á Akueyri.

Í 4. lagi, vegna þess að fyrir liggur vilji Alþingis um málið og fyrir liggur yfirlýsing og vilji hæstv. fjmrh. um málið: Hvenær er þess að vænta að starfsemi Landskrárinnar hefjist á Akureyri?

[16:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn vil ég rifja stuttlega upp aðdraganda málsins.

Á síðasta þingi voru samþykkt þrenn lög varðandi Landskrá fasteigna sem tóku öll gildi nú um áramótin. Landskrá fasteigna er ein skrá fyrir mörg stjórnvöld, einkum sýslumannsembætti, sveitarfélög og Fasteignamat ríkisins sem er skráarhaldarinn. Í skránni verða upplýsingar um fasteignaeigendur sem stjórnvöld þurfa að varðveita til að vernda hagsmuni, réttindi og skyldur. Hugbúnaður Landskrár fasteigna varð til með samruna skráa Fasteignamats ríkisins og þinglýsingarkerfis sem dómsmrn. þróaði. Sjálf skráin myndast síðan á fjórum árum með því að sýslumannsembættin færa upplýsingar úr þinglýsingabókum í skrána, eign fyrir eign, en þar eru fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá Fasteignamatsins.

Í greinargerð með frv. að lögum varðandi Landskrá fasteigna voru gefin fyrirheit um aukna starfsemi Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Fyrirheitin voru að tölvukerfi sem heldur skrána yrði rekið á umdæmisskrifstofu stofnunarinnar á Akureyri og notendur skráarinnar væru þjónustaðir þaðan. Sá fyrirvari var gerður að gagnaflutningur væri hraðvirkur og öruggur. Í umræðum á Alþingi kom einnig fram að til greina kæmi að fela einkaaðilum þar í bæ að reka tölvukerfið en slíkt yrði metið þegar málið kæmist lengra á rekspöl. Þetta kom einnig fram í umræðum sem fram fóru á Alþingi í haust.

Markvisst er unnið að fullnustu þessara fyrirheita. Greining stendur yfir á möguleikum við rekstur skráarinnar svo sem varðandi búnað, rekstrarfyrirkomulag og útboðsmöguleika og einnig varðandi gagnaflutning og öryggismál, en skráin krefst mikillar bandvíddar og flutningsgetu til að svartími og viðmót verði viðunandi. Greiningunni verður væntanlega lokið fyrir páska og í kjölfar hennar kemur ákvarðanataka um þá leið sem valin verður og henni verður síðan hrint í framkvæmd.

Fyrirhuguð þjónusta við notendur greinist einkum í þrennt: Upplýsingagjöf, aðgangsstýringu og tækniþjónustu. Áformað er að upplýsingagjöf í síma úr skránni hefjist á umdæmisskrifunni á næstu vikum. Aðgangsstýring og tækniþjónusta við notendur hefst svo eðli máls samkvæmt á sama tíma og rekstur gagnasafnsins.

Mun ég þá snúa mér að spurningum þingmannsins.

1. Frá og með ágúst 1999 til janúarloka 2001 réðust níu starfsmenn til Fasteignamats ríkisins. Á sama tíma létu sjö starfsmenn af störfum. Hinir nýju starfsmenn starfa í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík, en þar létu sex af störfum og einn lét af störfum á umdæmisskrifstofu stofnunarinnar í Borgarnesi. Skipting þessara starfsmanna er sem hér segir:

Fimm matsmenn voru ráðnir, en tveir létu af störfum.

Þrír stjórnendur voru ráðnir, en tveir létu af störfum.

Einn sérfræðingur var ráðinn, en tveir létu af störfum.

Einn lét af störfum í almennri þjónustu og enginn var ráðinn í hans stað.

2. Forstjóri Fasteignamats ríkisins hefur unnið ötullega að því að framfylgja markaðri stefnu um uppbyggingu á Akureyri í tengslum við Landskrá fasteigna. Ég vil minna á að í skýrslu sem Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar gaf út í maí á síðasta ári um úttekt á möguleikum Eyjafjarðarsvæðisins í fjar- og gagnavinnslu kom fram sú skoðun að landsbyggðin væri hvorki tæknilega né kostnaðarlega samkeppnishæf við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu í fjar- og gagnavinnslu. Sem betur fer breytast aðstæður í fjarskiptum ört og vonandi er þessi níu mánaða gamla skýrsla orðin úrelt að þessu leyti.

Ég vil einnig minna á að það er starfsskylda þeirra sem fara með málefni slíkrar grundvallarskrár sem Landskrá fasteigna er að taka enga áhættu varðandi öryggi, tæknimál og rekstur. Slík viðhorf til skráarhalds komu m.a. glöggt fram er við ræddum á hinu háa Alþingi um frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Allt tal um að áminna forstjórann er gjörsamlega tilefnislaust og fullkomlega út í hött því maðurinn vinnur nákvæmlega samkvæmt markaðri stefnu í þessu efni. Mér er reyndar kunnugt um það að hann hefur persónulega sýnt þessu máli mikinn áhuga og gert það í verki.

3. Daglegur undirbúningur að rekstri Landskrár fasteigna á Akureyri er í höndum forstjóra og framkvæmdastjóra Fasteignamats ríkisins í samráði við fjmrn. Aðsetur þeirra er í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík. Stefnumótun og undirbúningur fer því einkum fram þar. Það gefur augaleið að ekki er grundvöllur til að ráða starfsmenn á Akureyri vegna Landskrár fasteigna fyrr en ákveðið hefur verið með rekstrarfyrirkomulag skrárinnar.

4. Upplýsingaþjónusta í síma úr Landskrá fasteigna mun geta hafist á umdæmisskrifstofunni á Akureyri á næstu vikum. Í apríl munu liggja fyrir greinargerðir um valkosti og möguleika varðandi gagnaflutningana. Í framhaldi af því hefjast framkvæmdir. Ef ekkert óvænt kemur upp á má vænta þess að fyrir árslok hafi tekist að koma í framkvæmd þeim fyrirheitum sem gefin hafa verið um þessi efni.

Herra forseti. Ég vænti þess að þetta skýri málið. Engin stefnubreyting hefur orðið af minni hálfu eða fjmrn. eða Fasteignamatsins í þessu efni. Staðið verður við allt sem gefið hefur verið fyrirheit um í þessu efni varðandi Akureyri.

[16:21]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær skýringar sem hann hefur gefið hér. Hér er um afar mikilsvert mál að ræða. Þetta er eflaust stærsta fjarvinnsluverkefni sem er verið að vinna að að koma upp úti á landi. Þeir möguleikar sem fjarvinnsluverkefnið gefur í sambandi við hugbúnaðarstarfsemi á Akureyri eru mjög miklir. Þess vegna er óhjákvæmilegt að líta á þessa starfsemi, þ.e. Landskrá fasteigna sem staðsett verður á Akureyri, öðruvísi en í samhengi við aðra uppbyggingu á möguleikum til hugbúnaðarstarfsemi á Akureyri og þá ekki síst í tengsum við háskólann og það umhverfi til atvinnuppbyggingar sem háskólinn er að búa til.

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er tekið hér upp vegna þess að ástæða var til. Menn höfðu bundið vonir við það í ljósi þess hversu afdráttarlaus fyrirheit höfðu verið gefin í þessu máli um að þessi starfsemi tæki til starfa af fullum krafti á Akureyri núna um síðustu áramót en svo er ekki og um það leyti eða í aðdraganda áramótanna bólaði lítið á því að málin væru að komast á hreyfingu og norðan heiða vissu menn lítið hvað væri á ferðinni. En nú skilst mér, og það er vissulega vel, að það rofi til í málinu og því sé lofað að þetta fari af stað eins og til var ætlast á sínum tíma núna innan skamms. Það er vissulega vel og ber að fagna því enda hefði í þessu tilviki verið óvenjuerfitt að sætta sig við að málin lentu í einhverri útideyfu hjá mönnum þegar allar forsendur voru til staðar til að láta þó eitthvað gerast í þessum efnum að byggja upp starfsemi sem er prýðilega staðsett á landsbyggðinni og gera það af myndarskap. Þannig að það er gott ef horfir til betri tíðar í þessu efni.

[16:23]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil bara byrja á því að taka undir með síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. e., og hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Það er ánægjulegt að fá þau svör frá hæstv. fjmrh. að undirbúningur sé í fullum gangi. En ég vil hnýta því aftan í að ég tel að það hefði verið heppilegra fyrir málið að starfsmaður hefði komið þegar að undirbúningnum á Akureyri frá áramótum vegna þess að mér er kunnugt um að bara í byggingunni þar sem Fasteignamat ríkisins er rekið núna vinna líklega um 30 manns sem eru við hugbúnaðarstörf og þar eru rekin myndarleg fyrirtæki. Maður hefði því ímyndað sér að heimamenn eða starfskraftar sem duga ágætlega fyrir stórfyrirtæki og stofnanir hefðu getað verið með í þeirri vinnu og kannski eytt tortryggni um það að einhver seinagangur væri í gangi og menn ætluðu að draga lappirnar í þessu máli.

En enn og aftur lýsi ég ánægju minni með svör hæstv. ráðherra og við vonum að það gangi greiðlega fyrir sig að Landskrá fasteigna taki til starfa í höfuðstað Norðurlands.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju með þær undirtektir sem svör mín hafa fengið. Þetta er í annað sinn á þessu þingi sem við ræðum þessi mál og ljóst er að þingið fylgist vel með því að staðið verði við gefin fyrirheit í þessu máli og það er bara fínt. Mjög fínt.

Það er hins vegar ekki þannig að þessi landskrá hafi verið fullbúin um áramótin. Eins og ég sagði áðan tekur nokkur ár að koma henni upp. En það er verið að undirbúa það að þetta geti allt saman hafist. Annaðhvort verður tölvubúnaðurinn settur inn á umdæmisskrifstofu Fasteignamatsins á Akureyri eða samið verður við einhvern aðila þar í bæ um að taka þetta að sér sem hefur burði og bolmagn til þess. Það er aðeins meira en að segja það vegna þess að þetta er eitt stærsta gagnasafn sem búið hefur verið til á Íslandi, kannski fyrir utan það sem bankarnir eru með og Skýrr. En þetta er a.m.k. langsamlega stærsta tölvuverkefni sem hefur verið talað um að setja niður úti á landi. Það þarf því að vanda þetta verk mjög vel.

Það er líka mikilvægt að þokkalegur friður sé um þetta. Ég vil taka fram að t.d. starfsmenn Fasteignamatsins í Reykjavík hafa alls ekki haft horn í síðu þess að flytja þetta verkefni norður í land, þvert á móti, alls ekki mælt gegn því.

Ég vil svo bæta því við að lokum til að undirstrika enn þá alvöru sem er í málinu, að bæjarstjórinn á Akureyri hefur verið skipaður í stjórn Fasteignamatsins af mér. Það ættu því að vera hæg heimatök fyrir áhugamenn um málið þar á bæ að fylgjast með framgangi málsins. Hann var tilnefndur til mín af Sambandi sveitarfélaga og mér var það alveg sérstök ánægja að skipa hann í stjórn Fasteignamatsins.

Fundi slitið kl. 16:27.

---

71. FUNDUR

fimmtudaginn 15. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningar um sölu á vöru milli ríkja, stjtill., 429. mál, þskj. 690. — Fyrri umr.
2. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), stjtill., 444. mál, þskj. 710. — Fyrri umr.
3. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 445. mál, þskj. 711. — Fyrri umr.
4. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), stjtill., 446. mál, þskj. 712. — Fyrri umr.
5. Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), stjtill., 447. mál, þskj. 713. — Fyrri umr.
6. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr.
7. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 173. mál, þskj. 176. — Fyrri umr.
8. Suðurnesjaskógar, þáltill., 174. mál, þskj. 181. — Fyrri umr.
9. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 191. mál, þskj. 200. — 1. umr.
10. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 209. mál, þskj. 220. — 1. umr.
11. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.
12. Sjálfbær atvinnustefna, þáltill., 253. mál, þskj. 278. — Fyrri umr.
13. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 262. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
14. Tónminjasafn, þáltill., 267. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
15. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
16. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 270. mál, þskj. 298. — Fyrri umr.
17. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
18. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
19. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.
20. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 292. mál, þskj. 323. — 1. umr.
21. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — 1. umr.
22. Grunnskólar, frv., 299. mál, þskj. 337. — 1. umr.
23. Stjórn fiskveiða, frv., 329. mál, þskj. 428. — 1. umr.
24. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 330. mál, þskj. 429. — 1. umr.
25. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431. — Fyrri umr.
26. Villtur minkur, þáltill., 334. mál, þskj. 434. — Fyrri umr.
27. Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frv., 349. mál, þskj. 497. — 1. umr.
28. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 390. mál, þskj. 640. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi íslenskra kaupskipa, 451. mál, fsp. GHall, þskj. 719.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar, 452. mál, fsp. GHall, þskj. 720.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Klukkan 1.30, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um atvinnuöryggi fiskverkafólks á landsbyggðinni. Málshefjandi er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Hæstv. félmrh. verður til andsvara.

[Fundarhlé. — 10:31]

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, fyrri umr.

Stjtill., 429. mál. — Þskj. 690.

[10:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég kom heldur seint til fundar. Ég mæli fyrir þáltill. þar sem er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samning um sölu á vörum milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980. Sáttmálinn gildir um samninga um sölu á vörum milli aðila sem hafa starfsstöðvar í mismunandi ríkjum þegar bæði ríkin eru samningsríki eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að bæta skuli löggjöf aðildarríkisins.

Þessi sáttmáli skiptist í fjóra þætti.

Í fyrsta þætti eru ákvæði um gildissvið sáttmálans auk almennra ákvæða svo sem um túlkun.

Í öðrum þætti eru nánari ákvæði um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykki.

Í þriðja þætti sáttmálans er að finna efnisreglur um kaup og skiptist sá þáttur í fimm undirkafla.

Í fjórða þætti eru lokaákvæði sáttmálans, þar á meðal ákvæði um gildistöku og heimild til að gera fyrirvara við hann.

Vert er að geta þess að hægt er að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. á þá leið að tvö eða fleiri aðildarríki sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði sem sáttmálinn tekur til geta hvenær sem er lýst því yfir að sáttmálinn skuli ekki gilda á milli aðila sem hafa starfsstofu í þessum ríkjum. Þetta ákvæði getur haft sérstaka þýðingu fyrir Norðurlöndin vegna náins samstarfs þeirra í milli.

Á síðasta löggjafarþingi voru sett lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, þar sem sköpuð voru skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum og þess vegna er þessi þáltill. flutt þar sem þau skilyrði eru nú uppfyllt og við getum staðið að honum með þeim hætti sem stofnað var til með undirritun hans.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að það hefur þýðingu fyrir Ísland og Noreg að hafa möguleika á að gera fyrirvara eins og hér hefur komið fram.

Ég kem í stutt andsvar til að bera fram spurningu til ráðherra. Er það fyrst og fremst skortur á lagasetningu sem hefur gert það að verkum að við höfum ekki gerst aðilar að þessum samningi sem hefur verið svo lengi í gildi og er það fyrst og fremst vegna þessara laga um lausafjárkaup sem sett voru á síðasta ári að við getum nú staðið við skuldbindingar gagnvart þessum sáttmála eða er það kannski að einhverju leyti jafnframt vegna þess að það sé óvíst hvaða gildi Haag-samningurinn frá 1955 muni hafa vegna tilkomu sáttmálans? Ég sé að í greinargerðinni er tekið fram að reglur sáttmálans frá 1980 sem við erum að fjalla um eru bæði skýrari og afmarkaðri en Haag-samningurinn frá 1964 og að óvíst sé hvert gildi Haag-samningsins frá 1955 verður með tilkomu sáttmálans. Þegar maður lítur yfir þessa tillögu og sér hversu langt er síðan þessi samningur var gerður þá vaknar þessi spurning sem ég nú ber fram til hæstv. ráðherra.

[10:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt til getið hjá hv. þm. að hér er verið að samræma þessa hluti. Það hefur verið unnið mjög lengi að því og undirbúningurinn hefur tekið alllangan tíma. En það er fyrst þegar lögin hafa verið samþykkt og frá þeim gengið á Alþingi að skilyrði eru sköpuð til þess að við getum staðfest þetta mál og staðið við skuldbindingar okkar sem eru í þessum sáttmála. Það má segja að það hafi tekið heldur langan tíma. Alþjóðasáttmálar eru mjög margir og það hefur tekið misjafnlega langan tíma og menn eru að reyna að gera sitt besta til þess að vinna það upp og hér er dæmi um slíkt mál.

Líka má segja að vegna alþjóðlegrar þróunar og þeirrar alþjóðavæðingar sem hefur átt sér stað hér á landi eins og í öðrum löndum þá verður þörfin brýnni og með þeim miklu breytingum sem við höfum verið að ganga í gegnum á undanförnum árum hefur þessi þörf komið enn betur í ljós. Þess vegna hefur það líka ýtt undir það að ljúka þessu máli.

[10:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum þetta svar. Mér sýnist eftir að hafa skoðað málið að þetta sé hið besta mál en við munum að sjálfsögðu skoða hvort á því séu nokkrir annmarkar þegar við vinnum með það í nefnd. En eftir skoðun mína tel ég að það sé mjög jákvætt og tímabært að við gerumst aðilar að þessum samningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), fyrri umr.

Stjtill., 444. mál. — Þskj. 710.

[10:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem hér er til umfjöllunar er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000 frá 27. október, um breytingu á VII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999, um almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun. Það er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar eins og kunnugt er. Samkvæmt samningnum verða þær skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert ríkjanna beiti heimild í 103. gr. samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með

þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú málsmeðferð sem hér um ræðir, að leggja fram sérstaka þáltill., er sú sama og viðhöfð var í tengslum við alls 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar er eins var ástatt um en þingsályktunartillaga þess efnis var flutt og afgreidd á 125. löggjafarþingi. Í athugasemdum með þeirri tillögu var skýrt frá því að framvegis mundi það fyrirkomulag verða tekið upp að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis yrði leitað í formi þingsályktunartillögu en hlutaðeigandi ráðuneyti undirbúi samhliða nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt yrði þeirri föstu vinnureglu komið á, með vísan til 24. gr. þingskapalaga, að haft yrði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær væru á undirbúningsstigi.

Þessi meðferð ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar samsvarar best stjórnskipulegum venjum okkar við meðferð þjóðréttarsamninga. Auk þess verður aðkoma Alþingis að ákvarðanatöku nefndarinnar tryggari og betri yfirsýn fæst um þróun þessa mikilvæga samnings.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar. Þó má nefna að með samþykkt þessarar nýju gerðar eru margar eldri felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu gerð. Með þessu er kerfi gerða um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum einfaldað verulega. Flest ákvæði gerðarinnar eru þegar í gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákveðinn hópur sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem gerðin tekur til er þó þannig settur nú að hann hafði engan viðurkenndan rétt á að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda en í gerðinni eru sett ákvæði sem bæta úr þessu sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt fyrir starfsstéttir á Íslandi þannig að þær hafi full réttindi á þessum svæðum.

Að lokum skal nefnt að unnið er að gerð lagafrv. um þetta mál á vegum menntmrn. sem verður síðan lagt fyrir hv. Alþingi með venjubundnum hætti.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanrmn.

[10:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fyrst vil ég taka það fram að mér finnst jákvætt að verið er að breyta fyrirkomulagi þess hvernig við berum samþykktir eða ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar inn í þingið. Það hefur verið þannig að ekki hefur verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt. Það hefur verið látið nægja að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana, enda kom þetta fram í framsögu hæstv. ráðherra. En nú er verið að taka upp þessa nýju aðferð, og var gert á síðasta ári ef ég man rétt, að koma með málin inn í sérstakri þingsályktun og það gefur Alþingi tækifæri til þess að fara yfir það hvað felst í þessum ákvörðunum og hvað það muni hafa að segja fyrir lagasetningu hjá okkur. Ég er alveg sannfærð um að þetta eru betri vinnubrögð en hafa viðgengist og þannig eigum við að vinna.

Ég hafði mjög mikinn áhuga á þessari tillögu sem hér er mælt fyrir um að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á tilteknum viðauka um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi og um viðurkenningu á starfsmenntun, eins og segir hér í fyrirsögn. E.t.v. átti ég von á því að við værum að fara út í kannski nokkuð víðtækari samning eða ákvörðun. En staðreyndin er sú að í mörg ár, t.d. innan Norðurlandanna, hefur verið barátta fyrir því t.d. á mennta- og menningarsviði að ná gagnkvæmri viðurkenningu prófa og réttinda og formlega er það gengið í gegn á Norðurlöndum. En staðreyndin er sú að á þessu máli, viðurkenningu prófa og réttinda, eru miklir hnökrar. Fólk heldur e.t.v. að það geti farið t.d. frá Íslandi til Danmerkur og notið fullkominna réttinda samkvæmt prófum sem það hefur tekið og réttinda sem það hefur aflað sér en í ljós kemur að enn í dag er þetta ekki viðurkennt eða einhverjir hnökrar á viðurkenningunni.

Ég vil láta það koma strax fram að mér finnst það eitt það mikilvægasta í alþjóðastarfi okkar, hvort heldur er á Norðurlöndum eða í Evrópustarfinu, að tryggja þessi réttindi. Við höfum leitað mjög sterkt eftir því að okkar unga fólk eigi rétt á því í gegnum samningana að sækja skóla í Evrópu, að njóta sömu réttinda í Evrópu og æskufólk þeirra þjóða og við viljum því líka að þegar fólk hefur aflað sér tiltekinnar menntunar eða réttinda að það sé það mikið samræmt að réttindi og menntun gildi á þessu svæði sem við höfum gert að svo miklu samvinnu- og samráðssvæði í raun réttindalega og efnahagslega eins og EES-svæðið hefur reynst vera.

Það er dálítið þungt að fara yfir þessi mál sem koma frá EES, samanber þetta sem stendur hér efst á bls. 3 um 3. liðinn:

„Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um að fella inn í VII. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB, um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi."

Það er auðvitað alveg ljóst að venjulegur maður skilur ekki þessa setningu fyrr en hann er búinn að lesa hana allmörgum sinnum. Því vaknar auðvitað sú spurning hvort í þessum flókna texta felist í raun einhvers konar fyrirvari eða höft á því sem við raunverulega viljum. En það sem við viljum er viðurkenning prófa, réttinda og menntunar.

Það kemur líka fram á bls. 3 að flest ákvæði tilskipunarinnar séu þegar í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu en ákveðinn hópur sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til er þó þannig settur nú að hann hefur engan viðurkenndan rétt á að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda. En nú eru sett ákvæði sem bæta úr þessu. Svo segir:

„Meðan tilskipunin var í undirbúningi var haft víðtækt samráð við öll helstu fagsambönd í Evrópu sem hlut eiga að máli og náðist samstaða um að breyta ekki ákvæðum eldri tilskipana um skilyrði sem þarf að fullnægja til að geta lagt stund á tiltekið starf í öðru ríki. Með þessum skilyrðum eru ekki gerðar miklar kröfur um menntun"— ég vek athygli á þessu — „á viðkomandi sviði en þeim mun meiri til starfsþjálfunar og starfsreynslu."

Að því leyti er þessi ákvörðun sem við erum hér að taka inn nokkuð öðruvísi en það sem við höfum verið að fást við þegar við erum að fjalla um gagnkvæma viðurkenningu

prófa og réttinda því þarna er verið að leggja mat á starfsþjálfun og starfsreynslu. Við vitum að þetta getur haft áhrif hérlendis. Við erum þarna þá meira að tala um minni menntun, meiri þjálfun og starfsreynslu sem er kannski einkenni á mörgum þeirra sem Íslendingar sækja til starfa hingað heim og þá legg ég mikla áherslu á að vera talsmaður þess að allt sé gagnkvæmt. Við viljum fá mikil réttindi fyrir okkur erlendis og þá skulu þau réttindi jafnframt gilda hér. Það er samt nokkuð öðruvísi að fást við þetta heldur en hefðbundin skírteini og próf. En ég sé að hér er lögð áhersla á það að meðan tilskipunin var í undirbúningi var haft víðtækt samráð við öll helstu fagsambönd Evrópu. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort það sé ekki nokkuð ljóst að hérlend fagsambönd hafi að einhverju leyti komið að því samráði. Hafa hérlend fagsambönd komið að þessu víðtæka samráði sem haft var meðan tilskipunin var í undirbúningi með tilliti til þess hvers eðlis þessi viðurkenning á starfsmenntun er?

Ég tek líka eftir því að mörg starfanna sem tilskipunin tekur til eiga ekki við hér á landi. En þau sem eiga við hér falla undir iðn.- og viðskrn. Mér sýnist að það séu fyrst og fremst þeir sem eru sjálfstætt starfandi sem falla undir þetta.

[11:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til umræðu fyrsta tillagan af fjórum sem tengjast ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október árið 2000. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra og síðasta ræðumanns einnig, að vinnubrögðin séu að þessu leyti mun þjálli og skynsamlegri en fyrirkomulagið sem áður var. Hér erum við að fá í hendur tiltölulega nýlegar ákvarðanir nefndarinnar. Alþingi kemst þá að málinu fyrr en ella væri, ef nauðsynlegar lagabreytingar hefðu áður þurft að undirbúast. Ég held að þessi framgangsmáti sé skynsamlegur og muni koma til með, ef að líkum lætur, að festast í sessi hér, þ.e. að fyrst sé leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar í þeim tilvikum að beitt hefur verið svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara. Alþingi staðfestir síðan fyrir sitt leyti þær ákvarðanir eða veitir heimild til að fallið sé frá fyrirvaranum og síðan yrðu nauðsynlegar lagabreytingar undirbúnar.

Ég vil í þessu sambandi minna á það sem rætt var í tengslum við þetta vinnulag og reyndar ítrekað í umræðum um utanríkismál á síðasta þingi, að efla um leið starfsemi Alþingis að þessu leyti til að vera þátttakandi í þessu ferli. M.a. var rætt um að utanrmn. fengi sérstakan starfsmann sem utanrmn. hefði út af fyrir sig til að geta fylgst betur með og verið þátttakandi í ferlinu á öllum stigum, jafnvel rætt um hvort ástæða væri til að Alþingi hefði fulltrúa eða væri með tengsl við ákvarðanatöku og undirbúning slíkra hluta í Brussel. Nú er að verða ár liðið síðan við ræddum þetta, herra forseti. Að því er ég best veit hefur lítið gerst, en ég leyfi mér að nota tækifærið og minna á að rætt hafi verið um þetta.

Ég tel fulla ástæðu til að hrinda í framkvæmd ákveðnum breytingum, t.d. til að byrja með þeirri að Alþingi hafi sérstakan starfsmann í fullu starfi út af fyrir sig sem eingöngu sinni utanrmn. með sérstakri hliðsjón af skyldum sem utanrmn. er ætlað að axla í þessum efnum. Úr því að niðurstaðan varð ekki sú að stofna sérstaka EES-nefnd, fagnefnd eða Evrópunefnd í þinginu, sem vissulega var rætt um á sínum tíma, heldur að utanrmn. hafi þetta með höndum, þá held ég að ljóst sé að bregðast þarf við því með því að efla möguleika nefndarinnar til að fylgjast reglubundið með því sem þarna er á dagskrá og vera fullgildur þátttakandi í því. Ég leyfi mér að minna á þetta hér í viðurvist hæstv. utanrrh. og ekki síður í viðurvist hæstv. forseta Alþingis sem vonandi heyrir orð mín og kemur þeim skilaboðum áleiðis. Ég veit að forsn. hlýtur að minnast þeirrar umræðu sem um þetta varð á síðasta þingi.

Að öðru leyti, herra forseti, sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð. Ég hygg að hér séu á ferðinni tiltölulega eðlilegar lagfæringar á þeim viðaukum sem hér er verið að breyta, í þessu tilviki um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun eða starfsréttindum, sem tvímælalaust telst til þess jákvæða sem þessir samningar hafa í för með sér. Reynt er að samræma hvað menn leggja til grundvallar í mat á starfsnámi og starfsréttindum og tryggja gagnkvæmni í þeim efnum.

Sama gildir raunar um dagskrármál nr. 3, 4 og 5, herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þau efnislega við fyrri umr. Ég leyfi mér að nota tækifærið og lýsa því yfir að í þeim tilvikum geri ég heldur ekki stórar athugasemdir, alla vega ekki við 1. umr. Ég sé ekki ástæðu til að taka til máls í umræðum um þau mál er varða fjarskipti eða rafræn viðskipti, þ.e. dagskrármál nr. 3, né um vinnurétt eða vinnutíma sjómanna o.fl., þ.e. 4. og 5. dagskrármál.

[11:08]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Mig langar til að bregðast við þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum. Í fyrsta lagi um þau vinnubrögð sem nú tíðkast þegar samþykktir sameiginlegu nefndarinnar koma fyrir þingið. Ég heyri að menn eru yfirleitt sáttir við þessa nýju vinnutilhögun og vil lýsa því yfir að ég tel að hún hafi verið mjög til bóta þegar hún var tekin upp skipulega á sl. ári.

Hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, ræddi svolítið um að nauðsynlegt væri að þingið styrkti stöðu sína til að fást við þessi mál. Allt er það rétt sem hann lét þar koma fram. Þetta hefur verið í athugun í þinginu og sem formaður utanrmn. hef ég sjálfur lagt áherslu á að úr þessu verði bætt. Eftir því sem ég best veit er málið í vinnslu. Þetta er að vísu flókið mál. Það þarf að sjá hvernig slíkt kæmi inn í vinnutilhögun þingsins, þá ekki síst ef tengslin við Brussel, milli Alþingis og þessarar uppsprettu ákvarðana sem Brussel er orðin, yrðu beinni en nú er. Það þyrfti að skipuleggja og fella það að starfsemi þingsins og er ekki alveg augljóst hvernig það verður gert, enda engin fordæmi fyrir því.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kvartaði, sem eðlilegt er, undan því að orðalag í þingskjali væri óljóst. Ég verð að gleðja hv. þm. með því, sem situr nú sem nýr fulltrúi flokks síns í utanrmn. og ég býð hana hér með velkomna til nefndarinnar, að þetta orðalag endurspeglar þann skýrleika sem almennt stafar frá birtunni í Brussel. Nú er hún er komin í klúbbinn og verður að sætta sig við þetta orðalag.

[11:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það má ljóst vera að þáltill. þessi er nokkuð tæknilegs eðlis. Það er líka alveg ljóst að margt af því sem í henni er á ekki við hér á landi, eins og vill verða í mörgum gerðum sem samþykktar eru á þessu stóra svæði. Í öðrum löndum tíðkast aðrar hefðir og siðir og auðvitað mótast þessi

þáttill. og væntanleg lagasetning af því. Það fylgir hins vegar því að gangast undir samræmdar reglur á stórum markaði og öll þessi reglusetning og lagasetning hefur og mun hafa mikil áhrif á umhverfi okkar hér á landi.

Að því er varðar áhrif íslenskra fagfélaga á þetta starf þá eru atvinnurekendasamtökin aðilar að samstarfi við atvinnurekendasamtök í Evrópu og Alþýðusamband Íslands er líka aðili að samstarfi við verkalýðshreyfingar í öðrum löndum. Þessir aðilar hafa aukin áhrif á gerðir og lagasetningu og þess vegna er afar mikilvægt að þessi samtök geti komið beint að því starfi og í reynd hafa atvinnurekendasamtökin og verkalýðshreyfingin í sumum tilvikum betri aðstöðu til þess en utanríkisþjónustan. Þeim hefur tekist að vera beinir aðilar að þessu samstarfi og gera sér grein fyrir því að mikilvægt er að efla það. Þar með hafa þeir stundum aðgang að hlutum sem við höfum ekki aðgang að samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Við höfum lagt á það áherslu í utanrrn. að þessi samtök reyni að styrkja þessa samvinnu.

Að því er varðar aðkomu þingsins að þessum undirbúningi þá höfum við í utanrrn. lagt á það áherslu að bæta þar um. Við höfum lýst okkur reiðubúna til að greiða fyrir því á allan hátt gagnvart Alþingi. Þessi nýi háttur sem ég heyri að hv. þm. eru ánægðir með er liður í þeirri viðleitni. Síðan verður Alþingi að sjálfsögðu að skipuleggja störf sín að því leyti og skipa þá starfsmenn sem Alþingi telur þurfa til að fylgjast með þessum málum og vinna að málum fyrir hönd Alþingis. Við í utanríkisþjónustunni höfum lagt mikla áherslu á að bæta þessi samskipti og efla. Við höfum lýst okkur reiðubúna til að greiða fyrir öllum þeim hugmyndum sem fram koma af hálfu Alþingis, hvort sem það er að Alþingi hafi sérstakan starfsmann, sem muni þá hafa náið og gott samstarf við utanríkisþjónustuna eða hvort Alþingi kýs að hafa sérstakan starfsmann í Brussel líkt og er með ýmis ráðuneyti. Allt er þetta til umfjöllunar og það mun ekki standa á utanrrn. að vinna með Alþingi að mótun slíkra hugmynda. Ég hef margoft lýst því yfir áður að við teljum nauðsynlegt að þarna verði bætt úr.

Ég vænti þess, herra forseti, að með þessu hafi ég svarað þeim spurningum sem bornar hafa verið fram. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hve vel þeir taka undir það að við reynum að feta okkur áfram samkvæmt þeim nýju starfsháttum sem þarna hafa verið teknir upp. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að margt af því sem þarna er að gerast er nokkuð sem Alþingi mun standa frammi fyrir sem nánast gerðum hlut þegar fram líða stundir. Því er afar þýðingarmikið að sjónarmið okkar komist á framfæri á fyrri stigum, þannig að menn þurfi ekki að standa frammi fyrir því að annaðhvort þurfi að samþykkja eða hafna. Öll áhrif á undirbúning geta skipt miklu máli. Það er mikilvægt að sem flestir komi að því þar sem hér er oft og tíðum um nokkuð flókin mál að ræða. Þau geta hins vegar haft veruleg áhrif á allt starfsumhverfi hér á landi.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki á hverjum degi sem við sem tökum hér þátt í umræðum, fulltrúar fjögurra flokka, erum jafnhjartanlega sammála um umræður um þessi mál og núna. Vissulega hefur sá sem hér stendur oft verið í sporum gagnrýnenda gagnvart ýmsu sem tengist samskiptum við Evrópusambandið. Hitt er jafnljóst að EES-samningurinn er sá grundvöllur sem við byggjum þau samskipti á í dag og ég er eindreginn talsmaður þess að við vöndum þau vinnubrögð sem fylgja þeim samskiptum og hef þess vegna alveg verið ódeigur við að mæla með því að t.d. Alþingi efli fyrir sitt leyti þátttöku sína og styrki sig til þess að geta sinnt hlutverki sínu í þessum efnum sómasamlega.

Samkvæmt þessum samningum og þeirri löglegu skipan sem honum tengist, þá er Alþingi úrslitaaðilinn í öllum ákvörðunum sem þarna fara fram hvað Ísland varðar, þ.e. ekkert af þessu fær gildi gagnvart Íslandi nema Alþingi samþykki það. Þess vegna er það auðvitað umhugsunarefni í ljósi þess hversu fjölmennt íslenskt sendiráð er orðið í Brussel og án efa hafa menn þar nóg að gera. Og einnig þegar við hugsum til þess að ráðuneytin eru meira og minna komin með sína eigin fulltrúa sömuleiðis í Brussel, og atvinnurekendasamtökin og verkalýðshreyfingin liggur þarna meira og minna við eins og kunnugt er, þá hlýtur það að fara að vekja spurningar hvort Alþingi, sem hefur endanlegt ákvörðunarvald um málið eða utanrmn. þess, eigi ekki að hafa þarna a.m.k. einn fulltrúa á vettvangi, ekki til þess að vera beinn þátttakandi í framkvæmd mála sem er á annarra höndum heldur til þess að fylgjast með, tengja saman og koma skilaboðunum jafnóðum hingað heim til starfsmanns sem hér ætti þá að vera á hinum endanum, að lágmarki einn í fullu starfi við að miðla þeim upplýsingum áfram og undirbúa meðferð á Alþingi.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt um þetta efni. Þetta er mál sem við þurfum að fara að taka ákvarðanir um og ég fagna stuðningi utanrrh. við að það verði gert.

[11:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber að viðurkenna að utanrrn. hefur ekki á að skipa nægilega mörgu starfsfólki til þess að fylgjast alltaf nægilega vel með því sem er að gerast á þessu sviði. Við höfum t.d. aðeins brot af þeim starfsmannafjölda sem Norðmenn eru með á þessu sviði. Við erum aðeins með örfáa starfsmenn en norskir starfsmenn nálgast kannski 100 og þarna er að sjálfsögðu mikill munur á. Hins vegar styrkir það okkur í þessu starfi að við erum í góðu samstarfi við hinar þjóðirnar í EFTA og EFTA kemur að mjög miklu gagni í samskiptunum við Evrópusambandið. Það er einmitt þess vegna sem ég hef lagt á það áherslu að þýðing EFTA í þessum samskiptum skiptir okkur grundvallarmáli og öll styrking á því starfi er af hinu góða. En ef hins vegar EFTA veikist, þá hefur það veruleg áhrif á stöðu okkar, þannig að við fögnum því að sjálfsögðu ef Alþingi getur bætt við starfskröftum til að vinna á þessu sviði. Það er aðeins til þess fallið að styrkja stöðu utanríkisþjónustunnar í þessu sambandi. Við munum að sjálfsögðu fagna því ef Alþingi sér sér fært að setja inn á þetta svið fólk sem fylgist með því og vinnur að því. Það mun að sjálfsögðu auðvelda okkur samskiptin við Alþingi.

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dreg ég það í efa að ærinn starfi sé fyrir tiltölulega fámennt starfslið sendiráðs okkar í Brussel að fylgjast með öllum þeim ósköpum af nefndum og fundum sem þarna eru. Ljóst er auðvitað að þarna er mikill stærðarmunur á hvort sem við berum okkur saman við Norðmenn og ég tala ekki um enn þá stærri þjóðir. Þetta þekkjum við reyndar í öðru alþjóðasamstarfi.

Það sem ég er fyrst og fremst að leggja áherslu á hér er að fjárveitingavaldið liggur einu sinni hjá Alþingi og þetta er allt spurning um hvað við Íslendingar leggjum í þessi mál úr

okkar sameiginlega sjóði og starfsmenn utanrrn., sendiráðs og fulltrúar ráðuneyta eru borgaðir af opinberu fé. Spurningin er í mínum huga því meira um hvernig við tengjum þessar stofnanir saman því útgjöldin enda á einum og sama staðnum. Þetta er kostnaður sem borinn er af ríkissjóði.

Mér finnst að Alþingi eigi sjálft að taka stöðu sína í þessu efni alvarlega til skoðunar og það hljóti að vera fullkomlega eðlileg ráðstöfun að Alþingi sjálft sé þarna með einhverja viðveru í ljósi þess hlutverks sem það hefur í þessum efnum sem er ekki lítið, þ.e. hið endanlega ákvörðunarvald um það hvort ákvarðanir sem þarna eru teknar séu teknar upp í lög og rétt eða þannig á það a.m.k. að heita. Á því hangir allt heila móverkið. Ef svo væri ekki, þá værum við í vondum málum eins og sagt er í dag, ef þetta vald Alþingis væri í raun og veru ekki til staðar eða algerlega óvirkt, þá vitum við hvað það þýðir á mæltu máli gagnvart stöðu þessa samnings við stjórnarskrána o.s.frv. Mér finnst það vera til að undirstrika það að menn átti sig á hlutverki sínu og beri virðingu fyrir sjálfum sér, að Alþingi geri ákveðið átak í þessum efnum.

[11:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau ágætu sjónarmið sem hér hafa komið fram í orðaskiptum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og annarra sem hér hafa fjallað um starfsmann fyrir Alþingi til að gera slíka vinnu betri og faglegri.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna orða hæstv. ráðherra þar sem hann nefndi að samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið væru aðilar að fagsamböndum Evrópu. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það og geri mér alveg grein fyrir því að þar er mótuð stefna sem nær oft og tíðum inn í ákvarðanir sem síðan berast hingað gegnum Evrópska efnahagssvæðið, en auðvitað munum við í utanrmn. ræða við þetta fólk og heyra sjónarmið þess um það sem þarna kemur fram í greinargerð.

Ástæða þess að ég ákvað að koma upp í tilefni þessara orða og þess að hæstv. ráðherra nefndi hversu mikil áhrif slík fagsambönd hefðu er að minnast þess að mér finnst að okkur hafi ekki tekist nægilega að koma því á framfæri á sínum tíma þegar samningur um Evrópska efnahagssvæðið var til umræðu í heitum umræðum á Alþingi og utan Alþingis, hversu gífurleg félagsleg réttindi fólust í þessum samningi. Það er ánægjulegt að stéttarfélögin eins og t.d. Iðja hafa tekið þessi réttindi saman. Mörg þeirra hafa komið inn í lagabúningi. Það nýjasta sem ég man eftir eru lög um foreldraorlof sem áttu upptök sín hjá þessum fagsamböndum, komu inn í gegnum Evrópska efnahagssamninginn og hingað inn á Alþingi sem frv. sem varð að lögum. Þannig hefur þetta oft gerst, herra forseti, og full ástæða er til þess að ég, sem var ein af baráttumanneskjum fyrir þessum samningi, rifji það upp þegar tilefni gefst til eins og núna.

[11:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt og gagnleg umræða um Evrópumálin og aðkomu verkalýðshreyfingar að ýmsum félagslegum efnum og með hvaða hætti íslensk verkalýðssamtök koma að ákvarðanatöku í Evrópu. Þetta á við um Alþýðusamband Íslands og BSRB sem aðild eiga að Evrópusambandi verkalýðsfélaga og það er mikilvægt að hlúa að þessu starfi.

En ég vil vekja athygli á því að starf verkalýðshreyfingarinnar á alþjóðavettvangi tekur ekki aðeins til Evrópusambandsins eða til Evrópu heldur er heimurinn þar allur undir og staðreyndin er sú að verkalýðssamtök í Evrópu eru í ríkari mæli farin að horfa til allra átta en einskorða sig ekki við Evrópu eina. Menn gera sér grein fyrir því að mikilvægar ákvarðanir eru nú teknar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, á vettvangi OECD. Þar fara fram umræður sem snerta okkur mjög um framhald svokallaðra GATT-samninga sem taka til viðskipta, hugsanlega á sviði opinberrar þjónustu. Þetta er nokkuð sem verkalýðshreyfingin horfir mjög til. Menn kunna að minnast hinna svokölluðu MAI-samninga ekki alls fyrir löngu eða draga að þeim, þeir urðu aldrei að veruleika, sem lágu fyrir á vettvangi OECD, Multilateral Agreement on Investment hétu þeir, sem hefðu skapað miklar hættur og reist skorður fyrir lýðræðislegum ákvörðunum ef þeir samningar hefðu orðið að veruleika. Það voru Frakkar sem einkum stóðu þá í ístaðinu. Samningarnir gengu út á það að banna aðildarríkjum samningsins að mismuna fyrirtækjum sem kæmu til með að fjárfesta innan þeirra landamæra, og það var ekki síst franskur kvikmyndaiðnaður sem hafði þar áhyggjur af því að samningurinn mundi koma í veg fyrir stuðning frá franska ríkinu við franskan kvikmyndaiðnað sem átti þá í vök að verjast gagnvart bandarískum iðnaði. Þessar hugmyndir eru nú til umræðu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og einnig á vettvangi OECD og til allra þessara þátta horfir að sjálfsögðu verkalýðshreyfingin. Svo dæmi sé tekið á BSRB vissulega aðild að Evrópusambandi verkalýðsfélaga en einnig að Evrópusambandi og alþjóðasambandi starfsfólks sem starfar í almannaþjónustu.

Ég vildi bara leggja áherslu á að við höfum ekki of þröngt sjónarhorn þegar við erum að skoða samskipti verkalýðshreyfingarinnar við útlönd. Það er mikilvægt að stuðla að starfi sem fram fer á vettvangi Evrópusambandsins og EFTA. Það er mikilvægt en við skulum gæta að okkur að hafa sjónarhornið ekki þrengra en nauðsyn krefur.

[11:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við þurfum að líta til allra átta, en sérstaða þessa máls er fyrst og fremst sú að hér er um að ræða reglur sem gilda á öllu þessu evrópska svæði og þar af leiðandi er mikilvægt að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendasamtökin fylgist vel með undirbúningi þessara reglna og það hefur mikla sérstöðu.

Einnig er rétt að unnið er að sameiginlegum reglum á miklu víðara sviði, sérstaklega á sviði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og smátt og smátt er verið að þróa aðkomu frjálsra félagasamtaka að því og nauðsynlegt er að halda áfram að þróa það. Þó að fjárfestingarsamningurinn hafi ekki orðið að veruleika á verksviði OECD, þá er nú verið að vinna að svipuðum málum eins og hv. þm. gat réttilega um á verksviði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Það er mikið hagsmunamál fyrir ríki eins og Ísland að þar takist samkomulag vegna þess að við eigum mjög erfitt með að sinna fjárfestingarsamningum við ýmis ríki heims. Við höfum miklu minni möguleika á því en stærri þjóðir og þar af leiðandi er samræming þessara mála mikið hagsmunamál fyrir smærri þjóðirnar. Ég vænti þess að eitthvert slíkt samkomulag geti tekist í framtíðinni.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að allir slíkir samningar hafa takmarkandi áhrif á ákvörðunarvald þjóða eftir að þeir hafa verið teknir vegna þess að samræmingin kallar á

samræmdar reglur og samræmda löggjöf sem menn verða þá að standa við eftir að slíkir samningar hafa verið gerðir.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. er í raun að taka undir það sem ég benti á. Það er góðra gjalda vert að samræma reglur að sjálfsögðu en það er ekki sama á hvaða forsendum sú samræming fer fram.

Ég hef verið að vara við því að ef sú samræming er á forsendum alþjóðafjármagnsins eins og svo sannarlega átti sér stað varðandi MAI-samningsdrögin, Multilateral Agreement on Investment, þá er betra heima setið en af stað farið. Ég held að sérstaklega smá ríki og fámenn á borð við okkar þurfi að gæta ýtrustu varfærni og gerast ekki aðilar að samkomulagi sem skerðir möguleika okkar til lýðræðislegra ákvarðana. En við eigum að sjálfsögðu að hafa samleið með öðrum þjóðum, við eigum að taka þátt í umræðu um þessi efni og ég hef trú á að að slíku sé unnið á vegum utanrrn. Verkalýðshreyfingin reynir einnig fyrir sitt leyti að koma að þessum málum. Ég kem því ekki hér upp til að lýsa andstöðu við það starf sem verið er að vinna en bendi á þessi mikilvægu atriði og ekki síst það að okkur beri að horfa til allra átta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 445. mál. — Þskj. 711.

[11:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. sem hér liggur fyrir er leitað heimildar hv. Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 31/2000, um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og hún er prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir og vísa ég í öllum megindráttum til hennar.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingu hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu þann 27. október sl.

Herra forseti. Um aðdraganda og rök að baki því að viðhafa þá málsmeðferð sem hér um ræðir vil ég leyfa mér að vísa til þeirrar umræðu sem átti sér stað hér rétt á undan því að hér gildir það sama.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar sem einnig fylgir með. Þó er rétt að setja málið í samhengi við þá miklu þróun sem nú á sér stað á sviði fjarskipta og á sviði viðskipta á alnetinu en þessa sér nú mjög merki í starfi Evrópusambandsins og það má vænta þess að fleiri mál komi til kasta Alþingis á næstu missirum sem tengjast þessari öru þróun sem á sér stað og við verðum öll vitni að.

Sú gerð sem hér um ræðir er einn liður í þeirri þróun og skiptir því miklu fyrir þá sem ætla að stunda viðskipti á þennan hátt. Ekki síður skiptir þetta máli í sambandi við öryggi einstaklinga og fyrirtækja í viðskiptum með þessum hætti og hér er um að ræða mjög lýsandi dæmi um hversu mikilvægt það er að samræma reglur á öllu þessu svæði því að allir hafa aðgang að þessum nýju fjarskiptum og geta stundað viðskipti með beinum hætti heima hjá sér eða annars staðar í samfélaginu.

Að lokum skal nefnt að unnið er að gerð lagafrv. um þetta mál á vegum iðn.- og viðskrn.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[11:38]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er um að ræða tilskipun sem varðar mjög mörg svið þeirra þjónustuviðskipta sem eru nú að verða æ meiri með hverju árinu, þ.e. eftir leiðum upplýsingasamfélagsins um fjarskipti, og getið er um mjög mörg athyglisverð atriði. Ljóst er að með setningu þessara reglna er verið að gera þessa þjónustu eins frjálsa og unnt er. Til dæmis er verið að leggjast gegn því og gera það óheimilt að gera þjónustu af þessu tagi háða sérstakri leyfisveitingu en jafnframt er verið að tryggja að aðilar samningsins geti haft eftirlit með slíkri þjónustu.

Í ljós hefur komið að á sama hátt og fjarþjónusta af þessu tagi gefur möguleika á mjög hröðum upplýsingaskiptum sem hafa mikið viðskiptagildi eru einnig opnaðar leiðir fyrir alls konar misnotkun og gerir það allt eftirlit með slíkum samskiptum þeim mun mikilvægara.

Ég vil einnig nefna að með þessari tilskipun er verið að undanþiggja svokallaða milligönguaðila ábyrgð á þeim flutningum sem þeir annast að því tilskildu að um sé að ræða sjálfvirka þjónustu af þeirra hálfu. Einnig hér er viðkvæmt mál á ferðinni. Það er að sjálfsögðu hægt að koma sér upp stöðu sem milligönguaðilar í viðskiptum með upplýsingar og firra sig þannig ábyrgð á því sem þar er verið að koma á milli aðila, en hér er sett sú meginregla að menn geti ekki firrt sig slíkri ábyrgð öðruvísi en að framlag til þessarar upplýsingamiðlunar sé sjálfvirkt, eða ef því er að skipta eins konar tímabundið framlag.

Þá er einnig ljóst að þetta svið opnar fyrir heilmikið farg af upplýsingum sem verður að teljast til auglýsinga og óbeðnar viðskiptaorðsendingar eru hluti af því sem einkennir nútímann. Ljóst er af þessum reglum að ríkin hafa heimildir til og eru frjáls til þess að leyfa eða leyfa ekki óbeðnar viðskiptaorðsendingar og hygg ég að það sé skynsamleg ráðstöfun þar sem það er eðlilegt að hvert og eitt ríki taki afstöðu til þess með hvaða hætti slíkt skuli vera.

Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki fyllilega það sem segir í greinargerðinni um innleiðinguna þar sem segir: „Tilskipunin miðar að því að styrkja fullnustuleiðir fyrir gildandi Evrópureglur og landslög.“ Að sjálfsögðu munum við í utanrmn. leita eftir skýringum á því hvað þarna er átt við eins og ýmsu öðru tæknilegs eðlis sem þetta mál fjallar um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), fyrri umr.

Stjtill., 446. mál. — Þskj. 712.

[11:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er jafnframt leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 63/1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu og Samtaka flutningaverkamanna í Evrópusambandinu.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingu hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu þann 27. október sl.

Um aðdraganda og rök að baki því að viðhafa þessa málsmeðferð hef ég áður rætt og einnig hefur það verið rætt af öðrum hv. þm. og ekki ástæða til að endurtaka það.

Með tilskipuninni er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Evrópusamtaka atvinnurekenda og launafólks á þessu sviði. Settar eru lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum en þessi hópur hefur hingað til verið undanþeginn vinnutímaákvæðum ESB. Rétt er í þessu sambandi að leggja á það áherslu að þær reglur sem hér um ræðir ná ekki til fiskiskipa í fiskiskipaflota okkar.

Verði tilskipunin felld inn í EES-samninginn þarf að koma til breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985. Umrædd tilskipun kveður á um að lágmarksaldur sjómanna á farskipum verði 16 ár en í 2. mgr. 8. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, er kveðið á um 15 ára lágmarksaldur sjómanna. Þá kveður tilskipunin á um að næturvinna sé bönnuð þeim sem eru yngri en 18 ára og starfa á farskipum. Jafnframt þarf að endurskoða ákvæði sömu laga að því er varðar hvíldartíma sjómanna á kaupskipum. Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í samgrn.

Samkvæmt tilskipuninni skal efni hennar koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 30. júní árið 2002.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), fyrri umr.

Stjtill., 447. mál. — Þskj. 713.

[11:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/95/EB, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og hún er prentuð sem fylgiskjal ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun kallar jafnframt á lagabreytingar hér á landi. Ákvörðun var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu þann 27. október sl. Ég hef áður rætt um aðdraganda þess að þessi háttur skuli hafður á og vísa til þess sem áður hefur komið fram.

Að því er varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar nægir að vísa til grg. sem fylgir hér með og til gerðarinnar sjálfrar eins og áður hefur komið fram.

Þessi tilskipun er nokkurs konar hliðartilskipun við tilskipun ráðsins frá 1999/63/EB, um samninginn um skipulag vinnutíma á farskipum, sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda og Sambandi flutningaverkamanna, sem mælt var fyrir í sérstakri þáltill. hér á undan. Með þeirri tilskipun er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Evrópusamtaka skipaeigenda og launafólks á þessu sviði, svo sem nánar kemur fram í grg. með þeirri tillögu. Rétt er að endurtaka það og leggja á það áherslu að þær reglur sem hér um ræðir ná ekki til fiskiskipa.

Eins og ég gat um tekur tilskipun 1999/63/EB til allra skipa sem skráð eru á ESB-svæðinu. Með tilskipun þeirri er hér um ræðir er kveðið á um að sömu reglur skuli gilda á farskipum sem taka höfn á öllu þessu svæði en eru ekki skráð í skipaskrám ríkja þess. Markmiðið með tilskipuninni er að koma á kerfi til að sannprófa og framfylgja því að skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum haldi ákvæði tilskipunar 1999/63/EB. Samkvæmt tilskipuninni skal efni hennar koma til framkvæmda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 30. júní 2002.

Unnið er að nauðsynlegum lagabreytingum eða undirbúningi að lagabreytingum vegna þessa í samgrn. Það er nauðsynlegt að gera breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[11:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Hér er fjallað um vinnutímatilskipun og við höfum þegar fest í lög hjá okkur nokkrar tilskipanir frá EES um vinnutíma. Oftast nær hafa þau mál komið inn sem sérstök þingmál og verið tekin fyrir í nefndum þingsins, a.m.k. þau sem ég hef komið að í félmn. Alþingis. Þannig var að þegar tilskipun um vinnutíma barna var til umfjöllunar í félmn. þá var það með heitustu málum sem þar voru tekin fyrir. Sérstaklega vakti það viðbrögð þeirra sem rifjuðu upp hversu snemma þeir fóru til sjós og fannst við vera að setja lög sem væru ómöguleg og mundu sennilega gera alla unga drengi að dúkkustrákum.

Nú gerist það hins vegar að í staðinn fyrir þingmál sem lagt er fyrir fagnefndir þingsins þá erum við með breyttum vinnubrögðum að taka upp till. til þál. um staðfestingu á ákvörðunum, þar með vinnutímatilhögun. Nú ber svo við að eiginlega enginn hér hefur áhyggjur af vinnutímatilskipun varðandi sjómennina, sem hér er á bls. 3. Mér finnst það

mjög jákvætt. Mér finnst tímabært að taka á þessum málum og festa enn betur en áður ákvæði sem varða sjómennina. Ég vona að þetta sé ábending um að nú sé meiri sátt um að festa vinnutímann og tryggja rétt manna þar einnig. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs, herra forseti, fyrst og fremst til að taka undir þessa ályktun og lýsa því yfir að ég voni að við séum komin lengra en fyrir nokkrum árum þegar vinnutímatilskipun kom til umfjöllunar.

[11:52]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var rétt, sem síðasti ræðumaður kom inn á, að hér er fjallað um málefni sjómanna. Það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að hér virtist sátt um málið. Ég átti hins vegar orðastað við formann utanrmn., hv. þm. Tómas Inga Olrich, um þetta mál og vil í framhaldi af því sem hér hefur verið rætt segja að það væri ekki óeðlilegt að hæstv. samgn. fengi málið líka til umsagnar. Ég tel að þetta mál sé athyglisvert og þurfi að vera í sama anda og almennt er í kringum okkur hvað áhrærir siglingar og útgerð kaupskipa, aldursmörk og önnur réttindi sem þar falla undir.

[11:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ljóst að ástæðan fyrir því að bærileg sátt ríki um þessi aldursmörk sé sú að miklar breytingar hafa orðið í íslensku þjóðfélagi. Það er ekki um það að ræða að unglingar fái vinnu við sjósókn með þeim hætti sem áður var, t.d. sem messaguttar á farskipum. Það var mjög algengt að 14, 15 ára menn fengju þar sína fyrstu reynslu. Ég sakna þess tíma, ég skal játa það. Ég hóf minn stutta sjómannsferil 14 ára gamall og tel mig ekki hafa borið neinn skaða af því, þvert á móti hafi það verið öfugt þótt vinnutíminn hafi oft verið mjög langur. En nú eru breyttir tímar og ber að sætta sig við það. Ég vil hins vegar mótmæla því að ungt fólk sem var á sjó á þeim tíma og hóf sjómannsferil sinn mjög ungt hafi almennt borið skaða af því, fremur hafi það orðið til að auka þeim þroska og efla samfélag okkar.

[11:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að enginn hafi tekið orð mín þannig að ég, komin úr sjómannsfjölskyldu vestan af fjörðum, haldi því fram að einhver hafi borið skaða af því að fara ungur til sjós. Það var, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, til siðs á þeim tíma. Unglingar hlutu ekki alltaf langa skólagöngu. Þeir byrjuðu ýmist sem sumarfólk eða voru 14 ára á sjónum allan ársins hring. Auðvitað var það eins og önnur vinna, eitthvað hollt sem menn upplifðu og þeir komu sér til manns með þeim hætti eða öðrum.

Ég tek undir þau orð ráðherrans að nú séu breyttir tímar. Núna þarf að verja réttindi og skoða hver umgjörðin á vinnumarkaði er. Hér hefur komist á umgjörð fyrir vinnutíma á vinnumarkaði og eðlilegt að þær reglur gildi einnig um skipaflotann. Við erum hér fyrst og fremst að tala um aldursmörk. Þau eru líka eðlileg í dag. Þess vegna kemur það mér ekkert á óvart að meiri sátt sé um þessi mál en var fyrir fjórum eða fimm árum þegar við höfðum viðlíka mál til meðferðar. Þannig þróast málin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 235. mál. — Þskj. 253.

[11:57]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er haldið áfram umræðu um frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika sem 15 hv. alþm. hafa flutt. 1. flm. að þessu frv. er hv. þm. Gunnar Birgisson.

Ég hafði gaman að því, herra forseti, þegar ég sá hvernig dagskráin er upp sett. Það væri kannski ekki úr vegi, herra forseti, að líta á tvo dagskrárliði sem hér eru, annars vegar 6. liðurinn sem nú er á dagskrá, um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, og síðan 7. liðurinn, um óhefðbundnar lækningar. Hnefaleikum fylgja vissulega miklir áverkar og mér finnst það kannski einna alvarlegast í þessu máli, minnugur þess að sem unglingur sá ég hvernig þeir sem æfðu box höguðu sér oft og tíðum á almannafæri. Sú minning og sú slysatíðni sem var samfara boxi hefur leitt til þess að ég er á móti þessu máli.

Þegar litið er á skilgreiningu íþróttar í orðabókum, herra forseti, þá segir að íþróttir séu „kerfisbundnar æfingar til að þjálfa líkamann“ — til að þjálfa líkamann.

Ég er þeirrar skoðunar að box falli að hluta undir þá skilgreiningu, þ.e. hluti af því er að þjálfa líkamann. En er það íþrótt þar sem meginmálið er að rota andstæðinginn? Meginmálið er að berja andstæðinginn í höfuðið?

Ég hef alltaf litið á að íþrótt væri eins og hér er sagt, „kerfisbundnar æfingar til að þjálfa líkamann“, en ekki til að gera hann örendan eða óhæfan um að stunda íþrótt um stundarsakir. Venjulega taka þessir leikir enda, annaðhvort með rothöggi eða að svo illa fer fyrir öðrum keppandanum í þessari íþrótt að stöðva verður leik vegna meiðsla.

Flutningsmenn frv. segja að hér sé um ólympíska hnefaleika að ræða sem séu þess eðlis að menn séu klæddir í höfuðfat til að verjast höggum. Sé hins vegar litið yfir umræðurnar sem fram fóru þegar lög voru sett um að banna hnefaleika 1956, þegar farið er yfir greinargerðir og ræður sem þá voru fluttar, kemur margt athyglisvert í ljós. Ég vildi, með leyfi forseta, fá að vitna hér til orða sem þá voru látin falla, málið var þá mjög í umræðunni eins og það er að vissu leyti enn í dag. Nú segja menn að tímarnir séu breyttir, æfingar séu stundaðar samhliða boxi.

Menn hafa meira að segja komið fram í fjölmiðlum og sagst vera á leiðinni til Bandaríkjanna til að taka þátt í ólympískum hnefaleikum. Einhvers staðar hafa þeir þá verið stundaðir hér á landi. Þá segja margir að þetta sé hvort eð er komið til að vera, að breyta eigi lögunum og menn eigi að aðlaga sig að því sem nú er að gerast. Það kann vel að vera rétt, ég hef margsinnis sagt það, að Alþingi geri of mikið af því að setja lög sem eru ekki aðlæg fólkinu og við eigum að setja aðlæg lög. Ég hef verið þeirrar skoðunar. Stundum þarf maður þó að greina á milli þess sem skilgreint er í lögum sem íþrótt og greina eins og þeirrar sem hér er fjallað um. Þá kemst maður auðvitað ekki hjá því að gera upp hug sinn milli eigin sannfæringar og þess sem aðrir telja að sé veruleiki.

Í þeim umræðum sem fram fóru og ég gat um áðan, herra forseti, um bann við hnefaleikum, segir m.a.:

„Í íþróttalögum er gefin skilgreining á hvað íþrótt sé. Það eru líkamsæfingar er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.“

Síðar segir:

„Um hnefaleik má það annars segja að hann fellur vart undir íþróttalögin, sbr. 1. gr. þeirra, þar sem lýst er hvað íþrótt sé. Rothögg eru ekki líkleg til að auka heilbrigði manna og brotin nef munu ekki talin vottur um líkamsfegurð."

Síðar í umræðunni segir m.a.:

„Sem betur fer hafa hnefaleikar aldrei náð almennum vinsældum hér á landi en alltaf þótt það sem þeir eru, leiðinleg og ógeðsleg íþrótt, því ef íþrótt er skilgreind sem athöfn sem sé vel fallin til að gera þá sem hana iðka hraustari og heilbrigðari á sál og líkama, þá eru ekki til meiri öfugmæli en að kalla hnefaleika íþrótt. Þeir sem iðka hnefaleika eitthvað að ráði, þ.e. af verulegum áhuga, komast ekki hjá því að finna að iðkun þess leiks hefur áhrif á hugarfarið. Þeir verða uppstökkari, grimmari, hættir meira til að berja aðra af litlu tilefni og hafa jafnvel ánægju að valda líkamsáverkum eða sársauka."

Í bréfi sem þingmönnum var sent ekki fyrir löngu frá virðulegum borgara, Guðmundi Arasyni, fyrrverandi formanni hnefaleikaráðs, segir í niðurlagi fjögurra blaðsíðna greinargerðar, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan úr rannsókninni sem gerð var fyrir Norðurlandaráð og rannsóknin sem gerð var á Karolinska sjúkrahúsinu leiddi til hliðstæðrar niðurstöðu: Það á ekki að banna ólympíska hnefaleika. Hnefaleikar voru bannaðir hér á landi árið 1956, þrátt fyrir mótmæli ÍSÍ sem þó er aðili að Alþjóðaólympíunefndinni. Ekkert þjóðþing hefur sýnt ólympíuíþrótt aðra eins óvirðingu."

Þegar gripið er niður í umræður frá því að hnefaleikar voru til umræðu á þingi árið 1954, á árunum 1951 – 1956 áður en lögin voru samþykkt, má lesa eftirfarandi viðtal sem páv. hv. þm., Gylfi Þ. Gíslason, *átti við páv. forseta ÍSÍ. Ég ætla*, með leyfi forseta, að vitna til þess að gefnu tilefni, vegna bréfs Guðmundar Arasonar þar sem því er haldið fram að ekkert þjóðþing hafi sýnt þessari íþrótt jafnmikla óvirðingu og að ÍSÍ hafi mótmælt þessu harðlega. Páv. hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason segir:

„Forseti ÍSÍ sagði mér að ástæðan fyrir mótmælum þeirra samtaka væri alls ekki sú að Íþróttasambandið hefði í sjálfu sér tilhneigingu til þess að halda verndarhendi yfir þessari íþrótt, það væri síður en svo. Sannleikurinn væri sá að iðkun hennar *færi mjög þverrandi*, sem betur fer sagði hann, þannig að nú mætti heita að mjög lítið kvæði að því að menn legðu stund á hnefaleika. Það taldi hann tvímælalaust stefna í rétta átt. En orsök mótmælanna taldi hann vera þá að það væri varhugavert fordæmi að löggjafarsamkoman sjálf tæki að kveða á um það hvaða íþróttagrein menn skyldu stunda og hvaða grein menn skyldu ekki stunda."

Það var meginmálið. Það má lesa það hér að sjálfur forseti ÍSÍ var ekki sáttur við þessa íþrótt á meðan hún var leyfð hér á árum áður. Hann var ekki sáttur við þessa íþrótt, hann var á móti henni. En af prinsippástæðum, af því að Alþingi var að blanda sér í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, varð hann að vera á móti lagasetningunni. Gylfi Þ. Gíslason segir síðan:

„Ég spurði hann hvort samtökin mundu vera reiðubúin til þess að taka slíka ákvörðun, þ.e. að leggja til að box yrði leyft, og því var hann að sjálfsögðu, eins og eðlilegt var, ekki reiðubúinn til þess að svara."

Hér falla fullyrðingar um sjálfar sig. Sagt er að Íþróttasambandið hafi mótmælt þessu. Jú, það gerði það í orði en ekki á borði.

Herra forseti. Einnig má sjá hvernig menn útfærðu mótmæli *sín og rök gegn þessari íþróttagrein á þessum tíma*, m.a. í grg. sem fylgdi með frv. til laga um bann við hnefaleikum. Þá voru flm. hv. þm. Kjartan J. Jóhannsson og Gísli Guðmundsson. Ég vildi aðeins, með leyfi forseta, fá að vitna hér í grg. þessa. Þar segir svo:

„Hnefaleikur er einhver sá ógeðfelldasti leikur sem hér þekkist. Ef íþrótt er skilgreind sem holl hreyfing, vel fallin til þess að gera menn hrausta á sál og líkama, þá er öfugmæli að kalla hnefaleika íþrótt. Sem betur fer hafa hnefaleikar aldrei verið vinsælir hér. Ekki er kunnugt um að neinn hafi látið lífið hér við opinbera hnefaleikakeppni, slíkt er þó algengt erlendis. Hitt er þó enn algengara þar að hnefaleikarar verði það sem kalla mætti höggdrukknir, þ.e. fá meira eða minna heilaskemmdir sem valda því að þeir haga sér eins og þeir væru lítils háttar ölvaðir. Stórslys og dauðsföll hafa hlotist hér á landi af áverkum af hendi manna er vanist höfðu hnefaleikum. Full ástæða er því til að stemma á að ósi í *þessu efni og banna alla keppni og kennslu í hnefaleik*. Bann við hnefaleikum er í rauninni ekki nema skyld og sjálfsögð tilraun til slysavarna."

Herra forseti. Margir hafa látið að sér kveða í þessu máli og flestir hafa talað því máli að hér ætti að leyfa box. Margir hafa skrifað greinar og ég ætla að vitna, með leyfi forseta, til einnar greinar sem birtist í Morgunblaðinu 10. maí á síðasta ári. Hér skrifar Marteinn B. Björgvinsson. Mig langar, máli mínu stuðnings, að vitna til þess sem hann segir, en hann lagði stund á hnefaleika og talar hér af reynslu og þekkingu:

„Marteinn Björgvinsson keppti í hnefaleikum á árunum 1944 til 1948. Hann er mjög á móti því að Alþingi Íslendinga leyfi hnefaleika sem keppnisíþrótt hér — en hvers vegna? „Af því að ég er öryrki vegna hnefaleika, hlaut verulegan skaða af hnefaleikum sjálfur, ég hef verið með höfuðverk á hverjum einasta degi í 28 ár og hef þurft að nota mikið af verkjalyfjum og er svo minnislaus að til vandræða horfir. *Ný lyf hafa þó minnkað höfuðverkinn á síðustu dögum.* Ég veit að út um allan heim eru margslasaðir menn eftir hnefaleikakeppnir og margir hafa látist.""

Í niðurlagi þessarar greinar segir:

„Voruð þið margir sem æfðuð hnefaleika á þessum árum? „Já, þó nokkuð margir. Annars get ekki mikið talað um þetta vegna þess að minnið hjá mér er svo slæmt vegna höfuðhöggganna sem ég fékk í hnefaleikunum." — Hefurðu fylgst með hnefaleikum í sjónvarpi? „Nei, mjög lítið, mér finnst þetta ekki vera íþrótt heldur slagsmál. Það er ömurlegt að sjá í hringnum þann manninn sem er að tapa og jafnvel lendir í gólfinu, hann getur kannski ekki tjáð sig og beðið andstæðinginn að hætta en augnaráðið biður um vægð. Ég vona að menn skilji hversu hættulegir hnefaleikarnir eru og hvað afleiðingarnar geta verið hræðilegar og leyfi alls ekki hnefaleikakeppnir hér á landi."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Eins og ég sagði í upphafi gengur box út á höfuðhögg. Þar er vísvitandi reynt að lama andstæðinginn svo að hann geti ekki unnið líkt og þegar hann kom fullfrískur inn í hringinn. Menn hafa talað um það sem tvennt ólíkt, keppni og æfingar. Það er rétt. Æfingin gengur út á að annaðhvort berji menn í boxpúða eða menn séu hvor á móti öðrum í léttum æfingum án þess að þar sé kné látið fylgja kviði.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted að í Bretlandi eru menn alvarlega að hugleiða bann við boxi. Rætt hefur verið um að bráðlega verði lagt fram frv. í breska

þinginu þar sem box verði bannað. Í læknisfræðilegum tilvitnunum sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni gat hún þess að allir væru sammála um að berja ekki fyrir neðan beltisstað. Jú, hvers vegna? Vegna þess að þau högg valda skaða á kynfærum. Hv. þm. kom inn á það líka og benti á að alvarlega væri rætt um að banna högg fyrir ofan bringubein. Þannig eru allir meðvitaðir um hversu skaðleg þessi íþrótt er.

Þegar menn tala um höfuðhlífar og segja að þetta sé allt í lagi, sé skaðlaust, þá er það svo, eins og komið hefur verið inn á áður, að höfuðhlífin er til að verja hauskúpuna, til þess að hún verði ekki brotin eða marin. Hins vegar er það ljóst að þessi hlíf kemur ekki í veg fyrir heilaskaða.

Eins og ég gat um hefur í Bretlandi verið boðað frv. um bann við höfuðhöggum og um leið boxi. Þess vegna er sérstakt að nú skuli menn af alvöru taka það upp hér á Íslandi að leyfa box á ný. Og þeir segja: Íslendingar eru einir um það í heiminum að leyfa ekki box. Hvers vegna eigum við að hafa þá sérstöðu?

Við erum á fleygiferð út í hinn stóra heim. Fjarlægðir eru nánast engar orðnar og við viljum allt eða ekkert. Við viljum vera eins og aðrar þjóðir í einu og öllu. En er það nauðsynlegt? Er það kappsmál? Er það einhver minnimáttarkennd í Íslendingum sem veldur því hve fljótt menn vilja breyta um hefðir og karakter? Kannski, en ég er á öðru máli, herra forseti. Ég tel eðlilegt að stíga ekki þetta skref að svo komnu máli. Þegar okkur berast varnaðarorð frá öðrum löndum sem menn vilja hafa sem fyrirmynd, þá tel ég að það sé óeðlilegt að hlaupa til í þessu máli.

Í umræðunni hefur komið fram að það sé ekki hættulegt að stunda þessa íþrótt vegna höfuðhlífa sem menn bera. Þeir tala um ólympíska hnefaleika, að það sé allt annað en hnefaleikar þar sem ekki er notast við höfuðpúða eða hlífar á höfði. Að nokkru leyti er þetta rétt. Þetta er öðruvísi ásýnd, en slysin verða engu að síður og engu að síður skaðast menn á heila þó að þeir noti höfuðhlífar til að verja höfuðið.

Mér þykir líka merkilegt, sem hefur þó ekki komið fram, að konur hafa í vaxandi mæli áhuga á því að iðka box. Hv. þm. og læknir, Katrín Fjeldsted, benti á þá skaðsemi sem konur gætu orðið fyrir. Ekki eru þær að keppa í boxi með brjóstahlífar. Hún bendir á þá skaðsemi sem hnefaleikar geti valdið ungum konum með tilliti til barneigna.

Herra forseti. Ég hef drepið á örfá atriði sem snerta þetta mál og lýst afstöðu minni til málsins. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að flýta okkur hægt í þessu máli, láta árin líða og sjá hvað aðrir gera. Við ættum ekki að taka upp box eins og aðrar þjóðir bara vegna þess að menn vilja nálgast það sem gerist í hinum stóra heimi.

[12:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þegar hann ræðir um box. Við erum ekki að ræða um box heldur ólympíska hnefaleika. Það er allt annað mál. Ég vil spyrja hv. þm.: Finnst honum ekki nær að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hafi eftirlit með þessari íþrótt, setji um þetta reglur og hafi eftirlit með þessari íþrótt? Við vitum að það er verið að stunda þessa íþrótt úti um allan bæ og víða um land. Menn eru að keppa í þessari íþrótt. Það fór lið til Bandaríkjanna um daginn til keppni. Ég held að það sé miklu nær að settar verði reglur en að þetta sé einhver neðanjarðarstarfsemi sem enginn fylgist með. Það er allt annað að stunda íþróttagrein sem fylgir vissum reglum. Við sjáum mjög margt ljótt í öðrum íþróttagreinum. Ég var að horfa á handboltakeppni um daginn. Þar voru nú menn ansi ósvífnir gagnvart andstæðingnum og vissu nákvæmlega hvar átti að hitta.

Þessi grein er alls ekki hættuleg. Árið 1998 gerði öryggisnefnd íþrótta- og tómstundamála í Bandaríkjunum rannsókn á tíðni meiðsla í íþróttum. Þar kom í ljós að ólympískir hnefaleikar urðu nr. 71 á listanum. Það er langt fyrir neðan allar þær íþróttir sem við þekkjum í dag. Í ljósi þessa hafa margar þjóðir tekið upp og hvatt til að ólympískir hnefaleikar séu iðkaðir.

En ég vil fá að heyra frá hv. þm. hvort honum finnist ekki nær að settar væru reglur um íþróttina en hún sé einhvers staðar neðan jarðar?

[12:19]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætti einskis misskilnings í málflutningi mínum hvað áhrærir box eða ólympíska hnefaleika. Þegar talað er um að eðlilegt sé að setja lög og Íþróttasamband Ísland muni hafa eftirlit með hnefaleikum þá er mér alveg ljóst að ÍSÍ getur ekki haft eftirlit með hnefaleikum þannig að enginn meiðist. Það er líka dálítið merkilegt þegar menn segja: Er ekki eðlilegt að setja lög og reglur til þess að fylgjast með boxinu fremur en neðanjarðarstarfsemi fái blómstrað? Hvað með allt annað, hv. þm., sem hér blómstrar og er talið neðanjarðarstarfsemi, t.d. innflutningur á ólöglegum efnum o.fl.? Eigum við að segja: Af því það blómstrar hér neðanjarðarstarfsemi þá er eðlilegt að Alþingi setji lög og reglur þar um? Þetta er náttúrlega aldeilis fráleitt.

Í annan stað vil ég koma að því að það er alltaf verið að vitna til körfubolta, fótbolta og handbolta og sagt að boxið sé nr. 71 eða 80 í röðinni yfir áhættusamar íþróttagreinar. Það er mikill munur á milli annarra íþróttagreina og box eða ólympískra hnefaleika. Þessar tvær íþróttagreinar, ólympískir hnefaleikar eða box, ganga út á að menn meiði hver annan. Þar liggur reginmunurinn. Íþróttamenn sem keppa í handbolta ganga ekki inn á völlin með það að meginmarkmiði að rota andstæðinginn eða meiða hann svo hann liggi óvígur eftir. Það er mikill munur á þessum tveimur íþróttagreinum og aldeilis ófært og mjög sérkennilegt að þeir sem styðja þetta mál skuli halda slíku fram. Það er með ólíkindum.

[12:21]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst með ólíkindum, fyrst talað er um ólíkindi, að hv. þm. skuli bera þetta saman við ólögleg fíkniefni. Mér finnst eiginlega reginhneyksli að hann skuli gera það. Ef við ætlum að tala um það þá skulum minnast þess að á bannárunum mátti ekki selja vín á Íslandi. Ég held að það hafi verið það versta sem gat komið fyrir Íslendinga. Þeir lærðu þá ekki að umgangast vín. Og hér blómstraði aldeilis neðanjarðarstarfsemi í að brugga brennivín og selja út um allar trissur. (**TIO:** Vill þingmaðurinn lögleiða fíkniefni?) Ég ætla ekki að svara þessari spurningu, hv. þm. Tómas Ingi Olrich.

Það hefur komið fram að þessi íþróttagrein er ekki hættuleg. Það er rangt hjá hv. þm. þegar hann segir að markmiðið sé að rota andstæðinginn. Þegar eftirlit er haft með þessari íþrótt og keppt í henni þá eru menn dæmdir úr leik ef þeir reyna að rota andstæðinginn. Í tölum frá Bandaríkjunum segir að upp hafi komið 98 tilvik þar sem meiðsl kröfðust læknishjálpar, en þar eru þátttakendur nærri 23 þús. og bar-

dagarnir yfir 23 þús. Það er því ekki hægt að segja að um mikil meiðsl sé að ræða í þessari íþrótt.

[12:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi var ég ekki að leggja að jöfnu þessa íþrótt og eiturlyf eða nokkuð slíkt. Ég sagði hins vegar, vegna orða hv. þm. hér áðan, að það að neðanjarðarstarfsemi væri stunduð væri ekki rök fyrir því að setja lög á Alþingi, til þess að fylgjast með þessu. Til hvers erum við með tollgæslu, hv. þm.? Til hvers erum við með tollgæslu? (**DH:** Við erum að tala um íþróttir.) Til hvers erum við með tollgæslu ef það á að leyfa neðanjarðarstarfsemi að koma upp á yfirborðið? Við vitum að það er ástundað smygl á Íslandi. Við setjum lög til að banna það.

Þegar talað er um að ekki séu nema nokkur þúsund manns sem hafi slasast í Bandaríkjunum, um hvaða tölur erum við að tala? Við erum að tala um milljónaþjóðfélag. (**DH:** Við erum að tala um 23 þús. keppendur.) Ágæti þingmaður, ég er undandi á að það skuli sagt í þessum sal að vegna þess að einhver starfsemi sé ástunduð ólöglega, eins og box, þá eigi Alþingi að setja lög. Hvað næst? Hvað þá næst, virðulegi þingmaður? Hvað með innflutning á nautakjöti eða ólöglega starfsemi í landbúnaði þar sem sala fer fram hjá öllu eftirliti? Eigum við ekki bara að gefa það frjálst af því við vitum að það er stundað? (**DH:** Það á ekki að blanda þessu saman.) Eigum við þá ekki bara að opna allt hér upp á gátt? (**DH:** Ekki blanda þessu saman.) Við hv. þm. sem kallar hér mjög fram í bakborðsmegin við mig, (Gripið fram í.) það er allt í lagi í sjálfu sér, vil ég bara segja þetta að lokum: Við skulum ekki beygja okkur fyrir því, löggjafinn má aldrei verða uppvís að því, að af því að eitthvað sé ólöglega gert þá skuli beygja sig fyrir því, beygja sig í duftið og setja lög um það.

[12:25]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fór hér með langa tölu á móti ólympísku boxi. Ég sá, þegar ég gekk fram hjá ræðustólnum, að hann var með 50 ára gömul plögg í höndunum. Hann var að lesa úr hálfrar aldar gömlu plaggi þar sem rætt var um bann við hnefaleikum hér á landi. Hnefaleikarnir eins og þeir voru stundaðir fyrir hálfri öld voru það sem við mundum kalla atvinnumannahnefaleika. Ég hugsa að ef við, hv. þm. sem erum hér í salnum og fleiri, hefðum verið á þingi þá, þá hefðum við staðið fyrir því að banna þessa hnefaleika. (**GHall:** Af hverju?) Vegna þess að þeir eru hættulegir.

Ég er hér með fjölmargar greinar úr vísindatímaritum, annars vegar um ólympíska hnefaleika og hins vegar atvinnumannahnefaleika. Ég gæti rakið það og mun hugsanlega gera það á eftir. Það er reginmunur á þessu tvennu — reginmunur. Þeir hnefaleikar sem Bretar eru í dag að velta fyrir sér að banna eru atvinnumannahnefaleikar, ekki ólympískir hnefaleikar. Við vitum að í atvinnumannahnefaleikum er veruleg hætta á heilsuskaða.

Mig langaði að lesa hér úr umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem barst til menntmn. í mars á síðasta ári. Þar segir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands:

„Athygli er vakin á því að frá því að lög um bann við hnefaleika voru sett árið 1956 hafa hnefaleikar tekið miklum breytingum. Og aðskildir hafa verið annars vegar atvinnuhnefaleikar og hins vegar ólympískir hnefaleikar.

Ólympískir hnefaleikar eru viðurkennd íþróttagrein af Alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt keppt á ólympíuleikum og öllum vestrænum löndum."

Nokkru síðar segir: „Ólympískir hnefaleikar eru ekki skaðlegri heldur en margar aðrar íþróttir, ef litið er til meiðsla og slysa vegna íþróttaiðkunar. Í landinu eru stundaðar ýmsar aðrar íþróttagreinar, svo sem tae kwon do, karate og júdó, sem allar fela í sér bardaga og átök ..." (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill áminna hv. þm. um að þegar vitnað er í greinar þá skal biðja um leyfi forseta.)

[12:28]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nokkurt mál gert úr því að ég væri að vitna til þess sem áður var. En er það nú ekki svo að sá sem ekki þekkir söguna þekkir ekki uppruna sinn? Er ekki ágætt að vitna til þess hvers vegna bannið var sett á? Geri hver sem vill lítið úr því að ég hafi vitnað til þessara mála, þau eru töluð og skrifuð á líðandi stundu þegar málið var í gerjun og menn vissu nákvæmlega hvað var að gerast.

Þegar talað er um að það sé reginmunur á atvinnuboxi og ólympískum hnefaleikum þá vil ég spyrja: Hvað eru ungir menn, sem hafa stundað neðanjarðarstarfsemi eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir kom hér inn á, að sækja með því að fara út og keppa í Bandaríkjunum í ólympískum hnefaleikum? Veit hv. þm. að þar eru verðlaun, fjárhæðir í boði? (Gripið fram í.) Og af því að menn hafa höfuðpúða til að verja hauskúpuna en ekki á heilann þá er það eitthvað allt annað.

Gleymum því ekki, hvað svo sem hv. þm. segja um muninn á ólympískum hnefaleikum eða venjulegum hnefaleikum andspænis öllum öðrum íþróttum, að tvennt aðskilur þessar íþróttagreinar, box og ólympíska hnefaleika, frá öllum öðrum íþróttagreinum. Það er að keppni lýkur ekki fyrr en annar hvor liggur í valnum eða er óvígur, ófær um að keppa lengur. Annaðhvort hafa læknar tekið af skarið um það að hann sé óvígur eða orðinn meiddur og geti ekki slegist lengur í hringnum.

Konur góðar, hv. þm., hvað með brjóstahlífar þegar konur eru í boxi? Hvernig ætlið þið að verjast? (Gripið fram í.) Hvernig ætla konur að verjast í boxi. Ætla þær að eignast börn og gefa þeim móðurmjólk með skemmd brjóst eftir box? Getið þið svarað því? Þekkið þið það? Eru til um það vísindalegar rannsóknir eins og hér er alltaf vitnað til?

[12:30]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti nú að koma til nútímans aftur. Vissulega er gott að horfa til sögunnar og gott að vita við hvaða aðstæður hnefaleikar voru bannaðir á sínum tíma. Aðstæður réttlættu það að banna hnefaleika á þeim tíma. Þá var verið að tala um atvinnumannahnefaleika. Við erum að tala um allt annað þegar við nú ræðum um ólympíska hnefaleika.

Mig langar að vísa í grein sem birtist í Morgunblaðinu eftir Guðjón Vilhelm, þjálfara í ólympískum hnefaleikum. Hann svarar akkúrat því sem hv. þm. ræddi um áðan, um hvernig stig eru fengin. Hv. þm. fullyrti hér að stig í ólympískum hnefaleikum væru eingöngu fengin með rothöggi. Það er alrangt. (Gripið fram í.) Guðjón Vilhelm segir, með leyfi forseta:

„Þú færð stig í ólympískum hnefaleikum fyrir hittni þannig að í hvert skipti sem þú hittir á ákveðið svæði færðu

stig. Þessi svæði eru bara á framhlið keppendanna þannig að engin stig eru gefin fyrir að slá menn bak við eyrun eða í þau. Þannig að það er letjandi frekar en hitt að setja kraft í höggið. Þetta er frekar spurning um hraða. Best er að rétt snerta keppinautinn og forða sér fljótt til baka í vörnina. Því ef þú setur kraft í höggið hægir þú á þér og safnar refsistigum þar sem keppinauturinn fær svo gott tækifæri til þess að hitta þig. Tíðni rothögga er því innan við 1% í áhugamannahnefaleikum. Þannig að þessi íþrótt sem við erum að kynna núna er allt önnur en sú sem var bönnuð árið 1956."

Við fylgdumst með því þegar þetta unga íþróttafólk fór til Bandaríkjanna í síðustu viku. Þetta var glæsilegur hópur, tólf eða fimmtán manns. Það var ekki hægt að sjá á þessum hóp að þar færu sukkarar og svallarar, sem er aðalatriðið í röksemdum þeirra sem eru á móti ólympískum hnefaleikum og ástæða þess að hnefaleikar voru bannaðir á sínum tíma. Þá var talað um að menn ráfuðu um göturnar, berjandi hver annan, þ.e. þeir sem stunduðu hnefaleika eins og þeir voru stundaðir þá. Við erum að tala um allt aðra hluti.

[12:32]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller kom hér með mjög sérkennilegan punkt í lok ræðu sinnar, þ.e. að þetta hefðu ekki verið sukkarar eða svallarar. Ég hef aldrei nefnt það einu einasta orði og frábið mér því að svona málflutningur sé viðhafður hér. Ég hef aldrei tekið mér þau orð í munn að þetta væru sukkarar eða svallarar, ekki vikið að því einu einasta orði, hv. þm. Ég frábið mér málflutning sem þennan.

Talað er um að ég eigi að líta til nútíðar þar sem nú sé málið allt annað, að allt annað sé að horfa á ólympíska hnefaleika og þeir séu með öðru sniði, þar séu einhver refsistig og menn berji mýkra vegna þess að ef þeir berji fast þá séu gefin refsistig o.s.frv. Hvernig ætli höggið hafi verið sem við horfðum á í beinni útsendingu hér á Íslandi í sumar frá ólympísku hnefaleikunum í Sidney? Þá horfðum við á þegar annað augað gekk út úr keppnismanni. Annað augað stóð út úr honum. Ætli það högg hafi kallað á refsistig? Ætli gefinn hafi verið mínus fyrir að berja augað úr manninum, eða hvað? Hvernig á að gefa refsistig þegar menn liggja kannski nokkrum dögum eftir keppni óvígir með skemmd á heila? Nei, hvar sem menn vilja staðsetja mig í fortíð, nútíð eða framtíð þá er ég þeirrar skoðunar að við eigum að flýta okkur hægt og ekki leyfa ólympíska hnefaleika. Við eigum ekki að gefa leyfi til þess. Við skulum bíða og sjá. Verum minnug þess að stórþjóðir sem menn vilja líta til, eins og Bretland, eru nú farnar að hugsa sinn gang alvarlega. Að sagt er þá mun þar lagt fram frv. mjög bráðlega um bann við (**Gripið fram í:** Atvinnumanna.) hnefaleikum, (**Gripið fram í:** Atvinnumanna, atvinnumanna.) ólympískum hnefaleikum, boxi.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill áminna hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

[12:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði að spyrja hvar 1. flm. þessa máls er niðurkominn. Ég hefði áhuga á að eiga orðastað við þann hv. þm. Mér finnst nú lágmarksskylda þeirra sem vilja þoka málum sínum áleiðis að þeir séu viðstaddir umræður. Ég held ég neyðist til að fara fram á ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga með 1. flm.)

Ég held ég verði að fara fram á að fá að gera hlé á máli mínu þangað til hv. þm. Gunnar Birgisson kemur. Ég ætlaði að ræða við hann sem ábyrgðarmann þessa máls nokkur atriði sem lúta að formlegum þáttum þess, þar á meðal að það skuli endurflutt hér í algjörlega óbreyttri mynd sem var felld í atkvæðagreiðslu hér á síðasta þingi.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti telur ástæðu til þess að gera tveggja mínútna hlé á fundinum og freista þess að fá framsögumann málsins í hús.)

[Fundarhlé. — 12:35]

[12:38]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti hefur ákveðið að fresta ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. að hans eigin ósk. Hann hefur óskað eftir að frummælandi málsins sé viðstaddur umræðuna.

[12:38]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Lagt hefur verið fram frv. til laga í annað sinn um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, um að heimila keppni, sýningar og kennslu í ólympískum hnefaleikum, að heimila sölu og notkun á hnefaleikaglófum og öðrum tækjum sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum. Og í þriðja lagi að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Það tel ég vera mjög mikilvægt vegna þess að það þarf að hafa eftirlit með öllum íþróttagreinum þannig að þær séu stundaðar eftir settum reglum.

Í þessu frv. er gerður skýr greinarmunur á ólympískum hnefaleikum annars vegar sem eru áhugamannahnefaleikar og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru m.a. stundaðir í Bandaríkjunum, Bretlandi, Rússlandi og víðar. Á Íslandi hafa hnefaleikar verið bannaðir frá árinu 1956. En fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Áhugamannahnefaleikar hafa því miður verið ranglega kynntir hér á landi og verið bornir saman við venjulega hnefaleika. Það er í rauninni mjög ósanngjarnt því áhugamannahnefaleikar eru með öruggustu íþróttagreinum sem stundaðar eru í heiminum að mati þeirra sem best þekkja til.

Hnefaleikar hafa verið stundaðir í einhverri mynd í heiminum um árþúsundir. Fundist hafa höggmyndir af hnefaleikamönnum á Krít sem eru taldar vera 3.500–4.000 ára gamlar. Nútímahnefaleikar eru taldir upprunnir á Englandi árið 1681, en þaðan barst íþróttin um allan heim. Keppt hafði verið í hnefaleikum á ólympíuleikunum grísku og var sá lárviðarsveigur eftirsóknarverður. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það er mjög mikill misskilningur að ólympískir hnefaleikar séu ruddaleg íþrótt. Það er t.d. svipað með hnefaleika og skylmingar að báðar þessar íþróttir byggja á hraða og snerpu en ekki ógnarkrafti eins og margir halda. Hér er ekki um að ræða hnefaleika atvinnumanna með 12–15 lotum þar sem keppt er um gríðarlegar fjárhæðir, heldur hnefaleika áhugamanna þar sem loturnar eru þrjár og notaðar eru höfuðhlífar og mýkri hanskar. Öll dómgæsla er mun strangari.

Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum. En þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem þar gilda. Það er með ólíkindum að menn koma hér fram hver á fætur öðrum og halda öðru fram og eru þá nánast að tala um atvinnuhnefaleika.

Árið 1966 skipaði Norðurlandaráð sérstaka nefnd sem skyldi athuga hvort banna skyldi hnefaleika á Norðurlöndunum. Fjölmargir læknar voru kallaðir til starfa fyrir nefndina í því skyni að rannsaka meiðsl og annað af völdum hnefaleika. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að leggja

bann við þessari íþróttagrein frekar en öðrum. Álit nefndarinnar var að rannsókninni lokinni að meiðsl þau sem hljótast af hnefaleikum væru síst meiri en þau sem íþróttamenn hljóta í öðrum greinum.

Hér eru nokkrar staðreyndir um ólympíska hnefaleika:

Rothögg, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræddi mikið um í sínu máli áðan, eru vart mælanleg. Innan við 1% skráðra bardaga enda með svokölluðu rothöggi. Er það mikið?

Ólympískir hnefaleikar eru nr. 71 á lista yfir tíðni meiðsla í íþróttum, langt fyrir neðan þær íþróttir sem stundaðar eru hér á landi.

Á hverju ári er haldin keppni í ólympískum hnefaleikum í Bandaríkjunum sem heitir Silver Gloves, eða silfurhanskarnir. Þar eru þátttakendur um 2.000 talsins á aldrinu 8–15 ára. Hvað haldið þið að hafi komið upp mörg meiðsli á síðustu átta árum? Engin meiðsl hafa komið upp í þessum keppnum.

Ólympískir hnefaleikar eru alls staðar leyfðir nema á Íslandi. Nú stendur til á Ólympíuleikunum að fjölga boxgreinum og taka inn kvennabox í ljósi lágrar slysatíðni og vinsældar íþróttarinnar. Kannski er hér komin grein sem við þingkonur gætum tekið upp til að keppa í, eins og karlarnir sem eru að keppa í fótbolta.

Svíar hafa rannsakað hnefaleika mikið og völdu til þess færustu sérfræðinga í heilalækningum. Þar voru hnefaleikar bornir saman við knattspyrnu og fimleika og var útkoma hnefaleika hvað meiðsli varðar mjög góð, betri en í knattspyrnunni.

Mig langar til að vitna í grein sem Guðmundur Arason skrifaði í Morgunblaðið 19. nóvember 1995, með leyfi forseta:

„Hjá öllum þessum aðilum voru hnefaleikar iðkaðir með virðingu fyrir góðri og hollri íþrótt. Allar keppnir sem haldnar voru á þessum árum hlutu góða dóma í blaðaumfjöllun vegna drengilegrar framkomu keppenda og allgóðrar kunnáttu. Hér var fjöldi móta ár hvert og íþrótt þessa iðkaði að staðaldri fjöldi manna. Hnefaleikamenn annarra landa komu til keppni hér og sýningar voru haldnar víða. Aldrei kom fyrir að neinn keppenda slasaðist við æfingar eða keppni í þau tæp 30 ár sem keppt var í hnefaleikum hér, það finnast ekki dæmi þess í slysaskýrslum ÍSÍ."

Það má geta þess að nefndur Guðmundur Arason er kominn rétt yfir áttrætt og stundar íþróttina í dag. Hann er mjög vel á sig kominn og með allra myndarlegustu mönnum.

Herra forseti. Hnefaleikar eru ein af þeim íþróttum þar sem gerð eru skörp skil á milli áhugamennsku og atvinnumennsku. Íþróttin er eðlileg manninum eins og að ganga og hlaupa. Það hefur fylgt manninum frá ómunatíð að verja sig.

Það hefur komið hér fram að ólympískir hnefaleikar eru með elstu keppnisgreinum sem stundaðar hafa verið á Ólympíuleikunum frá 1904 og með það góðum árangri að til stendur að fjölga í greininni og taka inn hnefaleika fyrir konur á næstu Ólympíuleikum, eins og ég gat um áðan. Íslendingar eru ekki eina þjóðin sem hefur þurft að taka ákvörðun um hvort leyfa skuli þessa íþróttagrein eða ekki. Athyglisvert er að eftir vandlegar yfirferðir hefur niðurstaðan verið sú hjá þeim þjóðum sem hafa verið að íhuga þetta, að það hefur verið leyft vegna þess hve slysatíðnin er lág.

Herra forseti. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur bannað hnefaleika og athyglisvert er að engin önnur þjóð hefur fetað í fótspor okkar. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikunum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni. Við eigum þess vegna að leyfa ólympíska hnefaleika á ný.

Herra forseti. Það hlýtur að vera í valdi hvers einstaklings að velja og hafna hvaða íþrótt hann vill stunda hverju sinni hvort sem það er teygjustökk, fallhlífarstökk, fótbolti, handbolti, hestaíþróttir eða ólympískir hnefaleikar. Ég tel mjög mikilvægt að þetta frv. til laga nái fram að ganga þannig að hægt verði að setja reglur um ólympíska hnefaleika.

[12:47]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir rétt að koma aðeins inn á það aftur sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns um muninn á boxi sem „íþrótt" vegna þess að ég er sammála þeirri skilgreiningu á íþrótt að hún er ekki sú að menn berji hver á öðrum. Skilgreiningin á íþrótt hvað snertir knattspyrnu, körfubolta eða handbolta er að það er íþrótt þar sem lagt er upp með að annað hvort liðið sigri. Menn leggja upp með það í huga. En í boxinu er það höfuðhöggið sem ræður, hvort sem það er mjúkt eða hart, veitir stig eða dregur stig af mönnum, þá er það samt í huga manns að annar hvor keppenda er óvígur eftir, hvort sem það er mælieining, stig eða hvað í boxinu.

Þegar hins vegar verið er að tala um hin miklu slys í knattspyrnunni, að menn hafi fengið fótboltann í höfuðið og séu jafnvel óvígir á eftir, sem sjaldan gerist, þá er munurinn þessi: Þegar viðkomandi knattspyrnumaður gerir sig tilbúinn til að skalla knöttinn þá er bæði hugur og hönd meðvirk um það væntanlega högg sem mun koma. Það er allt annað að fá fótbolta í höfuðið vegna þess að sá sem fær knöttinn í höfuðið er búinn að búa sig undir það sem koma skal. Höfuðhögg af hendi er óvænt þar sem enginn er viðbúinn og þess vegna er það oftar en ekki að það meiðir.

[12:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um að ræða tvær tveggja mínútna lotur og það er spurning um stig sem keppendur fá. Keppni í ólympískum hnefaleikum verður að fara fram undir eftirliti íþróttasambands þess lands sem hún á að fara fram í og hver iðkandi verður að gangast undir stranga læknisskoðun fyrir og eftir hverja keppni. Verði iðkandi fyrir meiðslum verða að líða 60–90 dagar þar til hann má keppa aftur. (**Gripið fram í:** Ef hann ...) Hlustaði hv. þm. ekki á ræðu mína áðan þar sem kom fram að mjög lítil meiðsl eru í þessari keppnisgrein og innan við 1% rothögg? Þetta er mjög alvarlegur misskilningur og rangsnúningur sem kemur frá hv. þm.

Mönnum er skylt að bera hlífar og eins og ég sagði áðan eru þetta aðeins tveggja mínútna lotur og það er ekki hægt að bera þetta saman við atvinnumannahnefaleika, ég held því að þingmaðurinn sé á mjög miklum villigötum.

[12:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Munurinn á tveggja mínútna lotum í boxinu og hér í ræðustól Alþingis er nokkur sem betur fer því að hér skiptast menn á orðum og skoðunum en ekki höggum eins og í boxinu.

En það er enginn misskilningur af minni hálfu. Ég er þeirrar skoðunar, hef verið og er að við eigum ekki að ana út í þetta núna. Við skulum sjá hvað aðrar þjóðir eins og Bretar ætla og eru að gera, eins og ég hef sagt hér áður. Ég segi enn og aftur að allar aðrar greinar en box eru íþróttagreinar.

Ekki er hægt að kalla það íþrótt sem gengur út á að gera mann og annan óvígan og oftar en ekki fylgir þar nefbrot og annar líkamlegur skaði. Hvers vegna er bannað að slá fyrir neðan beltisstað? Ég hef ekki fengið svar við því hjá hv. þm. Ástu Möller og Drífu Hjartardóttur hvernig þær líta á kvennabox. Hvað finnst þeim t.d. um þá hættu sem konur geta lent í í boxi vegna högga á brjóst? Hvaða afleiðingar hefur það þegar þær eignast börn? Er það allt í lagi? Ég er ansi hræddur um, þó að ég sé ekki menntaður læknir, að það muni eflaust hafa skaðvænleg árhif, eins og boxið hefur til langtíma litið. Verði einhver skaði, eins og hv. þm. kom inn á áðan, þá er keppnisbann í næstu 90 daga. Þá getur það einmitt gerst sem ég óttast og liggur að baki orðum mínum og eru varnaðarorð í þá veru að því miður fylgir heilaskaði of oft þessu boxi. Þótt ekki sé kannski fyrst og fremst verið að berja til óvígis þá eru höfuðhöggin óvænt. Það óvænta í íþróttinni er að koma höggi á andstæðinginn óvænt og þar liggur skilsmunur á milli box og annarra íþrótta.

[12:52]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ólympískir hnefaleikar snúast um að skora stig og telst sá sigurvegari sem hefur skorað fleiri stig að loknum fjórum tveggja mínútna lotum. En fari annar hvor iðkandi 15 stig fram úr hinum ber dómara að stöðva bardagann. Ekki eru gefin nein aukastig slái annar hinn niður eða roti andstæðinginn og þessi regla er til þess fallin að iðkendur leggi meiri áherslu á hraða og tækni en höggkraft. Minna en 1% allra ólympískra hnefaleikakeppna endar með rothöggi og þetta er ég margbúin að segja hv. þm.

Hvað varðar hættu fyrir konur þá þekki ég það ekki. En sem kona hef ég stundað íþróttir og það er oft ansi harkalega rekist í brjóstin á manni bæði í körfubolta og handbolta, ég tala nú ekki um ef maður dettur af hestbaki.

[12:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég undrast það að menn skuli leggja þetta frv. fram aftur sem var fellt fyrir ári í þinginu. Mjög góð rök hafa verið færð fyrir því að þetta væri eitthvað sem ætti ekki erindi við okkur Íslendinga.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði áðan að enginn hefði fetað í fótspor okkar með það að banna áhugamannahnefaleika. Aftur á móti get ég fullyrt það og kom það mjög skýrt fram í hv. heilbr.- og trn. á þeim tíma sem þetta var til umfjöllunar þar í fyrra að mjög margir vildu vera í sporum okkar og vera án þessarar svokölluðu íþróttar. Herra forseti. Upplýsingar komu fram um hvaða skaða þetta hátterni að berja fólk í höfuðið hefur haft á fólk. Sýnt var fram á ýmsar kannanir þar sem þetta hafði haft mjög varanlegan augnskaða og teknir voru til samanburðar 25 hnefaleikarar, áhugahnefaleikarar og síðan viðmiðunarhópur og það var afgerandi hvað hnefaleikarar höfðu hlotið mikla augnskaða. Í því sambandi að tala um að hvetja stúlkur til þessara íþrótta þá kom það einnig fram frá læknum sem komu á fund nefndarinnar að konur gætu hlotið varanlega og slæma skemmd í fituvef brjósta við hnefaleika og sömuleiðis að heili ungra stúlkna er mun verr varinn en hjá piltum sökum þess að beinin í höfuðkúpum stúlkna eru þynnri en hjá drengjum þannig að stúlkur lenda í mjög slæmum skaða. Fyrir utan það að heilaskaði getur komið fram seint á ævinni eftir slíka íþrótt og sérstaklega ef um börn er að ræða sem byrja að æfa snemma.

[12:55]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margoft komið hér fram að aðaláherslan í þessari íþrótt er ekki að rota andstæðinginn eða koma á hann höggi á höfuðið. (**Gripið fram í:** Það gefur stig.) Ef menn gefa rothögg þá eru menn dæmdir úr leik.

Það eru margir félagsfræðingar og kennarar erlendis sem vilja að þessi grein sé stunduð vegna þess að hún kemur í veg fyrir árásarhneigð margra ungra drengja og stúlkna, eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller. Það er alveg með ólíkindum hvað hv. þingmenn í rauninni misskilja málið. Þetta gengur ekki út á atvinnumannahnefaleika. Þetta er íþrótt sem er ágæt fyrir iðkendur. Aðalatriðið er ekki að slást. Þetta er íþrótt sem hentar þeim sem vilja komast í góða þjálfun og til að losa sig við aukakílóin. Ég held að ágætt væri ef hv. þingmenn fengju að koma í heimsókn til þeirra sem kunna þessa íþrótt og þeir sýndu okkur hvernig farið er að.

Á Íslandi er verið að iðka alls konar íþróttir, alls konar bardagatækni sem er leyfð en þessi grein er ekki leyfð. En það er verið að fara fram á að hún verði undir eftirliti Íþróttasambands Íslands sem ég tel vera eitt aðaláhersluatriðið að verði gert.

[12:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engin rök að þetta sé íþrótt til að losna við aukakíló. Það eru margar íþróttir og bara flestar íþróttir og hreyfing sem losar fólk við aukakíló, þetta eru engin rök til að taka inn þessa baráttuaðferð.

Það var sýnt og skýrt fyrir okkur í heilbr.- og trn. í fyrra hvernig þessi íþrótt er iðkuð og það var sýnt að verið er að berja fólk í höfuðið og högg í höfuðið gefa stig. Það er kannski verið að berja mörg högg í höfuðið en aðeins eitt högg gefur stig þannig að það er verið að margberja fólk í höfuðið. Læknar hafa sýnt fram á það að við slík högg fer heilinn á hreyfingu og ýmsar fíntaugar og æðar skaðast við þau högg og sýnt hefur verið fram á ...

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill áminna hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum til að þingstörf geti gengið eðlilega fyrir sig.)

Já, herra forseti, ég held að full ástæða sé til að við þingmenn, sem höfum gert okkur grein fyrir því hversu hættuleg þessi íþrótt, sem ég vil nú helst ekki kalla íþrótt, er heilsu fólks, ættum nú að taka okkur saman og sjá til þess að þetta mál fari ekki lengra en til nefndar eins og svo mörg önnur mál hér í þinginu sem eru mun merkilegri og meiri framfaramál en þetta.

Varðandi aðferðirnar við að berja fólk í höfuðið þá mun ég berjast gegn því af öllum kröftum — en þó ekki með því að berja fólk í höfuðið — að þetta verði leyft á Íslandi.

[12:59]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óþarfi hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að gera lítið úr því hvernig fólk nær af sér aukakílóum. Það bara gerir það nákvæmlega á þann hátt sem því þykir best. (**Gripið fram í:** Með því að berja í hausinn?) Ég er margbúin að segja að það er ekki aðalatriðið í þessari íþróttagrein og hún er því miður mjög ranglega kynnt þegar þegar verið er að bera hana saman við hnefaleika. Þetta er í rauninni mjög ósanngjarnt vegna þess að áhugamannahnefaleikar eru með öruggustu íþróttagreinum

sem stundaðar eru í heiminum að mati þeirra sem best þekkja til.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuöryggi fiskverkafólks á landsbyggðinni.

[13:31]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef séð ástæðu til þess að biðja um umræðu utan dagskrár um starfsöryggi fiskverkafólks. Í janúar sl. voru á atvinnuleysiskrá 338 vegna samdráttar í fiskvinnslu. Þessi tala mun þó vera enn hærri vegna þess að ekki eru meðtaldir þeir atvinnulausu sem eru á hinni svokölluðu 60 daga reglu samkvæmt lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 7. mars 1995. Víða um land eru blikur á lofti varðandi atvinnuöryggi fiskverkafólks. Rækjuvinnslan á víða í erfiðleikum, óljóst er um framhald á vinnslu á Rússafiski og sameining fyrirtækja heldur áfram. Staðir sem nefna má í þessu sambandi eru Bolungarvík, Vestmannaeyjar, Kópasker, Eskifjörður, Þorlákshöfn, Húsavík, Siglufjörður, Hrísey, Ólafsfjörður og fleiri staðir.

Fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands hafa óskað eftir svörum ríkisstjórnarinnar við grundvallarspurningum er varða framtíð fiskvinnslunnar í landinu og starfsöryggi fólksins sem við hana vinnur. Hver er stefna stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum? Hvernig er hægt að minnka útflutning á óunnum fiski? Er hægt að tryggja að íslensk fiskvinnsla fái ávallt næg tækifæri til að bjóða í allan þann fisk sem veiddur er innan íslensku lögsögunnar? Er hægt að gera fiskvinnsluhúsum án útgerða kleift að eignast kvóta? Hvernig er hægt að tryggja starfsöryggi fiskvinnslufólksins? Hver er stefna hins opinbera í málefnum atvinnulausra? Geta stjórnvöld beitt sér fyrir því að sett verði á laggirnar nefnd sem rannsaki afleiðingar þess þegar stór atvinnutæki eru seld milli byggðarlaga?

Ríkisstjórnin og þar með hæstv. félmrh. hafa beitt sér fyrir aðgerðum til þess að veikja stöðu fiskvinnslunnar í landinu og þá sérstaklega stöðu og réttindi verkafólksins. Rýmkað hefur verið um vegna útflutnings á óunnum fiski með þeim afleiðingum að sá útflutningur hefur aukist stórlega. Einnig verður ekki fram hjá því horft að reglugerð félmrh. frá 24. maí 1995 sem byggir á 3. gr. laga nr. 19/1979 hvetur fyrirtæki til þess að stöðva fiskvinnslu og velta launakostnaðinum yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Fyrirspurnirnar til hæstv. félmrh., atvinnumálaráðherra, eru þessar:

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera vegna uppsagna fiskverkafólks og versnandi atvinnuástands af þeim og fleiri ástæðum í fjölmörgum byggðarlögum á landsbyggðinni?

2. Hyggst ríkisstjórnin sjá til þess að þessar aðstæður og úrbætur í þeim efnum verði sérstaklega hafðar í huga við þá endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem stendur yfir og hyggst félmrh. beita sér í þeim efnum?

3. Hefur komið til tals að auka byggðakvóta eða byggðatengja með einhverjum hætti einhver veiðiréttindi til að skapa minni sjávarbyggðum aukið öryggi?

4. Hefur komið til tals í ríkisstjórninni að skilgreina tiltekin svæði eða landshluta sem sérstök byggðaþróunarsvæði svo heimilt verði að beita styrkjum til þess að efla nýsköpun í atvinnulífinu þar sem ástandið er slæmt?

5. Hefur með sambærilegum hætti komið til greina að taka upp styrki til þess að auðvelda kerfis- og atvinnuháttabreytingar til að forða atvinnuleysi í framtíðinni?

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að hæstv. atvinnumálaráðherra hafi á takteinum svör og stefnu ríkisstjórnarinnar. Við getum ekki unað við það að landsbyggðin lúti algerlega lögmálum peningamagnsins og það sé bara látið ráðast hvernig hlutir þróast þar. Þjóðin á heimtingu á skýrum svörum. Ef stefnan er engin, ef peningamagnið á að ráða, þá vitum við hvar við lendum en ef hæstv. ríkisstjórn hefur stefnu í þessum málum þá er gott fyrir þjóðina og þingið að fá að vita hvaða meðulum á að beita.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Spurningar hv. þm. ættu sumar að beinast fremur að byggðamálaráðherra heldur en félmrh. Ég get ekki svarað þeim öllum vegna þess að það er ekki í mínu valdi að svara þeim. En ég skal svara því sem ég get og er með puttana á.

Atvinnuleysi í janúar sl. var 1,6%. Það var 1,3% í desember og í janúar í fyrra var það 2,6%. Það er sem sagt 1% minna í janúar í ár en var í fyrra. Ég lét dreifa skrá um stöðuna eins og hún var í gær á atvinnuleysisskránni og þar kemur í ljós að þeir sem skráðir eru í atvinnugreinina Vinnsla sjávarafurða á atvinnuleysisskrá eru 312. Þeir voru 338 um síðustu mánaðamót eins og réttilega kom fram hjá fyrirspyrjanda. Þeim hefur því aðeins fækkað. Hitt er svo rétt að það er enn þá að tínast inn fólk sem er á uppsagnarfresti og kann að fjölga á skránni aftur að einhverju leyti.

Ef við lítum á þennan lista sést að þetta er staðbundinn vandi. Það er fyrst og fremst á þremur, fjórum stöðum sem ástandið er alvarlegt. Ég hef heimsótt þá staði sem verst eru settir og boðið fram það sem við í félmrh. höfum ráð á, þ.e. átaksverkefni eða námskeiðahald. Þessu hefur verið vel tekið. Í Bolungarvík er farið í gang átaksverkefni, einnig námskeið, og þar er sérstakur vinnuhópur að störfum til þess að halda utan um námskeiðahald og átaksverkefnin. Ég hef beðið um tilnefningar í slíkan vinnuhóp frá Vestmannaeyjum, en þar er starfsmenntunarátak í vændum og starfsmaður frá Vinnumálastofnun, þ.e. frá Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, verður ráðinn í fullt starf í Vestmannaeyjum til umsýslu og ráðgjafar, en í Vestmannaeyjum er vandinn mestur.

Frá Húsavík eru þær góðu fréttir að líkur eru á að Harðviður hf. hefji starfsemi að nýju, a.m.k. tímabundið til þess að ljúka við óunnið hráefni. Það verður unnið með stuðningi Atvinnuleysistryggingasjóðs sem átaksverkefni og það eru átta störf í þrjá mánuði. Hugmyndir eru uppi um fleiri verkefni þar, m.a. í tengslum við hvalaskoðunina, en hvalaskoðun er mikill vaxtarbroddur í atvinnulífi Húsvíkinga.

Á Ólafsfirði er mér sagt að saltfiskvinnslan sé að fara í gang aftur og þá ætti róðurinn að léttast þar. Á Siglufirði er unnið að því að koma rækjuverksmiðjunni í Pólum aftur í gang. Það mun þó vera nokkuð í land.

Rétt er að hafa í huga að þessi vandi er að sumu leyti heimatilbúinn. Í Bolungarvík er einungis unninn þriðjungur þess afla af botnfiski sem þar er landað, litlu meira en þriðjungur í Vestmannaeyjum og það eru 60 aðkomumenn á fiskiskipum Vestmanneyinga.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur möguleika á því að aðstoða eða styrkja fólk við atvinnu-

háttabreytingu. Ég hef hreyft þeirri hugmynd að binda hluta af kvótanum við sveitarfélögin í sjávarbyggðunum, m.a. með tilliti til þess að unnt sé að tryggja atvinnuöryggi.

[13:41]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Að fiskverkafólk skuli þurfa að lifa við þær aðstæður að hægt sé að senda það heim á lægstu launum 60 daga á ári vegna hráefnisskorts er óásættanlegt. 60 dagar eru stór hluti eðlilegs vinnudagafjölda á ári hverju. Við vitum að svona margir dagar án bónuss og yfirvinnu halda fólki á bágum kjörum og þetta er alvarleg staða. En enn þá alvarlegri er þó sú staða er blasir við á þeim stöðum þar sem fisk- og rækjuvinnslum hefur verið lokað. Á Bolungarvík, svo að dæmi sé tekið, bíða menn í ofvæni eftir því að hafist verði handa við að opna rækjuverksmiðjuna þar á ný. Þar er nú hátt hlutfall atvinnuleysis og hefur það mjög alvarleg áhrif á allan bæjarbraginn þar og keðjuverkunaráhrifa þessarar stöðu er tekið að gæta. Hér verður að bregðast skjótt við. Þekking og færni þess fólks sem skapað hefur auðæfi má ekki glatast.

Byggðastofnun sem er einn stærsti eigandi þessarar verksmiðju verður að leggja allt kapp á að sem hæfustu, vönustu og bestu menn geti komið að þessum rekstri og gert það þannig að rekstrarumhverfi verksmiðjunnar verði öruggt. Dapurleiki atvinnuleysisins er alvarlegur og á þetta bæði við um einstaklinga sem atvinnulausir eru og einnig þau byggðarlög sem búa við atvinnuleysi. Það er eyðibyggðastefna og ekkert annað þegar heilu sjávarplássin upp á þúsundir íbúa, svo sem í Vestmannaeyjum, Bolungarvík og víðar, eru farin að drúpa höfði í þjáningu vegna fiskveiðistjórnarstefnu íslenskra stjórnvalda. Það verður að vinna að því að fiskvinnslur hér á landi hafi greiðari og betri aðgang að hráefni til vinnslu svo örugg og jöfn vinna sé í boði.

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ástandið í ýmsum byggðarlögum við sjávarsíðuna er um þessar mundir grafalvarlegt. Atvinnuleysi af stærðargráðu sem hefur nánast verið óþekkt hefur skollið yfir með skelfilegum afleiðingum. Hugsum okkur ástandið í byggðarlagi þar sem fólk hefur unnið daginn út og daginn inn af samviskusemi að fiskvinnslu en stendur síðan skyndilega frammi fyrir hræðilegri óvissu vegna lokunar fyrirtækja, gjaldþrota og atvinnubrests. Við erum ekki að tala um neinar smátölur í þessu sambandi. Yfir 90 manns urðu atvinnulausir á einni nóttu í Bolungarvík eftir gjaldþrot rækjuvinnslunnar Nasco, sem svarar til um 9% af íbúafjöldanum og er hliðstætt því að 10 þúsund manns væru án atvinnu í Reykjavík um þessar mundir.

Nú hefur atvinnulausum í Bolungarvík sem betur fer fækkað nokkuð af ýmsum ástæðum en eftir stendur þó skelfilegur vandi sem við verðum að finna lausn á til frambúðar. Við svona aðstæður eru íslensku fiskverkunarfólki bjargirnar bannaðar. Atvinnulífið er fábreytt. Það er ekki í önnur hús að venda og afl hins opinbera við atvinnuuppbyggingu hefur farið í að stuðla að nýjum atvinnumöguleikum utan landsbyggðarinnar. Það er því eðlilegt að fólki finnist að við þessar aðstæður sé verið að senda því þau skilaboð að flytja sig um set, fara suður strax.

Svona fjöldaatvinnuleysi gengur auðvitað ekki. Fiskvinnslan stendur að mörgu leyti höllum fæti, t.d. gagnvart útgerðinni sem hefur ein fiskveiðiréttinn. Krafan um allan fisk á markað er sömuleiðis stórhættuleg atvinnuöryggi fiskverkafólks um landið og þó hún kunni að þjóna stundarhagsmunum ýtrustu launakröfugerðar sjómanna er hún klárlega í blóra við atvinnuhagsmuni landverkafólks.

Meginatriðið er þó að undirstaða fiskvinnslunnar sé rétt fundin með stöðugleika í efnahagsmálum, lækkandi vöxtum, eðlilegu raungengisstigi, minnkandi þenslu á efnahagssviðinu, bættu aðgengi að hráefnisframboðinu hér á landi og áframhaldandi framförum okkar undirstöðuatvinnugreina.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Með sameiningu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja hefur atvinnufyrirtækjum fólks við fiskvinnslu og fiskveiðar fækkað. Skipulag núverandi tilfærslukerfis á atvinnuréttindum fólksins er þannig í kvótabraskskerfinu að enginn veit hvar né hvenær kvótabraskið veldur atvinnumissi.

Hæstv. félmrh. sagði að vandinn væri að sumu leyti heimatilbúinn og tók m.a. Bolungarvík sem dæmi. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig eiga íbúar í sjávarbyggðum þar sem yfir 80% af aflanum sem á land kemur er af smábátum að byggja upp ný fyrirtæki í botnfisksvinnslu þegar þeir vita ekki hvort hráefnið kemur að landi á næsta ári? Hvaða framtíð ætlar núverandi ríkisstjórn að byggja fólki í sjávarbyggðunum?

Við ræddum í fyrradag m.a. um fiskveiðistjórnarkerfið sem blandaðist inn í umræðuna. Það er alveg ljóst að núverandi útfærsla á sjávarútvegsstefnunni veldur miklu óöryggi hjá fólki á landsbyggðinni, bæði fiskvinnslufólki og sjómönnum.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vék hér áðan að því að krafa sjómanna væri um allan fisk á markað. Þetta er rangt. Krafa sjómanna hefur verið um það að allur fiskur tæki verðmyndun á fiskmarkaði. Hún hefur ekki verið um það að allur fiskurinn færi inn á markað eða yfir markað.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ástæður þess alvarlega atvinnuástands sem nú er í fjölmörgum byggðarlögum eru mismunandi. En það er samt ljóst að tilteknir sameiginlegir þættir einkenna það ástand mjög víða, þ.e. rekstrarerfiðleikar í sjávarútvegi og áföll af þeim sökum og/eða skortur á veiðiheimildum og hráefni til vinnslu sem er gegnumgangandi þáttur í erfiðleikum velflestra sjávarútvegsbyggðarlaganna.

Herra forseti. Þetta bætist við þróun eða öllu heldur afturför í öðrum atvinnugreinum á þessum svæðum á landsbyggðinni meira og minna yfir höfuð þar sem einkavæðing almannaþjónustunnar hefur leitt til umtalsverðs samdráttar á undanförnum missirum. Pósthúsum og símstöðvum hefur verið lokað. Bankar hafa dregið úr starfsemi. Verslun, olíuafgreiðsla og annað slíkt hefur meira og minna allt skroppið saman þannig að í mörgum dæmigerðum sjávarplássum vantar nú 10–20 störf af þeim toga sem þar voru fyrir örfáum missirum síðan. Þegar svo sjálf undirstaðan, undirstaða byggðarinnar á strandlengjunni, sjávarútvegurinn, hrynur eða er að hruni kominn í fjölmörgum byggðarlögum, og er ég þá sérstaklega að vísa til minni sjávarútvegsbyggðanna, þá er auðvitað ekki von á góðu. Andspænis þessu situr hæstv. ríkisstjórn á höndum á sér og hefur gert meira og minna um árabil þannig að það er ekki hægt að segja að gagnvart þessari þróun eða öfugþróun sem blasað hefur við mönnum og menn

eru væntanlega vel upplýstir um, þeir sem hafa eitthvað ferðast um landið, hafi neitt marktækt verið gert heldur er haldið áfram á sömu braut. Næst kemur einkavæðing Landssímans með tilheyrandi kjaftshöggi fyrir landsbyggðina.

Herra forseti. Tími umræðna og skýrslugerðar um þessi mál ætti að vera löngu liðinn og það ætti að beita einhverjum markvissum aðgerðum í þessum efnum.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er margt umhugsunarefni í löggjöf sem ræður töluverðu um atvinnuöryggi fiskverkafólks og mér finnst að menn þurfi mjög að huga að því atriði við endurskoðun laganna sem lúta að þessum þætti málsins og m.a. því hvort ástæða er til að heimila áfram útflutning á óunnum fiski án þess að aðilum innan lands sé gefinn kostur á að bjóða í fiskinn og kaupa hann.

Ég vil segja vegna þess sem hér hefur komið fram í spurningum fyrirspyrjanda um hvort komið hafi til tals að auka byggðakvóta, að eitt af þeim verkum sem ný stjórn Byggðastofnunar kom að í upphafi síðasta árs var erfitt atvinnuástand í Hrísey og reyndar sáum við fram á að það yrði erfitt á nokkrum stöðum öðrum á landinu. Það varð því niðurstaða stjórnar að ég ritaði bréf til hæstv. iðnrh. fyrir hönd stjórnar og óskaði eftir því að byggðakvóti yrði aukinn úr 1.500 tonnum í 3.000 tonn. Það er mat okkar að reynslan af úthlutun kvótans hafi sums staðar tekist vel, t.d. á Bíldudal, Þingeyri og Hofsósi og að ástæða sé til að fikra sig áfram á þeirri braut sem þar var lögð. (Gripið fram í.)

Í öðru lagi hefur verið spurt hvort til greina komi að beita styrkjum til að efla nýsköpun í atvinnulífi þar sem atvinnuástand er slæmt. Byggðastofnun hefur verið að kynna sér hvernig að þessum málum er staðið erlendis og það kemur í ljós að nánast alls staðar þar sem við höfum aflað okkur upplýsinga beita stjórnvöld sér fyrir því að veita opinberan stuðning til atvinnusköpunar víða um land í sínum löndum, bæði með styrkjum og hagkvæmu lánsfé. Þetta er til athugunar hjá okkur vegna undirbúnings að tillögugerð að nýrri stefnu í byggðamálum og mér þykir líklegt að við munum leggja til að íslensk stjórnvöld taki upp stefnu af þessu tagi.

[13:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að taka þetta mál upp í þinginu og í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi víða á landsbyggðinni held ég að mjög mikilvægt sé að við ræðum það hérna.

Eitt af því fyrsta sem ég vil nefna, virðulegi forseti, er sú staða sem enn er uppi og á í raun rætur sínar að rekja til tíma sem ekki eiga við núna, þ.e. sú heimild að senda fiskverkunarfólk heim vegna hráefnisskorts. Þessi heimild á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar náttúran réð mestu um það hvað veiddist en ekki til nútímans þegar menn geta skipulagt sína vinnslu allt árið í ljósi þess kerfis sem byggt hefur verið upp. Það er óeðlilegt að fiskverkunarfólk eitt búi við þær aðstæður að það megi senda það heim vegna hráefnisskorts. Þetta þekkist hvergi nokkurs staðar annars staðar í neinni atvinnugrein, og eitt af þeim atriðum sem hæstv. félmrh. ætti að beita sér fyrir sé að afnema, enda á hún rót sína að rekja í allt annað umhverfi en nú ríkir.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi vil ég taka undir með hæstv. félmrh. um það að að mörgu leyti erum við komin í þrot með algerlega óbreytt ástand. Það er alveg ljóst að það getur ekki gengið að þessar litlu byggðir eða dreifðu byggðir um landið allt eigi allt sitt undir því hvort menn selji frá þeim lífsbjörgina eða ekki. Þetta getur ekki gengið og ég tek undir með hæstv. félmrh. sem opnaði á það hér og gerði það einnig í umræðu fyrir tveimur dögum að nauðsynlegt sé að tryggja ákveðinn lágmarksgrunn fyrir þessi byggðarlög að búa við.

Virðulegi forseti. Það er ekki langur tími sem við höfum til að ræða jafnalvarlegt mál og þetta, en ég vænti þess að hæstv. félmrh. og aðrir sem í ríkisstjórninni sitja beiti sér nú fyrir því að bæta úr því ástandi sem nú ríkir svo við þurfum ekki að heyja hér styrjöld áður en langt um líður.

[13:54]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er grundvallarkrafa sem verður að gera til sjávarútvegsmála og þróunar í þeim efnum að jafnvægi sé á milli veiða og vinnslu, að veiðarnar metti atvinnuþörfina í landinu. Það er grundvallarkrafa sem verður að gera um stefnu.

Fiskvinnsla er erfiðasta vinna landsins. Það eru konur sem vinna hana í ríkustum mæli og ég tek undir að það verður að taka fyrir það eins og verið hefur að unnt sé að senda fólk heim vegna hráefnisskorts án nokkurrar tryggingar. Það er tímabær krafa og verður að ganga eftir.

Ferskfiskútflutningur hefur minnkað til að mynda frá árinu 1999–2000 um liðlega þúsund tonn, úr 33 þús. tonnum í liðlega 31 þús. tonn. Fyrir tíu árum var ferskfiskútflutningurinn um 20% af bolfiskaflanum. Síðasta ár var hann 6–7% þannig að þetta er til betri vegar. Vinnslumagn innan lands hefur verið svipað. Ferskfiskútflutningurinn hefur minnkað en vinnsla í frystitogurum á sjó úti hefur aukist.

Það er mikilvægt að hvetja til atvinnusköpunar heima. Það á að vera siðferðileg skylda útgerðarmanna og annarra atvinnurekenda að reyna allar leiðir og meira til við atvinnusköpun á heimavelli. Boð og bönn eru síðasta úrræðið en átak til fullvinnslu innan lands þarf að ganga fram. Menn bregðast skjótt við og eiga að bregðast skjótt við. Til að mynda hefur það verið gert í Vestmannaeyjum þar sem er mjög sérstök staða vegna þess að eitt öflugasta bolfisksvinnslufyrirtæki landsins brann nánast til kaldra kola. Staðan þar er því sérstök og vonandi tímabundin.

Nú þegar hafa útgerðarmenn sem fram til þessa hafa flutt verulega mikið magn af fiski út brugðist við og stefna að löndun á heimavelli og skapa þar væntanlega tugi starfa á næstunni þannig að þar er líka á réttri leið, herra forseti.

[13:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu því að hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Það er ekki eingöngu um að ræða þann fjölda sem er atvinnulaus í dag, yfir 300 manns, heldur hitt að þetta getur að hluta til verið viðvarandi atvinnuleysi innbyggt í núverandi fiskveiðistjórn.

Eins og komið hefur fram eru margvíslegar ástæður fyrir atvinnuleysi þessa fólks, þ.e. vegna þess að kvóti hefur verið seldur í burtu, kvóti hefur verið leigður í burtu og eins vegna ýmissa annarra óhappa sem komið hafa upp á. En atvinnuástandið er slæmt þrátt fyrir að það megi senda fólk heim í 60 daga á ári ef enginn afli er til að vinna.

Kvótinn er horfinn úr mörgum byggðarlögum og ekki er fyrirsjáanlegt að hann komi þangað á næstunni. Það þarf a.m.k. miklar skipulagsbreytingar til. Þess vegna tala ég um

að þetta geti verið innbyggður vandi en ekki tímabundið ástand.

Nú höfum við fengið þær fréttir að það sé hugsanlegt að Rússafiskur verði ekki lengur unninn hér á landi né annars staðar. Rússar vilja fara að vinna hann heima og efla verðmætasköpunina heima fyrir og þar mun enn auka á erfiðleika okkar. Mikið af fiski er selt út þó svo dregið hafi úr þeim útflutningi. Verðmætaaukningin á að vera hjá okkur. Hún á að vera hér í eins miklum mæli og hægt er. Við eigum að auka fullvinnslu á okkar fiski og það á að vera okkar markmið. Það á ekki að vera á fáum stöðum, það á að vera út um allt land. Við verðum að tryggja byggð við sjávarsíðuna og það verður ekki gert með núverandi sjávarútvegsstefnu. Við verðum að koma á byggðakvóta og við verðum að efla smábátaútgerð í landinu.

[13:59]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Vissulega eiga sjávarútvegsbyggðir á Íslandi í verulegum vanda margar hverjar en ég tel að orð flutningsmaðnns og málshefjanda í dag hafi verið mun þyngri en efni standa til þegar litið er til þess að hann beinir þeim til félmrh. Vandinn er ekki af þeim toga alfarið að hægt sé að herma hann upp á félmrh. eða ríkisstjórnina.

Vissulega er atvinnuleysi eitt það skelfilegasta sem fyrir nokkurn mann og nokkra byggð getur komið. Við þekkjum öll afleiðingarnar. Það er tekjumissir, það er vonleysi, það dregur úr kjarki og sjálfstrausti einstaklinganna. Og atvinnuleysi er alvarlegt jafnvel þó fáir eigi við það að glíma í hverju kjördæmi eða hverju byggðarlagi.

Á sumum stöðum vinna jafnvel tveir til fjórir úr sömu fjölskyldu við fiskvinnslu og eru atvinnulausir. Þetta er svo sannarlega alvarlegt mál og ég tek undir orð þeirra sem sagt hafa hér í dag að kjarasamninga og atvinnuöryggi þurfi að endurskoða hjá fiskverkafólki. En að sjálfsögðu þýðir ekki að horfa aðeins til félmrh. eða ríkisstjórnarinnar. Við verðum að muna að fyrirtækin á hverjum stað vega mjög þungt, ráða miklu um það hvort afla er skipað þar á land eða annars staðar.

Við skulum líka minnast þess að sveitarfélögin á hverjum stað hljóta að koma fyrst til leiks í þessum vanda.

Þegar horft er á þær tölur sem við höfum um atvinnuleysi á landinu þá tek ég undir með hæstv. félmrh. að hér hefur verið tekið of djúpt í árinni af málshefjanda. Að sjálfsögðu á að bregðast við þeim vanda á hverjum stað og ég treysti því að það verði gert með þeim aðgerðum sem hæstv. ráðherra hefur boðað.

[14:01]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson veifaði plaggi yfir atvinnuleysi 14. febr. 2001 og telur að málshefjandi hafi gert of mikið úr málunum. Ég er alls ekki að gera of mikið úr málunum vegna þess að á bak við þessar tölur er gríðarlegur undirliggjandi vandi, þ.e. óöryggi fiskverkafólks um allt land.

Ég nefndi einnig að þeir sem eru á atvinnuleysisskrá vegna 60 daga reglunnar eru ekki inni í þessum tölum. Ég bendi á það og beini því til hæstv. félmrh. að ég tel að gerðar hafi verið ráðstafanir í þessu samfélagi sem framkalla þennan vanda. Hver er vandinn? Hann er óöryggi. Hvað leiðir sá vandi af sér? Hann leiðir af sér að fólk reynir að fara úr greininni eftir því sem kostur er. Til hvers leiðir það síðan? Það leiðir til þess að það verður að flytja inn fólk frá útlöndum. Það segir sína sögu. Vandinn er gríðarlegur og það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og halda því fram að hér sé um lítið mál að ræða. Hér er um gríðarlega stórt mál að ræða.

Ég benti á að hæstv. félmrh. hefur gert ráðstafanir, t.d. með regluverkinu frá 24. maí 1995, sem leiða til aukins óöryggis í greininni. Þess vegna þurfum við að fá umræðu um þetta, hvort hæstv. ríkisstjórn, þar á meðal hæstv. félmrh., er sýknt og heilagt að gera ráðstafanir og breyta regluverki í þágu atvinnulífsins eins en horfi í engu á afleiðingarnar af þessu, hag fólks og öryggi til að stunda vinnu í landi. Þetta er mergurinn málsins. Ef menn gera ráðstafanir af þessu tagi án þess að gera ráð fyrir afleiðingum sem þessum þá erum við ansi illa stödd í mörgum málaflokkum.

[14:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. málshefjandi er að agnúast út í 60 daga regluna. Ég tel að 60 daga reglan sé einmitt til að auka öryggi fiskverkafólks. Atvinnuleysistryggingasjóður hleypur undir bagga með fyrirtækjum þessa 60 daga. 60 daga reglan var alveg tvímælalaust veruleg hagsbót og sem betur fer nota æ fleiri fyrirtæki sér 60 daga regluna fremur en að rjúfa ráðningarsamninga við fólk eða reka það heim kauplaust.

Það er ekki hægt að kenna fiskveiðistjórninni um atvinnuleysi í fiskvinnslu í dag. Það er nægur kvóti til staðar þar sem atvinnuleysið er og á Vestfjörðum kemur að landi svipað magn af botnfiski og var fyrir daga fiskveiðistjórnarkerfisins. Þar sem atvinnuleysi hefur komið er það vegna fjárhagslegra áfalla einstakra fyrirtækja, nema í Vestmannaeyjum en öllum er kunnugt um að þar varð bruni.

Það er hægt að salta meiri fisk á Bolungarvík, það er lítið mál þar til rækjuverksmiðjan kemst í gang. Í Vestmannaeyjum er fullkomið og vel starfhæft frystihús lokað. Sem betur fer er nóg framboð af rækju og afurðaverð á uppleið. Hagsmunir fiskverkafólks hafa legið eftir sem og hagsmunir sveitarfélaganna, það er alveg rétt en 1,6% atvinnuleysi er með því minnsta í heiminum. Við erum með sex þúsund útlendinga að störfum. En það var 7% atvinnuleysi í ársbyrjun 1995.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 235. mál. — Þskj. 253.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Mér telst svo til að nú hefjist þriðja lota í umræðu um þetta brýna framfaramál (Gripið fram í.) — þær geta orðið býsna margar sjálfsagt — sem nokkrir hv. þm., með hv. þm. Gunnar Birgisson í broddi fylkingar, hafa flutt og gengur út að lögleiða hnefaleika.

Það sem vekur í fyrsta lagi athygli mína, herra forseti, og ég vil draga fram er að um er að ræða, eins og segir í 1. mgr. grg. með frv., endurflutning á frv. sem fellt var í fyrra og frv. er flutt óbreytt frá því að Alþingi hafnaði því á vordögum eða einhvern tíma undir lok 125. löggjafarþings.

Nú er það auðvitað svo, herra forseti, að samkvæmt þingsköpum geta menn endurflutt mál svo fremi sem það sé ekki á sama þingi. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að það sé frekar óvenjulegt að þingmannafrv. af þessu tagi, sem hefur þó fengið afgreiðslu, sem er meira en sagt

verður um velflestar tillögur og þingmál þingmanna, hefur fengið formlega og fullkomna afgreiðslu á þinginu og verið fellt, birtist á nýjan leik strax haustið eftir. Ég hefði talið að venjan væri að menn biðu a.m.k. eftir því að einhverjar líkur væru til að forsendur hefðu breyst, t.d. að búið væri að kjósa á nýjan leik og þing öðruvísi saman sett. Hér liggur hins vegar eitthvað mikið undir. Hér er greinilega mikið í húfi því að það er rokið til og þetta mikla framfaramál endurflutt strax á næsta þingi óbreytt. Það er ekki einu sinni vikið við stafkróki. Það er ekki látið á það reyna hvort þingið vildi í breyttu samhengi kannski taka við málinu sem það hafnaði í fyrra. Nei, það er endurflutt algerlega óbreytt.

Þetta er greinilega mikið forgangsmál, svo mikið forgangsmál að hv. 1. flm., hv. þm. Gunnar Birgisson, hefur greinilega valið að einbeita sér alveg að þessu máli. Ég held að ég fari rétt með að þetta sé eina þingmálið sem hv. þm. hefur flutt eftir nærri tveggja ára veru á þingi, þ.e. eina frv. eða tillagan sem hv. þm. hefur flutt. Mikið er í húfi. Hv. þm. hefur greinilega ákveðið að einbeita sér algerlega að þessu máli, að ná fram þessu baráttumáli sínu að lögleiða hér hnefaleika. Þar liggur greinilega mikið undir.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að Alþingi Íslendinga hafi margt þarfara við tíma sinn að gera en eyða honum í þetta mál. (Gripið fram í.) Ég sé ekki að við þurfum helst á þessu að halda, þ.e. að hampa þeim sjónarmiðum eða gildum sem að baki þessu liggja eða koma þessu máli hér fram.

Ég hefði frekar viljað sjá Alþingi Íslendinga taka tíma sinn í að gera áætlanir um aðgerðir gegn þeirri ofbeldisdýrkun sem veður uppi í þjóðfélaginu. Misjöfnu mega þingmenn sæta, herra forseti. Sá sem hér talar hefur margflutt till. til þál. um aðgerðir gegn því flóði ofbeldisefnis og ofbeldisdýrkun sem veður uppi í samfélaginu hér eins og víða annars staðar á Vesturlöndum. Sú tillaga hefur aldrei fengið afgreiðslu. Hún hefur sofnað í nefnd en þetta mikla mál hefur þó fengið hér afgreiðslu og verið fellt. Samt er tími Alþingis tekinn í að ræða það.

Ég tel að þetta frv. sé gegn þeirri þróun sem núna er sjáanleg í margvíslegu tilliti, bæði hér á landi og víðar. Ég held að menn séu sem betur fer að endurskoða hug sinn gegn því að hafa sleppt meira og minna lausu ýmsu sem snýr að ofbeldisdýrkun og dýrkun á bardagaaðferðum, vopnum og drápstólum. Í raun hefur slíkt meira og minna flætt hömlulaust yfir vestræn samfélög. Af hverju eru menn að endurmeta stöðu sína gagnvart þessum hlutum, a.m.k. víða annars staðar en á Íslandi? Það er vegna þess að menn hafa áhyggjur af því ofbeldi og glæpum og þeim grófu ofbeldisverkum sem allar kannanir sýna að gera æ meira vart við sig t.d. í skólum og víðar og eru tilefni mikillar umfjöllunar og m.a. rannsókna á áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi.

Er þetta mál endilega skynsamlegt innlegg og það sem við Íslendingar ættum að leggja til málanna, sem höfum þó getað flaggað einu. Við höfum ekki leyft þessa ofbeldisíþrótt, hnefaleika. Eigum við nú að snúa við blaðinu og leyfa hana? Ég segi nei. Ég held að okkur væri sæmra að fara um heiminn með þann fána við hún að við værum gott fordæmi í þessu efni og þyrðum að vera það, værum ófeimnir við það.

Staðreyndin er sú að sú ákvörðun Íslendinga á sínum tíma, að banna hnefaleika og hafa ekki leyft þá aftur, vekur aukna athygli. Það vill nú svo til. Það er vitnað til þess nú í umræðum í Bretlandi. Ég hef orðið var við það á hinum Norðurlöndunum að þar er í vaxandi mæli spurst fyrir um þetta merkilega framlag af Íslands hálfu, að hafa þetta svona. Þar eru líka umræður um hvort ekki sé ástæða til að fara að endurmeta reglur um hluti af þessu tagi.

Ég held, herra forseti, ef menn telja þetta eitthvert sérstakt framfaramál í íþróttalegu tilliti, að þá sé nóg af góðum og hollum íþróttagreinum til að stunda fyrir æsku þessa lands og almenning allan, án þess að þar þurfi að bæta hnefaleikum við, bæta því við að menn lemji hver á öðrum með skipulögðum hætti. Um það snýst þetta. Ég ætla að ganga svo langt að leyfa mér að segja að ég tel þetta ekki vera íþrótt. Ég tel að við séum komnir út á mjög hála braut ef við göngum svo langt í að túlka íþróttahugtakið þannig að það taki yfir athæfi af þessu tagi. Þá koma menn væntanlega og segja unnvörpum, ef ég þekki umræðuna rétt: Já, en hvað með tae kwon do og hvað þær heita allar hinar bardagalistirnar? Hvað með sparkbox og annað slíkt? Sem sagt: Svo skal böl bæta að benda á annað verra, eða a.m.k. jafnvont. Þá segi ég: Við skulum þá frekar skoða þær íþróttir en að nota þær sem rök fyrir því að leyfa þessa, ef íþróttir skyldi kalla sumar hverjar.

Við skulum frekar fara yfir málið út frá þeim hugsunarhætti að það geti vel verið, bæði samræmisins vegna og líka af efnislegum ástæðum, rétt að fara yfir það hvort við erum kannski of sofandi á verðinum gagnvart öðru athæfi sem menn hafa leyft og kallað íþróttir. Ég er til í það með hv. þm. ef það vakir sérstaklega fyrir þeim. Er frekar hægt að ná samstöðu á Alþingi um það og láta reyna á að snúa málinu við og fara frekar í leiðangur sem miði að því að skoða hvort ekki sé ástæða til að taka á eða setja strangari reglur um ýmislegt annað sem hér hefur viðgengist?

Ég tek undir með hv. þm. Katrínu Fjeldsted, að þetta tal um ólympíska hnefaleika er að mínu mati frekar afvegaleiðandi. Ég tel að nær væri að tala um áhugamannahnefaleika. Vissulega ber að virða það að menn eru ekki að leggja til að leyfa atvinnumannahnefaleika en því miður er það svo, þegar betur er að gáð, að það skiptir minna máli en menn kunna að ætla þegar farið er yfir heilsufræðilegar upplýsingar í málinu.

Vel er mér ljóst að málið er umdeilt. Það er hægt að reiða fram læknisfræðilegar greinargerðir og rannsóknir á ýmsa vegu í þessum málum. Ég hef reynt að lesa mér til um þetta efni og rætt við ýmsa sérfróða aðila og það hefur nægt til að sannfæra mig um að læknisfræðilegu rökin í þessu máli hnígi mun sterkar í þá átt að þetta eigi ekki að leyfa. Það er algjörlega á hreinu.

Ég hef margar fleiri ástæður fyrir því en þær. Þær eru siðræns eðlis og lúta líka að því að ég tel að við Íslendingar eigum ekki að meta sjálfa okkur svo lítils að þora ekki að hafa sjálfstæða pólitík í máli af þessu tagi. Sú röksemd sem maður heyrir hvað oftast er að þetta sé eiginlega alls staðar annars staðar leyft og þar með hljóti að vera rétt að gera það. Er ekki einmitt prýðilegt að Íslendingar, sem vopnlaus þjóð og friðelskandi eins og við viljum nú vera, þjóð sem væntanlega hefur ekki mikið álit á ofbeldi eða slíkum athöfnum, séu bara góð fyrirmynd í þessum efnum og boði með öðrum þjóðum það fagnaðarerindi að þær eigi að skoða þetta hjá sér og fara frekar að okkar fordæmi?

Gæti ekki vel átt eftir að koma upp hreyfing fyrir því að ýta út þeim íþróttagreinum sem byggja á ofbeldislegu athæfi og geta skaðað fólk í stórum stíl? Þá er ég ekki að tala um það í þeim skilningi að menn geti orðið fyrir slysum, eins og alls staðar getur gerst, heldur vegna þess að íþróttin sjálf feli í sér athæfi sem býður upp á slysin sem slík. Svo hlýtur auðvitað

að vera þegar reynt er að greiða andstæðingi sínum högg með krepptum hnefa og það í höfuðið. Gjarnan er lokatakmarkið að reyna að koma höfuðhöggi á andstæðinginn og slá hann þannig út.

Á undan mér hafa aðrir, herra forseti, farið rækilega yfir þá þætti málsins. Ég get að mestu leyti vísað til þess. Ég vísa t.d. til þeirra ágætu upplýsinga sem dregnar voru inn í þessa umræðu fyrir afgreiðslu málsins í fyrravor. Þar voru reiddar fram upplýsingar úr læknisrannsóknum og greinar lækna í íslenskum blöðum og fleiri sérfræðinga á heilbrigðissviði voru dregnar fram. Það hefur verið sýnt að þessir áverkar, höfuðáverkar, hafa algjöra sérstöðu meðal annarra áverka. Þegar heilinn rekst á höfuðkúpuna, sem gerist í höfuðhöggum af þessu tagi, þá verða smátt og smátt skemmdir sem í raun eru ekki sambærilegar við neinn annan líkamsskaða, helst sambærilegar við króníska innvortis blæðingar á viðkvæmum stöðum eða aðra slíka hluti. Ég vísa í aðalatriðum til þess.

Ég vil að lokum gera eitt að umtalsefni í viðbót sem ég hef heyrt hér líka í umræðunni, þ.e. að það sé ólíðandi forræðishyggja og íhlutun í athæfi sem mönnum eigi að vera frjálst að hafa reglur um þetta efni. Þetta heyrum við þingmenn oft notað í umræðum. Engir eru duglegri við þetta en stuttbuxnadeildir Sjálfstfl., að nota þetta sem algilda réttlætingu fyrir því að ýta meira og minna til hliðar reglum sem samfélagið hefur sett sér. Maður fær stundum á tilfinninguna að menn vilji helst bara leggja niður umferðarreglur því það sé allt svo voðaleg forræðishyggja. Hvert lenda menn með slíku tali?

Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að menn rökstyðji og réttlæti þær reglur sem settar eru. En að það að hafa reglur sé eitthvað ljótt í sjálfu sér er furðulegur málflutningur. Hvar væri hið siðaða og skipulagða samfélag mannanna ef engar mættu vera reglurnar? Þær eiga að vera vel ígrundaðar, þær eiga að vera sanngjarnar og almennar og þær eiga að vera í þágu almannaheilla og -hagsmuna. Um það skulum við ræða en ekki hitt hvort hafa megi einhverjar reglur af þessu tagi. Auðvitað veit ég að það dettur ekki einasta manni hér í salnum í hug að leyfa hvað sem er undir því yfirskyni að það sé íþrótt, auðvitað mundum við ekki gera það. Ef einhver kæmi hérna á morgun og vildi fara að taka upp rússneska rúllettu sem löggilta keppnisgrein, mundum við leyfa það? Nei auðvitað ekki.

Ég held að við getum ekki byggt umræðuna á þeim grunni að ekki komi til greina að Alþingi Íslendinga, æðsta stofnun þjóðarinnar, ákveði niðurstöðuna með lögum. Við skulum ræða um hitt, hvort það sé efnislegt og skynsamlegt að hafa hlutina svona eða hinsegin. Þá getum við væntanlega líka stytt umræðuna því talsvert af þessu þrasi hingað til hefur verið um hvort málið eigi að velta á ákvörðun Alþingis, hvort það eigi að ráða niðurstöðunni í málinu. Ég sé ekki hver annar ætti að gera það, nema menn vilji fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Ég á nú ekki von á því.

Ég tel að fullnægjandi rök sem lúta að heilbrigði og hollustu eða með því að snúa því við, lúta að þeirri hættu á heilsutjóni sem saklausum iðkendum þessa athæfis væri búið, nægi ein og sér til að banna þetta. Ég tel í öðru lagi að siðræn rök hnígi að því að æskilegt væri að vera laus við þetta. Þetta er íþrótt sem í grunninn byggir á ofbeldislegu athæfi, eins og því miður að vísu mjög margt annað sem við sjáum flæða yfir okkur, t.d. í tölvuleikjum og öðru slíku. Þetta byggist því miður meira og minna á einhvers konar ofbeldishegðun, drápi, að vísu í myndrænu formi á tölvuskjá, en í grunninn snúast leikirnir um ofbeldi. Það er óæskilegt eða hvað? Getum við ekki verið sammála um að heldur lakara sé að svo þurfi að vera? Jú, ég held það og þá er það mínus fyrir þessa grein.

Engu slíku er til að dreifa þegar menn keppa í spretthlaupi. Tökum aðrar íþróttir þar sem andstæðingarnir snertast ekki, tökum sem dæmi mína ágætu, gömlu keppnisgrein, blak. Þar eru liðin aðskilin með neti og komast nánast ekkert í snertingu hvort við annað. Þar er engu slíku til að dreifa. Menn hafa ekki færi á að vera með tuddaskap og bolaskap, lemjast, skallast eða eitthvað því um líkt.

Þannig er nóg af góðum greinum sem ekki hafa í sér fólgna þessa undirliggjandi, neikvæðu, gildishlöðnu tilvísun sem felst í athæfinu sem horfir til ofbeldis. Ég held, herra forseti, að það sé miklu nær að skoða frekar aðra hluti út frá samhenginu. Það kann vel að verða niðurstaðan, ég yrði ekki hissa þó að það ætti eftir að verða, að við sæjum fram á þá tíma að reynt verði að setja reglur sem takmarki, ekki bara þessa íþrótt heldur jafnvel fleiri sem eru henni skyldar um margt.

Ég, herra forseti, á ekki í minnstu erfiðleikum með að greiða atkvæði á sama hátt og síðasta vor fyrst þessi ósköp þurfa að ganga hér til atkvæða ár eftir ár. Mér finnst það hálfgerð tímasóun. Alþingi er búið að taka afstöðu í þessu máli á þessu kjörtímabili og fella frv. Mér hefði fundist meiri manndómsbragur að því hjá þessum miklu keppnismönnum sem hér ætla að endurflytja þetta frv., þessum miklu íþróttamönnum, ef þeir kynnu að tapa. Sú var tíðin þegar ég var í íþróttum að það þótti bráðnauðsynlegt fyrir íþróttamenn að kunna að tapa. Ég verð að segja að flutningsmenn þessa máls, sem töpuðu hér í fyrra, kunna það ekki.

[14:23]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ólympískir hnefaleikar eru eins og hver önnur íþrótt á virtustu íþróttahátíð jarðarbúa. Ég hef of skamman tíma til að fjalla um sífelldan heilaárekstur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og þann kæk hans að kenna alltaf öðrum um, jafnvel um það sem orka kann tvímælis. Hér er um að ræða mál sem á klárt og kvitt að byggjast á reglum, þ.e. alþjóðareglum um íþróttina.

Ég vil upplýsa að á fund menntmn. komu á síðasta ári tveir valinkunnir sálfræðingar sem mæltu með samþykkt frv. vegna þess að það mundi hafa góð áhrif á uppeldi og aga á Íslandi og væri af hinu góða fyrir æsku sem hefði áhuga fyrir að taka þátt í ólympískum hnefaleikum. Þetta kom sumum á óvart í hv. menntmn. en engu að síður voru þetta niðurstöður tveggja sálfræðinga sem kallaðir voru til. Þeir fjölluðu um málið og þeirra niðurstaða var ekki í samræmi við orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fyrir að hv. þm. Árni Johnsen ber hér nýja efnisþætti inn í umræðuna. Nú kom hann með nýyrði, orðið „heilaárekstur". Ég hef ekki heyrt þetta fyrr. Skyldi þetta standa einhvers staðar í umferðarlögunum, að það geti orðið heilaárekstur? En hv. þm. á þetta nýyrði og hlýtur að útskýra það hér fyrir mönnum.

Varðandi það að tveir sálfræðingar hafi mætt á fund menntmn. og mælt með frv. þá er það ágætt, hið besta mál. Þá eru örugglega til a.m.k. tveir sálfræðingar á Íslandi sem mæla með þessu. Hins vegar er alveg eins líklegt að 30 séu

á móti því. Þetta eru nú ekki meiri vísindi en svo. Að koma með þær upplýsingar að tveir ónafngreindir sálfræðingar hafi mætt á fund þingnefndar og haft einhverja afstöðu í tilteknu máli — sem er nú kannski ekki sérstakt sérfræðimál sálfræðinga — segir mér ósköp lítið í þessum efnum. Ef menn eru að reyna að selja mönnum þetta út á að hér sé á ferðinni göfug sjálfsvarnaríþrótt þá mótmæli ég því. Þær íþróttir eru til sem ekki byggja á þessu árásarofbeldi heldur á sjálfsvörn og því að verjast þannig að andstæðingurinn skaðist ekki.

[14:26]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau atriði sem ég nefndi eiga ekki að koma hv. þm. á óvart. Þeirra var getið í nál. Fyrir menntmn. komu sálfræðingar sem höfðu mikið haft með unglinga að gera. Afstaða þeirra fór ekkert á milli mála.

Varðandi nýyrðið „heilaárekstur" þá kemur það í beinu framhaldi af því að hv. þm. sagði að það væri slæmt þegar heilinn rækist á höfuðkúpuna. Hvað er það annað en árekstur?

Það eru reyndar fleiri nýyrði sem hafa átt um hv. þm., án þess að þau séu útskýrð nánar að þessu sinni. Eitt var orðið „gjammi" vegna sífelldra frammíkalla. Annað var „tunguflæði" sem þingmaðurinn kvartaði undan á sínum tíma. Það mun kannski hafa eitthvað með þennan árekstur að gera sem hér hefur verið nefndur.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf lyftir það nú umræðunni talsvert upp þegar hv. þm. Árni Johnsen tekur þátt í henni, það verð ég að segja, upp á þetta hærra plan sem nóbelsskáldið var að biðja um forðum.

Heilinn rekst á höfuðkúpuna þegar höfuðkúpan færist snöggt til og heilinn, seigfljótandi í sínu hlaupi, situr eftir og slengist utan í höfuðkúpuna. Það gerist ef höfuðkúpan verður fyrir snöggu höggi og færist til hliðar, t.d. við að mannshnefi skelli á höfuðkúpunni eða þegar menn fá stiga í hausinn.

[14:28]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki álitaefni að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er andvígur þessu máli. Hann færði hér ágæt rök máli sínu til stuðnings.

Ég vil, þó ég sé ekki að öllu leyti sammála hv. þm., taka undir það að að mörgu leyti er mjög sérstætt að þetta mál sé lagt fram óbreytt að nýju eftir að þingið hefur fellt málið. Það leiðir hugann að því að við þurfum kannski að endurskoða þingsköpin. Ef Alþingi hefur fellt mál þá hefur það þar með tekið afstöðu.

Mig langaði í þessu andsvari, virðulegi forseti, að koma aðeins inn á þá skilgreiningu hv. þm. að box sé ekki íþrótt. Ég velti því fyrir mér, og hef oft velt því fyrir mér, hvort Alþingi sé ekki farið að seilast dálítið langt þegar það ætlar að skilgreina nákvæmlega hvað er íþrótt og hvað ekki.

Enn fremur velti ég því fyrir mér að á mörgum sviðum mannlífsins höfum við framselt ákvörðunartöku til ýmissa aðila, t.d. aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. Spurning mín er eiginlega þessi: Er ekki miklu eðlilegra að Íþróttasamband Íslands ákveði þetta? Í mörgum íþróttagreinum er meira ofbeldi en þetta, þó að það séu kannski ekki mikil rök.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið, að málið sé endurflutt, þá tók ég skýrt fram að mér er alveg ljóst að menn eiga þann rétt að endurflytja mál á nýju þingi. Það stendur eingöngu í þingsköpunum að mál sem hafi fengið afgreiðslu eða verið fellt verði ekki flutt aftur á sama þingi í óbreyttu formi. Ég var sérstaklega að vísa til þeirrar staðreyndar að tugir ef ekki hundruð þingmannamála ná aldrei svo langt að fá neina efnislega afgreiðslu. Það má kalla það svolítið ósanngjarnt í því ljósi að menn taki tíma þingsins í að endurflytja mál sem hefur fengið afgreiðslu og verið fellt.

Varðandi seinna atriðið að Alþingi eigi ekki að ákveða hvað séu íþróttir og hvað ekki þá er ég út af fyrir sig sammála því nema þegar í hlut á eitthvert það athæfi sem önnur rök standa til að takmarka eða banna, hvort sem í hlut á íþrótt eða eitthvert slíkt athæfi eða eitthvert efni sem við teljum að séu svo rík rök fyrir að takmarka eða banna notkun eða iðkun á komi löggjafinn auðvitað til sögunnar og ég held að enginn annar geti gert það í þeim tilvikum.

Að öðru leyti er það íþróttahreyfingin eða slíkir aðilar sem fara með slík mál.

[14:30]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að við erum alla vega sammála um framlagningu þessa máls, þar greinir okkur ekki mikið á. En hitt er, virðulegi forseti, að miðað við þá röksemdafærslu sem hv. þm. setti fram þá má allt eins færa rök að því og beita sömu rökum í því skyni væntanlega að banna aðrar ofbeldisíþróttir sem eru iðkaðar. Má þar nefna karate og knattspyrnu, sem oft og tíðum hefur leitt til verulegra líkamsáverka, og nefna má margar aðrar íþróttagreinar.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, og það er mín bjargfasta skoðun, að það sé ekki Alþingis að ákveða hvað sé íþrótt og hvað ekki. Miklu eðlilegra að forustumenn þeirra mála hér á landi taki ákvörðun um það og beri þá enn fremur ábyrgð á þeirri ákvörðun. Það er dálítið sérstætt eins og staðan er í dag, að við skulum banna hnefaleika og einbeita okkur að þessari einu íþrótt en heimila karate og sitt lítið af hverju sem getur valdið verulegum líkamsskaða.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að box hafi verulega sérstöðu í þessum efnum og hvorug sú grein sem hv. þm. nefndi, karate eða knattspyrna, eru þar sambærileg. Í hvorugu tilviki eru markmið íþróttarinnar þau sömu og tjónið eða slysin sem geta orðið í íþróttaiðkuninni eru heldur ekki sambærileg. Þau eru algjörlega sérstök í hnefaleikunum, það er viðurkennt.

Varðandi knattspyrnuna er náttúrlega beinlínis rangt að líkja þessu saman vegna þess að eins og hv. þm. ætti nú allra manna best að vita, þá er markmiðið þar að koma bolta í net en ekki að sparka niður andstæðinginn þó að það gerist kannski stundum og að það gangi oft furðu illa að koma boltanum í netið, samanber manneskjuna sem var að horfa á leik og hafði ekki séð þessa íþrótt áður og verið var að reyna að útskýra fyrir viðkomandi út á hvað þetta gengi, að það ætti að reyna að koma boltanum í netið, og eftir nokkra stund sagði áhorfandinn: Já, en það mundi nú ganga betur ef allir hjálpuðust að.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nýta rétt minn til athugasemda við ræðu þingmannsins til að taka undir með gagnrýni hans. Mér finnst alveg fráleitt að Alþingi skuli afgreiða málið í atkvæðagreiðslu hér. Það er sjaldgæft að þingmannamál náist til baka úr nefnd eftir að hafa verið rædd við 1. umr. Það gerðist í fyrra, þetta mál var afgreitt úr nefnd, það kom til atkvæðagreiðslu hér í þessum sal og var fellt. Í rauninni er alveg fráleitt að það skuli vera flutt aftur núna og ég gagnrýni það. Að öðru leyti mun ég ekki blanda mér í þessa umræðu en ég mun heldur ekki styðja þetta mál að þessu sinni fremur en í fyrra.

Til gamans má geta þess að það var þingmaður Sjálfstfl. frá Ísafirði, Kjartan Jóhannsson læknir, sem barðist í nokkur ár, ef ég man rétt, fyrir banni á hnefaleikum og hans hefur verið minnst fyrir það og verið virtur fyrir það. Og það er dálítið gaman að hugsa til þess að það sé annar sjálfstæðismaður sem ætlar að gera það að meginmáli sínu að berjast fyrir þessu máli á þingi.

[14:34]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur ekki á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé á móti þessu máli. Hann og flokkur hans virðast vera á móti flestum framfaramálum sem flutt eru á þingi og mætti halda að þessi flokkur hafi verið stofnaður fyrir siðaskipti.

Málflutningurinn er náttúrlega alveg með eindæmum. Box er sjálfsvarnaríþrótt, ekki ofbeldi. Þingmaðurinn eyddi hér miklum tíma í ofbeldisdýrkun. Hvers konar bull er þetta eiginlega sem þingmaðurinn er að þvæla? Þetta er ólympísk íþrótt, búin að vera það frá 1904 og við erum þátttakendur á Ólympíuleikum. Búið er að leggja fram rannsókn eftir rannsókn sem sýna að hnefaleikar eru með hvað lægstu meiðslatíðni af öllum íþróttum. Talað var um knattspyrnu áðan og ég kem kannski að henni á eftir, en ég vil minna á að í fyrra var þingmaðurinn hér hoppandi á öðrum fæti um þingsali og það gerðist í knattspyrnu. Hann getur kannski útskýrt það fyrir þingheimi.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. 1. flm. vera óþarflega snakillur yfir því að hann mæti andstæðum sjónarmiðum og ekki sérstaklega málefnalegt að ætla að afgreiða þau á þann hátt sem hv. þm. gerði og færi betur á því að hann talaði fyrir máli sínu og hefði þar eitthvað annað fram að færa en að ónotast út í fólk eða flokka sem kunna að vera annarrar skoðunar.

Varðandi knattspyrnu og að slys og óhöpp geta alveg eins hent þegar menn eru úti að hlaupa o.s.frv., menn geta snúið sig og tognað og slitið hásin og guð má vita hvað, og það hendir, þá er nú einmitt hér gangandi sönnun þess að mikill munur er á því og hinu að hljóta heilaskaða í hnefaleikum. Ég er að verða nokkurn veginn alheill og get farið ferða minna frísklega og hlaupið og það er meira en sagt yrði ef ég hefði verið sleginn í rot í hnefaleikum og hlotið varanlegan heilaskaða.

[14:36]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála því að þingmaðurinn sé alheill eftir þetta. En rauði þráðurinn í gagnrýni hv. þm. er heilsutjón og síðan siðræn rök. Hér talar forsjárhyggjumaður númer eitt á Íslandi. Hann er að ákveða fyrir landsmenn hvað þeir megi stunda, ekki ólympíska hnefaleika, nei.

Hvað kallar hann hinar íþróttirnar? Tae kwon do, sem er nú ólympíuíþrótt, eða karate, hann vill ekki svoleiðis, það eru ofbeldisíþróttir. Hv. þm. vill láta landsmenn stunda blak og knattspyrnu. Ég fór yfir það í ræðu minni í gær að í Bandaríkjunum var gerð viðamikil rannsókn í þessu máli og þá voru ólympískir hnefaleikar númer 71 í meiðslatíðni og meira að segja í knattspyrnu eru höfuðmeiðsli mun algengari en í ólympískum hnefaleikum. Hv. þm. verður að kynna sér aðeins þessi mál áður en hann lýsir yfir andstöðu út frá meiðslatíðni og heilsutjóni.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir þetta með forræðishyggjuna sem í því væri fólgin að Alþingi setti lög og reglur þegar það teldi svo við þurfa í þágu almannaheilla, heilbrigðis og hollustu. Það má líka spyrja hv. þm.: Til hvers var hann að bjóða sig fram til Alþingis ef hann er þeirrar skoðunar yfirleitt að Alþingi eigi ekki að ráða hlutum af þessu tagi eða öðru? Það er auðvitað alltaf hægt að koma hér upp þegar eitthvað af þessu tagi er til umfjöllunar og ákvörðunar á Alþingi og bera fram hin hefðbundnu rök, „laissez faire"-rök að Alþingi eigi ekki að koma nálægt neinu og ef menn hafi afstöðu til hlutanna þá séu menn að ástunda glórulausa forræðishyggju. Ég tel þetta ekki gildan málflutning. Við skulum ræða þetta efnislega með rökum með eða á móti.

Ég viðurkenni að uppi eru ýmis sjónarmið í sambandi við t.d. heilbrigðisþátt málsins en einnig eru færð fram mjög sterk rök sem lúta að því að þessi meiðsli eru mjög sérstaks eðlis. Þau eru alvarleg og þau eru eitthvað sem menn geta komist hjá með því að stunda ekki þessa íþrótt og þetta er í öðru samhengi en á við um venjuleg íþróttaslys í öðrum greinum.

[14:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir þá gagnrýni sem komið hefur fram að þetta mál skuli lagt fram öðru sinni óbreytt eftir að Alþingi lýsti yfir þeim vilja sínum fyrir örfáum mánuðum að við svo búið yrði látið sitja og þetta mál var ekki samþykkt. Bannið yrði áfram í gildi. Ég tek því undir þá gagnrýni sem hér kemur fram frá reyndum hv. þingmönnum að málið skuli yfir höfuð hafa verið tekið aftur til umfjöllunar eftir svo skamman tíma frá því að það var fellt.

Mér þykir satt að segja ekkert sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í umræðu um þetta mál hér öðru sinni eftir þau átök sem urðu um það í vor, fyrir fáum mánuðum. Mér þykir ekkert hafa gerst í millitíðinni sem segir mér að hv. flutningsmenn frv. komi til leiks með ný rök í pokahorninu. Ég hef verið að hlýða á þær ræður sem búið er að flytja og eins og fram hefur komið í þessari umræðu er þetta þriðja lotan í málinu núna og ekkert nýtt hefur komið fram í ræðum hv. flutningsmanna sem hægt er að bregðast við á annan hátt en mótmælendur eða andmælendur frv. gerðu fyrir fáum mánuðum. Mér þykir þetta jaðra við að hjakkað sé þvílíkt í sama farinu að dýrmætum tíma Alþingis væri betur varið í önnur mál meira áríðandi.

Og að hv. 1. flm. skuli stöðugt koma hér upp og ræða um að þetta sé framfaramál, þetta sé eitt af framfaramálunum sem Alþingi eigi að láta til sín taka, einhvern tíma heyrði ég hv. 1. flm. geta þess að það væri til framdráttar

fyrir Íslendinga sem þjóð að samþykkja þetta mál og það væri réttlætismál fyrir Íslendinga að geta valið hvaða íþróttir menn stunduðu og að argasta forsjárhyggja væri fólgin í því að vilja viðhalda þessu banni. Röksemdum af þessu tagi mótmæli ég.

Ég vil spyrja hv. flm. frv.: Ef það er forsjárhyggja að banna áhugamannahnefaleika, eins og sú sem hér stendur styður, er það þá ekki sams konar forsjárhyggja að banna atvinnumannabox? Því að eins og komið hefur fram í ræðum flutningsmanna frv. eru að því er mér virðist allir hv. flutningsmenn samþykkir því að banni á atvinnumannahnefaleikum sé viðhaldið. Ég spyr: Hver er munurinn með tilliti til forsjárhyggju að banna áhugamannabox eða banna atvinnumannabox? Ef ég sem hér stend er sökuð um forsjárhyggju þá get ég með sömu rökum fullyrt að hv. flutningsmenn séu haldnir forsjárhyggju.

Eins og ég sagði, herra forseti, var fjallað mjög ítarlega um þetta mál á síðasta þingi og frv. var fellt með 27 atkvæðum gegn 26. Farið var ítarlega yfir málið bæði í hv. menntmn. og hv. heilbr.- og trmn. Af því að hér hefur verið fjallað um ofbeldi og komið hefur verið inn á það að hér sé um íþrótt að ræða sem sé árásaríþrótt og efni þar af leiðandi til ofbeldis, þá langar mig til að fara örfáum orðum um nál. hv. heilbr.- og trn. sem lagt var fram á vordögum en fram kemur í mjög svo faglegri umfjöllun þeirrar nefndar að tölur sem lagðar eru fram varðandi meiðsl og slysatíðni í íþróttinni eru mjög svo óábyggilegar. Þó að hv. flutningsmenn séu núna að vísa til bandarískrar könnunar þar sem segir að áhugamannahnefaleikar séu númer 71 í meiðslatíðni þá fullyrði ég út frá þeim rökum sem hv. heilbr.- og trn. bar fram á vordögum að tölur af því tagi séu misvísandi, enda ekki getið til um fjölda iðkenda. Það skiptir verulegu máli þegar fjallað er um tölur um meiðsl í íþróttagreinum að þær séu í hlutfalli við fjölda iðkenda. Ef hv. 1. flm. veit um þann fjölda iðkenda sem er að baki þeim tölum sem hann hefur tjáð hv. þingheimi, þá þætti mér fengur að því að fá þær.

Þetta er nákvæmlega sama gagnrýni og hv. flutningsmenn fengu á málið í fyrra. Enn hafa þeir ekki komið með fullnægjandi tölur sem gera okkur kleift að taka afstöðu til málsins á einhverjum öðrum grunni en við gerðum þá.

Í nál. hv. heilbr.- og trn. frá því í fyrra segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Slysatíðni í hnefaleikum er há miðað við aðrar íþróttir, sem kemur ekki á óvart þar sem markmiðið er að koma höggi á andstæðinginn, með öðrum orðum að fara inn fyrir varnir hans og þar með meiða hann. Þar greinir á milli hnefaleika og þorra annarra íþróttagreina því að hnefaleikar, bæði í atvinnuskyni og sem áhugamannaíþrótt, eru árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og t.d. karate og júdó. Slysatíðni er há í nokkrum öðrum íþróttagreinum en þar gegnir öðru máli því að ekki er um ásetning að ræða heldur slys. Í hnefaleikum er markvisst reynt að koma höggi á andstæðinginn og fær keppandi stig fyrir högg á höfuð jafnt sem aðra líkamshluta. Einnig eru veitt stig fyrir rothögg."

Þessar upplýsingar koma fram í nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. frá því í fyrra og stangast á við það sem hv. flutningsmenn frv. segja hér nú.

En varðandi það sem hér hefur verið rætt og er að koma fram varðandi karate og aðrar austurlenskar sjálfsvarnaríþróttir þá verður að gá að því að þar er um að ræða íþróttir sem byggja á aldagamalli hefð, eiga sér árþúsundasögu og lúta allt öðrum lögmálum en vestrænir hnefaleikar og síðast en ekki síst lúta mjög sterkum siða- og agagreglum. Það er þannig með karate, herra forseti, að enginn fær að stíga inn í hring í karate eða júdó sem ekki kann til hlítar þær siðareglur og agareglur sem gilda um íþróttina og það er ekki markmið í þeim íþróttum að koma höggi á andstæðing.

Ég tek hins vegar undir þau orð sem hér hafa fallið varðandi sparkbox og tae kwon do. Ég sagði í ræðu minni um sama mál á liðnu vori, herra forseti, að ef samræmis ætti að gæta þá væri ég alveg til í að taka þann slag að banna tae kwon do og kickbox því þær íþróttir hafa sama markmið og áhugamannahnefaleikar, þ.e. að koma höggi á andstæðing. Ef á að gæta samræmis þá er ég til í að taka þann slag með hv. flutningsmönnum ef því er að skipta. En það er ekki rétt að líkja áhugamannahnefaleikum eða hnefaleikum yfir höfuð við austurlenskar sjálfsvarnaríþróttir þar sem siðareglur og agareglur eru grundvöllur íþróttanna og íþróttirnar byggja á sjálfsvörn en ekki árás.

Herra forseti. Í umræðunni voru menn hvattir til að koma til nútímans og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fékk hvatningu frá einum af hv. flm., Drífu Hjartardóttur, fyrr í dag um að líta til nútímans. Ég er víst að fara með rangt mál. Það var hv. þm. Ásta Möller sem hvatti hv. þm. Guðmund Hallvarðsson að koma til nútímans en í ræðu eins flutningsmanna, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem flutt var fyrr í dag komu fram þær staðreyndir að hnefaleikar væru gömul og göfug íþrótt og rætt var um 3.500 ára gamlar myndir af hnefaleikaköppum einhvers staðar suður á Krít. Það var kallað fram í hér í salnum, herra forseti, að um það leyti hafi líka tíðkast mannát þannig að það er ekki allt göfugt sem í fortíðinni var og þó að menn hafi barið hverjir á öðrum í gegnum árin þá er ekki þar með sagt að það sé göfugt eða verði göfugra með árunum. Það er ekki heldur þar með sagt að þó að fólk vilji banna árásaríþróttir af því tagi sem hér er verið að ræða um þá sé það ekki í takt við nútímann. Kunningi minn sem ég hitti á götu um daginn og var að hlæja að því að nú væri þetta mál komið fram enn eina ferðina og sagði sögu af manni í Ghana en í Ghana eru áhugamannahnefaleikar og hnefaleikar afskaplega hátt skrifaðir. Margir stunda hnefaleika þar og afskaplega margir hljóta varanleg meiðsl af hnefaleikaiðkun í Ghana. En þessi kunningi minn hitti mann frá Ghana sem hafði lagt því lið að hnefaleikar yrðu bannaðir þar í landi. Viðkomandi hafði frétt af því að hér væru hnefaleikar bannaðir og hann fór heim með bros á vör og sagðist mundu færa þær fréttir heim til félaga sinna í Ghana sem væru að berjast gegn hnefaleikum að á Íslandi væri þjóð sem væri til fyrirmyndar því að hún hefði bannað hnefaleika árið 1956. Þetta er saga úr nútímanum, ekki fortíðinni.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hélt því líka fram að hér væri ekki um ruddalega íþrótt að ræða, að hnefaleikar væru ekki ruddalegir. En ég spyr hv. flutningsmenn: Er ekki ruddalegt að ráðast að andstæðingi sínum í hring til þess eins að koma á hann höggi og það helst á höfuðið? Breska læknafélagið er núna að kanna möguleika á því að fá flutt frv. eða settar hertar reglur í hnefaleikum þar í landi sem banni högg ofan við viðbein af augljósum ástæðum vegna þess að allar læknaskýrslur sem breska læknafélagið hefur veifað í þessum málum segja það sama: Áverkar á höfuð og heila í áhugamannaboxi eru nákvæmlega sömu áverkar og í atvinnumannaboxi. Enn hafa hv. flm. þessa frv. ekki hrakið þá staðreynd. Heilinn verður fyrir sama skaða af þungu höggi þó að höfuðhlífar séu á ytra byrði höfuðsins eins og hann

verður fyrir af þungu höggi í atvinnumannaboxi. Þannig er það, herra forseti.

Markmiðið með þessum barsmíðum er síðan að safna stigum, segja hv. flm. En ég segi, herra forseti: Það er hægt að safna stigum í öðrum íþróttagreinum. Það er hægt að fá í billiard þótt menn séu ekki að berja náunga sinn. Hvernig ætla hv. flm. þessa frv. að tryggja það, þó svo að settar verði reglur um áhugamannahnefaleika, að þeim verði framfylgt. Ég fullyrði þess vegna, herra forseti, að hér er verið að bjóða heim hættunni og ryðja brautina fyrir atvinnumannahnefaleika, ekkert annað. Þegar talað er um höfuðhöggin þá er rétt að geta þess að hér er um að ræða högg þar sem hnefi fer í höfuð andstæðingsins á allt að 160 km hraða á klukkustund. Það hefur verið mælt að skallaboltarnir, sem hafa komið til umræðu líka, jafngilda því að viðkomandi sem tekur skallabolta fái í höfuðið 500–250 kg farg. Ég viðurkenni það, herra forseti, og það vita allir, að skallaboltarnir eru nákvæmlega jafnhættulegir og valda nákvæmlega sömu meiðslum og hnefahögg í hnefaleikum. En miðað við fjölda iðkenda og tíðni högga, herra forseti, er þetta tvennt ekki sambærilegt. Ég tel því, herra forseti, öll rök hníga að því að þetta mál verði aftur fellt. Mér virðast rökin vera læknisfræðileg. Mér finnst þau vera siðferðileg og mér finnst þau vera uppeldisleg og hvet hv. þm. til þess að lesa enn og aftur nefndarálit hv. heilbr.- og trn. frá því í fyrra. Þar var farið ítarlega yfir málin. Þar var fjöldi sérfræðinga spurður álits og þó svo að tveir aðilar sem heimsóttu hv. menntmn. hafi viljað meina að það gæti verið uppeldislega afskaplega gott að leyfa áhugamannahnefaleika, þá var ég stödd á þeim fundi hv. menntmn. þar sem þessir sérfræðingar lögðu orð í belg. Ég fullyrti í ræðustóli í fyrra og fullyrði enn að í nefndaráliti frá meiri hluta menntmn. frá því í fyrra hafi ummæli þessara sérfræðinga verið mistúlkuð. Í nefndaráliti frá meiri hluta menntmn. frá því í fyrra segir, með leyfi forseta:

„Þá kom fram í máli gesta að uppeldisleg rök eru einnig fyrir lögleiðingu íþróttarinnar þar sem sumir hópar þjóðfélagsins gætu haft gott af iðkun íþróttarinnar og þeim aga sem þar gildir.“

En ég fullyrði, herra forseti, að þegar þessi ummæli voru viðhöfð þá var verið að tala um karate og siðareglurnar sem gilda í austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum og uppeldisgildi þeirra.

Ég hyggst ljúka máli mínu, herra forseti, með tilvitnun í pistil frá Flosa Ólafssyni nokkrum sem hann skrifaði í vefritið strik.is á síðasta ári. Í mínum huga lýsir Flosi ágætlega í þessum pistli hvað hér er um ruddalega íþróttagrein að ræða. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef tveir menn koma sér saman um að ekkert sé unaðslegra en að berja hvor annan í hausinn þar til þeir eru orðnir eins og vankaðir höfuðsóttargemlingar, heilaskaddaðir og alveg út úr heiminum, þá gera þeir það hvort sem boxið er bannað eða ekki.“

[14:55]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt málið og þingmaðurinn hitti naglann á höfuðið þegar hún sagði að þetta væri spurning um frjálst val, að velja þá íþrótt sem menn vilja stunda en forsjárhyggjuflokkurinn vinstri grænir eru á móti slíku. Hér er verið að reyna að rugla saman ólympísku boxi og atvinnumannaboxi. Þetta er alveg rangur málflutningur. Þingmenn sem hafa verið að tala á móti þessu reyna að rugla þessu saman til að sverta málið.

Ég fór yfir það í inngangsræðu minni að munurinn á þessu tvennu er gífurlega mikill og enn og enn og aftur er verið að draga í efa rannsóknir sem hafa sýnt að ólympískir hnefaleikar eru með eina minnstu meiðslatíðni í íþróttum, mun minni en t.d. amerískur fótbolti eða hafnabolti eða knattspyrna og svo lengi má telja. Við skulum því fara alveg rétt með staðreyndir í málinu.

[14:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að hér sé verið að rugla saman áhugamannahnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum. Hér er verið að halda því fram að ef áhugamannahnefaleikar verða leyfðir þá sé verið að ryðja brautina fyrir atvinnumannahnefaleika. Það er einnig verið að benda á þá staðreynd, sem er studd læknisfræðilegum rökum og vísindalegum rannsóknum, að höfuðáverkar í áhugamannaboxi eru sömu áverkar og áverkarnir í atvinnumannaboxinu, þ.e. heilaskaðinn er sá sami hvort heldur viðkomandi er með höfuðhlíf eða ekki með höfuðhlíf. Hér er því ekki verið að rugla neinu saman, herra forseti.

[14:57]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er allmikill munur á því hvort fólk er með höfuðhlífar eða ekki í þessu. Í frétt sem birtist í breska læknatímaritinu The British Medical Journal í ágúst 1998 kemur fram að samkvæmt slysaskráningu í Hollandi á tíu ára tímabili frá 1987–1996 voru skráð 18 þúsund slys þar sem heilaáverkar komu við sögu. Í 4.300 tilvika urðu slysin í fótbolta, höfuðáverkar (Gripið fram í.) í 3.400 tilvikum í reiðmennsku og 70 tilvikum í hnefaleikum. Ég er ekki með fjöldann en það er 60 sinnum meira (**KolH:** Hver er fjöldinn sem ...?) í knattspyrnunni. (Gripið fram í.)

Í annarri grein í sama tímariti er talað um dauðsföll. Þrjú voru af völdum hnefaleika frá 1986–1992, 77 vegna mótoríþrótta, 67 vegna flugíþrótta, 54 vegna fjallaklifurs — það ætti þá að banna það — og 28 vegna hestaíþrótta. Það ætlar sér enginn að detta af hestbaki. Engin íþrótt er algerlega hættulaus eða meiðslalaus. (Forseti hringir.) Við erum að tala um íþrótt þar sem er minnst slysatíðni og er heilbrigð og góð fyrir aga og líkamlegt atgervi.

[14:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar tölur er búið að lesa yfir okkur áður en við erum líka búin að fá tölur sem segja okkur aðra hluti og enn kemur hv. flm. ekki með fjölda iðkenda á bak við þær tölur sem hann er með. Ég ætla að fá að vitna, herra forseti, til orða hæstv. menntmrh. sem sagði í ræðu á 122. löggjafarþingi þegar þetta mál var til umfjöllunar. Hæstv. menntmrh. sagði, með leyfi forseta:

„Erfitt hefur reynst að afla nákvæmra upplýsinga um slysatíðni í ólympískum hnefaleikum en þess er að vænta, m.a. með aðstoð Læknafélags Íslands, að á næstunni hafi menn aflað sér þeirra upplýsinga um þau mál sem gefa a.m.k. vísbendingu. En að fá þetta þannig að algilt sé og fullnægjandi miðað við að allar upplýsingar liggi fyrir kann að reynast mjög erfitt.“

Ég fullyrði, herra forseti, að það er enn mjög erfitt að fá fullnægjandi upplýsingar, fullnægjandi tölur og samanburðarhæfar.

[14:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er haldið fram að ólympískir hnefaleikar séu mjög skaðlegir heilsu manna og við erum búin að heyra það margoft í dag. Ég lagði mig sérstaklega eftir því að fara í gegnum fagrit þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu og líka þá sem var í fyrra. Ég get lesið hérna í gegnum ákveðinn bunka niðurstöðu úr þessum tímaritum. Hérna er ein grein sem birtist í British Journal of Sport Medicin 1994. Hún greinir frá tíu rannsóknum sem taka til 289 áhugamannaboxara og þar er um að ræða taugasálfræðilegar rannsóknir og verið að skoða áhrif á iðkunar íþróttarinnar á viðkomandi.

Þar kemur fram að niðurstaðan sé, eftir að hafa rýnt í þessar tíu rannsóknir, að engin merki fundust um neitt taugasálfræðilega afbrigðilegt við skoðun á þessum 289 áhugamannahnefaleikurum.

[15:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá hv. þm. sem að mínu mati hefur flutt athyglisverðustu ræðurnar í þessu máli er hv. þm. Katrín Fjeldsted. Hv. þm. hefur bent á rannsóknir og komið með tilvitnanir í læknatímarit sem segja annað en hv. þm. Ásta Möller er hér að segja með sínum læknatímaritum, þeim vísindatímaritum sem hún vitnar í. Það nægir að vitna til ræðuhalda hv. þm. Katrínar Fjeldsted sem hefur beitt sér í þessari umræðu en hún sagði í ræðustól hér í fyrra að bæði ameríska læknafélagið og breska læknafélagið setji hnefaleika af báum sortum undir sama hatt vegna þeirra höfuðáverka sem af hnefaleikunum geti leitt.

Ég hef þá trú að vísindatímaritin sem hv. þm. Katrín Fjeldsted vitnar í séu jafnþung á metunum og vísindatímaritin sem hv. þm. Ásta Möller vitnar til.

[15:02]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að ná niðurstöðu í þessu máli. Við erum nú sjálfsagt báðar, ég og hv. þm. Katrín Fjeldsted, að lesa mjög svipuð tímarit í þessum efnum.

Mig langaði að vísa til umsagnar landlæknis til menntmn. og þingsins í fyrra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir greinir hins vegar nokkuð á um alvöru og tíðni heilaáverka. Nýleg rannsókn frá Bandaríkjunum leiddi til dæmis í ljós að einn af hverjum 60 þús. áhugahnefaleikamönnum fékk alvarlega heilaáverka. Sömuleiðis hafa ástralskar rannsóknir leitt í ljós litla áverkatíðni en þó sýnir önnur marktækan mun á fínum taugalífeðlisfræðilegum prófum hjá hnefaleikamönnum."

Ég hef lesið þessa rannsókn og hún er innan eðlilegra marka, innan skekkjumarka.

„Aðrar taugalífeðlisfræðilegar rannsóknir, t.d. frá Karólínska sjúkrahúsinu í Svíþjóð hafa leitt svipaðar breytingar í ljós, m.a. með heilaritsrannsóknum. Tvær rannsóknir á áhrifum hnefaleika á taugakerfið frá Bretlandi leiddu hins vegar hvorug í ljós nein vandamál hjá leikmönnum."

Hér hefur landlæknir greint frá sjö rannsóknum sem staðfesta það sem við höfum haldið fram.

[15:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir, að landlæknir kom með þessar sjö rannsóknir til sögunnar þegar fjallað var um málið hér í fyrra. Á sama hátt koma aðrir með aðrar upplýsingar. Þeir sérfræðingar sem komu til hv. heilbrn. í fyrra gátu t.d. nefnt til rannsóknir sem voru mjög öflugar vegna þess að þar voru samanburðarhópar. Ég fullyrði hins vegar að í þeim rannsóknum sem landlæknir vitnar til eru ekki hreinir samanburðarhópar, örugglega ekki í þeim öllum. Það kom fram í umfjöllun heilbrn. í fyrra að margt skorti í mörgum af þessum rannsóknum, þ.e. að jafnítarlegar rannsóknir væru gerðar á samanburðarhópunum.

Í umsögn heilbr.- og trn. frá því í fyrra var getið sérstaklega um rannsókn sem gerð var í Vínarborg á síðasta áratug. Þar voru bornir saman tveir hópar ungra manna og þar er sannarlega rannsókn sem mér finnst tilefni til frekari umræðna. Þar var samanburðarhópur.

[15:04]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig í veröldinni getur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir borið saman áhugahnefaleika og mannát? Það er með ólíkindum hvernig hv. þm. fer fram í málflutningi sínum. Ég er svo yfir mig hissa því að mér finnst hv. þm. oft að tala þannig til okkar að við eigum að bera virðingu fyrir því sem við segjum. Það gerum við.

Hún talaði líka um að hún treysti ekki ÍSÍ. Ég treysti ÍSÍ til þess að standa vel að eftirliti með því að til sé réttur útbúnaður, réttar keppnisreglur og farið eftir settum reglum við æfingar og keppni. Ég treysti ÍSÍ afar vel til þess.

[15:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú oftúlkun hjá hv. þm. að ég hafi borið saman áhugamannahnefaleika og mannát. Ég var hins vegar í grínaktugum tón að geta um það að hér sé verið að kalla menn til nútímans. Það er því ekki rétt að ég hafi borið saman áhugamannahnefaleika og mannát. Ég var reyndar að vitna til frammíkalls í salnum. Ég skil svo sem vel að það fari fyrir brjóstið á hv. þm. og ítreka að það var ekki ætlun mín að bera neitt slíkt saman.

Varðandi það að treysta ÍSÍ til þess að setja reglur, ég treysti ÍSÍ fullkomlega til þess að setja reglurnar. En, herra forseti, ég treysti ekki iðkendunum til að fara eftir þeim.

[15:06]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar greinir nú verulega á með okkur. Ég get fyrirgefið hv. þm. þetta með mannátið en að treysta ekki íþróttamönnum til að fara eftir settum reglum, það skil ég ekki. Ég treysti fólki. Ég hef æðioft þurft að setja fólki fyrir verkefni og ég treysti því ávallt til að leysa þau vel af hendi.

Mér finnst hv. ræðumenn alltaf tala um atvinnuhnefaleika í staðinn fyrir áhugahnefaleika. Þar gilda allt aðrar reglur og eins og komið hefur fram eru þar styttri lotur, hanskar með þreföldu varnarlagi þar sem skaðsemi höggsins á að vera sem allra minnst. Notast er við varnarhlífar og þessar íþróttir eru í því sæti á lista yfir íþróttir heims að slysatíðni telst lítil í þessari íþrótt, undir 1% eru rothögg. Hér tala menn alltaf eins og alltaf sé verið að rota menn og þeir liggi steindauðir í gólfinu eftir.

[15:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því yfir áðan að ég treysti ekki iðkendunum til að fara eftir reglunum jafnvel þó reglurnar væru settar. Ég hef ýmislegt fyrir mér í því, t.d. viðtal sem ég vitnaði hér hvað eftir annað í í umræðunum í vor, í

menntaskólablaði frá Menntaskólanum í Reykjavík þar sem ungir menn lýstu því yfir að það væri svo afskaplega gaman að berja vini sína, svo gaman þegar árásargirnin gysi upp í manni þegar búið væri að kýla mann og blóðga, eins og sagt var í viðkomandi viðtali. Í því viðtali kemur fram að drengirnir sem æfa þessa áhugamannahnefaleika, sem þeir kalla áhugamannahnefaleika af því að þeir eru með höfuðhlífar, iðka þessa íþrótt hér á Íslandi í dag, meira af kappi en forsjá og viðurkenna að t.d. fylgist enginn með því að tímalengd í lotunum sé sú sem hún á að vera. Þeir þekkja alveg reglurnar.

Ég treysti þeim ekki til að fara frekar eftir þeim þó að þær væru skráðar eða hengdar upp á vegg í íþróttasalnum.

[15:08]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög sammála síðasta ræðumanni um að það er óþolandi að verja svo löngum tíma í boxið hvað eftir annað. Þetta er þriðja lotan sem við tökum.

Ég var einn af flutningsmönnum síðast. Ég greiddi þessari tillögu atkvæði mitt. Núna get ég ekki hugsað mér að vera einn af flutningsmönnunum. Við eyddum öllum þessum tíma, við fórum allan þennan feril síðast og erum byrjuð aftur á nýjan leik. Það hefur ekki komið eitt einasta nýtt atriði fram. Það er verið að tala um glófa og höfuðpúða og hvað þetta heitir nú allt saman. Við fórum í gegnum þessa umræðu á síðasta þingi. Ég er ákveðinn í því, komi til atkvæðagreiðslu um þetta mál, að þá ætla ég að sitja hjá. Við erum að eyða dýrmætum tíma þingsins með hliðsjón af því sem er á dagskrá í dag. Þetta er í þriðja skiptið sem við tökum þetta mál upp áður en málið fer í nefnd. Hugsið þið ykkur.

Þess vegna segi ég: Mér er nóg boðið og ég mun sitja hjá við afgreiðslu þessa máls komi til þess.

[15:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi einungis: Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, mæl þú manna heilastur.

[15:10]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu. Ég gerði það hins vegar vegna þess að andstæðingar frv. röðuðu sér á mælendaskrá til að ræða málið. Það verður að vera eitthvert jafnvægi á þessari umræðu. Þess vegna stend ég hér upp í dag með langa ræðu.

Hér er enn á ný fjallað um frv. um að lögleiða ólympíska hnefaleika hér á landi. Frv. tekur til þess að leyfilegt verði að kenna, sýna og keppa í ólympískum hnefaleikum svo og að heimilt verði að nota glófa og önnur tæki sem ætluð eru til þjálfunar í íþróttinni. Frv. gerir einnig ráð fyrir að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um ólympíska hnefaleika. Þetta frv. breytir engu um að áfram verður bannað að kenna, sýna og keppa í atvinnumannahnefaleikum. Það stendur ekki til að afnema bannið við ástundun atvinnumannahnefaleika. Það á að vera alveg ljóst. Það er enginn vilji til þess, hvorki meðal hv. þm. á hinu háa Alþingi né annarra.

Þetta frv. er lagt fram öðru sinni. Það var fellt með eins atkvæðis mun á vorþingi fyrir ári. Það hefur farið fram töluverð umræða í þjóðfélaginu frá því sl. vor sem skýrt hefur málið. Nú ætti t.d. flestum að vera ljóst um hvað málið fjallar, hver munurinn er á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum. Eins og ég sagði rétt áðan þá er enginn áhugi fyrir því hér á landi að afnema bann við iðkun atvinnumannahnefaleika.

Ísland er eina landið sem bannað hefur ólympíska hnefaleika. Þeir eru hvergi annars staðar í heiminum bannaðir. Í Svíþjóð var þetta skoðað nákvæmlega fyrir nokkrum árum, þar var gerð ítarleg rannsókn sem Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi hélt utan um. Niðurstaðan var að slysatíðni og áhætta af iðkun íþróttarinnar væri ekki slík að forsvaranlegt væri að banna hana.

Með hliðsjón af þessu verður að hafa í huga að atvinnumannahnefaleikar eru bannaðir í ýmsum löndum á þessum hnetti. En eins og ég sagði áðan þá eru ólympískir hnefaleikar bara bannaðir hér á Íslandi. Þetta er keppnisgrein á Ólympíuleikum og hún er ýmist kölluð áhugamannahnefaleikar eða ólympískir hnefaleikar. Ég mun nota þau heiti jöfnum höndum. Ég sé ekki hvað hv. þm. eru að tala um þegar rætt er um að verið sé eitthvað að gylla íþróttina með því að kalla hana ólympíska, mér finnst þetta sé jafngilt. Ég sé ekki muninn eða hvort einhver gylling er á öðru og ekki á hinu. Ég mun sem sagt nota þessi heiti jöfnum höndum.

Hnefaleikar sem stundaðir voru hér á landi til ársins 1956, þegar þeir voru bannaðir með lögum á Alþingi, voru atvinnumannahnefaleikar. Ólympískir hnefaleikar hafa þróast á síðustu áratugum og hafa reglur og öryggiskröfur verið hertar til að gæta öryggis þeirra sem stunda íþróttina. Í umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um frv. á síðasta vori segir eftirfarandi um þróun íþróttarinnar, með leyfi forseta:

„Athygli er vakin á því að frá því lög um bann við hnefaleikum voru sett árið 1956 hafa hnefaleikar tekið miklum breytingum og aðskildir hafa verið annars vegar atvinnuhnefaleikar og hins vegar ólympískir hnefaleikar. Ólympískir hnefaleikar eru viðurkennd íþróttagrein af alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum."

Þá segir einnig í umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands:

„Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, er Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og verður að teljast eðlilegt að ÍSÍ taki um það ákvarðanir hvort og hvaða íþróttagreinar eru löglegar og leyfðar í hinni frjálsu íþróttastarfsemi."

Í umsögn sinni um frv. á síðasta vorþingi mælir framkvæmdastjórn ÍSÍ með því að frv. verði samþykkt. Í umsögn samtakanna kemur einnig fram að heilbrigðisnefnd sambandsins styður að bann við ólympískum hnefaleikum verði afnumið og telur að þessi tegund hnefaleika sé ekki skaðlegri en margar aðrar íþróttir.

Þeir sem lýst hafa sig mótfallna því að lögleiða ólympíska hnefaleika vísa yfirleitt til reynslu eða þekkingar, nema hvort tveggja sé, reynslu og þekkingar sinnar í atvinnumannahnefaleikum. Er það í raun ekki furða því að sýningar í sjónvarpi frá hnefaleikakeppi hafa yfirleitt verið af keppni atvinnumanna. Rannsóknir hafa sýnt að atvinnumannahnefaleikar geta leitt til alvarlegs heilsuskaða til skemmri eða lengri tíma og eru dæmi þess að fólk hafi látist eftir keppni í íþróttagrein.

Atvinnumannahnefaleikar eru bannaðir í mörgum löndum heims, þar á meðal á Norðurlöndum. Reglur atvinnumannahnefaleika og áhugamannahnefaleika eru afar ólíkar. Reglur áhugamannahnefaleika hafa að markmiði að gæta öryggis

keppandans og taka keppnisreglur og öryggisbúnaður mið af því.

Mig langar til þess að vísa í Guðjón Vilhelm Sigurðsson, þjálfara í ólympískum hnefaleikum, en hann hefur lýst muninum á þessum tveim tegundum hnefaleika þannig, með leyfi forseta:

„Ólympískir bardagar fara fram undir reglum áhugamanna. Þeir eru styttri, fjórar lotur í stað tólf og hver lota er tvær mínútur í stað þriggja. Síðan er keppt með höfuðhlífar og punghlífar. Hanskarnir eru með þreföldu varnarlagi þannig að skaðsemi höggsins á að vera sem allra minnst. Þessar varnarhlífar eru nægilega góðar til þess að draga íþróttina niður um einhverja tugi sæta á listanum yfir hættulegustu íþróttir heims. Þú færð stig í ólympískum hnefaleikum fyrir hittni þannig að í hvert skipti sem þú hittir á ákveðið svæði færðu stig. Þessi svæði eru bara á framhlið keppendanna þannig að engin stig eru gefin fyrir að slá menn bak við eyrun eða í þau. Þannig að það er letjandi frekar en hitt að setja kraft í höggið. Þetta er frekar spurning um hraða.

Best er að rétt snerta keppinautinn og forða sér fljótt til baka í vörnina. Því ef þú setur kraft í höggið hægir þú á þér og safnar refsistigum þar sem keppinauturinn fær svo gott tækifæri til þess að hitta þig. Tíðni rothögga er því innan við 1% í áhugamannahnefaleikum. Þannig að þessi íþrótt sem við erum að kynna núna er allt önnur en sú sem var bönnuð árið 1956."

Þá hefur einnig komið fram hjá sama manni, með leyfi forseta:

„Keppni í ólympískum hnefaleikum verður að fara fram undir eftirliti íþróttasambands þess lands sem hún á að fara fram í. Hver iðkandi verður að gangast undir stranga læknisskoðun fyrir og eftir hverja keppni. Verði iðkandi fyrir meiðslum verða að líða 60 til 90 dagar þar til hann má keppa aftur, eftir því hvers eðlis meiðslin eru, að því tilskildu að hann standist læknisskoðun."

Það er því töluvert læknisfræðilegt eftirlit með þessari íþrótt og meira en maður þekkir af öðrum tegundum íþrótta.

Að banna ólympíska hnefaleika þýðir mismunun í íþróttaiðkun hér á landi. Aðrar sjálfsvarnar- og árásaríþróttir eru stundaðar hér. Ljóst er að á sama tíma og ólympískir hnefaleikar eru bannaðir hér á landi þá eru sem sagt aðrar svipaðar tegundir íþrótta stundaðar. Í þessu felst mikil mismunun sem hv. þm. hljóta að gera sér grein fyrir og taka á. Sem dæmi má nefna skylmingar, judó, karate og nýjar greinar eins og kickbox og tae kwon do. Það má benda á að einn af fimm íþróttamönnum ársins á Akureyri 1999 fékk viðurkenningu einmitt fyrir árangur í tae kwon do.

Þá vil ég nefna að heilbrigðisyfirvöld í Ástralíu nefna kickbox í sama flokki og atvinnumannahnefaleika en setja sig ekki upp á móti ólympískum hnefaleikum. Þetta er athyglisvert því að kickbox er stundað hér á landi. Ástralir setja það á bás með atvinnumannahnefaleikum. Við leyfum það en ekki ólympíska hnefaleika. Kickbox leyfir að sparkað sé í höfuð mótstöðumannsins og í viðkvæmustu hluta líkamans.

Um það hefur verið rætt að læknar hafa barist gegn hnefaleikum. Barátta þeirra í Bandaríkjunum og Bretlandi hefur aðallega beinst að því að banna atvinnumannahnefaleika, enda eru þeir leyfðir í báðum þessum löndum. Núna hafa bandarískir læknar snúið við blaðinu eða tekið aðra stefnu því að þeir hafa tekið ákvörðun um að vinna með íþróttayfirvöldum í þeim tilgangi að lækka tíðni áverka og slysa í atvinnumannahnefaleikum. Þeir hafa því snúið af þessari braut og ákveðið að vinna að því að fólk slasist ekki í atvinnumannahnefaleikum og viðurkenna að þetta sé eðlilegur hlutur og vilja sem sagt vinna með íþróttayfirvöldum að bæta hlutina.

Farið hefur fram töluverð umræða á síðasta ári sem hefur skýrt enn betur hvað íþróttin standi fyrir. Ég tel að eftir alla þá umræðu sem hefur farið fram frá síðasta vori ætti flestum að vera ljóst hvað þessar tvær tegundir hnefaleika eru ólíkar og að ekki stendur til að leyfa atvinnumannahnefaleika hér á landi. Það sem verið er að fara fram á er að Alþingi samþykki að leyfa íþróttamönnum að stunda íþrótt sem rannsóknir sýna að felur í sér síst meiri hættu á slysum en aðrar íþróttir og, sem rök hafa verið færð fyrir, að íþróttina sé hægt að nota sem tæki til að virkja tiltekna einstaklinga og nota reglur íþróttarinnar til þess að aga þá. Þannig sagði í umsögn meiri hluta menntmn. síðasta vor að í máli gesta hefði komið fram að uppeldisleg rök séu fyrir lögleiðingu íþróttarinnar þar sem sumir hópar þjóðfélagsins gætu haft gott af iðkun íþróttarinnar og þeim aga sem þar gildir.

Þeir sem eru andsnúnir lögleiðingu ólympískra hnefaleika hafa haldið fram þeim sjónarmiðum að lögleiðing þeirra muni leiða til þess að atvinnumannahnefaleikar komi í kjölfarið, að íþróttin sé hættuleg, hún leiði til aukins ofbeldis í þjóðfélaginu og þeir telja að siðferðileg rök mæli gegn lögleiðingu íþróttarinnar. Ég hef hugsað mér að fjalla örlítið um þessi sjónarmið.

Þeir segja í fyrsta lagi að lögleiðing ólympískra hnefaleika muni leiða til þess að atvinnumannahnefaleikar komi í kjölfarið. Við vitum að hnefaleikar eru stundaðir hér á landi og með því að lögleiða ólympíska hnefaleika er ástundun íþróttarinnar sett í ákveðinn farveg. Við vitum ekki hvers konar hnefaleikar það eru sem verið er að stunda hér á landi í alls konar íþróttasölum. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vísaði í blað Menntaskólans í Reykjavík til ungra drengja sem eru að stunda þessa íþrótt algerlega eftirlitslaust án þess að þekkja nokkuð til reglna og auðvitað blóðga þeir hver annan. Þeir hafa ekki nokkurt hundsvit á hvað felst í íþróttinni og hvaða siðareglur þar eru í gangi. Það eru sem sagt margir sem bara spinna af fingrum fram með því að prófa sig áfram og þeir fá engar leiðbeiningar og hafa enga þekkingu og sjálfsagt eru þeir bara að horfa á hvernig þetta er gert í atvinnumannahnefaleikum í sjónvarpinu. Með því að lögleiða ólympíska hnefaleika erum við að koma böndum yfir ástundun íþróttarinnar og hún verður stunduð undir eftirliti og reglum sem Íþrótta- og ólympíusamband Íslands setur. Með því erum við að tryggja að íþróttin sé stunduð á öruggan máta og koma í veg fyrir hugsanleg slys.

Varðandi þær fullyrðingar þeirra sem eru mótfallnir þessu frv. að þetta muni leiða til að atvinnumannahnefaleikar fylgi í kjölfarið þá vil ég benda á að ÍSÍ hefur lýst sig mótfallið því að lögleiða atvinnumannahnefaleika. Lög sem banna atvinnumannahnefaleika, sem eru í gildi í dag, munu standa áfram. Ég fullyrði að ekki er vilji fyrir því hjá hv. þingmönnum á hinu háa Alþingi að gera breytingu þar á.

Annað sem hefur verið fullyrt er að íþróttin sé hættuleg. Í vor fór ég í gegnum mjög margar rannsóknir um þetta atriði. Ég ætla ekki að endurtaka þetta hér, en ég gæti það náttúrlega ef eftir því yrði leitað. Hins vegar hef ég lagt mig eftir því að fylgjast með þeim nýju rannsóknum sem hafa birst í læknislegum fagtímaritum frá því að þessi máli voru rædd fyrir ári þannig að ég hef fengið nýjar niðurstöður og nýjar rannsóknir. Flestar þessara rannsókna staðfesta að

heilsufarsleg áhrif áhugamannahnefaleika séu óveruleg m.a. á heilastarfsemi. Í sumum atriðum sem meta heila- og taugastarfsemi stóðu iðkendur áhugamannahnefaleika sig þó verr en aðrir, t.d. varðandi fínhreyfingar handa. Þar stóðu þeir sig verr og sjálfsagt má það rekja til þess að þeir notuðu hnefann í þessari íþrótt til þess að berja, m.a. á púða eða hvað það nú heitir.

Ýmsar rannsóknir benda til þess að þeir sem stunda áhugamannahnefaleika hafi meiri félagsþroska og hafi meiri stjórn á skapi sínu en samanburðarhópur — þetta kom mjög á óvart — þótt þeir að öðru leyti séu almennt minna menntaðir og hafi atvinnu af einfaldari störfum.

Ég rakti áðan í andsvari við ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur umsögn landlæknis. Ég ætla ekki að endurtaka hana hér en þar kom m.a. fram að hann vísaði í sjö rannsóknir sem styðja það sem ég var að segja rétt áðan. Hins vegar til þess að gæta sannmælis verður líka að koma fram að í umsögn landlæknis kom fram að ákveðin hætta er á augnaáverkum við ástundum íþróttarinnar og við getum ekki horft fram hjá því og verðum þá að taka ákveðna ákvörðun í tengslum við það.

Í ólympískum hnefaleikum er notaður ýmis varnarbúnaður til að koma í veg fyrir áverka og slys af völdum íþróttarinnar. Ég ætla ekki að telja það upp. Ég held að öllum sé það kunnugt í dag. En það sem mér finnst hins vegar ástæða til að taka sérstaklega fram er hlutverk dómara vegna þess að þegar við horfum á hnefaleikakeppni í sjónvarpi þá er það yfirleitt hlutverk dómara að dæma leikinn og skera úr. En í þessari íþrótt er hlutverk dómara fyrst og fremst að gæta öryggis leikmanna og skerast í leikinn en ekki telja stig eins og í atvinnumannahnefaleikum. Í umsögn ÍSÍ segir eftirfarandi um slys af völdum ólympískra hnefaleika, með leyfi forseta:

„Ólympískir hnefaleikar eru ekki skaðlegri heldur en margar aðrar íþróttir ef litið er til meiðsla og slysa vegna íþróttaiðkunar. Í landinu eru stundaðar ýmsar aðrar íþróttagreinar, svo sem tae kwon do, karate og júdó (sem allar hafa verið samþykktar og iðkaðar síðan bann við hnefaleikum var sett) sem allar fela í sér bardaga og átök milli tveggja keppenda líkt og í hnefaleikum."

Í umsögn heilbrigðisráðs ÍSÍ sem er undirrituð af Birgi Guðjónssyni lækni kemur fram að ráðið styðji að bann við ólympískum hnefaleikum verði afnumið. Í umsögn ráðsins kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Hættumat í hnefaleikum verður ekki slitið úr samhengi við slys í öðrum greinum íþrótta. Heildaryfirlit er ekki til staðar yfir slysahættu í íþróttum en við lauslega athugun má benda á annan tug almennings- og keppnisíþrótta þar sem hafa orðið dauðaslys erlendis sem og hérlendis fyrir utan þau slys sem geta krafist sjúkrahúsvistar."

Síðan segir í umsögn heilbrigðisráðs ÍSÍ, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem ólympískir hnefaleikar hafi verið bannaðir vegna hættu á atvinnuhnefaleikum sem aldrei hefur staðið til að hefja hér. Ef banna ætti þær greinar íþrótta þar sem alvarleg slys hafa orðið hefði þurft að byrja á mörgum öðrum eins og vísað er til að ofan."

Í grein eftir Guðjón Vilhelm sem birtist í Morgunblaðinu 9. nóvember sl. segir, með leyfi forseta:

„Árið 1998 gerði öryggisnefnd íþrótta- og tómstundamála Bandaríkjanna rannsókn á tíðni meiðsla í íþróttum og viti menn, ólympískir hnefaleikar urðu númer 71 á listanum, langt fyrir neðan nær allar þær íþróttir sem við þekkjum hér á landi. Í ljósi þessara niðurstaðna hafa margar þjóðir tekið upp á því að hvetja til iðkunar á ólympískum hnefaleikum."

Einnig segir í sömu grein:

„Ef farið er í víðara samhengi og teknar allar keppnir sem fram fóru í ólympískum hnefaleikum í Bandaríkjunum frá 1997–98 þá komu þar upp 98 tilvik þar sem meiðsl kröfðust læknishjálpar."

Þetta eru ótrúlegar tölur, 98 tilvik, meiðslaatvik í keppnum þar sem þátttakendur voru um 23 þúsund og keppnirnar voru jafnframt yfir 23 þúsund talsins.

Þeir sem eru mótfallnir lögleiðingu ólympískra hnefaleika hafa haldið því fram, að siðferðilega rangt sé að leyfa ólympíska hnefaleika því að það sé rangt að berja annan mann. Ég er sammála því. Það er rangt að berja annan mann. Hins vegar er rangt að setja ólympíska hnefaleika í þetta samhengi. Það er ekki hægt að neyða neinn til að taka þátt í tiltekinni tegund íþrótta og ná árangri í henni. Í íþróttum taka menn þátt af fúsum og frjálsum vilja.

Íslensk orðabók skilgreinir íþrótt sem leikni, fimi, snilld, list og sem kerfisbundnar æfingar til að þjálfa líkamann, oft til að ná einhverjum tilsettum árangri, setja met og þess háttar. Það er ekki siðferðilega rangt að tveir menn kjósi að stunda tiltekna íþrótt sem felur í sér leikni, fimi, snilld og að ná tilsettum árangri ef reglur eru þess eðlis að öryggis sé gætt. Þá má hins vegar setja siðferðilegt spurningarmerki við hve langt má ganga til að hafa vit fyrir fólki, hve langt er hægt að ganga í forræðishyggju gagnvart athöfnum fólks. Þeir sem stunda þessa íþrótt gera það samkvæmt eigin vali og þeim er kunnugt hvað felst í því. Fólki er kunnugt um að hægt er að slasa sig í íþróttinni sem er meira en hægt er að segja um margar aðrar íþróttir. Til dæmis hefur því ekki verið haldið á lofti að fótbolti sé hættuleg íþrótt en nýjar rannsóknir benda til þess að skallaboltar geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og hefur verið líkt við hættu á heilaáverka atvinnuhnefaleikara, en bæði fótboltamenn og atvinnuhnefaleikarar fá högg á höfuðið sem er óvarið, annars vegar af bolta sem kemur með miklum hraða og hins vegar af glófa mótleikara í hnefaleikum. Hvorugur notar höfuðhlíf í íþróttinni.

Ég vildi líka ræða þær fullyrðingar að lögleiðing ólympískra hnefaleika muni leiða til aukins ofbeldis í samfélaginu sem er nóg fyrir. Ég sé hins vegar að tíma mínum er að ljúka þannig að ég ætla bara að snúa mér að því að vísa í grein eftir Þórð Sævarsson sem birtist í Morgunblaðinu 18. maí sl. sem ber heitið „Sviptur réttinum til að velja og hafna", og lokaorð greinar hans eru, með leyfi forseta:

„Það eina sem ég fer fram á eru sjálfsögð réttindi, að ég fái sjálfur að ráða því hvort ég stundi ólympíska hnefaleika eða ekki."

[15:30]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu eða fara ítarlega yfir efnið. Það hefur þegar verið gert í dag, bæði af þeim sem tala fyrir því að áhugamannabox verði leyft og eins þeim sem eru á móti því að við breytum núgildandi lögum og reglum.

Í raun finnst mér ekki að við ættum að vera að fjalla um þetta frv. hér í dag eða á þessu kjörtímabili. Það var farið ítarlega yfir hliðstætt frv. á síðasta vetri, ítarlega farið yfir málið í menntmn. og ítarlega farið yfir málið í heilbr.- og trn. Málið var útrætt, afgreitt hér í þinginu og fellt. Mér er sagt,

af þeim sem eru þingreyndari en ég, að þegar mál hefur farið í gegnum nefnd, verið afgreitt og fellt, þá teljist siðferðilega rétt að geyma það þar til kemur að nýju kjörtímabili, þ.e. ef ekkert nýtt kemur fram í málinu. Frv. er nú flutt óbreytt og ekkert nýtt í málinu, hvorki frá þeim sem tala fyrir því né á móti. Ég sé þess vegna ekki að við þurfum að eyða miklum tíma í málið og í raun er það sannfæring mín að við ættum ekki að vera að ræða þetta í dag.

Þetta mál tók mikið af tíma þingsins í fyrravetur og mikinn tíma í heilbr.- og trn. Það var haft í flimtingum í nefndinni að við ræddum ekki um annað en box og tanngarða. Það tók hvað mestan tíma nefndarinnar. Ekki að þessi mál séu óverðugri en önnur en í þetta fór mikill tími.

Ég vil líka leiðrétta að það sé einhver misskilningur hjá okkur, sem tölum gegn því að lögleiða áhugamannabox hér á landi, að við þekkjum ekki mun á áhugamannaboxi og atvinnumannaboxi. Ég held að okkar skilningur sé alveg ljós, það er margbúið að fara yfir mismuninn. Það er margbúið að fara yfir reglurnar, yfir hlífðarbúnaðinn og í hverju þessi munur sé fólginn. Eftir sem áður er ég jafnsannfærð, ekkert hefur komið fram sem breytir þeirri skoðun minni og alls þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við eigum ekki að breyta þeirri stefnu sem við höfum í dag. Við eigum að standa föst á banni við áhugamannaboxi.

Það er slysatíðni í öllum íþróttum. Hún er mismunandi og mismikil áhætta í mismunandi íþróttagreinum, það vitum við. Slysin í áhugamannaboxi eru eftir höfuðhöggin, þá sérstaklega augnskaðarnir. Yfir þetta hefur margoft verið farið þó erfitt sé að sýna fram á hversu miklu meiri áhætta er að stunda áhugamannabox fremur en ýmsar aðrar greinar. Bæði eru rannsóknir misvísandi og eins virðist vera erfitt að finna rannsóknir á þessum slysum. Við höfum upplýsingar og niðurstöður rannsókna sem hafa mismunandi niðurstöður en slysin eru eftir sem áður alvarleg þegar þau verða.

Íþróttin sem hér um ræðir er í eðli sínu bardagaíþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt. Mér finnst miklu nær, eins og hér hefur komið fram í dag, að skoða samsvarandi íþróttir eins og kickbox sem Ástralir eru nú, eftir því sem upplýsingar hafa komið fram um, að skoða hvort ekki sé rétt að banna vegna slysahættu. Mér finnst miklu nær, talandi um að skoða áhættuþætti og annað, að við skoðum fleiri greinar og kickboxið þá sérstaklega með tilliti til þess að banna iðkun.

Hér hefur mikið verið talað um jafnræðisregluna og því verði að leyfa þessa íþrótt enda sé ekki meiri slysahætta af henni en öðrum. Við erum hins vegar laus við þessa íþróttagrein. Það eru margir sem öfunda okkur af því. Það hefur líka komið fram að það er verið að endurskoða reglur Ólympíunefndarinnar. Þegar við fórum yfir þetta í fyrra kom a.m.k. fram að verið væri að athuga hvort ekki ætti að hætta við keppni í þessari íþrótt. Ég held að við ættum að láta þetta mál niður falla þar til ljóst verður hvar þessi íþrótt stendur varðandi Ólympíuleikana. Því hefur verið haldið fram að þetta sé göfug íþrótt þar sem hún sé keppnisíþrótt á Ólympíuleikunum.

Í mínum huga tengist þetta ekki bara áhættuþáttum íþróttagreinarinnar, sé hún rétt stunduð með réttum hlífðarbúnaði, dómurum og þjálfurum, heldur eðli íþróttarinnar, þ.e. bardagaeðlið, að berja á öðrum. Mér finnst að við ættum öll að leggja okkur fram við að reyna að draga úr ofbeldi og ofbeldisdýrkun. Ég held að það sé ekki að ástæðulausu að lögreglan í Reykjavík hefur áhyggjur af því að ef við innleiðum þessa íþróttagrein þá geti hún rutt brautina fyrir atvinnubox. Ég held að við ættum að leyfa okkar ungu íþróttamönnum að njóta vafans og vera laus við þann skaða sem þessi íþrótt getur valdið. Við ættum frekar að reyna að einhenda okkur í að draga úr öllu því sem eykur ofbeldi og ofbeldisdýrkun hér á landi.

[15:38]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Hér er fjallað um hnefaleika. Ég veit að það er vinsælt og skemmtun í hugum margra að horfa á hnefaleika en mér finnst merkilegt að líkja þessari svokölluðu íþrótt við aðrar íþróttagreinar, við íþróttagreinar yfir höfuð. Ég fæ ekki séð að það sé íþrótt að lemja andstæðinginn. Ég fæ ekki skilið að það sé efni til þess að standa að keppni. Ég tel að það útskýri að mörgu leyti hvers vegna Alþingi ákvað á sínum tíma að taka sérstaklega á hnefaleikum og setja lög varðandi þá. Það er að vissu leyti sérstakt og því eðlilegt að þeir sem eru áhugasamir um hnefaleika vilji láta taka málið upp af því hve sérstakt það er. Ég held að þar sem Alþingi tók þessa ákvörðun þá sé eðlilegt, þegar málið er lagt fram á ný, að þingmenn segi skoðun sína á því.

Mér virðast mörg læknisfræðileg rök hníga að því að eðlilegt sé að banninu verði fram haldið. Ýmsar tölur sem þingmenn hafa minnst hér á benda í misjafnar áttir. Mér finnast hins vegar mikilvæg þau rök sem fram komu frá Læknafélagi Íslands og, með leyfi forseta, vil ég vitna hér í eina grein úr bréfi félagsins til menntmn. 23. mars árið 2000, en þar segir:

„Hnefaleikar eru hættuleg íþrótt. Ólíkt öðrum íþróttum er markmið íþróttarinnar að valda líkamstjóni hjá andstæðingi. Hnefaleikar valda aukinni tíðni af varanlegum heilaskaða og geta dregið þátttakendur til dauða."

Mér finnst að þegar um er að ræða fagfólk eins og í Læknafélaginu, formaður Læknafélagsins sendir slíkt bréf fyrir hönd þessa félags og þeir hafa einmitt sérþekkingu á læknisfræðilegum rökum, sé erfitt annað en að taka mark á þeim þegar við ræðum um slys og tjón af völdum hnefaleika. Mér finnst eðlilegt að við hlustum á rök fagmanna okkar. Ég leggst því gegn þessu frv.

Mér finnst líka að það séu ekki aðeins læknisfræðileg rök gegn þessu heldur einnig siðferðisleg og uppeldisleg. En áður en ég lýk máli mínu um Læknafélagið vil ég minna á að í bréfi þess kemur fram að í samanburðarhópi í austurríska rannsókn, þar sem um var að ræða 25 einkennalausa einstaklinga og 25 sem í samanburðarhópi höfðu tekið þátt í 40 keppnum í hnefaleikum, sýndu 76% einhver meiðsl vegna þessarar þátttöku. Það er mjög hátt hlutfall. Ég hef ekki trú á því að Læknafélagið mundi senda frá sér slíkar upplýsingar nema það hefði allgóð rök fyrir því, enda fylgja tilvitnanir með í bréfi þeirra.

Burt séð frá læknisfræðilegum rökum sem menn hafa rifist um hér lengi dags þá er líka þessi siðferðilega spurning: Hvað á ég að segja við barnið mitt? Á ég að segja: Þú mátt ekki lemja systkini þín, ekki bróður þinn, ekki systur þína, ekki skólafélaga en gjörðu svo vel, farðu og lemdu einhvern í hnefaleikum. Það er í góðu lagi. Hvernig í ósköpunum er hægt að rökstyðja með siðferðilegum rökum að suma megi lemja samkvæmt vissum reglum en ekki aðra? Í mínum huga má ekki lemja, það er mjög einfalt. Mér finnst þetta siðferðilega rangt og þess vegna er ég mótfallin þessu.

Ég skil vel að hér komi fram ýmsar rannsóknarniðurstöður með og á móti. Við munum líka að lengi voru lögð fram rök með og móti tóbaki af því að það er jú kannski auðvelt

að kaupa skoðanir. Þær eru líka til sölu. Ég man eftir því að sem krakki las ég bók þar sem stóð að tóbak stöku sinnum væri nú ekki skaðlegt líkamanum. Þessi bók hét Bókin um mannslíkamann og átti að vera fræðandi efni um mannslíkamann og heilsufar. Sú skoðun hefur nú snarlega breyst og ég hygg að þetta hafi ekki verið nægilega vel rannsakað en það eru hins vegar nægilegar rannsóknir að mínu mati sem styðja að þetta sé ekki í lagi. Siðferðileg, uppeldisleg og læknisfræðileg rök byggð á rannsóknum benda til að þetta sé óskynsamlegt. Þess vegna tók Alþingi þessa ákvörðun og þess vegna held ég að Alþingi eigi að standa við þá ákvörðun óbreytta.

[15:42]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta virðist sama tuggan hjá þeim sem eru á móti málinu, þ.e. læknisfræðileg rök, þó að þeir sem eru fylgjandi því hafi sýnt fram á að það sé öfugt.

Ég ætla að spyrja hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur hvort hún ætli að banna það að börnin hennar stundi karate eða tae kwon do eða eitthvað slíkt. Þetta er ekkert spurning um að lemja andstæðinginn, þetta er ekki spurning um að lemja, að berja eða kýla hann.

Af því að hér hefur m.a. verið talað um börn þá fer fram á hverju ári mót í Bandaríkjunum í ólympískum hnefaleikum sem nefnast Silver Gloves og Golden Gloves. Silver Gloves er ætlað krökkum og unglingum á aldrinum 8–15 ára. Þátttakendur eru um 2.700 og fjöldi bardaga er yfir 2.000, sem eru 5.000–6.000 lotur á ári. Það hefur ekki komið upp eitt einasta tilfelli síðustu átta ár þar sem læknishjálpar hefur verið þörf í kringum þessa keppni. Ég spyr: Er þetta hættuleg íþróttagrein?

Árin 1997 og 1998 — fyrst menn draga í efa þessar tölfræðiupplýsingar — voru bardagar í ólympískum hnefaleikum yfir 23.000 og þátttakendur nálægt því sama, um 23.000. Skráð meiðsl á þessum mótum árið 1998 voru einungis 98. Þetta eru líka sýningar og annað, t.d. silfur- og gullhanskamótin í Bandaríkjunum. Athugið að enginn hefur slasast á silfurhanskamóti. Þegar fólk segir hér, ágætir þingmenn sem eru á móti þessu, að íþróttin sé svo hættuleg og siðferðilega ómögulegt þá vísa ég því alfarið á bug.

[15:44]

Drífa J. Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ég svari því að ég er mótfallin hvers kyns ofbeldi. Ég vil hvorki að mín börn né önnur börn stundi ofbeldi og alls ekki að þau lemji aðra eða skaði með nokkrum hætti. Mér finnst það sem hér er um að ræða, það ofbeldi sem beitt er, þau högg sem veitt eru í hnefaleikum snúast um afleiðingar sem koma fram áratugum seinna. Menn geta ekki sagt að það sem gerist í dag komi ekki fram síðar vegna þess að það eru til skýrslur sem sýna það. Ég trúi því sem Læknafélagið segir og ég vil að við tökum mark á Læknafélaginu í þessum efnum. Ég tel að íþrótt sem er til þess fallin að menn gangi í skrokk hver á öðrum, reyni að valda líkamstjóni og vanka andstæðinginn sé ekki innan þeirra marka að ég geti talið það til íþróttagreina. Slíkt athæfi er ekki innan þeirra marka sem ég tel siðferðilega rétt að standa að að samþykkja.

[15:45]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. á að við erum þátttakendur í Ólympíuleikum og höfum verið það um langan tíma frá því að við hlutum sjálfstæði og þar á undan líka. En frá 1904 hafa ólympískir hnefaleikar verið grein á Ólympíuleikum. Við erum eina landið í heiminum sem bannar þá. Og skiptar skoðanir eru meðal lækna um þetta mál. Hér hafa menn verið að tala um höfuðhögg og heilaárekstra og annað slíkt.

Ég var að horfa á knattspyrnuleik í gærkvöldi þar sem varnarmennirnir höfðu nóg að gera við að skalla boltann. Eru til sannanir um að heilaáverkar hafa orðið vegna þess arna í knattspyrnu. Ef fólk ætti að vera samkvæmt sjálfu sér ætti það að leggja fram tillögu um að banna íþróttir eins og tae kwon do, fótbolta og annað slíkt. En það er ekki um slíkt að ræða. Þetta er heilbrigð íþrótt, en meginmálið er þetta: Við erum eina landið sem bönnum þessa íþrótt og við verðum að hafa það val að geta stundað þá íþróttagrein sem við viljum. Búið er að margsanna að þessi íþróttagrein er ekki hættulegri en aðrar íþróttagreinar nema síður sé. Þegar fólk er að tala um að verið sé að taka þetta upp aftur, þá vil ég benda á að komnar eru fram nýjar rannsóknir, það eru alltaf að koma nýjar rannsóknir á hverju ári sem styðja málið. Þess vegna var málið lagt fram aftur.

[15:47]

Drífa J. Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að þetta er í hugum margra vinsælt mál og einhverjir telja að það sé skemmtun að horfa á þetta og vitnað er til þess að þetta sé leyft í öðrum löndum. En þó að einhverjir keyri yfir á rauðu, aki of hratt eða aðhafist eitthvað sem við erum ósammála, þá er ekki þar með sagt að við þurfum að fylgja fordæmi þeirra.

[15:48]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að flytja mál sem flutt var á síðasta þingi og var fellt. Nú er það endurflutt í ljósi einhverra nýrra upplýsinga sem ég hef ekki alveg heyrt nákvæmlega hverjar eru, en það er allt í lagi. Við búum í lýðræðisríki og menn mega koma með sömu tillögurnar aftur og aftur og láta fella þær aftur og aftur. Kannski verður þetta samþykkt núna vegna þess að komin eru ný og sterk rök í málinu. Ég tel það reyndar ekki vera rök að við eigum að samþykkja eitthvað af því að allir aðrir hafi gert það. Íslendingar hafa margt sem aðrir í heiminum hafa ekki.

Mig langar til að segja frá minningu sem ég á um það þegar ég var rétt byrjaður að lesa og stauta fram úr ýmsum fréttum í blöðum. Ég gleymi þessu aldrei. Annaðhvort í Vísi eða Morgunblaðinu var mynd af tveim boxurum. Myndin var af þeim báðum og annar lá við einhverja kaðla og hinn var að berja en það dapurlegasta við þetta var að talið var að sá sem lá utan í köðlunum væri látinn. Áhorfendahópurinn vissi það náttúrlega ekkert og hrópaði og gargaði í öllum æsingnum og hrifningunni við að horfa á þennan göfuga slag — að því er margir telja slíkt vera. Þetta orkaði sterkt á mig og mér fannst þetta mjög ljótt og þetta var ömurlegt. Þetta hafði mjög djúp áhrif.

En þetta er allt annað, segja menn, vegna þess að nú erum við að tala um „ólympíska hnefaleika“, og tala um þá sem göfuga og mikla íþrótt. En eðli íþróttarinnar er ekkert annað en það að verið er að berja andstæðinginn, þann sem verið er að keppa við. Það er árásin, snilld árásarinnar sem er það mikilvægasta í íþróttinni. Það er ekki vörnin þó að menn dáist að því hversu vel menn geta varist og borið hönd fyrir höfuð sér, þá er vörnin samt ekki meginmálið í íþróttinni. Það er að geta slegið hinn niður.

Mér finnst það einnig segja heilmikið um þetta mál þegar menn eru að tala um að það verði séð um að svo og svo mikið af læknum og hjúkrunarliði muni ganga úr skugga um að sá sem er barinn komist ekki til þess að slást aftur mjög fljótlega, innan ákveðinna daga var talað um.

Hjá mér hefur sú spurning vaknað hversu margir flutningsmanna þessa máls mundu vilja lögleiða atvinnumannahnefaleika. Það er svo sem önnur saga en vekur samt ákveðna forvitni.

Í dag er sagt að ofbeldi í landi okkar fari vaxandi og árásarhneigð hafi aukist, ekki einungis hjá fullorðnum heldur líka hjá yngra fólki og margar fréttir eru birtar um það árlega í blöðum og annars staðar. Ég held að lögleiðing þessarar íþróttar, ólympískra hnefaleika, muni leiða til þess að börn og unglingar muni fá aukinn áhuga fyrir því að taka þátt í slagsmálum og að ybba hnefana hvert framan í annað. Það er mín skoðun. Ég tel að við þurfum ekkert að auka slíkt í landinu.

Hvar er barnið þitt? Það er á íþróttaæfingu. Það er að æfa fótbolta, hástökk eða er í frjálsum. Mér þætti ankannalegt að svara spurningunni: Það er í boxi, það er að æfa box. Það rímar ekki við hugsun og tilfinningu mína. Ég held að það eigi við um marga fleiri að vilja ekki sjá börnin sín vera í þeirri íþrótt sem heitir ólympískir hnefaleikar. Foreldrar vilja að því er ég tel mikið frekar að börnin þeirra séu í öðrum uppbyggilegri íþróttum. Skrýtið er að hugsa um það að barn manns komi af íþróttaæfingu niðurbrotið af því að það var lamið niður og því gekk alls ekki vel á boxæfingunni. Það eru svo margar hliðar á þessu sem mér finnst vera þess eðlis að við eigum ekki að lögleiða ólympíska hnefaleika. Síðan þegar búið væri að lögleiða þá, skyldi þá ekki einnig blunda í flutningsmönnum löngun til að koma með annað frv. um lögleiðingu atvinnuhnefaleika? En ég ætla ekki að dæma um það því auðvitað veit maður ekki hvað aðrir hugsa. Fólk segir náttúrlega oft ekki nema lítið af því sem það er að hugsa. Það er nú bara þannig með mannskepnuna.

Skoðun mín er sem sagt sú að ekki eigi að lögleiða og leyfa ólympíska hnefaleika hér á landi.

[15:56]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru miklar rangfærslur í ræðu hv. þm. að mínu mati. Nokkrar fullyrðingar um að aðalmarkmiðið væri að slá andstæðinginn niður og það væri ekki vörnin sem gilti heldur sóknin. Þetta er alrangt. Hv. þm. sem er prestlærður og prestur sagði: Unglingar að ybba sig hver framan í annan með hnefunum, og barnið var lamið niður á íþróttaæfingunni.

Ég þarf að fara yfir nokkur atriði því að hv. þm. hefur greinilega ekki hlustað á ræðu mína frá því í fyrradag. Atvinnumannahnefaleikar eru allt annað en ólympískir hnefaleikar og það er skoðun mín að ekki eigi að lögleiða atvinnumannahnefaleika. Þeir voru bannaðir 1956 og það bann stendur áfram. Ég er enginn sérstakur áhugamaður um hnefaleika. Ég er áhugamaður um að menn hafi hér jafnrétti til að velja hvaða íþróttagrein þeir vilja stunda sem er ekki hættuleg. En munurinn á áhugamannahnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum er sá að í ólympískum hnefaleikum eru notaðar höfuðhlífar og mun þykkari hanskar sem eru allt að 50% þyngri, efnismeiri og þeir eru sérhannaðir til að draga úr skaðsemi höggins. Loturnar eru þrjár í þrjár mínútur eða fjórar í tvær mínútur eða fimm í tvær mínútur í staðinn fyrir 10 eða 12 lotur í atvinnumennsku. Ólympískir hnefaleikar snúast um að skora stig. Engin aukastig eru gefin fyrir að slá andstæðinginn niður eða rota hann og hugtakið „tæknilega sleginn út" er ekki til.

Og að sjá fyrir sér myndina af boxaranum við kaðlana sem var látinn þegar verið var að berja hann — slíkur málflutningur er ekki þingmanninum sæmandi. Þetta hefur verið í atvinnumannaboxi, ekki ólympísku boxi. Hvers vegna er þingmaðurinn að draga þetta fram?

[15:59]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var aðeins að segja frá gamalli og mjög áhrifaríkri minningu sem ég átti og auðvitað var þetta í atvinnumannaboxi. Mér finnst allt í lagi að draga þetta fram vegna þess að atvinnumannaboxið eða hnefaleikar og ólympískir hnefaleikar hafa í raun og veru svipað markmið. Hnefaleikar hvort sem þeir eru ólympískir eða ekki hafa sama tilgang, þ.e. að koma höggi á andstæðinginn. Það er næstum því verið að tala um eins og engin hætta sé á ferðum og þetta sé allt í lagi. Eðli íþróttarinnar, það er alveg sama hvað menn segja, byggist upp á því að andstæðingarnir eða þeir sem eru að kljást lemji hvor annan. Það er ekkert öðruvísi og það er alveg sama þó að menn setji á sig þykka og mikla hanska eða setji á sig hlífar þá er markmiðið það að koma höggi á andstæðinginn og helst í höfuðið. Það er ekkert öðruvísi. Þetta vildi ég segja.

[16:00]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þessu og til að upplýsa hv. þm. þá er box sjálfsvarnaríþrótt. Það er heldur ekki ætlunin að það verði meiðsl í karate eða júdó eða kumite en þar er markmiðið að komast inn fyrir varnir andstæðingsins. Það er ekki meiningin að meiða hann. En svoleiðis verða meiðslin í þeirri íþrótt og fleiri íþróttum.

Komum aftur að knattspyrnunni af því að verið er að segja að þetta sé slæmt fyrir heilsuna og það eru aðalmótrökin við þessu. Það hefur verið sýnt hér ræðu eftir ræðu, rannsókn eftir rannsókn að ólympískir hnefaleikar eru ekki hættulegri en aðrar íþróttagreinar.

Því spyr ég: Hvers vegna má ekki leyfa þá? Jú, hér eru þingmenn sem vilja hafa vit fyrir öðrum í landinu og segja: „Við teljum þetta ómögulegt og ekki gott fyrir ykkur." Líkt eins og hefur verið með önnur boð og bönn sem hafa verið sett á þinginu. Sem betur fer er nú árið 2001, eins og ég sagði hérna um daginn, 2001 eftir Krist þannig að ég vona að þetta breytist svona smám saman.

[16:02]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Ber að skilja það svo að hnefaleikaíþróttin byggist ekki á því að menn reyni að koma höggi hver á annan heldur að verjast? Ég skildi ekki verkfræðinginn alveg rétt, eða hvað? Ég spyr.

Nei, ég segi að ég held að svo hljóti að vera, eða að a.m.k. er svo í mínum huga, að ég vil frekar að börn mín stundi knattspyrnu en að þau fari að æfa hnefaleika. Þar er allt annar hugur og allt önnur hugsun að mínu viti. Ég get náttúrlega ekki talað öðruvísi en út frá mínu hjarta og skynsemi minni. Það er allt önnur hugsun og meining í boxíþróttinni en í knattspyrnunni. Í boxinu, í hnefaleikunum, er ætlunin og markmiðið að kýla í andstæðinginn. Það er ekkert öðruvísi. Við sjáum það, hvort sem það er í ólympískum hnefaleikum eða venjulegum.

[16:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög mikið. Þó skyldi maður aldrei segja slíkt í upphafi ræðu því það hefur oft orðið til þess að ræðurnar hafa orðið mjög langar og erfiðar.

Segja má að það hafi komið mér afskaplega mikið á óvænt þegar þessi uppvakningur kom hérna inn í þingið, þessi tillaga sem við börðumst við af alefli síðasta vor og var að lokum felld í afgreiðslu í þinginu á vordögum að þá er varla þornað blekið á þeirri afgreiðslu fyrr en tillagan er komin inn á þing og það í óbreyttri mynd.

Hv. 1. flm., hv. 2. þm. Reykn., Gunnar Birgisson, hefur ýjað að því hér í dag að hann hafi nýjar upplýsingar í málinu sem geri það að verkum að nú flytji hann tillöguna þó að árið sé ekki liðið frá því að hún var felld. En ég verð að segja að hann fer nokkuð vel með þær upplýsingar. Ég hef hlustað mjög gaumgæfilega á umræðuna, hélt ég. Þó ekki á alveg allt og ég hef ekki heyrt þessar nýju upplýsingar. Mér finnst þetta vera mikil endurtekning á sömu tuggu og var endurtekin sí og æ frá sömu pólunum á liðnu vori. Þetta fer að minna mann á frægt kvæði um glímu Grettis við drauginn Glám, að þurfa stöðugt að standa hér og berjast við þennan uppvakning.

Tillagan er í sjálfu sér ákaflega einföld. Hún gerir ráð fyrir að það sé brotið á bak aftur það bann sem var sett við hnefaleikum hér á Alþingi árið 1956, m.a. fyrir forgöngu þingmanna Sjálfstfl. á þeim tíma og man ég sérstaklega eftir hv. þm. Kjartani Jóhannssyni sem beitti sér mjög í því máli. Það hafa orðið kynslóðarskipti í flokknum enda hefur hv. 1. flm. málsins minnt okkur ítrekað á að nú sé komið árið 2001 og þess vegna finnst þeim mikil þörf á að aflétta þessu gamla baráttumáli flokksins.

Ég verð að segja að það hafa komið inn í þessa umræðu, finnst mér, mjög afdráttarlaus rök fyrir því að þessi íþrótt er skaðleg. Hún er skaðleg. Gert er ráð fyrir að ólympískir hnefaleikar séu stundaðir af fólki á öllum aldri og gert er ráð fyrir keppni allt niður í átta ára barna, keppni í ólympískum hnefaleikum. Gert er ráð fyrir því að þau séu þarna inni í einhverjum hring, að vísu með hlífar á höfðinu, en séu sem sagt eftir ítrekaðar æfingar og langar, skyldi maður ætla, að reyna að koma höggi hvert á annað, helst á höfuðið og rothögg gefur stig. Eðli þessarar íþróttagreinar er þannig, þetta er árásaríþótt. Þarna er verið að ala börn og ungmenni upp í að ráðast á andstæðinginn, veita honum högg, helst sem illyrmislegust og helst á höfuðið og helst rothögg. (**Gripið fram í:** Kýla.) Kýla, já. Ég verð að segja að það finnst mér ekki sæmandi Alþingi að það skuli vera eytt ár eftir ár dýrmætum tíma Alþingis í að koma þessum uppvakningi í gegnum þingið og er nú mál að linni, hæstv. forseti.

Það hefur komið fram að slys yrðu í öðrum íþróttagreinum og það er alveg rétt. Það hefur komið úr óvæntri átt að hv. 1. flm. þessa máls hefur ítrekað spurt um það á hv. Alþingi hvort ekki væri ástæða komin til að banna t.d. fótbolta og svo hefur hann nefnt karate, því að þetta væru mjög hættulegar íþróttagreinar, þarna væru mikil slys. Ég undra mig á því að hv. þm. skuli ekki beita sér fyrir svona til tilbreytingar að flytja þá frv. um þessi áhugamál sín frekar en að vera ítrekað að flytja hér sama málið. Þetta er bara eins og biluð grammófónplata.

Hér hefur verið vitnað í einn sálfræðing og einn uppeldisfræðing sem komu á fund hv. menntmn. í fyrra og töldu að það gæti verið af hinu góða að ungmenni sem ættu í erfiðleikum ættu þess kost að stunda áhugamannahnefaleika. Ég verð að segja að ég tel að þeir aðilar sem komu þarna inn í nefndina og sögðu það sem var margendurtekið að væri þeirra persónulega álit, hafi ekki endurspeglað almennt álit fólks í þessum atvinnugreinum. Ég get a.m.k. borið vitni um að ég hef lengi, kannski allt of lengi, unnið við að ala upp börn. Ég var barnakennari í næstum 30 ár. Ég verð að segja að ég held að það hefði ekki heppileg áhrif á börn frá mínum sjónarhóli séð að þau væru í sérstökum æfingum, þó að þau væru þar með hanska og einhverjar grímur á höfðinu, þar sem þau væru að æfa sig að kýla hvert annað. Ég mundi segja að það hefði ekki heppileg áhrif á þetta vandamál sem maður hefur verið að glíma við á leikvöllunum í gegnum tíðina, að það er einn og einn sem er náttúrlega að berja aðra. Ég þekki þá ekki börn rétt eftir öll þau afskipti sem ég hef haft af þeim ef slíkar æfingar hefðu góð áhrif á hegðun þeirra á leikvelli.

En ég var búin að taka það fram í upphafi ræðu minnar að ég ætlaði ekki að lengja umræðuna en mér fannst nauðsynlegt að leggja orð í belg, einkum hvað það varðar að ég tel algjörlega fyrir neðan allt velsæmi að tími þingsins sé tekinn ár eftir ár í þetta mál þegar mörg brýn mál liggja fyrir.

[16:12]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að þessi þingsalur og þingið væri einmitt til að ræða mál.

Það var með ólíkindum hvernig hún sneri hérna öllu öfugt upp á allt í þessu, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir. Bannið við hnefaleikunum er bann við atvinnumannahnefaleikum. Það eru nokkur atriði sem þingmaðurinn verður að átta sig á. Það er alveg rétt, það er óháð aldri hvernig þetta er stundað en meiningin er að Íþróttasamband Íslands setji reglur þar að lútandi. Það eru menn sem stunda þetta og hafa stundað þetta og ég þekki ég einn sem er núna áttatíu og tveggja ára og stundar þetta enn þá og er við hestaheilsu og þetta er líkamshreyfing hans og æfing.

Það vantaði ekki kjarnyrtar lýsingar: „Rothögg gefur flest stig.“ Ef þingmaðurinn hefði hlustað á mig bara fyrir nokkrum mínútum: Rothögg gefur ekki neitt extra stig. Það er bara eins og venjulegt högg, ekkert extra stig (Gripið fram í.) eða flest stig. Það gefur stig eins og önnur högg sem hitta. Og það eru illyrmisleg högg. Innan við 1% af bardögum í ólympískum hnefaleikum enda með að andstæðingurinn er sleginn í gólfið og það er verið að gera svona mikið úr því. Það er verið að gera mikið úr því. Hún talar um að flytja frv. og banna karate o.fl. Það er fyrir þá sem vilja hafa vit fyrir þjóðinni, að hún megi ekki stunda íþróttir nema þær séu ekki hættulegar að þeirra mati.

Ég ætla ekki að flytja það því að ég vil að þjóðin geti valið um hvaða íþróttir hún stundar sjálf. En það eru þessir forsjárhyggjuþingmenn sem ættu að koma þessi frumvörp ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir.

Vörnin í ólympískum hnefaleikum er jafnmikilvæg og sóknin. Það er það sem ég var að segja áðan. Það er auðvelt fyrir hv. þm. að reyna að snúa út úr þessu.

[16:14]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bann við hnefaleikum, atvinnumannahnefaleikum. Ég tel og það er persónuleg skoðun mín og ég veit að margir styðja hana, að ef við mundum leyfa hér ólympíska hnefaleika þá mundum við fá yfir okkur keppni

og við mundum fá yfir okkur kröfur um að leyfðir væru atvinnumannahnefaleikar. Ég veit það af ýmsum skeytum sem ég fékk á tölvu í fyrravor meðan þessi mál voru til afgreiðslu, og það barst nú út að ég væri andstæðingur þessa máls, þá fékk ég skeyti frá ýmsum ungum mönnum sem voru að stunda þessa íþrótt. Ég verð að segja að af innihaldi þeirra skeyta varð ekki ráðið að þessi iðkun hefði haft mjög göfug áhrif á þann hóp, því miður.

Ég er einn af forsjárhyggjumönnunum í þessu máli. Það er rétt og ég er stolt af því. Ég veit að margir hafa öfundað okkur Íslendinga gegnum tíðina sem ég hef átt samstarf við á erlendri grund um að hér séu bannaðir hnefaleikar. Unnið er að því að svo verði gert t.d. í Noregi og það er mjög einarðlega unnið að því í Bretlandi líka.

[16:16]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér kemur þessi tugga frá hv. þm. að ef við leyfum ólympíska hnefaleika þá verði atvinnumannahnefaleikar leyfðir. Við flutningsmenn þessa frv. höfum margoft sagt að við séum ekki þeirrar skoðunar, við séum ekki með því og munum ekki leggja slíkt frv. fram og að við viljum ekki leyfa þá hér. Þeir voru bannaðir hér 1956.

En forsjárhyggjuþingmennirnir, m.a. hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, vilja hafa vit fyrir landanum líkt og gert var á Alþingi áður með bjórinn. Þetta er svipað mál. Sagt var að þjóðin mundi verða á fylliríi um leið og þetta væri leyft og áfengisneysla mundi aukast einhver ósköp. En það þveröfuga gerðist, áfengisneysla minnkaði neysluvenjurnar breytust kannski til hins betra. Þetta er svona svipað mál. Þetta eru gamlir draugar, gamlir uppvakningar, sem ætti náttúrlega að vera búið að hreinsa út úr þingsölunum fyrir löngu. Meðan slíkt óréttlæti er í gangi mun ég berjast á móti því. Ég mun berjast fyrir því að fólk hafi val, val um að stunda íþróttir sem eru heilsusamlegar og séu ekki hættulegar og box er ekki hættuleg íþrótt.

[16:17]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir að hér hafi verið í gildi bann þá mun það vera svo að hér sé nokkuð stundað box. Hópur þekktra Íslendinga kom hingað í þinghúsið í fyrra og hafði viðdvöl í þinghúsinu eða á göngum í þinginu þegar þessi mál voru til umræðu. Þetta var hópur mikilla áhugamanna um að box væri stundað á Íslandi og þá ekki bara áhugamannahnefaleikar. Fyrr á fundinum var lesið upp úr viðtölum við unga menntaskólanema sem voru að stunda keppni í boxi og fóru ekki eftir neinum reglum og var það ekkert sérstaklega fögur lýsing.

Hv. þm. Gunnar Birgisson talar um draugagang, að þetta hnefaleikabann sé einhver draugur sem þurfi að kveða niður. Mér finnst þessi síendurtekni flutningur frv. sem búið er að fella, sem búið er að knésetja, sem búið er að slá út, hæstv. forseti, miklu alvarlegri draugagangur en annar sá draugagangur sem hefur verið til umræðu í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Óhefðbundnar lækningar, fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 173. mál. — Þskj. 176.

[16:19]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stöðu óhefðbundinna lækninga. Flutningsmenn tillögunnar ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Hjálmar Jónsson, Páll Magnússon og Sverrir Hermannsson. Þetta er því tillaga flutt af þingmönnum allra flokka, þverpólitísk tillaga.

Tillagan orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundunum lækningum er hér átt við nálarstungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), hnykklækningar (chiropractic), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.

2. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.

3. Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.

4. Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrrh. um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í aukum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. maí 2001 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2001."

Þessar tímatakmarkanir munu að öllum líkindum taka breytingum vegna þess hversu langt er síðan tillagan var lögð fram.

Herra forseti. Forsaga tillögunnar er sú að árið 1999 lagði sú sem hér stendur fram skýrslu í félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefnd Evrópuráðsins, þar sem ég á sæti. Sú skýrsla fjallaði einmitt um óhefðbundnar lækningaaðferðir og ber heitið á ensku „A European approach to non-conventional medicines." Skýrsla þessi var síðan einróma samþykkt sem ályktun til ríkisstjórna aðildarlanda Evrópuráðsins. Skýrsla sama efnis eða lík skýrsla var samþykkt í Evrópusambandinu fyrir tæpum fjórum árum og er kölluð svokölluð Lanoy eða Collins skýrsla.

Samkvæmt tillögu þeirri sem hér er lögð fram er heilbrigðisráðherra falið að skipa nefnd til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi. Í tillögunni eru taldar

upp nokkrar lækningaaðferðir sem taldar eru óhefðbundnar á mælikvarða vestrænna læknavísinda en sú upptalning er engan veginn tæmandi. Að auki má nefna jóga, heilun og náttúrulækningar ýmiss konar og er gert ráð fyrir að nefndin kanni einnig stöðu þessara aðferða eftir því sem tök eru á. Í 2. mgr. tillögugreinarinnar eru talin upp nokkur atriði sem gert er ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega. Þar er ekki heldur um tæmandi upptalningu að ræða en gert er ráð fyrir að nefndin kanni að eigin frumkvæði fleiri atriði sem málinu tengjast.

Þá er í 3. mgr. lagt til að nefndin hafi forgöngu um að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækningaaðferða og hversu algengt er að menn nýti sér þær. Fleiri atriði mætti athuga í könnun sem þessari og er gert ráð fyrir að nefndarmenn meti hvort gagnlegt er að gera það.

Þegar nefndin hefur lokið þeirri vinnu sem að framan greinir er lagt til að hún móti og skili til heilbrigðisráðherra tillögum, byggðum á fengum niðurstöðum, um það hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga.

Mikilvægt er að sem flestir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í nefndinni. Eðlilegt er að læknar og hjúkrunarfræðingar eigi sinn fulltrúa hvor, þá er nauðsynlegt að hafa a.m.k. tvo aðila með sérþekkingu á óhefðbundnum lækningum og loks væri eðlilegt að formaður nefndarinnar og varaformaður verði lögfræðingar. Annars er heilbrigðisráðherra frjálst að skipa nefndina eins og hann telur best, samanber orð ályktunarinnar. Flutningsmenn vilja þó leggja áherslu á nefndin verði skipuð víðsýnum mönnum með góða sérþekkingu á sínu sviði.

Óhefðbundnar lækningar hafa orðið sífellt meira áberandi á undanförnum árum og er ljóst að sjúklingar reyna í auknum mæli ný meðferðarúrræði. Tekið skal fram og lögð á það áhersla að ekki eru dregnir í efa yfirburðir hefðbundinna lækninga. Hins vegar verður að telja að ólík form lækninga eigi að geta dafnað hlið við hlið án þess að til beinna hagsmunaárekstra þurfi að koma.

Frelsi sjúklings til að velja sér meðferð á að vera meginregla sem ganga skal út frá við setningu laga og reglna um þessi efni. Fara verður varlega í að takmarka þetta frelsi og sterk rök verða að vera fyrir slíkum takmörkunum. Gild rök gætu verið að tiltekin meðferð sé beinlínis hættuleg heilsu og lífi manna. Ekki er nægjanlegt að yfirvöld láti málin afskiptalaus. Í afskiptaleysi felast takmarkanir sem nauðsynlegt er að afnema. Þær koma meðal annars fram í því að notendur óhefðbundinna lækninga njóta ekki sama bótaréttar og notendur almennrar heilbrigðisþjónustu ef þeir verða fyrir tjóni. Þá felst veigamikil takmörkun í því að þeir sem stunda óhefðbundnar lækningar eiga ekki möguleika á að fá nám sitt viðurkennt og fá starfsréttindi en það gerir notendum þjónustunnar erfitt um vik við að meta hvort bjóðandi hennar er í raun hæfur til að veita hana. Óhefðbundnar lækningar hafa ekki verið taldar falla undir skilgreiningu á hugtakinu „eiginleg heilbrigðisþjónusta“, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Því eru óhefðbundnar lækningar ekki undanþegnar virðisaukaskatti eins og önnur heilbrigðisþjónusta. Þetta gerir það að verkum að þjónustan verður oft dýrari en góðu hófi gegnir, sem hlýtur að takmarka möguleika fólks á að nýta sér hana.

Ég vil geta þess að Danir og Norðmenn, að því er mér skilst best, hafa undanþegið þessa þjónustu virðisaukaskatti og tel ég persónulega það skoðunarvert hvort við ættum ekki að íhuga það sama.

Tekið skal skýrt fram að flutningsmenn telja ekki að óhefðbundnar lækningar eigi að njóta niðurgreiðslna af hálfu hins opinbera með sama hætti og hefðbundin heilbrigðisþjónusta að svo stöddu. Meta verður það í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekið meðferðarform hafi gefið það góða raun að réttlætanlegt sé að verja almannafé til eflingar þess.

Til að unnt sé að afnema takmarkanir sem þessar er nauðsynlegt að skapa lagaramma um starfsemina. Hér er fyrst og fremst átt við reglur um viðurkenningu náms og veitingu starfsréttinda. Slíkar reglur eru forsenda þess að yfirvöldum sé unnt að skilja á milli þeirra sem eru hæfir til að stunda mismunandi greinar óhefðbundinna lækninga og þeirra sem í almennu tali eru kallaðir fúskarar eða jafnvel skottulæknar en það vill loða við að allir sem leggja stund á óhefðbundnar aðferðir séu settir undir sama hatt að þessu leyti og iðulega óverðskuldað.

Ávinningur og áhrif af setningu reglna um þetta efni eru margvísleg og að ýmsu leyti ótvíræð. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að starfsemi þessi yrði sýnileg en ekki er óvarlegt að fullyrða að núna séu þessar lækningar að miklu leyti stundaðar sem svokölluð svört atvinnustarfsemi. Með setningu reglna er kominn grundvöllur fyrir eftirlit yfirvalda, sem ásamt stofnun hagsmunasamtaka þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar sem nýlega hafa verið stofnuð og kallast Félag íslenskra græðara ætti að leiða til aukinna gæða þjónustunnar og um leið aukins öryggis þeirra sem nýta sér hana. Hagsmunum sjúklinga er best borgið með vel menntuðum og hæfum sérfræðingum, sem eru meðvitaðir um eigin takmarkanir og starfa í samræmi siðareglur og aðrar reglur sem settar kunna að verða af samtökum þeirra, ásamt því að njóta aðhalds frá hinu opinbera.

Ég tel mikilvægt að vandað sé til verka við setningu umræddra reglna. Nauðsynlegt er, sérstaklega á tilteknum sviðum óhefðbundinna lækninga, að greina á milli vandaðra og óvandaðra vinnubragða og ávallt verður að setja kröfuna um öryggi sjúklinga í öndvegi.

Óraunhæft er að ætla sér að hindra tilkomu nýrra meðferðarúrræða. Sjúklingar eða fólk almennt hafnar slíkum hindrunum. Nær er að setja reglur um starfsemi á því sviði til hagsbóta þeim sem veita þjónustuna og neytendum hennar til hagsbóta.

Ég tel að í framtíðinni geti mismunandi form lækninga vel farið saman og læknar sem stunda hefðbundnar lækningar ættu jafnvel að geta stundað það sem hér er kallað óhefðbundnar lækningar samhliða hinum hefðbundnu á sama hátt og vel þjálfaðir sérfræðingar á því sviði. Til að þetta megi verða þyrfti að koma til kennsla í háskólum í meðferðarúrræðum sem hingað til hafa ekki verið talin eiga heima þar.

Mikilvægt er að efla rannsóknir á virkni og áhrifum hinna margvíslegu óhefðbundnu lækninga þar sem þekking, og þá sérstaklega það sem við köllum vísindaleg þekking, er að ýmsu leyti takmörkuð.

Á undanförnum árum hefur fjölgað mjög nýjum meðferðarúrræðum í Evrópu og jafnvel enn meira í Bandaríkjunum. Í Frakklandi hefur verið áætlað að a.m.k. 35–50% landsmanna sæki sér reglulega lækningar eða meðferð hjá aðilum sem stunda óhefðbundnar lækningar og það er ekki lítið. Þá hefur verið talið að 20–50% manna í löndum Evrópu noti óhefðbundin lyf, þ.e. náttúrulyf ýmiss konar. Á Íslandi hefur

nýlega verið metið að u.þ.b. 25% nýti sér óhefðbundnar lækningar og ég held að það sé afar varlega farið með tölur.

Það sem hefur háð meðferðarúrræðum óhefðbundinna lækninga er að þau eru yfirleitt ekki viðurkennd í vestrænum læknavísindum, eins og ég sagði áðan, og þeim er að mestu eða öllu leyti úthýst úr læknaskólum. Þeir sem ekki hafa hlotið lækningaleyfi en stunda óhefðbundnar lækningar geta átt von á því að vera ákærðir og saksóttir fyrir störf sín. Læknum með tilskilin réttindi er hins vegar frjálst að nýta sér óhefðbundnar lækningar í starfi, svo fremri sem öryggi sjúklings er ekki teflt í tvísýnu.

Óhefðbundnar lækningar hafa þó á síðustu árum hlotið aukna viðurkenningu og þá einkum í Bandaríkjunum. Árið 1992 setti ríkisstjórn Bandaríkjanna upp sérstaka skrifstofu, Office of Alternative Medicine eða OAM, sem á að standa fyrir rannsóknum á óhefðbundum læknislyfjum eða hressingarlyfjum ef ég þýði þetta beint, og kynna niðurstöður þeirra. Einnig skal bent á nýútkomna skýrslu landlæknisembættisins þessu tengda og nýlega norska skýrslu um óhefðbundnar lækningar. Gert er ráð fyrir að nefndin muni, ef hún verður skipuð, kynna sér þessar rannsóknir. Árið 1997 var úthlutað hvorki meira né minna en 12 billjónum Bandaríkjadala til að kynna sér rannsóknir í óhefðbundnum lækningum. Þá var sérstakur einkarekinn háskóli stofnaður árið 1978 í Bandaríkjunum til að bjóða upp á nám í þessu fagi.

Þróunin í Evrópu hefur verið í sömu átt þótt aðstæður þar séu talsvert öðruvísi. Útbreiddast þessara meðferðarforma eru nálarstungur og smáskammtalækningar. Í Bretlandi og Írlandi eru smáskammtalækningar stundaðar bæði af læknum og öðrum sem aflað hafa sér þekkingar á þeim og má í raun segja að hverjum sem er sé frjálst að stunda þessa tegund lækninga.

Hægt er að tína til hvað gert er í hinum ýmsu löndum Evrópu en ekki er tími til þess að þessu sinni. Ég get kannski gert það í seinni umferð en það er von mín að þessi tillaga fái góðan stuðning meðal þingmanna og geti orðið upphafið að heildarstefnumörkun og setningu laga og reglna um þessi efni. (Forseti hringir.) Þá vilja flutningsmenn varpa þeirri hugmynd fram hvort ekki sé rétt að leita samstarfs við hin Norðurlöndin um setningu samræmdra reglna.

[16:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um stöðu óhefðbundinna lækninga. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að hafa haft frumkvæði að því að þessi þáltill. er komin til þingsins en eins og kom fram í máli hv. þm. er ég einn af flm. ásamt henni og þingmönnum úr öllum flokkum.

Ég styð heils hugar að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til, að gerð verði úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og hún verði borin saman við stöðu mála annars staðar, t.d. á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Þetta er mjög þörf vinna, að safna saman upplýsingum og leita þeirra, taka á réttindamálum og kanna lagasetningu.

Hv. 1. flm. hefur farið mjög ítarlega yfir það sem nefndinni er ætlað að gera og einnig er tekið á því mjög vel í greinargerð með ályktuninni. Eins og kom fram hafa óhefðbundnar lækningar verið þó nokkuð mikið notaðar hér á landi og ég tek undir með hv. þm. að ég tel að þær tölur sem hún nefndi séu vægt áætlaðar í þeim efnum. Ég tel orðið mjög tímabært að Íslendingar fari í þá vinnu sem aðrar þjóðir hafa verið að gera varðandi óhefðbundnar lækningar. Hér er ég m.a. með mikla skýrslu sem sambærileg nefnd hefur unnið í Noregi um þessi mál og skilaði fyrir tveimur árum. Það er því orðið tímabært að við förum í þessa vinnu.

Ég vil geta þess að mismunandi reglur gilda um hinar ýmsu óhefðbundnu lækningar á Norðurlöndunum og ég minnist þess að t.d. í Danmörku tekur tryggingastofnun eða almannatryggingar þátt í að greiða meðferð í hnykklækningum eða hjá kírópraktorum og hefur það gefist vel. Það er auðvitað eitt af því sem verður skoðað ásamt ýmsu fleiru.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma í að fara yfir allt það sem full ástæða væri að skoða í þessu tilliti. Ég á sæti í hv. heilbr.- og trn. sem mun fá málið til umfjöllunar og þar munum við fara yfir þessi mál eftir að tillagan hefur verið send til umsagnar. Mun ég leggja mitt af mörkum til að málið komið aftur til þingsins og þá munum við vissulega ræða það nánar. Ég vonast til þess að nefnd verði sett á laggirnar á vegum hæstv. heilbrrh. til að fara í þá vinnu og að við fáum þær upplýsingar sem aðrar þjóðir hafa aflað í þessum efnum.

[16:38]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar þáltill. um óhefðbundnar lækningar þar sem lagt er til að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og bera hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndum, Bretlandi og í Bandaríkjunum. Í þáltill. er nánar tilgreint um verkefni nefndarinnar.

Ég fagna þáltill. Hún er tímabær. Í rauninni er dálítið sérstakt að slík tillaga skuli ekki hafa komið fram á hinu háa Alþingi, svo mikilvægt sem málefnið í rauninni er. Mikil umræða hefur farið fram um óhefðbundnar læknin gar hér á landi en hún hefur meira farið fram manna á milli eða meðal og innan tiltekinna hópa en ekki verið í svo miklum mæli opinber. Segja má að umræða um þessi mál hafi verið mun meira opinber erlendis en hérlendis, hún hafi frekar verið undir borðum hér á landi.

Ýmsar fagstéttir hafa fjallað um þetta að undanförnu og ég man eftir að hjúkrunarþing Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fjallaði sérstaklega um þetta málefni á þingi sínu síðasta haust. Sem dæmi um hvað meira að segja fagstéttir eru feimnar við þetta efni, þá tók það félagið tvö ár að taka ákvörðun um hvort það treysti sér að fara í slíka umræðu og vildi að umræðan á vettvangi og í þjóðfélaginu þróaðist meira áður en hjúkrunarfræðingar færu að tala um þetta sín á milli á opinberu þingi.

Erlendis eru margir viðurkenndir skólar sem bjóða upp á nám í óhefðbundnum meðferðarformum og í ýmsum löndum er það viðurkennt sem framhaldsnám heilbrigðisstétta. Sem dæmi um hve umræðan er orðin opin erlendis hef ég í höndunum skýrslu frá bresku lávarðadeildinni sem gerði úttekt á þessum málum og birtist skýrslan á síðasta ári. Síðan las ég það í dönskum dagblöðum núna í vikunni að danska heilbrigðisráðuneytið væri með í undirbúningi að taka saman skýrslu um kortlagningu á starfsemi óhefðbundinna meðferðarforma í heilbrigðisþjónustu þar í landi. Við erum því á svipuðu róli þar.

Hugtakið óhefðbundnar lækningar hefur verið kallað á ensku ýmist Alternative Medicine eða Complimentary Medicine. Ýmsar þýðingar hafa verið á þessu hugtaki hér á landi, m.a. hefur það verið þýtt sem hjálækningar, einnig hefur það

verið kallað stoðmeðferð og það er kannski enn þá betra orð því að með því er verið að segja að þetta sé meðferð sem kemur ekki í staðinn fyrir hefðbundnar lækningameðferðir heldur frekar að hún vinni jafnhliða hefðbundnum lækningum.

En hvað er það sem telst til óhefðbundinna aðferða eða meðferða? Hjálækningar, ég nota það orð í þessari ræðu, eru aðferðir og kenningar til sjúkdómsgreiningar og meðferðar sem eru almennt ekki kenndar í hefðbundum læknaskólum og almennt ekki notaðar af viðurkenndum sérfræðingum í læknisfræði. Þetta er svona gróf skilgreining. Sumar tegundir hjálækninga eru á mörkum hefðbundinna lækninga og óhefðbundinna. Sem dæmi um það eru hnykklækningar og nálarstungulækningar sem byggja á vísindalegri þekkingu og oft jafnvel einnig stundaðar af fólki með hefðbundna menntun innan heilbrigðisvísinda. Sjúkranuddarar og nuddarar eru af sama toga. Reyndar er það svo að bæði sjúkranuddarar og hnykklæknar eru viðurkenndar heilbrigðisstéttir hér á landi og nálarstungumeðferð er viðurkennd ef hún er framkvæmd af viðurkenndri heilbrigðisstétt eins og læknum og hjúkrunarfræðingum. En ég veit að umræða er í gangi um hvort ekki eigi að viðurkenna það að aðrir með annars konar grunnmenntun fái að stunda hana með blessun heilbrigðisyfirvalda.

Einnig er það umhugsunarefni í þessu sambandi að einmitt þessar stéttir sem eru á mörkum hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga, þ.e. hnykklækningar, sjúkranudd og nálarstungumeðferðir eru allt saman starfsgreinar sem karlar hafa verið frumkvöðlar að. Mér finnst það svolítið umhugsunarefni að það þurfi karlmenn innan stétta sem frumkvöðla til að fá viðurkenningu. Þessu sló niður í huga minn í morgun og ég varpa því fram í umræðuna af hverju þessar mýkri aðferðir, meðferðir sem eru kannski meira kenndar við konur, skuli ekki fá sömu viðurkenningu og þær aðferðir þar sem nota þarf ákveðin tæki og ákveðin karlmennska er í kringum.

Af öðrum tegundum óhefðbundinna lækninga má nefna liðlækningar, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, vöðvaslökun, nudd, ilmmeðferð, svæðanudd, pólameðferð, grasalækningar, smáskammtalækningar, nálarstungur, sem ég var búin að nefna áður, punktaþrýsting, shiatsu, sállækningar, dáleiðslu sem reyndar er viðurkennt meðferðarform innan heilbrigðisþjónustu hér á landi, heilun, reiki, rafsegulbylgjugreiningu, kristalla- og gimsteinameðferð, ljósa- og hljóðlækningar svo eitthvað sé nefnt. Aðferðirnar eru margar og virkni þeirra er margvísleg án þess að ég ætli að fara nánar út í það og margar þessara aðferða eru til þess fallnar að auka vellíðan fólks og stuðla að slökun og hvíld sem er undirstaða þess að lækningamáttur líkamans sjálfs fái að verka.

Í ræðu hv. frsm., Láru Margrétar Ragnarsdóttur, kom fram að talið er að u.þ.b. 25% landsmanna hafi notað óhefðbundnar lækningar á 12 mánaða tímabili. Þetta sýnir rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar í þessu máli og helmingur þeirra leitaði til slíkra meðferðarforma vegna verkja í mjóbaki. Ýmsar ástæður eru taldar upp fyrir því af hverju fólk leitar til meðferðaraðila utan hins viðurkennda heilbrigðiskerfis. Oft er það vegna þess að hefðbundnar aðferðir duga ekki og fólk vill leita sér lækninga í meðferð sem felur ekki í sér inngrip í líkamann með aðgerðum eða lyfjameðferð. Margir lýsa því að þeir vilji fá persónulegri meðferð og leita þá til aðila sem gefa meiri tíma en heilbrigðiskerfið hefur getað veitt. Einnig tengist það því að fólk hefur meiri tilfinningu fyrir því að það hafi stjórn á lífi sínu og taki virkan þátt í að berjast gegn sjúkdómum, m.a. vegna þess að það hefur sjálft valið meðferðina eða aðferðina og það veitir einnig von þegar hefðbundnar aðferðir hafa brugðist.

Margar þessara aðferða fela í sér meiri snertingu en hefðbundnar læknisaðferðir og mörgum finnst það opna á samskipti og tjáskipti og opni á mannlegri nálgun sem er öllum nauðsynleg. Meðferðin hefur því yfirleitt meiri alhliða áhrif en bara það sem snýr að því að lina sjúkdóminn, oft sálfélagsleg áhrif. Það sem er einnig athyglisvert í þessu er að margir þessara aðila leita til meðferðaraðila án samráðs við lækni sinn. Gerð var m.a. rannsókn á stöðu þessara mála hér af bandarískum lækni og mannfræðingi og kom mjög skýrt fram að það er ákveðið umburðarlyndi innan heilbrigðiskerfisins gagnvart óhefðbundnum lækningum, ákveðið umburðarlyndi sem felst í því að ekki er vísað beint á þessi meðferðarform en það er rætt um þau. Læknar ræða um það við sjúklinga sína að það séu möguleikar. En það eru hins vegar þessir tveir kanalar, að þeir starfi samhliða en allt of lítil tengsl eru þar á milli og það er það sem þarf að skoða sérstaklega.

[16:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar þáltill., Lára Margrét Ragnarsdóttir, fór mjög ítarlega yfir tillöguna um stöðu óhefðbundinna lækninga. Ég tel þetta vera mjög mikilvægt og áhugavert mál og mjög tímabært. Sem meðflutningsmaður tillögunnar vil ég leggja áherslu á nokkur atriði.

Ég tel mjög mikilvægt að gerð verði úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og hún verði borin saman við það sem er að gerast annars staðar í heiminum. Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega, og ég vil taka undir það, er hvaða menntun er í boði á þessu sviði, hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta — ég held að það sé líka mjög mikilvægt — og að safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Fyrr í vetur lagði hæstv. heilbrrh. fram heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Því miður var það á þeim tíma ársins sem annir eru miklar í þinginu þannig að ekki gafst nægilegur tími til að ræða þá áætlun sem hefði svo sannarlega þurft að gera og taka í það heilan dag. En í þeirri skýrslu kemur fram að miðað við þróun mannfjölda og lífskjaraaðstæður á vinnumarkaði má gera ráð fyrir að fjöldi skattgreiðenda í hlutfalli við lífeyrisþega muni lækka úr fimm í þrjá til ársins 2030 og breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar og fækkun skattgreiðenda að baki hvers ellilífeyrisþega muni því áreiðanlega koma til með að hafa töluverð áhrif á heilbrigðisþjónustuna. Erlendar rannsóknir og kynslóðareikningar fyrir Ísland sýna að útgjöld vegna 65 ára og eldri eru meiri en helmingur allra heilbrigðisútgjalda. Margt bendir því til þess að grípa þurfi til skipulegra aðgerða í því skyni að jafna enn frekar kjörin milli kynslóðanna svo að tryggt verði að allir þjóðfélagshópar geti áfram notið góðrar heilbrigðisþjónustu.

Óhefðbundnar lækningar auka í flestum tilfellum á vellíðan fólks, eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller, og ég tek undir það.

Ég ætla aðeins að fara nánar út í þá staðreynd að hlutfall útgjalda til heilbrigðismála af vergri þjóðarframleiðslu hækkar stöðugt, úr 3,3% árið 1960 í 5% árið 1970, 6,2% 1980 og 7,9% árið 1990. Frá þeim tíma hefur þetta hlutfall nánast staðið í stað og verið nálægt 8% af vergri þjóð-

arframleiðslu. Heilbrigðisútgjöldin hafa þannig fylgt vexti þjóðarframleiðslunnar seinustu árin en á sama tíma hefur öldruðum hins vegar fjölgað og gerðar eru fleiri og dýrari aðgerðir.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að kanna stöðu óhefðbundinna lækninga. Það er aldrei að vita nema það gæti lækkað heilbrigðisútgjöld þjóðarinnar. Mig langar til þess að nefna sérstaklega að nefndin skoði hvað gert hefur verið á rannsóknasviðinu, rannsóknir á íslenskum lækningajurtum sem hafa farið fram á vegum Háskóla Íslands og sjálfsagt annarra. Lúpína, elfting, blágresi, rjúpnalauf, vallhumall, blóðberg og fjallagrös, allar þessar jurtir, fyrir utan lúpínuna, hafa verið notaðar öldum saman til lækninga og hér á Íslandi í mörg hundruð ár. Rannsóknir á virkni lúpínuseyðis á krabbamein hefur staðið yfir í háskólanum í nokkur ár. Forsaga þess að rannsóknin hófst á lúpínuseyði við háskólann er sú að seyðið er framleitt í töluverðu magni hérlendis af Ævari Jóhannessyni og hundruð Íslendinga hafa neytt seyðisins. Til eru margar sögur um áhrif þess í ýmsum tilfellum, m.a. á krabbamein, en seyðinu var upphaflega stefnt gegn krabbameini. Þá reyndist margt fólk sem þjáist að af óskyldum sjúkdómum svo sem magabólgu, ristilbólgu, blöðruhálskirtilsbólgu, astma og fleiru fá bót meina sinna, oft eftir langa og árangurslausa baráttu með hefðbundnari aðferðum.

Herra forseti. Til eru margar sögur af íslenskum konum og körlum sem hafa notað lækningajurtir árum saman og öldum saman og lært það mann fram af manni. Þetta hafa oft verið kallaðar kerlingarbækur og verið gert lítið úr þeim. En það er sannarlega rangt því að þarna er samankomin mikil þekking á því hvað jurtirnar geta gert. Það er sagt að ljósmæður í gamla daga, sem þurftu að kunna ýmislegt fyrir sér, hafi t.d. gefið vallhumalste ef sængurkonur urðu veikar og fengu innvortis sýkingar. Ég hef heyrt að ef fólk stingur sig á nagla sé nóg að skera kartöflu í sundur og leggja við sárið og þá grær það yfir eina nótt. Þetta hef ég prófað sjálf og þetta kenndi mér gömul kona. Það er t.d. sagt að blóðbergið hindri liðabólgu og það hægi á ellihrörnun, og er það ekki það sem við viljum, vera ung eins lengi og hægt er?

Herra forseti. Hér er ekki verið að vega að hefðbundnum lækningum og óhefðbundnar og hefðbundnar lækningar geta mjög vel farið saman og eiga að gera það öllum landslýð til góðs.

[16:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. þessarar þáltill., Láru Margréti Ragnarsdóttur, fyrir það frumkvæði sem hún hefur sýnt í þessum málum, ekki einungis á hinu háa Alþingi heldur líka í störfum sínum fyrir Íslendinga á erlendri grund. Eins og fram kemur í grg. með tillögunni hefur hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir átt þátt í því að leggja fram skýrslu um óhefðbundnar lækningaaðferðir á vettvangi Evrópuráðsins. Svo hefur hv. þm. verið dugleg við að fræða okkur hin, meðflutningsmenn sína, að þessari þáltill. því að við höfum fengið í hendur mikla skýrslu frá Noregi sem er nýunnin og er sannarlega til fyrirmyndar. Í þeirri skýrslu sjáum við hvílíkur fjársjóður það væri fyrir okkur að eiga skýrslu af sama tagi, sem er einmitt hugmyndin á bak við þessa þáltill., að þetta landslag okkar verði kortlagt, að við fáum að vita hvers konar óhefðbundnar lækningar eru stundaðar á Íslandi, hve mikið þær eru stundaðar, hve mörg félög standa að þeim sem stunda lækningarnar, hvort boðið er upp á einhverja skólun og hvers konar skólun og allt þar fram eftir götunum. Allt er þetta enn ókortlagt en sannarlega tímabært og mikils virði að fá þetta allt saman sett niður á pappír.

Þegar fjallað er um óhefðbundnar lækningar kemur auðvitað upp í hugann eða maður veltir ósjálfrátt vöngum yfir því hvað hér sé um að ræða. Það er dálítið gaman að skoða það að hinar vestrænu lækningar sem við þekkjum best í dag og þau vísindi sem stunduð eru undir þeirri yfirskrift, vestræn læknavísindi, byggja auðvitað allt sitt á hinum óhefðbundnu læknavísindum sem eru kannski aldagamlar hefðir. Má í því sambandi nefna nálastungurnar, alls kyns nudd, jurtalækningar o.fl. sem er af þessum meiði þannig að það er jafnvel spurning í þessu tilfelli hvað er hefðbundið og hvað er ekki hefðbundið.

Það er líka gaman að skoða hvaða nöfn þessar óhefðbundnu lækningaaðferðir hafa fengið á erlendum málum og hv. þm. sem talað hafa á undan mér hafa farið aðeins yfir sviðið í þeim efnum. Ég tíndi út úr þessari norsku skýrslu sem ég nefndi nokkur heiti yfir þessar óhefðbundnu lækningar. Þar kalla menn þetta ýmist alternativ medisin, komplementær medisin, naturmedisin, helhetsmedisin, naturlig medisin, tradisjonell medisin eða den andre medisin. Bara það að fara yfir slíkan lista sýnir okkur hve þetta er í raun og veru skapandi verkefni fyrir þessa nefnd og fyrir hv. alþm. sem koma til með að fá að fjalla um þetta mál áfram að takast á við að greina þetta fyrirbæri sem er svo huglægt enn í dag fyrir okkur því að við höfum sannarlega öll tekið einhverja afstöðu eða jafnvel haft einhverja reynslu af óhefðbundnum lækningaaðferðum en erum örugglega hvert og eitt með persónulegan skilning og persónulega afstöðu í þessum málum.

Í grunninn byggja þessar aðferðir samt sem áður allar á því meira eða minna að aðstoða fólk við að taka í auknum mæli ábyrgð á eigin heilsu. Að því leyti til standa þær mjög nálægt manneskjunni, þær eru hluti af okkar eigin daglega umhverfi og það að auka ábyrgð einstaklinganna á eigin heilsufari er að sjálfsögðu mjög sterk forvörn.

Ástandið í öðrum löndum er mjög misjafnt. Við þekkjum það t.d. frá Bretlandi að þar eru þessar óhefðbundnu lækningaaðferðir jafnvel viðurkenndar og settar inn í sjúkrasamlag. Má þar nefna osteopatíu og hómópatíu og nálarstungurnar og höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun mun vera að sækja núna um löggildingu í Bretlandi. Þar eru komnir öflugir skólar í öllum þeim greinum sem ég hef nefnt hér og viðurkennt nám sem er opinberlega viðurkennt og grandskoðað þannig að hér er um mjög öfluga starfsemi að ræða, bæði í menntunarlegu tilliti og eins meðal heilbrigðisstétta. Eins og komið hefur fram í máli þeirra þingmanna sem hafa talað á undan mér eru þetta oft aðferðir sem fara vel saman með þeim hefðbundnu aðferðum sem við þekkjum. Við þekkjum það reyndar bara hér í okkar litla landi að fólkið í heilbrigðisstéttunum er í auknum mæli farið að afla sér þekkingar á þessum sviðum, í nuddi, nálastungum, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun og nýta með hefðbundnu námi sínu og sínum hefðbundnu störfum.

Það er alveg greinilegt að á Íslandi eiga óhefðbundnar lækningar sér rætur. Eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir fór hér yfir eru grasalækningar hefðbundin grein á Íslandi. Íslenskar ljósmæður hafa notað grös í gegnum aldirnar við störf sín. Vallhumallinn, elftingin, blóðbergið og bláberjalyngið, allt hefur þetta verið notað svo ekki sé talað um fjallagrösin sem hefur nú verið sannað að hafi í sér efni sem virðist vera virkt eða sýnir virkni gegn HIV-veirunni. Það er

alveg ljóst að í landi okkar eigum við auð, náttúrulegan auð, í þessum grösum sem hafa lækningamátt og grasalækningar af þessu tagi eiga sér hér langa sögu. Það virðist vera ljóst að breytingar séu nú í vændum. Fólk er farið að nota jurtirnar í dag í auknum mæli, innlendar sem erlendar. Maður sér núna nýverið í verslunum að farið er að selja það sem menn kalla Bach-dropa sem eru jurtadropar sem eiga að hjálpa fólki við að ná sálarlegu eða andlegu eða tilfinningalegu jafnvægi. Það eru því vísbendingar um að við séum að sigla inn í nýja tíma og af því að hv. þm. Ásta Möller notaði orðið umburðarlyndi þá held ég að umburðarlyndi almennings gagnvart því sé líka að vaxa að það séu til aðferðir sem virka og eru kannski ekki endilega kenndar í háskólanum.

En af því að hér hefur verið talað um heilbrigðisáætlun til ársins 2010, við höfum fengið fínt plagg frá hæstv. heilbrrh. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010, þá hljóp ég að gamni mínu í gegnum hana til að athuga hvort í henni væri eitthvað sérstakt um óhefðbundnar lækningar. En það er í raun og veru ekki neinn sérstakur kafli. Segja má að þessi heilbrigðisáætlun sé kannski svolítið vísindaleg í framsetningu sinni. Mikið er fjallað um framfarir og þróun á sviði læknavísindanna og kannski eru svolítið háfleygari þættir þar nefndir til sögunnar en þó er mjög falleg framtíðarsýn í þessari heilbrigðisáætlun þar sem þess er óskað að heilbrigðisþjónustan geti þroskast á þann hátt að í framtíðinni verði það eitt af meginverkefnum bæði stjórnvalda og almennings að ákveðið samræmi verði í framkvæmd heilbrigðisþjónustu, félagslegrar þjónustu, umhverfisverndar og fleiri verkefna samfélagsins. Í þeirri framtíðarsýn sem hér felst tel ég vera fullt rúm fyrir óhefðbundnar lækningaaðferðir.

[17:01]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að taka þetta mál upp á þingi. Það er mjög tímabært að málið sé tekið upp og unnið af ráðuneytinu og þess vegna held ég að það sé mikið framfaraspor sem hér verður stigið.

Nauðsynlegt er að skrá þær upplýsingar sem til eru á þessu sviði. Í gegnum aldirnar hafa lækningar verið stundaðar um allan heim og rétt er að hinar svokölluðu hefðbundnu lækningar byggja einmitt á þessum grunni. Áður fyrr var fólk sem stundaði þessar lækningar jafnvel brennt á báli, það voru launin fyrir að stunda lækningar. Við erum hætt að brenna fólk en við höfum hins vegar ekki enn veitt þessu fólki réttmæta viðurkenningu fyrir störf þess. Við höfum sjálfsagt öll séð jákvæð áhrif vegna starfa þessa fólks með einum eða öðrum hætti. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að settur sé lagarammi þar sem farið er yfir málin og réttindi þeirra sem stunda þessa grein og líka neytenda sem vilja notfæra sér þau úrræði sem þarna bjóðast. Ég held að þetta eigi einmitt að vinna með hefðbundnum lækningum og ég held líka að nauðsynlegt sé að taka þetta sem þátt inn í þá kennslu sem fer fram í háskólanum. Ég held nefnilega að það þurfi að vinna miklu meira saman en gert er og ég held að við höfum í mörgum tilvikum séð hvað hægt er að gera með þessum svokölluðu óhefðbundnu lækningum sem hefur ekki tekist með hinum svokölluðu hefðbundnu lækningum.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að unnið sé að málinu. Ég man eftir því fyrir allmörgum árum þegar ég fór í vinabæjarheimsókn til Miðvogs í Færeyjum að þar var fenginn hnykklæknir til að koma í grunnskólann og hann var látinn stilla borð og stóla fyrir nemendur tvisvar á ári til þess að koma í veg fyrir bakverki. Hvað mundi slíkt spara fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið ef unnið yrði með þessum hætti hér á landi? Ég er alveg sannfærð um að við mundum ná þeim kostnaði fljótt til baka. Ég held að þetta sé eitt af því sem við höfum ekki skoðað og það er ugglaust ýmislegt á mjög mörgum öðrum sviðum sem við hefðum átt að skoða því að það er svo margt sem hægt er að gera fyrirbyggjandi en við höfum ekki sinnt því að við höfum eiginlega bara verið í björgunaraðgerðum eftir að fólk hefur fengið sjúkdóma.

Ég held líka að það sem komið hefur fram hjá nokkrum þingmönnum sé mjög mikilvægt, þ.e. að fólk taki einmitt með þessum hætti meiri ábyrgð á því sem það er að gera af því að það finnur að þarna er eigið val og það er að gera eitthvað sjálft til að bæta heilsu sína. Þarna kemur að ákvörðun sem er kannski með öðrum hætti en ef það snýr sér til hefðbundins læknis.

Ég held líka að það sé afar mikilvægt þegar þetta er unnið, sem ég vona að verði bæði fljótt og vel, að þá öðlist þeir aðilar sem sinna þessu viðurkenningu og heyri þá eðlilega undir landlækni og að neytendur geti þá snúið sér til landlæknis ef eitthvað kemur upp á, bæði þeir sem veita þessa þjónustu og líka neytendur. Ég held að báðir aðilar ættu að leita beint til landlæknis og þar verði eftirlit yfirvalda og óhefðbundnar lækningar fái þar stöðu við hlið lækna sem nú eru starfandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Mér finnst hins vegar afar mikilvægt að þetta mál fái góðan framgang á þingi. Þess vegna legg ég til að þingmenn leggi sig fram um að ljúka málinu fyrir þinglok í vor.

[17:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflm. að þeirri tilögu sem Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur fyrst og fremst unnið og má þess vegna til með að leggja hér orð í belg en ég ætla ekki að halda langa ræðu, herra forseti, þess þarf ekki. Ég hef fylgst með umræðunni á skrifstofu minni þar sem ég var með ákveðið verkefni og þessi umræða hefur verið góð. Eins og tillagan liggur fyrir inniheldur hún það sem skiptir máli og greinargerðin er afskaplega skilmerkileg og yfirgripsmikil í raun. Þess vegna er ég mjög sátt við að vera meðflm. að þessu máli.

Það sem skiptir máli er það sem er verið að gera hér í dag og athyglisvert er að þeir ræðumenn sem hér hafa talað hafa verið einróma í áliti sínu, jafnvel ræðumaður sem kemur úr heilbrigðisstétt. Við skulum gera okkur grein fyrir því að mjög margir halda að djúp gjá sé á milli þeirra sem vinna í heilbrigðisgeiranum og hinna sem vinna að óhefðbundnum lækningum. Það er ekki svo. Það er bara djúp gjá á milli þess sem sagt er upphátt á milli þessara tveggja þátta. Það að við flutningsmenn þessarar tillögu flytjum þetta mál hingað inn á þing er ekkert minna en þáttaskil vegna þeirrar þagnar sem ríkt hefur á flestum stöðum um óhefðbundnar lækningar eins og þær eru orðnar ríkur þáttur í því þegar fólk leitar sér hjálpar við heilbrigðisvandamáli. Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að ekki finnist sú fjölskylda í þessu landi þar sem einhver fjölskyldumeðlimur hefur ekki farið út í það að leita óhefðbundinna lækninga, annaðhvort þegar annað hefur þrotið eða vegna þess að viðkomandi hefur verið búinn að lesa sér til og áttar sig á að þarna er um aðrar leiðir að ræða en sannarlega mjög færar.

Það er afskaplega þýðingarmikið að nú sé tekið á þessum málum, að heilbrrh. skipi nefnd sem geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga og skoði hvað hefur verið að gerast

á Norðurlöndunum, í Evrópu og í Bandaríkjunum. Allt þetta er tekið fram í greinargerðinni og ég ætla ekki að endurtaka það hér sem þegar hefur verið sagt. Ég er alveg sannfærð um að það næst samstaða um að afgreiða þetta mál út úr heilbr.- og trn. eftir yfirferð á því og þegar það hefur verið sent til umsagnar og jafnvel einhverjir kallaðir til. Við eigum að gera það, við eigum að láta þetta mál koma til afgreiðslu á Alþingi og ég er alveg sannfærð um að það fái meirihlutastuðning. Ég er alveg sannfærð um að þetta mál eigi meira erindi inn á þing en málið sem við höfum eytt nokkrum klukkutímum í og sem hefur fengið forgang á dagskrá þessa fundar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég er afskaplega ánægð með að vera meðflm. Ég er sannfærð um að þetta mál mun hafa framgang og að það sem hér er að gerast á Alþingi mun valda þáttaskilum bæði í skilningi á, umfjöllun um og því að fólk hafi með opnum huga aðgang að óhefðbundnum lækningum.

[17:09]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að þakka þann einlæga og einróma stuðning sem þessi tillaga hefur hlotið í umræðunni og ég er afskaplega þakklát fyrir þær undirtektir sem tillagan hefur fengið. Það gefur okkur von um að við getum lokið umræðu um það jafnvel á þessu vorþingi. Það er nú svo með það fólk sem stundar svokallaðar óhefðbundnar lækningar í dag að það hefur ekki nein starfsréttindi. Á Íslandi er nefnilega engum heimilt að stunda lækningar nema hann hafi til þess leyfi frá heilbr.- og trmrn. og í raun eru það eingöngu hefðbundnir læknar, og reyndar hnykklæknar eða kírópraktorar, sem hafa leyfi til að stunda lækningar. Þrátt fyrir það, eins og hér hefur ítrekað komið fram, hafa óhefðbundnar lækningar verið stundaðar hérna um langan tíma óáreittar.

Ég vil gjarnan geta þess að Félag íslenskra nuddara, eða FÍN, hefur öðrum fremur barist fyrir aukinni viðurkenningu á óhefðbundnum meðferðarformum og það er ekki síst fyrir tilstilli þeirra sem ég hef komið hér fram með þessa tillögu. Ég vil nefna að boðið er upp á nám í nuddi við Fjölbrautaskólann í Ármúla en hins vegar öðlast nemendur ekki nein starfsréttindi við útskrift í grein sinni sem er ákaflega sérkennilegt.

Ég vil einnig nefna að í fyrra voru stofnuð norræn samtök fyrir fólk sem vinnur við óhefðbundin meðferðarform. Mér skilst að hið nýstofnaða regnhlífarfélag á Íslandi, Félag íslenskra græðara, hafi orðið aðili að þessum samtökum og muni senda fulltrúa sinn þangað. Þess vegna tel ég mikilvægt að við höfum góða samvinnu og gott samband við þá norrænu aðila sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Þá vil ég geta þess að bæði Noregur og Danmörk hafa nýlega veitt styrki til rannsókna á þessum lækningum og stofnuð hefur verið ný staða prófessors við háskólann í Tromsö til rannsókna í þessum fræðum. Greinilegt er að þessi umræða er að opnast allt í kringum okkur og ég vona að okkur takist að vera jafnopin gagnvart óhefðbundnum lækningum og þessum málaflokki og virðist vera að gerast annars staðar í kringum okkur og að við veitum þessum aðferðum sem stundaðar hafa verið árhundruðum eða árþúsundum saman verðskuldaða viðurkenningu og að hægt sé að vinna samhliða þeim hefðbundnu lækningum sem við höfum haft í fullu samráði og í góðu samstarfi við lækna og aðrar heilbrigðisstéttir hér á landi.

En ég þakka aftur innilega þann stuðning sem ég hef fengið hér og félagar mínir sem hafa staðið að þessari tillögu og ég vona enn að við fáum að ljúka þessu núna á þessu þingi.

(**Forseti** (ÍPG)**:** Má ég minna áheyrendur á að bannað er að klappa í þingsalnum.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurnesjaskógar, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 174. mál. — Þskj. 181.

[17:14]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum. Meðflutningsmenn mínir eru Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lúðvík Bergvinsson og Kjartan Ólafsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina því til landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Starfshópurinn skili tillögum sínum nógu tímanlega til að verkefnið geti hafist eigi síðar en árið 2002."

Herra forseti. Tillaga þessi er endurflutt frá fyrra þingi, lítið breytt að undanskildu gróðurkorti sem starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þeir Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, hafa gert og góðfúslega leyft mér að birta með þessari þáltill. Fyrir áhugamenn um skógrækt er kortið um gróður við landnám afskaplega uppörvandi. Samkvæmt því hafa Suðurnesin verið skógi vaxin frá ystu nesjum til efstu fjallatinda sem er allt önnur ímynd en við höfum haft af þessu svæði, að þar geti enginn gróður dafnað nema gras vegna seltu og stöðugs vindsperrings.

Ég varð var við það, herra forseti, á hv. Alþingi í fyrra þegar ég flutti þetta mál í fyrra sinn, að trú sumra manna á skógrækt á Suðurnesjum var afskaplega lítil og hefur lítið breyst undanfarið. Þegar ég spurði einn félaga minn nú í haust hvort hann vildi vera með mér á þessari tillögu sagði hann: Ég hef aldrei vitað til þess að skógur gæti nokkru sinni vaxið á Suðurnesjum. Svo var nú það, herra forseti.

Svo að ég skýri þessi kort lítillega þá sýnir annað kortið gróður við landnám, þ.e. kenningu þeirra félaga um hvernig gróðurfarið hafi verið árið 874, en hitt er miðað við gróðurinn eins og hann er í dag. Kortin eru af suðvesturhluta landsins. Á landnámskortinu má sjá að skógi vaxið hefur verið frá Garðskaga suður á Reykjanestá til Grindavíkur og austur með, allt að Ölfusá og upp með henni. Ef við förum frá Garðskaga inn Faxaflóann þá er skógi vaxið austur úr að Stapa, að Strandaheiði og inn til Reykjavíkur, upp á Hellisheiði og svo áfram inn í Hvalfjörð. Með öðrum orðum er skógi vaxið milli fjalls og fjöru og liturinn á kortinu því að mestu dökkgrænn.

Á kortinu yfir gróðurinn í dag er engan dökkgerðan blett að sjá frá Garðskaga að Reykjanestá og þaðan allt austur að Ölfusárósum, utan einn lítill blettur við Herdísarvík. Frá Garðskaga inn að Faxaflóa, að Stapa og Strandaheiði, inn til Reykjavíkur og upp að Hellisheiði og áfram upp í Hvalfjörð er enginn grænn blettur, utan smáblettir í Hvassahrauninu og í Heiðmörk. Giska má á að um 95% alls skóglendis á þessu svæði hafi horfið frá landnámi.

Að áliti sérfræðinga hefur skógurinn verið lágvaxinn næst sjónum, um ein mannhæð en um tvær mannhæðir inn til landsins. Þessa niðurstöðu hafa þeir félagar fengið með því að grafa undir hraun á Reykjanesskaganum en þá hefur komið í ljós að þar undir eru alls staðar miklar gróðurleifar sem sýna að fyrir gos var þarna bæði birki og víðir. Þetta hefur að þeirra mati verið svo um land allt, eins og sögur landnámsmanna herma, landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Sprengisandur var meira að segja skógi vaxinn, þar sem aðeins eru sandar og hraun í dag. Gróður er talinn hafa eyðst þar í gosi á 15. öld. Svo hefur einnig orðið um mest af þeim skógi sem þakti Reykjanesið en eldgos eyddi skóginum með hrauni og ösku.

Að mati sérfræðinga hefur orðið svipað eldgos löngu fyrir landnám, t.d. við Heklu og Veiðivötn en þó án teljandi skemmda á gróðri. Það verður því að álykta sem svo að tilkoma mannsins með búfénað sinn og skógarhögg hafi leitt til þeirrar gróðureyðingar sem orðið hefur á Reykjanesskaganum og reyndar um land allt.

Strax við landnám árið 874 er byrjað að höggva skóga og beita búfénaði í hann, enda gengu skepnur á þeim tíma að mestu leyti úti allan ársins hring. Mikil eldsumbrot við Reykjanes árið 1226 með miklu öskufalli eru talin hafa ráðið mestu um þá skógareyðingu sem þá varð. Eyðingarmáttur öskunnar er talinn hafa valdið mestu um en þegar skógurinn var orðinn höggvinn, ásamt mikilli beit í á fjórða hundrað ára frá landnámi, var gróðurinn mjög viðkvæmur. Askan átti því greiða leið um allt og hefur sorfið skóginn niður eins og sandpappír.

Heimildir segja okkur reyndar að eldgos hafi verið ótrúlega tíð á Reykjanesi eftir landnám. Í greinum I og II um Krýsuvíkurelda, eftir Sigmund Einarsson og Hauk Jóhannesson, eru leiddar líkur að því að yngra Hellnahraun, Breiðdalshraun og Tvíbollahraun í Hafnarfirði hafi runnið 894–923 eða 938–983. Ögmundarhraun er talið hafa runnið 1152 og Kapelluhraun í sömu goshrinu, sem kölluð hefur verið Krýsuvíkureldar. Þá gaus frá Undirhlíðum, Tröllladyngju og allt til Krýsuvíkur og rann Ögmundarhraun þá í sjó fram við Selatanga en Kapelluhraun í sjó fram við Straumsvík.

Nokkur önnur hraun hafa runnið á þessum árum á svipuðum slóðum, t.d. Mávahlíðahraun og Lækjarvallahraun. Langstærst eru þó Ögmundarhraun 18,6 km og Kapelluhraun 13,7 km .

Sagnir eru um mikla elda í Brennisteinsfjöllum á 10. öld en þá rann svokallað Kristnitökuhraun. Ágiskanir eru um að yngra Hellnahraun og Svínahraun hafi þá myndast í einu og sömu goshrinunni í Brennisteinsfjöllum. Til gamans má rifja upp að sagan segir að fyrir þetta gos hafi Kaldá fyrir ofan Hafnarfjörð runnið úr Þingvallavatni og verið eitthvert mesta vatnsfall á Íslandi, hverju sem á nú að trúa um það.

Mikil goshrina varð á árunum 1210–1240 í sjónum undan Reykjanesi. Annálar, Guðmundar saga góða, Íslendinga saga og fleiri sagnir greina frá miklum gjóskum samfara þessum gosum og er talað um sumarið 1226 sem sandsumar og veturinn 1226–1227 sem sandvetur. Svo mikið gjóskufall varð sumarið 1226 að myrkur var um miðjan dag. Í annálum Gísla Oddssonar segir svo um þetta ár, með leyfi forseta:

„Vetur markverður vegna skaðlegs sandfoks, einnig myrkvi í hádegi. Eldgos úr hafi við Reykjanes."

Í Íslendinga sögu segir: „Þessi vetur var kallaður sandvetur og var fellivetur mikill og dó hundrað nauta fyrir Snorra Sturlusyni í Svignaskarði."

Svipuð óáran virðist hafa gengið yfir árið 1231, þá segir Gísli Oddsson í annál sínum: „Sól rauð sem blóð, eldgos aftur við Reykjanes."

Augljóst er að eyðingarmáttur sandsins á viðkvæmum skóginum hefur verið gríðarlegur við þessar náttúruhamfarir. Það er þó álit sérfræðinga að áhrif mannsins hafi gert útslagið í þeirri miklu gróðureyðingu sem orðið hefur frá landnámi eins og fyrr er getið. Það sést á áhrifum Heklugoss á gróðurinn fyrir og eftir landnám. Öskufall úr Heklu hafði sáralítil áhrif þegar skógurinn var heill og óhöggvinn fyrir landnám en eyddist að mestu vegna eldgoss í Heklu á 15. öld.

Hin síðari ár, eftir að mikið land var friðað, hefur gróður sprottið upp og má í því sambandi benda á Viðey. Þar eru teinungar alls staðar að koma upp af víði og birki og er ljóst að náttúran mun sjá um endurheimt skógarins þar sem alger friðun er fyrir beit og skógarhöggi. Það mun þó taka mjög langan tíma á því berangri sem er á Suðurnesjum, þar sem sjávarselta og vindsperringur er tíðum. Með hjálp mannsins má hins vegar flýta þessu ferli eins og dæmin sanna um allt land. Margar vinnufúsar hendur hafa þar komið að uppgræðslu landsins undanfarna áratugi og unnið kraftaverk, oft við lítil efni.

Á Suðurnesjum er þessi árangur augljós. Þar má nefna ræktaða greniskóga eins og við Sólbrekkur. Birkihríslur og víðir er í hraunum á Suðurnesjum þó ekki myndi þar skóga. Það er þó vísirinn að því sem getur orðið ef hlúð er að gróðrinum sem fyrir er og ræktað er upp með því að styrkja gróðurþekjuna og planta trjám. Til að einhver árangur sjáist þarf mikið fjármagn en því miður hefur það verið af skornum skammti fram að þessu.

Herra forseti. Tilgangurinn með þessari tillögu er að fá fjármagn sem einhverju skiptir og nýta það eftir fyrir fram gerðri áætlun. Sú áætlun er lögð fram með þessari tillögu en eins og fram kemur í grg. er hugmyndin að setja á stofn landshlutabundið skógræktarverkefni í þeim anda sem gert hefur verið í öðrum landshlutum. Verkefnið verður þó frábrugðið hinum verkefnunum að því leyti að framkvæmdin getur ekki verið í höndum bænda því enginn búskapur er lengur til staðar á Suðurnesjum. Hugmyndin er því sú að framkvæmdin verði í höndum sveitarfélaga, skógræktarfélaga og aðila eins og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og fleiri. Auðvitað gætu orðið samvinnuverkefni úr þessu t.d. með Suðurlandsskógaverkefninu og væri rétt að skoða það í nefndinni sem tillagan gerir ráð fyrir að landbrh. setji á laggirnar. Það er þó umhendis eins og fyrr er sagt vegna ólíkra framkvæmdaraðila og jafnframt er samgangur lítill á milli svæðanna.

Ég hef rætt framhald málsins bæði við hæstv. landbrh. og hv. formann landbn., Hjálmar Jónsson, og er mikill skilningur á þessu máli hjá báðum þessum heiðursmönnum. Ég vænti þess því að málið fái skjóta afgreiðslu í hv. landbn.

Ég hef tekið eftir því, herra forseti, þó þetta mál hafi ekki farið hátt í fjölmiðlum, að mikill fjöldi fólks fylgist með framgangi þess. Það er að mínu áliti vegna þess hversu áhugi landsmanna er almennt mikill fyrir skógrækt og uppgræðslu landsins. Þeim peningum sem fara í verkefni af þessu tagi er að mati almennings vel varið. Það eykur hróður Alþingis og ríkisstjórnar að myndarlega sé að þessum málum staðið.

Það er ekki hugmynd okkar á Suðurnesjum að þar rísi háreistur gróður heldur verði þetta venjubundnir birki- og víðiskógar sem skapi skjól fyrir menn og dýr og fegri umhverfið

öllum til yndisauka. Það gæti einnig orðið hluti af framlagi okkar Íslendinga til að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu sem er partur af því verkefni að uppfylla Kyoto-bókunina og draga þar með úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda á hitastig jarðar.

Herra forseti. Ég legg til að þetta mál verði sent til landbn. og síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 191. mál (aldursmörk). — Þskj. 200. [17:27]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Þetta frv. fjallar um sveigjanleg starfslok. Flm. ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller, Sigríður Jóhannesdóttir og Jóhann Ársælsson.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Á eftir 2. mgr. 33. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að fresta því að veita manni lausn frá embætti allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri ef hann óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laga þessara eru því ekki til fyrirstöðu. Mat um það hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er í höndum hlutaðeigandi ráðherra. Ákvæði þetta á ekki við um þá sem skipaðir eru tímabundið, sbr. 2. mgr. og 23. gr."

Í 1. gr. er lögð til sú breyting að heimilt verði að fresta því að veita embættismönnum lausn frá starfi þegar þeir hafa náð 70 ára aldri. Ákvæði þetta gildir aðeins um þá embættismenn sem ráðnir eru ótímabundið eins og kom fram í greininni. Þetta ákvæði felur ekki í sér að heimilt sé að skipa mann í embætti eftir að hann hefur náð 70 ára aldri, enda er hér einungis um að ræða heimild til að fresta því að veita embættismanni sem þegar hefur verið skipaður lausn frá starfi. Ef vafi leikur á um hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er gert ráð fyrir að mat um það efni verði í höndum viðkomandi ráðherra.

2. gr. hljóðar svo:

„Á eftir 2. mgr. 43. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef starfsmaður óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laga þessara eru því ekki til fyrirstöðu, er heimilt að fresta uppsögn hans allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri. Mat um það hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er í höndum viðkomandi forstöðumanns."

Hér er lögð til sú breyting að heimilt verði að fresta uppsögn starfsmanns allt þar til hann hefur náð 74 ára aldri ef hann óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laganna eru því ekki til fyrirstöðu. Ef vafi leikur á um hvort almenn skilyrði laganna séu uppfyllt er gert ráð fyrir því að mat um það efni verði í höndum forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

Næstu ár og áratugi mun hlutfall fólks sem komið er á eftirlaunaaldur hækka. Á sama tíma má gera ráð fyrir því að meðalaldur manna hækki og heilbrigði aukist, ekki síst hjá þeim sem eldri eru. Í núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er mönnum gert að hætta störfum í síðasta lagi þegar þeir ná 70 ára aldri. Rökin fyrir þessum reglum voru einkum þau að skapa svigrúm fyrir yngra fólk á vinnumarkaði og draga úr atvinnuleysi. Þessi rök eiga síður við nú og munu missa gildi sitt enn frekar þegar hlutfall eldra fólks í þjóðfélaginu vex. Þetta mun leiða til þess að meiri þörf verður fyrir starfskrafta þessa fólks.

Heilsufar þjóðarinnar hefur farið stigbatnandi undanfarin ár og má ætla að sú þróun haldi áfram. Margir eru við fulla heilsu og með óskerta starfsorku þegar áttræðisaldri er náð og kysu að vinna áfram ef þeir hefðu færi á, en eins og reglurnar eru nú er þessu fólki oft nauðugur einn kostur að setjast í helgan stein, þvert gegn vilja sínum. Engin haldbær rök eru fyrir svo stífum reglum. Af þessum sökum er lagt til í frv. að aldursmörk þau sem í lögunum eru í dag verði rýmkuð á þann hátt að ef starfsmaður óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laganna, þ.e. um nauðsynlega heilbrigði, andlega og líkamlega, standa því ekki í vegi þá megi hann halda áfram störfum þar til hann hefur náð 74 ára aldri.

Hugsanlega mætti rýmka aldursmörkin enn frekar, en áður en það er gert er heppilegt og gagnlegt að sjá hvernig þeirri rýmkun á aldursmörkum sem hér er lögð til verður tekið.

Oft hefur verið erfitt fyrir fólk með fulla starfsorku að hætta störfum. Ég veit mörg dæmi þess að það hafi alveg farið með heilsu fólks að þurfa að hætta störfum. Sérstaklega varð ég vör við það í fyrra starfi mínu í Tryggingastofnun ríkisins þar sem fólk kom oft að leita ráða við starfslok. Þetta var ákaflega erfitt, sérstaklega fyrir karla. Karlmenn tóku þessu oft mjög illa og einnig er vitað að þeir eiga erfitt með að mynda tengsl við aðra og verða oftar einangraðri en konur eftir að starfsævinni lýkur.

Þess vegna eru hér lögð til sveigjanleg starfslok. Ljóst er að það er þörf fyrir þetta vinnuafl. Við höfum þörf fyrir aukna starfskrafta og eigum að nýta okkur starfskrafta þessa fólks þó að það hafi náð 70 ára aldri. Mikilvægt er að það finni að vinnumarkaðurinn vill áfram fá það til starfa og það finni að enn sé þörf fyrir það. Eins og kemur fram í grg. með frv. er einnig ljóst að heilbrigði eldra fólks er sífellt að batna og meðalaldur að hækka.

Nú veit ég, herra forseti, að það er nefnd að störfum um sveigjanleg starfslok en lítið hefur komið út úr henni enn. Þar sem enginn ráðherra er viðstaddur þessa umræðu, sem ég hefði nú gjarnan viljað spyrja út í hvar það nefndarstarf er á vegi statt, þá verð ég að bíða með þær spurningar. Ég hef nú þegar, herra forseti, lagt fram fsp. til hæstv. forsrh. sem er með þessa nefnd á sínum vegum. Ég hef lagt fram fsp. til að spyrjast fyrir um þetta nefndarstarf því að í hátíðaræðum og á landsfundum hafa menn mjög gjarnan rætt um að nauðsynlegt sé að koma á sveigjanlegum starfslokum fyrir eldra fólk og kannski ekki ástæða til að hafa þessa 70 ára reglu í lögum. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það í þinginu.

Lagabreytingin sem lögð er til í þessu frv., herra forseti, er aðeins eitt skref í þá átt að koma á sveigjanlegum starfslokum fyrir alla þannig að sem flestir geti nýtt sér þann rétt að ljúka starfsævinni á þeim tíma sem þeim hentar þannig að þeir geti ráðið því hvort þeir hætta störfum fyrr á starfsævinni eða síðar, eftir því hvað hverjum og einum hentar.

Herra forseti. Ég held að ég hafi gert nokkuð vel grein fyrir þessu frv. Þetta á við um starfsmenn ríkisins, þetta frv. um sveigjanleg starfslok þeirra. Vissulega þarf að taka á

þessum málum í fleiri lögum en þetta er eitt skref í áttina. Ég vonast til að þessi mál verði frekar til umræðu í þinginu. Ég býst við að sú umræða muni einnig fara fram þegar hæstv. forsrh. gefur sér tíma til að svara fsp. minni um þetta mál.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni um frv. um sveigjanleg starfslok legg ég til að málið fari til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:36]

Útbýting þingskjala:

Börn og auglýsingar, 459. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 732.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, 456. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 727.

Framsal sakamanna, 453. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 724.

Grunnskólar, 450. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 718.

Húsnæðismál, 458. mál, fsp. ÖJ, þskj. 731.

Innflutningur á nautakjöti, 394. mál, svar landbrh., þskj. 722.

Innflutningur kjöts á frísvæði, 393. mál, svar landbrh., þskj. 721.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðing, 457. mál, fsp. DSigf, þskj. 729.

Sjóflutningar fyrir varnarliðið á Íslandi, 454. mál, fsp. GHall, þskj. 725.

Sjómælingar við Ísland, 455. mál, fsp. GHall, þskj. 726.

Stjórn fiskveiða, 120. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 728.

Út af dagskrá voru tekin 10.–28. mál.

Fundi slitið kl. 17:37.

72. FUNDUR

mánudaginn 19. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samningar um sölu á vöru milli ríkja, stjtill., 429. mál, þskj. 690. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), stjtill., 444. mál, þskj. 710. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 445. mál, þskj. 711. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), stjtill., 446. mál, þskj. 712. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), stjtill., 447. mál, þskj. 713. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Óhefðbundnar lækningar, þáltill., 173. mál, þskj. 176. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Suðurnesjaskógar, þáltill., 174. mál, þskj. 181. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 191. mál, þskj. 200. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 209. mál, þskj. 220. — 1. umr.
11. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.
12. Sjálfbær atvinnustefna, þáltill., 253. mál, þskj. 278. — Fyrri umr.
13. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 262. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
14. Tónminjasafn, þáltill., 267. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
15. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
16. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 270. mál, þskj. 298. — Fyrri umr.
17. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
18. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
19. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.
20. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 292. mál, þskj. 323. — 1. umr.
21. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — 1. umr.
22. Grunnskólar, frv., 299. mál, þskj. 337. — 1. umr.
23. Umboðsmaður neytenda, þáltill., 442. mál, þskj. 705. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[15:00]

Útbýting þingskjals:

Einbreiðar brýr, 358. mál, svar samgrh., þskj. 714.

Mannabreytingar í nefndum.

[15:01]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur tilkynning um mannaskipti í nefndum. Eftirfarandi breytingar verða á skipan þingmanna Samfylkingarinnar í nefndir við brotthvarf Sighvats Björgvinssonar af þingi:

Utanrmn.: Aðalmaður Rannveig Guðmundsdóttir, varamaður Guðmundur Árni Stefánsson.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Aðalmaður Rannveig Guðmundsdóttir, varamaður Guðrún Ögmundsdóttir.

Þessari tilkynningu er komið á framfæri.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um níu fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, frh. fyrri umr.

Stjtill., 429. mál. — Þskj. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), frh. fyrri umr.

Stjtill., 444. mál. — Þskj. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 445. mál. — Þskj. 711.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), frh. fyrri umr.

Stjtill., 446. mál. — Þskj. 712.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), frh. fyrri umr.

Stjtill., 447. mál. — Þskj. 713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 235. mál. — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: SJóh.
2 þm. (ÁRJ, JóhS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, DO, DSigf, EOK, GÁ, GÖ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KolH, KLM, LMR, LB, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Óhefðbundnar lækningar, frh. fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 173. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Suðurnesjaskógar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 174. mál. — Þskj. 181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 191. mál (aldursmörk). — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Staða Íslands í Evrópusamstarfi.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári var lögð fram ítarleg skýrsla um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi sem fékk heldur snautlega meðferð á Alþingi. Þeirri miklu vinnu sem bjó að baki skýrslugerðinni var ekki sýnd tilhlýðileg virðing. Að mínu mati fólst mikið kæruleysi í afstöðunni til skýrslunnar og umræðunni um hana, kæruleysi gagnvart þeirri stöðu sem við erum í gagnvart Evrópusambandinu með EES-samningnum. Þetta viðhorf Alþingis endurspeglaðist í viðbrögðum fjölmiðla sem reyndu ekki að kryfja efni skýrslunnar til mergjar eða ræða þær spurningar sem vakna við lestur hennar þannig að efni hennar kæmist til skila til almennings.

Í I. kafla umræddrar skýrslu er almenn umfjöllun um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi og þær miklu breytingar sem orðið hafa frá því að EES-samningurinn var undirritaður, m.a. að nokkur ríki sem aðild áttu að samningnum hafa gengið í Evrópusambandið. Athygli var vakin á því að þótt EES-samningurinn hafi að mörgu leyti reynst Íslandi hagstæður í samstarfi við Evrópuþjóðirnar þá dugar hann ekki til að tryggja með afgerandi hætti eðlilega aðkomu okkar að endanlegum ákvörðunum, setningu laga og reglna sem okkur varða og snerta daglegt líf og afkomu.

EES-samningurinn hefur aldrei veitt EFTA/EES-ríkjunum sama aðgang að umræðum, mótun og ákvarðantöku og aðildarríki ESB hafa. Það lá fyrir þegar samningurinn var gerður. Við höfum þó haft nokkurn en takmarkaðan aðgang að málum á undirbúningsstigi nýrrar löggjafar. Einnig ber framkvæmdastjórn ESB að koma athugasemdum EFTA/EES-ríkjanna á framfæri en á því hefur oft orðið misbrestur. Þess eru dæmi að þegar upp hafa komið tillögur að nýrri löggjöf sem ekki byggjast á þeim gerðum sem þegar hafa verið teknar inn í EES-samninginn þá hafi sjónarmið EFTA/EES-ríkjanna hreinlega gleymst í umræðunni. Reynslan hefur sýnt að við höfum þurft að hafa mikið fyrir því að koma okkar sjónarmiðum á framfæri þannig að tillit

sé tekið til þeirra, jafnvel þó að um hafi verið að ræða sérstakar aðstæður. Það tók t.d., samkvæmt umræddri skýrslu utanrrh., langan tíma að fá því framgengt að taka þyrfti tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandsmiðum þegar öryggiskröfur væru skilgreindar fyrir íslensk fiskiskip. Hafi það verið erfitt þá verður það erfiðara nú eftir að stækkun ESB hefur verið ákveðin og viðræður eru hafnar við fjölda ríkja sem sótt hafa um aðild. Á meðan þær viðræður fara fram og aðildarríkum ESB fjölgar verður mjög erfitt eða jafnvel ógerlegt fyrir þau ríki sem standa utan ESB að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þessi þróun virðist komin af stað ef marka má fréttir frá höfuðstöðvum ESB í Brussel. Benda má á það viðhorf Evrópusambandsins að tvíhliða samningar sem EFTA-ríkin hafi gert við væntanleg aðildarríki ESB, t.d. um verslun með fisk, falli úr gildi þegar aðild verður staðfest. Einnig má benda á að teikn eru á lofti um takmarkanir á aðkomu okkar að nefndastarfi í Brussel.

Hæstv. utanrrh. benti á þessa staðreynd á fundi ráðherraráðs EES í september í haust og nefndi í viðtölum við fjölmiðla að vaxandi tregðu gætti í samskiptum við Evrópusambandið. Hann nefndi sem dæmi utanríkis- og öryggismál, Myntbandalagið, samstarf ríkja á sviði upplýsingatækni, ýmis innanríkismál og merki væru um að verið væri að ýta okkur til hliðar í samstarfi á sviði rannsókna og þróunar. Það sem áður kom fram í tregðu Evrópusambandsins til samstarfs virðist nú formleg opinber staðreynd.

Í bréfi sem barst til EFTA-skrifstofunnar í síðasta mánuði frá embættismanni einnar deildar framkvæmdastjórnar ESB kemur þetta skýrt fram. Þar er þeirri skoðun lýst að EES-samningurinn tryggi EFTA/EES-ríkjunum ekki rétt til raunverulegrar þátttöku í mótun reglna sem varða Evrópska efnahagssvæðið. Bréfið er skrifað af yfirmanni mála er í framkvæmdastjórn ESB er varða sjóflutninga. Þetta gæti m.a. þýtt að þátttaka okkar í nefnd sem fjallar um öryggisbúnað í skipum yrði útilokuð. Þetta er nefnd sem við höfum tekið virkan þátt í til að koma sjónarmiðum okkar og sérstöðu á framfæri. Sú afstaða sem fram kemur í bréfinu virðist vera lýsandi fyrir þá þróun sem er að verða á samstarfi EFTA/EES-ríkjanna og Evrópusambandsins, þróun sem sannarlega er ástæða til að hafa áhyggjur af. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hver verða viðbrögð EFTA-ríkjanna við þeirri afstöðu sem fram kemur í bréfum, dagsettum í desember og 22. jan. sl. frá yfirmanni sjóflutningamála í framkvæmdastjórn ESB?

Munu EFTA-ríkin fara fram á formlegar viðræður við Evrópusambandið um breytingu á EES-samningnum í ljósi minnkandi áhrifa sinna á löggjöf er varðar Evrópska efnahagssvæðið?

Hvaða líkur eru til þess að hægt sé að ná ásættanlegri niðurstöðu úr slíkum viðræðum?

Ef ásættanleg niðurstaða fæst ekki, telur hæstv. ráðherra að þá eigi að skoða alvarlega aðild Íslands að Evrópusambandinu? Ef svo færi, hefur þá verið unnið að því í utanrrn. að skilgreina samningsmarkmiðin fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið?

[15:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ástæða þessarar utandagskrárumræðu er, eins og kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, bréf framkvæmdastjórnarinnar frá því í janúar til EFTA-ríkjanna þar sem þeim er í reynd meinuð þátttaka í nefnd sem fjallar um þjálfun sjómanna. Í bréfinu kemur fram að skilningur framkvæmdastjórnarinnar á 100. gr. EES-samningsins, sem tryggt hefur EFTA-ríkjunum afar víðtækan aðgang að nefndastarfi framkvæmdastjórnarinnar fram að þessu, er mun þrengri en tíðkast hefur til þessa.

Einkum veldur þrennt áhyggjum í þessu sambandi:

Í fyrsta lagi virðist túlkun framkvæmdastjórnarinnar stangast á við þá framkvæmd sem tíðkast hefur á nefndasetum okkar fram til þessa.

Í öðru lagi má skilja af bréfinu að ætlun framkvæmdastjórnarinnar sé að úthýsa EFTA-ríkjunum úr starfi allra nefnda á þessu sviði.

Í þriðja lagi virðist sú stjórnardeild sem fer með samgöngumál hafa haft samráð við aðrar stjórnardeildir framkvæmdastjórnarinnar við samningu þessa bréfs en þær eru líklega utanríkismáladeild og lagadeild framkvæmdastjórnarinnar.

Þrátt fyrir að afar slæmt sé fyrir EFTA-ríkin að hafa ekki aðgang að nefndastarfi á þessu sviði þá hef ég mestar áhyggjur af því að túlkun sem þessi fari að láta kræla á sér víðar. Orðalag bréfsins gefur til kynna að hætta geti verið á slíku. Ef það verður raunin mun það að meira eða minna leyti setja allt nefndastarf EFTA-ríkjanna í uppnám. Slík aðstaða væri andstæð upphaflegum skilningi samningsaðila EES á nefndaþátttöku EFTA-ríkjanna. Utanrrn. vinnur nú að því eftir óformlegum leiðum í samvinnu við hin EFTA-ríkin að endurheimta nefndasetu í umræddri nefnd og koma í veg fyrir að okkur verði meinuð þátttaka í fleiri nefndum á þessu sviði. Við vonum að sjálfsögðu að það muni takast og frekari uppákoma af þessu tagi sé ekki að vænta í samstarfi okkar við Evrópusambandið.

Að því er varðar aðra spurningu hv. þm. er rétt að taka fram að eftir gildistöku EES-samningsins hefur ESB þróað ýmis ný samstarfssvið sem falla ekki beint undir ramma EES en teljast hluti af innri markaðnum. Í þeim tilvikum hafa EFTA-ríkin þurft að semja sérstaklega um þátttöku í starfi þessara stofnana, þar má t.d. nefna Lyfjamálastofnun Evrópu. ESB vinnur nú að því að setja á laggirnar fleiri stofnanir m.a. á sviði öryggismála á sjó, matvælaöryggis og flugöryggis og er afar mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni að við fáum einhvers konar aðild að þessu starfi. Við leggjum á það mikla áherslu þannig að segja mætti að ávallt séu í gangi viðræður við Evrópusambandið til að styrkja stöðu okkar á þessu sviði. Hins vegar hafa EFTA-ríkin, eins og hv. þm. spurði um, ekki farið fram á neinar formlegar viðræður um breytingu á EES-samningnum.

Einnig er spurt um líkurnar til þess að ná ásættanlegri niðurstöðu úr slíkum viðræðum, fari þær fram. Fyrst verður að ákveða hvort í það verður farið og því er ekki að neita að hjá ýmsum gætir verulegrar svartsýni um að hægt sé að ná þar ásættanlegri niðurstöðu. Um það vil ég ekki fullyrða fyrir fram enda er það að sjálfsögðu matsatriði hvað mönnum þykir ásættanlegt í þeim efnum. Fáist ekki það sem hv. þm. kallar ásættanlega niðurstöðu í því sambandi er alveg ljóst að hinn kosturinn er aðildarviðræður og beiðni um aðildarviðræður að Evrópusambandinu með öllum þeim göllum og kostum sem því fylgir. Það er að sjálfsögðu afskaplega erfitt að svara fyrir hér. Þetta þarf hins vegar Alþingi og stjórnmálaflokkar að fara yfir og gera sér grein fyrir.

Í fimmta lagi er spurt hvort unnið sé að því í utanrrn. að skilgreina samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið. Svarið er: Nei, engin slík vinna er í gangi

enda er það ekki á stefnuskrá núv. ríkisstjórnar að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu þarft að fara reglega yfir stöðu mála hvað varðar tengsl Íslands við Evrópusambandið og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum hvenær sem er tilbúin til slíkra umræðna. Ég kem ekki auga á að nein grundvallarbreyting hafi orðið á samningsbundinni stöðu Íslands hvað þetta varðar frá því að við ræddum málin í vor í tengslum við skýrslu hæstv. utanrrh. eða frá 14. nóv. sl. þegar utanríkismál voru hér á dagskrá og enn fremur munum við væntanlega ræða þau 29. mars nk. þegar utanríkismál eru til umfjöllunar á vormissirinu.

Í aðalatriðum er afstaða okkar sú, og hún er óbreytt, að vænlegra sé fyrir Ísland að gæta hagsmuna sinna án aðildar að Evrópusambandinu en með samningum við það og góðum samskiptum eins og við önnur mikilvæg nágrannalönd og markaðssvæði. Það sem ég held að skipti máli, herra forseti, er að hægt sé eftir atvikum að byggja á einhverjum stöðugleika og einhverri stefnufestu í slíkum samskiptum. Ég vara við því að sköpuð sé óþarfa óvissa um of eða kynt undir vantrú á því að við getum staðið á eigin fótum. Ég verð að segja að mér finnst tónninn í bæði hv. frummælanda og hæstv. utanrrh. óþarflega mæðulegur. Ég held að þetta sé ekki alveg svona voðalega erfitt allt saman eins og menn vilja stundum vera láta.

Síðan er það, herra forseti, atriði í sjálfu sér að menn reyni að hafa þessi skoðanaskipti á sem hreinlegustum grunni. Ég lýsi eftir því að þeir sem eru þeirrar skoðunar að við eigum að ganga í Evrópusambandið komi fram með það sjónarmið með skýrum hætti og tali fyrir því þannig að þeir sem eru annarrar skoðunar geti þá líka flutt rök sín þar á móti. Þannig held ég að við gerum umræðunni, herra forseti, mest gagn og líka með hinu að átta okkur á því eftir atvikum til einhvers tíma í senn á hvaða grundvelli þessi samskipti byggja þannig að við þurfum ekki, ef svo má að orði komast, að vera með þetta dag frá degi í höndunum.

[15:20]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki nýtt að staða okkar til áhrifa sé erfiðari utan Evrópusambandsins en innan þess. En það hefur verið verkefni utanríkisþjónustunnar og okkar hér að láta EES-samninginn virka eins vel og hægt er meðan við búum við hann og meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um annað en að búa við hann.

Eitt af því sem þar skiptir miklu máli er að rækta tengsl við þá sem taka ákvarðanir innan Evrópusambandsins hvort sem það er á pólitískum vettvangi, vettvangi embættismanna eða atvinnulífs. Þess vegna skiptir máli að rækta vel öll þessi tengsl, byggja þau upp, endurnýja þau og viðhalda þeim. Ég nefni t.d. að þingmannasamstarf við þingmenn á Evrópuþinginu hefur gengið með ágætum og Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA hefur heimsótt þjóðþing allra þeirra landa þar sem viðkomandi ríki eru að taka við formennsku í Evrópusambandinu og þessar heimsóknir hafa skilað, að ég tel, miklum árangri.

Þegar Evrópusambandið stækkar þýðir það einfaldlega mun meiri vinnu af okkar hálfu að viðhalda tengslum og byggja þau upp. Breytingar á Evrópusambandinu kalla líka að sjálfsögðu á mikla vinnu í aðlögun að einstökum þáttum, þeim sem koma nýir inn hjá Evrópusambandinu og það kallar á enn þá meiri vinnu. En á meðan við höfum þennan samning þurfum við að einbeita okkur að því að láta hann virka eins vel og kostur er.

[15:22]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Meðan svo háttar að aðild að Evrópusambandinu kostar það að við hleypum þjóðum bandalagsins inn í íslenska fiskveiðilögsögu mun sá sem hér stendur og flokkur hans aldrei greiða því atkvæði að við göngum inn í þetta bandalag.

Menn skulu ekki reyna að skjóta skildi fyrir það að um leið og þeir taka slíka ákvörðun um aðild að bandalaginu eru þeir að opna landhelgina enda var það svo að þegar formaður Framsfl. tilkynnti um breytta afstöðu sína til bandalagsins þá tók hann jafnskjótt fram að hann væri þeirrar skoðunar að við ættum að breyta afstöðu okkar til veiða útlendinga í fiskveiðilögsögu okkar.

Herra forseti. Ég beini því til forsetadæmisins að það setjist niður með formönnum þingflokka og athugi rækilega fundarsköp á hinu háa Alþingi, að menn athugi, þegar svo mikilvæg mál eru dagskrá, hvort ekki megi breyta út af því að beinskera málfrelsið ekki svo niður eins og hér ber vitni um.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get nú ekki orðið annað en ósammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að engin breyting hafi orðið á stöðu okkar gagnvart EES. Ég tel það ákaflega alvarleg tíðindi ef Íslendingar og raunar aðrar EFTA-þjóðir eiga ekki lengur kost á því að hafa fulltrúa í mikilvægum nefndum þar sem fjallað er um reglur sem við þurfum síðan að taka upp.

Ég tel einnig ákaflega alvarlegt að heyra það hjá hæstv. utanrrh. að hann óttist að sú túlkun sem þarna ræður för láti líka á sér kræla á öðrum sviðum því að ef svo er þá sé ég ekki betur, herra forseti, en að í það stefni að nefndastarf okkar við Evrópusambandið í gegnum EES sé e.t.v. að komast í uppnám.

Í reynd finnst mér að þessi þróun þýði það eitt að möguleikar okkar til að hafa áhrif á þær reglur og lög sem eiga að gilda á Íslandi verði snöggt um minni en áður og það hlýtur að vera erfitt fyrir fullvalda þjóð. Mér sýnist, herra forseti, að þetta mál sýni því í hnotskurn að EES-samningurinn eldist ekki með þeim hætti sem væri ákjósanlegast fyrir okkur Íslendinga.

Þessu til viðbótar hefur það komið næsta skýrt fram hjá viðmælendum íslenskra fjölmiðla innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að stækkun þess muni óhjákvæmilega koma niður á EFTA-ríkjunum. Það eru svo sem ekki mikil tíðindi fyrir okkur sem höfum einmitt verið að inna hæstv. utanrrh. eftir því hér í þessum sölum.

Þó að menn hljóti að undrast þá óbilgirni sem kemur þarna fram af hálfu ESB í þessu tiltekna máli og þau skýru skilaboð sem maður les úr þeim, þá kemur þessi þróun ekki að öllu leyti á óvart. Hvernig eiga menn svo að bregðast við? Ja, það er sjálfsagt að skoða hvort hægt sé að bæta samninginn við EES. En hæstv. utanrrh. hefur áður sagt það í útvarpi að nánast vonlaust mál sé að ná fram breytingum. Og ef í ljós kemur að ekki sé hægt að ná fram þessum breytingum er þá hæstv. utanrrh. reiðubúinn til þess að skoða aðild að Evrópusambandinu svo fremi sem hægt verði að ganga frá sjávarútvegsmálum með viðunandi hætti fyrir Íslendinga?

Ég held sjálfur að það hljóti að vera í ljósi þessara tíðinda miklu nærtækari kostur nú en áður.

[15:26]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Samskipti Íslands við Evrópusambandið eru í mótuðum ferli samkvæmt ákvæðum samninga um samskiptin, þar á meðal samningnum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sem er einhver fjölþættasti samningur sem Ísland á aðild að um samskipti og viðskipti og sitthvað fleira við önnur ríki. Einkenni þess samnings, sem var algjörlega nýtt, er að hann á að geta þróast og hluti af þeirri þróun gerist í tilskipunum Evrópusambandsins sem önnur aðildarríki að þessu efnahagssvæði, þ.e. EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein, taka upp hvert með sínum hætti inn í löggjöf eða reglugerðir, þannig að þær hljóti sama gildi sem stjórnvaldsfyrirmæli í þeim og innan Evrópusambandsins.

Það sem gerst hefur og hér var nefnt er að innan Evrópusambandsins hafa verið gerðar ákveðnar breytingar á stofnanakerfi þess. Vegna þeirra breytinga er nú verið að móta nýjar stofnanir sem koma í stað nefnda eða hlutverka sem áður voru innan framkvæmdastjórnar sambandsins þar sem Ísland hafði samkvæmt samningnum aðild að eða aðkomu að framgöngu þeirra mála.

Það er ekki svo að þetta hafi ekki verið rætt í hv. utanrmn. Alþingis, síður en svo. Þetta hefur komið þar til umræðu og fram hefur komið af hálfu hæstv. utanrrh. að þetta mál er til umfjöllunar meðal sendimanna Íslands gagnvart Evrópusambandinu og á fundum þeirra með fulltrúum sambandsins. Ísland og fulltrúar þess hafa vakið athygli á því að þessar breytingar innan sambandsins hafa bein áhrif á möguleika Íslands og þá annarra EFTA-ríkja til að hafa áhrif á framkvæmd og framgöngu ákvarðana sem þau hafa áður skuldbundið sig til að taka upp. Það er eðlilegt að Evrópusambandið skapi þeim áfram þann rétt sem það hafði skuldbundið sig til. Þetta voru gagnkvæmar skuldbindingar og því er um að ræða framkvæmd Evrópusambandsins á skuldbindingum sem það einnig undirgekkst gagnvart okkur, Noregi og Liechtenstein. Það er einfaldlega eðlilegt að við krefjumst breytinga á þessu þannig að jafnræði megi áfram ríkja en það er mikill misskilningur að þetta mál hafi ekki verið rætt af réttbornum aðilum hér á þingi sem í ráðuneyti.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er ekki í hópi þeirra sem telja að þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist í samningum við Evrópusambandið hafi allar verið okkur til góðs. Varðskipsmálið minnir okkur nú síðast á hvernig þessar skuldbindingar hafa skert möguleika okkar til atvinnuuppbyggingar á Íslandi og frelsis til eigin athafna. Við skulum gá að því að innan Evrópusambandsins eru þessar skuldbindingar miklu fastar reyrðar en utan. Ég er því ósammála Samfylkingunni um að það þjóni hagsmunum Íslands að njörva okkur enn fastar niður í Evrópusamrunanum með aðild að Evrópusambandinu.

Hitt er svo annað mál að okkur ber að nýta öll þau tækifæri sem við höfum til að hafa áhrif innan Evrópu. Það eiga samtök einnig að gera, verkalýðshreyfingin t.d. Stærstu samtök hennar, ASÍ og BSRB, eiga aðild að Evrópusamstarfi verkalýðshreyfingarinnar. En innan þessarar hreyfingar er aukin vitund um það nú hvað alþjóðavæðing fjármagnsins hefur í raun í för með sér. Það virðir ekki landamæri einstakra þjóðríkja og ekki heldur Evrópusambandsins. Ég held að það sé aukin vitund um nauðsyn þess að horfa víðar, að horfa til heimsins alls, að fylgja því sem er að gerast á sviði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, innan OECD, svo dæmi séu tekin. Við þurfum að gæta okkar á því að hafa víðara sjónarhorn á heiminn en það sem tekur til Evrópu einnar. Ef við ekki gerum það er hætta á því að við forpokumst í evrópskri einangrunarhyggju.

[15:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Rétt er að minna á í ljósi þeirra ummæla sem féllu hér síðast í pontu að samningar eins og samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði eru auðvitað tvíhliða samningar. Vilji hv. þm. Ögmundur Jónasson taka víðara sjónarhorn þá þarf væntanlega að semja við fleiri en Evrópusambandið um það víðara sjónarhorn og því fylgja bæði skyldur og réttindi. Það verður ekki bara valið af hlaðborði alþjóðasamninganna.

Herra forseti. Ójafnvægið á milli þeirra tveggja stoða sem mynda EES, þ.e. EFTA og Evrópusambandsins, er þeim sem best fylgjast með þróun ESB nokkurt áhyggjuefni og var ekki annað að heyra á hæstv. utanrrh. en hann væri nokkuð áhyggjufullur líka.

Fyrir utan gífurlegan stærðarmun þessara tveggja stoða eru þær gjörólíkar í eðli sínu. Evrópusambandið hefur breyst mikið og þróast á þeim sjö árum sem liðin eru frá því að EES-samningurinn gekk í gildi. Samstarfið nær til æ fleiri sviða, t.d. með Amsterdam-sáttmálanum, og fátt bendir til annars en að sú þróun til nánara samstarfs muni halda áfram með einum eða öðrum hætti. Því ætti þverrandi áhugi ráðamanna í Brussel á EES-samningnum að vera okkur áhyggjuefni, þeim sem láta stöðu Íslands á alþjóðavettvangi sig einhverju varða. Nýjustu tíðindin færa okkur heim sanninn um að hin svokallaða „bíða og sjá"-stefna íslenskra stjórnvalda dugar ekki til langframa þegar EES-samningurinn er annars vegar.

Ég leyfi mér því að spyrja, herra forseti, hvort Evrópustefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, sem fylgir hinum óformlegu leiðum, dugi í raun til langframa. Er þetta stefna sem í raun gætir hagsmuna Íslands á alþjóðlegum vettvangi? Eða á bara alltaf að hugsa sex mánuði fram í tímann, herra forseti?

Ég er þeirrar skoðunar að hún dugi ekki. Margt bendir til þess að EFTA-stoð EES-samningsins standi á brauðfótum og umræða um þau mál hér er ekki til þess gerð að kynda undir vantrú eða óvissu. Hún er einfaldlega til þess gerð að horfast í augu við staðreyndir málsins.

[15:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég heyri að hér inni eru þingmenn sem draga það í efa að umræða eins og þessi sé þörf á þessum tíma. Ég tel hana þarfa vegna þess að augljóst er að á undanförnum örfáum vikum og mánuðum hefur staða okkar veikst í þessu samstarfi og það sem áður lá fyrir óformlega hefur að mínu mati verið staðfest formlega með bréfi til EFTA þannig að farið er að hitna undir okkur og Norðmönnum í þeim nefndum sem við höfum þegar tekið þátt í fram að þessu, stefnumótandi nefndum.

Mæðuleg eða ekki mæðuleg. Það er þörf á því að ræða þessi mál hér án þess að vera með skæting, fara málefnalega yfir þau og skoða þá stöðu sem við erum í. Atvinnulífið er að gera það, unga fólkið okkar er að því. Og það er sjálfsagt að Alþingi eyði í þetta mikilvæga mál heldur meiri tíma en gert hefur verið að undanförnu. Ég ítreka að ég tel að við höfum ekki unnið eins vel úr skýrslunni sem utanrrh. skilaði fyrir ári síðan og efni stóðu til.

Hvað varðar hins vegar svör hæstv. ráðherra þá harma ég að EFTA-ríkin skuli ekki hafa tekið þá afstöðu að fara í formlegar viðræður um breytingar á EES-samningnum þannig að það liggi fyrir nákvæmlega hver staða okkar er. Það er þörf á því og þörf er á að skilgreina þau samningsmarkmið sem Íslendingar standa fyrir ef til þess kemur að niðurstaða okkar verði að besta úrræðið sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Auðvitað mun okkur ekki líka við allar gjörðir Evrópusambandsins, þannig er það ekki í samningum. Það veit hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þannig er það ekki. En það er nauðsyn fyrir okkur að styrkja stöðu Íslands meðal þjóðanna og það gerum við með því að halda vöku okkar.

[15:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel að hafi verið afskaplega gagnleg. Í samningaviðræðum á sínum tíma um EES töldu EFTA-ríkin fullnægjandi aðgang að nefndastarfi ESB eina af grundvallarforsendum fyrir því að aðlaga réttarkerfi sitt að innri markaðslöggjöf ESB til að tryggja einsleitni á öllu þessu svæði.

Að sama skapi var enn fremur talið nauðsynlegt, bæði út frá stjórnskipulegum og pólitískum sjónarhóli, að fullnægjandi aðgangur fengist að þeim vettvangi þar sem leikreglur innri markaðarins eru mótaðar. Hér er því um grundvallaratriði að ræða og þess vegna munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda stöðu okkar.

Það er hins vegar ekkert nýmæli að staða okkar hefur verið að veikjast á þessum vettvangi. Ég hef lýst því yfir áður og fært fyrir því gild rök. Athygli Evrópusambandsins beinist í vaxandi mæli að þeim ríkjum sem eru að sækja um aðild og þess vegna hefur athyglin gagnvart EFTA-ríkjunum minnkað.

Það hefur verið rætt á milli EFTA-ríkjanna hvort biðja eigi um formlegar viðræður en engin niðurstaða fengist í því sambandi. En um það eru skiptar skoðanir. Margir eru þeirrar skoðunar að ekki sé rétt og ekki líklegt til árangurs að gera það. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að rétt væri að gera það þannig að á það reyndi. Þar fengist tækifæri til að fara yfir allt málið og ræða það í hreinskilni við Evrópusambandið, sérstaklega með það markmið í huga að Evrópusambandið standi við gerða samninga því að þeir hafa skyldur til þess að hafa við okkur samráð þannig að ef við höfum ekki lengur aðgang að nefndum þá verður það samráð að fara fram með öðrum hætti þó að ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig þeir hugsa það á þessu stigi.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 243. mál. — Þskj. 268.

[15:38]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á áhrifum fiskmarkaða. Ég hef tvisvar áður flutt tillögu á Alþingi þess efnis að öllum þeim afla sem veiddur er í íslenskri efnhagslögsögu verði landað og hann seldur í gegnum fiskmarkaði. Sú hugmynd hefur verið í fullu samræmi við stefnu sjómannasamtakanna og sömuleiðis ýmissa alþýðusamtaka. Hins vegar varð það niðurstaða mín, herra forseti, að rétt væri, til þess að menn nestuðu sig nú í umræðu um skipulagsmál sjávarútvegsins, ekki bara hvað varðar fiskmarkaði heldur líka aðra hluti, að gerð yrði á því úttekt hvaða breytingar það hefur haft í för með sér að hér voru settir á laggirnar fiskmarkaðir undir 1990. Lögin eru frá 1989.

Í öllu falli varð það niðurstaða mín og þeirra sem að þessari þáltill. standa, sem eru hv. þm. Jóhann Ársælsson, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Kristján L. Möller, að rétt væri að fara nú fram með þeim hætti eins og segir í tillögutextanum:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera úttekt á gildi fiskmarkaða fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun. Nefndin afli gagna, beri saman aðstæður og leggi þannig mat á áhrif fiskmarkaða, m.a. með tilliti til:

1. brottkasts,
2. verðmyndunar sjávarafla,
3. tekna útgerðar,
4. tekna sjómanna,
5. sérhæfingar í fiskvinnslu,
6. nýtingar áður vannýttra fisktegunda,
7. umgengni um og frágangs á afla um borð í fiskiskipum,
8. aðgengis fiskvinnslunnar að hráefni,
9. möguleika á nýliðun í fiskvinnslu,
10. erlendra markaða fyrir sjávarafla,
11. erlendra markaða fyrir sjávarafurðir,
12. verðs á útfluttum sjávarafurðum,
13. flutnings á afla innan lands,
14. stöðugleika í fiskvinnslu,
15. byggðaþróunar."

Herra forseti. Ugglaust væri rétt að taka til fleiri þætti en þessa fimmtán sem í tillögutextanum eru listaðir upp og ekkert á móti því að það verði gert enda segir þar m.a. „með tilliti til". En ég vil aðeins rökstyðja af hverju þessir fimmtán þættir eru teknir til.

Í greinargerð tillögunnar segir:

Þær miklu breytingar sem hafa orðið og verða enn í íslenskum sjávarútvegi eiga m.a. rætur að rekja til tæknibreytinga á sviði fjarskipta og upplýsingastreymis, til tækni og tækja sem leyst hafa mannshöndina af hólmi, til bættra samgangna og möguleika til skjótra flutninga, til fiskveiðistjórnarkerfisins og markaðsvæðingar veiðanna, svo og þess að fiskmarkaðir hafa haslað sér völl á undanförnum árum.

Á fiskmörkuðum eru nú árlega seld um 100 þúsund tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr. Flutningsmenn þessarar tillögu eru sannfærðir um mikilvægi fiskmarkaða fyrir þróun sjávarútvegs á Íslandi og telja því mikilvægt að gerð sé vönduð úttekt á helstu álitamálum sem fram hafa komið í umfjöllun um fiskmarkaði og mikilvægi þeirra.

Við umræður á Alþingi um fiskmarkaði og þá hugmynd að allur fiskur veiddur á Íslandsmiðum verði seldur eða verðlagður á fiskmörkuðum hafa margvísleg sjónarmið komið fram. Og síðan er, herra forseti, farið yfir helstu rök sem fram hafa komið í umræðunni bæði með og á móti. Þau eru listuð upp í grg. og ég mun víkja að þeim síðar eftir því sem tilefni gefst til. En ég ætla aðeins, herra forseti, að rökstyðja þá fimmtán þætti sem til eru teknir og við teljum að nefndin ætti sérstaklega að afla gagna um og bera saman og leggja mat á áhrif fiskmarkaðanna út frá.

Það fyrsta sem er nefnt hér, herra forseti, er brottkast. Við þekkjum þá miklu umræðu sem reglulega gýs upp um brottkast og þær deilur sem uppi hafa verið um hversu mikið það er, og þá ekki síður hitt hvernig beri að bregðast við. Það hefur verið skoðun okkar í Samfylkingunni að laða ætti menn til réttrar breytni, ef svo má að orði komast, gefa ætti mönnum kost á því að koma með allan afla að landi. Hér áður fyrr, áður en fiskmarkaðir urðu til var það einfaldlega svo að ekki var markaður fyrir allar þær tegundir sem kunnu að koma um borð í fiskiskip og menn hirtu ekki allan afla, eins og það var orðað í þá tíð. Nú gerum við hins vegar kröfu til þess að menn hirði allt sem nýtanlegt er og við vitum að markaður er fyrir nánast allt sem um borð í fiskiskip kemur og menn geta selt í gegnum fiskmarkaði það sem þeir áður töldu að ekki væri markaður fyrir vegna þess að til er orðin vinnsla í landinu sem hefur náð að sérhæfa sig í vinnslu margra þeirra tegunda sem áður voru ekki taldar nýtanlegar eða ekki seljanlegar. Þess vegna er mikilvægt, herra forseti, að það sé skoðað í rauninni og því lyft hvaða áhrif fiskmarkaðir hafa haft á það að menn geti komið með allan afla að landi.

Næstu þrír þættir, þ.e. verðmyndun sjávarafla, tekjur útgerðar og tekjur sjómanna, eru síðan atriði sem eru afskaplega mikilvæg. Við höfum upplifað það á undanförnum árum að sjómenn hafa aftur og aftur farið í verkföll vegna verðmyndunar sjávarafla vegna þess að þeir hafa talið að hún væri ekki með þeim hætti að samrýmdist lögum sem um það gilda eða kjarasamningum sem þeir hafa talið bæði sig og útgerðina bundna af.

Það er mjög mikils virði fyrir þróun sjávarútvegsins að þær deilur sem staðið hafa um verðmyndun sjávarafla verði leystar með farsælli hætti en gert hefur verið hingað til. Þau meðul sem menn tóku til og lögbundu til að lenda síðustu kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna hafa ekki dugað eins og menn þó bundu vonir við. Það er því ljóst að þessi atriði verða áfram í deiglunni.

Næst, herra forseti, vil ég taka til 8. og 9. lið sem eru aðgengi fiskvinnslunnar að hráefni og möguleikar á nýliðun í fiskvinnslu. Það hefur verið svo þegar fjallað er um íslenskan sjávarútveg að menn hafa fyrst og fremst horft til fiskveiðistjórnarkerfisins, fyrst og fremst horft til þess hvort kvóti sé í viðkomandi byggðarlagi, hvort skip í viðkomandi byggðarlagi hafi kvóta. Hins vegar sjá menn það fljótt þegar það landslag er skoðað að það eitt ræður ekki úrslitum um hvort fiskvinnsla og þar með atvinna er fyrir landverkafólk á staðnum. Það eru aðrir hlutir sem þar virðast ráða úrslitum og nýlega var rifjað upp í umræðunni að á þeim stöðum þar sem atvinnuleysi fiskverkafólks er einna mest í dag er staðan ekki sú að ekki sé nægjanlegur kvóti eða nægjanlegur fiskur komi að landi, heldur er um annars konar vandamál að ræða.

En við erum sannfærð um að það er mjög mikilvægt að fiskmarkaðir gegni áfram því hlutverki að gera aðgengi fiskvinnslunnar að hráefni sem beinast og best vegna þess að ef málum er þannig fyrir komið að fiskvinnslan á aðgang að hráefni í gegnum fiskmarkaði, þá er það ekki eins mikilvægt að útgerð með kvóta sé staðsett alls staðar um landið. Það er aðgengið að hráefninu til vinnslu sem máli skiptir þegar við erum að tala um landvinnslu. Skipin eru hins vegar færanleg eins og við þekkjum og landa afla sínum mun víðar en í sinni heimahöfn og sjá sér oft og einatt hag í því að haga hlutum með öðrum hætti en þeim að afla sé landað í þeirri vinnslu sem er í byggðarlagi þeirra.

Ég ætla að lokum, herra forseti, að nefna þrjá síðustu liðina, lið 13 um flutning afla innan lands, lið 14 um stöðugleika í fiskvinnslu og lið 15 um stöðugleika í byggðaþróun. Þessi þrjú atriði eru nátengd þeim sem ég áður nefndi um aðgengi fiskvinnslunnar að hráefni og möguleika á nýliðun í fiskvinnslu.

Það er alveg ljóst að afli er fluttur fram og til baka um landið nú sem fyrr en þó líklega í meiri mæli nú en nokkru sinni áður. Þetta er gert vegna þess að menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að betra væri að sérhæfa sig með því að kaupa afla á mörkuðum en með því að fara sjálfir í útgerð og þurfa síðan — eigum við að segja að velja úr þeim afla sem um borð í fiskiskipið kemur. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri býsna farsælt, bæði fyrir nýliðun í fiskvinnslu og til að geta hafið fiskvinnslu, að fara inn á markaði og kaupa fisk jafnvel þó að flytja þurfi hann landshluta á milli og það er líka svo að í þeirri fiskvinnslu sem treystir fyrst og fremst á markaði, þar hafa menn auðvitað leitað og fundið þann stöðugleika sem þeir þurfa með því að kaupa hráefni víða að af landinu.

Fiskmarkaðir hafa klárlega haft áhrif á byggðaþróun í þá veru að þar sem menn hafa viljað vera með öfluga fiskvinnslu hafa menn átt þennan aðgang að hráefni sem hefur verið geysilega mikilvægt. Hitt er svo annað mál að menn hafa auðvitað kvartað undan því að á meðan ekki fer meira hráefni á markaðinn, þá sé verðið óhæfilega hátt og það verður þá væntanlega skoðað í tengslum við þá vinnu sem við ætlumst til að hér verði farið í í framhaldi af samþykkt þessarar tillögu ef af verður.

Ljóst er, herra forseti, að samstarf um allt land með nýjustu fjarskiptatækni hefur gert kleift að koma á viðskiptum hvar sem skip eða verkendur eru og þetta er auðvitað mjög mikilvægt. Þannig hafa fiskmarkaðir skapað tilverugrundvöll fyrir mörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig með tilliti til ákveðinna markaða. Þetta hefur auðvitað haft ákveðin áhrif á fiskvinnsluna í landinu. Hér hafa orðið til aðilar sem hafa sýnt fram á að til eru markaðir sem eru tilbúnir að borga mun hærra verð fyrir afurðir en við þekktum áður á meðan við vorum með útflutning afar miðstýrðan og vinnsluna þá í leiðinni. Auðvitað hefur þessi virkni markaðanna með aflann einnig haft það í för með sér að sú vinnsla er orðin verðmætari, menn eru farnir að vanda sig og reyna að gera betur, enda þótt það sé skoðun þeirrar sem hér stendur að enn megi gera betur í þeim efnum.

Herra forseti. Ég er að segja að viðhorf vinnslunnar hefur breyst. Hún er orðin meðvitaðri um markaðinn almennt séð. Það er dálítill munur á því en áður var þegar menn tóku í rauninni bara við fyrirmælum um hvað þeir ættu að framleiða og í hve miklu magni.

Menn hafa líka haldið því fram að ef fiskmarkaður hefði ekki komið til hefði landvinnslan farið enn frekar halloka fyrir sjóvinnslunni en orðið hefur. Menn kvarta gjarnan und-

an því að vinnslan í landi og þar með atvinna verkafólks í landi hafi farið mjög halloka fyrir sjóvinnslu en þeir eru til sem vilja halda því fram að ef ekki hefði verið fyrir tilkomu fiskmarkaða, þá hefði þetta orðið mun verra, ef má nota það orð, en þó er.

Menn benda gjarnan á að í fiskveiðistjórnarkerfi okkar sé það þannig að menn fái ekki aðeins veiðileyfi, menn eru ekki aðeins að fá heimild til að nýta auðlindina til veiða, og það ókeypis í mörgum tilfellum og megi síðan selja öðrum aðgang að þessari auðlind, heldur geti þeir þannig ráðstafað óveiddum fiski að vild eins og staðan er í dag. Þeir hafi einnig ráðstöfunarvald yfir aflanum og geti þar með ráðstafað vinnslumöguleikunum áfram. Stundum hefur það verið gagnrýnt að fullkomlega skorti öll liðamót í þetta kerfi.

Athyglisvert er, herra forseti, að horfa til þess hvernig við höfum skipulagsmálin í sjávarútvegi, hvernig við viljum hafa skipulagsmálin í kringum nýtingu þessarar helstu náttúruauðlindar okkar, með hliðsjón af því hvaða niðurstöðu menn hafa komist að raun um þegar þeir horfa til þess hvernig þeir vilji gera kerfið sem hagkvæmast þegar orka og nýting hennar, sala og dreifing er annars vegar. Þar eru menn að leita að kerfi þar sem gegnsæi er í viðskiptum, þar sem samkeppnisaðstæður eru skapaðar á öllum viðskiptaliðamótum og þar sem menn horfa til þess að gera það mesta og besta úr hlutum fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Það er fróðlegt að bera þetta saman, herra forseti, og við munum eflaust gera það betur síðar í umræðunni. Ég vil a.m.k. gjarnan koma að því vegna þess að ég álít að þar sé í rauninni verið að feta sig á braut sem hlýtur að eiga við um fleiri auðlindir.

[15:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af meðflm. þessarar þáltill. og ég kem hér upp til að árétta mikilvægi þess að menn skoði það í alvöru að koma á betra skipulagi en nú er hvað þessi mál varðar. Auðvitað er aðalatriði málsins það að niðurstaðan verði sú sem allra fyrst að allur fiskur fari um markaði og að verðlagning á afla verði skilvirk og opin þar sem kaupendur hafi í raun og veru tækifæri til að bjóða í fiskinn á markaði. Sú smuga sé ekki opin áfram sem hefur verið og hefur verið notuð gífurlega mikið fram að þessu að menn selji milli vasa í eigin fyrirtæki. Þetta er ónothæft fyrirkomulag, enda segir það sig sjálft og þarf ekki annað en benda á þær tölur sem hafa verið algengar í viðskiptum með fisk á undanförnum árum þar sem verðmunurinn á sömu fisktegundinni getur verið rúmlega tvöfaldur eftir því hvort viðkomandi útgerð er að selja fiskvinnslufyrirtækinu sem hún rekur sjálf eða þeirri deild fyrirtækisins sem sér um fiskvinnsluna eða hvort sama útgerð er að selja fisk á markaði. Þetta segir auðvitað sína sögu um það hvernig þessum málum er háttað.

Ég tel að þetta sé eitt af stærstu málunum hér hvað varðar atvinnuþróun í sjávarútvegi. Það að þeir sem vilja verka fisk á Íslandi hafi jafnræði til að nálgast fiskinn á markaði skiptir öllu máli.

Ég bendi á að við tilkomu fiskmarkaðanna spruttu upp fyrirtæki sem leituðu nýrra markaða og fóru að þjónusta markaði erlendis. Þetta voru kannski aðallega þau fyrirtæki sem fóru að flytja út ferskan fisk með flugi. Slíkir markaðir hafa verið mjög mikilvægir fyrir okkur. Þarna hefur hæsta verðið fengist fyrir fisk af Íslandsmiðum. Þessi fiskur er fullunninn að því leyti til að hann er tilbúinn til matreiðslu og ég held að því meira sem við seljum af fiski með þessu móti, því meira getum við haft út úr þessari auðlind okkar vegna þess að verðið hefur einfaldlega verið mjög hátt. Þarna hafa menn verið að bjóða besta fiskinn. En hvað er að gerast núna? Nú eru stóru fyrirtækin sem eiga veiðiheimildirnar í landinu að hvolfa sér inn á þennan markað. Í fyrra t.d. buðu þau verulega niður verðið sem hafði áður verið á þeim markaði. Þessi fyrirtæki selja sjálfum sér veiðiheimildirnar á helmingi lægra verði heldur en fyrirtækin sem brutu þennan ís og öfluðu þessara markaða. Þessi stóru fyrirtæki eru að koma inn á þennan markað núna, sennilega allt of hratt líka miðað við þá vaxtarmöguleika sem eru á honum og það hefur sjálfsagt að hluta til verið ástæða þess að verð féll á markaðnum í fyrra. En það er ekki aðalatriðið í máli mínu heldur hitt að benda á það mjög svo óeðlilega fyrirkomulag sem þarna er og stafar af eignarhaldinu á veiðiheimildunum. En líka því að hér eru ekki eðlilegar reglur í gildi hvað varðar aðskilnað veiða og vinnslu.

Auðvitað liggur það í augum uppi að rekstur af þessu tagi á ekki að fara saman, hann á að vera aðskilinn. Þetta hafa menn viðurkennt á öðrum sviðum alveg skýrt og greinilega og ég vil benda á að ekki er svo langt síðan að skorið var úr um að það mætti ekki reka saman annars vegar símaþjónustu Landssímans eins og hún þá var og hins vegar farsímaþjónustu Landssímans. Þar þurfti að skera algerlega í sundur. Af hverju? Jú, það var niðurstaða Samkeppnisstofnunar að ef það væri ekki gert, þá væri verið að mismuna þeim sem veittu samkeppni á þessum markaði, verið væri að mismuna þeim ef þetta væri ekki gjörsamlega skilið í sundur. Ég get alveg skrifað upp á það en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ekki vera mikil mismunun miðað við þá mismunun sem er í gildi hjá okkar mikilvægasta atvinnuvegi þar sem hluti fiskvinnslufyrirtækjanna þarf að sæta því að kaupa fisk á fiskmörkuðum á mjög háu verði og greiða greinilega með því verðlagi aðganginn að auðlindinni, en hinn hluti fyrirtækjanna sem er í vinnslunni, þau fyrirtæki sem eiga sjálf aðgang að auðlindinni fyrir ekki neitt frá hendi ríkisins geta selt sjálfum sér hráefnið á meira en helmingi lægra verði. Þetta er gjörsamlega óviðunandi og ég vona satt að segja að við skoðun á þeim atriðum sem farið er fram á að verði skoðuð með þessari þáltill. verði það enn ljósara en það er nú. Mér þykir það að vísu augljóst hverjum þeim sem hefur viljað ræða þetta í fullri hreinskilni og alvöru að þetta fyrirkomulag á ekki að ganga áfram. En þessi skoðun á málinu í heild gæti kannski komið fleirum til skilnings um það að þetta er ekki viðunandi og alls ekki í takt við þær kröfur sem við gerum almennt til samkeppnisumhverfis í atvinnulífi, alls ekki. Mér finnst það vera lágmarkskrafa til okkar hér á Íslandi, sem erum þessi mikla fiskveiðiþjóð og verðum vonandi áfram fiskvinnsluþjóð, að við búum þannig um hnútana að í þeim atvinnuvegi séu samkeppnisaðstæður eðlilegar. Það er affarasælast til að þróunin gefi okkur sem allra best og mest út úr því að nýta þessa auðlind.

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar merkilegt mál sem hér er til umræðu. Gerð var úttekt á því í nefnd hvert gildi fiskmarkaða væri fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun og beinlínis könnuð áhrif fiskmarkaða eins og hér kemur fram. Ég vil taka sérstaklega fram að þessi tillaga er mjög aðgengilega unnin, bæði með því að í tillögugreininni sjálfri er komið inn á þá 15 þætti sem þarf að skoða og svo jafnframt hitt að í greinargerð er í örstuttu máli farið yfir flest þau atriði sem

hafa komið fram í umræðu um málið, bæði með og á móti því að allur afli fari á markað. Það gerir það að verkum að hver og einn sem skoðar þetta mál áttar sig strax á hvað í því felst og hver séu meginatriði málsins.

Eins og ég horfi á þetta mál er það einn af lykilþáttum nýs skipulags í sjávarútvegi og það er hluti þeirrar stefnu Samfylkingarinnar að jafna eigi möguleika á innkomu í sjávarútveginn með því að nota fyrningarleið aflaheimilda til að kalla þær til baka til eigenda sinna, þjóðarinnar. Þá verði þær smátt og smátt boðnar upp þannig að nýir aðilar eigi möguleika á því að koma inn í sjávarútveg verði sú leið farin. Sömuleiðis ákvarðist fiskverð á fiskmarkaði þar sem öll vinnsla á jafnframt möguleika á að verða sér úti um hráefni þegar þannig væri komið.

Herra forseti. Full ástæða er til að minnast þess að í samtölum eins og við þingmenn eigum oft við ýmsa aðila, m.a. fulltrúa sjómanna á ýmsum sviðum, hefur oft komið fram að hægt væri að skoða það að styðja gjald fyrir veiðiheimildir ef allur afli væri kominn á fiskmarkað og búið væri að ná því fram að þannig væri haldið á málum. Allt helst þetta í hendur á einn eða annan hátt og skapar það net sem þarf að vera í lagi til að málin virki eins og við viljum að þau virki í sjávarútvegi okkar. En þannig er það ekki núna. Í dag er það svo að þeir sem hafa eignast veiðiheimildir á liðnum árum, ráða yfir þeim svo lengi sem þeir kjósa. Þeir geta jafnframt safnað meiri heimildum að sér vegna þeirra efna sem skapast við að hafa umráðarétt á veiðiheimildum. Þannig hefur það gerst að hægt og sígandi safnast heimildir á allt of fárra hendur. Þetta vitum við.

Þar sem ég nefndi það, herra forseti, að í greinargerðinni sé farið yfir þau atriði sem eru hvað oftast nefnd með eða á móti í þessari umræðu, vil ég gjarnan líta á eitt af því sem hefur verið tiltekið sem allt of þungt og veigamikið atriði gegn því að allur fiskur fari á fiskmarkað, að það mundi skapa óvissu í byggðum úti landi, ef útgerðarmönnum sem vilja landa þar er gert að landa á markaði. Ég er alveg sannfærð um að þetta er atriði sem mjög margir líta á og þetta er atriði sem er mjög oft notað í byggðaumræðunni. Þetta er atriði sem menn telja upp þegar þeir, jafnvel upptendraðir, vilja finna leiðir til að skapa atvinnu og tryggja möguleika á vinnslu heima. En þetta hefur ekki tryggt vinnsluna heima vegna þess að menn sem hafa haft heimildir í höndunum, hafa jafnvel eignast næstum allar veiðiheimildir á einu svæði, hafa þvert á móti verið frjálsir að því að fara með megnið af veiðiheimildum úr einu sveitarfélagi eða af einu svæði af því þeir réðu yfir þeim og af því þeir höfðu um það að segja og réðu því hvort þeir héldu áfram að veiða á þessu svæði út á þær heimildir sem þeir höfðu umráð yfir eða hvort þeir kusu að leggja upp á því svæði. Þannig hefur það gerst að jafnvel á einni nóttu hefur verið farið með alla björgina úr einu sveitarfélagi eða lítilli byggð og menn hafa staðið hnípnir eftir með fiskvinnslu sem hefur ekki haft neitt til að vinna, nema þá að verða sér út um slíkt með því að fara á markað. Ein af stærstu rökunum sem notuð hafa verið gegn fiskmörkuðunum eru því í raun líka stærstu rökin með þeim að mínu mati.

Herra forseti. Nokkur atriði eru mjög mikilvæg í þessari umræðu. Krafan um allan fisk á markað er m.a. meginkrafa allra sjómanna í dag og nokkur sambönd, alþýðusambönd, hafa ályktað um þetta efni. Við í þessum sal, sem erum aftur og aftur að tala um mikilvægi fjarskiptanna fyrir allar byggðir og smæstu byggðir þessa lands, gerum það vegna þess að við vitum hversu þýðingarmikið það er að komast í tengsl hvert sem er á landinu eða við umheiminn í gegnum fjarskipti, og fjarskipti gera öllum, sama hvaða byggðarlag það er, kleift að komast í samband við fiskmarkaðina.

Ég vil sérstaklega staldra við það sem er oft nefnt og það er mismununin. Það er t.d. mismunun að útvegsmenn fái úthlutað veiðiheimildum ókeypis og mega síðan selja öðrum aðgang að auðlindinni. Þannig geta þeir ráðstafað óveiddum fiski að vild en hafa ráðstöfunarvald yfir öllum aflanum eins og ég hef hér bent á. Hægt er að benda á að þetta er önnur hliðin á því, ef maður tekur hina hliðina á því þegar þetta er notað sem gagnrýni, að kaup á veiðiheimildum í dag eru svo allt of oft látin fara fram á kostnað sjómannanna, a.m.k. kemur það reglulega fram hjá mönnum sem treysta sér til að koma og segja frá því að þannig sé það í raun, þó fyrir það sé þrætt aftur og aftur þegar umræðan er sem heitust um þessi mál.

En eitt aðalmálið í þessu er að tortryggni hefur myndast milli sjómanna og útvegsmanna vegna þess að sjómenn hafa verið látnir bera kostnað af kaupum eða leigu á aflaheimildum. Það er mjög mikilvægt að sú leið sem Samfylkingin vill fara í þessum efnum mundi eyða þeirri tortryggni.

[16:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um könnun á áhrifum fiskmarkaða tekur til allmargra atriða þar sem er einmitt óskað eftir að kannað sé hvaða áhrif fiskmarkaðirnir hafa.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni afmarkaðan þátt sem hér er hreyft. Ég vil einmitt ræða um mikilvægi þess að fiskur sem berst á land, komi á markað hér á landi með þeim hætti að innlendir aðilar eigi kost á að ná til hans til vinnslu hér. Sá háttur sem er á að hægt er að flytja hluta af aflanum, sem kemur hér á land beint á markaði erlendis, setja hann í gáma óunninn og flytja hann beint á markað erlendis, án þess að innlendir aðilar geti komist að honum, nema þá á mörkuðum erlendis, til að ná í hann til vinnslu, er náttúrlega algjörlega óviðunandi. Þær aðgerðir sem hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir í upphafi ferils síns við upphaf síðustu ríkisstjórnar um að lækka gjald á útfluttan gámafisk til að gera þann útflutning greiðari voru í sjálfu sér alls ekki til bóta hér.

Afar mikilvægt er að þær reglur séu settar að innlendir aðilar geti boðið í þennan fisk til jafns við aðra eða eignast hann eða komist yfir hann til vinnslu. Hafi útlendingar áhuga á að fá þennan fisk til vinnslu, geta þeir alveg eins boðið í hann á mörkuðum hér og flutt hann þá út til vinnslu sinnar erlendis í eðlilegri samkeppni við innlenda aðila eða fengið innlenda aðila til að vinna hann fyrir sig, eftir því sem verkast vill.

Ég vil draga þetta, herra forseti, mjög skýrt fram hér, vegna þess að ég tel að þetta sé að mínu viti einn veikasti hlekkurinn í því að hvernig fiskur kemur til nýtingar innan lands. Það að setja upp markaði fyrir fisk án þess að það sé þá á neinn hátt skilyrði að allur fiskur sem fer ekki til eigin vinnslu komi á slíka markaði finnst mér vera algjörlega frumskilyrði til að fiskmarkaðir geti í rauninni þjónað því hlutverki sem þeim var ætlað, þ.e. að skapa jöfnuð og möguleika og eðlilega samkeppni innan lands til þess fisks sem Íslendingar veiða og landa hér.

Það er eins og hér hefur ítarlega verið minnst á og rætt mjög mikil nauðsyn á að bæði fiskvinnslan og sveitarfélögin, aðilar í landi, geti eignast og átt þannig rétt á veiðiheimildum

og forgangi til aflans eða samið um það með einum eða öðrum hætti á sínum forsendum, en það sem lýtur að fiskmörkuðunum sjálfum er að það er algerlega óviðunandi að aðeins hluti af fiski sem veiddur er þurfi að koma á markað en hluti geti farið úr landi. Margar fiskvinnslur vítt og breitt um landið sem ekki eiga aðgang að fiski með öðrum hætti en að kaupa hann á mörkuðum eru þar með afar illa settar í öryggi og samkeppni um þann fisk sem við veiðum.

Herra forseti. Ég vil draga þetta fram hér, leggja áherslu á að það er afar óeðlilegt að fiskur sé fluttur út óunninn í gámum á fiskmarkaði erlendis án þess að innlendir aðilar hafi átt tök á því að koma þar að og bjóða í til vinnslu innan lands.

[16:15]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var að sönnu rétt sem hv. þm. Jón Bjarnason rakti hér um óréttlæti þess að útgerðaraðilar gætu sjálfir ákveðið að flytja út hluta af þeim afla sem þeir veiða á Íslandsmiðum án þess að gefa íslenskri fiskvinnslu kost á að bjóða í hann og taka til vinnslu bjóði þær betur.

Hv. þm. orðaði það þannig í umfjöllun sinni, þegar hann talaði um þann afla sem fer á fiskmarkaði, eða ég skildi hann svo að hann væri fyrst og fremst að tala um afla sem ekki færi til eigin vinnslu. Það mundi þá þýða að hann væri hlynntur því að aðilar hefðu áfram val um hvort þeir lönduðu fiski í eigin vinnslu eða settu hann á fiskmarkaði.

Ég spyr hv. þm. hvort hann telji að löndunarskylda, sem einungis á við gagnvart þeim fiski sem fluttur er til útlanda, mundi geta gengið upp ef menn hefðu öðru leyti frjálsan ráðstöfunarrétt á þeim afla sem þeirra skip koma með að landi. Mér finnst þetta mjög mikilvægt atriði vegna þess að við erum alltaf að horfa til þess að þeir sem eins er ástatt um hafi sömu skyldur.

Í öðru lagi vil ég fá aðeins nánari útskýringu og vita hvort ég heyrði rétt, að þingmaðurinn hafi mælt því bót að landvinnslan gæti átt rétt á veiðiheimildum, þ.e. að það væri hægt að úthluta veiðiheimildum til fiskvinnslunnar sjálfrar en ekki bara á skip. Hér er um stórt álitaefni að ræða sem mundi kannski raska öllum samningum sjómanna og breyta því kerfi sem þeir hafa unnið eftir. Það er líka mjög mikilvægt að skoðun þingmannsins komi þá klárt og kvitt fram hvað þetta atriði varðar.

[16:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi sérstaklega gera athugasemdir við útflutning á gámafiski og ekki að blanda því endilega inn í aðra ráðstöfun. Það er í sjálfu sér sérmál og að mínu viti afar alvarlegt mál, að útgerðin geti flutt út óunninn fisk í gámum. Fiskurinn er þá í sjálfu sér ekki seldur sem sérstök ferskvara sem á að fara á ferskmarkað, sem er allt annað mál, heldur er hann að fara til vinnslu án þess að aðilar hér innan lands hafi haft aðgang að honum. Ég vildi draga þetta skýrt fram.

Varðandi beinan aðskilnað á því hvort aðilar megi vinna eigin fisk finnst mér upp geti komið álitamál, allt frá smáum málum, t.d. þar sem grásleppubóndi veiðir grásleppu, saltar hrogn og selur, upp í önnur stærri mál. Ég tel þó að einnig þurfi að setja aðlögunarreglur fyrir þá sem stunda bæði fiskvinnslu og fiskveiðar og vinna sjálfir aflann, um að hluti af aflanum skuli fara á markað frekar en er eða að þeir séu skyldugir til að setja allan aflann á markað.

Ég vildi hins vegar draga sérstaklega fram þetta með gámafiskinn sem ég tel að sé afar óréttmætt gagnvart íslenskri fiskvinnslu, að eiga ekki aðgang að honum.

Að öðrum atriðum sem hv. þm. minntist á skal ég reyna að koma á eftir.

[16:19]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hv. þm. þannig að ef um væri að ræða aðlögun þá væri hann til viðræðu um að sömu reglur giltu fyrir alla þá sem fá veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu, þ.e. að þeir hefðu ekki sjálfir ráðstöfunarrétt yfir þeim afla sem að landi kemur, hvorki til að setja í gáma né heldur hugsanlega setja í óhagkvæmari vinnslu en hægt væri að setja hann í ef hann færi um markað og menn kepptu þar um hann á þeim forsendum að þeir gætu gert úr honum enn þá verðmætari varning.

Þetta með grásleppubóndann er auðvitað dálítið sérstakt dæmi en við sem höfum talað fyrir því að allur afli fari um fiskmarkaði höfum ekki eingöngu gert það til þess að jafna aðstöðu fiskvinnslu í landinu og til að gefa þeim hæfustu kost á því að ná sér í aflann heldur höfum við ekki síður hugað þar að samningum sjómanna og að skapaður yrði friður á milli sjómanna og útvegsmanna. Þá þurfum við auðvitað ekki að hafa stórar áhyggjur af þeim sem ekki gera slíka samninga, t.d. grásleppubóndanum sem væntanlega þarf eingöngu að komast til ráðs við sjálfan sig og fjölskyldu sína um hvernig hann hagar sínum málum, enda grásleppan undir annarri löggjöf en lögunum um stjórn fiskveiða. Það er alveg sérmál en það getum við rætt síðar, ég og hv. þm.

Ég var að velta upp þessu með landvinnsluna og hvort það væri skoðun þingmannsins að við ættum að flækja kerfi okkar enn frekar og leyfa landvinnslunni að eiga kvóta. Það hefur auðvitað lengi verið viðurkennt að það eru jú skipin sem sækja aflann. Á þeirri forsendu hafa þau fengið veiðiréttinn. Menn hafa séð það fyrir sér að ef veiðirétturinn yrði settur yfir á fiskvinnsluna þá þyrfti hún að bjóða veiðina út og þá erum við komin, eins og ég sagði áðan, í algjörlega nýjan fasa með samskipti sjómanna og útvegsmanna, eða sjómanna og fiskvinnslueigenda. Það væri því áhugavert að fá fram skoðun þingmannsins á þessu atriði, hvort hann telur að það yrði til bóta að við færum með þeim hætti í málin.

[16:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að sveitarfélög og þess vegna líka fiskvinnslufyrirtæki ættu að geta eignast veiðiheimildir eða aðgang að fiskinum sem slíkum. Ég er því afdráttarlaust þeirrar skoðunar.

Hins vegar er ég ekki afdráttarlaust þeirrar skoðunar að allur fiskur eigi skilyrðislaust að fara á markað. Ég þekki til ýmissa fjölskyldufyrirtækja, minni útgerða, sem stunda veiðar og vinna síðan aflann í landi. Ég get ekki séð sérstakan tilgang í að slíkur fiskur yrði að fara á markað og fjölskyldufyrirtæki eða minni útgerðir yrðu síðan að kaupa aflann á markaði. Ég tel að algildar reglur varðandi það sé mjög erfitt að setja.

Hitt er alveg hárrétt hjá hv. þm. að kjör sjómanna eiga að vera jöfn og örugg og ekki háð því hvernig fiskinum er landað. Þau eiga fyrst og fremst að vera háð gæðum og magni þess fisks sem komið er með að landi.

[16:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við þáltill. um könnun á áhrifum fiskmarkaða sem ég tel hið besta mál að lagt skuli fram enda ekki vanþörf á að kortleggja þessi mál og ræða þau.

Eitt vil ég þó taka fram í upphafi þessa máls svo það valdi ekki misskilningi. Iðulega er sagt og það stendur m.a. hér í grg. efst á bls. 2: „Krafan um allan fisk á markað er meginkrafa allra samtaka sjómanna í dag."

Ég er viss um að sjómenn hefðu ekkert á móti því að fiskurinn færi á markað og væri seldur þar. Hins vegar er ekki rétt að segja þetta svona vegna þess að meginkrafa sjómanna er að verðmyndun fisks sé tengd við markað þannig að þær forsendur sem hin eðlilega verðmyndun sem markaðurinn gefur komi beint inn í þau fiskviðskipti sem ekki eru gerð á markaði. Krafan hefur verið um að fiskurinn skuli verðmetin með hliðsjón af markaðsverðinu. Þannig er kannski ekki hægt að segja þetta nákvæmlega svona, að krafan sé að allur fiskur skuli fara á markað. Þó er ég alveg viss um að sjómenn mundu ekki hafna því ef upp á það væri boðið. Hins vegar er fjarri því að upp á það hafi verið boðið á undanförnum árum. Um það hafa hinar miklu deilur milli sjómanna og útgerðarmanna og sjómanna og fiskvinnslunnar í raun og veru staðið lengi, að verðmyndunin hefur verið öll á skakk og skjön.

Þeir eru kallaðir kvótabraskarar sem leigja til sín fisk á 95 kr., sem er hér um bil verðið á þorskinum í dag, og draga það frá sölu á markaði, þó að það gefi sjómönnum stundum upp undir 200 kr. á markaðnum að selja fiskinn þar, þ.e. sem uppgjörsverð, sé þetta dregið frá eins og stundum er gert þá er hlutaskiptaverðið rúmlega 100 kr., þ.e. sem sjómenn fá skipt úr.

Þetta höfum við kallað kvótabrask. Þetta er ólöglegt en þetta er nú samt sem áður gert. Því er síðan haldið fram að þeir séu ekki kvótabraskarar sem fari í gegnum svokallaða Verðlagsstofu skiptaverðs eða í úrskurðarnefnd og fá þar verð, þó að verðið sé þar 80 eða 90 kr. fyrir sama þorsk. Þeir teljast ekki kvótabraskarar. Í þessu sambandi má nefna virðuleg fyrirtæki, stærstu fyrirtæki hér á landi eins og t.d. í Reykjavík, Granda, sem borgar sennilega innan við 100 kr. fyrir þorsk að jafnaði, fyrirtæki á Vestfjörðum sem borga 82–85 kr. fyrir þorsk, Útgerðarfélag Akureyringa sem borgar sennilega innan við 100 kr. fyrir þorsk og þannig mætti lengi telja.

Niðurstaðan er sem sagt að í gegnum hið þvingaða fiskverð er seldur fiskur á innan við 100 kr. og það kallast löglegt. Það telst löglegt þó að viðskiptaumhverfið og hinn frjálsi markaður fiskverðsmyndunar gefi fyrir sams konar fisk 130–200 kr. fyrir kílóið, jafnvel meira fyrir stærsta fiskinn. Þannig er málum komið í dag og m.a. um þetta hafa kjaradeilur sjómanna snúist á undanförnum árum, þeir hafa viljað fá verðmyndun sem taki mið af markaðsverðinu. Ég ítreka enn að þeir hefðu vafalaust ekkert á móti því að fiskurinn fari um markað og sé seldur þar en krafan hefur verið sú að verðmyndunin taki mið af markaðnum eða markaðsverði.

Það er eðlilegt að sú krafa sé sett fram. Hún þjónar ekki bara hagsmunum sjómanna. Ég lít svo á að ef fiskur væri hér almennt seldur á fiskmarkaði þá mundum við gera íslenskri þjóð mikið gagn. Við mundum örugglega auka verðmæti aflans, ekki bara úr sjó heldur líka frá vinnslu. Það verð sem nú er á fiskmarkaðnum, sem er kannski oft í hærri kantinum vegna þess hve magnið er lítið, væri þá kannski e.t.v. ekki jafnhátt og vegna þess að það vantar yfirleitt fisk á fiskmarkaðina.

Einnig má spyrja hvort það sé eðlilegt að menn geti notað kvótaréttinn, þ.e. aflaúthlutunina, í beinum viðskiptum með fisk eins og gert er. Ég svara því fyrir mig að mér finnst það gjörsamlega óásættanlegt að stjórnkerfi fiskveiða sé þannig úr garði gert að þeir sem hafi veiðiréttinn, fá úthlutun, geti notað sér þær heimildir til þess að halda niðri verðmyndun til sjómanna og stýra viðskiptum.

Þess vegna er sjálfsagt, sem stjórnarandstaðan hér á þingi hefur sett fram hugmyndir um, að kvótakerfið breytist, að kvótinn verði innkallaður og fari til útgerðarmanna eftir öðrum leiðum en þeirri sjálfvirku aflaúthlutun og aflakvótaúthlutun, þ.e. hlutdeildarkerfinu, eins og er í dag. Auðvitað má segja að áherslur séu mismunandi eftir flokkum en að meginstefnan sé samt sú hjá stjórnarandstöðunni allri að núverandi kvótaúthlutunarkerfi sé óeðlilegt og leiði af sér margt óeðlilegt, m.a. óeðlilega verðmyndun á fiski.

Að öðru leyti vil ég sérstaklega mæla með þessari tillögu. Ég tel að hún sé til mikilla bóta og vona að hún verði vel unnin og leiði í ljós það sem nægar upplýsingar eru til um, m.a. í skýrslu Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerða, í skýrslu sem unnin var um Kvótaþing, Verðlagsstofu skiptaverðs o.fl. Það er mikið til af upplýsingum og það kerfi sem við búum við í dag á ekki að fá að halda áfram óbreytt.

[16:31]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt um þessa till. til þál. um könnun á áhrifum fiskmarkaða. Ég tel að hér sé um hið ágætasta mál að ræða og kem í ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við að þessar upplýsingar séu dregnar saman.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni er náttúrlega mikið af þessum upplýsingum liggjandi hér og þar í kerfinu þannig að e.t.v. þyrfti þetta ekki að taka langan tíma eða vera óyfirstíganleg vinna. Það er sem sagt erindi mitt hingað upp að lýsa yfir ánægju minni með að slík tillaga skuli lögð fram. Skýrsla sem á grunni hennar verður til hlýtur að hjálpa okkur að taka ákvarðanir um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og ná fram þeim heildaráhrifum sem við stefnum að, hvort heldur varðandi brottkast, verðmyndun á sjávarafla eða hvað sem það nú er.

Tillagan er í 15 liðum varðandi úttekt og þetta tel ég hið besta mál en vil á sama tíma vekja athygli á því að í þinginu er nýkomin fram tillaga sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ásamt fleirum leggur fram, þ.e. till. til þál. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og vinnslu. Í sjálfu sér tengjast þessi mál heilmikið þannig að þegar málið fer til nefndar mætti eflaust finna flöt á því að tengja þessar tillögur að einhverju leyti saman.

Síðan vil ég benda á að auðvitað er þetta stórt og mikið mál, allar hreyfingar í þessu. Hér í ræðustól í dag hefur nú komið fram misskilningur varðandi eignarhald á kvótanum. Auðvitað verðum við að skoða þetta allt ofan í kjölinn og gera okkur grein fyrir því að stórir sem smáir útgerðaraðilar hafa auðvitað keypt sér kvóta og lagt fram mikla peninga eða mikla fjármuni til þess. Það eru því ekki allir á sama báti. Ég vil bara halda því til haga hér í umræðunni. Sumir hafa notað til þessa gríðarlega fjármuni sem eru með þegar gerð er upp skuldastaða útgerðarinnar svo eitthvað sé nefnt.

Virðulegi forseti. Það var aðeins þetta og ég vil lýsa ánægju minni með fram komna tillögu og vonast til þess

að hún leiði til góðrar skýrslu sem verði grundvöllur áframhaldandi vinnu um farsæla ákvarðanatöku við breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og framtíðarsýn varðandi vinnslu aflans.

[16:34]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þessi ályktun um könnun á áhrif fiskmarkaða er út af fyrir sig góðra gjalda verð. Allar tilraunir til þess að styrkja fiskmarkaði eru í mínum huga góðar því að fiskmarkaðirnir hafa einmitt sýnt það og þróunin á fiskmörkuðum hefur sýnt það að starfsemi þeirra er mjög til bóta. Það er ekki aðeins að við sjáum sannara verð fyrir fiskinn en áður heldur hefur meðferð aflans einnig batnað vegna þess að umhverfið er svo opið að meðferðin batnar bara einfaldlega með því.

Markaðirnir hafa þó þróast þannig núna sérstaklega síðustu árin að það hefur þrengt dálítið að þeim og sá afli sem hefur farið í gegnum þá hefur, ef eitthvað er, minnkað. Ég tel það mjög slæma þróun og hef sjálfur verið talsmaður þess að reyna að opna fyrir miklu meiri löndun inn á markaði þannig að verðmyndunin verði opnari. Ég hef rætt það við hæstv. sjútvrh. að mér fyndist að það ætti að gera könnun á þessu máli og ég veit að hann hefur verið að hugleiða það.

Margar aðrar ástæður má telja upp sem renna stoðum undir gildi fiskmarkaða. Ég held m.a. að þeir styrki mjög aflamarkskerfið, kvótakerfið sem nú er, vegna þess að þarna opnast möguleiki fyrir fiskvinnslu í landi sem er án kvóta til að ná sér í hráefni, sem ekki væri annars til staðar. Þetta var nú einu sinni þannig áður en fiskmarkaðirnir komu til sögu að menn urðu að semja við ákveðna fiskvinnslu fyrir fram eða þá að langmestur hluti aflans var í eigu fiskverkenda, þ.e. báta í þeirra eigu. Með kvótakerfinu komu fiskmarkaðir og um leið opnuðust þessir möguleikar þannig að sértækar vinnslur með kannski litlu magni hafa náð að þróast sem ekki var hægt áður.

Það virðist heldur ekki vera vandamál með flutning á milli svæða þó svo að það kosti að sjálfsögðu heilmikla peninga. En við, eins og komið hefur fram, höfum horft upp á að afli sem landað er í Bolungarvík er fluttur suður á Suðurnes og heimamenn virðast ekki hafa getað barist um þann afla og náð að vinna hann sjálfir. (**GAK:** Og síðan norður á Dalvík.) Síðan hefur sá sami afli hugsanlega farið eitthvað annað, já, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson.

Þetta er sérstök þróun. En auðvitað ættu þeir sem næst eru fiskmörkuðunum að njóta nálægðarinnar. Og ef þeir njóta ekki nálægðarinnar þá er eitthvað sérstakt að í þeirra eigin garði. Þá hefur ekki tekist að aðlagast að mörkuðunum erlendis sem er náttúrlega aðalatriðið. Við höfum séð það sem fylgjumst aðeins með þessum mörkuðum að verið er að bjóða í fiskinn nánast í beinu símasambandi við erlendu kaupendurna sem kaupa fiskinn inn á stórmarkaði eða til annarra nota. Þessi tenging er ótrúlega mikil og hefur reyndar orðið til þess að verðið hefur orðið mjög hátt en oft sveiflukennt. Ég held að ég fari ekki mjög langt frá því að nú sé þorskverðið komið yfir 200 kr. kílóið á mörkuðum á sæmilega stórum fiski. En auðvitað hreyfist þetta.

Herra forseti. Ég held því að allt sem getur orðið til þess að styrkja fiskmarkaði í sessi sé góðra gjalda vert og ég mun styðja málið vegna þess að ég held að það bæti einfaldlega þjóðarhag, það bæti aflameðferðina, eins og ég sagði áðan, og ég held að það styrki líka byggðina. Þetta er líka byggðaþróunarmál og því að flestu leyti mjög þarft. Spurningin er alltaf sú hvað á að ganga langt. Mér hefur fundist að það mætti ganga mjög langt í því að fiskur færi á markað. Þegar hætt var að setja álag á útfluttan óunninn afla í gámum þannig að álagið datt alveg niður þá minnkaði strax afli á fiskmörkuðum. Eflaust verður að beita einhverjum aðferðum til þess að auka aflann á mörkuðunum. Hvaða ráð eru til þess? Mér hefur fundist að það ætti að skoða í nefnd hvernig menn sæju fyrir sér einhverjar aðferðir sem allir gætu verið sæmilega sáttir við sem gætu aukið það magn sem fer um fiskmarkaði.

[16:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristjáns Pálssonar sagði að fiskvinnslan í Bolungarvík hefði ekki náð að aðlaga sig með því að kaupa fisk sem þar kemur að landi. Ég held að fiskvinnslan fyrir vestan hafi nú smátt og smátt verið að aðlagast mörkuðunum og muni gera það í vaxandi mæli ef menn fá að vita og geta treyst því að þeir hafi aðgang að fiski á mörkuðum. Mér finnst þessi fullyrðing dálítið frasakennd. Þetta er svona svipuð fullyrðing og þegar því var haldið fram að Vestfirðingar hefðu ekki náð að vinna með kvótakerfinu.

Ég hef svarað því þannig að Vestfirðingar náðu ágætlega að vinna með kvótakerfinu. Þeir náðu hins vegar ekki að spila á það. Þeir spiluðu með því en gleymdu að spila á það. Ég veit ekki hvort við eigum að fara nokkuð út í þá umræðu hér. En það er alveg ljóst að mörgum tókst að spila hressilega á kvótakerfið þegar þeir voru að kaupa útgerðir og aflaheimildir og keyptu tapið með og síðan borguðu skattborgararnir aflaheimildirnar í gegnum afskriftir. Ég held að munurinn hafi kannski legið í því í viðskiptum margra útgerðarfyrirtækja á Vestfjörðum að menn keyptu kvótann en ekki tapið. Og vegna þeirrar fullyrðingar að Vestfirðingar nái ekki að tileinka sér þessa þætti þá vil ég t.d. benda á frystihús eins og í Súgandafirði og hraðfrystihúsið í Hnífsdal, sem ég veit að hv. þm. þekkir vel. Þar hafa menn mikið farið yfir í flugið og að flytja fisk út ferskan.

[16:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að Vestfirðingar eru í vaxandi mæli að nýta sér þá möguleika sem markaðirnir bjóða upp á og hafa þá verið að auka vinnslu sína á ferskum fiski sem er fluttur út beint í flugi. En það er náttúrlega samt svo, og hv. þm. er þá um leið að viðurkenna að þetta hafi ekki verið svo, að þetta er að þróast núna þannig að mín fullyrðing er út af fyrir sig ekkert röng.

Ég þekki ágætlega mörg fyrirtæki á Vestfjörðum, t.d. Hraðfrystihúsið Gunnvör — það á reyndar fiskvinnsluna í Súðavík, Frosta sem er hluti af fyrirtækinu — sem er eitt af örfáum fyrirtækjum í dag í sjávarútvegi sem er að skila nokkuð þokkalegum árangri í rekstri síðasta árs. Það er virkilega ánægjulegt að Hraðfrystihúsið Gunnvör skuli hafa náð þessum árangri meðan önnur fyrirtæki sem hafa verið að sýna afkomutölur á undanförnum mánuðum eða vikum hafa því miður sýnt mjög slæma útkomu sum hver.

Ég fagna því eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson þegar vel tekst til á Vestfjörðum. Ég skal vera fyrstur manna til þess að fagna því. Hvað varðar markaðina þá er náttúrlega ljóst að einhver trygging þarf að vera. Menn þurfa að geta haft það sæmilega tryggt að einhver fiskur sé á markaði þegar þeir ætla að vinna. En það er samt sem áður aldrei alveg hægt að tryggja neitt í þeim efnum. Auðvitað ræður framboð og eftirspurn og að vera fyrstur, en það er líka hægt að bjóða í

fiskinn úti á sjó um leið og verið er að veiða hann. Það er allt svo galopið í dag. Þegar við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vorum á sjó saman hér áður fyrr, á Páli Pálssyni, þá tíðkaðist ekki svona frjálsræði í verðlagningu afla.

[16:45]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég held að það sé við hæfi af því ég er 1. flm. þessa máls að ég taki þessa umræðu aðeins saman í lokin. Hún hefur að mörgu leyti verið mjög góð og það er á mönnum að heyra að þeim finnist tímabært og það kannski fyrir löngu að þetta starfsumhverfi sjávarútvegsins sem lýtur að því hvernig menn selja aflann, hverjir hafi aðgang að því að kaupa hann og þar af leiðandi starfsumhverfi fiskvinnslunnar í landinu, sé skoðað, að menn beri saman þá þætti sem þarna eru taldir upp.

Og vegna orða hv. þm. Guðjóns Arnar Kristjánssonar um það sem stendur efst á bls. 2 þá er inngangurinn að þeirri upptalningu sá að ég hef tekið saman þau ummæli sem hafa fallið eða þær staðhæfingar sem hafa verið settar fram í umræðunni um fiskmarkaði hér í þinginu, í þessum tveimur umræðum sem ég hef stofnað til. Ég tók saman þær staðhæfingar sem menn settu fram og listaði þær mjög samviskulega inn í greinargerðina. Og þetta var ein af þeim og ein af þeim sem talin var mæla með fiskmörkuðum og það fannst mér líka á hv. þm. að hann hefði mikinn skilning á. Á sínum tíma var þetta meginkrafan. Ég geri mér ljóst að áherslur sjómanna í kjarasamningum þeirra taka að sjálfsögðu mið af því sem þeir eru að reyna að ná fram hverju sinni. Þær eru aðeins aðrar í dag. En í framsögu minni ræddi ég fyrst og fremst um verðmyndunarmálin af því ég veit að þannig vilja menn tala um þessi mál nú.

Það er alveg ljóst að þegar við erum að tala um fiskmarkaði þá eigum við ekki við fiskveiðistjórnarkerfið. Fiskveiðistjórnarkerfið er alveg sjálfstætt mál. Síðan er það líka sjálfstætt mál sem menn þurfa að taka afstöðu til hvaða úthlutunaraðferðir við viljum hafa þegar úthlutað er veiðiheimildum. Og þá erum við komin að efni þess máls sem hér er til umfjöllunar, þ.e. hvernig viljum við síðan að háttað sé samskiptum þeirra sem veiða og þeirra sem verka þann afla sem að landi kemur.

Ég gat þess í lok framsöguræðu minnar áðan að fróðlegt væri að líta til þess hvernig menn ætla sér að hafa raforkumálin. Við þingmenn eigum von á því á hv. Alþingi á næstu dögum að hér komi inn frv. til nýrra raforkulaga. Það sem við vitum um efni þess frv., og þar með um það hvernig menn sjá fyrir sér nýtingu þeirrar sameiginlegu auðlindar sem er orkan, er að þar vilja menn skilja á milli þáttanna, a.m.k fjárhagslega ef ekki algerlega, þannig að það sé alveg ljóst að samkeppni ríki í viðskiptum og að það sé alveg ljóst að viðskipti þeirra sem framleiða orku og þeirra sem dreifa henni séu uppi á borðinu og að menn geti treyst því að allar samkeppnisforsendur séu í lagi. Þarna ætla menn sem sé að fara leið sem ekki hefur verið talin fær að því er virðist í máli allt of margra þegar um er að ræða sjávarauðlindina. Þar hafa menn viljað halda línunni óskertri frá því að veiðiréttinum er úthlutað og þar til að varan er nánast komin á markað, að sömu aðilar megi þar véla um án nokkurrar samkeppni nánast allan ferilinn.

Auðvitað hefur þetta verið gagnrýnt, herra forseti, vegna þess að þarna erum við að skapa mismunun sem er óþolandi. Í þessari umræðu hafa menn auðvitað tiltekið þá fiskvinnslu sem annars vegar er hluti af fyrirtæki sem líka rekur útgerð, þar sem menn versla á milli vasa, eins og það var orðað hér, og hins vegar fiskvinnslu þar sem menn hafa ekki gripið til þess að fara líka í það að vera með útgerð heldur hafa sérhæft sig á því sviði sem þeir eru hugsanlega bestir á og verða síðan að kaupa allan sinn afla á markaði. Auðvitað er þarna um gjörólíkar aðstæður aðila að ræða sem vinna þó í sömu atvinnugrein, þ.e. að verka fisk fyrir kröfuharða markaði erlendis.

Herra forseti. Af því að hér var líka vikið að fjarskiptunum áðan og hv. þm. Jóhann Ársælsson fór aðeins yfir það hversu ströng samkeppnisyfirvöld hafa verið, þ.e. að í þeim efnum væri skilið á milli þátta, þá getum við líka horft til þess þegar við veltum fyrir okkur starfsumhverfi og skipulagi í sjávarútvegi.

Vegna þess að ég er að fitja hér upp á því hvað talið er ákjósanlegt af þeim stjórnvöldum sem nú ráða þegar um er að ræða raforkuvinnslu, raforkuflutning og -sölu, þá er einmitt fróðlegt að velta fyrir sér og skoða hvernig þessir hlutir eru orðaðir í skýrslunni um framtíðarskipulag orkuflutnings á Íslandi. Það er skýrsla sem iðn.- og viðskrn. gaf út í febrúar á sl. ári. Hún er sem sagt ársgömul. Þar segja menn að skipulagi raforkumála hafi verið umbylt í flestum nágrannalanda okkar með það í huga að auka samkeppni og búa þessum mikilvæga þjóðfélagsþætti eðlileg viðskipta- og starfsskilyrði. Þetta er nákvæmlega það sem við viljum gera í sjávarútveginum, herra forseti.

Til þess að þetta megi gerast vilja þeir sem skrifa þessa skýrslu tryggja jafnræði milli fyrirtækja sem stunda vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu raforku og að þau þurfi að búa við sömu starfsskilyrði óháð eignarhaldi. Þetta er líka, herra forseti, það sem við viljum gjarnan sjá í íslenskum sjávarútvegi.

Hér segir að forsenda samkeppni í raforkumálum sé aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu. Enn á ný tek ég undir. Við viljum gjarnan sjá þessa þróun þegar íslenskur sjávarútvegur er annars vegar vegna þess að það er ekki bara í orkunni sem má ætla að fyrirkomulag sem býður upp á þá þætti sem hér er talað um geti skapað sem mestan þjóðhagslegan arð og þar með sem mestan arð fyrir fólkið í landinu. Þetta er líka svona að sjálfsögðu þegar kemur að sjávarútvegi.

Það er líka athyglisvert, herra forseti, að nefndin segir hér að tveir möguleikar séu gefnir samkvæmt þeirri tilskipun frá Evrópusambandinu sem unnið hefur verið eftir hvað varðar leyfisveitingar til raforkuvinnslu, annars vegar útboðsleiðin og hins vegar leyfisveiting samkvæmt fyrir fram ákveðnum og skýrum skilyrðum. Þetta er nú svona eins og teiknað upp úr skýrslu auðlindanefndar hvað varðar þessi mál.

En menn leggja áherslu á gegnsæi og hlutlægni. Menn leggja áherslu á samkeppni, á það að þeir standi jafnir, búi við sömu aðstæður, þ.e. þeir sem eru að vinna á sömu mörkuðum og að sömu málum. Og um það hygg ég að þeir sem styðja þá tillögu sem hér er til umfjöllunar geti allir verið sammála.

Auðvitað hljótum við að gera kröfu til þess að það verði ákveðinn virðisauki í fiskvinnslu, að fiskvinnslan skapi meiri verðmæti en menn fá út úr því að flytja fiskinn algjörlega óunninn á erlenda markaði. Ef svo er ekki þá er íslensk fiskvinnsla auðvitað í mikilli hættu og hún hefur verið það að mörgu leyti. Fiskvinnsla sem ekki getur borgað nema það lága verð sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson rakti áðan

hlýtur að vera í mikilli hættu gagnvart útflutningi á óunnu hráefni. Þess vegna er svo mikilvægt að íslensk fiskvinnsla hafi aðgang að hráefni, hafi aðgengi til þess að þróa sig áfram með þeim hætti sem hér hefur áður verið lýst, eins og gerst hefur í þeim fyrirtækjum sem vinna í þessari nánu snertingu við markaðinn, eru jafnvel að kaupa hráefni eins og hv. þm. Kristján Pálsson rakti hér áðan, nánast í beinu samhengi við þá markaði sem þau vinna fyrir. Þannig hafa fyrirtækin verið að fá til muna hærra verð en áður hafði þekkst fyrir unnar afurðir í íslenskri fiskvinnslu. Og auðvitað viljum við stefna að þessu.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að fiskmarkaðir séu byggðamál vegna þess að þó svo að skip sé selt úr byggðarlagi og þar með fari kvóti í burtu þá séu ekki öll sund lokuð fyrir þeirri fiskvinnslu sem á áfram aðgang að fiskmörkuðum. Þess vegna er mjög mikilvægt að menn skoði þá þætti sem hér eru raktir og lúta að möguleikum fiskvinnslunnar, að aðgengi hennar að hráefni, lúta að möguleikum á nýliðun í fiskvinnslu. Það er ekki bara spurning um að fleiri geti komist að til þess að róa, til þess að gera út. Það skiptir líka máli að menn með ferskar hugmyndir, með nýjar hugmyndir, með viðskiptahugmyndir sem gefa vonir um góðan arð, geti komist að til þess að reyna, til þess að sýna fram á, til þess að skapa samkeppni, til þess að treysta íslenska fiskvinnslu í þeirri samkeppni sem hún á sannarlega í við erlenda fiskmarkaði og þá við fiskvinnslu annars staðar. Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, að skoða vandlega hvaða áhrif fiskmarkaðir hafa haft í stöðugleika í fiskvinnslu og á byggðaþróun.

Það vakti athygli mína og ugglaust fleiri þegar Útvegurinn, sem er rit LÍÚ, kom út nú síðast þá sáu þeir ástæðu til þess að leggja blaðið nánast allt undir upphrópanir og reifun þess efnis að ef afli færi allur um fiskmarkað yrði það rothögg á fiskvinnsluna í landinu. Mér þótti þetta afar athyglisvert vegna þess að þetta veitir í rauninni innsýn inn í þá þekkingu á íslenskum sjávarútvegi og ég tala nú ekki um fiskvinnslu sem greinilega er til staðar á ritstjórn þessa blaðs og hún er býsna fátækleg, eiginlega sorglega fátækleg vegna þess að hér í dag hafa menn verið að nefna fyrirtæki og möguleika þar sem menn hafa engan afla nema þann sem þeir kaupa á fiskmörkuðum. Það er býsna stór hópur íslensks fiskvinnslufólks sem vinnur í fyrirtækjum sem þurfa alfarið að reiða sig á afla sem keyptur er á fiskmörkuðum. Eins og hér hefur komið fram í máli mínu og annarra þá hafa þessi fyrirtæki verið að vinna afskaplega dýrmætt brauðryðjendastarf. Þau hafa togað aðra fiskvinnslu í landinu áfram til þeirrar nýbreytni sem ein getur bjargað íslenskri fiskvinnslu frá því beinlínis að deyja út, af því hún hefði þá ekki ella orðið samkeppnisfær.

Að leyfa sér að afgreiða allt þetta starf út af borðinu eins og gert er í þessu blaði er með eindæmum og sýnir hversu mikla einsýni menn eru tilbúnir til að viðhafa á þeim bæ ef það mætti verða til að koma höggi á þá kröfu sjómanna að verðmyndun á afla verði öðruvísi en verið hefur fram til þessa og menn hafa vísað í annaðhvort fiskmarkaði eða viðmið í fiskmarkaðsverð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að það sem skiptir máli í þessari umræðu hafi flest komið fram. Ég vænti þess að tillagan njóti í nefnd þess víðtæka stuðnings sem hún hefur fengið í þingsalnum þannig að við fáum þessa könnun gerða og að niðurstaða hennar verði til þess að hjálpa þeim sem þurfa að taka ákvörðun um starfsumhverfi sjávarútvegsins í þeim vandasömu ákvörðunum sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður neytenda, fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 442. mál. — Þskj. 705.

[16:59]

Flm. (Drífa J. Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar ásamt Kristni H. Gunnarssyni, Ólafi Erni Haraldssyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Tillagan fjallar um umboðsmann neytenda og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að stofnað verði embætti umboðsmanns neytenda. Embættinu verði ætlað að gæta hagsmuna neytenda, svo sem að farið sé eftir gildandi leikreglum, tekið sé tillit til sjónarmiða neytenda, settar verði almennar viðmiðunarreglur í viðskiptum, jafnaður ágreiningur milli neytenda og hagsmunaaðila og þannig um búið að umboðsmaðurinn geti farið með mál neytenda fyrir dómstóla."

Greinargerðin hljóðar svo:

„Á síðustu árum hafa verið samþykkt margvísleg lög á Alþingi sem bætt hafa stöðu neytenda. Ástæða þess er m.a. sú að neytendur standa höllum fæti við að ná fram rétti sínum gagnvart fyrirtækjum. Fyrirtækin hafa yfir að ráða sérþekkingu og meira fé en almennur neytandi. Samfélagið verður sífellt flóknara og því erfiðara fyrir neytendur að átta sig á rétti sínum og réttarúrræðum. Umkvörtunarefni neytenda eru fjölmörg en oft smá. Ef fyrirtækin eru ekki tilbúin til að leysa úr ágreiningsmálunum tekur því sjaldnast fyrir neytendur að leita lausna með aðstoð dómstóla þar sem lögfræðikostnaður nemur oftast margfalt hærri fjárhæð en upphaflegt umkvörtunarefni snerist um. Sem dæmi má nefna að algengt er að kvartað sé í kjölfar kaupa á fötum eða hreinsunar á fatnaði. Að vísu eru til fjölmargar kvörtunar- og úrlausnarnefndir sem úrskurða í neytendamálum en úrskurðir þeirra eru sjaldnast bindandi fyrir fyrirtækin. Þá vantar mikið upp á að neytendur þekki þessar úrlausnarleiðir auk þess sem þær vantar enn á ýmsum sviðum, t.d. varðandi ágreiningsefni um þjónustu tannlækna. Hér á landi er ekki hægt að leita til óháðs aðila og láta meta hvort dýrar aðgerðir séu nauðsynlegar eða hvort rétt hafi verið að verki staðið. Þennan möguleika hafa hins vegar bæði Bretar og Ítalir.

Allir landsmenn eru neytendur og flestir þeirra vilja gjarnan eiga aðgang að úrlausnarleiðum fyrir neytendur þegar réttur þeirra er brotinn. Mikilvægt er að halda uppi eðlilegu aðhaldi og eftirliti jafnframt því sem neytendur hafi góða yfirsýn yfir markaðinn.

Hlutverk umboðsmanns neytenda er að tryggja að eðlilegar og sanngjarnar leikreglur ríki á markaðinum. Hann gætir hagsmuna neytenda, sér til þess að farið sé eftir gildandi leikreglum og að tillit sé tekið til sjónarmiða neytenda, setur almennar viðmiðunarreglur í viðskiptum og gegnir hlutverki sáttasemjara í ágreiningsmálum milli neytenda og hagsmunaaðila. Umboðsmaður getur farið með mál fyrir dómstóla til varnar hagsmunum neytenda að eigin frumkvæði og/eða fylgt málum eftir. Umboðsmaður sinnir kvörtunum frá neytendum sem kaupa vöru (eða þiggja) og/eða þjónustu bæði frá einkaaðilum og opinberum aðilum.

Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum er starfandi umboðsmaður neytenda auk neytendastofnana á vegum hins opinbera og frjálsra neytendasamtaka. Þá hafa Neytendasamtökin lengi óskað eftir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns neytenda hér á landi.

Eitt af þeim verkefnum sem umboðsmaður neytenda í Svíþjóð hefur unnið að er bættur aðgangur neytenda að tækninýjungum, svo sem að leiðbeiningar með flóknum tækjum, t.d. myndbandstækjum og tölvum, séu á skiljanlegu máli og settar fram á einfaldan hátt. Hann hefur samið viðamikla skýrslu um aðgang aldraðra og fatlaðra að tækninýjungum, svo sem að hraðbankar séu hannaðir þannig að þeir henti öllum neytendum. Vinna hans fyrir þá sem sjá illa, eiga erfitt um hreyfingar eða eiga við aðra fötlun að stríða hefur verið kynnt víða.

Ef ákveðið verður að stofna embætti umboðsmanns neytenda á Íslandi þarf að semja tvenn lög úr núverandi samkeppnislögum, þ.e. lög um samkeppni og lög um neytendavernd. Þannig mundi sá kafli samkeppnislaga sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd falla undir umboðsmann neytenda. Auk þess væri eðlilegt að kafli samkeppnislaga um greiðslukortastarfsemi félli einnig undir hann. Eðlilegt væri einnig að sum sérlög sem samþykkt hafa verið til að auka neytendavernd færðust frá Samkeppnisstofnun til umboðsmanns neytenda, svo sem lög um lánsviðskipti og alferðir (pakkaferðir). Einnig ætti umboðsmaður neytenda að fylgjast með ólögmætum samningsskilmálum í stöðluðum samningum og grípa inn í þegar um óeðlilega skilmála væri að ræða. Til að tryggja öfluga en um leið sanngjarna samkeppni er því best að samkeppnisyfirvöld gæti samkeppninnar en umboðsmaður neytenda sinni neytendavernd."

Lengri er greinargerðin ekki, herra forseti. Það er mikilvægt að hjálpa heimilum landsins til að nýta fjármagn sitt og önnur gæði sem best. Þá er mikilvægt að vernda heilsu og öryggi neytenda ásamt því að auka gæði og varanleika framleiðsluvara.

Forvarnir eru mikilvægar svo sem með lögum reglugerðum eða með stöðlum, eftirlit á markaði, bættri framleiðsluvöru og auknum gæðum þeirra, og síðast en ekki síst með fræðslu til neytenda þannig að þeir geti sjálfir leyst sem mest úr sínum málum.

Það er hins vegar algengt að ýmis framleiðsluvara uppfylli bæði lög og reglugerðir en að varan endist hins vegar illa. Hún getur enst æðistutt. Sem dæmi má nefna að nokkuð margir barnavagnar hafa staðist öryggiskröfur en ending þeirra hefur engan veginn verið góð.

Umboðsmaður neytenda mundi sem sagt koma fram fyrir hönd neytenda í sambandi við viðskipti og sækja leiðréttingu þeim til handa. Einkum mundi hann njóta sín í því sem snýr að lagafyrirmælum. Að vísu á eftir að taka ákvörðun um hvaða lög heyrðu undir hann þó svo að hér hafi verið varpað fram hugmyndum. Það má hugsa sér að hann mundi taka á ýmsu. Það er margt varðandi ný kaupalög sem sjálfsagt þarf að reyna á, t.d. öryggi framleiðsluvöru. Að vísu er markaðseftirlitið hjá Löggildingarstofu og fleirum.

Við þekkjum mjög alvarleg dæmi um hættulega framleiðsluvöru, t.d. snuðkeðja sem olli dauða barns í Danmörku. Við vitum líka að fyrir fáeinum árum settu kornflögueframleiðendur gjarnan smáhluti í kornflekspakka og það varð til þess að öldruð sjóndöpur kona í Belgíu kafnaði vegna þessa. Þess vegna voru settir nýir staðlar og gerðar breytingar. Það er að mörgu að hyggja.

Ekki er langt síðan það kom fram í Svíþjóð að fatnaður sem ætlaður var kornabörnum, ungbörnum, var stútfullur af blýmengun. Það er ekki það sem við viljum vegna þess að allir þekkja hve blýmengun er alvarleg og hve varanleg hún er.

Hér á landi hafa oft verið deilur um alferðir, þ.e. ferðapakka, hótel o.s.frv. sem ekki stenst væntingar og talið að auglýsingar séu villandi vegna ýmissa skilmála. En það hefur að vísu batnað. Sænski umboðsmaðurinn hefur gjarnan tekið á því sem snýr að auglýsingum. Að vísu er hér starfandi siðanefnd en ég held að það sé mjög mikilvægt að sterkara apparat sé þarna á bak við, þ.e. umboðsmaður.

Það er mikilvægt að vernda neytendur gagnvart þeim sem misnota vald sitt viljandi eða óviljandi. Unglingar eru t.d. viðkvæmir neytendur. Þeir eru orðnir mjög öflugur neytendahópur t.d. símafyrirtækja, samanber GSM-símana, kvikmyndahúsa, myndbandaleigna og ýmss tískufatnaðar. Fyrirsætur sem auglýsa fatnað tískuhúsanna og almennt í tímaritum eru oftast mjög horaðar og ungar stúlkur sem bera sig saman við þá ímynd hafa margar hverjar lent í mikilli ógæfu. Þetta er mjög vandmeðfarið. Það þarf ekki endilega að vera ólöglegt til þess að það valdi skaða.

Við þekkjum öll umræðuna að undanförnu um hreinleika matvöru, kúariðuna, salmonelluna. Ég ætla ekki að ræða það frekar. Nefna má ýmis lög sem varða kaup og sölu á notuðum bílum, lausafjármuni og neytendalán. Það er margt sem má nefna. Ég ætla ekki að telja það frekar upp en ítreka að eftirlit með tannlæknaþjónustu er mjög mikilvægt atriði sem bæði Neytendasamtökin og Tryggingastofnun hafa tekið upp við tannlæknafélagið en ekki hefur enn fengist úrlausn.

Það þekkist líka á hinum Norðurlöndunum að flest deilumál sem umboðsmaður neytenda kemur að leysast farsællega vegna þeirra áhrifa og valda sem hann hefur. Hann getur úrskurðað og jafnvel beitt fésektum ef ekki er farið eftir úrskurðum. Þá getur hann einnig höfðað mál fyrir hönd neytenda og náð þannig rétti þeirra. Það er auðvitað best að þurfa ekki að beita fyrirtækin hörðu en í sumum tilfellum er það nauðsynlegt. Reynsla hinna Norðurlandanna er sú að fá mál enda fyrir dómstólum. Langflest þeirra leysast áður. Sem betur fer hafa mörg fyrirtæki komið sér upp þróuðum og góðum starfsaðferðum við að leysa úr deilumálum eða ágreiningsefnum við neytendur og er það til mikillar fyrirmyndar.

Herra forseti. Tækninýjungar eru oft mjög flóknar og á engan hátt neytendavænar. Ég minni þá enn á sænska umboðsmanninn sem hefur lagt sérstaka áherslu á að þjónusta aldraða og fatlaða varðandi tækninýjungar og þar má nefna eitt mikilvægt atriði, t.d. að allir geti lesið á skjái í flugstöðvum. Ég hugsa að ekki hafi allir hér í salnum lært t.d. á myndbandstækin sín. Það eru iðulega mjög flóknar leiðbeiningar á algengum heimilistækjum, hvað þá mjög mörg önnur tæki. Vörur sem seldar eru á neytendamarkaði þurfa að vera neytendavænar.

Við getum fundið ýmislegt í löggjöf nágrannalanda okkar sem við erum ekki með hér. Sem dæmi má nefna að um alla Svíþjóð er að finna ráðgjöf af hálfu sveitarfélaganna í málefnum neytenda. Svo er ekki hér á landi. Þetta er líka að finna í Noregi. Það er mikilvægt tæki.

Hér á landi má finna úrskurðarnefndir vegna ferðamála, kaupa á vöru og þjónustu, viðskipta neytenda við efnalaugar,

tryggingamála, vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og úrskurðarnefndir Neytendasamtakanna, Húseigendafélagis og Samtaka iðnaðarins. Þá hafa Neytendasamtökin rekið öfluga kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustu og Kvenfélagasambandið hefur einnig rekið ágæta leiðbeiningaþjónustu.

Herra forseti. Ég veit að málið þarfnast talsverðrar umræðu og það tekur tíma að vinna það áfram því það krefst lagabreytinga og breytinga á Samkeppnisstofnun. Þá minni ég að lokum á álit starfshóps sem hæstv. fyrrv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, skipaði þegar lagt var til að stofnaður yrði starfshópur til þess að kanna málið betur. Í starfshópnum áttu sæti bæði fulltrúar neytenda og atvinnulífsins.

Herra forseti. Það er mikið hagsmunamál fyrir almenning að málefnum neytenda sé vel sinnt og því er þessi þáltill. flutt.

[17:10]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. fyrir að kynna þessa tillögu sem ég er reyndar einn af flutningsmönnum að. Hv. þm. er afar vel að sér í neytendamálum og ég tel að hér sé um afar góða og reyndar snjalla þáltill. að ræða.

Hún felur í sér m.a. að neytendur geti leitað til óháðs aðila komi til ágreinings um viðskipti og verslun. Tillagan felur m.a. í sér í fyrsta lagi að gæta hagsmuna neytenda og að farið sé eftir gildandi leikreglum þannig að eðlilegar leikreglur ríki á markaðnum. Í öðru lagi er talað um að settar verði almennar viðmiðunarreglur í viðskiptum. Í þriðja lagi að jafna ágreining neytenda og hagsmunaaðila og svo í fjórða og síðasta lagi að umboðsmaður fari með mál neytenda fyrir dómstól þurfi til þess að koma.

Lengi hafa verið talsverðar deilur um Neytendasamtökin á Íslandi einhverra hluta vegna. Í mörgum tilfellum er þar um ákveðinn klaufaskap að ræða vil ég meina, einstrengingslega afstöðu ákveðinna manna sem hafa hleypt illu blóði í neytendamál á Íslandi og það er mjög slæmt. Í neytendamálum höfum við náð mun skemmra en t.d. frændur okkar í nágrannalöndunum.

Það er mjög nauðsynlegt að vekja neytendur til meðvitundar um ýmsa hluti og eitt af því sem ég hef mjög gjarnan rætt um er að velta fyrir sér verðmyndun vöru, hvernig verðið er til komið. Við búum því miður á Íslandi við fákeppni á matvörumarkaði. Gömlu góðu kaupmennirnir sem einu sinni voru eru nánast ekki til. Vonandi eiga þeir eftir að koma aftur því það er nú eins og allir þessir hlutir komi aftur og aftur. Allt fer í hring. En núna búum við við gríðarlega fákeppni í viðskiptum og verslun, sérstaklega þó á matvörumarkaði. Þess vegna er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvernig verð vörunnar verður til. Í hinum tölvuvædda heimi er ekkert mjög mikið mál að merkja vöruna þannig að við sjáum hvað t.d. framleiðandinn fær fyrir vöruna sína, hvað milliliðir fá eða birgjar eins og þeir eru stundum kallaðir, hvað ríkið fær í formi virðisaukaskatts og hvað síðan seljandi vörunnar fær í sinn hlut, þ.e. kaupmaðurinn eða verslunarkeðjan. Þá sjáum við fyrst hverjir eru raunverulegir vinir neytenda.

Ég er alveg viss um að í mjög mörgum tilfellum skila afslættir sem þessar verslunarkeðjur fá sér alls ekki til neytenda. Ég veit t.d. um eina vöru. Tveir aðilar framleiða þessa vöru á Íslandi. Ákveðin verslunarkeðja henti út vöru annars framleiðandans þannig að þá var bara um einn framleiðanda að ræða. Við það hækkaði varan um 6%. Það þarf enginn að segja mér að þessi ákveðna verslunarkeðja hafi ekki fengið verulega afslætti fyrir að henda út hinum samkeppnisaðilanum. Þetta er mjög óeðlilegt en getur verið erfitt að fást við.

Innihaldslýsingum er líka mjög ábótavant á Íslandi. Hvað erum við í raun að borða og hvaðan kemur varan? Upprunavottorð vantar í mjög mörgum tilfellum. Þetta eru hlutir og hugtök sem nauðsynlegt er að við förum að vinna miklu meira með en við gerum. Við erum tilbúin að kaupa vöru. Við erum t.d. tilbúin að kaupa föt í alls konar merkjum og við borgum fyrir þessi merki dýrum dómum. Við kaupum okkur bíla. Þeir heita einhverjum ákveðnum nöfnum, vörumerkjum, og við erum tilbúin að borga fyrir merkin í þeim efnum. Sama er með heimilistæki, hljómflutningsgræjur og ýmislegt fleira.

En þegar kemur að matvörunni þá horfum við oft og tíðum bara á verðmiðann, þ.e. fyrir hvað við erum að borga og þá erum við oft ekki að bera saman sambærilegar vörur. Þetta eru atriði sem mér finnst mjög brýnt að tekið sé á hér á Íslandi vegna þess m.a. að við búum því miður í fákeppnislandi.

Ég endurtek að mér finnst þetta mjög merkileg þáltill. Eins og hv. 1. flm. hennar sagði tekur þetta allt sinn tíma. Neytendasamtökin hafa verið til þess að gera veik á Íslandi. Neytendasamtökin hafa spilað ranga pólitík að mínu mati. Að vísu finnst mér eins og þeir séu aðeins að átta sig á hlutunum núna. Oft hefur verið talað um innflutning á matvöru og mjög keppst við að reyna að koma hér inn innfluttri matvöru. Aftur á móti núna eftir áramótin finnst mér eins og Neytendasamtökin hafi snúið blaðinu við í þessum efnum og undirstrikað gæði þeirrar matvöru sem framleidd er á Íslandi og það er nú eitt af því sem við getum verið býsna ánægð með, þ.e. hreinleika landbúnaðarafurða, hreinleika fiskafurða o.fl. sem við getum unnið miklu meira og betur en við gerum. Ég er þess fullviss að við getum flutt út t.d. meira af íslensku lambakjöti ef við beitum réttum aðferðum þar að lútandi. Ég hef gjarnan sagt að fáir geta í raun unnið betur í þeim efnum en íslenskir matreiðslumeistarar og íslenskir kjötiðnaðarmenn.

Ég fagna þessari þáltill. og ég vona að hún fái brautargengi, ef ekki á þessu þingi, þá síðar.

[17:16]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að ég er einn af flm. þessarar tillögu þá vildi ég koma í ræðustól og staðfesta stuðning minn við þetta framfaramál. Ég tel að flm. hafi í mjög ítarlegri og vandaðri framsögu gert grein fyrir því hversu brýnt þetta mál er. Ég tel það málinu sérstaklega til framdráttar að hér er ekki verið að tala um umboðsmann fyrir fámennan hóp sérhagsmuna, heldur er verið að ræða um umboðsmann fyrir hagsmuni sem tengjast öllum eða langflestum landsmönnum.

Á þessu er nokkur munur þegar borið er saman annars vegar umboðsmaður neytenda og hins vegar umboðsmaður fyrir smærri hópa sem hefur vissulega verið stungið upp á í tillögum á hinu háa Alþingi.

Neytendamál eru að mínum dómi hluti af þeirri upplýstu og opnu umræðu sem einkennir nútímasamfélag. Við erum horfin frá þeim tíma þar sem neytandinn þarf að sætta sig við, ég segi ekki hvaða vöru sem er, en þarf að sætta sig við að kaupa og leggja sér til munns og neyta þess sem af skornum skammti og tiltölulega lítilli samkeppni er borið fram í verslunum og í þjónustu.

Þess vegna styð ég þessa till. til þál. og hvet alla þingmenn til að styðja hana og sömuleiðis þá nefnd sem um hana fjallar, þannig að málið fái hér brautargengi.

[17:19]

Flm. (Drífa J. Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað og vonast eftir því að þáltill. fái gott brautargengi, hún fari til efh.- og viðskn. og fái þar gott brautargengi. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði um verðlagningu vöru. Það er mikilvægt ákvæði sem ekki er í lögum hér á landi en finnst í Bandaríkjunum sem ég vildi vekja athygli á og snýr að kaupmanninum á horninu. Það er ákvæði sem bannar í raun að kaupmenn bjóði vöru sína ódýrar en hún er í innkaupum. Vegna þess að kaupmaðurinn á horninu getur aldrei keppt við stórmarkaði sem bjóða vöru á slíku verði. Hann verður alltaf að eiga fyrir útlögðum kostnaði. Þetta er eitt af mjög mikilvægum ákvæðum sem væri æskilegt að kæmi inn í íslensk lög. En ég viðurkenni að neytendur njóta hins vegar oft góðs af því til skemmri tíma litið að vara sé boðin jafnvel undir innkaupsverði. En til lengri tíma litið þá töpum við þessum verslunum sem eru á horninu og kaupmönnum á horninu sem veita mjög mikilvæga þjónustu. Ég held einmitt að þegar samkeppnin í matvöru er orðin eins og hún er á markaðnum í dag og við sjáum að verslunin safnast á færri hendur, þá er þetta ákvæði orðið mjög mikilvægt og ég held að Alþingi ætti að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að taka það upp hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. PHB, 209. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 220.

[17:21]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Frv. felst í því að 7. gr. laganna er felld brott. Í 2. gr. segir að lögin öðlist þegar gildi.

Herra forseti. Í 74. gr. stjórnarskrárinnar stendur að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Enn fremur segir í 74. gr. að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Síðar í stjórnarskránni segir, herra forseti, að skattamálum skuli skipað með lögum og eigi megi leggja á skatt nema með lögum.

Herra forseti. Í 7. gr. sem um ræðir í lögum nr. 94/1986, sýnist mér að bæði ákvæðin séu brotin. Í greininni stendur svo, með leyfi herra forseta: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt lögum þessum eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Aðeins eitt félag fer með umboð til samninga fyrir hann."

Þessi grein er í sjálfu sér óþörf, herra forseti, vegna þess að í stjórnarskránni er tryggt að menn geti stofnað félög og tekið þátt í félögum eins og þeim sýnist. Það er því engin ástæða til þess að heimila mönnum sérstaklega að eiga aðild að stéttarfélagi opinberra starfsmanna. Af þessum sökum er lagt til að ákvæðið verði fellt úr gildi. Það er óþarfi að hafa lög um að leyfa mönnum eitthvað sem er heimilt.

Í 2. mgr. umræddrar greinar, 7. gr., segir svo, með leyfi herra forseta: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi."

Þetta er í rauninni, herra forseti, dulbúin skylda til aðildar að félagi. Maður sem látinn er greiða til stéttarfélags sem hann er ekki aðili að nýtur ekki þeirra hlunninda sem stéttarfélagið veitir, þar á meðal orlofshús og fjöldann allan af öðrum atriðum sem eru hlunnindi sem stéttarfélögin veita gegn greiðslu félagsgjalds. Það væri fásinna hjá opinberum starfsmanni sem er látinn greiða fullt gjald til stéttarfélags að vera ekki aðili að því.

Þannig er þetta ákvæði í raun að mínu mati, herra forseti, brot á stjórnarskránni sem segir að ekki megi skylda menn til að vera í félagi. Opinberir starfsmenn eru í reynd skyldaðir til að vera í stéttarfélögum opinberra starfsmanna.

En það er meira, herra forseti. Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða félagsgjöld til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmannsins að því að greiða til stéttarfélagsins, sem hann er ekki félagi í, er að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins þó hann greiði félagsgjald. Því er ekki hægt að líta svo á að hér sé um þjónustugjöld að ræða því hann fær ekki alla þá þjónustu sem gjaldið stendur venjulega undir. Hér er sem sagt ekki um þjónustugjöld að ræða, herra forseti.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamnings opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur sem og rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á um í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóta starfsmenn utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Þróun undanfarinna ára, herra forseti, hefur verið í þá veru að menn sjá um kjarasamninga sína sjálfir, a.m.k. hvað varðar laun og kjör. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun. Eðlilegt er því að telja gjaldtökuna skattlagningu, þetta er ekki þjónustugjald sem maðurinn greiðir og ber að greiða samkvæmt lögum, heldur er hér um að ræða skattlagningu. En skv. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar er framsal skattlagningarvalds óheimilt.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist, hann jú er ekki í félaginu. Þar með er búið að framselja skattlagningarvaldið til einhvers félags úti í bæ, sem getur hækkað gjaldið nánast ótæpilega. Þó það sé kannski frekar ólíklegt, þá gæti þetta gjald farið yfir 50% af tekjum án þess að starfsmaðurinn gæti neitt við því gert. Þannig hefur skattlagningarvaldið

verið framselt til stéttarfélagsins og það er andstætt stjórnarskránni.

Herra forseti. Undanfarið höfum við rætt ansi mikið um brot á stjórnarskránni, meint brot á stjórnarskránni hafa sumir sagt, og hér er komið kjörið tækifæri fyrir þá sem eru uggandi um að stjórnarskráin sé brotin að ljá þessu máli fylgi sitt og greiða því atkvæði að þessi grein, sem á tvennan máta brýtur ákvæði stjórnarskrárinnar að mínu mati og ég hef fært rök fyrir því, verði afnumin. Í fyrsta lagi brýtur hún, eins og ég gat um, ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, þar sem hún skyldar menn óbeint þó til að vera félagar í stéttarfélagi. Og í öðru lagi er hún framsal á skattlagningarvaldi, sem ekki er heimilt samkvæmt stjórnarskránni. Ekki er heimilt að leggja á skatta nema með lögum og alls ekki má framselja skattlagningarvaldið til þriðja aðila sem ekki er einu sinni í tengslum við ríkið.

Herra forseti. Það eru nokkur slík gjöld í gangi og nægir þar að nefna t.d. iðnaðargjald sem rennur til Félags íslenskra iðnrekenda og öll iðnfyrirtæki í landinu eru skyldug til að greiða, hvort sem þau eru félagar í þeim samtökum eða ekki. Það væri með sömu rökum og með sömu hugsun ekki skynsamlegt fyrir slík fyrirtæki að vera ekki félagi í Félagi íslenskra iðnrekenda. Það er því í reynd þvingun til aðildar að þeim samtökum.

Búvörugjaldið rennur einnig til Búnaðarsambands Íslands án þess að bændur séu félagar þar eða í reynd er þetta skylda til að vera félagar. Sama á við um ýmis önnur gjöld, t.d. í sjávarútvegi.

En það er eitt gjald sem menn hafa lítið rætt um og það er skylda manna til að vera í sjúkrasjóði, herra forseti.

Í 6. gr. laga nr. 55/1980 segir svo, með leyfi herra forseta: „Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina."

Herra forseti. Hvað stendur þarna? Að einhverjir aðilar úti í bæ, samtök launþega og samtök atvinnurekenda geta samið um það að félagi sem ekki er í þessum samtökum og vill ekki vera í þessum samtökum beri að greiða sjúkrasjóðsgjald sem þessir aðilar ákveða upphæðina á. Ef eitthvað er framsal á skattlagningarvaldi þá er það þetta, herra forseti. Hér er yfirleitt um að ræða yfir 1% af launum allra landsmanna. Þetta er tíundi partur af því sem rennur í lífeyrissjóðina og í þessum sjóðum eru milljarðar geymdir. Þeir sem greiða þessa milljarða í sjúkrasjóði hafa ekki endilega áhrif á stjórnun sjúkrasjóðanna eða hvort þeir greiði gjaldið eða ekki. Þeim ber að greiða gjaldið samkvæmt lögum. Þetta er atriði sem þarf að skoða líka, herra forseti, á sama hátt og það gjald sem við hér erum að ræða um.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr.

[17:31]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að ræða aðeins um það frv. til laga sem hér er á dagskrá og fjallar um rétt manna til að vera í félagi, þ.e. í raun og veru um félagafrelsi. Ég tek undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að kveðið er á um þetta í stjórnarskrá lýðveldisins, í lögum nr. 33 frá 1944.

Það eru ekki svo mörg ár síðan en þó nokkur að farið var með mál til útlanda til að fá úr þessu skorið. Það mál varðaði Bifreiðastjórafélagið Frama þar sem maður nokkur gekk í félagið og fékk leyfi til að aka leigubifreið. Þegar hann var búinn að fá starfsleyfið þá gekk hann úr félaginu og neitaði að greiða gjöldin.

Þá kom að því að samgrn. felldi niður leyfi hans til að aka leigubifreiðinni. Hann vildi ekki una úrskurði samgrn. þannig að málið endaði fyrir dómstólum. Þrátt fyrir að þessi einstaklingur hafi undirgengist það og skrifað undir að hann skyldi fara í einu og öllu eftir lögum og samþykktum félagsins og greiða sín félagsgjöld þá varð niðurstaða meiri hluta Hæstaréttar í þessum dómi að atvinnuréttindin væru ríkari en sú kvöð að vera í félagi og hér væri félagafrelsi. Einnig var farið með þetta mál fyrir dómstóla erlendis þar sem dæmt var í því og það hefur síðan haft áhrif á félagafrelsi hér á landi. Eftir þetta var stjórnarskránni breytt. Það var ekki inni það ákvæði, herra forseti, sem nú er komið inn í 74. gr., það var a.m.k. öðruvísi orðað, en 1. og 2. mgr. 74. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra."

Í ljósi þessa og í ljósi áðurnefnds hæstaréttardóms sem vakti mikla athygli þá held ég að full ástæða sé til þess að menn fari mjög vel ofan í saumana á því hvort þetta standist stjórnarskrána. Ég þekki það ekki en mér finnst hins vegar mikilvægt að menn fari alveg ofan í saumana og leiti til margra aðila til að kanna hvort þetta standist. Ég er bara hreint ekki viss um það.

[17:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Pétri H. Blöndal er fremur í nöp við stéttarfélögin og finnur þeim flest til foráttu. Honum þykir ótækt að launafólki sé gert að greiða gjald til að standa straum af kostnaði við rekstur stéttarfélaganna. Mig langar aðeins í örfáum orðum að velta því upp hver viðfangsefni þessara félaga eru.

Þau eru fyrst og fremst til þess smíðuð að standa vörð um rétt launafólks á vinnustaðnum og í samfélaginu almennt. Því miður reynir oft á þessa varðstöðu. Iðulega er brotið á fólki. Stundum er það leyst fyrir milligöngu stéttarfélagsins, í öðrum tilvikum enda slík mál fyrir dómstólum. Þá stendur launafólk sameiginlega að slíku en einstaklingnum er ekki gert að heyja sína baráttu einn og óstuddur.

Þessa samstöðu vilja margir brjóta. Þeirrar viðleitni hefur gætt í Evrópu og víðar í heiminum að reyna að brjóta samstöðu launafólks á bak aftur. Menn leggja iðulega upp í þá vegferð á sama hátt og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerir, tala um einstaklingsfrelsið og rétt einstaklingsins til að standa utan félags. En jafnvel þótt menn leggi upp í þessa för með þetta göfuga markmið þá getur það auðveldlega snúist upp í andhverfu sína. Ég ætla að taka dæmi. Í ríkjum þar sem atvinnuleysi hefur verið mikið hefur það iðulega gerst, við þekkjum dæmin frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og víðar í Evrópu að atvinnurekandinn stillir umsækjanda um starf upp við vegg og segir að hann sé reiðubúinn að

ráða hann til vinnu með einu skilyrði, að hann standi utan stéttarfélags. Þá hefur þetta gerst sem ég nefndi, að krafan um félagafrelsi hefur snúist upp í andhverfu sína. Atvinnurekandinn hefur valið, launamaðurinn hefur ekkert val.

En það er annað sem verkalýðshreyfingin gerir, stéttarfélög gegna öðru mikilvægu hlutverki sem snýr að sjálfsögðu að baráttu fyrir auknum og bættum rétti launafólks, veikindarétti, lífeyrisréttindum, orlofsréttindum, sjúkratryggingum og þannig mætti áfram telja. Að sjálfsögðu höfum við heyrt, víðar en hér í sal Alþingis, því haldið fram að auðvitað eigi allir að njóta þessara réttinda en jafnframt að vera frjálsir til að velja um hvort þeir greiði til stéttarfélaganna, sömu félaga og hafa barist fyrir þessum réttindum.

Herra forseti. Í þessum fáu orðum vil ég lýsa mjög eindreginni andstöðu gegn þessu frv. sem gengur út á að brjóta niður samstöðu launafólks.

[17:39]

Drífa J. Sigfúsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að það valdi ekki misskilningi þá vil ég taka fram að ég var áðan engan veginn að draga úr eða reyna að brjóta aftur samstöðu launafólks sem ég tel afar mikilvæga. Ég var aðeins að vekja athygli á hæstaréttardómnum og úrskurði í málinu og velta því upp hvernig þessi lög stæðust.

Ég vil hins vegar ítreka, til þess að ekki valdi misskilningi, mikilvægi stéttarfélaga. Ég hef eins og mjög margir aðrir séð að þar sem stéttarfélögin eru veik þar er líka aðbúnaðurinn oft fyrir neðan allar hellur. Það er erfitt fyrir fólk sem ekki hefur einhvern bakhjarl og stendur þá veikt gagnvart atvinnurekanda að semja. Það er ekki hægt að jafna því saman þegar í hlut eiga t.d. verkfræðingar sem njóta þekkingar sinnar og eru eftirsóttir starfsmenn. Þeir eru ekki í vandræðum. Hins vegar geta almennir launþegar lent í vandræðum. Um þá þurfum við að hugsa og þess vegna held ég að besta leiðin sé ef hægt er að finna einhverja leið til að bæði þessi sjónarmið geti farið saman. Félagafrelsið má ekki snúast upp í andhverfu sína.

[17:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að taka undir kjarnann í því sem hér kom fram í máli hv. þm.

[17:40]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að mér væri í nöp við stéttarfélög. Það er ekki rétt. Mér er í nöp við hin stofnanakenndu fyrirbæri sem kölluð eru stéttarfélög á Íslandi, sem fá iðgjöld sín samkvæmt lögum, nánast eins og skatt og þurfa ekkert fyrir því að hafa. Hafa aðallega áhuga á setum í stjórnum lífeyrissjóða og í stjórnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir eiga. Ég er aðallega á móti því að menn fái greiðslur sjálfvirkt eins og hér er sérstaklega tekist á um. Samkvæmt lögum ber opinberum starfsmönnum að borga í sitt stéttarfélag hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Peningurinn kemur inn, skatturinn kemur inn. Þetta eru orðnar algjörar stofnanir eins og öll önnur starfsemi sem fær tekjur á silfurfati og þarf ekki fyrir því að hafa.

Stéttarfélögin gegna geysimiklu hlutverki, sérstaklega ef þau þurfa eitthvað fyrir því að hafa, sérstaklega ef þau þurfa að sýna launþegunum að þau séu nauðsynleg, að stéttarfélögin séu nauðsynleg fyrir launþegann. Þau eru það að mínu mati. En þá má iðgjaldið ekki koma inn eins og skattur. Þá þurfa menn að hafa fyrir því. Ég er á móti þessari brotalöm ásamt því feiknarlega valdi sem stéttarfélögin hafa yfir meginhluta fjármagns á Íslandi. Auðvalds á Íslandi sem eru lífeyrissjóðirnir með nærri 600 milljarða í sjóði. Fé sem kemur frá launþegum sem launþegarnir hafa ekkert með að gera en þessir háu herrar í stéttarfélögunum voma yfir í krafti félagsgjalda sem eru eins og skattur.

[17:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stofnanir eru hvorki góðar né slæmar. Stofnanir geta verið góðar og stofnanir geta verið slæmar. Stofnanir geta verið háðar lýðræðislegu valdi. Það eru stéttarfélögin almennt. Verkalýðshreyfingin reynir almennt að örva lýðræðislegt starf innan sinna vébanda. Þannig vill hún starfa og þannig á hún að starfa. Það er ekkert athugavert við það eða slæmt að verkalýðshreyfing hafi á að skipa öflugum stofnunum til að standa vörð um réttindi launafólks og sækja rétt þess. Ég nefndi nokkur dæmi um það áðan hvernig þeim stofnunum og þeirri vinnu er beitt.

[17:43]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp var þetta nú máttleysisleg málsvörn fyrir þær stofnanir sem í dag eru nefndar stéttarfélög. Þetta hefði þótt skrýtin ræða svona upp úr 1930, herra forseti. Þá höfðu stéttarfélög virkilegt hlutverk. Þá börðust þau fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Núna eru þetta orðnir værukærir embættismenn nánast sem sitja í stofnunum sínum í krafti þess að fá félagsgjaldið inn nánast eins og skatt.

Það yrði mikil bót fyrir stéttarfélögin ef þau þyrftu að afla sér síns félagsgjalds og félaga sinna með frjálsum hætti þannig að menn gengju í stéttarfélag vegna þess að það borgaði sig. Þannig á það að vera. Það á að borga sig og það mun borga sig fyrir félagsmennina að mynda samtök til að standa vörð um hagsmuni sína af frjálsum vilja, herra forseti, en ekki með þvingun.

Oft hef ég heyrt að mönnum finnist orðin mikil tengsl á milli launþegahreyfingarinnar og atvinnurekenda þegar þessir háu herrar sitja saman í stjórnum lífeyrissjóðanna og útdeila feiknamiklu fjármagni til fjárfestinga í hlutafélögum bæði innan lands og erlendis og njóta sameiginlega þess valds sem þeir peningar veita.

[17:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þykja þetta hálfþreytuleg viðbrögð af minni hálfu. Já, ég neita því ekki að mér finnst hálfdapurlegt að hlusta á þennan málflutning. Hann höfum við heyrt frá Thatcher áður og við höfum heyrt hann frá Bandaríkjunum þar sem menn hafa talað um frelsi fólksins til að velja hvort það standi innan eða utan verkalýðsfélaga.

Í raun eru menn að fjalla um hvort atvinnurekandinn eigi að hafa þetta vald á hendi, að úthýsa fólki úr verkalýðsfélögunum. Sannast sagna, herra forseti, held ég þrátt fyrir allt að okkur miði það fram á veginn að þessi málflutningur thatcherismans og reaganismans sé að verða tímaskekkja. Ég held að þetta sé að verða tímaskekkja í samfélaginu. Ég held að það sé almennt viðurkennt að lýðræðisleg hreyfing launafólks sé til góðs. Hún vinnur uppbyggilegt starf og er lýðræðinu í landinu gagnleg. Hún stuðlar að fjölþátta samfélagi, kröftugu fjölþátta samfélagi. Ég held að það sjái flestir nema hv. þm. Pétur H. Blöndal og aðrir talsmenn Sjálfstfl., hugsanlega í sérdeild frjálshyggjunnar, að málflutningur af

þessu tagi er tímaskekkja. Auðvitað er hann dapurlegur þrátt fyrir það.

[17:46]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta frv. Ekki hafa sérstaklega margir tekið þátt í henni og er það dálítið undarlegt í ljósi þeirrar umræðu sem hér átti sér stað fyrir ekki margt löngu um meint brot á stjórnarskránni og elsku manna á því að halda þá stjórnarskrá sem okkur er svo kær. Hefði maður talið að þegar fram kemur frv. þar sem talað er um að á tvennan máta gæti stjórnarskráin hugsanlega verið brotin þá kæmi allt það fólk, þeir hv. þm. sem hér hafa talað hvað mest um stjórnarskrárbrot og létu nú gamminn geisa og létu skoðanir sínar í ljós hvort það gæti verið að stjórnarskráin væri brotin að þessu leyti eða einhverju öðru leyti. En svo er ekki. Hefur verið hér frekar lítil umræða og ekki þeir hv. þm. sem tóku hvað mest til máls um meint stjórnarskrárbrot fyrir nokkrum vikum.

Hér hefur reyndar komið fram einn talsmaður þeirra, fulltrúi opinberra starfsmanna, sem situr þar sem formaður bandalags opinberra starfsmanna. Það er bandalag stéttarfélaga sem njóta þessarar skattlagningar og afstaða hans var fyrir fram ákveðin. Það var alveg vitað hvað hann mundi segja. Hann ver að sjálfsögðu það veldi sem þar hefur verið byggt upp. Það kom því ekkert á óvart, ekki á nokkurn einasta máta og var algerlega fyrir séð. Og væri eiginlega undarlegt ef það væri ekki.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson reyndi að gera mig að málsvara thatcherismans o.s.frv. Hann finnur einhver orð sem honum finnst vera ljót. (**ÖJ:** Sjálfstæðisfl.) Auk þess sem ég á að vera talsmaður Sjálfstfl. eins og oft áður. Þegar ég flyt hérna einn þingmanna Sjálfstfl. frv. um eitt lítið mál þá er ég allt í einu orðinn talsmaður Sjálfstfl. Ég hef margoft sagt að flokksaginn í Sjálfstfl. er ekki eins sterkur og hv. þm. vill endilega hafa. Hv. þm. segir aftur og aftur: Við vinstri grænir höfum þessa og þessa skoðun. Ég hef aldrei nokkurn tímann tekið mér þau orð í munn og sagt: Við sjálfstæðismenn höfum þessa og þessa skoðun. Ég hef nefnilega skoðun mína óháða öðrum sjálfstæðismönnum að mestu leyti, nema að sjálfsögðu styðjum við sameiginlega stefnu. Það er annað mál.

En ég er ekki talsmaður Sjálfstfl. í þessu máli. Ef það skyldi nú vera að Sjálfstfl. sé á þessari skoðun, þá er ég bara á réttu róli með þetta mál, herra forseti. En fyrir mér er þetta fyrst og fremst spurning um það hvort við séum að þvinga fólk inn í stéttarfélög. Hvort við séum að brjóta stjórnarskrána. Hvort við séum að veikja verkalýðshreyfinguna með því að gera hana að værukæru stofnanaveldi. Það er það sem ég hef áhyggjur af.

Ég hef grun um þetta, skylduaðildin og innheimta félagsgjalda til annarra stéttarfélaga er nánast orðin skattheimta líka, yfirleitt innheimt með lífeyrisiðgjöldum. Ég átti því miður þátt í þeirri þróun á sínum tíma með því að forrita inn innheimtu félagsgjalda hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna sem varð til þess að félagsmenn í VR fóru að líta á þetta sem skatt. Þannig hefur þetta gerst eins með sjúkrasjóðinn að þetta eru orðnar sjálfvirkar greiðslur og fólk er algjörlega búið að missa öll tengsl við stéttarfélag sitt sem og stéttarfélögin við fólkið. Það er afleiðingin af þessari sjálfvirku skattheimtu og innheimtu á félagsgjöldum.

Ég varaði við því á þeim tíma að trúnaðarmenn væru ekki látnir innheimta félagsgjöldin eins og var áður fyrr, þegar trúnaðarmenn fóru í fyrirtækin og innheimtu félagsgjöldin. Um leið og sú innheimta hvarf hurfu tengsl félagsmannanna við stéttarfélagið sitt og þá hvarf um leið sá samhugur sem fylgir því að stofna stéttarfélag um sameiginlega hagsmuni. Þetta eru orðnar stofnanir, herra forseti, stofnanir sem eru aðallega í því að sitja í stjórnum lífeyrissjóða og ráðstafa þeim miklu hagsmunum sem þar eru byggðir upp með sparnaði allra landsmanna, sem landsmenn, herra forseti, hafa því miður ekkert um að segja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær atvinnustefna, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 253. mál. — Þskj. 278.

[17:51]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. „Hugsaðu hnattrænt og framkvæmdu heima fyrir.“ Þetta er slagorð sem er í rauninni hornsteinninn að hugmyndinni um Staðardagskrá 21. Þetta slagorð undirstrikar mikilvægi þess að einstök samfélög og staðbundin stjórnvöld geri sér grein fyrir því að jafnvel hinar smávægilegustu aðgerðir í litlum samfélögum eiga sinn þátt í því hvernig ástand umhverfismála í heiminum þróast. Þetta slagorð, herra forseti, er að hluta til undirstaða undir þá þáltill. sem ég tala fyrir, en þetta er till. til þál. um sjálfbæra atvinnustefnu, flutt af öllum hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillögutextinn sjálfur er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta, í samráði við sveitarfélög, samtök atvinnurekenda og launafólks og opinber ráð og rannsóknastofnanir, rammaáætlun um sjálfbæra atvinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og vinna að framgangi hennar stig af stigi.

Slík stefnumótun miði meðal annars að því:

að atvinnuvegir landsmanna lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og miðist við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda,

að skapa nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og auka fjölbreytni þess,

að beislun innlendra orkulinda hafi að markmiði að vistvæn orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis samhliða því sem komið verði í veg fyrir orkusóun,

að fylgt verði alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina,

að móta umhverfisstefnu með „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum og fela Þjóðhagsstofnun að þróa og birta „græna þjóðhagsreikninga“,

að taka upp „græna skatta“ stig af stigi og draga í staðinn úr núverandi skattheimtu og leggja á umhverfisgjöld til að ýta undir sjálfbær framleiðsluferli og örva endurnýtingu,

að draga úr sorpmyndun með því að flokka og endurnýta sorp og lífrænan úrgang,

að tryggja að skipulag og landnotkun lúti langsæjum markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, náttúruvernd og verndun menningar- og búsetuminja,

að stuðla að rannsóknum og menntun þannig að ætíð sé til haldgóð þekking aðgengileg fyrir almenning og vel menntað starfsfólk til að stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun,

að styrkja byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Rammaáætlunin um sjálfbæra atvinnuþróun verði kynnt á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2002."

Herra forseti. Tillaga sú sem hér er flutt er efnislega af sama toga og mál sem flutt var á síðasta þingi á þskj. 892. Tillögutextinn hefur að vísu verið styttur talsvert og einfaldaður en aðgerðir í einstökum málaflokkum eru nánar útlistaðar í meðfylgjandi greinargerð.

Herra forseti. Ýmislegt hefur verið að gerast í þessum málaflokki á síðustu árum. En oft og tíðum eru hlutirnir einfaldari í orði en á borði, það sýna ótal dæmi. En nú er þó svo komið að umræðan um sjálfbæra þróun er orðin mun almennari en bara fyrir tveimur til þremur árum.

Það var athyglisvert á umhverfisþingi, sem haldið var 26.–27. janúar sl., var lögð fram stefnumörkun til 20 ára um sjálfbæra þróun. Henni var fylgt úr hlaði af hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur. Margt í þeirri stefnumörkun er algerlega til fyrirmyndar og ber keim af sömu hugmyndum og felast í þáltill. sem hér er fjallað um. Það sem var til fyrirmyndar í framlagningu stefnumörkunar hæstv. umhvrh. var kannski fyrst og fremst hvernig almenningi er hleypt að þeirri stefnumótun. Það er tilfinning mín, herra forseti, að það sé nú dropinn sem holar steininn í þessu tilliti, og af því að mikil umræða hefur skapast og ýmis félagasamtök hafa lagt lóð sín á vogarskálarnar séum við nú talsvert nær því að eignast frambærilega og áhrifaríka stefnumótun um sjálfbæra þróun en við vorum kannski fyrir fimm árum þegar síðasta umhverfisþing var haldið.

Þessu til staðfestu má nefna verkefni Staðardagskrár 21. Nú er svo komið að þrjú sveitarfélög hafa náð þeim áfanga að fá Staðardagskrána samþykkta sem stefnumótandi skjal fyrir viðkomandi sveitarfélag. Þess er skemmst að minnast að á fundi sínum hinn 6. febrúar sl. staðfesti borgarráð Reykjavíkur Staðardagskrána fyrir Reykjavíkurborg og hin tvö sveitarfélögin sem það hafa gert eru Snæfellsbær og Mosfellsbær.

Það má líka geta um það að staðardagskrárverkefnið hefur nýverið gefið út fræðslurit sem ber heitið Staðardagskrá 21 á Íslandi frá 1998–2000 og í því riti er sagt frá tildrögum og upphafi staðardagskrárverkefnisins á Íslandi, framkvæmd þess á landsvísu og í einstökum sveitarfélögum, og er það afar bjartsýnisleg lesning og vekur fólki tiltrú á það sem almenningur er að gera. Það eru alls kyns átök í gangi í einstökum sveitarfélögum og hjá félagasamtökum sem eru virkilega þess virði að fylgjast vel með og prísa í hástert.

Þess er líka skemmst að minnast að haldið var mjög fjölmennt íbúaþing í Kópavogi þar sem almennir íbúar komu að málum og ræddu hugrenningar sínar varðandi sjálfbæra þróun og leið þess bæjarfélags að þeim markmiðum að gera Kópavog sjálfbæran. Svo má líka nefna verkefnið Vistvernd í verki, sem unnið er undir merki Landverndar, en þar eru fjölskyldur sem mynda hópa, eina sextán svokallaða visthópa, sem eru að taka á í eigin ranni. Mér hefur talist til eða hef aflað mér þeirra upplýsinga að um 400 manns hafi komið nú þegar að því verkefni og fer víst fjölgandi.

Mikil umræða er í samfélaginu núna um einstaka þætti umhverfisverndar. Menn takast á um hreyfilhitara í bifreiðum í stað fjarstarts. Fólk leggur lóð sitt á vogarskálarnar í þessari umræðu. Menn eru farnir að gera kröfu um að metangasið af urðunarstöðvunum fari nú að sjást sem eldsneyti á bílaflota landsmanna. Það er ánægjulegt þegar maður lendir í umferðarhnút að finna að það kemur fyrir að maður er næst á eftir bíl sem knúinn er af metangasi.

Svo er vetnisvæðingingin fram undan og öll umræðan um hana hefur líka verið af hinu góða. Ég mundi því segja, herra forseti, að samfélagið væri orðið afskaplega móttækilegt fyrir þeim hugmyndum sem þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gengur út á. En hún miðar fyrst og fremst að því að allir atvinnuvegir þjóðarinnar lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar, við alla framleiðslu verði lögð áhersla á hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Mikilvægt er að allt kapp verði lagt á að varðveita hreinleika lands og sjávar enda er slíkt forsenda fyrir framleiðslu og sölu á hollum neysluvörum. Vinna þarf markvisst að því að framleiðsluvörur þjóðarinnar standi undir ímynd hollustu og hreinleika.

Þá miðar tillagan að því að komið verði á umhverfisstefnu og „grænu bókhaldi" í stofnunum og fyrirtækjum. Mikilvægt er að koma því á að Þjóðhagsstofnun birti „græna þjóðhagsreikninga" auk þess sem gera þarf gagngera áætlun um endurskoðun skattkerfisins sem miði að því að taka í áföngum upp „græna skatta". Markmiðið verði að innkaupsverð vöru endurspegli þann umhverfiskostnað sem framleiðsla, notkun og eyðing vörunnar hefur í för með sé.

Í grg. með tillögunni, herra forseti, eru nokkrir kaflar. Það er í fyrsta lagi kafli sem fjallar um tækni og menntun. Inntak hans er í fáum orðum að nauðsynlegt sé að ryðja braut nýjum starfsgreinum á sviði umhverfisfræða og fjölga menntunartækifærum í umhverfistækni og umhverfisstjórnun. Einnig er mikilvægt að tengja þekkingariðnað þessum greinum og efla hann með samræmdum aðgerðum. Leggja þarf sérstaka áherslu á rannsóknir almennt og sjá til þess að hluti opinberra fjárveitinga til rannsóknarstarfa verði merktur rannsóknum á sviði umhverfismála, svo sem umhverfistækni og umhverfisstjórnunar.

Í öðru lagi er kafli um orkumál en inntak hans er að mikilvægt sé að taka upp sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að endurnýjanlegir orkugjafar leysi jarðefnaeldsneyti af hólmi og dregið verði úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Þá verður einnig að taka tillit til umhverfis- og náttúruverndar í áætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og fresta öllum stóriðjuframkvæmdum uns lokið er gerð rammaáætlunar. Gera þarf átak í rannsóknum á vistvænum orkugjöfum á borð við vindorku, sólarorku og virkjun sjávarfallanna.

Og af því hér er fjallað um orkumál, herra forseti, þá má geta þess að það er reyndar á dagskrá þessa fundar sérstakt þingmál sem fjallar um sjálfbæra orkustefnu frá okkur nokkrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svo að það mál fær sérstaka umfjöllun þegar það verður tekið á dagskrá.

Þá er komið að kafla í grg., herra forseti, sem fjallar um endurvinnslu og endurnýtingu en í hnotskurn er efni þess kafla að mikilvægt sé að draga úr sorpmyndun um a.m.k. 5% á ári næstu fimm árin. Flokka þarf sorp í auknum mæli jafnt frá heimilum sem atvinnustarfsemi og bæta skil til móttökustöðva með sérstakri áherslu á efni sem brotna hægt niður í náttúrunni, svo sem gúmmí og nælon. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja fráveitukerfi landsmanna með áherslu

á vistvæn hreinsiferli og endurnýta ætti allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og framleiðslu á lífrænum áburði og auka verðmætasköpun úr hvers kyns öðrum endurunnum úrgangi.

Í kaflanum um sjávarútveg er þess getið að í sjávarútvegi verði að leggja áherslu á notkun vistvænna veiðarfæra og umhverfisvænna vinnsluaðferða. Vinna þurfi markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu og hvetja til varkárni í umgengni við auðlindina og allt lífríki sjávar. Nauðsynlegt er að marka stefnu sem miðar að fullvinnslu afla og finna leiðir til að nýta allan lífrænan úrgang sem til fellur í sjávarútvegi, jafnt í landvinnslu sem á hafi úti.

Í kaflanum um ferðaþjónustu má segja að inntakið sé að ferðaþjónusta og náttúruvernd geta farið vel saman, enda sé sjálf náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á. Mikilvægt er að efla náttúruvernd svo ferðaþjónusta geti blómstrað. Gera þarf sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum þarf að fjölga, styrkja þarf stöðu þeirra og nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni hennar. Koma þarf á fót tilraunaverkefnum um sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og þau samfélög sem þegar eru til þarf að styrkja.

Í kaflanum um landbúnað er fjallað um að í landbúnaði beri að leggja áherslu á lífræna búskaparhætti og stefna að því að hlutfall lífrænnar framleiðslu verði 5% á árinu 2005. Gera verður markvissar áætlanir um beitarstjórnun í öllum landshlutum og leggja drög að öflugri gæðastýringu til að mæta auknum kröfum um merkingu afurða og gæðavottun til að tryggja fæðuöryggi.

Þá er hér kafli um gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt þar sem segir:

„Brýnt er að marka framtíðarstefnu um gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt með vistvænum aðferðum. Landvörslu og löggæslu á hálendinu og aðliggjandi ferðamannastöðum þarf að efla og fylgja verður fast eftir reglum um umgengni við landið og náttúruna. Stefnumörkun í skipulagsmálum hálendisins, með verndarsjónarmið í fyrirrúmi, ber að halda áfram. Allar rannsóknir á vistkerfum landsins ber að efla og hraða skráningu búsvæðagerða, samanber áætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands, og gerð náttúruverndaráætlunar, samanber áætlanir Náttúruverndar ríkisins."

Í kaflanum um menningu og listir segir:

„Brýnt er að gera stefnumarkandi áætlun um stuðning við menningarstarfsemi atvinnu- og áhugamanna með það að markmiði að hann dreifist jafnar um landið og til ólíkra verkefna. Leggja ber mikla áherslu á alþýðumenningu hvers konar þar sem menningararfur þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga verði nýttur sem efniviður til listflutnings. Gera þarf átak til að efla skráningu, uppgröft og varðveislu fornminja og annars mannvistarlandslags og sjá til þess að slíkar minjar verði aðgengilegar fyrir lærða sem leika og uppspretta atvinnutækifæra. Huga ber sérstaklega að eflingu áhugafélaga um listir og menningu í dreifbýli með það að markmiði að tengja starf þeirra t.d. skólastarfi og ferðamennsku."

Þá eru einnig í grg., herra forseti, sérkaflar um iðnað, vistvæn samfélög, meginreglur umhverfisréttar og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þegar öllu er á botninn hvolft, herra forseti, þá er það sjálfbært Ísland sem við stefnum að og við teljum þessa tillögu sem hér er til umfjöllunar vera lóð á þá vogarskál.

[18:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fáein atriði í viðbót sem ég vil leggja áherslu á í sambandi við þessa tillögu um sjálfbæra eða græna atvinnustefnu enda kannski ekki óeðlilegt að það mál sé nú lítillega rætt á Alþingi Íslendinga og þó fyrr hefði verið að því væri gefinn gaumur.

Það sem ég tel að sé mikilvægt við þá nálgun mála sem hér er lögð til og vil vekja sérstaklega athygli á er að reynt er að setja þessa hluti fram með þeim hætti að ekki beri að líta á umhverfismál og þær skyldur sem menn bera til þess að taka umhverfismálin á dagskrá og hafa þau til hliðsjónar og sem grundvöll stefnumótunar, t.d. í atvinnumálum, sem neikvæða eða vandamálaaðferðafræði heldur eigi þvert á móti að snúa þessu við og líta á þau tækifæri og þá möguleika til framþróunar og nýsköpunar í atvinnumálum sem í þessu felast.

Herra forseti. Því miður verð ég að segja að það eimir allt of mikið eftir af því enn á Íslandi að menn líti á allt sem lýtur að umhverfisvernd og eðlilegum viðhorfum til þeirra hluta nú til dags sem íþyngjandi vandamál, útgjöld, kostnað og vesen í stað þess að snúa þessu við eins og maður verður æ meira var við í nágrannalöndunum og líta á þau tækifæri sem þetta skapar, þá verðmætasköpun sem fólgin getur verið í hlutum eins og endurvinnslu og þá miklu möguleika á sviði tækni og framþróunar sem í raun og veru fylgja með, fylgja sjálfkrafa með þegar tekið er á þessum málum.

Það er það sem við flutningsmenn erum hér að reyna að gera, við erum að reyna að hafa fókusinn ekki síður á tækifærunum og möguleikunum og því jákvæða sem því fylgir að menn taki sér tak í þessum efnum, móti stefnu um þróun atvinnulífs og alls mannlífs á grundvelli viðhorfa um sjálfbærni sem nú þykir sjálfsagt að hafa í huga.

Ég held í öðru lagi varðandi nauðsyn þess að móta stefnu í þessum efnum að ekki verði of oft á það bent að þarna gildir að menn hafi einhverja samræmda grundvallarstefnu til að framfylgja. Menn geta auðvitað talað um þessa hluti út í það endalausa svo lengi sem ekkert er gert nema tala. Það er góðra gjalda vert að setja falleg orð á blað en svo lengi sem það eru bara orð á blaði en þeim er síðan ýtt til hliðar og ekki eftir þeim farið þegar á á að herða í ákvarðanatöku og stefnumótun í sambandi við okkar atvinnuuppbyggingu og framtíð þá gildir það lítið. Auðvitað eru öll löng ferðalög tekin í mörgum skrefum ekki síður en pólitískur ferill einstakra manna eins og hæstv. landbrh., öruggum, skref fyrir skref. Út af fyrir sig er ekkert skrýtið þegar haft er í huga hversu seint umhverfismál komust á dagskrá á Íslandi af einhverjum umtalsverðum þunga þó að við eigum enn talsverða leið ófarna í þessum efnum. En þá er að herða róðurinn og knýja á um það að við reynum a.m.k. að dragast ekki lengra aftur úr en orðið er.

Ég er sammála 1. flm. og frsm. hér áðan um það að ég held að almenningur á Íslandi og ýmsir aðilar í þjóðfélaginu séu orðnir býsna móttækilegir fyrir þessum sjónarmiðum og ýmislegt áhugavert er að gerast hér og þar hjá einstökum sveitarfélögum, í einstökum fyrirtækjum og meðal almennings en stjórnvöld eru í þeirri stórkostlegu hættu að verða hreinir dragbítar á þróunina eins og málin horfa við mér.

Ég nefni þar bara samhengi okkar við alþjóðlegar skuldbindingar að þessu leyti og þá staðreynd að við höfum ekki undirritað Kyoto-bókunina. Ég nefni þá stöðu sem er uppi í orkumálunum og það er auðvitað úti í hafsauga eins og málin

standa að hér sé framfylgt einhverri sjálfbærri orkustefnu, því miður. Aftur kemur maður að því sama að þó að það sé góðra gjalda vert að loksins, seint og um síðir, a.m.k. tuttugu árum of seint, sé rammaáætlun um virkjunarkosti farin af stað, þá verður auðvitað að gera eitthvað með það sem þar er verið að vinna ef það á að hafa eitthvert gildi. Enn hefur maður litla sannfæringu fyrir því á sama tíma og stjórnvöld eru með opinberum fjárútlátum að ýta á eftir stóriðjuáformum og stórvirkjunum á fullri ferð að þá meini menn mikið með þessari vinnu til hliðar við rammaáætlun þar sem jafnóðum eru teknir út allir þeir virkjunarkostir sem menn hafa undir þá og þá í sambandi við aukna stóriðju.

Herra forseti. Langt er síðan menn fóru sums staðar í nágrannalöndunum að horfa á framtíðina í þessu ljósi sem hér er lagt til og þá möguleika sem umhverfistækni og þekking og nauðsynlegar aðgerðir á þessu sviði gætu haft í för með sér. Það má nefna þar sem dæmi bæði stefnumótun og beinar aðgerðir hjá þjóðum eins og Svíum, Hollendingum og Dönum. Þar er þetta fyrir löngu orðinn blómlegur og vaxandi atvinnuvegur það sem snýr að umhverfistækni, umhverfisstjórnun, snýr að iðnaðarframleiðslu sem tengist vistvænum ferlum, tengist endurvinnslu, vistvænni orkuframleiðslu. Danir eru ráðandi á heimsmarkaði, t.d. í framleiðslu vindrafstöðva. Svíar og Hollendingar eru umsvifamiklir í framleiðslu búnaðar til ýmiss konar hreinsibúnaðar og hreinsitækni og þannig má dæmi taka.

Því skyldum við Íslendingar ekki líta einnig á okkar möguleika í þessum efnum og horfa til þess að þarna er oft og tíðum um að ræða störf sem byggja á þekkingu og hugviti, eru ekki mjög útgjaldafrek í formi auðlindanotkunar eða hráefnanotkunar enda hugsunin á bak við þau sú að um vistvæn ferli og sjálfbærar athafnir sé að ræða.

Ég vil nefna líka, herra forseti, aðeins að lokum mikilvægi þess að innan einstakra atvinnugreina taki menn þessi mál á dagskrá. Þar skortir enn því miður verulega á. Vissulega ber að fagna því sem komið er af stað, t.d. innan landbúnaðarins, að þar er þó verið að reyna að styðja við ýmsa hluti sem horfa til réttrar áttar þó við séum enn skammt á veg komin, t.d. í lífrænni ræktun og fleiri slíkum hlutum. En ég vil sérstaklega nefna sjávarútveginn. Mér er það mikið áhyggjuefni hversu lítið hefur farið af stað enn sem komið er hvað varðar það að taka umhverfismálin á dagskrá sem alvarlegan hlut í sjávarútvegsmálunum hvað varðar alla stefnumótun og þróun greinarinnar. Þótt við nefnum þar bara tvo hluti, orkunotkun annars vegar og veiðarfæranotkun hins vegar eða þær veiðarfæragerðir sem eru notaðar, þá sýnist mér að í hvorugu tilviki sé í raun og veru í gangi nein marktæk viðleitni af hálfu stjórnvalda eða atvinnugreinarinnar að stýra þróun mála þannig að það sé í rétta átt í þessum efnum, að menn reyni að draga úr orkunotkun eins og kostur er og stuðla að því að vistvæn veiðarfæri hafi eðlilegan forgang. Þarna má betur gera, herra forseti.

[18:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom margt athyglisvert fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann talaði þó um ákveðin atriði á vegum ríkisstjórnarinnar sem hann taldi jákvæð í þessum efnum. Ég vil nefna að mjög margt spennandi er að gerast. Það er svo sannarlega verið að nýta jákvæð tækifæri sem tengjast umhverfismálum. Ég vil t.d. nefna að í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði er jarðgerður allur úrgangur sem til fellur í eldhúsi og reyndar víðar. Ég vil nefna að á Kirkjubæjarklaustri og í Svínafelli er sorp notað til að hita upp sundlaugar og íþróttamannvirki. Ég vil nefna mjög merkileg landshlutabundin skógræktarverkefni sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, t.d. á Suðurlandi með Suðurlandsskógum. Þar hefur á yfir 200 bújörðum verið plantað mjög mörgum trjám. Þetta er framtíðarverkefni til 40 ára og ég er auðvitað mjög ánægður með það. Auðvitað getum við gert mun betur. Við höfum mýmörg tækifæri til þess að nýta betur úrgang í endurvinnslu. Sjálfur er ég mikill áhugamaður um þetta og beitti mér fyrir slíku þegar ég var sveitarstjóri á Hvolsvelli.

Hv. þm. talar hins vegar oft eins og hann sé nánast fortíðarlaus í pólitíkinni. Hann hefur stofnað nýjan stjórnmálaflokk og talar eins og hann eigi sér enga fortíð í pólitík. Hann minntist á stjórnmálaþátttöku hæstv. landbrh. Ef ég man rétt hefur þessi ágæti þingmaður verið landbrh. þjóðarinnar og verið í pólitík allt frá árinu 1983. Hann vék t.d. ekkert að beitarstýringu sem var talað um í þessum tillögum. Það væri dálítið gaman að að heyra í hverju þær hugmyndir fyrrverandi landbrh. eru fólgnar.

[18:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að fullvissa hv. þm. um að það að mér varð á að vitna í landbrh. var ekki ætlað sem annað en algjörlega græskulaus gamansemi af minni hálfu. Ég rakst á það í blaðaviðtali að hæstv. ráðherra tók svo einstaklega skemmtilega til orða að hann hefði stigið sinn pólitíska feril skref fyrir skref, hægt og örugglega. Ég talaði hér um að allar ferðir væru farnar í fleiri skerfum en einu og hæfust á einhverju tilteknu skrefi.

Mér finnst að við Íslendingar séum fullstutt á veg komnir í vegferð okkar inn í nútímann í umhverfismálum, þá sérstaklega í metnaði okkar til að vera sjálfum okkur samkvæm í þeim efnum. Mér finnst skorta á samkvæmni og samræmingu í framgöngu okkar þegar maður lítur yfir sviðið sem slíkt. Þar skortir á. Það vantar tengingu inn í einstakar atvinnugreinar. Það vantar meiri tengingu stjórnvalda á mismunandi stjórnsýslustigum, við það sem sveitarfélögin eru að gera annars vegar og ríkið hins vegar. Ég tel að það væri mjög skynsamlegt, enda er það í raun sú nálgun sem víðast hvar hefur verið valin, að vinna samkvæmt einhverjum samþykktum markmiðum og áætlunum.

Við leggjum hér til gerð rammaáætlunar um mótun sjálfbærrar atvinnustefnu sem grundvallar fyrir sjálfbæra þróun í samfélagi okkar á komandi árum. Sambærilegar rammaáætlanir eru vel þekktar í nágrannalöndunum. Sú er líka hugsunin í alþjóðlega samstarfinu, samanber Staðardagskrá 21 og Dagskrá 21. Þetta eru í raun markmiðslýsingar og rammaáætlanir á borð við þær sem við viljum að stjórnvöld hér taki á dagskrá.

Varðandi beitarstjórnun í landbúnaði, þá gæti ég rætt heilt kvöld við hv. þm. um tilraunir mínar til að fá m.a. Bændasamtökin og fleiri aðila með mér í það að reyna að stýra framleiðslu búvara með tilliti til landgæða. (Forseti hringir.) Það reyndist talsverð brekka svo ekki sé nú fastar að orði kveðið.

[18:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get auðvitað verið sammála hv. þm. um það að öll vegferð hefst með skrefum. Það getur verið ágætt að taka ekki allt of stór skref. Ég get í sjálfu sér líka tekið undir þau orð hv. þm. að við getum ferðast svolítið hraðar um þessa slóð, við erum nú sammála um það. Íslendingar

eru þannig að ef hægt er að „selja" hugmyndir, ef ég má nota það orð, þá erum við fljót að taka við okkur. Það sjáum við t.d. í skógræktinni á Íslandi, þ.e. mikinn áhuga fólks á skógrækt og landgræðslu. Það er full ástæða til að benda á þessa þætti.

Ég vil auðvitað þakka Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins fyrir þetta. Fyrrverandi forseti lýðveldisins, frú Vigdís Finnbogadóttir, hvatti þjóð sína mjög til dáða í þessum efnum eins og fleira ágætt fólk. Möguleikarnir eru fyrir hendi og einnig í endurvinnslu þar sem við gætum búið til verðmæti úr því sem við höfum hingað til talið verðlaust.

Hv. þm. er klókur og reyndur stjórnmálamaður, enda hefur hann verið í þinginu frá 1983. Hann nýtti tíma sinn vel í ræðustól eins og venjulega. Hann vék ekki að beitarstýringunni fyrr en alveg í lokin en bauðst til að halda með mér sérstakan fund, jafnvel kvöldfund um hugmyndir sínar í þeim efnum. Við erum nú gamlir félagar, herra forseti, ég og hv. þm., úr íþróttahreyfingunni þannig að hver veit nema við getum hist og hv. þm. farið yfir þessi mál. (Forseti hringir.) En það væri kannski gott ef hv. þm. notaði tvær mínútur til þess að fara örstutt yfir beitarstýringuna.

[18:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal með mestu ánægju gera mitt besta til að svara hv. þm. Í aðdraganda búvörusamnings sem ég bar pólitíska ábyrgð á að gerður var á vetrardögum 1991 var ítrekað farið yfir það hvort hægt væri að ná samstöðu um tiltölulega ákveðin ákvæði í samningnum sem stýrðu framleiðslunni í stórauknum mæli inn á þau svæði landsins sem talin væru best til þess fallin að stunda beitarbúskap, þ.e. þar sem framleiðsluskilyrðin væru best og landkostir ekki vandamál.

Það reyndist mjög erfitt mál. Menn báru fyrir sig mismunun og annað þvíumlíkt, brot á jafnræðisreglu jafnvel og takmörkun á atvinnuréttindum manna eftir búsetu o.s.frv. Það lengsta sem þetta mál komst var að inn í samninginn kom ákvæði sem heimilaði yfirvöldum, ráðuneyti og Landgræðslu, að stöðva færslu á framleiðslurétti ef hún væri talin stríða gegn heppilegri landnotkun. Þar kom þó inn merkilegt bremsuákvæði þannig að það var ekki alveg til einskis puðað í þeim efnum. Ég hygg að þetta og fleira sem ég gæti reitt fram sýni að menn voru með fullri meðvitund og reyndu sitt besta fyrir um 10 árum.

Um málið almennt vil ég segja að ég held það sé rétt sem fram kom í máli mínu og hv. þm., að almenningur og ýmsir aðilar í samfélaginu eru að vakna til mikillar vitundar um þessi mál. Ég held að það sé jafnvel ekkert of djúpt í árinni tekið að segja að það hafi orðið talsverð umhverfisvakning á Íslandi síðustu árin, sem betur fer. Hún birtist m.a. í stórauknu aðhaldi almennings gagnvart stjórnvöldum sem lætur sér ekki lynda að menn hegði sér hvernig sem er í þessum efnum. Það hygg ég að hv. þm. og flokkur hans hafi fengið að reyna, m.a. hér á þingi í fyrravetur. (Forseti hringir.) Almenningur er miklu meðvitaðri, t.d. um þau verðmæti sem fólgin eru í hálendinu og ósnortinni náttúru landsins. Það er vel.

[18:24]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þessa þáltill. sem ég talaði hér fyrir. Það sem mér þykir mikilvægt að leggja áherslu á í lokin er að Íslendingar eiga möguleika á að taka frumkvæði í þessari vegferð í átt til sjálfbærrar þróunar. Það er mín dýpsta sannfæring að Ísland geti sannarlega orðið fyrsta sjálfbæra samfélagið í Evrópu. Ef við settum okkur það markmið og kepptum nú einarðlega að því, þá er ég sannfærð um, þó að sú ferð hefjist á einu skrefi, að við gætum farið þá leið skref fyrir skref og komist í mark.

Ég tel að hér sé um mannbætandi stefnu að ræða, stefnu þar sem hver einstaklingur í samfélaginu finnur fyrir ábyrgð og hefur hlutverk og tilgang sem göfgar líf hans, þó ekki væri annað en þann tilgang að starfa hönd í hönd með sínum nánasta nágranna að því að samfélagið verði sjálfbært og ekki sé gengið þannig á auðlindirnar að þær beri skaða af.

Það er jafnframt ljóst að ef náttúruverndarstefna sú sem lýst er í þessari tillögu nær fram að ganga þá væri það óaðskiljanlegur hluti farsællar samfélagsþróunar á 21. öldinni. Og ekki bara það. Ég held að þetta sé það mikið alvörumál að náttúruverndin og umhverfisverndin sem hér er lýst geti beinlínis talist vera skilyrði þess að mannkynið haldi velli.

Að þeim orðum sögðum, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. umhvn. og ítreka þakkir mínar fyrir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 262. mál. — Þskj. 289.

[18:26]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 289. Það er 262. mál um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri. Flutningsmenn auk mín eru sunnlensku þingmennirnir Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Árni Johnsen og kann ég þeim mínar bestu þakkir fyrir.

Þáltill. er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri í samstarfi við sveitarfélagið Árborg" — sem áður var Sandvíkurhreppur, Selfossbær, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur — „héraðsnefnd Árnessýslu og Byggðasafn Árnesinga og leggja fram í upphafi næsta löggjafarþings." Það er 127. löggjafarþings.

Vagga tónlistarlífs á Íslandi í þeirri mynd sem nú þekkist er í þorpunum við Suðurströndina, þ.e. Stokkseyri og Eyrarbakka, en þessi staðreynd er því miður að gleymast. Upphaf þessa má rekja til Hússins á Eyrarbakka, sem nú er nýtt undir starfsemi Byggðasafns Árnesinga, en þar er safnstjóri Lýður Pálsson sem lagt hefur þessum tillögum lið og þakka ég honum og öðrum áhugamönnum sem hafa hvatt mig til dáða í þessum efnum.

Íbúar Hússins á Eyrarbakka höfðu gjarnan mikil áhrif á menningarlíf í héraði, einkum tíma Lefolii-verslunar. Á tímabili mátti segja að á Eyrarbakka væru meiri umsvif, menningarleg og viðskiptaleg, en í höfuðborginni sjálfri. Árið 1847 fluttu sæmdarhjónin Guðmundur Thorgrímsen og Sylvia Níelsdóttir Thorgrímsen að Húsinu sem faktorshjón. Það var ekki einungis að verslun blómstraði á þeirra tímum heldur breiddu þau út mikla menningu um héraðið og reyndar landið allt.

Á þessum tíma var m.a. stofnaður Barnaskólinn á Eyrarbakka en hann telst elsti starfandi barnaskóli landsins, frá árinu 1852. Aðalhvatamaður að stofnun þess skóla var séra Páll Ingimarsson í Gaulverjabæ, en faktorinn, Guðmundur Thorgrímsen, var einn af hvatamönnum og studdi þetta framtak með peningum og reyndar með því að afla hugmyndinni fylgis almennings. Hugmyndin var dönsk og þetta var í raun og veru fyrirmynd að vakningu til alþýðufræðslu á Íslandi.

Því hefur verið haldið fram að evrópsk tónlist hafi flutt á Bakkann með Sylviu árið 1847. Sylvia kenndi á píanó, m.a. dætrum sínum, en það hljóðfæri þótti mjög framandlegt á Íslandi í þá daga. Píanóið kom í Húsið á Eyrarbakka árið 1871 og er einn af kostagripum safnsins í dag. Þetta píanó átti eftir að verða örlagavaldur í íslensku tónlistar- og menningarlífi. Nefna má að Páll Ísólfsson, ungur að aldri, heyrði fyrst í þessu píanói og varð í senn undrandi og glaður yfir þessum töfratónum, eins og segir í endurminningum hans. Hugsið ykkur að það eru einungis 130 ár síðan þetta var.

Á þessum tíma var mikið sungið og spilað í Húsinu, m.a. á gítar, orgel og harmóniku og langspil var reyndar þekkt hljóðfæri á Íslandi á þeim tíma. Í Húsinu voru kynnt verk eftir Mozart, Brahms, Schubert og Bach en verk þessara snillinga höfðu væntanlega ekki heyrst fyrr á Íslandi. Einnig kom norska tónskáldið Johan Svendsen í heimsókn, það mun hafa verið árið 1867 og er m.a. talið að hann hafi samið og raddsett lagið Hrafninn flýgur um aftaninn sem mörgum er að góðu kunnugt. Hann mun hafa samið þetta lag í Húsinu á Eyrarbakka.

Hinn dáði listamaður Ásgrímur Jónsson var ungur að aldri vikapiltur í Húsinu og í æviminningum sínum lýsir hann þessari tónlistarmenningu og á hvern hátt Sylvia Thorgrímsen og dætur hennar höfðu áhrif á tónlistarlíf á staðnum. Í endurminningum sínum segir Ásgrímur frá því að það þótti í raun og veru mikill heiður að fá að vera vikapiltur í Húsinu og einnig að sóst var eftir því að komast í vist í þetta hús.

Hinn mikli menningarfrömuður sem margir þekkja frá fornu fari, Ragnar heitinn Jónsson í Smára, var einmitt upprunninn úr þessum jarðvegi.

Upp úr þessari tónlistarmenningu spruttu margir dáðir tónlistarmenn eins og Sigfús Einarsson, Haraldur Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, Friðrik Bjarnason, Hallgrímur Helgason og frumkvöðlarnir frá Seli, þeir Bjarni, Jón, Ísólfur og Gísli Pálssynir. Enn fremur má nefna bræður þeirra Júníus og Pálmar Pálssyni. Áhrifa frá þessu góða fólki og fjölskyldum þeirra gætir enn á tónlistarlíf á Íslandi. Sigurður Ísólfsson var þekktur hljóðfæraleikari af þessum rótum. Flestir núlifandi Íslendingar þekkja t.d. Þuríði Pálsdóttur söngkonu, svo dæmi séu nefnd.

Í tónlistarlífinu í dag eigum við einnig nokkra tónlistarmenn sem rætur sínar eiga að rekja á þessar slóðir. Má þar nefna Ragnhildi Gísladóttur, sem sungið hefur með Stuðmönnum og fleiri hljómsveitum, og Móeiði Júníusdóttur sem á rætur að rekja til Stokkseyrar. Af núlifandi tónskáldum á Stokkseyri nefni ég Pálmar Þ. Eyjólfsson.

Tónlistarmenningu hefur ekki verið sinnt sem skyldi og fremur lítið hefur verið skráð og fjallað um starf íslenskra tónlistarmanna. Þá er hvergi hér á landi starfrækt tónlistarsafn þar sem finna mætti á einum stað muni eða ritaðan fróðleik um þróun og sögu tónlistar. Eyrarbakki og Stokkseyri eru steinsnar frá mesta þéttbýli landsins og með væntanlegum Suðurstrandarvegi yrði safn þetta ágætlega í sveit sett í nýjum menningarhring og hentar vel jafnt skólanemendum sem almennum borgurum en ég sé fyrir mér að fólk, ungt fólk og reyndar fólk í tónlistarnámi gæti komið í safnið til að kynna sér tónlistarmenninguna. Með stofnun og starfrækslu þessa safns yrði tónlistinni í fyrsta sinn gert jafnhátt undir höfði og ýmsum menningargreinum þjóðarinnar og minningu þeirra sem ruddu brautina reistur verulegur minnisvarði.

Æskilegt væri að stofnun og rekstur tónlistarsafnsins væri sameiginlegt verkefni ríkisins, sveitarfélagsins Árborgar, héraðsnefndar Árnessýslu og Byggðasafns Árnesinga. Því væri nauðsynlegt að þessir aðilar hefðu samstarf um verkið þegar í upphafi ásamt áhugahópi um þetta málefni en fjölmargir aðilar hafa sýnt málinu áhuga. Ég tel mjög mikilvægt að skapa áhugamannahóp um þetta því að í raun og veru getur verkefni sem þetta aldrei orðið að veruleika nema með kröftugu og dugmiklu fólki sem stæði að baki því.

Menningartengd ferðaþjónusta verður æ vinsælli og hluti af afþreyingu nútímans. Heimsóknir ungs fólks, eins og ég sagði áðan, í tónlistarnámi getur tengst safni sem þessu. Ég vil taka fram að þessi hugmynd um safn er ekki sett fram í samkeppni við önnur söfn eins og tónlistarsafn sem er á Siglufirði eða popptónlistarsöfn sem eru m.a. í Keflavík eða Suðurnesjabæ og á Bíldudal en þar hafa tónlistarmennirnir Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal og Rúnar Júlíusson í Keflavík af miklum dugnaði og harðfylgi sett upp merkileg söfn til að minna á dægurtónlist eða popptónlist.

Herra forseti. Ég vænti þess að tillagan fái brautargengi því að eins og ég sagði í máli mínu áðan ber okkur að minnast þessara frumkvöðla sem í raun og veru ruddu þessa tónlistarbraut. Hér er um mjög merkilega sögu og verðmæti að ræða sem ekki mega gleymast og þess vegna vona ég, herra forseti, að tillagan fái gott brautargengi.

[18:36]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri og sem einn af meðflutningsmönnum þessarar tillögu vil ég leggja nokkur orð í belg.

Það er ansi mikið og merkilegt tónlistarlíf sem hefur átt uppruna sinn á Stokkseyri og lýsti hv. 1. flm. því afar vel. Æ meira er rætt um menningartengda ferðaþjónustu sem verður vinsælli með hverju árinu og er hluti í rauninni af afþreyingu ferðamannsins þegar hann ferðast um Ísland. Á síðasta ári komu 300 þúsund ferðamenn til Íslands og á næstu 15 árum er talið að þeir muni verða 1 milljón. Það segir sig sjálft að að hafa þarf ofan af fyrir ferðamönnum sem sækja landið heim þannig að þeir geti kynnst sögu hvers svæðis, sérkennum og sérstöðu þess.

Um langan aldur hefur Stokkseyri verið framarlega hvað varðar söngmennt og tónlist og miklu meira en var annars staðar á landinu. Það má rekja þessa menningu til afkomenda Bergs Sturlaugssonar í Brattholti sem var uppi 1682–1765 sem var forfaðir tónskáldanna Ísólfs Pálssonar, Sigfúsar Einarssonar, Friðriks Bjarnasonar, Páls Ísólfssonar, Hallgríms Helgasonar og Pálmars Þ. Eyjólfssonar. Bergur var fyrsti forsöngvari Stokkseyrarkirkju sem nafngreindur hefur verið í langri nafnarunu forsöngvara síðan en margir þeirra voru taldir afburða söngmenn. Fyrsta orgelið kom í Stokkseyrarkirkju og var keypt fyrir samskotafé árið 1876 og kostaði það 400 kr. Organistar við Stokkseyrarkirkju hafa allir verið af þessari fyrrnefndu tónlistarætt en fyrstur þeirra var Bjarni Pálsson í Götu sem lærði á orgel hjá Sylviu Thorgrímsen

í Húsinu á Eyrarbakka. Bjarni kenndi síðan öðrum á orgel og hann kenndi einnig söng við barnaskólann og var hinn ötulasti brautryðjandi söngmennta og orgelkennslu í héraðinu.

Þekktasti Stokkseyringurinn á 20. öld var bróðursonur Bjarna, dr. Páll Ísólfsson, dómorganisti og tónskáld, sem var uppi 1893–1976 og er faðir Þuríðar Pálsdóttur óperusöngkonu og fyrrv. varaþingmanns. Maður getur ímyndað sér að Páll Ísólfsson hafi gjarnan sótt innblástur í brimið við ströndina og fengið þaðan mikinn kraft. Síðustu áratugi hefur Pálmar Þ. Eyjólfsson gegnt starfi organista við Stokkseyrarkirkju og árið 1999 hlaut Pálmar menningarverðlaun sveitarfélagsins Árborgar fyrir tónsmíðar og farsælt starf við Stokkseyrarkirkju. Á Stokkseyri er vaxandi ferðaþjónusta og má nefna merkilegan minnisvarða um farsæla sjókonu og um horfna atvinnuhætti en það er Þuríðarbúð.

Eyrarbakki sem er næsti bær við Stokkseyri er mikill og gamall og merkilegur verslunarstaður og vegna umfangs viðskipta og verslunar á Eyrarbakka á miðöldum telja sagnfræðingar að sá staður hafi öðrum fremur hérlendis haft burði til að þar myndaðist þéttbýlisstaður eða bær. En bið var á þéttbýlismyndun á Eyrarbakka sem annars staðar á Íslandi þar til á 19. öld.

Eyrarbakki hélt samt stöðu sinni sem aðalverslunarstaður Suðurlands. Um leið og erlendir kaupmenn fengu leyfi til fastrar búsetu hér á landi allt árið byggðu þeir íbúðarhús á Eyrarbakka árið 1765. Flutt voru inn tíu dönsk katalóg-hús og byggð á ýmsum stöðum á landinu. Aðeins tvö þeirra standa enn sem eru mjög merkileg og það er Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði og Húsið á Eyrarbakka. Nafngift þess, Húsið, segir sína sögu um húsakost landsmanna fyrr á öldum því að þá voru, eins og flestir vita, aðeins torfbæir.

Um aldaskeið var Eyrarbakki helsti verslunarstaður Suðurlands og þangað sóttu sunnlenskir bændur verslun og lá leið bænda úr efri hluta Árnessýslu og úr Rangárvallasýslu um Stokkseyrarhlað og má segja snemma hafi orðið grundvöllur fyrir verslun þar. Til gamans má geta þess að ég hef séð innkaupalista frá bóndanum á Keldum þegar hann fór með ullina í kaupstað í Lefolii-verslun á Eyrarbakka. Þá var farið aðeins einu sinni á ári í kaupstað og mátti því engu gleyma.

Eyrarbakki er merkilegur fyrir það að stofnaður var barnaskóli þar 1852, skóli sem starfar enn og er elsti barnaskóli á landinu sem hefur starfað samfleytt frá stofnun.

Kvenfélagið á Eyrarbakka var stofnað 1888 og starfar enn af miklum krafti og haft var á orði hér áður fyrr — maður hefur heyrt um það og lesið — að konurnar á Eyrarbakka fóru aldrei út á götu öðruvísi en að klæða sig upp, setja jafnvel upp hatt og það sýndi sig að mikill menningarbragur var á Eyrarbakka.

Á Eyrarbakka eru tvö söfn, Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, þar er merkasti safngripurinn áraskipið Farsæll, og Byggðasafn Árnesinga í Húsinu sem er rekið af héraðsnefnd Árnesinga. Og þá má ekki gleyma Rjómabúinu á Baugsstöðum.

Fyrr í vetur lagði hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason fram skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu. Þriggja manna nefnd skilaði áliti. Nefndin starfaði undir forustu Karítasar H. Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra í menntmrn. Ég sé ekki annað en að þetta eigi að fara mjög vel saman, þ.e. að efla söfn og aðra menningarstarfsemi í landinu gagnvart menningartengdri ferðaþjónustu og ég tel að þetta sé mikið byggðamál og merkilegt mál fyrir hvern landshluta. Eins og kom fram hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni þarf þetta ekki að vera bundið. Þetta safn yrði bundið við Stokkseyri en það hafa allir landshlutar sína tónlistarsögu og má þar nefna t.d. Vestmannaeyjar og Keflavík.

[18:44]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessari þáltill. og þakka 1. flm., hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, fyrir að flytja hana. Hann rakti þetta mál mjög vel. Ég held að þarna sé um mikilvægt mál að ræða. Eins og nafna mín, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, sagði varðandi menningartengda ferðaþjónustu þá tel ég að þetta sé einn mjög mikilvægur liður í því að tengja ferðaþjónustu og menningu saman. Ekki er aðeins um að ræða fjölmarga erlenda ferðamenn heldur ferðast Íslendingar sjálfir mjög mikið um landið. Það er mjög mikilvægt að skapa og bjóða upp á meiri afþreyingu en verið hefur vegna þess að það hefur sýnt sig í nokkrum könnunum um ferðaþjónustu að mönnum finnst vanta afþreyingu. Þetta er mikilvægur þáttur í því að koma til móts við fólk í því sambandi.

Ég tel mikilvægt að sveitarfélögin leggi meiri áherslu á tónlist í safnamálum en þau hafa gert hingað til. Ég held að út af fyrir sig gæti það vel verið þess virði að ríkið komi einmitt inn í og komi þessu af stað og í sumum tilfellum mjög nauðsynlegt. Það má líka velta því fyrir sér hvort þar eigi að vera það skipulag eins og varðandi Þjóðminjasafnið, hvort eigi að vera eitt aðalsafn og síðan önnur söfn sem eru eins og söfn sveitarfélaganna sem við þekkjum sem þau reka ýmist sameiginlega eða sér. Ég held að slíkt aðalsafn þurfi ekki endilega að vera í Reykjavík. Það gæti verið í Reykjavík, það gæti verið á Stokkseyri, það gæti verið víða, en að það sé í nálægð þannig að mjög stór hluti þeirra sem eru á Suðvesturlandi geti sótt það. Það held ég að væri heppileg staðsetning. Ég tel að það sé svo að við höfum ekki sinnt þessum tónskáldum eins vel og við hefðum getað gert en ég held að það sé tækifæri til þess að breyta því.

Í bítlabænum Keflavík var stofnað poppminjasafn. Það gerði reyndar bæjarfélagið. Frumkvæðið kom frá ýmsum aðilum, það hafði verið fjallað um það nokkuð lengi. Reyndar heitir bærinn Reykjanesbær í dag. Frá þeim stað eru margir þekktir tónlistarmenn: Gunnar Þórðarson, Rúnar Júlíusson, Magnús Kjartansson og Magnús og Jóhann, ég get talið upp fleiri nöfn en allir þessir menn eru mjög þekktir fyrir tónsmíðar sínar og þeir hafa lagt mikið af mörkum til tónlistar.

Við fundum okkur syllu með poppminjasafninu en það er að vísu ekki fullskapað. Þegar búið verður að koma upp slíkum tónminjasöfnum víða um land, sem ég vonast til að verði, þá sé ég fyrir mér m.a. söfn sem við í Reykjanesbæ fengum upplýsingar um og skoðuðum, sem voru erlendis, þar sem maður gat gengið um og hlýtt á verk eftir einhverjar hljómsveitir eða eftir ákveðinn tónlistarmann og heyrt tónlistina þegar staðið var fyrir framan myndirnar, búningana, hljóðfærin eða annað og gat fengið tóndæmi og hlustað á það. Síðan ef maður gekk aðeins lengra heyrðist í þeim næsta og svo koll af kolli.

Ég get vel hugsað mér að þetta væri eins og það sem við vorum með á sýningu okkar á heimssýningunni sem ég fór á. Það var mjög skemmtilegt að sjá hvernig tölvutæknin var notuð til að ná fram góðum áhrifum. Ég sé fyrir mér að með því að nota ljós og skugga og nýta tölvutæknina og koma jafnvel fyrir heyrnartólum og bjóða upp á erlend tungumál þá gætum við náð til enn stærri hóps af því að það eru ekki

allir sem tala íslensku. Ég held að sérstaða tónskáldanna ætti að fá að njóta sín. Ég tek undir með flutningsmönnum að mikilvægt er að hvert svæði haldi utan um sérstöðu sína. Við þekkjum t.d. kvartettana á Akureyri eins og MA-kvartettinn og Smárakvartettinn og mjög margt annað sem hefur komið þaðan. Ég veit ekki með Vestmannaeyjar, ég hef ekki heyrt brekkusönginn en mikið væri gaman að fara á safn þar og hlusta á brekkusöng. Grindavík á líka sína tónlistarmenn og þannig má örugglega endalaust upp telja. Mikið er til af góðu tónlistarfólki og getur einmitt verið mjög skemmtilegt að ferðast um landið þegar þetta hefur allt ræst.

Ég tek undir með flutningsmönnum að áhugahópar eru afar mikilvægir í að ná þessu fram, safna gögnum og upplýsingum og koma því til skila.

Ég vonast til að málið hljóti brautargengi og ég tel að þessi tillaga geti vel farið saman við tillögu sem lögð hefur verið fram í þinginu af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni þar sem menn eru að tala um að hægt sé að hugsa sér að það verði eitt meginsafn og síðan verði smærri söfn víða um land. Þetta tel ég að geti mjög vel farið saman. Ég tel mikilvægt að við sinnum tónskáldum okkar betur og hérna gefst okkur tækifæri til þess að bæta úr því, auka menningartengda ferðaþjónustu og laða ferðamann inn á fleiri staði. Það er mjög mikilvægt að þjónustan sé ekki bara í höfuðborginni. Þó að hún sé afar mikilvæg þarf líka að fara aðeins út fyrir bæinn og bjóða fleira. Menn vilja ekki sitja of lengi í rútu, það þarf að vera hægt að stoppa og menn eru mjög áhugasamir um það. Það hef ég fundið bara á þessum vísi að safni í Reykjanesbæ að þó nokkuð margir koma þangað þannig að ég efast ekki um að þegar þetta verður orðið að veruleika þá verði gaman að koma í heimsókn í safnið.

[18:50]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri tillögu sem hér hefur verið lögð fram um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri. Ég tel að um mjög tímabæra og merka þáltill. sé að ræða og finnum við það sem höfum hreyft þessum málum á hinu háa Alþingi að þessi þáttur í söfnun og varðveislu og umhyggju fyrir munum hefur einmitt dregist mjög aftur úr þegar áherslan hefur fyrst og fremst verið á byggðasöfnum, þjóðminjasöfnum og Þjóðminjasafni og öðru slíku. Tónlistin er vettvangur sem á svo sannarlega að fá hærri og betri sess en hingað til hefur verið.

Það er líka í samræmi við þá miklu og góðu bylgju sem við finnum alls staðar í samfélaginu og felst í öllum þeim fjölda fólks sem sækir tónleika, er í tónlistarskólum og þeim árangri sem Íslendingar hafa náð á sviði tónlistar. Það er því ekki vonum fyrr að þessi tillaga er lögð fram og hún á að mínu mati að fá góðar undirtektir hjá þinginu.

Hér hafa verið nefndir nokkrir þættir sem styðja þáltill., svo sem ferðaþjónusta o.fl. Undir allt þetta ætla ég að taka en gera ekki að umræðuefni því ég fæ annað tækifæri til slíks síðar í dag eða næst þegar önnur þáltill. verður tekin til umræðu. En það er einn þáttur sem hv. þingmenn hafa ekki nefnt og ég vil draga fram en það er að safn af þessu tagi á að mínu mati að vera lifandi safn, lifandi að því leyti að það á að laða fólk að safni sem þessu og halda tónleika. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera það í einhverjum stórum stíl því að slíkt krefst tónlistarsalar eða aðstæðna sem eru tiltölulega dýrar en vissulega mætti vera með tónlist og tónleika fyrir kvartetta og kammertónlist ásamt söng og öðru sem kemst fyrir með góðu móti við tiltölulega þröngar aðstæður.

Þá vil ég einnig nefna þann möguleika að á Stokkseyri, þar sem þetta safn væri sett upp, mætti líka búa tónskáldum samastað, að þeir gætu komið þar og dvalið við einmitt þær aðstæður sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir dró svo ágætlega fram hér og með lifandi hætti. Þarna gætu þeir haft aðstöðu og búið um tíma.

Ég ætla ekki að fjölyrða um tillöguna en ætla þó við þetta tækifæri að geta þess að fyrir þinginu liggur önnur þáltill. sem er lögð fram af þeim þingmanni sem hér stendur og hér talar en það er þáltill. um að stofnað verði tónminjasafn. Þá þáltill. lagði ég fram á síðasta þingi en mælti ekki fyrir henni vegna anna í þinginu og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, sem leggur fram tillögu um tónminjasafn á Stokkseyri, vissi ekki af tillögu minni en það fer vel á að við þingmennirnir og vinir og félagar leggjum fram tillögu á þessu sviði. Ég tel að við getum fyllilega náð góðu samstarfi, annaðhvort með því að taka undir tillögu sem Drífa Sigfúsdóttir lagði fram að safnið á Stokkseyri væri bundið sérstaklega við Stokkseyri og Eyrarbakka og þær sögulegu rætur sem hafa verið dregnar fram í ágætum ræðum, eða þá hitt að við sameinuðum beinlínis tillögur okkar og tónminjasafn, víðtækt og öflugt á landsvísu, yrði sett niður á Stokkseyri og styddi þar með það héraðssafn sem verið er að tala um. Allt finnst mér þetta koma til greina, aðalatriðið er að þetta nái fram að ganga og verði tónlistinni til framdráttar og efli menningu og glæði sögu okkar lífi.

Ég mun við flutning á þáltill. minni ræða frekar um gildi safna sem ég hef ekki gert hér eins og ég hefði ella viljað.

[18:56]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Eins og aðrir hv. þingmenn vil ég taka undir fagnaðarlætin yfir þessari tillögu. Hún er lítil og nett, lætur lítið yfir sér en hún er afar skemmtileg og viðeigandi því að Stokkseyri tengist tónlistararfinum mjög sterkt. Ekki veit maður hvaðan tónlistargenið kemur en a.m.k. átti það einhverjar rætur á Stokkseyri.

Eins og hv. 1. flm. tillögunnar segir réttilega eru fjölmargir tónlistarmenn komnir frá þessu svæði. Þess vegna væri mjög vel við hæfi af virðingu við þá og þann skerf sem þeir veittu okkur löndum sínum að reisa um þá safn þar.

Það má svo aftur velta fyrir sér hversu yfirgripsmikið safn á Stokkseyri ætti að vera, hvort það ætti eingöngu að tengjast því fólki sem komið er úr Árnessýslu og af Stokkseyri. Eins og komið hefur fram í ræðum manna þá eru nú þegar til önnur söfn, m.a. þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði, sem var afar merkur tónlistarmaður og lagði mikið af mörkum til tónlistarsögu okkar. Svo var minnst hér á poppsafnið í Keflavík og því hefur verið lýst ágætlega.

Tónlistin lifir frá einni kynslóð til annarrar og í nútímanum lifir hún á plötum og diskum og í upptökum. En lifandi safn er auðvitað áhugaverðast og má segja að tónlist frá þessum tíma kalli ekki á mjög flókna sali til flutnings vegna þess að mikið af þessari tónlist voru sönglög og frekar einfaldur undirleikur því að hljóðfærin voru ekki orðin mjög þróuð sem fólk hafði þá.

Reykjavík á mjög langa sögu í tónlistinni. Ég var til gamans að fletta í Alþingismannatalinu upp á Pétri Guðjohnsen sem var dómorganisti í Reykjavík en hann sat líka á þingi fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu á árunum 1864–1869. Það er gaman að segja frá því að orgelið hans, eða rifrildið af því, fannst uppi á háalofti í Dómkirkjunni fyrir einhverjum árum

og er nú komið í vörslu Þjóðminjasafns en eftir því sem ég best veit hefur það ekki enn þá verið gert upp. En þetta er maður sem var uppi á 19. öld, hann fæddist 1812 og er dáinn 1877. Hann lagði náttúrlega aðallega skerf sinn til tónlistarinnar á þann hátt að vera dómorganisti og söngkennari, en hann var söngkennari í menntaskólanum. Ég rifja þetta upp af því að hann er langalangafi þeirrar sem hér stendur.

Ég las það í bók Stefans Zweig, Veröld sem var, að hann kom sér snemma upp áhuga á tónlistarhandritum. Ég held að mörg tónskáld hafi hálfgerða fóbíu fyrir því að verið sé að grafa upp hvernig tónverkin þeirra verða til. En það er til fólk sem safnar slíkum handritum. Að minnsta kosti var það Stefan Zweig talsvert keppikefli að verða sér úti um handrit þar sem verkin voru að fæðast, fyrstu drög og einhvern aðdraganda að verkum sem urðu síðan vel þekkt og merk. Án efa leynast einhver slík handrit í fórum fólks á Íslandi. Þau er auðvitað mikill fengur að fá inn í tónminjasafn. Ég kom inn í tónminjasafn, ég held það hafi verið í Helsinki, fyrir nokkuð mörgum árum, og það var afar skemmtilegt að sjá hvernig því hafði verið komið fyrir. Það er víst að við getum áreiðanlega fundið bæði hljóðfæri og nótur og síðan upptökur hér og þar á landinu og komið því fyrir á safni af þessu tagi. Talsvert eða eitthvað hefur þegar verið sett í Þjóðarbókhlöðuna. Við munum eftir því, ég held á síðasta ári, að ættingjar dr. Franz Mixa gáfu handritin hans og án efa leynast handrit hér og þar og hljóðfæri.

En ég nefni þetta nú með Pétur Guðjohnsen. Hann bjó í Reykjavík og varði sinni starfsævi hér. Mér fyndist ekkert óeðlilegt að í höfuðborginni yrði reist safn til að rifja upp tónlistarsögu Reykvíkinga. En mér finnst tillaga flutningsmannanna Ísólfs Gylfa Pálmasonar, Margrétar Frímannsdóttur, Drífu Hjartardóttur og Árna Johnsens mjög áhugaverð og hlakka til að sjá hana eiga hraðan gang í gegnum þingið eins og ýmis önnur mál sem eru í gangi núna.

[19:02]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka framúrskarandi undirtektir við þessa þáltill. og reyndar fróðlega og skemmtilega umræðu sem átt hefur sér stað. Í henni er samhljómur sem verður vonandi til þess að tillagan eigi greiða leið í þinginu og úr þessari hugmynd verði safn. Við getum auðvitað rifjað upp að tónlist á Íslandi á sér eldri sögu. Það var tónlist líka í Skálholti á sínum tíma og á Hólum en hún var svolítið öðruvísi en það sem við höfum talað um hér í dag. Ég sé líka fyrir mér ýmislegt af því sem við höfum komið inn á varðandi lifandi safn. Að sjálfsögðu þarf að vera hægt að halda tónleika í safni sem þessu og það mundi glæða safnið lífi. Það þarf að vera aðstaða fyrir tónlistarmenn þar sem þeir geta samið tónlist, æft sig og dvalið í umhverfi sem er skapandi fyrir þá. Það þarf líka að vera hægt að hlusta á einstök verk og jafnvel að hlusta á einstök hljóðfæri. Það er hægt með nútímatækni en við vorum áðan einmitt að tala um að taka ákveðin skref í málinu hér á undan. Það á auðvitað við um þetta mál líka. Við getum gleymt okkur í framtíðardraumum en aðalmálið er að reyna að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég tek undir það að hæglega má samþætta þessa þáltill. ágætri þáltill. hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. Ég er alveg viss um að við getum gengið í takt í þeim efnum. Það er gaman að velta fyrir sér, eins og þingmenn gerðu áðan, markaðssetningu ákveðinna staða á landinu og því hvernig menningin getur í raun verið auðlind. Það gleymist oft. Við erum oft að tala um atvinnugreinar, landbúnað, sjávarútveg og iðnað, eins og það sé hið eina sem til er. Auðvitað eigum við að getað nýtt okkur menninguna líka og menningartengd ferðaþjónusta er að verða æ vinsælli hér á landi og reyndar einnig erlendis.

Ég hlustaði á skemmtilegan mann á Eyrarbakka fyrir nokkrum árum, ákaflega bjartsýnan, sem talaði um að markaðssetja brimið. Hann heitir Ási Markús og rekur gistihús á Eyrarbakka sem ég held að gangi bara þokkalega vel. Til hans koma gestir bara til að hlusta á brimið. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur má gjarnan sækja tónlist í brimið og þess vegna ljóðlist og ýmislegt fleira. Ég held að það gæti verið ágætt fyrir okkur þingmenn sem getum stundum orðið pínulítið pirruð hvert á öðru þegar við hlustum á þá flóðmælsku sem kemur úr þessum ræðustól. Það gæti verið gott að skreppa niður á Bakka og hlusta svolítið á brimið til að slaka á.

Það er líka gaman að velta því fyrir sér að ungt fólk hefur stofnað lítið kaffihús á Eyrarbakka sem heitir Kaffi Lefolii, það er að vísu lokað í augnablikinu, en það er sama. Ýmislegt í þessum dúr getur hjálpað svona starfsemi. Það getur verið erfitt að reka starfsemi eins og lítið veitingahús. Það er annað veitingahús á Stokkseyri sem heitir Við ströndina, ef ég man rétt. Þangað kemur fólk gjarnan til þess að borða sjávarrétti og þess háttar. Fleira mætti auðvitað nefna.

Ég ítreka að það er nauðsynlegt að ná samstöðu um mál sem þetta. Við þurfum að virkja áhugahópa og fá styrk frá stjórnvöldum. Við þurfum að fá styrk frá bæjarstjórn Árborgar, héraðsnefnd og Byggðasafni Árnesinga. Þá væri hægt að hrinda þessari ágætu hugmynd í framkvæmd.

Mér fannst ansi gaman að heyra ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted áðan þegar hún var að velta fyrir sér tónlistargeninu. Hver veit nema Íslensk erfðagreining geti verið með lítinn bás í þessu safni þar sem tónlistargenið yrði sýnt.

[19:07]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, við skulum endilega fá sem flesta til að reyna að staðsetja þetta tónlistargen.

En ég kem upp í andsvar vegna þess að mér datt í hug að á Stokkseyri eða þar sem safninu yrði komið fyrir væri auðvitað tilvalið að koma upp afdrepi, t.d. fyrir tónskáld sem eru alltaf að leita að næði, auðvitað inspírasjón en einnig næði frá erli hvunndagsins og frá heimsins glaumi. Hvar er betra að finna slíkt en með brim í bakgrunni? Tengja þetta tvennt.

[19:08]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu heils hugar undir þetta. Ég held að þetta sé einmitt það sem við eigum m.a. að gera út á. Eins og ég sagði í ræðu minni rétt áðan þá sækjum við ýmislegt langt yfir skammt. Þarna er stutt að fara niður á ströndina og ég held að það væri býsna gott, bæði fyrir okkur, herra forseti, sem í þessum sal erum og ýmsa aðra að leita ekki langt yfir skammt og finna afþreyinguna í grenndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tónminjasafn, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 267. mál. — Þskj. 295.

[19:08]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Hér höfum við hv. þm. rætt tónminjasafn og stofnun þess og beint sjónum okkur sérstaklega til Stokkseyrar og þeirrar þáltill. sem við höfum rætt síðustu stundarfjórðungana.

Tillagan sem ég legg hér fram var lögð fram í þinginu í fyrra en fyrir henni var ekki mælt. Hún er því lögð fram hér að nýju. Ég ítreka enn og aftur að best færi á því að vinna þessi tvö mál saman. Ég ætla ekki að halda langa ræðu, enda hefur margt gott verið sagt almenns eðlis um rekstur og stofnun tónminjasafns, en ætla þó aðeins að minnast á örfá atriði.

Safnið sem þáltill. mín gerir ráð fyrir er umfangsmeira en það sem rætt var hér áðan. Ekki hefur verið bent á neinn sérstakan stað fyrir safnið en tillagan gerir ráð fyrir að hlutverk þess verði á borð við það sem við ætlum Þjóðminjasafni á ýmsum sviðum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa fyrstu málsgreinina í grg. með þáltill., en þar segir:

„Tónminjasafn aflar, varðveitir og sýnir hvers kyns gömul og ný verðmæti sem tengjast tónlist á Íslandi, þar á meðal hljóðfæri, hljómtæki, hljóðupptökur, nótur, bækur, myndir, heimildir um tónlistarsögu og frásagnir af tónlistarflutningi, tónlistarmönnum, tónlistarviðburðum og hvers kyns gripum sem tengjast samningu og flutningi tónlistar."

Komið hefur fram að í fornum íslenskum handritum er mun meira af tónlist en menn gerðu sér grein fyrir áður. Rannsóknir manna á handritum okkar hafa fyrst og fremst beinst að sögunni og þeim menningararfi sem við þekkjum svo vel, Íslendingasögum, kvæðum og ljóðum. En þegar betur er að gáð hefur, m.a. fyrir frábært starf Kára Bjarnasonar og fleiri góðra manna, komið í ljós að handritin okkar eru mjög rík af tónlist og nótum. Ekki er það aðeins skráð, heldur fallega skráð og litríkt í handritunum okkar. Þessar rannsóknir hafa farið fram hér í Reykjavík, en að mörgu leyti hafa þær fengið að blómstra sem hluti af tónlistarlífinu í Skálholti um þessar mundir.

Enda þótt við séum öll ánægð með tónlistararf okkar Íslendinga — við höfum hér keppst um að vitna til þess — þá skulum við minnast þess að á 19. öldinni og framan af 20. öldinni stóð tónlistarlíf á Íslandi langt að baki því sem var í öðrum löndum. Það gefur auga leið. Aðrar menningaþjóðir, svo sem í Mið-Evrópu, hafa aldalanga hefð og íslensku tónlistarmennirnir áttu mjög langa götu ógengna til þess að ná á svipaðar slóðir. Hins vegar varð á þessu bylting á síðasta hluta 20. aldar, þar sem Íslendingar tóku tónlistina og gerðu bókstaflega að fleygum fugli í sinni menningu. Við höfum náð að draga fram menningarþætti sem svo sannarlega voru ekki mjög ríkir í okkar húsum.

Ég ætla ekki að rekja hér það sem allir vita, hversu mikið tónlist er stunduð af ungu fólki á Íslandi og hversu langt íslenskir tónlistarmenn hafa náð, ekki aðeins hér á landi heldur erlendis líka. Við skulum líka minnast þess að tónlist er atvinnuvegur sem er tilvalinn til útflutnings og hefur margt verið gert á síðustu árum til að styðja slíkt.

Eitt vil ég nefna sem ýtir undir það að við tökum rösklega og fast á þessum hlutum, hvort sem við erum að tala um tónminjasafn á Stokkseyri eða annars staðar. Við skulum minnast þess að enn er lifandi það fólk sem var brautryðjendur eða man brautryðjendur á sviði tónlistar í landinu. Þetta fólk verður að sjálfsögðu ekki eilíft í landinu frekar en við hin. Því er afar mikilvægt að menn hefjist handa við að safna öllu því sem þetta fólk getur sagt frá. Enn eru til munir sem hætt er við að fari forgörðum ef þeir eru ekki fluttir saman á einn stað.

Einstaklingar hafa verið að safna þessum hlutum saman. Við getum vitnað til Siglufjarðar, safns sem þar hefur verið komið á legg. Hér hefur verið minnst á Poppminjasafnið. Við getum líka talað um einstaklinga á borð við Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum við Djúp og fleiri mætti nefna. Þannig er vísir að slíkum söfnum og áhugi á þessu um allt land.

Sú þáltill. sem hér er mælt fyrir gerir ekki ráð fyrir því að yfirtaka þessi söfn eða drepa niður þann áhuga sem einstaklingar sýna. Þvert á móti að styðja við það. En ég held að við höfum svo mikinn arf og úr svo miklu að moða að við getum sett upp sjálfstætt safn án þess að trufla nokkuð það sem verið er að gera í einstökum landshlutum, hvort sem það er á Stokkseyri eða annars staðar, eða það sem einstaklingar hafa verið að gera.

Ég held að margir aðilar séu tilbúnir til þess að koma til móts við hugmynd af þessu tagi. Ég vil nefna fyrirtæki, félög, skóla, kóra, hljómsveitir, leikfélög og einstaklinga. Eins og sagt hefur verið hér fyrr í dag er tónlistin og allt sem henni fylgir, bæði í tónum, munum og myndum, alveg tilvalin til þess að draga að ferðamenn, ungt fólk og aðra sem þá sem njóta vilja.

Við þingmenn höfum í dag vitnað í það að við höfum séð söfn af þessu tagi þar sem við komum að básum þar sem hljóðfæri og búningar eru tengdir við hljóðupptökur og hægt er að fara inn í þann heim sem vitnað er til með þeim munum sem fram eru settir. Það er fátt annað sem getur einmitt dregið betur athygli ferðamanna og almennings til sín en einmitt safn af þessu tagi. Ég hef áður minnst á að þetta þarf að vera lifandi safn en ekki dautt og laða að tónlistarmenn með þeim hætti sem rætt var um fyrr í dag.

Ég vil einnig nefna einn afar mikilvægan þátt í þessu, en það er Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið hefur að sumu leyti gegnt einmitt því varðveislu- og menningarhlutverki sem við höfum verið að tala um hér í dag. Og það er ekki hægt að ætlast til þess að Ríkisútvarpið geri stöðugt slíkt. Við erum að tala um breytingar á Ríkisútvarpinu. Safn af þessu tagi á að einhverju leyti að taka við því mikla og merka starfi sem Ríkisútvarpið hefur unnið á þessu sviði eða a.m.k. að eiga mjög náið samstarf.

Við getum einnig talað um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að sjálfsögðu á að laða hana inn í þetta verkefni. Ég held að við getum líka náð til einstakra fyrirtækja á sviði tónlistar. Ég vil nefna hið merka framlag Fálkans hf. og þeirra sem að því fyrirtæki stóðu, Ólafs Magnússonar, Haraldar Ólafssonar og fleiri, við fyrstu hljómupptökur á Íslandi. Þarna er fjársjóður sem ekki má glatast. Fyrirtækin sem núna eru í rekstri og eru að gefa út plötur og diska eiga líka öll mjög merka hluti. Öllu þessu þarf að sinna.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera mál mitt lengra. Mér finnst heldur miður að hér er að sumu leyti verið að tvítaka hluti. Ég held að aðalatriðið sé að komið hafa fram tvær þáltill. sem sýna með þeim málflutningi sem hér hefur verið í dag að hérna er tilvalið tækifæri, hérna eigum við að taka á, vegna þess að þetta eru hlutir sem geta hlaupið frá okkur ef við gætum ekki að okkur og ríkisvaldið, sveitarfélögin og

fyrirtæki, ásamt áhugamannafélögum eiga að koma saman í einn hóp. Við skulum ekki dreifa kröftum okkar með því að takast á um það hvar þetta á að vera. Aðalatriðið er að vinna gott verk með öllum þeim sem sýna þessu máli áhuga og vænti ég þess að þær tvær tillögur sem mælt hefur verið fyrir í dag fái farsæla meðferð hér í þinginu.

[19:20]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mig langar til að fagna þessari vönduðu og áhugaverðu tillögu. Hún lætur lítið yfir sér eins og tillagan sem var hér á dagskrá á undan og segir einungis að Alþingi álykti að stofnað verði tónminjasafn.

Ég fór í ræðu minni um síðasta lið á dagskrá nokkrum orðum um tónlistina og sögu hennar, bæði á Stokkseyri sem sú tillaga sneri að en einnig að tónlistararfi Reykvíkinga. Segja má að á fyrri öld og á þeirri 19. hafi tónlistarunnendur og þeir sem gátu ekki hamið tónlistargen sitt, hvort sem efni voru fyrir hendi eða ekki, sótt til annarra landa til að leita sér að þekkingu. Þeir sóttu fyrst og fremst til Danmerkur, sem eðlilegt var, en einnig til Þýskalands. Þannig að straumarnir lágu frá Evrópu hingað. Ég held að miklu meira hafi verið að gerast á þeim vettvangi þá en menn gera sér endilega grein fyrir í dag.

Við erum núna í alþjóðlegu samhengi og stutt á milli vina í tónlistarheiminum. Það var auðvitað ekki þannig þá, en menn lögðu á sig ómælt erfiði og fjármuni sem þeir áttu ekki til í rauninni til að geta uppfyllt þessa þörf sína.

Tónlistarkennsla var fyrst og fremst söngkennsla framan af og langspil er sennilega fyrsta hljóðfærið hér. En seinna meir eru það kirkjuorgel og eitt og eitt strokhljóðfæri, samanber Ólaf Fíólín, í bókum Böðvars Guðmundssonar, þar sem Böðvar lýsir svo skemmtilega þessum fátæka unga manni, Ólafi, sem fékk fiðlu í hendurnar nokkuð fyrir tilviljun. Bækurnar heita Híbýli vindanna og Lífsins tré, eins og þingmenn án efa muna.

Varðveisla tónlistararfsins hefur verið hjá fólki með tónlistargenið. Það hefur ekki komist hjá því að bera það með sér. Og seinna meir hjá samtökum eins og tónlistarfélögum, kórum og ýmsum aðilum sem héldu utan um það sem þeir gátu. Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð fyrir 50 árum, Ríkisútvarpið er rúmlega 70 ára. Þetta er auðvitað mjög mikilvæg varðveisla á menningarhlutverkinu sem þessar stofnanir hafa sinnt. Ég held að þær verði að sinna því áfram, því ég held að einungis á þann hátt sé hægt að tryggja að arfurinn varðveitist.

Tónlistargyðjan ræður ríkjum hvernig sem efnin eru. Það er þá alla vega hægt að syngja ef ekki er efni á hljóðfærum. En tónlistararfurinn okkar á það skilið að honum sé sýndur heiður og tillaga hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar mætir því fyllilega.

[19:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka skýrt fram, eins og ég sagði reyndar í ræðu minni áðan um þáltill. um minjasafn á Stokkseyri, að hæglega er hægt að samþætta þessar tvær þáltill. Svo óheppilega vildi til, þrátt fyrir gott samkomulag okkar félaga að við vissum ekki hvor af öðrum, svona getur þetta verið. En enn og aftur, það er samhljómur í því sem við erum að segja og skiptir miklu máli. Það er mjög nauðsynlegt að varðveita tónlistararfinn og sýna því fólki sem ruddi brautina tilhlýðilega virðingu.

Við sjáum að íþróttum er gert mjög hátt undir höfði á Íslandi og er ég mjög sáttur við það og er allt gott um það að segja. Ef við berum íþróttir saman við tónlistina þá er tónlistinni ekki gert eins hátt undir höfði og íþróttum, þó að ég vilji kannski ekki vera eins róttækur og — ég heyrði ágæta ræðu hjá mjög góðum íslenskum píanista, sem er skólastjóri Tónlistarskólans í Garðabæ og heitir Agnes Löve. Hún vildi gjarnan koma á samkeppni kirkjukóra og að kirkjukórarnir hefðu hugsanlega stuðningsmenn. Síðan yrði þessu sjónvarpað til að hvetja menn til dáða í söng. Þetta er snjöll hugmynd sem hugsanlega einhverjir vildu framkvæma.

Eins og ég sagði áðan er með stofnun og starfrækslu tónminjasafns tónlistinni kannski í fyrsta sinn gert jafnhátt undir höfði og ýmsum öðrum menningargreinum þjóðarinnar og minningu þeirra er ruddu brautina reistur varanlegur og verðugur minnisvarði.

Ég hvet til þess að við setjumst niður, flutningsmenn þessara tveggja tillagna, og vonast ég til þess að tillöguflutningurinn verði til þess að hrinda í framkvæmd tillögum okkar um tónminjasafn og helst vildi ég sjá það á Stokkseyri.

[19:26]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til að ræða þáltill. um tónminjasafn sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson flutti. Ég held að hér sé gott mál á ferðinni eins og ég kom reyndar inn á þegar við vorum að ræða þáltill. um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri. Ég held að mjög mikilvægt sé að við stofnum tónminjasafn og ég held að safn eins og kemur fram í þeirri tillögu sem nú er til umræðu sé mjög mikilvægt. Slíkt safn sem verður með sama hætti á sviði tónlistarinnar eins og Þjóðminjasafnið er á öðrum sviðum er mjög mikilvægt og ég held að það verði ekki stofnað án ríkisstuðnings.

Sveitarfélög og byggðir landsins geta e.t.v að miklu leyti séð kannski um sína syllu. Það getur verið tenórasafn fyrir norðan eða alls konar aðrir þættir eins og við höfum rakið hér á undan við umræðu um fyrri tillögu sem fjallar um svipað efni. En það er mjög mikilvægt að til sé á einum stað aðili sem tekur á því hvað á að geyma, hverju á að safna. Sú kynslóð sem lifir í dag er ekki kynslóð sem geymir hlutina eins og ömmur okkar og afar gerðu. Kynslóðin í dag hendir hlutunum og hún geymir ekki, hún safnar ekki ryki. Hún flytur oftar, hún hreyfir sig meira og heldur ekki utan um hlutina eins og fyrri kynslóðir gerðu. Þess vegna er mjög mikilvægt að til sé einhver einn aðili sem leitað er til, þar sem hægt er að fá upplýsingar um hvað eigi að geyma og hverju eigi að henda sem er mjög mikilvægt í öllum safnamálum.

Af því að hér hefur eitthvað verið rætt um staðsetningu, þá held ég að Stokkseyri gæti verið góður valkostur eins og kom fram áðan. Ég vil nefna eina ástæðu sem dæmi en auðvitað eiga fleiri staðir að koma til greina. Hingað til lands er sagt að komi 300 þús. ferðamenn á ári en fjölgi mikið milli ára. Talsverður hluti ferðamanna stoppar hér í örfá klukkutíma. Þeir sem þurfa að stoppa í fáeina klukkutíma vilja nota tíma sinn og það hefur gerst iðulega að til Reykjanesbæjar og til ferðamálafulltrúa hringja farþegar sem lenda í því að töf er á flugi. Eðlilega leiðist þeim að bíða og vilja hafa eitthvað fyrir stafni og þá þarf að bjóða upp á eitthvað. Einnig er mjög mikilvægt að fyrir þá farþega sem stoppa hér eina nótt í tiltölulega mikilli nálægð við utanlandsflug að til sé afþreying sem hægt er að bjóða þeim upp á vegna þess að með því móti getum við náð í talsverðar tekjur. Og mjög

mikilvægt er að horfa á þá hliðina. Þó að allir sæki ekki safnið, þá yrði það talsvert stór hluti erlendra ferðamanna og því tel ég að mikilvægt sé að við staðsetjum slíkt safn á stað þar sem tiltölulega auðvelt yrði að ná til þeirra og reyta svolítið fjaðrirnar af þessum ferðamönnum, þá getum við einmitt bætt safnið í framtíðinni og ég tel að það sé afar mikilvægt.

Ég tel mikilvægt að þetta safn verði stofnað, einhvers konar höfuðsetur tónlistar og tónminja, ásamt því að stofnuð séu ýmis söfn úti á landi sem haldi hver um sig utan um sérstöðu síns svæðis og við nýtum þá öll þau tækifæri sem bjóðast með nútímatækni, eftir því sem passar fyrir hvert safn fyrir sig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:30]

Útbýting þingskjala:
Meðferð einkamála, 461. mál, frv. GE o.fl., þskj. 736.
Vátryggingarsamningar, 460. mál, frv. GE o.fl., þskj. 735.

Út af dagskrá voru tekin 15.–22. mál.

Fundi slitið kl. 19:31.

---

73. FUNDUR

þriðjudaginn 20. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 209. mál, þskj. 220. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Sjálfbær atvinnustefna, þáltill., 253. mál, þskj. 278. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, þáltill., 262. mál, þskj. 289. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Tónminjasafn, þáltill., 267. mál, þskj. 295. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Umboðsmaður neytenda, þáltill., 442. mál, þskj. 705. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Lagaráð, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
8. Dómstólar, frv., 415. mál, þskj. 675. — 1. umr.
9. Dómstólar, frv., 417. mál, þskj. 677. — 1. umr.
10. Stofnun stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs, þáltill., 416. mál, þskj. 676. — Fyrri umr.
11. Stjórnarskipunarlög, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
12. Þingsköp Alþingis, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.
13. Hlutafélög, frv., 148. mál, þskj. 148. — 1. umr.
14. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — 1. umr.
15. Kosningar til Alþingis, þáltill., 217. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 209. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 243. mál. — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Sjálfbær atvinnustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 253. mál. — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 262. mál. — Þskj. 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tónminjasafn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 267. mál. — Þskj. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umboðsmaður neytenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. DSigf o.fl., 442. mál. — Þskj. 705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Lagaráð, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

[13:35]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég vil geta þess í upphafi að ég hef óskað eftir því að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur umræðuna. Mér var sagt að svo gæti orðið. Hefur forseti einhverja hugmynd um ferðir hæstv. ráðherra.?

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hefur ekki hugmynd um ferðir hæstv. ráðherra. Hann er ekki í húsinu en það er sjálfsagt að senda honum skilaboð um að nærveru ráðherra sé óskað.)

Ég hafði óskað eftir því, herra forseti, og vildi gjarnan að leitað yrði eftir því að hæstv. ráðherra væri hér viðstaddur. Ég hafði reyndar líka óskað eftir því að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna en fékk strax þær skýringar að hann væri bundinn við önnur störf, a.m.k. eitthvað fram eftir degi.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill geta þess að hæstv. dómsmrh. er kominn í húsið.)

Takk fyrir, herra forseti.

Eitt af fyrstu málunum sem lagt var fram á haustþingi ársins 2000 var það mál sem hér er mælt fyrir, frv. til laga um lagaráð á þskj. 76. Flutningsmenn eru auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson. Málið hefur ekki komið til umræðu fyrr en nú þó það hafi verið lagt fram á fyrstu dögum þingsins en segja má að atburðir síðustu vikna í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins hafi enn ýtt undir nauðsyn þess að tekið væri til skoðunar á Alþingi hvort ekki væri rétt að koma á fót lagaráði á borð við það sem hér er lagt til. Þeir atburðir voru þó ekki í brennidepli þegar frv. var samið enda var það gert tveimur mánuðum áður en dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Sá dómur er þó enn til áréttingar um mikilvægi þess máls sem hér liggur fyrir.

Þetta mál er eitt fjölmargra sem Samfylkingin hefur lagt fram í því skyni að stuðla að bættu lýðræði og aukinni stjórnfestu í meðferð valdahafa á valdi sínu. Strax á fyrstu dögum þingsins kynnti Samfylkingin fyrir fjölmiðlum fjölda mála sem eru liður í því að efla lýðræðið. Sum þeirra eru endurflutt og hafa jafnvel verið flutt nokkrum sinnum áður, en önnur eru ný eins og það mál sem hér er til umræðu.

Frv. er að nokkru leyti byggt á hugmyndum sem fram koma í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda sem lögð var fyrir Alþingi á síðasta ári að beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar.

Skýrsla þessi var samin af nefnd sem Páll Hreinsson núverandi prófessor veitti forstöðu og felur í sér ítarlega greinargerð um starfsskilyrði stjórnvalda og hugmyndir um hvar mætti gera bragarbót í tengslum við meðferð valdsins í íslenskri stjórnsýslu.

Í skýrslu þessari kemur fram ábending um að mikilvægt sé að taka til athugunar hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaráði eða lagaskrifstofu er hafi það hlutverk að fara skipulega yfir lagafrumvörp áður en þau eru lögð fram, a.m.k. ef vafi leikur á um hvort þau standist stjórnarskrá, alþjóðasamninga eða hvort aðrir hnökrar kynnu að vera á löggjöfinni.

Í skýrslu nefndarinnar um starfsskilyrði stjórnvalda segir, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki er farið bæði ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp og kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög þarf ekki að koma á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Umboðsmaður Alþingis sá t.d. tilefni til að vekja athygli Alþingis á „meinbugum" á lögum í 45 af fyrstu 2.000 málunum sem hann fékk til afgreiðslu, sbr. SUA 1997:34. Til samanburðar skal þess getið að þetta eru fleiri mál en umboðsmaður danska þingsins hefur fengist við og snerta „meinbugi" á lögum allt frá því að það embætti var stofnað árið 1954 og hafa þar að meðaltali komið u.þ.b. 3.000 mál til afgreiðslu árlega síðastliðinn áratug. Sem dæmi um þá hnökra, sem umboðsmaður Alþingis hefur bent á í löggjöf hér á landi, má nefna misræmi eða árekstra á milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta, að gerður sé að lögum mismunur á milli manna, án þess að til þess standi viðhlítandi rök, og að ákvæði laga séu ekki í samræmi við stjórnarskrá eða þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum."

Nauðsyn þess að komið verði á fót einhvers konar verkfæri til að stuðla að bættum undirbúningi til löggjafar er forgangsverkefni sem Alþingi þarf að vinda sér í hið fyrsta. Ekki aðeins er það vegna þess hve gölluð löggjöf er slæm fyrir réttarríkið og réttaröryggi borgaranna heldur er það ekki síður mikilvægt fyrir hróður Alþingis að löggjöf sem frá samkundu þessari komi sé vönduð og mjög vel að henni staðið.

Dómur Hæstaréttar í málefni Öryrkjabandalagsins og umræðan í kjölfar hans er nærtækasta dæmið um það hversu slæm áhrif það hefur að lög standast ekki stjórnarskrá. Í því máli var það niðurstaða Hæstaréttar að Alþingi hefði sett lög sem stönguðust á við stjórnarskrána og að um leið hefðu verið brotin mannréttindi á tilteknum hópi borgara. Bréfaskipti forseta Alþingis til forseta Hæstaréttar og svar hans eru enn til vitnis um þau örþrifaráð sem gripið er til þegar staðið er frammi fyrir spurningunni um það hvort lög standist stjórnarskrá og eru að mínu mati enn til vitnis um úrræðaleysi Alþingis þegar staðið er frammi fyrir slíkum spurningum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessi bréfaskipti frekar en ég hef áður lýst því yfir að ég tel þau með eindæmum og í hæsta máta vafasamt fordæmi sem ég vona að eigi aldrei eftir að endurtaka sig í þeirri mynd.

Eftir dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins hefur umræða þessi mál farið á mikið flug bæði innan sala Alþingis og einnig úti í samfélaginu, í fjölmiðlum og víðar og er það í sjálfu sér af hinu góða. Fjölmiðlar og stjórnmálaflokkar hafa fengið meiri áhuga á málinu en áður og má m.a. sjá það af þeirri dagskrá sem liggur hér frammi í dag, en þar eru a.m.k. nokkur mál sem hafa komið til skjalanna eftir að öryrkjamálið komst í hámæli, en öll þau mál sem til umræðu eru hér í dag snerta að einhverju leyti lýðræðið og það grundvallarskipulag sem við höfum ákveðið að búa við í þeim efnum.

Í Morgunblaðinu hefur farið fram ítarleg umræða sem snertir þessa grundvallarþætti lýðræðisins og laugardaginn 3. febrúar sl. var greinargóð úttekt á því hvernig best sé að auka stjórnarskráreftirlit og ganga úr skugga um að löggjöf standist stjórnarskrá. Í þeirri umfjöllun var spjallað við fjölda lögfræðinga og var það mat þeirra flestra að rétt væri að koma á fót lagaráði er meti stjórnskipulegt gildi laga. Allir viðmælendur Morgunblaðsins þennan dag bentu á þennan möguleika en sumir nefndu þann möguleika að heimilt verði að bera undir Hæstarétt eða sérstaka stjórnlagadeild við réttinn hvort frumvörp eða nýsamþykkt lög samrýmist stjórnarskrá. Allir viðmælendur úr hópi lögfræðinga töldu ekki þörf á að setja á stofn sérstakan stjórnlagadómstól hér á landi en sá möguleiki hefur einnig verið til umræðu að fordæmi nokkurra landa sem hafa slíkt fyrirkomulag.

Ég er sammála því mati að ekki sé rétt að sinna þessu eftirliti með stofnun sérstaks stjórnlagadómstóls. Ástæður þessa eru margar og í mínum huga eru kostir þess fyrirkomulags ótvíræðir að setja á stofn lagaráð innan Alþingis og miða við að áfram hafi dómstólar endanlegt mat um stjórnskipulegt gildi laga. Ég tel að þessir kostir séu ótvíræðir, þ.e. þess fyrirkomulags sem við leggjum til í þessu frv..

Í fyrsta lagi tel ég of viðurhlutamikið og of dýrt að koma á fót heilli stofnun, heilum dómstóli, í okkar litla samfélagi. Regluverk og lagaverk okkar er ekki það flókið að það á að vera hægt með því að vanda vel til löggjafarundirbúnings að koma í veg fyrir flesta þá meinbugi á lögum sem hingað til hafa komið í ljós og í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að setja á stofn sérstakan dómstól. Við höfum heldur ekki nægan mannskap, tel ég, til að setja á stofn tvöfalt dómskerfi. Því er fullkomlega eðlilegt að þeir dómstólar sem hér eru fyrir hafi stjórnarskráreftirlitið með höndum. Að mínu mati á það að vera meginmarkmið stjórnvalda og okkar sem setjum hér lög að einfalda stjórnkerfið frekar en gera það flóknara.

Ég vil líka benda á að lagaráðið er fyrirbyggjandi leið. Þá yrði farið yfir frv., þ.e. farið yfir lög á frumvarpsstigi og lagt á það mat innan veggja Alþingis af þessu sérstaka ráði hvort þau standist stjórnarskrá. Þetta yrði ráðgefandi ráð. Endanlegt mat yrði áfram í höndum dómstóla. Þetta er sem sagt fyrirbyggjandi leið.

Það er hlutverk Alþingis að sinna löggjöf og Alþingi á að vanda vel til verka og leggja í það allan sinn metnað að þau frv. sem koma fyrir Alþingi til afgreiðslu séu þannig úr garði gerð að þau standist stjórnarskrá, alþjóðasamninga og á þeim séu að öðru leyti ekki þeir meinbugir sem raunin hefur orðið á í gegnum tíðina í allt of miklum mæli. Ég vil þó ítreka í þessu samhengi það sem ég tek reyndar fram í greinargerð með frv. að miklar endurbætur hafa verið gerðar á þeirri lögfræðiþjónustu sem veitt er í tengslum við Alþingi. Nefndadeildin hefur verið stórlega endurbætt á síðustu árum. Bara á þeim stutta tíma sem ég hef verið hér síðan 1995 hefur verið gerð mikil bragarbót á þessu þannig að Alþingi hefur lagt sitt af mörkum í þessum efnum. En betur má ef duga skal.

Sem rök fyrir því að móta frekar þá leið sem hér er lögð til heldur en stjórnlagadómstólsleiðina má líka benda á að lagahefðin hér er sú að almennir dómstólar meti stjórnskipulegt gildi laga og það eru um leið rök fyrir því að þetta verði gert þannig áfram en að lögð sé meiri áhersla á vandaðan undirbúning af hálfu Alþingis. Það má með öðrum orðum koma við endurbótum innan þess kerfis sem við höfum með stofnun lagaráðs.

Ég tel ekki síður mikilvæg þau rök að nauðsynlegt sé að auka vægi Alþingis í stjórnskipuninni. Margir meta það svo og það hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu undanfarin ár að Alþingi og vægi löggjafarvaldsins sé á undanhaldi fyrir ofurvægi framkvæmdarvaldsins. Með tilliti til þeirra grundvallarhugmynda sem við byggjum á varðandi þrískiptingu ríkisvaldsins er mjög mikilvægt að Alþingi verði eflt og mikilvægasti liðurinn í því er að mínu mati sá að efla löggjafarhlutverk Alþingis, að Alþingi hafi yfirumsjón með því hvernig frv. fara í gegnum þingið, koma hér til afgreiðslu og verða síðan að lögum, þótt vissulega komi alltaf áfram stór hluti frv. frá ríkisstjórninni. Þær skrifstofur sem þar starfa á vegum einstakra ráðherra eru annars eðlis en ráðið sem hér er lagt til að koma á legg. Það á að leitast við að vera hlutlaus aðili við þetta mat.

Ég vil benda á að í lögum frá 1929 er heimild fyrir því að sett verði á stofn sérstök laganefnd. Hún hefur reyndar aldrei verið skipuð. Sú heimild er í lögum nr. 48/1929, frá þeim tíma að prófessor Ólafur Lárusson lagaprófessor var sendur til Svíþjóðar til að kynna sér fyrirkomulagið sem Svíar höfðu komið á með lögum frá 1909 um lagaráðið þar í landi. Hann kom heim með hugmyndir sem kynntar voru á Alþingi og um þær varð mikil umræða um nokkurt skeið. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að samþykkt voru áðurnefnd lög um laganefndina og hún er að miklu leyti svipaðs eðlis og það sem hér er lagt til þótt, eðli málsins samkvæmt, henni sé ekki ætlað að fjalla um alveg eins mál enda bera lögin um laganefndina merki þess tíma er þau voru samþykkt. En þessi laganefnd hefur aldrei verið skipuð, ef ég veit rétt, og hefur a.m.k. aldrei verið virk.

Förum aðeins yfir fyrirkomulagið í nágrannaríkjunum, ég vil þá horfa sérstaklega til Norðurlandanna, varðandi undirbúning löggjafar. Í Danmörku er starfandi sérstök lagaskrifstofa við dómsmrn. er sinnir lögfræðilegri ráðgjöf við þingið. Með öðrum orðum: Þessi skrifstofa er ekki staðsett eða á neinn hátt undir hatti þingsins heldur alfarið undir dómsmrn. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt mjög, m.a. af lögfræðingum og má þar sem dæmi vitna til umræðu í Juristen nr. 3 frá 1993 en þar fjallar Jens Peter Christensen, lektor við Árósaháskóla, um þetta og bendir á hversu þverstæðukennt fyrirkomulag það sé að þingið skuli leita til ríkisstjórnarinnar um lagaráð, þess aðila sem þinginu ber skylda til að hafa eftirlit með. Þetta er kannski eitthvað sem við megum hafa í huga hér á Alþingi. Það er okkar hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og ekki sjálfgefið að við tökum frv. sem koma frá lagaskrifstofum ráðuneytanna beint til afgreiðslu. Ég er ekki að kasta rýrð á þá ágætu lögfræðinga sem þar starfa en það er bara þannig með frv. úr ráðuneytunum að það er meiri hætta á að á þau sé lagt pólitískt mat en gerðist ef óháð, sjálfstætt lagaráð væri starfandi.

Jens Peter Christensen leggur til að sett verði á stofn lagaráð við þingið. Sú umræða hefur reyndar farið mjög hátt í Danmörku allt fram á þennan dag og ekki bara í fagtímaritum lögfræðinga heldur líka í dagblöðum á borð við Politiken. Enn hefur þessu fyrirkomulagi ekki verið komið á þar í landi jafnvel þó menn hafi metið það svo á köflum að fullur pólitískur vilji væri til þess. Af því hefur hins vegar ekki orðið einhverra hluta vegna.

Í Noregi starfar lagaskrifstofa í tengslum við dómsmrn. en hún heyrir hins vegar undir þingið eftir því sem ég best fæ séð af umfjöllun um þetta mál sem ég reyndar fann

líka í Juristen nr. 4 frá 1993, eftir Jon Andersen, lektor í stjórnsýslurétti. Þessi lagaskrifstofa veitir ráðgjöf algjörlega sjálfstætt og sú ráðgjöf er ekki á vegum ráðuneytisins. Þessi skrifstofa er mun sjálfstæðari en sú danska. Sérfræðingar eru ráðnir til skrifstofunnar sem slíkrar en ekki til ráðuneytisins enda heyrir hún stjórnsýslulega undir þingið, ef ég skil rétt þessa umfjöllun eftir Jon Andersen. Lagaskrifstofan norska nýtur mikillar virðingar og hefur ekki verið efast mikið um sjálfstæði hennar. Það hefur heldur ekki verið efast mikið um hlutlægni hennar þannig að umræða um þetta hefur ekki verið jafnhávær og í Danmörku, hvorki á meðal lögfræðinga né í dagblöðum og meðal almennings.

Í Svíþjóð er hins vegar starfandi sérstakt lagaráð sem sett var á stofn árið 1909. Í þessu ráði eiga sæti einstaklingar úr hæstarétti og Regeringsretten, sem er í raun og veru æðsta stig stjórnsýsludómstólakerfisins þar. Svíar eru með tvískipt dómskerfi, nokkuð ólíkt okkar að mörgu leyti. Þetta stjórnsýsludómstólakerfi fjallar fyrst og fremst um meðferð mála í stjórnsýslunni og hefur í seinni tíð aðallega haft til meðferðar skattamál og önnur álíka mál sem hafa farið í gegnum stjórnsýsluna. Ráðið kemur saman í byggingu hæstaréttar. Meðlimir þess eru skipaðir til tveggja ára í senn og hafa á þeim tíma ekki öðrum skyldum að gegna fyrir þeim dómstól er þeir starfa hjá. Í lögum er ákveðið hvaða mál skuli fara fyrir lagaráðið og í lagaráðinu fara fram það sem kallað er „höring" sem er í raun — ja, það er erfitt að þýða þetta orð beint en það er nánast skýrsla tekin af eða yfirheyrsla yfir þeim embættismönnum sem samið hafa frumvörpin. Þeir gera grein fyrir máli sínu munnlega og þetta er gert áður en frumvörpin eru lögð fyrir þingið. Niðurstaða lagaráðsins getur síðan verið að gefa ábendingar eða þá að frumvarpið er umskrifað. Niðurstöðurnar eru einungis leiðbeinandi fyrir ríkisstjórnina en almennt er ráðum þessa lagaráðs fylgt og það nýtur mikillar virðingar í Svíþjóð. Eigi að síður er það svo að dómstólar meta síðan endanlegt stjórnskipulegt gildi laga.

Svo virðist sem aðeins ríkisstjórnarfrumvörp komist fyrir lagaráðið í Svíþjóð, hafi ég hef skilið það rétt, en það skal líka tekið fram — það er tekið fram í þessari umfjöllun sem ég hef vitnað til — að sænska þingið býr að mun betri lögfræðilegri þjónustu innan þingsins en t.d. það norska og sænska. Þetta er reyndar nokkurra ára gömul umfjöllun og má vel vera að Norðmenn og Danir hafi bætt eitthvað úr en þetta var staðan þegar greinin var skrifuð árið 1993. Ég veit ekki til þess að það hafi breyst mikið.

Frv. til laga um lagaráð sem hér er lagt fram gerir ráð fyrir því að á vegum Alþingis starfi lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð er Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar.

Lagaráð er skipað þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Þeir skulu hafa embættispróf í lögfræði. Forseti Alþingis skipar lagaráð, einn nefndarmann að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera formaður, annan að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja að tillögu Lögmannafélags Íslands. Forsætisnefnd Alþingis setur ráðinu starfsreglur og kveður nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði.

Starfsemi lagaráðs skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs.

Það fyrirkomulag sem hér er lagt til að taka upp er að mörgu leyti einföld leið að betrumbótum í löggjafarundirbúningnum til að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Það vekur kannski athygli að í þessu frv. er ekki lagður ítarlegur rammi um hvernig starfsemi ráðsins skuli vera. Það var gert viljandi. Ég tel ekki rétt að njörva það svo mjög niður í lögunum á hvern hátt ráðið skuli starfa. Það mundi mótast af þeim sem til þessara starfa mundu veljast í upphafi auk þess sem ég legg til að forsn. Alþingis setji ráðinu starfsreglur og kveði nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði. Það er auðvitað nauðsynlegt að starfsemi þess sé tryggð með framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs til þess að einhver bragur sé á málinu.

Eiginlega má segja að í frv. sem hér er lagt fram sé farin leið á milli þess sem við þekkjum annars staðar — ég kannski hafði það ekki síst í huga við samningu þessa frv. — og ekki farið út í of viðamiklar eða flóknar framkvæmdir heldur leitast við að koma lagaráðinu, þessu ráðgjafarráði, fyrir innan veggja Alþingis og það mundi síðan mótast í framtíðinni hvernig nákvæmlega starfaði. Hið sama hefur gerst í þeim ríkjum sem ég nefndi hér áðan, að í Svíþjóð, Danmörku og Noregi hafa þessar hugmyndir þróast mjög misjafnlega í hverju landi fyrir sig. Það veltur að sjálfsögðu á, herra forseti, hugmyndum manna á Alþingi, ekki síst forsn. og hæstv. forseta Alþingis, um hvernig þessu máli skuli háttað. Ég tel reyndar eðlilegt að hæstv. forseti Alþingis hafi mikið um það að segja hvernig þessu skuli fyrir komið og forsn. eigi jafnframt að hafa áhrif á hvernig þetta mótast í framtíðinni.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá viðbrögð hæstv. forseta Alþingis við þessum hugmyndum. Ég las um þau í mikilli umfjöllun Morgunblaðsins um þetta mál frá 3. febr. sl. Þeir sérfræðingar sem þar töluðu, þeir lögfræðingar — það var a.m.k. mat Morgunblaðsins — komust að þeirri niðurstöðu að komið skyldi á fót lagaráði við Alþingi. Viðbrögð hæstv. forseta Alþingis voru þau að við gætum ekki verið fremstir þjóða alls staðar. Það var ein fyrirsögnin. Hæstv. forseti telur að ekki megi gera of mikið úr þeirri gagnrýni Páls Hreinssonar sem fram kemur í skýrslunni sem hér var vitnað til áðan, að það væru miklir hnökrar á löggjöf okkar og að við ættum ekki að hafa minnimáttarkennd yfir því frekar en prófessorar við háskólann eigi að hafa minnimáttarkennd yfir því að vera ekki jafnmiklir sérfræðingar á þröngum sviðum og starfsbræður þeirra erlendis.

Herra forseti. Ég tel þessi viðbrögð lýsa ákveðnu metnaðarleysi fyrir hönd hv. Alþingis og ég harma það. Ég hef reyndar ekki heyrt neinn málefnalegan rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu hæstv. forseta. Ég vonast til að fá að heyra hann hér á eftir því að mér þykja rök hans í umfjöllun Morgunblaðsins frá 6. febr. sl., þar sem hæstv. forseti bregst við þessari umfjöllun Morgunblaðsins og niðurstöðu hennar, ekki vera málefnaleg. Mér finnst þau í raun ákaflega lítil, þau efnisleg rök sem hann bendir á gegn því að þessi leið skuli farin. Ég hefði þvert á móti haldið að þessi leið væri vænleg fyrir Alþingi með tilliti til kostnaðar, umfangs og þess hve mikilvægt er, a.m.k. að mínu mati, herra forseti, að styrkja þátt Alþingis í ríkisvaldinu og styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Við þekkjum öll þá umræðu í þjóðfélaginu sem farið hefur vaxandi, herra forseti, á síðustu mánuðum, svo ekki sé sterkar að orðið kveðið, að Alþingi sé ekki

nægilega sterkt, og njóti ekki þess styrks sem því er ætlaður í stjórnarskrá lýðveldisins. Að sjálfsögðu, herra forseti, hlýtur það að vera okkar sem hér sitjum og störfum að bæta úr. Þá ætti það fyrst og fremst að vera hæstv. forseta Alþingis að leggja til tillögur í þeim efnum þannig að kveða megi niður þennan sífellda orðróm um að Alþingi standi sig ekki sem skyldi í löggjafarundirbúningi og sé ekki æðst af þessum þremur greinum ríkisvaldsins.

Herra forseti. Eitt af hlutverkum Alþingis er að hafa eftirlit með öðrum valdþáttum, að þeir sinni sínum hlutverkum af ábyrgð og í samræmi við grundvallarhugmyndir stjórnarskrárinnar um að valdið skuli vera þrískipt í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Hver grein skal samkvæmt þessum grundvallarhugmyndum franska stjórnspekingsins Montesquieus vera óháð annarri en umgjörð þess skal mótuð eða afmörkuð með lögum sem þingið setur.

Það hlýtur því að vera gríðarlega mikilvægt fyrir Alþingi að það skynji þá ábyrgð sem því er falin með stjórnarskránni og leggi sig á allan hátt fram um að vanda sem mest til löggjafarundirbúningsins sem eru nú einu sinni þær umferðarreglur sem þetta þjóðfélag starfar eftir. Það er til skammar, herra forseti, og ég tel það ekki lýsa neinni minniháttarkennd heldur þvert á móti, að það skuli vera jafnmiklir hnökrar á íslenskri löggjöf og bent hefur verið á í skýrslu umboðsmanns Alþingis og svo miklum mun fleiri en í nágrannalöndunum. Það liggur beint við að álykta sem svo að það sé vegna þess að hér fari ekki á sama hátt fram skoðun á því hvort lög, eða frv. þegar þau eru lögð fyrir þingið, séu þess eðlis að þau standist stjórnarskrá og alþjóðlega samninga o.s.frv. Það er okkar, herra forseti, að bæta úr. Enginn annar á að bæta úr þessu. Ég fæ bara ekki skilið, herra forseti, að það sé ekki vilji Alþingis að gera bragarbót á þessu þannig að sómi sé að fyrir okkur sem hér störfum og fyrir þjóðfélagið í heild.

Ekki síður er mikilvægt fyrir réttaröryggi borgaranna að leikreglurnar sem frá Alþing koma séu skýrar og að á þeim séu ekki þeir meinbugir að í ljós komi að lög standist jafnvel ekki stjórnarskrá eins og við höfðum því miður dæmi um. En jafnvel þó að metið sé að lög standist stjórnarskrá þá er ekki þar með sagt að þau séu endilega fullkomin. Við eigum að leggja okkur fram af öllum mætti við að reyna að gera lagasetninguna þannig úr garði að hún sé til sóma fyrir okkur öll.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég tel að þetta mál snúist um skyldur okkar sem löggjafaraðila, um skyldur okkar og virðingu sem löggjafarstofnunar.

Herra forseti. Ég hef ekki heyrt aðrar hugmyndir, hvorki frá hæstv. forseta Alþingis né öðrum sem eru betur til þess fallnar að bæta úr löggjafarundirbúningi en sú tillaga sem hér er lögð fram eða a.m.k. andi þeirrar tillögu, að stofnað verði lagaráð sem verði undir hatti Alþingis og fari með þessi mál.

Ég legg að sjálfsögðu til að frv. þetta verði samþykkt og verði að lokinni þessari umræðu sent til hv. allshn. til afgreiðslu og umfjöllunar.

[14:02]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það að 1. flm. þessa frv. skyldi ekki fjalla nánar um hvað átt sé við sérstaklega með 1. málsl. 1. gr. sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála.“

Síðar í greininni er talað um að lagaráð eigi að vera til ráðgjafar um undirbúning löggjafar og um það hvort á frumvörpum séu lagatæknilegir ágallar. Ég hafði satt að segja vænst þess að hv. flm., líka vegna þeirra aðfinninga sem hún var með í minn garð, mundi reyna að skýra nánar hvað fyrir henni vekti sem hún ekki gerir. Ég hygg að þessi setning sé dæmigerð um það sem yrði vísað til lagaráðs þar sem texti væri óljós og óræður og þyrfti þess vegna að spyrja löggjafann hvað þetta þýddi ef að lögum yrði, það sé með öðrum orðum gott dæmi um lausatök í löggjafarstarfi ef þessi lagagrein yrði samþykkt eins og hún er hér orðuð.

[14:04]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg hvað hæstv. forseti Alþingis er að fara en þetta andsvar var kannski enn til vitnis um þá útúrsnúninga sem hann hefur gjarnan þegar þetta mál ber hér á góma í stað þess að bera fram málefnalegar röksemdir fyrir sínu máli. Það er fullkomlega skýrt hvað í þessu felst, herra forseti. Ef hæstv. forseti hefði kynnt sér þá umræðu sem átt hefur sér stað í öðrum þjóðþingum, t.d. í Danmörku, um þessi mál ætti honum að vera fullkunnugt um hvað í þessu felst:

„Lagaráð er Alþingi og stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar.“

Til þess á að skipa þriggja manna ráð löglærðra manna, herra forseti, svo ég endurtaki aftur það sem ég sagði áðan, sem á að meta þetta. Lagaráð á að meta hvort á lagafrumvörpum séu lagatæknilegir ágallar.

Ég ætla ekki að rekja það hér fyrir hæstv. forseta Alþingis hvað lagatæknilegir ágallar eru. Það getur falist í ýmsum hlutum. Það getur m.a. falist í því hvort lög standist innbyrðis, hvort lög stangist á við önnur lög, hvort lög séu óframkvæmanleg. Það eru fjölmörg dæmi um það. Ég get bent hæstv. forseta til upplýsingar, svo að hann kynni sér þetta mál vel áður en hann fer í ræðustól að tjá sig um það efnislega, á skýrslu umboðsmanns Alþingis frá árinu 1987 á bls. 24–38. Þar er nákvæmlega farið yfir þau mál þar sem talið hefur verið að um meinbugi á lögum og stjórnarfyrirmælum væri að ræða.

Herra forseti. Hafi hæstv. forseti ekki tíma til þess að kynna sér þessi mál þá geri ég ráð fyrir því að löglærðir starfsmenn á Alþingi geti orðið honum til ráðgjafar um þetta.

[14:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði tilraun til að spyrja 1. flm. hvað þessi setning þýddi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála.“

Ég fékk auðvitað ekki svar við því frekar en í ræðu hv. þm., heldur ónot.

Ég vil í annan stað vekja athygli á því að í ræðu sinni vék 1. flm. ekki að því hvers vegna han kysi að lagaráð yrði svo skipað að forsn. Alþingis skuli einungis ákveða einn af þrem mönnum en aðrir skuli ákveðnir af Háskóla Íslands og Lögmannafélaginu. Eins og þessi texti er orðaður er gert ráð fyrir því að forsn. geti ekki valið úr tveim eða þrem mönnum sem tilnefndir séu heldur skuli þessar tvær stofnanir úti í bæ

ráða því algerlega fyrir Alþingi hvaða einstaklingar séu í því lagaráði sem á að vera alþingismönnum til ráðuneytis.

Nú má vera að ég lesi textann rangt sem þá aftur bendir til þess að ekki hefði veitt af lagaráði til hjálpar og aðstoðar við undirbúning samningu þessa frv.

[14:07]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal með glöðu geði leiðrétta eða koma á framfæri skýringu við þessa spurningu hæstv. forseta. Ástæðan fyrir því að þetta er lagt til er til þess að tryggja sjálfstæði þess ráðs sem hér er lagt til að verði skipað. Þetta er í samræmi við þá umræðu sem átt hefur sér stað í Danmörku þar sem reyndar í mörgum tilvikum er verið að leggja til að dómarar eigi hlut að slíku ráði, það eru sem sagt dómari og síðan yfirleitt háskólinn og þá lögmannafélögin sem verið er að ræða um í þeirri umræðu þar. Í sænska tilvikinu eru það dómstólarnir alfarið sem skipa slíkt ráð sem ég tel ekki vera æskilegt. Við getum haft langt mál um það og ég get komið að því í seinni ræðu minni af hverju ég tel það ekki æskilegt. Herra forseti. Ég held að nú höfum við kannski komist að kjarnanum í því hvers vegna hæstv. forseti Alþingis er svo andvígur þessu frv. og þessari tillögu. Er það ekki vegna þess, herra forseti, að lagt er til að það komi að þessu óháðir menn utan úr bæ, eins og hæstv. forseti orðaði það svo smekklega, til þess að fjalla um þessi mál.

Herra forseti. Það eru ekki bara einkamál okkar sem hér sitjum hvernig lög eru úr garði gerð og hvernig frv. fara í gegnum hið háa Alþingi. Það er málefni samfélagsins alls og það skiptir allt samfélagið máli hvernig það er og það skiptir líka allt samfélagið máli að virðing Alþingis sé slík að okkur sé öllum sómi að. Ég tel, herra forseti, að núna hafi einmitt komið í ljós kjarni þess hvers vegna hæstv. forseti Alþingis hefur lagst af öllum þunga sínum gegn því að þetta mál verði samþykkt á Alþingi án þess að færa fyrir því málefnaleg rök, sem ég hef ekki enn þá heyrt, herra forseti.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því í upphafi máls míns að þau mál sem lúta að lagasetningu og undirbúningi lagasetningar og hvað megi betur fara í þeim efnum sem og hvernig skuli koma fyrir úrskurðarvaldi hvað það varðar að löggjöf sé samrýmanleg stjórnarskipunarlögum, eru nú komin á dagskrá. Á dagskrá þessa fundar eru ekki færri en ein fjögur þingmál sem öll með einum eða öðrum hætti tengjast því hvernig hlutum skuli fyrir komið hvað varðar annars vegar þennan þáttinn, þ.e. undirbúning lagasetningar og vöndun vinnubragða, það að vinnubrögð séu vönduð í þeim efnum, og svo spurninguna um skipan Hæstaréttar og stöðu hans item þetta, hvernig úrskurðarvaldi varðandi stjórnskipunarlegt gildi laga skuli fyrir komið.

Það má þá kannski segja af því að þessi mál eru sumpart tengd atburðum sem orðið hafa á undanförnum mánuðum að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott megi þetta verða til þess að löngu tímabærri vinnu á þessu sviði verði nú hrint af stað.

Einn þeirra kosta sem vissulega hljóta að koma til skoðunar í þessu sambandi er sá sem hér er lagt fram frv. um, þ.e. að komið verði á fót svonefndu lagaráði sem hafi fyrst og fremst það hlutverk að vera til ráðgjafar og stuðnings við undirbúning lagasetningar. Ef ég skil málið rétt er þessu lagaráði ætlað ráðgefandi hlutverk en ekki úrskurðarvald sem felur þá væntanlega í sér að hugsunin er sú að úrskurðarvald eða dómsvald um stjórnskipulegt gildi laga verði áfram hjá Hæstarétti eða eftir atvikum einhvers staðar annars staðar í dómskerfinu.

Hér er að sjálfsögðu ekki um nýtt fyrirbæri að ræða undir sólinni. Þetta fyrirkomulag er vel þekkt víða erlendis frá og þá m.a. og ekki síst frá hinum Norðurlöndunum sem við lítum gjarnan til. Reyndar hafa verið flutt þingmál um þetta alloft áður. Ef ég man rétt var sérstakur baráttumaður fyrir því að þetta mál yrði skoðað hér á árum áður hæstv. núv. félmrh. Páll Pétursson. Hann mun hafa flutt um þetta alloft þáltill. á hinni öldinni. Nú er spurning hvar hæstv. félmrh. er og af hverju hann er ekki meðal vor að fylgja eftir þessu forna baráttumáli sínu því þetta frv. hlýtur a.m.k. að eiga hauk í horni þar sem hæstv. félmrh. er. Hann lagði þetta til ítrekað á 116., 117. og 118. löggjafarþingi m.a., ef ég man rétt.

Afstaða mín til þessa máls er sú að það sé að sjálfsögðu rétt að þessi kostur komi til vandlegrar skoðunar sem einn af nokkrum sem hljóta að koma til greina, til álita og eðlilegt er að farið sé yfir þegar við veltum þessum hlutum öllum fyrir okkur í víðu samhengi. Ég vek líka athygli á því að þó svo að valin yrði sú leið að koma á fót lagaráði eða lagaskrifstofu eða einhvern veginn skipulega og formlega efla stöðu Alþingis til þess að fara yfir löggjöf á undirbúningsstigi þá þarf það ekki að koma í veg fyrir og þarf alls ekki að vera í mótsögn við að jafnframt sé á málunum tekið að öðru leyti, t.d. með því að skoða einnig þann möguleika að koma á fót stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráði eða ganga öðruvísi en nú er gert frá því hvernig dómstólar úrskurða um stjórnskipulegt gildi laga, t.d. með því að setja sérreglur um meðferð slíkra mála hjá Hæstarétti o.s.frv. Þar má hugsa sér ýmsa möguleika og ýmis fordæmi er þar að hafa.

Á dagskrá þessa fundar er á eftir till. til þál. um að kannaður verði sá möguleiki að stofna stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráð. Reyndar er það svo, herra forseti, að að mörgu leyti hefði legið beint við að ræða öll þessi mál saman í víðtækri umræðu því að þau tengjast og möguleikarnir eru tengndir með ýmsum hætti. Ég ætla ekki að ræða það dagskrármál, 10. dagskrármálið, efnislega, en ég vísa til þess m.a. vegna þess að stofnun lagaráðs með ráðgefandi hlutverk á undirbúningsstigi löggjafar þarf alls ekki að vera í neinni mótsögn við það að jafnframt væri tekið á þeim þætti sem lýtur að úrskurði eða dómum um stjórnskipulagt gildi laga.

Herra forseti. Auðvitað má alltaf velta því fyrir sér hvað henti best okkar aðstæðum, stærð eða smæð öllu heldur, og hvað henti okkar réttarfari eins og það hefur þróast og sækir sér fordæmi til, t.d. og ekki síst í danska réttarhefð. En það eru auðvitað engin rök fyrir því að hlutir séu óbreyttir um aldur og ævi og að við tökum ekki til skoðunar, í ljósi breyttra aðstæðna og þróunar, breytingar hjá okkur þó að sennilega megi segja að þetta svið þjóðlífsins sé kannski hvað undirorpnast íhaldssemi af öllum sem fyrirfinnast því að gjarnan er það sem snýr að dómskerfinu og þeirri uppbyggingu allri saman talið eitt höfuðvígi íhaldsseminnar og festunnar.

En hlutirnir eru á mikilli hreyfingu og íslenskar aðstæður hafa breyst verulega að þessu leyti þar sem við erum hætt að sækja fyrirmyndir okkar eingöngu til Danmerkur heldur erum við orðin aðilar að alþjóðlegum samningum sem hér hafa réttaráhrif og við höfum verið að breyta stjórnarskrá okkar og horft þá til fordæma víðar að heldur en bara frá Danmörku einni. Ég er því þeirrar skoðunar, herra forseti, að taka beri öll þessi mál á dagskrá. Það frv. sem hér um

ræðir, um stofnun lagaráðs, er vissulega möguleiki sem er að mörgu leyti nærtækur og a.m.k. Alþingi hlýtur að láta sérstaklega til sín taka hvort þetta sé vænleg leið til að styrkja stöðu Alþingis og bæta vinnubrögð og stendur engum nær en þeirri stofnun sem hér fundar. Sömuleiðis tel ég að Alþingi sem löggjafi hljóti að líta til þess möguleika að stofnaður verði einhvers konar stjórnlagafarvegur til að úrskurða um stjórnskipulegt gildi laga, skipan dómara í Hæstarétt sem hér er lagt til að sé breytt í tveimur frumvörpum frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og fleirum annars vegar og Ögmundi Jónassyni og fleirum hins vegar. Allt eru þetta hlutir sem mér finnst, herra forseti, að eigi erindi og efni inn í þessa umræðu.

Ég vil síðan segja, herra forseti, að þó ekki hefðu komið til síðustu atburðir þar sem allar æðstu valdastofnanir samfélagsins drógust inn í tiltekna atburðarás sem allir þekkja og óþarfi er að vitna til, að áður en það gerðist sem er auðvitað alveg nýr kafli í stjórnmálasögu okkar liggur mér við að segja og *á ábyggilega lengi eftir að verða vitnað til* þeirra atburða sem urðu frá og með 19. desember þegar dómur féll í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins og allt fram á síðustu daga, þá lágu auðvitað fyrir ærnar ástæður, herra forseti, til að fara yfir þessa hluti hér. Staðreyndin er sú og um það vitnar m.a. ágæt úttekt Morgunblaðsins sem hér var vitnað í af framsögumanni að Ísland er eiginlega að verða eina ríkið sambærilegt að stjórnskipan og réttarfari við þau sem við viljum bera okkur saman við sem ekki hefur nein úrræði af þessu tagi í löggjöf sinni eða lagasetningarframkvæmd. Ég þekki ekkert annað dæmi þar sem ekki er a.m.k. einhver lagaskrifstofa eða deild eins og er í Danmörku og er þó einna minnst gert þar í þessum efnum. Víðast hvar annars staðar er þetta með viðameiri hætti. Þar er a.m.k. einhvers konar lagaráð, lagaskrifstofa og gjarnan einnig úrskurðarfarvegur í formi stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs. Við erum að þessu leyti, herra forseti, greinilega á eftir. Við erum farin að skera okkur úr. Og það er athyglisvert t.d. að nýfrjálsu ríkin í Austur-Evrópu sem hafa verið að byggja upp réttarkerfi sitt eða reyna það m.a. með ráðgjöf frá Norðurlöndunum eins og á við um Eystrasaltsríkin og Vestur-Evrópu, hafa eiginlega öll valið þá leið að setja á fót gjarnan bæði lagaráð og stjórnlagadómstól, flest þeirra a.m.k. stjórnlagadómstól þannig að þróunin í þessum efnum er á eina leið. Umræðan frá Danmörku þar sem þetta er, eins og áður sagði, í gamla farinu, 19. aldar farinu að miklu leyti og þaðan fengum við auðvitað fyrirmyndir okkar, er núna mjög hávær um að þetta gangi ekki lengur og að fara þurfi út í breytingar.

Síðan gerast þeir atburðir sem hér hafa orðið, herra forseti, og varða samskipti æðstu valdastofnana samfélagsins og það var eiginlega með þvílíkum ólíkindum, herra forseti, að þær drógust allar, allar æðstu valdastofnanirnar og embætti drógust inn í þessa atburði í desember og janúarmánuði sl. Hæstiréttur felldi dóminn. Ríkisstjórnin brást við eins og kunnugt er þannig að framkvæmdarvaldið átti næsta leik. Síðan komu hlutirnir til kasta löggjafans og málin komu fyrir Alþingi. Embætti forseta Íslands var dregin inn í umræðuna. Spurningin um staðfestingarákvörðun forseta og að lokum, Hæstiréttur aftur í formi hinna fáheyrðu bréfaskrifta sem hér urðu uppi rétt fyrir lok afgreiðslu málsins.

Ég vil segja, herra forseti, að þessir atburðir gefa okkur auðvitað tilefni til að fara yfir margt í þessu sambandi, þ.e. samskipti þessara aðgreindu valdþátta eða valdastofnana þjóðfélagsins, líka það sem snýr að Alþingi sem löggjafa. Auðvitað er það áfall fyrir eina löggjafarsamkomu þegar dæmt er í Hæstarétti að glæný löggjöf brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár. Það er algerlega útilokað annað en horfast í augu við að það er áfall. Það er áfall fyrir Alþingi sem löggjafarvald að verða fyrir slíku. Það hlýtur að vera í hverju tilviki. Menn geta reynt að leita mildilegra skýringa af því tagi að Alþingi eða löggjafinn sé á eftir. Hann nái ekki að fylgja réttarþróun sem sé að gerast og nái ekki að taka nægjanlega mið af nýjum skuldbindingum alþjóðasamninga á sviði mannréttindamála eða hvað það nú er sem dómstólarnir nota til rökstuðnings sínum niðurstöðum. En hvernig sem á málið er litið og jafnvel þó að við notum hinar allra *mildilegustu útskýringar*, þá hljóta það að vera vonbrigði og áfall í sjálfu sér þegar svona gerist.

Hér var réttilega vitnað í ýmsar skýrslur umboðsmanns Alþingis og fleira því til sannindamerkis, m.a. lífleg greinaskrif lögfræðinga í fagtímaritum, dagblöðum og fjölmiðlum þar sem *eiginlega allt ber að sama brunni. Ég held að enginn* eða a.m.k. mjög fáir verði leiddir fram til þess að rökstyðja eða réttlæta óbreytt ástand í þessum efnum, að þessum hlutum sé nægjanlega vel fyrir komið hjá okkur eins og er. Að því leyti verð ég að taka undir með framsögumanni að ég hefði vonast *til* að virðulegur forseti *þingsins*, sem hefur tjáð sig um þetta opinberlega og kannski kemur hann inn í umræðurnar á eftir, mundi hvort sem hann er sammála í sjálfu sér þessari tillögu eða ekki, þá væri hann jákvæðari í garð þess að málin væru sett í einhvern farveg og skoðuð. Ég ætla að leyfa mér að gerast sá bjartsýnismaður að binda við það vonir að niðurstaðan af vinnu þessa vetrar þegar mælt hefur verið fyrir öllum þessum frv. eða tillögum sem þessum hlutum tengjast, þegar þau mál sem væntanlega ganga öll til virðulegrar allshn. hafa fengið þar skoðun og umfjöllun, þá geti niðurstaðan orðið sú að þessi mál komist í vinnufarveg með þeim hætti sem mönnum sýnist vænlegast og skynsamlegast að gera. Það hlýtur að liggja mjög nærri að Alþingi geri það með því að skipa þverpólitíska nefnd sem fái þessa hluti alla saman til frekari úrvinnslu. Þá verður vonandi hægt að snúa sér að framtíðinni og því að betrumbæta fyrirkomulag þessara mála hjá okkur þannig að síður verði mistök og slys og við verðum síður fyrir áföllum í þeim efnum. Ég held að einhvers konar forúrskurðir á stjórnskipulegu gildi laga hljóti þá að koma mjög sterklega til skoðunar vegna þess að ef þeim er ekki til að dreifa og það er tilviljanakennt hvenær reynir á stjórnskipulegt gildi laga jafnvel árum eða áratugum eftir að þau hafa verið sett, þá eru dómstólarnir settir í þá erfiðu aðstöðu að það að dæma lögin ómerk getur haft í för með sér svo mikla röskun eins og nýleg dæmi sanna og vitnað hefur verið til, að nánast sé þess ekki að vænta að menn leggi í það. Það þarf ekki að fara langt eftir dæmunum. Ef það hefði verið afstaða meiri hluta Hæstaréttar að kvótalögin væru andstæð stjórnarskrá, en menn höfðu á hinn bóginn rökstuddar fullyrðingar um að ef svo yrði dæmt, þá mundi því fylgja þvílík röskun að öll þjóðin yrði að flytja til Kanaríeyja, lái þá hver sem vill Hæstarétti þó að hann hikaði við það að fella slíkan dóm. Þarna er kannski komin ein ágæt röksemd fyrir því að það er öllum fyrir bestu að ef vafi leikur á stjórnskipulegu gildi laga, þá sé hægt að fá um slíkt úrskurð strax og það sé afstrakt úrskurður en hann þurfi ekki að byggja á einhverju hagsmunatengdu atriði einhvers aðila sem fer með málið fyrir dómstól. Þannig er úrskurðarvald eða úrskurðarhlutverk stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs

hugsað og það hefur augljósa kosti í för með sér setta í slíkt samhengi.

Herra forseti. Mér finnst að fara þurfi vandlega yfir alla þessa hluti og Alþingi á að hafa forgöngu um það. Það er enginn annar aðili til þess betur bær. Alþingi á að ákveða hvernig þetta verður gert og hafa yfirumsjón með þeirri vinnu sem þar fer fram, að sjálfsögðu í samráði við og með aðstoð og stuðningi allra færustu manna á þessu sviði. Þá, herra forseti, er að mínu mati eitt eftir til þess að við getum unnið okkur almennilega frá öllum þessum atburðum. Það er að það þyrfti auðvitað að upplýsa ofan í kjölinn og hreinsa frá alla þá atburði sem hér urðu í desember og janúarmánuði sl. til þess að við getum að því gerðu snúið okkur að framtíðinni og þeim kerfisbreytingum eða skipulagsbreytingum sem mjög líklega í framhaldinu verður niðurstaðan að fara í. Ég tel að þar sé eftir veikur hlekkur í málinu ef þetta verður ekki gert, herra forseti, og er skaði að hæstv. forsrh. skuli ekki heiðra okkur með nærveru sinni. Hæstv. dómsmrh. er e.t.v. fáanleg til að tjá sig um það mál. Eru menn ekki þeirrar skoðunar að hreinsa þurfi þessi mál út? Að upplýsa þurfi um bakgrunn þessara einstæðu atburða sem urðu í samskiptum valdastofnana þjóðfélagsins í raun og veru allt frá því að dómurinn féll þann 19. desember í gegnum hinn óvanalega undirbúning lagafrv. sem hér var lagt fram til að bregðast við dómnum og svo í framhaldinu þeir atburðir sem hér urðu innan þings og utan í janúarmánuði og allir eru því tengdir.

Þetta, herra forseti, er mín skoðun. Ég held að við munum draga þennan slóða lengi með okkur og langt inn í framtíðina ef við reynum ekki með einhverjum hætti að gera þessa hluti upp, upplýsa eins og ég segi um allan bakgrunn þessara atburða og koma þeim þannig á hreint og skilja svo við þá til þess að snúa sér að framtíðinni sem er auðvitað í sjálfu sér aðalatriði málsins, að menn byggi upp réttarfar sem sé þá betra og undirbúningur að lagasetningu sé vandaður eins og kostur er og dregið úr líkum þess að hér geti orðið alvarleg mistök. Að minnsta kosti, herra forseti, geri ég ekki ráð fyrir að hér komi til með að heyrast sterkar röksemdir fyrir því að allt sé í himnalagi og ekki sé ástæða til að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég held að miklu meira en nægjanlega sterkar röksemdir mæli með hinu gagnstæða að það sé vonum seinna sem það kemst á dagskrá og kemst á skrið að þessi mál verði tekin til vandaðrar og ítarlegrar skoðunar af okkar hálfu.

[14:28]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hafði orð á því að hann þekkti engin dæmi þess hjá öðrum þjóðþingum að ekki væri a.m.k. lagaskrifstofa eða deild og við værum greinilega á eftir, værum farin að skera okkur úr eins og hv. þm. komst að orði. Ég veit að við erum báðir sammála um að á þeim tíma sem liðinn er síðan við settumst á Alþingi hefur aðstaða þingmanna til að vinna hér að löggjafarstörfum stórbatnað og ég vil segja að sú aðstaða fari batnandi ár frá ári. Ef við horfum fram á veginn er ljóst að eftir því sem okkur tekst að bæta vinnuskilyrði og auka við húsnæði Alþingis getum við að sjálfsögðu lagt meira í aðstoð við þingmenn og ég tek undir með hv. þm. að það er æskilegt.

Ég vil samt láta það koma fram af minni reynslu að ég þekki ekkert dæmi þess að þingmenn hafi ekki fengið þá lögfræðilegu aðstoð sem þeir hafa beðið um. Ef þingmenn hafa leitað eftir því að fá álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands veit ég ekki annað en við því hafi verið orðið. Ástæða er til í þessu samhengi að minna á, að á fundi með þingflokksformönnum á sl. vori vakti ég sérstaka athygli á því að óþarfi væri afgreiða öll lagafrv. þá þegar. Það væri ágætt að senda sum þeirra til umsagnar og taka þau síðan fyrir að nýju á hausti komanda. Því er það auðvitað að nokkru undir hv. þm. sjálfum komið hversu mikið og mjög þeir vanda störf sín.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ég þekki ekki, svona af lauslegri könnun á fyrirkomulagi þessara mála í nálægum löndum, dæmi þess að ekki séu a.m.k. að lágmarki lagaskrifstofur eða deildir við ráðuneyti eða hjá a.m.k. einu ráðuneyti eins og er í Danmörku þar sem dómsmrn. fer með það hlutverk að fara yfir frv. að þessu leyti í sérstakri lagadeild. Ég held að við Íslendingar séum að verða einir á báti í þessum efnum að það sé enginn sérstakur viðbúnaður að þessu leyti og það var það sem ég var að vitna til.

Í öðru lagi er rétt hjá virðulegum forseta að auðvitað hafa starfsaðstæður að mörgu leyti stórbatnað á þinginu, hvort sem litið er 10 eða 18 ár eða þaðan af lengra aftur í tímann. Nú man ég ekki í svipinn hvað hæstv. forseti hefur setið lengi á þingi en sennilega eru það nú líklega orðin 22 ár, a.m.k. — eitthvað á þriðja áratug, hygg ég, auk þess sem hv. þm. og hæstv. virðulegur forseti mun hafa komið nokkrum sinnum enn fyrr inn á þing sem varamaður.

Það er samt þannig, og það er kannski ekkert skrýtið af því að við erum lítið þjóðþing hjá fámennri þjóð, að við erum að ýmsu leyti mun lakar sett í þessum efnum en t.d. þingmenn nágrannaþjóðanna. Við höfum ekki sjálfstæða aðstoðarmenn á eigin snærum og hér mætti t.d. að mínu mati vera sérstök lagadeild eða lagahópur innan nefndadeildar. Að mínu mati er ekki rétt að hægt sé að segja að menn hafi alltaf fengið allar óskir sínar um lögfræðilega úttekt á málum viðteknar. Iðulega er ýmist borið við tímaleysi eða peningaleysi og færst undan því að fara að senda mál til umsagnar hjá Lagastofnun Háskóla Íslands o.s.frv. Þetta þekkjum við úr nefndastarfinu hér. Þó að ég hafi ekki á reiðum höndum einstök dæmi um slíkar neitanir þá vitum við, held ég, öll að oft er niðurstaðan sú að ekki er farið út í að gera slíka hluti jafnvel þó að ástæða gæti verið til.

[14:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki beinlínis að tala þar um frv. sem eru þess eðlis að þeim verður að hraða, m.a. vegna efnahagsástands eða einhvers þvílíks, heldur um flókna lagabálka. Um leið og ég tek undir með hv. þm. um að Stjórnarráðið, einstakir ráðherrar, mættu oft vanda betur frv. sín — hef nú ekki alveg hreinan skjöld í þeim efnum sjálfur — þá sjáum við það ef við flettum gömlum frv. að oft hefur verið leitað til kennara lagadeildar háskólans. Jafnvel hafa hæstaréttardómarar komið að því að semja lagafrv. sem eru flókin lagatæknilega, lúta að réttarfari, sifjarétti eða einhverju þvílíku þannig að auðvitað hefur Stjórnarráðið eða einstakir ráðherrar reynt að vanda lagasmíð að þessu leyti. Ég fullyrði að þessi mál séu nú í athugun hjá Stjórnarráðinu.

En ég var áðan að tala um störf Alþingis en ekki ríkisstjórnarinnar þegar ég var að tala um bætt vinnubrögð og minni á að hér er vísir að lagadeild, sérstakri lagadeild á nefndasviði, þó svo að við höfum enn ekki haft bolmagn til þess að efna til slíkrar skrifstofu með formlegum eða skipulegum hætti eins og er auðvitað æskilegt.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt að menn hafa í gegnum tíðina með ýmsum hætti reynt að leita sér álits og upplýsinga í lögfræðilegum álitamálum og sjálfsagt eru allar útgáfur þekktar af því að menn hafa leitað til lagadeildar háskólans eða Lagstofnunar og keypt þaðan beinlínis lögfræðiálit í einhverjum fáeinum tilvikum. En það þarf væntanlega ekki að vera neitt leyndarmál að menn hafa oft borið við kostnaði í því sambandi, að Alþingi hafi takmörkuð fjárráð til þess að greiða fyrir slíka vinnu.

Þegar unnið er að löggjöf í rólegheitum sem varðar kannski álitamál lögfræðilegs eðlis, sem tengjast störfum lögmanna eða dómara, þá er auðvitað leitað til félagsskapar þeirra aðila o.s.frv. Þetta er allt saman hægt ef menn eru að vinna í rólegheitum og góðu samkomulagi að einhverri endurskoðun heildarlöggjafar o.s.frv. en aðstæður eru bara ekki alltaf þannig. Því miður er það oft og tíðum svo að alvarlegustu mistökin hafa átt sér stað í tímaþröng og í pólitískum ágreiningi og þá eru oftast öll slík sund lokuð.

Svo kemur enn að einu, herra forseti, sem er það að oft er mjög erfitt að velja til hverra skal leitað þegar allir möguleikar út og suður koma í raun til greina í þeim efnum. Sé um að ræða formlegt lagaráð eða skrifstofu eða aðra slíka farvegi, t.d. að vísa máli til forúrskurðar hjá stjórnlagaráði, er engin deila um það hver hefur þetta hlutverk, það liggur fyrir. Það þarf ekki að byrja á því í hverju einstöku tilviki að fara að reyna að ná samkomulagi um hvort nú eigi að leita til þessa eða hins í þessu eða hinu tilvikinu, kaupa álit frá Lagastofnun eða einhverju lögfræðifyrirtæki o.s.frv.

Ég held að allir sjái að þetta eru miklu óskipulegri, tilviljanakenndari viðbrögð og vinnubrögð en hitt, að koma þessum málum í einhvern fastan farveg.

[14:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Sannarlega er ástæða til að málefni um lagaráð séu rædd á Alþingi. Ærið oft hefur verið spurt hvort lagasetning sé nægjanlega vönduð. Margoft hefur verið gagnrýnt að lagasetning og breytingar á lögum séu framkvæmdar í flaustri og tímaskorti á Alþingi. Þessum orðum er að sjálfsögðu ekki, virðulegi forseti, beint gegn starfsmönnum þings, þvert á móti. Ég hef sem þingmaður og sem starfsmaður í nefndum notið mjög góðs stuðnings frá starfsmönnum þingsins og fengið margar og góðar leiðbeiningar bæði þaðan og reyndar frá ráðuneytum.

Þegar það ber þannig til að lagasetningu er hraðað, eins og auðvelt er að taka dæmi um, getur það gerst að lagasetningin getur skaðað réttaröryggi borgaranna. Gamla máltækið segir að of seint sé að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Ég nefni t.d. lögin um stjórn fiskveiða, sem sett voru árið 1983, nánast að segja í tilraunaskyni. Ég tel að það sé langt þangað til að þar verði sátt um það mál og mikil nauðsyn á að finna leiðir að því marki. Ég hef a.m.k. persónulega mjög miklar efasemdir um þá lagasetningu og ég tala ekki um framkvæmd laganna.

Ég get líka komið að því, virðulegi forseti, að ég tel að ef t.d. frv. til laga frá ríkisstjórn og svo frá öðrum þeim sem leggja fram frv. bærust tímanlega þá gæfist tími til að hreinsa út lagatexta sem eru stundum svo flóknir að kalla má óskiljanlegt mál. Ég vil minna á lög eins og skipulagslög sem undirritaður var með í að gera 64 breytingar á við u.þ.b. 80 lagagreinar, margar minni háttar en sumar mjög alvarlegs eðlis. Síðan hefur frv. farið enn í endurskoðun. Ef ég man rétt þá voru gerðar allmargar breytingar á því frv. eftir það þannig að það mál hefur t.d. farið í gegnum hreinsun, ef það er hægt að kalla það svo, a.m.k. þrisvar.

Það má einnig segja að Alþingi þarf að gæta þess að rasa ekki um ráð fram í magni lagasetninga og það hefur einnig komið fyrir að lagabálkar stangast á. Ég vil nefna þjóðlendulögin í því sambandi.

Með leyfi forseta vil ég vitna hér í grein úr Morgunblaðinu frá laugardeginum 3. febr. þar sem fjallað er um sambærileg mál í öðrum löndum og vil benda á, með leyfi forseti, það sem stendur í þessari grein:

„Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur iðulega úrskurðað lög andstæð stjórnarskrá og sömu sögu er að segja af stjórnlagadómstól Þýskalands sem ógilti um 5% allra laga sem samþykkt voru á sambandsþinginu frá 1951–1990.“ — 5% allra laga sem samþykkt voru frá 1951–1990 í Þýskalandi.

Það er auðvitað þannig að reglur eru ólíkar á milli landa. Í Frakklandi er forseta, forsætisráðherra, þingforsetum eða 60 þingmönnum hið fæsta heimilt að bera undir stjórnlagaráð hvort frv. standast gagnvart stjórnarskrá. Meðal fulltrúa í ráðinu eru fyrrverandi forsetar landsins.

Dómstólar á Norðurlöndum hafa beitt valdi sínu til að víkja lögum til hliðar ef augljóst misræmi er á milli þeirra og stjórnarskrár af mikilli varfærni. Hæstiréttur Danmerkur kvað t.d. í fyrsta skipti upp dóm um að lög brytu í bága við stjórnarskrá árið 1999. Á seinustu árum hefur Hæstiréttur Íslands hins vegar æ oftar komist að þeirri niðurstöðu að lagaákvæði stangist á við stjórnarskrá þannig að sjá má að nokkur nauðsyn er á að koma á lagaráði eða sambærilegu til þess að koma í veg fyrir slíka árekstra.

Herra forseti. Ég tel að það verði að gera þá kröfu til ríkisstjórnar á hverjum tíma að frv. til nauðsynlegra laga og lagabreytinga komi fram í fyrsta mánuði hvers hausts ef raunhæft á að vera að afgreiða lagafrv., ég tala ekki um meiri háttar, á þeim vetri sem um er að ræða. Svo hlýtur að vera grundvallaratriði að hinn almenni borgari skilji lagatexta. Á því tel ég að sé mikill hængur og það hefur margoft komið fram.

Skoðun mín er þó þrátt fyrir framansagt að ég tel að þingmenn leggi sig fram við að vinna við frv. og vanda til lagasetningar almennt séð. En ég minni á að oft hefur verið keyrð í gegn lagasetning á skömmum tíma í ljósi frv. sem komið hafa fram á síðustu klukkutímum þingtíma og verið keyrð í gegn. Ráðherrar á hverjum tíma hafa vísað svona gagnrýni og umsögnum á bug og ég hirði reyndar ekki um að fjalla mikið um það en ég tel að lagaráð í þeim anda sem rætt er um í því frv. sem við erum hér að fjalla um, sem flutt er undir forustu hv. þm. og þingflokksformanns Samfylkingarinnar, Bryndísar Hlöðversdóttur, sé skref til framfara varðandi vinnubrögð þingsins.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á að frv. til laga liggja fyrir í miklum mæli og er nánast ófært að afgreiða þau nema á löngum tíma. Það hefur einnig verið þannig í gegnum tíðina að frv. stjórnarandstöðu hafa á hverjum tíma a.m.k. að nokkru leyti lotið þeim örlögum að mæta afgangi og verða á eftir frv. ráðherra og stjórnarliða sem eru jafnvel seinna fram komin. Ég tók fram að þetta væri í gegnum tíðina, þetta er ekki það sem er núna heldur hefur verið í gegnum tíðina. Á þeim vinnubrögðum þarf að verða breyting, bæði að frv. sem hafa fengið umfjöllun og felld komi fram ef þau eru flutt að nýju með nýjum rökstuðningi, ef þau eru endurflutt,

og að ekki þurfi að endurflytja mál nema þau hafi fengið umfjöllun í viðkomandi laganefnd. Það sem ég er að segja, virðulegi forseti, er að hafi verið lagt fram frv. og það ekki komist til afgreiðslu, þá gildir framlagt frv. þangað til það hefur verið afgreitt. Annars getur þessi forgangsröð hvað eftir annað farið eins og ég var að lýsa áðan.

Hér með orða ég þá hugmynd, virðulegur forseti, að forsn. Alþingis yfirfari vinnureglur í þessu sambandi og geri á bragarbót. Það má einnig segja að nauðsyn sé á lögum um afgreiðslu laga, þ.e. lögum um afgreiðslu laga frá hinu háa Alþingi. Mér er kunnugt um að menn hafa velt þessu fyrir sér í öðrum þjóðþingum og telja nauðsynlegt að setja lög um lagaafgreiðsluna.

Það má einnig velta fyrir sér stöðu lagaráðs þegar það verður skipað. Lagaráð þarf að vera óháð og hafið yfir umræður um pólitíska íhlutun. Það má velta mörgum atriðum fyrir sér í þessu sambandi og þá helst hverjum verður falið að kjósa eða skipa í lagaráð. Það verður ekki gert án aðkomu Alþingis á hverjum tíma. Einnig má velta fyrir sér skipunartíma, hvort ekki sé rétt að skipun lagaráðs miðist við mitt kjörtímabil, þ.e. að að jafnaði verði endurskipun lagaráðs miðuð við mitt kjörtímabil.

Starfsreglur lagaráðs eru einnig atriði sem verður að vanda mjög til. Lagaráð verður, eins og áður sagði, að vera hafið yfir umræður og vangaveltur um pólitísk áhrif á störf þess.

Herra forseti. Ég lýsi því hér með yfir að ég styð eindregið að lagaráð starfi á Alþingi eða á vegum Alþingis eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv.

Virðulegur forseti. Enn annar þáttur er síðan reglugerðarsetning í kjölfar lagasetningar. Ég tel að ekki sé síður nauðsynlegt að gæta sín vel við reglugerðarsetningu sem grundvallast á lögum. Þar er vandasamt verk á ferðinni bæði hvað varðar orðskýringar og skilgreiningu á framkvæmd, útskýringu á ábyrgð og skyldur þeirra sem í hlut eiga. Það er líka mjög nauðsynlegt að reglugerðir séu kláraðar hið fyrsta eftir að lög hafa verið sett og ekki síður nauðsynlegt að lagaráð eða sambærilegur aðili lesi síðan saman reglugerðir og lög eftir að reglugerð liggur fyrir.

Herra forseti. Það sem ég hef fjallað um í ræðu minni er innlegg í umræðuna um lýðræði og hvernig lagasetning verndar best það hugtak og þar með réttaröryggi borgaranna. Í sambandi við reglugerðarsetninguna, virðulegur forseti, hef ég áhyggjur af því að reglugerðum sem settar eru á grundvelli laga sé ekki framfylgt. Ég velti þessu fyrir mér í sambandi við fjárreiðulög þar sem nýkomin er út reglugerð um hvernig eigi að fylgjast með að farið sé að fjárreiðulögum varðandi fjárlagafrv., t.d. á þar með hálfs annars mánaðar fresti að fylgjast með, ef hægt er, bókhaldi hinna mismunandi ráðuneyta og fá þar útskrift af stöðu mála hverju sinni. Ég hef áhyggjur af því að þessu verði ekki framfylgt. Þetta er eitt af því sem ég vildi gjarnan nefna, virðulegur forseti. Að þessu sögðu þætti mér mjög fróðlegt að heyra álit hæstv. dómsmrh. á þeim atriðum sem ég hef nefnt og tel að varði mjög miklu um hvernig til tekst með lagasetningu á hinu háa Alþingi sem ég tel að skipti mjög miklu að sé bæði skýr og skiljanleg þannig að almenningur, fólkið í þessu landi, skilji hvað lagatextinn fjallar um. Þá vitna ég enn til þess sem ég sagði við lok ræðu minnar, að það skiptir máli að vernda það hugtak sem er réttaröryggi borgaranna.

[14:51]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er afar spennandi umræða á ferðinni í tengslum við frv. um lagaráð, en hv. flm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur gert grein fyrir frv.

Þegar ég ákvað að skoða þessa umræðu fékk ég efni frá Danmörku sem sýnir umræðu nokkur ár aftur í tímann um einmitt svipað mál, lagaráðið. Núna er þverpólitísk samstaða um að skipa þar lagaráð. Þrátt fyrir það hafa þeir samt sem áður sína lagaskrifstofu sem er tengd dómsmálaráðuneytinu. En þeir vilja meina að þingið verði að eiga möguleika á eigin mati á málum þannig að engin áhöld séu um að einhverjir pólitískir herráðsmenn stjórnarinnar geti komið þar að.

Það er mjög gaman að skoða þá umræðu. Hún er núna aftur komin á fljúgandi fart eða var það sérstaklega einmitt vegna dóms hæstaréttar í Danmörku í svokölluðu Tvindmáli. Talað er um það að núna sé hæstiréttur Danmerkur sífellt að gefa danska þinginu langt nef með því að dæma þannig að það sé að brjóta stjórnarskrá. Og þeir vilja meina að eitt af því sem sé að sé einmitt fljótaskrift í lagasetningum og að flokkar séu í „panik" þannig að þeir flýti sér allt of mikið.

Hins vegar gerðu Danir eitt til fyrirmyndar og það væri kannski eitthvað sem við ættum að taka upp hér. Danska þingið var með ráðstefnu bara um lagaráðið þar sem þeir fengu sína sérfræðinga og allir þingmenn sátu þar og fóru yfir málið. Mér fyndist alveg spurning um að skoða slíkt enda hefur umræðan í fjölmiðlum núna verið með líflegasta móti í þessa veru þannig að það væri ekki leiðinlegt að kalla til alla þá sérfræðinga sem hingað til hafa verið að tjá sig um þessi mál og boða til ráðstefnu þingsins. Ég vil hér með gauka þeirri hugmynd t.d. bæði að hæstv. forseta og forsn. þingsins eða jafnvel hv. allshn.

Frv. eru auðvitað misstór og misflókin og það er afar mikilvægt að yfir þau sé farið og þá ekki hvað síst með tilliti til þess að þau séu skýr, að þau séu gegnsæ og skiljanleg þeim sem þurfa að nota þau. Þetta hefur talsvert verið rætt í allshn. Þangað hafa komið stórir lagabálkar og var vinna við frv. til laga um persónuvernd til fyrirmyndar, enda tók langan tíma að vinna það mál í nefndinni og var ekki nein fljótaskrift á þeirri vinnu. Núna er t.d. í nefndinni verið að vinna að svokölluðu útlendingafrumvarpi sem er gríðarlega viðamikið og stórt og í því 56 greina frv. er t.d. gert ráð fyrir einum 30–40 reglugerðum. Það hefði nú verið gott að fá álit lagaráðs á slíku frv. því að ég vil meina að lög verði að vera gegnsærri þannig að þau nýtist þeim sem á þurfa að halda.

Auðvitað er þekki ég ekki til hvernig var hér fyrr á árum. En við erum með mjög öfluga nefndadeild sem er okkur vel til ráðgjafar og hugsunin með þessu lagaráði er auðvitað sú að við viljum veg þingsins sem mestan. Það hlýtur að vera það leiðarljós sem við förum eftir. Þegar við tölum um að umræðan sé tiltölulega gömul í Danmörku — hún er sennilega búin að standa yfir frá því í kringum 1990 — þá er hún kannski líka örlítið gömul hér. Flutningsmaður þessa frv. sagði mér frá því að þegar hún var að skoða þessi mál núna, löngu eftir að þetta mál kom fram, þá fann hún einmitt lítið frv. sem hv. þm. og núv. hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, flutti á sínum tíma. Það fjallaði einmitt um lagaráð. Í raun er þetta því kannski umræða sem stendur þinginu afar nærri og er mjög mikilvægt að koma á og það verður mjög fróðlegt að sjá þær umsagnir sem hv. allshn. mun leita eftir og hver hugur sérfræðistofnana er til þessa máls.

Það er mjög fróðlegt að kíkja í skýrslu forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda sem gerð var samkvæmt beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar er fjallað sérstaklega um lagaskrifstofu eða lagaráð og þar segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi er ekki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands sem hefur það hlutverk að gera lögfræðilega athugun á öllum stjórnarfrumvörpum áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Þá er heldur ekki starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum."

Svo er farið yfir það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fór jafnframt yfir, þ.e. þau mál sem borist hafa til umboðsmanns Alþingis og verður sú stofnun sjaldan oflofuð enda afar mikilvæg fyrir réttindi borgaranna. En jafnframt segir hér:

„Vart er við því að búast að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema fundin verði leið til þess að vanda betur gerð lagafrumvarpa. Mikilvægt er að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands í þessu skyni."

Flestallir eru því að velta fyrir sér að fá styrkingu fyrir þingið hvort heldur það ætti að vera vegum þingsins eða á vegum Stjórnarráðsins.

Það verður mjög gaman að vinna með þetta mál í hv. allshn. Ég vil líka jafnframt fagna því sérstaklega að hæstv. dómsmrh. hefur verið iðin við að sitja yfir þessari umræðu enda segir mér nú svo hugur að þetta mál snerti hennar ráðuneyti afar mikið og væri mjög gaman að eiga við hana fagpólitíska orðastað um það. En þetta er núna í deiglunni, hefur verið og mun verða þar til málið verður til lykta leitt.

[14:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel að þau fjölmörgu mál sem eru á dagskrá þessa þings í dag, sem eru ein átta, níu talsins og fjalla mörg hver um það að bæta starfsskilyrði þingmanna, feli í sér mjög skýr og afdráttarlaus skilaboð sem ég held að nauðsynlegt sé að forsn. þingsins taki til alvarlegrar umræðu og skoðunar. Í dag er á dagskrá þingsins frv. um lagaráð og tvö frv. sem fjalla um dómstólana. Síðan er þáltill. um stjórnlagadómstól og frv. um að bæta stöðu þingmanna varðandi það að koma á fót rannsóknarnefndum og eitt til viðbótar sem fjallar um að bæta stöðu þingmanna til þess að kalla eftir upplýsingum frá framkvæmdarvaldinu. Allt þetta felur það í sér að þingmenn óska eftir því að staða þeirra til að sinna hlutverki sínu og starfi í þinginu, verði bætt.

Nú er það svo og ber auðvitað að halda því til haga að starfsaðstaða þingmanna hefur batnað mjög á umliðnum árum. Ekki er hægt að líkja því saman hvað starfsaðstaða þingmanna er betri núna en fyrir t.d. 15–20 árum. Það var vissulega til mikilla bóta og styrkti þingmenn í starfi sínu þegar komið var á fót nefndasviði þar sem lögfræðingar eru til aðstoðar þingmönnum, bæði að því er varðar nefndavinnuna og við lagaundirbúning. En það sem við verðum að viðurkenna, herra forseti, er að mjög mörgu er ábótavant í störfum þingsins. Vil ég þar ekki síst nefna það mál sem við erum hér með til umfjöllunar, lagaráð, þar sem verið er að fara fram á að styrkja stöðu þingsins til að sinna hlutverki sínu. Einnig ég vil nefna að bæta þarf stöðu nefnda og aðstöðu þingmanna til að kalla fram upplýsingar hjá framkvæmdarvaldinu og til að rannsaka ýmis mál sem nauðsynlegt er að rannsaka á vettvangi þingsins. Þetta eru allt tæki sem við þurfum að hafa til að geta sinnt hlutverki okkar og þetta eru tæki sem þingmenn í öðrum þjóðþingum hafa í meira mæli en þingmenn á íslenska þjóðþinginu.

Ég fer ekki ofan af því, herra forseti, að mér finnst ofríki framkvæmdarvaldsins hafa farið vaxandi gagnvart þinginu og hefur svo verið á umliðnum árum. Mér finnst að forseti þingsins og forsætisnefnd eigi að vera í fararbroddi fyrir því að bæta starfsskilyrði þingmanna og þannig sé haldið á málum að þingið haldi stöðu sinni í þrígreiningu valdsins. En mikið vantar upp á það eins og ég hef nefnt. Við höfum ekki einu sinni fastmótaða aðstöðu í þinginu til þess að fjalla um og taka afstöðu til ýmissa skýrslna sem koma frá Ríkisendurskoðun svo ég nefni dæmi þar sem oft koma fram ýmsar ábendingar um það sem betur má fara í stjórnsýslunni t.d. með ýmsum stjórnsýsluendurskoðunum.

Allt þetta gengur mjög hægt fyrir sig í þinginu að bæta sem margsinnis hefur þó verið kallað eftir, og það meira að segja svo, herra forseti, að þó að þingmál komi hér fram sem lúta að því að bæta stöðu þingmanna með ýmsum hætti þá fá þau ekki einu sinni umfjöllun í þingnefndum. Það heyrir til undantekninga ef mál sem snerta t.d. breytingar á stjórnarskipunarlögum séu rædd í sérnefnd sem þingið vísar þeim til. Það er því ýmislegt sem bæta þarf í stöðu þingsins.

Það frv. sem við ræðum nú er mjög þarft og mun stuðla að því alveg ótvírætt, herra forseti, að hægt er að vanda betur til löggjafar og bæta vinnubrögð í þinginu. Við erum ekki einungis að ræða um að tryggja stjórnarskráreftirlit og tryggja þar með að ekki sé gengið á stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna, heldur þarf líka að fara í gegnum ýmis lagatæknileg atriði og athuga hvort frv. standist þjóðréttarlegar skuldbindingar og alþjóðasamninga og gæta samræmis nýrra laga við eldri lög, athuga að gjaldtökuheimildir séu skýrar og lög séu skýr, afdráttarlaus og skiljanleg og ekki sé verið að framselja óeðlilega mikið vald til framkvæmdarvaldsins með reglugerðarákvæðum. Það hefur einmitt verið nokkur tilhneiging til þess í flóknari og erfiðari lagasetningum að þingmenn hafa að mínu viti í of miklum mæli verið að framselja til framkvæmdarvaldsins ákvæði eða óljós ákvæði um reglugerðarheimildir og of mikið um að matskenndar heimildir fari héðan frá þinginu en þar á ég við þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli tiltaka ekki að öllu leyti skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi við framkvæmd í lagasetningu eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti frjálst mat á því sem í lagatextanum stendur, þ.e. mér finnst of mikið um að stjórnvöldum sé eftirlátið frjálst mat um framkvæmd laga. Ég held að þar þurfi mjög úr að bæta og ég held að það lagaráð sem hér er kallað eftir mundi bæta þar verulega úr.

Ég held líka að eins og við þekkjum um breytingu á stjórnarskránni 1995, þá eru stjórnarskrárákvæði núna túlkuð og sett fram með rýmri hætti en áður hefur verið, og því munu e.t.v. í framtíðinni koma oftar upp álitaefni um hvort verið sé að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar. Við höfum tvö nýleg dæmi þar sem stjórnvöld hafa gengið á svig við stjórnarskrána í lagasetningu, bæði 1998 í lögum um stjórn fiskveiða og síðan um öryrkjadóminn. Það er sem sagt verið að tala um að bæta gæði lagasetningar. Mér fannst mjög athyglisverður leiðari um það í Morgunblaðinu nýverið þar sem verið er að mæla raunverulega með að starfsaðstaða þingmanna og aðgangur þingmanna að sjálfstæðri sérfræðiþekkingu sé bætt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að sjálfsögðu er umtalsverður kostnaður því samfara að bæta starfsaðstöðu og vinnubrögð þingsins með þessum hætti. En sá kostnaður, sem til fellur vegna óvandaðrar lög-

gjafar er líka gífurlegur, t.d. vegna þess tíma sem mál taka fyrir dómstólum, vegna bótaskyldu sem ríkið bakar sér og vegna þess að stjórnvöld þurfa að byrja upp á nýtt og semja nýja löggjöf.

Alþingi fer með fjárveitingavaldið og ætti ekki að verða skotaskuld úr að bæta eigin starfsaðstöðu. Í fyrirtækjum mundu menn kalla slíkt fjárfestingu í gæðastjórnun. Afurð Alþingis er löggjöfin. Því miður hafa neytendurnir — almenningur — of oft fengið gallaða vöru, sem ekki hefur staðist gæðapróf þegar til kom."

Hér var ég að vitna í forustugrein í Morgunblaðinu sem hefur reyndar gert þessum málum mjög góð skil vegna þess að í kjölfar öryrkjadómsins og því sem þar á eftir fylgdi, hefur verið bent á ýmsar leiðir til að bæta úr að því er varðar það að löggjöf standist stjórnarskrá og bæta aðstöðu þingmanna til að setja lög. Einnig er ljóst að lagaumhverfið verður sífellt flóknara, bæði vegna alþjóðlegra samninga og þátttöku okkar í samfélagi þjóðanna. En þær leiðir sem eru nefndar eru lagaráð eða lagaskrifstofa. Sumir hafa nefnt það á vettvangi Alþingis og aðrir á vettvangi Stjórnarráðsins. Ekki er vafi í mínum huga að slíkt lagaráð á að vera á vettvangi þingsins til að styrkja stöðu þess og bæta stöðu þingmanna til að sinna löggjafarhlutverki sínu.

Einnig hefur stjórnlagadómstóll verið nefndur sem væri þá aðgreindur frá almenna dómskerfinu sem og að fela Hæstarétti, annaðhvort dómnum í heild eða hluta hans, að kanna hvort tiltekin frumvörp sem vísað væri til hans standist stjórnarskrána. Í umræðu hefur verið að heimild til slíks málskots hefði t.d. forsrh., umboðsmaður Alþingis eða tiltekinn hluti þingmanna.

Herra forseti. Ég hef nokkuð fylgst með umræðunni á umliðnum dögum og vikum um þær leiðir sem ég hef nefnt og mér finnst að það hafi verið yfirgnæfandi stuðningur þeirra sérfræðinga og lögspekinga sem leiddir hafa verið fram að koma á slíku lagaráði sem hér er til umræðu. Mér finnst vera meiri vafa- og álitamál sem menn tefla fram varðandi stjórnlagadómstólinn og eins hina leiðina að fela Hæstarétti, annaðhvort dómnum í heild eða hluta hans, að kanna hvort tiltekin frumvörp sem til hans er vísað standist stjórnarskrána. Mig langar að vitna í nokkur af þeim álitum og ummælum sem hafa komið fram um þetta efni, herra forseti. M.a. kom eftirfarandi fram sl. laugardag hjá Gunnari Helga Kristinssyni, þar sem hann fer yfir þessi mál, með leyfi forseta:

„Ýmis vandamál eru því fylgjandi að kveðja Hæstarétt til úrskurðar í þessum efnum. Lögfræðingar hafa bent á að það kunni að gera dómara hans vanhæfa þegar síðar kunna að rísa mál sem varða að einhverju leyti þær reglur sem rétturinn hefur átt þátt í að setja með þessum hætti. Þetta er hluti af almennara vandamáli, semsé því að með þessu móti væri dómstóllinn orðinn hluti af löggjafarvaldinu í landinu með mun virkari hætti en nú er.

Dómstóll sem úrskurðar að lög samrýmist ekki stjórnarskrá er þar með að taka þátt í því verkefni að ákveða hvað séu lög og hvað ekki."

3. febrúar birtist grein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: Ekki ástæða til að setja á fót stjórnlagadómstól. Í því sambandi vil ég vitna í lögfræðing sem stundar doktorsnám í Bandaríkjunum, Ragnhildi Helgadóttur, en hún segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Hefðin hér á landi og í þeim löndum sem við eigum mest sameiginlegt með í stjórnskipunarrétti, Danmörku og Noregi, er að fela þetta almennum dómstólum. Þessu fyrirkomulagi var komið á í þessum löndum áður en stjórnlagadómstólar voru settir á fót annars staðar í Evrópu.

Hér, eins og annars staðar þar sem almennir dómstólar dæma um þetta atriði, er aðeins dæmt um gildi laga í tilteknum dómsmálum þar sem einhver sem hagsmuna á að gæta, á aðild að málinu, ber því við að lögin stangist á við stjórnarskrá. Þannig er almennt ekki hægt að fá úrlausn dómstóla um það fyrir fram hvort lög samrýmist stjórnarskránni né heldur er hægt að fá dóm um það óháð tilteknum aðstæðum — spurningin verður alltaf að koma upp í tengslum við ákveðna hagsmuni í dómsmáli en ekki abstrakt. Þá er staðan sú, að Hæstiréttur og aðrir dómstólar fella ekki lög úr gildi þó þeir telji þau stangast á við stjórnarskrána."

Fleiri má nefna til eins og Eiríks Tómasson lagaprófessor. Hann telur æskilegt að í fyrstu verði sett á stofn sérstök laganefnd eða lagaráð við Alþingi sem mundi veita þinginu ráðgjöf um hvort frv. bryti í bága við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Tímans vegna get ég ekki farið yfir fleiri af þeim álitum sem hafa komið fram opinberlega um þetta mál, en því ber að fagna, herra forseti, hve mikil og almenn umræða er orðin um það mál að bæta stöðu þingsins og skapa þinginu meiri möguleika til vandaðra lagasetninga og að það gerist ekki að hér séu afgreidd frv. sem stangist á við stjórnarskrána.

Það hefur verið nefnt hér að áður hafi verið flutt mál sama efnis og við ræðum hér, þ.e. um lagaráð Alþingis. Það var gert af Páli Pétursyni og var till. til þál. en ekki sett í lagabúning eins og hér er gert. Það vakti athygli mína þær röksemdir sem hv. þm. Páll Pétursson, núv. ráðherra, setti fram fyrir þessu lagaráði, en hann sagði, með leyfi forseta:

„Enginn óháður aðili er til staðar til að fást við slík mál. Að sjálfsögðu eru starfsmenn þingflokka háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál."

Það er mjög sérstakt ef það er skoðun þingmannsins að ef ráðherra velur ákveðna lögfræðinga til að fjalla um ákveðin mál þá eigi lögfræðingarnir að lúta húsbóndavaldi ráðherrans. Ég býst varla við að hæstv. forsrh. sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni sé sammála því sem kemur fram í þessari greinargerð eins af ráðherrum hans í ríkisstjórninni varðandi röksemdina fyrir því að setja á stofn slíkt lagaráð. Ef þetta væri rétt, þá væri þar á ferðinni mjög alvarlegur hlutur ef lögfræðingarnir vinna fyrst og fremst að því að lúta húsbóndavaldi ráðherranna en fara ekki faglega og lögfræðilega yfir álitaefni sem þeim eru fengin til þess að skoða.

Herra forseti. Ég vil segja það eins og nokkrir af þeim sem hér hafa talað að afstaða hæstv. forseta til þess máls sem hér er til umræðu hefur vakið nokkra athygli og reyndar furðu. Mér finnst það nokkuð furðulegt að hæstv. forseti Alþingis skuli ekki taka undir það með okkur þingmönnum að það sé rétt og eðlilegt að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og styrkja stöðu þingsins til að bæta starfsaðstöðu þingmanna líkt og gerist í þjóðþingum í nálægum löndum. Mér finnst að hæstv. forseti hafi ákveðnum skyldum að gegna að vera í forsvari fyrir þingmenn til þess að bæta starfsaðstöðu þeirra og þess vegna valda viðbrögð hæstv. forseta mér miklum vonbrigðum.

Ég vil vitna í skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fram á þingi um starfsskilyrði stjórnvalda þar sem er einmitt verið

að kalla eftir slíkri lagaskrifstofu eða lagaráði. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Vart er við því að búast að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema fundin verði leið til þess að vanda betur gerð lagafrumvarpa“ — en áður en þetta er sett fram eru sett fram rökin fyrir því að nauðsynlegt sé að koma á slíkri lagaskrifstofu eða lagaráði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta, sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar séu á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarp sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár.“

Herra forseti. Ég sé að ég er að verða búin með tíma minn og mun þá taka þátt í umræðunni síðar ef tilefni gefst til en hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál sem ég vænti að sé stuðningur fyrir í þinginu að fái ítarlega og vandaða umfjöllun í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og að leitað verði leiða til þess að ná samstöðu um það í þinginu að slíkt lagaráð á vettvangi Alþingis verði að veruleika.

[15:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, er annar flutningsmaður að því frv. sem hér liggur fyrir og hefur vakið athygli í þingsölum fyrir þá miklu ábyrgðarkennd sem hún sýnir í fjármálum. Til þess að átta sig á umsvifum lagaráðs er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir kostnaði. Getur hv. þm. gefið okkur vísbendingu um hversu mikið lagaráð mundi kosta á hverju ári?

[15:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt áðan í umfjöllun minni um þetta mál að vekja athygli á forustugrein í Morgunblaðinu að því er varðar kostnað við slíkt lagaráð. Þar er tekið undir það að þó að kostnaður geti falist í því að koma á fót slíku lagaráði þá sé sá kostnaður sem til þess falli örugglega miklu minni en ef þingmenn hafa ekki þá starfsaðstöðu sem nauðsynlegt er til að gera lagafrv. þannig úr garði að þau samræmist stjórnarskránni og séu boðleg á allan hátt. Ég held því að ekki sé mikill kostnaður því samfara að koma á fót slíku lagaráði, að það svari því ekki, herra forseti, sem það mundi skila okkur í bættri og betri löggjöf. Það á að vera metnaður, ekki síst forseta þingsins, að slíkt lagaráð sé fyrir hendi til þess að við getum skilað af okkur metnaðarfullri löggjöf.

[15:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það svo úr því að svörin voru ekki skýrari að hv. þm. hefði ekki haft tíma til að ljúka ræðu sinni í andsvari sínu. Ég spurði hvort hv. þm. hefði gert sér grein fyrir því um hvaða fjárhæðir væri hér að tefla. Er hann að tala um 1 millj. á ári, 5 millj., 10 millj.? Hvað var hv. þm. að hugsa um þegar hann var að semja þetta frv.?

[15:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eftir öðru hjá hæstv. forseta þingsins sem á auðvitað að hafa það hlutverk að styðja okkur þingmenn í því að bæta stöðu þingsins en ekki vera með útúrsnúninga eins og hann hefur hvað eftir annað verið með í þessari umræðu. Það er mjög sérstakt að eina innlegg hæstv. forseta í málið er að setja fyrir sig að einhver kostnaður gæti verið þessu samfara. Mér finnst, herra forseti, vera fyrir neðan virðingu forseta að tala með þeim hætti sem hann gerir. Ekki mun standa á okkur, herra forseti, að sjá til þess að fundið verði fjármagn á móti því sem það kostar að setja á fót slíkt lagaráð ef ekki fer sem horfir að hæstv. forseti ætli að bregða fæti fyrir jafnsjálfsagðan hlut og er hér á ferðinni.

[15:22]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér erum við að fjalla um mál sem er síður en svo nýtt af nálinni og hefur borið á góma meðal alþingismanna í einkasamtölum og á nefndafundum, stundum í þingsölum, um áratuga skeið. Menn hafa velt því fyrir sér hvernig Alþingi geti staðið betur að löggjafarstarfi, betur að því að vinna frv. sem fyrir það eru lögð og betur að því að athuga hvort á því séu einhverjir meinbugir að frv. séu samþykkt í því formi sem þau eru lögð fram.

Eins og ég hef vakið athygli á í andsvörum liggur ekki fyrir hvað flutningsmenn, a.m.k. þeir tveir sem hér hafa talað, eiga nákvæmlega við þegar þeir orða upphaf 1. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála.“

Hér er auðvitað ekki lítið upp í sig tekið og er nauðsynlegt að flutningsmenn skýri nánar nákvæmlega hvað þeir eigi við með þessum orðum. Sérstaklega er þetta mikilvægt vegna þess að í málflutningi þeirra hefur verið mjög fundið að því að löggjöf sé oft og tíðum illa unnin. Þar gæti misskilnings, orðalag sé ógreinilegt og þar fram eftir götum sem auðvitað er alveg rétt og stendur síst á mér að viðurkenna ekki að svo geti orðið.

Það var því miður líka svo þegar ég spurði hv. 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, hvernig hún hugsaði sér umsvif lagaráðs, hversu mikið það mundi kosta. Það var talinn útúrsnúningur af minni hálfu og raunar sagt að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem ég hefði snúið út úr fyrir hv. þm. og skal ég ekki neita því.

Nú er það auðvitað svo um löggjafarstarf okkar að við getum skipt því í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er það meðferð stjórnarfrv. Enginn vafi er á því að á síðasta áratug hefur verið staðið mun betur að undirbúningi og samningi stjórnarfrv. en stundum áður. Eins og við vitum, og það er m.a. ástæðan fyrir því að flutningsmenn þessa frv. óska eftir því að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðuna, hafa þeir orðið varir við áhuga hans á því að frv. sem lögð eru fyrir Alþingi séu vel unnin. Það er síðan fyrirkomulag ríkisstjórnar, Stjórnarráðs á hverjum tíma, hvernig endanlega er gengið frá lagafrv. en auðvelt er að ganga úr skugga um það með því að fletta þeim frv. að heildarlögum um lögfræðileg efni sem varða réttarfar og dómstóla sem hafa verið lögð fyrir Alþingi að þar hafa háskólaprófessorar og í sumum tilvikum háskóladómarar komið við sögu. Er það að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt og er þá vandi að sjá hverjir það ættu að vera aðrir sem gætu þar betur um vélað.

Í öðru lagi er auðvitað um frv. að ræða sem varða skattamál, efnahagsmál, einstaka atvinnuvegi, einkavæðingu o.s.frv. Eru þau þess eðlis að ekki er talin þörf á að kalla sérstaklega til prófessora við lagadeild háskólans þegar slík frv. eru samin en menn átta sig auðvitað fljótt á því að ráðuneytin kalla til lögfræðinga við samningu lagafrv. sinna.

Síðan kemur að því að vinna úr þessum lagafrv. á Alþingi og það er laukrétt sem sagt hefur verið að það skortir á að hér sé sérstök lagadeild sem geti tekið þau frv. skipulega fyrir. Þó starfa nú á nefndarsviði sjö lögfræðingar sem eru jafnmargir og sitja á Alþingi. Það hittist svo á að þeir er einnig sjö. Þeir sjö lögfræðingar eru nefndum og einstökum þingmönnum til aðstoðar eftir því sem þörf krefur. Um leið og starfsaðstaða á þinginu batnar er auðvitað svigrúm til að styrkja þennan þátt í nefndastarfinu. Ég hef mikinn áhuga á því að svo sé gert og skil satt að segja ekki í því þegar hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur sérstakt orð á því að ég vilji ekki styrkja starfsaðstöðu þingmanna. Þetta sýnir að við misskiljum oft hvort annað. Auðvitað hef ég á ferli mínum reynt að vinna að því að bæta starfsaðstöðu í þinginu og ég hef einnig talið nauðsynlegt að standa á rétti Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu svo því sé til skila haldið.

Spurningin er þá sú hvernig við getum staðið betur að því að vinna úr þeim stjórnarfrv. sem eru lögð fyrir þingið. Þegar um heildarlagabálk er að tefla er það mjög oft svo að leitað er álits ekki einungis hjá sérfræðingum tæknilegum í því málefni sem um er að ræða heldur líka hjá lagadeild háskólans eða hjá einstökum lögmönnum, lögmannafélaginu, dómarafélaginu og jafnvel Hæstarétti og ef flett er þeim umsögnum sem borist hafa einstökum nefndum, þá sjáum við að frá öllum þessum aðilum hafa borist umsagnir og einstakir menn hafa komið á fundi nefndanna.

Á hinn bóginn er alveg laukrétt sem hér hefur komið fram að það geta komið upp spurningar sem ekki er svarað þó dyggilega sé eftir því leitað að fá svar við þeim. Öryrkjamálið svonefnda er gott dæmi um það eins og ég hef áður haft orð á. Lagaprófessorarnir Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson ásamt lektor við lagadeild háskólans, Skúla Magnússyni, voru tvo og hálfan tíma eða svo á fundi heilbr.- og trn. til þess að fjalla sérstaklega um það mál. Mér er sagt af öðrum þessara prófessora að umræðan í nefndinni hafi verið mjög góð og gagnleg. Þeir lýstu þar skoðunum sínum. En eins og við vitum af umræðum á Alþingi eftir þessa nefndarfundi, bæði við 2. og 3. umr. málsins, kom ekki neitt út úr þessu í þeim skilningi að alþingismenn sættu sig við þá niðurstöðu sem þessir lagaprófessorar höfðu komist að og þessi lektor, um að í því frv. sem þar var fjallað um væri ekki ákvæði sem bryti í bága við stjórnarskrána.

Nú er auðvitað spurning, af því verið er að tala sérstaklega um þetta lagaráð, hvernig hugsa hv. þm. sér að valið sé í lagaráðið? Svarið liggur fyrir: Þeir segja að forsn. eigi að velja einn, lagadeild háskólans einn og Lögmannafélagið einn. Ekki er vafi á því að færa megi rök fyrir því að Eiríkur Tómasson eða Sigurður Líndal yrðu valdir af lögfræðideildinni. Ekki er vafi á því að líklegt er að forsn. mundi velja annan þeirra í lagaráð. Það er a.m.k. erfitt að færa rök fyrir því að þeir yrðu ekki fyrir valinu eins og hver annar í lagadeildinni. Þá er einungis spurning hvern lögmennirnir mundu velja.

En það er ljóst að þessir tveir menn hefðu komist að sömu niðurstöðu í athugun á þessum dómi, hvort sem svo hét að þeir væru í lagaráði eða þeir væru kallaðir fyrir nefnd Alþingis. Þess vegna er það þegar fjallað er um mál af þessu tagi að máli skiptir hvort alþingismenn séu reiðubúnir til að fallast á þá niðurstöðu sem lagaprófessorarnir, sérfræðingarnir í lögum, komast að eða ekki út frá pólitískum forsendum sínum og út frá pólitískum hagsmunum sínum. Þegar ég sagði, og oft er vitnað til, að ég hefði ekki trú á því að þetta frv. um lagaráð næði tilgangi sínum, þá kom það einnig fram í *málflutningi mínum sem hvorki var til skila haldið af fyrsta né öðrum flutningsmanni* þessa frv. að ég benti á að slík aðstoð við alþingismenn verður að vera reist á þeim grunni að þeir vilji hlíta þeim úrskurði sem þaðan kemur. Að öðrum kosti er slík aðstoð gagnslaus og ekki nema kostnaður. Það var þetta sem ég lagði áherslu á.

Ég vek líka athygli á því vegna ummæla hv. 9. þm. Reykv., Bryndísar Hlöðversdóttur, þegar hún sagði hér áður að með tilliti til kostnaðar væri lagaráð vænlegri leið en sérstakur dómstóll að það veltur þá á því að menn treysti lagaráðinu eins og dómstólnum ef við ætlum að bera þetta tvennt saman og taka annað fram yfir hitt út frá kostnaðarforsendum.

En nú sé ég að hv. þm. hristir höfuðið, sem auðvitað þýðir að hv. þm. hafði ekki kostnaðarforsendur einungis í huga, þó það hafi með öðru valdið því að hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja hér fram frv. um lagaráð.

Ég legg með öðrum orðum áherslu á að við höfum á síðustu árum mjög treyst nefndasviðið með því að fjölga lögfræðingum sem þar hafa komið til starfa. Reynslan hefur sýnt okkur að þau vinnubrögð sem þar eru viðhöfð eru góð vegna þess að þeir lögfræðingar sem þar hafa unnið hafa *verið eftirsóttir annars staðar, m.a. í ráðuneytum, af ráðherrum* sem með þeim hafa unnið í þinginu, sem eru auðvitað meðmæli með þeim starfsháttum og með því fólki sem þar hefur verið ráðið til starfa.

Ég legg áherslu á að við eigum að reyna að feta okkur svolítið áleiðis. Við eigum ekki að festa okkur um of í vinnubrögðum, heldur skapa góð skilyrði til að vel sé unnið að málum. Við eigum að hafa svigrúm til að kalla til sérfræðinga á hverju sviði eftir því sem ástæður leyfa. Við getum tekið gott dæmi, t.d. ef hér yrði lagt fram af hæstv. dómsmrh., hygg ég, ný erfðalög, ný sifjalög, og í nefndinni yrðu þeir prófessorar sem ég áðan nefndi, Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson, gæti verið að einhverjir vildu kalla fram einhvern annan lagaprófessor til að fjalla um þau sérstöku álitaefni sem væru í þeirri löggjöf þar sem þeir væru betur heima. Lagaráðið mun því ekki eins og það er hér hugsað ýta til hliðar þörfinni á því að sérfræðingar á öðrum sviðum löggjafar séu kallaðir til. Enda mundu slíkir lögfræðingar, ef til þeirra kasta kæmi, sjálfir leita eftir slíku lögfræðilegu áliti. Það er augljóst.

Auðvitað hlyti lagaráðið, eins og það er hugsað hér, einungis koma að lagatæknilegum atriðum. Nú vitum við það sem hér höfum setið að oft er á síðustu stundu krukkað í frv. til að ná samkomulagi. Það yrði áfram gert þrátt fyrir lagaráð vegna þess að þegar svo er komið er venjulega tímaþröng. En það er oft undir slíkum kringumstæðum sem mistök eiga sér stað.

Þá er líka spurning hvort þingmenn vilji láta frv. bíða. Það vakti sérstaka athygli mína að a.m.k. einn þingmaður, hv. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, vildi láta það vera á valdi forseta eða forsn. að ákveða hvaða lagafrv. þyrfti ekki að leggja fram að nýju ef þau dagaði upp að vori. Nú er ég þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að endurflytja frv. að hausti sem ekki vinnst tími til að afgreiða að vori. Það er m.a. til þess að tryggt sé að viðkomandi ráðherra eða viðkomandi þingmaður hafi haft svigrúm til að kynna sér þær álitsgerðir og umsagnir sem þingnefndum hafa borist um viðkomandi frv. Þá geta þeir gert athugun á þeim sjónarmiðum sem þar komu fram og eftir atvikum breytt frv. í þá veru, eða svarað athugasemdum efnislega þegar þing kemur saman að nýju

um haustið. Ég er á hinn bóginn ekki þeirrar skoðunar að það eigi að vera einhver ákveðin regla án umhugsunar að senda sama frv. til umsagnar, til sömu aðila, ár eftir ár. Slíkt eru auðvitað stöðnuð vinnubrögð og ekki gefandi. Þingnefndir eiga ekki að vinna með þeim hætti.

En þingnefndir eiga að vera vakandi fyrir því að ef ráðherra flytur hér frv. og ekki vinnst tími til að klára það fyrir vorið eða þingmenn telja nauðsynlegt að vinna betur úr því að ráðherrar hafi þá haft svigrúm til að fara yfir efnisatriðin áður en farið er að vinna að nýju að frv. um haustið. Það er ekki tryggt nema ráðherrann verði að leggja frv. aftur fram og hann er ekki of góður til að gera það.

Varðandi einstaka þingmenn er svo aftur málið það að ef maður mundi nú úrskurða að þeir þyrftu ekki að leggja málið fram að nýju, þá yrðu þeir að fara að upphugsa einhver önnur ný frv. til að flytja og það væri ekki gott. Því auðvitað flytja þeir að vissu leyti frv. til að láta í sér heyra og endurtaka þær sérstöku áherslur sem þeir eru með í pólitík og vilja gjarnan að komi fram í upphafi hvers þings. Út frá því sjónarmiði er það því heldur ekki rétt.

Nú er auðvitað rétt að á sumum sviðum löggjafans er kannski ekki fullt samræmi milli lagaákvæða. Ég nefni t.d. refsiákvæði í skattalögum eða refsiákvæði almennt. Nú gætu þingmenn komist að þeirri niðurstöðu að það yrði að fara yfir þessi efnisatriði út frá því sem sumir kalla almennum mannréttindum, út frá því að meira réttlæti sé í löggjöfinni og hún sé mannúðlegri, að menn verði ekki bersýnilega beittir órétti af dómstólum, af því að lögin eru of afdráttarlaus, t.d. um lágmark refsingar. Ekki skal sekt þó vera lægri en 300 þús. kr. eins og stendur á einum stað.

Þá hefði það verið leið Alþingis að fela ekki slíka endurskoðun eða slíka athugun einhverju lagaráði eða laganefnd sem vinnur í þessari stofnun heldur flytja till. til þál. þar sem viðkomandi ráðherra er falið að láta þá endurskoðun fara fram sem þingmaður hefur áhyggjur af, eða að beita sér fyrir því að málið sé tekið upp með fyrirspurn. Það álít ég að sé hin rétta regla vegna þrískiptingar ríkisvaldsins og vegna þess að það er ekki á sviði Alþingis að hafa frumkvæði að lagasetningu með þessum hætti þó að einstakir þingmenn geti að sjálfsögðu hver um sig haft sitt frumkvæði.

Ég vil að lokum taka undir þau orð sem hér voru sögð að ég tel það of viðurhlutamikið fyrir okkur að koma á fót sérstökum stjórnlagadómstól. Ég vil leggja á það áherslu að ég tel að með bættri aðstöðu á Alþingi eigi þigmenn að geta unnið betur að lagafrv. en þeir hafa gert. Ég tel nauðsynlegt að treysta lögfræðisvið nefndasviðsins eins og við höfum verið að reyna að gera. Ég tel að við þurfum að hafa ákveðið svigrúm við löggjafarstörfin. Ég er síður en svo andvígur því að mál eins og þetta, og fagna því raunar, komi til umræðu og athugunar hér í þingnefnd, en ég tel að eins og mál eru nú vaxin sé ekki rétti tíminn til þess að efna til slíks lagaráðs og hér er talað um, heldur eigum við að íhuga gang okkar, styrkja nefndasviðið og verja því fjármagni sem við höfum til ráðstöfunar með öðrum hætti þannig að það geti nýst okkur betur og orðið til meira gagns.

[15:44]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forseti Alþingis nefndi í ræðu sinni eitt ágætt dæmi sem hann hefur nú gjarnan notað málflutningi sínum til stuðnings en ég vil þvert á móti nota málflutningi mínum til stuðnings á sama hátt. Kallaðir voru þrír lagaprófessorar og reyndar mun fleiri löglærðir fyrir heilbr.- og trn. í öryrkjamálinu svokallaða. Það er stór munur á því, herra forseti, hvort meiri hlutinn kalli til einhverja tiltekna sérfræðinga eða minni hlutinn ef því er að skipta, eða hvort um er að ræða tiltekið ráð sem starfar á vegum þingsins sem er skipuð af hlutlausum aðilum og tilnefnt af hlutlausum aðilum til þess að fjalla um slík mál og hefur það lögbundna hlutverk. Þessir ágætu menn voru fengnir fyrir nefndina. Þeir tjáðu sig um málið með öllum þeim fyrirvörum sem þeir gátu á því haft. Það er allt annar hlutur, herra forseti, og hlýtur einmitt að leiða til þess að við hljótum að skoða það að koma slíkum farvegi fyrir í föstu formi og lögbundnu formi, einmitt þetta tiltekna dæmi. Það er munur á því hvort menn eru að gefa ráð af því að þeir eru beðnir um að koma, annaðhvort af meiri hluta eða minni hluta eins og gerðist í þessu tilviki, eða hvort þeir eru skipaðir til að hafa ákveðnar skyldur til að fara eftir fyrir fram ákveðnum reglum við það hlutverk sem þeim er falið samkvæmt lögum.

Ég spyr, herra forseti, í framhaldi af því sem hv. þm. sagði: Hvað er það með íslenska alþingismenn sem gerir þá svo frábrugðna þingmönnum annarra þjóða að þeir geti verið án slíkrar ráðgefandi nefndar eða ráðs eins og hér er lagt til að verði sett á stofn, á meðan aðrir þingmenn í öllum nágrannaríkjum okkar þurfa á slíku að halda? Eru þeir almennt gáfaðri, herra forseti? Eru þeir betur að sér í lagalegum efnum? Eða hvað er það sem veldur því? Ég hef ekki enn þá fengið að heyra það, herra forseti, hjá hæstv. forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, hvað er það sem gerir þetta að verkum að við þurfum ekki á þessu að halda. Ekki er það svo að meinbugir á lögum séu færri hér á landi en í nágrannaríkjunum. Einhver úrræði hlýtur hæstv. forseti að hafa til að bæta þar úr ef hann hefur einhvern metnað fyrir hönd þessarar stofnunar að bæta úr varðandi meinbugi á lögum.

[15:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína sem hv. þm. sagði, Bryndís Hlöðversdóttir, flm. þessa máls, að lagaprófessorarnir Sigurður Líndal, Eiríkur Tómasson og lektor Skúli Magnússon hefðu verið kallaðir fyrir nefndina af meiri hlutanum. Ég hygg nú hér áður, hversu harðir sem við vorum í stjórnarandstöðu, að við hefðum staðið með meiri hlutanum í minni hluta að því að kalla þessa lögfræðinga fyrir í máli eins og því sem hér var til umfjöllunar. Kemur mér satt að segja á óvart að hv. þm. skuli með þessum hætti gefa í skyn að eitthvað sé athugavert við að þessir menn hafi verið kallaðir fyrir nefndina.

[15:45]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast það að hæstv. forseti sjái ekki mun á því hvort þessir ágætu menn — og ég stóð ekki gegn því að þeir yrðu kallaðir fyrir nefndina til ráðgjafar. Aðrir voru líka kallaðir til sem við í minni hlutanum lögðum til að kæmu fyrir nefndina. Ef hæstv. forseti Alþingis sér ekki mun á því hvort um er að ræða að menn séu kallaðir til af einstökum þingmönnum, ráðherrum eða meiri hluta eða minni hluta til þess að gefa eitthvert ráð í ákveðnu máli eða hvort um er að ræða tiltekið lögbundið apparat sem hefur þetta hlutverk með höndum og hefur ákveðnar skyldur til að kafa sérstaklega ofan í mál og hefur ákveðnar skyldur til að leggja sérstaklega á það hlutlaust mat.

Ég er alls ekki að efast um að þessir ágætu menn hafi lagt sig alla fram í því að meta þetta mál en ég vil vekja

athygli á því að allir þeir ágætu lögfræðingar sem komu fyrir nefndina í þessu tiltekna máli, úr því að verið er að draga það sérstaklega fram, höfðu afskaplega lítinn tíma til að kynna sér það mál og höfðu alla fyrirvara á því.

Ef menn sjá ekki muninn á því að um er að ræða ráð, lögbundið ráð sem fer eftir fyrir fram ákveðnum, skýrum reglum annars vegar og hins vegar þegar við hérna, ágætir þingmenn, erum að kalla til menn til ráðgjafar, þá er vandasamt að reyna að rökstyðja mál sitt, herra forseti, ef hæstv. forseti sér virkilega ekki mun á þessu tvennu.

[15:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einungis að vekja athygli á því að tvívegis í ræðu sinni hafði hv. þm. orð á því að þessir þrír virtu lögfræðingar væru kallaðir til af meiri hlutanum og nú í seinna andsvari sínu gaf hv. þm. í skyn að þeir hefðu hagað sér öðruvísi ef þeir hefðu komið fyrir nefndina með öðrum hætti, t.d. í lagaráði, og skil ég satt að segja ekki hvað hv. þm. á við.

[15:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur í nokkrum andsvörum og eins í ræðu flutt fram rök sín gegn því af hverju hann leggst gegn því að þetta mál nái fram að ganga. Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi hlýtt á allar þær ræður og þrátt fyrir það, eins og fram kom í máli hans áðan, að þessi hugmynd hafi verið hér á kreiki um áratuga skeið var ekkert í málflutningi hans sem í raun og veru réttlætir svona „drastísk" viðbrögð, ef nota má það orð, við þeirri hugmynd sem hér hefur verið lögð fram.

Í sjálfu sér er ekki verið að leggja neitt annað til en að reyna að bæta störf þingsins, að reyna að bæta þá löggjöf sem kemur frá þinginu og reyna að tryggja það að sú löggjöf sem héðan fer sé í samræmi við stjórnarskrá, hún sé í samræmi við alþjóðasamninga, því það hefur komið í ljós og kom í ljós í þeirri skýrslu sem Páll Hreinsson ritstýrði fyrir einhverju síðan, og gott ef ekki var lögð hér fyrir þingið af hálfu hæstv. forsrh., að á Íslandi var í u.þ.b. 45 tilvikum af 2.000 sem umboðsmaður hafði fjallað um löggjöf þar sem hann fann ýmislegt að þeirri löggjöf. Það er miklu hærra hlutfall en annars staðar þekkist.

Því finnst mér mjög sérstætt að forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, skuli leggjast svo eindregið gegn þessu máli með þeim hætti sem hann gerir hér og með rökstuðningi sem er mjög erfitt að átta sig á og er þá vægt til orða tekið. Mér hefur helst fundist sem svo að rökstuðningur hans felist í því að minni hlutinn hafi ekki álit á sumum þeim sem vinna við lagadeildina í háskólanum. Það er það næsta sem ég kemst í rökstuðningi hv. þm.

[15:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um drastísk viðbrögð. Ég skil ekki alveg samhengið og átta mig ekki alveg á þessari lýsingu enda sá ég ekki sjálfan mig hér í þessum ræðustól.

Hv. þm. talar um að lagaráð eigi að tryggja að löggjöf sé í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Hugsar þá hv. þm. sér að lagaráð hafi frumkvæði að lagasetningu í þinginu? Er það það sem hv. þm. á við?

[15:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þjónar einhverjum tilgangi að elta ólar við orðalag af þessum hætti eða útúrsnúninga. Ef hv. þm. hefði lesið frv. þá má glöggt greina að lagaráðið á að koma að þessum málum eftir að þau eru lögð fram og leggja til reglur þannig að vandað sé til undirbúnings slíkra mála. Að lagaráðið hafi frumkvæði að því að lögð séu hér fram frv. er í raun og veru orðhengilsháttur sem er algjörlega ástæðulaust að elta ólar við.

[15:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að ná því fram að flutningsmenn frv. svari málefnalega því sem spurt er um.

Nú vitum við þegar alþjóðasamningar hafa verið samþykktir á Alþingi að því þarf oft að fylgja eftir með lagafrv., með lögum. Og athugasemdir umboðsmanns Alþingis, sem hér hefur verið vitnað til, lúta að því, þannig að spurning mín snýr beint að þeim efnisatriðum sem flutningsmenn frv. hafa sjálfir fitjað upp á.

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta er ekki langt frv. sem hér hefur verið flutt en þó má segja að frv. mæli með sér sjálft að því leyti til að það hefði verið afskaplega gott ef lagaráð hefði fjallað um það áður en það var lagt fram, því þó að það sé svona stutt er það ruglingslegt, og reyndar gæti virst, a.m.k. skýringalaust eða -lítið, að það stangaðist á við stjórnarskrána. Það hefði því verið betra að lagaráð hefði fjallað um þetta stutta frv. áður en það var lagt fram í þeirri mynd sem það er.

Í 1. gr. frv. segir:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála." Hvorki meira né minna, að setja reglur. Eru þetta reglur sem eiga að vera bindandi fyrir þingmenn eða fyrir Stjórnarráðið eða fyrir ráðherra sem þetta lagaráð á að setja og enginn á að samþykkja? Ekki þingið, ekki neinn, bara þetta lagaráð. Samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa. Væntanlega ættu menn að fara eftir þessum reglum eða hvað, og eru menn þá bundnir af því?

Ef menn eru bundnir af því þá er það brot á stjórnarskránni sem setur ekki slíka bindingu á. Það væri kannski eitthvað sem lagaráð hefði átt að skoða.

Síðan segir að athuga eigi hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga. Hafa flutningsmenn hugleitt þessa setningu mjög vel og rækilega eða hefðu þeir átt að fá lagaráð til að hjálpa sér við það? Þeir setja stjórnarskrá og alþjóðlega samninga undir sama hatt rétt eins og að alþjóðlegir samningar með sama hætti og stjórnarskráin geti beint almennum lögum þingsins burtu. Á þessu er reginmunur.

Þeir lögfræðingar sem hér sitja sem hv. þingmenn og hrista alltaf höfuðið, sem ég skil nú mjög vel eftir að þeir hafa látið frá sér slíkt frv., hefðu þurft að hrista höfuðið svolítið betur áður en þeir sömdu frv. og sjá hvort þeir mundu ekki hafa hresst dálítið. Ég skil vel að þeir vilji hafa eitthvert lagaráð til að hjálpa sér í þessum efnum. En þetta frv. er ekki með þeim hætti að það sé skýrt, glöggt og örugglega ekki brot á stjórnarskránni. Það er verulegur galli við frumvarpssmíð sem tekur til efnis af þessu tagi.

Í grg. með frv. kemur fram að hugmyndin að því sé sótt í skýrslu nefndar er skipuð hafi verið samkvæmt, með leyfi forseta: „tillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir flutti ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar um að skipuð yrði nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni."

Þarna er líka farið mjög frjálslega með strax í greinargerðinni. Hefði einhver þurft, jafnvel ekki lagaprófessorar, að lagfæra þetta þannig að þessi vitleysa væri ekki sögð því að sú tillaga sem hér er verið að vitna til var flutt haustið 1997 og samþykkt algjörlega gjörbreytt 1998 með atbeina allra þingflokka er áttu sæti á Alþingi. Þingflokkur Samfylkingarinnar var þó ekki með í þeim hópi því að hann hafði ekki verið stofnaður. En þó tókst þingmönnum þess flokks að flytja frv. Það var nokkuð seigt af honum, einum tveimur árum fyrir stofnunina. Það hefði jafnvel ekki þurft lagaprófessor til að benda á að þarna hafa menn ekki einu sinni lesið yfir sína eigin texta.

En tveggja ára afmæli þingflokksins var sl. sunnudag. Ég varð svo sem ekki var við nein sérstök hátíðahöld af því tilefni af einhverjum ástæðum, en frv. hafði sem sagt verið samið af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar, eins og þar segir, áður en þingflokkurinn var stofnaður. Og það er vel af sér vikið.

Þá er rétt að geta þess að tillagan sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti, og þingmenn Samfylkingarinnar vilja nú eigna sér, var allt annars efnis en sú sem síðar var samþykkt að tillögu allshn. Upphaflega var tillagan kennd við, eins og þar sagði, „bætt siðferði í opinberum rekstri", og gerði ráð fyrir einhvers konar nornaveiðum í stjórnsýslunni sem ég hirði þó ekki um að rekja hér nánar. Mér er hins vegar til efs að ábending um sérstakt lagaráð hefði komið út úr því starfi. Það var ekkert sem benti til þess.

Eins og menn komast aftur á móti að raun um ef þeir rekja feril þessarar tillögu þá tók hún algjörum stakkaskiptum í meðferð allshn. og reyndar svo miklum breytingum að upphaflegu tillögunni verður vart jafnað til þeirrar ályktunar sem síðar var samþykkt samhljóða á hinu háa Alþingi að tillögu allshn. Um aðdragandann að þeim breytingum og þeirri ágætu skýrslu er skrifuð var á grundvelli ályktunar Alþingis hef ég áður fjallað þegar skýrslan var tekin til umræðu hér fyrir um ári síðan og ætla því ekki að endurtaka það hér. Um frumkvæðið að gerð hennar vildi ég aðeins draga þetta fram til að ljóst mætti vera að það kom a.m.k. ekki frá ófæddri stjórnmálahreyfingu og að hugmyndir 1. flm. tillögunnar voru að sönnu mjög svo aðrar en síðar urðu ofan á.

Vík ég þá að hugmyndinni um stofnun lagaráðs. Úr grg. með frv. er það á hinn bóginn rétt eftir haft að ábending um að fleiri hnökrar finnist á löggjöf hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum var sett fram í þeirri skýrslu er ég lagði fyrir Alþingi, en það var skýrslan sem hér var minnst á um starfsskilyrði stjórnvalda. Ég vakti reyndar sérstaka athygli á því atriði er ég gerði Alþingi grein fyrir efni skýrslunnar og ábendingum í henni. Ég tel reyndar að engin ein ábending í skýrslunni hafi vakið meiri athygli í umræðunni á hinu háa Alþingi en einmitt þessi.

Ástæður þessa voru m.a. raktar til þess að lagafrv. eru hér ekki yfirfarin með samræmdum og skipulegum hætti með tilliti til ýmissa lagatæknilegra atriða og þess hvort þau teljist samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrár líkt og gerist annars staðar á Norðurlöndum. Það er út af fyrir sig rétt að eftirlit með þessum atriðum er ekki á einni hendi hér og er e.t.v. ekki í jafnfastmótuðum skorðum og tíðkast annars staðar. Á hinn bóginn leyfi ég mér að fullyrða að ráðuneytin leitast ávallt við að undirbúa frumvörp ríkisstjórnarinnar sem best úr garði og á síðustu árum hefur viðleitnin til þess að fylgjast betur með ákveðnum þáttum í lagasmíð aukist mjög mikið. Þannig sæta allar skattlagningar og gjaldtökuheimildir í frumvörpum ríkisstjórnarinnar sérstakri athugun á vegum fjmrn. sem hert var á að stjórnarskrárbundnum kröfum til slíkra ákvæða. Einnig eru refsi- og viðurlagaákvæði í frumvörpum gjarnan yfirfarin af dóms- og kirkjumrn. þó að það sé ekki flutningsaðili frumvarpa.

Þá hefur verið unnið að því að vanda betur til innleiðingar þeirra reglna sem teknar eru í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins og verða sérstakar leiðbeiningar um það efni gefnar út á næstunni, jafnframt því sem sérstakri ráðgjafarnefnd verður komið á fót í sama skyni. Það hefur því ýmislegt verið aðhafst til að stuðla að vandaðri reglusetningu af hálfu stjórnvalda, þótt auðvitað megi margt enn betur gera í framhaldi af þeirri skýrslu sem ég kynnti hér á Alþingi. Taka má því undir að eftirlit af þessu tagi mætti vera víðtækara og taka til fleiri þátta en það gerir í dag, auk þess sem það væri skilvirkara og samræmdara ef það væri á einni hendi. Þegar ég mælti fyrir umræddri skýrslu á síðasta þingi tók ég undir þessar athugasemdir og lýsti mig reiðubúinn að bæta þar um betur eins og menn hafa verið að vinna að.

Ég hef hins vegar mjög ákveðnar efasemdir um að slíkum þáttum sé best komið fyrir á vegum þingsins eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það kemur til af því að samræmd tæknileg og lögfræðileg athugun af þessu tagi á ekki nema takmarkað erindi í þá umfjöllun um landsins gagn og nauðsynjar sem pólitísk umræða á Alþingi ætti að öðru jöfnu að snúast um. Að mínu mati ætti því slík athugun miklu fremur að vera liður í undirbúningi lagafrv. og þá í undirbúningi lagafrv. í Stjórnarráðinu, en í meðferð þeirra hér í þjóðþinginu. Þingmenn eiga að geta treyst því að þessi atriði séu í lagi þegar mál berast þeim og einhent sér í umræður, sumir segja kapp, um þungamiðju stjórnmálanna, markmið mála og leiðir að þeim, forgangsröðun fjármuna og þar fram eftir götunum, en ekki að eyða tíma sínum í kannski fullgagnslitlar skylmingar um deilur lögfræðilegs eðlis sem eiga betur heima á öðrum vettvangi. Enda hefur manni sýnst að deilur lögfræðilegs eðlis hafi nú farið afskaplega illa hér í þingsölum upp á síðkastið, svo ekki sé nú meira sagt.

Það er staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra frv. sem samþykkt eru sem lög frá Alþingi eru undirbúin í Stjórnarráðinu. Það skiptir engu máli hvaða flokkar eru í ríkisstjórn. Þetta er jafnan svo og hefur jafnan verið svo og verður jafnan svo væntanlega. Af þessum ástæðum hlýtur það að vera heillavænlegast að samræmdar athuganir af þessu tagi eigi betur heima í Stjórnarráðinu þannig að þeim sé lokið þegar málin berast þinginu.

Sú var reyndar einnig tillagan í margnefndri skýrslu og það er sá háttur sem hafður er á annars staðar á Norðurlöndum, fyrst menn vitnuðu í Norðurlöndin, og virðist ekki vefjast fyrir þjóðþingunum þar, jafnvel þótt þar sitji oftast minnihlutastjórnir. Það er þess vegna sem þjóðþingin þar taka eftir atvikum virkari þátt í undirbúningi lagafrv. en hér tíðkast, því meiri hlutinn verður til hverju sinni iðulega í þjóðþinginu, af því þar sitja gjarnan minnihlutastjórnir.

Annars staðar á Norðurlöndunum er athugun af þessu tagi í höndum sérstakra lagaskrifstofa sem starfræktar eru í þeim ráðuneytum er fara með mál er varða stjórnarfar almennt, oftast nær í dómsmrn. Hér á landi hefur forsrn. hins vegar farið með þau mál og heyrir það væntanlega undir það ráðuneyti að láta til sín taka í þessum efnum.

Ég legg hins vegar áherslu á að stjórnarfrv. sæta nú þegar samræmdri skoðun af ýmsu tagi og eitt skoðunarstig enn má ekki verða til að lengja mikið það ferli sem frv. ganga nú

þegar í gegnum. Það kann með öðrum orðum að krefjast endurskoðunar á þeim áherslum sem við höfum lagt á við undirbúning stjórnarfrv. hingað til og samstillts átaks innan Stjórnarráðsins í heild.

Ég vil aðeins víkja að þeim umræðum sem urðu hér í tilefni af ræðu hæstv. forseta, 1. þm. Norðurl. e. Mér fannst það alveg eins og honum afar sérstakt og sérkennilegt og sýna sérstakt hugarfar að menn skyldu gefa sér varðandi lagakennara við Háskóla Íslands sem kallaðir væru á fund nefnda, að það mætti hugsa sér að þeir hefðu mismunandi skoðanir á lögfræðilegum álitaefnum eftir því hvort meiri hluti eða minni hluti kallaði þá til nefndarstarfa. Það finnst mér afar sérstakt hugarfar svo ekki sé meira sagt. Menn tala um hlutlausa aðila. Það er nú vandmeðfarið að finna slíka aðila í þessu litla íslenska þjóðfélagi. En hvaða stöðu hafa lagakennarar? Það er ekki hægt að kalla Hæstarétt fyrir þig í þingnefnd til að yfirheyra hann um niðurstöðu mála. (Gripið fram í.) Það er allt önnur saga. Það er ekki hægt að kalla hann fyrir þingnefnd til að yfirheyra hann um stöðu mála.

Lagakennarar hafa að lögum annað hlutverk en það að vera lagakennarar. Þeir eru lögskipaðir varadómarar í Hæstarétti. Þeir eru það næsta sem hægt er að komast til að kalla fyrir sig þá menn sem hafa lagaskipun um að vera varadómarar í Hæstarétti Íslands. Það er vegna þess að horft er til lagakennara almennt einmitt í ljósi hlutverksins sem þeir hafa kannski fremur en þeirra lögfræðinga sem hafa atvinnu af því að verja og sækja rétt einstaklinga og þurfa að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna, eins og þeim ber að gera, þó þeir eigi ekki að misbjóða lögum.

Það hlýtur því að vera svo þegar þingnefnd, hvort sem það er meiri hluti eða minni hluti, kallar fyrir sig þrjá, fjóra prófessora, talsmenn, sem allir eru sammála um niðurstöðu, þá ættu menn að taka mark á því. Og þegar sagt er að þessir menn hafi haft fyrirvara þá hafna ég því vegna þess að ég heyrði hvers konar fyrirvarar það voru og var undrandi á því að fréttastofa útvarpsins skyldi gera mál úr því. Prófessorarnir voru spurðir í nefndinni: Getið þið fullyrt að Hæstiréttur mundi dæma svona? Þeir svöruðu að það gætu þeir ekki gert. Og það þótti merki um að þeir hefðu fyrirvara, sem er auðvitað algjörlega fráleitt því svarið er augljóst. Það getur enginn fullyrt um það fyrir fram hvernig Hæstiréttur dæmir. Prófessorarnir hlutu því að svara þessum fyrirspurnum með þessum hætti og það er ekki merki um — og er það algjör útúrsnúningur af versta tagi — ekki merki um að þeir hafi haft neina sérstaka almenna algjöra fyrirvara í málinu þó að þeir hefðu hlotið að svara spurningu af þessu tagi á þennan hátt. Það hljóta allir menn að gera. Það getur enginn fullyrt fyrir fram um það — það getur enginn mannlegur máttur vitað — hvernig Hæstiréttur muni dæma þó þeir sjálfir hafi síðan sagt að skoðun þeirra væri sú að þetta mál bryti hvergi stjórnarskrá landsins. Þó var þetta notað til að snúa út úr þeirri ráðgjöf og mundi auðvitað af sömu aðilum, með sama hugarfar, vera notað til að snúa út úr lagaráði af hvaða tagi sem það væri. Það er algjörlega augljóst mál.

Þetta vil ég láta koma fram hér í tilefni af þeirri umræðu sem spratt í framhaldi af ágætri ræðu hæstv. forseta, 1. þm. Norðurl. e.

[16:07]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef það nú fram yfir þá báða, hv. þm. Halldór Blöndal og hæstv. forsrh., að ég sat í heilbr.- og trn. og hlustaði á þessa ágætu menn. Allir gestirnir sem komu fyrir nefndina, ég fullyrði það að allir þeir löglærðu einstaklingar sem komu fyrir nefndina hafi tekið það fram í upphafi, og ég vil kalla það fyrirvara, að þeir hefðu haft mjög stuttan tíma til að kynna sér þetta mál, eðli málsins samkvæmt, vegna þess að nefndin vann það mjög hratt og að þeim sýndist að þetta væri svona og svona. Sumir þessara ágætu þriggja prófessora nefndu t.d., og reyndar allir sögðu að það væru fyllilega tækir tveir lögskýringarkostir í stöðunni. Ég vil bara taka þetta fram úr því að menn eru mjög fastir í því sem gerðist í heilbr.- og trn. og eru að reyna að láta líta svo út að við séum að gera lítið úr þeim ágætu mönnum sem þangað komu fyrir nefndina.

Herra forseti. Ræða hæstv. forsrh. hér áðan var að mörgu leyti merkileg. Hann sagði að þingmenn ættu að geta treyst því að þessi lagatæknilegu atriði væru í lagi. Þau eru það ekki, herra forseti. Það hefur komið fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis að meinbugir á íslenskum lögum eru fleiri en í nágrannaríkjunum. Og það er heldur ekki rétt, herra forseti, að þetta sé alfarið undir dómsmrn. og á lagaskrifstofum ráðuneytanna í nágrannaríkjunum. Það fór ég yfir í framsögu minni áðan. Það er annað fyrirkomulag um Svíþjóð. Í Noregi er þessi tiltekna lagaskrifstofa sem fer með þessi mál vistuð í dómsmrn. Hún heyrir stjórnsýslulega undir þingið samanber grein sem ég las upp úr í framsögu minni áðan þannig að hún er algjörlega sjálfstæð gagnvart dómsmrn. eftir því sem ég les upp úr grein eftir danskan stjórnsýsluprófessor.

Herra forseti. Ég vil bara benda á að ýmislegt kom fram í máli hæstv. forsrh. sem að mínu mati bendir til að hann sé ekki alveg kunnugur því hvernig þetta fyrirkomulag er á Norðurlöndunum. Auðvitað vill hæstv. forsrh. hafa þetta allt saman undir hatti ráðuneytanna. Og auðvitað vill hann hafa framkvæmdarvaldið sem sterkast, sérstaklega núna á meðan hann situr í ríkisstjórn sjálfur. (Forseti hringir.) Ég ítreka það að við erum hér að tala um að efla vægi Alþingis (Forseti hringir.) í lagasetningunni.

[16:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afar þýðingarmikið andsvar og það er þýðingarmikið að heyra það frá hv. þm. sem í nefndinni sat og hér var umrædd, að í rauninni, eins og hún lýsti þessu sjálf, þá hefðu þessir prófessorar ekki haft þá fyrirvara, þessa algjöru fyrirvara eins og hún leyfði sér að segja hér í fyrri ræðu sinni. (Gripið fram í.) Hún sagði það í fyrri ræðu sinni — þú skalt bara lesa það, hv. þm., þegar þú færð afritið — þeir hefðu haft algjöra fyrirvara, eins fulla fyrirvara og þeir gátu haft í nefndinni. Svo segir hún núna að þeir hefðu sagt að þeir hefðu haft lítinn tíma. Það hefði þýtt að þeir hefðu haft fulla fyrirvara. Mér finnst alveg agalegt fyrir þingmann að þurfa að lenda í því að svara hér með þessum hætti.

[16:10]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast að hæstv. forsrh. skuli ekki nýta andsvar sitt betur en til þess að eyða tímanum í karp á borð við þetta.

En ég vil víkja að því sem hann sagði áðan í ræðu sinni. Ég kom því ekki að í fyrra andsvari mínu. Hann sagði eitthvað í þá veru að hér færi fram umræða sem væri pólitískt karp og að menn ættu að geta treyst því að lagalegu atriðin væru í lagi. Herra forseti. Það er ekki svo. Það hefur komið fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis. Hvaða úrræði vill hæstv. forsrh. leggja til til þess að bæta úr þessu? Eða telur

hæstv. forsrh. að það skipti engu máli að hér á landi eru mun fleiri meinbugir á lögum en í nágrannaríkjunum, þrátt fyrir ágæta ráðgjöf og ágæta lögfræðilega kunnáttu sem er til staðar í ráðuneytunum og líka hér við nefndadeild Alþingis? Það þarf að bæta einhvers staðar úr. Hvar vill hæstv. forsrh. leggja til að bætt verði úr? Eða telur hann það bara vera allt í lagi að hér sé mun algengara að menn (Forseti hringir.) ...?

[16:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau sjónarmið mín komu fram í ræðu minni sem ég flutti áðan. Ég vek líka athygli á því að þeir annmarkar sem umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við til að mynda hafa oftast nær verið í eldri lögum. Menn hafa varað sig mjög nú á því að hafa lög og reglur skýrar og heimildir til reglugerðar skýrar. Hins vegar undrar mig að hv. þm. skuli telja þann atburð að hér skuli hafa tekist að draga það upp úr hv. þm. að hún fór rangt með það að menn hefðu haft hér fyrirvara, og hún kallar það bara venjulegt karp.

[16:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða og enn athyglisverðari orðaskipti í andsvörum. Ég er hér, með leyfi forseta, með Jótlandspóstinn og útdrátt úr frásögn af umræðu sem fór fram 1998 um sérstaka ráðstefnu sem danska þingið setti með stjórnmálamönnum og sérstökum sérfræðingum á lagasviði til að ræða hvernig best væri að haga málum til að gera lagasetningu betri og vandaðri en hafði verið.

Það kom fram á þessari ráðstefnu, herra forseti, og það á erindi í þessa umræðu eftir ræðu hæstv. forsrh., að það yrði hreinlega að setja færri lög, að of mörg frv. væru á ferðinni, þau færu með of miklum hraða í gegnum þingið, það væri lagasjúsk og lélegt og að þetta setti réttaröryggi borgaranna í uppnám. Um þetta ræddu menn í danska þinginu, stjórnmálamenn frá meiri hluta og minni hluta ásamt sérfræðingum á lagasviði. Ég sæi okkur fá tækifæri til þess að eiga slíkar viðræður á jafnréttisgrundvelli við hæstv. forsrh. og stjórnarmeirihlutann hans. Í framhaldi gerði danski forsrh. tillögu til úrbóta og samt er verið að ræða af hálfu allra aðila þar lagaráð í dag.

Herra forseti. Ég var mjög undrandi á því hvað forseti þingsins kom í neikvæð andsvör strax. Ég bjóst við dálítið faglegum umræðum. En ég skil það núna eftir að forsrh. hefur mætt á staðinn og hreytt úr sér bæði ræðu og andsvörum.

[16:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur það gerst ítrekað á undanförnum árum að samþykkt hafa verið lög á Alþingi sem stríða gegn stjórnarskrá Íslands, nú síðast í svokölluðu öryrkjamáli. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort honum finnist ekki mikilvægt að finna farveg til að greiða úr ágreiningsmálum og álitamálum annan en þann sem ríkisstjórn hans kaus í fyrrnefndu máli, að skipa nefnd til að greina dóm Hæstaréttar og semja lagafrumvarp á grundvelli þeirrar greiningar og hugsanlega minnisblaðs sem enginn hefur fengið að sjá. Alla vega hefur ekki verið upplýst um það hér á Alþingi. Þessi nefnd starfaði undir forsæti manns sem hafði áður lýst því yfir að hann væri gagnrýninn á dóm Hæstaréttar. Í ljósi þeirra deilna sem risu í kjölfar þessa máls vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort honum finnist ekki eðlilegt að reynt sé að finna farveg, farveg sem sátt getur verið um, til að vísa ágreiningsmálum af þessu tagi til, hvort sem það heitir lagaráð eða stjórnlagadómstóll.

Í öðru lagi finnst mér ástæða til að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort honum finnist bakgrunnur og framvinda þessa umdeilda máls hafa verið upplýst sem skyldi?

Ég nefndi minnisblað sem kallað hefur verið eftir án árangurs. Ég get nefnt aðra þætti líka sem lúta að aðskilnaði valdþáttanna þriggja, dómsvalds, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég kem að því nánar í síðara andsvari mínu.

[16:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú endurtekinn misskilningur sem hefur komið fram sem er dálítið sérstakur, að sú nefnd sem ríkisstjórnin setti á laggirnar, lögfræðinganefnd, hafi átt að endurmeta dóm Hæstaréttar og þess vegna hafi hún orðið að vera hlutlaus að einhverju leyti. Það stóð aldrei til, það var ekki meiningin. Þetta er einhver reginmisskilningur sem því miður málflutningsmaður Öryrkjabandalagsins hafði uppi og fleiri hafa glapist á að gleypa þá flugu. Þessi nefnd átti ekkert að endurmeta dóm Hæstaréttar. Hún átti bara að fara fyrir hönd umbjóðenda sinna yfir það hvað nákvæmlega fælist í dómnum. Það eru flestir orðnir sammála um það a.m.k. eftir þá umræðu að dómurinn var ekki skýr. Við vildum vita nákvæmlega hvað í honum fælist að mati þessara lögfræðinga. Þetta voru allt trúnaðarmenn viðkomandi ráðherra. Engin dul er dregin yfir það, enda stóð ekki til að endurmeta dóm Hæstaréttar. Þá hefði þurft að hafa einhverja — ef það væri hægt en það er ekki til í íslenskri stjórnskipun — hlutlausa menn, ég veit ekki hvaðan þeir hefðu átt að koma sem hefðu áttu að endurmeta dóm Hæstaréttar. Það stóð aldrei til.

Ég tel reyndar að sú meðferð sem ríkisstjórnin hefur staðið að hvað þetta varðar sé góð og við gátum ekki neitt annað gert í máli sem þannig var vaxið. Ég vek athygli á því að ef fjórir merkir lögfræðingar hefðu setið í lagaráði, til að mynda tveir héraðsdómarar og tveir hæstaréttardómarar, fjórir menn, þá hefðu þeir allir komist að þeirri niðurstöðu að öryrkjadómurinn, öryrkjamálið, bryti ekki í bága við stjórnarskrána, hið fyrra mál, þannig að þetta var nú ekki ljósara og gleggra heldur en það og voru þetta allt saman mjög virtir menn.

Ég setti fram sjónarmið í ræðu minni um það með hvaða hætti ég teldi að við gætum styrkt þennan þáttinn. Ég vek athygli á því að umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir og allshn. Alþingis hefur fylgt slíkum athugasemdum umboðsmanns eftir við ráðuneytið. Það er því ákveðið aðhald sem Alþingi veitir. Síðan lýsti ég með hvaða hætti ég teldi hins vegar að ætti að undirbúa lagafrv. á undirbúningsstigi þeirra, en ekki á meðferðarstigi þeirra.

[16:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. forsrh. ekki svara spurningu minni. Staðreyndin er sú að fyrrnefnd nefnd var fengin til að greina dóm Hæstaréttar og smíða frv. á grunni þeirrar greiningar og hugsanlega minnisblaðs sem Alþingi hefur ekki fengið að sjá. Og það tel ég í hæsta máta undarlegt.

En spurningin sem ég vil fá svarað er þessi: Í ljósi þeirra deilna og þess ágreinings sem risið hefur í kjölfar þessa máls, er þá hæstv. forsrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að fram fari könnun á bakgrunni málsins og framvindu þess til að eyða þeirri óvissu sem óneitanlega er uppi?

Það er grundvallaratriði í stjórnskipan Íslands að hafa eins skýr skil og kostur er á milli valdþáttanna þriggja, dómsvalds, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það eru uppi efasemdir um að þessi skil hafi verið virt sem skyldi.

Er hæstv. forsrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að fram fari á því athugun, könnun, til að eyða þeirri óvissu sem óneitanlega er uppi?

[16:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki tilbúinn til þess, hv. þm., vegna þess að mér finnst engin óvissa vera uppi. Mér finnst málið liggja fyrir algjörlega kristalklárt. Það hefur fengið mjög mikla umræðu hér, gríðarlega umræðu. (**ÖJ:** Þrír tímar að svara bréfi í Hæstarétti.) Svara bréfi í Hæstarétti? Hvað ert þú lengi að svara bréfi, hv. þm.? (**ÖJ:** Ef ég veit svarið fyrir fram.) Ætli það sé nú ekki þannig að ... (**ÖJ:** Ef samráð hefur verið haft fyrir fram.) Ætli það sé nú ekki þannig að Hæstiréttur Íslands, þar sem sitja væntanlega færustu lögfræðingar landsins, hafi vitað nokkuð um hvað málið fjallaði sem var búið að vera í opinberri umræðu í hálfan mánuð og hafði áður verið dæmt í dómi réttarins. Býst ekki hv. þm. við því? Ég skal a.m.k. segja það að ... (**ÖJ:** ... hefði getað svarað fjölmiðlum.) Hv. þm., vertu ekki alltaf með þetta gjamm sem þú ert þekktur fyrir. Ég skal bara segja það að hv. þingmenn vissu allt um málið. Og ekki eru þeir lögspekingar. Vissu allt um málið og ekki eru þeir lögspekingar. (**ÖJ:** Við skulum fá þetta rannsakað.) Svo er þessi hv. þm. óskaplega hissa á því að Hæstiréttur, færustu lögfræðingar landsins, skuli hafa vitað um málið. Hann vissi allt um málið sjálfur, fjallað um lögfræðilegar hliðar fram og til baka og var ekki í neinum vandræðum með það. (**ÖJ:** Þá er rétt að rannsaka ...) En svo er hann óskaplega hissa á því að Hæstiréttur, sem hefur fylgst með opinberri umræðu í þrjár vikur, þar sem fimm dómarar höfðu tekið þátt í því að dæma málið, að þeir þekktu málið. Það er alveg furðulegt sjónarmið. En mér finnst ekkert af þessu máli vera á huldu.

[16:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér erum við að ræða afar þýðingarmikið mál. Lítið frv. eins og hér hefur komið fram, en það veldur nokkrum titringi. Það veldur svo miklum titringi, herra forseti, að hæstv. forsrh. kemur hér og er í miklu uppnámi, svo miklu uppnámi að hann víkur sér að þingmönnum með beinum hætti, sem venjulegir þingmenn eru hálfvíttir fyrir. Hæstv. forsrh. snýr sér að hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og segir: Þú skalt lesa. Og hæstv. forsrh. snýr sér að hv. þm. Ögmundi Jónassyni og segir: Hvað ert þú lengi að skrifa bréf? Vertu ekki að þessu gjammi. Ég verð að viðurkenna að það er mjög óvanalegt að heyra slíkar, hvað á ég að kalla þetta, yfirlýsingar og tilsvör beint til þingmanna úr ræðustóli. Það er auðvitað mjög merkilegt að það skuli vera hæstv. forsrh., „virtasti maður landsins" miðað við þá stöðu sem hann hefur að vera forsrh. í 12 manna ríkisstjórn. Og það er athyglisvert að hæstv. forsrh. skuli koma hér til þess aðallega að segja okkur með svo beinum hætti sem ég hef lýst að þetta frv. sé lélegt, þó það sé stutt, það sé þess eðlis að lagaráð hefði þurft að meta frv. áður en það var lagt fram. Það skyldi þó aldrei vera, virðulegi forseti, að illa unnið frv. frá Samfylkingunni að mati forsrh. landsins mundi gera lagaráð réttmætt? Og þá væri það meira að segja þess virði að frv. hefði verið ábótavant, þó það sé ekki mat okkar hinna, en það er mat hæstv. forsrh.

Ég er afskaplega undrandi á þeim ræðum sem hafa verið fluttar hér í dag og þess vegna bíð ég mjög spennt eftir því að heyra hvað hæstv. dómsmrh. mun leggja til málanna, fagna því að hún hafi verið viðstödd og ég vona að hún beri þess vitni að það sem hér hefur verið lagt fram hefur verulega átt erindi til þingmannanna og ekki síður til ríkisstjórnarinnar allrar.

Frá því að framsaga var viðhöfð í þessu máli hefur hæstv. forseti, Halldór Blöndal, slegið málið út af borðinu beinlínis strax. Hann hefur sópað því út af borðinu í 1. umr. og það er óvanalegt. Vegna þess að þrátt fyrir allt er það svo að við þingmennirnir, ekki síst þingmenn stjórnarandstöðu, gagnrýnum frv. hvers annars við ráðherra sem eru að bera fram mjög pólitísk mál. En þetta mál er þess eðlis að ég átti von á því að menn mundu rökræða það frá ýmsum hliðum, leggja til að það væri vel skoðað, en að e.t.v. þyrfti að skoða aðra þætti jafnframt. Því er ekki að heilsa. Yfirlýsing kom um að þetta væri ekki nýtt mál. Forseti okkar vill nánari upplýsingar. Hann vill vita kostnaðinn. Og það kannski vekur okkur til umhugsunar um það hvort þingmál stjórnarandstöðunnar ættu að fá kostnaðarmat í fjmrn. eins og stjórnarfrv. Það er reyndar nýtilkomið að stjórnarfrv. fái slíkt kostnaðarmat, en þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar.

Hæstv. forseti vor vill líka styrkja starfsaðstöðu þingsins og efla þingið og það finnst mér ánægjulegt vegna þess að ég hef ítrekað gengið eftir því hvort við ættum ekki að reyna að ljúka vinnu okkar við þingsköp Alþingis af því við erum öll sammála um að þar þurfi að taka svolítið til hendinni. Það hefur hæstv. forseti vor ekki viljað gera. En hann leggur mikla áherslu á að það hafi verið mjög til bóta að lögfræðingar hafi verið ráðnir til þingsins. Og þá hlýt ég að minna á það, virðulegi forseti, að þegar ábendingar komu fram um að frv. sem hér var lagt fram sem stjórnarfrv. 1998 gæti brotið í bága við stjórnarskrá eftir að það mál kom úr nefnd og hafði fengið þar umfjöllun sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar og bentu á þetta, þá var þeirri athugasemd og þeirri gagnrýni sópað til hliðar í pólitískri deilu í þessum sal. Ég minnist þess ekki að nokkur maður hafi lagt það til að lögfræðingar á nefndasviði Alþingis ættu að fá það mál miðað við þessar ábendingar og koma með sínar sjálfstæðu athugasemdir um hvort þetta mál gæti hugsanlega brotið í bága við stjórnarskrá eins og hér voru færð rök fyrir og sem Hæstiréttur felldi reyndar síðar úrskurð um.

Þannig standa málin, herra forseti. Það eru innan við tvö ár síðan og reyndar erum við að tala þar um þingmál sem kom inn á þingið einn daginn og fór til nefndar, kallaðir voru til sérfræðingar og tveim dögum seinna var verið að krefja okkur um að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi. Lagasjúsk kalla Danirnir það. Ég ætla ekki að nota neitt orð um það sjálf hér. En þetta er m.a. það sem gerist. Þetta er hættan sem við stöndum frammi fyrir þegar mál eru sett með svo miklum hraða í gegnum þingið. Og meira að segja í þvílíkum deilum, mig minnir að sagt hafi verið að í 30 ræðum hafi sjö eða níu þingmenn varað við málinu, samt skyldi það keyrt í gegn og síðar var það sent í gegnum dómskerfið og afgreitt frá Hæstarétti.

Herra forseti. Það er í umræðu í skjóli slíkra atburða sem forsrh. kemur hér með þeim hætti sem hann valdi að koma með málflutning í málinu og vekur auðvitað athygli á því að málið er miklu heitara en þetta litla frv. gefur til kynna.

Herra forseti. Forseti Alþingis sem hér hefur talað nokkrum sinnum nefndi það máli sínu til stuðnings um

vilja sinn til að bæta vinnubrögð í Alþingi, að hann hafi nefnt það sl. vor að ekki þurfi að afgreiða öll frv. á vorþinginu. Það er rétt. Og hann fékk talsvert hrós hjá þeirri sem hér stendur fyrir það að sýna slíkt sjálfstæði. En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að setja fram þá varúð að telja að það fari nú e.t.v. eftir því hvaða mál það eru sem liggja fyrir vorþinginu og að mati viðkomandi ráðherra á því hvort þeir ætla að fá málin í gegn eða ekki, hvort hæstv. forseti setur fram slíka tillögu aftur á hverju vori, að ekki þurfi að afgreiða þau mál sem fyrir liggi.

Herra forseti. Vegna þeirra umræðna sem hafa farið fram um málið sjálft, þá ætla ég sérstaklega að árétta það fyrir þá sem kynnu að vera að hlýða á umræður á Alþingi, að með frv. er verið að leggja til að sett verði á stofn sérstakt lagaráð á vegum Alþingis, skipað af forseta Alþingis, til fjögurra ára í senn. Að ráðið skuli skipað mönnum er hafi embættispróf í lögfræði og skuli forsn. Alþingis sjálf velja einn, sem jafnframt sé formaður ráðsins, annar skuli tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, sá þriðji af Lögmannafélagi Íslands og hlutverk ráðsins sé að setja samræmdar reglur um *samningu lagafrv. og annan undirbúning löggjafarmála* sem snýr væntanlega að verklaginu hjá þingmönnum. Lagaráð skal jafnframt vera Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem Ísland er bundið af eða hvort *á frumvörpum séu lagatæknilegir ágallar.*

Auðvitað þýðir þetta á mæltu máli að sé það svo að við stjórnvöl í landinu sé ríkisstjórn sem hafi á því áhuga að setja lög sem standist stjórnarskrá og þá alþjóðlegu samninga sem meira að segja sú hin sama ríkisstjórn hefur e.t.v. lagt fyrir þingið og fengið staðfesta, þá hljóti sú ríkisstjórn að sækjast eftir því við lagaráð að litið sé á vafaatriði sem kunna að vera uppi í málinu eða að það sé sérstaklega skoðað hvort ekki sé alveg öruggt að slíkt frv. standist alþjóðasamninga sem ríkisstjórnin vill eiga aðild að.

Herra forseti. Þannig er bakgrunnur þess að Samfylkingin velur af þeim leiðum sem hún hefur skoðað, og hefur reyndar skoðað flestar þær leiðir sem hin þjóðþingin á Norðurlöndum hafa verið að taka til umræðu á liðnum árum, til að bæta vinnubrögð og lagasetningu á þingum sínum. Það er þess vegna sem Samfylkingin stendur að baki Bryndísi Hlöðversdóttur og öðrum þingmönnum sem eru flutningsmenn að þessu þingmáli og telja að þetta sé góð leið til að bæta vinnubrögðin hjá okkur.

Herra forseti. Í stuttu andsvari við ræðu forsrh. nefndi ég að haustið 1998 hefði danska þingið sett sérstaka ráðstefnu á hjá sér með stjórnmálamönnum og sérstökum sérfræðingum á lagasviði til að ræða hvernig þeir gætu gert betur. Það er danska þjóðþingið sem spyr sig: Hvernig getum við gert betur?

Ég sæi okkur setjast niður, stjórn og stjórnarandstöðu, að ræða málin á opinskáan hátt í viðurvist fjölmiðla um það sem er að og það sem betur má fara og leita leiða saman, bestu leiða til úrbóta. Nei, það mundi ekki gerast hér. Hér *ræður stjórnarmeirihlutinn öllu. Öllu.*

Það er nákvæmlega, eins og forsrh. vísaði til, það eina sem ég get tekið undir í ræðu hans að hér hafa ekki starfað minnihlutastjórnir. Með því að minnihlutastjórnir séu við völd myndast agi og myndast samráð við aðra flokka á þingi. Minnihlutastjórn þarf nefnilega að hafa samráð við hvern einasta flokk um framgang mála. Þá myndast hefð fyrir vinnubrögðum sem eru yfirleitt til fyrirmyndar. Þar sem ráðgast er á milli þeirra sem flytja málin, ríkisstjórnarinnar, og þeirra sem eiga að afgreiða málin frá sér sem lög, þingsins. Samráð myndast og vilji til góðrar vinnu sem þekkist ekki á þingi eins og okkar þar sem mikill meiri hluti hefur viðgengist og þar sem ríkisstjórn fer að líta á þingið sem eigin eign sem stjórni því hvernig lög eru sett og við hvaða aðstæður, og sem sópar út af borðinu fyrir fram hugmyndum um úrbætur og sem slær á það þegar umræða kemur upp í kjölfar heimsóknar sérfræðinga, um að lög brjóti hugsanlega í bága við stjórnarskrá, vegna þess að slík ríkisstjórn er orðin dekruð, e.t.v. spillt af hinum mikla meiri hluta sem hún býr við og sem styður hana í hverju sem hún tekur sér fyrir hendur og í hvaða vinnubrögðum sem hún leyfir sér að viðhafa.

Á þeirri ráðstefnu, sem ég er að vísa til í danska þinginu, kom fram að danski forsætisráðherrann setti fram margar tillögur um það hvernig mætti bæta gæðin í lagasetningunni, m.a. að frv. yrðu lögð fram að svo miklu leyti sem mögulegt væri í upphafi þings á haustin, þannig að stjórnmálamennirnir fengju góðan tíma til að vinna með þau áður en þau yrðu gerð að lögum. Jafnframt að dómsmálaráðuneytum í þessum löndum er falið að fara yfir öll frv. til að kanna hvort þau séu í samræmi við aðra lagasetningu. Í þessu tilfelli var dómsmálaráðuneytinu falið að meta hvort íbúarnir gætu örugglega meðtekið lögin og skilið textann og ríkisstjórnin *ákvað að auka mjög sérfræðiþekkingu í lagasetningu í öllum* ráðuneytunum. Jafnframt skyldu frv. vera sett á netið um leið og þau væru send til umsagnar til bæði stofnana og annarra umsagnaraðila. Þetta væri að sjálfsögðu til eftirbreytni á Alþingi sem fær frv. einn daginn og er krafið um að afgreiða það hinn daginn og því er sópað *til hliðar þegar* gagnrýni kemur upp um að slíkt máli brjóti e.t.v. í bága við stjórnarskrá.

Svo er komið hér með faglegt og gott mál um lagaráð, sem er sú leið sem flest þjóðþingin eru að ræða núna, og sem danska þingið er að ræða núna, tveimur árum eftir ráðstefnuna sem ég er að vísa til. Slíku frv. er bara sópað til hliðar og engin efnisleg umræða fæst nema e.t.v. dómsmrh., sem hefur hér hlýtt á umræðuna, brjóti í blað með því að fara í efnislega umræðu um það hvað við þurfum að gera til að gera betur.

Herra forseti. Mjög fróðlegt hefur verið að fara yfir þær upplýsingar sem er að fá þegar maður skoðar hvað er að finna á netinu frá þjóðþingunum um vinnuna þar um að gera þjóðþingin og vinnu þeirra og lagasetninguna markvissari og að sérstaklega lög séu af þeim gæðum að fólk afgreiði þau kinnroðalaust.

Ég vil líka taka það fram að menn þora þar að fara í opinn „debatt" eins og maður segir, á milli þingsins og ríkisstjórnarinnar. Þannig gerðist það að formaður þingflokks sósíaldemókrata, sem er langstærsti flokkurinn, var með miklar hugmyndir um hvernig bæta mætti stöðuna í þinginu og gæðin í lagasetningu og setti það óspart fram á slíkum opnum fundi þrátt fyrir það að stjórnarliðarnir í hans eigin flokki væru kannski ekki tilbúnir til þess að gera tillögur hans allar að sínum. Þá strax var sá einstaklingur með hugmyndir um lagaráð. Nú virðast menn vera opnari fyrir því en fyrir tveimur árum.

Herra forseti. Núna, líkt og á síðasta ári, eru Danir enn að ræða það að bæta stöðu *þingsins og lögin frá þinginu* og þá ber lagaráð hæst. Af hverju skyldi það vera að Danir séu að skoða það að fara sömu leið og hefur reynst vel

hjá sumum öðrum þjóðþingum? Af hverju skyldu Danir að vera að skoða það að bæta þingið hjá sér? Af hverju skyldi vera ástæða til þess fyrir okkur að vilja gera jafnframt slíkar úrbætur? Jú, það er vegna þess að miklar breytingar hafa orðið á liðnum árum. Það hafa orðið miklar breytingar í alþjóðasamfélaginu, í samskiptum okkar við aðrar þjóðir við það að við erum að yfirtaka alþjóðasamninga, við það að við höfum verið að endurbæta stjórnarskrá okkar og setja þar ákvæði sem skipta miklu máli. Þá getum við ekki leyft okkur að hafa þau vinnubrögð að hvert mál sé afgreitt sérstætt og fyrir sig án þess að það sé skoðað hvort það brjóti í bága við eitthvað af því sem hér hefur verið nefnt.

Þetta hefur líka verið að gerast hjá vinum okkar Dönum. Það hefur líka verið að gerast hjá þeim að það hefur verið gagnrýnt af forseta hæstaréttar í Danmörku að of mörg mál komi til hæstaréttar sem varði réttindi íbúanna af því menn hafi ekki vandað sig í lagasetningu. Það er því ekki bara hér hjá okkur sem þetta hefur gerst en ólíkt höfumst við að. Ólíkt höfumst við að þegar þar er kvartað við þingið af hálfu hæstaréttar og sagt að nú þurfi þingið að gera betur og vanda sig við lagasetninguna á meðan að hjá okkur eru öðruvísi umsagnir gefnar af þessum mikla dómstóli.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja sem innlegg mitt í þessa umræðu og harma að forseti Alþingis, sem á að vera mest áfram um að þingið skili sínu verki, ekki bara bærilega, heldur með besta móti, og á að vera mest áfram um að hér séu gerðar þær breytingar sem þarf til þess að lagasetning sé hafin yfir alla gagnrýni, og að forsætisráðherrann, oddviti ríkisstjórnarinnar, skuli koma inn í umræðuna með þeim hætti sem þeir tveir hafa gert hér í dag.

[16:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað nokkuð sérstakt að kallað sé eftir áliti ráðherra við 1. umr. um frv. en fyrst að eftir því hefur verið kallað þá hef ég ákveðið að víkja stuttlega að því máli sem er til umræðu. En auðvitað er það allshn. venju samkvæmt að fjalla um málið.

Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ég ber fullt traust til forseta þingsins, Halldórs Blöndals, og mér finnst mjög sérstakt hjá hv. þm. að koma með þessar ásakanir í hans garð. Ég tel að hann gæti mjög vel að hag þingmanna og mér finnst rétt að ítreka það.

Þá var áðan líka rætt af hálfu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um minnihlutastjórnir. Mér fannst mjög sérstakt að það var eins og hún talaði þannig að hún saknaði þess að ekki væri slíkt fyrirkomulag hér á landi en það er auðvitað staðreynd að það er ekki hefð samkvæmt íslenskri stjórnskipun að hér starfi minnihlutastjórnir. Ég tel að hv. þm. eigi ekki að gera lítið úr hlutverki sínu á hinu háa Alþingi, það er auðvitað ákaflega mikilvægt.

Að ýmsu leyti hefur þetta verið ágæt umræða og ýmsar ábendingar hafa komið fram, m.a. hefur verið bent á að starfsaðstaða þingmanna hefur stórbatnað á síðustu árum. Ég þekki vel til þessara mála eftir að hafa verið í nefndastarfi um árabil. Það þarf auðvitað að gæta að því að það sé vel staðið að verki í vinnu frumvarpa. Ég leyfi mér raunar að fullyrða að svo sé. Þar sem ég þekki til í dóms- og kirkjumrn. er vandað mjög vel til stjórnarfrv., raunar er það almennt í þeim málum sem ég hef kynnst á vegum ríkisstjórnarinnar. En varðandi dómsmrn. er rétt að geta þess að það eru sérstakar nefndir sérfræðinga starfandi. Ég nefni til réttarfarsnefnd, refsiréttarnefnd og sifjalaganefnd. Það er ákaflega mikilvægt að sérfræðingar á þeim sviðum sem þar er fjallað um komi að samningu slíkra frv.

Nokkuð hefur líka verið rætt um hlutverk umboðsmanns Alþingis sem er auðvitað mjög mikilvægt. Áðan var minnst á það að þegar hann kemur með ábendingar sínar um meinbugi á lögum hefur hann vísað þeim ábendingum til allshn. sem hefur tekið við þeim og komið þeim athugasemdum aftur á framfæri við ráðuneytin sem hafa alla jafna brugðist vel við.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmönnum að það þarf að gæta mjög vel að í þessum málum, það þarf að vanda vel til löggjafar.

En það er nokkuð erfitt að átt sig á því hvað átt er við þar sem segir í frv. að setja skuli „samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála“. Og bent hefur verið á það að ólíklegt virðist að þingmenn og ráðherrar væru tilbúnir til að sæta því að þurfa að fara eftir hugmyndum einhverrar nefndar um það hvernig þeir eigi að bera sig að áður en þeir leggja frv. sín fyrir Alþingi.

Í athugasemdum með frv. er að því vikið að allt frá árinu 1929 hafi verið í gildi lög um laganefnd en þar er um að ræða þriggja manna nefnd sem forsrh. er veitt heimild til að skipa en starfssvið nefndarinnar er afmarkað með svipuðum hætti og lagaráði því sem nú er lagt til að stofna. En ekki er vitað til að nokkur ríkisstjórn hafi nýtt sér þessa heimild heldur hefur venjan verið sú að þegar ástæða hefur þótt til hafa verið kallaðir til þeir menn sem best hafa þótt til þess fallnir að koma að samningu einstakra frv.

Rétt er að benda á að í skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. júní 1998, var lagt til að tekið yrði til athugunar hvort ekki væri ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands.

Í skýrslum nefndarinnar er bent á að annars staðar á Norðurlöndum sé það liður í starfi þeirra ráðuneyta sem almennt fara með stjórnarfar, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafi með höndum að fara yfir stjórnarfrv. og kanna m.a. hvort lagatæknilegir hnökrar séu á þeim, auk þess sem kannað er hvort frv. eru samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrár. Í Danmörku og Noregi er það einmitt þannig. Eitt af hlutverkum lagadeildar danska dómsmálaráðuneytisins er að fara yfir lagafrv. annarra ráðuneyta.

Ég er þessu sammála og er því sammála hæstv. forsrh. um að að þessu athuguðu virðist nærtækara og í betra samræmi við það sem þekkist annars staðar á Norðurlöndum að horft verði til þess að efla lagaskrifstofu á vegum Stjórnarráðsins eða standa fyrir sérstöku átaki í því sambandi með það fyrir augum að lagafrv. fái vandaða lögfræðilega skoðun áður en þau eru lögð fyrir Alþingi.

Hæstv. forsrh. hefur farið vel yfir þetta mál og hvernig staðið er að samningu lagafrv. af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hann hefur einmitt tekið undir að vanda mjög vel til verka í því sambandi. Í umræddri skýrslu sem hæstv. forsrh. kynnti fyrir þinginu, hann stóð fyrir því að sú skýrsla var vel úr garði gerð eins og hv. þm. hafa séð, það er sérstök bók, var lagt til að slík lagaskrifstofa yrði á vegum Stjórnarráðsins en ekki lagaráð á vegum Alþingis. Hæstv. forsrh. nefndi ýmislegt um hvernig farið væri með ýmis sérákvæði í stjórnarfrumvörpum, hvernig þau væru yfirfarin sérstaklega og nefndi til ýmis ráðuneyti í því sambandi, t.d. fjmrn. og dómsmrn.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi koma á framfæri á þessu stigi málsins, hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan,

að það er að sjálfsögðu hv. allshn. Alþingis sem fer yfir þetta mál. Ég tel hins vegar gagnlegt að þessi umræða eigi sér stað. Það er auðvitað rétt og skylt fyrir þingmenn að velta fyrir sér hvernig staðið er að málum hér á löggjafarþinginu. Almennt held ég að segja megi að Ísland standi þar nokkuð vel að vígi. Telji menn að það þurfi að bæta eitthvað þar úr þá tel ég heppilegra að nálgast málið með því að koma á lagaskrifstofu á vegum Stjórnarráðsins.

[16:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa hér í ræðu sinni farið yfir viðhorf sín til hinna ýmsu leiða sem nefndar hafa verið í þessari umræðu. Þó að hún tæki ekki undir tillögu okkar um lagaráð á þessari stundu þá var svolítið annar tónn í ræðu hennar en við höfum mátt venjast frá því fyrr í dag.

Varðandi athugasemd hennar um minnihlutastjórnir þá vil ég árétta að ég tók undir eitt sjónarmið hjá forsrh., nefnilega að minnihlutastjórnir gera það að verkum að meira samstarf verður í þinginu eðli málsins samkvæmt. Ekki bara það, þegar mikið samstarf er í þinginu á milli stjórnar og stjórnarandstöðu þá sýna menn virðingu í samskiptum við aðra, sem er farið að skorta talsvert á núorðið í þinginu, vegna þessa umtalsverða samráðs sem þarf að viðhafa.

Ég verð, herra forseti, að geta þess að það var allt annað vinnulag þegar ríkisstjórnin á undan þessari var við völd og e.t.v. má skýra það með hinum nauma meiri hluta sem hún hafði. Ég vil sérstaklega taka fram að ég sakna þess ekki að hér hafi ekki verið við völd eða hafi ekki tíðkast minnihlutastjórnir þó að ég vilji að við höfum vandaðri vinnubrögð og meira samráð. Ég get meira að segja upplýst að ég er sannfærð um að ég og félagar mínir munum verða aðilar að og mynda næstu ríkisstjórn og að það verður meirihlutastjórn.

[16:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er eiginlega orða vant. Ég átti ekki von á að þurfa að koma hér upp í andsvari og segja til um hver mundi mynda hér stjórn eftir næstu kosningar. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi þá í huga að vanda þurfi mjög vel til allra mála og hæstv. ríkisstjórn muni gæta vel að stöðu stjórnarandstöðunnar.

Út af orðum hv. þm. vil ég segja að ég þekki vel til starfa hér í nefndum þingsins. Ég veit að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa mikil áhrif. Ég vil ítreka það sem ég sagði í ræðu minni áðan, að mér finnst að þeir ættu ekki að gera lítið úr hlutverki sínu. Ég held að það sé verst fyrir þá sjálfa.

[16:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að tjá þingheimi þá skoðun sem hún hefur til þessa litla máls sem við höfum rætt hér í dag.

Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt að eftir því sé leitað að hæstv. dómsmrh. tjái sig um þetta mál, einkanlega sökum þess að á undanförnum vikum og jafnvel mánuðum hefur verið talsvert mikil umræða í samfélaginu um þá valdskiptingu sem hér ríkir, hvernig hún er framkvæmd og hver staða þingsins er í því öllu saman. Það er því ekki undarlegt þótt eftir því sé leitað að hæstv. dómsmrh. komi hér og tjái skoðun sína á málinu, ekki nema hæstv. ráðherra ætli að gera það í 2. umr., þ.e. þegar málið er komið úr nefnd. Vel má vera að hæstv. dómsmrh. reikni með því, í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, að meiri hlutinn muni styðja að málið komist úr nefnd að nýju.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað hún hafi átt við þegar hún orðaði það svo að þingmenn væru að gera lítið úr hlutverki sínu í umræðunni sem fram hefur farið í dag. Ég vil að hæstv. ráðherra útskýri það.

Í öðru lagi vil ég að hæstv. ráðherra útskýri það viðhorf sitt að löggjöf sé betur fyrir komið á skrifstofum Stjórnarráðsins en á hinu háa Alþingi þar sem lögin eru þó sett enn sem komið er.

[16:53]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða fyrir því að ég tek svo til orða. Þar lít ég fyrst og fremst til ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hún ítrekaði að það væri gert lítið úr þingmönnum á hinu háa Alþingi og ekki haft samráð við þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Það er einfaldlega þannig, ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson viti það jafn vel og sú sem hér stendur, að leikreglur lýðræðisins gera það að verkum að hlutverk stjórnarandstöðunnar er mjög mikilvægt. Þess vegna tók ég svona til orða.

Þá skoðun mína varðandi eftirlit og samræmingu lagafrv., að því sé betur fyrir komið innan Stjórnarráðsins, byggi ég m.a. á því að ég tel að heppilegra að lagafrv. komi þannig útbúin til þingsins, þegar rætt er um stjórnarfrv., að ekki sé hægt að efast um lögfræðilegt innihald þeirra. Það er síðan þingsins að takast á um pólitískt innihald þeirra en það er allt annað mál.

[16:55]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það megi segja ýmislegt um hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur en að hún hafi tjáð sig þannig hér í þessum ræðustól, talað um að lítið væri gert úr þingmönnum, er alrangt. Hv. þm. er oft á tíðum gagnrýnin á þau vinnubrögð sem hér viðgangast en að hún hafi lýst því yfir að þingmenn gerðu lítið úr sér með slíkri umræðu er algjörlega fráleitt. Ég vil mótmæla þessu harðlega. Ég verð, virðulegi forseti, reyndar að játa það að ég skildi ekki svar hæstv. dómsmrh. við spurningu minni um hvað hún ætti við.

Ég vil jafnframt fylgja eftir seinni spurningunni sem ég spurði hæstv. ráðherra. Hún laut að því hvers vegna eftirliti með góðri löggjöf, ef svo má að orði komast, er betur komið fyrir í Stjórnarráðinu en á hinu háa Alþingi. Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að það er ekki mjög líklegt að skrifstofa sem heyrir undir einstakan ráðherra muni senda frá sér álit þar sem tekið væri fram að tiltekin löggjöf, þ.e. tiltekin pólitík eða tiltekin hugmyndafræði ráðherrans sem réði yfir slíkri skrifstofu, standist ekki stjórnarskrá eða alþjóðasamninga. Ég held að það sé heldur ólíklegt. Þess vegna erum við með frv. því sem hér er til umræðu að leggja til að auka og efla hlutverk þingmanna. Út á það gengur þessi tillaga. Þess vegna vil ég mótmæla harðlega yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um að með þessari umræðu séu þingmenn að gera lítið úr hlutverki sínu.

[16:57]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að það er afar sérstakt að hv. þm. telji sig þurfa að svara fyrir samstarfsmann

sinn, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Ég veit að hún er fullfær um að gera það sjálf.

Hann ætti ekki að snúa út úr þeim orðum mínum að hv. þm. stjórnarandstöðunnar ættu ekki að gera lítið úr hlutverki sínu. (Gripið fram í.) Það tel ég ákaflega mikilvægt, hæstv. forseti, að hv. þm. hafi í huga.

Ef hv. þm. hefur ekki skilið fyrra svar mitt er ég ekki viss um að ég geti bætt úr með því að svara aftur. Ég held að ég hafi skýrt þau sjónarmið mín og hvers vegna ég tel eftirliti með lagafrv. betur fyrir komið innan Stjórnarráðsins. Síðan virðist hv. þm., sem er lögfróður maður, alveg hafa gleymt hlutverki dómstóla í að meta löggjöfina.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Aðgöngugjöld að þjóðgörðum, 470. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 749.

Áframeldi á þorski, 465. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 744.

Ályktanir NASCO, 238. mál, svar utanrrh., þskj. 707.

Flutningur verkefna eða stofnana til landsbyggðarinnar, 463. mál, fsp. KLM, þskj. 742.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 175. mál, nál. iðnn., þskj. 733; brtt. iðnn., þskj. 734.

Lög um vernd og nýtingu erfðaauðlinda, 464. mál, fsp. MF, þskj. 743.

Löndun á þorski erlendis og stærðarflokkun þorskaflans á árunum 1930–80, 335. mál, svar sjútvrh., þskj. 679.

PCB-mengun í Reykjavík, 469. mál, fsp. KF, þskj. 748.

Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða, 467. mál, fsp. KolH, þskj. 746.

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða, 471. mál, fsp. DSigf, þskj. 750.

Stangveiði í ám, 182. mál, svar landbrh., þskj. 673.

Vegalög, 462. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 738.

Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi, 468. mál, fsp. KolH, þskj. 747.

[17:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fram hefur farið um þetta mál í dag hefur um margt verið merkileg og fróðleg. Einkanlega hafa viðbrögð hv. þm. Sjálfstfl., hæstv. forsrh., hv. 1. þm. Norðurl. e., og nú síðast hæstv. dómsmrh., sem lengstum hélt þó haus í þessari umræðu, og kom þannig fram af yfirvegun og festu en þegar á leið datt hún í sama farið og þeir hinir tveir áðurnefndu gerðu í umræðunni.

Það er virkilega umhugsunarefni, virðulegi forseti, þegar við ræðum í raun og veru jafnlítið mál og það að hv. Alþingi reyni að bæta vinnubrögð í störfum sínum. Út á það gengur málið. Þetta er lítil hugmynd um það að setja á fót lagaráð við þingið sem hefði það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrv. og annan undirbúning löggjafarmála. Þegar jafnlítið mál og þetta, þ.e. að Alþingi bæti vinnubrögð sín, er sett fram að þá skuli viðbrögðin vera á þann veg sem við höfum orðið vitni að í dag. Hér hafa bæði hæstv. forsrh. og hæstv. forseti þingsins komið fram með orðræður sem vart verða skildar öðruvísi en svo að þeir eru reiðir. Ég held, virðulegi forseti, að ekki hafi verið hægt að ráða neitt annað af málflutningi þeirra en að þeir séu ósáttir og að þeir hafi líka flutt mál sitt með þeim hætti.

Sú hugmynd sem hér er lögð fram er ekki fullkomin frekar en aðrar hugmyndir sem bornar eru fram á hinu háa Alþingi, langur vegur þar í frá, og þar má án efa bæta ýmislegt. En þegar nokkrir þingmenn leggja fram hugmynd um að bæta vinnubrögð þingsins að þá skuli því vera mætt með slíku viðmóti sem við höfum orðið vör við í dag. Ekki hefur verið nokkur leið að ræða þetta við þá hv. þm. stjórnarliðsins sem hafa talað í dag því að öll umræða þeirra hefur gengið út á það að snúa út úr og finna að og jafnvel grípa til setninga sem eru í frv. og leggja út af þeim þó að flestum sé kunnugt um hvað í þeim felst og hvert efni þeirra er.

Það er því dálítið erfitt, virðulegi forseti, að átta sig á hvert viðhorf hv. þm. stjórnarliðsins er til bættra vinnubragða á hinu háa Alþingi. Það er alveg ljóst og hefur ætíð verið ljóst að milli Stjórnarráðsins og Alþingis hefur verið togstreita. Sú umræða er ekki ný af nálinni. Sú umræða er margra alda gömul. Í gegnum söguna hafa verið háðar byltingar vegna þess að menn hafa verið ósáttir við hvernig með valdið er farið. Alltaf hefur verið togstreita milli þeirra sem með völdin fara og því hvernig völdunum er skipt. Það sem hér er verið að leggja til er að bæta vinnubrögð þingsins. Það er verið að leggja til að styrkja þingið. Það er verið að leggja til að styrkja einn valdþáttinn í ríkisvaldinu, Alþingi. Þá er brugðist við með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að í dag. Menn leyfa sér það jafnvel að hreyta í menn án þess að ávarpa þá eins og hv. þingmönnum ber að gera. Spurt er: Af hverju er verið að leggja til að bæta vinnubrögðin með þessum hætti? Af hverju er ekki nóg að Stjórnarráðið sjái um þetta? Þessi viðhorf komu bæði fram hjá hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að sáralítill vilji er til að styrkja þingið. Það hefur líka komið fram í umræðunni og það oftar en einu sinni að mistök í lagasetningu eru meiri hér en annars staðar þekkist. Vissulega erum við fámenn og vissulega höfum við kannski ekki alveg sömu tök á því að fjalla jafnítarlega um mál eins og gerist í þjóðþingum annarra landa. En við getum hins vegar lagt til að reyna að bæta vinnubrögðin og það er verið að leggja til hér. Þetta er ein margra hugmynda sem grípa má til í þeirri viðleitni að reyna að bæta vinnubrögðin. En því er svarað af offorsi.

Ég ætla að vitna til ummæla hæstv. forsrh. frá því fyrr í dag þar sem hann las upp úr einni setningunni í 1. gr. þess frv. sem við ræðum um það hvort frumvörp standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Spurt var með hneykslun hvort þeir hv. þm. sem stæðu að þessu máli gerðu sér ekki grein fyrir því að munur væri á stjórnarskrá og alþjóðasamningum.

Af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, eru notuð tvö orð um þetta, annars vegar stjórnarskrá og hins vegar alþjóðasamningar, það er vegna þess að þetta er ekki eitt og hið sama. Það er kannski ekkert skrýtið að það sé gert því að stjórnarskráin hefur kannski verið einhver erfiðasti andstæðingur þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Svo kom hæstv. forsrh. og hélt því fram að það væri engin umræða um pólitík hvernig farið væri með valdið. Það er sennilega einsdæmi að það sé ekki pólitískt á hvern hátt valdinu er skipað, hvernig með valdið er farið. Menn hafa sennilega barist í byltingum á árum áður og öldum af tómum misskilningi, þetta var allt saman tómur misskilningur. Þetta snerist allt um hvort átti að malbika Faxastíginn fyrst eða Grundarstíginn. Þetta hafi bara verið forgangsröðun á einhverjum aurum, þetta sé ekki pólitík. Það sé engin pólitík hvernig valdinu er skipt á milli valdsþátta.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að sú umræða sem hefur farið fram í dag út af þessu litla máli verði lengi í minnum höfð.

Ég hafði orð á því áðan við einn hv. þm. að það var eins gott að við vorum ekki fjögur á þessu máli. Það hefði aldeilis

skapað taugaveiklun hjá ríkisstjórninni ef við hefðum verið fjögur.

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég fæ með engu móti skilið af hverju hæstv. forseti þingsins og hins vegar oddviti ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., skuli bregðast svona við. Síðan kom hæstv. dómsmrh. í lokin og lýsti yfir eitthvað á þá leið að við skildum ekki hlutverk dómstóla. Það var sem sagt svarið við því að við vildum bæta vinnubrögðin á hinu háa Alþingi, að við áttuðum okkur ekki á hvert væri hlutverk dómstóla.

Virðulegi forseti. Hvernig á að halda uppi umræðu um þessa hluti þegar brugðist er við á þennan hátt? Hvernig í veröldinni eiga hv. þingmenn að geta komið fram með hugmyndir um það á hvern hátt megi bæta vinnubrögðin hér, á hvern hátt megi styrkja þingið, á hvern hátt megi styrkja lýðræðið, sem er án nokkurs vafa mikil pólitík og ekki síðri en það hvaða götur eigi að malbika fyrst, þegar viðbrögðin eru á þann hátt sem raun ber vitni?

Ég skal alveg kaupa þá röksemd að hæstv. ráðherrar vilji viðhalda völdum sínum. Það er í sjálfu sér ofur eðlileg röksemdafærsla, ég skal alveg kaupa hana. En það er ekki ástæða til að mæta hér og haga sér á þann hátt sem þessir hv. þm. hafa gert í ræðustólnum í dag.

Þá ekki síður það, virðulegi forseti, að í þeirri umræðu sem hefur farið fram hefur komið skýrt fram að við erum að leggja til að við þingið starfi ráð sem geti aðstoðað þingið í vinnu sinni og reynt að tryggja eins og kostur er vönduð vinnubrögð. Hér er ekki verið að leggja til eins og — gott ef það var ekki hæstv. forseti, nei hæstv. forsrh., ég man nú kannski ekki hvor sagði hvað enda kannski ekkert skrýtið — annar hvor þeirra, hæstv. forseti eða hæstv. forsrh., orðaði það á þá leið að ef settar væru reglur um það á hvern hátt ætti að vinna að löggjöf þá færi það í bága við stjórnarskrána. Hann nefndi reyndar ekki ákvæðið. En ef hér yrðu settar einhverjar reglur á þá leið að vanda vinnubrögðin þá færi það bara í bága við stjórnarskrána. Ég veit ekki hvaða ákvæði stjórnarskrárinnar hv. þm. átti við, það er ekki gott að segja.

En ég vil þó tiltaka sérstaklega vegna þessara ummæla að hv. 1. flm. þessa máls, Bryndís Hlöðversdóttir, lýsti því yfir að ástæða þess að hugmyndin sem hér er verið að leggja fram væri orðuð jafnopin og raun ber vitni er sú að menn væru ekki að binda sig um of þegar menn væru að fara af stað með þessa hugmynd heldur gætu jafnvel látið verklagið móta hana hvernig hún yrði unnin. Ekki er nokkur vafi á því að þar hefði forsn. þingsins mikil áhrif á hvernig vinnubrögð lagaráðs yrðu mótuð. Einu athugasemdir sem þaðan komu voru þær: Af hverju megum við ekki skipa þrjá? Af hverju eigum við bara að skipa einn? Þar með var þetta fallið um sjálft sig. Það var bara eitthvert fólk úti í bæ sem átti að tilnefna í þetta lagaráð. Það var allur áhugi oddvita forsn. á málinu.

Virðulegi forseti. Það litla mál sem við ræðum í dag hefur þó dregið það fram að mjög lítill áhugi er á því að styrkja þingið að öðru leyti en að byggja einstakar hallir. Það var dálítið skrýtið, virðulegi forseti, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. kom upp og spurði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að því hvað það kostaði að samþykkja þetta. Manni varð nú litið út *um gluggann á höllina hérna hinum megin* við Austurvöll. Kannski hefði mátt taka eitthvað af þeim kostnaði.

Eins og ég lýsti hér áðan, virðulegi forseti, þá er þessi hugmynd skilin eftir dálítið opin til þess að ef hún yrði að veruleika, sem ég get nú vart ímyndað mér eftir þá orðræðu sem hér hefur farið fram í dag, þá gætu menn mótað það dálítið í vinnunni hversu víðfeðm starfsemin yrði og þar af leiðandi um leið hversu kostnaðarsöm hún yrði. (Gripið fram í.) Þess utan er ég sannfærður um að bætt vinnubrögð mundu þegar til lengdar lætur spara heilmikið og kannski með því borga tvær hallir, hver veit eitthvað um það?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla meira um þetta mál enda hefur verið gerð nokkuð ítarleg grein fyrir því. En erindi mitt í ræðustól var fyrst og fremst til þess að fjalla um þau viðbrögð sem það mál sem við ræðum hér, sem fjallar um bætt vinnubrögð, hefur fengið frá oddvita hæstv. ríkisstjórnarinnar og hæstv. forseta Alþingis.

[17:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki oft sem flutningsmenn eru í málþófi um eigið frv. eins og er í þessu máli.

Það var eftirtektarvert við ræðu hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvíks Bergvinssonar, að hann forðaðist eins og heitan eldinn að víkja nokkurn tíma að frv. sjálfu og hvaða breytingum það mundi valda. Hann var með upphróp eins og t.d. að ýmsir okkar vildu ekki bæta vinnubrögð Alþingis, sem hann sjálfur veit að er fullkomlega rangt. Satt að segja er undarlegt að hv. þm. skuli telja það trúverðugt fyrir sjálfan sig að endurtaka hér ósannindi af þessu tagi. Ég hygg að enginn vafi sé á því að ég hafi nokkru oftar en hann tekið það mál upp hér á Alþingi hvernig hægt sé að bæta vinnubrögð þess. Ég hygg að það sé líka ljóst að ég hafi nokkru oftar en hann setið í nefndum Alþingis og rætt þar um hvernig hægt sé að bæta vinnubrögð nefnda. Mér finnst þannig undarlegt að hann skuli halda slíku fram og halda að hann með því geti fegrað málstað sinn.

Annað sem vakti athygli mína er að hv. þm. vék að því að við hefðum gert athugasemdir við 1. mgr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála."

Hið eina efnislega sem hann sagði um þessa setningu var að hann vildi láta verklagið móta hvernig þessi hugmynd væri unnin. Hann sagði að hér væri sett fram hugmynd um hvernig ætti að bæta vinnubrögð á Alþingi og bætti síðan við að verklagið ætti að móta hvernig hugmyndin yrði unnin. Það væri kannski gott að fá gleggri vitneskju um þennan þankagang, hvernig hann hugsaði sér verklagið og hvernig hann hugsar sér að þetta eigi að ganga fyrir sig.

[17:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umræðan breytist ekki mikið eftir því sem á daginn líður hjá hv. fulltrúum meiri hlutans.

Ég sagði í ræðu minni áðan, og það hefur komið fram í ræðu hv. frsm., að það væri engin tilviljun að þetta mál *væri skilið eftir jafnopið og raun ber vitni. Hins vegar lagt* upp með ákveðinn farveg, hugmynd um hvernig megi bæta vinnubrögð þingsins. Það er ekki útfært í þaula og hugsunin var heldur ekki sú að útfæra það í þaula. Það kom mjög skýrt fram hjá 1. flm. þessa máls.

Hins vegar er tiltekið að sett skuli á fót þriggja manna lagaráð sem hægt sé sé að fá aðstoð hjá við undirbúning mála, leita til þegar um það er deilt hvort mál fái staðist stjórnarskrá og alþjóðasamninga og tekið fram að vinnubrögð af þessum toga þekkjast víða erlendis. Það mætti leita eftir því hvernig þeim vinnubrögðum yrði háttað verði frv. að lögum.

Það sem fyrst og fremst hefur vakið athygli í þessari umræðu í dag eru viðbrögðin við því litla máli sem hér er rætt, viðbrögðin við því að hér er komin fram hugmynd um hvernig megi bæta starfsemi þingsins. Við því er brugðist með þeim hætti sem raun ber vitni og gerð krafa um að það sé útfært í þaula, kannski upp á krónur og aura, hvað það kostaði ef þetta yrði að lögum. Ég hef aldrei áður heyrt, virðulegi forseti, að gerð sé krafa til þess að þingmenn hafi reiknað niður í krónur og aura hvað það kosti ef tiltekið frv. verður að lögum.

Ég ætla þó að leyfa mér að fullyrða að verði frv. þetta að lögum þá muni það spara ríkissjóði mikið fé.

[17:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og áður að hv. þm., þó lögfræðingur sé, fæst ekki til að ræða efnislega um 1. gr. frv.

Hvað er átt við með því að lagaráð skuli hafa það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrv. og annan undirbúning löggjafarmála? Hver á að vera bundinn af þessum samræmdu reglum? Hver á að staðfesta þessar samræmdu reglur? Eiga þessar samræmdu reglur að binda þingmenn? Hvað þýðir þetta?

Um þetta fæst hv. þm. ekki frekar en aðrir flutningsmenn til að tala í alvöru, sem varla er von því að þessi setning er satt að segja hálf dularfull. Hann segir að hún sé opin, opin í merkingunni merkingarlaus eða eitthvað því líkt.

Ég hlýt líka að vekja athygli á öðru. Við höfum unnið að því að styðja hér nefndasviðið með því að fjölga lögfræðingum og bæta starfsaðstöðu þeirra. Ég lýsti því yfir hér í ræðu fyrr í dag að ég vildi vinna enn frekar að því. Hv. þm. var hér inni þegar ég lýsti þessu yfir. Nú stendur hann hér upp hvað eftir annað og lýsir því yfir að ég vilji ekki styrkja löggjafarstarf Alþingis eða undirbúning og vinnslu frv., gagnstætt því sem ég hef sagt. Auðvitað má velta því fyrir sér hvað þýði yfir höfuð að ræða við þingmenn sem haga málflutningi sínum þannig.

Annað vil ég líka benda á. Ef lagaráð Alþingis er sett þá hlýtur það að vera lagt til grundvallar að Alþingi hafi sjálft um það að segja eftir hvaða starfsreglum það vinnur. Hér er gert ráð fyrir því að tveir lögfræðingar, sem aðilar úti í bæ ráða hverjir eru, skuli hafa meiri hluta í lagaráði og ráða þeim starfsreglum sem hér er talað um, að þeir skuli setja samræmdar reglur um samningu lagafrv., menn úti í bæ.

[17:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við höfum rætt þetta mál í fjóra klukkutíma. Allan þann tíma hefur legið skýrt fyrir að tillagan gerir ráð fyrir ráðgefandi ráði. Ekki því að ráðið setji lög sem hugsanlega fari gegn stjórnarskrá, sem mér heyrðist hæstv. forseti vera að reyna að ýja að hér áðan. Ekki að það setti reglur sem einhver væri bundinn af, frekar en af áliti umboðsmanns sem hæstv. forseti ætti nú að þekkja. Þar er ekki bindandi úrskurður. Hér á ferðinni hugmynd um að setja á stofn ráðgefandi ráð sem hafi það hlutverk helst og markmið að bæta vinnubrögð hér á hinu háa Alþingi. Allt og sumt.

Í dag hefur verið rætt um þetta mál. Það hefur ekki verið sérstaklega til umræðu hvort bætt hafi verið við starfsfólki í nefndadeild. Það hefur ekki verið á dagskránni. Við erum búin að ræða þetta tiltekna mál sem hefur það markmið að setja á fót ráðgefandi nefnd til að bæta vinnubrögð Alþingis. Viðbrögðin við þessu tiltekna máli hafa vakið athygli, hvernig hv. þm. meiri hlutans hafa brugðist við þessari hugmynd. Út á það hefur gagnrýni mín gengið, virðulegi forseti.

[17:23]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði um að hér væri lítið mál á ferðinni. Ég er reyndar ekki alveg sammála honum í því. Engu að síður tönnlaðist hann á því áðan í ræðu sinni að þetta væri lítið mál. Síðan gerir hann lítið úr og talar allt að því yfirlætislega um skoðanir sem hæstv. ráðherrar, forsrh. og dómsmrh., hafa sett fram í þessu máli, skoðanir hæstv. ráðherra á því hvaða leiðir beri að fara varðandi þetta tiltekna atriði, hvernig hægt sé að styrkja og bæta og gera löggjöfina enn betri.

Þeir setja fram skoðanir um lagaskrifstofu. Af hverju? Af því að það stendur hér í ágætri skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fram og Páll Hreinsson skrifaði, með leyfi forseta:

„Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra lagafrumvarpa sem samþykkt eru á hverju þingi stafar frá Stjórnarráðinu. Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar eru á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarpið sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár."

Þetta er framkvæmdin, m.a. í Danmörku. Hún er hugsanlega umdeild en þetta er framkvæmdin í Danmörku fram til þessa. Þar hefur þetta gefist ágætlega. Þetta eru þeirra skoðanir og ég tel afskaplega varhugavert að gera lítið úr þeim hér í ræðustól á hinu háa Alþingi.

[17:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi sagt það nokkrum sinnum í ræðu minni að sú hugmynd sem hér er lögð fram felist fyrst og fremst í því að styrkja þingið, styrkja Alþingi í þeirri vinnu sinni að setja lög og jafnvel að undirbúa löggjöf. Ég held að því veiti ekki af. Þess vegna er ljóst að það er ákveðinn hugmyndafræðilegur ágreiningur um hvert eigi að vera hlutverk þingsins.

Ég spyr hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur hvort hún haldi að það að lagaskrifstofa sé sett upp í dómsmrn. sé til þess fallið að styrkja þingið. Ég get einnig upplýst hv. þm. um að sú skipan mála sem lengi hefur verið í Danmörku hefur valdið miklum deilum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þar hefur ekki verið algjör sátt um skipan mála.

Hugmyndafræðin sem þessi litla hugmynd byggir á, því auðvitað er þetta lítil hugmynd um að setja á stofn ráð til þess að styrkja þingið, er að styrkja Alþingi, styrkja Alþingi sem handhafa eins þáttar ríkisvaldsins. Það er alveg klárt, virðulegi forseti, að við erum bara ekki sammála því að það styrki þingið eitthvað sérstaklega að dómsmrn. eða forsrn. fái undir sinn hatt einhvern kontór, einhverja sérstaka lagaskrifstofu. (Gripið fram í.) Við erum ósammála því að þetta eigi að vera þar. Það er nú bara hinn harði veruleiki. Í þessu felst okkar pólitík og skoðun á því hvernig eigi að framkvæma þrískiptingu ríkisvaldsins.

[17:27]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú bara þannig að hv. þm., flutningsmenn þessarar tillögu, drógu fram Norðurlöndin.

Sá háttur er hafður er á í Danmörku hefur einmitt styrkt danska þingið, þetta er búið að vera áratugi í dönsku lögunum. Þetta hefur styrkt þingið þó að þetta sé til umræðu núna og byrjaði fyrst 1993 en þeir hafa reyndar ekki enn skipt um aðferð. Það er ekki hægt að draga þetta fyrst inn og benda á hvernig framkvæmdin er á Norðurlöndunum og segja síðan að þetta sé algjörlega kolómögulegt hér.

Mér finnst sjálfsagt að líta til þessa þó að ég sé ekki með því að segja að ég sé endilega sammála þeirri leið. Þetta eru skoðanir sem eru hafðar hér uppi á hinu háa Alþingi og þær ber að virða.

Það er einnig vanvirðing, finnst mér, við samþingmenn hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þegar hann segir að stjórnarskráin sé erfiðasti andstæðingur hæstv. ríkisstjórnar. Í hæstv. ríkisstjórn eru þingmenn sem hafa svarið eið að stjórnarskránni alveg eins og við öll hin hér inni. Hvað er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að segja með þessu?

[17:28]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu síðasta hefur Hæstiréttur svarað. Nú í tvígang á skömmum tíma hefur Hæstiréttur lýst því yfir að löggjöf frá þeirri ríkisstjórn sem situr standist ekki stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Hún setur ekki lög.) Það er alveg hárrétt hjá hv. þm., hún setur ekki lög. Hins vegar er um að ræða frv. sem hafa komið frá henni og farið í gegn í skjóli meiri hlutans. Það er einfaldlega þannig að framkvæmdarvaldið og þingið hafa náð saman með þeim hætti að ríkisstjórn situr ekki nema hún njóti hlutleysis eða stuðnings meiri hluta þingsins.

Ég vil lýsa því yfir, virðulegi forseti, að það er alveg fráleitt að ég hafi vanvirt viðhorf eða skoðanir annarra. Hins vegar er ég mjög ósáttur við það hvernig menn hafa talað. Í stað þess að fjalla málefnalega um frv. eins og eftir var leitað þá hafa þeir sem tilheyra meiri hluta á hinu háa Alþingi talað þannig að voðalega erfitt er að taka þá hátíðlega eða alvarlega.

Ég vil ítreka þau viðhorf sem ég setti fram áðan, að það er langt frá því til þess fallið að styrkja þingið sérstaklega að hæstv. dómsmrh. eða hæstv. forsrh. fái einhvern kontór undir sinn hatt. Enda er það svo að um stöðu mála í Danmörku, sem hv. þm. vísaði til, hefur verið mjög hart deilt. Það er vitaskuld á sömu forsendum og er hér deilt.

[17:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum um frv. til laga um lagaráð. Það hefur valdið miklu fjaðrafoki í hugum hæstv. ráðherra og hv. þm. stjórnarliða. Hæstv. forseti hefur blandað sér í málið og lýst því yfir að hann sé á móti þessu. Hann hefur lent í einhvers konar tilvistarkreppu þegar hann hefur farið að skoða þetta mál. Hæstv. forseti lenti þó ekki fyrir löngu í þeim vanda að stjórnarandstæðingar sneru sér til hans og viðruðu þær áhyggjur sínar að mál sem lagt var fyrir þingið stæðist ekki stjórnarskrána. Hæstv. forseti úrskurðaði í því máli og fullyrti með úrskurði sínum að það mál stæðist stjórnarskrána.

Nokkrum dögum seinna, eftir að hér hafði staðið yfir umræða um málið, virtist hæstv. forseti þingsins missa rósemi sína og lagðist hann í bréfaskriftir við Hæstarétt til að fá úrskurð í þessu máli, sem hann hafði sjálfur úrskurðað í áður. Hann var sem sagt að kalla eftir úrskurði á málefnum sem hér er verið að tala um, að yrði á færi lagaráðs að gefa a.m.k. ráðleggingar um hvernig bæri að líta á þau álitamál sem þar væru á ferðinni.

Við erum ekki einungis að ræða um lagaráð í dag. Á dagskrá eru fleiri mál. Það eru tvö frv. til laga um dómstóla sem hér eru lögð til, þar sem talað er um að breyta þeirri aðferð sem notuð er við að skipa hæstaréttardómara. Fyrir þinginu liggur líka frv. þar sem lagt er til að tekinn verði upp sérstakur stjórnlagadómstóll.

Þá hlýtur spurningin að vakna: Hvers vegna stöndum við hér? Hvers vegna erum við að ræða þessi mál? Hvers vegna leggja menn fram þessar tillögur allar, þessi lagafrumvörp? Eru hlutirnir í svo góðu lagi hjá okkur að þetta þurfi að koma okkur á óvart? Ekki mundi ég segja það. Ástæðurnar fyrir þessu eru nægar. Við umræðuna í dag hafa komið fram ábendingar um að umboðsmaður Alþingis hafi t.d. bent á meinbugi vegna setningar laga. Það hefur komið fram að ýmis frv. hafa ekki verið nægilega vel unnin og jafnvel verið illa unnin. Það eru því fyllilega ástæður fyrir þessu.

Hæstv. forseti leitaði sér hjálpar. Hann sótti þá hjálp til Hæstaréttar með bréfi. Ef lagaráð hefði verið til staðar hefði hæstv. forseti ekki lagt í þá göngu. Hann hefði betur reyndar aldrei farið í þá göngu því að sú ákvörðun að snúa sér til Hæstaréttar með þeim hætti sem þar var gert er eins konar, að ég vona a.m.k., endapunktur á afskiptum framkvæmdarvaldsins af löggjafarvaldinu og dómsvaldinu þar sem öllum þessum þremur greinum valdsins er í raun blandað saman í meðförum þeirra sem ráða hér ríkjum í landinu núna.

Það hlýtur að þurfa að spyrja, í ljósi þess sem komið hefur fram á síðustu missirum, hvort almenningi og aðilum í þjóðfélaginu sé sú vörn í stjórnarskránni sem ætti að vera. Það hlýtur að þurfa að kasta þessari spurningu fram þegar ítrekað koma upp þær aðstæður að Hæstiréttur ýmist dæmir að ákvæði laga hafi farið í bága við stjórnarskrána eða tiltölulega naumlega sker úr um tiltekin lög þar sem hluti hæstaréttardómara kemst að þeirri niðurstöðu að þau brjóti gegn stjórnarskrá. Það hlýtur að þurfa að velta því fyrir sér hvort þessir atburðir síðustu missira séu ekki það alvarlegir að taka þurfi faglegar á málum en gert hefur verið.

Það er skoðun mín að stjórnvöld í landinu hafi brugðist því hlutverki sínu að virða þrískiptingu valdsins. Um það eru skýr dæmi á síðustu missirum. Kannski má segja að almenna ástæðan fyrir þessu sé sú að valdið virðist óhjákvæmilega spilla þeim sem með það fara þegar til lengdar lætur. Eins er greinilegt, a.m.k. er það greinilegt í mínum huga, að ríkisstjórnin og stjórnarliðar telja sig í sumum tilfellum geta sótt annan meiri hluta til Hæstaréttar í tilteknum málum þegar þeim þurfa þykir. Þá þurfa menn að fara að skoða hvernig málum er komið fyrir.

Ég ætla að nefna þau mál sem ég á við. Í fyrsta lagi er það dómur Hæstaréttar í Valdimarsmálinu sem olli miklu fjaðrafoki á stjórnarheimilinu. Í framhaldi af því kom dómurinn í Vatneyrarmálinu. Eftir að hæstv. forsrh. hafði hótað heimsendi og því að hér færi allt á hvolf fékk hann þá niðurstöðu að þeir hæstv. dómarar Hæstaréttar sem höfðu áður verið sammála um hvernig ætti að dæma í Valdimarsmálinu klofnuðu í tvær fylkingar um það hvað þeir hefðu meint með dómi sínum. Það er skoðun mín að þarna hafi pólitískur þrýstingur á Hæstarétt frá hæstv. forsrh. og hans fylgismönnum valdið umskiptum á afstöðu manna til máls í Hæstarétti.

Við umræðuna í öryrkjamálinu hérna um daginn minnti hæstv. forsrh. hv. alþm. á að þeir hefðu áður haft rangt fyrir

sér hvað varðaði afstöðu Hæstaréttar til mála, hann minnti á þessi tvö mál, Valdimarsmálið og síðan Vatneyrarmálið, og þeir mundu líka hafa rangt fyrir sér hvað varðaði öryrkjamálið. Hvað gerðist svo? Hæstv. forseti Alþingis skrifað Hæstarétti bréf og fékk svar um hæl. Það stóð ekki á svari. Þegar menn höfðu fengið að vita nánar um hverjir hefðu staðið að því að svara, þá voru það allir dómarar Hæstaréttar, nema einn af þeim sem ekki höfðu tekið þátt í að afgreiða málið sem þarna var um að ræða, og þeir komust að þeirri niðurstöðu sem hæstv. forseti túlkaði þannig, og hv. þm. og hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar, að málið sem var hér til umfjöllunar stæðist stjórnarskrána. Út af fyrir sig er hægt að deila um það og ég tel reyndar að það hafi verið oftúlkun á bréfi Hæstaréttar. En söm var gerðin samt. Sjálfsagt hafa menn þar á bæ gert sér grein fyrir því að þannig yrði þetta svar þeirra túlkað. Úr því að þeir ákváðu að svara þá hefðu þeir tekið á sig þá áhættu.

Það er annað sem ég tel að þurfi að velta fyrir sér. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þá sem með völdin fara í landinu að þeir skuli komnir á þá braut að þeir lendi ítrekað í þeim vanda að Hæstiréttur hafi aðra skoðun á málunum en þeir sjálfir. Dómar komu frá Hæstarétti hvað varðar aðganginn að auðlindinni eins og t.d. í Valdimarsmálinu og hvað varðaði almannatryggingamálin, um rétt öryrkja, sem voru í andstöðu við vilja þeirra sem með völdin fara. Niðurstaða þeirra sem með völdin fara liggur klár og ljós fyrir. Hún er sú að Hæstiréttur sem kvað upp dóminn hefði rangt fyrir sér. Við höfum annan dóm. Þeir sem þannig hugsa og fara með völdin í þessu landi þurfa að líta í eigin barm. Þeir þurfa að fara yfir það hvort ekki geti verið að þeir hafi gengið of langt, þeir hafi notað völd sín ótæpilega.

Dómurinn í fyrra málinu sem ég nefndi, Valdimarsmálinu, var í hugum flestra manna ljós í upphafi. Þá var kallaður til hópur lögspekinga sem fann út að hann mætti túlka með öðrum hætti en almennt var gert. Hæstiréttur staðfesti síðan þá túlkun eftir að hafa klofnað í einingar en hafði áður haft sömu skoðun á því fyrra máli eins og ég nefndi áðan. Það er a.m.k. ekki minnsti vafi í mínum huga að þannig fór vegna pólitísks þrýstings. Ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt að menn hafi skjól í einhverjum aðila, menn nái saman um að hafa einhvers konar úrskurðaraðila sem geti a.m.k. gefið trúverðugar vísbendingar um þessa hluti sem verða þó ævinlega ráðgefandi. Auðvitað verða alþingismenn sjálfir að gera það upp við sig í öllum tilfellum hvort skoðanir þeirra, þ.e. þau lög sem þeir vilja setja, standast stjórnarskrá. Það verður síðan að vera Hæstaréttar að dæma þar um þegar að lokum kemur.

Þó að þau séu ekki til umræðu hér nú, þau tvö frv. sem liggja fyrir um hvernig eigi að skipa hæstaréttardómara, þá vil ég þó víkja að þeim vegna þess að það tilheyrir því sem ég er að fjalla um, þ.e. trúverðugleika Hæstaréttar sem stjórnarliðar, hæstv. ráðherrar og hæstv. forseti þingsins, hafa að mínu viti greitt þungt högg með bréfaskriftum, þeirri hjálparbeiðni sem hæstv. forseti þingsins sendi Hæstarétti til þess að hlaupa undir pólitískan bagga hér þegar hæstv. forseta fannst hallast á hér á Alþingi. Við það missti Hæstiréttur ákaflega mikinn trúnað fólks í landinu. Hann verður ekki unninn upp á næstunni. Auðvitað hefur það runnið upp fyrir allri þjóðinni að sjálfstæðismenn hafa skipað hæstaréttardómara til margra ára og þeim rennur blóðið til skyldunnar þegar hallast á í pólitíkinni, því miður. Þessu verður ekki snúið til baka svo auðveldlega á næstunni.

Menn þurfa að horfast í augu við að þeir hafa unnið þrískiptingu valdsins og trúverðugleika þess að þeirrar þrískiptingar sé gætt mikið tjón, afar mikið tjón. Það mun taka langan tíma að ná trúverðugleikanum aftur. Ég tel að það þurfi að gera með skipulegum hætti, menn þurfi að finna leiðir til að vísa málum sem ágreiningur af þessu tagi er um til aðila sem geti gefið ráðleggingar og tillögur sem bæði stjórn og stjórnarandstaða bera virðingu fyrir. Við erum komin í öngstræti og vandræði sem við þurfum að rata út úr. Mér finnst miður með þær móttökur hv. þm. og hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hafa, sem athyglisvert er, eingöngu komið úr herbúðum Sjálfstfl. í dag, við því máli sem hér er til umræðu sem er tillaga um að reyna að bæta úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir. En móttökurnar og viðbrögðin hér á hv. Alþingi við þessum tillögum virðast með þeim hætti að menn séu ekki tilbúnir til að leita samkomulags um að reyna að bæta úr þeim skaða sem þegar hefur verið unninn.

En það þarf að gera fleiri úrbætur. Það þarf líka að taka á því hvernig dómarar eru skipaðir og þarf að liggja ljóst fyrir hvernig menn umgangast þrískiptingu valdsins. Ég tel að bréfaskriftir af því tagi sem fram fóru hér fyrir stuttu séu ekki eðlilegur hluti af þessum samskiptum. Ég tel að það væri til bóta að hæstv. forseti lýsti því yfir að hann beitti sér ekki frekar fyrir slíkum bréfaskriftum til Hæstaréttar eða samskiptum af því tagi.

Það er full ástæða til að halda það, og það er mín skoðun, að áður en þessi bréf voru skrifuð hafi verið einhvers konar samráð, einhvers konar könnunarviðræður til að vita hvernig svörin við þessu bréfi yrðu. Þegar svo er komið að menn eru farnir að trúa því, og það geri ég, að samráð sé milli framkvæmdarvaldsins, löggjafarvaldsins og dómsvaldsins, um viðbrögð við karpi og eðlilegum pólitískum átökum hér á hv. Alþingi þá hafa menn gengið fram af brúninni. Því miður var það gert.

Hæstv. forseti, aðalforseti þingsins, talaði um að við værum hér í málþófi um eigið mál. Hann nefndi það hér áðan. Ég held að þessi umræða sé okkur öllum holl. Við þurfum á henni að halda. Það er nauðsynlegt að menn ræði í fullri alvöru um afleiðingar þess sem hér hefur verið að gerast og skoði vandlega það ástand sem hefur skapast á síðustu árum með valdasetu Sjálfstfl. og Framsfl. upp á síðkastið. Ég held að koma þurfi á siðareglum, t.d. um hvernig eigi að skipa í Hæstarétt og það verði ekki lagt á dómsmrh. eins flokks, jafnvel áratugum saman, að bera ábyrgð á því. Ég held að það sé engum flokki hollt. Þó að mér þyki ekki sérlega vænt um Sjálfstfl. þá held ég að það sé engum flokki hollt, ekki einu sinni Sjálfstfl., að bera þá ábyrgð til lengdar að skipa dómara Hæstaréttar með þeim hætti sem verið hefur. Hæstarétti er ekki greiði gerður með því að fá á sig það yfirbragð sem þessi skipan hefur kallað fram.

Ég hef svo sem ekki talað um hvernig þessi tillaga eigi að virka í smærri atriðum. Ég er á þeirri skoðun að það væri mjög hollt að menn hefðu stað að vísa til málum af þessu tagi í þeim tilgangi að fá ráðleggingar, ekki til að taka ábyrgð frá þingmönnum. Þetta snýst um ráðgjöf og gæti forðað slysi og gæti komið í veg fyrir alvarlegar deilur eins og þær sem risu hér í vetur.

Hæstv. dómsmrh. nefndi einnig í ræðu sinni í dag að við í stjórnarandstöðunni skildum ekki hlutverk dómstóla. Ég vil vísa því til föðurhúsanna. Ég held að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi ekki skilið hlutverk dómstólanna. (**Gripið**

fram í: Og hæstv. forseti þingsins.) Hæstv. forseti þingsins hefur heldur ekki alveg áttað sig á hlutverki Hæstaréttar eða að það sé ekki hans hlutverk að standa í bréfaskriftum við hæstv. forseta Alþingis.

Hv. þingmenn og ráðherrar sem hér hafa talað, auk hæstv. forseta, virðast vilja hafa það fyrirkomulag áfram að meta sjálfir hvað sé rétt og hvað stenst stjórnarskrá. Það mun auðvitað kalla á áframhaldandi átök vegna þess að menn hafa litið á ákveðin ágreiningsefni út frá pólitískum skoðunum, t.d. í sjávarútvegi. Niðurstaðan hefur verið sú að halda áfram á sömu leið. Hæstiréttur ógnaði þeirri afstöðu hæstv. ríkisstjórnarflokka fyrir skömmu og hæstv. forsrh. brást sérstaklega hart við í því máli.

[17:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög undarleg ræða hjá hv. 3. þm. Vesturl. Hann kom ekki í ræðustól til að fjalla um frv. sem hér liggur fyrir, nema hann væri þá helst að gefa það í skyn að hann hefði hugsaði sér að lagaráð mundi leysa Hæstarétt af hólmi. Það var eitthvað í þá veru sem hv. þm. virtist tala um hér áðan.

Hann talaði einnig um að hæstaréttardómarar væru ekki hæfir, þeir væru undir áhrifum og létu undan hverjum golu þyt. En væri þá kannski fróðlegt, úr því að hv. þm. talar svona mikið um sjávarútvegsmál þegar lagaráð er á dagskrá, að spyrja hann hvort hann sé sammála þeim hugmyndum formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að fækka um einn bát af hverjum tíu á hverju einasta ári á Snæfellsnesi þannig að enginn verði eftir eftir tíu ár. Telur hv. þm. að það standist stjórnarskrána?

Ef við hugsum okkur að það séu tíu bátar í Grundarfirði þá vill þessi hv. þm. gera einn bát upptækan á hverju ári svo að þar verði enginn bátur eftir eftir tíu ár. Hann vill svipta þá sjómenn sem hann sjálfur hefur atvinnu af því að þjóna lífsviðurværinu, taka um tíunda hvern fisk á ári í tíu ár þangað til engar aflaheimildir eru eftir. Þetta telur hv. þm. sanngjörn og rétt lög í landinu og þetta sem hann telur vera jafnaðarmennsku. Að þessu stefnir hann, að þeir sem búa í sjávarplássunum og sjávarþorpunum hafi ekki atvinnuöryggi, hafi ekki frelsi til að reka fyrirtæki og geti ekki horft fram í tímann. Þetta telur hv. þm. að standist stjórnarskrá.

[17:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um það sem hæstv. forseti þingsins talaði um síðast, hvort tillögur Samfylkingarinnar stæðust stjórnarskrá. Já, það gera þær. Það er mín trú og reyndar niðurstaða lögfræðinga sem við létum skoða tillögur okkar.

Það er algjör útúrsnúningur og della sem hæstv. forseti þingsins var að segja hér, að við ætluðum okkur að láta taka allar veiðiheimildir af einhverjum tilteknum aðilum. Við leggjum til að komið verði á kerfi þar sem jafnræðis sé gætt og allir hafi sama rétt til að nálgast veiðiheimildir. Þeir sem verða veiðheimildalausir í slíku kerfi eru þeir sem ekki eru samkeppnisfærir. Frá þeim er ekkert tekið heldur eru þeir ekki samkeppnisfærir og geta ekki náð sér í veiðiheimildir á eðlilegum grundvelli í samkeppni við aðra. Ég ætla ekki að svara því öðruvísi.

Hæstv. forseti talaði um að ég hefði lítið talað um málið sem hér er á dagskránni. Ég talaði almennt um ástæður þess að þetta mál er hér til umræðu. Ég talaði um ástæðurnar fyrir því að hér liggja fyrir fleiri keimlík mál á dagskrá þingsins. Hæstv. forseti þyrfti að velta því vandlega fyrir sér hvort ekki sé eitthvað að hjá honum, á þessu höfuðbóli, þegar menn sjá ástæðu til að flytja allar þessar tillögur og reyna að lagfæra með hvaða hætti er gengið hér um garða. Þegar menn eru nýstaðnir upp úr harðvítugum deilum um hvernig farið er með lög og rétt í landinu, um hv. Alþingi og samskipti þess við Hæstarétt og annað því um líkt þá ætti hæstv. forseti a.m.k. að virða mér það til vorkunnar þó ég tali almennt um það mál.

[17:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að ræða við hv. þm. Hann talaði nú aðallega um sjávarútveg í fyrri ræðu sinni hér áðan, Vatneyrardóminn o.s.frv. Ég skil ekki hv. þm. sem hefur veitt bátaflotanum þjónustu, lengt báta fyrir sjómenn og útgerðarmenn og samið við ýmsa menn um að lengja báta þeirra á síðustu árum. Þeir hafa auðvitað gengið út frá því að þeir mundu halda aflahlutdeild sinni þegar þeir veltu því fyrir sér hvort rekstrarlegar forsendur væru fyrir því að láta lengja bátana. Það var auðvitað á grundvelli þeirra aflaheimilda og þeirra tekna sem þessir sjómenn áttu von á að fá árin á eftir sem þeir lögðust í þá fjárfestingu.

Nú segir hv. þm., sem hefur ráðist í að lengja þessa báta, þjónað eigendum þeirra báta, að þeir þurfi ekki á þessum tekjum að halda, hann ætli að svipta þá aflaheimildum og opna fyrir það að hver sem er geti gengið í 10% af kvótanum á ári þannig að þeir halda ekki aflahlutdeild sinni. Þessi hv. þm. vill helst byrja á því á næsta hausti, er það ekki rétt, hv. þm.? Vill ekki hv. þm. að kratakerfið í kvótanum komist á næsta haust til að hann geti tekið til við að fækka bátunum á Snæfellsnesi strax um einn af hverjum tíu? Það verður skemmtilegt á honum upplitið þegar hann fer um eyðibyggðir Snæfellsness, búinn að koma atvinnulífinu þar í rúst og einstaklingum í mikil vandræði, líka þeim mönnum sem hann hefur átt viðskipti við, ekki aðeins í eitt ár, kannski í mörg ár.

Það er þetta ábyrgðarleysi, hv. þm., sem ég er hissa yfir. Og það er öldungis ljóst að ef tillaga af þessu tagi yrði borin undir Hæstarétt þá yrði umsvifalaust sagt: Þetta er brot á stjórnarskránni.

[17:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti þingsins talar hér um að það yrðu til eyðibyggðir einhvers staðar. Ég hef stundum nefnt það að stefna þeirra stjórnvalda sem nú sitja sé eyðibyggðastefna. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá hæstv. forseta þegar hann fer um sitt kjördæmi og önnur líka að þar eru byggðarlög illa stödd vegna þess kerfis sem nú er í gangi.

Það sem við leggjum til er að í framtíðinni hafi menn frjálsræði til að nálgast veiðiheimildir og stunda sjó. Það kemur einfaldlega ekki út með sama hætti og hæstv. forseti lýsti hér áðan heldur munu þær byggðir sem best liggja við sjónum aftur fá þá aðstöðu sem skapaði þær byggðir og varð til að þær urðu til.

Ég ætla hins vegar að segja það um þessa umræðu að mér finnst með eindæmum hve hæstv. forseti hefur verið viðkvæmur. Mér varð á að nefna hér bréfaskriftir hans til Hæstaréttar og gagnrýna þær. Ég tel að full ástæða hafi verið til að gera það og þörf á að fara yfir það. Ég tók grannt eftir því að hæstv. forseti var ekki tilbúinn að lýsa því yfir að hann væri hættur þessum bréfaskriftum og mundi ekki gera þetta aftur. Ég held að það sé ástæða til þess að hæstv.

forseti haldi sig við umræðuefnið ekkert síður en ég og svari því hvort hann ætli að halda þessum bréfaskriftum áfram eða hvort þetta hafi bara verið einbert slys sem henti hann í skammdeginu í vetur.

[17:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flutningsmönnum þessa frv. fyrir framlagningu þess. Þetta frv. hefur vakið góða umræðu. Hins vegar hefur lítið farið fyrir umræðu um frv. sjálft. Ég ætla nú að gera bragarbót þar á.

Í fyrsta lagi stendur hér, með leyfi herra forseta,:

„Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála."

Þetta ákvæði hygg ég að stangist á við stjórnarskrána en þar segir, með leyfi herra forseta, í 38. gr.:

„Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar."

Það er sem sagt ekki hægt að setja neinar reglur um það. Hvorki lagaráð né aðrir geta sett um það samræmdar reglur um hvenær þingmenn geti flutt sín frumvörp. Auk þess stendur í 48. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi herra forseta:

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum." — Né öðrum, hvorki lagaráði né öðrum.

Síðan stendur í frv., með leyfi forseta:

„Lagaráð er Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar ..."

Það er hreinlega gert ráð fyrir því að Stjórnarráðið semji lög, sem er hlutverk Alþingis samkvæmt stjórnarskránni og mínum skilningi. Með þessu frv. er formlega séð verið að flytja til Stjórnarráðsins vald sem það hefur í raun í dag.

Þetta lagaráð er ekki einu sinni skipað þingmönnum. Það væri þó sök sér fyrst það á að setja reglur um starfsemi og vinnubrögð þingmanna. Nei, það er skipað að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og að tillögu Lögmannafélags Íslands auk forsn. Alþingis þannig að $^2/_3$ lagaráðs sem á að setja reglur um lagafrv. sem þingmenn eiga að semja, er skipað mönnum sem ekki sitja á Alþingi, ekki eru til þess kosnir og ekki hafa löggjafarvald eins og hv. Alþingi hefur. Þetta var efnislega um frv. sjálft.

Herra forseti. Ég hef margoft nefnt að Alþingi er afskaplega vanmáttugt, ekki endilega það þing sem nú situr heldur hefur Alþingi alla tíð verið mjög vanmáttugt í lagasetningu. Það hefur ekkert frumkvæði að lagasetningu almennt séð. Það fer lítið fyrir því. Nú er það þannig að sá sem hefur frumkvæði að lagasetningu ræður ansi miklu um það hvernig lagasetningin lítur út. Sá sem setur niður fyrsta textann er í reynd búinn að setja niður hvernig lögin líta út á endanum og allar breytingar sem á að gera á þeim texta þurfa rökstuðnings við.

Ég hef margoft nefnt þetta. Þau lög sem við erum að samþykkja koma vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þar má ekki beita franska textanum svo neinu nemur. Síðan koma lög sem ráðuneytið og stofnanir þess og þeir aðilar sem eru að framkvæma lögin hafa samið. Það er að mörgu leyti mjög vafasamt, herra forseti. Ég hef stundum orðað það þannig að þær stofnanir sem eru að kljást við borgarana smíða sjálfar vopnin sem þeir nota til þess að kljást við borgarana.

Svo koma veigamestu frv., eins og ég hef margoft nefnt, frá aðilum vinnumarkaðarins og það er það sem skiptir einhverju máli varðandi lífeyrisrétt og skattalög. Þetta er raunveruleikinn, herra forseti, og lagaráð lagar þetta ekki neitt.

Það sem menn hafa nefnt er ákveðið gæðaeftirlit á lögum. Það getur Alþingi gert án þess að setja lög. Það gerir það bara með fjárveitingu í fjárlögum. Það hefur verið að gera það undanfarið. Það hefur undanfarið byggt upp mjög myndarlega nefndaskrifstofu með mjög færu fólki og spurningin er að vinna áfram í því og auka það stórlega þannig að við fáum enn betri lagasetningu en verið hefur. Þetta má gera með fjárveitingu sem Alþingi sjálft ákveður. Alþingi sjálft er nefnilega að borga þeim mönnum laun sem eru að semja lög úti um allan bæ, hvort sem það er í stofnunum eða ráðuneytum. Það var allt gert á kostnað Alþingis með fjárveitingu frá Alþingi. Að sjálfsögðu gæti Alþingi ákveðið að þetta fjármagn rynni til nefndaskrifstofunnar og þetta sama fólk sæti þar að semja lög að frumkvæði alþingismanna.

Herra forseti. Ég held að við þurfum að snúa við því sem er í dag um tilurð frumvarpa. Ég vil að nefndir þingsins og einstakir þingmenn geti flutt frv. og eigi að flytja frv. og semja þau að ábendingu frá t.d. ráðuneytum. Félmrn. getur sagt að það þurfi lagasetningu í barnalögum til að laga eitt og annað að ábendingu stofnana, barnaverndarráð eða Barnaverndarstofa getur sagt að lög vanti um þetta og þetta, eða að ábendingu hagsmunaaðila. ASÍ getur sagt eitthvað. Eða þá að ábendingu einstaklinga sem þykja á sér brotið. Síðan taki t.d. ákveðin nefnd þingsins ákvörðun um hvort ástæða sé til að setja lög og semji lögin, sendi þau síðan til ráðuneytanna til umsagnar og hagsmunaaðila, eins og gert er, til að athuga hvernig gangi að framkvæma lögin. Þetta er akkúrat öfugt í dag. Nú eru þingmenn í fullri vinnu við það að kanna hvernig gengur að framkvæma lög sem ráðuneytin hafa samið. Þetta er öfug röð að mínu mati.

Ef þetta yrði gert væri Alþingi orðið ábyrgt fyrir lögum sínum sjálft, hefur samið þau og ber fulla ábyrgð á þeim. Um leið þyrfti Alþingi að hætta að vasast í framkvæmdum eins og kemur fram í fjárlagafrv. þar sem Alþingi er að ráða menn og reka, þýða bækur, rækta hunda og ég veit ekki hvað. Þessu þarf að linna. Það á að setja almenna ramma fyrir ráðuneytin til að starfa eftir og síðan eiga þau að bera ábyrgð á framkvæmdinni en að sjálfsögðu getur ráðuneytið ekki borið ábyrgð á framkvæmdum sem Alþingi ákvað.

Vandinn er þríþættur. Það er í fyrsta lagi uppruni og frumkvæði að lögum, í öðru lagi ákveðið gæðaeftirlit og í þriðja lagi ágreiningur sem varðar stjórnarskrána. Fyrsta atriðið hef ég nefnt, um uppruna og frumkvæði að lögum. Annað atriðið getum við sjálf gert með gæðaeftirliti innan þingsins í nefndaskrifstofum og þriðja atriðið er um ágreining, þ.e. hvort lög standist stjórnarskrána, á að vísa til Hæstaréttar. Ég vil að Hæstiréttur taki að sér hlutverk stjórnlagadómstóls þegar þannig stendur á og við séum ekki að búa til nýtt batterí, nýjan stjórnlagadómstól. En þá þurfi ríkur meiri hluti Hæstréttar að standa að því máli. Þegar um það er að ræða hvort ákveðin lög brjóti stjórnarskrána þá þurfi ríkur meiri hluti Hæstaréttar, t.d. sex af níu, að greiða því atkvæði og úrskurður þarf að vera mjög greinilegur, annaðhvort já eða nei þannig að ekki sé spurning um það hvort lög brjóti stjórnarskrána eða ekki.

Þessum málum má vísa til Hæstaréttar, t.d. ef meiri hluti þingmanna greiðir því atkvæði eða ef mál er höfðað og fer í gegnum dómskerfið og endar hjá Hæstarétti, þá getur hann að eigin frumkvæði tekið ákvörðun um að þessi ríki

meiri hluti Hæstaréttar taki ákvörðun um hvort þessi lög brjóti stjórnarskrána eða ekki. Þarna fengi Hæstiréttur nýtt hlutverk sem væri formlega séð hlutverk stjórnlagadómstóls án þess að búið sé til nýtt batterí, án þess að auka kostnað. En það hefur ekki verið nefnt og ekki tekið fram hvað þetta frv. muni kosta.

Þetta eru hugleiðingar mínar um þetta frv. og ég held að þetta frv. leysi ekkert af þessum vandamálum. Þetta lagaráð brýtur í fyrsta lagi hugsanlega að mínu mati stjórnarskrána og það kostar náttúrlega sitt og bætir í rauninni ekki það sem hægt er að bæta hreinlega með fjárlögum.

[18:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst margt mjög áhugavert koma fram í ræðu hv. þm. og mér fannst allt annar tónn í henni en í mörgum öðrum sem hafa verið fluttar í dag. Hv. þm. rakti m.a. hvaða hugmyndir hann hefði, hvernig hann vildi sjá Alþingi vinna betur að þeirri framkvæmd sinni að setja lög og ég get tekið undir margt af því sem kom fram í máli hv. þm.

Ég vildi þó aðeins gera athugasemdir við það sem kom fram í upphafi máls hans þar sem hann vísaði til þess að ef lagaráðið setti almennar reglur um hvernig ætti að standa að undirbúningi mála hefði það hugsanlega í för með sér að það bryti ákvæði stjórnarskrár og vitnaði þar til 38. gr. um að menn gætu ekki lagt fram mál. Nú er alveg ljóst að yrði þetta að lögum þá gengur þetta ákvæði vitaskuld ekki framar stjórnarskrá. Í öðru lagi er sú hugsun sem býr að baki því sem þarna er sagt fyrst og fremst sú að settar yrðu og gerðar opinberar almennar reglur um það hvernig menn gætu unnið að lagasetningu og samningu laga þannig að vel færi. Vitaskuld eru einungis ráðgefandi reglur og ekki á neinn hátt bindandi enda hefði ráðgefandi ráð aldrei lagasetningarhlutverk, hvað þá að það gæti farið í buxur stjórnarskrárgjafans þannig að það er alveg ljóst að aldrei yrði um að ræða árekstur á milli þessara ákvæða.

[18:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frv. kemur ekki fram að lagaráðið eigi að vera ráðgefandi því hlutverk þess er að setja samræmdar reglur um samningu lagafrv. Hins vegar á það að vera Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar þess utan þannig að það er hlutverk lagaráðs að setja samræmdar reglur sem takmarka þá um leið getu þingmanna til að leggja fram frv. eða frelsi þeirra til að leggja fram frv. Ég held að þessu ákvæði þyrfti þá að breyta.

Þá er spurningin: Til hvers að vera með ráðgefandi lagaráð sem á að gefa ráð ef þingmenn eiga ekkert að fara eftir því? Ef þeir geta hvenær sem er vísað í stjórnarskrána og sagt: „Við erum óbundnir af þessum ráðum“? Þá gæti það hugsanlega nýst minni hlutanum í einhvern hasar á þingi til að klekkja á meiri hlutanum þannig að þingmaður sem flytur frv. sem nýtur meirihlutastuðnings á Alþingi gæti fengið framan í sig að það frv. út af ráðleggingu lagaráðsins standist ekki stjórnarskrá eða eitthvað því um líkt. Hverju erum við þá bættari ef þingmenn telja sig hafa stjórnarskrána sín megin til að leggja fram frv. og hlýða bara sannfæringu sinni sem allir þingmenn hafa, ekki bara stjórnarandstaðan eins og virtist vera við síðustu umræðu um öryrkjadóminn?

[18:10]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í frv. og greinargerðinni með því að um ráðgefandi ráð er að ræða. Því er ekki ætlað að hafa lagasetningarvaldið á Alþingi. Því er á sama hátt ekki ætlað að hafa stjórnarskrárvaldið af stjórnarskrárgjafanum. Hér er einvörðungu lagt til að ráðið mundi setja almennar reglur sem gætu hugsanlega verið til bóta við samningu laga. Það er því á engan hátt verið að leggja nokkuð til sem gæti skert rétt einstakra þingmanna.

Ég vildi að þetta kæmi skýrt fram í umræðunni. Það er alveg skýrt að þetta er gert í því skyni að reyna að bæta vinnubrögðin. Annað markmið hefur þessi hugmynd ekki. En hún er ekki fullkomin, og ég skal vera fyrsti maður til að viðurkenna það, frekar en aðrar hugmyndir sem hér hafa komið fram. En hún hins vegar ber vitni þeirri pólitík og þeirri hugmyndafræði sem þeir hafa sem að baki þessu frv. standa, að styrkja hið háa Alþingi.

[18:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst svo er þyrfti að sjálfsögðu að breyta 1. gr. og setja inn að hlutverk lagaráðs sé að setja ráðgefandi samræmdar reglur eða eitthvað því um líkt og að þingmönnum beri ekkert að fara eftir þeim. Þá er spurningin til hvers er verið að þessu. Ég skil vel góðan hug þingmanna til að bæta vinnubrögð Alþingis. Eins og ég gat um þá er hugsanlegt að ná því fram með því að stórefla skrifstofu nefndasviðs og með því að flytja þá menn sem eru að semja frumvörp úti í stofnunum og ráðuneytum til Alþingis þannig að þeir semji frv. í umboði þingmanna en ekki í umboði framkvæmdarvaldsins. Þannig mætti skerpa á aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en um leið þyrfti Alþingi að hætta að vasast í framkvæmdum eins og ég gat um. Í sjálfu sér held ég að hægt sé að ná fram öllum þessum góða vilja hv. flutningsmanna með fjárveitingu á fjárlögum.

[18:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Þetta hefur verið athyglisverð umræða að mínu mati í dag og skemmtileg. En ég ætla ekki eins og m.a. hv. þm. stjórnarandstöðunnar að fara að draga ræðumenn í dilka og segja hverjir hafi verið málefnalegir og hverjir ekki. Mér finnst þetta hafa verið mjög fróðleg, athyglisverð og eftirtektarverð umræða og margt gott komið fram. Hér hafa skoðanir verið viðraðar sem eru umdeilanlegar en ég virði þær í hvívetna þó að ég sé ekki sammála þeim.

Ég held að ég geti fullyrt að allir hv. þm. á hinu háa Alþingi vilja bæta, styrkja, efla og gera alla lagasetningu markvissari en hún er í dag. Ég er ekki þar með að segja að hún sé ómarkviss. En hana má bæta. Ég held að við getum öll verið sammála um það. En það hefur gríðarlega gott starf verið unnið á undanförnum áratug eða svo. Vil ég m.a. benda á að ég held að það hafi verið tveir lögfræðingar starfandi á nefndasviði Alþingis fyrir rúmum áratug. Núna eru þeir sjö og mér skilst að þeim fari fjölgandi, allt í þágu þess að efla, styrkja og bæta löggjöfina.

Hér er til umræðu svokallað frv. til laga um lagaráð. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, 1. flm. þessa frv., talaði m.a. um það í framsöguræðu sinni að meginhlutverk lagaráðs væri að vera fyrirbyggjandi leið fyrir þingmenn í störfum þeirra við að móta og merkja sér lagasetninguna. En enn höfum við ekki fengið svör við því hvernig á því verði tekið ef

þingmenn fara síðan ekki eftir því sem þetta lagaráð mælir með. Hv. þm. Pétur Blöndal benti m.a. á að þetta gæti hugsanlega verið notað í einhverjum pólitískum hráskinnaleik. Ég veit það ekki. Ég þarf ekki endilega að vera sammála því. En þetta er ein ábending því að á endanum er það þannig að þingmenn eru bundnir af sannfæringu sinni og samvisku þegar upp er staðið og það eru þeir sem hafa umboð fólksins til þess að greiða atkvæði, ekki lagaráð.

Ég get tekið undir að oft og tíðum koma lagatæknileg vandamál upp við setningu laga. Það er í rauninni það annars vegar sem við erum að reyna að koma í veg fyrir að gerist, þ.e. að upp komi lagalegir vankantar á sjálfum lögunum og síðan hitt að löggjöf stangist á við stjórnarskrá.

Hvað er þá til ráða til þess að koma í veg fyrir að þetta vandamál komi upp við setningu laga þannig að minna verði um svokölluð lagatæknileg vandamál? Við getum farið þá leið sem er í frv., þ.e. að stofna svokallað lagaráð. Eflaust eru einhverjir kostir í því fólgnir sem eru m.a. tilteknir í greinargerð með frv. Ég er reyndar ekki alveg sammála því sem kemur þar fram en við getum tekið þá umræðu frekar m.a. þegar frv. kemur til hv. allshn. Lagaráð getur líka verið þunglamalegt því að mínu mati eru helstu kostir þeirrar framkvæmdar sem við höfum í dag og við megum alls ekki vanmeta, að þetta er sveigjanlegt kerfi. Við erum tiltölulega fljót að bregðast við ákveðnum vandamálum sem koma upp hverju sinni. Þetta er m.a. það sem þingmenn hjá Evrópusambandinu hafa verið að kvarta undan, t.d. innan Evrópusambandsþingsins sem slíks, að það sé allt of þunglamalegt og ekki nægilega fljótt að bregðast við og einnig hafa m.a. norskir þingmenn og danskir þingmenn viðrað það við mig varðandi sín eigin þjóðþing. Ég er því hrædd um að lagaráð eins og það birtist í þessu frv. gæti verið ansi þungt í vöfum og auk þess, eins og ég benti á, er ekkert sem tryggir það að þingmenn fari síðan eftir þeim ábendingum sem þeir ágætu herrar sem eiga að skipa lagaráð mundu setja fram.

Hver er önnur leiðin? Það er hugsanlega lagaskrifstofur sem hér hafa verið nefndar. Það eru ágætis hugmyndir líka. Það er ekkert að þeim. Þá eru það lagaskrifstofur í Stjórnarráðinu, sem annars vegar má hugsa sér í forsrn. eða í dómsmrn. Það er mjög mismunandi hversu sjálfstæðar slíkar lagaskrifstofur eru og spurning hvort þær yrðu beint undir Stjórnarráðinu eða sjálfstæðar, eins og er í Noregi, en í rauninni heyra engu að síður undir þingið.

Bent hefur verið á, og er það m.a. röksemdin fyrir því að leggja þetta frv. fram, að meinbugir hafi verið á íslenskri löggjöf, að einhverjir hnökrar hafi verið á íslenskri löggjöf á síðustu árum og bent hefur verið á skýrslu umboðsmanns Alþingis. En það hafa ekki verið miklir og margir hnökrar á danskri löggjöf og eflaust má þakka þessari lagaskrifstofu innan stjórnarráðsins það. Því finnst mér miður ef það á að afskrifa strax þá hugmynd að hafa lagaskrifstofu innan Stjórnarráðsins þar sem hún hefur gefist vel og það hefur verið vitnað í það að í Danmörku og á fleiri stöðum eru gallar á löggjöf mun færri en hér. Eitthvað hlýtur þá sú lagaskrifstofa að hafa gert þrátt fyrir að vera í stjórnarráðinu þar. Þetta er ein leiðin. Fyrsta leiðin er lagaráð, önnur leiðin er lagaskrifstofa og síðan er þriðja leiðin sem ég tel að við ættum að huga betur að því ég vil að við skoðum alla þessa möguleika og vil engan veginn útiloka einn kost umfram annan. Þetta eru allt athyglisverðar tillögur að mínu mati, m.a. sú sem ég vil leggja hér fram. Við verðum að skoða þetta mál heildstætt og ekki einhenda okkur í einn kostinn.

Þriðji kosturinn er mjög fýsilegur að mínu mati, þó eflaust geti verið einhverjir gallar á honum líka, en það er að efla nefndasviðið enn frekar. Það hefur verið gert eins og ég benti á áðan. Við höfum fjölgað lögfræðingum á því sviði. Umboðsmaður Alþingis skrifaði álit 1997 og benti á galla í lögum. Mér þætti fróðlegt að kanna einmitt tímabilið frá 1997 fram til dagsins í dag því að einmitt á þessu tímabili hefur þingstarfið, nendasviðið og fleira, verið eflt mjög mikið. Ég held einmitt að verðum að líta mjög vel til þessara nýliðnu ára.

Hvað er hægt að gera? Það er hægt að efla nefndasviðið enn frekar og það má alveg kalla það lagaskrifstofu þess vegna innan nefndasviðsins. Það er ágætt svo lengi sem starfsemi þess verði efld.

Í frv. er einmitt tekið á þessu og í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Sem dæmi má nefna misræmi eða árekstra milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta, að gerður sé að lögum mismunur á milli manna án þess að til þess hafi staðið viðhlítandi rök og að ákvæði laga séu ekki í samræmi við stjórnarskrá ...“

Ég held einmitt að þarna sé munurinn sem ég gat um í upphafi. Þarna er annars vegar um lagatæknilegt vandamál að ræða sem við eigum að geta tekist á við, hvort heldur í formi þess að koma á fót lagaráði, setja á stofn lagaskrifstofu innan Stjórnarráðsins eða innan þingsins og ég vil endilega að sá kostur verði skoðaður betur.

Síðan er hitt. Hvað gerum við til þess að koma í veg fyrir að lög stangist á við stjórnarskrá? Nefndir hafa verið stjórnlagadómstólar og ég get tekið undir það með 1. flm. þessa máls að mér finnst það ekki fýsilegur kostur. Ég held að það sé einfaldlega allt of stór biti fjárhagslega. Ekki virðist mega tala um fjárhagslegar skuldbindingar í þessu máli, það má skilja það á hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Þó vil ég einmitt nefna það varðandi stjórnlagadómstólinn að við erum einfaldlega of fá og það yrði of stór biti fyrir okkur að koma á fót slíkri stofnun sem það yrði auðvitað. Ég vil því útiloka þann kost en um leið taka undir þá hugmynd sem hv. þm. Pétur Blöndal minntist á áðan í ræðu sinni, þ.e. að Alþingi geti á einhvern hátt skotið ákveðnum málum til Hæstaréttar þannig að t.d. hreinn meiri hluti Alþingis eða aukin meiri hluti geti skotið þangað ákveðnum málum, deilumálum, sem hugsanlega stangast á við stjórnarskrána og þá taki Hæstiréttur á þeim, fullskipaður, með níu mönnum, ekki sjö heldur níu mönnum og ef Hæstiréttur telur að viðkomandi lagafrv. eða lagabálkur komi til með að stangast á við stjórnarskrána þá þyrfti jafnframt aukinn meiri hluta Hæstaréttar, sex af níu.

Þetta eru allt atriði sem mér finnst að hið háa Alþingi eigi að skoða betur, ekki útiloka neinn kost. En við verðum að ræða þessi mál á breiðum grundvelli með það markmiði að efla og bæta og styrkja löggjöfina og þá um leið réttaröryggið í landinu. Ég vil undirstrika að þingið er sífellt að bæta starfsemi sína. Það hefur verið að gera það á undanförnum árum. Það eflir líka réttaröryggi landsmanna. Það er liður í því að efla það þannig að þetta stendur allt til bóta. Allir hv. þm. hér inni vilja einmitt styrkja og efla lýðræðið sem mest þeir geta. Þessi umræða er liður í því. En ég vil einnig geta þess að við eigum ekki að breyta eingöngu breytinganna vegna. Við verðum að gera það markvisst. Þetta frv. er eflaust ágætis hugmynd en ég sé hana ekki fullskapaða eins og margoft hefur komið fram hér í umræðum. Þetta er engu að síður

ágætis innlegg í umræðuna um að bæta löggjöfina.

[18:26]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er nú farið í þessar breytingar breytinganna vegna. Það hefur margoft verið rakið í umræðunni að ástæða er fyrir þessum breytingatillögum.

Þráspurt hefur verið, nú síðast af hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur, hvað gerist ef menn fara ekki að ráðum lagaráðsins. Ég vil bara benda á að eðli málsins samkvæmt eins og lagt er til í tillögunni þá er lagaráð Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar. Svo er eðli málsins samkvæmt þegar um er að ræða ráðgjafarráð. Þá felur það aðeins í sér að það er álitsgefandi og ráðgefandi. En niðurstaða þess er ekki bindandi. Og það er í samræmi við það sem hefur verið í nágrannaríkjunum. Hvaða fyrirkomulag svo sem menn hafa á þessum lagaráðum þá eru þau ráðgefandi en ekki bindandi. Áfram er það síðan þannig að dómstólar leggja endanlegt mat á stjórnskipunarlegt gildi laga. Aðrar eftirlitsstofnanir eins og t.d. umboðsmaður Alþingis fylgjast áfram með sínum þáttum málsins o.s.frv. Það er því ekki verið að hreyfa við neinum öðrum þáttum í þessari tillögu, eingöngu því að koma á ráðgefandi ráði við hið háa Alþingi og við ríksstjórnina sem geti aðstoðað okkur við löggjafarundirbúninginn. Það er tilgangurinn með þessu öllu saman.

Hv. þm. sagði áðan að vel kæmi til greina að setja á stofn skrifstofu á borð við þær sem eru á Norðurlöndunum, a.m.k. útilokar hún ekki þann möguleika. Því vil ég spyrja hvort hv. þm. sé þeirrar skoðunar að ástæða sé til að styrkja enn frekar þátt framkvæmdarvaldsins í lagasetningunni eða hvort hún samsinni því ekki með mér og þeim fjölmörgu sem hér hafa talað að þvert á móti þurfi að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Ég vildi spyrja hv. þm. að þessu.

[18:28]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. sem hlustaði væntanlega á mig áðan getur getið sér til um þá er ég ekki að útiloka einn eða neinn kost hvort sem lagaskrifstofan verði í Stjórnarráðinu, hér á hinu háa Alþingi eða að efnt verði til lagaráðs, því að við höfum dæmi um það frá Danmörku. Ein meginforsendan fyrir því að þið leggið þetta fram, hv. þingmenn, er sú að það á að fækka lagatæknilegum göllum á frumvörpum. Þeir hafa ekki verið til staðar í Danmörku svo að hægt sé að tala um. Það er m.a. lagaskrifstofu þess stjórnarráðs að þakka þannig að það er ekki meingallað að hafa lagaskrifstofu innan viðkomandi stjórnarráðs, engan veginn svo. Og um leið og þeim lagatæknilegu göllum fækkar þá sendum við hér á Alþingi auðvitað frá okkur betri lagafrv. Það er nú einu sinni þannig.

[18:29]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. formaður allshn., hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, er að mínu mati mun málefnalegri í afstöðu sinni við 1. umr. til málsins en margir flokksbræður hennar sem hér hafa talað og ráðist hafa af mikilli hörku gegn þessu máli. Vil ég þar sérstaklega nefna hæstv. forseta Alþingis, hv. þm. Halldór Blöndal, og hæstv. forsrh. Ég fagna því að það sé a.m.k. skoðun þingmannsins að þetta sé fyllilega þess virði að skoða.

En ég vil benda á varðandi framkvæmdina í Danmörku að vissulega hefur hún haft betrumbætur í för með sér varðandi lagatæknilega ágalla. Eigi að síður er gríðarlega mikil umræða á meðal lögfræðinga og líka í dönskum fjölmiðlum um þetta fyrirkomulag einmitt vegna þrískiptingar ríkisvaldsins. Um það erum við að tala hér. Ég er ekki að efast um að hin lagalegu gæði ráðgjafarinnar gætu verið hin sömu. En spurningin er hvort við viljum styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni eða hvort við viljum styrkja þátt framkvæmdarvaldsins og að auki hvort meiri líkur séu á því að þá séu í raun pólitísk inngrip inn í hina lögfræðilegu ráðgjöf undir hatti ráðuneytanna eða undir hatti Alþingis. Um þetta snýst málið.

[18:31]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en enn og aftur komið með það að mér finnst miður þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru að draga skoðanir og ræður annarra hv. þm. í dilka, hvort sem það eru hæstv. forsrh., dómsmrh. eða hæstv. forseti þingsins. Það hafa verið fluttar málefnalegar ræður í dag þar sem skoðanir hafa verið viðraðar, umdeilanlegar skoðanir, en við verðum að virða þær. Að mínu mati hafa tveir menn til að mynda — fyrst við erum byrjuð að draga menn dilka, meta ræður og gefa einkunnir — sem bera eftirnafnið Blöndal, það er tilviljun ein, flutt afspyrnugóðar ræður að mínu mati. (**BH:** Þú svaraðir ekki spurningu minni, hv. þm.)

[18:32]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hefur þótt dálítið merkilegt í þeim málflutningi sem hér var hafður uppi er að ef umrætt ráðgefandi ráð setti reglur, þá væri hættan sú að einstaka þingmenn væru með stæla, virtu hugsanlega ekki þær reglur, og ef ég man orðræðuna rétt þá mundu þeir nota þessar reglur til að reyna að beita þeim gegn meiri hlutanum eða notfæra sér einhverjar slíkar reglur til að ná sér niðri á meiri hlutanum ef ég man orðræðu eins hv. þm. hér fyrr í dag og hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir virtist taka undir.

Ég vil þess vegna af þeim ástæðum einum nefna af því að hv. þm. er formaður allshn. og að hluta til heyrir a.m.k. skýrsla umboðsmanns Alþingis undir nefndina, hún kemur til skoðunar í allshn., og umboðsmaður Alþingis hefur ekki úrskurðarvald af neinum toga, álit hans er ráðgefandi. Hann fjallar um það álitaefni sem undir hann er borið, sem lýtur að málsmeðferð í stjórnsýslunni fyrst og fremst og álit hans er ráðgefandi. Hann er virtur sem slíkur, enda held ég að flestir hafi smám saman komist á þá skoðun að rétt sé að virða þá niðurstöðu sem umboðsmaður kemst að og það er orðið mjög sjaldgæft að þær séu dregnar í efa.

Þess vegna er það fyrst og fremst virðingin og það hvernig menn vinna sem ræður því hvort menn framfylgi eða fylgi eftir þeim reglum sem settar eru. Þess vegna finnst mér það ekki vera sterk rök í umræðunni þegar menn halda því fram að þar sem ekki er um að ræða bindandi reglur þá sé hættan sú að ef þetta verður að lögum, sem ég er smám saman farinn að draga í efa eftir umræðuna í dag, þá muni menn notfæra sér þessar reglur til að ná sér niðri á meiri hlutanum.

[18:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé að leggja mér einhver orð í munn og rugla ræðu minni við ræður einhverra annarra,

enda upptekinn við einkunnagjöf í þeim efnum, þannig að það er ósköp skiljanlegt að einhverjar ræður ruglist. En engu að síður hefur þeim ábendingum heldur ekki verið svarað sem komu fram fyrr í dag að þegar málsmetandi menn, mjög virtir menn, ekki bara úti í bæ heldur líka hjá lagadeild Háskóla Íslands koma á fund þingnefnda og koma með ákveðin atriði, að ekki er farið eftir þeim. Af hverju? Af því að það er einfaldlega pólitík í gangi.

Ég held að þegar við lítum heildstætt á þetta mál og þá kosti sem ég nefndi áðan í ræðu minni, þá komi þetta lagaráð alltaf til með að vera ráðgefandi, lagaskrifstofur hvar sem þær verða staðsettar því að á endanum eru það alltaf þingmenn sem þurfa að gera það upp við sig hverju þeir ætla að greiða atkvæði. Þeir þurfa að eiga við samvisku sína, sannfæringu því að þeir eru sannir umbjóðendur fólksins.

[18:36]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur vissulega verið umræða um ráðgefandi ráð og niðurstöðu af því ef slíkar reglur yrðu settar. Hv. þm. vitnaði til umræðu sem fór hér fram fyrir nokkrum vikum í svokölluðu öryrkjamáli og vitnaði til þess að tilteknir aðilar hefðu komið á fund nefndar og lýst yfir ákveðinni skoðun og minni hlutinn hefði haft uppi aðra skoðun af því að það hefði fyrst og fremst verið pólitík í gangi.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, virðulegi forseti, að það hefur enginn í sjálfu sér lýst yfir því án fyrirvara að það mál sem við ræddum þá sé klárlega í samræmi við stjórnarskrána. Það hefur ekkert komið fram. Það er alveg klárt.

Í öðru lagi ætla ég að leyfa mér að halda því enn og aftur fram sem ég hef gert margoft að sú afturvirkni sem var í löggjöfinni í svokölluðu öryrkjamáli fær ekki staðist stjórnarskrána, ég er alveg sannfærður um það. Ég vil því, virðulegi forseti, mótmæla því harðlega að við sem hér erum — af því að hv. þm. hafði orð á því að allir þingmenn væru bundnir af samvisku sinni — værum að halda þessu fram fyrst og fremst af einhverri pólitík. Það er einfaldlega af því að a.m.k. sá sem hér stendur er sannfærður um það.

[18:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur staðið lengi dags. Ég lít svo á að málið sem hér hefur verið rætt eigi fullan rétt á sér og fullt erindi inn í þingið, enda hefur umræðan borið það með sér að ekki er vanþörf á að ræða þessi mál.

Ég vil hins vegar víkja að því að í umræðunni í dag hefur komið fram að vanda þyrfti lagatæknileg atriði og fara yfir frumvörp og annað slíkt. Af mörgum ræðum sem hér hafa verið fluttar held ég að hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir hafi flutt eina af þeim betri, svo maður gefi einkunnir út og suður.

Ég vil hins vegar vekja athygli forseta þingsins á því að ég tel að hér í þinginu liggi fyrir frv. sem sé algerlega óþarfi að taka til meðferðar, og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann láti skoða það áður en lengra er haldið. Sem betur fer er ekki búið að mæla fyrir því en þetta frv. er um áhafnir íslenskra skipa. Ég held að þetta frv. standist ekki eins og það er fram sett, m.a. vegna þess að þar eru vitnað í alþjóðasamþykkt sem er ekki orðin til, hefur eingöngu verið staðfest af tveimur ríkjum, Rússum og Dönum, og samt eru í textanum hingað og þangað tilvitnanir í hana og það eru ýmis fleiri atriði. Ég vil bara mælast til þess við forsetana og láta reyna á það hvort þeim finnist ekki ástæða til að skoða þessa athugasemd og kanna hvort þetta á frv. á erindi til þingisins eins og það liggur fyrir.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli hv. 4. þm. Vestf. á því að hann er í andsvari við hv. 5. þm. Reykn. og vill biðja hv. þm. að vekja athygli á efni málsins undir réttum formerkjum.)

[18:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram málefnaleg umræða í dag. Nokkurrar geðshræringar gætti um skeið, ekki síst hjá hæstv. forsrh. sem varð heitt í hamsi og nokkuð niðri fyrir þegar farið var að tengja þetta frv. og umræðuna dómnum í svokölluðu öryrkjamáli en þetta frv. til laga um lagaráð gengur einmitt út á að slíkt ráð verði Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar um það hvort frv. standist stjórnarskrá eða alþjóðasamninga.

Ég lít svo á að þetta frv. sé mjög gott innlegg í þá umræðu sem farið hefur fram og þarf að fara fram um leiðir til að styrkja löggjafarstarf þingsins en ég vil að það komi fram að ég tel að það starf sé almennt til mikillar fyrirmyndar. Ég held að lagasmíð sé almennt mjög vönduð. Að henni koma fjölmargir aðilar, iðulega úr ráðuneytum, sérfræðingar þingsins og það er einnig rétt sem hér hefur komið fram að sá háttur er hafður á við yfirferð frumvarpa að kalla til sérfræðinga, lögfróða og fulltrúa flestra þeirra aðila sem málið varðar á einn eða annan hátt.

Hins vegar hafa orðið slys, það vitum við öll, og stundum hafa þessi slys orðið þegar reynt er að hraða frumvörpum í gegnum þingið, oft í tengslum við fjárlög, og um það eru mörg dæmi frá liðnum árum. Síðan eru til annars konar slys. Ekki ætla ég að segja að þau séu ásetningsslys, slys eru þau en alvarleg engu að síður. Þá er frægast að nefna breytingar sem gerðar voru á almannatryggingalögunum undir lok árs 1997 en á grundvelli þeirra var kveðinn upp hæstaréttardómurinn sem ég vísaði til fyrr. Fleiri dæmi eru um dóma sem hafa sýnt fram á að lög stríða gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Það hefur verið vitnað í þessa dóma við umræðuna í dag, svokallaðan Valdimarsdóm, en það var dómur sem gekk í máli Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu en þar dæmdi Hæstiréttur að tiltekin grein í lögum um stjórn fiskveiða, lögum nr. 38/1990, stangaðist á við stjórnarskrá landsins. Látið var reyna á 2. gr. sömu laga í svokölluðu Vatneyrarmáli en Hæstiréttur komst reyndar að þeirri niðurstöðu að hún stangaðist ekki á við stjórnarskrána. Síðast er þetta dæmi sem hefur orðið mönnum tilefni til mikillar umræðu og það er öryrkjadómurinn.

Þegar hann var kveðinn upp fyrst var a.m.k. svo að skilja á fréttum að það stjórnvald sem með málaflokkinn fór, Tryggingastofnun og heilbrrn., væru á því máli að dómurinn væri skýr og afdráttarlaus og ekkert því til fyrirstöðu að greiða öryrkjum í samræmi við hann. Ríkisstjórnin undir forustu hæstv. forsrh. var á öðru máli og fékk málið í hendur nefnd utanþingsmanna, lögfræðinga að sönnu, undir forsæti lögfræðings sem hafði gagnrýnt dóminn. Verkefni nefndarinnar var að greina dóminn og smíða lagafrumvörp sem reist væri á þeirri greiningu og væntanlega einnig erindisbréfi frá forsrn. eða ríkisstjórninni, bréfi sem Alþingi hefur ekki verið sýnt og hefur verið neitað að reiða fram þrátt fyrir margendurteknar óskir þar að lútandi og vísa ég þar í lögmann Öryrkjabandalags Íslands.

Þegar ég segi að mér finnst þetta frv. ágætt innlegg í umræðuna er ég ekki viss um að ég hafi endilega sannfæringu fyrir því að þetta sé eina rétta leiðin sem fær er til að skera úr í álitamálum eða ágreiningsefnum, sérstaklega varðandi hina stóru spurningu hvort lög eða lagafrv. standist stjórnarskrá landsins. Síðar á dagskránni er till. til þál. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs leggur fram. Þar er lagt til að kannað verði hvort æskilegt sé að stofna stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráð. Þetta er þáltill., ekki frv. eins og það sem við erum að ræða hér, enda er gert ráð fyrir því að fram fari könnun á þessu og allar hliðar málsins skoðaðar rækilega.

Því hefur verið haldið fram við umræðuna að með því að skipa lagaráð eða jafnvel stjórnlagadómstól eða stjórnlagaráð sé verið að ganga á hlut alþingismanna, lýðræðislega kjörinna fulltrúa, og færa vald yfir til dómara, lögfræðinga og embættismanna. Vissulega eru það rök sem ég hef viljað taka mjög alvarlega. Ég vek hins vegar athygli á því að í því frv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir ráðgjafarhlutverki þessa lagaráðs, ekki ákvörðunarvaldi. Hins vegar finnst mér vert að íhuga þetta mjög rækilega og vísa í ábendingu hv. þm. Péturs H. Blöndals sem benti á ákvæði í stjórnarskrá landsins um frelsi alþingismanna til þess að leggja fram lagafrv.

Ástæðan fyrir því að mér finnst hins vegar efni til þess að taka þessi mál til skoðunar er sá mikli ágreiningur sem risið hefur núna á síðustu mánuðum, bæði í Vatneyrarmálinu sem ég vitnaði til og ekki síður í öryrkjamálinu. Ég held að það sé mjög alvarlegt fyrir Alþingi þegar ekki er til farvegur sem sátt er um til að taka á slíkum ágreiningi, hvort sem það er með úrskurðarvaldi eða á ráðgefandi hátt. Mér finnst það vera mjög alvarlegt þegar upp koma deilur eins og sú sem varð í tengslum við öryrkjamálið að slíkur farvegur sé ekki fyrir hendi.

Hæstv. forseti Alþingis ritaði Hæstarétti bréf í nafni forsætisnefndar til að fá afstöðu hans til málsins. Þetta er væntanlega til marks um að hann telji að þörf sé á einhverjum slíkum farvegi enda hafa ýmsir þingmenn Sjálfstfl. og stjórnarliðsins — ég vil taka það fram að ég sakna þess mjög að framsóknarmenn taki þátt í þessari umræðu. Ég held að engin framsóknarmaður hafi kvatt sér hljóðs um þetta mál — en margir hv. þm. Sjálfstfl. hafa talið nauðsyn á því að fela Hæstarétti eitthvert ráðgefandi vald eða jafnvel úrskurðarvald. Þá hefur verið talað um að styrkja Hæstarétt jafnvel þannig að hann verði fullskipaður þegar hann tekur á slíkum málum.

Ég leyfi mér að hafa miklar efasemdir um slíka styrkingu Hæstaréttar því að mér finnst að í því felist sú hugsun að til sé eitthvert fyrsta flokks réttlæti og fyrsta flokks niðurstaða og síðan annars og þriðja flokks niðurstaða. Úrskurður Hæstaréttar er einfaldlega úrskurður Hæstaréttar og hann gildir í öllum málum. Ég held að í öllum þeim tilvikum sem málum er vísað til Hæstaréttar þá finnist þeim sem þangað vísa málum sínum mikilvæg mál vera á ferðinni og að þau eigi öll að fá þar sömu afgreiðslu þannig að ég vara við þessu. En ég ítreka það, herra forseti, að ég lít svo á að þetta sé mikilvægt innlegg í mikilvæga umræðu. Þetta tengist öðrum málum sem eru síðar á dagskránni og ég hvet til þess að á þessu verði tekið málefnalega og við fáum þegar upp er staðið niðurstöðu sem sátt getur verið um.

[18:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti ræða hv. 13. þm. Reykv. Ögmundar Jónassonar athyglisverð. Það er skemmtilegt að velta því fyrir sér vegna þess að hann komst svo að orði að stundum hefðu orðið slys, einkum þegar reynt væri að hraða frumvörpum í gegnum þingið eða frumvörpum væri hraðað í gegnum þingið.

Þegar maður lítur á þau lög sem umboðsmaður vakti athygli á, úttekt á meinbugum á lögum sem tíundaðar eru í skýrslum umboðsmanns Alþingis fyrir árin 1988–1997 að sennilega hefur ekkert af þeim frv. varðað afgreiðslu fjárlaga, heldur er hér um frv. af allt öðru tagi að ræða. Sumt kemur manni pínulítið á óvart eins og að ekki er kveðið á um það í lögum hver skuli eiga að greiða fyrir tannviðgerðir fanga. Hér er m.a. rætt um að reglur um skráningu mannanafna hafi ekki verið settar með réttum hætti. Í ljós kemur að félmrh. hefur verið ógætinn varðandi byggingarsamvinnufélög á árinu 1993 o.s.frv. En þetta eru ekki mál sem hefur verið reynt að hraða í gegnum þingið og það kemur á óvart.

Ég er á hinn bóginn sammála honum um þá niðurstöðu að hér er reynt að vinna vel að lagafrv. þó að okkur hafi orðið á og ég er sammála honum um að við hljótum að velta fyrir okkur þeirri reynslu sem við höfum orðið fyrir.

[18:53]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur verið að mörgu leyti góð og ítarleg. Ég treysti því að frv. fái góða og vandaða málsmeðferð í hv. allshn. Alþingis. Ekki síst í ljósi þess hvernig hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður allshn., tjáði sig um þetta mál áðan, þá trúi ég því og treysti.

Ég vil víkja örfáum orðum að ýmsu sem komið hefur fram í umræðunum í dag. Sérstaklega vil ég minnast á málflutning hæstv. forsrh. og hv. þm. Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, og velta því fyrir mér hver séu málefnaleg rök þeirra tveggja gegn þessu máli. Þau málefnalegu rök sem ég heyrði helst hjá þessum ágætu þingmönnum voru þau að frv. væri óskýrt, sérstaklega að 1. gr. frv. væri mjög óskýr vegna þess að ekki væri nákvæmlega farið út í það hvað lagaráðið ætti að gera. Þeir hafa velt upp spurningum og margir aðrir um það hvað gerist ef ekki er farið eftir ráðgjöf ráðsins. Það hefur jafnvel komið fram, a.m.k. af hálfu hæstv. forsrh., að hann telji slíkri skrifstofu mun betur komið fyrir innan Stjórnarráðsins, ef hún yrði á annað borð sett á stofn eða slíku ráði eða nefnd eða hvað við köllum það, og hann vildi gera lítið úr því að nokkur hætta væri á að slakari lagaleg ráðgjöf kæmi þaðan en ef þetta kæmi frá hinu háa Alþingi.

Ég heyrði ekki hv. þm. Halldór Blöndal og forseta Alþingis tjá sig nákvæmlega um þennan þátt málsins. Má vel vera að ég hafi ekki heyrt rétt. En ég heyrði hann a.m.k. ekki tjá sig nákvæmlega um þetta, hvort hann hefði trú á því að þessu væri betur komið fyrir undir Stjórnarráðinu ef á annað borð væri sett á stofn slíkt apparat. Reyndar trúi ég því ekki að svo sé komið fyrir hv. Alþingi að forseti þess telji slíkri skrifstofu betur fyrir komið undir Stjórnarráðinu því að ástæða þess að við sem flytjum þetta mál og leggjum til að lagaráð verði staðsett á vegum Alþingis og undir hatti Alþingis er einmitt sú viðleitni okkar að rétta hlut Alþingis í lagasetningunni. Það hefur margoft komið hér fram. Við höfum öll heyrt umræðu um það, og hún hefur m.a. farið fram hér, að vægi Alþingis hafi í raun farið minnkandi gagnvart auknu vægi framkvæmdarvaldsins. Við þekkjum öll þá umræðu og ég vil fullyrða að flest okkar finni fyrir því á

Alþingi hversu mikið og þungt vægi framkvæmdarvaldsins er í tengslum við lagasetninguna.

Vel má vera að sú lagalega ráðgjöf — og ég reyndar vil meina það að í ráðuneytinu sé mikið af hæfu löglærðu fólki starfandi en það breytir ekki því að verkefni okkar er líka það að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni, að styrkja þátt Alþingis í ríkisvaldinu. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég hafði ekki hugmyndaflug í það að ímynda mér að hæstv. forseti Alþingis mundi leggjast af svo miklum þunga gegn málinu á þann hátt sem hann gerir. Vissulega ber ég fulla virðingu fyrir sjónarmiðum hans. Ég hef aldrei sagt neitt annað. Þó verð ég að viðurkenna að á köflum hef ég ekki alveg skilið kannski rökstuðninginn hjá honum að vera á móti málinu. Ég virði þau rök fullkomlega. En ég undrast eigi að síður að hann skuli ekki taka undir þann þátt í okkar málflutningi að æskilegt sé að styrkja verulega stöðu Alþingis í lagasetningunni og að bæta löggjafarundirbúninginn í ljósi þess, herra forseti, að við höfum verið að fá athugasemdir um meinbugi á lögum sem eru í meira mæli en gerist í nágrannaríkjununum burt séð svo frá því hvaða form nágrannaríkin hafa á því að undirbúa sín lög að öðru leyti.

Ég hef ekki heldur enn þá heyrt rök fyrir því af hverju ekki sé þörf á slíkri skrifstofu, ráði eða nefnd, hvað sem við köllum það, hér á landi meðan önnur ríki allt í kringum okkur telja fulla þörf á að hafa slíka skrifstofu starfandi. Ég held að við séum ekki betur af guði gerð en kollegar okkar í öðrum löndum eða höfum betri þekkingu á lögfræði eða á tæknilegum úrlausnarefnum varðandi lagasetningu. Ég leyfi mér að efast um það og af því að hæstv. forseti Alþingis, hv. þm. Halldór Blöndal, er enn staddur í salnum að hlýða á þessa umfjöllun, þá kalla ég eftir því hver séu rökin fyrir því að ekki sé þörf á að gera þetta hér á landi á meðan önnur ríki telja sig þurfa slíka starfsemi.

Ég vil líka ítreka það, herra forseti, vegna þess að það hefur margoft verið rætt í umræðunni að nefndasvið Alþingis hefur verið eflt á síðustu árum og hefur að öllu leyti verið vandað mun meira til þessara hluta og lögfræðiþekkingin á vegum þingsins er mun meiri nú en fyrir nokkrum árum. Ég vil ítreka það að ég margtók fram í framsögu minni og örugglega einhvern tíma í andsvörum líka að þetta hefur verið að gerast. En þetta hefur líka verið að gerast, herra forseti, í löndunum allt í kringum okkur. Þar hafa þjóðþingin verið að stórbæta lögfræðiþekkinguna innan þingsins til viðbótar við það að vera með slíka stofnun, ráð eða skrifstofu á borð við það sem lagt er til í þessu frv. Þetta er m.a. til komið vegna þess að þessi lagatæknilegu úrlausnarefni og lögfræðilegu úrlausnarefni eru miklu meiri, sérstaklega þar sem mikið er um það að löggjöf komi til á grundvelli alþjóðasamninga, þá krefst það aukinnar lögfræðiþekkingar innan þingsins að útfæra það innan ráðuneytanna. Þetta hefur því líka verið að gerast í nágrannalöndunum þannig að það eru ekki rök fyrir því að okkur nægi að efla nefndasviðið og fjölda löglærðra manna innan þingsins en að einhver rök séu fyrir því að ekki þurfi að koma á borð þessu ráði eða einhverju ámóta fyrirbæri eins og nágrannaríkin hafa gert og sum hver hafa mjög lengi haft starfandi með góðum árangri.

Af hverju leggjum við til að lagaráð sé skipað eins og lagt er í þessari tillögu? Ef ég fer fyrst yfir 1. gr. áður en ég ræði um 2. gr., þá á ég mjög erfitt með að skilja af hverju fólk áttar sig ekki á því hvað felst í síðari setningu þeirrar greinar sem er svona, herra forseti:

„Lagaráð er Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar."

Mér finnst þetta alveg skýrt, herra forseti. Þetta er auk þess í samræmi við þá umfjöllun sem hefur verið að eiga sér stað annars staðar. Þetta er í samræmi við verkefni ámóta fyrirbæra annars staðar og kemur mjög glögglega fram í allri umfjöllun um málið. Hvort sem hún er lögfræðilegs eðlis eða af öðrum toga þá eru menn að tala nákvæmlega um þessi verkefni. Síðan er það að sjálfsögðu ráðsins að útfæra það nánar hversu langt það gengur í þeim efnum og, eins og lagt er til í 2. gr. frv., forsætisnefndar Alþingis sem við flutningsmenn þessa frv. töldum okkur vera að gera nokkuð hátt undir höfði í frv. með því að leggja til að forsætisnefnd skipi án tilnefningar formann nefndarinnar og setji auk þess ráðinu starfsreglur, herra forseti. Með þessu erum við leggja til að forsætisnefnd eigi gríðarlega mikinn þátt í því að móta hvernig þetta ráð fari af stað og hvernig það starfi vegna þess að við viljum auka vægi Alþingis í lagasetningunni eins og ég hef margoft sagt í þessari ræðu og fyrri ræðum sem ég hef haldið um þetta mál í dag.

Af hverjum leggjum við til að ráðið verði skipað eins og segir í 2. gr., þ.e. að tveir menn séu skipaðir samkvæmt tilnefningu o.s.frv.? Ég tek það fram að það er ekkert heilagt í mínum huga. Við veltum fyrir okkur hvort við ættum að láta t.d. Dómarafélag Íslands tilnefna einn. Hugsanlega gætu fleiri menn verið í ráðinu. Það gæti verið skipað fimm mönnum. Mér finnst ekkert heilagt í þeim efnum. Þetta er ein hugmynd sem hér er viðruð. Ég er þeirrar skoðunar persónulega að ekki sé rétt að dómarar komi að slíkum löggjafarundirbúningi, sérstaklega í ljósi þess að þeir séu þá búnir að gefa ráð um það hvernig eigi að meta lögin þegar þeir hugsanlega fá þau seinna til umfjöllunar. Mér fannst því ekki vera nógu góður bragur á því. En ég útiloka ekkert í þeim efnum og mér finnst það ekki vera heilagt, herra forseti. Það er útfærsluatriði.

Við leggjum hins vegar til að tveir nefndarmanna séu skipaðir að tillögu annars vegar lagadeildar háskólans og hins vegar að tillögu Lögmannafélagsins. Það er í samræmi við þá umræðu sem hefur verið um stofnun slíks ráðs t.d. í Danmörku. Þar hefur þetta verið inni í myndinni. Sænska lagaráðið er stofnað 1909. Í raun er það skipað dómurum tveggja dómstiga, annars vegar stjórnsýsludómstigsins og hins vegar hæstaréttar. Fyrirmyndin er síðan 1909 og kannski er ekkert óeðlilegt við að í tímans rás mundu menn ef þeir væru að gera þetta í dag hugsanlega hafa eitthvert annað form á þessu. Það hefur hins vegar reynst ágætlega þar í landi og kannski er engin ástæða til að breyta því þar í samræmi við þá hefð sem þar hefur skapast. En í Danmörku er umræðan á þessum nótum og þangað m.a. höfum við svolítið verið að horfa.

Bara svo það sé alveg skýrt þá vona ég að ég hafi ekki móðgað neinn eða við flutningsmenn þessa frv. með því að leggja til að forsætisnefnd skipi ekki alla nefndina án tilnefningar. Það er einungis gert með það í huga, herra forseti, að tryggja ákveðið sjálfstæði og ákveðna faglega umfjöllun í ráðinu. Ég ítreka það enn og aftur að þetta er í anda þess sem menn eru að tala um t.d. í Danmörku og hafa lagt til þar, að eðlilegt sé að Lögmannafélagið og lagadeildin eða háskólinn komi að þessu ráði. En eins og ég sagði áðan leggjum við til að forsætisnefnd setji ráðinu starfsreglur þannig að hún ræður mjög miklu um það hvernig af stað verður farið.

Forsætisnefnd hefur mjög mikið um það að segja samkvæmt þessu frv. hvernig þetta fyrirbæri mundi mótast.

Ég get líka viðurkennt það hér, herra forseti, að það var allt saman vísvitandi gert að hafa þetta ekki of niður njörvað vegna þess að við teljum og ég fullyrði að ef vilji væri fyrir því af hálfu hæstv. forseta Alþingis eða forsætisnefndar að útfæra þessa hugmynd þá væri þeim ekkert að vanbúnaði að gera það. Forsætisnefnd er í raun fengið mjög mikið hlutverk með þessu frv. og það er viljandi gert vegna þess að ég tel að hún eigi að hafa mjög mikil áhrif á það hvernig þetta ráð verði mótað og hvernig það fari af stað og treysti ég forsætisnefnd mjög vel til þess. Það var ástæðan fyrir því að við leggjum til að þetta sé útfært á þann hátt sem hér hefur greinilega kallað á mjög mikil mótmæli hjá a.m.k. einhverjum hv. ræðumanna í dag.

Það er líka þekkt fyrirbæri úr stjórnsýslunni að farin sé tilnefningaleiðin í nefndir eða ráð á borð við þetta og ekkert óeðlilegt við það. Þvert á móti er mjög gott að dreifa valdinu á þann hátt sem þarna er gert. Ég held að menn megi ekki vera svo frekir á vald sitt að þeir treysti ekki faglegum aðilum á borð við lagadeild háskólans eða Lögmannafélaginu til þess að útfæra það sem þessu ráði er ætlað. Það er að mínu mati viðleitni til þess að sporna gegn því að ráðið verði pólitískt. Ég tel að það séu minni líkur á því ef það eru tilnefningaraðilar heldur en ef forsætisnefnd mundi skipa allt ráðið.

Ég ítreka það enn og aftur, herra forseti, að skipanin og fyrirkomulag þess hverjir nákvæmlega sitja í þessu ráði er ekki heilagt að mínu mati, en ég tel mikilvægt að þetta ráð verði undir hatti Alþingis en ekki undir Stjórnarráðinu fyrst og fremst vegna þess að ég tel að Alþingi þurfi á frekari styrkingu að halda við löggjafarundirbúning eða í því lagasetningarferli sem nú er orðið þrátt fyrir að menn hafi lagt töluvert í nefndadeildina og að bæta við löglærðu fólki innan þingsins.

[19:08]

Útbýting þingskjals:

Upplýsingalög, 472. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 751.

[19:08]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var satt að segja undrandi á sumu sem hv. 9. þm. Reykv., Bryndís Hlöðversdóttir, 1. flm. þessa máls, sagði. Fyrr í dag hafði hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, sagt að sú hugmynd, eins og hann orðaði það, að lagaráð hefði það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála, væri opin hugmynd og það ætti að láta verklagið móta hvernig þessari hugmynd reiddi af. Þetta var ekki góð skilgreining á lagatexta.

Nú sagði flm., hv. 9. þm. Reykv., Bryndís Hlöðversdóttir, að það yrði algerlega í höndum forsætisnefndar Alþingis að setja ráðinu starfsreglur og kveða nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði. Það var eins og hv. þm. vildi ekki leggja neitt fram í því, vildi ekki útskýra fyrir þingheimi hvernig flutningsmenn hugsa það mál. Mér finnst það skrýtin hugmynd við lagasetningu satt að segja ef flutningsmenn vilja ekki sjálfir gera ítarlega grein fyrir þeim hugmyndum sem eru á bak við lagatextann.

[19:10]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hissa á því að hv. þm. Halldór Blöndal sé núna fyrst að átta sig á þessu vegna þess að þetta stendur í 2. gr. frv.:

„Forsætisnefnd Alþingis setur ráðinu starfsreglur og kveður nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði."

Þetta hefur alltaf legið ljóst fyrir frá því að málið var lagt fyrir og frá því að hugmyndin var mótuð.

Herra forseti. Ég sé bara ekkert óeðlilegt við það þegar frv. á borð við þetta er lagt fram sem felur í sér ákveðna tillögu um að stofna tiltekið ráð, því falið ákveðið hlutverk og síðan sé forsætisnefnd Alþingis — ég vek athygli á því að við erum að leggja til að Alþingi sé styrkt í lagasetningarferlinu og við treystum forsætisnefnd Alþingis mjög vel til þess að setja þessu ráði starfsreglur. Ég hef hins vegar mjög skýrar hugmyndir um það, herra forseti, hvernig slíkar starfsreglur eiga að vera og ég get vel boðið hæstv. forsætisnefnd krafta mína, verði eftir því óskað.

[19:11]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er eðlilegt að hv. þm. skýri frá því á lokuðum fundi í forsætisnefnd hvaða hugmyndir hún hefur um (Gripið fram í.) starfsreglur og starfssvið þessa væntanlega lagaráðs. Ég mundi telja miklu eðlilegra að hv. þm. kveddi sér hljóðs og tæki til máls í þriðja sinn og skýrði ítarlega fyrir okkur þær hugmyndir sem liggja að baki frv. Má kannski segja að tími sé til kominn.

[19:12]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast það að hv. þm. Halldór Blöndal skuli enn og aftur fara út í útúrsnúninga.

Hv. þm. hlýtur að þekkja það mjög víðar úr löggjöf vegna þess hversu lengi hann hefur setið á hinu háa Alþingi að oft er lagt til að löggjöf sé útfærð annars staðar en í sjálfu frv. Oft og tíðum er það t.d. gert í reglugerð og mætti vel hugsa sér það fyrirkomulag ef hv. þm. telur það æskilegra. En ég er enn þeirrar skoðunar að forsætisnefnd sé eðlilegur kostur. Þar ætti að vera saman komin sú þekking og viska á störfum Alþingis að þar sætu þeir menn sem gætu best, eða ég a.m.k. treysti best, til þess að útfæra þetta atriði.

Ég hef útskýrt í tveimur ræðum, herra forseti, tilgang frv. Það kemur fram í frumvarpstextanum og ef hv. þm. Halldór Blöndal skilur ekki enn þá út á hvað málið gengur þá held ég að ég eyði ekki meiri tíma í að útskýra það en ég hef nú þegar gert.

[19:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gleymdi einu atriði varðandi röksemdafærslu með þessu lagaráði sem ég gat um áðan. Ég reyndi að koma inn á bæði kosti og galla þess og ég minnist m.a. á að það væri þunglamalegt, ég óttaðist að það yrði þunglamalegt og mundi draga úr einum helsta kosti lagasetningarkerfis okkar, þ.e. sveigjanleika þess, þess að geta brugðist fljótt við. Ég hef orðið vör við það á ferðum mínum m.a. og í samtölum við þingmenn annars staðar frá að þeim finnst oft viðbrögð og sveigjanleiki þess kerfis sem þeir búa við vera ansi rýr.

Mér finnst líka miður ef hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir ætlar að flauta strax út af þá tillögu mína að athuga hvaða

kosti það hefur að bæta og efla og styrkja enn frekar nefndasviðið eða einhverja ákveðna lagaskrifstofu innan þingsins. Ég hef ekki verið að flauta strax út af þetta frv. um lagaráð. Ég vil kanna þetta, skoða þetta betur. Ég hef mínar efasemdir án þess þó að vilja útiloka eitt eða neitt. En ég mundi gjarnan einnig vilja að fram færi könnun á lagasetningu frá 1997, frá þeim tíma þegar skýrsla umboðsmanns Alþingis var birt og fram til dagsins í dag. Þetta er einmitt sá tími sem starfsemi Alþingis hefur eflst og styrkst hvað mest og því væri slík könnun mjög fróðleg.

Einnig vil ég minna á að við fáum þá fagaðila sem hv. þm. benti á, þ.e. Lögmannafélagið og lagadeild Háskóla Íslands, hvort sem er sem umsagnaraðila við störf nefnda þingsins þegar þær hafa til meðferðar lagafrumvörp almennt fyrir 2. umr.

[19:15]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. óttast að þetta fyrirkomulag verði þunglamalegt. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt ráðgefandi ráð undir hatti Alþingis, eins og hér er lagt til, sé í raun og veru eins létt í meðförum og hægt er, ef við um leið viljum ná fram þeim markmiðum að bæta eða vanda betur löggjafarundirbúninginn. Það er þess vegna sem ég legg til að það sé í þeirri mynd sem það er í frv. Ég óttast meira að aðrir kostir sem nefndir hafa verið í stöðunni séu þunglamalegri. En auðvitað gæti meðferð slíks ráðs í einhverjum tilvikum tafið lagafrv. og það má vissulega segja að það sé ákveðinn kostur hversu mikill sveigjanleiki er í okkar lagasetningu. En það hefur líka oft komið okkur í koll þegar við erum að afgreiða mál allt of hratt í gegnum þingið og í rauninni án þess að við höfum svigrúm til þess að fara nógu vel yfir þau í grunninn og við höfum fengið þau sum hver, þ.e. frv., í hausinn aftur.

En hvað varðar nefndasvið Alþingis, herra forseti, ég tel alls ekki að ég hafi verið að „flauta það út af" eins og hv. þm. orðaði það, væntanlega á dómaramáli. Ég óttast hins vegar að það nægi ekki. Það hefur verið gert hér, það hefur verið gert í nágrannalöndunum og það er mjög mikilvægt að gera það. Mjög mikilvægt er að hafa sterkt nefndasvið innan Alþingis og sterka lögfræðilega þekkingu innan Alþingis og hún er til staðar. En ég tel að það breyti því ekki að þörf sé á að koma á ráði á borð við það sem hér er lagt til þannig að ákveðinn farvegur sé fyrir þessi mál. Munur er á því hvort við eflum nefndasviðið, höfum þetta lagaráð, eða hvort við jafnvel köllum menn til nefndanna eftir þörfum eins og hér hefur verið dregið inn í umræðuna líka. Það er allt annar hlutur heldur en hafa ákveðinn hóp manna sem sérhæfa sig í því að fara yfir mál á þennan hátt.

[19:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að við eigum að skoða þennan kost enn frekar því að við erum öll sammála um að við viljum vanda og styrkja betur lagasetninguna. En ég tel að við eigum að skoða þann kost að efla enn frekar nefndasviðið hvort sem það heitir lagaskrifstofa eða eitthvað annað því að þá erum við líka með embættismenn sem heyra undir þingið, sem eru beint á vegum þingsins. Og af orðum hv. þm. stjórnarandstöðunnar held ég að það væri einmitt leiðin til þess að styrkja enn frekar löggjafarstarfið sem slíkt.

Ég tel það afar mikilvægt ef við mundum fjölga slíkum starfsmönnum til þess að styrkja einmitt þetta löggjafarstarf því þá eru þeir undir stjórn þingsins og hvað er stjórn þingsins annað en stjórnendur í umboði fólksins? Það er eitt besta lýðræðið.

[19:18]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka það enn og aftur að ég tel mjög mikilvægt að efla nefndasviðið. Ég tel hins vegar að þó að margir kostir séu við það að hafa sterka lögfræðiþekkingu beint á vegum þingsins yrði það ekki á sama hátt að mínu mati jafnsjálfstætt fyrirbæri og þetta lagaráð sem hér er lagt til. Það hefði ekki sömu sérþekkinguna í því að fjalla nákvæmlega um mál á þann hátt sem hér er lagt til að fara yfir mál með tilliti til þessara sjónarmiða eingöngu og hefði eingöngu það hlutverk, auk þess sem þá yrði ekki heldur aðkoma þessara tilnefningaraðila sem ég tel mikilvægt að hafa inni í þessari mynd.

En það er mjög mikilvægt að efla lögfræðiþekkingu innan þingsins og nefndasviðið eins og reyndar hefur verið gert á síðustu árum og hefur verið mjög til bóta. En ég segi það enn og aftur, það dugir ekki að mínu mati, ég held að við þurfum alveg eins og þjóðirnar í kringum okkur að hafa einnig sérstakt ráð eða nefnd, skrifstofu eða hvað sem við köllum það á borð við það sem hér er lagt til og ég sé ekki enn rökin fyrir því af hverju við ættum að þurfa eitthvað minna umleikis í þeim efnum en aðrir.

[19:20]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessi umræða hefur orðið mjög fróðleg og margt komið fram sem hægt er að segja að sé óvænt eins og t.d. sú skoðun eða afstaða hv. 9. þm. Reykv., Bryndísar Hlöðversdóttur, að spurningin sé hvort við viljum styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni eða þátt framkvæmdarvaldsins sem hv. þm. talaði síðar um að það væri viðleitni flutningsmanna til að rétta hlut Alþingis í lagasetningarvaldinu, eins og það var orðað.

Þetta er satt að segja skrýtin hugmynd: Að til grundvallar ráðgefandi lagaráði sé það að draga úr áhrifum framkvæmdarvaldsins í lagasetningarvaldi. Þetta er nú eitthvað þokuleg hugsun satt að segja.

Þegar við erum að tala um og höfum verið að tala um það að við viljum bæta vinnubrögð á Alþingi hafa umræður venjulega snúist um það hvort Alþingi hafi tök á að fara yfir hvort lagafrv. séu lagatæknilega rétt unnin eða hvort við getum treyst því t.d. að stjórnarfrv. séu lagatæknilega rétt unnin um atriði sem ekki eru pólitísk í eðli sínu og ekki skiptir alþingismönnum í stjórnmálaflokka. Ég held að enginn ágreiningur sé um það fyrr en núna í dag, og þá við formann þingflokks Samfylkingarinnar, að þingmenn hafa lagt á það áherslu síðan framkvæmdarvaldið fluttist til landsins og ekki síður meðan framkvæmdarvaldið var í Danmörku að þau mál sem væru lögð fyrir Alþingi af framkvæmdarvaldinu væru vel unnin og það mætti treysta því að þeir lögfræðingar sem komu að samningu frumvarpanna hefðu unnið sitt verk vel og það stæðist sem þar segði í athugasemdum og skýringum með einstökum lagagreinum og Alþingi þyrfti ekki að fara í gegnum það frá upphafi til enda eins og hroðvirknislega hafi verið að frumvörpunum unnið.

Á þetta höfum við viljað leggja áherslu, ýmsir þingmenn. Þess vegna kom mér á óvart að hv. þm. skyldi snúa út úr því hjá forsrh. og dómsmrh. þegar þau töluðu um að á síðustu árum hefði Stjórnarráðið staðið betur að samningu lagafrv. en áður hefur verið, minntu á að þrýstingur umboðsmanns

Alþingis hefur ýtt á eftir því að ráðherrar gæti sín að lagaheimildir og lagastoð sé fyrir því sem gert er í sambandi við reglugerðir og ýmislegt annað og þess vegna sé við því að búast að þau frv. sem lögð hafi verið fyrir Alþingi síðustu árin hafi verið betur unnin en áður. Þessi skylda hvílir auðvitað á Stjórnarráðinu, á ríkisstjórninni. Og það er ekki til þess að draga úr virðingu Alþingis þó að ég og forsrh. segjum hér í ræðustól að við viljum að Stjórnarráðið vandi betur undirbúning og gerð þeirra frv. sem eru lögð fram þannig að alþingismenn geti treyst því að þar sé lagatæknilega rétt að málum staðið. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram.

Þá vil ég í annan stað taka fram þegar verið er að tala um lagaráð eins og hér er fjallað um, þá segir hver flutningsmaðurinn á fætur öðrum að þetta sé einungis ráðgefandi lagaráð. Ráðgefandi lagaráð á að setja reglur um samningu lagafrv. og annan undirbúning löggjafarmála. Ráðgefandi lagaráð á að setja reglur um undirbúning löggjafarmála.

Þegar ég síðan spyr hv. flm.: Hvað á hann við með því að lagaráð eigi að setja reglur um undirbúning löggjafarmála? Ég fæ ekki svar við því. Þá er mér sagt: Þetta er opið, reynslan eigi eftir að skera úr um það. Þegar ég spyr hv. flm., af því að svo stendur á að ég er forseti Alþingis, og hér stendur að forsn. Alþingis eigi að setja ráðinu starfsreglur og kveða nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði. Og þegar ég síðan hér í sölum Alþingis spyr flm.: Til hvers ætlast þeir af forsn., hvaða hugmyndir hafa þeir uppi um starfssvið lagaráðsins? Þá er sagt að það séu einmitt kostir þessa frv. að það skuli ekki nánar kveðið á um það og sagt að yfirleitt sé það svo um lagasetningu að það sé ágætt að heimildir fyrir reglugerðir séu sem allra víðastar, eins og ég skildi hv. þm.

Þetta er að vísu algjörlega nýtt viðhorf hjá stjórnarandstöðuþingmanni. Ég man ekki eftir þvílíku trausti á ríkisstjórn eins og felst í þessari afstöðu þingmannsins. Þvert á móti hafa stjórnarandstöðumenn yfirleitt reynt að knýja á um það að ráðherrar skýri sem nákvæmast frá því hvernig þeir vilji beita reglugerðarvaldi sínu. Og ef þeir tala um starfssvið og annað í lögum þá er að því fundið að það skuli ekki nánar kveðið á um það. Þess vegna finnst mér skrýtið að hv. þm. skuli ekki taka því fagnandi að einhver vilji á það hlusta hvernig hann hugsi sér að þetta mál sé nánar útfært og segi einungis að þetta sé útfærsluatriði eða úrvinnsla. En þetta hefur ekkert með það að gera að rétta hlut Alþingis, síður en svo.

Síðan komu við að því hvaða tilgang lagaráð geti haft ef það er einungis ráðgefandi, ef þeir sem í lagaráðinu eru að meiri hluta njóta ekki trausts alþingismanna. Ég hygg að það sé a.m.k. alveg ljóst ef hér á að kallað til þrjá sérfræðinga sem ekki eru alþingismenn til að hafa vit fyrir alþingismönnum, þá geri ég ráð fyrir því að formenn þingflokkanna vilji hafa eitthvað um það að segja hverjir þessir þrír menn eru. Þeir hafa skipt sér af öðru eins í starfsemi Alþingis og því. Þess vegna hygg ég að sú ábending að slíkt lagaráð yrði að meiri hluta til skipað mönnum sem Alþingi gæti ekkert ráðið hverjir yrðu, muni falla í grýttan jarðveg þegar þetta mál kemur að úrvinnslu. Skil satt að segja ekki hvernig flm. datt í hug að setja þetta fram með þessum hætti. Og ekki er verið að reyna að rétta hlut Alþingis í lagasetningu sem löggjafarvalds með því að kalla til þrjá menn á þennan hátt.

Ég vil, herra forseti, úr því að ég hef ekki tíma til að víkja að öllu því sem ég hafði raunar löngun til að gera, enn leggja áherslu á að undanfarin ár hefur verið unnið að því markvisst að styrkja nefndasvið Alþingis. Sjö lögfræðingar vinna nú á nefndasviði. Það er enginn vafi á því að þingmenn hafa allt önnur tök á því nú en áður að fara yfir lagafrv. svo vel sé.

Ég vil lýsa því yfir, eins og ég hef raunar áður gert á fundum með formönnum þingflokka, að ég tel mikilvægt að Alþingi reyni að vanda meðferð og yfirferð á lagafrv. áður en að lögum verða en séu ekki í vorhreingerningarumræðum í því sambandi. Og ég vil enn segja að það yrðu mér mikil vonbrigði ef í ljós kæmi að Alþingi hafi ekki ráð á því að leita sérfræðiálits á lögum ef það þætti nauðsynlegt.

Að síðustu hlýt ég, herra forseti, að láta í ljósi vonbrigði mín og undrun yfir þeim ummælum sem hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, hafði um Hæstarétt og vona að þvílík ummæli eigi aldrei eftir að heyrast aftur hér í sölum Alþingis.

[19:30]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um þokulega hugsun. Ég leyfi mér að halda því fram að ýmsir fleiri hafi látið hér í ljósi þokulegar hugsanir en sú sem hér stendur.

Honum þykir það þokuleg hugsun að það sé viðleitni flutningsmanna þessa frv. að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni og að draga úr vægi framkvæmdarvaldsins í henni. Það tel ég ekki vera, herra forseti, og ég hef rökstutt það hér fyrr í dag hvers vegna ég tel svo ekki vera.

Hv. þm. sagði að þingmenn væru almennt sammála um það að frumvörp frá framkvæmdarvaldinu séu vel unnin en það liggur samt svo í málinu, herra forseti, að frá þessari háttvirtu stofnun koma fleiri lög sem eru haldin ýmsum göllum og meinbugum en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það var a.m.k. sú niðurstaða sem umboðsmaður Alþingis komst að á sínum tíma og má vel vera að eitthvað hafi staðið til bóta í þeim efnum.

Herra forseti. Við erum höfum nýverið rætt svokallað öryrkjamál þar sem því var nákvæmlega svo háttað að Hæstiréttur dæmdi lög sem komu frá Alþingi árið 1998 í andstöðu við stjórnarskrá. Ég vona að hv. þm. hafi ekki gleymt því. Þetta gerist og við verðum að horfast í augu við að ekki er nægilega vel staðið að þessum undirbúningi.

Ég fer fer fram á það, herra forseti, að hv. þm. beri virðingu fyrir þeirri skoðun sem er lögð fram í þessu frv. að best sé að bregðast við þessu á þann hátt sem hér er lagt til þó svo að hann kunni sjálfur að hafa á því aðrar skoðanir.

Varðandi reglugerðarheimildir og að hér sé um að ræða að forsn. setji reglur þá eru þetta útúrsnúningar, herra forseti. Ef við tökum reglugerðarheimildirnar þá eru þær jafnan þannig að nánast er sagt: Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra kvarta mikið undan því að þeir vilji fá reglugerðirnar tilbúnar nánast með lagafrv. vegna þess að annars viti þeir ekki hvað þeir eigi að gera, hvaða reglur þeir eigi að setja. Það er beinlínis í þeirra valdi að setja reglur sem eru innan marka þeirra laga sem reglugerðarheimildin byggir á og þetta á hv. þm. að þekkja.

[19:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þori ekki að fullyrða það en mér er nær að halda að umboðsmaður Alþingis hafi varað við því að reglugerðarheimildir séu of víðar. En ég heyri að hv. þm. er þar á öðru máli og er ekkert við því að segja.

Ég hlýt að láta í ljósi undrun mína yfir því að ekki sé hægt að koma því til skila sem ég sagði og sem forsrh. sagði í dag að við teldum að á síðustu þremur árum hefðu

stjórnarfrv. verið betur unnin en áður og það sé m.a. því að þakka að tekið hefur verið mark á ýmsum ábendingum umboðsmanns Alþingis. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. getur ekki meðtekið þann einfalda boðskap.

Ég hlýt í annan stað að láta í ljósi undrun mína yfir því að það skuli vera eitthvert ádeiluefni hvort betur sé unnið að löggjöf en áður og einnig að því skuli haldið fram að með þessu lagaráði eigi að draga úr áhrifum framkvæmdarvaldsins í lagasetningu. Framkvæmdarvaldið hefur stjórnarskrárbundinn rétt til að leggja frumvörp fyrir Alþingi, í ríkisstjórninni eru þingmenn. Þeir hafa rétt til þess sem þingmenn að leggja frv. fyrir Alþingi og þeir geta einnig lagt fram stjórnarfrumvörp. Það er síðan Alþingis að fjalla um þessi frv. eftir að þau hafa verið lögð fram.

Það frv. sem hér er til umræðu kemur hvergi nokkurs staðar nærri þeim málum, hvergi nokkurs staðar.

[19:35]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki enn og aftur að fara að endurtaka hvað stendur í þessu frv. en ég vil bara lýsa yfir vonbrigðum mínum með það, herra forseti, að hæstv. forseti Alþingis skuli ekki bregðast á jákvæðari hátt við hugmyndum um að auka vægi Alþingis í lagasetningunni. Ég hef ekki heyrt röksemdir í máli hans fyrir því að það telji hann að sé rétt að gera heldur þvert á móti talar hann máli framkvæmdarvaldsins aftur og aftur þegar hann kemur í ræðustól. Ég vil einungis lýsa yfir miklum vonbrigðum með þetta, herra forseti.

[19:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvað hv. þm. á við með því að auka vægi Alþingis í lagasetningu.

Ég vék að því í máli mínu í dag að venjan væri sú ef um mjög flókna löggjöf væri að ræða sem þyrfti mikinn undirbúning að alþingismenn flyttu till. til þál. þar sem einstökum fagráðherrum eftir efni máls væri falið að undirbúa löggjöf þar sem tekið yrði á þeim efnisatriðum sem segir í þáltill. Það fer síðan eftir vilja Alþingis hvort slík þáltill. er samþykkt eða ekki. Með þeim hætti hafa alþingismenn haft áhrif á það hvort ríkisstjórnir á hverjum tíma leggi fyrir Alþingi frv. sem varða sifjalög, erfðalög, skattalög o.s.frv. Eins er hægt fyrir þingmenn að koma fram með fyrirspurnir, leggja fyrirspurnir fyrir ráðherra.

En ég átta mig ekki á hvað hv. þm. meinar með því að Alþingi eigi að koma sterkar inn í undirbúning frv. Hugsar hv. þm. sér að lagaráðið semji að eigin frumkvæði frv. sem forsn. flytur? Hvað á hv. þm. við?

Hv. þm. hefur möguleika til að tala oftar. Gott væri að fá nánari útlistun á því hvað þingmaðurinn er að fara.

[19:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði svo sem ekki ætlað að taka þátt í umræðunni sem hefur verið býsna fróðleg um margt. Ég vil byrja á því að fagna því frumkvæði, einu af mörgum, sem þingmenn sýna með því að flytja tillögur og frv. til laga um endurbætur og til styrkingar á starfsemi hins háa Alþingis.

Það sem veldur mér mikilli undrun er þessi stríði og undarlegi tónn sem er að finna í þessum sal og hefur verið svífandi yfir vötnum í allan dag. Það eru nokkrir fulltrúar hv. stjórnarliða sem hafa farið á undan í þeim efnum. Satt að segja hef ég ekki alveg skilið hvað þeim hefur gengið hér til. Ég hélt í einfeldni minni að allir hv. þingmenn mundu fagna frumkvæði af þessum toga og reyna að ræða málið og reifa, velta því upp hvort þetta væri hin rétta leið eða hvort aðrar leiðir væru kannski skynsamlegri. En því er ekki að heilsa heldur virðist mér eins og tilgangur fjölmargra hv. stjórnarliða í þessari umræðu sé að reyna að koma einhverju höggi á mann eða annan og reyna að tæta þennan tillögutexta niður í smábúta og snúa út úr honum á alla kanta og hliðar.

Ef það væri þannig, herra forseti, að allt væri með felldu á hinu háa Alþingi og engin þörf væri á umræðu af þessum toga eða yfirleitt á því að gaumgæfa og skoða þingsköpin, regluverkið eða venjur og hefðir á hinu háa Alþingi þá skildi ég að menn væru hér stífir, stirðir og þverir og tækju það óstinnt upp þegar menn leyfðu sér að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. En auðvitað er það ekki þannig. Ég hef hlýtt á þessa umræðu í allan dag og m.a. viðbrögð í þá veruna að engin ástæða sé til þess, bara yfirleitt ekki að skoða það til að mynda að fara yfir þingsköp frá a til ö.

Ég vil rifja það upp að í lok síðasta kjörtímabils var lagt fram frv., ef ég man rétt, af hálfu formanna allra þingflokka eða hvort það voru fulltrúar allra flokka í forsn. Alþingis sem fóru fram með það frv. Það náði ekki landi, ekki gafst tími til þess að ljúka því máli og afgreiða það fyrir síðustu kosningar. En það var sýnt hér og það var allgóð sátt um þær um margt róttæku endurbætur sem þar var að finna. Ég hef verið ákafur talsmaður þess að menn endurveki þá umræðu. Það er margt í þessum sal, í þessu húsi, í þessari stofnun sem má betur fara.

Ég hef t.d. lengi gagnrýnt það að mér finnst að nefndir þingsins dragi of mikinn dám af skipan ráðuneyta. Það er ekkert sem segir okkur endilega að verklag hér og skipan nefnda þingsins þurfi endilega að endurspegla skiptingu ráðuneyta í ríkisstjórn hverju sinni, það er langur vegur frá. Það frv. frá því fyrir tveimur árum eða þar um bil, braut þetta upp. Það er líka löngu kominn tími til þess að nefndir þingsins fái sjálfstæðara og stóraukið vald til þess að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, og skapi þá venju að fara yfir mál, stundum í heyranda hljóði, eins og við þekkjum úr mörgum þjóðþingum annars staðar frá. Það er eins og það séu einhver óskrifuð lög eða reglur að það megi ekki hnika neinu í þessa veruna.

Það eru auðvitað atriði af þessum toga, herra forseti, sem gera það að verkum að við eigum að ræða mál af þeim toga sem hér er á ferðinni með málefnalegum og opnum hætti en ekki fara í gamalkunnar skotgrafir og í einhver fýlukast eins og hér hefur í allt of ríkum mæli borið á.

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að það stendur t.d. í nokkrum hv. þingmönnum að skilja þennan einfalda texta í 1. gr., hvað það þýðir að ráðgefandi lagaráð hafi það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Ætli það sé ekki svipað því og nefndadeildin gerir í dag þegar hún er að aðstoða þingmenn um uppsetningu og form lagafrumvarpa sem þingmenn og hópar þeirra eru að semja hér? Ætli það sé ekki m.a. það sem nefnt hefur verið í umræðunni um það hversu langt og yfirleitt hvort í sumum tilfellum eigi að heimila reglugerðarvald til handa ráðherrum?

Hér var gagnrýnt árum og áratugum saman, og mér þykir ákaflega lítið mjakast í þá veruna og hér koma enn þá inn frv. af þeim toga þar sem, eins og kom fram hjá hv. 1. flm., það liggur við að öll veigaþyngstu ákvæði tiltekinna frv. séu

með þessum hætti: Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd.

Það er af þessum toga sem við erum auðvitað að kalla eftir ákveðnum ráðleggingum um það hvernig löggjöf geti verið gagnsæ, skiljanleg og skýr. Ef það er erfitt að skilja 1. gr. í þessu ljósi þá er það kannski vegna þess að menn vilja ekki hafa löggjöf af þeim toga eða maður getur gefið sér það.

Herra forseti. Nei, þetta hefur ekkert verið mjög uppbyggilegt. Ég vil taka undir það að margt hefur færst hér til betri vegar. En við skulum horfa á hlutina eins og þeir eru í okkar ágætu nefndadeild þar sem eru nú starfandi sjö lögfræðingar. Hvernig hefur okkur til að mynda tekist að halda á þessum starfsmönnum okkar? Hvernig hefur það gengið? Það hefur gengið afskaplega illa. Ég held ég fari rétt með að elsti starfsmaðurinn í nefndadeild hefur sjö ára starfsreynslu. Meira en helmingur þeirra byrjaði á þessu ári eða hinu síðasta. Þetta hefur með öðrum orðum verið ungt fólk, prýðilegt langflest og mjög áhugasamt og gott um margt, en auðvitað því miður velflest ekki með langa reynslu af löggjafarstörfum og ekki með langa reynslu af lögfræðistörfum yfirleitt heldur nýkomið af skólabekk.

Kannski er það kostur en að vissu leyti er það líka galli. Við skulum horfast í augu við það. Þróunin hefur gjarnan verið sú að það góða fólk sem við höfum fengið til okkar í gegnum árin — hvert hefur það farið? Í langflestum tilvikum til framkvæmdarvaldsins einhverra hluta vegna. Það eru ráðherrarnir sem hafa kallað það til frekari verka og ég spyr: Segir það ekki dálítið um stöðu þessarar stofnunar og þurfum við ekki einmitt að hafa áhyggjur af þáttum af þessum toga? Jú, ég vil segja það. Ég vil ekki trúa því að þarna sé um einföld kjaramál að ræða. Þarna er einhver djúpstæðari vandi sem við þurfum að horfast í augu við en ekki ýta frá okkur.

Ég undirstrika aftur að margt hefur færst hér til betri vegar en við megum ekki afgreiða jákvæðar ábendingar um endurbætur á starfsemi löggjafarsamkundunnar með því að snúa þær niður í pirringi, stífni og þvermóðsku. Og auðvitað er það þannig, herra forseti, ef við tölum um það eins og það kemur fyrir, að framkvæmdarvaldið er hér meira og minna allsráðandi enda byggir það auðvitað á þingstyrk meiri hluta þingmanna. En það er ekki þar með sagt að 95% löggjafar þurfi endilega að eiga sér rót og frumkvæði í ráðuneytum framkvæmdarvaldsins. Hvernig stendur á því að það telst til tíðinda ef almenn þingmannafrumvörp fá afgreiðslu á hinu háa Alþingi? Hversu oft var það á síðasta þingi, heila þingi, að þingmannafrumvörp þingmanna stjórnarandstöðunnar komu aftur úr nefnd? Ég spyr. Ég efast um að hægt sé að telja það á fingrum annarrar handar. Ég stórefa það. Hef ég þó ekki gert nýlega rannsókn á því.

Það er enginn að halda því fram að hið háa Alþingi þurfi endilega að samþykkja þetta frv. Nei, við viljum bara að fá það hér til afgreiðslu. Það hefur nú verið þrautin þyngri. Og jafnvel þó um sé að ræða þingmannafrumvörp sem koma frá þingmönnum stjórnarliðsins eða frv. sem þverpólitísk samstaða er um þá daga nú oftar en ekki þau hin sömu mál uppi í nefndum þingsins.

Ég spyr: Segir þetta okkur ekki dálítið um það hvernig regluverkið, hefðirnar og venjurnar eru? Við skulum tala tæpitungulaust um þessa hluti eins og þeir eru. Það er auðvitað ákveðin, sumpart eðlileg, togstreita milli þings og framkvæmdarvalds og á að vera það. Þess vegna verð ég að segja að ég hafði skilning á því þegar hæstv. ráðherrar komu áðan og héldu því mjög ákveðið fram að svona ráðgjafarbatterí, lagaráð, lagaskrifstofa eða hvað menn vilja kalla það, ætti að eiga heima þar sem 95% laga verða til, ætti þá með öðrum orðum að eiga heima í forsrn. eða dómsmrn. Það er eðli þessarar togstreitu. Það kom mér hins vegar á óvart að aðrir hv. þm. tækju undir þetta jafnafdráttarlaust og þeir gerðu því að hvar svo sem fæðingin verður, þ.e. hvar svo sem þetta verður til, þá ber auðvitað hið háa Alþingi hina endanlegu ábyrgð og afgreiðir málið sem lög frá hinu háa Alþingi og vísar til framkvæmdar hjá framkvæmdarvaldinu. Sú ábyrgð verður aldrei tekin af hinu háa Alþingi og því er eðli máls samkvæmt borðliggjandi að mínu áliti að slíkt ráðgefandi lagaráð eða hvað það nú heitir eigi hér heima og hvergi annars staðar.

Mér kemur það svo sem ekkert við að öðru leyti hvort framkvæmdarvaldið, einstök ráðuneyti eða þau sameiginlega setji á einhvers konar síu sem fari yfir þau lagafrumvörp sem þar eru smíðuð.

Herra forseti. Af því að ég er að velta þessu fyrir mér og stikla á stóru, hoppandi frá einu atriðinu til annars, þá verðum við allir hv. þm. auðvitað varir við þá tilhneigingu framkvæmdarvaldsins að vilja helst fylgja málunum bara alveg inn í nefndirnar og helst út til umsagnaraðila og fá að vita hverja einustu lítilvæga eða stóra breytingu sem á texta verður. Í sumum nefndum var það gjarnan lenska að höfundar tiltekinna frv. vildu sitja alla nefndarfundi til þess að gæta þess að ekki yrðu gerðar neinar breytingar á þeirra eigin hugverki. Þetta hefur sem betur fer breyst með auknu sjálfstæði nefndanna. En svona var þetta (**Gripið fram í:** Og tíðkast ...) og tíðkast kannski einhvers staðar. Ég kann nú ekki á allar nefndir í þeim efnum. En þetta eru ekki vinnubrögð sem við erum að kalla hér yfir okkur. Þegar mál eru komin frá ríkisstjórninni inn á hið háa Alþingi þá eru þau til umfjöllunar hér hjá hinu háa Alþingi en ekki annars staðar. Það er kjarni málsins.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að halda ræðu og þetta var ekki ræða. Þetta voru hins vegar lausar og fastar hugrenningar sem kviknuðu hér ekki síst við þau stríðu viðbrögð sem mér komu svo á óvart í umræðum hér í dag. Það gefur augaleið að þetta litla frv. er ekki allra meina bót. En þarna eru þó flutningsmenn, hv. þm., að leggja sitt litla lóð á vogarskálina í þá veruna að við vöndum vinnubrögðin og gerum þau enn þá betri. Ég átti satt að segja von á því, herra forseti, að menn tækju slíku frumkvæði alveg sérstaklega fagnandi. Við hinir bjartsýnu menn gerum það a.m.k.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:52.

74. FUNDUR

miðvikudaginn 21. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Lagaráð, frv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Landsvirkjun.

Lagaráð, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

75. FUNDUR

miðvikudaginn 21. febr.,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Setning reglna um kosningar skv. 26. gr. stjórnarskrár, fsp. SJS, 427. mál, þskj. 688.

2. Skipan stjórnarskrárnefndar, fsp. SJS, 428. mál, þskj. 689.

3. Sveigjanleg starfslok, fsp. ÁRJ, 435. mál, þskj. 698.

Til utanríkisráðherra:

4. Notkun úranhúðaðra sprengiodda í loftárásum NATO á Júgóslavíu, fsp. SJS, 386. mál, þskj. 636.

Til iðnaðarráðherra:

5. Orkukostnaður, fsp. EKG, 202. mál, þskj. 212.

6. Niðurgreiðsla á húshitun með olíu, fsp. SvanJ, 383. mál, þskj. 633.

Til viðskiptaráðherra:

7. Börn og auglýsingar, fsp. ÁMöl, 459. mál, þskj. 732.

Til menntamálaráðherra:

8. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðing, fsp. DSigf, 457. mál, þskj. 729.

Notkun úranhúðaðra sprengiodda í loftárásum NATO á Júgóslavíu.

Fsp. SJS, 386. mál. — Þskj. 636.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það liggur nú fyrir og er ekki lengur umdeilt að í loftárásunum á Júgóslavíu sl. vetur og vor notaði Bandaríkjaher ekki bara úranhúðaða sprengiodda, þ.e. með húð úr svonefndu sneyddu eða lággeislavirku úrani, heldur einnig sprengjur þar sem notað var svokallað óhreint úran. Óhreint úran er í raun og veru geislavirkur úrgangur sem fellur til við orkuvinnslu í kjarnorkuverum og er mengaður af hágeislavirkum efnum, svo sem plútoni sem er einhver mesti og skæðasti krabbameinsvaldur sem þekktur er.

Til viðbótar því ryki sem myndast við bruna þar sem úranhúðaðir sprengioddar koma við sögu og er almennt talið mjög skaðlegt heilsu manna, bætist það að í úranhertum skotfærum Bandaríkjahers í loftárásunum á Júgóslavíu var ekki bara sneytt úran heldur einnig hágeislavirkt plúton, strontín og fleiri mjög geislavirk og hættuleg efni. Þessum upplýsingum leyndu Bandaríkjamenn að vísu lengi vel og hefur það valdið nokkrum titringi í samskiptum við þá. Til dæmis hafa Þjóðverjar gagnrýnt þetta mjög harkalega. Varnarmálaráðherra Þjóðverja, Rudolf Scharping, hefur t.d. gagnrýnt mjög harkalega þessa framgöngu Bandaríkjamanna, enda hefur þátttaka þýskra stjórnvalda og aðild að þessum atburðum sætt mikilli gagnrýni heima fyrir. Það var hins vegar ekki að heyra á sendiherra Íslands hjá NATO að íslensk yfirvöld utanríkismála hefðu miklar áhyggjur af þessu og í viðtali við Ríkisútvarpið 22. janúar sl. reyndi Gunnar Pálsson sendiherra að gera lítið úr öllu saman og sagði þar m.a. að það gæti verið allt eins hættulegt fyrir almenning að vera með sápu í heimahúsum, geyma sápu heima hjá sér eins og þessi geislavirku vopn væru.

Herra forseti. Í Flóabardaga hinum síðari notuðu Bandaríkjamenn óhemju af svona sprengjum eða um 930–950 þúsund odda en um 100 þúsund slíkum sprengjum var varpað á Júgóslavíu. Fljótlega fór að bera á alls kyns veikindum hjá hermönnum og svo ekki sé minnst á almenning í Írak og írakska hermenn og tíðni krabbameins hefur margfaldast á þessum slóðum. Það átti því ekki að koma neinum á óvart að hér væri um háskalega hluti að ræða þegar sömu vopn voru notuð mörgum árum síðar í loftárásunum á Júgóslavíu.

Íslendingar eru sem NATO-þjóð samábyrg fyrir þessum atburðum og það er eins gott að menn geri sér grein fyrir því. Því tel ég eðlilegt að spyrja hvort ríkisstjórn Íslands hafi verið það ljóst að til stæði að nota úranhúðaða sprengiodda í þessum loftárásum, hver afstaða íslenskra fulltrúa hjá NATO hafi verið til að upplýsa málin og hver sé afstaða hæstv. utanrrh. hvað það varðar að notkun á slíkum vopnum verði algerlega bönnuð í mögulegum framtíðaraðgerðum á vegum NATO.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni vil ég taka fram að ríkisstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti eins og vitað er aðgerðir Atlantshafsbandalagsins gagnvart sambandslýðveldinu Júgóslavíu vorið 1999 í því augnamiði að bjarga mannslífum og koma í veg fyrir frekari blóðsúthellingar og

eyðileggingu sem stjórn Milosevic forseta hafði staðið að gagnvart óbreyttum borgurum í Kosovo. Atlantshafsráðið þar sem Ísland á sæti ákvað að fela hermálayfirvöldum að framkvæma aðgerðirnar. Í *fyrirmælum til hermálayfirvalda* var tekið fram m.a. að koma skyldi í veg fyrir tjón á lífi og eignum óbreyttra borgara eftir því sem kostur væri. Enn fremur var gengið út frá því að aðgerðir og vopnavald tækju mið af aðstæðum og væri í samræmi við alþjóðalög. Atlantshafsráðið hefur að jafnaði ekki bein afskipti af því hvernig eða hvaða hefðbundnum tækjum og búnaði er beitt í einstökum aðgerðum bandalagsins frá degi til dags. Hefðu aðildarríkin haft ástæðu til að ætla að liðsveitum þeirra eða óbreyttum borgurum stafaði heilsufarsleg ógn af einstökum vopnum hefði notkun slíkra vopna án efa verið stöðvuð. Engar slíkar vísbendingar höfðu komið fram um það leyti sem aðgerðirnar voru ákveðnar frekar en nú og hefur athygli *íslenskra stjórnvalda* því ekki verið vakin sérstaklega á notkun sprengna með sneyddu úrani.

Að því er varðar spurningu tvö. Í samráði aðildarríkjanna á vettvangi bandalagsins í Brussel hefur fastafulltrúi Íslands lagt áherslu á að allar tiltækar upplýsingar um málið yrðu teknar saman og þeim komið á framfæri við almenning í aðildarríkjunum hið fyrsta. Að auki hefur Ísland tekið fullan þátt í að móta sameiginleg viðbrögð bandalagsins við fréttaflutningi fjölmiðla. Framkvæmdastjóri fyrir hönd aðildarríkja hefur þannig lýst fullum vilja bandalagsins til samstarfs við viðeigandi rannsóknaraðila og alþjóðastofnanir, þar á meðal Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna sem byggt yrði á vísindalegum staðreyndum. Bandalagið hafði frumkvæði að því að kalla saman nefnd yfirlækna í herjum aðildarríkjanna og setti á fót sérstakan starfshóp til þess að skiptast á upplýsingum um hugsanleg tengsl notkunar á sneyddu úrani og heilsutjóns í liðsveitum bandalagsins á Balkanskaga. Staðfest hefur verið að engin slík tengsl hafi komið í ljós þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir.

Óháðir aðilar, þar á meðal rannsóknarnefnd á vegum Umhverfisstofnunarinnar í samvinnu við m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina hafa komist að sömu bráðabirgðaniðurstöðu en endanlegrar skýrslu er að vænta í næsta mánuði.

Að því er varðar spurningu þrjú. Íslensk stjórnvöld hafa viljað stuðla að því að alþjóðlegir samningar um bann við ákveðnum tegundum vopna yrðu virtir í hvívetna, þar á meðal bann við sýkla- og eiturvopnum og efnavopnum. Fagna ber að skorður hafi verið settar við beitingu vopna sem valdið geta ómannúðlegum þjáningum og stórt skref stigið í átt til banns við jarðsprengjum sem beint er gegn fólki. Á alþjóðlegum vettvangi hafa ekki komið fram tillögur um bann við sneyddu úrani í sprengjum sem beitt er gegn hernaði. Einstök ríki hafa mælst til þess að látið yrði af notkun sneydds úrans í *sprengjum tímabundið í varúðarskyni* og Evrópuþingið samþykkti ályktun sama efnis hinn 17. janúar sl. Aðalsaksóknari Alþjóðastríðsglæpadómstólsins fyrir fyrrv. Júgóslavíu, Carla del Ponte, hefur lýst því yfir að ekki sé bannað samkvæmt alþjóðalögum að nota sprengjur með sneyddu úrani.

Engar aðgerðir standa nú yfir á vegum Atlantshafsbandalagsins sem útheimt gætu notkun sprengna með sneyddu úrani. Íslensk stjórnvöld líta svo á að halda beri áfram rannsóknum á hvort tengsl kunni að vera milli einstakra efna sem notuð eru í vígbúnaði og heilbrigðisáhættu og haga beri ákvörðun um beitingu tiltekinna vopna í ljósi bestu hlutlægra upplýsinga sem fyrir liggja. Ef skaðleg geislavirkni stafar af sneyddu úrani finnst mér sjálfsagt að kanna það.

Ég vona að þessi svör séu fullnægjandi fyrir hv. þm.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og hér kom fram var tæplega 1 millj. sprengna varpað á Írak í Flóabardaganum sem svo hefur verið nefndur, þar á meðal úranhúðuðum sprengjum af því tagi sem hér er verið að ræða. 100 þús. sprengjum var varpað í Balkanskagastríðinu. Þessar sprengjuárásir báðar studdu Íslendingar. Það er rangt sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. að ekki hafi verið vakin á því athygli að þessi hætta væri fyrir hendi og að samhengi væri á milli hvítblæðis í Írak og sprengjuregnsins og þá sérstaklega þessara úranhúðuðu sprengja. Það gerði ég m.a. í ræðustól á Alþingi. Ég benti á rannsóknir sem hefðu leitt þetta í ljós þannig að það er rangt sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. að engar slíkar upplýsingar (Forseti hringir.) hefðu komið fram á þessum tíma.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætlaði að segja það sama reyndar og hv. þm. á undan mér. Það er rangt að ekki hafi verið komnar fram upplýsingar um skaðsemi þessara sprengna og mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. og biðja hann að segja í skýrari orðum en hann gerði áðan: Hvað eru Íslendingar að gera til þess að beita þeim áhrifum sem þeir hafa innan NATO? Þar eiga þeir þó beina aðkomu að málum. Hæstv. utanrrh. hefur verið að kvarta undan því að Íslendingar eigi ekki beina aðkomu að málum innan Evrópusambandsins. Nú hefur hæstv. utanrrh. beina aðkomu. Hann hefur tækifæri til að beita sér beint innan NATO. Hvað er verið að gera á vegum íslenskra stjórnvalda til að koma í veg fyrir það að svona umhverfisslys og svona ómannúðlegar aðferðir til að kveða niður óeirðir endurtaki sig og verði notaðar í sífellu?

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég tek það gilt sem svar af hálfu ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórn Íslands eða íslenskum stjórnvöldum hafi ekki verið ljóst að vopn af þessu tagi yrðu notuð í loftárásunum á Júgóslavíu og satt best að segja líður mér aðeins betur því að nóg er að skrifa upp á þessar aðgerðir þó að hitt bættist ekki við ef í ljós hefði komið að íslensk stjórnvöld hefðu þá þegar vitað að svona vopnum yrði beitt.

Það liggur að vísu fyrir að Bandaríkjamenn vöruðu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins við því ekki löngu síðar að notkun svona vopna gæti haft hættu í för með sér.

Það er líka rétt að menn átti sig á því að sá leyndarhjúpur sem þessir hlutir eru umluktir hefur rækilega sannast í þessu tilviki, þ.e. í fyrra tilvikinu að Bandaríkjamenn leyndu því að í úranhúðuðum vopnum þeirra var notað óhreint úran, þ.e. kjarnorkuúrgangur með hágeislavirkum efnum, og í seinna tilvikinu liggur fyrir að bresk hermálayfirvöld lágu á skýrslu sem leiddi rök að skaðsemi notkunar þessara vopna og heilsutjóni sem því gæti verið samfara í fjögur ár. Í fjögur ár leyndi breski herinn því að hann hafi undir höndum skýrslur sem sýndu fram á þetta með býsna sterkum hætti. Samt var haldið áfram að nota þessi vopn eða taka þátt í aðgerðum þar sem þau voru notuð.

Herra forseti. Ég held að það sé eins gott fyrir Íslendinga að átta sig á því hvað uppáskrift að aðgerðum af þessu tagi

getur haft í för með sér, þ.e. að menn sitja í súpunni og lenda í því að hafa borið ábyrgð á aðgerðum af þessu tagi sem eru auðvitað óverjanlegar og forkastanlegar.

Mér þykir líka miður, herra forseti, að ekki einu sinni skuli utanrrh. Íslands eða ríkisstjórnin geta haft t.d. einarða afstöðu í því að vilja berjast fyrir því að svona vopn verði bönnuð. Það var ekki einu sinni hægt í svari við þriðju spurningu minni að koma með afdráttarlausa afstöðu í þeim efnum heldur var fimbulfambað svona fram og til baka um að auðvitað væri gott að reyna að nota vopn sem hefðu sem minnst tjón í för með sér.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér er það fullkomlega ljóst að hv. þm. sem hér hafa talað eru algerlega á móti aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og vildu engar aðgerðir á Balkanskaga og vildu láta Milosevic ráða þar ríkjum og halda áfram að ganga þar á fólki. Það hefur fyrir löngu komið fram. Við vorum í þeim hópi vestrænna ríkja sem vildi stöðva þetta blóðbað og það var alveg ljóst að það varð ekki stöðvað nema með vopnavaldi. Í því liggur mikill skoðanamunur.

Að því er varðar þessar sprengjur þá höfum við beitt okkur fyrir því að rannsóknir fari fram og að allir skápar séu opnaðir og það hefur verið gert. Þessi rannsókn á sér nú stað. Ég er með úrklippu úr Herald Tribune þar sem vitnað er í rannsóknaraðilana sem eru að vinna að þessu máli. Ég ætla ekki að fara að lesa það hér upp. Þetta er frá síðustu helgi. Hv. þm. geta lesið það.

Sá málflutningur sem þeir hafa hér uppi er ekki í samræmi við það sem þeir segja sem standa fyrir þessum rannsóknum. Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði og reikna ekki með því að hv. þm. sem hér hafa talað séu það heldur. Ég tek meira mark á því sem stendur í umsögnum frá þessum aðilum.

Fyrir liggur að Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna mun skila niðurstöðu í þessu máli innan skamms. Svissneskir rannsóknaraðilar hafa verið þarna að verki. Þetta mun allt saman koma upp á borðið núna innan skamms og þá skulum við farið yfir málið á nýjan leik.

Orkukostnaður.

Fsp. EKG, 202. mál. — Þskj. 212.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrir allmörgum árum fór fram mikil uppbygging á raforkukerfi í sveitum sem smám saman leysti af hólmi þær dísilrafstöðvar sem víða höfðu verið við lýði og gert sitt gagn á sínum tíma. Þetta var gríðarlega mikið framfaraspor þegar þannig var að verki staðið og smám saman var verið að tengja sveitir landsins við aðalveitukerfi landsins og ýta burtu dísilrafstöðvunum sem fram undir það höfðu með taktföstum hljómi sínum oft rofið kyrrð sveitanna. Þetta var heilmikið mál, ekki bara vegna þess að þetta gerði það að verkum að orkukostnaður í sveitum víðast hvar lækkaði fyrir vikið heldur líka vegna þess að af því er margs konar hagræði og öryggi að geta nýtt sér það rafmagn sem kemur frá aðalveitusvæði landsins.

Það var ljóst að ekki var hægt að ljúka þessu máli að öllu leyti og tengja alla bæi við aðalveitukerfi landsins einfaldlega vegna þess að það var oft dýrt. Menn komu sér upp tiltekinni aðferð við að reikna út hvað þeir gætu gengið langt í þeim efnum. Mig minnir t.d. að gengið hafi verið út frá því varðandi orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða að um 6 km mættu vera að hámarki frá síðasta punkti sem rafveitt var og að næsta bæ til þess að Orkubúið treysti sér til þess að fara í þessa rafveitu.

Mig rekur minni til þess að á frumbýlisárum Orkubús Vestfjarða var þetta mjög mikið rætt á sínum tíma og ýmsir baráttumenn unnu að því að reyna að auka útbreiðslu rafmagnsins með þessum hætti. Sérstaklega man ég eftir þeim mæta og góða manni Baldri Bjarnasyni, oddvita í Vigur, sem talaði mjög fyrir mikilvægi þess að hraða þessari uppbyggingu og ræddi í því sambandi um hversu mikill munur hefði verið í Vigur þegar búið var að koma því þannig fyrir að þeir fengu, eins og hann orðaði það, sjálfrennandi rafmagn.

Nú hafa aðstæður breyst allmikið. Á undanförnum árum hefur olíuverð hækkað gríðarlega. Ég aflaði mér upplýsinga í morgun um að verð á gasolíu til húshitunar hafi verið í ársbyrjun 1999 19,50 kr. Ári síðar var það komið upp í 30,20 kr. og um síðustu áramót var það 39,19 kr. á lítra en hefur lækkað aðeins og er komið niður í 37,73 kr. Þetta er með öðrum orðum 100% hækkun sem hefur lagst mjög þungt á það fólk sem þarf enn þá að búa við dísilrafstöðvarnar og þarf að kaupa sér olíu til kyndingar og ljósa. Það er ljóst að þetta kallar á visst endurmat á þeirri stöðu sem uppi er. Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 212 að spyrja hæstv. iðnrh. um þessi mál.

1. Hve mörg lögbýli eiga þess ekki kost að kaupa orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna í landinu og hvernig skiptast þau eftir sýslum?

2. Hvað er áætlað að heildarorkuþörf þessara býla sé mikil og hvernig skiptist hún á milli húshitunar og annarrar notkunar?

3. Hversu mikið má áætla að húshitunarkostnaður þessara býla breyttist ef þau gætu keypt orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna? (Forseti hringir.)

Spurningar 4 og 5 má lesa á þskj. 212.

[13:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur borið upp við mig fimm spurningar.

Svar við fyrstu spurningu: Gögn og upplýsingar sem aflað var hjá raforkufyrirtækjum við undirbúning svars við fyrirspurn hv. þm. leiða í ljós að erfitt er að gefa skýrt og afdráttarlaust svar við því hversu mörg lögbýli eiga þess ekki kost að kaupa orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna. Í raun má segja að nánast allir eigi kost á að tengjast orkuveitu en vegna kostnaðar er það í mörgum tilfellum ekki raunhæfur kostur.

Nú er það þannig að nýr notandi þarf að standa undir þeim kostnaði sem af tengingunni hlýst sem þýðir að kostnaður notandans eykst í hlutfalli við fjarlægð frá veitukerfinu. Af þessum sökum er í fæstum tilfellum raunhæft að tengja einstök býli sem eru í meira en 2–3 km fjarlægð frá veitukerfinu.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum frá orkufyrirtækjunum má ætla að um 115 býli séu ekki tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna, en þar af hafa um 70 heimarafstöðvar. Fjöldi þeirra býla er hvorki hafa heimarafstöð né tengjast samveitu orkufyrirtækjanna er samkvæmt þessu um 45. Við lauslega athugun á þessum býlum er áætlað

að um 20 þeirra séu í ábúð en 25 í eyði. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að hluti eyðibýla er nýttur sem sumardvalarbústaðir.

Skipting þessara býla eftir landshlutum er þannig að á Vesturlandi eru tvö býli, Vestfjörðum þrjú til sex, Norðurlandi vestra þrjú, Norðurlandi eystra sex, Austurlandi tvö og Suðurlandi tvö.

Svar við annarri spurningu: Ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarorkuþörf þessara býla og erfitt er að áætla hana þar eð mörg þeirra eru ekki í ábúð eða dvöl á staðnum takmörkuð. Ef hins vegar er miðað við upplýsingar úr gögnum orkuspárnefndar um meðalársnotkun á býlum með hefðbundinn búrekstur og íbúðarhúsið er hitað með raforku má gera ráð fyrir að meðalársnotkun sé um 32 þús. kwst. á hverju býli en hlutir eins og súgþurrkun, mjólkurkæling og fleira er þar ekki meðtalið. Af þessari notkun má ætla að um 6.000 kwst. séu notaðar til annars en hitunar. Heildarnotkun 45 lögbýla gæti því numið 1.440 mwst. á ári en þar af eru um 1.170 mwst. til hitunar og 270 mwst. til annarra nota. Eins og áður sagði eru mörg þessara býla í eyði þannig að raunveruleg orkunotkun er trúlega lægri en þessir útreikningar sýna.

Svar við þriðju spurningu: Á þeim býlum sem ekki eru tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna er húshitun ýmist með olíu eða raforku frá heimarafstöð. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við hitun þar sem eru heimarafstöðvar en ætla má að hann sé lítill. Hvað varðar býli sem nota olíu til húshitunar má gera ráð fyrir að 5.085 lítra af olíu þurfi til að hita hús sem annars þyrfti 32.800 kwst. við beina rafhitun.

Við núverandi verðlag á olíu sem ég tel vera 43 kr. á lítra samsvarar þetta einingarverði til upphitunar sem nemur 6,76 kr. á kwst. eða 226 þús. kr. á ári. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er meðalverð á raforku til beinnar rafhitunar þar sem ársnotkun er 32.800 kwst., 2,39 kr. á kwst. og árlegur hitunarkostnaður eiganda því tæplega 80 þús. kr. þegar tekið hefur verið tillit til niðurgreiðslna ríkisins og afsláttar raforkufyrirtækjanna. Því er ljóst að húshitunarkostnaður þessara býla mundi lækka verulega ef þau gætu keypt orku frá veitukerfum orkufyrirtækjanna.

Svar við fjórðu spurningu: Orkustyrkir til húshitunar voru lagðir niður fyrir tæpum 20 árum í kjölfar verulegrar olíuverðslækkunar sem þá varð. Tilgangur þess var m.a. að stuðla að frekari nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkugjafa eins og hitaveitna og rafmagns. Í fjárlögum undir liðnum Notendur utan samveitna eru Orkusjóði ætlaðar 2 millj. kr. sem fara í að greiða Rafmagnsveitum ríkisins vegna raforkuframleiðslu á Hólsfjöllum. Þetta byggir á sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar og var tilgangur þessa á sínum tíma að stuðla að fastri búsetu á Hólsfjöllum allt árið. Þar er nú um að ræða sjö býli sem fá raforku frá dísilstöð sem rekin er af Rafmagnsveitum ríkisins.

Svar við fimmtu spurningu: Á undanförnum árum hafa niðurgreiðslur vegna rafhitunar aukist verulega auk þess sem olíuverð hefur hækkað.

Ég vil segja í lokin að í ljósi þessara staðreynda hef ég ákveðið að fela nefnd á vegum ráðuneytisins að kanna stöðu þessara mála og gera tillögur um aðgerðir vegna lögbýla sem ekki eru tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. ráðherra fyrir afar fróðlegt og greinargott svar við spurningum sem voru sannarlega býsna viðurhlutamiklar og ekki kannski auðvelt að svara þeim á svo skömmum tíma. En það sem þessi svör hafa leitt í ljós er að þetta er býsna alvarleg staða fyrir fáein býli í landinu. Fram kom að um 45 býli væru í þeirri stöðu sem við höfum verið að ræða, þar af a.m.k. 20 í ábúð og 25 í eyði sem gæti þýtt samt sem áður einhverja hlutabúsetu á ári hverju, þannig að ljóst er að hér er um að ræða dálítinn hóp, ekki mjög stóran, sem býr við gríðarlega mikinn orkukostnað eins og málum er háttað núna. Þetta hefur gerst á mjög skömmum tíma eins og ég vakti athygli á og þess vegna kannski ekki óeðlilegt að einhvern tíma taki að finna leiðir til að bregðast við þessu.

Ég fagna því og þakka hæstv. iðnrh. fyrir að bregðast við þessu máli með þeim hætti að fela nefnd á vegum ráðuneytisins að fara ofan í þessi mál. Mér er ljóst að það er ekki einfalt hvernig beri að bregðast við þessu. Við megum ekki gera það á þann hátt að það hvetji beinlínis til notkunar á dísilolíu og hverfa þannig frá rafmagnshitun t.d. Við verðum að gera það með því móti að það stuðli frekar að því að við nýtum innlenda orkugjafa. Engu að síður er hér um að ræða svo íþyngjandi aðstöðu fyrir tiltölulega lítinn hóp sem mér býður í grun að geti oft og tíðum líka verið fremur tekjulágur hópur þó ég vilji ekki fullyrða það altækt. Engu að síður er ljóst að hér er um að ræða býsna mikið mál fyrir þennan hóp sem er sjálfsagt að samfélagið komi til móts við með einhverjum hætti.

Ég vil vekja athygli á því að fram kom í máli hæstv. ráðherra að meðalorkukostnaður á Rarik-svæðinu væri um 80 þús. kr. og þá er ég að tala um húshitunina á ári miðað við tiltekna gefna forsendu, mismunandi eftir stærð húsa o.s.frv. En ef um er að ræða fólk sem þarf að nýta sér olíu til húshitunar, þá er hér um að ræða kostnað upp á 222 þús. kr., nærri þrefaldan þann kostnað sem er á Rarik-svæðinu sem gefur til kynna enn þá meiri mun milli hitaveitusvæðanna og þeirra örfáu sem búa við þessi ósköp sem olíuverðshækkunin hefur haft í för með sér fyrir það fólk sem kyndir hús sín með olíu.

[14:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að við séum alveg sammála, ég og hv. fyrirspyrjandi, í sambandi við þetta mál. Reyndar hafði ég fyrir nokkuð mörgum vikum tekið þetta mál upp við embættismenn mína í ráðuneytinu. Við höfum fjallað um það og reynt að átta okkur á því hvernig við ættum að fara í málið en það er í þessu tilfelli eins og stundum áður að fyrirspurnir ýta frekar við manni en hitt, þannig að ég tel að þessi fyrirspurn sé okkur í hag og hafi orðið til þess að koma frekari hreyfingu á málið. Ég mun vinna að því áfram að reyna að leysa það, þannig að það verði að gagni fyrir þá aðila sem þarna um ræðir.

Niðurgreiðsla á húshitun með olíu.

Fsp. SvanJ, 383. mál. — Þskj. 633.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég ber fram fyrir hæstv. iðnrh. kemur í mjög eðlilegu framhaldi af þeirri fyrirspurn sem svarað var áðan. Hér er um að ræða fyrirspurn um niðurgreiðslu á húshitun með olíu. Með öðrum orðum, við erum enn að fjalla um orkukostnað.

Í máli hv. fyrirspyrjanda fyrri fyrirspurnar, Einars K. Guðfinnssonar, kom fram að það kostar þann sem þarf að kynda hús sitt með olíu 222 þús. kr. á ári miðað við 80 þús. kr. ef hann gæti keypt orku til þess frá Rarik. Þarna er auðvitað um geysilega mikla mismunun að ræða, herra forseti, sem kemur nokkuð á óvart vegna þess að í aðgerðum í byggðamálum eða í tillögu að aðgerðum í byggðamálum sem nefnd forsrh. lagði fram í október 1998 segir: „Húshitunarkostnaður verði lækkaður í jöfnum áföngum, á næstu þremur árum ...“ Jafnframt segir í 12. tölul. þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1999–2001 sem var samþykkt á Alþingi í mars 1999:

„Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs.“

Herra forseti. Það liggur fyrir með þeim samanburði sem ég nefndi áðan og þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér að olíuhitun hefur ekki notið þeirrar niðurgreiðslu og aðstoðar, þar með þeir sem þurfa að nýta sér hana, frá hinu opinbera sem þeir sem hita hús sín með raforku beint hafa notið. Það er ekki alls staðar að fólk geti valið annan orkugjafa en olíu eins og hér hefur komið fram og ég vil þar t.d. nefna Grímsey þar sem nánast öll hús eru hituð með olíu. Þar var málum svo komið á síðasta ári eftir allar þær olíuhækkanir sem á okkur dundu að fólk var að kikna undan þeim vaxandi kostnaði sem það hafði af húshitun sinni.

Það var auðvitað orðið mjög íþyngjandi, herra forseti, þegar olíulítrinn var kominn upp í rúmlega 28 kr. og kom þá fyrir lítið þó að menn væru búnir að ráðast í dýrar aðgerðir til þess að einangra hús sín. Þess vegna hef ég lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir iðnrh.:

Í fyrsta lagi. Hvar á landinu háttar svo til að íbúar eiga ekki annan kost til húshitunar en olíu?

Í öðru lagi vildi ég kalla það fram hvort ráðherra telji að lækkun kostnaðar við húshitun með olíu falli ekki undir þá liði sem ég las hér upp annars vegar úr aðgerðum í byggðamálum og hins vegar úr byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um jöfnun eða lækkun húshitunarkostnaðar.

[14:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur vil ég taka fram eftirfarandi sem svar við fyrstu spurningu:

Hitun með olíu hefur minnkað mikið á síðustu áratugum þó hægt hafi á þeirri þróun á síðustu árum. Samkvæmt spám orkuspárnefndar er gert ráð fyrir að olíuhitun hverfi að mestu á næstu árum þó olía verði notuð áfram til hitunar á einangruðum svæðum og að litlu leyti hjá kyntum hitaveitum.

Í húshitunarspá orkuspárnefndar frá 1996 er talið að um 1,3% af öllu hituðu íbúðarhúsrými á landinu sé hitað upp með olíu. Hæst var þetta hlutfall á Vestfjörðum 7%, Vesturlandi 5%, Austurlandi 4,5%, Norðurlandi 3%, Suðurlandi 2,1%, Suðurnesjum 1% og á höfuðborgarsvæðinu 0,2%.

Langstærst þeirra svæða þar sem um olíuhitun er að ræða er Grímsey en þar búa um 100 manns. Í Grímsey er raforka til lýsingar framleidd í dísilrafstöð og ekki er um aðra upphitunarmöguleika að ræða en olíu. Á Hólsfjöllum á Möðrudal eru sjö býli sem hituð eru með olíu, þar háttar til svipað og í Grímsey að því leyti að þau býli eru ekki tengd raforkukerfinu og raforkan því framleidd í dísilrafstöð. Sömu sögu er að segja af Flatey á Breiðafirði.

Önnur hitun með olíu er einkum í einstökum húsum víða um land sem oft eru það gömul að ekki er talið svara kostnaði að breyta hitakerfinu fyrir raforku. Búast má við að með tímanum verði hætt að nota þessi hús. Einnig má nefna sumarbústaði víðs vegar á landinu sem hitaðir eru með olíu.

Svar við annarri spurningu:

Olíustyrkir til húshitunar voru lagðir niður fyrir tæplega 20 árum í kjölfar verulegrar olíuverðslækkunar sem þá varð. Tilgangur þess var m.a. að stuðla að frekari nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkugjafa eins og hitaveitna og rafmagns. Segja má að stefna stjórnvalda í húshitunarmálum á undanförnum árum hafi byggt á þremur meginstoðum. Í fyrsta lagi hefur ríkið með ýmsum hætti stuðlað að stofnun hitaveitna þar sem því verður við komið. Þar hefur ýmsum aðgerðum verið beitt og má þar nefna jarðhitaleitarátak sem nú hefur staðið í nokkur ár og styrki til stofnunar nýrra hitaveitna.

Í öðru lagi hafa niðurgreiðslur til rafhitunar verið auknar. Á síðasta ári var varið 790 millj. kr. til þessa verkefnis en árið 1998 var þessi fjárhæð 480 millj. kr.

Í þriðja lagi hefur verið unnið að ýmsum verkefnum á sviði orkusparnaðar en sum þeirra hafa sérstaklega beinst að því að lækka húshitunarkostnað íbúðarhúsa. Það er skoðun ráðuneytisins að olíustyrkir falli ekki undir þær aðgerðir til lækkunar húshitunar sem mælt er fyrir um í gildandi byggðaáætlun. Þess má geta að í allri undirbúningsvinnu sem lá til grundvallar 12. tölul. gildandi byggðaáætlunar var fjallað um samanburð á rafhitun og hitaveitum. Til grundvallar þessum lið þál. voru m.a. lagðar skýrslur Háskólans á Akureyri og verkfræðistofunnar Fjarhitunar. Í framangreindum skýrslum er eingöngu fjallað um húshitun með rafmagni og hitaveitum.

Eins og fram kom í svari mínu við fyrirspurn áðan hafa niðurgreiðslur vegna rafhitunar aukist verulega á undanförnum árum auk þess sem olíuverð hefur hækkað. Þetta hefur leitt til lakari stöðu þeirra sem ekki eru tengdir veitukerfum orkufyrirtækjanna og nota olíu til kyndingar. Í ljósi þessara staðreynda hef ég ákveðið að fela nefnd á vegum ráðuneytisins að kanna stöðu þessara mála og gera tillögur um aðgerðir vegna lögbýla sem ekki eru tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna og varðar einnig þau hús sem eins er ástatt um þó ekki sé um lögbýli að ræða.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka upp þetta mál og reyndar einnig síðustu fyrirspurn sem var þörf. Ég held að ástæða sé til að farið sé yfir þessa stöðu vegna þess að með auknum niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði með rafhitun hefur skapast ójafnvægi sem full ástæða er til að taka á. Það leiðir líka af þeirri miklu olíuverðshækkun sem dunið hefur yfir á síðustu missirum.

Ég vil bara láta þann skilning minn koma fram sem nefndarmaður í byggðanefnd þingflokkanna sem hér er vitnað til og skilaði af sér í október 1998 að þar var að sjálfsögðu verið að tala um jöfnun húshitunarkostnaðar almennt. Það var ljóst að okkar hugsun var sú að þetta yrði jafnað með almennum aðgerðum sem tækju bæði til rafhitunar, dýrra hitaveitna og að sjálfsögðu einnig til jaðartilvika af þessu tagi þar sem olía er enn á afmörkuðum svæðum notuð til húshitunar. Ég tel allar ástæður til þess að taka á nýjan leik upp eins konar styrki eða stuðning, enda ólíku saman að

jafna þeim aðstæðum sem menn staddir í nú eða var fyrir 20 árum þegar þeir styrkir voru lagðir niður.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að ég verði að segja að þau komi mér nokkuð á óvart. Ég taldi svo víst að ráðherra væri þeirrar skoðunar að auðvitað ættu þessi ákvæði hvort tveggja við húshitun með olíu ekki síður en rafmagn og ég tala nú ekki um að til þess hefði verið litið hversu mjög olían hefur hækkað. En ráðherra kemur hér og segir að það sé skoðun ráðuneytisins að eitthvað annað hafi verið lagt til grundvallar. Hins vegar verði málið skoðað í nefnd og því ber auðvitað að fagna að vilji er til þess að líta á málið. Staðreynd mála er sú að þó svo olíustyrkir hafi verið lagðir niður í kjölfar lækkunar og ákveðið að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa þar sem það er hægt, þá er það ekki alls staðar hægt. Og þar sem það er ekki hægt, eins og á þeim stöðum sem hér hafa verið nefndir og menn eiga ekki annan kost en olíuna, þar er auðvitað óeðlilegt að menn séu sniðgengnir með stuðning sem þykir þó eðlilegt að þeir fái sem eru með mun betri aðstæður hvað varðar að kaupa orku fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis síns.

Ég nefndi áðan tölurnar 222 þús. á móti 80 þús. Þetta er enginn smámunur, herra forseti. Og ég vil hvetja ráðherra til þess að líta á þessi sérstöku dæmi sem hún taldi upp og búið er að taka saman í ráðuneytinu yfir þessa örfáu aðila sem búa við þessa afarkosti og mega við það búa og að sú nefnd sem ráðherra hefur hugsað sér að láta kanna stöðu þessara mála, vinni hratt og örugglega að því að bæta stöðu þessa fólks. Það er ekki um svo marga að ræða. En mismununin er þeim mun meiri.

[14:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki neinn ágreiningur í þessu máli. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í máli hv. þm. Ég var ekki að segja það sem mína skoðun að það ætti ekki að taka tillit til þessara aðstæðna heldur var ég einungis að koma á framfæri þeirri skoðun ráðuneytisins hvernig fjallað var um mál við undirbúning þál. sem nú gildir og hefur verið samþykkt af hv. Alþingi um byggðamál. Í þeirri nefnd var skilningurinn sá að niðurgreiðsla næði ekki til upphitunar með olíu.

Sú nefnd sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði til, þ.e. byggðanefnd þingflokkanna, leit hins vegar öðrum augum á málið. Hún horfði á þetta almennt samkvæmt mínum upplýsingum. Hins vegar verðum við að hafa í huga að staða niðurstöðu þeirrar nefndar er ekki sú hin sama og staða þál. Alþingis. En við skulum ekki vera að velta okkur of mikið upp úr þessu. Aðalatriðið er að ég held að við séum nokkurn veginn sammála um að við teljum að líta eigi á þennan þátt mála einnig og þess vegna hef ég falið nefnd sem er að störfum á vegum ráðuneytisins að fjalla um þetta tiltekna mál sem varðar upphitun með olíu. Ég hef þau markmið að áður en vetur skellur á á nýjan leik verði komin lausn á þessu máli.

Börn og auglýsingar.

Fsp. ÁMöl, 459. mál. — Þskj. 732.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Auglýsingar hafa í seinni tíð orðið æ áleitnari gagnvart börnum. Í skýrslu umboðsmanns barna til forsrh. frá árinu 1999 eru tiltekin nokkur dæmi þar um.

Í auglýsingabæklingi voru börn látin auglýsa þjónustu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Veitingahús auglýsir að leikföng fylgi mataröskjum sem sérstaklega eru ætlaðar börnum. Leikföngin eru notuð sem agn til að fá foreldra og börn til að borða á veitingahúsinu. Auglýsing frá tískuvöruverslun í dagblöðum sýnir tvær litlar stelpur í nærbuxum og í leðurstígvélum. Auglýsingin vakti sterk viðbrögð almennings. Auglýsingar banka beinast að börnum allt niður í 12 ára aldur. Börnin fá senda bæklinga og blöð frá bankaklúbbum í beinni markaðssetningu.

Auglýsendum er ljóst að börn eru áhrifagjörn. Þeim er einnig kunnugt um að börn hafa töluverð áhrif á hvernig peningum fjölskyldunnar er varið í stóru sem smáu. Því sést það æ oftar að auglýsingum um vörur sem ætlaðar eru fullorðnum er beint til barna.

Auglýsendur gera sér jafnframt fulla grein fyrir því að börn eru sjálf nú þegar stórneytendur og þau eru kaupendur framtíðarinnar. Í 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, er fjallað um auglýsingar. Þar er m.a. kveðið á um að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri og megi þar á engan máta misbjóða þeim. Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.“

Í 30. gr. laganna er kveðið á um að samkeppnisráð geti sett nánari reglur um beitingu 22. gr. laganna sem varðar börn og auglýsingar og um að ráðgast verði við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar. Reglur um börn og auglýsingar hafa hins vegar ekki verið settar og snýr fyrri hluti fyrirspurnar minnar að því hvort hæstv. viðskrh. muni beita sér fyrir því að slíkar reglur verði settar.

Seinni hluti fyrirspurnar minnar snýr að því hvort tekin hafi verið ákvörðun um að þýða og gefa út rit um börn og unglinga um markaðssetningu sem byggir á dönskum bæklingi þessa efnis og gefinn var út af umboðsmanni neytenda í Danmörku, en umboðsmaður barna hér á landi hefur sérstaklega gengið eftir því, samanber skýrslu umboðsmanns barna til forsrh. árið 1999, kafla 7.2 og tilmæli hans til viðskrh. í þessa veru. Þessi bæklingur kynnir grundvallarhugmyndir um börn og auglýsingar og setur fram leiðbeinandi reglur til stjórnvalda, auglýsenda, foreldra og skólastjórnenda í þessum efnum. Bæklingurinn tekur m.a. á því hvaða hugtengsl ber að varast í auglýsingum sem beinast að börnum. Hann fjallar einnig um beina markaðssetningu til barna og vert er að hafa það í huga nú þegar fermingarvertíðin er fram undan að þar er bein markaðssetning gagnvart börnum sem samkvæmt þessum reglum ætti að vera óheimil og það er til umhugsunar.

[14:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 732 hefur hv. þm. Ásta Möller borið fram fyrirspurn og sem svar við fyrri spurningunni vil ég segja þetta:

Umboðsmaður barna sendi viðskrn. bréf, dags. 12. nóvember 1999, þar sem segir að hún skori á ráðuneytið að það beiti sér fyrir því að samkeppnisráð setji reglugerð um nánari almennar reglur um framkvæmd 22. gr. samkeppnislaga, samanber 30. gr. sömu laga. Markmið slíkra reglna eigi m.a. að vera það að börn yngri en 18 ára njóti þeirrar lágmarksverndar sem þau eiga rétt á í þessum efnum af hálfu stjórnvalda, eins og segir í erindi umboðsmanns.

Ráðuneytið sendi erindi umboðsmanns barna til umsagnar Samkeppnisstofnunar en í VI. kafla samkeppnislaga er fjallað um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, þar með talið villandi auglýsingum og neytendavernd þar að lútandi. Samkeppnisstofnun óskaði álits ráðgefandi nefndar samkeppnisráðs, auglýsingnefndar, um málið en samkvæmt 7. gr. samkeppnislaga skal nefndin fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd skipa þrír fulltrúar, formaður sem kjörinn er úr hópi aðalmanna í samkeppnisráði en hina nefndarmennina skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að máli, þar með talin samtök neytenda. Í bókun sem viðskrn. hefur borist frá fundi auglýsinganefndar hinn 8. nóvember sl. segir m.a.:

„Auglýsinganefnd hefur borist, framsent frá viðskiptaráðuneytinu, erindi umboðsmanns barna til ráðuneytisins þar sem fjallað er um börn og auglýsingar.

Auglýsinganefnd hefur rætt mál þetta á alls þremur fundum. Farið hefur verið yfir ákvæði samkeppnislaga um börn og auglýsingar ásamt þeim reglum, þar með talið siðareglum, sem gilda í þessum málaflokki. Einnig hefur verið litið á það sem nágrannaþjóðir okkar hafa gert.

Samhljóða niðurstaða nefndarmanna er að ekki er talin ástæða til að setja frekari reglur um börn og auglýsingar en þær sem þegar koma fram í samkeppnislögum og öðrum lögum og reglum sem gilda um auglýsingar."

Þau lög og reglur um börn og auglýsingar sem þarna er vísað til eru auk samkeppnislaga stefnumarkandi reglur um sjónvarpsauglýsingar, útvarpslög, siðareglur Sambands ísl. auglýsingastofa, siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins og ályktun ráðherra norrænu ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála um markaðsfræðslu og auglýsingar á internetinu. Í ljósi þessarar bókunar og álits Samkeppnisstofnunar um þetta mál þykir ekki ástæða til að setja nánari reglur um börn og auglýsingar umfram það sem getið er um í samkeppnislögum og öðrum þeim lögum og reglum sem gilda um slíkar auglýsingar.

Svar við síðari fyrirspurn: Í áður tilvitnaðri bókun auglýsinganefndar samkeppnisráðs segir:

„Jafnframt samþykkti nefndin að fela Samkeppnisstofnun að taka saman á einn stað öll gildandi lög og þær reglur sem í notkun eru á markaðnum þar sem fjallað er um aðkomu barna að auglýsingum. Telur auglýsinganefnd rétt að beina því til viðskiptaráðuneytisins hvort koma megi því efni sem til er um börn og auglýsingar betur á framfæri við markaðinn."

Samkeppnisstofnun hefur lýst því yfir að allt efni þar sem með einum eða öðrum hætti er fjallað um börn og auglýsingar verði sett undir einn lið á heimasíðu stofnunarinnar. Viðskrn. mun jafnframt kanna hvernig gildandi lögum og reglum sem varða börn og auglýsingar megi betur koma á framfæri við fyrirtæki og neytendur í landinu. Þess vegna eru ekki uppi um það áform í ráðuneytinu að beita sér fyrir því að fyrrnefndur bæklingur verði þýddur á íslensku.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á stöðu barna og ungmenna gagnvart auglýsingum. Mér er afar annt um að þessi ákvæði 22. gr. samkeppnislaga séu virk og að þau séu virt, sem baráttumaður fyrir því á sinni tíð að ákvæði um þetta efni yrðu tekin upp í lög, þ.e. ákvæði sem verndi börn og ungmenni fyrir innrætandi auglýsingum. Sú barátta skilaði að vísu ekki sérlöggjöf eins og þó var á dagskrá hér í eina tíð að sett yrði. Í stað þess komu þessi efnisákvæði inn í 22. gr. og það er enginn vafi á því að það er mikill styrkur í þeim, þ.e. ef þeim er framfylgt. Ég held hins vegar að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því kæruleysi sem nú ber á í sambandi við þetta mál og það er ugglaust rétt að liður í því að taka á því gæti verið að setja reglugerð eða ákvæði til nánari framkvæmdar á 22. gr. Ef ekki sýnist mér óhjákvæmilegt að fara yfir það hvort nauðsynlegt sé að styrkja þessi lagaákvæði beint.

[14:26]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli. Eins og hún kom inn á áðan hefur umboðsmaður barna fengið margar ábendingar um auglýsingar. Má þar nefna t.d. auglýsingu sem kom frá tóbaksvarnanefnd, heilsíðuauglýsingu í dagblaði sem sýndi mynd af barni og hönd sem drap í sígarettu á kinn þess, og líka ábendingu vegna auglýsinga frá módelskóla þar sem því var haldið fram að markhópurinn sé einkum unglingsstúlkur 14–15 ára og gjarnan fylgdi auglýsingum þessum mynd af grindhoruðum stúlkum og bent á að það sé óheppileg fyrirmynd fyrir börn á þessum aldri. Ég held að við eigum að hafa í huga að í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang. Það er mjög varhugavert að börn séu notuð sem agn til þess að fá þau eða foreldra þeirra til að kaupa tilteknar vörur og ég hvet hæstv. ráðherra til að íhuga betur hvort ekki eigi að þýða þennan bækling sem hv. þm. Ásta Möller minntist á í ræðu sinni.

[14:27]

Drífa J. Sigfúsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja athygli á þessu máli. Þetta er mjög mikilvægt og ég held að það sé mikilvægt að við tökum betur á þessu máli en gert hefur verið og það er rétt einmitt að þessi aldurshópur, unglingar, er mjög viðkvæmur hópur neytenda.

Eitt hef ég séð gerast núna síðustu árin og það er hvað netið er orðið sterkt. Börn sem eru ein heima fara á netið og sumir framleiðendur eru með netsíður sem eru skemmtilegar og ætlaðar börnum. Þar skrá þeir niður upplýsingar um áhugasvið barnanna sem þeir nýta svo þegar börnin fara næst á netið. Ég held að það þurfi að skoða betur hvernig við getum tekið á þessu og taka þá þennan nýja miðil, netið, inn í þá umræðu.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svörin og hv. þingmönnum þátttökuna í umræðunni. En ég verð að segja að svör hæstv. viðskrh. ollu mér ákveðnum vonbrigðum því að í báðum tilvikum er svarið við spurningu minni nei, þ.e. svörin voru þau að samkeppnisráð er ekki tilbúið til þess að setja slíkar reglur heldur vill það frekar styðjast við reglur sem koma héðan og þaðan frá reyndar virtum samtökum. Ég er ekki að segja annað. En ég tel að ástæða sé til þess að samkeppnisráð skoði þessar reglur og setji síðan eigin reglur sem yrðu þá gildandi fyrir það þjóðfélag sem við búum í.

Ljóst er að ákvæði samkeppnislaga sjálfra eru ekki fullnægjandi. Þau ákvæði eru mjög væg, enda er gert ráð fyrir því í lögunum að sett verði reglugerð í framhaldi af þeim. Svo virðist sem þær reglur sem eru þó til í þjóðfélaginu í dag, siðareglur bæði auglýsenda og kaupmanna, dugi ekki til því að af upptalningu á dæmum sem uppboðsmaður barna hefur vakið athygli á sem varða börn og auglýsingar, er ljóst að víða er pottur brotinn. Segja má að við höfum sýnt allt of mikið umburðarlyndi í þessum efnum. Ég á þar bæði við auglýsingar þar sem börn eru þátttakendur og auglýsingar sem sérstaklega er beint að börnum. Á hinum Norðurlöndunum er töluverð umræða í gangi um þessi mál og hvert stefni og menn sjá þess augljós merki að börn verði stöðugt vinsælli sem markhópur og að auglýsingum sé beint að þeim í sífellt ríkari mæli. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við reynum að spyrna við fótum áður en komið er í óefni, þ.e. taka á vandanum áður en hann verður of mikill og erfiður viðfagns. Því er nauðsynlegt að setja nánari ákvæði í reglugerð eins og heimild er fyrir í lögum um samkeppni.

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég tel að við séum að fjalla um mjög mikilvægt mál. Mér finnst það veigamikið sem ég lét koma fram í svari mínu áðan að Samkeppnisstofnun hefur lýst því yfir að allt efni þar sem með einum eða öðrum hætti er fjallað um börn og auglýsingar verði sett undir einn lið á heimasíðu stofnunarinnar. Ég held að það sé ekki fyrst og fremst það að lagaumhverfi og reglur séu ekki viðunandi heldur tel ég að mönnum sé ekki nægilega kunnugt um lögin. Með þessu held ég að málinu verði komið í betri farveg. Við getum að sjálfsögðu tekið þetta mál upp síðar ef okkur sýnist svo en þetta er þó a.m.k. ákveðin viðleitni. Ég vona að þetta verði til þess að betur verði að þessum málum staðið í framtíðinni.

Í sambandi við þann bækling sem hér hefur verið til umfjöllunar þá er ég þeirrar skoðunar, eftir að hafa farið í gegnum það með fagaðilum, að hann breyti kannski ekki öllu í þessu. Þess vegna eru ekki uppi áform um það að þýða hann. Ég þakka hins vegar hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu máli. Mér finnst það mikilvægt og ég er tilbúin að vinna áfram að því og grípa inn í þar sem ástæða er til.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðing.

Fsp. DSigf, 457. mál. — Þskj. 729.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Drífa J. Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. varðandi BS-próf í viðskiptafræðum úr öðrum háskólum en Háskóla Íslands. Spurningarnar eru þrjár og í samhengi við lög nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Frá því að lög nr. 27/1981 voru sett hefur íslenskum háskólum fjölgað töluvert. Ef slík lög væru sett í dag þá efast ég ekki um að Alþingi hefði sett málið fram með öðrum hætti og e.t.v. almennara orðalagi. Þeir námsmenn sem stunda BS-nám í viðskiptafræðum við aðra háskóla en Háskóla Íslands búa við óvissu í þessum efnum. Þeirri óvissu getur hæstv. menntmrh. aflétt. Það er því mjög mikilvægt að fá fram skoðun hæstv. ráðherra á málinu sem jafnframt er skoðun ráðuneytisins. Upplýsinga er óskað um hvort menntmrn. telji að BS-nám í Háskólanum í Reykjavík, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri standist kröfur ráðuneytisins. Þar sem ríkið greiðir kostnað við rekstur háskólanna er talið eðlilegt að ætla að bak við slíka rekstrarsamninga felist viðurkenning á að viðkomandi skólar standist viðkomandi kröfur um námið, magn og gæði, kennslu og aðbúnað auk annars. Ég á ekki von á öðru en að á nýju árþúsundi sé faglega og vel að verki staðið af hálfu allra sem komið hafa að málinu. Finnist meinbugir á málinu þá tel ég að þeir hljóti að koma frá menntmrn. og því ítreka ég mikilvægi þess að fá fram skoðanir hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar. Því spyr ég:

„Telur ráðherra einhverja meinbugi á því að nemendur sem útskrifast með BS-próf frá viðskiptadeildum Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri og frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst fái að kalla sig viðskiptafræðinga?"

Til að fá hér einnig fram upplýsingar um nefnd þá sem fjallar um slíkt leyfi er önnur spurning, svohljóðandi:

„Hverjir skipa nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981 og eftir hvaða meginreglu starfar hún?"

Að lokum vil ég fá fram vilja hæstv. menntmrh. varðandi það hvort hann telji koma til greina að breyta áðurnefndum lögum til að aflétta óvissu sem nemendur sem útskrifast með slíkt próf í vor búa við. Ég tel að slík lagabreyting sé fyllilega tímabær í ljósi breyttra aðstæðna. Það er í sjálfu sér ekki verjandi að búa til fyrsta og annars flokks nám, hvorki á þessu sviði né öðru. Nemendur sem ljúka nú námi eða hafa þegar lokið slíku námi eiga rétt á svörum um gildi námsins. Í raun hefðu svörin átt að liggja fyrir við upphaf námsins. Það hlýtur að teljast eðlilegt út frá jafnræðissjónarmiði að nemendur með hliðstæða menntun njóti sambærilegra kjara.

Lokaspurningin er svohljóðandi:

„Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum nr. 27/1981 þannig að nemendur með BS-próf úr áðurgreindum skólum fái að kalla sig viðskiptafræðinga eins og nemendur með sambærileg próf frá Háskóla Íslands?"

Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur lagt áherslu á að búa áðurnefndum háskólum góðan aðbúnað þannig að ég hef enga ástæðu til að ætla annað en hann muni greiða farsællega úr á málinu.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er spurt um mál sem eru ákveðin í lögum en ekki af ráðherra því samkvæmt lögum frá árinu 1981 er það svo að rétt til að kalla sig viðskiptfræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra. Þar segir alveg skýrt að þeir sem útskrifast úr viðskiptadeild Háskóla Íslands mega kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga án þess að hafa til þess sérstakt leyfi.

Síðan er það svo að í 2. gr. þessara laga segir að engum megi veita leyfið sem hér er rætt um nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla. Það er engin spurning um það að Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og einnig Háskólinn á Akureyri eru háskólar. Þess vegna falla þeir sem þaðan hafa lokið fullnaðarprófi í viðskipta- og hagfræði undir þennan lagatexta. Þessum mönnum má hins vegar ekki veita þetta starfsheiti nema fyrir liggi álit þriggja manna nefndar sem menntmrh. skipar og er einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskipta- og hagfræðinga, hann er nú Ólafur Ísleifsson hagfræðingur; Kristján Jóhannsson lektor er tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og síðan er einn skipaður án tilnefningar. Hann er nú Arnór Guðmundsson, deildarstjóri í menntmrn., og er hann formaður nefndarinnar.

Það er skýrt samkvæmt þessum lögum að nemendur við aðra háskóla en Háskóla Íslands þurfa að sækja til nefndarinnar leyfi og fá síðan staðfestingu menntmrh. á því að þeir fái að bera þetta starfsheiti. Rísi ágreiningur vegna notkunar á þessu starfsheiti þá sker ráðherra úr þeim ágreiningi.

Ég er ekki sértakur talsmaður þess að slík lög séu almennt í gildi hér á landi. Ég tel þessi lög barn síns tíma og að ekki ætti að vera bundið í slík lög hvort menn hafi rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Það á heldur að vera bundið við þau próf sem þeir taka frá viðkomandi skólum, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Lögin eru hins vegar í gildi og þeim hv. þm. sem hafa áhuga á því að taka af skarið og nefna fleiri skóla í þessum lögum en Háskóla Íslands eru í sjálfu sér hæg heimatökin að gera tillögur um breytingar á lögunum. Þá yrði það Alþingis að taka afstöðu til þess.

Hvað menntmrn. varðar þá lítum við þannig á að vegna þess að við höfum þessa nefnd og samráðsskyldu samkvæmt lögunum, við Félag viðskipta- og hagfræðinga auk viðskiptadeildar Háskóla Íslands, þá sé skynsamlegt af okkar hálfu að efna til samráðs. Við höfum reynt að koma á samstarfi um endurskoðun á þessum lögum en því miður virðist það einhverjum vandkvæðum bundið að fá menn sem hafa þessi starfsheiti eða óska eftir þeim til að setjast niður með fulltrúum ráðuneytisins til að koma sér saman um tillögur um breytingar á lögunum. Við munum þó halda því starfi áfram.

Án tillits til þess finnst mér eins og ég sagði að þessi lög séu barn síns tíma. Raunar er ég einnig þeirrar skoðunar að telji menn að lög eigi að kveða á um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hvað annað þá eigi það ekki að vera á verksviði menntmrn. að veita slík réttindi eða fjalla um það heldur þeirra ráðuneyta sem fara með málefni viðkomandi starfsgreinar. Menntmrn. hefur t.d. ekki þá sérþekkingu á sviði viðskipta- og hagfræði sem ræður úrslitum um það hvort eitt starf er betur fallið til að hljóta þessi réttindi, eitt próf fremur en annað. Við eigum að huga að inntaki menntunarinnar en aðrir hafa með starfsemina sjálfa að gera. Í þessu tilviki væri e.t.v. eðlilegt að iðn.- og viðskrn. fjallaði um þennan þátt málsins eins og menntmrn. fjallar um kennara á öllum skólastigum og þá starfsmenn sem starfa á verksviði ráðuneytisins. Mér þætti ekki óeðlilegt að viðskrn. og iðnrn. fjölluðu um réttarstöðu þeirra sem vildu kalla sig einhverjum starfsheitum sem veita rétt til starfsemi á verksviði sem fellur undir það ráðuneyti.

[14:41]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er hingað komin til að fagna fyrirspurn hv. þm. og vil taka undir orð hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur. Mér finnst þetta vera efni sem við þurfum sannarlega að velta fyrir okkur. Ég verð að viðurkenna að ég gerði mér ekki grein fyrir að sambærilegu námi, háskólanámi, hér á landi væri mismunað þannig. Ég gat ekki betur heyrt hjá hæstv. ráðherra en hann styddi að gerðar yrðu breytingar á þessum lögum. Í framhaldi af því hvet ég hv. þm. Drífu Sigfúsdóttur til að leggja fram frv. þess efnis.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Drífa J. Sigfúsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Út af fyrir sig skil ég að ráðherra eigi ekki gott með að koma saman nefnd þegar um skipan hennar ríkir ósamkomulag. Þá hygg ég betra, eins og hann sagði, að Alþingi taki frumkvæðið og leysi úr þessu máli. Ég get líka tekið undir með hæstv. menntmrh. að eðlilegra sé að slík leyfi veiti frekar önnur ráðuneyti. Ég held að það sé rétt, t.d. miðað við skiptingu dómsvalds, framkvæmdarvalds o.s.frv., og miklu eðlilegra að mörgu leyti.

Um það hvort vera eigi í gildi lög um það hvort þessi eða hinn megi kalla sig öðru nafni má deila. Ýmsar stéttir bera samt viðurkennda nafnbót. En á meðan lögin eru svona finnst mér mikilvægast að allir sitji við sama borð. Ég mun legga fram frv. til að fá þetta leiðrétt.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. ætla að leggja fram frv. til að taka af skarið með að nemendur sem útskrifast hafa með BS-próf frá viðskiptadeildum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Viðskiptaháskólanum á Bifröst fái heimild til að kalla sig viðskiptafræðing. Það er eðlilegur vettvangur hér á þinginu að taka afstöðu til þess þar sem þetta er í lögum.

Ég vil einnig hvetja hv. þm. til að velta því fyrir sér við þá breytingu hvort ekki eigi að flytja málið úr höndum menntmrn. yfir til iðn.- og viðskrn. Það yrði meinalaust af minni hálfu.

[14:44]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með útlendingum, 284. mál, nál. meiri hluta allsh.n., þskj. 752.

Fjárstuðningur við fjölskyldur langveikra barna, 474. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 756.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, 412. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 754.

Spilliefni, 466. mál, fsp. GHall, þskj. 745.

Sporhundar hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði, 362. mál, svar dómsmrh., þskj. 709.

Starfsmenn við íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarf, 384. mál, svar menntmrh., þskj. 737.

Umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna, 473. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 755.

[14:47]

Útbýting þingskjals:

Minnisblað til starfsnefndar ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu, 476. mál, fsp. ÖJ o.fl., þskj. 758.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. mál.

Fundi slitið kl. 14:48.

---

76. FUNDUR

mánudaginn 26. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirpurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, stjtill., 412. mál, þskj. 667, nál. 754 og 764. — Síðari umr.
3. Kristnihátíðarsjóður, frv., 376. mál, þskj. 595. — 1. umr.
4. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 641. — 1. umr.
5. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665. — 1. umr.
6. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724. — 1. umr.
7. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.
8. Kosningar til Alþingis, þáltill., 217. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.
9. Rekstur björgunarsveita, þáltill., 272. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
10. Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, frv., 286. mál, þskj. 315. — 1. umr.
11. Barnalög, frv., 293. mál, þskj. 324. — 1. umr.
12. Barnalög, frv., 294. mál, þskj. 325. — 1. umr.
13. Vopnalög, frv., 326. mál, þskj. 411. — 1. umr.
14. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 380. mál, þskj. 630. — 1. umr.
15. Söfnunarkassar, frv., 381. mál, þskj. 631. — 1. umr.
16. Dómstólar, frv., 415. mál, þskj. 675. — 1. umr.
17. Dómstólar, frv., 417. mál, þskj. 677. — 1. umr.
18. Stofnun stjórnlagadómstóls eða stjórnlagaráðs, þáltill., 416. mál, þskj. 676. — Fyrri umr.
19. Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, þáltill., 433. mál, þskj. 696. — Fyrri umr.
20. Meðferð einkamála, frv., 461. mál, þskj. 736. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 2. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Adolf H. Berndsen framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþingmanns.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.“

Enn fremur liggur frammi svohljóðandi bréf:

„Af sérstökum ástæðum get ég ekki tekið sæti sem varamaður á Alþingi á tímabilinu 27. febrúar til 5. mars árið 2001.

Sigríður Ingvarsdóttir,
1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v.“

Kjörbréf Adolfs H. Berndsens hefur verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Adolf H. Berndsen, 4. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Adolf H. Berndsen hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður. Hann hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 482. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 768.

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, 479. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 761.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, 483. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 769.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, 412. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 764.

Skuldir fyrirtækja og einstaklinga, 328. mál, svar viðskrh., þskj. 741.

Staða lögreglumála í Árnessýslu, 370. mál, svar dómsmrh., þskj. 723.

Stofnun hlutafélags um Orkubús Vestfjarða, 480. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 766.

Tekjuskattur og eignarskattur, 481. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 767.

Vestnorræna ráðið 2000, 478. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 760.

ÖSE-þingið 2000, 477. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 759.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Viðgerðir á varðskipunum Ægi og Týr.

[15:06]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Nýlega var útboð á vegum Ríkiskaupa á viðgerðum á varðskipunum Ægi og Týr. Margt hefur verið rætt um þetta útboð og framkvæmd þess hin síðari missiri og sitt sýnist hverjum. Síðan hefur það gerst að ákveðið hefur verið að senda skipin til Póllands. Ríkiskaup rökstuddu þá ákvörðun með því að það kostaði 6,8 millj. minna að gera við bæði skipin í Póllandi en á Íslandi að teknu tilliti til kostnaðar við siglingu skipanna, eftirlit o.fl.

Nú hefur hins vegar komið fram ný skýrsla frá VSÓ Ráðgjöf á Akureyri yfir þann sérstaka kostnað sem reikna þarf með ef skipin verða send til Póllands. Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins kemur m.a. fram að sérstakur kostnaður vegna siglingar, eftirlits og fleira er tæplega 7,5 millj. fyrir hvort skip en ekki 3,9 millj. eins og Ríkiskaup höfðu áætlað. Þar kemur fram að það er rúmlega 900 þús. kr. ódýrara að gera við varðskipið Ægi á Íslandi en í Póllandi. Í þriðja lagi er viðgerð á báðum skipunum á Íslandi rúmlega 300 þús. kr. ódýrari en viðgerð í Póllandi.

Þessu til viðbótar er rétt að benda á að taka þarf tillit til þess fjárhagslega ávinnings í formi ýmissa skatttekna sem opinberir aðilar hafa af viðgerð skipanna hér heima. Þess vegna vil ég, herra forseti, leggja fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. iðnrh.:

1. Er hæstv. iðnrh. sammála þeirri niðurstöðu sem orðið hefur í þessu máli, þ.e. að varðskipin tvö verði send úr landi til viðgerðar en ekki unnin hjá íslenskum iðnaðarmönnum á Íslandi?

2. Hyggst hæstv. iðnrh. beita sér fyrir frekari athugun á þeim útreikningum sem hér eru mjög misvísandi, þ.e. milli Ríkiskaupa annars vegar og VSÓ Ráðgjafar á Akureyri hins vegar?

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hljóti að geta gefið sér svör við fyrri spurningunni, þ.e. hvort ég sé sammála þessari niðurstöðu. Auðvitað er ég ósammála þessari niðurstöðu, ósammála því að þessi vinna fari fram erlendis. Ég tel mig hafa beitt mér í þá átt að svo yrði ekki. Hins vegar er málið þannig vaxið eins og það var kynnt fyrir mér að þarna hafi verið óhjákvæmilegt að ganga að lægra tilboði, sem hafi verið frá Póllandi, en íslenska tilboðinu. Þetta voru a.m.k. tölur á blaði en síðan koma fram nýjar upplýsingar í sambandi við úttekt VSÓ Ráðgjafar sem setur þetta mál aftur í umræðuna. Ég vil fyrst og fremst segja það miðað við þetta allt saman og hvernig þetta mál er vaxið að það er von mín að a.m.k. þetta mál verði til þess að það verði betur og á annan hátt staðið að málum í framtíðinni hvað varðar viðgerðir á varðskipunum og ýmis önnur mál sem snúa að útboðum af hálfu ríkisins. Ég hef þá tilfinningu að hægt sé að ganga lengra í því að vinna verk hér á Íslandi en er í dag. Hvort sú tilfinning mín er rétt veit ég ekki en hins vegar vil ég að hv. þm. viti að unnið var að þessu máli af hálfu þriggja ráðherra til lokastigs. Lengi vel leit málið þannig út að íslenska tilboðið væri lægra. Þetta varð niðurstaðan og við sitjum uppi með það. En ég er eins og hv. þm. ekkert sérstaklega ánægð með að þetta skyldi verða niðurstaðan.

[15:11]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þetta svar þó að ég sé í raun og veru ekki mjög kátur með það. Mér finnst alveg með ólíkindum að þrír ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn skuli hafa beitt sér í þessu máli og ekki hafi orðið meira ágengt en raun ber vitni. Að þær tölur sem ég las upp, sem er álit Ríkiskaupa, skuli vera þær upphæðir sem geri það að verkum að skipin verða send úr landi til viðgerða, litlar 6,8 millj. sem Ríkiskaup talaði um. En þegar Félag járniðnaðarmanna, félagið sjálft, óskar eftir og lætur gera úttekt hjá ráðgjafarfyrirtæki, þá kemur allt annað fram. Kom aldrei til greina hjá hæstv. ríkisstjórn að leita umsagnar hjá óvilhöllu ráðgjafarfyrirtæki til að láta skoða þetta en ganga ekki beint eftir því sem Ríkiskaup sagði og lagði til?

Hér hefur komið fram að það sé von hæstv. iðnrh. að þetta gerist ekki oftar. Herra forseti. Ákaflega lítið hefur orðið úr því starfi þriggja ráðherra við að tryggja þessa vinnu innan lands miðað við það sem fram hefur komið.

[15:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig er alltaf dálítið sérkennilegt að heyra hv. fyrrv. þingmenn Alþfl. og núverandi þingmenn Samfylkingar tala eins og ekki sé til neitt sem heitir Evrópskt efnahagssvæði og eins og við höfum ekki undirgengist neitt í því sambandi því það voru þeir sem ráku það mál þegar sú ákvörðun var tekin. Auðvitað erum við bundin ... (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að segja þessu upp. Ég er bara að halda til haga ákveðnum atriðum. Auðvitað erum við bundin af ýmsum samningum og hvað varðar Pólland þá er það fríverslunarsamningur. Við þurfum náttúrlega að gæta okkur að ákveðnu marki. En það sem ég vil halda til haga er að það er ýmislegt hægt innan þeirra marka og innan þeirra reglna sem við þurfum að vinna eftir. Þegar hv. þm. talar um óvilhalla aðila verðum við að gera okkur grein fyrir því að Ríkiskaup fara þarna með ákveðið hlutverk fyrir hönd ríkisins og það er erfitt að hunsa það sem þeir segja.

[15:13]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Enn þá kemur ráðherrann upp með það og ætlar að reyna að telja þingheimi trú um að þeir þrír ráðherrar sem komu að þessu máli hafi ekkert getað gert í málinu og þessar 6,8 millj. séu það sem öllu ráða.

Málið er einfaldlega það að Ríkiskaup er ekki óvilhallur aðili í þessum efnum. Meiri bragur hefði verið að því ef hæstv. ríkisstjórn hefði aflað sér álits frá öðrum ráðgjafarfyrirtækjum til að láta skoða þessi mál og bera þá saman við þær tölur sem koma frá Ríkiskaupum sem ég ítreka og segi að eru ekki óvilhallir í þessu mati.

Til dæmis er eitt sem við Íslendingar hefðum getað gert og það hefur verið gagnrýnt, m.a. af nokkrum þingmönnum Framsfl., að þessi útboðsgögn sem hér er verið að ræða um voru öll þýdd yfir á ensku, væntanlega til þess að auðvelda

erlendum aðilum að bjóða í verkið en voru ekki á íslensku eins og okkur er heimilt að gera. Ég vísa þessu því til föðurhúsanna og finnst dálítið gaman að hlusta á hæstv. ráðherra byggðamála snúa sér út úr allri umræðu hvað þetta varðar með því að ræða um okkur alþýðuflokksmenn frá gamalli tíð.

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég sem iðnrh. hef ekki beina aðkomu að þessu máli heldur er það dómsmrh. sem yfirmaður Landhelgisgæslunnar og fjmrh. sem yfirmaður Ríkiskaupa. En það þýðir ekki að þetta sé ekki áhugamál mitt. Það er sannkallað áhugamál mitt að færa aukin verkefni inn í landið og þess vegna hef ég reynt að hafa afskipti af málinu að því marki sem ég get.

Ég vil að það komi líka fram að ég spurði eftir því hvort það væri skylda að hafa útboðsgögn á ensku. Það kom fram hjá fulltrúum Ríkiskaupa að það er ekki skylda en það er samt gert.

Boðað verkfall sjómanna.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa sjómenn verið með lausa kjarasamninga svo mánuðum skiptir og þó svo að einhverjar viðræður eigi að heita í gangi hefur margítrekað komið fram opinberlega á undanförnum dögum og vikum að ákaflega þunglega horfir með lausn deilunnar. Fari svo að ekki verði þar umtalsverð breyting á skellur á verkfall klukkan 23.00 þann 15. mars nk.

Nú er það svo að stjórnvöld hafa átt beina og umtalsverða aðild að kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna undanfarin nokkur skipti og þær hafa tengst lagasetningu og íhlutun stjórnvalda — þ.e. lausn ef lausnir skyldi kalla í þeim efnum — nú um árabil og kemur þetta m.a. til af því að kjaramál sjómanna eru nátengd því verðmyndunarkerfi sem stuðst er við í sjávarútveginum í viðskiptum milli aðila, sömuleiðis tengd þeim lagaákvæðum eða reglum sem gilda um viðskipti með veiðiheimildir og fleira mætti nefna.

Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh., með hliðsjón af þessari forsögu málsins og þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er ef allsherjarverkfall blasir við m.a. og ekki síst vegna þess að nú er fyrirséð að þá mun ekki takast að ljúka loðnuvertíðinni og þeim veiðiheimildum sem þegar hafa verið gefnar út og umtalsverð verðmæti fara þar af leiðandi í súginn ef til verkfalls kemur.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh.:

Hefur hæstv. ráðherra beitt sér gagnvart aðilum deilunnar?

Hefur ráðherra átt viðræður við málsaðila?

Hvernig metur hæstv. ráðherra stöðuna og telur hann að til þess muni þurfa að koma að stjórnvöld eigi aðild að lausn deilunnar í formi lagabreytinga eða annarra slíkra aðgerða og hvar er þá undirbúningur á vegi staddur í þeim efnum?

[15:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er vissulega rétt sem fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda að það er mjög alvarlegt mál ef verkfall skellur á í næsta mánuði, sérstaklega þegar við sjáum fram á það að loðnan gæti þá að hluta synt fram hjá okkur. Ég hef átt fjölda funda með deiluaðilum á undanförnum mánuðum og seinni part sumars. Í haust störfuðu á vegum sáttasemjara annars vegar og ráðuneytisins hins vegar starfsmenn Þjóðhagsstofnunar undir forustu Þórðar Friðjónssonar við að fara ofan í þetta mál og fara yfir ýmsar forsendur og grundvallaratriði sem síðan voru kynnt málsaðilum sem því miður hefur ekki reynst í þá átt að hægt væri að kalla grundvöll fyrir því að samningar næðust.

Deilan er þessa stundina í höndum sáttasemjara og hann hefur haldið fjölda funda með deiluaðilum og mér er kunnugt um að þeir hittust daglega á hans vegum í síðustu viku. Ég hef fylgst með málinu á þessu tímabili, nú allra síðast í gegnum sáttasemjara.

Ekki er gott að segja um það eins og er hverjar líkur eru á því að samningar náist en eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er raunverulega um sama deilumálið að ræða og uppi hefur verið í síðustu deilum og þar hefur hv. Alþingi komið að því að reyna að leysa málið en deilan er enn þá sú sama. Enn þá er verið að deila um sömu málin þannig að ég sé það ekki beinlínis liggja fyrir að aðkoma hv. Alþingis mundi auka líkurnar á því að deilan leystist núna frekar en í önnur þau skipti sem það hefur verið reynt. Því hlýtur það að vera á herðum deiluaðilanna að reyna að finna lausnina og axla ábyrgðina sem þeir bera í þessu máli. Ef þeir telja að þeir þurfi atbeina hv. Alþingis þá á að beina þeim tilmælum í réttan farveg.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og segi það fyrir mitt leyti að mér líka þau að því leyti betur en svör menntmrh. þegar rætt var hér um verkfall kennara, að hæstv. sjútvrh. viðurkennir þó að hann sé sjútvrh. og honum komi málið við og það er vel, og hann hafi rætt við deiluaðila.

Vissulega er rétt að það er mjög dapurlegt ef það tekst ekki yfir höfuð þó reynt sé trekk í trekk að leysa samskiptamál útvegsmanna og sjómanna með eðlilegum kjarasamningum á sjálfstæðum og óháðum grundvelli og er það vissulega mikið áhyggjuefni hvernig þeir hlutir hafa þróast.

Einnig er áhyggjuefni, herra forseti, að það virðist vera lenska og verklag í viðræðum deiluaðila í kjaradeilum að hefja ekki alvörusamningaviðræður fyrr en verkfallið er skollið á eða a.m.k. alveg að gera það. Má þar til taka bæði deilu framhaldsskólakennara fyrir skemmstu og sömuleiðis deilu flugumferðarstjóra. Ekki virðast því hin nýju lög um stéttarfélög og vinnudeilur og hinar fínu viðræðuáætlanir mæla sérstaklega með sér sjálf, skoðuð í þessu ljósi reynslunnar. En ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans.

Andúð gegn útlendingum.

[15:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp er aukin almenn umræða í samfélaginu sem ber keim vaxandi andúðar í garð þeirra sem búsettir eru hér á landi og eru ekki fæddir á Íslandi, þ.e. útlendinga sem búsettir eru hér á landi eða dvelja hér tímabundið vegna atvinnu. Nú á dögunum var m.a. viðhafnarviðtal í dagblaði einu við einn forkólfa félags sem kallar sig Félag íslenskra þjóðernissinna og í gær mátti

hlýða á umfjöllun í sjónvarpsstöð þar sem rætt var við annan mann úr því félagi.

Því má halda fram, herra forseti, að útlendingaandúðin á Íslandi sé komin úr felum. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni þó að það kunni að hljóma ankannalega því að þar með er hægt að takast á við vandann. Af þessu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort og þá hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggist grípa til til þess að spyrna við slíkri óheillaþróun.

[15:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. bendir á að aukin almenn umræða sé í íslensku samfélagi um ákveðna fordóma í garð útlendinga eða þeirra sem hér búa e.t.v. í skamman tíma og stunda atvinnu og hjálpa þar með íslensku samfélagi. Það er alveg rétt og ég hef sjálf orðið vör við að þarna hefur orðið ákveðin breyting. Meðal annars hefur verið rætt við forustumenn íslenskra þjóðernissinna, sem er sérstakur hópur, í fjölmiðlum núna upp á síðkastið en ég vil ekki endilega segja að hægt sé að setja samasemmerki þar á milli að það sýni fordómafyllri umræðu. Ég held að nauðsynlegt geti verið að fá slíka umræðu upp á yfirborðið og ég hygg að hv. þm. sé mér sammála um það.

Ég var nýlega á ráðstefnu í Stokkhólmi í Svíþjóð sem sænski forsrh. stóð fyrir, ég fór þangað fyrir hönd hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar. Þar var einmitt verið að ræða um fordóma í þessum efnum og hvernig ætti að bregðast við. Meðal annars var talað um netið og margt annað í því sambandi. Þar var margt athyglisvert sem við í dómsmrn. erum enn þá að skoða og ég geri ráð fyrir að félmrn. sé líka með einhvern ákveðinn undirbúning í þessu sambandi. Það verður væntanlega stór ráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna um þessi efni seint í sumar og ég vænti þess að menn muni hafa gagn af að sækja þá ráðstefnu.

En það er líka alveg nauðsynlegt að við séum með skýr lög um þennan málaflokk. Ég bendi á frv. til nýrra laga um útlendinga sem eru til meðferðar í allshn. og ég tel að þar gætum við tvímælalaust bætt réttarstöðu m.a. flóttamanna og annarra sem kunna að eiga um sárt að binda.

[15:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að vissulega þurfum við að setja ný lög um útlendinga. En um það snýst fyrirspurnin ekki heldur um viðhorf Íslendinga sjálfra til þeirra útlendinga sem hér eru búsettir og hvort stjórnvöld telji það ekki í sínum verkahring að stemma stigu við þeirri útlendingaandúð sem virðist vera farin að grassera í almennri umræðu. Það hlýtur að vera verkefni stjórnvalda, m.a. í menntakerfinu með nægri fræðslu til ungmenna og barna, að takast á við þennan vanda.

Ég minni á, herra forseti, að nýlega birtust ískyggilegar niðurstöður könnunar sem gerð var um viðhorf ungs fólks til veru útlendinga á Íslandi og bara hún ein gefur tilefni til þess að strax sé gripið til aðgerða sem duga gegn þessum vágesti.

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ljóst er, eins og hv. þm. benti á, að þessi verkefni heyra undir fleiri ráðuneyti en dómsmrn. En ég ítreka að ég tel að það sem komið hefur fram og kemur fram í þeim frv. sem nú eru til meðferðar á hinu háa Alþingi, geti hjálpað okkur í því sambandi að breyta viðhorfum. Auðvitað er ljóst og ég hygg að allir séu sammála því að hjálpa þarf útlendingum að aðlagast íslensku samfélagi. Þess vegna er t.d. gert ráð fyrir því að allir þeir sem hingað koma fari á íslenskunámskeið. Við höfum heyrt talað um að börn og unglingar verði fyrir einelti í skólum hér á landi og það er vissulega alls ekki nógu gott. En ég vil líka benda á að talsmenn Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem hafa komið hingað til lands telja að Íslendingar hafi staðið sig mjög vel í því að taka á móti flóttamönnum og það sé til fyrirmyndar hvernig þeir hafa staðið að þeim málum.

[15:27]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Hér á landi eru búsettir sjö þúsund útlendingar. Nokkur hundruð þeirra teljast flóttamenn, líklega 100–200 þannig að allur þorri þessa fólks er ekki flóttamenn. Vissulega hefur okkur tekist mjög vel að taka á móti flóttamönnum, ég get tekið undir með hæstv. ráðherra með það.

En viðhorfsbreytingin verður ekki nema fræðslan sé fyrir hendi, það þekkjum við úr öðrum málaflokkum. Viðhorfsbreytingin verður ekki nema við kennum börnunum okkar að bera virðingu fyrir öllum manneskjum hvernig sem þær líta út eða hvaðan sem þær koma og það er verkefni stjórnvalda, herra forseti.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil bara taka undir með hv. þm. Ég er að sjálfsögðu sammála henni um að við eigum að kenna börnunum okkar að bera virðingu fyrir öllum manneskjum, sama hvaðan þær koma. En mér finnst hins vegar rétt að undirstrika, vegna þess að það var minnst hér á flóttamenn og við höfum einmitt staðið mjög vel að verki gagnvart móttöku þeirra, að Rauði krossinn hefur séð mjög vel um mál þeirra. Dómsmrn. er með samning við Rauða krossinn sem tekur að sér að hjálpa þessu fólki og við borgum fyrir aðstoð, lögfræðikostnað og annað, þannig að það er mjög margt sem hefur verið gert. En það er ábyggilega alveg rétt hjá hv. þm. að það má gera betur í þessum málum og það verður skoðað.

Rækjuvinnslan í Bolungarvík.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. iðnrh., hæstv. byggðamálaráðherra, um hvað því líði að höggvið verði á þann hnút sem virðist vera á Bolungarvík varðandi vanda rækjuverksmiðjunnar Nasco. Samkvæmt blaðafregnum virðist þar orðinn djúpstæður trúnaðarbrestur og ágreiningur, annars vegar um veð einstakra veðhafa í fyrirtækinu og hins vegar um vinnulag Byggðastofnunar.

Byggðastofnun heyrir undir hæstv. ráðherra og samkvæmt fréttum í DV í dag, mánudaginn 26. febrúar, kemur fram að Bolvíkingar bíði eftir svörum um til hvaða ráða eigi að grípa. Þarna eru 50–60 manns atvinnulaus og bíða úrlausnar. Ég leyfi mér að vitna hér, herra forseti, í þetta fréttaviðtal: „Á meðan togast er á um fjöreggið á einhverjum illskiljanlegum forsendum þá tifar klukkan á Bolvíkinga og íbúar pakka saman föggum sínum og undirbúa brottför úr plássinu.“

Herra forseti. Ég leita svara hjá hæstv. byggðamálaráðherra. Ætlar hann að höggva á þennan hnút?

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og allir hljóta að gera sér grein fyrir þá er það ekki mitt hlutverk að taka ákvarðanir um daglega stjórnun Byggðastofnunar þó að stofnunin heyri undir iðnrn. Þess vegna hefur þetta mál ekki verið á mínum borðum. Mér er hins vegar kunnugt um að Byggðastofnun hefur haft málefni Nasco til umfjöllunar. Samkvæmt mínum upplýsingum er unnið að lausn þeirra mála.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að Byggðastofnun vinnur samkvæmt ákveðnum reglum og Ríkisendurskoðun þarf að samþykkja þær reglur. Stofnunin gerir því ekkert sem ekki er í samræmi við reglur Ríkisendurskoðunar. Ég þori ekki að segja til um hvort eitthvað af þeim málefnum Bolungarvíkur sem nú eru til umfjöllunar í fjölmiðlum séu þess eðlis að Ríkisendurskoðun þurfi að koma að þeim. Ég þekki það ekki svo nákvæmlega. Ég vil fyrst og fremst segja að samkvæmt mínum upplýsingum er unnið að lausn þessara mála. Ég tel það mjög mikilvægt vegna þess að atvinnuástandið í Bolungarvík er alvarlegt. Þess vegna mikilvægt að þess verði ekki langt að bíða að lausn finnist.

[15:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. iðnrh.: Mun ráðherrann ganga í málið? Það virðist ljóst að þarna þurfi að koma til aukin vinna og betra skipulag. Málið heyrir undir hæstv. iðnrh. Hæstv. ráðherra getur ekki vikið sér undan því þar eð aðkoma þingsins að Byggðastofnun er í gegnum hæstv. ráðherra. Ég ítreka spurningu mína, herra forseti: Ætlar hæstv. iðnrh. ekki að ganga þegar í stað í þetta mál?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þó að ráðherrar hafi kannski mikil völd og einhverjum finnst þau of mikil þá er undirstofnunum almennt ekki stjórnað úr ráðuneytum. Ég kem ekki að málum sem varða lánveitingar Byggðastofnunar. Þannig er það einfaldlega ekki. Hins vegar fer stjórn, skipuð af mér, með málefni Byggðastofnunar. Þannig er þetta. Ég held að hv. þm. mundi hugsanlega kveðja sér hljóðs og finna að því ef það væri almennt svo að ég væri í beinu sambandi við stjórn eða forstjóra Byggðastofnunar og segði honum fyrir verkum.

Viðbúnaður gegn gin- og klaufaveikifaraldri í Englandi.

[15:35]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. landbrh. og vil forvitnast hjá hæstv. ráðherra um hvort einhverjar aðgerðir séu í gangi vegna mikils faraldurs sem nú virðist geysa í Evrópu, þ.e. gin- og klaufaveiki. Þetta er einn af allra erfiðustu sjúkdómum sem riðið geta yfir landbúnaðarhéruð og þjóðir. Hann veldur gríðarlegum efnahagslegum áhrifum sem erfitt er að ráða við. Smithætta af þessum sjúkdómi er feiknarleg og fróðir menn hafa sagt mér að smit geti borist yfir haf, hafi m.a. borist frá meginlandinu, yfir Ermarsundið og til Englands. Fyrir utan það að berast með fólki og fénaði á milli landa er talið að þessi smitvaldur sé miklu alvarlegri en t.d. mæðuveiki og margt annað sem hrjáð hefur íslenskan landbúnað.

Herra forseti. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvernig ráðuneytið og hæstv. ráðherra hyggist bregðast við þessum vágesti sem hér er á næsta leiti, hvort einhverjar ráðstafanir varðandi innflutning séu í skoðun. Ég lít svo á að sú athugun megi ekki taka langan tíma. Eins þarf að athuga með eftirlit með ferðamönnum sem eiga leið um landið, frá hvaða löndum þeir eru, hvort einhver athugun sé gerð á ferðamönnum sem koma t.d. frá Bretlandi, þar sem þessi vágestur virðist dreifast um landið án þess að nokkuð verði við ráðið.

Ég veit, herra forseti, að þessi mál eru til skoðunar í landbrn. og að þar hafa menn áhyggjur. Ég vil fyrst og fremst beina því til ráðherrans að hratt verði brugðist við í þessu máli. Þetta er í raun miklu alvarlegri sjúkdómur en svokallaður Creutzfeldt-Jakobs sjúkdómur og kúariðutilfellin sem hafa verið til umræðu í langan tíma. Málið er því mjög alvarlegt.

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég átti fund í morgun með yfirdýralækni þar sem við fórum yfir þá gríðarlega alvarlegu stöðu sem nú er í Bretlandi og þá hættu sem getur stafað af því að þessi sjúkdómur berist út. Hann mun gefa út tilkynningu og aðvörun um að ferðamenn og aðrir þeir sem til Bretlands ferðast fari mjög varlega á næstunni. Hann ræður mönnum frá því að fara inn í gripahús að óþörfu og væntir þess að menn hagi ferðalögum sínum eftir því og gangist undir ákveðnar reglur þegar þeir koma heim ef út af bregður. Þessi vinna og þessi tilkynning er sjálfsagt farin út núna sem aðvörun frá yfirdýralækni um þá miklu hættu sem stafar af því að taka með sér vörur eða ganga óvarlega um gripahús. Það ber að fara varlega og ég hygg að Íslendingar muni taka þeim tilmælum og fara eftir þeim.

[15:39]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir en mig langar til að forvitnast um það hvort einhver reglugerð sé í smíðum vegna þessa máls sérstaklega, hvort sérstakar varúðarráðstafanir verði gerðar vegna innflutnings á gæludýrafóðri sem við vitum að kemur frá Bretlandi. Stendur til að skoða þann innflutning og munu menn reyna að gera sér grein fyrir því hvaðan fólk er að koma, t.d. hvort það kemur frá Bretlandi? Smitið berst mjög auðveldlega með skóm og fólki og er því mun alvarlegra fyrir vikið.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég get ekki farið nákvæmlega yfir það sem til stendur. Eins og menn þekkja verður að treysta mjög á dómgreind og skynsemi þjóðarinnar í þessu máli. Eins þarf að huga að því hvernig við tökum á móti ferðamönnum sem hingað koma frá útlöndum. Ég hygg að við eigum ekki mikil viðskipti við Breta. Við höfum bannað innflutning þaðan. Þar hefur verið hættuástand á öðrum sviðum þannig að þaðan er ekki mikill innflutningur. Þetta er á borði yfirdýralæknis og hann gefur út þessa aðvörun, sem er mjög mikilvæg. Ég hef í raun ekkert frekar um málið að segja sem stendur nema að ég vil hvetja hv. þm. til þess að fara sjálfa varlega. Ég treysti þjóðinni nokkuð í þessum efnum.

Útlán bankanna til einstaklinga.

[15:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í svari hæstv. viðskrh. á Alþingi komu fram upplýsingar um mikla aukningu á lánum til einstaklinga á einu ári, einkum á yfirdráttarlánum sem vaxið hafa um 58% á einu ári. Skuldir einstaklinga í heild fyrir utan íbúðalán hafa vaxið um 34% á þessum tíma. Endurlánað erlent lánsfé hefur einnig aukist mikið, þ.e. þrefaldast á einu ári hjá einstaklingum og tvöfaldast hjá fyrirtækjum. Yfirdráttarlán sem bera allt að 21–23% vexti hafa gott betur en fjórfaldast síðan 1995 að raungildi og aukist úr 14 milljörðum í 60 milljarða. Þessi okurlán, sem ekki er hægt að nefna öðru nafni, eru nú orðin 10% af heildarskuldum heimilanna sem voru 600 milljarðar í desember sl. og höfðu aukist um 100 milljarða á einu ári.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að beina fyrirspurn til hæstv. bankamálaráðherra um viðbrögð hennar við þessari gífurlegu aukningu á skuldum heimilanna og auknum útlánum til einstaklinga, hvort hún telji eðlilegar skýringar á þeim okurkjörum og vöxtum sem hér viðgangast í bankakerfinu. Telur hún ekki tilefni til aðgerða til að sporna við þessari þróun? Óttast hæstv. bankamálaráðherra ekki að heimilin stefni í verulega greiðsluerfiðleika?

[15:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Út af lokaorðum hv. þm. vil ég segja að þrátt fyrir þessa miklu aukningu hvað varðar yfirdráttarlán þá eru vanskil með minnsta móti. Það er kannski gleðiefnið í þessu öllu saman að vanskil hafa farið minnkandi.

Ég get sagt að mér varð líka illt við þegar ég sá hversu mikil aukning hafði orðið í þessum dýru lánum. Það er áhyggjuefni. Því hefur verið haldið fram að bankarnir séu mjög frjálslegir í afgreiðslu sinni á yfirdráttarlánum. Ég hef spurst fyrir um hvort svo sé og tel nú kannski að það sé eitthvað orðum aukið.

Ég vil halda því til haga að vanskil hafa farið minnkandi og svo get ég sagt frá því einnig að í það styttist að lagt verði fram á Alþingi nýtt frv. til vaxtalaga. Þar munu koma fram ýmsar breytingar þó fyrst og fremst sé um rammalöggjöf að ræða. Ég tel að það geti svarað ýmsum spurningum þó ég ætli ekki að fara frekar út í það núna.

[15:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. viðskrh. ekki hafa tiltakanlega miklar áhyggjur af hinni erfiðu skuldastöðu heimilanna. Hæstv. ráðherra ber því við að vanskilin séu með minnsta móti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa ekki vanskilin breyst í yfirdráttarlán? Er það ekki skýringin á því að vanskilin hafi minnkað, að góðærið og mikla neyslu hjá heimilunum sé einmitt að finna í þessum yfirdráttarlánum?

Sú var tíðin að framsóknarmenn höfðu áhyggjur af skuldastöðu heimilanna. Ég man eftir því að hæstv. landbrh. talaði oft í ræðustól um að líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna lægi við að á skuldamálum heimilanna væri tekið. Nú hefur ráðherrann og Framsfl. greinilega engar áhyggjur af erfiðri skuldastöðu heimilanna. Ráðherrann gæti auðvitað beitt sér með ýmsum hætti til að bæta þessa erfiðu skuldastöðu og unnið gegn þeirri okurlána- og hávaxtastefnu sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Ég kalla eftir frekari viðbrögðum, herra forseti, hjá hæstv. ráðherra. Auðvitað er tilefni til þess að taka þessi mál öðrum tökum í þinginu og kalla einnig til hæstv. forsrh. til að svara fyrir þessi mál.

[15:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Auðvitað er hv. þm. heimilt að kalla til forsrh. eins og aðra ráðherra, það hlýtur að vera. Ég misskil þetta kannski eitthvað en ég get ekki neitað því að ég hef ekki fyrst og fremst áhyggjur af skuldastöðu ef fólk ræður við skuldirnar. Það hlýtur að vera aðalatriðið. Ef fólk ræður ekki við að greiða skuldir sínar þá hef ég áhyggjur. (Gripið fram í.) Fólk má skulda fyrir mér ef það getur borgað.

En fólk er því miður allt of duglegt við að taka lán og bjarga sér áfram á alls konar lánum sem eru dýr og það spennir bogann of hátt. Ég held að við verðum líka, hv. þm., að tala svolítið til einstaklinganna, fólksins sem er að taka slík lán. Það verður að gera sér grein fyrir og hafa það í huga allan tímann að það þarf að borga lánin sín.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi: Vanskil eru minni og það segir okkur að fólk hafi það bærilegt og það er mikilvægt.

Viðgerðir á tveim varðskipum erlendis.

[15:47]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Skipasmíðaiðnaður og málmiðnaður á Íslandi á í vök að verjast. Nú er svo komið að fram undan er verkefnaskortur og jafnvel atvinnuleysi í þeirri atvinnugrein. Það er því hart undir því að búa að við séum að missa frá okkur verkefni úr landi fyrir aðeins örfáar milljónir. Enn harðara er undir því að búa að fá síðan til sín upplýsingar sem sýna að verkefnið hefði betur verið komið á Íslandi með tilliti til upphæðar á tilboðum í útboðum.

Ég beini því orðum mínum til hæstv. dómsmrh. sem fer með ábyrgð á varðskipum og Landhelgisgæslu og var í forsvari fyrir þeim málum þegar við misstum varðskipið núna frá okkur til Póllands. Ég vil því spyrja ráðherrann vegna þeirrar umræðu sem fór fram fyrr í dag:

Hvaða ráðstafanir gerði hæstv. dómsmrh. til að halda þessum verkefnum í landinu innan þeirra marka sem hægt er að leyfa sér og brjóta hvergi evrópska efnahagssamninginn sem við eigum að sjálfsögðu að standa við?

Telur ráðherrann að Íslendingar nýti sér að jafnaði þau svigrúm sem til eru þegar varðskipin eru annars vegar til þess að létta Íslendingum tilboðsgjöfina? Megum við eiga von á svipuðum vinnubrögðum og hér hafa farið fram þegar kemur að hinu stóra verkefni, smíði nýs varðskips? Verður þá aðeins stuðst við útreikninga embættismanna ríkisins eða verður þess gætt að þar sé tryggilega frá því gengið að við missum ekki stórverkefni frá okkur vegna þess að ekki hefur verið nógu vel að því gætt að skoða kostnaðartölur?

[15:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Mér hefur ekki borist umrædd skýrsla frá VSÓ en heyrt óljóst af henni í fréttum. Ég hef hins vegar óskað eftir að fá hana í mínar hendur en mér skilst að mismunurinn milli hennar og þeirra útreikninga sem Ríkiskaup byggði niðurstöðu sína á komi einkum fram í siglingarkostnaði skipsins. Ég tel rétt að yfirfara það nánar.

Ég tek fram að dóms- og kirkjumrn. lagði á það áherslu við Ríkiskaup að kostnaður við að senda skipin utan yrði reiknaður til hin ýtrasta.

Það er alveg ljóst að fullur pólitískur vilji var til þess að farið yrði mjög nákvæmlega ofan í þetta mál og skoðað hvort hægt væri að koma þessum verkefnum til íslenskra skipasmíðastöðva. Ég tel víst að Ríkiskaup hafi staðið faglega að þessu máli og treysti þeim vel í þeim efnum. Það er hins vegar ljóst að skoða þarf ýmis atriði í þessu sambandi, ekki bara tölur um kostnað heldur líka um tímalengd viðgerða, tryggingar og ýmislegt fleira. Það er því litið á það hversu hagkvæmt tilboðið er í heild sinni. Rétt er að hafa þetta í huga.

Endanleg ákvörðun hefur verið tekin því að þetta er sú niðurstaða sem Ríkiskaup komst að í bréfi sínu til Landhelgisgæslunnar og þess vegna var fallist á hana. Menn eru bundnir af lögum og reglum um opinber útboð eins og hv. þm. benti á og verða auðvitað að lúta því, að öðrum kosti geta þeir fengið á sig kæru. Einnig er rétt að hafa hagsmuni skattgreiðenda í þessu sambandi í huga.

Ég tel hins vegar að gefnu tilefni að rétt sé að yfirfara betur framkvæmdina á þessum málum og er á þeirri skoðun að halda þurfi einhvers konar námskeið eða kynningu fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar um hvernig best sé staðið að tilboðum því að það eru mörg flókin atriði sem taka þarf til skoðunar. Íslendingar þurfa að mínu mati að vera betur undirbúnir á þessum samkeppnismarkaði.

[15:51]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. þau svör sem hafa komið fram.

Ég hygg að ekki sé rétt að vandinn liggi hjá íslenskum skipasmíðastöðvum. Ég hef heimsótt tilboðsgjafa og skipasmíðastöðvar í þessu máli og ég veit að þar var fyllilega faglega að því staðið. Ég veit hins vegar líka að menn nýttu sér ekki marga þá möguleika sem til eru innan samningsins um EES til að létta þetta mál, og kem ég að því seinna því að ég mun leggja fram tillögu um útboðsstefnu ríkisins sem gætir að hagsmunum íslensks iðnaðar. Við skulum ekki gleyma því að hvergi er tekið tillit til þess vegna einmitt EES-samningsins, hins þjóðhagslega ávinnings sem felst í því að halda vinnunni í landinu, efla skipasmíðaiðnaðinn, að fá skattgreiðslurnar inn í landið, að efla fyrirtækin, m.a. í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Fram hjá öllum þessu verðum við að ganga vegna EES-samningsins.

Að mínu mati var ekki nýttur allur sá sveigjanleiki sem hefði verið hægt til að halda skipunum og atvinnunni hér í landinu.

[15:52]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég fer þess eindregið á leit að hv. þm. upplýsi mig um hvað hefur ekki verið gert í málinu. Ég vil taka fram að það er stefnan í Evrópu núna að styrkja þær stöðvar sem stunda skipasmíði til að byggja sig upp en hætt er að niðurgreiða framleiðsluna.

Einnig er rétt að hægt er að hafa útboðsskilmála á íslensku en hins vegar verður að athuga að allir þeir erlendu aðilar sem eru með sérstaka umboðsmenn hér á landi mundu þá bara þýða þá skilmála. Hins vegar er margt tæknilega flókið í þessum málum sem íslensku aðilarnir gætu kannski sett sig betur inn í og ég tel fyllilega ástæðu til að skoða það. Fundir voru með hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. þar sem þessi mál voru rædd og ég vænti þess að við fáum einhverjar ábendingar út úr þeim viðræðum.

Ég tek undir og undirstrika það að ég hef fullan skilning á málflutningi íslenskra járniðnaðarmanna og fulltrúa Samtaka íslensks iðnaðar. Ég fullyrði að þau sjónarmið voru höfð í huga við meðferð málsins. En við erum auðvitað bundin af lögum og reglum um útboð og um Evrópska efnahagssvæðið.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, síðari umr.

Stjtill., 412. mál. — Þskj. 667, nál. 754 og 764.

[15:54]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta utanrmn. um tillögu til þál. um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti, Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti og Bjarneyju Friðriksdóttur og Ragnar Aðalsteinsson frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar fyrir Íslands hönd á samningi sem Evrópubandalagið og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um við miðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Fullgilding samnings þessa er hluti af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem fullgiltur var 26. maí 2000.

Meiri hlutinn vekur athygli á nauðsyn þess að fram fari ítarleg skoðun á löggjöf er varðar heimild til fingrafaratöku af hælisleitendum, einkum varðandi aldursmörk einstaklinga og varðveislu gagna.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt en Einar K. Guðfinnsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið skrifa Jón Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson með fyrirvara, Kristinn H. Gunnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir með fyrirvara.

[15:57]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta utnarmn. sem ég skipa í 412. máli þingsins sem er till. til þál. um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Ég veit ekki hversu nákvæmlega þessi langi titill, herra forseti, útskýrir málið fyrir mönnum en í reynd er það á ferðinni að tillagan og samkomulagið gengur frá tengingu Íslands

og Noregs við framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamnings og sá samningur er birtur hér sem fskj. með þáltill. Það er allmikið plagg og ég veit ekki hversu nákvæma skoðun út af fyrir sig sá samningur hefur fengið. Vel hefði mátt eyða meiri tíma í að fara ofan í hann, þar á meðal í hv. utanrmn., en fyrir því að það var ekki gert liggja m.a. þær ástæður að þetta mál er mjög seint fram komið. Nokkuð var liðið á þennan mánuð þegar mælt var fyrir því og nú er boðað að það sé algjörlega bráðnauðsynlegt að málið fái afgreiðslu, nánast á þessum klukkustundum, svo tími vinnist til þess að ganga frá fullgildingarskjölum og koma þeim til vörsluaðila samningsins fyrir mánaðamótin febrúar/mars. Verði það ekki mundi það væntanlega valda töfum eða vandræðum gagnvart því að Ísland yrði aðili að Schengen-samningnum svonefnda 25. mars nk. Það er nefnilega hin hliðin á þessu máli, herra forseti. Þetta er nátengt og í raun og veru afsprengi þess að tekin hefur verið sú pólitíska ákvörðun af meiri hlutanum sem hér ræður ferðinni að Ísland gerðist aðili að svonefndu Schengen-samstarfi.

Herra forseti. Ég verð að leyfa mér að koma því á framfæri að ég lýsi miklum vonbrigðum með að hæstv. utanrrh. skuli þurfa að vera fjarstaddur afgreiðslu þessa máls. Ég hafði hugsað mér að eiga við hann orðastað. Í öllu falli teldi ég til bóta að hæstv. starfandi utanrrh. sem væntanlega er einhver — ég geri ekki ráð fyrir að landið sé utanríkisráðherralaust um þessar mundir — mundi a.m.k. láta svo lítið og vera hér viðstaddur umræðuna og gæti þá borið eftir atvikum einhver skilaboð til hæstv. utanrrh.

Mér finnst einnig með öllu ástæðulaust að forgangsmál ríkisstjórnarinnar séu rædd dögum oftar að henni algerlega fjarverandi. Það eru 12 ráðherrar í ríkisstjórninni ef ég man rétt, ég held að ég muni það rétt, er það ekki örugglega? Sennilega gæti ég nafngreint alla ef mikið lægi við. En það er ekki vegna þess að ég sjái þá svo oft í þingsalnum, herra forseti, sem ég kannast við þá. Það er sko alls ekki vegna þess. Ég hlýt að láta óánægju mína með þessa frammistöðu koma í ljós og mér þætti vænt um ef hæstv. forseti kannaði hvar hæstv. starfandi utanrrh. er á vegi staddur eða þá ef a.m.k. einhver annar fulltrúi ríkisstjórnarinnar gæti látið svo lítið að vera hér viðstaddur. Það er nefnilega þannig að ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að fá þetta mál afgreitt og hlýtur þá að leggja eitthvað á sig til að koma því fram.

(**Forseti** (GÁS): Vegna orða hv. þm. er það þannig, eins og hann raunar gat um sjálfur, að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er með fjarvistarleyfi í dag. Raunar er staðgengill hans, sem er hæstv. forsrh., sömuleiðis með fjarvistarleyfi þannig að úr vöndu er að ráða.)

Hver ber ábyrgð á málinu, herra forseti? Er hæstv. utanrrh. erlendis eða er hann með fjarvistir innan lands?

(**Forseti** (GÁS): Málið kemur úr nefnd og er á ábyrgð þingsins.)

Herra forseti. Þetta er þáltill. og aðeins tvær umræður eru um slík mál og það geta verið fullkomlega gildar ástæður til þess að hafa hæstv. ráðherra viðstadda til að svara fyrir mál. Þeir bera ábyrgð á þeim og framkvæmd þeirra eftir sem áður.

Herra forseti. Ég tel mig geta sýnt fram á og mun reyna að gera það á eftir að í þessum pappírum eru hlutir sem eru í rauninni þannig vaxnir að það jaðrar við að það verði að segja eins og er að þetta mál hafi meira og minna verið kynnt mönnum og haldið að mönnum á röngum forsendum að mínu mati í gegnum allt ferlið frá því að fyrst var farið að boða það trúboð hér, sérstaklega af hálfu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, að það væri einboðið fyrir Ísland að gerast aðili að Schengen-samningnum svonefnda.

(**Forseti** (GÁS): Vegna orða hv. þm. um viðveru ráðherra hér, hann gat þess að til greina kæmi að kalla til aðra ráðherra sem tengdust málinu með einhverjum hætti. Eru það einhverjir tilteknir hæstv. ráðherrar sem hv. þm. er að vísa til, þannig að forseti gæti orðið honum að liðsinni í þeim efnum?)

Ég ætla ekki að gera úr þessu, herra forseti, meiri vandræðagang en efni standa til. En fyrsta ósk mín hefði auðvitað verið sú að hæstv. utanrrh. hefði verið hér viðstaddur, í hans stað þá staðgengill hans, ef annar gegnir fyrir hæstv. utanrrh. Í öllu falli að einhver fulltrúi ríkisstjórnarinnar hefði verið viðstaddur umræðuna. Ef það er jafnmikið kappsmál og látið er að liggja að drífa þetta mál áfram, þá finnst mér, herra forseti, síst til of mikils mælst að hæstv. ríkisstjórn sé þá hérna viðstödd í einhverju líki, þó ekki sé nema einn af þessum 12 ráðherrum. Eigum við þá ekki að einfalda málið með því að segja að mér sé alveg nákvæmlega sama hver þeirra það er. En ég fer fram á að það verði eins og eitt stykki ráðherra, herra forseti, viðstaddur umræðuna. Mér finnst það fyrir neðan allar hellur að boðið sé upp á að stórmál af þessu tagi eigi að ræðast og afgreiðast og lögð á það sérstök áhersla af hálfu ríkisstjórnarinnar að svo sé gert og síðan gufar hún öll upp úr þingsalnum eins og hendi sé veifað um leið og dagskrármál taka við. Ekki fleiri orð um það.

Herra forseti. Það er sem sagt þannig að aðild okkar að hinum svonefnda Dyflinnarsamningi og öllu því sem honum eða því ferli tengist er auðvitað nátengd aðild okkar að Schengen-samstarfinu. Ég geri ekki ráð fyrir að menn hefðu verið með tillögur uppi um það að við gerðumst aðilar að þessu Dyflinnarsamkomulagi nema vegna þess eingöngu að ákveðið var á Alþingi síðasta vor að Ísland yrði aðili að Schengen-samstarfinu svonefnda.

Ég hef áður látið það koma fram, herra forseti, að það er auðvitað ákaflega bagalegt að þessi mál skuli vera svona seint á ferðinni eins og raun ber vitni, að stórmál af þessu tagi komi hér inn og því fylgi orðsending frá framkvæmdarvaldinu til Alþingis, að það sé alveg nauðsynlegt að umfjöllun um málið ljúki og það nái afgreiðslu í sama mánuði helst innan tveggja vikna frá því að mælt er fyrir því á þinginu. Mér finnst dálítið merkilegt að hlutirnir skuli þurfa að bera svona að. Hér er nefnilega um að ræða mjög stórt mál. Í heild sinni er þessi pakki mjög stór, þ.e. aðild Íslands að annars vegar Schengen-samstarfinu og því upplýsingakerfi sem því tengist, SIS-upplýsingakerfinu svonefnda, og hins vegar aðild okkar að Dyflinnarsamningnum og því upplýsingakerfi sem þar á að byggja upp, aðskilið, sjálfstætt, umfangsmikið upplýsingakerfi, svonefnt EURODAC-kerfi. Þetta eru til samans mjög stórir og áhrifamiklir hlutir, herra forseti, og í rauninni miklar ákvarðanir sem verið er að taka um að tengja Ísland inn í þetta allt saman.

Rétt er að menn átti sig á því að hér á að fara að afgreiða að Ísland gerist aðili að mjög viðamiklu kerfi skráningar á persónuupplýsingum í sjálfstæðan gagnagrunn, svonefndan EURODAC-gagnagrunn eða EURODAC-kerfi. Þessu þurfa síðan að fylgja og munu væntanlega eiga að tengjast lagabreytingar sem m.a. varða málefni útlendinga og lög, annaðhvort sérlög sem þá verða sett eða ákvæði sem sett verða inn í einhver viðeigandi lög um heimildir t.d. til þess að taka fingraför af öllum þeim sem sækja um hæli eða hafa

stöðu hælisbeiðenda í þeim skilningi sem útlendingar í landi okkar á komandi árum. Sú fingrafarataka verður sjálfvirk, þ.e. hún gerist sjálfkrafa ef ákvæði samningsins og þá til viðeigandi laga sem því koma til með að tengjast ná fram að ganga, þannig að um verður að ræða sjálfvirka skráningu slíkra upplýsinga í kjölfar þessa kerfis. Í því kerfi verða síðan slíkar upplýsingar miðlægar, þannig að þær verða aðgengilegar fyrir öll aðildarríki svæðisins, varðveittar í a.m.k. tíu ár. Hér er því aftur á ferðinni, herra forseti, gríðarlega viðamikil rafræn skráning persónuupplýsinga og ég er ekki viss um, herra forseti, að allir hafi áttað sig á því hversu miklar breytingar eru í raun og veru að verða á stöðu Íslands í þessum efnum hvað þetta varðar, þ.e. aðild okkar að þessu SIS-kerfi, Schengen-upplýsingakerfinu annars vegar og síðan þessu EURODAC-kerfi, um hælisbeiðendur hins vegar, fingrafaraskráningu o.s.frv.

Til viðbótar þessu, herra forseti, er mönnum vonandi að verða það smátt og smátt ljóst að aðild Íslands að Schengen-samstarfinu og þessu batterí öllu saman var auðvitað annað og meira en bara spurning um að varðveita hið norræna vegabréfasamband. Í reynd þýðir þetta að Ísland er þarna að gerast aðili að þegar orðnum stofnunum Evrópusambandsins sem Schengen-samstarfið og Schengen-upplýsingakerfið er. Á grundvelli Amsterdam-samninga Evrópusambandsríkjanna verður Schengen-upplýsingakerfið og Schengen-samstarfið sem slíkt innlimað í Evrópusambandið. Þetta verður hluti af stofnanakerfi Evrópusambandsins og lýtur stjórnsýslu þess með beinum hætti og Ísland er þar af leiðandi á grundvelli sérsamninga sinna við Schengen-kerfið að gerast aðili að þessum stofnunum Evrópusambandsins. Því má segja, og ég held að það sé alveg brúkleg íslenska, að við séum að fara bakdyramegin inn í Evrópusambandið að þessu leyti. Það er áhugavert og athyglisvert í pólitísku samhengi, herra forseti, að það er alveg sérstakt áhugaefni Framsfl. að koma okkur þessa leið, koma okkur inn um þessar bakdyr á Evrópusambandinu að þessu leyti, og reyndar fleiri flokka sem styðja þetta hér. Sumir gera það með semingi eins og einn og einn sjálfstæðismaður, er með einhverjum böggum hildar yfir þessu en láta sig hafa það samt og síðan skilst mér og miðað við nefndarálit hér að fulltrúar Samfylkingarinnar geri það einnig.

Þetta er áhugavert vegna þess að það er í sjálfu sér tímamótaákvörðun, herra forseti, að Ísland gerist með þessum hætti aðili að stofnanakerfi Evrópusambandsins sem slíku. Þessi nálgun er ekki sambærileg þeirri sem fólgin er í EES-samningunum af því að EES-samningurinn er tveggja stoða og hann byggir á stofnunum EES-megin til mótvægis við stofnanir Evrópusambandsins hinum megin og samráði þar í milli eins og menn þekkja. Hér eru nýir hlutir á ferðinni, ákaflega athyglisverðir í pólitísku samhengi, og væri t.d. áhugavert að slatti af varaformannskandídötum Framsfl. sem hafa tjáð sig um þessi mál létu nú í sér heyra um þetta. Er þetta þeirra Evrópulína að Ísland eigi að fara bakdyramegin inn í hverja stofnun Evrópusambandsins á fætur annarri? Hér er það að gerast, hér er það lagt til. Hv. þm. Jón Kristjánsson var að mæla fyrir meirihlutaálitinu úr utanrmn. Um hvað? Um að við gerumst aðilar að Dyflinnarsamningnum og EURODAC-upplýsingakerfinu. Hvaða framtíð bíður þess? Jú, innan fjögurra ára verður það innlimað í Evrópusambandið. Það liggur fyrir í samningsforsendunum. Það á að heita svo að þetta sé sjálfstætt í dag, þetta sé Dyflinnarsamningurinn og hið sjálfstæða EURODAC-upplýsingakerfi sem honum tengist, en fyrir liggur að þetta mun fara sömu leið og Schengen, innlimast í Evrópusambandið og verða hluti af stofnanakerfi þess. Þar með er Ísland að gerast aðili að hverri slíkri Evrópusambandsstofnuninni á fætur annarri með öðrum hætti en gerist í gegnum EES-samninginn af því að þarna eru engar sjálfstæðar stofnanir okkar megin heldur erum við í raun og veru aðilar að þessum Evrópusambandsstofnunum, tökum þátt í starfi þeirra að öllu leyti nema því að dreginn verður hauspoki yfir menn rétt á meðan Evrópusambandið tekur ákvarðanir þarna inni því að þá mega menn ekki vera við borðið formlega séð. Þetta er aðild bakdyramegin sem blasir við okkur og kann að verða í ríkari mæli, ef svo heldur sem horfir, miðað við þann pólitíska vilja manna sem hér birtist okkur.

Þessa hluti, herra forseti, held ég að eigi að ræða alveg eins og þeir eru og það á ekkert að fara í neinar felur með það á hvaða grundvelli þessi aðild okkar er hugsuð og uppbyggð. Það er svona. Því vakna, herra forseti, auðvitað ýmsar stjórnskipulegar spurningar í þessum efnum. Það var t.d. áhugavert þegar þátttaka okkar í Schengen var til umræðu í fyrra, þá lagði hæstv. utanrrh. sérstaklega lykkju á leið sína til þess að róa menn í þeim efnum að hann teldi að þetta væri allt í góðu lagi varðandi stjórnarskrána, aðild okkar að Schengen á þessum grunni. Sami maður og hafði haft miklar efasemdir um á sínum tíma, að vísu nokkrum árum fyrr, að EES-samningurinn sjálfur stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég held að ég fari þar rétt með og halli ekki á hæstv. utanrrh. þó ég rifji það upp, að það mun hafa verið ein meginröksemdin sem hann færði fram fyrir hjásetu sinni í því máli á sínum tíma, það væru efasemdir um að EES-stoðkerfið eða stofnanakerfið og aðild okkar að því og að ákvarðanatökuferli í því gengi upp gagnvart stjórnarskránni. En hér er gengið skrefinu lengra. Það er alveg ljóst. Það er alveg ljóst að hér er gengið skrefinu lengra vegna þess að þarna er ekki um neitt tveggja stoða kerfi að ræða heldur beina aðild okkar í gegnum sérsamninga að Evrópusambandsstofnun.

Herra forseti. Í öðru lagi, þær spurningar sem vakna kannski hvað stærstar fyrir utan spurninguna um þessa pólitísku og stjórnskipulegu stöðu og hvort við eigum þarna erindi sem slíkt, og ég kem nánar á eftir að spurningu um kostnað og fleiri slíka þætti, eru þær spurningar tengjast meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd sem auðvitað hafa fengið allt of litla athygli í þessari umræðu. Það er þessi „laissez faire" eða nauðhyggjunálgun sem oft lætur á sér kræla í umfjöllun um þessa hluti, að þetta sé eitthvað sem við bara verðum að taka eins og að okkur er rétt. Búið sé að taka pólitíska ákvörðun um að við ætlum að gerast aðilar að Dyflinnarsamningnum og EURODAC-kerfinu eða Schengen eða einhverju öðru og þá verði menn bara að taka því eins og það kemur. En er það boðlegt? Ætlum við ekki að hafa einhverja sjálfstæða meðvitund um það hvort hlutir sem við erum að veita blessun okkar yfir á þinginu eða lögtaka ganga upp miðað við þær kröfur sem við gerum um þessi efni? Og það liggur fyrir, herra forseti, að meðferð persónuupplýsinga í báðum þessum kerfum, Schengen-upplýsingakerfinu og EURODAC-kerfinu, hefur verið harðlega gagnrýnd og færð hafa verið fram sjónarmið fyrir því að þarna sé meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd ábótavant, að mannréttindi flóttamanna verði fyrir borð borin með þessum hætti í Evrópu. Ekki ómerkari aðilar en flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur m.a. gagnrýnt þetta og mannréttindasamtök bæði hér innan lands og erlendis. Og það hefur meira að segja

sjálft eftirlitskerfi Schengen gert og er hluti af því að róa menn niður gagnvart þessari gríðarlega víðtæku skráningu persónuupplýsinga sem á að fara að eiga sér stað, sérstaklega í Schengen-upplýsingakerfinu sem verður ein sú viðamesta í sögunni. Það skyldi nú ekki vera að fara yrði til Pentagon til að finna viðameiri rafræna skráningu persónuupplýsinga, ef hún yfir höfuð fyrirfinnst annars staðar á byggðu bóli meiri en sú sem þarna á að verða þar sem milljónir á milljónir ofan verða skráðar inn í þetta kerfi, það liggur alveg fyrir, og persónuupplýsingar um menn geymdar í því.

Það er stórkostlega mikið umhugsunarefni í þessu sambandi, mannréttindasamtök hafa bent á það, að þarna eru menn skráðir sjálfvirkt án þess að þeir séu grunaðir um saknæmt athæfi eða efnislegar ástæður af því tagi liggi til grundvallar því að færa inn upplýsingarnar. Hælisbeiðandi, ríkisfangslaus maður eða flóttamaður sem flýr til að bjarga lífi sínu og sækir um hæli í einhverju landi er ekki sjálfkrafa grunaður um saknæmt athæfi, er það? Nei, auðvitað ekki. En hann er skáður þarna sjálfvirkt inn og tekin fingraför af öllum hans tíu fingrum, ef hann heldur þeim enn þá, og þau geymd í tíu ár. Þó viðkomandi sé aldrei í þessu ferli grunaður um nokkuð misjafnt þá verður þetta samt gert svona. Í þessu tilliti felst líka ákveðin mismunun milli fólks í þessari stöðu og öðrum útlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausum mönnum í landi því sem í hlut á.

Herra forseti. Það eru ýmis tilefni til að fara yfir þessi mál og ég hlýt að endurtaka að ég sakna þess að hér skuli ábyrgðaraðilar málsins, hæstv. ráðherrar, ekki mættir til að svara fyrir það. Það er auðvitað eftir öðru að málinu sé hent í þingið, því skipað að afgreiða það á tíu dögum eða svo og síðan láti þeir sig hverfa og ætli vinnumaurunum að puða við að afgreiðslu þess fyrir sig. Þeir telja sig hafa annað merkilegra að gera en að sinna þingskyldum sínum og mæta eins og við hin.

Það er reyndar mjög athyglisvert, herra forseti, hversu víða sú lenska lætur á sér kræla að hæstv. ráðherrar, og því ofar sem þeir eru í goggunarröðinni, telja sig vera yfir það hafna að mæta á sömu stöðum og aðrir almennir stjórnmálamenn. Þar má t.d. nefna umræðuþætti í sjónvarpi o.s.frv. eins og frægt er.

Herra forseti. Sami minni hluti utanrmn. og hér talar, þegar aðild Íslands að Schengen-samstarfinu var til umfjöllunar á Alþingi sl. vor, lagðist gegn samstarfinu. Til vara var reyndar sett fram sú tillaga í nefndaráliti að þó að Ísland kynni að staðfesta samninginn fyrir sitt leyti þá yrði jafnframt tilkynnt til vörsluaðila að Ísland mundi fresta framkvæmdinni eða áskyldi sér rétt til að fresta framkvæmdinni. Enn standa að mínu mati veigamikil rök, herra forseti, fyrir því að svo verði gert.

Ég vísa, hvað varðar almennan rökstuðning í þessu máli, til nál. minni hlutans frá síðasta þingi, 206. máli 125. löggjafarþings sem birt er sem fylgiskjal I með nál. þessu.

Þá ætla ég, herra forseti, að ræða aðeins um norræna vegabréfasambandið. Ég sakna hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar enn meira þegar kemur að því, ófáar sennurnar höfum við átt um norræna vegabréfasambandið. (**Gripið fram í:** Þú saknar hans gríðarlega.) Ég sakna hans alveg gríðarlega, það verð ég að viðurkenna, í þessu samhengi. Upphaf þess máls, herra forseti, er að fyrir um hálfum áratug, nánast upp á dag, 27. febrúar 1995, gáfu norrænu forsætisráðherrarnir á fundi hér í Reykjavík, þegar Norðurlandráð fundaði hér, yfirlýsingu um að Norðurlöndin mundu fylgjast að og hafa sameiginlega afstöðu til þátttöku í Schengensamstarfinu eða þess að standa utan við það til að varðveita norræna vegabréfasambandið. Nákvæmlega svona var þessi yfirlýsing orðuð í þýðingu löggilts skjalaþýðanda sem ég aflaði í fyrra, svo hrátt sem það var hafði yfirlýsingin aldrei verið þýdd á íslensku. Svona var þessi yfirlýsing og maður tók hana bókstaflega og hugsaði sem svo: Nú gott og vel, það sem til stendur er að Norðurlandaþjóðirnar varðveiti norræna vegabréfasambandið, annaðhvort með því að allir verði þátttakendur í Schengen eða allir standi fyrir utan það.

Síðan kom það smátt og smátt á daginn, herra forseti, að það vill hæstv. utanrrh. ekki kannast við. Menn fóru að túlka yfirlýsinguna þannig að það ætti bara að taka mark á helmingnum af henni, bara fyrri helmingnum, þeim möguleika að Norðurlöndin varðveittu norræna vegabréfasambandið innan Schengen. Það var látið eins og hitt hefði aldrei komið til greina. Hæstv. utanrrh. hefur spurt sem svo: Finnst mönnum trúlegt að hin Norðurlöndin hefðu fært þá fórn, þ.e. ESB-ríkin, Danmörk, Finnland og Svíþjóð, að standa utan Schengen til þess að passa upp á vegabréfasambandið við Noreg og Ísland? Var þá aldrei neitt að marka það sem þeir sögðu í Reykjavík 27. febrúar 1995? Þar voru þeir kostir settir upp nákvæmlega jafngildir í yfirlýsingu forsætisráðherranna.

Þetta er það fyrsta, herra forseti, sem nauðsynlegt er að liggi fyrir. Þetta eru staðreyndir málsins. Það er algjörlega kristaltært. Morgunljóst, eins og Pétur Einarsson, fyrrv. flugmálastjóri, hefði orðað það.

Í öðru lagi er rétt að hyggja að því hvernig þetta hefur tekist. Hefur tekist að varðveita norræna vegabréfasambandið? Gengur það vel? Stendur það jafn vel með aðild okkar að þessu gríðarlega persónuupplýsingakerfi og þeim skuldbindingum sem við tökum á okkur, að verða ytri landamæri Evrópusambandsins í norðvestri á móti Grikklandi í suðaustri o.s.frv.?

Herra forseti. Hið hlálega kemur í ljós að hér er ekki um neitt nema orðaleik að ræða. Ekkert annað en orðaleik. Fyrir það fyrsta er rétt að hafa í huga að norræna vegabréfasambandið, svo ágætt og gagnmerkt sem það var og að mínu mati framsækin ákvörðun Norðurlandanna og skínandi góð við þær aðstæður sem við höfðum hér í samskiptum okkar, var aldrei til þess ætlað að menn tækju það of bókstaflega í þeim skilningi að vegabréf hyrfu þar með úr sögunni. Þar getur hver svarað fyrir sig en sá sem hér stendur hefur sjálfsagt farið hundrað sinnum til hinna Norðurlandanna og man ekki eftir öðru en hafa tekið með sér vegabréfið hvert einasta skipti. Ég held þó að kannski hafi ég farið vegabréfslaus til Færeyja eða Grænlands því þær ferðir hefur stundum borið óvænt að. Þetta hefur hins vegar haft það í för með sér, þegar menn eru í rólegheitum, ekki þurft að vera að draga upp vegabréfið og það hefur nægt að segja að menn kæmu frá Íslandi eða eitthvað slíkt.

Hins vegar er hér ólíku saman að jafna. Það er nauðsynlegt að undirstrika að þær aðstæður sem voru á sínum tíma í samskiptum Norðurlandanna að þessu leyti og hafa lengst af verið, í þeim skuldbindingum sem fólgnar voru í þessu og því einu, að Norðurlöndin voru opin fyrir ríkisborgara hvers annars án vegabréfa, eru gjörólíkar þeim sem felast í aðild að Schengen-samningnum og Dyflinnarsamningnum. Þetta eru algjörlega ósambærilegir hlutir. Þeir fela í sér allt annað. Það var t.d. ekki þannig að sömu bönn væru lögð við persónueftirliti milli Norðurlandanna með norræna vega-

bréfasambandinu líkt og nú verður gert með Schengen, af því það er með pósitífum hætti verið að banna persónueftirlit á landamærum þegar í hlut eiga ferðalög innan Schengen-svæðisins. Málið snýst um að mönnum verði óheimilt, nema bera við þjóðaröryggi eða hættu á röskun á allsherjarreglu og friði og öðru slíku, að halda uppi persónueftirliti.

Þá ber svo kostulega við, herra forseti, eins og áður sagði, að í umræðunni á hinum Norðurlöndunum er ekki gleði yfir því að norræna vegabréfasambandinu sé borgið inni í Schengen. Þar er rætt um þörfina á að taka upp ný persónuskilríki og þá hlálegu staðreynd að í raun verða ferðalög innan Norðurlandanna, svo maður tali nú ekki um annars staðar innan Schengen svæðisins, mun erfiðari án vegabréfa eftir þessa samninga en áður.

Hvernig stendur nú á þessu, herra forseti? Jú, það er vegna þess að í stað persónueftirlits á landamærum er gert ráð fyrir því að persónueftirlit aukist annars staðar í samfélaginu. Það verði t.d. reglan, en ekki undantekningin, að þegar ferðamenn bóka sig inn á hótel, tjaldstæði, taka bílaleigubíl o.s.frv., þá þurfi þeir að gera grein fyrir sér og m.a. sanna þjóðerni sitt. Þá verða ekki tekin gild önnur skilríki en þau sem sýna þjóðerni viðkomandi. Þetta hefur t.d. leitt til þess að í Svíþjóð stefnir í að tekin verði upp ný persónuskilríki, sérstök Schengen-nafnskírteini eða persónuskilríki, sem eru að sjálfsögðu ígildi vegabréfa. Þau eru ætluð þeim sem hyggja á mikil ferðalög innan hins nýja Schengen-svæðis. Ella munu þeir lenda í endalausum vandræðum.

Hver er staðan á Íslandi? Þegar að er spurt koma í fyrstu einhverjar vöflur á menn. Menn vilja lítið um þetta ræða. Það hefur farið furðulega lítið fyrir því að dómsmrn. eða íslenska utanrrn. hafi upplýst um þessa hlið mála. Hvað stendur til á Íslandi? Samkvæmt svörum embættismanna úr dómsmrn. fyrir utanrmn. stendur a.m.k. ekki til að taka upp á nýjan leik íslensk Schengen-nafnskírteini eða persónuskilríki. Hvað gerist þá? Þá verður enn mikilvægara en nokkru sinni fyrr að hafa með sér vegabréf á öllum ferðalögum erlendis. Vegabréfin verða þá einu skilríkin sem duga sem þjóðréttarleg skilríki, sönnun þess hvers lands ríkisborgari viðkomandi aðili er. Ergo: Niðurstaðan verður sú að þau ferðalög sem þó voru áður möguleg innan Norðurlandanna án vegabréfs verða það tæpast eftir aðild okkar að Schengen, eftir að hin Norðurlöndin, a.m.k. Svíþjóð, sennilega líka Danmörk og jafnvel fleiri, taka upp sérstök Schengen-persónuskilríki.

Hver er þá orðin uppskeran af öllu þessu brölti, herra forseti? Hver er þá hinn mikli heyfengur í hlöðu Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh. sem lagði í þennan leiðangur undir því yfirskini að með því mundu menn bjarga norræna vegabréfasambandinu? Okkur er troðið inn í þessar Evrópusambandsstofnanir undir því yfirskyni að með því sé verið að bjarga norræna vegabréfasambandinu en útkoman er sú að Íslendingar verða fremur en áður að hafa með sér vegabréf á ferðalögum sínum, einnig innan hinna Norðurlandanna, því annars lenda menn í vandræðum. Reyndar spái ég því að innan tíðar hljóti menn að fara að ræða sömu lausn á þessu máli og í Svíþjóð, að taka upp sérstök persónuskilríki sem viðurkennd eru af stofnunum Schengen-svæðisins. Þjóðerni viðkomandi aðila kemur fram á skilríkinu og uppfyllir þær kröfur að vera gefið út af stjórnvöldum. Staðreyndin er sú, herra forseti, að þó menn kunni að vera félagar í ýmsum klúbbum, hafi byssuleyfi og hafi alveg skínandi góð skilríki upp á það, mynd af sér og allar græjur, þá dugar það ekki nema viðkomandi skilríki séu gefin út af stjórnvöldum. Það er ekki tekið mark á skilríkjum eða skírteinum sem gefin eru út af öðrum aðilum.

Mér sýnist að — ég er nú ekki með ökuskírteini á mér — að ekki einu sinni ökuskírteini dugi í þessum efnum þó þar kunni að standa heiti viðkomandi lands. Það er ekki víst að þau skírteini séu þannig úr garði gerð að þau dugi.

Herra forseti. Ef menn vilja kynna sér þetta mál frekar þá vísa ég til fylgiskjals II með þessu nál. Þar er birt í íslenskri þýðingu grein úr Helsingborgs Dagblad frá 30. janúar sl. Þar er ágæt frétt — þetta er tiltölulega áreiðanlegur fjölmiðill það ég best veit, gefinn út í ferjuborginni Helsingjaborg sem áður var — um að ríkislögreglustjórnin sænska hafi unnið úttekt á þessu máli þar í landi, á þörfinni fyrir sérstakt sænskt nafnskírteini sem uppfylli þær kröfur sem aðild Svíþjóðar að Schengen-samstarfinu kallar á. Niðurstaðan þar á bæ er að nauðsynlegt sé að taka upp slíkt skírteini vegna ferðalaga innan Evrópusambandsins og skírteinið kunni einnig að verða nauðsynlegt þegar ferðast er milli Norðurlandanna þar sem ekki þarf vegabréf nú. Skírteinið á að þessu leyti að geta komið í staðinn fyrir vegabréf og geta verið eitthvað ódýrara. Þess vegna er hugsunin væntanlega sú að bjóða upp á að viðkomandi aðili þurfi ekki endilega að hafa vegabréf þótt væntanlega geti það átt við í mörgum tilvikum.

„Það kann að hljóma þversagnakennt en þá getur það orðið enn mikilvægara en nú að geta sannað ríkisfang sitt, segir Lars Karlsand, sem tók þátt í vinnu RPS. Hann segir að í umfjöllun fjölmiðla hafi of mikil áhersla verið lögð á vegabréfafrelsið."

Hefði ekki verið gott fyrir hæstv. utanrrh. að lesa þetta fyrir ári síðan eða tveimur, að varast það að leggja of mikla áherslu á vegabréfafrelsið þegar útkoman er sú að það er auðvitað ekkert annað en orðaleikur? Ég held hins vegar að hin raunverulega ástæða hafi ratað út úr hæstv. utanrrh. þegar hann sagði í umræðum um þetta mál, ég hygg að það hafi verið hér á Alþingi í fyrra frekar en í fjölmiðlum, þegar hann viðurkenndi að í raun væri þetta auðvitað fyrst og fremst pólitísk ákvörðun, Evrópupólitísk ákvörðun, að við Íslendingar gerðumst þarna aðilar.

Herra forseti. Ég læt þá staðar numið við þennan þátt málsins sem er dálítið grátbroslegur út frá forsögu málsins og því sem upp var lagt með, að varðveita norræna vegabréfasambandið þar sem látið var eins og það skipti gríðarlega miklu máli fyrir fólk að geta ferðast um án þess að þurfa að taka með sér vegabréf. Það er gott og blessað, ég geri ekki lítið úr því. Ég hef verið einlægur stuðningsmaður þess góða sambands sem var á milli Norðurlandanna í þessum efnum. Ég hef hins vegar iðulega bent á að það er ástæðulaust að gera meira úr því en efni hafa staðið til. Það hefur verið eins og við þekkjum og með öllu ástæðulaust að rugla því saman við þær víðtæku skuldbindingar sem fólgnar eru í aðild okkar að Schengen-samningnum og Dyflinnarsamningnum.

Næst vil ég, herra forseti, benda á að í raun er gildistaka þessara samninga og aðild okkar að Schengen-samstarfinu 25. mars nk. meira og minna í skötulíki og til málamynda. Það stafar m.a. af því að þegar betur er að gáð vantar heilmikla undirbúningsvinnu heima fyrir til að við getum uppfyllt ákvæði þessara samninga. Þetta eru þjóðréttarsamningar og skuldbinda okkur sem slíkir en þeir ganga ekki í gildi gagnvart landslögum nema þeir hafi verið lögteknir eftir því sem þörf krefur. Þau ákvæði þeirra sem kalla á sérstaka lagastoð þurfa að fá hana og í ljós kemur að hér vantar enn þá ýmsar forsendur til að uppfylla það. Hér er

til umfjöllunar frv. um málefni útlendinga og þar inni eru ákvæði sem tengjast þessu.

Sömuleiðis á eftir að lögfesta heimildir, t.d. til fingrafaratökunnar sem er sjálfvirkur hluti af aðild að Dyflinnarsamningnum. Ég skil það svo, það hefur a.m.k. ekki verið vefengt af lögfræðingum Mannréttindaskrifstofu Íslands, að slík fingrafarataka væri að sjálfsögðu óhugsandi, ómöguleg og ólögmæt þangað til sett hefði verið löggjöf sem heimilaði hana. Ég tala nú ekki um þau ósköp að m.a. á að taka fingraför af ungmennum allt niður í 14 ára aldur.

Ég tel jafnframt að aðild okkar að Schengen-samstarfinu sé hálfpartinn til málamynda þann 25. mars nk. Ég fullyrði að undirbúningur okkar sé á ýmsan hátt í skötulíki. Ég óskaði eftir því í utanrmn. að nefndinni gæfist kostur á að fara nákvæmlega yfir stöðu þeirra mála og það stendur reyndar til að nota tímann fram undir lok marsmánaðar til að gera það. Nefndin hefur ekki komist af stað í þeim efnum enn þá. Ég hef verið að spyrjast fyrir um hvar menn séu á vegi staddir, t.d. annars staðar en á Keflavíkurflugvelli. Menn kannast nú mest lítið við að þetta sé að gerast. Þegar maður spyr segja menn: Já, Schengen, verðum við aðilar að því 25. mars, já? Aðilar á flugvöllum eða í höfnum sem eiga að vera hluti af þessum ytri landamærum Schengen-svæðisins virðast ekki uppteknari af því en svo, menn sem þó er þar ætlað hlutverk eða gætu fengið hlutverk á ytri landamærastöðvum þessa mikla svæðis.

Það á að taka nýbygginguna suður á Keflavíkurflugvelli í notkun til bráðabirgða, að hluta vegna Schengen. Restina á að taka í notkun undir næstu áramót, enda er þar allt hálfkarað og rétt fokhelt. Það á að heita svo að einhver hluti byggingarinnar verði tekinn í notkun til bráðabirgða, eins og ég tók eftir að það var orðað í fjölmiðlaviðtölum um daginn. Vonandi gengur það eftir. Mér er ljóst að meginþungi þessara framkvæmda liggur þar, þar með spurningin um hvernig málin ganga fyrir sig í flugstöðinni í Keflavík. Það breytir ekki hinu að ég hygg að það eigi eftir að sýna sig víða annars staðar að að öðru leyti hafi menn ekki unnið mikið að þeim undirbúningi sem eðlilegur væri. Ég tel að menn hafi alls ekki áttað sig á því í öllum tilvikum hvaða víðtæku skuldbindingar við undirgöngumst með því að taka að okkur þessa ytri landamæravörslu fyrir Evrópusambandið á öllum okkar landamærastöðvum.

Þá nokkur orð í viðbót, herra forseti, um persónuvernd og mannréttindaákvæði í þessu sambandi. Eins og ég hef áður sagt er fólgin í þessu samkomulagi gríðarleg söfnun persónulegra upplýsinga og skráning þeirra á rafrænu formi í miðlæga gagnagrunna. Þessar upplýsingar verða síðan kallaðar fram, í tilviki Schengen-upplýsingakerfisins, þegar menn koma inn á Schengen-svæðið, hvar sem er á því svæði. Því munu Íslendingar á skrá kynnast, hvort sem þeir eru að koma til eigin lands að utan eða annars staðar inn á landamæri svæðisins. Þar verður misjafn sauður í mörgu fé. Innan um þá sem teljast til harðsvíraðra og jafnvel dæmdra glæpamanna, sem verða að sjálfsögðu lýstir óæskilegir gestir af slíkum ástæðum, verða aðrir í mismunandi flokkum, fyrir allt aðrar og minni og jafnvel engar sakir, fyrir það eitt að hafa með einhverjum hætti tengst einhverju sem gerði að verkum að þeir lentu inni í Schengen-upplýsingakerfinu. Þannig geta til að mynda möguleg vitni, sem að sjálfsögðu eru ekki grunuð um neitt saknæmt eða misjafnt, verið skráð inn í þennan grunn o.s.frv. Ég ætla ekki að lengja hér umræðurnar með því að tína það allt til. Yfir margt af því var farið rækilega á síðasta ári. Ég vísa til þess sem þar var áður sagt.

EURODAC-kerfið er fylgifiskur þess að við gerumst með þessari tillögu aðilar að Dyflinnarsamningnum. Þar er líka á ferðinni mikil skráning persónuupplýsinga, sjálfvirk skráning persónuupplýsinga um fólk sem ekki er grunað um nokkurn skapaðan hlut, hefur ekki stöðu sakbornings eða grunaðs manns heldur er eingöngu skráð þar sjálfvirkt og tekin af því fingraför fyrir það eitt að leita hælis eða tengjast slíkum málum. Hið alvarlega er, herra forseti, að þessar upplýsingar á að geyma í tíu ár jafnvel þó viðkomandi aðili fái úrskurð sinna mála og sé veitt hæli. Svo lengi sem hann ekki fær ríkisfang í viðkomandi landi eru upplýsingarnar geymdar í tíu ár. Þetta hefur verið gagnrýnt og þessu hefur verið mótmælt. Menn hafa hins vegar ekki fallist á að hafa reglurnar þannig að þessar upplýsingar yrðu afmáðar jafnóðum og efni standa til.

Grundvallarreglan sem mannréttindasamtök um heim allan berjast fyrir í þessum efnum er í fyrsta lagi að slík skráning sé aldrei sjálfvirk, fari ekki fram nema rökstuddar ástæður liggi fyrir og sé skoðað í hverju tilviki fyrir sig. Menn telja að viss efnisleg rök þurfi að vera fyrir hendi til að viðkomandi skráning fari fram og síðan sé upplýsingunum eytt þegar þau rök eru ekki lengur til staðar.

Þessar grundvallarreglur eru brotnar í báðum þessum upplýsingakerfum, bæði Schengen-upplýsingakerfinu og EURODAC-kerfinu. Við fyrstu sýn eru oft á tíðum engar ástæður til að ætla að neitt misjafnt sé á ferðinni þegar maður óskar hælis. Setjum sem svo að vel þekktur baráttumaður á sviði mannréttindamála slyppi frá heimalandi sínu þar sem lífi hans hefði verið ógnað. Hann kæmi og gæti gert grein fyrir sér á einhverjum landamærum Dyflinnarsvæðisins. Það lægi í raun algjörlega fyrir að hann væri að flýja til að forða lífi sínu og hann væri ekki grunaður um saknæmt athæfi nema síður væri en samt ætti hann að skrást og takast fingraför af öllum fingrum hans af því að þetta er sjálfvirk regla. Hins vegar er ekki hægt að fara yfir það tilvik sem í hlut á hverju sinni og svara spurningum um hvort tilefni sé til að geyma svona persónuupplýsingar á meðan málin eru athuguð. Þessi grundvallarregla sem mannréttindasamtök og þar á meðal Mannréttindaskrifstofa Íslands hafa barist fyrir er ekki virt í þessu. Það er rétt að það komi hér fram, herra forseti, að fulltrúi Mannréttindaskrifstofunnar var, þegar hann koma á fund utanrmn., mjög gagnrýninn á ákveðna þætti þessara mála.

Við bætist að þarna á að taka fingraför af ungmennum allt niður í 14 ára aldur. Það hefur auðvitað sætt mikilli gagnrýni hvernig fara á með mál 14–15 ára unglinga sem væru einir á ferð í vissum tilvikum. Það er ekkert mælt fyrir um það. Á að skipa þeim réttargæslumann? Hefði þá ekki átt að ganga frá því, herra forseti, áður en þetta mál var afgreitt hér, með hvaða hætti verður séð fyrir slíkum hlutum? Það skiptir gríðarlegu máli vilji menn átta sig á því hvort lágmarksmannréttindaákvæðum sé framfylgt að þessu leyti og reynt sé að búa jafntryggilega og hægt er um þau mál.

Að síðustu vil ég ítreka, herra forseti, að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri slíkir hafa gagnrýnt ýmis ákvæði Dyflinnarsamningsins og telja að mannréttindum flóttafólks verði ábótavant eins ætlunin er að standa að málum þar. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að ákveðinnar tortryggni gætir, svo mjög vægt sé til orða tekið, víða innan Evrópu og utan hennar í garð þeirra fyrirætlana

sem fólgnar eru í þessu Schengen-Dyflinnar-EURODAC-upplýsingafyrirkomulagi öllu.

Mjög margt vísar í þá átt að ætlunin sé að herða til mikilla muna framkvæmd flóttamannamála á ytri landamærum þessa svæðis og það eigi að vera mótvægið við afnám persónueftirlits á innri landamæra. Þegar spurt er: Hvernig ætla menn t.d. að hafa hemil ferðalögum óbótamanna, eiturlyfjasmyglara og þeirra sem stunda þrælahald nútímans, mansal og kynlífsþrælkun, innan svæðisins? Þá er sagt að það náist á tvo vegu, þ.e. með auknu persónueftirliti á götunni innan ríkjanna og hertu eftirliti á yrti landamærum. Það er þetta mikla upplýsingakerfi, sem á þá að vera hægt að fletta upp í, notað.

Herra forseti. Þessi aðferðafræði hefur hins vegar sætt mikilli gagngýni víða og mjög miklar efasemdir eru um að hún gangi upp. Sem dæmi má taka að talið er að um 400.000 manns séu nú þegar ólöglega í heimildarleysi innan svæðisins. Með afnámi persónueftirlits á landamærum er auðvitað verið að greiða för þessa fólks um allt svæðið. Það blasir við. Landamæraeftirlit, persónueftirlit, hefur þó verið ákveðin sía í þessu efni og þar hefur talsvert af slíkum ólöglegum innflytjendum og undirheimalýð strandað og menn hafa náðst í því eftirliti. Reyndar hefur, svo mótsagnakennt sem það er, gætt tilhneigingar hjá sumum Evrópuríkjanna að undanförnu til að herða þetta eftirlit. Frakkar hafa t.d. aldrei gengið jafnhart fram í persónueftirliti, eða a.m.k. ekki um mjög langt skeið, og undanfarin missiri, síðustu missirin áður en þeir urðu að leggja það niður vegna Schengen. Þeir hafa reyndar gengið langt í að halda uppi ýmsu eftirliti, bæði þeir og fleiri, með vísan til sérstakra aðstæðna eftir að svo á að heita að þetta samkomulag sé komið þar í gang.

Menn hafa áhyggjur af að flæði eiturlyfja vegna aðildar okkar að þessu samstarfi muni aukast. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast menn dálítið kokhraustir eins og þeir hafa tala á síðustu mánuðum, ýmsir hverjir, um allt hið góða og jákvæða sem í þessu sé fólgið. Mér finnst eins settur hafi verið á einhver sérstakur áróðurskór fyrir því hvað þetta sé allt saman stórkostlegt og dásamlegt. Staðreyndin er sú að ýmsir af aðilum þessa máls eins og ríkislögreglustjóri, landlæknisembættið og fleiri aðilar voru í upphafi mjög gagnrýnir á þetta. Sú gagnrýni hefur einhvern veginn þagnað, verið kveðin í kútinn, af því að búið er að keyra á það miklu offorsi að við eigum að fara í þetta og þetta sé allt saman óskaplega jákvætt.

Þetta er alveg þveröfugt við það sem hefur gerst t.d. víða erlendis þar sem gagnrýnin hefur verið að þyngjast og áhyggjur manna, t.d. ríkjanna í kringum Holland, hafa verið að aukast vegna þess að menn óttast að það frjálsræði sem þar er í sambandi við fíkniefni og þær miklu dreifingarmiðstöðvar sem eru t.d. bæði í Hollandi og Ítalíu í fíkniefnaheiminum, muni greiða götu þeirra til að dreifa efnum um allt svæðið. Þá segja menn: Já, en þetta breytir ekki tolleftirliti og tollgæslu. Það er rétt. En tengingin við persónueftirlit á landamærum hverfur, hún verður óheimil. Af þessu hafa menn mjög miklar áhyggjur og eru með ýmsum hætti að reyna að bregðast við, nema hér að því er mér virðist. Jú, vissulega hefur það verið upplýst að verið sé að þjálfa nýja tollgæslumenn og lögreglumenn og það er verið að setja eitthvað aukna peninga í þessi mál.

En mér finnast menn furðu bjartsýnir og ég hefði jafnvel talið að hollara væri að horfa a.m.k. með gagnrýnum augum líka á hætturnar og vandamálin sem kunna að vera þessu samfara hjá okkur. Mér sýnist dálítið andvaraleysi vera ríkjandi í þessu eins og fleiru stundum hjá okkur um þessar mundir. Ég tók t.d. eftir því að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli var í miklu áróðursviðtali hjá Ríkisútvarpinu um þetta mál þar sem tíundað var allt hið góða og glæsilega sem þessu fylgdi og þeir miklu möguleikar sem þessu yrðu samfara hvað varðar upplýsingakerfið og aðild að því o.s.frv. en ég heyrði enga einustu efasemd eða gagnrýnisrödd í því viðtali og þeirri umfjöllun Ríkisútvarpsins um þetta mál. Því miður, herra forseti, hef ég ákaflega slæma tilfinningu fyrir því að svo einfaldur og fallegur eigi veruleikinn ekki eftir að reynast. Ég held að umræða í meira jafnvægi um þessa hluti, kosti og galla, hefði farið betur.

Vissulega eru ýmsir möguleikar fólgnir í þessu lögreglusamstarfi, ekki hvarflar að mér að neita því, og að hafa aðgang að þeim bönkum sem hægt er þá að fletta upp í, en það er líka vandmeðfarið eins og ég hef verið að fara yfir. Það er ekki einfalt mál að standa fyrir jafngríðarlega viðamikilli skráningu persónupplýsinga og þar á að fara fram og nota hana í því umhverfi nútímans þar sem tæknilegir möguleikar til að geyma upplýsingar eru orðnir nánast ótakmarkaðir og áhyggjur manna víða á byggðu bóli sívaxandi yfir því hvernig hver þeirra hreyfing er skráð rafrænt þannig að menn geta hvorki talað í síma né notað greiðslukort án þess að reikna með því að þar með sé hver þeirra hreyfing og hver þeirra athöfn í raun og veru meira og minna skráð og rekjanleg o.s.frv. enda er það ein mesta nýbúgrein vestan hafs um þessar mundir að veita fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf í því hvernig eigi að tryggja persónuvernd og verja sig fyrir þeirri miklu vöktun og skráningu sem fólgin er í rafrænni upplýsingageymd og miðlun.

Herra forseti. Að lokun áður en ég kem að niðurstöðunni, þá liggur auðvitað fyrir að þetta verður okkur mjög dýrt. Læt ég það nú vera. Ég verð að segja alveg eins og er að fyrir mér er það kannski ekki veigamesta röksemdin gagnvart þeirri afstöðu minni að leggjast gegn því að við gerumst aðilar að því og telja það óskynsamlegt, a.m.k. eins og málum er háttað enn um sinn. En vissulega er rétt að hafa það með í farteskinu að þetta er ekki ókeypis, þetta hugsjónamál framsóknarmanna að koma okkur þarna aftur á bak og bakdyramegin inn í þessar Evrópusambandsstofnanir, Schengen og Dyflinnarsamninginn og EURODAC og allt það. Það er alveg ljóst að rekstrarkostnaður og fjárveitingar núna skipta hundruðum milljóna á ári hverju og munu gera í framtíðinni. Það er augljóslega kostnaður mældur í hundruðum milljóna. Fleiri tugir fastráðinna starfsmanna eingöngu vegna Schengen-aðildarinnar sem slíkrar, bæði í tollgæslu og lögregluefirliti, líka í stofnununum, halda utan um íslenska hlutann af Schengen-upplýsingagrunninum og EURODAC-grunninum.

Stofnkostnaðurinn er líka mjög mikill. Hann hleypur sennilega frekar á milljörðum en hundruðum millj. í Keflavík. Að vísu var sagt að kannski væru ekki nema 700 millj. en þær tölur voru mjög á reiki þegar það var skoðað í fyrra og nú hlýtur að teljast að fram hafi komið býsna marktækar upplýsingar, t.d. frá fyrrverandi framkvæmdastjóra flugstöðvarinnar þar sem fullyrt er að þessi hlutföll liggi verulega öðruvísi og að mun stærri hluti kostnaðarins í Keflavík sem er bara í þeim áfanga sem nú er undir af stærðargráðunni 3–4 milljarðar kr., sé vegna Schengen. Þá erum við farin að tala þarna um milljarða stofnkostnað sem hægt hefði verið að komast hjá ef við hefðum ekki valið þá leið að vera þarna

aðilar. Nærtækast er að skoða það út frá því að nýbyggingin á Keflavíkurflugvelli er á tveimur hæðum í staðinn fyrir einni, eingöngu vegna Schengen. Aðskilnaðurinn fer fram í því að önnur hæðin er fyrir farþega utan Schengen-svæðis og hin er fyrir farþega innan Schengen-svæðis. Þar hefði einfalt kerfi dugað, kannski eitthvað stærra, en þannig er þetta.

Þetta leiðir til annars, herra forseti, sem menn hafa lítinn gaum gefið að enn þá held ég, og það er að allur rekstrarkostnaður fer langt með að tvöfaldast vegna þess að menn þurfa að hafa tvöfaldan viðbúnað eiginlega af öllu tagi í þjónustu og veitingarekstri og öðru slíku vegna þess að um er að ræða tvær aðskildar einingar eða tvo aðskilda hluta byggingarinnar. Þeim hlutum má ekki blanda saman þannig að þar er járntjald á milli, þetta nýja járntjald sem er í raun og veru ytri landamæri Schengen-svæðisins og þarna er strax umtalsverður viðbótarrekstrarkostnaður.

Flugumferð frá Bandaríkjunum, sem er mikil inn til Íslands, og frá Bretlandi og Írlandi, sem ekki eru aðilar að Schengen, verður því að sæta því að vera aðskilin frá annarri umferð með tilheyrandi kostnaði.

Ég á því erfitt með að sjá í sjálfu sér að í þetta sé sérstaklega mikið að sækja, herra forseti. Ég segi það alveg eins og það er, menn geta sagt að það sé hreint óraunsæi og draumsýn sem eigi ekkert skylt við veruleikann, en ég leyfi mér að láta það eftir mér að segja það samt: Ég hefði svo sannarlega viljað sjá að Norðurlöndin hefðu staðið sameinuð um það að standa utan Schengen-svæðisins, hefðu að sjálfsögðu gert góða samninga við þau lönd eða það svæði um eins létt eftirlit í þeim efnum og kostur væri, svipað og Bretar og Írar hafa ákveðið að gera, a.m.k. enn um sinn. Þeir taka þátt í vissum hlutum Schengen-samstarfsins en áskilja sér rétt til þess að halda áfram uppi persónueftirliti á landamærum og eru að því leyti til fyrir utan, halda þeim heimildum, en að sjálfsögðu er þeim í sjálfsvald sett að hve miklu leyti þeir halda því uppi þegar umferð er að koma af Schengen-svæðinu til þeirra, það er alfarið þeirra mál. Þar af leiðandi þarf ekki að vera með viðameira eftirlit en viðkomandi ríki býður við að horfa í samskiptum sínum við Schengen-svæðið. Þess vegna held ég að menn hafi stórlega magnað upp fyrir sér það vandamál eða áhrifin af því að vera ekki með, a.m.k. að því leyti að halda eftir réttindum til að halda uppi persónueftirliti, hvað sem öðru líði.

Bretar og Írar, að vísu sem Evrópusambandsríki, taka fullan þátt í öðrum þáttum samstarfsins. Ég hef engan heyrt sanna að það sama hefði ekki getað gilt um Ísland eða hin Norðurlöndin þó þau hefðu að þessu leyti til ákveðið að fara sambærilega leið og Bretland og Írland.

Herra forseti. Niðurstaða minni hlutans er sem sagt sú að ekki sé hagstætt fyrir okkur Íslendinga að gerast aðilar að þessu samstarfi á þeim forsendum sem nú stendur til. Ég vísa aftur í því sambandi í almennar röksemdir gegn þátttöku okkar í Schengen-samstarfinu, sbr. fylgiskjal I með þessu nefndaráliti.

Ég vísa einnig í þá stórkostlegu ágalla sem eru á bæði innihaldi og málsmeðferð í tengslum við aðild okkar að þessum Dyflinnarsamningi. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Jafnframt verði ríkisstjórninni falið að tilkynna að Ísland kjósi að fresta aðild sinni að Schengen-samstarfinu um óákveðinn tíma og ætli að endurmeta aðkomu sína og þátttöku í þessum málum í heild sinni.

Ég hef þá lokið máli mínu.

[16:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það með þingmanninum að þegar ráðamenn þrýsta þingmálum í gegnum þingið með óeðlilegum hraða þá eiga þeir að gefa sér tíma til að vera viðstaddir umræðuna. Það er svo einfalt.

En ástæðan fyrir því að ég kem í andsvar eru orð þingmannsins um að aðild að þeim samningum, sem hér eru til umræðu, sé bakdyraleið inn í Evrópusambandið og í því efni vísaði hann til Samfylkingarinnar.

Herra forseti. Það er algjör óþarfi að gera öðrum upp óheilindi í umræðunni þó maður sé sjálfur gagntekinn af gagnrýninni. Veröldin er nefnilega ekki svart-hvít. Það er á öllum málum mismunandi hliðar. Samfylkingin er mjög fylgjandi talsverðum alþjóðlegum samskiptum og sérstaklega að efla réttindi á sem flestum sviðum. En hvað Evrópusambandið varðar og aðild að því er Samfylkingin með ákveðna vinnu í gangi, m.a. að skoða kosti og galla aðildar og það hefur margoft komið fram. Samfylkingin hefur ekki sett fram stefnu hér um og mun ekki gera það nema að undangenginni mikilli umræðu og í stofnunum flokksins. Ef Samfylkingin á eftir að taka ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu og ákveða að það sé vænn kostur fyrir Ísland þá mun það verða í kjölfar samþykkta í stofnunum flokksins og þá mun það vera með reisn. Það liggur hins vegar alls ekki fyrir og ég vil sérstaklega taka það fram að sú sem hér stendur hefur aldrei, ekki úr þessum ræðustól, né nokkurs staðar annars staðar, lýst sig fyrir fram fylgjandi eða andvíga í þessum efnum, en mjög fylgjandi að hér fari fram hreinskiptin og öflug umræða um kosti og galla. Þetta vildi ég sagt hafa í tilefni að ræðu þingmannsins.

[17:00]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé mikill misskilningur að með því sé verið að gera mönnum upp óheilindi að leggja hlutina upp nákvæmlega eins og ég gerði hér. Ég bara geri það. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé bakdyraleið inn í Evrópusambandið að þessum hluta til. Það er mitt orðalag. Menn geta verið óánægðir með það, en það felur ekki í sér að ég sé að gera mönnum upp einhver ómerkilegheit eða óheilindi. Menn koma væntanlega hér og rökstyðja afstöðu sína. Það sem ég er að segja, það sem ég er að vekja athygli á — mér leyfist það væntanlega og ég vona að það komi ekki illa við menn — er að eins og ég lít á staðreyndir þessara mála þá eru þetta Evrópusambandsstofnanir, að hluta til þegar orðnar, að hluta til verða þær það eftir fjögur ár. Þess vegna er ég að vekja athygli á því að þau tímamót eru fólgin í þessu máli að með aðild að þessum samningum erum við að gerast beinir þátttakendur, ekki í einhverju stofnanakerfi í tveggjastoðalausn eins og í EES, heldur í Evrópusambandsstofnunum. Og með þessa sérstöku stöðu að vísu, þegar kemur að ákvarðanatökunni þá er hún eins og raun ber vitni.

Ég kalla þetta að fara bakdyramegin inn í þessa hluta Evrópusambandsins og það er mitt orðalag, ég ber ábyrgð á því. Ég tel enga ástæðu til að leggja það að jöfnu við að bera upp á menn einhver óheilindi. Það tel ég ekki vera. En ég leyfði mér að láta þess getið jú að ég sæi ekki betur samkvæmt nefndaráliti en að Samfylkingin styddi þetta mál eins og hún hefði stutt aðild að Schengen á sínum tíma, a.m.k. að mestu leyti ef ég man rétt, eða kannski öll. Það liggur bara fyrir, er það ekki? Það eru þær pólitísku aðstæður

sem eru hér á þinginu. Það voru einhverjir þingmenn sem einstaklingar sem ekki studdu aðild okkar að Schengen, en ég man nú ekki nákvæmlega hvar í flokki þeir voru allir, en ég man a.m.k. að það voru einhverjir sem ekki greiddu því máli atkvæði fyrir utan þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem voru því allir andvígir.

[17:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað eru þetta kannski að einhverju leyti viðbrögð við orðanotkun, en ég minnist þess að þingmaðurinn hafi notað svipuð orð í umræðu sem var hér ekki alls fyrir löngu um EES-málin. Máltilfinning mín segir mér að ef verið er að tala um að einhverjir séu að koma bakdyramegin einhvers staðar inn, þá sé það ekki með opinni beinni leið, heldur sé verið með einhverjum hætti að bola sér þangað sem maður þykist ekki ætla. Þetta er sú málnotkun sem ég finn. Þingmaðurinn getur haft þá skoðun sem hann vill á aðild að stofnunum Evrópusambandsins eða hvort hitt eða þetta er bakdyraleið, en hann er að geta sérstaklega um ákveðna flokka í þeirri umræðu og gera þeim upp einhverjar leiðir að fara.

Herra forseti. Ég vil taka sérstaklega fram að ég er ekkert viðkvæm fyrir umræðu um Samfylkinguna, síður en svo. En ég vil að rétt sé rétt. Og hvað það varðar, það er hárrétt hjá þingmanninum að við höfum stutt aðild að Schengen en erum reyndar með fyrirvara á þessu þingskjali en fylgjum *meiri hlutanum í meginafgreiðslunni, þá er það nú svo að* við höfum rætt það áður og þeir sem hafa viljað fyrst og fremst styðja EES-samninginn og hann sé það sem við höldum áfram með, þá hefur þótt fengur að því að hafa beina aðkomu að ákvarðanatöku í gegnum hann einmitt í nefndum sambandsins.

[17:04]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé tilefni til mikilla orðaskipta í viðbót. (Gripið fram í.) Já, vonandi er hv. þm. ekki að láta að því liggja að ég hafi viljandi verið að reyna að afvegaleiða hér umræður. Ég veit ekki annað en Samfylkingin hafi alla möguleika á að útskýra afstöðu sína í umræðum á eftir bara eins og hún mögulega getur.

Það sem ég var að vekja athygli á, herra forseti, og kemur kannski illa við menn, það getur vel verið að það sé tilefni til þess að menn kippast hér við, að menn eru auðvitað ekki með þeim hætti sem ég kalla að fara inn um aðalinnganginn að ganga í Evrópusambandið, að þeir sæki um aðild að því og geri það á þeim grunni að farið sé í aðildarviðræður og gengið í Evrópusambandið sem slíkt.

Það sem er hins vegar að gerast og hefur allt of litla athygli fengið er að menn eru að ganga í einstakar stofnanir Evrópusambandsins. Menn eru að gera það með því að ganga í Schengen og Schengen-upplýsingakerfið og með því að gerast aðilar að Dyflinnarsamningnum og EURODAC-kerfinu, sem verður innan fjögurra ára innlimað í Evrópusambandið. Það kalla ég að fara bakdyramegin inn í Evrópusambandið að þessum hluta til. Það var það sem ég sagði, nákvæmlega það og ekkert annað. Svo verða menn bara að vinna úr því (**RG:** Þú sagðir meira.) hver hjá sér. Ég sagði að Samfylkingin styddi þetta mál eins og Framsókn og Sjálfstfl. Átti það að vera leyndarmál eða hvað, hv. þm.?

Mér finnst þetta vera óþarflega mikil viðkvæmni. Hins vegar getur vel verið að mönnum hafi ekki verið alveg nógu ljós sá eðlismunur á þessum hlutum sem nú eru að gerast og svo aftur EES-samningnum sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi. Og hvað gerði ég í ræðu minni? Ég fór einmitt nákvæmlega yfir það hver grundvallarmunurinn væri á stöðu Íslands og hinna EES-ríkjanna, annars vegar í því fyrirkomulagi sem útbúið var á þeim grunni með tveggjastoðakerfinu og stofnunum beggja megin og hins vegar því sem þarna er að gerast. Ef áframhald verður á þessu, herra forseti, í verulegum mæli, á komandi árum göngum við í fleiri sambærilegar stofnanir eða samstarfsverkefni Evrópusambandsins, hvað er þá smátt og smátt að gerast?

[17:06]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 3. þm. Norðurl. e. var að mestu leyti um Schengen-samninginn og er ekkert við því að segja því að málið tengist honum. Það er eitt sem ég vil undirstrika sem mér finnst að sé byggt á nokkrum misskilningi, ef ég skil hv. ræðumann rétt, að ég hef aldrei litið svo á að Schengensamningurinn leysi fólk undan því að fá sér vegabréf eða sýna persónuskilríki ef eftir því er leitað. Mér finnst sá hluti ræðu hans sem fjallaði um norræna vegabréfasambandið og tilraun og áform Norðurlandanna um að koma upp nýjum persónuskilríkjum á nokkrum misskilningi byggður. Ég held að það hafi verið gegnumgangandi regla þegar ferðast var til Norðurlandanna, þó að frjáls för væri á milli þjóðanna, að menn höfðu með sér vegabréf og það breytist ekki.

Hins vegar erum við að gerast aðilar að frjálsri för og við erum að gerast aðilar að samstarfi Evrópuríkja á því sviði, hluta af Evrópusambandinu, það er alveg rétt, og það hefur ekkert með það að gera hvort menn eru að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Þetta mál er allt annars eðlis.

[17:08]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum alveg sammála, ég og hv. þm. Jón Kristjánsson, nákvæmlega um það hvað hefur falist í norræna vegabréfasambandinu, enda ekki skrýtið, báðir vanir menn. Það er hins vegar hæstv. utanrrh. sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefði þurft að ræða þetta aðeins betur við. Það er hinn mikli sölumaður sem hefur haldið hér allar ræðurnar um norræna vegabréfasambandið. Þær hafa allar gengið út á þetta, mikilvægi þess að þurfa ekki að taka með sér vegabréf og það væri stórkostleg áföll í húfi ef við gerðumst ekki aðilar að Schengen og í gegnum það ásamt hinum Norðurlöndunum, varðveittum hið svokallaða norræna vegabréfasamband. Ég held að það sé fyrst og fremst kennslustund í því hvað norræna vegabréfasambandið hafi verið og hafi ekki verið sem þurfi að halda fyrir hæstv. utanrrh. en ekki hér.

Já, að við séum ekki að ganga í Evrópusambandið en séum að gerast þarna aðilar að frjálsri för. Mér finnst nú ósköp eðlilegt að hv. þm. Jón Kristjánsson reyni heldur dempa þá umræðu og auðvitað er ég ekki að halda því fram að við séum með þessu að ganga langleiðina inn í Evrópusambandið, það er ég ekki að gera. En ég hef leyft mér þann munað að draga að því athyglina að við erum með þessu að gerast aðilar að tveimur stofnunum, Evrópusambandsstofnunum. Það er í raun og veru það nýja í málinu. Við göngum eins langt í þær og við getum án þess þó að vera aðildarríki og okkur er

ýtt til hliðar við ákvarðanatökuborðið þegar þar að kemur, en að öllu öðru leyti byggjum við á kerfi sem felur í sér að það eru Evrópusambandsstofnanirnar sem eru framkvæmdaraðilinn. Þetta var módel sem Evrópusambandið reyndi að fá upp í umræðunum með Evrópska efnahagssvæðið, en því var hafnað af hálfu EFTA-ríkjanna. Og til sögunnar kom tveggjastoðakerfið. Nú verða menn hins vegar að láta sér lynda að gerast þarna í rauninni aðilar að hinu evrópska stofnanakerfi að þessu leyti.

[17:10]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég þurfi ekki að taka hæstv. utanrrh. í neinn tíma út af þessu máli (**SJS:** Jú.) vegna þess að ég man ósköp vel umræðurnar um það. Það sem hefði verið ankannalegt í þessu sambandi ef við hefðum ekki gerst aðilar að þessu samstarfi, að ytri landamæri Schengen klyfu Norðurlöndin, það var það sem var til umræðu þegar þetta mál var ákveðið á sínum tíma. Að öðru leyti hef ég engu við þetta að bæta á þessu stigi. Ég endurtek að þó að við séum aðilar að samstarfi á þessu ákveðna sviði sem fer fram hjá hluta Evrópubandalagsins, og við erum þá að hluta til aðilar að þeim stofnunum sem um þetta fjalla, þá hefur það ekkert að gera með það, hvort við göngum í Evrópubandalagið eða ekki eða hvort við föllum í freistni í þeim efnum, það eru allt aðrir þættir sem hafa úrslitaáhrif í því. Ég treysti mér alveg til þess að standast þær freistingar þótt einhver stofnun sé þarna sem fjallar um afmarkaðan þátt mála. Ég vísa því algerlega á bug að hér sé einhver vegvísir inn í Evrópubandalagið í þessu máli.

[17:12]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að menn hafi sjálfstraust, herra forseti, og treysti sér vel í þessum efnum. Auðvitað fagna ég öllum yfirlýsingum af þeim toga að menn séu ekki á leiðinni inn í Evrópusambandið og verði þær bara sem flestar. Þá er til nokkurs unnið að kynda upp þessa umræðu.

Aðeins í viðbót um norræna vegabréfasambandið. Fyrir mér hefur það alla tíð verið ósköp einfalt um hvað það hefur snúist. Það snýst um hin löngu sameiginlegu landamæri skandinavísku ríkjanna, hefur aldrei gert neitt annað. Það var einfaldlega praktísk og handhæg ráðstöfun að fella það niður að menn þyrftu að sýna vegabréf á meðan þeir voru að skreppa yfir á milli Svíþjóðar og Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, skjótast yfir að ná sér í danskan bjór eða skinku eða hvað það nú var. Gífurlega mikil dagsumferð yfir landamæri norrænu ríkjanna sem eiga löng sameiginleg landamæri, gerði það að verkum að þetta var praktískt fyrirkomulag. Það hefur aldrei haft stóra þýðingu í sjálfu sér fyrir Ísland, eyju langt úti í Atlantshafi, að þessu leytinu til. Það lá auðvitað alveg ljóst fyrir með sömu rökum að það skipti máli að Norðurlöndin, þ.e. að skandinavísku löndunum væri ekki skipt upp með Schengen-landamærum. Það er rétt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Og það var hægt á tvo vegu. Annaðhvort að öll Norðurlöndin stæðu sameiginlega utan Schengen, eða a.m.k. þessi fjögur Norðurlönd, sérstaklega Noregur og Svíþjóð sem eiga þessi löngu sameiginlegu landamæri, eða að þau væru þá bæði með.

Staðreyndin er sú að Ísland gat í rauninni valið sér hvaða leið sem var í þessum efnum, af því að við höfum ekki sömu hagsmuni í þessu og hin Norðurlöndin hafa: Danmörk vegna landamæranna við Þýskaland og síðan Noregur og Svíþjóð, sérstaklega vegna hinna löngu sameiginlegu landamæra. Í reynd var það meira til þess að við vildum hafa samflot með hinum Norðurlöndunum sem þetta sneri að okkur að niðurstaðan þyrfti endilega að vera sú sama hvað okkur varðaði. Það hefðu að mínu mati verið full efni til að meta stöðu Íslands algjörlega sjálfstætt og óháð því hver var niðurstaðan hjá hinum Norðurlöndunum. Það var reyndar vilji margra hér en hann fékk ekki að koma fram vegna þess að það var barið niður.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Íslenski hrafninn, 337. mál, svar umhvrh., þskj. 740.

Íslenski rjúpnastofninn, 336. mál, svar umhvrh., þskj. 739.

[17:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið undirritaði ég álit meiri hluta hv. utanrmn. í þessu máli, með fyrirvara þó, en hinn fulltrúi Samfylkingarinnar í utanrmn. var fjarstaddur þann fund þar sem málið var tekið út.

Það er rétt sem komið hefur fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að vinnubrögð stjórnvalda í Schengen-ferlinu öllu, tímaþröngin og skortur á vandaðri umræðu um málið eru vissulega ámælisverð og einnig umhugsunarverð upp á framhaldið að gera. Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ríkisstjórnin ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd málsins og það kom líka skýrt fram í nál. síðasta vor sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson, þáv. fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn., undirrituðu.

En eins og fram hefur komið lýstu forsætisráðherrar Norðurlandanna því yfir árið 1995 að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að löndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Stjórnvöldum á Norðurlöndum var umhugað um að viðhalda hinu norræna vegabréfasambandi eins og fram hefur komið í þessari umræðu en auðvitað má velta fyrir sér hvort menn hafi almennt gert sér grein fyrir því árið 1995 hvað hengi á spýtu hins norræna vegabréfasambands. Ég leyfi mér að ætla að mjög margir hafi í raun ekki séð fyrir endann á þeim göngum. Því bera vitni þau vinnubrögð og sú tímaþröng sem þetta mál hefur verið keyrt í gegn í.

Aukin heldur er mjög mikilvægt í þessari umræðu að fólk hafi hugfast að hér verður ekki bæði sleppt og haldið. Annaðhvort erum við fullgildir þátttakendur í samstarfi um frjálsa för fólks um Schengen-löndin eða við stöndum algerlega fyrir utan það. Í því felst auðvitað pólitísk ákvörðun.

Ekkert bendir til þess að sérlausn fyrir Ísland hafi einhvern tímann verið inni í myndinni síðustu sex ár. Það kemur m.a. skýrt fram í Brussel-samningnum sem Alþingi fullgilti sl. vetur en í honum er að finna ákvæði um að Ísland og Noregur muni leitast við að framfylgja samræmdri framkvæmd og túlkun aðildarríkja ESB á einstökum gerðum og taka í því sambandi tillit til úrlausna dómstóls ESB.

Vissulega má segja að hér sé um stórt og kostnaðarsamt verkefni fyrir Íslendinga að ræða. Ljóst er að bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður vegna Schengen-samningsins er umtalsverður. Fyrsti áfangi stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er áætlaður 3,5 milljarðar kr. og um fjórðungur þess kostnaðar er sagður vera til kominn vegna Schengen-samningsins. Að auki er talað um að rekstrarkostnaður sé

áætlaður um 46 millj. kr. á ári þó svo að þær tölur hafi reyndar verið nokkuð á reiki.

Ég ætla ekki að draga úr því, herra forseti, að kostnaðurinn er mikill. En ég er einnig þeirrar skoðunar að Íslendingar geti axlað hann enda séum við þar með þátttakendur í því að tryggja frjálsa för fólks um Schengen-svæðið.

Eins og fram hefur komið styður Samfylkingin aðild Íslands að Schengen-svæðinu. Hins vegar skal strax tekið fram að sú afstaða þýðir ekki að þar með hafi Samfylkingin kvittað undir innflytjendastefnu Evrópusambandsins, síður en svo, herra forseti. Hugmyndin um frjálsa för ríkisborgara um lönd Evrópusambandsins, Noreg og Ísland, endurspeglar sumt af því besta sem hugmyndin um bandalag Evrópuríkja byggist á. Afnám slíkra hindrana ýtir undir aukin samskipti á öllum sviðum samfélagsins og ferðalög og þar með vonandi undir gagnkvæman skilning og virðingu á milli manna og þjóða í álfunni. Að því leyti stuðlar Schengen að langþráðri opnun þar sem vegabréfsáritun verður óþörf í ferðalögum milli landa.

Mikilvægt er að það komi fram, herra forseti, að hér erum við að tala um vegabréfsáritanir. Í raun hefur þetta mál aldrei snúist um hvort menn séu með passann í vasanum eða ekki. Ég held að sá maður sé vandfundinn sem fer í ferðalag, hvað þá langferð, án þess að hafa skilríki upp á vasann. Ég hef a.m.k. ekki hitt þann mann.

Hins vegar, herra forseti, ber að gjalda varhuga við vaxandi áhuga ríkisstjórna ESB-landanna, þó svo það sé í mismiklum mæli, á því að vilja nota Schengen til þess að réttlæta strangari skilyrði um innflytjendur frá löndum utan Evrópusambandsins.

Fyrir nokkru var staddur hér á landi Grígorí Javlinskí, formaður Jabloko-flokksins í Rússlandi og fyrrverandi forsetaframbjóðandi þar í landi. Hann átti m.a. fund með fulltrúum í hv. utanrmn. En í viðtaldi við Javlinskí kom fram að jákvætt viðhorf Rússa og annarra þjóða í austurvegi vil ég ætla, í garð bæði Evrópusambandsins og NATO, mótaðist ekki síst af því hvort ferðafrelsi væri tryggt um álfuna. Aukið ferðafrelsi væri meðal þeirra þátta sem stuðluðu að aukinni þekkingu almennings á lýðræðislegum stjórnarháttum og starfsemi fjölmiðla í Vestur-Evrópu, svo dæmi sé nefnt og þar með mikilvægur þáttur í lýðræðisþróun í austurvegi.

Vert er að taka ummæli Javlinskís alvarlega. Ég er ein þeirra sem telja að það þjóni hagsmunum Evrópu allrar að tryggja frjálsa för fólks, ekki bara innan Schengen-svæðsins heldur einnig um álfuna alla eins og hún leggur sig.

Aukin harka í málefnum innflytjenda, jafnt löglegra sem ólöglegra, og einnig í móttöku þeirra sem beiðast hælist innan vébanda ESB, er mér áhyggjuefni, m.a. vegna þess að sú harka og sú stefna er ekki haldbær til framtíðar. Ekki aðeins elur hún á sundrungu og tortryggni á milli manna og þjóða, heldur skulum við ekki gleyma því, herra forseti, að án aðflutts vinnuafls fær Evrópa ekki þrifist. Hagsmunirnir eru því ekki bara á annan veginn í þessu máli.

Dyflinnarsamningurinn, sem hér er til umræðu, kveður á um málsmeðferð hælisbeiðenda á Schengen-svæðinu. Hér er í raun um skynsamlega nálgun við viðfangsefnið að ræða, þ.e. það liggi ljóst fyrir hvar eigi að taka slíka beiðni fyrir innan Schengen-svæðisins. Hins vegar hangir ýmislegt á þeirri spýtu sem var ekki augljóst við fyrstu skoðun. Fyrirvari minn og Samfylkingarinnar við Dyflinnarsamninginn er til kominn vegna þess að fullnægjandi lagaumhverfi er í raun ekki fyrir hendi hér á landi. Má segja sem svo, herra forseti, að lagasetningin sé í raun í öfugri röð.

Nú er til umfjöllunar í hv. allshn. umfangsmikið frv. um ný lög um útlendinga. Það er alveg ljóst, herra forseti, að það verður ekki afgreitt, þ.e. fái meiri hlutinn ráðið, fyrr en eftir afgreiðslu Dyflinnarsamningsins. Það þýðir í raun að grunninn vantar þó í gildi séu lög jafngömul þeirri sem hér stendur sem heita því óskemmtilega nafni Eftirlit með útlendingum.

Þegar málsmeðferðin er með þessum hætti, herra forseti, þá spyr ég mig hvort íslensk stjórnvöld ætli að bætast í hóp þeirra sem gætu hugsanlega notað Schengen-samninginn, bæði til að herða reglur um móttöku hælisleitenda eða nota Schengen-samninginn sem skálkaskjól til lítilla eða engra breytinga á móttöku hælisleitenda hér á landi eða gera þær reglur strangari hvað varðar komu útlendinga til landsins.

Að auki skal það nefnt eins og fram hefur komið í umræðunni að íslensk lög leyfa ekki fingrafaratöku í samræmi við efni Dyflinnarsamningsins. Það er alveg rétt að þessi fingrafarataka hælisbeiðenda er öxull samningsins. Þetta krefst mjög vandlegrar athugunar og hefði þetta mál farið í gegnum hið háa Alþingi með eðlilegum hraða hefði kannski gefist kostur til að skoða það nánar í hv. utanrmn. Hins vegar var ekki vilji til þess.

Menn hafa orðað það sem svo í umræðunni um Schengen að með Schengen-samningnum stæðu hv. þm. í raun frammi fyrir orðnum hlut. Þau orð lét m.a. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson falla í umræðunni um Schengen sl. vetur. Það má að nokkru til sanns vegar færa, herra forseti, en ég er einnig þeirrar skoðunar að Schengen sýni okkur svart á hvítu hver samningsstaða okkar gagnvart Evrópusambandinu er þegar stórmál sem þessi eru á ferðinni. Við skulum athuga að Amsterdam-sáttmálinn veldur því að Schengen gengur innan nokkurra ára að verulegum hluta yfir í hið yfirþjóðlega vald ESB. Í því ljósi er það óneitanlega umhugsunarefni að í dag getur enginn svarað, a.m.k. hef ég ekki fengið þeirri spurningu svarað með óyggjandi hætti innan hins íslenska stjórnkerfis hver staða okkar innan Schengen verði eftir árið 2004.

Herra forseti. Mig langar til þess að lokum að varpa fram þeirri spurningu hvort Schengen-samningurinn geti þegar á reynir og að því gefnu að vaxandi harka í málefnum innflytjenda í Evrópu framkallist í lagasetningu Evrópuríkjanna, reynst nágrönnum okkar í austri, í Austur-Evrópu, jafnmikill farartálmi og járntjaldið gamla, sem féll góðu heilli fyrir ellefu árum? Sú goðsögn lifir enn góðu lífi að austur-evrópskir innflytjendur, og raunar innflytjendur annars staðar frá líka, taki störf frá Vestur-Evrópubúum og séu stór hluti erlends vinnuafls innan ESB. Svo er ekki. Við skulum athuga það, herra forseti, að fólk sem er fætt og uppalið í Vestur-Evrópu hefur ekki efni á því að loka dyrunum á vinnufúsar hendur útlendinga. Þörfin fyrir erlent vinnuafl er fyrir hendi eins og Íslendingar vita manna best og það sama á við um ríki ESB.

Við þurfum að horfast í augu við þessa staðreynd. Þó svo að samningurinn fjalli í raun aðeins um hælisbeiðendur og við séum öll vitandi vits um það að stærstur hluti þeirra útlendinga sem setjast að innan hins væntanlega Schengen-samnings eru í raun ekki hælisbeiðendur þá er þetta nokkuð sem við þurfum að taka með í reikninginn. Það væri óskynsamlegt af ábyrgum stjórnmálamönnum að horfast ekki í augu við þá staðreynd og tryggja þar með frjálsa för fólks um álfuna öllum til hagsbóta.

Að lokum, herra forseti, skulum við hafa hugfast að með Schengen-samningnum gerumst við ekki aðeins útvörður samningssvæðisins eins og fram hefur komið í umræðunni heldur leggur sú þátttaka ríkar skyldur á herðar okkar að setja í landslög ákvæði sem tryggja í raun vernd og skjól hælisbeiðenda og réttláta málsmeðferð þeirra sem hingað kjósa að koma í leit að vinnu og e.t.v. lífshamingjunni. Það er einmitt vegna þess að þau tilteknu lög sem eru nú til umfjöllunar í allshn. eru í raun ekki afgreidd að Samfylkingin geri fyrirvara við þetta mál. Hins vegar verð ég að segja að ég treysti því að hv. allshn. vinni það mál þannig að lagt verði fram frv. eða við 2. umr. verði lagt fram frv. um lög um útlendinga sem tryggir í raun vernd og skjól útlendinga á Íslandi. Ég leyfi mér að ætla að um það sé þverpólitísk samstaða á hinu háa Alþingi að það sé vilji okkar allra að ganga þannig frá málum að sómi sé að, að lög um útlendinga uppfylli þá alþjóðasáttmála sem við höfum undirritað og fullgilt og þar orki ekkert tvímælis. Það sýnir auðvitað, herra forseti, að við þurfum að gera þó nokkrar breytingar við það frv. sem liggur fyrir frá hæstv. dómsmrh. en ekki stendur á Samfylkingunni í þeirri vinnu. Við munum leggja okkur fram um það að frv. verði sómasamlega úr garði gert þannig að réttur útlendinga á Íslandi sé í raun réttri tryggður.

Ég hef lokið máli mínu.

[17:29]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þm., síðasta ræðumanni, um tvennt og vil taka undir það. Það fyrra er að sannarlega væri ástæða til að fara betur yfir það hver staða Íslands verður nákvæmlega, stjórnskipulega, í þessu ferli að fjórum árum liðnum í síðasta lagi, þegar þessar stofnanir hafa verið innlimaðar formlega báðar, eða allar, í Evrópusambandið. Hitt er það að ég tek undir margt sem hv. þm. sagði um meðferð persónuupplýsinga í þessu og varðandi flóttamannapólitíkina. Ég held að ástæða sé til að hafa þar á fyrirvara. Ég vísa líka til þess sem ég sagði um þá gagnrýni sem þessi lending er að fá úr ýmsum áttum í þeim efnum.

Svo vil ég gera athugasemd við eitt atriði eða kannski fyrirvara um orðanotkun. Það var að hv. þm. sagði að ekki væri bæði hægt að sleppa og halda og annaðhvort væru menn með eða ekki með í frjálsri för á Schengen-svæðinu. Ég held að það sé dálítið varhugavert að nota þetta orðalag vegna þess að eitt af svonefndu fjórfrelsi á grundvelli ákvæða Rómarsamningsins eins og þau lágu fyrir þegar við gerðumst aðilar að EES-samningnum er frjáls för. Það er alveg ljóst að það eru algjörlega aðskilið mál hvað samningsskuldbindingar Íslands varðar. Ég held að það sé ljóst að við getum uppfyllt þau ákvæði án þess að vera aðilar að Schengen-samningnum, þ.e. þetta hefur engin áhrif á rétt allra borgara á Evrópska efnahagssvæðinu til að koma hingað og leita atvinnu og staðsetja sig hér í þessa sex mánuði eða hvað það nú er. Það held ég sé algerlega kristaltært að eru tvö algjörlega aðskilin mál. Þar er talað um frjálsa för þannig að ég held að það geti kannski pínulítið ruglað umræðuna að nota það orðalag aftur þegar kemur að spurningunni um persónueftirlit eða ekki persónueftirlit, um vegabréf eða ekki vegabréf, í tilviki þess að við séum eða séum ekki aðilar að Schengen.

[17:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er vissulega rétt ábending hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þó svo ég vilji ekki fara í einhverjar deilur um orðanotkun í þessu sambandi þá snýst þetta mál auðvitað um ferðafrelsi innan Schengen-svæðisins. Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því að hin svokallaða og svonefnda frjálsa för er hluti af fjórfrelsinu sem EES-samningurinn kveður á um. Ég held því að þetta sé kannski ekkert aðalatriði í málinu. Hins vegar vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að með því að vera þátttakendur í Schengen erum við auðvitað hluti af því stóra svæði þar sem ferðafrelsi ríkir og um það er ekki deilt, a.m.k. hef ég ekki heyrt það hingað til. Ég er einneginn þeirrar skoðunar að annaðhvort tökum við þátt í þessu starfi að fullu eða þá við gerum það ekki og þá hefði Ísland ekki verið hluti af Schengen-svæðinu.

[17:32]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að þetta er kannski ekki stærsta efnisatriði málsins. Ég held þó að ástæða sé til að reyna að hafa orðalag skýrt eins og kostur er í þessum efnum og passa sig á því að oftúlka ekki það sem er þrátt fyrir allt fólgið í aðild að Schengen-samstarfinu sem slíku, borið saman við það sem fyrir var eða er gagnvart öðrum. Það er algjörlega ljóst að fyrir eru þau ákvæði sem tryggja frjálsa för innan alls Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli staðfesturéttarins þar. Ég lít jafnframt svo á að ferðafrelsi ríki milli Íslands og Bandaríkjanna og að við höfum áfram landið opið fyrir ferðamönnum o.s.frv. og það gildi tilteknar reglur um stöðu þeirra hér, hversu lengi þeir mega dveljast, í hvaða erindagerðum þeir eru o.s.frv.

Herra forseti. Ég er að segja þetta til að menn fari ekki að rugla því saman við þetta mál, spurningu um einhverja einangrunarhyggju eða það að landið lokist af eða einangrist. Engin ástæða er til að draga spurninguna um þátttöku eða ekki þátttöku okkar í Schengen-samstarfinu sem felur í sér afnám persónueftirlits á landamærum og þátttöku í þessum upplýsingagrunni inn í umræður um það hvernig við stöndum að málum hvað varðar reglur um ferðamenn og að landið sé opið fyrir ferðalöngum, spurninguna um vegabréfaáritanir gagnvart öðrum löndum, þriðju löndum o.s.frv. Það eru algjörlega aðskilin mál og þar höfum við í okkar höndum að hafa hlutina eins og við kjósum og auðvitað eru hlutirnir smátt og smátt að opnast meira upp í þessum efnum, það er að fjölga þeim löndum sem ekki þurfa vegabréfáritun o.s.frv. Því held ég alveg aðskildu burt séð frá þessu. Nærtækast er auðvitað það að Bretar og Írar eru ekki aðilar að Schengen og heldur þó enginn því fram að þeir séu eitthvað að einangra sig með því.

[17:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon séum í raun alveg sammála um þetta mál. Þetta snýst auðvitað um vegabréfsáritanirnar. Eins og ég sagði í ræðu minni snýst þetta mál ekki um það hvort menn beri vegabréfið sitt á milli landa af því ég hygg að það geri allir sem á annað borð leggjast í ferðalög. Hins vegar er mjög mikilvægt að hafa í huga að auðvitað endurspeglast vilji ríkjanna í þessum áritunum, þ.e. hverjum skuli hleypa inn á svæðið eða inn í Schengen-löndin, frá löndum sem eru utan

svæðisins. Það er einmitt það sem ég vék að í ræðu minni um þær heimildir sem tryggja mættu aukið ferðafrelsi þeirra sem koma frá löndum utan Schengen-svæðisins, væntanlega til að koma hér inn og þar með vitna ég m.a. í Grígorí Javlinskí. Það höfum við alveg í hendi okkar. Það ákveðum við sjálf og það vitum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mjög vel. Þess vegna er langmikilvægast að við vinnum þannig úr þessu máli að alveg sé tryggt að engin lokun sé í gangi af Íslands hálfu heldur að hér sé tryggð réttlát og sanngjörn málsmeðferð, bæði hælisbeiðenda og líka það að við séum ekki að óþörfu að loka dyrunum á það fólk sem hingað kemur frá löndum utan Schengen-svæðisins til lengri eða skemmri tíma.

[17:36]

Útbýting þingskjala:

Gjaldþrot einstaklinga, 489. mál, fsp. JóhS, þskj. 775.

Hjólreiðamenn á Reykjanesbraut, 490. mál, fsp. KolH, þskj. 776.

Merkingar hjólreiðabrauta, 485. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 771.

Réttur unglinga til debetkorta, 493. mál, fsp. JóhS, þskj. 779.

Starfsgreinaráð, 491. mál, fsp. SvanJ, þskj. 777.

[17:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þegar hefur farið fram umræða um það að þessi tillaga er seint á ferðinni og er tiltölulega nýkomin inn í þingið og ljóst að nauðsynlegt var að þingið afgreiddi hana fyrir lok febrúarmánaðar. Ég vil fyrst og fremst undirstrika að það er óþægilegt að standa að þannig ferli, hvort sem það er í vinnubrögðum innan lands eða í alþjóðlegu samstarfi, að þjóðþingum sé á einhvern hátt stillt upp eins og menn hafa á tilfinningunni með þeim tímamörkum sem eru hér á ferðinni. Ég vil gagnrýna það og hvetja til þess að eins og unnt er sé reynt að hafa áhrif á að þingin fái ekki þá tilfinningu að hér sé nægilegt að renna málunum í gegn eins og um afgreiðslustofnun væri að ræða.

Þetta mál var tekið fyrir í utanrmn. á tveimur fundum. Ég var viðstödd fyrri fundinn en því miður fjarverandi seinni fundinn vegna trúnaðarstarfa erlendis. Hins vegar hefur þingmaður Samfylkingarinnar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, gert mjög vel grein fyrir fyrirvara Samfylkingarinnar í þessu máli. Mun það stytta mál mitt vegna þess að ekki er ástæða til að bæta miklu þar við heldur eru hér örfá atriði sem ég vil fyrst og fremst árétta í umræðunni.

Ég vil sérstaklega benda á það sem kom fram í framsögu Jóns Kristjánssonar fyrir nál. að meiri hlutinn í utanrmn., sem Samfylkingin stendur að, vekur í nál. athygli á nauðsyn þess að fram fari ítarleg skoðun á löggjöf sem varðar heimild til fingrafaratöku af hælisleitendum, einkum varðandi aldursmörk einstaklinga og varðveislu gagna. Þetta er mikilvægt vegna þess að umræða varð um þetta mál strax við fyrstu yfirferð málsins og þetta er full ástæða til að skoða.

Hins vegar vil ég fyrst og fremst í þessari umræðu benda á það sem ég tel grundvallaratriði í umræðunni í utanrmn. og það er að samningurinn sem við erum að gerast aðilar að eða að fullgilda setur aðildarlöndunum engar skorður varðandi stefnumörkun, svo fremi að réttindi hælisleitenda samkvæmt samningnum séu tryggð. Þetta þýðir einfaldlega að Ísland getur sett sér markmið í meðferð hælisleitenda sem hingað koma og berja að dyrjum í velferðarsamfélagi okkar og getur sett sér löggjöf og gert í raun og veru enn betur ef stjórnvöld kæra sig um en gerð er krafa um hér.

Það er ekki eins og þetta mál, hvernig við bregðumst við hælisleitendum sem koma að landamærum Íslands, sé fyrsta umræðan varðandi þau mál, þvert á móti. Í tvígang voru þessi mál tekin til mjög ítarlegrar umræðu, í nóvember og desember. Það var vegna þess að lögð voru fram tvö frv., annars vegar frv. með tilvísun í þennan samning og hins vegar frv. varðandi heildarlöggjöf um málefni útlendinga sem er enn þá til meðferðar í allshn. Í utanrmn. settum við í Samfylkingunni fram beiðni um að fá minnisblað þar sem farið yrði yfir það hvernig meðferð stjórnvalda hefur verið á hælisleitandi útlendingum sem hefur borið hér að garði.

Varðandi þá þáltill. sem hér er verið að afgreiða og þau frv. sem liggja fyrir þinginu, þ.e. að í gömlu lögunum var heimild fyrir lögreglu til að neita útlendingi um landgöngu ef lögreglu fannst framburður útlendingsins ekki sennilegur, þá finnst mér að það hefði átt að koma fram hvernig sú heimild hefur verið nýtt, hversu oft lögreglan hefur nýtt sér samkvæmt lögum réttinn til að neita útlendingi um landgöngu. Við vitum það að á liðnum árum hefur mjög borið á gagnrýni á það hvernig hefur verið komið fram við þá útlendinga sem hafa komið með þessum formerkjum til landsins. Hins vegar er alveg ljóst að það lagafrv. sem liggur nú fyrir þinginu og er til meðferðar í allshn. varðandi útlendinga afnemur þessa heimild lögreglu. Það er mjög ákvætt vegna þess að segja má að þetta sé andfélagslegt ákvæði.

Það er líka dregið fram að fullgilding Íslands að Dyflinnarsamningnum og þátttaka í Schengen-samstarfinu fela ekki í sér breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur gilt og nefnt er í minnisblaðinu. Þar er fyrst og fremst verið að nefna jákvæða þætti eins og þá að Rauði krossinn tekur að sér að sinna útlendingum og að lágmarksaðstoð er veitt og jafnvel framfærsla og aðstoð lögmanns ef menn vilja leggja mál sín fyrir dómsmrn. — en það hefur verið eitt af baráttumálum mannréttindasamtaka að þegar útlendinga ber að garði og eru hælisbeiðendur, sé þeim bæði boðin aðstoð lögmanna um leið og mál þeirra er tekið fyrir og aðstoð túlks o.s.frv. til að meðferð þeirra verði sem sanngjörnust og réttmætust — þannig að þau atriði sem bent er á séu jákvæð í meðferð Íslands á hælisleitendum. Tekið er fram að þessi fullgilding Íslands á samningnum felur ekki í sér breytingar á því fyrirkomulagi.

Einnig er vísað til þess að ný lög um útlendinga, ef þau verða samþykkt, fela í sér að réttarstaða hópsins verði skýrð og lagagrundvöllur undir alla afgreiðslu mála hælisleitenda verði treystur.

Þá hlýt ég að vekja athygli á því, herra forseti, að tvö frv. liggja fyrir þinginu. Annað er fyrst og fremst ein grein og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Nú ber svo við að á sama tíma og við erum að taka fyrir þessa fullgildingu á Dyflinnarsamningnum, sem á að auka rétt hælisbeiðenda, er jafnframt búið að afgreiða út úr allshn. þetta frv. með meirihlutaafgreiðslu fimm meirihlutamanna í nefndinni og þá er Alþingi í raun og veru með vilja meiri hlutans að ákveða að í lögum hjá okkur standi: „Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég vona að umræðan hér snúist ekki bara um málvitund heldur fyrst og fremst um pólitík. Það er dálítið undarlegt að bæði í grg. með þáltill. sem við erum hér að fjalla um og nefndaráliti sé lögð áhersla á að aðild okkar og fullgilding á Dyflinnarsamningnum sé í raun réttarbót fyrir þá útlendinga sem hingað leita. Mér finnst, herra forseti, frekar ósæmilegt að túlka þennan samning þannig að í stað þess að þess sé gætt að útlendingar séu ekki hraktir á milli landa í leit að hæli sé það eitt tryggt að ákveðið land taki mál hans örugglega fyrir, að túlkunin á því mikilvæga ákvæði sé fest þannig í lög hér að útlendingur eigi ekki rétt ef krefja megi annað ríki o.s.frv.

Mér finnst þetta mikið umhugsunarefni. Mér finnst þetta vont innlegg í þá umræðu sem fer fram hér í dag. Hins vegar ætla ég ekki að fara í þá umræðu hér og nú. Mér skilst að þetta frv. sem hefur verið afgreitt út úr allshn. verði tekið fyrir 1. mars. Þá skulum við bara ræða það. Ég hef borið þá von í brjósti að um leið og við afgreiðum heildarlöggjöf um útlendinga þá séum við með jákvæðum hætti að taka á öllu því sem lýtur að meðferð útlendinga hér á landi, hvort sem það eru hælisbeiðandi útlendingar, erlent vinnuafl, fólk sem kemur hingað og kýs að búa með okkur og við tökum opnum örmum, eða þeir sem menn eru kannski að spyrna fótum gegn. Í öllum tilfellum vil ég að við höfum mannréttindi í fyrirrúmi og tökum á málum þessa fólks þannig að sæmandi sé og berum virðingu fyrir stöðu þess.

Í nál. meiri hlutans segir um þessa einu málsgrein í frv., um að útlendingur eigi engan rétt á hæli hér ef það megi krefja annað ríki um slíkt o.s.frv., segir, með leyfi forseta:

„Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma reglur um hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna. Er samningnum ætlað að bæta réttarstöðu þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu með því að tryggja að umsóknir þeirra hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna en verði ekki vísað milli aðildarríkjanna án þess að nokkurt þeirra telji sig bera ábyrgð á meðferð umsóknanna."

Það er auðvitað mjög gott að flóttamenn hrekist ekki frá einum landamærum til annarra. Ég verð hins vegar að segja að frá því þetta blessaða frv. leit dagsins ljós hér á Alþingi hefur mér ekki fundist þetta mannsæmandi orðalag í lögum hjá okkur miðað við hversu stórt við tökum upp í okkur þegar við mælum fyrir aðild okkar að alþjóðasamningum, þegar við undirgöngumst mannréttindasamninga o.s.frv. Þá er annað hljóð í strokknum.

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst draga þetta atriði inn í umræðuna hér og benda á að stundum rekst hvað á annars horn í málum stjórnarmeirihlutans. Að öðru leyti vísa ég til þess sem fram hefur komið í máli Þórunnar Sveinbjarnardóttur, hins fulltrúa Samfylkingarinnar í utanrmn., og tek undir hvert einasta orð sem fram kom í framsögu hennar.

[17:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. sem lýtur að framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamnings. Hann snýst fyrst og fremst um hvernig farið skuli með beiðni flóttamanna eða hælisbeiðenda á því svæði sem samningurinn tekur til. Hann er nátengdur öðrum samningi sem Íslendingar hafa undirgengist, illu heilli leyfi ég mér að segja, Schengen-samkomulaginu um sameiginlega landamæravörslu allflestra aðildarríkja Evrópusambandsins. Allflestra segi ég, Bretland og Írland standa þar utan.

Í máli eins hv. þm. sem ræddi þessa þáltill. kom fram að það gerðist nú sem oftar að við stæðum frammi fyrir orðnum hlut. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla því að þessu sé þannig farið. Ég tel að okkur sé í sjálfsvald sett hvað við gerum, bæði varðandi þennan Dyflinnarsamning og Schengen-samkomulagið einnig. Niðurstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er sú að það beri að vísa þessari þáltill. frá, vísa henni til ríkisstjórnarinnar en jafnframt verði ríkisstjórninni falið að tilkynna að Ísland kjósi að fresta aðild sinni að Schengen-samstarfinu um óákveðinn tíma og ætli að endurmeta aðkomu sína og þátttöku í þessum málum í heild sinni.

Við umræðuna hefur talsvert verið fjallað um þennan pakka í heild sinni, þá vísa ég til Schengen-samkomulagsins. Hv. þm. Jón Kristjánsson, varaformaður utanrmn. sagði, ef ég heyrði rétt, að þetta hefði ekkert með aðild að Evrópusambandinu að gera. Annað er nú að skilja á grg. sem fylgt hafa þessum frv. og þáltill. sem Schengen-aðild okkar, aðkoma okkar að því máli, er reist á. Þannig segir t.d. í grg. sem fylgdi þáltill. um Schengen á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Schengensamstarfið er þannig liður í því að ná verði áformum þeim sem keppt er að með hinum innri markaði ESB í samræmi við 7. gr. A í Rómarsamningnum" — en á honum er Evrópusambandið reist eins og kunnugt er.

Í umræðu um Schengen-málin á sínum tíma, lýsti hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. því yfir, þegar hann var spurður um fjárhagslegar hliðar þessa máls, að þessi ákvörðun væri fyrst og fremst pólitísks eðlis, hún væri fyrst og fremst pólitísks eðlis og fjallaði um hvar Ísland vildi standa í alþjóðlegri samvinnu, þ.e. með Evrópusambandsríkjunum. Sá tónn hefur verið mjög uppi hjá ýmsum forustumönnum Framsfl. í seinni tíð, ekki síst hjá hæstv. utanrrh.

Nú er alltaf að koma betur og betur í ljós hve haldlítil þau rök voru sem sett voru fram þegar Alþingi hafði Schengen-samkomulagið til umfjöllunar. Því var t.d. haldið mjög á loft að þetta væri ekki síst til að vernda hið norræna vegabréfasamstarf, nokkuð sem Íslendingum var almennt umhugað, held ég. Norrænt vegabréfasamband er náttúrlega ólíkt Schengen-samkomulaginu að því leyti að það byggir á samkomulagi milli ríkja en er ekki háð yfirþjóðlegum stofnunum eins og þessir samningar. Schengen lýtur þegar stofnanaveldi Evrópusambandsins og Dyflinnarsamkomulagið mun einnig fara þá leið og lúta yfirþjóðlegu valdi Evrópusambandsins eftir fáein ár, fjögur ár ef ég man rétt.

Á sínum tíma var mikið rætt um að með Schengen-samkomulaginu mundu Íslendingar eiga auðveldari og greiðari og greiðari leið að flughöfnum í Evrópu, sú umferð yrði nánast hluti af innanlandstraffík og mundi auðvelda íslenskum flugfélögum að fá stæði fyrir flugvélar sínar. Þetta var tíundað hér í umræðunni á sínum tíma en þá gleymdist náttúrlega að með þessum breytingum hvorki fækkar né fjölgar flugvélunum og hvorki fækkar né fjölgar stæðunum. Þar verða væntanlega sömu þrengslin en það sem upp úr stóð var hagræðið sem ferðamenn áttu að hafa af þessu. Mér er minnisstætt að ég hlýddi á háttstemmd ræðuhöld hæstv. viðskrh. Valgerðar Sverrisdóttur sem lét á sér skiljast að hún mundi finna til mikillar frelsistilfinningar þegar hún ferðaðist um evrópskar flughafnir þegar hún þyrfti ekki að sýna passa neins staðar. Ég held að ég sé ekki einn á báti um að

þurfa yfirleitt að bíða lengur eftir farangrinum mínum en í passaskoðun.

Nú kemur hins vegar hið merkilega í ljós, að það mun alls ekki draga úr eftirliti með samborgurunum við þessar breytingar, heldur mun það færast til. Það mun færast frá eftirliti í flughöfnum og höfnum út á göturnar, öllum verður að líkindum gert að bera persónuskilríki á sér og síðan mun löggæslan hafa eftirlitlit með borgurunum. Þetta eftirlit hefur hins vegar ýmsa ókosti í för með sér fyrir okkur. Þannig er það samdóma álit þeirra sem sinna fíkniefnaeftirliti, alla vega var það svo þegar Schengen-samkomulagið var hér til umræðu, að oft væri hægt að hafa upp á smyglurum og glæpamönnum þegar saman færi passaeftirlitið, skilríkjaeftirlitið og tollskoðun. Nú er það úr sögunni. Það má að vísu tollskoða en passaskoðunin er að sjálfsögðu úr sögunni þegar menn koma frá Evrópu. Öðru gildir um þá sem eru að koma frá Vesturheimi, frá Kanada eða Bandaríkjunum. Þeir þurfa að fara í gegnum nálarauga Schengen og þá landamæravörslu munu Íslendingar annast.

Mér finnst sannast sagna ábyrgðarhluti af hve mikilli léttúð ríkisstjórnin og talsmenn hennar hafa talað um fjárhagslegar hliðar þessa máls. Hæstv. utanrrh. sagði á sínum tíma þegar málið var til umræðu hér í þinginu að peningahliðin væri ekki aðalatriðið málsins, þetta væri fyrst og fremst pólitískt mál sem snerist um hvar við vildum standa í samfélagi þjóðanna. En hvað er nú að koma á daginn varðandi peningahlið málsins? Það hefur verið upplýst af hálfu hæstv. dómsmrh. að í bókhaldi dómsmrn. — við skulum ekki gleyma því að þetta kemur til kasta fleiri ráðuneyta en dómsmrn. þó þyngsti bagginn sé að sjálfsögðu þar — hafi á árunum 1997–1999 verið bókfærðar 130 millj. kr. Á síðasta ári, árinu 2000, hefðu verið bókfærðar 200 millj. kr. Áður en þetta ár er á enda runnið gera menn ráð fyrir að bókfærðar hafi verið 135 millj. kr. Við erum hér komin upp í tæpan hálfan milljarð, 465 millj. kr. tilkostnað þegar vegna undirbúnings að Schengen-aðild.

En hér er ekki öll sagan sögð vegna þess að fjárfrekasta framkvæmdin er að sjálfsögðu sú sem fer nú fram við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Menn ætla að tilkostnaður við stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar komi til með að nema 4 milljörðum kr.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir fyrir fáeinum dögum að ætla mætti að tilkostnaðurinn vegna Schengen-hluta þessara framkvæmda væri u.þ.b. 700 millj. kr., tók það þó fram að endanlegar tölur lægju ekki fyrir enda augljóst mál að ekki er búið að gera málin upp.

En nú leyfi ég mér að spyrja: Eru menn að leggjast í einhverjar bókhaldsbrellur til að halda bókfærðum kostnaði eins lágum og unnt er til að dylja hver óráðsía er hér á ferðinni og hver afglöp það voru að gerast aðilar að Schengen-samkomulaginu?

Hvers vegna segi ég þetta? Jú, ég segi þetta m.a. vegna orða fyrrverandi forstjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Ómars Kristjánssonar, sem átti sæti í byggingarnefnd, og hann vísar einnig í aðra aðila sem sátu þar með honum þegar hann segir að ástæða sé til að ætla að tilkostnaðurinn vegna Schengen-hlutans séu 3 milljarðar. Ekki 700 millj., heldur 3 milljarðar.

Við hefðum einfaldlega ekki þurft að ráðast í svo miklar framkvæmdir sem raun ber vitni ef Schengen hefði ekki komið til. Reyndar má segja að þetta liggi í hlutarins eðli, að þetta liggi í augum uppi. Það þarf að búa til tvöfalt kerfi til að taka annars vegar á móti umferð frá Evrópu og hins vegar frá Vesturheimi. Það er tvöfalt kerfi. Tvöföld þjónusta. Hver verslun sem er á svæðinu þarf, ef hún ætlar að halda sínum hlut, að vera tvískipt. Að ógleymdri passaskoðuninni að sjálfsögðu, en þar þarf að ráða 40–50 menn til viðbótar til að sinna því hlutverki enda ekki að undra.

Flugleiðir, svo dæmi sé tekið, sem annast flug, ekki bara til Íslands, heldur fer hér fram tengiflug á milli Bandaríkjanna og Evrópu, þarf að ræsa alla farþega sína út, ekki bara til að anda að sér hreinu lofti eða versla, heldur til að fara í gegnum passaskoðun Schengen-hliðsins vegna þess að um leið og flugvélin lendir í Keflavík er hún komin til Evrópu í þeim skilningi að hún er komin inn fyrir landamæri Schengen-kerfisins og þá þurfa Íslendingar að annast þessa landamæravörslu fyrir Evrópusambandið. Ég spyr: Hvert í ósköpunum er hagræðið af þessu? Menn kunna að ímynda sér að ég hafi verið að grínast þegar ég var að nefna þessar röksemdir um það að hæstv. ráðherrar þurfi ekki að bíða í biðröðum í flughöfnum. Þetta er ekkert grín. Þetta voru rökin sem færð voru fram fyrir því að við létum milljarða af hendi til að búa til tvöfalt kerfi í Keflavík og öllum þeim flughöfnum sem koma til með að annast millilandaflug. Þar þarf þetta tvöfalda kerfi að vera til staðar.

Röksemdirnar voru annars vegar þessar: Að íslenskir ráðherrar gætu gengið frjálsir um evrópskar flughafnir og þyrftu ekki að standa í biðröð, gleymdu því náttúrlega að þeir þyrftu að bíða eftir farangrinum sínum. Þetta var ein röksemdin. Önnur var sú að við varðveittum norræna vegabréfasambandið. Nú er að koma í ljós að það er bara eins og hvert annað rugl, það þurfa allir að hafa passa upp á vasann. Síðan stendur náttúrlega eftir hin pólitíska hlið og það er rangt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að þetta hafi ekkert með Evrópusambandið að gera. Það stendur hér skýrum stöfum. Skráð er í þessi gögn að þetta sé gert til að ná þeim markmiðum sem sett voru í Rómarsáttmálann um innri markað ESB. Það stendur skýrum stöfum í greinargerðinni með Schengen-samkomulaginu.

Menn gera sér grein fyrir því af hverju við erum að flýta okkur að keyra þetta í gegnum þingið. Það er forsenda þess að Schengen geti a.m.k. á pappírnum komið til framkvæmda 25. mars. Það er ástæðan.

Það er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin, sem er ósýnileg hér í salnum, setur það í sérstakan forgang að keyra þetta mál í gegn. Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln. og fulltrúa meiri hluta í ríkisstjórn, sem tímdi ekki að greiða öryrkjum uppbætur, sem nema á ári fáeinum tugum milljóna, hvernig ríkisstjórnin réttlætir að ráðast í þessa fráleitu framkvæmd sem kostar þjóðarbúið um milljarða í stofnkostnað og mörg hundruð millj. í rekstrarkostnað á ári hverju án þess að af því sé nokkurt sýnilegt hagræði. Það eina sem virðist mæla með þessu er að þjóna undir pólitíska hugsjónabaráttu formanns Framsfl. og annarra skoðanabræðra og -systra hans. Að sjálfsögðu tengist þetta Evrópusambandinu. Að sjálfsögðu gerir það það og menn eiga að viðurkenna það alveg heiðarlega. Eða var hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., að tala sér þvert um hug þegar hann segir þetta snúist fyrst og fremst um pólitík? Hvar Íslendingar vilja vera í samfélagi þjóðanna. Það var það sem hann sagði.

Varðandi Dyflinnarsamkomulagið og þann þátt þess sem hér hefur einkum verið til umræðu, hvernig skuli fara með beiðni hælisleitanda inn á Schengen-svæðið þá hefur verið

sagt að þetta sé í bland til að styrkja réttarstöðu hælisleitandans. Það er rétt að því leyti að með þessu samkomulagi er séð til þess að hann fær mál sín könnuð á tilteknum stað í tilteknu landi, því landi þar sem hann kemur fyrst inn á þetta svæði sem samningurinn tekur til. Það er alveg rétt.

En þetta samkomulag fjallar ekki fyrst og fremst, og reyndar alls ekki, um réttindi hælisleitenda eða flóttamanna, heldur fjallar það um rétt ríkja til þess að vísa fólki frá sínum dyrum. Það er fyrst og fremst um þann þátt sem þetta samkomulag fjallar. Eða hvernig í ósköpunum skyldi standa á því að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur uppi varnaðarorð og ekki ómerkari stofnun en Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur gagnrýnt ýmis ákvæði í Dyflinnarsamningnum og varað við því að þjóðir undirgangist þau. Ég spyr: Er ekki ástæða til í ljósi þessara varnaðarorða að taka þessi mál öll saman heildstætt til frekari skoðunar og frekari athugunar?

Bent hefur verið á það, m.a. af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hvernig við erum að sogast inn í gagnagrunna og upplýsingakerfi sem standast ekki kröfur þeirra aðila sem ég vísaði í. Ætlunin er að taka fingraför af öllum hælisleitendum sem koma til þessara landa niður í 14 ára aldur, geyma þau þar í áratug, alveg óháð því hvort einstaklingurinn hafi eitthvað til saka unnið, en þar skal þetta geymt, náttúrlega að ógleymdum Schengen-grunninum, sem er að mínum dómi að mörgu leyti varhugaverður. Í Schengen-grunninn, í SIS-kerfið, verða einstaklingar skráðir sem eru að mati lögregluyfirvalda taldir varasamir.

Þótt ég vilji ekki gera lítið úr því að það geti verið gott og gagnlegt og mikilvægt, og ég styð það, að lögregluyfirvöld hafi samvinnu sín í milli til að hafa upp á glæpamönnum og misindismönnum, þá er hin hliðin á því máli sú sem lýtur að persónuvernd og mannréttindum, réttindum einstaklinganna. Ég hef stundum tekið það sem dæmi að ráðstefnuhaldarar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Seattle á sínum tíma kynnu að skilgreina hinn varasama einstakling á annan veg en t.d. ég mundi gera. Einstaklingur sem hefur í frammi mótmæli gegn Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, truflar fundi þessara stofnana, er að sjálfsögðu eða mjög líklega skilgreindur varasamur af þeim sem þarna stóðu fyrir skipulagningu.

Hins vegar fagna ég því að þessi mótmæli skuli hafa vakið heiminn til vitundar, nánast til meðvitundar um þá stefnu sem þessar stofnanir hafa fylgt gagnvart fátækustu ríkjum heimsins. Ég held þetta hafi verið til góðs. En einstaklingur sem hefði í frammi mótmæli af þessu tagi, kynni að verða skráður í slíkan grunn, eða hvað? Það er á valdi lögregluyfirvalda í hverju ríki fyrir sig að skrá einstaklinga í þennan grunn. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum tryggja þá á móti að Persónuvernd eða samsvarandi stofnun eða samsvarandi aðilar gætu haft bein áhrif á það í þá átt að slíkur einstaklingur væri tekinn út úr grunninum. En því var ekki að heilsa að neinn vildi hlusta á þær röksemdir aðrir en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og því fór sem fór. Einstaklingar geta komist hugsanlega út úr grunninum með aðstoð dómstóla en þeir verða að fara þá leiðina. Hér eiga menn því að stíga mjög varlega til jarðar.

Ég hefði kosið að við hefðum í fyrsta lagi farið sömu leið og Bretar og Írar gagnvart Schengen-samkomulaginu og staðið þar fyrir utan og ítreka þá tillögu sem hér er sett fram í niðurstöðu minni hluta utanrmn. og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði grein fyrir í máli sínu, að eðlilegt er að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, en jafnframt verði henni falið að tilkynna að Ísland kjósi að fresta aðild sinni að Schengen-samstarfinu um óákveðinn tíma og hyggist endurmeta aðkomu sína og þátttöku í þessum málum í heild sinni.

[18:14]

Útbýting þingskjala:

Íslenskir aðalverktakar hf., 492. mál, fsp. GE, þskj. 778.

Póststöðvar Íslandspósts, 488. mál, fsp. MF, þskj. 774.

Stöðugildi lögreglumanna í sveitarfélögum, 475. mál, fsp. HjÁ, þskj. 757.

[18:15]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði í ræðu hv. 13. þm. Reykv. sem ég vil koma inn á. Hið fyrra er að Schengensamkomulagið sé þáttur í að ná markmiðum innri markaðarins í samræmi við Rómarsáttmálann. Þetta breytir engu um fyrri yfirlýsingar mínar um að ég tel þetta ekki koma aðild okkar að Evrópusambandinu við vegna þess að innri markaður Evrópusambandsins er ekki nýr fyrir okkur. Við erum aðilar að honum að undanteknum afmörkuðum sviðum sem eru okkur það mikilvæg að við höfum ekki treyst okkur til að gerast aðilar að Evrópusambandinu þeirra vegna. Það er umræða sem er kunn og ég ætla ekki að taka hér.

Í öðru lagi varðandi kostnaðinn þá finnst mér hv. þm. skauta dálítið léttilega yfir hann. Hann talar um sóun í þessu sambandi, óráðsíu og blandar þessu saman við öryrkjaumræðuna. Ég ætla ekki að fara í þá umræðu. Ef það er hins vegar óráðsía að efla löggæslu, ef það er óráðsía að efla tollgæslu, ef það er óráðsía að byggja flugstöð sem er sprungin og það þarf að bæta þar við vegna þess að umferðin um flugstöðina hefur margfaldast, þá veit ég ekki hvað óráðsía er. Mér finnst þessi samanburður allur meira og minna út í hött en get auðvitað tekið nánari umræðu um það við tækifæri.

[18:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var fyrst og fremst að vísa og vitna í yfirlýsingar hæstv. utanrrh. á sínum tíma varðandi Evrópusambandið. Hann sagði að ákvörðunin um Schengen-aðildina væri fyrst og fremst pólitísks eðlis og fjallaði um það hvar við vildum standa í samfélagi þjóða, hvaða þjóðir við teldum að við mundum hafa mest samskipti við í náinni framtíð. Þetta sagði hann þegar hann var inntur eftir röksemdum ríkisstjórnarinnar varðandi fjárhagshlið þessa máls og hvernig hún gæti varið það að verja milljörðum króna í stofnkostnað og mörg hundruð milljónum á ári hverju í rekstrarkostnað á kerfi sem færir okkur engar sýnilegar hagsbætur.

Hv. þm. og formaður fjárln. þingsins segir að ég skauti léttilega yfir fjárhagslegar stærðir. Ég geri það ekki. Ég var að vísa í orð hæstv. dómsmrh. sem sagði fyrr í vikunni að búið yrði að bókfæra í lok þessa árs 465 millj. kr. hjá því ráðuneyti einu og síðan væru 700 millj. sem færu í stofnkostnað við stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég gagnrýndi þá tölu og vísaði í orð byggingarnefndarmanns við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem telur þessa upphæð allt of lága. Hann nefndi 3 milljarða. Ég er að vísa í rök og ég er að vísa í upplýsingar sem frá stjórnvöldum eru komnar. Ég segi við hv. þm. Jón Kristjánsson að mér finnst hann, að ekki sé á það minnst að hann er formaður fjárln., skauta mjög léttilega yfir þessar fjárhagsstærðir.

[18:19]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði sjálfur í ræðunni áðan að hæstv. dómsmrh. hefði farið með þessar tölur með fyrirvara. Talan 3 milljarðar af 4 sem nefnd var vegna Schengen, það sjá náttúrlega allir að sú tala er út í hött. En ég endurtek að ég er ekki að rengja tölur sem hann fór með um 465 millj. Hann sundurliðaði það áðan. Hins vegar felst það í eftirlitinu sem þarna er verið að taka upp og efla, aðild að því kerfi og meginrökin fyrir aðild að Schengen eru þau að við erum að gerast aðilar að kerfi sem Evrópuþjóðirnar eru að taka upp og við mátum það þannig að það væri skynsamlegra fyrir okkur að eiga þar samleið en að standa fyrir utan. Það eru meginrökin. En hvort við þurfum að draga upp vegabréfið okkar í erlendum flughöfnum er að mínum dómi aukaatriði í þessu máli. Við þurfum að hafa persónuskilríki á okkur og vera tilbúin að grípa til þeirra þegar við erum spurð eftir þeim á erlendri grund. Við förum ekki í ferðalög án þess að hafa þau með og munum ekki gera það eftir Schengen frekar en áður.

Aðalatriðið að mínum dómi er að við erum að gerast aðilar að samstarfi þessara þjóða á þessu ákveðna sviði. Það gerum við af því að við teljum það vera hagkvæmara en að standa fyrir utan. Það hefur ekkert með aðild að Evrópusambandinu að gera eða hvort við þurfum að draga upp vegabréf í erlendum flughöfnum.

[18:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur svolítið á því að fá upplýsingar um hvað er hagkvæmara við þetta kerfi. Vegabréfaeftirlitið hefur ekkert með það að gera, segir hv. þm. Jón Kristjánsson núna. Það var öðru nær þegar menn voru að ræða þetta í mars á síðasta ári. Ég var að vísa í ummæli hæstv. ráðherra og samflokksmanna hv. þm. í því efni.

Hvað eftirlitið varðar þá er ekki verið að efla það. Það er verið að veikja það en færa þetta eftirlit til og inn í samfélagið með ýmsum að því er ég óttast varasömum afleiðingum.

En varðandi kostnaðarhliðina þá er það svo að byggja þarf tvöfalt kerfi í Keflavík til þess að taka á móti ferðamönnum. Þegar þetta var til umræðu á sínum tíma, þá óttuðust Flugleiðir eða talsmenn Flugleiða að þetta mundi tefja tengiflugið vegna þess að ræsa þarf alla út úr flugvélunum til að setja þá í passaskoðun í Keflavík og þá var fyrirtækinu lofað að reynt yrði að hafa mjög hraðvirkt kerfi með fjölmennu starfsliði og miklum tækjabúnaði til þess að ekki yrðu miklar tafir á flugi, reynt yrði að mæta Flugleiðum á þennan hátt. En auðvitað kostar þetta allt saman mjög mikla peninga. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum vildu Íslendingar ekki einfaldlega varðveita þá stöðu sem þeir hafa sem ríki á mótum tveggja heima, Vesturheims og gamla heimsins? Það hefði verið hagkvæmara fyrir okkur, ódýrara, en að vísu hefði hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. ekki átt eins greiða leið í gegnum passaskoðun til Brussel.

[18:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur tínt ýmislegt til gegn Schengen-samstarfinu og stækkun Leifsstöðvar í framhaldi af því og það er að mér heyrist, herra forseti, skoðun hans að þetta sé allt landi og þjóð til bölvunar og kostnaðurinn svo mikill að hann réttlæti ekki slíka aðgerð.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þessi rök út af fyrir sig segja mér ekki neitt um það í grundvallaratriðum hvað hv. þm. vill. Ég velti því nefnilega fyrir mér eftir að ég heyrði ræðu hv. þm. hvort hann vilji í rauninni ekki að við séum í Evrópska efnahagssvæðinu. Mér finnst það í rauninni felast í þessu.

Við vitum ósköp vel að Evrópska efnahagssvæðið er í gegnum hálfopnar dyr Evrópusambandsins og tenging okkar þangað inn er afskaplega mikilvæg þjóðinni. Ég held að flestallir séu sammála því. Til þess að styrkja þau tengsl og a.m.k. veikja þau ekki hafa menn talið nauðsynlegt að viðhalda eins nánum samskiptum við Evrópusambandið og kostur er og þar á meðal var aðild okkar að Schengen hluti af því kerfi. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, og langar að spyrja hv. þm. að því hvort hann sé í rauninni að meina það að við eigum að ganga úr Evrópska efnahagssvæðinu og verða algjörlega sjálfstæð hér á milli tveggja heima sem við ættum þá kannski frekar, eftir því sem mér heyrist, að geta nýtt okkur þá kosti sem felast í því að vera á milli þessara tveggja blokka.

[18:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að Íslendingar eigi að íhuga þann kost að þróa EES-samninginn í átt til tvíhliða samkomulags. Það er sú leið sem við höfum talið að ætti að fara.

Ég hef aldrei séð þessa miklu kosti við EES-samninginn og sé margt af hinu illa við hann. Það er hins vegar önnur aðgerð að segja þeim samningi upp núna. Það er eitt að gera það. Það er mjög stór ákvörðun að gera það. Ég teldi réttara að reyna að þróa hann í átt til tvíhliða samkomulags.

Ég vil aðeins spyrja hv. þm. Kristján Pálsson sem vakti máls á fjárhagslegum hliðum þessa máls hvernig hann fer að því að réttlæta það fyrir sjálfum sér að Íslendingar verji milljörðum króna í stofnkostnað að þessu Schengenfyrirkomulagi, milljörðum króna og mörg hundruð milljónum króna árlega til að reka kerfi sem í mínum augum a.m.k. hefur ekki sýnilega kosti aðra en pólitíska kosti sem hæstv. utanrrh. hefur tíundað. Ég virði þau sjónarmið. Ég virði sjónarmið Evrópusinna og Evrópusambandssinna þótt ég sé þeim ekki sammála sjálfur. En hvernig fer hv. þm. að því að réttlæta fyrir sjálfum sér að verja þessum peningum í samstarf sem ekki skilar Íslendingum neinum sýnilegum ávinningi öðrum en þeim að ráðherrar geti gengið með frelsistilfinningu um evrópskar flughafnir?

[18:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru frekar billegir útúrsnúningar að vera að tengja ráðherrann við einhverja vegabréfaskoðun og í sjálfu sér engin umræða.

Ég á auðvelt með að réttlæta þennan kostnað fyrir sjálfum mér, hv. þm., því að ég lít svo á að Evrópska efnahagssvæðið og aðild okkar að þeim samningi sé okkur mjög mikilvæg og það kostar peninga að viðhalda þeim samningi og tengja okkur en vegna stöðu okkar í þessum heimshluta þurfum við að leggja út í ákveðinn fórnarkostnað. Schengen er ákveðinn fórnarkostnaður til þess að styrkja Evrópska efnahagssvæðið og þann samning sem við höfum gert þess vegna.

Ég sé að sjálfsögðu að það er ákveðið óhagræði í flugstöðinni sem skapast við þetta vegna þess að þarna er tvöfalt kerfi. Það er alveg hárrétt og það vissu allir. Einnig er vanda-

mál út af verslunum. En eins og komið hefur fram þurfti reyndar að stækka Leifsstöð fyrst og fremst vegna þess að hún var orðin of lítil.

Evrópusambandið hefur farið út í samstarf milli þjóða Evrópu og með því að gera okkur að landamærastöð erum við náttúrlega eins tengdir Evrópusambandinu og við getum án þess að vera hluti Evrópusambandsins. Þannig lítur þetta a.m.k. út fyrir mér og ég segi: Með því getum við verið utan Evrópusambandsins um ókomna tíð ef svona fer fram því að ég lít svo á að við eigum ekki að tengjast Evrópu meira en orðið er. En ég segi ekki að ekkert geti breyst í framtíðinni því auðvitað eru þessir samningar að breytast öllum stundum en ég held að þetta hafi verið farsælt skref. Schengen-samstarfið á að veita okkur ýmsa kosti svo sem hér hefur komið fram, t.d. varðandi eftirlit með óæskilegu fólki og innflutningi eiturlyfja o.fl.

[18:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðustu orð hv. þm. þá er ekki rétt að það verði auðveldara að fylgjast með eiturlyfjasmygli. Þvert á móti dregur úr möguleikum okkar til að gera það.

Enginn deilir um að nauðsynlegt hafi verið að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það þurfti að gera það en tilkostnaðurinn við að stækka hana vegna Schengen-aðildar nemur hins vegar milljörðum kr.

Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að koma til dyranna hreint og heiðarlega. Hann talar tæpitungulaust um þessi mál og segir að þetta sé fórnarkostnaður, þetta sé fórn sem nauðsynlegt hafi verið að færa. Það hafi verið nauðsynlegt fyrir okkur að gerast landamærastöð fyrir Evrópusambandið og það hafi í för með sér fórnarkostnað. Staðreyndin er hins vegar sú að það á ekki einu sinni við um öll aðildarríki Evrópusambandsins að þau séu tilbúin að færa þann fórnarkostnað sem hv. þm. Kristján Pálsson kallar réttilega Schengen-samkomulagið.

Írar og Bretar eru þjóðir sem standa innan Evrópusambandsins. Báðar þessar þjóðir, sem eru eyríki eins og við, hafa hafnað því að gerast aðilar að Schengen-samkomulaginu. Þær þjóðir voru því ekki reiðubúnar að færa þær fórnir, að ráðast í þann óheyrilega fórnarkostnað sem ríkisstjórn Íslands hefur gert með aðild sinni að Schengen-samkomulaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:32]

Útbýting þingskjala:

Hjálmanotkun hestamanna, 430. mál, frv. ÁSJ o.fl., þskj. 693.

Meðferð opinberra mál, 486. mál, frv. LB o.fl., þskj. 772.

Nýgengi krabbameins á Suðurlandi, 496. mál, fsp. DrH, þskj. 782.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, 497. mál, fsp. DrH, þskj. 783.

Kristnihátíðarsjóður, 1. umr.

Frv. SAÞ o.fl., 376. mál. — Þskj. 595.

[18:33]

Flm. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Kristnihátíðarsjóð en flm. ásamt mér eru Rannveig Guðmundsdóttir, Samfylkingunni, Kristinn H. Gunnarsson, Framsfl., Ögmundur Jónasson, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum.

Á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum 2. júlí sl. var samþykkt eftirfarandi þingsályktun sem flutt var af formönnum þingflokka, þeim sömu og flytja þetta frumvarp:

„Alþingi ályktar, í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi, að stofna sjóð, Kristnihátíðarsjóð, er njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 100 millj. kr. á ári, og hafi að markmiði:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;

b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Alþingi kjósi sjóðnum stjórnarnefnd.

Stjórnarnefndin eigi samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins, skipti fé hans milli meginverkefna, skipi verkefnisstjórnir, hvora á sínu sviði, og staðfesti áætlanir þeirra."

Frumvarp þetta er flutt til að festa í lög ályktun Alþingis, svo og til að setja sjóðnum stjórn og skipulag. Gerð er tillaga um að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir forsætisráðuneytið og er ráðgert að stjórn sjóðsins geti ráðið starfsmann, e.t.v. í hlutastarf, til að annast daglega umsýslu, skjalavörslu og önnur störf sem stjórnin ákveður.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. ár hvert samkvæmt sérstökum fjárlagalið. Stjórn sjóðsins ákveður skiptingu fjárins milli þeirra tveggja meginsviða sem tilgreind eru í 2. gr. frv.

Skipulag sjóðsins, stjórn hans og hvernig staðið verður að úthlutun fjár, er að mestu sniðið eftir lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð. Góð reynsla fékkst af því skipulagi á starfstíma sjóðsins, 1995–1999. Verkefnisstjórnir um hafrannsóknir og eflingu íslenskrar tungu voru faglegir ráðgjafar stjórnar Lýðveldissjóðs og undirbjuggu með tillögum úthlutun fjár eftir þeim meginlínum sem stjórn sjóðsins lagði, bæði í upphafi starfsins og fyrir hvert ár. Auk þess voru verkefnisstjórnirnar faglegur vettvangur til eftirlits með framvindu verkefna. Meginreglan var að styrkir voru veittir samkvæmt auglýsingu en stjórnin ákvað þó sjálf að verja nokkru fé til verkefna sem hún taldi mikilvæg, að höfðu samráði við ýmsa aðila á þeim sviðum sem sjóðurinn styrkti. Mikilvægt er að stjórn Kristnihátíðarsjóðs setji sér skýrar reglur um styrkveitingar.

Eins og fram kemur í 3. gr. frv., samanber einnig þál. frá síðasta sumri, er stjórninni ætlað að hafa samstarf og samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins. Er eðlilegt að stjórn sjóðsins leiti álits þessara aðila, eða fulltrúa þeirra, þegar meginlínur verða lagðar í upphafi um verkefni sem sjóðurinn styrkir á starfstíma sínum. Í þessu sambandi verður jafnframt að geta þess að leyfi til fornleifagraftar eru háð samþykki þjóðminjavarðar og því er samstarf við hann sér staklega mikilsvert.

Þá er ástæða til að minna á að í greinargerð með þál., sem flutt var og samþykkt á hátíðarfundinum á Þingvöllum, var tekið fram að stefnt yrði að því að a.m.k. önnur tveggja verkefnisstjórna hefði aðsetur á landsbyggðinni.

Í greinargerðinni er rækilega gerð grein fyrir tilefni stofnunar sjóðsins og viðfangsefnum sem honum er ætlað að styrkja, og er til hennar vísað. Í tillögunni er lögð áhersla á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt og að þar geti komið að skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök og einstaklingar og að þess verði gætt að verkefnin dreifist um allt land.

Mikilvægt er að styrkveitingar úr Kristnihátíðarsjóði verði ekki til þess að skerða árleg framlög til verkefna á þeim sviðum sem sjóðurinn á að styðja, t.d. til fornleifarannsókna sem standa yfir hér á landi eða eru áformaðar með fé úr ríkissjóði, frá sveitarfélögum, rannsóknasjóðum eða öðrum, heldur komi fé sjóðsins sem viðbót til rannsókna þau fimm ár sem honum er ætlað að starfa.

Ég vil að lokum við þetta tækifæri þakka formönnum annarra þingflokka, meðflm. mínum, fyrir samstarfið sem var í alla staði mjög gott. Sérstakar þakkir færi ég Rannveigu Guðmundsdóttur sem frá því að frv. var lagt fram hefur látið af formennsku í þingflokki Samfylkingarinnar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. Ekki er gerð tillaga um að það fari til nefndar þar sem hér er á ferðinni mál sem allir þingflokkar á Alþingi *standa að og fullt samkomulag er um.*

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um beiðni um hæli, frh. síðari umr.

Stjtill., 412. mál. — Þskj. 667, nál. 754 og 764.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:41]

Till. í nál. 764 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:4 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

nei: AHB, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EMS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.

28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GunnB, HÁs, HBl, IP, JóhS, KVM, KolH, KHG, KLM, LB, MF, SJóh, SF, SvH, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [18:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í heild sinni er ekki fýsilegur kostur fyrir Ísland að gerast aðili að Schengen- og Dyflinnarsamningunum. Það hefur í för með sér óhemjumikinn kostnað. Atriðum sem lúta að meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd er stórlega ábótavant í þessum málum báðum og stjórnskipuleg staða Íslands verður óheppileg vegna þess að hér er verið að fara bakdyramegin inn í tilteknar stofnanir Evrópusambandsins, ýmist þegar orðnar stofnanir Evrópusambandsins eða stofnanir sem innlimaðar verða í Evrópusambandið á næstu árum.

Herra forseti. Öll rök mæla því með því að staðfesta ekki samninginn en fela ríkisstjórninni þess í stað að tilkynna vörsluaðilum að Ísland muni fresta því um óákveðinn tíma að gerast aðili að Schengen-samstarfinu og meta stöðu sína á nýjan leik í heild sinni í þessu máli.

Tillgr. samþ. með 31:4 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EMS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GunnB, HÁs, HBl, IP, JóhS, KVM, KolH, KHG, KLM, LB, MF, SJóh, SF, SvH, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:4 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GunnB, HÁs, HBl, IP, JóhS, KVM, KolH, KHG, KLM, LB, MF, SJóh, SF, SvH, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 784).

Kristnihátíðarsjóður, frh. 1. umr.

Frv. SAÞ o.fl., 376. mál. — Þskj. 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 4.–20. mál.

Fundi slitið kl. 18:43.

---

77. FUNDUR

þriðjudaginn 27. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kristnihátíðarsjóður, frv., 376. mál, þskj. 595. — 2. umr.
2. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313, nál. 752. — 2. umr.
3. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 641. — 1. umr.
4. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665. — 1. umr.
5. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724. — 1. umr.

6. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 414. mál, þskj. 674. — 1. umr.

7. Stjórnarskipunarlög, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.

8. Sveitarstjórnarlög, frv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.

9. Þingsköp Alþingis, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.

10. Hlutafélög, frv., 148. mál, þskj. 148. — 1. umr.

11. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.

12. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 158. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.

13. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, frv., 178. mál, þskj. 186. — 1. umr.

14. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 179. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.

16. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — 1. umr.

17. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — 1. umr.

18. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 198. mál, þskj. 208. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði, 494. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 780.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 484. mál, frv. DSigf o.fl., þskj. 770.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, 498. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 785.

VES-þingið 2000, 495. mál, skýrsla VES, þskj. 781.

Umræður utan dagskrár.

Staða fíkniefnalögreglunnar með tilliti til fjárveitinga.

[13:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um stöðu fíkniefnalögreglunnar með tilliti til fjárveitinga. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir er til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Strax að lokinni utandagskrárumræðu fer fram atkvæðagreiðsla.

[13:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Umræður um réttarvörslukerfi og löggæslu hafa verið fyrirferðarmiklar á hinu háa Alþingi á undanförnum missirum. Það þarf ekki að koma á óvart því að góð löggæsla skiptir borgarana meira máli en flest annað af því sem hið opinbera rekur. Það er því ekki að tilefnislausu sem þessi mál hafa verið rædd á hinu háa Alþingi.

Umræða um lögreglustjóraembættið í Reykjavík hefur verið sérstaklega hávær, enda ekki að undra þar sem um er að ræða stærsta einstaka lögreglustjóraembættið í landinu. Í þeirri umræðu hefur það viðhorf margoft komið fram að embættinu hafi ekki verið úthlutað nægum fjármunum svo það fái rækt hlutverk sitt í samræmi við lög. Um það hvort vandamál embættisins stafi einvörðungu af fjárskorti eða að stjórn og skipulag þess sé ekki sem skyldi skal ósagt látið hér, en hinu verður ekki á móti mælt að undanfarin ár hefur gengið erfiðlega fyrir embættið að láta enda ná saman.

Tilefni þessarar umræðu er umfjöllun fjölmiðla undanfarna daga um yfirvinnubann hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og hugsanlegar afleiðingar þess. Í þeirri umfjöllun hefur komið fram að vegna bannsins hafi mál farið forgörðum auk þess sem ekki hafi reynst mögulegt að sinna beiðnum lögregluembætta utan af landi um aðstoð vegna innflutnings fíkniefna. Af þeim sökum ritaði Landssamband lögreglumanna prófessor við lagadeild Háskóla Íslands bréf 19. okt. sl. þar sem þess var farið á leit að hann svaraði m.a. eftirfarandi spurningum, með leyfi forseta:

„Hver er réttarstaða lögreglumanna sem hafa vitneskju um brotastarfsemi en sinna ekki rannsókn máls þar sem fyrir liggur að þeir muni ekki fá greitt sérstaklega fyrir þá vinnu sem þeir leggja í slíkar rannsóknir utan dagvinnutíma?

Þessi spurning er borin fram sökum þess að undanfarnar vikur hefur ríkt algert bann við aukavinnu í ávana- og fíkniefnadeild."

Í bréfinu kemur fram fullyrðing þess efnis að yfirvinnubann eða takmörkun á yfirvinnu hafi verið við lýði samkvæmt fyrirskipun yfirmanna í deildinni. Þessi fullyrðing hefur einnig komið fram í öðrum fjölmiðlum eins og Degi og DV auk þess sem einstakir lögreglumenn hafa haldið þessu fram bæði munnlega og skriflega. Það er því ekki að tilefnislausu að alþingismenn sem hafa annars vegar það hlutverk að veita framkvæmdarvaldinu aðhald í störfum sínum og hins vegar að hafa með höndum fjárveitingavald hafi gengið eftir því við hæstv. dómsmrh. hvort eitthvað sé í ólagi í löggæslunni. Þessu hefur hæstv. ráðherra mótmælt.

Sem dæmi má nefna að í Kastljósþætti þann 25. okt. sl. hélt hæstv. ráðherra því fram í samtali við þann sem hér stendur, með leyfi forseta, að hún „fylgist mjög náið með því hvernig þessi mál standi og muni persónulega sjá til þess að það verði engar rannsóknir strand í fíkniefnamálum. Þetta tel ég mikilvægt að hafa í huga".

Síðar í sama þætti sagði hæstv. ráðherra aftur, aðspurð vegna síendurtekinna erfiðleika við rekstur lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, með leyfi forseta: „Það er engin spurning um það hver ber ábyrgðina. Auðvitað ber ég ábyrgðina sem yfirmaður þessara mála, en það eru engin vandamál í gangi."

Aðspurð um sama efni í umræðum utan dagskrár hér á hinu háa Alþingi 16. nóv. sl. fullyrti hæstv. ráðherra í tví- eða þrígang a.m.k. að ekkert yfirvinnubann „sé eða hafi verið í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík". Svo mörg voru þau orð.

Það kom því alþingismönnum í opna skjöldu þegar í ljós var leitt í fréttaþættinum Hér og nú í Ríkisútvarpinu sl. föstudag að Landssamband lögreglumanna hefði leitað til prófessors í lögum vegna þessa yfirvinnubanns sökum þess að það óttaðist um réttarstöðu félagsmanna sinna. Þær

fullyrðingar voru í andstöðu við það sem áður hafði komið fram á hinu háa Alþingi um að ekkert yfirvinnubann væri í gildi.

Í niðurstöðum prófessorsins kemur m.a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Þegar framangreindu er gaumur gefinn, og þá sérstaklega banni við yfirvinnu sakir niðurskurðar á fjárveitingum og skyldu opinberra starfsmanna til að hlýða löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna, verður ekki talið að starfsmenn ávana- og fíkniefnadeildar hafi gerst brotlegir við lög, hvorki hegningarlög né önnur þótt rannsókn mála spillist vegna yfirvinnubanns. Fyrirmæli yfirmanna um bann við yfirvinnu verða að teljast lögleg ef ástæðan er ónógar fjárveitingar sem raktar verða til ákvarðana Alþingis sem fer með fjárveitingavaldið. Þó verður að áskilja að þeir hafi vakið athygli yfirmanna sinna á vandanum."

Enn fremur kemur eftirfarandi fullyrðing fram í niðurlagi álitsins, með leyfi forseta:

„Að lokum hlýtur að koma til kasta Alþingis. Engin samkvæmni er í því að leggja ríkar skyldur á lögreglumenn til að upplýsa brot, ekki síst fíkniefnabrot, en hafna síðan nauðsynlegum fjárveitingum."

Þessar fullyrðingar vekja því upp spurningar um hvort Alþingi hafi verið í stakk búið til að fjalla um þessi mál við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 í ljósi þeirra upplýsinga sem hæstv. dómsmrh. hafði veitt í umræðum á opinberum vettvangi annars vegar og á hinu háa Alþingi hins vegar um stöðu löggæslumála, en fullyrt hafði verið að allt væri í himnalagi. Því stendur eftir spurningin hvort hæstv. ráðherra hafi farið með rangt mál. Í því ljósi leyfi ég mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh. sem hún fékk reyndar sendar kl. 10 í morgun:

„Stendur dómsmrh. enn við fyrri yfirlýsingar sínar hér á hinu háa Alþingi um að hvorki sé né hafi verið í gildi yfirvinnubann í ávana- og fíkniefnamáladeild lögreglunnar?

Eru dæmi þess samkvæmt upplýsingum ráðherra að sakargögnin hafi spillst o.s.frv.?" (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég heyri að tíminn er liðinn. Hæstv. ráðherra fékk þessar spurningar sendar í morgun kl. 10 þannig að hún ætti að vera nægilega vel undirbúin.

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það mál sem hér er tilefni utandagskrárumræðu í dag þykir mér afar sérstakt svo ekki sé meira sagt. Ég vil byrja á því að vísa alfarið á bug þeirri gagnrýni sem komið hefur fram hjá hv. málshefjanda um að fjárveitingar til lögreglunnar í landinu til fíkniefnalöggæslu hafi verið af svo skornum skammti að það hefði leitt til þess að einhver mál hafi ekki verið rannsökuð sem skyldi. Ég stend að sjálfsögðu við allar fyrri yfirlýsingar mínar í þessu efni, enda hefur það væntanlega ekki farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda og málshefjanda hvaða árangri lögreglan hefur náð.

Það er einnig hreinn útúrsnúningur hjá málshefjanda að tala um að ekki sé að finna sérstakar fjárveitingar til fíkniefnavarna í fjáraukalögum. Það var ein af þeim spurningum sem ég fékk senda frá honum í morgun. Fjárveitingar voru auknar í fjárlögum frá því sem áður var, bæði hvað varðar árið 2000 og 2001.

Það er alþekkt staðreynd að fjárveitingar til fíkniefnalöggæslu hafi verið stórauknar á síðustu árum. Ég get einnig upplýst að ég hef engar ábendingar fengið þess efnis að ekki hafi verið unnt að veita löggæslu utan höfuðborgarsvæðisins lögbundna aðstoð í fíkniefnamálum sem rakin verður til meints fjárskorts lögreglunnar í Reykjavík.

Ég veit heldur ekki dæmi þess að sakargögn hafi spillst eða farið forgörðum af sömu ástæðum.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er orðin langþreytt á umræðum um yfirvinnubann fíkniefnadeildarinnar í Reykjavík. Það hefur aldrei verið sett yfirvinnubann á deildina og þeir sem halda öðru fram vita einfaldlega ekki hvað þeir eru að tala um. Á síðasta ári fékkst fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík við uppljóstrun og rannsókn umfangsmikilla fíkniefnamála eins og alþjóð er kunnugt. Þetta kallaði á gífurlega yfirvinnu deildarinnar og þegar líða tók á árið var ljóst að útgjöld deildarinnar og þar með lögreglunnar í heild stefndu verulega fram úr áætlun. Við erum að tala um að lítill hópur manna innan fíkniefnadeildarinnar vann 200–300 yfirvinnutíma á mánuði í nokkra mánuði vegna viðvarandi eftirlits með grunuðum mönnum sem stóð allan sólarhringinn, hlerana o.fl. Því var gripið til takmarkana á yfirvinnu í deildinni þegar yfirstjórn lögreglunnar þótti það óhætt. En það er algjörlega fráleitt að sett hafi verið á yfirvinnubann eins og tönnlast hefur verið á.

Ég hef margoft reynt að leiðrétta þessa síbylju en hef orðið vör við að menn vilja ekki hlusta á það. M.a. upplýsti ég þetta í utandagskrárumræðu á síðasta hausti, en sumir hv. þm. virðast ekki hafa hlustað á það. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort hv. málshefjandi sé að halda því fram að ég hafi sagt Alþingi og þjóðinni ósatt. Er það skoðun hans?

Bæði lögreglustjóri og reyndar ég sjálf lýstum því yfir að þessar takmarkanir yrðu ekki látnar standa því í vegi að rannsaka ný mál ef upp kæmu. Varð svo í raun og m.a. veitti ríkisstjórnin að minni tillögu sérstaka fjárveitingu af ráðstöfunarfé sínu til rannsóknar á stóru máli sem upp kom á síðustu mánuðum ársins. Ég gaf yfirstjórn lögreglunnar í því sambandi bein fyrirmæli í sambandi við rannsókn mála og hafði persónuleg afskipti af málinu.

Það er afar sérkennilegt að heyra hvernig álitsgerð Sigurðar Líndals sem unnin var fyrir Landssamband lögreglumanna hefur verið tengd meintri óánægju í leit að fíkniefnum sökum fjárskorts. Álitsgerðinni hefur verið gerð góð grein í fjölmiðlum en meginniðurstaða hennar er sú að menn yrðu að fara eftir fjárlagaheimildum við störf sín þó að frávik megi réttlæta í sérstökum tilvikum vegna nauðsynjar sem ekki yrði með rökum mótmælt.

Þá er einnig undirstrikað að lögreglumönnum ber að hlíta fyrirmælum yfirmanna sinna. Aðgerðir í fíkniefnamálum hljóta að byggjast á mati yfirmanna sem oft þurfa að taka skjótar ákvarðanir. Ef þeim þykir svo við að horfa hefur þeim verið unnt að fyrirskipa mönnum sínum að vinna yfirvinnu en við aðrar aðstæður kann þeim að þykja óþarfi á því.

Í fréttaflutningi hefur álitsgerðin verið tengd við mál sem upp kom í Vestmannaeyjum. Hefur verið fullyrt að þar hafi fíkniefnaleit í skipum verið takmörkuð sökum yfirvinnubanns fíkniefnalögreglu. Það mál hófst þegar grunur vaknaði um að fíkniefnasending leyndist innan borðs í skipi á leið til Vestmannaeyja. Lögreglan þar var vöruð við og bjó hún sig til leitar og hafði hún jafnframt samband við embætti ríkislögreglustjóra sem lýsti sig reiðubúið til aðstoðar við leit í skipinu. Einnig var haft samband við embætti lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík. Viðkomandi lögreglumenn voru síðan í sambandi og niðurstaðan varð sú að tollvörður var sendur frá Reykjavík með fíkniefnaleitarhund en ekki var

talin þörf á frekari aðstoð úr landi. Síðan var leitað í skipinu en hin ætlaða sending fannst ekki. (Forseti hringir.) Slíkt gerist stundum og er ekkert óeðlilegt við það, enda upplýsingar lögreglu ekki alltaf hinar áreiðanlegustu. (Forseti hringir.) Ég hef hins vegar farið fram á rannsókn hjá ríkislögreglustjóra út af þessu máli og mér er kunnugt um að ríkissaksóknari hefur beðið um gögn um samskipti lögregluliðanna.

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur komið fram að hæstv. dómsmrh. staðhæfði sl. haust að ekki væri um að ræða yfirvinnubann hjá fíkniefnadeild lögreglunnar. Nú hefur hæstv. dómsmrh. endurtekið þessar staðhæfingar enda þótt í ljós hafi komið að slíkar takmarkanir voru við lýði. Reyndar er það harla mótsagnakennt í málflutningi hæstv. ráðherra að ráðherrann viðurkennir að svo hafi í reynd verið. Yfirvinna hafi verið takmörkuð en það hafi ekki verið gert þegar hætta var á ferðum, segir hæstv. ráðherra.

Ég kann eina lausn á þessu máli. Hún er að þau skjöl sem gengið hafa á milli hæstv. ráðherra og yfirstjórnar lögreglunnar verði gerð kunn hér á Alþingi. Það gengur ekki að hæstv. ráðherra lýsi því yfir að hún hafi haft persónuleg afskipti af þessu máli. Alþingi á heimtingu á að fá upplýsingar um hin formlegu afskipti ráðuneytisins og yfirstjórnar lögreglunnar þegar svo alvarlegir hlutir eru í húfi sem ásakanir um að lögreglunni sé ekki gert kleift að sinna nauðsynlegum rannsóknarstörfum á sviði fíkniefnamála. Það eru mjög alvarlegir hlutir og þetta þarf ekki að koma nokkrum manni á óvart. Til allshn. þingsins hafa komið sendinefndir frá lögreglunni og gert þinginu grein fyrir hver vandi lögreglunni er búinn fjárhagslega. Það þurfti því ekki að koma nokkrum manni á óvart hver vandinn væri. Það sem að sjálfsögðu þarf að taka upp hér er á hvern hátt ríkisvaldið ætlar að koma til móts við lögregluna í þessu efni.

Upplýst var á opinberri ráðstefnu nýlega að í Reykjavík hefur mjög hallað undan fæti svo dæmi sé tekið. (Forseti hringir.) Fyrir fáeinum árum var einn lögreglumaður á 448 íbúa. (Forseti hringir.) Nú er einn á 745 íbúa.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill minna hv. þm. og hæstv. ráðherra á að virða tímamörk í umræðunni.)

[13:46]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Framsfl. á heiðurinn af því að hafa fyrstur flokka viðurkennt þann mikla vanda sem fíkniefni og neysla þeirra veldur samfélaginu. Framsfl. gerði stórefldar varnir gegn innflutningi og neyslu fíkniefna að stefnumáli fyrir síðustu alþingiskosningar og lagði mjög ríka áherslu á þörfina fyrir að verja stórauknum fjárhæðum til að efla forvarnastarf, fjölga meðferðarúrræðum og efla bæði lög og tollgæslu. Sérstakar hækkanir til þessa málaflokks nema nú þegar milljarði kr. Forvarnastarf hefur verið stóraukið og því markmiði að útrýma biðlistum eftir fíkniefnameðferð hefur verið náð samhliða því að tryggja nauðsynlega fjölbreytni meðferðarúrræða.

Umtalsverðu viðbótarfjármagni hefur jafnframt verið varið til að efla bæði lög og tollgæslu og ljóst er á upplýsingum frá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli að hertar aðgerðir, fjölgun tollgæslumanna, aukin og efld þjálfun og stóraukið og bætt samstarf bæði lögreglu og tollgæslu á Keflavíkurflugvelli og samstarf við fíkniefnadeildina í Reykjavík hafa skilað mjög umtalsverðum árangri. Fjöldi upplýstra mála þar hefur meira en þrefaldast frá 1998 og magn haldlagðra fíkniefna hefur margfaldast. Sú spurning hver markmið toll- og löggæslunnar séu í fíkniefnavörnum er víða orðin mjög áleitin, enda virðist vera nokkur einhugur um það mat að þau fíkniefni sem lög- og tollgæslunni hefur á undanförnum árum tekist að koma höndum yfir séu ekki nema 5% þess magns sem flutt er til landsins. Þetta mat, ásamt þeim upplýsingum að verð á fíkniefnum um þessar mundir sé í lágmarki, hlýtur að vekja spurningar um hvaða markmið við teljum ásættanleg í því skyni að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna og jafnframt spurningu um forgangsröðun verkefna og ráðstöfun fjár við lögreglu- og tollgæsluembætti og hjá viðkomandi ráðuneytum.

Herra forseti. Hvað löggæsluna varðar lágu þær upplýsingar fyrir við fjárlagagerðina (Forseti hringir.) og álit allshn. til fjárln. varðandi framlög samkvæmt frv. að mikið vantaði upp á að þjónusta (Forseti hringir.) rannsóknardeildanna í Reykjavík væri viðunandi (Forseti hringir.) en mikill fjöldi hvers konar mála hefur safnast þar upp og bíður rannsóknar.

[13:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz flutti hér framboðsræðu forustu Framsfl. í fíkniefnamálum og upplýsti m.a. að við náum allt að 5% af því magni sem flutt er til landsins svo menn sjá árangurinn. Þegar sá sem hér stendur heyrði fyrst þá frétt sem hér er til umræðu um bann við yfirvinnugreiðslum til fíkniefnalögreglu, þá hélt hann að þetta væri flugufrétt sem yrði snarlega leiðrétt. Svo reyndist ekki vera, því miður. Og að ætla sér að bera á móti því hvað hér hefur farið fram og átt sér stað er þýðingarlaust því að ella hefðu þessir menn ekki ritað lögfræðingi og prófessor við háskólann bréf til þess að leita úrskurðar um réttarstöðu sína.

Það flaug að þeim sem hér stendur hvenær til þess drægi að stöðvuð yrði starfsemi slysadeildarinnar vegna banns við yfirvinnu eða fjármagns til starfseminnar. Enginn eðlismunur er á því starfi sem fer fram við að bjarga mannslífum á slysadeild og því að hindra innflutning eiturefna til landsins. En það er eins með þetta málefni og mörg önnur brýn málefni eins og vegaeftirlitið. Þar skortir sárlega fjármagn til þess að framkvæma lög sem í gildi eru og af hlýst ógnarleg slysaalda eins og dæmin sanna.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég álít að ekkert annað en stórátak til eflingar fíkniefnagæslunni í landinu dugi. Ekkert annað dugar. Land okkar er sem betur fer þann veg sett að það er hægara verk en nokkurs staðar annars staðar að talið er að hindra að þetta eigi sér stað eins og dæmin sanna.

[13:51]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Mikil umræða er í fjölmiðlum vegna skipunar lögreglumála. Ekki það að lögreglan sinni ekki skyldum sínum heldur hitt hvaða starfsskilyrði hún þarf að búa við.

Í fréttum undanfarna daga hefur mikið verið rætt um tvö mál. Annars vegar mál er varða mögulegan fíkniefnainnflutning í gegnum Vestmannaeyjar og hins vegar svarbréf Sigurðar Líndals til Landssambands lögreglumanna vegna meints yfirvinnubanns lögreglunnar. Í bréfinu, dags. 19. okt., er tekið fram og fullyrt að um algert bann við aukavinnu í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík sé að ræða.

Nokkru eftir að þetta bréf var sent Sigurði Líndal er umræðan í þinginu á fljúgandi ferð um sömu mál, um meint yfirvinnubann lögreglunnar. En í þeirri umræðu sem fór fram segir hæstv. dómsmrh., með leyfi forseta:

„Þá er það einnig alrangt að í gildi sé yfirvinnubann hjá fíkniefnalögreglunni og mun ég nefna tölur í því sambandi."

Jafnframt segir dómsmrh. í þessari sömu umræðu:

„Það er fyrir það fyrsta ekkert yfirvinnubann. Það er rétt sem hefur komið fram að rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík er komin verulega fram úr áætlun ársins hvað snertir yfirvinnu en þrátt fyrir það unnu starfsmenn deildarinnar, sem eru alls 12, um 900 tíma á tímabilinu 11. október til 10. nóvember síðastliðinn. Reyndar fór yfirvinnan upp í allt að 3.000 tíma á mánuði í sumar."

Svo mörg voru þau orð. Það er afar mikill munur á 3.000 tímum og 900 tímum. Alla vega samkvæmt mínum reikningsskilningi. Og hversu mikið af þessu skyldi t.d. hafa farið í gæslu á Li Peng? Ef ekkert yfirvinnubann var, hvers vegna í ósköpunum var þá Landssamband lögreglumanna að biðja um álit vegna málsins? Hver segir satt í þessu máli? Hvað er eiginlega í gangi?

Vestmannaeyjamálið er annar kapítuli út af fyrir sig. Þar standa orð gegn orði. Sýslumaður segist hafa beðið um aðstoð vegna gruns um að dóp væri að koma til Eyja en í tilkynningunni frá lögreglunni í Reykjavík kemur fram að ekki hafi verið beðið um aðstoð, hvorki við rannsókn né framkvæmd annarra aðgerða.

Í tilkynningunni segir enn fremur: „Hins vegar var fíkniefnadeildin í sambandi við yfirmann lögreglunnar í Vestmannaeyjum en jafnframt var hún önnum kafin í öðrum málum á þessum tíma." (Forseti hringir.)

Ég fagna umbeðinni rannsókn hæstv. dómsmrh. á því máli.

[13:53]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er enn komið til umræðu í sölum Alþingis meint yfirvinnubann í fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Það er sérkennilegt í ljósi þess að hæstv. dómsmrh. eyddi öllum misskilningi um það mál í utandagskrárumræðu á þinginu fyrir áramót. Þá fór ráðherra m.a. yfir tölur um yfirvinnu deildarinnar sem sýna svart á hvítu hvernig í pottinn var búið. Samt kemur þessi umræða aftur upp þrátt fyrir að aukin fjárveiting sem þingið ákvað að tillögu hæstv. dómsmrh. hafi verið samþykkt í þinginu til að leggja til fíkniefnalöggæslu í fjárlögum fyrir árið 2001. Þar er m.a. gert ráð fyrir 20 millj. kr. sjóði til að mæta kostnaði af umfangsmiklum fíkniefnarannsóknum. Sjóðurinn mun draga úr sveiflum í starfi fíkniefnalöggæslunnar og gera alla skipulagningu auðveldari.

Herra forseti. Nú ber þessa umræðu að hér í þinginu í kjölfar frétta þess efnis að Vestmannaeyjalögreglan hafi ekki fengið nægilega aðstoð við rannsókn í ákveðnu máli. En eins og dómsmrh. lýsti í ræðu sinni áðan stóð í raun ekki á aðstoð m.a. frá embætti ríkislögreglustjóra. Hins vegar virðast boðskiptin milli lögregluembættanna hafa verið óskilvirk og hefur ráðherra óskað eftir úttekt á því eins og fram hefur komið. Meintur fjárskortur kemur málinu ekki við.

Þá hefur komið fram að lögreglan í Vestmannaeyjum rannsakaði þetta mál en ekkert hefur komið fram um að sá grunur sem var fyrir hendi hafi verið á rökum reistur. Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur staðið sig mjög vel og stærsta verkefni hennar er án efa löggæsla á þjóðhátíð sem einmitt er unnin í samvinnu við lögregluna í Reykjavík. Ég tel það ekki fjarri að taka til skoðunar við næstu fjárlagagerð hvort ekki sé rétt að efla Vestmannaeyjalögregluna með fjárheimild fyrir sérstakan fíkniefnalögreglumann. Það mundi hvort tveggja í senn efla fíkniefnalöggæsluna í Eyjum og stuðla að nánara samstarfi á milli lögregluembætta.

[13:55]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér erum við í raun að fjalla um fjárframlög og starfsaðstöðu lögreglunnar og fíkniefnalögreglunnar vegna meints yfirvinnubanns og út af sérstöku máli. Ég segi vegna „meints" vegna þess að í nóvember lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir að ekkert yfirvinnubann væri í gangi og hún endurtók það hér við umræðuna áðan og staðhæfir að það hafi ekkert yfirvinnubann verið í gangi hjá fíkniefnalögreglunni í Reykjavík þó að lögreglan staðhæfi annað. En það er erfitt fyrir hæstv. dómsmrh. að viðurkenna að yfirvinnubann sé í gangi, sama hvort það er fíkniefnalögreglan eða umferðarlögreglan eða önnur lögregluembætti því að um leið er verið að gefa þau skilaboð út í samfélagið að störf lögreglunnar séu mjög takmörkuð. Og hvort sem það er í umferðinni eða hjá þeim sem hafa áhuga á því að smygla inn fíkniefnum sem öðru, þá mundu þeir leita færis til lögbrota ef yfirlýst ástand væri um fjársvelti til lögreglunnar. En eftir á er rétt að þau skilaboð komi skýrt fram til Alþingis hvernig ástandið er. Það verður að koma inn í fjárlagagerðina fyrir 2002 hver staðan er og því verðum við hér á hinu háa Alþingi að fá það skýrt upplýst eftir rannsókn ríkislögreglustjóra sem núna á að fara í gang í fyrsta lagi hvaða mál þetta er og að Alþingi hafi þá allan aðgang að gögnum um málið, bæði þetta og önnur sem koma fram (Forseti hringir.) vegna fjárskorts svo hægt sé að greiða úr málum lögreglunnar og hún hafi það fjármagn sem hún þarf.

[13:58]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt af mestu vandamálum samtímans en ég verð að segja það í upphafi að mér finnst orðanotkunin dálítið hastarleg hérna. Hæstv. dómsmrh. er búin að útskýra að ekkert yfirvinnubann hefur verið í gangi heldur takmarkanir á yfirvinnu á einhverjum tíma. Samt talar hver einasti ræðumaður um yfirvinnubann og þeir virðast ekki hlusta á útskýringar.

Það sem var erindi mitt í þessa umræðu var að minnast á afgreiðslu fjárln. á þessu máli. Við lokaafgreiðslu fjárlaga var farið yfir þetta mál, fíkniefnavandann og ákveðið var að bæta við 100 millj. til að berjast við þessi vandamál á ýmsum vígstöðvum og þar á meðal að veita fé til meðferðarstofnana. Veitt var fjármagn til að styrkja fíkniefnalögregluna að starfskröftum og eins og hv. 4. þm. Suðurl. sagði var fé lagt í sjóð til að mæta yfirvinnu í erfiðum málum. Þetta var afgreiðsla fjárln. og þingsins á málinu við lokaafgreiðslu fjárlaga í haust.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að varðandi fíkniefnavandann yfirleitt hefur ekki verið veitt meira viðbótarfjármagn til nokkurs málaflokks á síðari árum eins og þessa og það veitir ekkert af eins og hér hefur verið rakið. Hins vegar furða ég mig á því að hv. þm. hlusti ekki á útskýringar þegar þær eru fram bornar í hv. Alþingi.

[14:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Viðbrögð hæstv. dómsmrh. og raunar stjórnarliða allra eru ótrúleg. Í stað þess að horfast í augu við viðvarandi vandamál er ráðist að sendiboðunum, þ.e. stjórnarandstöðunni, og hún sökuð um meinbægni í afstöðu til þessara mála. Ef það er hald ráðherrans að engin vandamál steðji að löggæslu í landinu þá er ráðherrann annaðhvort að stinga höfðinu í sandinn og vill ekki vita betur ellegar hún er í fílabeinsturni og veit ekki betur. Hvort tveggja er mjög slæmt.

Ég hef talað við fjölda löggæslumanna, starfaði raunar sem slíkur fyrir rúmum 20 árum og þekki vel til þeirra starfa. Staðreyndin er einfaldlega sú að þeir finna það á eigin skinni manna helst að mjög hefur verið þrengt að kjörum þeirra, starfsskilyrðum þeirra. Það hefur verið yfirvinnubann í gangi. Ef þeir finna það ekki og skynja það ekki, hverjir þá?

Herra forseti. Lögreglumenn eru illa launaðir og þegar þeir njóta ekki stuðnings æðsta yfirboðara síns, dómsmrh. í landinu, er ekki von á góðu. Það er viðvarandi kurr og það eru leiðindi meðal þeirra. Ég vil ganga svo langt, herra forseti, að segja líka, og við skulum gæta að því, að þeir eru auðvitað undir það ok seldir að þurfa að taka við boðum frá æðsta yfirmanni sínum og þora því illa að koma fram og segja sannleikann. En þetta hafa þeir sagt og Landssamband lögreglumanna hefur tekið af öll tvímæli í málinu. Staðreyndin er einfaldlega sú, að annar hvor segir ósatt, hæstv. dómsmrh. ellegar lögreglumenn í landinu. Ég trúi hinum síðarnefndu, herra forseti.

Hér er um að ræða speglun á ævintýrinu um nýju fötin keisarans. Því lauk á einn veg. Nakinn veruleikinn var öllum ljós. Ef hæstv. ráðherra vill ekki taka til hendinni í þessum málaflokki, þá verða aðrir hæfari að gera það.

[14:02]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mér heyrist á síðasta ræðumanni að málið snúist ekki um fíkniefnamál heldur um kjaramál þannig að það er verið að taka það til umræðu á röngum forsendum.

Ég hlýt hins vegar að fagna þeim tækifærum sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað gefið okkur stjórnarliðum á síðustu mánuðum með fyrirspurnum og utandagskrárumræðum til að ræða og vekja athygli á þeim árangri og framförum sem hafa orðið í baráttunni gegn ólöglegum innflutningi og sölu eiturlyfja hér á landi. Sá árangur er ekki áreynslulaus fremur en annars staðar heldur afrakstur sérstakrar áherslu dómsmrh. á aðgerðir í þessum málaflokki og þrotlausu starfi lögreglunnar.

Sjálfstfl. og dómsmrh. þar í broddi fylkingar hefur á síðustu árum lagt þunga áherslu á að auka fjárframlög til fíkniefnalögreglunnar og fjölga lögreglumönnum. Á síðasta ári voru fjárveitingar til fíkniefnalöggæslu hækkaðar um 50 millj. kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þar af runnu 40 millj. kr. til ráðningar lögreglumanna til að sinna fíkniefnamálum sem jafngildir aukningu um 10 stöðugildi og 12 millj. kr. til tækjakaupa og vegna fíkniefnahunda. Þá voru fjárveitingar sérmerktar fíkniefnalöggæslu auknar um aðrar 50 millj. kr. á fjárlögum 2001 sem þýðir í raun um 100 millj. aukningu á aðeins tveimur árum. Árangurinn lætur ekki á sér standa.

Virkni lögreglunnar hefur aukist mikið. Stærri og fleiri mál eru upplýst en áður og virðist hafa tekist að rjúfa mikilvægar innflutningsleiðir fíkniefnasmyglara. Á sama tíma sýnir samevrópsk rannsókn, sem kynnt var á ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar í síðustu viku, að dregið hefur úr áfengis- og fíkniefnaneyslu íslenskra unglinga á síðustu árum á sama tíma og í þveröfuga átt stefnir annars staðar í Evrópu. Ljóst er að fíkniefnalöggæsla hefur verið bætt markvisst á síðustu árum, bæði með þjálfun, tækjabúnaði og auknum fjárveitingum. Það má svo sem um það deila hvort nógu langt sé gengið, en ég leyfi mér að efast um (Forseti hringir.) að nokkur ríkisstjórn hafi tekið jafnmyndarlega á í þessum efnum.

[14:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert skrýtið að þetta mál sé tekið upp aftur og aftur. Sá orðrómur hefur lengi legið í loftinu að vegna fjárskorts hafi fíkniefnadeildin þurft að haga starfsemi sinni þannig að hún hafi ekki getað unnið yfirtíð. Þessu hefur verið haldið fram hjá Ríkisútvarpinu, þessu hefur verið haldið fram af Degi, þessu hefur verið haldið fram af DV, þessu hefur verið haldið fram af Landssambandi lögreglumanna og þessu hefur verið haldið fram af einstaka lögreglumönnum. Síðan geta menn ráðið því hvort þeir trúa hæstv. dómsmrh. eða einhverjum öðrum.

En vegna fullyrðingar hæstv. dómsmrh. áðan ætla ég að leyfa mér að lesa upp úr bréfi sem er ritað af félaga í Landssambandi lögreglumanna og það hljómar svo, virðulegi forseti:

„Fyrir síðustu helgi var það mat þeirra rannsóknarlögreglumanna sem stýrðu rannsókn þessa máls að einn hinna grunuðu yrði um helgina að handleika stóran fíkniefnapakka, sem fyrir skömmu var smyglað til landsins, og væri að koma fíkniefnapakkanum fyrir og dreifa til smærri söluaðila. Það var einnig mat rannsakara að þarna væri um að ræða verulegt magn fíkniefna. Var þetta mat byggt á sönnunargögnum sem fengust með aðgerðum. Er leitað var eftir heimild til þess að vinna að þessu máli var vísað í fyrirmæli um að óheimilt væri að vinna yfirvinnu í ÁFD (ávana- og fíkniefnadeild). Ekkert var því unnið um helgina. Í ljós kom eftir helgina að grunur rannsakara reyndist á rökum reistur og eru gögn því til sönnunar. Í gögnunum kemur fram að um verulegt magn hafi verið að ræða og margar tegundir fíkniefna."

Virðulegi forseti. Er það virkilega enn svo að hæstv. dómsmrh. ætli að halda því fram að ekkert bann hafi verið á aukavinnu hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar? Er það virkilega svo að hún ætli að halda því fram að allir sem að þessu máli hafi komið séu að ljúga? Ekki er nema von, virðulegi forseti, að spurt sé því að það er einfaldlega okkar hér á hinu háa Alþingi að veita fjármagn í þessa starfsemi og ef starfsemin er ekki í nægilega góðu lagi sökum þess, þá þurfum við að taka til hendinni. (Forseti hringir.)

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég verð að játa að ég undrast mjög þá umræðu sem hér fer fram. Í fyrsta lagi hefur komið fram að það mál sem er tilefni umræðunnar var rannsakað og ekkert bendir til þess að stór sending fíkniefna hafi komist í umferð. Í öðru lagi liggur fyrir að í þessu máli var aðstoð við embættið í Vestmannaeyjum til reiðu og ljóst að fullyrðing um að fjárskortur hafi komið í veg fyrir að sú aðstoð væri veitt á enga stoð í veruleikanum. Í þriðja lagi liggur fyrir að ég hef óskað eftir úttekt á málinu enda vil ég fá það upp á borðið ef — og ég segi ef — hugsanlegt er að samskipti

lögregluliðanna hafi ekki verið jafnljós og skilvirk og best verður á kosið. Úr því þarf að bæta ef minnsta ástæða er til þess að ætla að eitthvert samskiptavandamál sé fyrir hendi og á því verður tekið ef þörf er á.

Eins liggur fyrir að stórátak hefur verið gert í fíkniefnamálum á undanförnum árum. Þetta vita hv. þm. Ég hef lagt þunga áherslu á þennan málaflokk og ríkisstjórnin öll. Komið hefur verið á fót neti fíkniefnalögreglumanna um nær allt landið og sérstöku samstarfi lögregluliða á suðvesturhorninu. Eins og hér kom fram voru aukalegar fjárveitingar til fíkniefnalöggæslu og sérstaklega síðasta haust. Þá var um að ræða 50 millj. og þar af var ákveðin fjárhæð sem var ætlað að mæta sérstökum kostnaði við rannsókn meiri háttar fíkniefnamála. Hér er komið nauðsynlegt svigrúm til að takast á við umfangsmikil mál sem kalla á lotuvinnu í lögregluliðum þannig að áætlanir um yfirvinnu kunna að raskast.

Hv. þm. deila þeim áhuga sem ég hef og ríkisstjórnin öll á að taka á þessum vanda í tengslum við fíkniefnin. Ég vona svo sannarlega að við getum öll verið sameinuð í þeirri baráttu.

Kristnihátíðarsjóður, 2. umr.

Frv. SAÞ o.fl., 376. mál. — Þskj. 595.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 641.

[14:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Frv. þetta er flutt í kjölfar þess að Alþingi samþykkti 8. maí sl. till. til þál. um fullgildingu samþykktarinnar. Samþykktin var upphaflega undirrituð fyrir Íslands hönd þann 26. ágúst 1998 en hún var síðan fullgilt 25. maí 2000. Samþykktin hefur hins vegar ekki tekið gildi og öðlast hún ekki gildi fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Miðað við 13. febrúar sl. hafa 28 ríki fullgilt samþykktina en 139 ríki undirritað hana.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði nauðsynleg ákvæði til að dómstólum og stjórnvöldum hér á landi verði unnt að framkvæma ákvæði Rómarsamþykktarinnar í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins. Lagt er til að sett verði sérstök löggjöf um framkvæmd samþykktarinnar hér á landi og að þeirri löggjöf verði hagað í samræmi við lög um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu.

Frumvarp þetta er samið af refsiréttarnefnd sem starfar á vegum ráðuneytisins. Var Róbert R. Spanó, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, fenginn til að semja drög að frumvarpinu, en þessi ungi og efnilegi fræðimaður hefur m.a. fengist við rannsóknir á sviði alþjóðlegs refsiréttar.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðum frumvörpum í Noregi og í Danmörku.

Í grg. með frv. er rakinn sögulegur aðdragandi að stofnun varanlegs, alþjóðlegs sakamáladómstóls auk þess sem gerð er ítarleg grein fyrir efni Rómarsamþykktarinnar. Þeir glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins eru tæmandi taldir í 5. gr. samþykktarinnar en þeir eru: hópmorð, glæpir gegn mannúð, stríðsglæpir og glæpir gegn friði. Þessir glæpir hafa almennt verið taldir falla undir samheitið „glæpir gegn mannkyninu" vegna eðlis þeirra og alvöru. Nánari skilgreiningar á þessum glæpum er að finna í 6.–8. gr. samþykktarinnar.

Samkvæmt 11. gr. samþykktarinnar hefur dómstólinn eingöngu lögsögu að því er varðar glæpi sem framdir eru eftir að samþykktin öðlaðist gildi.

Af 12. og 13. gr. samþykktarinnar leiðir einnig að dómstóllinn hefur lögsögu í málum til fyllingar lögsögu einstakra ríkja. Þannig er almennt gert ráð fyrir að mál verði sótt í viðkomandi ríki en við ákveðnar aðstæður verður lögsaga dómstólsins hins vegar sjálfkrafa virk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja nánar efni samþykktarinnar og leyfi mér að vísa til ítarlegrar umfjöllunar um hana í grg. með frv. Ég vil hins vegar í nokkrum orðum gera grein fyrir efnisatriðum frv. sjálfs.

Í 1. gr. frv. er fjallað um gildissvið laganna. Þar segir að fari Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn þess á leit að hér á landi verði framkvæmdar aðgerðir vegna rannsóknar eða meðferðar máls skuli fara með slíkar beiðnir í samræmi við ákvæði laganna. Sama gildir um beiðnir dómstólsins um fullnustu dóma.

Samkvæmt 2. gr. frv. skal afhenda dómstólnum mann sem dvelur hér á landi og er grunaður um brot sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða hefur verið ákærður eða dæmdur fyrir slíkt brot. Einnig er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv. að unnt sé að veita dómstólnum aðra þá aðstoð sem tilgreind er í 93. gr. samþykktarinnar.

Þá er í 4. gr. frv. að finna heimild til að handtaka þann sem dómstóllinn hefur óskað eftir að fá afhentan og beita öðrum þvingunarráðstöfunum.

Í 5. og 6. gr. frv. eru síðan ákvæði um verjanda sakborninga og réttargæslumann brotaþola.

Þá er í 8. gr. frv. að finna heimild til að fullnægja dómum Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi.

Loks er í 9. gr. frv. að finna ákvæði um refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Hæstv. forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[14:18]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn en hann hefur áður verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Haustið 1999 bar ég fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. þar sem ráðherrann var inntur eftir því hvenær hann

hygðist leggja fyrir Alþingi þáltill. um fullgildingu á Rómarsáttmálanum um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls sem samþykktur var 17. júlí 1998 og var undirritaður af hálfu Íslands 26. ágúst 1998.

Sl. vor lagði hæstv. utanrrh. fram þáltill. þessa efnis og var hún samþykkt í maí árið 2000 og varð samningurinn þannig fullgiltur fyrir Íslands hönd.

Til að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn geti tekið til starfa þurfa 60 þjóðlönd að staðfesta hann og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að 13. febrúar sl. höfðu 129 lönd undirritað samþykktina en einungis 28 ríki fullgilt hana. Þannig virðist enn nokkuð langt í land að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn taki til starfa og er það miður.

Það frv. sem nú er til umfjöllunar snýr að því að lögfest verði nauðsynleg ákvæði til að dómstólum og stjórnvöldum hér á landi verði unnt að framkvæma ákvæði Rómarsamþykktarinnar í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins. Ég mun ekki fjalla sérstaklega um einstakar greinar frv. en vil í nokkrum orðum ræða mikilvægi Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn hefur verið talinn eitt mikilvægasta skrefið í mannréttindamálum á síðari tímum. Ýmsir alþjóðasamningar, sáttmálar og yfirlýsingar hafa verið undirritaðir gegnum tíðina af þjóðum heims til varnar mannréttindum fólks. Þar ber hæst mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er grundvallarsamningur þjóða í milli til verndunar mannréttindum einstaklinga. Hins vegar er það svo að þrátt fyrir góðan vilja, fjölmarga alþjóðlega samninga og reglur í þessa veru hefur mannkynið oft staðið máttvana gagnvart mannréttindabrotum sem framin hafa verið víða um heim og vanhæfni alþjóðasamfélagsins til að kalla þá einstaklinga til ábyrgðar sem gerast sekir um glæpi gagnvart mannkyninu og refsa þeim. Vinna við að koma á stofn alþjóðlegum sakamáladómstól til að lögsækja þá einstaklinga sem gerast sekir um alvarlega glæpi á ófriðartímum hefur staðið yfir í langan tíma en slíkt tæki hefur skort verulega.

Alþjóðadómstóllinn í Haag tekur þannig eingöngu á málum er varða samskipti milli ríkja og þá hafa svokallaðir „ad hoc" stríðsdómstólar verið settir á laggirnar, t.d. vegna stríðsglæpa sem framdir voru í Rúanda og fyrrum Júgóslavíu en þeir dómstólar hafa eingöngu lögsögu í mannréttindabrotum sem framin eru í þessum tilteknu ófriðarlöndum og á ófriðartímum.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn verður ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og mun hann verða stofnaður til frambúðar. Dómstóllinn mun lögsækja einstaklinga sem grunaðir eru um yfirgang, stríðsglæpi, þátttöku í þjóðarmorði eða aðra alvarlega glæpi gegn mannkyninu. Til hins síðastnefnda teljast víðtækar og skipulagðar árásir á tiltekinn hóp manna, t.d. með morðum, útrýmingu, nauðgunum, kynlífsþrælkun, þröngvuðum þungunum, mannránum eða glæpum vegna aðskilnaðarstefnu. Dómstóllinn hefur heimild til að taka upp mál með litlum fyrirvara eða beina tilmælum til viðkomandi þjóðlanda að lögsækja stríðsglæpamenn. Einnig getur hann að eigin frumkvæði lögsótt stríðsglæpamenn ef tilmæli um upptöku mála í viðkomandi landi reynast árangurslaus.

Í þessu sambandi má geta þess að nýverið voru fréttir í fjölmiðlum um að í fyrsta sinn í veraldarsögunni voru stríðsglæpamenn dæmdir fyrir mannréttindabrot á konum vegna kynlífsþrælkunar og nauðgana sem áttu sér stað í fyrrum Júgóslavíu en alþjóðadómstólnum er ætlað að taka fast á slíkum málum.

Með því frv. sem er hér til umfjöllunar og lögfestingu þess hefur Ísland gengið frá öllum endum af sinni hálfu til að fullnægja skuldbindingum þeim er við gengumst undir við undirritun samþykktarinnar í ágúst 1998.

[14:22]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og rakið er nokkuð ítarlega í athugasemdum með frv. er nokkuð langt síðan rætt hefur verið um það innan Sameinuðu þjóðanna hvort settur skuli á stofn varanlegur alþjóðlegur sakamáladómstóll en það hefur verið til umræðu allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Sögulega ná hugmyndir um stofnun slíks dómstóls a.m.k. allt aftur til Versalasamningsins árið 1919 en í þeim samningi var gert ráð fyrir stofnun „ad hoc" alþjóðadómstóls sem hefði það hlutverk að saksækja og dæma í málum þýskra stríðsglæpamanna. Hins vegar varð ekkert af stofnun slíks dómstóls og í kjölfarið var oft rætt um að stofna slíkan dómstól á vettvangi Þjóðabandalagsins.

Ég tel rétt að draga hér sérstaklega fram, að sögulegar ástæður séu fyrir því hvers vegna þessu hefur ekki verið komið á fyrr en nú. Í grg. með frv. eða í athugasemdunum er m.a. talað um stjórnmálalegan tíðaranda sem tengdur var uppgangi nasisma og fasisma um miðja síðustu öld sem hefur væntanlega staðið hvað lengst í vegi fyrir því.

Síðari heimsstyrjöldin leiddi síðan til stofnunar Alþjóðaherdómstólsins í Nürnberg í Þýskalandi en í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar var eins og fyrr greinir rætt talsvert um hvort stofna ætti varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól. Það gerðist í raun og veru ekki, einhverjar tilraunir voru í gangi og lítið sem ekkert var um tilraunir til að setja á laggirnar varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól á næstu áratugum fyrr en í upphafi tíunda áratugar 20. aldar að verulegur skriður komst á málið innan Sameinuðu þjóðanna, eins og segir hér í athugasemdunum:

„Í lok kalda stríðsins og þegar styrjöldin á Balkanskaga hófst árið 1991 hafði alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna þegar fengið það verkefni að nýju að útbúa drög að samningi um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls og lauk nefndin því verki árið 1994."

Ég held að mikilvægt sé, herra forseti, að minna á þessar sögulegu forsendur og hvernig tíðarandinn á hverjum tíma hefur í raun haft áhrif á þróun þessara mála. Ég held að það sé engin tilviljun að þetta gerist í kjölfar þess að kalda stríðinu er að ljúka að skriður kemst á þetta mál og það sé ákveðið sögulegt samhengi þar á milli. Og ég vil bara fagna því að þetta mál skuli vera komið svo langt að við sjáum það verða að veruleika von bráðar. Því að vissulega er það svo að stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls er eitt fremsta mannréttindamál sem við höfum séð mjög lengi verða að raunveruleika.

Ísland var í hópi 60 ríkja á ríkjaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rómarborg sem lögðu mesta áherslu á að dómstóllinn yrði skilvirkt og öflugt tæki í baráttunni við alþjóðaglæpi sem er mjög mikilvægt líka. Rómarsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd í ágúst 1998 og síðan fullgilt í maí 2000 en Alþingi samþykkti þá till. til þál. um fullgildingu Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Þetta frv. sem hér er til umræðu kveður á um framkvæmd samþykktarinnar og er því í rauninni eðlilegt framhald málsins á hinu háa Alþingi.

Ég vil einungis, herra forseti, fagna því að þessum áfanga skuli nú vera náð í mannréttindavernd að unnt sé að leita uppi og dæma menn sem hafa gerst sekir um glæpi gegn mannkyninu, en þegar við tölum um glæpi gegn mannkyninu eigum við við hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. En við höfum því miður fylgst með því allt of lengi að þeir menn sem gerst hafa sekir um þessa hræðilegu glæpi hafa getað ferðast um heiminn í skjóli þess að engin lögsaga nái til þeirra og hafa í raun og veru getað lifað sínu lífi áfram þrátt fyrir það að hafa framkvæmt hræðilega glæpi gegn einstaklingum og jafnvel heilu þjóðunum eða kynþáttunum og gjarnan í skjóli þess að það sé nánast eðlilegt að slíkir glæpir séu framdir í skjóli eða í skugga stríðsátaka. Með því að stofna þennan dómstól sem gerir það að verkum að hægt er að ná til þessara manna hvar sem er, þá er að sjálfsögðu um leið verið að leggja þungt lóð á vogarskálar þess að jafnvel í skugga stríðs, jafnvel þó að um sé að ræða stríðsátök og það ástand sem þá ríkir, sé það fráleitt að menn geti skýlt sér á bak við lögsögu með því að flýja á milli landa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og geri ráð fyrir að skoða þetta mál frekar eftir að það hefur fengið umfjöllun í nefnd. Ég vil einungis fagna því hér og nú að þetta mál sé komið fram og að þessum stóra áfanga í mannréttindavernd sé náð.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um frv. Eins og fyrri ræðumenn kem ég hér fyrst og fremst til að fagna því að þetta frv. er nú flutt. Með afgreiðslu þess lýkur uppfyllingu þeirra lögformlegu skilyrða sem af Íslands hálfu þarf að standa fyrir til að við höfum gert skyldur okkar gagnvart því að dómstóllinn geti tekið til starfa og hafi fengið fullnægjandi stuðning nægjanlega margra ríkja til þess að svo verði.

Síðasta vor fjölluðum við um till. til þál. um staðfestingu á aðild Íslands að dómstólnum og þá lýsti ég afstöðu minni til málsins og mikilli ánægju með að þetta baráttumál væri loksins að ná fram að ganga.

Mannréttindasamtök um allan heim hafa árum saman barist fyrir því að til sögunnar kæmi fastadómstóll þannig að ekki þyrfti að grípa til þess í hverju einstöku tilviki ef svo má segja þegar alvarleg brot á mannréttindum höfðu átt sér stað í tengslum við einhverja atburði að setja upp „ad hoc" dómstól eða tímabundinn dómstól eins og gert hefur verið og menn þekkja og reyndar stendur yfir nú vegna mannréttindabrota á Balkanskaga.

Alþjóðlegur sakamáladómstóll, fastadómstóll sem er til staðar til þess að taka á slíkum brotum hvar og hvenær sem þau fara fram hefur fasta lögsögu, er að sjálfsögðu á allan hátt öflugra tæki í þessum efnum en sá möguleiki hefur verið að kveðja saman slíkan dóm vegna alvarlegra brota á Genfarsáttmálanum eða öðrum mannréttindasáttmálum. Þessi dómstóll hefur lögsögu bæði gagnvart stríðsglæpum eða mannréttindabrotum sem eru framin í skjóli þess að styrjöld eða stríðsástand sé eða vopnuð átök geisi og eins þótt slíkir atburðir eigi sér stað utan marka slíks ástands og er þar af leiðandi með mjög víðtæka lögsögu í þessum efnum.

Það er aðeins eitt atriði, herra forseti, sem ég vil gera að umtalsefni sem varðar efni málsins og það er spurningin um fullnustu dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi. Nú er það svo að í þessu frv. er í 8. gr. sköpuð lagastoð fyrir því að fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi og þar segir, með leyfi forseta:

„Að beiðni dómstólsins er heimilt að fullnægja dómum hans hér á landi. Dómum má fullnægja þótt dómþoli sé ekki íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi.

Fullnusta dóma hér á landi skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. kafla Rómarsamþykktarinnar."

Þetta er væntanlega orðað svo vegna þess að til þess að auðvelda dómstólnum hlutverk sitt er gert ráð fyrir því að aðildarríki geti lagt það fram ef svo má að orði komast að bjóðast til að fullnusta dóma yfir sökudólgum sem svo hafa verið dæmdir þó að þeir séu með annað ríkisfang. Þetta er einfaldlega vegna þess að ekki er reiknað með því að því verði alltaf komið við að hægt sé að senda viðkomandi aðila til heimalands síns til að afplána refsinguna og þá þarf sú fullnusta dómsins einhvers staðar að eiga sér stað og um þetta er síðan nánar fjallað í 10. kafla. En það sem ég hefði haft áhuga á að farið yrði yfir í hv. þingnefnd er samhengi refsiákvæða og þess sem hér er þá verið að lögtaka með þeim hætti ef ég skil rétt með að refsiákvæðin eða dómar dómsins öðlist þá sjálfkrafa þá stöðu að vera ígildi refsingar að landsrétti. Við skulum segja að maður sé dæmdur í 10 ára fangelsi eða til að afplána 10 ára fangelsisvist af dómnum, þá yfirfærist sá dómur með tilteknum hætti til þess lands sem tekur að sér fullnustu dómsins ef þetta er þannig hugsað og það þurfi þar af leiðandi ekki með sjálfstæðum hætti í landsrétti viðkomandi lands að tilgreina refsiheimildirnar. Ég spyr einnig vegna þess að fyrir skömmu urðu orðaskipti milli mín og hæstv. utanrrh. sem vörðuðu það sem ég taldi vera og hafði ástæðu til að ætla að væru göt í löggjöf okkar hvað varðaði það að fullnægjandi refsiheimildir væru til staðar vegna brots á Genfarsáttmálanum.

Hæstv. ráðherra upplýsti að í ráðuneyti hans, utanrrn., vel mögulega í samstarfi við dómsmrn., hefði þetta mál verið athugað og talið væri fullnægjandi að vísa í þeim efnum til almennra hegningarlaga og þeirra refsiákvæða sem þar væru og þeim mætti beita gagnvart slíku, þ.e. ef íslenskur ríkisborgari, maður sem væri sóttur til saka hér vegna brota á ákvæðum Genfarsáttmálans, væri t.d. sekur um gróf mannréttindabrot, glæpi gegn mannkyni eða annað því um líkt, þá mætti sækja hann til saka hér og dæma til refsingar á grundvelli refsiákvæða almennra hegningarlaga. Ekki þyrfti að setja í landslög sjálfstæð lagaákvæði til að tilgreina refsiheimildir vegna brota á Genfarsáttmálanum sem slíkum en það hefur ekki verið gert þó að í sáttmálanum séu þær skyldur lagðar á herðar aðildarríkjum. Það hefur verið mat margra hér að Ísland hafi að þessu leyti ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart Genfarsáttmálanum.

Nú er eitt af hlutverkum þessa alþjóðadómstóls að dæma vegna brota á Genfarsáttmálanum sjálfum. Það er m.a. sérstaklega tekið fram þegar lögsaga dómstólsins er tilgreind, eins og hér var reyndar vitnað til í framsöguræðu ráðherra og af fleiri ræðumönnum, þá er í þeim brotum sem lögsagan tekur til m.a. tilgreindir ákveðnir kaflar Genfarsáttmálans og það á sérstaklega við um stríðsglæpi.

Hæstv. utanrrh. vitnaði þar af leiðandi til þess í orðaskiptum okkar um þessi mál á dögunum að í vændum væri frv. frá hæstv. dómsmrh. þar sem lagastoð yrði skotið undir aðild okkar að Alþjóða sakamáladómstólnum, Rómarsamþykktinni og því leyfi ég mér að minna á þetta atriði hér. Ég tel nauðsynlegt að hv. allshn., sem fær málið til skoðunar, fari yfir það hvort þessi frágangur málsins sé að öllu

leyti fullnægjandi og þá þannig að í leiðinni sé óyggjandi að Íslendingar hafi gert skyldur sínar gagnvart Genfarsáttmálanum þó seint sé — að í lögum okkar séu sem sagt fullnægjandi ákvæði að öllu leyti til að framkvæmd þeirra geti gengið eðlilega fyrir sig. Þó að við vonum auðvitað að seint reyni á það að við þurfum að standa í því í okkar litla og friðsæla landi að draga menn fyrir dóm fyrir brot á slíkum ákvæðum þá breytir það engu um að við eigum að hafa frágang þessara mála með fullnægjandi hætti af okkar hálfu.

Herra forseti. Ég tek svo að lokum aftur undir það að ég held að enginn minnsti vafi sé á því að frá sjónarhóli alþjóðlegrar mannréttindabaráttu og þess að lögum og reglu verði viðhaldið og höndum komið yfir alþjóðlega glæpamenn og þá sem standa fyrir mannréttindabrotum sé stórkostlegt framfaraskref fólgið í tilkomu þessa alþjóðlega sakamáladómstóls og einasta áhyggjuefni mitt og ugglaust margra fleiri er sú tregða sem því miður gætir hjá ákveðnum ríkjum í að stíga skrefið til fulls og viðurkenna lögsögu dómstólsins. Það er svo sem ástæðulaust að nefna nöfn í því sambandi. Ég hygg að allir viti til hvers er verið að vísa. Það er því miður þannig að ákveðnir áhrifamiklir aðilar hafa tregðast talsvert við af ástæðum sem eru að mínu mati fullkomlega óframbærilegar. Það ætti að vera metnaðarmál allra ríkja sem vilja láta taka sig alvarlega á sviði mannréttindamála, ég tala ekki um þeirra sem stundum þykjast þess umkomin að leiðbeina öðrum í þeim efnum, að drífa í því að fullgilda aðild sína að þessum dómi.

[14:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil rétt aðeins taka þátt í þessari umræðu og fagna fram komnu frv. um staðfestingu eða framkvæmd Rómarsamþykktarinnar um Alþjóða sakamáladómstólinn. Þannig er að við höldum uppi siðuðu þjóðfélagi með því að skipta ríkisvaldinu í þrennt: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Ef einn þáttinn vantar, þ.e. dómsvaldið, þá vantar ansi mikið til að halda uppi siðuðu þjóðfélagi. Þá komast menn, einstaklingar, glæpamenn, upp með gerðir sínar án þess að þeim sé refsað og vaða þar með uppi. Það er því mjög mikilvægur þáttur í því að standa vörð um mannréttindi að til sé dómsvald til þess að refsa þeim sem brjóta alþjóðareglur eða lög hvers lands því að lög og reglur verða marklaus ef ekki er dómsvald.

Við höfum þurft að horfa vanmáttug upp á óskaplegar fréttir af mannréttindabrotum og ekki bara í fortíðinni, þetta er í nútíðinni. Ég nefni Bosníu, ég nefni ástandið í Austur-Tímor, Indónesíu sem og ástandið núna í Borneó, Indónesíu, ástandið í Alsír og víðar. Verst er ástandið þegar ríkisvaldið brotnar niður eins og gerðist í Bosníu þar sem ekkert vald er til staðar og eingöngu hnefarétturinn gildir. Þá er mjög mikilvægt að hafa alþjóðlegan dómstól sem hræðir menn frá því að ganga of langt í ofbeldinu. Ég tel að þessi dómstóll sé mjög mikilvægur í þágu mannréttinda og til varnar einstaklingnum gagnvart ofbeldismönnum og svo líka gagnvart ríkisvaldinu sem stundum grípur til ofbeldisverka gagnvart einstaklingnum. Ég fagna því framlagningu þessa frv. og styð það eindregið.

[14:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm. fyrir ræður þeirra um þetta frv. til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn og þær góðu viðtökur sem frv. hefur fengið við 1. umr.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja efni frv. frekar. Það er reyndar ekki nema 11 greinar. Hins vegar er þetta stór og þykk bók sem við erum með og greinargerðin með frv. er mjög ítarleg og auðvitað samþykktin sjálf.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi m.a. áhyggjur sínar af Genfarsáttmálanum og mér er tjáð að sú refsivernd sem er í íslenskum hegningarlögum hafi verið metin nægjanleg gagnvart þeim sáttmála.

Þá vék hv. þm. einnig talinu að 8. gr. frv. þar sem er að finna heimild til að fullnusta dóma Alþjóðlega sakamáladómstólsins hér á landi. Sú fullnusta færi fram í samræmi við úrlausn Alþjóðlega sakamáladómstólsins en í þessu sambandi langar mig til þess að benda á 105. gr. sem er á bls. 99 í frv. Þar kemur skýrt fram hvernig meðferðin er í þessu sambandi. Með leyfi virðulegs forseta segir:

„105. gr. Fullnusta dómsins.

1. Með fyrirvara um skilyrði, sem ríki kann að hafa sett í samræmi við b-lið 1. mgr. 103. gr., er fangelsisdómur bindandi fyrir aðildarríkin og geta þau ekki undir neinum kringumstæðum breytt honum.

2. Dómstóllinn hefur einn rétt til þess að úrskurða um umsókn um áfrýjun og endurupptöku. Fullnusturíkið skal ekki koma í veg fyrir að dæmdur maður sendi inn slíka umsókn."

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir þessar ábendingar og tel að sjálfsögðu rétt að hv. allshn. fjalli um þær í meðferð sinni og umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 665.

[14:44]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum. Með frv. er lagt til að einungis borgaralegir vígslumenn annist könnun hjónavígsluskilyrða þegar annað hjónaefna eða bæði eru innlendir ríkisborgarar. Samkvæmt 18. gr. laganna eru sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra borgaralegir vígslumenn. Þótt lagt sé til að einungis borgaralegir vígslumenn annist könnun hjónavígsluskilyrða í þessum tilvikum breytir það engu um að hvaða vígslumaður sem er getur síðan framkvæmt hina eiginlegu hjónavígslu. Rétt er að undirstrika þetta.

Könnun hjónavígsluskilyrða lýtur eingöngu að því að meta hvort fullnægt sé lagaskilyrðum til að stofna til hjúskapar. Við þá athugun þarf að líta bæði til ákvæða hjúskaparlaga og reglugerðar um könnun hjónavígsluskilyrða og enn fremur í sumum tilvikum til annarra laga og reglna. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að erlendir ríkisborgarar komi hingað til lands til að ganga í hjónaband og einnig að erlendir ríkisborgarar stofni til hjúskapar við íslenska ríkisborgara. Könnun hjónavígsluskilyrða er í ýmsum atriðum flóknari í þessum tilvikum en þegar íslenskir ríkisborgarar ganga í hjúskap. Hér getur reynt á þekkingu könnunarmanns í alþjóðlegum einkamálarétti auk þess sem

athugunin tekur til erlendra gagna og vottorða. Með hliðsjón af því að borgaralegir vígslumenn eru löglærðir þykir rétt að fela þeim að annast könnun hjónavígsluskilyrða þegar um erlenda ríkisborgara er að ræða en með því er komið í veg fyrir að aðrir vígslumenn þurfi að verja tíma og fyrirhöfn til að afla sér þekkingar á lagaatriðum sem annars falla almennt utan sérsviðs þeirra.

Ég vil taka fram að það fyrirkomulag sem lagt er til með frv. getur ekki valdið neinu teljandi óhagræði fyrir hjónaefni. Þvert á móti eru það beinlínis hagsmunir þeirra að vandað sé til könnunar á hjónavígsluskilyrðum, enda getur það haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem eiga í hlut ef þessari könnun er áfátt. Á það ekki bara við um hjónin sjálf, heldur einnig börn þeirra og reyndar þjóðfélagið í heild sinni.

Að lokum vil ég láta þess getið að frv. er samið að höfðu samráði við biskup Íslands, Prestafélag Íslands og Sýslumannafélag Íslands.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[14:48]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993. Ég verð að segja það í kjölfar hæstv. dómsmrh. að auðvitað hefur þetta ekkert að gera með sjálfa framkvæmd hjónavígslu. Að sjálfsögðu ekki. Þetta er ekkert endilega óhagræði en þetta er aðgreining milli Íslendinga og útlendinga. Það er það sem er verið að gera fyrst og fremst í þessu frv.

Ég hefði gjarnan viljað hafa það svo að allir væru með sérstaka könnunarmenn hvort sem það væri ég eða einhverjir aðrir. Það er ekkert að því að aðgreina í rauninni það sem þarf að spyrja um og það sem fólk þarf að leggja fram í þeim gögnum þegar það ætlar að ganga í hjónaband og síðan er þá allur hátíðleikinn eftir hjá vígslumönnunum. Þetta verði aðgreint, en við förum ekki út í að aðgreina það að hafa eitt er varðar útlendinga og annað er varðar Íslendinga. Við höfum ekki haft það þannig og mér finnst að við eigum ekki að fara að stíga það óheillaskref.

Frumvarpið er samið að höfðu samráði við biskup Íslands, Prestafélagið og Sýslumannafélagið og það sem þessar stofnanir eins og t.d. Biskupsstofa og Prestafélagið vildu láta skoða var auðvitað spurningin um hvort þetta bryti í bága við mannréttindi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef kom í ljós að svo væri ekki og það var ástæðan fyrir því að þeir voru sammála því að þetta kæmi fram. En áður komu fram nokkrar upplýsingar, t.d. ein afar góð grein sem Toshiki Toma, prestur nýbúa, skrifaði í blöðin og sennilega flestallir þingmenn hafa fengið þar sem hann var eiginlega með umsögn um frv. löngu áður en það kom fram á Alþingi þar sem hann vekur athygli á ýmsu, t.d. því hvernig þetta kemur inn á mannréttindi, varðandi stjórnarskrána og annað. Það er því ekki hægt annað en taka það verulega til íhugunar, og það mun allshn. gera, og taka til skoðunar það sem hann hefur að segja og bendir á í tveimur mjög góðum greinum einmitt um þetta frv.

Ég vil meina að það sé óheillaskref að fara að aðgreina þetta af því að ég er alveg klár á því að fyrir venjulegt fólk úti í bæ, sem þarf hvort eð er að sækja vottorð sín á Hagstofuna og hingað og þangað, sé það ekki endilega númer eitt, tvö eða þrjú að það sé presturinn sem skoðar þá hluti heldur sé það þessi svokallaði könnunarmaður sem er löglærður. Því að Íslendingar eru ekki allir eintómir englar, svo mikið er víst, þannig að það þarf alveg eins að kanna þetta almennilega fyrir okkur. Ég vildi því óska að þessi umræða fengi svo faglega og góða umfjöllun í allshn. að við mundum öll breyta okkur í könnunarmenn en að það væru ekki vígslumennirnir. Það má þá kannski ræða það sérstaklega við prestana. Það getur verið að það sé viðkvæmt hjá þeim en ég held ekki. Kannski er framsýnin í þessu sú að það sé ágætt að aðskilja þetta tvennt. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á hina mjög góðu grein Toshikis Toma. Við munum fara yfir það í allshn. og ræða við aðila og ég vil því ekki tjá mig meira að svo komnu máli.

[14:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingu á hjúskaparlögum og ætla ég að koma aðeins inn í umræðuna. Ég tek undir orð hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur um athugasemdir um að verið sé að gera tillögur um að aðrar reglur gildi um útlendinga en Íslendinga þegar um hjúskap er að ræða.

Ég verð að segja að mér finnst það að mörgu leyti óeðlilegt hvernig þessar tillögur aðgreina það hvort maður er íslenskur ríkisborgari eða erlendur ríkisborgari og ég leyfi mér að koma með ákveðnar efasemdir um að þetta standist stjórnarskrána hvað varðar grunnhugmyndir um mannréttindi. Á þetta hefur prestur nýbúa, Toshiki Toma, bent í umsögn sem hann sendi öllum þingmönnum um þetta mál og finnst mér mjög margt sem hann bendir á vert athugunar hvað varðar þetta mál allt saman.

Í stjórnarskránni stendur:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til þjóðernisuppruna og þó svo að allir í þessu tilfelli eigi sjálfsagt við íslenska ríkisborgara, þá hlýtur það einnig að eiga við um erlenda ríkisborgara sem eru búsettir hér á landi og þurfa að lúta íslenskum lögum. Það ber að skilja það svo að allir skulu vera jafnir fyrir lögunum.

Það er alveg eðlilegt að sett séu sérstök lög og takmarkanir fyrir útlendinga hvað varðar dvalarleyfi, kosningarrétt og ýmislegt annað en hvað varðar hjúskaparréttinn og skilyrði til hans, þá hef ég ákveðnar efasemdir um þann þátt og svo vitnað sé aftur til stjórnarskrárinnar, þá kemur einnig fram í henni í 71. gr. að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og hefði ég talið að hjúskaparrétturinn tilheyrði þeim þætti, þ.e. friðhelgi einkalífsins, heimilis og fjölskyldu. Því tel ég að allshn. þurfi að fara rækilega yfir þennan þátt. Og af því að við vorum að ræða lagaráð ekki alls fyrir löngu, þá hefði ég talið, herra forseti, að full ástæða hefði verið til þess að lagaráð væri starfandi hér við þingið og það skoðaði einmitt þetta frv. með tilliti til stjórnarskrárinnar og annarra alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að.

Talað hefur verið um það í þessu sambandi og gefið í skyn að menn séu e.t.v. að leggja fram falsaða pappíra. Það liggur stundum í orðunum og kannski er eitthvað af þeim atriðum sem tekin eru inn í frv. til þess að koma í veg fyrir það en það hlýtur að vera hægt að koma í veg fyrir það án þess að settar séu reglur um mismunun á þeim einstaklingum sem ganga í hjúskap hér á landi, hvort þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða ekki.

Einnig væri hægt að spyrja hæstv. ráðherra um eitt atriði, herra forseti, hvort hún hafi tölur yfir það hversu mikið það hafi færst í vöxt að erlendir ríkisborgarar hafi komið hingað til að ganga í hjúskap. Því er haldið fram í athugasemdum með lagafrv. og væri áhugavert að fá þær upplýsingar hjá hæstv. ráðherra um hversu mjög það hefur færst í vöxt að erlendir ríkisborgarar hafi komið hingað til að stofna til hjúskapar og hvort einhverjar tölur séu fyrirliggjandi um þau atriði.

Síðan er annað atriði sem ég hefði gjarnan viljað koma að en það er athugasemd sem Toshiki Toma bendir á um að könnunarmenn skuli meta hvaða skjöl hjónaefni þurfi að leggja fram og leggja mat á framlögð skjöl. Hvað þýðir í raun og veru að könnunarmenn skuli meta hvaða skjöl hjónaefni skulu leggja fram í hverju tilviki? Á þá ekki að gilda það sama um Íslendinga?

Ég velti því fyrir mér hvort t.d. sýslumenn eigi að fá aukið vald til að meta það hvaða sérskilyrði eiga að gilda eftir því hver manneskjan er og hvaðan hún kemur. Þetta er svolítið varhugavert og kannski eitthvað sem við eigum að velta fyrir okkur hvort við eigum að taka upp þau vinnubrögð sem gætu falist í þessari hugsun og þessari kröfu, þ.e. að fá skýrar fram hvað liggur að baki þessari hugmynd.

Herra forseti. Ég vonast til þess að allshn. fari rækilega ofan í þetta mál og sjái til þess að mönnum verði ekki mismunað með mismunandi málsmeðferð eftir þjóðerni eins og mér finnst liggja dálítið í orðanna hljóðan í frv. og það verði skoðað hvort þetta sé brot t.d. á alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland er aðili að, þar sem stendur að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Ég vonast til að það verði einnig skoðað rækilega í allshn. þegar málið verður þar til umfjöllunar.

Það eru ýmis fleiri atriði sem prestur innflytjenda, Toshiki Toma, bendir á í umfjöllun um þetta mál sem ég hefði talið að full ástæða væri til að skoða, en eins og fram hefur komið í máli mínu, herra forseti, hef ég ákveðnar efasemdir um að þetta mál standist alþjóðasáttmála og jafnvel stjórnarskrána þannig að ég tel að fara þurfi rækilega yfir það og hvort stætt sé á því að aðrar reglur gildi um útlendinga sem búa hér á landi og vilja ganga í hjúskap heldur en aðra sem ganga í hjúskap hér á landi, þ.e. íslenska ríkisborgara.

[15:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með þeim sem hafa talað og bent á að það sé að mörgu leyti vafasamt að mismuna á þann hátt sem má með rökum segja að frv. geri í þeirri mynd sem það er nú á milli þeirra sem eru annars vegar íslenskir ríkisborgarar og hins vegar í þeim tilvikum þegar annað hjónaefna eða bæði eru erlendir ríkisborgarar.

Ég vil samt nálgast þetta viðfangsefni út frá öðru sjónarmiði. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að ég tel mjög mikilvægt að könnun hjónavígsluskilyrða sé örugg, hún sé áreiðanleg og það skýr að nánast sé útilokað að fólk geti gengið í hjónaband þegar það er í öðru hjónabandi fyrir vegna þess að slíkt getur eðli málsins samkvæmt verið afskaplega óheppilegt að mörgu leyti. Mjög mikilvægt er að sú framkvæmd að kanna hjónavígsluskilyrði og sjá til þess að lög tálmi ekki ráðahagnum sé ábyggileg.

Þess vegna fagna ég þeirri hugmynd, sem frv. leggur reyndar aðeins til varðandi ákveðinn hluta fólks, að sýslumenn og löglærðir fulltrúar annist þessa könnun. Ég tel mun eðlilegra að slík framkvæmd sé höfð á og vil því leggja til að þetta nái til allra sem gifta sig hér á landi, þ.e. að hver einstaklingur fari til sýslumanns eða til löglærðs fulltrúa sýslumanns þar sem fram fari könnun á hjónavígsluskilyrðum. Þetta skal hver einstaklingur gera fyrir sig. Það má eiginlega orða það þannig að hver einstaklingur fyrir sig fari og klári sitt fyrra líf, ef við getum svo að orði komist, og því sé ekki blandað á neinn hátt við þá rómantík, vil ég segja, sem einkennir það þegar tveir einstaklingar ákveða að rugla saman reytum sínum og ganga í hjónaband. Þess vegna tel ég þetta fyrirkomulag vera mjög æskilegt og eðlilegt að þetta sé algjörlega aðskilið og að fólk fari til sýslumanns, fái vottorð um að fyrra hjónabandi sé formlega lokið og fái skilríki þar um. Ég tel það í sjálfu sér vera eitthvað sem eigi ekki að blanda saman við það að öðru leyti nema þetta vottorð liggi fyrir, en að öðru leyti eigi ekki að blanda því saman við það þegar tveir einstaklingar hafa síðan fundið sér vígslumann til þess að vígja þau í annað hjónaband.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég tel þetta og þennan aðskilnað á könnun hjónavígsluskilyrða annars vegar og svo hins vegar á því að óska eftir vígslu í hjónaband, hvort sem það er nú hjá presti eða öðrum vígslumanni, vera meira í takt við þau gildi sem hjónabandið er reist á og í raun og veru í meiri takt við kristilegt hugarfar að fólk komi nánast að hreinu borði þegar það stofnar til nýs hjónabands. Þess vegna vil ég leggja orð í þennan belg, herra forseti, og þá fyrst og fremst með það í huga að hv. allshn. skoði það mjög alvarlega hvort ekki sé unnt að breyta frv. þannig að þetta sé aðskilið hvað alla varðar, þ.e. alla sem sækja hér um vígslu. Ef sú breyting verður gerð þá væri ekki verið að mismuna fólki eftir því af hvaða bergi það er brotið eða hver ríkisborgararéttur þess er, auk þess sem ég held að slíkt fyrirkomulag mundi vera mjög til bóta. Það er auðveldara, tel ég vera, fyrir löglærðan fulltrúa hjá sýslumanni eða sýslumann að gera þessa könnun en fyrir þann vígslumann eða prest sem er að fara að gifta fólk aftur. Að lokinni slíkri breytingu á frv. get ég a.m.k. stutt það af heilum hug en ætti erfitt með að styðja frv. í þeirri mynd sem það er núna, herra forseti. Ég vil því hvetja hv. allshn. til að taka þessar athugasemdir alvarlega til skoðunar um að gera slíka breytingu.

[15:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessar umræður um frv. til breytinga á hjúskaparlögum. Ýmsar athyglisverðar ábendingar hafa komið fram sem ég tel rétt að allshn. skoði nánar. Ég heyri að hv. þm. eru mér sammála um að hjónabandið sé afskaplega mikilvæg stofnun í þjóðfélagi okkar og það beri að standa rétt að allri framkvæmd í sambandi við hjónavígsluna og könnun á öllum hjónavígsluskilyrðum.

Ég vil víkja sérstaklega að spurningum frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Ég verð að segja að ég hef að vísu ekki handbærar tölur um hjónavígslur þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut en mun leggja áherslu á að upplýsa nefndina um þau atriði.

Hvað varðar þau gögn sem var spurt um, hvaða gögn þyrfti að útvega og hvernig ætti að leggja mat á þau þá er um að ræða pappíra eins og t.d. fæðingarvottorð, pappíra um skilnað ef viðkomandi hefur verið giftur áður og segist vera fráskilinn og það þarf auðvitað að kanna áreiðanleika þessara gagna. Sýslumenn hafa þetta vald nú þegar.

Ég man eftir því sem formaður allshn. á sínum tíma að þegar við vorum að skoða umsóknir um ríkisborgararétt þá kom í ljós að það gat verið misjafnt eftir löndum hvernig gögn voru úr garði gerð og hvaða kröfur voru gerðar til þeirra. Ég held að það geti því auðveldað erlendum ríkisborgurum að fá leiðsögn í þessum efnum frá sýslumönnum eða löglærðum fulltrúum og jafnvel ekki vanþörf á í ýmsum tilvikum. Ég er þó ekki að gera lítið úr hlutverki presta þjóðkirkjunnar í þessu sambandi sem standa sig yfir höfuð mjög vel í þessum efnum en þetta er orðið flóknara samfélag sem við búum í en var bara fyrir nokkrum árum.

Þá vil ég víkja sérstaklega að þeim ábendingum um að frv. hafi verið gagnrýnt opoinberlega og þá með þeim rökum að í því felist mismunun milli íslenskra og erlendra ríkisborgara eins og hv. þm. bentu á. Hvað þetta varðar vil ég ítreka það sem kom fram í framsöguræðu minni um að könnun hjónavígsluskilyrða geti í ýmsum atriðum verið flóknari þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut. Ég vék að þessu áðan. Hér getur reynt á þekkingu könnunarmanns í alþjóðlegum einkamálarétti auk þess sem athugunin tekur til erlendra gagna og vottorða. Þessar röksemdir liggja að baki tillögu frv. um að fela löglærðum vígslumönnum könnun hjónavígsluskilyrða þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut.

Hér skipta ekki síst máli þeir brýnu hagsmunir hjónaefnanna sjálfra að könnun hjónavígsluskilyrða sé vönduð og fari fram eftir settum reglum. Það getur auðvitað gert mönnum mjög erfitt fyrir ef þarna verður misbrestur á. Ég nefni sem dæmi tvíkvæni en nokkur tilvik eru um slíkt hér á landi.

Eins og ég gat um áður var frv. samið að höfðu samráði við biskup Íslands, Sýslumannafélag Íslands og Prestafélag Íslands. Þá vil ég láta þess getið að stjórn Prestafélagsins fjallaði á fundi sínum þann 5. febr. sl. um gagnrýni sem fram hefur komið á frv. og taldi stjórnin ekki tilefni til að breyta fyrri afstöðu sinni til frv.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla efnislega um þá gagnrýni sem fram hefur komið á frv. með öðrum hætti en þeim að geta þess að engum gekk það til að mismuna einum eða neinum heldur þvert á móti tekur frv. mið af hagsmunum þeirra sem í hlut eiga eins og ég hef vikið að. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að verði vafi talinn leika á því að frv. sé ósamræmanlegt jafnræðissjónarmiðum þarf að fara yfir það og gera á frv. viðeigandi breytingar. Þannig mætti hugsa sér að borgaralegum vígslumönnum yrði falið að kanna hjónavígsluskilyrði þegar athugun tekur til erlendra gagna og það ætti jafnt við um íslenska og erlenda ríkisborgara. Því skipti þjóðerni hjónaefna ekki máli heldur þau skjöl sem væru til athugunar í hverju tilviki. Ég tel rétt að hv. allshn. kanni þetta atriði nánar.

[15:11]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í andsvari lýsa ánægju minni með undirtektir hæstv. dómsmrh. við þær ábendingar sem hafa komið fram en jafnframt taka undir með hæstv. dómsmrh. að það er alvarlegur hlutur að stofna til hjónabands og það er mjög flókið að fara í gegnum feril fólks víða um lönd þegar stofnað skal til hjónabands hér. Við vitum mörg dæmi þess að erfitt er að ná í slíkar upplýsingar vegna stjórnmálaástands í viðkomandi löndum o.s.frv. Það er borðleggjandi að öllum er fyrir bestu að allar upplýsingar liggi á hreinu. Þess vegna sýnist mér í fljótu bragði að ekki sé mismunun fólgin í því að beina sjónum sérstaklega að fólki í útlöndum heldur sé verið að reyna að tryggja það að hjónaband sé byggt á þeim grunni sem efni standa til.

Ég vil árétta að ég held að það sé gott mál að hv. allshn. fari ofan í þær ábendingar sem hafa verið lagðar fram en vil lýsa yfir ánægju minni með að það eigi að fara vandlega ofan í bakgrunninn að hjónabandi því að við vitum mörg um alls konar blessanir sem hafa átt sér stað á öðrum trúarlegum forsendum en við byggjum á. Sumt er löglegt en sumt ólöglegt og eflaust eru það margir útlendingar á Íslandi að við hv. þm. kannski þekkjum eitt eða tvö eða þrjú dæmi þar sem menn hafa farið í gegnum eins konar blessun án þess kannski að gera sér grein fyrir löglegri stöðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framsal sakamanna, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (Schengen-samstarfið). — Þskj. 724. [15:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Hinn 29. maí 2000 var samþykktur af Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess samningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Markmiðið með þeim samningi er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi, en sú samvinna hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá árinu 1959 og Schengen-samningnum frá 1990. Þessi nýi samningur Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum felur meðal annars í sér breytingu á Schengen-reglum sem gilda á þessu sviði. Hvað það varðar tekur samningurinn til Íslands og Noregs en löndin hafa fyrir sitt leyti lýst því yfir að þau fallist á samninginn.

Í 2. gr. samningsins eru rakin þau ákvæði hans sem breyta eða byggja á þeim Schengen-reglum sem gilda gagnvart Íslandi og Noregi. Þessi ákvæði eru 3. gr., sem felur í sér að gagnkvæma réttaraðstoð skuli einnig veita í refsimálum til úrlausnar hjá stjórnvöldum og í málum vegna refsiábyrgðar lögaðila, 5. gr., um sendingu og afhendingu málsskjala, 6. gr., um sendingu beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð, 7. gr., um miðlun upplýsinga án formlegrar beiðni, 12. gr., um afhendingu undir eftirliti, og 23. gr., um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar afhendingu undir eftirliti skv. 12. gr. gilda einnig ákvæði 15. gr. samningsins um refsiábyrgð opinberra starfsmanna og 16. gr. um skaðabótaábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

Sá lagagrundvöllur sem er þegar fyrir hendi samkvæmt lögum um framsal sakamanna og aðra réttaraðstoð í sakamálum og lögum um meðferð opinberra mála er í flestu tilliti viðhlítandi til að unnt sé að fullnægja þeim skuldbindingum sem hvíla á Íslandi vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu. Þó er nauðsynlegt að gera minni háttar breytingar á lögum svo sem lagt er til með frv. Hér eru eingöngu lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar af þessu tilefni en stefnt er að því síðar að taka frekari þátt í gagnkvæmri réttaraðstoð á grundvelli frv.

Herra forseti. Ég hef gert almenna grein fyrir efni frv. en vík nú að einstökum tillögum þess.

Með frv. er lagt til að tvær nýjar greinar bætist við lögin. Annars vegar er um að ræða ákvæði varðandi sendingu og afhendingu málsskjala í samræmi við 5. gr. samningsins. Hins vegar er um að ræða ákvæði um refsivernd og refsiábyrgð embættismanna frá öðrum aðildarríkjum sem taka þátt í rannsókn eða meðferð opinbers máls hér á landi en það ákvæði er í samræmi við 15. gr. samningsins.

Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:17]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hafa mörg orð um þetta mál sem mér sýnist vera eðlileg og sjálfsögð breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum þar sem í raun og veru er verið að auðvelda það að hægt sé að nálgast þá sem lögin ná til með því að stjórnvöldum sé heimilt að semja um að yfirvöld í erlendu ríki megi senda einstaklingi hér á landi í pósti tilkynningu eða málsskjöl vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls og að heimilt sé að þýða skjalið eða meginefni þess á íslensku eða annað tungumál sem erlendu yfirvaldi er kunnugt um að viðtakandi skilur. Ég vildi því einungis lýsa því yfir að hér virðist vera um eðlilegt og sjálfsagt mál að ræða og ómögulegt er að sjá annað en að það leiði til betri framkvæmdar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem ætlunin er að þau geri með þessu frv. Ég lýsi því yfir að hér er að mínu mati hið ágætasta mál á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (aðild RALA að hlutafélögum). — Þskj. 674.

[15:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Frv. er flutt á þskj. 674 og er mál nr. 414 á þessu hv. þingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði heimilt að eiga aðild að og stofna rannsókna- og þróunarfyrirtæki sem vinna að því að hagnýta niðurstöður rannsókna stofnunarinnar. Lagt er til að heimildin verði bundin við aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verði takmörkuð við hlutafjárframlög. Auk þess er lagt til að aðild að og stofnun slíkra fyrirtækja Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði háð samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbrh. hverju sinni.

Sams komar breytingar, herra forseti, hafa verið gerðar í lögum um Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985, lögum um Iðntæknistofnun Íslands, sbr. lög nr. 77/1986, og lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þegar Hafrannsóknastofnun, sbr. lög nr. 72/1984, og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sbr. nr. 71/1989, voru veittar heimildir til að eiga aðild að rannsókn á þróunarfyrirtækjum. Er það álitið kostur fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins að geta átt aðild að stofnun sérstakra fyrirtækja um slík verkefni en með því getur stofnunin betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo það nýtist betur í þágu landbúnaðarins.

Virðulegi forseti. Við þessa umræðu verður ekki farið ítarlega í þær breytingar sem lagðar eru til með frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í sjálfu þingskjalinu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til laga er varðar auknar heimildir til handa Rannsóknastofnun landbúnaðarins um að hún geti átt aðild að eða stofnað rannsókna- og þróunarfyrirtæki undir hlutafélagaformerkjum.

Fyrst örstutt innskot. Öðruvísi mér áður brá að hæstv. landbrh. færi fyrir öðrum í þeim efnum að hlutafélagavæða verkefni sem hafa að langstærstum hluta verið áður á sviði ríkisins. Það er eitt og sér áhugavert og athyglivert.

Hæstv. ráðherra vísaði til greinargerðar með þessu frv. Hún er að sönnu ákaflega rýr í roðinu og beinist eingöngu að formsatriðum frv. en í engu að efnisatriðum þess. Því er ástæða til að biðja hæstv. ráðherra að fara nánar yfir það hvað búi að baki, hvaða hugmyndir séu uppi í þá veru sem frv. fjallar um, þ.e. eru einhverjir þeir aðilar úti á markaðnum sem hafa verið að falast eftir samstarfi við Rannsóknastofnun landbúnaðarins um sértæk verkefni á markaði sem gæti skotið frekari stoðum undir rannsóknir og þróun í landbúnaði? Ég vil bæta við fyrirspurnum í þessa veru: Er eitthvað í fyrirkomulagi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem lokar á þessa hina sömu möguleika til frekari þróunar og rannsókna? Eða eru einhvers staðar peningar á lausu annars staðar sem mundu, eins og ég segi, skjóta frekari stoðum undir starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins? Eða er það svo að hæstv. ráðherra hefur allt í einu séð ljósið og áttað sig á því að um frekari framfarir verði ekki um að ræða af hálfu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins nema markaðurinn komi þar að og að hf. verði sett þar fyrir aftan?

Svo ég haldi áfram þessum spurningum: Er það kannski ný skoðun hæstv. landbrh. að það sé þá eingöngu spurning um tíma en ekki hvort „háeffið" verði sett einfaldlega fyrir aftan Rannsóknastofnun landbúnaðarins og hún sem ríkisstofnun tilheyri fornri og liðinni tíð?

Ég sagði áðan, herra forseti, öðruvísi mér áður brá. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að þessarar tilhneigingar hefur gætt í nokkrum mæli. Ég hef svo sem ekki lagst gegn henni ef gild rök eru að baki og einhverjar hugmyndir uppi sem réttlæta breytt verklag. Hins vegar fyllist ég dálítilli tortryggni og af ástæðu sem ég hirði ekki um að rekja hér og engin ástæða til, því öllum hv. þm. er kunnugt um það þegar eingöngu er verið að veita heimildir til háeff-væðingar heimildanna vegna. Ég trúi því að hæstv. landbrh. sé þó enn þá það trúr sinni fyrri skoðun að hann sé ekki að fara fram á þetta mál eingöngu formsins vegna, vegna nýrrar trúar hans á mátt og megin háeff-væðingar, heldur hljóti að vera hér einhver málefnaleg rök að baki. Og ég bíð þeirra.

[15:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alltaf meira og minna undrandi á málflutningi vinar míns, hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, sem ég hélt að hefði komið í landbn. sérstaklega til að styðja við bakið á mér eins og hann hét mér forðum og hef talið hann í þeirri stöðu. En þegar ég flyt hér mál mín

kemur hann eiginlega úr allt annarri átt, eiginlega beint af fjöllunum, og snýr út úr þessum málum.

Í sjálfu sér hef ég aldrei haft mikið á móti hlutafélögum. Ég hef hins vegar sagt að í ríkisfyrirtækjum sé hlutafélagsformið til að selja eins og hefur alltaf komið í ljós. En í þessu máli þarf ekkert að snúa út úr enda veit ég að hv. þm. sem er Hafnfirðingur er bara svona gamansamur um miðjan dag. Hann sér auðvitað það sem ég fór með hér og gat um að greinar og sams konar fyrirtæki í sjávarútveginum, iðnaðinum, háskólanum, eru að fara þessar leiðir til að þróa nýja atvinnutækni. Rannsóknastofnun landbúnaðarins sér auðvitað leik á borði til að fá aðila til þátttöku með sér í að þróa framtíðarverkefni. Atvinnulífið vill koma inn í þetta. Þetta er form sem reynist vel í hinum aðalatvinnuvegunum og í rauninni er bara verið að opna fyrir þá leið.

Ég þarf ekki einu sinni að svara hv. þm. um það, það er enginn áhugi hjá mér að háeffa Rannsóknastofnun landbúnaðarins og það kemur ekki til greina. En mér finnst að málið reki sig. Þetta hefur opnað bæði háskólanum og sjávarútveginum og iðnaðinum nýjar leiðir til að þróa verkefni sín, fá peninga og aðila inn með sér í þau verkefni og þetta mundi styðja Rannsóknastofnun landbúnaðarins á þessu sviði einnig og verður vonandi íslenskum landbúnaði til framdráttar.

[15:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra þarf engar áhyggjur að hafa af því að ég verði honum ekki ráðhollur í landbn. En þannig er það nú að vinur er sá er til vamms segir. Það var eingöngu af þeim ástæðum að hér kvað við algerlega nýjan tón hjá hæstv. ráðherra, ég náði ekki að fylgja honum að fullu og öllu.

Ég er ekki alveg sannfærður enn þá og rifja það upp, þó vilji ég trúa því að hæstv. ráðherra hafi fulla trú á því að þetta geti aukið rannsóknir og þróunarstarfsemi í landbúnaði, þá er það vissulega þekkt hins vegar að þær stofnanir sem til eru, í þessu tilfelli Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tæmast í raun innan frá. Þessi stoðfyrirtæki, háeff-væddu verði alfa og ómega þeirra hluta sem gera skal.

Það eru kannski þær áhyggjur sem ég el í brjósti að meginþungi starfseminnar færist frá þeirri stofnun til annarra markaðsvæddra stofnana. Kannski er það allt í lagi en menn þurfa hins vegar að vita af slíkri hættu og horfast í augu við hana. Það er kannski fyrst og síðast það sem ég velti vöngum yfir en við munum auðvitað skoða þetta mál mjög vandlega í landbn. og gera það samkvæmt bestu vitund okkar og með jákvæðu hugarfari. Ég vil ekki ætla hæstv. landbrh. neitt illt í þessum efnum, ég trúi því að hjartað slái enn þá vinstra megin þrátt fyrir allt.

[15:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og það sem lýtur að Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þar er farið fram á heimild til að stofnunin fái möguleika á að eiga aðild að að stofna rannsókna- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Herra forseti. Þetta lítur út sem texti ósköp slétt og fellt en ég verð að leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hér áðan að vissulega læðist að manni sá grunur að undir þessum fagra texta séu jafnvel falin önnur markmið. Ég velti fyrir nákvæmlega sömu spurningum og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði: Hvað er það sem rekur til þessara breytinga? Er eitthvað sem hamlar starfsemi þessarar stofnunar á þessum vettvangi þannig að það reki til þess arna?

Í öðru lagi. Er verið að stíga þarna fyrstu skrefin í að hlutafélagavæða Rannsóknastofnun landbúnaðarins og undirbúa hana sem slíka? Mér finnst mikilvægt að það komi fram.

Er verið að taka áhættu og fela eigið vald og forsjá stofnunarinnar yfir verkefnum sínum til annarra aðila í auknum mæli sem ber að gjalda varhuga við? Hvað er það sem rekur á eftir stefnu í þá veru?

Mér finnst að það megi koma skýrar fram hvað þarna vakir fyrir mönnum, hvort verið sé með nokkuð lymskulegum hætti að hefja einkavæðingu þessarar starfsemi og þessarar stofnunar. Sá grunur læðist að manni, og gott væri ef hæstv. ráðherra gæti gefið alveg óyggjandi yfirlýsingu um hvað þarna er á ferð.

Annars, herra forseti, hvað varðar ... (**Gripið fram í:** Þetta er afturhalds...) Já, það eru sumir sem þurfa að halda aftur af sér og við munum að sjálfsögðu veita hæstv. landbrh. aðhald til að halda aftur af sér í að rasa ekki um ráð fram.

En hvað Rannsóknastofnun landbúnaðarins varðar og það sem þarna er verið að leggja til, þá veltir maður líka fyrir sér: hluti af hvaða heildarsýn er þetta? Rannsóknastofnun landbúnaðarins og starfsemi hennar er hluti af bæði hagnýtri og akademískri starfsemi á vegum landbúnaðarins. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Hólaskóli og Garðyrkjuskólinn vinna einnig á þessum vettvangi og ítrekað hefur verið lýst yfir að stefnt sé að aukinni samvinnu eða samruna þeirra stofnana og jafnvel tilfærslu og flutningi verkefna til menntastofnananna. Þess vegna veltir maður fyrir sér: Hluti af hvaða heildarsýn sem hér er verið að leggja til er þetta?

Ég vildi gjarnan fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvernig hann sjái einmitt Rannsóknastofnun landbúnaðarins þróast í stærra ljósi gagnvart öðrum stofnunum landbúnaðarins, sérstaklega mennastofnunum, sem er jú yfirlýst pólitísk stefna að skuli efla. Ég vil fá að heyra stefnu hans varðandi Rannsóknastofnun landbúnaðarins og þær stofnanir og þá heildarsýn sem hann hefur þar og þetta hlýtur að vera hluti af.

Ekki er meira en ár síðan, herra forseti, að þingmönnum bárust fyrst fréttir af tillögum og hugmyndum stofnana á Keldnaholti og þar í kring, um stórfelldar fjárfestingar og framkvæmdir og uppbyggingu á rannsóknamiðstöðvum, þar sem gert var ráð fyrir að meginþungi m.a. rannsókna í landbúnaði mundi færast þangað og byggjast þar upp. Nú er það svo, herra forseti, að rannsóknir í landbúnaði eiga að mínu viti fyrst og fremst að tengjast og vera byggðar upp og unnar í tengslum við menntastofnanirnar. Það sem birtist í þeirri álitsgerð sem var á ferðinni fyrir ári var aldeilis ekki sú sýn.

Það er því, herra forseti, ekkert að undra þó að við þingmenn séum haldnir nokkurri tortryggni gagnvart því þegar verið er að leggja upp í svona litla ferð eins og hér er í þessu máli, að þar séu ekki einhver önnur falin markmið.

Því leyfi ég mér að ítreka, herra forseti, að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri nákvæmlega af hvaða heildarmynd þetta er sem hér er verið að stíga varðandi uppbyggingu og þróun rannsókna- og menntastofnana landbúnaðarins.

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra. Endurtaktu lygina nógu oft, þá verður henni trúað. Því miður hendir þetta oft og tíðum hv. þm. Jón Bjarnason hér úr stólnum. Það gerðist áðan.

Það hafa aldrei komið upp hugmyndir um einhverja stórkostlega uppbyggingu og flytja stofnanir landbúnaðarins á Keldnaholtið, ekki í minni tíð. Það hefur enginn rætt það við mig. Þetta er fjarstæða. Við höfum staðið í því eins og hv. þm. veit og hefur stutt okkur í að byggja upp skólastaðina, breyta skólanum á Hvanneyri í háskólastað og höfum uppi áform um að reyna að styrkja þá staði eins og við getum. Því segi ég, burt með svona rugl hér úr ræðustólnum, það á ekki við.

Í öðru lagi vil ég segja við hv. þm. sem skilur vel framfarir og hefur staðið í þeim sjálfur og gert það með myndarlegri hætti en margir aðrir forstjórar ríkisstofnana, hann á hrós skilið og hans verk voru góð á Hólum, að ég veit að hv. þm., þó að hann sé í vinstri grænum, þó að hann sé neikvæður og þó að hann vilji vera afturhald, þá skilur hann ákveðinn nútíma, hv. þm. Jón Bjarnason á Hólum, hann skilur að þróunin er ör. Mikið er að gerast í líftækniheiminum. Íslenski landbúnaðurinn á þar mikla möguleika, það veit ég að hv. þm. skilur. Það skilja stjórnarmenn í Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem hafa óskað eftir að fá sama frelsi, sams konar frelsi fyrir landbúnaðinn sem atvinnuveg og fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn, og telja sig eiga möguleika, bæði á innlendum og erlendum vettvangi til að taka þátt í vísindalegum rannsóknum til að byggja upp atvinnu á Íslandi.

Þetta litla frv. snýr að því að gefa Rannsóknastofnun landbúnaðarins takmarkað frelsi til að haga sér eins og sjávarútvegurinn og iðnaðurinn í að þróa ný verkefni. Það er ekki síst að líftæknifélagsskapnum sem þetta snýr. Við höfum t.d. verið að taka þátt í hörverkefni. Hér er mikill áhugi fyrir hreinni náttúru og erlend fyrirtæki sem vilja koma hér með rannsóknir inn o.s.frv. Þannig að möguleikarnir eru miklir.

[15:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhvern veginn finnst mér og kynni betur við ef hæstv. ráðherra mundi svara efnislega því sem um er rætt og spurt er um, en drepi ekki málunum á dreif með gaspri og gífuryrðum sem ekki er gefið tilefni til.

Ég verð því, herra forseti, að ítreka það að ég óska eftir að ráðherra gefi það skýrt út hver hinn raunverulegi hugur er og hann getur þá bara gert það skýrt og skilmerkilega, en ekki með neinum slíkum útúrsnúningum eins og hann var hér að reyna. Takist honum ekki að svara þessu með fullnægjandi hætti í andsvari, þá vona ég að hann geri það skýrt og skilmerkilega og heiðarlega í seinni ræðu sinni hér í væntanlegum umræðum.

[15:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að hv. þm. sé rökþrota í málflutningi sínum og útúrsnúningum sem hann viðhafði í fyrstu ræðu sinni, því miður. Ég er búinn að útskýra það að fyrirtækið Rannsóknastofnun landbúnaðarins er alveg sambærilegt við Iðntæknistofnun og Hafrannsóknastofnun sem hafa fengið þetta frelsi til að þróa nýja atvinnu fyrir grein sína. Stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur skrifað landbrh. bréf og telur að landbúnaðurinn búi ekki við sams konar frelsi, og sér í nýjum heimi, ef ég útskýri þetta enn fyrir hv. þm., ekki síst í kringum líftækni og ýmislegt, mikla möguleika til að fá einkaaðila til að koma inn í lítil þróunarfélög og geta þá haldið betur og lengur utan um verkefni og fengið verkefni. Þetta er nútíminn í hinum stóru atvinnugreinunum. Þess vegna ann ég landbúnaðinum þess að rannsóknastofnun hans taki þátt í þessu með sams konar hætti. Þetta snýst um það og ég get ekkert útskýrt það í sjálfu sér betur. Það eru mörg verkefni sem bíða á þessu sviði eins og ég segi og það er ekki síst í líftækninni. Ég nefndi hörverkefni sem er í gangi og skilar góðu. Ég gæti auðvitað nefnt fleiri verkefni, en þetta litla frv. snýr að þessu frelsi fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins og engu öðru.

Hv. þm. verður að fyrirgefa mér þó mér gremjist það að hann sé enn að reyna að flytja sömu váfréttirnar og hann gerði fyrir ári síðan, sem hefur komið í ljós að áttu ekkert við rök að styðjast (Gripið fram í.) um að hér væri verið að flytja Hóla í Hjaltadal, Hvanneyri og Reyki í Ölfusi upp á Keldnaholt. Það er ekkert á dagskrá. Það er á dagskrá þess landbrh. sem hér stendur og ríkisstjórnarinnar að styrkja þessar stofnanir landbúnaðarins á þeim stöðum sem þær eru, styrkja þær enn frekar.

[15:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara svo það sé ljóst, þá sagði ég ekki í máli mínu að verið væri að flytja stofnanir upp á Keldnaholt, það er rangt hjá hæstv. ráðherra.

En hitt finnst mér, herra forseti, að hæstv. ráðherra geti þá ósköp vel svarað því hreint út að þetta sé ekki liður í því, ef það er svo. Hann er spurður um hvort það sé liður í og fyrstu skref í að hlutafélagavæða og einkavæða stofnunina. (**Landbrh.:** Ég svaraði því áðan.) Hann getur þá bara svarað því hreint út. Ég er ekkert að leggja dóm á það, þetta getur vafalaust verið hið besta mál og kom einmitt inn á það í ræðu minni að það geti vafalaust verið það. Ég spyr aðeins um hvaða hluta af heildarmynd í starfsemi rannsókna- og menntastofnana landbúnaðarins er hér verið að vinna. Skoðun mín er sú og mat mitt er það að það sem verið er að gera eigi að taka mið af þeirri heildarsýn til framtíðar. Og það er um það sem ég spurði, herra forseti, og hæstv. ráðherra gat ekki svarað. (**Landbrh.:** Ég svaraði.)

[15:42]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. hæstv. landbrh. um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þar er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins sé heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsókna- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

Ég vil eins og þeir tveir þingmenn sem á undan mér hafa talað, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hv. þm. Jón Bjarnason, varpa fram spurningum. Mér er ljóst að hæstv. landbrh. hefur brugðist fremur önugur við öllum spurningum sem hér hafa verið bornar fram. En spurningarnar snúast fyrst og fremst um eftirfarandi: Vitnað er til Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Orkustofnunar og fleiri aðila sem hafa fengið sambærilegar heimildir. En okkur er öllum ljóst að þessar stofnanir hafa náttúrlega breytt verulega um ásýnd og starfsemi á þeim tíma sem þeim hefur verið

þetta heimilt. Ég tel að þeir hv. þm. sem hafa borið fram spurningar hafi fyrst og fremst verið að fiska eftir sýn hæstv. ráðherra á það hvernig þessi mál muni þróast með slíkri breytingu. Það er meginmálið.

Hv. þm. Jón Bjarnason kallaði eftir því sem er sjálfsagður hlutur, hann kallaði eftir stefnu hæstv. landbrh. gagnvart landbúnaðarrannsóknum í landinu og stefnu sem forsendu þess að gera slíkar breytingar, stefnu í menntun í landbúnaði, og voru nefndir Hólar og Garðyrkjuskóli ríkisins og náttúrlega Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Þessi mál verða að liggja fyrir til að menn átti sig á því til hvers slíkar kerfisbreytingar eða þessi heimild á að leiða. Þetta eru grundvallaratriði sem menn verða að fá svarað.

Það er mjög mikilvægt eins og allir vita og ég veit að hæstv. landbrh. er manna meðvitaðastur um að í svona litlu landi þar sem eru takmörk fyrir því hvað við eigum marga vísindamenn á hverju sviði að menntunargeirinn verður að vera í nánum tengslum við vísindavinnuna vegna þess hve við erum mannfá. Styrking háskólans á Hvanneyri byggir að verulegu leyti á því að hafa aðgang að þessu fólki. Ég tel að hæstv. landbn. verði að fara ofan í þessa vinnu á þessum grunni.

Eflaust eru fýsilegir kostir í því að stofnuninni sé gert kleift að vinna með öðrum eftir einhverri formúlu en ég tel að það verði að vera alveg skýrt á hvaða leið menn eru í þessu sambandi. Það eru fyrst og fremst spurningar í þessum dúr sem eru settar fram hér. Ég skildi þær ekki öðruvísi og ég skildi þær ekki sem neina árás á landbrh. gagnvart þessu litla frv. En frv. er þó ekki minna en það að þær stofnanir sem hafa tilsvarandi leyfi hafa breytt um ásýnd og starfsemi í verulegum mæli og sjái menn bara Orkustofnun í því sambandi. Það eru, herra forseti, mjög skiptar skoðanir um til hvers svona kerfisbreytingar hafa leitt.

Þess vegna er mikilvægt að mínu mati, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, sem er nefndarmaður í landbn., og hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að fara ofan í þessi mál, skoða þetta frv., út frá þeim hugmyndum sem menn hafa um þróun í landbúnarrannsóknum, hvaða sýn menn hafa og ekki síður uppsetningu menntakerfisins í landinu hvað varðar landbúnaðarmál.

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað mun landbn. fara vel yfir þetta mál í þinginu, en það liggur fyrir að það eru tiltölulega lítil verkefni sem er verið að fara fram á að sé hægt að vinna þannig. Í fyrsta lagi yrði stjórnin samkvæmt frv. að fjalla um það í hverju tilfelli og landbrh. einnig að gefa samþykki sitt fyrir því. Þetta yrði mjög takmörkuð ábyrgð þannig að áhætta stofnunarinnar verði takmörkuð við hlutafjárframlög.

Það liggur fyrir að atvinnulífið, sem hefur sem betur fer heilmikla peninga, hefur mikinn áhuga á líftækni og mörgum öðrum atriðum sem snúa að landinu og landbúnaðinum, vill koma og leggja fram fjárframlög og þróa verkefni. Þetta yrði fyrst og fremst leiðin til þess að geta haldið áfram, tekið þátt í þeim verkefnum af hálfu rannsóknastofnunar með þessum hætti. Að öðru leyti er ekki um eina einustu breytingu að ræða hvað Rannsóknastofnun landbúnaðarins varðar. Hún er ekki að fara að ganga neina aðra nýja braut. Hún er að fara þær brautir sem atvinnulífið fer í hinum samkeppnisatvinnuvegunum — þetta er allt samkeppni um mannafla og þekkingu — að gefa unga fólkinu sem vill sinna landbúnaðinum líka þau tækifæri að geta gert það. Þetta er leið samtímans má segja eins og kemur í ljós hjá hinum atvinnuvegunum. Ég mæli því með því að þingið leyfi þessa litlu tilraun og sjái þá þróun.

Ég hef ekki trú á öðru en að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, ef af þessu yrði, stæði uppi sem sterkari vísindastofnun og drægi til sín á margan hátt hæfara fólk eftir en áður.

[15:49]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með viðbrögð hæstv. landbrh. að þessu sinni. Ég vil þó koma því á framfæri að ekki má gera of lítið úr því að með svona tillögu, með þessu frv., er verið að leggja grunn að gríðarlegri breytingu. Orkustofnun er t.d. ekki svipur hjá sjón sem slík eftir að hún fór út í þessa breytingu. Svo gildir um fleiri stofnanir. Það er spurning mín til hæstv. landbrh. hvort hann geri sér ekki grein fyrir því að hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, ef menn ætla að fara þessa leið, verður að öllum líkindum nákvæmlega sama þróun vegna þess að verkefnin fara út og þau munu gera það í auknum mæli. Slík hefur þróunin verið alls staðar þar sem þetta hefur verið gert. Ég er ekki að segja að þetta sé vond þróun í öllum tilfellum. Í sumum tilvikum hefur þetta reynst mjög vel. En ég er að benda hæstv. landbrh. á að náttúrlega er alveg óásættanlegt að gera litla tilraun með litlu frv. án þess að gera sér grein fyrir því til hvers það leiðir.

[15:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum hugsað okkur lítið barn sem kemst upp á fæturna. Það er gott að fylgja því fyrstu sporin. Það er alveg eins að stofna fyrirtæki. Vísindin eru að komast að ákveðinni niðurstöðu og sjá að þetta er grundvöllur. En það þarf hjálp áfram til þess að styðja það fyrstu skrefin. Þannig að þetta er til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti með sterkum aðilum komið að vísindalegum rannsóknum og þróað áfram ákveðið fyrirtæki á einhverju sviði, hvort sem það er í líftækni, hörvinnslu eða einhverju allt öðru í landbúnaðinum. Kannski til fimm ára aldurs eða svo. Síðan verður þetta sjálfbjarga fyrirtæki sem verður selt. Þannig hafa vísindamennirnir á RALA getað fylgt barni sínu eftir alla leiðina. Ég er að leggja áherslu á þessa sýn.

Hv. þm. má heldur ekki láta sér bregða þó maður svari útúrsnúningi sem er hreinn og klár. Hv. þm. má eiga það að hann var málefnalegur, það kann ég að meta, og var ekki með útúrsnúninga sem er margbúið að hrekja hér úr stólnum. Það er óþolandi framferði þegar menn eru alltaf með sömu tugguna og sama útúrsnúninginn eins og henti áðan hv. flokksbróður hans.

Ég held að þetta sé ekki grunnur að neinum gífurlegum breytingum en þó er það svo – atvinnulíf sem ætlar að lifa verður auðvitað að fylgjast með. Við Íslendingar, hvort sem við erum í landbúnaði, sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum, verðum auðvitað að fylgjast með þróuninni í heimshluta okkar og hvernig atvinnulífið kemst áfram. Íslenskur landbúnaður og landið okkar á gríðarleg tækifæri og við þurfum að fá hið menntaða afl heim og gefa því tækifæri til að þróa nýja atvinnustarfsemi. Þess vegna vona ég að þessi litlu dótturfyrirtæki RALA og einhverra annarra verði að öflugum fyrirtækjum sem skapa hér atvinnu. Þetta er leið til að gefa landbúnaðinum sömu möguleika og öðrum greinum eins og ég hef margsinnis rakið hér.

[15:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bæta við örfáum orðum. Ég held að varðandi vinnu landbn. að þessu máli sé mjög nauðsynlegt að hæstv. landbrh. nesti starfsmenn sína í landbrn. vel, sem sagt stefnu landbrn. varðandi landbúnaðarrannsóknir, varðandi landbúnaðarmenntun og menn viti nákvæmlega á hvaða brautir þeir eru að fara. Eins og ég segi, ef á að gera svona kerfisbreytingu, þá vitum við nánast til hvers hún leiðir. Við vitum hvað hún mun þýða fyrir RALA. Við vitum á hvað svona breytingar hafa kallað hjá öðrum stofnunum. Ekki er boðlegt hér í þinginu að menn fjalli um svona mál án þess að átta sig á því hvað þeir eru að gera til lengri tíma litið. Vel getur verið að ýmislegt gott komi út úr svona málum og vafalaust gerist það. Það hefur gert það hjá hinum stofnununum en okkur hefur yfirleitt láðst að leggja niður fyrir okkur þróunina sem við eigum þó að geta séð fyrir, þróunina sem er verið að setja af stað með lagabreytingum af þessu tagi. Það er það sem ég er fyrst og fremst kalla eftir. Það kallar á skýra stefnumörkun gagnvart menntunarsetrunum öllum, á Hólum og Garðyrkjuskólanum og á Hvanneyri og náttúrlega ekki síður hlutverk RALA og hvernig RALA á að þróast í nýju umhverfi ef menn ætla að fara þessa leið. Það liggur alveg himinklárt fyrir, virðulegi forseti.

[15:54]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að halda til haga ákveðnum grunnþáttum þessa máls þannig að þeir tapist ekki úr þessari umræðu. Hæstv. ráðherra hefur látið í veðri vaka og raunar sagt að hér sé um lítið mál að ræða og eðlilegt í ljósi nútímans og nýrra viðhorfa. Það má til sanns vegar færa. En gagnvart hinu háa Alþingi og formskipan þessara mála er auðvitað um stórmál að ræða. Með samþykkt þessa frv. óbreytts er hið háa Alþingi í raun að veita hæstv. landbrh. og stjórn RALA sjálfdæmi um hversu mörg hlutafélög verða stofnuð út úr þessu móðurfyrirtæki og undir hvaða formerkjum. Eftir samþykkt þessa frv. kemur hinu háa Alþingi og hv. alþingismönnum það ekkert við. Þeir verða ekki spurðir um það.

Það sem meira er, herra forseti, að um leið og tiltekin verkefni móðurfyrirtækisins, þessa ríkisfyrirtækis sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins er, eru færð úr höfuðstöðvunum í þessi meintu dótturfyrirtæki eitt eða fleiri, tíminn verður að leiða það í ljós, eru líka settir á það mjög alvarlegar og ákveðnar hömlur, hvort alþingismenn geti fengið upplýsingar um gang mála hjá þessum háeff-væddu dótturfyrirtækjum. Það er margföld reynsla fyrir því á hinu háa Alþingi að um leið og hf. er sett fyrir aftan fyrirtæki þá er það lenska hæstv. ráðherra að segja við hv. þm. þegar þeir spyrja um gang mála hjá þessum háeff-væddu ríkisfyrirtækjum, sem ég vil kalla svo, að þeim komi það ekkert við. Þeim sé ekki heimilt að upplýsa um gang mála, vegna þess að stundum er borið við hlutafélagalögum og leynd sem þar eigi að hvíla yfir og svo er gripið í eitt og annað eftir því sem henta þykir. Við erum að tala undir þessum formerkjum um grafalvarlegt mál.

Mér dettur ekkert í hug annað en að hæstv. ráðherra vilji stíga varlega til jarðar og gera þetta fyrir opnum tjöldum eins og vel og nokkur kostur er en hann mun auðvitað ekki sitja í þessum stól til eilífðarnóns, væntanlega munu einhverjir aðrir taka við búsforráðum, ég veit ekki hvort ég segi fyrr en seinna, en a.m.k. einhvern tímann í framtíðinni. Það er ekki á vísan að róa í þeim efnum. Alþingi er því með samþykkt þessa frv. að sleppa þessu máli lausu. Í því ljósi er ekkert óeðlilegt að menn vilji með nokkrum orðum staldra við og velta upp ýmsum nýjum flötum sem kunna að verða á málinu. Það er undir þeim formerkjum sem ég vakti fyrst og síðast máls á því að þetta mál væri kannski ekki eins lítið í sniðum og það virðist á pappír þegar allt kemur til alls.

Herra forseti. Ég lofa því a.m.k. að skoða þetta mál með jákvæðum og opnum huga og fara grannt ofan í það í landbn. þegar málið kemur þar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 133. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 133.

[15:58]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem ég flyt ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Þetta frv., herra forseti, hefur verið flutt á nokkrum þingum og var fyrst lagt fram á 120. löggjafarþingi þannig að nú er verið að flytja þetta frv. í sjötta sinn en það fjallar um að auka rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrv., sem Alþingi hefur samþykkt, verði borið undir þjóðaratkvæði.

Tillögugreinin felur í sér, herra forseti, að fimmtungur kosningabærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrv. sem Alþingi hefur samþykkt en krafan þarf að vera studd undirskrift fimmtungs kosningabærra manna og hún skal berast forseta lýðveldisins Íslands eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrv. á Alþingi. Undirskriftarsöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laganna. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna.

Samkvæmt 1. gr. frv., herra forseti, á síðan að setja nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um og sem skulu settar í lög.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, herra forseti, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám sínum.

Oft er það svo að upp koma stór mál á kjörtímabilinu sem aldrei hefur verið rætt um í undangengnum kosningum. Þau ganga kannski á skjön við stefnu flokka og það sem þeir

hafa sett fram. Því er full ástæða til að fólk sem greitt hefur flokki atkvæði í trausti ákveðinnar stefnu hafi rétt, bregði flokkurinn frá stefnu sinni, til að láta vilja sinn í ljós í meiri háttar málum sem varða hag þjóðar og almennings.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem um er að ræða mikilvæga alþjóðlega samninga sem geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Það er því mikilvægt, herra forseti, að í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar sé þessi leið fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni: Í 11. gr., ef $^{3}/_{4}$ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti; í 26. grein, ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar; í 79. gr., ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni. Þar er ekki að finna neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Það hefur oft komið til tals hér á hv. Alþingi að auka þennan rétt fólksins. Í gegnum árin og síðustu áratugi hafa iðulega verið lagðar fram tillögur í þessa veru en þær ekki *náð fram að ganga. Réttur fólksins nú í upphafi 21. aldar* er því enn bundinn við að hafa áhrif á framgang einstakra mála sem eru bundin við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum eða hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum, (Gripið fram í.) sem er mjög mikilvægt, eins og kallað er fram í utan úr sal.

Þessu viljum við flutningsmenn breyta. Það þekkja allir að forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald. Synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrv. undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Við þekkjum það a.m.k. frá tveim stórum málum á undangengnum árum að alvarlega hafi komið til tals hvort forsetinn mundi synja um staðfestingu á lagafrv., síðast núna í janúarmánuði þegar við fjölluðum um niðurstöðu Hæstaréttar í öryrkjamálinu og síðan varðandi EES-samninginn.

Ég held, herra forseti, að það komi fyllilega til greina að afnema þennan óvirka rétt forsetans, sem hægt er að kalla svo, neitunarvaldið sem forsetinn hefur, á sama tíma og við mundum heimila þjóðaratkvæðagreiðslu, til að mynda eftir þeirri leið sem hér er mælt fyrir, að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Eins tel ég vel koma til greina, þó að það sé ekki sett fram í þessu frv., að minni hluti alþingismanna geti farið fram á slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég man ekki betur en að sú skipan mála sé viðhöfð í Danmörku og fleiri ríkjum til að auka lýðræðislegan rétt minni hluta þingmanna og þeir hafi þennan kost, að geta áfrýjað stórum málum til þjóðarinnar. Þetta, herra forseti, er meginkjarni frv. sem við flytjum hér nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar. Í greinargerð er nánar lýst hvernig framkvæmdin á slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu gæti verið ef frv. yrði samþykkt.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er þetta í sjötta sinn sem málið er lagt fyrir þingið. Eitt sinn var m.a. óskað eftir því að nefndasvið Alþingis fjallaði um málið, þ.e. að lögfræðingar nefndasviðs Alþingis *færu ítarlega yfir það meðan* hlé væri á störfum þingsins yfir sumarmánuðina. Nefndasviðið skilaði mjög ítarlegu áliti um frv. sem m.a. leiddi til nokkurra breytinga á frv. þegar það var síðan flutt á þinginu þar á eftir. Það hefur a.m.k. í þrígang verið flutt í þeim búningi. Í minnisblaði nefndasviðs var farið ítarlega yfir tillöguflutning í þessu máli hér á hv. Alþingi. Það var farið ítarlega yfir fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu í ýmsum löndum. Þar kemur reyndar fram, herra forseti, það sem ég nefndi áðan, að í stjórnarskrám Norðurlandaþjóðanna, t.d. í dönsku stjórnarskránni, eru ákvæði þess efnis að þriðjungur þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt lagafrv. Ég hygg, herra forseti, að ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi á síðustu árum þá hefði nokkrum sinnum komið til þess að á slík ákvæði hefði reynt hér í þingsölum.

Samkvæmt athugun nefndasviðs, herra forseti, hafa viðhorf kjósenda í nokkur skipti verið könnuð á fyrri hluta aldarinnar hér á landi eftir ályktanir Alþingis. Þar var ekki um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslur í þeirri mynd sem birtist í ákvæðum stjórnarskrárinnar og fela í sér synjunarvald þjóðarinnar heldur var um að ræða svonefndar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Nefnt er að á árinu 1908 og 1933 voru greidd atkvæði um innflutningsbann á áfengi og árið 1916 um þegnskylduvinnu. Jafnframt hefur tvisvar komið til þjóðaratkvæðagreiðslu vegna fyrirmæla stjórnarskrár. Á árinu 1918 var frv. til svonefndra sambandslaga lagt undir atkvæði þjóðarinnar og samþykkt og lögin staðfest af konungi. Þau gengu í gildi 1. desember 1918. Árið 1944 voru síðan greidd atkvæði um lýðveldisstjórnarskrána og niðurfellingu sambandslagasamningsins samkvæmt fyrirmælum þeirra stjórnskipunarlaga sem þá giltu.

Þess er einnig getið í skýrslu nefndasviðsins að á síðari hluta aldarinnar hafi verið lagður fram fjöldi þingsályktana og breytingartillagna um að ákveðin málefni væru borin undir atkvæði þjóðarinnar, þar á meðal um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, um samkomustað Alþingis, álbræðslu í Straumsvík, aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, prestskosningar, efnahagsfrv. forsrh. og aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess hefur verið algengt að fram hafi komið slíkar tillögur vegna breytinga á áfengislöggjöfinni. Jafnframt voru lagðar fram þáltill. á 83., 86., 89. og 90. löggjafarþingi, um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæðagreiðslu en urðu ekki útræddar utan ein, herra forseti, sem er athyglisvert. Hún var samþykkt. Þá þingsályktun samþykkti Alþingi árið 1970, herra forseti, og hún hljóðaði upp á að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hvort rétt væri að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum og hvort rétt væri að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skyldi ríkisstjórnin, ef hún teldi ástæðu til, láta semja lagafrv. um það efni. Afla skyldi sem fyllstra upplýsinga um öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um reynslu annarra þjóða í þeim efnum. Síðan voru talin upp nokkur atriði í þáltill. sem flutningsmenn hennar vildu að könnuð yrðu nánar.

Herra forseti. Ljóst er að það hefur verið vilji fyrir því hér á þinginu, sem margoft hefur komið fram í þingmálum, að koma á þeim lýðræðislega rétti sem öruggt er að mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi sjá í stjórnarskránni. Það hefur verið kallað eftir því að slíkt sé sett í stjórnarskrána en aldrei, svo ég viti til, verið rætt í fullri alvöru um það hér í þingsölum, svo langt sem ég man, að setja slíkt ákvæði

um þjóðaratkvæðagreiðslur. Slíkar tillögur fást reyndar vart ræddar í nefnd þingsins, þ.e. sérnefnd sem skipuð er til að fara yfir tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, eins og þetta frv. felur í sér.

Yfirleitt er það svo, herra forseti, að þessar nefndir, þó þær séu skipaðar í kjölfar þess að mælt hefur verið fyrir máli eins og ég geri hér, eru ekki kallaðar saman. Þær eru yfirleitt undir stjórn eða formennsku meiri hlutans og ekki kallaðar saman. Þau mál hafa oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á síðasta ári farið þannig að ég hef þurft, sem flutningsmaður frv., þegar kemur að lokadögum þingsins, að kalla eftir því hvort nefndin ætli ekki að koma saman til að fjalla um þau mál sem fyrir henni liggja. Oft eru það fleiri mál en þetta, um breytingu á stjórnarskránni, sem legið hafa fyrir slíkum nefndum. Þá hefur til málamynda verið settur á einn fundur til að fjalla um tillöguna, af því að eftir því er gengið af hálfu þeirra sem flutt hafa slík mál. Hins vegar er aldrei fjallað um slík mál af neinni alvöru, hvað þá að þau fái þinglega meðferð, herra forseti, hvorki í nefnd né að þau komi aftur til kasta þingsins til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu.

Þetta finnst mér mikill vansi, herra forseti, og ámælisvert í störfum þingsins, að mál sem þingmönnum eru hugleikin og snerta stjórnarskrána, eins og þetta mikilvæga mál um þjóðaratkvæðagreiðsluna, skuli fá slíka meðferð hér í þingsölum. Ég hef hvað eftir annað, herra forseti, kallað eftir því að á þessu verði gerðar betrumbætur. Ég geri það hér eina ferðina enn, að kalla eftir því að sú nefnd sem skipuð verður í kjölfar þessa frv. setjist yfir þetta mál af fyllstu alvöru þannig að reyna megi á vilja þingsins til að koma á þessum sjálfsagða og lýðræðislega rétti fólksins.

Það er í samræmi við, herra forseti, löggjöfina í þeim löndum sem við berum okkur saman við, að slíkur lýðræðislegur réttur sé fyrir hendi og þarf ekki að því að spyrja, herra forseti, að þetta er sá réttur sem þjóðin vill að sé til staðar í stjórnarskránni. Það er ég alveg sannfærð um.

Herra forseti. Ég lýk hér máli mínu, hef hér með mælt fyrir þessu máli í sjötta sinn á sex árum. Ég vona að það komi einhvern tímann að því að ekki þurfi að mæla fyrir slíku máli áfram. Ég vona að við berum til þess gæfu að þetta mál, sem tryggir rétt fólksins til þjóðaratkvæðagreiðslu, verði að lögum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til sérnefndar samkvæmt þingskapalögum.

[16:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Stjórnskipunin sem við byggjum á í íslensku samfélagi einkennist m.a. af því að við búum við það sem kallað er fulltrúalýðræði. Í því felst að þjóðin kýs sér fulltrúa, alþingismenn, á nokkurra ára fresti, og veitir þeim umboð til þess að setja landinu lög. Þannig er það ekki þjóðin sjálf sem setur lögin sem í landinu gilda. Í stjórnarskrá okkar eru engin ákvæði um rétt kjósenda til að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál eða um frumkvæðisrétt kjósenda til að flytja lagafrv. eða koma slíkum hugmyndum á framfæri. Sá frumkvæðisréttur er einvörðungu bundinn við forseta, ráðherra og alþingismenn. Í tveimur tilvikum er þjóðaratkvæði um löggjafarmál þó stjórnarskrárbundið, þ.e. í þeim tilvikum að Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr., en þá skal leggja frv. undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal sú atkvæðagreiðsla vera leynileg. Atkvæði á samkvæmt þessu ákvæði að greiða um frv. í heild og skulu menn annaðhvort samþykkja það eða fella. Breytingar kæmu þannig ekki til greina.

Í stjórnarskránni er ekki að finna frekari leiðbeiningar um þjóðaratkvæðagreiðsluna, ef Alþingi mundi samþykkja breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Það eru t.d. engar kröfur gerðar um þátttöku í henni og þess er ekki heldur getið hvort meiri hluti kosningabærra manna þurfi að veita samþykki sitt eða aðeins meiri hluti þeirra sem atkvæði greiða. Þess vegna er óljóst hvernig slík þjóðaratkvæðagreiðsla yrði framkvæmd ef til hennar kæmi. Reyndar er það mitt að mat að frekar ólíklegt sé að farið verði út í breytingar á kirkjuskipaninni, a.m.k. í nánustu framtíð.

Síðan er önnur heimild í 26. gr. stjórnarskrárinnar um að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um lög þau sem forseti synjar staðfestingar. Þetta er sú heimild í stjórnarskránni sem hefur verið hvað mest í umræðunni, a.m.k. í seinni tíð og reyndar nokkuð lengi. Það hafa með jöfnu millibili komið upp mál sem leitt hafa til umræðu um hvort ástæða sé til þess fyrir forseta að synja staðfestingar á lögum. Í því tilviki öðlaðist frv. lagagildi þrátt fyrir staðfestingarsynjun forseta en úrslit þjóðaratkvæðis segja til um hvort lögin skuli halda áfram að gilda eða hvort þau skuli falla úr gildi. Fái lögin samþykki kjósenda halda þau framvegis gildi og þarf ekki að bera þau upp á ný fyrir forseta. Um slíka atkvæðagreiðslu yrði einnig að setja lög og sú leiðbeining er nú gefin í stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schrams, þar er lagt til að eðlilegast væri að setja um það efni almenn lög. Líklega yrði talið heimilt að setja í þeim lögum ákveðin skilyrði um þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni líka en vegna þess hversu lítil leiðbeining er falin í stjórnarskránni og vegna þess að þessi ákvæði hafa ekki verið notuð þá er náttúrlega mikilvægt að það verði nánar afmarkað í lögum hvernig þau verði notuð ef til þess kæmi.

Í ýmsum öðrum löndum er löggjafarvaldið lagt í hendur þjóðarinnar í mun ríkara mæli en hér tíðkast. Hv. flm. Jóhanna Sigurðardóttir fór nokkuð yfir þetta. Hún gat t.d. um ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar en þar er lagt til, í 1. mgr. 42. gr., að þriðjungur þingmanna geti farið fram á að til þjóðaratkvæðagreiðslu verði efnt um lög sem samþykkt hafa verið af þjóðþinginu. Í því tilviki er forsrh. skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hið umdeilda lagafrv. innan 18 daga frá því honum barst það frá þinginu og frestast þá gildistaka frv. á meðan. Eftir þessu ákvæði hefur einu sinni, síðan ákvæðið var sett árið 1953, farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku.

Í Danmörku er sá möguleiki sem lagt er til í frv. sem hér er mælt fyrir hins vegar ekki fyrir hendi, að tiltekinn fjöldi kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Aftur á móti er nokkuð um það í öðrum löndum að þjóðaratkvæðagreiðsla gegni nánast hlutverki löggjafaraðila. Það er stundum stjórnarskrárbundið að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrv. og í öðrum tilvikum veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ.e. veita ákveðnum aðilum, ákveðnum hópi þingmanna eða tiltekinni tölu kjósenda, rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um nánar tilgreind lög eða lagafrv. Frv. er sem hér er mælt fyrir er af þeim meiði.

Það hefur lítið kveðið að þjóðaratkvæðagreiðslum hér á landi, þrátt fyrir að skylt sé samkvæmt stjórnarskránni í ákveðnum tilvikum að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér var áðan rakið. Hins vegar eru engin ákvæði í

íslensku stjórnarskránni um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu, jafnvel þó að nokkuð hafi verið reynt á síðari árum að fá slík ákvæði inn í lögin. Í tillögum stjórnarskrárnefndar, í skýrslu hennar sem gefin var út í janúar árið 1983 og einnig í stjórnarskrárfrv. Gunnars Thoroddsens, þáv. forsrh. á þinginu 1982–1983, var gerð tillaga um að fjórðungur alþingiskjósenda gæti óskað eftir því að fram færi, reyndar ráðgefandi í því tilviki, þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni og að um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skyldi nánar fyrir mælt í lögum. Þessar tillögur voru ekki afgreiddar á Alþingi en sýna að hugmyndin sem hér er mælt fyrir er alls ekki ný af nálinni heldur hefur komið upp umræða um slíka heimild öðru hvoru.

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að lagt sé til, á þann hátt sem hér er gert, að þegnarnir fái meira um það ráðið þegar mál eru afgreidd frá hinu háa Alþingi, sérstaklega þegar um er að ræða mál sem geta varðað þjóðina miklu. Eiginlega má segja að það sé ákveðin bremsa á þeirri tillögu sem hér er lögð til, að leggja hana upp þannig að það þurfi þó fimmtung atkvæðisbærra kjósenda til að leggja fram slíka kröfu. Það þurfa þannig að vera nokkuð mikilvæg mál á ferðinni til þess að menn hafi fyrir því að safna slíkum fjölda manna á slíka tillögu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, framsögumaður þessa máls, hefur farið ítarlega yfir efni frv. Eins og hún sagði hefur það verið lagt fram á fimm liðnum þingum án þess að hljóta afgreiðslu. Ég tek undir það með hv. þm. að ég óska þess að í sjötta sinn sem mælt er fyrir þessu frv. þá megum við nú bera gæfu til þess að gera það að lögum, a.m.k. áður en langt um líður.

Með þessu frv. er lagt til að rýmkuð verði til muna heimild í stjórnarskránni til að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram. Í tillögunni felst líka sú grundvallarbreyting á stjórnarskránni að þegnum landsins er gert kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur haft til umfjöllunar og samþykkt. Slík heimild er ekki fyrir í stjórnarskránni eins og ég minntist á hér áðan.

Tillagan felur með öðrum orðum í sér vísi að beinu lýðræði. Við búum við fyrirkomulag þar sem fólk getur einungis haft áhrif með því að greiða atkvæði í kosningum. Margir telja hins vegar að bæta megi lýðræðið með því að auka bein áhrif fólks. Og það er hægt að gera með því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Ég er ein þeirra sem taka undir slíkar hugmyndir, enda einn af flutningsmönnum þessa frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um það ágæta mál sem hér er mælt fyrir í sjötta sinn. Ég vil einungis hvetja til að skoðað verði af alvöru hvort ekki sé ástæða til að gera slíkt frv. að lögum og bæta þannig, eða a.m.k. setja inn í stjórnarskrá heimild til þess, aðkomu þegnanna að stórum ákvörðunum sem teknar eru á hinu háa Alþingi og geta vissulega varðað þjóðina mjög miklu.

[16:25]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Málið sem við ræðum nú, frv. til stjórnarskipunarlaga, varðar þjóðina alla og varðar að sjálfsögðu Alþingi mjög mikils. Þó er ekki hægt, virðulegur forseti, að sjá það af veru þingmanna í sal. Hér eru þó tveir stjórnarliðar, þ.e. einn auk virðulegs forseta, í salnum núna. Lengst af hafa aðeins þingmenn Samfylkingarinnar verið hér við þessa umræðu. Menn virðast ekki hafa mikinn áhuga á þessu máli að svo stöddu.

Ég tel að þetta mál yrði að því samþykktu virkileg stoð í lýðræðisundirstöðu íslenska ríkisins. Mín skoðun er sú og hefur sífellt styrkst eftir því sem árin hafa liðið, að þegnar landsins eigi kröfu á að fá að greiða atkvæði um lagasetningu sem telja má að hafi mjög víðtækar afleiðingar og varði almannahag.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um lagafrv. sem eðlilegt hefði mátt telja að leggja fyrir þjóðina, m.a. hafa verið nefnd nýsamþykkt lög sem sett voru í kjölfar öryrkjamálsins nú fyrir skömmu. Nefna mætti EES-aðildina og slík atkvæðagreiðsla ætti einnig rétt á sér ef til þess kæmi að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Eins kynni að vera ástæða að greiða þannig atkvæði um lög um fiskveiðistjórnina, lög sem reyndar hafa verið í gildi í sextán og hálft ár þó vitað sé að 75% þjóðarinnar eru fullkomlega ósátt við þau lög. Það er ótrúlegt að samt skuli meiri hluti Alþingis ráða för í því máli.

Það þarf líka að útskýra fyrir almenningi hvað þau mál sem komið gætu til þjóðaratkvæðagreiðslu hafa í för með sér. Ég er ekki viss um að almennt geri menn sér grein fyrir því að aðild að Evrópusambandinu þýði heimild til upptöku á evru, sem gerðu það um leið að verkum að verðtryggingarákvæði, þetta sérstaka stjórntæki sem Íslendingar beita, mundi falla niður. Ég hygg að menn geri sér ekki grein fyrir því. Þannig er með mörg af þeim lögum sem hér hafa verið tilnefnd og hefðu eðlilega átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna afleiðinga sem lagasetningin hefur á hverjum tíma.

Einnig verður að hafa í huga að þjóðaratkvæðagreiðsla mun trúlega kosta töluvert. Það er þó verjandi í málum eins og ég hef hér nefnt og hv. 1. flm. þessa frv., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur ítrekað hér í framsögu.

Ég hygg að í þeim málum sem hér hafa verið nefnd sé almennur vilji í þjóðfélaginu til að fá að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málin, t.d. um öryrkjamálið sem nefnt var. Ég tel að ríkjandi hafi verið vilji til að mál færu á annan veg en raun varð á með lagasetningu meiri hluta Alþingis.

Það má vitna til þess að í mörgum nágrannalöndum er heimild til að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er með mismunandi aðferðum en þó er eftirminnilegast að fylgjast með því hvernig farið er með þjóðaratkvæðagreiðslu í þjóðríki eins og Sviss þar sem greidd eru atkvæði um hin ólíklegustu mál og það þykir sjálfsagt. En á Íslandi hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á þann hátt sem hér er rætt um eftir lýðveldisstofnun í upphafi vega. Á Íslandi getum við aðeins haft áhrif með atkvæðum í kosningum til Alþingis, í kosningum til sveitarstjórna og með kosningu forseta þannig að það eru ótvírætt mjög mikil takmörk á lýðræðinu. Það eru ein mikilvægustu rökin fyrir því að setja lög varðandi þetta að auka lýðræði eins og ég nefndi í upphafi máls míns að þá væri þetta mál ein af mikilvægum stoðum undir lýðræðið.

Auðvitað má velta því fyrir sér hvort það séu rök gegn því að setja stjórnarskrárákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu og hvort ekki sé nægjanlegt að hafa bara Alþingi og kjörna fulltrúa. Þá komum við aftur að því að málefni sem hafa ekki verið til umræðu þegar kosið er til Alþingis geta komið upp og hafa komið upp og þá er eðlilegt að þegnar landsins fái möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tala ekki um að settum lögum og með þeim stífu skilyrðum sem hér er gert ráð fyrir að það eru aðeins mjög mikilvæg mál sem mundu ná fram að ganga að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu verði farið að þeim tillögum sem fyrir liggja.

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að ég hvet eindregið til að þetta mál fái góða umfjöllun og hana nokkuð skjóta. Það er ástæða til eftir að málið hefur verið flutt á fimm þingum og ég hvet til að málið verði afgreitt á þessu þingi.

[16:33]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hvað er það sem er mikilvægast í hugum flestra Íslendinga? Það er frelsi. Það er frelsi til að fá að segja hvað mönnum býr í brjósti, frelsi til að skrifa það sem þeir vilja skrifa og tjá sig á annan hátt. Við búum við skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi í þessu landi. En það hefur ekki alltaf verið svo.

Þegar við lesum Íslandssöguna sjáum við að hún einkennist af baráttu fyrir auknum réttindum og fyrir auknu frelsi einstaklinga, héraða og stétta. Einu sinni voru þrælar á Íslandi en þrælahald var afnumið vegna kristinna viðhorfa sem tóku að ríkja. Þannig má rekja söguna að ýmis réttindi hafa áunnist og mikilvægustu réttindin, sem við höfum fengið, eru náttúrlega þau að við fáum að kjósa, velja okkur þá sem eiga að fara með málefni okkar, velja okkur þá sem ákveða eða leggja fram frumvörpin til laga og hvernig á að stýra samfélaginu.

Ef við hugsum um sögu þjóðarinnar í heild er ekki langt síðan menn fóru að stofna verkalýðsfélög og það er líka til í sögu okkar á síðustu öld um það þegar menn voru að stofna verkalýðsfélög eins og á Ísafirði, þegar Ólafur Ólafsson heitinn barðist fyrir því að menn mynduðu samtök til að berjast fyrir hærri launum og bættum kjörum að hann var hrakinn á burt úr bænum vegna þess að hann sagði það sem valdinu líkaði ekki. Margt hefur gerst á þessari síðustu öld og Ísland er orðið lýðveldi, fyrst fullvalda, og við fáum að kjósa á fjögurra ára fresti í það minnsta. Engu að síður er það svo að þó að við kjósum fulltrúa okkar til að sitja á Alþingi er það samt ekki nóg vegna þess að hægt er að leggja fram frv. til laga og þau geta verið samþykkt þó að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur þeim. Þess vegna er þetta frv. komið fram frá nokkrum samfylkingarmönnum og það er engin tilviljun að samfylkingarþingmenn skuli bera þetta frv. upp vegna þess að eitt af baráttumálum Samfylkingarinnar er að auka og efla lýðræði í landinu og lýðræðislega umræðu. Þess vegna kemur þetta mál fram.

Ég hvet eindregið til að það fái jákvæða umfjöllun í þinginu og að menn samþykki þetta frv. því að það hefur þær afleiðingar að þó svo að frv. hafi verið samþykkt en fjöldinn allur er á móti þeim er hægt að koma því við að hægt er að breyta slæmum ákvörðunum eða niðurstöðum þingsins sem hafa stundum komið fyrir og fólk jafnvel látið mjög oft í ljósi að það mundi vilja hafa áhrif á málefnin.

Eins og ég segi er stefna Samfylkingarinnar að styðja við og styrkja og efla lýðræði og því hvet ég eindregið til þess að þetta frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 147. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 147.

og

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 148. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 148.

[16:40]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að samþykkja að þessi mál skuli tekin saman undir einum hatti enda eru þau nátengd og skarast. Fyrst vil ég lýsa yfir vonbrigðum mínum með að ekki skuli vera tækifæri til rökræðna við fulltrúa stjórnarliða, þeir eru fámennir í salnum og ekki síður að enginn fulltrúi framkvæmdarvalds skuli vera til staðar, hæstv. ráðherrar, því að mál þau sem ég mæli fyrir, þau frv. sem tilgreind voru af forsetastóli, lúta einmitt að samskiptum þings og framkvæmdarvalds. Raunar eru þessi frv. ekki ný af nálinni. Þau hafa verið flutt áður, fyrst á 122. löggjafarþingi og síðar á 125., en þessi frv. flytja auk mín nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Til þess að gera grein fyrir innihaldi og efni þessara frv. þá lúta þau í stuttu máli að upplýsingagjöf framkvæmdarvaldsins til Alþingis. Það er þekktara en frá þurfi að segja að á liðnum árum hefur það færst í vöxt, sérstaklega í tíð núv. ríkisstjórnar á þessu og síðasta kjörtímabili, að ríkisfyrirtæki hafa verið hlutafélagavædd. Í sumum tilvikum hafa þau jafnharðan verið seld á markaði en í mörgum tilfellum hafa þau engu að síður haldið áfram lítt breyttum rekstri en undir merkjum hlutafélagsins sem hefur þó í fjölmörgum og flestum tilfellum verið að langmestu leyti, að öllu leyti stundum í eigu þjóðarinnar og handhafi hlutafjár hefur verið viðkomandi fagráðherra.

Á hinn bóginn hefur það gerst með þessari formbreytingu á ríkisfyrirtækjum að tengsl Alþingis og framkvæmdarvalds hafa slitnað, hafa verið rofin með þessum hætti. Það hefur m.a. birst í því að þegar hv. þm. hafa óskað upplýsinga um gang mála hjá þessum tilteknu hlutafélagavæddum ríkisfyrirtækjum hefur framkvæmdarvaldið og viðkomandi ráðherra hafnað því að veita Alþingi umbeðnar upplýsingar og borið við nauðsynlegri leynd samkvæmt hlutafélagalögum. Þetta er, herra forseti, auðvitað algerlega óþolandi með öllu og stjórnarandstaðan hefur margsinnis látið á þetta reyna í fyrirspurnum og jafnoft hefur stjórnarandstöðunni og hv. þm. hennar verið svarað út úr og með vísan til þessarar meintu túlkunar framkvæmdarvaldsins á lögum um nauðsynlega leynd samkvæmt hlutafélagalögum.

Í þessum frv. eru tekin af öll tvímæli. Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir því í frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis að: „Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.“ Með öðrum orðum þá eiga alþingismenn kröfu á því að fá upplýsingar um gang mála og stjórnunarferli ríkisfyrirtækja, hlutafélaga sem ríkið á af hálfu eða meira. Það er enda í samræmi við anda annarra laga, m.a. laga er

lúta að Ríkisendurskoðun þar sem sérstaklega er tiltekin sú skylda sem á Ríkisendurskoðun er sett að endurskoða ársreikninga fyrirtækja sem ríkið á af hálfu eða meira. Satt að segja var það mikið baráttumál hér og talsvert umrætt á sinni tíð þegar þau ákvæði komu inn í lög um Ríkisendurskoðun og allir skildu það þá hér. Það er mér í fersku minni að það væri auðvitað vísbending þess efnis og raunar undirstrikun þess að engin breyting ætti að verða á samskiptum þings og framkvæmdarvalds hvað þetta áhrærir þó hf. yrði sett aftan við þessi ríkisfyrirtæki.

Í öðru lagi hvað varðar hugsanlega meðeigendur ríkisins í þessum hlutafélögum því að þau tilvik eru auðvitað til þar sem ríkið á 50%, 60% eða 70%, þá eru aðrir aðilar sem eru meðeigendur í þeim fyrirtækjum. Til að þeim verði ljóst þegar þeir kaupa hlut í fyrirtækjum þar sem ríkið er aðaleigandinn, þá felist í því sú kvöð að hið háa Alþingi geti krafið handhafa hlutabréfa ríkisins um upplýsingar um málefni fyrirtækisins. Og til að þeim aðilum sé það ljóst, þá vil ég taka af öll tvímæli og legg því til að við lög nr. 2/1995, um hlutafélög, bætist við ný málsgrein svohljóðandi:

„Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum."

Herra forseti. Í þessu samhengi er lykilorðið „opinbert málefni". Það er gegnumgangandi í þingskapalögum, það er gegnumgangandi raunar í stjórnarskrá og er þetta lykilhugtak, að Alþingi ber samkvæmt stjórnarskrá að hafa eftirlit með framkvæmd laga og framkvæmdarvaldinu þar sem um opinber málefni er að ræða.

Herra forseti. Við erum ekki að tala um nein smámál í þessu samhengi og vil ég vísa til þess að í endurskoðun ríkisreiknings frá 1999, sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér síðasta haust, er á bls. 79 gerð grein fyrir þessum hlutafélögum og sameignarfélögum í áðurnefndum E-hluta ríkisreiknings, þ.e. þeim ríkisfyrirtækjum sem hafa verið háeff-vædd. Við erum að tala um veltu eigin fjár þessara fyrirtækja upp á 70 milljarða kr. Ég segi og skrifa, 70 milljarða kr. Raunin hefur verið sú hvað varðar málefni þessara fyrirtækja sem eru upp á þessar stærðir, að því er svarað til þegar hv. þm. spyrja: Nei, þetta er ekki á ykkar könnu, þessu er ekki heimilt að svara vegna þess að hlutafélagalög og leynd því samfara segir þar til um.

Ég er að tala hér um ríkisfyrirtæki og hlutafélög á borð við Búnaðarbanka Íslands þar sem ríkissjóður á 73,8%, fyrirtæki á borð við Landsbanka Íslands þar sem ríkissjóður á 71,9%, minna fyrirtæki eins og Breiðafjarðarferjuna Baldur þar sem ríkið á 80%, Flugkerfi hf., Internet á Íslandi hf., Íslandspóst þar sem ríkissjóður á 100% og eigið fé fyrirtækisins er upp á 2 milljarða og 40 millj. kr., Kísiliðjuna þar sem ríkið á 51%, en þar eru að vísu að verða breytingar á fljótlega, Landssíma Íslands þar sem eigið fé fyrirtækisins er upp á 13 milljarða kr. en verðmæti fyrirtækisins er upp á 50–60 milljarða, þannig að sú tala sem ég nefndi áðan, heildar eigið fé er sennilega langtum nær því að vera um eða yfir 100 milljarða heldur en 70 milljarða. Ég nefni einnig Skallagrím, Skráningarstofuna hf., Hitaveitu Hjaltadals að Landsvirkjun ógleymdri þar sem eignarhlutur ríkisins er 50%.

Fróðlegt er að fylgjast með því, herra forseti, hvernig Ríkisendurskoðun, sem lýtur stjórn þingsins, afgreiðir þessi mál og hantérar fyrir hið háa Alþingi í þessari endurskoðun á skýrslu ríkisreiknings. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hluthafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er á hinn bóginn ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs þar sem hlutafélög eru einkaréttarlegir aðilar þó svo þau séu í meirihlutaeign ríkissjóðs."

Herra forseti. Hér er vísað til álitsgerðar sem Stefán Már Stefánsson setti saman fyrir einum fimm árum, ef ég man rétt, og hæstv. forsrh. dreifði. Sú niðurstaða sem sá lagaprófessor komst að var mjög umdeilanleg og er enn og ég gagnrýni það og hef gert áður að Ríkisendurskoðun, sem lögum samkvæmt er að endurskoða fyrirtæki sem ríkið á að hálfu eða meira, skuli afgreiða mál með jafnsnubbóttum hætti og hún gerir hér og segir einfaldlega að henni sé ekki heimilt að upplýsa um málefni þessara fyrirtækja með vísan til þess að um einkaréttarlega aðila sé að ræða. Ég spyr, herra forseti: Eru það einkaréttarlegir aðilar, svo ég taki einfalt dæmi þar um, þar sem ríkissjóður og samgrh. fara að öllu leyti með hlutafé í Íslandspósti, þar sem hæstv. samgrh. fer að öllu leyti með hlutafé í Landssíma Íslands? Hvaða einkaréttarleg skilyrði eru það sem gera það að verkum að hinu háa Alþingi sem ber samkvæmt stjórnarskrá að fylgjast með þessu er meinað um upplýsingar? Hvaða skilyrði eru það sem eru einkaréttarlegs eðlis í því samhengi? Spyr sá er ekki veit.

Herra forseti. Hér eru mál auðvitað dálítið broguð og það er af þeim ástæðum sem ég og félagar mínir og kollegar, hv. þm. Samfylkingarinnar taka af öll tvímæli í þessa veru og ég sá mér þann kost vænstan að mæla fyrir þessu máli þótt ég hafi vitað um að ekki væri unnt að kalla út nokkra ráðherra til andsvara þó að eðlilegt væri að þeir kæmu til umræðna um þetta mikilvæga mál. Ég kaus það frekar til þess að fá málið til umfjöllunar í viðkomandi nefndum þingsins og þaðan út fyrir vorið því að það er ekki seinna vænna en á þessu stóra máli sé tekið.

Einnig er rétt að geta að í þessari endurskoðun ríkisreikningsins frá Ríkisendurskoðun vekur Ríkisendurskoðun athygli á því að hún endurskoðar sjálf eingöngu fjögur félög af þessum tólf sem um er að ræða og er að finna í E-hluta ríkisreiknings og er vísað til þess að endurskoðun ríkishlutafélagabankanna var á sínum tíma boðin út og eru þau endurskoðuð af endurskoðunarfyrirtækjum en meðáritað af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Ég vek sérstaka athygli á þessu til að rifja það upp að ekki var heiglum hent að fá úr því skorið á sínum tíma hvað þessi meðáritun þýddi í raun. Þýddi hún í raun ábyrgð Ríkisendurskoðunar á því að ársreikningurinn sýndi rétta og sanna mynd af viðkomandi fyrirtæki eða var bara um einhvern formlegan gjörning að ræða? Þeirri spurningu er enn þá ósvarað, ef ég man rétt, og lýtur kannski ekki beinlínis að þessu frv. sem hér um ræðir en er þó nátengt því atriði.

Einnig greinir Ríkisendurskoðun frá því að hjá fjórum félögum eru endurskoðunarfyrirtæki ráðin af stjórnum þeirra. Þetta vekur allt einnig nokkrar spurningar en er hér fyrst og síðast tínt til til að gefa fyllri og heillegri mynd af stöðu þessara mála.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða, stórmál af formlegum og efnislegum toga og auðvitað algerlega óþolandi að hið háa Alþingi þurfi að búa við slík kjör að því sé svarað aftur og aftur af fulltrúum framkvæmdarvaldsins að því komi það í rauninni

ekkert við hvernig kaupin gerast á eyrinni og hvernig rekstri er háttað hjá stórum fyrirtækjum hér á landi sem eru að stórum hluta og stundum öllum hluta í eigu þjóðarinnar. Þess vegna legg ég á það ríka áherslu að þetta mál gangi inn í viðkomandi nefndir sem ég geri tillögu um að verði annars vegar allshn. og hins vegar efh.- og viðskn. en þó þannig að þær hafi samráð sín á milli um gang málsins því að, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, hér eru tvö frv. náskyld hvort öðru og geta tæplega án hvors annars verið. Hér er mál sem þörf er að kippa í liðinn og því fyrr, því betra.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Byggðakvóti, 499. mál, fsp. KLM, þskj. 786.

Fjöldi og orsakir umferðarslysa á Reykjanesbraut, 377. mál, svar dómsmrh., þskj. 706.

Sjúkrasjóðir stéttarfélaga, 501. mál, fsp. PHB, þskj. 788.

Tilraunaskólar og nýjungar í skólastarfi, 500. mál, fsp. KolH, þskj. 787.

Útboðsstefna ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, 487. mál, þáltill. ÓÖH og ÍGP, þskj. 773.

[16:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Vissulega er hægt að taka undir það með flutningsmanni að hér er stórmál á ferðinni. Raunverulega snýst málið um hvort þingið vilji halda hlut sínum gagnvart framkvæmdarvaldinu sem sífellt er að seilast til þess að vera með yfirgang gagnvart þinginu og misbjóða þingmönnum. Þetta þingmál snýst bæði um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni og breytingar á þingsköpum, hvort vilji þingmanna standi til þess að fá þá aðstöðu sem þingmenn þurfa og þá möguleika til að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Staðreyndin er sú að í gegnum árin er sífellt að færast í vöxt að ríkisfyrirtæki sækjast eftir því að komast í skjól hlutafélagalaganna, m.a. til að þurfa ekki að veita þinginu nauðsynlegar upplýsingar sem þingið kallar eftir. Þess vegna er hér á ferðinni mjög stórt mál.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. flm. að það hefur gerst aftur og aftur, herra forseti, í þinginu að þingmenn eru að fá svör við eðlilegum fyrirspurnum sem þeir leggja fyrir ráðherra þar sem hæstv. ráðherrar smeygja sér undan í skjóli hlutafélagalaga, í skjóli upplýsingalaga að veita þingmönnum eðlilegar og réttmætar upplýsingar sem þingmenn biðja um til að geta sinnt sínu hlutverki. Þetta er óþolandi, herra forseti, og gengur ekki.

Nýjasta dæmið um þetta hef ég fyrir mér bara á þessum degi, herra forseti, sem er svar sem ég var að fá í hendurnar frá viðskrh. um málefni Búnaðarbanka Íslands og stjórnenda hans. Þar kallaði ég eftir upplýsingum að því gefna tilefni að ítrekað hafði komið fram, herra forseti, hjá þeim banka, Búnaðarbanka, sem að 73,8% hlut er í eigu ríkisins, bæði meint og staðfest brot á lögum um verðbréfaviðskipti, reglum um innherjaviðskipti og brot á jafnréttislögum líka sem ég taldi upp í fyrirspurn til viðskrh. í sjö töluliðum og óskaði eftir ýmsum upplýsingum um þessi mál og hver væru viðbrögð yfirmanns bankamála, viðskrh., við þessum meintu og staðfestu brotum sem bankinn hefur átt hlut að.

Hvert er svarið, herra forseti? Hvert er síðan svarið við þessum fyrirspurnum frá hæstv. viðskrh. sem ég fékk í hendurnar í dag? Hæstv. ráðherra leyfir sér að bjóða þinginu og þingmönnum upp á það í svari við þeirri fyrirspurn í sjö töluliðum að taka hvern einasta tölulið fyrirspurnarinnar upp og tína til inn í svar sitt eitthvað sem fram hefur komið í fjölmiðlum um þetta mál, sem þingmenn gátu lesið í Morgunblaðinu eða hlustað á í sjónvarpi. Það mætti ætla að hæstv. ráðherra teldi að þingmennirnir væru annaðhvort ekki læsir eða heyrðu ekki og gætu ekki hlustað á fréttir. Þetta er það eina sem kemur fram í svari ráðherrans að hún tínir upp það sem verið hefur í fréttum um þetta mál. Um það var ekki verið að spyrja, herra forseti. Verið var að spyrja um afstöðu ráðherrans til þessara tilteknu mála sem greint er frá í fyrirspurninni.

Hvernig svarar ráðherra þessu? Hún byrjar í löngu máli á að tilgreina ákvæði í hlutafélagalögunum þar sem ráðherrarnir hoppa í skjól ætíð og ævinlega til að þurfa ekki að svara fyrirspurnum þingmanna sem snerta m.a. stöðu fyrirtækja, hvort þau hafi farið rétt og eðlilega með almannafé og almannahagsmuni. Það er tíundað í löngu máli hvaða áhrif ráðherrann og bankinn geti skýlt sér á bak við til að þurfa ekki að svara fyrirspurnum. Þegar hæstv. ráðherra hefur síðan farið ítarlega í gegnum það þá segir hæstv. ráðherra að hún hafi óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum um þær spurningar sem ég lagði fyrir ráðherrann frá Búnaðarbanka Íslands, frá Búnaðarbankanum sjálfum sem liggur undir grun um að hafa brotið lög og er staðfest í ýmsum tilvikum. Þá á sá sem hefur verið ásakaður um að hafa brotið lög að svara þessari fyrirspurn, herra forseti. Það sem ráðherrann hefur síðan til málanna að leggja er að tíunda það sem fram hefur komið í fjölmiðlum um þetta mál. Búnaðarbankinn byrjar á að svara því að hann líti svo á að í fyrirspurninni sé farið fram á upplýsingar sem hlutafélagi væri ekki skylt að svara. Þannig byrjar Búnaðarbankinn að svara því. Síðan vísar bankinn til skýrslu prófessors Stefáns Más Stefánssonar um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins sem forsrn. lét vinna á árinu 1997. Í þá skýrslu, sem þingmennirnir hafa því miður ekki farið ofan í sem skyldi og látið kanna sérstaklega, hafa ráðherrarnir ævinlega og ætíð hlaupið í skjól þar sem þessi skýrsla Stefáns Más Stefánssonar, sem hæstv. forsrh. lét gera. Þetta er heilbrigðisvottorð sem ráðherrarnir hafa reynt að fá sér til að þurfa ekki að svara þinginu og síðan er hlaupið í skjól í hlutafélagalögunum.

Síðan segir hæstv. viðskrh. að það sé ekki hlutverk sitt að segja til um hvort lög eða reglur hafi verið brotin í málinu. Maður skyldi halda að hér væri ekki á ferðinni ráðherra, sem er yfirmaður bankamála í landinu, að svara þessari fyrirspurn. Hæstv. ráðherra hefur ekkert til málanna að leggja og í svari við fyrirspurn segir að hún hafi engar frekari upplýsingar um málið. Það sé ekki í verkahring hennar sem ráðherra að skera úr hver sé ábyrgur ef um brot sé að ræða á ákveðnum lögum varðandi viðurlög við þeim meintu og staðfestu brotum sem Búnaðarbankinn á hlut að og síðan þegar spurt er um hver séu viðbrögð ráðherrans við þessum margítrekuðu brotum bankans á lögum og reglum, þá segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ráðherrann hefur hins vegar lýst áhyggjum sínum af fréttum af málefnum Búnaðarbanka Íslands og kallar eftir skýringum í einstökum tilvikum.“ Það eru áhyggjur ráðherrans. Það kemur fram að hún hafi áhyggjur. Síðan kemur að ráðherrann hafi lýst því yfir að hún líti alvarlegum augum á fréttir um ákvörðun Samkeppnisráðs og ákvörðun fjármálaeftirlitsins að vísa máli er varða meint innherjaviðskipti Búnaðarbankas til ríkislögreglustjóra í einu þeirra atriða sem spurt er um í þessari fyrirspurn. Það er sem sagt borið á borð, herra forseti, fyrir þingið sem svar við þessum fyrirspurnum

í fyrsta lagi í ítrekuðu og löngu máli þær reglur og lög sem ráðherrarnir geta hlaupið í skjól í. Síðan er þinginu boðið upp á að sá sem verið er að spyrja um, þ.e. Búnaðarbankinn í þessu tilviki sem liggur fyrir að hefur ítrekað hagað málum þannig að um er að ræða ýmist meint eða staðfest brot á lögum um innherjaviðskipti og lögum um verðbréfaviðskipti, er reyndar látinn svara þessum spurningum og að öðru leyti vísar ráðherrann í það sem hefur komið fram opinberlega og í fjölmiðlum um þessi mál.

Herra forseti. Ekki er boðlegt að standa þannig að málum. Ráðherrann vísar einungis í það að hún geti haft afgerandi áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar á hluthafafundi að því er þessi mál varðar. Ég held að þetta sýni, herra forseti, í hnotskurn að taka þurfi á þessu máli eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur frumkvæði að í þessum tveimur málum ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Raunverulega ber ráðherrann sig þannig að í þessu svari eins og hún hafi ekkert vald. Hún segir t.d. að Búnaðarbanka Íslands sé ekki skylt að veita ráðherra gögn í málinu o.s.frv. þannig að það virðist ekki bara vera að þingið hafi ekki eðlilegan aðgang að upplýsingum eins og það ætti að hafa, heldur virðist, a.m.k. ef marka má orð ráðherrans í þessu svari, vald ráðherrans vera nánast ekkert til að biðja þá sem um er spurt um eðlilegar upplýsingar. Í þessu tilviki hefði ráðherrann auðvitað átt að leita til Fjármálaeftirlitsins til þess að afla þá í gegnum Fjármálaeftirlitið þeirra upplýsinga sem um er spurt í þessu efni. Vitaskuld hefði hæstv. ráðherra líka átt að láta fara fram athugun á vettvangi eigin ráðuneytis á því sem um er spurt þannig að hún geti svarað þinginu eðlilega í þessu máli.

Þetta vildi ég draga fram, herra forseti, og mér finnst það með öllu óþolandi, hvernig framkvæmdarvaldið kemst aftur og aftur upp með að svara ekki þinginu. Mér finnst, herra forseti, fullt tilefni m.a. að því gefna tilefni sem kemur nú fram í svari hæstv. viðskrh. að fram fari ítarleg umræða á hv. Alþingi, herra forseti, um hlutverk þingsins annars vegar og framkvæmdarvaldsins hins vegar og samskipti þessara tveggja valdaþátta í stjórnskipan landsins nema þingmenn vilji búa við þessa kúgun sem framkvæmdarvaldið beitir þingmenn aftur og aftur. Mér finnst löngu orðið tímabært að þingmenn setjist yfir það hvernig þessum málum á að vera háttað í framtíðinni eða hvort þeir ætli bara að una því að framkvæmdarvaldið kúgi þingið aftur og aftur og misbjóði þinginu aftur og aftur með því að veita þinginu ekki eðlilegar upplýsingar sem um er spurt, herra forseti. Þess vegna hvet ég til þess að farið verði í ítarlegar umræður í þinginu, helst langar utandagskrárumræður þar sem við förum ofan í það hvernig við getum tekið á stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og sérstaklega því hvernig þinginu er aftur og aftur misboðið með því að ráðherrar hunsa vilja þingmanna til þess að veita þeim eðlileg svör.

Þetta vildi ég láta koma fram að þessu gefna tilefni. Ég er einn flutningsmanna að þessu frv. og vildi með þessu innleggi í umræðuna sýna hve brýnt er að samþykkja þetta mál sem kveður á um það að hlutafélögum sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira sé skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum og að slík ákvæði komi líka í þingsköp Alþingis. Það er rétt sem segir í greinargerð með þessu frv., og þar er vitnað til skýrslu Páls Hreinssonar, að leggja verður til grundvallar að réttur alþingismanna samkvæmt ákvæði stjórnarskrárinnar til aðgangs að upplýsingum um opinbert málefni ræðst ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Og 54. gr. stjórnarskrárinnar er alveg skýr í því efni að til að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til þess að afla upplýsinga frá ráðherra. Hér er verið að hnykkja á því með þessu frv. að þessu gefna tilefni að þessi réttur þingmanna er aftur og aftur hunsaður af framkvæmdarvaldinu, af ráðherrum. Þess vegna er eðlilegt og réttmætt að þingið sameinist um að samþykkja þessar lagabreytingar til þess að það fái þá tæki til að sinna því hlutverki sem það hefur samkvæmt stjórnarskránni.

[17:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að taka undir með þeim markmiðum sem sett eru fram í þessum frv. Ég tel fulla ástæðu til að flytja þau og að þær breytingar verði að veruleika sem hér eru lagðar til.

Það er alveg greinilegt að sú þróun sem hefur orðið á undanförnum árum, þ.e. að fyrirtækjum sem voru í eigu ríkisins, voru ríkisstofnanir, hefur verið breytt í hlutafélög. Það hefur haft þær afleiðingar í för með sér að margt af því sem var áður ljóst og þingmenn áttu aðgang að er ekki lengur til staðar. Þingmönnum hefur verið neitað um upplýsingar um þessi fyrirtæki. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort ástæða er til, þ.e. hvort ráðherrar hafa í raun og veru haft ástæðu til þess að neita þinginu um þessar upplýsingar. Ég dreg stórlega í efa að þau hlutafélög sem hér hefur verið rætt um í dag hafi neitað ráðherrum um þessar upplýsingar. Mér finnst það með miklum ólíkindum ef hæstv. ráðherrum er neitað um upplýsingar frá stjórnum hlutafélaga sem ríkið á meiri hluta í. Stærsti hluthafinn hefur alltaf möguleika á því að setja á hluthafafund ef honum líkar ekki hvernig staðið er að því að undirbúa og koma til hans upplýsingum um þau málefni sem hann vill vita um og fylgjast með hjá viðkomandi fyrirtækjum. Þess vegna dreg ég í efa að ráðherra hafi verið neitað um einhverjar upplýsingar. Hafi hann borið sig eftir upplýsingum hjá viðkomandi fyrirtækjum tel ég að hann hafi getað fengið þær. Ég tel að formenn stjórna þessara fyrirtækja mundu aldrei neita ráðherra um slíkar upplýsingar sem hafa verið nefndar hér sem ástæða til fyrirspurna um. Þá hlýtur maður að þurfa að velta því fyrir sér hvort ráðherra telji sig þá vera bundinn af einhverjum reglum og megi ekki svara þinginu af þeim ástæðum. Ég held að það hefði verið við hæfi að einhverjir af hæstv. ráðherrum hefðu verið hér til að útskýra hvers vegna þeir telja sig ekki geta svarað þeim spurningum sem hafa verið bornar fram og benda þingmönnum á þá annmarka sem eru á því að þeir geti miðlað þessum upplýsingum. Að það skuli þurfa að flytja þessi frv. bendir til þess annars vegar að ráðherra telji sig vera í þessari stöðu en það getur líka bent til þess að ráðherrar hafi í raun og veru ekki haft vilja til að færa þessar upplýsingar hingað inn. Ég hef ástæðu til að halda að svo sé í sumum tilfellum. Það hafi ekki verið vilji ráðherranna að flytja upplýsingarnar til Alþingis. Í sumum tilfellum hafi það þýtt fyrir hlutafélagavæðingu vissra stofnana að menn hafi ekki viljað að þær væru til umræðu á hv. Alþingi og það væri nú að gerast hjá þeim fyrirtækjum sem eru nú orðin hlutafélög en voru áður stofnanir í eigu ríkisins.

Það er því ýmislegt sem má gera ráð fyrir að valdi því að þingmenn fái ekki þær upplýsingar um stofnanir og fyrirtæki

sem þeir hafa sóst eftir. Ef þau lagafrv. sem hér liggja fyrir verða samþykkt yrði það a.m.k. engin hindrun í vegi þeirra ráðherra sem ættu hlut að máli og væru krafðir um svör. Hins vegar er þá spurningin hve mikið þeir vilja leggja á sig til að veita slíkar upplýsingar. Munu þessi frv. þá duga til þess? Það ætla ég að vona. Ég vonast auðvitað til þess að hæstv. ráðherrar séu yfirleitt ekki í þeirri stöðu að þeir vilji ekki að upplýsingar af því tagi sem hér hefur verið rætt um sérstaklega komist á framfæri á hv. Alþingi. Ég vona að það sé ekki þannig. En ég verð að viðurkenna að þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að fara yfir svarið sem hún fékk í hendurnar frá hæstv. viðskrh., þá flögraði það meira en lítið að mér að hæstv. ráðherra hefði ekki kært sig um að draga þær upplýsingar fram og koma þeim á framfæri í þinginu því að svörin voru þannig. Þá erum við náttúrlega ekki í góðum málum ef það er svo.

Ég held hins vegar að viðkomandi fyrirtæki sem þarna var til umræðu hafi bara gott af því að rætt sé um það opinberlega sem þar hefur verið dregið fram. Öll hafa þessi atriði komið fram í fjölmiðlum þannig að það er ekkert nýtt þó að um þau sé rætt opinberlega. Á meðan ríkið á meiri hlutann í því fyrirtæki er ekkert eðlilegra en að um fyrirtækið og þau vandamál sem það á við að glíma sé rætt á hv. Alþingi. Þess vegna tel ég mikla ástæðu til að menn hraði umfjöllun um þau mál sem hér eru til umræðu og að þessi frv. verði að lögum frá Alþingi í vetur, sem allra fyrst, til þess að hæstv. ráðherrar verði þá skornir niður úr þeirri snöru sem þeir þykjast vera í, að geta ekki svarað þeim spurningum sem bornar eru upp um þessi fyrirtæki.

Ég vil aðeins bæta við ræðu mína, hæstv. forseti. Það er ástæða til að gera fleiri athugasemdir við það fyrirkomulag sem nú er í gildi hvað varðar fyrirtæki sem eru í eigu ríkisins og eru í hlutafélagaformi. Það er niðurlægjandi fyrir hv. Alþingi að ráðherrar skuli nánast hafa þessi fyrirtæki eins og stórbændur höfðu í seli áður fyrr. Það eru bara einkamál þeirra að reka fyrirtæki eins og sementsverksmiðju eða banka úti í bæ og þeir vilja ekkert að verið sé neitt að rýna í það sem þar er að gerast. Og þeir skipa menn í stjórnir þessara fyrirtækja fríhendis. Enginn veit hvaða reglur gilda um það. Það virðast engar reglur gilda um það hvernig skipað í stjórnir þessara fyrirtækja.

Ég held að hér á hv. Alþingi þyrfti að fara yfir það og koma einhverjum böndum á það og reglum hvernig skipað yrði í stjórnir þeirra fyrirtækja sem ríkið á og rekur. Það er ekkert eðlilegt við það að hæstv. ráðherrar hafi það bara í rassvasanum hvernig með þessa hluti er farið og kannski er það hluti af öllu því dæmi sem við erum að ræða um í dag, að þeim finnst það vera nánast sitt einkamál hvernig farið er með fyrirtæki í eigu ríkisins.

Mín lokaorð eru þau að ég vona að hv. Alþingi hafi þroska til þess að taka á vandamálum eins og þeim sem hér eru til staðar og afgreiði þau mál sem allra fyrst.

[17:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða tvö frv. sem hafa komið fyrir þingið í tvígang áður og snúast m.a. um réttindi þingmanna til upplýsinga um fyrirtæki í eigu ríkisins. Kveikjan að þessum frv., sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flytur og hefur flutt í tvígang áður á þinginu, var m.a. fyrirspurn sem ég lagði fyrir 121. þing, árið 1997, um starfskjör yfirmanna Pósts og síma þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um starfskjör þeirra fyrir og eftir formbreytinguna í hlutafélög en þá var verið að hlutafélagavæða Póst og síma. Ég fékk þau svör frá hæstv. samgrh. um að ráðherra mundi veita upplýsingarnar sem varða ríkisfyrirtækið áður en það varð hlutafélag en ekki eftir að það var orðið að hlutafélagi og taldi sér ekki fært að krefjast þeirra upplýsinga og að starfskjör væru trúnaðarmál milli stjórnar og starfsmanna.

Þessi mál snúast um grundvallarmál sem eru upplýsingaskylda ráðherra um opinber málefni til alþingismanna og hafa félagar mínir sem hafa talað á undan mér farið rækilega yfir það. Sú fyrirspurn sem ég vitna hér til var borin fram með venjubundnum hætti og studdist við stjórnarskrá og þingsköp og hefði ráðherra átt að svara.

Það sem var merkilegt í þessu atriði var að viku áður en fyrirspurninni var svarað, sem voru engin svör reyndar, hafði komið fram hjá viðskrh. í umræðu um hlutafélagavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans þar sem hann var spurður um hvort hann teldi að Alþingi ætti að hafa aðgang að upplýsingum um kjör yfirmanna ríkisbankanna eftir að bankarnir væru orðnir að hlutafélögum, þá taldi hann að svo væri og ekki síst meðan bankinn væri að 100% hlut í eigu ríkisins og þetta stangaðist á við skoðanir páv. hæstv. viðskrh. og hæstv. samgrh.

Það er alveg rétt eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að auðvitað hefði ráðherra getað svarað þessum spurningum og öðrum sambærilegum spurningum. En ég tel að hann hafi ekki viljað koma með þær upplýsingar sem óskað var eftir, í þessu tilviki launakjörin hjá yfirmönnum Pósts og síma fyrir og eftir hlutafélagavæðinguna því að hann hefði vel getað kallað eftir þeim upplýsingum. Ráðherrann var eini hluthafinn eða handhafi ríkisins á hlutabréfinu og hann hefði getað óskað eftir slíkum upplýsingum. Ef hann hefði ekki fengið þær hefði hann getað látið kalla saman aukahluthafafund og fengið þær upplýsingar sem óskað var eftir hér á þingi en einn hluthafi getur haldið fund hvenær sem hann óskar þess og krafið stjórn um upplýsingar sem varðar rekstur fyrirtækisins. Sömuleiðis er í lögum um ársreikninga getið um sambærilegan rétt til upplýsinga eins og fyrirspurnir þær sem ég vitna hér í kveða á um, þar sem segir að laun stjórnenda í fyrirtæki skuli vera birt. Ég tek því undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að auðvitað hefði ráðherra getað svarað slíkum spurningum og ráðherrar eiga auðvitað að svara spurningum sem kallað er eftir hér á þingi um þessi málefni og er löngu tímabært að þau frv. sem hér eru til umræðu, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og breytingu á lögum um hlutafélög, nái fram að ganga því að það er bágt og erfitt fyrir þingmenn sem ber að sinna eftirlitshlutverki sínu, sérstaklega þingmönnum í stjórnarandstöðu, að geta ekki lengur sinnt því með fyrirspurnum eins og nú er og reynslan hefur sýnt varðandi ríkisfyrirtæki sem orðin eru hlutafélög.

Ég gæti náttúrlega farið yfir ýmislegt fleira í sambandi við þetta mál eins og t.d. skýrslu þá sem hæstv. forsrh. lagði fram á þingi í kjölfar utandagskrárumræðna um þessi réttindi og niðurstöðu þeirra sem m.a. er vitnað til í greinargerð með þessum frumvörpum, en ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en tel mjög brýnt, herra forseti, að þessi mál fái afgreiðslu, þau verði unnin í nefnd og fái síðan afgreiðslu því að þetta eru tímabær þingmál sem ættu að komast inn í þingið aftur og fást afgreidd sem lög.

[17:27]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa lagt orð í belg og varpað, að ég hygg, ljósi á mikilvægi þess að þessi mál gangi fram.

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist yfir því sem ég vil kalla metnaðarleysi hv. þm. fyrir þjóðþinginu og þeim vinnustað sem þeir hafa verið kjörnir til. Hér er ekki einn einasti þingmaður stjórnarliða í salnum og við þessa umræðu, ekki einn einasti maður úr allshn. sem mun taka þetta mál til meðferðar. Ég spyr og velti því fyrir mér: Er metnaðarleysi stjórnarliða og raunar uppgjöf þeirra gagnvart framkvæmdarvaldinu svo alger, svo afdráttarlaus að þeir bera það ekki við einu sinni að ræða þau mál sem lúta að grundvallaratriðum í samskiptum löggjafarþingsins, þeirrar eftirlitsstofnunar sem Alþingi er og aftur framkvæmdarvaldsins? Ég hafði satt að segja trúað því og velti því upp, til að mynda nýir og ferskir þingmenn sem hafa setið hér í hálft annað ár sem maður skyldi ætla að hefðu einhverjar hugsjónir í þessa veru, hvar eru þeir? Ég er satt að segja hlessa yfir þessu og tel nauðsynlegt að halda þessu á lofti þótt þeir hinir sömu séu ekki viðstaddir til að hlýða á mál mitt. Það kann að virka undarlega en ég vil festa það í bækur þingsins að ég hafi sagt þetta hér. Og ég vona að þessi áhrínsorð hafi eitthvað að segja þegar og ef þessir sömu þingmenn lesa þingtíðindi og reyna að kynna sér þá umræðu sem hér á sér stað.

En þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti, herra forseti, að svona er í pottinn búið. Ég trúði því satt að segja að þannig væri það að a.m.k. þeir aðilar sem tækju viðkomandi mál til umfjöllunar í nefndum síðar reyndu að freista þess að hlýða á 1. umr. mála en það er greinilega að verða liðin tíð. Þetta veldur mér miklum áhyggjum og ég tel að yfirstjórn þingsins þurfi auðvitað að ræða þessi mál og skoða. Svona getur þetta ekki gengið lengur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég nefndi að menn hefðu vakið máls á ýmsum hliðum þessa máls. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom til að mynda með glænýtt dæmi einmitt í þá veru sem frv. lýtur að. Hún er að fá meint svar við eðlilegum fyrirspurnum um gang mála í mikilvægu fyrirtæki þjóðarinnar sem er að 70% hluta í eigu ríkissjóðs en fær engin svör frekar en fyrri daginn. Nú er því borið við sem er satt að segja nýtt af nálinni að ráðherrann eigi engin svör eða ráðherrann telji sig ekki hafa heimild til að sækja slík svör til stjórnarmanna sem hún skipar sjálf sem handhafi 70% eignarhlutar í fyrirtækjum. Þetta er náttúrlega eins og hver önnur þvæla, herra forseti, fyrirgefið orðbragðið. Það er út af fyrir sig ekki hægt að taka svona alvarlega.

Þessi sami ráðherra, hæstv. viðskrh., hefur í þessu samhengi einmitt verið að tala um það opinberlega að skipta þurfi um mann og annan í þessu bankaráði vegna þess að hún telji þar breytinga þörf. En allt í einu bregður svo við að samkvæmt þeim upplýsingum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í meintu svari vil ég kalla það sem hún gerði grein fyrir áðan, þá telur ráðherrann sig allt í einu ekki hafa heimild til að spyrja þessa sömu menn út úr. Þetta er óþolandi.

Herra forseti. Síðan heldur þetta auðvitað ekki þegar til kastanna kemur. Ég nefni til sögunnar dæmi til að mynda af Íslandspósti. Ef hæstv. ráðherra ætti að vera sjálfum sér samkvæmur í þessum efnum, þá ætti hæstv. samgrh. ekki að taka þátt í umræðu um niðurlagningu á starfsstöðvum Íslandspósts vítt og breitt um landið sem þingmenn hafa gagnrýnt harðlega og sumpart með réttu. Þá ætti hæstv. samgrh. að segja sem svo: Hér er um einkaréttarlegt fyrirtæki að ræða og það getur haft áhrif á samkeppnisaðila og ég má ekki tala um þetta. En auðvitað hefur hann ekki þorað að gera það og viljað ræða þessi mál með einum eða öðrum hætti. Hér rekst auðvitað hvað á annars horn.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Greinargerðin talar sínu máli. Ítarleg umræða hér þrátt fyrir allt talar sínu máli. Ég vildi hins vegar að lyktum að fenginni ábendingu vissra manna draga til baka fyrri tillögu mína um meðferð máls í nefndum og gera það að tillögu minni að bæði þessi mál fari allshn. og málið verði á forræði hennar en hún geti þá eftir því sem ástæður eru til og vilji hennar stendur til kallað eftir umsögn efh.- og viðskn. um þann þátt málsins eða það frv. sem að þeirri nefnd lýtur. En ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi frv. tvö sem eru síamstvíburar og náskyld fari saman um nefndir þingsins og fái þar efnislega umfjöllun undir einum hatti.

Tillaga mín, herra forseti, er sú að málið fari til allshn. og fái þar skjóta og góða afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra og stjórnarþingmanna.

[17:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekkert við ágæta fundarstjórn forseta að athuga. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég er 1. flm. að næsta dagskrármáli sem er 8. dagskrármálið, sveitarstjórnarlög. Ég hafði freistað þess að fá ráðherra til viðræðu við mig um þau mál, þ.e. hæstv. félmrh. Hann gat það ekki sökum opinberra skyldustarfa annars staðar. Það er einnig ljóst að ekki einn einasti þingmaður úr félmn. er í húsinu, þ.e. meðal stjórnarliða, og ég fæ ekki séð að nokkur staða sé til þess að fara í almenna efnislega umræðu um þetta stóra og mikilvæga mál sem lýtur að fjármálum sveitarfélaga og upplýsingagjöf þeirra. Þetta mál er að vísu búið að vera í þinginu frá því í haust. Þetta er í þriðja eða fjórða skipti sem það kemur á dagskrá. Síðast var fjarvera ráðherra þess valdandi að ég óskaði eftir því við forseta að það yrði ekki tekið til umræðu. Ég verð því miður að fara þess á leit við hæstv. forseta að hann fresti þessu máli enn einn ganginn en ég vona svo sannarlega að þetta mál geti komið á dagskrá eins fljótt og nokkur kostur er og þá með viðveru viðkomandi hæstv. ráðherra og þeirra þingmanna stjórnarliða úr félmn. sem þurfa um málið að fjalla. En það er ekki nokkur bragur á því að gera það við þessar aðstæður.

[17:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hagar þannig til að ég hef einnig mál á þessari dagskrá og stóð til að ég mælti fyrir því í dag. Ég óska eftir því að það verði tekið af dagskránni. Mér finnst satt að segja erfitt að þurfa að mæla fyrir máli þegar það liggur fyrir að hér eru fjórir þingmenn í þinghúsinu á þessari stundu. Ég tel að full ástæða sé til þess að ná fram umræðum um þetta mál. Ég tel þess vegna að heppilegra sé að fresta því heldur en að taka það fyrir í dag og óska eftir því að því verði frestað.

Ég tel einnig að full ástæða sé til þess að forsetadæmið taki það til umræðu hvort ekki þurfi að tryggja einhvern lágmarksfjölda þingmanna í sölum Alþingis til að þingstörfum verði haldið áfram. Farið verði yfir það hvort ekki sé rétt að sú regla verði höfð uppi að það sé þá a.m.k. einhver lágmarksfjöldi til staðar þannig að Alþingi sýni þó þeim málum sem eru á dagskrá og eru til umfjöllunar þá virðingu að tryggt verði að einhver athygli og eftirfylgni sé í að fylgjast með því hvað hér fer í gegn því að það gerist auðvitað ekki með öðru en að menn taki þátt í umræðum og fylgist með því sem hér fer fram.

Út af dagskrá voru tekin 2., 8. og 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 17:37.

---

78. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 641. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 414. mál, þskj. 674. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 133. mál, þskj. 133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Þingsköp Alþingis, frv., 147. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hlutafélög, frv., 148. mál, þskj. 148. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Kristnihátíðarsjóður, frv., 376. mál, þskj. 595. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fyrirhugað laxeldi hér á landi, 309. mál, svar landbrh., þskj. 763.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 504. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 791.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umfjöllun menntmn. um túlkun 53. gr. grunnskólalaga.

[13:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í gær gerðist það í hv. menntmn. Alþingis að fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni fóru fram á það að nefndin skoðaði að eigin frumkvæði ákvæði 53. gr. grunnskólalaga en túlkun þeirrar greinar hefur verið í umræðu upp á síðkastið vegna málefnaástands skóla í Hafnarfirði. Túlkun hæstv. menntmrh. felur í sér að heimilt sé að bjóða út kennsluþátt í grunnskólum en þessu hafa fulltrúar Samfylkingarinnar og fleiri mótmælt harðlega.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni höfnuðu öllum beiðnum hv. nefndarmanna Samfylkingarinnar um að skoða málið í nefndinni. Í kjölfarið var hæstv. forseta Alþingis ritað bréf þar sem farið var þess á leit við hann að hann beitti áhrifum sínum til að nefndarmenn gætu rækt þingskyldur sínar, eins og það var orðað í bréfinu. Þessari beiðni var komið til forseta í ljósi 3. mgr. 8. gr. þingskapa en samkvæmt því ákvæði hefur forseti umsjón með starfi þingnefnda.

Rétt áður en þessi fundur hófst bárust hv. nefndarmönnum Samfylkingarinnar í menntmn. bréf frá hæstv. forseta þar sem hann hafnar því að hafa afskipti af málinu og vísar til þess að málið sé á forræði nefndarinnar.

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með afstöðu forseta til málsins og spyrja hann í ljósi þess hver sé réttur minni hluta til að fá faglega umræðu um mál sem meiri hlutinn hafnar að ræða í nefndum. Ég vil vísa til þess, herra forseti, að hér er um að ræða mál sem hefur mjög verið deilt um í samfélaginu. Það er um að ræða mál sem snýst um túlkun á lögum sem hafa verið samþykkt frá hinu háa Alþingi og, herra forseti, ég hlýt að spyrja: Hver er réttur minni hlutans til að fá faglega umræðu í nefnd á grundvelli 26. gr. þingskapa um mál sem meiri hlutinn hafnar að taka upp eins og er tilfellið í því máli sem hér er til umræðu?

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni þykir mér rétt að lesa þau bréfaskipti sem orðið hafa til að þau liggi ljós fyrir þingheimi.

Fyrra bréfið er stílað á forseta Alþingis, Halldór Blöndal, og dagsett 27. febr. 2001.

„Á fundi menntmn. í dag fóru undirritaðir fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni fram á eftirfarandi:

1. Að fulltrúi úr menntmrn. kæmi á fund nefndarinnar til að færa rök fyrir þeirri túlkun menntmrh. á 53. gr. grunnskólalaga að sveitarfélögum væri heimilt að bjóða út kennsluþátt í grunnskólum sem fram kom hjá ráðherranum í utandagskrárumræðum um málefni Áslandsskóla á Alþingi mánudaginn 12. febrúar 2001.

2. Að nefndin fjallaði um túlkun 53. gr. grunnskólalaga á grundvelli 26. gr. þingskapalaga.

3. Að óskað yrði eftir minnisblaði frá menntmrn. vegna túlkunar á 53. gr. grunnskólalaga.

Öllum þessum beiðnum var hafnað með atkvæðum þriggja fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar.

Undirritaðir fulltrúar í menntmn. fara þess á leit við forseta Alþingis að hann beiti áhrifum sínum til að undirritaðir

geti sinnt þingskyldum sínum samkvæmt 26. gr. þingskapalaga. Væntum við þess að nú þegar geri forseti formanni nefndarinnar og meiri hluta hennar þetta ljóst þannig að strax á morgun verði efnt til aukafundar í nefndinni þar sem fjallað verði um ofangreint mál.

Einar Már Sigurðarson.
Sigríður Jóhannesdóttir.

Afrit sent formönnum allra þingflokka, formanni menntmn. og fjölmiðlum."

Ég vil láta þess getið svona til gamans að ég spurði fréttamann sem hringdi í mig vegna þessa bréfs hvenær það hefði verið sent. Kom í ljós að það hafði verið sent allnokkru fyrr en ritara mínum barst bréfið í hendur og þykir mér satt að segja undarlegt að forseti Alþingis skuli ekki fá þau bréf í hendur sem honum eru send áður en fjölmiðlar fá þau í hendur. (**SvH:** Þú ert nú vanur snörum bréfasendingum.)

Hér er svarbréf mitt til Einars Más Sigurðarsonar og Sigríðar Jóhannesdóttur alþingismanna, dags. 28. febrúar 2001:

„Mér hefur borist bréf, dags. 27. febrúar 2001, þar sem þess er óskað að forseti „beiti áhrifum sínum" til að fram fari fundur í menntmn. Alþingis til þess að fjalla um mál með vísan til 26. gr. þingskapa.

Sú grein þingskapa hljóðar svo:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr."

Eins og ljóst má vera af ákvæði greinarinnar er sú heimild, sem hún veitir nefndum þingsins til umfjöllunar um mál að eigin frumkvæði, í höndum nefndanna sjálfra og þar getur enginn annar átt aðild að.

Halldór Blöndal."

Ég vil jafnframt láta þess getið að fyrir Alþingi liggur frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995. Flutningsmenn eru Guðmundur Árni Stefánsson o.fl. Þar er komið að því efni sem hér er fjallað um og mun menntmn. að sjálfsögðu fá frumvarpið til meðferðar ef Alþingi tekur ákvörðun um að vísa því til hennar eftir að talað hefur verið fyrir frumvarpinu.

[13:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er augljóst af bréfi þingmanna Samfylkingarinnar að þeir virðast standa í þeirri meiningu að þingskapalög gildi ekki þegar þeir eiga í hlut. Það er alveg ljóst að það er á forræði nefndar hvort hún tekur upp mál að eigin frumkvæði. Þetta eru leikreglur sem allir þingmenn þurfa að þekkja og hlíta. Það var einfaldlega ekki meiri hluti í menntmn. til að verða við ósk þingmanna Samfylkingarinnar í þessu efni og þar með er málinu lokið og stoðar ekki að klaga í forseta.

Ég hef hins vegar bent þingmönnum Samfylkingar á að þingmál Guðmundar Árna Stefánssonar hlýtur að verða til umræðu á þinginu síðar og eftir að því er vísað til nefndar gefst auðvitað tækifæri til að fjalla um það þar. Einnig hef ég bent þingmönnum Samfylkingar á að þeir geta auðveldlega orðið sér úti um svör beint frá menntmrh. með því að leggja fyrir hann fyrirspurn á Alþingi en það er alveg ljóst að þeir virðast af einhverjum ástæðum ekki treysta sér til þess.

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vissulega er staðreynd að stjórnarandstaðan öll á aðild að frv. sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og gengur út á að taka af öll tvímæli um túlkun á grunnskólalögum á þann veg að útilokað yrði að leggjast í tilraunastarfsemi með grunnskóla landsins. En staðreyndin er þessi: Hæstv. menntmrh. hefur sterklega gefið í skyn að hann hyggist veita heimild til þess að grunnskóli í Hafnarfirði verði einkavæddur og það verði gert samkvæmt túlkun hans á 53. gr. grunnskólalaga.

Fulltrúar í menntmn. hafa óskað eftir því að fram fari um það umræða nú í nefndinni hvernig túlka beri þessa tilteknu grein áður en hæstv. menntmrh. veitir þessa heimild. Jafnframt hefur verið óskað eftir því að hæstv. menntmrh. leggi fram minnisblað um málið og skilning sinn á túlkun lagagreinarinnar svo um hana geti farið fram vönduð og málefnaleg umræða. Það er gegn vinnubrögðum af þessu tagi sem meiri hlutinn á Alþingi ætlar að leggjast. Ég leyfi mér að biðja menn að endurskoða þessa afstöðu sína. Það er mikilvægt að þingið geti farið yfir þetta alvarlega mál sem hefur valdið miklum deilum í samfélagi okkar og fjallað um það á málefnalegan og vandaða hátt. Um það stendur deilan.

[13:42]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Rétt er að byrja á því að þakka hæstv. forseta skjót og skýr svör við bréfi okkar hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur frá því í gær. Það er hins vegar ástæða fyrir því að bréfið var sent og óskað eftir því að menntmn. tæki þetta mál fyrir. Það er sú einfalda ástæða að hér er um stórt skref að ræða til breytinga á þeim hefðum sem verið hafa í rekstri grunnskóla í landinu.

Einnig er ljóst að hæstv. menntmrh. er að túlka 53. gr. grunnskólalaga á algjörlega nýjan hátt. Við höfðum aflað okkur upplýsinga um það og látið fara í gegnum öll gögn sem tiltæk eru varðandi grunnskólalög frá 1974 og þær breytingar sem á þeim hafa verið gerðar frá 1991–1995 og hvergi er að finna, herra forseti, stafkrók í þá átt sem hæstv. menntmrh. er nú að sveigja þessa grein.

Þess vegna, herra forseti, var talið nauðsynlegt að menntmn. færi faglega yfir málið. Það yrði umræða sem skoðaði allar hliðar málsins og síðan kæmumst við að niðurstöðu, vonandi í sameiningu, um það hvaða leið væri farsælust í málinu.

Herra forseti. Það verður að vekja athygli á því að ef hæstv. ráðherra hefur fullan hug á því að þessi leið verði farin í grunnskólum landsins væri að sjálfsögðu eðlilegast að hæstv. ráðherra legði fram á þinginu tillögu til lagabreytinga á grunnskólalögunum. En, herra forseti, það skyldi þó ekki vera svo að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að í sölum Alþingis er ekki meiri hluti fyrir þeirri leið sem hæstv. ráðherra er nú að stefna á?

[13:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að þegar ég upplifði það í gær hvernig meiri hluti menntmn. afgreiddi þessa mjög svo sakleysislegu tillögu okkar upplifði ég það sem hreinlega skort á stjórnvisku og mér finnst sá skortur lýsa út úr þessari afgreiðslu. Í staðinn fyrir að taka þetta mál friðsamlega til umræðu í nefndinni í þessum litla hópi vildi nefndin frekar varpa þessu út á öldur ljósvakans. Það er ekki hægt að skilja

það öðruvísi og gera þetta að því stórmáli sem mér sýnist að það sé nú orðið að. Ég verð að segja að það verður ekki skemmtilegt fyrir Sjálfstfl. þegar annar meiri hluti verður kominn til valda og vísar alltaf í þessa afgreiðslu þegar t.d. er beðið um minnisblað inn í nefnd. Ég hafði ekki upplifað það fyrr en í gær að slíku hafi verið hafnað þannig að þessi afgreiðsla var algjörlega með eindæmum.

Hæstv. forseti svaraði þessu bréfi rösklega. Hann hefur mikla reynslu í bréfaskriftum núna upp á síðkastið eins og alþjóð veit. Það fylgir ekki með hvort þessi afgreiðsla var lögð fyrir Hæstarétt en það verður sjálfsagt ekkert mál þegar þar að kemur ef þess kann að þurfa. En hitt er ljóst að þarna er verið að gera stórmál úr því sem við gátum afgreitt lýðræðislega með umræðum í nefnd.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í bréfaskriftir nefndarmanna í menntmn. og hæstv. forseta. Ég ætla hins vegar að lýsa mikilli furðu minni á þeirri ótrúlegu stífni og þeim viðhorfum sem birtast í því að þingmenn Sjálfstfl. í menntmn. skuli hafna svo sjálfsagðri beiðni og réttmætri og rökstuddri ósk um að taka til skoðunar mál í nefndinni. Það er ekki farið fram á meira en að ræða í þingnefnd tiltekið álitamál og fá fulltrúa viðkomandi fagráðuneytis inn á fund til að ræða um það.

Þessari ósk er hafnað og maður hlýtur að spyrja sig: Hvert stefnir í störfum þingnefnda ef þetta viðhorf meiri hlutans verður ráðandi og birtist í fleiri tilvikum, t.d. gagnvart óskum um að fá gesti til viðtals við nefndina, taka upp mál til skoðunar o.s.frv. Ég segi, herra forseti: Þetta er geysilega óskynsamlegt og í raun hættulegt viðhorf hjá formanni í þingnefnd sem hér birtist í ræðu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur áðan og endurspeglast í afstöðu meiri hlutans í menntmn., fulltrúa Sjálfstfl. Þetta er ekki til þess fallið að skapa jákvætt andrúmsloft og gefa þá tilfinningu að það sé til einhvers að vinna að málum, upplýsa hluti, taka mál fyrir og ræða þau í þingnefndum. Þessi valdboðsvaldhrokameirihlutahugsunarháttur er stórhættulegur.

Hér er hlutunum ruglað saman. Auðvitað ræður meiri hlutinn efnislegri afstöðu og niðurstöðu í málum af þessu tagi að lokum en það á ekki að beita valdi meiri hlutans til að hindra að mál séu skoðuð, rædd og upplýst. Það er beinlínis gegn þingræðinu og lýðræðinu og þá eru menn komnir út í miklar ógöngur, herra forseti. Ég tel að ástæða sé til að taka þessi mál upp á almennum grundvelli og mér finnst að funda ætti um þau með formönnum þingnefnda, forsætisnefnd og formönnum þingflokka og fara yfir það hvert menn stefna með vinnubrögðum af þessu tagi.

[13:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég get ekki tekið undir að verið sé að stefna lýðræðinu í hættu. Forseti Alþingis á reglulega fundi með formönnum þingflokka og þeim er frjálst að taka upp hvert það mál sem þeim sýnist. (Gripið fram í.) Forseti er að reyna koma orðum að hlutunum og á erfitt með það, hv. 3. þm. Norðurl. e., ef hann þarf að hlusta á þingmanninn um leið. (**SJS:** Forseti, ...) Ég vil biðja hv. þm. að gæta hófs í orðum sínum. (**SJS:** Forseti fer hér í rökræðu í krafti forsetavalds síns.) Það var á mörkum að hv. þm. gætti þeirrar háttvísi í orðum sem ætlast er til af þingmönnum. (**SJS:** Um fundarstjórn forseta, á eftir.)

[13:49]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það hefur ekki komið fram við þessa umræðu hvernig stendur á því að hv. þm., sem hér hóf umræðu og kom fram sérstaklega með beiðni innan menntmn., hefur ekki nýtt sér fyrirspurnarformið. Það hefur ekki verið skýrt hér. Til hvers má rekja þessa feimni við fyrirspurnarformið?

Það liggur ljóst fyrir að hv. þm. hafði þau úrræði sem þingsköpin bjóða honum upp á. Hann gat spurt hæstv. menntmrh. með einfaldri fyrirspurn með hvaða hætti hann rökstyddi sitt mál. Það hefði verið afar auðvelt að fara fram á skriflegt svar við slíkri fyrirspurn, sem hefði að sjálfsögðu haft það gildi að upplýsa þingmanninn um það sem spurt er um. Hvers vegna er þess þá krafist að fara með slíkt mál í nefndir?

Einnig vekja mikla athygli í þessari umræðu þau ummæli að troðið sé á lýðræðinu í nefndinni. Það liggur nefnilega fyrir og hefur verið síendurtekið í þingsalnum að minni hlutinn telur brotið á sér þegar komið er í veg fyrir að minni hlutinn stýri starfi nefnda. Málið er ekki erfiðara en það. Nefndin kaus að taka þetta mál ekki inn í nefndina. Um það var tekin ákvörðun með lýðræðislegum hætti og bent á það í umræðu í nefndinni að þingmaðurinn hefði öll úrræði til að fá svar við fyrirspurn sinni eftir öðrum leiðum. Tilgangurinn var heldur ekki sá. Það kom fram í umræðunni hver tilgangurinn var. Bréfið var sent fjölmiðlum áður en það var sent forseta. Tilgangurinn var að búa til úr þessu máli einfalt lítið fjölmiðlafár.

[13:51]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það lýsir í sjálfu sér ákveðnu hugarfari hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að hann undrist að þegar nefndarmenn óska eftir því að mál sé tekið upp í nefnd þá skuli þeir bara ekki spyrja ráðherra. Það lýsir ákveðnu hugarfari, herra forseti.

Ég verð líka að lýsa yfir undrun minni á því að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður hv. menntmn. og þingflokksformaður Sjálfstfl., skuli lýsa þessu erindi hv. nefndarmanna sem klögumáli til forseta. Það lýsir líka ákveðinni afstöðu til starfa hins háa Alþingis.

Ég vil í ljósi þessa segja að þessu erindi var komið til hæstv. forseta þar sem hann hefur í krafti embættis síns umsjón með starfi þingnefnda samkvæmt þingskapalögum. Við það ákvæði þingskapa verður hv. formaður menntmn. að una eins og aðrir hv. formenn nefnda í þinginu. Hún hlýtur hins vegar að vekja undrun, herra forseti, og kveikja spurningar hjá fólki, sú afstaða sem hv. nefndarmenn í menntmn. Alþingis, hv. nefndarmenn Sjálstfl., velja að taka í þessu máli. Í stað þess að taka þátt í lýðræðislegri umræðu um þetta umdeilda hitamál í sjálfri nefndinni þar sem um er að ræða túlkun á grein í grunnskólalögum, sem svo sannarlega telst á verksviði nefndarinnar, mikið hitamál sem deilur eru uppi um í samfélaginu, hvað er þá eðlilegra, herra forseti, en að hv. menntmn. taki málið til umræðu? Af hverju, herra forseti, var því hafnað að ræða um málið í nefndinni? Það þykir mér lýsa mjög undarlegri afstöðu hv. nefndarmanna Sjálfstfl.

Hins vegar hefur hæstv. forseti Alþingis kveðið upp úr um meðferð þessa máls og ekkert annað að gera en að una niðurstöðu hans. Ég lýsi á hinn bóginn yfir undrun minni á því hvernig hv. fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni líta á þetta mál.

[13:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í bréfaskipti forseta við tvo tilgreinda hv. þm. úr menntmn. en um efni málsins vil ég segja: Ef mál af þessum toga eiga ekki heima í fagnefndum þingsins, hvaða mál eiga þá heima þar?

Við erum að ræða um túlkun framkvæmdarvaldsins, hæstv. menntmrh., á gildandi lögum í landinu. Það hefur verið dregið í efa að þessi túlkun hæstv. ráðherra eigi við rök að styðjast. Er það ekki eðlilegasti hlutur í heimi að fagnefnd hér í þinginu fari yfir þau mál og reyni að glöggva sig á stöðu þeirra mála? Ég spyr.

Herra forseti. Ég held að við þurfum ekki á neinum fyrirlestrum að halda á borð við þann sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich flutti, um þær leiðir sem hv. þm. hafa til þess að fara fram með sín mál. Um það er öllum kunnugt. En ég árétta og spyr á nýjan leik: Hvers vegna ekki menntmn.?

Ég vek athygli á því líka, herra forseti, að í umræðum um þetta mál, um form þess og efni, hafa fulltrúar Framsfl. ekki látið í sér heyra. Þeir hafa hins vegar lýst afstöðu til þessa álitamáls á opinberum vettvangi. Ég hlýt að álykta sem svo að eðlilegt sé að þeir hv. þm. sem vakið hafa máls á þessu álitamáli fari á nýjan leik með þetta inn í menntmn. og þá að fullskipaðri nefnd þar sem fulltrúar Framsfl. verði viðstaddir og þeir liðki fyrir málinu þannig að það fái þá faglegu umfjöllun sem málið á skilið.

Ég vil að lokum fagna því sem hér er greinilega almennur vilji fyrir, að frv. mitt og okkar stjórnarandstöðuþingmanna um hliðstætt mál, sem er þó formlega óskylt, fái hraða og góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Ég reikna með því að það verði tekið til umræðu og til efnislegrar umfjöllunar í menntmn. mjög fljótlega. Ég skil umræðuna þannig að þess sé krafist.

[13:55]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka að það er algjörlega á forræði nefndar hvort hún kýs að taka upp mál að eigin frumkvæði. Málið sem hér er rætt var afgreitt með lýðræðislegum hætti í þingnefndinni. Það er einfaldlega þannig að allir þingmenn þurfa að sætta sig við að fara að leikreglum þingsins. Það er bara ekki flóknara en það.

Ég vil líka ítreka það sérstaklega að málið sem hér er til umræðu hefur verið rætt utan dagskrár á þinginu. Þingmenn hafa margar leiðir til að taka mál upp. (**GÁS:** Hvað er þá að óttast?) Það er ekkert að óttast í þessu máli, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Þar að auki liggur fyrir þingmál sem ég vakti athygli á í fyrri ræðu minni, frv. Guðmundar Árna Stefánssonar o.fl. Það verður væntanlega tekið á dagskrá í þinginu og vísað til menntmn. Það verður rætt þar og auðvitað jafnfaglega og nákvæmlega og vant er. Ég ítreka ábendingu mína til þingmanna Samfylkingarinnar, að nota fyrirspurnarformið. Það er mjög einfalt. Ég vildi líka nefna í þessu sambandi að hæstv. menntmrh. hefur ekki enn afgreitt beiðni Hafnarfjarðarbæjar vegna skólans. Ég á því ekki von á því að túlkun hans á 53. gr. laganna liggi fyrir, a.m.k. ekki opinberlega.

[13:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

3. mgr. 50. gr. þingskapa hljóðar svo:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur."

Þær 20 mínútur eru liðnar svo að umræðum um störf þingsins er lokið.

Um fundarstjórn.

Ummæli forseta.

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég geri athugasemd við fundarstjórn forseta. Forseti kaus að vitna mjög frjálslega í ummæli mín í umræðum um störf þingsins áðan. Hann fór svo nánast í rökræður um efni málsins í framhaldinu, þó þannig að ekki var um að ræða yfirlýsingu af hálfu forseta og ekki svar við spurningu, enda hafði ég engri slíkri beint til forseta. Mér hefur virst færast í vöxt að forseti geri sig beint, en þó oftar kannski óbeint, gildandi í rökræðum úr forsetastóli. Þetta er ekki venja og er ekki til þess ætlast. Hyggist forseti taka þátt í efnislegum umræðum um mál setur hann sig á mælendaskrá eins og aðrir þingmenn og hefur þar sömu réttindi.

[13:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að taka fram að orðaskipti okkar urðu vegna þess að hv. þm. óskaði eftir því og taldi rétt að forseti ætti fund með formönnum þingflokka um þau mál sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Það mál sem hér var rætt var tekið upp vegna bréfs sem forseta hafði verið sent frá tveim hv. þingmönnum í menntmn. Forseti leit svo á að hv. þm. hefði beint þeim orðum til hans að þessi mál yrðu tekin upp á fundi forseta með formönnum þingflokka og má athuga það í útskrift hvort þetta sé réttur skilningur forseta á orðum hv. þm.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framsal sakamanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (Schengen-samstarfið). — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (aðild RALA að hlutafélögum). — Þskj. 674.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 133. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

[14:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti væntir þess að unnt sé að kjósa til sérnefndar fljótlega og beinir því til formanna þingflokka að undirbúa kosninguna af sinni hálfu.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 147. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 148. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 148.

[14:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hér liggur fyrir tillaga um að dagskrármálinu verði vísað til allshn. en venja er að frv. til breytinga á hlutafélagalögum fari til efh.- og viðskn. Mér þykir rétt að þetta mál verði kannað milli funda.

[14:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef skilning á því að forseti velti eilítið vöngum yfir því hvert þetta mál á að fara, þ.e. til hvaða fagnefndar. Ég sem 1. flm. þessa frv. velti eilítið vöngum yfir því sjálfur í framsögu í gær en að bestu manna yfirsýn varð niðurstaða sú, þó óhefðbundin væri, að allshn. hefði forræði á málinu í ljósi þess að málið er nátengt og raunar samtengt öðru dagskrármáli sem rétt í þessu var vísað til allshn. og laut að þingsköpum Alþingis. Með öðrum orðum hanga þessi tvö frumvörp hvort með öðru og voru rædd undir sama hatti í gær.

Ég er algerlega sáttur við það að menn setjist eilítið yfir það og skoði nánar með hliðsjón af þingsköpum og hefðum og venjum í þessu sambandi en legg meginhersluna á það að þessar tvær nefndir skoði þá málin í réttu samhengi.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Kristnihátíðarsjóður, 3. umr.

Frv. SAÞ o.fl., 376. mál. — Þskj. 595.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁMM, BBj, GHH, GE, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, KVM, KolH, KHG, LMR, LB, PP, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 798).

Fundi slitið kl. 14:06.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 28. febr.,
að loknum 78. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Setning reglna um kosningar skv. 26. gr. stjórnarskrár, fsp. SJS, 427. mál, þskj. 688.
2. Skipan stjórnarskrárnefndar, fsp. SJS, 428. mál, þskj. 689.
3. Sveigjanleg starfslok, fsp. ÁRJ, 435. mál, þskj. 698.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Örorkubætur, fsp. ÁRJ, 354. mál, þskj. 521.

5. Málefni heyrnarskertra, fsp. ÁMöl, 364. mál, þskj. 567.

6. Biðlistar hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, fsp. SvanJ og KLM, 388. mál, þskj. 638.

7. Sálfræði- og geðlæknisþjónusta við fólk í sjálfsvígshugleiðingum, fsp. ÁRJ, 434. mál, þskj. 697.

8. Lífeyristryggingar örorku- og ellilífeyrisþega, fsp. ÁRJ, 436. mál, þskj. 699.

9. Forvarnastarf gegn sjálfsvígum, fsp. ÁRJ, 437. mál, þskj. 700.

10. Umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna, fsp. ÁRJ, 473. mál, þskj. 755.

11. Fjárstuðningur við fjölskyldur langveikra barna, fsp. ÁRJ, 474. mál, þskj. 756.

Til landbúnaðarráðherra:

12. Innflutningur hvalaafurða, fsp. SvanJ, 421. mál, þskj. 682.

Til samgönguráðherra:

13. Úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu, fsp. KPál, 440. mál, þskj. 703.

14. Fjöldi íslenskra kaupskipa, fsp. GHall, 451. mál, þskj. 719.

Til iðnaðarráðherra:

15. Flutningur verkefna eða stofnana til landsbyggðarinnar, fsp. KLM, 463. mál, þskj. 742.

Til umhverfisráðherra:

16. Lög um vernd og nýtingu erfðaauðlinda, fsp. MF, 464. mál, þskj. 743.

17. PCB-mengun í Reykjavík, fsp. KF, 469. mál, þskj. 748.

Setning reglna um kosningar skv. 26. gr. stjórnarskrár.

Fsp. SJS, 427. mál. — Þskj. 688.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum varð það tilefni nokkurrar umræðu einu sinni sem oftar hvort forseti Íslands mundi beita valdi sínu til að synja staðfestingar þingmáli eða lagafrv. sem laga frá Alþingi.

Í þessu sambandi má einnig vitna í viðtal við hæstv. forsrh. sem var á sjónvarpsstöðinni Skjár 1 skömmu eftir að lög höfðu verið sett í kjölfar svonefnds öryrkjadóms eða dóms í öryrkjamáli. Þá velti hæstv. forsrh. upp þeirri spurningu hver ætti að standa fyrir því að sett væru ákvæði um allsherjaratkvæðagreiðslu eða þjóðaratkvæði um frv. sem forseti kynni að hafa synjað staðfestingar á og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Hver átti að ákveða hvenær yrðu kosningar? Það stendur bara“ — og þar er vísað til stjórnarskrárákvæðanna — „að það sé rétt að hafa kosningar svo fljótt sem hentugt væri eða fært væri eða þess háttar. Hver ætti að ákveða það? Það stendur hvergi. Hver ætti að ákveða hvernig spurningarnar væru? Það stendur hvergi. Hver hefði átt að ákveða hvort í tvo eða þrjá mánuði þyrftu umræður í þjóðfélaginu eða viku og engar umræður? Það stendur hvergi. Þannig að menn hefðu orðið að byrja á því ef þú skoðar til að mynda vangaveltur Ólafs Jóhannessonar að fara í þingið og vera í einn til tvo mánuði að setja lög um þetta. Hvort forsætisráðherra ætti að sjá um þetta, sem sennilega væri líklegasti stjórnsýslu- og stjórnlagaráðherrann eða dómsmálaráðherra sem sér oft um kosningar o.s.frv.“

Síðar í sama viðtali kemur fram að þó að hæstv. forsrh. telji naumast hægt að hugsa sér þær aðstæður að forseti lýðveldisins mundi beita þessu synjunarvaldi, þá sé það e.t.v. ekki með öllu útilokað. Ég leyfi mér að túlka ummæli hæstv. forsrh. svo, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er mín skoðun miðað við alla þessa reynslu að þá sé naumast hægt að hugsa sér þær aðstæður að þetta ákvæði væri notað. Ég hefði þó talið, og forseti Íslands hefur sagt það líka, að ef stór atburður eins og það ef menn færu í ESB án þess að spyrja þjóðina, þá tel ég að þar séum við komin að endimörkum þess sem forseti ætti að leyfa.“

Ég kýs að túlka þetta svo að hæstv. forsrh. telji það ekki óhugsandi að þær aðstæður kynnu að koma upp að þessu valdi yrði beitt. Með vísan til þess sem hæstv. ráðherra sagði sjálfur, að sennilegt verður þá að telja að það ætti að vera í hlut forsrh. að sjá um að setja reglur um slíka kosningu, hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því að slíkar reglur verði settar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem tiltækar væru ef til þess kæmi að forseti Íslands beitti ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar og synjaði staðfestingar á lögum.

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Úr því að hv. fyrirspyrjandi hagaði orðum sínum eins og hann gerir í fyrirspurninni, þá er e.t.v. ekki úr vegi að halda því til haga að ekki telja allir að það sé hafið yfir allan vafa hvort slíkt synjunarvald forseta, samkvæmt tilvitnaðri grein stjórnarskrárinnar, sé í höndum hans persónulega eða í höndum ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra eins og raunar allar aðrar athafnir sem atbeina forseta þarf til. Þannig hefur fyrrv. prófessor og hæstaréttardómari, Þór Vilhjálmsson, til að mynda sett fram þá skoðun í fræðigrein, með leyfi forseta:

„að rökrétt samhengi fáist ekki í reglur stjórnarskrárinnar um lagasetningu nema ráðherra geti tekið ákvörðun um lagasynjun samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar.“

Hann telur með öðrum orðum að ráðherra sé ekki skylt að bera samþykkt lagafrv. upp til staðfestingar. Hann eigi jafnframt þann kost að leggja til að því verði synjað staðfestingar og að forseti sé bundinn af tillögugerð ráðherrans þar að lútandi. Aðrir fræðimenn, þar með taldir tveir fyrrv. forsrh., þeir Ólafur Jóhannesson og Bjarni Benediktsson, hafa að vísu ekki deilt þessum skoðunum með Þór Vilhjálmssyni en telja þá skipan sem 26. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um engu að síður, eins og þeir orða það, einkennilega, og telja að deila megi um hversu heppileg hún sé þar sem þingræði sé viðhaft, svo vitnað sé í þessa tvo fræðimenn. Þeir hafa auðvitað tjáð sig um málið.

En hvað sem þessu líður er e.t.v. ekki seinna vænna að huga að því hversu með skuli fara ef sú sérkennilega staða kæmi upp sem tilvitnað ákvæði stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir rúmri hálfri öld eftir að það var skilið með þessum einkennilega hætti.

Ef menn setja sem svo að fyrir liggi synjun í skilningi 26. gr. stjórnarskrárinnar sem skylt væri að bera undir atkvæði allra kosningabærra manna svo fljótt sem unnt er vakna margar spurningar um hversu með skuli fara. Hverjir mundu til að mynda teljast kosningabærir? Hvaða skilyrði þurfa menn að uppfylla í þeim efnum? Hvaða skilyrði væri unnt

að setja um þátttöku í slíkri atkvæðagreiðslu og um afl atkvæða? Væri jafnvel hægt að setja skilyrði um aukinn meiri hluta eða væri hægt að búa við það að jafnvel 2.000 manns tækju þátt og 1.100 manns mundu nema úr gildi lög sem kannski stór meiri hluti þingmanna hefðu ákveðið o.s.frv.? Hvað tæki við þegar niðurstöður slíkrar kosningar lægju fyrir? Tökum öryrkjadóminn. Ef ríkisstjórnin hefði fengið sitt frv. samþykkt eins og hún fékk og forseti síðan synjað, þá hefði væntanlega orðið að greiða út þennan milljarð með fyrirvörum. Og ef synjun forsetans yrði síðan samþykkt, þá yrði að rukka þennan milljarð inn aftur.

Tökum einfaldara dæmi: Ef ríkisstjórnin mundi fá í gegn lög um það að rífa Bernhöftstorfuna. Forseti mundi synja. Lögin taka strax gildi. Þar stæði að rífa ætti hana innan viku. Ríkisstjórnin færi og léti jarðýtu keyra á Bernhöftstorfuna. Síðan færi málið fyrir þjóðina með einhverjum hætti. Synjun forsetans yrði staðfest. Hvar værum við stödd? Þetta er afskaplega undarlegt ákvæði svo ekki sé meira sagt. Það segir nefnilega að eftir að forseti hefur synjað taka lögin þegar gildi. Þetta vefst fyrir mörgum. Það frestast ekkert. Þau taka þegar gildi.

Ég tók þetta undarlega dæmi um Bernhöftstorfuna til að vekja athygli á því með skrýtnu dæmi hvernig þetta gæti litið út.

Þetta hefur svo sem ekki verið mjög mikið rætt en menn velta því fyrir sér hvað tæki við þegar kosningarnar væru búnar. Frá hvaða tíma til að mynda teldist brottfall laganna? Væri það frá synjunardegi forseta? Væri það frá staðfestingu þjóðarinnar á synjuninni o.s.frv.? Fullt af álitaefnum sem upp kæmu þyrftu menn að rannsaka og velta fyrir sér.

Um þennan þátt hefur lítið verið fjallað af fræðimönnum en Ólafur Jóhannesson virðist telja einsýnt og hefur sagt það að einsýnt væri að setja yrði lög um þessa atkvæðagreiðslu. Ég tek undir þetta sjónarmið Ólafs. Ég sé ekki hvernig öllum þessum spurningum og fleirum en þeim sem ég hef varpað hér fram verði svarað með öðrum hætti en með lögum. Eins og menn geta ímyndað sér þegar og ef þetta gerðist, þá yrðu væntanlega afskaplega miklar deilur uppi í þjóðfélaginu um mál og menn eru ekki endilega mjög sáttir um nokkurn skapaðan hlut þegar slíkar deilur eru uppi. Þess vegna væri afar þýðingarmikið að þessu yrði svarað með skýrum hætti með lögum frá þinginu en ekki frá framkvæmdarvaldshafanum sem væri að fara með framkvæmd kosninga.

Ég hef hins vegar ekki í hyggju að beita mér fyrir lagasetningum án þess að tilefni skapist til þess og til þess liggja ástæður af tvennum toga. Ef við lítum þannig á að synjunarvaldið sé í höndum ríkisstjórnarinnar eins og Þór Vilhjálmsson gerir, þá er út af fyrir sig væntanlega ekki ástæða til þess. Þá mundu hjól þingræðisins sjá um þennan þáttinn. Sé hins vegar litið svo á að forseti geti sjálfur beitt þessu ákvæði persónulega sem er þá hið eina í stjórnarskránni sem hann þarf ekki atbeina ríkisstjórnarinnr til, þá tel ég sjálfsagt að á því sé tekið í þetta eina skipti sem þetta mundi gerast, enda er ég þeirrar skoðunar að ef þetta gerðist, þá mundi þetta aðeins gerast einu sinni. Ég tel að hvorki þjóð né þing mundi í raun líða það að þingræðisreglunni yrði bægt burtu með slíkum hætti.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég er í öllum aðalatriðum sammála hæstv. forsrh. hvað varðar túlkun á þessu ákvæði og stöðu þess þangað til kom að niðurstöðunni. Mér fannst í raun og veru allar röksemdir hníga að því að með því að menn telji að beiting þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar sé ekki óhugsandi og í ljósi þess að fjölmargar spurningar vakna um hvernig skuli þá með farið og ég deili þeim að mestu leyti með hæstv. forsrh., t.d. um afar afdrifaríkan hlut eins og tímasetningu slíkrar atkvæðagreiðslu, hvort hún eigi að fara fram þá sem allra fyrst eftir að þessar aðstæður koma upp, þannig að það millibilsástand sem skapast verði sem styst og þannig að menn væru til að mynda ekki búnir að rífa Bernhöftstorfuna áður en vilji þjóðarinnar kæmi í ljós svo það dæmi sé tekið.

Ég held að einsýnt sé að setja þurfi lög um framkvæmd þessarar kosningar. Mér finnst ankannalegt að láta þetta stjórnarskrárákvæði standa eins og það er. Umræður um mögulega beitingu þess eru í lausu lofti vegna þess að þá vakna allar þessar spurningar sem hér er hægt að velta upp um hvaða afleiðingar beitingin mundi hafa og hvernig ætti að standa að kosningunni o.s.frv. Ég hefði því talið að rökrétt niðurstaða af þessu væri sú að það væri ekki seinna vænna eftir rúma hálfa öld að útfæra hver væri merkingin með því að þetta ákvæði stæði svona í stjórnarskránni eða hitt að endurskoða ákvæðið sjálft og þar með fara í grundvallarendurskoðun á þessum veigamiklu atriðum sjálfrar stjórnskipunarinnar og er þá ekkert í lítið ráðist.

Það er reyndar næsta fyrirspurn á dagskrá, herra forseti, sem snýr að því hvort hæstv. ráðherra hyggist setja á fót endurskoðunarnefnd, þannig að við skulum geyma umræður um það þangað til, en það eru vonbrigði að hæstv. ráðherra skuli ekki halda því opnu að svona reglur eða lög verði sett.

[14:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þetta kemur til umræðu á vissan hátt sem svar við næstu fyrirspurn. En eins og ég segi, það kom mér á óvart þegar ég svaraði þessum spurningum í sjónvarpsþætti að það virtist vera að menn hefðu ekki hugsað þessi atriði mjög mikið, hvað stæði opið til að mynda í aðdraganda forsetakosninga þegar slík mál hafa komið upp, þá eru frambjóðendur gjarnan spurðir hvort þeir mundu beita slíku ákvæði. Það hefur ekkert í umræðunni verið um það hvað mundi gerast og hvernig þetta mundi verða.

En ég tók eftir því jafnframt að núverandi forseti Íslands hefur í rauninni þrengt skilninginn á notkunarmöguleikanum miðað við það sem sumir hafa talið. Ég minnist þess í umræðunni að sumir hafa talið að ef forsetinn teldi að vafi kynni að leika á því hvort lög frá Alþingi stæðust stjórnarskrána, þá hafa sumir talið að við þær aðstæður ætti forsetinn að beita neitunarvaldi sínu. En núverandi forseti tjáði sig mjög skýrt með skriflegum hætti um að það væri ekki í verkahring forsetans að synja frv. á þeim forsendum og meira að segja ekki í verkahring þjóðarinnar, eins og hann tók fram — ég tek fram að þetta er bara efnislega, þetta er ekki orðrétt — ekki í verkahring þjóðarinnar að kveða upp úr um það hvort lög stangist á við stjórnarskrá, þannig að með þessu hefur a.m.k. skilningur núverandi forseta Íslands þrengt þau sjónarmið sem sumir hafa haft. Sumir hafa bara sagt sem svo: Ja, ef það er einhver óróleiki, þá er bara sjálfsagt að vísa málinu til þjóðarinnar, ef það er deilt um það o.s.frv., ég tala nú ekki um ef deilt er um stjórnarskrárþáttinn. En forsetinn lokaði sem sagt fyrir þann þáttinn af sinni hálfu.

Ég minni líka á það hver þróunin var í sögunni. Þjóðhöfðinginn, þ.e. konungurinn, hafði neitunarvald. Síðan var ákveðið að takmarka neitunarvald þjóðhöfðingjans gagnvart þinginu með því að ef þjóðhöfðinginn neitaði þinginu um að fá lög staðfest, þá gæti þjóðin gripið í taumana gagnvart þjóðhöfðingjanum. Þetta var ekki einhver tilvísun til þjóðarinnar, menn hafa misskilið það. Hann hafði hreint neitunarvald, gat bara neitað, síðan fékk hann takmarkað neitunarvald með þeim hætti að ef hann neitaði þinginu þá gat þjóðin gripið í taumana. Þetta hafa menn túlkað svo af einhverjum ástæðum, sennilega af þekkingarleysi, að hann væri einhvers konar vegvísir til þjóðarinnar. Það er ekki.

Skipan stjórnarskrárnefndar.

Fsp. SJS, 428. mál. — Þskj. 689.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Á síðustu öld, frá því í aðdraganda stofnunar lýðveldisins á árinu 1942, hafa starfað einar fimm nefndir sem hafa haft það hlutverk að vinna að setningu eða endurskoðun eða breytingum á stjórnarskránni. Þetta voru nefndir á árunum 1942–1947 sem tengdust tilurð lýðveldisins eða stofnun lýðveldisins undir formennsku fyrst Gísla Sveinssonar og síðan Sigurðar Eggerz og að lokum 1947 undir forustu Bjarna Benediktssonar, og síðan nefndir sem störfuðu eftir árið 1972 þegar fjórða stjórnarskrárnefndin var sett á laggirnar undir formennsku Hannibals Valdimarssonar og loks fimmta og síðasta stjórnarskrárnefndin sem tók til starfa 1978 og var í upphafi undir forustu Gunnars Thoroddsens en við lát hans tók Matthías Bjarnason við og var formaður þar til nefndin var lögð niður 21. ágúst 1995. Það hafa sem sagt starfað fimm nefndir á lýðveldistímanum, herra forseti, með þetta hlutverk.

Nokkrum sinnum hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskránni, oftast vegna breyttrar kjördæmaskipunar eða kosningalaga en einnig hafa efnisákvæði tekið breytingum og nægir þar að nefna hinn nýja mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem lögtekinn var 1995. Sú umræða hefur haldið áfram að ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar væru barn síns tíma og breyttar aðstæður kölluðu á að farið væri á nýjan leik yfir ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar. Sú vinna hefur oftast farið þannig fram að hún hefur verið kaflaskipt og menn hafa haft einstaka kafla undir hverju sinni en ekki kannski stjórnarskrána í heild sinni. Nefndir hafa verið til að mynda kaflarnir um stjórnskipun landsins og það var rætt, herra forseti, í tengslum við næstu fyrirspurn á undan á dagskránni og einnig kaflarnir um dómstóla eða ákvæði um dómstóla og fleiri þætti sem beinlínis þörfnuðust endurskoðunar vegna breyttra aðstæðna, ýmist innri aðstæðna hér í landi eða vegna breyttrar réttarþróunar alþjóðlega.

Herra forseti. Með vísan til alls þessa og einnig hins að talsverð umræða hefur verið nú síðustu missirin um ýmsa þætti sem tengjast stjórnskipun landsins og gildi stjórnarskrárinnar, dómar hafa fallið sem hafa sýnt fram á mikilvægi ákvæða stjórnarskrárinnar og það virðist í vaxandi mæli vera svo að til hennar sé litið, hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hyggist að nýju skipa nefnd sem vinni að áframhaldandi endurskoðun stjórnarskrárinnar og hvaða efnisatriði, kaflar og greinar stjórnarskrárinnar það væru þá sem hæstv. ráðherra teldi helst þörf á að endurskoða.

[14:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrri liður fyrirspurnarinnar gefur ákveðið tilefni til að staldra við og rifja upp hvernig sú stjórnarskrá er til komin sem við búum við í dag. Að frátöldum mannréttindakaflanum og ákvæðum um skipulag Alþingis sem endurskoðuð voru á síðasta áratug og þeim breytingum sem ákvæði kjördæmaskipunar og kosningar til Alþingis hafa tekið hefur stjórnarskráin í raun staðið óbreytt frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Í raun eru þó flest ákvæði hennar miklu eldri þar eð sú endurskoðun sem fram fór í tilefni af lýðveldisstofnuninni varð að lögum, var bundin við þær breytingar eins og segir, með leyfi forseta: „sem beinlínis leiddu af sambandsslitunum við Danmörku og því að Íslendingar tóku með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.“ Þessi skilyrði endurskoðunar voru bundin í stjórnarskipunarlög frá 1942 um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 og meira að segja er tekið þar fram að óheimilt væri að gera á henni aðrar breytingar.

Að frátöldum þeim lágmarksbreytingum sem þannig voru gerðar vegna breytinga á stjórnarforminu 1944 má því segja að stofninn sé frá fullveldisstjórnarskránni frá 1920 sem um margt átti rætur í þeirri stjórnarskrá sem okkur var gefin 1874 um „sérstaklegu málefni Íslands“, eins og þar sagði.

Þau bönd sem lögð voru á endurskoðun stjórnarskrárinnar á fyrri hluta 5. áratugarins skýrast að sjálfsögðu af þeim sérstöðu aðstæðum sem þá ríktu, bæði hér á landi og í heimsmálum sem ekki er ástæða til að víkja nánar að. Hitt er ljóst að stofnendur lýðveldisins ætluðu sér ekki að láta við svo búið sitja heldur halda endurskoðuninni áfram og gera þær breytingar er þurfa þætti þegar meginmarkmiðinu væri náð. Í því skyni starfaði nefnd sú sem undirbjó breytingar vegna lýðveldisstofnunar áfram og önnur bættist við henni til ráðuneytis 1945. Báðar voru þær þó slegnar af þegar ný nefnd tók við 1947 en hún lauk ekki störfum. Á sömu leið fór fyrir nefnd sem skipuð var í sama skyni 1972 og loks starfaði fimmta nefndin að sama verkefni frá 1978–1995. Eftir þá nefnd liggja að vísu tillögur um nýja stjórnarskrá er fyrri formaður nefndarinnar, dr. Gunnar Thoroddsen forsrh., lagði fyrir Alþingi árið 1983 í eigin nafni, en að öðru leyti bar engin þessara tilrauna til að endurskoða stjórnarskrána í heild sinn tilætlaðan árangur.

Á hinn bóginn, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, hafa afmarkaðir hlutar stjórnarskrárinnar verið endurskoðaðir á styttri tíma og þeim breytt eins og vikið var að í upphafi.

Af þessu fyrra endurskoðunarstarfi tel ég okkur geta dregið tvenns konar lærdóm. Annars vegar að óráðlegt sé að ætla sér um of í slíku starfi. Tilraunir til að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni í einu lagi hafa ekki borið árangur. Hafi menn allt undir í slíkri endurskoðun er hætt við að hún verði ekki nógu markviss, kröftunum sé dreift of víða og taki síðast en ekki síst allt of langan tíma.

Á hinn bóginn tel ég líka ákveðna hættu fólgna í því að menn ætli sér of lítinn tíma í að endurskoða stjórnarskrána eins og e.t.v. hefur borið við aðeins í seinni tíð. Stjórnarskráin á að vera kjölfestan í stjórnskipun okkar og hún er í eðli sínu margslungin. Þess vegna þarf að hyggja vel að öllum áformum um breytingar og gaumgæfa þær frá öllum hliðum.

Af þessari fyrri reynslu okkar tel ég því óhætt að draga þá ályktun að farsælast sé að endurskoða stjórnarskrána í afmörkuðum áföngum, hvort sem endurskoðunin er miðuð við tiltekin atriði eða kafla og ætla sér til þess hæfilegan tíma. Þjóðfélagslegar aðstæður eru allt aðrar nú en áður og örar breytingar og framfarir í þjóðlífinu virðast geta gefið tilefni til að farið verði yfir hvernig eldri ákvæði stjórnarskrárinnar hafa staðist tímans tönn og hvort ástæða sé til að gera þar breytingar. Á þessum grundvelli get ég því svarað fyrri lið fyrirspurnarinnar játandi og lýsi mig reiðubúinn til samstarfs um það að ræða hvort rétt sé að taka stjórnarskrána til endurskoðunar með öðrum forustumönnum flokka hér á þinginu.

Varðandi síðari lið fyrirspurnarinnar um hvaða kafla, greinar og efnisatriði stjórnarskrárinnar sé helst þörf að fara yfir og endurskoða í ljósi aðstæðna og innlendrar og alþjóðlegrar réttarþróunar, þá vil ég segja þetta: Alþjóðleg réttarþróun varðar fyrst og fremst mannréttindaákvæðin. Þau hafa nýlega verið endurskoðuð í því skyni að taka þar inn öll þau réttindi sem alþjóðlegar skuldbindingar gera ráð fyrir. Almennt hef ég ekki séð að ástæða sé til að ætla að brýn þörf sé að endurskoða þessi ákvæði fyrr en af þeim fæst meiri reynsla en þegar er fengin og líklega er miklu fremur ástæða til að hrófla ekki við þeim meðan dómstólar eru að fóta sig á þýðingu þeirra og vonandi ná þeir þar fótfestu í þeim efnum þegar tímar líða fram. Ég hygg því að endurskoðun stjórnarskrárinnar ætti miklu fremur að snúa inn á við og í rauninni að taka upp þráðinn þar sem skilið var við hann um miðja öldina. Þannig virðist að ósekju mega færa ýmis atriði í I. og II. kafla stjórnarskrárinnar til nútímalegra horfs. Þar er fjallað um stjórnarformið og grundvallarreglur stjórnskipunarinnar, um forsetakjör, lögkjör forseta, störf hans og ráðherra. Almennt mætti í þessu efni draga upp skýrari mynd af ríkjandi stjórnarfari og færa ákvæði um það nær því sem það er í raun.

Eins og menn þekkja eru mörg þessara ákvæða orðuð þannig að þau draga ekki upp rétta mynd af raunveruleikanum nema þau séu lesin í samhengi við hvert annað og skýrð í ljósi ýmissar venju helgaðra reglna sem í raun hafa öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, svo sem þingræðisregluna. Þetta á til að mynda við um valdheimild til forseta og ráðherra. Almennt gerir stjórnskipun okkar ráð fyrir að valdheimild til forseta sé bundin atbeina ráðherra. Stjórnarskráin getur hins vegar í engu þeirra einu starfa hans, hún nefnir ekki þann eina starfa hans sem stjórnskipunin gerir ráð fyrir að forseti sinni án atbeina ráðherra, þ.e. hlutverk hans við stjórnarmyndanir. Ég sé fyrir mér að ákvæði um það geti átt heima í stjórnarskrá og þá tengjast því að þingræðisreglan væri fest í sessi sem og skilyrði um það hvenær mætti mynda utanþingsstjórn eða boða til kosninga undir ákveðnum kringumstæðum o.s.frv.

Ég vildi nefna fleiri atriði en tíminn er á þrotum en kem kannski að þeim í seinni hluta ræðu minnar.

[14:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu stóra máli og jafnframt hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Í öllum meginatriðum er ég alls kostar sáttur við þær áherslur sem hæstv. forsrh. leggur varðandi mikilvægi þess og nauðsyn að skoða á nýjan leik ákveðna kafla stjórnarskrárinnar. Sumir þeirra eru eins og hæstv. forsrh. gerði glögga grein fyrir orðnir gamlir og í litlu samræmi við nútímann.

Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. forsrh. þess efnis að nú fljótlega geti hafist vinna við endurskoðun þessara tilteknu þátta. Ég trúi því og vil treysta að um fyrirkomulag þeirrar vinnu og tímasetningar geti náðst nokkuð góð sátt á hinu háa Alþingi.

Kannski er í of mikið lagt að stefna að því að ljúka því fyrir næstu reglulegu þingkosningar sem eiga að vera árið 2003 en það er þó ekki útilokað og rétt að hafa það í huga.

[14:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem og fyrri fyrirspurn fela í sér spurningu til framkvæmdarvaldsins frá fulltrúa löggjafarvaldsins um það hvort framkvæmdarvaldið hyggist setja reglur um lagasetningu. Ég geri ákveðnar athugasemdir við þetta. Mér finnst að fulltrúar löggjafarvaldsins eigi sjálfir að standa að reglum og lögum sem menn hyggjast samþykkja á hinu háa Alþingi.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég tel eðlilegan hlut miðað við venjur okkar og stjórnskipun að beina fyrirspurnum um frumkvæði í þessum efnum til hæstv. forsrh. Ekki er á nokkurn hátt fólgið í þeim mat á stöðu Alþingis gagnvart því o.s.frv. Eingöngu er vitnað til þeirrar venju og hefðar í störfum okkar og svo stjórnskipunar sem við búum við að þessi mál heyra undir forsrh. Venjan hefur líka verið sú að allt slíkt starf hefur verið unnið í samstarfi við alla stjórnmálaflokka þannig að ég tel ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að valdstofnanir eða valdþættir þjóðfélagsins komi ekki allir eðlilega að því.

Ég fagna svörum hæstv. forsrh., sérstaklega hvað það varðar að hefjast handa um þetta mál og ég get verið í öllum aðalatriðum sammála því sem hæstv. ráðherra sagði hér að e.t.v. sé rétt að líta meira inn á við og taka fyrir tiltekna kafla stjórnarskrárinnar, t.d. I. og II. kaflann sem lúta að stjórnskipun landsins. Þar með fær hin umdeilda, eða umtalaða skulum við segja, 26. gr. einnig sjálfkrafa skoðun og samskipti valdhafanna. Þar koma ýmsir hlutir upp, svo sem eins og hlutverk forseta og forsrh. varðandi setningu eða slit Alþingis og ýmsir slíkir hlutir sem þarft er að fara yfir.

Ég hvet hæstv. forsrh. til að hefjast handa. Ég held að það færi vel á því að ný endurskoðunarnefnd hæfi störf á aldamótaárinu, árinu 2001. Henni á hins vegar engin tímamörk að setja og það á að líta svo á að starfstími hennar sé algerlega óháður kjörtímabilum. Það leiðir af sjálfu sér að fulltrúar allra flokka samkvæmt hefð koma að þessu starfi og ber að hafa það algerlega til hliðar við allar sviptingar í stjórnmálum og dægurmálum. Mér fyndist því fara vel á því að hæstv. forsrh. í samráði við stjórnarflokkana hrinti þessu starfi úr vör.

[14:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að misskilnings hafi gætt í orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals. Þegar menn tala um framkvæmdarvaldið hér á landi tala þeir gjarnan um það eins og það sé sambærilegt vald og í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum situr samfellt og ætíð utanþingsstjórn alla tíð. Hér heyrir utanþingsstjórn til undantekninga. Vegna þingræðisreglunnar er það svo að framkvæmdarvaldið lýtur forustu þingræðismeirihlutans á hverjum tíma. Þing færir sig inn í framkvæmdarvaldið með þessum hætti. Menn rugla þessu stundum saman þannig að oftast nær er það þannig að

oddviti ríkisstjórnarinnar eða oddvitar ríkisstjórnarinnar eru jafnframt oddvitar þingræðismeirihlutans á þinginu hverju sinni. Þarna eru ekki þessi glöggu skil á milli eins og er til að mynda í Bandaríkjunum. Menn nota hugtökin stundum þannig. En þetta getum við rætt betur á öðrum tíma.

Ég vil jafnframt nefna til viðbótar því sem ég sagði áður um hvað menn geta kannski skoðað varðandi endurskoðun stjórnarskrár, þá nefni ég það til sögunnar að stjórnarskráin er mjög fáorð um hlutverk ríkisstjórnar. Æskilegt væri að stjórnarskrá mætti ráða hvert hlutverk ríkisstjórnarfunda ætti að vera. Eiga þeir eingöngu að vera pólitískur samráðsvettvangur eða má jafnframt fela þeim stjórnsýslu? Ætti að styrkja agavald ríkisstjórnar og ráðherrafunda yfir einstökum ráðherrum til að mynda þannig að þeir fari ekki fram með önnur þingmál en þau sem ríkisstjórnin stendur öll að? Staðfesting milliríkjasamninga sé undirorpin samþykki ríkisstjórnar o.s.frv.?

Þá hafa ákvæði um skipulag Alþingis nýlega verið endurskoðuð. Ástæða kann hins vegar að vera að halda áfram á sömu braut og hyggja þar að fleiri atriðum en þá komu til skoðunar, svo sem um störf og starfshætti þingsins. Stjórnarskráin geymir til að mynda ekkert ákvæði um eftirlitsstofnanir Alþingis ef frá er talið fyrirheit 43. gr. um að ríkisendurskoðun skuli fara fram á þess vegum. Til greina kæmi að treysta tilvist umboðs Alþingis til að mynda í stjórnarskránni. Svo mætti nefna fleiri atriði. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp um hvernig mætti efla áhrif fjárlaga sem hagstjórnartækis og stjórnarskrárvernda það o.s.frv. Rætt hefur verið um hvort unnt væri að mæla skýrar fyrir um rétt þingmanna til að krefja ráðherra upplýsinga um opinber málefni og skyldu ráðherra til að láta þær í té svo að nokkur atriði séu nefnd sem hlytu að koma þar til skoðunar.

Sveigjanleg starfslok.

Fsp. ÁRJ, 435. mál. — Þskj. 698.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef nýlega mælt fyrir frv. til laga um sveigjanleg starfslok þar sem ég tel það vera mjög mikilvægt að þeim verði komið á hér eins og í nágrannalöndum okkar. Næstu ár og áratugi mun hlutfall fólks sem komið er á eftirlaunaaldur hækka og á sama tíma má gera ráð fyrir að meðalaldur hækki og heilbrigði aukist, ekki síst hjá þeim sem eldri eru.

Í núgildandi lögum almennt, t.d. sem varðar ríkisstarfsmenn, þá er þeim gert að hætta störfum í síðasta lagi þegar þeir hafa náð 70 ára aldri. Rökin fyrir þessum reglum voru einkum þau að skapa svigrúm fyrir yngra fólk á vinnumarkaði og draga úr atvinnuleysi. Þessi rök eiga síður við nú og munu missa gildi sitt enn frekar þegar hlutfall eldra fólks í þjóðfélaginu vex. Þetta mun leiða til þess að meiri þörf verður fyrir starfskrafta þessa fólks.

Heilsufar þjóðarinnar hefur farið stigbatnandi undanfarin ár og má ætla að sú þróun haldi áfram. Margir eru við fulla heilsu og með óskerta starfsorku þegar áttræðisaldri er náð og kysu að vinna áfram ef þeir hefðu færi á. En eins og reglurnar eru nú er þessu fólki oft nauðugur einn kostur að setjast í helgan stein þvert gegn vilja sínum. Engin haldbær rök eru fyrir svo stífum reglum.

Oft hefur verið erfitt fyrir fólk með fulla starfsorku að hætta störfum og ég þekki mörg dæmi þess að það hefur farið illa með heilsu fólks að hætta að vinna þegar það hefur fulla starfsorku. Sérstaklega á þetta við um karla, þetta er erfitt fyrir þá.

Ljóst er að þörf er fyrir þetta vinnuafl. Við höfum aukna þörf fyrir aukna starfskrafta og við eigum að nýta okkur krafta þessa fólks þó það hafi náð 70 ára aldri. Einnig þarf að vera unnt að hætta fyrr ef heilsa og vilji einstaklings stendur til þess.

Vegna þessa kalla ég, herra forseti, eftir upplýsingum frá hæstv. forsrh. um hvað líði störfum nefndar með sveigjanleg starfslok og hvenær við megum eiga von á tillögum eða frv. um þetta mikilvæga hagsmunamál hingað í þingið.

[14:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur spurt:

„Hvað líður störfum nefndar forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok? Hvenær mun hún skila tillögum sínum?“

Hinn 9. maí sl. samþykkti Alþingi þál. þar sem skorað er á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveiganleg starfslok. Forsrn. óskaði eftir tilnefningum í nefndina frá helstu hagsmunaaðilum með bréfi í nóvembermánuði á síðasta ári. Að þeim fengnum skipaði forsrh. í nefndina á fyrri hluta janúarmánaðar. Formaður nefndarinnar er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson en ásamt honum sitja í nefndinni Jón H. Magnússon samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, Þorbjörn Guðmundsson samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Már Ársælsson samkvæmt tilnefningu Bandalags háskólamanna, Arna Jakobína Björnsdóttir samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Gunnar Rafn Birgisson samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og Ásta Lára Leósdóttir samkvæmt tilnefningu fjmrn.

Verkefni nefndarinnar er svo lýst í skipunar- og erindisbréfi:

„Nefndin skal gera grein fyrir lögum, reglum og venjum er gilda um starfslok launþega, bæði hjá opinberum aðilum og á almennum vinnumarkaði. Nefndin skal gera grein fyrir því hvernig starfslokum er háttað í þeim nágrannalöndum sem gjarnan eru höfð til viðmiðunar hér á landi. Nefndin skal gera grein fyrir vandkvæðum og álitamálum sem uppi eru varðandi fyrirkomulag starfsloka. Nefndin skal fjalla um valkosti og mögulegar breytingar varðandi fyrirkomulag starfsloka og ráðstafanir sem slíkar breytingar mundu útheimta, til að mynda varðandi iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði og lífeyrisgreiðslur.“

Í tilvitnuðu skipunar- og erindisbréfi segir jafnframt að æskilegt sé að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2002 og miðast sú tímasetning við að ekki er raunhæft að ætla að nefndinni auðnist að viða að sér gögnum og gera verkefni sínu viðhlítandi skil á skemmri tíma. Verkefnið er vandmeðfarið, ekki síst sá þáttur þess sem lýtur að samspili starfsloka aldurs og lífeyrisgreiðslna. Nefndin hefur þegar hafið störf og fundar nú reglulega.

[14:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil, sem formaður nefndarinnar, upplýsa það hér vegna fyrirspurnar hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, að þegar bréfið var komið í mínar hendur var strax kallað saman til fundar og nú hafa þegar verið haldnir tveir fundir, þ.e. 5. febrúar og 26. febrúar sl. og þriðji fundur er ákveðinn 26. mars.

Það sem fram hefur komið er að þegar ég ásamt fleiri hv. þm. lögðum fram þessa þáltill., að gefnu tilefni, vegna skipunar nefndar sem fyrrv. forsrh. skipaði í mars 1991 — hún hélt aðeins einn fund — þá töldum við nauðsynlegt að skoða þetta mál, einkum í ljósi þess sem hafði gerst á vinnumarkaðnum áður þegar fimmtugir menn voru taldir of gamlir á vinnumarkaðnum. Það kom til m.a. vegna atvinnuleysis og annarra þeirra ástæðna sem þá voru. Nú hafa hins vegar miklar breytingar orðið.

Nú er það svo að þessi nefnd þarf að líta til tveggja átta. Annars vegar til þeirra sem vilja hætta fyrr en lífeyrisaldur segir til um og hins vegar til þeirra sem hafa náð lífeyrisaldri en hafa heilsu og getu til að vinna lengur. Vandamálið sem snýr að nefndinni er það hvernig á að fara með þá sem vilja hætta áður en löggildur aldur hefur færst yfir eða lífeyrissjóðsaldri hefur verið náð. Það eru lífeyrissjóðsvandamálin sem blasa við í hnotskurn.

[14:42]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að búið er að skipa nefnd um sveigjanleg starfslok og sérstaklega vil ég fagna því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson leiðir nefndina. Það tryggir að vel verði unnið og góðar niðurstöður munu fást. Það er alveg ljóst að Íslendingurinn metur mikið gildi vinnunnar. Ég vek athygli á því að atvinnuþátttaka aldraðra hér í landi er mun meiri en þekkist t.d. annars staðar á Norðurlöndum. 44% þeirra sem eru 65 ára og eldri eru á vinnumarkaði á meðan sambærilegar tölur á öðrum Norðurlöndum eru 5–15%. Það er alveg ljóst að við eigum að setja hlutina upp þannig að það á að vera val einstaklingsins hvenær hann kýs að ljúka störfum, hvort það er fyrir sjötugt eða eftir sjötugt. Við vitum einnig að aldur segir ekkert til um hvað einstaklingurinn er hraustur eða tilbúinn til að vinna.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég get tekið heils hugar undir það sem kom fram hjá þeim varðandi sveigjanleg starfslok og mikilvægi þess eins og kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller að fólk hefði val um það hvenær það lýkur störfum.

En ég sé það á svörum hæstv. ráðherra að þessi nefnd hefur rétt hafið störf en ætlar greinilega að halda sig vel við efnið enda greinilega næg störf fram undan. Ég vil þó harma það að við þurfum að bíða í tvö ár eftir að nefndin skili tillögum. Þó getur kannski verið að hún ljúki fyrr störfum ef hún heldur áfram að funda eins og hún hefur gert í febrúar, þ.e. tvisvar í mánuði.

Ég fagna því að vinna skuli vera hafin í þessu máli og vonast til þess að við getum komið á sveigjanlegum starfslokum fyrr en síðar. Ef það væri hægt fyrir 2002 þá væri það náttúrlega mikið ánægjuefni. Þetta hefur verið mikið baráttumál bæði eldri borgara og ýmissa annarra. Það hefur verið baráttumál Samfylkingarinnar og þeirra sem standa að henni að koma á sveigjanlegum starfslokum og ég heyri að menn eru sammála um að það sé orðið brýnt verkefni að komið verði að þeim málum. Ég spyr hæstv. forsrh. ef nefndin starfar áfram jafnötullega og hún hefur hafið starfið hvort möguleiki væri að koma þessu á fyrir lok ársins 2002.

[14:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er formaður nefndarinnar mikill áhugamaður um efnið og þarna er vösk sveit karla og kvenna með honum í nefndinni þannig að ég er viss um að nefndarmenn draga ekki starfið lengur en efni standa til, en við vildum ekki setja þessu þrengri skorður en þetta. En gangi starfið betur verður því sjálfsagt skilað eins fljótt eins og það starf gefur tilefni til.

Örorkubætur.

Fsp. ÁRJ, 354. mál. — Þskj. 521.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. þar sem ég spyr um hve margir öryrkjar misstu bætur á síðasta ári vegna langdvalar á stofnunum.

Eins og núgildandi reglur virka er það þannig að ef ellieða örorkulífeyrisþegi dvelur á stofnun, t.d. á sjúkrahúsi, lengur en fjóra mánuði á tveimur árum, þá falla elli- og örorkulífeyrisgreiðslurnar frá Tryggingastofnun niður, þannig að hann fær ekki greiðslur þegar fjórir mánuðir eru liðnir samtals. Og þó að þetta séu fjórum sinnum einn mánuður, þá um leið og komið er yfir fjögurra mánaða bilið falla greiðslurnar niður. Þá hafa þeir öryrkjar og ellilífeyrisþegar aðeins framfærslu af vasapeningum, sem nú eru skammarlega lágir, eða þá greiðslur úr lífeyrissjóðum, ef þær eru til staðar. Ef þeir eru á vasapeningunum fá þeir aðeins 18.000 kr., en þessar 18.000 kr. eru mjög tekjutengdar við eigin tekjur, byrja að skerðast ef eigin tekjur eru 3.700 kr. og falla alveg niður ef lífeyrisþeginn er með 31.000 kr. í eigin tekjur.

Þessir lífeyrisþegar halda yfirleitt alltaf heimili annars staðar, þurfa að reka sitt heimili þó að þeir dvelji á sjúkrastofnun tímabundið og eru jafnvel að framfleyta fjölskyldu sem ljóst er að ekki er hægt á 18.000 kr. ef þeir eru á vasapeningunum. Það að þeir missi lífeyrisgreiðslurnar er náttúrlega mjög erfitt fyrir sjúkling sem er á stofnun og þarf að halda fjölskyldunni gangandi. Ég hefði talið, herra forseti, að taka þyrfti sérstaklega á þessum greiðslum því þær geta ekki talist fullnægjandi, þ.e. að skammta fötluðum eða sjúkum lífeyrisþegum sem dæmast til dvalar á stofnun þessar smánargreiðslur.

Sama á við um þessa fjögurra mánaða reglu sem bitnar mjög illa á lífeyrisþegum sem í henni lenda og sérstaklega öryrkjunum, því það er nú yfirleitt fólk á miðjum aldri, fjölskyldufólk, sem er í þeim hópi.

Ég spyr, herra forseti, um örorkulífeyrisþegana sérstaklega. Auðvitað væri einnig áhugavert að fá upplýsingar um það hversu margir ellilífeyrisþegar hafa lent í þessu, en það bíður betri tíma. Auk þess að spyrja hversu margir hafa lent í því að missa bætur vegna fjögurra mánaða reglunnar þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort von sé til þess að þeirri reglu verði breytt þannig að hún verði afnumin eða breytt á einhvern

mannúðlegri hátt heldur en hún er í dag, þar sem menn nánast missa alla framfærslu sína frá Tryggingastofnun við það að verða veikir og leggjast inn á stofnun.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. veit að þær reglur sem hér um ræðir hafa verið óbreyttar í nokkuð langan tíma, með þeim undantekningum þó að tryggingaráð getur mildað áhrif þeirra.

Á undanförnum árum hefur þróunin verið sú að þeim öryrkjum fer heldur fjölgandi sem dveljast svo lengi á stofnunum að greiðslur lífeyris falli niður, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Á árinu 1999 féllu greiðslur niður til 100 einstaklinga í mismunandi langan tíma, en á árinu 2000 eru þetta í kringum 128 einstaklingar. Helstu ástæður þess að fjöldinn fer vaxandi eru að líkindum fjölgun öryrkja, veruleg fjölgun þeirra úrræða sem fyrir hendi eru og til viðbótar bætt meðferð sem verður til þess að fleiri eiga sem betur fer afturkvæmt heim til sín.

Stór hluti þeirra einstaklinga fer til frambúðarvistar á stofnunum, en sem betur fer er líka hluti þeirra sem fær þjónustu og getur aftur farið heim til sín. Það er í þeim tilvikum sem tryggingaráð mildar áhrif þessarar reglu, þannig að lífeyrisbætur eru áfram greiddar tvisvar sinnum þrjá mánuði, eða sex mánuði samtals. Mér heyrðist hv. þm. segja áðan að fjórir mánuðir væru hámark, en það eru sex mánuðir samtals.

Þegar hv. þm. spyr hvort til standi að breyta þessari tilhögun verður að líta til þess að ef ríkið greiðir kostnað við rekstur stofnunarinnar, hlýtur á einhverjum tíma að verða eðlilegt að niður falli lífeyrisgreiðslur til einstaklings sem fær þar alla þjónustu. Með þeim reglum sem nú gilda getur einstaklingurinn notið fullra lífeyrisbóta, þar á meðal heimilisuppbótar, í allt að tíu mánuði, á tveggja og hálfs árs tímabili, þó að hann sé til meðferðar á sjúkrastofnun.

Flestir hljóta að vera sammála um að einstaklingur sem fær fulla þjónustu á stofnun, eigi ekki að fá líka fullar lífeyrisbætur í langan tíma. Slíkt væri mismunun gagnvart þeim lífeyrisþegum sem sjálfir halda heimili og sjá fyrir þörfum sínum og einnig mismunun gagnvart þeim sem dvelja til langframa á stofnunum og fá einungis vasapeninga.

Auðvitað verður að gæta ákveðins samræmis, en í flestum tilvikum nægir þessi tími til að einstaklingurinn geti ráðstafað málum sínum.

Virðulegi forseti. Því miður koma upp dæmi þess að einstaklingur getur ekki staðið undir fjárskuldbindingum þegar lífeyrisbætur falla niður, en vill halda í heimili sitt í von um að komast heim aftur af sjúkrastofnun. Við þekkjum dæmi um vandamál sem hafa komið upp. Flest þessara mála leysast með reglum tryggingaráðs. En ég hef óskað eftir því við formann tryggingaráðs að ráðið kanni hvort ekki séu efni til að auka enn sveigjanleikann í reglum ráðsins, t.d. þannig að umþóttunartími einstaklingsins sem stefnir að því að fara aftur heim til sín, verði lengdur úr sex mánuðum í níu mánuði. Þetta veit ég að tryggingaráð mun skoða vandlega, enda er fyrir hendi innan Tryggingastofnunar mikil þekking á mismunandi aðstæðum og vandamálum þeirra einstaklinga sem til hennar leita.

[14:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og eins svör ráðherra sem fram hafa komið. Það er ánægjulegt að heyra að búið er að lengja tímann úr fjórum mánuðum upp í sex mánuði. En það er rétt að auka þarf sveigjanleikann varðandi þann tíma sem sjúklingar eru inniliggjandi frá því sem nú er þannig að þeir haldi lífeyrisgreiðslum sínum. Meðferð við langvinna sjúkdóma hefur breyst mikið og þá sérstaklega við geðsjúkdóma. Lögð er áhersla á að fólk sé heima sem lengst og sem betur fer er það hægt, fólk vill halda sínu heimili, en vegna þeirra erfiðleika sem eru í húsnæðismálum öryrkja er erfitt fyrir þá að halda húsnæði sínu, halda leiguhúsnæði og því miður eru dæmi þess að geðsjúklingar forðist það að fara inn á stofnun til að missa ekki bætur sínar. Því gleðst ég yfir því ef endurskoða á þessar reglur.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að ég er sammála því að það á ekki að vera að greiða fólki lífeyrisgreiðslur sem er inni á stofnunum til langdvalar. Aftur á móti hefur mér fundist þessi fjögurra mánaða regla bitna mjög illa á fólki, sérstaklega á öryrkjum, sem eru tímabundið á stofnun og náttúrlega öldruðum líka, sem reka heimili, þetta bitnar illa á þeim. Það er rétt að tryggingaráð hefur veitt undanþágur og þessar reglur hafa verið óbreyttar í langan tíma. Ég kannast ekki við að þetta séu orðnir sex mánuðir. Það hlýtur þá að vera nýtt. Ef þetta eru sex mánuðir þá þarf náttúrlega að kynna það. Ég var á kynningu hjá kynningarfulltrúa Tryggingarstofnunar í síðustu viku þar sem hann talaði um að þetta væru fjórir mánuðir og sama stendur í handbók Tryggingastofnunar ríkisins sem ég fletti iðulega upp í og gerði einmitt í sambandi við þessa fyrirspurn til að athuga hvort eitthvað hefði breyst. Það þarf því að kynna það betur að þetta séu orðnir sex mánuðir. Auðvitað munar strax um tvo mánuði fyrir þessa einstaklinga.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að auka sveigjanleikann og skoða þessar reglur, því þær eru auðvitað barn síns tíma, það er rétt, þær hafa verið svona lengi og það er löngu tímabært að breyta þeim. Stefnan er að reyna að gera fólki kleift að vera heima sem lengst og það er ekki til að auðvelda fólki það að vera með reglur um að menn missi framfærsluna eftir nokkra mánuði á stofnun, á tveggja ára tímabili. Þess vegna fagna því að það eigi að breyta þessu, en vil að lokum, herra forseti, ítreka það að hækka verður vasapeningana. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er það ekki á döfinni að breyta vasapeningareglunum, hækka greiðslurnar og minnka þessa óheyrilega grimmu skerðingu gagnvart eigin tekjum? En 3.700 kr. þarf til þess að byrja að skerða vasapeninga einstaklings á stofnun sem er náttúrlega eins og menn sjá, herra forseti, ákaflega brött skerðing.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að þetta er aldrei nægilega vel kynnt. Það má kynna þetta enn betur en gert hefur verið og það er mjög mikilvægt að fólk viti af þessum sveigjanleika tryggingaráðs hvað varðar þá einstaklinga sem eru lengi á stofnunum en reka samt sitt eigið heimili. Það eru þeir sem við erum fyrst og fremst að tala um hér og skiptir öllu máli hvað þetta varðar.

Varðandi vasapeningana vil ég minna á það að í fyrra voru vasapeningar hækkaðir verulega. Ef ég man rétt voru þeir hækkaðir um í kringum 30% og það munaði um það. Það má auðvitað alltaf gera betur, en það er stutt síðan við hækkuðum vasapeninga síðast.

Málefni heyrnarskertra.

Fsp. ÁMöl, 364. mál. — Þskj. 567.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Heyrnarskerðing virðist vera að aukast hér á landi. Samhliða hefur eftirspurn eftir þjónustu vegna heyrnarskerðingar aukist verulega á undanförnum árum. Sambærileg þróun hefur einnig átt sér stað á Norðurlöndum. Ástæðurnar eru helstar taldar vera fjölgun aldraðra, betri og smærri tæki, auk þess ungt fólk er nú fremur en áður tilbúið að nota heyrnartæki. Þannig var um 1.000 heyrnartækjum úthlutað á árinu 1996, en fjórum árum seinna hafði þeim fjölgað um 100%, um 2.000 tæki voru afhent í fyrra. Margir heyrnarskertir eru á biðlista eftir heyrnartækjum, ekki síst eldra fólk. Áhrif skertrar heyrnar ná langt út yfir heyrnarskerðinguna sjálfa. Hún veldur minnkaðri virkni í mannlegum samskiptum, sem getur leitt til einangrunar, sem eykst eftir því sem biðtíminn er lengri. Sjálfstraust viðkomandi bíður skaða og hann verður í auknum mæli háður öðrum um túlkun á umhverfinu. Afleiðingin getur orðið hraðari öldrun, minni lífsgæði og aukin hætta á að viðkomandi þurfi fyrr á aðstoð samfélagsins að halda.

Málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands hefur um alllangt skeið verið í umræðunni og komið hefur fram gagnrýni á starfsemi hennar og skipulag. Í frétt Morgunblaðsins sem birtist í júlí á síðasta ári kemur fram að rúmlega 800 manns bíði eftir að fá heyrnartæki og að biðin geti varað allt að einu ári.

Í grein eftir fyrrverandi formann Heyrnarhjálpar, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkru, rakti hann verkefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar sem henni voru falin við stofnun stöðvarinnar á árinu 1978. Þar kom fram að markmið stöðvarinnar voru að bjóða nýjustu og bestu heyrnartæki á hverjum tíma, þjóna heyrnarskertum á landsbyggðinni með árlegum heimsóknum á helstu staði, að framkvæma reglulegar heyrnarmælingar á öllum hávaðasömum vinnustöðum, að koma á stofn endurhæfingu heyrnarskertra og að halda reglulega námskeið fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana. Í greininni kom fram að þetta hefði stöðin gert til að byrja með og meira til. Hins vegar kom einnig fram að þjónustu stöðvarinnar hefði hrakað verulega á síðustu árum og væri staðan nú sú, að auk langra biðlista eftir tækjum, hefðu þjónustuferðir út á land lagst af, heyrnarmælingar á vinnustöðum væru í algjöru lágmarki og endurhæfingarstöð heyrnarskertra heyrði sögunni til. Mér er kunnugt um að starfsemi stöðvarinnar hefur verið til sérstakrar skoðunar innan heilbrrn. og hefur þess verið vænst að niðurstöður þeirrar athugunar verði grundvöllur frekari ákvarðana um framtíðarskipan heilbrigðisþjónustu við heyrnarskerta.

Af því tilefni spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hver er framtíðarskipan í heilbrigðisþjónustu við heyrnarskerta?

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller spyr mig um hver sé framtíðarskipan í heilbrigðisþjónustu heyrnarskertra. Eins og fram kom hjá hv. þm. hafa málefni heyrnarskertra verið á döfinni um nokkurn tíma af þeim ástæðum sem hún rakti hér og ég ætla þá ekki að eyða tíma í.

Úttekt á Heyrnar- og talmeinastöðinni var unnin á vegum stjórnenda stofnunarinnar og var kynnt ráðuneytinu í apríl. Tillögur ráðgjafarfyrirtækisins beindust fyrst og fremst að innri starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og jafnframt er bent á að endurskoða þurfi skipun stjórnar stofnunarinnar og endurskilgreina hlutverk hennar, móta framtíðarsýn og stefnu og breyta lögum til þess að skapa starfinu nauðsynlegan ramma. Síðsumars var myndaður hópur í ráðuneytinu til að vinna að þessu máli og skilaði hann tillögum til ráðherra um miðjan nóvember. Verið er að hrinda þeim tillögum í framkvæmd og þær koma allar til framkvæmda nú á næstunni.

Árangursstjórnunarsamningur verður gerður við stofnunina og tekið með þeim hætti á ýmsum vandamálum sem við er að glíma. Drög að slíkum samningi liggja fyrir og stjórnarformanni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hefur verið falið að vinna hratt að þessu máli.

Verið er að endurskoða lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og mun ég leggja fram frv. nú á vorþingi. Í því eru eftirtalin atriði sérstaklega til skoðunar:

1. Endurskoðuð verði ákvæði um stjórn stöðvarinnar og skoðað hvort það þurfi sérstaka stjórn fyrir stofnunina.

2. Hvort skipað verði gæðaráð sem væri skipað m.a. fulltrúum þeirra samtaka er sinna hagsmunum skjólstæðinga stofnunarinnar.

3. Með hvaða hætti þjónustu við skjólstæðingana verði best fyrir komið.

Virðulegi forseti. Erfitt hefur verið að fá lækna til starfa og sérstaklega til afleysinga og mun svo verða áfram að óbreyttu. Því er mikilvægt að tryggja að starfskraftar lækna, sem menntaðir eru á þessu sviði, nýtist stofnuninni sem allra best og má hugsa sér að læknisfræðileg þjónusta við stofnununina sé veitt á grundvelli þjónustusamnings við háls-, nef- og eyrnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Það er sérstaklega til skoðunar þessa dagana. Formanni stjórnar hefur verið falið að meta hve mikið fjármagn þarf til að ná niður biðlistum sem er nú við að glíma og hve mikið þarf af viðbótarstarfsfólki með fagmenntun. Niðurstöðu hans er að vænta innan skamms. Þessar áherslur hafa verið kynntar stjórn stofnunarinnar og eru þar til umfjöllunar. Stjórnin mun taka þátt í að framkvæma margar af þessum breytingum.

Virðulegi forseti. Heyrnar- og talmeinastöðin er burðarás þjónustu við heyrnarskerta í heilbrigðisþjónustunni. Ég er sannfærð um að við munum ná árangri við að endurskipuleggja stofnunina og að þjónustan muni batna. Hún mun hins vegar verða kostnaðarsamari. Ég vil upplýsa hv. þm. Ástu Möller um að ég hef nú í nokkur ár við fjárlagagerð, beitt mér fyrir því að aukið fé fáist til þeirrar þjónustu sem hér um ræðir. Þó ég vilji ekki vanþakka þá aukningu sem náðst hefur fram er árangur minn ekki það mikill að hann fullnægi þeirri þörf sem fyrir liggur. Ég treysti hv. þm. og fyrirspyrjanda til að leggjast á árar með mér að fá meira fjármagn til þessarar mikilvægu stofnunar.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að komin er hreyfing á þessi mál sem lengi hefur verið beðið eftir og að kom fram í máli hæstv. ráðherra að verið er að endurskoða lög um Heyrnar- og talmeinastöðina og að slíkt frv. verði lagt fram á Alþingi nú í vor. Það er líka mjög ánægjulegt að fá að vita

að verið er að meta kostnað við að ná niður biðlistunum því það er það sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi.

Nokkrar spurningar vakna við svör hæstv. ráðherra, m.a. hvernig tekið verður á fjárhagsvanda Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar varðandi fortíðina en mér er kunnugt um að rekstrarvandi fyrri ára telur nokkra tugi millj. kr. Annað sem mér finnst líka skipta máli að fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra um, er hvort og hvaða hugmyndir hafa verið uppi um að opna fyrir að einkaaðilar geti komið að þessari þjónustu með sölu á heyrnartækjum, með þátttöku almannatryggingakerfisins og með alhliða þjónustu við notendur heyrnartækja. Mér er kunnugt um að Danir hafi farið þá leið og heimilað að einkaaðilar sjái um þessa þjónustu með greiðsluþátttöku úr opinberum sjóðum. Hins vegar er mér líka kunnugt um að verð á heyrnartækjum hjá þessum aðilum hefur verið hærra en boðist hefur hér á landi og í því sambandi verður að gæta þess að gera kröfur til þeirra sem reka slíka þjónustu, bæði varðandi þekkingu og faglega þjónustu og að verð á tækjum fari ekki úr böndunum.

En það sem skiptir máli er að starfsemin sé skilvirk, að biðlistar verði úr sögunni, að þjónustan sé góð og aðgengileg og hún sinni forvarnastarfi og skipuleggi starfsemi sína þannig að hún þjóni öllum landsmönnum, en það hefur komið fram að ferðir út á land lögðust af fyrir tíu, tólf árum og hefur því fólk þurft að sækja þjónustu til Reykjavíkur ef það hefur þörf fyrir hana.

Ég hef líka nefnt það í fyrri ræðu minni að heyrnarskerðing getur haft mikil og erfið áhrif, sé hún ekki meðhöndluð, og ná þau langt út fyrir heyrnarskerðinguna sjálfa.

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það eru fleiri með fyrirspurnir varðandi Heyrnar- og talmeinastöðina og þá sérstaklega varðandi þjónustu úti á landi og vil ég svara því á eftir. Hvað varðar það sem hv. þm. Ásta Möller kom inn á hér áðan, þá hafa orðið algjörar tæknibreytingar og -byltingar í heyrnartækjum og það hefur náttúrlega aukið kostnaðinn mjög hratt. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. kom áðan inn á, að það er halli til langs tíma á stofnuninni, sem er fyrst og fremst vegna þessarar tæknibyltingar því að stofnunin keypti ógrynnin öll af tækjum sem eru úrelt í dag og við stöndum frammi fyrir að úrelda. Það er sem sagt hlutverk formanns stjórnarinnar að ganga frá þessum málum og hann er að því fyrir okkar hönd.

Hvað varðar það hvort einkaaðilar komi inn í þetta að einhverju leyti með sölu á tækjum, þá hefur einn aðili sýnt því nokkurn áhuga að selja þessi tæki. Það er engan veginn útilokað að hann hefji þessa þjónustu, en hún verður aldrei til þess að Heyrnar- og talmeinastöðin haldi ekki áfram að vinna þá vinnu sem hún er að vinna í dag, heldur erum við að tala um miklu einfaldari þjónustuþætti sem sá einstaklingur mundi sinna. Þetta er alveg á byrjunarstigi. Við höfum verið að ræða við þennan aðila en við munum auðvitað gera mjög strangar kröfur og það verður mikið eftirlit með slíkri starfsemi.

Biðlistar hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Fsp. SvanJ og KLM, 388. mál. — Þskj. 638.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 638 til heilbrrh. um biðlista hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og meðfyrirspyrjandi minn á því þskj. er Kristján L. Möller. Það hefur þegar komið fram hér í dag, herra forseti, það álit hæstv. heilbrrh. að Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sé burðarás í þjónustu við heyrnarskerta hér á landi. Það er þeim mun alvarlegra að mikið er kvartað undan þjónustu stofnunarinnar. Kvartað er undan biðtíma og þess vegna hef ég spurt hæstv. heilbrrh. til að fá af því nokkra mynd: Hve langur biðtími er að jafnaði eftir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og hve margir voru á biðlista um síðustu áramót?

Eins og ég sagði er þessi fyrirspurn sett fram að því gefna tilefni að þeir eru ótrúlega margir sem kvarta undan þeirri þjónustu sem þeir þurfa að sækja til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Fyrir utan biðtímann, að biðími eftir skoðun sé óhæfilega langur eða allt að heilt ár tekur við nýr biðtími eftir að skoðun hefur fengist, biðtími eftir viðeigandi hjálpartækjum. Auðvitað sjá allir að ef þetta er staðreynd mála hlýtur að verða að bæta hér úr. Ég hef þegar orðið þess áskynja að komin er hreyfing á þau mál, verið er að endurskoða lögin eins og hér hefur komið fram og þannig verið að skoða það umhverfi sem þessi þjónusta á að vera í.

En það er kannski ekki nóg þegar við annars konar vanda er einnig að etja og ég spyr jafnframt hæstv. heilbrrh.: Hvaða áform eru uppi um betri þjónustu stöðvarinnar, þar með talið styttri biðtíma og þjónustu við landsbyggðina með heimsóknum?

Hér hefur komið fram og ég vil ítreka það að mörg ár eru síðan slíkar heimsóknir lögðust af og þær kvartanir sem ég heyri mestar vegna þjónustu stöðvarinnar eru frá fólki sem er búsett úti á landi. Það er auðvitað afskaplega umhent að þurfa að sækja þessa þjónustu til Reykjavíkur, eiga ekki kost á henni annars staðar, þurfa að bíða svona lengi, vera í óvissu. Það er rétt sem hér hefur komið fram að heyrnarskerðing veldur einangrun og getur þar með leitt til enn alvarlegri stöðu þess einstaklings sem við hana býr en ella þyrfti að vera.

Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. hafi svör við þessum spurningum mínum og að við fáum hér bæði upplýsingar um biðlistana, hvernig á að kljást við þá og einnig um fyrirhugaða bætta þjónustu við landsbyggðina, því það hlýtur að vera eitt af því sem verið er að skoða.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Biðlistar á þeirri stofnun sem hv. 4. þm. Norðurl. e. spyr um eru af tvennum toga. Annars vegar bið eftir þjónustu og hins vegar úthlutun tækja og verður fjallað um hvorn vandann fyrir sig.

Biðtími eftir heyrnarmælingu og læknisskoðun er að öllu jöfnu þrír mánuðir. Um síðustu áramót voru um 650 einstaklingar á bið eftir heyrnarmælingu og læknisskoðun. Af þeim hópi, eða um 86%, er fólk 67 ára og eldra. Til að stytta biðlistann eftir almennri þjónustu þarf að auka læknisþjónustu stofnunarinnar en þar starfar nú aðeins einn læknir eins og kom áðan fram. Verið er að undirbúa árangursstjórn-

unarsamning við stofnunina og stefnt að undirritun slíks samnings nú strax í mars.

Tengt þeirri vinnu er að kanna hvort gera megi þjónustusamning um læknisfræðilega þjónustu við háls-, nef- og eyrnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Hugmyndin er sú að fleiri læknar með sérmenntun á sviði heyrnarfræði komi með þeim hætti til starfa við Heyrnar- og talmeinastöðina en mjög fáir hafa sérmenntað sig á þessu sviði, eins og kom reyndar fram hjá mér í ræðu áðan.

Jafnframt er skoðað hvort nýta mætti betur ýmsar mælingar sem sérfræðilæknar í háls-, nef- og eyrnalækningum gera á stofum sínum svo ekki þurfi að endurtaka prófanir meira en brýn nauðsyn krefur.

Bið eftir afhendingu heyrnartækja er mun lengri og getur verið ár í einstaka tilvikum. Þannig biðu þann 15. janúar 1.211 einstaklingar eftir afhendingu tækja. Eftirspurn eftir heyrnartækjum hefur aukist mjög mikið vegna tæknilegra framfara á þessu sviði og auðvitað vegna hækkaðs meðalaldurs þjóðarinnar.

Þetta er svolítil endurtekning en ég ætla samt að minna á að heyrnartæki hafa hækkað mjög í verði að undanförnu enda eru það miklu betri tæki en boðið var upp á bara fyrir þremur árum. Framboð á ýmiss konar tækjabúnaði til hjálpar heyrnarskertun og heyrnarlausum hefur aukist mikið og eru möguleikar þessa hóps nú meiri en áður til margvíslegra tjáskipta. Við þessu hefur verið brugðist, m.a. með sérstakri fjárveitingu til úthlutunar textasíma fyrir 108 heyrnarskerta einstaklinga, sem hefur komið í góðar þarfir. En nú bíða 27 einstaklingar eftir 57 hjálpartækjum öðrum en heyrnartækjum. Þá hefur verið lögð áhersla á heyrnarlaus börn, m.a. með nýtingu tölvutækni til samskipta heyrnarlausra við umheiminn.

Virðulegi forseti. Varðandi síðari fyrirspurn hv. þm. skal upplýst að á undanförnum árum hafa legið niðri að mestu ferðir starfsmanna Heyrnar- og talmeinarstöðvarinnar út á land. Þetta er bæði vegna skorts á fjármagni og skorts á starfsfólki. Í undirbúningi er að taka slíkar ferðir aftur upp að nýju enda eru til fullbúnir heyrnarmælingarklefar má segja á heilsugæslustöðvum um allt land. Einnig verður skoðað hvort stofnunin geti komið upp þjónustueiningum á landsbyggðinni og sinnt þar með skjólstæðingum sínum betur. Nú er einn starfsmaður á Akureyri við ýmis störf þessu tengd og sinnir ýmsum verkefnum. Þar starfar einnig einn sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum, þjónustueining á Akureyri gæti sinnt mögulegum skjólstæðingum sem ella þurfa að sækja þessa þjónustu suður og verður kapp lagt á að tryggja þeirri hugmynd brautargengi.

Mjög brýnt er að stytta biðlistana og í ráðuneytinu er unnið að tillögum þar að lútandi eins og fram hefur komið.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi verið rætt mjög þarft mál og mikilvægt að ræða það hér. Enn þá mikilvægara að hraða framkvæmdum hvað þetta varðar og mjög mikilvægt að þessi þjónusta verði um allt land en til þess þurfum við fleira fagfólk. Eins og ég sagði áðan þurfum við líka meira fjármagn og horfi ég nú djúpt í augu formanns fjárln.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að það á að fara að færa þessi mál í betra horf því ástandið er afleitt. Ég er með tvö nýleg dæmi. Annað er um mjög fullorðna konu, 89 ára gamla, og hún tapaði öðru heyrnartækinu sínu. Henni voru gefnar þær upplýsingar að hún yrði að bíða í heilt ár eftir nýju heyrnartæki. Það er verið að ræna þetta fólk heilu ári af ellinni og í lífsgæðum með því að afgreiða ekki heyrnartæki fyrr en eftir árs bið. Þessi kona er algjörlega háð heyrnartækinu fyrir utan það að vera mjög sjónskert.

Hitt dæmið er af fullorðinni konu sem þurfti á tæki að halda og þurfti að bíða í heilt ár. Það endaði með því að ættingjarnir fóru að leita til útlanda og keyptu síðan tæki fyrir hana erlendis fyrir 200 þús. kr.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort fólk sem hefur farið í það að reyna að bjarga þessum málum fyrir horn á þann hátt og borga í útlöndum fleiri hundruð þúsund krónur fyrir tækjakaup fái það bætt af almannafé frá Tryggingastofnun eins og aðrir sem fá afgreitt og bíða í heilt ár eftir þjónustu.

[15:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka umræðu um mál Heyrnar- og talmeinastöðvar ríkisins og þær fyrirspurnir sem hér liggja fyrir. Það er ánægjulegt að vita að þessari úttekt er lokið. Ég hef óskað eftir því að fá upplýsingar inn í heilbr.- og trn. og þær eru þá að hluta til komnar fram hér. En málefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar eru af margvíslegum toga en aðallega af fjárskorti til margra ára að mínu mati sem hefur svo leitt til þess að erfitt hefur verið að manna stofnunina með fagfólki. Sérstaklega hefur þetta svo komið fram gagnvart þeirri þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð ríkisins veitti í upphafi út um land og hefur núna nær alveg lagst af, bæði af fjárskorti og svo hafa þeir ekki mannafla til þess að fara út á land.

Því fagna ég ef verið er að vinna að breyttu starfi — þar verður þá líka að koma til fjármagn. Það verður að greiða upp þessar skuldir eða sjá til þess að stofnunin fái greitt. Sérstaklega óska ég okkur til hamingju ef við komum á þjónustumiðstöðvum út um land.

[15:20]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mikilvægu og góðu máli. Ég ætla aðeins að gera að umtalsefni seinni liðinn úr seinni spurningunni, þ.e. þjónustuna við íbúa landsbyggðarinnar með heimsóknum sem kom fram frá hæstv. ráðherra að hafa legið niðri um nokkurra ára skeið vegna fjárskorts og skorts á starfsfólki. Hér hefur einnig komið fram að fjárhagsvandi stofnunarinnar sé mikill frá umliðnum árum, eða rúmar 40 millj. Ég vildi aðeins nefna þetta í umræðunni vegna þess að rétt fyrir jól, þegar við vorum að afgreiða fjárlög fyrir þetta ár, fóru stjórnarsinnar mikinn og höfðu hátt um það að afgangur á fjárlögum íslenska ríkisins í ár er 30 milljarðar kr. Hér erum við að tala um réttlætismál. Hér erum við að tala um það sem allir vilja fá yfirleitt, að heyra, en skortur á fjármagni gerir það að verkum að ekki er hægt að inna þetta af hendi við þegna þessa lands. Ég hvet hæstv. heilbrrh. til að duga vel í því að koma þessari þjónustu gagnvart landsbyggðinni á aftur.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hafa komið fram í dag vegna þessa málefnis. Mér sýnast þau benda til þess að verið sé að taka á þessum málum og að við megum vænta þess með samstilltu átaki ef ekki vill betur að mál fari í betra horf. Greinilega er mjög mikilvægt að ná fleiri læknum að þjónustunni og menn leiti leiða til þess því

auðvitað er afleitt ef fólk, sem býr við heyrnarskerðingu eða dapra heyrn, þarf að bíða allan þann tíma sem hér hefur verið tíundaður hvort heldur er eftir að komast í skoðun eða eftir afhendingu heyrnartækja.

Ég ætla ekki að ræða um málefni þeirra sem eru heyrnarlausir, það er alveg sér málefni og auðvitað sýnu verst og sérstakt vandamál. En það er afskaplega mikilvægt að því verði fylgt eftir sem hæstv. ráðherra gaf hér fyrirheit um, þ.e. að þjónustan út um landið verði byggð upp. Við vitum að mjög víða er aðstaða til að sinna þessari þjónustu og ég hvet hæstv. ráðherra til að fylgja vel eftir þeim hugmyndum sem hún reifaði, að þær komist í framkvæmd. Það er alveg ljóst að öldruðum er að fjölga. Þeir eru ekki eins glaðir og yngra fólk til ferðalaga, ef það má orða það svo, og það er brýnna vegna þjónustu við þá að þetta geti verið sem víðast. Mikilvægt er, herra forseti, að í þessum efnum sem og fleirum getum við boðið upp á góða þjónustu og að hún *sé aðgengileg fyrir alla landsmenn.*

Herra forseti. Ég met það svo að þessi umræða um málefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hafi verið gagnleg, hér hafi komið fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir þá sem eiga heyrn sína undir því að þarna takist betur til en verið hefur á undanförnum árum.

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir að þessi umræða er mjög góð og hún er mjög þörf. Ég vona að ekki líði langur tími þar til ég get kynnt á Alþingi nýtt frv. til laga um þessa mikilvægu stofnun sem eigi að koma þessum málum til betri vegar.

Ég vil alls ekki að það skiljist svo hér að við höfum verið að minnka fjármagn til stofnunarinnar, við höfum auðvitað verið að auka það. En eins og ég segi er tæknin er svo dýr, hún er svo hröð og þessi nýja tækni gefur mikla möguleika. Við höfum t.d. verið að styrkja þá möguleika sem börn og ungmenni hafa í dag en höfðu ekki fyrir fáum árum. Það eru auðvitað hlutir sem við eigum líka að gleðjast yfir. En betur má ef duga skal. Ef menn eru samstiga í því að nýta þetta fjármagn sem allra best, nýta þá aðstöðu sem fyrir er úti á landi, er ekki neitt stórt átak að koma þessu í gott lag.

Sálfræði- og geðlæknisþjónusta við fólk í sjálfsvígshugleiðingum.

Fsp. ÁRJ, 434. mál. — Þskj. 697.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Nýverið svaraði hæstv. ráðherra fyrirspurn minni um fjölda sjálfsvígstilrauna hér á landi miðað við komur á bráðamóttökur sjúkrahúsanna. Í svarinu kom fram að það eru að meðaltali fleiri en einn á dag sem reyna sjálfsvíg. Það segir reyndar ekkert um hversu stórt vandamálið er úti í samfélaginu. Samkvæmt áliti sérfróðra lækna er leitar aðeins lítill hluti þeirra sem skaðar sig til sjúkrahúsanna. Tölurnar sem ráðherra veitti í svari sínu gefa til kynna að endurtekningar eru nokkuð algengar hjá þeim hópi sem leitar sér aðstoðar á slysadeild vegna þessa. Einnig kemur fram að allnokkur hópur leitar til sjúkrahúsanna vegna sjálfsvígsáforma án þess að hafa gert tilraun til að skaða sig. Tölur frá lögreglunni sýna einnig að skráðum sjálfsvígstilraunum fjölgar á undanförnum þremur árum. Þetta er verulegt áhyggjuefni og því mjög mikilvægt að heilbrigðiskerfið veiti þessum sjúklingum sálfræði- eða geðlæknisþjónustu og þeim verði fylgt eftir þegar þeir fara af sjúkrahúsinu út í veruleikann aftur. Það eru uggvænlegar staðreyndir að fleiri falla fyrir eigin hendir hér á landi en látast í umferðarslysum.

Í ljósi þessara upplýsinga spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða sálfræði- eða geðlæknisþjónustu fær þetta fólk og er því fylgt eftir með frekari þjónustu? Er eftirfylgnin alltaf veitt og er þessi þjónusta alltaf veitt þegar þetta fólk kemur? Hver er þessi þjónusta?

Eins og ég nefndi áðan eru margir sem koma ekki á sjúkrahúsin eftir að hafa reynt þetta eins og bent er á bæði í svari hæstv. ráðherra og í tölum frá lögreglunni.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver áform séu uppi um að veita þessum hópi, þ.e. þeim sem aldrei koma á sjúkrahúsin, einhverja hjálp eða þjónustu. Væri einhvern veginn hægt að nálgast þá með aðstoð?

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í svari mínu geri ég ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi sé ekki eingöngu að leita eftir upplýsingum um viðbrögð á bráðamóttökunni, en hún er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við Hringbraut. Ég held að hv. þm. sé að fá almennar upplýsingar.

Ég mun þó fyrst gera grein fyrir hvernig þessu er háttað á bráðamóttöku Landspítalans.

Einstaklingar sem gera tilraun til sjálfsvígs eða eru í sjálfsvígshugleiðingum og leita til bráðamóttöku fá að sjálfsögðu mismunandi þjónustu eftir veikindum. Sumir eru lagðir inn *til skoðunar,* oftast á bráðamóttökuna en stundum t.d. á gjörgæslu ef það er talið nauðsynlegt. Fyrstu viðbrögð beinast að sjálfsögðu að því að meta ástandið og vinna bug á hættulegustu afleiðingunum. Þegar þetta er yfirstaðið er ætíð leitað ráðgjafar, geðlækna, og fá allir þeir sem leita til bráðamóttöku við þær aðstæður, sem hér er fjallað um, slíka þjónustu.

Margir sem leita til bráðamóttöku vegna sjálfsvígshættu eða tilrauna, eru undir læknishendi vegna ýmissa geðrænna sjúkdóma og er þá haft samband við viðkomandi lækni eða aðra heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á. Þegar ástand einstaklingsins er ekki talið mjög alvarlegt er honum beint til göngudeildar geðdeildanna og virðist það fyrirkomulag ganga vel. Áframhaldandi meðferð ræðst auðvitað af sjúkdómsástandi einstaklingsins.

Heilbrigðisþjónustan býður upp á úrræði fyrir þá sem eiga við vanda af þessum toga. Meðferð getur verið fólgin í innlögn á geðdeild, dagdeildarþjónustu, viðtölum, lyfjameðferð og öðrum viðeigandi úrræðum. Í einstaka tilfellum hefur þurft að grípa til þess að svipta sjúkling sjálfræði. Einstaklingar sem gert hafa tilraun til sjálfsvígs eða eru í *slíkum hugleiðinum leita flestir til* slysadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi þar sem meðferð er svipuð og ég hef lýst hér að framan.

Þá leita margir beint til geðdeilda, geðlækna eða sálfræðinga, til heilsugæslunnar eða þá á göngudeildir, þar sem margar heilbrigðisstéttir starfa saman. Á landsbyggðinni leita þessir einstaklingar til heilsugæslunnar og annarra heilbrigðisstofnana og mjög oft til presta.

Virðulegi forseti. Ég hef leitast við að svara fyrirspurn þingmannsins með því að veita almennar upplýsingar um málið en ég vil taka fram að það er auðvitað faglegt mat hverju sinni hvaða þjónustu einstaklingurinn er talinn þurfa.

[15:30]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Mjög mikilvægt er að til sé tæki til að bregðast við einstaklingum sem eru í sjálfsvígshugleiðingum og m.a. hefur verið rætt um neyðarlínu í því sambandi en slík neyðarlína er ekki starfandi hér á landi.

Því langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver áform séu uppi um að koma slíkri neyðarlínu af stað. Einnig er mjög mikilvægt að fylgja þeim eftir sem hafa reynt sjálfsvíg því að við vitum að miklar líkur eru á því að sá sem reynir einu sinni muni reyna aftur.

Þá langaði mig jafnframt að velta því fram hvort hæstv. ráðherra vilji eitthvað tjá sig um hugmyndir um áfallamiðstöð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til þess að taka m.a. á móti fólki í sjálfsvígshugleiðingum.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar sem voru almenn og ágæt svo langt sem þau náðu. Ég veit að sjúkrahúsin reyna að taka sem best á móti þessu fólki og veita því sem besta þjónustu. Þó veit ég til þess að fólk hefur farið heim eftir að hafa komið í þessu ástandi án þess að hafa hitt sérfræðing en það vona ég að sé undantekning frekar en regla og geri ráð fyrir því. Aftur á móti vil ég leggja áherslu á að þegar fólki er bent á göngudeild til endurkomu þarf að fylgja því eftir. Það þarf að hringja og athuga hvort fólk komi og sérstaklega ef fólk sýnir sig ekki aftur þegar því hefur verið vísað á göngudeild eftir að hafa komið inn eftir sjálfsvígstilraun eða í þeim hugleiðingum. Ég tel að það þurfi að gera ýmislegt til viðbótar við þá þjónustu sem þegar er veitt og er að mörgu leyti góð.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Ástu Möller um símaneyðarlínu ætlaði ég að koma inn á það í fyrirspurn minni, sem er síðar á dagskránni, um forvarnastarf gegn sjálfsvígum, og vil taka undir það að ákaflega mikilvægt er að komið verði á neyðarlínu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé á döfinni. Reyndar mun ég koma að því ef ég hef tíma til að koma með þá fyrirspurn á eftir sem mér sýnist reyndar að muni varla ganga. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að frekari eftirfylgni verði við þá sjúklinga sem bent er á að koma á göngudeild eftir tilraun til sjálfsvígs. Það er gert á öðrum stöðum og við getum leitað í smiðju til ýmissa annarra þjóða sem eru langt komnar í forvörnum og stuðningi við þá sem eiga við þunglyndi að stríða og eru í þessum hugleiðingum. (Forseti hringir.)

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, herra forseti, hvort hún telji ekki ástæðu til að koma á neyðarlínu og frekari eftirfylgni við þessa einstaklinga.

[15:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að koma að því þegar þar að kæmi, þ.e. í fyrirspurn frá Ástu R. Jóhannesdóttur um forvarnastarf gegn sjálfsvígum, einmitt því atriði sem hér hefur verið spurt um. En nefnd á vegum landlæknisembættisins hefur verið að fara yfir þessi mál og Högni Óskarsson geðlæknir er formaður þeirrar nefndar. Drög að tillögum eru að koma í hús. Nefndin hefur haft samvinnu við fjöldann allan af heilbrigðisstarfsmönnum, fjölda aðila úr skólakerfi, dómskerfi, frá kirkjunni, lögreglunni og Neyðarlínunni svo eitthvað sé nefnt. Ýmis félagasamtök hafa komið þar að. Þær tillögur sem eru u.þ.b. að koma í hús gera m.a. ráð fyrir því eftir því sem ég best veit að það sé ákveðinn staður sem fók getur leitað til ef það er í þeim hugleiðingum að ætla að svipta sig lífi. En ég hef tíma til að fara betur í gegnum það á eftir þegar við tökum til umræðu fyrirspurnina um forvarnastarfið þannig að ég ætla ekki að fara lengra út í það að sinni.

Lífeyristryggingar örorku- og ellilífeyrisþega.

Fsp. ÁRJ, 436. mál. — Þskj. 699.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. þar sem ég spyr um hvort ráðherrann hyggist bregðast við þeirri kjaraskerðingu sem öryrkjar verða fyrir við að ná 67 ára aldri vegna mismunandi reglna sem gilda í lífeyristryggingum almannatrygginga um örorkulífeyrisþega annars vegar og ellilífeyrisþega hins vegar. Eins og reglurnar eru í dag verða öryrkjar fyrir þó nokkurri kjaraskerðingu við það eitt að ná 67 ára aldri.

Sú kjaraskerðing og mismunum jókst svo verulega við breytinguna á almannatryggingalögunum í janúar í kjölfar dóms Hæstaréttar hjá þeim lífeyrisþegum sem eru í hjúskap. En tekjur maka öryrkjans sem skerða tekjutryggingu hans nú skerða minna en tekjur hans sem ellilífeyrisþega, þ.e. eftir lagabreytinguna í kjölfar dóms Hæstaréttar. Tekjur maka munu skerða að fullu tekjutrygginguna samkvæmt gömlu reglunni, auk þess sem frítekjumark vegna tekna lækkar verulega við það að fólk verði ellilífeyrisþegar.

Ekki er hinn fatlaði minni öryrki við að verða gamall en hann fær þúsund kr. lægri tekjutryggingu og svo skerðist hún. Ef hann er yfir rúmum 22 þús. kr. í tekjur byrjar hún að skerðast um 45% um það sem fer umfram, í stað þess að á meðan hann var öryrki voru tekjumörkin 33.600 kr. Það er því ljóst að lífeyrisþeginn sem verður 67 ára verður fyrir verulegri kjaraskerðingu og gilda um hann aðrar reglur en þegar hann var undir 67 ára aldri. Við vitum að þetta eru lágar greiðslur sem fólk fær, sérstaklega þeir sem eiga ekki rétt úr lífeyrissjóðum. Þetta eru um 71.000 kr. ef fólk býr eitt og 50.000 kr. ef það býr með öðrum.

Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort einhverjar leiðréttingar á þessu óréttlæti séu á döfinni. Ég vil einnig spyrja hvort ekki verði leiðrétting til ellilífeyrisþega í kjölfar dóms Hæstaréttar þar sem sama reglugerðin sem var ekki talin hafa lagastoð hjá Hæstarétti gildir um tekjutryggingu ellilífeyrisþega alveg eins og öryrkja. Þeir eiga að búa við sömu grundvallarmannréttindi samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Verður farið út í þessa lögjöfnun fyrir aldraða? Er stætt á því að mismuna fólki eftir aldri eins og gerist með öryrkjana sem ná 67 ára aldri?

[15:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spyr hvort ráðherra hyggist bregðast við þeirri kjaraskerðingu sem öryrki verður fyrir þegar hann nær 67 ára aldri.

Hv. þm. er tamt að tala um skerðingar. Inni í þessu efni eru tvö svið, þ.e. að aðstæður öryrkja breytast þegar hann verður 67 ára. Annars vegar var tekjutrygging öryrkja hækkuð sérstaklega um 887 kr. *í tíð Sighvats Björgvinssonar sem* heilbrrh. Ég býst við að hv. fyrrv. þm. og samflokksmanni fyrirspyrjanda hafi gengið gott eitt til með að hækka bætur sérstaklega til öryrkja sem heitir nú skerðing.

Hins vegar komu fram þau áhrif að breytingu almannatrygginga frá því í lok síðasta mánaðar, að hin sérstaka lágmarksfjárhæð sem öryrkja er tryggð, þ.e. 43.424 kr. á mánuði, án tillits til tekna maka, gildir ekki um ellilífeyrisþega. Dómur Hæstaréttar leiddi til þess að bæta kjör ákveðins hóps öryrkja, en eins og hv. þm. er kunnugt, gildir hann ekki um alla lífeyrisþega.

Í grundvallaratriðum má sjá tvær leiðir til að tryggja hag þeirra sem verst eru settir að þessu leyti: Annars vegar að hækka einfaldlega tekjutryggingu ellilífeyrisþega þannig að enginn munur verði. Ég tel hins vegar að færa megi fyrir því rök eins og Öryrkjabandalagið hefur gert að öryrki, oft á besta aldri, með fjölskyldu og skuldbindingar þurfi almennt fremur á hærri greiðslum að halda en flestir ellilífeyrisþegar. Og ég endurtek — flestir. Hin leiðin sem má velta fyrir sér er hvort eðlilegt sé að öryrki verði ellilífeyrisþegi við 67 ára aldur eða hvort hann eigi áfram að falla undir örorkureglurnar. Það er auðvitað flókið mál og ekki víst að mikið réttlæti eða jafnræði væri falið í því að mikil mismunun væri á kjörum öryrkja og ellilífeyrisþega sem væru á sama aldri og e.t.v. með svipaðar aðstæður en úr þessu erum við að vinna.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin ákvað að kalla eftir tillögum frá nefnd um endurskoðun lífeyristrygginga og munu þær liggja fyrir eigi síðar en um miðjan apríl. Ég hef oft lýst því yfir að meginverkefnið fram undan sé að bæta sérstaklega hag þeirra sem eru verst staddir. Það er aðalverkefni nefndarinnar sem hefur fundað með samtökum öryrkja, aldraða og aðila vinnumarkaðarins.

Virðulegi forseti. Fyrst koma tillögurnar og síðan ákvarðanir og aðgerðir og það á að gerast eigi síðar en um miðjan apríl.

[15:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá þessa fyrirspurn fram. Þetta er vandamál hjá mörgum örorkulífeyrisþegum að þegar þeir verða 67 ára gamlir og eru á fullum bótum að fara þá yfir á ellilífeyri. Það er lækkun á kjörum og ef nokkuð er þá aukast frekar útgjöldin hjá öryrkjum með hækkandi aldri, frekar en hitt. Það að lífeyririnn skuli lækka svo bratt eins og gerir með smávægilegri vinnu verður til þess að fólk heldur frekar að sér höndum eða hættir að vinna ef að hefur haft starfskrafta til að vinna. Það er einmitt þetta sem við viljum forðast og því tel ég að þessi umræða sé góð. Það verði að bæta úr þessu.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég tala um skerðingu vegna þess að þegar bætur til öryrkjans lækka við það að hann nær 67 ára aldri þá er skerðing á greiðslum til hans frá Tryggingastofnun. Greiðslurnar lækka. Það er skerðing. Auk þess eru skerðingarreglur almannatrygginga mun harðari við lífeyrisþegann þegar hann er orðinn ellilífeyrisþegi og ég fór yfir það hér í máli mínu.

Ég leyfi mér að furða mig á því, herra forseti, að hæstv. ráðherra skuli nánast gefa það í skyn að öryrki þurfi minna þegar hann verður gamall. Að fatlaður einstaklingur þurfi minna til framfærslu þegar hann verður gamall. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra sé á þeirri skoðun. Það er yfirleitt þannig að fólk þarf meira þegar það er orðið gamalt og fatlað og sjúkt en ekki að það þurfi að búa við skertar greiðslur. Ég vil líka minna á það að öryrkjar eiga yfirleitt ekki mikinn rétt í lífeyrissjóði. Margir þeirra eiga engan rétt. 43% allra öryrkja eru ekki með neinar greiðslur úr lífeyrissjóðum og hafa því ekkert fyrir sig að leggja nema tryggingabæturnar. Það er ömurlegt að búa við það að þeir lendi í þessum skerðingum við það að ná 67 ára aldri. Ég ætla ekki að fara að ræða það hvað fyrrverandi ráðherra hafði í huga þegar örorkugreiðslurnar voru hækkaðar. Ég efast ekki um að það hafi verið vegna þess að öryrkjarnir þurfa meiri framfærslu. En þeir þurfa það ekkert síður þegar þeir verða gamlir.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði engu um það hvernig hún hygðist leiðrétta þetta óréttlæti. Hún svaraði engu um það hvort hún ætli að láta leiðréttinguna til öryrkjanna ganga yfir til aldraða. Þurfa þeir að fara í málaferli til þess að ná þessari leiðréttingu fram því það er auðvitað borðleggjandi að sú leiðrétting á að berast til aldraða líka, því að sömu reglur, sama reglugerð og sömu lög hafa verið látin gilda um tekjutryggingu aldraða eins og öryrkja. Ég hefði því gjarnan viljað, herra forseti, að hæstv. ráðherra kæmi með svör við þessum spurningum í síðara svari sínu.

[15:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið mig, en það er svo sem ekkert alveg nýtt þannig að ég kippi mér ekki upp við það. Það sem ég var eingöngu að segja áðan var að Öryrkjabandalagið hefur gert okkur grein fyrir því og við höfum unnið með þeim einmitt að því að skoða sérstaklega hvað eigi að gera fyrir þá aðila sem verða öryrkjar mjög ungir, eru með þunga framfærslu og þurfa á meiru að halda meðan þeir eru að byggja sér upp húsnæði o.s.frv. en kannski ellilífeyrisþegi. Það var það sem ég var að reyna að segja. Hv. þm. misskildi mig greinilega en ég vona að hv. þm. skilji núna hvað ég var að tala um.

En þar sem hv. þm. sagðist ekki hafa fengið nein svör (Gripið fram í.) þá sagði ég hv. þm. áðan, og það held ég sé öllum hv. alþm. kunnugt, að þessi mál eru í endurskoðun og þeirri endurskoðun á að ljúka fyrir 15. apríl. Að þeirri endurskoðun koma ellilífeyrisþegar, öryrkjar og þeir aðilar sem hér hafa verið nefndir. Fyrst koma tillögurnar og svo koma ákvarðanir og aðgerðir. Og hv. þm. verður að bíða eins og ég eftir þeim.

[Fundarhlé. — 15:47]

PCB-mengun í Reykjavík.

Fsp. KF, 469. mál. — Þskj. 748.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Á þskj. 748 kemur fram svohljóðandi fyrirspurn mín til hæstv. umhvrh. um PCB-mengun:

1. Getur ráðherra upplýst um það hvort PCB-mengun sé enn að finna í Sundahöfn í Reykjavík — og er þá auðvitað átt við hafnarsvæðið — og þá í hvaða mæli?

2. Eru fleiri staðir í borginni þar sem fundist hefur PCB-mengun í jarðvegi?

3. Hafa mengunarkröfur í starfsleyfum fyrirtækja verið hertar frá því að Evrópusambandið setti mörk á leyfilega losun díoxína/furana frá mengandi fyrirtækjum?

4. Hefur slík tilskipun frá ESB verið samþykkt hér á landi og þá í hvaða formi?

Á fyrri þingum hafa farið fram umræður um PCB-mengun. Þannig bar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fram fyrirspurn til hæstv. þáv. heilbrrh. árið 1989 og á 122. löggjafarþingi 1997–98 bar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um mælingar á mengun frá stóriðju og sorpbræðslu. Á sama þingi kom fram þáltill. um könnun á þrávirkum lífrænum efnum í lífríki Íslands.

Í Reykjavík hafa augu manna fyrst og fremst beinst að athafnasvæði við Sundahöfn þar sem spennaolía með PCB-innihaldi hefur mengað jarðveg. Við mælingar þar fyrir nokkrum árum var þetta staðfest. En styrkur PCB-efna þar reyndist vera undir hættumörkum miðað við þágildandi reglugerð. Sú reglugerð mun þó hafa tekið mið af töluvert hærri gildum en t.d. í Danmörku, Bandaríkjunum, Kanada og Hollandi og við umræður á Alþingi 1989 sagði ráðherra að til greina kæmi að setja sérstakar reglur um hámark PCB-efna í jarðvegi.

Þrávirk lífræn efni eru sérlega skaðleg því þau safnast fyrir í lífkeðjunni á löngum tíma og brotna ekki niður. Ein af mestu hættum sem mun í framtíðinni ógna lífríki norðurslóða, þar með talið manninum, er mengun af völdum þeirra. Í Morgunblaðinu í morgun var sagt frá því að ríkisstjórnin hefði á fundi sínum í gær samþykkt að leggja fram 1 millj. kr. til tveggja umhverfisverkefna á vegum Norðurskautsráðsins og verður hluta af því fé varið í verkefni sem lúta að hreinsun á PCB sem ógnar umhverfi á norðurskautssvæðinu verði ekkert að gert. Það er einnig og fyrir okkur ekki síður mikilvægt að PCB-mengun hér heima verði upprætt og vænti ég þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því.

[18:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Getur ráðherra upplýst um það hvort PCB-mengun sé enn að finna í Sundahöfn í Reykjavík og þá í hvaða mæli?“ Því er til að svara að sjávarset umhverfis Reykjavík er ekki laust við mengun af völdum PCB. Rannsóknir hafa sýnt að mengunina megi að mestu leyti rekja til fráveitna og greinist mestur styrkur næst gömlum skolpútrásum. Greiningar á PCB í sjávarseti sl. þrjú ár í og við Sundahöfn sýna að í hverju tonni af þurrkuðu sjávarseti er á bilinu 12–20 mg af PCB-efnum. PCB-mengun í sjávarseti er tiltölulega stöðug. Því er ekki að vænta að þessi mengun hverfi á næstu árum.

Settar hafa verið reglur um meðferð dýpkunarefnis. Hollustuvernd ríkisins hefur nýlega gefið út leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis þar sem sjávarset er gæðaflokkað. Samkvæmt þeim flokkast sjávarset í og við Sundahöfn sem ómengað eða lítillega mengað. Einnig eru framangreindar greiningar vel undir sambærilegum umhverfismörkum í Evrópu.

Reykjavíkurborg hefur hafið vöktun á styrk PCB og annarra efna í kræklingi umhverfis Reykjavík. Niðurstöður hafa ekki verið birtar enn.

Allt frá árinu 1989 hefur PCB-mengun verið þekkt í jarðvegi á lóð endurvinnslufyrirtækis á Sundahafnarsvæðinu. Nýjustu rannsóknir benda til þess að í jarðvegshaug á lóð fyrirtækisins séu u.þ.b. 30 mg af PCB-efnum í kílói. Eldri greiningar hafa sýnt svipaða eða örlítið hærri niðurstöðu. Búið er að setja upp aðgerðaráætlun til að taka á menguðum jarðvegi á athafnasvæði fyrirtækisins.

Önnur spurning: „Eru fleiri staðir í borginni þar sem fundist hefur PCB-mengun í jarðvegi?“ Því er til að svara að ekki hefur farið fram ítarleg könnun á tilvist PCB-efna í jarðvegi á höfuðborgarsvæðinu. Líklegir staðir, auk urðunarstaða, eru staðir eins og slippur og skipasmíðastöðvar, lagerpláss þar sem spennar voru geymdir og fleira. Rannsóknir eru kostnaðarsamar og almennt ekki ráðist í þær nema sérstök ástæða þyki til eða ástæður krefjist þess.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur greindust niðurbrotin PCB-efni í jarðvegi á einni af lóðum Orkuveitunnar. Efsta lag jarðvegsins var fjarlægt og komið fyrir í tunnum og urðað hjá Sorpu.

Varðandi 3. spurninguna, virðulegur forseti, er því til að svara að árið 1994 var mengunarvarnareglugerð breytt og almennt settar hertar kröfur um losun díoxínefna og furana. Í starfsleyfum eiga að vera ákvæði um losun þessara efna ef ástæður eru til. Í reglugerð nr. 807/1999, um brennslu spilliefna, eru m.a. ákvæði um að allar brennslustöðvar skuli vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofttegundir sem myndast við brennslu spilliefna séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850° C við eða nálægt innvegg brunahólfsins í tvær sekúndur hið minnsta.

Ef brennd eru spilliefni sem innihalda meira en 1% af lífrænum efnum sem innihalda klór eða aðra halógena, þarf að hækka hitann upp í a.m.k. 1100° C.

Einnig er kveðið á um í reglugerð nr. 808/1999, um sorpbrennslustöðvar, að í starfsleyfum skuli setja losunarmörk fyrir losun díoxín og furan og eru kröfurnar sambærilegar og hér var greint frá áðan. Miðað er við að heildarstyrkur díóxín- og furanefna fari aldrei yfir 0,1 ng í rúmmetra.

Varðandi 4. spurninguna, virðulegur forseti, er því til að svara að um síðustu áramót tók gildi tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins, nr. 2076/EB frá 4. desember sl., um hertar reglur við brennslu úrgangs. Þar er kveðið á um að aðildarríki skuli uppfylla lagaskyldu sína varðandi tilskipunina, eigi síðar en 28. desember 2002. Starfandi sorpbrennslur hafa samkvæmt tilskipuninni aðlögunartíma til 28. desember 2005. Tilskipunin er ekki komin inn í EES-samninginn og er nú í skoðun hjá umhvrn. og Hollustuvernd ríkisins í samræmi við venjulega málsmeðferð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort tilskipunin eigi við hér á landi eða kannað hvaða áhrif hún muni hafa á gildandi starfsleyfi.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, að við höfum nýlega ákveðið í ríkisstjórn að fara í verkefni á norðurskautssvæð-

inu gagnvart PCB og mengun frá landstöðvum. Það er mjög mikilvægt verkefni. Og við höfum einnig verið í forsvari á alþjóðavettvangi um það að fá fram alþjóðlegan samning um þrávirk lífræn efni, en PCB og díoxín t.d. eru eitt af þeim 12 efnum sem sá samningur tekur á.

[18:08]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir svörin. Ég held að mjög mikilvægt sé að fylgjast einmitt með PCB-efnum í lífríkinu. Fyrir nokkrum árum lagði ég fram tillögu um að fylgst yrði með þrávirkum lífrænum efnum sem eru í jörðu eins og PCB, en PCB er nokkuð víða. Það varð heilmikið PCB-slys á Austfjörðum fyrir nokkrum árum en PCB hefur mælst á ýmsum stöðum hér við Ísland og við höfuðborgarsvæðið, m.a. var óvenjumikið PCB mælt í æðarfugli við Álftanes og einnig er vitað um PCB í Gufuneshaugunum. Tillaga mín og meðflutningsmanna minna var sú að vakta þessi svæði og ég veit ekki betur en hæstv. umhvrh., þáv. og núv., hafi fullan hug á því að fylgjast með þessum svæðum en umræðan er þörf.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir svörin. Það er ljóst að umhvrn. hefur áhuga á þessu máli og vill vinna að því að uppræta þá PCB-mengun sem hér hefur orðið. Vitað er að afleiðingar af eitrun af þessu tagi, af völdum þrávirkra lífrænna efna eru mjög alvarlegar. Uppsöfnun DDT og PCB í mönnum og dýrum getur valdið krabbameini, ófrjósemi, óeðlilegum kynþroska, ofnæmi, alvarlegri bilun á ofnæmiskerfi, svo eitthvað sé nefnt, og jafnvel greindarskorti í börnum eins og fram hefur komið í erlendum rannsóknum. Jafnvel telja menn eftir rannsóknir í Bandaríkjunum að hjá um 5% þeirra barna sem líða af greindarskorti geti það stafað af PCB-eitrun. Þannig að málið er mikilvægt. PCB brotnar ekki niður og hverfur ekki af sjálfu sér úr náttúrunni. Þótt erfitt sé að uppræta það eru til aðferðir eins og það að steypa það inni eins og menn hafa talað um að væri hægt að gera í Sundahöfn, eða þá að koma því fyrir á öruggum urðunarstað, sem er reyndar umdeilt líka, en slíkur staður er ekki enn til hér á landi og menn bíða eftir því að úr því verði leyst. Mér skilst að PCB hafi mælst, að vísu í litlum mæli, t.d. við holræsi og jafnvel sé PCB í einhverjum sýnum úr Tjörninni í Reykjavík. Ég held að mjög miklu máli skipti að tekið sé á þessu máli af festu, það hefur verið allt of lengi í gangi og ekki verið leyst og löngu tímabært að slík mengun verði upprætt.

[18:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni og Katrínu Fjeldsted. Það er mikilvægt að við þössum vel upp á þessi mál. Og það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, sem er einnig læknir og þekkir örugglega þessi mál frá því sjónarhorni, að þessi þrávirku lífrænu efni sem PCB er, díoxín, DDT og ýmis önnur efni, eru skaðleg heilsu manna og dýra og þau leysast upp í fituvef og þau safnast fyrir á norðlægum slóðum, sérstaklega í fituvef manna og dýra. Ég þekki til rannsókna sem einmitt er verið að gera erlendis og því er spáð víða að menn munu lækka þá þröskulda sem nú eru í matvælum gagnvart þessum efnum til að verja heilsu manna. Þetta er því mjög mikilvægt mál.

Varðandi norðurskautssvæðið þar sem við erum núna að fara í þessi verkefni ásamt öðrum þjóðum, þá er mjög mikilvægt að við tökum þátt í því. Við Íslendingar höfum verið leiðandi varðandi mengun hafsins um árabil. Einnig er ánægjulegt að búið er að samþykkja í ríkisstjórninni að Ísland taki við formennsku í Norðurskautsráðinu 2002–2004. Finnar eru núna með formennsku, og við höfum ákveðið að taka við henni og það mun setja enn þá meira kastljós á þessi mál hér á Íslandi.

Ég vil líka koma því hérna á framfæri vegna orða hv. fyrisrpyrjanda að ég hef skipað nefnd sem á að koma með tillögur um förgunarstað, sé það hagkvæmt, gagnvart spilliefnum almennt, þannig að þau mál eru í vinnslu.

Úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. KPál, 440. mál. — Þskj. 703.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Úthlutun sjónvarpsrása hefur fram að þessu ekki verið talin til vandamála og er kannski ekki enn. Þó er það orðið þannig á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu að fjöldi sjónvarpsstöðva er orðinn slíkur að erfitt er að fá úthlutað sjónvarpsrásum fyrir aukna starfsemi eða nýjar stöðvar. Þannig hef ég fengið kvartanir yfir því að aðili sem fengið hefur leyfi útvarpsréttarnefndar til starfrækslu sjónvarpsstöðvar fær ekki úthlutað rás svo hann geti hafið útsendingar. Það viðurkennist að þessi staða er að koma upp á síðustu mánuðum en samt er það þó þannig að fleiri en einn aðili bíður eftir rásum, frá einni og upp í fjórar, eftir því sem mér er sagt. Póst- og fjarskiptastofnun er í vissum vanda vegna þessa, enda var ekki gert ráð fyrir að hörgull yrði á slíkri þjónustu.

Þar sem sú staðreynd er samt til staðar vaknar sú spurning hvernig hægt sé að bregðast við af hálfu stjórnvalda. Þau tíðnisvið sem eru til umráða eru VHF og UHF og skiptir að því er mér er sagt UHF-tíðnisviðið mestu máli í þessu sambandi. Þar eru um 40 rásir sem flestum er úthlutað, en öðrum ekki vegna truflana frá afruglurum og myndbandstækjum. Einnig eru sjónvarpsrásir aðliggjandi sjónvarpsviðtækja oft ónothæfar vegna þess að þau geta ekki gert fullkominn greinarmun milli merkja frá tveimur stöðvum sem senda út á aðliggjandi rásum. Mér hefur verið sagt að með sérstökum takmörkunum megi þó hugsanlega nota aðliggjandi rásir.

Með stafrænu kerfi sem sagt er að sé á leiðinni mun þessi vandi verða úr sögunni en það kerfi hefur betri eiginleika og nýtir rásirnar samfellt. Notkun á stafrænum kerfum mun þó ekki leysa þennan vanda að fullu fyrr en eftir nokkur ár eða á meðan önnur tæki eru að úreldast.

Þeir sem bíða eftir rásum vilja eðlilega fá svör, enda sumir kostað nokkru til og fengið öll tilskilin leyfi meðan önnur fyrirtæki hafa margar rásir. Hvort allar þær rásir eru í notkun í UHF-kerfinu sem til eru, þ.e. hvort einhverjir eru með ónotaðar rásir veit ég ekki, né hvaða reglur gilda um það hvort halda megi rásum án þess að nota þær. Þeir aðilar sem fengið hafa úthlutað rásum eru Stöð 1, RÚV, Skjávarpið, Omega, Bíórásin, Sýn, Almiðlun og Stöð 2.

Herra forseti. Ég vil því leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. samgrh.:

1. Hve margar sjónvarpsrásir eru til úthlutunar á höfuðborgarsvæðinu og hve mörgum þeirra hefur ekki verið úthlutað?

2. Hve margir aðilar bíða eftir úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorni landsins og um hve margar rásir er beðið samtals?

3. Hvaða reglur gilda um úthlutun rása, þ.e. hvaða skilyrði þurfa aðilar að uppfylla, hve mörgum rásum getur einn aðili fengið úthlutað og hve lengi má halda rásum án þess að nýta þær?

4. Hvenær er von á stafrænu kerfi sjónvarps?

[18:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt um hversu margar sjónvarpsrásir séu til úthlutunar á höfuðborgarsvæðinu og hve mörgum þeirra hafi ekki verið úthlutað.

Við þessu er ekki einhlítt svar, vegna þess að fjöldi rása sem er til ráðstöfunar fer eftir staðsetningu sjónvarpssendanna, sendiafli og stefnuvirkni loftneta. Sjónvarpsrásir eru fyrir hendi í nokkrum mismunandi hlutum tíðnisviðsins og er þá gjarnan talað um sjónvarpsbönd. Á tíðniböndum 3–5 fer eiginleg útsending sjónvarps til almennings fram. Á 3. bandi eru rásir 5–12. Mögulegt er að nota fjórar rásir á þessu tíðnisviði, sem öllum hefur verið úthlutað. Á 4. og 5. bandi eru númeraðar rásir frá 21 og upp í 69. Þrátt fyrir að númeraðar rásir á tíðnisviði nái frá 5–69, þýðir það ekki að 64 sjónvarpsrásir séu til úthlutunar. Fyrir það fyrsta er ekki hægt að nota grannrásir rásar sem notuð er til útsendingar þar sem sjónvarpstæki geta ekki greint á milli tveggja rása sem eru hlið við hlið. Þá má nefna rás 33 er mikið notuð af afruglurum og rás 36 fyrir tengingu myndbandstækja inn á sjónvarpstæki. Að því leiðir að rásir 32–36 eru ekki til ráðstöfunar fyrir sendingar í loftinu, sem geta truflað þessa notkun.

Þess má enn fremur geta að u.þ.b. 20 rásir á suðvesturhorninu þarf að nota til endurvarpssendinga. Sú þörf kemur til af því að skuggasvæði myndast í landslagi sem aðalsendar sjónvarpsstöðvanna ná ekki til. Rétt er að geta þess að í sumum tilvikum er mögulegt að endurnýta rásir sem notaðar eru til endurvarpssendinga á fleiri en einum stað í senn og þannig hámarka hagkvæmnitíðni notkunar.

Af þessu má sjá að öllum rásum til sjónvarpsútsendinga hefur verið úthlutað, utan rása 67–69, sem hafa verið teknar frá fyrir væntanlegar sendingar stafræns sjónvarps.

Í öðru lagi er spurt um hve margir aðilar bíði eftir úthlutun sjónvarpsrása á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorni landsins og um hversu margar rásir sé beðið samtals.

Óafgreiddar umsóknir eru eftirfarandi:

1. Umsókn um fimm rásir fyrir hverfisbundið sjónvarp í Reykjavík.

2. Umsókn um eina rás með aflmiklum sendi sem á að ná yfir allt svæðið.

3. Umsókn um tilraunaleyfi á stafrænu sjónvarpi. Það er því sótt um sex rásir til hefðbundinna sjónvarpssendinga.

Stafrænar útsendingar hafa allt aðra eiginleika en hliðrænar og því er erfitt að tölusetja fjölda sjónvarpsrása í slíku kerfi. Ein rás fyrir hefðbundnar sjónvarpsútsendingar getur rúmað allt að níu stafrænar rásir og tækniþróun virðist vera að fjölga þeim enn frekar.

Í þriðja lagi er spurt um hvaða reglur gildi um úthlutun rása, þ.e. hvaða skilyrði aðilar þurfi að uppfylla, hve mörgum rásum einn aðili geti fengið úthlutað og hve lengi megi halda rásum án þess að nýta þær.

Í fjarskiptalögum eru almenn ákvæði um tíðniúthlutun, en eftirfarandi vinnureglur gilda hjá Póst- og fjarskiptastofnun:

Umsóknir skulu vera skriflegar og tilgreina sendistað, sendiafl og loftnetseiginleika.

Útvarpsleyfi gefið út af útvarpsréttarnefnd verður að liggja fyrir.

Ekki er úthlutað meira en einni rás fyrir hverja dagskrá á sama svæði.

Úthlutun fellur niður hafi rás ekki verið tekin í notkun innan átta mánaða frá úthlutun.

Ef notkun rásar er stöðvuð samfellt í meira en fjóra mánuði fellur úthlutun úr gildi.

Umsóknir eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast.

Reynt er að mæta öllum sanngjörnum óskum um rásir. Í því felst að sjónvarpsstöðvar hafa fengið eina rás fyrir aflmikinn sendi svo hægt sé að tryggja viðunandi styrk á sem stærstum hluta fyrirhugaðs þjónustusvæðis stöðvarinnar og að auki rásir fyrir holufyllingar, svo að þjónustusvæðin séu sem heillegust.

Í fjórða lagi er síðan spurt hvenær sé von á stafrænu kerfi sjónvarps.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fjallað um þetta og sent greinargerð til samgrn. og hefur hafið undirbúning að stafrænu sjónvarpi og er lagt til af stofnuninni að hafinn verði slíkur undirbúningur nú þegar. Það hafa farið fram viðræður milli mín og menntmrn. um hvernig staðið skuli að stafrænu sjónvarpi. Ég hef því með vísun til 34. gr. útvarpslaga óskað eftir því við menntmrn. og ráðherra að ráðuneyti okkar hefji sem fyrst viðræður um ákveðna þætti þannig að þessi mál skýrist. Meira liggur ekki fyrir og engin ákvörðun um það hvenær tímasetja megi það að hefja stafræna útsendingu.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessi svör. Ef ég skildi hann rétt þá virðist vanta 12 rásir til þess að uppfylla þörfina, miðað við það sem sótt hefur verið um. Er það nokkru meira en ég hélt sjálfur, en segir mér að þörfin sé greinilega meiri en ég hafði heyrt og augljóst að þarna er eitthvað sem þarf að taka til sérstakrar skoðunar.

Ég lýsi yfir ánægju minni með það að hæstv. ráðherra hafi þegar sett vinnu í gang við að kanna stafrænar útsendingar og að þær verði sem fyrst komnar í gagnið. En við vitum samt að það tekur nokkuð langan tíma þannig að þó svo að fljótlega yrði búið að taka ákvörðun þá er ekki búið að setja upp stafrænt kerfi, hvað þá að skipta um sjónvörp.

Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra geti með einhverju móti sagt mér hvað er hægt að gera fyrir þá aðila sem bíða eftir rásum fram að þeim tíma annað en að bíða eftir því að einhverjar sjónvarpsstöðvar hætti eða segi upp rásum. Ég veit ekki hvort hægt er að svara því, en mér leikur samt forvitni á að vita það og þeim aðilum sem bíða, hvort ráðherrann mun setja einhverja vinnu í gang til þess að finna lausnir. Það er hægt með einhverjum ráðum. Mér er sagt að það sé hægt með einhverjum aðferðum að nýta rásirnar til hliðar, en það er kannski tæknilega erfitt.

[18:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. verð ég að segja að það liggur ekkert fyrir í ráðuneytinu um að það sé

hægt að fjölga þessum rásum þannig að uppfylla megi allar þær óskir sem borist hafa Póst- og fjarskiptastofnun. En ég held jafnframt að það sé skynsamlegt að huga rækilega að þessum málum vegna þeirra tæknibreytinga sem stafrænar sjónvarpsútsendingar hafa í för með sér og skapa miklu meiri möguleika á fjölgun rása. Það liggur ekkert fyrir um það eins og er að hægt verði að verða við þeim mörgu óskum sem núna liggja fyrir en það er vilji minn að reynt verði að hraða því að koma á stafrænum sjónvarpsútsendingum og ef allt gengur eðlilega fyrir sig þá er ekki útilokað að það gæti orðið á árinu 2002.

Fjöldi íslenskra kaupskipa.

Fsp. GHall. 451. mál. — Þskj. 719.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 719 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um fjölda íslenskra kaupskipa. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvað eru mörg kaupskip skráð á Íslandi og sigla undir íslenskum fána?

2. Hefur kaupskipum fjölgað á íslenskri skipaskrá eftir að stimpilgjöld af skráningu skipa voru afnumin?

3. Er ójafnvægi í rekstrarlegu umhverfi íslenskra kaupskipaútgerða samanborið við önnur Norðurlönd? Ef svo er, hverjir eru þá helstu þættir mismunarins?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að 1997 var nokkuð um það rætt meðal manna og höfðu leiðandi menn íslenskrar kaupskipaútgerðar það á orði að ójafnvægi væri mjög mikið, annars vegar í kaupskipaútgerð og hins vegar hjá þeim sem ættu eða rækju flugvélar. Bent var á að flugvélar sem kæmu erlendis frá þyrftu ekki að greiða nein gjöld þegar þær væru skráðar íslenskar, en skip undir erlendum fána sem stæði til að skrá á Íslandi þyrftu að borga tugi milljóna kr. Þessum lögum var breytt þannig að nú borga kaupskip ekki stimpilgjöld eins og þau gerðu áður. Þetta var ein af meginforsendum þess — og hafði framkvæmdastjóri þáverandi Sambands íslenskra kaupskipaútgerða orð á því að ástæða þess að svo fá skip væru skráð undir íslenskum fána væri fyrst og fremst óeðlilega há skráningargjöld hér á landi. Það er alveg ljóst að þá var nauðsynlegt að grípa í taumana og lækka stimpilgjöldin hér á landi svo að um ókomin ár, eins og sagt var þá, megi kaupskip undir íslenskum fána sjást sem víðast. Það er alveg ljóst að öflugur íslenskur kaupskipafloti er þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar og því er rétt að stuðla að því að sem flest kaupskip í eigu íslenskra útgerða sigli undir íslenskum fána.

Aðeins til upplýsingar. Árið 1997 voru 26 kaupskip í rekstri íslenskra útgerða, 18 skip voru í eigu íslenskra kaupskipaútgerða, átta skip í leigu hjá erlendum útgerðum og þá, þ.e. árið 1997, eru aðeins fjögur skip undir íslenskum fána, tvö kaupskip og tvö olíuflutningaskip.

Þess vegna, með leyfi herra forseta, er fyrirspurnin lögð fram, í því breytta umhverfi sem nú er, stimpilgjöldin afnumin:

Hve mörg skip sigla nú undir íslenskum fána?

[18:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað eru mörg kaupskip skráð á Íslandi og sigla undir íslenskum fána?"

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands voru 58 kaupskip skráð á skipaskrá þann 1. janúar sl., en með kaupskipum er, samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, átt við hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip. Af þessum 58 kaupskipum voru á skrá 1. janúar sl. tvö vöruflutningaskip, eitt efnaflutningaskip, 45 farþegaskip, fjögur olíuskip og sex dýpkunar- og sanddæluskip.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur kaupskipum fjölgað á íslenskri skipaskrá eftir að stimpilgjöld af skráningu skipa voru afnumin?"

Með lögum nr. 157/1998, um breytingu á lögum um stimpilgjöld, nr. 36/1978, sem tóku gildi 1. janúar 1999, voru rýmkuð ákvæði um stipmilgjöld eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Kveðið var á um að afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis, skuli vera stimpilfrjáls.

Frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2001 hefur kaupskipum á skipaskrá fjölgað um 18. Þessi fjölgun kaupskipa á íslenskri skipaskrá skýrist fyrst og fremst af því að fjöldi farþegaskipa hefur aukist og má rekja það til aukinnar útgerðar við hvalaskoðunarferðir með ferðamenn.

Ef miðað er við hvern einstakan flokk skipa kemur í ljós að vöruflutningaskipum á skipaskrá hefur fækkað á tímabilinu um eitt, þ.e. í tvö úr þremur.

Fjöldi efnaflutningaskipa á skipaskrá er sá sami, þ.e. eitt skip. Farþegaskipum á skipaskrá hefur fjölgað um 20, þ.e. í 45.

Olíuskipum hefur fækkað um eitt, þau eru nú fjögur, en voru fimm. Og fjöldi dýpkunar- og sanddæluskipa á skipaskrá er sá sami, þ.e. sex.

Með hliðsjón af þessum tölum verður að svara spurningu fyrirspyrjanda neitandi þar sem vöruflutningaskipum hefur fækkað úr þremur í tvö, síðan ákvæðum laga um stimpilgjald var breytt, m.a. í þeim tilgangi að ýta undir skráningu vöruflutningaskipa á íslenska skipaskrá.

Í þriðja lagi var spurt: „Er ójafnvægi í rekstrarlegu umhverfi íslenskra kaupskipaútgerða samanborið við önnur Norðurlönd? Ef svo er, hverjir eru þá helstu þættir mismunarins?"

Árið 1998 skilaði áliti nefnd sem þáv. samgrh. skipaði til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um málefni kaupskipa, þ.e. fyrst og fremst vöruflutningaskipa sem sigla milli Íslands og annarra landa, m.a. með tilliti til þróunar íslenskra kaupskipaútgerða á undanförnum árum, breyttra samkeppnisskilyrða og aðgerða annarra ríkja til eflingar kaupskipaútgerð. Nefnd þessi kannaði sérstaklega samkeppnisskilyrði íslenskra kaupskipaútgerða og horfði m.a. til Norðurlandanna í því sambandi.

Um miðjan 9. áratuginn sáu Danir og Norðmenn að skip þeirra voru að færast hratt í skipaskrár annarra landa. Til varnar þessari þróun stofnuðu þeir alþjóðlegar skipaskrár, NIS í Noregi og DIS í Danmörku. Gripið var til hliðarráðstafana svo að þær yrðu aðlaðandi valkostur í samanburði

við aðrar alþjóðlegar skipaskrár. Báðar þjóðirnar leyfðu útgerðum að ráða áhöfn sem tækju laun eftir kjarasamningum við verkalýðsfélög utan EES-svæðisins. Danir felldu auk þess niður tekjuskatt sjómanna á skipum er skráð voru í DIS og greiða þeir þess í stað mánaðarlega tryggingargjald til danska ríkisins. Þessar ráðstafanir dugðu lengst af og sáu útgerðir landanna hag í því að skrá skip í norsku eða dönsku alþjóðlegu skipaskrárnar.

Um miðjan síðasta áratug þótti Norðmönnum að farið væri að halla undan alþjóðlegu skipaskránni og að skipin væru aftur á leiðinni út úr henni. Síðla árs 1996 samþykktu Norðmenn nýjar ráðstafanir til þess að styrkja NIS og leyfa nú útgerðum að gangast undir nýtt skattkerfi, þar sem þeir greiða svokallaðan tonnskatt í stað tekjuskatts. Í Noregi var ákveðið að veita 339 millj. kr. árið 1997 til þess að endurgreiða útgerðum norskra skipa tekjuskatt og tryggingargjöld.

Að öðru leyti eru margvísleg atriði sem ég hef ekki tíma til þess að fara ofan í hér, en það er alveg augljós mismunur hér á milli aðstæðna, annars vegar hjá dönskum, norskum og sænskum og finnskum útgerðarfyrirtækjum, miðað við það sem er hér hjá okkur.

Að öðru leyti hef ég ekki tíma til þess að fara nánar út í þennan þátt í svari mínu.

[18:35]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir ítarleg svör við þeim spurningum sem ég lagði fram. Það kemur sem sé í ljós að allt sem sagt var um stimpilgjöldin og áhrif þeirra á svo fá skip undir íslenskum fána sem þá voru, þ.e. 1997, hafa þá ekki átt við rök að styðjast vegna þess að á þessum tíma var nákvæmlega sama umhverfi hvað varðar Norðurlandaþjóðirnar þannig að því var ekki til að dreifa að það væri vandamál, enda kom það líka fram hjá forsvarsmönnum íslenskra kaupskipaútgerða þá að þessi mismunun á stimpilgjöldum vegna skráningar annars vegar skipa og hins vegar flugvéla væri ólíðandi, en með breytingum og afnámi stimpilgjalda á kaupskipum mundi kaupskipaflotinn íslenski stækka. Sú hefur ekki orðið reyndin.

Það er alvarlegt mál að aðeins skuli vera tvö skip undir íslenskum fána, þ.e. tvö olíuflutningaskip sem eru hér á ströndinni. Og mér skilst að annað skipið sé á sölu, þannig að innan tíðar stefni í að það verði ekkert einasta skip undir íslenskum fána. Það er ekki langt síðan óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélag Íslands, festi kaup á tveimur 10.000 tonna skipum og látið var í veðri vaka að þetta væru tvö stærstu skip íslenska flotans. Menn eru því ekki að fara með alveg rétt mál í þessu. Það er í rauninni hálfhjákátlegt að svo skuli nú komið fyrir þjóð, eyþjóð sem Íslandi, sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og siglingum, ef við horfum til þess sem gerðist þegar Íslendingar misstu sjálfstæði sitt vegna þess að þeir voru ekki það stöndugir, áttu ekki eigin kaupskipaflota. Ja, illa er komið fyrir þessari þjóð.

[18:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í fyrra svari mínu eru í Noregi margs konar ívilnanir, en í Danmörku eru farmenn á dönskum kaupskipum sem skráð eru á dönsku alþjóðlegu skipaskránni DIS, undanþegnir tekjuskatti svo nokkuð sé nefnt hvað varðar aðstöðu sjómanna þeirra.

Samgrn. hefur í samráði við fjmrn. og Siglingastofnun Íslands verið að huga að leiðum sem leitt gætu til þess að íslensk farskip yrðu í auknum mæli skráð á íslenska skipaskrá, til viðbótar við það sem áður hefur verið gert. Í því sambandi má nefna að með lögum nr. 157/1998, um breytingu á lögum um stimpilgjald, sem tóku gildi 1. janúar 1998, var kveðið á um að afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands að og frá landinu eða milli hafna erlendis, skuli vera stimpilfrjáls.

Á sl. hausti lagði ég fram frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, sem heimila þurrleiguskráningu kaupskipa. Það frumvarp er nú orðið að lögum og tóku þau gildi 1. janúar sl. Ég geri mér vonir um að í framhaldi af þeim lögum muni fleiri farskip verða skráð á íslenska skipaskrá. Öll rök hníga að því að halda skráningu kaupskipa í landinu.

Ísland er eyríki og yfir 95% af vörum til og frá landinu eru flutt með skipum. Fjölmörg störf í landi krefjast góðrar skipstjórnarreynslu og leiðsaga skipa, skipaskoðun, skipamiðlun og fleira og fleira sem tengist þessu er mikilvægur þáttur í okkar atvinnulífi.

Ég hef falið fulltrúum frá samgrn., fjmrn. og Siglingastofnun að skoða til hvaða fleiri aðgerða væri hægt að grípa til þess að fleiri kaupskip verði skráð á íslenska skipaskrá, t.d. hvort rétt sé að setja á fót hér á landi alþjóðlega skipaskrá og að því er nú unnið.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

80. FUNDUR

fimmtudaginn 1. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Kristnihátíðarsjóðs, skv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Kristnihátíðarsjóð.

2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.

3. Hlutafélög, frv., 148. mál, þskj. 148. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 120. mál, þskj. 120, nál. 728 og 799. — 2. umr.

5. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313, nál. 752 og 801. — 2. umr.

6. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 175. mál, þskj. 182, nál. 733, brtt. 734. — 2. umr.

7. Samvinnufélög (innlánsdeildir), stjfrv., 449. mál, þskj. 717. — 1. umr.

8. Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), stjfrv., 448. mál, þskj. 716. — 1. umr.

9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 481. mál, þskj. 767. — 1. umr.

10. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

11. Vátryggingarsamningar, frv., 460. mál, þskj. 735. — 1. umr.

12. Útboðsstefna ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, þáltill., 487. mál, þskj. 773. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjala:
Almannatryggingar, 502. mál, frv. ÞBack, þskj. 789.
Eftirlit með útlendingum, 284. mál, nál. minni hluta allsh., þskj. 801.
Forvarnir, 508. mál, fsp. RG, þskj. 795.
Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, 507. mál, fsp. RG og SJóh, þskj. 794.
Hönnunarréttur, 505. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 792.
Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 510. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 800.
Landmælingar Íslands, 509. mál, fsp. GHall, þskj. 796.
Mat á umhverfisáhrifum, 506. mál, fsp. ÞBack, þskj. 793.
Rekstur Ríkisútvarpsins, 503. mál, þáltill. SvH, þskj. 790.
Stjórn fiskveiða, 120. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 799.
Tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum, 359. mál, svar félmrh., þskj. 753.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):
Gert er ráð fyrir því að strax að loknu matarhléi, kl. 13.30, verði atkvæðagreiðslur og kosningar samkvæmt dagskrá.
Að atkvæðagreiðslum og kosningum loknum fer fram umræða utan dagskrár um stöðu almenningsþjónustu á landsbyggðinni. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason en hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (tegundartilfærsla). — Þskj. 120, nál. 728 og 799.

[10:35]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 728 vegna 120. máls, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Með frumvarpinu er lagt til að heimild til svokallaðrar tegundartilfærslu verði þrengd. Í tegundartilfærslu samkvæmt gildandi lögum felst að heimilt er að veiða yfir aflamark í tiltekinni tegund botnfisks allt að 5% af heildarverðmæti botnfisksaflamarks, enda skerðist aflamark í öðrum tegundum botnfisks hlutfallslega miðað við reiknað verðmæti tegundanna. Upphaflegur tilgangur með slíku ákvæði var sá að skapa sveigjanleika í kerfinu og þannig höfum við heyrt það í gegnum tíðina að menn hafa verið að tala um þetta mál út frá þeim sjónarhóli þannig að síður kæmi til brottkasts þegar fisktegund fengist sem viðkomandi bátur hefði ekki aflamark í. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið sú að heimildin hefur fyrst og fremst verið nýtt til að auka afla í eftirsóknarverðari tegundum og draga úr veiði á öðrum. Því er lagt til í frumvarpinu að heimildin verði takmörkuð frá því sem nú er þannig að aldrei verði heimilt að breyta meira en sem nemur 2% af heildarbotnfiskskvótanum í hverja tegund. Eftir standa 3% sem nýtast í hinum upprunalega tilgangi ákvæðisins sem er að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að meðafla sé síður hent þegar fisktegund veiðist sem ekki er aflamark fyrir.
Meiri hluti sjútvn. vill vekja athygli á að núgildandi reglur um tegundartilfærslu hafa leitt til þess að fiskverkendur hafa lent í erfiðleikum með að verða sér úti um hráefni úr tilteknum tegundum þegar sú staða hefur verið uppi að tegundartilfærsla hefur verið nýtt til þess að breyta í verðmeiri tegundir og menn hafa þá verið uppiskroppa með aðrar tegundir. Í þessu dæmi hafa verið nefndar ýmsar flatfisktegundir og þar kom fram í máli eins þeirra gesta sem heimsótti sjútvn. að þetta hefði þegar valdið ýmsum erfiðleikum, sérstaklega við flatfiskvinnslu, t.d. á Suðurnesjum af þessum orsökum.
Í töflu í fskj. sem Fiskistofa hefur tekið saman að beiðni nefndarinnar kemur þetta vel fram. Þar sést að tegundartilfærsla í einstökum tegundum hefur numið allt að 60,5% af úthlutuðu aflamarki á þessu ári. Augljóst er að þetta er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang sem var tryggja tiltekinn sveigjanleika í kerfinu og annað ekki.
Þar sem liðið er á fiskveiðiárið og margir einstaklingar og lögaðilar sem stunda útgerð hafa gert ráðstafanir í samræmi við gildandi lög leggur meiri hlutinn til að frumvarpið taki gildi um næstu fiskveiðiáramót en upphaflega frv. gerði ráð fyrir því að lögin öðluðust þegar gildi.
Meiri hlutinn leggur síðan til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef þegar gert grein fyrir.
Fjarverandi við þessa afgreiðslu málsins voru hv. þm. Hjálmar Árnason og Árni R. Árnason. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara en aðrir þingmenn sem undir álitið skrifa án fyrirvara eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson og Kristinn H. Gunnarsson.

[10:39]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):
Herra forseti. Hér er verið að ræða mál sem hefur verið kallað tegundartilfærslan innan stjórnkerfis fiskveiðanna og byggist á heimildum sem eru í 10. gr. laganna. Þetta ákvæði hefur verið talsvert umdeilt á undanförnum árum og ég hygg að deilur um það atriði sem málið hefur snúist um hafi frekar vaxið eða skerpst heldur en hitt. Þess vegna var það að ég lagði fram frv. á sínum tíma í hv. Alþingi um að afnema tegundartilfærsluna, en jafnframt yrði sett inn ákvæði um það að menn mættu veiða fram fyrir sig eða veiða innan ársins og það yrði svo tekið af úthlutun kvótanna árið á eftir hjá viðkomandi útgerð.
Ég lagði til á sínum tíma að þetta ákvæði væri 2%. Út af fyrir sig má kannski segja að það hafi verið nokkuð þröng tillaga og hefði verið eðlilegt að hafa hana kannski eitthvað hærri, enda bjóst ég við að í meðförum sjútvn., ef af yrði, þá yrði það tekið fyrir. Hins vegar var málið afgreitt með

þeim hætti á sínum tíma að það var rætt í hv. Alþingi og vísað til sjútvn. sem vísaði málinu áfram til ríkisstjórnarinnar með sérstöku nefndaráliti. Þetta er nefndarálit frá 125. löggjafarþingi og það hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Nefndin [þ.e. sjútvn.] hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands" o.s.frv. Síðan eru talin upp nokkur samtök sem ég ætla að sleppa að lesa upp.

Með frumvarpinu er stefnt að því" — þ.e. frv. sem þá var lagt fram af þeim sem hér stendur — „að taka á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum undanfarin ár. Segir í greinargerð að útgerðir hafi í reynd búið sér til kvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund með slíkum tilfærslum og hafi það t.d. leitt til þess að árum saman hafi verið meira veitt af karfa en úthlutað hefur verið af þeirri fisktegund.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því og telur að tegundatilfærslur eins og þær hafa verið tíðkaðar gangi gegn markmiði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um vernd og uppbyggingu fiskstofna.

Nefndin leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og leggur áherslu á að það komi til sérstakrar athugunar við þá heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir."

Undir þetta nefndarálit skrifuðu hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Jóhann Ársælsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Þannig var málið sem sagt afgreitt í hv. Alþingi og það frv. sem við ræðum hér nú er svo tilkomið vegna þess að þessi samþykkt var gerð hér í hv. þingi og það frv. sem við ræðum núna á þskj. 120, 120. mál, er um breytingu á 10. gr. og tekur þar verulegum breytingum frá þeirri stefnumótun sem lagt var upp með. Tel ég þá rétt áður en ég held lengra í máli mínu að gera grein fyrir því minnihlutaáliti sem ég samdi um þetta mál.

Það er álit minni hluta að þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpi sjávarútvegsráðherra, og meiri hluti nefndarinnar mælir með, nái ekki því markmiði að stöðva sjálftöku á kvótum sem mest eru nýttir af stærstu og öflugustu fiskiskipum flotans, frystitogurunum. Samkvæmt frumvarpinu verður áfram hægt að nýta sér tegundartilfærslu og ekki verður komið í veg fyrir að stórútgerðin safni til sín verðlitlum kvótategundum, t.d. sandkola og skrápflúru, geymi þær síðan hjá sér og breyti yfir í verðmeiri fisktegundir þegar það hentar vegna verðs og skorts á kvótum. Karfi og grálúða hafa verið þær fisktegundir sem mest hefur verið breytt í á undanförnum árum og hefur oft verið veitt 10–15% umfram leyfðan afla í þeim tegundum. Á síðasta fiskveiðiári, 1999–2000, var rúmlega 60% af sandkolakvótanum breytt í aðrar fisktegundir og tæpum 46% af skrápflúrukvótanum ásamt 16% af steinbítskvótanum. Alls voru 9.768 tonn notuð í breytingar sem gáfu 1.779 tonn af karfa, 1.505 tonn af grálúðu, 711 tonn af skarkola og 693 tonn af ýsu eftir tegundarbreytingar útgerðanna.

Nefndin tók á 125. löggjafarþingi heils hugar undir sjónarmið sem fram komu í frv. sem flutt var af undirrituðum og samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar með þeim orðum að „tegundartilfærslur eins og þær hafa verið túlkaðar gengju gegn markmiði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um vernd og uppbyggingu fiskstofna".

Frv. sem undirritaður flutti á 125. löggjafarþingi fól í sér að tegundartilfærsla yrði afnumin. Í staðinn yrði leyft að veiða umfram úthlutun enda yrði þá fært til baka af næsta árs úthlutun í sömu fisktegund og veitt var umfram af fiskveiðiárinu á undan. Í frv. var gerð tillaga um 2%. Vel kann að vera að það hafi verið of þröng heimild og þau 5% sem nú er kveðið á um í 1. mgr. 10. gr. laganna hefðu mátt standa, enda væri þá tegundartilfærslan felld niður með verðmætastuðlum einstakra fisktegunda sem í lögunum eru og meiri hlutinn vill enn þá hafa í lögunum.

Tillaga meiri hlutans er spor í þá átt sem lögð var til en nær ekki því markmiði að stöðva upptöku á kvótum annarra fisktegunda sem strandveiðiflotinn í aflamarkskerfinu gæti þá e.t.v. nýtt sér. Frv. stöðvar ekki heldur sjálftöku kvóta yfir í karfa og grálúðu sem fyrst og fremst færist yfir til frystiskipaflotans. Breytingin í frv. sjútvrh. nær því ekki þeim markmiðum sem að var stefnt en er í besta falli lítið skref á þeirri leið að afnema tegundartilfærslu.

Nú tel ég rétt að gera aðeins nánar grein fyrir því hvað þessi tegundartilfærsla hefur haft að segja á undanförnum árum og ætla ég að láta mér nægja að fara yfir tvö fiskveiðiár, þ.e. fiskveiðiárið 1999–2000 sem ég rakti að nokkru leyti áðan. Þá kemur í ljós að fisktegundir eins og sandkoli og skrápflúra hafa að meiri hluta til verið veiddar af strandveiðiflotanum ef það er hægt að kalla hann svo, þ.e. skipum sem stunda veiðar nær ströndinni og jafnvel inni á flóum og fjörðum eins og í Faxaflóa. Þessir kvótar sem settir voru á fyrir nokkrum árum — þessar fisktegundir voru ekki inni í kvóta fyrr en árið 1997, fiskveiðiárið 1997–1998 þegar þær voru teknar inn í kvóta.

Síðan kemur í ljós að á þeim tveimur fiskveiðiárum, sem ég ætla að taka til viðmiðunar, hafa þessar fisktegundir, sandkoli og skrápflúra, verið notaðar að stórum hluta til í tegundartilfærsluna. Ég hef þegar minnst á árið 1999 þar sem rúmlega 60% af sandkolakvótanum voru notuð til að framleiða karfa og grálúðu að mestu leyti eða 4.232 tonn sem voru notuð í tegundartilfærslu af 7.000 tonna heildarkvóta viðkomandi tegunda. Síðan voru af skrápflúrunni notuð 2.280 tonn af 5.000 tonna heildarkvóta. Þarna erum við að tala um tæpan helming og vel rúmlegan helming af heildarkvóta tveggja fisktegunda sem eru eingöngu notaðar til að framleiða aðrar fisktegundir. Þetta er auðvitað allt löglegt. Þetta er eins og kerfið er byggt upp en ég tel eftir sem áður að þetta sé afar óeðlileg þróun.

Það kom greinilega fram í starfi okkar í sjútvn. Það komu menn á fund okkar og fóru nákvælega yfir þessa stöðu, m.a. menn sem voru að sérhæfa sig í vinnslu á fisktegundum eins og sandkola og skrápflúru. Þeir höfðu einfaldlega lent í því að þegar leið á fiskveiðiárið var ófáanlegur kvóti í þessum tegundum sem þeir voru að einbeita sér að vinnslu að vegna þess að menn voru þá búnir að tryggja sér hann annars staðar, festa hann hjá sér á stærri útgerðum sem höfðu rúma tegundartilfærslu vegna þess að þetta er prósentutengt af þeim ígildum sem menn hafa í tegundunum. Þar af leiðandi sátu menn uppi með að lenda í vandræðum með að hafa aflakvóta fyrir þessum tegundum til að halda áfram þeirri vinnslu sem þeir höfðu verið að byggja upp.

Náttúrlega er afar óeðlilegt að svo sé gert í einu fiskveiðistjórnarkerfi í viðbót við allt annað sem menn hafa verið að gagnrýna og á mjög mikinn rétt á sér í þeim málflutningi sem menn hafa verið að fjalla um varðandi fiskveiðistjórnarkerfið, að það skuli til viðbótar vera þannig að fisktegundir

sem að meiri hluta til halda sig svo nærri landinu og jafnvel inni á algerri grunnslóð skuli vera notaðar, settar í kvóta fyrir þremur fiskveiðiárum og svo skuli helmingurinn af þeim notaður til að framleiða sérstaka kvóta sem eru veiddir af stærstu fiskiskipum landsins á dýpstu miðunum, annars vegar í karfa og hins vegar í grálúðu niður á jafnvel 700 faðma dýpi. Þetta var aldrei tilgangurinn með því að tína þessar fisktegundir inn í kvóta og sýnir það einfaldlega að sú regla að menn geti notað innfjarða- og strandveiðitegundir eins og flatfiskana og að helmingi til til þess að framleiða aðrar tegundir er algerlega óeðlilegt. Þess vegna hefði verið eðlilegt að mínu viti að afnema þetta að fullu og leyfa þá viðkomandi útgerðum sem hafa aflaheimildir að veiða fram fyrir sig enda gengi það þá til baka árið á eftir af þeim aflaheimildum sem skipið fengi úthlutað.

Það hefði náttúrlega þurft að skoða það að þegar fisktegundir veiðast ekki ár eftir ár og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar heldur áfram að vera helmingi meiri en veiði þá hljótum við venjulegir leikmenn að áætla að slík fisktegund hafi ekkert inn í kvóta að gera. Ef það er skoðun Hafrannsóknastofnunar að kvótarnir megi vera þetta rúmir og það er sem sagt lagt til áfram á milli ára, því að kvótarnir í þessari fisktegund hafa verið óbreyttir frá því að þessar fisktegundir voru teknar inn í kvóta á fiskveiðiárinu 1997–1998, þ.e. annars vegar 7 þús. tonn í sandkola og hins vegar 5 þús. tonn í skrápflúru, ef það er svo að fiskifræðingar meta að þetta sé sú veiði sem stofnarnir þola er náttúrlega algerlega óeðlilegt. Í fyrsta lagi að hafa þessar tegundir inni í kvóta því að þær þurfa þá ekkert að vera þar. Þá væri æskilegt að menn hefðu frelsi til að veiða þessar tegundir ef þetta er staðreyndin að svona mikinn afla megi veiða úr þessum tegundum og við getum alls ekki markað annað þegar tillögurnar eru eins þrjú ár í röð. Þetta getur varla verið nein tilviljun eða neitt sem menn hafa misstigið sig á að leggja til óbreytta kvótastöðu í þessum fisktegundum þrjú ár í röð, þá ætti það að koma verulega til skoðunar að slíkar fisktegundir ættu alls ekki heima inni í kvótanum.

Þetta sjónarmið á auðvitað við um fleiri fisktegundir sem hafa reyndar á undanförnum árum verið notaðar sífellt í tegundartilfærslur. Þar getum við byrjað á hinni virðulegu fisktegund, steinbítnum, sem hefur löngum verið fisktegund sem Vestfirðingar hafa veitt meira en aðrir. Kvótarnir þar hafa verið á undanförnum árum 13 þús. tonn a.m.k. síðustu fjögur fiskveiðiár og ég held að sú fisktegund hafi ævinlega verið notuð í tegundartilfærslur.

Á síðustu tveimur fiskveiðiárum hefur verið notað af steinbítnum, sem var úthlutað 13 þús. tonnum í, tæp 3 þús. tonn á fiskveiðiárinu 1998–1999 í þessa tegundartilfærslu og rúm 2 þús. tonn á fiskveiðiárinu 1999–2000. Þessi fisktegund, steinbíturinn, er m.a. ein af þeim fisktegundum sem menn rífast nú um í smábátakerfinu og vilja fá að hafa frjálsar. Samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar hefur ekki veiðst upp í þessa fisktegund á undanförnum árum og ekki sýnilegt þess vegna hvers vegna fisktegundin ætti heima sérstaklega inni í kvótakerfinu. Allra síst ætti það að vera bundið í lögum um veiðar smábáta eins og nú er að steinbíturinn skuli inn í kvóta 1. september nk. þrátt fyrir það að tegundin hafi ekki veiðst að mörkum sínum undanfarin ár, þrátt fyrir það að Hafrannsóknastofnunin hafi haldið áfram að leggja til sömu kvóta og þrátt fyrir að í skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem gefin var út sl. vor komi ekkert fram, ekki ein einasta vísbending um að steinbíturinn sé í nokkurri hættu. Frekar allt á hinn veginn að steinbíturinn standi vel og það sé góð nýliðun og engin ástæða til þess að hafa sérstakar áhyggjur af þeirri fisktegund. Hún hefur samt verið notuð sem sérstök bankabók í tegundartilfærslu við að breyta og búa til fisktegundir eins og karfa og grálúðu sem menn hafa a.m.k. á undanförnum árum varðandi karfann verið frekar svartsýnir á að væri frekar ofnýttur en hitt. Fram að árinu 1998 gekk líka illa að veiða grálúðu og mönnum bar saman um að sá niðurskurður sem var gerður á grálúðunni á sínum tíma væri eðlilegur og reyndar höfðu fiskiskipstjórar lagt það til í nokkur ár áður en það var gert. En með sama hætti lögðu fiskiskipstjórar til að grálúðukvótinn væri aukinn eftir árið 1998. Í fyrra var síðan orðið við því í fyrsta sinn.

Steinbíturinn hefur sem sagt verið notaður til að auka veiði á þessum tveimur fisktegundum. Það er fyrst og fremst togaraflotinn sem nýtir karfastofninn og grálúðustofninn og að stærstum hluta frystitogaraflotinn og verður að telja það eðlilegt því að ég dreg í efa að mörg önnur fiskiskip geri meiri verðmæti úr þeim tegundum en t.d. frystitogaraflotinn hefur gert á undanförnum árum enda eru þetta djúpsjávartegundir og eðlilegt að frystitogaraflotinn beiti sér meira að þeim tegundum en kannski öðrum. Það var í raun og veru hugsunin varðandi skrapdagakerfið á sínum tíma þegar menn takmörkuðu veiðar í þorsk, hvert voru menn þá að ýta togurnum? Jú, þeir voru að ýta þeim út í karfann. Það var beinlínis tilgangur lagasetningarinnar með skrapdagakerfinu á sínum tíma að fækka veiðidögum í þorski til þess að fullnýta karfann sem þjóðverjar voru þá að hverfa frá þegar þeir hurfu af miðunum upp úr 1977.

Auðvitað tókst prýðilega að veiða upp þessar fisktegundir og svo mjög að við höfum sjálfir með okkar öfluga flota gengið kannski heldur hart þar um garða. Þetta veit ég að menn muna en stundum hefur verið talað um að skrapdagakerfið hafi ekki náð markmiðum sínum en það náði einmitt þeim markmiðum að nýta togaraflotann til þess að fullnýta karfann og grálúðuna. Það var einn megintilgangur þess að færa togaraflotann í þær tegundir sem hann á vissulega að hafa forgang að til að nýta og hefur reyndar haft það í mörg ár og sennilega þær fisktegundir sem ekki er mikill ágreiningur um að togaraflotinn hafi forgang að til framtíðar að veiða karfann og grálúðuna ásamt fleiri djúpsjávarstofnum. Það er svo meiri ágreiningur um það hvort flotinn á að veiða tegundir sem liggja nær landinu og þess vegna er alveg sérstaklega ámælisvert að þær tegundir sem eru í raun og veru svokallaðar strandveiðitegundir eins og sandkoli, skrápflúra, steinbítur skuli svo vera settar í sérstaka bankabók sem stórútgerðir geta tekið út úr og safnað til sín kvótum jafnvel svo að þeir sem vinnsluna stunda á umræddum tegundum nái ekki til sín kvótum í lok fiskveiðiársins og þessi viðhorf komu m.a. fram í sjútvn.

Ein fisktegundin enn hefur reyndar mikið verið notuð í tegundartilfærslu. Það er ufsinn sem hefur á undanförnum árum þrátt fyrir litla kvóta verið notaður, yfirleitt um 1 þús. tonn af honum, til þess að framleiða aðrar fisktegundir. Þetta kemur allt fram á fylgiskjali með áliti meiri hlutans sem er fylgiskjal sem Fiskistofa hefur unnið upp miðað við 27. nóv. 2000 og þar sést þróunin alveg frá árinu 1992–1993. Ég ætla ekki að rekja það allt. Ég gerði það þegar ég mælti fyrir frv. fyrir rúmlega ári um tegundartilfærsluna og fór yfir þetta mál mjög gaumgæfilega hvernig tegundartilfærslan hefði verið notuð á undanförnum árum og áratugum.

Þau rök standa í raun og veru öll við flutning málsins hér

og benda eindregið til þess að sú tegundartilfærsla sem er í lögunum sé óþörf og það sem meira er, hún sé óeðlileg og hafi verið misnotuð. Nú er kannski hægt að segja sem svo: Hvernig fara menn að því að misnota lög ef lögin heimila framsetninguna? Vissulega er alveg rétt að þetta ákvæði er í lögunum og útgerðin er ekki að gera annað en fara að þeim lögum. En það breytir ekki því að ég held að flestallir sem hafa skoðað þessi mál hafi á seinni árum litið svo á að tegundartilfærslan væri í raun og veru lagaákvæði sem gæfi kost á því að misfara með þann tilgang sem lögin kveða á um. Þess vegna held ég að mjög eðlilegt sé að tryggja að í framtíðinni verði fisktegundir sem ekkert hafa inni í kvótakerfinu að gera fari þaðan út en séu ekki einhver bankabók sem stórútgerðin tekur til sín. Þegar ekki lítur út fyrir að fisktegundin veiðist nái þeir að safna þessu til sín og noti síðan í restina á fiskveiðiárinu vegna þess að þeir séu þá búnir með aðrar fisktegundir. Þá gengur reglan einfaldlega þannig að þá gengur á þau þorskígildi sem menn eiga eftir og þar af leiðandi breytast tegundirnar sjálfkrafa í þær fisktegundir sem menn vilja sækja í.

Í áliti meiri hlutans og í frv. er reyndar eins og ég sagði áðan tekið á þessu að litlu leyti þannig að tegundartilfærslan mun sjálfsagt dreifast yfir á fleiri fisktegundir en verið hefur en það er sjónarmið mitt að þær fisktegundir sem notaðar hafa verið í þetta á undanförnum árum hafi verið misnotaðar og að óeðlilegt sé að svona ákvæði séu í lögunum. Þess vegna er niðurstaða mín að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls þegar greidd verða atkvæði um það.

Ég tel hins vegar að það sem verið er að gera sé örlítið spor í áttina en nái ekki þeim markmiðum sem ég hefði viljað sjá við þá lagfæringu sem hér er borin fram.

Ég held að ég hafi, herra forseti, fært nokkuð góð rök fyrir því hvers vegna ég tel ekki nógu langt gengið. En auðvitað er frv. nákvæmlega í anda hæstv. sjútvrh. sem ætlar að gera sáralitlar eða engar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

[11:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir nál. með meiri hlutanum með fyrirvara og það gerði hv. þm. Samfylkingarinnar Svanfríður Jónasdóttir líka. Ég get tekið undir nánast allt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan um þetta mál en hins vegar lít ég þannig á að það sé þó spor í rétta átt að draga úr þessu. Ég hef haft þá skoðun að það ætti að leggja af þá aðferð sem þarna hefur verið viðhöfð en það hefur ekki orðið niðurstaðan. Meiri hlutinn er ekki tilbúinn til þess að ganga það langt en er þó tilbúinn til þess að taka skref í áttina.

Ég átta mig ekki almennilega á því hvers vegna menn eru að halda í þessa heimskulegu aðferð við það að breyta einni fisktegund í aðra. Þetta hefur ekki orðið til þess að koma í veg fyrir brottkast ef það hefur verið tilgangurinn. Við sjáum það, eða ég a.m.k. lít þannig á, að þegar þessi ákvæði urðu til hafi menn fyrst og fremst verið uppteknir af því að einstaklingar í útgerð gætu nýtt sér aflaheimildirnar sem þeir ættu sjálfir til þess að leggja þær á móti einhverjum umframafla í öðrum tegundum sem þeir ættu líka sjálfir. En síðan þegar frjálsa framsalið hóf göngu sína í þessu kerfi, breyttist allt umhverfið og þá mynduðust þessir möguleikar að safna tegundum og breyta þeim í aðrar, bókstaflega í þeim tilgangi að græða á þeim fjármuni en ekki eins og upphaflegi tilgangurinn var að koma í veg fyrir brottkast og auðvelda útgerðum að lifa við kvótakerfið án þess að þurfa að standa í einhverjum vandamálum sem því fylgdu vegna skorts á kvótum. Þannig er umhverfið ekki það sama í dag og það var þegar menn tóku þessar ákvarðanir.

Það hefur komið í ljós, og var farið mjög vandlega yfir það áðan, hvernig þetta hefur virkað og jafnvel eru dæmi um það að einstakar tegundir séu ekki veiddar ár eftir ár nema að litlu leyti, kannski ekki nema tæpur helmingur veiddur af þeim kvóta sem Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að sé nýttur úr þessum tegundum og það segir sína sögu um það hversu heimskulegt þetta fyrirkomulag er.

En eins og ég sagði er það þó til bóta sem þarna er verið að gera. Það er dregið verulega úr möguleikunum til þess að þetta hafi áhrif á einstakar tegundir með því að lækka það hámark sem hægt er að nýta sér í þessum tegundartilfærslum.

En kannski hefði verið ástæða til þess nú, vegna þess að hér hafa ekki oft verið umræður í vetur um sjávarútvegsmál og samt á eitthvað mikið að vera að gerast í þeim málum, að menn ræddu m.a. brottkastið í tengslum við þessa umræðu einfaldlega vegna þess að á sínum tíma var það ein af aðalforsendunum fyrir þessari tegundartilfærslu að koma í veg fyrir brottkast. Eins og ég sagði áðan hefur það sýnt sig að það hefur ekki skipt verulegu máli í því sambandi og annað óhagræði hefur síðan fylgt. En hæstv. ríkisstjórn með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar virðist ekki hafa miklar áhyggjur af þessum málum. Við höfum einungis séð eitt mál í vetur sem er ætlað að taka á brottkasti og það mál mun ekki skipta neinum sköpum hvað varðar brottkast að mínu viti. Við höfum tekið þá umræðu áður, en það hefur komið í ljós síðan við tókum þá umræðu í hv. Alþingi það sem við sum hver sögðum þá, að það hefði lítil áhrif, og sú refsingaaðferð sem þarna væri uppi höfð mundi aldrei ganga.

Það hefur komið fram í þeirri umræðu ákveðin vísbending um að vandamálin muni halda áfram að verða fyrir hendi hvað það varðar að hægt sé að nota þessar refsileiðir. Ég ætla að vitna í fréttir úr sjónvarpinu frá 15. febrúar sl. en þar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Embætti ríkislögreglustjóra hefur hætt rannsókn á meintu brottkasti 15 útgerða sem Fiskistofa kærði síðasta sumar þar sem talið er að kærurnar eigi ekki við rök að styðjast. Fiskistofa hefur heimild til að halda áfram með málið hjá ríkissaksóknara.“

Síðan segir: „Það var um mitt síðasta ár sem Fiskistofa kærði 15 útgerðir á Vestfjörðum og Snæfellsnesi fyrir brottkast á grundvelli mælinga á aflasamsetningu. Sýslumennirnir á Patreksfirði og í Stykkishólmi vísuðu málinu áfram til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Mælingar fiskeftirlitsmanna á þriggja mánaða tímabili í fyrra sýndu mikinn mun á stærð afla á viðkomandi bátum eftir því hvort fiskeftirlitsmaður frá Fiskistofu væri um borð. Fiskistofa óskaði þá eftir skýringum útgerðanna á þessum stærðarmun.“

Þetta var nákvæmlega aðalatriðið á bak við tillögur hæstv. ráðherra sem voru samþykktar í haust eða í vetur, að athuganir af þessu tagi gætu gefið Fiskistofu færi á því að stöðva þetta af. Það yrði hægt að beita refsiákvæðum á grundvelli slíkra athugana.

Og áfram úr þessari frétt, með leyfi hæstv. forseta, og þá er vitnað í Þórð Ásgeirsson fiskistofustjóra: „Skýringarnar voru nú auðvitað eitthvað mismunandi en flestar á þann veg að það væri ekkert hægt að draga neinar ályktanir um brottkast út frá þessum gögnum því að menn gætu fengið stóran fisk í dag og lítinn fisk á morgun þó á sömu slóðinni sé. En

okkur fannst nú þessar skýringar ekki mjög trúverðugar." — Þetta sagði Þórður Ásgeirsson, fulltrúi Fiskistofu.

Og ef ég les áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Í bréfi sem ríkislögreglustjóraembættið sendi Fiskistofu segir að ekki þyki grundvöllur fyrir frekari rannsókn vegna skorts á sönnunum. Í kæru sinni til sýslumanna óskaði Fiskistofa eftir að forsvarsmenn viðkomandi útgerða, skipstjórar og áhafnarmeðlimir úr tilteknum róðrum yrðu yfirheyrðir vegna rannsóknar málsins. Samkvæmt heimildum fréttastofu voru aðeins skipstjórar viðkomandi báta yfirheyrðir. Ríkislögreglustjóri vísar Fiskistofu á að ríkissaksóknari geti mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir telji hann þess þörf. Hjá Fiskistofu hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort málinu verður skotið þangað." — Ég veit ekki til að það hafi verið gert enn þá.

Ég er að draga þetta inn í umræðuna, hæstv. forseti, vegna þess að það bólar ekki á neinum nýjum aðferðum eða aðgerðum af hendi hæstv. sjútvrh. til að taka á þessu stóra vandamáli. Hér er komin fram mjög skýr vísbending um það að þær aðferðir sem hæstv. ráðherra ætlaði að viðhafa með þeim breytingum á lögum sem voru gerðar í vetur muni ganga erfiðlega að nota til þess að koma í veg fyrir brottkast. Það kemur mér að vísu ekki á óvart vegna þess að ég hafði aldrei trú á því að það yrði nothæfur farvegur sem þarna var ákveðið að fara. En það er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort þær upplýsingar sem þarna liggja fyrir um þetta gagnsleysi — og ég minni á það að ég bar fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. í vetur um það hve margir hefðu verið ákærðir og hve margir hefðu verið dæmdir á grundvelli gildandi laga um umgengni sjávar. Og niðurstaðan var sú að það höfðu 19 verið ákærðir áður en þetta kom til og það hafði enginn verið dæmdur. Hæstv. ráðherra ætlar samt að halda áfram refsileiðina. Það væri gaman að hafa hann til svara í dag til þess að ræða þetta mál og hvort hann hafi einhverjar nýjar lausnir í pokahorninu til að taka á þessum vandamálum.

Það er ekki þannig að þetta vandamál sé bundið við Ísland. Við höfum sífelldar fréttir frá öðrum löndum í kringum okkur þar sem það er að koma á daginn að gífurlegu magni af afla er fleygt í sjóinn vegna kvótakerfa sem eru í gangi. Þess vegna er full ástæða til að fara yfir það hvort einhver ráð önnur séu til staðar sem hægt væri að grípa til, vegna þess að það fyrirkomulag sem við erum að ræða hér að skipta á tegundum var einu sinni hugsað í þessum tilgangi, aðferðirnar sem hæstv. ráðherra er að nýta núna með auknum mannskap á vegum Fiskistofu um borð í fiskiskipin og síðan þá hvað til viðbótar gæti komið. Ég vona satt að segja að sú hugmynd sem oftast hefur verið hreyft með tillöguflutningi hér á Alþingi, eftir því sem ég best veit, að leyfa löndun á afla utan kvóta eftir tilteknum reglum, verði skoðuð til hlítar og að menn geri gangskör að því að fá á hreint hvað þetta vandamál er stórt með því að samþykkja slíka tillögu á hv. Alþingi. Það liggur fyrir þinginu tillaga af þessu tagi í tveimur eða þremur þingmálum og lá í fyrravetur fyrir þinginu í a.m.k. þremur þingmálum. Alltaf af sama tagi. Tillaga flutt af fjölmörgum þingmönnum, aftur í tímann líka, um það að skipstjórar eða útgerðarmenn geti valið þann kost að landa afla utan kvóta.

Ég segi eins og er að ég tel ástæðu til að nefna þetta hér einfaldlega vegna þess að ég tel að ástæða sé til að ætla að það sé meiri hluti fyrir því á hv. Alþingi að gera þessa tilraun, fara þessa leið, a.m.k. tímabundið til þess að sjá hver stærð vandamálsins er og geta þá á grundvelli upplýsinga sem hægt er að treysta tekið ákvörðun um það hvort slíkt fyrirkomulag yrði notað til frambúðar. Það er alla vega engu hætt í þessu sambandi. Það er engu að tapa. Það eina sem getur gerst er það að við fáum meiri afla á land sem annars væri fleygt í sjóinn og það getur ekki verið neitt stór skaði skeður þó að sá afli kæmi á land ef hann er til staðar, eins og við mörgum teljum að sé.

Hæstv. forseti. Ég ætla að víkja að þessu máli aftur fáum orðum. Ég vil bara að það liggi alveg skýrt fyrir að ég er ekki fylgjandi því fyrirkomulagi sem hér er til staðar. Ég tel hins vegar að það sé spor í rétta átt að draga úr þessu fyrst menn eru ekki tilbúnir að leggja það af og það muni alla vega koma í veg fyrir það að ýmsar útgerðir haldi þeim leik áfram að safna til sín tegundum í þeim eina tilgangi að græða á því og koma þannig í veg fyrir að einstakir kvótar séu nýttir og að auðlindin sé nýtt með þeim hætti sem skynsamlegast er að mati fiskifræðinga. Þetta er auðvitað fráleitt fyrirkomulag og ég vona satt að segja að þessi umræða og umfjöllun verði til þess að það renni upp fyrir fleirum að auðvitað á að leggja þetta af. En, hæstv. forseti, það er þó skárra að draga úr þessu heldur en að hafa það eins og það hefur verið.

[11:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tegundartilfærsla eins og hefur komið fram hjá mörgum hefur um árabil verið misnotuð. Hún hefur ekki verið framkvæmd á þeim grunni sem til stóð, þ.e. að menn gætu í vissum tilfellum farið yfir í aðrar tegundir og átt sveigjanleika þar til þess að þurfa ekki að kasta afla fyrir borð. En eins og komið hefur fram í umræðunni hefur sá sveigjanleiki sem gefinn hefur verið í tegundartilfærslunni að langmestu leyti verið notaður til þess að búa til veiðiheimildir í aðrar tegundir og þá hafa sérstaklega verið nefnd til sögunnar karfinn og grálúðan sem hefur síðan leitt til þess að miklu meira hefur verið veitt úr þessum tegundum báðum og er sérstaklega karfinn nú kominn á hættumörk.

Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að afli hefur ekki náðst í veigamiklum tegundum og nú á tímum dýrum tegundum sem markaðurinn kallar eftir. Það eru flatfiskarnir sem þar um ræðir en tegundartilfærslan hefur leitt til þess að ekki hefur verið notaður nema u.þ.b. helmingurinn af þeim kvóta sem gefinn hefur verið út í tegundum eins og sandkola og skrápflúru. Þetta er náttúrlega afleit staða, að vegna einhvers kerfis, sem í þessu tilfelli er kerfið um tegundartilfærslu, sem býður upp á að breytt sé yfir í aðrar tegundir, þá náist ekki til vinnslu stórar og þýðingarmiklar og verðmætar tegundir sem eru dýrmætar fyrir útflutninginn og vinnsluna.

Ég vil taka það skýrt fram að ég hef efasemdir um að þessi tegundartilfærsla eigi að vera heimil en ég hef þó skrifað undir nál. ásamt meiri hlutanum með fyrirvara og vil hafa fyrirvarann á þessu að ég efast um að það sé réttlætanlegt að vera með tegundartilfærslu. Ég mundi vilja sjá hana falla brott og að gefinn væri út kvóti í tegundirnar hverja fyrir sig án þess að verið væri að gefa möguleika á því að fara þarna á milli. En með þessu frv. er lagt til að heimild til svokallaðrar tegundartilfærslu verði þrengd. Í tegundartilfærslum samkvæmt gildandi lögum felst að heimilt sé að veiða yfir aflamark í tiltekinni tegund botnfisks, allt að 5% af heildarverðmæti botnfisksaflamarks, enda skerðist aflamark

í öðrum tegundum botnfisks hlutfallslega miðað við reiknað verðmæti tegunda þorskígildisstuðla.

Upphaflegur tilgangur með slíku ákvæði var sá að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að síður kæmi til brottkasts þegar fisktegund fengist sem viðkomandi bátur hefði ekki aflamark í. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið sú að heimildin hefur fyrst og fremst verið nýtt til að auka afla í eftirsóknarverðum tegundum og draga úr veiði á öðrum. Þess vegna er með frumvarpinu lagt til að heimildin verði takmörkuð þannig að aldrei verði heimilt að breyta meiru en sem nemur 2% af heildarbotnfiskskvótanum í hverja tegund. Eftir standa 3% sem nýtast í hinum upprunalega tilgangi ákvæðisins sem er að skapa sveigjanleika í kerfinu þannig að meðafla sé síður hent þegar fisktegund veiðist sem ekki er aflamark fyrir.

Virðulegi forseti. Ég vil árétta að ég tel að tillaga í nál. meiri hlutans sem ég hef skrifað undir með fyrirvara sé spor í rétta átt og þess vegna hef ég, miðað við þá stöðu sem uppi er hjá meiri hlutanum varðandi stjórn fiskveiða, talið að það væri rétt að skrifa undir nál. með fyrirvara. Spor í rétta átt segi ég og vil árétta það. Ég tel að við þyrftum að fara á róttækari hátt ofan í þessi mál. Það er náttúrlega forkastanlegt að byggja á kerfi sem leiðir til þess að kvótinn í veigamiklar tegundir, eins og ég kom inn á áðan, nýtist ekki. Það er kerfi sem ekki gengur upp. Það er hins vegar von mín að þessi þrenging niður í 2% leiði til þess að byggt verði á hugmyndinni sem er að baki tegundartilfærslunni, en tegundartilfærslan vegna þessarar þrengingar verði ekki eftir sem áður notuð til þess að misnota, og þá vil ég meina að misnotkunin sé sú að nota þennan sveigjanleika til þess að skapa sér kvóta í öðrum tegundum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með útlendingum, 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313, nál. 752 og 801.

[11:23]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta allshn. í máli nr. 284, um frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum.

Nefndin fékk góða gesti á sinn fund þar sem var farið vel yfir þetta mál og einnig bárust nefndinni þó nokkrar umsagnir.

Með frv. þessu er verið að leggja til breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum sem byggjast m.a. á fyrirhuguðu samstarfi Íslands á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 1990 um það hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópusambandsins. Auk frv. hefur nú verið lögð fyrir Alþingi þáltill. þar sem leitað er heimildar þingsins til fullgildingar samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Samningurinn tekur á stofnanalegum þáttum samstarfs Íslands og Noregs við ESB á sviði Dyflinnarsamningsins. Hann felur í sér að ríkin tvö, Noregur og Ísland, taki yfir og hrindi í framkvæmd öllum ákvæðum Dyflinnarsamningsins utan 16.–22. gr. en þau ákvæði fjalla einvörðungu um hin svokölluðu stofnanalegu atriði er varða samskipti aðildarríkja ESB.

Dyflinnarsamningurinn er prentaður með frv. og fylgir nokkur greinargerð um efni hans og má vísa til þess. Einnig er samningurinn prentaður núna í frv. til laga um útlendinga, en það frv. liggur fyrir í þinginu. Dyflinnarsamningurinn er á milli aðildarríkja ESB. Hann yfirtekur reglur, eins og ég sagði áðan, í Schengen-samningnum um þetta efni. Dyflinnarsamningurinn sem slíkur gildir þannig ekki gagnvart Íslandi og Noregi. Í Brussel-samningnum frá 1999 um aðild þessara ríkja að Schengen-samstarfinu er gert ráð fyrir að samið verði á milli Evrópusambandsins og landanna tveggja, Íslands og Noregs, um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna og er slíkt samkomulag forsenda fyrir þátttöku landanna í Schengen-samstarfinu. Þetta kemur fram bæði í greinargerð með því máli sem við erum að ræða um og síðan í hinu svokallaða stóra máli, þ.e. frv. til laga um útlendinga.

Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma reglur um hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna. Er samningnum ætlað að bæta réttarstöðu þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu með því að tryggja að umsóknir þeirra hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna en verði ekki vísað milli aðildarríkjanna án þess að nokkurt þeirra telji sig bera ábyrgð á meðferð umsóknanna. Í dag væri í rauninni hægt að láta viðkomandi flóttamann hringsóla á milli landa og ekkert ríkjanna bæri ábyrgð á því eða hefði skyldur til þess að taka hælisbeiðni viðkomandi flóttamanns til meðferðar. Ábyrgðin á viðkomandi einstaklingi og beiðni hans samkvæmt Dyflinnarsamningnum verður því hjá því ríki sem ákveður að taka beiðnina til umfjöllunar. Þá er ábyrgðin komin þangað og Dyflinnarsamningurinn kemur ekki í veg fyrir það að hvert aðildarríki geti tekið umsókn til meðferðar ef samþykki umsækjanda liggur fyrir þótt því sé það ekki skylt þannig að hvert aðildarríki getur haft sínar reglur. Það verður alltaf að uppfylla skyldur og þær reglur sem Dyflinnarsamningurinn segir til um, en stjórnvöld í viðkomandi ríki geta tekið umsóknarbeiðnirnar til meðferðar og skoðunar.

Breytingarnar eru eingöngu gerðar til samræmis við meginefni Dyflinnarsamningsins og hreyfa á engan veg við þeim reglum sem gilt hafa um rétt manna til að fá hæli hér á landi. Þau breyta ekki því réttarástandi sem þegar er í gildi. Þá er með frv. bætt við heimild til að miðla til erlendra stjórnvalda þeim upplýsingum um útlendinga sem veita ber samkvæmt samningnum. Það mun vera 15. gr. samningsins, og það tryggir í rauninni ríkari vernd persónuupplýsinga. Gildistaka frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum miðast við 25. mars 2001 en eins og við vitum kemur Schengen-samstarfið til með að taka gildi þá. Sú gildistaka er háð því að þetta Schengen-samstarf komi þá til framkvæmda á öllum Norðurlöndunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Hér er í rauninni verið að bæta við rétt þeirra flóttamanna sem leita hælis innan Evrópusambandsins og einnig innan ríkjanna tveggja, Íslands og Noregs, með Dyflinnarsamningnum, þ.e. ef hann verður að lögum, þannig að eitthvert þessara ríkja verður og er skylt að taka málefni viðkomandi flóttamanns til umfjöllunar.

Herra forseti. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[11:31]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hlutans í því máli sem hér er þegar hafin umræða um, þ.e. litlu frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum.

Eins og hér kom fram í framsöguræðu formanns allshn. gerði hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir ágætlega grein fyrir því umhverfi sem þetta frv. er sett fram til að styrkja. Ég vil taka fram í upphafi máls að við sem stöndum að áliti minni hlutans höfum staðið að Schengen-samstarfinu að fullu en hins vegar höfum við ýmsar athugasemdir að því er varðar þetta tiltekna frv. og þær efnisreglur sem eru lagðar til. Því lýsum við yfir í þessu nál. að við treystum okkur ekki til að bera ábyrgð á því frv. sem hér er komið úr nefnd og til 2. umr. á hinu háa Alþingi.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli þess samnings sem er liður í Schengen-samstarfinu. Í umræðum í nefndinni kom fram að mjög erfitt er að átta sig á því hvaða afleiðingar það hefur að samþykkja ákvæði eins og það sem hér er lagt til að verði bætt við lögin og hljóðar svo: „Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Í nefndinni var þess sérstaklega farið á leit að dómsmálaráðuneytið upplýsti með skriflegri greinargerð til nefndarinnar annars vegar hvað telst fyrsta hælisland og hins vegar hvaða vinnubrögð hafa tíðkast hingað til og hvernig ráðuneytið hugsar sér framhaldið að samþykktu þessu frv. Upplýsingum um þetta var hafnað í nefndinni. Það er því ljóst að minni hlutinn getur ekki tekið á sig þá ábyrgð að standa að samþykkt frv. sem honum hefur verið hafnað um að fá frekari útskýringar á. Til frekari skýringar á því hvað hér er átt við er rétt að vitna til þess sem fram kemur í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands, en þar segir m.a.: „Dyflinnarsamningnum er, eins og fram kemur í greinargerð með frv., ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og koma í veg fyrir að hælisleitendur hringsóli á milli landa án þess að umsókn þeirra hljóti efnislega meðferð.

Við framkvæmd samkomulagsins hefur raunin orðið sú að með beitingu reglunnar sem sett er fram í 3. gr. 5. mgr. eru hælisleitendur sendir til þriðja ríkis sem hefur verið skilgreint sem „öruggt þriðja ríki". Vandkvæðin við beitingu þessa ákvæðis eru þau að skilgreining á því hvað telst „öruggt þriðja ríki" fer ekki eftir neinum tilgreindum reglum og er það því tilviljanakennt og ekki samræmi á milli þess hvað aðildarríkin hafa skilgreint sem „öruggt þriðja ríki". Þetta hefur oft leitt til endursendingar til landa þar sem hælisleitendur fá ekki efnislega umfjöllun um umsókn sína og í sumum tilfellum hefur þetta haft í för með sér að hælisleitendur hafa verið endursendir til lands þar sem þeir hafa sætt ofsóknum og er því brot á banninu við endursendingu sem sett er fram í 33. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna."

Þarna kemur vel fram hversu miklu máli það skiptir hvernig Íslendingar skilgreina sjálfir fyrsta hælisland, hvort um er að ræða farþega sem millilenda eingöngu, transitfarþega, eða hvort um sé að ræða land þar sem viðkomandi hælisleitandi á fyrstu raunhæfu möguleikana á því að leita hælis. Upplýsingar um þetta reyndist ekki unnt að knýja fram á viðunandi hátt að mati minni hlutans og því erfitt fyrir hann að átta sig á því hvaða afleiðingar lögfesting reglna eins og þessarar hefur í för með sér. Með þetta að leiðarljósi vill minni hlutinn ekki bera ábyrgð á lögfestingu þessara reglna.

Virðulegi forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í nál., sem minni hlutinn hefur sent frá sér, þrátt fyrir að ekki séu margar línur í því frv. sem við ræðum hér, þá er það hins vegar þannig að þessi löggjöf er einhvers konar andlit sem við sýnum út í frá þegar hælisleitendur leita hingað til lands. Það er mjög óþægilegt fyrir okkur sem sitjum í minni hlutanum og höfum verið að reyna að afla upplýsinga um það hvernig framkvæmdin er á þessum lögum að hafa ekki fengið þær upplýsingar sem við óskuðum eftir.

Til að mynda var mjög erfitt að fá það fram hverjir möguleikar hælisleitenda til þess að áfrýja ákvörðun um brottflutning til annars ríkis er háttað. Það fengust nánast engin svör við því og það kom líka fram í umfjöllun í nefndinni að mannréttindaskrifstofan hefur t.d. lengi leitað eftir upplýsingum úr ráðuneytinu hvað þetta varðar og ekki orðið neitt ágengt.

Enn fremur er rétt að benda á það, virðulegi forseti, að við þann samning sem hér er vitnað til, þ.e. Dyflinnarsamninginn, hafa verið gerðar talsverðar athugasemdir, þ.e. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur gert við hann talsverðar athugasemdir og óskað eftir því að hann sé framkvæmdur með ákveðnum hætti sem a.m.k. hingað til hefur ekki verið orðið við. Þrátt fyrir það að við sem stöndum að þessu minnihlutaáliti tökum fulla ábyrgð á því samstarfi sem Schengen-samstarfið er eins og við höfum gert hingað til, þá er það einfaldlega þannig, eins og ég sagði í upphafi, að við umfjöllun á þessu frv. kom fram að það er mjög erfitt að átta sig á því hvernig þessi löggjöf verður framkvæmd, hvaða efnisreglur munu verða leiddar af þessari löggjöf og því treystum við okkur ekki til þess að standa að því. Það var einfaldlega þannig í nefndinni að menn treystu sér ekki til að veita okkur þær upplýsingar sem við töldum nauðsynlegar og í því ljósi lýsi ég því yfir að við munum sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

[11:38]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því sem kom fram áðan í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að hann hafi ekki fengið viðhlítandi upplýsingar. Þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem eru í allshn. fengu þessar uppýsingar en þeir fengu þær munnlega.

Þegar í desember var vitað að ætlunin var að afgreiða þetta mál út úr nefnd í desember. Ákveðin umfjöllunaratriði komu upp sem okkur þótti rétt að kanna betur og það var gert undir lok þingsins rétt fyrir jól. Síðan var enn frekar fjallað um þetta mál, m.a. að beiðni minni hlutans, í janúar og ætlunin þá að afgreiða það út úr nefnd, en beðið var með það þangað til á þessum umræddu fundi allshn. Það var því í einu og öllu reynt að koma til móts við óskir og þarfir og beiðnir stjórnarandstöðunnar. Einmitt á þeim fundi kom skýrt fram hvað m.a. fyrsta hælisland er. Því var svarað mjög skilmerkilega á fundi allshn.

Í rauninni má segja að reglan um fyrsta griðland sé almennt viðurkennd í þeim skilningi að þegar flóttamaður hefur dvalist í einu öruggu ríki getur hann ekki farið þaðan til annars ríkis og óskað eftir hæli þar. En vandamál er einmitt að ákveða hvaða ríki bjóða upp á nógu góða meðferð

hælisbeiðenda til að þau geti heitið örugg. Hér á Íslandi höfum við miðað við að Vestur-Evrópuríkin væru örugg. Samkvæmt Schengen-samningnum er í rauninni fyrsta land sem viðkomandi flóttamaður lendir í fyrsta hælisland. En það er ekki þar með sagt að það sé einhver sjálfvirkni. Við Íslendingar getum tekið frumkvæðið að því og tekið mál þess til meðferðar á eigin forsendum. Enginn þarf að segja okkur að við þurfum að skikka viðkomandi til baka þó að við séum annað hælisland eða þriðja. En það er alveg skýrt og því var vel og skilmerkilega svarað á fundi allshn. hvað til að mynda er fyrsta hælisland.

[11:40]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á fundi allshn. sóttum við það fast að fá frekari upplýsingar um hvernig þessi löggjöf yrði framkvæmd, þ.e. hvernig tekið er á móti þeim sem leita hælis á Íslandi. Í fyrsta lagi hefur hvergi komið fram hvaða möguleika þeir hafa á því að fá lögmenn. Ekkert hefur komið fram um hvaða aðstoðar þeir njóta þegar þeir koma hingað og hvaða leiðbeiningar þeir fá strax við komuna. Ekki hefur komið fram hvort þeim sé strax snúið við til þess lands sem þeir koma frá eða hvort þeir hafi einhver tækifæri, t.d. til þess að áfrýja þeirri ákvörðun að vísa því frá landinu. Ekkert af þessu kom fram í nefndinni.

Enn fremur var skilgreiningin á fyrsta hælislandi sú að langur vegur er frá því að við höfum fengið nákvæma útlistun á því. Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessu harðlega. Á þessum forsendum treystum við okkur einfaldlega ekki til að standa að þessu því við viljum tryggja að þeir sem koma hingað og leita hælis fái málefnalega meðferð á umsögn sinni. Því miður er það svo að þrátt fyrir harða atrennu minni hlutans til að reyna að fá þessar upplýsingar og keyra í gegn breytingar í þessa veru var ekki hægt að verða við því. Í þessu ljósi, virðulegi forseti, ítreka ég að minni hlutinn treystir sér ekki til að bera ábyrgð á þessu lagafrv.

[11:42]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka enn og aftur að þessum spurningum var að mínu mati svarað mjög vel og skilmerkilega á umræddum fundi allshn. En menn mega ekki rugla því saman hvað er að vera í rauninni flóttamaður og innflytjandi. Þetta er tvennt ólíkt. Hælisleitandi er hvort tveggja. Flóttamaður er m.a. hælisleitandi. Það geta líka innflytjendur verið. Ég vil meina að innflytjendastefna okkar Íslendinga sé afskaplega skýr og mjög góð að mínu mati. Hingað geta allir flutt sem fá atvinnu og fullnægja ákveðnum skilyrðum. Þetta er svo einfalt. Við tökum vel á móti fólki sem kemur hingað.

Hvað varðar málefni flóttamanna má segja að kjarni þeirrar stefnu sem hér ríkir sé að veita flóttamönnum sem hingað leita öruggt skjól. Stefnan er skýr. Það kom mjög skýrt fram á þessum fundi að við tökum vel á móti þessu fólki og aðstoðum það í hvívetna og við fullnægjum skuldbindingum okkar samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, Genfarsamningnum, og við gerum í rauninni enn betur en það. Ég vil m.a. benda á þá sem eru kallaðir kvótaflóttamenn sem hafa verið fluttir hingað inn og flytjast um allt land og er tekið mjög vel á móti þeim. Meðal annars hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna lýst yfir mjög mikilli ánægju með þá framkvæmd sem hefur verið hér á vegum flóttamannaráðs og hún er til mikillar fyrirmyndar, ég get t.d. nefnt stuðningsfjölskyldurnar á Dalvík.

Það sem ég á hins vegar erfitt með að skilja er — af því að hér er í rauninni um að ræða samning sem er byggður á forsendum þess sem aðildarríki ESB gera og verður hluti af regluverki ESB — að stjórnarandstaðan og sérstaklega Samfylkingin, herra forseti, er reiðubúin að kokgleypa vil ég meina fiskveiðistjórnarstefnu ESB en hún er ekki reiðubúin til að samþykkja að mínu mati löggjöf sem tryggir enn frekar rétt flóttamanna.

[11:44]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um eftirlit með útlendingum sem hefur ekkert að gera með sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Hins vegar hefur hún að hluta til að gera með stefnu sambandsins að því er varðar útlendinga.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að engin svör voru gefin við þeim spurningum sem voru dregnar fram. Hafi þessi svör komið fram þá komu þau a.m.k. ekki fram í þeim andsvörum sem hér voru. A.m.k. treysti hv. formaður allshn. sér ekki til að svara þessum spurningum að því er varðar þá flóttamenn sem koma hingað, ekki á vegum ríkisstjórnarinnar, ekki sem svokallaðir kvótaflóttamenn eins og hv. formaður allshn. nefndi hér, við erum að tala um þá einstaklinga sem koma hingað og þá meðferð sem þeir fá þegar þeir koma. Við fengum ekki neinar upplýsingar um það í nefndinni hvernig tekið væri á móti þeim, hvaða möguleika þeir hefðu á því að fá lögmenn, hvaða möguleika þeir hefðu á því að áfrýja ákvörðun um að senda þá brott hið snarasta o.s.frv. Við fengum engin svör við þessu og það er kjarni málsins. Á þessum forsendum treystum við okkur ekki til að bera ábyrgð á þessu frv. Það er einfaldlega þannig. Mér finnst það heldur létt í vasa þegar öll rök þrjóta og menn átta sig á því að þeir hafa lítið sem ekkert í farteski sínu að því er varnir varðar, að menn skuli þá flýja á náðir sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og taka hana til umræðu eitthvað sérstaklega í umræðum um lítið frv. sem varðar breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég geri meiri kröfur til hv. formanns allshn. en að hlaupa svona léttvægt út úr umræðunni.

[11:46]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman þegar svolítið fjör færist í salinn. Það er spurning hvort fólk ætli að vera lengi í tveggja manna tali. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur mælt fyrir minnihlutaáliti okkar í allshn. og hefur verið í rökræðum við hv. formann allshn., Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

Það sem er afar mikilvægt og er ekki alveg nógu skýrt er að við sjálf eigum að hafa mjög skýrar reglur, þær séu gegnsæjar og þær séu skriflegar. Það er fyrir það fyrsta sem ber að stefna að og að það sé eitthvað sem er uppi á borðinu og við sjáum það fyrir framan okkur. Það er síðan spurning hvort ekki ætti að ræða það í tengslum við útlendingafrv., hvort við ættum ekki að taka þessi mál upp þar og skoða ákveðnar viðbætur þar inn til þess að reyna að tryggja þetta.

Við eigum einnig að nýta okkur skilgreiningar Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna en hún hefur gagnrýnt Dyflinnarsamninginn og í rauninni kannski það sem hér fer fram. Orðalagið í þessu frv. var einnig mjög gagnrýnt, þ.e. þessi neikvæða nálgun á málinu. Þá var sagt að það væri eins

í Noregi og það væri eins á hinum og þessum stöðum, en ég tel að við gætum unnið þetta mál aðeins áfram vegna þess að mikilvægast er að reyna að tryggja rétt þessa fólks þannig að skilgreiningin á öruggu þriðja ríki liggi algerlega fyrir og við séum ekki að senda fólk burt og láta það hringsóla milli landa.

Það fer vissulega tvennum sögum af því hvort við tökum vel á móti útlendingum eða ekki. Áhöld eru um það hvort það telst vera vel tekið á móti útlendingum að þeir séu eign atvinnurekenda og gangi þar á milli kaupum og sölum. Það er það fyrirkomulag sem við höfum hér. Það er sú stefna sem verið er að hætta við annars staðar. Það er eitthvað sem mér finnst við eigum að skoða og gera það í tengslum við útlendingafrv. en komið hefur fram að það sé afar erfitt þegar svona stór mál eru á mörgum stöðum, en það væri nefnilega mjög gott ef við fengjum atvinnumálin líka þar inn þannig að við fengjum í rauninni heildstætt og gott frv. sem tæki á öllum þessum hliðum þó að framkvæmdin gæti verið á þremur stöðum.

Þetta á ekki við um flóttamennina. Við tökum afskaplega vel á móti okkar kvótum. Við erum þar algerlega til fyrirmyndar og það er einmitt kosturinn við lítil samfélög, þau gera það að verkum að hægt er að vinna þetta afar vel, þannig að það er ekki spurning.

Hins vegar eru alltaf áhöld um þá sem koma á eigin vegum. Það er alltaf spurning hvernig við tryggjum rétt þeirra en það er líka afar mikilvægt. En mig langar aðeins til að benda það sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur gert athugasemdir við í þessum samningi sem við erum núna að taka að hluta til upp. Þar segir m.a. eða þeir tala mikið um að það verði réttlát og gegnsæ beiting reglna við framkvæmd og það er kannski það sem er mikilvægast númer eitt, tvö og þrjú, þannig að fólk viti hvar það stendur, hvaða rétt það hefur, rétt á aðstoð lögmanna o.s.frv. Þeir segja hér m.a., með leyfi forseta:

„Vegna þessa er mjög mikilvægt að á öllum stigum í meðferð mála sé hælisleitendum eða lögmönnum þeirra tímanlega gefnar tæmandi upplýsingar um framkvæmd samningsins, einnig þær reglur sem geta leitt til þess að hælisleitandi er fluttur til annars aðildarríkis EB."

Hins vegar fagnar Flóttamannastofnunin ákveðnum reglum þar sem kveðið er á um bæði hvað varðar endurskoðun, þannig að hælisleitandi geti farið fram á möguleika á endurskoðun, og ákvörðun varðandi ábyrgð á meðferð á hælisumsóknar.

Þeir fjalla jafnframt um hugtakið „öruggt þriðja ríki" og það er eitt af markmiðum samningsins að tryggja að hælisumsókn sé tekin fyrir af a.m.k. einu aðildarríki og koma þannig í veg fyrir að hælisleitendur séu á hringsóli á milli aðildarríkjanna. Þetta er auðvitað það sem við viljum í rauninni hafa mjög skýrt hérna heima, að sé skriflegt og ákveðnar reglur séu um hvernig við túlkum þetta. Og þeir benda jafnframt á að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur áhyggjur af því að þar sem ekki er fylgt ákveðnum viðmiðunum í því að ákvarða hvað telst öryggt þriðja ríki, geti beiting þessarar reglu af aðildarríki sem er ábyrgt við meðferð hælisumsóknar leitt til þess að hælisleitandi sé sendur land úr landi og það getur á endanum leitt til endursendingar til ríkis þar sem hælisleitandi sætir ofsóknum. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að við getum gert það, við getum vissulega gengið lengra en þessi lög segja til um, þ.e. verið skýrari, og þá finnst mér að við eigum að gera það.

Ég vænti þess þegar við höldum áfram vinnu við útlendingafrv. í hv. allshn. að við tökum það kannski örlítið til skoðunar hvar við getum í rauninni haft hlutina skýrari, þannig að hægt sé að beita þessu og þar með förum við kannski dálítið út úr þessari neikvæðu nálgun. En eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skýrði hér munum við sitja hjá að *svo stöddu í þessu máli en tökum það til nánari umfjöllunar* í stóra málinu í allshn.

[11:53]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Komið hefur fram að minni hlutinn í allshn. hefur gefið út þá yfirlýsingu að hann muni sitja hjá við meðferð þessa máls og það kemur mér spánskt fyrir sjónir því að nær allir þeir aðilar sem komu til nefndarinnar voru á þeirri skoðun að með þessu frv. væri töluverð réttarbót og mælt var með lögfestingu þess. Það voru ákveðin atriði frá Mannréttindasamtökunum sem við tókum til sérstakrar skoðunar varðandi framkvæmd á lögunum, þeim reglum sem yrðu settar í kjölfar laganna. En það kom ekki fram nein andstaða við frv. þannig að það kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir að Samfylkingin, sem hefur talið sig vera málsvara útlendinga, sé ekki tilbúin til þess að afgreiða mál sem snýr að réttarbót fyrir útlendinga.

[11:54]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vel vera að þetta sé réttarbót. Það urðu hins vegar mjög miklar umræður í nefndinni um þá neikvæðu nálgun sem felst í orðalagi. Það sem skiptir máli fyrir mig er að kerfið sé gegnsætt. Meðan það er ekki þannig og við sjáum ekki í rauninni hvernig framkvæmdin er, sem er aðalatriði fyrir mér og aðalatriði fyrir þá sem þurfa að nýta sér þessi lög og þurfa að vinna með þau, meðan sú framkvæmd er ekki alveg skýr, þá vil ég ekki bera ábyrgð á því. En við höfum borð fyrir báru að ræða það í tengslum við stóra frv.

[11:54]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að útlendingar lenda í því víða í Evrópu og í öðrum heimshlutum að þeim er hent á milli landa, þ.e. enginn er tilbúinn að taka ábyrgð á þeim og veita þeim meðferð. Dyflinnarsamningurinn tryggir að flóttamenn fái meðferð og það fer eftir ákveðnum reglum sem koma fram í 4.–8. gr. Þetta eru reglur sem taka við hver af annarri til þess að finna flóttamanninum stað, til þess að það sé alveg ljóst að hann fái meðferð í einhverju landi og honum verði ekki hent á milli landa.

Framkvæmd samningsins er sú að flóttamaður sem kemur til Íslands og Ísland kýs að vísa honum frá — en Ísland getur líka kosið að taka við honum, en ef það kýs að vísa honum frá, þá verður honum ekki vísað frá nema landið sem er fyrsta val verði tilbúið að taka á móti honum. Þetta frv. er því réttarbót fyrir flóttamenn og ég undrast það að Samfylkingin skuli ætla að sitja hjá í þessu máli. Það verður eftir því tekið.

[11:56]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að benda hv. þm. Ástu Möller á þýðingu ábendinga Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Það sem þeir eru að benda á er einmitt um þetta örugga þriðja ríki. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þar sem eru ekki fyrir hendi nein sameiginleg viðmið um skilgreininguna á öruggu þriðja ríki leggur Flóttamanna-

stofnun Sameinuðu þjóðanna til að aðildarríkin setji sér eftirfarandi reglur um beitingu 3. gr. 5. mgr. Dyflinnarsamningsins." — Og þar kemur fram: — „Þegar færa á hælisleitanda yfir á aðildarríki EB til þriðja ríkis á grundvelli 3. gr. 5. mgr., ætti ríkið sem flytur hann úr landi að leita samþykkis þriðja ríkisins áður um að það muni leyfa komu hælisleitanda til ríkisins, taka hælisumsóknina til efnismeðferðar og veita hælisleitandanum raunhæfa vernd svo lengi sem þörf er á."

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna er í raun og veru að gagnrýna það sem við viljum hafa aðeins skýrar hjá okkur og ég vil meina að við hefðum alveg getað gert það og það er kannski það sem ég sakna. En þá er líka greinilegur stuðningur við það þegar við förum núna í stóra útlendingafrv. að við setjum slíkt þar inn, þannig að við nýtum okkur í rauninni gagnrýni Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna til að við séum algerlega öruggu megin í lífinu hvað varðar þennan hóp og þurfum ekki að láta hann pendla á milli ríkja.

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum er enn einn fylgifiskur þeirrar pólitísku ákvörðunar að troða okkur eða gera okkur aðila að Schengensamstarfinu og Dyflinnarsamningnum sem því fylgir og þeim viðamiklu upplýsingakerfum og þeirri miklu persónuskráningu í tvöföldu upplýsingakerfi sem þessu tengist, þ.e. Schengen-upplýsingakerfið SIS, og síðan Dyflinnarsamningskerfið, EURODAC-kerfið.

Þó að frv. láti ekki mikið yfir sér er það hluti af miklu stærra máli og ástæða til að athuga efnisatriði þess sem slík sérstaklega af því að þau koma inn á tvennt sem hvort tveggja er stórt í þessu efni, þ.e. annars vegar tiltekna samræmingu sem er að fara af stað með þessu á flóttamannapólitík og meðferð mála sem snúa að hælisbeiðnum og öðrum slíku í fyrri grein frv. og í seinni greininni er aflað heimilda til að miðla upplýsingum milli landa með þeim hætti sem aðild að Dyflinnarsamningnum felur í sér og skuldbindur samningsríkin til að gera.

Það hefur verið afstaða okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, herra forseti, að telja það ekki skynsamlegan kost fyrir Ísland að gerast aðili að þessu samstarfi og við höfum lagt til að frv. og tillögur sem því hafa tengst hér, bæði á fyrra þingi og þessu, yrði vísað frá eða þeim vísað til ríkisstjórnar og stjórnvöldum falið að tilkynna að Ísland mundi ekki eða a.m.k. ekki að svo stöddu hefja þátttöku í þessu samstarfi.

Það væri nú fyrir það fyrsta, herra forseti, enginn héraðsbrestur eða stór skaði skeður í öllu falli þó við tækjum okkur betri tíma til að meta stöðu okkar í þessu máli í heild sinni. Staðreyndin er auðvitað sú að það hefur sáralítil umræða farið fram um hin raunverulegu efnisatriði þessa máls, þó að svo sé komið að innan við mánuður sé þar til aðild okkar að Schengen-samstarfinu taki gildi, a.m.k. til málamynda.

Þetta mál hefur verið kynnt sem tiltölulega lítið mál, sem snerist fyrst og fremst um það, a.m.k. hefur hæstv. utanrrh. gjarnan talað þannig, að varðveita hið svokallaða norræna vegabréfasamband. Smátt og smátt er hins vegar að koma í ljós að hér er um gríðarlega stórt og afdrifaríkt mál að ræða, því það felur í sér víðtækar skuldbindingar. Það hefur í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir Ísland. Það hefur áhrif á stjórnskipulega stöðu okkar í Evrópusamstarfinu því hér er í fyrsta sinn verið að ganga þannig frá málum að Ísland og Noregur reyndar eru þátttakendur í, aðilar að, beinum Evrópusambandsstofnunum ýmist þegar orðnum eða væntanlegum eins og í tilviki Dyflinnarsamningsins og EURODAC-upplýsingakerfisins. Að þessu leyti verður staða okkar önnur en hún hefur verið í fyrri samningum við Evrópusambandið. Hún er í grundvallaratriðum önnur en hún er í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem EES-ríkin eða EFTA-ríkin þrjú sem eiga aðild að því samstarfi við Evrópusambandið byggja þátttöku sína á stofnunum sín megin í samningnum, svonefndu tveggja stoða kerfi, og um aðra stjórnskipulega eða stjórnsýslulega uppbyggingu er að ræða.

Þetta atriði, herra forseti, hefur fengið sáralitla umfjöllun. Ég hef stundum á tilfinningunni þegar ég er að rifja þetta upp og benda á þetta að þá finnist ýmsum velvildarmönnum þess að Ísland gangi inn í þetta samstarf það vera heldur til óþurftar að vera að draga athyglina að því hvað í raun og veru er hér á ferðinni. Mönnum hafi þótt það þægilegast, svona a.m.k. pólitískt, að láta sem minnst fyrir því fara hvað væri hér á ferðinni.

Umræðu um kostnaðinn sem þessu er samfara hefur verið drepið á dreif og því er tekið illa þegar á það er bent að nú er verið að bókfæra kostnað svo nemur hundruðum milljóna króna þessi árin á viðkomandi ráðuneyti, dómsmrn. og utanrrn. fyrst og fremst. Og Íslendingar eru að leggja út fyrir stofnkostnaði og eiga í vændum frekari fjárfestingar svo nemur milljörðum króna vegna aðildar sinnar að Schengen-samningnum einum.

Bara sá samningur sem þetta frv. tengist sérstaklega, þ.e. Dyflinnarsamningurinn og þátttaka okkar í EURODAC-upplýsingakerfinu mun hafa nokkurn kostnað í för með sér, það er óumflýjanlegt.

Þá eru enn ónefnd, herra forseti, þau atriði sem snúa að meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd, en þar hafa ýmis ákvæði sætt harðri gagnrýni, bæði utan frá og innan frá. Má þar nefna gagnrýni Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Það má nefna gagnrýni Mannréttindaskrifstofu Íslands og fleiri mannréttindasamtaka, bæði hér á landi og erlendis. Meira að segja hefur það eftirlitskerfi sem sett er á fót samkvæmt samningnum sjálfum, sérstaklega þá SIS-kerfinu, gefið sjálfu sér, ef svo má að orði komast, falleinkunn. En það var niðurstaða eftirlitsnefndar eða eftirlitsstofnunar Schengen-upplýsingakerfisins eftir fyrstu úttekt á meðferð mála í kerfinu, sem birt var að ég hygg í desembermánuði sl., að gefa þar mörgum þáttum í raun og veru falleinkunn. Þeir stæðust ekki þær kröfur sem nú tíðkaðist að gera til skráningar persónuupplýsinga í miðlægan gagnagrunn, til upplýsingagjafar út úr kerfinu og allra síst hvað varðar ástæðulausa og órökstudda uppsöfnun upplýsinga og geymslu upplýsinga án þess að þeim væri eytt inni í þessu kerfi. Sömu þættir að hluta til hafa verið gagnrýndir harðlega hvað varðar EURODAC-kerfið og Dyflinnarsamninginn.

Ástæða er til, herra forseti, að vekja athygli manna á því og má þar vísa í 15. gr. í fskj. I með frv., 15. gr. samningsins sjálfs, hversu viðamiklar þær persónuupplýsingar sem þarna á að fara að miðla á milli eru. Þar segir, með leyfi herra forseta:

„1. Hvert aðildarríki skal senda hverju öðru aðildarríki sem þess óskar þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að:

ákvarða hvaða aðildarríki beri að fjalla um hælisumsókn,

fjalla um hælisumsókn,

framkvæma allar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

2. Í þeim upplýsingum skulu aðeins vera:" — þetta orðalag felur í sér að í grunninum gætu verið frekari upplýsingar eða að viðkomandi ríki hefði aflað frekari upplýsinga um viðkomandi einstakling en þarna er skylt að senda. En það sem á að senda er:

„atriði sem varða persónu umsækjanda, og, þar sem við á, fjölskyldu hans (fullt nafn, og þar sem við á fyrra nafn, gælunöfn eða uppfundin nöfn, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardagur og fæðingarstaður),

persónu- og ferðaskilríki (tilvísanir, gildi, útgáfudagur, útgáfustjórnvald, útgáfustaður o.s.frv.),

aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á hver umsækjandi er,

dvalarstaðir og ferðaleiðir,

dvalarleyfi og vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur útgefið,

umsóknarstaður,

hvenær fyrri umsókn var lögð fram, ef um það er að ræða, hvenær núverandi umsókn er lögð fram, hvaða stigi málsmeðferð hefur náð, og hvaða ákvörðun hefur verið tekin ef því er að skipta."

Þetta eru sem sagt þær upplýsingar sem á að senda. Þetta eru einstaklingar sem hafa væntanlega stöðu hælisbeiðanda í viðkomandi landi. Það þýðir að þegar þeir komu að landamærum viðkomandi ríkis og lögðu inn sína hælisumsókn voru tekin fingraför af öllum fingrum beggja handa og þau geymd í þessum grunni. Og allar þessar upplýsingar og ýmsar í viðbót verða geymdar í kerfinu í tíu ár. Jafnvel þó viðkomandi aðili fái úrlausn sinna mála og fái varanlegt dvalarleyfi í viðkomandi landi, þá verður þeim ekki eytt fyrr en að tíu árum liðnum. Einustu tilvikin þar sem upplýsingunum er eytt áður en a.m.k. þessi tíu ára frestur er útrunninn, er að viðkomandi aðili hafi beinlínis fengið ríkisborgararétt eða ríkisfang í viðkomandi landi.

Þessi ástæðulausa skráning, sjálfvirka skráning upplýsinga, hefur verið harkalega gagnrýnd. Og það er hún sem hér er verið að heimila með miðlun upplýsinga út úr þessari skráningu með 2. gr. þessa frv. Samt heyrði ég ekki mikið fara fyrir því að í framsöguræðu eða umræðum áðan milli nefndarmanna í allshn. að þessir hlutir hefðu verið þar mikið til umfjöllunar. Eða liggur þetta kannski allt svo ljóst fyrir að mönnum hafi ekki þótt ástæða til að nefna það, að verið er að fara fram á samþykki Alþingis beint og óbeint við þessari víðtæku skráningu persónuupplýsinga sem sætt hefur harðri gagnrýni og miðlun hennar milli landa.

Að lokum, herra forseti, um hitt meginefnisatriði frv. er lýtur að þeirri setningu sem á að koma inn í 10. gr. laganna, um eftirlit með útlendingum, og hér hefur verið nokkuð rædd af fyrri ræðumönnum, það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum."

Svona fram sett hljómar þessi setning ekki mjög vel. Hún er ekki aðlaðandi af því að hún nálgast málið út frá þeirri forsendu að skilgreina þann rétt sem útlendingurinn á ekki. Í staðinn fyrir að setja málið þannig fram að að tilskildum atriðum fullnægðum eigi útlendingurinn þennan rétt. Með öðrum orðum, ef hann ekki á klárlega þennan rétt annars staða — en það er í rauninni það sem verið er að segja bara með neikvæðri framsetningu — þá eigi hann réttinn hér. Ég veit ekki hvort menn hafa farið yfir það hvort mögulegt væri, þó ekki væri nema upp á svipinn að gera á þessum hlutum, að snúa þessu við og skilgreina þetta frá hinum endanum, þeim enda sem snýr að rétti hælisbeiðandans sem er til staðar, að því tilskildu að hann liggi ekki fyrir með skýrum og ótvíræðum hætti annars staðar og þá þar sem eðlilegt væri að hælisumsóknin yrði tekin fyrir og málið afgreitt. Efnislega ætti það að geta komið út á eitt, en þá losnuðu menn við þessa heldur neikvæðu framsetningu sem hér er og kann að vera að einhverju leyti skýringin á því að a.m.k. hluti nefndarmanna í allshn. er með böggum hildar í málinu, samanber nál. minni hlutans, sem þrátt fyrir nokkra aðdáun á Schengen-samstarfinu og stuðning við það treystir sér ekki til að styðja þetta frv. og er það sérstaklega lagt út af því hvernig túlka beri eða skilja þessa setningu og hverjar verði afleiðingar þess að taka ákvæði af þessu tagi upp í lög.

Ég er ekki að gera því skóna að með þessum breytingum í sjálfu sér sem vísa beint í Dyflinnarsamninginn séu menn á nokkurn hátt að breyta réttarstöðu útlendinga eða að þetta sé ávísun á að við Íslendingar ætlum að fara að ástunda meiri þrengslapólitík í þessum efnum en verið hefur. Staðreyndin er nú sú að Ísland hefur verið að mestu leyti lokað land í þessum efnum, ekki endilega vegna þess að við höfum bægt mönnum frá, heldur einfaldlega vegna þess að lítið hefur reynt á að menn hafi leitað hófanna hér með að fá hæli. Þau tilvik eru eins og við þekkjum sárafá. Það segir nú kannski ekki allt of góða sögu á hinn bóginn að meiri og minni vandræðagangur hefur verið í kringum öll þau mál sem ég þekki til. Þau eru fáein þau dæmi sem ég man eftir „på stående fod" eins og Danir mundu segja.

Ég man eftir því, a.m.k. í allmörgum af þeim tilvikum eða nokkrum af þeim tilvikum hafi einmitt orðið hálfgerður vandræðagangur uppi hvernig með skyldi fara. Það er kannski vegna þess, herra forseti, sem út af fyrir sig er alveg skiljanlegt að við Íslendingar séum tiltölulega lítt reyndir í því að takast á við þessi mál. Við höfum, ef svo má að orði komast, komist upp með það og notið þar fjarlægðarverndarinnar og einangrunarinnar að þurfa lítið að sinna þessum málum og hugsa um þau. Ég hef á undanförnum árum hins vegar oft kviðið því þegar ég hef verið að hugsa um það hvernig staðan mundi verða hér ef virkilega færi að reyna á þetta og verulegar holskeflur flóttamanna berðu hér að dyrum. Ég er ekki viss um að við værum að öllu leyti vel í stakk búin til að takast á við slíkt og leyfi mér, því miður, herra forseti, einnig að segja að ég óttast stundum að viðhorfin hér kynnu þá að reynast önnur og neikvæðari heldur en við vildum gjarnan trúa, en ætla ekki að fara lengra út í þá sálma.

Ég óttast hins vegar hitt að við sjáum lítt fyrir endann á því hvert þátttaka okkar, áhrifalítilla í þessu gríðarlega samstarfi Evrópuríkjanna á þessu sviði, kann að leiða okkur og í hvaða stöðu það kann að setja okkur í fyllingu tímans. Mér finnst mjög margt benda til þess og ég er ekki einn um þá skoðun að þetta sé undirbúningur undir það sem sumir kalla „fortress Europe" — að í vændum sé að víggirða Evrópu á ytri landamærunum meira en hingað til hefur verið og taka þar upp kannski harðari stefnu gagnvart flóttamönnum en menn hingað til a.m.k. í orði kveðnu hafa haft uppi.

Og er það endilega víst að Ísland vilji vera aðili að því og skrifa sig inn í þetta kerfi, taka að sér þessa ytri landamæravörslu Evrópusambandsins og gerast vesturlandamæri norðvesturlandamærissvæðis sem á landamæri sín í suðaustri á

mörkum Grikklands og Tyrklands, í suðri á mörkum Ítalíu og Afríku og í suðvestri á mörkum Spánar og norðvestur Afríku, svo einhver dæmi séu tekin?

Hefur það ekki verið lítið rætt og lítið rökstutt, herra forseti, að það sé sjálfgefið að við Íslendingar förum með inn í þetta?

Menn hafa notað mikið röksemdina að með þessu sé verið að varðveita norræna vegabréfasambandið. Í umræðum um þáltill. fyrr á þessu þingi, herra forseti, fyrir nokkrum dögum færði ég að ég tel nokkuð sterk rök fyrir því að þessu væri í rauninni í aðalatriðum öfugt farið. Tilkoma aðildar Norðurlandanna að Schengen muni þýða að þau ferðalög sem voru möguleg án vegabréfa áður innan Norðurlandanna verði það síður og í raun og veru alls ekki eftir þessa breytingu. Ástæðan er sú að svo fremi sem við tökum ekki upp sérstök Schengen-persónuskilríki, þá munu menn enn síður en áður hætta sér út fyrir landsteinana án vegabréfs, jafnvel ekki til hinna Norðurlandanna. Vegna þess að í stað persónueftirlits á landamærum, kemur aukið persónueftirlit innan ríkjanna, þegar menn bóka sig inn á hótel, á tjaldstæði o.s.frv.

Þessi röksemd er því í rauninni, svo grátbroslegt sem það nú er, í öllum aðalatriðum hrunin. Það nægir að fara og kynna sér umræðuna og það sem í vændum er í Svíþjóð, væntanlega einnig í Danmörku og sennilega víðar, til að átta sig á þessu. Svíar eru þegar búnir að ákveða að hefja undirbúning að því að taka upp sérstök persónuskilríki sem fullnægja öllum kröfum Schengen-samstarfsins, þ.e. eru löggilt af stjórnvöldum og fela í sér alþjóðlega viðurkenningu á þjóðerni viðkomandi einstaklings.

Og ætli Íslendingar ekki að fara þá leið sem íslenska dómsmrn. hefur upplýst a.m.k. að enn sem komið er standi ekki til, þá verður niðurstaðan sú, hláleg og grátbrosleg, að ástæða er til að hvetja alla sem hyggja á ferðalög út fyrir landsteinana eftir 25. mars n.k., þó til Norðurlandanna sé, að muna nú eftir því sem aldrei fyrr að hafa með sér vegabréf.

Hitt ætla ég síðan að segja, herra forseti, sem mikill stuðningsmaður norrænnar samvinnu og eftir að hafa margítrekað sagt að ég tel að norræna vegabréfasambandið sem slíkt hafi verið framsækin tímamótaaðgerð á sínum tíma innan Norðurlandanna við þær aðstæður sem þar voru og út af fyrir sig í aðalatriðum eru enn, og hið besta mál eins og sagt er, þá verða menn að hafa í huga að fyrir Ísland var það meira til þess að vera með að við vorum þátttakendur í því en að það hefði mikla praktíska þýðingu. Aldrei hefur mátt ræða þetta eða það hefur enginn lagt í að segja það. Og þá skal það gert hér, loksins. Auðvitað skipti það sáralitlu máli og nánast engu fyrir Ísland vegna þess að menn fóru yfirleitt ekki úr landi nema hafa vegabréf og þurftu oftast að sýna það hvort sem er.

En þetta hafði mikið praktískt gildi fyrir hin Norðurlöndin og sérstaklega þau sem eiga löng sameiginleg landamæri á landi þar sem mikil dægurumferð á sér stað, sérstaklega hin löngu landamæri Noregs Svíþjóðar. Þar var það auðvitað til mikillar einföldunar mála því að dagsdagleg umferð þar, t.d. verslunarumferð yfir landamærin er mikil, menn skjótast yfir landamærin sér til upplyftingar og gera innkaup í leiðinni því viss varningur er stundum ódýrari handan við línuna, þá var þetta praktískt mál og hafði gildi og einfaldaði hlutina. Menn nenntu hvort sem ekkert að standa í því að yfirheyra alla Svíana sem komu úr ferjunum í Frederikshavn um hvort þeir væru Svíar og hvað þeir vildu upp á dekk, því það vissu allir hvert þeir voru að fara með kerrurnar sínar og að þeir færu heim aftur um kvöldið. Sama átti við þegar Norðmenn streymdu suður yfir landamærin, suður yfir Svínasund til að kaupa inn aðeins ódýrari matvæli í Svíþjóð o.s.frv.

Þetta hafði praktískt gildi í Skandinavíu á hinum landbundnu landamærum þar. En fyrir Ísland var þetta fyrst og fremst táknrænt. Fyrst og fremst táknrænt að vera með sem eitt af Norðurlöndunum í hinu svokallaða norræna vegabréfasambandi.

Afleiðingin af því að horfast í augu við þetta og viðurkenna það er auðvitað sú að engin sérstök ástæða er til þess að gefa sér það fyrir fram að þó að við sækjum kannski eftir hinu svokallaða norræna vegabréfasambandi, og að hin Norðurlöndin fjögur gerðust aðilar að Schengen, þá ættum við Íslendingar að gera það einnig. Það var engin sérstök ástæða til þess að gefa sér að þetta væri leiðin. Það var heimatilbúin röksemd til þess að rökstyðja það pólitíska markmið, fyrst og fremst hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, að við skyldum fara inn í Schengen. Við skyldum fara bakdyramegin inn í þessa þætti Evrópusamstarfsins. Bakdyramegin inn í nokkrar Evrópusambandsstofnanir með þessum hætti, en það er það sem er að gerast. Ég kalla það að fara bakdyramegin inn í Evrópusambandsstofnanir, að gera lítið úr því öllu saman og láta að því liggja að annað í raun og veru sé megintilgangur eða meginröksemd máls sem þegar betur er að gáð stenst ekki, eins og þetta með norræna vegabréfasambandið.

Herra forseti. Ég tel því að allar meginröksemdir sem menn hafa kynnt þetta mál á séu hrundar. Það er ekki verið að varðveita norræna vegabréfasambandið í þeim skilningi að menn eigi þar kost á einhverjum ferðalögum án vegabréfa. Og ég minni aftur á að aðild Íslands að því á sínum tíma var meira táknræns eðlis heldur en hún hefði mikið praktískt gildi.

Þetta kostar gríðarlega peninga. Stjórnskipuleg staða okkar verður mjög ankannaleg þarna. Ég held að allir hljóti að sjá það. Hvað stendur þá eftir? Það eina sem eftir stendur, herra forseti, er að verið er að ná því pólitíska markmiði manna að troða okkur þarna inn. Manna sem vildu nota þetta tækifæri til frekari nálgunar við Evrópusambandið. Það er mergurinn málsins, herra forseti, að mínu mati. Það er það sem eftir stendur. Mönnum er að takast það, þeim sem lögðu upp í þann pólitíska leiðangur að grípa nú gæsina, nota tækifærið og flétta Ísland og eftir atvikum auðvitað einnig Noreg, kemur ekki á óvart að svipuð viðhorf væru þar uppi þar sem kratastjórnir, sú fyrri og sú sem nú situr, hafa rekið málið áfram og minnihlutastjórn Bondeviks sem fór með málið um skeið var í rauninni föst í því neti og gat ekki hreyft Noreg í þeirri stöðu sem hún tók við málinu. Þar á bæ hjá norsku krötunum eru auðvitað mjög svipuð viðhorf uppi um að nota hvert tækifæri til að færa Noreg innar í Evrópusamstarfið. Þannig að þröskuldarnir verði svo lægri að lokum þegar menn leggja í lokaorrustuna, sem þeir vona og trúa sjálfsagt að verði, í Noregi og hér á landi, að koma okkur alla leið.

Og er það ekki þannig, herra forseti, að þeim mun lengra sem við erum komin inn í salarkynnin bakdyramegin, þeim mun lægri verður þröskuldurinn til að fara alla leið?

Þannig held ég að þetta sé vaxið, herra forseti. Það er umhugsunarefni og það er auðvitað tímanna tákn að það skuli vera Framsfl. og formaður hans, hæstv. utanrrh., sem hefur haft alla forgöngu í þessu máli. Og leikur reyndar grunur á að

einum og einum sjálfstæðismanni sé nokkuð brugðið og hafi með ákaflega hangandi hendi greitt því stundum atkvæði eða jafnvel horfið hér út úr þingsalnum til þess að losna við að greiða atkvæði með ýmsum þáttum þessa Schengen-, Dyflinnar-, SIS-, EURODAC-pakka sem hér er á ferðinni og er orðinn mikill böggull, herra forseti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Eins og menn ráða kannski af máli mínu stendur ekki til hjá ræðumanni að greiða frv. atkvæði. Ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess. Við höfum lagst gegn þátttöku okkar í þessu samstarfi og munum væntanlega halda þeirri gagnrýni og því andófi áfram, enda eins gott að einhverjir geri það, herra forseti. Ef það hefði ekki verið fyrir atbeina Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og atbeina okkar að reyna að vekja einhverja athygli á þessu máli og fá um það einhverja umræðu, þá virðist mér að þetta stóra mál hefði runnið hér í gegn þegjandi og hljóðalaust á tveimur þingum og menn hefðu komist upp með að kynna málið, hér innan veggja sem og því miður að verulegu leyti í fjölmiðlum, eins og á því væri algjörlega bara ein hlið. Það væri ekkert nema kostir við þetta og engar efasemdir og ekkert til þess að hafa áhyggjur af.

Ég verð að segja, herra forseti, að maður er býsna hugsi stundum yfir því hversu lítil umræða verður oft og tíðum um stórmál sem hér er verið að fjalla um og afgreiða af Íslands hálfu, bæði innan þings og utan.

Og fari menn nú til Noregs og beri menn saman þá miklu umræðu sem búin er að geysa í Noregi á Stórþinginu og í norskum fjölmiðlum núna meira og minna samfellt um fimm ára skeið eða svo, um aðild Noregs eða ekki aðild Noregs að Schengen og allar hliðar þess máls. Það er ólíku saman að jafna, herra forseti. Við mættum taka okkur margt til eftirbreytni í þeim efnum, bæði þingmenn á þjóðþinginu og eins fjölmiðlamenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 182, nál. 733, brtt. 734.

[12:25]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. hv. iðnn. um frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolefnis. Í upphafi er rétt að hafa í huga bakgrunn þessa frv. Bakgrunnurinn er sá að yfirgnæfandi líkur eru á að olía muni finnast á landgrunninu við Færeyjar. Olía hefur fundist nærri Írlandsströndum hjá Hjaltlendingum og nokkur grunur leikur á að olíu kunni að vera að finna á íslensku landgrunni.

Meginmarkmið þessa frv. er að skapa skýran ramma, lagaramma, um leit, rannsókn og vinnslu og flutning kolvetnis eða jarðefnaeldsneytis sem kann að finnast á landgrunninu við Ísland. Það er mikilvægt með því að skerpa eignarrétt íslenska ríkisins, sem er eitt af markmiðum frv., á landgrunninu og jafnframt að skapa skýrar vinnureglur fyrir hugsanlega aðila er kunna að sækja eftir því að leita, rannsaka og jafnvel vinna olíu hér á íslensku landgrunni.

Með öðrum orðum, verið er að skapa þær leikreglur sem kunna þá að gilda um kolvetnisleit eða vinnslu ef slíkt kann að bera árangur hér. Það er mikilvægt, bæði fyrir réttarstöðu íslenska ríkisvaldsins og ekki síður fyrir þau fyrirtæki eða einstaklinga sem kunna að hefja slíka leit, rannsóknir eða vinnslu.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga gesti og umsagnir og eru þeir tilgreindir í nefndarálitinu. Nefndin fór ítarlega yfir einstakar efnisgreinar og gerir þar nokkrar breytingar og ég mun í stuttu máli reyna að gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að töluverð umræða varð um hugtakið „kolvetni“ og komu fram ábendingar um að sama hugtak væri notað í matvælaiðnaði, en kolvetni í þeirri merkingu sem hér er fjallað um í frv. eru af allt öðrum toga. Annars vegar er um að ræða þýðingu á kolvetnishugtakinu „carbohydrates“ eins og það er notað í matvælafræði og hins vegar „hydrocarbon“ eins og það er notað hvað varðar olíu, eða jarðefnaeldsneyti.

Nefndin fór ítarlega í þennan þátt og hafði m.a. samráð við Ingvar Árnason, sem er dósent í ólífrænni efnafræði við Háskóla Íslands. Prófessorinn, sem jafnframt má segja að sé sérfræðingur á þessu sviði gagnvart Íslenskri málstöð mælir með því að hugtakið „kolvetni“ verði notað og nefndin mælir með því og notaði það í sinni vinnslu.

Í annan stað er gerð sú breyting á nokkrum stöðum á frv. þar sem í upphaflegu frv. er vitnað til ýmissa annarra gildandi laga, svo sem laga um varnir gegn mengun sjávar, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, vinnuverndarlaga, náttúruverndarlaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og jafnvel fleiri, þá var það samdóma álit nefndarmanna að ekki væri eðlilegt að geta þess í frv. og lögum að önnur lög skuli gilda. Slíkt er talið sjálfsagt og eðlilegt og því óþarfi að geta þess í frv. og því lagt til að sá þáttur falli niður, þar sem er tekið fram að önnur lög skuli gilda.

Herra forseti. Þá var nokkuð rætt um það sem kemur fram í 15. tölul. 11. gr., þar sem fjallað er um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindarinnar, en þess má geta að frv. er þar sem við á í fullu samræmi við auðlindalöggjöf sem samþykkt hefur verið hér á Alþingi á síðustu missirum.

Í 15. tölul. 11. gr. er talað um gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindarinnar. Það er skoðun nefndarmanna ef til útboðs kæmi og þegar kemur að gjaldtöku fyrir það, þá geti slík greiðsla verið innt af hendi með ýmsum hætti, ekki endilega beinum peningagreiðslum, og það verði þá samningsatriði hverju sinni, en grundvallaratriðið haldi sér engu að síður.

Í nefndinni var fjallað nokkuð um trúnað opinberra starfsmanna sem starfs síns vegna koma að hugsanlegum upplýsingum sem verða til við leit, rannsóknir eða vinnslu á kolvetni. Nú er ljóst að hér kann að vera um afskaplega mikilvæg iðnaðarleyndarmál að ræða og afskaplega verðmætar upplýsingar en Orkustofnun er ætlað að gegna mjög mikilvægu hlutverki varðandi upplýsingasöfnun. Nefndin vísar til þagnarskyldu opinberra starfsmanna og á þeim grundvelli eigi þessi ótti að vera ástæðulaus. En nefndin áréttar samt þessa þagnarskyldu opinberra starfsmanna.

Það liggur fyrir, herra forseti, að fyrir 16. nóv. árið 2004 þurfa Íslendingar að hafa kynnt til Sameinuðu þjóðanna vegna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna kröfur sínar á landgrunninu kringum Hatton-Rockall svæðið, sem hefur verið til umræðu og umfjöllunar hér í nokkuð mörg ár, ekki síst eftir að Eyjólfur heitinn Konráð Jónsson tók það til umræðu á hv. Alþingi.

Ljóst er að Hatton-Rockall svæðið er afskaplega verðmætt svæði, ekki bara vegna gjöfulla fiskimiða heldur einnig vegna þess að þar kunna að finnast kolvetni á hafsbotni.

Nefndin hvetur mjög til þess að landgrunnslýsingunni á þessu svæði verði hraðað mjög þannig að Íslendingar geti sett fram kröfur sínar fyrir þá dagsetningu sem gert er ráð fyrir vegna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þ.e. 16. nóv. 2004. Mér er kunnugt um að á vegum utanrrn. og annarra ráðuneyta er mikil vinna í gangi með það og engin ástæða til að ætla annað en að þær kröfur verði lagðar fram fyrir þá dagsetningu sem sett hefur verið.

Þá eru nokkur önnur atriði sem nefndin breytir orðalagi eða er með efnislegar breytingar. Í 1. gr. er t.d. hnykkt á því að ákvæði frv. eigi við sjávarbotn utan netlaga. Í rauninni skerpir nefndin á því með brtt. sinni við 1. málsl. 1. mgr. þannig að ekkert fari á milli mála að hér er átt við landgrunnið utan netlaga enda gilda ákvæði netlaga um svæðið innan þeirra.

Þá er gerð sú breyting á frv. að ráðuneytum umhverfismála og sjávarútvegsmála er ætlað að veita umsagnir þegar beiðni berst um heimild til þess að leita, vinna eða rannsaka kolvetni á landgrunni. Áður en slíkar heimildir eru veittar af iðnrn. eða iðnrh. leiti ráðuneytið til umhvrn. og sjútvrn. Er þá væntanlega gert ráð fyrir því að þau ráðuneyti leiti til sérfræðilegra undirstofnana sinna til þess að leggja mat á m.a. lífríki sem tengist þá sjávarútveginum og ekki síður á einstaka umhverfisþætti. Nefndin skerpir á þessu og setur þetta skýra ákvæði inn að leitað sé umsagnar umhvrn. og sjútvrn. áður en leyfi eru gefin út.

Herra forseti. Þá gerir nefndin þá breytingu á frv. að við 11. gr. er bætt ákvæði þess efnis að þar skuli tilgreina þær tryggingar sem nauðsynlegt er að lagðar verði fram vegna kostnaðar við frágang vinnslusvæða. Hugsunin á bak við þetta ákvæði er sú að ef einhver aðili hefur vinnslu og svo kemur í ljós að þar finnist ekki kolvetni eða jarðefnaeldsneyti er hættan sú eins og er þekkt svo sem frá ýmsum námum á landi að verktakar hlaupi frá og skilji eftir opin sár. Nefndin setur inn ákvæði þess efnis að lagðar verði fram skýrar tryggingar til þess að hægt sé að ganga með viðunandi hætti frá þeim stöðum sem kunna að verða fyrir einhverju raski.

Nefndin gerir þá breytingu enn fremur, herra forseti, að við V. kafla frv. verði bætt fyrirsögninni „Vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir" en nefndin leggur til að við þá fyrirsögn bætist „umhverfisvernd" enda mikilvægt að hafa umhverfisþáttinn í huga en ekki einungis vinnuumhverfi og aðrar öryggisráðstafanir. Er sú viðbót nokkuð í þeim anda sem umræðan var í nefndinni.

Þá er, herra forseti, gerð örlítil breyting á 2. mgr. 28. gr. þar sem í rauninni er verið að fella niður ákvæði sem snerta skaðabætur og er það eiginlega gert með skírskotun til skaðabótalaga og í samræmi við það sem ég nefndi í upphafi, að það er eðlilegt að önnur gildandi lög eigi við eftir aðstæðum. Það er svo sjálfsagt að ekki þarf að taka það fram.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. og helstu brtt. Undir nál. rita eftirtaldir hv. þm.: Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, Svanfríður Jónasdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, auk þess sem hér stendur. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason og Drífa Hjartardóttir voru fjarstödd við afgreiðslu málsins en hafa lýst sig sammála áliti þessu.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, herra forseti. Nefndin afgreiðir þetta einróma frá sér. Það kom fram í umræðum innan nefndarinnar og við vinnslu á þessu máli að líkur á því að kolvetni finnist hér á landgrunninu eru ekki ýkja miklar, þó kannski einhverjar, en markmið þessa frv. er engu að síður að ef til þess kemur, þá séu leikreglur tilbúnar, bæði hvað varðar stjórnsýslu og ekki síður þær leikreglur sem hugsanlegir vinnsluaðilar þurfa að fara eftir.

[12:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar það frv. sem við fjöllum um kom fyrst til umræðu á hv. Alþingi þá lýstu fulltrúar Samfylkingarinnar yfir mikilli ánægju með það, fögnuðu tilkomu þess vegna þess að hér er um það að ræða að verið er að setja ramma um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni og flutning þess í landhelgi, í efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands.

Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni nál., hefur það allnokkra forsögu að slíkt frv. lítur hér dagsins ljós og ýmsum fannst að það væri löngu tímabært. Eins og ég segi, herra forseti, þá var þessu frv. fagnað og við skoðun þess voru svo sem ekki mörg atriði sem talin var ástæða til að gagnrýna sérstaklega. Þó var það svo að hér í 1. umr. um málið þá töluðum við nokkuð um mikilvægi auglýsinga og þess að jafnræðis yrði gætt þegar aðgangur yrði veittur eða leyfi veitt til þess að nýta þessa hugsanlegu auðlind. Við töluðum jafnframt um að gjaldtökuákvæði væru þannig að þau skiluðu þjóðinni arði af þessari auðlind sinni sem er þannig skilgreind þjóðareign en það var einmitt eitt af því sem skiptir máli í þessu frv. að í því er kveðið skýrt á um eignarrétt íslenska ríkisins eins og það er orðað hér. Hugsanlega kann það að breytast ef verður af þeim breytingum á stjórnarskrá sem auðlindanefnd leggur til, að komi inn nýtt stjórnarskrárákvæði sem fjalli um þjóðareignir, þ.e. það sem er í sameiginlegri eigu þjóðarinnar, auðlindir.

Í þriðja lagi var nokkuð rætt um umhverfismál og menn veltu vöngum yfir því hvernig best yrði að þeim staðið. Þá held ég, herra forseti, að sé svona nokkurn veginn upp talið það sem við fulltrúar Samfylkingarinnar rákum hornin í eða vildum skoða frekar við 1. umr. málsins.

Skemmst er frá því að segja að í vinnslu málsins í nefnd bæði skýrðust ýmis atriði sem óskýr höfðu verið, ellegar að samkomulag náðist um brtt., sem gera það að verkum að við fulltrúar Samfylkingarinnar skrifuðum báðar undir frv. án fyrirvara og erum sáttar við það eins og það lítur út með þeim brtt. sem við stöndum einnig að.

Ég vil aðeins, herra forseti, af því ég talaði um umhverfisáhrifin, nefna eða ítreka það sem fram kom í máli hv. formanns nefndarinnar að það skiptir auðvitað máli að þessar breytingar við 4. og 7. gr. eru gerðar samkvæmt tillögum nefndarinnar að leita skuli álits bæði sjútvrn. og umhvrn. þegar ákvarðanir eru teknar. Það skiptir líka máli það vægi sem umhverfismálunum er gefið með fyrirsögn V. kaflans og síðan með nýrri 21. gr. Allt skiptir þetta máli vegna þess að þó svo að það sé út af fyrir sig rétt að við eigum kannski ekki von á því að takast á við mikinn olíuauð alveg á næstu missirum þá þurfum við að vera hér með þennan ramma, þessa löggjöf þannig, að ef á því vaknaði áhugi hjá einhverjum aðilum að skoða möguleika á að fara að leita eða skoða möguleika á vinnslu þá þurfum við að vera með hluti okkar klára. Það tel ég að við séum ef frv. verður að lögum miðað við það sem hér liggur fyrir.

Hv. formaður nefndarinnar orðaði það áðan svo að ekki væru miklar líkur, þó einhverjar, á því að kolvetni fyndist á landgrunni Íslands. Þess vegna vil ég ítreka það sem fram kemur í nál. og fram hefur komið í máli þeirra sem hafa rætt um þetta, að það er mikilvægt að landgrunnslýsingunni

verði hraðað, að við stöndum okkur með þær upplýsingar og þau gögn sem við þurfum að koma frá okkur vegna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem verður úrskurðað um mörk landgrunns. Við þurfum að hafa komið þessum gögnum frá okkur fyrir 16. nóv. 2004. Þau gögn sem við þurfum að koma frá okkur eru frumgögn þannig að við eigum væntanlega nokkuð eftir af rannsóknum til að uppfylla þau skilyrði sem nefndin setur, sú sem úrskurðar um mörk landgrunns, þannig að tekið verði mark á okkur. Það er mjög mikilvægt vegna þess að við ætlum okkur að krækja fyrir ákveðin svæði sem liggja sunnan að landinu, kannski fyrst og fremst. Þá er aldrei að vita nema líkurnar á því að kolvetni finnist á því svæði sem þá verður skilgreint sem íslenskt landgrunn aukist umfram það sem er í dag.

Þetta er mjög mikilvægt og er auðvitað verkefni sem við verðum í á næstu árum að afla þessara gagna og koma þeim á framfæri þannig að úrskurður geti orðið okkur sem hagfelldastur.

Herra forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar teljum að úr þeim atriðum sem við vorum með spurningarmerki við í fyrri umræðu hafi unnist vel í nefndinni. Spurningum hafi verið svarað og að það sé í sjálfu sér litlu við efnislega umræðu að bæta hér að sinni. Það skiptir máli eins og ég sagði að mér sýnist að við séum að koma þessum málum, þessari lagaumgjörð í það horf að hún geti verið nýtileg og það er auðvitað það sem skiptir mestu á þessari stundu.

[12:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Ég, sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn., hef skrifað undir álit nefndarinnar eins og allir aðrir sem þar voru.

Aðdragandinn að þessari lagasetningu er frá 13. maí 1997, þegar Alþingi ályktar að fela iðnrh. að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissa rannsókn á því hvort olía eða gas finnist á landgrunni Íslands. Hópurinn átti að meta sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til þess að geyma olíu eða gas.

Við 1. umr. um málið hér í þinginu bárum við fram ýmsar spurningar. Ég spurði t.d. um reynslu Dana, en hjá þeim fór leit og olíuvinnsla í fullan gang á sjöunda áratugnum. Jafnframt setti ég spurningarmerki við vald ráðherra og skyldur fyrirtækjanna sem fá að framkvæma tilraunaboranir og tilraunavinnslu, sérstaklega vegna þess að fréttir komu um það á seinni hluta sjöunda áratugarins og síðan fyrri hluta áttunda áratugarins að í raun og veru hefði átt sér stað heilmikil olíuvinnsla í þessum tilraunafasa stórfyrirtækjanna og má þar til nefna stórfyrirtæki eins og A.P. Möller, sem framleiddi gríðarlega mikið magn af olíu í þessum tilraunafasa.

Eins og fram hefur komið voru fjölmargir aðilar kallaðir á fund nefndarinnar og nefndin gerði brtt. sem hún stóð einhuga að í átta liðum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að nefndin hefur hert á umhverfisþættinum í sambandi við hugsanlega leit og vinnslu á kolvetni í lögsögu Íslands. Og það er lagt til í 3. og 4. lið í brtt. nefndarinnar, að 4. og 7. gr. frv. verði breytt á þann veg að sú skylda verði lögð á iðnrh. að leita umsagnar hjá sjútvrn. og umhvrn. áður en leyfi er veitt til leitar annars vegar og rannsókna hins vegar. Með þessu er tryggt að nægt samráð sé á milli þeirra stjórnvalda sem kolvetnisstarfsemi varðar hvað mest. Eðlilegt er að ráðuneytin muni svo ráðgast við undirstofnanir sínar sem hafa sérþekkingu á þeim atriðum sem um er fjallað hverju sinni.

Þetta er auðvitað ákaflega mikilvægt og við verðum að trúa því að hér sé komið frv., hér sé komin umgjörð sem tryggi fyllilega að eins vel verði staðið að þessum málum og kostur er. Við höfum ekki ástæðu til að ætla annað. Það hefur verið gengið í smiðju hjá nágrannaþjóðum okkar allt í kringum okkur sem hafa a.m.k. 30 ára forskot í kolvetnisvinnslu eins og Skotar, Bretar, Danir, Norðmenn og núna síðast tilraunafasi hjá frændum okkar Færeyingum.

Í framhaldi af samþykkt þessa frv., vil ég leggja áherslu á það fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ég tel mjög mikilvægt að við eflum allar rannsóknir á landgrunninu. Það liggur ljóst fyrir að við höfum tíma til 16. nóvember 2004. Það verður að segjast eins og er að staða okkar varðandi grunnrannsóknir er frekar bág og ljóst að við verðum með samhæfðu átaki allra undirstofnana okkar að efla rannsóknir til þess að gæta réttar okkar hvað varðar lögsögu yfir hugsanlegum auðlindum á mörkum milli annarra þjóða, Grænlands og Íslands, Færeyja og Íslands, Rockall og Íslands, Noregs og Íslands, Jan Mayen og Íslands o.s.frv. Þetta held ég að við séum öll mjög sammála um.

Ég tel að nefndin hafi unnið mjög vel að þessu máli. Eins og ég sagði áðan voru margir kallaðir til og ýmsir þættir skýrðust. Við erum öll sammála um þær brtt. í átta liðum sem nefndin gerir í nál. sínu, og sammála um að frv. verði til þess að skapa nauðsynlegan ramma til að við getum hafið nýtingu á þessum auðlindum, ef þær finnast, og getum á þeim grunni og með þennan lagaramma gert það á sómasamlegan hátt, í sátt við náttúruna og til hagsbóta fyrir land og þjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 717.

[12:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum, sem er á þskj. 717, mál 449.

Í stuttu máli er með frv. þessu, sem er endurflutt frá síðasta þingi, með tæknilegum breytingum, endurskoðuð ákvæði samvinnufélagalaganna um innlánsdeildir. Er m.a. gert ráð fyrir þrengri skilyrðum og virkara eftirliti en áður, auk jafnræðis í skattamálum tryggingarsjóða innlánsdeilda, innstæðueigenda og fjárfesta.

Endurskoðun laganna byggist á bráðabirgðaákvæði gildandi laga um samvinnufélög, en þar er kveðið á um að taka eigi til endurskoðunar ákvæði laganna um að samvinnufélagi sé heimilt að reka innlánsdeild að fullnægðum nánar tilteknum skilyrðum. Innlánsdeildum samvinnufélaga hefur fækkað á síðustu árum og eru nú einungis starfandi innlánsdeildir við tíu samvinnufélög. Í árslok 1999 voru innlán í þessum deildum að fjárhæð samtals 1.981 millj. kr., eða 0,8% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Innlán sjö stærstu innlánsdeildanna námu þá samtals 1.880 millj. kr. með heildarinnlegg í einstökum deildum á bilinu 60 til 590 millj. kr.

Aðstæður á fjármagnsmarkaði hafa breyst verulega frá síðustu endurskðun lagaákvæðanna um innlánsdeildir fyrir nokkrum árum og lög og reglur um starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana hafa á þeim tíma sætt endurskoðun frá grunni. Breytingarnar hafa fyrst og fremst miðað að því að auka öryggi innlánseigenda og annarra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja. Á sama tíma hefur samkeppni á milli fjármálafyrirtækja stóraukist og þjónusta þeirra tekið stökkbreytingum.

Samdráttur í starfsemi innlánsdeilda miðað við heildarinnlán innlánsstofnana og breytingarnar á fjármagnsmarkaðnum sýna að stöðu innlánsdeilda samvinnufélaga hefur hrakað á síðustu árum í samanburði við viðskiptabanka og sparisjóði.

Er tæpast lengur unnt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir félögin á fjármagnsmarkaði, enda er innlánsstarfsemi almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur. Ekki er þó talið rétt að setja í lög einhvers konar sólarlagsákvæði í því skyni að binda endi á starfsemi innlánsdeildanna, enda er ljóst að móttaka innlána hefur enn verulega þýðingu í rekstri einstaka samvinnufélaga. Jafnframt verður ekki talið að innlánseigendum margra innlánsdeilda sé sérstök hætta búin af áframhaldandi starfsemi þeirra. Sum samvinnufélög eru reyndar að kanna leiðir til þess að selja frá sér starfandi innlánsdeildir til viðskiptabanka eða sparisjóða. Þurfa félögin ráðrúm til slíkra ráðstafana án þess að þeim séu sett tímamörk í því sambandi.

Hins vegar er talin full ástæða til að endurskoða ákvæðin um innlánsdeildir, eins og lagt er til í frv. þessu, m.a. í því skyni að setja samvinnufélögum þrengri skilyrði um eigið fé og tryggja virkara efirlit með félögunum en áður. Hlutfall eigin fjár er að vísu lækkað úr 18% í 15%, en jafnframt eru gerðar aðrar breytingar, þ.e. taka þarf tillit til frádráttar eignarhluta í óskráðum félögum og krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög. Eru þannig gerðar ríkari kröfur en áður til fjárhagslegs styrks samvinnufélaga sem starfrækja innlánsdeildir.

Jafnframt er kveðið skýrt á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi innlánsdeilda. Þykir þetta rétt þótt einnig sé kveðið á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með innlánsdeildum í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Einnig er í frv. lagt til að kveðið verði á um skil á endurskoðuðum ársreikningum á sex mánaða árshlutareikningum til Fjármálaeftirlitsins.

Í gildandi samvinnufélagalögum eru ekki tryggð réttindi þeirra samvinnufélaga sem áður hafa gengið úr Tryggingarsjóði innlánsdeilda til endurgreiðsluhlutdeildar úr sameignarsjóði. Er talið nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að það hindri ekki samvinnufélög í að hafa frumkvæði að því að slíta innlánsdeildum sínum og selja frá sér innlánin. Er því í frv. lagt til að í samþykktum tryggingarsjóðsins skuli m.a. kveðið á um eignarhald á honum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum.

Í 1. gr. er auk framangreindra breytinga kveðið á um að Tryggingarsjóður innlánsdeilda skuli undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti og er það nánar útfært í greininni. Með þessu móti er gætt samræmis við skattalagaákvæði varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og Tryggingarsjóð fjárfesta (áður Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða). Samráð hefur verið haft við fjmrn. um skattalagaákvæði frv.

Í 2. gr. er lagt til að ákvæði samvinnufélagalaga um innlánsdeildir verði endurskoðað að nýju eigi síðar en 1. janúar árið 2004, var 2003 í frv. á síðasta þingi, þar eð mikilvægt er að fylgjast vel með þróun þessara mála og bregðast við með löggjöf ef ástæða þykir til. Af hálfu fjárlagaskrifstofu fjmrn. er gert ráð fyrir að endurgreiða verði álagða tekju- og eignarskatta í Tryggingarsjóð innlánsdeilda að fjárhæð 2 millj. kr. á ári, en ekki er talið að frv. hafi að öðru leyti kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 1. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 716.

[12:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum, sem er á þskj. 716, mál 448.

Samhliða þessu frv. hef ég mælt fyrir öðru frv. um breytingu á lögum um samvinnufélög, sem snertir innlánsdeildir félaganna. Þá mun fjmrh. í tengslum við frv. þetta mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Með frv., sem er endurflutt frá síðasta þingi með vissum breytingum, eru í stuttu máli gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum sem snerta rekstrarumgjörð samvinnufélaga og er markmið þess að auka möguleika samvinnufélaga á að bregðast við breyttum aðstæðum. Meginefni frv. er að heimila hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs, til þess að stofnsjóður samvinnufélags endurspegli betur eigið fé félagsins og jafnframt að heimila lækkun A- eða B-deildar stofnsjóðs samvinnufélags, þannig að opnað verði fyrir möguleika til að greiða út fé. Einnig er í frv. kveðið á um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag og þá hvernig ákvörðun um breytinguna skuli taka.

Svo sem ég greindi frá, hafa verið gerðar vissar breytingar á frv. frá því sem var á síðasta þingi. Má í því sambandi nefna að breytt er ákvæðum um samþykki eigenda hlutafjár í B-deild vegna ákvarðana um hækkun séreignarhluta í A-deild stofnsjóðs, lækkun A- og B-deilda stofnsjóðs og breytingu samvinnufélags í hlutafélag. Eru í þessu frv. gerðar ívið strangari kröfur til þess að hluthafar í B-deild geti staðið gegn þessum ákvörðunum félagsfunda í A-deild um hækkun eða lækkun stofnsjóðs og breytingu samvinnufélagsins í hlutafélag. Auk þess hefur verið bætt við í 3. gr. frumvarpsins heimild til handa samvinnufélögum til að kveða á um í samþykktum að útborgun á séreignarhlutum samkvæmt 1.–3. mgr. 38. gr. laganna um samvinnufélög skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins eða skuldabréfum en á þetta gæti t.d. reynt ef félagsmaður hættir þátttöku vegna aldurs. Undirstrika skal að þetta er heimildarákvæði.

Að undanförnu hefur farið fram mikil umræða á vettvangi samvinnufélaga um skipulagsmál og framtíð félaganna. Þróun byggðar og atvinnurekstrar hefur sniðið samvinnufélögum þrengri stakk en áður og heimildir samvinnufélaga til að afla fjármagns á markaði með útgáfu B-deildarhluta hefur

ekki reynst samvinnufélögunum eins vel og ætlunin var. Nokkur samvinnufélög hafa því þegar ákveðið að stofna hlutafélög um einstaka þætti í rekstri sínum til að bregðast við breyttum aðstæðum. Nauðsynlegt hefur verið talið að færa samvinnufélögum auknar heimildir í lögum til að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína.

Var skipuð nefnd til að gera tillögur um breytingar á ýmsum ákvæðum samvinnufélagalaganna varðandi rekstrarumgjörð félaganna. Jafnframt var tækifærið notað til að bæta við ákvæði um möguleika til slita á samvinnufélagi vegna vanskila á sendingu ársreikninga til samræmis við hlutafélagalöggjöf, leiðrétta millivísanir í lagagreinum og taka upp aðgreiningu í endurskoðendur og skoðunarmenn.

Til að byggja upp eigendavitund í samvinnufélögum er í frv. gert ráð fyrir heimildum til handa félögunum til að gera breytingar á stofnsjóði til hækkunar og lækkunar en jafnframt þarf að gera breytingar á skattalögum til að gera þetta kleift, m.a. þannig að hækkun séreignarhluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna. Benda má á í þessu sambandi að í hlutafélagalöggjöf eru svipuð ákvæði um heimildir til hækkunar og lækkunar hlutafjár. Í frv. þessu er jafnframt gert ráð fyrir því, eins og áður segir, að unnt sé að breyta samvinnufélagi í hlutafélag og eru sett ákvæði til að auðvelda slíkt. Þótt samvinnufélagi yrði breytt í hlutafélag getur það varðveitt ýmis einkenni samvinnufélags, t.d. ákvæði samþykkta um tilgang félags. Það er í valdi samvinnufélaga hvort þau nýta sér heimildir samkvæmt ákvæðum frv. ef þau yrðu að lögum, þ.e. í fyrsta lagi heimild til lækkunar fjár sem nokkuð hefur verið nýtt í hlutafélögum og einkahlutafélögum ef ekki hefur verið talin þörf á eins miklu eigin fé og til er vegna rekstrar. Í öðru lagi heimild til hækkunar fjár, t.d. vegna aukinna umsvifa. Og í þriðja lagi heimild til að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Allt yrði þetta á valdi samvinnufélaganna. Reynt er að tryggja réttindi þeirra sem eru andvígir breytingu samvinnufélaga í hlutafélag. Þessu er öllu nánar lýst í frv.

Að því er varðar einstakar greinar frv. vísa ég til framsöguræðu minnar á síðasta þingi.

Í kostnaðarumsögn kemur fram að ekki verður séð að frv. þetta hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég óska þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:04]

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Kristnihátíðarsjóðs, skv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Kristnihátíðarsjóð.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Anna Soffía Hauksdóttir verkfræðingur,
Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur,
Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Varamenn:
Þorsteinn Gunnarsson arkitekt,
Jón Páll Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóri,
Þóra Guðmundsdóttir arkitekt.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (tegundartilfærsla). — Þskj. 120, nál. 728 og 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, PHB, SJóh, SAÞ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

30 þm. (AHB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KPál, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 728 (ný 2. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, LB, PHB, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

29 þm. (AHB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, KPál, MF, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Eftirlit með útlendingum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313, nál. 752 og 801.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.
7 þm. (BH, GAK, GÖ, LB, SJóh, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (AHB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GE, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞKG.
11 þm. (BH, EMS, GAK, GÖ, JB, KVM, KLM, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (AHB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KolH, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 182, nál. 733, brtt. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Brtt. 734,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 734,2–10 samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–28. gr., svo breyttar, samþ. með 36 shlj. atkv.
29.–33. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða almenningsþjónustu á landsbyggðinni.

[13:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ein af forsendum byggðar og búsetu í landinu er gott aðgengi að almennri grunnþjónustu svo sem verslun, síma, fjarskiptum, póstþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menntun og ekki hvað síst eldsneyti á bíla og vélar. Í þeirri miklu búseturöskun á öld hagræðingar og markaðsvæðingar vill fara lítið fyrir þessum þjónustuskyldum og jafnræði allra þegna landsins. Hefðbundin almenningsþjónusta breytir um rekstrarform, reglur um samkeppni leysa af reglur um samhjálp og hver verður undir? Jú, einstaklingar og samfélög sem síst geta varið sig, sem eru samkvæmt breyttu gildismati ekki lengur arðbær, en einmitt þessi grunnþjónusta sem ég hef hér minnst á er forsenda byggðar og búsetu í landinu. Bæði sýn, stefna og aðgerðir í byggðamálum verða að taka til þessara þátta með heildstæðum hætti.

Nú er t.d. væntanlegt frv. um sölu ríkisbankanna og heimild til að hlutafélagavæða sparisjóðina. Það er ljóst að við þessar breytingar fjarlægjast þessar þjónustustofnanir neytendur sína. Hvar sem við förum um landið heyrum við af áhyggjum fólks sem segir: Hvað verður nú um bankann okkar, verður honum lokað í næstu hrinu? Og missir þá okkar fólk vinnuna?

Því, herra forseti, verður að setja skilgreindar þjónustukvaðir á allar stofnanir og þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á almannaþjónustu á landsvísu. Fólk stendur varnarlaust og getur hvergi snúið sér. Tökum t.d. að einmitt í dag er verið að loka tveim pósthúsum í Skagafirði, í Varmahlíð og á Hofsósi. Tilkynning eða bréf um það var sent út nokkrum dögum áður en umrædd lokun kom til framkvæmda. Fimm starfsmenn missa vinnuna, allt konur.

Íbúarnir hafa ekki mikið svigrúm en þeir bregðast við, safna undirskriftum og senda þær ásamt mótmælabréfi til Íslandspósts og samgrh. En hvað gerist? Þessi mótmæli eru ekki einu sinni kynnt á stjórnarfundi fyrirtækisins. Þarna voru mótmæli og undirskriftir nokkurra hundruða Skagfirðinga ekki virt viðlits. Og þegar leitað er svara um hver ráði hér ferð þá vísar hver á annan.

Hæstv. samgrh. sagði í umræðu hér í þinginu og aftur í fréttaviðtali að stjórn Íslandspósts færi með þetta mál. Framkvæmdastjórar Íslandspósts sögðu á fundi á Hofsósi 21. febr. sl. að lokanir þessara pósthúsa væru ekki mál stjórnarinnar.

Herra forseti. Í leyfisbréfi Íslandspósts frá 28. febr. 1998 stendur, með leyfi forseta, í 3. gr.:

„Leyfishafa bera að taka við pósti frá almenningi án mismununar. Leyfishafi skal taka við og dreifa öllum pósti sem fellur undir 1. gr. jafnvel þó að þjónustan kunni að vera óarðbær að því er varðar einstakar sendingar."

Herra forseti. Í 9. gr. leyfisbréfsins stendur:

„Leyfishafi skal ákveða fjölda afgreiðslustaða fyrir almenning svo og dreifingu þeirra um landið í samræmi við reglur og markmið sem Póst- og fjarskiptastofnun setur til að tryggja aðgengi almennings að grunnpóstþjónustu."

Þessar reglur hafa enn ekki verið settar.

Og í 12. gr. leyfisbréfsins stendur, með leyfi forseta, og ég bið að tekið sé vel eftir:

„Leyfishafa [þ.e. Íslandspósti] er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu." — Er óheimilt að gera það samkvæmt því leyfisbréfi sem hann hefur fengið.

Herra forseti. Þrátt fyrir nokkuð skýrar reglur stendur almenningur ráðþrota að koma mótmælum sínum á framfæri. En öll þessi þjónusta, hvert starf, hver þjónustueining er hluti af heild í þeirri byggð sem við hér viljum hafa og byggðastefnu þjóðarinnar.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. iðnrh. sem fer jafnframt með málefni byggðamála:

1. Hefur iðnrn., sem fer með byggðamál, dregið saman upplýsingar um fækkun starfa og samdrátt í opinberri þjónustu sem orðið hefur á landsbyggðinni að undanförnu?

2. Hefur áætlun Íslandspósts hf. um fækkun pósthúsa, uppsagnir starfsfólks og skerta þjónustu víða um land verið

kynnt iðnrh. eða hefur ráðherra beitt sér í málinu að eigin frumkvæði?

3. Verður við endurskoðun byggðaáætlunar gerð sérstök úttekt á stöðu almannaþjónustu úti um byggðir landsins með tilliti til forsendna fyrir þróun byggðar?

4. Verða við endurskoðun byggðaáætlunar sett viðmið um lágmarksgæði og aðgengi að almannaþjónustu svo sem hvað varðar póstþjónustu, síma og fjarskipti, þjónustu banka og annarra peningastofnana, verslunar og eldsneytisafgreiðslu?

[13:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun leitast við að svara þeim spurningum sem hv. þm. hefur borið upp.

Fyrsta spurningin var: „Hefur iðnrn., sem fer með byggðamál, dregið saman upplýsingar um fækkun starfa og samdrátt í opinberri þjónustu sem orðið hefur á landsbyggðinni að undanförnu?"

Slíkar upplýsingar hafa hvorki verið teknar saman af iðnrn. né Byggðastofnun.

Önnur spurning: „Hefur áætlun Íslandspósts hf. um fækkun pósthúsa, uppsagnir starfsfólks og skerta þjónustu víða um land verið kynnt iðnrh. eða hefur ráðherra beitt sér í málinu að eigin frumkvæði?"

Breytingar á þjónustu Íslandspósts hafa ekki verið kynntar mér sérstaklega. Málið hefur þó verið rætt á fundum ríkisstjórnar og hafa ráðherrar lýst yfir áhyggjum sínum af þessari þróun. Ég hef enn fremur rætt óformlega við stjórnarmenn Íslandspósts og lýst sjónarmiðum mínum.

Sem viðleitni til að tryggja póstþjónustu beitti ég mér fyrir breytingu á löggjöf um banka og sparisjóði til að gera þessum stofnunum kleift að sinna póstþjónustu. Þó svo að þessi lagabreyting geri kleift að viðhalda póstþjónustu á þeim stöðum þar sem ekki eru starfrækt pósthús þá breytir hún engu um hina hlið þessa máls, þ.e. að störfum fækkar við niðurlagningu pósthúsa. Það er mér áhyggjuefni því eins og við vitum er það eitt meginstefnuatriði gildandi byggðaáætlunar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.

Þriðja spurning: „Verður við endurskoðun byggðaáætlunar gerð sérstök úttekt á stöðu almannaþjónustu úti um byggðir landsins með tilliti til forsendna fyrir þróun byggðar?"

Um þessar mundir erum við í ráðuneytinu að undirbúa það starf sem þarf að fara í gang til að vinna að tillögugerð um næstu byggðaáætlun. Við munum jafnframt, vonandi á næstu dögum, leggja fram skýrslu Byggðastofnunar um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar. Ég tel þessa hugmynd um að gera sérstaka úttekt á stöðu almannaþjónustu úti um byggðir landsins áhugaverða og eiga erindi inn í þá vinnu sem fram undan er varðandi nýja byggðaáætlun.

Fjórða spurning: „Verða við endurskoðun byggðaáætlunar sett viðmið um lágmarksgæði og aðgengi að almannaþjónustu svo sem hvað varðar póstþjónustu, síma og fjarskipti, þjónustu banka og annarra peningastofnana, verslunar og eldsneytisafgreiðslu?"

Hér verður að greina á milli þess sem er opinber þjónusta og þjónusta sem veitt er af einkaaðilum. Hið opinbera hefur hlutverki að gegna varðandi ýmsa þá þjónustu sem veitt er. Hvað varðar opinbera þjónustu kæmi vissulega til greina að skilgreina lágmarksþjónustu á ýmsum sviðum. Að mínu viti gæti viðmiðið þó ekki verið það sama hvar sem er á landinu. Við verðum einfaldlega að viðurkenna að við getum ekki boðið upp á sömu þjónustu í þúsund manna byggðarlagi og í 20 þúsund eða jafnvel 100 þúsund manna byggðarlagi.

Hvað varðar þá þjónustu sem veitt er af einkaaðilum þá höfum við þau einu úrræði að skapa sem best almenn skilyrði fyrir því að hægt sé að veita slíka þjónustu í fámennum byggðarlögum. Kaupfélögin tóku að sér þetta hlutverk áður fyrr en því miður fyrir landsbyggðina hafa þau ekki burði til að sinna þessu hlutverki eins vel og áður var. Og þá vil ég koma að því sem kom fram í máli hv. þm. þegar hann talaði um að skilgreina þyrfti þá þjónustu betur sem veitt er á landsbyggðinni. Auðvitað vitum við það, eins og kom fram, að kaupfélögin veittu þessa þjónustu af miklum myndarskap og fengu kannski ekki alltaf mikið þakklæti fyrir. En síðan hefur það gerst að á mörgum smærri stöðum er meira að segja ekki hægt að tala um verslunarþjónustu.

Hv. þm. talaði um samkeppni í stað samhjálpar. Ég vil ekki skilja orð hans þannig að hann sé að tala þar með gegn samkeppni en það er nú eitt af því sem nútímasamfélag byggir mjög á.

Ég vil að síðustu þakka hv. þm. fyrir það að taka þetta mál upp. Það er ástæða til að ræða þetta mál og ég held að við munum gera það áfram, bæði þegar við förum yfir úttekt á þeirri byggðaáætlun sem samþykkt var af Alþingi og er nú að renna út, og eins þegar við munum vinna að nýrri byggðaáætlun sem er í mótun fyrir næsta tímabil.

[13:51]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka frummælanda fyrir þessa umræðu um almenningsþjónustu. Hér ættu auðvitað að vera viðstaddir flestir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnar til að fjalla um þessi mál en eins og sjá má eru hér aðeins tveir ráðherrar.

Það er í raun grátlegt að umræða um vanda landsbyggðar og dreifbýlis skuli þurfa að vera oft á hverjum vetri á þessum vettvangi til áminningar fyrir ríkisvaldið. Það á að vera öllum ljóst og ekki síst hæstv. ráðherrum að búseta í þéttbýli á landsbyggðinni og reyndar einnig í sveitum er mjög háð þeirri almenningsþjónustu sem stendur íbúunum til boða. Skerðingar á þjónustu verða allar til þess að íbúar gera samanburð á því hvað stendur til boða annars staðar á því sem þeir hafa og því sem þeim býðst.

Skólar, aðgengi að læknisþjónustu, bönkum, póst- og símaþjónustu, sýslumannsembættum, samgönguþjónustu, prestþjónustu, verslun til aðdráttar fyrir heimilin, þetta eru grunnatriðin sem málið snýst um. Öll skerðing varðandi þessa þætti er byggðahamlandi. Krafan sem stendur á ríkisvaldið er að fyrir hvert starf sem ríkið á aðild að að lagt er niður komi að tilhlutan ríkisins annað starf sem skili sambærilegum tekjum til einstaklingsins og sveitarfélagsins sem í hlut á.

Herra forseti. Ég leggst ekki gegn hagræðingu. En ef hún felst í því að færa störf, og þá einkum kvennastörf, frá landsbyggð að höfuðborgarsvæði þá er ég á móti.

Virðulegur forseti. Sú spurning sem ég tel að hæstv. byggðamálaráðherra verði að svara við þessa umræðu er eftirfarandi:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir sértækum aðgerðum til varnar landsbyggð? Ef ekki þá er núverandi byggðastefna eyðibyggðastefna.

[13:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mikil umræða hefur verið um fjarvinnsluverkefni sem hægt væri að flytja út á land. Jafnframt hefur verið stefnt að því að flytja stofnanir og verkefnissvið stofnana út á landsbyggðina.

Það miðar frekar hægt í þeim málum öllum saman. Vafasamt er að störfum fjölgi mikið á landsbyggðinni þó að einhver viðleitni sé í þá veru annað veifið eftir áðurnefndum markmiðum. Það segir lítið að hafa viljann í orði þegar stjórnvöld eru í raun að fækka störfum í þjónustu fyrir almenning á landsbyggðinni.

Það væri fróðlegt að fá upplýst, m.a. hjá hæstv. samgrh., hver sé viðmiðunin þegar leggja skal niður pósthús í byggðum. Er það íbúatalan eða er það eitthvert þjónustumagn sem þar fer í gegn?

Jafnframt er síðan í framkvæmd eyðibyggðastefna sem fylgt hefur frjálsa kvótabraskskerfinu þar sem störfum í sjávarbyggðunum fækkar í kjölfar kvótabraskskerfisins. Þar er á ferðinni algjör aðför að byggðum landsins.

[13:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér hefur verið efnt til umræðu um stöðu almannaþjónustu á landsbyggðinni og er það af hinu góða að fá tækifæri til að fara yfir þau mál vegna þess að það er nú svo að til viðbótar við þann vanda sem við Íslendingar erum í vegna byggðaþróunar eru gerðar tilraunir til þess, og þá ekki síst í pólitískum tilgangi, að gera aðgerðir tortryggilegar.

En eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur gert grein fyrir er unnið að því fullum fetum að standa sem best að hinni opinberu þjónustu um landið allt og það er sá ásetningur sem ríkisstjórnin hefur.

Póstþjónustan kemur inn í þessa umræðu og í fjölmiðlum að undanförnu hefur verið töluvert fjallað um þær breytingar sem verið er að gera á rekstri Íslandspósts hf. Ég vil undirstrika og láta það koma alveg skýrt fram við þessa umræðu að það er ekki verið að leggja af póstþjónustu. Það er verið að leggja á ráðin um að stórauka og bæta póstþjónustuna í landinu með því að hún verði fimm daga vikunnar um land allt, ekki bara í mesta þéttbýlinu. Og um leið og við erum að standa að þeim breytingum þá erum við að viðurkenna staðreyndir og reyna að hagræða í rekstri pósthúsanna og ná samstarfi við ágæt fyrirtæki, banka og viðskiptafyrirtæki í héruðunum og ná þannig þeim tilgangi okkar að styrkja stöðu póstþjónustunnar í landinu. Sá er tilgangurinn og ekkert annað.

[13:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það eru ekki allir ánægðir með þær skipulagsbreytingar sem hafa verið gerðar hjá Íslandspósti undir merkjum hagræðingar og sparnaðar og er ljóst að þetta er aðeins upphaf að lokunum enn fleiri pósthúsa á landsbyggðinni og að enn fleiri verður sagt upp, þ.e. ef áætlanir Íslandspósts ganga eftir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hjá Lilju Rögnu Magnúsdóttur, sem situr í stjórn Íslandspósts, hafa breytingar á starfrækslu pósthúsa ekki verið til umfjöllunar í stjórninni fram til þess. Því lét hún bóka á síðasta stjórnarfundi Íslandspósts eftirfarandi:

„Óska eftir að allar skipulagsbreytingar á rekstri póstafgreiðslna verði kynntar í stjórn áður en málin eru komin á lokastig og stjórn gefist kostur á að kynna sér tillögur að breytingum og taka afstöðu í framhaldi af því."

Það er ekki sama hvernig umhverfi og fagleg afgreiðsla Póstsins er innt af hendi. Því er nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um þjónustustig og hver lágmarksþjónustan megi vera. Það þarf að skilgreina þjónustuna eftir þéttbýli og dreifbýli. Póstsendingar eru meira en að koma bréfi eða bögglum milli staða. Póstsendingar eru trúnaðarmál auk þess sem send eru verðmæti, m.a. peningasendingar, sem krefjast öruggrar afgreiðslu.

Að sameina póstþjónustu og banka eða sparisjóði er allt annað þjónustustig en að koma póstþjónustunni inn í almenna verslun eða sjoppur og bensínstöðvar. Umhverfi og fagleg vinnubrögð póstþjónustunnar hafa ekki síður en öll önnur opinber þjónusta áhrif á þá upplifun sem við fáum gagnvart þeim stað sem við búum á en fyrst og fremst á lífsskilyrði fólks sem býr á landsbyggðinni. Því getur lokun pósthússins verið sá dropi sem fyllir mælinn í íbúaþróun byggðar.

Póstþjónustan á Austurlandi er nú til skoðunar hjá Íslandspósti. Það er krafa okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að látið verði af handahófskenndum lokunum pósthúsa og þverrandi þjónustu. Við hljótum að gera ákveðnar gæðakröfur.

[14:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu virðist vera fyrst og fremst breytingar á póstþjónustu í Skagafirði og ég vil af því tilefni segja að ég tel að það skipti mestu máli hvaða þjónustu verið er að bjóða upp á fremur en það form þjónustunnar sem er valið. Til að meta breytinguna sem þar er að verða þarf maður að hafa meiri upplýsingar um hvernig þjónustan verður að loknum breytingum borið saman við það sem hún er í dag.

Ég tek hins vegar undir það að ákveðið lágmarksþjónustustig þarf að vera skilgreint. Það er nauðsynlegt til þess að mönnum standi til boða ýmis grundvallarþjónusta í dreifðum byggðum að ríkið taki að sér að veita hana a.m.k. að vissu lágmarki.

Ég er ekkert viss um að breytingarnar í Skagafirði séu neikvæðar, það getur vel verið að þær hafi það í för með sér að þjónustan batni að einhverju leyti.

Að öðru leyti vil ég segja um byggðamálin almennt að í nærri hálfa öld hefur verið rekin mjög öflug byggðastefna hér á landi sem hefur verið ákaflega sértæk að því leyti til að hún hefur fyrst og fremst miðað að því að byggja upp öflugt höfuðborgarsvæði. Árangurinn af þeirri stefnu hefur verið býsna góður. Það hefur tekist að byggja upp mjög öflugt svæði á suðvesturhorni landsins með fjölbreytta atvinnumöguleika, gott tekjustig og mjög góða þjónustu. Sú breyting sem þarf að verða er að við förum úr þeirri stefnu að leggja áherslu á eitt svæði á landinu yfir í aðra stefnu sem leggur áherslu á mörg svæði í landinu og að við beitum okkur fyrir því að á fleiri svæðum en höfuðborgarsvæðinu verði að finna sambærilegt val og er að finna á svæðinu hér.

[14:02]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Íbúar landsbyggðarinnar geta ekki annað en litið á stjórnvöld og núv. ríkisstjórn sem andstæðing sinn vegna stefnuleysis ríkisstjórnarinnar í málefnum þeirra.

Ríkisstjórnin hefur ekki náð neinum takti við íbúa landsbyggðarinnar undanfarin ár.

Núv. hæstv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur stuðlað að mestu byggðaröskun sem um getur með aðgerðaleysisstefnu sinni. Byggðastefna núv. ríkisstjórnar er skýr, hún er stefna aðgerðaleysis. Smátilburðir ríkisstjórnarinnar til að breyta um stefnu eru til að brosa að eða gráta yfir, eftir hvernig á það er litið, og aldrei oðruvísi en að koma að málum þegar allt er komið í óefni.

Nefna má málefni Bolvíkinga, málefni Hríseyinga, nefna má fjarvinnsluverkefnin sem flytja átti út á land og nefna mætti málefni margra annarra byggðarlaga. Hæstv. ríkisstjórn er eins og vanbúið slökkvilið sem kemur allt of seint á vettvang og mætir stundum alls ekki.

Ríkisstjórnin hefur sannarlega stuðlað að fjölgun starfa og framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu en ríkisstjórnin hefur líka fækkað störfum og framkvæmdum á landsbyggðinni. Nefna má t.d. að á vegum samgrn. hafa loftskeytastöðvar á Ísafirði, Siglufirði, Neskaupstað og Vestmannaeyjum verið lagðar af, fækkað um 30–35 störf. Pósthúsin, sem við erum að ræða hér um, sem verið er að loka einu af öðru úti um allt land og fækka störfum. Verið er að fækka starfsmönnum flugvalla og þeir eru að týna tölunni einn af öðrum.

Herra forseti. Alþingi hefur sett takmarkanir á tvo höfuðatvinnuvegi landsbyggðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, sem hefur m.a. stuðlað að þeim þjóðarvanda sem flutningur fólks af landsbyggð til höfuðborgar er.

Herra forseti. Ég vil að lokum spyrja hæstv. byggðamálaráðherra, vegna þess að hér fyrr í haust var boðuð umræða um framkvæmd byggðaáætlunar: Hvenær verður þessi umræða? Eða treystir hæstv. byggðamálaráðherra sér alls ekki í slíka umræðu á hinu háa Alþingi?

[14:04]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. málshefjanda er tilefni þessarar umræðu póstþjónustan í Skagafirði og að hluta til í Húnaþingi.

Menn sjá það auðvitað í Skagafirði að það er tiltölulega stutt síðan byggt var myndarlega yfir póstþjónustuna á þessum tveimur stöðum, í Varmahlíð og á Hofsósi, og er því sárt að sjá þeim stöðvum lokað og störfin hverfa. Póstur og sími studdu hvor annan sem þjónustufyrirtæki til skamms tíma og það er líka miklu tamara á tungu að segja Póstur og sími en Póstur og kaupfélag eða Póstur og banki, svo dæmi séu tekin. Hins vegar er á það að líta að slíkt fyrirkomulag er staðreynd og verður staðreynd í Skagafirði í dag og síðan innan tíðar í hluta Húnaþings einnig eða á Skagaströnd.

Það er ekki annað að gera en sjá hvernig þetta reynist, láta þjónustuna reyna sig, en það hefur verið boðað af hæstv. samgrh. að verið sé að auka þjónustuna og bæta hana. Að því er stefnt og því skulum við sjá hvernig það muni ganga. Aðalmálið er að sjálfsögðu að þjónustan sé eins vel af hendi leyst eða betur en gert hefur verið. Umsvif póstþjónustu hafa breyst og ný tækni minnkað hlut almennra póstsamgangna. Tekjur eru því litlar á útstöðvum Póstsins. Það er auðvitað sárt að sjá á eftir störfunum en ég er viss um að enginn vill vera í starfi sem ekki er þörf fyrir.

Þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér hafa tekið þátt í umræðunni hafa áform um verulegan flutning starfa út á land. Hæstv. samgrh. hefur boðað þá fyrirætlan að flytja 50–60 störf út á land og þar á meðal á vegum Íslandspósts. Ég treysti þeim til að búa þar í haginn fyrir þau störf sem þörf er fyrir og eru betur komin á landsbyggðinni. Það hlýtur að vera allra hagur.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ákaflega dapurlegt til þess að vita að þvert ofan í öll fögru fyrirheitin um að dreifa opinberri þjónustu um landið, þvert ofan í yfirlýst markmið byggðaáætlunar stjórnvalda, bæði síðastgildandi og núgildandi, um að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni sérstaklega þá hefur fjölda fólks verið sagt upp hjá opinberum eða hálfopinberum fyrirtækjum. Einkavæðingin, háeffunin fína, lausnarorðið mikla, birtist landsbyggðinni þannig að símstöðvum og pósthúsum er lokað, bankaútibú draga saman starfsemi, segja upp fólki og hafa opið í besta falli í tvo til fjóra tíma á dag. Verslun dregst saman sem auðvitað kemur stjórnvöldum við þó að hún sé á hendi einkaaðila enda algengur liður í byggðastefnu víða erlendis að styrkja strjálbýlisverslun. Flug leggst af, starfsmönnum Flugmálastjórnar er sagt upp og þar fram eftir götunum. Meira að segja olíudreifing og sjoppur loka þannig að menn fá með höppum og glöppum afgreitt bensín í gegnum sjálfsala á ferðum sínum um landið.

Ég hef, herra forseti, að undanförnu orðið áþreifanlega var við það í samtölum við fólk í byggðum vítt um landið að það hefur orðið snögg og mikil breyting til hins verra hvað varðar almennt þjónustustig. Ég fullyrði að það er ekki óalgengt í miðlungssjávarplássum með 300–800 íbúa að milli 10 og 20 störf af þessum toga hafi tapast núna á allra síðustu missirum. Þetta gerir mannlífið daufara, atvinnulífið einhæfara o.s.frv.

Svo eru menn undrandi á því að það hrikti í byggðinni. Er það nú ekki þannig, herra forseti, að það væri nærtækara að reyna að hlúa að því sem fyrir er og verja það heldur en að horfa á það rústast og ætla svo að reyna að fara ofan í hinn vasann og sækja eitthvað til stuðnings byggðunum sem menn rústa niður með hinni hendinni? Þetta er algjör blindgata, herra forseti, sem menn eru þarna komnir í.

[14:09]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er hreyft afar margslungnu máli. Í kjölfar mikillar fólksfækkunar í ýmsum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni má segja að forsendur fyrir þjónustu hafi að mörgu leyti brostið. Það hefur með öðrum orðum verið erfiðara að veita þá þjónustu sem þörf er á. Ég vil taka það fram að þetta á jafnt við um einkaþjónustu og opinbera þjónustu. Þetta sést e.t.v. best í verslunarrekstri, eftir því sem viðskiptavinum fækkar þá gengur verr að reka verslunina og að því kemur að einstakar verlanir fara undir þau mörk sem verslunareigendur telja sér fært að standa á og verslunum er lokað eins og dæmi sanna.

Hið sama gildir í rauninni um skóla. Eftir því sem nemendum fækkar verður erfiðara að veita þjónustu svo sem valgreinar og ekki síst það að kennurum fækkar og fátt er verra fyrir sérfræðinga en að vera í faglegri einangrun. Ofan á þetta má síðan bæta tækniváðingu sem hefur m.a. leitt til þess að störfum hefur fækkað. Hér er með öðrum orðum um mjög margslungið mál að ræða sem verður alls ekki leyst með einföldum hætti þó að sumir hv. þm. tali þannig.

Ég fagna þess vegna öllum tilraunum sem gerðar eru til að halda uppi þjónustustigi, eins og hér hefur verið nefnt með samruna einstakra eininga til þess að styrkja þjónustuna

og halda henni. Ég fagna líka þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið um að stækka þjónustusvæði með samstarfi opinberra aðila og einkageirans. Hvað hið opinbera varðar hlýtur að vera horft til skattlagningar á vörur og á tekjur einstaklinga og fyrirtækja, á styrki byggða, á byggðastefnu með skilgreindri lágmarksþjónustu, á samruna opinberra stofnana til þess að ná fram hagræðingu en halda í þjónustu og með samvinnu hins opinbera og einkageirans. Markmiðið hlýtur að vera að styrkja og efla þjónustustigið, halda því í byggð og það hljóta menn að gera með bjartsýni en ekki þeim bölmóði sem því miður heyrist of oft.

[14:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þau atriði sem hér hafa komið fram þó að ekki hafi þau öll verið upp örvandi. Ég vil leggja áherslu á það, eins og ég gerði áðan, að það verður að líta á málið samræmt.

Hæstv. iðnrh. vék að því að hægt væri að setja kröfur á opinbera þjónustu um lágmarksgæði og aðgengi. En æ stærri hluti af almannaþjónustunni sem var áður opinber eða hálfopinber er nú að verða einkavæddur að hluta eða öllu. Og það er ekki hvað síst um þessa þjónustu, þessa einkavæddu og hálfeinkavæddu þjónustu sem þörf er á að setja reglur, setja á þjónustukvöð, setja á þjónustuskyldur. Að mínu viti, herra forseti, er það einmitt hlutverk þess ráðherra sem fer með byggðamál að skylda önnur ráðuneyti til að senda inn allar breytingar sem geta haft áhrif á þjónustu og byggð í landinu og ráðherra byggðamála hafi þannig heildarsýn yfir málið og geti gert athugasemdir. Annars er þetta ráðuneyti ekki til mikils.

Þetta eru grundvallaratriði almennu þjónustunnar. Aðrar byggðaaðgerðir, önnur búsetuskilyrði verða hjóm eitt ef þeim er ekki fullnægt og þarna er hlutverk hæstv. byggðamálaráðherra.

[14:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil halda því fram að almennt sé þjónusta á landsbyggðinni nokkuð góð miðað við fólksfæð. Það eru undantekningar, það eru ákveðin svæði sem eru veik en víða á landsbyggðinni er þjónusta góð. Við skulum hafa það í huga t.d. í sambandi við heilsugæsluna að hún var byggð upp á landsbyggðinni áður en hún var byggð upp hér á suðvesturhorninu. Um það var tekin pólitísk ákvörðun og þess vegna var það gert.

Ég undrast það ekki að hv. þm. vinstri grænna komi hér upp og hafi nokkuð hátt en hafi líka fá úrræði því að það einkennir mjög þann flokk. Ég var t.d. á fundi í gær á Snæfellsnesi og þar töluðu margir fundarmenn um það hve þeim leiddist þessi neikvæða umræða um landsbyggðina sem væri í fjölmiðlum og á Alþingi. Ég held að sumir sem koma hér í stól á hv. Alþingi séu alls ekki alveg með á nótunum því að það er víða blómlegt líf á landsbyggðinni. Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson kinkar kolli. Hann fer kannski stundum út á land. Ég vona það.

En vegna þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór hér mikinn eins og oft áður þá vil ég ítreka að ég talaði um kaupfélögin í ræðu minni áðan og hversu gífurlega stórt hlutverk kaupfélögin höfðu áður, en nú eru þau orðin veik. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er einn af fáum Íslendingum sem lagði mikið á sig til þess að segja sig úr kaupfélagi. Það var nú framlag hans til kaupfélaganna, til samvinnuhreyfingarinnar og til þeirra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem þó héldu uppi þjónustu. Það er því ekki alltaf sem maður botnar algjörlega í hlutunum. (Gripið fram í.) Já, nú veit ég að hann er hissa að ég skuli muna eftir þessu en það er nú sumt sem maður getur ekki gleymt.

Í sambandi við spurningu Kristjáns L. Möllers um hvenær rædd yrði framkvæmd byggðaáætlunar, þá sagði ég í ræðu minni áðan að það yrði á næstu dögum. Hún er um það bil að koma til þingsins.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), frh. 1. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 716.

[14:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. mælti í dag fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög sem snertir innlánsdeildirnar. Nú er einnig á dagskrá frv. um breytingu á lögum um samvinnufélög sem snertir þá rekstrarumgjörð. Um er að ræða möguleika til að breyta samvinnufélögunum í hlutafélög með það að markmiði að styrkja samvinnufélögin.

Í frv. sem kom til umræðu fyrr í dag var um að ræða ýmis ákvæði til að styrkja eiginfjárhlutföll innlánsdeilda samvinnufélaga og tryggja þar virkara eftirlit. Jafnframt var lagt til að skilyrði um eiginfjárkröfu samvinnufélaganna yrðu hert frá því sem nú er og ákveðið að miða við 15% í staðinn fyrir 18%, muni ég það rétt. Allt er þetta rétt og eðlilegt og í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á fjármagnsumhverfi og fjármálamarkaðnum. Sé litið á stöðuna núna, miðað við eiginfjárstöðu hjá innlánsdeildum sem sennilega eru um 15 þá standa fjórar innlánsdeildir mjög veikt. Hjá þessum fjórum kaupfélögum sem töluvert vantar upp á að ná því markmiði sem sett er um eiginfjárstöðu í frv. sem mælt var fyrir fyrr í dag og þarf það sérstakrar skoðunar við.

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég kem upp er frv. sem hér er á dagskrá. Það tengist frv. sem kemur á dagskrá á eftir. Það snertir þetta mál og varðar breytingu á tekjuskattslögum. Þessi mál voru einnig til umræðu á síðasta þingi og gengu þá til efh.- og viðskn. Leitað var umsagna ýmissa aðila um þessi frv. Ekki var mikið fjallað um þessi mál í efh.- og viðskn. á síðasta þingi en ég fór yfir þær umsagnir sem komu um þetta mál fyrir þessa umræðu.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér brá nokkuð við umsögn sem kom um þetta mál frá ríkisskattstjóraembættinu. Í því eru atriði sem ég tel nefndin þurfi að skoða mjög nákvæmlega. Ég furða mig á því að umsögn embættisins gengur út á að með þeim breytingum sem eru lagðar til á þessari rekstrarumgjörð samvinnufélaganna sé ríkissjóður að afsala sér skatttekjum með ýmsum ívilnandi reglum eins og þar kemur fram. Ríkisskattstjóri veltir því fyrir sér hvort ívilnanir í þessu frv. geti talist réttlætanlegar og geti haft fordæmisgildi.

Ég er hálfhissa á að þetta skuli ekki hafa komið fram í öðrum umsögnum um eitthvað af þessum frv., þ.e. að verulegar skattaívilnanir geti falist í ákvæðum frv. Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að fara yfir þessa umsögn frá ríkisskattstjóraembættinu og spyrja um leið hæstv. ráðherra hvort hann geti svarað því sem fram kemur í athugasemdum ríkisskattstjóraembættisins. Að öðru leyti ætla ég að geyma mér að fjalla um þessi þrjú frv. þar til þau koma fyrir efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti.

Í umsögn ríkisskattstjóra sem er frá apríl á síðasta ári kemur fram, þá er hann að gefa umsögn um þetta mál, þ.e. um breytingar á lögum um samvinnufélög og þessa rekstrarumgjörð, með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að auðvelda breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga og skilgreina eignaraðildina. Gengið er út frá því að framkvæmd þeirra reglna sem settar verða hafi ekki sem slík skattalegar afleiðingar fyrir viðkomandi félög og félagsaðila. Með frumvarpinu er skattskyldu við afhendingu verðmæta milli aðila aflétt. Tekjur sem samkvæmt almennum skattareglum teldust til skattstofns hjá móttakanda verða samkvæmt því að fullu skattfrjálsar. Hvorki leggst á almennur skattur né fjármagnstekjuskattur. Afsalar ríkissjóður sér því skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum."

Þetta er það fyrsta sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um. Getur hún tekið undir það að með þessu sé ríkissjóður að afsala sér skatttekjum og hversu miklum skatttekjum er ríkissjóður þá að afsala sér?

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gengur út frá því að ákveðið verði nýtt stofnverð eigna í hendi viðtakenda. Gildir það stofnverð síðan við skattákvörðun við frekara framsal eignanna. Til að koma þessu í kring er annars vegar lagt til að séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félaganna verði hækkaðir um fjárhæðir sem eftir standa þegar félögin hafa ráðstafað hagnaði í samræmi við lög og samþykktir sínar með því að afhenda félagsmönnum samvinnuhlutabréf í B-deild stofnsjóðs félagsins. Hins vegar er áformað að framkvæma sértækt endurmat sem skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félaganna í árslok 1996. Hækkunin skal afhent félagsaðilum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félaganna."

Ég spyr um það sem næst kemur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bent skal á að ekki virðast liggja fyrir upplýsingar um umfang breytinganna að því er varðar fjárhæðir þess sem um er að tefla eða fjölda þeirra félagsaðila sem tilkall gætu átt í slíka eignarhluta."

Önnur spurning mín er varðandi þetta mál.

Þá segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóra þykir rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum frumvarpsins sem við fyrstu sýn gætu vakið upp vafa.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna samlíkingu á breytingu á eigin fé við það sem heimilt er samkvæmt 43. gr. hlutafélaga um hækkun hlutafjár. Hér er ekki um að ræða sambærileg ákvæði." — Það er lykilatriði, herra forseti, að hér er ekki um að ræða sambærileg ákvæði.

„Í lögum um hlutafélög er útgangspunktur að hlutfallsleg skipting hlutafjár haldi sér." — Hér komum við að öðru lykilatriði, herra forseti.

Síðan segir, með leyfi forseta: „Aðferð frumvarpsins gerir ekki kröfu um jafna hlutfallsskiptingu." — Aðferð frv. gerir ekki kröfu um jafna hlutfallsskiptingu eins og er útgangspunktur í lögum um hlutafélög.

Því næst segir:

„Er það að vísu skýrt í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að við hækkun stofnsjóðs kunni að þykja eðlilegt að nokkuð af hækkuninni skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindi hafa en að öðru leyti verði hækkunin reiknuð í hlutfalli við einstakar stofnsjóðsfjárhæðir og að teknu tilliti til þess hve lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu. Er ljóst að þarna geti verið um misvægi að ræða. Sama getur átt við um sértæka endurmatið.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á því að með lögleiðingu þessa frumvarps er verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög."

Þetta finnst mér nokkuð alvarleg og athyglisverð ábending og spyr hæstv. viðskrh. hvort hún sé sammála ríkisskattstjóra um að með lögleiðingu þessa frv. sé félagsaðilum afhent endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög.

Ég les áfram úr sömu umsögn, með leyfi forseta:

„Samkvæmt almennum reglum skattalaganna er þessi afhending tekjur sem greiða ber skatt af. Að hluta til eru þær orðnar til af óskattlögðum tekjum félagsins. Auk þess að fella niður skattlagninguna við afhendingu er búið til nýtt stofnverð í hendi eigenda sem leiðir til þess að þær tekjur sem mynduðust við afhendinguna koma ekki heldur til skattlagningar síðar, þ.e. við eftirfarandi sölu."

Hér sýnist mér, herra forseti, að búnar hafi verið til sérkennilegar leiðir til skattaívilnunar með þessari breytingu sem ríkisskattstjóri gerir að mínu viti nokkuð alvarlegar athugasemdir við og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra um.

Áfram heldur, með leyfi forseta:

„Augljóst er að sú tilhögun sem lögð er til felur í sér frávik frá gildandi skattalögum og meginreglum þeirra.

Þótt slík frávik kunni að vera réttlætanleg í því tilviki sem frumvarpið fjallar um, þarf að hafa fordæmisgildi slíkrar ákvörðunar í huga þannig að þetta leiði ekki til krafna að eigin fé annarra félaga með óljósa eignaraðild verði deilt á milli nánar skilgreindra félagsaðila án skattlagningar."

Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Ef hún getur sýnt fram á réttlæti þessarar skattaívilnunar, hefur þá verið skoðað af hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. hvort þessar skattaívilnanir, ef þær hafa sérstöðu í skattalögum og hægt er að réttlæta þær með einhverjum hætti, hvort þessar skattaívilnanir gætu haft fordæmisgildi?

Ríkisskattstjóri segir síðan að frv. sem er á dagskrá á eftir þessu og snertir þetta mál, væntanlega mælir hæstv. fjmrh. fyrir því, þ.e. um tekjuskatt og eignarskatt, fylgi engir sérstakir erfiðleikar við framkvæmd ákvæðanna. Engu að síður, herra forseti, hefur hann gert þessar athugasemdir.

Þetta var aðalerindi mitt í ræðustól þó ég gæti gert ýmislegt annað að umtalsefni varðandi þetta frv. Ég fór yfir það við 1. umr. þessa máls á síðasta þingi og tel óþarft að endurtaka það sem ég sagði þar, að yfir þau atriði og fleiri sem snerta innlánsdeildirnar og rekstrarumgjörðina verði farið í efh.- og viðskn. Mér finnst nauðsynlegt og eðlilegt að ég fái fram álit hæstv. viðskrh. eða þá hæstv. fjmrh. á athugasemdum ríkisskattstjóra sem lúta að frv. sem hæstv. viðskrh. hefur mælt fyrir, um rekstrarumgjörðina. T.d. þegar mælt verður fyrir frv. sem tengist þessu síðar í dag. Eðlilega hlýtur hæstv. viðskrh. að hafa gert sér grein fyrir skattalegri meðferð á þeim þáttum í frv. af því að um það snúast þær athugasemdir og ábendingar, alvarlegar að mínu viti, frá ríkisskattstjóra.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hennar.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það ber vel í veiði að hér skuli frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög vera á dagskrá.

Reyndar hafði ég hugsað mér að segja nokkur orð um það mál hvort eð er en til þess hafa gefist fleiri tilefni. Það vildi svo til að hæstv. viðskrh. var í sínum besta ham áðan. Eins og oft ber við nú orðið með ráðherra, notaði hún þá aðstöðu sína, sem síðasti ræðumaður í takmarkaðri umræðu til að ráðast að þeim sem hafa kannski áður tekið þátt í umræðunni og eiga ekki samkvæmt þingsköpunum möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér eða svara fyrir sig. Ég hef tekið eftir því, herra forseti, að mikil breyting hefur orðið á framgöngu manna á þinginu og ekki til hins betra, verð ég að segja. Menn virðast hættir að taka tillit til þess, séu menn síðustu ræðumenn umræðu og beri því að haga ekki ummælum sínum þannig að aðrir hafi ástæðu til að svara fyrir sig eða bera hönd fyrir höfuð sér án þess að geta það samkvæmt þingsköpunum. Sú var tíðin að menn reyndu að fara með þetta hlutverk af tillitssemi, að vera síðustu ræðumenn og ljúka umræðum. Það er liðin tíð, a.m.k. í tilviki hæstv. viðskrh. sem hefur ítrekað leikið þetta. Ég hef tekið eftir því og oftar en ekki hefur það beinst að þeim sem hér talar. Þá á svona að reyna að nota tækifærið og jafna aðeins reikningana í trausti þess að menn geti ekki komið aftur og svarað fyrir sig. Það er ekki mjög hátt risið á þessari framgöngu hjá stjórnmálamönnum, er það?

Hæstv. viðskrh. gerði það sérstaklega að umtalsefni að ég væri einn fárra manna, það er sjálfsagt rétt, sem haft hefði fyrir því að segja mig úr kaupfélagi. Það lá í orðunum hennar að það væri til marks um hversu mikill óþurftarmaður ræðumaður væri. Hún sagði að kaupfélögin hefðu verið mikilvægar máttarstoðir byggðarlaganna, erfiðleikar þeirra áfall að sama skapi o.s.frv. Auðvitað er ýmislegt til í því. Ég mun fara aðeins yfir það en ég ætla líka að gera grein fyrir því hvers vegna ég sagði mig úr kaupfélagi. Það kann að vera að hæstv. viðskrh. þyki fróðlegt að vita hvers vegna.

Nú er það svo, herra forseti, að ég er alinn upp sem samvinnumaður og ég er það í hjarta mínu. Ég er ákaflega hlynntur því að fólk vinni saman og leggi saman kraftana til að ná fram sameiginlegum markmiðum. Það er engin spurning um að samvinnuhugsjónin er í grunninn göfug hugsjón og vakningin samfara tilkomu samvinnuhreyfingarinnar í landinu á síðustu áratugum 19. aldar og framan af 20. öldinni var stór hluti af framfarasókn þjóðarinnar. Ekki síst átti það við um landsbyggðina og til sveita. Það er alveg ljóst.

Hvað voru menn að gera með því að byggja upp samvinnuhreyfinguna? Menn náðu fram forræði verslunarinnar í eigin hendur inn í landið og menn tóku forræði í þessari atvinnuuppbyggingu, verslun og ýmissi þjónustu sem síðan tengdist henni, úrvinnslu og útflutningi afurðanna o.s.frv. Menn byggðu það upp á þennan hátt, í raun í formi sjálfseignarstofnunar. Samvinnufélögin eru það í eðli sínu því að inneign stofnfélaga er mjög sambærileg við, getum við sagt, stofnfjáreign í sparisjóði. Nú er viðurkennt að í eðli sínu eru sparisjóðirnir sjálfseignarstofnanir. Þar af leiðandi má segja svipað um samvinnufélögin. Ég er hlynntur þessu formi og tel ágætt að menn reyni að vinna saman með þessum hætti, ekki síst í litlum byggðarlögum.

Þess vegna er dapurlegt, herra forseti, hvernig komið er fyrir þessari merku hreyfingu, samvinnuhreyfingunni og kaupfélögunum víða um land. Það er ákaflega dapurlegt. Hverjir skyldu bera mesta ábyrgð á því? Hverjir skyldu bera mesta ábyrgð á því hvernig málum samvinnuhreyfingarinnar var stjórnað síðustu áratugina? Framsóknarmenn. Að halda því fram er ekki rógur eða einhverjar dylgjur. Það er algerlega borðleggjandi að framsóknarmenn hegðuðu sér því miður víða eins og Framsfl. og samvinnuhreyfingin eða kaupfélögin væru eitt og hið sama. Það er hluti af ógæfu samvinnuhreyfingarinnar, m.a. vegna þess að aðrir en framsóknarmenn í viðkomandi byggðarlögum fengu á tilfinninguna að ekki væri ætlast til stuðnings þeirra við þetta fyrirbæri. Þeir upplifðu sig þannig að væru þeir ekki í Framsfl. þá ættu þeir ekkert að skipta sér af því sem kaupfélögin og samvinnuhreyfingin stæðu fyrir. Því miður var þetta víða svona.

Ég get t.d. upplýst að ég talaði við forsvarsmenn í kaupfélögum í kjördæmi mínu á sokkabandsárum mínum, ef svo má að orði komast. Ég ræddi þetta við suma þeirra, a.m.k. þá þeirra sem ég gerði mér vonir um að væru það víðsýnir að þeir áttuðu sig á hversu vitlaust væri fyrir samvinnuhreyfinguna að reyna ekki að laða menn úr fleiri flokkum en Framsfl. til stuðnings við sig og þátttöku í stjórnun fyrirtækjanna. Það bar því miður oftast lítinn árangur. Þessi inngróni samgróningshugsunarháttur framsóknarmanna varð bara ekki yfirstiginn. Þannig var m.a. í litlu kaupfélagi á heimaslóðum mínum sem ég var, mér liggur við að segja, alinn upp inn í og mér þótti vænt um. Ég var starfsmaður þess, á sláturhúsum og víðar um árabil o.s.frv.

Svo urðu þau ósköp, því miður, að ákveðið var að reisa hernaðarmannvirki í þessu litla byggðarlagi. Heimamenn snerust þar mjög almennt öndverðir við, höfðu ekki áhuga á sambúðinni við hernaðarmannvirki á nýjan leik. Menn voru brenndir af þeirri reynslu. Á Heiðarfjalli á Langanesi var radarstöð bandaríska hersins um árabil og reyndist mönnum lítil búbót þegar upp var staðið. Satt best að segja var allt atvinnulíf í því byggðarlagi drepið í dróma á meðan menn höfðu nóga vinnu hjá hernum. Hann gufaði svo upp einn góðan veðurdag, pakkaði saman og fór og eftir sat byggðarlagið í sárum. Það hafði vanrækt að byggja upp eigin atvinnuvegi á meðan. Þegar átti á nýjan leik að veifa dollurunum framan í menn þá höfðu menn lítinn áhuga á því. Yfirgnæfandi meiri hluti íbúa byggðarlagsins við Þistilfjörð skrifaði undir mótmæli gegn því að reist yrði radarstöð þar í byggðarlaginu. Það leiddi til þess að stjórnvöld, með Geir Hallgrímsson, þáv. hæstv. utanrrh., í broddi fylkingar, hrökkluðust út úr sveitarfélögunum og fengu land undir radarstöðina í Austfjarðakjördæmi, í landi Skeggjastaðahrepps.

En þá tók ekki betra við. Forkólfar kaupfélagsins á staðnum, framsóknarmennirnir, ákváðu að gera kaupfélagið að hluthafa ásamt með sjálfum sér í fyrirtæki til að standa fyrir hermanginu á staðnum. Það gat ég sem félagsmaður í þessu kaupfélagi ekki lagt nafn mitt við af samviskuástæðum og sagði mig úr því. Ég gerði það í og með fyrir hönd fjölmargra annarra sem langaði til þess en áttu ekki eins hægt um vik þar sem þeir voru viðskiptavinir og þátttakendur í ýmiss konar starfsemi á vegum kaupfélagsins. Það er ekkert leyndarmál, það var í og með táknræn aðferð og ég gerði þetta fyrir hönd margra annarra sem hefðu vel getað hugsað sér hið sama. Ef hæstv. viðskrh. telur að þetta sé sérstaklega saknæmt eða óhreinn blettur á minni stjórnmálasögu þá er ég tilbúinn að mæta hæstv. viðskrh. í rökræðum um það. Ég skammast mín ekki fyrir að hafa sagt mig úr kaupfélagi sem gera átti að þátttakanda í hermanginu — ekki tommu, ekki gramm.

Hitt er svo annað mál að framsóknarmenn voru auðvitað hagvanir í þessum efnum. Ein ógæfa samvinnuhreyfingarinnar var auðvitað sú að þeir höfðu þvælt Sambandinu inn í hermangið með stofnun Regins. Það var hluti af helminga-

skiptunum víðfrægu, þegar flokkarnir sem studdu hersetuna skiptu með sér bitanum með þeim hætti sem alkunna er. Svona var nú þetta. Skömmu síðar fór þetta litla kaupfélag því miður á hausinn. Það var dapurlegt að sjá það enda þannig. Það hafði verið hluti af uppbyggingu þessa byggðarlags um áratuga skeið og gert margt ágætt í þeim efnum. Reyndar er það svo að sú starfsemi sem var á þess hendi undir lokin er að mestu leyti áfram til staðar í byggðarlaginu undir öðrum nöfnum. Í þessu tilviki varð ekki stórfellt áfall að svona skyldi fara þó þannig hafi það orðið víða annars staðar.

Mætti ekki líka spyrja: Hvar liggur ábyrgð þeirra sem horft hafa upp á slíka þjónustustarfsemi á landsbyggðinni lenda í miklum erfiðleikum og lognast út af án þess að lyfta litla fingri henni til stuðnings? Hvar var Framsfl. þá? Hann hefur setið í ríkisstjórn mestalla öldina með þessum glæsilega árangri, m.a. í byggðamálum en staða kaupfélaganna er eins og raun ber vitni. Í nágrannalöndunum hafa menn iðulega gripið til aðgerða til að treysta rekstrargrundvöll, einmitt þessarar mikilvægu þjónustu sem þarf að vera til staðar í byggðarlögunum. Auðvitað verður hún að vera til staðar.

Stjórnvöld hafa enga fjarvistarsönnun, hvort sem um rekstur á hendi einkaaðila eða samvinnufélaga er að ræða, þegar menn lenda í erfiðleikum í byggðarlögunum ef um er að ræða lífsnauðsynlega undirstöðuþjónustu. Það er jafnmikill hluti af byggðavandanum og annað þó að í hlut eigi starfsemi sem hafi verið á höndum einkaaðila. Annars staðar þar sem byggðastefna stendur undir nafni er iðulega gripið til ráðstafana til þess að tryggja tilveru slíkrar þjónustu. Það hefur ekki verið gert hér. Framsóknarmennirnir, þrátt fyrir alla ást sína á kaupfélögunum, voru þvílíkar lyddur að horfa upp á þau drepast, þar á meðal verslun þeirra í strjálbýlinu, í stórum stíl án þess að gera neitt, sitjandi á lúkunum á sér í ríkisstjórn eiginlega allan tímann. Þannig er nú það. Þeir koma svo upp og ætla að gera aðra tortryggilega vegna þess að þeir hafi af hugsjónaástæðum neyðst til að segja sig úr kaupfélögunum sem átti að gera þátttakendur í hermangi. Ég gef ekki mikið fyrir slíkan keiluslátt. Það er nú þannig.

Einnig mætti velta öðru fyrir sér, herra forseti, úr því að samvinnuhreyfingin er hér undir og frv. sem á að reyna að lappa upp á leifarnar af samvinnufélagsrekstrinum í landinu. Það er vonum seinna að eitthvað sé reynt í þeim efnum. Það má velta því fyrir sér, með fullri virðingu fyrir því mikilvæga hlutverki sem er uppbygging kaupfélaganna og að mörgu leyti Sambandsins þjónaði á sínum tíma, hvort það fyrirkomulag hafi svo smátt og smátt farið að snúast upp í andhverfu sína, jafnvel verkað þannig að flytja fjármuni frá hinum dreifðu byggðum. Það verður að þora að ræða þetta eins og það er.

Í reynd gerðist það smátt og smátt að samvinnuhreyfingin varð í skipulagi sínu gríðarlega miðstýrð. Miklir fjármunir fluttust frá einstökum kaupfélögum í gegnum umboðslaun og viðskipti við miðstýrða batteríið hér, enda fór hér fram gríðarleg uppbygging. Það á kannski eftir að gera upp alla þá sögu einhvern tímann. Gerðist það í tilviki kaupfélaganna og Sambandsins, eins og í mörgum fleiri tilvikum vissulega, líka hjá einkageiranum, að þessi mikla miðstýringarárátta sem hér hefur ráðið ferðinni í uppbyggingu stjórnsýslu og atvinnulífs flytti fjármagn meira en þurft hefði frá framleiðslustarfseminni og byggðunum til miðstýrðra höfuðstöðva á suðvesturhorni landsins, fyrst og fremst í Reykjavík. Ætli samvinnuhreyfingin og uppbygging hennar hafi ekki átt sinn hlut í því? Ég segi: Jú, þannig kemur það mér fyrir sjónir. Ég hef ekki stúderað það eða gert á því rannsókn en mér sýnist það blasi við þegar maður flettir spjöldum þessarar sögu. En ég endurtek: Það sama á við um fleiri geira. Við getum tekið þar sölusamtök í sjávarútveginum sem voru að vísu að hluta undir hatti samvinnuhreyfingarinnar.

Ég býst við að hitt samvinnufélagið í sjávarútveginum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafi með uppbyggingu sinni hér að mörgu leyti verkað svipað. Sama má segja um mörg önnur landsfyrirtæki sem fjárfestu fyrir arðinn af starfsemi sinni í verulegum mæli í uppbyggingu höfuðstöðva hér á mölinni þó að auðvitað væri líka uppbygging á þeirra vegum eins og gengur vítt og breitt um landið. Kannski eiga menn einhvern tímann eftir að fara yfir alla þessa sögu. Varla fá framsóknarmenn fullkomna fjarvistarsönnun frá því eða vilja þeir hana? Spurningin er hvort þeir vilja bera þarna ábyrgð. Ætla þeir að reyna að þvo það af sér líka? Það er að reyna að bæði éta kökuna og geyma hana. Ekki stóð á því að þeir ættu kaupfélögin, samvinnuhreyfinguna, þegar það átti við. Ég man þá tíð að það þótti sjálfsagt að Framsfl. fengi ókeypis húsnæði undir kosningaskrifstofur sínar í kaupfélögum. Það þótti sjálfsagt. Ég man þá tíð að það var talið sjálfsagt að Tíminn væri skuldfærður í reikninga viðskiptamanna í kaupfélaginu. Það þótti sjálfsagt og eðlilegt. Þetta var eiginlega eitt og sama batteríið í hugum þeirra sem þarna um véluðu. Það var hluti af ógæfunni, hluti af því að bakstuðningurinn við þessa hreyfingu, andrúmsloftið í kringum hana, varð þrengra en ella hefði þurft að vera. Það gekk lítið að fá því breytt, því miður.

Að síðustu, herra forseti, varðandi þetta frv., þá verð ég að segja að mér finnst aðalumhugsunarefnið í því sambandi hversu seint það er fram komið. Þá meina ég ekki á þessu þingi heldur hversu seint það er fram komið fyrir hönd samvinnuhreyfingarinnar, samvinnufélaga og þess rekstrar sem þar er þó eftir undir því nafni í landinu. Hafa menn trú á því að þetta geti orðið þeim sem þar eru eftir til einhverra bóta? Telja menn til bóta að geta farið þessa millileið, á milli hreins samvinnufélags og hlutafélags? Það þekkist sums staðar erlendis að samvinnufélögin, „kóoperatífin", hafa í raun umbreyst í einhvers konar millistig milli hlutafélags og samvinnufélags. Ég tel þess virði að skoða það. Ég ætla ekki að leggjast gegn því fyrir fram að lítt athuguðu máli. Mér finnst það koma vel til greina.

Mér finnst að vísu að menn þurfi að fara varlega í þeim efnum til að missa ekki sjónar á eðli þessa rekstrar og þeirri hugsun sem á bak við liggur. Nákvæmlega sama verður uppi á teningunum ef menn breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Þá þarf virkilega að vanda sig til að missa það ekki út í vitleysu, liggur mér við að segja, missa það ekki út í að þessi tegund rekstrar, hugsunin og hugsjónin sem á bak við liggur glatist, því hún er góð. Sparisjóðirnir hafa, sem sjálfstæðar stofnanir í heimabyggð og með forræði á málum sínum, verið ákaflega þarfar og góðar stofnanir þar sem rétt er að málum staðið og vel á málum haldið. Þess vegna þurfa menn að mínu mati, herra forseti, að reyna að útfæra þessar breytingar þannig að menn geti haft eitthvert gagn af þessum formbreytingum. Væntanlega er hugsunin fyrst og fremst sú að menn geti ef svo ber undir sótt sér viðbótarfjármagn, sótt sér styrk í formi viðbótarfjár, hlutafjár, án þess að glata þó eðli sínu og einkennum sem samvinnufélög, sjálfseignarstofnanir eða hvað við nú viljum kalla það.

Ég hef, herra forseti, í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja að þessar lagabreytingar verði teknar til umfjöllunar í þingnefnd og skoðað hvort skynsamlegt sé að standa svona að málum. Ég fagna tækifærinu til að fá að ræða um samvinnuhreyfinguna og samvinnuhugsjónina. Ég er meira en tilbúinn til að halda því áfram, bæði nú í dag sem og endranær.

[14:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var mikil ræða. Hún var flutt af því tilefni að ég skyldi leyfa mér að yrða á hv. þm. áðan í utandagskrárumræðu og segja sem satt var, að hann hefði sagt sig úr kaupfélagi. Sannleikurinn er stundum svolítið sár.

Ég vissi að hv. þm. var kommúnisti þegar hann sagði sig úr kaupfélaginu. Mér heyrist miðað við þessa ræðu að hann sé það enn. Það þótti mér verra því að hann hefur reynt að þvo af sér þann stimpil síðan hann gekk í nýja flokkinn sinn. Svo fór ég að hugsa um hvort þetta væri að einhverju leyti öfund, þetta viðhorf hv. þm. gagnvart samvinnuhreyfingunni, af því að samvinnuhreyfingin hafi verið svona ofboðslega mikið tengd Framsfl.

Í sjálfu sér er engin tilviljun að svo var. Þannig er það enn vegna þess að grundvallarhugsun okkar framsóknarmanna er samhjálp og samvinna. Það er ekki sósíalismi, ekki kommúnismi, heldur samvinna og samhjálp. Þess vegna höfum við viljað styðja samvinnuhreyfinguna og skömmumst okkar ekki fyrir það.

Hv. þm. sagði sig úr kaupfélagi vegna þess að viðkomandi kaupfélag hafi komið eitthvað nálægt hermanginu eins og hann kallar það. Skyldi þetta vera ástæða sem hv. þm. getur verið stoltur af í dag? Ég furða mig á því að svo skuli vera en miðað við ræðu hans heyrist mér að svo sé. Mér er hins vegar kunnugt um að íbúar í sveitarfélaginu þar sem hv. þm. er alinn upp og í nágrannasveitarfélögum voru mjög ósáttir við að ekki skyldi vera meiri uppbygging tengd hernum í Þórshafnarhreppi í staðinn fyrir hið mikla umfang annars staðar hinum megin við kjördæmamörkin í Austurlandskjördæmi. Hvað ætli hv. þm. segi um það? Er þetta allt honum að kenna?

[14:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. er samkvæmt venju ákaflega málefnaleg í málflutningi sínum. Maður fer auðvitað að skilja betur örlög samvinnuhreyfingarinnar ef frammistaða glæstustu málsvara hennar er álíka og við höfum fengið að hlýða á hér. Þá er kannski ekki von á góðu.

Það er eins og mig minni að hv. þm. eigi frama sinn m.a. að þakka því að hafa ung verið kjörin fyrsta konan í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga. Síðan stóð svo á í framhaldinu að það vantaði konu í stjórn SÍS og þá var hv. þm. einnig kjörin þar inn til forustu. Síðan lá leiðin áfram upp í þingsæti eins og kunnugt er. Hér talar sá sem gerst á að þekkja.

Hæstv. ráðherra spyr hvort ég sé stoltur af því að hafa sagt mig úr kaupfélagi af hugsjónaástæðum, af því að gera átti kaupfélagið þátttakanda í hermanginu. Svarið er já. Ég er mjög stoltur af því. Ég er ákaflega sáttur við að hafa þar fylgt sannfæringu minni. Ég vona að hún sé þannig í dag og ég mundi gera slíkt hið sama ef aftur kæmu upp sambærilegar aðstæður. Ég er ekki einn á báti í þessari afstöðu. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Sögunnar vegna læt ég það koma hér fram — því má fletta upp ef hæstv. viðskrh. ætlar að vefengja orð mín — að meiri hluti íbúa þessa byggðarlags lagðist gegn þessum áformum. Það liggja ósköp einfaldlega fyrir undirskriftir íbúa á þessu svæði gegn þeim áformum stjórnvalda að leyfa Bandaríkjamönnum að byggja ratsjárstöð á svæðinu.

Ég vil ekkert frekar hafa með hernaðarbrölt Bandaríkjamanna að gera í dag en á þessum árum. Ég væri ekki hótinu sáttari við að leggja nafn mitt eða stuðning við það sem Bandaríkjamenn gera um þessar mundir, t.d. í Írak og víðar, að svelta fólk í hel. Að því leyti er sannfæring mín alveg óbreytt, herra forseti.

[14:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að þegar maður gagnrýnir hv. þm. þá er maður ekki málefnalegur. Það er bara eins og það er. Hins vegar var það verra að hv. þm. kom fram með miklum hroka. Hann sagði hér að vegna þess að það vantaði konu í stjórn Sambandsins hafi þeirri sem hér stendur hlotnaðist að vera kosin í stjórn. Það sagði dálítið um hv. þm.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi orð mín verið á þann veg að þau mætti skilja þannig að ég væri að tala niður til hv. þm. þá biðst ég velvirðingar á því, ég dreg það til baka. Það sem ég ætlaði að segja, og hefur þá tekist óhönduglega, var að samvinnuhreyfingin var vettvangur hv. þm. til að taka sín fyrstu skref á framabrautinni. Mér hlýtur að leyfast að kalla það svo. Hún varð þekktur einstaklingur í gegnum það, ef ég fer rétt með, að verða fyrsta konan til að sitja í stjórn Sambandsins. Er það ekki rétt með farið, hæstv. ráðherra? Síðan þekkja menn framhaldið.

Ég taldi innlegg hæstv. ráðherra hér áðan ekki sérlega málefnalegt. Þar vísaði ég m.a. til nafngifta. Það er ekki viðkvæmt mál fyrir mig þó ég sé kallaður kommúnisti og þó menn reyni að slá niður andstæðinga sína með því að klína á þá einhverjum nafngiftum sem þeir reikna með að séu neikvæðar og hlaðnar neikvæðum gildum. Ég tók hins vegar eftir því að það voru veigamestu rökin sem hæstv. ráðherra hafði fram að færa í glímu sinni við mig, að ég hefði verið kommúnisti á þessum árum og hæstv. ráðherra heyrðist ég vera það enn þá.

Mér er eiginlega alveg sama hvaða nöfnum menn reyna að klína á andstæðinga sína. Mér finnst skipta mestu máli fyrir hvað menn standa, hvernig þeir gera grein fyrir sér í pólitík en þó sérstaklega hvað menn gera. Að lokum dæmir það mennina, þ.e.: Fyrir hvað stóðu þeir og hvað gerðu þeir? Hvað voru þeir í reynd, ekki í orði heldur á borði?

Við skulum bara láta söguna, herra forseti, um að gefa okkur, mér og hæstv. núv. viðskrh., einkunnir í þeim efnum þegar frá líður.

[14:54]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti hér mikla stólparæðu. Mér datt í hug hin góða bók, Ljós heimsins, þegar ég heyrði í honum. Í þeirri bók lét Pétur Þríhross móðan mása um ýmsa hluti en við tækifæri, eins og krían þegar hún stakk sér eftir æti, kom hann að því umræðuefni sem var á dagskrá. Ég fann það út í lokin að hér var frv. um samvinnufélögin, sem á að laga þau að nútímaviðskiptaumhverfi, til umræðu.

Varðandi þessar söguskýringar, þá verð ég að leiðrétta aðeins yfirferð hv. þm. um sögu samvinnuhreyfingarinnar og þátt Framsfl. í henni. Þáttur framsóknarmanna var vissulega mikill í samvinnuhreyfingunni og þeir aðhylltust hana. Ég vil t.d. ekki láta hjá líða að minnast samstarfs við fjölda góðs fólks úr öðrum flokkum innan hreyfingarinnar. Ég hef lengi unnið í þessari hreyfingu, fyrst sem starfsmaður og síðan sem fulltrúi starfsmanna í stjórn og þá stjórnarformaður í einu af stærri kaupfélögunum. Þar vann með mér fjöldinn allur af ágætu fólki, sérstaklega af vinstri væng stjórnmálanna en einnig af hægri vængnum. Það skipti við félagið, var í stjórnum og gegndi fleiri trúnaðarstörfum.

Hér í Reykjavík var hins vegar kaupfélag orðað við önnur stjórnmálaöfl. Það bjargaði því ekki að vera orðað við önnur stjórnmálaöfl en Framsfl.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Jóni Kristjánssyni er þetta tilfinningamál og ég skil það vel. Vissulega er það rétt að undantekningar fundust frá þeirri reglu að kaupfélög í landinu og samvinnuhreyfingin væri öll undir stjórn framsóknarmanna og rekin nánast eins og deild í flokknum. Nafntogaðasta undantekningin var auðvitað KRON. Það er alveg rétt. Þar er stórmerk saga, þær sviptingar sem urðu í kringum það, en svo komst þar á vopnahlé og ágætt samstarf, ég hugsa að það sé rétt hjá hv. þm. í grófum dráttum.

Ég vitnaði m.a. til reynslu minnar af heimaslóðum, víðar úr kjördæmi mínu og reyndar af landsbyggðinni þar sem ég þekki ágætlega til þessara hluta, oft í gegnum róttækt fólk. Það hafði þá sögu að segja að það vildi gjarnan styðja þessa hreyfingu, því fannst það liggja sér nærri og vera náskylt hugsuninni um jafnrétti og bræðralag en varð oftar en ekki útilokað frá völdum eða áhrifum. Stundum var tekinn einn einstaklingur sem hafði aðrar stjórnmálaskoðanir svo vitað var, þ.e. var ekki framsóknarmaður. Sá var hafður sem sýnishorn inni í stjórninni sem sönnun þess að þar væru ekki bara framsóknarmenn. Þetta var stundum gert. Ég þekki dæmi um þetta bæði úr litlum kaupfélögum og stórum. Auðvitað var þetta mismunandi, það er eins og gengur, en því miður var þetta svona.

Ég endurtek það sem ég sagði. Ég tel að þetta hafi verið hluti af ógæfu samvinnuhreyfingarinnar og kaupfélaganna undir lokin. Það var minni bakstuðningur og víða verra andrúmsloft bak við þessi fyrirtæki en þurft hefði að vera. Forsvarsmenn þeirra hefðu þurft meiri víðsýni til að bera og átt að gæta þess að hafa fulltrúa ólíkra stjórnmálaskoðana og viðhorfa með sér í að styðja og stýra þessum fyrirtækjum.

[14:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. er farinn að bakka svolítið og viðurkennir að menn frá öðrum flokkum kunni að hafa komið inn í stjórnirnar en þeir hafi bara verið til sýnis. Ég ætla ekki að deila við hann um það. Í sjálfu sér er ástæðulítið að setja á langar ræður um þessa sögu.

Það er alveg rétt að eftir löng kynni af samvinnuhreyfingunni þá er nokkurt tilfinningamál fyrir mig að tala um hana. Ég viðurkenni það vel. Það er kannski tilfinningamál út af því að ég hugsa að innan samvinnuhreyfingarinnar hafi verið brugðist of seint við breyttum tímum og ekki lagað hana að breyttu umhverfi. Það er nokkurt tilfinningamál fyrir mig að tala um það. Ég viðurkenni það vel. Þau frv. sem hér liggja fyrir miða að breytingum. Það má vel vera að þau séu of seint fram komin en fyrir mig skiptir mestu máli að þessi frv. nái fram að ganga og gerðar verði þær tímabæru breytingar sem þau fjalla um. Það vil ég segja núna. Ég get hins vegar farið í stælur um söguna við annað tækifæri og ætla ekki að gera það í ræðum í dag.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég segi að ég viti að það sé hv. þm. Jóni Kristjánssyni tilfinningamál að ræða um kaupfélögin og stöðu eða örlög samvinnuhreyfingarinnar, þá meina ég það undir jákvæðum formerkjum. Ég skil það mjög vel og það liggur ákaflega nærri mér einnig að sýta þau dapurlegu örlög að mörgu leyti sem þessi merka félagsmálahreyfing hefur mátt þola. Mér finnst t.d. og fannst gjaldþrot Kaupfélags Þingeyinga, elsta kaupfélags landsins, alveg óskaplega dapurlegur atburður í ljósi þeirrar stórmerku sögu sem var að baki þess hvaða hugsjónaeldur og hvaða hugsjónamenn lögðu þar á ráðin þegar það félag var stofnað og þess sem það hafði þó afrekað í gegnum tíðina. En endalokin voru svo sem að mörgu leyti fyrirsjáanleg í kjölfar og í gegnum mikla erfiðleika á löngu árabili.

Ég held að það sé heldur ekki endilega svo að orsakanna sé eingöngu að leita í mistökum kaupfélagsmanna sjálfra og því að menn hafi brugðist of seint við. Jú, vissulega hefðu menn kannski mátt taka öðruvísi á ýmsu. En ég held að við eigum líka að horfa á það að ytri aðstæður þróuðust þannig að það varð þessum rekstri mjög óhagstætt. Þar koma til jafnóskyldir hlutir og byggðaþróunin, samdrátturinn í landbúnaðinum og síðan aftur ýmsar aðrar breytingar í samkeppnislegu og verslunarlegu tilliti þar sem það umboðssölukerfi og fleiri hlutir sem þetta byggði á reyndust bara ekki ganga upp og hafði í för með sér þær afleiðingar sem við þekkjum. Og líka vegna þess að stjórnmálamenn horfðu á þessa erfiðleika árum og áratugum saman án þess að gera mikið í málinu. Þar minni ég aftur á nærvist Framsfl. sem var yfirleitt ekki langt undan þar sem ráðum var ráðið í landinu á þeim áratugum sem erfiðleikar (Forseti hringir.) gengu m.a. yfir strjálbýlisverslunina.

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um samvinnufélög og þau lagalegu skilyrði sem þeim eru sett. Tilgangur þessara frumvarpa er að gera þeim kleift að umbreyta sér í hlutafélög og hlutafélögum í samvinnufélög. Ég held að hugmyndin hér að baki sé góðra gjalda verð en ástæða þess að ég kveð mér hljóðs eru þau ummæli sem hér hafa fallið og þá einkum af hálfu hæstv. viðskrh.

Menn hafa gert að umtalsefni söguna, samvinnuhreyfinguna, og rifjað það upp að samvinnuhreyfingin og Framsfl. áttu samleið en ég held að þeim hugsjónamönnum sem þar komu að verki mundi mörgum bregða í brún að hlusta á talsmenn Framsfl. í umræðum og ekki aðeins í þessari umræðu í dag heldur einnig ef þeir skoðuðu verk þeirra á liðnum árum.

Framsfl. eða talsmenn hans hafa gagnrýnt okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir að vera ekki nægilega jákvæð. Hæstv. ráðherra kvaðst hafa verið á fundi með einhverjum framsóknarmönnum sem hefðu fundið að því að við værum ekki nægilega jákvæð, við ættum að vera jákvæð eins og hæstv. ráðherrar Framsfl., væntanlega. Það er alveg rétt að þannig hafa framsóknarmenn hagað sér. Þegar þeir studdu sjálfstæðismenn fyrir fáeinum vikum við að lækka

skattleysismörk og auka þannig skattbyrðar á lágtekjufólk, þá voru framsóknarmenn afskaplega jákvæðir. Þegar þeir rústuðu félagslega húsnæðiskerfið, þá voru þeir afskaplega jákvæðir. Þegar nú á að fara að gera tilraun með einkavæðingu á grunnskóla í Hafnarfirði, eru þeir líka jákvæðir. Að vísu er búið að finna að þessu við framsóknarmenn og þeir segjast vera á móti þessu í reynd en þeir ætla að leyfa þetta í Hafnarfirði svona í tilraunaskyni. Þá á að leyfa einkavæðingu á barnaskóla í Hafnarfirði til að geta verið jákvæðir viðhlæjendur Sjálfstfl.

Þegar til umræðu voru tekin mótmæli mörg hundruð einstaklinga á landsbyggðinni vegna lokunar pósthúsa, þá eiga menn líka að vera jákvæðir því að menn verða að skilja að allt er þetta gert til að styrkja byggðirnar, þetta er gert til að styrkja póstþjónustuna á landsbyggðinni. Það er væntanlega líka gert til að styrkja almannaþjónustuna á landsbyggðinni að loka flugvöllum og segja þar upp starfsmönnum, að draga úr fjarskiptaþjónustu. Það er væntanlega líka gert til þess að styrkja hinar dreifðu byggðir.

Mér finnst hér komið fram af svo ótrúlegum hroka gagnvart fólki sem er að setja fram mótmæli og lýsa yfir áhyggjum yfir því að almannaþjónusta í byggðarlagi þeirra sé skert. Ég ætla að vona, herra forseti, að forlögin sýni Framsfl. þá mildi að leiða hann fljótt til pólitískrar hvílu.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gera síðustu ræðu að umtalsefni enda kom hún hvergi að því málefni sem hér er á dagskrá. En almennt út af þeim frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar og þá sérstaklega í sambandi við rekstrarumhverfi samvinnufélaga, þá get ég í sjálfu sér tekið undir það að frv. sem þetta hefði þurft að koma fram fyrr og þá hefði kannski verið hægt að bjarga einhverju af því sem nú er því miður ekki lengur til staðar og er ég að tala um kaupfélög sem ekki eru lengur í rekstri. En þó er það þannig að meira en tíu ár eru síðan gerðar voru breytingar á lögum um samvinnufélög sem gerðu þeim kleift að taka upp svonefnd B-deildarskírteini sem menn trúðu á þeim tíma að mundi geta breytt miklu og gert þeim mögulegt að ná inn eigin fé í félögin. Hins vegar reyndust þau úrræði ekki nægilega góð til að breyta nógu miklu. Nú er sem sagt lagt fram frv. til þess að gera kaupfélögunum mögulegt og heimilt að breyta rekstri sínum í hlutafélagarekstur og kannski er það þannig að dálítinn tíma þarf til þess að fá fólk til að átta sig á þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og því rekstrarumhverfi sem þessi félög eru rekin í.

Ég þakka það að mér finnst að þeir hv. þm. sem hér hafa talað taki undir það að þetta frv. gæti orðið til bóta og vonandi á það þá greiða leið í gegnum þingið.

Um þær fyrirspurnir sem komu fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þá skal ég segja henni það að ég hafði ekki heyrt af þessum athugasemdum frá ríkisskattstjóraembættinu. Ég tel að ástæða sé til að fara yfir þetta mál í nefnd og tek undir það með henni að kannski eiga þessar athugasemdir meira erindi við hæstv. fjmrh. en frv. það sem hér er til umræðu var að sjálfsögðu unnið í samvinnu við hæstv. fjmrh. og ríkisskattstjóraembættið kom einnig þar að málum. Ég vonast nú til að úr þessu leysist og ekki sé hætta á því að það sem lagt er til í frv. sé á nokkurn hátt almennt á skjön við lög og reglur sem varða hlutafélög því að samkvæmt upplýsingum mínum er þetta mjög sambærilegt.

Hv. þm. nefndi einnig að óljóst væri um umfang sem kæmi í framhaldi af þessum breytingum en eins og staðan er í dag er ekki hægt að segja til um það hversu mörg samvinnufélög munu notfæra sér þann möguleika sem frv. kveður á um og þess vegna er óljóst hversu miklar breytingar það hefur í raun í för með sér ef að lögum verður.

Þetta er það sem ég vildi segja á þessu stigi. Ég tel ekki ástæðu til að fara náið ofan í þær athugasemdir sem komu fram hjá ríkisskattstjóra á síðasta þingi en legg áherslu á að málið verði skoðað vel í nefnd og trúi því að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. séu í samræmi við það sem kveðið er á um í lögunum um hlutafélög.

[15:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart að hæstv. viðskrh. sé fyrst að heyra um þær athugasemdir sem ríkisskattstjóri hefur gert á hennar eigin frv. Þær hafa þó legið fyrir næstum því í heilt ár og þetta eru athugasemdir við frv. hæstv. viðskrh. Mér kemur þetta mjög á óvart af því að athugasemdir ríkisskattstjóra eru alvarlegar. Þær fjalla um að þarna sé verið að veita sérstakar ívilnandi reglur sem lúta sérstaklega að samvinnufélögunum. Verið er að benda á og vekja athygli á því að með lögleiðingu þessa frv. sé verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. Og það verði að segja að verði þessi ákvæði lögfest gagnvart samvinnufélögunum þá geti þau haft fordæmisgildi.

Ég álít þessar athugasemdir mjög alvarlegar og heyri á hæstv. ráðherra að hún hefur litið svo á að þær breytingar sem hér er verið að gera ættu ekki að vera á skjön við lög og reglur um hlutafélög. Hæstv. ráðherra hefur staðið í þeirri trú að þetta samræmdist lögum og reglum eins og þau gilda almennt um hlutafélög en samkvæmt því sem fram kemur hjá ríkisskattstjóra, þá er svo ekki og vantar töluvert upp á og greinilega er verið að ívilna samvinnufélögum umfram aðra sem eiga að lúta lögum og reglum um samvinnufélög.

Ég hef ekki tök á að ræða við hæstv. fjmrh. um þetta mál. Hann verður ekki hér í dag til þess að mæla fyrir málinu sem tengist þessu og er síðar á dagskrá um tekjuskatt og eignarskatt. Ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hún væri ekki tilbúin að beita sér fyrir því að taka saman og fara yfir þetta álit frá ríkisskattstjóra og taka saman álit viðskrn. og fjmrn. um það sem kemur fram hjá ríkisskattstjóra. Mér hefði fundist nauðsynlegt að fá þetta inn í 1. umr. málsins en til þess að tefja ekki málið við 1. umr. og til að það geti gengið til nefndar spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin að beita sér fyrir því sem ég legg til.

[15:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál er um það bil að fara úr mínum höndum og yfir til nefndar. Ef ég þekki rétt til í efh.- og viðskn. þá verður engum vandkvæðum bundið að fá þar upplýsingar sem hv. þm. óska eftir. Ég tel því alveg ljóst að í nefndinni munu fást svör við því sem hv. þm. spyr um og þá er síðan að vinna þetta mál í tengslum við það frv. sem hæstv. fjmrh. mun mjög fljótlega mæla fyrir.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var einungis verið að reyna að leita samstarfs við ráðuneytið og viðskrh. sem fer með þetta mál

um að leiða hið rétta og sanna í ljós í málinu vegna þess að það er mjög athyglisvert vegna þeirra alvarlegu athugasemda sem hér koma fram að þess sé einskis getið í þeim frumvörpum, þeim þremur sem við erum hér að fjalla um. Mér kemur mjög á óvart að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa haft vitneskju um það eða embættismenn hennar hafi ekki gert ráðherranum grein fyrir þeim umsögnum sem búnar eru að liggja fyrir í næstum heilt ár um þetta mál.

Mér finnst mjög mikilvægt að þegar slíkar upplýsingar koma fram hafi hæstv. ráðherra frumkvæði að því að fara ofan í málið og leggja fyrir nefndina það rétta og sanna í því. Auðvitað væri eðlilegt af minni hálfu að óska eftir því við hæstv. forseta að fresta málinu þar til hæstv. ráðherra gæti lagt fyrir það sem um er beðið þar sem hæstv. ráðherra er svona tregur til samvinnu um málið og þann einfalda hlut sem ég er að biðja um að hún, sem er í forsvari fyrir þessu máli, hafi frumkvæði að því að slíkt blað sem hún gæti útbúið og farið yfir um stöðu þessa máls með fjmrh. verði sent nefndarmönnum í efh.- og viðskn. þannig að eðlilegur framgangur geti verið á þessu. Ég spyr eina ferðina enn: Er ekki hægt að haga málum með þeim hætti að eitthvert minnisblað komi frá þeim hæstv. tveimur ráðherrum sem þetta mál heyrir undir þannig að ekki þurfi að koma fram ósk af minni hálfu um að fresta málinu? Ég spyr um það, herra forseti. Annars mun ég óska frestunar á málinu þar til þetta liggur fyrir.

[15:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu og ég treysti mér ekki til þess að lofa einhverju fyrir hans hönd. En ég get a.m.k. fullvissað hv. þm. um að ég mun leggja mig fram um að hv. nefnd fái allar þær upplýsingar sem beðið verður um. Mér finnst alveg sjálfsagt að hv. nefnd fái skoðun ráðuneytisins á því máli sem hér hefur verið nefnt. Mér finnst sumt af því sem hv. þm. las upp úr bréfi ríkisskattstjóra vera vangaveltur, það séu ekki allt saman fullyrðingar. Ég vil því meina að þarna sé ekki það alvarlegt mál á ferð að við séum í neinni hættu með það að frv. geti í einhverri mynd orðið að lögum. En mér finnst alveg sjálfsagt að fara yfir þetta atriði sem varðar bréf ríkisskattstjóra og tel víst að hann verði beðinn að koma á fund nefndarinnar til þess að gera betur grein fyrir skoðunum sínum.

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst nokkuð erfitt að sleppa hendi af málinu til nefndar meðan það stendur með þeim hætti sem það gerir nú á þessu augnabliki, að ekki er vitað um þau áhrif sem frv. hefur að því er varðar skattalegu meðferðina á því og hvort verið sé að ívilna sérstaklega samvinnufélögunum. Ég var að reyna að leita samstarfs við hæstv. ráðherra um að hún mundi fara í þetta mál sem er henni alls ókunnugt í heilt ár að verið sé að veita hér samvinnufélögunum sérstaklega skattaívilnun sem aðrir hafa ekki með þeirri leið sem hér er verið að fara. Mér finnst slæmt, herra forseti, að málið sé í þeirri stöðu að ekki sé hægt að fá upplýsingar um það rétta og sanna í málinu og hæstv. ráðherra, í tvígang spurður, reyni að smokra sér hjá því að verða við þeim óskum sem hér hafa verið settar fram, þ.e. að hún og hæstv. fjmrh. setjist yfir það að leiða það rétta og sanna í ljós og nefndarmenn í efh.- og viðskn. fái slíkt sameiginlegt minnisblað frá ráðherrunum um þetta tiltekna atriði.

Mér er nokkur vandi á höndum, herra forseti, þegar hæstv. ráðherra tekur með þessu móti í þá beiðni mína sem hér hefur komið fram, en það á eftir að ræða frv. um tekjuskatt og eignarskatt og ég fer þá þess á leit við hæstv. viðskrh. og óska hér með eftir því og læt þá ósk koma í ljós til að málið geti gengið til efh.- og viðskn. að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur ásamt fjmrh. þegar frv. um tekjuskatt og eignarskatt verður tekið fyrir sem tengist þessu máli og ráðherrann verði þá betur undirbúinn að svara þeim athugasemdum sem fram hafa komið hjá ríkisskattstjóra.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort við getum ekki fallist á þá málsmeðferð að hæstv. ráðherra leitist við að vera hér viðstaddur þegar fjmrh. mælir fyrir frv. sínu og hún hafi þá kynnt sér þessa umsögn ríkisskattstjóra þannig að við getum þá tekið frekari efnislega umfjöllun um það sem fram kemur í bréfi frá ríkisskattstjóra.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun koma ábendingum þingmannsins á framfæri til hæstv. fjmrh.)

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að það fari ekkert á milli mála, þá ætla ég að segja það hér úr þessum stól að ég mun verða viðstödd þá umræðu sem mun vonandi fara fram sem allra fyrst um það frv. sem hæstv. fjmrh. leggur fram og mun mæla fyrir og tengist því frv. sem hefur verið hér til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingarsamningar, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 460. mál (slysa- og sjúkratryggingar). — Þskj. 735.

[15:21]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Það mál sem ég tala fyrir er m.a. um það frjálsræði sem tryggingafélög búa við varðandi ákvörðun um hvern þau vilja tryggja og hvern þau vilja ekki tryggja. Það er, herra forseti, að mínu mati óeðlilegt að það sé háð geðþótta þess tryggingafélags sem um það fjallar í hvert skipti hvernig slíkum málum er háttað. Ef einstaklingur eða aðili er ábyrgur og metinn heill heilsu og flekklaus hlýtur krafan að vera að hann eða hún sem hefur vottorð læknis eða vitnisburð valinkunnra aðila um heilsu eða almennt sem samfélagsþegn á að fá slysa- eða sjúkratryggingu ef hann sækir eftir því.

Ýmsir aðilar telja sig vera afskipta og að þeir sitji ekki við sama borð og aðrir. Þar á meðal má benda á t.d. feita einstaklinga sem hafa orðið fyrir því að vera teknir af tryggingu hjá tryggingafélögum og svo ýmsir aðrir sem hafa verið óheppnir gagnvart slysum og fleiru eða þeir sem af einhverjum ástæðum hafa lent í höfnun tryggingafélaga þegar þeir hafa beðið um tryggingu af ástæðum sem ókunnar eru. Af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, flyt ég frv. um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, og þá sérstaklega við 119. gr.

„Við 119. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú er það sannað með vottorði læknis að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til hefur að fullu náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða

sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða, og er þá félaginu óheimilt að neita honum um slysa- eða sjúkratryggingu."

2. gr. Lög þessi öðlist þegar gildi."

Í 119. gr. núgildandi laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, segir að vátryggingu megi taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er vátryggjanda sjálfs eða þriðja manns. Tryggingafélög hafa um langa hríð haft þann hátt á að neita einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum eða átt við skæða sjúkdóma að stríða. Mat tryggingafélaganna hefur verið að áhættan af því að veita þeim slysa- eða sjúkratryggingar væri of mikil, auk þess sem iðgjöld fyrir slíkar tryggingar yrðu svo há að þeir sem helst þyrftu á þeim að halda hefðu ekki efni á að taka þær.

Sé málum hins vegar þannig farið að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til geti lagt fram vottorð læknis um að hann hafi algerlega náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða eiga þessi rök ekki lengur við. Ástæðulaust er fyrir tryggingafélög að neita heilbrigðum einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar. Í þessu tilviki verður jafnframt að hafa í huga ákvæði I. kapítula laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar er að finna reglur sem geta leyst félag frá ábyrgð ef einstaklingur hefur gefið rangar upplýsingar um atvik sem ætla má að máli skipti fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum. Verði frumvarp þetta að lögum mun það því ekki koma í veg fyrir að hægt verði að hafna beiðni um slysa- eða sjúkratryggingar á öðrum forsendum en þeim sem um ræðir í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Greinargerð fyrir þessum málflutningi er ekki meiri en um þetta mál má hafa mörg orð og þau helst að hér er um mjög alvarlegt réttlætismál að ræða, réttlætismál einstaklinga gagnvart tryggingarisunum sem geta að geðþótta hagað sér eins og þeir nánast vilja því að þeir geta hafnað hverjum sem er í tryggingu. Þetta er sett fram vegna þess að einstaklingar, sem til mín hafa leitað varðandi þessi mál, hafa ekki getað fengið tryggingu þar sem þeir eru að reka atvinnustarfsemi af ýmsum ástæðum sem tryggingafélög telja sér þó ekki vera skylt að gefa upp. Meðal annars er eitt atvikið þannig að um er að ræða einstakling sem hafði fengið höfuðmein og fór í aðgerð og fékk það lagfært. Þessi einstaklingur stundar hestatamningar og vegna þess að tryggingafélaginu sýndist ekki ástæða til að tryggja þennan einstakling vegna þessa höfuðmeins sem hann hafði orðið fyrir, þá er því hreinlega hafnað að taka þann einstakling í tryggingu. Það er því eðlilegt að menn fari þá að velta fyrir sér hvaða skyldur og hvaða ábyrgð hvíli á tryggingafélögunum. Það er engin ábyrgð og engar skyldur sem hvíla á tryggingafélögunum nema það sem þeim sýnist sjálfum að þau vilji taka upp. Ekki er farið fram á meira en það að einstaklingar sem væru með gilt læknisvottorð og vitnisburð um heilsu njóti jafns réttar á við alla aðra og þeir fái tryggingu hjá tryggingafélögum óski þeir eftir því ef þeir eru ekki sekir á einhvern annan hátt eins og hér er getið um í greinargerð.

Herra forseti. Að lokinni þessari framsögu og umræðu óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. allshn. og ég vona að það hljóti skjóta afgreiðslu vegna þess að þó nokkuð margir einstaklingar eiga þarna í hlut og hafa lagt fram gild vottorð lækna um algert heilbrigði og hafa ekki á neinn hátt annan komist í kast við lög sem gefa ástæðu til höfnunar beiðni um tryggingu.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja en vonast til að málið fái skjóta afgreiðslu.

[15:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir að beita sér fyrir þessu þarfa máli. Hér er á ferðinni mál sem ætti að vera nokkuð einfalt að ná samráði um í þinginu að gera að lögum. Það kom raunverulega fram sem þarf að koma fram í máli frsm. og ég vildi ekki láta hjá líða að taka að fullu undir málið og ég mun auðvitað gera mitt til þess að það nái fram að ganga. Auðvitað er ótækt og óþolandi að tryggingafélögin geti fengið að haga sér eins og ríki í ríkinu í þessu máli sem öðrum. Við þekkjum með tryggingafélögin hvernig þau hafa hagað sér í iðgjaldaákvörðunum og þekkja nú flestir þá sögu, þá samtryggingu sem þar er á bak við og hvernig einokun og fákeppni virðist vera mjög mikil í þessu trygginga- og vátryggingakerfi.

Hér við bætist nokkuð sem ég hafði ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug, að tryggingafélögin geti neitað einstaklingum um slysa- og sjúkratryggingar sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum eða átt við skæða sjúkdóma að stríða. Hér er það tínt fram að mat tryggingafélaganna hafi verið að áhættan af því að veita þeim slysa- og sjúkratryggingar væri of mikil, auk þess sem iðgjöld fyrir slíkar tryggingar yrðu svo há að þeir sem helst þyrftu á þeim að halda hefðu ekki efni á að taka þær. Þetta er óboðlegt, herra forseti, vegna þess að ég tel það mannréttindaskerðingu að þeir sem hafi orðið fyrir slysum og hafa að fullu náð sér, eins og kemur fram í frv., eða hafi fengið sjúkdóm sem þeir hafa náð sér upp úr geti ekki leitað eftir því að fá tryggingar. Þetta tel ég vera mannréttindabrot, herra forseti, að halda þannig á málum gagnvart þeim einstaklingum sem leita til tryggingafélaganna. Ég tel afar brýnt, herra forseti, að þetta mál fái ítarlega umfjöllun í þeirri nefnd sem málinu er vísað til, þ.e. allshn., og hvet til þess að nefndin skoði málið af fullri alvöru. Hér er á ferðinni mál sem lætur ekki mikið yfir sér, en það er vissulega svo, herra forseti, að þetta er mál sem skiptir nokkurn hóp fólks miklu að Alþingi hafi skilning á og að þannig sé haldið á málum í allshn. að málið fái fljóta og góða afgreiðslu. Ég sé ekki annað en nægjanlegt væri að kalla fyrir nokkra aðila til að fara yfir málið og síðan ætti þetta að geta fengið afgreiðslu á þinginu.

Ég er alveg sannfærð um að mjög margir horfa til þess hvort málið nái fram að ganga. Hv. 1. flm., Gísli S. Einarsson, á þakkir skildar fyrir að vekja athygli á þessu þarfa máli hér á þinginu og að leita eftir stuðningi við því á hv. Alþingi að málið nái fram að ganga og þessi breyting verði gerð á lögum um vátryggingarstarfsemi. Mér finnst í raun og sanni að brotinn sé réttur á fólki að það geti ekki leitað til tryggingafélaganna með eðlilegum hætti. Nógu há eru þau iðgjöld sem almennt eru tekin af fólki, hvers konar tryggingar svo sem um er að ræða þó tryggingafélögin séu ekki að koma sér hjá að tryggja fólk og tryggja þeim rétt sem til þeirra leita. Ég held, herra forseti, að það þurfi kannski að fara ofan í vátryggingarlöggjöfina í heild sinni, herra forseti, og skoða hvaða smáa letur þar er eða stoð tryggingafélögin geta notað í vátryggingarlöggjöfinni til þess að smeygja sér fram hjá því að tryggja fólk með þeim hætti sem hér er gert. Ég hvet því til þess að þessu gefna tilefni að menn vindi sér í það verk að endurskoða vátryggingarlöggjöfina í heild sinni með það að markmiði að fá upp á borðið hverjar eru raunverulegar skyldur og ábyrgð tryggingafélaganna og það sé meira en

tína ótæpilega af fólki há iðgjöld þó ekki sé verið að smeygja sér fram hjá því að veita fólki sem þarf á því að halda að fá tryggingu og öryggi eins og hlutverk tryggingafélaganna er að veita. Það á ekki að veita bara sumum það heldur öllum þannig að allir hafi þann eðlilega og sjálfsagða rétt. Ég fagna því þeim frumvarpsflutningi sem við ræðum nú í þingsölum.

[15:35]

Útbýting þingskjala:

Framboð á leiguhúsnæði, 512. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 806.

Greiðslur vegna tjóna af völdum jarðskjálfta, 516. mál, fsp. MF, þskj. 812.

Greiðslur vegna tjóna á útihúsum, 517. mál, fsp. MF, þskj. 813.

Rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík, 514. mál, fsp. ÁMöl og KF, þskj. 810.

Sjálfstætt starfandi heimilislæknar, 515. mál, fsp. ÁMöl og KF, þskj. 811.

Viðhald sjúkrahúsbygginga, 513. mál, fsp. MF, þskj. 809.

Viðskiptahalli, 351. mál, svar forsrh., þskj. 762.

[15:36]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir góðar undirtektir og góðar ábendingar varðandi þessi mál um leið og ég þakka öðrum hv. meðflm., þeim Einari Má Sigurðarsyni, Jóhanni Ársælssyni, Össuri Skarphéðinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að vera með mér í þessu máli.

Ég vil taka undir að það er rík ástæða til að fara yfir lög um vátryggingarsamninga. Þetta eru lög frá 1954 og þótt einhverjar breytingar hafi verið á þeim gerðar þá eru þær ekki miklar. Það er full ástæða til að velta fyrir sér hvernig tryggingafélögin vinna. Ég er hér með grein, herra forseti, sem ég leyfi mér að vitna í þar sem fjallað er um það að tryggingafélögin vöktu á sér óþægilega athygli með því að saka fólk um svik. Og það er í fleiri en eitt skipti sem tryggingafélög hafa nálgast mál á þann hátt .

Einnig má velta því fyrir sér hvernig aðkoma vátryggingafélaganna er að Tryggingastofnun ríkisins varðandi bílslys og þess háttar. Það er ef til vill ástæða til að fara yfir það í nokkru máli þegar og ef færi gefst til þess. Ég vona að þetta mál fái framgang hjá hv. allshn. og þá mun gefast tækifæri til að fjalla um fleiri greinar sem þyrfti að taka fyrir og skoða.

Ég ítreka eins og áður sagði að ég vona að málið fái góðan framgang og þakka fyrir undirtektirnar og ábendingarnar sem komu fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útboðsstefna ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og ÍGP, 487. mál. — Þskj. 773.

[15:39]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem við erum tveir flutningsmenn að, sá sem hér stendur og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason. Þáltill. lýtur að því að Alþingi skori á ríkisstjórnina og feli henni að endurskoða útboðsstefnu ríkisins sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi 25. maí 1993. Endurskoðuð stefna feli m.a. í sér að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum og öðrum alþjóðlegum samningum sem Ísland á aðild að verði að fullu virtar. Samtímis verði þess ávallt gætt að útboðum og innkaupum fyrir ríki og ríkisstofnanir verði hagað þannig að þau stuðli eins og kostur er að uppbyggingu og þróun íslensks iðnaðar.

Í almennum orðum er hér verið að leggja til að við reynum innan þess svigrúms sem EES-samningurinn heimilar að haga útboðum þannig að íslensk iðnfyrirtæki eigi sem allra mestu möguleika að hreppa þau verk sem boðið er í.

Aðalatriði þessa máls er að erlend fyrirtæki og erlendar þjóðir, sem við erum í samkeppni við innan EES-samstarfsins, reyna og gera með ýmsum hætti útboð sín þannig að þau auðvelda þarlendum fyrirtækjum að bjóða í verkin. Ég tel að Íslendingar hafi verið fullfastheldnir á hin ýtrustu skilyrði sem EES-samningurinn hefur sett okkur og við höfum ekki nýtt okkur þann sveigjanleika sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Við skulum gæta að því að mörg af þeim verkum sem ríkisvaldið er að bjóða út eru gríðarlega stór á íslenskan mælikvarða og geta ráðið úrslitum um viðgang fyrirtækja og jafnvel heilla iðngreina. Mun ég koma að því síðar.

En þetta snertir ekki aðeins afkomu fyrirtækjanna heldur er hér um atvinnuhagsmuni að ræða, vinnu fyrir landsmenn okkar. Sárt er að horfa til þess að íslenskir iðnaðarmenn og starfsmenn í íslenskum framleiðslufyrirtækjum þurfi að sjá á eftir stórverkefnum og atvinnu úr landi þegar þess hefur jafnvel ekki verið gætt að nýta þetta svigrúm sem ég tel að sé innan EES-samningsins.

Eins og alþjóð veit erum við ekki aðeins bundin af EES-samningnum heldur af ýmsum fjölþjóðlegum skuldbindingum sem snúa að viðskiptum og má segja að sá málflutningur sem hér er hafður uppi lúti einnig að öðrum þeim samningum sem við erum aðilar að.

Ég vil aðeins gera grein fyrir og nefna nokkur af þeim atriðum sem ég á við þegar ég tala um svigrúm. Í útboðum er m.a. hægt að taka ýmislegt fram um efnisnotkun, um afhendingartíma, um viðhald, um eftirlit og prófanir o.fl. þar sem farið er fram á það í útboðslýsingunni að slíkt skuli gert við íslenskar aðstæður eða í nágrenni við Ísland eða með tilliti til íslenskra aðstæðna, svo sem veðurs eða annarra þátta og á þann hátt er íslenskum fyrirtækjum gert auðveldara að uppfylla þessi skilyrði, en keppinautar okkar á alþjóðlegri grund eiga þar mun örðugra uppdráttar. Einhverjum kann að finnast að hér sé verið að reyna að smeygja sér undan heiðarlegri samkeppni en það er alls ekki. Ég er alls ekki að mæla með því að við göngum með nokkrum hætti á svig við það sem við höfum samið um. En fyrr má nú aldeilis vera að við nýtum okkur ekki sömu tækifæri og sömu aðferðir og keppinautar okkar gera þegar þeir fara með mál sín í útboð.

Eins og alþjóð veit höfum við ekki leyfi til þess að taka inn í útboð okkar og val á verktökum ýmsa þætti sem svo sannarlega skipta okkur máli þegar við horfum á þjóðhagslegan ávinning. Höfum við ekki heyrt að undanförnu rætt um að það sé ávinningur fyrir Íslendinga ekki aðeins að taka lægsta tilboði heldur að við horfum til þess að vinnan haldist hér? Þar með haldast skatttekjur ríkisins og sveitarfélaganna hér og margvíslegur annar beinn og óbeinn ávinningur fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og ríki kemur í vasa okkar okkur til eflingar. Ekkert af þessu má taka með í

reikninginn vegna þeirra skuldbindinga sem við erum aðilar að. Ég er ekki að mæla með því að við göngum þarna með nokkrum hætti á svig við EES-samninginn með því að reikna þetta inn, en vissulega er sárt að horfa til þess að þetta eru vinningar sem við erum að missa af með því að verkin fara úr landi. Að sjálfsögðu verða erlend fyrirtæki og erlend ríki að sætta sig við hið sama.

Hæstv. forseti. Ég tel að ríkisstjórnin eigi að hafa hér frumkvæði. Það frumkvæði felst í því að móta útboðsstefnu sem síðan verður höfð í hávegum og í fyrirrúmi þegar ráðuneyti og embættismenn bjóða út verk af stærra tagi. Þetta mun leiða til þess að setja yrði nýjar og skýrari vinnureglur um verkútboð. Þarna hlýtur Framkvæmdasýsla ríkisins m.a. að koma að verki og mjög hlýtur að verða hlustað á tillögur hennar hvað þetta varðar.

Ég læt þá lokið almennri umfjöllun um þáltill. en vil þó sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem verið hefur að undanförnu draga út einn þátt í iðnaði sem okkur hefur verið tíðrætt og sem mun verða mjög mikilvægur þegar fram í sækir. Sennilega geta flestir sér til um hvað átt er við. Hér er rætt um íslenskan málm- og skipasmíðaiðnað þar sem við höfum árum saman orðið að horfa á eftir stórverkefnum til útlanda án þess að fá rönd við reist. Ýmist hefur það verið vegna þess að skipaviðgerðir, bygging og smíði skipa og viðhalds fer til landa utan EES-samningsins, til Kína, Póllands eða Chile og ekki er ég að lasta þau verk sem þar eru unnin og þann ávinning sem fæst af því að ná þar góðum tilboðum. En það er sárt til þess að vita að við höfum að undanförnu orðið að sjá af varðskipunum okkar úr landi á meðan við horfum jafnvel á verkefnaskort og atvinnuleysi í málm- og skipasmíðaiðnaði. Sem þingmaður Reykvíkinga hlýt ég að hafa áhyggjur af þessu. Reykvíkingar hafa um árabil reynt að byggja upp málm- og skipasmíðaiðnað en átt við ramman reip að draga m.a. vegna þess sem ég hef hér um rætt. Á Akureyri hafa menn sömuleiðis verið að berjast við þessar erfiðu aðstæður. Einnig má nefna Akranes og við getum að sjálfsögðu talað um Hafnarfjörð.

Í þessum þingsal var fyrir skömmu rætt um viðgerðir á varðskipunum og þeirri umræðu er væntanlega ekki lokið vegna þess að við fáum misvísandi upplýsingar um það hvort lægsta tilboð kom frá íslenskum aðilum eða hvort það var það tilboð sem tekið var og leiddi til þess að skipunum er siglt til viðgerða erlendis. Ég var einn af þeim sem tóku þátt í þeim umræðum og ég er einn af þeim sem hafa talið að við hefðum getað nýtt okkur betur þann sveigjanleika sem við höfum innan allra viðskiptasamninga og sáttmála til að ná þeim verkefnum hingað til landsins.

Hið stóra verk er þó fram undan en það er smíði íslensks varðskips. Íslenskur málm- og skipasmíðaiðnaður og Samtök iðnaðarins hafa á undanförnum árum verið að leita eftir því að við gætum haldið því gríðarlega stóra verkefni í landinu m.a. vegna þess að hér sé um varðskip að ræða sem má með sönnu flokka undir löggæslu- og hernaðartæki sem gegnir sambærilegu hlutverki og þau skip sem aðrir heimila ekki að smíðuð séu í útlöndum. Við eigum því kinnroðalaust að berjast fyrir því að smíði hins nýja varðskips verði á Íslandi og við eigum kinnroðalaust að ætlast til þess að ríkisstjórn okkar, ráðuneyti og embættismenn sem sinna útboðinu nýti allan þann sveigjanleika sem mögulegt er innan EES-samningsins eða hvaða samnings sem vera skal til að málm- og skipasmíðaiðnaður okkar eigi þar sem allra bestu möguleika.

Ég fagna því að í þeirri umræðu sem var hér um daginn töluðu hæstv. ráðherrar, bæði iðnrh. og dóms- og kirkjumrh. en varðskipin heyra undir dómsmrn., á þann veg að reynt yrði þegar að þessu kæmi að fá þessi verk hingað. Ég tek aðeins þetta dæmi vegna þess að þetta mæðir á okkur núna en ég er svo sannarlega í þessari þáltill. að tala um almenna stefnu sem muni nýtast til þess að byggja upp íslenskan iðnað jafnhliða því að við stöndum við skuldbindingar okkar í EES.

Virðulegi forseti. Ég læt þá staðar numið í framsögu um þetta mál. Það má enginn ætla það að ég sé að tala fyrir einangrunarstefnu eða sveigja frá því sem okkur hefur verið til trúað í samningum og samskiptum við aðrar þjóðir. Þar verðum við að standa við okkar hlut eins og við ætlumst til að staðið sé við öll skilyrði þegar við eigum í samkeppni við aðra. En, hv. þingmenn, stöndum saman um að styðja íslenskan iðnað innan þeirra marka sem viðskiptasamningar okkar leyfa. Ég hvet ríkisstjórnina til að taka þessu máli vel þegar það verður væntanlega samþykkt frá þinginu og embættismenn fá það til frekari vinnslu.

[15:53]

Útbýting þingskjals:

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga, 518. mál, fsp. MF, þskj. 814.

[15:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir þessa þáltill. sem ég hefði svo gjarnan verið á hefði mér boðist það. Meginhugsun þáltill. snýst um útboðsstefnu íslenska ríkisins sem tengist atvinnusköpun, iðnþekkingu og þróun íslensks iðnaðar. Því miður er svo komið fyrir okkur á Íslandi að við stöndum orðið að baki nágrannaþjóðum í tækni varðandi viðgerðir vegna þess að við höfum ekki haft tækifæri til þess að sinna þeim verkum eða getað sinnt þeim verkum vegna þeirrar útboðsstefnu sem hér hefur ríkt. En ég minni á að tilskipun VII frá Evrópusambandinu fjallaði um að heimilt var fyrir ríkin sem aðild eiga að EES-samningnum, að greiða fyrir eða greiða niður ákveðin verkefni með ákveðnum hætti. Þetta var tekið af 1995 og ég vil segja því miður því meðan þetta var í gangi stóðust íslenskar skipasmíðastöðvar fullkomlega samkeppni við erlendar, ég tala nú ekki um í viðgerðarverkefnum.

Til að styðja mál mitt vil ég segja frá því að í Danmörku og Noregi og fleiri nágrannalöndum kepptust stjórnvöld við að skrifa undir samninga byggða á tilskipun VII sem tryggir viðgerðarverkefni hjá mörgum skipasmíðastöðvum í allt að tvö ár fram í tímann af því að þeir voru undirritaðir fyrir síðustu áramót. En íslensk stjórnvöld gæta því miður ekki að sér og Ísland skal bara standast hvaða samkeppni sem er við hvaða láglaunasvæði sem er, og það er óviðunandi.

Mér er sem ég sjái hvað varðar þau skip sem fara núna til Póllands og ekki munar nema 7 millj. kr. á verðtilboði, að það verði ódýrara þegar upp er staðið. Hér er um að ræða a.m.k. 20 ára gömul skip þar sem stálið er farið að láta á sjá og ég er alveg klár á því að þegar kemur að aukaverkum sem munu fylgja fer kostnaðurinn langt upp fyrir það sem menn gera ráð fyrir. Ég segi þetta úr þessum ræðustóli til að geta vitnað um þetta og menn líti í Alþingistíðindi þegar upp kemur að farið verður að greiða umframkostnaðinn. Síðan eru það eftirlitsmenn, dagpeningar, ferðalög og eitt og annað sem á eftir að bætast við sem ég tel að muni skipta mjög miklu.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, tek ég heils hugar undir meginþema þessarar þáltill. og hefði gjarnan verið á henni hefði það boðist.

[15:56]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gísla S. Einarssyni fyrir undirtektir og þau hvatningarorð sem hann lét hér falla og þykir miður að ég náði ekki að leita til hans um að vera á þessari tillögu. Sömuleiðis vil ég þakka öðrum sem hafa í einkasamtölum í þingsalnum tekið undir þann málflutning sem hér er uppi.

Ég styð hvert orð sem hv. þm. sagði áðan, en ég vil beina orðum mínum til ríkisstjórnarinnar og ég vil beina orðum mínum líka til hv. þm. í Reykjavík. Vita menn að Reykvíkingar eru hér með stórt fyrirtæki við höfnina sem heitir Stáltak? Vita menn að verkefnaskortur er fram undan hjá því fyrirtæki? Vita menn að þar eru starfsmenn og vinna þeirra og tekjur munu snarminnka og verkþekking mun hugsanlega hverfa héðan úr borginni eða úr landi? Kemur okkur ekkert við hvernig þessu fyrirtæki gengur? Kemur okkur ekkert við hvað verður um þessa starfsmenn?

Ég tek aðeins þetta dæmi vegna þess að ég er þingmaður Reykvíkinga en þetta á svo sannarlega við um aðra staði sem ég hef nefnt, Hafnarfjörð, Akranes, Akureyri og fleiri staði mætti nefna. Ég skora á ríkisstjórnina að taka þetta mál til afgreiðslu þegar þingið verður væntanlega búið að samþykkja tillöguna og vona að það verði íslenskum iðnaði til heilla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 9. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 15:59.

81. FUNDUR

mánudaginn 5. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), stjfrv., 448. mál, þskj. 716. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Samvinnufélög (innlánsdeildir), stjfrv., 449. mál, þskj. 717. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hlutafélög, frv., 148. mál, þskj. 148. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vátryggingarsamningar, frv., 460. mál, þskj. 735. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Útboðsstefna ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, þáltill., 487. mál, þskj. 773. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 481. mál, þskj. 767. — 1. umr.
7. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 504. mál, þskj. 791. — 1. umr.
8. Stjórn fiskveiða, frv., 329. mál, þskj. 428. — 1. umr.
9. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 330. mál, þskj. 429. — 1. umr.
10. Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frv., 349. mál, þskj. 497. — 1. umr.
11. Áframeldi á þorski, þáltill., 465. mál, þskj. 744. — Fyrri umr.
12. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 456. mál, þskj. 727. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Bókasafnsfræðingar, 526. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 822.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 522. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 818.

Innflutningur á nautakjöti, 399. mál, svar landbrh., þskj. 730.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, 511. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 805.

Stjórn fiskveiða, 120. mál, þskj. 807.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 520. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 816.

Stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 817.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 523. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 819.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), frh. 1. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), frh. 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 148. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 460. mál (slysa- og sjúkratryggingar). — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Útboðsstefna ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og ÍGP, 487. mál. — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 767.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frv. þetta er lagt fram í tengslum við frv. viðskrh. um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, er lýtur að rekstrarumgjörð samvinnufélaga.

Eins og rakið er í greinargerð með frv. um breytingar á samvinnufélagalögunum hafa verið erfiðleikar í rekstrarumhverfi samvinnufélaganna á undanförnum árum. Kemur þar margt til en ljóst er að sá rammi sem samvinnufélögunum hefur verið gert að starfa eftir hefur takmarkað möguleika þeirra til að bregðast við breyttum aðstæðum á liðnum árum. Þannig hafa samvinnufélög ekki haft aðstöðu til að afla sér nýs áhættufjármagns auk þess sem stofnsjóðir félaganna hafa rýrnað fyrir áhrif verðbólgu um langt árabil þannig að varla er lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í samvinnufélögunum.

Markmiðið með því frv. sem hér er mælt fyrir ásamt frv. viðskrh. er að gera samvinnufélögum kleift að bregðast við þeim vanda sem þau standa frammi fyrir og einfalda þeim að breyta rekstrarformi sínu og færa félögunum þannig auknar heimildir til þess að bregðast við breyttum aðstæðum í rekstrarumhverfi og auka samkeppnishæfni þeirra.

Í frv. þessu eru lagðar til breytingar á tekjuskattslögunum sem fela m.a. í sér að hlutabréf sem félagsaðilar A-deildar eða eigendur samvinnuhlutabréfa í B-deild fá afhent við breytingu samvinnufélags í hlutafélag sem gagngjald fyrir séreignarhlut stofnsjóðs eða samvinnuhlutabréf skulu ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur. Einnig er kveðið á um að hækkun séreignarhluta félagsaðila A-deildar stofnsjóðs samvinnufélags og afhending hækkunarinnar í formi hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs teljist ekki til skattskyldra tekna.

Þá er kveðið á um að við ákvörðun söluhagnaðar við endursölu hlutabréfanna skuli kaupverð, þ.e. stofnverð hlutabréfa sem aðili hefur eignast við sérstætt endurmat A-deildar, ákvarðast sem jöfn fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs. Söluverð afhentra hlutabréfa samkvæmt endurmati kemur hins vegar að fullu til skattlagningar án frádráttar stofnverðs.

Rétt er að árétta að með umræddum frumvörpum er verið að leita leiða til að breyta rekstrarumhverfi samvinnufélaga í landinu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frv. um rekstrarumgerðina er einn vandi samvinnufélaga að ekki hefur tekist að viðhalda eða byggja upp eigendavitund meðal félagsmanna sem af mörgum er talinn vera nauðsynlegur bakhjarl í rekstri fyrirtækja. Aðeins brot af eigin fé félaganna er beint tengt félagsmönnum og þeir hafa ekki beina hagsmuni af arði eða batnandi afkomu fyrirtækjanna. Hér er verið að leita leiða til að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á fjárhagslegri aðild félagsmanna að viðkomandi félagi. Það er lagt í hendur félagsaðilanna sjálfra að samþykkja eða synja rökstuddu áliti í sérfræðiskýrslu á hækkun séreignarhluta félagsaðila og skiptihlutfall á milli félagsmanna og hluthafa, svo og innbyrðis á milli félaganna.

Rétt er að geta þess að ákvæði um skattfrelsi endurmats séreignarsjóða samvinnufélaganna og afhending þess til félagsaðila í formi hlutabréfa eru hliðstæð ákvæðum er varða hlutafélög og úthlutun skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa. Annars vegar er um að ræða að úthlutunin er skattfrjáls í hendi hluthafa og myndar stofnverð við endursölu þeirra, þ.e. jöfnunarverðmæti og hins vegar er um að ræða heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa sem ekkert stofnverð hafa við söluna. Af því leiðir að heildarsöluverð bréfanna skattleggst við endursölu þeirra. Því má segja að verið sé að fresta að hluta til skattlagningu og hún eigi sér ekki stað fyrr en eiginlegt verð kemur fram við endursölu hlutabréfanna.

Ég hef í stuttu máli, herra forseti, gert grein fyrir efnisatriðum þessa frv. sem hér er endurflutt frá síðasta þingi og er þar af leiðandi þingheimi kunnugt, einkum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. en ég legg til að frv. þessu verði vísað þangað og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. kom inn á tengist þetta frv. um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt þeim frv. sem hæstv. viðskrh. mælti hér fyrir fyrir helgina og einkum öðru þeirra sem snertir rekstrarumgerð samvinnufélaga. Við þá umræðu fór ég nokkuð inn á athugasemdir sem fram komu í umsögn ríkisskattstjóra við þessi þrjú frv. frá síðasta þingi, þ.e. umsögn sem efh.- og viðskn. barst 28. apríl á síðasta ári. Mér fannst þar koma fram ábendingar og athugasemdir sem væru þess eðlis að eðlilegt væri að þingmenn fengju skoðun hæstv. viðskrh. eða eftir atvikum hæstv. fjmrh. á þeim athugasemdum sem fram koma hjá ríkisskattstjóra og að við mundum fá hana þegar við 1. umr. þessa máls.

Hæstv. viðskrh. var ekki kunnugt um þessa umsögn þótt hún hafi legið fyrir í nokkurn tíma, eða frá því í apríl á síðasta ári, og taldi sig því ekki í stakk búna til að svara þeim athugasemdum sem fram komu hjá ríkisskattstjóra. Því vil ég endurtaka nú við umræðu um þetta mál, sem snýr að breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þær athugasemdir sem fram koma hjá ríkisskattstjóra og kalla eftir viðbrögðum hæstv. fjmrh. við þeim.

Ég hef ekki borið ítarlega saman frv. sem nú er lagt fram og það frv. sem lagt var fram á síðasta þingi en sá ekki í fljótu bragði og heyrði ekki á máli ráðherra að nokkuð hefði verið tekið tillit til athugasemda sem fram komu hjá ríkisskattstjóra við efni þessara frv. nú þegar frv. er flutt á nýjan leik.

Ríkisskattstjóri gerir í umsögn sinni ekki út af fyrir sig athugasemd við þetta frv. sem við ræðum hér og segir að það séu engir erfiðleikir fyrirséðir við framkvæmd þessara ákvæða, en athugasemdir ríkisskattstjóra lúta einkum að frv. sem snýr að breytingu á rekstrarumgerð samvinnufélaga. Ég vil því, með leyfi forseta, fara yfir þær athugasemdir í örstuttu máli og kalla eftir svörum ráðherra og viðbrögðum við þeim athugasemdum sem fram koma hjá ríkisskattstjóra. Í fyrsta lagi segir ríkisskattstjóri:

„Með frumvarpinu er skattskyldu við afhendingu verðmæta milli aðila aflétt. Tekjur sem samkvæmt almennum skattareglum teldust til skattstofns hjá móttakanda verða samkvæmt því að fullu skattfrjálsar. Hvorki leggst á almennur skattur né fjármagnstekjuskattur. Afsalar ríkissjóður sér því skattekjum með slíkum ívilnandi reglum."

Fyrsta spurningin til hæstv. fjmrh. er hvort hann sé sammála því að ríkissjóður sé að afsala sér skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum.

Í umsögn við þetta frv. frá fjmrn. kemur fram að frv. hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs en þá er spurning eins og ríkisskattstjóri nefnir hvort það hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ég fer yfir, herra forseti, aðeins stærstu atriðin sem ríkisskattstjóri bendir á í umsögn sinni en í annan stað segir hann, með leyfi forseta:

„Bent skal á að ekki virðast liggja fyrir upplýsingar um umfang breytinganna að því er varðar fjárhæðir þess sem um er að tefla eða fjölda þeirra félagsaðila sem tilkall gætu átt til slíkra eignarhluta.“ Um það vil ég spyrja, hvort eitthvað liggi fyrir um það, herra forseti. Síðan segir í umsögn ríkisskattstjóra:

„Í greinargerð með frumvarpinu er að finna samlíkingu á breytingu á eigin fé við það sem heimilt er skv. 43. gr. hlutafélaga um hækkun hlutafjár. Hér er ekki um að ræða sambærileg ákvæði. Í lögum um hlutafélög er útgangspunktur að hlutfallsleg skipting hlutafjár haldi sér. Aðferð frumvarpsins gerir ekki kröfu um jafna hlutfallsskiptingu. Er það að vísu skýrt í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að við hækkun stofnsjóðs kunni að þykja eðlilegt að nokkuð af hækkuninni skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindi hafa en að öðru leyti verði hækkunin reiknuð í hlutfalli við einstaka stofnsjóðsfjárhæðir og að teknu tilliti til þess hve lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu. Er ljóst að þarna gæti verið um misvægi að ræða. Sama getur átt við um sértæka endurmatið.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á því að með lögleiðingu þessa frumvarps er verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög.“ — Um þetta vil ég spyrja, hvort hæstv. ráðherra sé sammála því mati að verið sé að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. En síðan segir í umsögninni: — „Samkvæmt almennum reglum skattalaganna er þessi afhending tekjur sem greiða beri skatt af. Að hluta til eru þær orðnar til af óskattlögðum tekjum félagsins. Auk þess að fella niður skattlagninguna við afhendinguna er búið til nýtt stofnverð í hendi eigenda sem leiðir til þess að þær tekjur sem mynduðust við afhendinguna koma ekki heldur til skattlagningar síðar, þ.e. við eftirfarandi sölu.

Augljóst er að sú tilhögun sem lögð er til felur í sér frávik frá gildandi skattalögum og meginreglum þeirra. Þótt slík frávik kunni að vera réttlætanleg í því tilviki sem frumvarpið fjallar um þarf að hafa fordæmisgildi slíkrar ákvörðunar í huga þannig að þetta leiði ekki til krafna að eigin fé annarra félaga með óljósa eignaraðild verði deild á milli nánar skilgreindra félagsaðila án skattlagningar.“

Um þetta spyr ég. Getur hæstv. fjmrh. fallist á að þessi ákvæði séu þannig sett fram að þau geti haft fordæmisgildi?

Þetta eru þau atriði sem ríkisskattstjóri vekur athygli á varðandi frv. um rekstrarumgjörð sem ég fæ ekki betur séð en séu þess eðlis að ákvæði þessa frv. feli í sér verulegar skattaívilnanir og sumar að mínu viti, a.m.k. á meðan ég ekki hef aðrar upplýsingar, séu út af fyrir sig óeðlilegar, þ.e. ef rétt er að með lögleiðingu þessa frv. sé verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög.

Varðandi frv. sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir einnig fyrir helgi um innlánsdeildirnar þá gerir ríkisskattstjóri ákveðnar tillögur um breytingar og nefnir þar til, með leyfi forseta:

„1. gr. frumvarpsins er ákvæði um að Tryggingarsjóður innlánsdeilda skuli vera undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti. Þá er jafnframt í lokamálslið 6. mgr. kveðið á um það að skattfrelsi samkvæmt þessari málsgrein gildi einnig fyrir álagningu tekjuskatts og eignarskatts árin 1998 og 1999 sem þegar hafi farið fram.

Ríkisskattstjóri leggur til að í stað þess að fella niður þegar framkvæmda álagningu verði álagður skattur endurgreiddur á grundvelli laga.

Ríkisskattstjóri telur að betur fari á því að slíkt ákvæði um svo afmarkað tímalegt atriði verði tekið út úr 1. gr. frumvarpsins“ — og það sett inn í ákvæði til bráðabirgða. Efni þessa ákvæðis til bráðabirgða er á þá leið: „Ríkissjóður skal endurgreiða álagðan tekjuskatt og eignarskatt á Tryggingarsjóð innlánsdeilda samkvæmt álagningu gjaldáranna 1998 og 1999.“ Þetta eru náttúrlega minni háttar atriði en samt leggur ríkisskattstjóri til að ákvæðið sé þess eðlis að eðlilegra væri að því sé fundinn staður í ákvæði til bráðabirgða.

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst athugasemdir ríkisskattstjóra sem snúa að frv. um rekstrarumgjörð samvinnufélaga sem ég vil beina fyrirspurn til ráðherra um og heyra hvað hann hefur að segja um það mál áður en því verður vísað til efh.- og viðskn.

[15:18]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég gleðst mjög yfir framlagningu þessa frv. en samvinnurekstrarformið er göfugt rekstrarform og samvinnufélögin á Íslandi hafa í rauninni lyft grettistökum eins og og annars staðar í heiminum. Lög um samvinnufélög eru gömul, frá 1937 ef ég man rétt, með breytingum sem áttu sér stað 1991, en rekstrarformið hefur átt í vandræðum m.a. vegna þess að erfitt hefur verið að koma eigin fé inn í reksturinn og verðbólgan hefur brennt upp sjóði eins og varasjóði og stofnsjóði.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að reyna að efla eignarvitund félagsmanna þannig að samvinnufélögin geti orðið öflugri en þau eru. Sem betur fer eru enn í dag til myndarleg samvinnufélög, ég vil nefna Sláturfélag Suðurlands sem er öflugt samvinnufélag. Það eru líka öflug samvinnufélög norður í landi eins og Kaupfélag Skagfirðinga og fjöldi annarra samvinnufélaga. Samvinnurekstrarformið er öflugt á Norðurlöndum. Ég nefni sem dæmi Brugsen í Danmörku og SF í Noregi. Þessi samvinnufélög hafa verið að slá sér saman um verslun á Norðurlöndum og ég er viss um að með framlagningu þessa frv., ef það nær fram að ganga, megi efla slíkt rekstrarform sem er nauðsynlegt í þeirri flóru sem við erum með í sambandi við rekstur fyrirtækja.

Á síðustu áratugum hefur hlutafélagsrekstrarformið rutt sér æ meira til rúms og er allt gott um það að segja en ég held að það sé líka nauðsynlegt að viðhalda þessu formi. Það hlýtur að gleðja þingmenn að við höfum sem fjölbreyttasta flóru hvað rekstrarform varðar þegar við erum að fjalla um atvinnurekstur í landinu.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil svara spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um þetta málefni. Hv. þm. gat þess reyndar að sér hefði ekki unnist tími til að bera öll þessi frv. saman við þau sem voru lögð hér fram í fyrra. Í máli hennar kom fram að hún hafði t.d. ekki borið saman, eða ég heyrði það á máli hennar, frv. um samvinnufélög, þ.e. innlánsdeildir, núna og í fyrra vegna þess að ábendingin sem kom frá ríkisskattstjóra

varðandi ákvæði til bráðabirgða var tekin til greina og hana er að finna í frv. núna.

Að vísu segir í frv. að ríkissjóður skuli endurgreiða álagða tekjuskatta og eignarskatta úr Tryggingarsjóði innlánsdeilda en það er ótímabundið meðan áður var gert ráð fyrir tveimur árum en það væri kannski athugandi fyrir nefndina að skoða það atriði sérstaklega.

Áður en ég svara spurningunum sem lúta að bréfi ríkisskattstjóra frá því í fyrra vil ég aðeins segja að hér er verið að fást við rekstrarform sem eins og hv. síðasti ræðumaður gat um á sér langa og að mörgu leyti merkilega sögu en sem hefur ekki fyllilega staðist tímans tönn að því er varðar breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Hugmyndin með þessum frv. núna er því að gera rekstri í slíku formi kleift að spjara sig áfram á jafnréttisgrundvelli gagnvart öðrum. Um það snýst þetta mál og frumvörpin frá hæstv. viðskrh. og þetta skattalagamál sem verður þeim vonandi samferða hér í gegnum þingið.

Allar deilur fyrri tíðar um hvaða rekstrarform væri hentugast í atvinnurekstri á Íslandi heyra til liðinni tíð. Áður var mikið um það deilt og undan því kvartað að samvinnufélögin nytu ákveðins forskots, til að mynda í skattalegu tilliti og í ýmsum öðrum atriðum. En nú er hins vegar svo komið að þau eiga erfitt uppdráttar vegna þess að þau hafa ekki getað fjármagnað sig með eðlilegum hætti í samkeppni við rekstur sem er í öðru formi og þau skattalegu atriði sem áður voru talin samvinnufélögunum sérstaklega til tekna eru auðvitað löngu horfin úr skattalögum. Þetta mál snýst því eingöngu um að búa þannig um hnútana að samvinnufélagarekstur geti keppt, að félög sem eru rekin sem samvinnufélög geti keppt við annars konar fyrirtæki á eðlilegum grundvelli. Menn verða því að hafa það til hliðsjónar þegar þeir fjalla um þetta frv. og þær breytingar sem hér er verið að gera og þetta skiptir máli varðandi þær spurningar sem hv. þm. beindi til mín og kem ég þá að þeim.

Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn að því hvort um það væri að ræða í þessu máli, eins og ætla mætti af ábendingum ríkisskattstjóra frá því í fyrra, að ríkissjóður væri að afsala sér ákveðnum tekjum, skatttekjum. Ég tel ekki að það skipti nokkru máli vegna þess að ekki er um það að ræða að þessi skattstofn myndist sem ætlunin er að undanþiggja án slíkrar lagabreytingar. Það verður ekkert um það að ræða að þessi fyrirtæki fari að breyta sér í hlutafélög að óbreyttum skattalögum og skattstofninn sem þarna er verið að tala um er það sem gerist þegar verðmæti eru flutt á milli fyrirtækja í mismunandi formum. Þó að þetta sé að sjálfsögðu fræðilega rétt þá held ég ekki að þetta sé í raun nokkurt afsal skatttekna.

Og það svarar þá í leiðinni annarri spurningu hv. þm. hversu mikið umfang væri hér um að ræða. Að vísu vitum við náttúrlega ekki fyrir víst hversu mörg samvinnufélög munu hagnýta sér þetta, þann möguleika að skipta um rekstrarform, en hitt er annað mál að ef þau gerðu það ekki án þessarar lagabreytingar þá er ekki um að ræða tap skatttekna í neinum raunverulegum skilningi og þar af leiðandi getum við ekki gefið okkur að það sé eitthvert umfang í þeim efnum.

Hversu margir munu nýta sér þessa möguleika vitum við náttúrlega ekki en vonandi verða þeir einhverjir sem reka samvinnufélög sem sjá sér hag í því að hagnýta sér þessa nýju möguleika þó ekki væri til annars en að geta aflað sér aukins áhættufjármagns til rekstrarins með þeim hætti sem tíðkast t.d. í hlutafélögum þar sem er, eins og segir hér í þessum skjölum, ríkari og meiri eigendatilfinning eða eignarvitund þeirra sem eiga félögin. Það sem hefur auðvitað háð þessum rekstri er óbein tenging á milli þeirra sem taldir eru vera eigendur félaganna og félaganna sjálfra ólíkt því sem er í hlutafélögum.

Síðan spurði þingmaðurinn í þriðja lagi um hlutfallslega skiptingu hlutafjár sem væri útgangspunktur í lögum um hlutafélög. Í athugasemdum ríkisskattstjóra er vikið að þessu og sagt að aðferð frv. geri ekki kröfu um jafna hlutfallsskiptingu sem þó sé nánar skýrt í athugasemdum við 3. gr. frv. og jafnframt tekið fram að það kunni að vera eðlilegt við þessar aðstæður að nokkuð af þeirri hækkun skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindin hafa en að öðru leyti verði hækkunin reiknuð í hlutfalli við einstakar stofnsjóðsfjárhæðir og tekið tillit til þess hversu lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu.

Þarna segir ríkisskattstjóri að geti orðið um ákveðið misvægi að ræða og það er áreiðanlega eitthvað til í því. En það er hins vegar væntanlega enn meiri erfiðleikum bundið að ætla að gera þetta á einhvern annan hátt en hér er lagt til.

Síðan er vakin athygli á því í framhaldi af þessu, og það er þá hluti af þriðju spurningu þingmannsins, hvort verið sé að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafi aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. Ég býst við að það sé alveg hárrétt að samkvæmt lögum um samvinnufélög, eins og þau hafa verið, hafa þessir aðilar ekki getað gert það sem kalla mætti eðlilegt eigendatilkall til þessara hluta, jafnvel þó að enginn annar aðili innan félags eða utan hafi getað gert neitt ríkara tilkall. Þessir aðilar eiga ríkasta tilkallið þó að lögin um samvinnufélög hafi hins vegar verið þannig að það hafi verið vafamál að þeir ættu slíkt tilkall. Út frá því sjónarmiði séð er það vissulega rétt að þarna er fólk að fá í hendur ákveðin verðmæti sem e.t.v. má deila um hvort það hafi átt fyllilegt tilkall til en það er þá í það minnsta enginn annar sem á neitt frekara eða ríkara tilkall til þessara hluta. Það er því út af fyrir sig gott og gilt sem hérna stendur í áliti ríkisskattstjóra og sjálfsagt að koma með slíkar ábendingar en það er engin önnur leið fær en sú sem hér er valin til þess að leysa það mál sem menn eru að reyna að gera hérna.

Þarna kem ég að því sem ég sagði áðan í aðdraganda þess að ég svaraði þessum spurningum. Vandinn sem reynt er að leysa með þessu frv. er náttúrlega vegna eðlis þessara félaga, samvinnufélaga, sem m.a. birtist í óskýrum eignatengslum félagsmanna og félagsins, ólíkt því sem er í hlutafélögum. Það er vandinn sem verið er að reyna að leysa. Út á það gengur frv. Auðvitað er eðlilegt að menn fari vel og nákvæmlega yfir þetta, bæði í þingsalnum og í þingnefndinni. Það er sjálfsagt að velta fyrir sér hvort þarna sé of langt gengið eða hvort einhverjir aðrir komi frekar til greina sem eigendur o.s.frv. Ég held reyndar að svo sé ekki.

Fjórða spurning þingmannsins lýtur að því hvort frávikið sem hér er óneitanlega lagt til frá gildandi skattalögum og hinum almennu reglum, þegar gerðar eru sérreglur til að greiða fyrir því að samvinnufélög geti breytt sér í hlutafélög, geti haft fordæmisgildi gagnvart öðrum ákvörðunum þannig að önnur félög með óljósa eignaraðild, eins og það er orðað, lendi í sömu aðstöðu og gerð verði krafa á þeirra eigið fé með svipuðum hætti og hér er komið í kring.

Ég veit ekki nákvæmlega hvað ríkisskattstjóraembættið hafði í huga þegar þessar setningar voru settar á blað. Mig grunar eigi að síður að þarna sé átt við sparisjóðina. Þar er að sjálfsögðu óljós eignaraðild miðað við það sem tíðkast í hlutafélögum. Hins vegar vill svo til að viðskrh. hefur

undirbúið frv. um sparisjóðina sem annaðhvort er komið inn í þingið eða er á leiðinni. Þar er tekið á þessu atriði gagnvart sparisjóðunum með því að svokallaðir stofnfjáreigendur, sem hefðu þá væntanlega verið þeir sem hefðu getað fengið eitthvað meira út úr eigin fé sparisjóðanna en þeir ættu kannski eðlilegan rétt á, fá ekki nema þann hlut í eigin fénu sem samsvarar þeirra hlut í stofnfénu, sparisjóðnum. Ætlunin er að stofna sjálfseignarstofnanir utan um hinn hlutann í þessu. Þar með tel ég að hugsað hafi verið fyrir vandamálinu sem hér er bent á í athugasemdum ríkisskattstjóra, í það minnsta að því er varðar sparisjóðina. Ég á erfitt með að koma auga á mörg fleiri tilvik þar sem frávik í þessu frv. geti haft eitthvert fordæmisgildi. Ég tel að það sé búið að byrgja þann brunn síðan þetta frv. var flutt á síðasta þingi.

Þannig stendur þetta, herra forseti. Þar með held ég að ég hafi svarað þessum fjórum spurningum sem þingmaðurinn beindi til mín á grundvelli álits ríkisskattstjóra frá því í fyrra.

Ég vil gjarnan bæta því við að eitt óleyst mál í skattalögunum er náttúrlega skylt þessu að hluta, þ.e. spurningin um hvernig einstaklingar geta breytt rekstri sínum í hlutafélög án þess að verða fyrir alvarlegum áföllum í skattalegu tilliti af því tilefni. Það mál er til skoðunar í fjmrn. Ég vona að okkur takist að finna lausn á því þannig að einstaklingar í rekstri eigi þess kost að breyta rekstri sínum í hlutafélög án þess að vera sérstaklega refsað fyrir það á grundvelli skattalaganna.

[15:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr og skilmerkileg svör við fyrirspurnum mínum. Þau hafa varpað hafa nokkru ljósi á athugasemdir ríkisskattstjóra og verða örugglega rædd í efh.- og viðskn. og farið dýpra ofan í þessi mál. Hæstv. ráðherra fullyrðir að hann telji að ríkissjóður afsali sér ekki neinum skatttekjum með þessum breytingum. Ég ætla að leyfa mér að trúa því nema annað komi upp á borðið þegar við fjöllum um málið í efh.- og viðskn.

Ráðherrann telur líka að á hugsanlegu fordæmisgildi sé tekið í frv. hæstv. viðskrh. um sparisjóði. Við munum auðvitað skoða þann þátt líka í efh.- og viðskn.

Hið alvarlegasta í þessu máli og það sem mér fannst hæstv. ráðherra stoppa mest við er sjötta atriðið sem ríkisskattstjóri veltir fyrir sér, þ.e. hvort með lögleiðingu þessa frv. sé verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaus verðmæti úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög.

Hæstv. ráðherra bendir á að þarna eigi enginn annar meira eigendatilkall en þessir aðilar. Ég veit ekki hvað um það skal segja. Þetta eru atriði sem ég vil kanna vel í meðförum nefndarinnar. Ég spyr hæstv. ráðherra, um leið og ég þakka aftur fyrir svörin, ég spyr þá hæstv. viðskrh. ef hæstv. fjmrh. getur ekki svarað: Hvað erum við að tala um mikil verðmæti þarna á bak við? Hér er fullyrt að þau verði afhent félagsaðilum endurgjaldslaust úr samvinnufélögum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til. Hvað erum við að tala um mikil verðmæti?

Ég ítreka að við munum fara vel ofan í þessi mál í efh.- og viðskn. Ég vona þó að hægt sé að fá svör við þessari spurningu við þessa umræðu.

[15:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um hið síðasta sem þingmaðurinn nefndi er að sjálfsögðu engin leið að fullyrða. Það er náttúrlega ekki vitað á þessari stundu hvaða félög muni nýta sér þessa möguleika, að breyta rekstri sínum yfir í hlutafélagaform. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar hér áðan þá ganga ýmis samvinnufélög ágætlega í núverandi formi þó að e.t.v. megi segja að þau gætu gengið enn betur í hlutafélagaforminu. Maður veit ekki hvort þessi félög, þau öflugu samvinnufélög sem hann nefndi t.d., muni taka þennan kost. Á meðan enginn veit um það er náttúrlega ekki hægt að svara þessari spurningu. Ég geri þó ráð fyrir að í einhverjum tilfellum sé um veruleg verðmæti að ræða.

Það er ljóst að enginn annar, eins og ég sagði áðan, getur gert eitthvert ríkara tilkall. Það væru þá kannski viðskiptavinir í gegnum árin eins og í gagnkvæmum tryggingafélögum eða eitthvað þess háttar. Hins vegar er enginn lagagrundvöllur til að skjóta stoðum undir neitt slíkt þannig að ég fagna því að nefndin ætli að líta sérstaklega á þetta atriði og tel sjálfsagt að það verði gert. Það er aftur á móti ekki hægt að gefa nákvæmari upplýsingar á þessu stigi eins og þetta mál er vaxið.

[15:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vildi svo sérkennilega til að eftir að ég hafði beðið um andsvör við ræðu hæstv. ráðherra þá kom hann að því sem ég ætlaði að spyrja hann um, þ.e. hvort þetta kallaði ekki á að farið yrði yfir það hvernig einstaklingar gætu breytt sínum rekstri í hlutafélög. Þar eru nákvæmlega sömu hagsmunir á ferðinni og hugað er að með þessum breytingum. Þetta er mjög snúið mál fyrir viðkomandi aðila.

Það má segja að það sé sama hvort þeir hafi í rekstri sínum, þó hann hafi alltaf verið færður upp sem sérfyrirtæki undir kennitölu viðkomandi, eignast einhverjar eignir eða hvort reksturinn ber einhverjar skuldir, þ.e. að eigið fé sé í mínus vegna afskrifaðra eigna. Í báðum tilfellunum bera viðkomandi eigendur skaða af því að færa fyrirtækið yfir í hlutafélag, annars vegar með því að viðurkenna persónulegar skuldir fyrirtækisins ef eigið fé er ekki samkvæmt reikningi yfir mörkum og hins vegar með því að þannig er litið á að þeir hafi selt hlutafélaginu allar eignir fyrirtækisins. Þeir verða þar með að borga skatt af öllu saman ef stofnað er hlutafélag. Ég tel að það hljóti að verða að vísa til jafnræðis þegnanna í tengslum við þessar breytingar. Ég spyr hæstv. ráðherra þess vegna að því hvort menn hafi þarna fundið leið sem talist getur fær til að koma til móts við þennan hóp. Sá hópur er býsna stór sem verið hefur í einkarekstri og hefur auðvitað orðið að borga hærri skatta eftir að breytingarnar voru gerðar á skattkerfinu.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef greinilega lesið hugsanir þingmannsins þegar hann bað um andsvar. Hins vegar er engu við það að bæta sem ég sagði áðan um þetta mál. Það er í skoðun og menn gera sér grein fyrir því að hér er ákveðinn vandi á ferð fyrir þá sem hafa kosið að hafa rekstur sinn á eigin nafni. Við þekkjum dæmi um mjög marga sem hafa kannski byrjað smátt en reksturinn síðan vaxið í höndum þeirra og orðið að myndarlegu fyrirtæki. Þeir eiga hins vegar óhægt um vik, eins og skattarnir eru núna, með að breyta rekstrarforminu.

Þetta getur einnig þýtt að mjög erfitt geti verið að koma slíkum rekstri á milli kynslóða, frá eldra fólki til yngra innan sömu fjölskyldu. Þarna eru sem sagt alþekkt vandamál og þingmaðurinn benti á nokkur atriði í því sambandi. Eins og ég segi þá erum við að vinna að því innan veggja ráðuneytisins að finna leið út úr þessum vanda, sem birtist í því að við

núverandi skattalög myndast iðulega mikill söluhagnaður sem skattlagður er til fulls samkvæmt núgildandi reglum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (veiðar umfram aflaheimildir). — Þskj. 791.

[15:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Með fyrrnefndu frv. um nytjastofna sjávar er kveðið á um sviptingu leyfa til veiða í atvinnuskyni vegna veiða umfram aflaheimildir.

Í 14. gr. laganna segir að Fiskistofa skuli svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram veiðiheimildir sínar. Í fyrsta skipti sem skip veiðir umfram veiðiheimildir sínar fær það leyfið aftur strax og aflaheimildir þess hafa verið auknar þannig að afli skipsins rúmist innan þeirra. Fari skip aftur yfir aflaheimildir á sama fiskveiðiári skal skipið þar til viðbótar sæta leyfissviptingu í tvær vikur og síðan lengist tíminn sem leyfissviptingin varir eftir því sem brotum fjölgar.

Í 2. mgr. 3. gr. segir að skipi sé óheimilt að hefja veiðiferð nema það hafi aflaheimildir í þeim tegundum sem líklegt er að dugi fyrir afla í veiðiferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru. Hér er um sjálfstæða grein að ræða og viðurlög vegna brota á henni eru samkvæmt 15. gr. laganna að Fiskistofa skuli ávallt svipta skip leyfi til veiða. Við fyrsta brot skal svipta skip leyfi skemmst í tvær vikur en ekki lengur en 12 vikur eftir eðlilegu umfangi brots. Við endurtekin brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við framkvæmd ofangreindra ákvæða hafa komið fram ýmsir annmarkar sem hafa í sumum tilvikum leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir útgerðir. Þá getur framkvæmdin leitt til nokkuð mismunandi viðurlaga vegna brota sem ekki er sérstök ástæða til að gera mun á. Þykir því nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á gildandi ákvæði sem gera framkvæmd Fiskistofu markvissari, tryggja betur samræmi við viðurlögum auk þess sem útgerðum fiskiskipa er veitt eðlilegra svigrúm til leiðréttinga.

Samkvæmt því sem hér er lagt til skal Fiskistofa ávallt tilkynna útgerð og skipstjóra skips með skeyti þegar hún telur að skipið hafi veitt umfram aflaheimildir sínar og jafnframt að leyfi skipsins til veiða í atvinnuskyni falli niður frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Að fenginni slíkri tilkynningu frá Fiskistofu hefur viðkomandi útgerð þrjá daga til þess að flytja nægilegar aflaheimildir á skipið eða til þess að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Telji hún að aflaheimildastaða skipsins sé önnur en fram kemur í tilkynningu Fiskistofu er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti veitt frekari frest, sé ástæða til að ætla að um ranga skráningu afla eða aflaheimilda sé að ræða enda getur athugun á slíku tekið nokkurn tíma.

Í reynd er það svo að í langflestum tilvikum þegar Fiskistofa tilkynnir útgerð um umframafla eru upplýsingar Fiskistofu réttar og mistök við skráningu afla eða aflaheimilda frekar undantekningartilvik. Með þessari framkvæmd fær útgerð ávallt nokkurt svigrúm til að laga stöðu sína þegar um umframafla er að ræða án þess að nauðsynlegu aðhaldi sé sleppt. Ekki er gert ráð fyrir að til sviptingar leyfis til veiða komi strax eins og núgildandi ákvæði gera ráð fyrir án tillits til þess hversu mikill umframaflinn er eða hvort hann er í tegundum sem telja verði að sé aukaafli í viðkomandi veiðum. Taki leyfisvipting hins vegar gildi fær skipið leyfi til veiða þegar aflaheimildarstaða þess hefur verið lagfærð. Komi aftur til sviptingar leyfis til veiða í atvinnuskyni á sama ári vegna veiða umfram aflaheimildir kemur til sérstakrar leyfissviptingar skv. 2. mgr. Er þar aðeins vikið frá gildandi ákvæði að því leyti að kveðið er skýrt á um sviptingu þegar veitt er umfram aflaheimildir oftar en þrisvar á sama fiskveiðiári og að nýtt fiskveiðiár hafi aldrei áhrif á lengd leyfissviptingarinnar. Er það gert vegna þess að gildandi ákvæði eru nokkuð óljós hvað hið síðarnefnda varðar.

Að lokum er rétt að árétta að þær breytingar sem hér eru lagðar til breyta engu um það að brot vegna veiða án tilskilins veiðileyfis eru án allra veiðiheimilda, sæta meðferð opinberra mála og viðurlögum samkvæmt ákvörðun dómstóla.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. sjútvn.

[15:47]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ástæða til að halda ræðu um þetta mál og verður kannski gert á eftir en ástæða er til þess í andsvari að spyrja um og vera með nokkrar athugasemdir um frv.

Ég fagna því þegar menn ætla og vilja breyta umgengni um auðlindina þannig að farið sé að lögum en ég vil spyrja hæstv. ráðherra spurninga varðandi meðafla sem er núna á ferðinni. Ég hef spurt þessara spurninga áður og vakið athygli á því að veidd eru hrein býsn af grásleppu á hverju ári. Ég hef nánast á hverju ári rætt um og bent á hvað er að gerast.

Í ár er búið að veiða yfir 100 tonn. Á annað hundrað tonn er búið að landa á mörkuðum af hrognkelsum. Ekki hefur verið gripið til neinna aðgerða, ekki nokkurra. Þetta er stofn sem veittar eru veiðiheimildir með sérstöku leyfi og þetta er eini fiskurinn sem er örugglega hægt að koma í sjó eftir að hafa verið á dekki jafnvel í heilan klukkutíma og fiskurinn lifir það af. Þetta er eini fiskurinn sem ég veit um að lifir slíkt af. En þessum afla er landað. Um er að ræða verðmæti í hrognum, bara í hrognum, sem nemur um 30 millj. kr. og það skiptir miklu fyrir smábátaútgerðirnar.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera? Hvernig ætlar hann að beita sér í málinu? Hvað hefði gerst ef um 100 tonn af síld hefði verið að ræða? Hvað hefði gerst ef um 100 tonn af humri hefði verið ræða? Hvað hefði gerst ef um 100 tonn af rækju væri að ræða? Ef menn hefðu landað því sem meðafla. Ég spyr og tel ástæðu til að spyrja.

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð spurning hjá hv. þm. Því er til að svara að samkvæmt þeim lögum sem við höfum sett á hv. Alþingi ber að koma með allan afla að landi með örfáum mjög takmörkuðum undantekningum og þá á ég við hrognkelsi eins og aðrar fisktegundir.

Að öðru leyti er rétt að vekja athygli á því að grásleppan er ekki kvótabundin tegund og fiskifræðingar hafa ekki talið hana vera í sérstakri hættu eða að ástæða væri til að hafa sérstakar áhyggjur af stöðu stofnsins. Því hef ég ekki séð neina knýjandi ástæðu til að grípa inn í að þessu leytinu til þar sem sjómenn fara greinilega eftir þeim lögum sem gilda um þetta og koma með aflann að landi og tegundin er ekki kvótabundin og ekki í sérstakri hættu.

[15:50]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki lýst ánægju með svar hæstv. sjútvrh. Staðreyndin er eins og ég sagði áðan. Þetta er eini fiskurinn sem hægt er að sleppa lifandi í sjó þó hann hafi verið í allt að klukkutíma á dekki. Þá segir hæstv. ráðherra að skylt sé að koma með allan afla veiddan úr sjó að landi. Ég vildi óska að satt væri og farið væri eftir því almennt. Á sama tíma er talað um að allt 100 þús. tonnum sé hent í sjóinn aftur af afla sem er kvótabundinn. Ég segi það við hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, að á þessum málum þarf að taka.

Varðandi hættuna á því að verið sé að ganga á stofninn má vel vera að það sé engin hætta en þó vil ég benda á að á síðasta ári var sennilega ekki nema einn þriðji af hrognkelsagengd við Faxaflóasvæðið á móti því sem verið hefur og ekki var það mál rannsakað nokkurn skapaðan hlut. Ég held að kominn sé tími og ástæða til að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að rannsaka á hvern hátt þessi fiskur er nýttur og á hvern hátt menn umgangast þennan hluta af auðlindinni sem eru hrognkelsin. Það er virkilega ástæða til þess. Ég vonast til þess að eitthvað verði gert að frumkvæði hæstv. ráðherra en ekki að koma þurfi með þáltill. varðandi málið. En það mun ég gera verði ekki gripið til einhverra ráða núna á næstu dögum.

[15:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. er ekki ánægður með svarið þar sem ég veit að hann er sérstakur áhugamaður um hrognkelsaveiðar og veit meira um þær en ég.

Mjög gildar ástæður þurfa að vera til þess að gerðar séu undantekningar á þeirri meginreglu að allan afla skuli komið með að landi og ef ekki er sérstök ástæða til að ætla að stofninn sé í hættu þá sé ég ekki ástæðu til að leggja fram tillögu til að gera þessar breytingar.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um hrognkelsagengd og ástand þeirra veiða á síðustu vertíð og jafnvel má segja á síðustu tveimur vertíðum þá er það ekki rétt að ekkert hafi verið athugað í því máli. Fram hefur farið sérstök athugun á því máli og ég hef fengið þær niðurstöður að hluta og hluti af þeim niðurstöðum er að ekki sé sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af stofninum en jafnframt það að hluti af ástæðunni fyrir því að ekki veiddist eins mikið af hrognkelsi eins og áður var að þeir sjómenn sem stunda þessar veiðar stundi þær ekki af sama kappi og áður vegna markaðsaðstæðna.

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu er um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og snýr að eftirliti með veiðum skipa. Breytingin er í raun og veru eingöngu til þess að auðvelda framkvæmd þeirra laga og færa í betri farveg og að útgerðarmenn fái meira svigrúm og geti þar af leiðandi brugðist við án þess að verða fyrir veiðileyfissviptingu og tímatöf frá veiðum.

Út af fyrir sig er ekkert á móti þessari breytingu. Hún er í sjálfu sér eðlileg miðað við þau lög og framkvæmd sem verið hefur í gildi og hvaða agnúar hafa fylgt þeirri framkvæmd laganna sem eru í gildi. Ég segi fyrir mína parta að ég tel að þessi breyting sé til bóta varðandi þá framkvæmd sem verið hefur og hún sé eðlileg með hliðsjón af reynslunni sem verið hefur af lögunum um umgengni um nytjastofna sjávar og framkvæmd Fiskistofu og eftirfylgni á þeim lögum. Ég held að þarna sé verið að gera eðlilega aðlögun og hefur það engin áhrif á skoðanir mínar á fiskveiðistjórn að öðru leyti. Ég tel eðlilegt að þegar verið er að vinna eftir ákveðnum lögum sé það gert á þann hátt að sem eðlilegast vinnuumhverfi sé fyrir þá sem við eiga að búa burt séð frá því hvort ég sem slíkur er hlynntur nákvæmlega því kerfi sem verið er að stjórna fiskveiðunum með. En menn eiga að búa við þessi lög og eðlilegt er að gerðar séu á þeim þær breytingar sem gera þau betur úr garði til að við þau megi búa og eftir þeim vinna. Þar af leiðandi tel ég að umrætt frv. sé í raun og veru til bóta eins og það er fram sett og sé ekki ástæðu til annars en mæla með því.

[15:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar þingið ræddi fyrir jólin frv. um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar þá kom það fram við umfjöllun sjútvn. að huga þyrfti að ýmsum öðrum þáttum sem lytu sérstaklega að framkvæmd málsins. Í umræðu nefndarinnar og samræðum við fulltrúa sjútvrn. og Fiskistofu komu upp ýmis tilvik sem sýndu fram á að eins og lögin voru úr garði gerð settu þau eftirlitsaðilunum mjög miklar skorður og gerðu þeim mjög erfitt fyrir að bregðast við á grundvelli þess sem menn vissu kannski sanngjarnast í hjarta sínu. Það komu upp tilvik eins og þau að mönnum urðu á mistök við að færa aflaheimildir milli skipa sinna og ýmislegt annað í þeim dúr. Lögin voru svo afdráttarlaust orðuð að það var niðurstaða eftirlitsaðilanna að ekki væri hægt að bregðast við þessu og gefa mönnum umþóttunartíma til að lagfæra stöðu sína vegna þess að lögin leyfðu það hreinlega ekki.

Í nál., sem sjútvn. sendi frá sér þann 12. desember sl., var einmitt vikið að þessu og segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin ræddi einnig ýmis atriði er snúa almennt að framkvæmd veiðieftirlitsins. Ekki síst þau er lúta að tímabundinni sviptingu veiðileyfa vegna brota er augljóslega stafa af gáleysi eða mannlegum mistökum. Af þeim sökum hefur sjávarútvegsráðherra hafið vinnu við endurskoðun þessara þátta sem framkvæmd verður í samráði við hagsmunaaðila. Leggur nefndin áherslu á að því starfi verði hraðað."

Það frv. sem er til umræðu er í raun og veru viðbrögð við þeim umræðum sem áttu sér stað á haustdögum og ber að þakka hæstv. sjútvrh. skjót viðbrögð í þeim efnum. Ég hygg að með þessu frv., eins og fram hefur komið í máli m.a. hv. 4. þm. Vestf., sé verið að gera löggjöfina manneskjulegri á allan hátt að því leytinu að búið er til þetta svigrúm að útgerð og skipstjóri hafa möguleika að bregðast eðlilega við og leiðrétta stöðu sína verði þeim á í messunni. Að öðru leyti er ekki verið að víkja sér frá því að halda uppi heilbrigðu eftirliti eða öflugu eftirliti með því að menn gangi vel um nytjastofna sjávar. Ég held að almennt séu menn sammála

um það. Hitt er annað mál að menn greinir auðvitað á um það í stórum dráttum hvernig tiltekin gerð fiskveiðistjórnar þjóni því markmiði að ganga vel um nytjastofna sjávar. Það er stór umræða sem er í sjálfu sér ástæðulaust að efna til hérna af þessu tilefni. En aðalatriðið er það, finnst mér, að með þessu frv. er verið að opna á þann möguleika að eftirlitsaðilinn geti brugðist við og leiðrétt þegar um er að ræða augljós mannleg mistök eða gáleysi sem geta alltaf komið fyrir við þessar aðstæður þannig að ekki sé beinlínis verið að refsa þeim sem vilja hlíta lögunum, vilja ganga vel um nytjastofnana en hafa einhverra hluta vegna ekki haft þær heimildir sem stafar af tímabundnum ástæðum.

Virðulegi forseti. Engin ástæða er til þess að fara í mörgum orðum um þetta mál. Ég hygg að um frv. geti orðið býsna góð samstaða vegna þess að efni þess er nátengt þeirri ábendingu sem sjútvn. kom með inn í umræðuna í hausti og hæstv. sjútvrh. hafði raunar tekið upp að fara í þessa endurskoðun. Ég vænti þess að um þetta mál geti tekist prýðileg samstaða í nefndinni og meðal hagsmunaaðila sem lesa má í grg. þessa frv. að hafi verið hafðir með í ráðum þegar málið var undirbúið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 329. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 428.

[16:01]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990. Frv. er flutt af öllum þingflokki Samfylkingar. Við lögðum mikla vinnu í að ná niðurstöðu í sjávarútvegsmálin og hér höfum við þann árangur og flytjum hann nú. Þetta er framlag okkar til þess að leita sátta í þessu mikla deilumáli til margra ára sem hefur staðið í íslensku þjóðfélagi. Ástæða er til að halda að draga muni til tíðinda á næstu missirum. Ég vona a.m.k. að til þess komi að menn standi við stóru orðin að leita sátta með þjóðinni í þessu mikilvæga máli.

Meginatriði frv. hafa verið dregin saman í greinargerðinni og ég ætla að fara yfir þau.

Frumvarpið felur í sér tillögur um verulegar breytingar á nokkrum mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistjórnarlaga. Megintilgangur breytinganna er að tryggja jafnræði og atvinnufrelsi.

Jafnhliða er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/ 1994, og um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á öflun aflahlutdeilda til fimm ára í senn á markaði, þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár.

2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.

3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.

4. Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.

5. Tekið er á brottkasti. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Í skýringum með þessari grein frv. segir: „Margir telja brottkast afla einn af verstu fylgifiskum núgildandi aflamarkskerfis. Stöðugt ganga sögur um að afla sé fleygt í sjóinn. Án vafa er fiski hent í nokkrum mæli en afar erfitt hefur hins vegar reynst að meta hve mikið meint brottkast er. Mjög mikilvægt er að fá um það örugga vissu hvort og í hve miklum mæli fiski er fleygt fyrir borð vegna kvótakerfisins. Hér er lagt til að gerð verði umfangsmikil athugun á þessu máli sem standi yfir í tvö ár. Að slíkri athugun lokinni er hægt að meta á grundvelli fullnægjandi þekkingar hvort og þá hvernig skuli bregðast við."

6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.

7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.

8. Á aðlögunartímanum verður útgerðum sem kaupa eða hafa keypt aflahlutdeild í núverandi stjórnkerfi heimilað að afskrifa þær. Útgjöld vegna leigðra aflahlutdeilda eða aflamarks innan árs verða talin til rekstrarútgjalda eins og útgjöld vegna annarra aðfanga.

9. Þróunarsjóðsgjald verður aðeins innheimt af þeim hluta aflamarks sem úthlutað verður samkvæmt núgildandi kerfi og verður þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum svo að sjóðurinn geti lokið verkefnum sínum.

10. Þá verður lagt til að óheimilt verði að fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu af slíkum hagnaði með kaupum á nýjum hlutabréfum.

Hæstv. forseti. Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að

takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Í tillögum auðlindanefndar sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir tveimur leiðum til gjaldtöku og úthlutun veiðiréttinda. Önnur er svokölluð veiðigjaldsleið þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi úthlutun veiðiréttinda til útgerðarmanna líkt og verið hefur en með innheimtu gjalds af nýtingu auðlindarinnar. Nefndin gerir að tillögu sinni að verði veiðigjaldsleiðin farin skuli auka sveigjanleika og aðgengi að greininni með því að skylda útgerðarmenn til að selja hæstbjóðanda hluta af aflahlutdeild sinni árlega á opnum markaði. Útgerðarmenn fengju andvirðið og gætu líka keypt á þessum markaði meira eða minna en þeir seldu. Fyrirsjáanlegt er að nokkrum erfiðleikum verður bundið að fara þessa leið þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt til frambúðar. Einnig er ástæða til að óttast að í þessu felist áframhaldandi einokun og að greinin verði áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólitískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga auðlindanefndarinnar er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna nefndarinnar. Þar er gert ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppniaðstæður séu fyrir hendi. Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar. Sú tillaga er jafnframt í samræmi við tillögur Samfylkingarinnar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er haft að leiðarljósi.

Þær vonir voru bundnar við niðurstöðu auðlindanefndar að tillögur hennar gætu skapað grundvöll sátta um nýtingu auðlinda í þjóðareign. Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Veiðigjaldsleiðin gerir það einungis að hluta og verði sú leið farin er hætt við að átökin um auðlindina haldi áfram til óbætanlegs tjóns fyrir útgerð á Íslandi og þar með eiganda auðlindarinnar, þjóðina sjálfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi leigu kvóta til hæstbjóðanda. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á úthlutun aflaheimilda til þeirra sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þær hæst verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum úttektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

a. að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,

b. að stöðugleiki skapist í greininni,

c. að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,

d. að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt er til að sú leið verði valin að leigja út aflahlutdeild. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíkar leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflaheimildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar við veiðar á viðkomandi tegundum.

Framsal aflaheimilda hefur verið mikið deiluefni á undanförnum árum. Tillaga okkar er að aflahlutdeildir sem útgerðin leigir til sín til fimm ára í einu verði ekki framseljanlegar. Útgerðirnar geti hins vegar skilað aflahlutdeildinni til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta sér þær. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar.

Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar heimilda úr gamla kerfinu að leigja frá sér og til sín. Af þessum ástæðum og til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í kerfinu er lagt til að þeir sem leigja til sín aflahlutdeild eftir nýju kerfi geti leigt frá sér 50% aflamarks innan ársins, enda hafi þeir þá staðið skil á leigugjaldinu.

Leigugjald verður innheimt árlega á þremur gjalddögum. Í því er fólgið mikið hagræði fyrir útgerðina þar sem aðgangur hennar að veiðiheimildum verður allur annar en ef reiða þyrfti fram fimm ára leigu á einu bretti. Þetta auðveldar líka nýliðum aðgang að greininni.

Fáein orð um aðlögunartíma. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að útgerðinni verði gert fært að laga sig að þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á stjórn fiskveiða. Í frumvarpinu er lagt til að aðlögun að leigukerfinu ljúki á fiskveiðiárinu 2009/2010. Að því er þá

báta varðar sem stunda veiðar samkvæmt kerfi um sóknardaga er gert ráð fyrir að full skerðing eigi sér stað á fimm árum.

Ástæða er til að fara aðeins nánar út í þetta atriði. Í athugasemdum um 1. gr. frv. er farið yfir það hvernig bátar á sóknardögum eigi að hafa aðlögunartímann samkvæmt þessari tillögu. Þeir eru einu bátarnir í núgildandi kerfi sem ekki eru hluti af aflamarkskerfinu. Þær reglur sem þeim er ætlað að starfa eftir eru nýjar og tæpast komnar til framkvæmda. Hins vegar þykir rétt að koma til móts við hagsmuni þessa hóps með fyrrgreindum hætti. Þessi flokkur báta er of smár og með of lítinn hluta aflaheimildanna til að skynsamlegt sé að hafa um hann sérreglur. Veiðiréttur hvers báts í þessum flokki er afar takmarkaður og augljóst virðist að þeir verði betur settir í almenna kerfinu sem á að taka við. Þess vegna er lagt til að aðlögun þessara báta að breyttu kerfi gangi hraðar fyrir sig en annarra hluta flotans og að þeir verði komnir undir almennar reglur kerfisins á fiskveiðiárinu 2005/2006.

Aðlögunartíminn miðast við að komið verði í veg fyrir fjárhagsleg áföll útgerðarinnar eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, m.a. vegna fyrri fjárfestinga í aflahlutdeildum. Hann má þó ekki vera mjög langur vegna þess að hann skekkir verulega samkeppnisaðstöðu útgerða á leigumarkaðnum. Úthlutun samkvæmt eldra kerfi til þeirra útgerða sem hafa besta kvótastöðu veitir þeim forskot í samkeppninni og virkar með sama hætti og um ríkisstyrk væri að ræða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða kemur sú regla fram í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skuli úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist hún aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild skips helst óbreytt frá ári til árs og er því varanleg.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að varanleg aflahlutdeild þeirra sem notið hafa úthlutunar á grundvelli núgildandi laga skerðist til fulls á tíu árum. Lagt er til að á aðlögunartímanum verði veiðirétturinn skertur jafnmikið öll árin. Með þessari aðferð fæst einföld og jöfn aðlögun. Þessi leið er valin með það fyrir augum að koma á jafnræði og sanngirni í atvinnugreininni en á sama tíma að veita þeim sem hafa aflahlutdeild samkvæmt núgildandi kerfi hæfilegt svigrúm til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Þar sem sjómenn eða útgerðarmenn hafa ef til vill áunnið sér ákveðin réttindi í skjóli núgildandi kerfis um stjórn fiskveiða, svo sem eignarréttindi eða atvinnuréttindi, er njóta hugsanlega stjórnarskrárverndar hafa spurningar vaknað um valdheimildir löggjafans til að breyta kerfinu og svipta með því rétthafa samkvæmt núgildandi kerfi þessum réttindum sínum. Ávallt verður að hafa í huga í þessu sambandi að skv. 1. gr. laga nr. 38/1990 myndar úthlutun veiðiheimilda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum". Um efnið hefur margt verið rætt og ritað á sviði lögfræði og virðist það almennt álit fræðimanna að breytingar séu vissulega kostur en að hugsanlega séu valdheimildum löggjafans sett ákveðin takmörk að því leyti.

Í ritgerð Þorgeirs Örlygssonar, þáverandi lagaprófessors, sem birt var í Tímariti lögfræðinga í febrúar 1998 og bar yfirskriftina Hver á kvótann? kemst hann meðal annars að þeim niðurstöðum um heimildir löggjafans til að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að löggjafinn geti afnumið núverandi kerfi og tekið upp annað án þess að slíkt leiði til bótaskyldu, enda eigi núverandi rétthafar aðgang að nýju kerfi og njóti þar jafnræðis á við aðra. Enn fremur kemur fram í ritgerð Þorgeirs að telja verði að löggjafinn hafi rúmar heimildir til að breyta eða lagfæra núverandi kerfi, enda sé við slíkar breytingar gætt jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða að öðru leyti.

Ekki er ástæða til að rekja hér þær lögfræðilegu röksemdir sem framangreindu liggja til grundvallar heldur látið við það sitja að benda á að telja verði að það leiði af almennum valdheimildum löggjafans, m.a. til að kveða á um breytt skipulag atvinnu- og efnahagsmála, að hann geti gert breytingar á gildandi fyrirkomulagi fiskveiðistjórnar. Ætla verður að slíkar breytingar mundu eiga sér stað bótalaust nema gengið yrði svo hart að einstökum aðilum að eignarnám gæti talist.

Eftir síðasta dóm Hæstaréttar í svokölluðu Vatneyrarmáli hefur þessi skoðun sem kom fram í ritgerð Þorgeirs Örlygssonar verið staðfest. Það deilir því enginn um það lengur að löggjafarsamkoman hefur heimildir til þess að breyta þeim úthlutunarreglum sem eru í gildi hvenær sem er.

Það er skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að frumvarpið styðjist við jafnræði og almennan efnislegan mælikvarða, samanber áðurnefnd sjónarmið sem liggja breytingunum til grundvallar, og veiti handhöfum veiðiheimilda samkvæmt núgildandi kerfi fullnægjandi svigrúm til að aðlagast breyttum aðstæðum. Af því leiðir að þingflokkurinn fær ekki séð að kerfið sem frumvarpið miðast við feli í sér brot gegn einstökum greinum í stjórnarskrá lýðveldisins.

Eftir skoðun sérfróðra manna liggja þær niðurstöður fyrir að ekki standi efni til að ætla annað en að tillögur þær sem fram koma í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða standist ákvæði stjórnarskrár. Í álitinu sem við fengum í hendur sögðu sérfræðingarnir:

1. Tillögur um skerðingu varanlegra aflaheimilda á ákveðnu tímabili stangast ekki á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár eða önnur ákvæði hennar.

2. Hugmyndir um leigu á aflaheimildum til hæstbjóðanda í samræmi við það fyrirkomulag sem er undirstaða 3. gr. frumvarpsins eru hvorki í ósamræmi við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár né eignarréttarákvæðið í 72. gr.

3. Takmörkun á rétti til framsals aflahlutdeildar og aflamarks, þótt mismunandi sé eftir því hvort aflahlutdeild er úr eldra kerfi eða því sem frumvarpið ráðgerir, er innan þeirra marka sem löggjafinn hefur til að meta nauðsyn slíkra reglna.

Við teljum að við þær viðamiklu breytingar sem hér eru lagðar til þurfi að gæta öryggis. Við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þarf að leitast við að skapa greininni sem best starfsumhverfi og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum og eru þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar við þetta miðaðar.

Margir óttast að rask geti orðið á útgerðarmynstri við breytingar á aðgangi að veiðiheimildum. Stórar og öflugar útgerðir geti náð til sín enn meiri veiðirétti og aukið vanda smærri útgerðarstaða og útgerða. Þingflokkurinn telur rétt að farið verði varlega í þessu efni meðan reynsla kemst á nýja skipan. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að skipta flotanum í útgerðarflokka og eru þrír útgerðarflokkar skilgreindir sérstaklega. Með þessu er stórskipaútgerðin skilin frá grunnslóðarveiðiflotanum og smábátum afmarkaður sérstakur „pottur". Þessi tilhögun á að tryggja að tilfærslur veiðiheimilda valdi ekki stórkostlegri röskun. Einnig munu allar heimildir til sérveiða verða boðnar sérstaklega til leigu.

Enginn vafi er á að staða smærri sjávarbyggða mun batna við þá breytingu sem hér er lögð til ef stjórnvöld móta reglur um aðlögun að nýju kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnræði og réttlæti í huga. Stöðugt framboð leiguheimilda og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Sjávarbyggðirnar munu líka hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppninni um veiðiréttinn.

Þó telur þingflokkurinn rétt að gæta fyllstu varúðar hvað varðar byggðarlög sem standa höllum fæti og er þess vegna gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, lagt mat á stöðu slíkra útgerðarstaða. Ráðherra getur á grundvelli slíks mats tekið til ráðstöfunar veiðiheimildir í því skyni að tryggja atvinnu á viðkomandi svæði.

Lagt er til að Fiskistofa beri ábyrgð á útleigu veiðiheimildanna. Stofnunin sér um eftirlit með veiðum og að þær séu í samræmi við úthlutaðar heimildir. Allar upplýsingar um flotann og veiðirétt hans eru þar ævinlega til reiðu og þess vegna er skynsamlegt og hagkvæmt að fela stofnuninni þetta verkefni. Fiskistofu yrði hins vegar gefin heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um framkvæmd einstakra þátta en bæri þá ábyrgð á eftirliti með þeirri starfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir fjármunir sem til falla vegna leigu veiðiheimilda renni í ríkissjóð. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að við ákvarðanir um nýtingu fjármunanna hljóti hafrannsóknir og annar kostnaður við nýtingu auðlindarinnar að verða efst á blaði en einnig að taka eigi sérstakt tillit til byggðasjónarmiða og hagsmuna sveitarfélaga þegar þessum fjármunum verður ráðstafað.

Eins og áður sagði er jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum:

1. Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Í þeim breytingum felst að útgjöld vegna leigu veiðiheimilda á uppboði skuli heimilt að færa til rekstrargjalda innan hvers rekstrarárs í samræmi við það hvernig útgjöldin falla til. Jafnframt skuli heimilt að afskrifa á næstu tíu árum með 10% afskriftahlutfalli ár hvert þær aflahlutdeildir sem keyptar hafa verið og óafskrifaðar eru.

Einnig verða lagðar til þær breytingar á 17. gr. laganna að óheimilt verði að fresta greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu söluhagnaðar af hlutabréfum með kaupum á nýjum.

2. Breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994.

Í þeim breytingum felst að gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þróunarsjóðsgjald, skuli aðeins greiða af þeim afla sem ekki er til kominn vegna uppboðs á aflahlutdeild og skal þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum þannig að sjóðurinn geti lokið þeim verkefnum sem hann nú hefur innan tiltekins tíma.

Hæstv. forseti. 3. gr. þessa frv. er sú veigamesta. Í athugasemdum um greinar frv. segir um hana:

„Í þessari grein er gert ráð fyrir að skip öðlist hlutdeild í heildarafla hverrar tegundar á að lögunartímanum með því að leigja hana til sín á grundvelli útboða til viðbótar því sem skipið fær úthlutað af ófyrntri aflahlutdeild skv. 2. gr.

Lagt er til að aflahlutdeildir sem losna samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara verði boðnar út til fimm ára í senn. Þær verða boðnar út í þremur flokkum skipa, m.a. til að tryggja það að röskun á útgerðarmynstri verði ekki mikil á aðlögunartímanum.

Þótt aflahlutdeild sé leigð til fimm ára er einungis greitt fyrir hvert fiskveiðiár í senn og skal greiðslan innt af hendi á þremur gjalddögum. Ef útgerð nýtir ekki þá aflahlutdeild sem hún hefur tryggt sér skilar hún henni inn svo hún verði boðin öðrum. Ekki er heimilt að skila inn aflahlutdeild vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Umsýslugjald er aðeins vegna kostnaðar við nýtt útboð. Einungis verður heimilt að leigja frá sér 50% aflahlutdeildar innan ársins, enda er meginreglan sú að menn hafi ekki ráðstöfunarrétt á öðru en því sem þeir hafa greitt fyrir.

Fiskistofu verður falið að sjá um útboðið, enda sá aðili sem hefur allar upplýsingar um aflahlutdeild skipa og þær breytingar sem á þeim verða. Fiskistofu verður þó heimilt að fela öðrum framkvæmd einstakra þátta. Leigugjaldið rennur í ríkissjóð og er m.a. hugsað til þess að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem við hafrannsóknir og eftirlit.

Í þessari grein eru jafnframt úrræði fyrir stjórnvöld að bregðast við ef atvinnuöryggi í sjávarbyggð er ógnað vegna skorts á afla til vinnslu. Þetta úrræði er í samræmi við meginhugsun frumvarpsins um jafnræði hvað varðar aðgang að auðlindinni en sjávarútvegsráðherra verður heimilt að bjóða til leigu aflaheimildir sem þau skip ein geta boðið í sem skuldbinda sig til að landa aflanum til vinnslu í viðkomandi sveitarfélagi.“

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir meginefni þessa frv. Ég tel að í því sé tekist á við allra stærsta málið sem leysa þarf úr í þjóðfélaginu í dag. Það er mikill pólitískur ágreiningur í málinu. Það hefur komið fram á undanförnum dögum að stjórnarflokkarnir eru ósammála og ósamstiga í þessu máli. Sjálfstæðismenn virðast gersamlega fastir í þeirri afstöðu að gera eigi veiðiheimildirnar og aðganginn að auðlindinni að séreign útgerðarinnar. Við erum því algerlega ósammála og með frv. okkar bendum við á leið þar sem stuðst er við kvótakerfið en tekið á ágreiningnum um eignarhaldið.

Við teljum að með þessari aðferð gefist kostur á að varðveita alla kosti kvótakerfisins og auka möguleika þess með því að eignarhald auðlindarinnar verði í höndum þjóðarinnar áfram, að arðurinn af þessari auðlind renni til þjóðarinnar og þeirra sem nýta auðlindina, að opnað verði fyrir möguleika fyrir útgerð á Íslandi á ný, að nýir aðilar geti komið inn í þessa atvinnugrein með eðlilegum hætti og að hún hætti að vera lokuð með einokunarfyrirkomulagi þess kerfis sem verið hefur í gildi á undanförnum árum.

[16:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með framsögumanni þessa máls, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að hér er um geysilega stórt mál að ræða, hvernig við stýrum fiskveiðum okkar og hvernig aðgengi manna er háttað inn í greinina. Það er og hefur verið eitt af stærstu deilumálum undanfarin ár og áratug. Fyrst og fremst hefur kannski deilan um hvernig veiðiréttinum er úthlutað verið áberandi og síðan hafa menn auðvitað velt vöngum yfir eignarhaldinu, velt vöngum yfir því hversu mikið hald sé í ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Hins vegar liggja fyrir dómar sem staðfesta að það er að marka 1. gr., það er að marka ákvæðið um þjóðareignina. Og dómar liggja fyrir um það að Alþingi geti breytt því hvernig veiðiréttinum er úthlutað með lögum.

Herra forseti. Eins og hér kom fram byggir frv. sem hér liggur fyrir á því að aflamarkskerfið verði notað áfram. Það byggir á því að ákvarðað verði með sambærilegum hætti

og nú er hvert heildaraflamark hverrar veiðitegundar er og síðan hafi menn þá aðgang að veiðirétti sem verði í formi aflahlutdeildar.

Við erum fyrst og fremst að taka á því hvernig veiðiréttinum er úthlutað og lagt er til að úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verði afnumin í jöfnum áföngum. Hér er lagt til að það gerist á tíu árum og að útgerðum fiskiskipa gefist þá í staðinn kostur á öflun aflahlutdeilda á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur. Miklu skiptir, herra forseti, að lögin séu þannig að þeim sem svipað er ástatt um séu búnar sams konar reglur og með því sé leitast við að hafa jafnræði meðal aðila.

Í frv. er einnig ákvæði um að ef útgerð nýtir ekki þá aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja þá hlutdeild, heldur skuli hún skila henni inn og er það í samræmi við það sem sú sem hér stendur og fleiri hafa viljað halda fram í umræðunni um framsal aflahlutdeilda, framsal og leigu, að óeðlilegt er, herra forseti, að menn hafi þann rétt að selja eða leigja það sem þeir ekki hafa greitt fyrir.

Samkvæmt þeim ákvæðum sem hér er lagt til að sett verði í lögin er það svo að menn greiða árlega fyrir þær aflahlutdeildir sem þeir hafa gert samning um til næstu ára, þannig að þeir eru í rauninni aldrei búnir að greiða nema þá fyrir það ár sem þeir eru að veiða á. Þeir hafa sem sé ekki greitt fyrir þær aflahlutdeildir sem þeir eru þó búnir að tryggja sér til ákveðinnar framtíðar í gegnum uppboð.

Eins og hér var farið yfir áðan er gert ráð fyrir að menn greiði í þremur jöfnum afborgunum árlega, jafnharðan og veiðunum vindur fram.

Það varð niðurstaða okkar eftir nokkra skoðun að eðlilegt væri að Fiskistofa hefði umsjón með útboðum aflahlutdeilda. Fiskistofa er sá aðili sem hefur yfirsýn yfir hvaða aflahlutdeildir skip hafa og hvernig veiðum þeirra er háttað. Það var því talið eðlilegt að Fiskistofa væri sá aðili sem hefði umsjón með útboðunum. En jafnframt er tekið fram að Fiskistofu sé gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar.

Einnig er mikilvægt, herra forseti, að fram komi að á þessum tíu ára aðlögunartíma verði útgerðum sem kaupa eða hafa keypt aflahlutdeild í núverandi stjórnkerfi, vegna þess að það verður auðvitað að ganga út á þessu tíu ára tímabili og ekki er fyrirhugað að breyta því, heimilt að afskrifa þær aflahlutdeildir sem þær kaupa eða hafa keypt í núgildandi kerfi.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og mikilvægt að það komi fram vegna þess að stundum er bent á það að einstöku aðilar hafi keypt þær hlutdeildir sem þeir eru að vinna með. Það hafa menn gert fullkomlega á eigin ábyrgð því að lögin eru sannarlega þannig að fram kemur að það myndar ekki varanlegan eignarrétt þó að menn hafi aflahlutdeildir, einnig hitt að mönnum hefur verið heimilt að afskrifa fram til þessa það sem þeir hafa keypt. Og á meðan þetta kerfi er að ganga út teljum við eðlilegt að það sé þannig áfram. Einnig að þau útgjöld sem útgerðir verða fyrir vegna leigðs aflamarks innan ársins verði talin til rekstrarútgjalda eins og útgjöld vegna annarra aðfanga. Og jafnframt, herra forseti, að þróunarsjóðsgjaldið sem nú er innheimt af öllum aflahlutdeildum verði aðeins innheimt af þeim hluta sem úthlutað er samkvæmt núgildandi kerfi. Þeir sem farnir eru að fá aflahlutdeildir samkvæmt uppboði eða kaupa til sín hlutdeildir á uppboði greiði ekki þróunarsjóðsgjald af þeim, heldur verði það eingöngu þeir sem halda áfram að fá aflahlutdeildir samkvæmt gamla kerfinu á meðan það er að ganga út og auðvitað þarf að aðlaga lögin um Þróunarsjóðinn að þeim breytingum.

Fram kemur á hvern hátt við teljum að hægt verði að taka tillit til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuörðugleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu. Ljóst er að ákvæði sem víkja frá lögunum með þeim hætti sem þar er lagt til hljóta alltaf að vera tímabundin og hljóta að miðast við sérstakar aðstæður. Og hér er það áskilið að viðkomandi sveitarstjórn hafi snúið sér til Byggðastofnunar sem gerir úttekt á stöðu atvinnumála á því svæði og unnt verði þá, ef það þykir eina úrræðið, að bregðast við með þeim hætti sem hér er lýst.

Sömuleiðis er brýnt að fram komi að hér er lagt til hvernig tekist verði á við umræðuna um brottkast og á brottkastinu í leiðinni, ef mönnum verður heimilt að koma að landi með það sem þeir veiða. Við höfum margoft ítrekað það í umræðu um brottkast og sjávarútvegsstjórnina að sú aðferð að viðhafa einungis boð og bönn er ekki til þess fallin að menn nái árangri. Betra er að reyna að búa til þannig reglur að þær laði menn til réttrar breytni. Þetta er nokkuð sem menn hafa komist að niðurstöðu um það almennt þegar fjallað er um auðlindanýtingu að ekki nægi að banna eða bjóða, heldur sé hitt til muna líklegra að skila árangri að menn hafi af því efnahagslegan ábata að ganga eins vel um auðlindina og mögulegt er og það skili sér þá í betri stöðu fyrir alla.

Við leggjum til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga sem hafi eftirlit með því hvernig framkvæmd laganna kemur til með að virka. Þetta er eins konar varnagli sem kemur í staðinn fyrir endurskoðunarákvæði í lögunum eins og við höfum vanist hingað til. En eðlilegt er, herra forseti, að menn viðhafi slík vinnubrögð, fylgist með því nákvæmlega hvernig lagaákvæði virka og skili síðan Alþingi skýrslu eftir tiltekinn tíma þar sem hægt verði að taka afstöðu til þess hvort ástæða er til breytinga eða hvort ástæða er til að skerpa á einstökum ákvæðum eða hvernig væri þá betra og réttara að standa að hlutum.

Ég ætla síðan loksins að nefna að í frv. segir að við viljum auk þess leggja til að óheimilt verði að fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa og vekja athygli á því að frv. þess efnis var flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar fyrr í vetur. Skömmu síðar, eða nokkrum vikum síðar, flutti hæstv. fjmrh. frv. sem tók skref í sömu átt og við afgreiðslu þess frv. voru ákvæði frv. Samfylkingarinnar borin upp sem brtt. en þau voru öll felld. Því er ljóst að ekki er vilji fyrir því að fara þá leið sem við töldum að rétt væri að fara. Eigi að síður er í þessu frv. gert ráð fyrir að sú leið verði farin og í fyllingu tímans átti menn sig á því að rétt sé að skoða það ákvæði enn frekar en gert var nú fyrir áramótin.

Eins og fram komi hjá 1. flm. frv. er þetta frv. stefna Samfylkingarinnar hvað varðar úthlutun veiðiréttar og stjórn fiskveiða. Auðvitað er hægt að útfæra einstaka þætti frekar, en hér hafa útlínurnar verið dregnar og þær byggja á því, herra forseti, að kerfið sé einfalt. Það sé gegnsætt. Það sé kerfi sem allir skilja. Það sé kerfi sem sé líklegt til að skapa sátt. Það sé kerfi þar sem útgerðarmenn geta reiknað með því að þeir hafi vinnufrið, að þeir viti nokkurn veginn hvað við tekur á næstu árum og hvernig umhverfi þeim verði búið. Þetta kerfi byggir á markaðslausnum. Það byggir á því að þeir sem eru best til þess fallnir að stunda útgerð hafi til þess tækifæri, þeir fái slíka möguleika. Að kerfið sé opið fyrir endurnýjun en ekki lokað eins og það kerfi sem við búum við

í dag, sem eins og menn þekkja er þannig að tilteknum hópi hafi verið færð þau forréttindi að geta tekið ákvörðun um hvort sú aflahlutdeild sem úthlutað er er veidd af viðkomandi útgerð, hvort hún er seld og þá hverjum eða hvort hún er leigð og þá hverjum.

Reyndar hefur verið reynt að stemma stigu við því að menn gætu valið sér kaupanda eða leigjanda, en eigi að síður er kerfið í grófum dráttum þannig að það færir tilteknum hópi óhemjumikil völd gagnvart því hverjir fái að ráðslaga með þessa mikilvægu auðlind og ekki bara það hverjir fá að veiða, heldur virðist í mörgum tilfellum sem veiðiréttinum fylgi einnig vinnsluréttur, þannig að menn geti haft nokkurs konar hald á því hvernig fer með auðlindina allt frá því að aflinn er veiddur eða allt frá því kvótanum er úthlutað skulum við kannski segja og fram til þess að fullunnin vara er seld á erlendum markaði. Sumum finnst þetta ákjósanlegt fyrirkomulag, finnst að einokun í þessum efnum hljóti að vera ákjósanleg, en á það hefur verið bent hér í umræðum, bæði um sjávarútveg og önnur efni, að í öðrum greinum þykir það ekki. Við hljótum því að setja stórt spurningarmerki við það, hvort það hæfir í þessari mikilvægu auðlind að menn bjóði upp á slíka einokun. Ég vek athygli á því að síðar á dagskránni í dag er frv. sem gerir ráð fyrir aðskilnaði veiða og vinnslu. Fyrsti flm. þess er hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og er sú sem hér stendur meðflutningsmaður, ásamt með fleiri hv. þm.

Ljóst er að vilji er fyrir því, herra forseti, á hv. Alþingi að taka skipulagsmál sjávarútvegsins til gagngerrar endurskoðunar, einmitt með það að leiðarljósi að skapa viðskiptaliðamót þannig að þeir sem hafa til þess burði og getu, hafa nýjar hugmyndir, eigi möguleika á því að taka þátt í þessum atvinnurekstri en hann sé ekki lokaður af eins og verið hefur.

Mér finnst ástæða til þess, herra forseti, í umræðu um þessa stefnu Samfylkingarinnar að gefa ákveðna yfirlýsingu. Ég varð satt að segja svolítið klumsa í vikunni þegar Finnbogi Hermannsson, fréttamaður á Ísafirði, átti viðtal við hæstv. forsrh. sem var þá staddur á Flateyri og hann spurði hæstv. forsrh. um fyrningarleið og vísaði í skýrsu auðlindanefndar. Ugglaust er fyrningarleiðin honum ofarlega í huga því einn þingmaður Vestf. hefur nefnt hana sem möguleika í úthlutun veiðiréttar. Ekki var hægt að skilja annað af svörum hæstv. forsrh. en að niðurstaða auðlindanefndar hefði verið sú að um aðra leið nefndarinnar, svokallaða veiðigjaldsleið, hefðu allir verið sammála. En einungis þeir tveir sem skrifuðu undir með fyrirvara um að þeir vildu bara þá leið, hefðu verið þeir nokkrir sem gátu ekki sætt sig við hvora leiðina sem var.

Herra forseti. Þetta er mikill misskilningur og hefði verið hægt að forða ef eftir hefði verið spurt, ef menn hefðu velt því aðeins fyrir sér eða skoðað texta nefndarinnar betur en gert hefur verið. Í skýrslu nefndarinnar segir að varðandi greiðslu fyrir afnot auðlindarinnar hafi tvær meginleiðir verið teknar til skoðunar. Þar er nefnd fyrningarleiðin sem byggist á því að allar aflahlutdeildir verði skertar árlega um fast hlutfall en síðan verði þær endurseldar á markaði. Síðari leiðin, svokölluð veiðigjaldsleið, felst í beinni gjaldtöku. Síðan segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekið skal fram að einstakir nefndarmenn hafa mismunandi skoðanir á því hvora þessara leiða sé æskilegra að fara, þar á meðal hvernig orða skuli 3. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Nokkrir telja aðeins aðra leiðina ásættanlega.“

Fyrst það hefur farið á milli mála, herra forseti, er eins gott að það fari að koma fram að sú sem hér stendur er ein af þessum nokkru. Hún er ein af þessum nokkru. Mér fannst aldrei koma til greina að fara svokallaða veiðigjaldsleið og hefur aldrei fundist koma til greina eftir að ég fór að skoða þessi mál, með þeirri nákvæmni og af þeirri íhygli sem ég hef gert á undanförnum missirum. Niðurstaða okkar í Samfylkingunni var enda löngu áður en auðlindanefnd skilaði áliti sínu orðin sú að fyrningarleiðin væri eina færa leiðin ef menn ætluðu að ná sátt í samfélaginu um úthlutun veiðiréttarins. Ég hafði líka skrifað og talað í þá veru að mér kom ekki til hugar að nokkur maður velktist í vafa um það í hvorum hópnum ég mundi vera ef þessir nokkrir væru skilgreindir. Þetta lá fyrir í nefndinni allan tímann og ef menn hefðu einu sinni innt eftir því, eða lesið heimasíðuna mína og séð hvað Morgunblaðið hafði eftir mér, þá hefðu menn getað séð þetta og sparað sér að gefa yfirlýsingar sem standast ekki.

Herra forseti. Mér fannst ástæða til þess að þetta kæmi fram einfaldlega vegna þess að það er vont ef ráðamenn gefa sér að nefndin hafi verið einhuga um aðra leiðina og ætla sér síðan að velja hana hugsanlega í ljósi þess. Svo var sannarlega ekki og ég vil ráðleggja hæstv. ráðherrum, því ég hef grun um að hæstv. sjútvrh. hafi kannski verið að hugsa á svipuðum nótum, þó hann hafi ekki fullyrt með sama hætti, að leita sér upplýsinga um það hvað orðið nokkrir merkir í skýrslu auðlindanefndar. Ég get fullyrt að það merkir ekki tveir. Það merkir nokkrir. Ef menn vilja vita hverjir þetta voru, þá er ugglaust hægt að fá upplýsingar um það, ég tala hér einungis fyrir sjálfa mig.

Herra forseti. Það er skylda okkar að sjá til þess að nýting auðlinda, náttúruauðlinda Íslands, sé hagkvæm. Skynsamleg nýting er hagkvæm nýting og skynsamleg nýting er líka nýting sem stuðlar að vernd og viðhaldi í þágu komandi kynslóða. Menn hafa á tyllidögum talað um aflamarkskerfið, talað um kvótakerfið eins og það væri verndarkerfi. Auðvitað er alveg ljóst að kvótakerfið er fyrst og fremst kerfi sem hefur tekið tillit til efnahagslegra þátta. Hins vegar eru menn, a.m.k. margir, á þeirri skoðun að með því sé líka hægt að halda veiðunum sjálfbærum, að við getum stundað sjálfbærar veiðar með því að nýta þetta kerfi en þá þarf að sníða af ákveðna galla eins og hér er verið að leggja til.

Herra forseti. Ég held að við getum að mörgu leyti notað það kerfi sem við höfum þróað en þær breytingar sem hér eru lagðar til eru þá líka nauðsynlegar.

[16:52]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að biðja hæstv. forseta að afsaka að ég skuli koma undir þessum lið en mér láðist í ræðu minni hér á undan að fá upplýsingar um það hjá hæstv. forseta hvort menn viti örugglega ekki af því að þessi umræða sé að fara fram, sérstaklega formenn þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Ég veit t.d. að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti því yfir í umræðum einhvern tímann í vor sem leið að hann vildi mjög gjarnan koma til umræðu um þetta þingmál okkar samfylkingarmanna til að benda okkur á vankanta á málinu sem þyrfti að fara betur yfir. Ég fagna því mjög ef við getum fundið betri leiðir en eru í þessu frv. Þó við höfum vandað okkur eins og við höfum getað er ekki ástæða til annars en að reikna með því að hægt sé að bæta þetta mál. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann láti formenn þingflokka á hv. Alþingi vita af því að þessi umræða sé í gangi.

[16:54]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill láta þess getið að dagskrá þessa þingfundar var send út með hefðbundnum hætti en ég mun koma athugasemd hv. 3. þm. Vesturl. til skila.

[16:54]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Af því að hv. síðasti ræðumaður, Jóhann Ársælsson, vék að því að formenn flokka væru ekki viðstaddir og nefndi þar sérstaklega Steingrím J. Sigfússon, þá get ég upplýst að hann ætlaði svo sannarlega að vera við þessa umræðu en var fyrir nokkuð löngu búinn að binda sig um miðjan daginn, milli klukkan fjögur og sex. Dagskrá breytist þannig hér í þinginu að ekki er hægt að sjá við öllu en að sjálfsögðu munum við koma að þessari umræðu eftir því sem efni standa til. Ég vildi upplýsa hv. þm. um þetta. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mun koma jafnskjótt og hann getur. Hann var búinn að lofa sér þennan tíma en að honum loknum mun hann væntanlega koma hingað og taka þátt í þingstörfum.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti þakkar þessar upplýsingar.)

[16:55]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að það er undarlegt hvað fáir þingmenn, ég tala nú ekki um formenn þingflokka og hæstv. ráðherrar eru viðstaddir þessa umræðu sem ég fullyrði að sé eitt aðgerðamesta frv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi um fiskveiðar síðan 1983. Hér er um að ræða aðgerðamesta frv. um stjórn fiskveiða á Íslandi síðan 1983. Það er ótrúlegt að hæstv. utanrrh., sem er stundum nefndur faðir kvótans eða kvótapabbi, skuli ekki vera hér. Það er ótrúlegt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér. Vissulega höfum við svaramann málaflokksins, hæstv. sjútvrh., Árna M. Mathiesen, og sá sem hér stendur virðir það.

Ég spyr einnig, virðulegi forseti: Hvar eru þeir hv. þm. stjórnarinnar, sem hafa verið á fundum með sjómönnum og hafa gagnrýnt kerfið en sjást svo ekki hér? Það er með ólíkindum að aðeins u.þ.b. 25% þingmanna skuli vera viðstaddir til að ræða þetta mál þar sem vitað er að 75% þjóðarinnar er ósátt við fiskveiðistjórnarkerfið. Það er með ólíkindum, virðulegi forseti.

Í því frv. sem við erum að ræða er fullrar varúðar gætt. Um er að ræða langan aðlögunartíma til breytinga á núverandi kerfi. Þess er sérlega gætt að þeir sem vinna við útgerð og eru í útgerð haldi möguleikum sínum og eigi möguleika til að reka útgerð sína á hagkvæman máta. Ég tel að útgerðarmynstur eins og er nú t.d. hjá mörgum stórútgerðunum, sem byggist á því að veiðiskip eru bundin við bryggju hálft árið og verið er að leigja af þeim aflaheimildirnar til þeirra sem eru að sækja afla t.d. á smábátum sem eru heimildarlausir, sé gjörsamlega óviðunandi og því verði að breyta. Ég tel að það sé gjörsamlega óviðunandi að byggðum sem hafa byggt afkomu sína á fiskvinnslu sé hreinlega mismunað í kerfinu þannig að þær eigi áframhaldandi aðgang að fiskveiðunum.

Það úrlausnarefni sem við erum að fjalla um hefur verið í umræðu síðan 1983 á okkar virðulega Alþingi, lagfæring á framkvæmd á stjórn fiskveiða.

Virðulegi forseti. Því miður hefur lítið gerst. Það er staðreynd. Örfáir aðilar í landinu geta stjórnað því að ekki hafa náðst fram breytingar á því kerfi sem við erum að fjalla um. Þess vegna leggur Samfylkingin þetta frv. fram núna og þess vegna er lögð svona mikil vinna í frv. að maður vonast til að núna verði einhver aðgerð.

Hvar sjást þess merki, virðulegur forseti, að lögin um stjórn fiskveiða séu í endurskoðun? Hefur kvótabrask minnkað? Nei, það hefur ekki minnkað. Það hefur aukist. Kvótabrask hefur sennilega aldrei verið meira en á liðnu kvótaári. Það er að færast í vöxt, sem ég nefndi hér áðan, að fiskiskip veiði aðeins sinn 50% kvóta eins og lög mæla fyrir og síðan séu skipin bundin við bryggju, mannskapurinn rekinn í land meðan útgerðarmaðurinn braskar með veiðiheimildina sem eftir er. Þetta er skelfileg niðurstaða. Það er skelfilegt að stjórnarliðar sem ráða hér öllu skuli láta knýja sig til þess að standa að slíku.

Hverjar eru afleiðingarnar af þessu? Afleiðingarnar hafa verið þær að tekjur sjómanna á þessum skipum hafa minnkað. Ef þeir ekki makka rétt í sumum tilvikum þá kemur hinn armurinn að þessu. Þá eru sjómenn neyddir til kvótakaupa. Menn eru neyddir til að taka þátt í að kaupa kvóta. Það má líka segja að ef menn eru með eitthvert kjaftæði um slíkt þá séu þeir bara hreinlega reknir og pokanum hent á eftir þeim í land.

Það má minna á að hæstv. utanrrh., sem gjarnan eignar sér drjúgan heiður af stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi, sagði í ræðu á fundi framsóknarmanna þann 11. október 1999 á Hótel Borg að hann heyrði mikla undiröldu í þjóðfélaginu út af fiskveiðistjórninni. Menn teldu að kominn væri tími til að breyta og það særði réttlætiskennd margra hvernig þar væri haldið á málum. Það er ástæða til að minna á þessi orð hans frá því fyrir einu og hálfu ári. Þó hefur ekkert verið gert til að koma til móts við réttlætiskenndina. Hvernig væri að láta á það reyna hvort hæstv. ráðherra vill standa við þessi orð? Eða voru þau bara sögð í takt við þjóðmálaumræðuna þá, í október 1999?

Ég tel að rétt væri að skoða fleiri breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem nú er. Ég er ekki að tala um að við höfum leyst öll mál með þessu frv. Samfylkingarinnar. Ég er ekki búinn að sjá það en meginhluti breytinganna sem gerðar yrðu samkvæmt þessu frv. mundu skipta miklu máli.

Ég vil vitna í grein frá 8. október 1999 þar sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sjávarplássið er auðlind. Fólkið sem veiðir fiskinn og vinnur úr honum er stærsta auðlindin."

Ég tek undir þessi orð. Ég trúi því að hv. þm., formaður Byggðastofnunar, vilji gera breytingar. Það verða hins vegar engar breytingar nema þingflokkur hv. þm. standi með honum. Það er hvergi vart tilhneigingar til að lagfæra, hvað þá að taka upp og skoða málið sem hér liggur fyrir. Ég vona að hv. sjútvn. taki þetta mál, skoði það ofan í kjölinn og rannsaki það sem hér er verið að segja, en slái ekki málið út af borðinu vegna þess að þeir séu í meiri hluta sem styður ríkisstjórnina.

Því miður hefur fiskveiðistjórnarkerfið sem við búum við kallað á kvótabrask. Það eru til fínni orð um kvótabrask, t.d. hægt að kalla það viðskipti með aflaheimildir. Almennt eru viðskipti með aflaheimildir ekkert annað en kvótabrask. Ég segi það vegna þess að ef viðskipti leiða til skerðingar á kjörum sumra en öðrum er hossað fyrir atbeina löggjafans þá er það brask. Ég vil segja að það er siðlaust.

Ég tel að lögin hafi í upphafi ekki verið sett til að vinna þannig. Þess vegna verður að breyta. Við getum breytt ef við

skoðum þær tillögur sem hér er fjallað um ítarlega og ofan í kjölinn.

Verði það frv. til laga sem hér er til umræðu samþykkt þá tel ég að við getum losnað við það sem ég kalla brask. Það er ekki bannað að framselja veiðiheimildir samkvæmt þessu frv. en hins vegar teknir af agnúarnir á framkvæmdinni.

Það má auðvitað velta fyrir sér hvað veiðiheimildirnar eru. Hvað er hafið í kringum okkur? Hafið í kringum okkur er almenningur. Almenningar eru í eigu þjóðarinnar. Það er ekki hægt að sjá á stjórn fiskveiða á Íslandi í dag. Í mínum huga eru almenningar hver sú auðlind sem finnst á láði, lofti og legi, og tilheyra landinu. Íslendingar eiga allir rétt á að njóta arðsins af gæðum landsins, af almenningum landsins. Í dag njóta aðeins örfáir, lítil hluti þjóðarinnar, arðsins með braski.

Kannski væri rétt að rifja upp af hverju kvótakerfið var sett á. Það var vegna þess að menn töldu auðlindina ofnytjaða, að henni væri hætta búin af því álagi og umgengni sem hún varð að þola. Hér voru veidd á milli 400 og 500 þúsund tonn af þorski árin áður en þessi lög tóku gildi. Það má velta fyrir sér hver árangurinn er. Höfum við getað aukið meðaltalsveiðina frá því þá? Nei, það eru minni veiðiheimildir til ráðstöfunar nú en þegar kvótalögin voru sett 1983.

Þegar lögin voru sett var rætt um að bæta umgengnina. Með því að einkavæða nytjastofnana yrði hægt að ná valdi á nýtingu þeirra. Útgerðarmenn mundu ganga betur um auðlindina og það yrði í þeirra þágu. Ákvarðanir um heildarmagn þess sem mátti veiða áttu að verða virtar. Hver er staðreyndin? Það er talað um að kastað sé í hafið aftur 100 þúsund tonnum, jafnvel meira segja sumir. Aðrir segja að það sé minna. En þó að það væru ekki nema 10 þúsund tonn sem hent væri í hafið aftur þá er það nægjanleg ástæða til að taka á málinu líkt og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þar er gerð sérstök grein fyrir því hvernig menn ætla að reyna að koma í veg fyrir brottkastið. Hvers hagur er brottkastið? Það er hagur þess sem hirðir aðeins mestu verðmætin af úthlutuðum kvóta. Sá sem kemur þannig að auðlindinni hefur hag af því að henda verðminni fiski.

Menn ætluðu að auka arðsemina með minni fjárfestingu í fiskiskipum. Hver er raunin í því efni, virðulegur forseti? Líklega hefur ekki um langt skeið verið fjárfest jafnótæpilega í veiðiskipum og á síðasta ári. Hvar er rentan? Hvar er ágóðinn, virðulegur forseti, sem átti að verða til skiptanna fyrir eigendur auðlindarinnar, hina íslensku þjóð? Er hann kannski hjá þeim sem hafa fengið útdeilt aflaheimildum til að deila og drottna yfir að geðþótta, þ.e. þeim sem í dag fá úthlutað heimildum til að veiða?

Ætlunin var jafnframt að auka gæði aflans. Hafa þau aukist? Já, það er betur gengið um þann fisk sem að landi kemur. En eru það aukin gæði, allt það magn af síld sem fer til bræðslu á Íslandi? Eru það aukin gæði að setja þessa gæðavöru, sem líklega er veidd á röngum tíma, alla í bræðslu? Menn segja að annað sé ekki hægt vegna þess að hún hafi ekki náð því að vera nothæf til annarrar vinnslu.

Slysum átti að fækka. Menn töluðu um það í ræðum árið 1983 að slysum á sjó mundi fækka. Ég veit ekki hvort skráningin hefur verið jafngóð þá og hún er í dag en 1984 voru skráð 415 slys. Árið 1989 voru hins vegar 631 slys skráð. Getur maður dregið þá ályktun að aðeins skráningin hafi batnað eða þá að slysum hafi ekki fækkað? Þetta er alvarlegt, virðulegur forseti. Það er alvarlegt að menn skuli ekki hafa náð árangri í að fækka slysum á sjó með þessu kerfi sem þó átti að verða til þess.

Enn má spyrja margra spurninga. Er fiskveiðistjórnarkerfið að eyða byggð? Ég vona að virðulegir alþingismenn sem hér eru viðstaddir velti því fyrir sér hvort afleiðing fiskveiðistjórnarkerfisins sé sú að byggðir leggist í eyði. Ég tel að framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins eyði byggð. Það sem framkvæmt er innan kerfisins. Menn hljóta að krefjast þess að gripið verði til aðgerða strax, sú krafa er m.a. fólgin í því frv. sem Samfylkingin leggur fram, að gripið verði til aðgerða, reynt að ná sáttum, málamiðlun sem skili þjóðinni í heild sinni einhverjum árangri.

Mér er fullkomlega ljóst hve vandasamt er að búa til kerfi sem sátt ríkir um. Það er ekki hægt að gera öllum til geðs. Þarfir og skoðanir eru ólíkar en ég tel að kerfið verði að vera hagkvæmt og réttlátt. Ég tel að í frv. því sem við í Samfylkingunni höfum lagt fram sé reynt að koma þessum sjónarmiðum saman, auka jafnræði í aðgang að auðlindinni og gefa þjóðinni allri möguleika á að njóta arðsins.

Herra forseti. Ég hef ekki sagt að um einfalda lausn sé að ræða. Hér er um flókna lausn að ræða. Í þessum efnum gefst engin ódýr lausn. Það eru ekki til svör við öllum spurningum. Lausnin sem hér er lögð fram felur hins vegar í sér jafnræði, jafnræði sem ég tel að meiri hluti þjóðarinnar geti sætt sig við. Þess vegna tala ég fyrir þessu frv.

[17:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta mál er lagt fram af þingflokki Samfylkingarinnar. Í rauninni tel ég að hér séum við að ræða eitt af stærri málunum sem eru á döfinni í þjóðfélagi okkar og fullt tilefni sé til að ræða það hér, stóran hluta af þessum degi, og vonandi að sem flestir komi og taki til máls.

Það eru nokkur atriði í frv. sem ég ætla að koma að síðar í ræðu minni eða í seinni ræðu minni, herra forseti. En mig langar aðeins vegna orða hv. þm. Gísla S. Einarssonar áðan um upphaf kerfisins að segja að ég held að það sé þörf lexía fyrir okkur að fara örstutt yfir aðdraganda kerfisins. Ég er ekki að segja að ég geti fullyrt að það sé skilningur allra á því hvernig kerfið varð til en það er a.m.k. minn skilningur og var ég nú þátttakandi í upphafi við að vinna að þeirri breytingu. Eins vil ég líka minnast á hvaða ástæður lágu þar að baki. Ég held að það sé þarft fyrir okkur þegar við ræðum hér nokkurt tímamótafrv., því þó að ég sé ekki í öllum atriðum nákvæmlega sammála því hvernig Samfylkingin leggur einstök atriði upp þá held ég að stefnumótunin sem slík sé eitthvað sem getur alveg gengið upp ef menn vilja fara þessa leið. Reyndar er stefnumótunin í þessu frv. að sumu leyti alls ekki ólík því sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til hvernig mætti fara á milli svona kerfa, þó að við viljum gera það mun skarpar en hér er lagt til og með talsvert stífari reglum sem ég mun víkja að síðar í máli mínu.

Ég ætla hins vegar aðeins í upphafi máls míns að rekja aðdragandann að því að kvótakerfið var sett á árið 1984 og hvaða hugsun lá að baki, a.m.k. í upphafi, og hvað fór þar á undan. Eins og ég sagði áðan mun ég halda áfram í síðari ræðu minni ef tíminn nægir ekki í þeirri fyrri.

En eins og ég sá aðdragandann að þeirri ákvörðun okkar að gera tilraun til að stjórna fiskveiðum með kvótakerfi haustið 1983 og þeirri ákvörðun sem síðan var tekin á árinu 1984, var það í fyrsta lagi í rauninni vegna hræðslu fiski-

fræðinga við minnkandi þorskafla á árinu 1983 sem varð til þess að fram komu hugmyndir um að þorskaflinn á árinu 1984 yrði skorinn niður fyrir 200 þús. tonn, jafnvel allt niður í 180 þús. tonn. Þessar hugmyndir fiskifræðinga urðu til þess að nokkur hræðsla greip um sig í þjóðfélaginu við að þorskstofninn gæti hrunið. Haustið 1983 gekk mjög illa að veiða þorsk, mjög illa, ég stundaði þá fiskveiðar á togara fyrir vestan.

Það voru svo sem ástæður fyrir því, m.a. var loðnubrestur þetta ár og þorskurinn var mun léttari en hann hafði verið á undanförnum árum. Samanburður á jafnstórum fiski á árinu 1983 og fram á árið 1984 sýndi að þorskurinn hafði lést um 25%. Sama stærð af fiski var 25% léttari en hún hafði verið tveimur árum áður. Þetta m.a. og ásamt minnkandi aflabrögðum olli mönnum miklum áhyggjum um hvað væri eiginlega að gerast varðandi þorskstofninn. Niðurstaðan varð sú að mat fiskifræðinga haustið 1983 var að fiskstofninn hefði ekkert stækkað sl. tvö ár heldur bara minnkað.

Þessar tölur sem um var talað, 180–200 þús. tonn, var þorskafli sem menn höfðu ekki séð síðan í seinna stríðinu. Ekki hafði verið veiddur svona lítill þorksafli, eins og fiskifræðingarnir voru að tala um haustið 1983 og í byrjun árs 1984, frá því í stríðinu 1942–1944 þegar allir útlendingar hurfu héðan af miðunum og við Íslendingar vorum einir að veiðum.

Við upplifðum reyndar ekki þá tíma aftur í þorskveiðisögunni fyrr en kvótinn var skorinn harkalega niður, mig minnir 1994, niður í 155–160 þús. tonn. Það geta menn svo kallað árangur af kvótakerfinu í 15 ár eða hvað, hvar við erum staddir núna, í 250–260 þús. tonnum þegar allt verður talið, veiðar krókabátanna og allt sem hugsanlega getur við bæst.

En þetta var nú aðdragandinn. Sú umræða sem var haustið 1983 olli nokkurri svartnættissveiflu og menn gripu til þess að segja sem svo: Ja, við höfum verið í skrapdagakerfi undanfarin ár og ef við ætlum að fækka sóknardögum í þorskinn í skrapdagakerfinu þá þurfum við að skera svo hressilega niður að menn sáu ekki alveg hvernig það mundi ganga upp.

Niðurstaðan varð sú að við settum sjö fisktegundir inn í kvótakerfi, þorsk, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, steinbít og skarkola. Steinbíturinn og skarkolinn voru síðar teknir út enda voru steinbíturinn og skarkolinn í upphafi ársins 1984 notaðir sem uppbót fyrir þau skip sem urðu fyrir mestri skerðingu í þorski eins og m.a. togarar á Vestfjörðum og Norðurlandi og vertíðarbátar. Þeir fengu sérstaklega meiri úthlutun í skarkola og steinbít og þær tegundir voru notaðar sem nokkurs konar uppbót.

Þetta er aðdragandinn að því kvótakerfi sem við höfum í dag. En þar áður höfðum við í stuttan tíma, nokkur ár, verið með skrapdagakerfi og skrapdagakerfið náði í raun og veru alveg þeim markmiðum sem því var ætlað meðan það var í gildi því að það var bara beinlínis sett á til að ýta togaraflotanum í að veiða karfa og grálúðu. Hvers vegna var það gert? Það var gert vegna þess að þýski flotinn, sovéski flotinn og austurþýski flotinn voru að hverfa af þeim veiðum þegar útfærsla landhelginnar tók gildi í 200 mílur og þar var einfaldlega sóknarfæri sem eðlilegt var að við sæktum í og við Íslendingar gerðum það svo hressilega eins og flest sem við gerum í þessum málum að innan fimm, sex ára vorum við farnir að stunda það miklar veiðar á karfa og grálúðu að mönnum stóð ekki alveg á sama. En kerfið náði algjörlega þeim markmiðum að ýta flotanum í sókn á þessum tegundum og við tókum yfir miklar veiðar á karfa og grálúðu og veiddum árum saman tugi þúsunda tonna af grálúðu ásamt því að veiða hátt í 100 þús. tonn af karfa. Þetta var árangurinn af þeirri veiðistýringu og togarasjómenn náðu mjög fljótt tökum á því að veiða þessar tegundir en nokkrum árum áður hafði ég sjálfur staðið í því að sigla í gegnum m.a. flotann á Hampiðjutorginu og ekki borið það við að stinga þar niður trolli vegna þess að við héldum að þetta væri bara ekki hægt, mennirnir að asnast niður á fimm og sex hundruð faðma dýpi.

En það er nú svona, sumar reglur eru til góðs og þessi regla varð til góðs og þetta eru í rauninni verðmætustu tegundirnar sem frystitogaraflotinn veiðir í dag og þær tegundir sem enginn ágreiningur er um að frystitogaraflotinn veiði, þ.e. grálúðu og karfa. Þetta er örlítil söguupprifjun, herra forseti. Ég tel því að skrapdagakerfið hafi í raun og veru náð tilgangi sínum að þessu leyti.

En það sem við ætluðum að gera með því að setja kvótakerfið á það var jú að treysta atvinnu í landinu og tryggja það að skipin gætu haldið á veiðar. Það var markmiðið upphaflega þegar við settum kvótakerfið á. Hvers vegna leyfi ég mér að fullyrða það? Jú, ég leyfi mér að fullyrða það vegna þess að í fyrsta lagi var kvótakerfið sett á til reynslu í eitt ár og síðan ætluðu menn að meta af því áhrifin og síðan voru í kvótakerfinu þegar það var sett á ýmsar áherslur sem áttu að tryggja það að flotinn væri í sókn og að flotinn héldi uppi atvinnu í byggðunum. Þessar áherslur, um að halda uppi atvinnu og koma í veg fyrir að kvótinn færi frá byggðunum, má m.a. sjá í því að framsalið var ekki leyft úr byggð nema því aðeins að fyrir lægi samþykki bæjarstjórnar og samþykki sjómannafélagsins á þeim stað sem kvótinn átti að fara frá. Það var sem sagt skilyrði þess að hægt væri að færa kvóta frá byggð að samþykki þessara tveggja aðila lægju fyrir. Þar að auki þurfti síðan, eftir að þessi samþykki lágu fyrir, sérstakt samþykki ráðuneytisins, að fengnu áðurnefndu samþykki, til þess að það mætti færa kvótann úr byggðarlaginu.

Auk þess var í gildi fyrstu sjö ár kvótakerfisins sérstakt sóknarmark. Það voru nefnilega tvö fiskveiðikerfi í gildi fyrstu sjö árin, það var bæði kvótakerfi og sóknarmark. Og þeir sem höfðu minni aflaheimildir eða voru að byrja í útgerð gátu oft og tíðum keypt sér skip sem höfðu tiltölulega litlar heimildir og völdu sér þá sóknarmark og töldu með því að þeim væri gefinn kostur á að endurraða sér í afköstum skipanna og í veiðar fyrir sitt byggðarlag. Og það var alveg rétt, það var svoleiðis. Menn gátu endurraðað sér miðað við hvað þeir voru duglegir fiskimenn og hvað þeim tókst vel að gera út. Það var auðvitað viðurkenning á því að það skyldi ekki vera kvótakerfið eitt sem réði heldur skyldi hæfni manna til veiða einnig hafa mikil áhrif á það hvort þeir kæmust áfram í þessari grein. Illu heilli var það sjónarmiði lagt til hliðar við leiðarstein síðar í sögu kvótakerfisins og eingöngu tekið upp frjálst framsal aflaheimilda á árinu 1990.

Það var annað sem var í þessu kvótakerfi í upphafi. Framsal á kvóta var óheimilt frá sóknarmarksskipum. Þegar meiri hluti togaraflotans var búinn að velja sér sóknarmark eftir fyrstu fimm, sex árin í þessu stýrikerfi þá var það orðið þannig að stór hluti af flotanum fékk ekki að framselja, hafði engar heimildir til þess samkvæmt lögunum, enda voru þeir í sérstöku sóknarkerfi.

Hvert var þá markmiðið með þessum lögum í upphafi? Markmiðið var að skipunum skyldi haldið til veiða því að eftirfarandi ákvæði var líka í lögunum: Skip sem ekki var

haldið til veiða í eitt ár mátti ekki framselja kvóta árið á eftir. Þannig var það í upphafi. Skipi átti að vera haldið til veiða og það var markmið laganna að halda skipum til veiða og halda uppi atvinnu í landinu. Markmiðið var að stýra aflanum og tryggja jafnframt að skipin væru gerð út og að atvinna héldist. Þetta var upprunalegt markmið kvótakerfisins sem menn hafa gleymt í allri þessari umræðu.

Þessi markmið voru síðar sett í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Hvernig hljóða þau þá? Þau hljóða þannig að það skuli byggja upp fiskstofnana — eins mikið öfugmæli og það hefur nú verið varðandi botnfiskstofnana sem ekki hafa verið byggðir upp undir þessu kvótakerfi. Og síðan þegar sóknarmarkið hafði verið afnumið og búið að gefa allt kvótafrelsið inn í lögin þá var einnig sett í lögin: „að tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu".

Hvílíkt öfugmæli. Þegar sóknarmarkið og öll höftin sem voru í kerfinu til þess að reyna að halda rétti byggðanna inni og halda því að byggðirnar héldu atvinnurétti sínum og að skip væru gerð út til fiskveiða og það væri meginmarkið laganna að skip væru gerð út til fiskveiða, þá voru þessi orð sett í lögin: Að byggja upp fiskstofnana og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Þá voru markmiðin sett inn, en hins vegar verður málið í reynd bara eyðibyggðastefna.

Ég ætla að leyfa mér að kalla þessa framkvæmd kvótakerfisins eins og hún er óbreytt í dag, eyðibyggðastefnu og ekkert annað. Hún getur ekkert annað en rifið undan fleiri byggðum en nú er þegar er búið að gera. Það er ekki rétt að mínu viti að hafa þannig fiskveiðistjórnarkerfi að það rífi undan byggðunum til þess að tryggja einhverjum þrem, fjórum stöðum á landinu trausta útgerðarstöðu. Það er sjónarmið sem ég fellst ekki á, að öðrum byggðum skuli slátrað. Að fjöldamargar smærri byggðir séu skornar niður við trog til þess að hægt sé að byggja upp sterka útgerðarstöðu á fáum stöðum og að framtíðarsýnin sé sú að við munum búa hér við veiðikerfi þar sem stór hluti aflaheimildanna verður að fjórum eða fimm fyrirtækjum. En það er sú framtíðarsýn sem maður heyrir ævinlega gerða grein fyrir þegar maður hlustar á þá sem tala fyrir hönd stórútgerðanna.

Þess vegna má segja að byggðastefnan sé því miður í framkvæmd að stærstum hluta til það sem ég hef leyft mér að kalla eyðibyggðastefna og í algjörlega öfugri framkvæmd miðað við það markmið sem sett var inn í lögin 1990. Vonandi eru fleiri en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson farnir að sjá það þótt þeir eigi kannski erfiðara með að viðurkenna það en hann. Hann viðurkenndi það a.m.k. mjög skilmerkilega í þessum ræðustóli fyrir ekki löngu að ekki væri búandi við áframhaldandi framkvæmd fiskveiðikerfisins þar sem sumum væri gert að vera leiguliðar, krjúpandi við fótskör greifanna til að fá til sín aflaheimildir á okurverði og gætu síðan ekki framfleytt fjölskyldum sínum af því að stunda þær fiskveiðar sem menn hafa stundað árum og áratugum saman og ég tek undir þau orð hans.

Þannig var þessi saga í upphafi og ætla ég ekki að rekja hana miklu lengur í upphafi máls þó að vissulega væri ekki vanþörf á því að fara oftar yfir hana því að menn eru æðifljótir að gleyma í pólitík. Núna virðist aðalmarkmið vera að viðhalda þessu kerfi svo til óbreyttu og er þá vitnað í nýjustu yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. um að viðhalda þurfi kerfinu að sem mestu óbreyttu, það sé það sem tryggi trausta atvinnu og byggð í landinu og byggi upp fiskstofnana. Fróðlegt væri að heyra jafn velmenntaðan mann í líffræði dýra og hann gefa okkur hinum skýringu á því hvernig á að fara að því að byggja upp fiskstofna eftir þessu kerfi og hvernig það hefur tekist til þar sem allir fiskstofnar, botnfiskstofnarnir hafa verið á niðurleið. Þetta held ég að menn ættu að gera sér ljóst og því miður hefur ekki orðið neinn sýnilegur árangur af framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins af því að byggja upp botnfiskstofnana og heldur ekki af því að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þess vegna á frv. eins og Samfylkingin leggur hér fram fullan rétt á sér og í raun og veru alveg furðulegt að það skuli vera jafnlítill áhugi fyrir því að fylgjast með umræðum um þessi mál og virðist vera í hv. Alþingi.

Ég ætla í stuttu máli að víkja að því sem mér finnst að þurfi að skoða í frv. Samfylkingarinnar. Í fyrsta lagi vík ég að því sem mér finnst slæmt í þessu frv. og það er að áfram skuli vera hægt að leigja aflaheimildirnar milli manna. Ég held að þessi framleiga aflaheimilda sé einhver mesti galli sem settur hefur verið inn í þessa löggjöf. Ég skil vel hvernig Samfylkingin setur þetta upp en ég er hins vegar ósammála því að þetta kerfi skuli fá að halda áfram, bæði á aðlögunartímanum, sem þeir leggja til að verði tíu ár og síðan áfram, ef ég skil málið rétt, með því að þeir sem leigja til sín aflaheimildir geti svo haldið áfram að framleigja. Ég tel að framkvæmdin eigi alls ekki að vera þannig.

Hvað er það sem útgerðarmenn þurfa? Jú, þeir þurfa veiðirétt, þeir þurfa að vita að þeir geti nálgast veiðirétt. Og geti hvað? Farið og fiskað. Það er það sem þeir þurfa að vita. Annað þurfa þeir ekkert að vita. Ef búin er til aðferð sem gerir það að verkum að þeir geti tryggt sér veiðirétt og horft eitthvað fram í tímann, eitt eða tvö ár til að nýta sér veiðiréttinn, þá tel ég að það sé nægjanlegt.

Ef þeir vilja hins vegar losa sig við veiðrétt sem þeir hafa tekið til sín þá á að gera þeim það auðvelt. Ekki með því að setja á fót þennan frjálsa braskmarkað, sporin í því efni hljóta að hræða, heldur með því að setja upp leigumarkað þar sem menn geta skilað inn veiðirétti og fengið endurgreiðslu frá ríkinu þaðan sem þeir fengu hann og síðan yrði hann leigður út aftur. Því það kann að vera mjög eðlilegt að á slíkum markaði þurfi að setja stýrireglur. Ég hef m.a. vikið að því í frv. Samfylkingarinnar varðandi byggðirnar að það þurfi að vera hægt að stýra og það væri upplagður vettvangur til þess að geta stýrt bæði til flota og byggða.

[17:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ber djúpa virðingu fyrir þeim hv. þm. sem talaði áðan og ég virði líka þann flokk sem hv. þm. stendur fyrir. Bæði hv. þm., sem reyndist a.m.k. í atkvæðalegu tilliti vera kjölfesta flokksins, og flokkurinn sjálfur byggja tilvist sína á mjög rótgróinni og einbeittri andúð og andstöðu á því stjórnkerfi fiskveiða sem við höfum búið við síðan 1984. Ég mundi því telja, herra forseti, að hv. þm. væri einkar góður dómari á þau mál sem lögð eru fram í þinginu og fjalla um stjórnkerfi fiskveiða.

Hver var dómur þessa hv. þm., einhvers skeleggasta andstæðings kvótakerfisins, um það frv. sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram? Hann sagði: Þetta er tímamótafrumvarp. Hann sagði að hann væri að sjálfsögðu ekki í öllum atriðum sammála frv. en hann sagði eigi að síður tímamótafrumvarp. Það sem hann fann því helst til foráttu var að það er talsvert meiri bratti í stefnu Frjálslynda flokksins en í þeirri stefnu sem við hjá Samfylkingunni höfum lagt fram. Það kom líka fram í máli hans þegar ræðu hans vatt fram.

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson fór ákaflega skemmtilega og fróðlega yfir sögu kvótakerfisins og reynsluna af því og hafði e.t.v. ekki mjög mikinn tíma til að fara í það sem honum finnst vera agnúar á því kerfi sem við höfum lagt fram. Það var í rauninni bara eitt sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni. Það er raunar það eina sem ég hef heyrt frá þeim hv. þm. sem eru innan vébanda Frjálslynda flokksins og er í andstöðu við þá stefnu sem Samfylkingin hefur lagt fram og það varðar framsalið. Hv. þm. Sverrir Hermannsson og Guðjón Arnar Kristjánsson hafa verið svarnir andstæðingar framsalsins.

Nú er það svo að mönnum sýnist sitt um þetta framsal en það er eigi að síður svo, herra forseti, að samkvæmt þeim tillögum sem Samfylkingin leggur fram er gert ráð fyrir því að eftir tíu ár, þegar það kerfi sem Samfylkingin leggur til er að fullu komið til framkvæmda, þá er framsalið úti. Hv. þm. má ekki horfa fram hjá því að þess vegna er í grundvallaratriðum ekki meginmunur á stefnu Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar að þessu leyti. Mér sýnist því að hv. þm. gæti í reynd stutt þetta frv.

Ég vil útskýra þessa stefnu okkar örlítið frekar, herra forseti. Við leggjum til að menn taki mið af raunveruleikanum. Hann er sá að ekki er sátt um að kollsteypa kerfinu sem við búum við í dag. Þess vegna leggjum við til, þó að skiptar skoðanir séu í flokki okkar eins og öðrum um nytsemd aflamarkskerfisins, að áfram verði byggt á því og engar kollsteypur verði teknar varðandi grundvallaratriði kerfisins. Við höfum eigi að síður sagt að rétt sé að undið verði ofan af kerfinu á tíu árum. Á meðan á því stendur yrði kerfið rekið í sinni núverandi mynd. Það þýðir að mönnum er heimilt að framselja aflaheimildir.

Við teljum hins vegar að frá samkeppnissjónarmiðum og jafnræðissjónarmiðum sé ekki hægt að bjóða mönnum sem koma inn á því kerfi sem yrði við lýði ef tillaga okkar yrði samþykkt annað en að mega þá líka njóta hins sama. Þess vegna gerum við ráð fyrir því að menn geti framleigt frá sér aflaheimildir. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að samkvæmt skilgreiningu hans fellur þetta undir brask og vafalaust verða einhver brögð að því fyrstu árin sem þetta kerfi yrði við lýði. Eftir tíu ár er það búið og eftir því sem líður á tíu ára tímabilið minnkar það líka vegna þess að þá verður meira framboð til leigu á markaðnum og þess vegna minni þörf á þessum viðskiptum.

Herra forseti. Ég vil fagna því að hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen hefur setið undir þessari umræðu. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt. Við erum að ræða um mál sem er eitt umdeildasta mál í samfélaginu, mál sem segja má að síðustu kosningar hafi að nokkru leyti snúist um, mál sem hæstv. sjútvrh. og flokkur hans lofuðu fyrir síðustu kosningar að búið yrði að leysa og skapa sátt um þegar við kæmum til nýrra kosninga.

Hvernig er staðan núna, herra forseti? Engar líkur eru á því að einhvers konar sátt sé í sjónmáli. Hæstv. sjútvrh. hefur gengið hvað harðast fram fyrir skjöldu af þeim sem hafa gagnrýnt t.d. þingmenn Samfylkingarinnar. Hann hefur úr þessum ræðustól ásakað einstaka nafngreinda þingmenn Samfylkingarinnar fyrir að vera að hlaupast frá einhverri sátt, sátt sem gerð var í auðlindanefndinni, herra forseti. Undir þetta hafa ýmsir aðrir tekið.

Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að mér finnst nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. hreinsi loftið og geri grein fyrir afstöðu sinni, geri grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. Ekki dugar fyrir hæstv. sjútvrh. að koma fram í fjölmiðlum og koma fram á hinu háa Alþingi og segja að verið sé að slíta í sundur einhvern þráð sáttar sem lá millum manna eftir að auðlindanefndin skilaði skýrslu sinni. Staðreyndin er auðvitað sú, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir rakti áðan, að einstakir forustumenn Sjálfstfl. hafa lagt sig í framkróka um að afbaka niðurstöðuna og afstöðu einstakra nefndarmanna sem birtist í skýrslu auðlindanefndar.

Herra forseti. Mér finnst að eftir það sem á undan er gengið sé nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. útskýri fyrir okkur hvernig hann sér þessa sátt verða. Nú er það svo, herra forseti, að við höfum fyrir framan okkur frv. Samfylkingarinnar sem endurspeglar í raun í tiltölulega nákvæmri útfærslu þá meginreglu sem birtist í skýrslu auðlindanefndar. Hér er lögð fyrir þingið hin svokallaða fyrningarleið. Það var önnur þeirra tveggja leiða sem var lögð fram í skýrslu auðlindanefndar.

Nú er það þannig, herra forseti, að fyrningarleiðin var í reynd, eins og ég sagði, meginreglan sem kemur fram í skýrslu auðlindanefndar. Það var líka svokölluð veiðigjaldsleið sem var frávikleið. Hvers vegna kalla ég það frávikleið, herra forseti? Vegna þess að það er alveg ljóst að meginreglan sem kemur fram í skýrslunni var sú að takmörkuðum náttúrugæðum skyldi úthlutað með útboðum á jafnræðisgrundvelli þar sem menn gátu keppt jafnfætis um að fá tímabundinn nýtingarrétt á þessum takmörkuðu auðlindum. Menn ákvæðu í nefndinni að fara þessa leið varðandi úthlutun á nýtingu jarðefna, úthlutun á nýtingu jarðhitaréttinda í eigu ríkisins, að ógleymdu, herra forseti, úthlutun fjarskiptarása. Síðan kom líka þessi meginregla fram varðandi sjávarútveginn. Hin leiðin er þess vegna frávikleið.

Nú er það svo, herra forseti, að auðvitað þurfa allir að slá af til þess að hægt sé að ná sátt um mál. En það er ekki hægt að gera eins og formaður Sjálfstfl. hefur talað og eins og ég hef oft skilið hæstv. sjútvrh., að það sé einboðið að ef sátt eigi að nást um sjávarútveginn og stjórnkerfi fiskveiða verði það einungis á grundvelli veiðigjaldsleiðarinnar. Það er alveg rétt að það komi hér fram, herra forseti, að sú leið kemur ekki til greina í þeirri nöktu mynd sem hana er að finna í skýrslu auðlindanefndar. Taka verður tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram hjá Samfylkingunni í þessu. En auðvitað er hægt, herra forseti, að sameina þetta tvennt en það er enginn vilji á því af hálfu stjórnarliðanna, þ.e. af hálfu forustumanna Sjálfstfl. a.m.k.

Þess vegna finnst mér ákaflega nauðsynlegt í þessari umræðu að hæstv. sjútvrh. komi hingað og geri grein fyrir afstöðu sinni til fyrningarleiðarinnar. Hvað sér hann á móti henni annað en það að Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur lagst gegn henni? Hvað sér hann málefnalega gegn henni? Mér finnst nauðsynlegt að í svona mikilvægu máli komi menn og ræði það hreinskilnislega og málefnalega. Við í Samfylkingunni erum reiðubúin til að takast með rökum á við andstæðinga þessara tillagna og jafnvel breyta þeim ef við skynjum það að rökin hafa vægi og standa á traustum grunni. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. geri líka grein fyrir því hvort hann telji unnt að ná sátt um þessi mál eins og þau hafa þróast, án þess að tekið sé mið af þessari aðferð.

Herra forseti. Það er líka nauðsynlegt að menn fari að gera sér grein fyrir því að tíminn líður hratt og það styttist óðum til kosninga. Sjálfstfl. lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að hann mundi sjá til þess að deilurnar yrðu settar niður á þessu kjörtímabili og nú er kjörtímabilið að verða hálfnað.

Þegar skýrsla auðlindanefndar kom fram töluðu menn á þann veg að þar væri um kaflaskil að ræða og ég taldi líka að þar væri um kaflaskil að ræða vegna þess að þessar hugmyndir komu fram, m.a. um fyrningarleiðina og veiðigjaldsleiðina, og ég taldi að með því að fara bil beggja væri hægt að ná þessari sátt. En við sjáum það hins vegar að það er engu líkara en að Sjálfstfl. sé á skipulögðu ferðalagi brott frá þeim tillögum sem komu fram í skýrslunni. Við sjáum það t.d. á háttsemi hæstv. samgrh. varðandi úthlutun *fjarskiptarása, því þrátt fyrir það sem segir í skýrslu* auðlindanefndar þá ætlar hann ekki að fara leið útboðs. Við sáum það líka þegar hæstv. sjútvrh. ætlaði að taka á hinu mikla vandamáli sem felst í brottkasti afla að í staðinn fyrir að beita hagrænum aðferðum, eins og var auðvitað andinn í skýrslu auðlindanefndar, þá kaus hann frekar að fara leið boða og banna. Og nú virðist mér af þeim fregnum sem mér berast í gegnum fjölmiðla innan úr svokallaðri endurskoðunarnefnd eða kvótanefnd sem fulltrúar Sjálfstfl. ætli sér alls ekki að taka mið af fyrningarleiðinni. Það hafa komið fram fregnir um það í fjölmiðlum og þær hafa ekki verið til baka bornar. Þess vegna er nauðsynlegt að þetta komi fram, herra forseti: Hvaða afstöðu hefur Sjálfstfl. til þessarar leiðar?

*Ég vísa til þess líka að það er meiri samhljómur með ýms*um talsmönnum annarra flokka og Samfylkingunni heldur en einmitt Sjálfstfl. Það er nú kannski í lagi og tilefni til þess að rifja það upp að ekki eru nema örfá ár síðan hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., reifaði nokkrar hugmyndir sem mér finnst sjálfsagt að menn dusti rykið af og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur reyndar gert í umræðu síðustu vikna. Ég rifja það upp að formaður Framsfl. nefndi það t.d. á sínum tíma, þegar menn stóðu frammi fyrir því gleðilega vandamáli að þurfa að útdeila kvótum til veiða í norsk-íslenska síldarstofninum að hann taldi á flokksþingi Framsfl., ef ég man rétt, sem haldið var þá á Hótel Sögu, koma vel til greina að þær veiðiheimildir yrðu með einhverjum hætti leigðar.

Ég *minnist* þess líka að *seinna*, eða hvort það *var* um svipað leyti sem hæstv. utanrrh. sagði að vel kæmi til greina að viðbótarkvóta í þorski og öðrum bolfiskum jafnvel yrði úthlutað með svipaðri leiguaðferð. Ég tel að í hugmyndum eins og þeim sem formaður Framsfl. hefur sjálfur reifað og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur tekið undir og felast í því að leigja kvóta umfram eitthvert tiltekið lágmark sé t.d. fólgin sáttaleið. En Sjálfstfl. ypptir öxlum og maður verður auðvitað að spyrja sjálfan sig: Getur verið að það sé ætlan Sjálfstfl. að þvæla þessu máli enn einu sinni fram yfir kosningar? Ég tel, herra forseti, að það sé ekki hægt að fallast á það. Ég tel að enn séu í fullu gildi þau orð sem formaður Framsfl. lét falla hér fyrir einu og hálfu ári og hv. þm. Gísli S. Einarsson rifjaði upp, að það særði réttlætiskennd íslenskrar alþýðu að horfa upp á það hvernig sumir misnotuðu kvótakerfið eins og það er í dag. Hæstv. utanrrh. sagði líka efnislega þá að hann skynjaði mikla undiröldu í samfélaginu vegna þess.

Herra forseti. Sú undiralda er ekki jafnmikil í dag og hún var þá en það er vegna þess að þessar tilfinningar alþýðu manna sofa, þær eru í dvala því að fólk treystir auðvitað þeim orðum forustumanna samfélagsins að verið sé að vinna að þessari sátt. Hvernig vindur þessari sátt síðan fram?

Þegar auðlindanefndin skilaði sinni skýrslu þá bjuggust menn við að í framhaldinu tæki við snörp lota þar sem menn mundu reyna að taka höndum saman á grundvelli þeirra tillagna sem þar koma fram. Ég átti von á því að fyrir síðustu áramót gætum við jafnvel haft í höndunum tillögur að nýjum lögum um það hvernig ætti að haga stjórn fiskveiða í framtíðinni. Þetta mál var sett inn í sérstaka endurskoðunarnefnd. Ég man ekki betur en að sú nefnd hefði átt að skila af sér fyrir áramót. Hún gerði það ekki. Síðan var talað um það að hún ætti að skila af sér upp úr áramótum. Nú bendir flest til að ef henni tekst að skila af sér á þessu vori þá verði það svo síðla vetrar að ekki takist að ræða afraksturinn hér á hinu háa Alþingi. Mér finnst því sem nokkuð hafi nú minnkað vonir um að það takist að breyta lögum á þessu ári. Og þess vegna er ekki nema von að maður spyrji: Á að þvæla þessu máli enn lengra?

Herra forseti. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að miðað við fregnirnar sem hafa komið frá kvótanefndinni þar sem hver hönd stjórnarliða er upp á móti annarri þá sé ákaflega ólíklegt að það verði barn í brók. Ég held hins vegar að það væri miklu farsælla að taka þetta mál inn í þingið, afgreiða málið í þinginu, láta fagnefnd þingsins, sjútvn., útkljá málið. Ég tel, miðað við þær umræður sem hafa farið fram hér í þinginu, miðað við þær yfirlýsingar sem hafa komið fram hjá einstökum þingmönnum annarra flokka en Samfylkingarinnar, að það væri hægt að ná samkomulagi. Auðvitað væri það samkomulag þannig að ekki væri gengið að ýtrustu vonum eða kröfum einstakra flokka en ég hugsa að það væri hægt. Samfylkingin væri fyrir sitt leyti til í að taka þátt í slíkri vinnu. Það var slík vinna sem við vildum taka þátt í í kjölfar þess að auðlindanefndin skilaði sinni skýrslu. En ég tel, herra forseti, að síðan hafi menn ferðast alllangan veg frá þeim niðurstöðum. Og ég tel að þeir sem eru komnir lengstan veg frá þeim niðurstöðum sé Sjálfstfl. Því tel ég ákaflega brýnt að hæstv. sjútvrh. hreinsi loftið og lýsi því yfir hver sé stefna hans varðandi framvindu málsins í endurskoðunarnefndinni. Er hann reiðubúinn til þess að taka málið hingað inn í þingið og láta Alþingi útkljá það í staðinn fyrir að láta það daga uppi í kvótanefndinni? Og hvað segir hann um þá leið sem hér er lögð fyrir?

Nú er tækifærið, herra forseti, til þess að fulltrúar Sjálfstfl. reifi sjónarmið sín og andrök gagnvart þeirri stefnu sem hér liggur fyrir. Þetta er, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði í ágætri ræðu sinni áðan, eitt mikilvægasta málið sem liggur fyrir til umræðu í samfélaginu. Ég tel að við séum hér með ákaflega málefnalegum hætti, ekki fullkomnum en með ákaflega málefnalegum hætti að reyna að vinda ofan af því sem stundum hefur verið kallað mesta ranglæti Íslandssögunnar.

[17:54]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða hér mjög mikilvægt mál. Þetta mál er á öðrum stöðum til umfjöllunar á vegum Alþingis. Formaður Samfylkingarinnar var rétt í þessu að ljúka ræðu sinni og bar fram ýmsar spurningar til hæstv. sjútvrh. Það hefði verið, að mér finnst, gott fyrir umræðuna til þess að hún gæti gengið vel fram og menn hefðu hér gagnleg skoðanaskipti um þetta stóra mál að það hefðu komið einhver svör við þessum spurningum. Mér finnst satt að segja að hér á hv. Alþingi þurfi menn að sjá til þess að umræður fari þannig fram að þær skili árangri. Þær gera það ekki ef menn bregðast ekki við eðlilegum spurningum og umfjöllun um mál sem er til meðhöndlunar. Það fer sérlega fyrir brjóstið á mér a.m.k. þegar mál eins og þetta er til umfjöllunar að menn skuli ekki bregðast við og sjá til þess að umræðan skili því sem hún getur skilað þannig að menn taki þátt í

henni og skili áfram þeim verkefnum sem eru fólgin í því að vinna einhvern sigur í málinu og koma á einhverri sátt með þjóðinni í þessu stóra máli.

[17:55]

Útbýting þingskjala:

Bætt umferðaröryggi á þjóðvegum, 528. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 824.

Hjónabönd útlendinga hér á landi, 530. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 826.

Rafmagnseftirlit, 532. mál, fsp. GE og ÖJ, þskj. 828.

Tekjur og útgjöld Löggildingarstofu, 531. mál, fsp. ÖJ og GE, þskj. 827.

Tilraunir á grunnskólastigi, 534. mál, fsp. EMS og SJóh, þskj. 830.

Útbreiðsla krabba, beitukóngs og öðuskeljar við Ísland, 533. mál, fsp. AHB, þskj. 829.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í ræðu minni hér áðan beindi ég þeim orðum til hæstv. sjútvrh. hvað honum fyndist um árangur fiskveiðistjórnarkerfisins varðandi uppbyggingu fiskstofnanna og taldi að hann hefði alla burði til þess að svara einhverju um það. Ég verð að segja alveg eins og er að það er svolítið ankannalegt að fara alveg í gegnum þessa umræðu án þess að fá nein innskot frá hæstv. ráðherra sem fer með þennan málaflokk um það hvað honum finnist um það mál sem við erum að ræða, það eigi bara að halda hér áfram til enda og umræðunni eigi að ljúka án þess að ráðherrann í raun leggi neitt til umræðunnar og án þess að við fáum nánari vitneskju um það hvað í hans huga býr varðandi framkvæmd þessara laga og þá umræðu sem hér fer fram.

[17:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem fjallar að mestu leyti um eignarhald á auðlindinni en einnig um brottkast.

Ég fagna þessu frv. Ég held að allar hugmyndir séu vel þegnar og örvi umræðuna um þessi mál. Mér finnst að hv. þingmenn eigi að skoða opið allar þær hugmyndir sem koma fram. Ég hef sjálfur flutt tillögur og frumvörp, bæði um eignarhaldið, og þar lagði ég til að skoða þá hugmynd að eignarhaldinu yrði dreift á alla þjóðina, á hvern einstakling, eins konar einstaklingsvæðing, og hins vegar hef ég líka flutt frv. um brottkast sem ég held að sé nokkuð vel útfært. Það hefur reyndar ekki fengið mjög mikla umræðu en er núna fyrir hv. sjútvn.

Það hefur mikið verið rætt um sjávarútvegsmál undanfarið og svo sem undanfarna áratugi enda veigamikið mál og skiptir miklu, sérstaklega úti á landi. Atvinnugreinin sem slík býr við þær hremmingar reglulega að það á að kippa grundvellinum undan rekstri hennar með einum og öðrum hætti. Það er afskaplega lítið öryggi í þessari atvinnugrein og ég held að menn ættu að fara að hugleiða það hvort ekki sé mál að linni, annaðhvort að menn sættist á þessa lausnina eða á hina þannig að þeir sem stunda þessa atvinnu geti farið að snúa sér að rekstrinum.

Við höfum fyrir framan okkur skýrslu auðlindanefndar sem leggur til í megindráttum tvær leiðir, þ.e. fyrningarleið og veiðigjaldsleið. Á þessum leiðum er mikill munur. Veiðigjaldsleiðin felst í því að ríkið ákveði verðið fyrir aðgang að auðlindinni, fyrningarleiðin felst í því að veiðileyfin verða seld hæstbjóðanda, þ.e. atvinnugreinin sjálf ræður því hvað hún greiðir fyrir aðganginn að auðlindinni. Í hugum markaðsmanna er ekki spurning um það að sú leið er betri vegna þess að atvinnugreinin veit alltaf á hverjum tíma hvað hún getur greitt. Hins vegar geta opinberir aðilar illa séð hvaða álögur má leggja á greinina þannig að henni sé ekki ofboðið með álögum eitt árið eða að hún greiði of lítið fyrir aðganginn annað árið. Aðstæður breytast mjög hratt í þessari atvinnugrein, bæði hækkandi verð, aukinn afli eða minnkandi afli o.s.frv., dýrari sókn, olíuverð og alls konar hlutir koma inn í þetta sem opinberir aðilar eru ekki færir um að meta hverju sinni. Markaðsmenn trúa því að markaðurinn sé mun betur fær um að mæla slíkt heldur en opinberir aðilar, eins og gert var í Sovét. Það er því töluverður munur á þessum leiðum.

Einnig hefur þetta áhrif á nýliðun. Ef markaðurinn ræður verðinu býður hann væntanlega það verð sem að meðaltali gefur hagnað og þá eru allir jafnir, jafnt trillukarlinn á Vestfjörðum sem stórútgerðin á Akureyri eða í Reykjavík. Það er bara spurningin um það hver getur veitt ódýrast. Hann fær veiðiheimildina. Ég hygg að þegar allt er skoðað, fjárfesting per sjómann, fjárfesting per veitt tonn, þá sé smábátaútgerðin kannski ekki svo óarðbær þegar á allt er litið þannig að það gæti verið að mikil markaðsvæðing á aflaheimildum leiði til þess að vöxtur kæmi í þá grein sem getur veitt ódýrast.

Í þessu frv. eru lagðar til nokkuð brattar afskriftir, þ.e. á tíu árum á að taka þær heimildir sem menn hafa kannski nýlega keypt, aðrir hafa keypt fyrir mörgum árum og sumir hafa aldrei keypt. Það er kannski einmitt það, herra forseti, sem hefur valdið mismununinni að sumir reka fyrirtæki sín með gefnar heimildir á meðan aðrir reka þau með keyptum heimildum, heimildum sem hafa verið keyptar dýrum dómi.

Á þessari leið og þeirri leið sem ég hef lagt til, að veiðiheimildunum yrði dreift á alla þjóðina, á hvern einstakling, er einn veigamikill munur. Í þessari leið hirðir ríkið arðinn, en í þeirri leið sem ég lagði til að yrði skoðuð er það einstaklingurinn sem hirðir arðinn og þetta hefur áhrif á uppboðsferlið vegna þess að þegar einn aðili er að bjóða verður hann yfirmáta sterkur á markaðnum. Það er engin samkeppni í framboði á veiðiheimildum og hættan er sú að útgerðin verði ofurseld þessum eina aðila sem er að bjóða veiðiheimildir. Í því kerfi sem ég lagði til væru það hins vegar sennilega um 270 þúsund aðilar, sumir náttúrlega blokkaðir saman í fjölskyldur, sem mundu bjóða veiðiheimildir til sölu og útgerðin gæti valið úr þannig að það myndaðist miklu virkari markaður svona fyrir þá sem hafa trú á markaði.

Það sem mælir á móti báðum þessum leiðum er séreignarstefnan, sem sumir hafa trú á, og ég þar á meðal, að einstaklingur gangi yfirleitt betur um eign sína en einhver sem ekki á hana. Þetta á við t.d. um lóðir eða bíla eða hús, að maður sem á húsið sitt er duglegri að mála það og gera við það og halda því við.

En það er verra með fisk sem er syndandi um sjóinn. Það er svipað eins og ég og einhver annar hv. þm. ættum tvo bíla og bílarnir skiptu stöðugt um eiganda. Ég er hræddur um að ég væri ekkert voðalega duglegur að gera við púströrið í mínum bíl ef ég vissi að hann færi fljótlega yfir til hins eigandans. Séreign sem er í eigu margra, sem er syndandi þess utan, hefur ekki þá eiginleika séreignar að menn gæti hennar sérstaklega. Þess vegna rembast allir við eins og þeir mögulega geta að veiða sem allra mest af því að það gæti verið að fiskurinn slyppi til hins eigandans næst þegar hann syndir um sjóinn. Þessi eign hefur því ekki þann eiginleika sem er kostur séreignarstefnu.

Mikið hefur verið rætt, og það er gert í þessu frv., um framsal sem sumir telja hinn versta löst kerfisins. Þó má færa fyrir því rök og þau mjög skotheld að kerfið er því hagkvæmara sem framsalið er frjálsara vegna þess að ef framsalið er ekki frjálst, bundið við skip eða eitthvað slíkt, verða menn að gera út þetta skip til að ná í veiðiheimildina. Hvað sem það kostar, herra forseti, verður að gera út þetta skip. En ef það má framselja getur einhver annar sem getur veitt betur og auðveldar, ódýrar, fengið það framselt til sín og getur veitt ódýrar og borgað hærra verð til þess sem átti heimildina upphaflega en sá gæti nokkurn tíma haft hag af henni. Eftir því sem framsalið er frjálsara þeim mun meiri hagræðing og hagnaður er í kerfinu. Auðvitað ættu menn að hafa framsalið algjörlega frjálst, bara svífandi, og það var einmitt það sem ég lagði til. En hér er horfið frá því, væntanlega af ótta við orðið „brask" sem sumum finnst voðalega ljótt orð en vestræn hagkerfi ganga nú fyrir samt sem áður og heitir „viðskipti" á góðu og fallegu máli og þykir ekkert ljótt, hvorki með olíu, landbúnaðarafurðir né fisk. Þegar komið er til útlanda þykir það ekki brask að selja fisk. Auðvitað mundu einhverjir í Bandaríkjunum vilja kaupa fisk á tíkall með einhverri úthlutun, en það heitir brask að neyða þá til að borga meira fyrir fiskinn.

Varðandi þær hugmyndir sem hér eru um brottkastið, þá eru þær ekki mjög veigamiklar. Þær eru eingöngu til tveggja ára og ekki mikið útfærðar og það er kannski ljóður á þessu kerfi. Þar er meiningin að hafa tilraunalagasetningu í tvö ár og sjá hvernig það reynist. Gott og vel, menn geta prófað það. En ég er alveg sammála flutningsmönnum um að boð og bönn leiða yfirleitt til lögbrota. Þegar menn eru settir í þá stöðu eins og margir sjómenn að geta hvorki veitt fiskinn né komið með hann að landi, þá eru menn settir í þá stöðu að þeir verða að brjóta lög og það er ekki gott. Það er miklu betra að menn hafi einhvern hvata til að koma með fiskinn að landi. Það er gert ráð fyrir því hérna og það var gert ráð fyrir því í frv. sem ég hef flutt og liggur fyrir hv. sjútvn.

Herra forseti. Það hafa komið fram nokkrar hugmyndir undanfarið og vil ég nefna t.d. hugmynd hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að taka veiðiheimildirnar af þeim sem hafa þær í dag og endurúthluta. Reyndar eru tveir stórir ókostir við þá hugmynd. Það hefur ekki verið sagt hvernig ætti að taka þær af og ekki heldur hvernig ætti að endurúthluta. Ef það á að taka þær af á einu bretti er ég hræddur um að það yrðu heldur miklar sviptingar á verðbréfamarkaði á næstu dögum, sérstaklega ef það ætti að gerast í næstu viku. Ef á að taka þær í burtu á tíu árum, eins og í þessari hugmynd er gert ráð fyrir, hefði það líka áhrif og svo kemur vandinn mikli: Hvernig á að endurúthluta? Ég sting því við hv. þm. að ég vildi gjarnan taka við svo sem eins og nokkur hundruð þúsund tonnum fyrir sjálfan mig ef það kemur að endurúthlutun.

Þau mál sem við ræðum hérna um sjávarútveg eru sem betur fer minnkandi í vægi vegna þess að sjávarútvegur hefur minnkandi vægi í landsframleiðslu og þar af leiðandi er þetta ekki eins óskaplega mikið mál og það var fyrir þjóðina fyrir nokkrum árum. En engu að síður er þetta mjög mikilvægt mál og alveg sérstaklega fyrir margar byggðir úti á landi og þess vegna er mjög brýnt að finna á þessu einhverja lausn og mikilvægt, eins og ég gat um í upphafi, að finna varanlega lausn sem sátt er um þannig að atvinnugreinin sem slík geti búið við stöðugleika.

En ég vil ganga miklu lengra. Ég vil skoða hvað það kostar þessa atvinnugrein að búa við þá óskaplegu lagaramma sem hún býr við, lagafyrirmæli. Hún er rekin nánast af löggjafarsamkundunni. Ég hef oft reynt að setja mig inn í þessi lög. Það tekst aldrei. Ég er kannski ekki nógu greindur til þess. Og svo þegar maður þykist vera búinn að skoða eitthvert lagafrumvarpið, einhver lögin, og maður telur sig vera farinn að skilja þau og fer að spyrja, þá er komin einhver reglugerð og hún er einhvern veginn öðruvísi. Og svo þegar maður er búinn að lesa reglugerðina kemur í ljós að framkvæmdin er enn önnur. Þetta er óskaplega flókið mál og það hafa sjómenn sagt mér að það sé miklu betra að vera lögfræðingur en góður sjómaður þegar menn eru að gera út, það sé nauðsynleg forsenda útgerðar að vera góður lögfræðingur og þekkja inn á öll þessi lög, reglugerðir og framkvæmdina sérstaklega.

Í greinargerð með þessu frv. finnst mér ekki nægilega tekið á því sem ég hef margoft bent á, að við erum að meina ýmislegt þegar við tölum um kvótakerfið. Við erum að tala um vísindalega stjórn fiskveiða sem er einn þátturinn og hefur verið gagnrýndur töluvert mikið. Sumir tala um ríkisvísindi sem þóttu nú ekki góð í Rússíá í gamla daga. Síðan erum við að tala um aflamark og sóknarmark, hvers lags veiðistjórnarkerfi við viljum hafa. Síðan komum við að veiðiheimildum, eignarhaldi á þeim, sem er aðaldeilumálið að mínu mati, og svo að lokum framsali á þessum sömu veiðiheimildum, hvort sem það eru kíló sem menn mega veiða af ákveðnum tegundum eða dagar eða klukkutímar eða veiðigeta í sóknarmarkskerfinu. Hvort tveggja hefur verðmæti og það þarf að taka á eignarhaldinu.

En eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, fagna ég framkomu þessa frv. Ég held að það sé mjög brýnt að það komi fram sem flestar hugmyndir og menn geti vegið þær og metið og skoðað kosti og galla og síðan beri menn gæfu til þess að finna á þessu lausn þannig að útgerðarmenn geti farið að veiða í friði.

[18:11]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræðuna, það var margt athyglisvert í henni. Ég ætla að svara hluta af því.

Hv. þm. sagði að útgerðin væri ofurseld einum seljanda. Ég mundi vissulega hafa áhyggjur af svoleiðis ástandi ef seljandinn væri ekki í þessu tilfelli þjóðin sjálf og menn geta þess vegna skapað reglur fyrir þennan seljanda sem eru hugsaðar fyrst og fremst út frá hagsmunum þjóðarinnar og hagsmunum útgerðarinnar í landinu. Það kemur einmitt fram í máli okkar að það er ætlast til þess að framboðið á þessum markaði verði einmitt hugsað þannig. Það verði stöðugt framboð, útgerðarmenn viti nákvæmlega hvenær veiðiheimildirnar verða til reiðu og viti það langt fram í tímann og þetta verði ekki eins og ef við værum að horfa framan í það t.d. að veiðheimildirnar hefðu safnast á örfárra hendur og þær yrðu síðan seldar á markaði þar sem einkahagsmunir réðu ríkjum. Slíkur markaður mundi verða upptekinn af því fyrst og fremst að menn væru að spá í það hvenær væri hægt að fá hæsta verðið og jafnvel fresta sölu og mynda jafnvel skort á aflaheimildum til þess að hækka upp verðið. Þetta er mjög mikilvægt atriði og skiptir að mínu viti mjög miklu máli þegar menn eru að velta þessum hlutum fyrir sér því að áframhaldandi séreignarhald á veiðiheimildum mun að mínu viti kalla á ástand eins og ég var að lýsa áðan.

[18:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég benti á að það væri einn seljandi. Hv. þm. sagði að það væri þjóðin sjálf. Ég segi að það sé ríkið og ég geri mikinn mun á þjóð og ríki. Ég hef margoft bent á að það er alls ekki það sama, þjóð og ríki.

Þannig er að í ríkinu ræður ríkisstjórn og ríkisstjórnin er samsett úr einhverjum flokkum og hún hefur kannski önnur sjónarmið en þjóðin og þá er ég að hugsa til framtíðar því það eiga eftir að koma margar ríkisstjórnir hér á landi. Það gæti vel verið að ríkisstjórnin væri í einhverjum vandræðum og þyrfti að gera eitthvað og þá beitti hún þessu tæki sínu sem hún hefur, sem einstaklingur gæti aldrei gert, af því að ríkisstjórnin hefur ekki bara þessar heimildir til sölu á uppboði heldur hefur hún líka löggjafarvald að miklu leyti, hafandi meiri hluta Alþingis á bak við sig.

Ég hef því ekki sannfærst um það af ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að þetta sé ekki einn seljandi og ég sé ókostina við þetta fyrirkomulag umfram marga seljendur eins og í þeirri hugmynd, sem ég lagði til, að þessu yrði dreift á alla þjóðina.

[18:15]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvaða trygging væri fyrir því að það yrðu margir seljendur ef það kerfi sem hv. þm. vill koma á yrði til? Væri ekki líklegt að einhverjir mundu taka að sér að selja fyrir þessa mörgu seljendur? Væri ekki líklegt að það yrði til einhvers konar kvótafyrirtæki sem mundi sjá um það að fá sem allra hæst verð fyrir veiðiheimildirnar og mundi fólk almennt geta staðið í því að vera að spekúlera í því hvenær ætti að selja og hafa á því allt vit? Mundu menn ekki fá sérfræðingana til þess að vinna það verkefni fyrir sig?

Mér þykir sárt að heyra að hv. þm. treystir ekki ríkisstjórn en ég trúi því að ef hv. Alþingi þyrfti að glíma við það að búa til reglur fyrir slíkan seljanda sem við værum að tala þarna um sem væri auðvitað þjóðin, hvað sem menn vilja nú kalla það, þá mundu þær reglur verða látnar miðast við þarfir sjávarútvegsins vegna þess að þegar upp er staðið þá skiptir það öllu máli til að arðurinn verði sem mestur af rekstrinum.

[18:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu færi hún Anna á Suðureyri ekki að selja aflahlutdeild sína í nýju kerfi beint heldur mundi hún fela einhverjum að gera það. En það yrði samkeppni um það líka. Það yrði samkeppni um að miðla aflahlutdeildum sem ódýrast og sem best og ná sem hæstu verði fyrir hana Önnu á Suðureyri. Það mundu myndast nokkrar blokkir vissulega, kvótasjóðir, sem mundu jafnvel fjárfesta í þessum veiðiheimildum en þær yrðu alltaf nokkrar og þetta yrði að gerast á hverju ári aftur og aftur þannig að það getur ekki myndast nein ein blokk nema hún miðli miklu ódýrar en allir aðrir.

[18:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess í ræðu sinni að hann vantaði svör við því hverjar hugmyndir mínar væru um að taka kvótann af þeim sem hann hefðu í dag og hvernig ég hugsaði mér að endurúthlutun færi fram á jafnræðisgrundvelli. Því er fljótsvarað. Það kom fram í umræðunni á sínum tíma. Ég geri ráð fyrir því að fyrna inn veiðiheimildirnar og miða við 3–5% fyrningu á ári. Það þýðir að ef miðað er við 5% á ári, þá er allt innleyst á 20 árum, þá hafa þeir sem eru með veiðiheimildirnar undir höndum í dag að meðaltali fullar tekjur af veiðiheimildum sínum í 10 ár.

En ef menn skoða verðlagningu á veiðiheimildum má reikna með að menn áætli að þeir þurfi að nýta þær í fimm til sjö ár til að greiða kaupverð af varanlegri aflahlutdeild og með því að hafa tíu ár, þá er ríflega fyrir því séð og jafnvel gert ráð fyrir ágóðahlut.

Ef miðað er við 3% fyrningu á ári, þá innleysist allt á 33 árum þannig að hver útvegsmaður hefur þá að jafnaði fullar tekjur af heimild sinni í helming þess tíma eða um 16 ár. Þessi umbreytingatími er því nokkuð langur, en hann er það ríflegur að ekki verður óðru haldið fram en að vel sé séð fyrir hagsmunum þeirra sem hafa fjárfest í greininni og ríflega það.

Hvað varðar endurúthlutun geri ég einfaldlega ráð fyrir að nýta mér markaðskerfið og bjóða heimildirnar til leigu á markaði til nokkurra ára í senn.

[18:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru mjög ánægjulegar upplýsingar og segir okkur það að hv. þm. hefur nánast sömu hugmynd og hér kemur fram og við erum að ræða nema hann er mildari við eigendur kvótans, miðar við 20–33 ár. Ég var reyndar með 20 ár í hugmynd minni. Munurinn er sá að hann reiknar með því að ríkisvaldið fái andvirðið og verði með uppboð og þá hef ég sama fyrirvara á því og ég nefndi áður að ég hef ekki trú á því að það sé gott að ríkisvaldið fái þetta fé og ég tel að það sé heldur ekki gott að það sé einn aðili sem bjóði.

[18:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að munurinn á þessum tveimur hugmyndum er í meginatriðum sá sem hann nefndi. Ég geri að vísu ráð fyrir því í hugmyndum mínum að fjórðungur til þriðjungur af veiðiheimildunum verði á forræði sveitarfélaganna en hins vegar verði þær eftir sem áður leigðar á markaði þannig að tekjurnar af því renni til sveitarsjóða en ekki ríkissjóðs. Sveitarfélögin hafi heimildir til þess að binda skilyrðum þann hluta heimildanna sem þau hafa yfir að ráða sem eiga að tryggja atvinnuhagsmuni í byggðarlaginu, gætu t.d. sett þá skilmála að þeim sem leigðu þessar tilteknu veiðiheimildir væri skylt að gera út frá viðkomandi verstöð, landa þar eða selja aflann til vinnslu þar. Það mundi auðvitað hafa áhrif á væntanlegt markaðsverð þeirra veiðiheimilda. Það gæti verið lægra vegna skilmálanna en engu að síður mundi það þjóna sínum tilgangi og treysta atvinnu og byggð.

[18:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru að einhverju leyti svipaðar hugmyndir og við ræðum hérna en í þessu felst ákveðinn vandi. Eru það öll sveitarfélög sem eiga að fá þetta, og þá í hlutfalli við íbúafjölda eða hvernig verður það? Á Reykjavík að fá stóran hluta til sín? — Nú er hv. þm. horfinn úr salnum og getur því ekki svarað en hann kemur kannski í umræðuna á eftir.

En ég hef athugasemdir við að það sé sett sem skilyrði að aflanum sé landað á einhverjum stað vegna þess að við erum komin með það gott flutningskerfi að það er hægt að landa aflanum á einum stað á landinu og flytja hann svo bara á hinn endann á landinu. Þess vegna er það engin trygging

fyrir því að aflinn komi viðkomandi sveitarfélagi að gagni eða nýtist því þó að aflanum sé landað þar eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem við ræðum hér.

[18:22]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var merkilegt að hlýða á hv. þm. gera því skóna að ríkisstjórn þyrfti ekki að vera með sömu skoðanir eða hagsmuni og þjóðin og þar af leiðandi væri erfitt fyrir þjóðina að þurfa að treysta ríkisstjórn.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að þetta frv. Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir þjóðareign á auðlindinni með alveg sama hætti og við aðhyllumst það að þær náttúruauðlindir sem þegar eru annaðhvort tileinkaðar þjóð eða taldar ríkiseign, séu skilgreindar sem þjóðareign og meðhöndlaðar með sérstökum hætti. Þannig er það.

En það var umfjöllun hv. þm. um afskriftir, um kaup öllu heldur sumra á veiðiheimildum á meðan aðrir höfðu fengið gefins eins og hann orðaði það. Nú kemur það fram í frv. okkar að á aðlögunartímanum geti menn afskrifað þær veiðiheimildir sem þeir hafa keypt í núgildandi kerfi. Þetta er hins vegar ekki hægt lengur — ætli það sé ekki fyrsta árið í ár sem mönnum er ekki heimilt að afskrifa kaup á veiðiheimildum. Mér fyndist fróðlegt að heyra afstöðu hv. þm. til núverandi ástands. Finnst honum að það sé eðlilegt ástand að menn hafi ekki heimild til þess að afskrifa þær veiðiheimildir sem þeir hafa keypt eða er hann sáttur við það ástand sem er að skapast með þeim lögum sem voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi um það efni?

[18:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi ríki og þjóð. Einu sinni voru Íslendingar þegnar Danaveldis og það er hætt við að sú ríkisstjórn hefði kannski ekki haft sömu skoðun á hagsmunum Íslendinga og þeir sjálfir.

Varðandi afskriftirnar þá er ákveðið rökrétt samhengi þarna á milli. Ef veiðiheimildirnar eru að eilífu eign þeirra sem þær hafa með höndum, þá er óeðlilegt að afskrifa þær nákvæmlega eins og það er óeðlilegt að afskrifa land sem menn eiga.

Hins vegar ef á að fara að taka þetta af mönnum með þeim hætti sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lagt til og liggur í þessu frv. og einnig þeim hugmyndum sem ég lagði til, þá er eðlilegt að það megi afskrifa það. Í öllum þessum tillögum, alla vega þessari og þeirri sem ég lagði til, er gert ráð fyrir því að upptaka á þessari eign verði milduð með því að menn geti afskrifað þessa eign sína á þeim tíma sem upptakan á að taka. Þannig niðurgreiði ríkið í rauninni með minnkandi skatttekjum upptökuna á eigninni. Þarna er eðlilegt samhengi á milli þannig að ég sé ekki annað en að það sé mjög rökrétt að ef eignarhaldið er eilíft, þá sé það ekki afskrifað.

[18:25]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hafði greinilega láðst í ræðu sinni þegar hann fjallaði um þjóðina og ríkisstjórnina að segja okkur frá því að hann gerði ekki endilega ráð fyrir lýðræðisskipan þegar hann var að setja dæmið svona upp vegna þess að við hljótum að ætla að við lýðræðisskipan a.m.k. eigi það að fara saman, vilji þjóðar og ríkisstjórnar.

Hins vegar finnst mér orðnotkun hv. þm. svolítið truflandi þar sem hann talar allaf um eign. Hann talar alltaf um eign útgerðarmanna, það eigi að taka af þeim eign þeirra. Er hv. þm. á þeirri skoðun að úthlutaðar veiðiheimildir, úthlutaðar aflahlutdeildir séu eign viðkomandi útgerðarmanna þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og þrátt fyrir þá dóma sem gengið hafa, m.a. hæstaréttardóma, í þveröfuga átt?

[18:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar maður kaupir veiðiheimildir á segjum 800 kr. kg og breytir peningum sem eru eign yfir í eitthvað annað, þá hlýtur það að vera eign áfram. Þetta er í reynd eign þess sem fer með það þangað til reglunum verður breytt. Menn búa við þessa óvissu og þessa áhættu í þessari eign, að henni gæti verið breytt, og það er vitað á hverjum tíma. Ef maður ætlar að fara að veiða á morgun, einmitt á morgun, þau kíló sem hann má veiða, er sú heimild eign og verður ekkert annað en eign þangað til reglunum verður breytt.

[18:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hyggst nú halda áfram að hluta til þeirri ræðu sem ég var með fyrr í dag. Ég held að ég hafi verið þar staddur í máli mínu sem ég var að tala um möguleika á endurleigu aðila á aflaheimildum og lýsti mig ósammála því að slíkt fyrirkomulag héldi áfram þar sem það byði upp á þau leiðu afbrigði og afleiðingar sem verið hafa samfara því sem ég hef leyft mér að kalla kvótabrask og er alþekkt, þ.e. bæði þegar leiguliðinn er settur í þá stöðu að þurfa að borga þeim sem aflaheimildirnar hefur yfirverð, eða mjög hátt verð fyrir aflaheimildirnar, oft svo hátt að vandséð er hvernig menn gera út á það og verður í raun og veru að segja sem svo að þeir leiguliðar sem hafa verið að gera út í þessu kerfi í nokkur ár svo til aflaheimildarlausir hljóti að vera hinir hæfustu útgerðarmenn sem til eru í landinu. Að geta yfirleitt lifað við það kerfi sem er í dag að þurfa að leigja til sín aflaheimildir eins og í þorski fyrir 100 kr. kg og komast af við það. Reyndin hefur hins vegar verið sú að menn hafa stundum verið að láta áhafnir taka þátt í þessari leigu með hinum eða þessum hætti þó að það hafi verið talið óheimilt.

Ég hef hins vegar ekki komið auga á það eða mér hefur yfirsést það og verð þá vonandi leiðréttur af hv. flm. þessa frv. að því leigutímabili sem ég hef gert að umræðuefni, þessum leigumöguleikum milli manna sem aflaréttinn hafa sé lokið innan tíu ára. Ég alla vega skil þetta svo í 3. gr. frv., þar sem segir:

„Heimilt skal þeim útgerðum sem leigja til sín aflahlutdeild að framleigja 50% aflamarks og skipta á veiðiheimildum innan síns útgerðarflokks á því fiskveiðiári sem stendur hverju sinni."

Mér hefur kannski sést yfir að þetta væri tímabundið ákvæði. Ég leit svo á að það væri ótímabundið. Ég hef ekki komið auga á að þetta ákvæði væri fellt út eftir tíu ár. Ég skil að þetta er á aðlögunartíma en ég sé ekkert sem fellir það út eftir að tíu árum er lokið og held því þess vegna fram að leiguframsalið sé áfram inni og þurfi þá athugunar við. Ef það hefur verið vilji flutningsmanna og meining að þetta hyrfi út eftir tíu ár, þá er þess a.m.k. ekki getið eða ég kem ekki auga á það en kannski hefur mér yfirsést það. Ég ætla ekki að fullyrða um það en það verður þá leiðrétt síðar.

Það er annað atriði sem mig langar til að fræðast um í þessu. Það segir svo í 2. gr.: „Heimilt er að svæðisbinda veiðar einstakra tegunda enda liggi fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksveiðiþol þeirrar fiskteg-

undar sem um ræðir á viðkomandi svæði.“ Nú þekkjum við auðvitað þessar veiðar um svæði, innfjarðaveiðar á rækju, skelfisksveiðar og kannski fleiri veiðar sem eru svæðisbundnar og hafa verið það í mörg ár. Ég vil hins vegar spyrja þeirrar spurningar hvort hér sé þá ekki líka verið að víkja að því að fleiri fisktegundir en þær sem hafa verið svæðisbundnar í veiðum undanfarin ár gætu verið svæðisbundnar ef því væri að skipta, ef þannig útfærsla væri sett upp, við skulum segja t.d. að strandveiðiflotinn og byggðirnar hefðu alltaf ákveðinn forgang til þess að fá að stunda sjó og sá réttur yrði ekki af mönnum tekinn að einhverju lágmarki. En maður hefur nú verið að velta fyrir sér hvernig mætti setja í löggjöf að byggðir sem eiga alla sína afkomu undir sjósókn og fiskveiðum, að ekki sé hægt í löggjöf að taka af þeim þann rétt eins og kannski hefur komið upp í fiskveiðistjórnarlögum okkar þegar kvótinn hefur horfið algerlega úr byggðarlagi og enginn veiðiréttur verið eftir í byggðinni. Ég held að það sé gjörsamlega óásættanlegt ástand.

Ef það er svo að formaður útgerðarmanna, Kristján Ragnarsson, telur að hann geti farið í sérstök málaferli út af einhverri mismunun út af smábátakerfinu, hvað þá með þá aðila í byggðum sem þar hafa búið alla sína tíð, sest þar að og stundað fiskveiðar á skipum útgerðarmanna og unnið úr aflanum, þegar búið er að selja þær heimildir í burtu? Hvar er þá réttur þeirra ef menn telja að það sé einhver voðaleg mismunun að hafa sérstök stýrikerfi, annars vegar varðandi smábáta og strandveiðiflota og hins vegar varðandi stærri skip? Reyndar hef ég aldrei skilið það markmið núgildandi laga að reyna að stýra smábátum eða reyna að færa þá til sömu aðferðar og frystitogurunum er stýrt og ég held raunar að engin þjóð hafi tekið sér það fyrir hendur nema Íslendingar að stýra fiskveiðum þannig. Þetta er vafalaust atriði sem ég fæ skýringar á hér á eftir og þetta kemur líka fram í 3. gr.: „Heimildir til sérveiða skulu boðnar til leigu sérstaklega aðgreint eftir svæðum og tegundum.“ Og þá spyr ég líka: Getur þetta ekki alveg eins átt við t.d. um fjórðungana sem menn tala oft um, Norðlendingafjórðung, Austfirðingafjórðung, Vestfirðingafjórðung o.s.frv. eins og eftir svæðum eins og við höfum skilið það í dag, þ.e. skelfisksveiðar innan Breiðafjarðar, eða rækjuveiðar innan Húnaflóa eða Öxarfjarðar o.s.frv.? Þetta var það sem ég hafði áhuga á að fá nánari skilgreiningu á hjá flutningsmönnum og fæ það vafalaust í svörum þeirra á eftir.

Að öðru leyti vil ég segja það að ég tel það nokkur tímamót þegar við erum að ræða í hv. Alþingi frv. sem tekur á breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og ég taldi það líka nokkur tímamót á síðasta ári þegar við vorum að ræða tillögur sem við fluttum saman, Frjálslyndi flokkurinn og vinstri grænir, um stefnumótun um það hvernig mætti komast frá núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og yfir til annars sem að sumu leyti byggir á hugsun sem er einnig í frv. Samfylkingarinnar, þ.e. varðandi fyrningu veiðiheimilda og eins varðandi skiptingu flotans í aðgreinda útgerðarflokka. Það virðist ekki vera með vanþörf á að menn séu með hugmyndir og ræði þær fram og til baka í þessu stórmáli því að ekki virðist mér á fréttum frá endurskoðunarnefndinni að það gangi svo vel hjá mönnum að komast þar áfram enda kannski ekki við því að búast. Ég var nýlega á fundi á Kaffivagninum hér í Reykjavík og hlustaði þar á orð forustumanns útvegsmanna, framkvæmdastjórans Friðriks Arngrímssonar, og hvað talaði sá ágæti maður um á þessum fundi? Jú, hann talaði um það að sennilega væri bara eðlilegast, og hv. þm. Kristinn Gunnarsson leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál, ég held að hann hafi sagt að það væri sennilega eðlilegast að taka bara upp séreignarrétt fyrir útgerðarmenn á veiðiheimildum. Ég held að hann hafi bara orðað þetta ósköp einfaldlega svona.

Það skyldi þó ekki vera að það væru í raun og veru þær hugmyndir sem blunda hjá ríkisstjórninni og hæstv. sjútvrh. að halda þannig áfram á málum um stjórn fiskveiða að útgerðarmenn fái séreignarrétt til framtíðar litið á fiskveiðiheimildum í hafinu. Ég vona svo sannarlega að þetta séu getgátur einar hjá mér en ég heyrði framkvæmdarstjórann segja þessi orð og honum fannst það mjög eðlilegt, held ég, að setja þetta svona fram, að útgerðarmennirnir eignuðust bara þennan séreignarrétt á þessum heimildum.

Að lokum langar mig til að víkja örstutt að því að hv. þm. Gísli S. Einarsson talaði um, að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., hefði talað um það á síðasta landsfundi Framsfl. að mönnum fyndist það sárt og það særði réttlætiskennd fólks að horfa á menn taka mikla peninga út úr kvótakerfinu með sölu veiðiréttarins. Ég vil hins vegar minna á það sem var í bók sem hæstv. ráðherra gaf út 1991, þá leit hann svo á að slíkur söluréttur væri sárabót þeim sem hugsanlega þyrftu að hverfa frá útgerð.

[18:38]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagðist vera ósammála endurleigunni sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það var niðurstaða okkar að það væri skynsamlegast að breyta sem allra minnstu og þess vegna komumst við að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að lokum að við ættum ekki að hrófla við þeirri leigu sem væri leyfileg núna í kerfinu en leyfa hana á aðlögunartímanum. Við gerðum síðan ráð fyrir því að þegar tíu ára lokin nálguðust mundu menn fara yfir það hvernig þetta yrði í framhaldinu, eftir að aðlögunartímanum væri lokið. En við hefðum orðið að breyta líka, við hefðum ekki getað leyft að menn leigðu frá sér í gamla kerfinu en ekki neitt í hinu kerfinu. Okkur fannst óeðlilegt að hafa slíka skipan á, að nýja kerfið sem væri að koma inn væri fastbundið en hinir gætu leigt frá sér eftir sem áður. Og okkur fannst ekki heldur ástæða til þess að fara í þann möguleika að loka alfarið leigunni í gamla kerfinu á meðan, við vildum breyta sem minnstu.

Að svæðisbinda veiðar? Já, það var hugmyndin á bak við þessa tillögu eins og hún liggur þarna inni að það væri hægt að svæðisbinda veiðar með víðtækari hætti en hefur verið gert. Menn hefðu þann möguleika bæði að fá tillögur um grunnslóðarveiðar og veiðar með stærri skipum á djúpslóð og/eða svæðisbundnar veiðar sem menn veldu að hafa af öðrum ástæðum, og að tegundir gætu orðið fleiri en nú eru í svæðisbundnum veiðum.

[18:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það virðist gæta einhvers misskilnings í umræðunni hjá alla vega mörgum hv. þm. um hvert sé dagskrármálið. Dagskrármálið er frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, þar sem 1. flm. er Jóhann Ársælsson. Þetta er ekki umræða um almenna sjávarútvegsstefnu eða eldhúsdagur um sjávarútvegsmál og þetta er ekki umræða um stefnu hæstv. sjútvrh. eða stefnu ríkisstjórnarinnar en margir ræðumenn hafa viljað fjalla meira um stefnu ráðherrans eða stefnu ríkisstjórnarinnar eða jafnvel meint stefnuleysi frekar en dagskrármálið, þ.e. frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Eins og hv. Alþingi veit er nefnd að störfum á vegum hæstv. sjútvrh. þar sem verið er að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og ég vonast til þess að sú nefnd skili af sér innan tíðar. Hvenær það verður veit ég ekki og get ekki sagt um. Ég hafði vonast til þess að hún hefði skilað af sér fyrr. Það hefði að sjálfsögðu verið betra því að því fyrr sem við útkljáum þetta mál, þeim mun betra er það fyrir alla, en ég hef fulla trú á því að nefndin muni vinna verk sitt af vandvirkni og eins hratt og henni er mögulegt og skila til mín áliti sínu og ég muni í framhaldi af því geta lagt fram frv. á hv. Alþingi. Og á meðan ég hef þá trú sé ég ekki ástæðu til þess að taka upp annan hátt á því að vinna þetta mál. Þegar það frv. verður lagt fram mun það að sjálfsögðu fara til hv. sjútvn. og hún mun hafa það til meðferðar eins og þingsköp Alþingis kveða á um.

Hins vegar varðandi þetta frv. hefur verið lagt upp úr því í umræðunni að frv. sé í samræmi við skýrslu auðlindanefndar eða þá sátt sem fram kom í skýrslu auðlindanefndar. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir og finnst mér hv. þm. leggja sig talsvert langt fram um að reyna að færa rök fyrir þessu en ég fæ ekki betur séð en þetta frv. sé að stofni til sama frv. og flutt var á síðasta þingi af sömu flutningsmönnum og ég get engan veginn séð að þetta frv. sé í samræmi við þá sátt sem auðlindanefndin komst að og þá sérstaklega hvað varðar það starfsumhverfi sem atvinnugreininni væri ætlað í framtíðinni eins og t.d. hvað varðar mjög mikilvægan þátt eins og framsalið, það er beinlínis í beinni andstöðu við auðlindanefndarskýrsluna hvað þetta varðar, og eins varðandi þau skilyrði sem auðlindanefndin setur fyrir því að innleidd verði gjaldtaka á sjávarútveginn. Þvert á móti er farið mjög bratt í allar breytingar í þessu frv. og hvergi fylgt þeim ramma eða þeim skilyrðum sem auðlindanefndin setur utan um upptöku auðlindagjalds í sjávarútvegi.

Það hefur einnig verið minnst á árangur fiskveiðistjórnarkerfisins af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og ekki í fyrsta skipti og væntanlega ekki í síðasta skipti því að ég á ekki von á því að hann nú frekar en áður taki þeim rökum sem ég hef fram að færa í þeim efnum. En staðreynd mála er hins vegar sú, því miður, að megnið af síðustu öld vorum við að veiða umfram afkastagetu fiskstofnanna ár eftir ár. Við höfðum úr stórum stofni að taka sem í upphafi var sennilega nálægt 3 millj. tonna. Það var gott árferði og þess vegna gekk þetta án stóráfalla. Einnig kom til að það var minnkandi veiði á tímabili síðari heimsstyrjaldarinnar og það er einungis á því tímabili og í kringum það tímabil og síðan frá árinu 1995 sem veiðin úr þorskstofninum hefur verið í samræmi við afkastagetu hans. Það er einungis á þessu tímabili sem unnt er að tala um sjálfbærar veiðar úr íslenska þorskstofninum. Síðan blandast líka inn í þetta Grænlandsgöngur sem eru fyrirbrigði sem við höfum ekki séð í talsvert langan tíma og hafa áhrif á þetta líka.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur verið að bera saman það sem var fyrir upptöku kvótakerfisins og eftir upptöku kvótakerfisins og miðar þá við árið 1983. Við höfum vissulega séð miklar framfarir og mikla hagræðingu í sjávarútvegi á Íslandi alveg frá 1983 þegar kvótakerfið var tekið upp fyrst. En sá hluti sem sneri að fiskveiðistjórninni, stjórnun veiðanna og uppbyggingu stofnanna, fór ekki að skila verulegum árangri fyrr en í upphafi síðasta áratugar því að á árunum 1983–1990 var mestallan tímann í gangi blandað kerfi, kerfi kvótakerfis og sóknarkerfis. Því miður varð síðan staðan sú að flest þessi ár var ákveðið heildaraflamark umfram það sem vísindamenn lögðu til og síðan var veiðin líka umfram það heildaraflamark sem sett hafði verið þannig að á þessu tímabili var heildaraflinn langt umfram það sem hin vísindalega fiskveiðistjórn hafði lagt til. Og það er ekki fyrr en á síðasta áratug eftir að lögin tóku gildi 1991 og sérstaklega eftir að aflareglan var tekin upp sem veiðar úr þorskstofninum urðu í samræmi við það sem mat vísindamanna gaf til kynna að ætti að vera. Einmitt frá þessum tíma höfum við séð góðan árangur í því að byggja upp þorskstofninn.

Það er hins vegar aldrei svo að allir hlutir geti verið í 100% lagi þegar náttúran á í hlut. Þar er alltaf breytileiki sem við þekkjum ekki allan og getum ekki alltaf séð fyrir. Síðan kemur auðvitað mannlegi þátturinn inn í þetta líka og það er ekki ólíklegt að á meðan við höfðum mestar áhyggjur af þorskstofninum höfum við kannski litið fram hjá áhyggjum sem við hefðum þurft að hafa af öðrum stofnum samhliða og kannski ekki farið nægjanlega varlega með þá. Við höfum þá kannski hin síðari ár verið í heldur meiri vafa um þá stöðu vegna þessa heldur en við þyrftum að vera en þetta er hlutur sem við erum að reyna að laga núna með fiskveiðistjórn okkar og vonandi munum við geta komið öðrum stofnum í eins góða stöðu og mér sýnist þorskstofninn vera í, alla vega miðað við hrygningar þriggja til fjögurra síðustu ára sem gefa til kynna að nýliðun í stofninum sé mjög góð.

Síðan er kannski rétt líka að hafa í huga að þeir fiskstofnar sem lengst hefur verið stýrt með aflamarki, heildaraflamarki og í kvótakerfi, eru uppsjávarstofnarnir, þeir eru í góðu ástandi, loðnustofninn sérstaklega eins og nýjustu dæmin sanna. Okkur hefur á því tímabili sem við erum að ræða hér um tekist að byggja upp íslenska síldarstofninn og á sama tíma hefur okkur í samvinnu við aðrar þjóðir tekist að byggja upp norsk-íslenska síldarstofninn og íslenskur sjávarútvegur nýtur auðvitað góðs af uppbyggingu og stöðu þessara stofna í dag. Þetta er staða fiskstofnanna og árangur þeirrar fiskveiðistjórnar sem við höfum verið að þróa og beita á síðustu þremur áratugum.

Það var einnig minnst á brottkast og að þær tillögur sem ég hef lagt fram á Alþingi og það sem ég hef gert til að hafa áhrif á brottkast á undanförnum mánuðum væri ekki í samræmi við tillögur auðlindanefndarinnar varðandi hagrænar aðgerðir. Því er til að svara að það sem gert hefur verið varðandi brottkast á undanförnum mánuðum hefur verið þrenns konar.

Í fyrsta lagi hefur farið fram athugun á því hversu mikið brottkast er og þeirri athugun lýkur vonandi mjög bráðlega þannig að hægt verði að kynna þá niðurstöðu innan ekki langs tíma.

Í öðru lagi hefur eftirlitsmönnum verið fjölgað. Það hefur verið gert í tvígang, fyrst 1. september sl. og svo aftur 1. janúar sl. Með því má segja að fjöldi eftirlitsmanna hafi í fyrsta skipti nálgast það að vera í samræmi við þá þörf sem er ef við ætlum að halda úti fiskveiðieftirliti sem nær að dekka þær veiðar sem við stundum.

Í þriðja lagi hafa verið lögð fram tvö frv. á Alþingi til þess að hafa áhrif á brottkastið og hvor tveggja eru hagræns eðlis. Annað tengist eftirlitinu og hitt tengist tegundartilfærslunni. Tegundartilfærslan er í eðli sínu meðaflaregla sem sumir hafa talað um hér og kallað eftir. Hins vegar hefur hún undanfarin ár verið útfærð á þann hátt að hún hefur frekar orðið til þess að menn hafa verið að ná sér í aflaheimildir í tilteknum stofnum eftir því hvernig aðstæður hafa verið á kvótamark-

aði og vegna misræmis sem er í gildi stofnanna, þ.e. annars vegar í þorskígildum og hins vegar í verðmæti kvótans á markaði. Sú breyting sem lögð hefur verið til á að leiða til þess að tegundartilfærslan nýtist sem meðaflaregla en sé ekki einungis notuð til þess að auka kvótann í eftirsóknarverðum fiskstofnum. Þetta eru ekkert annað en hagrænar aðgerðir og í fullu samræmi við það sem auðlindanefndarskýrslan leggur til.

Hins vegar er kannski eðlilegt að hv. þm. hafi ekki áttað sig á þessu. Þeir eru kannski ekkert voðalega mikið sinnaðir sjálfir fyrir hagrænar aðgerðir og miðstýringin er kannski enn þá of greypt í huga þeirra aðila sem hafa eytt mestöllum sínum pólitíska ferli í hinum svokölluðu vinstri flokkum á Íslandi, Alþb. og Alþfl. En vonandi falla þessar skýringar mínar í góðan jarðveg hjá þeim þannig að þeir styðji mig í tilraunum mínum til að halda aftur af brottkastinu sem ég tel að vissulega sé ástæða til að gera.

Ég vonast til þess að innan tíðar skili endurskoðunarnefndin af sér áliti sínu og að það verði síðan til þess að hér verði lagt fram á Alþingi lagafrv. um breytingar á stjórn fiskveiða og að ég geti treyst því að staðið verði við þá sátt sem náðist í auðlindanefndinni og birtist í skýrslu nefndarinnar þannig að þó að einhver ummæli hafi fallið í þessari umræðu í gagnstæða átt þá séu það orð sem falla í hita leiksins og skýrist kannski frekar af því að réttlæta þurfi það að verið er að leggja fram frv. í annað sinn sem lagt var fram áður en auðlindanefndin skilaði áliti sínu og er ekki enn þá farið að taka tillit til sáttarinnar sem þar er. Ég skil það mætavel og er ekki að gera neinar athugasemdir við það en ég vonast til þess að þegar til kastanna kemur, þá verði sú sátt sem þar náðist ríkjandi og að á hana megi treysta.

[18:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gæti verið áhugavert að fara yfir það hverjir eru mestir miðstýringarmenn á hinu háa Alþingi. Það er alla vega ljóst að við í Samfylkingunni studdum ráðherrann í þessu tegundartilfærslumáli hans en erum jafnframt á markaðsleiðinni þegar kemur að þessu frv. Og af því að hæstv. ráðherra var að tala um auðlindanefndarskýrsluna þá ætla ég að lesa upp lýsingu úr skýrslunni á svokallaðri fyrningarleið, en þar segir:

„Fyrri leiðin, sem hér verður nefnd fyrningarleið, byggist á því að allar aflahlutdeildir verði skertar árlega um fast hlutfall en síðan verði þær endurseldar á markaði (eða á uppboði).“

Þetta er nákvæmlega sú meginlína sem liggur í gegnum það frv. sem hér er til umfjöllunar. Útfærslan er síðan kannski önnur, enda segir, svo ég haldi áfram að vitna í skýrsluna, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig eru skiptar skoðanir um hversu hátt veiðigjald eða fyrningarhlutfall eigi að vera, enda hljóti það að lokum að ráðast af stjórnmálalegu mati, þar sem m.a. verði tekið tillit til afkomuskilyrða sjávarútvegsins.“

Herra forseti. Auðvitað varð að orða þetta svona vegna þess að fyrst veiðigjaldsleiðin er á annað borð tekin hér upp, þá þarf auðvitað að taka þetta fram því að þar er um að ræða leið þar sem stjórnmálamenn eiga að taka að sér að meta hvers virði aðgangurinn að auðlindinni er. Ef stjórnmálamenn eiga að gera það en ekki atvinnugreinin sjálf, þá hlýtur að þurfa m.a. að taka tillit til afkomuskilyrða sjávarútvegsins og þess vegna kemur þetta inn, um hversu hátt veiðigjald eigi að vera og svo fyrningarhlutfall, enda hljóti það að lokum að ráðast af stjórnmálalegu mati.

[18:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. var um tvær leiðir að ræða í auðlindanefndarskýrslunni og meiri hluti nefndarinnar gerði þar ekki upp á milli. En það eru auðvitað afkomuskilyrðin sem skipta gríðarlega miklu máli þegar verið er að leggja nýtt gjald á atvinnugreinina og það kemur einmitt fram í auðlindanefndarskýrslunni að það eigi að taka tillit til þeirra. Þá er verið að talað um óvissu í greininni og aðlögun sem greinin þurfi að hafa að breyttum aðstæðum og síðan stöðu atvinnugreinarinnar miðað við stöðu sams konar fyrirtækja erlendis. Það er ekki tekið tillit til neins af þessu í frv. Samfylkingarinnar. Þessi atriði koma þar ekki upp, hvorki núna á þessu þingi frekar en á síðasta þingi. Það er bara ekki hugsað um þetta.

[18:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því af því að það var hæstv. ráðherra sem fór að tala um miðstýringu áðan þá fer ég að hafa verulegar áhyggjur af því að hæstv. ráðherra viti ekki út á hvað markaðskerfi gengur. Í frv. okkar er gert ráð fyrir því að það sé atvinnugreinin sjálf sem verðleggi þennan aðgang að auðlindinni og það hljóti þá að ráðast af stöðu hennar hverju sinni hvað hún treystir sér til að borga og miði þá sjálf við ytri aðstæður.

Það er hin leiðin, herra forseti, miðstýringarleiðin, sem mér heyrist ráðherrann aðhyllast sem gerir ráð fyrir því að stjórnmálamenn taki ákvarðanir miðað við meinta stöðu útvegsins á hverjum tíma. Þessu hlýtur hæstv. ráðherrann að fara að átta sig á ef hann skoðar málið betur.

[19:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki langar kennslustundir í markaðsfræði hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. En það hlýtur einmitt að koma inn í þetta líka hvert fyrningarhlutfallið er og til hvers er ætlast af fyrirtækjunum. Og af þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um þessi mál, þá er þetta, þær fyrningar og tímalengd veiðiheimilda, það stysta sem ég hef séð.

Það hafa tveir aðrir hv. þm. úr öðrum flokkum komið hér upp og rætt lítillega tillögur sínar þar sem um er að ræða miklu lengri fyrningartíma, miklu meiri aðlögun og miklu meira tillit tekið til þeirra aðstæðna sem um er að ræða en er í þessu frv. Samfylkingarinnar sem alls ekki er í samræmi við auðlindanefndarskýrsluna.

[19:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra það að alla síðustu öld hefðum við stundað ofveiði á fiskstofnum. Það var ekki annað að heyra á því svari sem hæstv. ráðherra gaf áðan. Það hafi sennilega eftir 1991 komið til það kerfi að breytinga megi vænta. Síðan þakkar sjútvrh. kvótakerfinu sérstaka fæðingartíðni hjá þorskinum sl. þrjú til fjögur ár.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að lesa skýrslu Hafró. Það má líka finna fjögur ár eða nokkur ár saman sem voru mjög góð klakár, hæstv. ráðherra, hjá þorskinum hér á árum áður, það var reyndar fyrir daga kvótakerfisins.

En svo held ég að sé rétt að víkja að öðru. Hæstv. ráðherra talar um góða uppbyggingu uppsjávarfiskstofnanna og minnist þar á síldarstofnana. Það vill svo til að íslenski síldarstofninn virðist hafa frosið í 500 þúsund tonna stærð og

ekki að sjá að hann byggi sig mikið meira upp. Við veiðum yfirleitt um 100 þús. tonn af síld á hverju einasta ári. Það er kannski einhver sú stærð sem síldarstofninn fer bara í. Ég veit það ekki. Ég þekki ekki þá líffræði. Mér finnst það hins vegar furðulegt miðað við nýtingu á stofninum að hann skuli ekki geta stækkað áfram.

Svo vil ég vekja athygli á því að aðrir botnfiskstofnar, þar á meðal þorskurinn, ýsan, ufsinn og fleiri botnfiskstofnar, hafa ekki verið í neinni sérstakri uppbyggingu, hvorki síðasta áratug nýliðinnar aldar né fyrr á þessu kvótatímabili. Ég hef a.m.k. ekki séð það.

Ég vona svo sannarlega að það sé rétt hjá ráðherranum að nú sé allt á uppleið og blóm og björt framtíð fram undan. Ég mundi vissulega gleðjast með honum yfir því.

[19:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði aldrei að það væru engin vandamál og vissulega vildi ég að staðan væri betri hvað varðar ýsustofninn og ufsastofninn. Þar er vissulega verið að grípa til aðgerða og reyna að hafa áhrif á viðkomu stofnsins.

En varðandi fæðingartíðni þorsksins, þá fer það auðvitað að einhverju leyti eftir því hvað mæðurnar eru margar og það hefur einmitt verið eitt af helstu markmiðum uppbyggingar fiskstofnanna, þorskstofnsins sérstaklega, að stækka hrygningarstofninn og það hefur tekist mjög vel þannig að hann hefur náð þeim mörkum sem menn töluðu fyrir fram um að skipti sköpum í þessu efni, 500 þúsund tonn og að við þau mörk væri líkur til þess að við fengjum klak sem heppnaðist oftar en ekki og það virðist hafa gengið eftir. Ég get ekki bent á annað en þær tölur sem við höfum út úr mælingum Hafrannsóknastofnunar og síðan reynslu kollega hv. þm., skipstjóranna úti á sjó sem núna eru að berjast við að það er of mikill smáfiskur á miðunum sem gefur til kynna að klakið sé að umbreytast yfir í það að verða veiðanlegur fiskur á næstu missirum.

Það er hugsanleg skýring á því með íslenska síldarstofninn að það sé einhver náttúruleg stærð sem markast af náttúrulegum aðstæðum þessa dagana, þessi 500 þús. tonn. Ég get ekki svarað því hérna, en mér finnst það ekkert óeðlilegt og það er líffræðilega þekkt fyrirbrigði. En við höfum nýtt þennan stofn skynsamlega í langan tíma og byggt hann upp og það var það sem ég var að segja að okkur hefði tekist. Það sýnir að við getum náð árangri með vísindalegri fiskveiðistjórn sem ég vil reyndar heldur fara að kalla nútímalega fiskveiðistjórn.

[19:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum aðeins nálgast framsetningu hvors annars. Ég vil hins vegar benda ráðherranum á það, af því að það er alltaf verið að tala um hvað þurfi stóran hrygningarstofn til þess að viðhalda þorskstofninum, að talið er að stærstu þorskar hafi um 15 milljón hrogn í sér. Ef við gefum okkur að þeir hafi bara 10 millj. hrogn, þá þurfum við 240 þorska til þess að búa til meðalárganga af hrognum. Hins vegar lifir ekki nema brot af þessu og við getum þess vegna farið í 2.400. Hvert værum við þá komin? Þá mættu 90% deyja og við hefðum samt meðalárgang. Við gætum svo aukið þennan fjölda. Ég held því að þessi fræðilega rökræða um hversu stór þorskstofn þurfi vera byggist miklu frekar á lífsskilyrðum í hafinu en tölu þorskanna.

[19:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sannfærður um að það eru fleiri atriði en bara stærð hrygningarstofnsins sem skipta máli. Það eru líffræðilegar aðstæður. En það er auðvitað líka þekkt fyrirbrigði úr náttúrunni að eftir því sem afkvæmin eru smærri, þeim mun fleiri þarf til þess að tryggja viðgang stofnsins.

Samsetning stofnsins skiptir auðvitað líka miklu máli, aldurssamsetningin. Þetta eru atriði sem mjög mikið fé og mikill tími fer í að rannsaka hjá Hafrannsóknastofnuninni, bæði hjá okkur og eins í samvinnu við erlenda aðila, og er vonandi að út úr því komi niðurstöður sem við getum nýtt okkur til þess að styrkja stofninn enn frekar.

En hvað það varðar sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði, að við værum að nálgast, þá má kannski segja að pólitískt höfum við oft verið miklu nær hvor öðrum en við erum núna.

[19:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt fannst mér miklu merkast í ræðu hæstv. sjútvrh. Það var sú staðreynd að hann sneiddi algjörlega hjá því að gagnrýna inntak þeirrar leiðar sem við leggjum til með frv. okkar. Hæstv. sjútvrh. gagnrýndi tvenns konar útfærsluatriði, annars vegar framsalið og hins vegar gjaldtökuna.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er bil að því er snýr að framsalinu. Það er rétt hjá honum. Varla þó svo mikið að ef menn raunverulega vilja ná sáttum verði það til úrslita.

Að því er gjaldtökuna varðar get ég ekki annað en verið honum hróplega ósammála. Um hana er farið með nákvæmlega sama hætti og um aðrar auðlindir í skýrslu auðlindanefndar. Það er sem sagt markaðurinn sem ræður en ekki pólitískar ákvarðanatökur framkvæmdarvaldsins. Það er það sem skiptir máli eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal skýrði ákaflega vel í ræðu sinni.

Þetta finnst mér, herra forseti, skipta langmestu máli í ræðu hæstv. sjútvrh.

[19:08]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf athyglisvert að fá uppbyggjandi gagnrýni frá hv. þm., en ástæðan fyrir því að ég fór ekki ítarlega í umfjöllun um frv. er sú að annars vegar er um endurflutt frv. að ræða og við höfum rætt þessi mál áður í samhengi og hins vegar vegna þess að eins og fram hefur komið er nefnd að vinna í þessum málum á vegum sjútvrh. og það starf sem þar er unnið og niðurstaðan í því mun verða grundvöllur þeirrar stefnu sem sjútvrh. mun kynna fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í fyllingu tímans. Því er ástæðulaust fyrir mig að fara í djúpa umræðu um frv. á þessu stigi málsins. En vegna þeirra fullyrðinga sem hér voru hafðar uppi um það hversu vel þetta frv. passaði að niðurstöðum auðlindanefndarskýrslunnar þá var full ástæða til að benda á nokkur atriði sem sýndu að svo væri ekki.

Varðandi það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé mér mjög ósammála um gjaldtökuna en þó sammála mér um hitt, sem er út af fyrir sig ánægjulegt, þá höfum við oft áður verið ósammála og lifað það af.

[19:10]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þar sem mér skilst að þessi umræða sé að taka enda ætlaði ég að hafa fáein orð um hana. Ég þakka

fyrir umræðuna. Hún hefur verið að mörgu leyti athyglisverð og við höfum heyrt í fulltrúum allra flokka sem eiga aðild á Alþingi nema vinstri grænum sem hafa ekki mætt í þessa umræðu. En þetta er stór dagur í mínu lífi vegna þess að ótrúlega margir sem hafa talað og fyrir ótrúlega marga flokka hafa tekið undir sjónarmið sem ég hef staðið fyrir mjög lengi, þ.e. að það eigi að innkalla veiðiheimildir og leigja þær út á markaði. Ég tel að það sé í raun og veru eina ásættanlega niðurstaðan að menn finni einhvern sáttaflöt á leið sem verður í grunninn byggð á þessum aðferðum.

Ég ætla ekki að fara að kveikja í mönnum endilega til umræðu af því að ég veit að hæstv. forseti mun þá fresta fundi því að hann hefur ákveðið að hafa ekki fundinn mikið lengri en þetta. En ég get ekki að mér gert að nefna örfá atriði.

Um það að í þessari tillögu sé farið mjög bratt í aðlögunina, þ.e. tíu ár, vil ég segja að ég tel að það sé skynsamlegt að vera ekki með mjög langan aðlögunartíma hvað varðar þessar veiðiheimildir. Ég held að þegar menn fara að skoða þessi mál nánar og ef menn bera gæfu til þess að fara inn á þessa leið muni þeir komast að þeirri niðurstöðu að það væri betra fyrir útgerðina að það yrði ekki mjög langur leigutími á veiðiheimildum og menn gætu metið markaðinn, þ.e. hvað afurðirnar leggja sig á og í samhengi við útgerðarkostnað til skamms tíma því að það er ævinlega þannig að menn sjá ekki langt fram í tímann hvað varðar þessa kostnaðarliði hjá útgerðinni. Þess vegna væri betra að menn gætu metið þetta betur og það gera menn með því að meta það til skemmri tíma.

Um auðlindanefndina og það hvernig hún skilaði af sér er það að segja að ég hef alla vega skilið þá niðurstöðu með þeim hætti að þar hafi menn aldrei skuldbundið sig til þess eða hefðu aldrei verið að skrifa upp á niðurstöðu auðlindanefndar með þeim aðskilnaði, að þeir væru að meina það að þeir styddu hvora leiðina sem væri. Hvers vegna hefði þá átt að hafa það orðalag í afskilnaði nefndarinnar sem þar er og að það skuli vera tekið fram bæði að tveir menn skrifa sig algjörlega frá annarri leiðinni og um aðra er sagt um að nokkrir muni ekki geta fylgt báðum leiðunum?

Ég hef það fyrir satt að í þessari nefnd hafi verið stór meiri hluti fyrir því að fara fyrningarleiðina og það kemur mér ekki á óvart. Þess vegna finnst mér að svona frýjuorð, eins og mér finnst vera hægt að segja að hæstv. sjútvrh. hafi verið með um það að menn standi við sáttina, eigi ekki við og menn eigi að fara vel yfir þetta. Það verður þá bara að koma betur í ljós hvað er þar á bak við. Hins vegar verða menn líka að horfast í augu við það að þessi niðurstaða getur ekki orðið endanlega nema að sátt sé um hana hér á hv. Alþingi og að hún gangi þá það langt að hægt sé að búast við því að einhver sátt verði um þessa niðurstöðu með þjóðinni. Það gæti náttúrlega þýtt að þetta mál frestaðist enn þá lengur.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hérna fram. Við höfum verið að færast í áttina til sáttar. Það er auðséð á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag og að það skuli hafa komið fram jákvæð sjónarmið gagnvart þeirri leið sem hér er lögð fyrir frá svo mörgum aðilum sem hafa talað í dag og frá svo mörgum flokkum.

Ég hef þá lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

[19:15]

Útbýting þingskjala:

Ráðherraábyrgð, 525. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 821.

Steinsteypa til slitlagsgerðar, 535. mál, fsp. GE, þskj. 831.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:17.

---

82. FUNDUR

þriðjudaginn 6. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 481. mál, þskj. 767. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 504. mál, þskj. 791. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 120. mál, þskj. 807. — 3. umr.

4. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, stjfrv., 175. mál, þskj. 808. — 3. umr.

5. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 284. mál, þskj. 313. — 3. umr.

6. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 510. mál, þskj. 800. — 1. umr.

7. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766. — 1. umr.

8. Hönnunarréttur, stjfrv., 505. mál, þskj. 792. — 1. umr.

9. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

10. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, frv., 178. mál, þskj. 186. — 1. umr.

11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.

12. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — 1. umr.

13. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 198. mál, þskj. 208. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 175. mál, þskj. 808.

Málefni Búnaðarbankans, 419. mál, svar viðskrh., þskj. 765.

NATO-þingið 2000, 529. mál, skýrsla ÍÞNAA, þskj. 825.

Þingmannanefnd EFTA og EES 2000, 519. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 815.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (veiðar umfram aflaheimildir). — Þskj. 791.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (tegundartilfærsla). — Þskj. 807.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, VS, ÞBack, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SP, StB, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 832).

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál. — Þskj. 808.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÖ, KolH, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SP, StB, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 833).

Eftirlit með útlendingum, 3. umr.

Stjfrv., 284. mál (beiðni um hæli). — Þskj. 313.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, VS.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JóhS, JB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, GÖ, JÁ, KolH, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, SP, StB, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 834).

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 1. umr.

Stjfrv., 510. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 800. [13:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, á þskj. 800, sem er 510. mál þingsins.

Í frv. er lagt til að iðnrh. fái heimild til að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í Kísiliðjunni hf. við Mývatn og að söluandvirðið renni til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna kísilgúrverksmiðjunnar. Sölusamningur um hlutinn hefur þegar verið gerður við Allied EFA hf. með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Í frv. er lagt til að ákvæði laganna um kísilgúrverksmiðju við Mývatn verði felld úr gildi að undanskilinni 12. gr. um kísil úr sjó. Kísiliðjan mun þá lúta almennum lögum en ekki sérlögum. Lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár, munu þó standa óbreytt. Ákvæði um kísilgúrsjóð munu að mestu standa óbreytt. Þegar og ef hægt verður að taka kísilgúr úr Mývatni mun sjóðurinn ekki lengur fá tekjur af námagjaldi og mun því framtíð sjóðsins ráðast af því hvort fé fáist af fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Þetta frv. á sér nokkuð langan aðdraganda. Árið 1998 stofnuðu EFA hf., þ.e. Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf., og bandarískt fyrir tæki, Allied Resource Corporation, nýtt fyrirtæki, Allied EFA hf. Aðrir íslenskir fjárfestar eiga um þriðjung í Allied Resource. Tilgangur Allied EFA hf. er m.a. fjárfestingar í framleiðslufyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar, efnaiðnaðar og endurvinnsluiðnaðar.

Hið nýja fyrirtæki keypti hlut í norsku fyrirtæki sem heitir Promeks ASA. Promeks hefur unnið í nánu samráði við norsk iðnfyrirtæki að því að þróa aðferð til framleiðslu á kísildufti og býr fyrirtækið yfir einkaleyfi til að framleiða duftið með þessari nýju aðferð. Kísilduft er meðal annars hægt að framleiða úr kísilryki, kísilgúr, kvarsi, perlusteini og vikri og er notað sem fylliefni í margs konar iðnaðarvörur, svo sem gúmmí, plast, málningu o.fl.

Forsvarsmenn Allied EFA hf. fóru þegar að leita að hentugum stað fyrir tilraunaverksmiðju til að reyna þessa nýju tækni. Í þessu skyni ræddi Allied EFA hf. við iðnaðarráðuneytið sumarið 1998 um mögulega staðsetningu tilraunaverksmiðjunnar, og síðar iðnaðarverksmiðjunnar, í Kísiliðjunni hf. við Mývatn.

Ekkert varð úr samningum við Allied EFA hf. á árinu 1998. Þríhliða viðræður voru síðan í gangi á árinu 1999 á milli Allied EFA hf., World Minerals og íslenska ríkisins á árinu 1999 en þær leiddu ekki heldur til sölu Kísiliðjunnar hf. Réðist það einkum af því að World Minerals sá sér ekki hag í því að selja eignarhlut sinn en það var skilyrði af hálfu Allied EFA hf. að bæði íslenska ríkið og World Minerals seldu hlut sinn. Á árinu 2000 reisti síðan Allied EFA hf. tilraunaverksmiðju í Norður-Noregi til að prófa vinnsluferlið og gæði framleiðslunnar. Á síðasta hausti tóku Allied EFA hf. og World Minerals aftur upp viðræður og leiddu þær til þríhliða samninga um sölu verksmiðjunnar með íslenska ríkinu.

Það er mat íslenska ríkisins og World Minerals að framtíðarhorfur í kísilgúrframleiðslu séu tvísýnar. Rekstrarafkoma hefur ekki verið viðunandi í nokkur ár og vegna vaxandi til kostnaðar og nýrrar tækni eru ekki lengur sömu forsendur fyrir starfsemi verksmiðjunnar.

Af þessum sökum tóku tveir stærstu eigendur Kísiliðjunnar hf. þá ákvörðun að skrifa undir samninga um sölu á sínum hlut í Kísiliðjunni hf. til Allied EFA. Með því er áframhaldandi atvinna við Mývatn tryggð eins og kostur er.

Samningar um sölu verksmiðjunnar voru undirritaðir 13. febrúar 2001. Samningarnir voru bundnir ýmsum skilyrðum, þar á meðal fyrirvara um samþykki Alþingis. Samkvæmt samningunum skal yfirfærsla eigna eiga sér stað eigi síðar en 45 dögum eftir undirritun samninga. Skilyrði fyrir samningum eru eftirfarandi:

Lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, verði breytt þannig að iðnaðarráðherra fái heimild til sölu verksmiðjunnar og Kísiliðjan hf. starfi samkvæmt almennum lögum.

Allir stjórnarmenn Kísiliðjunnar hf. samþykki sölu verksmiðjunnar en kveðið er á um það skilyrði í samþykktum hennar.

Aðrir eigendur Kísiliðjunnar hf. en íslenska ríkið og Celite Corporation nýti ekki forkaupsrétt sinn.

Stjórnir hlutaðeigenda félaga samþykki sölu verksmiðjunnar.

Samningar á milli íslenska ríkisins og World Minerals verði felldir úr gildi.

Kostgæfnisathugun hafi verið gerð.

Íslenska ríkið og World Minerals skuldbundu sig með samningum að fella úr gildi alla samninga sem gerðir hafa verið á milli eigenda Kísiliðjunnar hf. til þessa. Samkomulag er þó um að söluskrifstofa World Minerals á Húsavík starfi áfram þar til kísilgúrframleiðslu verður hætt eða til ársloka 2005. Felld eru úr gildi öll sérákvæði um sölufélagið þannig að það mun framvegis lúta almennum íslenskum reglum sem gilda um hlutafélög.

Áform eigenda Promeks um uppbyggingu fyrirtækisins fela í sér byggingu og rekstur nokkurra kísilduftverksmiðja. Að fenginni jákvæðri niðurstöðu á hagkvæmni kísilduftframleiðslunnar skuldbindur Promeks sig til að reisa næstu verksmiðju á lóð Kísiliðjunnar hf. Allied EFA hf. hyggst stofna félagið Promeks á Íslandi til að kaupa Kísiliðjuna við Mývatn og eiga og reka fyrirhugaða kísilduftsverksmiðju. Áformin eru í stuttu máli þau að kísilgúr verði framleiddur, að fengnu nýju námaleyfi, til ársloka 2004 með möguleika á framlengingu um allt að tvö ár. Þetta er gert til að tryggja að atvinna í sveitarfélaginu verði samfelld. Allied EFA hf. og World Minerals hafa gert með sér samkomulag um að söluskrifstofa World Minerals á Húsavík muni áfram selja kísilgúr frá Kísiliðjunni hf. Ákvörðun um byggingu kísilduftsverksmiðju Promeks á Íslandi verður tekin í ágúst 2002, og ef af verður, mun verksmiðjan verða byggð á árinu 2003 og hefja rekstur á árinu 2004.

Herra forseti. Um langt árabil hafa staðið yfir deilur um það hvort starfsemi Kísiliðjunnar hf. hafi skaðleg áhrif á lífríki Mývatns. Með þessum samningi við Allied EFA hf. er möguleiki á að friður komist á um atvinnustarfsemi á svæðinu. Ríkið dregur sig út úr þessari atvinnustarfsemi og hleypir einkaaðilum að. Kísilgúrtaka úr vatninu er ekki forsenda fyrir vinnslu kísildufts. Allied EFA hf. hefur ýmis járn í eldinum og er óskandi að fyrirtækið muni glæða atvinnulíf í Mývatnssveit nýju lífi. Það verður hins vegar að koma í ljós.

Þegar í ljós kom hvað markaðsaðstæður fyrir kísilgúr eru erfiðar lagði ég mesta áherslu á að atvinnustarfsemi á svæðinu yrði tryggð eftir því sem kostur væri. Að sjálfsögðu er ekki hægt, hvorki í þessari atvinnustarfsemi né nokkurri annarri, að veita tryggingu fyrir áframhaldandi starfsemi. Hins vegar er það mitt mat að með þeim samningum sem gerðir hafa við Allied EFA hf. sé atvinnustarfsemi á svæðinu tryggð að því marki sem unnt er.

Herra forseti. Ég mæli með því að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[13:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir hv. Alþingi er eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra niðurstaða af ákveðnu ferli sem verið hefur í gangi varðandi kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Þar spila inn í bæði atvinnuhagsmunir Mývetninga og sömuleiðis hvernig menn vilja hafa umgengnina um þá sérstæðu náttúru sem þar er.

Frv. í öllum sínum einfaldleik hljóðar náttúrlega fyrst og fremst upp á það að iðnrh. verði heimilt að selja þann eignarhlut ríkisins sem er í kísilgúrverksmiðjunni, eignarhlut sem er upp á 51%, og ég vil að það komi fram hér strax, herra forseti, að það er eðlilegt. Ríkið á ekki og þarf ekki að vera eigandi í verksmiðjum af þessu tagi ef ekki ber til þess brýna nauðsyn af einhverjum þeim sérstöku aðstæðum sem kalla eftir slíku. Ekki verður sagt í þessu tilfelli að svo sé.

Atvinnusaga okkar Íslendinga segir okkur að á einhverju stigi hafi á býsna mörgum sviðum málum verið þannig fyrir komið að lítið var um fjármagn eða þekkingu þannig að hið opinbera kom að stofnun eða upphafi ýmiss rekstrar en í dag búum við við þær aðstæður að þess þarf ekki lengur með. Ríkið er þá fyrst og fremst sá aðili sem sér um að rekstrarumhverfi og starfsumhverfi fyrirtækjanna sé eðlilegt og síðan

er auðvitað um að ræða eftirlitshlutverk með því að farið sé að þeim lögum og þeim reglum sem lúta að starfseminni.

Herra forseti. Sama á að eiga við hvort sem um er að ræða verksmiðju í Mývatnssveit eða annars staðar. Hér háttar þannig til að einkaaðili er tilbúinn að taka við rekstrinum og ekki þá bara hluta ríkisins heldur hluta allra eignaraðila. Áform hans hafa komið fram opinberlega og eru hluti af því samkomulagi sem gert hefur verið við iðnrn. Þau eru kunn og eru m.a. rakin í grg. frv.

Að þessu samanlögðu vil ég endurtaka að það er fullkomlega eðlilegt að fallast á að iðnrh. verði heimilt að selja þau 51% sem eignarhluti ríkisins hefur verið í þessu fyrirtæki. Að sjálfsögðu binda menn vonir við að með þessum gjörningi sé atvinnumálum í Mývatnssveit komið í öllu tryggara horf en verið hefur á undanförnum árum þar sem átök um umhverfismál, átök um framtíð kísilgúrverksmiðjunnar hafa sett mikinn svip á hvernig menn hafa litið til stöðu Mývatnssveitar og framtíðar hennar. Auðvitað er það svo að íbúar þar hafa verið afskaplega uggandi um sinn hag og framtíð sína.

Í grg. kemur fram örlítil frásögn af skýrslu sem Byggðastofnun gerði árið 1997 um þýðingu Kísiliðjunnar fyrir efnahag og atvinnulíf í Mývatnssveit. Niðurstaðan varð sú að líklega mætti telja að 75 ársverk mundu hverfa úr atvinnulífi sveitarfélagsins ef starfsemi Kísiliðjunnar hf. yrði hætt og að um 210 íbúar þyrftu að finna sér annað lífsviðurværi að öðru óbreyttu. Eftir því sem mat Byggðastofnunar segir þá stendur eftir 260 manna samfélag sem yrði að stórum hluta í dreifbýli með um 130 ársverk og um 10% lægri meðallaun en nú er.

Stundum skilja menn ekki hversu mikilvægir hlutirnir eru ef tölurnar eru litlar en ef þetta væri yfirfært yfir á aðrar stærðir eins og yfir á Reykjavík og menn þyrftu að líta til þess að fast að því helmingur íbúa yrði að finna sér lífsviðurværi eða búsetuskilyrði annars staðar sjá menn auðvitað hvert hlutverk þessi atvinnurekstur hefur haft í Mývatnssveit og hversu stóran hlut hann hefur átt að uppbyggingu í sveitarfélaginu og því mannlífi sem þar hefur verið lifað.

Herra forseti. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að nú liggja fyrir áætlanir um það hvernig hægt er og vonandi verður unnt að halda áfram atvinnurekstri á þessu svæði, atvinnurekstri sem getur þá væntanlega lifað í bærilegri sátt við umhverfi sitt þannig að þeim deilum sem verið hafa linni, þær verði settar niður með tímanum vegna þess að sá atvinnurekstur sem við tekur er ekki háður kísilgúrtöku úr Mývatni með sama hætti og verksmiðjan sem nú starfar, Kísiliðjan.

Óöryggið á undanförnum árum hefur ekki aðeins, herra forseti, verið vegna deilna sem uppi hafa verið um réttmæti þess að nýta vatnið sem námu heldur hefur jafnframt legið fyrir að það námaleyfi sem verksmiðjan hafði mundi renna út á tilteknum tíma og að áður en það rynni út yrði náman í rauninni þorrin, þ.e. sú náma sem menn höfðu leyfi til að nýta eða sá hluti vatnsins. Kannski má segja að það sé eins og á elleftu stundu að hægt er að setja mál í nýjan farveg enda þótt skipulagsstjóri ríkisins hafi heimilað að kísilgúr yrði tekinn úr afmörkuðum svæðum í Syðriflóa að uppfylltum ströngum skilyrðum og að sá úrskurður hafi verið staðfestur af umhvrh. með þó nokkrum breytingum vegna þess að ég held að flestir hafi séð það fyrir, herra forseti, og sjái það fyrir að seint verði friður um kísilgúrtöku úr Mývatni. Það er því afar mikilvægt að það skuli geta komið til atvinnustarfsemi í Mývatnssveit sem nýtir þá þekkingu sem þar er, sem nýtir þann mannauð sem þar er með þeim hætti sem getur orðið og við bindum vonir við og að það sé þá starfsemi sem er ekki algjörlega háð því að nýta vatnið eins og gert hefur verið. Það held ég að sé kjarni málsins.

Hæstv. iðnrh. fór yfir þau áform sem eru uppi um framhald atvinnurekstrar í Mývatnssveit og ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara yfir það. Hins vegar finnst mér ástæða til að lýsa því yfir að mér finnst ánægjulegur og mér finnst það beri að fagna þeim samstarfssamningi sem iðnrh. og Allied EFA hafa skrifað undir. Ég held að mikilvægt sé að iðnrn. nái með þeim hætti sem þarna er samstarfi við fyrirtækið sem er að setja á stofn ýmiss konar starfsemi sem getur einkar vel átt heima ekki síst í Þingeyjarsýslum vegna þeirra landkosta sem þar eru með háhitasvæði og mikla orku en jafnframt fyrirtæki sem ekki eru mjög mannfrek. Mér sýnist að ef allt fer á besta veg getum við horft til þess að út úr þessum samstarfssamningi geti komið frekari atvinnutækifæri, atvinnutækifæri sem eru þá í hátækniiðnaði og geta nýtt bæði þekkingu sem er á svæðinu og ekki þá síður hitt: laðað fólk með menntun og þekkingu til að takast á við þessi verkefni.

Herra forseti. Ég sit í iðnn. og mun þar að sjálfsögðu fá tækifæri til þess að fara nákvæmlega yfir þá þætti málsins sem ástæða er til að skoða nánar eins og það hvernig lögin líta út þegar búið er að fella út 1.–11. gr. í stað nýrrar 1. gr. og svo 12. gr. og hvernig hún er þá í samanburði við gildandi ákvæði og fá þá allar forsendur þeirra breytinga sem þar eru á ferðinni. En ég vil gjarnan í lok ræðu minnar nefna það sem ég a.m.k. rek augun í og ég veit að svo er um fleiri þegar þeir fá þetta frv. í hendur og lesa hér: „Iðnrh. er heimilt að selja 51% eignarhlut íslenska ríkisins í Kísilverksmiðjunni hf. við Mývatn." Af hverju fer fagráðherra með eignarhlut ríkisins í þessu fyrirtæki?

Þetta er ekkert einstakt, við vitum það. Fagráðherrar hafa í einhverjum tilfellum farið með fyrirsvar eignarhluta ríkisins í viðkomandi fyrirtækjum og núna þegar menn hafa verið að hf-væða gömlu ríkisfyrirtækin eins og Póst og síma er það samgrh. sem fer með fyrirsvar eignarhluta ríkisins, fer með hlutabréfið í þessum fyrirtækjum, í Íslandspósti og Landssímanum. Þetta er óeðlilegt að mínu mati, herra forseti, og þetta er heldur ekki í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem segir að fjmrn. fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru — nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Þarna er reyndar til sá fyrirvari, að hægt sé að leggja til annars ráðuneytis en meginreglan á að vera hin. Mér finnst nauðsynlegt, herra forseti, að menn velti þessu aðeins fyrir sér vegna þess að auðvitað er mun eðlilegra að fjmrn. fari með fyrirsvar ríkisins hvað varðar eignarhlut í einstökum fyrirtækjum. Það hlýtur að orka tvímælis að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki og sá sem setur almennar leikreglur fyrir öll þau fyrirtæki sem starfa í viðkomandi grein.

Mér finnst, og tel eins og ég sagði að ég tali þar fyrir hönd fleiri, að brýnt sé að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráðið sé fylgt og að fjmrn. fari með eignarhlut ríkisins í sem flestum og öllum fyrirtækjum nema um sé að ræða einstök tilvik þar sem menn geti nýtt sér þessa aukasetningu „nema lagt sé til annars ráðuneytis".

Herra forseti. Það er betra fyrir alla að þessar leikreglur séu alveg skýrar og að opinber fyrirtæki verði þá ekki

gagnrýnd a.m.k. fyrir að þau njóti þeirra forréttinda að sami aðili fari með fyrirsvar eignarhlutar í þeim og sé í rauninni æðsti yfirmaður þeirra og sá sem setur leikreglur fyrir allan markaðinn og öll fyrirtæki verða að lúta.

Herra forseti. Ég held að á þessu stigi sé ekki öllu meira um þetta mál að segja nema menn vilji steypa sér út í umræður sem eiga þá síður við en hvað varðar eignarhlut ríkisins þar sem þetta frv. fjallar fyrst og fremst um hvernig skuli farið með eignarhlut ríkisins, og í þessu tilfelli er verið að leggja til að hann verði seldur. Auðvitað er hægt að halda langar ræður um atvinnumál á landsbyggðinni, um umhverfismál og ýmislegt fleira. Það gefur tilefni til þess, en ég ætla að láta það eiga sig nú, herra forseti. Mér sýnist að efni máls skipti hér öllu, þ.e. að ráðherra fái þá heimild sem hann leitar eftir til að selja eignarhlut ríkisins í Kísiliðjunni hf. við Mývatn og að það verði frágengið á Alþingi enda standa allar vonir til þess að það verði atvinnulífi í Mývatnssveit til framdráttar frekar en hitt.

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Maður getur sjálfsagt sagt sem stundum áður að það sé með blendnum tilfinningum sem maður ræðir málefni þessa fyrirtækis, Kísiliðjunnar við Mývatn. Þetta fyrirtæki hefur verið umdeilt og starfsemi þess á svæðinu frá fyrstu tíð og sérstaklega þó námugröfturinn af botni Mývatns í því sérstæða lífríki sem þar er og deilur um áhrif þessa inngrips í lífríkið á náttúruna hafa verið háværar og standa út af fyrir sig enn.

Nú er það svo með kísilverksmiðjuna eins og svo margt fleira að ákvörðun um að reisa hana í Mývatnssveit var að sjálfsögðu barn síns tíma.

Ég hef stundum spurt menn að því hvort þeim þætti líklegt að slík ákvörðun yrði tekin í dag, ef menn bönkuðu nú á því herrans ári 2001 á dyr hjá stjórnvöldum og færu fram á að reisa eitt stykki verksmiðju af þessu tagi og hráefni til vinnslunnar yrði sótt á botn vatnsins. Þykir mönnum líklegt að fallist yrði á slíkt eins og viðhorfin eru til umhverfismála í dag? Ég held að svarið sé nokkuð sjálfgefið. Langlíklegast er að aldrei mundi á slíkt reyna og ekki hvarfla að mönnum að fara af stað með slíkan atvinnurekstur við jafnviðkvæmar aðstæður og þarna eru, í einni helstu náttúruparadís landsins, sem Mývatnssveit og nágrenni, Laxá og allt umhverfi og lífríki óumdeilanlega eru.

Tilvist verksmiðjunnar er hins vegar staðreynd. Hún hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf á þessu svæði, ekki bara í Mývatnssveit, þar sem hún er burðarás atvinnunnar á móti landbúnaði og ferðaþjónustu, heldur og á Húsavík, í Suður-Þingeyjarsýslu allri og jafnvel á stærra svæði. Að sama skapi hefur sú óvissa sem uppi hefur verið um framtíð þessa fyrirtækis verið ákaflega bagaleg fyrir þetta svæði um langt árabil. Auðvitað hafa deilur þær sem verið hafa um starfsemina ekki verið skemmtilegar. Samfélagið hefur meira og minna verið þverklofið í viðhorfum sínum til málsins frá fyrstu tíð. Það er að sjálfsögðu ekki ástand sem neinn óskar sér. Segja má að ákvörðunin um að leyfa byggingu Kísiliðjunnar á sínum tíma sé dæmi sem menn mættu vel hafa í huga nú um stundir og í framtíðinni varðandi þær aðstæður sem menn geta lent í með því að fara út í umsvif af þessu tagi, sem byggja á inngripi í náttúruna og lífríkið með afleiðingum eða áhrifum sem ekki eru alltaf fyrirsjáanleg eða auðvelt að meta og spá fyrir um.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér hefur ekki þótt tíminn frá því að ljóst mátti vera, þ.e. síðustu 12–15 ár a.m.k., að um framtíð þessa fyrirtækis ríkti tvísýna til lengri tíma litið, hafa nýst mönnum vel til að huga að öðru í staðinn og undirbúa þá mögulegu niðurstöðu sem mér hefur lengi þótt blasa við að starfseminni yrði að ljúka þannig að samfélagið, byggðarlagið, atvinnulífið á þessu svæði væri betur í stakk búið til að takast á við slíkar breytingar. Þess vegna má segja, herra forseti, að það sé mikið fagnaðarefni — menn hafa auðvitað bundið við það vonir lengi — að sú lausn kunni að finnast í málinu að umdeildasta þætti starfseminnar, námugreftrinum á botni vatnsins, lyki en eftir gæti staðið iðnaðarstarfsemi eða umsvif sem þyddu að byggðarlagið yrði ekki fyrir áföllum í atvinnulegu tilliti.

Herra forseti. Þetta frv. og þeir möguleikar sem liggja þar á bak við eru að mörgu leyti fagnaðarefni verði þetta mál til þess að hinum umdeilda námugreftri ljúki og betri sátt skapist um þann atvinnurekstur þar yrði til staðar í breyttu formi. Ég bind vonir við að svo geti orðið og fagna því ekki síður en hver annar ef loksins hillir undir lausn í þessu erfiða máli sem hefur í sér fólgna slíka möguleika.

Í þessu sambandi má reyndar spyrja hvernig á því stóð að þessi kostur var ekki rækilegar skoðaður fyrir einu og hálfu til tveimur árum þegar hann var uppi á borðinu. Þá var sá möguleiki að því er virtist í hendi að hér risi tilraunaverksmiðja á þessu sviði sem nú er verið að byggja í Noregi. Ég leyfi mér að inna eftir því hvort það sé rétt, sem þráfaldlega heyrist, að ein af skýringunum hafi verið áhugaleysi þáverandi ráðamanna iðnaðarmála sem hafi stillt dæminu þannig upp að slík starfsemi yrði að koma til viðbótar hinu hefðbundna kísilgúrnámi en ekki í staðinn fyrir það og að á því hafi málið m.a. strandað.

Þetta mál er a.m.k. ekki nýtt af nálinni í þeim skilningi að til staðar hefur verið áhugi þessa fyrirtækis á því að skoða þann möguleika að breyta starfseminni og nýta að hluta þá aðstöðu sem fyrir er og orkuna en þó ekki síst mannafla og þekkingu til annars konar iðnaðarstarfsemi eða úrvinnslu á kísil en þarna hefur farið fram.

Auðvitað er ýmislegt óljóst í framhaldi málsins. Að sjálfsögðu verður að bíða þess að það skýrist. Ég vil aftur á móti láta það koma fram að ég er stuðningsmaður þess að á það verði látið reyna að þessi kostur gangi upp, að starfseminni verði breytt, dælingunni af botni vatnsins hætt en annars konar úrvinnsla á kísilhráefni fari þarna fram, og vonandi, ef vel tekst til, með ekki minni og heldur meiri framtíðarmöguleikum en fólgnir væru í óbreyttri áframhaldandi vinnslu á kísilleðju af botni vatnsins. Óvissan tengist framhaldi mála næstu tvö til þrjú árin og hvernig skörunin verður, hvernig núverandi starfsemi hverfur úr sögunni og hve lengi þarf að halda henni áfram, hvaðan hráefnið kemur þá til þeirrar vinnslu og hvernig til tekst með það sem við á að taka.

Ég vil einnig taka fram, herra forseti, það er að sjálfsögðu einnig fyrirvari af minni hálfu, að ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér mikið þá starfsemi sem þarna á í hlut, þ.e. hvers eðlis hún er í einstökum atriðum, hvernig hún kemur mönnum fyrir sjónir í umhverfislegu tilliti, hvaða efnanotkun fer þarna fram og annað því um líkt. Það þarf að sjálfsögðu að athuga, skoða og meta í tengslum við hin nýju áform.

Að síðustu væri fróðlegt, herra forseti, að heyra nánar um áform manna um aðgerðir til annarrar uppbyggingar til styrkingar atvinnulífinu á þessum slóðum. Ég tek það fram að ég er að sjálfsögðu sammála því að ráðstafa söluandvirði

kísilverksmiðjunnar til þeirra hluta og þó meira væri og fyrr hefði verið. Sömuleiðis er ég fylgjandi því að kísilgúrsjóður fái áfram nokkrar tekjur næstu árin. Í reynd hefur það verið mesta hörmung sem hann hefur haft til skiptanna. Það hafa verið allt of litlir fjármunir til að verulega muni um það, fáeinar milljónir á ári má segja. Þau mál virðast óljós ef marka má þetta frv. og mætti spyrja hvort þau mál hafa eitthvað skýrst síðan frv. var sett saman eða greinargerð þess, hvort fjármununum, söluandvirðinu samkvæmt 1. gr., eigi að verja til einhverra sérstakra verkefna eða hvort þeir renni í kísilgúrsjóð og endurúthlutist þaðan ásamt öðru fé sem þar verður til skiptanna. Mér sýnist frv. þannig úr garði gert að hvort tveggja sé haft opið. Fyrir því kunna að vera einhver rök en fróðlegt væri að heyra hvort þau áform hafi eitthvað skýrst.

Ríkið ber auðvitað mikla ábyrgð á þeim aðstæðum sem þarna hafa skapast. Það var frumkvöðull að því, sem aðaleigandi, að þessi verksmiðja reis á þessum stað og hafði þá umbyltingu í för með sér fyrir viðkomandi samfélag sem raun ber vitni. Það getur að sjálfsögðu ekki hlaupið frá ábyrgð sinni í þeim efnum, enn síður en ella væri og breytti svo sem ekki miklu þó um hefði verið að ræða fyrirtæki sem alfarið hefði verið í eigu einkaaðila. Áhrif þess á samfélagið og atvinnulífið á öllu þessu svæði eru augljós og í byggðalegu tilliti, félagslegu og á allan hátt bæri mönnum skylda til að líta til þeirra aðstæðna sem þarna hafa skapast þegar menn standa frammi fyrir breytingum af þessu tagi. Auðvitað eru þetta ekki einu dæmin sem við horfum upp á um slíkar stórfelldar breytingar. Ýmis byggðarlög í landinu þurfa af mismunandi ástæðum að mæta samsvarandi breytingum um þessar mundir. Ég lít svo á að ábyrgð stjórnvalda sé hin sama í þeim efnum hver sem orsökin er í sjálfu sér.

Um þessi mál hafa Íslendingar fyrst og fremst talað en lítið gert þegar byggðarlög þurfa að takast á við breytingar af þessum toga. Því er öðruvísi farið í nágrannalöndunum. Þar hafa menn, sumpart vegna breyttra atvinnuhátta eða af öðrum ástæðum, þurft að takast á við stórfelldar breytingar. Við getum nefnt fiskveiðibæi þar sem fiskveiðar, úthafsveiðar og aðrar slíkar hafa dregist saman eða horfið. Stjórnvöld hafa víða farið í viðamiklar aðgerðir, t.d. á Bretlandseyjum, norðurströnd Þýskalands og víðar, til þess að mæta þeim. Við getum nefnt annað dæmi, býsna nærtækt í þessu tilviki, þar sem eru t.d. námabæir þar sem námuvinnslu hefur lokið en annað atvinnulíf verið byggt upp í staðinn og traustur grundvöllur haldist fyrir áframhaldandi blómlegri byggð þó að á gerbreyttum grundvelli sé.

Ég hef stundum sagt, í tengslum við umræður um Kísiliðjuna, herra forseti, að ástæða væri til, fyrir þá hv. þm. sem ekki hafa átt þess kost, að heimsækja hinn forna námabæ Røros í hálendi Noregs. Þar búa um 4.000 manns í einangraðri byggð lengst uppi í hálendinu við landamæri Noregs og Svíþjóðar, sem mætti á fáeinum áratugum, um miðbik síðustu aldar og fram undir árið 1980, algerum umskiptum í atvinnulífi þar sem koparvinnslunni lauk á þremur áratugum. Koparvinnsla hafði verið alger undirstaða alls atvinnulífs í þessu byggðarlagi um árhundraðaskeið og það svo mjög að stóra koparnámufélagið átti meira að segja kirkjuna á staðnum. Geri aðrir betur. Norðmenn ákváðu að láta þennan bæ ekki leggjast í eyði heldur fóru í stórfelldar aðgerðir til eflingar atvinnulífi og uppbyggingu á öðrum sviðum. Þar var byggð upp með miklum opinberum stuðningi stærsta húsgagnaverksmiðja Noregs og ýmiss konar iðnaður auk þess að ferðaþjónusta var stórefld. Afleiðingin er sú að þar er nú blómstrandi bær, ívið stærri en fyrir var og hið fegursta mannlíf.

Við vonum auðvitað að þetta geti þróast þannig í Mývatnssveit þar sem er afar sérstakt og gott mannlíf í mikilli náttúruperlu. Ég hef stundum sagt að Mývatnssveit sé næst því sem komist verður í að vera byggður þjóðgarður. Það er vitanlega mikilvægt að vel takist til við að samræma þar umsvif mannsins og sambúð við náttúruna. Ég bind vonir við að breytingar sem fólgnar eru í þessu frv. geti orðið liður í slíku og vona sannarlega að svo verði.

[14:12]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv., aðdragandinn að því og það sem fram undan er, markar tímamót við Mývatn. Segja mætti að það hafi legið í loftinu tvö síðustu ár að eitthvað þessu líkt kynni að gerast. Menn höfðu að vísu gert sér vonir um að ný verksmiðja risi við hlið Kísiliðjunnar þar sem kísilduft yrði framleitt þannig að atvinnulífið við Mývatn mundi styrkjast meira en ella en eins og nú standa sakir virðist svo ekki verða.

Þessi slagur um Kísiliðjuna er orðinn nokkuð langur. Það er laukrétt sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan að hann hefur frá öndverðu verið mjög harður. Afstaða manna hefur í grófum dráttum farið eftir flokkum. Þó man ég að 1. þm. Norðurl. e. á þeim tíma, Karl Kristjánsson, var einn af þeim mönnum sem harðast og best barðist fyrir Kísiliðjunni þó flokksbræður hans væru þar ekki allir á sama máli.

Ég hygg að óhætt sé að segja að afstaða Alþb., forvera flokks hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, hafi á sínum tíma verið sú sama og hans nú, að ástæðulaust væri að reisa slíka verksmiðju við Mývatn. Sú afstaða hefur ekki breyst. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni þó ótrúlegt sé vegna þeirrar góðu reynslu sem orðið hefur af Kísiliðjunni við Mývatn. Við sjáum það m.a. vel nú þegar að kreppir á Húsavík hversu mikla þýðingu það hefur að hafa þó bakhjarl í þessari litlu umdeildu verksmiðju uppi í Mývatnssveit. Þó þessi verksmiðja geri ekki meira fyrir Húsvíkinga en raun ber vitni þá munar sannarlega um það. Ekki þarf að spyrja oft að því hvaða áhrif það mundi hafa ef Kísiliðjunni yrði lokað og ekkert annað kæmi í staðinn.

Auðvitað vonum við öll að sú kísilduftverksmiðja sem hér er efnt til muni rísa, fyrir því verði forsendur þegar fram í sækir. Það er þó ekki öldungis víst og því er mjög gott að ákveðið skuli að halda kísilvinnslu áfram a.m.k. í fjögur ár og e.t.v. tvö til viðbótar og jafnvel lengur, vil ég bæta við. Ég var einn af þeim mönnum sem lögðu hvað ríkasta áherslu á að öfgalaust yrði horft til þess hvort ekki væri gerlegt að taka kísilgúr úr Syðriflóa. Nú liggur fyrir að slíkt námaleyfi hefur verið samþykkt af umhvrn. og ég tel sjálfgert nú að fara í Syðriflóa vegna þess að ekki er heimild fyrir að dæla efni úr núverandi námasvæði eftir sumarið 2001. Ég vil ekki trúa því að náttúruverndarmenn og -konur hafi einungis miðað við árið 2001 til þess að stöðva algjörlega slíkan rekstur heldur hafi legið fyrir því gild rök að ekki mætti vinna lengur kísilgúr úr Ytriflóa. Það hlýtur mikil alvara að hafa verið á bak við þessa föstu dagsetningu, 2001, það er ekki hægt að líta á slíkt sem gamanmál.

Þess vegna tel ég nauðsynlegt að eyða ekki tímanum í gagnslaust raus yfir því og stíga skrefið og taka kísilgúr úr Syðriflóa. Þeir fjármunir sem þar eru í húfi eru rétt eins og mislæg gatnamót í Reykjavík og ekki það, kannski helming-

urinn af því, svo það eru ekki miklir fjármunir ef við erum stödd í höfuðborginni þó að muni kannski um slíka peninga þegar komið er til Mývatnssveitar. Maður má ekki láta sér þá vaxa í augum þó að þangað sé komið því að Mývatnssveit hefur lengi gefið okkur mikið. Ég geri mér vonir um að hv. alþm. séu mér sammála um að það yrði dapurlegur endir ef svo ólíklega vildi til að kísilduftverksmiðjan risi ekki vegna óvarkárni vegna þess að menn hafi ekki hugsað dæmið til enda og séu þá ekki forsendur fyrir því að halda kísilgúrrekstrinum áfram.

Hér stendur vissulega að síðustu ár hafi rekstrarafkoma verksmiðjunnar verið óviðunandi. Verksmiðjan hefur unnið við óviðunandi aðstæður. Það hefur verið veitt miklu fé til þess að reyna að finna leiðir til að vinna kísilgúrinn úr vatninu. Orkan hefur að miklu leyti farið til þess og stundum hefur komið fyrir að orka framkvæmdastjóra hefur aðallega farið í réttlætingu eða málafylgju, farið í að reyna að skilja þá óvild sem ýmsir báru til verksmiðjunnar og af þeim sökum vannst kannski ekki tími til að huga eins að rekstrinum og ella mundi. Auðskilið er að kísilgúrverksmiðjan hefði varið fjármunum sínum með öðrum hætti síðustu ár ef hún hefði getað treyst því að rekstrarleyfið yrði til einhverrar framtíðar, kannski 10, 20, 30 ár, ég vil segja ekki skemmra en kannski 10, 15 ár. Þá hefðu menn kostað kapps um hvers konar hagræðingu þó að hún borgaði sig kannski ekki á einu eða tveim árum.

Af þessum sökum er mjög hæpið að halda því fram að kísilgúrverksmiðjan geti ekki verið arðvænlegt fyrirtæki eftirleiðis sem hingað til og hefur raunar stundum dökknað í álinn, svo ekki sé meira sagt á ferli verksmiðjunnar. Ógleymanlegt er okkur sem þangað komum í náttúruhamförunum hvernig húsin klofnuðu og gjár opnuðust en allt stóð verksmiðjan þetta af sér.

Ég legg þess vegna áherslu á að í þessum efnum verði ekki látið við það sitja að gera einhvern bráðabirgðasamning um Ytriflóa sem gæti gert eftirleikinn erfiðari ef ekki kæmi til þess að kísilduftverksmiðjan rísi.

Það er annað í þessu efni sem mér finnst líka mikið til umhugsunar. Ég man ekki hvort það var í árslok 1973 eða eftir áramótin sem lagt var fram á Alþingi frv. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Magnús Kjartansson var iðnrh. á þeim tíma og rökstuðningurinn fyrir þessu undarlega frv. og samþykki þess var Kísilgúrverksmiðjan í Mývatnssveit. Í þessum lögum stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Reisa skal og reka náttúrurannsóknastöð við Mývatn."

Þetta hefur í rauninni aldrei verið gert. Forstjóri þessarar rannsóknastöðvar býr í Reykjavík, ég hygg að hann stundi hér aðra atvinnu. Ég skal ekki segja ef maður hringir í símanúmer rannsóknastöðvarinnar, hvort símtæknin sé orðin svo mikil nú sem við Íslendingar ráðum yfir, þökk sé fyrrv. samgrh., að kannski sé hægt að hringja í símanúmerið í Mývatnssveit og hann svari í Reykjavík. Það má vera að þannig sé komið tækninni nú. En það breytir hinu ekki að þessi rannsóknastöð hefur aldrei nokkurn tíma orðið til þess að lyfta undir eitt né neitt í Mývatnssveit.

Nú er spurning þegar við sjáum fram á það að nú er e.t.v. að ljúka rekstri kísilgúrverksmiðjunnar og þegar við heyrum líka hið óvænta, að hv. 3. þm. Norðurl. e. kvartar yfir því að við höfum ekki horft til framtíðar eins og vera skyldi og byggt upp annað atvinnulíf í staðinn fyrir kísilgúrverksmiðjuna ef hún lokaðist, þá hlýt ég að draga af því þá ályktun að við séum sammála um að tími sé kominn til þess að fella úr gildi lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu vegna þess að þessi lög og framkvæmd þeirra hefur valdið því að torsótt hefur verið fyrir Mývetninga að sækja inn á ný svið.

Svona til gamans er hægt að geta þess að gamall Mývetningur hefur lengi látið sig dreyma um að reisa lítinn húskofa á Geiteyjarströnd en síðustu missirin hefur það stangast á við lögin um verndun Mývatns og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu að húskofinn megi rísa. Eins höfðu menn hróflað upp gufubaði í Bjarnarflagi og fóru þar í gufubað þar sem mönnum þótti stundum gott að vera á síðkvöldum. Það stangaðist líka á við lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu svo að það varð að rífa kofann. Ýmislegt af þessu tagi kemur í ljós að hægt er að lesa út úr þessum lögum sem eru kannski eitthvert besta dæmi í íslenskum texta um það hvernig hægt sé að lesa á milli línanna og misskilja.

Ég held þess vegna að við hljótum, ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., að vera öldungis sammála um að tími sé kominn til þess að þessi lög verði numin úr gildi.

Ég tek líka undir og gladdist raunar yfir því að hv. þm. skyldi geta um þá miklu náttúrufegurð sem er í Mývatnssveit og á þessum slóðum og talaði um þjóðgarð í því samhengi, ef ég man rétt. Ég er nú ekki einn af þeim mönnum sem vilja láta Náttúruvernd ríkisins passa upp á þetta svæði. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Austfirðingar og Norðlendingar, ef þeir leggja saman, séu alveg menn til að rannsaka og gæta svæðisins norðan Vatnajökuls niður með Jökulsá, Ódáðahraun niður í Bárðardal og það sem þar er á milli. Þess vegna væri íhugandi hvort t.d. í Mývatnssveit og líka kannski á Egilsstöðum risu sjálfstæðar stofnanir sem sæju um rannsóknir og annað þvílíkt og friðun þessa svæðis sem yrði að öðru leyti í höndum heimamanna. Þá er ég að tala um að sveitarfélögin bera mikla ábyrgð. Þar sitja menn og konur sem hafa einnig orðið að ganga í gegnum kosningar og verða að svara fyrir gerðir sínar þar og ég hygg að rétt sé að fela þeim gæslu og umsjá þessa svæðis.

Ég veit ekki hvort mönnum finnst það kannski spaugilegt en þegar því er velt fyrir sér hvar þeir eru sem helst hafa haft möguleika á því að rannsaka Mývatnssvæðið búa þeir allir í Reykjavík en sérfræðingur í mosa norður á Akureyri en ekki t.d. í Vestur-Skaftafellssýslu þannig að maður áttar sig ekki stundum alveg á því hvar vísindamennirnir setjast að. Stundum eru þeir ekki nálægt vettvangi og ég veit að hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, þekkir það af samtölum við mikla náttúruunnendur í Mývatnssveit að þeir sakna þess og þykir sárt að geta ekki átt gott samstarf og notið trúnaðar hjá þeim mönnum sem bera helst ábyrgð á rekstri þeirrar stofnunar sem kölluð er Náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Til þess að það sé alveg ljóst að löggjafinn ætlaðist til að þessi stöð yrði í því sveitarfélagi er í lögunum náttúrurannsóknastöð með litlum staf. Þess vegna er þetta ekki heiti á stofnun heldur er verið að tala um að menn séu þar og þá auðvitað allt árið því að varla fara menn að setja heil lög til að útvega einhverjum mönnum aukastarf. Ég á ekki von á því.

Þá vil ég í annan stað segja vegna þess að ég vék áðan að þeirri lyftistöng sem kísilgúrverksmiðjan hefur verið Húsavík að ég hef fylgst með vaxandi kvíða með atvinnuástandi á Húsavík og þeim breytingum sem þar hafa orðið og liggja e.t.v. í loftinu. Ég álít að það sé rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e.

að við verðum að huga að eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit, að fleiri atvinnufyrirtæki rísi þar, þar verði vaxandi byggð. Þá held ég að það sé kannski líka rétt að við þurfum að velta fyrir okkur nýjum rekstri á Húsavík eða við Skjálfanda í Öxarfirði.

Því miður hefur okkur gengið illa að finna iðnað sem styðst við hveraorkuafl, gufuafl, sem er auðvitað lykillinn að því að „lífvænlegt" sé að búa á þessum stöðum á háhitasvæðunum og er einmitt þetta umhverfi frá Öxarfirði um Húsavík til Mývatns. Við getum raunar haldið áfram lengra til suðurs. Það er gott dæmi um þá miklu möguleika sem þar eru ef menn fyndu leiðir og kynnu ráð til þess að nýta þá.

Þess vegna vil ég taka mjög undir þau hvatningarorð sem komu fram um þau efni og leggja áherslu á að menn mega þá ekki vera með bábiljur. Menn verða þá að meina það sem þeir segja. Menn verða þá að standa við það að þeir geti hugsað sér að ný fyrirtæki rísi, jafnvel þó þau standi á fallegum stað. Jónasi Hallgrímssyni þótti oft sú náttúra falleg sem kom sér vel fyrir manninn, og ef ég man rétt kemur það fram í Sturlungu að enginn glæpur er svívirðilegri en sá að koma í veg fyrir það að fólk geti bjargað sér. (**SJS:** Hún er nú ekki eftir Jónas.) Sturlunga? Er hún ekki eftir Jónas? Mig *minnti að hún væri eftir Jónas og hann væri úr Þistilfirðinum* en það er kannski rangminni hjá mér, ég veit það ekki. En svona er nú þetta. Okkur liggur á að segja góð orð og raunar vinna að því að atvinna megi blómstra í landi okkar, ég tala ekki um í kjördæmum okkar og að fólk geti búið þar sem það langar til að búa, fái þar atvinnu við sitt hæfi en þurfi ekki að flytjast á braut.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við sumpart frjálslega útleggingu hv. þm. Halldórs Blöndals á orðum mínum en vil segja það eitt að ég er að sjálfsögðu fylgjandi því og hef verið talsmaður þess að stórefla rannsóknir við Mývatn og þar hefði svo sannarlega mátt búa betur að ýmsu á undanförnum árum. Ég nefni sem dæmi að enn hefur ekki tekist að koma á heilsársflandvörslu á þessu svæði og er þó þarna talsvert af ferðamönnum allan ársins hring.

Það er hins vegar að mínu mati fullkomlega ósæmilegt að taka til orða eins og hv. þm. gerði að rannsóknastöðin hafi aldrei orðið til þess að lyfta undir eitt eða neitt í Mývatnssveit og leggja þá hluti þannig út að hún hafi nánast verið til óþurftar og einskis gagns og aðalvandamálið sé það að forstöðumaðurinn hafi ekki búið í Mývatnssveit. Staðreyndin er sú að rannsóknastöðin hefur skipt þarna miklu máli. Fyrir tilverknað hennar var t.d. gamli prestsbústaðurinn á Skútustöðum gerður upp og komið í myndarlegt og gott stand og er varðveittur og þjónar glæsilegu hlutverki. Þar er mikið um að vera frá því snemma á vorin og fram á haust. Það er einu sinni þannig að vettvangsrannsóknir í náttúrufræðum fara mjög gjarnan fram að sumrinu til eða yfir sumartímann, sérstaklega eins og aðstæðum er háttað í Mývatnssveit. Úrvinnslan fer síðan oft fram að vetri til og fer fram víða. Rannsóknirnar eru unnar af fjölda vísindamanna úr ólíkum greinum náttúrufræði og líffræði. Það eru engir slíkir fjölfræðingar til í dag að þeir gætu tekið sig upp og sett sig niður og unnið einir að öllum þessum fjölbreyttum rannsóknum á sviði líffræði, efnafræði, jarðfræði o.s.frv. þannig að þetta er unnið af fjölmörgum mönnum og úrvinnslan fer fram á fjölmörgum stöðum. Eftir stendur að það getur verið æskilegt markmið að reyna að byggja þetta eins mikið upp og aðstæður leyfa á staðnum. En menn verða að hafa þær aðstæður í huga sem rannsóknirnar verða að lúta og hvernig að þeim er staðið ef þeir vilja sýna umræðum einhverja sanngirni.

[14:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að það skuli vera hægt að benda á það að Náttúrurannsóknastöðin hafi séð um það að endurbyggja gamla prestsbústaðinn á Skútustöðum. Hann var satt að segja orðinn svolítið slitinn svo ekki veitti af að gera eitthvað fyrir hann.

En gagnrýni mín vissi nú ekki að því hvort Náttúrurannsóknastöðin stæði í húsbyggingum eða ekki eða tæki slíkt að sér. Á Skútustöðum eru ágætir menn aðrir sem kunna til þeirra verka og þurftu ekki á Náttúrurannsóknastöðinni að halda. En á hinn bóginn hefur sá tónn sem hefur komið frá þeim sem ráða Náttúrurannsóknastöðinni til fólks í Mývatnssveit verið vægast sagt óviðkunnanlegur að minni hyggju.

Nú má vera að hv. þm. telji að svo sé ekki og sá tónn sé eins og svanasöngur í hans eyrum eða sálmasöngur, það veit ég ekki. En ég hef ekki kunnað við það orðbragð og þær sendingar sem þaðan hafa komið til Mývetninga.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur sem höfum lengi fylgst með aðstæðum á þessu svæði er vel ljóst að andrúmsloftið í samskiptum manna þarna hefur ekki verið eins og skyldi og ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni að eitt bölið sem þessu ástandi hefur verið samfara hafi verið mjög hatrammar og hvimleiðar deilur þar sem lítið samfélag hefur verið rifið í tvennt. Að sjálfsögðu hafa ýmsir þeir vísindamenn sem þarna hafa verið við rannsóknir og störf og hafa þurft að reiða fram vinnu sín sem m.a. hefur verið falin í því að meta áhrif á lífríkið og gera grein fyrir rannsóknum, dregist inn í þær með ýmsum hætti. Það er alveg rétt og það hefur sjálfsagt leitt til óvildar á köflum og leiðinda í samskiptum manna. Ég hygg að hins vegar sé ekki hægt að setja dæmið þannig fram að þar hafi verið hinir vondu vísindamenn að sunnan eða aðkomumenn *á móti heimamönnum heldur hefur myndin verið flóknari* en það. Vísindamennirnir hafa heldur ekki verið allir einir í einum hópi í þessum efnum. Þar hafa verið átök líka eins og eðlilegt er.

Ég minni líka á að fjölmargir erlendir vísindamenn hafa komið að þessu, einnig í gegnum tíðina, og hluti af þessum *rannsóknum sem hafa skipt miklu máli*, eins og rannsóknir Péturs Jónassonar, eru unnar við erlenda háskóla og þar fram eftir götunum. Mikil einföldun er að stilla dæminu þannig upp að hinn vondi forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar sé að sunnan, búsettur fyrir sunnan, og kannski meira að segja það reginhneyksli að hann kunni jafnvel að svara í símann í Reykjavík þó að hringt sé í númerið í Mývatnssveit sem mér virtist að hv. þm. þætti mjög sérkennilegt. Þetta finnst mér ekki vera mjög uppbyggilegt. Hitt væri gott ef við næðum að gera átak í því að efla þessar rannsóknir og það er að sjálfsögðu markmið í sjálfu sér að heimamenn geti notið góðs af.

Að síðustu varðandi lögin um verndun Laxár og Mývatns, bara til þess að halda því til haga sögulega séð, þá hef ég lært söguna þannig að tilurð þeirra laga sé ekki síður til komin

vegna Laxárdeilunnar en vegna tilvistar Kísiliðjunnar við Mývatn.

[14:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvort hv. þm. var að gefa í skyn að ég hafi sagt að Pétur Jónasson hafi verið að senda Mývetningum tóninn eða einhverjir aðrir vísindamenn. Ég var að tala um forstöðumann Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og þá menn sem þar réðu en ekki vísindamenn úti um heim. Ég veit ekki hvað þeir hafa sagt um þá hluti og er ekki að tala um það til að það liggi ljóst fyrir.

Í annan stað hygg ég að eftirtektarvert sé að hv. þm. tók ekki undir þá skoðun mína að eðlilegt væri að vísindamenn beinlínis ynnu í Mývatnssveit. Við getum horft til annarra verkefna, t.d. eru náttúrufræðingar og vísindamenn víða um land. Ég get með engu móti skilið af hverju það er svo erfitt að fá menn til að taka undir að það eigi að gefa vísindamönnum tækifæri til að vinna við náttúrufræðistöð við Mývatn, ef hún á annað borð er til, við Mývatn. Af hverju menn skella við því skollaeyrum og fara alltaf undan í flæmingi þegar að því kemur. Það styrkir byggðirnar að þar búi háskólamenntaðir menn, ég tala ekki um vísindamenn og það breikkar með mörgum hætti atvinnulífið. Við vitum aldrei hvað getur vaxið upp úr því ef góðviljaðir menn, sem blönduðu sér ekki í deilur og stæðu utan við þær og reyndu að skilja það sem fram fer í sveitarfélaginu, settust að og bæru ábyrgð á slíkri náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Það er algerlega út í hött að líta á það sem náttúrulögmál að þeir þurfi að standa í deilum við heimamenn.

[14:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum. Frv. þetta kveður á um að iðnrh. sé heimilt að selja 51% eignarhlut ríkisins í Kísiliðjunni.

Sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. fagna ég því að þetta frv. er komið fram vegna þess að eins og ég kem að síðar í máli mínu tel ég að þetta opni marga möguleika. Eins og komið hefur fram í ræðum manna á undan mér eru allir meðvitaðir um að starfsemi Kísiliðjunnar við Mývatn hefur verið mjög umdeild svo vægt sé til orða tekið, allt frá því að Kísiliðjan við Mývatn var stofnuð 13. ágúst 1966. Þess vegna er sú sýn sem sett er fram í þessu frv. með samningum um sölu Kísiliðjunnar allrar athygli verð og ber að skoðast.

Ekki fer á milli mála að Kísiliðjan við Mývatn hefur gríðarlega þýðingu fyrir samfélagið í Mývatnssveit. Árið 1977 mat Byggðastofnun þýðingu Kísiliðjunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf í Mývatnssveit og niðurstaðan varð sú að líklegt mætti telja að 75 ársverk mundu hverfa úr atvinnulífi sveitarfélagsins ef starfsemi Kísiliðjunnar hf. mundi hætta og um 210 íbúar þyrftu að finna sér annað lífsviðurværi að öllu óbreyttu. Eftir stæði 260 manna samfélag sem væri að stórum hluta í dreifbýli með um 130 ársverk og 10% lægri meðallaun en nú. Byggðastofnun reiknaði með að tekjur sveitarsjóðs gætu dregist saman um helming og tekjur Húsavíkurbæjar mundu dragast saman um 4% auk þess sem minni verkefni yrðu í tengslum við útflutning um Húsavíkurhöfn. Það liggur þess vegna ljóst fyrir að ekki er einvörðungu samfélagið í Mývatnssveit sem hér er um að ræða. Þessi starfsemi hefur haft mikla efnahagslega þýðingu fyrir Húsavík og raunar allt svæðið í kring. Þess vegna er mjög athyglisvert að nú skuli kominn upp sá flötur að nýtt fyrirtæki sem kaupir Kísiliðjuna hyggi á byggingu og rekstur kísilduftverksmiðju. Þetta fyrirtæki segist munu, að fenginni niðurstöðu um hagkvæmni kísilduftverksmiðju, skuldbinda sig til að reisa næstu verksmiðju á lóð Kísiliðjunnar hf. og eiga og reka fyrirhugaða kísilduftverksmiðju. Í greinargerð segir að áformin séu í stuttu máli þau að kísilgúr verði framleiddur, að fengnu nýju námaleyfi, til ársloka 2004 með möguleika á framlengingu um allt að tvö ár. Ég tel að það séu spennandi áform sem þarna er lagt upp með og ég vona svo sannarlega að með umfjöllun í iðnn. fáum við skýringar á því og getum haft áhrif á hvernig þessi áform verða sett út í veruleikann.

Það sem ég tel þó kannski mikilvægast í þessu frv. er viðbótin við 12. gr. laganna, sem verður 2. gr., sem kveður á um að:

„Starfræktur skal sérstakur sjóður, Kísilgúrsjóður, sem hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.“ — Og það segir í frv.:

„Ráðstöfunarfé sjóðsins skal vera:

1. 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001.

2. 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er hætt.

3. Framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

4. Aðrar tekjur.“

Ef til vill væri ástæða til að staldra við þriðja liðinn og kannski að framkalla meiri bindingu hvað fjárupphæðir varðar þannig að menn gætu skipulagt sig betur varðandi uppbyggingu á atvinnumálum í Mývatnssveit. Ég held að það væri ákaflega mikilvægt.

Vegna þess að burt séð frá áformum eigenda Promeks, kaupendanna um kísilduftverksmiðju, liggur alveg ljóst fyrir að í Mývatnssveit og nánasta nágrenni verður að huga að atvinnuuppbyggingarmálum í víðara samhengi. Þetta er náttúruperla og það þarf uppbyggingu vegna umhverfismála, stígagerð o.fl. Það þarf að hlúa að ferðamannastarfseminni á svæðinu.

Þörf er á alhliða umhverfisbótum í Mývatnssveit og ljóst að á næstu missirum verður gríðarleg starfsemi í nágrenni Mývatns á sviði orkumála, iðnaðar og ferðamála. Undir þær áætlanir þyrfti að fella svæðið austur fyrir, alveg austur að Kröflu en þar þarf töluverða uppbyggingu á næstu missirum. Uppi eru áform um heilsulind í einhverju formi í Námaskarði o.s.frv. Í mínum huga hefur þessi sjóður þannig gríðarlega mikla þýðingu. Þess vegna væri betra að hafa glögga mynd af umfangi hans svo gera megi ráðstafanir og áætlanir til lengri tíma um alhliða uppbyggingu í Mývatnssveit.

Það dylst engum, þó allir viðurkenni hversu mikla þýðingu Kísiliðjan hefur haft fyrir Mývatnssveit, að starfsemin hefur náttúrlega í aðra röndina kostað ríkissjóð stórfé. Kísiliðjan er t.d. fóðruð orku frá gufuveitum ríkisins sem upprunalega voru settar á laggirnar af ríkissjóði. Ef ég man rétt voru fyrir 14 árum síðan afskrifaðar tugmilljónir króna hjá því fyrirtæki sem afhenti orkuna til Kísiliðjunnar. Óbeint hefur Kísiliðjan, ekki bara verksmiðjan sjálf heldur og annað tengt henni kostað stórfé.

Ég vil líka taka undir þá gagnrýni að meðan Kísiliðjan var í svokallaðri biðstöðu, sem við getum sagt að sé fram að

deginum í dag, þá höfðu menn ekki nein áform um heildstæða atvinnuuppbyggingu og er það miður. Ég held að þá hefði verið annað hljóð í mönnum og önnur staða ef menn hefðu gripið til einhverra hliðarráðstafana eins og víða er gert þegar stórar verksmiðjur hætta rekstri. Við þekkjum þetta svo víða. Við þurfum ekki annað en að fara til Mið-Englands þar sem kolanámurekstur hefur verið lagður niður. Þar hafa menn neyðst til að snúa sér að öðru og náð gríðarlega góðum árangri, m.a. með opinberum styrkjum. Mér finnst mikilvægt að það komi fram.

Úr því að menn fóru um vítt og breitt í umræðunni þá ætla ég að leyfa mér það líka. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hafði allt á hornum sér varðandi lög um verndun Laxár og Mývatns. Í raun hélt ég að sjónarmiðin sem þar komu fram heyrðu gærdeginum til vegna þess að lögin um verndun Laxár og Mývatns eru auðvitað verndunarlög. Menn verða að átta sig á því, þegar talað er í þessum dúr gagnvart landinu í heild sinni, að við erum nýbúnir að samþykkja lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Vandséð er hver tilgangurinn er með að slá því fram að menn megi ekki byggja kofa á Geiteyjarströnd án þess að fá leyfi. Það má hvergi byggja kofa, ekki einu sinni sex læra reykkofa án þess að það fari fyrir skipulagsyfirvöld og mat á umhverfisáhrifum í heild sinni.

Ég held að menn séu ekkert betur settir með því að agnúast út í lögin um verndun Laxár og Mývatns og telja að þau hafi þau áhrif að menn komist ekki neitt áfram. Heildarlögin setja að mörgu leyti sömu skorður við áformum manna um að byggja o.s.frv. Ég held að ef menn vilja vera raunsæir þá séu það ekki þau lög sem hindra uppbyggingu eða framtíðarplön í Mývatnssveit heldur vanti kannski skilninginn á því að vinna með lögunum. Það er sama hvar sveitarstjórnin er. Það þurfa allir að fara í gegnum skipulagsferli, fá framkvæmdir samþykktar o.s.frv. Ég held að allt of mikið sé gert úr því að lögin um verndun Laxár og Mývatns séu einhver þrándur í götu.

Virðulegi forseti. Ég vil að síðustu segja að þetta frv. fer til umsagnar iðnn. og þar fáum við tækifæri til að fara betur í þessi mál. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ávallt lagt áherslu á að við værum ekki andvíg því að selja verksmiðjur í rekstri ríkisins. Við höfum lagst alfarið gegn því að selja úr ríkiseigu stoðkerfi landsins, hvort sem það er í rafmagnsmálum, heilbrigðismálum eða fjarskiptamálum. Verksmiðjurekstur af þessu tagi er ekki heilagur fyrir okkur og ég lít nú þannig á að við verðum betur í stakk búin til að gera góða hluti á svo mikilvægu verndarsvæði ef við stöndum hlutlaus gagnvart rekstrinum, gagnvart þeim sem hugsanlega færi í vinnslu á kísildufti á svæðinu. Oft er erfitt að sitja beggja vegna borðs. Frá stofnun verksmiðjunnar má náttúrlega segja að ríkið hafi setið beggja vegna borðsins. Kannski stæðu málin öðruvísi ef svo hefði ekki verið.

Að síðustu þetta: Það mætti setja á langa ræðu um atvinnumál í Mývatnssveit og öllu því svæði en bara til að halda því til haga fyrir hv. 1. þm. Norðurl. e. þá erum við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði auðvitað hlynnt atvinnuuppbyggingu á jákvæðum nótum á öllu svæðinu. Málið snýst ekki um það heldur hvernig verði staðið að því. Það þýðir ekki að koma hvað eftir annað og leggja fram sínar hugmyndir og ef mótaðilinn vill ekki samþykkja þær þá fái hann í andlitið: Ja, þið eruð á móti öllu.

Menn eru kannski ekki sammála um þær hugmyndir sem settar eru fram af mótaðilanum og vilja aðrar lausnir en þar með eru þeir ekki á móti öllu. Auðvitað vilja menn framfarir og nota orkuna. Málið snýst um hvernig eigi að nýta kostina. Það er gott til þess að vita að nú er að koma fram frv. um orkulög. Eins og allir vita búa Þingeyjarsýslur yfir gríðarlegum orkuforða. Ég vil enda þetta innlegg mitt með því að ég er jákvæður í garð þessa frv. Ég mun leggja mig fram um að koma málum svo fyrir að orkuforði Þingeyjarsýslna megi nýtast, á hvaða hátt sem ákveðið verður að vinna hann, því fólki sem býr næst þeim auðlindum sem svæðið býr yfir. Það er grundvallaratriði.

[14:53]

Útbýting þingskjala:

Niðurgreiðslur erlendra skulda þjóðarinnar fyrir árið 2015, 82. mál, svar forsrh., þskj. 804.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar, 452. mál, svar dómsmrh., þskj. 802.

[14:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga sem heimilar ráðherra að selja hlut ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn. Ég hlýt að gleðjast yfir því vegna þess að ég er á móti því að ríkið standi í svona rekstri og bisness. Ræða hæstv. iðnrh. var í takt við það. Þar var mikið rætt um bisness og alls konar tækni, um kísilryk, kísilgúr, kvars, perlustein og vikur og alls konar útlend nöfn á fyrirtækjum út og suður. Bisness og aftur bisness, herra forseti, á hinni háu löggjafarsamkundu Íslands. Í staðinn fyrir að setja almenn lög um atvinnulífið þá ræðum við um bisness en sem betur fer, herra forseti, deyjandi bisness af því að nú á að fara að selja þetta. Það játast.

Reyndar gátu menn ekki látið lögin alveg detta út þannig að lagasafnið yrði snyrtilegra fyrir þá sem það lesa öðru hverju. Nei, örlítið skal lifa eftir, einhver kísilgúrsjóður. Þessi sjóður er ógnarlegt bákn vegna þess að hann á að hafa óskaplegar tekjur. Það er það sem standa á eftir sem lög. Hann á að hafa 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001 og síðan 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er hætt.

Ekki veit ég hvernig menn fundu þessi 68%. Það getur vel verið að iðnn. komist að þeirri niðurstöðu að það skuli vera 69%. Hvaða tölur eru á bak við þetta? Algjör, með leyfi herra forseta, ég segi nú kannski ekki tittlingaskítur, en þetta eru smáaurar. Málið snýst um einhverjar 3 millj. á ári. Það er eins gott að stjórnin, sem skipuð er fimm mönnum, sé ekki með há laun því að þá er sjóðurinn farinn.

Að menn skuli stofna sjóði og setja um þá sérstök lög og prenta inn í lagasafnið til að halda utan um 3 millj. eða svo á ári í einhver ár, kannski 2–4 ár í viðbót. Nei, herra forseti, ég legg nú til að menn bara leggi þetta alveg af, heimili ráðherra að selja verksmiðjuna og síðan renni þessir litlu peningar, námagjaldið, bara í ríkissjóð. Menn ættu að hætta að búa til svona sjóði út og suður sem ekkert hafa að segja nema að þar er stjórn sem þarf að skipa, þarf að mæta á fundi og drekka kaffi og síðan fær hún stjórnarlaun og síðan eru einhverjir peningar settir í eitthvert gæluverkefni einhvers staðar. Afskaplega lítið sniðugt.

Ég ætla rétt aðeins, herra forseti, að koma inn á það sem formaður vinstri grænna sagði hér áðan um umhverfismálin. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að svona verksmiðja yrði ekki stofnuð í dag. Hvaða skilaboð eru það til landsbyggðarinnar? Nú fer hver einasti maður úti á landsbyggðinni að líta í kringum sig og vonast til að landslagið í kringum

hann sé ekki fallegt og ekkert sérstakt því þá geti komið einhverjir umhverfissinnar og bannað allar framkvæmdir.

Þessi verksmiðja hefur verið mikil lyftistöng fyrir þetta svæði. Þarna eru 75 störf og um 40% af íbúum sveitarfélagsins lifa meira og minna af þessari verksmiðju. Það sem hv. þm. var að segja er að þessi störf hefðu aldrei orðið til ef umhverfismál hefðu verið verið komin á það stig sem þau eru í dag. Þessi störf hefðu aldrei orðið til, Mývatnssveit hefði aldrei orðið það sem hún er í dag. Hann er að segja það.

Þarna rekast náttúrlega umhverfisverndun og umhverfismál illilega á byggðamál. Hér í Reykjavík má gera alla hluti án þess að fara í umhverfismat. Kópavogur er á leiðinni til Reykjavíkur hægt og rólega yfir veginn. Menn fylla upp og fylla upp, einskis spurt og ekkert umhverfismat, ekki neitt. Ekkert bra-bra sem þarf að kíkja á þar eða neitt svoleiðis. Þar má gera allt. En þarna býr fólk sem gerir kröfur um að ekki megi hreyfa stein úti á landi. Það má ekki velta við steini úti á landi, þá skal allt fara í umhverfismat.

Þetta eru skilaboðin til landsbyggðarinnar og það getur vel verið að þetta sé bara niðurstaðan. Sumir hafa sagt að kísilnámið hafi hreinlega bjargað vatninu frá því að breytast í mýrlendi. Sumir hafa sagt það þó þar stangast á skoðanir. Ef ekki hefði verið þetta nám þarna þá hefði vatnið orðið svo grunnt að þar mundi enginn fiskur þrífast og svæðið verða að mýri. Í rauninni telja sumir að í það stefni hægt og bítandi, bæði með foki og myndun kísilgúrs.

Það eru tvær hliðar á öllum málum. Það eru líka tvær hliðar á umhverfisstefnu sem gengur svo hart fram — það getur vel verið með réttu — að það megi í raun ekki breyta neinu. Þá verða menn úti á landi bara að vona að umhverfi þeirra sé ekki sérstaklega fallegt og ekki þess virði að vernda það og þá megi gera ýmsa hluti, byggja kofa og reisa litlar verksmiðjur og svoleiðis. Annars mega þeir það ekki.

[14:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Kannski er ekki tilefni til að lengja mikið þessa umræðu. Ég get þó ekki látið hjá líða að takast á við hv. síðasta ræðumann um það sem fram kom í ræðu hans, þegar hann reyndi að búa til þá mýtu hér í ræðustól að ekki megi snúa við steini úti á landi án þess að allt verði vitlaust og allt þurfi að senda í umhverfismat í dreifbýli en hins vegar sé aldeilis annað uppi á teningnum hér í Reykjavík þar sem aldrei þurfi að gera neitt slíkt.

Herra forseti. Fullyrðingar af þessu tagi eru einfaldlega rangar og dæma sig sjálfar. Að sjálfsögðu gilda sömu lög um mat á umhverfisáhrifum í Reykjavík og annars staðar á landinu. Að halda því fram hér úr þessum ræðustóli að á höfuðborgarsvæðinu gildi önnur lög en á landsbyggðinni er einfaldlega rangt.

Hins vegar verðum við líka að vita og viðurkenna að hér í þessum sölum voru sett lög, árið 1973 eða 1974, um verndun Mývatns og Laxársvæðisins. Eftir þeim lögum er farið og langri og stórri reglugerð með þeim lögum. Eftir þeirri reglugerð og þeim lögum hefur verið unnið og samkvæmt þeim lögum nýtur svæðið sem hér um ræðir mjög víðtækrar verndar. Við getum ekki horft fram hjá því þegar við ræðum þau mál sem hér hefur borið á góma. Umrædd lög voru sett eftir mjög langvinnar og harðar deilur um virkjanir í Laxá. Þeir sem þekkja þá sögu eru færari en sú sem hér stendur til að rekja hana en sannleikurinn er sá að það var vegna umhverfisáhrifa sem orðið hefðu ef virkjanaáformin hefðu náð fram að ganga að þau lög voru sett.

Síðan hefur verið deilt um Kísiliðjuna og töku kísilgúrs úr vatninu. Öllum sem vilja vita er kunnugt um að í gildi hefur verið ákveðið samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar og Náttúruverndar ríkisins, sem þá var Náttúruverndarráð reyndar, um að námaleyfið sem Kísiliðjan er rekin á núna yrði tímatakmarkað og ekki endurnýjað. Í þetta samkomulag hefur verið vitnað í þingræðum, blaðagreinum, vísindagreinum og víðar. Flestum er því kunnugt um að námaleyfið er takmarkað og það hefur verið vitað a.m.k. allt aftur til ársins 1993.

Herra forseti. Ég get heldur ekki orða bundist vegna þeirrar gagnrýni sem kemur fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. á rannsóknastöðina við Mývatn. Ég verð að segja, herra forseti, að það eru ansi stór orð hjá hv. þm. að segja að rannsóknarstöðin hafi hvorki lyft undir eitt né neitt í Mývatnssveit. Sú gagnrýni sem forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar, dr. Árni Einarsson varð fyrir úr þessum ræðustóli er líka ámælisverð, herra forseti. Sú gagnrýni var allsendis órökstudd og helst studd þeirri skoðun hv. þm. að mál væri til komið að afnema lögin um vernd Mývatns og Laxár.

Hv. þm. má hafa sínar skoðanir á þessu málum en, herra forseti, órökstudd gagnrýni af þessu tagi, úr ræðustóli hér í umræðu um kísilgúrnám úr Mývatni, á að mínu mati ekki rétt á sér nema til þess að vera vísað til föðurhúsanna. Það að hv. þm. skuli vera þeirrar skoðunar að taka eigi umsýslu hins verndaða svæðis úr höndum Náttúruverndar ríkisins segir líka sína sögu. Mér þykir það ábyrgðarhluti hjá þingmönnum, sem eiga að standa vörð um stofnanir á borð við Náttúruvernd ríkisins, að tala svo lágkúrulega niður til þeirra stofnana. Ég fullyrði, herra forseti, að rannsóknastöðin við Mývatn hefur látið afskaplega margt gott af sér leiða. Ég get nefnt eitt einfalt dæmi sem er mjög nýlegt. Síðasta vor var unnið afskaplega merkilegt þemaverkefni skólabarna í Mývatnssveit í samvinnu við rannsóknastöðina þar sem nemendur í skólunum fóru ásamt vísindamönnum rannsóknastöðvarinnar yfir náttúru vatnsins. Þar var kannað varp á fyrri tímum og fjallað um vatnsnytjar á Hofsstöðum, eggjatínslu og fjallað um lífríki vatnsins á breiðum grunni. Krakkarnir unnu stórkostleg og merkileg verkefni í samvinnu við vísindamenn rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Rannsóknastöðin er til staðar í sveitinni og tekur að sér uppeldishlutverk nánast óumbeðin. Ég verð að viðurkenna að ég tel það til göfugra hlutverka og bendi á það hér til að það sé á hreinu að rannsóknastöðin lætur gott af sér leiða í Mývatnssveit, í daglegu lífi fólksins þar, jafnvel þó forstöðumaður stöðvarinnar hafi ekki fasta búsetu í sveitinni.

Hvað vitum við sem hér stöndum um þarfir stöðvarinnar og óskir, t.d. um aukið fjármagn til að gera stöðina öflugri? Hvað vitum við nema fjármagnsskorti sé um að kenna? Hvað vitum við nema hugur fólks sem þarna starfar standi til að gera meira og leggja meira af mörkum til lífsins í sveitinni heldur en stöðin er fær um að gera í dag? Í öllu falli er starf rannsóknastöðvarinnar í mínum huga merkilegt starf. Ég hef haft mikla ánægju af því að heimsækja hana. Ég hef notið þeirrar ánægju að lesa það sem frá vísindamönnum hennar kemur. Ég veit að sveitungarnir í Mývatnssveit hafa haft gagn og gaman af sambýli við þessa stöð. Hún á skilið að njóta sannmælis úr þessum ræðustóli.

[15:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki við því að búast að hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, hefði mikinn skilning á því að ýmsir okkar hafa áhuga á því að efla vísindarannsóknir en jafnframt hafa í höndum heimamanna og að við skulum hafa áhuga á því að færa slík störf norður. Nú eru aðrir tímar og jafnvel þó við förum ekki lengra aftur en til ársins 1974 þá hefur umhverfið breyst. Með hverju ári fjölgar ungu fólki sem lýkur háskólaprófi í ýmsum náttúruvísindum. Auðvitað eigum við að gefa því tækifæri til að setjast að þar sem rannsóknarsvæðin eru. Það er nútíminn. Það er hins vegar forræðishyggja og að hverfa aftur til fortíðar að staðna svo að ekki megi hugsa sér að við náttúruverndarstöð í Mývatnssveit vinni vísindamenn sem vilji búa í Mývatnssveit. Það er meira að segja svo að ung kona þarna af Fjöllunum er að læra til slíkra hluta og væri ekki amalegt ef þeirri konu gæfist kostur á því að búa á þessum slóðum, þar sem hún er upp alin og þekkir hverja þúfu, hvern stein, Jökulsána og hvað eina, og sækir að vera þar. Við erum að tala um að menntað fólk hafi tækifæri til þess að vinna að þeim verkum sem falla til úti á landi en þau séu ekki unnin hér. Það er það sem um er að ræða.

Hitt var algerlega rangt og uppspuni að gert hefði verið samkomulag milli ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, meðan Eiður Guðnason var umhvrh., og Náttúruverndar ríkisins um að námaleyfið yrði takmarkað í Mývatnssveit. Þetta er uppspuni. Hv. þm. getur ekki staðið við það og slíkt samkomulag liggur hvergi fyrir.

[15:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég elti ekki ólar við ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e. um hversu margir vísindamenn séu tilbúnir til að hafa fasta búsetu í Mývatnssveit, hverjir þeir séu eða hverjar ættir þeirra annars eru.

Varðandi hitt atriðið vil ég aðeins árétta, þ.e. um samkomulagið frá 1993, að mér er fullkunnugt um, herra forseti, að það er deilt um þetta samkomulag. Ég hef lesið um þetta samkomulag og ekki einungis í gögnum frá stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Ég hef lesið um þetta samkomulag í gögnum frá Náttúruvernd ríkisins, frá Fuglaverndunarfélagi Íslands og í þinggögnum meira að segja. Í þingræðum hefur þetta borið á góma oftar en einu sinni. Mér er fullkunnugt um að um þetta samkomulag er deilt en hef engu að síður rökstuddar fullyrðingar í fórum mínum. Ég held því fram statt og stöðugt að samkomulagið hafi verið gert, enda hafa ansi margir vitnað til þess og vitna til þess enn í dag.

[15:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék auðvitað fyrst að því svona, ég segi ekki að hv. þm. hafi slett í góm — það var a.m.k. ekki virðing fyrir því að ungt menntað fólk gæti sest að úti á landi sem kom fram í fyrstu orðum hv. þm. Ég lít svo á ef við viljum á annað borð efla byggð í landinu þá hljótum við að horfa til þess að vísindastofnanir geti verið úti á landi. Það er alveg ljóst ... (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. 3. þm. Norðurl. e. grípur fram í. Vonandi var hann að taka undir sjónarmið mín þó ég hafi ekki greint orð hans.

Um hitt vil ég segja: Hvernig stendur á því að hv. þm. fylgir ekki eftir fullyrðingu sinni og leggur fram skriflega fsp. til hæstv. umhvrh., hæstv. iðnrh. eða hæstv. forsrh. og spyrst fyrir um hvort fyrir liggi samkomulag við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem sat frá 1991–1995 um að námaleyfið yrði tímatakmarkað eins og hv. þm. komst að orði. Þá kæmi sannleikurinn í ljós. Ég hef oft rakið þetta hér. Það liggur fyrir að iðnrh. á þeim tíma fékk heimild ríkisstjórnarinnar til að leggja fram frv. Það var skýrt tekið fram af Sjálfstfl. að sú heimild nægði ekki til að frv. yrði samþykkt. Þetta frv. dagaði uppi eins og að var stefnt. Samkomulag er ekki til enda reyndi ekki á það í raun, nema með þessum hætti. Samkomulag er ekki hægt að gera við ríkisstjórn eða Alþingi nema fá það staðfest.

[15:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera rétt að taka áskorun hv. þm. og leggja fram fsp. um þetta efni og fá fram í dagsljósið þá pappíra sem kallaðir hafa verið samkomulagið frá 1993. Á hitt vil ég leggja áherslu að ég er sammála hv. þm. um að það beri að efla störf vísindastofnana sem og annarra stofnana á landsbyggðinni. Þar deilum við sjónarmiðum og skoðunum. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á að það er á stefnuskrá Náttúruverndar ríkisins að dreifa störfum út á land. Sú stofnun hefur verið afskaplega ötul í því að ráða heimafólk til vinnu, hvort sem er í landvörslu eða öðru sem þeir hafa yfir að ráða. Það hæfir því ekki hv. þm. að gera lítið úr Náttúruvernd ríkisins sem deilir þessum skoðunum með okkur.

[15:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir að taka undir með mér og styðja þetta frv. Það er aðalatriðið. Ég vil lýsa ánægju með að umræðan var nokkuð friðsamleg þó eitthvað örlaði á því að reynt væri að hleypa henni upp. Það eru svo sannarlega nýir tímar þegar við getum talað um þetta ágæta fyrirtæki, Kísiliðjuna við Mývatn, án hávaða og þess að menn verði mjög ósammála. Mér fannst hv. þm. almennt vera sammála þessum áformum. Hv. þm. ætla að styðja það að þarna verði farið út í nýja starfsemi. Mér finnst það mjög mikilvægt og um það er svo sem ekki meira að segja.

Út af örfáum atriðum sem komu upp í umræðunni, t.d. því sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þ.e. hvers vegna þessi kostur hefði ekki verið skoðaður betur áður. Hann lét jafnvel að því liggja að fyrrv. iðnrh. hefði ekki staðið sig í þeim efnum. Ég vil að það komi fram að meðeigendur okkar í Kísiliðjunni voru ekki áhugasamir um að selja fyrr en núna. Kannski hefur það eitthvað með það að gera að það urðu forstjóraskipti hjá fyrirtækinu og dálítið annað hljóð komið í strokkinn.

Varðandi tilraunaverksmiðjuna, sem um tíma stóð til að reisa hér en síðan var reist í Noregi, þá tel ég að aðalástæður þess að þannig fór séu að Norðmenn veita mjög myndarlega fjárfestingarstyrki í tilfellum sem þessum. Það gerum við Íslendingar ekki og þess vegna urðum við undir í þeirri baráttu. En ef, eins og núna er útlit fyrir, næsta verksmiðja — ef við tölum um þessa tilraunaverksmiðju sem verksmiðju — yrði reist við Mývatn þá tel ég að við getum í sjálfu sér verið ákaflega sátt við þá niðurstöðu.

Hv. þm. nefndi líka aðgerðir til annarrar atvinnustarfsemi og að kannski hefðum við ekki staðið okkur nógu vel á þessu tímabili. Vissulega var ákveðin óvissa í sambandi við fyrirtækið, í sambandi við að byggja upp nýja atvinnumöguleika, að þá má sjálfsagt að einhverju leyti taka undir það en

staðreyndin er sú eins og við vitum öll að það er ekki þannig að hlaupið sé að því að finna tækifæri og finna nýja iðnaðarkosti. En í sambandi við það vil ég nefna, eins og kemur fram í greinargerð með frv., að ég hef fyrir hönd iðnrn., undirritað samning við Allied EFA. Í honum felst að Allied EFA hf. mun kynna fyrir iðnrn. þau fjárfestingarverkefni á sviði iðnaðar sem Allied EFA og dótturfélög þess eru að vinna að hverju sinni. Allied EFA hf. mun gera grein fyrir hvort og hvernig hægt er að staðsetja umrædd verkefni á lóð Kísiliðjunnar hf. í nágrannasveitarfélögum eða annars staðar á Íslandi og í þriðja lagi að skilgreina þær hindranir sem eru í vegi fyrir því að staðsetja iðnaðarfyrirtæki á framangreindum stöðum og leita leiða til að ryðja þeim hindrunum úr vegi. Það er því von mín að það samstarf sem hefur verið tekið formlega upp við þetta fyrirtæki muni leiða af sér frekari atvinnutækifæri á Íslandi og þá sérsaklega á landsbyggðinni.

Ég ætla ekki að fara neitt sérstaklega út í útlistanir á því hvaða líkur eru á því að farið verði í Syðriflóa. Ég veit að til þess að sé hægt að vinna út það tímabil sem meiningin er að vinna kísilgúr, þá dugar Ytriflóinn a.m.k. ekki miðað við núverandi leyfi, en best er að útiloka ekkert í þeim efnum. Við vitum hverjar staðreyndirnar eru í sambandi við Syðriflóann, það hefur verið farið í gegnum umhverfismat og umhvrh. hefur staðfest það þannig að í sjálfu sér er sá möguleiki fyrir hendi, en þetta eru atriði sem liggja ekki fyrir á þessari stundu og þess vegna kannski engin ástæða til að fara nánar út í það.

En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði líka um fjármunina, hvort fyrir lægi hvernig þeim yrði varið og það gerir það nú reyndar ekki. Hins vegar eru ýmsir möguleikar og jafnvel er einn möguleikinn sá að þessir fjármunir fari inn í kísilgúrsjóðinn vegna þess að eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals hefur hann náttúrlega ekki yfir miklum fjármunum að ráða eins og er, en hefur þó nýst á ákveðinn hátt fyrir ákveðna einstaklinga og ákveðin fyrirtæki á svæðinu. Þetta er sem sagt atriði sem hefur ekki verið gengið endanlega frá en kannski skýrist það eitthvað meðan málið verður í hv. iðnn. og verður þá iðnn. gerð grein fyrir því.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri að sinni, ég vil bara fyrst og fremst þakka að frv. fékk góðar undirtektir. Ég vil ítreka að það er mjög mikilvægt að unnið verði vel og hratt í þessu máli vegna þess að við höfum ekki mjög langan frest. Ég vil því fara þess á leit við hv. iðnn. að hún hraði störfum sínum eins og kostur er.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin við spurningum mínum. Það eru nokkur atriði sem borið hefur á góma í umræðunni sem hefur reyndar breikkað talsvert út frá efni frv. Má þar ekki síst um þakka frumkvæði þeirra flokksbræðranna, hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykv.

Um það sem sá síðarnefndi ræddi og lýtur að því að skipta þjóðinni einnig að þessu leyti upp í tvennt, annars vegar sé fólk á landsbyggðinni og vitund þess til umhverfismála og hins vegar fólk á höfuðborgarsvæðinu sem sé skeytingarlaust um umhverfi sitt hið næsta sér, en sjái ofsjónum yfir öllum framkvæmdum sem eigi að ráðast í úti á landi, þá held ég að þetta sé bæði röng og ákaflega óþörf uppstilling mála. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er vissulega ekki sá eini sem reynir á köflum að setja málin svona fram en ég fullyrði að þetta er bæði rangt og þetta er algjörlega óþarft. Við bætum ekki ástandið í þjóðfélaginu með því að reyna enn einu sinni, einnig að þessu leyti, að draga menn í sundur og kljúfa þjóðina upp.

Fyrir það fyrsta er það nú þannig að meðvitund manna á landsbyggðinni fyrir náttúru sinni og umverfi sínu er mjög næm. Þar hefur umhverfið og náttúran gjarnan reynst eiga sína dyggustu gæslumenn. Það er mikill misskilningur ef menn ætla að fara að skrifa sögu umhverfisátaka hér á landi þannig að allt hafi verið að frumkvæði einhverra vísindamanna af höfuðborgarsvæðinu sem gerst hafi í þeim efnum. Ekki voru þeir frumkvöðlar í baráttunni fyrir verndun Laxárdals. Hverjir voru það? Voru það einhverjir aðkomumenn og vísindamenn utan frá? Nei, það voru bændur á svæðinu sem risu upp með þeim hætti til varnar nánasta umhverfi sínu að frægt varð, ekki bara á Íslandi, heldur víða um lönd.

Þannig hefur það reyndar líka verið ef menn vilja fara yfir það í sambandi við Mývatn. Hér hefur gætt þeirrar tilhneigingar að tala um Mývetninga eins og þeir hafi allir saman verið á einu máli og staðið að baki Kísiliðjunnar. Það er mikill misskilningur. Ætli hörðustu andstæðingar hennar hafi ekki einmitt búið á bökkum Mývatns, menn eins og Eysteinn á Arnarvatni og Starri heitinn í Garði og aðrir slíkir? Skyldu einhverjir þekkja þá? Þeir þurftu ekki háskólamenn utan úr heimi eða sunnan frá Reykjavík til að hjálpa sér í þeim efnum, að vita hvaða afstöðu þeir hefðu og vilja í þeim efnum.

Með sama hætti er það líka algjörlega rangt að reyna að skrifa söguna þannig að fólk á þessu svæði hafi ekki haft meðvitund um umhverfi sitt. Hafa ekki risið harðar deilur hér einmitt vegna ýmissa framkvæmdaáforma á höfuðborgarsvæðinu innan og í nágrenni við borgarmörk Reykjavíkur? Jú, ætli það ekki. Nú síðast risu menn upp þegar átti að fara að koma með íbúðarbyggð niður á bakka Elliðavatns, fjölmargir bæði íbúar á svæðinu og áhugaaðilar um umhverfismál hér á þessu svæði. Reyndar höfðu fleiri á því áhuga, þar á meðal sá sem hér stendur og lagði inn fyrirspurn um málið, þó ég telji mig Norðlending.

Man hv. þm. Pétur H. Blöndal eftir átökunum um Fossvogsdal þegar átti að malbika upp eftir honum? Hverjir risu upp honum til varnar aðrir en íbúarnir beggja vegna við það græna belti sem þar teygir sig frá sjó og upp í Elliðaárdal? Fossvogsbakkana mætti nefna og fjölmörg fleiri svæði þar sem menn hafa risið upp til varnar rétt eins og menn hafa líka gert á landsbyggðinni. Þetta er ekki svona, þetta er einföldun og þjónar engu í umræðunni. Þó svo að nokkur stór framkvæmdaáform úti á landsbyggðinni hafi orðið umtöluð á síðustu missirum og umhverfisverndarfólk alls staðar að af landinu, bæði héðan af þessu svæði þar sem við stöndum nú eða sitjum og svo annars staðar að af landinu hafi sameinast í þeim efnum, þá mega menn ekki fara að reyna að umskrifa söguna þannig að vitund þjóðarinnar sé eitthvað tvískipt í þessum efnum eftir því hvar menn búa. Ég held að sé ekki svo. Langt því frá.

Í öðru lagi það sem hér hefur verið rætt lítillega um rannsóknastöðina við Mývatn og rannsóknir þar almennt, þá verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst hv. þm. Halldór Blöndal nokkuð kjarkmikill að hætta sér út í umræðuna á þeim nótum sem hann gerir, að saka okkur hér, sem höfum aðeins komið til varnar þeirri starfsemi þegar að henni er sótt, og veist að nafngreindum einstaklingum, sem eru ekki á Alþingi til að svara fyrir sig og mætti nú hv. 1. þm. Norðurl.

e., sem er jafnframt forseti þingsins, hafa það í huga hvað er við hæfi í þeim efnum að ganga langt í nánast óhróðri um nafngreinda einstaklinga, í skjóli þinghelgi þegar þeir hafa ekki aðstöðu til að verja hendur sínar. Hafi hv. þm. Halldór Blöndal lítinn heiður að því að kunna þannig með hlutverk sitt að fara hér á þinginu eins og þetta m.a. sannaði. Sjálfsagt má finna ýmislegt að störfum þessa manns. Menn geta haft þá persónulegu skoðun að það sé óheppilegt að hann hafi ekki sett sig niður í Mývatnssveit og búið þar en að fjalla með þeim hætti sem gert var um störf hans og þá stofnun sem hann veitir forstöðu er til lítils sóma þingreyndum mönnum að gera með þeim hætti sem þarna gerði hv. þm. Halldór Blöndal. Talar nú sá sem í glerhúsinu býr eða kastar *steininum*.

Hvar hefur hv. þm. Halldór Blöndal verið sl. 10 ár að koma ekki að einhverju leyti fram þeim áformum sínum um að efla rannsóknarstarfsemi við Mývatn? Hefur hann ekki verið ráðherra í tveimur ríkisstjórnum, hv. þm., í átta ár og stuðningsmaður þeirrar þriðju, að nálgast 10 ár í innsta valdakjarna ríkisstjórnar og hefur ekki mikið gengið fram af áformum hans um að leggja aukið fé til eflingar rannsóknarstarfsemi við Mývatn? Ég er algjörlega sannfærður um að ekki hefur strandað á því að ef stjórnvöld vildu byggja þar upp fasta starfsemi, myndarlegt fræðasetur, fastráða þar starfsfólk árið um kring og efla þar rannsóknir, þá hefði verið hægt að gera mikið í þeim efnum. Það skal svo sannarlega ekki standa á mér að bakka upp þann mikla áhuga sem hv. þm. hefur núna í þessum efnum.

Það breytir ekki hinu að vísindarannsóknir af þeim toga sem þarna hafa farið fram og þurfa að fara fram verða alltaf unnar af mönnum sem koma víða að, m.a. vegna þess að menn vilja fá til þeirra færustu sérfræðinga á ýmsum sérsviðum vísinda. Það finna menn ekki í einum og sama manninum eða tveimur eða þremur. En menn gætu fastráðið ákveðið starfsfólk til að halda utan um slíka starfsemi og halda utan um fræðasetur, svo maður noti það orð, sem þarna mætti svo gjarnan rísa. Um það er ekki ágreiningur. Það er algjörlega ómálefnalegt að reyna að bera okkur það á brýn, þingmönnum Vinstri hreyfingar – græns framboðs, sem hér hafa talað að það standi eitthvað upp á okkur í þeim efnum eða skorti á stuðning okkar við það. Eða að byggja upp starfsemi á landsbyggðinni og færa þangað störf eftir því sem efni standa til.

Hitt er svo annað mál að varðandi sérhæfðar rannsóknir, sem menn ætla að stunda á einhverjum afmörkuðum svæðum á landinu, verður að ráðast af því hversu heppnir menn eru með að fá mannskap sem er tilbúinn til að setja sig þar niður til þess að sinna þeim. Það mun alltaf verða þannig þegar um fjölþættar rannsóknir er að ræða að það þarf að einhverju leyti að kalla til þeirra menn úr ýmsum áttum sem koma og framkvæma vettvangsrannsóknir sínar og vinna úr þeim þar sem þeir hafa síðan starfsstöð sína. Væntanlega yrði seint hagkvæmt að byggja t.d. upp tækjakost og rannsóknaraðstöðu á heimsmælikvarða á öllum helstu sérsviðum náttúruvísinda þannig að það gagnaðist mönnum til fulls við Mývatn. Ég held að við verðum líka að vera raunsæ í þeim efnum og horfast í augu við hvernig aðstæðurnar eru enda hefur úrvinnsla sumra þátta þessara rannsókna verið svo sérhæfð að hún hefur farið fram erlendis en ekki bara innan lands.

Auðvitað er sjálfsagt mál að vinna að þessu og ég fagna þeim áhuga sem gýs nú allt í einu upp í þessum efnum. Mér hefur þótt á skorta að nægjanlega myndarlega væri staðið á bak við þetta einmitt undanfarin ár. Þar hafa auðvitað ýmsar hugmyndir verið á kreiki, m.a. um að efla samstarf Háskólans á Akureyri og rannsóknarstarfseminnar í Mývatnssveit. Ég spyr aftur: Af hverju hefur þá ekki eitthvað gerst í þeim efnum? Á hverju hefur strandað? Halda menn að það hafi strandað á því að vísindamenn hafi ekki verið tilbúnir til að hafa meiri fjármuni handa á milli til þess að efla þessar rannsóknir? Eða heimamenn? Eða Háskólinn á Akureyri? Nei, ég lít svo á að fyrst og fremst hafi strandað á því að ekki hefur verið lagt til þessara hluta meira en það sem hefur verið gert.

Að lokum um lögin um verndun Laxár og Mývatns, herra forseti. Það *kann vel að vera svo* að það sé tímabært í sjálfu sér að fara yfir þau og endurskoða þau, m.a. í ljósi breytts lagaumhverfis að öðru leyti. En ég tel að það eigi menn að gera þegar sæmilegur friður hefur komist á og er til þess að fara yfir það í rólegheitum, skoða hvaða áhrif slíkar breytingar kynnu að hafa. Þær væru mun minni í dag en verkun þeirra laga var á sínum tíma þegar þau voru sett sem sérstök verndarlög eins og hér kom reynar fram í máli 6. þm. Norðurl. e. áðan þannig að þegar aðstæður skapast til að fara yfir það í rólegheitum og af yfirvegun þá er sjálfsagt mál að gera það. Það á ekki að hrapa að neinu í þeim efnum.

[15:29]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef ekki nafngreint neina menn í ræðum mínum hér. Ég tók eftir því að hv. 17. þm. Reykv. nefndi nafn Árna Einarssonar. Ég hef ekki nefnt það. Sá maður sem hefur komið fram í þeim umræðum sem orðið hafa milli Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og heimamanna hefur verið Gísli Már Gíslason og þær orðahnippingar hafa staðið þar á milli. Eins hafa verið ýmsar ályktanir sem stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar hefur samþykkt sem ég hafði í huga og ég veit að hv. 3. þm. Norðurl. er kunnugt. Mér finnst alveg ástæðulaust fyrir hann að vera að reyna að drepa því máli á dreif með því að tala um einhverja prófessora úti á landi eða reyna að halda því fram að ég hafi verið að tala um aðra menn því að hin hörðu orðaskipti hafa orðið um Gísla Má Gíslason. Það er rétt að hann á ekki sæti á Alþingi og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér hér fremur en ég get svarað honum þegar hann kom t.d. í beinni útsendingu í útvarpinu. En það er sá maður sem ég hafði í huga svo að það sé alveg skýrt.

Ég vil í annan stað segja að mér þótti tónninn hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. betri nú en áður að því leyti að hann hefur nú opnað á það að hann sé til viðtals um að lögin um vernd Laxár og Mývatns verði numin úr gildi eða þeim breytt, hvað sem felst nákvæmlega í því hjá hv. þm. Hann hefur ekki verið svo frjálslyndur í orðum um þessi efni áður þannig að það *kann kannski að reka að því að óhætt sé að Mývetningar sitji* þar við sama borð og aðrir. Ég álít nauðsynlegt að svo sé og get nefnt fjölmörg dæmi um það og ég hygg að það geti hv. þm. líka án þess að ég viti það.

Ég vil í annan stað segja að mér þykir hálfundarlegt þegar þetta mál ber á góma að menn skuli halda því fram sem einhverri furðu að Árni Einarsson skuli hafa látið margt gott af sér leiða þó að það hafi ekki orðið lyftistöng fyrir Mývatnssveit í þeim skilningi sem ég var að tala um. Auðvitað veit ég að menn eru við þessa rannsóknastöð á sumrin og ekkert merkilegt við það þótt þessir vísindamenn

fari í þemaverkefni með skólabörnum í Mývatnssveit enda var rannsóknastöðin ekki opnuð til þess. Það sem málið snýst um, og ég tek alveg undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. þegar hann gagnrýnir mig fyrir að hafa ekki komið því máli áleiðis, er að meiri myndarskapur verði á bak við þessa rannsóknastöð ef hún eigi á annað borð að vera og að menn sem vilja hafa þarna búsetu, menn sem vilja kynnast lífi fólksins sem er þarna og sökkva sér í þau verkefni sem þarna eru, hafi aðstöðu til að búa í Mývatnssveit og vinna þar að rannsóknum sínum.

En hv. þm. veit líka að ég hef oft vikið að þessu áður og ég hef líka oft vikið að því að ég tel miður að á Akureyri skuli vera náttúrufræðisetur en ekki sérstakar sjálfstæðar stofnanir, annaðhvort sjálfstæðar eða þá undir Háskólanum á Akureyri því orðið setur á íslensku er farið að þýða hjáleiga sem var ekki í gamla daga. Náttúrufræðisetur þýðir ekki annað en náttúrufræðihjáleiga við Náttúrufræðistofnun í Reykjavík. Ég sannfærðist um það þegar við vorum að vinna að því að stofna Háskólann á Akureyri og þáverandi háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, lagði einmitt ríka áherslu á að það gengi ekki til lengdar að fjarstýra stofnunum úr öðrum landsfjórðungi. Óhjákvæmilegt væri að til lengdar hlyti slíkt að bitna á starfsemi stofnunarinnar. Ég tala ekki um þegar svo stendur á að stofnanirnar báðar, önnur fyrir sunnan eða margar, hinar kannski víðs vegar um landið, eiga að sækja í sama sjóðinn og þegar kemur að því að vinna að fjárlögum og skila þeim rekstrarsparnaði sem um er talað, freistast menn auðvitað til að skera niður þá starfsemi sem fjærst er. Þegar við erum að tala um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn er augljóst að hún er mikið olnbogabarn þar sem hún hefur ekki fasta starfsemi í Mývatnssveit. Þetta er fullkomlega augljóst og væri mikið metnaðarleysi, ef þingmenn Norðurl. e. mundu ekki, a.m.k. á góðum dögum, reyna að reisa höfuð út af því fyrirkomulagi sem nú er.

Að síðustu vil ég leggja áherslu á að orð hv. 3. þm. Norðurl. e. hafa orðið mér hvatning til að beita mér fastar fyrir því að þessi stofnun geti orðið sjálfstæð og endurskipulögð á þeim forsendum að hún verði rekin að öllu leyti úti á landi. Talað er um að flytja störf út á land, flytja stofnanir út á land, flytja skrifstofur út á land. Hvernig er þá að starfrækja þær skrifstofur, sem eru úti á landi eru, úti á landi?

Menn urðu undrandi á því þegar í ljós kom samkvæmt hæstaréttardómi að ekki mátti flytja Siglingastofnun að réttum lögum frá Reykjavík til Kópavogs af því að það var í skilningi dómsins að fara út á land. Ef sá dómur er lesinn hygg ég að menn hljóti að velta því fyrir sér hvort það standist að sú stöð, sem í lögum segir að eigi að starfa við Mývatn, skuli rekin hér í þeim skilningi að hinn fasti starfsmaður hafi hér búsetu. Það er hins vegar í eðli rannsóknarstarfa og vísinda að leita víða fanga og ástæðulaust að blanda sér í þær hugleiðingar sem hafa orðið um þau efni. Þarf ekki náttúruvísindi eða náttúrurannsóknir til. Þetta er auðvitað í öllum rannsóknum og öllum vísindum, hvort sem við horfum til læknavísinda, bókmennta eða hvers sem er. Auðvitað hafa menn samráð og samstarf milli landa. Auðvitað leita menn víða fanga og auðvitað hljóta ýmsir að koma að því að athuga Laxár- og Mývatnssvæðið eins og önnur svæði hér á landi sem eru mjög eftirsóknarverð fyrir vísindamenn vegna sérstöðu sinnar.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að tala skýrt gagnvart þeim einstaklingum sem áttu hér í hlut með því að nefna Gísla Má Gíslason, formann stjórnar rannsóknastöðvarinnar. Í fyrri ræðu talaði hv. þm. um framkvæmdastjóra rannsóknastöðvarinnar þannig að þá er það hygg ég alveg skýrt til hvers verið var að vísa og til hvaða einstaklinga.

Í öðru lagi er það þá gott, ef það hefur leitt af þessum orðaskiptum hér, að það er að myndast hugur og samstaða um að blása til sóknar fyrir því að byggja upp og efla myndarlegt — við getum kallað það eða notað á það vinnuheitin fræða- og rannsóknasetur eða fræða- og rannsóknamiðstöð, af því að hv. þm. hefur ímugust á orðinu setur og við skulum þá sleppa því og tala um fræða- og rannsóknamiðstöð. Vel má það vera sjálfstæð stofnun eins og rannsóknastöðin er reyndar, byggjandi á sérlögum og með sjálfstæðri stjórn. Þar yrði reynt bæði að halda utan um þær vísindarannsóknir sem vonandi verða áfram á þessu svæði og miðla fróðleik um svæðið sem er ærin ástæða til. Á Skútustöðum er kominn vísir að náttúrufræði- eða Mývatnssafni. Þetta mætti tengja mjög vel saman og síðan að einhverju leyti þjónustu við þann mikla fjölda ferðamanna sem leggur þangað leið sína og væri ekki til einskis unnið ef menn gætu tvinnað þarna saman fjölþætt hlutverk á sviði rannsókna, fræða og atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Varðandi lögin um Laxá og Mývatn, svo það sé algerlega á hreinu og það sé talað úr mínum munni hvaða viðhorf ég hef til þess, það sem ég sagði hér og endurtek er að ég get vel hugsað mér að taka þátt í því að fara yfir það hvort tímabært sé að endurskoða þessi lög í ljósi breyttra aðstæðna. Það er með öllum fyrirvörum gagnvart því að þau verði felld úr gildi. Ég tel ekki heppilegan tíma til þess meðan átök standa enn um málefni svæðisins heldur þegar friður og kyrrð hefur komist á. Þá er tímabært að huga að því en fyrr ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 1. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766.

[15:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Frv. gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem taki við rekstri, eignum og skuldbindingum sameignarfélagsins Orkubús Vestfjarða.

Aðdraganda stofnunar Orkubús Vestfjarða má rekja aftur til 7. áratugar síðustu aldar en þá fór vaxandi áhugi fyrir því á Vestfjörðum að heimamenn tækju orkumál svæðisins í sínar hendur. Í kjölfar ályktana Fjórðungssambands Vestfirðinga fól Alþingi ríkisstjórninni að kanna óskir sveitarfélaga á Vestfjörðum um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna.

Með lögum nr. 31 frá 31. maí 1976 var ríkissjóði og sveitarfélögum á Vestfjörðum heimilað að stofna Orkubú Vestfjarða og 26. ágúst 1976 undirrituðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna síðan sameignarsamning um Orkubú Vestfjarða. Hugmyndin byggðist á hagkvæmnisjónarmiðum fyrir þjóðarheildina. Talið var eðlilegt að staðarþekking sveitarstjórnar kæmi til við stjórn þessara mála

sem varða hag fólksins og framtíð byggðar auk þess sem orkuframleiðslan á Vestfjörðum var staðbundið verkefni. Var talið eðlilegt að ríkisvaldið með sína fjármálalegu ábyrgð, heildarstjórn og yfirsýn yfir orkumál landsins tæki þátt í slíku sameignarfélagi ásamt íbúum sveitarfélaganna sem tækju á sig skyldur samfara rétti til að ráða eigin málum í samvinnu við og með aðstoð ríkisvaldsins. Frá stofnun Orkubús Vestfjarða hafa hins vegar orðið verulegar breytingar á stöðu raforkumála og áreiðanleiki og öryggi kerfisins aukist auk þess sem raforkuframleiðsla nægir til að mæta eftirspurn hvar sem er í raforkukerfinu.

Breytingar á rekstrarformi raforkufyrirtækja hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár og skoðanir skiptar um ágæti þess að ráðast í slíkar breytingar. Árið 1996 var skipuð sérstök viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Urðu eignaraðilar sammála um að fyrir 1. jan. 2004 skyldi endurskoða sameignarsamning um Landsvirkjun, m.a. hvort ástæða væri til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Á 122. löggjafarþingi lagði þáv. iðnrh. fram till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála sem hlaut eina umræðu og var afgreidd úr hv. iðnn. en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Í tillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja, sem ríkið ætti eignarhlut í, yrði yfirfarið. Nýverið var skipuð viðræðunefnd sem hefur það hlutverk að ganga til viðræðna við fulltrúa eigenda Norðurorku um hugsanlega sameiningu Rariks og Norðurorku. Í störfum sínum skal nefndin miða við að stofnað verði hlutafélag um rekstur hins sameinaða fyrirtækis í starfsumhverfi nýrra raforkulaga. Þá hef ég lagt fram í þinginu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Á næstunni verður lagt fram frv. til raforkulaga sem kveður á um breytt skipulag raforkumála. Í tengslum við þær breytingar sem það felur í sér er eðlilegt að skoðað verði hvort rétt sé að breyta rekstrarformi orkufyrirtækjanna.

Breytingu á rekstrarformi Orkubús Vestfjarða má að nokkru rekja til viðræðna um kaup ríkisins á hlut rekstrarfélaganna í fyrirtækinu. Í gildandi lögum um Orkubú Vestfjarða er kveðið á um að eignarhlutföllum verði ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda á Vestfjörðum og að engum sameiganda sé heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda. Var það niðurstaða sameigenda að skynsamlegt væri að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Með því yrði eigendum frjálst að ráða því hvort þeir seldu hlut sinn í fyrirtækinu, óháð vilja annarra eigenda og fyrirtækið betur undirbúið að starfa í nýju umhverfi raforkumála.

Í síðasta mánuði undirrituðu sameigendur Orkubús Vestfjarða svo samkomulag um breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins. Samkomulagið felur í sér að sameignarfélaginu verður slitið og stofnað hlutafélag um reksturinn. Samkomulagið, sem er fylgiskjal með frv., kveður á um helstu atriði þessarar breytingar og fylgir frv. samkomulaginu í öllum meginatriðum. Í frv. er gert ráð fyrir að hið nýja hlutafélag taki við öllum eignum, réttindum, skyldum og skuldbindingum Orkubús Vestfjarða og að réttarstaða fyrirtækisins haldist óbreytt að öðru leyti en því sem rekja má til rekstrarforms. Þannig er gert ráð fyrir að hlutafélagið yfirtaki einkarétt Orkubús Vestfjarða til orkudreifingar og sölu á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða og hlutafélagið verði undanþegið skattskyldu með sama hætti og sameignarfélagið er nú. Sameigendur eignast hluti í hlutafélaginu í samræmi við hlutdeild sína í Orkubúi Vestfjarða svo sem hún var 1. des. 2000. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn sameignarfélagsins eigi rétt á sambærilegum störfum hjá hinu nýja félagi. Í samkomulaginu er loks kveðið á um stöðu hlutafélagsins þar til breytt skipulag raforkumála tekur gildi.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni þá legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[15:47]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja fram frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur þetta fyrirtæki verið til frá árinu 1976 og haft það hlutverk að sjá Vestfirðingum fyrir raforku svo að þeir gætu haft ljós í húsunum sínum og eldað matinn eins og annars staðar er gert í okkar landi. Ég lít svo á að þetta hafi líka verið gert til að tryggja öllum rafmagn, til að sjá svo um að enginn á Vestfjörðum þyrfti að búa við raforkuskort. Reyndar mætti vera betri staða í málum þar sem vantar þriggja fasa rafmagn á ýmsa bæi og staði á Vestfjörðum sem annars staðar.

Eignarhald á raforkufyrirtækjum getur verið með ýmsu móti. Það er hægt að hugsa sér að það sé í einkaeigu og þá sé ég fyrir mér t.d. bændur, bóndabýli, þar sem íbúar eru með litla rafstöð fyrir býlið. Það er líka hægt að hugsa sér samvinnu nokkurra bænda sem eiga á saman eða hafa möguleika til að virkja á þar sem lönd þeirra liggja saman að ánni og mynda þannig einhvers konar sameignarfélag, hlutafélag eða einhvers konar eignarhaldsfélag um raforkuframleiðslu. Það er ágætt þegar svo er hægt að gera og ættum við þegar við erum að tala um þetta og um Vestfirðina að stuðla að því að fólk geti í ríkari mæli nýtt þá óbeisluðu orku sem er fyrir framan það. Það verður sjálfsagt mögulegt með nýjum orkulögum sem verða lögð fram og mun vonandi gefa þessu fólki aukin tækifæri til þess að efla sína stöðu í byggðunum og í sveitunum. Það gæti þá jafnvel selt rafmagn, þ.e. ekki framleitt rafmagn eingöngu fyrir sitt býli, heldur gæti það líka selt út á netið, raforkudreifingarkerfið sem við reynum náttúrlega að halda í eigu þjóðarinnar, því það skiptir að sjálfsögðu miklu máli hver á það og hver ræður yfir því hvaða rafmagn fær að renna eftir þeim leiðslum.

Síðan er hægt að tala um eignarhald sveitarfélaga á raforkuverum eins og t.d. Orkubú Vestfjarða, þarna standa sveitarfélögin saman að raforkuframleiðslu ásamt ríkinu. Orkuveita Reykjavíkur er náttúrlega líka gott dæmi um þetta. Öll þessi orkuver hafa auðvitað verið reist til hagsbóta fyrir íbúana, til þess að þeir búi við betri kost, eins og ég sagði, fái rafmagn og hita og geti eldað með raforku, en þurfi ekki að vera með gömlu kabyssuna eða hlóðir eins og áður var.

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa skrifað undir samkomulag sem er í raun forsenda þess að þetta frv. er lagt fram. Það samkomulag býr yfir nokkrum ákvæðum, m.a. þeim að það fólk sem vinnur hjá Orkubúi Vestfjarða og starfsmenn Orkubús Vestfjarða muni ekki missa störf sín og að vinna þeirra sé trygg áfram. Ég sé að ákvæðið kemur inn í lögin líka og ég fagna því að réttindi þess fólks sem starfar hjá þessu fyrirtæki séu lögvernduð. Það er sem sagt ekki verið að breyta lögunum um orkubúið til þess að gera einhverjar stórkostlegar eða svokallaðar hagræðingaraðgerðir sem stundum eru gerðar og felast oft í því í fyrirtækjum að reka alla sem eru yfir fimmtugt og ráða miklu yngra fólk, fækka starfsmönnum o.s.frv.

Ég lít svo á að frv. feli einmitt í sér ákvæði til þess að verja starfsfólkið eins og kemur fram í 9. gr., með leyfi hæstv. forseta, þar sem segir:

„Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu" o.s.frv. Þetta er náttúrlega mjög mikilvægt atriði.

Mig langar líka til að benda á að ég lít svo á að orkubúið hafi að sjálfsögðu áfram skyldur við íbúa Vestfjarða varðandi raforkuframleiðslu, orkuframleiðslu, til að stuðla að því að allir íbúar Vestfjarða hafi þann aðgang að rafmagni, að þeirri orku sem þeir þurfa og líka helst þegar verið er að stofna til nýrra fyrirtækja þar sem þarf að hafa þriggja fasa rafmagn eða eitthvað því um líkt, að orkubúið sjái svo um að þetta sé veitt, án þess að á neytendur, kaupendur orkunnar, séu lagðar sérstaklega miklar álögur eða svo miklar byrðar að þeir geti kannski ekki tekið til sín þriggja fasa rafmagn. En þetta mun framtíðin náttúrlega leiða í ljós.

Samkomulagið, sem undirritað var á Ísafirði þann 7. febrúar og er forsenda þess að þetta frv. til laga hefur verið lagt fram hér á hinu háa Alþingi, er í 11 greinum. Þar er einmitt minnt á í 7. gr., með leyfi forseta:

„Komi til kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða hf., skal eftirfarandi gilda þar til breytt skipulag raforkumála tekur gildi, 1. júlí 2002, nema sameigendur samþykki annað:

Orkubú Vestfjarða hf. starfar sem sjálfstæð eining og verður ekki sameinuð öðru orkufyrirtæki."

Svo er líka í þessari grein talað um stjórn Orkubúsins.

En mig langar til að spyrja hvort nokkur áform séu raunverulega uppi um það að ríkið kaupi þetta orkubú, þ.e. kaupi eignarhlut sveitarfélaganna í orkubúinu, og ef svo er hvort séð verði til þess þegar ríkið kaupir orkubúið að réttindi manna verði ekki skert.

En hvers vegna kemur þetta frv. fram? Er það vegna EES-samninga? Eða er það til einhverrar ákveðinnar hagræðingar sérstaklega sem hugsað er um í rekstrinum? Það er ýmislegt umhugsunarvert í sambandi við þetta mál.

Fram var lagt á fundinum þann 7. febrúar bréf eða bókun frá ráðuneytisstjórum til eigendafundar Orkubús Vestfjarða, þ.e. ráðuneytisstjórunum Baldri Guðlaugssyni í fjmrn. og Þorgeiri Örlygssyni í iðnrn. og einnig skrifaði undir þetta ráðuneytisstjóri í félmrn. Mig langar til að lesa þetta bréf ráðuneytisstjóranna, með leyfi forseta, en það hljóðar svo:

„Með vísan til 9. gr. í samkomulagi sameignarfélaga Orkubús Vestfjarða, dags. 7. febrúar 2001, og til bréfs iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2000, til sveitarfélaga á Vestfjörðum, staðfestist hér með að ríkisvaldið mun í kjölfar stofnunar hlutafélags um Orkubú Vestfjarða gera öllum sameigendum sínum í Orkubúi Vestfjarða kauptilboð í eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hf." Og svo kemur: „Í samningum um kaup á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hf. mun ríkisvaldið ganga út frá að heildarverðmæti Orkubús Vestfjarða sé 4,6 milljarðar kr., enda verði söluverðmætinu varið til að greiða niður skuldir viðkomandi sveitarfélaga og til lausnar bráðavanda viðkomandi sveitarfélaga í félagslega íbúðarkerfinu í samræmi við það sem rætt hefur verið."

Þegar hæstv. iðnrh. fylgdi þessu máli úr hlaði áðan þá kom ekkert fram um þetta. En með þessu bréfi sem er lagt þarna fram vaknar sú spurning hvort verið sé að stofna þetta hlutafélag um Orkubú Vestfjarða til þess eins að greiða niður skuldir þeirra sveitarfélaga sem eru í slæmri stöðu í hinu félagslega íbúðarkerfi. Er það málið?

Ég er algjörlega andvígur því að sveitarfélögum á Vestfjörðum verði settir einhverjir kostir í sambandi við þetta mál. Annaðhvort eru lögin samþykkt án fyrirvara um það að eigendurnir, sem eiga 60% í fyrirtækinu, ráði hvernig þeir fari með þá fjármuni sem þeir fá í hendur og þeim ber skylda til. Það er ekki hægt að mínu viti og í minni hugsun er það ekki rétt að segja við sveitarfélögin: Við skulum kaupa ykkar hlut ef þið borgið skuldirnar. Það má líka spyrja: Hvað um aðra sem eiga peninga hjá þessum sveitarfélögum? Er jafnræðis gætt gagnvart öðrum lánardrottnum, eða hvað?

Einnig vil ég velta því upp að alltaf þegar það kemur inn í umræðuna að selja orkubúið kemur þráfaldlega fram að sveitarfélögin séu svo skuldug að það sé best að þau selji orkubúið. Og svo þegar búið er að selja orkubúið og greiða upp í einhverjar skuldir, eru þá tekjur sveitarfélaganna orðnar svo miklar að allt verði í lagi og skuldirnar hætti að vaxa? Og hvað á að gera þá? Eigum við þá að selja hafnirnar? Eða eigum við að selja skólana? Það má velta fyrir sér ýmsum slíkum spurningum ef þessi aðgerð á að vera til þess að greiða skuldirnar í húsnæðiskerfinu. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Það undirstrikar náttúrlega ástandið hjá byggðunum, í byggðamálunum, þegar fyrirtæki sem Vestfirðingar hafa verið svo stoltir yfir og ánægðir með, Orkubú Vestfjarða, þetta er gott tákn og merki um góða hluti sem þarna hafa verið gerðir, að þá skuli eiga að fara að selja þetta, ekki endilega til sérstakrar hagræðingar eða til að efla orkuframleiðslu á Vestfjörðum til þess að ýta undir byggðina og þess háttar, nei, það á að selja það upp í skuldir og það til ríkisins.

Við vorum áðan, hæstv. forseti, að ræða um Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn því það á að fara að selja hana. Var það ekki rétt skilið? Og það á að nota andvirði hins selda til þess að byggja upp ný fyrirtæki eða aðra starfsemi í Mývatnssveit. En hérna er þessu alveg snúið við. Mér finnst einhvers konar mótsögn í þessu.

En sveitarfélagastjórnirnar hafa skrifað undir og fulltrúar sveitarfélaganna, og þeir hafa lýst því yfir að þeir vilji að salan eigi sér stað, en þeir hafa alls ekki gefið út neinar yfirlýsingar um það að fjármunirnir eigi að fara beint í Íbúðalánasjóð. Er ekki Íbúðalánasjóður og ríkið og fjölmörg önnur sveitarfélög um allt land að glíma við þessi mál? Eru ekki sams konar mál í gangi á Austfjörðum og víða um land? Ég spyr. Og ef svo er, má þá ekki spyrja: Ef þau eiga ekkert orkubú, hvernig á þá að bjarga málunum þar? Húsnæðislánakerfinu, þessu félagslega íbúðakerfi, þeim málum verður að bjarga á annan hátt og á sameiginlegum vettvangi. Það eiga allir að sitja við sama borð. Það eiga allir að njóta sama réttar og vera jafnir hvað þetta varðar, þegar um sömu vandamál er að ræða verður að taka á þeim með sama hætti. En nú er ég kannski farinn að tala aðeins út í annað.

Hins vegar vil ég segja það að lokum að ég vona innilega að þetta ákvæði eða þetta bréf ráðuneytisstjóranna sem áður voru nefndir, sem undirrituðu frá fjmrn., iðnrn. og félmrn., þetta eru hvorki meira né minna en þrjú ráðuneyti sem er nú nokkuð mikið, en þetta ákvæði komi ekkert meira inn í umræðuna og ég vona að það hafi bara verið nokkurs konar slys, en ekki að það verði sett einhvers konar ól um hálsinn á sveitarfélögunum sem skulda, heldur að þau fái að halda sinni reisn og þau fái að semja um skuldir sínar á eðlilegan

hátt, en ekki verði sagt: Við skulum kaupa af ykkur, við breytum þessu í hlutafélag, en peningana fáum við. Ég tel auk þess líka að það mætti jafnvel segja að verið væri að brjóta jafnræðisreglu með þessu gagnvart öðrum skuldurum. Og þegar við tölum um það og hugsum um það, þá dettur mér í hug að frv. um lagaráð sé mjög gott og nauðsynlegt hér til samþykktar á Alþingi.

[16:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sitthvað höfumst við nú að, eftir því á hvoru landshorninu við erum. Við vorum síðast að ræða mál sem sneri að Mývatnssveit og sölu fyrirtækis þar og hvernig hugsanlegt væri að nota það fé til verulegrar uppbyggingar þar. Nú erum við hins vegar að ræða um Orkubú Vestfjarða. Í fyrsta lagi hvernig megi breyta því í hlutafélag, sem frv. sem við ræðum hér gengur út á. En á bak við þá aðgerð að breyta orkubúinu í hlutafélag, hafa ýmsar viðræður farið hafa fram og ýmislegt hefur verið í gangi varðandi stöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum, sem er aðdragandi þessa máls og málið verður varla rætt svo hér á hv. Alþingi að eigi verði vikið að þeim málum með ýmsum hætti.

Í upphafi finnst mér samt rétt að taka fram að ég held að það hafi alveg verið kominn tími á það að skoða það, og jafnvel þó fyrr hefði verið, að breyta lögum um orkubúið og breyta því í hlutafélag. Ég er hins vegar algerlega andvígur því að það sé beinlínis verið að breyta í hlutafélag ef það á eingöngu að verða til þess að gera mönnum kleift að selja orkubúið og að ríkið ætli sér að kaupa það fyrir 4,6 milljarða, og það fé skuli síðan nota til að skuldajafna vegna félagslega íbúðakerfisins og greiða þar upp skuldir að sérkröfum ríkisvaldsins um hvernig þær skuldir skuli greiddar upp. Þarna tel ég að sé alveg öfugt farið ef þetta á að vera tilgangur málsins.

Ef menn væru hins vegar eingöngu að breyta forminu á Orkubúi Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag til þess m.a. að gera orkubúinu kleift að takast á við ný verkefni og taka þátt í stofnun fyrirtækja, eða fengið til liðs við sig aðra hluthafa og þannig hvatt til framkvæmda á Vestfjörðum, framkvæmda á orkusviðinu. Það getur varla verið svo að það sé bara Landsvirkjun sem geti byggt virkjanir og boðið orku til sölu. Það hljóta önnur fyrirtæki í orkugeiranum, jafnvel þó að þau séu staðsett á Vestfjörðum, einnig að geta gert, ef þau fá samstarfsaðila á því sviði og hafa möguleika til að selja orkuna.

Það hefði vissulega verið áhugaverð framtíð fyrir Vestfirðinga að breytingin á Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag hefði eingöngu verið með það markmið í huga að slíkt væri í farvatninu, en ekki að með fylgdi sá draugur að fyrir það söluverðmæti sem sveitarfélögin hugsanlega fá ef þau selja hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða skyldi sérstaklega gera upp skuldir í félagslega íbúðakerfinu, og að það skuli svo vera skilyrt á bak við tjöldin í þessu máli að þannig skuli með hlutina farið, sem ég óttast að sé.

Orkubúið hefur þjónað Vestfirðingum vel í aldarfjórðung. Ég hef litið svo á að orkubúið væri einn af hornsteinunum í þeim fyrirtækjum sem staðið hafa að því að viðhalda byggð í fjórðungnum og tryggja eðlilega stöðu og framtíðarþróun og tryggja íbúum og atvinnufyrirtækjum orku.

Þetta fyrirtæki hefur verið vel rekið að mínu viti. Það væri vel hægt að nota það til enn meiri framfara á næstunni og þess vegna verð ég að segja að ég tel að með hlutafélagavæðingu einni og sér, ef með á að fylgja að hún sé fyrst og fremst gerð til þess að sveitarfélögin á Vestfjörðum geti greitt niður eitthvað af skuldum, og þá sérstaklega varðandi húsnæðiskerfið, þá sé í raun og veru illa farið með það tækifæri sem menn hafa á Vestfjörðum varðandi orkubúið. Þess vegna er ég andvígur því að það komi til álita að sveitarfélögin fari að selja hlut sinn í orkubúinu.

Það hafa orðið miklar breytingar á Vestfjörðum á þessum tíma eins og annars staðar á landinu. Þegar orkubúið var stofnsett 1976, voru hrepparnir sem áttu aðild að því 30 og bæjarsjóðirnir tveir og síðan ríkið. Í dag eru hrepparnir níu og bæirnir þrír og síðan ríkið. Þetta sýnir okkur auðvitað að það hefur mikil breyting orðið á þessum aldarfjórðungi sem liðinn er síðan að orkubúið var stofnað. Þess vegna má vissulega taka undir það að breyting á eignarforminu yfir í hlutafélagsform er alls ekkert óeðlilegt, að leggja upp með eitt og sér, og hefði jafnvel getað auðveldað orkubúinu að takast á við jafnvel ný verkefni, efla önnur fyrirtæki eða fara í samstarf við önnur fyrirtæki um frekari orkuöflun og sölu, og þá jafnvel fyrir utan svæðið ef ekki væru til kaupendur á Vestfjörðum til þess að taka við þessari orku.

Ég hef hins vegar haldið og vil spyrja hæstv. ráðherra sem fer með málið og mælir fyrir því, iðn.- og viðskrh., hvort ekki sé að störfum sérstök nefnd um húsnæðisvandann, ráðherra hlýtur að vera kunnugt um það, og hvort ekki sé á fleiri stöðum á landinu en bara Vestfjörðum sérstakur fjárhagsvandi sveitarfélaga sem tengist húsnæðiskerfinu og hvers vegna þetta mál ætti þá að tengjast þeirri lausn sérstaklega.

Ég held að ekki fari á milli mála að málið hefur verið sett í þann farveg og jafnvel sumir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hafa nefnt að það væri sérstakt áhugamál þeirra, reyndar baráttumál, til einhverra tveggja eða þriggja ára, að fá að selja sinn hlut í Orkubúi Vestfjarða. Ég hygg jafnvel að íbúarnir á svæðum eins og suðurhluta Vestfjarða í Vesturbyggð vænti sér nokkurs af því fé sem sveitarstjórnarmenn hafa talað svo fjálglega um að mundi koma inn í byggðirnar og verða þar til mikillar uppbyggingar.

Það er betra að satt sé, ef þeir ætla að selja, að það fé sem þeir fá dugi þeim til einhvers ella væri verið að vekja miklar falsvonir með því fólki sem talið hefur að salan á hlut Vesturbyggðar í orkubúinu dygði sveitarfélögunum til mikilla afreka í framtíðinni.

Ég hygg hins vegar að þessi samtenging sé Vestfjörðum ekki til góðs upp á framtíðina. Það sem menn sjá eða þykjast sjá í þessu til næstu eins eða tveggja ára sé í raun og veru einhvers konar nauðvörn byggðanna sem hafa orðið fyrir þeim skakkaföllum sem m.a. fiskveiðistjórnarkerfið og það sem ég hef leyft mér að kalla eyðibyggðastefnu ríkisstjórnarinnar hefur valdið m.a. byggðum á Vestfjörðum. Ég er algjörlega andvígur því að verið sé að fela þann vanda með því að knýja Vestfirðinga til að selja þá einu eign sem þeir eiga sameiginlega, sem er Orkubú Vestfjarða, og greiða þannig niður hluta af því vandamáli sem tengist félagslega íbúðakerfinu. Þar held ég að menn séu að pissa í skóinn sinn eins og sagt er. Það dugi skammt inn í framtíðina.

Þess vegna held ég að það mál sem við erum að ræða, frv. til laga um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag, sé slæmt, ef niðurstaðan verður sú að fyrst og fremst sé verið að keyra það fram til þess að búa til sölumöguleika fyrir ákveðnar sveitarstjórnir á Vestfjörðum þar sem fjárhagstaða sveitarfélaga er slæm, að það eigi sem sagt að nota þessa peninga fyrst og fremst í það. Ég er andvígur þeirri hugsun. Ég er hins vegar ekki andvígur því að breyta forminu í hluta-

félag og hefði viljað nota næstu ár til þess að sanna hvað hægt væri að gera með nýju formi á rekstri orkubúsins og hvort ekki mætti nota orkubúið til góðra verka fyrir Vestfirðinga í heild.

Þess vegna mun ég við 2. umr. málsins velta því verulega fyrir mér að leggja fram hugmynd um að sala á hlutum hluthafa í nýstofnuðu hlutafélagi um orkubúið verði ekki heimil næstu tvö eða þrjú árin. Hún verði bara ekki heimil þannig að eftir breytingu orkubúsins í hlutafélag gefist einhver tími til þess að nýta fyrirtækið til að standa að uppbyggingu og framkvæmdum á Vestfjörðum, vonandi með arðsemissjónarmið í huga og reyndar er gengið út frá því í hlutafélagsvæðingarfrv. sem við erum að ræða.

En mig langar mig til að beina einni fyrirspurn til hæstv. iðnrh. og hún er þessi:

Hver hefði arðsemi orkubúsins verið á hverju ári sl. þrjú ár ef orkuverðið hjá Orkubúi Vestfjarða hefði ekki verið lægra en hjá Rarik? Hvað má þá ætla að sveitarfélögin hefðu fengið í arð af eign sinni?

Þetta held ég að fróðlegt væri að láta reikna út. Ég geri svo sem ekki kröfu til þess að ráðherra geti svarað því hér og nú en það væri afar æskilegt að þessar upplýsingar lægju fyrir t.d. við 2. umr. málsins, hvernig arðgreiðslum hefði verið háttað ef orkuverðið hefði verið um 25% hærra. Að minnsta kosti í sama farvegi og það er núna hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hverjar hefðu þá arðgreiðslurnar verið til eigenda orkubúsins?

Einnig er gert ráð fyrir því í þessum lögum að orkubúið haldi öllum þeim réttindum sem það hafði í eldra sameignarformi, þ.e. að nýta vatnsorku og jarðvarmaorku og fjarvarmakyndistöðvar o.s.frv., það sé hins vegar þannig eins og segir í 6. gr. að sveitarfélög geti haft: „... rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska." Og: „Þeir aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkubús Vestfjarða hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum."

Mér er spurn: Hvað með einstaklinga sem hafa hug á því að nýta sér orku á jörðum sínum þar sem orkubúið hefur ekki komið að, hvort sem það eru vatnsföll eða hitaorka, hafa lagt í það kostnað á undanförnum árum, jafnvel borað eftir heitu vatni og talið sig eiga talsverða von um að fá upp orku þó að síðar verði. Hvað með þá einstaklinga? Þar eru ekki sveitarfélög á ferð. Þar eru einstaklingar á ferð sem eru ekki komnir af stað með orkuframleiðslu en eiga hennar e.t.v. von. Ég get ekki séð að gert sé ráð fyrir þeim sérstaklega. Hér er tekið hér fram: „Þeir aðrir sem reka orkumannvirki ...", þ.e. við gildistöku laganna en ekki þeir sem mundu e.t.v. ná árangri við slíkt eftir gildistöku laganna.

Þessari spurningu vildi ég beina til hæstv. iðnrh.

Það er því ætlun mín, sem ég ætla að árétta í lokin, að ef það er fyrst og fremst tilgangur laganna að breyta yfir í hlutafélag til þess síðan að við horfum upp á það að sala á öllum hlutum sveitarfélaganna fari fram og það fé verði notað í skuldajöfnun að stórum hluta í félagslega íbúðakerfinu lýsi ég mig algjörlega andvígan því. Ég tel að þegar orkubúinu hafi verið breytt í hlutafélag ætti það sem slíkt að hafa a.m.k. tvö til þrjú ár án þess að eigendur þess hefðu heimild til þess að selja hluti sína, til þess einmitt að reyna að efla atvinnulíf á Vestfjörðum og efla þar bjartsýni og framkvæmdahug, m.a. í því að nýta orku sem þar er óbeisluð og til þess væri eðlilegt að nota orkubúið. Þar held ég að Vestfirðingum væri best treystandi til að eiga þá meirihlutaeignaraðild að upp á hagsmuni sína í framtíðinni.

Þetta vildi ég sagt hafa við 1. umr. Ég ítreka síðan að ég tel að í þessi lög eigi að setja ákvæði um að eignaraðilar orkubúsins hafi ekki ótakmarkað frelsi til þess að selja eignarhluti sína strax á fyrstu árum eftir að hlutafélagið verður stofnað. Að menn fái sem sagt hið raunverulega vald eða raunverulegu breytingu sem frv. felur í sér, en þurfi að takast á við að reka orkubúið til góðra verka fyrir Vestfirðinga.

[16:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Vegna þess hvernig þetta mál er bæði til komið og hvernig það tengist ákveðnum verkefnum og fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum hefði mér fundist eðlilegt að hæstv. félmrh. væri viðstaddur og vil spyrja hvort hann sé í húsinu.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga það.)

En annars höfum við hæstv. iðnrh. sem flytur málið og hann fer jafnframt með byggðamál, sem þetta mál er hluti af.

Eins og fram hefur komið í fréttum og blaðaskrifum, er þetta mál, þessi tilurð um stofnun hlutafélags og sala á hlut Orkubús Vestfjarða, til komin í tengslum við ákveðinn byggðavanda og fjárhagsvanda sem sveitarfélög hafa þar. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til fréttar í Morgunblaðinu, þriðjudaginn 21. mars árið 2000, en þar stendur:

„Viðræður hefjast fljótlega milli stjórnvalda og sveitarfélaganna á Vestfjörðum um hugsanleg kaup Rafmagnsveitu ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Bókfært eigið fé Orkubúsins er rúmir fjórir milljarðar, en í skýrslu sem Kaupþing hefur gert er komist að þeirri niðurstöðu að raunverð sé heldur lægra."

Síðan kemur, virðulegi forseti:

„Páll Pétursson félagsmálaráðherra sagði að umræða um hugsanleg kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða væri til komin vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Sveitarfélögin ættu flest við mjög alvarlegan vanda að stríða. Staða Vesturbyggðar væri mjög alvarleg og Ísafjörður og Bolungarvík stæðu einnig frammi fyrir miklum fjárhagsvanda."

Herra forseti. Þetta stóð einmitt í frétt Morgunblaðsins þriðjudaginn 21. mars árið 2000. Áfram stendur í þessari sömu frétt, með leyfi forseta:

„Páll sagði að vandi sveitarfélaganna vegna félagslegs húsnæðis væri til sérstakrar skoðunar í félagsmálaráðuneytinu, en það væri þó ljóst að ef ríkið keypti hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða mundu möguleikar þeirra til að standa í skilum á lánum sem hvíldu á félagslegu íbúðunum batna verulega. Hann sagði að í sumum sveitarfélögum væru lán sem hvíldu á íbúðunum í vanskilum. Það ætti þó ekki við um Bolungarvík þar sem öll lán væru í skilum þrátt fyrir að sveitarfélagið ætti margar félagslegar íbúðir."

Ég vitna til þessa, herra forseti, vegna þess að þetta er talin ein af forsendum, ein af frumástæðum fyrir því að frv. til laga, sem hér liggur fyrir, um stofnun hlutafélags Orkubús Vestfjarða og þeirra hliðarráðstafana og hliðartengdra bókana og ákvarðana, lúta einmitt að því að losa um fjármagn hjá sveitarfélögunum til þess að greiða skuldir þeirra við félagslega íbúðakerfið.

Því liggur beint við að spyrja hæstv. iðnrh., sem fer jafnframt með byggðamál — og þessi staða hinna félagslegu íbúða vítt og breitt um landið er stærsti og erfiðasti akkillesarhæll í byggðamálum og stendur fjárhag sveitarfélaganna alvarlega fyrir þrifum, eru einmitt þær skuldbindingar. Bygging þessara félagslegu íbúða var á sínum tíma hluti af hinni opinberu húsnæðisstefnu. Þar komu að, auk ríkisins og opinberra sjóða af hálfu þess, bæði lífeyrissjóðir, verkalýðsfélög og önnur samtök atvinnulífsins við að koma upp þessum íbúðum og ráðstafa þeim til sveitarfélaganna en það var oft og tíðum stjórnvaldsákvörðun hvernig þeim var úthlutað.

Það er því afar ósanngjarnt og rangt að farið að *mínu* mati að nú skulu sömu sveitarfélög, sem fylgdu einungis þeirri opinberu stefnu húsnæðismála á sínum tíma, látin bera þennan vanda ein, þann vanda sem fylgir m.a. því að byggðastefna stjórnvalda hefur leitt til þess að fólk hefur unnvörpum yfirgefið byggðir og flutt hingað á höfuðborgarsvæðið. Það er enn ósanngjarnara að þessi sveitarfélög skuli þá jafnframt vera látin axla þann byggðavanda hins opinbera.

Ekki verður litið á þessi mál sem aðgreind, herra forseti, og ég leyfi mér því að spyrja hæstv. iðnrh. og byggðamálaráðherra, sem fer með byggðamál: Hvað líður aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins gagnvart félagslega íbúðakerfinu vítt og breitt um landið?

Sú aðgerð sem hér er á ferðinni og snýr að Vestfirðingum leysir aðeins takmarkaðan hluta vanda þeirra en alls ekki málið í heild og er bara hrein bráðabirgðalausn í því tilliti. Það hlýtur því, eins og hefur verið margboðað hér á Alþingi að þetta mál sé í skoðun, að líða að því að eitthvað raunhæft gerist fyrir byggðirnar vítt og breitt um landið sem eiga í vandræðum vegna félagslega íbúðakerfisins sem er afleiðing byggðastefnu stjórnvalda.

Herra forseti. Ég vil þá aðeins víkja að öðru, þ.e. að frv. sem hér liggur fyrir, um stofnun hlutafélagsins, sem er gert til þess að hægt sé að selja fyrirtækið. Ef það væri sjálfseignarstofnun áfram, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, geta einstakir eigendur ekki selt hluti sína í því og þess vegna verður að breyta því í hlutafélag til þess að hægt sé að selja það og er það jafnframt í sjálfu sér markmiðið, enda kemur það fram í allri umræðu í kringum þetta mál.

Það er því dapurlegt til þess að hugsa og heyra að á sama tíma og sveitarfélög annars staðar á landinu, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, eru að stórauka eignir sínar í orkufyrirtækjum til þess að styrkja stöðu sína og byggja upp atvinnu tengda þessum orkufyrirtækjum, þá er verið að búa *önnur sveitarfélög, t.d. sveitarfélög á Vestfjörðum, undir* það að selja slíkar auðlindir sínar, eða réttara sagt að taka þær að einhverju leyti upp í skuldir. Það er dapurlegt, herra forseti, að upplifa það með hvaða hætti hér er gengið fram.

Orkubú Vestfjarða hefur verið vel rekið fyrirtæki á undanförnum árum. Því hefur tekist þrátt fyrir erfiðar landfræðilegar aðstæður að skaffa notendum sínum rafmagn á góðu verði, meira að segja hagstæðara en Rafmagnsveitur ríkisins hafa getað gert, og eru að skaffa notendum sínum þar rafmagn á litlu hærra verði en gert er á höfuðborgarsvæðinu.

Má því segja að með stefnu sinni hafi orkubúið í rauninni verið að gefa notendum sínum hlutdeild í arði á góðum rekstri fyrirtækisins. Það er fjarri því að segja að vegna þessa eignarforms hafi ekki verið hægt að reka fyrirtækið á arðbæran hátt eða það getað skilað eigendum sínum arði. Það hefur einmitt skilað eigendum sínum arði í því að getað veitt notendum sínum rafmagn á lægra verði en gengur og gerist víða um land. Og ef þetta er ekki tilgangur, hvað er þá góður tilgangur fyrir orkufyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða?

Herra forseti. Þetta er því sannkallað byggðamál sem hér er verið að fjalla um, verið er að fjalla um hvernig megi koma því fyrir að stilla sveitarfélögum á Vestfjörðum upp við vegg og taka af þeim orkubúið og ráðstöfun þess. Ef við skoðum markmiðin eins og þau eru tilgreind, við skulum t.d. líta á markmið sem sett er fram í 8. gr. frv. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, en þar segir:

„Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár."

Herra forseti. Mér þætti fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. ráðherra hvernig ráðherrann metur þessa yfirlýsingu arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár. Hvergi í frv. er minnst á þjónustumarkmið eða þjónustuskyldur eða neitt slíkt að markmiðið sé að láta notendur sína hafa rafmagnið á sem öruggastan hátt og á sem lægstu verði. Það er ekki, heldur er sett sem markmið að fyrirtækið sjálft skuli skila sem mestum arði. Þannig skil ég þá orðanna hljóðan sem hér er, enda er það líka í sjálfu sér markmið þegar búið er að stofna hlutafélag um fyrirtæki, sé ekki annað tekið fram.

Ég sakna þess, herra forseti, að í frv. skuli ekki vera kveðið skýrt á um þjónustumarkmið og að það skuli vera látið sitja í fyrirrúmi fyrir arðsemiskröfunum, en að sjálfsögðu þarf að standa að rekstri fyrirtækisins með þeim hætti að það standi sig eðlilega rekstrarlega séð.

Herra forseti. Þá langar mig einnig að spyrja hvað átt er við í 9. gr. samkomulags sameigenda Orkubús Vestfjarða sem er á fylgiskjali I, þar sem stendur:

„Ef samkomulag næst milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Vestfjörðum um kaupvirði Orkubús Vestfjarða hf. skal ríkissjóður bundinn við það fram til 1. júlí 2002."

Er verið að segja að eftir þann tíma séu aðilar og ríkið frjálst eða ekki skuldbundið til þess að kaupa á þeim tilboðum sem hér er greint frá?

Herra forseti. Ég hefði viljað sjá hér flutt metnaðarfyllra frv. fyrir hönd Vestfirðinga. Mér finnst dapurlegt að horfa til þess að einmitt orkuauðlindir fjórðungsins skuli nú vera settar í þann búning og hafa það markmið að vera seldar, sem enginn ræður þá hvert í sjálfu sér, þegar annars er almennt verið að berjast fyrir því að halda auðlindunum í forsjá fólksins, í forsjá heimafólks, í forsjá fólksins sem byggir byggðir landsins, að auðlindir hvort sem þær eru meðfram ströndum landsins eða inni á landinu sjálfu, séu þá nýttar og í eigu þess fyrst og fremst.

Ég vil einnig spyrja, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson spurði hér, og ég ítreka þá spurningu: Hvernig er staða annarra landeigenda um möguleika á að stofna til orkuvinnslu á sínu landi hvort sem það eru einstaklingar eða sveitarfélög? Eru þeir skuldbundnir til þess að framselja slíka möguleika til Orkubús Vestfjarða eða þessa nýja hlutafélags, *eða geta þeir framleitt og hafið rekstur á eigin vegum*?

Í frv. kemur fram að þau fyrirtæki sem þegar eru starfandi geti haldið þeim rétti sem þau búa þegar við og stundað þá starfsemi sem þau nú gera, en mér finnst ekki vera kveðið fullkomlega skýrt á um það hvort eigendur lands, landeigendur, geti reist orkuver á sínu landi. Ég vildi gjarnan heyra nánar um það.

Herra forseti. Einnig hefði verið ástæða til að hæstv. iðnrh., sem fer með byggðamál, hefði fjallað um tengingu þessa frv. við byggðamál á Vestfjörðum í ríkari mæli en hæstv.

ráðherra gerði. Og hvaða áhrif þessi ráðstöfun gæti haft til lengri tíma, til þess tíma þegar fyrirtæki gæti verið selt burt og íbúarnir haft þar litla forsjá á. Ekki verður slitið úr samhengi byggð og búseta og aðgengi að náttúruauðlindunum sem fólk hefur í nágrenni sínu.

Ég auglýsi síðan enn og aftur eftir aðgerðum ríkisvaldsins varðandi húsnæðiskerfið, félagslega íbúðakerfið, sem ekki aðeins vestfirsk sveitarfélög glíma við, heldur sveitarfélög víða um land, sveitarfélög sem kannski eiga ekkert orkubú til að selja upp í skuldir sínar, sveitarfélög sem eiga það öll sameiginlegt að brýnt er og skylt af hálfu ríkisvaldsins að taka á þeim málum og þó fyrr hefði verið.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. óskaði eftir viðveru hæstv. félmrh. við þessa umræðu. Það er rétt að greina frá því að borist hafa boð um það að hæstv. ráðherra er á fundi með eldri borgurum til kl. 5, en fær þá skilaboð um að nærveru hans sé óskað.)

[16:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við höldum áfram að ræða bisness hér á hinu háa Alþingi. Nú er verið að ræða um að breyta sameignarfélagi í hlutafélag og í sjálfu sér er ég ánægður með það. Ákvæði um eignarhlut í sameignarfélaginu voru dálítið skrýtin. Þau voru þannig að eignarhluti sveitarfélaganna fór eftir íbúafjölda. Þegar fækkaði í einhverju sveitarfélaginu minnkaði hlutur þess í sameignarfélaginu. Einmitt þegar það þurfti kannski mest á því að halda að hafa meiri eignir til að standa við þær skuldbindingar sem sveitarfélagið hafði ekki lengur skattgreiðendur til að standa við. Ég held því að þetta sé til góðs að þessu leyti.

Hins vegar er ég ekkert ánægður með það, þó að ég sé í sjálfu sér ánægður með að breyta sameignarfélaginu yfir í hlutafélag, að setja sérlög um hvert einasta hlutafélag sem ríkið á einhvern hlut í. Hér á ríkið 40% hlut og mér finnst menn vera að fylla lagasafnið með alls konar smálögum um sjóði og hlutafélög. Ég nefndi það hér áðan um Kísiliðjuna, að þar átti að vera kísilgúrsjóður, heil lög um einn lítinn sjóð, pínulítinn sjóð, og hér á að setja sérlög, reyndar um dálítið stærra fyrirtæki en engu að síður ósköp venjulegt hlutafélag.

Ég legg til, herra forseti, að skoðuð verði önnur leið í hv. iðnn. sem þetta mál fer til og ég á nú sæti í, sem væri í þá veru að sett verði ákvæði í lögin um Orkubú Vestfjarða um að gæta skuli hagsmuna starfsmanna, það skuli greiða út eigið fé til hluthafanna, sem getið er um í greinargerðinni, eftir íbúafjölda 1. desember árið 2000, það eigi að greiða út eigið fé til þessara eigenda og það skuli skilyrt því að þeir kaupi hlutafé í nýju félagi gegn staðgreiðslu þess sama eigin fjár. Og hlutafélagið kaupi síðan eignirnar af sameignarfélaginu og þá þarf ekki lengur að vera með einhverjar vangaveltur um að hlutafé sé ekki inngreitt með peningum, því það yrði þá greitt með peningum á því formi, með því bókhaldsákvæði. Þá er eiginlega ekkert orðið eftir nema e.t.v. fjöldi hluthafa og það má fjölga þeim með því að gefa eldri borgurum eða börnum á svæðinu nokkra hluti, þeir þurfa ekki að vera stórir, og þá þarf í rauninni engin sérlög um þetta hlutafélag. Það fellur bara undir hlutafélagalög að öðru leyti, nema það eru tvö atriði sem þetta hlutafélag á að njóta. Það er í fyrsta lagi skattfrelsis. Það á bara ekki að borga neina skatta, draumastaða allra hlutafélaga, hvorki stimpilgjald né nokkurn skapaðan hlut eins og svo sem gilt hefur um orkubúið og gildir um önnur orkufyrirtæki. Þau eru svo vanmáttug að þau geta ekki staðið undir velferðarkerfinu.

Síðan er það einkaleyfið sem iðnrh. veitir orkubúinu. Ég hef verið að hugleiða hvort ekki megi setja hvort tveggja í almenn lög, þ.e. almenn lög um að orkufyrirtæki á Íslandi greiði ekki skatta almennt, og best væri náttúrlega að engin hlutafélög greiddu skatta, það væri náttúrlega best. En að orkufyrirtæki, af því að þau eiga svo bágt, borgi ekki skatta til velferðarkerfisins og síðan mætti skoða hvort iðnrh. hafi ekki í öðrum lögum heimild til að veita einkaleyfi til raforkuframleiðslu, ég hef grun um að svo sé. Þá verður í rauninni engin þörf á því að hafa sérlög í gildi áfram um Orkubú Vestfjarða.

Síðan er það spurningin um sölu á hlut sveitarfélaganna, sem menn hafa verið að tala um, til að leysa félagsleg vandamál sveitarfélaganna, aðallega út af félagslegu íbúðarhúsnæði þar sem sum þeirra hafa verið dálítið glannaleg í byggingum félagslegra íbúða, ekki öll, en það á að verðlauna þau sem voru glannaleg með því að leysa vanda þeirra. Þau gætu selt hlut sinn en ég vil hafa það miklu víðar. Ég vil ekki að þau selji bara ríkinu hlut sinn, ríkið er alltaf slæmur kaupandi. Það er bara einn kaupandi og hann býður náttúrlega bara lélegt verð. Nei, nei, það á að selja þetta hæstbjóðanda, mér finnst það. Að sveitarfélögin eigi heimild, og það er ekkert í lögunum sem bannar það í rauninni, (**Gripið fram í:** Nei, er það nokkuð?) Nei, það er ekkert í þessum lögum sem bannar það og ekkert í hlutafélagalögunum. Þannig að ég ætla nú að gauka því að sveitarstjórnunum á Vestfjörðum að vera ekki að höndla bara við ríkið sem er fastheldið á peningana sína, heldur bjóða þetta hverjum sem er og þeim sem býður best. Það eykur líka tengsl atvinnulífsins við Vestfirði því þá hefðu þeir sem ættu hlut í Orkubúi Vestfjarða mikinn áhuga á því að efnahagslífið blómstri á því svæði.

Þetta getur því haft ýmsar auka- og hliðarverkanir ef menn sjá einhvern annan kaupanda en ríkið, miklu betri kaupanda. Að því leyti getur þetta orðið mjög jákvætt því það yrði þá í fyrsta skipti, að mér skilst, að einstaklingar geti keypt hlut í almennilega stóru orkufyrirtæki. Reyndar hafa einstaka bændur átt orkufyrirtæki sín, þ.e. einkaveitur heima hjá sér, en ekki hefur verið til sölu á almennum markaði hlutafé í sæmilega stóru orkufyrirtæki og það væri skemmtilegt ef Orkubú Vestfjarða hf. riði á vaðið með það og þá þarf ekki að hafa áhyggjur af fjölda hluthafa.

[16:48]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek þátt í þessari umræðu um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða ekki síst á grundvelli fjárlaga þar sem það barst inn í fjárlög á síðustu klukkutímum fyrir 3. umr. að heimilt yrði að semja til bráðabirgða um að Vesturbyggð seldi hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða.

Í 8. gr., sem fjallar um ýmsar heimildir í fjárlögum, er heimilað að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán. Í lið 8.11., Ýmsar heimildir, segir að heimilt sé, með leyfi forseta: „Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu."

Þetta er ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég sé ástæðu til að ræða þetta mál.

Eins og ég sá lögin fyrir mér um orkubúið eins og það var, þá var ekki unnt fyrir einhvern af eignaraðilum að selja sinn hlut í orkubúinu án samþykktar annarra eignaraðila. Þannig að ég sá það fyrir mér á þeim tíma þegar fjárlögin voru samþykkt að þetta mundi nú ekki renna svo ljúflega

í gegn. En síðan hefur það gerst að náðst hefur samkomulag milli eignaraðilanna um að gera þetta fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, að hlutafélagi. Ég get í sjálfu sér ekki lagst gegn því og geri ekki. Það er ekkert óeðlilegt að eigendurnir ráði því undir hvaða formi fyrirtæki þeirra er rekið.

En það sem ég tengi saman er að verið er að stefna að því, eins og segir á bls. 81, með leyfi forseta: „Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu." Og það á að gera með þeim hlut sem hvert sveitarfélag á fyrir sig í Orkubúi Vestfjarða.

Skoðun mín er sú að ég tel að ríkið eða hæstv. félmrh. eigi að ganga til samninga við samtök sveitarfélaga um heildarlausn um félagslega húsnæðiskerfið fyrir allt landið. Félagslega húsnæðiskerfið er stórt vandamál í þeim byggðum þar sem fólksfækkun hefur orðið vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, m.a. vegna framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins, og ég tel að ef þetta er aðferðin sem menn ætla að fara að beita þá sé það óásættanlegt. En ég verð að segja það engu að síður að mér finnst að það sé ekki hægt að slá á hendurnar á aðilum sem eiga eignir, þeir verða að hafa frelsi til þess að selja ef þeim sýnist þörf á því og það er frumréttur eignaraðila. En ég vil líka að félagslega húsnæðiskerfið eða sá vandi sé leystur og þá geta sveitarfélögin tekið ákvörðun um hvort þau vilji selja eða eiga þennan gullmola sem margir telja að Orkubú Vestfjarða hf. sé eða verði.

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær spurningar sem hér hafa verið bornar upp um vanda félagslega húsnæðiskerfisins og hvað menn eru að gera, hverju hæstv. byggðamálaráðherra getur svarað varðandi aðgerðir vegna þess kerfis.

Ég vil einnig taka undir ábendingu varðandi lögin um Orkubú Vestfjarða sem kveða á um að hlutur sveitarfélagsins minnki eftir því sem fækkar í sveitarfélögunum. Það er ákaflega merkilegt að þetta skuli hafa verið svoleiðis og ástæða til að laga þá hluti.

Ég tel nauðsynlegt að leysa þetta vandamál sem ég nefndi heildstætt fyrir allt landið og síðan geti menn tekið ákvarðanir um hvernig þeir vilja fara með eignarhluti sína, hvort sem það er í Orkubúi Vestfjarða eða annars staðar. En mér finnst að sú breyting sem gerð var eða þetta innskot inn í heimildargreinina, 8. gr. fjárlaga, stefni beint í það að sveitarfélögin jafnvel neyðist til að fara að semja um sinn eignarhluta vegna félagslega íbúðakerfisins og þeirrar skyldu sem hvílir á sveitarfélögunum og íbúum þeirra Ég vona að málið fari á þann veg og að eigendum orkubúsins gefist það að ná samningum um félagslega íbúðakerfið og þann vanda sem er af því áður en til þess kemur að þeir fara að höndla með þann hlut sem verður þeirra í hlutafélaginu.

Ég vona að ekki þurfi að koma til þess, eins og virðulegur bæjarfulltrúi og stjórnarformaður, Þorsteinn Jóhannesson, sagði á aðalfundi 28. apríl 2000, með leyfi forseta: „.... að það komi ekki til þess að menn afsali sér eignarhlut sínum í Orkubúi Vestfjarða til að leiðrétta skuldastöðu sveitarfélaga um stundarsakir og byrji að safna skuldum upp á nýtt." Og enn segir Þorsteinn, með leyfi forseta: „Slíkt yrði án óbreyttra tekjustofna óumflýjanlegt."

Og þá er ég, virðulegur forseti, kominn að því sem er vandamál þessara sveitarfélaga, það eru jú tekjustofnarnir. Það sem hefur gerst hjá sveitarfélögunum um allt land er að kostnaður vegna félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögin þurfa að framkvæma hefur stöðugt farið vaxandi vegna sparnaðar ríkisvaldsins, t.d. í heilbrigðiskerfinu, og svo vegna lagasetningar um félagsþjónustu af ýmsum toga.

Alþt. 2000. B. (126. löggjafarþing).

Þar má minna á að útgjöld vegna málefna fatlaðra hafa farið vaxandi og fara vaxandi.

Það hafa verið sett lög um umhverfismat sem leggja mjög auknar skyldur og þar með útgjöld á herðar sveitarfélögunum. Það má minna á að ríkisvaldið hefur sett lög um leikskóla og starfsemi þeirra og sett skilyrði um stærð og aðbúnað. Allt eykur þetta rekstrarkostnað sveitarfélaganna. Svona er hægt að halda áfram. Ég hef þetta, virðulegur forseti, í 17 liðum, atriði sem aukið hafa kostnað sveitarfélaganna. Á sama tíma eru þau jafnvel að neyðast til þess, sem ég óttast, að þurfa að láta af hlut sínum í góðum fyrirtækjum eins og Orkubú Vestfjarða er.

Ég vona að hv. iðnn., sem tekur þetta mál til skoðunar, greini þar á milli ef þetta tengist á þennan hátt sem ég er að lýsa í frv. Ég ítreka að ég leggst ekki gegn því að fyrirtækið sé stofnað á þennan hátt. En ég vara við því ef það er til þess að einkavæða til ríkisins, það er sem sagt öfug einkavæðing sem er í burðarliðnum, að ríkið er að fara að leysa til sín hlut sveitarfélaganna vegna félagslega húsnæðiskerfisins og innlausnarskyldu sveitarfélaganna þar af leiðandi.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 540. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 840.

Brjóstastækkanir, 539. mál, fsp. KF, þskj. 839.

Klæðningarverkefni hjá Vegagerðinni, 537. mál, fsp. GunnB, þskj. 836.

Vegamálun hjá Vegagerðinni, 538. mál, fsp. GunnB, þskj. 837.

Verð á mölun steinefna fyrir Vegagerðina, 536. mál, fsp. GunnB, þskj. 835.

[16:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki óeðlilegt þegar við ræðum þetta frv. að umræðan snúist almennt um fyrirtækið Orkubú Vestfjarða. Þetta er ákaflega mikilvægt fyrirtæki sem hefur starfað á Vestfjörðum um aldarfjórðungsskeið. Og þó að það hafi verið býsna umdeilt, sérstaklega á frumbýlingsárum þess, eins og gengur, eðli málsins samkvæmt því þetta er fyrirtæki sem þjónar hverju heimili og hverju fyrirtæki í fjórðungnum og þess vegna ekkert óeðlilegt að menn hafi haft skoðanir og hafi skoðanir á starfsemi þess, þá er það engu að síður þannig að með árunum hefur traust fólks á fyrirtækinu aukist og ég held að þetta megi teljast í dag vinsælt fyrirtæki á Vestfjörðum og menn eru almennt þeirrar skoðunar að það hafi sinnt hlutverki sínu mjög vel.

Á þessum tíma hefur verið byggt upp gríðarlega mikið dreifikerfi um Vestfirði. Það hefur verið búin til hringtenging til þess að auka rekstraröryggi raforkukerfisins. Það hefur verið byggt upp gífurlega mikið varaafl til þess að bregðast við ef rafmagn fer af, ýmist af vesturlínunni eða á einstökum línum og það hefur verið byggt upp kerfi fjarvarmaveitu þar sem það hefur átt við o.s.frv. Auk þess er Orkubú Vestfjarða vinsæll og góður vinnustaður, öruggur vinnustaður, sem auðvitað skiptir miklu máli við þær aðstæður sem við búum við í hinum dreifðu byggðum.

Þess vegna er ekkert óeðlilegt, nema síður sé, að menn ræði svona almennt um þetta fyrirtæki núna þegar við stöndum á þeim tímamótum að búið er að leggja fram frv., sem raunar er almenn og víðtæk sátt um á Vestfjörðum, um að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Við megum hins vegar

ekki gleyma því að hið opinbera, ríkið, hefur komið að þessari uppbyggingu með margvíslegum hætti á undanförnum árum. Það er þannig að ríkissjóður hefur aflétt skuldum af fyrirtækinu til þess að gera því kleift að ráða við skuldbindingar sínar að öðru leyti og standa undir því að lækka orkuverð þannig að orkuverð til húshitunar er t.d. mun lægra hjá orkubúinu, sjálfsagt 12–15% lægra en hjá Rarik og eins er orkukostnaður að öðru leyti lægri en víða annars staðar þannig að munar talsvert miklu hvað varðar fyrirtækin. Allt þetta segir okkur að með samstilltu átaki stjórnenda fyrirtækisins og ríkisvaldsins hefur tekist að skapa á margan hátt mjög gott rekstrarumhverfi í kringum orkubúið og þess vegna er mjög eðlilegt að menn staldri nokkuð við þegar fyrirtækið stendur á þessum tímamótum og velti því fyrir sér hvað framtíðin beri í skauti sér að þessu leyti. Ég held þess vegna að það sé rétt að menn ræði þessi mál hispurslaust en hins vegar öfgalaust vegna þess að við erum hér að ræða um ákaflega mikilvægan hlut.

Í fyrsta lagi varðandi þetta frv. er nauðsynlegt að menn hafi í huga að þetta frv. felur eingöngu í sér formbreytingu á þessu fyrirtæki úr því að vera sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna í það að verða hlutafélag. Ég held að þrátt fyrir allt og hvað sem öllu öðru líður hefði sú breyting verið í eðli sínu nauðsynleg. Fyrirtækið galt þess alveg örugglega og mundi gjalda þess alveg örugglega í framtíðinni ef rekstrarformið yrði haft óbreytt í ljósi þeirra breytinga og þeirrar deiglu sem er í orkuumhverfinu almennt. Við vitum af Evróputilskipunum sem er verið að innleiða, við þekkjum þær breytingar sem eru að verða í viðskiptaumhverfi okkar almennt og taka m.a. til ríkisfyrirtækja og opinberra fyrirtækja og þess vegna er mjög mikilvægt að menn hafi öll tæki hjá þessu fyrirtæki, eins og hjá öllum öðrum, til þess að bregðast við í því nútímalega viðskiptaumhverfi sem við erum stödd í. Það getur vel verið að einhverjum mislíki það umhverfi, en þannig er þetta einfaldlega og það fyrirtæki sem ætlar að spjara sig verður a.m.k. að hafa öll tæki til þess á borð við alla aðra. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að bara þessi staðreynd geri það að verkum að nauðsynlegt sé að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag og um það snýst í raun og veru þetta frv. fyrst og fremst og eingöngu.

Í þessu sambandi hlýt ég að vekja athygli á því að þeir sem eru eignaraðilar fyrirtækisins, þ.e. sveitarfélögin tólf og ríkið, eru einhuga um þessar breytingar. Það er búið að fara með þetta fyrir sveitarstjórnirnar vítt og breitt um Vestfirði og það er niðurstaða sveitarstjórnanna að standa að þessu með þessum hætti og eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra er fylgt í öllum meginatriðum niðurstöðu þessa samkomulags eigendanna og frv. er í raun og veru sniðið að því. Það er ekki verið að gera neinar efnisbreytingar, það er t.d. með umdeildum hætti ákveðið að hafa hér inni ákvæði, sem ég veit að ýmsir reka dálítið hornin í, um það að Orkubú Vestfjarða haldi þeim einkarétti sem sameignarfélagið Orkubú Vestfjarða hefur haft varðandi virkjanir og orkunýtingu á svæðinu. Ég veit að margir velta því fyrir sér hvort það sé að öllu leyti skynsamlegt, en það er samt sem áður gert. Allt er þetta gert vegna þess að menn eru með þessu frv. fyrst og fremst að reyna að lögfesta formbreytingu á fyrirtækinu án þess að það raski annarri starfsemi að neinu ráði.

Hitt er auðvitað rétt að á bak við þetta allt saman er sú umræða sem hefur átt sér stað um vanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum, tekjuvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Það blasir við að í mörgum sveitarfélögum er mikill vandi fyrir höndum. Sá vandi er að hluta tilkominn vegna stöðu félagslega íbúðarhúsnæðisins en að hluta til af ýmsum öðrum ástæðum. Menn verða að horfast í augu við að það var ekki ríkisvaldið sem kallaði eftir því að fá að kaupa þessa eign, það var ekki þannig. Það voru heimamenn sem upphaflega vörpuðu fram þeirri hugmynd sem hluta af þeirri lausn að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna, að orkubúið, eign þeirra, yrði notuð í þessu skyni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga. Það er ekki þannig að hið opinbera, þ.e. ríkið, sé með einhverjum hætti að reyna að troða þessari sölu ofan í kokið á sveitarfélögunum eða heimamönnum, það er ekki þannig. Menn eru einfaldlega að reyna að finna lausn á mjög alvarlegu máli, sem er skuldastaða sveitarfélaganna, sem gerir það að verkum að sveitarfélögin eiga mjög erfitt með að sinna sinni lögbundnu þjónustu og skapa viðspyrnu sem er nauðsynleg í þeirri miklu baráttu sem sveitarfélögin og íbúar sveitarfélaganna eru að heyja um þessar mundir.

Menn ræða mjög um félagslega íbúðarhúsnæðið og ég held að sú umræða sem hefur vakað í kringum þetta hafi gert það að verkum að menn hafa verið tortryggnir varðandi þetta mál almennt heima í héraði um það með hvaða hætti eða hvort einhverju af hugsanlegri sölu orkubúsins verði varið til þess að greiða niður skuldir vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Í þessu sambandi held ég að það sé mjög mikilvægt að menn hafi í huga að um þessar mundir er verið að vinna að heildarlausn í félagslega íbúðakerfinu sem snýr að þeim sveitarfélögum m.a. sem hafa lent í þessum vanda, álíka vanda og ýmis sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lent í með sitt félagslega húsnæðiskerfi. Vonandi skilar sú nefnd áliti á næstu vikum og örugglega fyrir vorið og þá sést vonandi hverjar þessar almennu lausnir eru hvað snertir þennan málaflokk. Ég er alveg sammála því að ég held að það sé mjög mikilvægt að menn sjái þá mynd fyrir sér áður en frekari skref verða tekin varðandi orkubúið.

Í þessu sambandi hlýt ég líka að vekja athygli á því að sveitarfélögin almennt á Vestfjörðum hafa haft þessa skoðun. Þau vilja sjá heildarmyndina fyrir sér hvaða varðar félagslega íbúðarhúsnæðið áður en þau taka frekari skref og það kemur t.d. mjög skýrt fram í bókun sem bæjarstjórn Ísafjarðar gerði á 89. fundi sínum og var ítrekuð síðan með sérstakri samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðar í desember sl. Þess vegna held ég að þetta verði menn að hafa í huga.

Ég held að það sé þess vegna mjög mikilvægt, einmitt til þess að skapa sveitarfélögunum stöðu, að við ljúkum þessu frv. sem fyrst, enda er um það almenn sátt þeirra sem hafa um málið að segja, bæði eigenda, sem eru sveitarfélögin, og ríkisins að ljúka þessu máli þannig að formbreytingin geti átt sér stað.

Það er alveg hárrétt sem fram kom í máli hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar, að það er síðan algjörlega á valdi eigendanna með hvaða hætti þeir fara með sinn eignarhluta. Ég tel að það komi ekki til greina að þingið fari að setja einhverjar sérstakar skorður við því með hvaða hætti menn fara með eign sína að þessu búnu. Það liggur fyrir hvernig til þessa máls alls er stofnað. Sveitarfélögunum er mætavel ljóst hvernig menn hafa verið að vinna að þessu máli, sveitarfélögunum er alveg ljóst hver er aðdragandi alls þessa máls og sveitarfélögin standa að því að formbreyta félaginu til þess m.a. að hafa þá það vald að geta ráðstafað eignarhlut sínum ef þau svo kæra sig um. Ég ítreka það sem

ég hef verið að segja að það er ekki verið að setja neina þvingu á sveitarfélögin í þessum efnum, það er bara verið að reyna að komast að einhverri tiltekinni niðurstöðu sem gæti verið sveitarfélögunum hagkvæm ef þau telja það sjálf.

Svo ég komi aftur aðeins að þessu félagslega íbúðarhúsnæði held ég að þau mál verði menn líka að skoða aðeins í öðru ljósi. Staðan varðandi þessi lán er sú, eins og menn þekkja, að þau eru kannski hagkvæmustu lánin sem sveitarfélögin eru með almennt talað. Þetta eru þau lán sem eru með lægstu vöxtunum, þetta eru lán til langs tíma og ég held að menn þurfi að skoða það, ef sveitarfélögin til að mynda fara í það að selja hluta af eignum sínum, selja hlut sinn í orkubúinu t.d., hvort það sé skynsamlegast að ráðstafa þeim til einhliða skuldalækkunar varðandi þetta félagslega íbúðarhúsnæði. Menn verða að komast að niðurstöðu um það. Það getur vel verið að það sé skynsamlegra frá sjónarhóli sveitarfélaganna að ráðstafa þeim með þeim hætti að reyna að lækka aðrar skuldir sem bera hærri vexti og eru mönnum dýrkeyptari.

Bæjarstjórinn á Ísafirði, Halldór Halldórsson, vakti einmitt athygli á þessu á upplýsingafundi sem fór fram í haust um þessi mál á Ísafirði, vakti athygli á því að það kynnu að vera fjárhagsleg rök fyrir því að nota frekar þessa peninga til þess að gera upp aðrar skuldir og reyna að lækka vaxtabyrðina og greiðslubyrðina ef til kæmi. Það er hins vegar ákvörðun sem verður þá að vera í höndum sveitarstjórnanna sjálfra sem fara með sín fjármál og verða að hafa fullt vald til þess.

Virðulegi forseti. Aðalatriði þessa máls núna er að við ljúkum afgreiðslu þess sem er góð sátt um, þ.e. formbreytingin á Orkubúi Vestfjarða. Það er að mínu mati mjög mikilvægt skref allra hluta vegna, bæði vegna þess rekstrarumhverfis sem orkufyrirtækin eru komin í og eru að fara inn í í enn þá ríkari mæli og líka vegna þess að það gefur sveitarfélögunum sjálfum nýtt val um það hvernig þau vilja síðan ganga áfram þennan veg. Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að menn sjái þá alla myndina fyrir sér, m.a. hvernig staðið verði að uppgjöri varðandi félagslega íbúðarhúsnæðið almennt í landinu. Það getur vel verið að það muni á einhvern hátt auðvelda mönnum málið, en við skulum ekki horfa fram hjá því að staða þeirra sveitarfélaga sem eru verst sett að þessu leytinu verður örugglega, þrátt fyrir einhverjar almennar aðgerðir, mjög alvarleg áfram. Það sem menn hafa verið að ræða um í þessu sambandi varðandi fjárhagslegan vanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum og hugsanlega sölu orkubúsins í því sambandi stafar ekki af ásælni ríkisins í þessum efnum heldur einfaldlega af því að menn sáu kannski ekki margar aðrar leiðir til þess að koma til móts við þau sveitarfélög sem voru í mestum vanda. Það er það sem býr að baki og eftir ábendingu og hugmynd sem kom fram hjá heimaaðilum var þetta mál skoðað frekar þó að það verði enn að ítreka að hið endanlega vald hlýtur alltaf í þessum efnum sem öðrum að liggja hjá eigendunum sjálfum, hvernig þeir vilja þá ljúka málinu og hvernig þeir vilja ráðstafa eignum sínum.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé eðlilegt að þetta mál fái eðlilega og vandaða meðhöndlun í iðnn. Alþingis þar sem farið verði yfir málið og það borið saman við þann texta sem til grundvallar liggur, sem er samkomulag eigendanna, og e.t.v. að skoða aðra þætti sem umdeilanlegir kunna að vera. En ég legg mikla áherslu á að það sé þá gert í góðri samvinnu við þá sem eru aðilar málsins, eigendur fyrirtækisins, sveitarfélögin og eftir atvikum ríkið.

[17:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði um að frv. fæli eingöngu í sér formbreytingu og lét síðan að því liggja í máli sínu að sveitarfélögin gætu varið söluhlut sínum eins og þau síðan lysti. Ég leyfi mér því, herra forseti, að beina til hans þeirri spurningu hvernig hv. þm. líti á þá bókun sem ráðuneytin gerðu sem þau líta svo á að sé hluti af þeim samningi en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samningnum um kaup á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða mun ríkisvaldið ganga út frá að heildarverðmæti Orkubús Vestfjarða hf. sé 4,6 milljarðar kr., enda verði söluverðmætinu varið til þess að greiða niður skuldir viðkomandi sveitarfélaga og til lausnar bráðavanda viðkomandi sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu í samræmi við það sem um hefur verið rætt."

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, og bendi á að þetta er ekki í takt við það sem hv. þm. lét að liggja og bið gjarnan um skýringu á því.

Enn fremur er mér forvitni á að vita hvaða Evróputilskipanir það eru sem krefjast þess að fyrirtækið sé hlutafélagavætt. Það geta verið Evróputilskipanir sem krefjast aðskilnaðar á vinnslu og rekstri og það er hægt að gera með ýmsum félagsskap.

Herra forseti. Ég óska eftir því að heyra hvernig hv. þm. lítur á þá bókun sem ríkisvaldið lætur fylgja samningnum og lítur svo á að sé hluti af honum.

[17:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þetta frv. felur í sér formbreytingu á félaginu. Þessi bókun ríkisvaldsins er auðvitað skoðun ríkisvaldsins. Það liggur líka fyrir hver er skoðun sveitarfélagsins.

En það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að sú hugmynd að kaupverði sem hefur verið sett fram af hálfu ríkisvaldsins miðast við það að gengið sé til uppgjörs á tilteknum skuldum. En það út af fyrir sig raskar engu um þetta frv., frv. er sjálfstæður gjörningur. Frv. er flutt af hæstv. iðnrh. vegna þess að undir hæstv. iðnrh. heyrir þetta fyrirtæki og það er hæstv. iðnrh. sem leggur það til að gerð sé þessi formbreyting á fyrirtækinu. Það er þess vegna sem ég stend alveg við það að samkomulag ríkisins og sveitarfélaganna, sem fylgir með sem fylgiskjal, er, a.m.k. við þann yfirlestur sem ég hef gert á því, í samræmi við frv. sjálft, í samræmi við frumvarpstextann sjálfan, og þess vegna er það rétt sem ég sagði áðan í ræðu minni.

Varðandi Evróputilskipanirnar þá held ég að ég hafi orðað það þannig að Evróputilskipanirnar breyttu auðvitað rekstrarumhverfinu. Ég vakti síðan athygli á því að það væri ýmislegt annað að gerast sem gerði það knýjandi að breyta rekstrarfyrirkomulaginu úr því að vera sameignarfélag í hlutafélag, m.a. þær breytingar sem eru að verða í okkar viðskiptalífi, þær breytingar sem við sjáum að eru að gerast núna á raforkumarkaðnum með sameiningu ýmissa fyrirtækja, uppstokkun þeirra o.s.frv., sem gerir það að verkum að ef fyrirtæki á borð við Orkubú Vestfjarða á að hafa möguleika í þessum bardaga þá verður það að hafa öll tæki til að geta tekið þátt í þeim slag.

[17:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri afar fróðlegt að vita, og það er þá hæstv. iðnrh. sem gæti sjálfsagt upplýst það, hvaða stöðu þessi bókun, þessi gjörningur sem fulltrúar ríkisvaldsins létu gera varðandi frágang á þeirri ályktun að óska eftir því að Orkubú Vestfjarða yrði gert að hlutafélagi.

Að mínu viti er það deginum ljósara að þetta er kvöð og þetta er kvöð sem er skilyrðislaus og það er blekking að ætla að segja sveitarfélögunum annað. Ég tek hins vegar heils hugar undir sjónarmið hv. þm. Einars Guðfinnssonar að þetta er afar óeðlileg kvöð og hún er virkilega mjög gróf því að auðvitað eiga eignaraðilar að geta ráðstafað sínum hlut, eins og hv. þm. benti á í ræðu sinni, á sem hagkvæmastan hátt fyrir sveitarfélagið. En þau standa frammi fyrir þessu sem beinni kvöð að mínu viti, annars væri ekki verið að láta þetta fylgja svo afdráttarlaust með.

Ég vil því vara við því að það sé verið að gefa tálvonir um annað en styð í sjálfu sér það að sveitarfélögin standi á sínu og tel að tilgangurinn með þessu sé reyndar að selja og þá með þeim skilyrðum sem ríkið hefur sett og ríkið er með beinum og óbeinum hætti að þvinga ákveðin sveitarfélög til að að ganga til þessarar hlutafélagavæðingar og sölu, sérstaklega gagnvart einstökum sveitarfélögum, og hin geta ekki heldur staðið á móti.

[17:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst einkennilegt að vera að kalla tilboð af hálfu ríkisvaldsins kvöð. Þetta er tilboð og tilboð er auðvitað byggt á ákveðnum forsendum. Forsendurnar sem ríkið gefur sér í þessum efnum koma fram í bókun ráðuneytisstjóranna þriggja og eru lagðar til grundvallar því tilboði sem þar er lagt fram.

Menn þekkja það, held ég, almennt úr viðskiptum að tilboð ráðast mjög af því á hvaða forsendum þau eru gerð. Það að ríkið sé að leggja fram tilboð, sem felur í sér ákveðna verðmyndun, byggir m.a. á þeim forsendum sem ríkið er að leggja þarna upp. Það er engin kvöð sem það í sjálfu sér felur í sér, þetta er hins vegar tilboð af þessu taginu. Síðan er það auðvitað sveitarfélaganna að taka afstöðu til þess. Það er engin spurning um það að verðlagning orkubúsins verður m.a. til á þessum forsendum.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að allt sem ég hef sagt um þetta mál standi. Þetta frv. er í sjálfu sér sjálfstæður gjörningur. Það er verið að formbreyta þessu fyrirtæki. Ég reyndi að rökstyðja það dálítið í upphafi máls míns að ég tel að fyrir því séu efnisleg rök að formbreyta fyrirtækinu. En síðan fór ég yfir það í máli mínu áðan, vegna þess að ég tel að það sé nauðsynlegt að fara yfir málið í ljósi forsögunnar, sem er m.a. sú að menn hafa verið að reyna að finna lausnir á mjög alvarlegu vandamáli sem er skuldastaða þessara sveitarfélaga. Það sem vekur athygli í þessari umræðu er að þó að menn séu í öðru orðinu að gagnrýna það að verið sé að tengja sölu orkubúsins við eitthvert tiltekið skuldauppgjör þá hafa ekki verið settar fram aðrar hugmyndir.

Ég ítreka það að ástæðan fyrir því að þessi hugmynd er komin upp er einfaldlega sú að menn höfðu ekki á hraðbergi fleiri hugmyndir að því að finna lausn á skuldavanda sveitarfélaganna en þessa.

[17:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. 1. þm. Vestf. að hann sagði að hugmyndirnar að sölu orkubúsins og lausn á vanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum, sem því e.t.v. tengdust, hefðu komið frá Vestfirðingum sjálfum.

Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hann muni það ekki með mér að á fjölmennum fundi á Ísafirði hafi Eiríkur Finnur Greipsson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða, lýst því mjög eindregið yfir að hann teldi sig hafa vissu fyrir því, hann gæti fært fyrir því rök, að hugmyndin um það að sveitarfélögin skyldu selja hlut sinn í orkubúinu hefði á sínum tíma komið frá ríkisvaldinu. Ég held að ég muni vel þessa fullyrðingu Eiríks Finns, fyrrverandi stjórnarformanns í Orkubúi Vestfjarða, og ég hef ekki heyrt hann draga hana til baka. Ég hef m.a.s. nýverið heyrt hann segja að hún væri rétt. (**KHG:** Hann rökstuddi hana ekki.)

Ég vil endurtaka þá spurningu hvort 1. þm. Vestf. hafi ekki einnig heyrt þessi orð og hvort hann telji þá að Eiríkur hafi farið með rangt mál.

[17:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður var ég vegna veikinda ekki á þessum mikla fundi sem hv. 4. þm. Vestf. vitnaði til og get þess vegna ekki dæmt um þá fullyrðingu sem hv. þm. hafði eftir fyrrverandi stjórnarformanni orkubúsins.

En ég tel mig hafa komið það oft að þessu máli að mér sé það vel í minni að þessi hugmynd kom frá heimamönnum, ég held að það hafi verið fulltrúar Vesturbyggðar sem á sínum tíma settu hana fram. Og það var ekki vegna þess að þeir væru svo gírugir og þá langaði svo mikið til að losa sig við þessa eign. Þeir voru einfaldlega í þeirri stöðu að þeir sáu ekki aðrar leiðir til þess að létta á sínum mikla skuldavanda heldur en að selja Orkubú Vestfjarða og gera það að hluta af því að losa sig út úr þessum vanda.

Þess vegna ítreka ég það og það er kannski það stóra mál sem ég var að reyna að leggja áherslu á, að það er ekki þannig að ríkisvaldið hafi verið að reyna að sælast í þessa eign Vestfirðinga og reyna að yfirtaka þessa eign Vestfirðinga heldur var hér um að ræða hugmynd um það hvort hægt væri að finna sérstaka lausn á mjög alvarlegum vanda margra, en ekki allra reyndar, margra sveitarfélaga á Vestfjörðum sem væru að glíma við óviðráðanlegar skuldir, skuldir sem gerðu það að verkum að sveitarfélögin réðu ekki við það að standa undir lögboðnum verkefnum sínum, hvað þá að takast á við það að skapa viðspyrnu í byggðunum núna þegar er virkilega mikil þörf á því. Þetta er einfaldlega það sem ég held að sé staða málsins og eins og hún hefur blasað við okkur þingmönnum Vestfirðinga sem höfum fylgst með þessu og höfum unnið að þessu máli í góðri samvinnu við sveitarstjórnarmenn sem hafa, eins og ég nefndi áðan, sameiginlega komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast sé að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag.

[17:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

Það er alveg makalaust hvað ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og í þessu tilfelli hæstv. iðnrh., hvað ríkisstjórnin hefur gott lag á því að byrja á hlutunum á öfugum enda. Þetta frv. um að hlutafélagavæða Orkubú Vestfjarða er á svo snarvitlausum tíma miðað við það sem fyrir okkur liggur í orkugeiranum

þar sem tilkynnt hefur verið að á næstu grösum sé nýtt frv. um orkulög.

Í þessu sambandi verðum við að átta okkur á því hver staðan er. Það kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar fyrr í dag að Vestfirðingar byggju við lægra orkuverð en þeir sem fá þjónustu frá Rarik. Þetta er alveg rétt. Staða Vestfirðinga er þannig að þeir voru svo ljónheppnir að við uppstillingu á orkubúinu héldu þeir framleiðslutækjum, sem sagt orkuframleiðslutækjum innan fyrirtækisins. Staða Orkubús Vestfjarða er þannig í dag að orkubúið framleiðir sjálft um 40% af því afli sem er notað á Vestfjörðum og það er meginatriði í stöðunni.

Ef við tökum Rarik á hinn bóginn þá framleiðir Rarik ekki nema 7% af eigin afli í tiltölulega smáum virkjunum. Menn verða að átta sig á heildarsamhenginu. Hvernig ætla menn að standa frammi fyrir breytingum í orkugeiranum þannig að það sé réttlæti gagnvart öllum landsmönnum?

Orkulögin voru, að mínu mati, þegar þau komu fram, rammi til nýrrar framtíðar í orkugeiranum. Og það er náttúrlega grundvallaratriði núna að menn fari í þessa vinnu, skoði ný orkulög, skoði nýjar leikreglur og séu ekki að búa til hlutafélög þegar þessi vinna er rétt handan við hornið.

Það er svo himinklárt í mínum huga að það að selja eignir Vestfirðinga á þennan hátt er auðvitað til komið út af skuldastöðu sveitarfélaganna og þar ber náttúrlega hæst 1,8 milljarða sem eru í félagslega íbúðakerfinu. En það er ekkert réttlætismál að Vestfirðingar einir þurfi að selja eignir til þess að jafna þá stöðu. Það gengur bara ekki upp. Félagslega íbúðakerfið, þar sem hefur orðið fólksfækkun, er stjórnsýsluleg mistök sem á að taka á fyrir landið allt hér á hinu háa Alþingi.

Hlutafélagavæðing Orkubús Vestfjarða núna er flumbrugangur og til þess fallið að eyðileggja möguleika fyrir Vestfirðingum til lengri tíma litið. Lægra orkuverð Orkubús Vestfjarða er eins og ég segi vegna þess að Vestfirðingar báru gæfu til þess að halda eftir framleiðslutækjunum, aðallega Mjólkárvirkjun en smærri virkjanir einnig.

Aðalvandi Rariks er að hafa ekki framleiðslutæki. Með nýjum orkulögum þarf að fara í öll þessi mál, endurmeta hvernig eigi að standa að þessum málum. Rarik, með 7% framleiðslu, er algerlega bundið af því að kaupa afl frá Landsvirkjun. Landsvirkjun er sett á stofn til að þjóna stóriðjunni. Á sínum tíma, þegar Landsvirkjun var búin til, voru öll framleiðslutækin sett í þann pott með örfáum undantekningum til að þjóna stóriðjunni. Eigendurnir innan Landsvirkjunar eru vel settir, þéttbýlið, Akureyrarkaupstaður og höfuðborgarsvæðið. Önnur svæði eru einnig vel sett, t.d. notendur orkunnar frá Andakílsárvirkjun, þ.e. Akranes.

Við verðum að fá svör áður en við förum í róttækar breytingar af þessu tagi. Hér erum við að tala um stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Orkubú Vestfjarða er metið, eftir því sem ég best veit, á 4,6 milljarða. Við verðum að leggja línurnar að því hvernig við ætlum að standa að orkumálum, orkuflutningum og orkuframleiðslu á grunni nýrra orkulaga áður en við samþykkjum flumbrugang af þessu tagi. Það hefur berlega komið í ljós að þetta er einvörðungu til að losa peninga og laga skuldastöðu. Að tala um það úr þessum ræðustóli að menn af Vestfjörðum séu að biðja um þetta og geri það sjálfviljugir. Hvernig er hægt að taka svona trúanlegt? Hver er samningsstaða þess sem kominn er út í horn? Hvað semja þeir ekki um ef þeir eiga ekki fyrir nagla? Auðvitað geta menn samið og það er hægt að segja, þegar allt um þrýtur, að menn semji á viðskiptalegum grundvelli en á Vestfjörðum hafa átt sér stað svo gríðarleg samfélagsleg umbrot að það verður að taka þetta inn í heildarpott.

Ég er tilbúinn að ræða um hlutafélagavæðingu á Orkubúi Vestfjarða að lokinni vinnu að nýjum orkulögum. Þau eiga að vera grunnurinn. Ég er ekki tilbúinn að ræða um hlutafélagavæðingu á Orkubúi Vestfjarða út frá þeim forsendum sem nú er gengið út frá og staðfestar eru í bak og fyrir. Ég er ekki tilbúinn í það. Á grunni nýrra orkulaga verðum við á hinu hv. Alþingi að fara yfir það hverjir eigi t.d. að standa straum af kostnaði við dreifbýlisveitur. Við getum ekki eingungis lagt það á fyrirtækin Rarik eða Orkubú Vestfjarða sem þjóna langstærstum hluta dreifbýlisins. Það er ósanngjarnt að þessi tvö fyrirtæki og notendur þeirra borgi það sem er óarðbært í dreifbýlinu. Þannig er þetta í dag og hefur versnað ár frá ári vegna þess að ríkið er alltaf að draga við sig framlög til Rafmagnsveitna ríkisins. Þegar nýju orkulögin koma til skoðunar verður að fara ofan í þetta allt saman og gera leikreglur fyrir allt landið. Það verður að hafa allt undir í því sambandi. Þess vegna er ótímabært að fara í þessa lagasetningu núna.

Hvernig á að standa straum af jöfnun orkukostnaðar á landinu? Hvernig gera aðrir það? Við vitum það alveg. Eins og tæpt var á í skýrslu auðlindanefndar eru til aðferðir til að jafna verðið og dreifa orku þar sem það er ekki arðbært, t.d. með því að setja framleiðslugjald á þau fyrirtæki sem framleiða orku. Það er gert sums staðar þannig að allir landsmenn borgi. Í öðrum löndum er farin skattaleið. Norðmenn fikta t.d. í söluskattinum eftir því sem ég veit best veit og jafnvel Skotar líka.

Síðast en ekki síst er hægt að viðhalda þeirri leið sem upprunalega var farin, þ.e. með beinum ríkisframlögum til Rariks. En þessi beinu ríkisframlög til Rariks eru, ef ég man rétt, ekki nema 135 millj. á þessu ári. Notendur Rariks á þéttbýlisstöðum landsins, þar sem menn skyldu síst skattleggja menn til að borga fyrir óarðbært dreifikerfi sem verður þó að þjóna, borga um 400 millj. í brúsann, í hítina. Allir vita að rafmagnsverð á þessum þéttbýlisstöðum, sem standa í raun undir gjaldskrá Rariks, er gríðarlega hátt. Það skýrir svo vel að Orkubú Vestfjarða standi betur. Orkubú Vestfjarða á 40% af aflinu, fyrirtækið sjálft. Það þarf ekki að kaupa af stút frá Landsvirkjun fyrir 3,20 inn á kerfið nema 60%. Rafmagnsveitur ríkisins eiga ekki nema 7%, geta ekki framleitt nema 7% af aflinu og þurfa að kaupa hitt dýru verði frá Landsvirkjun. Það er fyrst og fremst þess vegna sem verðið er svo miklu hærra hjá Rarik úti um landið en hjá Orkubúi Vestfjarða.

Virðulegi forseti. Ég krefst þess að farið sé yfir þessi mál í samhengi. Það verður ekki liðið að menn flumbrist áfram á þennan hátt út og suður, selji hér og selji þar án þess að hafa nokkra heildarsýn á það sem þarf að gera. Hvað varðar Orkubú Vestfjarða þá vitum við, ef við höfum framtíðarsýn á fyrirtækið, að þar eru gríðarlegir möguleikar, jafnvel fyrir raforkubændur á að koma inn á netið og auka enn orkuframleiðslu á svæðinu. Það má raunar fara um allan fjórðunginn og finna víða góða möguleika, t.d. á Ströndum.

Virðulegi forseti. Þetta mál verður skoðað í iðnn. og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gerum kröfu um að þetta mál verði skoðað mjög náið í samhengi við ný orkulög og þá nýju sýn sem menn vilja hafa í þessum málum. Þetta verður ekki dansað svona út og suður í bútasaumi. Það verður að skoða þessi mál í nýju ljósi.

Við vitum vel að vegna stóriðjustefnunnar komumst við í vandræði með að laga ný orkulög að tilskipun ESB vegna þess að auðvitað áttum við okkur öll á því að Landsvirkjun er gríðarlega háð sölu á orku til stóriðju. Í efnahagsuppgjöri í fyrra var það um 60% af viðskiptum þeirra, 3 milljarðar af sölunni. En við Íslendingar sem notuðum 40% af orkunni og borguðum helmingi meira samkvæmt því uppgjöri, um 6 milljarða. Þetta eru hlutir sem verður að skoða og eru ekki sjálfgefnir. Það er ekkert vafamál í mínum huga að það að setja í púkk öll þau orkuframleiðslufyrirtæki sem til voru í landinu og mynda Landsvirkjun hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að bjóða orku á tiltölulega lágu verði til stóriðju en ég er ansi hræddur um að það ball sé búið. Ný orkulög, sem byggja á því að hvaða hlutafélagi sem er verði frjálst að framleiða inn á kerfið samkvæmt Evróputilskipuninni, munu líklegast krefjast þess að við skoðum þetta fyrir landið allt í samhengi.

Að síðustu, virðulegi forseti, finnst mér að að svo mæltu þurfi hæstv. iðnrh. að svara, burt séð frá þessu frv., því hvernig hún sér fyrir sér jöfnunina í dreifbýlinu, hvort ráðherrann sjái fyrir sér framleiðslugjald eins og sumir nota, t.d. Skotar. Sér hæstv. ráðherra fyrir sér jöfnun með skattaleið eða gæti hún hugsað sér að jafna með ríkisframlögum? Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, miðað stöðuna eins og hún er núna, höfum þráfaldlega lagt það til að framlög til Rafmagnsveitna ríkisins verði aukin. Samkvæmt því sem fyrirtækið sjálft gefur út er lágmark að árlegt framlag sé 400 millj. kr. en sum endurskoðunarfyrirtæki segja að það þyrfti að vera 700 millj. kr. Þá er talað um fjárfestingu á þeim línum sem bera sig ekki. Þetta eru tölur frá fyrirtækinu sjálfu.

Virðulegi forseti. Frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða er enn eitt frv. frá hæstv. ríkisstjórn þar sem byrjað er á vitlausum enda. Menn munu sjá afleiðingarnar af því að nokkrum missirum liðnum. Þannig er þetta með símann, póstinn, bankana o.s.frv. Það sem ég er að kalla eftir er að ekki verði gerð ein mistökin enn. Við viljum skoða þetta mál heildstætt og láta þetta frv. liggja, svona a.m.k. sem varatillögu. Ég geri mér grein fyrir því að hér er sterkur ríkisstjórnarmeirihluti og vildi að í öllu falli yrði samþykkt tillaga hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að setja ákvæði inn í lögin um að salan megi ekki fara fram innan tiltekins tíma. Ég held að hann hafi nefnt 2–3 ár.

[17:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta frv. sé í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Ég tel hlutafélagaform á þessum rekstri sé skynsamlegt og því sé ekki ástæða til að amast við frv. á þeim forsendum.

Hins vegar hefur ýmislegt annað komið upp í umræðunni sem ástæða er til að velta fyrir sér. Mér finnst helsta umhugsunarefnið hvort það er rétt sem hér hefur verið sagt og engin ástæða er til að þræta um — menn hljóta að vita um hvað þeir tala — en hv. 1. þm. Vestf. staðfesti í ræðu sinni að hluta upphæðarinnar sem talað er um, sem greiðslu ríkisins fyrir eignarhlutina í Orkubúi Vestfjarða, væri ætlað að koma til móts við sveitarfélögin vegna skulda í félagslega húsnæðiskerfinu. Það er aðferð sem maður hlýtur auðvitað að staldra við og spyrja hvort geti verið eðlileg. Spurningin hlýtur að vera: Skulda sveitarfélögin sem eiga í orkubúinu öll jafnmikið? Er verið að gera þeim mishátt undir höfði? Græða kannski sumir á þessu? Fá þeir fjármagn sem þeir ekki þurftu? Skulda þeir kannski lítið eða ekki neitt í húsnæðiskerfinu og þurfa ekki á svona aðstoð að halda?

Síðan er hitt. Mörg sveitarfélög annars staðar á landinu skulda í þessu kerfi. Hvers vegna er þá tekið sérstaklega á þessu máli á Vestfjörðum? Fyrsta svarið sem manni dettur í hug er auðvitað að þarna sé kúfurinn og hann þurfi að lækka hann áður en farið verður að taka á annars staðar. Ég ímynda mér að það sé rétt svar. Ég tel samt sem áður að frá hendi ríkisins sé ekki eðlilega staðið að málum í þessu tilviki. Það þarf helst að hafa hlutina skýrari. Það á auðvitað ekki að koma til móts við sveitarfélög sem ekki þurfa á aðstoðinni að halda eins og manni virðist að hljóti að gerast með þeirri aðferð sem þarna á að grípa til.

Afleiðingarnar af því sem þarna er verið að gera eru kannski þær að þeir sem eiga hlut í Orkubúi Vestfjarða eru líklega þvingaðir, ég segi líklega þvingaðir, til að selja orkubúið nú þegar. Aðrir sem eiga fyrirtæki af sama tagi í landinu bíða flestir eftir því að sjá hvaða áhrif þær breytingar sem fram undan eru í orkugeiranum hafi. Ég veit ekki til að menn hafi verið að hlaupa til og selt eignir sínar í orkuveitufyrirtækjum að undanförnu, einfaldlega vegna þess að menn hafa talið að ýmsir möguleikar væru fram undan sem gætu jafnvel gefið þessum fyrirtækjum enn meiri arðsemi en fram að þessu.

Þess vegna er líka ástæða til að doka við og velta því fyrir sér hvort menn séu að ganga rétta braut í þessu ef þær upplýsingar sem hér hafa komið fram í dag eru réttar. Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að hún svari því hvort þær fullyrðingar sem hér hafa verið settar fram um að ríkið sé með því að bæta við einhverjum verulegum upphæðum inn í það verð sem á að greiða fyrir eignarhlut í Orkubúi Vestfjarða að þvinga sveitarfélögin á Vestfjörðum til að ganga til þessara samninga. Ég held að það sé rétt að menn segi nákvæmlega hvernig málið sendur og dragi ekki neitt undan í því.

Síðan langar mig til að spyrja eftir öðru. Ég held að allt saman sé nokkuð ljóst sem stendur í þessu skjali, en ég velti svolítið fyrir mér ákvæði til bráðabirgða I, þar sem segir: „Sameignarfélagar Orkubús Vestfjarða bera áfram, gagnvart kröfuhöfum, einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða sem stofnast hafa áður en hlutafélag er stofnað um rekstur þess. Innbyrðis skiptist þessi ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum l. desember 2000.“ Ég er búinn að lesa skýringarnar við þetta ákvæði og verð að viðurkenna að ég skildi ekki alveg hvaða gildi þetta hefur fyrir framtíðina. Þetta virðist vera ótímabundin skuldbinding sem fylgi mönnum inn í framtíðina og þarf kannski ekki að hafa áhyggjur af því ef ríkið kaupir þetta allt saman. En það hefur líka komið fram og kemur fram í þessum skjölum að ekki er endilega víst að ríkið kaupi þetta allt saman. Það geta verið aðrir eigendur. Og ríkinu gæti líklega dottið í hug að selja þetta fyrirtæki aftur. Það er hugsanlegt. Það er a.m.k. hugsanlegt á meðan sú ríkisstjórn er við völd sem er núna.

Ef ég hef skilið þetta ákvæði rétt, hvaða stöðu hafa þá þessir aðilar ef upp koma einhverjar skuldbindingar sem hafa af einhverjum ástæðum orðið meira virði í höndunum á þeim sem eiga þær en mönnum virðist vera í dag þó vaknað geti upp kröfur á þetta fyrirtæki? Mig langaði bara til þess að skilja þetta.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég ætla ekki að fara út í að ræða almennt um orkulögin sem eru væntanleg og annað sem tengist þeim. Mér finnst hins vegar ástæða til að

hafa áhyggjur af því ef eigendur þessa orkufyrirtækis geti hugsanlega orðið fyrir skakkaföllum eða tjóni vegna þess að hin nýja skipan sem hæstv. iðnrh. ætlar að standa fyrir með nýju orkulögunum geti fært öðrum hagnað og betri stöðu sem eiga orkufyrirtækin en þeir sem eiga það orkufyrirtæki sem hér er til umræðu séu búnir að missa af þeim strætisvagni með þessum samningi. Mig langar til þess í lokin að biðja hæstv. ráðherra að útskýra skilmerkilega hvaða skoðun hæstv. ráðherra hefur á því hvort sú bókun sem nefnd var hér fyrr á þingfundinum og skuldbindingar sveitarfélaganna í gegnum umræðurnar eða viðræðurnar um það sem hér er komið á borð hv. Alþingis séu þannig að búast megi við því að öll sveitarfélögin muni ganga til þess að selja ríkinu eignarhluti sína í þessu fyrirtæki.

[17:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í ræðum þingmanna stjórnarandstöðunnar hefur komið fram að þeir gera því skóna að af hálfu ríkisvaldsins sé verið að fara illa með sveitarfélögin, pína þau og neyða til hluta sem sveitarfélög vilja ekki og samninga sem þeim séu óhagstæðir. Ég held að rétt sé að svara slíkum ásökunum, þessum samsæriskenningum sem eiga ekki við nein rök að styðjast, eins og fram hefur komið m.a. hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni.

Ef við förum aftur til þess tíma þegar orkubúið var stofnað fyrir rúmum 23 árum voru það fyrst og fremst Rafmagnsveitur ríkisins sem voru með raforkudreifingu og sölu á Vestfjörðum. Fyrir utan Rafmagnsveitur ríkisins voru tvær rafveitur ef ég man rétt, annars vegar Rafveita Patreksfjaðrar eða Patrekshrepps og hins vegar Rafveita Ísafjarðar. Þessar veitur voru lagðar inn í sameiginlegt félag ásamt eigu Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum og það var reiknað út að sveitarfélögin mundu eiga 60% í þessu sameinaða fyrirtæki. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram á Vestfjörðum í þau 20 ár sem ég hef komið nálægt þessum málum að sá samningur sem gerður var í upphafi hafi verið sveitarfélögunum óhagstæður. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram að ríkisvaldið hafi hlunnfarið og þvingað sveitarfélögin þar í þessum stofnsamningi á þann veg að ríkið tæki til sín stærri hlut en því bar og sveitarfélögin fengju minni hlut en þau áttu rétt á. Þvert á móti hafa menn talað um þennan samning í upphafi á þann veg að ríkið hafi í raun og veru lagt býsna vel í púkkið. Ef menn vildu eitthvað efast um skiptahlutföllin væri það frekar að menn gætu fært rök fyrir því að ríkisvaldið hefði fengið minna en hugsanlegt var að það gæti gert kröfu til. Strax í upphafi málsins er til orkubúsins þannig stofnað af hálfu ríkisvaldsins að ekki er hægt með nokkrum rökum svo mér sé kunnugt um að halda því fram að ríkisvaldið hafi farið illa með sveitarfélög á Vestfjörðum.

Það sem gerist í framhaldinu er að orkubúið ræðst í gríðarlega miklar framkvæmdir sem var vissulega full þörf á. Ekki er dregin fjöður yfir það. Þær framkvæmdir námu á nokkrum árum yfir liðlega 3 milljörðum kr. í ýmsum framkvæmdum sem lutu að því að treysta dreifingu og afhendingaröryggi sem full þörf var á að ráðast í. En hvernig skyldi þetta hafa verið borgað? Var stofnkostnaði velt yfir á raforkukaupendur eða var honum velt yfir á sveitarfélögin? Nei. Það var hvorugt gert. Þessum stofnkostnaði var velt yfir á ríkissjóð. Ríkissjóður yfirtók stóran hluta af þessum skuldum og létti þeim af Orkubúi Vestfjarða og því sem eftir stóð var síðan létt af orkubúinu með þeim hætti að því var breytt í víkjandi lán þannig að ef orkubúið var gert upp með rekstrartapi var ekkert greitt af þessu láni. Þeir sem hafa stjórnað orkubúinu síðan þetta var gert hafa gætt þess vandlega við ákvörðun um gjaldskrá að ekki yrði hagnaður af orkubúinu og því ekki komið til þess að það og þar með raforkukaupendurnir á Vestfjörðum hafi greitt af þessu láni. Hvað verður um þetta lán við þessi skilyrði? Það fellur auðvitað niður. Ríkið tekur þetta á sig. Þannig er heldur ekki hægt að segja að í þessum þætti málsins sé ríkið að fara illa með sveitarfélögin á Vestfjörðum. Öðru nær. Það eru full rök til þess að halda því fram að ríkisvaldið á þessum tíma sé að gera vel við þá sem eru raforkukaupendur og viðskiptavinir Orkubús Vestfjarða á Vestfjörðum. Bæði við upphaf málsins og síðan þegar orkubúið tekur til starfa og ræðst í sínar gríðarlega miklu framkvæmdir kemur ríkisvaldið því vel að því máli Vestfirðingum til hagsbóta.

Nú rísa hér upp þingmenn stjórnarandstöðunnar hver á fætur öðrum og reyna að búa til samsæriskenningar um að núna sé ríkisvaldið að fara illa með Vestfirðinga. Skyldi vera nokkuð til í því? Hvað er orkubúið verðlagt á mikið? 4,6 milljarða kr. Ég bið hv. þm. sem hafa verið uppi með þessar kenningar að gefa mér upplýsingar um hvers virði þeir telja að orkubúið sé. Telja þeir að orkubúið sé meira virði og því sé verið að hlunnfara Vestfirðinga ef sveitarfélögin kjósa að selja á því verði? Halda þeir því fram að þetta verð sé of lágt og verðmæti fyrirtækisins sé í raun meira en þarna kemur fram? Ég hef ekki heyrt einn einasta hv. þm. halda því fram.

Ég hef hins vegar heyrt menn halda því fram, þó að það hafi ekki verið í dag úr þessum ræðustól, að þetta verð væri allt of hátt og ríkið sé að verðleggja orkubúið til kaups á verði sem er mun hærra en ætla megi að sé markaðsverð. Því hef ég heyrt menn halda fram. Og ef eitthvað skyldi vera til í því, er þá ríkisvaldið að hlunnfara Vestfirðinga?

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á verðmæti fyrirtækisins. Ég hef hvorki sökkt mér neitt ofan í það né tel mig hafa neina þekkingu til þess að kveða upp úr með það. En ég treysti því að þegar ríkisvaldið og sveitarfélögin á Vestfjörðum ná samkomulagi um verðlagningu á hlut sem hugsanlega gæti leitt til viðskipta þeirra á milli, þá sé eðlilega að því staðið. A.m.k. hef ég ekki heyrt einn einasta sveitarstjórnarmann af Vestfjörðum segja að þessi verðlagning sé óeðlileg og verið sé að hlunnfara sveitarfélögin á Vestfjörðum.

Ég er dálítið undrandi á hv. þm. vinstri grænna sem hér tala mjög gegn því að ríkið eignist fyrirtækið. Það er alveg nýtt. Ég hef þá misskilið þeirra pólitísku stefnu ef hún felst í því að þeir leggist mjög gegn því að ríkið eignist orkudreifingarfyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða. Kannski þurfa þeir að varpa betra ljósi á pólitíska stefnu sína, en ég hélt að hún fælist dálítið í því að treysta á ríkisvaldið. Í þessu máli virðist ríkja í garð ríkisvaldsins mikið vantraust og ég átta mig ekki á hvað veldur að þessu sinni, sérstaklega í ljósi áhugans sem ég heyri frá þingmönnum flokksins í öðrum málum á hlut ríkisins fyrir hönd almennings. En kannski kemur það fram síðar í umræðum á hverju sú andúð þeirra á ríkisvaldinu byggist í þessu máli.

Ég fæ ekki séð, herra forseti, að það séu nein rök fyrir þeim ummælum sem hér hafa fallið að ætla megi að verið sé að hlunnfara Vestfirðinga í málinu. Ég bið þá hv. þm. að koma með rökstuðning fyrir þeim kenningum sínum. Þvert á móti, miðað við alla sögu málsins sem ég er bærilega kunnugur frá upphafi, tel ég að ríkisvaldið hafi virkilega komið fram í málinu á þann veg að Vestfirðingar hafi notið góðs af.

Og þó að ríkisvaldið eignist 100% hlut í Orkubúi Vestfjarða hef ég enga ástæðu til að ætla að fyrirtækinu verði lokað eða það flutt. Hvernig ætla menn að flytja slíkt fyrirtæki? Það sér hver maður að það verður ekki flutt.

Ég hef miklu fremur ástæðu til að ætla að ríkisvaldið geti og muni skoða möguleika á því að styrkja fyrirtækið með því að ætla því stærri hlut en það hefur í dag og ég bendi á að ríkisvaldið hefur tök á því að skoða slíka hluti og hrinda þeim í framkvæmd ef talið er skynsamlegt að gera það og mér finnst margt benda til þess að athuga eigi það mjög gaumgæfilega hvort ekki sé unnt að styrkja stöðu fyrirtækisins frá því sem nú er.

Herra forseti. Hinu er hins vegar ekki að leyna að málið er þannig vaxið að upphaf þess er hjá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum. Ég þekki ekki annan flöt á þessu máli en þann að sveitarstjórnarmenn hafi óskað eftir því við ríkisvaldið að það kæmi til viðræðna við þá um möguleika á því að ríkið keypti af sveitarfélögunum. Það má vel vera að einhver annar telji sig vita betur og haldi því fram að ríkisvaldið eigi þar frumkvæði í málinu en mér er algerlega ókunnugt um það. Ég veit ekki annað en allt frumkvæði í málinu til margra ára hafi komið frá sveitarstjórnarmönnum.

Það er að mörgu leyti eðlilegt að sveitarstjórnarmenn velti þessum hlutum fyrir sér í þeirri stöðu sem vestfirskar byggðir eru og hafa verið á síðustu árum. Þegar menn horfa upp á það að möguleikar sveitarfélaganna til að fylgja eftir sveitarfélögum í öðrum landshlutum um þjónustu og uppbyggingu eru mjög svo af skornum skammti vegna fólksfækkunar, þá átta menn sig auðvitað á því að það dregur í sundur með vestfirskum sveitarfélögum annars vegar og sveitarfélögum annars staðar á landinu hins vegar. Þegar vestfirsk sveitarfélög standa höllum fæti í þessum samanburði, þá virkar það á þann veg að heldur stuðlar það að því að Vestfirðingar eigi undir högg að sækja en hitt. Menn hljóta því að velta því fyrir sér hvernig hægt er að bregðast við.

Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það er hægt að losa um eignir sem sveitarfélögin eiga. Ef það gæti leitt til þess að skuldastaða sveitarfélaga lækkaði verulega, þá gætu þau verið í þeirri stöðu að þau hefðu bolmagn til þess að sækja fram, bæta sína þjónustu og sækja fram. Hvert ár sem líður í þeirri stöðu sem vestfirsk sveitarfélög eru núna um þessar mundir er afar erfitt. Það ríður á að breyta þeirri stöðu fyrr en seinna. Ég tel því algert glapræði ef farið yrði að ráðum hv. þm. sem hér hafa lagt til að slá málinu á frest. Frestur þýðir í þessu máli að það kemur ekkert verr vestfirskum byggðum en aðgerðaleysi og frestur. Það er alveg ljóst. Þeir sem leggja til frest og hafa engar aðrar hugmyndir eða tillögur uppi í málinu eru að gera vestfirskum byggðum illt þó að það sé kannski ekki þeirra meining. Ég ætla mönnum það ekki að gera það af illum hug, en slík tillaga, ef farið yrði eftir henni, yrði versti kosturinn í stöðunni.

Ég tel hins vegar að fleira þurfi að koma til til þess að sú aðgerð að lækka skuldir komi að fullum notum. Það þarf að treysta grundvöll sveitarfélaganna þannig að á nýjan leik safnist ekki upp skuldir vegna fólksfækkunar því að við getum búist við því að að óbreyttu muni halda áfram að fækka í þessum byggðarlögum og þá mundi byrja að safnast upp á nýjan leik svipaður vandi og orðið hefur til vegna mikillar fólksfækkunar á síðasta áratug. Það þarf að girða fyrir að slík staða geti komið upp á nýjan leik og ég hef fulla trú á því að hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. finni í sameiningu grundvöll af því tagi þannig að treysta megi að ekki sæki í sama farið á nýjan leik.

Ég vil svo segja varðandi félagslega íbúðakerfið, sem mikið hefur verið rætt um í þessu sambandi, að það var kerfi sem hefur skilað Vestfirðingum og öðrum mjög góðum árangri í gegnum tíðina. Mér finnst að menn tali um þessar mundir oft mun verr um þennan tíma en efni standa til. Það leynir sér hins vegar ekki að þegar fækkar í byggðarlögunum, þá kemur upp sú staða að það eru ekki til íbúar í öllum þessum íbúðum. Þá verður einfaldlega að horfast í augu við þann veruleika og bregðast við.

Ég hef þá skoðun að það sé langeðlilegast að bregðast við því með því að selja slíkar íbúðir á almennum markaði á því verði sem menn eru tilbúnir að borga fyrir þær. Það þjónar engum tilgangi að láta íbúðir standa auðar og halda uppi verði á þeim. Það þjónar hins vegar tilgangi að selja íbúðir, fá eiganda að íbúð sem notar hana og býr í henni jafnvel þó að söluverðið yrði lágt. Það lendir auðvitað á hinu opinbera að bera það tap og ég held að það sé mál sem mönnum sé ljóst að hlýtur að enda á þennan veg að ef ekki tekst að snúa íbúaþróuninni mjög hratt við þá verður a.m.k. næstu árin allmikið af íbúðum á þessu svæði sem erfitt verður að manna og þá sé eðlilegast að grípa til þess að koma þeim út, fá fólk til að eignast þær og nýta þær. Það muni aftur styrkja byggðirnar þegar frá líður og stuðla að því að íbúðaverð að öðru leyti verði styrkara og jafnvel hærra en það er í dag. Það er mín skoðun varðandi lausn á þeim vanda sem er í dag í félagslega íbúðakerfinu.

Eins og hér hefur komið fram í umræðum gera menn sér grein fyrir að þetta er margþætt vandamál. Menn eru að bregðast við vanda sem skapast vegna mjög hraðrar íbúafækkunar og það kemur fram á mörgum sviðum og því verða lausnirnar að vera margþættar líka. Vestfirskir sveitarstjórnarmenn hafa valið þann kost að sækjast eftir samningum við ríkisvaldið um sölu á hlut sínum í Orkubúi Vestfjarða. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það að öll sveitarfélög kjósi að selja en það væri blekking að halda öðru fram en því sem menn vita, að nokkur þeirra ætla sér að selja og hafa hugsað sér að gera það svo fljótt sem verða má. Og til þess eru auðvitað refirnir skornir með þessu frv. Menn eru að bregðast við vandanum eins og hann er og þetta er hluti af lausninni, að breyta orkubúinu í hlutafélag og gera mönnum kleift að breyta eign sveitarfélaganna sem þar er í peninga og grynnka þannig á skuldum þeirra.

[18:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um það að menn hefðu talað um að hlunnfara Vestfirðinga. Ekki gerði ég það nú. Ég benti hins vegar á að hv. 1. þm. Vestf. hefði fullyrt það í ræðu sinni, eða þannig skildi ég hann, að í þessu verði væru viðbótarverðmæti fram yfir það sem menn hefðu talið þetta fyrirtæki vera virði þannig að það er alveg á hinn veginn. Ég gagnrýndi þessa aðferð. Ég tel það vera mjög óheppilegt að menn standi svona að og ég spyr: Á að skilja þetta þannig að ekki standi til að koma til móts við önnur sveitarfélög sem eiga við sams konar vanda að etja? Hvernig ætla menn að gera það í framhaldinu? Varla er hægt að kaupa orkubú á öllum stöðum. Hefur hæstv. félmrh. þá einhver önnur ráð uppi í erminni til þess að koma til móts við þau sveitarfélög?

Ég spyr: Almennar aðgerðir ganga varla eftir þetta vegna þess að þær kæmu þá líka til viðbótar ofan á þetta á þeim svæðum sem þarna eiga við. Mér sýnist því að með þessari

aðgerð, ef það er rétt sem hér hefur verið fullyrt að þarna séu fjármunir inni vegna þessara mála, þá sé verið að setja framhald málanna gagnvart öðrum sveitarfélögum í vandræði og á það hef ég verið að benda. Auðvitað hefðu Vestfirðingar átt fullan rétt og kröfu til þess að komið yrði til móts við þá eins og alla aðra hvað þetta varðar. Og að blanda þessum tveimur málum saman, orkubúinu og þeim vandamálum sem eru vegna félagslegu íbúðanna, finnst mér alls ekki vera rétt.

[18:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki svarað öllum þeim spurningum sem þingmaðurinn bar fram, enda beindi hann þeim til annarra en mín. En ég vil benda á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem ríkisvaldið er að kaupa fyrirtæki á þessu sviði. Ríkisvaldið keypti veitufyrirtæki á Siglufirði og meðal annars var hvatinn að því máli alvarleg skuldastaða þess kaupstaðar. Þess vegna var þá farið af stað með viðræður í málinu við ríkisvaldið sem leiddu til samninga og þess að ríkið keypti veiturnar ásamt virkjun af sveitarfélaginu þannig að þetta er ekkert nýtt. Þetta hefur gerst áður og menn hafa þá verið að bregðast við aðsteðjandi vanda á því svæði sem málið nær til. Vestfirðingar hafa verið að velta fyrir sér sínum málum og þeir hafa komist að þessari niðurstöðu, komu upp með þessar hugmyndir rétt eins menn gerðu á Siglufirði og það er svo sem ekkert öðruvísi en þar. Síðan verða menn að meta málið annars staðar eftir atvikum þar sem sambærileg mál kunna að koma upp. Það er ekki hægt að fullyrða um það hér og nú hvernig málsatvik eru. Það verður að fara dálítið eftir þeim.

[18:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara láta það koma fram að ég er algerlega ósammála svona aðferðum. Ég tel að hæstv. félmrh. hefði átt að koma með tillögur um almenna lausn þar sem tekið væri á þessum vandamálum með jafnræðissjónarmið í huga þannig að öllum sem væru í þessum erfiðleikum væri gert jafnhátt undir höfði en að menn væru ekki í svona sérhæfðum lausnum eins og þarna eru og að blanda saman vandamálum sem eru alls óskyld og verða kannski til þess, vonandi þó ekki, að aðrir falla fyrir borð sem hefðu kannski þurft á því að halda að fá einhverja úrlausn mála sem eru af sama tagi.

[18:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þrátt fyrir það að ég hafi ekki haft tækifæri til þess að fylgjast með allri þessari umræðu og hef einungis heyrt nokkrar síðustu ræður, þá vil ég leggja örfá orð í belg.

Það er fyrst spursmálið hver á þá hugmynd að gera sveitarfélögum á Vestfjörðum mögulegt að koma eignarhlut í orkubúinu í verð. Ég heyrði fyrst af þessari hugmynd þegar við vorum á fyrri hluta síðasta kjörtímabils að ræða sérstakan fjárhagsvanda í Reykhólahreppi. Ég þori ekki að fullyrða hver átti hugmyndina, en þá heyrði ég hana fyrst.

Ég vil taka það fram að ríkisstjórnin mun ekki hafa frumkvæði að því að kaupa eignarhlut einstakra sveitarfélaga í orkubúinu. Frumkvæðið að sölunni verður að koma frá heimamönnum og það er þeirra val hvort þeir selja. Með þessari lagasetningu er einungis verið að gera það mögulegt fyrir sveitarfélögin að koma hlut sínum í verð í orkubúinu, ef þau svo kjósa, og ríkisstjórnin er tilbúin að standa fyrir kaupum af einstökum sveitarfélögum ef þau óska eftir því.

Eins og hér kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni er þetta svipuð leið og farin var á Siglufirði. Ég man ósköp vel eftir þeim viðskiptum og satt að segja var það með hálfum huga sem ég gekk að því máli. Þannig háttaði til á Siglufirði að þar var virkjun, Skeiðsfossvirkjun, sem var búin að borga sig upp og hún var farin að mala Siglufirði gull. Hins vegar var Siglufjörður með hitaveitu sem var mjög erfið í rekstri og sveitarfélagið var komið með mjög erfiða skuldastöðu. Sú leið var farin að Rafmagnsveitur ríkisins keyptu orkuveiturnar á Siglufirði og sú leið gafst Siglfirðingum vel. Ég efast um að menn finni nokkurn Siglfirðing núna sem álítur að sú leið sem farin var hafi verið röng eða komið illa við Siglufjörð.

Það er hægt að fara svipaða leið í miklu fleiri sveitarfélögum en á Vestfjörðum. Sem betur fer eiga mörg sveitarfélög hitaveitur eða rafveitur eða eitthvað sem þau gætu komið í verð, hlutabréf í atvinnufyrirtækjum, þannig að ef þau svo kjósa til þess að rétta við fjárhag sinn, þá hafa þau eitthvað að selja. Fjárhagslegur vandi sveitarfélaga er ekki eingöngu bundinn við Vestfirði, en fjárhagur stærri sveitarfélaga á Vestfjörðum er því miður mjög þröngur. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það. Það er að vísu hægt að finna sveitarfélög annars staðar á landinu sem eru næstum því í ápekkri stöðu og þó ekki og ekki nokkur saman í röð. Ég vil taka það fram að það eru líka sveitarfélög á Vestfjörðum sem eru ágætlega sett fjárhagslega. Sveitahreppanir á Ströndum t.d. eru ekki með neinar teljandi skuldir en þeir eiga hins vegar ekki stóran hlut í orkubúinu, kannski 1–2% eða eitthvað svoleiðis hvert sveitarfélag þannig að það er ekki nein knýjandi nauðsyn fyrir þau að selja. Ég veit ekki hvort það eru öll sveitarfélögin, jafnvel þau sem eiga við erfiðan fjárhag að stríða, sem kjósa það að selja hlut sinn í orkubúinu. Það er einungis verið að búa orkubúið í þann stakk að einstök sveitarfélög geti gert sér peninga úr því ef þau kjósa sjálf til þess að létta á skuldabyrði og ríkisstjórnin vill aðstoða sveitarfélögin á Vestfjörðum við það að koma sér í rekstrarhæft ástand með því að hjálpa þeim til að létta á skuldabyrðinni ef þau óska eftir því. Með hliðsjón af því er verðmat orkubúsins mjög hátt.

Það er unnið af því af krafti að gera félagslega íbúðakerfið bærilegt fyrir sveitarfélögin og sú vinna er komin vel á veg. Ég vil undirstrika það að að sjálfsögðu eru sveitarfélögin í ábyrgð fyrir þeim skuldum sem hvíla á þeim íbúðum sem þau hafa þurft að innleysa og þurfa að innleysa og þar af leiðir að þau vanskil eru ekkert léttbærari fyrir sveitarsjóðina heldur en önnur vanskil.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég er sammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni um eitt atriði í ræðu hans og það var að ég tel að Rarik þurfi að framleiða miklu meiri orku og það tel ég að heppilegast sé að gera með því að virkja Héraðsvötnin hjá Villinganesi.

[18:20]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið árið 1996 sem ég kom fyrst á þing og ég man að það mál sem mér fannst mest brenna á þá og ég fór m.a. í ræðustól út af voru fjárhagsvandræði sveitarfélaga, ekki síst á Vestfjörðum. Mér skildist þá að það væru einhverjar aðgerðir í vændum sem mundu leysa þessi mál, sem mundu leysa sveitarfélögin úr þeirri prísund sem þau voru komin í vegna fólksflótta. Fólksflóttinn var auðvitað eins og við vitum öll vegna neikvæðra afleiðinga

kvótakerfisins sem hér hefur verið hafið í hæstu hæðir af ákveðnum stjórnmálaöflum.

Ég verð að segja í sambandi við þá Siglufjarðarleið sem hér er um rætt að ég held að í sjálfu sér hafi það verið ágætar aðgerðir á sínum tíma, enda snerust þær um aðra hluti en vandræði félagslega íbúðakerfisins. Vegna fólksflótta er almennur vandi um land allt og ég held að í mörg ár hafi staðið á því að gripið yrði til almennra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins út af þessum málum. Ég held að það hafi verið mjög nauðsynlegt að t.d. kvótaeigendur í landinu yrðu látnir greiða sérstakan skatt til að koma til móts við þennan vanda. Þetta er náttúrlega hrikalegt. Þetta hefur farið með sveitarfélögin. Þau hafa verið gjörsamlega svipt öllum möguleikum til að uppfylla lögboðnar skyldur sínar því að þau hafa í raun mörg hver verið á barmi gjaldþrots.

[18:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hverju orði sannara að ekki hefur enn tekist að koma fjárhag allra sveitarfélaga í lag. Sem betur fer hefur mörgum þeirra tekist að ná valdi á fjármálum sínum og með breyttum sveitarstjórnarlögum hafa verið sköpuð skilyrði til þess að fylgjast betur með og aðstoða þau betur við að ná stjórn á fjármálunum.

Það er náttúrlega fjarri lagi að kenna kvótakerfinu um fólksfækkun á landsbyggðinni. Það hefur fækkað á Siglufirði þó að enginn kvóti hafi verið seldur þaðan heldur keyptur þangað kvóti. Það hefur fækkað í Vestmannaeyjum þó að Vestmanneyingar eigi tíunda part af öllum kvóta landsmanna.

[18:23]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að ég hef nokkuð fylgst með þessum málum um margra ára skeið og það er ekki hægt að bera það til baka, ég tala nú ekki um á Vestfjörðum, að kvótakerfið átti alla sök á því hvernig fór. Þegar félagslegt húsnæði var byggt á Vestfjörðum voru öll þorp iðandi af lífi þar, mörg fiskvinnsluhús á hverjum stað. Svo hentaði það þeim sem áttu þennan kvóta að selja hann burt af svæðinu og eftir stóðu hnípin þorp í vanda. Fólk flutti auðvitað á eftir fiskinum og þar með stóð stór hluti af þessum húsum auður. Ég verð að segja að mér hefur alltaf þótt það ósæmandi að leggja þennan vanda á herðar þeim sem eftir urðu í þessum litlu þorpum.

[18:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er upp undir það jafnmiklum afla landað hlutfallslega á Vestfjörðum og fyrir daga kvótakerfisins. Ætli það sé ekki nálægt því vera það. Það hefur kannski minnkað um 1–2% sem landað er á Vestfjörðum frá því að kvótakerfið var sett á. Hitt er rétt að aflinn er öðruvísi samansettur eða hann er færður að landi með öðrum hætti en áður, því að það er búið að selja burtu stóru skipin, og hann er veiddur á minni skip, aflinn sem fluttur er að landi, er í meira mæli fluttur burt óunninn.

[18:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er feginn því að við hæstv. félmrh. getum verið sammála um eitthvað. En varðandi orkusölu eða orkuframleiðslu hjá Rarik, þá er það kannski ekki svo einfaldur hlutur. Ég var að benda á að þetta væri flókið samhengi. Ætli orkukaup Rariks séu ekki á þessu háa verði um 5 milljarðar og það kemur auðvitað víða við í öllu kerfinu.

En ég spyr hæstv. félmrh. í sambandi við félagslegu íbúðirnar sem standa tómar. Það getur ekki verið rétt að sveitarfélög sem standa frammi fyrir hækkun, sum svo nemur tugum prósenta, að þeir skattborgarar sem þó þrauka og eru eftir á stöðunum séu bara skildir eftir með vandamálið. Ég segi það enn og aftur, og við erum tilbúin að standa að því og höfum lagt fram tillögur þar að lútandi, að það verður að leysa þetta mál því að þetta vindur upp á sig. Það býr enginn í sveitarfélagi sem er orðið gjörsamlega vanmáttugt til nokkurrar þjónustu og þetta er stór hluti af því. Við höfum horft upp á það í sveitarfélögum að þau hafa kannski tapað 10–17% af íbúunum á einu ári, t.d. úti í Hrísey. Auðvitað er það ekkert réttlætismál. Við stöðum öll að þessu kerfi og það er ekkert réttlætismál að skilja þetta fólk eftir gjörsamlega úti á klakanum og segja bara: Þetta er ykkar mál, þið verðið að borga. Í mörgum tilfellum var það ekki einu sinni fólkið sem tók ákvörðun um að byggja íbúðirnar.

[18:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hafa það í huga í fyrsta lagi að það hefur engin félagsleg íbúð á Íslandi verið byggð nema samkvæmt ósk viðkomandi sveitarstjórnar. Bara svo að það sé klárt. Það er ekki ríkið sem setti þessar íbúðir þarna niður heldur voru það forráðamenn sveitarfélaganna sem óskuðu eftir því að það yrði gert á þeim tíma. En sleppum þessu.

Það er einmitt verið að reyna að hjálpa sveitarfélögum til að vinna sig út úr þessum vanda. Við getum reyndar ekki flutt fólk til til þess að fylla tómar íbúðir. Sem betur fer er að hægja á fólksstraumnum utan af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið, í bili a.m.k., og vonandi verður það varanlegt. Það er að vísu mikið innstreymi af fólki á höfuðborgarsvæðið, en stærri hluti þess er frá útlöndum núna en hefur verið á undanförnum árum. En það er verið að reyna að hjálpa sveitarfélögunum til að klára sig af þessum vanda og það er fullur vilji til þess.

[18:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég árétta að ég og minn flokkur viljum standa að því að gera það kleift að greiða úr þessum málum. Eins og ég sagði áðan höfum við lagt fram tillögur þar að lútandi. Það er stórfurðulegt eiginlega, miðað við verklag hæstv. ríkisstjórnar, þar sem hún gengur fram í einkavæðingu og hlutafélagavæðingu á öllum sviðum, að það skuli ekki vera opinn hugur fyrir því að horfast í augu við staðreyndir og afskrifa skuldir og hjálpa sveitarfélögunum til að komast út úr þessu af myndarskap þar sem ástandið er verst.

Ég veit þess mörg dæmi að fólk hefur haft hug á því að kaupa félagslegar íbúðir, en stendur frammi fyrir því að viðkomandi sveitarfélag getur vegna stöðu sinnar ekki fellt verðið á félagslegum íbúðum niður í það sem mætti kallast markaðsverð á svæðinu.

Ég vil að síðustu lýsa ánægju minni með það ef hæstv. félmrh. er með einhverjar lausnir í pokahorninu fyrir þessi sveitarfélög því að þetta er sennilega eitt af brýnustu málunum fyrir sveitarfélögin í dag, dreifbýlissveitarfélögin, sérstaklega þau sem standa frammi fyrir fækkun íbúa.

[18:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er þessi vandi fyrir hendi í sumum sveitarfélögum. Sem betur fer er þetta ekki stórt vandamál

nema í tiltölulega fáum sveitarfélögum. Fari maður um landið þá eru auðar íbúðir ekki nein meginregla. Þær eru á nokkrum stöðum og margar á örfáum stöðum en það er hins vegar ekki meginvandinn alls staðar.

[18:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér hafa spunnist heilmiklar umræður um frv. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Ég efast ekki um að hv. þm. sem hér hafa verið með efasemdir og gagnrýnt frv. gengur gott eitt til fyrir hönd Vestfirðinga. Hins vegar er sá málflutningur á nokkrum misskilningi byggður, þ.e. þegar því er haldið fram að ríkisvaldið sé að þvinga einhverju upp á Vestfirðinga. Þannig er það ekki. Auðvitað er þetta ósköp sakleysislegt frv. um að breyta rekstri fyrirtækisins í hlutafélagaformið. Engu að síður er heildarhugsunin kannski stærri en sú og þess vegna hafa umræðurnar orðið meiri en ella.

Mig langar aðeins að koma inn á það sem hv. þm. Karl Matthíasson nefndi í framhjáhlaupi um þriggja fasa rafmagn, að það væri ekki til staðar eins og vera skyldi. Að þeim málum er unnið í nefnd sem vinnur að tillögugerð í því sambandi í ráðuneytinu. Ég vonast til að fljótlega verði komnar fram tillögur um hvernig skuli fara í það. En það er sannarlega ekki bara á Vestfjörðum sem þetta háir mjög atvinnurekstri og bændum. Þarna erum við að fást við ansi stórt vandamál og dýrt.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson talar um að hann sé andvígur því að sveitarfélögin selji hlut sinn og hann telji að sala verði a.m.k. ekki heimiluð næstu árin. Hann hyggst leggja fram tillögu þess efnis en mér finnst að þar með sé hann í og með að tala um að taka valdið af sveitarfélögunum. Auðvitað hljóta sveitarfélögin að eiga að hafa það á sínu valdi og geta tekið um það ákvörðun hvort þau selja eða ekki. Þannig sé ég þetta fyrir mér.

Það kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þ.e. mér fannst á honum eins og taka ætti eignarnámi allan virkjanarétt á Vestfjörðum en svo er alls ekki. Það sem kemur fram í upphafi 6. gr. er einungis að Orkubú Vestfjarða hf. heldur einkarétti þeim sem iðnrh. veitti sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Það nær ekki lengra en verið getur að ég hafi misskilið hv. þm. Ég skildi hann a.m.k. á þennan veg.

Hv. þm. minntist einnig á 9. gr. samningsins og taldi að fresturinn væri kannski ekki nægilega langur fyrir sveitarfélögin til að selja hlut sinn miðað við það verð sem talað er um í dag, sem er 4,6 milljarðar. Ég tel aftur á móti bærilegt að hafa þarna eitt ár til umhugsunar. Auðvitað er ekki hægt að láta þetta gilda óendanlega. Það þarf einhvers staðar að setja mörkin og þau voru sett þarna. Að sjálfsögðu getur hv. nefnd þó farið yfir þetta mál.

Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um skattinn eins og stundum áður. Hann vildi að sett yrðu almenn lög í sambandi við skatt fyrirtækja eins og Orkubús Vestfjarða. Reyndar hefur hæstv. fjmrh. skipað nefnd sem fjallar um skattumhverfi orkufyrirtækja. Þar er tilgangurinn einmitt sá að reyna að koma á almennum reglum hvað þetta varðar. Ég vænti þess að annaðhvort á þessum vetri eða þeim næsta verði þau mál í höfn þannig að ég get að sumu leyti tekið undir ábendingar hans í þessu.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson kom inn á ákvæði í fjárlögum. Það var náttúrlega forsjálni að setja þetta ákvæði inn í fjárlögin því að við vorum farin að vinna að málinu þegar fjárlög voru samþykkt um áramótin.

Svo flutti hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson mikla og snarpa ræðu um orkumál almennt. Ég heyri að hann er að hita sig upp fyrir þá umræðu sem er fram undan í sambandi við ný orkulög. Nú styttist í að þau komi til þingsins. Mér fannst margt af því sem hann sagði þess eðlis að ástæða *væri til að ræða það en ég veit bara ekki hvort við eigum að* gera það núna. Ég held að við fáum tækifæri mjög fljótlega þegar frv. kemur fyrir þingið. Ég tek alveg undir það með honum að auðvitað þurfum við að hafa jöfnunina í huga. Rarik hefur tekið á sig miklar kvaðir en samkvæmt því frv. sem nú verður brátt lagt fram verður þessum kvöðum létt af öllum orkufyrirtækjum, þ.e. til að sjá um þessa jöfnun. Þau mál þarf því að leysa á annan hátt. Enn ein nefndin er einmitt að vinna að tillögugerð í sambandi við þau mál og ég vonast til þess að pólitísk samstaða sé um að við hlaupum ekki frá þeim skyldum okkar.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð. Ég tel að umræðan hafi ekki verið mjög neikvæð og geri mér vonir um að málið verði tiltölulega fljótafgreitt á hv. Alþingi. Það er beðið eftir því líka fyrir vestan.

[18:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til að skýra ofurlítið betur hvað ég átti við þegar ég talaði um að rétt væri að orkubúið fengi að vera í hlutafélagsformi um einhvern tíma áður en ríkið hjólaði beint í að kaupa upp eignarhluta sveitarfélaganna.

Í núverandi lögum um Orkubú Vestfjarða eru ákvæði um að engu sameignarfélaganna sé heimilt að ganga út úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda. Þetta hamlar því að menn fari út úr fyrirtækinu og var auðvitað ætlað til að halda fyrirtækinu saman. Ég tel að þegar núverandi frv. verður orðið að lögum og búið að breyta orkubúinu í hlutafélag þá væri eðlilegt að orkubúið ætti framtíð þar sem ekki væri sjálfgefið og helst takmarkaður möguleiki, reyndar komið í veg fyrir það með lagasetningu, að menn seldu hlut sinn í orkubúinu þannig að raunverulega verði tekist á við að reyna að nýta orkubúið til uppbyggingar atvinnutækifæra og farið í frekari orkuöflun og orkuiðnað á Vestfjörðum. Það var hugsunin á bak við orð mín áðan og ef aðrir þingmenn Vestfjarða líta svo á að það sé neikvætt fyrir Vestfirði að hafa þá hugsjón að byggja upp gegnum orkubúið þá verður bara að hafa það. Ég lít svo á að það væri gott hlutskipti fyrir nýja stjórn orkubúsins að takast á við slíkt undir nýjum lögum. Ég tel að það mundi geta þjónað hagsmunum Vestfirðinga mjög vel í framtíðinni. Það er ekkert vit í því að stíga öll skrefin í einu og selja.

[18:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að almennt sé best að stíga eitt skref í einu. Ég steig nú eitt skref sem ég hefði ekki viljað stíga fyrir nokkrum dögum, eitt aukaskref sem kostaði mig handleggsbrot. Ég vil halda því fram að þetta fyrirtæki, sem áfram verður til, alla vega fyrst um sinn, Orkubú Vestfjarða hf., eigi alla möguleika á að standa sig. Það hefur þá möguleika þegar búið er að gefa framleiðslu á orku frjálsa að fara út í framleiðslu eins það hefur haft hingað til. En auðvitað þarf *þetta fyrirtæki eins og önnur að taka ákveðnar kvaðir á sig* í tengslum við þá tilskipun sem við ætlum að undirgangast frá Evrópusambandinu í sambandi við ný raforkulög.

Ég tel að það sem hv. þm. er að tala um, að fresta þurfi af þessum orsökum, sé ekki nægilega vel rökstutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hönnunarréttur, 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (heildarlög). — Þskj. 792.

[18:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um hönnunarrétt sem er á þskj. 792, 505. mál.

Með frv. er í stuttu máli stefnt að setningu nýrra laga um hönnunarrétt í stað viðamikilla breytinga á gildandi lögum um hönnunarvernd. Nauðsynlegt er að gera breytingar vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 1998 um lögvernd hönnunar, tilskipun nr. 98/71/EB. Hliðsjón er höfð af einum alþjóðasamningi, þ.e. Genfarsamningnum, frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar.

Þá er á grundvelli samstarfs Norðurlandanna stefnt að lagasamræmi á þessu sviði og m.a. tekin inn ákvæði er svipar til ákvæða einkaleyfalaga. Þrátt fyrir að um verulegar breytingar á lagatexta sé að ræða eru breytingar varðandi efni verndarinnar, umfang hennar og meðferð umsókna um skráningu ekki miklar. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru annars vegar að ekki er gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd í frv. og hins vegar að unnt verði að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar hér á landi. Verður þá unnt að sækja um skráningu hönnunar í öllum aðildarríkjum Genfarsamningsins með einni umsókn sem beint er annaðhvort til Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO, eða einkaleyfastofu hvers ríkis.

Genfarsamningnum svipar mjög til viðaukans við Madrid-samninginn um alþjóðlega skráningu merkja sem Ísland er aðili að. Gildandi lög um hönnunarvernd og framangreind tilskipun eru sniðin eftir sömu tillögum og eru grundvallaratriði laganna því ekki mjög frábrugðin tilskipuninni. Vegna ákvæða í EES-tilskipuninni um að taka þurfi ákvæði hennar upp í landsrétt EES-ríkja í síðasta lagi 1. október 2001 óska ég eftir afgreiðslu þessa frv. á vorþingi. Gildistaka laganna miðast við 1. október 2001, enda rétt að hafa nokkurn aðlögunartíma. Gert er ráð fyrir að hæstv. utanrrh. muni innan tíðar leggja fram till. til þál. um heimild til aðildar Íslands að Genfarsamningnum en afgreiða má þáltill. síðar en frv.

Frv. þetta er samið af nefnd sem iðnrh. skipaði í árslok 1999 þar sem Ásta Valdimarsdóttir lögfræðingur var formaður. Skiptist frv. í 11 kafla sem geyma almenn ákvæði; ákvæði um umsókn, um skráningu hönnunar, aðgengi að umsókn og upplýsingaskyldu; gildistíma skráðrar hönnunar, brottfall skráðrar hönnunar; áfrýjun, refsi- og bótaábyrgð o.fl.; réttarfar, ýmis ákvæði og ákvæði um alþjóðlega skráningu hönnunar og gildistöku. Auk þess að gefa yfirlit um frv. almennt þykir mér rétt að greina frá því að nýmæli er m.a. að finna í 1. og 2. gr., 10.–12. gr., 19 gr., 23. gr., 24. gr., 33. gr., 35. gr., 39. gr., 41. gr., 43. gr., 44. gr., 46. gr., 48. gr., 52. gr. og 54.–59. gr.

Samkvæmt 60. gr. er gert ráð fyrir því að ný lög um hönnunarrétt öðlist gildi 1. október 2001 en við það tímamark er miðað í EES-tilskipuninni um lögvernd hönnunar eins og áður er greint frá. Samtímis falla lög um hönnunarvernd, nr. 48/1993, með síðari breytingum, úr gildi. Ákvæði þeirra laga geta þó skipt máli í vissum tilvikum. Óskráður hönnunarréttur sem stofnast hefur fyrir gildistöku nýju laganna getur t.d. haldist um skeið samkvæmt ákvæðum eldri laganna um hönnunarvernd. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna frv.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Í því sambandi vil ég taka fram að drög að greinum frv. voru af hálfu nefndarinnar sem það samdi send ýmsum aðilum til umsagnar. Það ætti að geta greitt fyrir meðferð málsins í iðnn.

[18:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við fyrsta yfirlestur þessa frv. sýnist að ekki sé á ferðinni stórt pólitískt álitaefni heldur miklu fremur tæknilegar breytingar á þeim lögum sem fyrir eru, lögum um hönnunarvernd frá 1993.

Það hefur komið fram í yfirliti hæstv. iðnrh. að það frv. sem við erum að vinna með er í rauninni samið með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar. Út af fyrir sig er áhugavert að við skulum með svo stuttu árabili takast á við löggjöf af þessu tagi því niðurstaða þeirrar nefndar sem hér var greint frá að hefði samið þetta frv. var sú að eðlilegt væri að stefnt yrði að nýrri heildarlöggjöf í stað þess að betrumbæta þá sem fyrir var. Nú er það áreiðanlega smekksatriði á hverjum tíma hvernig menn fara í breytingar á lögum eða hvernig staðið er að slíku en niðurstaðan varð sem sé þessi. Virðist ástæðan aðallega hafa verið sú að unnið var að undirbúningi að nýju norrænu frv. og eftir því sem hér kemur fram virðist sem svo að löggjöfin á Norðurlöndum verði að verulegu leyti samhljóða og nefnd okkar taldi rétt að þau lög sem hér giltu samrýmdust norrænni löggjöf á þessu sviði.

Hæstv. iðnrh. taldi upp fjöldann allan af greinum þar sem um var að ræða breytingar eða nýmæli. Eigi að síður kemur jafnframt fram að efnislegar breytingar séu ekki miklar þannig að í rauninni séum við ekki að fara neinar kollsteypur hvað varðar hönnun og hönnunarvernd. Skýringin mun liggja í því að núgildandi löggjöf er í samræmi við tillögur sem voru síðan lagðar til grundvallar tillögum Evrópusambandsins um samræmda löggjöf um vernd hönnunar. Það má segja að við séum að loka ákveðnum hring. Eftir því sem fram kemur í greinargerð frv. hefur Ísland sérstöðu hvað þetta varðar og þess vegna eru efnisbreytingar hjá okkur þegar löggjöfin er aðlöguð þeirri samþykkt sem verið er að aðlaga hana ekki jafnmiklar og annars staðar á Norðurlöndum.

Herra forseti. Hjá hæstv. iðnrh. kom fram að hún óskaði eftir því að þetta mál yrði lögfest á vorþinginu. Miðað við að ekki er um miklar efnisbreytingar að ræða ætti slíkt að vera unnt. Helstu breytingar sem tilteknar eru hér eru þær að ekki er gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd en aftur á móti vísað í höfundalög hvar nytjalist nýtur höfundarréttar og hins vegar er nýmæli að unnt verður að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar hér á landi. Það er mikilvægt, herra forseti, og í rauninni er mikilvægt að við lyftum hönnun til þess vegsauka sem vert er. Finnar, sem hafa að flestra mati náð frábærum árangri hvað varðar hönnun og síðan í framhaldi af því í iðnaði og framleiðslu ýmiss konar iðnvarnings, segja að án listarinnar verði engin sköpun og án hönnunar verði enginn iðnaður. Þetta er nokkuð sem við höfum kannski ekki náð

að tileinka okkur og ekki kannski horft til hönnunar sem jafnmikilvægs þáttar í atvinnulífi okkar eða grundvelli að atvinnulífi okkar á ýmsum sviðum eins og frændur okkar, Finnar, en vonandi stendur það allt til bóta og að við lærum að meta og skynja mikilvægi þess að sköpun og hönnun eru grundvöllur margra þátta í atvinnulífi okkar þar sem við þurfum að ná betri árangri.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að það sem ekki er upplýst eða svarað í þessu máli nákvæmlega núna muni koma fram í vinnu hv. iðnn. Eins og ég sagði áðan þá er um ýmsa áhugaverða þætti að ræða og vonandi getur það orðið sem hæstv. iðnrh. óskar eftir, að unnt verði að afgreiða þetta mál nú á vorþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:52.

---

83. FUNDUR

miðvikudaginn 7. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 510. mál, þskj. 800. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hönnunarréttur, stjfrv., 505. mál, þskj. 792. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Sturla Böðvarsson samgrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Félagi eldri borgara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Eftirlitsskylda þingmanna með framkvæmd laga.

[13:31]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég er kominn til að leita aðstoðar hæstv. forseta til að ég geti fylgt eftir stjórnarskrárbundinni eftirlitsskyldu minni með framkvæmd laga. Nú liggur fyrir túlkun hæstv. menntmrh. á 53. gr. grunnskólalaga er lýtur að þróunar- og tilraunastarfi í grunnskólum. Hæstv. ráðherra hefur gefið Hafnarfjarðarbæ vilyrði þess efnis að meiri hluta bæjarstjórnar þar í bæ sé heimilt að láta fara fram útboð á kennsluþætti grunnskólastarfsins. Miklar deilur eru uppi í samfélaginu um þessi mál auk þess sem sérfræðingar eru langt í frá sammála því hvort hæstv. menntmrh. hafi heimild til að gefa vilyrði eða heimila slíkt útboð, hvað þá að blessa væntanlegan verksamning við lægstbjóðanda.

Við nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar vöktum athygli hæstv. forseta á þessu máli fyrir nokkrum dögum og greindum hæstv. forseta frá því að þrátt fyrir tillögur þess efnis að málið fengi efnislega og faglega umfjöllun í menntmn. var því hafnað af meiri hluta nefndarinnar, þremur fulltrúum Sjálfstfl.

Hæstv. forseti taldi sig aðspurður ekki hafa ráð í hendi til þess að stjórna starfi fagnefnda. Þá var því svarað til að hæstv. menntmrh. hefði á þeim tíma ekki svarað beiðni meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar varðandi útboðið og málið því ekki tímabært. Nú hefur það gerst, herra forseti. Bréfið hefur borist frá hæstv. ráðherra og því spyr ég: Hafa þær aðstæður skapast nú að ég fái tækifæri til þess í menntmn. að sinna starfsskyldum mínum þar þannig að þessi mál fáist þar á dagskrá?

Ég spyr líka, herra forseti: Ef rökstuddur grunur er uppi um það að fulltrúar framkvæmdarvaldsins séu ekki að fara að lögum sem Alþingi hefur sett hvernig á þingið að sinna eftirlitsskyldum sínum? Það get ég ekki gert nema að takmörkuðu leyti með því að spyrja hæstv. ráðherra heldur þarf atbeina hlutlægra aðila að málinu.

Mér er kunnugt um að ýmsir aðilar í samfélaginu hafa verið að skoða þetta mál. Þess vegna tel ég eðlilegt að þeir verði kallaðir á fund menntmrn. þar sem fari fram efnisleg og fagleg umræða um málið.

[13:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sem nefndarmaður í hv. menntmn. tek ég undir þær kröfur sem komu fram í máli hv. þm. sem talaði á undan og lýsi því yfir að stjórnarandstaðan hefur dregið í efa heimild hæstv. ráðherra samkvæmt 53. gr. grunnskólalaganna til að gefa heimild til þess að bjóða út kennsluþátt í Áslandsskóla í Hafnarfirði. Þar sem ég hef, herra forseti, aflað mér upplýsinga frá árinu 1973 um tilurð þessarar greinar í lögunum þá er það alveg ljóst að greinin var aldrei hugsuð öðruvísi en svo að hana mætti nýta til þess að gera kennslutilraunir í skóla þannig að við höfum enn rökstuddan grun um það að hér sé verið að nýta heimild í lögum til hluta sem var aldrei ætlast til að túlka á þann hátt sem hér um ræðir. Það er því mikilvægt, herra forseti, að hv. menntmn. fái að nálgast þetta mál á þeim nótum sem óskað hefur verið eftir. Ég styð því þá beiðni sem er komin fram og tek undir þau orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að harla erfitt er fyrir okkur hv. þm. að fá að vita það hvernig við eigum að sinna störfum okkar sem best ef hv. menntmn. fær ekki að taka málið til umfjöllunar á þeim nótum sem beðið hefur verið um.

[13:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Síðan þetta mál var rætt í þinginu utan dagskrár í síðasta mánuði og hæstv. menntmrh. gaf það út að hann hefði áhuga á að veita leyfi til útboðs á skólahaldi og grundvalla það á 53. gr. grunnskólalaga hefur flækst fyrir mönnum með hvaða rökum hann hyggist fóðra slíka stjórnvaldsákvörðun. Það hefur vægast sagt ekki verið greiður aðgangur til lýðræðislegra skoðanaskipta við hæstv. ráðherra og fólk hans um þessi mál. Nefndarmönnum úr menntmn. hefur m.a. verið neitað um minnisblað frá ráðuneyti sem ég hygg að sé einstæður atburður, herra forseti.

Nú virðist með þessu bréfi hæstv. ráðherra að náðarhöggið sé endanlega fallið. Umræddur hverfisskóli skal settur í útboð upp á guð og lukkuna og hæstv. menntmrh. er búinn að fría sig allri ábyrgð, leysa lögboðinn hverfisskóla undan grunnskólalögum og skrifar nú bréf þar sem hann setur öll spjót á sveitarfélagið, einkum skólanefndina, sem á að vera eins konar kerra-plógur-hestur í þessari furðulegu krossför markaðsaflanna gegn skólakerfinu í landinu.

Enn hefur ekki heyrst hvað bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði gengur til annað en að þau vonast til þess að kannski muni einhver bjóða í verkið sem ætli að framfylgja einhverri spennandi skólastefnu en þau hafa engar hugmyndir um hver það ætti að vera enda þegar málið var kynnt á fundi í Hafnarfirði á dögunum hvernig ætti að meta væntanlegt útboð kom í ljós að þessi þáttur var harla léttvægur. Auðvitað átti kostnaðarþátturinn að vega þarna þyngst.

Hæstv. forseti. Hvernig á þingið að koma vilja sínum í þessu alvarlega máli á framfæri þegar ekki má einu sinni ræða málið inni í nefnd?

[13:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Dapurlegt er til þess að hugsa að ástand mála skuli vera það sem umræða þessi ber vott um á hinu háa Alþingi.

Hv. þingmenn Sjálfstfl. í menntmn. þingsins hafa lagst gegn því í krafti meiri hluta síns þar að umræða fari fram um það umdeilda verk sem hæstv. menntmrh. hefur gefið vilyrði fyrir að farið verði út í, þ.e. að bjóða út kennsluþátt grunnskóla í Hafnarfirði.

Herra forseti. Það er með öllu óþolandi að sjálfstæðismenn skuli með þessum hætti koma í veg fyrir að lýðræðisleg umræða eigi sér stað á hinu háa Alþingi um þessa umdeildu túlkun ráðherrans á grunnskólalögunum. Hv. formaður menntmn. hefur hafnað því að fagnefndin í þinginu fjalli um málið þó ekki sé nema til að fá faglega umfjöllun í nefndinni þannig að menn geti reynt að fá upplýsingar um það hvað á nákvæmlega að gera þarna og staðan er einfaldlega sú að sjálfstæðismenn í nefndinni neita því að farið verði út í þessa umræðu á þinginu. Ég tel þetta vera dapurlegt vitni um það sem er að gerast í þinginu, herra forseti, og ég hlýt að krefja hv. þm. Sjálfstfl., Sigríði Önnu Þórðardóttur og formann menntmn., formann fagnefndarinnar í menntamálum á þinginu, um það hvað veldur því að hún leggst gegn því að um þetta fari fram umræða inni í fagnefnd þingsins sem hefur það hlutverk að fjalla um menntamál. Hvað er það, herra forseti, sem gerir það að verkum að lagst er gegn því að fjalla um málið? Við erum bara að tala um að taka faglega umfjöllun um málið inni í nefndinni.

[13:39]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mikil er málefnafátækt Samfylkingarinnar að hvað eftir sé annað verið að taka þessi mál upp á Alþingi. Það var nú einu sinni svo að á fundi nefndarinnar í síðustu viku fóru þingmenn Samfylkingar þess á leit að nefndin tæki þessi mál upp að eigin frumkvæði. Þau mál voru afgreidd lýðræðislega í þingnefndinni og ekki var meiri hluti til að verða við þessari ósk.

Þar að auki, og það kom líka fram í síðustu viku, liggja nokkur þingmál fyrir Alþingi sem snerta þetta mál, bæði frv. Samfylkingar og a.m.k. tvær fyrirspurnir. Þingmenn Samfylkingar verða einfaldlega að hafa biðlund þangað til þessi mál koma á dagskrá. Eftir að þeim er vísað til nefndar verða þau að sjálfsögðu rædd þar og tekin til vandlegrar athugunar. Mér finnst mjög sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt, ef þingmenn Samfylkingar halda að þingsköpin eigi ekki alveg eins að gilda um þá og aðra á Alþingi. Mér fannst koma fram í því bréfi sem forseta var skrifað í síðustu viku að menn skildu ekki alls kostar þingsköp Alþingis því það var undarleg túlkun á þeim sem þar kom fram.

[13:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var þekkt orðtak sem var oft notað að menn hefndu þess í héraði sem hallaðist á Alþingi. Nú er þessu öllu saman snúið við. Nú eru menn að hefna þess á Alþingi sem hallaðist í héraði. Þeir eru í einhverjum vandamálum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, kratarnir, Samfylkingin. Fyrst þeir eru í vandræðum með það þar, þá drífa þeir það hingað inn á sali þingsins hvað eftir annað, þessar bæjarstjórnarumræður sínar í Hafnarfirði. Þeir segjast ekki fá að ræða þetta lýðræðislega. Það er búin að vera utandagskrárumræða með menntmrh. Það eru frumvörp á ferðinni, það eru fyrirspurnir á ferðinni. Frv. ganga til nefndarinnar. Þar getur nefndin velt þessu bæjarstjórnarmáli í Hafnarfirði fyrir sér fram og til baka og reynt að hefna þess á Alþingi sem hallaðist í héraði þó að það sé mikil nýlunda.

[13:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá beiðni sem hefur komið fram því að það er alveg ljóst að þegar grunnskólalögin voru sett og 53. gr. sett, þá höfðu menn ekki það ímyndunarafl að láta sér detta í hug að bjóða út heilan grunnskóla. Hér er verið að tala um allt aðra hluti í 53. gr. Þó að það sé orðið nokkuð um liðið síðan þessi grein var samþykkt verð ég að segja að ég held að það séu ekkert margir í dag sem hafa svo frjótt ímyndunarafl að geta túlkað greinina á þennan hátt. Það þarf sérstaka pólitíska lífssýn til þess að lesa greinina með þessum hætti en vissulega er það hægt ef maður setur upp þau pólitísku gleraugu að það megi hreinlega bjóða út grunnskóla. En þetta kemur a.m.k. mjög flatt upp á þá sem hafa talið að við værum nokkuð örugg hér á Íslandi með grunnskólann okkar, með heilbrigðisþjónustuna, ákveðna grunnþjónustu sem við höfum staðið vörð um. Við erum með aðalnámskrá sem er skýr. Við eigum metnaðarfullar sveitarstjórnir sem vilja að farið sé eftir námskránni. Hvað er þá verið að gera? Það á ekki að gera neitt nema að spara. Á hverjum lendir sá sparnaður? Hann getur ekki lent á neinum nema börnunum sem eiga að þiggja þessa þjónustu.

[13:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er ákaflega sérkennileg málsvörn forustu Sjálfstfl. í þinginu fyrir þeim gjörningi sem hæstv. menntmrh. hefur orðið uppvís að og fyrst og síðast birtist hann í útúrsnúningum og hálfgerðum kjánaskap, herra forseti.

Samfylkingarmenn í Hafnarfirði þurfa enga hjálp í baráttu sinni við villuráfandi sjálfstæðismenn þar í bæ. Þeir hafa þar tögl og hagldir. Hér erum við hins vegar að ræða alvörumál sem lýtur ekki eingöngu að Hafnarfirði, betur að satt væri, því að því máli björgum við í héraði í næstu sveitarstjórnarkosningum. En hér er um að ræða stefnumörkun sem mun væntanlega og mjög sennilega mun flæða yfir landið allt.

Herra forseti. Til að taka af öll tvímæli þá erum við að ræða um framkvæmd laga. Ekki breytingar á lögum sem eu væntanleg eða liggja fyrir í þinginu heldur hvernig ráðherrar framkvæmdarvaldsins fara með þetta vald sitt. Um það snýst þessi umræða.

Hér eru þingmenn hver á fætur öðrum að vekja á því athygli að einn hæstv. ráðherra, sem lýtur stjórn hæstv. forsrh., er að misfara með vald sitt og menn hafa leitt rök að því og bent á umræðu í þinginu sl. þrjá áratugi. Það er efni þessa máls og við höldum okkur við það. Það er undarlegt og satt að segja óskiljanlegt að stjórnarliðar óttist þá umræðu í fagnefnd þingsins. Þetta mál á ekkert að fjalla um utan dagskrár. Það er á dagskrá og við viljum ganga faglega til verka. En auðvitað er það svo að ef menn vilja ekki taka þannig á því þá munu menn grípa til annarra ráða hjá hinu háa Alþingi. Það eru ýmsar leiðir færar, herra forseti.

Ef menn þola ekki umræðuna, þora ekki í hana, þá verður auðvitað að koma henni þannig fyrir að menn komast ekki undan henni. En þessu máli lýkur auðvitað ekki hér. Það byrjaði í Hafnarfirði og því miður mun því ekki ljúka þar og við munum í engu eira fyrr en þessi tilraun með börn, sem er sannheiti á þessu, verður stöðvuð.

[13:46]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn skortir allan rökstuðning í máli þessu þrátt fyrir að bæði hæstv. forsrh. og hv. formaður menntmn. hafi tekið til máls. Þrátt fyrir að hæstv. menntmrh. hafi sent bréf til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði skortir enn allan rökstuðning fyrir túlkun ráðherrans á 53. gr. grunnskólalaga. Við í Samfylkingunni höfum látið skoða, um 27 ár aftur í tímann, hvernig um þessi mál hefur verið fjallað í þingsölum, í greinargerðum, lagafrumvörpum og tillögum um lagabreytingar. Hvergi nokkurs staðar, herra forseti, er að finna stafkrók með túlkun í þessa átt. Það vekur auðvitað athygli á hvaða flótta fulltrúar Sjálfstfl. eru í málinu. Þess vegna er ítrekuð spurningin: Hvers vegna verður ekki heimiluð efnisleg umræða um málið? Hvers vegna skulu eingöngu leyfðar utandagskrárumræður eða fyrirspurnir? Hvers vegna skal umræðan bíða þess að frv. sem hér liggur fyrir verði tekið á dagskrá þegar ljóst er að það frv. verður aldrei afgreitt fyrr en að loknum þeim fresti sem veittur er vegna útboðsins í Hafnarfirði? Gert er ráð fyrir að ganga frá því máli í byrjun aprílmánaðar og það væri æðisnaggaraleg afgreiðsla á frv. og væru tíðindi ef frv. frá stjórnarandstöðu fengi svo snaggaralega afgreiðslu hér.

Fróðlegt væri að heyra frá formanni menntmn. hvort það sé vilji hv. þm. að hraða svo störfum nefndarinnar að frv. geti komið til afgreiðslu fyrir 6. apríl nk. Þá væri ljóst, herra forseti, hver vilji meiri hluta Alþingis er í málinu.

Það skyldi þó ekki vera að ástæðan fyrir flóttanum, ástæðan fyrir því að ekki má fara fram efnisleg og fagleg umræða um málið sé að hv. þm. Sjálfstfl. viti að það er ekki meiri hluti í þingsölum fyrir þeirri stefnu sem þeir vilja fylgja í grunnskólamálum landsins.

[13:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra hvernig hæstv. forsrh. lítur á þá stefnubreytingu í grunnskólakerfinu sem hér er til umræðu. Einhver vandamál sveitarstjórnarmanna í Hafnarfirði kallaði hann það, rétt eins og þessi vandamál kæmu okkur á hinu háa Alþingi ekkert við.

Herra forseti. Það er nú einu sinni svo að hæstv. menntmrh. er að túlka tiltekna grein grunnskólalaga á umdeildan hátt. Við erum að tala um framkvæmd gildandi laga og minni hlutanum á Alþingi er meinað að fjalla um þetta umdeilda mál á hinu háa Alþingi í fagnefnd þingsins. Um það snýst málið og sú deila sem hér hefur verið rætt um oftar en einu sinni.

Hv. formaður menntmn. vísar í þingmál, frumvörp og utandagskrárumræður um málið og það gerir reyndar hæstv. forsrh. líka. Ég hef hins vegar ekki séð, herra forseti, að sú umræða breyti neinu um ætlan ráðherrans í málinu. Þess vegna er málið tekið upp enn og aftur. Við fengum á því staðfestingu í gær að hæstv. menntmrh. ætli að túlka og framfylgja lögunum á þennan umdeilda hátt og hv. formaður menntmn. hefur ekki svarað því efnislega, hvorki hér og nú né áður, hvers vegna hún hefur lagst gegn faglegri umræðu um málið í fagnefnd þingsins um menntamál.

Ég krefst þess, herra forseti, að hv. formaður menntmn. svari þessari einföldu spurningu.

[13:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Afstaða mín byggist á virðingu minni fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um sjálfstæði sveitarfélaganna. Sem gamall sveitarstjórnarmaður er mér mjög annt um þetta ákvæði, sérstaklega.

Í annan stað er sagt að þetta sé umdeilt mál. Um þetta mál er samstaða í bæjarstjórnarmeirihlutanum í Hafnarfirði, hjá skólayfirvöldum í Hafnarfirði og hjá félögum samtaka foreldra í Hafnarfirði (**Gripið fram í:** En í ríkisstjórninni?) og nemendafélaganna. Í Hafnarfirði eru sem sagt bæjarstjórnin, foreldrasamtökin og tveir flokkar sem standa að málinu sammála. Hvar eru þessar voðalegu deilur? Þær eru bara hérna, í nösunum á ykkur, hv. þm., þessar deilur. Ég sé þannig ekki þetta mikla vandamál.

Svarbréf menntmrh. var kynnt í ríkisstjórn og ekki gerðar neinar athugasemdir við það þar. Ég veit ekki hvað þingmenn höfðu fyrir sér í þessum efnum.

[13:51]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég hef margsinnis svarað því hvers vegna þetta mál var ekki tekið upp að frumkvæði nefndarinnar. Þingmenn Samfylkingar verða að fara að leikreglum eins og aðrir hér á Alþingi. Þetta er ekkert flóknara en svo. Það er enginn sem óttast faglega umfjöllun um þetta mál. Það er stutt síðan við ræddum þetta mál utan dagskrár á Alþingi og þá kom fram að ég teldi að hér væri um mjög gott mál að ræða sem yrði í framkvæmd tryggt í bak og fyrir með lögum og reglugerðum þannig að endanleg ábyrgð lægi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Það er einu sinni svo að grunnskólinn er hjá sveitarfélögunum.

Málið snýst um að eitt af sveitarfélögum landsins, öflugt sveitarfélag, hefur ákveðið að gera ákveðna tilraun, þróa skólastarfið og brydda upp á nýjung sem er mjög spennandi. Þess var farið á leit við menntmrh. að hann yrði við þeirri beiðni og það var gert. Mér þætti nær að þingmenn fögnuðu því að verið væri að þróa skólastarfið með þessum hætti. Ég tel að það verði mjög spennandi að sjá niðurstöðurnar af þessari tilraun. En það er alveg ljóst að ráðherra hefur lýst því að endanlega ábyrgð á skólastarfinu sé að sjálfsögðu hjá sveitarfélaginu og engum öðrum. (**Gripið fram í:** Hún er reyndar í ráðuneytinu.)

[13:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 3. mgr. 50. gr. geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins í upphafi fundar. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í 20 mínútur. Þær eru nú liðnar og umræðum lokið um störf þingsins.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 510. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 800.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Hönnunarréttur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (heildarlög). — Þskj. 792.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:55.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 7. mars,
að loknum 83. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Aðgengi og verðlagning opinberra rannsóknargagna, fsp. ÞSveinb og JÁ, 357. mál, þskj. 543.

Til utanríkisráðherra:

2. Íslenskir aðalverktakar hf., fsp. GE, 492. mál, þskj. 778.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Forvarnastarf gegn sjálfsvígum, fsp. ÁRJ, 437. mál, þskj. 700.

4. Umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna, fsp. ÁRJ, 473. mál, þskj. 755.

5. Fjárstuðningur við fjölskyldur langveikra barna, fsp. ÁRJ, 474. mál, þskj. 756.

6. Forvarnir, fsp. RG, 508. mál, þskj. 795.

Til iðnaðarráðherra:

7. Flutningur verkefna eða stofnana til landsbyggðarinnar, fsp. KLM, 463. mál, þskj. 742.

Til umhverfisráðherra:

8. Spilliefni, fsp. GHall, 466. mál, þskj. 745.

9. Aðgöngugjöld að þjóðgörðum, fsp. ÁMöl, 470. mál, þskj. 749.

Til dómsmálaráðherra:

10. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi, fsp. KolH, 468. mál, þskj. 747.

Til menntamálaráðherra:

11. Tilraunaskólar og nýjungar í skólastarfi, fsp. KolH, 500. mál, þskj. 787.

Aðgengi og verðlagning opinberra rannsóknargagna.

Fsp. ÞSveinb og JÁ, 357. mál. — Þskj. 543.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Í desember sl. samþykkti Alþingi breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð. Þær fólu m.a. í sér skýrari ákvæði en áður höfðu verið í lögunum um með hvaða hætti Landmælingar Íslands mættu afla sértekna.

Í fjárlögum ársins 2001 er Landmælingum gert að afla sértekna upp á 48 millj. kr., en heildargjöld stofnunarinnar í ár eru um 225 millj. kr. á fjárlögum. Sértekjurnar eiga því að standa undir liðlega fimmtungi gjalda stofnunarinnar.

Í umræðum um breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð hér í þingsal og í hv. umhvn. lýstu forsvarsmenn stofnana áhyggjum sínum af verðlagningu þeirra vísindagagna sem Landmælingar hafa umsjón með. Fram kom að verð gagnanna væri svo hátt að menn veigruðu sér við að nýta þau. Í sumum tilvikum nýttu menn þá lélegri og jafnframt ódýrari gögn.

Herra forseti. Vinnuhópur á vegum Rannsóknaráðs ríkisins ritaði forsrn. bréf þann 3. febr. 1999 þar sem fjallað er um nauðsyn þess að stjórnvöld marki stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra gagna. Þar er vitnað til skýrslu frá Evrópusambandinu, sem þá var ný, þar sem lögð er áhersla á samræmda stefnu um aðgengi og verðlagningu gagnanna og nauðsyn þess að aðgangur að slíkum upplýsingum sé auðveldur, m.a. í ljósi þess hversu mikilvægur hann sé þróun samfélags og atvinnulífs.

Í bréfi þessu segir einnig, með leyfi forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að stofnunum hins opinbera hefur á liðnum árum og áratugum verið uppálagt að leita allra ráða til að afla sértekna, bæði til að styrkja starfsemi sína en líka til að draga úr þörf á fjárveitingum. Meðal þess sem þá hefur verið gripið til er að verðleggja gögn og aðrar upplýsingar sem veittar eru en áður voru afhentar ókeypis.

Ekki verður séð að samræmi sé í aðgerðum stofnana í þessum efnum og hætt er við því að í gangi sé eins konar kapphlaup. Þannig kann sá sem þarf að greiða fyrir gögn að svara með því að verðleggja aftur sínar upplýsingar. Og þar sem slík gagnaskipti eru einkum á milli opinberra stofnana má spyrja hvort einhver fjárhagslegur ávinningur fáist að lokum fyrir ríkissjóð, enda má ekki gleyma því að sjálf gjaldtakan hefur umtalsverðan kostnað í för með sér."

Hafa ber í huga, herra forseti, að forstjórar helstu rannsóknastofnana landsins voru í vinnuhópi Rannsóknaráðs og skýrt kemur fram í bréfinu að ekki er lagst gegn skynsamlegri gjaldtöku en fyrst og fremst verið að benda á nauðsyn þess að stjórnvöld hafi stefnu í málinu.

Hæstv. forseti. Nýlegar breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð eru tilefni þess að við hv. þm. Jóhann Ársælsson leyfum okkur að spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin hafi mótað stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna og ef svo er hver sú stefna sé.

[13:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar hv. þingmanna vil ég fyrst hafa örfá orð um almennan aðgang að upplýsingum hjá hinu opinbera. Ríkisstjórnin hefur fyrir löngu mótað almenna stefnu um aðgang að upplýsingum hjá hinu opinbera, bæði hvað varðar rétt almennings til aðgangs að þeim gögnum sem hið opinbera býr yfir sem og um það hvaða upplýsingum hið opinbera ætti að leggja áherslu á að miðla að eigin frumkvæði.

Að því er varðar upplýsingaskyldu stjórnvalda sér stefnumörkunar um hana m.a. stað í löggjöf á borð við upplýsingalögin frá 1996 og stjórnsýslulögin frá 1993 og lögin um aðgang að miðlun upplýsinga um umhverfismál frá sama ári. Samkvæmt upplýsingalögum var mörkuð sú stefna að öll gögn í vörslu stjórnvalda skuli með nokkrum takmörkunum vera almenningi aðgengileg. Sérstaða þeirra felst í því að upplýsingarétturinn er virkur án tillits til ástæðna eða hagsmuna þess er eftir þeim leitar. Þetta er meginregla upplýsingalaganna, en hún þarf eðli málsins samkvæmt að sæta nokkrum takmörkunum vegna lögmætra hagsmuna bæði einkaaðila og hins opinbera af að verja upplýsingar aðgangi.

Minni takmörkunum sætir svo réttur þess sem á sérstaka og einstaklingabundna hagsmuni af aðgangi ef svo fram gengur af sams konar reglu stjórnsýslulaga. Aðgangur á þessum grundvelli er ókeypis, en afritatöku má þó afgreiða á kostnaðargrundvelli.

Að því er varðar miðlun upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda má vísa til þess að ríkisstjórnin markaði þegar á árinu 1996 ákveðna stefnu í málefnum upplýsingasamfélagsins og kom á fót sérstöku þróunarverkefni til fimm ára til að vinna að framgangi þess. Því stýrir sérstök verkefnisstjórn sem starfar á vegum forsrn.

Meðal þeirra markmiða sem stefnunni voru sett var að löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar skuli endurskoðuð með tilliti til upplýsingatækni, til að örva tæknilegar framfarir og til að vernda réttindi einstaklinga og að upplýsingar verði almenningi aðgengilegar án tillits til efnahags og búsetu. Sérstaklega ber að huga að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga og gera öll upplýsingakerfi ríkisstofnana þannig úr garði að hægt verði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur og réttindi, skyldur og þess háttar um tölvunet og jafnframt verði hægt að reka erindi sín og fylgjast með framgangi mikilvægra mála o.s.frv. með þeim hætti.

Þessi stefnumörkun gefur til kynna að íslensk stjórnvöld hafi tileinkað sér framsækið hugarfar gagnvart þeim möguleikum sem upplýsingatæknin býður upp á og sett sér háleit markmið í því skyni. Stefna ríkisstjórnarinnar var enda sett fram undir því metnaðarfulla formerki, eins og þar segir, með leyfi forseta: „Að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar."

Í ljósi þess að tölvueign Íslendinga og internetnotkun mun samkvæmt niðurstöðum kannana vera með því mesta sem þekkist í heiminum má segja að fyllilega sé stætt á því að stjórnvöld hafi sett sér metnaðarfull markmið um rafræna miðlun upplýsinga og fyrir dyrum stendur átakið að bæta þjónustu við almenning með nýjum og endurbættum stjórnarráðsvef.

Um aðgang að rannsóknargögnum sérstaklega og um aðgang að vísindalegum rannsóknargögnum kunna hins vegar að gilda sérsjónarmið sem hin almenna stefnumörkun, sem lýst hefur verið hér að framan, kemur e.t.v. ekki nema að takmörkuðu leyti á móts við. Þar getur út af fyrir sig ýmislegt komið til, svo sem samkeppnissjónarmið, verðgildi upplýsinga, hagsmunir þeirra sem rannsóknir vinna, hagsmunir annarra en opinberra aðila sem taka þátt í rannsókn eða kosta hana og fleira í þá veru sem óhjákvæmilegt er að verði tryggilega gengið frá.

Aðgangur að og verðlagning rannsóknargagna hefur verið til umræðu milli ráðuneyta og meðal stofnana um nokkra hríð. Málið brennur eðli þess samkvæmt mest á þeim stofnunum sem kosta rannsóknir eða standa fyrir þeim og þeim ráðuneytum sem fara með málefni þessara stofnana. Það er ljóst að það hlýtur að teljast til æskilegrar stefnu og sé almennt æskilegt að samræmdar reglur gildi um aðgengi að rannsóknargögnum og að gjaldtaka fyrir þau byggist á sömu grundvallarsjónarmiðum. Í aðalatriðum þarf að taka afstöðu til þess í hvaða mæli eigi að takmarka eða opna aðgengi að rannsóknargögnum og að hvaða marki gjaldtaka eigi að koma fyrir aðgang.

Ríki heimsins fylgja mismunandi stefnum í þessum efnum. Til að mynda hafa stjórnvöld í Bandaríkjunum haft að leiðarljósi um árabil að rannsóknargögn sem kostuð eru af almannafé skuli að meginreglu til vera aðgengileg og ekkert gjald komi fyrir slíkan aðgang. Annars staðar og þá sérstaklega í aðildarlöndum Evrópusambandsins hefur aðgengi almennt verið takmarkaðra og upplýsingar og gögn verið seld. Ég hneigist fyrir mitt leyti mun heldur að hinni svokölluðu amerísku leið og raunar hefur stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, bæði eins og hún birtist í upplýsinga- og stjórnsýslulögum eins og áður er rakið og í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins, verið í þeim anda að takmarka beri öll höft og tálma og það felist í þeim ávinningi að sem flestir geti með sem minnstum kvöðum og tilkostnaði fært sér í nyt upplýsingar og niðurstöður rannsókna sem gerðar eru á kostnað skattborgara.

Fjmrh. hefur nýlega skipað nefnd til að móta almenna stefnu um hvort og þá hvernig upplýsingar sem verða til hjá einstökum stofnunum ríkis og sveitarfélaga og nýst geta stofnunum, fyrirtækjum og sveitarfélögum skuli verðlagðar. Ætla má að vinna þeirrar nefndar tengist þeim viðfangsefnum sem ég hef hér lýst og geti því komið að gagni, en á hinn bóginn er ljóst að verðlagning rannsóknar- og

vísindagagna er allsérstakt mál. Rannsóknastofnanir ríkisins og Rannsóknaráð hafa kallað eftir stefnumörkun stjórnvalda í þessum efnum og ég hef því rætt það við menntmrh. að ráðuneyti hans, sem er ráðuneyti vísinda og rannsókna, taki að sér að leiða þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ég vil enn ítreka hér að þetta er vandasamt verk, mjög vandasamt verk sem felur í sér að skoða þarf mörg atriði, lagaleg og fjárhagsleg, ofan í kjölinn.

[14:04]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að gjaldtaka vegna upplýsinga sé samræmd og hallast að hinni amerísku leið með svipuðum hætti og forsrh. rakti hér áðan.

Ég vil vekja athygli á því í umræðunni að ef foreldrar vilja fá að sjá úrlausnir barna sinna úr samræmdum prófum þurfa þeir að borga Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, nú Námsmatsstofnun, 1.000 kr. fyrir. Þetta getur orðið ærinn kostnaður fyrir foreldra sem eru með fleiri en eitt og jafnvel fleiri en tvö börn í skóla.

Nú veit ég ekki hvort stofnunin hefur fengið til þess leyfi hjá hæstv. menntmrh. að verðleggja úrlausnirnar þegar þær eru sendar til baka til foreldra, ef eftir því er óskað með þessum hætti, en þetta liggur a.m.k. fyrir og færi betur að menn skoðuðu hvað er að gerast í hinum ýmsu stofnunum vegna þess að mér býður í grun að fyrst svo er hjá Námsmatsstofnun kunni víðar að vera um gjaldtöku að ræða sem enginn veit svo sem hvernig er fundin og hefur e.t.v. ekki fengið staðfestingu þeirra yfirvalda sem þyrftu að staðfesta slíkt.

[14:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Spurningin var: Hefur ríkisstjórnin mótað stefnu um aðgengi og verðlagningu opinberra rannsóknargagna? Svarið var auðheyrilega nei. Og seinni hlutinn var: Ef svo er, hver er sú stefna? Og henni var auðvitað ekki lýst hér.

Því var hins vegar lýst yfir að hæstv. forsrh. hefði falið menntmrh. að ganga í málið og út af fyrir sig er ágætt að heyra það. En þessi rannsóknargögn eru seld dýrum dómum og stefna stjórnvalda birtist auðvitað í verðlagningu þeirra því að þær stofnanir sem hafa þurft að selja slík gögn hafa þurft að gera það vegna þess að þær hafa ekki séð önnur úrræði. Og meðan stefnan hefur ekki verið mótuð þannig að þessar stofnanir geti í sínum rökstuðningi fyrir fjárheimildum á fjárlögum notað slíka stefnu sér til varnar heldur þetta áfram að vera svona. Og hæstv. forsrh. þarf auðvitað að sjá til þess að hæstv. menntmrh. skili slíkri stefnumörkun af sér sem allra fyrst. Það er mikil nauðsyn á því og það kom mjög í ljós í umræðum sem urðu í vetur.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin þó ég geti tekið undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni í ljósi þess m.a. að bréf forstjóra rannsóknastofnananna sem skrifað var til forsrn. er tveggja ára gamalt og hefði maður haldið að nægur tími hefði verið til að huga að þessu máli fyrr. En gott er að það er hafið.

Hér erum við að fjalla um grundvallaratriði, herra forseti. Ef stjórnvöld eru á því að greiða skuli gjald fyrir aðgang að slíkum upplýsingum held ég að þingheimur hljóti að vera mér sammála um að slík gjaldtaka eigi að vera hófleg og sanngjörn og alls ekki að hamla rannsóknarstarfi vísindastofnana hér á landi. Þetta hefur m.a. komið fram í þeirri miklu vinnu sem nú hlýst af lögum um umhverfismat þar sem leggja þarf til grundvallar miklar og vísindalegar rannsóknir og oft þarf reyndar því miður að gera miklar frumrannsóknir svo hægt sé að framkvæma umhverfismat og opinberar stofnanir eru að leggja í mikinn kostnað, m.a. við kortagerð og annað, þess vegna.

Ég er hins vegar alveg sammála hæstv. forsrh. um að hér ættum við að fara það sem kallað hefur verið hin ameríska leið, þ.e. að almenningur hafi ókeypis aðgang að rannsóknargögnum sem kostuð hafi verið af almannafé og eru vistuð á ríkisstofnunum. Mér þykir stefna bandarískra stjórnvalda til mikillar fyrirmyndar í þessum efnum, en það liggur fyrir að þar í landi er aðgengi almennings að opinberum upplýsingum og vísindalegum rannsóknargögnum líklega betra en nokkurs staðar annars staðar.

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið gat ég þess í ræðu minni að lögin frá 1993 og lögin frá 1996 væru til þess fallin að stuðla að stefnumótun í þessum efnum. Í annan stað nefndi ég það sérstaklega að aðgangur og verðlagning á rannsóknargögnum og meðferð þeirra hefur verið til umræðu síðustu missirin á milli ráðuneytis og meðal stofnana. Þetta er vandasamt mál og nauðsynlegt að umræða fari fram um það áður en nokkru er slegið föstu endanlega. Í þriðja lagi gat ég þess að fyrir nokkru hafði fjmrh. þegar skipað nefnd um að móta almenna stefnu um hvort og þá hvernig upplýsingar, sem verða til hjá einstökum stofnunum ríkis og sveitarfélaga og nýst geta stofnunum ríkis og sveitarfélaga skuli verða verðlagðar. Í fjórða lagi nefndi ég að mér þætti eðlilegt að hæstv. menntmrh., sem ráðherra mennta og vísinda, leiddi lokahnykkinn í þessari stefnumótun.

Almennt séð get ég sagt að ég er sáttur mjög við þau sjónarmið sem fram komu hér af hálfu fyrirspyrjanda og annarra sem til máls tóku um hvaða meginstef skuli gilda við mótun þessara reglna.

Íslenskir aðalverktakar hf.

Fsp. GE, 492. mál. — Þskj. 778.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. utanrrh. Fyrirspurnin byggir á heimildargrein í fjárlögum um sölu hluta ríkisins í Íslenskum aðalverktökum, en ríkið á með beinni aðild 40% í fyrirtækinu og í gegnum Hömlur 20%.

Í áramótaræðu varaði hæstv. forsrh. almenning við verðbréfa- og hlutafjárkaupum á þann hátt að hann hvatti fólk til að fara varlega í slíkum kaupum vegna óvissu og verðsveiflna. Ljóst er að margir hafa farið flatt á slíkum viðskiptum, a.m.k. til skamms tíma, sérstaklega á síðasta ári, og má vísa til þess að verðbréfasalar töldu á síðasta ári öruggast að kaupa í Eimskipafélaginu hf. en niðurstaðan er sú núna að verðmæti þeirra bréfa er aðeins 50% af því sem þau voru fyrir ári. Hluturinn eða einingarverð í Landsbanka og Búnaðarbanka hefur lækkað um 25–30% gagnvart þeim sem keyptu fyrir ári.

Vitað er að Íslenskir aðalverktakar eru á almennum markaði líklega metnir á 3,5–4 milljarða, gengi vaxtar er skráð 3,30, og það er þá spurning hvort rétt sé hjá ríkinu að selja.

En ástæða mín fyrir fyrirspurninni er að ef staða fyrirtækis er góð er almenningur e.t.v. í góðum málum með að kaupa hlut ríkisins ef af sölu verður. En ef það er rétt sem Jóhann Bergþórsson sagði yfir allan starfsmannahópinn í Vatnsfelli, 120–140 manns, 8. febr. sl., að búið væri að framkvæma fyrir 2,8 milljarða af verksamningi upp á 3,2 milljarða þannig að aðeins væru eftir 400 milljónir í verkið, en eftir væri að framkvæma fyrir u.þ.b. 1 milljarð, 600 millj. til 1 milljarð a.m.k, þá er ástæða til varfærni og jafnvel að vara við og það hlýtur að koma fram í reikningum sem birtast á næstunni, annaðhvort með ákveðnum aðgerðum eða viðvörunum til viðskiptaaðila.

Þess vegna beini ég eftirfarandi fyrirspurn til utanrrh. sem handhafa bréfsins:

„Er unnið að sölu hluta ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. sem er gert ráð fyrir samkvæmt 7. gr. fjárlaga?

Hefur verðgildi eignarhlutarins rýrnað á sl. ári?

Hverjar eru afkomuhorfur fyrirtækisins sl. tíu mánuði varðandi verktöku og verkskil, í fyrsta lagi á Vatnsfellssvæðinu og í öðru lagi í öðrum verkum?“

[14:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Svarið við fyrstu spurningunni er já. Unnið er að undirbúningi sölu hlutarins og verður tekin ákvörðun um það með hvaða hætti það verður gert eftir að fyrir liggja helstu skýringar félagsins um afkomu o.fl. á aðalfundi þess í apríl á þessu ári. Og vegna þess sem hv. þm. sagði um eignarhlut ríkisins í félaginu, þá er hlutur ríkisins í félaginu nú 39,86% af heildarhlutafé en rúm 60% eru í eigu nær 800 hluthafa og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið á Landsbanki Íslands ekki neitt lengur í fyrirtækinu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun annast söluna þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Varðandi aðra spurningu þá er það svo að fyrirtækið er skráð á Verðbréfaþingi Íslands og jókst markaðsverðmæti þess í kaupum og sölum á þinginu um 42% frá ársbyrjun til ársloka árið 2000. Samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins var fyrirtækið í 6. sæti þeirra fyrirtækja sem voru með mesta hækkun á Verðbréfaþingi á nýliðnu ári en eins og fyrirspyrjanda er væntanlega kunnugt var árið 2000 ár mikilla verðlækkana á Verðbréfaþingi. Gengi á hlutum félagsins í síðustu viku var á bilinu 3,4–3,6 en til samanburðar má geta þess að gengi á hlutum í félaginu í desember 1998 var 1,75 en þá fór fram fyrsti söluáfangi íslenska ríkisins í félaginu.

Varðandi þriðju spurninguna, þá hefur utanrrn. engar upplýsingar um rekstur og afkomu fyrirtækisins sl. 10 mánuði sem ekki hafa verið gerðar opinberar af fyrirtækinu sjálfu fremur en aðrir hluthafar, enda fyrirtækið háð ströngum reglum Verðbréfaþings Íslands um innri mál og upplýsingagjöf.

Vegna orða hv. þm. er rétt að taka fram að gengisþróun hlutabréfa félagsins bendir ekki til þess að markaðurinn telji rekstur félagsins verulega erfiðan. Fyrirtækið hefur tilkynnt að ársreikningur þess fyrir árið 2000 verði birtur í síðustu viku marsmánaðar og geta þá hluthafar sem aðrir kynnt sér niðurstöður rekstrar félagsins. Vegna orða hv. þm. er jafnframt rétt að taka fram að fyrirtækið hefur ekki gefið út neina afkomuviðvörun vegna afkomu þess eða einstakra verka. Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að framkvæmdir við Vatnsfellsvirkjun séu á áætlun og ég er viss um að þær upplýsingar eru réttar.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það mátti svo sem búast við að ekki væri hægt að fá önnur svör en þau sem hann gaf. Hann vitnaði vitanlega aðeins í það sem opinbert er á Verðbréfaþingi.

Ég minntist hins vegar á það sem sagt var á almennum starfsmannafundi 8. febrúar sl. þar sem til þess horfði að fjárvöntun yrði vegna verkskila hjá Ísafli upp á 600 millj. eða jafnvel 1 milljarð. Það er talið liggja í svonefndum „Claim“ eða Claim-verkum. Ef þau verk eru eignfærð þá lítur þokkalega út með reikninga fyrir árið, en þá kemur ekki í ljós fyrr en við næsta reikningsuppgjör hver staðan er. Það er ástæðan fyrir því að undirritaður veltir þessum málum fyrir sér, ekki síst í ljósi þess að hæstv. forsrh. varaði við í áramótaræðu að almenningur færi óvarlega í bæði hlutabréfa- og verðbréfakaupum og hvatti fólk til að athuga vel sinn gang. Ef þetta er eins og ég er að lýsa þá hlýtur að liggja fyrir frá endurskoðendum athugasemd, þ.e. ef reikningar eru þannig færðir. Ef ekki þá sýnist mér allt mæla með því fyrir almenning að kaupa í þessu fyrirtæki.

[14:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Almenningur á alltaf að sýna varkárni í kaupum á hlutabréfum og öðrum eignum. Mér finnst það á engan hátt hlutverk Alþingis að veita ráðgjöf í því sambandi. Það er enn þá síður hlutverk þess ráðherra sem hér stendur að veita ráðgjöf í því sambandi.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst með ólíkindum að málefni einstakra hlutafélaga séu vegna einhverra orða sem hafa fallið einhvers staðar úti í bæ dregin hér inn á Alþingi. Í hvaða tilgangi er það? Mér finnst hv. þm. á mjög hálum ís í málflutningi sínum svo ekki sé meira sagt.

[14:19]

Útbýting þingskjala:

Rafrænar undirskriftir, 524. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 820.

Skattskylda barna, 396. mál, svar fjmrh., þskj. 797.

Velferðarsamfélagið, 527. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 823.

Forvarnastarf gegn sjálfsvígum.

Fsp. ÁRJ, 437. mál. — Þskj. 700.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fsp. til hæstv. heilbrrh. sem hljóðar svo:

„Hvaða forvarnastarf er unnið á vegum ráðuneytisins gagnvart þeim sem eru í sjálfsvígshugleiðingum og sjálfsvígshættu?“

Herra forseti. Allmikil vinna hefur farið fram hjá heilbrigðisyfirvöldum í að rannsaka tíðni og orsakir sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna og hvernig unnt sé að efla forvarnir. Skýrsla kom út árið 1996 í kjölfar þál. frá árinu 1992 og nefnd hefur verið að störfum á vegum landlæknis frá árinu 1999 sem mun að öllum líkindum skila af sér á næstunni.

Geðrækt, forvarnaverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og geðsviðs Landspítala hefur einnig sinnt þessum málum. Öll þessi vinna er vissulega af hinu góða. En veruleg þörf er á því að nú verði hafist handa og fleira gert en kannanir og rannsóknir.

Niðurstöður rannsókna sýna að aðgerða er þörf. Rannsóknir íslenskra sérfræðinga frá 1985 sýna að fleiri þeirra sem reynt hafa sjálfsvíg falla fyrir eigin hendi en viðmiðunarhópur og að 1% fremur sjálfsvíg innan árs. Fleiri falla fyrir eigin hendi hér á landi en í umferðarslysum á ári hverju.

Hér þarf að taka til hendinni. Hér er t.d. engin neyðarlína eins og er í flestum öðrum löndum en aðkallandi er að koma á slíkri símalínu, að koma á neyðarlínu fyrir fólk í sjálfsvígshugleiðingum þar sem fagleg þjónusta er veitt, einnig fyrir þá sem óttast um sína nánustu, þ.e. að þeir séu í slíkum hugleiðingum, og vilja leita ráða.

Mikill tími starfsmanna Geðræktar og Geðhjálpar fer í að sinna símaneyðarþjónustu í vinnutímanum og svara tölvupósti fólks sem er í alvarlegum vanda, á við þunglyndi að stríða og er í sjálfsvígshugleiðingum. Álagið sýnir að neyðarlínu sem þessari verður að koma á fót og þjónustunni þarf að sinna allan sólarhringinn. Geðrækt er tilbúin að taka að sér slíka þjónustu. Einkafyrirtæki hefur boðist til að greiða hluta kostnaðar, þ.e. símakostnaðinn, en starfsfólk vantar. Það vantar fjármagn í launakostnað fyrir starfsfólk en fagfólk þarf til að sinna þessari þjónustu.

Í heilbrigðisáætlun sem nú liggur fyrir þinginu er markmiðið m.a. að fækka sjálfsvígum um 25%. Ef það er markmiðið og það á að nást þá verður að taka forvarnirnar föstum tökum. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað er verið að gera í þessum aðkallandi forvarnamálum til að bjarga þeim mannslífum sem þarna eru í hættu? Er hæstv. ráðherra tilbúinn að koma á rekstri neyðarlínu eins og þeirri sem ég hef þegar lýst og Geðrækt er tilbúin að taka að sér?

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spyr hvaða forvarnastarf sé unnið á vegum ráðuneytisins gagnvart þeim sem eru í sjálfsvígshugleiðingum og sjálfsvígshættu. Heilbrigðisyfirvöld hafa lagt áherslu á mikilvægi forvarna og fræðslu í þessu sambandi. Benda má á, eins og hv. þm. kom reyndar inn á í ræðu sinni, að í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er lögð var fram á Alþingi fyrir jól kemur fram sú stefna stjórnvalda að dregið verði úr sjálfsvígum um allt að 25% á tímabilinu.

Á vegum heilbrigðisyfirvalda hefur verið unnið fjölþætt starf á þessu sviði og ég vil nefna eftirfarandi verkefni:

Geðrækt er samvinnuverkefni Geðhjálpar, heilbrrn., landlæknisembættisins og geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hér er um víðtækt verkefni að ræða sem snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum. Unnið er að fræðslu og miðlun upplýsinga sem beinist fyrst og fremst að ungu fólki.

Á vegum landlæknisembættisins er starfandi nefnd sem falið er að leggja fram tillögur til stefnumótunar á sviði forvarna gegn sjálfsvígum og er Högni Óskarsson geðlæknir formaður nefndarinnar. Tillögur nefndarinnar hafa verið sendar til umsagnar en þær miða að því að draga úr tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna. Nefndin hefur samvinnu við fjölda aðila úr heilbrigðiskerfi, skólakerfi, dómskerfi, frá kirkjunni, lögreglu og sjúkraliði, neyðarlínu og sjálfboðaliðahópum.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að kjarni sjálfsvígsforvarna verði í þverfaglegum teymum sem vinna út frá heilsugæslustöðvum um land allt eða út frá geðdeildum. Unnið er að þróun rannsóknaraætlunar í samvinnu við bandaríska vísindamenn þar sem tekin verða viðtöl við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg hér á landi og áhættuþættir sjálfsvíga kannaðir. Nefna má að verulega skortir á þekkingu á áhættuþáttum sjálfsvíga en greinargóð vitneskja er undirstaða góðra forvarna. Rannsókn sem Vilhelm Norðfjörð hefur gert á hárri tíðni sjálfsvíga á Austfjörðum mun birtast innan tíðar og er vonast til að niðurstöðurnar auki skilning á viðfangsefninu og með hvaða hætti árangursríkast er að vinna að forvörnum á landsvísu.

Á heimasíðu landlæknisembættisins hefur sl. mánuði verið ítarleg umfjöllun geðlæknis um þunglyndi en þessi sjúkdómur er talinn einn af áhættuþáttum sjálfsvíga. Embættið helgaði þemamánuð á síðasta ári umfjöllun um þunglyndi og stuðlaði það að mikilli umræðu um sjúkdóminn í samfélaginu. Sú umræða stuðlaði m.a. að stofnun sjálfshjálparhóps á vegum Geðhjálpar.

Heilbr.- og trmrn. hefur á undanförnum árum styrkt fjárhagslega ýmsa starfsemi á sviði forvarna gegn sjálfsvígum. Ekki eru öllum ljós hin sterku tengsl á milli áfengis-, vímuefnaneyslu og sjálfsvíga. Með því að efla forvarnir á sviði áfengis- og vímuvarna er lagt lóð á vogarskálir til að koma í veg fyrir sjálfsvíg.

Vegna þess hversu þeir sem gert hafa tilraun til sjálfsvígs eru í mikilli hættu er nauðsynlegt að tryggja þessum einstaklingum góða meðferð og eftirfylgni. Við komum inn á það hér í fyrirspurnatíma fyrir viku. Til þess að svo sé þurfa geðdeildir og bráðadeildir að vera vel í stakk búnar til þess að sinna hlutverki sínu.

Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og fullvissa hana um að ég mun áfram gera mitt til að unnt sé að byggja upp enn öflugri forvarnir á þessu sviði en gert hefur verið fram að þessu.

[14:27]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða sem þó verður að tala um. Við heyrum af auknum sjálfsvígum, t.d. bænda í Danmörku og í Bretlandi. Þar er það áhyggjuefni að á því verði aukning í kjölfarið á þeim hörmungum sem þar ganga yfir í landbúnaði. Hver skyldi staðan vera hér á Íslandi? Við vitum það ekki svo gjörla.

Kjör bænda eru mjög misjöfn og er vægast sagt mikil fátækt í bændastétt. Ég vil vara við því að það séu gerðar óhóflegar kröfur til bænda þannig að þeir gefist hreinlega ekki upp og þessi staða komi ekki upp hér á landi.

[14:28]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þetta er áhugaverð fyrirspurn. Mig langar að segja að það hefur verið unnið að tillögum um forvarnir gegn sjálfsvígum síðan í desember 1999 á vegum landlæknisembættisins. Skýrsla um þá vinnu er nýkomin fram og mun kynnt, eftir því sem ég best veit, á ráðstefnu eftir tvo daga.

Í einni af þeim umsögnum sem borist hafa um skýrsluna segir héraðslæknirinn í Reykjavík að landlæknisembættið eigi að vera eftirlitsaðili en ekki sjá um framkvæmd málaflokka í heilbrigðisþjónustunni. Hann telur því að vista ætti rannsóknir á þessu sviði t.d. hjá læknadeild Háskóla Íslands. Geðrækt bendir á að verkefni þeirra eigi samleið með þessu

verkefni. Ég vil taka undir þessi orð. Einnig vil ég sérstaklega vekja athygli á því að heilsugæslan sé lykillinn að þessu starfi. Það er að vísu gengið út frá því í skýrslu vinnuhóps landlæknis. Ég vildi bara undirstrika það.

[14:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er hreyft alvarlegu máli og mikilvægu, rétt eins og við um síðustu helgi og síðustu viku ræddum annað alvarlegt mál úti í þjóðfélaginu sem er krabbamein. Sú umræða verður til þess að létta fólki gönguna varðandi þann sjúkdóm. Hið sama gildir um sjálfsvíg, það sem snýr að einstaklingunum sjálfum og umhverfinu, en það er mikilvægt að taka þetta mál til umfjöllunar

Það er erfitt að rekja beinar orsakir sjálfsvíga og því eru rannsóknir sem hafnar eru á ákveðnum sviðum mjög mikilvægar. Það verður að efla þær þannig að við getum kortlagt þetta betur og eflt forvarnastarfið innan heilsugæslunnar, innan skólanna, meðal prestanna og stuðlað að því að styrkja net þeirra sem geta komið að forvörnum og meðferð.

[14:31]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er gott að þessi umræða kemur upp. Þetta er mikilvægt mál eins og fram hefur komið. Það er einmitt mikilvægt, eins og sagt hefur verið, að menn þurfa að átta sig á því hvar mest hætta er fyrir hendi í þessu og það þarf að rannsaka það og komast að niðurstöðu um það. En það hefur líka komið fram að þetta getur verið breytilegt, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur að þetta getur sem sagt komið við ákveðnar stéttir og þá sérstaklega stéttir sem lenda í ákveðinni klemmu vegna aðstæðna sem eru í þjóðfélaginu hverju sinni. Við þurfum náttúrlega að vera vakandi fyrir þessum málum og athuga betur gang okkar í því.

Einnig vil ég taka undir þau orð sem hafa verið sögð um forvarnir í sambandi við áfengi og eiturlyf hvað það er mjög mikilvægt að þessi mál komi þar inn í því að ég er alveg sannfærður um að þar er líka um þátt að ræða sem skiptir miklu máli í þessu tilliti.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég tek undir það að verið er að gera mjög margt gott í þessum efnum. Ég nefni alveg sérstaklega geðræktarverkefnið og sömuleiðis verður áhugavert að sjá skýrslu landlæknis þegar hún verður kynnt eftir tvo daga.

Vissulega þurfa margir að koma að þessu verkefni og ekki síst heilsugæslan og auka þarf forvarnir í áfengis- og fíkniefnamálum. Ég spurði hæstv. ráðherra út í afstöðu hennar til neyðarlínu en það er það sem flestar þjóðir eru með í þessu tilliti og benti á að þarna vantar launakostnað og geðræktarverkefnið er tilbúið að taka þetta að sér.

Komið er að aðgerðum. Mikið hefur verið rannsakað og það sýnir sig að ásóknin í símann hjá Geðhjálp og Geðrækt kallar á að farið sé að sinna þessari neyðarlínu með þjónustu fagfólks. Við getum líka litið til annarra þjóða sem hafa náð langt í rannsóknum í þessum efnum, ég nefni Breta, Bandaríkjamenn og Ástrali, og við þurfum ekki kannski að finna upp hjólið hér. Ég nefni sem dæmi að víða annars staðar, t.d. í framhaldsskólum, er verið að kenna ungmennum að þekkja einkenni hjá ungu fólki sem er í þessum hugleiðingum. Sömuleiðis hafa menn t.d. í Ástralíu verið að kenna fjölmiðlafólki hvernig á að fjalla um þessi mál en þar hafa þessar þjóðir náð góðum árangri því að umfjöllun getur verið skaðleg og ýtt undir sjálfsvíg en umræðan er nauðsynleg til þess að hægt sé að takast á við vandann.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hver er afstaða hennar til þess að koma á fót neyðarlínu? Einkafyrirtæki er tilbúið að greiða hluta af símakostnaðinum. Geðrækt er tilbúin að fara í verkefnið, það væri hægt að gera það í samstarfi við heilsugæsustöðvar, við heilbrigðisþjónustuna. Það vantar starfsfólk í þetta verkefni. Ég spyr hæstv. ráðherra um leið og ég þakka fyrir svörin hér á undan: Hver er hennar afstaða til þeirrar þjónustu sem menn eru tilbúnir að koma á laggirnar sem er neyðarsímsvörunin?

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi spurninguna um neyðarlínuna þá er neyðarlína innan heilbrigðisþjónustunnar sem er ný en það þarf auðvitað að þróa hana á annan hátt til að hún nýtist betur þessum einstaklingum. Hún hefur þó verið notuð og það er einmitt það sem er verið að athuga varðandi þær tillögur sem liggja nú fyrir hvort ekki eigi að þróa þá neyðarlínu enn þá betur einmmitt í þágu þessa fólks. Auðvitað eru fleiri neyðarlínur í gangi, það er ýmislegt annað sem hrjáir fólk og fólk þarf að hringja þess vegna. Það er því mikilvægt að nýta það sem fyrir er og það er verið að skoða það áður en við grípum annað.

En ég vil taka það sérstaklega fram að mér finnst sú umræða sem hér hefur farið fram um þetta svo mjög viðkvæma mál mjög yfirveguð. Ég tel það mjög mikilvægt vegna þess að margir eiga um sárt að binda vegna sjálfsvíga. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, það vita það allir sem hér eru að þetta er mikill harmleikur í mörgum fjölskyldum og þetta er félagslegur harmleikur og persónulegur og þjóðhagslegur og þetta hefur gengið í bylgjum bæði hér á landi og annars staðar. Ekkert bendir til þess að það hafi orðið aukning hér á landi en það koma alltaf toppar. Það er einmitt það sem er svo mikilvægt að rannsaka nákvæmlega, af hverju koma þessir toppar og hvernig getum við stöðvað þessa toppa?

Umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna.

Fsp. ÁRJ, 473. mál. — Þskj. 755.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Árið 1997 kvartaði Neistinn, stuðningsfélag hjartveikra barna, til umboðsmanns Alþingis vegna reglugerðar um fjárhagsaðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna en það taldi hana ekki standast lög og vera brot á jafnræðisreglu. En árið 1997 var lögum breytt og heimild til umönnunargreiðslna til foreldra miðuð við tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu sem líkamleg og andleg hömlun hefði í för með sér. Reglugerðin miðaði aftur á móti við fötlun og sjúkdómsstig en ekki umönnunarþörfina og útgjöldin eins og lagabreytingin gerði ráð fyrir. Farið var eftir sjúkdómsheiti en ekki útgjöldum og flokkuðust hjartveiku börnin yfirleitt í 2. flokk sem gefur 85% af fullum umönnunargreiðslum nema þá tímabundið

í undantekningartilvikum en framfærendur barna með lífshættulega sjúkdóma fá greitt samkvæmt 1. flokki, þ.e. fullar greiðslur.

Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að reglugerðin þrengdi lagaheimildina og væri ekki í samræmi við hana. Langveikindi barns geta haft í för með sér sambærileg og tilfinnanleg útgjöld þó barnið sé ekki lífshættulega veikt og því væri ekki rétt að miða við 1. og 2. flokk eingöngu við lífshættuleg veikindi. Umboðsmaður fór fram á að ráðherra tæki ákvæðið til endurskoðunar.

Þetta gerðist fyrir tæpu ári eða 7. apríl 2000. Þá kemur álitið frá umboðsmanni og er það sent ráðherra. En ekkert hafði gerst í kjölfar álitsins fyrr en fyrir viku þegar þessi fsp. var fyrst á dagskrá í þinginu. Þá var Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, tilkynnt að ráðherra væri að breyta reglugerðinni, þ.e. nú tæpu ári eftir að álitið barst frá umboðsmanni. Ég velti fyrir mér, herra forseti, hvort það þurfi fyrirspurn á þingi til að ráðherra bregðist við áliti umboðsmanns Alþingis og furða ég mig á því ef sú er raunin.

En ég spurði hæstv. ráðherra hve mörg hjartveik börn hefðu verið úrskurðuð í 1. flokk og því spyr ég nú, eftir að hæstv. ráðherra hefur breytt reglugerðinni, hvort sú reglugerðarbreyting muni auka rétt hjartveikra barna. Ég verð að geta þess hér, herra forseti, að styrktarfélag hjartveikra barna, Neistinn, telur reglugerðarbreytinguna sem ráðherra kynnti þeim fyrir viku ekki vera í samræmi við niðurstöðu umboðsmanns. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort áform séu uppi um að gera frekari breytingar á henni, en helstu breytingarnar eru þær að í stað „lífshættulegra sjúkdóma" er talað um „alvarleg og langvarandi veikindi". En eins og kom fram í máli mínu á undan er verið að tala um umönnunarþörfina frekar og útgjöldin vegna veikindanna frekar en sjúkdómsgreiningu eftir lagabreytinguna 1997.

[14:40]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spyr tveggja spurninga um greiðslur samkvæmt 1. flokki umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 188/1993.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar kemur fram að börn með umönnunarmat samkvæmt 1. flokki voru alls 82 í desember 2000. Flest þessara barna eru skilgreind sem fötluð börn eða 65 talsins en 17 eru skilgreind sem langveik börn. Sum fötluðu barnanna eru jafnframt með hjartasjúkdóma en þar sem þau eru einnig fötluð og eiga rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra eru þau skilgreind fötluð hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum hópi eru m.a. börn sem greinst hafa með Downs-heilkenni.

Ef skoðuð er greinargerð þeirra 17 barna sem skilgreind eru langveik og eru með mat samkvæmt 1. flokki eru flest með krabbamein eða 11 talsins, 2 börn eru alvarlega slösuð og hin 4 börnin eru með hjartasjúkdóma, meltingarsjúkdóma, efnaskiptasjúkdóma og ónæmissjúkdóma.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins í þessari viku kom í ljós að 73 börn eru skráð með hjartasjúkdóma og umönnunarmat. Af þessum börnum eru aðeins 3 í 1. umönnunarflokki en það er sá hópur sem er veikastur og þarf mestrar aðstoðar við. 3 börn eru í 2. umönnunarflokki, 20 í þeim 3. og 12 í 4. en 35 eru í þeim 5. Tekið skal fram að þessar upplýsingar miðast við fjölda barna en tölur liggja ekki fyrir um fjölda framfærenda eins og spurning þingmannsins hljóðar.

Nokkur fjölgun hefur orðið á síðustu árum á umsóknum til Tryggingastofnunar um umönnunarbætur fyrir hjartveik börn en ekkert bendir þó til að börnum með þessa sjúkdóma sé að fjölga. Árið 1997 var 31 barn á skrá hjá Tryggingastofnun ríkisins með hjartasjúkdóma, árið 1999 eru 65 en nú eru þau 73 talsins. Hafa ber í huga að tala barna í hverjum flokki er breytileg og háð veikindum og þörfum barnanna. Þannig getur barn fengið umönnunarmat í 1. flokki meðan veikindi þess eru alvarleg en síðan færst neðar í flokki þegar því batnar.

Virðulegi forseti. Vegna seinni spurningar hv. 15. þm. skal tekið fram að kvörtun Neistans er frá árinu 1998, eins og kom fram hér áðan, en álit umboðsmanns Alþingis er dagsett 7. apríl árið 2000. Til að gera langt mál stutt er hér upplýst að ég hef þegar staðfest breytta reglugerð um þetta efni sem birtist í Stjórnartíðindum þann 7. febrúar sl. en ekki fyrir viku, eins og hv. þm. sagði hér áðan, og var því búið að birta hana í Stjórnartíðindum áður en fsp. var lögð fyrir á Alþingi. Þannig hefur með reglugerðinni verið tekið fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í áliti umboðsmanns Alþingis. Breytingin felst í því að í flokki 1 og flokki 2 í 4. og 5. gr. reglugerðarinnar koma orðin „alvarlega og langvarandi sjúkdóma" í stað „lífshættulegra sjúkdóma". Það voru orðin „lífshættulegra sjúkdóma" sem umboðsmaður Alþingis taldi að ætti sér ekki stoð í lögum frá 1993.

Ég tel mikilvægt að nefna að í vinnureglum Tryggingastofnunar, sem gefnar voru út þann 7. apríl 2000, felast rýmkunarheimildir sem unnið hefur verið að á síðustu árum. Þessar reglur eiga sér stoð bæði í lögum um félagslega aðstoð og reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

Nú þegar hefur Tryggingastofnun ríkisins ritað bréf til lækna, svæðisskrifstofa, fulltrúa foreldrafélaga Þroskahjálpar og fleiri sem koma að þessum málum þar sem breytingin er tilkynnt og aðilum boðið að senda inn athugasemdir eða ábendingar sem rétt væri að hafa til hliðsjónar þegar vinnureglur Tryggingaráðs verða endurskoðaðar í tilefni af þessu.

Ég held að ég hafi svarað fsp. þingmannsins og þakka hana en endurtek að þó að fsp. hennar hafi verið góð þá var þegar búið að breyta þessu þegar hún kom fram á Alþingi.

[14:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi fyrirspurn fjallar um réttindi langveikra barna. Hér hefur verið samþykkt stefnumótun á Alþingi um réttarstöðu og réttindi veikra barna sem ríkisstjórnin og undir forustu hæstv. heilbrrh. að því er ég best veit hefur verið að undirbúa að hrinda í framkvæmd. Eiga réttindi langveikra barna að vera þau sömu og réttindi fatlaðra barna og taka mið af löggjöf um það efni.

Ég vil spyrja hvað líður því að hrinda þessu í framkvæmd. Eiga langveik börn sömu réttindi og fötluð börn nú og hvaða fjármagn hefur verið sett til að bæta stöðu langveikra barna frá því að þessi stefnumótun var gerð? Liggur fyrir einhver stefnumörkun af hendi ríkisstjórnarinnar að því er varðar fjármagn til að bæta réttarstöðu langveikra barna sem þarf að gera á mörgum sviðum og í samræmi við þau réttindi sem fötluð börn hafa?

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hafði ekki orðið vör við þessa reglugerðarbreytingu þegar

ég kom fram með fyrirspurn mína enda fékk Neistinn ekki af henni að vita fyrr en fyrir rúmri viku. Aftur á móti vil ég taka undir spurningar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fram varðandi langveiku börnin en bendi á að í svari hæstv. ráðherra kemur fram að af 73 hjartveikum börnum, sem eru á umönnunargreiðslum hjá Tryggingastofnun ríkisins, eru aðeins þrjú í 1. flokki. Eins og kom fram í máli mínu áðan hafa þessi hjartveiku börn fengið greiðslu samkvæmt 1. flokki tímabundið þegar um mikil veikindi hefur verið að ræða. Aftur á móti hef ég ákveðnar efasemdir um að þessi reglugerðarbreyting sé í þá veru sem umboðsmaður lagði til vegna þess að umboðsmaður er í rauninni að benda á að það eigi að fara eftir umönnunarþörfinni og tilfinnanlegum útgjöldum. Það fer kannski ekki eftir því hvort veikindi eru alvarleg og langvarandi hversu mikil útgjöldin eru. Það getur líka verið með langvarandi veikindi sem eru kannski ekki eins alvarleg en eru þó mjög útgjaldafrek þannig að mér sýnst engu að síður að þarna sé verið að þrengja lagagreinina með reglugerðinni. Þó er ég ekki sérfræðingur í því og tel að hæstv. ráðherra þurfi að skoða þetta jafnvel betur því að ég tek undir að endurskoða þurfi betur reglugerðina og spyr hæstv. ráðherra aftur hvort áform séu uppi um að gera það.

Annars þakka ég ráðherranum kærlega fyrir svörin og veit að ýmislegt hefur verið gert í þessum efnum en kannski þarf að skoða þetta betur.

[14:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst út af reglugerðinni. Hún birtist 7. febrúar en fyrirspurnin kom fram 21. febrúar svo að það sé alveg á hreinu. Dálítils misskilnings gætir hjá hv. þm. varðandi svör mín. Ég sagði áðan að 82 börn væru í 1. flokki varðandi umönnunarmat og í þeim flokki væru langveik börn með fjölþætta sjúkdóma þannig að það væri ekki eitt barn með hjartasjúkdóm, það væru mjög mörg börn en eru með fjölþætta sjúkdóma. Þarna er verið að útvíkka reglugerðina þannig að hv. þm. fær eflaust tækifæri til að kynna sér hana. Ég get ekki farið inn í það mál nú í þessum fyrirspurnatíma.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr mig um fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna. Þá vill svo til að næsta fyrirspurn, sem er frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, er um það málefni svo að við höfum tækifæri til að ræða það en það hefur margt breyst í þeim efnum núna á undanförnum missirum. Ríkisstjórnin samþykkti stefnumótun 1998 og hefur verið unnið eftir henni. Síðan hafa verið settir í það tugir milljóna og ég hef tækifæri til að svara því strax á eftir þegar hv. þm. kemur með þá fyrirspurn.

Fjárstuðningur við fjölskyldur langveikra barna.

Fsp. ÁRJ, 474. mál. — Þskj. 756.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mig langar aðeins vegna fyrirspurnarinnar á undan að geta þess að þegar sú fyrirspurn var lögð fram fór ég í gegnum Stjórnartíðindi og sömuleiðis á heimasíðu heilbrrn. og varð ekki vör við þessa reglugerðarbreytingu. Svo er um fleiri. Það geta kannski verið mín mistök en ég varð ekki vör við breytinguna.

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. og spyrst fyrir um hvort áform séu uppi um frekari réttindi og fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna sem þurfa að dveljast fjarri heimilum sínum til að leita lækninga fyrir börnin, bæði hérlendis og erlendis.

Nýverið var haldið málþing á vegum Umhyggju og þar komu fram ýmsir foreldrar langveikra barna og lýstu því hversu alvarlegar afleiðingar það hefur á fjármál fjölskyldunnar þegar langveikt barn fæðist í fjölskyldu og yfirleitt er það svo að annað þeirra þarf að hætta vinnu. Eins og kom fram í fyrirspurninni á undan eiga umönnunargreiðslurnar að koma til móts við kostnað vegna veikindanna en ekki launatap. Oftast er þetta ungt fólk sem er að byrja búskap með lítil börn og það getur verið mjög tilfinnanlegt að missa tekjur annars foreldris.

Í almannatryggingum, t.d. á Norðurlöndum, er foreldrum langveikra barna og fatlaðra bætt þetta upp, m.a. með launum eða 80% launa í langan tíma. En hér erum við aðeins með laun í 7–10 daga. Aftur á móti hefur komið til réttur til að taka leyfi frá störfum en ekki réttur til launa og eru fjölskyldur þessara barna þjakaðar af áhyggjum og fjárhagsörðugleikum yfirleitt því að margir þurfa að halda tvö heimili og sinna börnum kannski víðar en á einum stað, börnunum sem eru heima og síðan barninu sem er veikt.

Það gilda líka mismunandi reglur um stuðning vegna utanfara, þ.e. til útlanda til aðgerða, t.d. hjá hjartveikum börnum. Þó að reglurnar hafi verið rýmkaðar verulega og yfirleitt er borgað fyrir báða foreldra eru dæmi um að aðeins hefur verið greitt fyrir annað foreldrið þegar barnið er farið til útlanda í aðgerð og er það mikill fjárhagslegur baggi þegar foreldrar eru að fara áhyggjufull með veikt barn sitt til útlanda að fá aðeins greitt fyrir annað foreldrið því að yfirleitt er það svo að báðir foreldarnir vilja fara með barnið sitt þegar það fer til slíkrar aðgerðar.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort einhver áform séu uppi um að koma með aukinn fjárstuðning til fólks sem lendir í því að þurfa að leggja út mikla fjármuni vegna veikinda og ferðalaga barna sinna en nefni það, herra forseti, að ýmislegt hefur verið gert þarna til bóta sem ber að þakka.

[14:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beinir til mín spurningu um fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna. Í þessum málaflokki hefur mikið áunnist eins og kom fram hjá hv. þm. áðan. Minni ég á stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna en þar var stigið stórt skref fram á við.

Ég vil minna á ný lög um fæðingarorlof, greiðslur til foreldra vegna dvalarkostnaðar við sjúkrahússinnlögn barns yngri en 18 ára fjarri heimili, breytingar á reglum um umönnunargreiðslur og svo má nefna byggingu barnaspítala þar sem aðstaða fyrir foreldra barna verður stórlega bætt. Nýlega opnuðum við nýja barnadeild á Akureyri þar sem aðstæður bæði fyrir sjúklinga og aðstandendur er með því besta sem maður sér í Evrópu.

Með nýjum lögum um fæðingarorlof, sem tóku gildi 1. janúar sl., eru réttindi foreldra og greiðslur til þeirra auknar. Foreldrar í fæðingarorlofi fá nú að meðaltali 80% heildarlauna í allt að 9 mánuði. Fyrir barn sem þarf að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna í allt að fjóra mánuði. Einnig er heimilt að framlengja greiðslur í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða

alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldra. Þessi breyting hefur nýlega tekið gildi og er mikil bót fyrir alla hlutaðeigendur.

Ég hef beitt mér fyrir breytingu á lögum um almannatryggingar til að Tryggingastofnun greiði óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris í sjúkrahússinnlögn barns sem er 18 ára fjarri heimili. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

Mikil bót var á breyttum reglum árið 1999 um greiðslur ferðakostnaðar en reglurnar voru rýmkaðar verulega. Nú geta báðir foreldar fengið fjárhagsaðstoð í þessu skyni. Þá beitti ég mér fyrir breytingu á lögum um félagslega aðstoð þar sem umönnunargreiðslur hækkuðu. Í framhaldi af því var annað flokkunarkerfi umönnunargreiðslna tekið upp og reglur settar um að skólavistun hafi ekki lengur áhrif á umönnunargreiðslur Tryggingastofnunar.

Lengi hefur verið rætt um að endurskoða þurfi rétt foreldra til að vera heima með veikum börnum sínum. Bent hefur verið á að ekki er gerður greinarmunur hér á landi á slíkum rétti til handa þeim sem eiga langveik börn og annarra. Er brýnt að taka upp viðræður um þetta milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins að mínum dómi. Ég sé fyrir að við færum í þessum efnum svipaða leið og farin var þegar við breyttum fæðingarorlofsréttindum sem við settum í forgang en næsta skref gæti að mínu vitið orðið að rýmka mjög rétt foreldra vegna veikra barna.

Virðulegi forseti. Stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna hefur þegar verið hrundið í framkvæmd að hluta. Málefnið hefur verið þeirri sem hér stendur hugleikið og hefur af hálfu heilbr.- og trmrn. verið lögð áhersla á að bæta hag barnanna og aðstandenda þeirra. Á liðnum árum hafa hundruð milljóna króna runnið til hvers kyns aðgerða og uppbyggingar um land allt til að bæta þjónustuna við langveik börn og aðstandendur þeirra. Engin ríkisstjórn hefur varið jafnmiklu fé á jafnskömmum tíma til málaflokksins eins og sú ríkisstjórn sem nú situr.

[14:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Enn þá vantar mikið á að við getum sagt að við stöndum jafnfætis öðrum Norðurlandaþjóðum þegar við erum að bera saman réttindi og fjárstuðning við fjölskyldur langveikra barna. Þó að mikið hafi áunnist og víða verið komið við eins og hæstv. ráðherra hefur lýst og nýlega hafi verið gerð reglugerðarbreyting þá hefur sú reglugerð því miður ekki verið kynnt betur en svo að hún hefur farið fram hjá mér eins og fleirum. Maður þakkar það sem gert er, en mikið vantar upp á. En það er almennur vilji til úrbóta, það vitum við öll. Það þarf að koma kjarabótum foreldra langveikra barna inn í almenna kjarasamninga. Það þarf að auka rétt foreldra til að vera með langveikum börnum og það séu ekki eingöngu 7–10 dagar sem þeir megi vera heima á launum heldur þarf að lengja þann tíma.

[14:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna því að hæstv. heilbrrh. tekur undir þá tillögu sem ég og fleiri höfum flutt í nokkur ár á þingi að auka þurfi rétt foreldra til launa vegna veikinda barna sinna. Undir það hefur líka verið tekið í umsögn frá félmrn. þannig að ég vænti þess að sú tillaga verði samþykkt vegna þess að það þarf að vinda sér í þetta verkefni. Það er til skammar hvernig þessum málum er háttað hér að þetta séu einungis 10 dagar óháð barnafjölda, þ.e. veikindaréttur foreldra vegna barna. Hann er margfalt meiri eins og við þekkjum á Norðurlöndum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún telji að komi til greina að tengja þann rétt til launa vegna langveikra barna fæðingarorlofslöggjöfinni þannig að foreldrar fengju þá t.d. sama rétt og foreldrar vegna þeirra barna sem eru veik en þá er hægt að framlengja fæðingarorlof. Telur hæstv. ráðherra að rétt væri að skoða það og láta þann rétt ná líka til foreldra langveikra barna þannig að þau gætu haft laun í lengri tíma en þessa 7–10 daga þegar börn þeirra eru veik?

[15:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp. Mér finnst brýnt að tryggja að foreldrar langveikra barna verði ekki fyrir tekjumissi og verði ekki fyrir réttindamissi. Það þýðir að það gæti þurft að mismuna í greiðslum til foreldra, en að sama skapi yrði þá að mismuna í innkomu inn í tryggingakerfið sem yrði reist. Ég hef sett fram þá hugmynd sem hefur verið rædd innan BSRB að þetta yrði gert í gegnum fæðingarorlofssjóðinn og rétturinn þannig tryggður. Og ég fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrrh. tók ómakið af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og svaraði því í ræðu sinni að hún sæi þetta sem raunhæfan kost í stöðunni. Ég vil þess vegna sérstaklega fagna því að hæstv. ráðherra tekur undir þær tillögur sem voru settar fram af hálfu BSRB og ég hef áður gert grein fyrir því í fjölmiðlum, því að þarna held ég að sé komin raunhæf leið til úrbóta.

[15:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu. Þetta er vissulega þarft mál og nauðsyn að lausn fáist á svo allir megi nú sæmilega sáttir við una. Það kom hins vegar fram hjá hæstv. heilbrrh. sem ég vænti að hv. þingmenn hafi tekið eftir að aldrei hefur jafnmiklu fjármagni neinnar ríkisstjórnar verið varið til þessa málaflokks eins og nú. Ég tel hins vegar að það sé alveg rétt eins og fram hefur komið hjá þeim hv. alþm. sem hafa tekið til máls undir þessum lið að við eigum að beina þessu máli á vinnumarkaðinn. Það er eðlilegt ef meira á að gera að málið komi þaðan ásamt því sem auðvitað verður skoðað, eins og hér hefur verið komið inn á, tengingu við fæðingarorlof. Hins vegar vara ég við því að ganga of langt í þá áttina. Þar hefur áunnist réttarbót sem allir eru mjög sáttir við og við eigum að gæta þess að rýra ekki þann rétt sem þar hefur áunnist. Þess vegna er eðlilegt að þetta sé sérstaklega skoðað og verkalýðshreyfingin komi inn í þetta mál.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur spunnist út af þessari fyrirspurn og þakka svör ráðherrans. Það er vissulega rétt að það hefur ýmislegt verið gert í málefnum langveikra barna undanfarið og er það vel. Aftur á móti vantar þó nokkuð upp á. Við stöndum mun aftar en nágrannaþjóðir okkar í þeim efnum að foreldrar fá ekki greitt þegar þeir eru frá vinnu vegna veikinda barna sinna nema þessa 7–10 daga og ég fagna því ef farin verður sú leið að veita sambærilega greiðslu og í fæðingarorlofslögunum og vonast til þess að ráðherra verði við því.

Aftur á móti vil ég gera aftur að umtalsefni ferðareglurnar fyrir börnin sem þurfa að fara til útlanda í aðgerðir og var

þar að ræða um hjartveiku börnin. Hæstv. ráðherra fór yfir reglurnar og sagði að yfirleitt væri borgað fyrir báða foreldra við slíka aðgerð, en það væri þó matsatriði. Það þyrfti að vera alveg skýlaus réttur beggja foreldra að fara út með barnið sitt í hjartaaðgerð. Þetta eru ekki nema kannski 10–15 börn á ári sem þurfa að fara í slíka aðgerð til útlanda. Það eru um 50 börn sem fæðast á ári hverju hjartveik og þar af eru 10–15 börn sem þurfa að fara í aðgerð. Þeir foreldrar sem ekki fá greiðslu fyrir báða foreldrana út lenda auðvitað í miklum aukalegum kostnaði sem leggst ofan á áhyggjur þeirra og annað sem íþyngir þeim vegna veikinda barna þeirra. Þess vegna vildi ég, herra forseti, óska eftir því við hæstv. ráðherra að hún skoðaði það að þessir foreldrar fengju greiðslur fyrir báða foreldra þegar farið er utan í slíkar aðgerðir.

En ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur vel í að auka réttinn til veikindaleyfis og greiðslna til foreldra vegna veikinda barna sinna, eins og hún hefur gefið hér í skyn, og væri gott að fá það í lokasvari hæstv. ráðherra hvenær hún hyggst koma því í framkvæmd að þessir foreldrar fái sambærilegar greiðslur og foreldrar í fæðingarorlofi og þann rétt sem er á Norðurlöndum.

[15:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við megum ekki gleyma því að við erum komin fram úr Norðurlandaþjóðunum varðandi ýmis málefni langveikra barna. Og við erum líka komin dálítið langt fram úr þeim varðandi feðraorlof til að mynda og fæðingarorlofsfrv. sem hér var samþykkt ekki alls fyrir löngu er nokkuð sem engin önnur þjóð hér í kringum okkur getur stært sig af þannig að við megum ekki alltaf tala eins og við séum síðust af öllum síðustu, því við erum nefnilega fremst af öllum fremstu á mörgum sviðum.

Hér hefur verið talað um að það sé nauðsynlegt að atvinnulífið og ríkið taki höndum saman varðandi lengra orlof fyrir foreldra langveikra barna, svipað og við tókum höndum saman um fæðingarorlofið og feðraorlofið. Það er alltaf spurning hvað við getum farið hratt í sakirnar eins og hér hefur komið fram. Við höfum farið mjög hratt í þessi mál og munum halda áfram að vinna að þeim af fullri festu og alvöru. Og þess er ekki langt að bíða, ef við höldum áfram eins og fram horfir, að við verðum fremst á þessu sviði líka. Við Íslendingar erum bara yfirleitt ekkert ánægð með neitt annað en að vera fremst í flokki. Til þess þurfum við að sjálfsögðu að leggja mikið í sölurnar en við þurfum að vinna saman, ríkið og atvinnureksturinn hvað þetta varðar. Það hefur einmitt komið mjög vel fram í fjölmiðlum undanfarið að það er ekkert mjög einfalt, t.d. fyrir smærri atvinnurekstur að taka þetta á sig alfarið, og þess vegna verður þetta að vera samstarfsverkefni ríkis og atvinnulífs.

Forvarnir.

Fsp. RG, 508. mál. — Þskj. 795.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég spyr um afstöðu hæstv. heilbrrh. til þess að sameina áfengis- og vímuvarnaráð og tóbaksvarnanefnd, sameina þannig fjármagn og verkefni sem beinast að vörnum gegn vímu- og ávanaefnum undir einum hatti. Tilefni fyrirspurnarinnar eru umræður á mjög áhugaverðum kynningarfundi áfengis- og vímuvarnaráðs, sem okkur þingmönnum var boðið til fyrir viku. Þar var fjallað um forvarnir og m.a. verkefni sem Forvarnasjóður veitir til. Þarna kom fram að umsóknir í Forvarnasjóð nema 140 millj. kr. í ár, en sjóðurinn hefur til úthlutunar af framlagi sínu um 40 millj. kr. Álíka fjárhæð fer í rekstur og bundin verkefni, svo sem 10 millj. sem fara til áfangaheimila og spunnust umræður um hvort binda ætti slíkan rekstur hjá Forvarnasjóði. Ég vil sérstaklega benda á þessa athugasemd.

Notkun á einu ávanabindandi efni getur leitt ungt fólk til að nota sterkari efni og á það við bæði um áfengi og tóbak. Þá vaknar spurningin hvers vegna við séum með það sem sérstakt verkefni að vinna gegn tóbaksreykingum með fjárveitingu upp á 40 millj. kr., sem er áþekk fjárhæð og er til úthlutunar úr Forvarnasjóði. Ég geri mér grein fyrir að tóbaksvarnanefnd beinir spjótum að öllum aldurshópum, með auglýsingum, heimasíðu, skólakynningum, bæklingum o.s.frv., en varla er það nægileg ástæða til að vera með svo skylda starfsemi á tvennum vígstöðvum með tilheyrandi rekstrarkostnaði.

Í frv. til nýrra tóbaksvarnalaga eru nýjar áherslur sem útheimta munu enn meira fjármagn, svo sem skólafræðslan og eftirlit með sölustöðum, hvort tveggja beinist gegn yngri aldurshópum. Mál eins og það sem ég er að reifa hér og spyrja ráðherrann um, án þess að hafa tekið afdráttarlausa afstöðu í því sjálf á þessari stundu, er í rauninni ekki hægt að ræða í bróðerni í aðdraganda fjárlaga eins og við gerum oftast, vegna spennunnar sem þá myndast á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Hins vegar er þetta mjög góður tímapunktur til að velta málinu upp þegar setja á nýjan lagaramma um starfsemi annars þáttarins, þ.e. tóbaksvarnanefndina. Það er mjög mikilvægt að nýta vel það fé sem er til ráðstöfunar til þessara mála og áleitin spurning hvort betur megi gera.

Það var mjög áhugavert að heyra hugmyndir áfengis- og vímuvarnaráðs t.d. um reynslusveitarfélög þar sem reynt yrði að taka alhliða á öllum þáttum í umhverfi barns, en þeim finnst líka að þeir þurfi meira fjármagn.

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka sérstaklega fyrir þessa fyrirspurn. Ég er alveg sammála hv. þm. að það er rétt að ræða einmitt þessi mál á rólegum tímum. Ef við tökum forvarnirnar eins og þær koma fyrir, þá var Forvarnasjóður settur á laggirnar 1995 og er á vegum áfengis- og vímuvarnaráðs í dag. Tóbaksvarnanefnd er miklu eldri. Ætli tóbaksvarnanefnd sé ekki í kringum 30 ára gömul stofnun. Þarna var því um tvær ólíkar stofnanir að ræða þó að þær séu náttúrlega að keppa að sama markmiði. Og þegar áfengis- og vímuvarnaráð var stofnað fannst mér ekki rétt að steypa tóbaksvarnanefnd með vegna þess að við höfum afskaplega góða reynsu af tóbaksvarnanefnd og við vildum fyrst fá reynslu af áfengis- og vímuvarnaráði. Nú höfum við fengið þessa reynslu og hún er góð, og því teljum við tímabært að steypa þessu saman.

Ég tek sem dæmi um hve við höfum góða reynslu af tóbaksvarnanefnd, sem hefur unnið mjög náið með Krabbameinsfélaginu, að í kringum 1985 reyktu 40% Íslendinga en í dag reykja um 24% Íslendinga. Árið 1996 var þessi tala um 30%, þannig að þarna sjáum við mjög góðan árangur. Við erum með forvarnir á svo geysilega mörgum sviðum og okkur ber að vinna betur saman, alveg sama hvort við erum að tala um heilsueflingu, slysavarnir, kynfræðslu, sóttvarnir,

geðvernd, tannvernd, svo eitthvað sé nefnt. Við leggjum töluverða peninga í allt þetta. Og þó að ungbarnaeftirlit og mæðravernd eigi kannski ekki endilega að vera undir sama hatti og tannheilsuvernd eða manneldi, þá er þetta samt mikilvæg starfsemi sem mikilvægt er að sé ekki langt hver frá annarri. Því kallaði ég til mín í fyrrasumar alla þá sem eru að vinna að forvörnum almennt, sem er geysistór hópur, til að heyra álit þeirra á því hvernig við gætum sameinað forvarnir almennt undir einni regnhlíf, það sem ég hef áður talið upp, í einni forvarnastöð. Það er mikill áhugi á því, auðvitað mismikill, en það er áhugi á því að þessir þættir vinni enn nánar saman. Og ég er alveg viss um að við getum nýtt fjármagnið sem við leggjum til þessara mála miklu betur ef við værum með þau undir sama hatti.

Það er alveg rétt eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hér áðan, að t.d. tóbaksvarnir og aðrar vímuvarnir eiga náttúrlega afskaplega vel saman. Það fé, milli 40 og 50 millj., sem við erum að setja til tóbaksvarna og annað eins til áfengis- og vímuvarna mundi nýtast betur undir sama hatti. Og þó að ég telji að þessir aðilar hafi unnið alveg geysilega þarft og gott starf og nýtt sína fjármuni vel, þá er hægt að gera það enn betur.

Ég tek því undir þetta hjá hv. þm. og minni á það að á alþjóðavettvangi hefur verið rætt um að 21. öldin verði öld forvarna og heilsuverndar og að aukin þekking geti og eigi að leiða til betra heilsufars.

Það hefur verið lögð fram þáltill. á Alþingi, um heilbrigðisáætlun sem á að gilda til næstu tíu ára, sem einmitt er ýmislegt í sem hér hefur verið fjallað um fyrr í dag.

[15:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Á þessum tíma er eins og fram hefur komið, gott að ræða þetta hér í rólegheitunum. Mér finnst vera mikill munur á því, herra forseti, hvort við erum að tala um að sameina áfengis- og vímuvarnaráð og tóbaksvarnanefnd í eitt forvarnaráð, eða hvort við erum að tala um að efla starf þessara nefnda með því að finna þeim samastað í forvarnastöð, þ.e. undir sama þaki.

Það er nú þannig að tóbakið er ekki forgangsverkefni þegar við erum að tala um vímu- og fíkniefnavarnir, það lendir fyrir aftan sterku, ólöglegu efnin, jafnvel fyrir aftan áfengið. Ég óttast því að ef þetta yrði allt sett í einn pakka þá yrði forgangsröðin áfram sú sama og að þessar 40 eyrnamerktu milljónir, sem nú fara í mjög víðfeðmar tóbaksvarnir, mundu ekki nýtast til tóbaksvarna.

[15:16]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er hreyft verðugu efni. Það er verið að leita eftir afstöðu ráðherra til þess að sameina áfengis- og vímuvarnaráð og tóbaksvarnanefnd. En vel að merkja hafa báðar þessar nefndir sérstaklega gert það að viðfangsefni sínu að beina vinnu sinni að börnum og unglingum. Það hefur sýnt sig að veruleg tenging er á milli þessara tveggja þátta. Það er mjög oft sem krakkar byrja á að reykja og fara síðan út í áfengi og önnur vímuefni þannig að árangur á einu sviði leiðir til árangurs á öðru sviði. Ég held því að sé mjög verðugt að íhuga það að sameina þessa tvo þætti. Við getum líka séð þá ánægjulegu staðreynd að þessar áherslur nefndanna hafa gert það að verkum að við erum að ná árangri. Tóbaksneysla hjá ungmennum hefur minnkað og áfengisneysla hefur jafnframt minnkað.

[15:17]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það að þetta ætti að verða miklu markvissara starf ef þetta væri sameinað. Þarna er um mjög skylda starfsemi að ræða og það verður að líta til þess að tóbaksvarnanefnd hefur náð mjög miklum árangri í skólunum t.d. Það þurfa allir að vinna saman, bæði heimilin og skólinn og allir þeir sem koma að uppeldi barna og unglinga þurfa að vera samtaka um það hvernig eigi að bregðast við og hvernig eigi að koma í veg fyrir neyslu barna og unglinga á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Það er eins og hv. þm. Ásta Möller sagði, að oft er það einmitt tóbaksnotkunin sem kemur fyrst og svo annað á eftir.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Samvinna áfengis- og vímuvarnaráðs og tóbaksvarnanefndar er óbein, það hefur komið fram, bæði á þessum fundi sem ég vísaði til og jafnframt í samtölum sem ég hef átt við starfsfólk þessara stofnana. En starfsemin byggir samt á sama hugmyndagrundvelli. Og ég er afskaplega ánægð að heyra viðhorf ráðherrans til þeirrar fyrirspurnar sem ég ber hér fram. Við erum líka sammála um að beina meira fjármagni til að afstýra í stað þess að aðalkostnaðurinn sé við að takast á við sívaxandi afleiðingavandamál, það finnst mér vera rétt stefna. Og mér finnst gaman að því hvað þeir sem hér hafa talað frá hinum ólíku flokkum eru sammála í þessu máli.

Við viljum vernda börnin. Þau byrja mjög ung hérlendis að nota áfengi og tóbak. Þau sem það gera drekka oft illa og við vitum að afleiðingar þess geta orðið ýmiss konar klandur eða líka veruleg tragedía.

Það þarf að taka á þessum málum með nýjum hætti og það hefur verið gert, reyndar bæði af tóbaksvarnanefnd og áfengis- og vímuvarnaráði. Það er verið að reyna að taka upp meiri samvinnu við heimaslóðina. Ég vil enn og aftur koma því að af því ég sat þing Sameinuðu þjóðanna um þessi mál fyrir nokkrum árum og þar voru fyrirlesarar mjög víða að úr heiminum sem allir sögðu að ef það ætti að nást árangur þá yrði meginvinnan í þessum málum að fara fram á heimaslóð. Það er svo einfalt. Skólinn, íþróttafélögin, áhugafélögin og einmitt að þessu koma bæði tóbaksvarnanefnd og vímuvarnaráð. Það er óþarfi að þessir aðilar séu að koma hver á eftir öðrum, það á að reyna að vinna þetta saman og ég held að ráðherrann sé á alveg réttri leið með það að ætla að reyna að koma öllum eða sem flestum forvörnum undir eitt forvarnaþak. Þess vegna vildi ég óska að við hefðum haft lengri tíma til að ræða þetta mál.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er að ýmsu að hyggja þegar rætt er um forvarnir. Vegna þess að minnst var á Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og hver væri stefna þeirrar stofnunar í forvörnum, þá vil ég endilega geta þess að varðandi áfengi og tóbak er það stefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að minnka aðgengi að tóbaki og minnka aðgengi að áfengi. Eftir því sem aðgengi að tóbaki og áfengi er minna, er talið að minna sé drukkið og minna reykt, sérstaklega af ungu fólki.

Þetta dregur kannski hugann að því að fyrir Alþingi liggur þáltill. um það að auka aðgengi að áfengi í matvöruversl-

unum. Við höfum verið í baksi með það að forðast það að unglingum sé selt tóbak undir 18 ára aldri. Ég verð því að segja alveg eins og er að ég óttast það mjög að erfitt verði að forðast það að selja unglingum innan við lögaldur áfengi í matvöruverslunum og ég held að einmitt þeir þingmenn sem eru að hugsa um forvarnir ættu að huga að þessu líka því að þetta er það sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint til allra aðildarlanda sinna. Þess vegna er nefnilega ekki nógu gott að segja „A" hér og segja svo bara „Ö" hinum megin og hafa ekkert þar á milli.

Spilliefni.

Fsp. GHall, 466. mál. — Þskj. 745.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Í ágúst 1989 var í fyrsta sinn sett í reglugerð skilgreining á umhverfislega óæskilegum efnum, eða svokölluðum spilliefnum. Á höfuðborgarsvæðinu hófst móttaka spilliefna í ársbyrjun 1990. Hér hefur verið stigið stórt og merkilegt spor á sviði umhverfismála sem hefur vakið athygli í nágrannaríkjum okkar og erlendir aðilar hafa komið til landsins til að kynna sér hvernig Íslendinga fara með spilliefnin. Íslendingar eru sér þess meðvitaðir í æ ríkari mæli hve mikil ógn getur stafað af ef ekki er rétt á haldið varðandi þau spilliefni sem til falla hér á landi.

Herra forseti. Vegna þessara hugrenninga hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. umhvrh. á þskj. 745:

1. Hvað hefur mikið fallið til af spilliefnum hér á landi sl. þrjú ár:

a. í föstu formi,

b. í fljótandi formi?

2. Hvernig er spilliefnum eytt? Hve mikið af þeim er flutt úr landi og hve miklu er eytt hérlendis og þá hvernig?

3. Hvað má ætla að verði mikil aukning spilliefna hér á landi á næstu árum?

[15:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt á þskj. 745:

Í fyrsta lagi: Hvað hefur mikið fallið til af spilliefnum hér á landi sl. þrjú ár:

a. í föstu formi,

b. í fljótandi formi?

Því er til að svara að heildarmagn spilliefna var um 8.500 tonn árið 1998, 9.800 tonn árið 1999 og 12.600 tonn árið 2000. Aukið magn spilliefna milli áranna 1998 og 1999 varð aðallega vegna aukinna skila á úrgangsolíu. Sú aukning sem varð á milli 1999 og 2000 stafar af auknu magni kerbrota frá álframleiðslu.

Varðandi a-lið spurningarinnar, um spilliefni í föstu formi, er því til að svara að árið 1998 féllu til um 3.100 tonn af spilliefnum í föstu formi, 3.400 tonn árið 1999 og 6.300 tonn árið 2000.

Varðandi b-liðinn, um fljótandi spilliefni, þá er því til að svara að árið 1998 féllu til um 5.400 tonn af fljótandi spilliefnum, um 6.400 tonn árið 1999 og 6.300 tonn árið 2000.

Önnur spurning: Hvernig er spilliefnum eytt? Hve mikið af þeim er flutt úr landi og hve miklu er eytt hérlendis og þá hvernig? Því er til að svara að úrgangsolía og kerbrot námu að jafnaði 87% af þeim spilliefnum sem féllu til á árunum 1998–2000. Úrgangsolían var nýtt sem orkugjafi, aðallega í Sementsverksmiðjunni, en eitthvað líka í Funa á Ísafirði og kyndistöðinni í Vestmannaeyjum. Kerbrotin voru urðuð í kerbrotagryfjum við álverin.

Um 1.300 tonn spilliefna var sent úr landi hvert ár til endurvinnslu eða förgunar árin 1998–2000. Útflutningurinn nam því um 13% af þeim spilliefnum sem féllu til á tímabilinu.

Blýrafgeymar vega þyngst í útflutningnum, eða 900–1.000 tonn á ári. Þeir eru sendir til endurvinnslu í Bretlandi og Svíþjóð, en önnur spilliefni sem flutt voru út voru send til Danmerkur og verulegum hluta þeirra var eytt með brennslu.

Þá endurvann fyrirtækið Íslakk í Kópavogi 8–10 tonn af þynni frá lakksprautun á ári á umræddu tímabili.

Þriðja og síðasta spurningin, virðulegur forseti, er svohljóðandi: Hvað má ætla að verði mikil aukning spilliefna hér á landi á næstu árum? Því er til að svara að það er erfitt að sjá fyrir um þróun á magni spilliefna á næstu árum. Með aukinni starfsemi og eflingu iðnaðar í landinu má búast við einhverri aukningu spilliefna. Fyrirsjáanlegt er t.d. að aukin framleiðsla á áli muni leiða til aukningar á kerbrotum.

Mikil aukning hefur orðið á innflutningi rafgeyma og ökutækja sem innihalda rafgeyma á undanförnum árum. Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir að 50% aukning verði í skilum rafgeyma á næstu 5–10 árum, en líftími rafgeyma er langur. Með sífellt aukinni notkun vélknúinna ökutækja og vinnuvéla hefur notkun olíu aukist. Af þeim orsökum má ætla að olíuúrgangur aukist, en á móti kemur að smurolía er sífellt að verða endingarbetri, sem leiðir til færri olíuskipta á vélum.

Aftur á móti dregur stöðugt úr notkun umhverfisskaðlegra efna, enda er það eitt af markmiðum spilliefnagjaldsins. Með aukinni stafrænni myndatöku má t.d. ætla að notkun framköllunarvökva muni minnka verulega. Olíubundnar málningar og lökk eru fremur á undanhaldi fyrir vistvænni afurðum. Notkun prentlita mun væntanlega minnka verulega með tilkomu stafrænnar vinnslu.

Skaðlegar rafhlöður, sem flokkast til spilliefna, hafa verið á hröðu undanhaldi fyrir vistvænni rafhlöðum. Eru þær skaðlegu nú taldar innan við 5% af rafhlöðum sem skilað er og munu væntanlega fara enn minnkandi. Þá er öll notkun kvikasilfurs mjög á undanhaldi og orðin óveruleg miðað við það sem var fyrir fáum árum.

Reikna má með svipaðri notkun varnarefna, ísósíaníða og halógeneraðra efnasambanda á allra næstu árum, en skil gætu aukist með vaxandi beitingu spilliefnagjaldsins.

[15:28]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þetta var þörf fyrirspurn. Fram kom í máli ráðherra að það er heilmikið magn af spilliefnum hér á landi. En það gildir að hið fornkveðna, að endurnýta, endurvinna og nota minna, verður að vera okkar leiðarljós í meðferð alls úrgangs. Spilliefnin leynast svo víða, þau leynast líka á heimilunum. Hér hefur verið farið yfir olíuúrgang og rætt um kerbrot, en við verðum líka að muna eftir því að spilliefni eru á heimilinum, rafhlöðurnar voru gott dæmi um það, málning og terpentína, ótal hlutir, hversdagslegir hlutir, sem við

þurfum öll að gæta að að flokka. Við þurfum að endurnýta, endurvinna og nota minna.

[15:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. umhvrh. hefur Sementsverksmiðjan nýtt stærstan hluta úrgangsolíu sem til fellur og þar hefur tekist afskaplega vel til, menn hafa slegið tvær flugur í einu höggi, bæði náð að nýta þennan úrgang og í leiðinni að stórlækka orkukostnað Sementsverksmiðjunnar og gera rekstur hennar hagstæðari fyrir bragðið. Þar hefur tekist vel til. Þar er einnig í athugun frekari vinnsla á úrgangsefnum, fyrst og fremst á hjólbörðum, jafnvel líka á rúllubaggaplasti. Tæknimenn Sementsverksmiðjunnar hafa verið í viðræðum við þar til bær yfirvöld og ráðuneyti varðandi þessi efni og ég vona að þar megi einnig nást góður árangur. Það skiptir auðvitað máli að þetta sér gert í góðum friði við umhverfið. Nágrannarnir hafa auðvitað nokkrar áhyggjur af því að fara eigi að brenna hjólbarða, en verið er að leita leiða til að gera það þannig að það skaði ekki umhverfið og ég held að ef árangur næst í því, þá væri það til mikilla bóta.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hennar. Athyglisverð svör að mörgu leyti. Sannleikurinn er sá að menn hafa verið að búast við því að aukning á spilliefnum væri í miklu meira mæli en hér kom fram. Og af því hv. þm. Katrín Fjeldsted kom inn á þau spilliefni sem væru á heimilum er rétt að benda á það sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. hve það er orðið miklu minna magn af rafhlöðum, eða innan við 5% af öllum rafhlöðum sem skilað er, sem flokkast sem spilliefni, þannig að hér kemur margt athyglisvert fram. Eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni um eyðslu úrgangsolíu í Sementsverksmiðjunni á Akranesi er það merkt framtak sem þar er unnið. Í stað þess að eyða miklu fé í að flytja óhreinsaða olíu út aftur er hún brennd í Sementsverksmiðjunni á Akranesi.

Við sjáum líka alla þá hauga notaðra hjólbarða sem safnast hér upp og það er vissulega mjög athyglisvert ef tekið verður á því máli og þeim eytt.

Ég vil að lokum einnig minna á það svar sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. að aðeins 13% af þeim spilliefnum sem til falla hér á landi eru flutt út aftur. Verulegur árangur hefur því náðst í að eyða spilliefnum hér á landi. Ég vil endurtaka þakkir mínar til umhvrh. fyrir ítarlegt svar hennar.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Katrínar Fjeldsted að heimilin þurfa auðvitað líka að vera virk í þessum málaflokki. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fyrirspyrjandi minntust á málefni Sementsverksmiðjunnar, og það er rétt að það er mjög sniðug leið að láta Sementsverksmiðjuna taka úrgangsolíuna og nýta hana. Það er ekki bara gott fyrir umhverfið vegna skaðans sem úrgangsolían veldur í umhverfinu, heldur er það líka gott fyrir Sementsverksmiðjuna, þannig að þetta er svona „win-win" staða eins og það heitir á ensku, vinnings-staða, það græða allir á þessu að hafa málin í þeim farvegi.

Einnig var minnst á hjólbarða og rúllubaggaplast. Á miðju næsta sumri þurfum við að uppfylla ákveðnar aðgerðir í sambandi við tilskipanir frá Evrópusambandinu um endurvinnslu og endurnýtingu á úrgangi. Verið er að vinna núna frv. í ráðuneytinu varðandi þau mál og ég vona að það komi inn í þingið bráðlega þar sem við munum freista þess að koma upp nýju skipulagi með umbúðir sem tryggir það að við getum staðist tilskipanir Evrópusambandsins. Við þurfum þá að skora á ákveðinn hátt í ýmsum flokkum af umbúðaúrgangi. Við þurfum að ná ákveðnum prósentum í endurvinnsu eða endurnýtingu. Og við þurfum einnig í leiðinni að skoða rúllubaggaplast og hjólbarða og hugsanlega bíla, þ.e. bílflök. Ég býst því við að þessi mál verði mjög til umræðu á næstunni í samfélaginu, hér í þinginu, hjá sveitarfélögunum og hjá þeim sem málið varðar.

Flutningur verkefna eða stofnana til landsbyggðarinnar.

Fsp. KLM, 463. mál. — Þskj. 742.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Iðn.- og viðskrn. og ráðgjafarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers ehf. gerðu með sér verksamning um úttekt á sjö stofnunum ráðuneytisins með tilliti til þess hvort hægt sé að flytja starfsemi þeirra eða einstök verkefni að hluta til eða í heild sinni út á landsbyggðina. Stofnanirnar sem um er að ræða eru eftirfarandi: Fjármálaeftirlitið, Iðntæknistofnun, Löggildingarstofan, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Samkeppnisstofnun, Einkaleyfastofan og Orkustofnun.

Verkefnið var m.a. liður í því að uppfylla ákvæði þál. um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Ég vek athygli á því, herra forseti, að ráðuneyti byggðamála var fyrst að láta hefja þá vinnu seint á síðasta ári. En í þessari þál. segir m.a., með leyfi forseta:

„Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Greining ráðgjafa PricewaterhouseCoopers fólst fyrst og fremst í því að koma auga á þá þætti sem hafa áhrif á að hægt sé að færa verkefni úr stað og telja upp þau tækifæri sem finna á innan hverrar stofnunar. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessa skýrslu. Ég tel að hún sé mjög vel unnin, en það verður að segja alveg eins og er að þetta er enn ein skýrslan um möguleika á að flytja störf eða stofnanir frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðarinnar sem hefur verið að tapa mörgum störfum.

Einnig má benda á að í september 1999 var unnin skýrsla um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni, sem var forverkefni sem unnið var fyrir Byggðastofnun, forsrn. og Iðntæknistofnun. Þá voru mörg og fögur orð höfð um þessa skýrslu. M.a. sagði hæstv. forsrh. að þarna væri á ferðinni ný hugsun og ný vinnubrögð sem ættu að gagnast landsbyggðinni til sóknarfæra í atvinnu- og byggðamálum, þarna væri því um að ræða virka byggðastefnu. Ég bið síðan hv. þm. að hugsa til þeirra starfa sem bent er á í þeirri skýrslu, hvert þau hafa verið flutt. Ég held að ekki eitt einasta starf hafi verið flutt.

Herra forseti. Vegna þeirrar skýrslu sem unnin var fyrir iðnrn. hef ég leyft mér að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Hversu mörg störf eru ekki staðbundin við höfuðborgarsvæðið og mætti þar með flytja út á land samkvæmt úttekt ráðgjafarfyrirtækisins PricewaterhouseCoopers ehf. á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til landsbyggðarinnar?

2. Hvernig ætlar ráðherra að fylgja þessari úttekt eftir þannig að einhver störf flytjist út á land?

Herra forseti. Það er nú kannski aðalatriðið sem felst í seinni spurningunni. Hér er komin fram enn ein skýrslan. Hvernig á að vinna úr þessu? Um það fjallar fyrirspurnin.

[15:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svarið við fyrri spurningu hv. þm. er eftirfarandi:

Síðasta sumar fól ráðuneytið ráðgjafarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers að gera athugun á flutningi einstakra verkefna eða stofnana sem starfa á sviði iðn.- og viðskrn. út á land. Verkinu lauk um síðustu áramót og hefur skýrslan verið kynnt í ríkisstjórn og gerð opinber á heimasíðu iðnrn. Alls náði athugunin til sjö stofnana, þ.e. Einkaleyfastofu, Fjármálaeftirlitsins, Iðntæknistofnunar, Löggildingarstofu, Orkustofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Samkeppnisstofnunar.

Skýrslan var unnin í samræmi við þál. um stefnu í byggðamálum 1999–2001, en þar segir: „Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Við lestur skýrslunnar ber að hafa í huga að hér er ekki um að ræða hagkvæmniathugun. Vinna ráðgjafarfyrirtækisins beindist fyrst og fremst að því að koma auga á hvort hægt er að flytja þau verkefni sem unnin eru á vegum þeirra stofnana sem athugunin náði til út á land. Í þessari vinnu voru viðmiðin tvö, hið fyrra var hversu staðbundin starfsemi viðkomandi stofnunar er við höfuðborgarsvæðið að mati ráðgjafarfyrirtækisins, hið síðara var hvort störf í stofnuninni krefjist mikillar sérfræðimenntunar og reynslu.

Samandregnar tillögur ráðgjafarfyrirtækisins eru:

Að símaþjónusta og útgáfu- og kynningarmál, viðhald heimasíðna og gagnagrunna, gagnavinnsla og þýðingarvinna allra stofnana sem heyra undir iðn.- og viðskrn., verði færð til einnar eða fleiri stofnana eða fyrirtækja á landsbyggðinni þar sem því verður við komið.

Kannað verði í hve miklum mæli menntastofnanir á háskólastigi og framhaldsskólar á landsbyggðinni geti tekið að sér námskeiðahald fyrir þær stofnanir sem athugunin náði til.

Athugað verði hvort eftirlitsstofnanir á landsbyggðinni, einstök útibú eða fyrirtæki geti tekið við ýmsum eftirlitis-, prófunar- og mælingaverkefnum sem nú eru unnin á vegum framangreindra stofnana.

Að gerð verði hagkvæmniathugun á því að flytja starfsemi Einkaleyfastofunnar út á land, sem og vatnamælingadeildar Orkustofnunar.

Enn fremur lögðu skýrsluhöfundar til að könnuð yrði hagkvæmni þess að flytja hluta af Impru út á land, en hér er um að ræða frumkvöðlaverkefni sem er vistað hjá Iðntæknistofnun.

Ekki hefur verið lagt mat á það hversu mörg störf það eru sem ekki eru staðbundin við höfuðborgarsvæðið í þeim sjö stofnunum sem athugunin náði til.

Síðari spurningin er: „Hvernig ætlar ráðherra að fylgja þessari úttekt eftir þannig að einhver störf flytjist út á land?"

Samningar iðn.- og viðskrn. um árangursstjórnun við framangreindar stofnanir eru lausir. Ráðuneytið hefur ákveðið að í tengslum við gerð nýrra þriggja ára samninga, verði hverri stofnun fyrir sig sett markmið um flutning verkefna út á land. Skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins verður lögð til grundvallar við þá samningagerð.

[15:41]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Flutningur opinberra starfa út á land er ræddur af og til hér á Alþingi og óhætt að segja að hér sé víðtækur stuðningur við það að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. En það er hins vegar auðveldara um að tala en í að komast og við höfum séð það að jafnan þegar eitthvað er gert í þá veru eru viðbrögðin hörð. Við minnumst viðbragða við flutningi Landmælinga til Akraness þar sem starfsmenn, verkalýðsleiðtogar og fjölmiðlar veittust mjög hart að stjórnvöldum fyrir þann flutning. Þar hefur sem betur fer tekist afskaplega vel til og stofnunin verið á mikilli uppleið síðan hún var flutt. Sama er uppi á teningnum við flutning Byggðastofnunar til Sauðárkróks í tveimur áföngum og sýnist það þó eðlilegur flutningur, þar sem er beinlínis kveðið á um það í lögum að starfssvæði Byggðastofnunar sé allt landið nema höfuðborgarsvæðið og eðlilegt að höfuðstöðvarnar séu á starfssvæði stofnunarinnar.

Ég held að hæstv. samgrh. hafi staðið afskaplega skynsamlega að málum þegar hann lagði það fyrir forstöðumenn allra þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneyti hans að gera tillögur um hvað af störfunum í þeim stofnunum væri hægt að flytja út á land. Niðurstaðan var kynnt í síðustu viku. Þar er um verulegan fjölda starfa að ræða og ég held að þessi aðferð sé líklegust til árangurs og líklegust til að skapa frið um flutning starfa út á land.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er góðra gjalda vert og hárrétt að vinna að því að flytja verkefni af Reykjavíkursvæðinu út á land. En hitt er enn mikilvægara að styrkja það starf og þær stofnanir sem fyrir eru úti um land með fjárframlögum og flytja til þeirra verkefni, þannig að þær geti eflst á sínum forsendum og þannig aukið fjölda starfa úti um land.

Ég verð því að harma þá stefnu hæstv. samgrh. að loka t.d. pósthúsum vítt og breitt um landið og segja þar upp fólki í staðinn fyrir að reyna að efla störf í kringum það. (**Gripið fram í:** Samgrh. gerði það ekki.) Hann er yfirmaður póstmála í landinu og ber ábyrgð á þeim málaflokki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hæstv. forseti.

En meginmálið er líka að styrkja þær stofnanir sem eru úti um landið til að taka að sér aukin verkefni. Það er byggðastefna.

[15:44]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Mig langar að geta þess að á síðasta ári var skrifstofa jafnréttismála flutt norður á Akureyri þrátt fyrir að mjög margir væru á móti því. (Gripið fram í.) Af

því hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefnir þetta — það er alltaf verið að reyna að reka fleyg á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar og ég sé ekki betur en að borgarstjórinn hafi gert það. Ég las grein í Morgunblaðinu í morgun eftir dr. Guðrúnu Pétursdóttur þar sem hún hefur eftir borgarstjóra á borgarstjórnarfundi að hagsmunir landsbyggðarinnar í málefnum Reykjavíkurflugvallar byggist á sektarkennd hins brottflutta sveitamanns. Svona málflutningur á ekki að heyrast. Við erum ein þjóð í þessu landi.

[15:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er af og til rætt um flutning stofnana út á landsbyggðina. Við megum passa okkur á því að stilla þessu ekki upp með þeim hætti að landsbyggðin og Reykjavík séu einhverjir sérstakir óvinir. Langt í frá. Við erum ein þjóð í einu landi og við eigum að kappkosta að nýsköpunin flytjist sem allra mest út á landsbyggðina. Ég er mjög glaður yfir því að stofnun eins og Byggðastofnun skuli vera færð út á land vegna þess að Byggðastofnun er auðvitað landsbyggðarstofnun. Það kom hér fram áðan að oft verða gríðarlegir hvellir þegar verið er að flytja rótgrónar stofnanir út á landsbyggðina, og voru Landmælingar nefndar í því sambandi, en það er afar gaman að koma í þá stofnun á Akranesi og sjá hve myndarlega í raun og veru hefur verið staðið að verki. Við eigum því auðvitað að kappkosta að öll nýsköpun sem á sér stað færist út á land og ég tel að markmiðssetning iðnrh. í þessum efnum sé mjög góð eins og kemur fram í skýrslunni.

[15:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar svona umræður fara fram hér á hv. Alþingi, þá gætum við haldið starfsemi væri að snjóa út um land. En það hefur aldeilis ekki verið að gerast. Því miður. Það sem hins vegar hefur verið að gerast er að menn hafa farið í svokallaðar hagræðingaraðgerðir hjá ýmsum stofnunum á vegum ríkisins og störfum hefur fækkað úti á landi og til stendur að halda því áfram. Og ég spyr hæstv. ráðherra:

Er það ekki hluti af stefnumörkuninni hjá ríkisstjórninni að þar sem slíkar hagræðingaraðgerðir eiga að fara af stað sé séð til þess að störfum fækki ekki og það komi a.m.k. jafnmörg störf í staðinn fyrir þau sem eru lögð niður?

Mér fyndist að það væri lágmarkið þegar menn hafa uppi sífelldar yfirlýsingar um það að vilja stuðla að því að störf flytjist út á land, að þar sem ríkið er að draga saman komi menn með störf í staðinn, þannig að það verði ekki högg fyrir byggðarlögin eins og það verður á þessum litlu stöðum, þó ekki sé lagt niður nema eitt starf eða hálft.

[15:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á hv. þm. hvernig þeir ræða um atvinnumál Reykjavíkur og hinnar dreifðu byggðar. Þeim finnst eðlilegt og hárrétt að flytja störf frá Reykjavík út á land. En óarðbær störf úti á landi má ekki leggja niður. Þau skulu áfram iðkuð.

Í annan stað er dálítið merkilegt líka að rifja það upp þegar sumir dreifbýlisþingmenn stuðla að því að starfsemi eins og Byggðastofnun flytji að hálfu leyti á Sauðárkrók, og segja svo nokkrum mánuðum seinna: Ja, nú er óarðbær rekstur á Byggðastofnun, þess vegna verðum við að flytja hinn hlutann út á land líka. Í mörgum tilfellum eru hér um störf að ræða sem skipta Reykvíkinga miklu máli, en oftar en ekki tala þingmenn hinnar dreifðu byggðar eins og það skipti ekki nokkru máli með þær fjölskyldur hér sem búa í Reykjavík, en það skipti máli hins vegar með fjölskyldurnar úti á landi ef þær missa störf. En þetta er gagnkvæmt, ágætu þingmenn. Ég hélt að ég hefði samþykkt það sem þingmaður að sjálfsagt væri að stofna ný störf, ný fyrirtæki og ríkisstofnanir úti á landi, en ekki að stuðla að því með þeim hætti sem hér er verið talað um, að það skuli bara drífa allar stofnanir ríkisins út á land, skítt með hvort það sé arðbært eða ekki.

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get eiginlega ekki orða bundist í þessari umræðu um flutning starfa út á land og koma hér aðeins í ræðustól.

Auðvitað ber okkur að auka og fjölga störfum úti á landi, en ég er algjörlega á móti því að vera að flytja heilu stofnanirnar út á land. Og sérstaklega vil ég segja, af því hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist hér á Jafnréttisstofu, að ég tel að það hafi verið mjög misráðið og jafnréttismálin hafi tapað heilmiklu á því að fara út á land, með fullri virðingu fyrir þeim sem þar vinna, því það voru margir sem höfðu mikla reynslu sem fóru ekki með stofnuninni norður.

Aftur á móti varðandi Landmælingar og flutning Landmælinga á Akranes, þá er ég líka ósátt við þá ráðstöfun og vildi gjarnan fá svar við því hér í þessum fyrirspurnatíma hjá hv. ráðherra: Hvað kostaði flutningur Landmælinga til Akraness, þeir flutningar hér í næsta nágrenni? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það fyrst þessi umræða er komin upp.

Ég ætla ekki að svara hér fyrir borgarstjórann í Reykjavík, en það er alveg áreiðanlegt, herra forseti, að ég er algjörlega á móti því að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur út á land.

[15:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er fullkomlega óþolandi að umræður hér í þessum sal fari í þann farveg að tefla höfuðborginni eða þéttbýlissvæðunum sunnan lands á móti landsbyggðinni. Og það er ömurlegt til þess að hugsa hvaða pólitík hefur verið rekin í þessum efnum. Fyrirtækjum er lokað eða þau flutt í burtu og ákveðnu starfsfólki, t.d. miðaldra konum, hent út á götuna, sem eiga hvergi möguleika á að fá vinnu og svo gerast aðrir sambærilegur hlutir úti á landi. Þannig hefur samgrh. lagt niður 60, 70 störf úti á landi og svo kemur flokksbróðir hans hér og les okkur hvað samgrh. ætli að vera ofboðslega duglegur að flytja störf út á land. Málið snýst um það að ný verkefni fari út á landsbyggðina. Að störf sem losna og geta farið út á land, fari út á land. Það snýst um það. Það er stutt síðan við lásum að símavarsla Seðlabankans er komin út á land, væntanlega af því þar var verið að skipta um fólk. Þannig á að gera þetta þegar störf losna.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég fagna því þegar svona kröftugar umræður verða um byggðamál út af einni lítilli fyrirspurn. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar og þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni.

Þegar ég fer í gegnum þessa skýrslu, þá sé ég að það megi hæglega flytja 70–80 störf. Og þá er ég ekkert endilega að tala um að rífa upp stofnanir með húð og hári, heldur að taka hluta af þeim og færa til og nýta upplýsingabyltinguna eins

og svo fallega hefur verið talað um, en lítið verið gert með frá hendi hæstv. ríkisstjórnar.

Það er náttúrlega dálítið kyndugt að lesa það þegar starfsmenn Einkaleyfastofunnar benda á að flytja megi út það starf frá stofnuninni sem er skráning byggðamerkja, sem í skýrslunni kemur fram að er aðeins hluti úr einu stöðugildi. Þetta voru tillögur starfsmannanna. Það er nú sennilega þannig, herra forseti, að embættismennirnir á höfuðborgarsvæðinu halda mest í þessi störf og koma í veg fyrir að ýmislegt af þessu sé gert.

Varðandi aðra spurningu mína þá fjallaði hæstv. ráðherra um árangursstjórnun þessara stofna og allt það, hún sagði markmið hafa verið sett vegna næstu þriggja ára. Herra forseti. Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með að það eigi að taka þrjú ár. Mér sýnist hæstv. ráðherra vera að setja þetta mál beint á núll-punkt aftur, á byrjunarreit. Þetta olli mér vonbrigðum. Ég held að hægt sé að gera þetta á annan hátt og tek það skýrt fram að það má gera líka með því að taka hluta og færa störf þannig til.

Ég bendi á að Kaupþing var ekki flutt í heilu lagi til Siglufjarðar, en störf voru flutt á vegum Kaupþings sem skapa átta störf og er sennilega farsælasta og besta fjarvinnsluverkefni sem gert hefur verið á Íslandi hin seinni ár.

Herra forseti. Því miður er það svo að það eru aðallega einkafyrirtæki sem gera þetta. Nú er Seðlabankinn með eitt eða tvö störf á Raufarhöfn við að svara í síma. Ríkisstofnanir sitja því miður allar eftir og eru ekki að gera neitt. Og þar ber hæstv. ríkisstjórn ábyrgð á vegna þess að hún lætur forstjóra og aðra komast upp með að segja sér fyrir verkum og gera ekki neitt.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, ríkisstjórnin er ekki að gera neitt, segir hv. þm. Kristján Möller. Ég tek nú ekki undir það, en ég er hins vegar alveg örugg á því að eftir að hafa hlustað á flokkssystur hans hér að hann mundi ekki komast langt með þeim í ríkisstjórn, (Gripið fram í.) það er eitt sem er alveg (Gripið fram í.) á hreinu.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill biðja hv. þm. um að gefa hæstv. ráðherra frið til að tala.)

Og mér leikur mikil forvitni að vita hvort hv. þm. tekur þetta ekki annað slagið upp í þingflokki sínum, hv. þm. tekur það gjarnan upp hér í þingsalnum og ekki er ég að kvarta yfir því, en mér finnst að hv. þm. ætti að reyna að vinna þingflokkinn fyrst inn á sitt band áður en hann biður um næstu umræðu alla vega um þetta málefni.

En ég hef nú svolítið lagt mig fram í þessum efnum þó það sé alls ekki nógu mikið. Ég hef m.a. boðað til ráðstefnu þar sem ég ætlaði að leiða saman embættismenn og stofnanir í Reykjavík og fjarvinnslufyrirtæki úti á landi og var það reynt, en lítill árangur varð af því. Síðan var tekin ákvörðun um að flytja Byggðastofnun og það eru þó opinber störf sem flytjast út á land. Byggðarannsóknastofnun hefur verið stofnað á Akureyri. Það hefur verið minnst á Jafnréttisstofu. Orkusjóður fór til Akureyrar og umræður standa yfir um Rarik og fleira mætti nefna. Ekki ætla ég að hæla mér nein ósköp af þessu, en ég vil þó halda því til haga að verið er að vinna að þessum málum. Þetta tekur allt sinn tíma, en það eru ýmsir möguleikar, það er ekki nokkur spurning og þetta gerist ekki í hvelli.

Ég vil ekki taka undir það þegar sagt er að þetta sé allt saman embættismönnum að kenna, ég ætla ekki að frýja mig ábyrgð og segja að það sé embættismönnum að kenna að ekki skuli hafa náðst meiri árangur en raun ber vitni. Mér finnst það bara ósanngjarnt. Ég þekki málið ekki þannig. Hv. þm. taldi það langan tíma að ætla sér að ná þessu fram á þremur árum, mér finnst að það sé árangur ef hann næst, þó hann náist ekki á styttri tíma en þremur árum.

[15:56]

Útbýting þingskjals:

Sjómælingar við Ísland, 455. mál, svar dómsmrh., þskj. 803.

Aðgöngugjöld að þjóðgörðum.

Fsp. ÁMöl, 470. mál. — Þskj. 749.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Þjóðgarðar hér á landi eru í Skaftafelli, í Jökulsárgljúfrum, auk þjóðgarðsins á Þingvöllum. Undirbúningur stendur yfir um stofnun Snæfellsnessþjóðgarðs á þessu ári og Vatnajökulsþjóðgarðs á næsta ári. Ferðamenn hafa ákveðnar væntingar um aðbúnað og umbúnað í þjóðgörðum, t.d. vænta þeir þess að göngustígar séu í góðu ástandi, öruggir og þeim sé vel við haldið, að vegvísar og leiðbeiningar um svæðið séu ítarlegar og allur aðbúnaður til útivistar, svo og viðbúnaður og mannafli vegna hugsanlegra slysa og óhappa sé óaðfinnanlegur. Þjóðgarðar eiga að vera fyrirmynd við skipulag og móttöku ferðamanna á öðrum náttúruperlum landsins.

Því miður á þessi lýsing ekki við um t.d. Skaftafellsþjóðgarð, en umhvn. þingsins sótti hann heim á síðasta hausti. Ástand hans er vægast sagt bágborið. Um 100.000 manns komu í þjóðgarðinn á síðasta ári. Göngustígar eru víða niðurgengnir og sleipir þegar rignir og ágangur hefur aukist á svæðið utan göngustíga. Vegvísar eru til staðar, en ekki nægjanlegir, og öryggismál eru í ólestri. Hér er ekki við staðarhaldara að sakast heldur er ljóst að ekki er nægilegt fjármagn veitt til þjóðgarðsins. Ég tel við verðum að staldra við.

Á teikniborðinu eru tveir nýir þjóðgarðar, Snæfellsnessþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður. Það er skoðun mín að lengra verði ekki gengið í þá átt að stofna fleiri þjóðgarða fyrr en ljóst verður hvernig staðið verði að rekstri þeirra og hvernig afla skal fjár til reksturs þeirra.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd er opnað á heimild til þess að setja ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu og aðgang að náttúruverndarsvæðum. Þessi heimild hefur ekki verið notuð. Ef henni væri hins vegar beitt og hver einstakur ferðamaður sem heimsækti Skaftafellsþjóðgarð greiddi sem næmi t.d. 200–250 kr. fyrir aðgang að svæðinu, þar með talið gestastofu sem sérstaklega er greitt fyrir í dag og lítið sótt, þá hefði þjóðgarðurinn um 20–25 millj. kr. til ráðstöfunar á ári hverju til endurbóta á svæðinu.

Það er fremur regla heldur en hitt að aðgöngugjald að þjóðgörðum sé tekið í öðrum löndum. Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum eru landfræðilega þannig að afar auðvelt ætti að vera að rukka aðgangseyri og hið sama á við um fyrirhugaðan Snæfellsnessþjóðgarð. En þó vil ég í þessu sambandi undanskilja þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ég tel að hann hafi slíka sérstöðu meðal þjóðarinnar að ekki

komi til greina annað en að aðgangur að honum sé ávallt án endurgjalds.

Fyrirspurn mín snýr því að því hvort hæstv. umhvrh. muni beita sér fyrir því að tekin verði upp aðgöngugjöld að þjóðgörðum.

[15:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt: Mun ráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp aðgöngugjöld að þjóðgörðum, sbr. heimild í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999?

Því er til að svara að það er rétt sem hér kom fram, að víða er aðstaða og aðgengi ferðamanna að helstu náttúruperlum landsins í ófullnægjandi ástandi. Við höfum verið að skoða þau mál nokkuð vel upp á síðkastið og erum að leggja meira framlag til þessara svæða.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi þjóðgarðinn í Skaftafelli. Það er ágætt að það komi fram að verið er að leggja verulega aukið fjármagn til hans á árinu 2001. Það kom m.a. fram núna fyrir stuttu hjá þjóðgarðsverði, Ragnari Frank, á opnum borgarafundi á Höfn í Hornafirði, að verið er að huga að því hvernig eigi að nýta þá peninga og að mjög brýnt væri að fá aukið fjármagn til þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Á árinu 2000 var framlag Náttúrunverndar ríkisins til þessa málaflokks, þ.e. fjölsóttra ferðamannastaða og uppbyggingu þjóðgarða, um 6 millj. kr. Þá fékk Ferðamálaráð 35,8 millj. kr. í þessi verkefni og einhver fjárhæð var líka á vegum Vegagerðarinnar. Á yfirstandandi ári hefur Náttúruvernd ríkisins 25 millj. til málaflokksins, þ.e. fór úr 6 millj. í 25 millj. og er hækkun upp á 300%, þó kannski sé óréttlátt að tala um prósentuhækkanir í þessu sambandi, og Ferðamálaráð hefur 47,6 millj. og síðan kemur óskilgreind upphæð frá Vegagerðinni. Við erum því að bæta við tugum millj., við erum að fara úr um 40 millj. upp í 70 millj. á yfirstandandi ári, fyrir utan það sem kemur inn í gegnum Vegagerðina. Það er því verið að auka verulega fjármagn til fjölsóttra ferðamannastaða, sem er mjög gott.

Í tengslum við fjárlagagerðina á árinu 1999 var skipaður starfshópur til að skoða þessi málefni verðandi aðgöngugjald að friðlýstum svæðum. Það voru 15 millj. settar inn í frv. sem áttu að innheimtast með gjöldum af friðlýstum svæðum. Í þeim starfshópi sem ég skipaði til þess að útfæra hvernig væri hægt að ná þessum 15 millj. var Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhvrn., Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Magnús Oddsson, ferðamálastjóri hjá Ferðamálaráði, Þorleifur Þór Jónsson, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjmrn.

Nefndin skoðaði þetta sérstaklega og í áliti hennar kemur fram að mjög fáir staðir koma landfræðilega til greina varðandi það að taka gjald. Það er vegna þess að erfitt er að halda utan um aðstreymi ferðamanna. Það er erfitt vegna þess að annars þyrfti að setja upp miklar girðingar. En Skaftafell og Ásbyrgi eru þó í þeim hópi sem kemur til greina að taka svona gjald af. Hins vegar er ferðamannatíminn stuttur og kostnaður við innheimtu nokkuð hár og jafnvel erfiður í framkvæmd og hætt er við að innkoma vegna aðgöngugjalds yrði ekki ýkja mikil. En nefndin benti á staðina Ásbyrgi, Skaftafell, Dimmuborgir og Gullfoss. Hún bendir á að ef á að ná 15 millj. væri sniðugast og einfaldast að taka það allt á Gullfossi vegna þess að þangað kemur svo stór hópur. Ef gjaldið væri 200 kr. og þá innheimtust 20 millj. og 5 millj. færu í að innheimta það með starfsmanni er hægt að ná þessum 15 millj. kr. Það þyrfti hins vegar að breyta lögum til þess að geta gert þetta.

Nefndin skoðaði líka gistináttagjald en það er tekið mjög víða. Þá er sett gistináttagjald til þess að borga fyrir uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Það er tekið í Þýskalandi, Sviss, Austurríki, Færeyjum og Flórída, Frakklandi og Spáni og það gjald er t.d. í Sviss 55–70 kr. á nóttina. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Aðilarnir úr ferðaþjónustunni höfnuðu því að taka upp aðgöngugjald að náttúruperlum og höfnuðu einnig gistináttagjaldinu. En t.d. fulltrúi Náttúruverndar ríkisins var hlynntur báðum þessum hugmyndum. Niðurstaða mín eftir þetta var að ég mundi ekki beita mér núna fyrir því að taka upp þetta gjald. Hins vegar tel ég að það komi mjög vel til greina í framtíðinni, útiloka það alls ekki en vegna andstöðu hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni tel ég ekki rétt að ég beiti mér fyrir þessu núna á þessu stigi. En ég vil gjarnan efla umræðu um þetta.

Ég fagna t.d. ábendingum í skýrslu auðlindanefndar sem kom fram fyrir stuttu en þar er einmitt bent á það sem mögguleika að innheimta gjald af fjölsóttum ferðamannastöðum.

[16:04]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér var áðan verið að ræða um þjóðgarðinn í Skaftafelli en 100 þús. gestir sækja garðinn heim á hverju ári. Aðeins 40% þeirra koma í upplýsingamiðstöðina og aðeins 4% nýta sér þjónustu gestastofu, sem er athyglisvert þegar aðgangaseyririnn er aðeins 200 kr. og þær virðast vera töluverðar hömlur á því að fólk fari þarna inn og nái sér í þær upplýsingar sem eru ferðamönnum mikils virði. Gestastofunni voru áætlaðar 5 millj. kr. í tekjur á síðasta ári en tekjurnar urðu ekki nema 360 þús. þannig að við verðum að fara okkur svolítið hægt. Ég tel að þegar mikill metnaður er lagður í sýningar sé mikil synd að ekki skuli fleiri nýta sér að afla sér upplýsinga.

Varðandi t.d. Skaftaell þá tel ég mjög mikilvægt að heimaaðilar geti þjónustað staðinn eins mikið og hægt er.

[16:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft nauðsynlegu máli. En mér finnst við Íslendingar fljóta sofandi að feigðarósi í þessum efnum. Málið er það að við erum með endanlegan fjölda af náttúruperlum en með sívaxandi eftirspurn eftir þeim perlum þannig að fjöldi ferðamanna vex tífalt á hverjum 15 árum. Ferðamenn sem við töldum í tugum þúsunda fyrir 15 árum munum við telja í hundruðum þúsunda núna og í milljónum eftir 15 ár. Það er því mjög nauðsynlegt að huga að því hvað við viljum og ætlum að gera við þessar perlur og hvað ætlum við að ganga langt í því að reisa mannvirki upp um öll fjöll og eyðileggja þar með hin ósnortnu náttúruauðævi sem við eigum. Við þurfum virkilega að móta okkur stefnu um það hvað ætlum við að ganga langt í því að reisa þarna mannvirki og hvernig ætlum við að takmarka aðganginn.

[16:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég tel þetta mjög þarfa umræðu. Ég hef verið hlynnt hóflegri gjaldtöku að náttúruperlum. Ég hef verið leiðsögumaður víða um veröld og yfirleitt tíðkast að taka gjald að markverðum ferðamannastöðum og að þjóðgörðum, t.d. í Afríku og víðar, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku, en þá er því náttúrlega háttað þannig að þetta er sett inn í

ferðina þegar hún er keypt þannig að ekki sé verið að rukka hvern og einn einstaking sem kemur. Þegar rúta kemur að þessum stöðum er búið að innheimta gjaldið fyrir fram á alla þannig að það ætti ekki að vera svo mikill kostnaður við innheimtuna. Ég er mjög hlynnt þessu og sérstaklega þegar maður hugsar um Gullfos og Geysi t.d. Á Nýja-Sjálandi er hverasvæði þar sem maður borgar sig inn, í Rotorua, maður fer þar inn, þar er þjónustumiðstöð og gestastofa og vísir að safni sem maður greiðir aðgang að í leiðinni. Þá leið gætum við auðvitað farið hér.

[16:08]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og athyglisverðar umræður sem hafa spunnist út frá henni. Ég er mjög sammála því að það er mjög sorglegt að sjá hvað náttúruperlur og göngustígar, t.d. í Skaftafelli, eru niðurníddir vegna þess að það vantar beinlínis fjármagn til málsins. Ég gleðst líka yfir svari umhvrh., það er greinilegt að umhvrh. er að beita sér í þessu máli, það er mjög nauðsynlegt.

Tillagan um gistináttagjald er mjög athyglisverð og ber að skoða hana vel. Ég minni líka á að lengi vel hafa verið umræður um það að ríkið kaupi upp Geysissvæðið og er það mjög brýnt vegna þess að Geysissvæðið á að sjálfsögðu að vera í eigu ríkisins og það er t.d. svæði sem er ekkert óeðlilegt að selja inn á, Gullfoss og Geysi. Auðvitað eigum við að gæta okkar á því að okra ekki í þessum efnum en það er ekkert óeðlilegt við það þar sem hægt er að koma því við að ferðamenn greiði aðgang að náttúruperlum.

[16:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna svörum umhvrh. í þessu efni og ég vona að hún haldi áfram að fara varlega í þessu. Ég á erfitt með að hugsa mér að menn girði af þessar náttúruperlur okkar til þess að selja inn á þær og ég hvet til þess að menn skoði aðrar leiðir til þess að ná í þá fjármuni. Ég er ekki á móti því að menn finni sér leið til þess að skattleggja þetta en það verður helst að gera með einhverjum ráðum öðrum en að girða náttúruperlurnar af. Auðvitað er hægt að fara ýmsar leiðir eins og hefur verið bent á í þessari umræðu og ég hvet til þess að reynt verði að hafa það í huga að hafa ekki áhrif á landið og umgengnina með því að girða af náttúruperlur. Það er framlag mitt í þessa umræðu.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin við fyrirspurninni og þingmönnum þátttökuna. Það kom fram í svari hæstv. umhvrh. að til greina komi að setja aðgöngugjöld að þjóðgörðunum en ekki á þessu stigi. Ég vona að sú umræða, sem hérna hefur farið fram, ýti aðeins við þessu máli því ég tel það vera mjög brýnt. Við erum að sjá aukinn ágang á þessi svæði með auknum ferðamannastraumi til landsins. Ég óttast það eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal að náttúran sé að skemmast. Ég tel það vera nauðsynlega þjónustu við ferðamenn og virðingu fyrir landinu að setja aukið fjármagn og þar á meðal setja gjöld á aðgang að þessum svæðum. Ég lít á þetta fyrst og fremst sem hluta af því að vernda náttúruna.

Mér er jafnframt ljóst að töluvert aukið fjármagn hefur komið til þessara mála á undanförnum árum en það dugir ekki til. Það kom m.a. fram í nýlegri skýrslu um framkvæmdir og aðgerðir til úrbóta á náttúruverndarsvæðum og vinsælum viðkomustöðum ferðamanna sem var gefin út af Ferðamálaráði, Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni að það er metið að tæpan hálfan milljarð kr. þurfi til nauðsynlegra úrbóta á svæðum, náttúruverndarsvæðum víða um land, þar eru þó Þingvellir undanskildir en reyndar eru þeir í góðu ástandi, og þarna er miðað við fjögurra ára tímabil frá 2000–2003. Þar af var talið að þyrfti um 35 millj. kr. í Skaftafellsþjóðgarð og um 75 millj. kr. í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Það er því ljóst að það þarf töluvert fjármagn í þetta.

Við vitum að ferðaþjónustuaðilar eru mótfallnir frekari gjaldtöku á ferðamenn. Hins vegar hlýtur þeim einnig að vera ljóst að við svo búið verður ekki unað því að aukinn fjöldi ferðamanna leiðir til aukins ágangs á viðkvæm svæði. Það hlýtur að vera hagsmunamál ferðaþjónustunnar að vel sé staðið að þessum málum.

Við vitum að aðbúnaðurinn er ekki í lagi og við vitum að ef hlutirnir eru ekki í góðu lagi minnkar virðing fyrir umhverfinu og umgengnin verður verri.

[16:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna mjög þeim umræðum sem hér hafa orðið. Ég finn að þeir þingmenn sem hér hafa talað taka almennt undir þá hugmyndafræði að þeir sem nota eiga að greiða. Það sé öllum í hag. En niðurstaðan núna vegna m.a. andstöðu ferðaþjónustuaðila á þessu stigi er að þá mun ríkið greiða, a.m.k. fyrst í stað. En ekki er útilokað að síðar verði tekið gjald t.d. þegar menn fara inn í þjóðgarða. Það er alls ekki útilokað.

Það er rétt sem hér kom fram hjá fyrirspyrjanda að það er mjög líklegt að ferðaþjónustan líti á það í framtíðinni sem hagsmunamál fyrir þjónustuna sjálfa að staðið verði vel að uppbyggingu og verndun þessara svæða vegna þess að þá vilja fleiri sækja þessi svæði heim.

Hér var líka komið inn á það hjá hv. þm. Pétri Blöndal að það væri engin stefna, við hefðum enga stefnu um það hvernig við vildum hafa umhverfi okkar í framtíðinni. Það er ekki alls kostar rétt. Það er nýbúið, eða tiltölulega nýbúið að samþykkja svæðisskipulag miðhálendisins. Þar er mörkuð skýr stefna til næstu ára um það hvernig við viljum haga umhverfinu og skipulagsmálum, byggingarsvæðum o.s.frv. á hálendinu. Í grófum dráttum má segja að þar á að vernda miðjuna en hafa þjónustuna út til jaðranna.

Hér kom hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason inn á Geysissvæðið. Það er rétt sem kom fram hjá honum að ríkið er núna í samningaviðræðum varðandi það að kaupa stærra svæði upp á Geysissvæðinu. Við eigum mjög lítið svæði, einungis hverina og ekkert þar í kring, en við erum að reyna að kaupa stærra svæði.

Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar eins og hér hefur komið fram, aðgöngugjald að friðuðum svæðum, gistináttagjald og hvort hægt sé að taka einhvers konar gjald þegar ferðamenn koma inn í landið á flugvellinum. Allt er það annmörkum háð en niðurstaðan er almennt sú að hugmyndafræðin gengur út á að þeir sem nota greiði en við erum ekki komin lengra en það sem við erum í dag. Ég útiloka því alls ekki til framtíðar að við gerum eins og önnur lönd, þ.e. að við tökum gjald af þjóðgörðum.

Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi.

Fsp. KolH, 468. mál. — Þskj. 747.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég legg hér nokkrar spurningar fyrir hæstv. dómsmrh. vegna þeirrar alþjóðlegu umræðu og þeirra aðgerða sem alþjóðasamfélagið stendur nú að í viðleitni sinni við að koma böndum á fjölþjóðlega, skipulagða glæpastarfsemi. Nýverið bárust fréttir af því að Evrópusambandið hygði á aðgerðir gegn sölu á konum og börnum til kynlífsþrælkunar í Evrópu og í desember sl. var í Palermó á Sikiley ritað undir yfirlýsingu í nafni Sameinuðu þjóðanna sem á að vera til þess fallin að efla aðgerðir stjórnvalda þeirra þjóða sem aðild eiga að yfirlýsingunni, gegn fjölþjóðlegri glæpastarfsemi, þar með töldu mansali til kynlífsþrælkunar.

Af þessu tilefni spyr ég hæstv. dómsmrh.:

1. Er Ísland aðili að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi sem undirrituð var í Palermó á Sikiley í desember árið 2000?

2. Hvað felur yfirlýsingin í sér er lýtur að skipulagðri verslun með manneskjur?

3. Er þess að vænta að aðild að yfirlýsingunni kalli á lagasetningu um efni hennar, svo sem verslun með manneskjur til kynlífsþrælkunar?

Þær ástæður sem við Íslendingar höfum til að huga sérstaklega að þessum málum getur að líta á nektardansstöðunum sem starfræktir eru hér á landi. Komið hefur fram í umfjöllun um málefni þeirra að margar af stúlkunum sem þar starfa muni vera frá Austur-Evrópu, og í nýlegum fréttum af fundi innanríkis- og dómsmálaráðherra ríkja Evrópusambandsins kemur fram að Evrópusambandið telji að hundruð þúsunda ungra kvenna og barna frá Austur-Evrópu séu flutt með ólöglegum hætti til Evrópusambandsríkjanna á hverju ári og mörg þeirra séu hneppt í kynlífsánauð.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú lagt fram tillögur sem miða að því að samræma viðurlög við sölu á fólki til kynlífsþrælkunar og skilgreiningar á þessum glæpum og yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna virðist líta málið sömu augum. Þess má geta að núgildandi löggjöf hér á landi er gölluð hvað þessi mál varðar, þar sem það er ekki refsivert samkvæmt gildandi lögum að tæla burtu til vændis einstakling sé viðkomandi orðinn 21 árs og fyrir liggi samþykki einstaklingsins, þ.e. að viðkomandi sé kunnugt um tilgang fararinnar. Ákvæði af þessu tagi væri óheimilt ef við Íslendingar værum aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1949, um afnám mansals, og ég get mér þess til að hin nýja yfirlýsing sé á sömu nótum og geri svipaðar kröfur til þeirra ríkja sem að henni standa.

[16:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvort Ísland sé aðili að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi sem undirrituð var í Palermó á Sikiley í desember árið 2000.

Ég vil leiðrétta að hér er ekki um yfirlýsingu að ræða heldur alþjóðasamning, og var hann undirritaður fyrir Íslands hönd þann 13. desember sl. Ísland er því ekki orðið aðili að samningnum þar sem hann hefur ekki enn verið fullgiltur af Íslands hálfu. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að neitt ríki hafi fullgilt samninginn, enda tekur fullgildingarferlið hér og annars staðar lengri tíma.

Í öðru lagi er spurt hvað yfirlýsingin feli í sér er lýtur að skipulagðri verslun með manneskjur.

Þessu er til að svara að við samninginn eru tveir viðaukar og fjallar annar þeirra um baráttu gegn mansali, einkum kvenna og barna. Markmiðið með þeim viðauka er að sporna við slíkri glæpastarfsemi og vernda og aðstoða þolendur slíkra glæpa. Einnig miðar viðaukinn að því að efla samstarf ríkja til að ná þessum markmiðum.

Í þriðja lagi er spurt hvort þess sé að vænta að aðild að yfirlýsingunni kalli á lagasetningu hér á landi um efni hennar, svo sem verslun með manneskjur til kynlífsþrælkunar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og þeir tveir viðaukar sem gerðir hafa verið við hann eru mjög umfangsmiklir. Einnig er nú verið að ljúka við gerð þriðja viðaukans sem fjalla mun um handvopn. Í ráðuneytinu hefur verið farið yfir samninginn og viðauka við hann með tilliti til þess hvort unnt væri að undirrita þá af Íslands hálfu. Ekkert var talið standa því í vegi, enda er hér um samning að ræða sem velflest ríki vilja vitanlega gangast undir. Hins vegar liggur ekki enn fyrir ítarleg úttekt á því hvaða lagabreytingar þarf að gera vegna aðildar að samningnum.

Í þeim efnum tel ég rétt að höfð verði hliðsjón af lagaþróun og umræðum annars staðar á Norðurlöndum, enda er söguleg hefð fyrir því að Norðurlöndin leitist við að halda réttareiningu á þessu sviði.

Herra forseti. Ég hef nú svarað þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég vil láta þess getið að samkvæmt gildandi lögum er mansal refsivert hér á landi samkvæmt ýmsum ákvæðum hegningarlaga. Í því sambandi má nefna ákvæði 226. gr. almennra hegningarlaga, en þar segir:

„Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt."

Þá vil ég geta þess að mansal til kynlífsþrælkunar getur vitanlega varðað við ýmis ákvæði XXII. kafla hegningarlaga um kynferðisbrot, þar sem þungar refsingar eru lagðar við brotum.

Að lokum þá þakka ég hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Þingmaðurinn vekur hér athygli á máli sem er vitaskuld þörf á að fylgjast með.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svar hennar við fyrirspurninni og lýsi yfir ánægju minni með það að hæstv. ráðherra skuli ekki telja neitt því til fyrirstöðu að Íslendingar geti orðið aðilar að þessum samningi sem er nú til skoðunar í ráðuneytinu. En á það má benda, herra forseti, að þó að mansal sé strangt til tekið bannað samkvæmt íslenskri löggjöf, þá eru hegningarlögin ekki það fullkomin að þau standist í einu og öllu þau ákvæði sem banna mansal, eins og ég gat hér um áðan í upphafi máls míns, þar sem 206. gr. hegningarlaganna heimilar í sjálfu sér eða gerir ekki refsivert það athæfi að manneskja sé seld í kynlífsþrældóm, ef henni

er einungis kunnugt um eðli þeirrar farar, tilgang fararinnar og hún sé orðin 21 árs gömul.

Þess ber að geta að málefni af þessu tagi eru mjög til umfjöllunar í alþjóðasamfélaginu núna og það er sjálfsagt að Alþingi Íslendinga fylgist mjög vel með þessum málum og sofni ekki á verðinum því að við vitum ekki nema angar af þeirri víðtæku glæpastarfsemi sem hér er til umfjöllunar, teygi sig hingað til lands.

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. dómsmrh. fyrir svörin.

[16:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tel raunar að ákvæði íslenskra hegningarlaga taki á mjög mörgum atriðum sem hér hafa verið rædd í tengslum við þessa fyrirspurn. En til þess að skýra frekar þennan samning sem undirritaður var í Palermó, þá hefur hann m.a. að markmiði að samræma löggjöf aðildarríkjanna að því leyti að það sé engum vafa undirorpið að það sem talið er glæpur í einu ríki sé það líka í öðru. Hann beinist að glæpastarfsemi sem teygir anga sína yfir landamæri og mælir fyrir um samvinnu ríkja í baráttunni gegn henni. Hann mælir einnig fyrir um að öll ríki hafi í lögum sínum bann við aðild að glæpahringjum, peningaþvætti, spillingu og aðgerðum til að hindra að réttlæti nái fram að ganga. Þetta eru auðvitað allt ákaflega mikilvæg markmið.

Samningurinn skilgreinir ýmis hugtök, svo sem hugtakið glæpastarfsemi sem teygir anga sína yfir landamæri, og verslun með einstaklinga, svo eitthvað sé nefnt og sem nánar verður rakið þegar Alþingi fjallar um samninginn.

Á hverju ári er verslað með, svo vísað sé til skilgreiningar samningsins, hundruð þúsunda kvenna og barna um allan heim og áætlað hefur verið að tekjur glæpahringja af slíkri starfsemi, nemi jafngildi um 7 milljarða Bandaríkjadala. Hér er að sjálfsögðu um alvarleg mannréttindabrot að ræða sem leggja ber harðar refsingar við, en einnig verður að grípa til aðgerða til þess að vernda og aðstoða fórnarlömb slíkra glæpa.

Tilraunaskólar og nýjungar í skólastarfi.

Fsp. KolH, 500. mál. — Þskj. 787.

[16:25]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn sú sem ég legg hér fyrir hæstv. menntmrh. er sprottin af umræðunni um útboð kennsluþáttar almenns grunnskóla í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur lýst yfir andstöðu við áform hæstv. ráðherra og nú frá því í gær heimild hans til að boðin verði út kennsla við skólann í skjóli 53. gr. grunnskólalaganna.

53. gr. kveður á um tilraunir í skólastarfi. Þegar saga greinarinnar er skoðuð aftur í tímann kemur í ljós að hún nær aftur til ársins 1973, en þar getur að líta forvera hennar í frv. til laga um grunnskóla, sem var 9. mál 94. löggjafarþings. Greinin fór inn í lögin sem 65. gr. og hljóðaði í þeirri gerð ekki svo ólíkt þeirri grein sem við nú búum við. En það sem er athyglisverðast getur að líta í athugasemdum með greininni þegar hún er upphaflega lögð fram. Í þeim kemur berlega í ljós hvernig hún er hugsuð og er sú skýring samhljóða áliti þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og styður málflutning okkar þess efnis að ráðherra geti ekki nýtt sér greinina til að heimila útboð kennsluþáttar í almennum grunnskóla. Mig langar, með leyfi forseta, til að lesa athugasemd við greinina þegar hún kom fram:

„Þessi grein er nýjung. Rök hennar eru þau að ýmsar kennslutilraunir sem æskilegar eru taldar geta verið svo umfangsmiklar og/eða róttækar að því er varðar skipulagningu, kennsluaðferðir, námsefni o.fl., að þær fái ekki notið sín nema aðeins að undanþágur séu veittar frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi þau atriði sem tiltekin eru í greininni. Sem dæmi um slíka kennslutilraun mætti nefna áætlanir Reykjavíkurborgar um sameinaðan framhaldsskóla, fjölbrautaskóla að loknu skyldunámi. Ekki er ósennilegt að ýmsir aðrir aðilar kynnu að æskja þess síðar að notfæra sér slík heimildarákvæði um tilraunaskóla, t.d. Kennaraháskóli Íslands vegna Æfinga- og tilraunaskólans, svo og ýmis sveitarfélög þar sem mikill áhugi ríkir í skólamálum."

Þetta var, herra forseti, úr athugasemdum um greinina þegar hún er upphaflega lögð fram.

Fyrirhugað útboð meiri hluta bæjarstjórnar í Hafnarfirði á kennsluþætti Áslandsskóla hefur ekkert með tilraunir í þróun kennsluhátta að gera. Fyrirhugað útboð lýtur eingöngu að rekstrarformi skólans og er að mínu mati ekkert annað en ódulbúin tilraun til að einkavæða almenna grunnskóla í þeim tilgangi einum að skólinn skili eigendum sínum fjárhagslegum arði.

Skoðun mín er sú að 53. gr. heimili ráðherra einungis að veita undanþágur vegna kennslutilrauna, eða til þess að reka skóla samkvæmt fyrir fram ákveðinni hugmyndafræði. Til að leiða í ljós rök fyrir þessari túlkun minni hef ég óskað eftir því við hæstv. ráðherra að hann leiði okkur í sannleikann um það hvernig hin umtalaða 53. gr. hefur verið nýtt hingað til.

[16:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta var ákaflega einkennileg ræða miðað við fyrirspurnirnar, sem eru þrjár og hljóða svo:

1. Hefur ráðherra styrkt sérstaklega tilraunaskóla eða sérstakar nýjungar í skólastarfi samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla?

2. Ef svo er, hvaða verkefni eru það og hver eru markmið þeirra, hverjir standa að þeim og hvar eru þau á vegi stödd?

3. Hvar er að finna niðurstöður þeirra tilrauna sem lokið er?

Ræða hv. þm. snerist alls ekki um þetta. Svörin við þessum spurningum eru einföld. Það hefur aldrei komið til neinna slíkra styrkja enda er greinin ekki um það að það eigi að styrkja eigi fjárhagslega starfsemi slíkra skóla. Greinin snýst um það að menntmrh. hefur heimild til þess að bregðast við óskum sveitarfélaga eða annarra um það að gera tilraunir í skólastarfi.

Hv. þm. las upp úr greinargerð með frv. þegar þessi grein kom fyrst inn og ég fullyrði að sú tilraun sem Hafnfirðingar hafa í hyggju að gera í grunnskólanum í Áslandi gengur skemmra en sum dæm sem nefnd voru í greinargerðinni og hv. þm. vísaði til.

Eins og hv. þm. getur kynnt sér, ef hún les bréf ráðuneytisins sem þingmönnum er tiltækt, enda hefur þeim verið sent það í tölvupósti og þeir geta lesið bréfið og röksemdir ráðuneytisins, þá er ekki verið að hrófla við neinum grundvallaratriðum í skólastarfinu þó að Hafnfirðingar fái þessa heimild. Þvert á móti liggur alveg ljóst fyrir að það verður starfað í samræmi við lög og reglur og tilraunin

takmarkast við hvernig staðið verður að rekstri skólans, en hróflar ekki neitt við neinum grundvallaratriðum varðandi nemendur þannig að þetta mál hefur verið afflutt hér. Ég er undrandi á því að hv. þm. skuli koma hér upp með þessar þrjár spurningar sem hún lagði fyrir mig og flytja þá ræðu sem þingmaðurinn flutti. Ræðan var algjörlega á skjön við spurningarnar og raunar furðulegt að láta sér detta það í hug með hliðsjón af þingsköpum að ganga þannig til verka þegar um mál sem þetta er að ræða.

Ég held að ef þingmenn gefa sér tækifæri til að kynna sér þetta mál efnislega og sleppa þeim fordómum sem einkennir málflutning vinstri grænna þegar þeir fjalla um málið og komast út úr þeirri gildru sem vinstri grænir hafa sett sig í þegar þeir eru að fjalla um nýjungar í skólastarfi eða á öðrum sviðum þar sem einkaaðilar fá að koma að málum, þá sjái þeir að efnislega er full ástæða til þess að fagna þessari tilraunastarfsemi Hafnfirðinga og ýta undir að hún takist og gangi upp, þannig að það komi nýmæli inn í skólastarf hér á landi og að verði unnt að styrkja það með auknu samstarfi við einkaaðila. Það hefur alls staðar sýnt sig að samstarf opinberra aðila og einkaaðila á sviði menntamála skilar mjög góðum árangri.

Hvers vegna skyldum við banna að slíkt samstarf fari fram innan grunnskólans? Hvers vegna skyldum við standa í vegi fyrir því með þeim rökum sem hv. þm. nefndi og þeirri rangtúlkun á lagagreininni sem hér er um að ræða, sem hv. þm. hafði í frammi?

En til þess að ég ítreki svör mín við fyrirspurnunum, sem alls ekki voru rökstuddar í ræðu þingmannsins, þá eru svörin við þeim, öllum þremur, nei.

[16:32]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég furða mig á fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Ég furða mig á þeirri vantrú sem hún hefur á sveitarfélögunum, þeirri vantrú sem hún hefur á kennurum og þeirri vantrú sem hún hefur á foreldrum og skólum. Bæði sem sveitarstjórnarmaður til margra ára og formaður skólanefndar, þá veit ég það og þekki að sveitarfélögin leggja mikinn metnað í sitt skólastarf og það eru skólanefndir sem fylgjast með því að réttur nemenda sé ekki fyrir borð borinn. Ég treysti sveitarfélögunum og ég treysti foreldrunum og þess vegna hefur það verið að foreldrar eru miklu nær skólunum í dag heldur en þeir voru, vegna þess að þeir hafa þá ábyrgð að fylgja börnunum sínum eftir og vilja þeim allt hið besta. Ég vísa á bug þeirri vantrú á fólkið sem kemur fram hjá stjórnarandstöðunni.

[16:33]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða dag eftir dag um tilraunaverkefni í rekstri skóla í Hafnarfirði mjög sérkennileg. Um þetta tilraunaverkefni er góð samstaða í rauninni við alla nema stjórnarandstöðuna hér á Alþingi. Þegar starfsramminn er skýr, það er vitað hvaða starfsemi á að fara fram í skólanum og hvað þarf til; nemendur, kennara, húsnæði, góðan aðbúnað og námsefni. Við eigum að hlusta á afstöðu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Hún er skýr. Afstaða foreldranna er sömuleiðis skýr. Foreldrarnir bera ábyrgð á framtíð barna sinna og þessir foreldrar telja greinilega æskilegt að svona sé staðið að verki. Ég tek undir orð hv. 4. þm. Suðurl., Drífu Hjartardóttur, að við treystum þeim.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. talar hér um nýjungar í skólastarfi. Þessi svokallaði tilraunastarfsemi hefur ekkert með nýjungar í skólastarfi að gera heldur í fyrirtækjarekstri. Það er verið að taka grunnskóla, það er verið að taka barnaskóla og reka þá á grundvelli fyrirtækja í atvinnulífinu.

Reyndar er það svo að menn deila um það hvort 53. gr. grunnskólalaga veiti lagastoð fyrir slíka tilraunastarfsemi. Það er rangt hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted að um þetta sé sátt. Kennarasamtökin hafa andæft þessu og það er líka rangt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að í afstöðu okkar felist vantrú á sveitarfélagið. Mér finnst felast í því vantrú á sveitarfélagið að taka skólann úr umsjá þess (Gripið fram í.) og setja hann í umsjá fyrirtækis. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvað er það við núverandi fyrirkomulag sem kemur í veg fyrir að framkvæmd verði raunveruleg tilraunastarfsemi í kennslu. Hvað er það við núverandi fyrirkomulag sem kæmi í veg fyrir þetta?

[16:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi þá tilraun í kennslu sem hérna hefur verið lýst, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Þegar því er lýst yfir að þetta sé tilraun og skuli lúta því lögmáli að vera tilraun, þá hlýtur að vera lagt upp tilraunaplan, tilraunaáætlun þar sem skráð er hvað eigi að gera tilraunir um, hvaða atriði eigi að skrá og hvaða breytur verði við þá tilraun. Hver ber ábyrgð á því tilraunalega séð? Hefur verið samið við Kennaraháskólann? Hvaða aðila, sem hafa raunverulegar forsendur og kunnáttu til að standa að formlegu tilraunastarfi, hefur verið samið við? Þá er hægt að fallast á að lagt sé út í tilraun, ef það lýtur öllum þessum formum sem tilraunir eiga að lúta. Hefur t.d. verið samið við Kennaraháskólann um það að leggja upp tilraunaplanið og fylgjast með því hvaða breytur verða skráðar og taka síðan starfið út að lokum?

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég gef ekki mikið fyrir það þó að hæstv. menntmrh. hafi orðið undrandi á ræðu minni áðan. Það var nú bara hæstv. forsrh. hér í morgun sem sagði sem svo að síðar í dag gæfist tilefni til að ræða nákvæmlega þessi mál við hæstv. menntmrh. Ég hef ekki verið að túlka 53. gr., herra forseti, en ég vonaðist til að hæstv. ráðherra mundi túlka hana og segja okkur hvernig í ósköpunum hann styður einkaframkvæmd í Áslandsskóla á grundvelli 53. gr. sem fjallar um tilraunir í kennslustarfi.

Herra forseti. Ég er ekki á móti tilraunum í kennslustarfi. Ég er ekki á móti nýjungum í skólastarfi. Ég rek sjálf einkarekinn leikskóla og ég geri mikið af tilraunum í uppeldisstarfi mínu á börnunum mínum og gengur mjög vel. Ég vil ræða hér tilraunastarf í uppeldisstarfi og skólamálum. Og ég vil fá hæstv. menntmrh. til þess að ræða það til þess að leiða það í ljós að tilraunin sem gera á í Áslandsskóla er ekki tilraun með neitt annað en rekstrarform, einkaframkvæmd einkaframkvæmdarinnar vegna.

Það kemur fram í þessum forkostulegu útboðsgögnum um Áslandsskóla, að þar á nú ekki hugmyndafræðin að gilda mikið. Hún skiptir helmingi minna máli en verð þjónustunnar. Og menntunin og reynsla stjórnenda skiptir fimm sinnum minna máli en verð þjónustunnar. Hér er um að ræða tilraun

á börnum til einkaframkvæmdar til þess að eigendur þessa ímyndaða skóla geti farið með einhvers konar arð út úr tilrauninni, því það er ekki eins og eigendurnir eigi ekki að fara með peninga frá þessari tilraun. Það kemur í ljós í þessum útboðsgögnum að þar er eigendunum og tilboðshöfunum gert það að setja niður ásættanlegan hagnað ásamt með öðrum kostnaði. Þetta er purkunarlaus tilraun til einkaframkvæmdar og einskis annars. Það eru börnin og foreldrar þeirra sem eru tilraunadýrin og það er á þessu fólki sem tilraunin bitnar.

Hæstv. menntmrh. stendur ekki vörð um tilraunir í skólastarfi með því að heimila þessa tilraun.

[16:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrirspurnir hv. þm. gefa ekkert tilefni fyrir mig til þess að túlka 53. gr. grunnskólalaga. En ef hv. þm. hefði lagt fyrir mig fyrirspurnir sem byggðust á því að ég túlkaði fyrir hana 53. gr. grunnskólalaganna, þá hefði ég að sjálfsögðu gert það. Ég hvet hv. þingmenn til að lesa þessar furðulegu fyrirspurnir miðað við ræðu hv. þingmanns til þess að átta sig á því að hér er farið um víðan völl og raunar mjög forvitnilegt að fylgjast með þeim þremur ólíku sjónarmiðum sem koma fram í málinu í þessum þremur ræðum hv. þm. vinstri grænna, því að þeir eru alls ekki sammála. Hv. þm. Jón Bjarnason virtist telja að það væri lykilatriði til þess að þetta væri nú allt í góðu gengi að Kennaraháskóli Íslands væri fenginn til að fylgjast með því hvernig þetta gengi fram. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir segir að það séu fjárhagsleg sjónarmið sem ráða, þetta sé bara peningamál og einkaframkvæmd frá peningalegu sjónarmiði. Og hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur áherslu á einhver önnur atriði sem ég man nú ekki einu sinni hver voru, því ræðutímanum var lokið, þannig að ég lagði ekki við hlustirnar eftir að forseti fór að berja í bjölluna. (**ÖJ:** Þetta er afskaplega málefnalegt.) Hv. þm. koma að þessu máli úr þremur ólíkum áttum.

En ég held að kjarni málsins sé sá sem kom fram í ræðum hv. þm. Katrínar Fjeldsted og Drífu Hjartardóttur að við erum hér að treysta fólkinu sjálfu fyrir að koma að því að reka skólana og að ganga þannig til verks að menn fái að njóta sín sem best, án tillits til þess hvort þeir séu einkaaðilar eða sveitarfélagsaðilar. Aðalatriðið er væntanlega það og markmið okkar allra að tryggja gott skólastarf. Ég tel að Hafnarfjarðarbær hafi staðið þannig að öllum undirbúningi að ekki þurfi að efast um að það sé markmiðið með þessu öllu saman, enda hefði ráðuneytið ekki fallist á tillögur bæjarins nema vegna þess að við erum þeirrar skoðunar.

Fundi slitið kl. 16:41.

---

85. FUNDUR

fimmtudaginn 8. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, stjtill., 498. mál, þskj. 785. — Fyrri umr.

2. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822. — 1. umr.

3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 482. mál, þskj. 768. — 1. umr.

4. Sveitarstjórnarlög, frv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.

5. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 158. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.

6. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, frv., 178. mál, þskj. 186. — 1. umr.

7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.

8. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — 1. umr.

9. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 198. mál, þskj. 208. — Fyrri umr.

10. Afkomutrygging aldraða og öryrkja, þáltill., 207. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.

11. Kosningar til Alþingis, þáltill., 217. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.

12. Gerð neyslustaðals, þáltill., 239. mál, þskj. 260. — Fyrri umr.

13. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.

14. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 266. mál, þskj. 294. — Fyrri umr.

15. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

16. Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, frv., 286. mál, þskj. 315. — 1. umr.

17. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 292. mál, þskj. 323. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Almanntryggingar, 541. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 843.

Umræður utan dagskrár.

Konur og mannréttindi.

[10:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Í dag 8. mars fagna konur um allan heim alþjóðlegum baráttudegi sínum. Íslenskar konur liggja ekki á liði sínu. Efnt er til a.m.k. þriggja funda í tilefni dagsins í höfuðborginni sem öll helstu félaga- og baráttusamtök kvenna standa að.

Á hinu háa Alþingi gefst okkur stundarkorn til þess að ræða almennt um stöðu kvenna í heiminum og baráttu þeirra fyrir fullum mannréttindum og efnahagslegu sjálfstæði. Stundum er sú skoðun viðruð í almennri umræðu að það sé til lítils fyrir okkur að fjargviðrast yfir stöðu kvenna í öðrum löndum, hvort ekki sé nær að einbeita sér að þeim vanda sem við er að etja hér heima.

Staðreyndin er auðvitað sú að við þurfum að gera hvort tveggja því að kvenfrelsisbaráttan er í eðli sínu alþjóðleg, hún leggur þjóðerni ekki til grundvallar og þekkir engin

landamæri. Í löndum þar sem lagaleg staða kvenna er sterk klæðast hindranirnar sem konur hitta fyrir í einkalífi og á vinnustað oftar en ekki í felulitum og eru því ekki augljósar við fyrstu sýn.

Svo virðist, herra forseti, sem aldagömul hefð og fordómar sitji eftir í erfðaminni mannskepnunnar og torveldi viðhorfsbreytinguna sem er nauðsynleg samfélagi sem vill tryggja jafna stöðu kynjanna. Víða um heim standa konur höllum fæti í baráttunni gegn feðraveldinu og stjórnvöldum sem telja konur ekki verðar fullra mannréttinda. Konur í Kúveit hafa t.d. enn ekki fengið kosningarrétt nú þegar tíu ár eru liðin frá Persaflóastríðinu.

Í Afríkuríkinu Úganda gengur fólk að kjörborði innan nokkurra daga. Þar hvetja ríkisfjölmiðlarnir hjón til þess að neyta atkvæðisréttar síns með sama hætti, líklega til þess að koma í veg fyrir ósætti á heimilinu. Einnig munu vera brögð að því að karlar reyni að hnupla heimsendum kjörkortum eiginkvenna sinna og koma þeim í verð.

Herra forseti. Í liðinni viku var haldin mjög fróðleg ráðstefna á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum um konur og Balkanstríðin. Þar kom fram hvernig konur þvert á landamæri og gegn vilja stjórnvalda hafa staðið saman í baráttunni gegn stríðunum í Júgóslavíu. Fyrirlesarar lýstu því hvernig kommúnisminn varð að þjóðernishyggju sem síðan var virkjuð til haturs og stríðsrekstrar. Nauðganir og pyntingar voru normið, ekki undantekningin og engin kona var óhult. Nýfallnir dómar yfir stríðsglæpamönnum frá Júgóslavíu sem dæmdir voru fyrir skipulegar nauðganir á konum senda skýr skilaboð til heimsbyggðarinnar um að héðan í frá verði mönnum refsað fyrir stríðsglæpi af þessu tagi eins og aðra stríðsglæpi.

Lok kalda stríðsins hafa ekki tryggt öllum Evrópubúum frið og farsæld. Þau hafa heldur ekki tryggt konum í austurhluta álfunnar aukin stjórnmálaleg áhrif og réttindi og í mörgum tilvikum kippt fótunum undan þeim grundvallarmannréttindum sem konur þó höfðu áður eins og réttinum til fóstureyðinga.

Herra forseti. Íslendingar fullgiltu samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum árið 1985 en samningurinn er frá 1979. Við samninginn hefur verið gerð bókun sem var staðfest af hálfu íslenskra stjórnvalda í síðasta mánuði en með staðfestingunni hefur opnast ný kæruleið fyrir konur eða félagasamtök fyrir þeirra hönd sem telja á sér brotið á grundvelli kynferðis. Hafi kona fullreynt allar leiðir sem heimalandið býður upp á getur hún skotið máli sínu til nefndar Sameinuðu þjóðanna í New York um afnám misréttis gagnvart konum.

Um leið og ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa ánægju minni með staðfestingu bókunarinnar langar mig til þess að spyrja hæstv. utanrrh. með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggist kynna þessa nýju kæruleið fyrir almenningi hér á landi.

Herra forseti. Utanríkisstefna íslenskra stjórnvalda hefur einkennst og einkennist enn af kaldastríðsþankagangi eins og ég vil kalla það. Þó má sjá ýmis merki um breytingar sem taka mið af breyttri heimsmynd. Mig langar að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. utanrrh. að lokum hvar hann telji helst þess sjást merki í utanríkisstefnu Íslands að réttindum kvenna og mannréttindabaráttu þeirra sé gefinn sérstakur gaumur.

Auk þess vil ég inna hæstv. utanrrh. eftir því hvort hann telji þróunarsamvinnuverkefni sem Íslendingar eiga aðild að sinna réttindabaráttu kvenna nægilega vel.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er vel við hæfi á þessum alþjóðabaráttudegi fyrir réttindum kvenna, 8. mars, að beina athyglinni að mannréttindum kvenna um víða veröld. Á alþjóðavettvangi hafa mannréttindi verið eitt af þeim málum sem við höfum lagt megináherslu á. Þótt margt hafi áunnist á sviði mannréttindamála á síðustu árum þá er enn mikið verk óunnið og víða er mikil fyrirstaða hjá stjórnvöldum að vinna að framgangi mannréttinda innan sinna landamæra. Mannréttindi eru alþjóðleg. Ekkert ríki veraldar hefur rétt til að kúga þegna sína. Við höfum því ákveðnum skyldum að gegna gagnvart þeim sem ekki njóta grundvallarmannréttinda hvar sem er í heiminum.

Í umræðu á alþjóðavettvangi höfum við ávallt lagt áherslu á mannréttindi kvenna og barna. Við höfum tekið virkan þátt í umræðu um málefni kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, bæði með ræðum í allsherjarþinginu og í mannréttindaráðinu.

Víða um heim stendur lýðræðið enn á veikum fótum og mannréttindi og réttarríki eiga undir högg að sækja. Efling lýðræðis og mannréttinda ásamt efnahagslegri velferð, frelsi og umburðarlyndi tryggir frið og friðsamlega sambúð þjóða. Þau ríki sem virða mannréttindi fara síður með ófriði og ofbeldi gegn eigin borgurum og nágrönnum sínum.

Með Vínaryfirlýsingunni frá 1993 var því slegið föstu að mannréttindi væru algild. Ekki er því hægt að réttlæta mannréttindabrot gegn konum með því að skírskota til trúarbragða, venju, hefða eða annars konar menningararfleifðar. Hinn almenni borgari, einkum konur og börn, er ávallt fyrsta fórnarlamb styrjaldarátaka. Það er bæði gömul saga og ný. Átökin og ofbeldið á Balkanskaga á síðasta áratug leiddu af sér margs konar voðaverk, fjöldamorð, nauðganir og ómannúðlega meðferð stríðsfanga. Óhugnanleg grimmdarverk voru framin þar á konum jafnt sem öðrum borgurum og mannréttindi þeirra fótum troðin.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á ráðstefnu Rannsóknastofu í kvennafræðum um konur og Balkanstríðin í Háskóla Íslands í síðustu viku sem utanrrn. styrkti. Á ráðstefnunni vorum við hvött til að leiða hugann að hinum óhugnanlegu atburðum sem áttu sér stað á Balkanskaga og hvernig koma megi í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig. Mikið uppbyggingarstarf hefur farið fram á Balkanskaga sem íslensk stjórnvöld hafa stutt með margvíslegum hætti, t.d. með þátttöku í friðargæslu á svæðinu. Utanrrn. hefur enn fremur styrkt Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, UNIFEM, svo og starf UNIFEM á Íslandi og enn fremur kostað íslenskan starfsmann á skrifstofu UNIFEM í Kosovo í tólf mánuði.

Utanrrn. hefur einnig veitt umtalsverðar fjárhæðir til uppbyggingar og rekstrar þriggja kvennahúsa í Bosníu og Hersegovínu þar sem konum af öllum þjóðarbrotum hefur verið veitt margvísleg félagsleg aðstoð. Á síðasta þingi mannréttindaráðsins vöktum við sérstaka athygli á þeim takmörkunum sem konur í sumum ríkjum heims þurfa að þola á ferðafrelsi sínu bæði innan lands og utan. Aðskilnaður kynjanna er einnig enn við lýði í mörgum ríkjum, en slíkur aðskilnaður felur í sér ójafnrétti. Þessi mannréttindabrot eiga skilið meiri athygli af hálfu alþjóðasamfélagsins en hingað til hefur verið raunin. Efast má um að konur hafi notið

alþjóðavæðingarinnar og hinna hröðu tækniframfara í sama mæli og karlar.

Ísland hefur staðfest alla helstu mannréttindasamninga sem varða mannréttindi kvenna, þar með taldar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég vil einnig sérstaklega minna á mikilvægi alþjóðasakamáladómstólsins fyrir framþróun hins alþjóðlega réttarkerfis, sérstaklega þeirra sem eiga undir högg að sækja og Ísland hefur nú þegar fullgilt stofnsáttmála dómstólsins og við höfum skorað á önnur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að gera slíkt hið sama. Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum var fullgiltur af okkar hálfu árið 1985 og það er sérstök nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framkvæmd þessa samnings og íslensk stjórnvöld skila Sameinuðu þjóðunum reglulega skýrslum um framkvæmd samningsins hér á landi.

Að því er varðar þá spurningu sem hv. þm. kom inn á varðandi þann samning sem nýlega var staðfestur á Alþingi, þá var það gert í febrúar sl. þannig að við höfum ekki enn gefið okkur tíma til að kynna efni hans, en það er ljóst að önnur ráðuneyti þurfa einnig að koma að þeirri kynningu. Að því er varðar þróunarmál, þá ætla ég, herra forseti, að koma að því í síðari ræðutíma mínum.

[10:40]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er vel við hæfi að hafa sérstaka utandagskrárumræðu í dag, 8. mars, á alþjóðabaráttudegi kvenna um málefni og réttarstöðu kvenna. Það er rétt að við beinum athyglinni sérstaklega að mannréttindum, ekki eingöngu hér á landi heldur á alþjóðlegum vettvangi því að réttindabarátta kvenna er alþjóðleg. En staða kvenna á Íslandi er ekki jafngóð og við viljum oft vera láta því að bæði eru kjör kvenna lægri en karla í sambærilegum stöðum, launaþróunin hefur ekki verið eins og við höfum viljað sjá hana, ekki eru enn greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Það er mismunur milli kynja. Konur verða fyrir ofbeldi meira en karlar, sérstaklega kynferðislegu ofbeldi. Þær eru frekar beittar ofbeldi inni á heimilunum og sömuleiðis börn. Staða kvenna og barna er oft með svipuðum hætti innan hvers þjóðfélags.

Við getum þó hér á landi talið stöðu okkar nokkuð góða í samanburði við stöðu kvenna erlendis því að hér fá þó allir sömu menntun en erlendis fá konur víða ekki að mennta sig þrátt fyrir að efnahagur landsins sé góður. Kjör kvenna eru víða enn bágbornari en hjá okkur, vinnuframlag kvenna er meira en karla, ofbeldi gagnvart konum er miklu meira en hér og koma þá stríðsglæpir þar sérstaklega við sögu sem eru hrottafengnir. Kvenfrelsisbaráttan er alþjóðleg eins og ég sagði og það næst ekki jafnrétti og möguleiki til þess að snúa örbirgð í sjálfbæra þróun nema konur séu virkir þátttakendur.

[10:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Með því að litið er á jafnréttismál sem mannréttindamál á Íslandi eru mannréttindi kvenna sífellt í brennidepli. Jafnrétti kynja er bundið í stjórnarskrá okkar og hefur lengi verið lögbundið. Ísland hefur auk þess staðfest alla helstu alþjóðasamninga sem varða mannréttindi kvenna. Óhætt er að segja að Ísland hafi tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi er varðar málefnið. Á það bæði við um hið opinbera auk frjálsra félagasamtaka og vil ég þá sérstaklega nefna UNIFEM þar sem Íslendingar taka virkan þátt.

Það má auðvitað fleira telja. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna er það eitt af mörgum verkefnum að Ísland beiti sér fyrir því að alþjóðastofnanir kanni sérstaklega mannréttindabrot gegn konum.

Innan alþjóðasamfélagsins hefur það viðhorf átt vaxandi fylgi að fagna að ekki verði litið á mannréttindi sem einkamál einstakra ríkja heldur varðar það sameiginlega hagsmuni alls mannkyns. Á síðustu árum hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna æ meira verið fjallað um mannréttindi ýmissa hópa þjóðfélagsins og þar á meðal kvenna. Mannréttindi eru algild og þau eru fæðingarréttindi manna. Það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim. Við leggjum áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim og Ísland hefur einkum lagt áherslu á réttindi kvenna og barna.

Við eigum aðild að Evrópuráðinu og þar er sérstök áhersla lögð á að uppræta hvaðeina er skerðir frelsi og reisn kvenna. Alvarlegustu brot á mannréttindum kvenna, ekki síst hér á Vesturlöndum, er mansal þeirra og kynlífsþrælkun. Það að slíkt athæfi skuli viðgangast í lýðræðisríkjum á okkar tímum er svartasti bletturinn á velferðar- og réttarríkjum Vesturlanda. Við Íslendingar verðum að vera á verði gegn þessum vágesti og vera vel vakandi yfir því í hvaða formi hann birtist. Það er skylda okkar að sjá til þess að slíkar skelfingar gangi ekki yfir nokkra konu hér á landi og berjast fyrir því á alþjóðavettvangi að þessi ógn verði upprætt.

[10:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Á þessum fyrsta áratug 21. aldarinnar stendur heimsbyggðin enn frammi fyrir því að fjöldi kvenna víðs vegar um heim býr við kúgun og ofbeldi sem ekki verður rakið til neins annars en kynferðis þeirra. Nú nýverið var sýndur á sjónvarpsstöð einni áhrifamikill þáttur sem bandaríska sjónvarpskonan Oprah Winfrey stýrði þar sem dregin var upp dökk mynd af lífi kvenna víðs vegar um heim.

Þátturinn vakti mikla athygli enda nokkuð nýstárlegur vettvangur fyrir umræðu af þessu tagi sem því miður hefur allt of oft viljað lokast inni í þröngum hópum áhugakvenna um mannréttindi kvenna. Með því að fjalla um þessar sorglegu staðreyndir í þætti sínum opnaði sjónvarpskonan augu margra kvenna og karla sem líklega hafa ekki áður velt þessum málum mikið fyrir sér.

Það er eitt samfélag sem ég hef fylgst með af athygli síðustu árin og nú nýverið hefur þetta samfélag verið mjög í heimsfréttum vegna fregna af skemmdarverkum á menningarverðmætum. Ég er að tala um Afganistan en eftir að talebanahreyfingin náði þar völdum í september 1996 hafa fréttir um fjöldamorð og mannréttindabrot í landinu verið tíðar.

Eitt af því sem talebanahreyfingin lagði strax til atlögu við þegar hún náði völdum í landinu voru konur og frelsi þeirra. Konur þar í landi bjuggu við réttindi á borð við þau sem tíðkast þar sem best gerist. Menntunarstig þeirra var hátt, atvinnuþátttaka mikil og mannréttindi þeirra í hávegum höfð. Talebanar réðust í að banna atvinnuþátttöku kvenna, aðgang þeirra að heilbrigðisþjónustu og menntun og ferðafrelsi þeirra og sjálfstæði var hrifið burt í einni svipan.

Það er lykilatriði í mannréttindabaráttu á boð við þá sem snýr að konum í Afganistan að alþjóðasamfélagið láti í sér heyra þótt oft sé það vanmáttugt frammi fyrir slíkum voðaverkum. Alþjóðasamfélagið lét í sér heyra þegar talebanar hugðust eyðileggja fornar styttur í landinu sem tengjast ís-

lömskum sið. Ekki var annað hægt en hugsa til hinna ofsóttu kvenna í landinu og þess hversu lítið fer fyrir hörmungum þeirra í heimspressunni á meðan athygli beindist að Búddalíkneskjunum sem áttu á hættu eyðileggingu talebananna. Því miður er það svo að þótt mannréttindasamtök hafi beint sjónum sínum nokkuð að málefnum þessara kvenna þá dugir það ekki til.

Ég vil í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, hvetja hæstv. utanrrh. til að beita sér í hvívetna fyrir því á alþjóðavettvangi að þessar konur verði leystar úr ánauð þeirri sem þær hafa verið hnepptar í.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum segir orðrétt: „... mismunun gagnvart konum brýtur í bága við grundvallarreglur um jafnrétti og virðingu fyrir manngildi, hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, félags-, efnahags- og menningarlífi í löndum þeirra, hindrar aukna hagsæld þjóðfélags og fjölskyldu og veldur því að örðugra er fyrir konur að notfæra sér til fulls möguleika sína til þjónustu fyrir land sitt og mannkynið."

Þessi samningur var undirritaður af Íslands hálfu eins og fram hefur komið hér árið 1980 og fullgiltur árið 1985. Samningurinn hefur ekki lagagildi og er ekki bindandi fyrir þjóðarrétt. Íslensk stjórnvöld hafa ekki frekar en önnur fylgt eftir ýmsum mikilvægum ákvæðum þessa samnings. Þau geta skipt konur miklu máli og varða réttarvernd og réttaröryggi.

Kvennabaráttan er alþjóðleg barátta þar sem konur eiga alls staðar undir högg að sækja. Það er alls staðar brotið á mannréttindum kvenna. Það eru mannréttindi að sjónarmið, reynsla og þarfir bæði kvenna og karla séu höfð að leiðarljósi við alla stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Það eru mannréttindi að konum sem sæta ofbeldi sé tryggður réttur til sanngjarnra og skilvirkra réttarúrræða. Það eru mannréttindi að konur og börn eigi greiðan aðgang að dómstólum landsins og mæti þar þekkingu og skilningi. Ofbeldi gegn konum og börnum er brot á mannréttindum þeirra. Kynbundinn launamunur er brot á mannréttindum kvenna. Herra forseti. Ég minni á það að enn í dag búa íslenskar konur við 18% lægri laun sem er einungis kynbundinn munur. Engin önnur skýring finnst á föstum 18% launamismuni karla og kvenna á Íslandi, svo betur má ef duga skal.

Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 var samþykkt yfirlýsing og aðgerðaáætlun í 360 liðum og í dag er við hæfi að minna íslensk stjórnvöld á áætlun þá sem þau eru skuldbundin að fylgja.

[10:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að eiga þess kost að ræða þessi mál á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Það er gott að fá tækifæri til að ræða þessi mál í alþjóðlegu samhengi. Þá gerum við okkur kannski betur grein fyrir því hversu viðfangsefni sem við erum að glíma við í þessum efnum varðandi réttindi kvenna eru agnarsmá í samhengi við þau gríðarlegu vandamál og hræðilegu vandamál sem víða steðja að konum, sérstaklega í þriðja heiminum, eins og glögglega hefur komið fram í umræðunni í dag.

Við vitum að réttindi kvenna víða um heim eru fótum troðin, mansal, kynlífsþrælkun og skipulagðar nauðganir eru daglegt brauð þeirra kvenna sem búa við lakast ástand víða í heiminum eins og fréttir fjölmiðla bera oft með sér. Allt þetta kemur okkur að sjálfsögðu við.

Óaðskiljanlegur hluti þess að reyna að bæta hlut kvenna í heiminum, ekki síst á þessum sviðum, er auðvitað að efla pólitíska þátttöku kvenna í heiminum sem víðast. Ég hef átt þess kost á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins, IPU, að taka þátt í slíkri umræðu og hlusta á sjónarmið kvenna víða að úr heiminum sem glíma við vandamál af þessu taginu. Pólitísk þátttaka kvenna er ekki bara spurning um réttlæti. Þetta er spurning um skynsamlega og eðlilega stjórnarhætti og heilbrigða skynsemi almennt. Víðast hvar er að sjálfsögðu búið að ryðja úr vegi hinum pólitísku eða hinum lagalegu hindrunum en þó er það alls ekki þannig alls staðar og ég tók það saman í gögnum sem ég hef undir höndum að innan við 10% þingmanna eru konur í um það bil 60 ríkjum heimsins. Þetta er hins vegar flókið samspil og við sem búum í hinum norrænu ríkjum og evrópsku ríkjum höfum mjög margt að færa fram í þessum efnum. Við höfum skarað fram úr sem betur fer, norrænu ríkin, með pólitíska þátttöku kvenna sem er miklu betri en annars staðar.

Það er athyglisvert að upplifa og lesa samantektir sem gerðar hafa verið um hvernig konur hafa upplifað þessa baráttu sína og þá kemur í ljós að aukin stjórnmálaþátttaka kvenna hefur á margan hátt breytt umræðunni og við finnum það hér á landi og þess vegna er það fagnaðarefni ef konur eru að efla hlut sinn í pólitískri umræðu í heiminum því að það mun breyta þeirri umræðu til góðs.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Baráttan fyrir mannréttindum kvenna er síður en svo einkamál þeirra einna. Þessi barátta varðar okkur karlmenn ekki síður sem ærlega einstaklinga, sem feður, sem bræður, sem eiginmenn og árangurinn í baráttunni fyrir þessum sjálfsögðu réttindum kvenna verður aldrei nægilegur nema við karlmenn tökum líka virkan þátt í þeim. Mér finnst stundum sem við Íslendingar höfum á seinni árum haft tilhneigingu til þess að líta svo á að jafnstaða kynjanna sé baráttumál sem sé u.þ.b. að nást í höfn og það er auðvitað rétt að hér á Íslandi hefur nokkru verið þokað áleiðis. En illu heilli er þetta fjarri sanni ef maður reynir að skoða málið í alþjóðlegu samhengi.

Þar hefur þróunin vægast sagt verið illúðleg á síðustu árum. Hún hefur verið ömurleg. Mansal, verslun með konur jafnvel niður á barnsaldur er orðið að alþjóðlegri viðskiptagrein þar sem grimmd og harðneskja leggur líf ótölulegra þúsunda kvenna í rúst fyrir lífstíð. Þetta er þróun sem við verðum með einhverjum hætti að leggja okkar af mörkum til að sporna við í alþjóðlegu samhengi. Þess vegna gladdist ég yfir ýmsu af því sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan því að þetta litla ríki, Ísland, getur líka lagt þung lóð á vogarskálar með því að láta rödd sína heyrast. Og það skiptir ákaflega miklu máli að það séu einmitt ríki eins og Ísland sem taka frumkvæði í baráttunni gegn þessari alþjóðlegu þróun.

Ég held að það sé fátt sem vekur karlmenn jafnríkulega til umhugsunar um réttindi kvenna og að eiga dætur. Ég er sjálfur faðir tveggja lítilla dætra og ég á þá ósk heitasta fyrir þeirra hönd að þeim auðnist að taka þátt í samfélaginu, spjara sig og hasla sér völl án tillits til þess að þær séu konur. En því miður virðist mér þróunin hérna á Íslandi enn þá vera þannig að það eru lagðar hindranir í götu þeirra vegna þess að þær eru konur.

Ég þarf ekki annað en horfa í kringum mig í þeirri stétt sem við tilheyrum öll, þ.e. stétt stjórnmálamanna, þá kemur þetta í ljós. Herra forseti. Hérna er um sameiginlega baráttu karla og kvenna að ræða.

[10:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að þakka fyrir þátttökuna í þessari umræðu utan dagskrár. Hún hefur verið sérlega málefnaleg og hv. þm. verið tillögugóðir. Auðvitað er ekki nóg að ræða þessi mál einu sinni á ári á hinu háa Alþingi. Okkur gefast vonandi fleiri tækifæri til þess á komandi mánuðum og missirum. Mig langar til þess að minnast á nokkur atriði sem fram komu í umræðunni og þá sérstaklega mansalið og kynlífsþrælkunina, sem komin er til Íslands hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þetta er líklega brýnasta verkefnið hvað varðar mannréttindi kvenna um þessar mundir.

Einnig eigum við við viðvarandi launamun, kynbundinn launamun að etja. Það virðist ekkert geta hnikað þessum 18–20% sem munar. Hvað varðar konur í útlöndum, vil ég líka minna á það að þó að stríðinu sé lokið eins og stríðinu í Júgóslavíu, þá þarf ekki minna mannafl, stuðning og fjárstuðning í uppbyggingarferlið heldur en í önnur þau ferli sem eru konum til stuðnings. Það er ekki síst með stuðningi við frjáls félagasamtök, við mannréttindasamtök og félagasamtök kvenna sem slíkt starf ber mestan árangur.

Ég ætla líka að leyfa mér að taka upp orð hæstv. utanrrh. um kosti og galla alþjóðavæðingarinnar því að mér sýnist nokkuð ljóst að kostir alþjóðavæðingarinnar hafi algjörlega farið fram hjá þorra kvenkyns. Hins vegar hafa gallar alþjóðavæðingarinnar lent harðar á þeim en körlum og ber líklega mansalið og kynlífsþrælkunin þess rækast vitni.

Að lokum vil ég líka, vegna þess að hæstv. utanrrh. á eftir að svara spurningunni um þróunarsamvinnuna, minna hv. þm. á að það er enn mjög langt í land að Ísland uppfylli það markmið Sameinuðu þjóðanna að veita 0,7% af þjóðarframleiðslu til þróunarsamvinnu.

[10:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Spurt var hvar málefni kvenna beri hæst í störfum utanríkisþjónustunnar. Ég tel að það komi skýrt fram í öllum málflutningi okkar innan Sameinuðu þjóðanna og víðar á alþjóðlegum vettvangi. Ég tel að það komi fram í starfi okkar á Balkanskaga, bæði í Bosníu og í Kosovo og síðast en ekki síst tel ég að það komi fram í þróunaraðstoð okkar en síðan 1997 hafa orðið miklar áherslubreytingar í allri starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Stofnunin starfar í æ ríkari mæli að félagslegum verkefnum og verkefnum á sviði heilbrigðismála. Nú er á döfinni hjá þeirri stofnun að gefa út leiðarvísi um það hvernig stofnunin skuli vinna að jafnréttismálum. Sá leiðarvísir á ekki eingöngu að gilda um félagsleg verkefni heldur öll verk sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur. Rauði þráðurinn er að þegar ráðist er í verkefni liggi alltaf fyrir hver áhrifin verða á hag kvenna og barna.

Höfuðmarkmið Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er að draga úr fátækt og flestir eru sammála um að það verði ekki gert nema með því að einbeita sér í ríkari mæli að jafnrétti kynjanna og hag kvenna og barna. Það má nefna fjölmörg dæmi um slík félagsleg verkefni: Fullorðinsfræðslu í Namibíu. Í Mósambík starfar í félags- og kvennamálaráðuneytinu íslenskur sérfræðingur í jafnréttis- og félagsmálum. Í Malaví er verið að hrinda í framkvæmd aðstoð við fullorðinsfræðslu stjórnvalda. Þannig hefur stofnunin á mörgum sviðum rækt að þennan málaflokk og ætlar að gera það í æ auknum mæli eins og hér hefur komið fram.

Ég vildi að lokum þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að taka upp þessi mál. Ég tel það vera til fyrirmyndar að ræða málin á þessum mikilvæga baráttudegi og að við Íslendingar vekjum athygli á hinum hræðilegu kjörum kvenna víða um heim þó að ég sé ekkert að draga úr því að auðvitað þurfum við líka að vekja athygli á því sem miður fer í okkar eigin landi eins og hér hefur verið gert.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, fyrri umr.

Stjtill., 498. mál. — Þskj. 785.

[11:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994.

Vegna þróunar alþjóðamála á síðustu árum hafa Sameinuðu þjóðirnar aukið starfsemi sína verulega, og starfsmenn á vegum þeirra, auk tengdra starfsmanna, hafa sinnt friðargæslu víðs vegar um heim. Þetta aukna umfang í starfsemi Sameinuðu þjóðanna þrýsti á allsherjarþingið að samþykkja að leggja fram þann samning sem hér er til umfjöllunar. Í dag eru 50 ríki aðilar að samningnum, þar á meðal eru öll norrænu ríkin, að Íslandi einu undanskildu enn sem komið er.

Helstu efnisatriði samningsins eru að hann felur í sér skyldu til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, eins og fram kemur í 7. gr. samningsins. Samningurinn mælir jafnfram fyrir um skyldu til að láta lausa eða afhenda starfsmenn sem teknir hafa verið til fanga eða hnepptir í varðhald, eins og kemur fram í 8. gr. Einnig er sú skylda lögð á aðildarríki að gera ýmsa glæpi refsiverða að landslögum, eins og fram kemur í 9. gr., og þeir glæpir sem eru raktir í 9. gr. eru að fullu refsiverðir samkvæmt íslenskum lögum og þess vegna þarf sem betur fer engar lagabreytingar hér á landi í tilefni af þessum samningi.

Hins vegar kallar aðild að samningnum á breytingu á ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu og hefur frv. um slíkar breytingar þegar verið dreift hér á hv. Alþingi og hæstv. dómsmrh. mun innan skamms mæla fyrir því frv.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókasafnsfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 526. mál (starfsheiti). — Þskj. 822.

[11:02]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984. Með frv. er lagt

til að lagaákvæði um lögbundið starfsheiti og námskröfur bókasafnsfræðinga verði löguð að þeim breytingum sem orðið hafa á námi og þar með starfssviði bókasafnsfræðinga. Heiti á námi bókasafnsfræðinga við Háskóla Íslands hefur verið breytt í bókasafns- og upplýsingafræði til samræmis við þróun upplýsingasamfélagsins og kröfur þess. Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú sérskor innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Í frv. er enn fremur lagt til að námskröfur til þeirra sem sækja um leyfi til þess að bera starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur verði gerðar skýrari. Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa og legg ég til að því verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[11:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir, er í sjálfu sér ekkert stórmál. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að það sé afar hæpið að vera að elta með lagasetningum breytingar á námsheitum og starfsgráðum þó að breytt sé að hluta til einhverju inntaki í tilteknu námi. Breytingar á námi geta verið af ýmsum toga, bæði að fylgja eftir almennri þróun og breytingum í náminu almennt. Eins er líka mjög algengt þegar verið er að markaðssetja eða selja samfélaginu breytingar þá er það oft dregið fram og gert.

Það að bókasafnsfræðingar skuli einir verða upplýsingafræðingar, það er eins og hæstv. ráðherra kom inn á, þetta er upplýsingaöld og mikil áhersla lögð á miklar upplýsingar. Við höfum áður lifað upplýsingaöld og ekki verið að hrófla við námsgráðum þó að við höfum lifað slíka öld.

Eigum við þá von á því að fá verkfræði- og upplýsingafræðinga eða lögfræði- og upplýsingafræðinga því að ég geri ráð fyrir að þær stéttir allar telji sig vera að læra mikla upplýsingafræði og telji sig ekki vera eftirbáta annarra stétta í upplýsingafræðum? Ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að bókasafnsfræðingar kalli sig líka upplýsingafræðinga en mér finnst afar hæpið og bið hv. menntmn. að skoða út á hvaða braut er verið að fara með því að eltast við svona. Má þá ætla að aðrar námsbrautirnar háskólans fylgist ekki með í upplýsingafræðinni?

Herra forseti. Þetta er mér ekkert stórmál en mér finnst þetta vera frekar ankannalegt.

[11:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Við hv. þm. Jón Bjarnason höfum átt hér orðastað nokkrum sinnum um menntamál og önnur málefni. Mér finnst samt þessi ræða slá flestar þær ræður út sem hann hefur flutt um þennan málaflokk.

Það sem hér er um að ræða er að búið er að skilgreina og endurskilgreina þetta nám. Það er hvorki verið að fjalla um lögfræðinga né verkfræðinga og það er ekki heldur á döfinni í Háskóla Íslands, held ég, að breyta því námi þannig að það verði sérstök upplýsingafræði sem verði hluti af verkfræðináminu eða lögfræðináminu. Hér er um það að ræða að öll störf í bókasöfnum eru að taka á sig alveg nýja mynd og verið þróa þau söfn þannig að þau ná til mun fleiri þátta en áður fyrir tilstilli upplýsingatækninnar og verið er að mennta fólk sérstaklega til að sinna þeim málum á sviði bókasafna og annars staðar þar sem þetta menntaða fólk hefur tækifæri til að nýta menntun sína. En þetta snertir ekkert aðrar námsgreinar við Háskóla Íslands eða breytingar á inntaki í námi þar. Þótt menn noti tölvur þar við nám sitt og nýti sér tölvutæknina þá er alls ekki hægt að bera það saman við þessar breytingar sem eru að verða á námi bókasafnsfræðinga og upplýsingafræðinga.

Ég hins vegar hefði skilið það ef hv. þm. hefði fundið að því almennt að verið væri að lögvernda starfsheitið með þessum hætti. Ég hef sjálfur talað fyrir því hér að kannski sé ekki nein ástæða til þess fyrir okkur á Alþingi að setja lög sem vernda einstök starfsheiti. En sú umræða þarf að fara fram í víðara samhengi heldur en varðandi þetta mál. Ég held að sú breyting sem hér er verið að mæla fyrir endurspegli aðeins þá þróun sem er á þessu sviði og gefi þá til kynna það starfssvið sem þetta fólk sinnir sem hér er um að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 146. mál (einkafjármögnun og rekstrarleiga). — Þskj. 146.

[11:09]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Flm. auk mín eru hv. þm. Samfylkingarinnar.

Þetta mál er búið að vera á dagskrá hér í þinginu frá því í haust en gengið hefur erfiðlega að fá það á dagskrá eða öllu heldur að fá þá aðila sem málið varðar til umræðu um það. Þá á ég einkanlega við hæstv. félmrh. Mér er hins vegar sagt að hann sé á leið til þessa fundar því að efni máls er þannig vaxið að þessi mál hafa verið til umfjöllunar í félmrn. á vettvangi sambands sveitarfélaga og raunar á vettvangi fjölmargra sveitarfélaga í landinu.

Frv. lýtur að því að gera bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og skuldbindingar þeirra þannig úr garði að gagnsæ séu og öllum ljós og skýr. Á það vantar nokkuð og einkum í seinni tíð þegar ný leið fjármögnunar hefur rutt sér til rúms í stórauknum mæli, ekki í mörgum sveitarfélögum í landinu en nokkrum þó og langtum meira í sumum en öðrum.

Almennt vil ég þó hins vegar segja, herra forseti, til að halda því ákveðið til haga að ég er þeirrar skoðunar að sveitarstjórnir eigi að ráða málum sínum til lykta að fullu og öllu í eins miklum mæli og nokkur kostur er og atbeini ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins eigi að vera sem minnstur. En á hinn bóginn er mjög mikilvægt að regluverkið, leikreglurnar sem sveitarfélögin eiga að starfa eftir séu ákaflega skýrar og glöggar og þá er það hið háa Alþingi sem hefur það verkefni með höndum.

Frá því ég var sveitarstjórnarmaður um langt árabil var það lengi og er eitur í mínum beinum að einstök ráðuneyti eða framkvæmdarvaldið sé að setja fingurna í smá og stór mál í rekstri sveitarfélaga og ég hef ekki breytt um skoðun í þeim efnum. En hitt verður að vera alveg skýrt hvaða leikreglur eru til staðar, hvaða lagarammi er búinn sveitarfélögum í smáu og stóru, og í þessu frv. er verið að taka á, að minni hyggju, mjög mikilvægum þætti í því sambandi.

Ég er raunar að fjalla um það nýmæli sem menn hafa kallað einkafjármögnun eða rekstrarleigu og felst í því að sveitarfélög ráðast ekki lengur fyrir eigin atbeina í byggingu og rekstur mannvirkja fyrir lögbundna þjónustu þeirra heldur eru það einkaaðilar sem hafa ráðist í slíka fjárfestingu

í skólum, í leikskólum og raunar fleiri mannvirkjum, og sveitarfélagið tekur þetta mannvirki á leigu gjarnan í 25 ár. Það má margt um þetta fyrirkomulag segja og ég hef verið í hópi þeirra sem hafa dregið mjög í efa ágæti þess, a.m.k. hef ég varað við því að menn geri þetta að hinni almennu reglu sem virðist ætla að verða ofan á í einstaka sveitarfélagi, til að mynda í heimabæ mínum, Hafnarfirði, þar sem tæpast er byggt svo nýtt hús af hálfu sveitarfélagsins að þessi einkafjármögnunar- og rekstrarleiguleið sé ekki farin.

Ég held ég muni það rétt að í fyrsta skipti sem þetta var gert var það einmitt í Hafnarfirði líka þar sem reistur var nýr iðnskóli í samstarfi ríkis og sveitarfélaga, og mönnum þótti og var tiltölulega almenn sátt um að það væri í lagi að reyna slíka aðferð og bera hana saman við þá hefðbundnu aðferð sem menn þekkja þar sem rekstraraðilinn sjálfur, sá sem ber ábyrgð á rekstrinum, sé einnig eigandi viðkomandi húsnæðis og beri ábyrgð á því á sama hátt. Að þetta þróist út í það að verða hin almenna regla, um það hef ég verulegar efasemdir og raunar alvarlegar athugasemdir.

Menn þekkja þetta dálítið erlendis frá, m.a. frá Danmörku og Bretlandi, að reynsla manna er mjög mismunandi í þeim efnum. Í fyrsta lagi staldra menn við og segja: Hvað ef forsendur leigjandans breytast mjög verulega á löngum samningstíma, 25 árum, þarfir breytast í grundvallaratriðum hugsanlega? Það má nefna skóla sem dæmi. Það verður breyting á lagaramma og umhverfi skólanna og húsnæðið þarf auðvitað að taka mið af því. Hver er þá samningsstaða leigjandans, í þessu tilfelli bæjarfélagsins, gagnvart þeim einkaaðila sem húsnæðið á? Hún er afskaplega erfið og eigandi húsnæðisins hefur það algerlega í hendi sér hvernig breytingar og endurbætur á húsnæðinu eru verðlagðar. Þetta þekkja menn frá gömlum og nýjum tíma þegar opinberir aðilar eru að eiga við verktaka við uppbyggingu nýrra húsa þegar aukaverkin svokölluðu eru orðin alls ráðandi. Maður skyldi ekki nefna snöru í hengds manns húsi en í þessu sambandi er óhjákvæmilegt eða mjög nærtækt að nefna dæmi frá hinu háa Alþingi sem er Austurstrætishúsið þar sem hlutir hafa farið úr böndum. Þetta er því miður ekki nýtt af nálinni hér á landi og raunar víðar en umfram allt er það þannig að ef ekki er búið þannig um hnútana strax í upphafi og þarfir nákvæmlega skilgreindar af hálfu verkkaupa, þá eru verksala allar leiðir opnar til þess að gera út á aukaverkin, gera út á aukareikninga til handa verkkaupanum. Það er meginástæðan fyrir því að þessi verk fara yfirleitt úr böndum hjá opinberum aðilum, því miður.

Mig langaði jafnframt þegar hæstv. ráðherra kemur hér til leiks að inna hann eftir því hvert álit hans er almennt á þessari aðferðafræði hér og nú þó að frv. í sjálfu sér snúi ekki að því atriði, hvort honum þyki það rétt þróun og eðlileg að sveitarfélög „fjármagni“ í auknum mæli nýframkvæmdir með þeim hætti að verða leigutakar hjá einkaaðilum úti í bæ.

Herra forseti. Ég fer senn að koma að þeim atriðum ræðu minnar sem ég held að sé óhjákvæmilegt að ráðherrann leggi við hlustir því að það eru nokkrar spurningar sem ég ætlaði að varpa til hans og kalla eftir viðhorfum hans í því máli. Sést nokkuð í hann?

(Forseti (ÍGP)**:** Forseti getur upplýst það að ráðherra hefur verið látinn vita og síðast þegar ég vissi var hann lagður af stað úr ráðuneytinu hingað til þings.)

En hann er ekki kominn í hús?

(Forseti (ÍGP)**:** Hann er ekki kominn í hús, nei.)

Þá er úr vöndu að ráða, herra forseti. Ég veit ekki hve mikið gagn ég geri hinu háa Alþingi með því að halda ræðu mína tvisvar, þ.e. fyrst fyrir þá hv. þm. sem hér leggja við hlustir og síðan endurtaka hana aftur þegar ráðherra kemur í hús. Ég mundi gera það að tillögu minni að gert yrði nokkurra mínútna hlé á fundinum þangað til ráðherrann væri kominn í hús. Ég held að tímanum væri betur varið með þeim hætti.

(Forseti (ÍGP)**:** Forseti verður við þessari ósk hv. þm. og við gerum 5 mínútna hlé á þingfundi.)

[Fundarhlé. — 11:19]

[11:22]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir lipurð við fundarstjórn og enn fremur hæstv. ráðherra að koma til fundarins því að um er að ræða mál sem er mjög mikilvægt í rekstri sveitarfélaga og allri fjárhagslegri og félagslegri umgjörð í starfsemi þeirra.

Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar farið almennum orðum um þessa nýju leið sem hin svokallaða einkafjármögnunarleið og rekstrarleiga inniheldur og langaði í framhjáhlaupi að inna hæstv. ráðherra eftir skoðunum hans á því að sveitarfélög skuli í stórauknum mæli fara þessa leið við fjármögnun nýframkvæmda, þ.e. að þau séu leigjendur hjá stórverktökum sem eigi skólahúsnæði, leikskólahúsnæði og fleiri tegundir þjónustuhúsnæðis og að rekstraraðili skuli vera leigjandi hjá þessum verktökum í 25 ár. Ég fór nokkrum orðum yfir kosti og galla þessa fyrirkomulags. Mér finnst gallarnir vera býsna margir. Ég velti því til að mynda upp hvað gerðist að leigutíma liðnum, að 25 árum liðnum. Hver er þá samningsstaða leigjenda, þ.e. sveitarfélagsins í skóla? Hvað gerðist eftir tíu ár í leigutíma ef þarfir breyttust og leigutaki vildi gjörbreyta og endurbæta húsnæðið vegna nýrra þarfa og breyttra áherslna í skólastarfi? Samningsstaðan væri afskaplega erfið og leigutaki hefði í þessu sambandi öll ráð í hendi sér. Ég rifjaði það líka aðeins upp þannig að hæstv. ráðherra sé það ljóst að reynsla annarra þjóða af þessu fyrirkomulagi hefur verið mjög mismunandi, í mörgum tilfellum afspyrnuléleg. Ég vísaði til Bretlands í þeim efnum og raunar Danmerkur þar sem mál af þessum toga hafa verið mjög heit í allri hinni pólitísku umræðu og hefur sitt sýnst hverjum.

Ég lét þess hins vegar getið að þetta frv. út af fyrir sig leitar ekki hinna pólitisku svara við þessu og undirstrika að sveitarfélögum sé það í raun í sjálfsvald sett og á að vera það hvernig þau fjármagna sinn rekstur, þ.e. innan laga og reglugerða, og hvort þau fara þessa leið í uppbyggingu nýframkvæmda er auðvitað pólitísk ákvörðun heima í héraði. Sumir hafa haldið því fram, og ég ætla út af fyrir sig ekki að leggjast fyrir í þeim efnum, að í lagi sé að á einum eða tveimur stöðum á landinu reyni menn þetta fyrirkomulag og skoði.

En af því að ég nota hugtökin að reyna eða prófa eða gera tilraunir með, þá vil ég taka það skýrt fram að menn skulu ekki blanda því saman að gera tilraunir með steinsteypu eða börn. Ég er ekki að tala um það. Þá erum við komin inn á alveg nýtt svið. En í fjármögnun og uppbyggingu mannvirkja, steinsteypu og annarra þeirra efna sem notuð eru til slíkra verka, þá er ég út af fyrir sig opinn fyrir tilraunum í þá veru.

En nú bregður svo við að í auknum mæli hafa einstök sveitarfélög farið þessa leið og raunar er það þannig í heimabæ mínum að á síðustu missirum hefur tæpast það hús risið, skólahúsnæði eða leikskólahúsnæði, án þess að þessi leið

sé farin og skuldbindingar í því sveitarfélagi sem er stórt á íslenskan mælikvarða en lítið á mælikvarða heimsins eru upp á 7 milljarða kr. Það er 7 milljarða kr. skuldbinding í þessu sveitarfélagi þar sem ársveltan er í kringum 4 milljarðar kr. Þetta kemur manni til þess að hugsa um það að slík leiga sé kannski of auðveld í sumum tilfellum fyrir sveitarfélög. Það er afskaplega létt verk að teikna hús og setja þau síðan á hinn almenna markað í trausti þess að einhverjir aðrir borgi brúsann, einhverjir aðrir fjármagni kostnaðinn og sveitarfélagið verði „aðeins" leigutaki næstu 25 árin. En eftir því sem þeim húsum fjölgar sem byggð eru með þessum hætti, því meira gengur á rekstrarfé sveitarfélagsins því að greiða þarf þessa leigu og eftir því sem fleiri leiguhúsnæðin eru, því minna verður eftir til annarra verka hjá sveitarfélaginu.

En bara til þess að benda á hvers konar myndbirting getur orðið eins og sakir standa í þessum efnum þá hefur það sveitarfélag sem lengst hefur gengið í þessum efnum, Hafnarfjörður, birt fjárhagsáætlun sína á yfirstandandi ári. Þar er í byggingu í sveitarfélaginu stór og mikill skóli, Áslandsskóli, sem er þekktur af öðru núna í umræðum á hinu háa Alþingi og víðar. Og á svipuðum slóðum er einnig leikskóli. Verð á slíkum mannvirkjum, ef byggt væri með hefðbundnum hætti, væri sennilega 1,5 milljarðar kr. Í fjárhagsáætlun bæjarins er ekki að finna einn stafkrók, ekki einn einasta staf um það að bærinn hafi neinn kostnað af byggingu þessara mannvirkja. Hins vegar er að finna í fjárhagsáætluninni áætlun um það að sveitarfélagið ætli að hafa tekjur af þessum framkvæmdum úr áætluðum tekjum ríkisins af framlagi ríkisins úr jöfnunarsjóði. Með öðrum orðum ætlar sveitarfélagið að græða á því að byggja skóla upp á 1,5 milljarða. En kostnaðurinn sem sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til þess að greiða næstu 25 árin er ekki 1,5 milljarðar, nei, hann er nærri 3 milljörðum því að leigan næstu 25 ár og notin eru framreiknuð til alls leigutímans og mun með öðrum orðum falla eitthvað á annað hundrað millj. kr. í rekstri sveitarfélagsins til þess að hafa þetta grundvallarhúsnæði í sveitarfélaginu til afnota næstu 25 árin.

Um það, herra forseti, snýst þetta frv. mitt. Mér hefur fundist afskaplega sérkennilegt, þegar það er alfa og omega allra hluta í rekstri sveitarfélags og opinberra aðila að almenningi séu ljósar þær skuldbindingar sem í er ráðist, að mönnum takist það hreinlega ekki með lestri ársreikninga og með lestri fjárhagsáætlana að átta sig á því eða glöggva sig á þeim skuldbindingum sem kjörnir fulltrúar eru að undirgangast fyrir sveitarfélagið. Að óbreyttu munu menn í ársreikningi hvergi sjá það í þessu sama sveitarfélagi að Hafnarfjarðarbær sé skuldbundinn upp á um það bil 7 milljarða kr. vegna framkvæmda af þessum toga, heldur verði það bara fært yfir rekstur á ári hverju. Þetta er náttúrlega fullkomlega óeðlilegt.

Nú veit ég, og það er þess vegna sem ég hef óskað sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra verði hér viðstaddur, að ráðuneyti hans í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, í svonefndri bókhaldsnefnd, í sambandi við vinnu að mótun nýrrar reglugerðar um ársreikninga og í undirbúningi að vinnslu nýrrar handbókar fyrir sveitarstjórnir hafa þessi mál verið mjög til skoðunar en það gengur afskaplega hægt að því er virðist að koma þeim málum á réttan kjöl. Þess vegna flutti ég þetta mál á síðasta þingi og endurflutti það núna í haust. Að athuguðu máli tel ég að hinu háa ráðuneyti væri akkur í því og gagn í því að Alþingi tæki af öll tvímæli og gerði það algerlega skýrt hver væri vilji löggjafans í þessum efnum, nefnilega sá að í þessum efnum eins og öðrum gæfu fjárhagsáætlanir og ársreikningar glögga mynd af áformum og síðan stöðu sveitarfélagsins á hverjum tíma og að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans hefðu stuðning af því og kláran og kvittan vilja til þess hvernig að slíkum málum ætti að standa.

Ég sagði það í fyrri ræðu minni og vil gjarnan að hæstv. ráðherra heyri að ég er ekki talsmaður þess að ráðuneyti sveitarstjórnarmála sé með puttana í einstökum sveitarfélögum í smáu og stóru. Ég er þeirrar skoðunar að löggjafarsamkundan eigi að setja skýrar, almennar og glöggar leikreglur um rekstur sveitarfélaga. Ég tel ráðuneytið eiga að sinna almennu eftirliti og styðja og styrkja sveitarfélögin í upplýsingagjöf og samhæfingu eins og kostur er en eigi ekki kássast upp á þau í smáu og stóru. Í þessum efnum er hins vegar ekki um það að ræða. Hér er af stað lagt með það í huga að regluverkið verði skýrt þannig að menn viti hvernig með eigi að fara.

Ég þarf svo sem ekki að orðlengja þetta. Hér fylgir stutt grg. sem gerir gleggri grein fyrir því hvaða lagagreinar ég legg til að breytt verði og gerðar skýrari. Ég vil trúa því að hæstv. ráðherra og aðrir hv. þm. sem hér hlýða á, þar á meðal fulltrúar úr félmn., séu jákvæðir fyrir þessari litlu en þó stóru breytingu á sveitarstjórnarlögum sem miðar að því að gera hlutina sýnilegri gagnvart almenningi. Hvað sem líður deilum um hlutverk ríkis og sveitarfélaga, opinberra aðila og einkaaðila, þá hygg ég að a.m.k. sé það ekki neitt deilumál að menn vilja að umsvif hins fyrrnefnda, hinna opinberu aðila, séu auðvitað öllum ljós og fjárhagslegum skuldbindingum ekki sópað undir teppið, ekki falin. Það er til hagsbóta fyrir sveitarstjórnarmennina sjálfa en fyrst og fremst fyrir þá sem borga þarf brúsann.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til umfjöllunar félmn. Ég trúi því að sú nefnd gangi rösklega til verks þannig að við megnum að ljúka umfjöllun málsins og taka það til afgreiðslu áður en þing er úti að vori.

[11:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla helst ekki að blanda mér í innansveitarkróníkur í Hafnarfirði. Ég lít svo á að þetta frv. þurfi ekki að hljóta samþykki þar sem við þessu hafi verið séð með öðrum hætti.

Í sveitarstjórnarlögum segir í 67. gr.: „Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar og í honum skal koma fram yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga."

Ég lít svo á að hér sé svo afdráttarlaust kveðið að orði að það sé ekki nein leið að fela neitt. Reikningurinn er ekki gerður eftir góðri reikningsskilavenju ef í honum er

ekki yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikningur við lok reikningsárs.

Síðan þetta frv. var fyrst flutt, ég held að það hafi verið lagt fram á síðasta þingi, hef ég sett reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Hún hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda, reglugerð nr. 944/2000. Í 18. gr. þeirrar reglugerðar er gerð grein fyrir reikningsskila- og upplýsinganefnd. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Félmrh. skipar reikningsskila- og upplýsinganefnd. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Fjórir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. *Ráðherra skipar formann nefndarinnar.*

Nefndin skal í störfum sínum stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum upplýsingum þeirra eftir því sem ráðuneytið ákveður.

Nefndin skal semja reglur um þau atriði reikningsskila sveitarfélaga, sem eru sérstök fyrir þau. Nefndin skal m.a. fjalla um flokkun á greiningu gjalda og tekna, eigna og skulda sveitarfélaga, sbr. 3. og 13. gr., form fjárhagsáætlana, sbr. 9. gr., ársreikninga, sbr. 14. og 15. gr., og annarra fjárhagslegra upplýsinga sveitarfélaga, sbr. 16. gr. Reglur nefndarinnar skulu birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum eftir staðfestingu ráðuneytisins.

Ráðuneytið skal sjá til þess að auglýsingar þess um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga séu aðgengilegar sveitarfélögunum með útgáfu handbókar eða með öðrum sambærilegum hætti í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga."

Nefndin hefur verið skipuð. Garðar Jónsson, deildarstjóri í félmrn., er formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn eru Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur og Óskar G. Óskarsson sem mun vera aðalbókari Reykjavíkurborgar. Þessi nefnd hefur ekki enn gengið frá samræmdum reglum um bókhald sveitarfélaganna eins og henni er ætlað, framsögumaður tók það réttilega fram, en ég tel einboðið að hún muni einmitt fjalla um einkaframkvæmd sem er að færast í vöxt, ekki bara í Hafnarfirði heldur víðar. Ég tel að einkaframkvæmd geti átt rétt á sér og það verði að leggja í vald einstakra sveitarstjórna hvort þær fari út í einkaframkvæmd. Það skiptir hins vegar máli hvort sveitarfélagið eignast einhvern tíma mannvirkið eða ekki samkvæmt einkaframkvæmdinni.

Varðandi jöfnunarsjóðsframlag til Áslandsskóla sem er byggður í einkaframkvæmd, eins og hv. þm. gat um í framsögu sinni, þá tel ég að það hljóti að vera nokkuð vafasamt. Þetta er ekki framkvæmd sem sveitarfélagið á. Þar af leiðandi þykir mér fremur ósennilegt að það sé hlutverk jöfnunarsjóðs að leggja fram peninga til þess verkefnis. Til að auðvelda sveitarfélögum einsetningu grunnskólans voru lagðar fram 400 millj. á ári í fjögur ár. Ég efast um að Áslandsskóli geti fallið undir þá skilgreiningu þar sem Hafnarfjarðarbær, að því er mér hefur skilist, eignast ekki skólann. Nóg um það.

Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að fjárhagslegar skuldbindingar komi fram í reikningum sveitarfélags. Nú skal ég ekki um segja hvort þessi nefnd kemur til með að leggja til að bókhald sveitarfélaganna sé fært nákvæmlega eins og bókhald ríkisins, þ.e. hvort hún velur greiðslugrunn eða rekstrargrunn. Mér þykir samt eðlilegra, prívat og persónulega og án þess að ætla að segja nefndinni eitthvað fyrir verkum, að svipaðar reglur gildi um sveitarfélögin og um ríkið, reikningsskilavenjur séu álíka og hjá ríkinu.

Ég tel sem sagt að það þurfi ekki að afgreiða þetta frv. þar sem búið sé að setja undir þennan leka. Sveitarfélögin hljóta að verða að gera grein fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum og greiðslum, annars væru þar ekki góðar reikningsskilavenjur.

[11:41]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ljúfar undirtektir. Af orðum hans er ljóst að hann telur ekki rétt að sveitarfélög feli skuldbindingar af þessum toga, eins og raunin hefur því miður orðið. Ég gat raunar um það í framsögu minni að hér er ekki um að ræða innansveitarkróníku í Hafnarfirði, svo að ég noti orð hæstv. ráðherra, heldur fyrirkomulag sem hefur færst í vöxt, m.a. í borginni, Reykjanesbæ, Grindavík og víðar, svo að ég nefni nú nokkur dæmi.

Mér fannst hæstv. ráðherra hins vegar skauta fremur létt yfir þetta vandamál. Hann byrjaði á að lesa gildandi sveitarstjórnarlög, 67. gr. og sagði málið afskaplega skýrt. Skýringin er samkvæmt orðanna hljóðan ákaflega skýr en túlkun hennar hefur hins vegar verið mikið á reiki eins og dæmin sanna. Reynslan sýnir að skuldbindingar upp á milljarða kr. hafa ekki verið sýnilegar. Ráðuneyti hæstv. ráðherra hefur skrifað upp á slíkar ásetningar og staðfest þær þó eitthvað sé málum blandið. Hæstv. ráðherra svaraði sér raunar sjálfur og sagði að vandinn væri skýr og að verið væri að setja nefnd á laggirnar til þess að leysa úr þessu álitaefni.

Herra forseti. Hin nýja reikningsskila- og upplýsinganefnd sem svo er kölluð er auðvitað ekki sú fyrsta sinnar tegundar. Bókhaldsnefnd sveitarfélaga hefur reynt að komast að niðurstöðu um þessi álitamál og gerði það fyrir 6–8 mánuðum. Niðurstaðan var hins vegar svo óljós og óskýr að engum hefur tekist að vinna eftir henni. Af þeim ástæðum tel ég óhjákvæmilegt að hið háa Alþingi taki af öll tvímæli. Grundvallaratriðið er að þessar skuldbindingar eins og aðrar séu sýnilegar í efnahagsreikningi sveitarfélaga. Það hafa þær ekki verið. Ég vil jafna þessu að fullu og öllu við lántöku, þarna er um skuldbindingu að ræða sem sveitarfélög og skattgreiðendur þurfa að standa skil á.

[11:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér í að ræða sérstaklega reikningsskil Hafnarfjarðarbæjar. Ég er ekki kunnugur þeim. En túlkun þessarar greinar í sveitarstjórnarlögunum sem ég vitnaði til, 67. gr. og reyndar líka 61. gr., er falin bókhalds- og reikningsskilanefnd. Hún á að setja reglur samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 922/2000. Mér er kunnugt um að hún hefur ekki gengið frá þeim reglum en mun gera það alveg á næstunni. Hafi einhver misbrestur verið á bókhaldinu hjá Hafnarfjarðarbæ þá tel ég víst að í framhaldi af því verði ráðin bót á því.

[11:45]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil biðja ráðherrann að koma eilítið til byggða. Ég nenni ekki að tíunda það endalaust að hér er um vandamál að ræða sem lýtur að sveitarfélaginu Hafnarfirði. Þar er það sýnu stærst þó hjá fóstbræðrum hæstv. ráðherra og þeim sjálfstæðismönnum, þeirri helmingaskiptastjórn sem þar ræður ríkjum. Þar eru málin langstærst í krónum talið. En það er um fleiri sveitarfélög að tefla og raunar hafa sömu

flokkar í Reykjanesbæ verið að vandræðast með þetta sama mál.

Auðvitað er öllum ljóst sem nærri hafa komið hvað sveitarstjórnarmönnum gengur til í þessum tilfellum. Þeir eru að reyna að fela fyrir kjósendum skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist og þegar gerð er grein fyrir skuldastöðu viðkomandi sveitarfélaga eru þessir milljarðar mínusaðir frá. Það er kjarni málsins þannig að við skulum ekki vera að dansa neitt í kringum það.

Ég skil hins vegar hæstv. ráðherra þannig að hann lofi því hér og lýsi því yfir, ég bið hann um að leiðrétta mig fari ég rangt með, að tekin verði af öll tvímæli þegar hann gefur út þessa reglugerð og að þessar skuldbindingar verði öllum skýrar og ljósar eins og um hverja aðra lántöku væri að ræða. Það er kjarni málsins.

Herra forseti. Þetta var ekki að gerast í gær. Hin ýmsu sveitarfélög hringinn í kringum landið hafa undirgengist þessar skuldbindingar að ég hygg upp á annan tug milljarða króna og enn þá er það ekki skýrt í hinu háa ráðuneyti hvernig með eigi að fara og í langflestum tilfellum eru þessar skuldbindingar einhvers staðar á sveimi í kerfinu og enginn hefur fest á þeim hendur.

Ég hef setið fundi og ráðstefnur með sveitarstjórnarmönnum þar sem menn hafa rifist niður í drep um þetta atriði þannig að ef þetta mál væri eins einfalt eins og hæstv. ráðherra vill vera láta væri auðvitað búið að taka á því. Eftir sem áður tel ég mikla þörf á því hér að við höskum okkur í málið og ljúkum þessu hér. Hæstv. ráðherra þarf greinilega hjálp við.

[11:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir hjálpsemina en það er verkefni þessara reikningsskila- og upplýsinganefndar að setja reglur og samræma bókhald sveitarfélaganna og að skuldbindingar séu færðar eins í öllum sveitarfélögum og að ársreikningur sé ljós og þar komi fram það sem þar á fram að koma. Ég treysti nefndinni prýðilega til að ganga frá því máli. Því miður er því verki ekki lokið enda nefndin nýskipuð en ég treysti því að hún komi sér fram úr því verkefni.

[11:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Full ástæða er til að ræða þessi mál. Það sem hæstv. ráðherra sagði áðan um að munur væri á því hvort sveitarfélögin eignuðust hús eða mannvirki sem væru fjármögnuð með þessum hætti skiptir mjög miklu máli. Það skiptir nánast öllu máli þegar um er að ræða húsnæði sem er sett niður samkvæmt skipulagi eins og skólahúsnæði eða íþróttahús, annað slíkt húsnæði sem er sett niður til sérnota. Það er alveg ótrúlegt að sveitarfélög skuli hafa valið þann kostinn að einkafjármagna þetta og þegar einkafjármögnunartíminn er liðinn eigi viðkomandi aðilar húsið en ekki sveitarfélögin. Sveitarfélögin eru þá í greip þessara aðila til þess að fá samning áfram um sama húsnæðið. Þetta er fáránleg della. Þetta mundu einstaklingar aldrei gera, þ.e. að setja sig í þessa klemmu nema þeir vissu að þeir hefðu önnur úrræði þegar upp væri staðið. Þetta er með miklum eindæmum.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að öðru. Er það svo að sveitarfélögin hafi ekki aðgang að fjármagni með sambærilegum eða betri lánakjörum en einkaaðilar á Íslandi sem eru að fjármagna slíka hluti? Hvernig stendur á því að sveitarfélögin leiðast út í að velja einkafjármögnun ef þau hafa aðgang að fjármunum með eðlilegum hætti sem væri þá samkeppnisfær við þetta? Er ástæðan fyrir því að sveitarfélög leiðast út í þetta að eitthvað vanti að gera til að þau hafi aðgang að lánsfé til þess að fjármagna slíkar byggingar?

[11:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að einkafjármögnun geti sem hægast átt rétt á sér í einhverjum tilvikum. Ég geri hins vegar verulegan mun á því hvort sveitarfélag eignast eignina eftir einhvern tiltekinn árafjölda eða hvort það eignast hana ekki. Mér finnst gilda öðru máli um mannvirki sem sveitarfélagið eignast með tíð og tíma en mannvirki sem þarf kannski að gera nýjan leigusamning um eftir 25 ár upp á nýtt. En þetta er sjálfsagt mismunandi eftir aðstæðum og það er mismunandi hvernig menn kjósa að standa að verkum.

Varðandi fjármagn til sveitarfélaganna þá eru sveitarfélögin afar misjafnlega í stakk búin til að standa í framkvæmdum og þau eru afar misjafnlega sett fjárhagslega. Lánasjóður sveitarfélaga lánar í ýmsar framkvæmdir hjá sveitarfélögunum. Ég hef ekki þær reglur í kollinum en ég veit hins vegar að þau lánakjör sem Lánasjóður sveitarfélaga býður upp á eru með því besta sem kostur er á á markaði á Íslandi í dag.

[11:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé hárrétt sem hæstv. ráðherra var að segja. Það gefur manni tilefni til að álykta sem svo að þau sveitarfélög sem velja einkafjármögnun í stærra lagi og það við fjármögnun á húsnæði sem er ætlað til alveg sérstakra nota hljóti að vera í erfiðleikum, hafi ekki talið að þau gætu fjármagnað eðlilega byggingu af þessu tagi og boðið hana út og þess vegna hafi þau sótt í einkafjármagnið. Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni ef menn meta þannig stöðu sveitarfélagsins og velja þá leið út úr neyð eins og er þarna ástæða til þess að láta sér detta í hug að sé á ferðinni. Auðvitað gerir enginn sem fjármagnar slíkt það öðruvísi en að reikna sér tekjur af því, reikna sér arð af því sem hann er að gera. Það er því alveg full ástæða til að gera ráð fyrir að í öllum þessum samningum sé reiknað með því að sveitarfélögin hafi greitt húsnæðið í botn og arð af fjárfestingunni þegar upp verður staðið og að sá sem á þá þann samning við sveitarfélagið sitji eftir með húsnæðið og það tak á sveitarfélaginu að sveitarfélagið þarf auðvitað á slíku húsnæði að halda áfram til skólahalds eða íþróttaiðkana þegar samningstíminn er liðinn.

Þetta er óviðunandi og því miður er ástæða til að halda að það séu einmitt þeir sem síst skyldi sem eru að taka þessi úrræði.

[11:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það þurfi ekkert endilega að vera út úr neyð sem sveitarfélög kjósa að fara einkafjármögnunarleiðina að einhverju leyti. Mér er kunnugt um að vel rekin og mjög stöndug sveitarfélög hafa líka farið þessa leið. Það geta verið ýmsar orsakir til að sveitarstjórnarmenn telji sig ná hagstæðum samningum við þá sem standa fyrir einkafjármögnuninni þannig að þeim þykir það fýsilegur kostur. Það þarf ekki að vera neinn neyðarkostur.

[11:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er í sjálfu sér hreyft mjög góðu máli. Það er spurningin um hvort einhver ágreiningur sé um hvernig meta eigi slíkar fjárhagslegar skuldbindingar inn í reikninga sveitarfélaga. Ef það er rétt að einhver óleysanlegur ágreiningur sé um það, sem mér finnst ekki eigi að vera, finnst mér að hv. nefnd eigi að skoða það og skoða þetta frv. ítarlega. Hins vegar held ég að þetta sé ekki sá ágreiningur sem menn eru að tala um. Samkvæmt gildandi lögum á að meta allar skuldbindingar og ef reikningar eru rétt fram settir á að sjálfsögðu að taka þetta með. Ég held því að ekki sé þörf á þessu frv. en rétt er að skoða hvort þörf sé á því og skoða það nákvæmlega.

Hér hefur dálítið verið rætt um það og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á það að sveitarfélögin nytu lægri vaxta og hann skildi ekki hvernig þetta borgaði sig yfirleitt nema fyrir þau sem væru mjög illa sett. Þetta er afskaplega einfalt. Einstaklingar stunda kannski betra viðhald á húsnæðinu en sveitarfélagið gerir. Einstaklingar geta líka nýtt það betur. Margar opinberar byggingar eru nánast ekkert nýttar. Þær eru nýttar í einhvern stuttan tíma yfir skólatímann, ekkert á kvöldin og ekkert um helgar. Einstaklingur getur t.d. nýtt íþróttasali miklu betur en sveitarfélag nokkurn tíma með því að leigja þá til einkaaðila þegar þeir eru ekki í notkun fyrir skóla. Það getur bæði komið fram betri nýting, betra viðhald, betri rekstur á húsnæðinu. Rekstur á húsnæði er ákveðin sérgrein sem þarf ákveðinnar sérhæfingar við. Þetta er því einmitt það sem menn hafa fært rök fyrir að þrátt fyrir hærri vexti getur borgað sig að fara þessa leið.

Varðandi það að einkaaðilinn eignist framkvæmdina eftir ákveðinn tíma og að hann hafi eitthvert tak á sveitarfélaginu þá vil ég minna á það óskaplega tak sem sveitarfélagið hefur á manninum því það á lóðina, getur sagt honum að fara burt með byggingu sína. Það er því aldeilis tak sem sveitarfélagið hefur þar á móti. Ég held því að menn nái ákaflega góðu samkomulagi þegar leigutíma er lokið að halda þessu áfram ef það er skynsamlegt.

Spurningin um eignir og skuldir er svo aftur á móti annar handleggur í þessu máli öllu saman. Mér finnst alltaf dálítið varasamt að líta einungis á skuldir sveitarfélaga en ekki þær eignir sem oft myndast á móti. Ég sé ekkert voðalegt við það þó að sveitarfélag byggi einhverja eign og myndi skuldir á móti, mér finnst þá í rauninni lítið hafa breyst. Hvort eitthvert sveitarfélag leigir skrifstofuhúsnæði sitt af einhverjum aðila sem á það og skuldar í þeirri eign, ég sé ekki neinn reginmun á því eða hvort sveitarfélagið á þetta skrifstofuhúsnæði sjálft og bæði rekur og stundar viðhald á fasteigninni sem er dálítið ólíkt því sem sveitarfélög gera almennt, þ.e. að stunda fasteignarekstur, og borgi afborganir og vexti af lánum og eigi eign sína á móti. Ég sé ekki neinn reginmun á þessu.

Ég vil að menn gangi með opnum huga að því að skuldir og skuldir hjá sveitarfélögum er ekki alveg það sama. Ef skuldirnar mynda ekki eign neins staðar þá eru þær varasamar en ef skuldirnar hafa myndað miklar eignir, svo maður tali ekki um í orkufyrirtækjum, þá getur það oft verið bara hið besta mál þó ég sé ekkert hlynntur því að sveitarfélögin séu að stunda atvinnurekstur í stórum stíl.

[12:00]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir athugasemdir hans. Hann var þó eilítið á röngu róli og því óhjákvæmilegt að leiðrétta hann í þeim efnum. Þannig er með einkafjármögnunarleiðina, rekstrarleigu sem svo hefur verið kölluð, að verkkaupi er í því tilviki sveitarfélögin. Þessi mannvirki eru byggð samkvæmt teikningum væntanlegs leigjanda þannig að það er ekki um neina hagkvæmni eiganda húsnæðisins eða verktakafyrirtækisins að ræða í þeim efnum. Aukinheldur er leigjandinn, sveitarfélagið, eini leigjandinn að húsnæðinu þannig að eigandi húsnæðisins hefur engin ráð til auka nýtni húsnæðisins með því að leigja þriðja aðila það á kvöldin. Það sem hv. þm. lagði til á því bara ekkert við hér.

Í þriðja lagi, af því að hann nefndi það að einkaaðilar væru fetinu framar þegar kæmi að viðhaldi húsnæðis, við skulum segja skólahúsnæðis, hefur leigjandinn borgað fyrir þetta viðhald í framreiknuðum leiguskala 25 ár fram í tímann. Það er kjarni málsins.

Herra forseti. Af því að ég nefni þessi 25 ár þá finnst mörgum það vera afskaplega langur tími. Ég var fyrir skömmu í 40 ára afmæli skóla og telst hann tiltölulega nýr skóli. Þessi tími líður á örskotsstundu og að láta sér koma til hugar að sveitarfélag geti eftir 25 ár úthýst eiganda húsnæðisins af lóðinni er náttúrlega eins og hver önnur þvæla. Hér er um leigulóð að ræða sem yfirleitt er til 99 ára þannig að það fer ekkert saman við 25 ára leigutíma.

Ég met mikils vilja hv. þm. til að leggja umræðunni lið en þarna var hann á röngu róli því miður.

[12:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að menn hafi bara ekki þróað þetta módel til enda en það þyrfti einmitt að gera, t.d. að láta þann sem ætlar að byggja koma að hönnun á húsnæðinu, hafa alútboð. Það væri næsta skref. Síðan mætti samræma leigutíma lóðar og leigutíma eignar þannig að jafnræði sé með mönnum eftir 25 ár, sem ég er alveg sammála hv. þm. um að er mjög stuttur tími. 25 ár er ekki langur tími. Það sem gera þarf til viðbótar er hreinlega að skoða hvort eigandinn megi nota húsnæðið til annars en þarfa sveitarfélagsins, hvort hann megi leigja öðrum það. Eins þarf að kanna hvernig hann getur komið að teikningum hússins og skoða leigutíma lóðarinnar á móti framkvæmdatíma.

[12:01]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar sveitarstjórnarlög voru síðast endurskoðuð voru tekin upp mörg ákvæði varðandi fjármál sveitarfélaga, eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og lagaákvæði styrkt hvað þau varðaði. Síðan þá hafa orðið hraðfara breytingar varðandi einkafjármögnun í skólum, barnaheimilum og fleiri slíkum byggingum. Þróunin er í samræmi við það sem almennt gerist núna, að fyrirtæki sérhæfa sig í að reisa húsnæði, reka og leigja, og sveitarfélögin hafa orðið viðskiptavinir slíkra fyrirtækja.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að amast við þessari þróun. Ég sé ekki ástæðu til þess. Ég vil að sveitarfélögin hafi frjálst val um hvort þau fari þessa leið eða aðra í fjármögnun sinni. Þau hafa aðgang að sterkum lánasjóði eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. áðan. Hann stendur vel. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um kjör hans en hygg að þau séu með því besta á markaðnum. Hins vegar hafa ýmis sveitarfélög farið einkafjármögnunarleiðina. Það er ekki ástæða til þess að amast við því og þau eiga að hafa val í þessum efnum.

Ég vil undirstrika að það er nauðsyn að þessar skuldbindingar komi fram í reikningum sveitarfélaga. Það er alveg ljóst

að andi sveitarstjórnarlaganna þegar þau voru samþykkt síðast var sá að fjármál sveitarfélaga væru samanburðarhæf og allar þeirra skuldbindingar kæmu fram í reikningum þeirra. Málið snýst auðvitað um að leigugreiðslur, sem eru rekstrarkostnaður, og skuldbindingar í leigugreiðslum komi fram til lengri tíma. Það er engin ástæða til þess að ætla annað en að sú nefnd sem fjallar um þessi mál komi sér saman um skynsamlega reglu í þessum efnum. Vonandi er óþarft að Alþingi blandi sér í þessi mál með þeim hætti sem hér er en eigi að síður fær þetta frv. þinglega meðferð. Ég tel að meiningin í því sé góð, að skýra þessar reglur en ég er sammála hæstv. félmrh. um að farsælast sé að nefndin setji slíkar reglur. Ég hef ekki ástæðu til að óttast að hún komi sér ekki saman um þetta.

[12:04]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði hv. þm. Jón Kristjánsson sem er öllum hnútum kunnugur í fjármálum og rekstri sveitarfélaga, ekki síst í ljósi þess að hann leiddi nefnd, svonefnda tekjustofnanefnd sveitarfélaga sem skilaði af sér sl. haust. Ég sat í þeirri nefnd ásamt þingmanninum og við áttum ágætt samstarf þó leiðir hafi skilið á lokaspretti nefndarinnar varðandi ákveðin áhersluatriði.

Af því að hv. þm. hafði svo mikla trú á því að þessi mál leystust nánast af sjálfu sér, að bókhaldsnefnd sveitarfélaga og þeir sem um þau hafa vélað mundu finna lausn á þessu vandamáli, ætla ég að rifja það upp með hv. þm. að þetta var eitt af álitamálunum sem þessi nefnd fjallaði stundum um þegar hún reyndi að glöggva sig á fjárhagsstöðu sveitarfélaga, hversu mikið af aflafé sveitarfélaga færi í rekstur og hvort um viðvarandi hallarekstur væri að ræða. Það velktist dálítið fyrir nefndinni hvernig ætti að finna þessum skuldbindingum stað því að þær eru hvergi sjáanlegar, hvergi finnanlegar. Það er kjarni málsins. Ég sagði áðan að við værum að tala um skuldbindingar, ég hef þær ekki á reiðum höndum upp á krónur og aura en ég held að mjög fljótlega geti menn rætt þar um milljarðatugi. Eitt stórt verkefni er til að mynda að fara í gang í Reykjavík. Til samanburðar veit hv. þm., formaður fjárln., að það skipti máli fyrir fjárlög ríkisins ef einhverjir tugir milljarða króna væru á floti í ríkiskerfinu og enginn hefði á þeim bönd. Þá er ég hræddur um að einhver mundi einhvers staðar reka upp gól á hinu háa Alþingi. Þetta er vandamál sem við höfum glímt við missirum saman. Við getum ekki stungið höfðinu í sandinn. Við verðum að taka á því, ræða það af hreinskilni og leiða það til lykta á hinu háa Alþingi ef framkvæmdarvaldið nær ekki að klára það.

[12:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. 6. þm. Reykn. séum ekki ósammála í þessu máli. Það er ljóst að það þarf að skýra hvernig með þessar skuldbindingar skuli farið. Leiga er rekstrarkostnaður á því ári sem hann fellur til og þarna er gerður samningur um leigugreiðslur til langs tíma, jafnvel til 25 ára. Málið snýst auðvitað um að draga þessar skuldbindingar fram þannig að þær séu samanburðarhæfar í reikningum sveitarfélaga. Ég held að allir sem hér hafa talað séu sammála um þetta grundvallaratriði, að framsetning fjárhags og skuldbindinga sveitarfélaga sé samanburðarhæf. Okkur greinir aðeins á um hvort við þurfum að taka á þessu með lögum frá Alþingi eða hvort margumtöluð nefnd kemst að niðurstöðu. Það mun auðvitað koma í ljós. Ég held að menn séu almennt sammála um markmiðið, að fjárhagur sveitarfélaganna verði skýr skattgreiðendum í hverju sveitarfélagi og þeim sé ljóst hverjar skuldbindingarnar eru. Hið sama gildir um fjármál ríkis og sveitarfélaga. Ég vona — ég er kannski bjartsýnni á það en hv. þm. — að þetta gangi án afskipta Alþingis en það verður að koma í ljós.

[12:09]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir afdráttarlausar yfirlýsingar hv. þm. um efni málsins. Það þarf ekki frekara vitnanna við í þeim efnum. Hann er sammála efni frv. Einasta álitamálið milli okkar er hvort Alþingi þurfi að koma að málinu eða hvort við eigum að treysta framkvæmdarvaldinu og fulltrúum sveitarfélaganna, bókhaldsnefnd og ráðuneytinu, til að leiða það til lykta. Það hefur hins vegar gengið illa eins og ég hef margsinnis getið um. Það hefur tekið fleiri mánuði og missiri. Haldnar hafa verið ráðstefnur um það mál og sitt sýnst hverjum. Við stöndum því enn í sömu sporum.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, vegna spurningarinnar um á hvaða vettvangi og hvenær hið háa Alþingi eigi að koma að málum. Stundum hefði það betur komið að málum en ekki. Við tókumst einmitt á um málefni sveitarfélaga, þ.e. fjármál þeirra, í haust í kjölfar niðurstöðu tekjustofnanefndar sem ég nefndi til sögunnar. Þar var mikill almennur vilji til að rétta við hlut sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu. Hins vegar ákvað ríkisstjórnin að taka aðeins á sig hluta af þeirri hækkun sem þar var ráðgerð á útsvarsheimildum til sveitarfélaga, 33% á yfirstandandi ári um síðustu áramót. Við þingmenn Samfylkingarinnar gerðum hins vegar brtt. við þetta og lögðum til að ríkissjóður lækkaði að öllu leyti tekjuskattsheimild sína, þ.e. til jafns við auknar útsvarsheimildir. Það var fellt á hinu háa Alþingi fyrir þremur mánuðum.

Ég heyrði það í fréttum í gær, herra forseti, að hæstv. forsrh. tók upp þessa tillögu okkar Samfylkingarmanna og gerði að sinni á blaðamannafundi í gær. Hann ætlar að leggja til að þessi 0,33% lækkun á tekjuskatti nái fram að ganga um næstu áramót. Betra er seint en aldrei. Í þessu tilfelli þakka ég sérstaklega fyrir að hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihlutinn hlýddi á skynsamlegar raddir stjórnarandstöðunnar. Betur væri að oftar væri það gert.

[12:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta hafi verið ágæt umræða um bókhald sveitarfélaga. Í sjálfu sér er ágætt að ræða um það á Alþingi. Ég held að meginmálið hafi komið fram í umræðunni, þ.e. að það skorti helst á að menn viti hvernig á að taka á þessu máli þannig að þessar skuldbindingar sveitarfélaganna verði samanburðarhæfar á milli einstakra sveitarfélaga svo hægt sé að bera saman fjárhaginn.

Ég tek undir með hæstv. félmrh. að það er algerlega skýrt í lögunum að geta eigi um allar þær skuldbindingar sem sveitarfélagið hefur á sínum herðum í reikningum og uppgjörum sveitarfélaga. Það fer ekkert á milli mála. Endurskoðendur sveitarfélaga eiga að fylgja þessu eftir og ég trúi því að við eigum vel menntaða og góða endurskoðendur í landinu. Ég býst við að þeir fylgi þessum afar skýru reglum um bókhald sveitarfélaga.

Í 69. gr. laganna er auk þess getið um skoðunarmenn. Þeir eru kjörnir af sveitarfélögunum og eiga að hafa búsetu og heimilisfestu í því sveitarfélagi sem um er fjallað. Þeir hafa þá enn þá frekar eftirlitsskyldu varðandi þessi atriði og ættu að vera kunnugir heima fyrir í hverju tilviki fyrir sig. Þetta held

ég að sé mikilvægt. Það var aðeins tekist á um þetta í félmn. á sínum tíma, a.m.k. rætt nokkuð ítarlega hvort skoðunarmenn hefðu eitthvert hlutverk varðandi uppgjör sveitarfélaganna. Ég held að það sé ótvírætt að þeir, m.a. varðandi þessi atriði, fylgist vel með því að allar skuldbindingar sveitarfélagsins komi fram í ársreikningum þess.

Varðandi það hvort sveitarfélög eigi almennt að fara út í einkafjármögnun á sínum framkvæmdum eða rekstrarleigu þá hafa tilraunir til þess verið gerðar í nokkrum mæli að undanförnu og yfirleitt tekist mjög vel eftir því sem ég hef frétt. Að mínu mati er því full ástæða til að fullreyna þetta og halda þessu áfram ef heldur fram sem horfir því ég tel að þetta sé gott fyrirkomulag. Ýmis fyrirtæki sérhæfa sig í rekstri m.a. húseigna og eru þess vegna betur hæf til þess að sjá um rekstur fasteigna og húseigna en sveitarfélög eru almennt. Þar hafa menn sérþekkingu á því sviði sem sjálfsagt er að nýta. Mitt mat er því að þetta sé góð leið velji sveitarfélag að fara hana. Það er auðvitað alltaf undir fulltrúum í sveitarstjórn komið hvort menn telja þessa leið betri en að sveitarfélagið byggi og reki sjálft sínar fasteignir.

Einkafjármögnun og rekstrarleiga hefur auðvitað þær afleiðingar að rekstrarkostnaðurinn fer allur inn í rekstur strax eða á hverju ári með leigugjöldum en hins vegar þegar sveitarfélagið byggir eitt stykki húseign, eitt stykki skóla, þá er hann eignfærður í heilu lagi. Sá kostnaður sem er í rauninni því samfara kemur ekki beint inn í rekstrarkostnaðinn og kemur þá ekki fram í rekstri sveitarfélagsins að öðru leyti en sem nemur þeim fjármagnsgjöldum, þeim vaxtakostnaði sem sveitarfélagið tekur á sig með því að fjármagna bygginguna með lántökum. En að því leyti er sá rekstrarkostnaður ósýnilegur með því gamla formi að það fjármagn sem bundið er í fasteigninni kemur ekki fram sem rekstrarkostnaður heldur sem eign. Þess vegna er það verkefni okkar að komast að því hvernig á að bera þessa tvo kosti saman. Ég held að það sé í sjálfu sér verkefni sem við verðum að leysa eða bókhaldsnefnd sveitarfélaganna muni leysa en hitt er annað mál að þessi kostur, þ.e.einkafjármögnun, er auðvitað mjög góður þegar hann á við.

Ég held að í sjálfu sér þegar við lítum í heild yfir málið, þá séu þær lagaheimildir sem þarf til fyrir hendi og þess vegna sé ekki í raun nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. en ég held hins vegar að umræðan sé í sjálfu sér ágæt fyrir okkur þingmenn til að skýra fyrir okkur um hvað þetta mál fjallar. Því að margt misviturt hefur maður heyrt um það hvernig á að standa að slíkum rekstri og hvernig hann kemur fram í bókhaldi sveitarfélaga.

[12:18]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur um margt verið gagnleg og ég vil trúa því að í kjölfar hennar fái þessi mál ítarlega skoðun í félmn. þingsins. Ég vil undirstrika það að ég tel ekki vanþörf á og ekki síst í ljósi almennra vangaveltna hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, formanni félmn., sem vakti máls á öðrum þætti málsins sem maður stundum heyrir, að það fyrirkomulag sem hér hefur verið, þ.e. að færa þetta allt yfir rekstur á hverju ári, geti átt rétt á sér og hið hefðbundna fyrirkomulag bókhaldsins um að eignfæra eignir og hafa síðan eignfærða fjárfestingu, gjaldfærða fjárfestingu og rekstur algerlega aðskilinn væri ekkert mjög einfalt mál. Það er einmitt kjarni málsins. Það er það vandamál sem sérfræðingar hafa átt við að stríða.

Ég segi, herra forseti. Reynslan er auðvitað alltaf ólygnust í þessu sambandi og hún er sú að skuldbindingar upp á milljarða og aftur milljarða hafa hvergi verið sýnilegar þegar kemur að því að skoða fjárskuldbindingar sveitarfélaga.

Ég sagði áðan og var að velta því fyrir mér hve miklir peningar væru hér undir. Ég hef þær ekki handbærar. En ég held að mikilvægt sé að við höfum þær á borðum okkar og ætla því í kjölfar þessarar umræðu að skila inn á skrifstofu þingsins fyrirspurn til hæstv. félmrh. þar sem hann upplýsir mig og aðra þingmenn um það hve miklar fjárskuldbindingar sveitarfélaga eru vegna svokallaðrar einkafjármögnunar og rekstrarleigu þar sem sundurliðunum eftir sveitarfélögum og verkefnum er óskað. Ég held að okkur sé mikið gagn í að fá nokkra heildarmynd af því.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ef þetta mál væri svona skýrt og klárt samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum, af hverju er þá verið að setja á nýja nefnd til að fara yfir þessi mál? Hæstv. ráðherra gat um það eins og fleiri hafa gert að lögin væru skýr. Maður skyldi ætla að reglugerðin væri enn þá skýrari. Hann var að gefa út nýja reglugerð 19. desember sl., fyrir tveimur og hálfum mánuði. Sú reglugerð svarar ekki þeirri spurningu sem ég velti upp og frv. tekur á, ekki í einu eða neinu. Eftir sem áður þarf ráðherrann að setja á nýja nefnd til að skoða þessi álitaefni. Er ekki alveg ljóst, herra forseti, að þetta viðfangsefni er kannski ekki alveg jafneinfalt í sniðum eða jafnóumdeilt og maður skyldi ætla eftir þessa almennu umræðu sem mér finnst hafa verið býsna lærdómsrík hvað það varðar að almennt er um það samkomulag að menn fari að anda laganna og þessar skuldbindingar sem og aðrar séu öllum skýrar og ljósar?

Varðandi þetta fyrirkomulag almennt sem ég get í greinargerð um að ég er svo sem ekki að færa sérstaklega í tal en menn hafa eðli máls samkvæmt komið að hversu skynsamlegt það er að fara þá leið fyrir opinbera aðila. Ég get ekki frekar en aðrir kveðið upp neinn stóradóm um það. Reynslan á eftir að sýna fram á það þegar fram líða stundir. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara okkur afskaplega hægt í þeim efnum. Menn hafa lengri reynslu erlendis frá og hún er eins og ég sagði í framsöguræðu minni afskaplega misjöfn. Ýmis álitaefni og ágreiningsmál hafa komið upp þegar liðið hefur á lok leigutíma, það er ljóst.

Það er einnig hárrétt sem hér hefur komið fram af hálfu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það skiptir auðvitað miklu máli hvort um kaupleigu er að ræða, þ.e. að sveitarfélagið eða leigutakinn eignist eignina í lok leigutíma ellegar þurfi að taka upp samninga á nýjan leik við eiganda húsnæðisins og staðan er augljóslega mjög veik fyrir leigutaka.

Ég get ekki látið hjá líða þegar menn ræða það hér að ég sat merkilega ráðstefnu um þau mál á síðasta ári í Hafnarfirði. Hún var haldin þar raunar fyrir algera tilviljun af því að hæstv. ráðherra er hrifinn af Hafnarfirði, þess vegna var hún haldin þar en að öðru leyti óháð held ég málefnum Hafnarfjarðarbæjar. Einn frummælanda þar var ágætur kollegi okkar, hv. þm. Gunnar Birgisson sem hefur verið frægur fyrir flest annað en að ganga hart gegn hinu svonefnda frelsi til allra hluta og frjálshyggjuleiðum og því öllu. Hann fór yfir það lið fyrir lið, reyndur maður úr sveitarstjórnarmálum og í verktakabransanum, að þetta væri handónýt leið fyrir sveitarfélög að fara. Sveitarfélög töpuðu peningum í stórum stíl og honum dytti ekki í hug sem oddviti næststærsta sveitarfélags í landinu, þ.e. Kópavogs, að leggja það til að fara slíka leið. Honum kæmi það bara ekki í hug því að hann hefði reiknað þetta út og hann þekkti það bæði sem sveitar-

stjórnarmaður og ekki síður sem verktaki hvernig þessi kaup gerðust á eyrinni. Ég get ekki annað en tekið dálítið mark á þeim manni í þessu sambandi a.m.k. því að þarna er hann auðvitað allt í kringum borðið og ég held að flokkssystkin hans mörg hver ættu að leggja við hlustir og jafnvel félagar úr ríkisstjórninni, þ.e. úr hinum samstarfsflokknum.

Að lyktum þetta, herra forseti. Ég sagði það í gríni og alvöru áðan en ætla að gera það núna af fullri alvöru að vekja á því athygli sem gerðist í tíðindum frétta í gær af því að við ræðum hér fjármál sveitarfélaga, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir að hann ætlaði núna að samþykkja tillögu Samfylkingarinnar um að lækka tekjuskatt til móts við aukna útsvarsheimild sveitarfélaga um næstu áramót, sömu tillögu og stjórnarliðar felldu í atkvæðagreiðslu í nóvember ef ég man rétt, felldu tillögu sem þeir ætla síðan að taka síðan upp aftur þrem mánuðum síðar og láta verða að veruleika og ég hlakka til þeirrar umræðu alveg sérstaklega. Það verður skemmtileg umræða þegar hæstv. ríkisstjórn kemur með þá tillögu aftur til þings og endurvekur tillögu Samfylkingarinnar sem hún felldi fyrir þrem mánuðum. Og af því að það ber svo vel í veiði að hæstv. ráðherra félagsmála og sveitarstjórnarmála er hjá okkur, þá væri afskaplega fróðlegt að vita hvað ráði sinnaskiptum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og hvað hafi komið upp hjá ríkisstjórninni að hún skuli nú sjá ljós Samfylkingarinnar þremur mánuðum eftir að hún felldi þá tillögu. Það væri fróðlegt að hann gerði sér ferð hingað upp og segði okkur frá því. Verið er að leggja til að skattar á sveitarfélög verði lækkaðir um 1.200 millj. kr. og það mun vafalaust ýta á ýmis sveitarfélög hringinn í kringum landið að nýta slíka heimild um næstu áramót til hækkunar útsvars. En það væri afskaplega gaman að heyra það hvenær og hvernig og af hverju rann upp ljós fyrir ríkisstjórninni og þeir náðu að grípa þarna guð í fótinn og fara að tillögum okkar samfylkingarmanna.

[12:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um að sú leið sem frv. hans gerir ráð fyrir að verði farin leysi einhver mál. Það verði samanburðarhæft frekar, þ.e. ársreikningar sveitarfélaga á milli einstakra sveitarfélaga, þá held ég að það sé fjarri að frv. leysi þann vanda. Fara þarf aðrar leiðir til að finna út úr því frekar en fram komi upptalning um það, eins og segir í frv., á eftir texta um hvað skuli koma fram í reikningum sveitarfélaga. Það er alveg skýrt í lögunum að það skal vera yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og það höfum við öll verið sammála um að sé afskaplega nauðsynlegt að komi fram. Frv. hans gerir eingöngu ráð fyrir að hnykkt sé á þessu en bætir engu inn í efnislegan texta þeirra laga sem eru í gildi núna. Það eru þær leiðir sem bókhaldsnefndin er væntanlega að fara yfir sem munu leysa þetta vandamál og gera þetta samanburðarhæft.

[12:27]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur undirstrika þessi viðbrögð formanns félmn. nauðsyn þess að Alþingi taki á málinu. Hv. þm. áttar sig ekki á því að hér er einmitt verið að ræða um að betrumbæta bæði fjárhagsáætlunargerð ekki síður en ársreikningagerð með því að tíunda allar skuldbindingar sveitarfélagsins fram í tímann og ég hef sagt það fjórum sinnum í umræðum, það er vegna þess að reynslan er ólygnust. Sveitarfélög sem hafa ráðist í slík verkefni hafa verið að svíkjast um það og farið þá leið sem hv. þm. var að daðra við áðan að það ætti að færa þetta yfir rekstur á hverju ári. Síðan kæmi það bara í ljós á næsta ári hvort það væri svo og svo mikil leiga og á þar næsta ári þegar allir vissu að sveitarfélag væri skuldbundið upp á milljarða kr. í leigugjöldum í rekstri. Það er einmitt út af því að menn hafa ekki gert þetta, herra forseti. Ég hélt að það væri vegna þess að hv. þm. hefði lagt við hlustir hér sem þessi tillaga er fram komin.

[12:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg skýrt í lögunum hvernig þetta skuli vera gert og það er gert. Útfærsluatriðin á því hvernig einstök sveitarfélög gera það koma auðvitað fram í þeim reglum sem nefndin mun setja fram ef hún telur þörf á að breyta því, ef það er ekki nægilega skýrt. En ég held að okkur sé öllum ljóst og í öllum þeim umræðum sem við áttum m.a. í tekjustofnanefndinni um þessi mál var alveg ljóst að við vorum að tala um skuldbindingar. Það er eingöngu hvernig þetta birtist í reikningunum og að þetta sé samanburðarhæft á milli sveitarfélaga þannig að menn geti þá gert sér grein fyrir hver raunverulegur rekstrarkostnaður t.d. skóla er. Það er meginmálið.

[12:29]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég væri ekki að elta ólar við þetta í 1. umr. málsins vegna þess að ég veit að hv. þm. fer fyrir þeirri nefnd sem um málið ætlar að fjalla en ég hef satt að segja dálitlar áhyggjur af þessari tóntegund sem er að finna þar.

Nú er komið nýtt hugtak, að það hafi verið vandamál áratugum og öldum saman væntanlega að færa skuldbindingar sveitarfélaga með þeim hætti sem gert hefur verið, að skóli sem er byggður og er í eigu sveitarfélags, það komi hvergi fram hver kostnaðurinn er við rekstur hans. Auðvitað kemur það fram í viðhaldi hans, það kemur fram í mannahaldi við rekstur skólans. Er hv. þm. að leggja til að þessari viðteknu venju verði breytt? Auðvitað ekki. Það sem við erum að gera er að við erum að færa þessa nýju leið til samræmis við það sem gerst hefur hér árum saman og enginn hefur deilt um. Það er kjarni málsins. Um það snýst frv. þannig að við skulum ekki vera að gera nógu flókin mál enn þá flóknari. Þetta ber dálítinn keim af þeirri umræðu einmitt sem átt hefur sér stað um þessi mál nákvæmlega. Það er einmitt af þeirri ástæðu að ég taldi þann kost einan gerlegan til að taka af öll tvímæli að fara með þetta inn á hið háa Alþingi til að hnykkja á því að gildandi lög þýddu þetta líka. Með þeirri umræðu sem hér á sér stað í sölum Alþingis, það er ekki bara laganna hljóðan, það eru líka nefndarálit og annað því um líkt og ef við göngum frá málinu með þeim hætti sem hér er lagt til þá velkist enginn í vafa um það lengur. Þá hlaupa menn ekkert undan merkjum eins og reynslan er í fjölmörgum tilfellum og það veit hv. þm.

[12:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Miklir menn erum við, Hrólfur minn. Ég veit ekki til þess að ríkisstjórnin hafi verið að grípa neitt í fótinn á guði eins og hv. þm. orðaði það svo snilldarlega og með sínum persónulega hætti og það af síður að ljós Samfylkingarinnar hafi runnið upp fyrir ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin vill hins vegar leggja mikið á sig til að þeir kjarasamningar sem gerðir voru í fyrravetur rakni ekki upp. Ákvarðanir eru teknar til að greiða fyrir því að þeir haldi.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki vantar lagastoð fyrir því efni sem þetta frv. fjallar um. Reglugerðin mælir fyrir um það hvernig reikningar skuli samræmdir og sérstakri nefnd falið að vinna það samræmingarstarf. Ég er þess fullviss að þegar nefndin hefur lokið störfum eða tekið á verkefni sínu kemur þetta til með að verða í lagi.

[12:32]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita, svo ég haldi áfram því sambandi við hann. Ef þetta gengur fram með þeim hætti sem hæstv. ráðherra talar um að bókhaldsnefndin og síðan hæstv. ráðherrann með regugerðarsmíð, fer þá leið sem frv. gerir ráð fyrir núna fyrir vorið, þá læt ég mér það svo sem í léttu rúmi liggja því þingvilji liggur ljós fyrir í þessum efnum, a.m.k. þeirra sem talað hafa. Við skulum sjá hvort verður á undan. En ég er því miður ekki alveg jafnbjartsýnn og hæstv. ráðherra því menn hafa verið að velkjast með þetta viðfangsefni.

Varðandi hitt málið hefur ríkisstjórnin ákveðið til þess að liðka fyrir kjarasamningum að fara leið Samfylkingarinnar og lækka tekjuskatta um 0,33% um næstu áramót. Menn geta kallað það hvaða nöfnum sem er. Ég vil hins vegar rifja það upp, herra forseti, einmitt í umræðum um þetta mál og þá brtt. sem við fluttum hér, þingmenn Samfylkingarinnar, við fjármál sveitarfélaga og tekjuskatts- og útsvarsmál þá komu aðilar vinnumarkaðarins beinlínis að því máli og vöktu á því athygli að einmitt þetta atriði gæti stefnt þessum samningi í hættu. Málflutningur okkar þingmanna Samfylkingarinnar var mjög í þessa veru, að menn væru einmitt að stefna þessum ákvæðum kjarasamningsins í hættu þegar hann yrði tekinn upp og endurmetinn. Því rennur enn upp þetta krataljós, þetta samfylkingarljós, fyrir ríkisstjórninni að þær raddir sem þessi málflutningur sem var hafður uppi í nóvember og desember kemur núna inn á borð ríkisstjórnarinnar núna. Ég segi bara: Komið þið fagnandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:34]

Útbýting þingskjals:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 542. mál, stjfrv. *(félmrh.)*, þskj. 845.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 482. mál (starfsmenn Sameinuðu þjóðanna). — Þskj. 768.

[12:34]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Með frv. er lögð til viðeigandi breyting á lögunum vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York þann 9. des. 1994. Samhliða frv. var lögð fram þáltill. um aðild að *samningnum* en *samningurinn* er birtur sem fylgiskjal með þáltill.

Í umræddum samningi er að finna ákvæði um réttindi og skyldur starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna við aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn hefur meðal annars að geyma ákvæði um skyldu til að tryggja öryggi og vernd þessara starfsmanna, um skyldu til að láta lausa eða afhenda þá starfsmenn sem teknir hafa verið til fanga eða hnepptir í varðhald og um glæpi gegn starfsmönnum. Þá eru ákvæði um lögsögu vegna brota gegn starfsmönnunum, varnir gegn glæpum gegn þeim, framsal og um gagnkvæma réttaraðstoð.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um refsilögsögu. Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins skal hvert aðildarríki um sig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að ákvarða lögsögu sína yfir þeim glæpum sem falla undir samninginn að því er varðar mál þar sem meintur árásarmaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins og það framselur hann ekki til einhvers annars aðildarríkis sem hefur lögsögu í málinu. Með hliðsjón af þessu ákvæði þykir rétt að reglur almennra hegningarlaga um refsilögsögu verði rýmkaðar til samræmis við samninginn. Því er lagt til að nýr töluliður bætist við 6. gr. laganna þannig að unnt verði að refsa eftir íslenskum lögum fyrir brot sem falla undir samninginn enda þótt það sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að því. Ekki er þörf á fekari lagabreytingum vegna aðildar að samningi þessum.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 158. mál. — Þskj. 160.

[12:37]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu sem var einnig flutt á síðasta þingi en að henni standa ásamt mér nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Efni tillögunnar er að fela fjmrh. að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni.

Heildarendurskoðun skal liggja fyrir á haustmánuðum 2001 og skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu hennar.

Tilefni þess að ég flutti tillögu um að þessi úttekt og skoðun fari fram er í fyrsta lagi svar viðskrh. fyrir þremur árum við fyrirspurn minni um bifreiðastyrki innan bankakerfisins en þar kom fram að það hallaði mjög á í yfirmannastöðum innan bankakerfisins. Af svarinu mátti líka draga þá ályktun að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum. Það var sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans og bæði þingflokkur Jafnaðarmanna þá og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar niðurstöðunnar að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Í stuttu máli var niðurstaða kærunefndar jafnréttismála að um afgerandi mun væri að ræða á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. En ég veit ekki

til þess, herra forseti, að þessu hafi nokkuð verið fylgt eftir innan bankanna eða að farin hafi verið einhver sú leið til þess að jafna þann mun sem kærunefnd jafnréttismála komst að að væri á bifreiðastyrkjum eða þessum hlunnindagreiðslum milli kvenna og karla og er það mjög slæmt.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh., sem ég þakka fyrir að vera viðstaddur umræðuna, hvaða úrræði við höfum raunverulega til að framfylgja því þegar upp koma slík brot á jafnréttislögum, hvort ekki sé ástæða til að breyta jafnréttislögum í þá veru að hægt sé að fylgja málum allt til enda og sjá til þess að aðilar innan hins opinbera framfylgi jafnréttislögum og ekki síst þegar þeir verða uppvísir að brotum sem eru staðfest af kærunefnd jafnréttismála, að því sé þá fylgt allt til enda að þar verði úr bætt. En þar finnst mér verulega á skorta. Þarna lá fyrir brot á jafnréttislögum sem eru staðfest af kærunefndinni, en síðan ekki söguna meir. Niðurstaða kærunefndar var að vísu send af hæstv. viðskrh. til bankanna en þeir báru því við, ef ég best man báðir, að ekki væri um neitt brot að ræða og mótmæltu því að um nokkur brot á jafnréttislögum væri að ræða að því er varðaði þessar hlunnindagreiðslur innan bankanna. Það vita flestir sem hafa skoðað þessi mál gegnum tíðina að einmitt ýmsar hlunnindagreiðslur hafa verið notaðar til að hygla frekar körlum en konum og þær eru kannski stærsti liðurinn í því að ekki ríkir jafnræði milli karla og kvenna á vinnumarkaðnum þegar laun eru annars vegar.

Það fer vel á því, herra forseti, að við séum einmitt að ræða þessi mál á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, og þó Ísland sé í fararbroddi að því er varðar mannréttindi og jafnréttismál á mörgum sviðum og fremst meðal þjóða sem standa sig best í því efni þá er eins og okkur takist ekki, hvernig sem við reynum, hvað ítarlega sem farið er út í kannanir og athuganir á þessum málum, hvað ítarlega sem eru sett ákvæði í jafnréttislög, að uppræta launamismuninn á vinnumarkaðnum.

Síðari ástæða þess að við fórum út í þennan tillöguflutning er að í úttekt, sem ég bað um að fjmrn. gerði á bifreiðastyrkjum innan ríkisstofnana, kom einnig fram verulegur og afgerandi munur á bifreiðastyrkjum til karla og kvenna sem ég gat ekki fundið neina viðhlítandi skýringu á. Í greinargerð með þessari tillögu er dregið fram hve þar munar miklu, en meðalbifreiðastyrkur til karla var rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 sem tölurnar tóku til en meðalbifreiðastyrkur til kvenna var rúmlega 30 þús. Þar munar verulega á og enginn eðlileg skýring sem fram kom sem réttlætir slíkan mun.

Maður verður að halda því til haga, herra forseti, og ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé mér sammála í því, að stjórnvöld hafa ákveðnum skyldum að gegna og hafa þeim skyldum að gegna að ganga á undan með góðu fordæmi fyrir aðra. Nógu erfitt er að ná þessu í höfn þó að opinberir aðilar, að ekki sé talað um ráðuneyti, séu uppvísir að því að hygla frekar körlum en konum í slíkum hlunnindagreiðslum.

Auðvitað má margt meira um þetta segja, herra forseti. Ítarlegar kannanir hafa komið fram bæði nýlegar af hálfu kjararannsóknarnefndar og af hálfu Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem allar staðfesta það að mikill munur er á launum karla og kvenna í sambærilegum stöðum. Hér er ég með könnun frá kjararannsóknarnefnd, að vísu frá 1999, en þar kemur fram að karlar hafa að meðaltali 32% hærri laun en konur. Fyrir liggur að kynbundinn launamunur sem ekki er hægt að skýra, sem bæði hefur verið gerð könnun á að mig minnir af nefnd á vegum félmrh. sé 18% og sá munur var einmitt staðfestur og var sá sami í könnun sem VR lét gera, að kynbundinn launamunur sem ekki var hægt að skýra var um 18%.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess þó að efni væri til að fara ítarlega í þessa þáltill., hún hefur verið flutt áður á þingi. Efni hennar er þingmönnum kunnugt og rökin á baki henni eru skýr. Jákvæðar umsagnir komu fram á síðasta þingi um að fara í slíka úttekt, m.a. frá ráðuneytum, ég man ekki hvort það kom frá félmrn. Ég þakka því fyrir að félmrh. skuli vera viðstaddur þessa umræðu þannig að við fáum þá skoðun hans á málinu.

Ég legg til að lokinni umræðunni verði málinu vísað til — nú er mér nokkur vandi á höndum — sennilega er það allshn. fremur en félmn. en hún færi þá í sömu nefnd og henni var vísað til á síðasta þingi sem ég bið þá að forsetaembættið athugi.

[12:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þessi tillaga beinist fyrst og fremst að hæstv. fjmrh. og ég ætla ekki að ræða hana efnislega sem slíka en vil þó segja að samkvæmt íslenskum lögum er óheimilt að mismuna kynjunum í launum. Það var réttilega tekið fram hjá hv. þm., flutningsmanni tillögunnar, að Ísland er í fararbroddi meðal þjóða heimsins í jafnréttismálum. Lagalega höfum við tryggt svo vel sem við höfum vit á jafnrétti kynjanna, en það er erfitt að taka á hlunnindasporslum og það getur verið hluti af þessum kynbundna launamun.

Ísland kom til sérstakrar skoðunar árið 1997 hjá þeirri nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um mismunun gagnvart konum og þar var farið nákvæmlega yfir jafnréttismál á Íslandi og stöðu kynjanna. Við fengum yfirleitt ágæta einkunn, einungis alvarlegar aðfinnslur út af tveimur atriðum, það var kynbundinn launamunur og réttleysi sveitakvenna. Því miður er ekki fyllilega búið að vinna bug á eða bæta úr þeim annmörkum sem nefndin fann hjá okkur Íslendingum. Við höfum hins vegar verið með nokkrar aðgerðir í þá átt. Við höfum búið til módel um kynhlutlaust starfsmat sem er aðgengilegt þeim sem það vilja nota og við settum lög um fæðingarorlof sem ég tel að sé verulegt spor í þá átt að eyða kynbundnum launamun, því nú getur atvinnurekandi sem ræður til sín starfsmann gert ráð fyrir því að karlinn fari, ekki síður en konan, í barneignarfrí.

Ég ætla ekki í fyrstu lotu að beita mér fyrir breytingu á nýsettum jafnréttislögum í þessu efni, en ég er með í undirbúningi að efna til málþings um kynbundinn launamun og við viljum í félmrn. reyna að fá sem víðtækasta samstöðu til þess að kveða niður þennan ósóma, því auðvitað er kynbundinn launamunur ekkert annað en ósómi. Og við eigum að reyna að kveða hann niður með öllum tiltækum ráðum.

Hugur minn stendur til þess að efna nú í vor til málþings um þetta atriði, safna upplýsingum og hugmyndum um það hvernig við getum hugsanlega höndlað þetta vandamál.

[12:48]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem kom fram hjá honum. Ég deili auðvitað þeim sjónarmiðum með honum að það virðist vera erfitt að uppræta launamismuninn og því tel ég að það réttlæti út af fyrir sig að grípa til sértækra aðgerða, vegna þess að það er viðurkennt að það er launamunur, kynbundinn launamunur í þjóðfélaginu. Og ég vil spyrja ráðherrann að

því hvort hann telji koma til greina að grípa til ákvæða sem er að finna í 3. gr. jafnréttislaga, sem kveða á um að sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til þess að bæta stöðu kvenna og koma á jafnrétti og jafnri stöðu, að það teljist ekki ganga gegn jafnréttislögum. Þetta er þessi svokallaða jákvæða mismunun. Og telur hann eðlilegt og rétt við slíkar aðstæður, þegar ekki virðist hægt að ná landi í þessu máli og ná réttlæti í málinu, þ.e. að uppræta launamuninn sem er mjög verulegur, að grípa til slíkra sértækra aðgerða? Ég man þegar ég var í félmrn. þá hugleiddi ég það nokkuð og það eru nokkrar hugmyndir á borði í því efni sem mætti vel skoða og dusta rykið af. Og ég spyr ráðherrann hæstv. hvort hann telji ástæðu til þess þegar tímanum vindur svona fram án þess við náum nokkuð lengra í þessu efni.

Þá vil ég einnig spyrja um kærunefnd jafnréttismála. Telur hæstv. ráðherra ekki að það þurfi að veita henni meira vald, úrskurðarvald, til þess að úrskurðir hennar séu bindandi og beri að framfylgja, þegar t.d. fyrir liggur að bankarnir hafi ekki framfylgt úrskurði kærunefndar, jafnvel þó að fyrir liggi að þeir hafi brotið lög?

[12:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki hrifinn af þessu hugtaki „jákvæð mismunun" vegna þess að ég held að mismunun geti aldrei verið jákvæð, þá þegar af þeirri ástæðu. Ég er ekki tilbúinn að mæla með því að beita þessu ákvæði að svo komnu máli. Það getur vel verið að það endi með því að ef svo vindur fram að við náum ekki tökum á verkefninu að við verðum að grípa til einhverra róttækra ráðstafana. En að svo komnu máli held ég við eigum að leita að öðrum úrræðum áður en við gerum það.

[12:51]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér í tilefni þessa svars: Hvert þarf ástandið að vera til þess að sé réttlætanlegt að grípa til slíkra aðgerða? Því að hæstv. ráðherra segir að ekki sé útilokað að til þess gæti komið. Konur hafa í marga áratugi búið við það að verulega hallar á konur í launum og þessum hlunnindagreiðslum sem eru notaðar sérstaklega til þess að hygla körlum. Það liggja fyrir úttektir. Það liggja fyrir athuganir, m.a. á vegum félmrn., en ég man nú ekki betur en að ráðherrann hæstv. hafi byrjað sinn feril með því að fara út í það sem var kallað starfsmat, til þess að reyna að rétta hlut kvenna að því er varðar launin og það gengur ekki neitt. Það gengur ekkert. Það er sama hvernig á þessu máli er tekið. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur verið að reyna ýmislegt á sama hátt og ég reyndi í minni tíð sem ráðherra. En okkur virðist ekkert miða áfram. Mér finnst því orðið tímabært að skoða það að grípa til þeirra aðgerða sem við getum með 3. gr. Og ég teldi að það væri rétt af hálfu ráðherrans að hann mundi setja niður nefnd sem skoðaði það hvort rétt væri og eðlilegt að beita þessu ákvæði í 3. gr. og þá með hvaða hætti, vegna þess að það eru margar leiðir sem þar koma til greina.

Ég spyr ráðherrann: Telur hann ekki eðlilegt í fyrsta lagi að styrkja betur kærunefndina með því að hún hafi þá úrskurðarvald til þess að framfylgja sinni niðurstöðu og úrskurðum? Ef hæstv. ráðherra telur það ekki eðlilegt, við hvaða aðstæður telur hann þá eðlilegt að grípa til þessara aðgerða þegar við stöndum frammi fyrir eftir áratuga baráttu, að við erum raunverulega í sömu sporunum? Það liggur fyrir 18% munur sem menn segja að ekki sé hægt að rekja til neins annars en kynferðis. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað þarf þessi munur að vera mikill? Þarf hann að vera 30% til þess að það sé réttlætanlegt að grípa til 3. gr.? Hún var sett á sínum tíma af því að menn töldu nauðsynlegt að beita henni.

[12:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég ekki tímabært að beita 3. gr. Við búum við ný jafnréttislög, nýtt skipulag eða nokkuð breytt skipulag jafnréttismála. Við höfum sett upp Jafnréttisstofu sem starfar af miklum þrótti undir prýðilegri forustu Valgerðar H. Bjarnadóttur og ný kærunefnd jafnréttismála er tekin til starfa. Ég held að við eigum að bíða og sjá hver árangur verður af því starfi og ég hef góða von um að við séum á réttri leið.

[12:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga um að fjmrh. láti fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni. Ég held að það væri mjög fróðlegt að sjá niðurstöðu svona könnunar og það mætti taka þarna ýmislegt fleira inn í, t.d. dagpeningagreiðslur og fleira.

Við erum að ræða þetta núna á 8. degi marsmánaðar, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna, og því miður er enn mikill launamunur á milli kynjanna. Það er stílbrot í jafnréttisbaráttunni. Við höfum náð þar mjög langt. Við eigum mjög góð lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, en það er eins og við náum aldrei upp fyrir þetta blessaða glerþak sem oft hefur verið talað um. Það er í rauninni algjörlega ólíðandi að við skulum ekki ná lengra fram í jafnréttisbaráttunni þrátt fyrir allt, en við megum þó ekki gleyma því að við höfum á margan hátt náð mjög langt í jafnréttismálum. Það hefur í rauninni orðið hugarfarsbreyting undanfarin ár. Menn eru miklu meðvitaðri um það að jafna stöðu karla og kvenna og það eru ekki síst karlar sem mér finnst taka meiri þátt í jafnréttisbaráttunni.

En enn eru allt of fáar konur í yfirmannsstöðum. Mig langar að geta þess hér af því nú stendur yfir búnaðarþing að þar eru átta konur núna fulltrúar á móti 50 körlum og konur hafa aldrei verið jafnmargar, en það er í reynd búið að fjölga fulltrúum á búnaðarþingi. Og á Alþingi sitja núna 23 konur. Ég held að það skipti mjög miklu máli að konur og karlar vinni að málum saman á sem flestum sviðum.

Ég vil taka undir með 1. flm. varðandi kærunefnd jafnréttismála. Mér hefur oft þótt ekki farið nægilega mikið eftir úrskurði kærunefndar og menn geri lítið úr úrsurðinum og það finnst mér vera mjög slæmt, því þar fer fram mjög vönduð vinna og mér hefur oft þótt það mjög miður að ekki skuli vera hægt að ganga skrefið til enda. Mér finnst vanta mjög mikið á það og ég held að kominn sé tími til að ræða það. Og það var gott að heyra það hjá ráðherra áðan að hann ætli að standa fyrir málþingi um launamun kynjanna og þá er hægt að leggja áherslu á þetta, því víða er pottur brotinn.

En lögin okkar eru skýr og ég held að eitt það sem best var gert á síðasta ári hafi verið fæðingarorlofið. Nú hafa feður sjálfstæðan fæðingarorlofsrétt sem ég tel mjög mikilvægt. Ég vil óska þess að á þessu ári náum við enn lengra í jafnréttisbaráttunni.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi öryrkja, 544. mál, fsp. KF, þskj. 847.

Rannsóknir á sumarexemi í hrossum, 545. mál, fsp. GE, þskj. 848.

[13:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu. Þegar ég las heiti tillögunnar fylltist ég fögnuð og taldi að nú ætti að fara að skoða það sem menn hafa talað um að væru ekki beint heiðarlegar greiðslur, falin laun og annað slíkt og alls konar sporslur. Svo reyndist þó ekki vera. Ef maður les textann þá stendur, með leyfi herra forseta: „Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni."

Það á ekki að laga þetta kerfi. Nei, það á að dreifa því jafnt á milli kynjanna. Því sem sumir hafa kallað subbuskap. Það á að dreifa honum jafnt á milli kynjanna og þá er allt í lagi. Ég held að það sé ekki nóg.

Ég held að það þurfi að fara fram endurskoðun á þessum greiðslum yfirleitt og hvers vegna þær eru jafnháar og þær eru í dag. Í þessari tillögu er ekki nefnt það sem kannski vegur þyngst, þ.e. dagpeningar. Greiðslur dagpeninga hafa aukist mjög mikið undanfarið og það er að sjálfsögðu skattalegt atriði. Dagpeningar eru upp að vissu marki skattfrjálsir og fyrirtæki hafa farið þá leið að fela laun undan skatti með því að greiða hluta af þeim sem dagpeninga og eru nokkur dæmi þekkt um það.

Hv. þm. fá sjálfir greidda dagpeninga, 80% þegar þeir fara til útlanda. Þeir fá engu að síður hótelkostnaðinn greiddan. Þetta hef ég margoft bent á að er allt of hátt. Menn koma til baka úr ferð, mismunandi eftir hvað hún er löng, með frá 30–40 og upp í 70 þús. kr. Þetta hafa þingmenn ekki gagnrýnt eða haft neitt á móti þessu heldur bara stungið peningnum í vasann, þeir sömu og flytja hér þáltill. um að dreifa þessum subbuskap á milli kynja.

Hér kemur margt fleira inn í. Hér eru t.d. nefndir bifreiðastyrkir. Mönnum er boðið í ferðir til útlanda eða ferðir tengdar orlofi fjölskyldu þar sem menn nota ferðina til að komast í ódýrt frí. Flugfélögin hafa meira að segja aðlagað sig þessu. Einn aðili greiðir mikið og aðrir fjölskyldumeðlimir minna, þ.e. sá eini sem greiðir mikið, það er sá sem greitt er fyrir, að sjálfsögðu.

Inn í þetta koma fyrirbæri eins og vildarkort flugfélaganna, sem eru um allan heim og afskaplega siðlaust fyrirbæri, herra forseti. Þar fær nefnilega starfsmaðurinn sem flýgur vildarpunktana en ekki fyrirtækið sem greiðir. Þetta hefur jafnvel valdið því að það er ekki hægt að koma á samkeppni í flugi. Þetta var reynt hér um árið. Mér skilst að samkeppnin hafi brostið vegna þess að starfsmennirnir fóru með dýrara félaginu, af því þeir fengu vildarpunktana.

Í svona kerfi, þar sem viðskiptamenn eru fyrirtækin sem greiða, eru flugfélögin andstæð sínum eigin viðskiptavinum. Þetta viðgengst um allan heim, þessi vildarkort, er hluti af þeim subbuskap sem menn hafa gagnrýnt. Launamunurinn er líka falinn með lífeyrisréttindum, óskaplegum lífeyrisréttindum stundum, hjá einstökum aðilum. Það kemur hvergi fram. Þar er lofað miklu meiri lífeyrisréttindum en gengur og gerist. Verðmæti slíkra réttinda geta numið tugum milljóna. Það er ekki minnst á það heldur í þessari till. til þál.

Sumt af þessu er til komið vegna skattalaganna. Menn reyna að komast hjá því að greiða skatta og dagpeningarnir eru hluti af því. Annað er til að fela laun. Af hverju skyldu menn vilja fela laun? Hvernig skyldi standa á því? Vegna þess að þeir mismuna. Það má ekki gefa upp launin sem greidd eru í raun. Það er verið að mismuna einstaklingum, ekki endilega milli kynja. Einstaklingum. Það er verið að mismuna einhverjum sem er sagður hafa einhver ákveðin laun, við skulum segja 250 þús. kr. Svo fær hann dagpeninga, bifreiðastyrki og hlunnindi hér og þar af því að það má ekki sjást að einhver annar með sömu laun, sem ætti að vera með sömu laun, á ekki að fá sömu laun að mati þess sem stjórnar.

Hér hefur verið rætt um jafnrétti karla og kvenna. Það er sannanlega 18% munur á launum karla og kvenna, þegar búið er að þurrka allt út sem mögulegt er. Munurinn er að sjálfsögðu miklu meiri. Það þarf ekki nema líta á aðalfund Seðlabankans til að sjá að það er verulegur launamunur á milli karla og kvenna í stjórnunarstöðum á Íslandi, alla vega í fjármálaheiminum. Hvernig skyldi standa á því?

Ég sakna þess alltaf, herra forseti, að þeir sem berjast mest fyrir jafnrétti karla og kvenna og gagnrýna launamuninn hafi aldrei spurt: Hvernig skyldi standa á því að einhver forstjórinn ræður frekar dýrari karlmann heldur en ódýrari konu? Þessarar eðlilegu spurningar hefur aldrei verið spurt. Ég hef spurt þess nokkrum sinnum: Hvernig skyldi standa á því að ég, væri ég forstjóri, vil frekar ráða Jón en Gunnar á hærri launum þó að Gunnar sé hæfari? Þetta er nefnilega ekki spurning um jafnrétti milli kynja heldur jafnrétti einstaklinga. Ég held ég hafi fundið svarið. Niðurstaðan er sú að mér er alveg sama hvort fyrirtækið græðir eða tapar. Mér er alveg sama hvað viðkomandi starfsmaður kostar. Það hlýtur að vera. Annars væri ég ekki að ráða óhæfari eða jafnhæfan starfsmann á hærri launum og borga honum alls konar hlunnindi til að fela launin, annars væri ég ekki að því. Ef ég ætlaði virkilega að græða þá mundi ég að sjálfsögðu taka fagnandi hæfasta einstaklingnum, hvort sem það væri karl eða kona.

Misréttið sem við glímum við er nefnilega misrétti einstaklinga en ekki kynja. Það kemur fram sem misrétti kynjanna, því þar er hægt að mæla það. Það er hins vegar ekki hægt að mæla milli Jóns eða Gunnars því þeir eru báðir karlmenn.

Af hverju er ekki allt í lagi að hafa misrétti? Af hverju skyldum við berjast fyrir því að hafa jafnrétti? Það er jú jafnréttis- eða réttlætiskenndin sem segir manni að það eigi að ráða hæfasta einstaklingurinn. En af hverju skyldum við berjast fyrir jafnrétti? Vegna þess að jafnréttið er besta leiðin til þess að fá hæfustu einstaklingana til að stýra og gegna ákveðnum stöðum. Misrétti kostar þjóðfélagið heilmikið. Það er þannig þjóðfélagslegt atriði að ráða alltaf hæfasta einstaklinginn til starfa. Þess vegna er ójafnrétti, hvort sem er milli karla eða kvenna eða milli karla innbyrðis alltaf óhagkvæmt. Það á að reyna að berjast á móti því eins og mögulegt er.

[13:39]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. hafi eitthvað misskilið tillöguna sem hér er rætt um. Hún fjallar ekki um launakerfi sem slíkt, launastrúktúrinn eða hvernig launakerf-

ið er uppbyggt, hve mikill hluti af launum hjá hinu opinbera er vegna hlunninda og duldra greiðslna og hvað er vegna beinna launagreiðslna. Það væri út af fyrir sig eðlilegt að ræða um. Ég deili því með hv. þm. að það er rétt og eðlilegt að hafa launakerfið að eins sýnilegt og hægt er og eins opið og hægt er þannig að sé ekki gert eins og er tilhneiging er til, þ.e. að fela hinar raunverulegu launagreiðslur. Það heldur einmitt við og heldur uppi launamisréttinu milli kynjanna. Það er verið að fela hinar raunverulegu launagreiðslur. Þarna get ég alveg tekið undir með þingmanninum.

Hv. þm. fjallaði um dagpeningagreiðslur og hinar og þessar hlunnindagreiðslur og af hverju væri ekki fjallað um það í þessari tillögu. Þetta er líka fullgilt umræðuefni. Lífeyrisréttindin sem þingmaðurinn nefndi þurfa einnig að koma til umræðu. Ég er tilbúin til að skoða tillögu með hv. þm. um það.

Þessi tillaga er hins vegar flutt að gefnu tilefni, vegna svara við fyrirspurnum mínum til tveggja ráðherra, annars vegar viðskrh. og hins vegar fjmrh. Þar kom berlega fram að bifreiðastyrkir eru notaðir til að hygla frekar körlum en konum í kerfinu. Í dæmi viðskrh. var það meira að segja svo að kærunefnd jafnréttismála hafði fengið til umfjöllunar mál vegna bankanna, bæði Landsbanka og Búnaðarbanka, þar sem úrskurðað var að um mismunum væri að ræða og brot á jafnréttislögum af því að mismunandi bílastyrkir væru greiddir í nákvæmlega sambærilegum stöðum innan bankakerfisins. Um það fjalla þessar tillögur en ekki almennt, eins og hv. þm. fór út í, dagpeningagreiðslur, lífeyrisréttindi, hlunnindagreiðslur almennt eða hvernig launakerfið er uppbyggt. Meðan það er svona uppbyggt þá hlýtur maður að taka á því þannig, eins og ég geri í þessari tillögu.

[13:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sé sjúklingur með hita þá lagar það ekki stöðuna að breyta hitamælinum. Það þarf að finna út úr því hvað er að sjúklingnum. Það lagar ekkert stöðuna að segja að það eigi að dreifa þessum greiðslum jafnt á kynin. Það lagar ekki stöðuna að dreifa subbuskapnum jafnt á bæði kynin. Sjúklingurinn er jafnveikur eftir sem áður þó maður hafi leiðrétt hitamælinn og sagt að hann sé með 37 stiga hita þó að í raun sé hann með 42 stiga hita.

Ég mundi vilja sjá heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu til þess að afnema þessar óeðlilegu greiðslur og afnema að þær séu notaðar til að fela laun. Það hefði ég viljað sjá. Þá lagast hitt af sjálfu sér. Að hafa að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja eins og fram kemur í fyrstu orðum þáltill., það held ég lagi ekki nokkurn skapaðan hlut. Þá eru launin áfram falin og engin veit hver er með hærri laun en annar. Þó jafnræðis væri gætt milli kynja verður áfram ójafnræði milli tveggja kvenna, önnur fær bifreiðastyrk en hin ekki. Eða milli tveggja karla.

Ég tel að það eigi að endurskoða allt þetta kerfi með það að leiðarljósi að gera það opnara og gegnsærra og þá hætta menn að geta falið launin eins og gert er í dag.

[13:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum alveg sammála um það, ég og hv. þm., að vinna eigi að því að hafa launakerfið opið og sýnilegt. Ég hef nokkrum sinnum gert atlögu að því þau 20 ár sem ég hef verið hér á þingi, að flytja tillögur um að opna launakerfið og hafa það sýnilegt. Þær tillögur hafa meira að segja náð fram að ganga en strandað hjá framkvæmdarvaldinu af því þær hafa aldrei komist til framkvæmda. Kannski er það mín reynsla, hafandi verið svona lengi í pólitík, sem segir mér að það sé ansi erfitt að ná því fram sem hv. þm. er að tala um, þ.e. afnema allar þessar sporslur og duldu greiðslur í kerfinu og hafa kerfið opið og sýnilegt. Ég held að munurinn á því sem við erum að tala um sé bara að hv. þm. er miklu bjartsýnni en ég á að það gangi.

Nú vill svo til að hv. þm. er stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. Honum ætti því að vera hæg heimatökin að spjalla við hæstv. fjmrh. og fá hann í lið með sér við að opna þetta kerfi og afnema þessar duldu greiðslur, fríðindi og sporslur, þar sem þær eru notaðar til að mismuna bæði einstaklingum og kynjum. Nái hann því fram þá skal ég sannarlega verða fyrst til að fagna því hér í ræðustól. En meðan við búum við þetta kerfi þá er ólíðandi að slíkri mismunun sé sérstaklega beitt milli kynjanna.

[13:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að samþykkt þessarar þáltill. mundi leiða til þess að menn sofnuðu á verðinum. Við megum ekki sofna á verðinum, herra forseti. Við verðum að breyta tillögunni þannig settur verði punktur fyrir aftan, láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að afnema þær þar sem þær eru launaígildi. Það væri miklu nær. Ég held að þingmenn gætu byrjað hjá sjálfum sér. Hv. forsn. ákveður dagpeninga þingmanna og þeir eru allt of háir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, 1. umr.

Frv. JÁ og ÞSveinb, 178. mál. — Þskj. 186.

[13:46]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur frv. til laga á þskj. 186, um breytingu á lögum nr. 31/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Ár hvert verður verulegt tjón á gróðri og mannvirkjum af völdum elda sem kveiktir hafa verið til að brenna sinu. Hætta á óbætanlegum umhverfisspjöllum hefur oft vofað yfir vegna elda sem hafa verið kveiktir til að eyða sinu. Hætta á umhverfistjóni eykst ár frá ári vegna stækkandi skógarreita. Einnig hefur hætta á skemmdum á mannvirkjum aukist mikið vegna fjölgunar sumarhúsa og mannvirkja sem tengd eru notkun þeirra og útivist.

Menn hefur nokkuð greint á um nytsemi þess að brenna sinu. Rannsóknir á áhrifum sinubruna á gróðurfar hafa ekki verið miklar en þó eru til rannsóknir sem gefa vísbendingar um að einhver jákvæð áhrif verði af sinubruna. Fækkun sauðfjár og þar af leiðandi minna beitarálag á högum hefur dregið úr þörf bænda fyrir því að flýta grassprettu og engin þörf er fyrir sinubrennur á löndum sem notuð eru til hrossabeitar.

Hagur bænda af sinubrennslu virðist ekki vera augljós en hætta sú sem stafar af þeim eldum sem loga víðs vegar um sveitir landsins á hverju vori er afar mikil og vaxandi. Þess vegna er lagt til að sinubrennur verði bannaðar.

Eins og ég sagði áðan hafa ekki farið fram miklar rannsóknir á áhrifum sinuelda. Mér tókst þó að komast yfir rannsóknir og ýmsa gagnlega vitneskju sem kom fram á ráðunautafundi á vegum Búnaðarfélags Íslands og ég fékk leyfi hjá því ágæta félagi til þess að hafa sem fylgiskjöl með frv. Ég ætla að grípa, með leyfi hæstv. forseta, niður í þessi gögn og þá er það fyrst í kafla sem Sturla Friðriksson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafði á fundinum hjá þeim hjá Búnaðarfélaginu sem var notaður til að fara yfir þessi mál. Þar stendur:

„Landnámsmenn sviðu víði- og birkikjarr kringum fyrstu bæjarstæðin. Til þessa bendir fjöldi örnefna, svo sem Sviðugarður, Brennigerði, Váli og Vælugerði. Brenndur skógur var nefndur sviðningur, en orðið váli þýðir „bolir og rætur brenndra trjáa eða trjástubbar á sviðinni jörð" (Björn M. Ólsen 1910). Sviðningar þessir voru ekki alltaf gerðir af ásettu ráði, en urðu stöku sinnum vegna óhappa, ef óvarlega var farið með eld, eins og sagt er í frásögn af Ölkofra, sem gerði til kola í Þingvallahrauni skömmu eftir aldamótin 1000:

„Eldurinn hljóp í skóginn. Brann sá skógur fyrst allur, er Ölkofri átti, en síðan hljóp eldur í þá skóga, er þar voru næstir, og brunnu skógar víða um hraunið. Er þar nú kallað á Sviðningi". (Ölkofra saga 1953).

Í lagabókum okkar er gert ráð fyrir því, að sina sé brennd og þar eru ákvæði fyrir því, að sá biðji um leyfi hjá nágrönnum sínum, sem ætlar sér að brenna sinu (Grágás). Valdi sinubruninn tjóni, er þess jafnvel krafist að greitt sé fyrir það, ef ekki hefur áður fengist leyfi nágranna (Jónsbók)."

Sina hefur helst verið brennd að vorlagi um sunnan- og suðvestanvert landið. Hefur gildi sinubrennu verið nokkuð til umræðu á seinni tímum."

Segja má að verulega hafi dregið úr sinueldum á undanförnum árum og þeir séu nánast einskorðaðir við suðvesturhornið og Suðurland. Í lokaorðum segir Sturla Friðriksson í því erindi sem ég vitna til:

„Augljóst er að við sviðninguna brennur sinan og mosinn og jarðvegurinn verður opnari og vaxtarrýmið meira fyrir nýjan gróður. Geta því skriðul grös og fræplöntur aukist og fjölgar þeim á kostnað mosans. Sinan og mosinn einangra svörðinn á óbrenndu landi, en við brunann opnast svörðurinn og ljós fær greiðan aðgang að vaxtarsprotanum. Þar fer klaki fyrr úr jörð á vorin en úr óbrenndu landi. Við brunann eru steinefni sinunnar leyst úr læðingi og verður jarðvegur því frjórri en áður. Er eftirtektarvert að á brenndu landi er nýgræðingur dökkgrænn og auðugur af eggjahvítu.

Fé sækir mikið í gróður sviðins lands. Var talið að fráfærufé héldist kyrrt í högum á sviðnum blettum þar sem sina hafði verið brennd um vorið.

Enda þótt sinubrenna geti verið til bóta þarf að gæta þess að brenna ekki skóglendi. Eins væri nær að nýta afrakstur mýranna betur með beit að sumri svo ekki þurfi að brenna þar sinu vorið eftir."

Árni Snæbjörnsson frá Búnaðarfélagi Íslands var með erindi á þessari ráðstefnu sem ég vitnaði til áðan um áhrif sinubruna á gróður og jarðvegshita og vitnar þar í tilraun á Hvanneyri frá 1965–1969. Ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, í samandregið yfirlit en hann segir:

„1. Sina og uppskera innihalda meira af köfnunarefni, fosfór og kalí þar sem brennt er og mest þar sem oftast hefur verið brennt. Í uppskeru var efnaaukning mest í fyrra slætti.

2. Sauðfé virðist sækja heldur meira í brennt en óbrennt land.

3. Tegundafjöldi plantna er eitthvað meiri þar sem brennt var og virðist brennslan hafa haft mismunandi áhrif á plöntutegundirnar, því að sumum fjölgaði en öðrum fækkaði. Örfáar tegundir hurfu við brennsluna og nýjar komu inn. Hér er þó um smávægilegar breytingar að ræða.

4. Sinuaska hafði ekki áburðargildi á hafra.

5. Enginn munur er á lofthita í 30–50 cm hæð yfir brenndu landi og óbrenndu.

6. Jarðvegshiti í 5 cm dýpi er um 1,0°C hærri í brenndu landi en óbrenndu að degi til en lítill munur er að næturlagi."

Svo segir hann í niðurstöðunum:

„Niðurstöður þær sem hér hafa fengist virðast sýna, að sinnubrennsla getur átt fullan rétt á sér þar sem sina er mikil og ef eðlilegrar varúðar er gætt. Hins vegar ber að hafa í huga að tilraunin stóð ekki í mjög langan tíma og það sem að framan er sagt á eingöngu við um þær aðstæður sem þarna voru. Frekari rannsóknir þyrfti að gera áður en endanlega er fullyrt um áhrif sinubrennslu."

Guðmundur Halldórsson hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá kannaði áhrif sinubruna á smádýralíf. Í lokaorðum erindis hans segir:

„Nokkur breyting á gróðurfari varð í reitunum við brunann og er um það fjallað í öðru erindi, sem birtist í þessu riti", þ.e. erindi Sturlu Friðrikssonar sem ég nefndi áðan.

„2. Þau gögn sem búið er að vinna benda einnig til verulegs munar á smádýralífi milli brenndra reita og óbrenndra. Virðist mestur munur vera á fjölda stökkmors, en í þeim sýnum sem nú er búið að vinna (fyrsti mánuður eftir bruna) hefur fjöldi þess í brenndum reitum aðeins verið brot af því sem veiðst hefur í gildrur í óbrenndum reitum."

Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Magnús H. Jóhannsson frá Líffræðistofnun háskólans höfðu gert athugun á vistfræðilegum áhrifum sinubruna og í tengslum við þá athugun hafði verið gerð könnun meðal bænda í Árnessýslu þar sem bréf með spurningalista til 50 bænda hafði verið sent af handahófi. Skrifleg svör náðust frá 33 bændum en hringt var í fleiri og fengust þannig svör frá 35. Í ljós kom að af þeim sem svöruðu voru aðeins tveir sem höfðu ekki brennt sinu á þessu svæði, annar þeirra var eingöngu með hross en hinn var svínabóndi. Hinir 33 sögðust allir brenna sinu og voru svör þeirra nánast á einn veg. Margir töldu sig ekki geta svarað því hversu langur tími liði milli þess að sama landið væri brennt en þó er greinilegt að sá tími er oft mjög skammur og sumir brenna sama landið annað hvert ár. Menn voru almennt sammála um gagnsemi sinubruna þótt sumir létu í ljós efasemdir um ágæti þeirra er til lengri tíma væri litið. Nokkrir nefndu einnig að til skaða væri að brenna land með stuttu millibili. Athyglisvert var að flestir töldu að áhrifin fælust ekki síst í því að búfé næði betur til nýgræðings og tóku sumir fram að þeir teldu áhrifin ekki felast í öðru. Margir töldu að skepnur sæktu frekar í brennt land en aðrir kostir við að brenna sinu voru helstir taldir vera þeir að gróður yrði aðgengilegri, lostætari og kjarnmeiri og tæki fyrr við sér á vorin.

Svo segir hér, og ég vek athygli á því að ekki ber öllum rannsóknunum saman en í þessum kafla um jarðklaka segir:

„Daginn sem brennt var, mældist meðalþykkt niður á klaka 10,7 cm á brennda svæðinu en 13,7 cm á því óbrennda. Viku seinna var þykkt niður á klaka komin í 20,8 cm á því brennda og 22,2 cm á því óbrennda. Í annarri viku eftir brunann var jarðvegur alls staðar þíður. Það virðist því ljóst að sinubruninn flýtti ekki, a.m.k. ekki þetta vorið, fyrir því

að frost færi úr jörðu en ekki reyndist marktækur munur á meðalþykkt niður á klaka viku eftir brunann. Þetta stangast bæði á við hald manna um að klaki fari mun fyrr úr brenndu landi og einnig við niðurstöður Sturlu Friðrikssonar (1963) en í hans rannsókn sem gerð var í Borgarfirði vorið 1962, fór frost fyrr úr brenndri en óbrenndri mýri. Fram kemur að þetta ár (1962) var óvenju mikið frost í jörðu."

Brennda svæðið grænkaði fyrr en það óbrennda og þremur vikum eftir brunann var nýgræðingur marktækt meiri á brennda svæðinu en því óbrennda. Eftir það minnkaði munurinn og var ekki tölfræðilega marktækur." — Ég vek athygli á því að eftir að þrjár vikur voru liðnar var ekki tölfræðilega marktækur munur á gróðri eftir sinubrennslu. „Þekja grasa var meiri á brennda svæðinu þremur vikum eftir að brennt var en munurinn var tæplega tölfræðilega marktækur fjórum vikum eftir brunann."

Í lokaniðurstöðum þessa kafla stendur:

„Túlkun niðurstaðna gróðurmælinganna er því miður erfið fyrir þá sök að í annarri viku eftir brunann var hleypt fé inn á svæðið og greinilegt var að það sótti á brennda svæðið. Munurinn milli brennda og óbrennda svæðisins gæti því virst minni en skyldi. Upphaflega stóð til að gera einnig uppskerumælingar á gróðri en hætta varð við þá fyrirætlan vegna þessarar beitar. Fyrirhugað er nú að endurtaka þessar athuganir ..." — Ekki held ég að þessar endurtekningar hafi farið fram.

Ég ætla, hæstv. forseti, í sjálfu sér ekkert að setja út á það að menn hafi brennt sinu á undanförnum árum. Ég tel hins vegar að ástæða sé til að fara yfir þessi mál nú að nýju vegna þess að þörf manna fyrir það að brenna sinu sé ekki sú sama og áður og önnur atriði skipti kannski ekki minna máli og jafnvel miklu meira máli en sú hagkvæmni sem bændur telja sig hafa af því að brenna sinu. Skaðar vegna sinubruna verða á hverju ári og ég hef ekki hugsað mér að fara nákvæmlega yfir þá skaða sem hafa orðið í gegnum tíðina. Ég ætla aðeins að benda á óhöpp sem urðu í fyrra vegna sinuelda en svo ég nefni dæmi þá varð t.d. 18. apríl árið 2000 árekstur í reykjarmekki frá sinubruna suður í Flóa og mjög slæm slys hafa orðið í slíkum eldum. Allir þekkja að skaði hefur orðið á trjágróðri, girðingum, húsum og ég nefni að þennan sama dag var sinueldur slökktur við mjög erfiðar aðstæður í Borgarfirði. Þar voru kölluð út björgunarsveit og slökkvilið vegna sinuelda í landi Ánastaða á Mýrum. Þar tóku 20 manns þátt í slökkvistarfi.

Í september sl. var maður sýknaður af ákærum fyrir að raska arnarvarpi með sinueldi þannig að stundum hljótast málaferli af sinueldum. Sinueldar kvikna mjög víða á vorin eins og við þekkjum. Þeir eru ekki allir til komnir, og reyndar fæstir, vegna bænda og þeirra elda sem bændur kveikja. Þegar bændur hefja brennslu sinu á vorin eru ýmsir fleiri sem vakna til lífsins sem vilja kveikja elda. Ég vil benda á að t.d. í fyrravor voru 11 útköll hjá slökkviliðinu í Árnessýslu og reyndar líka 11 árið áður vegna sinuelda og ekki færri en 113 útköll á Reykjavíkursvæðinu vegna sinuelda og 66 árið áður.

Nú er ekki hægt að setja jafnaðarmerki á milli þess að banna sinuelda og elda af því tagi sem slökkviliðið á hér í höggi við á hverju vori en ég held þó að ef bannað væri að kveikja elda af þessu tagi, kjarr- og sinuelda, og ef það væri skylda slökkviliðs að mæta á staðinn og slökkva í hverju einstöku tilfelli þegar eldur kemur upp og ef þessir reykjarsvælubólstrar, sem liggja yfir sveitum landsins dögum saman á vorin hætta að verða til, að auðveldara verði að koma í veg fyrir að börn og unglingar kveiki elda af sama tagi á sama tíma.

Ég verð að segja eins og er að það hefur lengi farið í taugarnar á mér að sjá þessa elda. Ég hef sjálfur tekið því þátt í því að reyna að koma í veg fyrir tjón af slíkum eldum. Ég hef séð hurð skella býsna nærri hælum gagnvart mjög dýrmætum skógarreitum vegna elda sem bændur hafa kveikt sjálfir til þess að eyða sinu á landi sínu og auðvitað hefur maður líka fylgst með fréttum sem eru á hverju vori af eldum sem hafa valdið tjóni. Ég tel, hæstv. forseti, að aðrir hagsmunir séu orðnir miklu ríkari núna en þeir hagsmunir sem bændur hafa af því að eyða sinu með eldi. Sauðfé hefur fækkað verulega mikið. Menn þurfa ekki á sama hátt á þessu að halda. Hrossum hefur fjölgað mikið og mjög stór svæði sem áður var mikil sina á er það ekki lengur því að það er engin sina á landi sem hross hafa gengið á, og svo held ég líka að hægt sé að fullyrða að beitiland sé í langflestum tilfellum nægilegt hjá bændum og þeir þurfi þess vegna ekki á þessu að halda.

Ég ætla ekki að hafa umræðuna lengri. Ég legg til að frv. verði vísað til umvhn. að lokinni umræðunni. Ég hef lokið máli mínu.

[14:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. þessa frv. um breytingu á lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem fram kom í máli framsögumanns en ég tel mjög mikilvægt að hv. þingmenn taki þetta frv. til vandlegrar skoðunar. Það kemur skýrt fram í ýmsum fylgiskjölum með frv. að þeir hagsmunir er lúta að umhverfinu og þeim umhverfisspjöllum sem orðið hafa og geta orðið af sinubrunum, að það að gæta þess að sinubrunar eyðileggi ekki land, skipta okkur meira máli nú orðið heldur en þeir hagsmunir sem bændur gætu haft af því að brenna sinu.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefur ýmislegt breyst í búskaparháttum bænda og þjóðarinnar á undanförnum árum og áratugum og það er auðvitað alveg ljóst að víða, ekki bara í sveitum landsins heldur einnig í þéttbýlinu, tekur sig upp yfirleitt vor hvert mikið sinufár. Oftar en ekki eru þar reyndar því miður á ferð börn eða unglingar sem kunna fótum sínum ekki forráð en sem betur fer hefur oftast verið hægt að forðast stórslys, en við þetta má ekki búa. Það er mjög mikilvægt að löggjafinn taki af skarið með þetta mál og því vil ég hvetja hv. þm. til þess að kynna sér þetta vandlega. Nú mun málinu verða vísað til hv. umhvn. þar sem við fulltrúar í henni munum ræða það í þaula en ég hvet hv. þingmenn til þess að skoða frv. með opnum huga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. GHall, 198. mál. — Þskj. 208.

[14:07]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 208 um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis. Það kann kannski einhverjum

að koma það spánskt fyrir sjónir að það sem snýr að málefni innan veggja hins háa Alþingis skuli vera borið fram á þennan hátt. En málavextir eru þeir að í mars árið 2000 sendi ég hæstv. forsn. svohljóðandi bréf:

„Virðulega forsætisnefnd.

Það hefur vakið athygli mína þá í sjónvarpi birtast fréttamyndir af störfum erlendra þjóðþinga hve bakgrunnur þeirra er í forsetastól sitja er litríkur og áberandi. Að öllu jöfnu er þar áberandi þjóðfáni þess þings er mynd á skjánum birtist frá í bakgrunni eða til hliðar við forsetastól.

Horfandi á hinn faststillta, litlausa myndramma sjónvarps frá Alþingi væru mikil blæbrigði og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

Vænti ég þess að hæstvirt forsætisnefnd taki vel á máli þessu."

Herra forseti. Af viðtölum mínum við forsn., að undanskildum forseta þingsins, hefur þetta mál fengið mjög jákvæðar undirtektir hjá hæstv. forsetum þingsins, öðrum en hæstv. forseta Halldóri Blöndal, sem ég hef ekki átt viðræður við um þetta mál.

Ég tel hins vegar með ólíkindum og mjög sérstakt að allar götur frá 1944 þegar þjóðfáni vor var ákveðinn skuli aldrei hafa verið léð máls á því eða að ekki skuli hafa verið tekin ákvörðun um að þjóðfáninn væri innan dyra í Alþingishúsinu. Mjög hefur verið deilt um það hvort skjaldarmerki ætti að vera utan á húsinu, við þekkjum þá sögu. En að þjóðfáninn skuli vera innan dyra kann ég ekki sögu um en það eru kannski einhverjir hér inni mér eldri og reyndari sem hafa eitthvað fram að færa í því efni.

Það sem vekur líka athygli mína þegar þetta mál ber á góma að sífellt fjölgar þeim gestum sem koma í Alþingishúsið. Ég get nefnt sem dæmi að 1997 voru þeir um 4.000, 1998 tæplega 4.400 og 1999 um 4.800 og enn fjölgaði þeim árið 2000 þó ég hafi þær tölur ekki fyrir framan mig. Fjöldi erlendra gesta og Íslendinga sem koma hingað skiptist til helminga eða nærri því.

Eins og ég kom að í þessu bréfi sem ég fékk formlega ekki svar við, þá leiddi það til þess að ég flutti þessa þáltill. til að fá umræðu og til að fá þá málið afgreitt á Alþingi hvort menn væru mér sammála eða ekki. En það er nú svo að lög um þjóðfánann hafa verið þannig sett og úr garði gerð að hinn fallegi þjóðfáni Íslendinga hefur verið ofverndaður. Þó hefur lögum nokkuð verið breytt á þann veg að nú má nota fánann á varning og vörumerki þannig að þeim ákvæðum hefur verið breytt mjög til rýmkunar sem er ekki óeðlilegt þegar til þess er litið hvernig umhverfið er í kringum okkur t.d. ef litið er til annarra Norðurlanda. Danir hafa t.d. tekið mjög upp þann sið að nota fánann til þess að auðkenna útflutningsvöru sína.

Málið snýst hins vegar fyrst og fremst um það að hér mér á hægri hönd yrði íslenski þjóðfáninn hafður á lóðréttri fánastöng og ég teldi að það væri mjög af hinu góða.

Ég sé í sjálfu sér ekki mikla ástæðu til að orðlengja þetta mál meira, herra forseti, svo augljóst sem það er, en ætla þó aðeins að vitna til þáltill., ég gríp hér niður í texta, en þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Við setningu Alþingis, 126. löggjafarþings, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, m.a. í ávarpi sínu að það væri sér gleðiefni hve hinum erlendu þjóðhöfðingjum sem hefðu heimsótt landið á sl. fjórum árum hefði þótt mikilsvert að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar."

Það hafa menn orðið áskynja um og er rétt. Ég segi einnig í greinargerð, með leyfi forseta:

„Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól."

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel að það væri vel við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

[14:15]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill aðeins hafa orð á því að það hefur gerst dag eftir dag að símar eru hringjandi í þingsalnum að eigendum sínum fjarstöddum. Forseti biður hv. þm. að geyma símana í yfirhöfnum sínum í anddyrinu en alls ekki í þingsalnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. SvH og PBj, 217. mál (kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 231.

[14:16]

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ekki verður sagt að mikill áhugi sé ríkjandi hjá hv. þm. um þau mikilsverðu mál sem hér eru á dagskrá og til umræðu. Það hefur hent æ ofan í æ að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur verið helmingur þingmanna á bekkjum.

Á þskj. 231 eigum við Pétur Bjarnason, varaþm. Frjálslynda flokksins, till. til þál. um kosningar til Alþingis og þrátt fyrir að önnur mál séu mikilsverð má þó fullyrða að þetta mál eigi hvað brýnast erindi við þjóðþingið.

Hér verður ekki rifjuð upp saga kjördæmamálanna á Íslandi. Það mátti heita að linnulaust stæðu þrætur um þau mál alla síðustu öld. Ágreiningsefnið var misvægi atkvæða þar sem svo sérstaklega háttaði til að einn þjóðmálaflokkurinn, Framsfl., hafði yfirburðaáhrifastöðu í þjóðþinginu og þar af leiðandi gagnvart þjóðmálum vegna hinnar ósanngjörnu kjördæmaskipunar. Átti hún sér þó að sumu leyti sögulegar rætur og ekki að öllu óeðlilegar, þ.e. gömlu sýsluskiptinguna sem lögð var til grundvallar. Öll baráttan beindist að því að jafna atkvæðisréttinn og koma lýðræðisskipan á í þjóðfélaginu. Þetta reyndist langvinnur og örðugur leikur.

Hin síðari ár þegar líða tók á öldina var reynt að leysa þetta mál með því að fjölga þingmönnum, sem var að sjálfsögðu alveg óþarft, úr 42 í 52 og síðan upp í 60 og 63 af því að aldrei þóttu tök á að ganga á fjölda þingmanna landsbyggðarinnar.

Árið 1931 hlaut Framsfl. meiri hluta á Alþingi með 35% atkvæða á bak við sig. Löngum var það reyndar svo að reynt var að leika á kjördæmaskipanina og kosningafyrirkomulagið sem þá var í gildi. Þess er skemmst að minnast að 1956 gerðu tveir flokkar, Framsfl. og Alþfl., til þess mjög djarfa tilraun að ná meiri hluta á Alþingi. Þeir höfðu rúmlega $^1/_3$ af atkvæðum á bak við sig.

Ég rifja það upp að árið 1994, 25. október það ár, sameinuðust ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna á fundi um yfirlýsingu þar sem þess var krafist að misvægi atkvæða eftir búsetu yrði afnumið þegar á þeim vetri. Í þeirri samþykkt kemur fram, með leyfi forseta:

„Það er samdóma álit ungs fólks úr öllum stjórnmálaflokkum að núverandi kosningalög séu ekki á vetur setjandi þrátt fyrir að þau hafi aðeins verið notuð við tvennar kosningar. Síðasta endurskoðun kosningalaganna mistókst."

Þetta er 1994 og þetta er verið að tala um, lögin frá 1987 eða 1986 sem gengu í gildi við kosningarnar 1987. Og áfram segir í ályktuninni, með leyfi forseta:

„Við erum sammála um að ekki er hægt að búa við kosningalög sem mismuna þegnum þessa lands. Núverandi misvægi atkvæða er óþolandi brot á grundvallarmannréttindum. Kosningalög eru hornsteinn lýðræðis í hverju landi og þar eiga allir að sitja við sama borð."

Menn lögðu mikla áherslu á að kosningalögunum yrði þegar breytt þannig að fullkomið jafnrétti tæki gildi og því markmiði yrði helst náð fyrir þær kosningar sem þá fóru fram, 1995. Það var sett upp nefnd, eins og hér er reyndar lagt til, allra stjórnmálaflokka til að endurskoða kjördæmaskipan og kosningalög. Það fórst þannig úr hendi að ég held að slíkt hafi aldrei sést fyrr. Oft var brotalöm á breytingunum en ég held að aldrei hafi þvílíkt hent eins og henti við síðustu endurskoðun laganna og sá óskapnaður í kjördæmaskipan var settur upp sem við höfum nú fyrir augum. Enn á ný var staðfest og lögleitt að helmingsmunur skyldi vera á atkvæðisrétti fólks í þéttbýli og á hinni svokölluðu landsbyggð.

Í lok 20. aldar er þetta lögleitt áfram, atkvæðavægið 1:2. Til þess að ná þeim áfanga er búinn til sá óskapnaður og afstyrmi sem kjördæmaskipanin er. Kjördæmið frá botni Hvalfjarðar og norður í Fljót og síðan frá Siglufirði, og lá við að yrði vestur að Sandgígjukvísl á Skeiðarársandi en mér skilst að það sé að Eystrahorni eftir því sem nýjustu fregnir herma. En fólkið sem býr hér, $^2/_3$ hluti þjóðarinnar, er afgreitt með því að hafa helmingsrétt á móti öllum hinum. Misvægi atkvæða gat átt nokkurn rétt á sér á sinni tíð en sá tími er löngu liðinn og einfalt að breyta kjördæmafyrirkomulaginu þannig að allt landið verði eitt kjördæmi enda næst jöfnuður ekki fram ööruvísi. Reynt er að ná þessum ójöfnuði með því að hluta Reykjavíkurkjördæmi í tvennt. Mér skildist, án þess að ég hafi nennt að kynna mér þann óskapnað sem kom frá þessari nefnd, að það ætti að endurskoða milli hverra kosninga þau mörk sem dregin eru í höfuðborginni og kjördæmamörkin kunni að verða færð milli blokka eftir því hvernig íbúafjöldinn skipast.

Við þetta er að sjálfsögðu ekki búandi. Þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa síðustu áratugina eyða öllum röksemdum fyrir því að þetta gamla fyrirkomulag um misvægi atkvæða geti átt rétt á sér.

Ég tek það fram að í tillögugerðinni sjálfri er talað um að haft verði til hliðsjónar að þingmönnum verði fækkað í 52. Kannski er 51 nær lagi. Hér er enn fremur lagt til að þingmenn sem verða ráðherrar kalli inn varamenn sína. Nú eru ráðherrar 12 og ekki líklegt að þeim verði fækkað ef að líkum lætur. Þannig væri að mjög við hæfi að sama tala alls yrði í þingsölum 63, 51+12. Enn fremur er gerð tillaga um að kosning fari fram með tvennum hætti. Helmingur verði kosinn á landlista, sem flokkarnir skipa, og hinn helmingurinn af 200 manna lista þar sem persónukosning gæti farið fram.

Ég ætla ekki nánar út í þær sakir en bendi á að ýmsar þjóðir hafa mjög eftirbreytnivert fyrirkomulag á slíkum kosningum. Ég nefni þar Íra, Þjóðverja, Finna og fleiri mætti nefna. Persónukjörsaðferðin gæti komið í stað þess sem kallað hefur verið prófkjör fram að þessu, sem er ekkert annað en skrípi af lýðræði. Svo er komið og hefur löngum tíðkast að menn eru farnir að kaupa sig inn á Alþingi í gegnum hin svokölluðu prófkjör þannig að peningamagnið ræður ríkjum. Það kann vel að vera að ýmsum þyki að nú, þar sem auðvaldið hefur náð öllum undirtökum á Íslandi, sé einmitt rétt að gera valdaaðstöðu þeirra sem besta þannig að þeir geti ráðið öllum þingsætunum líka.

Ég minnist þess, þó ég vilji ekki nefna nöfn í því sambandi, að sannarlega mátti sýna fram á að í eitt skipti fyrir alþingiskosningar fór um 1 þúsund manna flokkur ungmenna milli þriggja flokka, Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. og kom í hvert eitt skipti einum manni að í öruggt þingsæti í Reykjavík. Ég veit að ýmsir hv. þm. vita hvað við er átt.

Tillaga er gerð um að birting skoðanakannana verði bönnuð viku fyrir kosningar. Það er óeðlilegt að skoðanakannanir geti haft áhrif fram á síðasta dag, spurningin er hvort það ætti ekki að vera hálfur mánuður fyrir kosningar. Sem dæmi um hin óeðlilegu áhrif sem skoðanakönnun getur haft eða öllu heldur beiting hennar var í síðustu kosningum þegar Dagblaðið þóttist sjá að fylgi Frjálslynda flokksins dygði ekki til að fá kjörinn þingmann og auglýsti allan föstudaginn fyrir kosningalaugardaginn að þeir sem kysu Frjálslynda flokkinn köstuðu atkvæði sínu á glæ. Blaðið benti þá til skoðanakönnunar sem það hafði gert daginn áður. Þar auglýstu menn kappsamlega frá morgni til kvölds.

Ég veit auðvitað hver stjórnaði þessu og hvaðan þau tilmæli um þessar aðgerðir voru komnar. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Þetta var greinilega misnotkun á skoðanakönnun og enginn vafi á því að mönnum er eins og allir vita annt um kosningarréttinn sinn. Þeir eru ekkert ginnkeyptir fyrir því að kasta honum á glæ. Við urðum þess varir að þetta bitnaði á flokki okkar, að hve miklu leyti skal ég ekkert um fullyrða en menn höfðu, t.d. á Vestfjörðum, ólygnar sannanir fyrir áhrifum þessarar aðferðar.

Spyrja má hvernig það má vera að þingmenn, t.d. fyrrv. þingflokks Alþfl., skyldu samþykkja aðferðina sem hér var komið á með hinum nýju kosningalögum og kjördæmaskipan. Ég veit af hverju þingmenn Sjálfstfl., sem á sínum tíma börðust fyrir lýðræðinu og jafnræði atkvæðisréttarins, hafa horfið frá því, forustumenn í þeirra röðum. Ég komst að því 1986, held ég að það hafi verið, þegar ég var að gefast upp á þeim fjölda tillagna sem gerðar voru við kjördæmaskipanina. Ég lagði þá til að landið yrði gert að einu kjördæmi. Þá ætluðu þeir vitlausir að verða sem fremstir sátu á þing-

bekkjum frá Reykjavíkurkjördæmi og Reykjanesi vegna þess að í skjóli misvægis til þess að jafna kosningamismununar sem gerð var milli kjördæma þá sátu þeir fyrir, efstir á listum frá þessum kjördæmum, öllum ráðherraembættunum og hrömmsuðu þau öll til sín. Það var gjarnan reynt að hafa eins og einn, undantekningu sem sannaði regluna, utan af landi í ráðherrastóli. Ætli það geti verið að alþýðuflokksmenn, t.d. á Reykjanesi, hafi fallið í þessa freistni líka eða þingmenn sem hafa búið í þessum kjördæmum, að vilja vera þar sem allt er sjálfbært og þurfa ekki helst að hafa fyrir neinu eins og landsbyggðarmenn þurfa? Væri ekki skynsamlegra að allur þingheimur bæri ábyrgð á öllu þessu litla landi, þar sem nú má komast til ystu annesja á jafnlöngum tíma og það tók að fara á milli sveitabæja á hestum á sinni tíð?

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Eitt er víst að þó að þessari tillögugerð verði tekið fálega nú af þeim sem ráða þeim gamla ósið að leggja aldrei eyrun við því sem stjórnarandstaðan leggur til þá mun núverandi valdhöfum ekki duga að skella skolleyrum við þessari tillögu nema fram undir næstu kosningar. Svo mikil áhersla verður þá lögð á framgang þessa máls og slíkrar breytingar sem auðgerð er með þessum hætti.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði tillögunni vísað til síðari umr. og allshn.

[14:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði hv. þm. Sverrir Hermannsson sem hefur um langan tíma talað úr þessum ræðustól, þekkir til vinnubragða hér og þekkir söguna. Það er mjög áhugavert fyrir mig og þingheim allan að fá frekari upplýsingar hjá hv. þm. hvað það er sem hann telur vera óhæft þegar prófkjör voru tekin upp. Ég man ekki betur en að talað hafi verið um það þá að ólýðræðislega væri unnið í flokkunum, ungir menn ættu enga möguleika og það væri flokksforustan og þeir sem á þingi sætu, þingmennirnir, sem héldu svo um stjórnvöl stjórnmálaflokkanna að engir aðrir kæmust að. Þess vegna var tekið upp prófkjör, ef ég man rétt. Hvernig öðruvísi ætti að fara með ef prófkjör verða ekki viðhöfð?

Ég er alveg sammála því, eins og hér var komið inn á, að prófkjör voru skaðleg fyrir hina smærri flokka, en þau hafa ekki verið það fyrir Sjálfstfl.

Annað sem ég vildi spyrja hv. þm., sem talar af reynslu varðandi það að ráðherra skuli víkja sæti þingmanns: Hvað er það sem við þingmenn sjáum ekki og áttum okkur ekki á í starfi ráðherrans sem er þess eðlis að hann starfi ekki hér sem slíkur? Einnig varðandi skoðanakannanirnar. Ég tel rangt að banna skoðanakannanir. Í Frakklandi, ef ég man rétt, er viku fyrir kosningar bannað að birta skoðanakannanir. Ég tel að það sé rangt, það sé gegn lýðræðinu. Hvers vegna á þá ekki líka yfirleitt að banna pólitískar greinar í dagblöðum, pólitíska umfjöllun í sjónvarpi og útvarpi?

[14:33]

Flm. (Sverrir Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði ekki um að banna skoðanakannanir. Ég talaði um að t.d. í tillögunni yrði lagt til að það yrði bannað viku fyrir kosningar svo að ekki séu höfð bein áhrif, það er óeðlilegt að slíkar kannanir hafi bein áhrif á kosninguna sjálfa.

Sú breyting að þegar þingmaður gerist ráðherra þá kalli hann inn varamann sinn er til þess að efla þingræðið og skilja á milli framkvæmdarvaldsins og þingræðisins. Hér er nærri $^{1}/_{5}$ af öllum þingheimi inni í þingræðinu, ráðherrarnir allir saman, tólf að tölu. Þetta er mjög víða í þjóðþingum gert og er mjög eðlilegt. Ekki að það sé verið að skáka þeim út til þess að þeir geti ekki unnið að málum og ekki að það sé eitthvað í vinnubrögðum þeirra sem þingmenn eigi ekki að geta fylgst með. Þetta er mjög einfalt.

Varðandi prófkjörin er frá því að segja, ég nefndi dæmi um það sem ég veit að hv. þm., sem er það gamall í hettunni að hann hlýtur að muna eftir því, þegar ungu mennirnir þrír komust að í þessum þremur flokkum. Ég nenni ekki að nefna nöfnin, en menn geta séð hvert stefnir um prófkjör og nú skal ég að gamni nefna dæmi um það.

Á sinni tíð þegar prófkjörin voru aðallega tíðkuð í borgarstjórn í Reykjavík af Sjálfstfl. þá voru prófkjörsseðlar sendir út um öll foldarból og hálffylltust öskutunnur af þeim og öskukallarnir voru látnir smala saman og þeir kusu á hundruð seðla og komu með í tunnusekkjum og hvolfdu í atkvæðakassana í gamla Sjálfstæðishúsinu uppi á lofti.

[14:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að rifja upp söguna en það kom allt í einu upp í mínu minni einhverjar sögusagnir af því að þessi háttur hafi verið tekinn upp í síðasta prófkjöri Samfylkingarinnar þannig að þetta er þá ekki alvont þó vont hafi verið þá. (**SvH:** Sönnun fyrir gæðum.) Nei, það er ekki sönnun fyrir gæðum, hv. þm.

Hins vegar er náttúrlega allt önnur málsmeðferð á prófkjörum nú en var þá og menn geta ekki safnað kjörseðlum og kosið fyrir marga þannig að þær breytingar hafa á orðið. En látum það liggja á milli hluta.

En varðandi skoðanakannanirnar. Ég mismælti mig og biðst afsökunar á því ef ég hef ekki talað nógu skýrt. En að banna skoðanakannanir viku fyrir kosningar. Réttlætiskennd mín segir að óeðlilegt sé að gera það vegna þess að við hljótum þá að banna allt sem er skoðanamyndandi og birtist í fjölmiðlum viku fyrir kjördag. Eigum við þá ekki að banna allar pólitískar greinar í blöðum, banna pólitíska pistla í útvarpi og sjónvarpi? Ég tel að þetta sé mál sem ekki sé eðlilegt ef við ætlum að hafa opið og lýðræðislegt þjóðfélag eins og við teljum að Ísland sé.

[14:37]

Flm. (Sverrir Hermannsson) *(andsvar)*:

Hvað um það, herra forseti, ef viðkomandi fjölmiðill sem skoðanakönnun gerir er ekki heiðarlegur heldur hallvikar til úrslitum? Segjum svo, eins og Dagblaðið var a.m.k. að hálfu útibú frá Sjálfstfl. við síðustu kosningar, að ekki hefði verið fullkomlega hægt að treysta þeim niðurstöðum sem þar komu en voru samt notaðar með þessum hætti undir lok kosningabaráttunnar.

En aðallega varðandi prófkjörin er þetta að segja. Vilja menn taka upp þann hátt sem hafður er á í Bandaríkjunum að menn geti komist áfram til æðstu valda í þjóðfélaginu, á þingi og í ríkisstjórn í valdi peninga? Að menn geti keypt sig inn á þing? Það er ekkert leyndarmál að það hafa menn gert og það þekkjum við mörg dæmi til og meira að segja svo að prófkjörin hafa fælt frá hina verðmætustu menn sem hefðu ella viljað koma til liðs við þingræðið svo ég nefni það sem dæmi. Þetta er nokkuð sem við þurfum að athuga. En ég vil hafa frjálsræði fólks til þess að velja úr fjölda manna. Það er ekki eðlilegt heldur skrípamynd af lýðræði ef menn geta farið milli flokka og neytt atkvæðisréttar síns til þess að hafa áhrif á úrslit þar eins og við höfum þekkt að viðgengist

hefur í hvert skipti sem prófkjör fer fram. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir þetta og meira að segja var þetta tíðkað á sínum tíma á þann veg að menn réðu úrslitum um þá sem valdir voru til framboðs.

[14:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna framkomu þessarar þáltill. Ég held að í henni séu mál sem við getum kannski flest verið sammála um að þarf að ræða sig í gegnum. Við gerum okkur grein fyrir því að kjördæmaskipanin nýja verður ekki langlíf. Það eru margar orsakir fyrir því.

Ég held að skoðanakannanir viku fyrir kosningar sé líka þarft mál, og fara að dæmi Frakka. Af því að það kom fram í ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar að Frjálslyndi flokkurinn hefði lent illa í meðferð manna í skoðanakönnunum, þá má segja það sama um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð þar sem eitt af stóru dagblöðunum smurði fylginu yfir allt landið nokkrum vikum fyrir kosningar og reiknaði okkur engan mann inn á þing og hafði gríðarleg áhrif í allri kosningabaráttunni.

En ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki ástæðu til þess þar sem við erum í mjög miðstýrðu samfélagi að setja inn í svona bollaleggingar hugmyndir um úttekt á því að „dissentralísera", þ.e. minnka miðstýringu ríkisvaldsins og framkvæmdarvaldsins sem hluta af því dæmi að gera landið t.d. að einu kjördæmi. Ég held að við séum sögulega þannig sett, Alþingi Íslendinga, að vegna þess að við fluttum kansellíið heim frá Danmörku þá höfum verið með það ótrúlega mikið sem framkvæmdarvaldsstofnun í heild sinni og þess vegna held ég að hugmyndin um landið sem eitt kjördæmi þurfi að byggja á því að endurskipuleggja gjörsamlega ríkiskerfið og framkvæmdarvaldið. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti verið sammála mér í því að sú umræða þurfi einnig að fara fram.

[14:41]

Flm. (Sverrir Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég er sammála því. Í tillögugerðinni er stiklað á örfáum atriðum til viðmiðunar en engin allsherjarúttekt gerð á því sem koma þarf til meðferðar í þeirri nefnd sem vonandi verður skipuð til þess að fá málið til meðferðar.

[14:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að hjá Samfylkingunni hefur sú stefna verið uppi að landið eigi að verða að einu kjördæmi. Þeir sem tóku þátt í að koma á þeirri skipan sem nú gildir voru margir hverjir með digrar yfirlýsingar um að þeir teldu það vera meira sem þrautalendingu sem yrði að líta á sem skref í þá áttina að landið yrði gert að einu kjördæmi.

Ég sat ekki á Alþingi þegar ákvörðunin var tekin um þetta. Við sem vorum kosnir á þing við síðustu alþingiskosningar áttum engan kost annan en segja annaðhvort já eða nei við því sem hér var búið að leggja til og það hefði frestað málinu ef það hefði verið fellt eftir kosningar núna síðast þannig að þetta varð niðurstaðan. Hinu er ekki að leyna að við höfum þá skoðun að gera eigi landið að einu kjördæmi.

Ég vil þó bæta því við í sambandi við það að ég tel mjög nauðsynlegt að efla sveitarstjórnarstigið í landinu. Í tengslum við það að landið verði gert að einu kjördæmi verði til öflug sveitarfélög sem geta tekið við meiri verkefnum frá ríkinu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það gerist í tengslum við þessa breytingu vegna þess að ætla má sem svo að Alþingi geti þá frekar staðið undir nafni sem löggjafarsamkoma og létt af sér þeim hlutverkum að vera eins konar þjónusta við framkvæmdarvaldið eins og Alþingi hefur verið í allt of ríkum mæli. Þess vegna þarf að flytja meira af verkefnum eins og mögulegt er til sveitarfélaganna, en til þess að þau geti tekið við þeim þurfa þau að verða öflugri.

Ég er aftur á móti ekki sama sinnis og kemur fram í þessari tillögu hvað varðar það að ráðherrar eigi að hverfa af þingi og að kalla eigi inn þingmenn í staðinn fyrir þá. Ég tel að með því sé kosningaúrslitunum raskað. Við getum t.d. farið yfir það hvernig málum væri háttað núna ef þessi regla væri í gildi. Þá væri það þannig að hér væru sestir inn á þing sex framsóknarmenn til viðbótar við þá sem voru kosnir á þing, til viðbótar við ráðherrana sem væru komnir út og væru jafnáberandi í pólitík og þeir eru sem ráðherrar en hefðu fengið sex liðsmenn til viðbótar. Nú veit ég ósköp vel að Framsfl. mundi ekki veita af því enda má svo sem sjá það í salnum núna að ekki væri amalegt að hafa sex fótgönguliða í viðbót úr þeim flokki til að tala fyrir málum. (Gripið fram í.) Já, að því leyti til mundi þetta koma sér vel, en ég er sem sagt ekki sammála þessari aðferð og tel að þetta raski kosninganiðurstöðunum og menn verði bara að búa við það áfram að ráðherrar haldi hér þingsætum.

Menn hafa líka leitt talið að prófkjörum. Þau eru auðvitað hluti af því lýðræðisfyrirkomulagi sem við höfum en afskaplega ófullkomin og gölluð aðferð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þingflokkarnir og stjórnmálaflokkarnir í landinu ættu að setjast yfir það mál og athuga hvort hægt væri að finna einhverja leið til að koma einhverju viti yfir slíka hluti.

Ég bendi á að einu sinni fyrir margt löngu héldum við prófkjör fyrir bæjarstjórnarkosningar á Akranesi. Við náðum samkomulagi milli allra þeirra flokka sem þar buðu fram um að hafa prófkjörið sama daginn í sama húsinu og nota sömu kjörskrána. Við vorum ekki skuldbundin til að nota sömu aðferðir í prófkjörinu, eingöngu sama daginn í sama húsi og nota sömu kjörskrána sem kom í veg fyrir að menn gætu gengið á milli, menn urðu að velja sér þann flokk sem þeir tóku þátt í prófkjörinu hjá.

Gallinn á þessu var hins vegar sá að þetta virkaði eins og forkosning og menn geta í slíkum tilfellum orðið fyrir einhvers konar pólitískum áföllum vegna úrslita sem komu þá í ljós. Þó er miklu skárra að búa við slíka áhættu en að búa við það að menn gangi milli prófkjöra og taki þátt í kannski mörgum prófkjörum. Ég nefni bara dæmi sem ég man líka vel eftir. Í Ólafsvík fóru fram þrjú prófkjör fyrir margt löngu. Í þeim prófkjörum tóku þátt framsóknarmenn, sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn. Samanlagt held ég það hafi verið um 130% af kosningabærum mönnum í Ólafsvík sem tóku þátt í þeim prófkjörum. Þó var fylgi Alþb. ekki með verra móti í þeim kosningum sem á eftir komu þannig að þetta segir sína sögu um hvers konar vitleysu prófkjör geta lent út í og að fólk telji að það sé allt í lagi að taka þátt í prófkjöri þó maður ætli ekkert að kjósa viðkomandi flokka. En það er bara ekkert í lagi. Það er óeðlilegt. En það er fjöldi fólks í landinu sem lítur þannig á að eðlilegt sé að taka þátt í prófkjöri þó að maður hafi aldrei ætlað að styðja viðkomandi flokk. (Gripið fram í.) Já, það er hægt að benda á æðimörg dæmi um þetta og ég er ekkert feiminn við að gera það því að ég held að menn þurfi á þessari umræðu að halda. Þetta er óeðlilegt og með einhverjum hætti þarf að stöðva

svona fyrirbrigði sem skemma fyrir lýðræðinu, að það hafi eðlilegan framgang. En það er kannski ekki aðalatriðið í því máli sem hér er til umræðu. Þetta stóra mál er auðvitað til umræðu og þarf að vera það. Ég held að menn þurfi að nota tímann á þessu kjörtímabili til að horfa lengra fram þannig að næsta skref verði tekið sem allra fyrst. Ég sé enga forsendu fyrir því að menn standi gegn því að gera landið að einu kjördæmi úr því sem komið er.

Þau stóru kjördæmi sem hafa verið búin til núna verða ekki viðráðanleg fyrir þá sem eiga að þjóna þeim. Enn þá er til staðar misvægi atkvæða sem engin ástæða er til að hafa. Ég er líka sannfærður um að þingmenn munu líta á sig sem þingmenn alls landsins ef þeir yrðu kosnir af einum lista og þeir munu kappkosta að sinna líka landsbyggðinni. Ef einhver græðir á því að landið verði gert að einu kjördæmi þá eru það hinar dreifðu byggðir.

[14:49]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég hef skilið hv. þm. Jóhann Ársælsson rétt þá taldi hann rétt að samþykkja þessa vitlausu kjördæmabreytingu frekar en að gera ekki neitt á síðasta ári. Mér fannst þetta afskaplega undarleg röksemdafærsla. Ég er hjartanlega sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni að þessi kjördæmabreyting er arfavitlaus. Það var svo merkilegt að heyra í hv. þingmönnum þegar leið að lokum þessa máls í fyrra og endanlegri afgreiðslu að nánast hver einasti þingmaður virtist vera þeirrar skoðunar að þetta væri hrein vitleysa og della. En nú er komin skýringin á því af hverju menn hafa samþykkt þetta. Það er vegna þess að það betra illt að gera en ekki neitt, gera einhverja vitleysu frekar en að gera ekki neitt. Nú fer ég að skilja málið og nú fer ég að skilja af hverju við vorum aðeins þrír sem greiddum atkvæði gegn þessari vitleysu á endasprettinum. En mér finnst þetta furðuleg röksemdafærsla og er á því að betra hefði verið að una aðeins lengur við gömlu kjördæmaskipanina og komast að einhverri vitrænni niðurstöðu heldur en að búa við þá kjördæmaskipan sem nú hefur verið samþykkt. Ég er sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni um það að þessi kjördæmaskipan verður ekki langlíf.

[14:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við sem vorum kosnir til þings núna og vorum ekki á þingi á síðasta kjörtímabili áttum engan kost á því að hafa áhrif á það hvers konar fyrirkomulag yrði samþykkt hér. Einungis var hægt að segja já eða nei og ég tel að það hafi verið, úr því sem komið var, rétt að taka skrefið vegna þess að þessi tillaga var tilbúin og full ástæða er til að halda það að ef menn hefðu ekki tekið það skref sem þá var gert hefði kannski orðið langt í það að menn gerðu breytingu. Krafan um að komið yrði til móts við þessi stóru sjónarmið um jöfnun atkvæðisréttarins var það rík frá hendi þeirra sem hafa búið við það að atkvæði þeirra væru minna metin að ekkert var undan henni vikist. Það er aðalástæðan fyrir því að menn hröktust fram af þeim hamri sem hér var.

Ég held að menn verði að reyna að gera gott úr þessu öllu saman með því að setjast yfir þetta mál og reyna að finna niðurstöðu sem er skynsamlegri en sú sem nú ríkir og það sem allra fyrst.

[14:52]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki þýðir fyrir þá þingmenn sem sitja á þingi í dag og sátu ekki á síðasta kjörtímabili að skorast undan ábyrgð á þeirri vitlausu samþykkt sem hér var gerð vegna þess að það þurfti að samþykkja þetta í tvígang, á síðasta kjörtímabili og svo eftir síðustu kosningar. Þeir sem samþykktu þetta endanlega á síðasta ári voru auðvitað þeir sem sitja á þingi í dag, þeirra á meðal hv. þm. Jóhann Ársælsson vænti ég. Við sitjum uppi með þessa dellu vegna þess að menn samþykktu eitthvað sem þeir eru nánast allir sannfærðir um að hafi verið hrein vitleysa. Það kemur fram nánast sama við hvaða þingmann maður talar. Allir eru sannfærðir um að þetta verði ekki langlíft, þetta sé tóm della og þetta gangi ekki upp. Samt samþykktu hv. þm. þetta í hrönnum. Ekki þýðir að koma svo hingað í dag og segja: Ja, ég ber enga ábyrgð af því að ég var ekki á þingi á síðasta kjörtímabili. Það gengur ekki upp.

[14:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég man rétt, þá sat ég hjá í málinu en það skiptir engu máli í þessu tilviki. Menn stóðu einfaldlega frammi fyrir því að það hefði ekkert gerst ef þessi tillaga hefði ekki náð fram að ganga aftur og ég held að það hafi verið skárra að gera eitthvað heldur en ekki neitt í þessu. (**Gripið fram í:** Nei.) Við verðum auðvitað að horfast í augu við að stór meiri hluti þjóðarinnar bjó við rýrari atkvæðisrétt en hinir og það er til móts við þá kröfu sem er gengið í þessu. Það þýðir ekkert fyrir menn að tala um það eins og einhverja léttvæga kröfu. Hún var búin að vofa yfir okkur býsna lengi og menn höfðu ekki komið til móts við hana fyrr en þarna. Enda þýðir ekkert að sakast um orðinn hlut. Málið stendur einfaldlega svona núna og menn þurfa þá að taka ný skref og þau eru auðvitað það að setjast yfir þetta að nýju. Ég tel að ekki sé hægt að ganga gönguna til baka. Nú verði menn að halda áfram yfir í að gera landið að einu kjördæmi og klára það að gera atkvæðisréttinn jafnan í öllu landinu.

[14:55]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af þeirri till. til þál. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson var að flytja hér sem tekur á ýmsum þáttum sem varða kjördæmaskipan og kjör til Alþingis.

Ég vil segja það, herra forseti, að ég get tekið undir margt af því sem þar kemur fram og er mjög hlynntur tillögu um að endurskoða kjördæmaskipunina og fagna því að hún skuli vera komin fram. Ég kom til þings á sama tíma og hv. þm. Jóhann Ársælsson, vorið 1999, og þurftum við þá að taka þátt í því að greiða atkvæði um þau lög sem þá lágu fyrir um breytingar á kjördæmaskipan og breytingu á kjöri til Alþingis og var ég andvígur því. Ég tel að sú kjördæmaskipan sem var þá búin til og við eigum að kjósa eftir næst sé mikill óskapnaður. En kannski er það besta við hana að hún er svo herfilega vitlaus að sennilega verður hún fljótlega lögð af. Það er sennilega aðalkosturinn við þá breytingu sem gerð var á kjördæmaskipaninni þegar hin stóru og miklu landsbyggðarkjördæmi voru búin til. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þurfa að ferðast frá Alþingishúsi og ekkert mjög langt geta reynt að setja sig í spor okkar sem sitjum í landsbyggðarkjördæmunum og þurfum að sinna kjördæmi sem nær t.d. frá Siglufirði að Höfn í Hornafirði eða Norðurl. v. og Vestfirðir að Hvalfjarðargöngum. Það er ekkert smávegis svæði sem menn eiga að þjóna. Hvernig í ósköpunum eiga menn að geta sinnt því svo vel sé? Að maður tali ekki um þann sem hér stendur sem þarf jafnframt að þjóna þá sínu

gamla kjördæmi, sem hann er kosinn fyrir núna og ætlar að reyna að gera eftir bestu getu, sem nær þá frá Hrútafirði.

Eins og ég segi er þetta óskapnaður og það besta við þetta er hvað þetta er vitlaust og hvað erfitt verður að framkvæma þetta. En samt sem áður verðum að búa við þetta í a.m.k. tvennar kosningar, því er verr og miður. Sem gamall alþýðuflokksmaður er ég mjög hlynntur því að landið verði gert að einu kjördæmi og atkvæðisréttur manna jafnaður þar af leiðandi 100% en geri jafnframt þá kröfu til þess að lífskjör séu jöfnuð í leiðinni. Ég er með öðrum orðum hlynntur því að atkvæðisréttur sé sá sami, sama hvar menn búa á landinu. Ég vil ekkert endilega hafa sem íbúi á Siglufirði tvöfalt vægi á við þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu en tek það skýrt fram og vil leggja áherslu á það að ég vil jafna lífskjör í leiðinni.

Ég er t.d. ekki sammála því að lífskjör manna úti á landi í landsbyggðarkjördæmunum, sem hafa atkvæðavægið 1:2, skuli vera skert stórlega, t.d. með þungaskatti sem íþyngir þar mjög og dregur úr lífskjörum fólks á þessu svæði. Stórkostlegur kostnaður felst í því hvernig þungaskatturinn virkar og hleðst ofan á vöruverð o.s.frv. Ég er ekki hlynntur því að ég sem íbúi úti á landsbyggðinni sem vil senda unglinginn minn í skóla til höfuðborgarsvæðisins þurfi að borga fyrir það stórkostlegar upphæðir umfram þá sem hér sitja og ganga yfir götuna í skólann sem ríkið byggir og ríkið rekur öðruvísi en það aðgengi til náms sé jafnað fullkomlega, ekki 1:2 eins og atkvæðisrétturinn heldur 1:1. Ég er mjög hlynntur því. Ég er mjög hlynntur því að ef þeir einstaklingar úti á landsbyggðinni, sem hafa þennan aukna atkvæðisrétt þurfa að koma til lækninga suður á hátæknisjúkrahúsin og þar sem mesta og besta þjónustan er og bestu læknarnir, að það kosti ekki stórkostlegar fjárfúlgur eins og það gerir í dag að fara frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins til þess að sækja sér læknisþjónustu sem ríkið byggir og rekur 100%. Þetta er með öðrum orðum, herra forseti, misvægi lífskjara sem er sjálfsagt og eðlilegt að jafna fullkomlega.

Það má taka ótal fleiri dæmi um misvægi lífskjara milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarsvæðis. Þess vegna segi ég alveg hiklaust: Við skulum jafna atkvæðisréttinn fullkomlega með því að gera landið að einu kjördæmi. Því er ég hlynntur ef við tökum þessar leiðir í leiðinni og jöfnum lífskjör fólks.

Gaman er að segja frá því, vegna þess að ég vil halda því fram að þessari kjördæmabreytingu hafi verið troðið í gegnum Alþingi, að hæstv. forsrh. skipaði svokallaða byggðanefnd á meðan þetta var í vinnslu, sem sagt á síðasta kjörtímabili. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að sitja í þeirri nefnd fyrir hönd Alþfl. Þetta var ágætisnefnd og skilaði mörgum góðum tillögum en eftir á að hyggja var þetta ekkert annað en gulrótarnefnd hæstv. forsrh. til þess að búa til ákveðinn pakka fyrir landsbyggðarþingmenn innan Sjálfstfl. sem voru að andmæla og vildu ekki fara þessa leið. Ég hef svo áður rætt á hinu háa Alþingi framkvæmdina á þeim tillögum sem þar komu fram og þeim gulrótum sem lagðar voru fyrir framan þá hv. þm. Sjálfstfl. sem voru að andæfa að þær gulrætur eru einhvers annars staðar en hjá íbúum landsbyggðarinnar sem þetta átti að hjálpa. Þær eru sennilega einhvers staðar í ruslakörfu. Með öðrum orðum hefur gengið ákaflega hægt að jafna lífskjörin með þeim tillögum sem þessi þverpólitíska nefnd lagði til og var einhuga um.

Herra forseti. Það er margt í þessari tillögu sem vert væri að ræða betur en tíminn leyfir ekki. Ég vil hins vegar segja enn fremur að ég er dálítið skotinn í þeirri tillögu sem hér kemur fram um að það skuli banna, þó að ég sé dálítið hræddur á að hafa þetta orð á, að það skuli banna birtingu skoðanakannana viku fyrir kosningar. Ég mundi frekar segja að æskilegt væri að reyna að ná um það einhverju heiðursmannasamkomulagi á milli stjórnmálaflokka og þeirra fjölmiðla sem gera þessar kannanir sem eru margar hverjar ágætar og birta þær. Þetta er stöðubirting skulum við segja. Ég er dálítið skotinn í þeirri hugmynd að ekki eigi að birta skoðanakannair viku fyrir kosningar. Ég hefði frekar viljað að það yrði gert með heiðursmannasamkomulagi milli fjölmiðla og stjórnmálaflokka í stað þess að setja það í lög og banna það frá Alþingi. Mér leiðast svona bönn. En það getur vel verið að þess þurfi í restina ef ekki tekst eitthvert samkomulag um að koma því á.

Hins vegar er ég heldur ekki sammála því og vil láta skoða það að leggja blátt bann við prófkjörum stjórnmálaflokka. Ég hef reyndar haldið því fram og sagt áður að prófkjör væru óþörf ef við breyttum kosningalögum þannig að listar, sem bornir eru fram til kosninga, hvort sem það er til sveitarstjórnar eða Alþingis, séu með ónúmeruðum sætum, fólk sé sett á ónúmeraðan lista og sá kjósandi sem kemur og ætlar sér að kjósa þennan lista í kjörklefanum hefur jafnframt það vald að raða fólki niður til sætis frá 1., 2., 3. o.s.frv. Það væri langbesta leiðin og þar með væru prófkjör óþörf.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú þáltill. sem við ræðum hér er um kosningar og kjördæmaskipan og breytingar þar að lútandi og var reyndar boðað af okkur þingmönnum Frjálslynda flokksins að slík tillaga mundi koma fram fyrr en seinna. Ég ætla ekki að fara að rekja mikið efni tillögunnar. Það hefur hv. 1. flm., Sverrir Hermannsson, gert mjög skilmerkilega. Ég ætla hins vegar aðeins að koma inn á þá umræðu sem hér hefur farið fram og ætli ég byrji þá bara ekki á hv. síðasta ræðumanni.

Mikið vildi ég að það væri svo að við gætum verið viss um að þegar sett hafa verið arfavitlaus lög þá mundu menn breyta þeim mjög fljótlega. (**Gripið fram í:** Það á ekki við um fiskveiðistjórnina.) Nei, það á nefnilega ekki við um fiskveiðistjórnina. Við erum búin að búa við það bölvað system án þess að menn hafi þorað að taka á þeim vandamálum sem þar hafa verið og það er kannski ekki minnsti þátturinn í því að víkja að þeim vanda margra byggðarlaga og landsbyggðarinnar að stóru leyti sem menn hafa iðulega komið inn á hér í byggðaumræðu og ýmsu fleiru sem lýtur að almennum búseturétti fólks, almennum atvinnuháttum og almennum rétti fólks til þess að halda atvinnu sinni og búa í þeim byggðarlögum sem Ísland hefur byggst upp á á undanförnum árum, áratugum og öldum.

Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni að það sem búið er að gera við þessa síðustu kjördæmaskipan hljóti að leiða til þess fyrr en seinna, vonandi, að ýta undir það að þessi mál verði endurskoðuð. Ég sé ekki annað en það hljóti að liggja í farvatninu að landið verði gert að einu kjördæmi. Það eru engin önnur rök sem hníga til þess úr því sem komið er en að svo verði gert og því held ég að sú tillaga sem hér var mælt fyrir og hér er til umræðu sé mjög þörf. Það er nauðsynlegt að taka þessi mál til umfjöllunar fyrr en seinna þó að ekki sé lengra liðið en raun ber vitni frá því að kjördæmaskipanin var samþykkt hér á Alþingi.

Það er auðvitað mjög umhendis að sinna kjördæmunum í þeirri stærð sem þau eru orðin og þó að samgöngur hafi virkilega batnað á landinu og séu alltaf að batna, þá er það samt þannig að þetta er geysileg yfirferð ef menn ætla að reyna að sinna þessu sæmilega. Svona til gamans get ég nefnt að ég lenti í því í fyrrasumar að þurfa einn dag að sitja fund á Hólum í Hjaltadal, sem er nokkurn veginn austast í hinu nýja Norðvesturkjördæmi, og hins vegar að mæta daginn eftir vestur á Örlygshöfn sem er nokkurn veginn vestast í hinu nýja kjördæmi. Fundurinn á Hólum í Hjaltadal stóð langt fram undir miðnætti en athöfnin í Örlygshöfn, vestur á Hnjóti átti að hefjast um og upp úr hádegi daginn eftir, svo það var náttúrlega ekkert annað að gera en rúlla sér þessa 480–490 km um nóttina. En svona er þetta. Ef maður hefur lofað því að mæta á einhverjum ákveðnum stað snemma vors og síðan er haldinn einhver ákveðinn fundur daginn áður sem maður vill ekki missa af þá er þetta svona. Það er orðið lengra í kjördæminu í austur/vestur heldur en það var þó að fara héðan frá Reykjavík í nyrstu byggðina áður en kjördæmabreytingin varð. Ég hygg að vegalengd hv. þm. Kristjáns Möllers frá Siglufirði suður undir Hornafjörð sé jafnvel enn lengri alla vega meðan hann er ekki búinn að fá þau göng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sem fyrirhuguð eru. (**Gripið fram í:** Þau koma.) Ég tel því að kjördæmabreytingin hafi ekki verið beinlínis til góðs og úr því að menn voru á annað borð að breyta kjördæmaskipaninni held ég að menn hefðu átt að fara alla leið og breyta landinu í eitt kjördæmi.

[15:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist yfir þessari umræðu. Hún er algerlega með ólíkindum satt að segja. Að hér skuli hver hv. þm. á fætur öðrum koma upp og tala í þá veru að sú breyting sem gerð var á kjördæmaskipaninni sl. vor, fyrir tæpu ári síðan, sé óskapnaður, ómöguleg með öllu og gefa þar jafnframt til kynna að skipan mála fyrir þann tíma hafi verið svo góð að þar hafi engu mátt breyta.

Ég segi bara enn og aftur: Ég kalla eftir hugmyndum og tillögum þessara ágætu hv. þm. um betrumbætur á því fyrirkomulagi sem var. Hvernig var það, herra forseti? Hér var eitt atkvæði í Reykjavík og á suðvesturhorninu jafngildi fjögurra í fámennustu kjördæmunum. Það var engin sátt um það neins staðar, hvergi. Það voru allir sammála um það í þessum sal, og ég hygg alls staðar í þjóðfélaginu, að á þessu þyrfti að taka. En það var auðvitað vandaverkið að gera það svo að vit væri í. Ég segi eins og er, herra forseti, að menn gleyma því að árangurinn af þessari kjördæmabreytingu er sá að það er stjórnarskrárbundið að þetta misvægi atkvæða megi aldrei verða meira en 1:2 og það eitt út af fyrir sig er umtalsverður árangur. Ég bið því hv. þingmenn um að fara varlega í að úthrópa þetta kerfi.

Ég velti líka vöngum yfir því að á sama tíma og hv. þm. kvarta yfir stórum og víðfeðmum kjördæmum, þá er verið að biðja um að landið verði allt eitt kjördæmi. Hvaða samhengi er í umræðu af þessum toga? Það er auðvitað ekki neitt. Skoðun mín er einfaldlega sú, og ég barðist fyrir því í þeirri kjördæmanefnd sem ég sat í, að við stækkuðum kjördæmin og fækkuðum þeim og að við fjölguðum jafnframt þeim þingmönnum sem sitja í þessum sömu kjördæmum. Menn tala hér eins og ekkert hafi gerst í þeim efnum. Við erum að tala um það að í Suðausturkjördæmi verði 10 þingmenn, í Norðausturkjördæmi verði 10 þingmenn, í Suðurlandskjördæmi verði 10 þingmenn. (**SvH:** Nei.) Jú, það er bara þannig. Og menn tala um að því sé ekki að heilsa að þarna verði verkaskipting á milli. Auðvitað verður það þannig þegar landið verður allt eitt kjördæmi að þá munu stjórnmálaflokkarnir, hvort sem þeir eru með 10, 20 eða 30 menn á þingi, væntanlega skipta eitthvað með sér verkum þannig að einhverjir þingmenn í þeirra hópi munu sjá meira um einn landshluta en annan. Þó vil ég taka það skýrt fram, herra forseti, að ég hef aldrei litið þetta jafnþröngum augum og mér virðast margir gera hér. Ég hef gjarnan litið þannig á að ég sé þrátt fyrir allt þingmaður þjóðarinnar og hefði gjarnan viljað sinna landsbyggðinni jafnt sem því kjördæmi sem ég er kjörinn frá. Herra forseti. Ræðum nú þetta mál eilítið í samhengi.

Ég segi enn og aftur og það er þess vegna sem ég get ekki orða bundist hér að þingmenn sem tala um þetta sem einhvern óskapnað þegar við höfum náð verulegum árangri í jöfnun atkvæða, höfum náð verulegum árangri í þá veru, og gætum að því að allir stóru stjórnmálaflokkarnir eða þeir hefðbundnu sem hér sitja á Alþingi, að vísu að Frjálslynda flokknum undanskildum, eiga samkvæmt kosningaúrslitum langt aftur í tímann raunhæfan og verulegan möguleika á því að fá fulltrúa í hverju einasta kjördæmi. Hér á árum áður var það nú þannig að sumir flokkar voru þingmannslausir yfir hálft og heilt landið. Og það var líka verið að gaumgæfa það að það væri víð og góð „representasjón" vítt og breitt um landið í öllum kjördæmum. Menn mega því ekki tala hér út í bláinn heldur verður að skoða málið eins og það er lagt fyrir.

Þetta er auðvitað ekki gallalaust. Vafalaust á eftir að lagfæra þetta og þessu má breyta. Ég dreg ekkert undan með það, gerði það ekki á þeim tíma og geri það ekki nú, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við eigum að gera landið allt að einu kjördæmi, og að því leytinu til tek ég undir þá till. til þál. sem hér er til umræðu og er margt ágætt um hana að segja. En að nálgast það viðfangsefni með þeim hætti sem hér hefur verið gert, að hér komi hv. þm. hver um annan þveran og sjái bara hinn svarta í hverju einasta horni þegar þessi kjördæmaskipun er rædd, það er svo fjarri lagi og nær engri átt. Ég ætla ekki að segja meira um þetta, herra forseti. Ég gat bara ekki orða bundist.

Að lyktum þetta. Það hefur líka verið í tísku, af því að mér hefur einkum dvalist utan höfuðborgarsvæðisins, að Reykjavíkurþingmenn hafa hver um annan þveran, af því að þeim hefur fundist það passa, stundum gagnrýnt það að skipta Reykjavík í tvennt. Hvað er að því? Það er nákvæmlega ekkert að því. Það er kvartað yfir því að hér séu 18 eða 20 þingmenn, þeir verða 22 eftir kjördæmabreytinguna, fjölgar um fjóra, og þeir hafi náttúrlega sökum stærðar borgarinnar átt erfitt með að tengjast kjósendum sínum, íbúafjölda upp á 110 þúsund manns. Og þetta var m.a. tilraun til að smækka það kjördæmi til að kjörnir fulltrúar hefðu meiri nálgun við kjósendur sína, þá aðila sem krossuðu við þá. Það var líka verið að huga að þessu.

Skoðum þetta mál í einhverju samhengi, herra forseti, en förum ekki um víðan völl í svona bjálfagangi.

[15:14]

Flm. (Sverrir Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sambandi við það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi að það væri verið að fjölga þingmönnum í kjördæmi, þá er þetta einhver misskilningur. Til að mynda hafa verið hið fæsta 15 þingmenn fyrir landshlutann frá Hvalfjarðarbotni að Siglufirði upp í 18 þingmenn,

ef ég man rétt, vegna uppbótarsæta sem þeim hefur verið úthlutað. Þeim mun auðvitað fækka, enda ekki annars kostur til þess að ná einhverju meira vægi atkvæða.

En spurningin er ekki sú að vísa til þess að það hafi verið enn verra ástand áður um ójafnvægi atkvæða, heldur það að við getum engan veginn sætt okkur við að það sé helmingsmunur. Með engu móti. Við getum ekki sætt okkur við neitt annað en að það sé fullkomið jafnvægi atkvæða.

En ég vil að öðru leyti þakka fyrir þessa umræðu. Hér hafa allir fulltrúar þeirra flokka sem mættir eru í þingsal lýst yfir nauðsyn þess að jafna atkvæðisréttinn og gera landið allt að einu kjördæmi. Ég átti ekki von á því að þingmenn Framsfl. sætu undir þessari umræðu, enda mundi seint draga til þess að þeir léðu réttlætinu í þessu máli atfylgi sitt. En ég vænti þess þess vegna að þetta mál komi hið fyrsta úr nefnd og að við setjumst niður og reynum að ná skynsamlegri niðurstöðu í þessu undirstöðumáli lýðræðisins í landinu.

[15:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta snýst alltaf að lyktum um þetta: Eiga menn að una því versta og halda sig við það af því að þeir fá ekki hið albesta? Ég kaus þá leiðina að velja það skásta sem í spilunum var. Gleymum því ekki, og það veit hv. þm. Sverrir Hermannsson eins og ég, að menn hafa verið að berjast við það allt frá 1959 að lagfæra þá skipan sem á var komið á þeim tíma.

Ég vil líka spyrja af því að hann man það væntanlega mjög vel: Hvert var helsta álitaefnið og ágreiningsefnið í þeirri kjördæmabreytingu? Jú, kjördæmin yrðu svo stór, þau yrðu svo víðfeðm, það yrði svo erfitt fyrir þingmenn að sinna þeim. Hefur maður heyrt þetta síðar? Já, maður hefur auðvitað heyrt þetta síðar.

Herra forseti. Það er að sönnu rétt ef hv. þm. leggur saman Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi vestra að þá fækkar þingmönnum. En hvernig hefur þetta fyrirkomulag verið af því að hv. þm. þekkir mætavel til í hinni gömlu kjördæmaskipan. Fimm þingmenn Vestfjarða voru ekki í miklu samráði við þá þingmenn sem voru á Vesturlandi, hvað þá heldur þingmenn á Norðurl. v. Nei, þar var hver fyrir sig. En í þessu tilfelli eru menn að reyna að komast út úr þessum þröngu sérhagsmunum kjördæmanna og víkka þessa sýn og taka þá höndum saman um Landsbyggðina, með stórum staf, eins og hér hefur verið talsvert talað um, þannig að hér er ólíku saman að jafna. Þess vegna undirstrika ég það að það eru stærri þingmannahópar fyrir þessi stærri kjördæmi undir þeim formerkjum sem ég lýsti áðan.

En meginatriðið er það, herra forseti, að okkur miðar í rétta átt. Ég skal engu um það spá hvað við lifum lengi við þessa kjördæmaskipan. Við lifðum við hina gömlu frá 1959 í ein 40 ár. Það datt engum í hug þegar á var sett, en menn reyndu strax á fyrsta áratug, þ.e. sjötta áratugnum, að setjast við að lagfæra þá kjördæmaskipan. Það tók 30 ár.

[15:18]

Flm. (Sverrir Hermannsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tíu þingmönnum verður úthlutað landsvæðið frá Hvalfjarðarbotni og norður í Fljót í Skagafirði. Öðrum tíu frá og með Siglufirði að Eystrahorni eins og nú standa sakir og þriðja tugnum frá Eystrahorni og hingað að bæjardyrum Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar öllu heldur.

Það sem ég tel nauðsyn á er að 63 þingmenn eins og þeir eru eða 52 eins og ég legg til fái allt landið til umsýslu og geti skipt með sér verkum og hólfi þetta ekkert niður vegna þess að þeir tíu sem koma til með að þjóna vesturhluta landsins munu ekkert frekara samráð hafa við austurhlutann en gerðist áður milli hinna kjördæmanna eins og þau voru skipuð.

En aðalmálið er að við erum sammála um að komast út úr þessu ófremdarástandi.

[15:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég get verið sammála hv. þm. um þetta meginatriði sem hann nefndi. En er þá ekki eiginlega borðleggjandi og eðlilegt að hv. þm. í þeirri kjördæmaskipan sem við höfum sett okkur fari að vinna eins og landið væri eitt kjördæmi? Væru ekki í þessum gömlu hólfum heldur færu milli kjördæma og legðu hver öðrum lið í sínu pólitíska starfi. Til er ég.

[15:20]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið hin skemmtilegasta umræða. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast mikið við minn góða samflokksmann, Guðmund Árna Stefánsson, sem sat fyrir hönd Alþfl. í þessari nefnd. Við höfum áður farið í gegnum það.

Ég held að það hafi áður komið skýrt fram að ég vildi leggja niður þessi gömlu kjördæmi og það atkvæðamisvægi sem þar var og vildi stíga skrefið til fulls með því að gera landið að einu kjördæmi, að allir hefðu jafnan rétt. Ég hafði reyndar þann fyrirvara á, sem virðist vera ákaflega erfitt að koma fyrir, að jafna jafnframt lífskjör manna, sama hvar þeir búa á landinu. Með öðrum orðum er ég ekki sammála því að íbúi á Raufarhöfn hafi fjögur atkvæði en íbúi í Reykjavík eitt atkvæði en ég er heldur ekki sammála því að íbúi á Raufarhöfn þurfi að borga margfalt meira fyrir ýmsa samfélagslega þjónustu umfram íbúa Reykjavíkur. Ég er tilbúinn til að vinna að því og hef áður sagt að við skulum jafna þetta allt saman fullkomlega.

Þegar við erum að tala um vegalengdir í þessu nýja kjördæmi og í nýjum kjördæmum, og miðum við nýju kjördæmaskipunina, þá er það þannig að þó svo við værum með eitt kjördæmi, þá yrði þetta sennilega gert svipað og í fótbolta, ef við erum að stilla upp meistaraflokki FH í leik, að mönnum yrði skipt niður á framboðslistann, þennan eina framboðslista, eftir kjördæmum, eftir landshlutum og menn yrðu látnir dekka það svæði og spila hvort sem það væru sóknarmenn, varnarmenn eða eitthvað þannig.

Rétt svo í lokin ítreka ég það sem ég sagði áðan um misvægi atkvæða. Við áttum í Norðurl. v. einu sinni þingmann sem hét Finnur Torfi Stefánsson. Hann hafði flugpróf. Það væri flott fyrir þennan ágæta mann að bjóða sig fram núna með flugréttindin og geta flogið milli svæða.

Ég vil svo rétt í lokin bjóða samflokksmanni mínum í kjördæmayfirferð í vor sem mun hefjast í Hrútafirði og fara austur um og við munum enda á Eystrahorni. En ég bið hann að taka frá eins og 10–15 daga í það ferðalag.

[15:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf ekkert að orðlengja þetta. Við erum í meginatriðum sammála um að það þarf jöfnuð í atkvæðavægi, það þarf jöfnuð í lífskjörum hér á landi hvort sem það

er milli landsbyggðar og þéttbýlis ellegar milli þeirra ólíku stétta sem landið byggja.

En við komum alltaf að þessu sama vandamáli. Í þessu hefur togstreitan verið fólgin alla tíð, að sumir hafa viljað tengja þetta mjög náið saman en aðrir hafa viljað halda þessu talsvert aðskildu. Það hefur gert það að verkum að umræðan hefur verið býsna skemmtileg og fróðleg um kjördæmamálið árum og áratugum saman en aldrei mjakast eitt einasta hænufet. Um það stóð valið fyrir einhverjum missirum síðan þegar þessi vinna var í gang sett 1997 ef ég man rétt í þeirri kjördæmanefnd sem þá var skipuð að menn héldu áfram þessari umræðu fram og til baka, út og suður og kæmust ekki hænufet ellegar að mönnum miðaði eitthvað á leið. Ég held að þrátt fyrir allt, og ég ætla ekki að hafa stærri orð um það, hafi mönnum miðað mjög verulega í rétta átt, auðvitað ekki alla leið. Þá var spurningin: Átti að taka þessi skref í rétta átt eða átti að sleppa þeim? Það var aldrei neinn vafi í mínum huga að við áttum að taka þessi skref þó að þau væru kannski allt of smá fyrir suma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 207. mál. — Þskj. 217.

[15:24]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhanni Ársælssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Kristjáni L. Möller, Bryndísi Hlöðversdóttur og Gísla S. Einarssyni.

Það er skoðun mín að þó að mörg brýn verkefni séu aðkallandi í þjóðfélaginu þá séu það reyndar tvö sem standa nokkuð upp úr og beri að taka á. Auk þess máls sem við fjöllum um, þá er það ástandið á leigumarkaðnum. En hér erum við að fjalla um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja og ég held að flestir geti verið sammála um að þetta er sá hópur sem er aðkallandi að bæta kjör hjá og þetta er sá hópur sem hefur orðið út undan í góðærinu.

Það er skoðun mín að hæstv. heilbrrh., sem er viðstödd þessa umræðu og ég vil þakka fyrir það, hafi svo sannarlega hug á að bæta kjör þessa hóps og hún hefur á margan hátt sýnt það en ég held að erfiðleika hennar sé fyrst og fremst að finna í ríkisstjórninni og hún hafi ekki stuðning við það sem hún gjarnan vildi gera til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja.

Ég vil líka nefna það hér að ég held að mikil málafylgja bæði Öryrkjabandalagsins og Samtaka aldraðra á umliðnum árum sé vonandi að skila sér ef ríkisstjórnin lætur af því verða sem öryrkjum og öldruðum hefur verið lofað, þ.e. að til þeirra komi mjög mikil kjarabót núna um miðjan apríl nk.

Sú tillaga sem við ræðum hér um fjallar um það að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Samningur um afkomutryggingu á samkvæmt tillögunni að taka gildi frá og með 1. janúar 2001, sem nú er liðinn, og á samkvæmt tillögu okkar að vera undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Það hefur lengi verið á borðum margra heilbrigðisráðherra að fara í heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu og er það mjög brýnt úrlausnarefni en engu að síður getur það ekki beðið að taka á afkomumálum aldraðra og öryrkja eins og hér er lagt til.

Til að ná því markmiði sem að er stefnt með þessari tillögu á að taka upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda um næstu áramót — þessi tillaga var lögð til fyrir áramótin — og verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar. Ég held að það sé staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að velferðarkerfið á Íslandi er miklu veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum.

Ég vil halda því fram að í því efnahagsumhverfi sem við búum við nú sé mjög brýnt að hafa öflugt velferðarkerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Í löndum þar sem óheft frjálshyggja og markaðshyggja er allsráðandi í stefnu stjórnvalda, eins og gætir mjög í stefnu þessarar ríkisstjórnar, hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Þetta hefur líka gerst á Íslandi. Atvinnu- og ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu hafa á undanförnum árum aukist mun meira en þeirra tekjulægri, þannig að misskiptingin hefur vaxið.

Það er það sem við höfum verið að sjá t.d. líka varðandi kjör aldraðra og öryrkja að bilið hefur sífellt verið að breikka milli lágmarkslauna í landinu og lífeyris, en lengst af, fyrir um áratug síðan héldust nokkurn veginn í hendur lægstu laun í landinu og lágmarkslífeyrir.

Ég held að það sé ekkert ofsagt um það að stór hluti öryrkja er undir skilgreindum fátæktarmörkum sem notuð hafa verið bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu og var sú viðmiðun notuð í t.d. rannsókn OECD-landanna um tekjuskiptingu á árinu 1998 frekar en 1999, herra forseti. Í skýrslu sem forsrh. lagði fyrir þingi fyrir tveimur til þremur árum, um stöðu öryrkja almennt, kom fram að 3.400 af 7.900 öryrkjum væru með á bilinu 40–60 þús. kr. í heildartekjur og 43% öryrkja fengju engar greiðslur úr lífeyrissjóðum, sem er afar athyglisvert, og flestir öryrkjar sem á annað borð fengu greiðslur úr lífeyrissjóðum voru með á bilinu 10–30 þús. á mánuði úr sínum lífeyrissjóði.

Gerður hefur verið ýmiss konar samanburður á hve bilið hefur breikkað milli lífeyrisgreiðslna og launa, m.a. hefur komið fram hjá Öryrkjabandalaginu að árin 1995–1999 hækkuðu lágmarkslaun um 52% en örorkulífeyrir og tekjutrygging einungis um 17,4%. Ég held að það alvarlegasta sem þessi ríkisstjórnin hefur gert hafi verið að slíta á tengsl launa og lífeyris eins og gert var á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar. Ég held að það sé sama hvaða mælikvarði er notaður, hvort sem það eru lágmarkslaun, launaþróun, launavísitala, allir þessir mælikvarðar sýna að lífeyrisþegar hafa dregist langt aftur úr öðrum hópum og því ekkert ofsagt að öryrkjar og aldraðir hafa ekki fengið það sem þeim ber af góðærinu.

Samtök aldraðra hafa einnig sett fram samanburð sem sýnir hve kjör lífeyrisþega hafa dregist verulega aftur úr, að grunnlífeyrir og tekjutrygging voru samtals 51,7% af meðaldagvinnulaunum verkamanna á árinu 1991 en 1999 var hlutfallið komið niður í 43,8%. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra

hvort hún kannist við þessa tölu og hvort sú tala sem Samtök aldraðra hafa teflt fram sé notuð sem ein af þeim forsendum sem sú nefnd sem fjallar um auknar bætur og aukna tryggingu fyrir lífeyrisþega noti sem viðmiðun til grundvallar. Vegna þess að ef þetta viðmið er notað til grundvallar þyrfti grunnlífeyrir og tekjutrygging að hækka um 18% til þess að lífeyrisþegar haldi stöðu sinni gagnvart verkafólki. Þá erum við að tala um að auka lífeyrisgreiðslur um 3–4 milljarða kr. til að hlutfallið milli dagvinnulauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna, þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging, sé það sama nú og var árið 1991. Ég held því að ef verið er að tala um að gera eitthvað raunhæft í þessu efni, þá sé ekki hægt að skila minna til aldraðra og öryrkja nú á vormánuðum en þessum 3–4 milljörðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki hægt að treysta því að niðurstöðu sé að vænta um bætt kjör öryrkja og aldraðra 15. apríl? Því að ég geri ráð fyrir að við séum að tala um lagabreytingar í því sambandi og spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé líklegt að við séum að tala um lagabreytingar sem Alþingi þyrfti þá að fjalla um. Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því að ráðherra er ekki í stakk búin til þess að gera þinginu grein fyrir því hver niðurstaða verður þar sem nefndin hefur ekki skilað af sér en ég geri þó ráð fyrir að lagabreytingar þurfi að koma til.

Ég vil einnig spyrja ráðherrann að því hvort nefndin hafi það verkefni eða þær leiðbeiningar frá ríkisstjórninni að gera sérstakar úrbætur fyrir unga öryrkja en á það hefur t.d. Öryrkjabandalagið lagt áherslu. Það hefur verið með tillögu um að bæta sérstaklega kjör ungra öryrkja sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku 20 ára eða yngri og er á þá leið að grunnlífeyrir þeirra nemi ekki lægri upphæð en tiltekinni fjárhæð sem á sínum tíma var 51 þús. þannig að gert yrði sérstakt átak að því er varðar það að bæta stöðu ungra öryrkja. Þó að hæstv. ráðherra geti ekki upplýst okkur um það hvað muni verða á borði hennar í aprílmánuði sem hún kynnir örorkuþegum og lífeyrisþegum, þá spyr ég hana hvort hún geti gert okkur grein fyrir því erindisbréfi sem nefndin hefur að vinna eftir þannig að það geti varpað einhverju ljósi á það í hvaða farvegi nefndin er að vinna í sínu verki vegna þess að það hjálpar auðvitað líka til í meðferð þessarar tillögu fyrir þá nefnd sem fær það verkefni að skoða þessa tillögu.

Ef miðað er við nýlega kjarasamninga, herra forseti, stefnir í að grunnlífeyrir og tekjutrygging haldi áfram að lækka sem hlutfall af launum verkamanna og verður hlutfallið að óbreyttu komið niður í 42,4% árið 2003. Árið 1989 námu lífeyrisgreiðslur 80,2% af lágmarkslaunum verkakarla en þetta hlutfall var 60,5% árið 1998 og 64% á sl. ári. Ég geri mér alveg grein fyrir því að lífeyrisþegar voru ekkert of sælir af kjörum sínum, t.d. í niðursveiflu í efnahagslífinu 1988 og 1993 en þá var þó miklu betur reynt að tryggja að lífeyrir öryrkja og aldraðra fylgdi lágmarkslaunum.

Ég vil einnig spyrja ráðherrann um þær breytingar sem urðu með lagasetningunni 1998 því að þá tók ríkisstjórnin á því að reyna að lagfæra það sem hafði verið gert með lagasetnngu 1995, þ.e. að slíta á tengsl lífeyris og launa, en þá var ákveðið með lögum sem tóku gildi í byrjun árs 1998 að bætur almannatrygginga ættu að breytast í samræmi við þróun launa en hækka þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á þessu tímabili hafa lífeyrisgreiðslurnar undantekningarlaust verið miðaðar við það sem lægst hefur gefið lífeyrisþegum, þ.e. vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu. Þannig hafa lífeyrisgreiðslur einungis hækkað um 11% á þessu tímabili en launavísitalan hefur hækkað mun meira eða um 17%. Ég veit það því að ég hef kynnt mér nefndarálit þingmanna sem fjölluðu um þetta mál 1998 að þeir stóðu í þeirri trú að það ætti frá 1998 að miða kjör lífeyrisþega við launavísitöluna sem hefur hækkað á þessu tímabili um 17% en lífeyrisgreiðslurnar hafa einungis hækkað um 11%. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um skilning hennar á þeirri lagabreytingu sem gerð var 1998 því að af orðum hæstv. forsrh. mátti líka skilja að miða ætti við launavísitölu sem hefði, ef eftir henni hefði verið farið, gefið lífeyrisþegum miklu meira en þeir hafa borið úr býtum á sl. 2–3 árum. Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur vegna þessa hækkað mun minna en kaupmáttur almennra launa en á þessu tímabili, þ.e. janúar 1998 til september 2000 hefur kaupmáttur almennra launa hækkað um 8,7% en kaupmáttur grunnlífeyris og tekjutryggingar hefur einungis hækkað um 2% eða fjórum sinnum minna en hjá launafólki á þessu tímabili. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi skoðað þetta vegna þess að ég tel að nóg hafi verið gengið á hlut lífeyrisþeganna frá árinu 1995 þó að stjórnvöld reyndu að fylgja þeirri lagasetningu sem gerð var 1998 sem ég veit að lífeyrisþegar bundu miklar vonir við og treystu á að nú yrði eftirleiðis miðað við launavísitölu. Ég spyr því ráðherrann: Hefur hún þann skilning á þessari lagabreytingu að miða hafi átt við launavísitölu?

Herra forseti. Sú tillaga sem ég mæli fyrir tekur fyrst og fremst mið af því að koma á sérstakri afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Einnig vantar að farið sé út í heildarstefnumótun almennt í málefnum þessara hópa því að auk tryggingagreiðslna og að bæta framfærslukjör þessara hópa þarf líka að skoða húsnæðis- og atvinnumál aldraðra og skoða þarf markvissa stefnumótun í uppbyggingu á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða en þar eru langir biðlistar t.d. eftir hjúkrunarheimilum. En samkvæmt tillögu þessari má ætla að þegar hún kemst til framkvæmda, kosti a.m.k. 3–5 milljarða að gera sérstakt átak í málefnum þessara hópa og ungra öryrkja og til álita kemur að skipta þessum útgjöldum niður en ég held að til þess að mæta því tapi sem þessir hópar hafa orðið fyrir á umliðnum árum af því að þeir hafa ekki fengið það sama og aðrir, þá þurfi a.m.k. að bæta lífeyrisgreiðslur til þeirra hópa um 3–5 milljarða kr.

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég á ólokið í framsögu minni en ég bið með þau þar til ég kemst aftur að síðar í umræðunni en vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef beint til hennar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. heilbr.- og trn.

[15:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þessi tillaga er komin til umræðu. Í aðdraganda síðustu kosninga var þessi stefnumörkun rædd á vegum Samfylkingarinnar og við töluðum fyrir slíku máli í kosningabaráttunni eins og hér hefur verið flutt. Hérna erum við að tala um öryggisnet. Við erum að tala um öryggisnet fyrir þá sem ekki hafa nægilega góðan lífeyri til að framfleyta sér. Þetta öryggisnet er að vísu ætlað fyrir aldraða og öryrkja en ég vil taka það fram strax í upphafi ræðu minnar að ég tel að þegar menn hafa komið á slíku öryggisneti fyrir aldraða og öryrkja, muni í framhaldi af því verða skoðað nákvæmlega hvernig sambærilegt öryggisnet eigi að vera fyrir alla sem lenda í því að verða tekjulausir af einhverjum ástæðum.

Það er ýmislegt í velferðarkerfi okkar sem ekki virkar eins og skyldi og þess vegna eru vandamál uppi. Það hafa ekki allir lífeyrissjóði til að grípa til af ýmsum ástæðum, ástæðum sem menn hafa kannski ekki getað ráðið við. Það getur verið atvinnuleysi, það geta verið veikindi, það getur verið ýmislegt sem kemur til. En menn mega ekki gleyma einu. Samfélagið ber alltaf ábyrgð á afkomu fólks. Það er alveg sama hvers vegna menn eru í þrotum á gamalsaldri. Við hljótum alltaf að bera ábyrgð á því að fólk hafi eitthvað sér til framfæris einfaldlega vegna þess að í siðuðu samfélagi teljum við það vera grunnskyldu okkar að sjá fólki fyrir framfæri. Þetta er ekki bara skylda, þetta er líka réttur fólks, en það er því miður enn þá þannig að margt fólk í þjóðfélaginu á erfitt með að taka við hjálp samfélagsins vegna þess að það hefur ekki tileinkað sér þann hugsunarhátt sem þarf að vera, þ.e. að fólk á að líta á þessa hluti sem sinn rétt. Gamli hugsunarhátturinn að menn mættu ekki þiggja af sveit eins og var áður fyrr er auðvitað aftan úr forneskju og á ekki heima í nútímasamfélagi. Það er ekki verið að rétta að fólki fjármuni frá hinu opinbera nema nauðsyn beri til og reglurnar miðast við það. Það sem hér er verið að tala um er í raun og veru öryggisnet sem á að koma til þegar fólk hefur ekki nægar tekjur með almennum hætti, annaðhvort af lífeyri eða með öðrum ráðum.

En hvert hefur mat samfélagsins verið á slíkri afkomutryggingu eins og við erum að tala um núna? Vissulega er hægt að halda því fram að þjóðfélagið hafi boðið þegnunum upp á vissa afkomutryggingu en hvert hefur þá matið verið? Það er nefnilega nýlega búið að dæma í slíku máli. Eftir dóm Hæstaréttar í öryrkjamálinu settist þar til skipaður hópur lögfræðinga ríkisstjórnarinnar yfir það hver afkomutrygging öryrkja ætti að vera og nú er búið að útfæra þetta yfir á aldraða. Hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú að lágmarkið sem menn hefðu sér til framfæris ætti að vera 43 þús. kr. og það stendur. Það er sú tala sem núverandi stjórnvöld telja að eigi að vera lágmarksframfærsla fyrir einstaklinga. Þess vegna er full ástæða til að spyrja og fá kannski á því nánari útskýringar hver afstaða hæstv. ráðherra er þá til framfærsluréttar einstaklinga í þjóðfélaginu eins og hér er lagt til. Hér er verið að tala um einstaklinga og lágmarkslífeyri fyrir þá.

Auðvitað er ömurlegt til þess að vita að síðasta afrek hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli hafi komið til vegna þess að hún hraktist undan dómum og undan dómi Hæstaréttar. Hún tók dóminum eins og við þekkjum. Þann dóm var reynt að túlka eins þröngt og menn höfðu hugmyndaflug til. Hugmyndaflugið náði býsna langt og það endaði með því að menn héldu áfram að skerða lífeyri sem þó hafði í dómsorði verið mælt fyrir um að ekki mætti skerða. Ég ætla hins vegar ekki að fara í þá umræðu núna.

Ég ætla að bæta við fáeinum orðum um að ég tel almenna þörf á þeim ráðum sem við gefum í þessari tillögu. Ég held að hægt sé að einfalda velferðarkerfi okkar í framhaldi af því að menn taki upp slíka afkomutryggingu. Þá þarf ekki eins margvísleg úrræði og menn hafa undanfarið reynt að grípa til. Við teljum að ekki verði þörf á ýmsum þeim úrræðum sem nú eru til staðar ef afkomutrygging verður tekin upp með þessum hætti. Allir hefðu þá þetta öryggisnet. Ég held að það sé full ástæða til að reyna að einfalda velferðarkerfið. Einstaklingarnir þekkja það ekki nægilega vel og við, hér á hv. Alþingi, erum meira að segja ekki nógu meðvituð um hvernig hin einstöku réttindi virka þegar mörg koma saman.

Ég held meira að segja að það hafi að mörgu leyti verið nauðsynlegur skóli sem hv. alþm. fóru í gegnum í vetur þegar við höfðum til umræðu málefni öryrkja eftir dóm Hæstaréttar. Ég verð að meðganga það sjálfur að ég lærði ýmislegt í þeirri umræðu sem ég vissi ekki áður. Mér kom ýmilegt mjög á óvart, m.a. varð ég enn betur meðvitaður um að fólk í þessu ríka þjóðfélagi á Íslandi getur búið við ákaflega bág kjör og haft ákaflega lítið sér til framfæris. Þó er þjóðin, samkvæmt upplýsingum þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn og ráðherra hér, dag eftir dag, sú fimmta ríkasta í veröldinni. Ég vil meina að menn sem telja sig í þeim hópi eigi að hafa mikinn metnað til að sjá til að hér séu engir fátækir og allir hafi nóg sér til viðurværis.

[15:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um afkomutryggingu, þar sem lagt er til að kjör lífeyrisþega, aldraðra og öryrkja verði bætt og komið á afkomutryggingu fyrir þá svo þeir þurfi ekki að búa við fátækt eða óvissu um kjör sín. Við teljum að þar eigi sérstaklega að taka á stöðu ungra öryrkja. Það er í raun áfellisdómur yfir velferðarkerfi okkar að svona tillaga þurfi að koma fram. Við höfum vissulega byggt upp velferðarkerfi okkar og eigum okkar almannatryggingar en því miður er svo illa komið fyrir kerfinu að það þarf að taka sérstaklega á því. Við leggjum til að það verði gert á þann hátt sem lýst er í þessu þingmáli.

Þjóðfélag sem ekki býr vel að öldruðum, öryrkjum og þeim sem eiga undir högg að sækja getur ekki talist velferðarþjóðfélag. Það stendur ekki undir nafni. Ef við horfum bara til nágrannalanda okkar og sjáum hvernig búið er að þessum hópum þar, þá getum við nefnt að á Norðurlöndunum eru grunnréttindi aldraða og öryrkja t.d. ekki undir 100.000 kr. íslenskum. Ég er að tala um grunnréttindin og þá eiga eftir að koma fleiri viðbótargreiðslur og bótaflokkar. Á sama tíma eru grundvallarréttindin hér á landi um 50.000 kr., þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging eru rúmar 50.000 kr. Lífeyrisþegar sem býr ekki einn en er ekki í hjónabandi getur haft rúmar 50.000 kr. en ef hann er í hjónabandi þá hefur ríkisstjórninni sem nú situr ákveðið að hann skuli hafa 43.000 kr., sú upphæð hæfi þeim.

Á sama tíma og lágmarkslaun í landinu eru í kringum 90.000 kr. eru lífeyrisþegum og öldruðum skammtaðar 43.000 kr., 51.000 eða í mesta lagi 63.000, búi þeir aleinir og hafi almannatryggingabæturnar. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið veist að kjörum þessa hóps þó að hér hafi ríkt góðæri. Þess vegna þarf m.a. að taka á þessum málum eins og hér er lagt til.

Útgjöld lífeyrisþega hafa aftur á móti hækkað mjög, t.d. hafa lyf hjá gömlu fólki hækkað um fleiri hundruð prósent í sumum tilvikum. Ég er hér með samanburðartölur frá eldri borgurum en þeir segja að á sama tíma og lífeyrir og tekjutrygging hækkaði um 23% þá hækkuðu lyfin um 120%. Með því hækka útgjöld þeirra mikið. Það er ekki að ástæðulausu sem aldraðir og öryrkjar hafa staðið fyrir utan þinghúsið þegar við höfum komið hér saman að hausti til að minna á kjör sín. Fólk er ekki að gera það gamni sínu. Fólk gerir það auðvitað vegna þess að það kreppir verulega að þessum hópi. Það hefur verið staðið illa að því að gæta að kjörum þessa fólks.

Einnig hefur verið veist að öryrkjum og öldruðum þegar kemur að hjónaböndum. Við höfum margoft talað um það hvernig skerðingarreglan vegna tekna maka hefur bitnað á

hjónaböndum og fjölskyldulífi þessara hópa. Þó svo að dómur hafi verið kveðinn upp í Hæstarétti þá hefur ríkisstjórnin ekki látið segjast, spyrnt við fótum og haldið áfram að skerða. Ég hef heyrt það frá mörgum lífeyrisþeganum að breytingin sem gerð var breyti litlu um það og sé engin hvatning til þess að menn stofni til fjölskyldu. Síður en svo.

Sú regla sem sett var í lögin er þar fyrir utan aðför að konum. Það er full ástæða til að nefna það hér á alþjóðlegum *baráttudegi kvenna*, 8. mars, og minna á að með þessari reglu er veist að konum, því 98% þeirra öryrkja sem verða fyrir þessari skerðingarreglu eru konur. Þeir verða fyrir mjög brattri skerðingu, 67% skerðingu vegna eigin tekna, fyrir utan skattinn. Þarna eru því verulegir jaðarskattar lagðir á konur með þeirri lagasetningu sem ríkisstjórnin kom á í kjölfar öryrkjadómsins og stendur til að koma á gagnvart öldruðum. Ég leyfi mér að efast um það, herra forseti, að sú regla standist. En við eigum eftir að fara í þá umræðu. Það er vafamál hvort svo hastarleg skerðingarregla standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, jafnréttislög og samninga.

Ég vil líka taka undir það að við eigum ekki að láta það viðgangast að stór hópur lífeyrisþega þurfi að leita á náðir líknarfélaga og hjálparstofnana á ári hverju. Yfir 83% skjólstæðinga Hjálparstofnunar kirkjunnar á síðasta ári voru öryrkjar og atvinnulausir. Árlega þurfa 1.100–1.300 lífeyrisþegar að leita á náðir Hjálparstofnunar kirkjunnar til að fá þar stuðning. Það ber ekki gott vitni ríkisstjórn sem stjórnar í miklu góðæri.

Öryrkjabandalagið hefur margoft lýst því hvað stefnan sem ríkisstjórnin hefur haldið uppi gagnvart lífeyrisþegum hefur haft í för með sér gagnvart þeim. Bent hefur verið á að þetta sé aðskilnaðarstefna sem grundvallast á fötlun. Það eru oft börn öryrkjanna sem líða mest, þau líða fyrir þessi kjör. Það má geta þess að börn á framfæri skjólstæðinga Hjálparstofnunar kirkjunnar, þeirra sem leituðu þangað á síðasta ári, voru 1.600 talsins.

Herra forseti. Það mætti tína til ýmislegt fleira í stöðu þessa hóps sem sýnir hversu rík þörf er á að þetta þingmáli nái fram að ganga og farið verði í að tryggja afkomu lífeyrisþega, afkomu aldraðra og öryrkja og síðan auðvitað að skoða kjör ýmissa annarra hópa sem eru frá vinnu, eru tekjulausir vegna veikinda, veikinda sinna nánustu eða vegna veikinda barna sinna. Það eru mjög margir hópar sem við þurfum að skoða í kjölfarið á þessu þingmáli.

[15:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessa máls. Ég fékk góðfúslegt leyfi hv. 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er aðalhöfundurinn að þessu hugverki, til að standa hér sem meðflutningsmaður að þessari tillögu. Ég verð að segja að ég er ákaflega hreykin af því að fá að vera í hópnum. Ég tel að málið sem við flytjum hér, því miður fyrir ákaflega þunnskipuðum þingsal, sé eitt af því merkara sem gerist á þinginu í vetur. Ég held nefnilega að í þessari þáltill. felist ný hugsun.

Hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa svo ákaft kallað eftir einhverju nýju og spennandi undanfarið, t.d. í umræðum um skólamál eru nánast tilbúnir til að taka þátt í rússneskri rúllettu og fórna sér þar á altari nýjunganna vegna þess að þeir eru svo spenntir fyrir því sem er nýtt, eru því miður fjarstaddir þessa umræðu. Hér er aðeins einn hv. þm. Sjálfstfl., hv. þm. Pétur Blöndal, hv. 10. þm. Reykv. viðstaddur umræðuna. Ég vil svo sannarlega bjóða hann velkominn í hópinn.

Mætingin kemur mér sérstaklega á óvart eftir að hafa staðið í að hlusta á og ræða við þá þingmenn Sjálfstfl., sem virtist verða einn allsherjarafturbataflokkur í tengslum við umræðu um öryrkjadóminn og sérstakt þingmál sem hér var flutt og keyrt í gegn í kjölfarið, en í málflutningi þeirra hv. sjálfstæðismanna sem hér töluðu kom í ljós að þeir höfðu lengi haft þungar áhyggjur af stöðu þeirra sem minnst mega sín á Íslandi. Þeir óttuðust það mest í kjölfar dóms um að rétta stöðu þeirra öryrkja sem áttu maka, m.a. maka með þokkalegar tekjur, yrðu þeir peningar sem í þetta færu til að skerða möguleikana á að bæta stöðu þeirra sem minnst máttu sín. Ég verð að segja að ég klökknaði, þetta kom mér svo á óvart. En eitthvað virðist þetta hafa hvarflað frá þeim. Þeir eru ekki mættir hér í þingsal í dag til að fylgja eftir máli sem einmitt gæti leitt til réttlætisins í þessum efnum. Það er alveg rétt, og þar er ég algjörlega sammála hv. þm. Sjálfstfl. sem hér töluðu í liðnum mánuði, að margir þjóðfélagsþegnar á Íslandi búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu.

Ég vil vitna til þess að í vetur kom óvænt til mín í heimsókn á skrifstofuna kona sem vinnur við heimilishjálp hjá gömlu fólki og öryrkjum hér í Reykjavík. Hún kom mjög óvænt á skrifstofuna til mín vegna þess að henni fannst hún verða að tala við mig. Og hvað hafði hún að segja mér? Jú, hún hafði það að segja mér að þetta mætti ekki ganga svona lengur. Hún kvaðst send vikulega eða daglega til hjálpar fólki, af Félagsmálstofnun Reykjavíkurborgar, sem ætti svo bágt að það ætti ekki fyrir kaffi á könnuna. Það á varla og sumir ekki fyrir mat seinni part mánaðarins. Það liði önn vegna þess að það ætti barnabarn sem því væri boðið í afmæli hjá og það hefði varla efni á að kaupa smæstu afmælisgjöf til að færa því. Svo bág voru kjör þessa fólks. Það verður að taka það fram að hópurinn sem hún vitnaði þarna til bjó ekki í eigin húsnæði, fólkið borgaði sem sagt húsaleigu, jafnvel þó það væri í leiguhúsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Hún varð auðvitað að ganga fyrir og þá var svo lítið eftir af bótunum að margir áttu ekki fyrir mat út mánuðinn, hvað þá nokkru öðru sem allt eðlilegt fólk í dag langar til að veita sér. Eins og t.d. að gefa barnabörnum sínum gjafir.

Ég verð að segja að þegar ég heyri svona sögur þá líður mér afskaplega illa. Mér finnst sökin hjá mér sem alþingismanni hérna á Íslandi. Samt hef ég margoft, eins og ýmsir aðrir, reynt að flytja mál sem fært gætu þessi mál til betri vegar. Því miður hefur ekki verið hlustað á það og því yfirleitt ekki verið sinnt. Þær örlitlu bætur sem hafa komið frá því opinbera til þessa hóps hafa jafnan verið teknar með hinni hendinni. Ég kem að því síðar í máli mínu.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir að hér verði komið á afkomutryggingu, sem hefur það í för með sér að enginn fær lægri bætur en lægstu verkamannalaun, lægstu umsamin verkamannalaun. Ég verð að segja að mér þykir þetta gríðarlega mikið réttlætismál. Jafnvel þó að viðmiðunin sé lág, þar sem miðað er við lægstu umsamin laun, þá væri þetta þó stórkostleg bót fyrir þá sem minnst mega sín. Þetta mundi ekki kosta þær fjárhæðir að ekki væri hægt að koma þessu í kring, ekki síst vegna þess að á sl. sex árum hefur raunhækkun á tekjum hins opinbera á Íslandi orðið 64 milljarðar kr. Þrátt fyrir þennan gífurlega tekjuauka hafa lífeyrisgreiðslur aldrei verið lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Ég vona að þeir hv. þm. sem ekki eru viðstaddir þessa umræðu í dag hafi samt áhuga á að veita þessu máli brautargengi. Það er eins og ég sagði í upphafi máls míns eitt

merkasta málið sem lagt hefur verið fram á þessu þingi.

[16:05]

Útbýting þingskjala:

Fjárskuldbindingar sveitarfélaga, 549. mál, fsp. GÁS, þskj. 853.

Jarðvarmi og vatnsafl, 547. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 851.

Náttúruverndaráætlun, 548. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 852.

Norræna ráðherranefndin 2000, 543. mál, skýrsla samstrh., þskj. 846.

Póstþjónusta, 546. mál, fsp. JB, þskj. 849.

[16:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Þetta er angi af því velferðarkerfi sem við búum við og fjallar í raun um tekjuskiptingu milli þeirra sem eru vinnandi og hinna sem vinna ekki.

Í gær eða fyrradag hlustaði ég á fréttir og þar var verið að tala um samkomulag eða viðræður Samtaka aldraðra við ráðherra um nýtt lagafrv. Fréttamaðurinn sagði að hæstv. fjmrh. hefði orðið súr á svipinn sem hann var nú reyndar ekki. En það virðist vera afskaplega almenn skoðun að það sé fjmrh. sem borgi þetta allt saman, bara prívat og persónulega úr eigin kassa. Eigin vasa. Úr buddunni sinni. Það kemur hvergi fram í tillögunni sem við ræðum hver á að borga. Þess sakna ég.

Að sjálfsögðu er þetta allt borgað með sköttum. Að sjálfsögðu er þetta allt borgað af vinnandi mönnum. Þegar menn tala um að bæta hag einhvers hóps eins og hátekjulífeyrisþega eða hátekjuöryrkja er það að sjálfsögðu borgað af öllum Íslendingum, jafnt hátekju-Íslendingum sem lágtekju-Íslendingum. Öryrkjadómurinn er ekkert annað en skattlagning á lágtekjufólk til að borga hátekjufólki. Í tillögunni er heldur ekki komið inn á það hvað kerfið er orðið óskaplega flókið. Ég held að það sé nokkuð sem ég er búinn að segja mörgum sinnum.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að miða eigi við lægstu laun. Gott og vel. Þetta var gert í áratugi sem varð til þess að ekki var hægt að hækka lægstu laun í landinu og þau urðu skammarlega lág. Þegar ég hóf störf á Alþingi fyrir einum sex árum voru lægstu laun 42.000 kr., herra forseti. Það var skammarlegt. Og það var fólk sem vann raunverulega á þessum töxtum, aðallega konur, og það var skömm að því. Nú hefur með sameiginlegu átaki verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekenda, tekist að hækka þessi laun með það að markmiði að hækkunin hefði ekki áhrif út um allt. Það tókst. Menn leyfa sér aftur og aftur að vitna í það að eitthvað hafi ekki hækkað eins og lægstu laun, sem stóð til að hækka umfram allt annað, bætur, laun, laun forstjóra, laun iðnaðarmanna o.s.frv.

Sú tillaga sem við ræðum er um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Hún er til staðar í dag, herra forseti. Við erum með tekjutryggingu í almannatryggingakerfinu sem er afkomutrygging. Við erum með tekjutryggingu og Alþýðuflokkurinn sálugi stóð aldeilis fyrir því að tekjutengja þá tryggingu enn meira en nokkuð og tekjutengja allar bætur út og suður. Svo erum við með lög um sveitarfélög sem tryggja þeim sem geta ekki sjálfir séð sér farborða aðstoð sveitarfélagsins. Við erum því með afkomutryggingu aldraðra og öryrkja í dag. Spurningin er hvort hún sé nægilega mikil.

Kjör aldraðra eru afskaplega mismunandi. Margir aldraðir eru mjög vel settir, með mjög háan lífeyri, 100.000, 200.000 kr. í lífeyri úr lífeyrissjóði eða einhverju sérkerfi sem menn hafa hannað. Svo eiga menn sem betur fer eignir eftir langa starfsævi. Sumir eiga góðan sparnað. Kjör aldraðra eru því mjög mismunandi. Ég hygg að kjör öryrkja séu ekki alveg eins mismunandi, þau séu almennt jafnari og verri. En þó eru margir öryrkjar, sérstaklega þeir sem hafa sinnt þeirri skyldu að borga í lífeyrissjóð, tiltölulega vel settir með kannski 70–80% af launum áfram. (Gripið fram í.) Sumir aldraðir, sérstaklega þeir elstu og nægtasömustu, það er ekki kröfuharður hópur, eru með mjög lítinn rétt í lífeyrissjóði. Þeir gátu aldrei öðlast þann rétt, þeir eru það gamlir, en þeim var aftur á móti tryggður ákveðinn lágmarksréttur með lögum um umsjónarnefnd eftirlauna en ég ætla ekki að fara út í það.

Vandamálið í þessu öllu er það að við þurfum að bera saman það fólk sem hefur borgað í lífeyrissjóð og það fólk sem gerði það ekki, sem kom sér hjá því þó það ætti að gera það. Menn sem eru búnir að borga í 40 ár í lífeyrissjóð vilja ekki sitja eins og hinir þegar kemur að töku lífeyris. Þá er kannski ráðið að hækka við alla, eitthvert lágmark og hafa ekki skerðingar, þá lendum við í samanburði við vinnandi manninn. Það er fjöldi fólks hér á landi sem er með 110.000 kr. í laun, fullt af konum sem ég þekki sem eru með 110.000 kr. og ekki neina yfirvinnu og enga bílastyrki og engar sporslur. Það fólk er að borga bæturnar. Ef öryrkjar og ellilífeyrisþegar eiga að vera með meiri laun en sá sem borgar launin er ég hræddur um að einhvers staðar heyrist hljóð í horni. Þetta eru vandamálin.

Á undanförnum árum hafa komið til nýjar bætur sem hefur ekki verið minnst á. Það hefur ekki verið minnst á þær í umræðunni. Lengi vel var talað um það fólk sem þyrfti að leigja og væri illa sett, öryrkja og ellilífeyrisþega. Svo komu húsaleigubætur, bara allt í einu eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ekki er minnst á að það hafi bætt kjör þessa fólks á síðustu fimm eða tíu árum. Svo hefur verið gert mikið átak fyrir helming þeirra sem fá örorkulífeyrisbætur, þ.e. fatlaða. Ég kalla þá fatlaða sem eru öryrkjar frá fæðingu. Það er sennilega svona þriðjungur eða helmingur af öllum öryrkjum. Heilmikið átak hefur verið gert í sambýlum og alls konar slíkt fyrir fatlaða þó að kannski hafi ekki nógu mikið áunnist í þeim efnum.

Það gleymist líka í umræðunni, herra forseti, að bætur frá lífeyrissjóðunum eru verðtryggðar miðað við neysluverð, þær hækka ekki eins og laun, langt í frá, það er ekki hægt vegna þess að eignir lífeyrissjóðanna eru verðtryggðar miðað við neysluvísitölu og þeir borga helminginn af öllum lífeyri í landinu. Það hangir m.a. saman við verðtryggingu á húsbréfum og vilji menn fara að verðtryggja það miðað við laun, þá yrði aldeilis að hækka verðtrygginguna á húsbréfunum. Allt er þetta mjög flókið samspil sem erfitt er að taka á.

Það sem vantar, herra forseti, í dag er að gera mun á manni sem er 70% öryrki og öðrum sem er 100% öryrki. Þá á ég við mann sem getur ekki unnið neitt og annan sem getur unnið 30%. Enginn munur er gerður á þessum einstaklingum í dag. Þeir fá báðir 100% lífeyri. Hægt væri að hækka lífeyrinn til þess sem er 100% öryrki ef hinn fengi 70%. Ef við leyfðum þeim sem er 70% öryrki að vinna 30% starfshlutfall þá er hann miklu betur settur. Það vantar líka að taka inn þá sem eru tekjulausir, t.d. uppalendur og þá sem sinna umönnunarstörfum og öðru slíku. Það þarf að taka meira tillit til þeirra sem þurfa á hjálpartækjum að halda. En ég vil benda á að

allt er þetta greitt af einhverjum og menn þurfa að gæta sín á því að næst þegar kemur dýfa í efnahagslífið séum við ekki búin að binda okkur óleysanlegan kross.

[16:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er farin að þekkja afstöðu hv. þm. í þessum málaflokki. En hann spyr hvar eigi að taka peningana. Við vitum öll að velferðarkerfi okkar kemur úr sameiginlegum sjóðum okkar sem byggjast upp á sköttum. Það er alveg rétt. Það er ekki bara manneskja með 100.000 kr. sem borgar skatta, það eru margir fleiri sem borga skatta. Menn eru sammála um að skattar eigi að fara í samhjálpina. Það var skoðanakönnun ekki alls fyrir löngu hjá BSRB þar sem menn voru tilbúnir að borga hærri skatta ef það færi í velferðarkerfið. Ég minni hv. þm. einnig á að Þjóðmenningarhúsið og glæsihallir ríkisstjórnarinnar og móttökusalir eru líka borgaðir fyrir skatta almennings. Þaðan eru líka teknir peningarnir sem hafa farið í það að endurbyggja fínar skrifstofur hinum megin við Austurvöll fyrir suma þingmenn. Það fer líka af skattpeningum almennings. Skattpeningarnir fara í allt mögulegt. Ég vil miklu frekar sjá skattpeningana fara í það að bæta kjör fólks sem býr margt hvert við ömurlegar aðstæður. Það eru ekki bara öryrkjar. Það eru líka aldrað fólk og m.a. gamlar konur sem ég veit að búa við ömurleg kjör.

Hv. þm. talar um að við séum með afkomutryggingu og það sé tekjutryggingin. Tekjutryggingin er ekki nema um 30.000 kr. Telur hv. þm. að það séu hæfilegar tekjur fyrir lífeyrisþega? Ég benti á það í ræðu minni áðan að þessi ríkisstjórn hefði ákveðið að lífeyrisþegi í hjúskap hafi 43.000 kr., það sé nóg fyrir hann og í mesta lagi 73.000 ef hann býr einn.

En ég get aftur á móti, herra forseti, tekið undir með hv. þm. að það þyrfti kannski að skipta þessu meira upp og 100% öryrki ætti að hafa meira eins og er á annars staðar á Norðurlöndunum.

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum tók ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. þá ákvörðun að létta álögum af atvinnulífinu og einstaklingum, einfalda skattkerfið, til að hvetja atvinnulífið. Þá var allt í dauða og dróma: 6% atvinnuleysi og mjög mikið þunglyndi í þjóðfélaginu. Þetta hefur tekist. Með því að lækka skatta hefur atvinnulífið tekist á flug, laun hafa hækkað sem hvergi annars staðar og tekjur ríkissjóðs hafa stóraukist. Ég minni t.d. á tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskattinum, sem er nú ekki nema 10%, hafa margfaldast. Til þess að borga (Gripið fram í.) einmitt, inn í velferðarkerfið. Hæfilega lágir skattar geta valdið því að tekjur ríkissjóðs aukist. En of mikil skattheimta og sérstaklega öfundarskattar, þar sem menn eru að ná í einhverjar „háar tekjur", valda því oft að fólk nennir ekki að vinna. Þannig getur of mikil skattheimta drepið niður atvinnulífið, drepið niður vilja og frumkvæði einstaklinga til að vinna og við höfum minni peninga handa öryrkjum og öldruðum og til þeirra sem á þurfa að halda. Þetta er vandinn.

Talandi um Þjóðmenningarhús. Ég ber ekki beina ábyrgð á því frekar en aðrir þingmenn og ég er mjög mikið á móti því. En ég hef líka minnt á dagpeninga, herra forseti, sem hv. þm. þiggur og eru allt of háir. Ég veit ekki til þess að hún hafi skilað þeim.

[16:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um skattalækkun ríkisstjórnarinnar og allt hið góða sem af henni hlaust. En ég vil bara minna hv. þm. á það hver greiddi fyrir þessa skattalækkun. Hver greiddi fyrir hana? Ég veit ekki betur en það hafi verið lífeyrisþegar á lágmarksgreiðslum. Þeir eru komnir undir skattleysismörk sem eru eingöngu með greiðslur úr almannatryggingunum og búa einir og eru kannski með 70.000–73.000 kr., þeir borga skatta. Þeir borga tugi þúsunda í skatta á ári vegna þess að skattleysismörkin hafa staðið í stað í tíð ríkisstjórnarinnar þangað til nú nýlega. Þeir sem greiddu þessa skattalækkun fyrir fyrirtækin hjá þessari ríkisstjórn voru lífeyrisþegar. Ég vil bara minna hv. þm. á það. Þannig hefur þessi ríkisstjórn haft milljarða af lífeyrisþegum í landinu, bæði öldruðum og öryrkjum.

[16:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðunni um velferðarkerfið hefur margoft komið fram að það er mikill vandi hvað launin hafa hækkað mikið hér á landi af því að það er viðmiðunin. Ef launin eða lífeyririnn hefði ekki hækkað, um 25%, þá værum við ekkert komin umfram skattleysismörk. Það er nefnilega vandinn. Launin og lífeyririnn hafa hreinlega hækkað of mikið miðað við verðlag. Það er kannski heilmikið vandamál. Menn hafa rætt það að það sé mikill vandi hvað barnalífeyririnn, sem er mjög mikið tekjutengdur að kröfu Alþfl. á sínum tíma, hefur hækkað mikið í heildina. Það er vegna þess að sífellt fleiri foreldrar hafa of háar tekjur til að njóta barnalífeyris. Það er víst mikið vandamál hvað tekjurnar hafa hækkað mikið. Allt þetta góðæri stafar af því að menn hækkuðu skatta á launþega og fyrirtæki, aðallega á fyrirtæki, það var reyndar ekki á launþega, það var hækkaður skatturinn á launþega til að byrja með. (Gripið fram í.) Á þeim tíma borguðu lífeyrisþegar ekki skatta, þeir voru með það lágar tekjur (Gripið fram í.) þannig að tekjur lífeyrisþega hafa stórhækkað og þess vegna eru þeir farnir að borga skatta. Auðvitað má huga að því hvort það þurfi að hækka skattleysismörk eða jafnvel lækka skattprósentur til þess að örva atvinnulífið aftur. Ég geri ráð fyrir því að ef það skyldi koma einhver kreppa, sem við skulum að sjálfsögðu vona að verði ekki og ég býst ekkert við, yrðu menn að skoða það að lækka skatta til þess að örva atvinnulífið og einstaklinga til þess að vinna enn frekar og búa til nýtt góðæri.

[16:20]

Kristján L. Möller:

Sú till. til þál. sem hér er rædd um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja er að mínu mati eitt merkilegasta þingmál sem hefur komið fram síðustu missirin og ég er ákaflega stoltur af því að vera einn af flm. hennar ásamt öllum öðrum hv. þm. Samfylkingarinnar.

Það að árið 2001 skuli þurfa að flytja slíka þáltill. segir náttúrlega miklu meira en mörg orð um hvernig ástandið hefur verið og er í þessu þjóðfélagi. Hér er, herra forseti, lagt til að athugað verði með afkomutryggingu til þess að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín og þá á þetta sérstaklega við um unga öryrkja og aldraða, einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóm. Þetta getur líka átt við ýmsa fleiri ef menn fara aðeins út á vinnumarkaðinn eins og hér hefur lítils háttar verið rætt um.

Það er nú svo að vegna ýmissa breytinga sem hafa verið gerðar hér á hinu háa Alþingi, og þá sérstaklega breytingar á fiskveiðistjórnarkerfi og fiskvinnslu og landbúnaði, eru mjög margir, bæði ungir og aldraðir, langt fyrir neðan þau mörk sem þarf til að draga fram eðlilegt líf í þessu landi. Á þetta kannski sérstaklega við fólk á landsbyggðinni, þar sem atvinna hefur dregist meira saman og fólk hefur ekki getað leitað í aðra vinnu, hvorki hjá almennum atvinnurekendum, ég tala ekki um hjá ríkisvaldi eins og mikið gerist hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta gæti því fyrr en seinna átt einnig við um ýmsa hópa í þjóðfélaginu sem eru að vinna fyrir 60.000–80.000 kr. á mánuði og er ótrúlegt hvernig hægt er að draga fram lífið á þeim launum. Enda segir svo í greinargerð með þessari ágætu þáltill. að í næsta áfanga muni þingflokkur Samfylkingarinnar „beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félags-, heilsufars- eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu það sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu hverju sinni. Í því sambandi þarf m.a. að huga að afnámi skattlagningar á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og skattlagningar húsaleigubóta og tryggja að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sé á hverjum tíma með þeim hætti að enginn þurfi að una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum."

Svo segir m.a. í greinargerð með þáltill. að í raun og veru megi segja að þjóðfélag geti ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim sem lægstu laun hafa í þessu efni.

Margt má um kjör þessa fólks segja og að grípa þurfi til þessara aðgerða, að finna nokkurs konar afkomutryggingu, er náttúrlega af illri nauðsyn. Við getum tekið sem dæmi hvernig hlutur aldraðra og öryrkja er skertur í einu vetfangi með einni reglugerð sem hæstv. heilbrrh. gefur oft út, t.d. varðandi lyfjakostnað svo við tökum dæmi, og tökum reglugerðarbreytingu sem gerð var um mitt síðasta ár sem fjallaði um það að þeir sem þurfa á lyfjum að halda greiði meira. Seilst var ofan í vasa þeirra sem á þessu þurfa að halda. Í þeim hópi voru elli- og örorkulífeyrisþegar. Þeir fengu hækkanir sínar líka. Með öðrum orðum fann hæstv. ríkisstjórn í þeim hópi breiðu bökin enn einu sinni til þess að auka á skatta eða auka á kostnað. Það var nefnilega svo með þeirri reglugerð sem gefin var út á síðasta ári, og sem væri auðvitað full ástæða til að taka inn í svona afkomukönnun, að verð hækkaði á hverri lyfjaávísun um 150 kr., eða um 37,5%. Greiðsluhlutdeild þeirra af smásöluverði hækkaði úr 30% af verði umfram 400 kr. í 50%. Hámarksgreiðsla hækkaði í 950 kr. úr 800 kr. Það er hækkun um 150 kr. sem er kannski ekki há tala, en engu að síður 19%.

Ef við tökum dæmi um elli- og örorkulífeyrisþega, sem notar t.d. maga- og geðlyf, verður þessi hækkun um 7.200 kr. á ári. Rétt er að hafa í huga að þessi hækkun um 7.200 kr. á ári er hærri tala en hækkunin sem var 1. apríl 2000 og við höfum stundum talað um sem aprílgabb ársins 2000, gamla fólkið var að fá launaseðilinn sinn upp á þessar litlu hækkanir sem þar voru, hélt að væri verið að senda þeim einhverja aprílgabbsseðla. Það var hækkun á ári upp 6.672 kr., það var nú allt og sumt.

Á þessum tíma, skömmu áður en þessi reglugerð var gefin út, var sem sagt verið að hækka eða skammta þessum þjóðfélagshópum 157 kr. hækkun á mánuði í grunnlífeyri, eða 1.884 kr. á ári, og 270 kr. á mánuði fyrir fulla tekjutryggingu, eða 3.240 kr. á ári. Það var ekki allt búið, heldur var svo 129 kr. hækkunin á mánuði í óskerta heimilisuppbót, eða 1.548 kr. á ári. Þetta gerði, herra forseti, samtals bótahækkun á ári til þessara þjóðfélagshópa upp á 6.672 kr. á ári. Er það nema furða þó að hér þurfi að flytja þáltill. um það að reyna að skapa þjóðarsátt, sem væri náttúrlega allra best, um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja sem er ákaflega brýnt.

Það væri með öðrum orðum, herra forseti, ákaflega æskilegt að um það myndaðist þverpólitísk samstaða meðal stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi að ganga til þessarar vinnu þannig að menn hætti að takast á um það hvernig þetta skuli vera um aldur og ævi, en reyni frekar að komast niður á það hvaða grunn við eigum að hafa og taka þá tillit til ýmissa annarra atriða.

Ég verð alltaf ákaflega hissa, herra forseti, þegar hv. þm. Pétur Blöndal kemur og ræðir þessi mál hér fyrir hönd Sjálfstfl. vegna þess að aðrir þingmenn gera það ekki. Við tókumst á um þau mál í öryrkjaumræðunni um ýmislegt sem þar kemur fram. Það er líka ákaflega athyglisvert, herra forseti, að fyrir utan hæstv. heilbrrh., sem heiðrar okkur með nærveru sinni þegar þetta er unnið, láta aðrir hv. þm. Framsfl. ekki sjá sig í salnum og ræða ekki þessi mál.

Herra forseti. Ég sagði áðan að þetta væri eitt merkilegasta þingmál sem hefði komið fram síðustu missiri. Ég tel svo vera. Það er flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar sem hafa verið í fylkingarbrjósti fyrir flutningi á svona málum og ég verð að segja alveg eins og er að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem er arkitekt að þessari þáltill., á heiður skilinn fyrir að koma því á. (Forseti hringir.) Ég óttast það hins vegar, herra forseti, að hv. Alþingi greiði þessu ekki atkvæði frekar en ýmsu öðru sem er til bóta fyrir þessa þjóðfélagshópa.

[16:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við þá þáltill. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja sem borin er fram af hv. þm. Samfylkingarinnar. Það kemur ekki til af góðu að þessi tillaga er hér fram borin. Okkur var það öllum ljóst í janúarmánuði þegar við tókumst á um öryrkjafrv. svokallaða að þá skildi þjóðin öll hver afkoma öryrkja og ellilífeyrisþega er eða getur verið. Skattleysismörkin eru of lág í dag. Samhliða því er tekjutryggingin og grunnlífeyririnn einnig of lágur til að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi af þessum tekjum einum ef maður hefur engar aðrar tekjur. Því er nauðsynlegt að fylgja þessu eftir með gerð neyslustaðals svo hægt sé að kortleggja betur hverjar lífeyrisgreiðslur öryrkja og aldraðra þurfa að vera svo það sé eitthvert líf sem þetta fólk geti átt. Að það sé ekki bara að skrimta, það sé ekki nóg að draga andann, heldur að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi og njóta lífsins.

Einnig er ljóst að neyslustaðallinn mundi verða mismunandi eftir fjölskylduaðstæðum, eftir samsetningu fjölskyldunnar, eftir aldri einstaklingsins, ef um öryrkja er að ræða, eftir því hvort hann er með börn á framfæri eða í sambúð og eins eftir fötlun.

Herra forseti. Ég kom eingöngu fram til þess að lýsa stuðningi við þessa þáltill. Eins og okkur er ljóst er búið að dreifa á borð okkar frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem lögð er til hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega og við munum ræða það mál síðar. En eftir sem áður stendur þessi þáltill. því að við eigum eftir að skoða vel hvort það frv. sem hér hefur verið dreift

uppfyllir þær kröfur sem við teljum að séu ásættanlegar en afkomutryggingin þarf að vera til staðar.

[16:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi mínum og flokks míns við þá þáltill. sem við ræðum um afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Ég tel að hér sé um afar nauðsynlegt mál að ræða og þarft fyrir okkur yfirleitt til þess að skipa þessu þjóðfélagi á betri veg en verið hefur. Á undanförnum mánuðum og árum hafa verið miklar deilur um afkomu öryrkja og aldraðra og ýmissa hópa sem af einhverjum ástæðum hafa ekki unnið sér inn eðlilegan rétt til lífeyris eða trygginga. Ég tel að með því markmiði sem að er stefnt með þessari þáltill., að teknar verði upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu, sem komi til framkvæmda um næstu áramót og verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar, ég tel að með því sé mörkuð afar jákvæð stefna fyrir framtíðina. Það er hægt að benda á að við höfum öll í stjórnarandstöðunni flutt ýmsar tillögur í þá veru að styðja við og bæta hag öryrkja og aldraðra og annarra sem af einhverjum orsökum standa höllum fæti tekjulega. Þess vegna tel ég að það mál sem hér er flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar sé afar þarft og þá stefnumótun sem þar er lögð til styðjum við í Frjálslynda flokknum heils hugar.

[16:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur orðið um till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, hefur verið beint til mín nokkrum spurningum sem ég vil gjarnan fá að svara áður en umræðunni lýkur. Hv. flm., Jóhanna Sigurðardóttir, beindi til mín spurningu varðandi skipunarbréf þeirrar nefndar sem er að endurskoða almannatryggingakerfið. Í skipunarbréfinu er samkvæmt stjórnarsáttmála gert ráð fyrir því að nefndin taki sérstaklega tillit til samspils lífeyrissjóðs og skatttekna og líti fyrst og fremst til þeirra sem lægstan lífeyri hafa og komi til móts við þá. Formaður þessarar nefndar er Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsrn. Nefndin kom einmitt að því frv. sem snertir málefni aldraðra sem kynnt var í gær og kemur til umræðu á mánudag.

Hv. þm. spurði mig einnig um það sem fram hefur komið hjá Félagi eldri borgara um gliðnun milli launa og lífeyris og eru þar nefndar tölur sem eru — ja, þá bara tekinn grunnlífeyrir og tekjutrygging en alls ekki tekið tillit til þess að heimilisuppbætur hafa hækkað og sérstakar heimilisuppbætur, að makatengingin hefur breyst og verið settir í það mikilir fjármunir og að sérstakar aðgerðir hafa verið gerðar á mjög mörgum sviðum. Það er ekki mælt í þessum tölum frá eldri borgurum. Það er einmitt verið að reikna það út til að hafa réttar tölur í því sambandi. Ef þær væru komnar þarna inn í þá værum við ekki að tala um þessa 3–4 milljarða sem hv. þm. spurði mig að áðan hvort vantaði inn í kerfið. Það má alltaf deila um það hvað vantar inn í kerfið og hv. þm., sem var félmrh. til margra ára, var örugglega alltaf á því að það væri hægt að nýta meira fjármagn inn í kerfið og við hv. þm. erum kannski líkar að því leytinu til að við erum e.t.v. svolitlir eldgleypar, þ.e. við verðum kannski seint fullsaddar hvað það varðar. Eins og fram hefur komið hér er afkoma öryrkja og ellilífeyrisþega afskaplega mismunandi, en það er alveg ljóst og hefur margsinnis verið sýnt fram á það að þeir sem ekki eru í eigin húsnæði eru langverst staddir.

Það hefur ýmislegt fleira spunnist inn í þessa umræðu sem ég vil gjarnan minnast á, sérstaklega varðandi lyfin. Það komu tveir hv. þm. inn á það að lyf hefðu hækkað og voru með ýmsar tölur í því sambandi. Hv. 15. þm. Reykv. sagði áðan að lyf hefðu hækkað um 120% hjá ellilífeyrisþegum. (Gripið fram í.) Ég hélt nú að þessari fullyrðingu væri búið að svara margoft og meira að segja hélt ég að eldri borgarar hefðu tekið þessa fullyrðingu aftur. En mig langar þá að vita nákvæmlega hvaða lyf það eru sem hafa hækkað svo mikið.

Hv. þm. 3. þm. Norðurl. v. var ekki með svona svakalegar tölur, hann var með 37% á meðan hv. 15. þm. Reykv. talaði um 120%, þannig að það er nú dálítil gliðnun þarna á milli. En það skiptir kannski ekki aðalmáli heldur endurgreiðslureglugerðir sem komu í kjölfarið sem áttu akkúrat að koma til móts við þá sem minnstar tekjur hafa. Menn mega ekki gleyma því í þeirri umræðu sem hér fer fram.

[16:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra verður að horfast í augu við það hvernig hún hefur verið að fara með kjörin hjá lífeyrisþegum. Eldri borgarar hafa lýst því yfir og hafa reiknað það út að á sama tíma og tekjutrygging og grunnlífeyrir hækkuðu um 23%, þá hækkuðu lyfin um 120%. Þetta eru tölur sem ekki hafa verið teknar til baka. Hæstv. ráðherra verður náttúrlega að horfast í augu við það. Ég get nefnt fleira sem hún ætti aðeins að huga að. Hún fækkaði bifreiðastyrkjum um helming, þó að hún hafi fjölgað aftur um nokkra styrki rétt fyrir kosningar. Það er líka búið að gera bifreiðalánin mun erfiðari fyrir þá sem eru hreyfihamlaðir, lánakjörin verri. Það hefur ekki verið lagað. Ég get haldið áfram að telja ýmislegt fleira. Það hefur verið aukinn símkostnaður á lífeyrisþega. Það þarf ekki að taka bara lyfin. Útgjöld lífeyrsþega hafa aukist verulega í tíð þessa hæstv. ráðherra, herra forseti, þannig að hæstv. ráðherra verður bara að gjöra svo vel að horfast í augu við það. En ég ætla að vona að hæstv. ráðherra muni síðan standa við þau loforð um að hún muni bæta kjör lífeyrisþega eins og margoft hefur verið lofað. En hæstv. ráðherra hefur svo margoft lofað ýmsu og ekki staðið við það að maður veit náttúrlega ekki hvort beri að treysta því algjörlega. Ég minni á það þegar hún lofaði því á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins forðum að afnema ætti tekjutengingu við tekjur maka hjá lífeyrisþegum. Og þó að það kæmi hér hæstaréttardómur sem kvað á um að það skyldi gjört, þá var það ekki gert. Þannig að það er nú svona og svona með loforðin hjá þessari ríkisstjórn.

[16:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. lenti náttúrlega í dálitlum vandræðum vegna þess að hún fullyrti hér hlut sem ekki er réttur og það er ekki í fyrsta skipti. Og þegar hún lendir í þeim vandræðum, fer hún yfirleitt vítt um völl og það gerði hún núna. Hún ræddi það ekkert hér að bensínstyrkir hafa stórhækkað að undanförnu, margfaldast. Hv. þm. minntist ekkert á það og ég ætlast svo sem ekkert til þess. Ég ætlast svo sem ekkert til að hv. þm. treysti mér, en ég verð að segja það að ég íhuga það oft og mörgum sinnum, og ætla að segja það hér: Hvað hefði gerst ef hv. þm., sem hér talaði áðan, hefði unnið prófkjör fyrir nokkrum árum, þegar hún var í prófkjöri á móti Ólafi Erni Haraldssyni? Ég er oft að hugsa

hvað hefði breyst við það. Hvar væri hv. þm. þá og um hvað væri hv. þm. að ræða nú? (Gripið fram í.) Og nú hlær hv. þm. og sést alveg í kirtlana. (Gripið fram í.) En mér finnst svolítið gaman að þessari ... (**Gripið fram í:** Rosalega er heilbrigðisráðherra með góða sjón.) Já, enda með gleraugu. En ég hef oft íhugað þetta og ég held að hv. þm. hljóti oft að hafa íhugað þetta sjálf.

[16:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú lendir hæstv. ráðherra í því sem hún sakaði mig um, að þegar hún getur ekki svarað, fer hún bara um víðan völl. Það var alveg ljóst af þessu svari. (Gripið fram í.) Já, og fór út í hálskirtla, þóttist sjá þá hér langar leiðir. (Gripið fram í.)

En þetta mál snýst ekki um það hvort sú sem hér stendur treystir ráðherranum eða ekki. Það snýst um það hvort lífeyrisþegarnir eigi að treysta ráðherranum, vegna þess að hún hefur ekki staðið við það sem hún hefur lofað þeim margoft og þar nefni ég m.a. afnám tekjutengingarinnar við tekjur maka. Auðvitað er ráðherrann í vondum málum þar. Hún veit það vel sjálf. Hún gat heldur ekki svarað þeim atriðum sem ég nefndi vegna þess að þau eru öll rétt. (Gripið fram í.) Um hvernig kjör lífeyrisþega hafa verið leikin í tíð þessa ráðherra.

Aftur á móti er það rétt að bensínstyrkurinn var hækkaður nýlega, en hann var búinn að standa í stað árum saman meðan þessi hæstv. ráðherra var við völd. Svona getum við auðvitað farið yfir sviðið. En hæstv. ráðherra kýs að vera með dylgjur hér í ræðustól Alþingis og það finnst mér afleitt, herra forseti, og henni ekki til sóma.

[16:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að ræða um traustið, því það er alveg greinilegt hvar það liggur. En vegna þess að hv. þm. sagði að ég færi um víðan völl vil ég segja að ég var að svara henni. Ég var að svara henni varðandi bílastyrkina. Hún minntist ekkert á lyfin aftur. Ég tók eftir því. Og hún minntist heldur ekkert á það að við höfum fjölgað bílastyrkjum og við höfum hækkað bílastyrki, (Gripið fram í.) við höfum hækkað bílastyrki til þeirra sem eru að fá bíl í fyrsta skipti, til ungra öryrkja. Það hefur margfalt hækkað. Ég held að hv. þm. hljóti að vera sammála mér um að það hafi verið rétt. Þannig að ef hv. þm. væri svolítið sanngjörn og færi yfir sviðið, held ég að hún sæi ýmsa jákvæða punkta sem hafa gerst.

[16:45]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki einni spurningu sem ég beindi til hennar, sem mjög brennur á mér og reyndar elli- og örorkulífeyrisþegunum líka vegna þess að margir hafa lagst yfir það hvort ríkisstjórnin hafi staðið við framkvæmd á lögunum frá 1998, þegar ákveðið var að taka upp ákveðna viðmiðun að því er varðar greiðslur lífeyrisþega. Þetta tók gildi í byrjun árs 1998 og þá áttu bætur almannatrygginga að breytast í samræmi við þróun launa. En á þessu tímabili, eins og ég og fleiri hafa skoðað það, hefur nærri undantekningarlaust verið miðað við það sem lægst hefur gefið lífeyrisþegunum, þ.e. vísitölu neysluverðs. Þetta hefur þýtt það að lífeyrisgreiðslurnar hafa einungis hækkað um 11% á meðan launavísitalan hefur hækkað um 17% á þessu tveggja eða þriggja ára tímabili. Þetta þýðir líka það að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er fjórum sinnum minni en hjá launþegum á almennum markaði. Þingmenn stóðu í þeirri trú þegar þessi lög voru samþykkt, að það ætti að miða við launavísitölu.

Í nál. minni hlutans, stjórnarandstöðunnar, er vitnað til orða forsrh. sem mælti fyrir þessu frv. í bandormi, þar sem forsrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Þannig er lagt til að ákvörðun bótanna taki mið af almennri þróun launa á fjárlagaárinu og leggi þá sömu forsendur og fjárlagafrv. því til grundvallar en jafnframt er lagt til að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um ..."

Ég held því fram að það hafi alltaf verið tekið mið af þessu gólfi, þ.e. neysluverðinu, en ekki þróun launa, með þeim afleiðingum sem ég hef lýst.

Ég vil því spyrja um skilning hæstv. ráðherra á þessu sem hlýtur að hafa fylgst með þessu: Telur ráðherrann að að fullu hafi verið staðið við framkvæmd laganna frá árinu 1998 að því er varðar tengingu lífeyrisgreiðslna við launaþróun?

[16:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að lögunum var breytt 1998 og í þeim lögum var fyrst og fremst gert ráð fyrir því að það yrði haldið í neysluvísitölu og launavísitölu þannig að lífeyrir hækkaði í takt við það. Og ég veit ekki betur en að við það hafi verið staðið. En það kann að vera, og nú ætla ég að láta athuga það, það kann að vera að það hafi orðið meira launaskrið, t.d. hér á Reykjavíkursvæðinu, og miðað út frá því þegar verið er að tala um þessi 17%, varðandi lágmarkslaun. Og það er allt annað launaskrið ef við komum bara út fyrir Reykjavíkurborg, en ég held að í þessum útreikningum, ég ætla ekki að fullyrða, sé verið að reikna launaskriðið á höfuðborgarsvæðinu en ekki um landið allt. Ég ætla ekki að fullyrða það, en mér sýnist það miðað við þann málflutning sem hér hefur fram komið, að við það sé miðað.

[16:49]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög brýnt að reyna að leiða hið sanna í ljós í þessu máli, vegna þess að því er mjög oft haldið fram að ríkisstjórnin hafi verið að brjóta lög á öryrkjum og öldruðum og að ekki sé staðið við framkvæmdina á lögunum frá 1998. Og við höfum stundum tekist á um það hér í þessum ræðustól. Ég hef látið reikna þetta út og eftir því sem ég sannast veit, ég veit t.d. að Samtök aldraðra eru mér sammála um þá útreikninga sem ég hef hér verið að kynna, að kaupmáttur launanna hefur orðið fjórum sinnum meiri á þessu tímabili heldur en lífeyrisgreiðslna. Þess vegna fagna ég því að ráðherrann ætli að fara ofan í þetta mál og skoða hið rétta í þessu. Ég bíð þá bara eftir að heyra það þannig að við getum rætt þetta, vegna þess að ég veit að hæstv. ráðherra hlýtur að vera áfram um að það sé að fullu staðið við framkvæmd þeirra laga sem voru samþykkt á Alþingi 1998.

[16:50]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér sýnist að það sé að koma að lokum þessarar umræðu sem hefur staðið nokkra hríð um till. til þál. um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja sem við flytjum.

Ég vil byrja á því að þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls og lýst yfir stuðningi við tillöguna. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa verið viðstödd umræðuna og hafa tekið þátt í henni með okkur á þessum degi. Það er of sjaldan að *mínu viti* að ráðherrar gefi sér tíma til þess að fjalla um þingmannamál sem hér eru til umræðu, þannig að ég fagna því sérstaklega að ráðherrann hafi verið viðstödd. Það hefur ýmislegt komið fram sem væri ástæða til þess að líta á nokkuð nánar.

Hæstv. ráðherra fór ofan í þær tölur sem Samtök aldraðra hafa verið að setja fram um þá gliðnun sem hefur orðið á milli verkamannalauna og lífeyrisgreiðslna. Ég hygg að það sé alveg hárrétt hjá ráðherranum að inni í þessu séu ekki heimilisuppbætur eða sérstakar heimilisuppbætur. En allt að einu er sama viðmið að því er varðar 1991, þ.e. grunnlífeyri og tekjutryggingu þegar verið er að nota það sem er svona almennt yfir þann breiða hóp lífeyrisþega, öryrkja og aldraða. Og þá koma upp þessar tölur að það vanti 3–4 milljarða inn í lífeyrisgreiðslurnar til þess að um sé að ræða sama hlutfall af launum. Enda er það nú ekki tiltölulega stór hópur sem er á sérstakri heimilisuppbót, ég held að það séu mjög fáir einstaklingar, þannig að það er mjög villandi að draga þann hóp fram sem viðmið þegar við metum kjör aldraðra og öryrkja. Þessu vildi ég halda til haga.

Ráðherrann kom aðeins inn á erindisbréfið sem nefndin vinnur eftir. Ég veit ekki betur en nefndin hafi verið ansi lengi að störfum og hún hafi ekkert endilega verið sett á laggirnar *í tengslum við öryrkjadóminn, þannig að hún er* búin að vera að vinna frá því í september ef ég man rétt. Og ég treysti því — ráðherrann kom að vísu ekki inn á það — að málið kom það tímanlega fyrir þingið að við getum tekið á því ef um er að ræða lagabreytingar sem ráðherrann fór ekki inn á sem fylgir þá þessari niðurstöðu frá nefndinni. Alla vega veit ráðherrann það að því verður auðvitað fylgt fast eftir að niðurstaða fáist í þetta mál, þ.e. auknar bætur til lífeyrisþega fyrir þá tímasetningu sem ráðherrann hefur sjálf gefið út, þ.e. 15. apríl.

Einn hv. þm. sem hér talaði, hv. þm. Pétur Blöndal, fór aðeins yfir það að þetta kostaði nú sitt og ekki eru það neinar nýjar fréttir fyrir neinn hér inni eða þá sem á þetta hlýða. Auðvitað kostar það að öryrkjar og aldraðir fái sinn eðlilega skerf af því sem til skiptanna er í þjóðfélaginu. Þetta er allt spurning um forgang í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst að ef öryrkjar hefðu fengið sinn hlut af góðærinu, þá hefði t.d. tekjuafgangur ríkissjóðs ekki verið 26 eða 28 milljarðar eða hvað hann var á síðasta ári. Hluti af því að tekjuafgangur ríkissjóðs er góður er m.a. það að lífeyrisþegar hafa ekki fengið það sem þeim bar af góðærinu.

Hv. þm. Pétur Blöndal segir að skattar landsmanna verði jú að standa undir þessu. En ég segi líka: Þetta er spurning um forgang. Það er einu sinni svo að *ríkisstjórnin hefur sett* annað í forgang á þessu kjörtímabili heldur en að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Við munum þegar hún létti tollunum af lúxusjeppunum sem kostaði 500 millj. kr. Það er skemmst að draga það fram þegar hún taldi það eitt af sínum brýnustu verkefnum fyrir jólin að lækka skatta af fjármagnseigendum, þ.e. þeirra sem eiga hlutabréf, að þegar þeir væru komnir yfir tiltekið hámark í hlutabréfaeign, þá vildi ríkisstjórnin lækka skatta af þeim úr 38% í 10%. Í því eru náttúrlega töluverðir peningar.

Ríkisstjórnin hefur líka verið að eyða töluverðum peningum, bæði innan ráðuneytisins og ríkisstofnana í það sem kallað er „sérfræðiaðstoð“ sem hefur verið að blása mjög út á umliðnum árum, hefur hækkað á tiltölulega fáum árum úr einum milljarði í 3,5 milljarða, þannig að þetta er ekki endilega spurning um skattahækkanir, þó að farið sé út í að leiðrétta kjör aldraðra og öryrkja, heldur er þetta fyrst og fremst spurning um forgang og eðlilega skiptingu á því sem til skiptanna er í þjóðfélaginu.

Það vita það auðvitað allir að ekki er hægt að framfleyta sér í íslensku þjóðfélagi af þeim lífeyrisgreiðslum sem öryrkjar og aldraðir eru látnir búa við. Og það vita allir sem það vilja vita að það er þjóðarskömm að því að íslenskt þjóðfélag, sem vill nú kenna sig við velferðarþjóðfélag, sé að bjóða öryrkjum og öldruðum upp á slíkan smánarlífeyri. Þess vegna er auðvitað grannt reynt að fylgjast með því að a.m.k. aldraðir og öryrkjar fái það sem þeim ber, t.d. samkvæmt launavísitölu eins og ég var að nefna áðan, en það sé ekki eilíflega verið að miða við það sem lægst gefur lífeyrisþegunum. Og það er það sem við höfum verið að fara yfir á þessum degi.

Ég hygg að hæstv. heilbrrh. sé í hjarta sínu okkur alveg sammála um að ekki hafi verið nægilega vel staðið að því að bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega á þessu kjörtímabili og raunar allt aftur til ársins 1995. En eins og ég sagði þegar ég flutti framsöguræðu mína, þá held ég að það sé miklu fremur því að kenna að hæstv. heilbrrh. sé ekki í góðum félagsskap í ríkisstjórninni fremur en að hana sjálfa skorti vilja til þess að bæta kjör lífeyrisþega. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi fullan hug á því.

Það hefur ekki verið farið mikið inn á það sem er sérstaklega nefnt í þessari tillögu, þ.e. að bæta sérstaklega kjör ungra öryrkja. Ég hafði vonast til þess að hæstv. ráðherra mundi ræða það mál, vegna þess að það er afar brýnt að viðurkennd sé sérstaða ungra öryrkja, þeirra sem annaðhvort eru fatlaðir alveg frá fæðingu eða barnæsku eða fatlast mjög ungir. Framfærslubyrði þessara ungu öryrkja er kannski iðulega *meiri en hjá öldruðum eða öðrum hópum*, þar sem þeir eru kannski að koma sér upp fjölskyldu og þaki yfir höfuðið. Framfærslubyrði þeirra er ekki síst mikil ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá.

Í því sambandi vil ég minna á ályktun Öryrkjabandalagsins frá 1998 en þar var skorað á Alþingi að hækka grunnlífeyri sérstaklega og mest hjá þeim sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Tillaga bandalagsins var sú að verði einstaklingur fyrir varanlegri örorku 20 ára eða yngri, þá skuli grunnlífeyrir hans nema ekki lægri upphæð en 51.000 á mánuði. Það er verið að tala um verulega hækkun á grunnlífeyri. Þetta var árið 1997 eða 1998, þannig að í dag er það töluvert hærri fjárhæð en 51.000 og sú upphæð átti að fylgja þróun launavísitölu.

Síðan var ákveðin útfærsla á þessari tillögu, sem ég hef alltaf litið á að hafi verið allrar athygli verð. Mér finnst verst að hæstv. ráðherra er farin úr salnum, en ég hefði viljað *spyrja hana að því hvort skoðun hennar væri ekki sú að* það þyrfti að bæta og viðurkenna sérstaklega stöðu ungra öryrkja í þeirri skoðun sem nú fer fram á vegum ráðuneytis hennar og ríkisstjórnarinnar við það að bæta kjör öryrkja.

Það hefur verið farið nokkuð, herra forseti, yfir kjör öryrkja og hvernig með þau hefur verið farið á umliðnum árum. Það er ekkert ofsagt í því, herra forseti, að þær litlu hækkanir sem öryrkjar hafa fengið á umliðnum árum, sem oft skipta nokkrum hundruðum kr., það er nú ekki meira, kannski 300–800 kr. þrisvar eða fjórum sinnum á ári, það er eins og það sé jafnharðan tekið aftur í ýmiss konar hækkunum. Yfir það hefur verið farið hér. Það hefur verið töluvert mikil hækkun á lyfjakostnaði hjá öldruðum. Við þekkjum að það hefur orðið mikil hækkun á íbúða- og leiguverði og það eru margir öryrkjar sem eru á leigumarkaðnum, eru í leiguíbúðum og hafa þurft að sæta verulegri hækkun á leiguverði, sem þýðir það að kjarabætur hafa kannski ekki verið neinar. Þessir örfáu hundraðkallar sem þeir hafa fengið þegar hækkanir hafa orðið hrökkva ekki einu sinni fyrir hækkun á leiguverði.

Fyrir þá sem eiga íbúðir, t.d. aldraðir eða öryrkjar, þá hefur orðið gífurleg hækkun á fasteignagjöldum sem hafa hækkað verulega í tvígang og eru orðin mjög erfið og þung í framfærslu fyrir mörg heimili, ekki síst, herra forseti, fyrir aldraða, vegna þess að það vill svo til að þó að aldraðir margir hverjir, sem betur fer, búi við sæmilega húsnæðisaðstöðu og eigi sitt eigið húsnæði, þá eru tekjurnar sem þeir hafa sér til framfærslu oft á tíðum mjög litlar. Og það munar um það fyrir aldraða þegar fasteignagjöldin t.d. hækka verulega. Á fundum þar sem ég hef verið með þessum hópum eins og öldruðum og öryrkjum reyndar líka hefur verið mjög kvartað yfir þessari hækkun á fasteignagjöldum.

Það hefur ekki verið farið inn á eitt atriði sem ástæða er til að nefna og það er eitt af hinum stóru baráttumálum öryrkja og aldraðra, ekki síst aldraðra, það er að tekjur sem þeir fá úr lífeyrissjóðum séu skattlagðar með venjulegu skatthlutfalli, en ekki með sama skatthlutfalli og fjármagnstekjur. Því að auðvitað er það sannleikur málsins að þrír fjórðu hlutar af þeim lífeyri sem fólk fær úr lífeyrissjóðum er ekkert annað en fjármagnstekjur og það vekur furðu að það skuli ekki hafa verið skoðað af fullri alvöru hjá ríkisstjórninni að fara í skattalegu tilliti með lífeyrisgreiðslurnar eins og fjármagnstekjur. Það vafðist ekkert fyrir ríkisstjórninni fyrir jólin að lækka skattinn af hlutabréfunum úr 38% í 10%.

Ekki síst þegar til þess er horft, herra forseti, að þannig hefur verið farið með skattleysismörkin á umliðnum árum þó að breyting hafi orðið á í síðustu kjarasamningum, að skattleysismörkin hafa verið fryst, með þeim afleiðingum að stór hluti, herra forseti, lágtekjufólks er allt í einu farinn að greiða skatt, kannski þetta á bilinu 4.000–8.000 kr. á mánuði, sem eru mjög miklir peningar fyrir fólk sem er kannski með einhvers staðar á bilinu 50.000–80.000 kr. í tekjur. Það eru mjög miklir peningar fyrir þennan hóp. Og það hefur fjölgað verulega í hópi skattgreiðenda af þessum sökum.

Þess vegna er mjög mikilvægt að kjör lífeyrisþega séu skoðuð heildstætt, útgjaldatilefnin og útgjaldaaukningin sem hefur orðið hjá þessum hópi, sem er langt umfram það sem hækkunin hefur verið á lífeyrisgreiðslum til þessara hópa.

Hér hefur verið farið inn á bílastyrkina. Það hefur verið farið inn á lyfjakostnaðinn, hækkunina þar. Það hefur verið farið inn á hækkunina á fasteignagjöldum. Eignarskatta má nefna. Fjármagnstekjuskattinn. Hækkun á íbúða- og leiguverði, svo dæmi sé tekið. En að sama skapi hefur þessi hópur verið skilinn eftir að því er varðar hækkun í samræmi við það sem gerst hefur í þjóðfélaginu. Það er einmitt þetta sem við viljum leiðrétta með þeirri tillögu sem við í Samfylkingunni mælum fyrir, þ.e. þessari tillögu um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Það skulu verða mín lokaorð, herra forseti, að það er ekki hægt að segja að við lifum í velferðarþjóðfélagi á Íslandi fyrr en kjör þessara hópa, aldraðra og öryrkja, eru orðin sómasamleg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gerð neyslustaðals, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 260.

[17:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um gerð neyslustaðals, en tillöguna flytja ásamt mér nokkrir aðrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller og Össur Skarphéðinsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að vinna að gerð samræmds neyslustaðals um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld við ýmsar ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja velferðarkerfisins. Þessi neysluviðmiðun verði einnig lögð til grundvallar greiðsluáætlun og greiðslumati hjá lánastofnunum, svo og innheimtu vangoldinna skattskulda og meðlagsgreiðslna einstaklinga.

Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúum Hagstofu Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Neytendasamtakanna.“ — Niðurstöðu nefndarinnar á að leggja fyrir Alþingi, eins og hér segir, herra forseti, í ársbyrjun 2002.

Eftir þessum neyslustaðli, herra forseti, hefur verið kallað af ýmsum aðilum. Ég nefni t.d. Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, ég nefni nefnd á vegum félmrh. sem var einmitt að fara yfir, ef ég man rétt, reynsluna af Ráðgjafarstofunni sem þá hafði starfað í einhvern tíma, en það er einmitt verkefni hennar að fara yfir greiðsluáætlanir heimila, skuldastöðu og greiðslumat. Það var fljótlega eftir að sú ráðgjafarstofa komst á laggirnar sem hún sá hve sárlega vantaði samræmdan neyslustaðal í þjóðfélaginu.

Tilgangurinn með neyslustaðli, sem þarf að vera samræmdur og taka mið af fjölskyldugerð og fjölskyldustærð, er að vera leiðbeinandi fyrir stjórnvöld og viðmiðunargrundvöllur við ýmsar ákvarðanir sem tengjast rétti til bóta. Hvað erum við að tala um, herra forseti? Við erum að tala um t.d. í skatta- og almannatryggingalögum sem og fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Og ekki síður á þessi neyslustaðall að vera grundvöllur greiðsluáætlunar og greiðslumats hjá lánastofnunum, þar með talið Lánasjóði íslenskra námsmanna og við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda.

Núna er þetta þannig, herra forseti, sem sýnir okkur hringavitleysuna í þessu öllu saman, að hið opinbera tekur mið af fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar, styrkveitinga, svo og við mat á greiðslugetu vegna fjárhagserfiðleika.

Fyrsta viðmiðunin er í tryggingakerfinu eins og við höfum verið að fara yfir hér á þessum degi. Aðra viðmiðunina finnum við hjá fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna í þeim staðli sem

sveitarfélögin nota fyrir fjárhagsaðstoð sína. Þriðju viðmiðunina, sem er allt önnur, sjáum við hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fjórðu viðmiðunina sjáum við hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Fimmtu viðmiðunina sjáum við síðan hjá Íbúðalánasjóði og Hagstofan gerir síðan reglulega neyslukannanir þar sem kemur út allt annar grunnur á nauðsynlegri framfærsluþörf fjölskyldunnar heldur en endurspeglast í þeim mörgu framfærslugrunnum sem hinar ýmsu opinberu stofnanir taka mið af.

Ekki einu sinni stofnanir sem fjalla um sama viðfangsefni nota sama neyslugrunninn. Við getum tekið sem dæmi samanburð á síðasta ári á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksframfærslugrunni sem Íbúðalánasjóður byggir greiðslugetu fólks á sem var þá, miðað við framfærslukostnað hjóna með tvö börn, 108 þús. kr., en fyrir sömu fjölskyldu miðar Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna framfærsluþörfina 140 þús. kr. Þarnar munar 32 þús. kr. á því sem Ráðgjafarstofan telur að sé framfæsluþörf sömu fjölskyldu og því sem Íbúðalánasjóður metur. Og síðan þegar Hagstofan skoðar þessa sömu fjölskyldu byggir hún á því að neysluþörf eða framfærsluþörf hennar sé 242.000, og þar munar nú hvorki meira né minna en 100.000 kr. í neyslugrunni hjá þessari sömu fjögurra manna fjölskyldu. Ráðgjafarstofan segir 140 þús., Íbúðalánasjóður segir 108 þús. og Hagstofan segir 242 þús. fyrir alveg sömu fjölskyldu.

Þetta endurspeglar náttúrlega í hnotskurn það vandamál sem við erum að glíma við. Ég tók eftir að í því máli sem við vorum að ljúka áðan um almannatryggingakerfið, fór 5. þm. Austurl., Þuríður Backman, einmitt inn á nauðsyn þess að koma á slíkum samræmdum neyslustaðli og taldi upp þau rök sem ég hef verið að nefna fyrir þörfina á síkum neyslustaðli.

Það er auðvitað grundvallaratriði að slík samræming sé til staðar í hinum ýmsum stofnunum í þjóðfélaginu sem fjalla með einum eða öðrum hætti um ákveðinn grunn sem bætur taka mið af, hvort sem það er í skattkerfinu, varðandi meðlagsgreiðslur einstaklinga, viðmið um greiðslumat hjá lánastofnunum eða framfærsluþörf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Alls staðar í kringum okkur, herra forseti, og það kom fram í skýrslu á vegum félmrh. í febrúar, er til slíkur neyslustaðall í löndunum sem við berum okkur saman við.

Ég vil nefna það sem segir í skýrslu starfshópsins, með leyfi forseta:

„Á Norðurlöndunum og víða í Evrópu er notuð „neysluviðmiðun“ til leiðbeiningar um mat á greiðslugetu fólks. Neysluviðmiðun á að gefa til kynna áætluð útgjöld fjölskyldu miðað við viðurkennda neyslu eða neyslumynstur fyrir ólíkar fjölskyldugerðir og stærðir. Að baki liggja rannsóknir og úttekt á því hvað heimili, með mismunandi samsetningu fjölskyldunnar eftir kyni og aldri, þurfa til framfærslu.

Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögð mikil vinna í þróun og vinnslu viðmiðunarneyslu á sl. 20 árum. Þar hefur verið tekið mið af neysluviðmiðun heimilanna þegar ákvarðaðar eru bætur skattalaga, ákveði réttarfarslaga, svo sem lög um skuldaaðlögun og reglur um heimildir sýslumanna til að draga af tekjum manna vegna vanskila hjá lánastofnunum og opinberum aðilum, t.d. vegna skatta og meðlagsskulda. Þá er neysluviðmiðun grundvöllur greiðslumats hjá lánastofnunum og fjárhagsráðgjöfum banka og á vegum sveitarfélaganna auk áætlanagerðar hjá heimilunum sjálfum.“

Þarna er skipulega, herra forseti, tekið á málum. Hérna er þetta allt út og suður hjá okkur og enginn getur hent reiður á á hverju framfærsluþörf fjölskyldunnar byggir. Maður veltir því fyrir sér hvernig standi á því að ekki skuli fyrir löngu kominn á slíkur framfærslugrunnur eða samræmdur neyslustaðall. Því það eru svo margir þættir, herra forseti, í þjóðfélaginu sem þarf að skoða út frá framfærsluþörf fjölskyldunnar að útilokað er að nokkurt vit sé í hlutunum meðan á málunum er tekið eins og ég hef lýst.

Við getum einnig nefnt eitt sem sýnir hvað þetta er út úr kortinu hjá okkur. Ef skattalögin eru skoðuð, t.d. innheimta þinggjalda á árinu 2000, þá er að finna heimildir fyrir innheimtumenn til að krefjast þess að launagreiðendur haldi eftir hluta af kaupi launþega til lúkningar á skattaskuldum, þ.e. þeim gjöldum sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og ber að innheimta. Tekið er fram að aldrei megi halda eftir meira en 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni vegna tekjuskatts og útsvars. Jafnframt er tekið fram að afdráttur af launum til staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum eldri skattskulda og gjalda. Þetta ákvæði er mjög óréttlátt gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur sem lent hefur í miklum fjárhagserfiðleikum og með því er oft komið í veg fyrir að fólk geti unnið sig út úr vandanum. Má í því sambandi nefna að forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur einmitt bent á ósveigjanlega og harða innheimtu opinberra gjalda öfugt við sveigjanleika og samningsvilja lánastofnana gagnvart einstaklingum sem eru að vinna sig út úr vanskilum og miklum fjárhagserfiðleikum. Ég vil líka geta þess að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis lagði fyrir þingið skýrslu um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík þar sem þetta ákvæði er eitt af því sem nefndin bendir á að þarfnist úrbóta. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að reglur um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta verði endurskoðaðar. Nú mun alltaf vera krafist fulls afdráttar, þ.e. að launagreiðandi haldi eftir 75% af heildarlaunagreiðslu. Er ljóst að sú framkvæmd gengur ekki upp gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur, enda hafa launagreiðendur í mörgum tilvikum ekki sinnt þessari skyldu sinni. Tekur nefndin undir hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefndarinnar um að tekið verði tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði.“

Maður veltir fyrir sér hvaða framfærslukostnað eða neysluviðmiðun tollstjóri noti þá, sennilega væri það sjötta eða sjöunda neysluviðmiðunin.

Þetta er ótækt og kemur líka fram, ekki bara í skattalögum heldur líka hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Hlutverk hennar er m.a. að innheimta hjá meðlagsgreiðendum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna. Innheimtustofnun hefur heimild til að krefjast þess að launagreiðandi haldi eftir hluta af launum vegna meðlagskrafna. Þar má finna ítarleg ákvæði um innheimtu meðlags. Við þekkjum ófá dæmi um að meðlagsgreiðendur séu hundeltir. Svo hátt hlutfall má taka af launum þeirra að þeir leiðast fremur út í svarta atvinnustarfsemi. Þeir gefa ekki upp laun sín af því að hið opinbera getur tekið svo hátt hlutfall af launum þeirra. Það er ekki einu sinni reiknað með lágmarkshlutfalli fyrir þá til að halda eftir fyrir brýnustu nauðþurftum.

Herra forseti. Ég tel mig hafa fært rök fyrir því að skynsamlegt og eðlilegt sé, bæði fyrir neytendur, heimilin í

landinu og hið opinbera, að ráðast í gerð slíks neyslustaðals. Ég held að þó ekki væri nema litið til sívaxandi skulda heimilanna þá séu veigamikil rök fyrir því að settar verði fram raunhæfar reglur um neysluviðmiðun sem verði leiðbeinandi fyrir ýmsar stjórnvaldsákvarðanir sem snerta kjör og afkomu fólks.

Þetta er, herra forseti, raunverulega mjög einfalt. Málið snýst um skynsamleg vinnubrögð í þjóðfélaginu, skynsamleg og samræmd vinnubrögð hjá opinberum stofnunum sem taka ákvarðanir um bætur og rétt fólks út frá framfærsluþörf. Maður veltir fyrir sér hvaða vit sé í því að hafa slíkan neyslustaðal eða neysluviðmið mismunandi, hafa hér í gangi marga neyslustaðla, sex til átta viðmiðanir eftir því hvað á í hlut hverju sinni.

Herra forseti. Ég vona að þetta mál fái góða umfjöllun í nefndinni sem fær það til meðferðar. Hér er einungis um það að ræða að fela forsrh. að skipa nefnd til að vinna að gerð samræmds neyslustaðals um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld við ýmsar ákvarðanir sem lúta að fjárhæðum bóta og styrkja velferðarkerfisins.

Ég held að það hljóti að vera útlátalaust af hálfu framkvæmdarvaldsins að styðja þessa tillögu og leggja ekki stein í götu hennar. Ég held að þetta sé ekki síður til hagsbóta fyrir stjórnvöld og framkvæmdarvaldið heldur en landsmenn. Það er eðlilegt að þessu verki komi Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og Neytendasamtökin. Það má vel vera að rétt sé að t.d. verkalýðshreyfingin komi að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Það kemur til greina í meðferð nefndarinnar að skoða þá þætti eins og aðra sem lúta að þessari tillögu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. flm. að þáltill. um gerð neyslustaðals sem hér er til umræðu, hefur farið allítarlega yfir málið. Við það er svo sem ekki mörgu að bæta en þó einhverju. Vert er að minnast á nokkur atriði í ágætri grg. með þessari þáltill. Á einum stað í grg. segir t.d., með leyfi forseta:

„Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki nauðsynlegum framfærslukostnaði hverrar fjölskyldugerðar. Mikilvægt er að þróaður verði einn samræmdur neyslustaðall sem opinberir aðilar byggi á við ákvarðanir sem tengjast framfærslu og tekjum. Annars staðar á Norðurlöndum og reyndar víða í Evrópu hefur verið farin sú leið að þróa einn ákveðinn neyslustaðal sem framfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð og stærð byggist á og notaður er við ýmsar stjórnvaldsákvarðanir."

Herra forseti. Ég vildi aðeins stoppa við þetta atriði og gera að umtalsefni hve nauðsynlegt er, þegar farið er í að meta framfærslukostnað eftir fjölskyldugerð, að skoða jafnframt hvar menn búa á landinu. Ég hygg að allt of oft séu bæði kannanir og athuganir, sem notaðar eru sem grunnur að slíkum viðmiðum, unnar út frá höfuðborgarsvæðinu. Þar inn í kemur verðlag á nauðsynjavörum og annað sem ruglar þetta dæmi mjög mikið. Það má t.d. spyrja að hvort eðlilegt sé, við útreikning á vísitölu neysluverðs, að styðjast eingöngu við þróun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu en ekki annars staðar á landinu og taka svo meðaltalið.

Það er staðreynd, herra forseti, að stórhækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til mikillar hækkunar á þessari vísitölu og jafnframt til stóraukinna afborgana fyrir íbúa á landsbyggðinni, sem eiga í raun engan þátt í þessari hækkunaröldu sem hér hefur riðið yfir. Þeir þurfa þá að borga hærri afborganir af lánum sínum af húsnæði sem lækkað hefur í verði, öfugt við þróunina á höfuðborgarsvæðinu.

Það er ekki eðlilegt og er full ástæða til að benda á það á hinu háa Alþingi að við gerð neyslukönnunar eða neyslustaðals er ástæða til að taka meðaltal af öllu landinu. Varðandi framfærslukostnað þá er ég er ekki viss um að allt of mikið tillit sé tekið til þess að margir íbúar landsbyggðarinnar búa t.d. við mjög háan húshitunarkostnað. Til eru dæmi um 200–300 þús. kr. kostnað við að hita venjuleg hús sem er náttúrlega miklu hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Spurningin er: Hvernig kemur þetta inn í framfærslukostnað?

Það er sannarlega líka miklu hærra verðlag úti á landi vegna þess sem við ræddum um áðan og höfum rætt um áður, t.d. vegna þess að þungaskatturinn hækkar verðlag eftir því sem lengra er farið og virðisaukaskatturinn leggst svo ofan á það. Afleiðingin er sú að nauðsynjavörur, jafnt sem aðrar vörur sem fluttar eru frá höfuðborgarsvæðinu þar sem flestu er skipað í land fyrir stórheildsölur sem dreifa þessum vörum, eru miklu dýrari á landsbyggðinni en eðlilegt er. Er tekið tillit til þess í þeim könnunum sem gerðar eru og Hagstofan hefur birt? Margt fleira mætti nefna, t.d. kostnaðinn við að senda ungling til náms, sjúkrakostnað o.fl. Með öðrum orðum, herra forseti, er full ástæða til þess að skoða landið allt í heild sinni og nota frekar meðaltalið af því.

Hér kemur líka fram að Hagstofan áætlar framfærsluþörf einstaklings 96.000 kr. á mánuði en Ráðgjafarstofan 63.000 kr. Í nýlegum samanburði frá miðju síðasta ári á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksframfærslu Íbúðalánasjóðs, viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu og neyslukönnun Hagstofunnar, áætlar Íbúðalánsjóður framfærslukostnað hjóna með tvö börn 108 þús. kr., Ráðgjafarstofan tæpar 140 þús. kr. og Hagstofan rúmlega 242 þús. kr. Það rennir vissulega stoðum undir nauðsyn þess að sett verð samræmd neysluviðmiðun fyrir framfærslukostnað heimilanna eins og hér er lagt til. Misræmið á milli þessara stofnana sem skoða framfærslukostnaðinn er nægjanleg ástæða, herra forseti, til að leggja fram þáltill. sem hér er flutt. Það er náttúrlega með ólíkindum að Hagstofan skuli meta kostnaðinn rúmlega 242 þús. kr. meðan Íbúðalánasjóður gerir ráð fyrir 108 þús. kr. Þetta er þvílíkur munur að hann ætti að duga sem meðmæli með þessari þáltill., að hún verði samþykkt og eftir henni unnið. Við mundum þannig færa okkur í átt að því sem gert hefur verið víðast hvar á Norðurlöndum og víða í Evrópu. Þar er notast við sérstaka neysluviðmiðun til leiðbeiningar við mat á greiðslugetu fólks o.s.frv.

Þetta er, herra forseti, eitt aðalatriðið fyrir því að þessi tillaga er flutt. Ég tel ákaflega mikilvægt og fulla ástæðu til að hv. þm. og þá sérstaklega stjórnarsinnar gefi tillögunni gaum og athugi hvort hér er ekki mál sem full þörf er á að samþykkja. Það á ekki endilega að skiptast eftir pólitískum flokkum. Hér hefur gott og mikilvægt mál verið lagt fyrir þingið.

Ég hvet, herra forseti, til að þetta mál fái fljóta afgreiðslu. Eins og ég sagði áðan er ákaflega brýnt að eyða þeim mikla mismun sem fram kemur milli ýmissa opinberra stofnana um hver framfærslukostnaðurinn er. Ég ætla jafnframt að ítreka enn einu sinni og segja: Það er full ástæða til að skoða landið í heild og nota frekar meðaltöl eins og ég tók dæmi hér um áðan varðandi þróun á vísitölu neysluverðs, hvernig

íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu virkar þar eitt án tillits til íbúðaverðs á landsbyggðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 263. mál. — Þskj. 290.

[17:28]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mennta- og fjarkennslustöðvar til að jafna aðstöðu til náms.

Meðflutningsmenn mínir að þessari tillögu eru hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um uppbyggingu mennta- og fjarkennslumiðstöðva um land allt til að jafna aðstöðu til náms. Markmiðið sé að gera nám á framhaldsskólastigi aðgengilegt fyrir fleiri en nú er, að skapa sem víðast farveg fyrir háskólamenntun og hvers konar sí- og endurmenntun.

Fyrsta áfanga slíkrar áætlunar verði hrundið í framkvæmd þegar á næsta skólaári, 2001–2002. Gert verði ráð fyrir kostnaði við verkefnið í fjárlögum ársins 2001."

Af lokaorðum tillögunnar er ljóst að hún er samin á haustdögum, áður en menn ganga hér til þess verks að samþykkja fjárlög yfirstandandi árs, en hefur ekki komist til umræðu á Alþingi fyrr en nú.

Tilefni þess að *ég ákvað að flytja þessa tillögu má rekja til* þáltill. sem ég flutti á 122. þingi. Sú tillaga fjallaði um fjarkennslu til að auka jafnrétti til náms, til að auka á jöfnuð og jafnrétti landsmanna til tiltækra menntunarkosta. Sú tillaga var ekki samþykkt en fékk afskaplega góðar undirtektir.

Ekki hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp eða kynna þá möguleika sem kunna að bjóðast fólki ef rétt væri á málum haldið. En með þessari tillögu er ég að reyna að ná utan um þá möguleika og leggja til og fara yfir hvernig hægt væri ef vilji væri fyrir hendi að byggja upp mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þar sem menn gætu búið þannig að fólkinu í landinu, að hvar svo sem það byggi ætti það, ekki í of mikilli fjarlægð, þess kost að fá stuðning og þá farveg fyrir kennslu, símenntun og menntun af ýmsu tagi.

Fjarkennsla og fjarnám ýmiss konar á framhalds- og háskólastigi hefur þróast mikið á undanförnum árum, einkum fyrir dugnað og framsýni fólks í skólakerfinu. Það verður að segjast eins og er að markviss skipulagning eða framsýni af hálfu menntamálayfirvalda hefur þar ekki spilað stórt, því þar virðast menn hafa litið svo á að best væri að þetta ræki sig sjálft. Menn segja einnig að á Íslandi hafi það verið þannig þegar verið er að tala um hversu mikil þróun hafi orðið í nýtingu netsins, að sú þróun hafi orðið með þeim sérkennilega hætti, sem má þykja merkilegur kapítalismi, að fjárfestar hafa tapað en neytendur hafa grætt vegna þess að fjárfestingar hafa verið miklar, en það er nú óljóst hversu mikið *af þeim fjárfestingum kemur til baka. En það æði sem* í rauninni hefur geisað hefur auðvitað komið neytendum mjög til góða vegna þeirrar öru þróunar sem kynt hefur verið undir.

En það hefur fengist mikil og dýrmæt reynsla af einmitt *fjarkennslu og fjarnámi ýmiss konar, sem framsækin stjórn*völd geta byggt á þegar hugað er að því að auka tækifæri þeirra sem eiga óhægt um vik að afla sér grunn- eða endurmenntunar sökum búsetu, atvinnu eða annarra aðstæðna. Til að auðvelda fólki um land allt að bregðast við breyttum aðstæðum þarf að stórbæta aðgengi þess að menntun. Endurskipuleggja þarf skólakerfið og fjölga tækifærum fólks með því að nýta nýja þekkingu og tækni. Og síðan fullyrði ég hér, herra forseti, að endurskipulagning og fjárfesting í menntun auki samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðamarkaði og bæti lífskjör og mannlíf á Íslandi. Ég fullyrði jafnframt að það sé byggðamál fyrir Ísland og það sé byggðamál á Íslandi. Hér, herra forseti, er ég auðvitað trú hinni svokölluðu mannauðgistefnu, sem byggir á því að menntun í hvaða mynd svo sem hún er komi alltaf til með að nýtast, bæði einstaklingnum og því samfélagi sem hann býr í.

Í fábýli, eða dreifbýli eins og er mjög víða á Íslandi, er ekki unnt að halda úti hefðbundnum framhaldsskóla, hvað þá skapa vettvang fyrir háskólanám eða aðstöðu fyrir nauðsynlega símenntun. Flutningsmenn þessarar tillögu sjá fyrir sér að þessir þættir og aðrir sem lúta að menntun og þekkingu verði, þar sem það á við, sameinaðir í mennta- og fjarkennslumiðstöðvar sem verði farvegur fyrir framhaldsnám og eftir atvikum háskólanám og sí- og endurmenntun. Framhaldsskólar, sem nú þegar eru starfræktir, gætu orðið miðja í slíku starfi, annars staðar gætu símenntunarmiðstöðvar gegnt *slíku hlutverki. Miðstöð af þessu tagi hefði frumkvæði að* því að afla þekkingar og fá sérmenntað fólk til starfa og tæki þar mið af þörfum íbúanna og atvinnulífsins á viðkomandi svæði. Einkum er mikilvægt að þeir sem minnstrar skólagöngu hafa notið fái tækifæri til frekara náms. En það er sá *hópur sem erfiðast er að ná til, það sýna þær kannanir sem* gerðar hafa verið á því hverjir sækja sér endurmenntun eða frekari menntun á fullorðinsárum. Aðalatriðið er að mennta- og fjarkennslumiðstöðvar verði víðs vegar á landinu og að litið verði á menntun og kost á henni sem sjálfsagðan og snaran þátt í lífi hvers manns, alla ævina. Reynsla af fjarkennslu á framhalds- og háskólastigi, tilraun með skipulagt fjarkennslunám á framhaldsskólastigi eins og í Grundarfirði, starf símenntunarmiðstöðva um land allt og reynsla af starfsnámi á vegum verkalýðshreyfingarinnar getur allt varðað leiðina að því marki að menntun við hæfi sem flestra verði í boði sem víðast.

Skólarnir í landinu, bæði á framhalds- og háskólastigi, verða sér úti um margvíslega reynslu með því að hafa nemendur í fjarnámi, ýmist með kennslu í námshópum á ákveðnum stöðum eða með einkakennslu. Fjarnám er góður kostur fyrir þá sem hafa stundað framhaldsnám en ekki lokið því og eins þá sem áttu þess ekki kost á sínum tíma að fara í framhaldsskóla. Fjarnám hentar líka þeim sem vilja hefja háskólanám en búa við aðstæður sem leyfa ekki slíkt nema veruleg röskun verði á persónulegum högum, jafnvel búsetu. Margir nemendur í fjarnámi eiga heima á stöðum þar sem fjölbreytt námstækifæri eru í boði, t.d. í kvöldskólum, en kjósa frekar þessa leið vegna sinna persónulegu aðstæðna. Fjarnám virðist þannig vera hentug leið fyrir marga sem geta ekki nýtt sér reglubundið nám, svo sem vegna fjölskyldu*ábyrgðar, vinnutíma* eða annars. Fjarnám getur veitt þessu fólki annað tækifæri.

Breytingar á atvinnuháttum kalla á meiri menntun: sérmenntun, endurmenntun og símenntun ýmiss konar sem fólk

og fyrirtæki vilja og þurfa að geta nýtt sér. Hinn mikli hagvöxtur undanfarinna ára stafar fyrst og fremst af fjárfestingum og mikilli vinnu. Hið svonefnda nýja hagkerfi hefur verið þar sorglega fjarri og frá 1998 hefur lítil framleiðniaukning orðið í atvinnulífinu. Þar vegur ugglaust þungt sú staðreynd að eftir 1995 fækkar þeim sem sótt hafa sérskóla eða framhaldsskóla á sérsviðum. Skortur á viðeigandi menntunartækifærum á ákveðnum sviðum er því, herra forseti, að verða efnahagsvandamál.

Viðurkennt er að menntun og þekking séu þau vopn sem munu duga best í lífsbaráttu einstaklinga og samfélaga á þeirri öld sem við nú erum að hefja. Sjómenn hafa t.d. nýtt sér kosti fjarnámsins og rætt hefur verið um að þróa skipulegt fjarnám fyrir þá í sjávarútvegs- og skipstjórnarfræðum. Möguleikar á því að nýta fjarkennslu við endur- og símenntun eru nær ótæmandi. Þeir nýtast hins vegar ekki sem skyldi verði fjarkennslan ekki skipulögð, stefnan mörkuð, samstarfsaðilar og eðlilegir farvegir fundnir og framboð kynnt. Sífellt fleiri átta sig á því að nám þarf ekki að stunda í tilteknu húsi.

Margoft hefur komið fram að miklu ræður um búsetuval fólks að ungmenni eigi þess kost að njóta góðrar menntunar á framhaldsskólastigi. Á stöðum þar sem ekki hefur verið talið hægt að bjóða upp á framhaldsskólanám er ekki óalgengt að fjölskyldur hugsi til búferlaflutninga þegar börn komast á unglingsár, bæði til að halda fjölskyldunni lengur saman og vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir því að senda ungling að heiman og þurfa e.t.v. að halda tvö heimili. Eins ræður líka miklu um þróun atvinnulífs um land allt hvernig staðið er að menntamálum. Til að takast á við atvinnuháttabreytingar þarf fólk að eiga þess kost að mennta sig til nýrra starfa. Skipulag menntamála er því eitt mikilvægasta byggðamálið. — Og ég ætla að endurtaka þetta, herra forseti: Skipulag menntamála er því eitt mikilvægasta byggðamálið. Fjarkennsla hefur þróast ört hjá skólum úti á landi og í þjónustu við fólk á landsbyggðinni. Það er ekki tilviljun heldur sýnir fram á hve mikilvæg tölvusamskiptatæknin er fyrir dreifbýlið. Með markvissri notkun þeirrar tækni má jafna og bæta möguleika fólks til menntunar, til að njóta menningar og til að efla atvinnulíf.

Með þessari tillögu, herra forseti, auk þess sem bent er á færar leiðir til að efla menntunarkosti fólks um land allt, er verið að ýta á eftir því að menntamálayfirvöld taki frumkvæði við skipulagningu nýrra menntunarleiða um land allt. Það væri í fullu samræmi við 9. lið stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999. En ef ég grip niður í II. kafla, herra forseti, til þess að mönnum sé ljóst hvað þar er átt við, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, ... Jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. ... Komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum. Möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir.

Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er, meðal annars með samningum milli framhalds- og háskóla."

Herra forseti. Eins og ég gat um er þessi tillaga flutt ekki hvað síst til þess að ýta á eftir því að menntamálayfirvöld fari að eigin samþykktum, þ.e. fari að þeirri samþykkt sem hér liggur fyrir í byggðamálum, í stefnu þar sem menn ætla sér væntanlega að vera búnir að ljúka ákveðnum hlutum fyrir árslok ársins í ár, því hún gildir út þetta ár. Ég ætla að lesa fyrri málsgrein tillögutextans aftur svo menn heyri hversu vel þetta fellur saman, tillögutextinn annars vegar og hins vegar það sem segir í ályktun um byggðamál, en málsgreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um uppbyggingu mennta- og fjarkennslumiðstöðva um land allt til að jafna aðstöðu til náms. Markmiðið sé að gera nám á framhaldsskólastigi aðgengilegt fyrir fleiri en nú er, að skapa sem víðast farveg fyrir háskólamenntun og hvers konar sí- og endurmenntun."

Herra forseti. Með tillögunni er verið að ýta á eftir því að menntamálayfirvöld láti athafnir tala, sýni viljann í verki. Þetta hljómar afskaplega vel í byggðaáætluninni, en það nægir ekki fólki víða um landið. Menn þurfa að sjá þessa möguleika heima hjá sér. Það þarf að gera mönnum ljóst hvernig hægt er að framkvæma þessa stefnu. Það þarf að efna til samstarfs, vinna upp áætlanir og kynningar. Og gera þarf fólki ljóst að því stendur menntun til boða.

Eins og ég gat um áðan er það svo að þeir sem minnsta hafa menntunina eru síst líklegir til þess að leita sér menntunar eða endurmenntunar, en þar er mikilvægast að koma slíkum möguleikum á framfæri. Við flutningsmenn tillögunnar erum með þessu að leggja fram okkar skerf til þess að ýta á eftir því að farið verði í þessa vinnu. Við bendum hér á færar leiðir. Við bendum á þá reynslu sem fyrir hendi er hjá einstökum skólum. Við vitum og þekkjum þá möguleika sem fyrir hendi eru og okkur er það ljóst að þetta er hægt á undraskömmum tíma ef pólitískur vilji er fyrir hendi.

[17:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessa till. til þál. um mennta- og fjarkennslumiðstöðvar til að jafna aðstöðu til náms. Það er fátt eins mikilvægt í þeirri stöðu sem við erum í dag út um hinar dreifðu byggðir og að auka menntun fólksins sem þar býr og gera fólki mögulegt að sækja slíka menntun. Hún getur verið í formi fjarkennslu eins og hér er aðallega lagt til, eða í formi kennslu sem er nær en hún er í dag, þar sem háskólanám er ekki í boði að neinu marki nema á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, þ.e. lifandi kennsla.

Fræðslumiðstöðvarnar sem nú starfa hafa lyft grettistaki með fjarnámi á háskólastigi og gert mörgum kleift að hefja það nám sem þeir annars hefðu ekki getað stundað vegna búsetu og eins fyrir þá sem eldri eru að taka upp þráðinn jafnvel þar sem frá var horfið. Þetta hefur verið mikil lyftistöng og sannarlega þarf að efla fræðslumiðstöðvarnar eða eins og hér er lagt til, mennta- og fjarkennslumiðstöðvar til að jafna aðstöðu til náms.

Að mínu mati munu slíkar fræðslumiðstöðvar ekki verða fullnægjandi, en þær eru vissulega stórt og áhrifamikið skref í rétta átt. Því að til að styrkja framhaldsnám og háskólanám þarf einnig að koma til lifandi kennsla. Við gerum okkur grein fyrir því að ekki er hægt að koma upp háskólum eins og á höfuðborgarsvæðinu og norður á Akureyri úti um allt land, það er tómt mál að tala um. En vissulega er hægt að styrkja fjarkennslumiðstöðvar eða fræðslumiðstöðvar eins og þær eru í dag með lifandi kennslu, þ.e. að stöðugildi tveggja eða þriggja háskólakennara séu við slíkar fræðslumiðstöðvar, þannig að hvort mundi styrkja hitt, fjarnámið og hin lifandi

kennsla. Að því held ég að við ættum í framhaldi af þessu að stefna. Auðvitað er hægt að gera hvort tveggja.

Ég held að mjög gæfuríkt spor hafi verið tekið, t.d. á Höfn í Hornafirði, þar sem verið er að byggja upp fjarnám, lifandi háskólanám, rannsóknaraðstöðu og framhaldsskóla, allt undir sama þaki. Þar eru sannarlega að rísa nýherjabúðir sem ég er alveg sannfærð um að verður mikil lyftistöng fyrir Höfn og fyrir vítt svæði í kringum Höfn. Það eru stöðvar eins og nýherjabúðirnar, þar sem við fáum inn meira en fjarkennsluna, sem við ættum að stefna að. En vissulega á að efla fræðslumiðstöðvarnar og þetta er ein leiðin til þess að ná til þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum, en ég vil ganga skrefi lengra.

[17:47]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur fylgt úr hlaði till. til þál. um mennta- og fjarkennslumiðstöðvar til að jafna aðstöðu til náms. Hún er 1. flm. að tillögunni sem hún flytur ásamt fimm öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er tillagan m.a. flutt til að ýta á menntamálayfirvöld til að taka þátt í þeirri þróun sem hefur átt sér stað, þ.e. ganga í takt við það sem er að gerast víða úti á landi og að sjálfsögðu á höfuðborgarsvæðinu líka. Ég ætla ekki að endurtaka það en hér var lesið upp úr svokallaðri byggðaáætlun um stefnu í þessum málum, sem stjórnvöld hafa að mínu mati gert lítið í að fylgja. Menn lifa ekki á áætlunum einum saman. Menn lifa heldur ekki á loforðunum sem gefin eru í þessari byggðaáætlun. Líf þeirra ræðst af því hvort eitthvað af þessu kemur til framkvæmda.

Þetta er stórkostlega mikið byggðamál og í raun er alvarlegt að menntamálayfirvöld skuli ekki hafa farið miklu fyrr af stað í að nýta sér þá miklu þekkingu sem til staðar er, t.d. frumkvöðlastarf eldhuga eins og Hauks Ágústssonar, sem hefur starfað við Verkmenntaskólann á Akureyri. Ég minnist þess þegar þingflokkur Samfylkingarinnar var á ferð í Norðurl. e. og átti m.a. fund í Verkmenntaskólanum. Þar flutti Haukur Ágústsson, mikill frumkvöðull á fjarkennslusviði, okkur pistilinn ef svo má að orði komast. Maður dáðist að þeim mikla eldmóð, þrautseigju, dugnaði og framsýni sem sá maður sýndi og reyndar skólinn, Verkmenntaskólinn á Akureyri og skólayfirvöld þar. Þvílíkur kraftur og þvílíkar hugmyndir. Þetta þarf að nýta til að koma áætlunum um fjarkennslu í framkvæmd.

Eins og fram kemur í grg. væri kannski ýmislegt öðruvísi á landsbyggðinni ef brugðist hefði verið nógu snemma við hinni miklu atvinnuháttabreytingu sem orðið hefur hin síðari ár vegna takmarkana og breytinga á tveimur höfuðatvinnuvegum landsbyggðarinnar, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði. Hefðu menn brugðist við á sama tíma og sett aukinn kraft og fé sérstaklega í endurmenntun vegna breytinganna hefði það gefið fólki á þessum stöðum kost á að nýta sér tæknina til endurmenntunar og annars slíks. Þá hefðu kannski ekki eins margir flutt frá landsbyggðinni, gefist upp og farið sökum þess að vinnu vantaði.

Það er náttúrlega mikið réttlætismál að fólk á landsbyggðinni þurfi ekki endilega að bregða búi og flytja hingað á höfuðborgarsvæðið til að afla sér háskólamenntunar, sem allt of oft gerist. Auðvitað á að nýta Háskólann á Akureyri sem frumkvöðul í að byggja upp fjarkennslu á háskólasviði fyrir hvern og einn.

Hér kom fram að sjómenn væru farnir að nota sér þetta í æ ríkara mæli. Það er ákaflega gaman að vita að sjómenn á fjarlægum miðum, t.d. Flæmska hattinum, skuli sitja þar um borð og stunda fjarnám í skólum á Íslandi. Það er hið besta mál.

Þingflokkur Samfylkingarinnar var líka á ferð um Vesturland ekki alls fyrir löngu. Við héldum fund á Grundarfirði og hlustuðum á lýsingu sveitarstjórans þar á því mikla framtaki í fjarnámi sem þar hefur verið ráðist í og gerir það að verkum að unglingar flytjast ekki eins snemma á brott. Þeir geta verið heima við og stundað nám á fjarkennslusviði. Á það má benda að ef menntamálayfirvöld færu skipulega yfir þetta þá væri hægt að samræma þetta hugmyndum um uppbyggingu skóla og heimavista. Það getur vel verið að engin þörf sé á að fara í stórkostlegt átak, uppbyggingu eða viðbætur á heimavistum við ýmsa skóla úti á landi vegna þess að réttara væri að nota fjarkennslu meira.

Herra forseti. Mig langar í lokin að taka eitt dæmi af litlum stað úti á landi sem Hofsós heitir. Hofósingar hafa þurft að ganga í gegnum mikla atvinnuháttabreytingu, kvóti hefur farið, fiskvinnsla dregist saman o.s.frv. Þar kem ég inn á starfsemi símenntunarstöðvanna. Þar er nokkuð athyglisvert að gerast. Forstöðumaður símenntunarstöðvarinnar þar, Anna Kristín Gunnarsdóttir, hefur af mikilli elju og dugnaði sótt í sjóði Evrópusambandsins og náð í mikla og góða styrki til að taka upp kennslu og gefa íbúum á Hofsósi, sem hafa þurft að ganga í gegnum þessa miklu atvinnuháttabreytingu, kost á að stunda nám á öðrum sviðum, t.d. á sviði ferðaþjónustu, sem er nú ekki lítið atriði á Hofsósi með tilliti til Vesturfarasafnsins. Frumkvöðlastarfið sem þar er unnið og sækir í hluta af digrum sjóðum Evróusambandsins er ákaflega merkilegt framtak. Því ber að fagna og er full ástæða til að fylgjast mjög vel með þróuninni þar. Ég er viss um að þar fer fram starfsemi sem margir, og ekki síst menntamálayfirvöld, mættu læra mikið af og taka sér til eftirbreytni, hvernig menn ætla að snúa vörn í sókn á þessum sviðum. Hið alvarlegasta er að þetta skuli núna fyrst vera að hefjast, árið 2001. Þetta eru verkefni sem átti að fara í fyrir einum 10 eða 15 árum.

Það er rétt sem fram kemur í grg., herra forseti, að það ræður miklu um búsetuval fólks að ungmenni eigi kost á góðri menntun á framhaldsskólastigi. Á stöðum þar sem ekki hefur verið boðið upp á framhaldsskólanám er ekki óalgengt að fjölskyldur hugsi til búferlaflutninga þegar börn komast á unglingsár, bæði til að halda fjölskyldunni lengur saman og einnig vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir því að senda ungling að heiman eða halda tvö heimili.

Það er hárrétt sem hér kemur fram. Sá sem hér stendur hefur oft rætt um, og m.a. gagnrýnt stjórnvöld fyrir það að ekki sé veitt nægjanlega mikið fé til þess að jafna námskostnað fólks. Ég er þeirrar skoðunar að landsmenn eigi að hafa sama kost á að sækja sér nám, hvort sem þeir búa á Raufarhöfn eða í Reykjavík. Ef þessi þjónusta er ekki veitt á stöðum úti á landi þá á samfélagið að taka þátt í að jafna þann kostnað fullkomlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 266. mál. — Þskj. 294.

[17:56]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys. Tillagan er á þskj. 294 og er 266. mál þingsins. Tillagan er nú flutt í annað sinn og svo til óbreytt en ýmislegt hefur gerst síðan hún var flutt fyrir ári síðan. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar."

Í grg. eru listar frá árinu 1994–1998 um fjölda slysa og þau flokkuð eftir því hvort þar hafi orðið mikil eða lítil slys eða óhöpp án slysa. Samkvæmt nýjustu upplýsingum hafa á tímabilinu frá 1992–1999, þ.e. á tímabili sem nær lengra aftur en þessi skrá sýnir, verið skráð um 700 tilfelli þar sem ökutæki og búfé rákust saman. Þar af urðu slys á fólki í 34 tilfellum og eitt banaslys. Fjárhagslegt tjón af þessum slysum er mikið þó að líkamlegt tjón og andlegt sé enn meira og ekki hægt að meta til fjár.

Frá því þessi tillaga var flutt hér fyrir ári síðan hefur nefnd sem hæstv. landbrh. skipaði árið 1998 skilað skýrslu um málið, reyndar sl. mánudag. Í skýrslu nefndarinnar, sem ber heitið „Þjóðvegir og búfé", kemur margt fram sem styrkir þessa þáltill.

Eftir tveggja ára vinnu nefndarinnar, sem er ekki sú fyrsta sem hefur verið skipuð til þess að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr slysum vegna lausagöngu búfjár, er fyrsta aðgerðin sem hún leggur til að girða meðfram öllum helstu vegum. Menn eru sammála um að vegir séu flokkaðir og girt meðfram vegunum.

Með leyfi herra forseta vil ég fá að lesa hér stuttlega upp úr Morgunblaðinu frá þriðjudeginum 6. mars. Þar er vitnað í blaðamannafund sem haldin var vegna útkomu skýrslunnar:

„Helstu tillögur nefndarinnar eru þær að fjölfarnir vegir víða um land verði friðaðir með samfelldum og sérstökum varnargirðingum. Lagt er til að búfé fjarri vegum verði í sérstökum beitarhólfum þannig að það gangi ekki í vegsvæðum. Getur þetta átt við þar sem búfé hefur fækkað mikið, t.d. í landnámi Ingólfs.

Þar sem vegir verða ekki friðaðir, og ökumenn geta átt von á að fénaður sé í lausagöngu, einkum í strjálbýli, er lagt til að koma upp sérstökum umferðarmerkjum sem gefa til kynna að búfé gangi þar laust og gæta þurfi sérstakrar varúðar. Leggja á vegrásir, eða undirgöng, á ákveðnum stöðum til að auðvelda umferð búfjár undir vegina."

Ein tillagan í skýrslunni er sem sagt um vegrásir. Síðan er tekist á um hver eigi að greiða og hverjir eigi að sjá um girðingarnar og aðrar aðgerðir sem grípa á til.

Ég vil leggja á það áherslu, herra forseti, að þegar í dag eru af því mikil vandræði hjá mjög mörgum bændum víða um land, þá aðallega við þjóðveg 1, að koma búfénaði, sérstaklega kúm, í bithaga. Þetta á sér í lagi við þar sem stór kúabú eru rekin. Það getur þurft að reka yfir þjóðveginn fjórum sinnum á dag yfir sumartímann. Þetta geta verið kúabú með yfir 50 kýr og af þessu er auðvitað mikið óhagræði fyrir bóndann og slysahætta en víðast hvar er hægt að koma við rásum fyrir kýrnar. Það mundi draga úr sysahættu og gera búskapinn auðveldari en er í dag. Þetta er bara lítið dæmi. Þetta á auðvitað um sauðfjárbúskap líka og gildir um landsbyggðina alla.

Um þetta eru engar reglur. Engar reglur segja til um að það eigi að setja þessar rásir við nýframkvæmdir eða miða við einhverja ákveðna umferð. Það eru heldur engar reglur um hver eigi að greiða þessar rásir eða ræsi, ef ræsin eru lögð. Margar beiðnir hafa borist til Vegagerðarinnar sem hefur ekki getað sinnt þeim nema mjög takmarkað þar sem enginn sérstakur fjárlagaliður er eyrnamerktur þessum rásum. Ekki er heldur gert ráð fyrir kostnaði við þær varðandi nýframkvæmdir. Það hefur reynst mesta basl fyrir bændur að fá þessar rásir lagðar þó að slysahætta teljist af rekstri búfjár, ég tala nú ekki um sumartímann þegar reka þarf stóran kúahóp yfir þjóðvegi nokkrum sinnum á dag. Það er ekki lítil umferð á Svalbarðsströndinni. Þar eru stór og myndarleg kúabú og þarf að reka kvölds og morgna yfir veginn.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa langa framsögu um þetta mál. Ég vísa til áðurnefndrar skýrslu sem fengið hefur heitið „Þjóðvegir og búfé". Ég vil leggja áherslu á að þetta verði ein af þeim lausnum sem tekin verði inn í áætlun sem á að verða til þriggja ára. Því miður er hún ekki ofarlega á blaði við forgangsröðun í skýrslunni. Auðvitað kostar þetta sitt, en til lengri tíma litið er þetta hagræðing og sérstaklega væri það mikil slysavörn að koma þessu fyrir. Maður þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að skepnurnar noti ekki þessar rásir þar sem þeim hefur verið komið upp. Það þarf ekki nema að reka þær einu sinni þar í gegn og þá rása þær undir og óttast ekki framar að nota þessi göng.

Ég ætla, herra forseti, að óska eftir því að þessari þáltill. verði vísað til hæstv. samgn. og óska eftir því að landbn. fái einnig að fjalla um málið.

[18:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um rásir fyrir búfé til að koma í veg fyrir slys, sem hv. flm. Þuríður Backman hefur gert grein fyrir, er afar mikilvægt mál. Brýn nauðsyn er að tryggja aukið öryggi á þjóðvegum landsins. Nauðsynlegt er að geta haldið búfé frá vegum. Það er líka nauðsynlegt að geta haldið umferð ríðandi fólks frá þjóðvegum. Til þess að svo megi verða þarf að sjálfsögu að girða vegina af, girða þá og afmarka frá umhverfinu. En vegir liggja í gegnum lönd. Þeir liggja í gegnum tún. Þeir liggja í gegnum beitilönd, úthaga og hálendi og skepnur eru þar eðlilega á beit. Til að hægt sé bæði að nýta þessi lönd og hafa um þau eðlilega umgengni, er einmitt nauðsynlegt, ekki aðeins að þau séu girt vel af, heldur líka að hægt sé að komast greiðlega um svæðið. Sú tillaga sem hér er flutt er einmitt um að það sé skipulega gert ráð fyrir göngum undir þjóðvegina þannig að þar geti farið fram umferð án þess að trufla og skapa óöryggi á þjóðvegunum.

Það er afar mikilvægt þegar settar eru fram körfur um girðingar meðfram vegum að jafnframt sé tekið tillit til þess hvað sé í rauninni raunhæft að gera og hvað verði að gera. Það verður að tryggja eðlilega umferð um landið og það er einmitt lagt til með þeirri tillögu sem hér er flutt. Því er mikilvægt, herra forseti, að við alla nýlagningu vega verði tekið fullt tillit til nauðsynlegs öryggis og umferðar í upphafi og þar á meðal rásum til að búfé og fólk geti gengið þvert á þjóðvegina án þess að valda þar hættu. Einnig ber að skoða

brýnustu staði á núverandi þjóðvegum þar sem ráðstafanir eins og hér eru lagðar til með því að gera göng undir þjóðvegina gætu bætt verulega um í öryggismálum.

Herra forseti. Ég tel þá till. til þál. sem hv. þm Þuríður Backman flytur afar gott og merkilegt og sterkt innlegg inn í umræðuna um aukið öryggi á þjóðvegum landsins. Ég hvet til þess að það sem hér er lagt til verði tekið til gaumæfilegrar athugunar og verði liður í því að tryggja öryggi á þjóðvegum landsins í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Frv. GAK, 292. mál (iðgjöld). — Þskj. 323.

[18:10]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, nr. 45/1999. Frv. er ætlað að taka á miklu vandamáli sem komið hefur upp í Lífeyrissjóði sjómanna og fyrir því eru fyrst og fremst tvær ástæður.

Í fyrsta lagi var það árið 1981 að sjómönnum í Lífeyrissjóði sjómanna var heitið því að fest skyldi í lög að sjómenn gætu tekið lífeyri við 60 ára aldur eftir ákveðinn starfstíma til sjós. Sú gerð var hluti af félagsmálapakka til sjómanna en þá tíðkuðust mjög félagsmálapakkar við lausn ýmissa kjaradeilna og gáfu sjómenn eftir í því sambandi fiskverðshækkun til að ná fram þessari lagabreytingu. Ef ég man rétt gáfu þeir eftir um 3% af fiskverði annars vegar og af kauptryggingarhækkun hins vegar til þess að ná fram þessum félagsmálapakka.

Þessi lög voru samþykkt á Alþingi með samþykki allra alþingismanna. Hins vegar hefur lögunum aldrei fylgt nokkur fjármögnun. Sá kostnaður sem fallið hefur á lífeyrissjóðinn og á sjóðfélaga vegna hinna auknu réttinda sem lögin frá 1981 færðu sjóðfélögum hefur eingöngu bitnað á sjóðfélögunum sjálfum.

Hægt væri að vitna í margar greinargerðir frá fyrri árum um baráttu sjómannasamtakanna fyrir fjármögnun vegna þessarar lagasetningar. Til eru skjöl, bæði frá árunum 1982 og 1984, sem vitna um að menn ætluðu að finna leið til fjármögnunar. Auðvitað var leitað til ríkisins en það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir þrautagöngu sjómannasamtakanna í hartnær tvo áratugi hefur ekki fengist fjármögnun sem dugað hefur til að mæta þeim kostnaðarauka sem varð af reglunni.

Kostnaðaraukinn, sem talið er að hafi fallið á sjóðinn vegna 60 ára reglunnar, var af tryggingafræðingi á árinu 1999 metinn á 1,3 milljarða kr. sem hefði lent á sjóðfélögum. Síðan hefur það verið gert að gera þessa 60 ára reglu hlutlausa því auðvitað var ekki hægt að halda áfram að hafa regluna með því lagi að hún gengi á eignir lífeyrissjóðsins og á réttindi annarra og þess vegna var 60 ára reglan í raun og veru gerð hlutlaus. Hún var gerð hlutlaus með þeim hætti að sjómenn gátu áfram tekið lífeyri frá 60 ára aldri ef þeir höfðu starfað lengur en 25 ár til sjós en þeir tóku skerðingu á lífeyrisrétt sinn upp á 0,4% á mánuði, eða 4,8% á ári. Ef þessi jafna var sett upp annars vegar á móti manni sem var 60 ára og ákvað að taka lífeyrisrétt sinn frá 60 ára aldri þá fékk hann 24% skerðingu á lífeyrisrétt sinn miðað við annan einstakling sem hefði byrjað að taka lífeyri sinn 65 ára og ef báðir áttu sams konar rétt þegar þeir voru sextugir. Menn gátu því tekið lífeyrisréttinn sextugir en fengu hann þá skertan upp á 24% miðað við að þeir hefðu geymt sér töku lífeyris til 65 ára aldurs.

Þetta var metið svo að með þessari aðgerð væri lífeyrissjóðurinn og aðrir félagar í lífeyrissjóðnum að ekki að skaðast vegna þessarar sérreglu að því gefnu að báðir mennirnir næðu 80 ára aldri. Þannig var jafnan reiknuð út. Sem sagt að sá sem færi að taka lífeyrinn sextugur annars vegar og hins vegar sá sem færi að taka út 65 ára yrðu báðir búnir að taka út sömu upphæð í fjármunum þegar þeir yrðu áttræðir. Þannig var þessu jafnað út á sjóðfélaga.

Þetta var auðvitað ekki það sem að var stefnt með því að semja um það á sínum tíma 1981 að fá þennan félagsmálapakka. Núna standa sjómannasamtökin í því að búið er að leita til fjmrn., var gert síðast á árinu 1999 og síðan í upphafi árs 2000 um það að hvort fjmrn. vildi greiða eða gera samkomulag um að greiða þessa 1,3 milljarða inn í sjóðinn með einhverju lagi á einhverju árabili. Því var neitað og nú standa sjómannasamtökin í málaferlum við ríkið og það mál verður væntanega dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur innan ekki mjög langs tíma hvort ríkið teljist skuldbundið af þeirri lagasetningu sem Alþingi setti árið 1981 um rétt sjómanna til lífeyristöku frá 60 ára aldri. Það á sem sagt eftir að reyna á hvernig sá dómur fer.

Annað ákvæði hefur haft mjög mikil áhrif á Lífeyrissjóð sjómanna sem er mjög sérstakt og væri rétt að gera grein fyrir því, en það er einnig hluti af vanda sjóðsins og er í raun rök fyrir því að útgerðarmenn leggi sjóðnum nokkuð til eins og frv. gerir ráð fyrir til viðbótar við þau almennu rök að þeir eru aðilar að Lífeyrissjóði sjómanna og eru þar í stjórn og hljóta að bera sameiginlega ábyrgð á lífeyrissjóðnum til jafns við sjómenn. Það er sá einkennilegi þáttur sem kemur fram í reikningum Lífeyrissjóðs sjómanna að örorkulífeyririnn er yfir 40% í þeirri útgreiðslu sem lífeyrissjóðurinn greiðir á hverju ári í lífeyri. Á árinu 1999 greiddi lífeyrissjóðurinn 42% af útgreiðslum sínum vegna örorkubóta, en á sama tíma var ellilífeyririnn 41%.

Eins og ég gat um áðan er þetta hlutfall almennt 20–25% hjá öðrum lífeyrissjóðum. Það helgast auðvitað af hættulegu starfi sjómanna að örorkuþátturinn skuli vera svo hár. En þá kemur þessi spurning: Var einhvern tímann ætlast til þess að Lífeyrissjóður sjómanna virkaði eins og tryggingafélag fyrir útgerðina að þessu leyti? Ég held að ekki sé hægt að ætlast til þess. Og þess vegna held ég að það sé komið að útgerðarmönnum að leggja sinn skerf til að mæta halla sjóðsins og skertum réttindum manna í Lífeyrissjóði sjómanna. Þessi skerðing var gerð upp á 11,5% og tók gildi 1. júní árið 2000 og síðasti hluti hennar, þar sem hún hækkar í 12%, tekur gildi í júlí árið 2001, ef ekki verður um breytta eða betri stöðu hjá Lífeyrissjóði sjómanna að ræða.

Menn hafa sett margs konar mat á hættuleg störf sjómannastéttarinnar. Meðal annars er talið að það sé 32 sinnum hættulegra að vera sjómaður en að aka um á götum Reykjavíkur, það sé 32 sinnum líklegra að menn verði fyrir slysi á sjó en að aka um á götum Reykjavíkur.

Gerðar hafa verið fleiri breytingar á lögum og reglum um Lífeyrissjóð sjómanna sem virkað hafa til lækkunar á lífeyri. Í því sambandi mætti nefna atriði eins og að hætta að miða við launavísitölu og miða í þess stað við lánskjaravísitölu. Það hafði áhrif til lækkunar á útgreiddum lífeyri úr sjóðnum.

Sem betur fer var afkoma Lífeyrissjóðs sjómanna góð á árinu 1998, um 8% ávöxtun, og einnig á árinu 1999, 12,5% ávöxtun á fé sjóðsins. Afleiðing þessa varð sú að staða sjóðsins batnaði frá því sem áður hafði verið, en þau leiðu tíðindi urðu hins vegar á árinu 2000 að ávöxtun á fé sjóðsins var mínus 0,5%. Það eykur auðvitað enn þá frekar á vandann í Lífeyrissjóði sjómanna. Þess vegna hefur verið lagt til í frv. að útgerðarmenn taki að sér að greiða 2% til viðbótar við þau 6% sem þeir greiða nú og greiðsla þeirra verði 8% í lífeyrissjóðinn. Jafnframt er lagt til bráðabirgðaákvæði um það að þessi viðbótargreiðsla sé eingöngu greidd inn til að laga stöðu sjóðsins en myndi ekki réttindi til lífeyrisgreiðslna, þ.e. til hækkunar einstakra lífeyrisgreiðslna frá gildistöku laga þessara og fram til 31. desember 2006 og á þeim tíma verði lagt mat á það hvaða stöðu sjóðurinn verður kominn í fyrir þann tíma.

Það er ein röksemd í viðbót sem ég vil draga fram í máli mínu í sambandi við mál Lífeyrissjóðs sjómanna. Það er sú staða að þeir lífeyrisþegar sem núna eru að taka lífeyri sinn skertan, verulega skertan, þá er í raun og veru verið að laga stöðu sjóðsins á tiltölulega stuttu árabili á þeim lífeyrisþegum sem núna eru að taka út úr sjóðnum, því það eru þeir sem verða fyrir skerðingu ef við gefum okkur það að meðaltalsávöxtun í lífeyrissjóðnum verði að meðaltali a.m.k. 5%, þó að árað hafi illa í ávöxtun sjóðsins á síðasta ári, þá held ég að gera megi ráð fyrir að meðaltalsávöxtun geti verið 5%. Smátt og smátt mundi staða sjóðsins lagast og innan kannski fjögurra til fimm ára eða sex ára að óbreyttu, þá væri hugsanlegt að sjóðurinn næði því að vera kominn í þessi 5% plús sem hann verður að hafa áður en hann getur farið að lagfæra réttindi sjóðfélaga. Því í lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/97, segir að lífeyrissjóður megi ekki auka réttindi sjóðfélaga fyrr en staða sjóðsins, hver svo sem hann er, er kominn 5% í plús umfram framreiknaðar skuldbindingar.

Þess vegna er staðan í raun og veru þannig í Lífeyrissjóði sjómanna að nú er sá hópur sem er að njóta lífeyrisgreiðslna næstu fimm, sex árin að taka á sig verulega skerðingu. En líkur gætu verið til þess að innan fimm, sex ára væri hugsanlegt að hægt yrði að fara að slaka út auknum réttindum með því að auka greiðslurnar í sjóðinn um þessi 2% sem frv. gerir ráð fyrir og líkur væru á því að hægt yrði að lagfæra stöðu sjóðfélaga mun fyrr en ella. Og það verður náttúrlega að segjast alveg eins og er að það er ekki ásættanlegt að verið sé að leiðrétta stöðu sjóðsins á tiltölulega stuttu árabili og það lendi þá bara á þeim lífeyrisþegum sem eiga kannski ekki allt of mikil réttindi fyrir og eru að taka út lífeyri á árunum frá 1999 til 2005, 2006, að sá hópur sem núna er að taka út lífeyrisrétt sinn verði fyrir mikilli skerðingu sem síðar verði e.t.v. hægt að laga.

Þess vegna er lagt til að útgerðarmenn komi að þessu máli, bæði vegna þess hvernig lífeyrissjóðurinn virkar í sambandi við örorkugreiðslurnar og eins vegna þess að ekki er ásættanlegt að það sé bara ákveðinn hópur manna á ákveðnu árabili sem tekur á sig hallann af lífeyrissjóðnum og síðan verði eftir sex eða átta ár hægt að lagfæra réttindin til þeirra sem þá fara á lífeyri. Þetta held ég að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna að sé sjónarmið sem eigi við rík rök að styðjast og þess vegna beri að auka inngreiðslurnar í sjóðinn og lagfæra réttindi allra með því að útgerðarmenn taki á sig tímabundið ákveðna leiðréttingu. Ef ekki, þá hljóta sjómenn að fara fram á að örorkuþættinum sem hvílir á Lífeyrissjóði sjómanna verði verulega breytt og hann verði færður yfir á tryggingasviðið eða yfir til útgerðarinnar. Eitthvað hlýtur að þurfa að gera til að laga þessa stöðu.

[18:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil heils hugar taka undir málflutning hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar en hann hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Það er náttúrlega alveg óþolandi og samfélagi okkar ekki sæmandi að þegar sjómenn, sem hafa virkilega axlað og borið hita og þunga af hagvexti og batnandi lífskjörum þjóðarinnar á undanförnum árum, þurfa að njóta lífeyris, þá skuli þeir þar bera skertan hlut frá borði miðað við marga aðra þjóðfélagshópa. Það er okkur alls ekki sæmandi og er afar ósanngjarnt.

Ég tek því heils hugar undir það að rétta þarf hag Lífeyrissjóðs sjómanna. Ég leyfi mér að benda á þá hugmynd að það væri kannski líka eðlilegt að ríkissjóður kæmi þarna beint að með eingreiðslu eða greiðslum beint til sjóðsins til að hann væri fær um að standa við skuldbindingar sínar þegar í stað, svipað og er gagnvart mörgum öðrum þjóðfélagsþegnum. Og að sjálfsögðu er rétt að kanna það, eins og hér er lagt til, að útgerðarmenn leggi líka fram aukinn hlut. En það er alveg óþolandi, herra forseti, og okkur ekki sæmandi að íslenskir sjómenn skuli ekki eiga eðlilegan og sanngjarnan lífeyrisrétt þegar þeir koma í land og hallar undan í árum. Þetta verður að laga.

[18:27]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að frv. hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar snýst um mjög mikilvægt mál sem er lengi búið að vera til umfjöllunar í samfélaginu. Ákveðin átök hafa lengi staðið yfir um það hvernig ætti að leysa þá ákvörðun ríkisvaldsins sem á sínum tíma leiddi til þess að ákveðið misvægi varð. Þess vegna hafa menn gjarnan bent á að það hafi lengi staðið upp á ríkisvaldið að mæta sínum eigin ákvörðunum með greiðslum í sjóðinn. Sömuleiðis finnst mér eðlilegt að taka undir það að útgerðarmenn leggi þarna meira af mörkum, vegna þess að það er auðvitað laukrétt sem hv. þm. bendir hér á, að Lífeyrissjóður sjómanna hefur í rauninni svolítið aðrar og ólíkar skyldur en ýmsir aðrir lífeyrissjóðir vegna þess hve starfið er eðlisólíkt flestum öðrum störfum.

Ég hef tekið þátt í því, herra forseti, að bera hér fram nokkrum sinnum tillögur um það hvernig eigi að takast á við brottkast sem mikið hefur verið til umræðu lengi. Ég held að fyrsta tillagan sem ég flutti þess efnis og mjög í sama dúr og þær sem ég hef síðan tekið þátt í að flytja hafi verið flutt hér árið 1990. Og ég held að ég hafi verið fyrsta manneskjan hér í þinginu sem lagði það til að sjómenn fengju með einhverjum hætti að eiga andvirði þess afla sem kæmi til lands utan kvóta. Þá þegar fannst mér eðlilegt að menn leituðu að því jafnvægi sem hlýtur að vera til, sem annars vegar gerir það að hvatningu fyrir menn að koma með allan afla að landi, en umbunar þeim þó ekki svo ríkulega að það borgi sig fyrir þá. Og allt auðvitað undir þeim formerkjum að sjómenn vilja jú og eiga að fá kaup fyrir alla sína vinnu rétt eins og aðrar stéttir.

En hugmyndin hefur jafnan verið sú þegar menn hafa verið að velta vöngum yfir því hvað ætti síðan að verða um brottkastspeninganna, þ.e. þá fjármuni sem verða til þegar þessi afli yrði seldur á markaði og mönnum hefur þá gjarnan orðið það fyrir að vísa á Lífeyrissjóð sjómanna, einfaldlega

vegna þess að mönnum er það auðvitað alveg ljóst að þar er ákveðin fjárvöntun vegna ákvarðana ríkisvaldsins. Eins og ég gat um áðan hafa ákveðin átök staðið um langt árabil um það hvernig þessi vandi yrði í rauninni brúaður.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir af hálfu hv. þm. kemur þessum málum enn á ný á hreyfingu og það er eðlilegt. Það væri áhugavert að vita hvernig þessi mál rekur inn í kjarasamninga þá sem nú eru í gangi. Mér er ljóst að sjómenn eru í þeim viðræðum sem þeir eru í núna fyrst og fremst að leita eftir tilteknum réttindamálum sem aðrir launþegar í landinu hafa náð í sínum kjarasamningum, en sjómenn hafa ekki fengið, en eins og við þekkjum hafa þeir ekki náð að gera kjarasamning í nokkur undanfarin skipti, heldur hefur Alþingi leyst útvegsmenn úr snörunni jafnan þegar komið hefur að ákveðnum átakapunkti. Það væri fróðlegt ef hv. þm. veit hvernig þessi mál standa nákvæmlega í þeim viðræðum sem nú eru, vegna þess að auðvitað hlýtur okkur að finnast það eðlilegt að þessi mál leystust að hluta á þeim vettvangi. Að mínu mati fríar það hins vegar ekki ríkisvaldið af því að standa ábyrgt vegna þeirra ákvarðana sem hér voru teknar fyrir margt löngu.

[18:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla aðeins í lok máls míns að víkja að tvennu, annars vegar spurningu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur varðandi það hvort ég vissi hvernig þessi mál standa núna.

Eins og ég gat um í ræðu minni er málið þannig vaxið að nú hefur verið tekin ákvörðun um það af stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna, sem sjómannasamtökin eiga auðvitað aðild að, að fara loksins í mál við ríkisvaldið út af þeim vanefndum sem sjómannasamtökin telja að hafi orðið á þessu máli. Þar af leiðandi má kannski segja að þessi sérstaka krafa um lagfæringu í Lífeyrissjóði sjómanna sé ekki beint uppi á borðunum í kjarasamningum. Hins vegar er alveg rétt eins og hv. þm. gat um að þar eru auðvitað almennar kröfur eins og aðrir launþegar hafa verið að semja um í lífeyrismálum. Kannski má segja að vegna málaferlanna sé þessi þáttur málsins í salti og sjómenn vonast auðvitað til þess að það frv. sem hér er verið að ræða geti e.t.v. leyst hluta af þessu máli eða komið verulega til móts við það.

Hitt atriðið sem mig langar til að víkja að í lok máls míns er svo algjörlega úr fortíðinni. Þetta er fylgiskjal sem ég er með og er frá 6. mars árið 1984, bréf sem skrifað var til þáv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar, með leyfi forseta, ef ég má aðeins vitna í það, en þar segir:

„Með bréfi, dags. 6. desember 1982, vorum við undirritaðir skipaðir í nefnd af Ragnari Arnalds, þáv. fjmrh., til að fjalla um lífeyrismál sjómanna. Nefndin hefur á þremur fundum rætt um það með hvaða hætti Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið undir þeim kostnaðarauka sem hlýst af lækkun á ellilífeyrisaldri sjómanna, sem ákveðin var með lögum nr. 47 frá 29. maí 1981. Nefndin hefur einnig rætt um þann vanda sem upp er kominn í öðrum sjóðum sem hafa sjómenn innan borðs sinna vébanda."

Síðan ætla ég ekki að fara meira í þetta. En hér kemur fram að menn fengu ekki samþykki fulltrúa ríkisins fyrir því að ríkið bæri á þessu sérstaka ábyrgð og það kemur líka fram í bréfinu að atvinnurekendur töldu sig ekki bera beint ábyrgð á þessu enda var um félagsmálapakka að ræða. Þá segir í niðurlagi bréfsins:

„Með tilliti til framanritaðs er ljóst að frekara starf nefndarinnar skilar ekki árangri á meðan afstaða stjórnvalda er óbreytt. Nefndarmenn leggja áherslu á að Alþingi samþykki breytingarnar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna samhljóða. Það hlýtur því að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að þessi mál verði færð til þess vegar að framkvæmanleg séu. Allur dráttur á málinu er aðeins til þess fallinn að gera það erfiðara úrlausnar."

Þetta er skrifað árið 1984 beinlínis í framhaldi af þeirri lagasetningu sem færði sjómönnum félagsmálapakkann um 60 ára regluna. Undir þetta skrifuðu Höskuldur Jónsson, fyrir hönd ríkisins, Guðjón Ármann Einarsson, fyrir hönd VSÍ, Hermann Þorsteinsson, fyrir hönd VMS — Vinnumálasambands samvinnufélaganna, er það ekki? — Hrafn Magnússon, fyrir SAL-sjóðina, Jóhannes Sigurgeirsson, sem var þá varamaður, tilnefndur af ASÍ, Guðmundur Hallvarðsson, tilnefndur af ASÍ, og Bolli Héðinsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Það er því alveg ljóst að alveg frá upphafi málsins hafa sjómannasamtökin skilið þetta svo að þessi lagasetning hafi verið félagsmálapakki og að henni hefði átt að fylgja einhver fjármögnun.

Rétt er að geta þess í lok málsins að eina fjármögnunin sem komið hefur af hendi ríkisins varðandi þessa 60 ára reglu var á árum áður þegar gengisfellingar voru gerðar. Þá komu stundum einhverjar fjárveitingar af svokölluðum gengismunarsjóði sem settar voru í lífeyrissjóðinn en ég tel að í kröfunni um 1,3 milljarða, sem stjórnin hefur ákveðið að sækja á hendur ríkisins, hafi verið tekið tillit til þeirra greiðslna sem komu úr gengismunarsjóði á sínum tíma.

Ég vil svo þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni og vona að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8. og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

86. FUNDUR

mánudaginn 12. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, stjtill., 498. mál, þskj. 785. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 482. mál, þskj. 768. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Sveitarstjórnarlög, frv., 146. mál, þskj. 146. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 158. mál, þskj. 160. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, frv., 178. mál, þskj. 186. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 198. mál, þskj. 208. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 207. mál, þskj. 217. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Kosningar til Alþingis, þáltill., 217. mál, þskj. 231. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Gerð neyslustaðals, þáltill., 239. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, þáltill., 263. mál, þskj. 290. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 266. mál, þskj. 294. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 292. mál, þskj. 323. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Almannatryggingar, stjfrv., 541. mál, þskj. 843. — 1. umr.
16. Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, stjfrv., 520. mál, þskj. 816. — 1. umr.
17. Stjórn fiskveiða, frv., 329. mál, þskj. 428. — Frh. 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

Fjarvistarleyfi:
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Tilkynning um formennsku í stjórnarskrárnefnd.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 8. mars 2001:

„Á fundi sérnefndar um stjórnarskrármál í dag var Sigríður A. Þórðardóttir kosin formaður nefndarinnar og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Einar Farestveit, nefndaritari."

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. hálffimm í dag fer fram umræða utan dagskrár um skuldsetningu heimila og fyrirtækja. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Birting laga og stjórnvaldserinda, 553. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 859.

Evrópuráðsþingið 2000, 550. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 856.

Kjarasamningur ríkisins við framhaldsskólakennara, 407. mál, svar fjmrh., þskj. 842.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 554. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 860.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, 551. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 857.

Tekjur og gjöld ríkisins af íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, 385. mál, svar fjmrh., þskj. 838.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Viðskiptahallinn.

[15:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að beina lítilli fyrirspurn til hæstv. forsrh. um viðskiptahallann en í fjarveru hans hyggst ég beina henni til hæstv. fjmrh.

Tilefni fyrirspurnarinnar er að nýlega hefur Seðlabankinn birt upplýsingar um þróun viðskiptahallans. Í ljós hefur komið sú dapurlega niðurstaða að viðskiptahallinn er ekki að minnka heldur jókst hann verulega á síðasta ári umfram allar spár.

Ég rifja það upp, herra forseti, að við lokaafgreiðslu fjárlaga í desember sl. kom fram síðasta spá Þjóðhagsstofnunar sem gerði ráð fyrir því að viðskiptahallinn yrði 61,5 milljarðar. Menn lögðu ekki allir trúnað á það, töldu að þar ofmæti stofnunin viðskiptahallann. Nú hefur Seðlabankinn hins vegar birt upplýsingar um að viðskiptahallinn varð ekki minni en Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir heldur meiri. Hann varð 69 milljarðar. Hann hefur sem sagt aukist um 12% frá síðustu spá Þjóðhagsstofnunar.

Þessi mikla aukning á hallanum þýðir að hann er í reynd kominn í 10% af landsframleiðslu. Ég held að Íslendingar hafi aldrei áður búið við svo mikinn viðskiptahalla fjögur ár í röð síðustu 50 árin. Slíkur viðskiptahalli er reyndar fordæmalaus í okkar sögu. Það hefur aldrei gerst að hann hafi farið svona hátt nema þegar einhver stórkostleg áföll hafa riðið yfir, t.d. þegar síldin hvarf eða í olíukreppunni 1974–1975.

Hið sérkennilega við þessa stöðu, herra forseti, er að við höfum ekki sætt neinum sérstökum áföllum. Það er ljóst að viðskiptahallinn setur mikið þrýsting á gengið sem Seðlabankinn neyðist til að styðja við með mjög harkalegri

vaxtastefnu. Atvinnulífið hrópar á vaxtalækkanir og skuldsetning heimilanna er slík að segja má að háir vextir séu að verða eitt mesta heimilisböl hér á landi.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., í fyrsta lagi: Til hvaða ráða hyggst ríkisstjórnin grípa til að draga úr viðskiptahallanum? Í öðru lagi vil ég spyrja hvort hann sé þeirrar skoðunar að viðskiptahallinn komi í veg fyrir að hægt sé að lækka vexti.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er vissulega rétt sem mátti lesa úr ræðu hv. fyrirspyrjanda, að hinar nýju tölur um viðskiptahalla valda vonbrigðum. Þær eru þó ekki í neinum grundvallaratriðum frábrugðnar því sem menn höfðu gert ráð fyrir í desembermánuði sl. Þarna hafa bæst við einhverjir milljarðar í halla en það er rétt að menn reyni að átta sig á því, í stað þess að sitja hér og flissa, af hvaða orsökum hallinn er.

Um það bil þriðjungur af þessum halla er vegna hærri olíureiknings. Annar þriðjungur er vegna hærri vaxtagreiðslna til útlanda, vegna þess að gengið hefur breyst. Þriðjungur er síðan vegna meiri innflutnings á rekstrar- og neysluvörum.

Þetta eru skýringarnar á því sem hér er um að tefla. Þetta er vissulega meiri viðskiptahalli en menn gerðu ráð fyrir en hann er þó ekki það miklu meiri að það kalli á sérstakar aðgerðir umfram þær sem hér eru í gangi í ríkisfjármálum og peningamálum.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þessi halli, ólíkt því sem áður var á Íslandi, er ekki til kominn vegna umframútgjalda ríkissjóðs. Hann byggist allur á því að fyrirtæki og heimili í landinu hafa tekið ákvarðanir sem hér liggja að baki. Þessi viðskiptahalli er ekki með ríkisábyrgð eins og var hér lengst af á árum áður. Hann er vissulega vandamál en ég vara við því að menn geri meira úr honum en ástæða er til.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í máli hæstv. fjmrh. er að finna þverstæður. Fyrst segir hæstv. ráðherra að þetta valdi vonbrigðum en síðan segir hann að allt sé í stakasta lagi. Hann segir að í reynd hafi ekkert gerst nema það að nokkrir milljarðar hafi bæst við viðskiptahallann.

Herra forseti. Viðskiptahallinn er orðinn 10% af landsframleiðslu og það þekkist hvergi á byggðu bóli nema í einu ríki öðru, í Portúgal, að viðskiptahallinn sé svona hátt hlutfall af landsframleiðslu. Það sem mér finnst skipta máli, herra forseti, er að hæstv. fjmrh. telur að ekkert þurfi að gera. Hann telur að allt sé í stakasta lagi. Þó er auðvitað alveg ljóst að sökum þessa mikla viðskiptahalla búum við við allt of háa vexti.

Ég spurði hæstv. fjmrh. og ég óska eftir að hann svari því: Telur hann að viðskiptahallinn komi í veg fyrir að það sé hægt að lækka vexti? Ég spyr hann líka: Er hann virkilega þeirrar skoðunar að þetta sé góðkynja viðskiptahalli?

[15:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti Hv. þm. getur ekki neitað sér um það frekar en fyrri daginn að snúa pínulítið út úr. Vissulega eru vonbrigði að ekki skyldi draga úr viðskiptahallanum. Það er samt ekki þannig að þó að hann sé meiri en spáð var þá sé eitthvert stórfellt vandamál komið upp til viðbótar. Það er ekki svo.

Ég tel að viðskiptahallinn eins og hann er nú hamli því að unnt sé að lækka hér vextina. Ég er alveg sannfærður um að Seðlabankinn mun beita sér í þeim efnum við fyrsta mögulega tækifæri. Ég held jafnframt að þessar tölur greiði ekki fyrir því.

Hins vegar bendi ég á að í morgun komu nýjar verðbólgutölur og þær sýna að á síðustu 12 mánuðum hefur verðlagið hækkað um 3,9%. Það gefur vissulega góðar vonir um að þessi mikilvæga stærð, hækkanir á neysluverði, verði innan þess ramma sem við höfum gert ráð fyrir.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta var ákaflega mikilvæg yfirlýsing sem hér var gefin af hæstv. fjmrh. Í fyrsta skipti gerist það að einn af fulltrúum ríkisstjórnarinnar viðurkennir að viðskiptahallinn sé verulegt vandamál og hamli því að hægt sé að lækka vexti. Hæstv. fjmrh. viðurkennir líka að þessar nýju tölur hjálpi ekki upp á sakirnar.

Staðan er einfaldlega þannig, herra forseti, að ríkisstjórninni hefur mistekist við stjórn efnahagsmála. Henni hefur mistekist að ráða bót á viðskiptahallanum og vegna viðskiptahallans eru vextirnir svona háir. Hverjir borga herkostnaðinn af mistökum ríkisstjórnarinnar? Það eru fyrirtæki og heimili í landinu.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Því fer fjarri að ríkisstjórninni hafi mistekist í efnahagsmálum. Það eina sem hv. þm. þrástagast á þegar hann talar um efnahagsmálin er þessi stærð, viðskiptahallinn. Hann getur ekki nefnt neitt annað til sögunnar þegar hann heldur því fram að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hafi mistekist. Meira að segja, þegar grannt er skoðað varðandi viðskiptahallann og menn skoða eðli hans, þá er hallinn auðvitað allt annars eðlis en hann var á árum áður eins og ég rakti áðan. Hann er ekki uppsprottinn í ríkisbúskapnum eins og áður var. Hann á sér aðrar og góðkynjaðri skýringar svo að ég noti orðalag þingmannsins sjálfs.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar gengur vel. Það er góðæri í landinu og engin ástæða til að gera úlfalda úr mýflugu með þeim hætti sem hv. þm. gerir hér.

Kjaradeila sjómanna og útvegsmanna.

[15:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Af þeim fréttum sem berast af samningaviðræðum í yfirstandandi kjaradeilu sjómanna og LÍÚ verður ekki annað séð en að á ný dragi til þess að til boðaðs verkfalls komi. Á sl. 14 árum hafa sjómenn verið kjarasamningslausir í tæplega sex og hálft ár samanlagt. Í tæplega sex og hálft ár hafa sjómenn ekki notið kjarabreytinga á sl. 14 árum.

Nú er komið ár síðan samningurinn féll úr gildi. Því spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hefur ráðherrann verið í samráði við deiluaðila í kjaradeilu sjómanna og LÍÚ? Hvenær átti ráðherrann síðast fund með aðilum deilunnar? Hyggst ráðherrann beita sér fyrir frekari markaðslausnum við verðmyndun ferskfiskaflans, t.d. með nýjum lögum um verðmyndun á fiskmarkaði eða verðmyndun sem tekur mið af verðlagi á fiskmarkaði til lausnar á yfirstandandi kjaradeilu?

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að uppi er erfið staða í kjaramálum sjómanna og það styttist í verkfall. Ég hef fylgst með þessari deilu síðustu vikurnar í gegnum sáttasemjara sem vinnur að málinu sem formlegur aðili stjórnvalda til að leita lausna. Ég hef, eins og áður hefur komið fram í fyrirspurnatíma, átt fjölda funda um þetta mál með deiluaðilum á síðustu missirum. Eins og hv. þingheimur veit er ekki um nýtt mál að ræða og hv. Alþingi hefur margsinnis á tímabilinu sem hv. þm. vitnaði til komið að því að leysa deiluna. Enn er deilan raunverulega óleyst því að þar kemur alltaf upp sama deilumálið.

Það liggur auðvitað fyrst og fremst á herðum deiluaðilanna að leysa málið. Það hefur sýnt sig að tilraunir til lausnar fyrir atbeina stjórnvalda og hv. Alþingis hafa ekki leitt til niðurstöðu. Hins vegar verða stjórnvöld að fylgjast með og vita hvað er að gerast í svo mikilvægu máli. Í dag mun ég því eiga fundi með þeim fjórum deiluaðilum sem hér eiga sérstaklega hlut að máli, þ.e. samtökum sjómanna, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Vélstjórafélaginu og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Ég vona að þeir komi til mín um eftirmiðdaginn og ég geti fræðst af þeim um stöðuna og hvort einhverjir möguleikar séu uppi til að komast hjá verkfalli. Ég get því ekki sagt meira um þetta mál að sinni en auðvitað vonum við öll að ekki komi til verkfalls. Það hefði gríðarlegan kostnað í för fyrir þjóðarbúið ef loðnan mundi synda fram hjá okkur.

Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að það eru fyrst og fremst deiluaðilarnir sjálfir sem verða að axla þessa byrði og leysa málið.

[15:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Auðvitað ber að fagna því að ráðherrann muni eiga fund með deiluaðilum í dag en ekki eru margir sólarhringar þangað til boðað verkfall skellur á.

Það hlýtur að vera talsverð ábyrgð hjá hæstv. ríkisstjórn og Alþingi á þessari deilu. Síðast voru sett lög á deiluna og það er alveg ljóst að þau lög hafa ekki náð þeim markmiðum sem að var stefnt með að tryggja eðlilega verðmyndun. Ábyrgð Alþingis og ríkisstjórnar á þessu máli hlýtur að vera talsverð því það var hér sem lögin voru sett. Auðvitað er ekki hægt að ásaka sjómannasamtökin endalaust fyrir verkfallsgleði þegar ég er búinn að vitna til þeirra talna sem ég sagði áðan að í sex og hálft ár hafa menn verið kjarasamningslausir á 14 ára tímabili. Það ber ekki vitni um mikla verkfallsgleði.

[15:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að stjórnvöld bera ábyrgð á því að sem bestur friður sé á vinnumarkaðnum og möguleikar séu til að leysa deilur sem þar koma upp og ekki síst í þessari atvinnugrein sem skiptir okkur svo miklu máli.

En það hefur sýnt sig að þær tilraunir sem gerðar hafa verið á hv. Alþingi til að leysa málið hafa ekki dugað og því hefur málið hvað eftir annað aftur verið í fangi þeirra eiginlegu aðila sem um þetta véla og það eru launþegar og atvinnurekendur. Engar ásakanir hafa komið frá mér um einhverja sérstaka verkfallsgleði sjómanna og því sé ég ekki ástæðu til að svara þeim orðum hv. þm. sérstaklega. En ég verð að ítreka það að í þessu deilumáli sem öðrum deilumálum á vinnumarkaði eru það fyrst og fremst þeir sem deila, launþegar og vinnuveitur, sem bera ábyrgð á því að leysa málið.

Dreifing á erótísku sjónvarpsefni.

[15:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðustu dögum hafa borist af því fréttir að Landssíminn, sem er enn fyrirtæki í eigu ríkisins eins og allir vita, hafi tekið það á sínar herðar að dreifa svokölluðu erótísku myndefni inn á breiðbandið fyrir sjónvarpsstöðina Skjá 1.

Af fréttaflutningi sem við höfum heyrt af þessu máli virðist hér um að ræða efni sem þarf skoðunar við. Af því tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hver aðkoma ráðuneytis hans og þá Kvikmyndaskoðun sé að svona málum. Hvernig mun ráðuneyti menntamála koma til með að sinna þessu eða skoða þetta? Er hér verið að dreifa efni sem samkvæmt öðrum lögum sem við búum við á Íslandi gæti mögulega verið þess eðlis að því ætti ekki að dreifa inn á heimili landsmanna þar sem börn og unglingar geta haft aðgang að efninu?

[15:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Um þetta efni fer samkvæmt útvarpslögum sem voru samþykkt á Alþingi síðasta vetur. Þar er mælt fyrir um það að sjónvarpsstöðvum er skylt að fullnægja ákveðnum skilyrðum eins og þingmenn þekkja sem fjölluðu um frv. Þetta mál hefur ekki komið inn á borð mitt sem menntmrh. og hefur ekki verið fjallað um það í menntmrn. svo ég viti til. Ef þarna er um skoðanaskylt efni að ræða á vegum Kvikmyndaskoðunar ríkisins er það mál sem sú eftirlitsstofnun mun athuga. Ef það er brot á öðrum lögum, t.d. almennum hegningarlögum þá er það lögreglunnar eða yfirvalda sem um þau mál fjalla að fara með það.

Hins vegar vil ég vekja athygli hv. þm. á því að með breytingu á stjórnarskránni, sem gerð var 1995, voru mjög skýr ákvæði um ritskoðun sett hér á landi. Ég held að menn verði einnig þegar þeir fjalla um þetta mál að líta til þeirra stjórnarskrárákvæða og átta sig á því hvaða aðili það er og hvort það er nokkur aðili hér sem hefur heimild til ritskoðunar í tilvikum sem þessum.

[15:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tel hér vera á ferðinni máli sem þurfi tvímælalaust að skoða með tilliti til þeirra reglna sem við búum við varðandi skoðunarskylt efni. Ég fagna því að hæstv. menntrh. skuli láta skoða málið í tengslum við það hvort hér sé um að ræða efni sem Kvikmyndaskoðun ætti lögum samkvæmt að hafa eftirlit með.

Varðandi ritskoðunarreglur stjórnarskrárinnar þekki ég þær reglur ágætlega en samt sem áður eru í gildi reglur sem gera þeim sem dreifa svona efni það skylt að það standist ákveðna skoðun. Ég fagna því að hæstv. menntmrh. skuli ætla að láta líta á málið á þeim nótum á vegum ráðuneytis síns.

[15:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi heitið því að menntmrn. mundi líta á þetta mál. Það eru ákveðnar stofnanir sem hafa þær skyldur lögum samkvæmt,

sjónvarpsfyrirtæki hafa sínar skyldur og allar þessar stofnanir hafa sínar skyldur lögum samkvæmt og ég hét því ekki að menntmrn. mundi láta þetta mál sérstaklega til sín taka.

[15:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég lít engu að síður þannig á að hæstv. menntrh. hafi beint orðum sínum til þeirra stofnana sem lögum og reglum samkvæmt eiga að skoða þessi mál um að það verði gert. Ég vil enn trúa því og treysta að við séum þannig innréttuð að við viljum ekki láta efni af því tagi sem hér gæti verið um að ræða fljóta eftirlitslaust hjá garði. Ég treysti því að þingmenn hér og þar, með taldir hæstv. ráðherrar, hafi af því áhyggjur að klámefni sé að flæða inn á heimilin án þess að við fáum rönd við reist og ef um klámefni er að ræða er dreifing á slíku efni bönnuð samkvæmt lögum.

Í öllu falli lít ég þannig á, herra forseti, að hér sé um mál að ræða sem þurfi að taka til skoðunar á þeim vettvangi sem reglur og lög segja til um.

Skimun vegna HIV-veiru á Vogi.

[15:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Lykillinn að öllu meðferðar- og forvarnastarfi gegn alnæmi og svipuðum smitsjúkdómum, þar með talinni lifrarbólgu C, eru skimurannsóknir. Því fyrr sem sjúkdómurinn greinist þeim mun auðveldara er að koma við lækningu og hættan minnkar á að einstaklingur sem sýktur er smiti aðra.

Herra forseti. Nú um helgina komu fram þær fréttir að meðferðarstofnun SÁÁ á Vogi eigi í miklum rekstrarerfiðleikum og muni þar af leiðandi hætta eða draga mjög úr skimurannsóknum sem þeir hafa stundað á öllum þeim sjúklingum sem hafa verið lagðir inn á það sjúkrahús. Eins og ég sagði í upphafi er mjög mikilvægt að þessi stofnun sem og aðrar sem hafa skimurannsóknir á sinni könnu hafi til þess tryggt fjármagn. Ég vil ekki gera vanda SÁÁ hér að umtalsefni heldur beina fyrirspurn minni til hæstv. heilbrrh. þar sem skimanir í forvarna- og meðferðarskyni eru heilbrigðispólitískar ákvarðanir. SÁÁ ber ekki skylda til að skima fyrir HIV-veirunni og lifrarbólgu C en eftir sem áður er mjög mikilvægt að þeir geri það.

Herra forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. hvort tryggt verði að þær skimanir sem taldar eru mikilvægar í forvarnaskyni eða vegna meðferðar sjúkdóma verði gerðar og hvernig fjármagn verði tryggt til þessara rannsókna svo að rekstrarstaða viðkomandi heilbrigðisstofnunar hafi ekki áhrif á fjölda skimana. Eins og þetta hefur verið, þ.e. að ekki er sérstaklega eyrnamerkt fjármagn til þessara rannsókna, þá hefur verið gripið til þess að nota fjármagn sem ætlað er til skimana í rekstur.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hver stofnun fyrir sig forgangsraðar því sem hún telur mikilvægast hverju sinni. Ef við tölum um Vog í þessu sambandi eða SÁÁ, þá hafa fjármunir sem þangað hafa runnið undanfarin aukist verulega, t.d. síðustu fjögur ár. Framlög samkvæmt ríkisreikningi eru þannig að árið 1997 voru þetta 299 millj., 1998 268 millj., 1999 284 millj. og árið 2000 342 millj.

Mér finnst rétt að fram komi hvaða fjármuni er um að ræða en það sem ég tel að skipti mestu máli og skiptir máli fyrir Vog sem rekur mjög myndarlega starfsemi og hefur þjónað okkur mjög vel er að við gerum þjónustusamning og það sé algerlega ákveðið í þeim þjónustusamningi hvað ríkið er að kaupa af viðkomandi stofnun og hvaða þjónustu stofnunin veitir okkur.

Í undirbúningi í ráðuneytinu er einmitt að gera slíkan þjónustusamning og menn eru farnir að ræða um það. Það alveg ljóst að landlæknir kemur inn í það mál og þá gerir hann þær kröfur sem hann telur rétt að gera, bæði hvað þetta varðar og ýmislegt annað. Þetta höfum við gert varðandi margar stofnanir og reynst okkur vel.

[15:27]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra að hver stofnun forgangsraðar og þar sem skimanir skila sér hugsanlega ekki beint til stofnunar eins og SÁÁ, þá má segja að eðlilegt sé að þeir hafi gripið til þessa óyndisúrræðis. Ég fagna því ef gerður verður þjónustusamningur við SÁÁ og að tryggt sé að þessar skimanir haldi áfram. Þær eru okkur mjög mikilvægur þáttur í öllu forvarnastarfi gegn útbreiðslu HIV og lifrarbólgu C til að geta kortlagt hvar áhættan liggur, hvar við eigum að leggja áherslur, ekki bara hjá fíkniefnasjúklingum heldur ekki síður hjá vanfærum konum varðandi lifrarbólgu C o.s.frv. Ég ætla því að vona að vel gangi að koma þessum samningi á svo að skimunin falli ekki niður hjá SÁÁ.

[15:28]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er svo sem engu við fyrra svar mitt að bæta nema því að það er alveg ljóst að það er fjárhagsvandi hjá SÁÁ. Það hefur orðið mikið launaskrið og við erum sem sagt að fara yfir málefni SÁÁ um þessar mundir.

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að það er mikilvægt að beita þessum forvörnum en það er líka mikilvægt að það sé samræmt um landið allt, hvaða forvörnum við beitum og hvaða rannsóknir við erum almennt að gera. Ef við erum að tala um svo viðkvæmar rannsóknir sem hér um ræðir, þá þarf t.d. upplýst samþykki fyrir slíkum rannsóknum.

Uppeldissvæði rjúpunnar og skógrækt.

[15:29]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í vetur lagði hv. varaþm. Árni Gunnarsson fram fyrirspurn til umhvrh. um íslenska rjúpnastofninn. Í skriflegu svari umhvrh. kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnsveiflur rjúpunnar eru náttúrulegt fyrirbæri. Ofveiði mundi væntanlega jafna sveiflurnar út. Stjórnvöld hafa um tvær meginleiðir að velja til að stuðla að vernd og viðgangi rjúpnastofnsins. Í fyrsta lagi að tryggja framtíð mikilvægustu uppeldissvæða rjúpunnar, t.d. að þau verði ekki eyðilögð með skógrækt ...“ Takið eftir orðalaginu: „ekki eyðilögð með skógrækt“ — „og í öðru lagi að banna skotveiði ef um ofveiði er að ræða, líkt og gert var í nágrenni Reykjavíkur 1999.“

Mér finnst hér um afar sérkennilegt orðalag að ræða þar sem talað er um að eyðileggja uppeldissvæði rjúpunnar með skógrækt þegar til þess er litið hve lítil skógrækt er í þessu landi, langt undir 1% af heildarundirlendi landsins. Mér

finnst eins og ákveðnir náttúrufræðingar hafi þörf fyrir að koma óorði á skógrækt í landinu. Sjálfur geng ég talsvert mikið um skógarlendi þar sem eru skjólbelti og skógur og þar verð ég mjög oft var við rjúpur. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún sé sammála því orðalagi sem hún kynnir í svari sínu við þessari fyrirspurn.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það hefur valdið mér nokkurri furðu öll sú umræða sem hefur orðið um viðkomandi svar sem hér var lesið upp úr, en þar kom fram að stjórnvöld hefðu tvær meginleiðir og var sagt „til dæmis". Ég vil undirstrika að það stóð „til dæmis" í svarinu. Upplýst hefur verið opinberlega hver gaf okkur upplýsingar hvað varðar þetta svar en það var Ólafur K. Nielsen frá Náttúrufræðistofnun. Ég hef beðið um frekari gögn frá honum. Í þeim kemur fram að hann telji að menn hafi nú þegar ekki valdið skaða. Hins vegar séu blikur á lofti, þ.e. vegna þeirrar umfangsmiklu skógræktar sem menn hafa áhuga á að fara út í.

Ég hef sjálf ekki áhyggjur af því og það kom heldur ekki fram í skriflega svarinu til Alþingis að ráðherra hefði áhyggjur af því. Hins vegar var bent á að ekki mætti eyðileggja uppeldisstöðvarnar með skógrækt. Það er reyndar hægt að gera en við erum ekki að stefna í það, alls ekki. Ég vil undirstrika það.

Við erum að stefna að því að 5% af láglendi verði skógi vaxið og að þessi mál verði í eðlilegum farvegi. Skipulagsyfirvöld, skógræktin og Náttúruvernd ríkisins eru núna sameiginlega t.d. að fjalla um svæðisskipulag á Norðurlandsskógum þar sem menn munu taka tillit til allra þátta. Í svari mínu til Alþingis fólst ekki að við værum að stefna í ranga átt og að ráðherra hefði áhyggjur af þessari þróun. Ég tel að við séum með málin í eðlilegum farvegi en það er rétt að hægt er að eyðileggja uppeldisstöðvar með umfangsmikilli skógrækt ef menn velja svæðin ekki af kostgæfni. En við eru svo sannarlega ekki að stefna í það.

[15:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svarið. Mér finnst þetta orðalag afar ógætilegt þó að sagt sé „til dæmis". Og ég veit að þess eru dæmi að umhverfisstjórar í bæjarfélögum úti á landsbyggðinni eru jafnvel að reyna að bægja rjúpunni frá skóglendinu vegna þess að rjúpan leggst á börk trjánna. Þess vegna finnst mér þetta afar sérkennilegt. Ég hef sjálfur ekki miklar áhyggjur af því að við séum að útrýma rjúpu eða fuglum með skógrækt í landinu. Við eigum að fagna því að við skulum vera að rækta skóga í landinu en við eigum að passa okkur á orðalagi sem þessu til að koma ekki óorði á skógrækt og uppgræðslu landsins.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það var alls ekki meiningin með svarinu sem var sett fram skriflega á sínum tíma til Alþingis að koma neinu óorði á skógrækt, alls ekki. Að sjálfsögðu fögnum við sem störfum að umhverfismálum skógrækt vegna þeirrar landeyðingar sem við höfum horft upp á hin seinni ár. Það er alveg ljóst að sá fuglafræðingur sem gaf okkur upplýsingar í viðkomandi svar telur að við höfum ekki lent í neinu tjóni með rjúpuna vegna skógræktar hér á landi.

Ég vil undirstrika það sem kom fram í svari mínu áðan að þessi mál eru í eðlilegum farvegi. Menn skoða þau í gegnum skipulagsferlið og að sjálfsögðu munum við ganga varlega fram í þessum málum.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 498. mál. — Þskj. 785.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Bókasafnsfræðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 526. mál (starfsheiti). — Þskj. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 482. mál (starfsmenn Sameinuðu þjóðanna). — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 146. mál (einkafjármögnun og rekstrarleiga). — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 158. mál. — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, frh. 1. umr.

Frv. JÁ og ÞSveinb, 178. mál. — Þskj. 186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall, 198. mál. — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 207. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvH og PBj, 217. mál (kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Gerð neyslustaðals, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mennta- og fjarkennslumiðstöðvar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 263. mál. — Þskj. 290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 266. mál. — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 292. mál (iðgjöld). — Þskj. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 843.

[15:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar. Eins og hv. þm. er í fersku minni var Alþingi kallað saman í janúar til að fjalla um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar sem lagt var fram til þess að fullnægja dómi Hæstaréttar í svokölluðu öryrkjamáli. Það frv. varð að lögum 24. janúar sl. og tryggir að öryrki sem er í sambúð eða hjúskap fær allt að 25 þús. kr. tekjutryggingu til viðbótar við lífeyri sinn óháð tekjum maka sem þýðir að bætur lífeyrisþega í hjúskap sem áður gátu farið niður í 18 þús. kr. á mánuði vegna tekna maka verða nú aldrei lægri en 43 þús. kr. á mánuði.

Lágmarkið fer úr 18 þús. kr. í 43 þús. kr. á mánuði fyrir þessa einstaklinga. Það kom skýrt fram í umræðum um það mál að ríkisstjórnin teldi sér á sínum tíma skylt að bregðast hratt við dómi Hæstaréttar. Sá dómur fjallaði eingöngu um öryrkja en ekki aðra hópa eins og vikið er að í forsendum dómsins og því fjallaði frv. það sem varð að lögum, nr. 3/2001, eingöngu um öryrkja. Forustumenn Samtaka eldri borgara lýstu því þá yfir að þeir teldu sömu efnislegu rökin eiga við um sína félagsmenn, svo sem í því tilviki þegar öryrki verður ellilífeyrisþegi við 67 ára aldur. Á fundi í samráðsnefnd samtaka eldri borgara og ríkisstjórnarinnar sem haldinn var 1. mars lögðu forustumenn eldri borgara mikla áherslu á að félagsmenn þeirra yrðu að njóta sömu réttinda að þessu leyti og öryrkjar og þetta mál væri afar brýnt. Í framhaldi af því og í samráði við nefnd sem nú vinnur að endurskoðun lífeyristrygginga ákvað ríkisstjórnin að verða við þessum óskum eldri borgara og hefur því látið semja það frv. sem hér liggur fyrir.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er tekið sérstaklega er einfaldlega sú að um það var samkomulag í ríkisstjórninni að taka þessa pólitísku ákvörðun og koma þannig til móts við óskir ellilífeyrisþega í þeim tilvikum sem aðstæður þeirra og öryrkja eru sambærilegar.

Í frv. er gert ráð fyrir sérreglu í 17. gr. laga um almannatryggingar sem er ætlað að tryggja að ellilífeyrisþegi hafi sjálfur ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka. Í reglunni felst að samanlögð eign, tekjuöflun ellilífeyrisþega og tekjutrygging hans geta aldrei, þrátt fyrir sameiginlegt frítekjumark hjóna, numið lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári, eða 25.000 kr. á mánuði. Af þessu leiðir að enginn ellilífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en sem nemur 43.424 kr. á mánuði þegar lágmark tekjutryggingar að viðbættum eigin tekjum hefur verið lagt við grunnlífeyri.

Gert er ráð fyrir að $^2/_3$ hlutar tekna lífeyrisþegans hafi áhrif á fjárhæð sérreglunnar. Þannig verður þetta til þess að auka tekjur ellilífeyrisþega sem er með allt að 450.000 kr. í árstekjur í tilvikum þar sem tekjutrygging hans er skert samkvæmt gildandi reglum vegna tekna maka hans.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. apríl 2001.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um greiðslur fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 31. mars 2001, greiðslur vaxta og framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða I í frv. gerir ráð fyrir að greiða skuli ellilífeyrisþegum tekjutryggingu samkvæmt sérreglu 1. gr. frv. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2001. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi ellilífeyrisþegi hefur þegar fengið. Einnig skal greiða 5,5% ársvexti frá þeim degi sem lífeyrisþeginn gat fyrst átt rétt á að fá greiðslu samkvæmt lögum um almannatryggingar. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

Ákvæði til bráðabirgða II í frv. leggur þá skyldu Tryggingastofnun ríkisins að hún hafi frumkvæði að greiðslum aftur í tímann í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Einnig er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins beini áskorun til lífeyrisþega um að senda inn upplýsingar ef umsóknir liggi fyrir en upplýsingar eru ekki nægjanlegar. Miðað er við að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina lífeyrisþega verði fyrir 1. maí 2001.

Áætlað er að kostnaður við frv. verði um 140 millj. kr. árlega. Er sú áætlun samkvæmt útreikningi sem Þjóðhagsstofnun hefur gert en stofnunin áætlar að ákvæðið nái til um 1.100–1.200 ellilífeyrisþega en því til viðbótar er einhver fjöldi ellilífeyrisþega sem nýtur ekki tekjutryggingar í dag sem gæti átt rétt á greiðslum samkvæmt frv. Má því ætla að um geti verið að ræða um 1.500 manna hóp.

Virðulegi forseti. Umræðan sem spunnist hefur um þá breytingu á almannatryggingalögum sem gerð var í janúar snerist öðrum þræði um rétt einstaklingsins til framlags úr sameiginlegum sjóði þegar þeir búa við ákveðnar aðstæður. Mér finnst að í þessum efnum verði menn að hugsa vel sinn gang. Staðreyndin er sú að við getum ekki tryggt öllum borgurum landsins sama rétt til greiðslna úr sameiginlegum sjóðum, burt séð frá því hvort þeir þurfa á greiðslunum að halda eður ei. Velferðarkerfið var fyrst og fremst byggt upp til að liðsinna þeim sem mest þurfa á því að halda og þeim grundvelli verðum við að halda til haga.

Í þrjá áratugi hafa allar ríkisstjórnir talið nokkur rök fyrir því að skerða t.d. tekjutrygginguna, ekki bara vegna eigin tekna heldur líka vegna tekna maka. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að við höfum dregið úr slíkum skerðingum og eins og ég hef áður sagt er það þessi ríkisstjórn sem hefur gengið lengst í þessum efnum. Þetta breytir hins vegar ekki þeim grundvelli sem við byggjum almannatryggingar á að koma þeim mest til aðstoðar sem eru í mestri þörf fyrir aðstoð samfélagsins.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér því að óska eftir að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[15:50]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem er hér til umræðu er afleiðing af dómi Hæstaréttar frá því í desember sl. sem líklega ekki nokkur maður í þessu samfélagi hefur farið varhluta af og allri þeirri umræðu sem spannst í kjölfar þess dóms. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því nokkuð vel um hvað frv. snýst. Frv. snýst um að ellilífeyrisþegar fá það sama og örorkulífeyrisþegar fengu með lögunum umdeildu frá í janúar fram í tímann en þeir fá ekki jafnmikið greitt aftur í tímann og öryrkjar fengu samkvæmt þeim lögum. Og, herra forseti, ég *hef ekki enn fengið viðhlítandi skýringu á því.*

Ellilífeyrisþegar fá aðeins greitt aftur til 1. jan. 2001 á meðan öryrkjar fengu leiðréttingu fjögur ár aftur í tímann. Þess vegna er ekki með þessu frv. verið að uppfylla kröfur um að jafnræði ríki á milli lífeyrisþega í þessum efnum, eins og krafa hefur verið sett fram af hálfu ellilífeyrisþega. Með þessu frv. eru ellilífeyrisþegar að fá lítinn áfanga í átt til leiðréttingar á þeirri skerðingu sem þeir hafa búið við, hvort sem miðað er við túlkun ríkisstjórnarinnar á málinu eða stjórnarandstöðunnar, sem ég vil rifja upp að var gerólík þeirri túlkun sem ríkisstjórnin byggði á, en túlkun stjórnarandstöðunnar gerði m.a. ráð fyrir því að ekki væri eðlilegt að beita fyrningarákvæðum laga þegar mannréttindi hafa sannanlega verið brotin á fólki.

Ljóst er burt séð frá þessu frv. að lagaleg staða ellilífeyrisþega er að sjálfsögðu sú að einstaklingar í hópi þeirra geta krafist fullrar leiðréttingar á kjörum sínum aftur í tímann fyrir dómstólum, þrátt fyrir þetta frv. sem liggur fyrir og þrátt fyrir að það yrði gert að lögum. En tíminn vinnur að sjálfsögðu gegn þeim í málinu því nú þegar er nokkuð liðið á fyrningartímann sem ríkisstjórnin beitti örorkulífeyrisþegana, þ.e. 1. janúar 1997 til janúar 2001 þannig að ef fullri fyrningu yrði beitt í slíku máli er ljóst að janúar, febrúar og mars eru fyrndir, en ef miðað er við að málshöfðun slíti fyrningu í málinu, þá hefur hún enn ekki átt sér stað að því er ég best veit og því skiptir tíminn miklu máli í þessu efni.

En það er ljóst, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur ekki séð fyrir endann á þessu máli með frv. sem hér hefur verið lagt fram. Þvert á móti er það enn frekari ávísun á málaferli lífeyrisþega gegn ríkisvaldinu. Það er sorgleg staðreynd, herra forseti, að það skuli vera eina leiðin fyrir þennan hóp öryrkja og ellilífeyrisþega til að fá rétti sínum framgengt gagnvart því ríkisvaldi sem er nú við völd að höfða tímafrek og fjárfrek dómsmál.

Ríkisstjórnin hafnar öðrum leiðum, herra forseti, hún hafnar samvinnu og sanngjörnum kröfum þeirra um fulla leiðréttingu samkvæmt dómi Hæstaréttar og vil ég þar vísa sérstaklega til ályktunar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni frá 25. janúar 2001.

Því er reyndar líka lýst í athugasemdum með frv. sjálfu að fulltrúar Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík hafi lýst þeim sjónarmiðum sínum á fundum með samráðsnefnd félaganna og ríkisstjórnarinnar að þeir telja eðlilegt að sama efnisregla gildi um ellilífeyrisþega og

örorkulífeyrisþega. Þessi ályktun minnir á dóm Hæstaréttar frá 19. desember árið 2000 þar sem dæmt var að öryrkjar eigi rétt til einstaklingsbundinnar lágmarksframfærslu, sbr. 65. og 76. gr. stjórnarskrárinnar, og í dómnum felst í reynd viðurkenning á sjálfstæðum rétti einstaklinganna til grundvallarmannréttinda. Í þessu tilviki réttur til framlaga sem tryggi einstaklingsbundna lágmarksframfærslu enda þótt viðkomandi sé í hjúskap.

Því er borið við í frv. ríkisstjórnarinnar, vísað er til nefndarinnar margfrægu sem ríkisstjórnin skipaði til að semja þetta frv. eða hvernig bregðast skyldi við dómnum þar sem segir að dómurinn hafi ekki fordæmisgildi fyrir ellilífeyrisþega. Það var reyndar án mjög ítarlegs rökstuðnings en vitnað í tiltekin orð í dómnum sjálfum og ríkisstjórnin heldur síðan núna áfram með að vísa til þessara orða í frv. sem hér er lagt fram og segir sem svo að hún ætli hins vegar, þrátt fyrir að hún telji þennan dóm ekki hafa fordæmisgildi fyrir ellilífeyrisþega, eigi að síður að greiða þeim út hvað varðar tímann fram á við, en væntanlega með sömu rökum telji sér ekki skylt að þurfa að greiða þeim aftur í tímann. Þessum skilningi mótmæli ég, herra forseti.

Ég held að sé rétt í þessu samhengi að rifja örlítið upp afstöðu stjórnarandstöðunnar til öryrkjamálsins. Stjórnarandstaðan var öll sammála því í öryrkjamálinu að með lögum ríkisstjórnarinnar hafi ekki verið komið til móts nema að hluta við dóm Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins.

Í fyrsta lagi er það skoðun okkar að dómur Hæstaréttar hafi falið í sér að lagt verði bann við því að tengja tekjutryggingu við tekjur maka og þar sem því væri haldið áfram væri enn verið að brjóta rétt á þessum hópi. Því vantar nokkuð upp á að þessi hópur hafi fengið að fullu bætta þá skerðingu sem hann varð fyrir. Ég vil segja að bréfaskiptin frægu á milli forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar hafa ekki breytt neinu um þessa niðurstöðu okkar enda afskaplega vafasamt fordæmi sem þar var bryddað upp á af hálfu forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar sem gerist vonandi aldrei aftur.

Við vöktum athygli á því að verið væri að beita þennan hóp brattari skerðingum en áður gagnvart eigin tekjum einstaklingsins og að sá hópur sem það bitnar verst á eru konur. Hið sama á svo sannarlega við í þessu máli, herra forseti. Þótt ég hafi ekki hér á takteinum tölur um það hve stór hluti þessa hóps séu konur þá er það einu sinni svo að í hópi eldri borgara eru konur mun fleiri, enda langlífari en karlarnir, þannig að enn erum við fyrst og fremst að tala um konur.

Í öðru lagi, herra forseti, er það skoðum okkar að það sé fullkomlega óeðlilegt og siðlaust athæfi af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja til að beitt verði fyrningarreglum laga á hóp manna sem Hæstiréttur hefur dæmt ríkisvaldið fyrir að brjóta mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar á. En þetta gerði ríkisstjórnin í öryrkjamálinu og í þessu máli er í raun og veru gengið enn lengra því að leiðréttingin er einungis látin ná aftur til 1. janúar á þessu ári.

Við skulum vera minnug þess, herra forseti, að orsökin fyrir því að ríkisstjórnin situr nú í þessari súpu hvað lífeyrisþega varðar, er að Hæstiréttur dæmdi í máli sínu í desember sl. að stjórnarskrárákvæði hafi verið brotin á tilteknum hópi manna. Ríkisstjórnin hefur beitt tiltekinn hóp manna óréttu og nú hefur annar hópur í sambærilegri stöðu og sá sem dómsmálið höfðaði krafist þess að hann njóti sömu kjara. Það er ekki óeðlileg krafa í ljósi þess að kjör þessara hópa hafa verið skoðuð í samræmi í gegnum tíðina og skerðingarheimildin hefur verið byggð á sömu reglugerðinni.

Herra forseti. Það er því skoðun okkar að lending ríkisstjórnarinnar í því máli hafi verið ófullkomin. Ég lýsi allri ábyrgð á þessu máli líka sem og því máli á hendur ríkisstjórninni og tel að ekki sé komið nægilega til móts við sanngjarna kröfu þessa hóps.

En með þessu frv. er eins og áður sagði verið að færa ellilífeyrisþegum sama rétt og öryrkjum fram í tímann. Hins vegar eru engin rök fyrir því, herra forseti, að láta þá ekki fá þennan rétt jafnlangt aftur í tímann og ég verð að óska eftir því hér, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. útskýri það fyrir þingheimi hver séu rökin fyrir því að ekki er farin sú leið úr því að á annað borð er verið að viðurkenna að ellilífeyrisþegar kunni að eiga rétt byggðan á þessum dómi. Hvers vegna í ósköpunum eiga þeir þá ekki sama rétt aftur í tímann og öryrkjar?

Herra forseti. Mér nægir ekki að vísa til þess að ríkisstjórnin túlki það svo að í raun og veru eigi dómurinn ekki beint við um ellilífeyrisþega. Það breytir ekki því í mínum huga að um leið og hæstv. ríkisstjórn viðurkennir að ellilífeyrisþegar geti byggt rétt á grundvelli þessa dóms hljóti það sama að gilda aftur í tímann. Ég vil a.m.k., herra forseti, fá skýringar á því af hverju svo er ekki gert aðrar en þær sem liggja kannski beint við að þetta kosti of mikla peninga til að menn telji sig hafa efni á því að greiða þessa peninga til baka.

Ég vil einnig minnast á að það hefur ekki verið gert samkomulag við forustufélags eldri borgara um að gera þetta svona, enda væri slíkt samkomulag, að mínum dómi, ekki lagalega bindandi fyrir einstaklinga sem kynnu að krefjast réttar síns fyrir dómi. Eftir mínum upplýsingum hefur ekki verið gert samkomulag um að þetta mál skuli afgreitt eins og hér hefur verið gert, enda teldi ég að slíkum félagsskap væri ekki heimilt að semja fyrir hönd hóps um skerðingu á lögmætum rétti þeirra. Eftir stendur alltaf rétturinn til að höfða mál á einstaklingsgrunni fyrir dómi.

Þetta frv. færir eldri borgurum þó einhverjar úrbætur og því munum við í Samfylkingunni a.m.k. ekki standa í vegi fyrir því að það fái afgreiðslu í þinginu. Við ítrekum þó að við teljum þetta ekki nægilegt og erum ekki sátt við meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli frekar en þeim málum sem hér hafa verið til meðferðar um kjör öryrkja fyrr á árinu. Þetta mál fer síðan til hv. heilbrn. og að venju, herra forseti, fá stór og mikil mál eins og þetta skjóta afgreiðslu. Þar munum við skoða málið ofan í kjölinn og væntanlega fá umsagnir um frv.

Hins vegar verð ég, herra forseti, að taka fram að það er óþolandi hversu mikið þarf að hraða prinsippmálum gegnum þingið. Við erum iðulega sett í þá aðstöðu að mál koma inn frá ríkisstjórninni á síðustu stundu og í raun er þinginu stillt upp við vegg. Málin eru meira og minna afgreidd í gegnum þingið með einhvers konar afbrigðum og það er ekki líðandi, herra forseti. Það hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstjórnar að hún geri ráð fyrir eðlilegum meðferðartíma á málum hér í þinginu.

Reyndar er það einnig mjög undarlegt að ekki skuli hafa gefist tími til þess af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að koma með þessa tillögu fyrr. Það er ekki eins og málið hafi átt að koma mjög mikið á óvart. Það er þó nokkuð síðan við ræddum um öryrkjamálið og menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því að líklegt væri að skoða þyrfti, það lá reyndar beint við í kjölfar umræðunnar, rétt annarra hópa. Þetta mál er rökrétt framhald og bein afleiðing af því máli, herra forseti.

Ég vil fyrir mína hönd lýsa yfir óánægju með þetta og ég mótmæli þessum vinnubrögðum, að þau skuli vera að koma fyrir aftur og aftur í þinginu. Þar með er ég ekki að lýsa því yfir að af okkar hálfu standi til að tefja þetta mál. Það felur þó í sér einhverjar úrbætur fyrir ellilífeyrisþega.

Ég vil líka nota tækifærið, herra forseti, og spyrja hæstv. ráðherra um hvenær standi til að nefndin um endurskoðun almannatryggingalaganna skili af sér. Við þessa umræðu sem og í umræðum um öryrkjamálið hefur mikið verið vísað til starfa þeirrar nefndar þegar málefni lífeyrisþega ber á góma. Menn hafa gert sér miklar vonir um að þar verði verulega bætt úr bágri stöðu þeirra og þeir hafa ástæðu til þess að halda að sú nefnd muni stuðla að verulegum kjarabótum fyrir lífeyrisþega. Í málflutningi eldri borgara í tengslum við þetta mál í fréttum fjölmiðla kom m.a. fram að þeir byndu miklar vonir við að umfjöllun um málið mundi skila lífeyrisþegum verulegum kjarabótum. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. hvenær von sé á því að sú nefnd skili af sér og hvort það liggi á þessu stigi fyrir hversu vel ríkisstjórnin ætli að taka á þeim málum. Við skulum hins vegar líka vera minnug þess að í tengslum við öryrkjaumræðuna reis hér upp hver hv. þm. á fætur öðrum og lýsti yfir áhyggjum sínum af bágri stöðu lífeyrisþega, þá sértsaklega öryrkja. Þeir sögðu að úr því þyrfti að bæta og vísuðu til þessarar ágætu nefndar sem nú situr að störfum.

Herra forseti. Það er kominn tími til að skerðingunni sem ríkisstjórnin hefur látið dynja á þessum hópi verði skilað aftur. Þetta mál er einungis lítill áfangi í þá veru. Meira þarf að koma til eigi að koma að fullu til móts við sanngjarnar kröfur þessa hóps um réttarbætur.

Í tengslum við öryrkjamálið var rifjað upp að kjör þessara hópa hafa rýrnað mjög miðað við aðra viðmiðunarhópa og þá sérstaklega ef við miðum við meðallaun verkamanna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var rakið í umræðunni um öryrkjamálið. Úrbætur kosta peninga, herra forseti, því þessir peningar hafa verið teknir af þessum hópi og við skulum ekki gleyma því.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hlakka til að sjá þær tillögur sem koma frá þeirri ágætu nefnd sem á að fjalla um endurskoðun almannatryggingalaganna. Ég óska jafnframt eftir því að hæstv. heilbrrh. svari hvenær þess sé að vænta að þessi nefnd skili niðurstöðu sinni.

[16:05]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Samfylkingarinnar eru við sama heygarðshornið, að reyna að skapa úlfúð með þjóðinni. Ég hefði einmitt haldið að sátt væri um málið sem hér er verið að kynna. Hér er kynnt frv. þar sem tekið er á málefnum aldraða og það var ekki síst Samfylkingin sem kallaði á að aldraðir fengju sömu meðferð og öryrkjar í byrjun ársins. Það vill svo til að það frv. sem hér er kynnt á hinu háa Alþingi byggist á samkomulagi við samtök sem gæta hagsmuna aldraða. (**Gripið fram í:** Hvaða?) Þetta er samkomulag sem var kynnt, m.a. á blaðamannafundi. Gott væri að heyra ef hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur einhverjar aðrar upplýsingar en ég eða les önnur blöð en ég.

Ég vildi sérstaklega benda á það sjónarmið sem kemur fram hjá hv. þm., að það eigi að reikna þennan rétt nokkur ár til baka. Það kom nefnilega fram, sem er mjög athyglisvert, í umræðunni um öryrkjamálið í þingnefnd, þ.e. þangað kom hálært fólk á sviði mannréttindamála því að málið var rekið sem mannréttindamál, og sögðu að það sem skipti mestu máli í því sambandi væri að horfa til framtíðar. Þeir sögðu mannréttindamál ekki þannig rekin að horft væri til fortíðar. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvort þetta hafi verið mannréttindamál en fyrst og fremst horft til réttarins til framtíðar. Ég held að í stað þess að skapa úlfúð varðandi þetta mál þá ættu hv. þm. Samfylkingarinnar að skoða málið í því samhengi.

[16:07]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki svo að Samfylkingin hafi komið af stað þeirri úlfúð sem ríkir um málefni lífeyrisþega í þessu samfélagi. Það er þvert á móti þannig að Samfylkingin og aðrir flokkar í stjórnarandstöðu lýstu yfir andstöðu við að farið yrði með málefni lífeyrisþega eins og gert var með lögunum frá 1998. Þannig eru það ekki við sem komum úlfúðinni af stað, herra forseti, heldur þvert á móti ríkisstjórnarflokkarnir.

Sátt svo langt sem það nær, herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að eldri borgarar vilji gjarnan að málið sem hér liggur fyrir fái afgreiðslu vegna þess að það felur í sér leiðréttingu á kjörum þeirra. Hins vegar er það ekki svo, herra forseti, að þar með séu þeir sáttir eða að komið hafi verið til móts við kröfur þeirra að fullu. Það er ekki sú skýring sem þeir gefa mér og ekki sú skýring sem ég hef séð af fréttalestri. Ég hef þó lesið og er með útskrift af fréttum í málinu. Ég undrast, herra forseti, ef Félagar eldri borgara telur sig geta samið á þennan hátt um málefni skjólstæðinga sinna. Að sjálfsögðu er sátt um málið svo langt sem það nær og stendur ekki til af hálfu eins eða neins að tefja málið þar sem það felur í sér einhverja kjarabót, herra forseti. Það felur þó ekki í sér að menn lýsi þar með yfir að þeir telji að fullu komið til móts við sjónarmið sín.

Ég geri ráð fyrir, herra forseti, að því miður eigi eftir að kveða upp úr með það fyrir dómi, hjá einstaklingum sem höfða munu mál til að fá fullan rétt sinn.

[16:09]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að tala um að skapa úlfúð varðandi þá framkvæmd þessa máls sem er einmitt nú til umræðu. Ég tel að niðurstaðan í þessu máli hafi verið afskaplega skynsamleg. Hún horfir til framtíðarréttinda aldraðra sem búa við tilteknar aðstæður. Við getum verið sammála því og við getum verið ósammála því. Við fjölluðum um þau mál í janúar.

Ég tel að þessi niðurstaða hafi fyrst og fremst verið skynsamleg vegna þess að aldrað fólk sér að það er réttast að berjast fyrir rétti þeirra sem verstu kjörin hafa. Við eigum fyrst og fremst að horfa til þeirra. Ég tel að hún hafi verið skynsamleg vegna þess að úrlausnin sem hér er boðið upp á bætir eingöngu kjör þeirra sem hafa það betra, fjölskyldna sem hafa það betra. Með þessu færist ekki aukið fé til fjölskyldna sem minnst hafa. Ég tel að aldraðir hafi tekið mjög skynsamlega afstöðu við að komast að þessari niðurstöðu, að horfa frá 1. janúar og fram í tímann og leggja síðan í framtíðinni áherslu á að bæta kjör þeirra sem erfiðast eiga.

[16:10]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast að hv. þm. Ásta Möller sé farin að tala fyrir munn eldri borgara í þessu máli líkt og þeir hafi komist að þessari niðurstöðu. Ég vil þá óska eftir upplýsingum um hvar sú skoðun hefur komið fram. Ég lýsi því

jafnframt yfir að það er munur á því hvort menn vilja að mál fái framgang eða hvort þeir telji að fyllilega hafi verið komið til móts við kröfur þeirra. Það er heldur ekki hægt að segja að þetta hafi verið þeirra tillaga í málinu. Ég hvergi séð slíkt hjá Félagi eldri borgara, herra forseti.

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að þegar einhver lýsir andstöðu við túlkun ríkisstjórnarinnar á málum eða dómum þá sé því haldið fram að þar með sé reynt að skapa úlfúð. Við höfum ekki skapað úlfúð um þetta mál þó að við séum ósammála ríkisstjórninni um það hvernig eigi að koma til móts við dóm Hæstaréttar, hvorki í þessu máli né því sem við ræddum um í janúar, um málefni öryrkja. Í því felst ekki vilji til þess að skapa frekari úlfúð í samfélaginu, þ.e. umfram þá úlfúð sem ríkisstjórnin hefur nú þegar skapað og verið fyllilega fær um það sjálf.

[16:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvisvar á ári eru svokallaðir samráðsfundir milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa eldri borgara. 1. mars sl. komu félagar eldri borgara á fund þessarar nefndar ríkisstjórnarinnar og fjölluðu um þessi mál. Þetta var þá forgangsmál hjá þeim. Við héldum þrjá fundi og komumst að þessari niðurstöðu. Þetta er ekkert endanlegt í málinu heldur eitt skref á langri leið. Ég tel mjög mikilvægt að hafa náð þessu samkomulagi.

Eins og fram hefur komið var haldinn sameiginlegur fréttamannafundur, einmitt vegna þess að menn höfðu náð samkomulagi. Það er hins vegar í verkalýðsbaráttu eins og í baráttu almennt að menn eru aldrei búnir. Það er alltaf eitthvað eftir.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir spurði áðan hvenær endanlegar tillögur kæmu frá nefnd Ólafs Davíðssonar sem er að vinna að þessum málum fyrir ríkisstjórnina. Það er áætlað að það verði um miðjan apríl. Ég á von á að það standist.

Í máli hv. þm. kom líka fram að það þyrfti alltaf flýtimeðferð í stórum málum. Ég held að í þessu máli geti menn ekki kvartað, þó að við ætlum ekki að taka okkur langan tíma í að afgreiða það, vegna þess að hér er um verulegar fjárgreiðslur til eldri borgara að ræða. Ég veit og heyri að menn eru sammála um það þó menn vilji auðvitað alltaf meira. Það er eðlilegt.

[16:13]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði einmitt að með þessu máli væri einum áfanga náð, þ.e. tekið skref í átt til þess sem eldri borgarar fóru fram á, m.a. þeirri ályktun sem ég vísaði til og las upp úr. Ég verð að segja að miðað við þann fréttaflutning sem ég hef séð af þessu máli þá virðist mér að menn hafi litið svo á að þarna væri tekið skref í rétta átt. Ég get t.d. vísað í útskrift frá Ríkisútvarpinu 7. mars þar sem segir, með leyfi forseta:

„Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði á fundinum í ráðherrabústaðnum nú fyrir hádegið að því færi fjarri að með þessu væru öll hagsmunamál Félags eldri borgara komin í höfn. Talsmenn eldri borgara tóku undir þetta og sögðu að með þessum breytingum yrði ákveðnum áfanga náð."

Eftir því sem ég hef fengið að frétta af þeirra sjónarhorni á þetta mál, þá telja þeir betra að fá þetta mál í gegn en ekkert. Við getum orðað það þannig. Ég er fyllilega sammála því enda hyggst ég ekki tefja málið í þinginu og vil gjarnan að það fái framgang.

Ég ítreka hins vegar enn og aftur að það er stöðugt vísað til endurskoðunar almannatryggingalaganna, í þá nefnd. Ég óska eftir að hæstv. heilbrrh. lýsi því yfir hvenær vænta megi skila þeirrar nefndar vegna þeirra gríðarlegu væntinga sem eru til þessarar nefndar. Ljóst er að gríðarlega fjármuni þarf að hafa úr að spila eigi nefndin að koma til móts við þær væntingar sem til hennar hafa verið gerðar.

[16:15]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum þá alltént sammála um að þetta sé skref í rétta átt og að eldri borgarar vildu flýta þessu máli og vildu ekki bíða þar til endurskoðunarnefndin lyki starfi sínu. Samkomulag varð milli nefndarmanna og ríkisstjórnarinnar og eldri borgara að flýta þessu máli. Það hefur verið gert og það liggur fyrir þinginu. Ég tel það fyrst og fremst mikilvægt til þess að þeir öryrkjar sem ná síðan ellilífeyrisaldri fái ekki lægri greiðslur sem ellilífeyrisþegar en örorkubótaþegar. Þess vegna tel ég enn þá mikilvægara að bíða ekki eftir nefndinni sem á að ljúka störfum um miðjan apríl, eins oft hefur komið fram, og ég held að allir hljóti að gera sér grein fyrir að það er um miðjan apríl.

[16:16]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í sjálfu sér sé ekki deilt um að þetta mál er að vissu leyti skref í rétta átt en með þeim fyrirvörum sem hér hefur verið lýst þar sem ég a.m.k. er þeirrar skoðunar og við þingmenn Samfylkingarinnar að ekki sé að fullu komið til móts við þær kröfur sem eðlilegt er að hafi vaknað í kjölfar dóms Hæstaréttar í desember.

Ég er þeirrar skoðunar og er þess fullviss að því miður, herra forseti, og það er ekki vegna þess að ég hafi einhvern sérstakan vilja til þess að skapa úlfúð í samfélaginu, sé ekki með öllu séð fyrir endann á þessu máli heldur eigi a.m.k. einhverjir eftir að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort þeir eigi frekari rétt á grundvelli þessa dóms. Það er skoðun mín. Svo má vel vera að annað komi í ljós.

[16:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ljóst er að hæstv. ráðherra og hv. stjórnarþingmenn eru tilbúnir að tala sig upp í mikinn hita út af þessu máli. Við erum að sönnu að tala um skref í rétta átt. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að fróðlegt verður að vita hvað kemur út úr starfi endurskoðunarnefndar um almannatryggingar sem okkur er nú sagt að eigi að ljúka störfum um miðjan apríl því að þar verður að sjálfsögðu beðið eftir kjarabótum sem heitið geta. Hér erum við að tala um framlag úr ríkissjóði um 140 millj. á ári sem kemur 1.100–1.200 einstaklingum til góða. Ekki ætla ég að gera lítið úr því og byrja á því að lýsa því yfir að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætlar ekki að standa í vegi fyrir því að mál þetta fái skjóta, þinglega meðferð þótt við séum að sjálfsögðu ekki sátt við málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og höfum alla fyrirvara á einstaka þáttum þessa frv.

Ég vildi gera örfáar athugasemdir um einstaka þætti sem eins konar veganesti inn í þingnefndarstarfið.

Ljóst er að þær breytingar sem hér er verið að gera á almannatryggingalögum og taka til ellilífeyrisþega eiga rætur í öryrkjadómnum frá 19. desember á síðasta ári og laganna

sem sett voru í kjölfar dómsins 24. janúar sl., enda segir eftirfarandi í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Frumvarp það sem hér er lagt fram kveður á um að ellilífeyrisþegum verði tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum voru tryggð með lögum nr. 3/2001, en eins og fram kom í greinargerð og fylgiskjölum með frumvarpi að þeim lögum var ekki litið svo á að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 125/2000 ætti beint við um ellilífeyrisþega. Þrátt fyrir það telur ríkisstjórnin að til framtíðar eigi sömu efnisrök við um réttindi ellilífeyrisþega og öryrkja að þessu leyti. Einnig hafa fulltrúar Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík lýst þeim sjónarmiðum sínum á fundum með samráðsnefnd félaganna og ríkisstjórnarinnar að þeir telji eðlilegt að sama efnisregla gildi um ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Að því er varðar liðinn tíma er lagt til að greitt verði í samræmi við reglur frumvarpsins frá 1. janúar sl."

Þetta var úr athugasemdum sem fylgja þessu lagafrv. og það ber náttúrlega að taka það fram að fulltrúar Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík, sem er hér vísað til, eru ekki sammála þeirri túlkun sem hér kemur fram, að dómurinn taki ekki til kjara lífeyrisþega á sama hátt og öryrkja. Að minnsta kosti hafa þessir aðilar haldið öðru sjónarmiði á lofti.

Fyrsta athugasemdin sem ég vildi gera við þetta frv. er sú að við töldum, eins og kom nokkrum sinnum fram í umræðu á þinginu, að túlkun ríkisstjórnarinnar á fyrrnefndum dómi hefði verið röng og fullkomlega óásættanleg og reyndar óskiljanleg vegna þess að jafnvel þótt menn læsu út úr dómnum að heimilt væri að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka, þá var óskiljanlegt að ríkisstjórnin væri ekki reiðubúin að láta öryrkja njóta vafans því að um það hljóta menn að vera sammála að þetta var vafamál og óskiljanlegt að ríkisstjórnin vildi ekki láta öryrkja njóta vafans. Nei, þess í stað skyldi reynt að kroppa af þeim 8 þús. kr. og það varð niðurstaðan. Þetta var að okkar dómi þvert á niðurstöður hæstaréttardóms og einnig pólitískt óskiljanlegt að ríkisstjórnin skyldi vera reiðubúin að leggja eins mikið á sig og hún gerði til að hafa af fólki þessar kjarabætur.

Ef ríkisstjórnin er á því máli að sama efnisregla eigi að gilda um ellilífeyrisþega og öryrkja er hægt að álykta áfram að eðlilegt sé að tekjutryggingin sé látin standa óskert. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi gagnrýna.

Hitt lýtur að afturvirkninni sem er nánast engin í þessu tilviki því að hún er aðeins til 1. janúar sl. Þetta frv. tekur til 1. janúar ársins 2001 en eins og menn rekur eflaust minni til var ákveðið að láta greiðslur til öryrkja ganga fjögur ár aftur í tímann en ekki sjö eins og eðlilegt hefði verið. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur þegar komið fram að mér hefði fundist eðlilegt að þessi afturvirkni hefði verið virt.

Þetta eru meginþættirnir í gagnrýni okkar við frv. og við höfum alla fyrirvara á afgreiðslu þess en eins og ég segi finnst okkur mikilvægt að það fái skjóta meðferð í þinginu og komi sem allra fyrst til afgreiðslu og meðhöndlunar í þingnefnd. Að lokum vil ég leggja áherslu á það atriði sem ég vék að í upphafi máls míns að það verður að sjálfsögðu fylgst grannt með því hvað ríkisstjórnin er reiðubúin að leggja mikið í endurskoðun á almannatryggingalögunum og tryggja lífeyrisþegum þannig raunverulegar kjarabætur. Þegar ég segi raunverulegar kjarabætur vil ég að sjálfsögðu þrátt fyrir gagnrýni mína ekki gera lítið úr því sem hér er að gerast. Þetta er skref í rétta átt og mikilvægur áfangi þótt við hefðum viljað meira að gert.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:25]

Umræður utan dagskrár.

Skuldsetning heimila og fyrirtækja.

[16:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Á 12 mánaða tímabili hefur skuldsetning heimila og fyrirtækja við innlánsstofnanir vaxið um 200 milljarða kr. en þar er ekki meðtalið auknar skuldir heimila við Íbúðalánasjóð. Þetta er gríðarlegur vöxtur á stuttum tíma. Það er áhyggjuefni og ég spyr hæstv. forsrh. um skoðun hans á því að stærsti hluti aukningar á skuldum heimilanna er vegna aukinna yfirdráttarlána sem bera allt að 23% vexti en yfirdráttarlán hafa fjórfaldast frá árinu 1995. Yfirdráttarlán nálgast nú 10% af heildarskuldum heimilanna, sem frá árinu 1995 hafa aukist um 70% að raungildi og eru 612 milljarðar kr., eða 2,2 millj. kr. á hvert mannsbarn.

Eignaaukning heimilanna er mun minni en hún var á sl. ári um 7% á sama tíma og skuldir jukust um 20%, eða um 100 milljarða á einu ári. Skuldir heimilanna eru nú 163% af ráðstöfunartekjum þeirra þannig að eyðsla er 63% umfram þær tekjur sem heimilin hafa til ráðstöfunar, en það samsvarar því að heimilin hafi eytt 17 mánaða ráðstöfunartekjum fram í tímann og hefur skuldsetning heimilanna ekki verið jafnmikil í a.m.k. tvo áratugi.

Umsóknir um greiðsluerfiðleikalán hjá Íbúðalánasjóði eru nú tvöfalt fleiri en í fyrra. Uppboðskröfum hefur fjölgað og stefnir í að 400 fjölskyldur tapi íbúðum sínum á árinu. Einnig hefur komið fram að árangurslausum fjárnámum hjá einstaklingum og fjölskyldum hefur fjölgað um 60% frá árinu 1998.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Eru þetta ekki hættumerki sem ber að taka alvarlega og má ekki ætla að vanskil heimila geti verið falin í mikilli aukningu yfirdráttarlána?

Skuldsetning fyrirtækja hefur líka aukist verulega, eða um 120% að raungildi frá árinu 1995, og samsvara skuldir þeirra nú nálægt eins árs landsframleiðslu. Engan þarf því að undra að heimilin og atvinnulífið hrópi á vaxtalækkun og spurning er hvort ríkisvaldið og Seðlabankinn ætli áfram að láta fyrirtækin og heimilin engjast í spennitreyju hávaxtastefnunnar því, herra forseti, hávaxtastefnan er að sliga fyrirtækin og heimilin og þanþol þeirra er búið og það er ábyrgðarhluti að halda uppi okurvöxtum við þær aðstæður.

Sú þróun á fjármálamarkaðnum sem við höfum verið að ganga í gegnum er satt að segja óþægilega lík þeirri fjármálakreppu sem varð fyrir u.þ.b. áratug annars staðar á Norðurlöndunum.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Telur hann að ástæða sé til að óttast að við séum að sigla inn í erfiða fjármála- eða gjaldeyriskreppu?

En hin hliðin á efnahags- og fjármálamarkaðnum er viðskiptahallinn sem hefur ekki verið meiri frá lýðveldisstofnun og síðan mikil lækkun á gengi hlutabréfa en úrvalsvísitalan á hlutabréfamarkaði hefur lækkað um 37% á einu ári. Skuldsetning heimila og fyrirtækja og gífurleg útlánaþensla sýnir að sífelldar vaxtahækkanir Seðlabankans á umliðnum

missirum hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Því er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvort gengið sem haldið hefur uppi nánast með handafli með háum vöxtum sé í raun fallið.

Þrátt fyrir hávaxtastefnuna hefur gengið þegar fallið um 10% á stuttum tíma og lítið virðist draga úr vexti útlána sem jukust um 28% á síðustu 12 mánuðum en helmingur útlánaaukningarinnar var fjármagnaður með erlendu lánsfé. Allt of stór þáttur í þessum útlánavexti er óráðsía í bankakerfinu sem birtist í miklu af endurlánuðu erlendu lánsfé í kapphlaupi bankanna um aukna markaðshlutdeild á lánamarkaði, m.a. vegna þess að ríkisvaldið hefur verið að kynda undir óraunhæfar væntingar með samruna bankastofnana. Þetta valdakapphlaup sem endurspeglar græðgi peningaaflanna við að ná sér í markaðsráðandi ítök í bankakerfinu hefur síðan kynnt undir hávaxtastefnuna og þensluna í þjóðfélaginu.

Síendurteknar vaxtahækkanir hafa aftur á móti bitnað með fullum þunga á heimilunum í landinu en fyrirtækin hafa lengst af getað varist vaxtahækkunum með því að taka erlent lán en vaxtamismunur miðað við önnur lönd hefur í marga mánuði verið 6,5%.

Dráttarvextir af peningakröfum voru 24% í janúar sl. og höfðu hækkað um 7,5% á tveimur árum. Á örskotstíma eru því dráttarvextirnir orðnir miklu hærri en höfuðstóll lána hjá heimilum sem eru í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Voru sífelldar yfirlýsingar fyrrv. viðskrh. og núverandi seðlabankastjóra um að vaxtalækkanir væru á næsta leiti bara markleysa eða hefur orðið stefnubreyting hjá ríkisstjórninni?

Efnahagsstefnan nærist orðið á miklum viðskiptahalla og háum vöxtum sem virðist vera ætlað að koma í veg fyrir á gengi krónunnar falli. Er það skoðun hæstv. ráðherra að það þýddi gengisfellingu ef vextir yrðu nú lækkaðir?

Ég spyr hæstv. forsrh.: Er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr skuldabyrði heimila og fyrirtæka og ef svo er, hvaða aðgerða?

[16:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Útlán lánastofnana hafa vaxið hratt undanfarin ár og skýrist sú framvinda af ýmsu. Á árinu 1996 hófst mikill uppgangur í íslensku efnahagslífi sem skilaði sér í mjög bættri afkomu fyrirtækja og miklum vexti ráðstöfunartekna alls almennings. Nægir í því sambandi að nefna að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um meira en fjórðung á seinni hluta síðasta áratugar. Um leið jókst bjartsýni um framhald hagstæðrar þróunar efnahagslífsins og stuðlaði hún m.a. að því að menn bjuggu við vaxandi áræði í fjárfestingu og í einkaneyslu. Hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu hækkaði t.d. til muna frá fyrri hluta 10. áratugarins til loka hans og einkaneysla jókst verulega ár frá ári frá 1995.

Einstaklingar hafa án efa kosið að auka neyslu sína hratt í kjölfar stöðnunarskeiðs sem stóð frá 1988 og fram undir miðjan síðasta áratug. Neyslan hefur vaxið hraðar en tekjur sem segir okkur að einstaklingarnir hafi kosið að verja hluta af framtíðartekjum sínum nú og tekið til þess lán.

Ekki fer á milli mála að aukið frelsi til athafna og miklar framfarir á fjármagnsmarkaði eiga þátt í þessari þróun. Almenningi og fyrirtækjum bjóðast nú mun fjölbreyttari kostir til sparnaðar og fjárfestinga en áður og á sama hátt bjóðast þeim mun fjölbreyttari kostir í hvers kyns lánafyrirgreiðslu við skilyrði virkrar samkeppni fjármálastofnana. Sú samkeppni er ekki aðeins á milli banka innbyrðis heldur einnig á milli ólíkra tegunda fjármálastofnana. Þetta þýðir m.a. að almenningur á nú mun betri tækifæri en áður til þess að nýta sér ólíka kosti í fjármögnun og annarri fyrirgreiðslu lánastofnana og að sníða hana að þörfum sínum hverju sinni. Af þessum sökum er ekki rétt að einblína á einhverjar einstakar eða ákveðnar tegundir fyrirgreiðslu og kjörin á þeim. Horfa þarf á myndina í heild. Fyrirtæki og einstaklingar hafa það í hendi sinni að haga lánamálum sínum á þann veg sem þeim þykir best henta aðstæðum sínum hverju sinni. Þá virðast Íslendingar afar vel vakandi fyrir nýjungum á fjármagnsmarkaði, líkt og á öðrum sviðum, og vakandi fyrir þeim möguleikum sem bjóðast.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að aukin ásókn í yfirdráttarlán bankanna getur stafað af ýmsu. Slík lántaka er í eðli sínu sveigjanleg og getur verið hagstæð ef fólk hefur í hyggju að greiða skuldir sínar innan skamms. Í nýlegi svari hæstv. viðskrh. við fyrirspurn málshefjanda um skuldir fyrirtækja og einstaklinga kom fram að hlaupareikningslán til einstaklinga hefðu aukist úr 38 milljörðum kr. í árslok 1999 í 60 milljarða kr. í lok síðasta árs eða um 58%. Nú hefur hins vegar komið í ljós að lánin í árslok 2000 voru 54 milljarðar kr. en ekki 60 og aukningin því 43%. Hér þarf einnig að hafa í huga að í þessum tölum eru innifalin lán til einstaklinga í atvinnurekstri. Aukning allra lána einstaklinga í bönkum og sparisjóðum á síðasta var því 29% en ekki 34% eins og áður var talið.

E.t.v. er það jafnan þannig að einhverjir kunni að hafa vanmetið greiðslugetu sína og ekki sést fyrir í lántökum sínum. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki, svo sem óvæntar tekjubreytingar eða vanhugsuð áform. Mikilvægt er líka í þessu sambandi að lánastofnanir vandi lánaákvarðanir sínar. En það er ekki að sjá að mikill misbrestur hafi þó orðið í þessum efnum því svo virðist sem vanskil í lánastofnunum hafi verið í sögulegu lágmarki. Vanskil í lánastofnunum hafi verið í sögulegu lágmarki að undanförnu og á það jafnt við um einstaklinga og fyrirtæki. Það er þýðingarmikið að menn átti sig á þessu, að vanskil hafi verið í sögulegu lágmarki að undanförnu, en önnur mynd var dregin upp hér rétt áðan.

Á síðustu mánuðum hefur mikið dregið úr bílainnflutningi. Miðað við nýskráningu bifreiða var samdráttur á síðasta ári um 10%. Nýjustu tölur benda til þess að áframhald verði á þessari þróun því að samdráttur í nýskráningu bifreiða í janúarmánuði sl. miðað við janúar 2000 var hvorki meira né minna en 30%. Innflutningur á neysluvörum á síðasta ári bendir einnig til þess að útgjaldaaukningin hafi verið stöðvuð, en þá stóð hún í stað að raungildi. Sé tekið mið af þeim samdrætti sem fyrstu tölur þessa árs leiða í ljós má ætla að innflutningur neysluvara í heild fari nú minnkandi. Það bendir til þess að fólk sé að draga úr útgjöldum sem hefur aftur bein áhrif á skuldasöfnun fólks og möguleika til að lækka skuldir haldi þessi þróun áfram.

Ofþenslan, sem einkenndi þjóðarbúskapinn á undanförnum árum, náði hámarki á árinu 2000. Þegar líða tók á árið sáust teikn um að farið væri að draga úr vexti innlendrar eftirspurnar. Verðbólgan náði hámarki í apríl en hjaðnaði töluvert eftir það. Nokkuð dró úr veltu í ýmsum greinum. Á íbúðamarkaði komu einnig merki um heldur minni umsvif. Óhjákvæmilegt er að aðlögun að breyttum aðstæðum taki einhvern tíma en hennar sér stað. Fólk veit vel hvað það er að gera og óþarfi að láta eins og fólk kunni ekki fótum sínum forráð eins og alltaf er talað. Tal um að verið sé að ota ótæpilega okurlánum að fólki sem lýsir sér í því að fólk geti

með einu símtali fengið yfirdráttarheimild á ávísanareikning sinn, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir segir, er mótsagnakennt og er e.t.v. til marks um breytta og betri tíma í þjónustu lánastofnana.

[16:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Erlendar skuldir íslensku þjóðarinnar hafa aldrei verið hærri, 762 milljarðar og stefnir í 800 milljarða, meira en nemur landsframleiðslu og hafa aldrei komist á þetta stig. Útlán í bankakerfinu aukast 25–30% á hverju ári. Ekki er óeðlilegt að við slíkar aðstæður spyrji menn hvort til sé innstæða fyrir þessum auknu skuldum. Ef við lítum niður í fréttir síðustu daga virðist svo ekki vera. Hér segir: „Árangurslaus fjárnám jukust um 60% milli áranna 1998 og 2000." Annars staðar segir í fréttum: „Alvarlegum vanskilum fjölgaði um rúm 30% hjá ungu fólki milli áranna 1998 og 2000. Alls voru tæplega 3.000 Íslendingar á aldrinum 18–35 ára í alvarlegum vanskilum í fyrra." Þannig mætti áfram tala.

Hæstv. forsrh. talaði af ótrúlegu óraunsæi, ég vona að það sé óraunsæi fremur en ábyrgðarleysi. Hann talar um áræði einstaklinga í fjárfestingum og í einkaneyslu. Gerir hæstv. forsrh. sér ekki grein fyrir því hve margt þessa fólks eru nauðugir lántakendur? Þeir eru til þess neyddir að taka lán sem eru á háum vöxtum. Ekki aðeins húsbréfalánin, sem eru upp undir 6% þegar afföllin eru reiknuð með, heldur einnig bankalán sem í sumum tilvikum liggja í 20% vöxtum. Þetta eru staðreyndir. Ríkisstjórn sem skellir skollaeyrum við þessum staðreyndum, rís ekki undir þeirri ábyrgð sem hún á að gera gagnvart íslenskri þjóð.

Mér finnst mjög mikilvægt að nú setjist menn niður og reyni að komast að niðurstöðum, reyni að finna leiðir til að komast út úr þessum vanda. Það verður gert með róttækum breytingum á húsnæðiskerfinu og ýmsum öðrum ráðstöfunum.

[16:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Víst eru skuldir heimilanna miklar og ástæða til að hafa áhyggjur af þeim en fram undir þetta hafa þær haldist í hendur við innstæður heimilanna í lífeyrissjóðum þannig að þar er um svipaðar upphæðir að ræða. Hjá Íbúðalánasjóði hefur hlutfall vanskila af heildarútlánum sjóðsins árin 1999 og 2000 verið það lægsta sem orðið hefur frá stofnun húsbréfakerfisins árið 1989. Hlutfall vanskila af heildarútlánum þann 1. janúar 2000 var 0,3% en var 1% á árunum 1994–1997. Menn hafa líka verið að tala um nauðungaruppboðin en fjöldi uppboða þar sem Íbúðalánasjóður og áður Húsnæðisstofnun varði kröfur sínar náði sögulegu lágmarki á árinu 1999, en þá voru þau 276. Nokkur fjölgun var á árinu 2000 en þá voru mætingar 317. En mestur fjöldi var árið 1995, eða 628.

Ef við lítum á umsóknir vegna greiðsluerfiðleika hjá Íbúðalánasjóði voru umsóknir um greiðsluerfiðleikalán eða umsóknir til frystingar lána vegna greiðsluerfiðleika 233 á árinu 2000 en voru 1.545 á árinu 1995. Fæstar umsóknirnar urðu árið 1999, eða 159. Íbúðalánasjóður hefur heimildir til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum, í fyrsta lagi að frysta í þrjú ár og/eða breyta vanskilum og vöxtum í lán til 15 ára. Það þarf að fjölga þessum úrræðum og ég vonast eftir því að koma með frv. þar að lútandi á næstu vikum.

[16:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. heldur því fram að vanskil hafi ekki aukist. Síðan kemur hæstv. félmrh. og staðfestir það í reynd að á þessu ári eru vanskil að aukast hjá Íbúðalánasjóði. Það hefur einnig komið fram í fréttum að fast að 400 fjölskyldur munu á þessu ári tapa íbúðum sínum á nauðungaruppboði ef að líkum lætur. Þetta er auðvitað ekki til marks um að engin vanskil séu í kerfinu.

Herra forseti. Ég held því þvert á móti fram að vanskilin séu að aukast, eins og kemur fram í þeim tölum sem hafa birst frá Íbúðalánasjóði.

Ég held einnig að það sem komi í veg fyrir að menn sjái rétta mynd af vanskilunum í dag séu einmitt þessi yfirdráttarlán. Fólk notfærir sér þessa nýjung á markaðnum til þess að fleyta sér yfir vanskilahjallana. Þetta er nýjung sem hefur bara komið fram á allra síðustu árum og þetta gerir það að verkum að vanskilin koma ekki fram með sama hætti, þ.e. ekki jafnfljótt og áður.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi að ákaflega bjart væri fram undan í efnahagslífinu. Guð láti gott á vita. Hann sagði að neysluaukningin hefði verið stöðvuð og í mál hans mátti ráða þannig að hann teldi að þenslan væri í rénun. Ef það er svo, herra forseti, þá tel ég að það séu loksins komnar aðstæður til þess að lækka vexti. Ef hæstv. forsrh. hefur trú á þessu, þá á hann auðvitað að grípa til þess að gera Seðlabankann sjálfstæðan, láta gengið fljóta, afnema vikmörkin og þá er hægt að lækka vexti án þess að það hafi veruleg áhrif á gengið. Það er að vísu háð því, herra forseti, að markaðurinn hafi sömu trú á efnahagsstefnunni og hæstv. forsrh. En af hverju lætur ekki hæstv. forsrh. á þetta reyna fyrst hann hefur þessa trú?

[16:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við búum við nýja stöðu á lánsfjármarkaði, mikið framboð á lánsfé, eftir hálfrar aldar skömmtun og lánsfjárskort þegar allir tóku lán sem gátu fengið lán. Þetta er mikil breyting og sumir hafa ekki kunnað á þessa stöðu og hafa reist sér hurðarás um öxl, en ekki allir, að sjálfsögðu ekki. Á móti aukinni skuldsetningu heimilanna koma líka eignir. Það má ekki gleyma því, herra forseti. Og þær eignir hafa hækkað mikið í verði undanfarið með fasteignaverðinu. Þannig að þetta er ekki eintómt svartnætti.

Vanskil hafa bara aukist hjá fólki undir 35 ára aldri. Eldra fólk virðist standa betur í skilum en áður. Það er yngra fólkið sem ekki virðist kunna á þessa stöðu og þar hafa vanskil aukist nokkuð samkvæmt nýlegri könnun fyrirtækisins Lánstrausts. Það er sérstaklega hjá fólki á aldrinum 20–35 ára sem vanskil eru að vaxa.

Herra forseti. Nú er vandinn að finna mjúka lendingu. Við höfum búið við mikla atvinnu og stórhækkuð laun og það er mikil bjartsýni og hefur verið og ekki að ósekju. Nú er vandinn að finna mjúka lendingu, þannig að hægt sé að greiða þessar miklu lántökur. Og það gerist með því að ríkisstjórnin þarf að vera tilbúin þegar og ef fyrstu merki um minnkandi þenslu koma fram, að lækka vexti og lækka skatta; tekjuskatta, eignarskatta og skatta á fyrirtæki, til þess að örva atvinnulífið strax og fyrstu merki um minnkandi þenslu koma fram. Þannig getum við hindrað harða lendingu og gert fyrirtækjum og einstaklingum kleift að standa við lánin sem þeir hafa tekið. En að sjálfsögðu tekur hver einstaklingur sitt lán á eigin ábyrgð.

[16:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru margar skuggahliðar á hinu margrómaða góðæri sem hæstv. forsrh. og stjórnarliðar keppast við að lýsa. Ein skuggahliðin er tvímælalaust stóraukin skuldasöfnun einstaklinga, fyrirtækja og reyndar má því miður bæta velflestum sveitarfélögum landsins við á þennan lista. Erlendar skuldir þjóðarbúsins slógu öll met í fyrra og nálgast nú 800 milljarða kr. Enginn vafi er á því að efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar eða stefnuleysi að sumu leyti er áhrifavaldur í þessu sambandi. Hér hafa skapast aðstæður sem eru útlánahvetjandi. Og það hefur reyndar svo sannarlega ekki staðið á bönkum og öðrum fjármálastofnunum að nýta sér þessar aðstæður og það hafa þeir gert ótæpilega.

Reynsla annarra þjóða, herra forseti, af sambærilegum aðstæðum, sambærilegum veisluhöldum, þar sem veisluföngin eru tekin að láni, er ekki góð og skiptir þá ekki máli hvort litið er til frænda okkar Færeyinga 1990 eða annarra Norðurlandaþjóða um svipað leyti.

Hávaxtastefnan er vissulega þungt ok á herðum skuldugra aðila. Og þeir sem eiga engan annan kost en að framfleyta sér með lánum neyðast til að greiða þessa vexti. Á hitt verður að líta að það fer ekki vel saman og er ekki auðvelt að gagnrýna í senn útlánaþenslu og skuldaaukningu, en heimta hins vegar lækkandi vexti.

Vandinn er ekki síst stóraukin misskipting, sem veldur því að ákveðinn hluti atvinnulífsins og einstaklinganna neyðist til þessarar lántöku. Vandinn er andvaraleysi í stjórn efnahagsmála sem hér hefur verið við lýði síðustu árin og að hluta til mistök sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert og auðvelt er að nefna dæmin um. Þarna verða menn að vinna sig, herra forseti, út úr vandanum af ábyrgð. Það mun taka tíma. Það eru engin einföld lausnarorð eða töfraorð til þegar kerfisbundin mistök í hagstjórn hafa verið gerð um langt skeið.

[16:52]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa kallað stjórnvöld til ábyrgðar varðandi viðskiptahalla og skuldasöfnun hér á þessum fundum í dag. En ég sakna þess í umræðunni að það er eins og við höfum ekki lent í neinum áföllum varðandi viðskiptakjör okkar. Síðasta ár var erfitt að þessu leyti. Hækkun varð á olíuverði, það hefur verið lækkun á útflutningsverði okkar mikilvægu afurða, uppsjávarfiska, og veiðar á rækju hafa brugðist. Þetta þarf að taka með í reikninginn þegar talað er um aðstöðu fyrirtækja og skuldasöfnun.

Það er vissulega rétt að vextir eru háir og þeir þurfa að lækka, en hins vegar er ljóst að á tíma þessarar ríkisstjórnar hefur verið full atvinna og meiri kaupmáttur en áður. Þess vegna er ósanngjarnt að segja að efnahagsstefnan hafi brugðist. Það er gott mál og nauðsynlegt að kalla stjórnvöld til ábyrgðar og veita þeim aðhald, ég er ekki að hafa á móti því, en hins vegar finnst mér oft vanta að kastljósinu sé beint að einstaklingunum í þessu sambandi og þeir hvattir til að spara og örva þjóðhagslegan sparnað, í staðinn fyrir að verja fjármunum sínum í eyðslu. Ljóst er að það er oft ekkert samhengi á milli tekna og skulda einstaklinga. Það vita þeir sem hafa unnið að þessum málum. Og það er þörf á, jafnframt því sem stjórnvöld eru kölluð til ábyrgðar fyrir skuldasöfnun og erlendar skuldir, ég er ekki að hafa á móti því að þeir taki sinn hluta ábyrgðarinnar, að líta til einstaklingsins en það er oft talað eins og einstaklingurinn sé alveg frjáls og ábyrgð hans sé engin á málinu.

[16:54]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ljóst að háir vextir eru afleiðing af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ekki er hægt að horfa fram hjá því hvernig haldið hefur verið á ríkisfjármálum þessarar þjóðar og tengja það við hið háa vaxtastig.

Fjárlögin hafa að sjálfsögðu verið skilin eftir með afgangi nokkur undanfarin ár, en ljóst er að markaðurinn hefur ekki verið í takt við þann afgang. En það er rétt sem hv. þm. Jón Kristjánsson segir að einstaklingar hafa ekki sparað á þann sama hátt og gert hefur verið með fjárlögum undanfarinna ára. Það segir eitt — markaðurinn hefur ekki treyst því sem gert hefur verið með fjárlögunum, því miður.

Viðskiptahalli þjóðarinnar er að sjálfsögðu orðinn allt of mikill. Hann er að nálgast um 10% af landsframleiðslu og slíka hæð höfum við ekki séð um langa hríð. Við höfum engin lönd til að miða okkur við í slíkum stærðum og viðskiptahallinn hefur verið svo hár um allt of langt skeið.

Það er því eðlilegt, herra forseti, að hæstv. forsrh. sé spurður að því hvort ríkisstjórnin hafi sett sér einhver markmið um að hafa viðskiptahallann innan ákveðinna marka á einum ákveðnum tíma.

Herra forseti. Einnig er eðlilegt að velta fyrir sér hvernig á því stendur að hæstv. forsrh. virðist engar áhyggjur hafa af auknum vanskilum hjá yngra fólki landsins. Það er eðlilegt að rifja upp að komið hefur fram í könnun að alvarleg vanskil, þ.e. nauðungarsala eða að mál hafi komið fyrir dómsóla, hafa aukist mjög hjá ungu fólki. Þannig jukust vanskil hjá tvítugu fólki um 270% milli áranna 1998 og 2000. Um 140% hjá 21 árs ungmennum. Og um 95% hjá 24 ára fólki.

Herra forseti. Hví hefur hæstv. forsrh. engar áhyggjur af slíkum vanskilum?

Í þessu samhengi er eðlilegt, herra forseti, að vekja athygli á því að þeir vextir sem fólk þarf að greiða sem lent hefur í vanskilum hafa frá janúar 1999 til þessa dags hækkað um nær 45%, eða úr 16,5% í 24%. Það er ljóst, herra forseti, að hér er um alvarlegan vanda að ræða.

[16:57]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan með málshefjanda í broddi fylkingar hefur í nokkurn tíma verið að mála skrattann á vegginn varðandi skuldasöfnun fyrirtækja og heimila í landinu og gjarnan leitað að sökudólgi. Við verðum að átta okkur á því að við lifum í landi þar sem frelsi ríkir í viðskiptum.

Ef fyrirtækin eru skoðuð fyrst verða menn að átta sig á því að aðgengi að fjármagni til fjárfestinga er allt annað en var hér á árum áður sem betur fer. Með tilkomu góðærisins stækkar efnahagskerfi landsins verulega og þar með fjölgaði fyrirtækjum og þau stækkuðu við sig, bæði húsnæði og tækjakost. Fjárfestingar munu skila arði í framtíðinni þótt það kosti skammtímaskuldsetningu nú um stundir. Áður fyrr þurftu fyrirtækin að taka fjármagn til fjárfestinga út úr rekstri sem olli fyrirtækjum erfiðleikum.

Góðærið hefur haft í för með sér mikla tekjuaukningu einstaklinga með auknum kaupmætti. Fólk hefur fjárfest í auknum mæli í húsnæði sem hefur haft í för með sér skuldaaukningu en eignaaukning hefur orðið að sama skapi og jafnvel meiri.

Það sem er alvarlegast er mikil einkaneysla okkar Íslendinga í hvaða lúxus sem er og lítill sparnaður þessarar þjóðar. Af því ber að hafa áhyggjur og hvetja fólk til sparnaðar og ráðdeildar. Ekkert efnahagskerfi getur staðið slíkt af sér til lengdar án áfalla. Sparnaður verður að aukast í þjóðfélaginu ef ekki á illa að fara.

Ríkisstjórnin hefur brugðist við þessum vanda með þeim eina hætti sem mögulegur er utan hafta og banna, en það var hækkun vaxta. Þegar dregur úr spennu í efnahagskerfinu eru vextir síðan lækkaðir og slíkt er orðið tímabært eins og hæstv. forsrh. hefur þegar boðað. Svartnættishjal sem stjórnarandstaðan hefur boðað hér í dag er ekki til bóta í þessu máli.

[16:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ekki síður ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri afneitun sem fram kemur í orðum forsrh. heldur en skuldasöfnun heimila og fyrirtækja. Hæstv. ráðherra svarar ekki einni einustu spurningu sem til hans er beint. Hann telur að enginn vandi sé og allt sé bara í himnalagi. 23% vexti og mikil yfirdráttarlán telur hann bara lýsa sér í betri þjónustu lánastofnana. Hann svarar engu um það þegar hann er spurður hvort rétt sé að genginu sé haldið uppi með háum vöxtum. Hann svarar engu um það þegar hann er spurður hvort vanskil hjá heimilum og fyrirtækjum gætu ekki verið falin í mikilli aukningu á yfirdráttarlánum og ég spyr um það aftur. Hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. halda því raunverulega fram að það sé greinilega þá rangt sem fram hefur komið um mikil vanskil hjá 6.000 einstaklingum og fyrirtækjum á síðasta ári, vegna mikillar aukningar á árangurslausu fjárnámi sem hefur aukist um 60%, tvöföldun á umsóknum um greiðsluerfiðleikalán og í það stefni að 400 íbúðir fari á uppboð á þessu ári. Hefur ráðherrann virkilega engar áhyggjur af þessu?

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann enga trú á sinni eigin efnahagsstefnu eða á því að þensla sé í rénun? Eða getur ráðherrann lýst því yfir að nú sé orðið tímabært að lækka hér háa vexti og þá að yfirlýsingar fyrrv. viðskrh. gangi eftir að vaxtalækkanir séu á næsta leiti?

Það er nefnilega svo að himinhár raunvaxtakostnaður fyrirtækja og einstaklinga getur valdið miklum samdrætti og greiðsluerfiðleikum og leitt til afskrifta útlána í bönkum með tilheyrandi keðjuverkun.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Óttast hann ekki þau hættumerki sem alls staðar blasa við og að við gætum verið að sigla inn í fjármálakreppu?

[17:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Nei, herra forseti, á því eru engar líkur, svo ég svari spurningunni strax sem spurt var um. Ég hefði haldið það að hv. málshefjandi og stjórnarandstaðan öll mundi fagna því að vanskil væru í sögulegu lágmarki í bankakerfinu og húsnæðiskerfinu. Þau eru miklu minni en þegar hv. þm. var ráðherra hér og málshefjandi hefði átt að fagna því alveg sérstaklega.

Mér fannst reyndar í þessari umræðu hv. stjórnarandstæðinga koma fram yfirgripsmikið þekkingarleysi á lögmálum efnahagslífsins yfirleitt, hvernig þeir tengdu alla þessa þætti saman, ef ég kannski undanskil helst hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Hann virtist þó átta sig nokkurn veginn á samhengi vaxta og útlánaeftirspurnar, samhengi gengis og verðbólgu. En aðrir virtust alls ekki gera sér nokkra minnstu grein fyrir því og ekki þekkja nokkuð til slíkra þátta, við höfum svo sem séð það hér áður.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti því eins og einhverjum hrikalegum atburðum að nú gætu menn fengið lán með einu símtali. Auðvitað hlýtur Samfylkingin að reyna að koma þessu í það far sem það var hérna í gamla daga þegar ég var að kaupa mér íbúð í fyrsta skipti og þurfti að standa í rigningunni fyrir utan Landsbankann með öðrum sem voru að biðja þar um lán. Þegar maður kom inn var kominn meira en 20 manna hópur þannig að maður varð að koma aftur (Gripið fram í.) og standa aftur í rigningunni og biðja um lán, og fá ekki svar strax heldur eftir hálfan mánuð og þá var búið að skera lánsbeiðnina niður um $^{2}/_{3}$. Það er alveg hræðilegt að menn geti fengið svar með einu símtali, alveg hræðilegt. Þessu hlýtur Samfylkingin að breyta og koma þessu aftur í gamla farið, þessi afturhaldsflokkur.

Annað dæmi sem hv. þm. nefndi í útvarpinu um það hve ástandið væri orðið hrikalegt var það að nú gætu 16 ára börn fengið debetkort. Hvað gerist ef 16 ára barn er með debetkort? Það getur tekið út úr bankanum eigin peninga. Ekkert lán. Bara eigin peninga. Þetta er alveg hræðilegt. Þetta hlýtur Samfylkingin að laga þegar hún kemst til valda.

Um fundarstjórn.

Orð forsætisráðherra í utandagskrárumræðu.

[17:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að það kemur aftur og aftur fyrir í utandagskrárumræðum að ráðherrar sem hafa síðasta orðið misnota aðstöðu sína með útúrsnúningum og röngum fullyrðingum við því sem hér er sagt. Þessu mótmæli ég og það hlýtur að verða að taka til athugunar hjá forsn. hvernig ráðherrar misnota vald sitt í ræðustól þegar utandagskrárumræður eru á ferðinni með svona orðum eins og komu fram hjá hæstv. forsrh., sem voru villandi. Þetta voru útúrsnúningar og þetta var rangt með farið sem fram kom hjá ráðherranum.

[17:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt líka að gera athugasemd við það hér sem gerist því miður allt of oft á hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherrar svara ekki þeim spurningum sem til þeirra er beint sem hv. þm. óska eftir svörum við og eiga rétt á að fá svör við að því er ég best hef skilið þingsköp, herra forseti. Ég fer þess vegna fram á það að hæstv. forseti kanni hvort ekki sé rétt að koma þeim skilaboðum til hæstv. ráðherra að þeir svari a.m.k. þeim spurningum sem til þeirra er beint hér í umræðunni í stað þess að nýta tíma sinn í ræðustóli til útúrsnúninga á borð við þau, ég vil segja nánast fúkyrði sem hér komu fram af hálfu hæstv. forsrh. í síðustu ræðu, herra forseti, í stað þess að nota tímann til að svara þeim spurningum sem til hæstv. ráðherra var beint. Hann hlýtur að hafa sömu skyldur og aðrir hæstv. ráðherrar að svara spurningum sem hv. þm. beina til hans. Eða hvað, herra forseti?

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. forsætisráðherra óskar að bera af sér sakir.

[17:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. nefni eitt fúkyrði sem hraut af vörum mínum hér áðan.

[17:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það má vel vera að það sé stórt upp í sig tekið að tala hér um fúkyrði en það nálgast það a.m.k. að mínu mati þegar menn svara ekki spurningum sem til þeirra er beint, (**Forsrh.:** Bara eitt fúkyrði.) menn svara ekki spurningum sem til þeirra er beint, herra forseti, en eru þess í stað með útúrsnúninga á þeim málflutningi sem hv. þm. hafa borið fram og koma sér hjá því að svara eðlilegum spurningum sem til þeirra er beint.

[17:06]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti verður að kveða upp úr um það að hann hlustaði mjög grannt á þessar umræður og heyrði engin fúkyrði falla, hvorki hjá hv. þm. né hæstv. ráðherrum. Þessi umræða fór fram með hefðbundnum hætti. Málshefjandi á næstsíðustu ræðu og viðkomandi ráðherra þá síðustu og forseti getur auðvitað ekki lagt ráðherrum orð í munn, þeir haga málflutningi sínum eins og þeim sýnist.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 843.

[17:06]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Með frv. þessu er verið að gera sambærilegar breytingar á lögum um almannatryggingar gagnvart öldruðum og gerðar voru gagnvart öryrkjum í janúar sl.

Þetta frv. tekur til milli 1.100 og 1.200 manns eins og kemur fram í greinargerðinni. Þetta eru þeir sem ekki hafa tekjur eða hafa litlar tekjur úr öðrum áttum og eru í hjónabandi. Í dómi Hæstaréttar í málefnum öryrkja frá því í desember sl. var ljóst að eingöngu var tekið á öryrkjum og mátti lesa úr dómnum að önnur sjónarmið gætu gilt varðandi aldraða og sagði m.a. orðrétt, með leyfi forseta, í dómi Hæstaréttar:

„Staða öryrkja getur þó verið að því leyti ólík stöðu ellilífeyrisþega að margir þeirra greiða ekki í sama mæli í lífeyrissjóð og geta því ekki öðlast sams konar réttindi úr lífeyrissjóðum."

Reyndar er nú svo að þessi staðhæfing Hæstaréttar er ekki alls kostar rétt því að öryrkjar, sem hafa á annað borð greitt í lífeyrissjóð og eru greiðendur þegar örorkan kemur til, hafa tiltölulega góðan rétt í lífeyriskerfinu því að öllu jöfnu, en samt með þeirri undantekningu sem eldra lífeyriskerfi opinberra starfsmanna er, fá öryrkjar örorkulífeyri sem er framreiknaður þannig að lífeyrir hans frá örorku til ellilífeyris er jafnhár og ef hann hefði greitt í lífeyrissjóð alla starfsævi sína þar til hann fer á eftirlaun. Þannig er örorkulífeyrir hans frá lífeyrissjóði jafnhár ellilífeyri eins og hann hefði verið starfandi fram á eftirlaunaaldur. Hins vegar er alveg ljóst í þessu sambandi að Hæstiréttur leit svo á að réttur öryrkja til sjálfstæðrar grunnframfærslu án tillits til tekna maka væri ekki með öllu yfirfæranlegur yfir á lífeyri aldraðra.

Hér var ég ekki sammála Hæstarétti eins og kom fram í máli mínu á sínum tíma og sama sjónarmið kom fram hjá fulltrúum aldraðra á sínum tíma. Ég sagði í ræðu minni í janúar að ég teldi nauðsynlegt að skoða stöðu aldraðra með hliðsjón af dómnum og nefndi þar m.a. það lýsandi dæmi þegar öryrki sem verið hefur á örorkubótum fer yfir á ellilífeyri og örorkulífeyrir fellur niður. Samkvæmt núgildandi lögum og eftir breytinguna sem gerð var á lögunum í janúar sl. gætu tekjur viðkomandi lækkað við það eitt að fara af örorkulífeyri á ellilífeyri þegar litið er til bóta almannatrygginga. En að sjálfsögðu breytist ekkert varðandi greiðslur viðkomandi úr lífeyrissjóðum fremur en áður þar sem réttindin í lífeyrissjóðnum eru skilgreind óháð öðrum tekjum. Ég tel því óeðlilegt að tekjur öryrkjans frá almannatryggingakerfinu minnki við að komast á eftirlaunaaldur og að maki öryrkja þurfi að taka á sig auknar framfærsluskyldur gagnvart öryrkjanum við það að hann hafi náð tilteknum aldri.

Því eru þær breytingar sem lagðar eru til í því frv. sem hér er til umfjöllunar rökréttar og nauðsynlegar og í raun óhjákvæmilegar þótt við getum e.t.v. sett spurningarmerki við að sá hópur sem er að fá auknar bætur er, eins og í öryrkjamálinu, sá sem er einna best settur þegar horft er til fjölskyldutekna.

Sá hópur sem er að fá núna aukinn rétt er að mestu konur, gæti þó verið karlar, sem hafa verið heimavinnandi mestan hluta ævi sinnar og ekki aflað sjálfstæðs réttar til lífeyris með vinnu utan heimilis. Þetta eru konur sem eru í hjónabandi. Þetta eru t.d. ekki ekkjur, ekkjur hafa þá makalífeyri. Þetta eru ekki konur sem eiga maka sem eru með lágar tekjur því þær hafa fullan rétt. Þetta eru þá konur þar sem maki hefur þokkalegar tekjur. Nú fá þessir einstaklingar, í flestum tilvikum konur, nýjan sjálfstæðan rétt til lífeyris óháð tekjum maka og er litið svo á að þær séu ekki í sama mæli á framfæri maka síns og þær hafa verið lengst af og sjálfsagt verið samkomulag um meðal hjóna.

Ég benti á það í umræðunni um öryrkjafrv. að það væri umhugsunarefni að við það eitt að ná tilteknum aldri líta stjórnvöld svo á að vakni sérstakur réttur einstaklingsins, konu eða karls, til lágmarksframfærslu og að makinn hafi ekki lengur sömu framfærsluskyldu við maka sinn og hefur verið samkomulag hjóna á milli um árabil.

Spyrja má hvaða breytingar verða á högum þessarar konu eða karls við að komast á eftirlaunaaldur sem gerir það að verkum að hún eða hann þarf á sérstakri lágmarksframfærslu að halda umfram það sem áður hefur verið.

Þetta eru þær hugleiðingar sem koma upp við þessa breytingu. En breytingin er hins vegar staðreynd og þó sjá megi á því sérstakar hliðar, sem eru athugunar verðar, þá er þetta í meginatriðum jákvæð breyting. Það er skoðun mín eins og ég sagði áðan að óhjákvæmilegt hafi verið að gera þessar breytingar eftir niðurstöðu Hæstaréttar og að lífeyrisþegi verði að hafa tiltekinn lágmarksframfærslueyri burt séð frá launum maka og þá var það í tilviki örorkulífeyrisþega. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að yfirfæra þennan rétt yfir á ellilífeyrisþega.

Ég fagna því að niðurstaða hafi fengist með samræðum milli fulltrúa aldraðra og stjórnvalda og það hafi verið komist að niðurstöðu í málinu. Sú niðurstaða var kynnt á blaðamannafundi og það var samkomulag milli þessara aðila

um að þessum málum yrði hagað á þennan máta núna en jafnframt var um það rætt að nú þegar væri verið að vinna að endurskoðun á ýmsum ákvæðum almannatryggingalaganna. Ég tel nauðsynlegt að hafa það í huga að við þá endurskoðun verði fyrst og fremst leitast við að bæta kjör þeirra sem búa við verstu kjörin og þá á ég bæði við öryrkja og aldraða. Allar rannsóknir hafa bent til þess að þeir hópar sem búa við verstu kjörin séu þeir sem þurfa að reiða sig nær alfarið á almannatryggingakerfið. Ég tel því mjög mikilvægt að ekki verði hvikað frá því markmiði því að við vitum að ekki er ótakmarkað fjármagn til skiptanna. Nú höfum við með ákvörðunum í janúar og svo aftur með því frv. sem lagt er fram núna verið að koma til móts við ákveðin sjónarmið um lágmarksframfærslu burt séð frá tekjum maka sem hefur þó orðið þess valdandi að ákveðnir hópar sem eru betur staddir hafa fengið aukið fjármagn milli handanna en ég tel óhjákvæmilegt að við tökum núna á kjörum þeirra sem verr standa.

Hins vegar hef ég haft ákveðnar áhyggjur af því að undanförnu að fólk hefur verið að skilja tilgang og markmið almannatryggingakerfisins með öðrum hætti en áður hefur tíðkast. Það er farið að skilgreina almannatryggingakerfið fyrst og fremst út frá réttindum en ekki út frá þörf og þörfin hefur oft verið skilgreind sem afstæð en ekki raunveruleg. Sem dæmi um þennan málflutning eru ellilífeyrisþegar sem telja réttindi á sér brotin þegar tekjutrygging er skert að hluta eða alfarið vegna eigin tekna úr lífeyrissjóði jafnvel þótt um verulegar tekjur úr lífeyrissjóði sé að ræða.

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Og þarna vil ég leggja áherslu á „öllum sem þess þurfa“. Út á það gengur almannatryggingakerfið, að koma til móts við þá sem þess þurfa. Út frá raunverulegri þörf, ekki út af afstæðri þörf.

Það er almennt viðurkennt, og ég hef fjallað um það áður hér í þessum ræðustól, að tilgangur með almannatryggingakerfinu og velferðarþjónustu er að draga úr fátækt, að veita þjóðfélagsþegnum viðunandi lífskjaratryggingu og jafna lífskjör. Almannatryggingakerfið er tryggingakerfi sem ætlað er að koma til skjalanna þegar einstaklingur getur ekki framfleytt sér sökum heilsubrests, örorku, elli eða ungs aldurs. Eitt af megineinkennum almannatryggingakerfa í heiminum er að þau líta á það sem hlutverk sitt að koma fyrst og fremst til móts við þá sem minna mega sín og að þeir sem betur komast af þurfi ekki á sama máta á stuðningi samfélagsins að halda. Þetta er grundvallarhugsunarháttur sem við megum ekki hverfa frá.

Auðvitað er hægt að hugsa sem svo að almannatryggingakerfið veiti tiltekinn rétt, burt séð frá öðrum tekjum, en ég er ekki viss um að við séum tilbúin til þess að fara þá leið. Við vitum að það kallar á mikla tilfærslu á fjármagni frá þeim ungu til þeirra eldri. Ég er ekki sannfærð um það að hinir eldri séu tilbúnir til þess að setja auknar álögur á börnin sín til að fá aukið fjármagn sem þeir hafa e.t.v. ekki þörf á vegna þess að þeir hafa lagt til hliðar í lífeyriskerfið eða með öðrum sparnaði.

Ég tel því mjög mikilvægt að við tryggjum að það takmarkaða fjármagn sem er til skiptanna nýtist þeim sem þurfa raunverulega á því að halda. Eftir því sem kröfur til aðstoðar samfélagsins og skilgreining á þörfinni er víðari, á því fleiri hendur skiptist fjárhæðin og minna kemur í hlut hvers og eins. Þeir sem minnst hafa fá minna í sinn hlut.

Ég tel þann tíma sem fram undan er vera mjög mikilvægan. Við þurfum að skoða gaumgæfilega hvert hlutverk almannatryggingakerfisins er og skapa umræðu um það milli kynslóða, milli þeirra ungu og þeirra eldri. Ég tel að niðurstaðan verði sú, því fólk er í eðli sínu skynsamt, að fólk líti á almannatryggingakerfið sem leið til þess að koma til móts við þá sem minna mega sín en hinir þurfi ekki á sama máta á stuðningi samfélagsins að halda.

En þetta frv. sem er fyrir framan okkur er góðra gjalda vert. Það var óhjákvæmilegt að það kæmi fram og ég held að við eigum einmitt að reyna að hraða því og koma því í gegn og ljúka þá þessum kafla í endurskoðun á almannatryggingakerfinu og takast á við næsta kafla.

[17:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem hér er til umræðu. Það felur í sér hækkun á ellilífeyri sem er sambærileg þeirri hækkun sem var ákveðin hjá öryrkjum í öryrkjamálinu svokallaða eftir að ríkisstjórnin hafði með sérstakri nefnd, sem hefur verið kölluð nefnd háyfirdómaranna, lagt blessun sína yfir hvað nægði öryrkjum sem lágmarkstekjur fyrir einstakling. Ekki var farið að hæstaréttardómnum í öryrkjamálinu eins og landsmönnum er í fersku minni og stjórnarflokkarnir tóku í engu efni ábendingum stjórnarandstöðunnar um rétt öryrkja. Jafnframt var tilkynnt að þessi breyting nú til ellilífeyrisþega sem byggð er á örlæti ríkisstjórnarinnar í garð öryrkja mundi kosta ríkissjóð um 140 millj. kr. árlega. Einungis er gert ráð fyrir kjarabótum til um 1.100 borgara sem talið er að breytingarnar nái til. Þar er um að ræða lítinn hluta þeirra ellilífeyrisþega sem búa við bágust kjör því að á árinu 1999 voru 5.855 ellilífeyrisþegar með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði.

Í þessu sambandi má minna á tillögur stjórnarandstöðunnar um lagfæringu á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega á sl. hausti við afgreiðslu fjárlaga sem allar voru kolfelldar af þingmönnum stjórnarinnar. Með þessu bregst ríkisstjórnin loks að einhverju leyti við kröfum forustumanna eldri borgara í landinu, en þó er langt í land að óskum eldri borgara um réttláta lágmarksafkomu að lokinni starfsævi sé fullnægt. Mikilvægast er að leiðrétta það sem á kjör aldraðra hefur hallað og að tryggja að grunnlífeyrir verði framvegis í takt við launaþróun á almennum vinnumarkaði. Miðað við verkamannalaun lækkaði hlutfall grunnlífeyris og tekjutryggingar um 8% á árunum 1991–1998 og hefur síðan lækkað um 10% til viðbótar. Bilið milli kjara aldraðra og almennra launa í landinu hefur þannig sífellt breikkað á undanförnum árum. Slík þróun í lífsafkomu aldraðra er ekki ásættanleg. Forustumenn eldri borgara krefjast þess vitanlega að misréttið verði leiðrétt. Til þess að svo megi verða þarf að hækka bæturnar verulega og tryggja að frítekjumark og skattlagning fylgi þróun á almennum launamarkaði.

Tilraunir forustumanna eldri borgara til að fá leiðréttingu á tvísköttun lífeyris hafa ekki borið árangur. Þar er enn verulega mismunað eftir sparnaðarformum þeim tekjulægstu í óhag. Sú kjarabót sem ríkisstjórnin býður eldri borgurum nú er enn ein smáskammtalækningin á erfiðum kjörum þeirra. Málið berst til hv. Alþingis sem samkomulagsmál milli

Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstaðan mun vissulega liðka fyrir því að frv. nái fram að ganga sem fyrst.

Því skal hins vegar haldið til haga í þessari umræðu að ellilífeyrisþegar eiga einnig rétt aftur í tímann líkt og öryrkjar vegna skerðinga sem þeir hafa orðið fyrir vegna tengingar tekna þeirra við tekjur maka.

Þrátt fyrir þetta smáskref vantar enn á lagfæringu þeirra sem lágar tekjur hafa sér til framfæris. Tillögur í þá veru hafa stjórnarliðar fellt við afgreiðslu fjárlaga, bæði í desember sl. og eins í desember 1999. Nú vænta margir elli- og örorkulífeyrisþegar þess að hagur þeirra batni verulega á þessu þingi vegna tillagna sem nefnd um endurskoðun á almannatryggingum mun skila af sér fyrir 15. apríl nk. Betur að svo fari og að þær væntingar gangi eftir, herra forseti.

[17:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum er rökrétt afleiðing af dómi Hæstaréttar. Ég gat þess í umræðum um málefni öryrkja þann 18. janúar sl. að það væri mjög eðlilegt að veita ellilífeyrisþegum ekki síðri rétt en öryrkjum vegna þess að staða þeirra er mjög svipuð.

Í dómi Hæstaréttar segir, með leyfi forseta: „Verður tæpast annað sagt en að réttur öryrkja til framfærslu fjölskyldu sinnar verði smár hafi hann aðeins tekjur, sem nema *grunnörorkulífeyri*." — Þ.e. 18.000 kr. Þetta er smátt, segir Hæstiréttur. Þetta á nákvæmlega við um ellilífeyrisþega líka, að réttur ellilífeyrisþega til framfærslu fjölskyldu sinnar er smár ef hann hefur eingöngu ellilífeyri. Þess vegna er mjög eðlilegt að það frv. sé flutt sem við ræðum og ég get ekki annað en fallist á það með sama hætti og ég féllst á frv. sem við ræddum í janúar.

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller benti réttilega á það að sú ályktun Hæstaréttar í forsendum dómsins að staða ellilífeyrisþega væri á margan hátt betri en örorkulífeyrisþega vegna þess að þeir hefðu greitt lengur í lífeyrissjóð væri ekki alls kostar rétt. Hún er meira að segja röng, yfirleitt. Það fólk sem greitt hefur í lífeyrissjóði og greiðir í lífeyrissjóði er betur sett ef það verður öryrkjar vegna framreikningsins, það fær yfirleitt lengri tíma en það fólk sem núna er komið á ellilífeyri, það hefur yfirleitt skemmri tíma samanlagt í lífeyrissjóði. Þess vegna eru ellilífeyrisþegar á margan hátt verr settir en örorkulífeyrisþegar, nema í þeim örfáu sjóðum sem ekki eru með framreikning og ber þá kannski hæst B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en hann er ekki með framreikning. Flestallir aðrir lífeyrissjóðir eru með framreikning og þá er staða öryrkja betri og þess vegna er enn meiri ástæða til þess að bæta stöðu ellilífeyrisþega að þessu leyti.

Herra forseti. Staða ellilífeyrisþega er afskaplega mismunandi. Margir þeirra eiga miklar eignir, sumir hafa mjög góðan lífeyri en aðrir eiga litlar eignir eða engar og hafa sumir hverjir ekki greitt í lífeyrissjóð, sumir hafa ekki getað það vegna þess hve þeir eru orðnir aldraðir, voru á vinnumarkaði áður en lífeyrissjóðirnir urðu almennir, en skylda til að greiða í lífeyrissjóð kom 1974. Það fólk sem fætt er fyrir 1915, fékk reyndar úrbót sinna mála með lögunum um umsjónarnefnd eftirlauna, en þær bætur eru mjög lágar. Síðan eru nokkrir ellilífeyrisþegar, t.d. hjá Lífeyrissjóði bænda, sem eru með mjög lágan lífeyri. Þess vegna er staða sumra ellilífeyrisþega oft og tíðum verri en staða örorkulífeyrisþega. En eins og ég gat um áðan er staða þeirra mjög mismunandi.

Herra forseti. Það er svo önnur saga, eins og ég gagnrýndi við umræðuna um málefni öryrkjanna, að við erum í rauninni að auka bætur til fólks sem er með tiltölulega góð kjör. Þetta er fólk sem býr með maka sem hefur háar tekjur, annars hefði það fengið óskerta tekjutryggingu. Reyndar er það ekki alveg með sama hætti og hjá öryrkjum, en engu að síður erum við að opna á það að fólk þar sem makinn hefur kannski unnið alla ævi, eins og var hér áður fyrr og konan var heimavinnandi, og makinn hefur oft og tíðum haft nokkuð góðar tekjur og góðan lífeyri, þá erum við auka greiðslur til makans sem hafði jafnvel verið tekjulaus alla ævi. Þetta er sjónarmið sem ég er ekki alveg sáttur við vegna þess að allt er þetta greitt með skattpeningum, með sköttum á fólk sem er jafnvel með miklu lægri heimilistekjur en það fólk sem er að fá bætur samkvæmt þessu frv. En þetta er afleiðingin af dómi Hæstaréttar og hvort sem menn eru sáttir við það eða ekki, *þá er þetta niðurstaðan*.

Þannig er að margt fólk sem er kannski með 200 þús. kr. heimilistekjur er að borga með sköttum sínum þær bætur sem við erum að greiða hér til fjölskyldna sem eru með töluvert hærri tekjur. Og það brýtur í rauninni það grundvallarsjónarmið í velferðarkerfinu að sá sem greiðir bætur eigi ekki að vera verr settur en sá sem þiggur þær.

Herra forseti. Ég styð þetta frv. sem beina afleiðingu af dómi Hæstaréttar sem við að sjálfsögðu hlítum. Ég vona að ekki komi til frekari afleiðinga af dómi Hæstaréttar, svo sem eins og á Lánasjóð íslenskra námsmanna og á enn frekari dæmi eins og ég nefndi í janúar, en það er hægt að sjá fyrir sér rökréttar afleiðingar af dómi Hæstaréttar mjög víða, ef hætta á að taka tillit að einhverju leyti til fjölskyluaðstæðna og ef fólk á að hafa reisn til að standa straum af kostnaði við rekstur fjölskyldu sinnar. En að öðru leyti, herra forseti, styð ég þetta frv.

[17:29]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Með þessu frv. sem hv. heilbr.- og trmrh. hefur nú mælt fyrir er lagt til að bætt verði inn í almannatryggingalögin sérreglu, sem ætlað er að taki til ellilífeyrisþega í hjúskap eða sambúð, og á að tryggja að þeir hafi sjálfir ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka eins og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir þessu ákvæði og þetta er nánar útlistað í frv. Í frv. er kveðið á um að ellilífeyrisþegum verði tryggður sami réttur og örorkulífeyrisþegum var tryggður með lögum nr. 3/2001, og með sömu efnisrökum, litið til framtíðar, og eiga við um rétt öryrkja að þessu leyti þrátt fyrir eins og við vitum að dómur Hæstaréttar í öryrkjamálinu tæki ekki til ellilífeyrisþega. Frv. gerir ráð fyrir að lögin taki gildi *1. apríl* nk. svo hægt sé að *undirbúa* gildistöku laganna og reglur 1. gr. frv. gildi um greiðslur allt frá 1. janúar sl.

Af athugasemdum með frv. er ljóst að full sátt er um frv. og full sátt er um þær efnisreglur sem frv. tekur til við fulltrúa Félags eldri borgara og Landssambands aldraðra sem saman skipa samráðsnefnd félaganna og ríkisstjórnarinnar. Ég leyfi mér að fagna framkomu þessa frv. og þeim réttindum sem ellilífeyrisþegum sem frv. tekur til eru veitt með því. Ég geri ráð fyrir að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. svo sem hæstv. ráðherra hefur lagt til og ég vænti þess að hv. heilbr.- og trn. taki það til afgreiðslu og afgreiði það án nokkurra tafa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 816.

[17:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Frv. felur annars vegar í sér sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og hins vegar stofnun hlutafélags um hið sameinaða fyrirtæki.

Í dag starfar Hitaveita Suðurnesja á grundvelli laga nr. 100 frá 31. des. 1974 en Rafveita Hafnarfjarðar starfar á grundvelli reglugerðar sem staðfest var 16. sept. 1939. Í lögum um Hitaveitu Suðurnesja er kveðið á um eignarhald og rekstrarform og því er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um fyrirtækið svo sameining og stofnun hlutafélags um reksturinn geti orðið að veruleika. Að beiðni Hitaveitu Suðurnesja samdi iðnrn. frv. það sem hér er mælt fyrir.

Hitaveita Suðurnesja og ýmis sveitarfélög á suðvesturhorni landsins hafa á undanförnum árum tekið upp samstarf á ýmsum sviðum orkumála. Þannig undirrituðu Hitaveita Suðurnesja, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Garðabær og Bessastaðahreppur samkomulag í október 1998 þar sem lýst er yfir áhuga á að kanna möguleika á samstarfi og samvinnu varðandi nýtingu jarðhita og aðra alhliða samvinnu á sviði orkumála. Í athugasemdum við frv. er nánar vikið að samkomulagi þessu.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja átti viðræður við Hafnarfjarðarbæ um sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Samþykktu sameigendur fyrirtækisins nýverið áætlun stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og Hafnarfjarðarbæjar um samruna fyrirtækjanna. Samrunaáætlunin gerir ráð fyrir að fyrirtækin verði sameinuð undir nafni Hitaveitu Suðurnesja og að Hafnarfjarðarbær eignist $^1/_6$ í sameinuðu fyrirtæki. Eignarhlutur núverandi eigenda Hitaveitu Suðurnesja breytist sem þessu nemur og verður hlutur ríkissjóðs $^1/_6$. Við útreikninga á eignarhlutföllum var miðað við verðmat Kaupþings á fyrirtækjunum auk ýmissa aðgerða og ráðstafana í tengslum við sameininguna.

Breytingar á rekstrarformi raforkufyrirtækja hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár og skoðanir skiptar um ágæti þess að ráðast í slíkar breytingar. Árið 1996 var skipuð sérstök viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Urðu eignaraðilar sammála um að fyrir 1. janúar 2004 skyldi endurskoða sameignarsamning um Landsvirkjun, m.a. hvort ástæða væri til að stofna hlutafélög um Landsvirkjun.

Á 122. löggjafarþingi lagði þáv. iðnrh. fram till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála sem tekin var til umræðu og var afgreidd úr hv. iðnn. en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Í tillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið.

Nýverið var skipuð viðræðunefnd sem hefur það hlutverk að ganga til viðræðna við fulltrúa eigenda Norðurorku um hugsanlega sameiningu Rariks og Norðurorku. Í störfum sínum skal nefndin miða við að stofnað verði hlutafélag um rekstur hins sameinaða fyrirtækis í samstarfsumhverfi nýrra raforkulaga.

Þá hef ég lagt fram í þinginu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Á næstunni hyggst ég leggja fram frv. til raforkulaga sem kveður á um breytt skipulag raforkumála. Í tengslum við breytingarnar sem það felur í sér er eðlilegt að skoðað verði hvort rétt sé að breyta rekstrarformi orkufyrirtækjanna. Í samrunaáætlun Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir að Hitaveita Suðurnesja verði gerð að hlutafélagi. Hlutafélagavæðing byggir á þeim fyrirvara að skattalegt jafnræði náist á við önnur orkusölufyrirtæki með hlutafélagsformi. Af þessum sökum er í frv. gert ráð fyrir að nýtt hlutafélag njóti sömu skattalegu stöðu og Hitaveita Suðurnesja nýtur nú. Þess ber hins vegar að geta að í tengslum við gerð frv. til raforkulaga, sem felur í sér breytingu á skipulagi raforkumála, hefur af hálfu fjmrh. verið skipuð nefnd sem skoða á skattalegt umhverfi orkufyrirtækja í tengslum við þessar skipulagsbreytingar.

Í frv. er að öðru leyti gert ráð fyrir að hlutafélagið taki við öllum eignum, réttindum, skyldum eða skuldum og skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja eftir sameininguna og að réttarstaða fyrirtækisins haldist óbreytt að öðru leyti en því sem rekja má til breytinga á rekstrarformi. Þannig er gert ráð fyrir að hlutafélagið yfirtaki einkarétt þann sem Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar hafa í dag. Loks er gert ráð fyrir að starfsmenn fyrirtækjanna eigi rétt á sambærilegum störfum hjá hinu nýja félagi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[17:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisstjórnin mæðist í mörgu og þar á meðal hefur hún verið að stofna hlutafélög út og suður. Spurning mín til hæstv. iðnrh. er hvort ekki hefði mátt sleppa því að hafa sérstakt frv. og sérstök lög um þetta ágæta hlutafélag sem á að stofna og láta það bara falla undir hlutafélagalög. Hefði ekki mátt einfalda lagasetninguna þannig?

Inni í þessu er að sjálfsögðu einkaleyfi samkvæmt 8. gr. sem hæstv. iðnrh. þyrfti þá að veita þessu hlutafélagi. Jafnframt þarf að huga að skattfrelsi hlutafélagsins því að eins og við gátum um í umræðu um Orkubú Vestfjarða eru orkufyrirtæki svo veikburða að þau geta ekki tekið þátt í velferðarkerfinu með sköttum. Þess vegna er spurningin hvort ekki megi veita orkufyrirtækjum almennt skattfrelsi, sé það meiningin — helst öllum fyrirtækjum í landinu til þess að atvinnulífið fari nú að blómstra. Spurning mín er því fyrst og fremst þessi: Hefði ekki mátt stofna um þetta hlutfélag og láta reglur hlutafélagalaga gilda um það í staðinn fyrir að blása út lagabókina með sérlögum um hvert einasta hlutafélag sem ríkið mæðist í að eiga?

[17:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort lagabókin blæs svo mjög út við þetta litla frv. Engu að síður skil ég hvað hv. þm. er að fara og vil ítreka það sem fram kom í framsöguræðu minni, að til að það sem hér er gerð tillaga um geti orðið að veruleika þarf að breyta lögum vegna þess að um Hitaveitu Suðurnesja gilda sérstök lög sem eru frá því í desember 1974. Af þeim sökum er farið í þetta mál með þeim hætti sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Um skattalegt umhverfi orkufyrirtækja vil ég ítreka það sem ég lét koma fram um daginn þegar hv. þm. kvaddi sér hljóðs í umræðu um Orkubú Vestfjarða. Hann hafði þá svipaðar athugasemdir. Á vegum hæstv. fjmrh. starfar nefnd að endurskoðun þessa lagaumhverfis með það í huga að einfalda það og samræma þannig að ekki komi til þess að

fyrirtækjum sem starfa á þessum vettvangi sé mismunað.

[17:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Á undanförnum dögum höfum við rætt um kísilgúrsjóðinn mikilfenglega, sem eru nánast engir peningar í, kannski 4–5 millj. Síðan höfum við rætt um Orkubú Vestfjarða og sérlög um skattlagningu þess og einkaleyfi. Nú erum við að ræða um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, sérlög um það og enn ein lög um skattfrelsi. Fyrirtækið á að njóta skattfrelsis eins og sveitarfélög. Það stendur hér í 14. gr., með leyfi forseta:

„Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja hf. skal undanþegin stimpilgjöldum."

Þannig er enn ein reglan búin til. Allt þetta þurfa lögfræðingar að læra, allt þetta þarf atvinnulífið að hafa í huga og allt þetta þarf að skoða í hvert einasta skipti. Þó höfum við sjálfstæða lagasetningu um hlutafélög.

Öll þessi flækja kostar peninga. Hún kostar óhemju við samningsgerð og kostar óhemju fyrir allt þjóðfélagið. Ég vil undirstrika, herra forseti, að við reynum að hafa lagasetninguna einfalda þannig að atvinnulífið þurfi ekki að kosta svo miklu til að skoða hvern einasta krók og kima í lagabókinni, út og suður um hvert einasta smáfyrirtæki sem ríkissjóður er hluthafi í eða hefur einhvern tíma verið hluthafi í.

[17:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Reyndar er hv. þm. að tala um skattamál sem hann ætti frekar að ræða við kollega sinn, hæstv. fjmrh. Ég hef margoft látið það koma fram að á vegum hæstv. fjmrh. starfar nefnd sem er einmitt að vinna að því að gera lagaumhverfið einfaldara og skilvirkara. Það held ég að hljóti að þjóna nákvæmlega þeim sjónarmiðum sem hv. þm. er að tala fyrir. Nú verður hann bara að hafa örlitla biðlund.

[17:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru nokkrir áratugir síðan ég átti aðild að því, í bæjarstjórn Keflavíkur, að stofna Hitaveitu Suðurnesja. Ég verð að segja að mér hefur alltaf fundist að þar hafi verið unnið einstakt happaverk og töluvert öðruvísi hafi horft við mannlífi á Suðurnesjum allan þennan tíma vegna Hitaveitu Suðurnesja sem hefur verið afskaplega farsælt fyrirtæki.

Hér liggur fyrir frv. sem gerir ráð fyrir því að Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar verði sameinaðar og stofnað hlutafélag um reksturinn. Ég hef ekkert við það að athuga. Mér finnst þetta frekar hagfelld ráðstöfun miðað við það hvernig dæmið lítur út í dag. Sveitarfélögin fá með þessu góðan pening fyrir hlut í þessu félagi og það er hið besta mál.

Ég bað hins vegar um orðið aðeins út af einu atriði. Fyrir liggur að ríkissjóður Íslands átti áður í Hitaveitu Suðurnesja um 20%. Eftir samrunann mun ríkissjóður eiga um 16,7% í hinu sameinaða fyrirtæki.

Ég hef kannski ekki verið sú tindilfættasta þegar sölu ríkisfyrirtækja eða eigna ríkisins hefur borið á góma en ég verð að segja það að ég sé hér ákveðið lag þar sem ríkissjóður Íslands á svo verðmæta eign í þessu fyrirtæki, að hann haldi kannski ekki öllu lengur í þessa eign sína heldur setji hana á markað frekar en ýmislegt annað sem rætt hefur verið um. Við höfum ágætt fordæmi úr Mývatnssveitinni, þegar lagt var fram frv. um að selja hlut ríkisins í kísilgúrverksmiðjunni á sínum tíma og ákveðið að ágóðinn af sölunni rynni til uppbyggingar atvinnulífs í Mývatnssveit. Mér finnst gráupplagt að eitthvað álíka verði ákveðið hér og nú. Ég vonast til að það verði tekið til nákvæmrar athugunar í nefndinni að ríkissjóður selji þessi bréf og ágóði af sölunni renni til að byggja upp Reykjanesbraut. Þannig mætti fjármagna það og maður sæi fyrir endann á þeirri framkvæmd.

Hæstv. forseti. Ég vonast til að tillagan sem ég flyt hér við 1. umr. málsins, vegna þess að ég á ekki aðild að hv. iðnn., komi til skoðunar í nefndinni. Ég vonast til að hægt verði að gera þær breytingar á frv. við umfjöllun nefndarinnar að slíkt verði mögulegt.

[17:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er á ferðinni afskaplega merkilegt og mikilvægt frv., frv. sem lýtur að lagabreytingum vegna samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh. Þetta er mál sem e.t.v. lætur ekki svo mikið yfir sér en er í rauninni stórmál, alla vega fyrir Reykjanesskagann allan eins og hann leggur sig.

Hér mætti hafa mörg orð um þau áhrif sem Hitaveita Suðurnesja hefur haft á samfélagið í landnámi Steinunnar gömlu, þ.e. á Suðurnesjum, frá því að lög um Hitaveitu Suðurnesja voru sett árið 1974. Eins og oft þegar um nýjungar er að ræða voru í upphafi kannski einhverjar úrtöluraddir, en menn sóttu fram með þetta fyrirtæki af mikilli bjartsýni og einurð til þess að efla orkubúskap á Suðurnesjum. Hér mætti hafa langar ræður um hvernig til hefur tekist en í sem stystu máli má segja að áhrif Hitaveitu Suðurnesja á samfélagið suður með sjó hafi verið alveg einstaklega jákvæð og heppileg. Ekki síst í ljósi þess að þar eins og annars staðar á landinu hafa orðið breytingar á atvinnuháttum með samdrætti í sjávarútvegi, hagræðingu og tæknivæðingu, þá má segja að að mörgu leyti hafi orkan og þeir möguleikar sem hún býður upp á fært íbúum svæðisins ný tækifæri sem að mörgu leyti hafa verð vel nýtt.

Þá er ekki síður mikilvægt að með þessu vel rekna fyrirtæki hefur skapast grundvöllur fyrir ódýrri orku, bæði til húshitunar og rafhitunar sem er líklega með því ódýrasta sem þekkist hér á landi, enda er það kunnara en frá þurfi að segja að hagkvæmustu virkjanir eru þær sem samnýta hitaveitu og rafmagnsframleiðslu og þannig háttar til hjá Hitaveitu Suðurnesja. Þetta hefur skapað öryggi í raforkumálum Suðurnesjamanna. Ekki er langt síðan truflanir urðu reglulega á raforkudreifingu þar en það heyrir orðið til undantekninga í dag auk þess, eins og ég nefndi áðan, sem verðið á raforkunni er með því ódýrasta sem þekkist hér á landi. Megintriðið er svo til viðbótar þau sóknarfæri sem orkan hefur skapað, bæði vonin og trúin á að nýta orkuna skynsamlega eins og gert hefur verið með tilliti til nýrra atvinnugreina.

Þá er ekki síður mikilvægt, herra forseti, að draga fram þá miklu tæknikunnáttu sem safnast hefur innan fyrirtækisins. Þar hafa menn verið að glíma við ýmis erfið úrlausnarefni á þeim tíma sem Hitaveita Suðurnesja hefur starfað, frá 1974, og nánast ávallt sigrast á þeim en um leið hefur safnast gífurlega mikill mannauður og tæknikunnátta.

Nú hyggst þetta fyrirtæki sækja fram á nýjum vettvangi með samvinnu við Rafveitu Hafnarfjarðar og hefur málið

átt sér töluvert langan aðdraganda og mikil vinna verið lögð í þessa sameiningu, bæði milli sveitarfélaganna á Suðurnesjum og eins á milli Rafveitu Hafnarfjarðar og Hitaveitu Suðurnesja. Svo sem vænta má við slíkan samruna eða samrunahugmyndir koma upp ýmis úrlausnarefni og til allrar hamingju hefur mönnum tekist að ná sáttum um það og er rétt að leggja áherslu á það að bæði suður með sjó og eins í Hafnarfirði er sátt um framvindu mála. Nú ætla menn að sækja fram á nýju svæði, til að geta nýtt þá orku sem er á Krýsuvíkursvæðinu, Tröllladyngjusvæðinu og við Brennisteinsfjöll. Með öðrum orðum ætlar Hitaveita Suðurnesja að sækja inn á annars vegar stærra vinnslusvæði og hins vegar stærri markað. Þar eru menn í rauninni að færa þá tæknikunnáttu sem safnast hefur upp hjá Hitaveitu Suðurnesja og í samstarfi við Rafveitu Hafnarfjarðar og í rauninni fleiri aðila því að að þessu verkefni má segja að komi líka fyrirtækið Jarðlind með aðild sveitarfélaganna sunnan Reykjavíkur og menn ætla sér þar með að fara inn á stærra vinnslusvæði og stærri markað.

Óhætt er að segja að Reykjanesskaginn eins og hann leggur sig er eitt samfellt orkubúnt og það skapar auðvitað ótrúlega möguleika með þessum samruna að geta nýtt slíka orku skynsamlega á Reykjanesskaganum. Þarna ætla menn að nýta verkkunnáttuna sem safnast hefur upp og tengja hana þá við nýjan markað og ný vinnslusvæði og liggur í augum uppi að það gefur sveitarfélögunum sunnan Reykjavíkur gífurleg sóknarfæri í sókn til suðurs.

Annar þáttur sem ég held að sé rétt að draga fram í þessari umræðu, herra forseti, er að á höfuðborgarsvæðinu er einn stór orkurisi, Orkuveita Reykjavíkur, afar vel rekið fyrirtæki sem hefur þjónað og þjónar suðvesturhorninu afskaplega vel. En ég sé fyrir mér að með samstarfi sveitarfélaganna sunnan Reykjavíkur í gegnum þetta samrunaferli skapist samkeppni á orkumarkaðnum fyrir íbúa og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Ég trúi því að slík samkeppni muni leiða til þess að íbúar og fyrirtæki muni njóta þess í lægra orkuverði.

Í rauninni vil ég á þessu stigi ekki segja mikið meira um málið en ég vil aðeins víkja að því sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði í ræðu sinni og taka undir þau sjónarmið að eftir þennan samruna, þegar ríkið á ekki nema rúm 16% í þessu verðmæta fyrirtæki, þá tel ég vera fullkomin rök fyrir því að ríkið nýti tækifærið og selji sinn hlut og noti þá þann hlut skynsamlega á þessu svæði. Hugmyndin um að leggja það til þess að tvöfalda Reykjanesbrautina finnst mér jafngóð og að byggja upp enn öflugra atvinnulíf á svæðinu og væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þess að ríkið selji þann litla eignarhluta sem það á eftir í Hitaveitu Suðurnesja verði frv. þetta að lögum.

Hér er, herra forseti, um ákaflega merkilegt og stórt mál að ræða fyrir sveitarfélögin sunnan Reykjavíkur. Um það virðist ríkja sátt meðal þeirra sem að málinu koma og ég vona því að það fái hraða og skjóta afgreiðslu í gegnum þingið.

[17:55]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja er enn ein birtingarmynd þess að ýmislegt er að gerast og ýmislegt í farvatninu á íslenskum raforkumarkaði. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan hefur hún nýlega mælt fyrir frv. um að Orkubúi Vestfjarða verði breytt í hlutafélag. Nú erum við með frv. um Hitaveitu Suðurnesja og við vitum að það eru ýmis mál í vinnslu sem við eigum eftir að sjá á næstunni sem staðfesta enn frekar þessar breytingar.

Það kemur fram strax í 4. gr. þessa frv. hver tilgangur Hitaveitu Suðurnesja hf. á að verða. Það er vinnsla og nýting jarðvarma og hvers konar annarra orkuauðlinda, dreifing og sala raforku, orkugjafa og annarra afurða félagsins o.s.frv. Þetta félag ætlar sér sem sagt að láta til sín taka á öllum sviðum orkubúskaparins.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og oft hefur komið fram í umræðu í vetur eða á þessu þingi um raforkumál munum við væntanlega staðfesta það, kannski tæpast á þessu þingi en a.m.k. á því næsta, að við ætlum okkur að hafa ákveðið fyrirkomulag á íslenskum raforkumarkaði, að við ætlum okkur að breyta honum þannig að hér verði til ákveðinn samkeppnismarkaður hvað varðar vinnslu, dreifingu og sölu orku. Það er auðvitað í takt við það sem þetta frv. er lagt fram.

Eins og fram hefur komið er eindrægni um frv. meðal allra þeirra aðila sem að þessu koma og svo sem ekkert um þetta að segja annað en gott eitt. Ljóst er að það fyrirtæki sem verður til þegar og ef frv. verður að lögum, ætlar sér að sækja fram rétt eins og okkur sýnist að Orkuveita Reykjavíkur ætli sér líka og rétt eins og okkur sýnist að Rarik ætli sér líka. Okkur sem horfum á þennan markað sýnist sem sé að þessi stóru fyrirtæki, og nú ætla ég að taka Landsvirkjun með inn í þessa upptalningu, séu öll að búa sig undir breytta tíma, undir samkeppni, undir annars konar umhverfi en það sem þau hafa verið í og ekki er óeðlilegt að menn þurfi eitthvað að hreyfa lagabókstaf til þess að svo megi verða. En vissulega eru það spennandi tímar sem fram undan eru í orkumálunum og menn þurfa sannarlega á öllu sínu að halda ef þeir ætla að verða tilbúnir með allt þegar þar að kemur miðað við þá samþykkt sem hratt þessu af stað og við miðum við að vinna eftir.

Herra forseti. Þá vil ég koma að því sem mér finnst vera meginmál og við ættum aðeins að ræða í tengslum við þetta, og þurfum að ræða betur í tengslum við raforkumálin. Það er það sem fram kemur í 10. gr. þar sem segir í fyrri málsgrein, með leyfi forseta:

„Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða."

Við breyttum á hinu háa Alþingi lögunum um Landsvirkjun fyrir nokkrum árum, ekki alveg að það yrði gert að hlutafélagi en sett voru inn ákvæði um arðsemi fyrirtækisins. Þá þegar vöknuðu spurningar um hvernig þetta mætti samrýmast sveitarstjórnarlögum. Sama gildir auðvitað þarna og það er rétt að setja upp þá spurningu. Og þá erum við líka komin að hinu skattalega umhverfi. Staðreyndin er nefnilega sú, herra forseti, að sveitarstjórnarlögin gera ekki ráð fyrir því að uppi sé arðsemiskrafa þegar um er að ræða fyrirtæki sveitarfélaganna. Vil ég vitna í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast."

Hér segir að tekjustofnarnir skuli vera til að mæta kostnaði, herra forseti. Það er nákvæmlega á þeim forsendum sem þessi fyrirtæki hafa ekki verið skattskyld. Hver ætlar að taka skatta af fyrirtæki sem eingöngu er rekið til þess að

sinna tiltekinni þjónustu og má ekki taka gjöld fyrir þá þjónustu umfram kostnaðinn af því að veita þjónustuna? Þessi fyrirtæki, orkufyrirtækin, hafa verið hugsuð sem þjónustufyrirtæki, hafa verið í eigu hins opinbera og fallið undir þetta ákvæði. Þó að þau hafi sjálfsforræði á gjaldskrá þá hefur það verið til að mæta kostnaði við þau verkefni sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að þegar við færum raforkugeirann, þessi fyrirtæki, inn í samkeppnisumhverfi og breytum fyrirtækjunum í hlutafélög eða setjum ákvæði um tiltekinn arð inn í lögin sem um þessi fyrirtæki fjalla, t.d. í lög um Landsvirkjun, þá erum við farin að rekast á hið skattalega umhverfi og þá umbun sem þessi fyrirtæki hafa fengið í skjóli þess að litið hefur verið á þau sem þjónustufyrirtæki. Fyrirtæki eins og það sem hér er verið að mæla fyrir lagafrumvarpi um eiga að gæta almennra arðsemissjónarmiða. Þetta er orðað betur í athugasemdum við frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í þingsályktunartillögunni" — það er verið að vísa í ályktun sem hæstv. ráðherra gat um áðan sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi — „var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið. Í athugasemdum við tillöguna sagði að stefnt yrði að því að breyta stjórnskipulagi fyrirtækjanna þannig að það samræmdist betur viðteknum venjum í efnahagslífinu, m.a. hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra. Jafnframt var lagt til að eigendur orkufyrirtækja mótuðu stefnu um arðsemi og meðferð arðs þannig að eigendur nytu viðunandi arðsemi af eign sinni."

Herra forseti. Þegar svona ákvæði eru komin inn þá hljóta auðvitað ákvæði um skattalegt umhverfi að taka mið af því. Fyrirtæki sem hafa, eins og eðlilegt má telja með atvinnufyrirtæki, ekki aðeins það hlutverk að veita þjónustu heldur líka að skila eigendum sínum arði, geta ekki verið undanþegin skatti. Um þau hlýtur að þurfa að gilda hið sama og um önnur fyrirtæki sem sambærileg krafa er gerð til, þ.e. um arðsemi.

Þetta fannst mér, herra forseti, að yrði að koma fram í umræðunni. Það verður með einhverjum hætti að fjalla um stöðu sveitarfélaganna og þjónustustofnana þeirra þegar svona er komið hjá orkufyrirtækjunum. Við vitum að víða um land eru orkufyrirtæki, hitaveitur, í eigu sveitarfélaga og þau mega ekki hafa arð af þeim samkvæmt 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Auðvitað hafa sveitarfélögin leitað leiða til þess að hafa einhvern arð af þessum fyrirtækjum sínum en strangt til tekið er ekki til þess ætlast samkvæmt lögum. Í ákveðnum tilvikum hafa, í tengslum við aðra þjónustu á vegum sveitarfélaga og þar vil ég t.d. nefna heilbrigðiseftirlit, sveitarfélögin fengið ákúrur fyrir gjaldskrá sem ekki taki beinlínis mið af kostnaði við þau verkefni sem fyrirtækin hafa með höndum.

Það er svo, herra forseti, að auðvitað eru til býsna vel reknar og afskrifaðar hitaveitur víða um landið sem eru að selja orku á afar hagstæðu verði til neytenda. Það er hatramlegt fyrir sum sveitarfélög sem eiga slík fyrirtæki að mega ekki hafa af þeim arð án þess að skipta um rekstrarform. Það er auðvitað alveg ljóst að einhver þeirra eru að breyta þessum hitaveitum sínum í hlutafélög. Kannski er það leið sem þau ættu öll að fara. Jafnframt er full ástæða til að ræða það og ástæðulaust að láta það fara þannig án þess að menn geri sér grein fyrir því hvað er að gerast. Það er ekki bara ríkið sem þarf að endurskoða lagaumhverfi orkufyrirtækja með tilliti til stöðu fyrirtækjanna, stjórnenda þeirra, framkvæmdastjóra og arðsemiskrafna, heldur þurfa sveitarfélögin að hafa ráðrúm til að gera slíkt hið sama.

Ég nefndi það að einhver sveitarfélög væru að huga að því að breyta hitaveitunum sínum eða orkufyrirtækjum í hlutafélög til að geta heimt af þeim eðlilegan arð en menn horfa líka til Landsvirkjunar sem ekki var breytt í hlutafélag en eigi að síður er gert ráð fyrir tiltekinni arðsemiskröfu í því fyrirtæki. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að menn skoði þetta í samhengi og noti tilefnið nú þegar orkuumhverfið og umhverfi orkufyrirtækjanna í landinu er að breytast í fyrirsjáanlegri framtíð.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka undir þá hugmynd eða tillögu sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir lagði inn í umræðuna, um að eðlilegt væri að skoða það hvort ríkissjóður Íslands ætti ekki að selja hlut sinn í þessu fyrirtæki. Það hefur komið fram og er auðvitað á flestra vitorði að fyrirtækin sem hér stendur til að rugli saman reytum, þ.e. fyrirtækið sem hér á úr að verða, eru firnasterk og ætla að sækja fram. Þetta fyrirtæki hefur alla þá þekkingu og alla þá burði sem þarf til að vinna að þeim verkefnum sem því eru ætluð. Þess vegna hlýtur að vakna spurningin um hvað ríkissjóður sé að gera í slíku fyrirtæki, hvort ástæða sé til þess fyrir ríkissjóð og einhver réttlæting að ríkissjóður sé með fjármuni í fyrirtækinu. Ekki getur það verið vegna þess að ekki fáist aðrir kaupendur að fénu. Ekki getur það verið vegna þess að þekkingu eða áræði vanti eða eitthvað slíkt, einhvern stuðning. Hér erum við fyrst og fremst að fjalla um leifar þess sem einu sinni var og ekki er búið að hreinsa út.

Mér finnst eðlilegt að verða við þeirri áskorun sem kom fram í máli hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur og ég heyrði að formaður hv. iðnn. tók undir, að skoðað yrði hvort ekki væri eðlilegt að ríkissjóður seldi þarna eign sína sem mér er sagt að gæti lagt sig á allt að 2 milljörðum kr. Jafnframt þætti mér eðlilegt, eins og hv. þm. nefndi, að hægt væri að fara í flýtiframkvæmdir á Reykjanesbraut sem hefur, eins og menn þekkja, verið kappsmál flestra þeirra sem borið hafa hag þessa svæðis fyrir brjósti.

Ég geri ráð fyrir að við eigum eftir að fara yfir þetta í hv. nefnd og er ekki loku fyrir það skotið að þegar málið kemur til 2. umr. komi með því einhverjar brtt. enda þótt algjör sátt ríki um frv. sem hér liggur fyrir.

[18:08]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég fagna frv. sem hér liggur fyrir um heimildir ríkisstjórnarinnar til að leggja hlutafélagi um Hitaveitu Suðurnesja, er hún sameinast Rafveitu Hafnarfjarðar, til það fé sem ríkissjóður á í hitaveitunni. Það skiptir afar miklu máli að þær fyrirætlanir sem þessi tvö fyrirtæki hafa orðið sammála um geti gengið eftir. Það skiptir raunar einnig máli fyrir fleiri sveitarfélög en þar um ræðir eins og fram kemur í grg. með frv. Eigendur Hitaveitu Suðurnesja og Hafnarfjarðarbær hafa fyrir alllöngu gert samkomulag við sveitarstjórnir í öðrum sveitarfélögum um aukið samstarf á þessu sviði. Þó að það hafi ekki komið fram í þessari greinargerð varð skömmu síðar úr, þ.e. fyrir árslok 1998, að Hitaveita Suðurnesja og sveitarfélög á Suðurlandi sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu um væntanlegt samstarf í framtíðinni á þessu sviði.

Ég tel, herra forseti, að undir liggi raunar miklu fleira en þetta. Það hefur þegar komið fram að málið tengist fyrirætlunum um nýskipan í raforkumálum þar sem komið verði á samkeppni. Ljóst er að smærri fyrirtæki í þeirri grein verða

beinlínis að taka sig saman til að mæta samkeppni við hina stóru. Einnig ber að hafa í huga, þó að menn hafi hér sagt að Hitaveita Suðurnesja sé sæmilega öflug, að stóri bróðir, Landsvirkjun, fer í dag með um það bil 90% af öllum raforkuviðskiptum í landinu — 90%, $^{9}/_{10}$ hluta. Næststærst er Orkuveita Reykjavíkur sem fer með nálægt $^{2}/_{3}$ af því sem afgangs er. Rafmagnsveitur ríkisins koma því næst og eru stærri en Hitaveita Suðurnesja. Við erum því að tala um afskaplega lítinn hlut af raforkuviðskiptunum. Ef við lítum yfir fyrirtæki í þessari grein þá sjáum við að þau eru flest afar smá. Þeim verður, eins og ég sagði áður, mikil nauðsyn að sameinast til að eiga í fyrirhugaðri samkeppni við hina stóru.

Ég tel, herra forseti, að miklu máli skipti að þessum fyrirtækjum verði greidd gatan við að taka upp samstarf sín á milli til að þau verði ekki litlir brauðbitar sem hreinlega verði étnir af risunum. Ég tel að það skipti miklu máli að sveitarfélögum og öðrum sem hingað til hafa sinnt þessari þjónustu við íbúana verði gert kleift að gæta þeirra verðmæta sem í starfseminni liggja þegar þjónustan breytist í hrein viðskipti á samkeppnisgrundvelli. Þar á sér stað hið sama og þegar hefur gerst í grannlöndum okkar sem á síðustu árum hafa skapað starfsemi af þessu tagi slíkt umhverfi.

Máli skiptir að hér komi fram að það er lögfræðileg nauðsyn að ríkissjóður fái heimild til þessa. Þess vegna eru lagafrv. sett fram í þessu formi og það er eðlilegt að meðan breytingarnar eiga sér stað fái þau fyrirtæki sem ganga fyrr en önnur í gegnum breytingar á forminu sambærilegan rétt varðandi skatta og aðrar skyldur og þau sem áfram verða hrein ríkiseign og verður ekki breytt í hlutafélag eða skipt um rekstrarform fyrr en síðar ef þeim verður breytt yfirleitt.

Varðandi arðsemissjónarmiðin í þessari starfsemi verður að viðurkennast — það hefur komið fram af hálfu ýmissa sveitarfélaga og ríkisvalds um málefni annarra fyrirtækja í þessari grein og öðrum — að menn telja arðsemi af því fjármagni sem lagt hefur verið í starfsemina vera raunverulegan langtímakostnað af fjárfestingunni. Menn telja þannig að hér sé ekki um að ræða beinan hagnað heldur endurgjald af raunverulegum tilkostnaði. Ég hygg að það sé yfirleitt sjónarmið þeirra sem leggja fé í eitthvað, hvort sem það er fé í starfsemi, í eignir eða hreinlega lánveitingar.

Að öðru leyti vil ég taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um hvernig þeim fjármunum verði varið sem koma í hlut ríkisins. Ég tel raunar ekki réttmætt að tala svo um að hlutur þess minnki. Það er alveg ljóst að verðmæti hlutar ríkisins mun vaxa við þessar ákvarðanir. Sameinað fyrirtæki verður verðmætara vegna þess að það er líklegra til að standa sig betur í samkeppninni. Það er ljóst að hlutur ríkisins er nú, þegar lagt er mat á verðmæti Hitaveitu Suðurnesja í þessari sameiningu, nálægt 2 milljörðum kr. Hluti þess verðmætis verður greiddur út um leið og sameinað fyrirtæki lækkar gjaldskrár rafmagns í Hafnarfirði á þessu ári í tveimur áföngum. Það kom nefnilega í ljós að gjaldskrá fyrir rafmagn til Hafnfirðinga var nærri 18% hærri en á Suðurnesjum, þ.e. orkan frá Landsvirkjun er dýrari.

Ég held að það skipti máli, herra forseti, að við metum það líka að Hitaveita Suðurnesja hefur ekki aðeins borið uppi þjónustu á Suðurnesjum heldur og verið mjög liðtækur þátttakandi í þróun nýjunga á sviði orkustarfsemi, sérstaklega á sviði virkjunar jarðhita á háhitasvæðum. Öllum sem til þekkja er ljóst að ef síðustu áfangar á því sviði hefðu verið gerðir í samkeppnisumhverfi þá hefði Orkuveita Reykjavíkur þurft að greiða Hitaveitu Suðurnesja fyrir þekkinguna sem notuð var við að virkja á Nesjavöllum. Þetta er ljóst. Sú þekking hefði þá verið verðmæti og hefði fallið undir einka- og eignarrétt. Meðan við viðhöfðum hinn fyrri hátt þá flæddi slík þekking á milli fyrirtækja og þótti sjálfsagt að enginn greiddi fyrir. Ég tel raunar að það hefði hugsanlega getað leitt til sóunar. Það er mitt mat á því hvernig farið er með mjög verðmæta þekkingu ef ekki er litið á hana sem verðmæti.

Í gegnum tíðina hefur Hitaveita Suðurnesja, eftir að hún varð rafveita að auki og eftir að hún hafði keypt eignir og viðskipti Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum, greitt *Rafmagnsveitum ríkisins töluvert fé, á síðasta ári nær 75* milljaðra kr. Sá samningur stóð til 30 ára og er hálfnaður í dag. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvað verði um slíkar skuldbindingar þegar öllu starfsumhverfi raforkufyrirtækja verður breytt í samkeppni og annað fyrirtæki býður í þau viðskipti. Það þarf ekki að svara þeirri spurningu í dag en hins vegar er ljóst að þegar að því kemur að hið háa Alþingi þarf að fjalla um þau viðfangsefni þá verður að taka á þessum skuldbindingum eins og mörgu öðru.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta. Ég fagna þessu frv. og óska þess eindregið að það megi ganga hratt í gegnum hið háa Alþingi.

[18:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sitthvað höfumst við að á hinu háa Alþingi. Ég óska Suðurnesjamönnum til hamingju með það mál sem hér er lagt fram og vona að það verði þeim til farsældar að stíga þau skref sem hér eru lögð til enda kemur skýrt fram hvaða stefnumótun hið nýja fyrirtæki setur sér og í raun og veru viðheldur af þeirri stefnumótun sem það hafði áður sett sér.

Þetta kemur upp í hugann vegna þess að aðeins örfáir dagar eru síðan við stóðum hér og ræddum málefni Orkubús Vestfjarða. Ég hefði svo gjarnan viljað sjá þær tilvitnanir sem eru í þessu frv., bæði í frumvarpsgreinunum og ég tala nú ekki um í greinargerðinni með frv. sem markmið hins nýja og stækkaða fyrirtækis á Suðurnesjum í orkugeiranum, að þeim hefði verið eitthvað svipað lýst í lögunum um Orkubú Vestfjarða en það er öðru nær, hæstv. iðn.- og viðskrh. Það er öðru nær.

Ég ætla aðeins að lesa úr því frv. sem við ræðum nú, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja og til þess að stytta mál mitt ætla ég að fara beint í það sem segir um 4. gr., en um hana segir í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt greininni er tilgangur Hitaveitu Suðurnesja hf. m.a. vinnsla og nýting jarðvarma og hvers konar annarra orkuauðlinda, dreifing og sala raforku, orkugjafa og annarra afurða félagsins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins. Hlutverk félagsins tekur því til alls orkuiðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað.

Gert er ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum."

Hver skyldu þau markmið vera sem þetta ágæta félag og fyrirtæki hefur sett sér í gegnum tíðina? Markmiðum

Hitaveitu Suðurnesja og samrunaferlinu sem það tók upp við Hitaveitu Hafnarfjarðar var svo lýst í samkomulagi frá 15. okt. 1998, þar sem lýst er yfir áhuga á að kanna möguleika á samstarfi og samvinnu o.s.frv. þessara fyrirtækja og þar kemur markmiðslýsingin. Hún er svona:

„Markmið sveitarfélaganna:

að ná fram lægra raforkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum,

að nýta jarðhitaauðlindir innan sveitarfélaganna og eftir atvikum víðar á landinu,

að öðlast aukna hlutdeild í eigin orkumálum,

að gerast eignaraðilar að öflugu orkufyrirtæki með víðtæka reynslu í vinnslu, sölu og dreifingu á jarðhita og raforku,

að athuga möguleika á því að sveitarfélögin gerist þátttakendur í rekstri orkuveitu, m.a. til að stuðla að lækkun orkuverðs og að koma í veg fyrir að íbúar og fyrirtæki í sveitarfélögunum séu með beinum hætti skattlögð til að standa undir rekstri annarra sveitarfélaga,

að vinna að iðnþróun og uppbyggingu atvinnulífs með því að laða að iðnað sem nýtir auðlindir jarðhitasvæðanna, og

að tryggja, m.a. með stofnun orkugarða, aukna nýtingu áðurgreindra auðlinda og stuðla þannig að aukinni atvinnustarfsemi og auknum tekjum sveitarfélaganna."

Þetta var árið 1998 þegar þeir sömdu um þetta samrunaferli.

Í nóvember sl. var þessi stefnumörkun endurtekin og um það segir í greinargerðinni:

„Í nóvember síðastliðnum náðist samkomulag milli stjórnar hitaveitunnar og Hafnarfjarðarbæjar um sameiningu. Efni samkomulagsins kemur fram í samrunaáætlun fyrir Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, hluthafasamkomulagi, drögum að stofnsamningi fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. og drögum að samþykktum fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. Fulltrúar allra eigenda hafa samþykkt þessi skjöl fyrir sitt leyti.

Helstu efnisatriði samkomulags um sameiningu eru eftirfarandi:

Aðilar eru sammála um að sameina fyrirtækin undir nafni Hitaveitu Suðurnesja.

Heimilisfang félagsins skal vera í Reykjanesbæ, en starfsstöð skal einnig vera í Hafnarfirði.

Byggð verður ný og endurbætt starfsstöð í stað núverandi starfsstöðvar í Hafnarfirði.

Við samrunann fær Hafnarfjarðarbær sem eigandi Rafveitu Hafnarfjarðar eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja og breytist eignarhlutur núverandi eigenda Hitaveitu Suðurnesja sem þessu nemur.

Stefnt er að því jafnframt samruna fyrirtækjanna að gera Hitaveitu Suðurnesja að hlutafélagi. Nafn hins nýja hlutafélags verður Hitaveita Suðurnesja hf. Breyting á rekstrarformi er með fyrirvara um að félagið njóti skattalegs jafnræðis á við önnur orkusölufyrirtæki.

Gjaldskrá vegna raforkusölu verður samræmd með lækkun á gjaldskrá fyrir rafmagn í Hafnarfirði í tveimur áföngum, 1. mars 2001 og 1. október 2001.

Sveitarfélög, sem verða hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja, skulu greiða fyrirtækinu fyrir gatnalýsingu hvert á sínu svæði. Þetta fyrirkomulag verður tekið upp í áföngum.

Núverandi eigendur Hitaveitu Suðurnesja skulu í tengslum við samruna fá greiddar 900 milljónir kr. frá fyrirtækinu. Fjárhæðin skal greidd með þremur jöfnum greiðslum.

Stefnt er að því að arðgreiðslur Hitaveitu Suðurnesja hf. til hluthafa verði að jafnaði ekki lægri en sem nemur þriðjungi af rekstrarhagnaði næstliðins árs.

Í stjórn félagsins eiga sæti 11 menn og jafnmargir til vara."

Já, sitthvað höfumst við að á hinu háa Alþingi ef við berum þá stefnumótun og þá framsækni sem birtist í þessu frv. saman við það frv. sem við ræddum fyrir örfáum dögum um Orkubú Vestfjarða því það má segja kannski að uppistaðan í greinargerðinni þar að öðru leyti en að breyta félaginu í hlutafélag hafi verið þessi efnisþáttur sem ég ætla nú að leyfa mér að vitna í.

„Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom fram sú hugmynd að ríkissjóður keypti hlut þeirra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða sem það vildu til að gera þeim kleift að grynnka á skuldum sínum."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Í ljósi framangreinds var það niðurstaða eigenda að æskilegt væri að breyta rekstrarformi fyrirtækisins, enda yrði tryggt að það nyti óbreyttrar stöðu þar til breytingar yrðu gerðar á skipulagi raforkumála. Töldu sameigendur að slík breyting á rekstrarformi fyrirtækisins samræmdist betur þeim breytingum sem verða á næstunni og gerði sveitarfélögum á Vestfjörðum betur kleift að selja hluti sína í orkubúinu."

Ekki er mikið samræmi, virðulegi forseti, í þeim tveimur frumvörpum sem ég hef hér vikið að, öðru sem var afgreitt eftir 1. umr. um Orkubú Vestfjarða þar sem allur tilgangur lagapakkans er sá að breyta því í hlutafélag til að sveitarfélögin geti selt eignarhlut sinn í Orkubúi Vestfjarða upp í skuldir til að greiða í félagslega húsnæðiskerfinu. Á sama tíma erum við sem betur fer að ræða um orkufyrirtæki annars staðar á landinu, á Suðurnesjum, og ég endurtek hamingjuóskir mínar til Suðurnesjamanna og Hafnfirðinga um þá framsækni þeirra að fá fram í þeirri stefnumótun sem þar er horft á til framtíðar. En hvernig fer blessaður hæstv. ráðherrann? Hvar er sú stefnumótun fyrir raforkumál í landinu? Er hún alveg sitt á hvað eftir því hvort sveitarfélög eru orðin skuldsett í húsnæðiskerfinu? Eða hvernig eiga orkulögin að líta út sem ráðherrann boðar? Hvernig eiga þau að taka á því mismunandi hlutverki sem er lýst í þeim tveimur frumvörpum sem við nú ræðum?

Við höfum reyndar einnig rætt annað frv., um Kísiliðjuna á Mývatni. Verið var að selja það fyrirtæki. Þar var verið að selja hlut ríkisins en ekki öfugt, að ríkissjóður kaupi hlut sveitarfélaga. Þeir fjármunir sem þar áttu að koma inn áttu að notast til atvinnuuppbyggingar á svæðinu og er það vel.

Einnig kom fram tillaga í þessum ræðustól fyrr í umræðunni um það að ef ríkissjóður tæki sig til og seldi hlut sinn í því fyrirtæki sem er nú verið að tala um, Hitaveitu Suðurnesja hf., þá væri sjálfsagt að nýta það til uppbyggingar á Suðurnesjum. Ég get fyllilega tekið undir það. En ég á afar bágt með að sætta mig við þá málsmeðferð og þær fyrirhuguðu breytingar sem verið er að gera á Vestfjörðum sem eru í algjörri andstöðu við það sem verið er að gera annars staðar á landinu og fara algjörlega í bága við það sem aðilar annars staðar á landinu líta til um hvaða framtíð væri hægt að koma til uppbyggingar varðandi atvinnusköpun í ákveðnum landshlutum. Það frv. sem við núna ræðum um Hitaveitu Suðurnesja hf. er vissulega framsækið í þá veru að ætla því

fyrirtæki að verða virkur þátttakandi í sköpun atvinnulífs á Suðurnesjum og til eflingar því svæði. En á Vestfjörðum er okkur gert að stofna hlutafélag og megintilgangur þess, eins og ég las upp úr greinargerð með því frv. er sá að gera sveitarfélögunum kleift að selja hluti orkubúsins upp í skuldir svo það megi greiða upp skuldir í félagslega húsnæðiskerfinu sem er vandamál út af fyrir sig á Vestfjörðum vegna fólksfækkunar. En hvers vegna skyldi fólksfækkunin vera? Það skyldi þó ekki vera að það væri önnur stefnumörkun þessara stjórnvalda og hæstv. ríkisstjórnar sem hafa orðið þess valdandi að stórum hluta að það ástand er uppi á Vestfjörðum sem ég hef gert að umtalsefni?

Það er ákaflega nöturlegt, verð ég að segja sem þingmaður Vestfirðinga, að þurfa að horfa upp á það í hv. Alþingi að annars vegar séum við að ræða um að taka eignir á Vestfjörðum og selja þær til að borga skuldir til ríkisins sem safnast hafa upp af öðrum orsökum og annarri stefnu sem haldið hefur verið fram af ríkisvaldinu á sama tíma og við sjáum að í öðrum landshlutum er allt öðruvísi stefnt og er þá sama hvort við lítum til Mývatns eða Suðurnesja.

[18:28]

Útbýting þingskjala:

Eingreiðslur tekjutryggingar, 562. mál, fsp. PHB, þskj. 868.

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 392. mál, svar iðnrh., þskj. 841.

Kostnaður við aðal- og svæðisskipulag, 560. mál, fsp. JÁ, þskj. 866.

Mat á umhverfisáhrifum, 557. mál, fsp. HBl, þskj. 863.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, 556. mál, fsp. HBl, þskj. 862.

Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða, 467. mál, svar samgrh., þskj. 844.

Reynslulausn, 564. mál, fsp. ÞKG, þskj. 870.

Samfélagsþjónusta, 563. mál, fsp. ÞKG, þskj. 869.

Stóriðja í Hvalfirði og losun gróðurhúsalofttegunda, 599. mál, fsp. JÁ og ÞSveinb, þskj. 865.

Vikurnám við Snæfellsjökul, 561. mál, fsp. JÁ, þskj. 867.

[18:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Það hefur komið fram í umræðum, og eins þekkjum við það af kynnum af starfsemi þessa fyrirtækis eins og það er nú, að þetta hefur reynst vel rekið fyrirtæki. Því hefur tekist að útvega neytendum sínum örugga orku á góðu verði. Fyrirtækið hefur verið framarlega í að taka upp nýjungar í bæði orkuvinnslu og orkunýtingu. Það hefur á margan hátt tekið virkan þátt í nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífs á því svæði sem það hefur þjónað þannig að bæði hitaveitan og rafveitan sem hér er verið að tala um hafa staðið sig afar vel. Enda hefur hlutverk þeirra verið þjónustuhlutverk. Hlutverk þeirra hefur verið að þjónusta íbúana, þjónusta fyrirtækin, þjónusta svæðið og á grundvelli öruggrar og ódýrrar þjónustu hefur síðan íbúunum og fyrirtækjunum verið gert kleift að styrkja og auka samkeppnishæfni sína.

Herra forseti. Það hlýtur því að vera umhugsunarefni hvers vegna verið er þá að leggja út í að breyta rekstrarformi fyrirtækjanna, breyta því yfir í hlutafélög. Hlutafélagavæðing almannaþjónustu eins og hér er að meginhluta um að ræða er í sjálfu sér alvarlegt mál, eins og reyndar sá hv. þm. sem hér talaði á undan, hv. þm. Árni R. Árnason sagði, þ.e. að tryggja þurfi sveitarfélögunum það að þau geti haldið eignarhlut sínum og haldið stöðu sinni innan þessa nýja fyrirtækis eftir að það verður komið á samkeppnismarkað. Þetta er alveg hárrétt athugasemd, hv. þm., því að þegar maður hlutafélagavæðir fyrirtæki, þá er maður að hlutafélagavæða til þess að geta bæði selt og keypt hluti á almennum hlutafjármarkaði. Það er tilgangurinn. Þá ræður framboð og eftirspurn því, þ.e. að hlutirnir eru til sölu, hversu hátt verð er greitt fyrir þá og hver fær þannig að þegar hlutafélagavætt hefur verið, þá er í sjálfu sér engin trygging fyrir því, enda ekki ætlunin með slíkri aðgerð, að halda viðlíka eignarhaldi. Ef það er ætlunin þá er ekki rétt að vera að hlutafélagavæða. Hlutafélagavæðingin sem slík á fyrst og fremst við í atvinnurekstri sem einmitt getur styrkt sig í gegnum það að það skipti ekki endilega máli hverjir eiga eða hverjum þjónað er. Þá kemur líka eðlilega fram að tilgangurinn með slíku hlutafélagi er ekki endilega að þjónusta. Tilgangur slíkra hlutafélaga er þá sá með starfsemi sinni að skaffa sem mesta arðsemi fjár eigenda sinna og að greiða eigendum sínum arð í formi fjár, enda er það ítrekað í 10. gr. frv. þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða."

Í rauninni ætti kannski að vera óþarfi að taka þetta fram ef þetta ætti bara að vera eitt af hinum almennu markmiðum. En í frv. til laga um þetta hlutafélag er þetta í rauninni eina markmiðið sem sett er fram gagnvart eigendum sínum eða þeim sem það á að þjóna. Eina markmiðið sem í frv. er sett fram er að það skuli skaffa eigendum sínum arð.

Þess vegna er kannski ekki víst hvernig það sjónarmið sem þarna er dregið svo sterklega fram hljómar við markmið sveitarfélaganna sem þau gerðu með sér 15. okt. 1998 þar sem meginmarkmið sveitarfélaganna í þeirri samþykkt er að ná fram lægra orkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum, að nýta jarðhitaauðlindir sveitarfélaganna og eftir atvikum víðar á landinu og að öðlast aukna hlutdeild í eigin orkumálum. Sem sagt margítrekað í þessum samþykktum er lögð áhersla á það að skaffa neytendum sínum, eigendunum sem þá eru því þetta eru sjálfseignarstofnanir þessara sveitarfélaga og þar með eru allir íbúar eigendur þess arna, skaffa þeim orkuna á sem öruggustu og bestu verði, en þegar það hefur orðið að hlutafélagi og eignarhaldið þarf ekkert endilega að vera innan þessara sveitarfélagamarka lengur, þá ber að lúta þessum arðsemiskröfum umfram önnur sjónarmið, enda er svo kveðið á um í lögunum.

Ég vil draga það fram, herra forseti, að það er ekkert sem mælir gegn því að mínu viti að fyrirtæki sem þessi, fyrirtæki sem bera ábyrgð á ákveðinni almannaþjónustu, hvort heldur það er á ákveðnum takmörkuðum svæðum eða á landsvísu, að þau séu rekin sem sameignarfélög eða sameignarfyrirtæki, það sé eignarformið. Það getur þurft að uppfylla einhverjar tilskipanir um að aðgreina hina ýmsu þætti starfseminnar eins og vinnslu og dreifingu orku og þá er það líka leysanlegt innan þeirra eignarforma.

Ég vil draga það fram, herra forseti, að hlutafélagavæðing ríkis eða sveitarfélagafyrirtækja sem er síðan ekki ætlunin að setja á einhvern almennan markað, fyrirtæki sem ekki er lengur ætlað að setja einhverjar almennar skilgeindar þjónustukröfur og skyldur eiga eiginlega ekki að mínu viti rétt

á sér. Þau eru illsamrýmanleg þeim meginmarkmiðum sem eru fyrir hlutafélagaform í almennum atvinnurekstri.

Ég vil þá líka, herra forseti, draga það fram að boðað hefur verið að væntanlega verði lagt fram á Alþingi nýtt lagafrv. um skipan orkumála sem nái þá til orkumála alls landsins og skipan þeirra mála til framtíðar. Í sjálfu sér er nauðsynlegt að gera það en því eðlilegra er að bíða þá með framlagningu á svona frv. eins og hér er þangað til slík heildarorkulöggjöf liggur fyrir. Við fengum nýlega frv. til laga um hlutafélagavæðingu á Orkubúi Vestfjarða og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur einmitt gert grein fyrir þeim mun sem er á afstöðu ríkisins til þessara tveggja fyrirtækja og þeirra tveggja aðgerða sem þarna eru á ferðinni. Er dapurlegt til þess að vita að sami hæstv. ráðherra sé flm. að báðum þessum frumvörpum, bæði frv. um hlutafélagavæðingu Orkubús Vestfjarða þar sem rækilega er hnýtt við að það sé gert til þess að sveitarfélögin þar geti selt hluti sína og þá gangi þeir hlutir upp í greiðslu skulda við félagslega íbúðakerfið en hér er aftur á móti verið að gefa þessum landshluta sem hefur gengið vel í sínum rekstri, notið byggðabreytinganna til styrktar bæði atvinnulífi og búsetu, þar eru allt önnur markmið uppi.

Þess vegna er afar nauðsynlegt að fyrir liggi heildarstefna í orkumálum, skipan orkumála í landinu eins og þegar hefur verið boðað að komi fram á allra næstu dögum eða vikum og aðgerðir eins og stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða bíði eftir þeirri heildarlöggjöf og falli þá inn í þann ramma sem Alþingi verður sammála um að leggja upp með.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þetta frv. fer til hv. iðnn., þá skoði nefndin það mjög vandlega hvort ekki sé eðlilegt að þau frumvörp um þessi orkubú sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja og það frv. sem rætt var fyrir nokkrum dögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, verði látin bíða afgreiðslu þar til við höfum fengið heildarstefnu og heildarskipan orkumála til framtíðar, og þá verði þessi fyrirtæki eins og önnur hluti af þeirri heildarstefnu.

[18:41]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v. um tvö atriði sem hann vék sérstaklega að vil ég láta annað sjónarmið í ljós.

Varðandi síðustu setningu hv. þm. hlýt ég að láta í ljós þá skoðun mína að ef við brygðum á það ráð að reyna að tefja þetta frv. í ljósi væntanlegrar nýrrar skipunar raforkumála, þá værum við að bregðast gjörsamlega hugmyndum og fyrirætlunum eigenda þessa fyrirtækis. Þeir eiga ekki allir málsvara hér á hinu háa Alþingi. Ég tel að fram komi einnig vegna orða hv. þm. um annað efni að þó að fram komi sérstaklega í frv. hvaða hlutverki gjaldskrá á að gegna og hvað stjórn skal gera í því efni innan fyrirtækisins, þá er það alls ekki eina markmiðið með þessum gjörningi. Það er alveg ljóst að eigendur Hitaveitu Suðurnesja og aðilar að samkomulagi við hana af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og fleiri sveitarfélaga hafa ekki fallið frá markmiðunum með því samkomulagi, alls ekki. Þetta frv. er aðeins einn leiðarsteinn á leiðinni að því marki sem þar var sett fram, sem voru býsna mörg, en er eitt sameiginlegt takmark. (Gripið fram í.) Það er aðeins það sem kemur fram í frv. en önnur markmið með samkomulagi eigenda fyrirtækisins eru sett fram og gerð er grein fyrir þeim í greinargerð með frv. Það efni mun ekki hverfa þó að greinargerðin verði ekki samþykkt sérstaklega á hinu háa Alþingi.

Að lokum vil ég, herra forseti, benda á að það hefur ekkert komið fram sem segir hvort núverandi eigendur Hitaveitu Suðurnesja ætli eða ætli ekki að breyta þeim verðmætum sem þeir eiga í félaginu.

[18:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg greinileg áherslubreyting á milli efnisatriða samkomulags um sameininguna frá því 15. október 1998 og þar til í nóvember sl. því að á bls. 7 í þessu frv. segir einmitt:

„Stefnt er að því að arðgreiðslur Hitaveitu Suðurnesja hf. til hluthafa verði að jafnaði ekki lægri en sem nemur þriðjungi af rekstrarhagnaði næstliðins árs."

Þetta er alls ekki nefnt og fjarri því í markmiðum sveitarfélaganna sem eru frá 15. október 1998. Ég dreg ekki í efa vilja þessara eigenda til að standa við þau markmið sem þarna koma fram en með tilliti til þeirrar áherslu sem gerð er í 10. gr. þessa frv. þar sem lögð er sérstök áhersla á umfram allt annað að gæta skuli almennra arðsemissjónarmiða og einnig er hreinlega kveðið á um það í samþykktunum í samkomulagi þessara aðila um arðgreiðslur til eigenda sinna, þá er ekki alveg víst hvernig það færi með því markmiði sveitarfélaganna frá því í október 1998 að ná fram lægra orkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum þannig að þarna er grundvallaráherslubreyting.

[18:45]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég sé ekki þennan áherslumun sem hv. þm. vill draga fram eða telja vera í þeim gögnum sem hér liggja fyrir. Það er alveg ljóst að eigendur Hitaveitu Suðurnesja og væntanlegs sameinaðs fyrirtækis Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar telja að með sameiningunni verði fyrirtækið öflugra og skilvirkara og muni ná betri hagkvæmni í starfseminni. Þess vegna muni takast að lækka raforkuverð í Hafnarfirði eins og greint hefur verið frá um 18% sem er munur verðsins í Hafnarfirði og á Suðurnesjum í dag og samt sem áður skila nægum hagnaði til þess að halda áfram að byggja upp fyrirtækið og skila eigendum þess arði sem er endurgjald fyrir það fé sem þeir hafa lagt í fyrirtækið.

[18:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðum og ég undirstrikaði það líka í ræðu minni að starfsemi og rekstur þessa fyrirtækis eins og nú er gengur afar vel. Þessi fyrirtæki standa bæði undir væntingum notenda sinna um góða þjónustu, um lágt orkuverð og öryggi í allri starfsemi og þetta eru fyrirtæki sem starfa með miklum blóma eins og nú er. Þess vegna sé ég ekki að það ætti að vera nein breyting eða nein áhætta gagnvart þessum fyrirtækjum. Þau standa ekki frammi fyrir sömu vandamálum og Orkubú Vestfjarða er látið standa frammi fyrir gagnvart skuldbindingum ríkissjóðs til félagslega eignaríbúðakerfisins. Ég sé því ekki að það ætti með nokkrum hætti að vera hægt að færa rök fyrir því að það ætti að skaða starfsemi þessara fyrirtækja að þessi breyting biði almennra reglna og almennra laga um stefnu í orkumálum. Það er alveg óþolandi að ríkisstjórnin leggi fram með stuttu millibili frumvörp sem stangast nánast hvert á annars horn í stefnu í raforkumálum. Þess vegna væri mjög

eðlilegt að þetta frv. bíði þess að heildarstefna í orkumálum liggi fyrir.

[18:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á liðinni öld byggðu Íslendingar upp öflugt raforkukerfi. Það hvílir á nokkrum meginstólpum. Langstærstur þessara stólpa er Landsvirkjun sem framleiðir yfir 90% af allri raforku í landinu. Aðrir stólpar eru þarna einnig og sumir stórir; Rarik sem gegnir veigamiklu hlutverki í að dreifa raforku til neytenda og síðan eru einstakar orkuveitur til viðbótar.

Við uppbyggingu á þessu kerfi var það haft að leiðarljósi að veita þjónustu og það sjónarmið hefur verið ríkjandi allt fram á þennan dag að það beri eftir því sem unnt er að kappkosta að hafa orkuverð jafnt til allra landsmanna. Þetta er það sjónarmið sem hefur verið ríkjandi á Íslandi á meðal Íslendinga almennt. Ég hef trú á því að meirihlutavilji sé fyrir þessu í landinu. Innan raforkukerfisins hefur hins vegar verið talsverð togstreita og ekki síst hjá eignaraðilum sem koma að þessu kerfi. Menn minnast þess fyrir fáeinum árum þegar Reykvíkingar fóru t.d. að leggja auknar áherslur á að fá greiddan arð út úr Landsvirkjun, nokkuð sem hefur valdið pólitískum deilum, nokkuð sem ég harmaði fyrir mitt leyti því að ég hef litið á orkuveiturnar, Landsvirkjun og orkuveiturnar, sem sameign landsmanna. Við sitjum ekki öll við sama borð hvað þetta snertir. Sumir búa á heitum svæðum, aðrir köldum en ég held að hið almenna sjónarmið hafi verið að við værum ein þjóð í einu landi. Þetta væru sameiginlegar auðlindir sem við ættum að nýta sameiginlega.

Þetta sjónarmið er hins vegar víkjandi nú um stundir, ég held ekki á meðal landsmanna almennt en á meðal ráðamanna, á meðal þeirra sem stýra för er þetta sjónarmið því miður víkjandi.

Hv. þm. Árni R. Árnason benti réttilega á áðan að orkuveiturnar og sú starfsemi sem væri rekin á þeirra vegum væri að breytast í hrein viðskipti á samkeppnisgrunni frá þessari þjónustuhugsun yfir á viðskiptagrunn og það er engin tilviljun að þetta er að gerast. Þetta byggir á tilskipun sem kemur utan frá. Hún kemur frá Brussel. Hún er skammstöfuð 96/92/EC. Þetta er tilskipun Evrópusambandsins um breytta skipan í raforkumálum. Hugsunin þar að baki er sú að markaðsvæða þetta kerfi, að aðgreina framleiðslu, sölu og dreifingu raforkunnar. Þótt það segi í 4. gr. þessa frv. að Hitaveita Suðurnesja ætli að sinna þessum hlutverkum öllum þá mun fyrirtækið verða að greina á milli þessara þátta til að hlíta þeim reglum sem Evrópusambandið setur okkur.

En er það óskaplega gott eða hagkvæmt að fara út á þessa braut? Sannast sagna undraði mig hve margir sem hér töluðu dásömuðu markaðsvæðinguna og viðskiptahagsmunina sem eru nú að koma inn og sögðu að þetta mundi leiða til góðs. Ég hef miklar efasemdir um að svo sé og ég byggi efasemdir mínar á reynslu annarra þjóða sem hafa farið út á þessa braut.

Flestir hafa eflaust kynnt sér það sem er að gerast í Kaliforníu nú um stundir og e.t.v. hafa einhverjir lesið greinar sem birtust í Observer og fleiri ritum, einnig hér á landi um reynslu Bandaríkjamanna á Long Island. Þar hafði raforkukerfið allt verið einkavætt og undirselt þessum yndislegu sjónarmiðum um viðskipti og samkeppni. Það leiddi til þess að fyrir nokkrum árum, ætli það hafi ekki verið 1997 eða 1998, var raforkuiðnaðurinn á Long Island þjóðnýttur. Hverjir skyldu hafa gert það og hvers vegna? Það voru hægri sinnaðir repúblikanar sem stóðu fyrir því og þeir gerðu það að kröfu neytenda, bæði heimilanna og fyrirtækja vegna þess að þarna hafði skapast einokun á sviði sem allt samfélagið þurfti að geta reitt sig á.

Mér er minnisstætt þegar ég heimsótti Vestfirði ekki alls fyrir löngu og fékk tækifæri til að hlýða á fyrirlestra talsmanna frá Orkubúi Vestfjarða. Ég spurði hvort þeir teldu þær breytingar sem fyrir dyrum stæðu í þessa veru, að aðgreina framleiðsluna, dreifinguna og söluna, til góðs. Svarið var mjög afdráttarlaust. Nei. Hverjir hagnast þá? Orkubú Vestfjarða? Nei, við teljum að þetta sé verra fyrir Orkubú Vestfjarða. Notendur á Vestfjörðum? Nei, við teljum að þetta sé heldur óhagkvæmara fyrir þá og geti orðið dýrara. Hvers vegna í ósköpunum eruð þið þá að þessu? Vegna þess að ríkisstjórnin fyrirskipar og hún er að fara að tilmælum sem hún undirgekkst mótmælalaust frá Brussel. Svona gengur þetta fyrir sig. Síðan safnast allir saman og klappa mikið og mæra markaðsvæðinguna og hin frjálsu viðskipti þótt í reynd skorti öll önnur rök en hráa hugmyndafræðina sem býður mönnum að framkvæma á þennan veg.

Þessi tilskipun Evrópusambandsins tók gildi í sumar hér á landi og mun koma til framkvæmda í áföngum, hún tók gildi 1. júlí árið 2000 og mun síðan taka gildi eins og í Evrópusambandinu öllu. En þetta er náttúrlega bara einn áfangi á þeirri vegferð sem ríkisstjórnin hefur haldið með þjóðina og það verður sennilega sagt eins og sagt var þegar flugvöllunum var lokað að það væri gert til að styrkja flugsamgöngur eða þegar pósthúsunum var lokað í Skagafirði. Þá sagði Framsfl. að það væri sérstaklega til að styrkja póstdreifinguna í Skagafirði og eins er þetta væntanlega til að styrkja og bæta aðstöðu landsmanna allra hvað varðar raforkuna. Eina ferðina enn eru menn byrjaðir að kveða öfugmælavísurnar. En ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst, herra forseti, til að þessi sjónarmið kæmu fram við umræðuna.

[18:57]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég finn mig knúna til þess að fara í andsvar við hv. þm. Ögmund Jónasson vegna þess hvernig hann lagði mál sitt upp. Þingmaðurinn verður eins og ég og ýmsir fleiri að horfa til þess sem þó kemur frá Evrópusambandinu og hefur reynst okkur gott. Neytendalöggjöf, samkeppnislöggjöf, ýmislegt sem menn töluðu ekki svo mikið um þegar við urðum hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, hefur þegar upp er staðið e.t.v. reynst okkur notadrýgra en flest það sem þá var talað um og ég er ein þeirra sem tel að það eigi við í þessu tilfelli. Ég tel að það sé gott ef hægt verður að koma á samkeppni í orkugeiranum á Íslandi. Ég tel að það sé gott ef kaupstaðirnir úti á landi verða ekki settir einir eftir til þess að greiða hátt orkuverð og greiða þar með niður þá jöfnun sem Rarik stendur fyrir úti á landi. Ég tel að það sé gott ef lögunum um Landsvirkjun verður breytt þannig að það verði ekki þeirra fyrsta hlutverk að sjá stóriðju fyrir orku eins og er í dag en auðvitað er ekki hægt að ætla einu fyrirtæki slíkt þegar það er komið í samkeppnisumhverfi. Ég tel að með þessu muni skapast allt aðrar forsendur bæði í þeim efnum og öðrum varðandi það hvernig við horfum til þessara mála. Ég tók eftir því að dæmin sem hv. þm. tók voru ekki frá Evrópusambandinu þegar hann talaði um breytingar í orkumálum, þau voru frá Ameríku en þar gilda ekki tilskipanir Evrópusambandsins eins og við vitum.

Reynslan í Evrópu er hins vegar sú að þar hefur raforkuverð til neytenda lækkað eftir að samkeppnin komst á. Ég á von á því að það geti gerst hér einnig og að fyrirtæki á

Íslandi, eins og það fyrirtæki sem við erum að tala um frv. um, verði til þess hæf að taka þátt í samkeppni sem tryggi lægra verð til neytenda en er í dag.

[18:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir verðum seint sammála um Evrópusambandið. Við erum einfaldlega með mismunandi sjónarhorn á það og mismunandi skoðun en ég held að það sé ekki rétt hjá hv. þm. að raforkuverð í Evrópu hafi farið lækkandi. Ég hef ekki slíkar upplýsingar. Ég hef hins vegar upplýsingar frá verkalýðshreyfingunni um fjöldauppsagnir í mörgum orkufyrirtækjum. Það má vel vera að í einhverjum tilvikum hafi þetta leitt til minni kostnaðar hjá þessum fyrirtækjum en þetta hefur valdið miklum erfiðleikum og vakið mótmæli frá verkalýðshreyfingunni.

En grundvallaratriðið finnst mér vera það að ég tel að á þessu sviði sé vænlegri leið til að ná niður raforkuverði og tryggja jöfnuð og réttlæti í þessum efnum að stuðla að samvinnu innan þessa geira og sjá til þess að hann sé nýttur sem best öllum landsmönnum til hagsbóta. Ég trúi því hreinlega ekki að á þessu sviði, það kann að eiga við um ýmis önnur svið, en ég trúi því ekki að á þessu sviði muni samkeppnin færa okkur þær hagsbætur sem hv. þm. vill stefna að. Ég held að samvinnan sé vænlegri leið á þessu sviði.

[19:01]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að samvinna eigi víða mjög vel við, einkum á sviðum þar sem óeðlilegt er að innleiða samkeppni. Hins vegar er það bjargföst trú mín að við séum á réttri leið hvað varðar raforkukerfið og að við hefðum farið þá leið hvað sem líður öllum Evrópusamþykktum.

Það sem ég gat um áðan varðandi raforkuverð í Evrópu eru einfaldlega upplýsingar sem ég hef rekist á en eftir þeim verður auðvitað kallað þegar kemur að frekari vinnslu málsins. Það væri til lítils að gera breytingar sem þessar ef þær ekki hefðu í för með sér þau jákvæðu áhrif sem felast í lægra orkuverði til neytenda. Til þess eru refirnir einu sinni skornir. Þó að mig og hv. þm. kunni að greina á um sitthvað er varðar Evrópusambandið þá hljótum við að geta verið sammála um að eitt og annað hafi rekið á fjörur okkar hér, einkum hvað varðar mannréttindamál og slíkt sem við getum þakkað Evrópusambandinu.

[19:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég sé fyrst og fremst að Evrópusambandið hafi fært okkur er að það hefur skert möguleika okkar til að taka lýðræðislegar ákvarðanir, t.d. á þessu sviði þar sem okkur er stillt upp við vegg og sagt að við verðum að framkvæma á þennan veg.

Það er alveg rétt að ég tók dæmin frá Bandaríkjunum en ekki frá Evrópu. En nú eru menn í Evrópu að halda inn á þessa bandarísku vegferð gegn mjög hörðum andmælum verkalýðshreyfingar í Evrópu sem telur að þetta muni leiða til misræmis, misvægis og fjöldauppsagna. Því miður er reyndin að verða sú.

[19:03]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns verð ég að láta þá skoðun í ljós að ég tel að við höfum margháttaðan ávinning af því að koma á samkeppni í raforkumálum. Það að breyta formi fyrirtækis í þessari starfsemi í hlutafélag er leið til að auðvelda eigendum þess að taka upp samstarf við eigendur annarra fyrirtækja. Það er hreinlega einfaldasta og auðveldasta leiðin til að meta verðmæti eignar hvers um sig. Það leiðir í sjálfu sér ekki til samkeppni. Á samkeppnismarkaði geta fleiri rekstrarform tekist á.

Ég álít að þessi starfsemi hafi í raun breyst fyrir nokkru síðan, úr almannaþjónustu í viðskipti. Til marks um það skal ég geta þess, sem ég hélt að menn hefðu orðið varir við áður, að Orkuveita Reykjavíkur hefur um árabil sóst eftir því að eignast jarðir beggja vegna Reykjanesskagans í þeim tilgangi einum að ná þar í jarðhitaréttindi til orkuvinnslu. Ef það er ekki samkeppni þá veit ég ekki hvað samkeppni er.

Herra forseti. Það síðasta sem ég vil benda á er að fæst ríki Evrópusambandsins hafa til þessa dags framkvæmt tilskipunina um samkeppnisvæðingu raforkustarfseminnar hægar en hún gerði ráð fyrir. Þau hafa nær öll unnið hraðar og það er vart sambærilegt hvernig þau hafa gert það og hvernig einstök fylki í Bandaríkjunum hafa tekið á sömu málum. Staðreyndin er sú að í flestum fylkjum Bandaríkjanna í dag, á miklu stærri viðskiptasvæðum en í einstökum ríkjum Evrópusambandsins, er ekki samkeppni í raforkumálum. Aðferðir Kaliforníubúa, raunar Oregonbúa einnig, í þessu efni sem hafa orðið þeim fjötur um fót í dag stafa af eldri ákvörðunum en þeirri að koma á samkeppni í raforkumálum. Það er vegna eldri ákvarðana sem áttu sér rætur í öðrum sjónarmiðum.

Ég verð hins vegar að benda á að samkeppni í raforkumálum hefur leitt af sér hagstæðara verð og raunverulega samkeppni seljenda um kaupendur.

[19:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einfaldlega ekki rétt að þetta hafi leitt til hagstæðara verðs. Ég minni á að iðulega er lagt upp með samkeppni að leiðarljósi og markmiði. Þegar upp er staðið búa menn hins vegar við einokun. Það hefur gerst í greinum sem þessum.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. um að þessi breyting á rekstrarformi getur auðveldað samruna. Í reynd eru það sveitarfélög og ríki sem eftir sem áður eiga þetta fyrirtæki, alla vega fyrst í stað. Ég vakti sérstaka athygli á því sjónarmiði sem fram kom hjá hv. þm. og hann hnykkti á í andsvari sínu að við erum að færa okkur yfir í nýja hugsun, frá því að veita þjónustu yfir í fyrirtæki sem er smíðað til að skapa eigendum sínum arð og stunda viðskipti á samkeppnisviði. Við það set ég stórt spurningarmerki og hef miklar efasemdir um að það komi landsmönnum til góða þegar upp er staðið nema síður sé.

[19:06]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við áttum okkur á þeirri staðreynd úr viðskiptalífinu að fyrirtæki sem starfa í samkeppni hafa strangara aðhald um verðlagningu og gæði en hin sem starfa við einokun, hver svo sem eigandinn reynist vera.

Hins vegar er rétt að benda á að ein meginforsenda þess að skapa samkeppni í raforkustarfsemi er sú að raforkan er í öðrum löndum þegar farin að keppa við aðrar orkutegundir, aðra orkumiðla og aðrar orkulindir. Það mun verða á Íslandi á næstu áratugum ef sá draumur rætist að við verðum vetnisþjóð.

[19:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að samkeppni getur veitt fyrirtækjum aðhald. Ég endurtek aftur á móti að reynslan hefur verið sú að þar sem farið er út á þessa braut þá sitja menn á endanum uppi með einokun. Í grunnþjónustu af þessu tagi, hvort sem er raforkuframleiðsla eða önnur veitustarfsemi, menn hafa haft hugmyndaflug til þess að einkavæða hana líka, t.d. hafa menn í Bretlandi og víðar í Evrópu á endanum setið uppi með einokun, lakari þjónustu og hærra verð fyrir notendur, hvort sem þeir greiða það beint eða í gegnum skatta.

[19:08]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti nokkuð erfitt með að átta mig á ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Framan af ræðu hans fannst mér hann taka undir, eins og nánast allir aðrir hafa gert, ágæti þessa frv. og þau markmið sem menn sjá í framtíðinni verði þetta frv. að lögum. En þegar á leið ræðuna og nálgaðist lokin þá skildi ég orð hv. þm. þannig að hann sæi í raun fátt jákvætt í frv. Það kann þó að vera að einkum þrjú atriði valdi því að hv. þm. leggst gegn frv. Í fyrsta lagi af því að þar er minnst á Evrópusambandið. Í öðru lagi er minnst á samkeppni. Í þriðja lagi er það ráðherra Framsfl. sem flytur frv. Þegar þetta þrennt fer saman þá á hv. þm. til með að leggjast mjög gegn málum.

Nú vil ég að hv. þm. svari því nokkuð skilmerkilega, í fyrsta lagi hvort hann telji þetta frv. ekki til góðs fyrir það samfélag sem það nær yfir, þ.e. sveitarfélögin sunnan Reykjavíkur. Ég vil einnig spyrja þingmanninn og biðja hann að svara því líka skýrt hvort hann telji æskilegra að við beitum okkur fyrir úrsögn úr EES en eins og hv. þm. veit höfum við tekið að okkur ýmsar skuldbindingar vegna tvíhliða samnings EES við Evrópusambandið. Í þriðja lagi spyr ég þingmanninn og bið hann um að svara því skýrt: Telur hann að samkeppnin muni ekki koma íbúum og fyrirtækjum á þessu svæði til góðs? Að lokum spyr ég hv. þm.: Telur hann að það muni ekki styrkja þessi svæði að Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar skuli sameinast og geti í sameiningu sótt fram á nýjum orkumarkaði í samkeppni, m.a. við Orkuveitu Reykjavíkur?

[19:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. átti erfitt með að átta sig á ræðu minni þá held ég að ég geti sagt það sama núna, að ég átti erfitt með að átta mig á þessu andsvari.

Hv. þm. telur að ég hafi lagt upp með að hrósa frv. Ég hóf ræðu mína á því að rekja hvernig uppbygging á raforkukerfi Íslendinga hefði gengið fyrir sig, hvaða sjónarmið hefðu verið ríkjandi og hvaða áherslubreyting væri að eiga sér stað og hvers vegna hún væri. Ég gagnrýndi hana. Þetta var meginstefið í ræðu minni.

Hv. þm. spyr hvort ég telji það ekki vera til góðs að sameina þær veitur sem hann nefndi og leggur áherslu á samvinnu. Það var þungamiðjan í máli mínu, að leggja áherslu á samvinnu. Ég hef hins vegar horft til samfélagsins alls. Ég horfi til Íslendinga allra og Íslands alls og legg áherslu á að við séum ein þjóð í einu landi. Ég hef viljað styrkja þetta kerfi sem mér finnst að við eigum öll í sameiningu og þær orkulindir sem tilheyra allri þjóðinni. Mér finnst það vænlegri kostur og vænlegri leið. Ég legg áherslu á samvinnu fremur en samkeppni á þessu sviði. Ég held að það muni þegar upp er staðið leiða til einokunar og mismununar sem mér finnst óásættanleg.

[19:12]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var mörgum af spurningum mínum svarað. Ég skil hv. þm. svo að hann sé í raun að tala um, svo við tölum alveg skýrt, að ríkið yfirtaki allan raforkubúskapinn, það verði ríkiseinokun á því sviði.

Ég ítreka spurningu mína um samrunann sem hér er verið að tala um, milli Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar, hvort þingmaðurinn sjái ekki sóknarfæri í því fyrir bæði fyrirtækin og þau svæði sem þessi fyrirtæki þjóna og hvort hann sjái ekki að það muni styrkja bæði þessi fyrirtæki og íbúa svæðisins, enda standa öll sveitarfélögin á þessu svæði að breytingunni og beinlínis óska eftir henni. Mér þætti vænt um að hv. þm. svaraði því betur.

Ég tel að hann hafi svarað þessu með samkeppnina, að hún muni ekki leiða til lægri orkuverðs og betra sé að hafa ríkiseinokun á því sviði. Það svar er alveg ljóst og ég þakka fyrir þann hluta svarsins.

[19:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi um vangaveltur hv. þm. um ríkið, hið illa ríki sem yfirtaki alla þessa starfsemi. Raforkukerfið á Íslandi hefur verið byggt upp af samfélaginu öllu. Þar hefur ríkið komið að og þar hafa sveitarfélög komið að. Mér finnst það ekki slæmur kostur, alls ekki. Framsfl. er núna að velta fyrir sér því að hefja sölu á þessum eignum. (Gripið fram í.) Ég sagði það, að það væri ríkið og það væru sveitarfélög. Þetta er undarlegur útúrsnúningur hjá hv. þm. þegar hann kemur upp til að veita andsvör.

Varðandi það hvort ég telji til góðs að sameina þessar veitur þá sagði ég áðan að þessi breyting á rekstrarfyrirkomulagi gæti auðveldað breytingar sem væru til góðs en ég hefði fyrst og fremst gagnrýnt aðra þætti, þ.e. þau viðskiptasjónarmið sem eru að ryðja sér til rúms innan þessa geira. Það var þungamiðjan í málflutningi mínum.

[19:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hefur verið jákvæð. Ég skil það svo að hv. þm. sem hér hafa tekið til máls styðji þetta frv. Ég vil trúa því að hv. þm. Vinstri grænna geri það líka þó að þeir hafi verið með ákveðnar athugasemdir og spurningar. Reyndar var ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar meira um raforkukerfið almennt og mér finnst að sú umræða eigi betur við þegar ég mæli fyrir nýju raforkulagafrv. fremur en við þessa umræðu.

Ég er mjög ósammála mörgu í máli hans. Ég tel að mikill misskilningur hafi falist í mörgu sem hann sagði, sérstaklega í sambandi við raforkukerfið í Kaliforníu sem mikið hefur verið til umfjöllunar. Það er ekki út af einkavæðingu sem þau vandamál komu upp heldur einmitt vegna þess að frelsið náði ekki til beggja enda. Það er allt of langt mál til að fara út í núna þannig að ég ætla ekki að gera það. En engu að síður vil ég láta koma fram að mér finnst að þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. þurfi skýringa við og kalli á viðbrögð en ég kýs að gera það síðar.

Í sambandi við þá áherslu og þann áhuga sem kom fram hjá nokkrum hv. þm., um að ríkið hefði átt að selja sinn hlut í fyrirtækinu, vil ég segja að það eru mjög eðlileg sjónarmið. Reyndar býst ég við að að því komi að ríkið selji þennan hlut

þó að ekki hafi verið talið rétt að gera það einmitt á þessum tímapunkti. Við bara sjáum til hvað setur.

Ég vil líka að það komi fram að skoðun mín er sú að það hafi ekki og muni ekki skapast fordæmi þó að einhverjar krónur sem fást fyrir Kísiliðjuna verði notaðar til atvinnuuppbyggingar á því svæði. Þar með hefur ekki verið tekin ákvörðun um slíkt til allrar framtíðar hvað varðar sölu ríkisins á eignarhlut í fyrirtækjum. Það hlýtur náttúrlega að fara eftir aðstæðum.

Mér fannst margt mjög athyglisvert koma fram hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, m.a. varðandi arðgreiðslur fyrirtækja og hvernig þær samrýmdust ákvæðum í sveitarstjórnarlögum. Ég geri mér grein fyrir að það atriði er dálítið í lausu lofti eins og er og þarf að taka á því enda er unnið að því. Hvort sem það verður gert á þessu þingi eða því næsta þá veit ég að þar er um að ræða mál sem þarf að lögfesta þannig að enginn vafi leiki á rétti sveitarfélaganna í þeim efnum.

Í sambandi við samanburðinn sem hér var gerður á því frv. sem hér er til umfjöllunar og frv. um Orkubú Vestfjarða þá vil ég segja að það er náttúrlega erfitt að bera þessi tvö mál saman. Þau eru mjög ólík en eiga það þó sameiginlegt að þau eru bæði flutt að beiðni viðkomandi sveitarfélaga. Málin eru hins vegar ólík að því leyti að frv. um Orkubú Vestfjarða var m.a. flutt til að taka þar á ákveðnum vandamálum. Ég vil þó halda því til haga að það er ekki einungis til að taka á vandamálum vegna félagslega íbúðakerfisins heldur á skuldastöðu sveitarfélaganna almennt. Það er talað um að lítill hluti fari til þess að rétta af vanskil vegna félagslega íbúðakerfisins og hugmyndin sé sú að taka aðeins af kúfinn, ef svo má segja.

Mér finnst ekki ástæða til þess að orðlengja þetta. Mér finnst ánægjulegt hversu góðar viðtökur frv. hefur fengið og ég reikna með því að það muni ekki taka langan tíma að afgreiða það frá hv. Alþingi, enda er það mikilvægt vegna hagsmuna sveitarfélaganna.

[19:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að leggja eina spurningu fyrir hæstv. iðnrh. og hún er þessi: Má ekki alveg eins hugsa sér varðandi Orkubú Vestfjarða að ríkið selji hlut sinn í orkubúinu og þeir fjármunir sem þar kæmu inn yrðu notaðir til atvinnuuppbyggingar og skuldalækkunar sveitarfélaga á Vestfjörðum með nákvæmlega sama hætti og ráðgert er að gera varðandi Kísiliðjuna og eins og hæstv. ráðherra lýsti áðan að kæmi alveg til greina varðandi hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.? Er endilega nauðsynlegt að fara þá leið sem lagt hefur verið upp með varðandi frv. um Orkubú Vestfjarða að sveitarfélögin selji sitt og ríkið kaupi? Má ekki alveg eins nota hina aðferðina að ríkið selji og þá verði það hreinlega skoðað hvort einhver kaupandi finnst? Hvað með t.d. fyrirtækið Norðurál í norðanverðum Hvalfirði sem vantar helling af orku? Hvers vegna skyldi það ekki vilja kaupa hlut t.d. í Orkubúi Vestfjarða og virkja eins og eitt stykki Hvalá norður í Ófeigsfirði og flytja orkuna suður? Hvers vegna ekki? Hvað er svona fjarlægt við það?

Mér finnst að sú stefnumörkun sem birst hefur í þessum þremur málum sem ég hef gert að umræðuefni sé öll í sitt hverja áttina. Ég vil því leggja þá spurningu fyrir hæstv. ráðherra hvort ekki megi alveg eins hugsa sér að selja hlut ríkisins og nota það fé til uppbyggingar á Vestfjörðum sem fyrir það fæst.

[19:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í raun rétt hjá hv. þm. að það er engin sérstök stefnumörkun sem kemur fram í þessum frumvörpum. Þau eru ólík og þau fara dálítið hvort í sína áttina. En þau eru miðuð við aðstæður bæði tvö. Aðstæður eru ólíkar á þessum svæðum og það er ekki eitthvað sem ég kannski fyrst og fremst ber ábyrgð á. Það er alltaf erfitt að átta sig á því nákvæmlega hver gerir það en svona eru hlutirnir og það þarf stundum að horfast í augu við staðreyndir.

Um það að ríkið selji hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða, þá hefur ekki komið fram neinn aðili sem væri tilbúinn að kaupa þann hlut. (**GAK:** Hefur það verið auglýst?)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 329. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 428.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:24.

---

87. FUNDUR

þriðjudaginn 13. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar, stjfrv., 541. mál, þskj. 843. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, stjfrv., 520. mál, þskj. 816. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, frv., 329. mál, þskj. 428. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rafrænar undirskriftir, stjfrv., 524. mál, þskj. 820. — 1. umr.
5. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817. — 1. umr.
6. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 818. — 1. umr.
7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Klukkan 16.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um skýrslutökur af börnum. Málshefjandi er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Hæstv. dómsmrh. verður til andsvara.

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um Reykjavíkurflugvöll. Málshefjandi er hv. þm. Árni Johnsen. Hæstv. samgrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í allt að hálftíma.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Skipstjórakvóti, 441. mál, svar sjútvrh., þskj. 850.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 558. mál, frv. GAK, þskj. 864.

Umræður utan dagskrár.

Reykjavíkurflugvöllur.

[13:31]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Fyrir dyrum stendur kosning hjá Reykjavíkurborg varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Óli Tótu var sjómaður sem fórst í aftakaveðri suður af landinu fyrir mörgum árum. Ég minnist hans vegna þess að hann velti oft fyrir sér notkun og túlkun orðsins vinarþel, taldi reyndar að vinarþel væri orð sem ekki væri hægt að þýða á erlent mál.

Vinarþel er grundvallaratriði fyrir Íslendinga til að geta búið í sátt og samlyndi í litlu landi, dreifbýlu og erfiðu landi á margan hátt. Við þurfum að leggja áherslu á að rækta vinarþel meðal landsmanna.

Sú kosning sem fyrir dyrum stendur hjá Reykjavíkurborg er ekki til að stuðla að vinarþeli meðal landsmanna í heild, hvorki landsbyggðarmanna út af fyrir sig né höfuðborgarbúa út af fyrir sig, hvað þá í heild. Reykjavíkurborg hefur ákveðið forskot sem höfuðborg. Þar hefur verið fjárfest í skólum, menningarstofnunum, sjúkrahúsum og mörgum stólpum samfélagsins vegna stöðu og skyldu höfuðborgar Íslands. Forskotið hefur nýst höfuðborginni á margan hátt til tekna og uppbyggingar umfram önnur byggðarlög landsins.

Ein af skyldum höfuðborgarinnar er að sinna samgöngumálum, sinna aðgengi að höfuðborginni til beggja átta, bæði til og frá. Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni hefur verið höfuðsamgöngumiðstöð Íslands um áratuga skeið, verið lykill landsbyggðarinnar að höfuðborg sinni og gagnkvæmt frá höfuðborg til landsbyggðar.

Með því fyrirkomulagi sem nú á að hafa, í ljósi svokallaðs fulltrúalýðræðis, lít ég svo á að í raun sé verið að sparka í þann sem á hallar. Landsbyggðin á undir högg að sækja. Hún berst í bökkum við að halda fjárfestingum í verðgildi, halda í atvinnu, halda í menningu og þess vegna skýtur það skökku við að stóri bróðir í samfélaginu, sjálf höfuðborgin, skuli bjóða upp á kosningar og umræðu eins og nú er til þess að rugga bátnum, skapa óvissu, óöryggi, tortryggni og úlfúð. Það ber að harma í þessari málsmeðferð.

Forsvarsmenn höfuðborgarinnar hafa túlkað það svo að Vatnsmýrin væri dýrasta land Reykjavíkur. Reykjavík hefur úr að spila 30 þús. hekturum. Flugvöllurinn tekur 130 hektara. Það er öll spildan sem um er að ræða. Menn hafa látið í veðri vaka að eina vitið væri að byggja í Vatnsmýrinni. Allt annað séu úthverfi sem séu ljót, sem ekki séu boðleg og íbúum borgarinnar til vansa. Þannig rekst hvað á annars horn í þessum málflutningi.

Deilan og vangavelturnar snúast annars vegar um peninga og hins vegar um fólk. Hvort við eigum að sinna skyldum okkar í landinu með tilliti til fólksins eða stilla verðmiðum á ákveðna landskika og láta það ráða ferðinni. Við sem þurfum að hugsa um alla landsmenn í einum pakka hljótum að krefjast þess að hugsað sé um fólkið í heild, ekki verðmiða á spildum, hvort sem þær eru í Vatnsmýrinni eða á öðrum fýsilegum stöðum í landinu.

Við skulum láta liggja á milli hluta vörnina á vatnasviði Tjarnarinnar sem er ein af perlum Reykjavíkur. Vatnasvið Tjarnarinnar liggur í skjóli Reykjavíkurflugvallar og byggist á því vatnasvæði sem þar er með yfir 20 tegundum fugla sem verpa á flugvallarsvæðinu.

Við skulum horfa á staðreyndir eins og þær að 460 þús. farþegar fara um Reykjavíkurflugvöll á ári. Þar af eru innan við 10% erlendir ferðamenn þannig að þarna er um að ræða hagsmuni Íslendinga í heild. Stórkostlegar tekjur höfuðborgarinnar af atvinnusköpun tengdri vellinum beint og óbeint, af líklega 6–7 þús. störfum, eru upp á milljarða kr. Það ætti þess vegna ekki að þurfa að deila um þessa hluti og tala um það í alvöru að skoða möguleika á því að lengja ferðatíma á Íslandi og hækka kostnað hjá þeim sem veikar standa í þjóðfélaginu fremur en þeim sem betur mega sín í þéttbýlinu hér við Faxaflóa. Það ætti ekki að þurfa að ræða um málin á þeim nótum.

Undirskrift borgarstjóra um uppbyggingu vallarins er ársgömul. Þess vegna er hjákátlegt að taka upp kosningu eins og hér er um að ræða. Ég kem að því í ræðu minni á eftir.

[13:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að hv. þm. samgn. taka til umræðu hér á hinu háa Alþingi málefni Reykjavíkurflugvallar þegar til þess horfir að framtíð flugvallarins verði sett í fullkomna óvissu. Það á að kjósa um framtíð Reykjavíkurflugvallar í borgarlandinu. Það á í raun og veru að kjósa um framtíð og framvindu innanlandsflugsins á Íslandi.

Við þetta tækifæri vil ég aðeins fara yfir stöðu mála. Eins og hv. þm. vita er unnið eftir flugmálaáætlun við Reykjavíkurflugvöll. Staða framkvæmda er sú að endurbygging flugbrautanna og endurgerð aðflugsbúnaðar og ljósa verður lokið á næsta ári. Á þessu ári verður nær fulllokið endurbyggingu flugbrautanna, flughlaða og annarra akstursbrauta á svæðinu. Þannig verður að langmestu leyti búið að endurgera flugvöllinn eins og til stóð á næsta ári.

Undirbúningur þessara framkvæmda á sér langan aðdraganda. Með samþykktum Alþingis í flugmálaáætlun var lagt til fjármagn og síðan í fjárlögum til þess að standa að þessum framkvæmdum. Þingmenn fóru yfir þessi áform í þingsalnum og ég gat ekki heyrt í umræðum sem þá fóru fram nokkra hjáróma rödd um að það bæri að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll og styrkja þannig innanlandsflugið og ferðaþjónustuna á Íslandi.

Í bréfum sem ég hef undir höndum, sem fóru á milli þáverandi samgrh., núv. hæstv. forseta þingsins, og borgarstjóra, kemur fram að áður en framkvæmdir hófust við

Reykjavíkurflugvöll kallaði þáv. samgrh. eftir því frá borgarstjóra hvort nokkur áform væru hjá borginni um annað en að standa við það sem gert var ráð fyrir í aðalskipulagi borgarinnar, um að framtíð innanlandsflugsins yrði áfram á Reykjavíkurflugvelli í Vatnsmýrinni. Borgarstjórinn svaraði að bragði 11. nóv. 1996. Í bréfi borgarstjóra segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs samgönguráðherra, dags. 11. nóvember 1996, þar sem óskað er eftir staðfestingu á að borgaryfirvöld geri ráð fyrir því í aðalskipulagi að miðstöð innanlandsflugsins verði á Reykjavíkurflugvelli.

Það staðfestist hér með, að í endurskipulagningu aðalskipulagsins sem nú stendur yfir er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á í þessu efni. Jafnframt er ástæða til þess að gera grein fyrir því að á fundi sínum hinn 22. október 1996 gerði borgarráð svofellda samþykkt, samhljóða:

„Borgarráð fagnar þeirri yfirlýsingu sem samgönguráðherra gaf á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 19. október sl., um að ráðist verði í endurbætur á austur/vestur- og norður/suður-flugbrautum á Reykjavíkurflugvelli á næstu þremur árum. Endurbætur á flugvellinum eru mikilvægar út frá öryggissjónarmiði en um 90% áætlunarflugs innan lands fer um Reykjavíkurflugvöll.““

Svo mörg voru þau orð borgarstjóra á þeim tíma. Borgarstjóri staðfesti áður en lagt var af stað með framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll að flugvellinum væri ætlaður staður í Vatnsmýrinni og engin áform væru um annað á þeim tíma. Samgönguyfirvöld fóru þess vegna í góðri trú af stað með þessar miklu framkvæmdir upp á á 2. milljarð kr. til að byggja upp atvinnustarfsemi í Reykjavík, til að byggja upp innanlandsflugið og byggja upp ferðaþjónustuna í landinu. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp. Hv. málshefjandi minnti á samkomulagið sem ég gerði síðan við borgarstjóra og allt hefur þetta miðað að því að styrkja uppbyggingu innanlandsflugsins og treysta ferðaþjónustuna í landinu. Þær tillögur sem ég hef kynnt, síðast á sunnudaginn í Morgunblaðinu, þar sem gert er ráð fyrir miklum breytingum á Reykjavíkurflugvelli, miða að því að auka rými fyrir íbúðabyggð og atvinnustarfsemi á þessu svæði en um leið að styrkja innanlandsflugið, styrkja ferðaþjónustuna og atvinnulífið í höfuðborginni í sessi.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er afar brýnt að allir landsmenn, ekki bara Reykvíkingar, geri sér ljóst að ef niðurstaðan í atkvæðagreiðslunni á laugardaginn kemur verður að flugvöllurinn eigi að fara úr Vatnsmýrinni þá er það ekki sjálfkrafa atkvæðagreiðsla um að hann flytji til Keflavíkur. Það er óskammfeilni af hæstv. samgrh. að rugla fólk með slíku og reyna með hótunum að hafa óeðlileg áhrif á hvernig Reykvíkingar greiða lýðræðislega atkvæði um byggðaþróun í framtíðinni í bæjarfélagi sínu.

Vatnsmýrin er afar þýðingarmikil í skipulagsmálum höfuðborgarsvæðisins og hefur geysilega þýðingu fyrir farsæla byggðaþróun, lífskjör, atvinnuuppbyggingu, ferðamannaiðnað og blómlegt mannlíf í miðborginni.

Athyglisvert er að skoða ábendingu hagdeildar ASÍ um mikinn þjóðhagslegan ávinning af flutningi vallarins. Reykvíkingar eru að móta stefnu um þróun byggðar, nýtingu lands og meginumferðaræðar í höfuðborginni en ekki bara kjósa um hvort flugvöllurinn eigi að fara eða vera. Lenging á ferðatíma ef flugvöllurinn er fluttur skiptir vissulega máli fyrir landsbyggðarfólk. Tíminn skiptir líka máli fyrir höfuðborgarbúa. Byggð er nú komin upp undir Úlfarsfell og stefnir út á Kjalarnes. Fjöldi Reykvíkinga sem vinna nálægt miðborginni eyða daglega upp undir einum klukkutíma í ferðir til og frá vinnu. Það skiptir líka máli og 30 þús. manna byggð í Vatnsmýrinni gæti breytt því.

Að 16 árum liðnum geta vissulega komið fram nýir staðsetningarmöguleikar sem ekki eru á borðinu í dag og aðrir sem uppi eru nú reynst hagstæðir, ekki síst með tilliti til þeirrar öru þróunar og tæknibyltinga sem eru í fluginu sem annars staðar. Reykvíkingar eiga að ákveða sína byggðaþróun sjálfir án afskipta hæstv. samgrh. sem ég efa að hafi atbeina allra landsbyggðarþingmanna til að standa við hótanir sínar og flytja innanlandsflugið til Keflavíkur, enda verður hann löngu farinn úr stól samgrh. þegar að því kemur.

[13:44]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Reykjavíkurflugvöllur er mikilvægur þáttur í samgöngukerfi landsmanna. Um næstu helgi fer fram atkvæðagreiðsla um skipulagsmál í Reykjavík. Ég hef í sjálfu sér ekki athugasemdir við það þó að borgarstjórn Reykjavíkur efni til atkvæðagreiðslu um skipulagsmál en þetta mál varðar hins vegar landsmenn alla.

Ég vil í upphafi athugasemda minna hvetja borgarbúa til að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu og ég vona að hún fari á þann veg að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Ég tel að hægt sé að skipuleggja það svæði þannig að það geti orðið öllum landsmönnum til sóma, bæði borgarbúum og öðrum og þar rúmist alls konar starfsemi, bæði atvinnustarfsemi og byggð með flugvellinum. Þetta svæði þarf ekki að vera eins og það er í dag. Ég óttast hins vegar að ef ákveðið verður að flytja flugið úr Vatnsmýrinni þá hangi skipulagsmál þessa svæðis í einhverri útideyfu um 16 ára skeið.

Ég tel að ef fluginu verði vísað úr Vatnsmýrinni þá sé því vísað því til Keflavíkur. Ég tel að fjármagn til að byggja flugvöll suður í Hvassahrauni sé illa varið og sé betur nýtt til að bæta aðrar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að það séu ekki nema tveir kostir í þessari stöðu: Byggja upp Vatnsmýrina og hafa flugvöllinn þar eða flytja innanlandsflugið suður á Keflavíkurflugvöll, um það stendur valið.

[13:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. málshefjandi gerði vinarþel að umræðuefni í ræðu sinni áðan og sagði borgaryfirvöld skorta vinarþel í garð landsbyggðarinnar. Ég vil leyfa mér að snúa þeim ummælum upp á hæstv. samgrh. Og þegar hv. 1. þm. Suðurl. er að kvarta undan búseturöskun, er ráð að spyrja hvort hann hafi ekki verið stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar í u.þ.b. tíu ár, ríkisstjórnar sem er ábyrg fyrir þeirri byggðaröskun sem við stöndum frammi fyrir.

Herra forseti. Hingað til hefur umræða um skipulagsmál verið fremur veikburða og hún hefur einkennst af sleggjudómum og því miður sýnast mér þeir sleggjudómar vera viðvarandi. Umræða síðustu vikna og mánaða hefur í sér fólgna möguleikana á að breyta þessari stífni. En til allrar óhamingju virðumst við ætla að klúðra tækifærinu á að skapa glaðlega og bjartsýna umræðu um framtíðarskipulag höfuðborgar þjóðarinnar og ræða hv. málshefjanda er skýrt dæmi um það. Ég tel hæstv. samgrh. hafa sýnt einstakan þvergirðingshátt í þessu máli þar sem hann hefur sett þeim

sem vilja hleypa sólinni inn stólinn fyrir dyrnar og þar stendur hann með hælana grafna í gólfteppi samgrn., gardínurnar kirfilega dregnar fyrir og alla glugga lokaða. Hvað leiðir slík hegðun af sér? Hún heftir sköpunarmátt umræðunnar og það er ábyrgðarhluti. Þetta er hin sorglega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Eina ráðið sem við höfum er að láta sem við sjáum hvorki né heyrum í hæstv. samgrh. Hans valdatími gæti heyrt sögunni til eftir tvö ár en eftir sem áður þurfa landsmenn höfuðborg með ásýnd sem við getum verið stolt af, höfuðborg sem verður þjóðinni notadrjúg miðstöð stjórnsýslu, þjónustu og skapandi mannlífs. Verum þess minnug að um það bil 450 manna þorp þurfti að víkja fyrir flugvelli á sínum tíma úr Vatnsmýrinni upp í Teiga. Þá voru íbúar ekki spurðir. Ég er á því að nú eigum við að spyrja íbúa og það er til fyrirmyndar að það skuli vera gert og við skulum ekki hefta þá skapandi umræðu sem við eigum möguleika á.

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Er hægt að sætta sig við að ferðatíminn með flugi og ferð að og frá flugvelli til þess að nýta innanlandsflugið lengist frá því sem nú er? Er hægt að vænta þess að flugsamgöngur innan lands haldi velli og verði samkeppnishæfar í verði með lengri ferðatíma? Svarið við báðum þessum spurningum hlýtur að vera afdráttarlaust nei.

Flugið á í samkeppni við einkabíl fjölskyldunnar þar sem ferðatími styttist með betra þjóðvegakerfi og styttingu akstursleiða milli landshluta með jarðgöngum og þverun fjarða. Flugfarþegar eins og aðrir sem ferðast gera kröfu um styttingu á ferðatíma, betri þjónustu og lægri fargjöld. Ekkert af þeim markmiðum næst með því að færa innanlandsflugið frá Reykjavík ef það er fært til suðvesturs, þ.e. suður fyrir Hafnarfjörð. Öðru máli gegnir ef gott flugvallarstæði með góðri vegtengingu til Reykjavíkur yrði staðsett norðaustan Reykjavíkur. Þá styttist flugtíminn til allra áætlunarstaða en slíkri staðsetningu yrði að fylgja gerð greiðfærrar aksturleiðar til miðborgar Reykjavíkur. Hvort slíkt svæði finnst þar sem veður og vindar eru ásættanlegt fyrir flug norðaustan við Reykjavík þekki ég ekki.

Ég hef lýst þeim skoðunum mínum áður að með betri þjóðvegum og varanlegri styttingu með þverun fjarða og jarðgöngum muni flugið smám saman leggjast af á næstu 20–30 árum. Jafnvel til landsvæða eins og Vestfjarða gæti flugið lagst niður vegna þess að farþegafjöldinn nægði ekki til þess að sú flugleið yrði hagkvæm þar sem sífellt fleiri kjósa að ferðast á fjölskyldubíl.

Höfuðborgin er í þjónustuhlutverki fyrir alla íbúa landsins sem eiga kröfu á að greiðar samgönguleiðir séu til þeirrar þjónustu sem borgarbúar veita. Stjórnsýsla ríkisins er að stærstum hluta í Reykjavík.

Herra forseti. Staðsetning Reykjavíkurflugvallar er ekki einkamál íbúa Reykjavíkur.

[13:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur er sýning þeirra hugmynda hagsmunahópa sem nú er tekist á um varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar og Vatnsmýrarsvæðisins. Það vekur athygli að tillaga borgaryfirvalda er aðeins ein: Enginn flugvöllur en þess í stað miklir steinkassar íbúðarhúsnæðis og verksmiðja og Loftleiðahótelið sem smábygging á þessari kynningarmynd borgaryfirvalda.

Ég hvet Reykvíkinga til að skoða þessa framtíðarskýjaborg óraunveruleikans. Síðustu áratugi höfum við verið minnt á óblíða náttúru landsins. Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins í áætlun almannavarna. Í náttúruhamförum sem ógna mundu öryggi íbúa höfuðborgarsvæðisins skiptir sköpum að hafa aðgang að flugvelli og höfn. Á sama tíma og mótmælt er flutningi ríkisstofnana út á land stuðla Reykvíkingar að slíkri þróun með því að greiða atkvæði gegn veru flugvallarins.

Reykvíkinga skiptir miklu máli þau 1.200 störf sem við flugvöllinn tengjast. Reykvíkinga skiptir miklu máli hin efnahagslegu áhrif flugvallarins. Með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru nú varðandi kennslu og snertiflug minnkar umferð um Reykjavíkurflugvöll um 50%. Í sameiginlegu átaki Flugmálastjórnar og borgaryfirvalda verður auðvelt að aðlaga flugvöllinn að höfuðborginni og borgarbúum.

Upphaf flugsins hér á landi í Vatnsmýrinni var framfaraspor og upphaf nýrra tíma og stuðlaði ásamt Reykjavíkurhöfn að því að breyta Reykjavík úr bæ í borg. Eflum höfuðborg landsins með tilveru Reykjavíkurflugvallar.

[13:53]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í upphafi máls míns er rétt að minna hæstv. samgrh. á þá ógn sem innanlandsfluginu hefur verið sýnd með upptöku sérstaks flugmiðaskatts sem hann hefur beitt sér fyrir.

Herra forseti. Ég vara við því að þessu máli sé stillt þannig upp að þetta sé barátta milli höfuðborgar og landsbyggðar. Ég minni jafnframt á að skipulagsmál í Reykjavík heyra undir borgaryfirvöld en ekki Flugmálastjórn. Íbúar landsbyggðarinnar óska hins vegar eftir sátt og samkomulagi við höfuðborgarbúa um að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Reykjavík til þess að við getum áfram nýtt okkur aðalkosti flugsins sem er stuttur ferðatími. Við viljum greiðar samgöngur til og frá höfuðborginni við alla landshluta, m.a. vegna þess að Reykjavík hýsir alla stjórnsýslu landsins, aðalsjúkrastofnanir, allar helstu menningarstofnanir og svo mætti lengi telja. Þess vegna er það von mín að Reykvíkingar samþykki á laugardaginn kemur að hýsa áfram miðstöð innalandsflugs á Íslandi með því að innanlandsflugvöllurinn verði kyrr í Reykjavík en þó með þeim skilyrðum að á vegum Reykjavíkurborgar og í samvinnu við flugmálayfirvöld verði svæðið skipulagt þannig að nýtt landrými skapist fyrir Reykjavíkurborg fyrir annars konar starfsemi á því svæði sem losnar.

Við verðum að sjálfsögðu að taka tillit til óska borgaryfirvalda í Reykjavík um að fá aukið rými innan núverandi flugvallarsvæðis fyrir aðra starfsemi svo og fegrun flugvallarsvæðisins.

Herra forseti. Með tilliti til nálægðar Reykjavíkurflugvallar við sjúkrahúsin í Reykjavík liggur í augum uppi að flugvöllurinn er best settur þar sem hann er nú hvað varðar sjúkraflug og aðra heilbrigðisþjónustu. Það yrði mjög íþyngjandi fyrir flugfarþega innan lands að þurfa að nota Keflavíkurflugvöll sem innanlandsflugvöll. Það lengir ferðatímann verulega. Auk þess yrði það ógnun við framtíð innanlandsflugs í landinu. Umræðan um framtíð Reykjavíkurflugvallar er löngu tímabær og hefur verið mjög góð og rætt hefur verið opinskátt um framtíð vallarins.

Herra forseti. Landsbyggðin þarf sterka og öfluga höfuðborg og höfuðborgin þarf sterka og öfluga landsbyggð. Við

verðum að taka tillit hvor til annars. Við eigum að rækta samstarf en ekki sundurlyndi.

[13:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mér finnst óþarfapirringur í mörgum í þingsalnum út af þessu máli. Við megum ekki gleyma því að í þessari umræðu hefur verið vakin athygli á skipulagsmálum í höfuðborginni og reyndar víðar um land. Við erum alla daga núna að ræða um skipulagsmál sem við gerðum ekki áður þannig að umræðan er að því leytinu ljómandi góð.

Mér finnst mjög eðlilegt að hafa flugvöllinn þar sem hann er, enda hafa verið gerðir samningar um það til ársins 2016 og ég minni á það sem komið hefur hér fram að ferðatími fólks utan af landsbyggðinni lengist verulega ef flugvöllurinn verður færður úr Reykjavík vegna þess að einungis er um tvo kosti að ræða, annars vegar Reykjavík og hins vegar Keflavík.

Mér finnst þessi atkvæðagreiðsla raunar ekkert hafa með vinarþel að gera, langt í frá. Það er bara verið að kanna vilja höfuðborgarbúa. Við eigum frekar, við sem viljum hafa flugvöllinn þar sem hann er í dag, að hvetja fólk til þess að fara á kjörstað. Við eigum að hvetja þá sem eru í hálfgerðri fýlu yfir þessari atkvæðagreiðslu til þess að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Um það snýst málið. Ef fólk sem vill hafa óbreytt ástand situr heima í fýlu er það í rauninni að skemma þessar kosningar, þannig að fyrir alla muni, þeir sem orð mín heyra, góðir Reykvíkingar, eiga að hugsa sig um og eiga auðvitað að fara og greiða atkvæði um að hafa flugvöllinn þar sem hann er í dag.

[13:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er mikið fagnaðarefni og framfaraspor, hinn aukni áhugi almennings á skipulagsmálum, ráðstöfun lands og náttúruauðlinda til framtíðar og áhrif einstakra áætlana á byggð, búsetu og samfélagsgerð. Allir íbúar landsins geta tekið þátt í þeirri umræðu og haft áhrif.

Samkvæmt lögum verður skylt innan ársins 2002 að allar skipulagsáætlanir, svæðisskipulög og aðalskipulög, fari í mat á umhverfisáhrifum og það mun væntanlegt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkur þurfa að gera og þá hafa allir íbúar landsins sama rétt til að koma að athugasemdum og ábendingum.

Herra forseti. Það er að mínu viti beinlínis rangt að íbúar eins svæðis eins og í þessu tilfelli Reykjavíkur geti bundið með innbyrðis atkvæðagreiðslu fyrir fram lokun flugvallarins í höfuðborg allra landsmanna, Reykjavík, þar sem um áratuga bil hefur verið þungamiðja almenningssamgangna innan lands. Ákvörðun um flutning Reykjavíkurflugvallar til Keflavíkur eða annarra staða í nágrenninu má ekki taka undir þeirri pressu að honum sé úthýst þaðan sem hann er nú. Samgöngur að og frá flugvelli, uppbygging þjónustu, öryggismál, fjölþætt mikilvægi flugvallarins, alla þessa þætti verður að skoða mjög gaumgæfilega fyrir fram og þeir þurfa að ganga upp áður en lokun flugvallar í Reykjavík er ákveðin.

Umræðan um flugvöllinn hefur leitt fram nýjar hugmyndir um fyrirkomulag og aðbúnað á því svæði þar sem hann er nú. Leita þarf allra leiða til að takmarka það land sem flugvöllurinn krefst, gera allt sem hægt er til að tryggja öryggi og lágmarka áhrif umferðarinnar á nærumhverfið.

Herra forseti. Að mínu viti er afar mikilvægt að aðilar sem hér eiga hlut að máli sameinist í að finna bestu lausn fyrir miðstöð innanlandsflugsins á svæði Reykjavíkurflugvallar og í þá framtíðarsýn ber að einhenda sér.

[13:59]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Málefni Reykjavíkurflugvallar snerta grundvallaratriði í samgöngu- og atvinnumálum þjóðarinnar. Málið snýst um það hvort flugið verður áfram í Reykjavík eða hvort það flyst til Keflavíkur. Aðrir kostir eru óraunhæfir.

Með flutningi flugsins til Keflavíkur er samgöngumálum höfuðborgarinnar og þjóðarinnar svipt marga áratugi aftur til fortíðar. Þar með er vegið að hlutverki Reykjavíkur sem höfuðborgar. Allar höfuðborgir heimsins verja miklu landrými í miðstöðvar innanlandssamgangna sem eru undantekningarlaust í borgarmiðju.

Hér gegnir flugið meginhlutverki í samgöngumálum og hefur svipað vægi og lestarsamgöngur á meginlandi Evrópu. Lestir ganga hvarvetna frá miðborg til miðborgar og engum dettur í hug að hrófla við því svo mikilvægt sem slíkt kerfi er. Innanlandsflug mun veikjast verulega ef hugmyndir um flutning til Keflavíkur ná fram að ganga. Þar með mun staða Reykjavíkur og landsbyggðarinnar veikjast. Þetta gildir ekki síst um ferðaþjónustuna en innanlandsflugið er lífæð ferðaþjónustunnar. Innanlandsmarkaður ferðaþjónustunnar er meira en þriðjungur heildarmarkaðar þessarar atvinnugreinar. Versnandi flugsamgöngur gengisfella í raun Reykjavík sem miðstöð þjónustu á öllum sviðum. Sem ráðstefnumiðstöð landsins býður Reykjavík af því mikla hnekki ef innanlandsflug veikist.

Sem miðstöð heilsugæslu og öryggismála í Reykjavík eigum við mikið undir því að þau einstöku skilyrði sem innanlandsflug nýtur hér á landi haldist áfram. Ekkert einstakt atriði ræður meiru um öryggismál landsmanna eins og það hve vel flugvöllurinn er staðsettur með tilliti til sjúkrahúsa og þeirrar sérhæfðu heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt. Það er ekki ásættanlegt að færa aðgang að þessari þjónustu áratugi aftur í tímann.

[14:01]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er sérstakt að á 20 ára tímabili hef ég aldrei tekið þátt í eins einróma utandagskrárumræðu um nokkurt mál. Allir sem hafa tekið þátt í umræðunni eru sammála um meginhvatninguna að tryggja Reykjavíkurflugvöll sem höfuðmiðstöð í flugsamgöngum áfram í Reykjavík. (Gripið fram í.) Allir sem hafa tekið þátt í umræðunni, það er klárt mál. (Gripið fram í.) Það er ástæða til þess að fagna því.

Reykjavíkurflugvöllur er öryggisventill eins og hér hefur verið bent á. Það eru nær tvö sjúkraflug, tveir sjúklingar á dag, sem koma frá landsbyggðinni til sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þar er höfuðflugvöllurinn aðalatriðið og menn eiga að horfa á slíka hluti. Menn eiga að taka það alvarlega og menn eiga ekki að gantast með það eða gera lítið úr því. Það er skylda Íslendinga að standa saman um slíka hluti. Það er til skammar að forustumenn í stjórnmálum skuli leyfa sér annað. Þetta er álíka og það ef einhver, sem hefur ónot kemur inn á sjúkrahús, hittir starfsfólkið inni á skrifstofu, það ákveður að setja hann í hjartaaðgerð, svo er farið í hjartaaðgerð, en á eftir er athugað hvort ástæða hefur verið til að fara í hjartaaðgerðina. Þannig er sú kosning sem er stillt upp í dag. Hún er illa undirbúin, illa ígrunduð og full af gylliboðum, til að mynda hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan. Hún bauð 30 þús. manna byggð í Vatnsmýrinni, 30

þús. manna byggð. Fyrir stuttu bauð forseti borgarstjórnar 15 þús. manna byggð. Fyrir stuttu bauð einn frá skipuleggjendum Háskóla Íslands í verkfræði 22 þús. manna byggð. Miðað við yngstu byggð Reykjavíkur, Grafarvog, er pláss fyrir 8 þús. íbúa byggð í Vatnsmýrinni. Hvað eru menn að bjóða hér út og suður? Er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skýjum ofar? Það eru ansi margir í þessu máli skýjum ofar og ég held að það sé ráð að menn fari að lenda og komast að einhverjum raunhæfum hlutum í þessum efnum.

Ég vil skora á samgrh. að standa vörð um að byggja upp, koma vellinum í gott horf eins og hann hefur lagt til og staðið að skipulagningu þannig að hann verði prýði höfuðborgar og landsins alls, Reykjavíkurflugvöllur í höfuðborg Íslands.

[14:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem er um margt athyglisverð og hefur sem betur fer verið á þeim nótum eins og ég hef upplifað hana í höfuðborginni að í raun og veru viðurkenna allir mikilvægi Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni og eiga mjög erfitt með að rökstyðja andstöðu sína við hann, þeir sem á annað borð lýsa andstöðu við Reykjavíkurflugvöll í Vatnsmýrinni. Ég held að því meiri umræða sem verður um þetta, þeim mun betur kemur í ljós hversu mikla þýðingu völlurinn hefur.

Hér töluðu tveir þingmenn um þvergirðingshátt og annar hv. þm. um hótanir. Ég kann satt að segja illa við slíkan málflutning og tal um hótanir af hálfu samgrh. sem sinnir því hlutverki sínu að gera tillögur og færa fram tillögur um framkvæmdir sem Alþingi hefur ákveðið að leggja í. Í því felast væntanlega hótanir mínar að mati hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að framfylgja samþykkt Alþingis einarðlega og ég er tilbúinn til þess að halda því áfram.

Niðurstaða mín af umræðunni er sú að við eigum að taka höndum saman á þeim nótum sem ég hef lagt fram sem eru tillögur um að ná sátt við íbúa höfuðborgarinnar um nýtt og endurskipulagt flugvallarsvæði þar sem við tökum tillit til óska borgarbúa um meira rými og umfram allt betra umhverfi og betri Reykjavíkurflugvöll fyrir þá sem þurfa að nota hann.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 843.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 329. mál (úthlutun aflahlutdeilda o.fl.). — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Rafrænar undirskriftir, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 820.

[14:08]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um rafrænar undirskriftir sem er 524. mál á þskj. 820. Rafrænar undirskriftir eru taldar grundvöllur aukins trausts í rafrænum samskiptum og viðskiptum. Með notkun þeirra er unnt að tryggja að sending gagna um opin kerfi eins og netið séu á trúnaðarstigi. Þá er unnt að sannprófa að upplýsingum hafi ekki verið breytt í sendingu um netið og að upplýsingarnar stafi í raun frá tilteknum sendanda. Þannig eru rafrænar undirskriftir m.a. forsenda fyrir innleiðingu rafrænnar opinberrar stjórnsýslu, flutnings ákveðinna verkefna út á landi og öruggri sendingu gagna á milli tölva í opnu kerfi.

(**Forseti** (GuðjG): Það er of mikill kliður í salnum. Forseti biður um hljóð í salnum.)

Með frv. því sem nú er til umfjöllunar er stefnt að því að setja í lög reglur um réttaráhrif rafrænna undirskrifta vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð, eftirlit með þeim vottunaraðilum og bótaábyrgð þeirra. Þá er í frv. gerð tillaga að innleiðingu í íslensk lög að tilskipun Evrópusambandsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Þegar rætt er um frv. þetta er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað felst í hugtakinu rafræn undirskrift eins og það er notað í frv. Í hugtakinu felst ekki skönnuð mynd af handritaðri undirskrift eins og hugtakið rafræn undirskrift er notað. Í frv. þessu er átt við þau gögn sem verða til þegar tiltekin búnaður eða aðferð er notuð til þess að brengla efni sendingar með ákveðnum hætti. Í brenglunarferlinu er fyrst notuð svokölluð tæting og síðan dulritun. Hin rafrænu gögn sem koma út úr því ferli teljast hin rafræna undirskrift.

Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað átt er við með vottunaraðilum. Eins og það hugtak er notað í frv. er átt við þá aðila sem gefa út vottorð sem segja til um hver undirritandi er. Í stefnumörkun iðn.- og viðskrn. um rafræn viðskipti frá því í mars 1999 kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að setja reglur í íslenskan rétt um rafrænar undirskriftir.

(**Forseti** (GuðjG): Enn verð ég að biðja um hljóð í salnum og biðja þá hv. þm. sem þurfa að spjalla saman að víkja úr salnum á meðan.)

Í framhaldi af því skipaði þáv. iðn.- og viðskrh. sérstaka nefnd um rafrænar undirskriftir sem skyldi vinna að mótun lagaramma um rafrænar undirskriftir, m.a. með hliðsjón af tillögum Evrópusambandsins. Á Norðurlöndum var ákveðið að hefja norræna samvinnu um rafrænar undirskriftir til að ná sem mestri samræmingu í reglusetningu á þessu sviði

og til að norrænir sérfræðingar hefðu tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu hvers lands. Íslenska nefndin um rafrænar undirskriftir skilaði síðan drögum að frv. sl. haust en lokahönd hefur verið lögð á verkið af hálfu viðskrn.

Frv. þessu er m.a. ætlað að stuðla að öryggi í viðskiptum og öðrum samskiptum í opnum kerfum, t.d. netinu. Kannanir hafa sýnt að menn telja að öryggi skorti í rafrænum samskiptum og þeir stundi þau því í minna mæli en ella. Áhyggjurnar spretta vegna þess að í opnu kerfi eins og netinu standa menn ekki augliti til auglitis. Sú staðreynd ásamt öðrum einkennum netsins geta m.a. leitt til eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að sendandi hafi möguleika á því að synja því að hafa sent upplýsingar.

Í öðru lagi að unnt sé að breyta upplýsingum eftir móttöku þeirra. Loks getur risið óvissa um að gagnaðilinn sé raunverulega sá sem hann segist vera. Erfitt getur verið að koma í veg fyrir öll þau vandamál sem skapast við samskipti í opnu kerfi. Þó er stöðugt verið að þróa aðferðir til þess að gera rafræn viðskipti öruggari. Rafrænar undirskriftir og dulritun eru þær aðferðir sem mest er horft til nú. Talið er að vel heppnuð framkvæmd við útfærslu á rafrænum undirskriftum sé grundvallaratriði til að byggja upp traust í rafrænum samskiptum og geti þannig orðið til þess að samskiptin nái þeirri útbreiðslu sem vonir standa til. Í því sambandi er ekki nauðsynlegt að komið verði upp einu undirskriftakerfi heldur að kerfin geti virkað saman. Fyrirsjáanlegt er að rafrænar undirskriftir verði notaðar í viðskiptum í samskiptum á milli borgara og stjórnsýslu og stjórnvalda innbyrðis, t.d. á sviði opinberra útboða, skattamála, félagslegrar aðstoðar, heilbrigðismála og réttarfars. Þar sem rafrænar undirskriftir eru taldar forsenda þess að hægt sé að skapa nauðsynlegt öryggi í rafrænum viðskiptum er mikilvægt að lagagrundvöllur þeirra sé fullnægjandi. Að sama skapi er mikilvægt að ekki sé vafi á að heimilt sé að nota rafrænar undirskriftir þegar formkröfur í lögum gera kröfu um undirskrift eða sambærilegar kröfur. Sú staðreynd að frv. þetta kveður á um öryggiskröfur í tengslum við fullgildingu rafrænnar undirskriftar munu stuðla að því að skapa nauðsynlegt öryggi í rafrænum viðskiptum hér á landi.

Þá stuðlar frv. einnig að fyrirsjáanleika í slíkum viðskiptum þar sem unnt verður að treysta því að fullgild rafræn undirskrift hafi að jafnaði sömu réttaráhrif og handrituð.

Frv. þetta fjallar að meginstefnu til aðeins um svokallaðar fullgildar rafrænar undirskriftir, þ.e. undirskriftir sem fullnægja tilteknum ströngum öryggiskröfum.

Í I. kafla frv. er fjallað um markmið og gildissvið. Þar kemur m.a. fram að markmið frv. sé að stuðla að öryggi og árangursríkri notkun rafrænna undirskrifta.

Í II. kafla frv. er að finna orðskýringar og ákvæði um réttaráhrif og vernd persónuupplýsinga. Þar kemur fram sú meginregla að fullgild rafræn undirskrift skuli ætíð vera jafngild handritaðri þegar lög, stjórnsýslufyrirmæli eða annað mæli fyrir um að handrituð undirskrift sé nauðsynleg. Meginreglan takmarkast þó af því að lög leggi ekki sérstakar hindranir gegn rafrænum samskiptum.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um fullgild vottorð sem eru þau vottorð sem styðja fullgildar rafrænar undirskriftir.

IV. kafli frv. mælir síðan fyrir um þau skilyrði sem öruggur undirskriftabúnaður þarf að fullnægja. Undirskriftabúnaður er sá búnaður sem notaður er til að mynda rafræna undirskrift.

Í V. kafla frv. er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Þar kemur m.a. fram að slíkir vottunaraðilar skulu fullnægja þeim kröfum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og áreiðanlega útgáfu vottorða, nota áreiðanleg kerfi og búnað, sannreyna deili á undirritanda með viðeigandi hætti og geyma upplýsingar um vottorð í hæfilega langan tíma.

Í VI. kafla frv. er sérákvæði um skaðabótaskyldu vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð til almennings. Þau mæla fyrir um að slíkir vottunaraðilar skulu bera skaðabótaábyrgð í tilteknum tilfellum nema þeir sanni að tjón verði ekki rakið til saka þeirra. Í öðrum tilfellum gilda almennar skaðabótareglur.

VII. kafli frv. hefur síðan að geyma ákvæði um eftirlit með þeim vottunaraðilum sem gefa út ófullgild vottorð. Gert er ráð fyrir því að Löggildingarstofa hafi með höndum það eftirlit.

Loks er í VII. kafla frv. ákvæði um landfræðilegt gildissvið, viðurlög og gildistöku. Þar sem um er að ræða svið í mikilli og hraðri þróun er mikilvægt að lagasetningu sé hagað þannig að hún verði hvorki úrelt innan skamms tíma né hamli gegn tæknilegri þróun. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir það með því að hafa ákvæði frv. eins tæknilega hlutlaus og mögulegt er.

Hæstv. forseti. Ég mæli með því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[14:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. sem er ákveðinn leiðarvísir inn í framtíðina varðandi þær miklu breytingar sem við stöndum frammi fyrir í verslun og viðskiptum og alveg sérstaklega í bankaviðskiptum.

Þegar netbyltingin hóf innreið sína fyrir 5–6 árum bjuggust menn við mjög mikilli aukningu, sérstaklega í bankaviðskiptum, og sumir sáu jafnvel að hefðbundin bankastarfsemi með útibúum og þvíumlíku mundi líða fljótt undir lok, sérstaklega í þeim löndum þar sem fólk er móttækilegt fyrir nýjungum. Þetta hefur ekki orðið svo hratt sem menn áttu von á og sem stendur er í rauninni ákveðin neikvæðni gagnvart þessum fyrirtækjum en ég hygg að það sé eingöngu spurning um örfáa mánuði.

Það frv. um rafrænar undirskriftir sem við ræðum er í reynd tilraun þessara aðila til að endurvekja og byggja upp traust manna á rafrænum viðskiptum. Ég hygg að þegar slíkar reglur eru orðnar almennar muni viðskipti á netinu blómstra sem aldrei fyrr með mjög miklum afleiðingum fyrir hið hefðbundna atvinnulíf og það er hlutur sem menn þurfa að horfast í augu við.

Innlendir bankar hafa ekki farið varhluta af þessu og sumir hverjir hafa þegar tekið á þessum vanda að nokkru leyti en allt of litlu leyti. Ég hygg að eftir ekki mjög langan tíma, kannski 3–4 ár, verði orðin sú breyting að útibú verði orðin myllusteinn um hálsinn á bönkunum í staðinn fyrir að vera sá björgunarhringur sem hélt þeim uppi og öll starfsemi banka muni breytast. Það hefur í för með sér að sennilega verða 1.000–1.500 manns atvinnulausir, þ.e. fólk sem mun ekki starfa lengur við gjaldkerastörf og slík störf vegna þess að þau störf fara til notandans. Notandinn á netinu framkvæmdir störf gjaldkerans. Í staðinn þarf að ráða eða endurmennta sennilega um 500–1.000 manns sem verða í ráðgjafarstörfum, allt öðrum störfum en hafa verið

framkvæmd hingað til, ráðgjöf um hvar er best að taka lán, hvar er ódýrast að taka lán og hvar er best að leggja fyrir og kaupa hlutabréf.

Þetta er sú breyting sem við horfumst í augu við og það frv. sem við ræðum um rafrænar undirskriftir er þáttur í þessari breytingu og til þess að auka réttaráhrif, öryggi og traust manna á þessum viðskiptum. Það er því ekki lítil breyting sem við stöndum frammi fyrir, þetta er ekki lítið frv., það er aftur á móti mjög tæknilegt sem gerir það sennilega að verkum að menn geta illa tjáð sig um það. Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvernig þessar undirskriftir verða í framtíðinni, hvernig einstaklingurinn er auðkenndur í sjálfu sér. Menn tala um að hægt sé að lesa fingraför, að hægt sé að lesa úr sjáaldri manna, sem er sennilega langsamlega öruggasta kennileitið, þannig að í framtíðinni verðum við ekki með vegabréf eða nokkurn skapaðan hlut annað en augun í okkur og þau verða lesin á augabragði hvar sem er í heiminum og gengið verður úr skugga um að þetta séum við, þetta sé þessi einstaklingur og enginn annar. Þetta er sú breyting sem við erum að horfast í augu við og þetta er ein af þeim rafrænu undirskriftum sem er mögulegt að beita samkvæmt því frv. sem við hér ræðum. Það er sem sagt sjáaldrið í okkur sjálfum, það er rafræn undirskrift okkar. Það mun víst ekki breytast alla ævina þannig að þegar einstaklingurinn er fæddur liggur rafræn undirskrift hans fyrir.

Með þessu frv. er verið að gera miklar breytingar og þetta kemur inn í umræðu okkar um sölu á ríkisbönkunum sem við erum líka að ræða einmitt í dag en þeir þurfa að takast á við þessar breytingar eins og aðrir bankar í heiminum. Það mun verða mjög kostnaðarsamt, dýrt og sársaukafullt og ég held að ekki sé seinna vænna að samtök bankamanna og ríkisvaldið fari að huga að þessum vanda. Ég hef þegar bent á þennan vanda í hv. félmn. fyrir hálfu ári eða einu ári, og ég held að það sé rétt að menn fari að skoða hann enn ítarlegar. En allt er þetta hluti af ákveðinni þróun sem við þurfum að takast á við og sem mun valda stórbreytingu á atvinnulífinu væntanlega til mikillar hagræðingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817. [14:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum, sem er 521. mál þingsins á þskj. 817.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi veiti viðskiptaráðherra heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir að „hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum". Í samræmi við þetta markmið ríkisstjórnarinnar óskuðu Landsbanki og Búnaðarbanki eftir áliti samkeppnisráðs á fyrirhuguðum samruna þessara banka í nóvember síðastliðnum. Niðurstaða samkeppnisráðs var sú að fyrirhugaður samruni hefði skaðleg áhrif á samkeppni og bryti í bága við samkeppnislög.

Að fengnu áliti samkeppnisráðs í máli Landsbanka og Búnaðarbanka samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið eigi almennt ekki að sinna atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta stundað eðlilega og virk samkeppni er fyrir hendi. Er þetta í samræmi við viðtekin sjónarmið í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Ríkisviðskiptabankarnir áttu rætur sínar að rekja til þess tíma þegar takmarkað framboð var á fjármagni og því talið nauðsynlegt að ríkið hlutaðist til um þessa starfsemi og tæki jafnframt áhættuna af henni. Nú er þessi staða ekki lengur fyrir hendi.

Einkarekstur banka er meginreglan í hinum vestræna heimi. Í flestum löndum Evrópu er löng saga ríkisrekinna banka en nú er helst um slíkt að ræða í Þýskalandi og Austurríki. Umfangsmiklar einkavæðingar hafa verið á Ítalíu og Frakklandi á liðnum árum. Annars staðar á Norðurlöndunum heyrði ríkisrekstur banka til undantekninga þar til fjármálakreppa dundi yfir fyrir um áratug. Þar hafa flestir bankar sem ríkið tók yfir verið seldir aftur. Norska ríkið á þó enn meiri hluta í Den norske Bank en stefnt er að sölu hlutabréfa á þessu ári til að koma eigninni niður í 33%.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Alþingis fáist til að selja hlut ríkisins í bönkunum. Sala á eftirstandandi hlut ríkisins hefjist á þessu ári og ljúki fyrir lok kjörtímabilsins árið 2003. Gera verður þann fyrirvara að sala á hlutabréfum hlýtur ætíð að taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Því er ekki hægt að ákveða útboð hlutabréfa með löngum fyrirvara.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um sölu fyrirtækja í eigu ríkisins verður lögð áhersla á sölu til almennings og tilboðssölu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun gera tillögur til viðskiptaráðherra um fyrirkomulag sölu til almennings og tilboðssölu.

Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis í bönkunum. Við val á slíkum fjárfesti verði tekið mið af verklagsreglum um einkavæðingu.

Herra forseti. Ég mælist til þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

[14:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er alltaf álitamál hvar á að draga mörkin á milli markaðslausna og samfélagslausna. Við í Samfylkingunni erum þeirrar skoðunar eins og vel flestir jafnaðarmenn á Vesturlöndum að samkeppnisrekstur í höndum ríkisins verði að lokum allur fluttur yfir á einkamarkaðinn. Við eðlilegar aðstæður þar sem ríkið sér um sterkt eftirlit um skýrar leikreglur og stjórnfestu þá er það að okkar mati til hagsbóta fyrir neytendur og fyrir allan almenning. Hins vegar er ekki hægt að ráðast í að selja eigur ríkisins nema að uppfyllt séu tiltekin skilyrði. Þau skilyrði sem við teljum að þurfi að uppfylla eru í fyrsta lagi að hagsmunir neytenda verða að vera í forgrunni

allrar sölu á ríkiseignum og hún má aldrei leiða til fákeppni eða skaðlegrar samþjöppunar á markaði. Í öðru lagi er alger forsenda fyrir sölu fyrirtækja í eigu ríkisins dreifing eignaraðildar. Í þriðja lagi verða söluaðferðir að miðast við það hvernig hægt er að bæta samkeppni á fjármálamarkaði og í fjórða lagi að ríkið fái sem mest fyrir eigur sínar. Í fimmta lagi verða yfirlýsingar að liggja fyrir um það að samráð sé haft við starfsmenn um að tryggja atvinnu þeirra og áhrif á stjórn þeirra fyrirtækja sem verið er að selja.

Það frv. sem hér liggur fyrir, miðað við þann texta sem við höfum í höndunum og miðað við þessa ræðu sem hæstv. ráðherra flutti áðan, uppfyllir hins vegar ekkert af þeim skilyrðum sem Samfylkingin setur fyrir slíkri sölu. Í reynd er um að ræða óútfylltan tékka sem ríkisstjórnin vill fá í hendur til að gera það sem hana lystir með sölu bankanna. Þar er nær ekkert sagt um hvernig þeir skuli seldir, lítið um það hvernig tryggja á dreifða eignaraðild, allt of óljóst hvernig koma á í veg fyrir óeðlileg eignatengsl sem stuðla að fákeppni og ekkert er sagt um hvernig á að tryggja hlut starfsmanna. Ég held að óðagotið og skortur á undirbúningi varðandi lykilatriði þessa máls leiði hugann óneitanlega að stöðu efnahagsmála í dag, ekki síst hinum geigvænlega viðskiptahalla en þar er komið í slíka stöðu að það yrði kærkomin líkn við þeirri þraut sem viðskiptahallinn er að fá erlent fjármagn með þessum hætti til þess að minnka hallann. Óneitanlega læðist að manni sá grunur að það skýri þá óútfylltu ávísun sem ríkið vill nú fá til þess að selja bankana.

Það sló mig, herra forseti, að þegar hæstv. ráðherra flutti ræðu sína áðan þá nefndi hún ekki einu orði dreifða eignaraðild. Það slær mann einnig þegar maður les þennan fjögurra blaðsíðna texta sem er frá ráðuneytinu í frv., að þar koma ekki fyrir orðin „dreifð eignaraðild". Samt sem áður er það lykilatriði til að koma í veg fyrir skaðlega samþjöppun. Þetta höfðu forustumenn ríkisstjórnarinnar sýknt og heilagt á vörunum þegar FBA var seldur, ekki síst þegar í ljós kom að þeir sem voru í náðinni hrepptu ekki hnossið.

Í frv. sem ríkisstjórnin lagði fram þegar hún leitaði heimildar til að selja allt hlutafé í þeim banka sagði m.a. að ríkisstjórnin hefði haft að leiðarljósi nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild. Eru menn þá horfnir frá því, herra forseti? Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þess að miðað við þá miklu áherslu sem hæstv. forsrh. og fleiri ráðherrar lögðu áður á dreifða eignaraðild þá skýtur óneitanlega skökku við að hæstv. ráðherra talar ekki neitt í framsögu sinni um dreifða eignaraðild. Við í Samfylkingunni erum hins vegar þeirrar skoðunar að sterkar tryggingar fyrir dreifðri eignaraðild séu algjör forsenda þess að stór og áhrifamikil ríkisfyrirtæki, ekki síst eins og bankar, séu seld.

Herra forseti. Í framhaldi af þessu vil ég taka upp þá gömlu hugmynd sem jafnaðarmenn reifuðu undir lok síðustu aldar, að almannavæða ríkisfyrirtækin með ótvíræðum hætti með því að dreifa hluta af hlutabréfum ríkisins jafnt á milli allra fjárráða Íslendinga. Í meðferð þessa máls á Alþingi mun Samfylkingin beita sér fyrir því að allt að 10% eignarinnar verði almannavætt með þeim hætti. Með því eru allir landsmenn í reynd gerðir að hluthöfum og þeim færð þeirra eigin eign. Það er svo hægt, ef menn telja það nauðsynlegt frá sjónarhóli markaðar eða efnahagslífsins, að setja á þetta vissar kvaðir, t.d. um tímalengd eignarinnar.

Í þeim frv. sem við ræðum um hér í dag, sem hæstv. viðskrh. mælir fyrir, eru nefndar ýmsar leiðir til að takmarka eða koma í veg fyrir samþjöppun. Sú leið sem hæstv. ráðherra virðist helst líta til felst í því einu að skerpa eftirlit með hluthöfum sem hafa 10% eignaraðild í fjármálafyrirtækjum og hafa aðferðir til að grípa inn í ef sú skoðun leiðir í ljós að um skaðleg áhrif kunni að vera að ræða. Að okkar mati tryggir þessi leið hins vegar ekki nægilega dreifða eignaraðild.

Ég spyr líka, herra forseti: Væri ekki ráð að leggja áherslu á að Samkeppnisstofnun hefði auk Fjármálaeftirlitsins eftirlit með samkeppnishæfni þeirra stofnana sem um er að ræða, eignatengslum milli þeirra og áhrifum fárra sem gætu heft virka samkeppni? Samkeppnisstofnun er m.a. að vinna skýrslu um stöðu þessara mála um þessar mundir samkvæmt beiðni Samfylkingarinnar. Í öðru lagi liggur öll sérfræðiþekking á virkri samkeppni hjá þeirri stofnun. Ég tel því sérstaka ástæðu til að leggja áherslu á virkt samstarf Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunar í þessu efni.

Í stuttu máli: Við teljum að hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum séu alls ekki fullnægjandi og munum við meðferð málsins leggja til að í fyrsta lagi verði 10% af hlutabréfum ríkisins dreift jafnt á milli fjárráða Íslendinga. Í öðru lagi að kannað verði sterklega hvort ekki eigi að setja hömlur á atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækjum sem einstakir aðilar geta að hámarki ráðið yfir. Við teljum að það gæti verið leið til að ná fram þeim markmiðum sem við höfum lýst. Í þriðja lagi teljum við að þau mörk sem ráðherra hæstv. nefnir sem lágmarkshlut, 10% sem sæta mundu skoðun af hálfu eftirlitsstofnana, séu of há. Í fjórða lagi viljum við að aðkoma Samkeppnisstofnunar, í þeim anda sem ég lýsti áðan, verði skoðuð.

Það er síðan kapítuli út af fyrir sig, herra forseti, að reifa hvernig hæstv. ráðherra hefur haldið á réttindum starfsmanna. Það má spyrja hvaða samráð hafi verið haft við starfsmenn vegna þessa máls. Ég spyr, herra forseti, vegna þess að mér er kunnugt um að til skamms tíma hafði a.m.k. ekkert samráð eða samband verið haft við Samband bankamanna og ekki heldur við þau starfsmannafélög sem virk eru innan bankanna.

Þetta er auðvitað eins og fyrir jólin þegar óðagot og flumbrugangur ríkisstjórnarinnar gagnvart sameiningu bankanna birtist m.a. í því að starfsmenn bankanna máttu þola það að lesa um framvindu málsins dag eftir dag í fjölmiðlum en fengu ekki einu sinni fund með ráðherrunum til þess að heyra hvað væri að gerast.

Við í Samfylkingunni teljum að varðandi réttindi starfsmanna þurfi að hyggja að tvennu. Í fyrsta lagi verður að tryggja starfsöryggi þeirra áður en sala fer fram. Í öðru lagi erum við þeirrar skoðunar, í anda þeirrar stefnu sem við höfum borið fram um atvinnulýðræði, að tryggja verði rétt þeirra til að eiga fulltrúa í stjórn þessara fyrirtækja.

Á öllum Norðurlöndunum eru starfsmenn með fullgilda meðlimi í stjórn sem hafa full réttindi, nema að vísu í Finnlandi þar sem þeir eru bara áheyrnarfulltrúar. Þessi tegund af stjórn, þ.e. sem fellur undir atvinnulýðræði, er nútímastjórnarhættir sem eru að ryðja sér til rúms alls staðar í Evrópu. Eigendur fá þar starfsfólk í lið með sér til að gera vel rekin fyrirtæki að betri fyrirtækjum.

Ef menn hlusta á gúrúa sem stundum koma hingað frá Bandaríkjunum til að kenna Íslendingum hvernig eigi að stjórna fyrirtækjum sínum rétt þá gætu þeir líka lært að í Bandaríkjunum eru menn í vaxandi mæli að taka upp þetta fyrirkomulag. Þeir skilja að fólk þarf ekki endilega að eiga stóran hlut í fyrirtækinu til að gæta þess eins og sjáaldur auga síns. Eigi starfsmenn fulltrúa í stjórn fyrirtækjanna þá hefur

það ákaflega góð áhrif á starfsanda og afkomu viðkomandi fyrirtækja. Á öllum Norðurlöndunum, nema hér á Íslandi, hafa starfsmenn fulltrúa í stjórn.

Sömuleiðis er ljóst, herra forseti, að við sölu á ríkisfyrirtækjum þarf að stíga ákaflega gætilega til jarðar hvað varðar kjör, stöðu og réttindi starfsfólksins. Okkar stefna er sú að þegar fyrirtæki ríkisins eru flutt út á einkamarkaðinn eins og hér er lagt til þá eigi slíkar breytingar ekki að leiða til uppsagna starfsfólks heldur verði eðlileg starfsmannavelta látin sjá um þá hagræðingu í mannahaldi sem nauðsynleg er. Þetta er sú leið sem menn fara á Norðurlöndum, þar sem stjórnendur og eigendur stórbanka forðast uppsagnir. Í Svíþjóð er t.d. í deiglunni núna að sameina tvo ákaflega stóra banka sem samtals hafa yfir 35.000 starfsmenn. Þar er gert ráð fyrir því að fækka um 2.000 starfsmenn á næstu þremur árum. Þó ekki hafi verið gefin út heimild til sameiningarinnar þá eru stjórnendur bankanna búnir að gefa yfirlýsingu um að engum verði sagt upp, að þessi hagræðing, þessi fækkun starfsmanna verði með eðlilegri veltu í mannahaldi.

Við vitum auðvitað hverjir mundu lenda í uppsögnum. Það eru að sjálfsögðu eldri starfsmenn. Við skulum hafa það í huga að á aldrinum 45–60 ára eru yfir 90% konur. Flestar hafa gert bankastarfið að ævistarfi og hafa ákaflega langan starfsaldur. Þetta eru sérhæfðir einstaklingar sem hlaupa ekki svo auðveldlega í aðra vinnu. Hættan er mest á að fólk eins og þær tapi vinnunni. Því miður sýnir reynslan að fyrir konur á aldrinum 55–60 ára sem missa vinnuna og hafa starfað í sömu atvinnugrein allt sitt líf jafngildir það nánast útskrift úr atvinnulífinu yfir á bætur.

Herra forseti. Án tillits til þess hvort þeim forsendum sem ég hef lýst er fullnægt eða ekki þá er ljóst að áform um gríðarlega sölu hlutafjár í eigu ríkisins verða að taka tillit til stöðu fjármálamarkaðarins og stöðu efnahagslífsins að öðru leyti. Við skulum hafa það í huga að efnahagslífið er í viðkvæmri stöðu. Hlutabréfamarkaðurinn hefur fallið um hátt á fjórða tug prósenta á sl. 12 mánuðum. Við skulum heldur ekki gleyma að í þessu samhengi erum við ekki bara að tala um að ríkið selji bankana heldur líka Landssímann. Íslenski fjármálamarkaðurinn er á margan hátt veikur og óþroskaður. Er hann reiðubúinn til þess að mæta á stuttum tíma mikilli gusu af nýju hlutafé sem ríkið dembir út á markaðinn? Þetta atriði er reifað varfærnislega í greinargerð Þjóðhagsstofnunar sem fylgir með frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við núverandi verð á markaði er verðmæti hluta ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands samtals um 32 milljarðar króna. Til samanburðar áætlar Þjóðhagsstofnun að á fyrstu 10 mánuðum ársins hafi söluverðmæti hlutafjár í hlutafjárútboðum ... sem einkum hafa beinst að innlendum fjárfestum numið um 35 milljörðum króna. Verðmæti hlutar ríkisins í bönkunum er því verulegt í hlutfalli af því hlutafé sem boðið er út á innlendum markaði."

Þetta eru ákaflega sterk varúðarorð sem styðja þá afstöðu að menn fari sér hægt í þessum efnum, fari gætilega að markaðnum. Hér er Þjóðhagsstofnun aðeins að tala um hlut ríkisins í bönkunum. Til viðbótar því kemur svo eins og ég nefndi áðan verulegt magn hlutafjár vegna Landssímans.

Í greinargerð stofnunarinnar segir jafnframt um söluna á hlut ríkisins í bönkunum að það sé, með leyfi forseta, „mögulegt að sala hlutarins geri öðrum fyrirtækjum til skamms tíma erfiðara um vik við að afla fjár". Herra forseti. Er það hlutverk ríkisins að gera öðrum fyrirtækjum erfiðara um að vik að afla fjár á markaðnum?

Samkvæmt þessum orðum þurfa menn að beita ýtrustu varkárni við sölu á eignum ríkisins til að ofbjóða ekki markaðnum miðað við stöðu hans núna. Það þarf líka að huga að því að ríkið fái eðlilegt verð fyrir sinn hlut. Er líklegt að ríkið fái eðlilegt verð miðað við þá stöðu sem er á mörkuðunum í dag? Ég tel að miðað við stöðuna ættu menn að áfangaskipta þessum framkvæmdum, taka ákvörðun um sölu annars bankans í dag, að sjálfsögðu að uppfylltum þeim skilyrðum sem ég hef áður reifað, taka síðan ákvörðun um sölu hins síðar í ljósi reynslunnar sem fæst og ekki síst með tilliti til þess hvernig staðan verður á markaðnum. Með þessari aðferð tækju menn í senn tillit til viðkvæmrar stöðu markaðarins og reyndu um leið að hámarka virði þessara fyrirtækja. Eins og staðan er í dag þá held ég að það leiki ekki vafi á því að sá bankinn sem betra væri að selja fyrst sé Búnaðarbankinn.

Ýmislegt fleira finnst mér mæla með því að menn fari með fyllstu varkárni í þessi mál. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 er greint frá stefnu stjórnarinnar varðandi bankana og þar er að finna þessa lykilsetningu, með leyfi forseta: „Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Er staðan þannig, herra forseti, að líklegt sé að menn fái hámarksverð fyrir eignina eins og ríkisstjórnin vill stefna að? Um þessar mundir er hlutabréfamarkaðurinn í sögulegri lægð. Ég sagði áðan að markaðurinn hefði á síðustu 12 mánuðum fallið um hátt í 40%, ég held það séu um 37%. Því miður liggja ekki neinar vísbendingar fyrir um að þar verði á jákvæð breyting. Er rétt, herra forseti, að selja verðmætustu eignir ríkisins meðan markaðirnir fara í gegnum einhverjar mestu lækkanir sögunnar og ekkert lát virðist á? Ég tel að ef menn ætli að selja bankanna án tillits til þeirrar stöðu sem nú ríkir á mörkuðunum þá virðist tímasetningin frekar stillt inn á gróða annarra en eigendanna, þ.e. þjóðarinnar.

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin telur æskilegt að finna erlenda kjölfestufjárfesta fyrir íslenska banka. Ég hygg að það verði ekki létt verk eins og sést t.d. á því hversu lítil erlend fjárfesting er almennt hér á landi. Er þetta ekki líka röksemd fyrir því að það sé rétt að fara sér hægt, selja fyrst annan bankann og læra af því sem út úr því kemur?

Herra forseti. Við teljum að þó að það sé rétt að selja báða ríkisbankana þá sé staða markaðanna og efnahagslífsins með þeim hætti að rétt sé að staldra við og taka aðeins ákvörðun um sölu Búnaðarbankans að þessu sinni en meta síðan framhaldið út frá því hvernig hún tekst með hliðsjón af stöðu markaðanna. Við teljum einnig að almannavæða eigi bankann þannig að allt að 10% af hlutafé hans verði dreift á milli fjárráða Íslendinga og þjóðin öll verði hluthafi.

Við teljum sömuleiðis að það sé forsenda fyrir því að ráðast í sölu að skilyrðum um dreifða eignaraðild sé fullnægt og hagur neytenda þannig tryggður. Sömuleiðis er ljóst að það verður að hafa samráð við starfsfólk og tryggja rétt þess eins og ég lýsti fyrr í ræðu minni.

Við skulum hafa í huga, herra forseti, að einkavæðing er ekki trúarbrögð. Hún á að vera tæki. Hún á að vera tæki til að ná markmiðum og þessi markmið felast í því að tryggja hag neytenda, tryggja dreifða eignaraðild, gæta þess að ganga ekki á rétt starfsfólks og síðast en ekki síst að fá hámarksverðmæti fyrir eigur þjóðarinnar.

[14:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við fáum frv. til umfjöllunar um sölu á eignarhluta ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að selja þá í heild sinni, eða allan hlut ríkisins. Áður höfðum við afgreitt frv. sem heimilaði sölu á 15% hlut ríkisins í þessum sömu bönkum. Reyndar var það svo að þegar það frv. var afgreitt undir lok árs 1999 hafði ríkið þegar afsalað sér hluta af sinni eignaraðild. Þetta hafði gerst með þeim hætti að þegar lögin voru samþykkt um hlutafélagavæðingu bankanna var sett þar inn ákvæði sem heimilaði ríkinu að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagabankanna með útboði á nýju hlutafé. Þegar Alþingi fékk til umfjöllunar frv. um að selja hlut í bönkunum, þá hafði sú sala í reynd farið fram, þá hafði ríkið aðeins um 85% eignaraðild.

Þess vegna er nú svo komið að þótt Alþingi hafi aðeins í reynd samþykkt 15% sölu, þá á ríkið aðeins 68,29% í Landsbanka Íslands og 72,56% í Búnaðarbankanum. Flestir aðrir eignaraðilar eru smáir. Í Landsbankanum er stærsti eignaraðilinn utan ríkisins, Philadelphia International Equities Incorporated sem á 4,25%, Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands með 2,49% og LB-Holding Limited með 2,19%. Næststærsti eignaraðilinn að Búnaðarbankanum er Kaupþing með 7,88% og Lífeyrissjóður starfsmanna BÍ, Búnaðarbankans væntanlega, 4,11%. Síðan er VÍB með 1,28% og síðan koma aðrir eignaraðilar sem eru mun fámennari.

Þessi framgangsmáti er allur mjög í samræmi við þá aðferðafræði sem ríkisstjórnin hefur beitt við einkavæðingu. Ákvarðanir hafa verið teknar skref fyrir skref og það hefur jafnan verið haft á orði að nauðsynlegt sé að fara mjög varlega í sakirnar og í mörgum tilvikum hefur því jafnvel verið lýst yfir að ekki standi til að selja viðkomandi ríkiseignir, einungis sé ráðgert að koma á breyttu rekstrarformi. Yfirlýsingar af þessum toga hafa verið viðhafðar þegar fyrst voru viðraðar hugmyndir um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstfl. og Framsfl. árið 1995.

Í greinargerð sem var birt með frv. um hlutafélagavæðingu bankanna og lagt var fyrir 121. löggjafarþingið 1996–1997, sagði m.a., með leyfi forseta:

„Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minni hluta eigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi."

Þetta er á árunum 1996 til 1997. Það er aðeins verið að breyta rekstrarfyrirkomulaginu til að gera það sveigjanlegra, ekki vakir fyrir mönnum að sjálfsögðu að selja þessar stofnanir.

Við vorum mörg sem bentum á að þetta væri að öllum líkindum ekki rétt, raunveruleikinn væri sá að menn væru að taka yfirveguð skref í þá átt að selja þessar stofnanir. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst miklu heiðarlegra að koma hreint fram og segja hreint út hvað fyrir þeim vakir. Ég virði að sjálfsögðu það sjónarmið að eðlilegt sé að reka stofnanir á borð við banka á markaði á markaðsforsendum. Ég virði það sjónarmið. Ég er ekki endilega viss um að ég sé sammála því sjónarmiði og reyndar er ég það ekki og ætla að nefna nokkur rök þar að lútandi.

Í umræðu um ríkisbankana hefur því verið haldið mjög á lofti, sérstaklega fyrr á árum, að menn hafi oft verið óábyrgir með afbrigðum, lánað til áhættusamrar útgerðar og fyrirtækja vítt og breitt um landið og þurft að súpa seyðið af afleiðingunum þegar að hefur kreppt í efnahagslífinu. Ég tel að það sé mjög varasamt að fordæma allar slíkar lánveitingar til stuðnings atvinnulífi og þótt það sé vissulega ánægjuleg þróun að lánastofnanir sýni ábyrgð í lánveitingum og láni þeim sem öruggt má heita að geti endurgoldið skuldir sínar, þá kann það stundum að vera landsmönnum til góðs að lánastofnanir láti ekki stjórnast af ágóðavoninni einni, heldur sýni félagslega ábyrgð á ögurstundu, þegar kreppir að í atvinnulífi byggðarlaga.

Pólitísk stefnumörkun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr er hins vegar þrengri en svo að hún rúmi slíka félagslega sýn. Ég vil einnig benda á að þegar kreppir að í fjármálakerfi einnar þjóðar, þá þarf ríkið jafnan að grípa í taumana. Það er bara staðreynd. Og það kom fram í máli hæstv. viðskrh. sem vitnaði í greinargerð með þessu frv. að slíkt hefði verið gert í Noregi á sínum tíma, í bankakreppunni. Þegar bankarnir í Noregi hrundu kom ríkið inn með meira en myndarlegum fjárframlögum upp á yfir 500 milljarða kr. og tók þessar lánastofnanir í eigin vörslu.

Mér kom þetta í hug hér við umræðuna í gær þegar hæstv. fjmrh. svaraði gagnrýni sem fram kom frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um lánakerfið og hugsanlega yfirvofandi bankakreppu, að ástandið á fjármálamarkaði á Íslandi væri ekki alvarlegt nú um stundir, einfaldlega vegna þess að skuldasamsetning þjóðarinnar væri með öðrum hætti en hún áður var. Menn hafa gumað af því að hlutfall ríkisskulda sé núna komið undir 20% af landsframleiðslu. Fyrir fáeinum árum hafi það verið 60–70%, nú sé það komið þetta niður. En á sama tíma hefur það hins vegar gerst að skuldir íslensku þjóðarinnar eru orðnar meiri en nemur landsframleiðslu og þetta er í fyrsta skipti sem það gerist, stefnir í 800 milljarða kr.

Hver skyldi verða ábyrgur þegar upp er staðið? Hæstv. fjmrh. sagði: Ekki ég. En erum við ekki ein þjóð í einu landi sem berum ábyrgð hvert á öðru þegar á reynir? Jafnvel þótt menn hafi ekki þá siðferðilegu sýn, þá er reynslan sú að þegar bankakerfin hrynja hafa ríkisstjórnir verið nauðbeygðar til að grípa í taumana, ekki bara í Noregi og Kanada því fleiri dæmi eru um slíkt.

Þegar allt kemur til alls hefur ríkisvaldið alltaf ábyrgð gagnvart fjármálakerfi landsins. Þess vegna er eðlilegt að þeirri ábyrgð fylgi einnig áhrif. Þá er ég að tala um pólitísk áhrif. Nú segja menn sem svo að pólitísk áhrif á fjármálastofnanir hljóti að vera af hinu illa og segja að fagleg sjónarmið eigi ein að ríkja. Og hvað eru fagleg sjónarmið? Fagleg sjónarmið eru þau í reynd að stjórnendur þessara fyrirtækja komi allir úr sama geiranum. Úr sama hluta samfélagsins og helst úr sama flokki. Það eru hin faglegu sjónarmið. Það eru peningavesírarnir sem koma úr Sjálfstfl. og einhverjir framsóknarmenn mega fylgja með, a.m.k. núna þessi missiri. Þetta eru hin faglegu sjónarmið.

Við sem tölum hins vegar fyrir lýðræðislegum pólitískum áhrifum viljum tryggja að fulltrúar sjónarmiða sem víðast að úr samfélaginu komi að máli. Þess vegna var það þannig til skamms tíma að Alþingi kaus í bankaráðin til að tryggja að sjónarmið sem flestra kæmu þar að borði og til að tryggja aðhald. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald.

Hæstv. núverandi viðskrh. hefur kosið að fara þá leið að nýta sér hlutafélagavæðingu þessara banka og vald sitt í krafti þess hlutabréfs sem hæstv. ráðherra fer með, til þess að ráðskast með þá fulltrúa. Taka þessi völd af Alþingi og færa þau inn til sín og skipa einvörðungu í bankastjórnir þá einstaklinga sem eru hæstv. ráðherra að skapi. Er þetta líklegt til að styrkja aðhald með þessum stofnunum? Ég hefði haldið ekki. Það er ekki til þess fallið að styrkja slíkt aðhald.

Hver hefur afstaða okkar verið? Hver hefur afstaða okkar verið í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? Okkar afstaða hefur verið sú að við höfum vilja hafa öflugan þjóðbanka á Íslandi. Við viljum hafa öflugan þjóðbanka á Íslandi sem yrði kjölfesta í fjármálalífinu, kjölfesta sem verður að vera til staðar og sem er til staðar þegar á reynir. Þá er það ríkið og ríkisvaldið sem þarf að grípa í taumana, það vitum við. Við viljum að þeirri ábyrgð fylgi einnig áhrif. Við viljum það.

Við höfum einnig haft af því áhyggjur að sala þessara fjármálastofnana geti komið viðskiptalífinu í koll. Ástæðan fyrir því að mikilvægt kann að vera fyrir íslenskt efnahagslíf að hafa öflugan þjóðbanka er að sporna gegn varasömum afleiðingum þeirrar miklu samþjöppunar á valdi og peningum sem stefnir í í íslensku efnahagslífi. Það er nefnilega þannig að líklegt er að sömu aðilar og hafa komist yfir miklar eignir í atvinnulífinu nái einnig tökum á fjármálalífinu. Hætt er við að eignist þessir aðilar bankana, kæmu þeir til með að lána sjálfum sér fé úr hirslum þeirra þá væri boðið heim hættunni á misbeitingu þessara mikilvægu undirstöðustofnana í efnahagslífi þjóðarinnar. Þá væri sú hætta fyrir hendi að bankarnir misnotuðu aðstöðu sína.

Ég spyr þá sem eru talsmenn frjálsra markaðsviðskipta, hvort þeir telji markaðnum vel borgið með slíku fyrirkomulagi. Ég hef um það mjög miklar efasemdir og við höfum um það efasemdir.

Þetta er sem sagt grundvallarafstaða okkar, að við teljum eðlilegt að í eigu þjóðarinnar sé öflugur þjóðbanki, kjölfesta í fjármálalífi þjóðarinnar.

Við höfum einnig sett fram tillögur nái sjónarmið okkar ekki fram að ganga, eins konar varaplan. Því að við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að þau sjónarmið sem ég er hér að tala fyrir eru minnihlutasjónarmið í þingsölum. Þau eru ekki minnihlutasjónarmið í samfélaginu, það held ég ekki. Þau eru minnihlutasjónarmið í þingsölum og eiga náttúrlega alls ekki nokkurn hljómgrunn í þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Ekki nokkurn. (Gripið fram í.) Og undrar engan, er sagt hér í salnum. Ég held það undri nokkra. Og hverja? Kjósendur Framsfl., suma, vegna þess að þeir kusu Framsfl. margir hverjir á öðrum forsendum, héldu að þar væri kominn einhver styrkur fyrir landsbyggðarsjónarmið og félagsleg sjónarmið sem síðan hefur ekki reynst vera.

Það varaplan sem við höfum sett fram birtist í frv. sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur lögðum fram fyrir nokkru síðan, á 125. löggjafarþingi, þar sem við gerðum tillögu um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, þar sem við leggjum áherslu á dreifða eignaraðild. Að eignarhlutur megi aldrei vera meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Ég minnist þess að þegar við töluðum fyrir því frv. á sínum tíma var tekið mjög vel í a.m.k. grunnhugsunina sem frv. byggir á. Margir höfðu efasemdir um að hægt væri að koma því í framkvæmd, en flestir tóku vel í þessa grunnhugsun, þar á meðal fulltrúar ríkisstjórnarinnar. Síðan hefur ekkert gerst og í frv. sem nú er til umræðu um sölu á hlut ríkisins í ríkisbönkunum er ekkert vikið að dreifðri eignaraðild.

Að vísu er hér á borðum þingmanna og til umræðu síðar í dag frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, þar sem tekið er á slíkum hlutum, geri fjárfestir sig líklegan til að fjárfesta í banka yfir einhverju tilteknu marki þurfi hann að ganga í gegnum hreinsunareld Fjármálaeftirlitsins, slíkar skorður eru þarna reistar. En allt er þetta að mínum dómi harla óljóst við fyrstu sýn og ekki fullnægjandi, það á eftir að skoða þetta mun nánar.

En dreifð eignaraðild, vel á minnst. Hvað erum við að tala um með dreifðri eignaraðild? Við viljum tryggja dreifða eignaraðild. Hve margir skyldu eiga hlut ríkisins eða standa að baki hlut ríkisins í ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka? Um 80%. (**PHB:** Einn.) Einn, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég get upplýst hann um það að samkvæmt manntali og tölum frá 1. desember sl., að vísu eru það bráðabirgðatölur, þá voru Íslendingar 282.845. Þetta kalla ég dreifða eignaraðild. Síðan eru menn með tillögur um að þrengja þá eignaraðild og menn hafa róið að því öllum árum að þrengja eignaraðild á þessum fjármálastofnunum þjóðarinnar og koma henni í hendur örfárra aðila. (**Gripið fram í:** Eru þetta bráðabirgðatölur?) Þetta er að vísu bráðabirgðatölur, en 282.845 einstaklingar áttu ríkisbankana og það er gott að hæstv. viðskrh. hlusti á það, en ráðherrann beitir sér fyrir því að þrengja þessa eignaraðild enn frá því sem verið hefur með því að selja hlut ríkisins og þessara einstaklinga allra á einu bretti.

[15:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar var vakningarræða Sovét-Íslands sem marga dreymdi um í eina tíð. Þannig ræður hefur hv. þm. oft flutt hér í þingsölum og finnst mörgum gaman af. Það er auðvitað virðingarvert að menn skuli halda svo stíft í gömlu kenninguna, að menn hafi lært hana en engu gleymt og ekkert nýtt lært.

Málið er einfaldlega að þetta ríkisáhrifakerfi, sem hv. þm. telur kjölfestuna í hverju landi, gekk sinn veg í Sovét. Þar ráku menn svona kerfi og þar er ein rjúkandi rúst eftir þá hálfu öld sem það kerfi var við lýði. Þeir sem ráku svokallað sósíalískt kerfi eða blandað kerfi, aðeins mildara kerfi, hafa frá því þetta gerðist í Sovét reynt að nýta markaðstengdari aðferðir til að byggja upp kerfi frjálsræðis og dreifðrar eignaraðildar — við skulum orða það þannig — sem skapar ábyrgð eigendanna í fyrirtækjunum, í þessu tilfelli banka. Það vantaði í Sovétkerfinu. Þar bar enginn ábyrgð á neinu. En út frá hugmyndum hv. þm. voru þeir þrjú hundruð milljónir en það er náttúrlega algjör misskilningur.

Ég ætla að spyrja hv. þm. hvort hann vilji í raun að ríkið reki öll hugsanleg fyrirtæki eins og gert var í Sovét hér um árið?

[15:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki áhuga á því að öll fyrirtæki verði ríkisrekin. Ég hef hvergi minnst á Sovétríkin, ég var

að tala um Ísland. Ég var að tala um fjármálastofnanir í eigu íslensku þjóðarinnar. Ef hv. þm. finnst allt ein rjúkandi rúst hér þá væri fróðlegt að heyra hann gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. (**KPál:** Ég sagði Sovét.) Sovét, segir hv. þm., ég hef hvergi minnst á það kerfi.

Ég vil spyrja hv. þm., sem á eftir að koma aftur upp í andsvari, hvort honum hafi fundist það rangt af hálfu norsku ríkisstjórnarinnar í byrjun tíunda áratugarins, og einnig þeirrar kanadísku, að reisa við einkarekið bankakerfi þeirra landa þegar það var komið í rúst. Fannst honum það rangt og fannst honum þær ráðagerðir og þau ráð minna sig á Sovét? Gæti verið að þær hafi einfaldlega verið í ætt við heilbrigða skynsemi og efnahagsleg sjónarmið sem menn töldu nauðsynlegt að taka tillit til?

[15:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki rangt af ríkisstjórnum að grípa inn í þegar heilu atvinnuvegirnir eru að hrynja, t.d. bankakerfið. Ég veit hins vegar ekki til þess að í þessum löndum hafi bankakerfið verið ríkisvætt í framhaldinu. Hins vegar var reynt að endurreisa það og þar var að sjálfsögðu einstaklingum og fyrirtækjum treyst til þess að eiga slík fyrirtæki og reka þau.

Þegar við berum saman hagkerfi okkar og Sovétríkjanna þá sést að þar var sama hversu illa fór, alltaf hélt ríkið áfram með stjórn fyrirtækjanna í sinni eigin hendi. Þar komust engir aðrir að en sjálfskipaðir kommissarar sovétkerfisins. Það gat ekki endað nema á einn veg, í einni rjúkandi rúst. Mér finnst boðskapur hv. þm. í þá veru, að þannig vilji hann sjá Ísland, að hér verði allt rekið af hálfu ríkisins og engum öðrum treyst.

[15:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf aðeins fáeinar sekúndur til að segja það sem ég vil að segja. Ég vil tryggja lýðræðisleg áhrif á Íslandi. Ég vil koma í veg fyrir að völd og fjármagn safnist á örfáar hendur. Það er hins vegar að gerast með vaxandi misskiptingu sem mér finnst allir ábyrgir menn eiga að hafa áhyggjur af.

Eitt vil ég leiðrétta hjá hv. þm. Hann heldur því fram að ríkiskerfin í Kanada og á Norðurlöndum hafi ekki tekið þessa banka í sína vörslu en það er rangt hjá honum. Það gerðu þeir, a.m.k. í Noregi, þótt þeir hafi síðar tekið ákvörðun um að losa þá úr sínum höndum að nýju. Ríkið axlaði sína ábyrgð á sínum tíma. Ég hef talað fyrir því að þar sem ábyrgðin er fyrir hendi, þar eigi áhrifin einnig að vera til staðar. Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa.

[15:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði sem oftar um „okkar skoðun" og sagði „við ætlum". Fyrst ætla ég að spyrja hann hvort þetta sé einhver hópsál vinstri grænna sem hugsar alltaf öll eins?

Þá langar mig til að spyrja hv. þm. sem sagði að hæstv. viðskrh. hafi tekið völdin af Alþingi og kosið í bankaráð, þ.e. ráðherra einn kaus í bankaráð: Voru 280 þús. Íslendingar þar að verki í gegnum hæstv. ráðherra? Því þeir eiga þetta víst, segir hv. þm.

Þá vildi ég spyrja hann: Ef Alþingi kýs í bankaráð, hver á þá að gagnrýna þetta bankaráð? Ætla vinstri grænir að gagnrýna sinn fulltrúa í bankaráðinu? Þannig var þetta einu sinni.

Ég vildi síðan spyrja hv. þm.: Hver var hagnaður hinna ágætu ríkisbanka í árátugi, áður en þeir voru hlutafélagavæddir? Ég man ekki betur en að Alþingi dældi reglulega í þá milljörðum til að bjarga þeim.

Þá vildi ég spyrja hv. þm., einmitt varðandi samþjöppunarvaldið á peningum: Hver er staða lífeyrissjóðanna í því efni? Er þar ekki hættuleg samþjöppun á valdi yfir peningum sem eigendur fjárins hafa ekki einu sinni aðgang að? Hv. þm. er einmitt í stjórn lífeyrissjóðs og fer með þessa samþjöppun á valdi og peningum.

[15:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér voru nokkrar spurningar bornar fram og ég skal svara þeim öllum.

Hv. þm. segir að ég hafi talað um „okkar skoðanir" og sagt að „við ætlum". Hann spyr hvort ég tali fyrir hönd einhverrar hópsálar. Ég vísaði þarna til afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokks hennar hér á Alþingi og sjónarmiða okkar þar.

Í öðru lagi spyr hann hvort viðskrh. einn fari með vald allra þegna þjóðarinnar? Það er valdið sem ég hef gagnrýnt hæstv. viðskrh. fyrir að taka til sín. Fyrr á tíð var kosið í bankaráð ríkisbankanna hér á Alþingi. Hver á þá að sýna aðhald, spyr hv. þm., ef allir skipa sinn fulltrúa? Mundu vinstri grænir gagnrýna sinn fulltrúa? Ég geri ráð fyrir því, þetta er fjölþátta samfélag og ég hafna hvers kyns samtryggingu af þessu tagi. Eðlilegast er að tryggja að fulltrúar og stjórnendur komi sem víðast að úr mörgum áttum úr samfélaginu. Það er síður en svo verið að skrifa upp á samtryggingu með því.

Hv. þm. talar um samþjöppun á valdi í lífeyrissjóðunum og að fáir fari með það vald. Það er alveg rétt að mikið vald safnast í lífeyrissjóðum landsins. Mér finnst mjög mikilvægt að þeir sjóðir og sá hluti fjármálakerfisins axli samfélagslega ábyrgð. Ég hef talað fyrir því að undanförnu.

Til mín var beint einni spurningu enn, um hagnað bankanna. Ríkisbankarnir hafa þegar á heildina er litið skilað miklum hagnaði. Þjóðfélaginu öllu hafa þeir að sjálfsögðu skilað hagnaði með því að taka þátt í að stýra þessari þjóð og atvinnulífinu til uppbyggingar.

[15:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslensku ríkisbankarnir fóru ekki að skila neinum hagnaði fyrr en þeir voru hlutafélagavæddir, þá fyrst fóru þeir að skila hagnaði. Þeir skiluðu kannski hagnaði til vissra aðila sem fengu lán gefin hjá þeim með neikvæðum vöxtum en það var ekki hagnaður þjóðfélagsins, það var hagnaður þeirra lántakenda sem tóku þau lán. Þeir fóru meira að segja mjög illa með sparifjáreigendur í árátugi. Enginn sagði neitt við því, ekki forveri hv. þm.

Ég ætla að spyrja einnar spurningar í viðbót: Hvernig fór með hlutafé í bankakreppunni í Noregi sem þar var í eigu einstaklinga og fyrirtækja? Ég veit ekki betur en að það hafi tapast. Hluthafarnir borguðu það verð. Ég hugsa að norska ríkið hafi ekki tapað á því að hafa endurreist kerfið og selt svo bankana.

[15:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hlutafé bankanna í Noregi. Hv. þm. veit ekki betur en það hafi tapast. Ég kann ekki skil á þeim staðreyndum þannig að ég treysti mér ekki að fara út í umræður um það. Sennilega er það rétt að í einhverjum tilvikum hafi það tapast enda var þetta hrun. Það var hrun í

þessu kerfi sem hafði stjórnast af hagnaðarvoninni einni án þess að þar kæmi samfélagsleg ábyrgð til sögunnar. Það er henni sem ég er að mæla bót, að menn hugsi á samfélagslega vísu. Mér finnst það bera vott um mikla þröngsýni að skoða hagnað á þeim þröngu nótum sem hv. þm. gerir. Ég hef stundum sagt að þetta sé mikil einföldun ef ekki einfeldni.

[15:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti ágæta hugvekju um afstöðu sína og viðhorf til þess máls sem við ræðum nú. Ég get ekki sagt að mikið hafi komið á óvart í þeirri ræðu. Hins vegar vekur það dálitla eftirtekt hjá mér að í reynd er það þannig að það er kannski ekki svo langt á milli þeirra viðhorfa sem hv. þm. bar hér fram, og talaði þá fyrir hönd flokks síns, Vinstri grænna, og Sjálfstfl. Rök mín fyrir því eru þau að hv. þm. talaði um að mikilvægt væri að saman færu ábyrgð og áhrif. Hv. þm. verður ekki skilinn öðruvísi en svo að þau áhrif sem hann vill að stjórnmálamenn hafi með því að ríkið eigi þetta séu þau að þeir geti fiktað í lánveitingum, þeir geti komið að því á hvern hátt peningum er ráðstafað o.s.frv.

Þegar ég talaði um Sjálfstfl. rifjaði ég upp ekki fyrir margt löngu að þá kom á daginn að sjálfstæðismenn urðu sumir hverjir æfir sökum þess að banki var seldur, en hann var líklega ekki seldur réttum aðilum, þ.e. þeir vildu að tilteknir aðilar eignuðust bankann. Það voru ekki réttir aðilar sem eignuðust bankann. Að þessu leytinu til er dálítill samhljómur með hv. þm. Ögmundi Jónassyni og tilteknum sjálfstæðismönnum. Það vekur dálitla undrun hjá mér.

En ég spyr hv. þm.: Má ekki hafa áhrif með öðrum hætti? Má ekki hafa áhrif með því að setja almennar leikreglur í þessu samfélagi? Má ekki hafa áhrif með þeim hætti að ríkisvaldið tryggi að eðlilegt eftirlit sé með þessum mörkuðum o.s.frv.? Er ekki hægt að hafa áhrif á annan hátt en þann einan að vera að skipta sér af lánveitingum annars vegar eða eins og sjálfstæðismenn sumir hverjir vilja vera láta, að þeir ráðskist með það hverjir það eru sem eignist bankana?

[15:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson telur að ekki sé mikill munur á afstöðu sem ég lýsti hér annars vegar og þeirri sem fram hefur komið hjá sjálfstæðismönnum sumum. Ég skil eiginlega ekki þennan málflutning en ætla að reyna aðeins að ráða í hann. Hann segir að það sé sammerkt með því sem ég segi annars vegar og sjálfstæðismenn hins vegar að við viljum að saman fari ábyrgð og áhrif. Nú er það svo að það er orðtæki sem segir „margur heldur mig sig". Væntanlega ætlar hv. þm. að ég hugsi á sömu nótum og hann gerir sjálfur og það sem hljóti að vaka fyrir mér sé að bankaráðin séu að vasast í einstökum lánveitingum, að beina lánsfjármagni ofan í þennan vasann en ekki hinn. Vel getur verið að í einhverjum tilvikum eigi bankaráð að taka og axla samfélagslega ábyrgð, að beina fjármagni til uppbyggingar á tilteknum sviðum, án þess að í því felist nokkur löngun til að mismuna á einn eða annan hátt gagnvart einstaklingum eða fyrirtækjum en taka þannig samfélagslega afstöðu. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að bankaráð setji þeim sem starfa og fara með framkvæmd innan bankanna almennar reglur. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir þetta. Það fyrirkomulag sem ég er hins vegar að mótmæla er að þeir sem stýra þessum fjármálstofnunum komi allir úr sama geiranum og jafnvel úr sama stjórnmálaflokknum. Mér finnst mjög vafasamt að hafa slíkt fyrirkomulag.

[15:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég var að reyna að átta mig á því hvað hv. þm. á við um áhrif, þ.e. að tryggja áhrif stjórnmálamanna þegar bankar eru í eigu ríkisvaldsins þá er ég að reyna að draga það fram á hvern hátt hann telur að menn ætli að hafa þessi áhrif. Ég skal viðurkenna að það er einn verulegur ótti sem ég hef af því sem hér er að gerast, það er að framsóknarmenn ætli að nota það sem úr þessu kemur til þess að kaupa sér atkvæði. Ég spyr: Er það þannig sem menn ætla að nýta sér þessi áhrif stjórnmálamanna? Er það þannig sem hv. þm. telur að nota eigi bankakerfið, til þess að kaupa sér atkvæði?

Ég þarf aðeins að átta mig betur á því hvað hv. þm. á við þegar hann talar um áhrif stjórnmálamanna sem séu algjörlega nauðsynleg og það sé nauðsynlegt að hafa einn öflugan þjóðbanka til að tryggja þessi áhrif, af því að ríkissjóður sé einhvers konar tryggingafélag fjármálakerfisins. Ég þarf að fá að átta mig á því hvað hv. þm. á við með þessum áhrifum.

[15:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því hvernig hægt er að misnota fjármálstofnanir. Hvernig hætta skapaðist á slíkri misnotkun þegar sömu aðilar og eiga drýgstan hluta atvinnulífsins eignast einnig fjármálastofnanirnar og fara að hygla sjálfum sér. Þetta er misnotkun á áhrifum. Ég tel að ef tryggt er að stjórnendur bankans og þeir sem koma að stjórnun hans, komi úr sem flestum áttum og að tryggð séu lýðræðisleg viðhorf sé komið í veg fyrir slíka misnotkun. Ég er að sjálfsögðu ekki að tala fyrir misnotkun. Ég er að reyna að finna fyrirkomulag sem kemur í veg fyrir að völd og áhrif séu misnotuð. Það er þetta sem vakir fyrir mér fyrst og fremst, (Forseti hringir.) auk þess sem ég mun aldrei taka þátt í því (Forseti hringir.) að ráðast á bankana áratugi aftur í tímann, (Forseti hringir.) þegar þeir hafa verið að sinna ýmsum hlutverkum (Forseti hringir.) sem hafa haft samfélagslegt gildi. — Þetta er ágætis bjalla.

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni hv. þm. á að virða þingsköp. Hann hefur þegar talað 20 sekúndum of lengi. En af því það voru þrír menn í andsvörum þá hafði hv. þm. eina mínútu í seinni umferð og ég bið hann og aðra þingmenn að minnast þess.)

[15:26]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það hefur áður komið fram og þarf raunar ekki að endurtaka að sá sem hér stendur og mælir fyrir munn Frjálslynda flokksins er einkavæðingarsinni. Þess vegna fylgir flokkurinn í höfuðatriðum því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu en ekki skilmálalaust. Og einkavæðingunni er ekki af minni hálfu eða flokks míns fylgt skilmálalaust enda hefur hún farið heldur betur hræmuglega úr hendi og er ýmissa efna að minnast í því sambandi, nærtækast er þó og eitt það versta var þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru gefnar að kalla má.

En ég var einnig áhugamaður um sameiningu bankanna, ríkisbankanna tveggja, af því sem við þóttumst sjá það á sínum tíma að það gæti haft í för með sér stórkostlegan sparnað.

að því er menn töldu allt að einum milljarði á ári, og hefðu bankarnir þess vegna eftir sameininguna orðið þeim mun verðmætari. En þetta er liðin saga og þýðir ekki um að fást, enda eru það fullgild rök sem fram hafa verið færð og upp hefur verið kveðinn úrskurður um að það mundi um of hrugga við samkeppnisstöðu á þessum vettvangi fjármálanna.

Ég minni á það sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna sölu á þessum fyrirtækjum, með leyfi forseta, „að við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum".

Þess vegna er það spurning, og ber að minna á að allt hefur sinn tíma, hvernig eru ástæður þjóðfélagsins og eru þær líklegar til þess að þetta hámark náist? Enginn er vafi á því að á síðustu missirum hefur verðlag þessara fyrirtækja hríðlækkað af ástæðum sem óþarft er að rifja upp. Íslenskur hlutabréfamarkaður hefur hríðfallið af þeim ástæðum að hér er mikil óvissa í ríkisfjármálum og efnahagsmálum yfirleitt enda þótt menn í æðstu stöðum vilji með engum hætti viðurkenna að svo sé.

Ég minni á það sem segir hér um áform um sölu Landsbanka og Búnaðarbanka, með leyfi forseta: „Gera verður þann fyrirvara að sala á hlutabréfum hlýtur ætíð að taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Því er ekki hægt að ákveða útboð hlutabréfa með löngum fyrirvara."

Ég skal strax taka við orði þar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson skildi við þegar hann fitjaði upp á því að menn yrðu að fara að með gát og t.d. með þeim hætti að byrja á sölu Búnaðarbankans, minni bankans og fara þó með allri gát að sölu þess fyrirtækis. Ég vitna í skýrslu Seðlabankans þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Hér varðar mestu hvort líklegt sé að einkavæðing bankanna muni stuðla að minna eða meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en nú þegar er fyrir hendi. Þar sem þessi áhrif eru óviss er ekki hægt að fullyrða að neitt í núverandi stöðu mæli sérstaklega með eða móti sölu. Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi."

Hér er talað tæpitungulaust og það er ekki frá brjósti þess sem hér stendur, heldur er það Seðlabankinn sem er að gefa umsögn sína. Þessu hefur verið haldið fram hér af talsmönnum stjórnarandstöðunnar, en skolleyrum skellt við jafnharðan af þeim sem með völdin fara og vilja engum ráðum hlíta eða taka.

Ég leyfi mér enn, með leyfi forseta, að vitna í skýrslu Seðlabankans, svohljóðandi:

„Áhrif á fjármálamarkaði af sölu ríkisins á hlutum sínum í Landsbankanum og Búnaðarbankanum eru í sjálfu sér óviss. Mestu skiptir hvernig tekjum ríkissjóðs af sölu hlutabréfa í bönkunum verður varið. Ef fjárfesting hins opinbera á komandi ári eykst vegna sölunnar, mun það auka eftirspurn og verðbólgu. Því er brýnt að koma í veg fyrir að tekjur af sölunni leiði til aukinna ríkisútgjalda."

Hver er reynsla okkar ólygin á undanförnum árum af stjórn ríkisfjármálanna? Hvert er það tæki sem langöflugast er í höndum ríkisvalds hverju sinni til þess að hamla gegn þenslu og verðbólgu? Það er stjórn ríkisfjármálanna. Og hvernig hefur hún farið úr hendi á undanförnum árum? Hvað henti hér þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir við afgreiðslu fjárlaganna á liðnu hausti þar sem fjárlögin hækkuðu tölulega um 13,5%? Helmingi meira en verðþenslan þó mældi.

Þessu aðalvopni beitir ríkisvaldið alls ekki, heldur þvert á móti. Og fyrir því er það að Seðlabankinn aðvarar sérstaklega að þessu leyti. En ekki er líklegt að þeirri aðvörun verði sinnt. Hæstv. ríkisstjórn sinnir í engu þeim alvarlegu aðvörunum sem að henni er beint vegna þeirrar ofurþenslu sem við stöndum frammi fyrir og háska sem fram undan er og mun vafalaust, því miður, koma þegar í ljós á þessu ári.

Við skulum síðan aðeins víkja að flokkun útlána bankanna. Hér er sjávarútvegur, hlutfall Landsbanka Íslands í lánum til sjávarútvegs er nærri 25% af öllum útlánum hans, og álíka fjárhæð til einstaklinga í íbúðalánum og með öðrum hætti, sem sagt helmingurinn til þessara tveggja flokka. Hvernig skyldi ástandið vera í sjávarútvegi nú um þessar mundir? Ólygnastar eru fréttirnar sem daglega berast af hverju stórfyrirtækinu á fætur öðru sem er gert upp með hundruð milljóna króna tapi. Hvar ætli þær skuldir liggi sem þessi fyrirtæki skulda og hafa farið hríðvaxandi, skuldir sjávarútvegsins á undanförnum missirum og munu óðfluga nálgast 200 milljarða króna? Lunginn af þeirri skuldaaukningu er auðvitað sala kvótaþeganna á gjafakvótanum og hafa síðan skilið eftir sig skuldir sem hvíla á útveginum. En hætt er við eins og nú stendur í bæli sjávarútvegsins að kaupendur hlutabréfa í Landsbankanum verði ekki sérlega ginnkeyptir fyrir bréfunum, a.m.k. ef þau verða ekki þá á gjafverði. Og hvað með einstaklingana? Í gær var hér rætt um stöðu þeirra og heimilanna í landinu. Öllu var vísað frá og svarað með skútyrðum og hrópyrðum og köpuryrðum persónulegum í garð manna.

Það er frá því að segja að Búnaðarbankinn, svo ótrúlegt sem það kann að þykja, sem löngum kom hvergi nærri sjávarútvegi, er með nærri 15% af útlánum sínum sem er að finna í sjávarútvegi og $^1/_4$ af öllu hjá heimilunum, hjá einstaklingunum í íbúðalánum og í öðrum neyslu- og eyðslulánum. Hvorugt getur þetta talist vera til þess að auka sölumöguleika á hlutabréfum í bönkunum, a.m.k. á góðu verði.

Hér getur að líta efni sem mælir að sínu leyti mjög með sölu og einkavæðingu bankanna. Ef við berum saman kostnaðarhlutföll í bönkunum, þ.e. rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum, þá kemur í ljós að þar er Íslandsbanki með 55%, sem er ótrúlega hagstæð tala eftir svo skamma starfrækslu á þeim einkabanka. En meðaltal allra viðskiptabanka og stærstu sparisjóða eru yfir 67%, Landsbankinn með 73,1% og hefur aðeins tvívegis verið við hærra hlutfall, og Búnaðarbankinn er með 76,5%. Þetta sýnir okkur eitt með öðru að einkarekinn banki virðist að þessu leyti í þessu undirstöðuatriði hafa náð stórkostlegum árangri miðað við ríkisreknu fyrirtækin.

Hér er síðan skýrsla Þjóðhagsstofnunar og ég leiði nú reyndar alveg hjá mér að fara neinum orðum um það pöntunarfélag ríkisvaldsins.

En það er líka annað atriði sem hvetur mjög til þess að þessi fyrirtæki komist undan áhrifavaldi og stjórn ríkisvaldsins og það er sú reynsla sem við höfum haft af afskiptum ríkisvaldsins af Búnaðarbankayfirstjórninni á liðnum mánuðum. Þegar til þess dró að einkavæða og selja Búnaðarbankann var hafist handa um slíkar stjórnvaldsaðgerðir þar að stórlega hlýtur að bitna á verðlagi bankans. Þar var valdi beitt til þess að setja af meiri hluta bankaráðsins, sem viðskiptamenn vafalaust hafa borið traust til, og það var greinilega ekkert samráð haft við neina af starfsmönnum bankans. En það

er staðreynd að undirstöðuatriði í því að vel fari úr hendi að einkavæða fyrirtæki eins og hér er á ferðinni, er að góð samvinna og samstaða náist með starfsfólki viðkomandi fyrirtækis. Um það var ekkert hirt, heldur þvert á móti. Áður en sala er hafin eins og hér er áformuð er bankaráðið sett af með illu og tveir af þremur bankastjórum. Þetta eru ekki gæfusamleg vinnubrögð svo ekki sé meira sagt. Og alls kyns áveningar hafðar uppi um að þessir menn hafi meira og minna brotið af sér í starfi, ekki verður það með öðrum hætti skilið. Af þessum ástæðum er það sem mikil nauðsyn ber til að þetta fyrirtæki verði einkavætt til að losa það undan þessum ótrúlegu framsóknarvinnubrögðum sem við að vísu erum alvön af öðrum sönnunum sem fyrir liggja eftir langa og ömurlega reynslu.

En það er meginefni ráðlegginga Seðlabanka Íslands að farið verði með ýtrustu gát. Hér er það markmiðið að ná sem hagstæðustum kjörum og það er krafa eigandans, þjóðarinnar sjálfrar, að ekki verði hrapað að sölunni, heldur þess beðið að sem hagstæðust kjör náist fyrir eignina.

Eins og sakir standa er það afar óljóst segir Seðlabankinn sjálfur, eins og sakir standa yrði það glapræði hreint ef ríkisvaldið hefði sama hátt á um ráðstöfun þess fjár og það gerir í ríkisfjármálunum sjálfum og eyddi í þessu spennuástandi sem nú er í fjármálalífi þjóðarinnar. Allt ber þetta að þeim brunni að hægja á og taka mjög smá skref í einu eins og hér hefur verið minnst á, hefja atrennuna með minni bankanum og þó í smærri skömmtum. Einnig er athyglisvert sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist hér á, að ekki var vikið í framsögu hæstv. ráðherra einu orði að hinni dreifðu eignaraðild.

Allt í þessum málatilbúnaði er með þeim hætti að ég hlýt að endurtaka að hinn eini sanni eigandi þessara mikilsverðu fyrirtækja hlýtur að ætlast til þess að farið sé með gát. Upplýst var að afkomuhrap bankanna hafi orðið 3,5 milljarðar, en formaður Íslandsbanka upplýsir að væru sömu uppgjörsreglur notaðar við uppgjör Landsbanka og Búnaðarbanka, þá yrði þetta tap, þetta hrap í afkomu 4,2 milljarðar króna. Sú blákalda staðreynd hlýtur að vega afar þungt á þá vísu að lækka hugsanlegt verð fyrir hlutabréf bankanna. Enda þótt að nauðsyn beri til að einkavæða þessi fyrirtæki og ríkið eigi ekki að vera að vasast í slíkum rekstri verður ekki séð að það ætti einhverjum sköpum að skipta þótt menn gæfu sér góðan tíma. Að vísu eru takmörk sett fyrir því hversu lengi Framsfl. getur farið með yfirstjórn þessara fyrirtækja svo ekki lendi í öngþveiti.

En eftir sem áður umfram allt er það undirstöðuatriði að fara með fyllstu gát. Hér höfum við í skýrslu Seðlabankans verið upplýst um hversu viðkvæmt fjármálalífð allt er, fjármálastjórnin á ystu nöf.

[15:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem gefur ríkisstjórninni heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í þeim bönkum. Yfir því gleðst ég og fagna því þessu frv. og styð það eindregið.

Forsaga málsins er sú að menn vildu sameina bankana áður en þeir yrðu seldir en það var ekki heimilað af samkeppnisráði vegna þess að þá mundi samkeppni minnka hér á landi. Það virðist sem svo að samkeppnisráð sjái ekki þá erlendu samkeppni sem innlendir bankar og fjármálastofnanir standa í sem felst í því að vegna hávaxtastefnu Seðlabankans hefur öllum þeim fyrirtækjum og sveitarfélögum á Íslandi sem eitthvert bolmagn hafa, og eru álitin gjaldgeng á markaði, verið ýtt út til erlendrar samkeppni. Öll stærri fyrirtæki landsins og stærstu sveitarfélögin eru með beina hlaupareikninga í erlendum bönkum og fjármagna sig að mestu leyti erlendis beint án íslenska fjármálamarkaðarins.

Þetta er samkeppnin sem samkeppnisráð sá ekki. Ég hygg að mjög fljótlega breytist aðstæður þannig að sameiningin verði heimiluð, jafnvel um leið og búið er að leyfa einkavæðingu. Þeir sem hyggjast kaupa þessa banka geta þannig alveg eins litið á þann möguleika að sameina þá á eftir. Samkeppnisráð mun ekki geta staðið í veginum fyrir því vegna þess að þá verður samkeppnin við útlönd augljósari. Í skýrslu Seðlabankans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankaþjónusta breytist hraðstíga. Margir samvirkandi þættir eiga þar hlut að máli, svo sem áhrif nýrrar upplýsingatækni, aukin milliliðalaus viðskipti, alþjóðavæðing, vaxandi samkeppni, sameiningar og tengingar bankaþjónustu við aðra fjármálaþjónustu."

Seðlabankinn segir beinlínis að það sé vaxandi samkeppni. Stuttu seinna segir hann:

„Grundvallarbreytingar eru að verða í bankaþjónustu sem verða ekki umflúnar þar sem sömu áhrifaþættir eru að baki um heim allan."

Við horfum fram á miklar tæknibreytingar á þessum markaði. Ég minnist þess að þegar rætt var um hlutafjárvæðingu bankanna árið 1997, að mig minnir, þá gat ég þess að ríkið hefði um fimm ár til að selja bankana áður en þeir yrðu verðlausir sem ríkisstofnanir vegna þess að þeir geta ekki staðið einkaaðilum snúning í þeirri baráttu sem við stöndum frammi fyrir, þeirri miklu breytingu sem verður með tilkomu netsins.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um getu hlutabréfamarkaðarins til að ráða við þennan bita ásamt þeim bita sem er Landssími Íslands sem er þó öllu stærri. Þeir sem um þetta fjalla líta þröngt á markaðinn, eins og aðeins Íslendingar spili á þessum markaði. Þeir gleyma því að við erum þátttakendur í Nordek og þar er skortur á íslenskum hlutabréfum sem útlendingar mega kaupa. Þeir mega ekki kaupa í því sem okkur þykir skemmtilegast, þ.e. sjávarútvegi og orkufyrirtækjum. Það má reyndar enginn kaupa orkufyrirtæki enn þá, hvorki Íslendingar né útlendingar. Þar eru ríkið og opinberir aðilar einir um hituna, í orkugeiranum.

Þegar þessi fyrirtæki, fjarskiptafyrirtækið Landssíminn og fjármálafyrirtækin Landsbankinn og Búnaðarbankinn, koma inn á markaðinn sé ég fyrir mér að útlendingar sjái þar möguleika og get fullvissað hv. þm. um að þetta eru ekkert voðalega stórir bitar á alþjóðlegum verðbréfamarkaði. Ætli það tæki ekki eins og tvær sekúndur að selja þetta á hlutabréfamarkaði í New York ef á þyrfti að halda. Þetta eru ósköp litlir bitar og ég sé ekkert í veginum fyrir því að hlutabréfamarkaðurinn ráði við þessa bita, sérstaklega ef þeir eru arðbærir. Ég tel að það sé ekkert vandamál að selja þá. Hins vegar er vandi að fara með það fé sem ríkissjóður fær. Það er vandi. Ef menn ætla að nota þessa peninga til þess að dreifa í einhver gæluverkefni, reisa hin og þessi óarðbæru fyrirtækin út um land, þá getur vel verið að þetta auki á þensluna. Ríkissjóður þarf hins vegar að vinna á móti straumnum. Ef við seljum erlendum aðilum stóran hlut þá eigum við að kaupa í erlendum aðilum á móti þannig að engir peningar hreyfist. Það kæmi vel til greina að ríkissjóður eignaðist t.d. í einhverju fjarskiptafyrirtæki eða banka

erlendis sem keypti Landssímann eða þessa banka. Ef lífeyrissjóðirnir kaupa, sem mér finnst líklegustu kaupendurnir innan lands vegna þeirra samþjöppunar fjármagns sem þar á sér stað, þá verður ríkissjóður að vinna á móti því með því að draga inn t.d. spariskírteini eða jafnvel kaupa húsbréf á markaði á móti, nota fjármagnið til að vinna á móti þeim fjármagnstilflutningum.

Undanfarið hefur verð á þessum hlutafélögum sem við ætlum að einkavæða lækkað umtalsvert. Það er þáttur í innlendri og alþjóðlegri þróun og menn þurfa bara að horfast í augu við það. Menn eru búnir að tapa einhverjum milljarðatugum á því að draga lappirnar í að selja þetta. Það er bara einu sinni þannig og við þurfum að horfast í augu við það. Ríkissjóður tapar á því. Hins vegar er botninum vonandi náð og að sjálfsögðu þarf ríkisvaldið að vera mjög varkárt í því hvernig það selur fyrirtækin og fá við það góða sérfræðiráðgjöf. Ég get ekki, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, haft vit á því. Hann taldi rétt að selja bara annan bankann fyrst. Ég held að það sé langbest að ríkisstjórnin ráði í það með sérfræðingum sínum. Ég þekki ekki það vel til á þessu sviði að ég geti gefið þar einhverjar ráðleggingar.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um samþjöppun eigna og menn hafa séð miklum ofsjónum yfir slíkri þróun, sérstaklega hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann talaði um að mikil samþjöppun eigna gæti orðið og menn færu að lána sjálfum sér. Hann heldur sem sagt að upp geti komið sú staða sem var hér í eina tíð þegar stjórnmálamenn stýrðu útlánum bankanna, nema nú mundu menn hætta sínu eigin fé. Það er bara það vitlausasta sem þeir gerðu. Hefði einhver hætt 5 milljörðum, segjum að einhver ætti þá upphæð en ég geri ekki ráð fyrir að neinn Íslendingur eigi svo miklar eignir, og lagt 5 milljarða undir í banka en færi svo að gera einhverjar vitlausar ráðstafanir, t.d. að lána sjálfum sér með niðurgreiddum vöxtum þá mundi hann tapa langmest á því sjálfur. Hann mundi tapa meira á hlutafénu en hann græðir á láninu þannig að það yrði mjög vitlaust. Hins vegar gæti þetta komið upp hjá lífeyrissjóðunum, herra forseti, vegna þess að þar er aðhald eigendanna afskaplega veikt og langt í burtu. Það gæti verið vegna þessa hvað einstaka lífeyrissjóður er stundum glannalegur í fjárfestingum. Einmitt þessi staða gæti komið upp. En það er vegna þess að það er ekki lýðræði í lífeyrissjóðunum. Eigendur fjárins koma ekki að því fé. Það mætti hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem er í stjórn lífeyrissjóðs á dálítið hæpnum forsendum hafa í huga. (Gripið fram í.)

Varðandi þá draumsýn, svo ég komi rétt aðeins inn á ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem hann hafði á gamla daga. Um pólitíkusana, pólitíska fyrirgreiðslu, biðraðirnar hjá bankastjórunum og 20–30 manna hópi sem tekið var á móti á hverjum morgni. Þá báðu menn kannski um 100 þús. kr. víxil og fengu 30 þús. kall eftir 2–3 vikur. Öll sú misnotkun og spilling sem fólst í því kerfi er ekki til eftirbreytni. Ég held að það sé ekki æskilegt að taka það kerfi upp aftur. (Gripið fram í.) Það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson horfði á dreyminn, þjóðarbanka og bankaráð kosið af þingmönnum með allri þeirri pólitísku spillingu sem í því var fólgin í eina tíð, er ekki mín draumsýn. (Gripið fram í.) Og sá vaðmálskommúnismi sem felst í þessari draumsýn og fortíðarhyggju á varla rétt á sér. (**LB:** En nútímaaðferðafræðin?) Nútímaaðferðafræðin er miklu betri.

Ég tel mikið betra, herra forseti, að menn geti tekið lán eftir getu sinni hvenær sem er og þurfi ekki að spyrja kóng eða prest, þurfi ekki að liggja á hnjánum fyrir framan bankastjóra. Ég tel betra að þar ríki jafnræði og mikið framboð af lánsfé. Ég held að það sé miklu betri staða. Hins vegar getur vel verið að áratugalöng reynsla landsmanna af því að krjúpa á hnjánum og fá gefna peninga valdi því að þeir hafi ekkert verðskyn á vexti. Það getur verið skýringin á því hvað sumir einstaklingar, sérstaklega yngra fólk, er glannalegt í að taka lán eins og við ræddum í gær. Eldra fólk virðist hins vegar varkárara í lántökum, það minnka alla vega vanskilin hjá þeim sem eru eldri en 35 ára.

Þetta er uppeldi Seðlabankans og bankakerfisins á landsmönnum í áratugi, að það borgi sig að skulda hvað sem það kostar. Það var reynsla manna í áratugi en það á ekki lengur við. Það borgar sig ekki lengur að skulda. Nú ætti hver einasti maður að taka til hendinni og borga upp skuldir sínar vegna þess að það borgar sig alls ekki lengur að skulda í því hávaxtaumhverfi sem við búum við í dag. Þetta er hins vegar dálítið út fyrir efnið, herra forseti. Við erum að ræða einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans. Ég endurtek að ég fagna þeirri sölu.

[15:56]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að sala á báðum bönkunum í einu þyrfti ekki að hafa svo mikil áhrif á fjármagnsmarkaðinn eins og hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. Í umsögn Seðlabankans um frv. er reyndar sagt um áhrif þess að fara þurfi varlega gagnvart ungum fjármagnsmarkaði í mikilli þróun. Hv. þm. nefndi jafnframt að líklegir kaupendur gætu verið lífeyrissjóðirnir sem hefðu afar lítið aðhald eigenda sinna. Lífeyrissjóðirnir hafa hins vegar t.d. verið stórir kaupendur að húsbréfum. Telur hv. þm. að þar sem lífeyrissjóðirnir eru líklegir kaupendur þá gætu afföll af húsbréfum aukist verulega og þetta hefði veruleg áhrif á skuldastöðu heimilanna, þ.e. vegna húsbréfa og húsnæðiskaupa?

Hv. þm. nefndi vaðmálskommúnisma en allir vita að hér hefur orðið til nýr kommúnistaflokkur. Það er Sjálfstfl. hinn nýi. Hvert er álit hans á stjórnarfyrirkomulaginu, t.d. í Byggðastofnun og þeirri helmingaskiptareglu við úthlutun á bankastjóraembættum milli flokkanna sem fara með völd?

[15:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hækkandi afföll á húsbréfum þá nefndi ég einmitt að ríkissjóður þyrfti að skoða þá fjármagnsdrauma sem verða til við söluna og vinna á móti þeim. Ef lífeyrissjóðirnir nota umtalsvert af ráðstöfunarfé sínu — reyndar er þetta ekki nema hluti af því, öll salan, bæði Landssíminn og bankarnir taka kannski 5–6 mánaða ráðstöfun hjá þeim — kaupa stóran hlut, þá þarf ríkið að nota það fé til að vinna á móti og kaupa það sem lífeyrissjóðirnir ella hefðu keypt, þ.e. húsbréf, og halda þannig afföllunum niðri þannig að ekki verði röskun af þeim ástæðum.

Varðandi afstöðu mína til Byggðastofnunar þá vill svo til að ég segi ekki „vér sjálfstæðismenn“ eða „við“, „okkar skoðun“ eða svoleiðis. Ég hef mína skoðun og hef alltaf verið á móti Byggðastofnun. Ég hef ávallt lagt til að sú stofnun yrði lögð niður og ég breyti þeirri skoðun ekki neitt. Og varðandi það sem hv. þm. talaði um, bankastjóradeilu eða eitthvað slíkt, þá kannast ég ekki við það nema úr blöðunum. Ég hef engan áhuga á því og vona að þeim látum linni þegar bankarnir hafa verið seldir.

[15:59]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í Sovétríkjunum til forna var það einmitt svo að almennir flokksmenn, eftir því sem við lesum, vissu lítið um það sem foringjarnir gerðu eða sögðu. Þannig virðist það vera innan Sjálfstfl. Auðvitað hlýt ég að beina fyrirspurnum mínum til hv. þm. þar sem ekki eru aðrir sjálfstæðismenn hér til svara.

Það hefur líka komið fram að Sjálfstfl. eða foringi Sjálfstfl., Davíð Oddsson hæstv. forsrh., lýsti því yfir fyrir ekki svo löngu að hann teldi vel koma til greina að skoða dreifða eignaraðild ef til sölu bankanna kæmi. Nú hljóta þessi frumvörp að hafa verið rædd í þeim þingflokkum sem að þeim standa og þar á meðal dreifð eignaraðild, fyrirkomulagið á því ef aðilar eins og lífeyrissjóðirnir yrðu stórir kaupendur. Hvernig hugsa menn þetta til framtíðar?

Hér er um að ræða mjög stór mál og það getur ekki verið að frumvörpin hafi verið lögð fram á hv. Alþingi án þess að menn skoðuðu þær ráðstafanir sem gera þyrfti samhliða. Ég heyri að hv. þm. Pétur Blöndal hefur velt þessu fyrir sér og hlýtur þar af leiðandi, þó hann segi ekki „vér" um flokk sinn og samstarfsmenn sína í Sjálfstfl., að hafa velt þessu upp á þingflokksfundum Sjálfstfl.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugsunin á bak við það að hafa dreifða eignaraðild er einmitt sú að enginn einn aðili fari að misnota bankana eins og gert var þegar ríkið átti bankana eitt. Þá voru þeir misnotaðir en það var vegna þess að sá sem fór með fjármagnið hafði engan hag af því, hann átti það ekki sjálfur. Þetta er það sem ég kalla fé án hirðis.

Ég get ekki séð sambærilega misnotkun þegar menn eru að hætta eigin fé vegna þess að þá tapa þeir á öðrum endanum því sem þeir græða á hinum. Þess vegna hef ég ekki haft miklar áhyggjur af dreifðri eignaraðild og ég hef auk þess bent á að það er mjög erfitt að koma í veg fyrir að menn misnoti það, hafi leppa og hægt er að úthugsa fjöldamargar leiðir til þess að komast fram hjá dreifðri eignaraðild ef menn vilja fara þá leið að takmarka það á einhvern hátt. Þess vegna er það að menn hafa að ég held almennt séð gefist upp á því að fylgja því eftir að hafa dreifða eignaraðild að bönkum.

Það sem gildir í fjármálastarfsemi alveg sérstaklega umfram aðra starfsemi er traust og ef lántakendur og sérstaklega sparifjáreigendur hafa minnsta grun um að það eigi að fara að misnota bankana eða stóreigandinn ætli að fara að misnota bankana á einhvern máta, þá fara þeir eitthvað annað. Og það sem fjármálastofnanir mega síst við er að missa traustið. Þess vegna get ég ekki séð að það sé nein hætta í rauninni í samþjöppun valds í þessum bönkum auk þess sem dreifð eignaraðild er þvílík að það kæmi aldrei til greina að einn einstaklingur ætti þann hlut, segjum 80% í þessum bönkum. Það eru helst lífeyrissjóðir sem þar gæti orðið samþjöppun á og það má svo sem ræða um það hvort hægt væri að misnota þá eignaraðild ef lífeyrissjóðir eignuðust stóran hlut.

[16:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Meginskýringin á því að stjórnarflokkarnir ákveða nú að selja allan eignarhlut ríkisins í báðum bönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, er sú að nú er að líða á seinni hluta kjörtímabilsins og markmiðið er greinilega að selja sem mest af ríkiseigum á þeim tíma sem eftir lifir af kjörtímabilinu.

Mér segir svo hugur, herra forseti, að hagsmunir einkavinavæðingar séu stjórnarflokkunum ofar í huga en hagsmunir neytenda eða ríkissjóðs. Sú var tíðin að framsóknarmenn vildu fara varlega í einkavinavæðingunni og vöruðu við því eins og fyrrv. viðskrh. og núv. seðlabankastjóri að verið væri að brytja bankakerfið niður á þann hátt að molarnir pössuðu í munn kolkrabbans en það er liðin tíð, herra forseti. Nú eru framsóknarmennirnir bara einfaldlega í pilsfaldinum á íhaldinu og elta þá uppi í einkavinavæðingunni og því miður er ástæða til að óttast að þar ráði sérhagsmunir ferðinni en ekki almannahagsmunir.

Það var nokkuð sérkennilegt hvernig hæstv. viðskrh. mælti fyrir þessu stóra frv. þar sem er verið að selja báða ríkisbankana eða leita heimilda til þess upp á 40 milljarða. Hún tók til þess 3–5 mínútur, ræddi ekkert um hættuna á fákeppni eða dreifða eignaraðild eða hvað þá að hún færi út í áhrifin af því að fara með svona mikið fjármagn í einu út á markaðinn.

Samfylkingin hefur markað þá stefnu að selja eigi fyrirtæki í samkeppnisrekstri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um leikreglur á markaðnum og neytendasjónarmið eigi að ráða ferðinni fyrst og síðast, að hámarksverð fáist fyrir ríkiseignir og að samkeppni sé svo öflug að tryggður sé hagur neytenda og lægri kostnaður við þjónustuna og að þær girðingar séu reistar að komið sé í veg fyrir samþjöppun valds og fjármagns á báðar hendur. Samráð á að hafa við starfsmenn um söluna og tryggja þeim íhlutun í stjórn fjármálastofnana. Einnig þurfa aðstæður að vera þannig á markaði að salan hafi jákvæð áhrif á hlutabréfa- og fjármagnsmarkaðinn og stöðu efnahagsmála og ekki síst að þau skilyrði séu fyrir hendi að eigendurnir, þjóðin, fái sem mest fyrir eigur sínar. Línur Samfylkingarinnar eru líka skýrt dregnar við það að ekki kemur til álita að einkavæða heilbrigðis-, félags- og menntakerfið svo að það sé alveg skýrt.

Nú er spurningin sú: Uppfylla þessi áform ríkisstjórnarinnar um sölu á báðum ríkisbönkunum þessi skilyrði og þær forsendur sem Samfylkingin vill sjá þegar selja á allan hlut ríkisins í bönkunum? Er rétt nú og eðlilegt að gefa ríkisstjórninni blankóheimild til sölu á yfir 70% hlut í báðum bönkunum sem fram á að fara á tiltölulega stuttum tíma eins og ríkisstjórnin er nú að biðja Alþingi um? Þetta eru spurningar sem þarf að svara því að frv. eða greinargerð þess veitir ekki svör við þeim.

Fyrst af öllu vil ég gagnrýna það virðingarleysi sem ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra sýnir starfsmönnum með því að hafa ekkert samráð við starfsmenn um söluna eða ræða við þá um horfur þeirra og starfsöryggi við söluna. Hæstv. ráðherra verður að svara því hvort það sé virkilega svo að hún hafi ekkert samráð haft við starfsmenn um söluna eða hvernig starfsöryggi þeirra verður við slíka sölu. Mun hæstv. ráðherra standa þannig að málum við söluna að tryggt verði að ekki komi til uppsagnar hjá starfsmönnum heldur ráði starfsmannaveltan ferðinni? Þetta skiptir afar miklu og væri hægt að setja sem skilyrði við slíkri sölu.

Okkur birtist nefnilega aftur og aftur við sölu ríkisfyrirtækja virðingarleysi gagnvart starfsfólki og ég segi að það sé heimska því að það er rétt og eðlilegt að hafa starfsmenn með í ráðum sem mesta og besta reynslu hafa af bankarekstri og ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að rétt sé og eðlilegt að tryggja fulltrúum starfsmanna setu í bankaráði með líkum

hætti og víða þekkist erlendis. Þannig háttar til að það er meðákvörðunarréttur starfsmanna í stjórnum hlutafélaga alls staðar á Norðurlöndunum nema hér. Ég spyr hæstv. ráðherra um skoðun hennar á því. Mér finnst þetta afar mikilvægt atriði. Samfylkingin leggur mjög mikið upp úr að hægt sé að ná samstöðu um þetta við meðferð þessa máls á þingi. Það skapar bankanum ákveðin trúverðugleik að reynsla starfsmanna fái sess í ákvarðanatöku um stjórnun bankanna. Í annan stað tel ég mikilvægt að þannig verði staðið að málum að ekki verði eins og ég sagði um uppsagnir á fólki að ræða.

Næst ætla ég að fara yfir markaðsaðstæður og hvort heppilegt sé að selja báða bankana við þær aðstæður sem ríkja á fjármála- og hlutabréfamarkaðnum við þá vaxtastefnu sem nú er, gengisstöðuna, skuldsetningu fyrirtækja og heimila og út frá hagsmunum neytenda ekki síst.

Herra forseti. Í frv. ráðherrans — og ráðherrann hefur leitað til Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans þar sem fram koma áhrifin af þessari sölu — má víða sjá undirliggjandi ákveðin varnaðarorð í þessu efni bæði frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Ég nefni t.d. Þjóðhagsstofnun. Þar segir:

„A.m.k. tvennt þarfnast þó frekari skoðunar: (i) Eru ákveðnar markaðsaðstæður sem geta valdið því að ávinningur af einkavæðingu verður lítill eða jafnvel neikvæður?“ — Þetta eru varnaðarorð, herra forseti. — „(ii) Er sjálfgefið að aukin hagkvæmni í rekstri einkavæddra fyrirtækja skili sér í jákvæðum þjóðhagslegum áhrifum?“ Hér er líka, herra forseti, verið að tala um hve mikil verðmæti hafi þegar farið á markað og síðan segir: „Til samanburðar áætlar Þjóðhagsstofnun að á fyrstu 10 mánuðum ársins hafi söluverðmæti hlutafjár í hlutafjárútboðum innlendra félaga og hlutafjárútboðum erlendra félaga sem einkum hafa beinst að innlendum fjárfestum numið um 35 milljörðum króna.“ Þeir segja að það sé „erfiðleikum bundið að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif einkavæðingar með áreiðanlegum hætti. Því er ekki hægt að fullyrða að einkavæðing valdi auknum hagvexti og lægra atvinnuleysi, a.m.k. er þar vart eingöngu um áhrif einkavæðingarinnar að ræða.“ Síðan benda þeir á að það séu „einkum tvö atriði sem gætu mælt gegn því að ríkið selji eign sína í bönkum í heild sinni nú“.

Herra forseti. Það kemur líka fram hjá Þjóðhagsstofnun. Orðrétt segir: „Heppilegt kann þó að vera að hlutur ríkisins sé ekki seldur í einum áfanga.“ Ég spyr hæstv. ráðherra: Kom aldrei til greina miðað við þær aðstæður sem nú eru á markaðnum að halda öðrum bankanum áfram í ríkiseign? Þó að markmiðið út af fyrir sig gæti verið sala á þeim í framtíðinni þegar aðstæður sköpuðust, kom það aldrei til greina að selja bara annan bankann? Og ég spyr ráðherrann ef það hefur ekki komið til skoðunar: Af hverju var það ekki? Telur ráðherrann virkilega að markaðsaðstæður séu með þeim hætti, bæði þenslan á markaðnum, staðan á genginu og vöxtum og útlánaþenslan almennt í þjóðfélaginu, viðskipathallinn, að ekki sé ástæða til þess að fara með gát og af varkárni í þessa sölu, herra forseti?

Einnig koma fram aðvörunarorð frá Seðlabanka. Þeir segja hér, með leyfi forseta: „Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi.“ Þetta eru aðvörunarorð þó að ráðherrarnir hafi margoft sýnt að þeir vilji ekki hlusta á nein aðvörðunarorð sem segja okkur að blikur séu á lofti í þjóðfélaginu varðandi efnahagsástandið. Þeir segja einnig:

„Þjóðhagsleg áhrif af fyrirhugaðri sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á innlenda eftirspurn og fjármálamarkaði eru háð mikilli óvissu.“

Þetta eru aðvörunarorð sem ber að hlusta á. Enn fremur segja þeir, með leyfi forseta: „Sala á hlutum ríkisins í bönkunum getur haft tímabundin verðbólguáhrif sem ráðast af viðbrögðum eins og lýst er hér að framan.“

Herra forseti. Á þetta ber að hlusta. Hæstv. ráðherra taldi greinilega enga ástæðu til að fara yfir þetta eða gera þinginu grein fyrir slíkum varnaðarorðum hjá þessum efnahagsstofnunum þjóðarinnar.

Meginmarkmiðið, herra forseti, við uppstokkun á fjármálamarkaði er að tryggja samkeppni. Einkenni á íslenskum fjármálamarkaði sem og í stærstu greinum atvinnulífsins er fákeppni stórra fyrirtækja sem oft og iðulega tengjast stjórnarflokkunum tveim. Það er full ástæða til að velta fyrir sér afleiðingum þeirrar fákeppni og samþjöppunar fjármagns og valds sem ríkir í tryggingakerfinu, hjá olíufélögunum, í flutningastarfsemi, sjávarútvegsfyrirtækjum, á matvörumarkaði og hvaða áhrif þessi fákeppni hefur á hag neytenda á afkomu þjóðarbúsins. Ég held að í raun og sanni sé það sama að gerast á bankamarkaðnum, þ.e. samruni og samþjöppun valds og fjármagns, með öðrum orðum fákeppni, og smátt og smátt mun færast í hendur færri, stærri og stærri og markaðsráðandi eignarhlutur sem hefur óæskileg áhrif á samkeppni og hag neytenda. Það er einmitt hætta á að þessir sömu aðilar, sem hafa nú nánast markaðsráðandi stöðu í þeim atvinnugreinum sem ég nefndi, komist líka yfir svo mikil ítök og markaðsráðandi stöðu í banka- og fjármálakerfinu að það ógni samkeppni og leiði til óeðlilegrar samþjöppunar valds og fjármagns í þjóðfélaginu. Þar liggja áhyggjur mínar, herra forseti, við þessa sölu á bönkunum og því vil ég tryggja eins og kostur er að ekki séu óeðlileg stjórnunar- og eignatengsl nú fyrir eða í uppsiglingu í bankakerfinu við þessa sölu og að girðingar séu reistar eins og hægt er án þess að vera samkeppnishamlandi til að sporna gegn fákeppni og valdasamþjöppun í bankakerfinu.

Það er lykilatriði fyrir heilbrigt atvinnulíf og fjármálamarkað að þannig sé bundið um hnútana og að bankakerfið verði ekki bundið á klafa fákeppni sem hyglar þeim stóru á kostnað hinna smáu. Það hefur of mikið verið að gerast í bankakerfinu. Dýru lánin með miklum kostnaði og okurvöxtum renna til þeirra sem verr hafa það í þjóðfélaginu en hagstæðari lánin til þeirra sem betur hafa það fyrir utan að fyrirtækin og stærri fjárfestar hafa a.m.k. hingað til getað leitað út fyrir landsteinana til að flýja hávaxtastefnuna og þann 6,5% vaxtamun sem er á lánum hér og annars staðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um lykilatriði sem við munum kalla mjög eftir í starfi efh.- og viðskn. við meðferð þessa frv.: Mun það ganga eftir að Samkeppnisstofnun skili skýrslu þeirri sem þingmenn Samfylkingarinnar báðu um varðandi stjórnunar- og eignatengsl í atvinnulífinu og á fjármálamarkaði nú á næstu vikum? Ég tel afar brýnt að sú skýrsla komi inn í umræðuna um sölu á þessum bönkum og málið verði ekki afgreitt út úr þinginu fyrr en sú skýrsla hefur komið fram. Ég tel að hún geti verið afar mikilvæg inn í þessar umræður og óeðlilegt þar sem skýrslan er á næsta leiti að afgreiða þetta frv. fyrr en hún liggur fyrir. Um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að skýrslunni verði lokið hið fyrsta og henni hraðað þannig að hún geti legið fyrir þegar efh.- og viðskn. fjallar

um málið? Þetta er afar brýnt. Samfylkingin leggur þunga áherslu á að þessi skýrsla komi inn í þingið.

Ég sé ekki að neitt liggi fyrir um hvernig tryggja eigi dreifða aðild við útboð á hlutabréfum í bönkunum. Ég vil spyrja: Hefur einkavæðingarnefnd fjallað um málið og hafa komið fram hjá henni tillögur um hvernig tryggja eigi dreifða eignaraðild við sölu á bönkunum? Mér sýnist að hér sé allt galopið. Það sé bara verið að kalla eftir stimpli Alþingis fyrir söluna og síðan ætli hæstv. ráðherrar að ráðskast með hvernig að sölunni verður staðið. Er ekki óþarfi, herra forseti, að gefa framkvæmdarvaldinu svona galopna heimild og opna fyrir allt í báðum bönkunum, sölu þeirra að fullu og öllu? Hvaða aðkomu hefur þingið að málinu aftur þegar heimildin hefur einu sinni verið veitt nema áformin séu þau, sem ég hef grun um, að selja eigi bankana á einu bretti á örskotstíma? Við fórum yfir stöðuna í efnahagslífinu og á fjármálamarkaðnum í gær og þar er margt sem hlýtur að spila inn í ákvarðanir um sölu á bönkunum. Hlutabréfamarkaðurinn er veikur um þessar mundir en mikil lækkun hefur orðið á gengi hlutabréfa, um 37% á einu ári, og markaðsvirði skráðra hlutabréfa á Verðbréfaþingi nú eru um 323 milljarðar eða voru það í janúarlok, og gengi á bönkunum hefur lækkað verulega frá því haust að fyrst kom til tals af hálfu stjórnarflokkanna að selja bankana eða um 13 milljarða kr. Margt bendir til þess að ríkið muni ekki meðan þessi lægð er á hlutabréfamörkuðum fá hámarksverð fyrir eign sína og tímasetningin sé frekar stillt inn á gróða einkavina en eigendurna, þjóðina. Er rétt, og ég spyr hæstv. ráðherra, að selja báða bankana í slíkri lægð á hlutabréfamarkaðnum? Hlutafjárframboðið virðist líka vera gífurlega mikið á næstunni ef áform ríkisstjórnarinnar ganga eftir. Förum yfir það, herra forseti.

50% sala á Landssímanum á þessu ári. Hefur ríkisstjórnin ekki boðað að hún hyggist selja 24% af hlutafénu í Landssímanum í vor og 25% síðar á árinu? Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Liggur það ekki fyrir? Breyta áformin um söluna á bönkunum einhverju varðandi Landssímann? Ég spyr. Svo bætast við bankarnir og í farveginum er líka, eftir því sem ég fæ upplýsingar um, að selja Íslenska aðalverktaka og Íslandssíma. Þetta er allt í farvatninu núna á þessu ári. Þá gætum við verið að tala um, ef bankarnir liggja í 40 milljörðum, 50% í símanum, það er annað eins, og þá er eftir Íslandssími og Íslenskir aðalverktakar og þá gætum við verið að tala um 100 milljarða í nýju hlutafé inn á markaðinn á örskömmum tíma. Markaðsvirði skráðra hlutabréfa er núna rúmlega 300 milljarðar þannig að við erum að tala um þriðjung af því sem fyrir er. Síðan eru óskráðu bréfin á markaðnum sennilega annað eins. Þarf ekki að fara með gát í þetta, herra forseti, til að þessi sala raski ekki meira en orðið er stöðunni á fjármála- og verðbréfamarkaðnum og þetta geti leitt til frekara hruns á þeim hlutabréfum sem fyrir eru? Nóg hafa ýmsir einstaklingar og fyrirtæki skaðast á hlutabréfakaupunum á síðustu mánuðum.

Ég spyr líka um ábyrgðirnar, herra forseti. Við vitum að eftir hlutafélagavæðinguna varð ríkisábyrgðinni aflétt. Hvernig getur ráðherrann staðið frammi fyrir þjóðinni og sagt alveg keik úr ræðustól að ef kæmi til einhverrar bankaeða fjármálakreppu, sem hæstv. forsrh. sér nú hvergi, og við skulum vona að hann hafi rétt fyrir sér, en ef kæmi til einhverrar kreppu í bankakerfinu, eru eigendur innstæðna þá tryggðir? Ég spyr um það, ef við erum að setja þetta allt í sölu, eru eigendur innstæðna þá tryggðir? Samkvæmt lögum um tryggingasjóð eru innstæður tryggðar fyrir um 1,7 milljónir hjá hverjum innstæðueiganda en getur ráðherra, ég bið hann um það, staðið hér frammi fyrir þjóðinni, sagt við þjóðina: Á hverju sem gengur, þótt við seljum báða þessa banka á næstu vikum, þurfa innstæðueigendur engu að kvíða. Ríkið mun koma til bjargar. Getur ráðherrann staðfest þetta eða sagt okkur að tryggingasjóðirnir séu þannig að þeir tryggi með öruggum hætti innstæður eigenda?

Það er nefnilega svo, herra forseti, að það varð mikil bankakreppa fyrir áratug annars staðar á Norðurlöndunum. Þá fór það svo að ríkið þurfti að grípa inn í og það var farið út í ríkiseign á bönkum líka, t.d. í Noregi. Í Noregi eru 60% af bankahlutunum þar enn í ríkiseign og af 10 stærstu bönkunum annars staðar á Norðurlöndunum þegar farið er yfir rekstrartölur þeirra á síðustu árum, þá hefur Den norske Bank, sem er í ríkiseign, langhagstæðustu rekstrartölurnar. Það má líka sjá, herra forseti, af yfirliti sem ég er með í höndunum varðandi þóknunartekjur hjá bönkum og sparisjóðum á árunum 1995–1998, að þá var Landsbankinn og Búnaðarbankinn með hagstæðari þóknunartekjur en nokkurn tíma Íslandsbanki, einkarekni bankinn. Þess vegna spyr ég, herra forseti: Óttast hæstv. ráðherra ekki þetta í innspýtingu á nýju hlutafé kannski upp á fast að 100 milljörðum kr. inn á markaðinn og að það geti lækkað gengi annarra hlutabréfa?

Skoðun mín er sú að íslenski fjármálamarkaðurinn sé nú, ekki síst við núverandi aðstæður í efnahagslífinu og fjármálamörkuðum, á margan hátt illa í stakk búinn til að mæta bæði mikilli gusu á stuttum tíma af nýju hlutafé og miklu. Á þetta þarf að horfa, herra forseti.

Ég segi líka: Er eðlilegt að fara út í svona mikla sölu á bönkunum þegar engin stefnumótun liggur fyrir um markmið eða framtíðarþróun á fjármálamarkaði og í einkavæðingu ríkisstjórnarinnar? Með tilliti til áforma í einkavæðingu og annarri stjórn fjárfestingaráforma í þjóðfélaginu skiptir verulegu máli, auk stöðunnar almennt á fjármála- og hlutabréfamörkuðum og skuldastöðu fyrirtækja og heimila sem er mjög alvarleg, að slík stefnumótun liggi fyrir um framtíðaráform á fjármálamarkaði og einkavæðingu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur slík stefnumótunarvinna farið fram? Liggur hún fyrir? Það er auðvitað óðs manns æði að ana stefnulaust inn í mikla einkavæðingu við þær aðstæður sem eru í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar.

Herra forseti. Það er ýmislegt sem ég hefði viljað koma betur inn á og geri það þá síðar í máli mínu eða þegar hæstv. ráðherra mælir fyrir fylgifrv. með þessu frv., en ég hef lagt fyrir hana nokkrar spurningar sem ég óska eftir að ráðherra svari við þessa umræðu.

[16:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði ítrekað um einkavinavæðingu ríkisstjórnarinnar. Þá er spurning mín til hv. þm.: Eru 43.818 hluthafar í Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, þar á meðal er Kaupþing hvað stærst, einkavinir ríkisstjórnarinnar?

[16:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þegar kennitölusöfnunin fór fram þegar fyrsta salan á hlutafé í þessum bönkum fór fram var mikið um marga eigendur sem keyptu sér hlutabréf og það eru margir sem eiga hlutabréf í þessu landi. Það er alveg rétt hjá hv. þm. En hv. þm. getur heldur ekki neitað því að það eru nokkuð stórir hlutar sem eru á hendi ýmissa aðila í þjóðfélaginu, aðila sem tengjast

stjórnunarlega innbyrðis og er einmitt varað við því á bankamarkaðnum í áliti Samkeppnisstofnunar þegar hún hafnaði samrunanum sem ríkisstjórnarflokkarnir vildu fara í að það væri mikil fákeppni og samþjöppun á bankamarkaðnum. Samkeppnisstofnun varaði við því líkt og allir viðurkenna að það sé mikil samþjöppun í eignarhlutum, t.d. í olíufélögunum og tryggingafélögunum og flutningastarfsemi, stórir eigendur sem hafa verulega markaðsráðandi ítök í þessum mikilvægu greinum.

Ég fullyrði að við getum verið að sigla inn í það sama í fjármálakerfinu í bankakerfinu ef við förum ekki varlega í því efni og það er það sem við í Samfylkingunni erum fyrst og fremst að vara við. Ég býst við að hv. þm. geti verið því sammála að mjög óæskilegt sé að hafa fákeppni á bankamarkaði. Hv. þm. hefur talað fyrir samkeppni og það er það fyrst og fremst sem við viljum tryggja að girðingar séu með þeim hætti að hægt sé að koma í veg fyrir fákeppni og að fáir stórir aðilar eignist ítök og markaðsráðandi stöðu í bankakerfinu. Það er það sem ég er að vara við og þó að hlutbréfaeigendur séu margir í þjóðfélaginu þá er þessi hætta vissulega fyrir hendi.

[16:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð með frv. kemur fram að um 55 þúsund manns hafi skráð sig fyrir hlut í útboðinu. Það er það sem hv. þm. kallar kennitölusöfnun en staðan er sú að í desember 2000 voru enn 43.818 hluthafar í þessum tveim bönkum, reyndar eitthvað hugsanlega tvítalið. Er ekki gott fyrir ríkisstjórnina að eiga svona marga einkavini? Það er spurning mín til hv. þm. Er ekki fínt fyrir ríkisstjórnina að eiga 43 þúsund einkavini og þar á meðal Kaupþing hf.?

Hv. þm. talaði um fákeppni. Ég gat þess áðan í ræðu minni að íslenskir bankar eru ekki einráðir á íslenskum bankamarkaði. Hér er sívaxandi samkeppni erlendra aðila í stórum stíl bæði til stórnotenda og fjármagnseigenda þannig að ég hugsa að samkeppnin hafi eiginlega aldrei verið meiri en einmitt núna á þessum markaði. Hún fer vaxandi og hún er ekki bara á milli innlendra fyrirtækja heldur milli innlendra fyrirtækja og erlendra fyrirtækja.

[16:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi ekkert haft fyrir því að lesa samantekt á áliti samkeppnisráðs vegna samruna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og skoða hvað Samkeppnisstofnun hafði fyrir sér þegar hún var að tala um að fákeppni væri almennt séð mjög mikil á ákveðnum mörkuðum og mundi vaxa ef yrði af þessum fyrirhugaða samruna. Og hvar var mjög mikil samþjöppun? Hún var bæði á markaði fyrir útlán, hún var á greiðslumiðlunarmörkuðum og hún var á markaði fyrir verðbréf og gjaldeyrisviðskipti. Þetta eru því aðilar sem hafa skoðað mjög vandlega samþjöppun og fákeppni á þessum markaði, mæla hana eftir ákveðnum viðurkenndum stuðlum þar að lútandi og það er niðurstaðan að samþjöppun sé of mikil á bankamarkaði, vald- og samþjöppun sé of mikil. Það er ágætt út af fyrir sig að það séu margir aðilar í bönkunum með hlutabréf til þess að fela þá stóru sem eru með þessi markaðsráðandi ítök. Það þarf ekki að fara lengra en í umræðuna sem við áttum hér, herra forseti, fyrir jólin þar sem við vorum að tala um þessa stóru fjármagnseigendur sem eiga mjög mikið af fjármagni og eignum og þessa aðila, þetta eru vinirnir sem ég er að tala um sem eru með allt of mikil ítök, bæði í bankakerfinu og í þeim atvinnugreinum sem ég nefndi. Þar voru t.d. 636 einstaklingar sem höfðu 20 milljarða í hlutabréfaeign sem þeir gátu frestað skattlagningu á. Við höfum margfarið yfir þetta þannig að ekki þarf að fara langt til þess að leita að þessum einkavinum stjórnarflokkanna.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Skýrslutökur af börnum.

[16:32]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Sú umræða sem fram hefur farið í fjölmiðlum á síðustu dögum vegna sýknudóms í héraðsdómi í máli þar sem stjúpfaðir var ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart stjúpdóttur hefur ekki farið fram hjá þingheimi. Í því máli voru lýsingar barnsins, sem studdar voru öðrum sönnunargögnum og sérfræðiálitum, ekki teknar gildar. Ekki mun ég gera efni dómsins sem slíkt að umræðuefni því ekki skal deila við dómarann en slíkur dómur gefur okkur tilefni til að endurskoða þau lög sem um meðferð þessara mála gilda. Það er okkar að tryggja umfram allt réttarstöðu barna í slíkum dómsmálum. Hins vegar skal á það minnt að sýknudómum er sjaldan áfrýjað til Hæstaréttar þó að ég telji fulla ástæðu til í þessu tilfelli.

Fyrir það fyrsta vil ég minna á að einungis brotabrot af þessum alvarlegu málum fara fyrir dómstóla. Þau fara fyrir dómstóla vegna þess að ákæruvaldið telur ríka ástæðu til að láta reyna á málið. Í raun er óheimilt að ákæra nema talið sé líklegt að sakfellt verði. Það er heldur ekki hjá því komist að hugsa um sönnunarbyrði og sönnunargögn þegar kynferðisafbrotamál gagnvart börnum eru annars vegar. Hvers virði eru t.d. játningar sakbornings hjá lögreglu? Hafa þær ekkert að segja? Dugar að segja nei þegar í dóminn er komið?

Hafa skoðanir barnaverndarnefnda og rannsóknir og sérfræðiálit sem þau hafa látið vinna ekkert að segja? Hafa viðtöl við ýmsa sérfræðinga um stöðu barna í svona málum heldur ekkert að segja? Hefur álit og mat foreldra heldur ekkert að segja?

Það er ákært í málum ef sönnunargögn eru talin nægjanleg. Flóknara er það ekki. Aðalreglan er jafnframt sú að börn þurfa ekki að koma fyrir dóm við aðalmeðferð máls. Ég minni á að dómþing getur verið á öðrum stöðum en í dómhúsi, dómþing getur verið á spítala, á heimili og á öðrum stofnunum, t.d. Barnahúsi. Þetta er afar mikilvægt að hafa í huga þegar kynferðisbrotamál eru til meðferðar.

Aðaláhyggjuefni mitt er fyrst og síðast hvort jafnræði ríkir milli barna. Þurfum við ekki að standa vörð um málstað þeirra? Við þurfum að tryggja jafnræði milli barna, að þau fái öll jafngóða og réttláta meðferð í erfiðum málum. Hvaða málefnalegu rök eru t.d. fyrir því að málsmeðferð sé misjöfn og ólík þegar ákveðið er t.d. hvar yfirheyrsla fari fram?

Hugsum okkur tvö börn, bæði sex ára, annað úr Austurbæ en hitt úr Vesturbæ. Ekki getur þetta snúist um að sum börn séu óheppin og önnur heppin, allt eftir því hvorum megin hryggjar þau lenda í yfirheyrslu. Málin kunna að vera afar svipuð, sama sorgin, sama reynslan og svipaðar aðstæður. Jafnræðisregla stjórnarskrár, 65. gr., hlýtur líka að ná til þessara barna eða hvað?

Stjórnarskrá lýðveldisins er skýr þegar hagsmunir barna eru annars vegar. Í 3. mgr.76. gr. segir, með leyfi forseta:

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. "

Í þessum orðum er stór hugsun sem við eigum að standa við. Við þurfum öll að taka afstöðu til þess hvort okkur finnist ekki eðlilegt, ef um ungt barn er að ræða sem talið er að hafi orðið fyrir kynferðisbroti, að ævinlega sé yfirheyrt við þær aðstæður sem bestar eru taldar fyrir barnið og sjálfan sannleikann því að fyrsti vitnisburður er alltaf mikilvægastur. Um það hljótum við öll að vera sammála og því spyr ég hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi: Hver er fjöldi og aldur barna sem hafa verið yfirheyrð vegna kynferðisafbrota, t.d. frá 28. sept. 2000 þegar leiðbeiningar dómstólaráðs lágu fyrir, annars vegar í Barnahúsi og svo hjá dómstólum?

Ég veit ekki hvort hún hefur náð að afla upplýsinga um það, hvort kunnáttumaður sé yfirleitt til staðar hjá dómstólunum en í öðru lagi spyr ég:

Er vilji fyrir því hjá dómsmrh. að breyta lögum til fyrra horfs þar sem lögregla fari með rannsókn máls í stað dómara eða að breyta lögum um meðferð opinberra mála þannig að þau tryggi réttarstöðu barna betur en nú er gert, þá sérstaklega hvað varðar skyldu dómara til að vega hagsmuni barna þegar ákvörðun er tekin um hvar dómþing skuli háð?

Í þriðja lagi spyr ég: Er dómsmrh. kunnugt um verklagsreglur lögreglu í þessum málum, þá sérstaklega vegna fyrirkomulags skýrslutöku, og sjónarmiða lögreglu til hennar?

Ég veit að dómsmrh. mun gera sitt ýtrasta til að svara spurningum mínum.

[16:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í upphafi vil ég segja að ég er sammála hv. málshefjanda um að hér sé um að ræða ákaflega viðkvæm og vandmeðfarin mál sem gæta þurfi að.

Hinn 1. maí 1999 gengu í gildi lagabreytingar um skýrslutökur af börnum í kynferðisbrotamálum. Skýrslutökur hafa frá setningu laganna farið fram, bæði í Barnahúsi og í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem sérstaklega hefur verið innréttað húsnæði sem vel hentar í slíkum tilvikum. Stefnt er að því að slíkt húsnæði verði einnig innréttað við aðra héraðsdómstóla.

Skiptar skoðanir urðu um hvort húsnæðið í Reykjavík hentaði betur og má segja að dómurum hafi sýnst eitt um það en aðstandendum Barnahússins annað. Reyndin var hins vegar sú að hvort tveggja húsnæðið var notað og má nefna að fyrstu 15 mánuðina sem lögin voru í gildi voru teknar 111 skýrslur af börnum fyrir dómi sem meintum brotaþolum í kynferðisbrotamálum. Skýrslutaka, einkum af yngri börnum, fór þá fram 60 sinnum í Barnahúsinu en 51 sinni, einkum af eldri börnum, í húsnæði dómstóla.

Ágreiningurinn um ágæti skýrslutökuaðstöðu varð til þess að í því máli sem verið hefur í fréttum síðustu daga var hinn 8. sept. sl. kveðinn upp úrskurður í Héraðsdómi Reykjavíkur gegn andmælum réttargæslumanns barnsins, að skýrslutaka af því skyldi fara fram í húsnæði héraðsdóms en ekki Barnahúsi, eins og réttargæslumaðurinn vildi. Var sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti en eins og fram kemur í umræddu máli lauk ekki deilunni um skýrslutökustað. Barnið mætti ekki í héraðsdómi til skýrslugjafar og dómurinn vildi ekki nota aðstöðuna í Barnahúsi í þessu máli.

Ég vil taka það fram að embætti lögreglustjórans í Reykjavík átti á þessum tíma fund með foreldrum barnsins sem við sögu kemur í málinu ásamt réttargæslumanni þess og skýrði fyrir þeim afleiðingar þess ef neitað yrði að barnið mætti til skýrslutöku í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur. Einnig var höfð milliganga um að þau hittu dómarann og skoðuðu húsnæði dómstólsins sem útbúið er sérstaklega í þessu skyni. Engu að síður varð niðurstaðan sú sem fram kemur í dómnum.

Á sama tíma var unnið að því að setja niður þessa deilu. Bæði ég og hæstv. félmrh. komum að því máli og einnig formaður dómstólaráðs fyrir hönd ráðsins. Niðurstaðan varð sú að á fundi dómstólaráðs, hinn 28. sept., samþykkti dómstólaráð leiðbeinandi viðmið um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum í kynferðisbrotamálum. Tilkynning ráðsins markaði þau tímamót að í fyrsta sinn í vinnureglum dómstólanna var gert ráð fyrir notkun Barnahúss.

Í fréttatilkynningu sem dóms- og kirkjumrn. sendi frá sér þann 29. sept. voru hinar leiðbeinandi reglur kynntar. Þær gera ráð fyrir að skýrslutökur geti farið fram í Barnahúsi, af börnum allt að 14 ára og jafnvel eldri í sérstökum tilvikum. Sérstaklega er gert ráð fyrir að skýrslutökur fari fram í aðstöðu Barnahúss í þeim tilfellum er barn þarf að gangast undir læknisrannsókn.

Nú kunna menn að spyrja hver niðurstaðan af samþykkt dómstólaráðs hafi í raun orðið. Ég hef látið spyrjast fyrir um það í tilefni þessarar umnræðu og svarið er að í heildina tekið hafi dómarar notað aðstöðuna í Barnahúsi í auknum mæli. Það hefur m.a. komið fram í viðtölum við forstöðumann Barnaverndarstofu. Til samanburðar vil ég nefna að á tímabilinu 1. sept. 1999 til 1. mars 2000 voru teknar skýrslur í 17 málum í Barnahúsi, þar af í fjórum málum sem voru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. En á tímabilinu 1. sept. 2000 til 1. mars 2001 voru þar teknar skýrslur í 25 málum, þar af í 13 málum sem voru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Á síðara tímabilinu voru teknar skýrslur af sex börnum í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur og má nefna að á þessu ári hafa komið upp fimm mál og í þeim öllum hafa skýrslur verið teknar í Barnahúsi.

Þegar skýrslutaka af börnum hefur farið fram í húsakynnum Héraðsdóms Reykjavíkur hafa sérfræðingar verið kallaðir til, yfirleitt frá Barnahúsi. Það á þó ekki við ef um stálpaða unglinga er að ræða en skýrslutökum í Barnahúsi hefur fjölgað verulega.

Ekki gafst tími til að vinna upplýsingar um aldursskiptingu barnanna en ég mun leitast við að útvega þær.

Hv. málshefjandi spurði í ræðu sinni hvort dómsmrh. sé kunnugt um verklagsreglur lögreglu í þessum málum og þá sérstaklega vegna fyrirkomulags skýrslutöku og sjónarmiða lögreglu til hennar. Eina svarið sem ég hef við því er að samkvæmt lögum vísar lögreglan slíku máli til dómara en tekur sjálf ekki skýrslu af barni. Um sakborning gilda almennar reglur.

Dómurinn sem er kveikjan að þessari umræðu á sér aðdraganda sem nær lengra aftur en til samþykktar dómstólaráðs. Þetta er héraðsdómur sem e.t.v. verður áfrýjað en ég get hvorki né vil meta meginefni hans, þ.e. sekt eða sakleysi þess sem sökum er borinn.

Að lokum við ég ítreka að ég tel ákaflega mikilvægt að hagsmuna barna sé gætt, ekki síst í tengslum við kynferðisbrot, og ég hygg að allir þingmenn séu sama sinnis.

[16:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Enn á ný hefur karlmaður verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um kynferðisafbrot. Að þessu sinni er um að ræða brot stjúpföður gagnvart kornungri stjúpdóttur sinni. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að vitnisburður sem lá fyrir frá hendi stúlkunnar var ekki talinn nægilegur þar sem um væri að ræða myndbandsupptöku sem gerð var í Barnahúsi. Neitun hins ákærða er hins vegar tekin til greina fyrir dómi þrátt fyrir að hann hafi við yfirheyrslur hjá lögreglu játað á sig ósæmilegt athæfi gagnvart barninu en séð sig um hönd síðar og neitað sakargiftum.

Maðurinn var sýknaður á grundvelli þess að barnið kom ekki sjálft fyrir dómara en að ósk foreldra þess og barnaverndaryfirvalda fór skýrslutaka vegna málsins fram í Barnahúsinu. Verjandi hins ákærða gerði ekki athugasemd við það.

Eðli kynferðisafbrotamála er að þolendur þeirra sæta mikilli valdníðslu og eru beittir andlegu og líkamlegu ofbeldi af hendi þess sem brýtur á þeim. Það hefur þess vegna verið talið afar mikilvægt, einkum þegar börn eiga í hlut, að auðvelda þeim eins og kostur er að gefa skýrslu um atburðinn, gangast undir nauðsynlegar læknisskoðanir og þess háttar. Það hefur m.a. verið hlutverk Barnahúss að skapa aðstöðu fyrir slíka skýrslutöku og tryggja umsjón fagfólks með henni.

Eftir miklar umræður sem í fyrra spunnust um framtíð Barnahúss voru samþykktar nýjar verklagsreglur um yfirheyrslur þar sem börn eiga hlut að máli. Síðan þá hefur fjöldi skýrslna sem teknar eru í Barnahúsi margfaldast og dómarar í auknum mæli fært sér í nyt þá aðstöðu og sérþekkingu sem þar er boðið upp á, eins og hér kom fram í máli hæstv. dómsmrh. áðan. Það er því sorglegra en tárum taki í máli eins og því sem hér er til umfjöllunar að skýrsla sem tekin er í Barnahúsi sé ekki tekin gild í málflutningi vegna alvarlegs ákærumáls þar sem kornungt barn á í hlut.

Öll mál af þessu tagi eru alvarleg og ekki ólíklegt að þessi skelfilega lífsreynsla eigi eftir að marka líf þessarar litlu stúlku og annarra stúlkna sem orðið hafa fyrir svipuðum hörmungum. Það á að vera hlutverk okkar allra að gera þeim sem í hlut eiga í slíkum málum lífið þolanlegra eftir því sem kostur er.

[16:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. áttum við fund með formanni dómstólaráðs í lok september sl. Þá fórum við fram á að börn, yngri en 14 ára, yrðu yfirheyrð í Barnahúsinu. Dómstólaráð varð ekki fyllilega við beiðni okkar og þess ber að geta að umrætt mál var hafið áður en þessi fundur var haldinn. Barnahúsið hefur hins vegar verið mun betur nýtt eftir þennan fund okkar með formanni dómstólaráðs og í kjölfar þeirrar samþykktar sem dómstólaráð gerði eftir þann fund. Það er hins vegar í valdi viðkomandi héraðsdómara hvort hann setur dómþing í Barnahúsinu eða ekki.

Viðkomandi héraðsdómari hefur, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, aldrei sett dómþing í Barnahúsi. Ég tel að Barnahúsið sé mikil framför frá fyrra skipulagi. Þar eru nú 35 börn í meðferð og það er sorglegt að héraðsdómarar skuli ekki nýta þá ágætu aðstöðu sem þar er, sérstaklega þegar um lítil börn er að ræða.

Í mínum huga er meginatriðið þó að þetta mál kom upp áður en við áttum fund með formanni dómstólaráðs, hæstv. dómsmrh. og ég, en eftir það hefur notkun Barnahúss stóraukist.

[16:46]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Sú breyting sem varð á lögum um skýrslutöku af börnum í kynferðisbrotamálum og tók gildi hinn 1. maí 1999 hefur sætt mikilli gagnrýni margra þeirra sem láta sig velferð barna nokkru varða og hafa jafnframt mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Þetta fólk gagnrýnir það helst að þeim ávinningi sem náðst hefur í störfum Barnahúss við rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála gegn börnum hafi verið stefnt í voða.

Það dómsmál sem er tilefni þessarar umræðu endurspeglar augljóslega óþolandi réttaróvissu þeirra barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Þær réttarreglur sem lögfestar voru með téðum breytingum hafa einfaldlega reynst illa og um þær mun aldrei skapast friður eins og það er þó nauðsynlegt að sátt ríki í jafnviðkvæmum málaflokki og hér um ræðir. Nógu þungbær eru þessi mál samt.

Nýlega gaf Barnaverndarstofa út skýrslu um Barnahús eftir tvö fyrstu starfsár þess. Í þeirri skýrslu er m.a. að finna afar vandaða og málefnalega gagnrýni á gildandi lagaákvæði og hvers vegna nauðsynlegt er að breyta þeim. Á það er bent m.a. að lögin stríða gegn sumum grundvallaratriðum réttarfarsins í landinu, svo sem um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds. Þá er sýnt fram á að núverandi fyrirkomulag við skýrslutöku í þessum málum sé orðin svo íþyngjandi að mjög hefur dregið úr kærum vegna kynferðisbrota gegn börnum. Þetta eru alvarleg skilaboð til okkar alþingismanna frá þeirri stofnun sem býr yfir hvað mestri sérþekkingu á sviði barnaverndar í landinu. Okkur ber skylda til að bregðast við þessum upplýsingum og ég treysti því að hæstv. dómsmrh. og allshn. Alþingis láti nú hendur standa fram úr ermum, að góð samstaða um þessi mál færi þau í betra horf og góðan farveg.

[16:49]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Leitin að sannleikanum í jafnerfiðum málum og kynferðisafbrotum gegn börnum getur reynst torveld. Ekki má ganga á þá grundvallarreglu í íslensku réttarfari að menn teljast saklausir uns sekt þeirra telst sönnuð. Ef einhver vafi leikur á sekt sakbornings ber að sýkna hann. Við á Íslandi búum við frjálst mat dómara á þeim sönnunargögnum sem lögð eru fram í dómsmálum. Dómari verður að leggja mat á trúverðugleika sakbornings og færa fullnægjandi rök fyrir dómsniðurstöðu sinni. Ekki er unnt að ýta sönnunargögnum til hliðar nema mat sé lagt á þau.

Við höfum sett leikreglur svo að hið sanna komi í ljós og þá um leið til að koma í veg fyrir að þeir misindismenn sem beitt hafa börn kynferðislegu ofbeldi komist ekki undan réttvísinni. Reglur í lögum um skýrslutöku af börnum eru hluti af þessum leikreglum. Á síðasta ári komu hins vegar efasemdir í ljós um að markmiðið hefði náðst þrátt fyrir ný lög sem áttu m.a. að vera barni ákveðinn stuðningur og auðvelda því aðkomuna við rannsókn máls á meintu kynferðislegu ofbeldi. Þótti ekki rétt, a.m.k. fyrst um sinn, að breyta strax lögum heldur var litið til framkvæmdarinnar í heild og athugað hvaða úrræði eða reglur mundu skila sér best barninu til hagsbóta.

Í september sl. voru síðan vinnureglur um skýrslutökur af börnum settar af hálfu dómstólaráðs. Reynslan af þeim er ekki löng en engu að síður er margt sem bendir til þess

að það hafi góð áhrif á rannsókn mála. Eftir að hafa skoðað Barnahús með allshn. og félmn. þingsins á síðasta ári var ég enn sannfærð um gildi þeirra starfa sem þar eru unnin, m.a. vegna yfirlýsinga lækna að nú þurfi vart lengur að svæfa börn við þær læknisrannsóknir í þessum málum eftir að þeir hófu að framkvæma þær í Barnahúsi.

Virðulegi forseti. Þegar það kom í ljós að lögin frá árinu 1999, sem þingmenn hér á Alþingi töldu að væru til bóta fyrir meinta þolendur kynferðisafbrota, virkuðu ekki sem skyldi var tekið á því máli af hálfu hæstv. dómsmrh., félmrh. og dómstólaráðs og umræddar vinnureglur ákveðnar. Því ferli hefur allshn. þingsins fylgst með og m.a. átt fund með ýmsum þeim aðilum sem að hagsmunamálum barna koma. Mun nefndin áfram veita þessum málum athygli og taka þau upp ef þörf þykir.

[16:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Enn á ný er svo að sjá að tæknileg atriði verði til þess að kveðinn er upp sýknudómur yfir manni sem ákærður var fyrir andstyggilegan glæp. Fyrir síðustu helgi kom fram í fréttum að stjúpfaðir var sýknaður af ákæru um kynferðisafbrot gegn stjúpdóttur sinni. Fyrst játaði hinn ákærði ósæmilegt athæfi sitt gegn barninu en neitaði svo sakargiftum á síðari stigum. Myndbandsupptaka af viðtali við stúlkuna, tekin í Barnahúsi, var ekki talin fullnægjandi sönnun gegn neitun ákærða. Frásagnir vitna um það sem barnið hafði sagt þeim nægði heldur ekki gegn neitun ákærða.

Því hefur stundum verið haldið fram að í reynd sé það svo að þeir sem gerast brotlegir í kynferðisafbrotamálum skammti sér sjálfir refsingu. Þeir þurfi ekki annað en að neita sakargiftum og ekkert virðist geta brotið niður þann varnarmúr sem þeir byggja þannig upp umhverfis sig. Kjarni málsins virðist ekki lengur vera það afbrot sem ákæra snýst um heldur tæknilegur rammi málsmeðferðarinnar, orðalag eða búnaður.

Herra forseti. Barnahúsi var komið á laggirnar til að skapa aðstæður til að taka skýrslur af börnum sem talið er að brotið hafi verið á og gera það á þann veg að það hafi sem minnstar hremmingar í för með sér fyrir barnið. Barn sem gefur vitni í afbrotamáli verður óhjákvæmilega að endurlifa afbrotið við það að segja frá því og e.t.v. eins og oft reynist í kynferðisafbrotamálum í raun að ásaka nákominn ættingja eða manneskju úr nánasta umhverfi sínu. Það er skelfileg og þungbær reynsla.

Eftir miklar umræður um starfsumhverfi og framtíð Barnahússins í fyrra hafa mál skipast þannig að síðustu sex mánuði hefur nýting þess margfaldast og dómarar hafa í auknum mæli fært sér í nyt þá aðstöðu sem þar er boðið upp á og sérfræðiþekkingu sem starfsfólk þar býr yfir eins og fram hefur komið. Það er bráðnauðsynlegt að skýra lagaákvæði við yfirheyrslur í Barnahúsi og tryggja svo að ekki verði um villst að skýrslur sem þar eru teknar séu fullgild gögn í dómsmálum.

[16:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er miklu stærra en sá dómur sem gefur nú tilefni til þessarar umræðu, jafnalvarlegur og hann er. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. alþm. á þeim upplýsingum sem fram koma í nýlegri skýrslu um barnavernd á Íslandi að vegna þess þunglamalega fyrirkomulags sem var komið á með því að ætla dómurum að bera ábyrgð á skýrslutöku af börnum við frumrannsókn kynferðisbrotamála þá hafi kærum vegna kynferðisbrota fækkað umtalsvert. Þetta þýðir að færri mál þar sem grunur leikur á að barn hafi sætt kynferðisofbeldi fá lögregluranns ókn en áður. Í stað þess velja barnaverndarnefndir í auknum mæli að vísa málum til Barnahúss í svokölluð könnunarviðtöl sem eru framkvæmd án þátttöku réttarvörslukerfisins. Þetta er afleit þróun.

En barnaverndarnefndirnar hafa gilda ástæðu til þessara vinnubragða. Þær þekkja að það er í mörgum tilvikum fráleitt að efnt sé til svo viðurhlutamikillar athafnar sem skýrslutöku fyrir dómi vegna gruns um brot við frumrannsókn málsins. Eingöngu lítið hlutfall þeirra mála þar sem grunur vaknar um kynferðisafbrot verða að dómsmáli eða 15–20. Í þessu ljósi verður að telja það fráleitt fyrirkomulag að lögfesta þá reglu að ekki sé unnt að kalla eftir framburði barns við frumrannsókn máls nema fyrir dómi. Það torveldar rannsókn og það sem verra er, það kemur í veg fyrir að unnt sé að laga rannsókn þessara mála að þörfum barnsins eins og upphaflegt markmið Barnahússins var. Ég hlýt því að spyrja dómsmrh. hvort henni finnist eðlilegt að það sé undir einstökum dómara komið hvort frumrannsókn fer fram í dómhúsi eða Barnahúsi.

Herra forseti. Flestir dómarar, ekki allir, breyttu vinnubrögðum sínum þegar þeir fóru að takast á við þessi viðkvæmu mál. Nú nota margir þeirra Barnahúsið og sérfræðiþekkinguna þar og við hljótum að fagna því en þetta mál, herra forseti, snýst ekki um dómara heldur lög og reglur, jafnræði og afleiðingar laga Alþingis.

[16:56]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ekki fer hjá því að við erum öll sammála hv. þm. um að mál af því tagi sem hér hefur borið á góma er með þeim alvarlegustu sem gerast í þjóðfélaginu. Réttarríkið er vandmeðfarið. Ekki einungis dómstólar heldur löggæslan og ákæruvaldið þurfa að gæta virðingar sinnar og þeirra er að gæta réttarstöðu bæði fórnarlamba og þeirra sem ákærðir eru vegna afbrota og gruns um afbrot. Það er algjör nauðsyn, herra forseti, að þetta sé vel gert og þá verður þess að geta að börn sem eru fórnarlömb í málum af þessu tagi eru mjög sérstakir þolendur og mjög sérstakir aðilar að skýrslutöku og yfirheyrslu vegna afbrota af þessu tagi.

Það verður að segjast um leið og við gerum okkur grein fyrir, og væntanlega dómarar líka, að svo sérstök sem börn eru og hljóta að bregðast öðruvísi en fullorðið fólk við hinu formlega yfirbragði stofnana sem um fjalla, þá þarf í senn að taka tillit til réttarstöðu hins aðilans. Þar liggur vandinn og rétt er að taka undir að málið er ekki fólgið í einum dómi eða dómara en ég hef veitt því athygli að allmargir dómarar hafa aflað sér sérstakrar kunnáttu til að fjalla um mál sem börn eiga aðild að og til þess að yfirheyra eða taka skýrslur af börnum vegna mála af þessu tagi. Samt sem áður hlýtur það að vekja sérstaka athygli okkar allra að þeim málum sem koma fyrir dómstóla vegna kynferðisafbrota gagnvart börnum hefur fækkað. Það varpar fram spurningum um það hvort tekist hefur að bæta nægilega úr þeim aðstæðum og þeim réttarfarsaðgerðum sem eiga að bæta réttarstöðu barna við meðferð málanna.

Það hefur komið fram í máli þeirra beggja hæstv. ráðherra sem hér hafa talað að þeir hafa verið vakandi fyrir framförum í þessu efni og hafa tekið á þegar þeim hefur sýnst þurfa. En ég vil hvetja þau bæði enn til þess að taka aftur á og bæta frekar réttarstöðu barna vegna mála af þessu tagi.

[16:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka afar góðar umræður sem hér hafa farið fram um þessi mál. Það er alveg ljóst að þingmenn gera sér fulla grein fyrir því hvar skórinn kreppir. Þannig er að á meðan réttaróöryggið er enn til staðar geta dómarar enn hafnað. Þeir geta enn ákveðið það að sitja niðri í dómhúsi og ákveða að þaðan skuli hlutirnir gerast. Því miður. Það er einhvern veginn þannig að við þurfum að reyna að skýra það. Það er spurning hvort við mundum reyna að skoða hvað hægt væri að gera í því til að tryggja þetta jafnræði milli barna um að málsmeðferðin sé tryggust. Þetta er algjört lykilatriði. Þrátt fyrir leiðbeiningar dómstólaráðs geta einmitt svona slys gerst enn. Það mál sem hér er til umræðu gerðist fyrir þær leiðbeiningar. Ég er ekki viss um að það hafi bjargað svo miklu, það verður bara að segjast eins og er. Við verðum að reyna að ýta þessu máli eitthvað fram fyrir. Þetta má ekki vera áhætta. Þess vegna er afar mikilvægt að þessi mál verði skýrð. Við höfum jafnræðisreglu í stjórnsýslu, við erum með stjórnarskrána, við erum með barnasáttmálann, við erum með fjöldann allan af skýrslum, mjög mörgum góðum skýrslum bæði frá Barnaverndarstofu og frá dómsmrh. þannig að við eigum alveg að geta gert þessi mál með mikilli prýði og meiri prýði en margir aðrir, enda höfum við ágætar og fínar lausnir. Aðalatriðið er ef hæstv. dómsmrh. og hv. allshn. væru fáanleg til að skoða málið til að tryggja þetta enn frekar þannig að einhver börn falli ekki milli skips og bryggju og komist í óþægilega stöðu hjá dómstólunum.

[17:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hér hafa mikilvæg mál verið til umræðu sem jafnframt eru viðkvæm og vandmeðfarin. Réttarstaða barna þarf að vera trygg og ég trúi því að hún sé það hér á landi.

Skýrslutökur af börnum eru samkvæmt lögunum dómsathafnir. Samkvæmt meginreglu laga um meðferð opinberra mála skulu dómþing haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Dómari getur þó ákveðið að skýrslutaka fari fram annars staðar en í húsnæði dómstóls ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Þetta er meginreglan.

Ég vil hins vegar ítreka að ég tel ekki við hæfi að ég tjái mig efnislega um nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjavíkur sem hér hefur verið vísað til og verður e.t.v. áfrýjað. Ég vil hins vegar trúa því að sú deila um notkun Barnahússins sem kemur fram í margnefndum dómi muni ekki endurtaka sig í síðari málum af svipuðu tagi. Við eigum að samnýta aðstöðu og sérfræðiþekkingu þar sem því verður við komið. Það virðist nú vera gert og ég er treg til að trúa því að um slíkt þurfi beinlínis að mæla fyrir með nýrri lagasetningu.

Reyndar stendur nú yfir heildarendurskoðun á lögunum um meðferð opinberra mála og ég tel rétt að málið sé skoðað í því samhengi. Ég legg áherslu á að eftir að dómstólaráð tók af skarið og gaf út viðmiðunarreglur um þessi mál hefur Barnahús verið nýtt í auknum mæli af dómurum og betri sátt virðist hafa skapast um þessi mál. Því er ekki ástæða til annars en að vera bjartsýnn um að svo muni verða áfram. En það er auðvitað fyrir öllu að menn leggist á eitt um að tryggja hagsmuni og velferð barnanna og að friður ríki í þessum málum.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817.

[17:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum. Megintilgangur frv. og reyndar eini er að veita heimild til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Herra forseti. Fyrir mér er bankaþjónusta hluti af almenningsþjónustu í landinu, hluti af almenningsþjónustu fyrir alla íbúa landsins. Fyrir mér eru bankar og bankaþjónusta ekki bara hreinn atvinnurekstur og hrein viðskipti í eigin þágu í sjálfu sér. Bankaþjónusta er þjónusta við alla íbúa landsins, óháð því hvar þeir búa eða hvernig þjóðfélagsstaða þeirra er.

Það sem veldur mér verulegum áhyggjum, herra forseti, er að hvergi í allri þeirri lagaumgjörð sem lögð er upp í kringum þessa almenningsþjónustu sem bankaþjónustan er, er minnst á þjónustuskyldur, þjónustuábyrgð eða samfélagsskyldur eða það að viðkomandi starfsemi beri í sjálfu sér neina samfélagsábyrgð, hvort sem er gagnvart samfélaginu öllu eða einstaka hópum þess, enga nágrannaábyrgð er að finna í þeim lögum og þeirri lagaumgjörð.

Herra forseti. Þetta hlýtur að valda ugg. Við höfum horft upp á það á undanförnum árum að æ fleiri þættir almennings- og almannaþjónustunnar eru að færast frá nærumhverfi sínu, frá sínum raunverulegu grunnneytendum og yfir á vettvang hreinna markaðssjónarmiða þar sem eigendurnir í sjálfu sér eru ekki heldur lengur hluti af nágrannasamfélagi sínu.

Sú umgerð sem ég hér lýsi gæti vel átt við fyrirtækjarekstur, atvinnurekstur sem ekki þarf endilega að flokka beint sem almannaþjónustu. En þegar verið er að líta á grunnþjónustu, grunnþjónustu fyrir búsetu, fyrir atvinnulíf, fyrir einstaklinga og þjóðfélag þá ber okkur að staldra við á hvaða vegi við erum, því að ef hver og einn þáttur í almenningsþjónustunni lítur á sig með sjálfhverfum hætti og ekki sem hluta af heild heldur einungis sem hluta af sjálfum sér þá brotnar samfélag okkar smám saman niður. Undirstöður þess brotna í almenningsþjónustunni skref fyrir skref. Og af þessu hef ég þungar áhyggjur.

Það er nú svo að bankar og sparisjóðir voru virkir þátttakendur í nágrannasamfélögum sínum. Þeir voru hluti af þeim, þeir tóku þátt í þeim og gegndu þar nágrannasamfélagsábyrgð. Herra forseti, sú nágrannasamfélagsábyrgð er að dvína og hún er að þverra.

Enda var það svo að á fundi nýverið á vegum Byggðastofnunar, að mig minnir, þar sem stjórnarformaður Byggðastofnunar var að lýsa sýn sinni á þróun bankamála, á þróun peningamála og lánamála í landinu, ég man það ekki orðrétt, herra forseti, en það var á þá lund að með einkavæðingu bankanna og með sölu hlutabréfa þeirra og sölu þeirra áfram til þess vegna óskyldra aðila, þá bar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ugg í brjósti gagnvart þeirri þróun og nefndi að mig minnir nauðsyn þess að styrkja Byggðastofnun sem nýjan banka, sem nýjan og sterkari lánaaðila, aðila til þess að sinna peningamálum, sinna lánum, sinna fjármögnun, taka þátt í atvinnulífi vítt og breitt um landið vegna þess

að sú þróun sem nú er að gerast í bankakerfinu fjarlægðist þessi samfélög, fjarlægðist neytendur sína og sæi ekki það hlutverk sitt að þjóna þeim.

Við hvern þátt sem brotnar niður í almenningsþjónustu, hvar sem er á landinu minnkar samkeppnishæfni þeirra samfélaga sem verða að búa við það til að takast á við verkefnin, samkeppnishæfni þeirra minnkar gagnvart öðrum hópum, öðrum einstaklingum sem búa þá við betri aðstæður hvað þetta varðar. Fyrir mér eru bankarnir hluti af þessari samfélagsþjónustu sem ber að setja á skyldur og kvaðir í þeim efnum.

Þess vegna er það einlæg tillaga mín hér í þessari umfjöllun og þessum breytingum sem eru að eiga sér stað og hér er verið að leggja til á umgjörð peningastofnananna í landinu þar sem verið er að gera tillögu um að leggja niður ríkisbankana, verið er að gefa sparisjóðunum heimild til þess að hlutafélagavæðast og fara á almennan hlutabréfamarkað sem getur þá væntanlega leitt til þess að þeir slitni einnig úr tengslum við nágrannasamfélag sitt og verði hluti af einhverri fjarstýrðri heild sem á litla skírskotun til samfélagsins, til nágrannasamfélagsins þar sem þeir eiga uppsprettu sína.

Þess vegna finnst mér afar mikilvægt að í þessari lagaumgjörð sé fundin leið til að setja á almenningsþjónustukröfur, almenningsþjónustuskyldur í lagaumgjörð eins og þá sem hér er verið að leggja upp með. Það ætti líka að vera skylt, herra forseti, að með lagafrumvörpum sem geta haft víðtæk áhrif á atvinnulíf, á samfélög, samfélagsgerð og lífskjör fólks víða um land, fylgdi úttekt og umsögn á áhrifum þeirra þegar þau koma til framkvæmda á byggð, búsetu og atvinnulíf í landinu.

Við höfum sett fram, og það er unnið eftir því, þá kröfu að við einstök lagafrumvörp sem hér eru flutt fylgi úttekt, mat fjmrn. á hugsanlegum kostnaði eða skuldbindingum ríkissjóðs, bæði hvað varðar gjöld og tekjur, og það er vel. Einnig hefur verið samþykkt viljayfirlýsing í þá veru að lagafrumvörpum og aðgerðum sem Alþingi beitir sér fyrir gagnvart sveitarfélögunum í landinu fylgi einnig úttekt og mat á þeim áhrifum sem þau lög og þær gjörðir geta haft á skuldbindingar og fjárhag sveitarfélaga, og það er vel að svo sé gert. Og þá, herra forseti, finnst mér jafnframt vera afar brýnt að við lagasetningar hér á Alþingi sem hafa áhrif á byggð, búsetu, atvinnulíf og lífskjör fólks víða um land fylgi með úttekt og mat á hver áhrif þeirra geta orðið, þannig að við segjum eftir á: Nú já, við gerðum okkur ekki grein fyrir því að þetta hefði þessi áhrif, eins og við upplifum hér æ ofan í umræðunni um þjóðfélagsbreytingar, byggðaröskun, byggðaflutning og ójöfnuð í aðgengi almennings og fyrirtækja eftir búsetu, þjóðfélagsstöðu eða öðru.

Herra forseti. Þetta vildi ég draga sterkt fram og ég sakna hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem einmitt lagði það inn í umræðuna að færi nú fram sem horfir þyrfti að stofna nýjan banka á vegum ríkisins til að standa undir einhverjum hluta af þeim ábyrgðum og þeim skyldum sem hann sá að mundu hverfa í því ferli sem fram undan er.

En víkjum aðeins að frv. að öðru leyti. Við lifum nú við verulegan óróa á fjármálamarkaðnum og í búsetuþróun í landinu og þess vegna ber að vera sérstaklega á verði gagnvart því að grípa ekki til aðgerða sem geta ýtt undir þann óstöðugleika.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í fskj. I með frv., umsögn Seðlabanka Íslands, um áhrif á fjármálamarkaðinn og stöðugleika fjármálakerfisins varðandi þessar breytingar. Þar er spurt:

„Er heppilegt miðað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum að ríkið selji eign í bönkunum og hver yrðu þjóðhagsleg áhrif slíkrar sölu? Skiptir máli í því sambandi hvort kaupendur eru innlendir eða erlendir?

Eins og fram kemur hér á eftir eru áhrif sölu á eignarhlut ríkisins í bankakerfinu á innlenda eftirspurn óviss og geta brugðið til beggja átta eftir því hvernig að sölunni er staðið. Seðlabankinn varar því sterklega við því að líta á sölu þessara eignarhluta sem lið í eftirspurnarstjórnun. Því er mjög varasamt að nota slíka sölu til að fresta nauðsynlegum hagstjórnaraðgerðum á öðrum sviðum."

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er að einhverju leyti farið eftir þessum tilmælum?

Síðan, herra forseti, kemur — ég veit ekki hvort hún á að vera háð — afar sérkennileg framsetning:

„Hér varðar mestu hvort líklegt sé að einkavæðing bankanna muni stuðla að minna eða meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en nú þegar er fyrir hendi."

Ég veit ekki hvort á að skilja þessa túlkun Seðlabankans svo að nú þegar sé fyrir hendi svo mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum að ekki muni á sjá. Alla vega er þarna tekið til orða á sérstæðan hátt.

Mig langar einnig, herra forseti, að víkja að því hvernig ætlunin er að selja þessa eignarhluta. Það er ljóst að, eins ítrekað er í með greinargerðum með frv., það hvernig salan fer fram hefur náttúrlega áhrif á peningamarkaðinn og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það er margítrekað að máli skipti hvernig fjármagnið er til komið sem varið er til kaupanna, hvort væntanleg kaup á hlutabréfum eru fjármögnuð með eigin sparnaði viðkomandi, sem hann tekur út, hvort þetta er fjármagnað með innlendum lántökum eða erlendum lántökum o.s.frv. Það er lögð rík áhersla á að meginmáli skipti með hvaða hætti salan fer fram og hvaðan fjármagnið kemur. Þá leyfi ég mér að spyrja, herra forseti: Er ætlunin að velja væntanlega kaupendur eftir því hvaðan féð er komið sem þeir ætla að kaupa hlutabréfin fyrir? Hvernig verður það framkvæmt? Skiptir máli hvort viðkomandi veifar seðlum sem hann fékk að láni erlendis eða hvort hann veifar seðlum sem hann tók út úr viðskiptabanka sínum? Hvernig á að velja kaupendur með tilliti til þess, sem rík áhersla er lögð á, að meginmáli skipti fyrir áhrif sölunnar hvert eigandinn hafi sótt fé til kaupanna?

Herra forseti. Ég tel að við séum á afar hæpinni leið í peningamálum landsins. Það hefði verið vænlegri kostur að hér væri sterkur og góður þjóðbanki sem starfaði við hlið einkabanka, banki sem bæri ábyrgð og hægt væri að gera samfélagslegar kröfur til, banki sem væri hægt að beita til að reka Ísland á hagkvæman og góðan hátt.

Í rauninni er það svo, eins og kom fram fyrr í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að ríkið ber ábyrgð á bönkunum. Ríkið ber ábyrgð þegar illa fer því að þetta er ekkert einskismannsfé sem bankarnir ráðstafa. Þetta eru hinar samfélagslegu eignir sem hér stendur til að ráðskast með og þegar illa fer hleypur ríkið undir bagga eins og við höfum séð dæmi um í nágrannalöndum okkar. Það er alveg ljóst að ríkisábyrgð liggur beint og óbeint fyrir. Hið sama gildir um peningamálastjórnun, t.d. með fastengisstefnu þegar ríkið skuldbindur sig til að halda gengi innan vissra marka og gefur út og segist ábyrgjast það, þá er það ekkert annað en ríkisábyrgð á lántökum. Það er í rauninni ekkert annað.

Ríkisábyrgðir á fjármagninu sem hér er í umferð eru til í mörgum myndum og þess vegna væri miklu eðlilegra að ríkið ætti beina aðild að peningamarkaði hér á landi.

Að lokum, herra forseti, vara ég við því að þetta verði enn einn þátturinn í almenningsþjónustunni sem ekki ber samfélagslegar skyldur, sem ekki á að bera skyldur gagnvart nágrannasamfélagi sínu. Ef þetta verður enn einn þátturinn sem ganga á leiðina til samruna og fjarstýringar þá tel ég að við séum að bjóða hættunni heim á því að við skerðum samkeppnisstöðu heilla atvinnugreina, heilla þjóðfélagshópa. Ég skora á hv. efh.- og viðskn. að skoða hvernig hægt er að fella inn í þessi lagafrv. samfélagslegar skyldur sem lúti ekki aðeins að því að skaffa hámarksarð til eigenda bankanna, sem guð má vita hvar eru, heldur að þeir beri áfram ábyrgð og verði áfram þátttakendur í samfélaginu.

[17:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ótrúleg ræða hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Hann lýsir einkahlutafélögum eða einkamarkaði þannig að sá beri ekki samfélagslegar skyldur, sé ekki hluti af nágrannasamfélagi og sé sjálfhverfur. Þetta eru einkahlutafélög og einkamarkaðir. Það er greinilegt að hv. þm. hefur aldrei rekið fyrirtæki í nútímasamfélagi. Hann gerði það heldur ekki lengi með þessum hætti.

Í nútímastjórnun er lögð áhersla á að hafa góð samskipti við starfsmenn, gefa þeim góð teikn um það að fyrirtækinu sé umhugað um hagsæld þeirra. Það er mikilvægt fyrir fyrirtækið að hafa góð samskipti við birgja, sýna þeim heiðarleika og sanngirni. Það er mikilvægt fyrir hvert fyrirtæki að eiga góð samskipti við viðskiptamenn sem versla við það og sýna þeim sanngirni og heiðarleika.

Fyrirtæki á markaði verða nefnilega að sinna samfélagslegri ábyrgð og skyldum. Þess vegna eru fyrirtæki að planta trjám, eins og sum olíufélög, eða styrkja góð málefni. Ég vil spyrja hv. þm., sem dreymir um þjóðbankann sem alþingismenn mundu stýra, hvort hann hafi verið ánægður með bankana eins og þeir voru í gamla daga, þegar menn stóðu í biðröðum og fengu skammtað eftir að hafa talað við þingmanninn sinn, eftir að hann talaði við sýslumanninn og ég veit ekki hvað. Allt í gegnum klíku. Var hv. þm. ánægður með þá stöðu, þegar bankarnir bjuggu ekki til viðskiptavild heldur viðskiptaóvild?

[17:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. snýr út úr málflutningi mínum. Skilji ég það rétt hjá hv. þm. að leggja eigi jafnríkar samfélagsskyldur og nágrannatilfinningu á hlutafélög sem þessi, hvers vegna er það þá ekki tekið fram í lögunum? Hvers vegna er aðeins áréttað þetta með arðsemissjónarmiðin? Hvers vegna eingöngu það? Ég vek athygli á því, herra forseti.

Ég væni ekki fyrirtækin um að þau reyni ekki að sinna skyldum sínum. En ef hv. þm. setti sig í spor fólks á Hólmavík, Skagaströnd eða Hofsósi og spyrði hvaða augum það liti á hlutafélagavæðingu þessara banka, hvort það búist við að fyrirtækin sem þar eru muni efla starfsemi sína og veita betri þjónustu, þá held ég, herra forseti, að það yrði frekar fátt um svör.

Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Hvers vegna má ekki setja ákvæði sem kveða á um samfélagslegar skyldur líkt og gerist með hagkvæmni og arðsemi? Ég tel mjög mikilvægt að hafa ákvæði um arðsemi en það eru ekki einu markmiðin í rekstri á almannaþjónustu eins og bankaþjónustan er.

[17:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það felst í viðskiptum að báðir aðilar græða. Annars eiga menn ekki viðskipti. Ef þeir ætla að græða, þá þurfa þeir að sýna mótaðila sínum sanngirni og heiðarleika. Arðsemiskrafan leiðir þannig af sér samfélagslegar skyldur. Annars græða menn ekki, annars eru menn ekki á markaðnum. Það vill enginn eiga viðskipti við sjálfhverfa menn sem ekki eru hluti af nágrannasamfélaginu.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um Hólmavík og fleiri staði þá getur vel verið að menn hafi átt viðskipti á Hólmavík án þess að græða á því, þ.e. bankarnir, og þar með hafi komist þar á atvinnustarfsemi sem ekki á rétt á sér. Það getur vel verið að sú niðurgreiðsla sem menn hafa stundað hingað til og pólitísk forsjá hafi drepið niður annan atvinnurekstur sem þar hefði blómstrað ella, ef hann hefði gengið að fjármagni á jafnréttissgrundvelli. Sú fyrirgreiðsla sem menn hafa fengið í gegnum klíku hefur líka drepið niður starfsemi sem ekki fékk lánsfé af því að hún var ekki í klíkunni.

Það að setja reglur um öll samskipti manna í lög hefur ekki endilega bætt stöðuna. Ég minni á að stjórnarskrá Sovétríkjanna var ein sú fallegasta í heimi. Framkvæmdin og hvernig menn vinna skiptir máli því menn skila ekki arði á markaði í dag öðruvísi en sýna sanngirni og heiðarleika og vera hluti af nágrannasamfélaginu.

[17:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. færist nú nær mínum sjónarmiðum í orði. Ég fagna því. Hins vegar held ég varðandi leiðina að þeim markmiðum sem hann nefndi sé hann áfram á sömu braut. Ég harma það reyndar. Varðandi þá staði sem ég nefndi þá býst ég við og vona að þar sé hagkvæmt að reka bankaþjónustu.

Upp úr stendur, herra forseti, að það er lögð rík áhersla á að kveða á um hagkvæmni, arðsemi og slíkt í lögum, sem ég held að sé fyrir okkur öllum sé sjálfsagður hlutur. Ég held að það eigi að vera hornsteinn í öllum rekstri en, eins og hv. þm. minntist á, ber einnig að líta á það að einn af hornsteinunum fyrir rekstri er að hann gangi vel. Því ætti að láta það standa jafnfætis í þeim lögum sem skapa umgjörð fyrir svona atvinnustarfsemi.

[17:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mig langaði til að óska eftir er að hv. þm. útskýrði betur fyrir okkur á Alþingi hvernig hann sér fyrir sér þessa kröfu um þjónustu, almannaþjónustu í bankakerfinu, hvort krafa eigi að vera á öllum fjármálastofnunum um að veita þá þjónustu um allt land, eða hvort leggja eigi hana á einstök fyrirtæki eða banka og með hvaða hætti ættu þau fjármálafyrirtæki sem eiga að uppfylla þau skilyrði að geta tekið eðlilegan þátt í samkeppninni á markaðnum. Mig langar til að fræðast svolítið betur um hvernig þessu megi koma fyrir. Ég óttast að það verði býsna snúið að hafa reglur sem snúa að einni stofnun sem héti þjóðbanki, eða að mögulegt væri að setja slíkar skyldur á herðar öllum fjármálastofnunum að veita þjónustu um allt land. Þó að hugsunin í þessu sé örugglega góð og ekkert nema gott um það að segja að bera hag allra í landinu fyrir brjósti með þessum hætti, þá held ég að ástæða sé til að við fáum að

heyra hvernig hv. þm. sér fyrir sér að hægt sé að koma þessu fyrir.

[17:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af spurningum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar get ég bent á það sem verið er að reyna að gera í sambandi við fjarskiptin, þar sem þjónustustig er skilgreint, þar sem verið er að skilgreina alþjónustu, skilgreina þá lágmarksþjónustu sem viðkomandi fyrirtæki sem eru á þeim markaði verða að veita úti um allt land og það eru fleiri en eitt fyrirtæki. Það var litið á það sem nauðsynlega umgjörð í hlutafélagavæðingu og síðan hugsanlega sölu Landssímans og hlutafélagavæðingu Íslandspósts þannig að vissulega er komin þar á ferð viss nálgun á þessu sem ég er að nefna hér, án þess að ég sé að fagna því að verið sé að búa til umgjörð fyrir sölu á Landssímanum.

Ég tel að bankaþjónustan sé svo mikilvægur hluti almannaþjónustu í landinu að það verði að setja henni mörk, setja henni skorður, setja henni sýn, því ef hún fær eingöngu að valsa eftir misjafnlega framsýnum og víðsýnum arðsemissjónarmiðum eigenda sinna þá getur hún leitt til þess að þjónusta á ákveðnum stöðum hjá ákveðnum samfélögum brotni með miklu dýrari afleiðingum en sem kostar að halda henni þar úti.

[17:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki alveg ánægður með þessi svör. Ég tel að það sé alveg augljóst að reglur um þessa starfsemi þurfi að vera almennar, þær þurfi að vera þannig að öll fjármálafyrirtæki búi við sambærilegar reglur. Og ef það er niðurstaðan að það dugi ekki og að ríkið þurfi að koma að með einhverjum hætti til að tryggja þjónustu þá verði það að gerast með öðru móti en að leggja það á einstök fjármálafyrirtæki. Það þýðir ekki, held ég, að benda á hugmyndir um fjarskipti til þess að jafna til þeirrar stöðu sem þarna er.

Ég held að menn verði að horfast í augu við það að ef ríkið ætlar að tryggja viðbótarþjónustu, ef sú dugar ekki sem þessi fyrirtæki veita, þá þurfi að koma til einhver sérstakur sjóður eða fyrirbrigði sem ekki á samleið með bönkunum sem eru í samkeppni á markaðnum.

Þessu vildi ég koma á framfæri. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að umhverfið, viðskiptaumhverfið í landinu er samkeppnisumhverfi. Þeir sem ekki skilja það verða að fara vel yfir þá hluti og skoða þá upp á nýtt. Við getum ekki raskað samkeppnisumhverfinu með því að leggja mismunandi skyldur á herðar fyrirtækjum og ef ríkið ætlar að tryggja einhverja þjónustu verður það að gerast á annan hátt, t.d. með einhvers konar viðbótum frá ríkinu til þess að sjá til að viðkomandi þjónustu verði hægt að fá. Það er hugsanlegt að gera það en mér finnst fráleitt að menn ætli að gera það með því að leggja einhverjar skyldur á herðar öllum fyrirtækjum í þessum bransa sem mundi einfaldlega þýða að allt yrði miklu dýrara.

[17:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil athugasemdir hv. þm. þannig að hann hafi í sjálfu sér áhyggjur af því en sjái ekki í hvernig umgjörð þetta gæti farið.

Þetta snýst um það hvort við skilgreinum þessa þjónustu sem almannaþjónustu eða sem eigin atvinnurekstur, atvinnurekstur sem má og þarf og verður að fá að lúta bara sínum eigin lögmálum, sjálfhverfu lögmálum og arðsemiskröfu eigenda sinna. Um það snýst málið, um þá skilgreiningu. Ég tel að ef við skilgreinum almannaþjónustukröfuna munum við finna henni farveg. Það erum við að gera eins og ég nefndi, verið er að finna leið til þess í fjarskiptunum.

Ef við eigum að sitja hjá og horfa á það að hver almenningsþjónustuþátturinn á eftir öðrum fer úr tengslum við nærumhverfi sitt og verður fjarstýrður frá nærumhverfi sínu, eins og við nú stöndum frammi fyrir á svo mörgum sviðum, þá er vá fyrir dyrum. Þess vegna er fyllilega ástæða til að stíga á bremsuna og sjá hvert við erum að fara og gera okkur grein fyrir því hvert við þá viljum fara.

[17:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hún hefur verið nokkur umræðan hér í dag um frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem hefur það að markmiði að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að selja það hlutafé sem ríkisvaldið á enn þá í þeim bönkum.

Í þeirri umræðu sem farið hefur fram hefur það almennt komið á daginn að stór hluti þeirra sem hafa tjáð sig hafa lýst því yfir að þeir séu almennt þeirrar skoðunar að rekstur eins og bankarekstur eigi heima hjá einkaaðilum. Sá er hér stendur er einnig þeirrar skoðunar. Ég er almennt séð fylgjandi því að ríkisvaldið losi sig úr rekstri eins og þessum, þó vissulega megi rökstyðja það að ríkisvaldið komi að ýmsum ákveðnum þáttum svo sem áhættufjármögnun og tímabundnum verkefnum o.s.frv. En almennt er ég þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi ekki að stunda starfsemi eins og bankastarfsemi, sem ég held að sé betur komin í höndum einkaaðila og ég held að rekstur einkaaðila sé mun betri.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson rakti stutta sögu áðan að því er varðar rekstur banka í höndum einkaaðila og þar kom augljóslega fram að það dæmi sem við höfum bendir til þess að sú niðurstaða sé líklegri til að ná árangri.

En það breytir ekki því, virðulegi forseti, að við erum að ræða um verulega hagsmuni og verulega aðgerð. Við erum í reynd að ræða um það að ríkisvaldið ætlar að selja eignir sem það metur sjálft á 40–50 milljarða. Og ríkisvaldið eða ríkisstjórnin ætlar að selja þessar eignir á næstu tveimur árum samkvæmt því frv. sem við ræðum.

Ég vil nefna það í upphafi máls míns, svo það liggi fyrir, að mér finnst það satt best að segja allt að því móðgun við hið háa Alþingi að ekki skuli vera frekari útskýringar á því hvernig að þessari sölu skuli staðið, hvernig það skuli gert og þá ekki síður hvernig menn hyggjast nýta andvirðið sem fyrir bankana kemur, því að það skiptir ekki litlu.

Ég vil gera það strax að umtalsefni í ræðu minni og beina því til hæstv. viðskrh., af því ég veit að hún ætlar að halda hér tölu næst á eftir mér, hvað annars vegar hæstv. viðskrh. átti við í blaðaviðtölum fyrir nokkrum vikum þar sem hún nefndi það sérstaklega eða orðaði það svo, ég man efnið rétt, þó að ég muni kannski ekki endilega orðalagið rétt, að hún hlakkaði til að fara að eyða því fé sem fyrir þetta hlutafé kæmi. Og þá hefur ekki síður komið fram hjá hv. þingmönnum Framsfl. það viðhorf sem ekki verður skilið öðruvísi en svo að einhver hluti þessara fjármuna muni fara í rekstur Byggðastofnunar og úthlutun á vegum Byggðastofnunar. Og þá má vissulega velta því fyrir sér, virðulegi forseti, hvort það sé í raun og veru það markmið að færa þennan rekstur úr höndum ríkisins yfir til einkaaðila, hvort það markmið

náist í sjálfu sér ef síðan á að taka það fjármagn að einhverju leyti sem fyrir þessa banka kemur og setja í einhvers konar ríkisbanka undir heitinu Byggðastofnun og fara að úthluta því þaðan með pólitískum hætti.

Ég geld varhuga við því ef hinir gömlu helmingaskiptaflokkar hafa komist að þessu samkomulagi í viðræðum sín á milli um hvernig standa skuli að sölu bankans. En draga má þá ályktun annars vegar af orðum hæstv. viðskrh. í viðtölum við fjölmiðla fyrir nokkru og hins vegar ekki síður af viðtölum sem fjölmiðlar hafa átt við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, formann þingflokks Framsfl. En ég ætla rétt að vona að þessar hugleiðingar mínar eða grunsemdir eigi ekki við rök að styðjast og ekki sé ætlunin að fara að dreifa þessu út frá Byggðastofnun með einhverjum pólitískum hætti og þá væntanlega í því skyni að kaupa atkvæði fyrir einhverja tiltekna stjórnmálaflokka, þannig að nýta eigi almannafé með þeim hætti. Sú aðferðafræði sem ég hef nefnt minnir um margt á liðna tíð og ég hef velt hér upp hvort hugsanlegt væri að menn hafi það rætt sín á milli. Það minnir um margt á liðna tíð og ég vona satt best að segja að sú tíð sé liðin. En ég vildi halda þessu til haga í umræðunni.

Þá vildi ég nefna, virðulegi forseti, að það eru kannski þrjú meginmarkmið sem ríkisstjórnin hefur kveðið upp úr með að hún hyggist stefna að með sölu á þessum bönkum. Í fyrsta lagi er það hagræðing á fjármagnsmarkaði. Því miður er það nú þannig að þegar maður les þetta frv. í gegn þá sér maður ekki á nokkurn hátt hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná því markmiði. Þetta er einungis einhvers konar yfirlýsing sem liggur fyrir en hún er ekki útfærð neitt frekar. Mér finnst, eins og ég nefndi áðan, ekkert mikið þótt ríkisstjórnin leggist svo lágt, ef svo má að orði komast, að útskýra fyrir Alþingi hvernig hún hyggst ná þeim markmiðum sem að er stefnt, og ég tala nú ekki um þegar verið er að selja verðmæti sem kannski nema milli 40 og 50 milljörðum kr. En það er ekki gert í frv. og ég sakna þess mjög og mér finnst ekkert mikið þó að ríkisstjórnin útskýri þetta frekar.

Í öðru lagi stefnir hún að virkri samkeppni. Hér er ég reyndar að vitna til stefnuyfirlýsingar frá 28. maí 1999. Kannski má segja sem svo að því er varðar virka samkeppni á þessum markaði að komið hafi verið í veg fyrir ákveðinn samruna núna fyrir jólin. Kannski hefur ekki allt gengið eftir hvað varðar þær áætlanir hjá ríkisstjórninni. En það breytir ekki hinu að þetta er eitt af þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hyggst stefna að.

Í þriðja lagi að ríkið fái hámarksverð fyrir sinn hlut. En ekkert af þessum þremur markmiðum er útskýrt í frv. á viðunandi hátt. Reyndar er það varla nefnt. Það eru örfá orð í 4. tölul. á bls. 4 þar sem er aðeins komið inn á það að markmiðið sé að selja almenningi eitthvað í tilboðssölu og leita að kjölfestufjárfestum. Þar með er öll skilgreiningin talin upp á því hvaða hugmyndir eða hvaða upplýsingar ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir hið háa Alþingi áður en hið háa Alþingi veitir ríkisstjórninni heimild til sölu á þessum hlutabréfum og mér finnst eins og ég hef sagt nokkrum sinnum í þessum ræðum, allt að því að vera móðgun eða dónaskapur að þessu skuli ekki vera lýst á skilmerkilegri hátt en hér er gert.

Vel má vera að það sé vandséð að lýsa þessu í smáatriðum en fyrr má nú rota en dauðrota í þessum efnum og að þetta skuli útskýrt á hinu háa Alþingi í nokkrum línum finnst mér á engan hátt vera viðunandi.

Þá vil ég einnig nefna, virðulegi forseti, að ég óttast dálítið að þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur um eftirlit og um skipulag með þessum markaði séu þannig úr garði gerðar að við séum að einhverju leyti að fara úr því pólitískt miðstýrða bankaveldi sem hér hefur ríkt um nokkuð langt skeið og ríkir enn og leikþættir um síðustu helgi bera augljósan vott um, við séum kannski að fara úr því án þess að tryggja að hér kunni að koma upp einhvers konar hringamyndanir. Óskaplega lítið virðist gert í því skyni að koma í veg fyrir það. Ég óttast að í stað hins pólitíska miðstýrða veldis sem hér hefur ríkt séum við að fara yfir í annars konar veldi fjármagnseigenda sem taka við hlutverki því sem pólitíkusarnir hafa kannski að einhverju leyti haft áður. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, mér finnst það álíka slæmur hlutur. Þess vegna hef ég á tilfinningunni að Framsfl. hafi kyngt og tekið að einhverju leyti yfir þá hörðu stefnu sem Sjálfstfl. hefur rekið í þessum efnum og ég ímynda mér að forustumenn Sjálfstfl. séu ákveðnir í því nú þegar þessi verðmæti verða seld að þeir lendi ekki í sömu hremmingum og síðast þegar bréf í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins voru seld og þau lentu í höndum manna sem voru ekki Sjálfstfl. þóknanlegir. Ég óttast að þessi stefna Sjálfstfl. hafi verið keypt því verði að Framsfl. fái að deila út einhverjum krónum og aurum hér og þar í því skyni að tryggja sér völd og áhrif eftir næstu kosningar.

Ég óttast, virðulegi forseti, að ástæðan fyrir því að ekki er útskýrt betur en raun ber vitni á hvaða vegferð ríkisstjórnin er sé sú að slíkir hefðbundnir helmingaskiptasamningar liggi fyrir þar sem Sjálfstfl. fær bróðurpartinn og Framsókn fær smávegis til að geta sinnt gæluverkefnum sínum hér og þar um landið. Það er þetta sem ég óttast og af þessu hef ég áhyggjur.

Ég nefndi í andsvari fyrr í dag að það er einfaldlega þannig hvort sem okkur líkar það betur eða verr að ríkissjóður eða ríkisvaldið er ígildi einhvers konar tryggingakerfis að því er varðar fjármálakerfið í landinu. Ég held að Alþingi mundi aldrei horfa upp á að bankaveldið eða bankakerfið yrði fyrir það miklum áföllum að hér kæmi upp staða sem mjög erfitt er að lýsa. Ég held að ríkissjóður verði alltaf einhvers konar baktrygging hvað þetta varðar. Það er skoðun mín að ríkisvaldið eigi miklu frekar að hafa áhrif á þetta kerfi með því að setja almennar leikreglur um það hvernig fjármálastarfsemi skuli sinnt á þessum markaði í stað þess að stunda svona leikþætti, vil ég nefna eins og hæstv. viðskrh. stundaði um helgina þar sem slegist var um hver fékk hvað og hvað var hvers og hver átti að fá áhrifin í bankanum sem er þó verið að selja. Ég held, það er a.m.k. skoðun mín, að sá leikþáttur hafi ekki verið Búnaðarbankanum til framdráttar, það er ég alveg sannfærður um.

Ef menn þekktu ekki til í þessu hefðbundna helmingaskiptakerfi þá get ég vel ímyndað mér að þetta hefði fælt einhverja kaupendur frá bankanum. En þjóðin er vön því að fylgjast með leikþáttum af þessum toga og lætur sér nú orðið, að ég held, fátt um finnast.

Í þessari umræðu hefur komið fram að Samfylkingin leggur á það verulega áherslu að menn gangi hægt um gleðinnar dyr í þessum efnum. Það hefur líka komið fram í umræðunni að Seðlabankinn hefur áhyggjur af viðkvæmu ástandi efnahagsmála og Seðlabankinn hefur af því áhyggjur ef þessu yrði dembt út á markaðinn í einu vetfangi. Það kemur hins vegar fram í frv. og gögnum með því að ætlunin er að vera búinn að selja þessi hlutabréf á næstu tveimur árum en tvö ár eru ekki langur tími. Tvö ár eru ekki langur tími í þessum efnum og þegar verið er að selja annars vegar

ríkisfyrirtæki eins og bankana sem hafa verið ríkisfyrirtæki, a.m.k. í meirihlutaeigu ríkisins um langt skeið, upp á tæpa 50 milljarða og Landssímann hugsanlega á annað eins auk þess sem nefna má ýmis minni fyrirtæki eins og Íslenska aðalverktaka og fleira, þá er það alveg klárt að demba út öllum þessum verðmætum á 1–3 árum, skiptir verulegu máli. Það fé sem fer til kaupa á slíkum verðmætum verður ekki notað í annað. Ég held að ríkisstjórnin verði að fara gætilega í þessum efnum og við leggjum það eindregið til. Við leggjum það líka til að menn byrji á því að selja annan bankann og í því skyni hefur Búnaðarbankinn verið nefndur og sjái hvernig sú vegferð tekst til og síðan haldi menn áfram og selji hinn bankann. Það er það viðhorf sem við höfum lagt til.

Þá vil ég enn fremur nefna það, virðulegi forseti, þó það verði að einhverju leyti til umræðu hér á eftir eða í öðru frv. sem hér liggur fyrir að ég vil hvetja eindregið til þess að Samkeppnisstofnun komi miklu meira að þessu, til að mynda að því er varðar eftirlit með kaupum á virkum eignarhlut í þessum bönkum. Ástæðan fyrir því er sú að þar liggur fyrir sérfræðiþekking í þessum efnum. Þar liggur fyrir sérfræðiþekking í þeim efnum hvar, hvenær og hvernig stjórnunar- og eignatengsl séu orðin þess eðlis að þau séu farin að hindra virka samkeppni. Ég vil hvetja hæstv. viðskrh. og meiri hlutann eindregið til að hugleiða mjög hvort ekki megi styrkja eftirlitsþáttinn með þessum markaði vegna þess að ég er sannfærður um að það verður hinum unga fjármagnsmarkaði á Íslandi til framdráttar þar sem hann er að feta sig úr ríkisforsjá yfir í að verða sjálfstæður markaður, og auka traust á honum ef menn mundu tryggja að eftirlitið með þessum þáttum sé í lagi. Það er eins og ég sagði áðan alveg afleitt ef niðurstaða okkar verður sú að við séum með þessu að yfirgefa svona pólitíska rétttrúnaðar- og forsjárhyggju í þessum bankamálum yfir í það að afhenda þetta fáum útvöldum. Það yrði alveg afleitt og mundi sjálfsagt ekki leiða til annars en að Alþingi þyrfti væntanlega að koma að þessum málum aftur og þá væntanlega í líki einhverra björgunarsveita. Það er ég alveg sannfærður um. Þess vegna held ég að það mundi skipta verulegu máli að hæstv. viðskrh. mundi sjá til þess eða a.m.k. leggja því lið að þessir eftirlitsþættir yrðu auknir, enda vil ég segja það líka hér sem skoðun mína að hæstv. viðskrh. hefur staðið sig mjög vel að því er varðar það að koma í gegn samkeppnislögum sem hafa síðan virkilega sýnt sig að mikilvægt var að lögfesta þau á síðasta þingi. Ég hef því fulla trú á því að hæstv. viðskrh. komi til liðs við okkur í þessum tilteknu hugmyndum.

Þá vil ég að lokum nefna þá hugmynd sem Samfylkingin hefur lagt fram og inn í þessa umræðu sem er sú að tiltekinn hluti eins og til að mynda 10% sem hefur verið nefnt í umræðunni gangi til einhvers konar almannavæðingar á hlutafénu og öllum Íslendingum verði úthlutað tilteknum hluta sem vel má setja á kvöð í þágu viðskiptalífsins, það séu settar ákveðnar kvaðir á slíka hluti hvað varðar sölu, eignarhald og annað.

Að lokum, virðulegi forseti, vænti ég þess að hæstv. viðskrh. svari kannski frekar en hún hefur gert hingað til þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp og læt máli mínu lokið.

[17:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er orðin þó nokkur umræða, hefur staðið í þrjá og hálfan tíma og ýmislegt komið fram. Almennt eru hv. þm. jákvæðir gagnvart þessu frv. og það er ánægjulegt. Hér hafa verið gefin góð ráð í sambandi við ýmsa hluti og er hlustað á það allt saman.

Eins og gengur er örlítið nöldur og afstaða vinstri grænna frekar neikvæð og sennilega ætla þeir ekki að styðja málið eins og ég skil það en það kemur svo sem ekki neitt á óvart. Ég tel að málið eigi góðan stuðning þrátt fyrir það en kannski á ég ekki að fullyrða neitt að svo stöddu í þeim efnum.

Ef ég fer yfir einstaka þætti og einstök atriði sem hafa komið upp þá er það fyrst ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann talar um dreifða eignaraðild og í rauninni er það mál sem næst er á dagskrá, það þingmál sem fjallar um hvernig tekið er á þeim þætti málsins þó að kannski sé ekki hægt að nota nákvæmlega hugtakið dreifð eignaraðild yfir þá aðgerð sem lögð er til en ég kýs að geyma mér þá umræðu þangað til í næsta dagskrármáli.

Það að almannavæða 10% eða svo hljómar náttúrlega ákaflega vel — að gefa fólki peninga — en miðað við það sem við erum að tala um í verðmæti bankanna, þá eru þetta miklir fjármunir. Ég held að það mundi ekki slá á þensluna og efnahagsástandinu, sem ég veit að hv. þm. Samfylkingarinnar hafa miklar áhyggjur af en þetta hljómar ákaflega vel í eyrum. Það er ekki hægt að neita því.

Fullyrðingar um að ég hafi ekki haft neitt samstarf eða samvinnu við starfsmenn — hv. þm. halda því jafnvel fram það hafi ekki heldur verið fyrir jólin þegar uppi voru áform um sameiningu bankanna — eru rangar. Ég margkallaði til mín forsvarsmenn starfsmanna beggja bankanna. Ég átti mjög gott samstarf við þá og er þakklát fyrir það. Á lokafundi okkar var ljóst að ef ekki yrði af sameiningu bankanna þá yrði farið í beina sölu þannig að starfsmenn vissu um þau áform. Þeir höfðu ekki, að því er mér skildist, athugasemdir við það og sumir urðu meira að segja áhugasamari um þá aðferð.

Einnig hefur komið fram sú hugmynd um að starfsmenn eigi ákveðinn fulltrúa í stjórn án tillits til þess hvort þeir eigi hlutafé í bönkunum. Það er mál sem ég held að taka þurfi upp á miklu breiðari grundvelli. Þetta hefur ekki verið regla hjá okkur Íslendingum fram að þessu. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að málin geti þróast á þann veg en ég tel að það eigi ekki bara við um fjármálastofnanir heldur um miklu fleiri fyrirtæki, stofnanir og rekstur. Ég vil að það sé þá tekið upp á þeim grundvelli.

Erfitt gætir reynst að selja bankana með þeim kvöðum að ekki megi segja neinum upp og tryggja verði öllum starf. Þetta væri að sjálfsögðu æskilegt en ég held að það sé bara ekki framkvæmanlegt.

Hv. þm. hafa einnig áhyggjur af því að ekki eigi að taka tillit til stöðu á markaði og þessi sala muni ofbjóða markaðnum. Eins og ég lét koma fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir frv. þá erum við að sjálfsögðu ekki að tala um það að fara hér út í sölu óháð stöðu á markaðnum. Ég sagði einmitt, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að heimild Alþingis fáist til að selja hlut ríkisins í bönkunum. Sala á eftirstandandi hlut ríkisins hefjist á þessu ári og ljúki fyrir lok kjörtímabilsins árið 2003. Gera verður þann fyrirvara að sala á hlutabréfum hlýtur ætíð að taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Því er ekki hægt að ákveða útboð hlutabréfa með löngum fyrirvara.“

Þetta sagði ég í framsöguræðu minni sem var ekki það löng að ég held að hv. þm. hefðu nú alveg getað numið hana. Þar eru því settar fram algjörlega óþarfar áhyggjur.

Um ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar vil ég bara segja að ég man eftir manninum með plastpokann í Landsbankanum.

Ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar var m.a. um að í upphafi hafi í reynd aðeins verið samþykkt að selja 15% í bönkunum. Hann er eiginlega að láta að því liggja að það hafi verið ólögmætt að gefa út hlutabréf, sem ég tel að sé ekki. Ég vil fá frekari skýringar hans á því hvert hann var að fara. Hv. þm. sagði að þegar farið var út í hlutafélagavæðingu hafi ekki verið uppi áform um að selja. En þá vil ég koma hér aðeins inn á kafla í grg. með frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 50/1997 sagði jafnframt að hinum nýju hlutafélagabönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðnum. Þau sjónarmið hafi komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna gæti leitt til þess að þeir ættu erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánssamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagsbankanna var miðað við að ríkissjóður seldi ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Þetta sagði í grg. með frv. sem varð að lögum 1997. Þannig er á engan hátt gengið á bak þeirra orða sem þá voru látin falla.

Hvað það varðar að æskilegra væri að Alþingi kysi bankaráð fremur en að ráðherra skipaði það getur verið skoðun, ég er ósammála henni. (Gripið fram í.) Ég held að við séum að fikra okkur úr því umhverfi og tel að ákaflega vel hafi tekist til um síðustu aðgerð í þeim efnum.

Ég vil aðeins segja út af ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, af því að hann sagði að samkeppnisráð hefði hafnað sameiningu bankanna, að það er kannski ekki alveg rétt orðanotkun. Þetta var bara álit en ekki úrskurður samkeppnisráðs. Samkeppnisráð var beðið um álit og þess vegna er kannski ekki alveg rétt að segja að þeir hafi hafnað því. Miðað við álit þeirra samrýmdist hins vegar ekki samkeppnislögum að sameina bankana.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún talaði um starfsmenn. Ég tel mig hafa svarað því. Hún fjallaði einnig um að selja bara annan bankann, sem kom fram hjá henni og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni líka. Ég verð að taka fram að það er ekki búið að leggja nákvæmlega línur fyrir söluna ég tel enga ástæðu til að ákveða neitt fyrir fram í þessum efnum. Þetta hlýtur, eins og ég lét koma fram hér í upphafi, allt að miðast við aðstæður og þau kauptilboð sem til staðar eru. Ég held að það væri ekki skynsamlegt að fara þá leið en er hins vegar mjög ánægð með að heyra að hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru jákvæðir gagnvart því að selja báða bankana.

Hv. þm. spurði um skýrslu Samkeppnisstofnunar í sambandi við eigna- og stjórnunartengsl. Hún verður eftir því sem ég best veit tilbúin, eins og ég hef alltaf sagt, áður en þingi lýkur í vor. Þetta er náttúrlega mikil vinna en við það verður staðið. Ég get því miður ekki gefið frekari loforð í sambandi við það.

Um að hægt sé að tryggja innstæður þá er í lögum kveðið á um tryggingu upp að vissu marki. Þannig hefur það verið í flestum ríkjum. Ef upp koma alvarlegar aðstæður á þessum markaði grípur ríkisvaldið inn í. Ég ætla ekki að vera með hrakspár en tel nokkuð víst að ríkisvaldið mundi bregðast svipað við hér á landi eins og tíðkast hefur hjá öðrum þjóðum.

Því var haldið fram að engin stefna sé í þessari einkavæðingu. Það er stefna. Hún er sú að selja bankana á þessu tímabili en það er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það í dag hvernig það verður gert. Það mundi líka skerða stöðu okkar í sambandi við söluna ef við útlistuðum nákvæmlega á þessari stundu hvernig hún á að fara fram. Það liggur fyrir í grg. og kom í aðalatriðum fram í máli mínu í upphafi hvernig þetta er hugsað. Auðvitað verður þetta unnið í mjög náinni samvinnu við einkavæðingarnefnd eins og alltaf er.

Miðað við þau orð sem féllu hér í umræðum fyrir jólin þegar rætt var um að sameina og selja svo þá var það skoðun hv. þingmanna Samfylkingarinnar að ekki ætti að fara þá leið heldur einmitt þessa. Ég held að þeir hljóti að fagna því og þýðir ekkert að hafa aðra tilburði í þessum efnum. Það kom m.a. fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ekki væri séð hvernig hagræðing ætti að nást með þessum aðgerðum. Þá væri kannski eðlilegt að ég spyrði hann til baka: Hvar sá hann hagræðinguna fyrir jólin af því að fara þessa leið en ekki þá sem ég vildi fara þá? Þá virtist þessi leið ekki vandkvæðum bundin.

Hv. þm. Jón Bjarnason flutti hér ræðu og talaði mikið um almenningsþjónustuskyldur. Það er í sjálfu sér ákaflega fallegt sjónarmið og hugsjón sem felst í því orði. Hins vegar er bankaþjónusta ekki hluti af velferðarkerfinu. Þannig er ekki hægt að tala þannig um þetta. Þetta er fyrirtækjarekstur rétt eins og matvöruverslunin og við höfum ekki getað skikkað nokkra verslun í þjóðfélaginu til að reka verslanir í hverju einasta byggðarlagi. Hins vegar tel ég að þjónusta og útibúanet bankanna sé þéttara hér en almennt gerist, miðað við fólksfæð. Ég veit að að undanförnu hefur verið tilhneiging í þá átt að minnka þjónustuna. Það er áhyggjuefni en engu að síður hefur þessi þjónusta verið allgóð. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að bankarnir sinni landsbyggðinni minna nú hvað varðar lánveitingar en áður hefur verið.

Þá er ég komin að því sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði um og fleiri, einnig hv. þm. Jón Bjarnason. Þeir vitnuðu til orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Það er ekkert launungarmál að það er áhugamál hans, áhugamál mitt og fleiri aðila að styrkja Byggðastofnun. Ég vil hins vegar ekki að um það sé talað eins og stofna eigi til nýs ríkisbanka. Mér finnst það of stórt orð. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að styrkja Byggðastofnun og hugmyndir mínar ganga út á að hluti af því fjármagni sem fæst fyrir sölu bankanna geti farið í þann farveg.

Það að Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlit eigi að vinna saman að eftirliti held ég að sé ekki endilega nauðsynlegt. Ég geri þó ekki lítið úr því að þessar stofnanir gegna báðar mjög mikilvægu hlutverki í sambandi við einkavæðingu bankanna, þá ekki síður Fjármálaeftirlitið sem við munum nú fjalla frekar um í sambandi við næsta mál á dagskrá.

Ég held að ég sé nokkurn veginn komin í gegnum það sem mest var til umfjöllunar hjá hv. þingmönnum. Tíma mínum er víst um það bil að ljúka. Samkeppnisstofnun tekur náttúrlega á því ef um markaðsráðandi stöðu er að ræða. Það er hlutverk hennar samkvæmt lögum. Ég á einhvern tíma eftir ef menn óska eftir fleiri svörum.

[18:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson flutti ákaflega fína ræðu í dag. Þar hlóð hann málefnalegum rökum á hæstv. ráðherra. Mér finnst það smekkleysa af verstu sort að taka til orða eins og hæstv. ráðherra gerði hér áðan. Ég verð að segja að það hlýtur að vera fordæmalaust að einn ráðherra skuli með þessum orðum víkja að fjarstöddum þingmanni.

Herra forseti. Það sem mér finnst skipta hvað mestu máli í því sem hæstv. ráðherra sagði áðan voru lokaorð hæstv. ráðherra þegar hún sagði að það væri ekkert launungarmál að það væri hennar vilji og fleiri þingmanna Framsfl. að peningar sem yrðu til við sölu bankanna færu í að styrkja Byggðastofnun. Með öðrum orðum er hæstv. ráðherra í reynd að segja: Það á að búa til nýja ríkisstofnun, nýjan ríkisbanka. Það á að flýja með fjármagn ríkisins úr hlutafélagabönkum yfir í nýjan ríkisbanka.

Herra forseti. Það á sem sagt að nota andvirðið úr sölu bankanna til þess að auka ríkisútgjöld. Þetta er þvert á allar þær ráðleggingar sem koma fram í greinargerðum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans. Þetta er þvert á það sem hæstv. fjmrh. og forsrh. sögðu í umræðunni í gær. Það sem hæstv. ráðherra er að lýsa hérna er algjörlega í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Er lýsingin á því sem hér er að gerast virkilega eftirfarandi: Það er verið að búa til fjármagn með því að selja hlutafélagabanka sem er að meiri hluta í eigu ríkisins til að búa til nýja ríkisstofnun sem á að spreða fé út um landið og nota til þess að kaupa atkvæði fyrir Framsfl.? Ég hef aldrei staðið andspænis öðru eins.

[18:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi að flokksbróðir hv. þm., Kristján L. Möller, hefði verið í þingsalnum til þess að hlusta á formanninn sinn þegar formaðurinn kallar það að spreða fé út um landið ef lánveitingar eru veittar til landsbyggðarinnar. Þetta er sem sagt stefna Samfylkingarinnar í sambandi við byggðamál og landsbyggð. Það er ekkert nýtt að ég vilji styrkja Byggðastofnun. Ég hef látið það koma fram oft og mörgum sinnum, bæði hér í þinginu og annars staðar í opinberri umræðu.

[18:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra þarf ekki að segja mér neitt um skoðanir og viðhorf hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Það vill svo til að hv. þm. hefur tekið upp málsvörn fyrir landsbyggðina með miklu skeleggari hætti en hæstv. viðskrh. sem hefur svikið hvert einasta loforð sem hún hefur gefið landsbyggðinni og ef ég hefði meiri tíma, þá gæti ég farið í að rifja nokkur atriði upp.

Það sem hér er að gerast er eftirfarandi, herra forseti: Framsfl. er að taka þátt í að selja ríkisbankana eða selja hlut ríkisins í hlutafélagabönkunum til þess að geta komið sér upp sjóði til að kaupa atkvæði fyrir sig á landsbyggðinni. Það er ekkert annað sem hér er að koma fram. Þetta finnst mér vera það mikilvægasta sem fram hefur komið í umræðunni og þetta skýrir allt óðagotið og flumbruganginn í hæstv. ráðherra í þessu máli. Nú hefur það komið fram sem að baki bjó.

[18:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr má nú vera flumbrugangurinn því satt að segja finnst mér að þetta frv. hefði mátt koma fyrr fram, það ætla ég að viðurkenna hér. En auðvitað tók það sinn tíma að setja málið í þann farveg sem ég ákvað að gera fyrir jólin, að fá álit Samkeppnisstofnunar, vegna þess að ég óttaðist að það gæti orðið um fákeppni að ræða ef þessir tveir bankar yrðu sameinaðir og þess vegna kemur málið ekki fram fyrr.

Um það sem hv. þm. sagði um hv. þm. Kristján Möller, þá get ég tekið undir það að hann hefur verið skeleggur fyrir landsbyggðina en eitt er víst að hann er eini maðurinn í þeim þingflokki sem hefur þann hug til landsbyggðarinnar.

[18:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu sinni tók hæstv. ráðherra undir sjónarmið okkar í Samfylkingunni vegna þess að hún sagði einfaldlega að selja ætti bankana eftir aðstæðum á markaði hverju sinni. Hvers vegna í ósköpunum er hæstv. ráðherra þá að binda sig við það að selja bankana innan tveggja ára? Það er það sem hæstv. ráðherra er að segja, og þess vegna er það markleysa. Ef eitthvert mark er takandi á hæstv. ráðherra í þessu efni, þá ætti hún ekki að binda sig við tvö ár eins og verið er að gera. Ef aðstæður á markaðnum væru þær sömu og nú eru, er þá skynsamlegt að setja hundruð millj. inn á markað eins og áform liggja fyrir um? Ég spyr hæstv. ráðherra: Liggur t.d. fyrir að það eigi þá að fresta sölu á hlutabréfum í Landssímanum ef á að setja svona mikið á markað eins og að er stefnt?

Síðan vil ég lýsa vonbrigðum mínum með afstöðu hæstv. ráðherra til starfsmannanna í bönkunum. Það hefur greinilega ekkert samráð verið haft við starfsmennina frá því að áformað var að fara út í sölu á báðum bönkunum og það er ekki einleikið hvernig ríkisstjórnin treður á starfsmönnum aftur og aftur í einkavæðingaráformum sínum. Er hæstv. ráðherra tilbúin að beita sér fyrir því að það sé starfsmannavelta sem ráði ferðinni og það sé sett sem skilyrði fyrir sölunni en að starfsmenn þurfi ekki að búa við það að þeir geti átt von á uppsögn? Ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju er ekki hægt að byrja í bönkunum með það að starfsmenn eigi aðild í bankaráðum eins og er alls staðar á Norðurlöndum og alls staðar í fyrirtækjum á Norðurlöndum þar sem er hlutafélagarekstur? Af hverju má ekki byrja þar? Af hverju ekki að nýta þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn búa yfir og líta á það sem jákvætt innlegg en ekki eins og hæstv. ráðherra sagði að það gæti dregið úr verði á bönkunum ef slíkt skilyrði yrði sett?

[18:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar Íslandsbanka, þá nýtti hann starfsmannaveltu þannig að ég held að hv. þm. megi ekki gefa sér það að ef bankar séu einkavæddir, þá muni starfsfólki vera sagt upp. Ég held að ekki sé rétt að gefa sér það.

Í sambandi við það að eiga aðild að bankaráðum þá sagði ég að mér fyndist það mál sem þyrfti að taka upp á breiðari grundvelli því ekki eigi bara að eiga við fjármálastofnanir heldur miklu fleiri stofnanir. Ég veit að þetta er með öðrum hætti annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta er umræða sem

þarf að fara fram í samfélaginu. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. En það hlýtur þá að eiga að varða fleiri fyrirtæki.

Hv. þm. telur að tvö ár sé ekki rétt að hafa sem markmið til þess að selja. Ég vil spyrja: Hver er stefna Samfylkingarinnar í þeim efnum? Mér fannst hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tala í allt aðra átt þannig að ég vildi þá gjarnan fá að heyra stefnu Samfylkingarinnar um það hvernig eigi að fara í þessa sölu.

[18:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Stefna Samfylkingarinnar hefur komið skýrt fram í þessari umræðu og ég ætla ekki að eyða stuttu andsvari í hana. Það skal ég gera þegar við ræðum frv. sem kemur á eftir, enda hefði hæstv. ráðherra átt að hlýða á mál mitt og þyrfti þá ekki að spyrja slíkra spurninga.

Hæstv. ráðherra getur haft áhrif á hvort starfsmannavelta muni ráða þarna ferðinni. Hæstv. ráðherra getur líka haft áhrif á það hvort starfsmennirnir fái aðild að bankaráðunum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hún beita sér fyrir því í báðum þessum efnum sem ég er að nefna, þ.e. varðandi starfsmannaveltuna og aðild þeirra að bankaráðum? Ég spyr hæstv. ráðherra einnig: Er hún tilbúin að beita sér fyrir því að skýrslan um stjórnar- og eignatengsl liggi fyrir meðan við erum að fjalla um bankafrumvörpin og frumvörpin verði ekki afgreidd frá þinginu fyrr en skýrslan liggur fyrir? Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að skýrslunni verði hraðað þannig að hún geti legið fyrir fyrr en rétt áður en þingi verður slitið?

[18:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar skýrsluna þá er ljóst að þetta er mjög dýr skýrsla. Talað var um 14 millj. og verður sennilega eitthvað meira þannig að ef á að hraða henni enn frekar, þá kostar það peninga og þá peninga á þessi stofnun ekki. Hv. þm. getur því ekki endalaust sett fram nýjar og nýjar kröfur í sambandi við þessa margumtöluðu skýrslu. (Gripið fram í.) Ég ætla að standa við það sem ég hef sagt að skýrslan verði tilbúin áður en þingið fer heim í vor. Í sjálfu sér er það meira en leit út fyrir að gæti orðið og ég þurfti að leggja fram fjármagn úr ráðuneyti mínu til þess að standa við þau markmið.

Ég var búin að svara hv. þm. um starfsmennina. Ég tel mig hafa komið fram af heilindum gagnvart starfsmönnum og fulltrúum þeirra í sambandi við þetta mál með því að kalla þá til mín þegar við vorum í umræðu í sambandi við sameiningu og þá heyrði ég þeirra hljóð varðandi það að selja bankana.

[18:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mjög sérstætt hefur verið, svo ekki sé stærra upp í sig tekið, að hlýða á hæstv. viðskrh. í þessum örstuttu ræðum sem hún hefur flutt. Í fyrsta lagi hefur hún veist að fjarstöddum hv. þm. með mjög ósmekklegum hætti og í öðru lagi hefur hún sakað hv. þm. Samfylkingarinnar um að þeir vilji ekki veg landsbyggðarinnar sem mestan án þess að rökstyðja á nokkurn hátt fullyrðingar af þeim toga.

Ég vil bara nefna það, virðulegi forseti, út af orðum hæstv. byggðamálaráðherra, að það er rétt að halda því til haga að ef landsbyggðin á vin eins og þann hæstv. ráðherra, þá þarf hún ekki óvin.

Virðulegi forseti. Það sem er að koma hér fram er það sem maður óttaðist, sú tíð sem maður var að vonast til að væri liðin, að verið sé að ráðstafa almannafé með einhvers konar sjóðasukki, að verið sé að flýja með fé úr hlutafélagaforminu — vegna þess að það er dálítið erfitt að leika sér með það á pólitískan hátt og jafnvel nýta það á pólitískan hátt til þess að kaupa sér atkvæði — til þess að búa einhvers konar undirstofnun eða breyta Byggðastofnun í ríkisbanka þar sem hægt er að ráðstafa fjármunum á pólitískan hátt eftir smekk og behag.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að þessi umræða hefur farið í mjög sérstæðan farveg nú undir lokin og þrátt fyrir að hún hafi ekki verið löng af hálfu hæstv. viðskrh. þá hefur hún lokið henni með mjög sérstæðum hætti. Mér finnst reyndar sjálfum mjög gott að það skuli hafa komið fram að verið sé að flýja með fjármuni úr hlutafélagaforminu af því að það er vandmeðfarið, koma því undir ríkisstofnun í því skyni að dreifa því væntanlega eftir einhverjum pólitískum línum.

Staðreyndin er nefnilega sú að þær pólitísku línur hafa ekki verið landsbyggðinni til framdráttar hingað til.

[18:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. Samfylkingarinnar eru komnir í mikla vörn út af byggðamálunum og ég skil það í sjálfu sér ósköp vel. En það sem varð til þess að þessi umræða fór af stað um þau mál voru sérstaklega orð hv. formanns Samfylkingarinnar þegar hann kallar það að spreða fé út um landið ef veitt er fjármagn til landsbyggðarinnar. Þetta er mjög athyglisvert og hlaut að vera að það mundi vekja frekari umræðu og það væri þá sem sagt verið að kaupa sér atkvæði.

Nú er það þannig að Samfylkingin á tvo fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar og ef það er einungis til þess að afla sér fylgis að veita fé til landsbyggðarinnar, þá vill það svo til að það er ekki nema einn flokksbundinn framsóknarmaður í þeirri stjórn þannig að mér finnst þessi orð hv. þm. kannski segja nokkuð mikið um það hvernig þeir líta á vinnu sinna manna í þessari stjórn.

[18:28]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. orðaði það þannig að hún skildi það vel að þingmenn Samfylkingarinnar væru komnir í vörn vegna byggðaumræðunnar. Það er hægt að rifja það upp að undanfarin ár hefur verið mikill flótti af landsbyggðinni hingað suður og það verð ég að segja eins og er að ef hæstv. byggðamálaráðherra er ekki í vörn út af því, eða væntanlega í stórsókn ef marka má orð hennar hér, þá veit ég ekki alveg á hvaða vegferð hún er og ég veit ekki heldur í hvaða veröld hún býr. Við hv. þm. Samfylkingarinnar höfum verið að leggja til allt aðrar leiðir, allt aðrar hugmyndir til að mæta þessu. M.a. höfum við lagt til að menn líti á þetta sem eina heild og m.a. höfum við margoft lagt til að landið yrði eitt kjördæmi og menn litu á þetta blessaða land sem eina heild. En hæstv. byggðamálaráðherra, sem í raun og veru hefur verið ábyrg um nokkurt skeið á öllum þessum flótta, bendir á hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Það segir meira en mörg orð.

[18:29]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki það að ég teldi að Samfylkingin væri komin í vörn út af byggðamálum heldur í vörn vegna orða formanns Samfylkingarinnar. Það var það sem ég átti við. En það er einmitt vegna þess að ég hef áhyggjur út af þessari þróun sem ég vil að landsbyggðin njóti sannmælis í sambandi við lánveitingar og það er þess vegna sem ég vil styrkja Byggðastofnun og það eru engin nýmæli í umræðunni. Þetta hef ég oft látið koma fram og ég undrast það að hv. þingmenn Samfylkingarinnar skuli ekki hafa tekið eftir því og telji það einhverja stórfrétt þó að ég hafi látið þetta koma fram í umræðunni áður.

[18:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er gaman að hafa tækifæri til þess að eiga orðastað við hæstv. viðskrh. um byggðamál. Það vill svo til að hún er byggðamálaráðherrann og ég held að við höfum aldrei horft upp á annað eins ástand á landsbyggðinni og einmitt eftir að hæstv. ráðherra tók við. Ég vil taka það fram eigi að síður, herra forseti, að ég er ekki að kenna hæstv. ráðherra um það. Þar er fyrst og fremst að leita að sökudólgi í gervi hæstv. forsrh. sem hefur síðasta áratuginn verið byggðamálaráðherra og undir hans forustu hefur aldrei verið annar eins flótti af landsbyggðinni og einmitt á þessum tíma. Ég held að fullyrða megi að í einhverri einustu viku hafa að meðaltali sex fjögurra manna fjölskyldur farið af landsbyggðinni hingað suður í þéttbýlið eftir að hæstv. forsrh. tók að sér það hlutverk að veita byggðamálunum forustu. Eins og við vitum fleygði hann því að vísu frá sér eins og heitri kartöflu og það var í ákveðnum makaskiptum við Framsfl. að það lenti í fangi hæstv. viðskrh. Við vitum líka hvernig hæstv. viðskrh. hefur risið undir þeirri ábyrgð.

Var það ekki hæstv. viðskrh. sem átti að hafa forgöngu um að hrinda í framkvæmd byggðaáætlun? Henni mistókst það svo herfilega að hún er að hugsa um að byrja upp á nýtt og hefur boðað það að koma með nýja byggðaáætlun þó ekki sé liðinn nema helmingurinn af þeim tíma sem átti að fara í að framkvæma hina fyrri. Muna menn lúðrablásturinn og sönginn sem dundi úr byggðamálaráðuneytinu hinu nýja við Arnarhvál þegar fram kom hin fræga skýrsla um fjarvinnslu? Var það ekki hæstv. viðskrh., páv. þm. hv. Valgerður Sverrisdóttir, sem tók þátt í því að lýsa því yfir að það yrðu til 500–1.000 störf á landsbyggðinni í tengslum við fjarvinnslu? Síðan hefur hæstv. viðskrh. mátt þola þá smán að þurfa að rífast í sölum hins háa Alþingis um það hvort það sé eitt starf eða þrjú störf sem hafa verið flutt í krafti þessarar byggðaáætlunar í fjarvinnslumálunum á landsbyggðina.

Þarf að rifja upp hversu hraklega hæstv. viðskrh. stóð sig á hinum fræga fundi á Ólafsfirði? Þarf að rifja það upp, herra forseti, þegar hún lofaði því að þá mundi verða gripið til ákveðinna ráðstafana til að flytja tiltekin verkefni á Ólafsfjörð? Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir á fundinum á Ólafsfirði 6. mars að fyrir lok þess mánaðar yrði frétta að vænta. Hvernig hefur hæstv. ráðherra staðið í því? Nákvæmlega eins og í bankamálunum. Nákvæmlega eins og í samráðinu við starfsmennina, hún hefur kiknað undan þeirri byrði vegna þess að ekkert hefur gerst í þeim málum. Stórsóknin sem hæstv. ráðherra er í á landsbyggðinni felst í því að hörfa stöðugt undan eigin loforðum. Þannig er nú öll reisnin yfir því, herra forseti.

Af því hæstv. ráðherra talar sérstaklega um fulltrúa Samfylkingarinnar í Byggðastofnun verður að rifja það upp að það fer um þá eins og fulltrúana sem Samfylkingin átti einu sinni í bankaráði Búnaðarbankans, að þeir eru skipaðir af ráðherra þannig að þeir sem sitja í stjórn Byggðastofnunar eru að sjálfsögðu á ábyrgð ráðherra. Allt er það hið mætasta fólk, líka sá ágæti framsóknarmaður sem þar situr og virðist hafa u.þ.b. sama skilning og hæstv. viðskrh. á nauðsyn þess fyrir landsbyggðina að snúa vörn í sókn. Við vitum hvernig það hefur tekist. Eigum við að spyrja Bolvíkingana hvernig það hafi tekist? Eigum við að fara úr þorpi eftir þorpi, heimsækja byggðarlag eftir byggðarlag og spyrja: Hvernig hefur ykkur vegnað undir forustu þessa hæstv. byggðamálaráðherra? Staðan er einfaldlega sú að aldrei hefur nokkur flokkur brugðist jafnhrapallega væntingum landsbyggðarinnar og Framsfl. hefur gert undir forustu þessa hæstv. viðskrh.

Hvað er það sem veldur því að hæstv. viðskrh. rís ekki undir þeim loforðum sem Framsfl. hefur gefið? Undir hverju fór Framsfl. í kosningabaráttu? Var það ekki „Fólk í fyrirrúmi"? Eigum við að segja það við starfsmenn bankanna? Hæstv. viðskrh. hefur einurð og kjark í sér til þess að koma hingað og snúa sannleikanum á hvolf þegar hún heldur því fram að hún hafi haft samráð við starfsfólk bankanna. Hún kemur hér kokhraust og segir: „Ég hafði víst samráð, mér mjög til gagns", þegar hún var í busluganginum fyrir jólin, sem varð til þess að verðfella bankana svo milljörðum skipti. Hvert var það samráð? Er ekki rétt að rifja það upp, herra forseti? Samráðið fólst í því að hún kippti nokkrum starfsmönnum bankanna úr forustu starfsmannafélaganna inn á teppið til sín, rétt fyrir hádegi sama daginn og hún tilkynnti í fjölmiðlum að hún hygðist sameina bankana, tveimur eða þremur dögum eftir að hún hafði nánast neitað því hér í þessum sölum. Þetta er kjarkurinn. Þetta er hreinskilnin hjá hæstv. viðskrh.

Herra forseti. Hvað er það sem gerir það að verkum að hæstv. viðskrh. virðist vera í sérstakri krossferð gegn starfsfólki bankanna? Hún hefur hafnað þrennu hér. Í fyrsta lagi hefur hún hafnað því að beita sér fyrir því að starfsmenn bankanna fái sæti í bankaráðunum eftir sölu bankanna. Hún segir: Það þarf enhverja sérstaka samninga til þess. Ekki þarf það á Norðurlöndunum, herra forseti, þar sem meira að segja einkabankarnir hafa tekið þetta upp. Fyrst hæstv. ráðherra er genginn svona harkalega með Framsfl. á bakinu í björg einkavæðingarinnar, af hverju tekur hún þá ekki upp fordæmið frá einkabönkunum á Norðurlöndunum?

Hæstv. viðskrh. kemur hérna og segir við konurnar, sem þurfa e.t.v. að horfa upp á það tapa störfum sínum hjá Búnaðarbankanum, að hún hafi litla samúð með þeim. Það sé ekkert sem hún geti gert. Hvers vegna? Vegna þess að það gæti orðið til þess að verðfella bankana ef gerður væri svipaður samningur og bankarnir á Norðurlöndunum hafa gert við starfsfólk sitt um að starfsmannaveltan yrði látin sjá um þá hagræðingu sem þarf að ganga í gegnum. Hvers vegna getur hæstv. ráðherra ekki tekið upp hið sama gagnvart konunum sem vinna hjá bönkunum? Við vitum það, eins og ég reifaði í dag, að ef konum á aldrinum 55–60 ára, sem hafa verið alla starfsævi sína á sama stað, er sagt upp, þá jafngildir það áskrift á atvinnuleysisbætur. Ber okkur þá engin siðferðileg skylda til þess að hugsa um þetta fólk þegar við erum að breyta starfskjörum bankanna? Auðvitað. Það er þar sem skilur á milli þeirra félagslegu og mannúðlegu sjónarmiða

sem við höfum í Samfylkingunni og hjá Framsfl. sem hefur núna gleymt hugsjónum sínum.

Herra forseti. Það sem skiptir máli hérna er að hinn rétti tilgangur einkavæðingarinnar er kominn fram. Ekki þarf að spyrja um tilganginn hjá Sjálfstfl., þetta hafa alltaf verið trúarbrögð hjá honum. En það gegnir öðru máli um garminn hann Ketil. Hann hefur aldrei verið þeirrar skoðunar að Biblían, sem ætti að lesa kvölds og morgna, væri einkavæðingarboðskapur Sjálfstfl. En nú er sem sagt sannleikurinn kominn í ljós. Tilgangurinn er sá að búa til nýjan banka til að setja í einhver verkefni sem hæstv. viðskrh. hugsar upp til að kaupa sér atkvæði fyrir sig og flokk sinn á landsbyggðinni. Til þess að hreinsa upp eigin mistök. Til þess að bæta fyrir afglöp sín. Til þess að Framsfl. verði ekki með allt niður um sig í byggðamálum þegar kemur til kosninga. Þá á núna að selja bankana til þess að búa til nýja ríkisstofnun til þess að lána í gæluverkefni og til vildarvinanna á landsbyggðinni. Heyr á endemi.

Hvað segja þingmenn Sjálfstfl. við þessu? Ég hélt, herra forseti, að þetta hefði dottið upp úr hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni af rælni í sjónvarpsiðtali, en að heyra það hér að þetta séu ekki bara prívatskoðanir hv. þm., heldur er þetta bersýnilega stefnan sem Framsfl. ætlar að leggja með upp fyrir flokksþing sitt til þess að hysja upp um ráðherrana, til þess að reyna að bæta fyrir mistök þeirra í byggðamálum þá á að selja bankana til að fara í svona björgunaraðgerðir fyrir hæstv. ráðherra. Herra forseti. Ég segi það eitt: Þetta er hneyksli.

[18:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessari umræðu en ég get ekki orða bundist vegna þess hanaslags sem er á milli hæstv. viðskrh. og Samfylkingarinnar vegna þess að ég get ekki betur séð en að Samfylkingin sé samstiga ríkisstjórninni í því að selja bankana og einkavæða þá. Landsbyggðin er dregin inn í umræðuna sem ég held að sé ekki gott að gera á þessum nótum vegna þess að landsbyggðin þarf á allt öðru að halda í dag, jákvæðari og skipulagðari umræðu um hvernig hægt er að koma fjármálum hennar fyrir.

Ég vil árétta stefnu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við viljum a.m.k. hafa einn sterkan ríkisbanka í meirihlutaeigu ríkisins og við teljum að með skipulagðri starfsemi innan slíks banka megi vinna að hugarfarsbreytingu gagnvart fjármögnun á landsbyggðinni vegna þess að eins og málum er háttað núna í samfélaginu er engum blöðum um það að fletta að eins og bankakerfið starfar ryður það út af borðinu öllum nýjum verkefnum sem eru sett inn varðandi uppbyggingu úti á landi. Það er tíðarandinn í dag. Hvert sem komið er segja menn: Þetta er vandamálið.

Hverjir hafa síðan lánað í staðbundin verkefni? Jú, þeir sem menn vilja einkavæða líka núna, þ.e. sparisjóðirnir. Vegna uppbyggingar sinnar hafa þeir á síðustu missirum í auknum mæli þjónað viðskiptavinum sínum sem eru þá á starfssvæði þeirra.

Það er alveg út í hött að ætla sér í þessu einkavæðingarferli að stilla málum upp þannig að það eigi síðan að fara að búa til nýjan banka til þess að þjóna landsbyggðinni. Það er vondur kostur. Það er miklu betri kostur að beita pólitísku valdi inni í banka sem er í meirihlutaeigu ríkisins til að breyta um hugarfar gagnvart fjárfestingum. Það er mat margra í viðskiptalífinu að það séu ekki einvörðungu viðskiptaleg sjónarmið sem ráða ferðinni, því miður, eins og tíðarandinn er á peningamarkaði, heldur ráði einfaldlega þau sjónarmið að menn hafi afskrifað uppbyggingu á nýjum sviðum úti á landi að meira eða minna leyti.

Hvar sem maður kemur segja menn í viðskiptalífinu: Bankakerfið þjónar þeim sem eru í gangi og hafa verið í gangi. Bankakerfið hefur mjög lítinn áhuga, eins og ég sagði fyrr, á því sem er nýtt. Þess vegna ættu menn kannski að staldra við núna og sérstaklega vegna þess að menn brydduðu upp á umræðum um stöðu landsbyggðarinnar, ættu menn kannski að staldra við og taka þá umræðu hvernig menn hugsa sér fjármálalega þjónustu við landsbyggðina.

Ég hef miklar áhyggjur af því ef við förum þannig í málin eins og með sparisjóðina, að þeir verði hlutafélagavæddir, í framhaldi af því keyptir upp af stærri einingunum, þá erum við enn þá verr sett. Hvers vegna má ekki skoða þetta í því ljósi hvernig við ætlum að þjóna landinu í heild sinni?

Hv. þm. Jón Bjarnason flutti hér ræðu og talaði um þjónustuskyldu fjármálafyrirtækja við landið allt. Það er ekkert nýtt í viðskiptalífinu að vera með þjónustuskyldu í lögum. Ekkert nýtt. Það eru einkafyrirtæki út um allan heim sem hafa þjónustubundna samninga þannig að menn hafa einhvern strúktúr fyrir sér, eitthvert heildarplan um það hvernig á að þjóna landinu í heild sinni.

En ég vil bara segja þetta. Að fara úr öskunni í eldinn á þennan hátt með í raun og veru ekkert plan í höndunum, einhverja sjóðsmyndun sem við höfum áratugareynslu af, hvar ætla menn að enda það? Af hverju má ekki fara hægar í sakirnar? Við höfum gefið upp boltann með það að selja hugsanlega annan bankann. Við höfum lagt skýra áherslu á það að við viljum hafa ríkisbanka sem er í meirihlutaeign ríkisins, þó svo að stór hluti af þeim banka gæti verið í eign einkaaðila. Þetta er spurning um pólitík innan bankanna. Við erum ekki í það stóru samfélagi. Ætli við vitum það ekki öll sem erum hér inni hvernig kaupin gerast á eyrinni? Við vitum vel að menn eru settir út af borðinu ef þeir eru utan við vissan radíus. Af hverju halda menn t.d. að stórfyrirtæki séu alvarlega að hugsa um að flytja starfsemi inn á hring höfuðborgarsvæðisins? Hver ræður því? Halda menn að fyrirtækin ráði því sjálf? Það eru bankarnir. Það eru fjármálastofnanirnar sem segja hreinlega: Hundruð milljóna uppbygging í einu eða öðru formi, það eru mörg dæmi um slíkt, hún verður ekki einhvers staðar utan við þennan radíus. En fari þau inn fyrir, þá höfum við veðin í lagi. Þannig standa málin. Þá er spurningin: Hver er farinn að stjórna? Hver er farinn að hafa þá heildarsýn sem á að vera? Það er á þessum nótum sem við verðum að ræða málin. Það þýðir ekki að bjóða landsmönnum upp á það að þeim sé sagt að éta það sem úti frýs hvað þetta varðar.

Forstöðumaður fyrir stórfyrirtæki í mínum heimabæ sagði við mig að peningalegt afl fyrirtækisins mundi tvöfaldast til þrefaldast ef það flytti með lögheimili sitt á Austurvöll. Við vitum öll hvernig kaupin gerast á eyrinni. En þetta er að meira og meinna leyti huglægt. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að vera með peningalega umsýslu fyrir viðkomandi fyrirtæki, þetta er huglægt mat peningakerfisins eins og það vinnur í dag. Og það er vont. (**Gripið fram í:** Einkavæða.) Það er vont. Einkavæðing skilar engu því ég held að ég geti sagt það með góðri samvisku að það eru allir á sama báti hér.

Ég bið því um það að áður en lengra er haldið í þessum dúr, kannski ómeðvitað, að fara í stofnun nýs banka, sjóðs-

banka, þá byrji menn á því að staldra aðeins við og gera sér grein fyrir því hvert þeir ætla að stefna. Það er meginatriði. Ef menn ætla að fara þá leið sem hefur komið fram í umræðunni hvers vegna þá að selja báða bankana? Hvers vegna má ekki eiga banka í meirihlutaeign ríkisins með verulegu hlutafé annarra úti í samfélaginu? Þá færum við hina svokölluðu norsku leið sem er reyndar farin í mörgum öðrum löndum.

Það er þetta sem ég vil fá upp á borðið. Ég fór nú í umræðuna aðallega út af því að peningaleg staða landsbyggðarinnar og fyrirtækjanna þar er svo alvarleg að á því verður að taka. Þetta gildir um einstaklingana líka, veðhæfni. En fyrst og fremst er þetta huglægt. Huglægt mat þeirra sem eru hér og hafa völdin.

[18:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki mikið orðið vör við hv. þm. í umræðunum í dag en hann kemur hér í mýflugumynd og heldur því fram að Samfylkingin og ríkisstjórnin séu samstiga í sölu þessara banka, að við stillum okkur upp við hlið ríkisstjórnarinnar. Nú vil ég spyrja hv. þm. því hann hefur greinilega ekki verið hér við umræðurnar í dag:

Samfylkingin vill sem stendur einungis veita heimild til að selja hlut ríkisins í öðrum bankanum en ríkisstjórnin er á móti því. Eru vinstri grænir sammála okkur í því?

Ríkisstjórnin er á móti því að 10% af hlutabréfum ríkisins verði dreift jafnt á milli fjárráða Íslendinga. Geta vinstri grænir hins vegar verið sammála okkur í því?

Við viljum að settar verði hömlur á atkvæðisrétt eigenda í bönkunum. Geta vinstri grænir verið sammála okkur í því? Ríkisstjórnin er á móti því.

Ég spyr líka, af því við viljum setja skorður við eignarhlut stærri fjárfesta en ríkisstjórnin er á móti því. Geta vinstri grænir verið sammála okkur í því?

Við viljum líka tryggja fulla aðild starfsmanna að bankaráðum. Ríkisstjórnin er á móti því. Við erum með því. Geta vinstri grænir verið sammála okkur í því?

Eins og hv. þm. heyrir þá stillum við okkur ekki upp við hliðina á ríkisstjórninni í þessu máli. Við höfum sett skilyrði fyrir sölu á bankanum og viljum eins og aðstæðurnar eru nú bara selja annan bankann. Ég hef spurt um ákveðin mikilvæg atriði og ég trúi ekki öðru en að vinstri grænir stilli sér við hliðina á Samfylkingunni í þeim málum, t.d. varðandi aðild starfsmanna þó ekki væri meira.

Ég frábið mér að vinstri grænir eða fulltrúi þeirra komi hér upp og uppástandi, jafnvel þó þeir hafi ekki einu sinni verið hér í dag, að við stillum okkur upp við hlið stjórnarflokkanna í þessu efni. Við höfum sett margvíslega og þýðingarmikla fyrirvara við þetta mál og ég vona að hv. þm. hafi það sem sannara reynist í þessu efni.

[18:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Ég vil fyrst benda hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á að ég hef verið hér í þinghúsinu í allan dag. Ég sat í einn og hálfan tíma sem forseti þingsins yfir ræðum samfylkingarmanna hér. Ég var að lýsa mati mínu á því sem þar kom fram. Ég hlustaði mjög gaumgæfilega. Ég ætla ekki að fara í krossapróf í aðferðafræði hér í ræðustóli Alþingis. Ég sagði að miðað við málflutning samfylkingarmanna þá vilji þeir selja en þó með skilyrðum, eins og hefur komið fram hjá hv. þm. Þetta er því spurning um aðferðafræði.

En við höfum sagt að við værum til viðræðu um að selja annan bankann en við viljum hafa sterkan ríkisbanka. Margir úr röðum Samfylkingarinnar lýstu því yfir við umræðuna að bankastarfseminni í landinu væri best komið í höndum einstaklinga. Það stóð upp úr hverjum manni hér. Það er ekkert sem ég er að búa til.

Aðferðafræði við sölu eða hvernig menn stilla sér upp við hlið ríkisstjórnarinnar í svona málum verður ekki rætt hér í stuttu andsvari.

Meginatriðið er þetta: Við teljum að það sé algjör goðgá að stilla málum þannig upp að sala ríkisbankanna séu kaup á milli flokkanna þess efnis að stofnaður verði sjóður sem verði e.t.v. í framtíðinni, innan örfárra missira, ígildi banka. Það viljum við ekki sjá. Hin leiðin er miklu heppilegri að okkar mati, að eiga stöndugan, myndarlegan ríkisbanka, sem keyrir eftir fjárfestingarstefnu sem gagnast öllu landinu.

[18:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér að fulltrúi vinstri grænna komi hér upp og afbaki hér hvað eftir annað stefnu Samfylkingarinnar varðandi sölu á bönkunum. Stefna okkar er mjög skýr. Ég hef farið yfir hana hér sem og fleiri fulltrúar Samfylkingarinnar í þessu máli. Sýn okkar á þessa sölu, hvernig að henni eigi að standa nú og síðar, er allt önnur en fulltrúa ríkisstjórnarinnar.

Ég hefði nú talið að hv. þm., fulltrúi vinstri grænna, væri maður að meiri ef hann viðurkenndi það sem rétt er í þessu máli og reyndi að fara rétt með stefnu Samfylkingarinnar vilji hann reyna það á annað borð. Vinstri grænir segja að selja ætti bara annan bankann. Hið sama segjum við, að ekki ætti að veita heimild nema fyrir sölu á öðrum bankanum. Við setjum fram skilyrði sem vinstri grænir hljóta að taka undir, t.d. í starfsmannamálum og hvernig eigi að tryggja dreifða eignaraðild. Ég hélt að við ættum það sameiginlegt að stilla okkur upp gegn þessari ríkisstjórn. Vinstri grænir koma hér með spjótin í bakið á okkur og reyna ekki einu sinni að fara með rétt mál í þessu efni.

[18:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að ég hafi rekið spjótið í bakið á neinum manni. Ég mat það aðeins svo að í málflutningi samfylkingarmanna í dag hefði komið fram að þar á bæ teldu menn almennt að bankastarfsemin væri betur komin hjá einkaaðilum. Ekki ætla ég nú að fara að taka upp hanskann upp fyrir framsóknarmenn en ætli þeir meti það ekki svo að stemmningin hér í þinghúsinu sé þannig að menn vilji selja bankakerfið eins og það leggur sig, a.m.k. til lengri tíma litið. Þessi sjóðshugmynd er haldreipi þeirra í því dæmi. Ég held að við hefðum komið betur út úr þessari umræðu ef við hefðum leitt hana inn á þær brautir að skoða hvernig við ætlum að keyra fjárfestingarpólitíkina í landinu og hvaða tæki við ætlum að nota til þess.

Ég árétta að við höfum lagt upp með það að við viljum hafa sterkan ríkisbanka sem hafi þjónustuskyldu fyrir allt landið og það er meginmálið.

[18:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þetta var vægast sagt mjög sérstæð innkoma í umræðuna. Hafi hv. þm. verið hér við umræðuna í dag þá hefur hann ekki hlýtt mjög gaumgæfilega á hana. Ég ætla ekki að taka upp þá umræðu sem hér fór fram áðan heldur reyna að fá einhvern botn í viðhorf hv. þm.

Það kom fram fyrr í dag hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að hugmyndir hans gengju út á að hér yrði til einhvers konar þjóðbanki. Það kom líka fram að þjóðbankanum ættu stjórnmálamenn að stjórna og ættu þá líka að hafa þar áhrif, ættu þá væntanlega að hafa áhrif á það hvernig peningunum væri ráðstafað. Með öðrum orðum: Viðhorf hans er að innleiða gamla pólitíska sjóðasukkið. Allt í lagi. Það er viðhorf hv. þm. og þó að ég sé ekki sammála því þá virði ég viðhorf hans. Hins vegar hefur komið fram, ef hv. þm. hefur fylgst með umræðunni, að nú stendur til að taka þessa fjármuni úr hlutafélagaforminu, selja þá og færa að einhverju leyti yfir til Byggðastofnunar. Þar verður til einhvers konar ríkisbanki undir forustu viðskrh. Þá erum við komnir í þá stöðu að hafa tvo einkabanka og einn ríkisbanka. Í staðinn, miðað við þá orðræðu sem hv. þm. Ögmundur Jónason hafði hér uppi, er einn ríkisbanki og einn þjóðbanki.

Ég, virðulegi forseti, átta mig einfaldlega ekki á lausninni sem hv. þm. hefur í huga. Hver er munurinn á þessu nákvæmlega, að hafa tvo einkabanka og einn þjóðbanka, eða einn einkabanka og einn þjóðbanka? Hver er grundvallarmunurinn þar á milli? Ég held, virðulegi forseti, að niðurstaðan sé nefnilega einmitt sú að það sé ekki mikill munur á viðhorfum Framsfl. og ríkisstjórnarinnar annars vegar og hv. þm. Vinstri grænna hins vegar, eins og ég reyndar dró fram í umræðunni fyrr í dag.

[18:57]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hverju það sætir að samfylkingarmenn efast stöðugt um að ég hafi verið hér í þinghúsinu. Ég bendi hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni á að fletta því upp á morgun og komast að því að ég var þingforseti allan tímann sem hann talaði.

Kannski er ekki svo langt á milli skoðana okkar. Ég veit ekki betur en ég hafi verið að tala um að ég teldi óráðlegt að fara út í að selja ríkisbankana, hefðu menn plön um sjóðsmyndun af þessu tagi. Út frá okkar bæjardyrum séð væri heppilegra að hafa stóran og öflugan ríkisbanka, ekki alfarið í eigu ríkisins en þó að meiri hluta, einmitt til að hafa hlutina á þessum bankalegu forsendum. Ég get ekki séð að það sé svo ýkja mikið sem okkur greinir á um en ég mun líka fletta upp í ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar í fyrramálið. Ég tel mig muna að hann hafi sagt í þingræðu áðan meðan ég sat á forsetastóli, að bankastarfsemin í landinu væri langbest komin í höndum einkaaðila og það væri bjargföst trú hans.

[18:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi munað þetta nokkuð rétt. Ég sagði hins vegar áðan að hafi hv. þm. verið í húsinu þá hafi hann ekki fylgst mjög nákvæmlega með. Efnislega er þetta þó nánast rétt hjá hv. þm. Ég bætti því við að helsta hlutverkið sem ég sæi fyrir ríkið á fjármagnsmarkaði væri í að standa fyrir áhættufjármögnun og tímabundnum verkefnum, vel skilgreindum, vel útfærðum og vel undirbyggðum. Ég sagði líka að ég væri andvígur því sjóðasukki sem mér fyndist í uppsiglingu að hætti framsóknarmanna.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti mjög ærlega þau viðhorf sem við höfum sett fram í þessari umræðu. Þess vegna fannst mér innkoma hv. þm. mjög sérstæð. Ég áttaði mig ekki nákvæmlega á því efnislega á hvaða vegferð hann var en þetta er smám saman að skýrast.

[18:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil svo gjarnan skilja betur stefnu hv. þm. Vinstri grænna varðandi þennan þjóðbanka og skyldur hans. Ég vil minna á að umhverfið í þessum málum er annað en það var fyrir nokkrum árum síðan. Nú eru einkabankar bráðum allsráðandi á markaðnum. Áður voru þetta ríkisbankarnir og sparisjóðirnir. Hvernig í ósköpunum ætla menn að láta einhvern banka bera allt aðrar skyldur en önnur fjármálafyrirtæki? Hvernig ætla menn sér, eins og hv. þm. sagði áðan, að láta það ganga að pólitískar ákvarðanir í slíkum banka ákveði í hvað lán bankans eigi að fara? Síðan á þessi banki að starfa á markaði með öðrum fjármálafyrirtækjum.

Þetta er ekki hægt. Menn verða að koma inn í nútímann. Þetta er bara gamla sagan og passar ekki inn í munstrið sem búið hefur verið til. Ég vil a.m.k. fá betri útskýringar á því hvernig slíkt eigi að virka. Eins og er finnst mér eiginlega að vinstri grænir ættu þá að styðja hugmyndir Framsfl. um það að setja á þennan sjóð inn í Byggðastofnun og nota hann þar. Það væri þá a.m.k. minni hætta á að unnin yrðu skemmdarverk á fjármálakerfinu í landinu en með því að ætla sér að láta einhvern banka bera þessar skyldur einan og sér.

[19:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hv. þm. Jóhann Ársælsson telur sig vera svona mikið í nútímanum ásamt sínu fólki, þá vil ég spyrja hv. þm. á móti: Telur hann t.d. að sparisjóðirnir sem eru sterkir mjög víða úti um land og, eins og kom fram í ræðu minni, hugsa mjög mikið um viðskiptavini sína, nærviðskiptavini sína, telur hann að þeir sem stjórna þeim bankastofnunum vaði reyk á hverjum degi? Auðvitað vinna menn á bankalegum forsendum. Ég var að tala um hugarfar, peningapólitískt hugarfar sem ég tel að sé á röngu róli í landinu um þessar mundir. Sparisjóðirnir hafa þessa tengingu og þeir eru ekkert feimnir við að segja: Við þjónum okkar fólki á nærsvæði okkar. Og það væri gaman að spyrja hv. þm., nútímalegan samfylkingarmann, hvort hann telji að sparisjóðirnir, sem eru mjög margir með ágætisafkomu og stækkandi á mörgum póstum, kunni ekki peningalega umsýslu?

[19:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. lagði bara á flótta inn í sparisjóðina. Ég var að spyrja hv. þm. eða leitast við að fá upplýsingar frá honum um það hvernig hann gæti séð fyrir sér að það væri lagt á einhverja einstaka stofnun að þjóna landinu með allt öðrum hætti en aðrar stofnanir sem stofnunin eða fyrirtækið væri í samkeppni við. Hann svaraði því engu og benti á sparisjóðina. Sparisjóðirnir eru hin bestu fyrirtæki, en þeir eru ekki alls staðar. Ætlar hv. þm. að leggja það á þá sparisjóði sem nú eru til að veita alþjónustu um allt land? Nei, það held ég ekki. Ég held að hv. þm. hafi ekki verið að meina það. Ég held hins vegar að við þurfum að fá miklu betri útskýringar á því hvernig þetta alþjónustuhlutverk á að vera, ef menn eiga að geta tekið afstöðu til þess. Og ég skora á hv. þm. Vinstri grænna að færa þetta í frumvarpsform og setja með því skýringar þannig að maður geti lagst yfir það og reynt að velta því fyrir sér hvernig þetta eigi allt saman að virka.

[19:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist vera að samfylkingarþingmenn hafi ekki hlustað mjög vel á ræðu mína. Þeir voru margir að kvarta undan því áðan að ég hefði ekki hlustað á þeirra ræður þó að ég væri hér í húsinu, en kannski ekki hv. þm. Jóhann Ársælsson.

En það sem ég sagði efnislega í ræðu minni var að ég og við teldum að nauðsynlegt væri að hafa öflugan ríkisbanka til þess að geta haft aðra sýn á hlutina. Og ég sagði í ræðu minni að eins og málum væri komið núna, teldi ég að útlánapólitíkin væri mjög huglæg og að mörgu leyti byggð á röngum grunni. Það er ekkert rangt við það að vera með svæðisbundna tengingu af einhverju tagi, það hafa t.d. allir sparisjóðirnir. Efast nokkur maður um það hér að sparisjóðirnir hafi spjarað sig ágætlega? Ég talaði aldrei um að það í ræðu minni að setja einhverja þjónustuskyldu á sparisjóðina, þeir eru byggðatengdir í langflestum tilvikum. En t.d. Landsbankinn okkar, hann er með þjónustunet út um allt land og með aðkomu að stjórn þar er hægt að hafa áhrif á hvaða peningapólitíska sýn menn hafa þar á bæ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:05]

Útbýting þingskjala:

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða, 471. mál, svar landbrh., þskj. 854.

Samningur um opinber innkaup, 565. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 871.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 520. mál, nál. iðnn., þskj. 855.

Tekjuskattur og eignarskattur, 552. mál, frv. SJóh o.fl., þskj. 858.

Vextir og verðtrygging, 566. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 872.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 567. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 873.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 818.

[19:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sem er 522. mál þingsins á þskj. 818.

Með frumvarpinu er að því stefnt að auka eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu sé falið að kanna ítarlega hæfi allra þeirra einstaklinga og lögaðila sem hafa í hyggju að eignast virka eignarhluti í framangreindum fyrirtækjum. Það eftirlit er viðvarandi í þeim skilningi að Fjármálaeftirlitinu er falið að gera úttekt á hæfi slíkra aðila þegar þeir hyggjast eignast virkan eignarhlut og jafnframt á meðan á eignarhaldstímanum stendur, eftir að hin upphaflega fjárfesting hefur verið samþykkt.

Frumvarpið nær til eignarhalds í viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum. Eignarhald á stærri hlutum verður hér eftir háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær til eigenda svonefndra virkra eignarhluta en í lögum hefur með því hugtaki verið átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi banka. Jafnframt er samþykki Fjármálaeftirlitsins áskilið þegar eignarhald vex upp fyrir tiltekin mörk sem gerð er grein fyrir í frumvarpstextanum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er einkum sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Viss hætta þykir á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum beiti áhrifum sínum, sem fylgja eignarhaldinu, í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa eða eftir atvikum annarra viðskiptavina. Slík háttsemi er skaðleg viðkomandi fyrirtækjum og til þess fallin að draga úr tiltrú almennings á fjármagnsmarkaðnum. Ætla má að smæð íslensks fjármálamarkaðar auki enn frekar áhættuna á slíkri misnotkun, enda geta tiltölulega litlar fjárfestingar fært fjárfestum umtalsverð áhrif í íslenskum fjármálafyrirtækjum samanborið við fjármálafyrirtæki á erlendum mörkuðum. Því er sérlega brýnt að styrkja eftirlitið með stærri fjárfestum hér á landi.

Þrátt fyrir að ókostir geti fylgt því að einstakir hluthafar eigi stóra eignarhluti er frumvarpinu ekki ætlað að girða fyrir það. Það skýrist af því að stórum eignarhlutum geta einnig fylgt kostir, enda geta þeir stuðlað að ákveðnu jafnvægi og stöðugleika og laðað að hæfa fjárfesta sem stuðla að framþróun viðkomandi fyrirtækja og markaðarins alls. Því er frumvarpinu ætlað að veita slíkum stærri hluthöfum aðhald, án þess að hrekja þá frá, og treysta með því trú almennings á heilbrigði fjármálamarkaðarins, enda má telja það eitt af hlutverkum hins opinbera. Með frumvarpinu er í aðalatriðum að því stefnt að draga eins og kostur er úr hinum skaðlegu áhrifum sem geta hlotist af eignarhaldi einstakra aðila á stórum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.

Í viðskiptaráðuneytinu hefur verið kannað hverjar leiðir séu færar til þess að takmarka hættuna á að stærri hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á þau og þar með fjármagnsmarkaðinn allan. Umræða af því tagi hefur farið fram í öllum Evrópuríkjum og á vettvangi Evrópusambandsins. Af þeim sökum hefur ráðuneytið haft hliðsjón af þeim leiðum sem farnar hafa verið erlendis í þessu tilliti. Þar hefur yfirleitt verið látið nægja að eftirlitsaðilar hafi eftirlit með stærri hluthöfum og gæti annars vegar að því hvort þeir séu almennt til þess fallnir að hafa skaðleg áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja og hafi hins vegar viðvarandi eftirlit með áhrifum þeirra á þau.

Sú leið að takmarka í löggjöf hámark þess hlutafjár og/eða atkvæðisréttar sem einstakir aðilar mega eiga í fjármálafyrirtækjum hefur verið rædd nokkuð á Alþingi og hlotið nokkurn hljómgrunn. Þessari leið fylgja miklir ókostir. Nægir þar að nefna að hún mundi skerða samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja hér á landi gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum sem veita þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, enda mundu erlendu félögin ekki þurfa að lúta slíkum skilyrðum um dreifða eignaraðild þrátt fyrir að þau byðu þjónustu sína hér á landi. Þá mundi þessi leið takmarka mjög möguleika fjármálafyrirtækja til

að hagræða í rekstri með samstarfsverkefnum og samruna við aðrar fjármálastofnanir. Þá drægi hún úr aðgangi fjármálafyrirtækja að rekstrarfé. Því má færa rök fyrir því að þessi leið lækki markaðsvirði fjármálafyrirtækja, dragi úr samkeppnishæfni þeirra, framleiðni og möguleikum til hagræðingar og dragi úr áhuga innlendra og erlendra aðila á að fjárfesta í þeim. Þar við bætist að Eftirlitsstofnun EFTA hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni að slík takmörkun mundi fara í bága 40. gr. EES-samningsins um skyldu aðildarríkja til að tryggja frjálst flæði fjármagns. Því eru líkur til þess að með því að fara þessa leið væri brotið í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, auk þess sem allt bendir til þess að hún hefði skaðleg efnahagsleg áhrif og drægi úr samkeppnishæfni íslensks fjármagnsmarkaðar. Ókostir hennar verða að teljast bera kostina ofurliði og þykir hún því ekki koma til álita.

Þá var skoðað hvort setja mætti sérákvæði í lög er skylduðu stærri hluthafa til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þegar hlutafjáreign þeirra næði ákveðnu marki. Með því mætti draga úr líkunum á að fjárfestar seildust til mikilla áhrifa í fjármálastofnunum og gefa smærri hluthöfum kost á að losa sig við hluti sína þegar yfirráð eins hluthafans næðu ákveðnu marki. Kostur þessarar leiðar væri að með henni væri komið í veg fyrir að smærri hluthafar þyrftu að þola ótilhlýðilegar ráðstafanir stærri hluthafa en hefðu þess í stað heimild til að ganga úr félaginu á viðunandi kjörum. Ókostur þessarar leiðar er á hinn bóginn sá að hún getur beinlínis stuðlað að því að eignarhald færist í auknum mæli á hendur stórra hluthafa þegar tilboðsskyldan stofnast af því að stóri hluthafinn verður þar með skyldugur til að bjóðast til að verða enn stærri. Með því er enn frekar aukið á hættuna á að hluthafinn hafi skaðleg áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis. Því varð þessi leið ekki fyrir valinu.

Þess í stað er lagt til með frumvarpi þessu að auka eftirlit með stærri hluthöfum en lögfesta ekki sérstakar takmarkanir við hámarkseignarhaldi einstakra hluthafa í fjármálafyrirtækjum. Ætla má að nægilegt sé að draga eins og kostur er úr hættunni á skaðlegum áhrifum af eignarhaldi einstakra stærri fjárfesta í stað þess að girða alfarið fyrir það. Því er í staðinn lagt til að aukið verði til muna eftirlit með stórum hluthöfum í fjármálafyrirtækjum og hæfi þeirra til að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri viðkomandi fyrirtækja.

Með frumvarpinu er sem fyrr segir lagt til að öllum þeim sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu eða vátryggingafélögum verði gert að sækja um leyfi til þess til Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geri ítarlega úttekt á umsækjendum í því skyni að taka afstöðu til þess hvort eignarhald þeirra sé heilbrigðum rekstri viðkomandi fyrirtækis til framdráttar. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi viðvarandi eftirlit með hæfi umsækjenda og kalli eftir upplýsingum um þá þegar ástæða þykir til.

Þetta er talsverð breyting frá núverandi fyrirkomulagi en nú er aðilum sem hyggjast eignast virka eignarhluti í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum aðeins skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá fyrirætlan sína og getur ráðherra gert athugasemdir við eignarhaldið að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins, ef ástæða þykir til. Í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að hæfi umsækjanda sé kannað nema sérstök ástæða þyki til og er þeim sem tilkynnir heimilt að eignast hlutinn ef ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/12/EBE leggur aðildarríkjum ESB og þar með öðrum aðildarríkjum EES-samningsins þær skyldur á herðar að tryggja í löggjöf sinni ákveðið lágmarkseftirlit með stærri hluthöfum fjármálafyrirtækja. Með gildandi lögum má segja að fullnægt sé þeim lágmarksskilyrðum ESB. Sum ríki hafa á hinn bóginn gert enn ríkari kröfur til stærri hluthafa og komið á virkara eftirliti með hæfi þeirra og framferði. Segja má að með frumvarpi þessu sé að því stefnt að Ísland bætist í hóp þeirra ríkja. Helstu breytingarnar sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á núgildandi löggjöf eru sem hér segir:

1. Öllum einstaklingum og lögaðilum, sem hafa í hyggju að eignast virkan hlut í lánastofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða vátryggingafélagi, eða auka hlut sinn upp í nánar tilgreind mörk, ber að sækja fyrir fram um leyfi til þess til Fjármálaeftirlitsins.

2. Með umsókn skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, þar með talið um þekkingu hans og atvinnusögu, fyrirætlanir, fjármögnun kaupanna o.fl.

3. Fjármálaeftirlitinu ber að leggja mat á allar umsóknir og taka afstöðu til þess hvort viðkomandi aðili sé hæfur til að fara með eignarhaldið, með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fyrirtækis. Skal Fjármáleftirlitið í því skyni hafa hliðsjón af atriðum sem rakin eru í frumvarpinu.

4. Sé það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að umsækjandi sé ekki hæfur til að fara með eignarhaldið ber Fjármálaeftirlitinu að hafna umsókninni. Í undantekningartilvikum getur Fjármálaeftirlitið heimilað viðkomandi aðila að fara með eignarhaldið gegn því að hann grípi til tiltekinna ráðstafana.

5. Umsækjanda, sem fengið hefur heimild til að eignast hluti, ber að nýta þá heimild innan sex mánaða en sækja að öðrum kosti um að nýju.

6. Afli hluthafi ekki samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim kaupum sem hér um ræðir fellur niður atkvæðisréttur sem ella fylgdi hlutunum. Þann atkvæðisrétt öðlast hluthafinn ekki fyrr en hann hefur sent umsókn til Fjármálaeftirlitsins og hún verið samþykkt.

7. Hirði hluthafi, sem hefur þegar keypt hluti, ekki um að leita eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið beini til hans áskorun um það ber honum að selja hlutinn. Sama gildir ef Fjármálaeftirlitið samþykkir ekki viðskiptin en hluthafinn ræðst í þau eigi að síður.

8. Fari hluthafi í fjármálafyrirtæki þannig með hlut sinn, eða sé staða hans þannig háttað að öðru leyti að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið ýmist gripið til þess að fella niður atkvæðisrétt viðkomandi hluthafa eða lagt fyrir fyrirtækið að grípa til sérstakra ráðstafana, þar með talið að boða til hluthafafundar.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[19:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að fræðast um það strax hjá hæstv. ráðherra hvort þau ákvæði sem hér um ræðir, að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að fella niður atkvæðisrétt þeirra aðila sem eignast stóran hlut í fjármálafyrirtækjum, gildi um þá sem eiga núna stóran hlut í bönkunum eða öðrum fjármálafyrirtækjum. Nú liggur það fyrir að menn eiga stóra hluti, t.d. á Landsbankinn mjög stóran hlut í tryggingafélagi. Á hann að sækja um?

Síðan langar mig til að spyrja og það er kannski aðalatriði málsins: Nú á ríkið stóran hlut í þessum bönkum. Á Fjármálaeftirlitið að taka afstöðu þess hvort ríkið á áfram að fara með eignarhaldið eða atkvæðisrétt í samræmi við eignarhaldið á sömu forsendum eins og gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fari yfir þessa hluti hjá öðrum eigendum? Verður það afstaða og niðurstaða hæstv. ráðherra að leggja það kannski til að ríkið nýti sér ekki atkvæðisrétt sinn og dragi fulltrúa jafnvel út úr bankaráðum eða stjórnum fyrirtækja sem þarna eiga hlut að máli?

Nú liggur það fyrir að það sem hér er verið að nefna að geti valdið því að Fjármálaeftirlitið eigi að taka slíka afstöðu, hefur auðvitað komið fyrir, því ákvarðanir fulltrúa ríkisins t.d. í ríkisbönkunum hafa stundum skaðað bankana. Og maður veltir því fyrir sér líka hvort þessar reglur eigi að gilda. Ég spyr um þetta, hæstv. forseti.

[19:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hér er kveðið á um, þ.e. að aðilar þurfi að sækja um, gildir ekki um þá sem eiga í dag, en það verður hins vegar viðvarandi eftirlit með þeim og það gildir einnig um ríkið. Umsóknarákvæðið varðar framtíðina.

[19:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til að draga í efa að þetta sé eðlileg leið. Ég tel að eðlilegra væri að Fjármálaeftirlitið fari yfir og skoði eignaraðilana í öllum tilfellum hvað varðar þau fjármálafyrirtæki sem hér um ræðir til að jafnræði verði þá gagnvart þeim sem núna eiga stóran hlut í fyrirtækjum og þeim sem síðar munu ætla sér að eignast stóran hlut í fjármálafyrirtækjum.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé full ástæða til þess að ríkið gangi þá á undan með góðu fordæmi og breyti fulltrúafjölda sínum í stjórnum þessara fyrirtækja, geri óvirkan hlut sinn í fyrirtækjunum bara til þess að þær hugmyndir sem þarna eru settar fram verði sem allra fyrst að veruleika, þ.e. að stórir hluthafar geti ekki haft afgerandi áhrif í rekstri þeirra stofnana sem þarna er um að ræða.

Mér finnst satt að segja að ríkið sem er að setja slíkar reglur, eða hæstv. ráðherra sem gengur fram í að setja þessar reglur, eigi að velta því alvarlega fyrir sér hvort ekki sé bara rétt að hið opinbera gangi nú fremst og fari að þeim reglum strax.

[19:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það verði að gilda í þessum efnum eins og almennt er að ákvæðið sé ekki afturvirkt. Þess vegna gildi þetta ekki um ríkið. En ég veit ekki alveg hvað hv. þm. er að fara þegar hann er eiginlega að beina því til mín að eðlilegt væri að ríkið slái eitthvað af kröfum sínum í sambandi við fjölda í bankaráðum. Um um það gilda náttúrlega reglur, hlutafélagareglur, og það hlýtur að fara eftir hlut hvers og eins hversu marga fulltrúa hann á í bankaráði. (Gripið fram í.) En aðferðin til að koma ríkinu út úr þessu öllu saman eins og hv. þm. veit er náttúrlega sú að selja.

En ég vil einnig taka fram að eins og þessu er háttað í dag er það almennt þannig að eigendur, aðrir en ríkið, eiga innan við 10% í bönkum.

[19:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er tímanna tákn. Þjóðfélag sem byggir á almennum lögum og almennum reglum víkur fyrir þjóðfélagi eftirlitsins. Þetta frv. heitir: Um eftilit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Ég hefði vænst þess að ríkisstjórnin mundi reyna með lagasetningu að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum, eins og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafði gert tillögu um á sínum tíma og fengið góðar undirtektir hér á þinginu. Í stað þess að taka þráðinn þar upp hefur hæstv. viðskrh. lagt þetta frv. fram, þar sem Fjármálaeftirlitinu verði falið að sinna aðhalds- og eftirlitshlutverki og eftir því sem ég fæ best séð við fyrstu sýn byggir það á óljósum og harla óhlutlægum reglum.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hún sjái ekki í því ákveðnar hættur að stórir eignaraðilar, hugsanlega sömu aðilar og eru að sölsa undir sig drjúgan hluta af íslensku atvinnulífi, nái undirtökunum í þessum helstu fjármálastofnunum landsins. Og hvort hæstv. ráðherra er ekki reiðubúin að skoða aðrar og virkari leiðir til þess að tryggja með lagasetningu dreifða eignaraðild að þessum fjármálastofnunum í þeim anda sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt til hér á þinginu.

[19:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé í raun dálítið erfitt að tryggja þessa dreifðu eignaraðild sem við höfum talað mikið um. En það sem ég vildi þó frekar leggja áherslu á er að það frv. sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram stenst ekki ákvæði EES-samningsins. Það er ljóst að Noregur, vegna sinnar löggjafar, er núna til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA vegna þess að Norðmenn eru með ákvæði í lögum sem festir eignarhlut við ákveðið hámark. Og meðan staðan er sú getum við ekki að mínu mati lagt fram frv. á hv. Alþingi sem kveður á um að taka á málinu með þeim hætti. Því er þessi leið farin. Reyndar er þetta sú leið sem flestar þjóðir fara sem við berum okkur saman við þó að undantekningarnar séu Noregur, sem sennilega mun þá fara fljótlega í að breyta lögum, og Ítalía og Spánn eru reyndar með ákvæði sem eru þessa efnis en reyndar miklu hærra hlutfall sem miðað er við, sérstaklega á Spáni, það er 25% og er bara tímabundið. Ég held því að við eigum ekki þennan kost, hv. þm. Það er mín skoðun.

[19:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög upplýsandi svar. Hér var lögð fram tillaga á Alþingi um dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum landsins. Hún fékk góðar undirtektir á þinginu, bæði frá stjórnarandstöðunni, ekki síður en frá stjórnarsinnum. Nú kemur fram að það er vegna skipunar frá Brussel að við getum ekki gert þetta. Evrópusambandið bannar Íslendingum að reyna að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum og þar með er málið út af borðinu. Vegna þess að Evrópusambandið bannar þetta. Það er tilskipun frá Evrópu sem bannar Íslendingum að stuðla með lagasetningu að dreifðri eignaraðild í bönkum í landinu.

Ef hæstv. ráðherra er sammála mér um að það geti verið varasamt að hér verði of mikil samþjöppun á valdi og peningum í atvinnulífi og fjármálastofnunum, þá er illt til þess

að vita að ráðherrann hafi án nokkurra mótmæla undirgengist samning sem kemur í veg fyrir að við förum okkar fram.

Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hún á einhverju stigi hreyft andmælum við þeim samþykktum hjá Evrópusambandinu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á EES-samkomulaginu væntanlega, sem torvelda Íslendingum að hafa sinn lýðræðislega vilja fram í þessu efni? Mér finnst þetta vera mjög upplýsandi að almennur lýðræðislegur vilji er til að taka á þessum málum á þann hátt sem við höfum lagt til í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, en Evrópusambandið bannar það. Og þar með er málið afgreitt af hálfu Framsfl. og ríkisstjórnarinnar.

[19:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og staðan er, svo ég endurtaki það, er Noregur til athugunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA út af ákvæðum í lögum sem kveða á um svokallaða dreifða eignaraðild. Hv. þm. sagði eins og satt er að hér er frv. til meðferðar í þinginu sem þeir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa lagt fram og það hefur fengið góðar undirtektir. Og það er rétt — ég tjáði mig í þeirri umræðu og sagði að ég vildi ekki hafna þessari aðferð, en hygðist nú skoða málið betur. Síðan kemur þetta í ljós og a.m.k. meðan þessi mál eru til meðferðar hjá Eftirlitsstofnuninni þá getum við ekki annað en tekið þetta alvarlega.

Þegar hv. þm. spyr mig hvort ég hafi aldrei mótmælt því að undirgangast eitthvað sem þetta, þá reyndar var það þannig að með því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu þá undirgengumst við hið frjálsa flæði fjármagns. Það er það ákvæði sem þarna kemur til. Það er ekki einhver ný tilskipun heldur er þetta ákvæði samningsins þó þetta sé fyrst núna að koma fram í sambandi við Norðmenn. Það er því ekki hægt að tala um þetta sem eitthvert fljótræði af hálfu stjórnvalda í dag. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og ég vil hvetja hv. þm. til að kynna sér vel þá skýrslu sem er birt sem fylgiskjal með frv. og fjallar um þá kosti sem eru til staðar í sambandi við meðferð mála sem þessara og þeir eru fjórir. Niðurstaða okkar í ráðuneytinu var að fara þá leið sem ég hef mælt fyrir.

[19:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt frv. á að leggja ákveðið mat á þá sem eignast meira en 10% hlut. Þar kemur inn í t.d. þekking og atvinnusaga umsækjenda. Undir þetta ákvæði falla lögaðilinn sjálfur, t.d. ef þetta er lögaðili, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóri o.s.frv. Ef t.d. lífeyrissjóður ætlaði sér að fjárfesta fyrir meira en 10%, þyrftu væntanlega allir aðilarnir að vera skotheldir. Ef t.d. erlendur aðili, stór banki, ætlar að fara að fjárfesta í íslensku atvinnulífi, leggur hann það í hættu að einhverjir íslenskir embættismenn dæmi hann vanhæfan. Ég hygg að hann mundi aldrei leggja í þá áhættu, hafandi ekki meira upp úr krafsinu en íslenski markaðurinn hefur gefið. Ég hygg því að þetta ákvæði muni hindra það að stórir erlendir aðilar láti sér detta í hug að fjárfesta í íslenskum bönkum.

Auk þess á að skoða þekkingu og reynslu sem er algjörlega opið. Þarf maðurinn að hafa háskólapróf upp á þekkinguna? Hefur stjórnarmaður í City Bank t.d. þekkingu og reynslu af íslensku landsbyggðapoti? Ég hygg að þetta muni takmarka mjög mikið eftirspurn útlendra aðila til að kaupa íslenska banka. Svo er það spurningin: Hvað gerist þegar barn erfir 15% hlut í Landsbankanum? Það hefur ekki þekkingu eða reynslu. Má það þá ekki eiga, neyðist það til að selja hlutinn, eða hefur það ekki atkvæðisrétt?

Það eru sem sagt mjög margar spurningar sem vakna. Mér finnst það undarlegt að á sama tíma og við erum að ræða um að selja bankana fyrir eins hátt verð og hægt er sé lagt fram frv. sem takmarkar og eyðileggur það verð.

Svo er það spurningin: Hvað er eiginlega varasamt við meira en 10% eignarhlut?

[19:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. geri nú óþarflega mikið úr þessu ákvæði og að það sé jafnvarhugavert og hann vill vera láta.

Mig langar að lesa örlítið, með leyfi forseta, upp úr greinargerð með frv. Það er efst á bls. 15, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 2. tölul. skal hafa hliðsjón af því hver þekking og reynsla umsækjenda er. Æskilegt er að stærstu hluthafar viðskiptabanka hafi til að bera þekkingu á fjármálastarfsemi og geti þannig stuðlað að heilbrigðum og traustum rekstri þeirra. Með þessu er hins vegar ekki að því stefnt að girða fyrir að aðrir en sérfróðir aðilar um fjármálastarfsemi eignist virkan eignarhlut í viðskiptabönkum. Í því sambandi skal á það bent að skv. 7. mgr. getur Fjármálaeftirlitið lagt fyrir umsækjendur að tilnefna einstaklinga, sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa, sem fulltrúa sína í bankaráð."

Ég geri mér alveg grein fyrir því að margar spurningar vakna í sambandi við þetta frv. og ég veit að heilmikil vinna er fram undan í hv. efh.- og viðskn. í sambandi við það vegna þess að þetta kallar á dálítið nýja hugsun. En hugsunin er sú að það sé sem sagt virkt eftirlit með þeim sem eiga stóran hlut í banka vegna þess að hægt er að viðhafa ákveðna skemmdarstarfsemi og það er það sem við ætlum að koma í veg fyrir.

En ég get alveg tekið undir það að þetta frv., verði það að lögum, tryggir í sjálfu sér ekki það sem við höfum fram að þessu kallað dreifða eignaraðild. Það tryggir hana ekki eins vel, og það má kannski segja eins vel eða hvað, en hún tryggir hana a.m.k. á allt annan hátt en það frv. sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa hér lagt fram. En gallinn á því frv. er náttúrlega sá að hægt er að ná yfirráðum með því að fara svolítið fram hjá reglunni.

[19:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að hægt væri að hafa í frammi ákveðna skemmdarstarfsemi. Hvers lags skemmdarstarfsemi yrði það? Hvernig mundi hún gagnast þeim sem hættu miklu fjármagni í svona fyrirtæki? Mundi það ekki skaða hann mest sjálfan í því að viðkomandi lánastofnun eða fjármálastofnun tapaði trausti? Ég get ekki séð að nokkur maður stundaði skemmdarstarfsemi, eigandi 15% segjum í einhverjum stórum banka. Það væri bara að saga greinina sem hann sæti á.

Varðandi það að þetta sé nú lagt allt saman í hendurnar á Fjármálaeftirlitinu. Það er kannski einmitt hluturinn, að það eru einhverjir embættismenn hér uppi á Íslandi sem eiga að dæma um fjárhagsstöðu, þekkingu, atvinnusögu og reynslu t.d. erlends fjárfestis, sem ætlar að fjárfesta fyrir 25% í Landsbankanum. Ég er hræddur um að þeir aðilar séu

ekkert að leggja það upp í hendurnar á íslenskum embættismönnum, að ákvarða um það og geta fellt um það dauðadóm að maðurinn hafi ekki vit á fjármálamarkaði. Ég hugsa að menn mundu sleppa því að láta sér detta í hug að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum með þessum skilyrðum.

Sama á við um stjórn lífeyrissjóðs sem ætlaði sér kannski að fjárfesta í Landsbankanum ágætan hlut. Það yrði þá lagt mat á alla stjórnarmennina hvort þeir hefðu þekkingu og reynslu, þekking þeirra á atvinnusögu. Ég hugsa að menn mundu ekkert leggja í það að hugsa þessa hugsun til enda þannig að þeir taka bara ekkert sjensinn.

[19:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engin íslensk uppfinning sem við erum að setja hér fram. Það er tilskipun þess efnis að það þurfi að vera ákveðið eftirlit með þeim sem eiga yfir 10%. Þær þjóðir sem við berum okkur fyrst og fremst saman við fara yfirleitt þessa leið, u.þ.b. þessa leið, ég skal ekkert fullyrða að það sé nákvæmlega eins. Ég tel því að við séum ekkert að ganga lengra í sambandi við eftirlit en almennt gerist þannig að þeir sem á annað borð vilja fjárfesta í fjármálastofnunum geti ekkert farið til einhverra annarra landa þar sem þeir komast fram hjá þessu, hafi þeir hug á því að fjárfesta hér.

En af því hv. þm. hefur ekki trú á því að hægt sé að hafa skaðleg áhrif, þá er það t.d. í þeim tilfellum þegar stóreigandi getur verið með rík viðskiptatengsl og ýmislegt fleira mætti nefna sem er þess eðlis að ástæða er fyrir því að þetta er sett fram á þennan hátt. Eins og ég sagði áðan er þetta ekki íslensk uppfinning, heldur er þetta það sem almennt tíðkast.

[Fundarhlé. — 19:40]

[20:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við ræðum það frv. sem fylgir raunverulega frv. sem við ræddum um fyrr í dag um að selja hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka sem er breyting á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Eins og fram hefur komið í umræðunni í dag hafa þeir fulltrúar og þingmenn Samfylkingarinnar sem hér hafa talað lagt mjög mikið upp úr því að þegar verið er að selja ríkiseignir séu allar leikreglur skýrar í þessu efni og að tryggt sé eins og kostur er að sala ríkiseigna leiði ekki til fákeppni, einokunar eða samþjöppunar á valdi en Samfylkingin telur eðlilegt að selja ríkisfyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri og sem uppfylla ákveðin skilyrði sem við höfum farið hér yfir í dag.

Þess vegna er þetta síðara frv. hæstv. ráðherra mikilvægt en með þeim fyrirvara þó, herra forseti, að við teljum að það sé langt í frá fullnægjandi til að uppfylla þau skilyrði sem við teljum nauðsynlegt að hafa uppi við söluna á bönkunum. Það er vissulega virðingarverð viðleitni að skerpa þannig á lagaákvæðum að því er varðar Fjármálaeftlitið, að þeir hafi lagastoð í því að fylgja eftir og skoða ef um virkan eignarhlut er að ræða eins og nefnt er í þessu frv. en þar er átt við eignarhlut sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Við höfum líka viljað skoða fleiri þætti til að hafa girðingarnar sem traustastar í þessu. Vissulega verður að líta til þess, eins og hæstv. ráðherra fór yfir, að við séum þó ekki að setja girðingarnar með þeim hætti að þær séu mjög samkeppnishamlandi.

Í fyrsta lagi vil ég rifja upp það sem ég fór yfir í dag og fram kemur í fyrra frv. ráðherrans sem skiptir máli fyrir það sem við ræðum hér í þessu síðara frv. að í töflu á bls. 16 í fyrra frv. ráðherrans um sölu á bönkunum kemur alveg skýrt í ljós hve samþjöppunin er mikil í bankakerfinu samanborið við aðrar þjóðir. Þar er tekinn samanburður af tólf þjóðum og lagt mat á hve eignarhlutinn er stór í bönkum í þessum löndum miðað við að teknir séu í fyrsta lagi fimm stærstu bankarnir sem hundraðshluti af heild og síðan tveir stærstu bankarnir líka sem hundraðshluti af heild. Þá finnst mér koma mjög athyglisvert í ljós sem sýnir raunverulega nauðsyn þess sem við erum að kalla eftir í Samfylkingunni, þ.e. að setja upp traustar girðingar að því er varðar eignarhlutann og tryggingar eins traustar og við getum fyrir því að ekki verði um að ræða meiri samþjöppun en er á þessum markaði.

Þar kemur í ljós að ef tekið er mið af fimm stærstu bönkunum sem hundraðshluta af heild erum við í þriðja sæti þar sem samþjöppunin er mest af tólf þjóðum og það er ekki svo lítið, herra forseti. Þegar tekið er mið af samþjöppun þegar í hlut eiga tveir stærstu bankar í hverju landi fyrir sig sem hundraðshluti af heild þá erum við hvorki meira né minna, herra forseti, en í öðru sæti af tólf þjóðum á eftir Portúgal sem er með stærsta samþjöppunarhlutfallið þegar tveir bankar eru teknir saman. Þetta, herra forseti, sýnir það sem Samkeppnisstofnun hefur bent á í samantekt sinni á áliti samkeppnisráðs vegna hugmynda sem voru uppi um samruna Landsbankans og Búnaðarbanka Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenskur fjármálamarkaður ber nú þegar mörg einkenni fákeppni. Þjónustan er í flestum tilvikum einsleit, keppinautar eru fáir og verðlagning er gagnsæ. Þegar um fákeppnismarkað er að ræða, kann sjálf markaðsgerðin að gera það fýsilegt fyrir fyrirtæki á viðkomandi markaði að taka tillit hvert til annars og halda samkeppni í lágmarki enda þótt beinu samkomulagi þeirra þar um sé ekki til að dreifa. Sameiginleg markaðsráðandi staða gerir fyrirtækjum kleift að samræma markaðsstefnu sína og starfa að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina eða neytenda. Hættan á þessu tvennu, þ.e. beinu samráði eða samhæfðri hegðan á markaði, er ástæða þess að samkeppnisyfirvöldum er heimilað að grípa til íhlutunar vegna samruna í slíkum tilvikum."

Þarna kemur alveg ótvírætt fram, herra forseti, að þegar eru fyrir á fjármálamarkaði mörg einkenni fákeppni og einsleit þjónusta, eins og þeir segja. Þeir skýra þetta nokkuð nánar, þeir segja, með leyfi forseta:

„Að því er varðar banka og önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði, verður að hafa í huga að heilbrigt markaðsumhverfi í fjármálastarfsemi hefur mikla þýðingu fyrir atvinnulífið í heild. Ef viðskiptakjör í fjármálageiranum, t.d. í formi þjónustugjalda, vaxtamunar og þóknunar á verðbréfum, eru óhagstæð bitnar það jafnt á neytendum og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Stefna innlánsstofnana í útlánum getur einnig haft áhrif á annað atvinnulíf. Reynsla erlendis frá bendir til þess, að bankar sem starfa á samþjöppuðum mörkuðum greiði viðskiptavinum sínum lægri innlánsvexti en bankar þar sem samkeppni nýtur við og taki hærri vexti af lánum til lítilla fyrirtækja. Þá er hagkvæmni oft minni í rekstri þeirra banka sem starfa á mörkuðum þar sem samkeppni er lítil, enda er þá minni hvati til að hagræða í rekstrinum."

Hérna er auðvitað verið að lýsa íslenskum fjármálamarkaði, t.d. hærri vextir af lánum til lítilla fyrirtækja. Það sama gildir um einstaklinga að vaxtakjör eru verri og hærri vextir fyrir þá sem hafa minni tekjur.

Fleira mætti nefna sem er áhugavert og þar er einmitt tekið til greiðslumiðlunar og Reiknistofu bankanna og fjölgreiðslumiðlunar og greiðslumiðlunar almennt, sem er hluti af því sem verður auðvitað í sölu í þessum bönkum núna, og þar er einmitt talað um að á greiðslumiðlunarmörkuðunum sé mikil fákeppni. Þar stendur orðrétt, herra forseti:

„Samþjöppun er almennt séð mjög mikil á þessum mörkuðum og eykst umtalsvert með fyrirhuguðum samruna." — Mikil á hvaða mörkuðum? Það er á markaði fyrir útlán, greiðslumiðlunarmörkuðum og markaði fyrir verðbréf og gjaldeyrisviðskipti.

Þessu vildi ég halda til haga hér, herra forseti, og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki líka þegar verið er að auka við þau tæki sem Fjármálaeftirlitið hefur til þess að fylgjast með þessum virka eignarhluta, ef hann fer yfir meira en 10% af eigin fé, að ástæða sé til þess að Samkeppnisstofnun skoði eitthvað slíka þætti þegar þeir koma til. Ákvæðin í lögum um Samkeppnisstofnun eru þess eðlis að hún á auðvitað að fylgjast með þegar um er að ræða samþjöppun og fákeppni. Því finnst mér a.m.k. að Fjármálaeftirlitið ætti að leita einhvers konar umsagnar hjá Samkeppnisstofnun þegar um slíkt er að ræða.

Eins tek ég undir það sem fram kom fyrir stundu hjá hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, að það er ákaflega sérkennilegt þegar maður hugsar þetta út frá jafnræðisgrundvelli að þau ákvæði sem hæstv. ráðherra vill beita sér fyrir ná ekki til þeirra eignarhluta sem ná þessu marki þegar inni í fjármálakerfinu. Ég spyr: Hvað eru þeir margir, getur ráðherrann svarað því, innan fjármálastofnana sem eru með svo virkan eignarhluta eins og ráðherrann nefnir hér, þ.e. 10% eða meira? Hvaða fjármálafyrirtæki eru með 10% virkan eignarhluta eða meira núna í fjármálastofnunum?

Ég tek eftir í frv. mér til ánægju að inni í þessum virka eignarhluta eru líka vátryggingafélögin og það veitir svo sannarlega ekki af að halda utan um þá starfsgrein líka.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju er staðnæmst við 10% hlut? Mér finnst það ansi stór hluti, 10% hluti, og hefði viljað sjá 5% hlut og spyr hæstv. ráðherra hvort þessi 10% hlutur sé einhver heilög, útspekúleruð tala sem hér er nefnd. Ég spyr hvort ekki sé vilji fyrir því af hálfu ráðherrans að það sé skoðað í nefndinni sem fær málið til meðferðar hvort ekki megi hafa þennan virka eignarhluta eilítið lægri en kemur fram í þessu 10% hlutfalli.

Ég vil einnig spyrja ráðherrann sem fór að vísu ítarlega yfir þá fjóra kosti sem mig minnir að hafi verið skoðaðir í þessum tilgangi sem við erum að tala um, að koma í veg fyrir samþjöppun og fákeppni, hvort hún telji ekki líka eðlilegt og gæti verið til samkomulags í því efni að setja hömlur á atkvæðisrétt eigenda í bönkunum eins og við í Samfylkingunni höfum talað fyrir hér í dag. Ráðherrann hefur fært rök fyrir því að hún geti ekki fallist á það að setja ákveðnar hömlur á eignarhluta, þ.e. hámark á eignarhluta sem hver og einn má eiga í bönkunum. Í umræðum fyrr á árum hefur oft verið nefndur 5% eignarhluti og mig minnir að vinstri grænir tali um 8% eignarhluta en ráðherrann hefur fært sín rök fyrir því, sem eru samkeppnisrök, og mig minnir að hún hafi nefnt líka, er það ekki rétt, að í EES-samningnum séu ákvæði sem komi í veg fyrir slíkt.

Ráðherrann nefnir í frv. sínu að unnt sé að leggja hömlur á atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækjum sem einstakir aðilar geta að hámarki ráðið yfir og hægt sé að setja þær einar sér eða með takmörkuðu eignarhaldi, en kostur þessarar leiðar, eins og hæstv. ráðherra nefnir í frv. sínu, sé að þessi leið skerðir ekki eins mikið möguleika fjármálafyrirtækja til hagræðingar en útilokar ekki fjárfestingar í eignarhlutum fjármálafyrirtækja. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er nokkuð sem kemur í veg fyrir það t.d. ef vísað er til EES-samninga í því tilviki?

Það eru sem sagt þessar tvær spurningar, það er spurning um að lækka þennan 10% hluta, og hvort ráðherrann væri opin fyrir því að skoða samhliða því einhvers konar takmarkanir á atkvæðisréttinum. Mér mundi hugnast miklu betur, herra forseti, að standa að því að styðja ráðherrann í sölu á öðrum bankanum ef þetta lægi fyrir og auðvitað að uppfylltum öðrum skilyrðum sem við höfum nefnt hér. Þriðja spurningin, herra forseti, svo ég haldi henni til haga líka, var um Samkeppnisstofnun og hennar aðkomu að því að hafa eftirlit með virkum eignarhluta.

Síðan vil ég spyrja ráðherrann að því sem við fórum yfir fyrr í dag, af því mér finnst það skipta miklu máli inn í þessa umræðu sem við erum að ræða hér, þ.e. stjórnunar- og eignatengsl í atvinnulífi og fjármálastofnunum, að hæstv. ráðherra gaf ekkert undir fótinn með það að hún mundi beita sér fyrir því að reyna að flýta þeirri úttekt sem fram fer hjá Samkeppnisstofnun. Ráðherrann bar fyrir sig svo smánarleg rök að það tekur engu tali, herra forseti. Hún talaði um að það kostaði peninga að flýta þeirri úttekt.

Nú hefur það tekið ráðherrann, ef ég man rétt, einhverja mánuði ef ekki ár að fá litlar 14 milljónir til að þessi úttekt geti farið fram á stjórnunar- og eignatengslum í atvinnulífi og á fjármálastofnunum. Og þó það mundi kosta eina milljón til viðbótar að setja meiri kraft í þessa vinnu þannig að hægt væri að skila henni inn í þingið á segjum næstu tveim til þremur vikum þá er nú ekki hægt að gráta þá einu milljón, herra forseti, þegar við erum að ræða um sölu á ríkisbönkunum upp á 40 milljarða kr. Ef það skýrir þessa mynd betur hvernig stjórnunar- og eignatengsl í fjármálastofnunum eru og gerir þingmönnum þar með auðveldara fyrir að taka afstöðu í þessu máli þá finnst mér það satt að segja vera smáaurar. Ég held að það sé eitthvað annað inni í myndinni en það að ráðherra geti ekki séð af einni milljón til að flýta þessari úttekt eða hvað það væri sem það kostaði.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra aftur að því, vegna þess að eftir þessu verður líka gengið í efh.- og viðskn., og það flýtir fyrir starfinu þar ef ráðherrann gæti t.d. sagt hér að hún mundi reyna eins og hún gæti að flýta þessu starfi. Ég spyr um það aftur af því að mér finnst þetta skipta verulegu máli í umræðunni þannig að það er fjórða spurningin sem ég hef til ráðherrans.

Ég vil nota þetta tækifæri, af því að mér gafst ekki færi á því í umræðum um hitt málið, að minnast á þá stöðu sem upp er komin í bönkunum að því er varðar eiginfjárhlutfall. Ég hef ítrekað, herra forseti, minnst á að ég hef áhyggjur af stöðu bankanna að því er varðar eiginfjárhlutfall. Ég tel eiginfjárhlutfallið hættulega lágt, ekki síst með tilliti til útlána í bönkunum, mikillar útlánaþenslu og verulegrar hættu á útlánatöpum. Eiginfjárhlutfallið á samkvæmt lögum að vera um 8% ef ég man rétt. Það nær því hlutfalli hjá Íslandsbanka og sparisjóðunum en ekki hjá Landsbanka samkvæmt því sem ég hef nú hér, nema ef víkjandi lán eru tekin inn. Séu

þau ekki tekin með þá er eiginfjárhlutfall bankans töluvert langt, herra forseti, fyrir neðan það sem gert er ráð fyrir í lögunum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hún engar áhyggjur af stöðu eiginfjárhlutfalls innlánsstofnana? Hæstv. ráðherra veit mætavel eins og ég að Fjármálaeftirlitið hefur af þessu verulegar áhyggjur. Fjármálaeftirlitið hefur meira að segja kallað opinberlega eftir stoð í lögum fyrir því að hafa breytilegt eiginfjárhlutfall hjá innlánsstofnunum. Ég spyr: Hvers megum við vænta í því efni, herra forseti? Eru engin áform uppi á borði ráðherra um að gera breytingar varðandi eiginfjárhlutfallið? Það er, herra forseti, virkilega ástæða til þess að hafa áhyggjur af því.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fullvissaði okkur úr ræðustól um að innstæðueigendur þyrftu ekki að hafa áhyggjur af innstæðum sínum þó að einhver skakkaföll yrðu í bankakerfinu og það er vel.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég hef tækifæri til að ræða þetta mál og það sem við ræddum fyrr í dag í nefndinni. Ég hefði viljað ræða ýmislegt frekar og spyrja ráðherrann hæstv. en tími minn er liðinn. Ég vil því ítreka þær spurningar sem ég hef beint til ráðherrans. Ég vil spyrja hana líka í lokin, svo ég bæti við einni spurningu enn, hvort hún gæti ekki fallist á að skoða það sem við leggjum til varðandi það að 10% af hlutafé ríkisins verði dreift jafnt á milli fjárráða Íslendinga eða að einhverjar skorður eða skilyrði verði settar um sölu á þessum bréfum svo bréfin fari ekki á markað meðan þenslan er eins og raun ber vitni. Það voru rök ráðherrans fyrir því að fara ekki þá leið við að dreifa bréfunum.

[20:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort farið hafi verið nákvæmlega yfir það hvort ekki væri hreinlegra og einfaldara að takmarka einfaldlega atkvæðisrétt miðað við eignarhlut, þ.e. að ef eignarhlutur fari yfir ákveðna prósentu þá skapist ekki viðbótaratkvæðisréttur við það. Það væri miklu einfaldari regla en þær sem hér eru settar fram.

Mig langar til að vitna í 3. gr. Þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftir farandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.

2. Lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans."

Síðan er greint frá einu úrræði til viðbótar í 3. tölul. En í grg. stendur hins vegar:

„Tilgangurinn með frv. er einkum sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Viss hætta þykir á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum beiti áhrifum sínum, sem fylgja eignarhaldinu, í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa eða eftir atvikum annarra viðskiptavina."

Maður veltir því fyrir sér hvers konar áhrif þetta væru. Gætu þetta t.d. verið pólitísk áhrif? Það mætti vissulega leiða líkur að því.

Í 1. gr. stendur síðan, með leyfi forseta:

„Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans skal það synja umsækjanda um leyfi til þess."

Þá er greint frá því að Fjármálaeftirlitið geti gripið til þeirra ráðstafana sem ég minntist á áðan en í lok málsgreinarinnar stendur:

„... t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga" — sem er hinn kosturinn þá — „sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn."

Í þessu tilfelli er væntanlega átt við bankaráð. Þetta orðalag kemur fyrir í öllum þremur tilfellunum í frv.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða stöðu hefur Fjármálaeftirlitið eftir að það er búið að setja stjórnarmenn á sínum vegum inn í hin ýmsu bankaráð og stjórnir þessara fjármálafyrirtækja? Hvaða stöðu hefur Fjármálaeftirlitið eftir það til að hafa eðlilegt eftirlit með þessum stofnunum? Það virðist gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið taki sérstaka ábyrgð á þessum einstaklingum eins og sagt er í frv.: „... einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa". Af orðanna hljóðan ræð ég að þarna sé um að ræða einstaklinga sem stjórn fyrirtækisins á að finna en Fjármálaeftirlitið skrifi upp á að séu hæfir. Ég verð því miður að segja það að ég velti því fyrir mér hvort þetta muni ekki skaða stöðu Fjármálaeftirlitsins til að hafa eftirlit með þessum fyrirtækjum.

Mig að koma aftur að því sem ég sagði áðan, um að þau áhrif sem þarna er talað um gætu hugsanlega verið pólitísk. Þau fjármálafyrirtæki sem þarna eru á ferðinni gætu í framtíðinni að einhverju leyti verið í eigu stórra hluthafa, þ.e. fjármálafyrirtækja sem ríkið á í. Það getur enginn spáð fyrir um það núna í bili að ríkið muni ekki eiga stóran hlut í fjármálafyrirtækjum einhver ár fram í tímann. Mér flýgur t.d. líka í hug að við eigum eftir að sjá hvernig stjórn hins nýja fjármálafyrirtækis, sem hæstv. ráðherra var að boða að yrði til í Byggðastofnun með þeim fjármunum sem kæmu út úr sölunni á bönkunum, verður saman sett og hvort þessar reglur hljóti ekki auðsjáanlega að eiga við um það fyrirtæki. Það er heldur ekki hægt að spá fyrir um að niðurstaðan verði endilega að selja þessa banka og eignarhluti ríkisins í öllum fjármálafyrirtækjum á næstunni. Margt getur breyst sem orðið gæti til þess að það yrði ekki skynsamlegt og því ástæða til að spyrja hvort ekki ætti að fara vandlega yfir það í nefndinni, hvort ekki verði að tryggja jafnræði allra eigenda gagnvart umræddum reglum. Ég vil minna á að Landsbankinn á helminginn af VÍS, svo að ég nefni einn aðila sem á stóran hlut í fjármálastofnun. Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir því að þessar reglur gildi um slíkt eignarhald.

Ef einhver annar kaupir hlut í þessu fyrirtæki á hann þá að sæta því að farið verði yfir hans mál? Það er heldur ekki ljóst af þessu frv. hvort þeir sem eiga stóran eignarhlut í fyrirtækinu nú þegar eru líka undanþegnir því að farið verði yfir þeirra mál ef þeir auka við sinn hlut í fjármálafyrirtækjunum. Ég gat ekki séð að það stæði neins staðar, þannig að þessar reglur eru mismunandi. Þær mismuna þeim sem eiga stóran hlut í fyrirtækjunum, hinum sem eiga minni hlut og þeim sem hugsanlega kæmu nýir inn í þetta.

Þá vil ég minnast á þetta sérkennilega ákvæði sem ég vitnaði til hér áðan, um að Fjármálaeftirlitið eigi að velja stjórnarmenn í fyrirtækin. Ég efast um að það sé skynsamleg ráðstöfun og legg eindregið til að menn fari vandlega yfir það hvort ekki sé réttara að setja annaðhvort hámark á eign-

arhaldið eða einfalt hámark á hvaða atkvæðisrétt eigendur geta haft, þ.e. að fari eignarhaldið yfir ákveðna prósentu þá bætist ekki við atkvæðisréttur með því. Ég vil að menn reyni fyrir alla muni að hafa þetta sem einfaldast svo ekki verði til vandamál sem ég sé fyrir mér að komi upp. Ég sé ekki að hægt sé að taka á málum þeirra sem síðar koma inn í þessi fyrirtæki ef fyrir eru stórir hluthafar sem ekki sæta þeim reglum sem hér eru settar. Ég sé það ekki fyrir mér. Mér virðist að ef þeir aðilar mundu kæra slíka málsmeðferð þá ættu þeir möguleika á því að hnekkja slíkum ákvörðunum.

Maður kann einnig hálfilla við þetta orðalag, þar sem fyrst er talað um aðila sem að mati Fjármálaeftirlitsins séu líklegir til þess að skaða viðkomandi fyrirtæki og síðan gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið skrifi upp á að þeir megi eiga þetta þó að þeir séu líklegir til að skaða fyrirtækið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ég held að þetta þurfi töluverðrar skoðunar við. Ég hvet til þess að menn geri það í nefndinni og vona að menn finni meira traustvekjandi leiðir en bent er á í þessu frv.

[20:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða fyrir margra hluta sakir. Mig langar að beina þeirri spurningu til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í ljósi þess að hann talar um nauðsyn þess að takmarka eignarhlut ef ekki verði hægt að takmarka atkvæðisrétt eða binda hann við eitthvert tiltekið hámark. Er hann að taka undir meginsjónarmiðin í frv. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem lagt var fram á síðasta þingi, um að eignarhlutur hvers aðila um sig verði bundinn við tiltekið hámark, t.d. 8%?

[20:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst nefndin þurfa að skoða hvort þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, um að slíkt sé brot á samningum sem við höfum skrifað undir, séu réttar. Það þarf að koma því á hreint. Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af því að það geti verið skaðlegt að eignarhald í svona fyrirtækjum verði á fárra höndum. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað sjá að menn rökstyddu a.m.k. á þann hátt að maður skildi að ómögulegt sé að fara aðra leið. Ég hef ekki heyrt neinn halda því fram að ekki sé hægt að setja reglur um að menn fái ekki aukinn atkvæðisrétt fram yfir ákveðinn eignarhlut í svona félögum. Mér finnst einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir að hægt sé að misbeita valdi sínu í stjórnum svona fyrirtækja kannski að hafa þá einföldu reglu að t.d. þeir sem eigi yfir 10% í fyrirtækjum geti ekki eignast meiri atkvæðisrétt en því fylgir, þ.e. 10%. Ég hef hins vegar fyrirvara um prósentuna sjálfa.

[20:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér að mörgu leyti merkilegt frv. sem varðar eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Mig langar að minna á að við erum að hverfa frá þeirri stöðu að ríkið, einn aðili, átti 100% í ríkisbönkunum með tilheyrandi útlánatöpum og pólitískum lánveitingum. Þar áður voru sparifjáreigendur hlunnfarnir í áratugi án þess að nokkur segði eitt eða neitt. Það þótti öllum eðlilegt nema sparifjáreigendunum náttúrlega, þeir hættu að vera til. Nú erum við að hverfa frá þessu ástandi og þá rjúka menn upp til handa og fóta og vilja passa að ljótir einstaklingar skaði ekki eigin fyrirtæki. Þeir eru þó að hætta eigin fé á meðan staðan var áður þannig að menn hættu annarra manna fé, þ.e. skattgreiðenda. Þegar menn fara að hætta eigin fé þá á að gæta þess að þeir eigi ekki of mikið, fari sér ekki að voða.

Í fyrsta lagi vil ég nefna þessi 10%. Völd sem fylgja 10% atkvæðahluta fara eftir dreifingu á afgangi hlutafjárins. Eigi maður 9,5% hlut í fyrirtæki og restin af fyrirtækinu dreifist á tugi þúsunda hluthafa þá ræður hann öllu. Það er þekkt að það er mjög erfitt að ná saman atkvæðamagni þeirra 90,5% sem mjög eru dreifðir. Sá sem á 9,5% hlutafjár í slíkum banka ræður því eiginlega öllu. Við þekkjum þetta hjá Eimskip, hvernig lítill hlutur getur ráðið miklu.

Aftur á móti getur verið um að ræða ósköp lítið fyrirtæki. Ég held að lágmarksupphæð í bönkum sé 400 millj. þannig að þetta væru 40 millj. sem menn gætu átt, kannski gott einbýlishús. Þá þarf að gæta þess að sá aðili fari ekki sér og öðrum að voða með því að gera einhverjar gloríur með fyrirtæki sem hann hefur þó alla vega lagt í 40 millj. Þessi mörk eru afskaplega mismunandi og hafa mjög mismunandi áhrif.

Ég vil rétt aðeins koma inn á það sem hér hefur verið minnst á, t.d. fjármögnun fjárfestingar, hvernig viðkomandi hafi fjármagnað kaupin. Hverjum kemur það við nema féð sé illa fengið? Þá er það allt annars eðlis og heyrir undir allt önnur lög. Hvernig hann fer að því að fjármagna hlut sinn á ekki að koma neinum við meðan hann getur staðið við skuldbindingar sínar og það er væntanlega vandamál þess sem selur honum.

Varðandi markmið umsækjenda með eignarhaldi, hvað halda menn að umsækjandi muni segja að sé markmiðið? Væntanlega að græða. Ég sé ekki neitt annað markmið. Hann gæti náttúrlega gefið upp að hann ætlaði sér að lána sjálfum sér ódýrt, væri það hið raunverulega markmið, en ef það kæmi fram mundi hann hreinlega tapa, þ.e. þá mundi bankinn tapa trausti.

Geta skal um þekkingu og atvinnusögu umsækjanda. Það er svo sem allt í lagi. Hann getur talið upp allt það sem hann hefur afrekað á ævinni en honum ber og að tilgreina fyrri afskipti stjórnvalda, sem falið er eftirlit með einstaklingnum og lögaðilum, af umsækjanda sem haft geti áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins. Þarna eiga menn væntanlega að telja upp samskipti við tollinn o.s.frv. Hér kemur einnig fram að þetta eigi ekki bara við um lögaðilann sjálfan, enda er erfitt að sjá hvernig lögaðili geti verið heiðarlegur einn sér. Nei, það á við alla stjórnina og eigendur. Ef við tökum dótturfyrirtæki lífeyrissjóðs, t.d. Þróunarfélagið, sem einhver einn lífeyrissjóður ætti virkan þátt í, þá féllu ekki aðeins dótturfyrirtækið, stjórnendur þess, forstjóri, endurskoðandi og allt heila batteríið undir lögin, heldur líka eigandinn.

Menn geta ímyndað sér hvernig þetta gengi sig gagnvart útlendum fjárfestum: Eitthvert dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis Deutsche Bank ætlar að fara að fjárfesta í Landsbankanum, bara aukalega einhvern tíma fyrir hádegi, og þá á að koma með upplýsingar um alla stjórnendur í Deutsche Bank, í dótturfyrirtækinu og í dótturdótturfyrirtækinu. Þetta gæti orðið mjög skrautlegt. Einhverjir embættismenn á Íslandi í Fjármálaeftirlitinu eiga að leggja mat á það hvort þetta ágæta fólk í útlöndum eða í íslenska lífeyrissjóðnum sé hæft til að eiga hlutinn og taka mið af þekkingu og reynslu umsækjenda. Af íslenskum aðstæðum eða hvað?

Mér finnst mjög merkilegt þegar sagt er um mat á umsækjendum: „Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld ...“

Undir það fellur m.a. tollurinn. Það hafa nú sumir átt í útistöðum við tollinn og það getur þá komið þeim í koll seinna meir ef þeir sitja í stjórn lífeyrissjóðs sem fær ekki að fjárfesta í Landsbanka Íslands. Þetta er allt mjög undarlegt.

Það sem er kannski verst í þessu er að valdið er falið embættismönnum Fjármálaeftirlitsins, ágætisfólki eflaust en það fær óskaplega mikið vald. Það fær ekki bara vald til þess að hafna einhverju heldur og til að leggja dóm á fólk víðs vegar í þjóðfélaginu, t.d. í stjórnum lífeyrissjóða, og hvort það hafi þekkingu og reynslu, t.d. hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fjárfesti í Landsbankanum yfir virkum hlut þá ætti einhver embættismaður að leggja dóm á hans persónu, hvort hann sé hæfur til að stunda þessi viðskipti. Að maður tali ekki um erlenda aðila. Eins og ég gat um í andsvari við hæstv. ráðherra þá taka þeir þá áhættu að einhver embættismaður á Íslandi lýsi þá vanhæfa til að eiga hlut í banka á Íslandi, sem gæti bara þýtt gengisfall út um allan heim á hlutabréfum í City Bank o.s.frv. Ég er hræddur um að menn tækju ekki þá áhættu að fjárfesta á Íslandi.

Nei, herra forseti. Ég held að menn þurfi að skoða þessar reglur pínulítið betur. (**JóhS:** Stendur þú að frv.?) Nei, ég er með fyrirvara um þetta frv.

Síðan kemur að spurningunni um hvað gerist ef barn erfir slíkan hlut, ef einhver skyldi vera svo óvarkár að leggja svo stóran hlut í banka, þ.e. 10% sem mundi vera um 4 milljarðar miðað við markaðsvirði bankanna í dag, af sparifé sínu í slíkan banka. Ég efast reyndar um að nokkur Íslendingur eigi svo mikið fé. Félli viðkomandi frá og barnið hans mundi erfa þetta þá þyrfti að skoða þekkingu og reynslu barnsins í bankaviðskiptum, ella mætti það ekki að eiga þennan hlut? Það yrði að minnka hann hvað sem það kostaði þó að staða hlutabréfamarkaðarins væri mjög slæm.

En það er ekki aðeins þetta, herra forseti. Þetta gildir ekki aðeins um það þegar menn auka hlutinn heldur stendur í 3. gr.:

„Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í viðskiptabanka, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur ...“ — þá á líka að fara að skoða hann. Ef einhver er tekinn drukkinn undir stýri, einhver stjórnarmaður í lífeyrissjóði eða í stjórn fyrirtækis. (**Gripið fram í:** Ellilífeyrisþegi.) t.d. ellilífeyrisþegi í stjórn lífeyrissjóðs, þá á að taka upp allt eignarhaldið á virku hlutunum. Fjármálaeftirlitið hefði heimild til þess.

Í grg. með frv. er á bls. 19 ágætisúttekt sem Þórólfur Jónsson hdl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu sf. gerði. Hann kemur með kosti og galla á að takmarka dreift eignarhald en það á líka við um þetta eftirlit eð eigendum virkra eignarhluta þar sem ókostirnir eru nákvæmlega þeir sömu. Hann segir að röksemdin fyrir því að taka upp slíkar takmarkanir séu reglur Evrópusambandsins sem byggi upp trúnaðartraust viðskiptavina. Sé einhver grunur um að trúnaður viðskiptavina minnki við að einhver fjárfesti í stórum hlut í banka, fyrir eigið fé, þá mundi ég ráðleggja þeim manni að gera það ekki. Hann mundi tapa mest á því sjálfur.

Einnig hefur verið fjallað um valdajafnvægi í hópi eigenda. Þeir sem tala um valdajafnvægi í hópi eigenda ættu kannski að skreppa á golfvöllinn öðru hverju og kanna hvað þar fer á milli manna sem sitja saman í bankaráðum og ræða svo um valdahlutföll. Þeir gætu einnig farið á klúbbfund þar sem menn hittast vegna þess að tengslin á milli manna þurfa ekki að vera svo greinileg, langt í frá.

Síðan er talað um dreifingu ágóðahluta. Ég veit reyndar ekki hvort það er hlutverk ríkisins að sjá um að menn dreifi fé sínu sæmilega.

Varðandi óbeina ábyrgð ríkisvaldsins á fjármálastofnunum þá er hún vissulega til staðar. Það hefur sýnt sig eins og menn hafa margoft nefnt. En þeir sem tapa fé sínu mest í því eru eigendur bankanna, eins og gerðist í Noregi. Eigendurnir töpuðu fyrst en síðan kom ríkið, bjargaði öllu saman og seldi bankana aftur, væntanlega með hagnaði. Ég reikna með því. Kaupir þá á slikk og seldur aftur með hagnaði, annars þekki ég þá sögu ekki nákvæmlega. Til að hindra þetta höfum við Fjármálaeftirlitið og heilmiklar reglur um eiginfjárstöðu og slíkt til þess að gæta hagsmuna sparifjáreigenda.

Þórólfur Jónsson nefnir líka rök gegn lagasetningunni um dreifða eignaraðild og þar ættu menn að leggja við eyrun. Hann segir á síðu 21, með leyfi herra forseta, að eina röksemdin gegn lagasetningu um dreifða eignaraðild séu skertir möguleikar til hagræðingar.

„Lög um dreifða eignaraðild mundu útiloka sumar fjárfestingar aðila sem hefðu það einkum í huga að koma á samstarfi milli sín og viðkomandi fjármálastofnunar, m.a. til að skapa samlegðaráhrif milli aðilanna tveggja.“

Þetta gæti t.d. átt við um erlenda aðila sem ætluðu að fjárfesta í íslenskum banka og veita hingað til lands þekkingu sinni á bankastarfsemi yfirleitt en íslenskur fjármálamarkaður hefur lengst af verið afskaplega heimóttarlegur. Það sem okkur vantar kannski mest er einmitt erlend þekking. Eins og ég gat um gætu þessar reglur hreinlega fælt menn frá því að eiga nokkuð við að fjárfesta í íslenskum bönkum.

Hér segir jafnframt að þetta mundi lækka markaðsvirði fjármálafyrirtækja. Þetta á nákvæmlega við í þessu samhengi. Ef erlendur aðili, þótt ekki sé nema einn, fælist frá þá vantar a.m.k. hann til þess að halda uppi verðinu. Ríkið er því í raun að tapa á því að leggja fram þetta frv.

Þórólfur segir og að samkeppnisstaða íslenskra fjármálafyrirtækja versni vegna þess að íslenskir bankar sem þurfa að hlíta þessum reglum Fjármálaeftirlitsins séu í samkeppni við banka sem ekki þurfa að hlíta sömu reglum, erlenda banka sem geta verið á netinu eða hvernig sem er. Þá kemur hann inn á minni aðsókn erlendra fjárfesta í íslensk fjármálafyrirtæki — það sem ég rakti hér áðan — og skerta framleiðni vegna þess að stærri hluthafar geri yfirleitt meiri arðsemiskröfur. Þeir hafa lagt meira undir en minni fjárfestar og hafa meiri áhrif til að knýja fram kröfu um aukna arðsemi. Mér finnst því, herra forseti, allt í þessu frv. vinna á móti því að ná fram hámarksverði á hlut okkar í Landsbankanum og Búnaðarbankanum samkvæmt því frv. sem við ræddum hér fyrr í dag. Ég skil í raun ekki til hvers menn fara í þessa vegferð. Við búum við reglur sem sagt er að fullnægi Evrópska efnahagssvæðinu um upplýsingagjöf og ég skil ekki af hverju það nægir ekki.

[20:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hans er vandi dregur hv. þm. Pétur H. Blöndal upp nokkuð svart-hvíta mynd af tilverunni. Áður voru vondir tímar en nú eru góðir tímar. Áður voru bankar illa reknir en nú er fjármálakerfið vel rekið. Það er undarlegt að heyra yfirlýsingar af þessu tagi í ljósi þess að margir kunnáttumenn úr fjármálalífinu sjá ýmis teikn á lofti um kreppu í fjármálakerfinu. Útlán banka og fjármálastofnana hafa aukist um 25–30% á ári og þess gætir nú í vaxandi mæli að fólk geti ekki risið undir skuldbindingum sínum. Þá bíður

það væntanlega ríkisins að hlaupa undir bagga. Það er misskilningur hjá hv. þm. að það hafi veitt norska ríkinu hagnað á sínum tíma þegar það pumpaði 500 milljörðum til bjargar norska bankakerfinu. Það var síður en svo norska skattborgaranum til hagsbóta þótt það hafi komið efnahagslífinu til góða að sumu leyti.

Spurningin sem ég vildi beina til hv. þm. Péturs H. Blöndals, vegna þess að ég hef ákveðna samúð með sjónarmiði hans og gagnrýni á eftirlitssamfélagið sem víkur til hliðar samfélagi sem byggir á almennum reglum: Óttast hann ekki að því fylgdu hættur ef sömu aðilar og eru að ná undirtökum í íslensku efnahagslífi næðu á sitt vald þessum mikilvægu fjármálastofnunum landsins? Óttast hann ekki að samþjöppun á valdi og peningum í atvinnulífi og fjármálalífinu dragi úr samkeppni sem ég veit að hv. þm. vill mikið leggja á sig til að tryggja?

[21:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að fyrirtækin hafi verið illa rekin í fortíðinni og séu vel rekin núna þá þarf ekki annað en líta á hagnaðartölur bankanna til að sjá að þeir eru betur reknir nú en áður, líta á styrki ríkisins t.d. til Landsbankans hér áður fyrr upp á milljarða.

Varðandi það að útlánin séu að aukast um 20–30%, að sumir sjái kreppu fram undan og að gæði útlánanna fari minnkandi þá er það í raun gagnrýni á Fjármálaeftirlitið. Hv. þm. segir þar með að þeir standi sig ekki í stykkinu og gæti þess að bankarnir stundi góða og vandaða útlánastarfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur til þess tæki.

Hv. þm. spurði mig hvort ég óttaðist ekki að einhverjir ljótir aðilar næðu undirtökum í fjármálaheiminum og í viðskiptalífinu með samþjöppun valds. Mér skilst að það hafi orðið mikil umskipti á síðustu árum. Einu sinni var talað um smokkfiskinn og kolkrabbann sem óskaplegar skepnur sem réðu öllu. Menn eru eiginlega hættir því núna vegna þess að nú er kominn hákarlinn, eitthvert nýtt afl, en auk þess vil ég nefna lífeyrissjóðina sem hv. þm. þekkir mjög vel. Þeir ættu aldeilis að hafa vald og vægi. Ég treysti á að hv. þm. gæti þess að sú samþjöppun valds valdi ekki tjóni og skaða í þjóðfélaginu. Það má vissulega segja að þar sem allir lífeyrissjóðirnir eru saman komnir í Landssamtökum lífeyrissjóða þá gæti verið veruleg hætta á ferðum að þeir fari að samræma aðgerðir sínar í fjárfestingum, allir með hlut í bönkum, fyrirtækjum og meira og minna í öllu atvinnulífinu.

[21:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sáttur við allt sem ríkisbankarnir hafa gert í tímans rás. Ég hef ekki síður gagnrýnt það sem fram fer í fjármálakerfinu nú um stundir. Með háum arðsemiskröfum sem settar hafa verið fram og himinháum vöxtum hafa að mínum dómi verið færðir allt of miklir fjármunir frá heimilum og fyrirtækjum yfir til fjármálageirans. Ég held að þetta geti haft slæmar efnahagslegar afleiðingar áður en langt um líður. Ég óttast þetta.

Hv. þm. bendir réttilega á hlut lífeyrissjóðanna í íslensku fjármálalífi, að hann sé að aukast. Það er alveg rétt og mér finnst að þeir þurfi að axla samfélagslegar skyldur sínar. Ég hef verið talsmaður þess að þeir geri það.

Ég vil í lokin leiðrétta eitt sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, þ.e. að ég hafi talað um ljóta og illa aðila. Ég talaði ekki um ljóta og illa aðila. Ég sagði að samþjöppun á fjármagni og völdum í atvinnulífinu einkenndi efnahagsþróunina hér á landi. Í framhaldi af því spurði ég hv. þm. hvort hann sæi engar hættu í því fólgna að sömu aðilar og þar væru að ná undirtökum næðu jafnframt tökum á fjármálalífinu, hvort það væri ekki líklegt til að draga úr samkeppni sem ég veit að hv. þm. vill leggja mikið á sig við að tryggja og varðveita. Jafnframt hefði ég viljað spyrja um álit hans á frv. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur lögðu fram um dreifða eignaraðild fjármálastofnana. Ég man ekki betur en hv. þm. Pétur H. Blöndal tæki vel í það frv. þegar það var lagt fram á sínum tíma.

[21:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi, varðandi samþjöppun valds og efnahagslegt vald, er ríkið langstærst á þessu sviði og hefur óskaplega mikil völd. Ég nefni bara Landsvirkjun sem ríkið á helminginn í og Reykjavíkurborg 45%. Þar eru óskapleg völd saman komin og allur orkugeirinn er þessu marki brenndur. Hann er í opinberri eigu. Ég hugsa að á undanförnum árum hafi valdinu ekki verið þjappað saman heldur hafi því verið dreift. Nú eru komnir það margir aðilar eins og ég gat um, smokkfiskurinn, kolkrabbinn, hákarlinn, lífeyrissjóðirnir og ríkið, að valdið hefur dreifst þar sem svo margir keppa. (**ÖJ:** Landsmenn eru 282.000.) Landsmenn eiga ekki neitt í Landsbankanum, herra forseti. Jón Jónsson á Suðureyri getur ekki labbað inn í Landsbankann og náð í stólinn sinn, skrifborðið sitt eða þúsundkallinn sem hann á þar, ekki aldeilis. Hann hefur ekkert með það að gera. Það er sá sem fer með valdið sem ræður, þ.e. hæstv. viðskrh.

Ég hef því ekki áhyggjur af þessu. Mér finnst að frekar hafi verið unnið að því að dreifa valdi og með sölu á ríkisbönkunum er einmitt verið að dreifa valdi. Þeir voru áður í eigu ríkisins, eins aðila á markaðnum sem heitir ríkisstjórn Íslands. Það er verið að dreifa því valdi þannig að mér finnst þetta vera góð þróun.

[21:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér komu sannast sagna forvitnileg sjónarmið fram hjá hv. þm. Ég velti fyrir mér hvort þessi sjónarmið nái inn í raðir þingflokks sjálfstæðismanna. Einnig velti ég því fyrir mér hvort þetta frv. sé sett fram í andstöðu við alla eftirlitsskylda aðila.

Ég er svo sannarlega sammála því sjónarmiði hv. þm. að vissulega sé efamál hvort það að staðnæmast við 10% hlut, ef menn á annað borð eru sammála um að setja þessa girðingu, sé rétta viðmiðunin, hvort það sé virkur eignarhluti og hvort ekki ætti að fara neðar með þetta prósentuhlutfall. Dæmið sem hv. þm. setti fram, um að virkur eignarhluti geti vissulega verið mun lægri en 10% ef aðrir eignarhlutar eru mjög smáir, er alveg rétt. Ég spyr hann hvort, ef á annað borð á að setja slíka girðingu, ekki væri þá rétt að fara neðar með þessi mörk til að þau virki eins og hæstv. ráðherra ætlar.

Ég vil líka gjarnan fá fram sjónarmið hv. þm., af því að ég veit ekki alveg hvort það er bara fyrirvari hjá honum eða hvort hann er í andstöðu við þetta frv., varðandi það hvort hið sama gildi ekki um hitt frv. ráðherrans eftir að hún hefur lýst því yfir að verja eigi andvirði bankans að verulegu leyti til Byggðastofnunar og búa til nýjan ríkisbanka. Það er algerlega í andstöðu við það sem bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa sett fram. Stöndum við frammi fyrir því að eftir yfirlýsingu ráðherrans gangi bæði þetta frv.

og frv. sem við ræddum fyrr í dag gegn sjónarmiðum hv. þm. sem einna best hefur fylgst með þessari umræðu af þingmönnum Sjálfstfl.?

[21:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að fara neðar með mörkin þá lýsti ég miklum efasemdum með þetta frv. og þau mörk sem í því eru ráðgerð. Ég tel að slík mörk muni takmarka eftirspurn erlendra aðila eftir hlutafé í þessum litlu íslensku bönkum og ekki væri á það bætandi ef menn færu neðar með þau. Það mundi enn rýra verðgildi bankanna.

Varðandi það að verja andvirði bankanna í Byggðastofnun þá hef ég aldrei heyrt talað um að verja ætti 40 milljörðum í Byggðastofnun, þ.e. andvirði bankanna. Ég held að það komi ekki til mála. Ég hef ekki heyrt af því fyrr en í dag að verja ætti einhverjum hluta af andvirði bankanna til Byggðastofnunar. Hv. þm. þekkja afstöðu mína til Byggðastofnunar. Ég hef margoft lagt til að sú stofnun yrði lögð niður og tel að hún hafi ekkert annað gert en að skaða landsbyggðina. Ég held að allar pólitískar stýringar á fjármagni skaði, sérstaklega lántakandann og það hafi sýnt sig á Vestfjörðum.

[21:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðséð, varðandi það síðasta sem fram kom hjá hv. þm., að hér virðist hafa farið fram einhvers konar einleikur hjá hæstv. viðskrh. og formanni þingflokks Framsfl., að ætla að verja verulegum hluta af andvirði bankanna til Byggðastofnunar. Það er auðheyrt hjá hv. þm. að þetta hefur ekki verið rætt í þingflokkunum, a.m.k. ekki þingflokki sjálfstæðismanna. Þetta er því athyglisvert innlegg í umræðuna.

Varðandi virka eignarhlutann þá gerði ég mér ljóst að þingmaðurinn er því ekki fylgjandi að setja þessa girðingu. Það sem ég var að reyna að fá fram hjá hv. þm. var hvort, ef á annað borð á að setja slíka girðingu og menn hafa það að markmiði að þetta sé virkur eignarhluti svo að þetta ákvæði bíti eins og ráðherrann ætlast til, það sé þá ekki rétt að hafa þetta hlutfall lægra til að það bíti. Ég höfða þar til þess að hv. þm. er mikill stærðfræðingur og þekkir vel til fjármála- og verðbréfamarkaðarins. Ef ákvæðið á að bíta ætti þá ekki hlutfallið að vera lægra vegna þess að hv. þm. sagði réttilega að virkur eignarhluti gæti verið 9%, 8% eða 9,5%, allt eftir því hve margir eigendur viðkomandi fyrirtækis eru? Ég var að reyna að fá aðstoð hv. þm. við að sannfæra hæstv. ráðherra um að þetta væri ekki rétt, að staðnæmast við 10% ef ráðherrann ætlaði að ná því markmiði sem hún setur með þessu frv.

[21:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr mig hvort ég vilji heldur vera hengdur eða skotinn. Ég vil hvorugt. Ég svara því ekki hvort ég vilji lækka þessi mörk. Ég tel að aðferðafræðin sé slæm, það sé slæmt að fela svona vald í hendur embættismanna Fjármálaeftirlitsins, að úrskurða um hvort einstaklingar séu hæfir til að eiga hlut í fyrirtæki. Ég get hreinlega ekki séð hvernig Fjármálaeftirlitið á að uppfylla þá skyldu með sæmilegri reisn, að úrskurða um að einhver sé ekki hæfur til að eiga ákveðinn hlut og muni í raun skaða sjálfan sig. Ég hef haft miklar efasemdir um þetta frv. alveg frá byrjun og úttala mig ekkert um lækka eigi þessi mörk enn frekar eða hafa þau 10%.

Varðandi það að verja hluta andvirðisins í Byggðastofnun og hvort ég væri þá á móti því að selja bankana þá er spurningin um hvaða hagsmuni maður er að verja. Standi ég frammi fyrir því að velja um hvort selja eigi bankana, sem hefur verið baráttumál mitt til fjölda ára — ég tel að ríkið hafi ekkert að gera með að vera að vasast í fjármálastarfsemi — gegn því að einhver hluti andvirðisins fari í Byggðastofnun, sem ég er líka á móti, þá mundi ég segja að þeir hagsmunir væru miklu minni en hinir að selja bankana, sérstaklega ef hluturinn sem fer í Byggðastofnun er ekki mjög stór hluti af verðinu.

[21:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég gerði mér grein fyrir því að þetta mál vekti spurningar vegna þess að í því er í sjálfu sér fólgin ný hugsun. Ég tel að þetta sé dæmigert mál til að skoða vel í hv. nefnd. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir situr í efh.- og viðskn. og ég efast ekki um að hún fái svör við mörgum spurningum þar. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki svör við öllum spurningum varðandi þetta mál en ég tel hins vegar að það sé rétt að leggja til að fara þessa leið fremur en einhverja af hinum þremur leiðunum sem bryddað er upp á og fjallað um í fskj. með frv.

Hv. þm. kallaði þetta virðingarverða viðleitni. Mér fannst það heilmikið hól. Hún talaði um Samkeppnisstofnun, m.a. hvort hún ætti ekki að hafa þarna meira hlutverk. Eins og hv. þm. veit er samkvæmt lögum óheimilt að misnota markaðsráðandi stöðu. Það er fyrir fram bannað og þess vegna tel ég að það ákvæði geti átt við í málum tengdum því sem hér er til umfjöllunar.

Varðandi það að færa mörkin niður í 5% í stað 10% þá mundi það augljóslega kosta ansi mikla viðbótarvinnu. Ég vil líka að það komi fram að tilskipunin sem þetta mál byggist að hluta á eða að verulegu leyti hljóðar upp á 10%. Ég reikna með að þetta sé eitt af því sem gæti komið til umfjöllunar í nefndinni.

Hv. þm. ræddi um skýrsluna um eignatengsl og stjórnunartengsl og ég vil láta koma fram að það er ekki þannig, eins og hún ýjaði að, að eitthvað annað hafi ráðið afstöðu minni en það að ég tel að Samkeppnisstofnun ráði illa við að flýta þessari vinnu, m.a. vegna annarra verkefna sem stofnunin er að vinna að, takmarkaðs fjármagns og takmarkaðs mannafla. Ein millj. er kannski ekki stór á milli vina en engu að síður er hún ekki gripin upp af götunni. Við gerum miklar kröfur um að forustumenn stofnana okkar fari ekki fram úr fjárlögum. Ég hef ekki nýjustu upplýsingar um hvar málið stendur en ég skildi það svo að hægt yrði að standa við það loforð, sem ég tel mig hafa gefið, að hún verði tilbúin fyrir vorið. Ég skal hins vegar í framhaldi af þessari umræðu grennslast fyrir um hvort þarna séu einhverjir möguleikar.

Fjármálaeftirlitið er að fást við og reyna að átta sig á hvaða leið sé best hvað varðar eiginfjárhlutfallið. Við erum ekkert eyland í fjármálaheiminum og fylgjumst að sjálfsögðu vel með því sem gerist í öðrum löndum. Þar að auki erum við verulega háð því sem gerist á hinu Evrópska efnahagssvæði í þessum efnum eins og öðrum.

Varðandi ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þá kom þar fram ýmislegt athyglisvert og eins í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Í ljósi þess vil ég segja að auðvitað er hægt að kæra það sem Fjármálaeftirlitið kveður upp úr um. Þess vegna er kannski ekki ástæða til að gera svo mikið úr valdinu sem

sú stofnun fær með lögunum. Auðvitað hlýtur það að skipta máli.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um hugsanlega takmörkun á atkvæðisrétti. Á bls. 36 í grg. með frv. er kafli um það ákvæði. Ég held að hann sé of langur til að ég lesi hann en ég bendi á þann kafla. Í sambandi við það sem kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal vil ég nefna að á bls. 27 í grg. kemur fram upptalning á því hvaða önnur lönd eru að fara og hafa farið þá leið sem við leggjum hér til. Ég tel því ekki að það sem hv. þm. heldur fram, um það að við séum sérstaklega að hrekja fjárfesta frá Íslandi með þessari lagasetningu, eigi við rök að styðjast. Þetta er einfaldlega regla sem aðrar þjóðir hafa tekið upp og virðist nokkuð almenn að verða. Ég veit ekki hvar hv. þm. ætti best heima miðað við skoðanir hans en það er ekki í þeim löndum sem ég þekki best til.

Ég held að ég sleppi nokkurn veginn með þessi svör. Það er áliðið kvölds en ég þakka fyrir umræðuna. Mér finnst ánægjulegt að hv. þm. séu tilbúnir og í mikilli alvöru að skoða þessa leið með jákvæðu hugarfari. Ég veit a.m.k. ekki um aðra leið betri.

[21:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á, eftir ræðu hæstv. ráðherra, að hún ætli að beita sér fyrir því að hafa samband við Samkeppnisstofnun og reyna að flýta því að umrædd skýrsla verði til þannig að við getum tekið hana til umfjöllunar samfara þessu frv. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherrar láti takmarkaðan mannafla í Samkeppnisstofnun koma í veg fyrir að þessari skýrslu verði flýtt og það að setja þurfi nokkurt fjármagn til að hægt sé að klára hana.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, eftir orðaskipti mín við hv. þm. Pétur Blöndal: Er það svo að þetta frv. sé í andstöðu við þá sem við það eiga að búa, þ.e. þessa eftirlitsskyldu aðila? Er samstaða um þetta frv. bæði hjá eftirlitsskyldum aðilum og eins hjá þingmönnum stjórnarflokkanna? Ég efast um það eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað.

Hæstv. ráðherra tjáði sig ekki um Samkeppnisstofnun, hvort hún gæti fallist á að Samkeppnisstofnun ætti með einhverjum hætti að koma að þessu máli, t.d. hvort leita ætti umsagnar Samkeppnisstofnunar að því er þennan þátt varðar, þ.e. virkan eignarhluta.

Ég lít líka svo á að hæstv. ráðherra útiloki ekki að breyta megi þessu 10% hlutfalli varðandi virka eignarhlutann í meðferð málsins í nefnd og fagna ég því. Ég saknaði þess hins vegar að heyra ekki meira frá ráðherranum um hvort hún væri reiðubúin að skoða með jákvæðu hugarfari með nefndinni hvort atkvæðisrétturinn yrði takmarkaður og það yrði ein af þeim girðingum sem við mundum setja upp til að koma í veg fyrir fákeppni á þessum markaði.

[21:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki haft sérstakt samráð við eftirlitsskylda aðila við undirbúning þessa frv. Hins vegar var haft samráð við einkavæðingarnefnd, sem er ekki slíkur aðili, og þetta frv. var þeirri nefnd að skapi.

Ég hef ekki lofað miklu í sambandi við skýrsluna margumtöluðu. Það eina sem ég hef sagt er að ég set mig í samband við Samkeppnisstofnun og fæ upplýsingar um það hvar vinnan stendur. Ég er ekki tilbúin að lofa úr þessum ræðustól nú að leggja aukið fjármagn til þess að flýta gerð hennar.

Ég óttast hins vegar að það væri röng ákvörðun að færa 10% markið neðar. Ég held að það sé ekki ástæða til þess. Að öðru leyti held ég að ég komi ekki inn á það sem hv. þm. nefndi. Ég heyrði allt sem hún sagði.

[21:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra veldur mér nokkrum vonbrigðum með andsvari sínu. Ég tók það svo að hæstv. ráðherra væri tilbúin að skoða einhverja lækkun á þessum virka eignarhlut. Það veldur mér vissulega vonbrigðum ef svo er ekki.

Herra forseti. Við sem erum í efh.- og viðskn. og eigum að reyna að stýra þessu máli sæmilega farsællega aftur inn í þingið erum ekki að biðja um stóra greiða. Við óskum eftir því að gerð skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl verði flýtt. Mér fannst í fyrri ræðu hæstv. ráðherra að hún væri jákvæðari en í síðari ræðu sinni og vona að embættismaðurinn hér í hliðarherberginu hafi ekki haft vond áhrif á ráðherrann í því efni. Þetta er náttúrlega sá embættismaður sem mæða mun á í nefndarstörfunum og þarf að sitja með okkur fundi um þessi efni. Þar verður hamrað á því að þessi skýrsla komi fram. Við erum að tala um litla fjármuni í þessu sambandi en mikilvæga fyrir það málefni sem við erum að fjalla um.

[21:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærri spyrðu. Þetta frv. fjallar um eftirlit með eignaraðilum fjármálafyrirtækja en er sett fram á sama tíma og ríkisstjórnin kynnir áform um að selja hlut sinn í ríkisbönkunum.

Ég hefði fyrir mitt leyti viljað að þessi spyrða væri enn stærri og ríkisstjórnin hefði gert glögga grein fyrir efnahagslegum forsendum þessarar sölu. Hér er verið að tala um að selja eignir upp á 40 milljarða á sama tíma og boðuð er sala á fleiri eignum í eigu almennings. Landssíminn og fleiri stofanir munu vera komnar á sölulista.

Ég sakna þess einnig að fá nánari fregnir af tímasetningu sölunnar. Okkur er sagt að selja eigi ríkisbankana fyrir lok kjörtímabilsins en ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort ríkisstjórnin hafi komið sér saman um nákvæmari tímasetningar í því efni.

Við umræðuna var vakin á því athygli að tilskipanir Evrópusambandsins kæmu í veg fyrir að lýðræðislegur vilji næði fram að ganga í þessu máli. Hér hefur komið fram við umræðu á Alþingi að vilji standi til að tryggja dreifða eignaraðild að ríkisbönkunum. Það eina sem stendur þar í vegi eru skipanir frá Brussel. Skildi ég hæstv. viðskrh. rétt, að hún ætlaði að láta fara fram nánari könnun á þessu atriði sérstaklega?

Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hlýða á mál mitt en þetta eru þær spurningar sem ég óska eftir að ráðherrann svari.

[21:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi hinn lýðræðislega vilja og hið Evrópska efnahagssvæði og ýmislegt sem við höfum undirgengist með því að vera hluti af því samkomulagi, þá er það staðreynd að við erum alltaf annað slagið að rekast á atriði sem benda til þess að það hafi einhverja galla í för með

sér að vera með í þessu samstarfi. Ég vil þó halda því fram að kostirnir séu miklu fleiri. Ég hef hins vegar ekki sagt að þetta sé eina ástæða þess að þessi leið var farin í frv. og að ekki var farið út í það að takmarka eignaraðild við ákveðið hlutfall. Ég held að sú leið hafi mjög marga galla miðað við það að við erum aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að þær kvaðir mundu þá ekki fylgja þeim erlendu fyrirtækjum sem hér gætu verið á markaðnum.

Í sambandi við tímasetningu þá er ekki hægt að kveða upp úr um það á þessari stundu hvernig farið verður í þessa sölu. Þar að auki væri rangt að gera það vegna þess að þá gæfum við markaðnum of miklar upplýsingar. Við verðum að hafa í huga að fá sem hæst söluverð.

Hvað efnahagslegar forsendur varðar, eins og ég er margbúin að láta koma fram, þá skipta þær máli. Ástandið á markaðnum skiptir máli og hvert hið þjóðfélagslega ástand er þegar að sölu kemur.

[21:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. segir rangt að gefa markaðnum of miklar upplýsingar. En hvað með upplýsingar til löggjafans þannig að unnt sé að taka þátt í umræðu um efnahagslegar forsendur þessarar sölu? Hér er verið að tala um tilfærslu á tugum milljarða kr., 40 milljörðum í ríkisbönkunum einum. Síðan er rætt um einkavæðingu og sölu á öðrum stofnunum, Landssímanum og öðrum stofnunum. Finnst hæstv. viðskrh. virkilega ekki ástæða til að gefa Alþingi upplýsingar um það þannig að fram geti farið upplýst umræða um efnahagslegar forsendur þessarar sölu?

Varðandi Evrópusambandið þá finnst mér hæstv. viðskrh. heldur vera að draga í land. Ég heyrði ekki betur en að fyrr í máli hennar kæmi fram að hæstv. viðskrh. vildi láta fara fram frekari könnun á því hvort frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um dreifða eignaraðild stæðist samþykktir og tilskipanir Evrópusambandsins. Nú finnst mér hæstv. ráðherra hins vegar draga í land. Að vísu var talað um að menn gætu kært úrskurði ESA. Þetta er gamalkunn regla sem Framsfl. hefur fylgt í seinni tíð. Þetta var sú ábendng sem öryrkjar fengu á sínum tíma þegar þeir voru óánægðir með úrskurð ríkisstjórnarinnar í sínum málum. Þá steig ágætur hæstv. ráðherra Framsfl. í pontu og sagði: „Þið skuluð bara kæra.“ Ég veit ekki hvort ganga á út frá þeirri reglu í þessu máli einnig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 819.

[21:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, sem er 523. mál þingsins á þskj. 819.

Í frv. þessu er einungis mælt fyrir um flutning heimildar Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna viðskiptabanka og sparisjóða úr vaxtalögum í lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Þykir fara betur á því að þetta varúðarákvæði sem lýtur að áhættu viðskiptabanka og sparisjóða sé í lögum um þessar stofnanir frekar en í almennum vaxtalögum.

Í frv. til nýrra vaxtalaga sem einnig hafa verið lögð fram á þinginu er ákvæði um verðtryggingarjöfnuð fellt brott.

Herra forseti. Ég mælist til þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[21:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst svolítið sérkennilegt að taka þetta frv. á dagskrá vegna þess að þetta er frv. til laga sem á að vera flutt samhliða öðru frv. sem var lagt fram í dag og er ekki á dagskrá. Ég hefði talið eðlilegra að þau mál fylgdust að.

En ég geri mér grein fyrir, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að hér er ekki stórmál á ferðinni að því er þetta frv. varðar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra, þar sem við erum með þetta mál á dagskrá sem fjallar um að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða, hvort það sé ekki á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar að fara að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Það hefur lengi verið rætt um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að afnema ætti verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Nú höfum við búið ansi lengi við stöðugleikann, a.m.k. er ríkisstjórnin ávallt að telja okkur trú um það. Fyrir nokkrum árum var sagt af hálfu þeirra sem sitja í ríkisstjórn og man ég ekki betur en fyrrv. viðskrh. hafi rætt um það að stefna bæri að því að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum á útlánum þegar við byggjum við sæmilegan stöðugleika. Verðbólgan hefur verið lág í nokkurn tíma og eins og ég segi, ríkisstjórnin er að telja fólki trú um að hér sé stöðugleiki og verði eitthvað viðvarandi þannig að þetta er eðlileg spurning til hæstv. viðskrh. hvort eitthvað sé á hennar borðum verið að skoða að afnema verðtryggingu á útlánum. Eftir því sem ég hef skilið það mál best þá erum við eitt af fáum löndum sem búa við slíka verðtryggingu og ég spyr: Er ekki orðið tímabært að fara að huga að því að afnema verðtryggingu á útlánum.

[21:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort eitthvað sé á mínum borðum sem varði þetta. Það vill svo til að á borði hv. þm. er eitthvað sem varðar það sem hún talaði um því að búið er að dreifa frv. til vaxtalaga og þar er fjallað um þetta ákvæði en þar sem það mál er ekki á dagskrá, þá held ég að við þurfum ekki að fara frekar út í það núna (Gripið fram í.) en það verður tekið á dagskrá innan tíðar. Ég vildi að það gæti orðið í þessari viku en ég veit ekki hvort hæstv. forseti kemur því við.

Í því frv. er að sjálfsögðu fjallað um verðtryggingu en ég held að ég verði bara að halda hv. þm. spenntum þangað til hún fer að lesa það frv.

[21:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta staðfestir nákvæmlega það sem ég var að segja í upphafi máls míns að það var ekki eðlilegt að taka þetta mál á dagskrá. Þetta átti auðvitað að taka samhliða því frv. sem var dreift að því er ég best veit á undir þeirri umræðu sem við höfum setið hér í í dag og samkvæmt eðli máls hefur þingmönnum sem hér hafa setið ekki gefist færi

á að fletta því frv. eða skoða það. Mér fannst það hálfgerðir útúrsnúningar hjá hæstv. ráðherra í lokin að geta ekki svarað eðlilegri fyrirspurn og koma með köpuryrði um það að ég yrði bara að bíða hér spennt eftir því hvað stæði í þessu frv., herra forseti. Mér finnst það hálfgerður dónaskapur af hæstv. ráðherra að geta þá ekki svarað vegna þess að væntanlega hefur hæstv. ráðherra lesið frv. og ætti því að geta svarað þeirri fyrirspurn sem ég beindi til ráðherrans. Ég ætla því að ítreka hana, herra forseti, þar sem mér finnst hæstv. ráðherra ekki sýna hv. þingmönnum þá kurteisi sem hún á að gera.

(**Forseti** (HBl): Ég tek til greina þá athugasemd hv. þm. að eðlilegt er að þessi tvö frumvörp ræðist saman. Því er umræðunni frestað.)

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 21:38.

---

88. FUNDUR

miðvikudaginn 14. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rafrænar undirskriftir, stjfrv., 524. mál, þskj. 820. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 818. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég leggst inn á sjúkrahús í dag og ligg þar í nokkra daga óska ég eftir því, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn, Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, taki sæti mitt á meðan.

Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e."

Soffía Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðbrögð við gin- og klaufaveiki.

[13:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég leyfi mér að kveðja mér hljóðs um störf þingsins vegna þeirra miklu og alvarlegu stöðu sem er varðandi útbreiðslu á sjúkdómnum gin- og klaufaveiki víða um heim. Kallaðir hafa verið saman neyðarfundir í mörgum löndum, neyðarfundir ríkisstjórna og þjóðþinga til þess að ráðgast um hvernig við megi bregðast, hvernig megi hefta útbreiðslu veikinnar.

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur varað við hættunni af gin- og klaufaveiki og segir að sjúkdómurinn geti breiðst út um allan heim og stofnunin skorar á allar þjóðir að gera strangar ráðstafanir.

Herra forseti. Hér er mikið alvörumál á ferðinni og því leyfi ég mér að spyrja: Mun þetta mál koma til kasta þingsins eins og það gerir víða í löndum út um allan heim og til hvaða ráðstafana hefur ríkisstjórn Íslands gripið til að hindra að þessi sjúkdómur geti borist hingað til lands?

Herra forseti. Ég tel að hér sé svo alvarlegt mál á ferðinni að það sé nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fái að fylgjast með og verði þátttakandi í hvernig megi verjast því að sjúkdómurinn berist hingað til lands.

[13:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi í dag. Þetta er stórmál og varðar raunar heimsbyggðina alla og mikið og stórt mál fyrir okkur Íslendinga að verjast og gera strangar kröfur.

Auðvitað hafa verið haldnir margir neyðarfundir í ráðuneyti mínu. Málið hefur hvað eftir annað borið á góma á ríkisstjórnarfundum en mér finnst mjög mikilvægt að þingið fylgist með málinu, bæði hvað varðar gin- og klaufaveiki svo og kúariðu.

Ég vil í upphafi segja frá því að það var ákveðið í morgun að í dag færi auglýsing frá yfirdýralækni svohljóðandi:

„Vegna gin- og klaufaveiki sem greinst hefur í Stóra-Bretlandi og Frakklandi hefur yfirdýralæknir ákveðið að ekki verði mælt með innflutningi frá löndum Evrópusambandsins eða EFTA, eða frá öðrum löndum þar sem sjúkdómurinn hefur greinst, á vörum sem smitefnið getur borist með og falla undir stafliði a) og b) í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim."

Það þýðir sem sé að innflutningur verður ekki heimilaður á hráu kjöti eða ýmsum vörum sem smithætta er af frá Evrópusambandinu. Svo þekkja allir að margar fleiri aðgerðir eru í gangi. Það eru komnar mottur með sótthreinsilegi í flugstöðina í Keflavík og á flugstöðvar úti um land og allt gert til að fræða, bæklingar gefnir í flugvélar. Það hafa verið umræður við tollyfirvöld varðandi skip sem koma til landsins og flutninga, um að fyllsta öryggis sé gætt þar. Það er því mikil vinna í gangi hjá landbrn. og embætti yfirdýralæknis til að verjast þessum válega gesti. Ég heiti á alla Íslendinga að standa fast með okkur í þessari miklu baráttu.

[13:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að hafa tekið þetta mál upp. Full ástæða er til þess að fylgst sé með þessu máli á hv. Alþingi. Ég verð hins vegar að segja að ég treysti yfirvöldum ágætlega fyrir því að standa vel að þessu máli. Mér finnst það hafa komið fram að undanförnu

að það hafi allt verið gert sem mönnum hefur bókstaflega getað flogið í hug til þess að reyna að koma í veg fyrir að þessi smit berist hingað. Ég vona að það verði það sem menn halda áfram að gera, að bregðast við með öllum þeim ráðum sem menn sjá til þess að gera þessa hluti eins vel og mögulegt er. En það er sannarlega ekki sloppið fyrir hornið enn hvað þetta mál varðar því að nýjar og nýjar fréttir koma daglega af þessum sjúkdómum sem eru að koma upp allt í kring og því miður er áhættan fram undan örugglega mikil. Því er full ástæða til að menn hafi allan vara á sér.

[13:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að þetta málefni er tekið upp undir dagskrárliðnum Athugasemdir um störf þingsins eru einfaldlega þær að hér er bráð vá á ferð sem má búast við að nái út um alla heimsbyggðina og kemur víða inn á löggjafarþinginu. Það er ekkert óeðlilegt að við viljum fá að vita hvort búast megi við eða hvort ástæða sé til að ætla að þingið þurfi að koma að þessu máli. Er löggjöfin á einhvern hátt þannig að það þurfi að herða hana, þannig að við höfum lagalega stoð til að setja allar þær varnir sem við höfum þekkingu á til að verja landið bæði fyrir riðuveiki og þá sérstaklega núna þessari bráðsmitandi pest, gin- og klaufaveikinni. Er eitthvað sem vantar upp á lagalega séð til að hæstv. ráðherra og yfirdýralæknir geti brugðist við eins og menn hafa bestu þekkingu til?

[13:38]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Vissulega er vá fyrir dyrum og það eru ógnvekjandi fréttir sem berast hingað frá Bretlandi og ekki er það gott að þessi alvarlegi sjúkdómur er farinn að breiðast út á meginlandið líka. Ég er vissulega á því að það eigi að grípa til eins harðra ráðstafana og unnt er í þessu sambandi.

Ég treysti því að ráðuneytið sé vel á verði og hef reyndar fregnir af því. Við ræddum þessi mál í hv. landbn. í morgun og þar vorum við með frv. um dýrasjúkdóma sem hafði reyndar verið ætlunin að afgreiða út á þeim fundi en það var sent aftur í ráðuneytið ef unnt væri í tengslum við samþykkt á því frv. að setja einhver hert lög um einmitt innflutning til landsins vegna hættu á hættulegum dýrasjúkdómum. Þetta er því til skoðunar hjá ráðuneytinu og verður tekið fyrir í næstu viku.

Ég verð samt að segja að mér fundust tillögur sem ég heyrði í síðustu viku um að fara að skjóta farfugla til að rannsaka hvort þeir bæru með sér gin- og klaufaveiki á fótunum nokkuð róttækar og ég verð að segja að jafnvel þó að fyndist gin- og klaufaveikissmit á fótum einhverra svana, hvað ætla menn þá að gera? Skjóta alla farfugla? Ég tel þá leið ekki færa og mæli ekki með henni jafnvel þó ég vilji að ýtrustu varúðar sé gætt.

[13:40]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa átt sér stað og settar eru fram undir formerkjum þess að ræða um störf þingsins eiga ekki heima þar. Hér fara fram efnislegar umræður um gin- og klaufaveiki, hugsanlega um fækkun á álftum og þetta á engan veginn heima um störf þingsins. Ef það hefði hins vegar komið í ljós að sá farvegur sem er til samkvæmt þingsköpum fyrir umræður af þessu tagi hefði ekki fengist nýttur af einhverjum ástæðum þá hefði það verið eðlilegt. En það vill nú svo til að hér eru á eftir fyrirspurnir til ráðherra og ekkert er eðlilegra en að koma fyrirspurnum af þessu tagi fyrir í eðlilegum farvegi þingsins. Ég mælist til þess, herra forseti, að menn misnoti ekki umræður um störf þingsins með þessum hætti.

[13:41]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vona að það sé ekki misnotkun þó ég nefni það að í landbn. í morgun vorum við að ræða þetta mál, dýrasjúkdóma, og þar er reyndar frv. til breytinga á lögum án þess að nokkurs staðar komi fram að að skerpa þurfi eða auka við lagaheimildir. Þær eru skýrar og klárar hvað varðar sóttvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum og varnir gegn innflutningi á sýktum vörum. Þessar heimildir eru allar fyrir hendi hjá hæstv. landbrh. að fengnum tillögum yfirdýralæknis þannig að þó að við kæmum með frv. til breytinganna í dag eykur það ekki neitt við reglur eða lög því að það er allt skýrt og klárt fyrir.

Við erum með skýrari og öruggari varnir gegn innflutningi á landbúnaðarvöru en nokkur önnur þjóð. Það er þannig að hjá okkur er innflutningur bannaður nema hann sé leyfður en hjá öðrum þjóðum er hann leyfður nema hann sé bannaður með sérstökum lögum. Ég vona að menn skilji muninn á þessu og efa það reyndar ekki.

Hvað varðar álftirnar blessaðar þá er meiningin að taka saursýni og vita hvort þær beri með sér í innyflum sínum einhvern óþverra fyrir Ísland. Hitt get ég upplýst að það er enginn vandi að skjóta álftir. Menn geta hitt þær ágætlega en ég hef ekki séð þær fara inn í gripahús. Hins vegar sé ég oft litla fugla fara þangað inn. Það er bæði erfiðara að skjóta þá og taka af þeim sýni en hitt er annað mál að það hefur ekki verið upplýst hvað yfirdýralæknir hyggst fyrir eða ráðuneytið ef þessar blessaðar skepnur bera með sér sýkingarhættu.

[13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég bið þingheim og landsmenn alla að afsaka það gáleysistal sem mér finnst vera hjá sumum þingmönnum gagnvart þessu máli. Þjóðþing landa út um allan heim, ráðherrar, það eru neyðarfundir í ríkisstjórnum, eru að fjalla um þetta. Það koma hvatningarorð og tilskipun hálfgerð frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna um að grípa til aðgerða og þeir hv. þm. sem telja að hægt sé að segja að þetta komi þinginu ekki við, gera sér ekki grein fyrir alvöru þessa máls og ættu að fá um það leiðsögn og kennslu, herra forseti. Þetta er alvörumál og fjöldi ríkja er nú að loka fyrir allan innflutning á kjöti, ekki bara frá Evrópusambandslöndunum sem ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra að væri þegar búið að gera. Veikin er komin upp í Argentínu og samkvæmt þeim fréttum sem Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna sendir nú út segir hún að ekkert land geti lýst sig örugglega frítt við veikina. Hún getur breiðst út um allan heim. Þess vegna er afar mikilvægt að við hér séum ekki að draga það að grípa til allra þeirra ströngustu ráðstafana sem við getum gert til að hindra það að veikin berist hingað til landsins og það er ekkert gáleysistal og það yrði eitt af stærri málum sem kæmi fyrir þingið ef þetta bærist inn í landið.

Ég vil biðja hv. þm. að gera sér í alvöru grein fyrir því hvað þeir eru að fjalla um.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 5. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[13:46]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason heyrir greinilega ekki það sem sagt er eða heyrir einungis það sem hann vill að sagt sé. Enginn hefur sagt að þetta mál komi þinginu ekki við. Hvers lags útúrsnúningur er þetta? Aðeins hefur verið bent á það hér að einmitt þar sem þetta mál kemur þinginu við þá er ákveðinn farvegur til fyrir fyrirspurnir í þessu máli. Hv. þm. hefur sjálfur ekki gefið skýringu á því hvers vegna hann nýtir ekki þá farvegi sem til eru, m.a. með því að leggja fsp. fyrir landbrh. í fyrirspurnatíma. (**Gripið fram í:** Bíða í hálfan mánuð?)

[13:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég get auðvitað tekið undir það með hv. þm. Tómasi Inga Olrich að ég hefði, og þingið, þurft lengri tíma til að ræða þetta grafalvarlega mál. Það er rétt hjá hv. þm.

En ég þakka eigi að síður hv. þm. fyrir að vekja athygli á málinu og fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Þetta er gríðarlegt alvörumál sem snertir heimsbyggðina alla og okkar litlu þjóð. Ég er þakklátur fyrir þann stuðning og hvatningu sem við fáum héðan og skilning þjóðarinnar á mikilvægi þess að fara varlega og gera allt sem hægt er. Við erum og höfum verið að taka ákvarðanir með skjótum hætti um aðgerðir til að verjast þessum mikla sjúkdómi. Ég held að ég geti sagt það hér að okkur sýnist að lögin séu mjög rúm þannig að það kallar ekki á lagabreytingu, við höfum heimildir til þess frá þinginu en það verður auðvitað rætt við þingið ef það þarf að breyta löggjöf. Hitt er annað mál að verið er að skoða málið hvað kúariðuna varðar og það mál kallar áreiðanlega á lagabreytingar — eða gæti gert það.

Ég vil líka hvetja til þess að við þær aðstæður sem nú ríkja og geta ríkt í einhverjar vikur ferðist Íslendingar ekki inn á svæði þar sem kúariða er. Ég harma það ef ferðaskrifstofur halda sig við að fara inn á svæði sem eru núna að berjast við þennan sjúkdóm því jafnvel í Bretlandi er það svo að þar hafa menn sett á ferðabann milli bæja til að reyna að stöðva sjúkdóminn þannig að við þurfum að gera hér margt.

Hvað blessaða álftina varðar þótti mér það auðvitað djörf ályktun hjá yfirdýralækni að fara að skjóta nokkrar álftir því að mér þykir vænt um þær. En þetta er rétt sem hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði, það þarf að kanna ekki bara fæturna heldur saurinn einnig. (**Gripið fram í:** Það þarf ekki að skjóta þær til þess.) Það þarf ekki einu sinni að skjóta þær til þess. En ég held að við þurfum að gera allt og þetta eru auðvitað vísindi þannig að það verður skoðað.

En ég fullvissa þingheim um það, hæstv. forseti, að gripið verður til allra þeirra aðgerða og hér koma engar vörur frá löndum þar sem gin- og klaufaveiki hefur greinst. Ég var að skýra frá því hér áðan hvað Evrópusambandið varðar að nú fer yfirlýsing um að ekki verði leyfðar neinar vörur frá Evrópusambandinu í heild sinni.

Rafrænar undirskriftir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 820.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KLM, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, DO, EKG, GHH, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SP, SJS, SvH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:52.

---

89. FUNDUR

miðvikudaginn 14. mars,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Innflutningur hvalaafurða, fsp. SvanJ, 421. mál, þskj. 682.

Til félagsmálaráðherra:

2. Húsnæðismál, fsp. ÖJ, 458. mál, þskj. 731.

Til umhverfisráðherra:

3. Lög um vernd og nýtingu erfðaauðlinda, fsp. MF, 464. mál, þskj. 743.

Til samgönguráðherra:

4. Hjólreiðamenn á Reykjanesbraut, fsp. KolH, 490. mál, þskj. 776.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, fsp. DrH, 497. mál, þskj. 783.

6. Viðhald sjúkrahúsbygginga, fsp. MF, 513. mál, þskj. 809.

7. Rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík, fsp. KF og ÁMöl, 514. mál, þskj. 810.

8. Sjálfstætt starfandi heimilislæknar, fsp. ÁMöl og KF, 515. mál, þskj. 811.

9. Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga, fsp. MF, 518. mál, þskj. 814.

10. Fjöldi öryrkja, fsp. KF, 544. mál, þskj. 847.

Til iðnaðarráðherra:

11. Byggðakvóti, fsp. KLM, 499. mál, þskj. 786.

12. Jarðvarmi og vatnsafl, fsp. ÞSveinb, 547. mál, þskj. 851.

Til viðskiptaráðherra:

13. Greiðslur vegna tjóna af völdum jarðskjálfta, fsp. MF, 516. mál, þskj. 812.

Innflutningur hvalaafurða.

Fsp. SvanJ, 421. mál. — Þskj. 682.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Vorið 1999 var samþykkt á Alþingi að hefja hvalveiðar. Ekki hafa þær veiðar þó enn hafist og er ein af ástæðum þess talin sú að Japansmarkaður hefur virst okkur lokaður, a.m.k. meðan við stæðum utan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Norðmenn ákváðu hins vegar í ársbyrjun að leyfa útflutning á hvalaafurðum og þeir eru til sem töldu að þá væri því ekkert til fyrirstöðu að við hæfum einnig hvalveiðar. En staða Norðmanna er allt önnur en okkar. Bæði mótmæltu þeir banninu við hvalveiðum á sínum tíma og eru auk þess í Alþjóðahvalveiðiráðinu. En við hljótum þó að horfa til þess hvernig Norðmönnum gengur við sinn útflutning því á því geta möguleikar okkar oltið til að hefja hvalveiðar að nýju.

Japansmarkaður hefur enn ekki verið opnaður Norðmönnum og það var, herra forseti, afar athyglisverð frétt í Morgunblaðinu í janúar sl. um viðbrögð japanskra neytenda við hugsanlegum innflutningi á hvalaafurðum frá Noregi. Þeir hafa upplýsingar um það að hvalkjötið en þó einkum hvalspikið sé mengað díoxíni og PCB og frábiðja sér slíkan varning. Útskýringar ráðgjafa norsku ríkisstjórnarinnar á þessum viðbrögðum eru þær að japanskir neytendur séu einfaldlega undir áhrifum samtaka sem séu andvíg hvalveiðum. Japönsk stjórnvöld hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þau leyfa þennan innflutning en eru greinilega undir þrýstingi heima fyrir um að gera það ekki.

Herra forseti. Þetta eru merkilegar upplýsingar fyrir okkur Íslendinga sem hljótum að fylgjast grannt með því hvaða skilyrði Japanir setja fyrir innflutningi hvalaafurða og þá í leiðinni hvernig það kæmi út fyrir okkur efnahagslega að taka upp hvalveiðar að nýju. Spurningin er líka sú hvort við ætlum að sýna Norðmönnum þann stuðning sem við megum ef þeir gætu orðið sá brimbrjótur sem þarf varðandi útflutning hvalaafurða til Japans. Það hlýtur því að skipta máli fyrir framhald og vinnslu þeirrar ákvörðunar Alþingis að hefja hvalveiðar hvernig við bregðumst við vilja Norðmanna til útflutnings. Ég hef því beint eftirfarandi spurningum til hæstv. landbrh.:

1. Hefur verið leitað eftir því að fá að flytja inn hvalaafurðir frá Noregi eftir að þar var ákveðið að leyfa útflutning?

2. Er vilji fyrir því hjá stjórnvöldum að heimila slíkan innflutning?

[13:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Nú eru fleiri sótraftar á sjó dregnir en ætla má þegar landbrh. stendur hér og svarar slíkri fyrirspurn. En ég þakka fyrirspurnina og get upplýst það að enginn hefur leitað eftir því við landbrn. að fá að flytja inn hvalaafurðir frá Noregi eftir að norsk stjórnvöld ákváðu útflutning frá sér.

Ég vil líka upplýsa það að landbrh. hefur engan sérstakan áhuga á því að flytja inn hvalkjöt. Við eigum mikið af góðu kjöti úr íslenskri náttúru, heilnæmt og gott. Hins vegar kann ég ekki að skýra frá því í ræðustól hvernig ég yrði að bregðast við ef einhver óskaði eftir því að fá að flytja inn slíka afurð hingað, en þá yrði auðvitað sest yfir það í landbrn. og málið skoðað vandlega.

[13:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sótraftar á sjó dregnir, segir hæstv. landbrh. og er búinn að vera hér í aðalhlutverki síðan þessi fundur hófst og hefur staðið sig með nokkrum ágætum í orðaskaki og verið bara nokkuð formannslegur. (Gripið fram í.) Formannslegur segi ég, en að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir að hann er í framboði til varaformanns. Þetta var hrósyrði af minni hálfu ef menn hafa ekki skilið það. En, herra forseti, ég ætla að vona að ef erindi kemur til hæstv. landbrh. um að skoða það að flytja inn hvalkjöt, þá meti hann það ekki út frá því hvort honum finnist annað kjöt á Íslandi gott. Sú er hér stendur kann mjög að meta hvalkjöt og finnst það öndvegismatur og ég ætla að vona að ráðherrann meti umsóknina út frá faglegum sjónarmiðum en alls ekki því hvort hann vill að vér etum kindakjöt eingöngu.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt síðan þessi fyrirspurn var lögð fyrir á Alþingi og henni var fyrst beint til hæstv. viðskrh. Það kom síðar í ljós að fyrirspurnin átti heima hjá hæstv. landbrh. og því kemur það í hans hlut að svara, væntanlega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, herra forseti, vegna þess að ég taldi að hér væri mál þeirrar gerðar á ferðinni að það væri ekki bara spurning um smekk landbrh. heldur hvort Íslendingum og þá ráðherrum, stjórnvöldum, væri einhver alvara með því að samþykkja að hefja hér hvalveiðar því að ég hef staðið í þeirri meiningu vegna þess að fram hefur komið að til þess að við gætum hafið hvalveiðar þyrftum við að geta flutt út. Og þá er spurningin: Ætlum við þá ekki að styðja frændur okkar Norðmenn nú, þegar þeir hafa ákveðið að hefja útflutning með því að lýsa yfir einhverjum vilja í þá veru að við séum þá tilbúin að flytja það inn eða á bara að afgreiða málið á þeim forsendum að landbrh. telur, svona persónulega, að annað kjöt sé betra? Er þetta öll pólitíkin sem sýnd er í málinu? Er þetta alvaran sem fylgir „ákvörðun" stjórnvalda um að hefja hvalveiðar að nýju?

Herra forseti. Ég lít svo á að hér sé á ferðinni stórpólitískt mál. Það er búið að ákveða að hefja hvalveiðar. Sú ákvörðun hefur nú staðið í u.þ.b. tvö ár. Hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála segir okkur reglulega að verið sé að vinna í málinu. Mér finnst þau svör sem ég hef fengið í dag ekki sannfærandi hvað það varðar.

[14:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Nú hitnaði heldur í kolunum og hef ég líklega talað af mér hér áðan. En það er alveg ljóst eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist á að auðvitað verða fagleg sjónarmið að ráða. Ég sagði að enginn hefði sótt um að flytja inn hvalkjöt en verði það gert sýnist mér það mjög einfalt, að engin leið verði að hafna því jafnvel þótt ráðherrann vildi gera slíkt sem ég ekki vil því að ég er stuðningsmaður og greiddi því atkvæði á Alþingi Íslendinga að hvalveiðar yrðu hafnar því að ég álít að við eigum ekki að láta hvalinn éta okkur út á gaddinn. Hann gæti gert það ef hann einn fær frið í náttúrunni. Þetta er afurð sem ber að nýta þannig að ég fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að samviska *mín er hrein í þessu þó að ég minnti á, sem hún skilur vel,* hve íslenskt kjöt væri gott úr íslenskri náttúru. Það var frá hjartanu mælt og af einlægni.

Áhugi er hjá mörgum að hefja hvalveiðar og ég styð það, ríkisstjórnin styður það og Alþingi styður það þannig að auðvitað gerum við allt til þess að styðja okkar stuðningsaðila, Norðmenn, í þeim efnum.

Ég verð því miður að segja hv. þm. að engin umsókn hefur komið enn þá um að flytja hingað inn hvalkjöt en það verður metið á mjög faglegum forsendum þegar það gerist og ég sé enga leið eða ástæðu til að banna það.

Húsnæðismál.

Fsp. ÖJ, 458. mál. — Þskj. 731.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Allar götur frá því að grundvallarbreytingar voru gerðar á húsnæðiskerfinu í byrjun árs 1998 hafa komið fram ábendingar um að kerfið þurfi að endurskoða og grípa til hliðarráðstafana sem tryggi tekjulægri hluta samfélagsins aðgang að íbúðarhúsnæði á viðunandi kjörum. Margt veldur þeim vanda sem við er að stríða í húsnæðismálum. Miklir búferlaflutningar eiga án efa sinn þátt, en ekki verður heldur *fram hjá því horft að með þyngri lánskjörum vegna kaupa* á íbúðarhúsnæði fjölgar þeim sem þurfa að leita út á leigumarkaðinn. Sá markaður er allt of lítill og þar af leiðandi rándýr.

Samkvæmt skýrslu félmrn. frá því í apríl á síðasta ári skorti um 1.100 leiguíbúðir á höfuðborgarsvæðinu og allir þekkja það af fréttum að í Reykjavík einni eru á fjórða hundrað einstaklingar og fjölskyldur í bráðri neyð að mati félagsmálayfirvalda. Margir eiga innhlaup hjá félagslegum aðilum þar sem leigan er víða heldur lægri en þá er á það að líta að framtíð þessara aðila er ótrygg því að ófrágengið er hvernig stuðningi við þá verður háttað til framtíðar.

Þeir sem vilja festa kaup á íbúðarhúsnæði eiga kost á húsbréfalánum sem eru verðtryggð með 5,1% vöxtum. Það eru lægri vextir en gerast á almennum lánsfjármarkaði en sá hængur er á að ávöxtunarkrafa húsbréfanna hefur sveiflast eftir því sem eftirspurn hefur verið á þessum markaði. Þegar dregið hefur úr eftirspurn á verðbréfamarkaði eftir húsbréfum hefur það leitt til affalla á bréfunum sem síðan hefur orðið til að þrýsta íbúðarverði upp. Tekjulægsta fólkið á að sönnu kost á viðbótarlánum en þau lán eru á hærri vöxtum en húsbréfin og allir þurfa síðan að leita út á uppsprengdan lánsfjármarkaðinn um þá upphæð sem upp á vantar. Algengt er að tekjulágt fólk sé nauðbeygt til að taka víxillán sem bera 20% vexti.

Við erum komin langan veg frá félagslega íbúðakerfinu sem bauð tekjulægra fólki kost á lánum til húsnæðiskaupa með 1% vöxtum til 40 ára. Ekki skal gert lítið úr þeim stuðningi sem fólk hefur af vaxtabótum og húsaleigubótum þótt sá stuðningur þyrfti að vera mun meiri. En niðurstaðan er þessi: Sveiflur í eftirspurn eftir húsbréfum valda afföllum og auknum byrðum á kaupendur húsnæðis. Þessa eftirspurn þarf að tryggja þannig að hún sé stöðug. Ef lífeyrissjóðirnir hefðu tryggt stöðuga eftirspurn eftir húsbréfum í sumar hefði mátt komast hjá hinum miklu afföllum sem þá urðu.

Í öðru lagi þarf að tryggja stóraukið framboð á leiguhúsnæði *til að svara eftirspurn til frambúðar.* Til að svo megi verða þarf að koma til þjóðarátaks til lausnar þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í húsnæðismálum og að því átaki komi ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir. Ríki og sveitarfélög veiti félagslegan stuðning með niðurgreiddu fjármagni og hugsanlega einnig stofnstyrkjum til aðila sem reisa og reka leiguhúsnæði auk að sjálfsögðu vaxtabóta og húsaleigubóta til einstaklinga. Samtök launafólks og almannasamtök sem halda utan um málefni leigjenda eða sinnt hafa félagslegum þörfum á þessu sviði þyrftu einnig að koma að þessu átaki.

Nú er mér kunnugt um að hæstv. félmrh. hefur tekið vel í hugmyndir af þessu tagi og telur brýnt að leita nýrra lausna til að ráða bót á húsnæðisvandanum. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hverjar þær lausnir eru.

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að vekja máls á þessu efni. Ég vil segja það fyrst að húsnæðislöggjöfin er nokkuð góð. Félagsbústaðir hafa stóraukið framboð á leiguhúsnæði borgarinnar. Árið 1991 voru keyptar 14 íbúðir, 100 í fyrra og 96 árið 1999. Afgreiðsla íbúða á vegum húsnæðisnefndar Reykjavíkur var þannig að á árinu 1991 voru afgreiddar 223 íbúðir, 528 í fyrra.

Hins vegar er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að framboð á leiguhúsnæði er of lítið. Ég hef að undanförnu átt viðræður við forustumenn lífeyrissjóða, við forustumenn úr atvinnulífi og verkalýðshreyfingu og hef ritað lífeyrissjóðunum svohljóðandi bréf sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Á síðastliðnum árum hefur eftirspurn eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu vaxið mjög. Ástæðan er m.a. sú að aðflutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins bæði frá landsbyggðinni og frá útlöndum er langt umfram áætlanir. Fleiri þættir koma til. Breyttar forsendur vegna lengri skólagöngu *og hreyfanlegri vinnumarkaður kallar á eftirspurn eftir leigu*húsnæði. Þrátt fyrir verulega aukningu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga er mikil þörf fyrir fleiri leiguíbúðir.

Sveitarfélögum ber lögum samkvæmt að tryggja eftir því sem kostur er framboð á leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna, svo að vitnað sé til félagsþjónustulaganna. Félagsmálaráðuneytið telur mjög brýnt að fá fleiri aðila til að stuðla að auknu framboði leiguíbúða. Lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, opna möguleika á því að félög eða hlutafélög sem stofnuð eru í þeim tilgangi að vinna að húsnæðismálum geti sótt um allt að 90% lán frá

Íbúðalánasjóði til kaupa eða byggingar leiguíbúða. Félögin þurfa að útvega 10% fjármögnunar.

Þau félög sem nú þegar starfa að þessum málum eru flest bundin starfsemi í þágu sérhópa, svo sem stúdenta, fatlaðra og aldraðra. Þau félög sem starfa á almennum grundvelli eru húsnæðissamvinnufélögin sem stofnuð voru 1983 og hafa á sínum vegum rekstur fjölmargra íbúða. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti hefur t.d. öðlast mikla reynslu og ræður yfir fagþekkingu á þessu sviði. Búsetaíbúðir eru millistig milli eignar- og leiguíbúða. Leigjandi kaupir búseturétt sem er a.m.k. 10% og Búseti er því ekki hefðbundið leigufélag.

Sú hugmynd hefur verið sett fram í félagsmálaráðuneytinu að kannaður verði áhugi á því að Búseti stofni húsnæðisfélag um rekstur leiguíbúða með aðild verkalýðshreyfingar og/eða lífeyrissjóða. Í 4. gr. b-lið samþykkta húsnæðissamvinnufélagsins Búseta kemur m.a. fram að eitt af markmiðum félagsins er „að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélög, enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnu". Önnur félög eða hlutafélög gætu hugsanlega tekið slíkt að sér sem stofnuð yrðu, og einnig er sá möguleiki fyrir hendi að fela Félagsbústöðum í Reykjavík rekstur íbúðanna samkvæmt rekstrarsamningi. Spurning er hvort lífeyrissjóðir sem lána sjóðfélögum til kaupa á eigin húsnæði geti komið til móts við leigjendur með því að eiga aðild að leigufélögum Búseta með því að lána 10% byggingarkostnaðar eða kaupverðs íbúðarinnar. Á vegum félagsmálaráðuneytisins er unnið að útfærslu á tillögum um aðstoð við leigjendur með breytingum á húsaleigubótum, með stofnstyrkjum til framkvæmdaraðila og athugun á skattalegu umhverfi leigufélaga. Varðandi þátttöku sveitarfélaga eru hugmyndir um framlög í formi lóða- og gatnagerðargjalda. Hugmyndir hafa verið kynntar nokkrum forustumönnum verkalýðshreyfingar, Samtaka atvinnulífsins og lífeyrissjóða.

Í ljósi jákvæðra undirtekta þar sem kynntar hafa verið ofangreindar hugmyndir og hvort og þá hvernig lífeyrissjóðir gætu stuðlað að auknu framboði leiguíbúða er þess hér með farið á leit að nokkrir öflugustu lífeyrissjóðirnir tilnefni fulltrúa til viðræðna við fulltrúa ráðuneytisins um frekari könnun á hugmyndinni."

Þetta var bréfið, herra forseti, og það var sent níu stærstu lífeyrissjóðunum og samrit til ASÍ, BSRB, Samtaka atvinnulífsins og Búseta.

[14:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þungann í orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar varðandi erfiðleika á húsnæðismarkaði og minni á að ekki síst þess vegna hefur Samfylkingin flutt ítarlega tillögu um átak í þessum efnum, m.a. að leita samstarfs við lífeyrissjóðina. Sú tillaga verður rædd á morgun og ætla ég ekki þess vegna að víkja nánar að henni. En ég hlýt að gagnrýna hvernig hæstv. félmrh. bregst við orðum þingmannsins þegar hann ber saman framboð nú og 1991. Hann sleppir því að auk leiguíbúða hafi verið hér verkamannabústaðaíbúðir, kaupleiguíbúðir og 100% lán. Og ekki þarf annað en að vísa í orð félagsmálastjórans í Reykjavík um að ástand á leigumarkaði fer stöðugt versnandi, biðlistar lengjast og fólk býr við óviðunandi aðstæður. Þess vegna finnst mér, herra forseti, undarlegt með hvaða hætti félmrh. bregst við þessari fyrirspurn þó að hann vísi í ágætt bréf um að leita nú til lífeyrissjóðanna.

[14:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna viðbrögðum hæstv. félmrh. við þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Ögmundur Jónasson bar fram varðandi húsnæðismál. Ég hlýt einnig að fagna því frumkvæði sem hæstv. ráðherra hefur tekið með því að beita sér fyrir að skrifa aðilum bréf um að bjóða þeim til samstarfs á þessum vettvangi. Þetta er í miklu samræmi við þær hugmyndir sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum einmitt verið að leggja áherslu á síðustu mánuði í umræðum um húsnæðismál og ég tel að þarna sé verið að fara inn á leið sem geti verið góð lausn til framtíðar ef tekst að byggja hana upp, sem ég vona að verði gert, og óska þess að málinu verði fylgt eftir af fullum þunga.

[14:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í máli hæstv. félmrh. kom fram að hann telur að nýja húsnæðislöggjöfin hafi reynst vel. Það getur vel verið að hún hafi reynst einhverjum viðhlítandi en það sem við stjórnarandstæðingar vöruðum sérstaklega við þegar við töluðum okkur blá í þessu máli þegar þessi lög voru samþykkt var að þau væru mjög óhagstæð þeim hópi sem stæði höllustum fæti í þjóðfélaginu. Það hefur sérstaklega komið á daginn núna þar sem staðfest hefur verið að biðlisti eftir húsnæði í Reykjavíkurborg hefur tvöfaldast á sl. tveim árum jafnvel þó að uppkaup á húsnæði til að leigja út, eftir því sem hæstv. félmrh. upplýsti, hafi stóraukist. Ég verð að segja að þetta finnst mér einmitt sýna fram á að við sem vöruðum við þessu á sínum tíma höfðum rétt fyrir okkur, en að öðru leyti vil ég fagna því að hæstv. félmrh. vill ganga til samstarfs við Búseta um lausn málsins.

[14:15]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mjög alvarlegt vandamál. Það vantar íbúðir fyrir fólk sem ekki hefur mikil ráð og þarf að komast í ódýrt leiguhúsnæði og það er náttúrlega nauðsynlegt að bregaðst við því. Þetta er ákveðinn húsnæðisvandi.

En það er líka annar húsnæðisvandi sem blasir við og hann er sá að hér á landi er til fullt af íbúðum sem hafa verið byggðar og reistar en standa tómar og liggja undir skemmdum víða um land. Það er mikill vandi. Því miður má rekja þann vanda til þess að ríkisstjórnin stendur sig ekki nógu vel í að vera með góða og jákvæða byggðaþróun þannig að fólk hafi áhuga á því að fara út á land — það hefur náttúrlega áhuga á því en það verða að vera tækifæri til þess. Þetta verða menn líka að hafa í huga þegar fjallað er um þessi mál.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann veitti. Við erum að vísu ekki sammála um ágæti nýja húsnæðiskerfisins en við erum sammála um hitt að horfa fram á veginn og leita nýrra lausna á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir og að byggja þær lausnir á eins breiðri samstöðu og unnt er að skapa og það eigum við að sjálfsögðu að reyna að gera í sameiningu.

Það er von mín að sú atburðarás sem nú er verið að hrinda af stað og hæstv. félmrh. greindi frá muni leiða til þess að efnt verði til þjóðarátaks þar sem að komi ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir um lausnir, en að stefnumótandi vinnu komi einnig samtök á vinnumarkaði, verkalýðshreyfing og

samtök atvinnurekenda og að sjálfsögðu einnig þeir aðilar, þau almannasamtök, sem halda utan um félagsleg réttindi leigjenda.

Við fundum það þegar við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði settum fram hugmyndir í byrjun febrúarmánaðar um að efna til slíks þjóðarátaks og kalla lífeyrissjóðina til ábyrgðar að þær hugmyndir fengu góðan hljómgrunn. Lífeyriskerfið byggir á því að allir landsmenn, launamenn og atvinnurekendur eru skyldaðir til að greiða fjármuni inn í þetta kerfi. Þetta er orðinn veigamikill hluti af fjármálakerfi þjóðarinnar. Þetta kerfi þarf að sjálfsögðu einnig að kalla til samfélagslegrar ábyrgðar og allir ábyrgir aðilar í þessu þjóðfélagi, ríkið, sveitarfélögin, lífeyrissjóðirnir, verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur og almannasamtök eiga að fylkja sér undir þetta merki. Ég fagna sérstaklega svari hæstv. félmrh. og vona að sú atburðarás sem hann hefur nú hrundið af stað verði til góðs.

[14:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fagna mjög jákvæðri umræðu allra þeirra sem hér hafa tekið til máls og ég vona að hér geti orðið góð samstaða um þetta mikla verkefni. Unnið er að því að leysa vanda þeirra byggðarlaga þar sem of mikið framboð er á húsnæði jafnframt því sem framtíðaraðstoð við að fullnægja þörf eftir leiguhúsnæði er líka til athugunar og er unnið að frambúðarlausn á þeim vanda.

Við erum að skoða skattlagningu húsaleigubóta eða kanna áhrif á afnám skattlagningar. Við erum að athuga stofnstyrki, t.d. 3% frá ríki og 2–3% frá sveitarfélagi og ef sveitarfélagið kemur á móti, þá væri e.t.v. hærri upphæð frá ríkinu og sveitarfélagið fengi tilvísunarrétt, ráðstöfunarrétt á einhverjum íbúðunum. Við erum að skoða húsaleigubótahækkun sem kæmi þá á móti hugsanlegri hækkun vaxta þannig að leigukostnaður einstaklinganna hækki ekki.

Menn hafa verið að draga í efa framboð félagslegs húsnæðis í Reykjavík. Afgreiðsla íbúða á vegum Húsnæðisnefndar Reykjavíkur hefur vaxið úr 223 íbúðum 1991 í 528 árið 2000. Menn hafa talað um vaxandi erfiðleika lágtekjufólks. Vanskil við Íbúðalánasjóð er í sögulegu lágmarki og umsóknir um greiðsluerfiðleikalán eru líka miklu færri en þær hafa verið áður. Þær voru 1545 árið 1995, en 233 í fyrra. Það er dálítil aukning í óskum um frystingu núna og því miður virðist áfallið í Vestmannaeyjum hafa orðið til þess að Vestmanneyingar hafa í auknum mæli óskað eftir greiðslufresti.

Lög um vernd og nýtingu erfðaauðlinda.

Fsp. MF, 464. mál. — Þskj. 743.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eitt af þremur meginmarkmiðum Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni er að tryggja réttmæta skiptingu á þeim hagnaði sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda. Í samningnum er staðfest að erfðaauðlindir eru í forsjá þjóðríkja og háðar landslögum þeirra. Einnig er kveðið á um að hvert ríki skuli tryggja með lögum eða öðrum stjórnvaldsaðgerðum aðgang að erfðaauðlindum og nýtingu þeirra svo framarlega sem slík starfsemi stangist ekki á við markmið samningsins. Með sama hætti ber að tryggja réttmæta skiptingu á afrakstrinum sem fæst af rannsóknum á þeim og hagnýtingu.

Íslendingar eru fullgildir aðilar að Ríó-samningnum og hafa tekið á sig ábyrgð á að koma af stað og fylgja eftir aðgerðum sem stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda. Nokkur skref hafa verið stigin og þar á meðal voru sett ákvæði í lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem taka til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum en jafnframt er tekið fram að þessi ákvæði skuli endurskoðuð fyrir 1. janúar 2001. Miðað við það þá væntu menn þess að heildstæð löggjöf um vernd og nýtingu erfðaauðlinda lægi fyrir en sá frestur er nú liðinn og enn hefur ekkert slíkt frv. birst.

Hveraörverur og erfðaefni þeirra er aðeins hluti af þeim erfðaauðlindum sem við eigum og ber skylda til að vernda og nýta á sjálfbæran hátt. Margvísleg verðmæti eru fólgin í erfðaefni hinnar villtu náttúru landsins og erfðaauðlindum í landbúnaði eins og nýleg dæmi sýna. Hér á landi nýtum við innlendar erfðaauðlindir í sauðfjárrækt, hrossarækt og nautgriparækt þar sem byggt er á gömlum landnámskynjum sem okkur ber að vernda. Málið lýtur þó ekki aðeins að líftækni og afrakstri hennar. Það nær einnig til inn- og útflutnings á fósturvísum kúa, hrossa og sauðfjár. Hætta er talin á erfðamengun villtra laxastofna vegna innflutnings á norskum stofnum til fiskeldis. Innfluttar plöntur geta valdið óæskilegum breytingum á erfðaefni í villtri náttúru landsins og þannig mætti áfram telja.

Það er orðið brýnt að setja heildarlög um aðgang að erfðaauðlindum landsins, vernd þeirra og nýtingu sem tryggja réttmæta skiptingu á afrakstri þeirra, bæði beinum og afleiddum.

Nú eru meira en sex ár liðin frá því að Ísland gerðist fullgildur aðili að Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni og því spyr ég hæstv. umhvrh.:

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp að heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu erfðaauðlinda á grundvelli Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni og ef svo er, hvenær?

[14:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt: Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp að heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu erfðaauðlinda á grundvelli Ríó-samningsins um líffræðilega fjölbreytni og ef svo er, hvenær?

Því er til að svara að í umhvrn. hefur verið til athugunar undirbúningur að frv. til laga um vernd, nýtingu og aðgang að erfðaauðlindum í náttúru landsins í samræmi við ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytingi sem Ísland gerðist aðili að 1995 og hv. fyrirspyrjandi, Margrét Frímannsdóttir, lýsti ágætlega í ræðu sinni.

Setning löggjafar um erfðaefni tengist m.a. ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, en þeirri grein var á sínum tíma skotið inn í frv. meðan það var til umræðu á Alþingi til þess að taka á vaxandi sókn í að safna hveraörverum til rannsókna og hagnýtrar nýtingar þeirra, erfðaefnis þeirra og efnasambanda. Í greininni kemur fram, virðulegur forseti:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari

grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein."

Greinin er aðeins lengri en þetta sem hér var lesið.

Í lögunum er einnig ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um endurskoðun þessarar greinar fyrir 1. jan. 2001 og hafa fulltrúar umhvrn. og iðnrn. farið yfir málið en ekki er búið að endurskoða lögin enn þá þrátt fyrir að þessi tími sé fallinn. Ljóst er að þörf er á að setja tvíþætta löggjöf á þessu sviði. Annars vegar þarf að taka á umhverfis- og náttúruverndarþættinum þar sem fjallað er um verndun, friðun, söfnun og aðgang að erfðaauðlindum samanber það sem á undan var talið og hefur umhvrn. hafið slíka vinnu. Hins vegar þarf að setja löggjöf um nýtingu erfðaauðlinda í líftækniiðnaði hér á landi þar sem settur yrði rammi utan um slíka starfsemi, svo sem leyfisveitingu til slíkrar starfsemi en iðnrn. er nú að vinna þann þátt. Það stefnir því í að þessi vinna verði tvíþætt, þ.e. annars vegar verndarþátturinn og hins vegar nýtingarþátturinn.

Á þessari stundu er ekki ljóst hvort verndarþátturinn verður í sérlöggjöf en líklegra er og ég tel þótt ekki sé búið að taka ákvörðun um það í ráðuneytinu að eðlilegra sé að skoða og taka á verndarþættinum í lögum um náttúruvernd. Þá yrði náttúruverndarlögunum breytt og tekið á þeim þætti sem snýr að samningnum um líffræðilega fjölbreytni og snýr að verndarþættinum, að það yrði tekið inn í náttúruverndarlögin. En verið er að vinna þessi mál eins og hér hefur verið upplýst bæði í iðnrn. og umhvrn. og það er samstarf þar á milli. En löggjöfin hefur ekki séð dagsins ljós og heldur ekki frv. þannig að það er talsverð vinna eftir.

[14:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa spurningu. Þetta er afar brýnt mál sem hún er að spyrjast fyrir um, þ.e. um vernd og nýtingu erfðaauðlinda hér á landi. Ég fagna því eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra að verið sé að vinna að þessu máli, að verið sé að vinna að því að undirbúa löggjöf sem lýtur að þessu.

Ég hefði viljað heyra tímasetningar í þessu. Ég hefði í alvöru, herra forseti, viljað heyra tímasetningar um hvenær slíkt frv. til laga væri væntanlegt sem hún var að tala um því það er svo brýnt að við fáum löggjöf um verndun erfðaefna og erfðaauðlinda okkar sem stendur vörð um þær og er sem tæki til nýtingar þeirra. Við horfum nú á innflutning á norskum laxi. Mjög mikilvægt er, herra forseti, að allt þetta fái sem allra fyrst sterka og góða löggjöf.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó að ég hafi vissulega orðið fyrir verulegum vonbrigðum. Þegar þau lög voru samþykkt sem ég nefndi í upphafi og þau ákvæði sem sett voru inn sem varða hverаörverurnar, þá kom mjög sterkt fram í þeirri umræðu hjá þáv. hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, formanni iðnn. og frsm. nál., að þetta endurskoðunarákvæði sem væri miðað við 1. jan. 2002 væri sett þarna inn vegna þess að mikil nauðsyn væri á heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu lífrænna verðmæta í náttúru Íslands og þess vegna hefði meiri hlutinn sett inn þetta ákvæði.

Hæstv. ráðherra nefndi líka að verkaskiptingin væri þannig að í raun og veru væri annars vegar verið að ræða um nýtingu og hins vegar um vernd og það félli undir iðnrn. og umhvrn. En það er ekki þannig. Stór hluti þessara mála er núna hjá landbrn., það er ekki bara iðnrn. sem kemur að lagasetningu í þessum efnum, heldur landbrn. Ég lagði þessa fyrirspurn fram, virðulegi forseti, vegna þess að mér brá í brún fyrir stuttu þegar verið var að ræða við hæstv. landbrh. um hugsanlegan útflutning á sæði og fósturvísum úr íslenska hestinum. Þá sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, „að spurning væri hvort þetta væri álíka átakamál og þegar graðhestar eða kynbótagripir voru fluttir út, um það deildu menn lengi. En ég legg bara áherslu á að hestamenn og atvinnugreinin sjálf móti sína stefnu." Ef það er þannig varðandi þessa löggjöf að atvinnugreinin og hestamennirnir sjálfir eigi að fara að standa í því að móta heildstæða löggjöf eða heildstæðar reglur fyrir íslenska þjóðfélagið varðandi þennan mikilvæga málaflokk þá erum við verr sett með þessa ríkisstjórn en ég þó hélt.

[14:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið vegna þessarar fyrirspurnar. Hv. þm. Jón Bjarnason vildi gjarnan heyra eitthvað um tímasetningar frá ráðherra. Því miður get ég ekki gefið út neinar tímasetningar en ég ítreka það sem ég sagði í fyrra svari mínu að unnið er að þessum málum bæði í iðnrn. og umhvrn. Við erum að reyna að herða á þeirri vinnu eins og við mögulega getum en ég treysti mér ekki til að gefa út neinar tímasetningar.

Það er rétt að nauðsynlegt er að setja löggjöf varðandi þessi mál og það eru ekki bara hveraörverur sem menn hafa verið að líta til, það eru fleiri atriði og erfðaefni sem menn hafa verið að skoða og eitt var nú ekki nefnt hér en það eru fléttur. Ég ræddi þessi mál eilítið við forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands í morgun og þar kom fram í máli hans að það er líka þrýstingur á fléttur.

Það er alveg ljóst að það mun koma fram frv. eða frumvörp á næstunni sem umhvrn. og iðnrn. eru að vinna og það er vel hugsanlegt að við þurfum að hafa meira samráð við landbrn. um þessi mál. En við munum a.m.k. reyna að flýta þessari vinnu eins og okkur er frekast unnt.

Hjólreiðamenn á Reykjanesbraut.

Fsp. KolH, 490. mál. — Þskj. 776.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Málefni þeirra sem komast vilja leiðar sinnar innan þéttbýlis á reiðhjólum hafa ekki verið fyrirferðarmikil í umræðunni um samgöngumál enda eru hjólreiðamenn minnihlutahópur eins og allir vita og örugglega ekki fýsilegur markhópur innflytjenda þeirra farartækja sem eru ráðandi í samgöngumálum.

Nú standa fyrir dyrum miklar framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar og hafa hjólreiðamenn verið að á vaktinni og gert athugasemdir við þær framkvæmdir sem komnar eru í formlegt umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun og sömuleiðis hafa verið gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir sem kynntar hafa verið hjá skipulags- og umferðarnefnd Reykjavíkur. Hér er um að ræða mislæg gatnamót Hringvegar, Víkurvegar og Reynisvatnsvegar í Reykjavík og gatnamót Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar og síðast en ekki síst tvöföldun Reykjanesbrautar.

Nú spyr ég hæstv. samgrh. tveggja spurninga er varða hagsmuni hjólreiðamanna:

Hvernig er gert ráð fyrir að hagsmunum hjólreiðamanna verði gætt í áætlunum um tvöföldun Reykjanesbrautar? Í því sambandi má minna á að þetta er ekki bara hagsmunamál innlendra hjólreiðamanna því hér er ekki síður mál sem tengist hagsmunum ferðaþjónustunnar. Þeim ferðamönnum fer fjölgandi sem koma hingað til lands í því augnamiði að ferðast á reiðhjólum um landið og það skiptir þennan hóp ferðamanna auðvitað verulegu máli að fyrstu kynni þeirra af vegakerfi okkar séu aðlaðandi og að vel sé hugsað fyrir þörfum þeirra. Þannig skiptir það miklu að vel verði hugað að hagsmunum hjólreiðamanna við tvöföldun Reykjanesbrautar.

Í öðru lagi legg ég þá spurningu fyrir hæstv. ráðherra hvort samgrn. hafi mótað framtíðarstefnu um aðbúnað og þarfir hjólreiðamanna á þjóðvegum landsins en það er að mínu mati ein ákjósanlegasta og áhrifaríkasta aðferðin við að draga úr útblæstri óæskilegra mengandi lofttegunda að efla möguleika landsmanna á því að ferðast á þennan umhverfisvæna og afslappaða hátt um vegakerfi landsins, jafnt innan þéttbýlis sem utan þess.

[14:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. hef ég leitað umsagnar Vegagerðarinnar um umferð hjólreiðafólks um Reykjanesbrautina eftir að hún verður tvöfölduð. Innan Vegagerðarinnar er þekkt að þarna er um talsverða umferð hjólreiðafólks að ræða og þá einkum og sér í lagi yfir sumartímann. Hins vegar eru ekki til upplýsingar um hversu mikil umferðin er og Vegagerðin ákvað því fyrir nokkru að láta fara fram sérstaka talningu í sumar á þessari umferð. Talningarfólk Vegagerðarinnar mun framkvæma skyndikannanir þegar ferðamannatíminn er í hámarki en einnig fyrir og eftir aðalferðamannatímann. Niðurstaða framangreindrar könnunar mun ráða miklu um framtíðarfyrirkomulag þessara mála.

Það er alveg ljóst að eftir að Reykjanesbrautin hefur verið tvöfölduð mun ekki verða heimilt að ferðast um hana á reiðhjóli. Umferð bifreiða og reiðhjóla fer ekki saman á hraðbraut af þeim gæðum sem stefnt er að með tvöfaldri Reykjanesbraut. Við skoðun á mögulegu fyrirkomulagi er ljóst að hægt er að beina reiðhjólafólki á eldri hliðarvegi frá Straumsvík að Vogastapa. Það sem eftir er leiðarinnar þarfnast sérstakrar skoðunar og um það verður fjallað í næstu framtíð samhliða því sem unnið verður að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar.

Gerð hjólreiðastíga er fyrst og fremst skipulagsmál og er því í höndum sveitarfélaga þó heimilt sé að veita til þeirra fjárframlög samkvæmt 9. gr. vegalaga, nr. 45/1994, með síðari breytingum. Ýmsar aðrar leiðir koma einnig til greina til þess að tryggja aðskilnað hjólreiða og bifreiðaumferðar. Má þar nefna skýrar leiðbeiningar um leiðarval til hjólreiðamanna í Leifsstöð við komu til landsins og eins mætti athuga möguleika þess að flugvallarrúturnar geti tekið reiðhjól á þægilegan hátt í farangursrými sitt. Merkingar og eftirlit á sjálfri brautinni munu einnig koma hér við sögu og margt fleira sem er nauðsynlegt að vinna að til að auðvelda umferð hjólreiðamanna og umfram allt tryggja öryggi vegfarenda.

Að öðru leyti hefur ekki verið mörkuð sérstök stefna um aðbúnað og þarfir hjólreiðamanna á þjóðvegum landsins. Öllum má ljóst vera að hér er um verulegan kostnað að ræða ef leggja ætti hjólreiðabrautir með öllum þjóðvegum landsins. Á hitt er að líta og á það er nauðsynlegt að benda að með breikkun axla á Reykjanesbrautinni hefur öryggið aukist þar og aðstaða hjólreiðamanna batnað. En ég legg áherslu á að gera verður sérstakar ráðstafanir til að aðgreina umferð þeirra sem eru á reiðhjólum frá bílaumferðinni þegar búið er að tvöfalda Reykjanesbrautina.

[14:39]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli en fyrir þinginu liggur einmitt þáltill. um að skipa nefnd um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta og allir fulltrúar í umhvn. Alþingis eru flutningsmenn með mér að þessari tillögu. Fyrir það er ég auðvitað þakklátur.

Eins og kom fram er gríðarlega dýrt að leggja hjólreiðabrautir um allt land. Við erum kannski ekki að tala um það, við verðum að byrja smátt, við munum byrja í bæjunum, þetta eru skipulagsmál hjá borginni og í bæjarfélögum. Hér er um mjög umhverfisvænan ferðamáta að ræða, við erum að tala um Reykjanesbraut í þessu sambandi, Fjarðarheiðina líka þar sem hjólreiðamenn koma með ferju frá Norðurlöndunum. Ég fagna mjög þessari umræðu og auðvitað er nauðsynlegt að taka tillit til þessara mála vegna þess að hjólreiðar eru einn umhverfisvænsti ferðamáti sem hægt er að hugsa sér.

[14:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera hjólreiðamönnum kleift að komast leiðar sinnar og hvað Reykjanesbrautina varðar þá hljótum við þingmenn sem komum alltaf að þessum vegamálum í Reykjanesi að skoða hvernig hægt er að taka á þeim málum við þá tvöföldun sem fram undan er og fram hefur komið hjá ráðherra að þá verður ekki hægt að leyfa hjólreiðar um þá braut.

Ég hlýt að koma því að hér að Vogamenn hafa komið því að á flugvellinum hvað það er fögur leið að hjóla Strandveginn, fara niður í Vogana og hjóla Strandveginn. Það er undurfögur leið sem ég hvet þingmenn til að fara og skoða en hún er bara hluti af leiðinni. Þetta er í raun og veru mjög þýðingarmikill þáttur í ferðamennsku okkar. Mér finnst að á landinu öllu verðum við að stefna að því að gera þennan ferðamáta mögulegan án þess að fólk liggi í bílaumferðinni sjálfri eins og það er í dag þó svo að það sé langtímamarkmið að hjólreiðabrautir verði meðfram öllum vegum.

[14:41]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að hjólreiðar eru ákjósanlegur ferðamáti og þyrfti að búa sem best í haginn fyrir hjólreiðamenn á vegum en ég vil sérstaklega minnast á þetta út af Reykjanesbraut.

Það er ekki vansalaust hvernig umferðin á brautinni gengur fyrir sig, sérstaklega yfir sumarmánuðina, gríðarlega hröð, og svo þessi afskaplega mikla umferð hjólreiðamanna sem mér skilst að Vegagerðin sé meðvituð um. Það vekur samt athygli að ekkert hefur verið gert t.d. til þess að beina hjólreiðamönnum út á axlirnar. Það eru engar sérstakar merkingar þannig að þeir eru að hjóla inni á sjálfri akbrautinni. Þarna er gríðarleg slysahætta og raunar alveg merkilegt að ekki skuli hafa hlotist af þessu fleiri slys.

Ég vil líka koma því að að ákjósanlegt væri, hvort sem það væri með opinberum stuðningi eða hvernig sem það færi

fram, að hjólreiðamenn á þessari leið gætu farið ókeypis með reiðhjólið í rúturnar.

[14:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tel að gera þurfi átak til þess að auðvelda hjólreiðamönnum að komast leiðar sinnar. Ég held að þetta sé ekki bara umhverfisvænn ferðamáti heldur er þetta sá máti sem er hvað þægilegastur til að komast í góða snertingu við náttúruna.

Ég hjó eftir því að hæstv. samgrh. er ekki búinn að gera áætlun um það hvernig eigi að koma mönnum sem eru á hjólum á milli Vogastapa og flugstöðvarinnar. En ég varð þess heldur ekki áskynja í ræðu hæstv. samgrh. að hann hefði uppi hugmyndir um hvernig menn ættu að komast frá Hafnarfirði til Straumsvíkur. Getur hann svarað því?

Í annan stað, herra forseti, vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða, þá vildi ég spyrja hæstv. samgrh. hvort unnið sé að stefnu í hans ágæta ráðuneyti um hjólreiðar á umferðaræðum á Íslandi. Ef það er ekki þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki tíma kominn til þess að leggjast í vinnu varðandi þetta mikilvæga mál.

[14:44]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli. Við vitum að hjólreiðar eru holl hreyfing og það er mikill og vaxandi áhugi meðal fólks að nýta sér þennan ferðamáta á milli staða og jafnvel til vinnu.

Mikil þörf er á samræmingu í skipulagningu á hjólreiðabrautum. Við vitum t.d. að fólk sem ferðast á hjólum milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur lendir í ógöngum því að annað sveitarfélagið hefur skipulagt hjólabrautirnar meðfram ströndinni en hitt hefur lagt þær uppi í landi. Fólk lendir því á dauðum enda öðrum megin og þarf að leita að hinum endanum í hinu sveitarfélaginu. Ég legg því áherslu á að hvort sem þetta verður á höndum ráðuneytisins eða á höndum sveitarfélaga þá fari fram samræming í þessum efnum þannig að fólk þurfi ekki að lenda úti í móa þegar það kemur út á enda hjólreiðabrautar.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. fagna umræðunni en ég held að hv. þm. geti líka um leið harmað svör hæstv. samgrh. því að það eru mikil vonbrigði að vilji hæstv. ráðherra skuli ekki vera meiri til að bæta úr í þessum efnum og það að hæstv. ráðherra skuli ekki geta sagt okkur neitt til um framtíðarhugmyndir sínar eða ráðuneytisins varðandi málefni hjólreiðamanna er auðvitað grafalvarlegt mál, sérstaklega þegar það er skoðað að íslenska ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til að draga úr mengandi útblæstri vegna samgangna og þá sé ég ekki annað en að hér sé kjörið tækifæri fyrir hæstv. ráðherra til að láta til sín taka í þeim efnum og leggja þungt lóð á vogarskálarnar til þess að við getum staðið við skuldbindingar okkar hvað varðar alþjóðlega loftslagssamninga.

Einnig lýsi ég vonbrigðum mínum með að hæstv. ráðherra skuli segja okkur það hér að bannað verði að hjóla á reiðhjólum á tvöfaldaðri Reykjanesbraut og að menn skuli ekki enn vera farnir að hugsa um það hvernig skuli leysa það mál. Það er alveg augljóst að leysa þarf það mál með sérstakri hjólreiðabraut aðskilinni frá aðalakveginum og að hæstv. ráðherra skuli stinga upp á því í ræðustól á Alþingi að hjólreiðarmönnum sem eru komnir hingað til lands til að hjóla um landið skuli boðið upp á það að fara með hjólin sín í rútu til Reykjavíkur lýsir bara fákunnáttu hæstv. ráðherra í þessum efnum. Við verðum að taka öðruvísi á þessum málum. Við verðum að leysa þessi mál þannig að sómi sé að og hæstv. ráðherra á ekki að segja okkur það hér á Alþingi að það sé í verkahring sveitarfélaganna að takast á við skipulagsmál af þessu tagi.

Auðvitað á að vera til öflug framtíðaráætlun í ráðuneyti samgöngumála sem fjallar um hjólreiðar og það að benda á axlirnar sem nú eru til staðar sem einhverja lausn er bara stórhættulegt því að þær eru til þess að bílar geti farið út af og vikið hver fyrir öðrum og það er stórhættulegt fyrir hjólreiðamenn að láta sjá sig á þessum öxlum.

[14:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er ýmislegt sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir harmar þessa dagana, þar á meðal skoðanir samgrh. Skoðanir okkar fara fjarri því saman þannig að viðbrögð hennar snerta mig ekki mjög mikið satt að segja. En hvað um það.

Ég vil bara undirstrika að það kom fram hjá mér að breikkuðu axlirnar á Reykjanesbrautinni eru ekki sérstaklega ætlaðar fyrir hjólreiðarmenn. Ég vil að það komi skýrt fram. Þær auka hins vegar öryggi á brautinni og til þess voru þær gerðar. Það er ekki bannað að hjóla eftir þjóðvegum landsins þannig að það verður að taka fullt tillit til þess.

Mér er fullkomlega ljóst að við höfum skuldbundið okkur til að draga úr loftslagsmengun en ég verð að viðurkenna að ég óttast að það muni sækjast seint ef við ætlum að leysa þau mál með því að láta fólk á Íslandi hjóla. Auðvitað eru margir sem hafa áhuga á því en ég held hins vegar að það gangi mjög skammt í því að leysa vanda okkar hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda frá umferðinni, frá skipastólnum og frá mengandi iðnaði. En margt smátt gerir eitt stórt. Við þurfum auðvitað að líta til þess alls.

Það er alveg ljóst að það er á valdi sveitarfélaganna að skipuleggja hjólreiðarbrautir innan sinna svæða en engu að síður er það svo að Vegagerðin gerir sér grein fyrir því að um leið og verið er að hanna þjóðvegi landsins þá þarf að taka tillit til þessa ferðamáta eins og annarra hvað varðar uppbyggingu vegakerfisins.

Hvað varðar spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um stefnu í ráðuneytinu hvað varðar umferð hjólreiðamanna um akbrautir landsins, þá eru umferðaröryggismál á málasviði dómsmrn. þannig að ekki hefur verið fjallað sérstaklega um þá þætti í samgrn.

Rannsókn á áhrifum háspennulína á mannslíkamann.

Fsp. DrH, 497. mál. — Þskj. 783.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Tilefni fyrirspurnar minnar er að ég hef orðið áþreifanlega vör við vaxandi ugg meðal fólks vegna aukningar krabbameinstilfella og hugsanleg tengsl við staðsetningu háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra. Hópur fólks á Selfossi er nú afar uggandi vegna fyrirhugaðs 32 metra hás fjarskiptamasturs inni í miðjum bænum. Það spyr: Er hér hætta á ferðum?

Á Íslandi hafa ekki verið settar neinar reglur um leyfilegan styrk rafsegulsviðs en nýlegar erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Það er því ekki fráleitt að tala um mengun. En hvernig hefur rafmagn og rafsegulmengun áhrif á heilsu fólks? Er hugsanlegt að hjá þeim sem búa í nágrenninu geti staðsetning þessara mannvirkja valdið heilsuskaða? Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira í þá átt að skoða umhverfi okkar til að komast að því hvort orsakavalda að sjúkdómum og vanheilsu sé að finna þar.

Nýlega hafa verið að berast fréttir um það að nú í fyrsta skipti hefur opinber bresk stofnun viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið á milli krabbameinstilfella og háspennulína. Það er faraldsfræðingurinn Sir Richard Doll sem kemur nú fram með niðurstöður þess efnis að börn sem búa í grennd við háspennulínur eigi frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Það var Sir Richard sem fann tengslin á milli reykinga og lungnakrabba á 6. áratugnum. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs ættu meira á hættu að fá hvítblæði en börn sem ekki bjuggu við slík skilyrði. Þeir gerðu mælingar á heimahögum veikra barna og komust að því að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við hágildi rafsegulsviðs.

Þá hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna en um það er ekki vitað. Ég tel nauðsynlegt að hugað sé að þessum þáttum og hvort ekki sé tímabært að koma háspennulínum t.d. í jörðu þar sem íbúðabyggð er. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Hefur farið fram eða er fyrirhuguð rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann?

[14:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur beint svohljóðandi fyrirspurn til mín:

„Hefur farið fram eða er fyrirhuguð rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann?“

Áhrif háspennulína og annarra slíkra mannvirkja á mannslíkamann hafa lengi verið mönnum hugleikin, einkum með tilliti til hugsanlegra neikvæðra afleiðinga, t.d. krabbameins. Síðustu þrjá áratugi hafa fjölmargar erlendar rannsóknir verið gerðar til að athuga áhrif rafsegulsviðs á mannslíkamann. Einnig hefur mikið verið rannsakað hvort nábýli við háspennulínu geti haft neikvæð áhrif og þá erum við bæði að tala um eðlisfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir.

Rannsóknir af þessum toga eru mjög vandasamar og erfiðar að framkvæma. Rannsaka þarf mikinn fjölda fólks í langan tíma til að marktækar niðurstöður fáist. Nágrannar okkar í Svíþjóð og Finnlandi hafa undanfarna áratugi stundað miklar rannsóknir á þessu sviði. Finnar birtu fyrir fáum árum niðurstöður mikillar rannsóknar þar sem þeir höfðu athugað 140 þús. börn og unglinga sem höfðu á árunum 1970–1989 búið innan við 500 metra frá háspennulínum.

Niðurstaða Finnanna er sú að nábýli við háspennulínur virtist ekki valda marktækri aukningu á krabbameinum. Sömu vísindamenn birtu skömmu síðar svipaða athugun á 400 þús. fullorðnum sem á árunum 1970–1989 höfðu búið innan við 500 metra frá 110–400 kw háspennulína. Lét rannsóknin ekki í ljós aukna tíðni krabbameins hjá fullorðnum, hvorki í heildartíðni né í einstökum krabbameinum en 21 tegund þeirra var athuguð alveg sérstaklega.

Í þessum mánuði var birt, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda áðan, skýrsla frá virtum breskum vísindamanni, og reyndar fleirum en honum því að margir vísindamenn tóku þátt í þeirri rannsókn. Þar voru könnuð tengsl rafsegulsviðs og krabbameins. Niðurstaða þeirra er sú að tilraunir á rannsóknastofum hafi ekki leitt í ljós að lágtíðni segulsviðs geti framkallað krabbamein né heldur hafi faraldsfræðilegar rannsóknir á mönnum gefið grun um slíkt þótt vissar faraldsfræðilegar niðurstöður bendi til lítillegrar aukningar á áhættu á hvítblæði hjá börnum sem útsett eru fyrir miklu segulsviði, þá séu slíkar kringumstæður vart hugsanlegar fyrir almenning í Bretlandi.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld, Geislavarnir ríkisins og fleiri stofnanir hafa fylgst grannt með rannsóknum nágrannaþjóðanna í þessum málum. Ljóst er að fámenni íslensku þjóðarinnar leyfir ekki marktækar rannsóknir hér í landi. Sú hugsanlega hætta sem af þessum mannvirkjum kann að stafa er svo lítil að faraldsfræðilega tel ég engar forsendur fyrir rannsóknir hér í landi á áhrifum þess á mannslíkamann.

Það má vera ljóst eins og kom líka fram hjá fyrirspyrjanda áðan að sannað hefur verið að ýmsir aðrir umhverfisþættir eins og t.d. reykingar hafa mikil áhrif þó óbeinar reykingar séu og því er mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgjast mjög grannt með öllum þeim rannsóknum sem gerðar eru erlendis varðandi þetta atriði sem hér er um rætt. En eins og ég segi, þá er íslenskt þjóðfélag það lítið að það getur ekki gert marktækar faraldsfræðilegar rannsóknir á þessu sviði.

[14:57]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég tek undir það með heilbrrh. að erfitt er fyrir litla þjóð eins og okkur að gera slíkar rannsóknir. En þeim mun merkilegra er fyrir okkur að lesa niðurstöður rannsókna Sir Richard Dolls, sem hv. fyrirspyrjandi Drífa Hjartardóttir vitnaði í áðan, sem virðast sýna að börn sem búa í nágrenni háspennulína sé hættara við krabbameini en öðrum. Þetta hefur vakið talsverða athygli.

Mig langaði líka að taka undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur um möguleikana á því að þetta gæti haft þau áhrif í íslensku þjóðfélagi að við sæjum fram á það að farið verði að grafa háspennulínur í jörð. Það hefur líka mikið að segja umhverfislega þannig að það mætti slá tvær flugur í einu höggi.

[14:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa þörfu fyrirspurn og fagna þeim umræðum sem fyrirspurnin getur leitt af sér.

Það er alveg rétt sem kemur fram í máli hæstv. ráðherra að rannsóknir á þessu sviði eru afar erfiðar en það er samt sem áður ekki hægt að hafna því að neikvæð áhrif séu til staðar eða um þau hafi verið að ræða í þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar. Í öllu falli stendur það upp úr í þeim rannsóknum sem ég hef kíkt í að fólk geti í öllu falli ver-

ið misnæmt fyrir neikvæðum áhrifum rafsegulsviðs. Ef um vísindalegan vafa er að ræða þá væri kannski vel athugandi í þessu tilfelli sem öðrum að hafa varúðarregluna til hliðsjónar og sjá í öllu falli til þess að heilbrigði fólksins fái að njóta vafans.

[14:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að vera misskilningur hjá hæstv. heilbrrh. að það sé of fátt fólk á Íslandi til að hægt sé að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á hlutum eins og þessum. Það kann vel að vera að algengi þessara afleiðinga sé svo lágt að erfitt sé að ná fram eins konar marktækum niðurstöðum. En um hitt er engum blöðum að fletta að hægt er að gera slíkar rannsóknir.

Ég skil vel ugg fólks á Selfossi sem hv. þm. nefndi og þess vegna finnst mér að það væri í sjálfu sér allt í lagi að gerð yrði athugun af þessu tagi.

Ég er sjálfur sannfærður um að rafspenna og rafsegulsvið hefur meiri áhrif á lifandi verur en menn telja almennt. Ég veit að rannsóknir hafa sýnt fram á slíkt hjá dýrum, t.d. fiskum, m.a. á Íslandi.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að það er heil verkfræðistofa á Íslandi sem heitir Innivist sem m.a. sinnir því að leysa vandamál af þessu tagi.

[15:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir að taka þetta upp hér en vek hins vegar athygli á því að það virðist vera þannig að hv. þm. hafi lesið allt aðrar niðurstöður úr þeirri rannsókn sem gerð var af Bretunum sem ég hef reyndar séð líka og er sammála þeirri túlkun sem fram kemur hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur varðandi niðurstöður um áhrifin af nábýli við rafspennu- og háspennulínur á mannfólkið. Hæstv. ráðherra dró hins vegar allt aðrar ályktanir af þeim niðurstöðum sem lesa má út úr þessum rannsóknum.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls.

Það hefur komið fram í viðtölum við krabbameinslækna að umhverfisþættir vega um 70% því læknavísindin væru komin svo langt í þróun lyfja við krabbameini. Kenningar eru um að tengja megi tíðni heilaæxla við notkun farsíma en ekki er hægt að draga neinar öruggar ályktanir um skaðsemi geislunar vegna notkunar farsíma eða farsímastöðva á heilsu manna. Engu að síður hafa yfirvöld víða erlendis gripið til varúðarráðstafana, m.a. í sveitarfélaginu Nesjöen í Svíþjóð þar sem víða er nú bannað að reisa loftnet og sendimöstur fyrir GSM-síma vegna geislunar.

Farsímafyrirtæki í Sviss hefur verið dæmt til að taka niður GSM-loftnet þar sem talið er að það valdi sjúkleika hjá mönnum. Við eigum að fara að öllu með gát og rannsaka alla þessa þætti og gera síðan ráðstafanir í kjölfarið. Varúðarreglu er oft beitt við lagningu orkuflutningslína og er þá leitast við að hafa þær ekki nálægt byggingum eins og barnaskólum eða barnaheimilum.

Sem dæmi má nefna norska reglugerð þar sem ákveðið er að staðir þar sem börn dveljast langdvölum séu ekki nær 400 kw-línu en 18 metra.

Heilbrigðiskerfi okkar er eitt það besta í heimi og við Íslendingar eigum að vera í forustu á því sviði. Þrátt fyrir fámennið eigum við að hafa þann metnað að rannsaka málin sjálf en bíða ekki alltaf eftir niðurstöðum erlendis frá. Það er t.d. hægt í krabbameinsrannsóknum þegar verið er að spyrja sjúklinga hvar þeir hafa búið sl. 10 ár. Það væri t.d. liður í faraldsfræðilegri rannsókn.

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið því að hún er að mörgu leyti mjög athyglisverð vegna þess að þarna er verið að rannsaka hluti erlendis sem við þurfum að fylgjast geysilega vel með. Ég vil alls ekki láta misskilja orð mín þannig að við eigum ekki að láta heilbrigði almennt njóta vafans. Auðvitað eigum við að gera það. En við getum ekki lesið annað út úr þeim skýrslum en það sem stendur í skýrslunum. Búið er að fara mjög grannt í gegnum þær og þessari rannsókn er engan veginn lokið. Menn halda áfram.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að ég hefði sagt að ekki væri hægt að gera faraldsfræðilegar rannsóknir. Það er hægt að gera þær en ekki er hægt að fá marktæka niðurstöðu og þess vegna er þessi rannsókn kannski ekki eins mikils virði og þegar hægt er að gera hana á 100 þús. manns. Það var það sem ég var að segja. Þess vegna þurfum við að nýta okkur þau vísindi sem koma erlendis frá. En ég met mikils það starf sem hefur verið unnið á Íslandi á þessu sviði og þó svo það hafi ekki verið vísindalega rannsakað, þá eru ýmsar líkur sem benda til þess að þetta hafi áhrif, kannski á fleira en á krabbamein, líka á félagslega þætti fólks. Það er kannski það sem menn hafa bent á í stórum stíl að þessi félagsfræðilegi og eðlisfræðilegi þáttur komi niður á þeim sem býr nálægt t.d. spennistöðvum.

Viðhald sjúkrahúsbygginga.

Fsp. MF, 513. mál. — Þskj. 809.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði vegna sjúkrahúsbygginga þar sem þeim er ætlað að greiða 15%. Þá segir einnig í málsgreininni að meiri háttar viðhald og tækjakaup skuli telja til stofnkostnaðar en almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist hins vegar sem rekstrarkostnaður og málsgreininni lýkur með þessum orðum:

„Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds."

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur þessi reglugerð aldrei verið sett og þess eru dæmi að sveitarfélögin hafa fengið senda reikninga vegna viðhalds og tækjakaupa sem er afar hæpið að telja til stofnkostnaðar. Ég hef hér bréf sem Karl Björnsson, bæjarstjóri Árborgar og fjárhaldsmaður héraðsnefndar Árnesinga, hefur sent vegna reikninga sem sveitarfélögunum í Árnessýslu er gert að greiða. Um er að ræða reikninga vegna t.d. endurnýjunar á sjúkrabifreið, innanhússendurbætur upp á 4,5 millj., pokakerfi þvottahúss, endurnýjun ljósritunarvélar, utanhússviðhald, endurnýjun á framköllunarvél vegna röntgenmynda, áhaldaþvottavél. Í bréfi bæjarstjórans segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli ákvæða ofangreindrar lagagreinar, [þ.e. áðurnefndrar 34. gr.] er ljóst að öll framangreind verkefni eru hrein viðhaldsverkefni og þar með rekstrarkostnaður sem er alfarið á ábyrgð ríkisins. Verði því vart mótmælt með vísan til almennra bókhaldsreglna. Fróðlegt væri að fá upplýsingar úr bókhaldi ríkissjóðs sem sýna að framangreind útgjöld hafi verið bókfærð sem eignamyndun og þar með stofnkostnaður. Um er að ræða verkefni sem viðhalda þeirri starfsemi sem þegar er fyrir hendi."

Og áfram segir í bréfinu:

„Að auki getur það ekki talist góð stjórnsýsla að annar aðili í samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga ákveði án nokkurs samráðs við hinn að fjárframlög af hans hálfu kalli sjálfkrafa á útgjöld hins og ákveði þar að auki einhliða hvað teljist til meiri háttar viðhalds án stoðar í reglugerð sem setja átti samkvæmt lögum. Af þeim sökum og að auki með vísan til almennrar jafnræðisreglu stjórnsýslunnar hvað varðar greiðslukröfur ríkisins gagnvart einstökum sveitarfélögum voru þessir reikningar endursendir af hálfu sveitarfélagsins."

Virðulegi forseti. Samkvæmt bréfi þessu virðist viðgangast að sveitarfélögunum sé án lagaheimildar gert að greiða reikninga vegna almenns viðhalds og tækjakaupa á sjúkrahúsum eðlilegan rekstrarkostnað sem er alls ekki hægt að flokka sem stofnkostnað og má því velta því fyrir sér hvort þau eigi ekki endurkröfurétt á ríkið jafnvel nokkur ár aftur í tímann. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hvers vegna hefur ráðherra ekki sett reglugerð í samræmi við ákvæði lokamálsliðar 3. mgr. 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu?

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi vísar í lög frá 1990 og spyr af hverju ekki hafi verið samin reglugerð við þessi lög frá 1990. Ég hef ekki nokkur einustu svör við því vegna þess að þó að ég sé búin að sitja lengi í þessum stól þá var ég ekki ráðherra 1990 og heldur ekki 1991 en mjög eðlilegt hefði verið að semja reglugerð í framhaldi af þeirri lagabreytingu sem var 1990.

Varðandi það að sveitarfélög greiði 15% af meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum hefur það verið við lýði allt frá 1990 og ekki hefur verið neitt ósætti milli ríkis og sveitarfélaga vegna þessa máls fyrr en nú að upp koma nokkur mál bæði frá Akureyri, Selfossi og eitt annað mál sem eru til athugunar í ráðuneytinu.

Sagt er að ekki sé samráð haft þegar farið er í meiri háttar viðhald eða meiri háttar tækjakaup en minna verður á að stjórnir eru skipaðar að meiri hluta af sveitarstjórn. Sveitarstjórnum ætti að vera vel ljóst hvernig rekstri er háttað og í hvaða tilvikum er verið að tala um meiri háttar viðhald eða tækjakaup. Það er í þeim tilvikum þar sem stofnunin sjálf getur ekki innan fjárheimilda sinna greitt tækjakaupin eða viðhaldið og þá hefur þessi regla gilt eins og ég segi og um það hefur verið samkomulag. En ég fæ tækifæri til að ræða þetta betur á eftir því að það er framhaldsspurning frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur einmitt um þetta mál og um þær breytingar sem eru í vændum varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga hvað þetta varðar.

En í blárestina, af því að ég sé að ég hef smátíma, þá verður líka að minna á að sveitarfélögin eru í flestum tilvikum, ekki hér í Reykjavík að vísu, eigendur að hluta til að þessum stofnum.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta voru afar fátækleg svör svo ekki sé meira sagt vegna þess að ég spurði, virðulegi forseti, við hvaða reglur hefði verið stuðst fram að þessu við mat á því hvað telst til meiri háttar viðhalds sjúkrahúsbygginga. Það er alveg klárlega þannig að í 34. gr. er kveðið á um að aðeins þegar um meiri háttar viðhaldskostnað er að ræða eiga sveitarfélögin að taka þátt í því og þá skiptir ekki máli hvort þau eiga fulltrúa í stjórninni eða ekki. Reglugerðarheimildin og ákvörðunin um það eftir hverju er farið liggur auðvitað hjá ráðuneytinu. Það liggur ekki hjá sveitarstjórnarmönnum sem skipaðir eru í stjórnir viðkomandi stofnana. Það er ekki þannig. Ég spyr einfaldlega: Eftir hverju hefur verið farið? Er það þannig, nákvæmlega eins og það sem ég taldi upp hérna áðan, að allir þessir þættir geta ekki bókhaldslega séð talist meiri háttar viðhald og þar með undir stofnkostnað? Því þar af leiðir að þeir geta ekki fallið undir ákvæði þessarar 34. gr. laga. Það er ekki hægt.

Eftir þeim upplýsingum sem hef aflað mér frá bæjar- og sveitarstjórnum er það þannig að hentistefna hefur ríkt í þessum efnum og menn hafa leitað upplýsinga í ráðuneytinu um það hverjar séu vinnureglurnar, hvað er meiri háttar viðhald, hvaða viðhald á að flokka sem stofnkostnað. Það getur varla verið þannig, virðulegi forseti, að pokakerfi þvottahússins eða endurnýjun ljósritunarvélar eða áhaldaþvottavél, sem eru ekki dýrir þættir, en þó flokkaðir á þennan hátt og heimilaðir af ráðuneytinu beint til að geta rukkað viðkomandi sveitarfélög. Það er þannig að reglurnar eru óskýrar. Ég var einfaldlega að spyrja hæstv. ráðherra eftir hvaða reglum hefði verið farið. Hæstv. ráðherra getur ekki svarað því.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég svaraði hv. þm. áðan og ég geri það aftur ef hún hefur misst af því svari sem hér var borið fram. Það er einfaldlega þannig að ef það er ekki innan fjárlagaheimilda og þarf að sækja í sérstaka sjóði heilbrrn. varðandi meiri háttar tækjakaup og viðhald þá hafa sveitarfélögin komið þar að og greitt 15%. Það er bara einfaldlega þannig. Enda hefur sú regla gilt allt frá 1990 þegar þau lög sem vitnað hefur verið í voru samþykkt á Alþingi. Svo geta menn deilt um hvað er meiri háttar viðhald til að mynda eða meiri háttar tækjakaup en þetta er sú regla sem hefur gilt og hefur verið fullt samkomulag um.

En ég get vel skilið að sveitarstjórnarmönnum úti á landi hafi sviðið það varðandi viðhaldsframkvæmdir að á Reykjavíkursvæðinu hefur borgin ekki þurft að greiða eina einustu krónu til tækjakaupa. Það er það viðmið sem hefur farið fyrir brjóstið á sveitarstjórnarmönnum, ég skil það vel. Þess vegna er verið að endurskoða þessar reglur. Það er verið að endurskoða þær í félmrn. og það á að ljúka þeirri endurskoðun fyrir septemberlok á þessu ári. Ég tel mjög mikilvægt að menn nái sáttum í þessu máli því að við þurfum auðvitað að hafa alveg skýrar reglur varðandi hver greiðir það.

En hvað varðar þá einstöku vél sem hv. þm. talaði um á Selfossi þá kannast ég ekkert við það mál en ég veit um miklu stærri hluti sem menn hafa verið að kljást við. Þá er ég að tala um tækjakaup, t.d. á Akureyri, sem við erum að leggja kannski 60 millj. til og það tekur verulega í hjá bæjarfélaginu. Um það er auðvitað stór glíma.

Rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Fsp. KF og ÁMöl, 514. mál. — Þskj. 810.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég lít á heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar. Nokkrar sérgreinar í læknisfræði eiga við nýliðunarvanda að stríða, t.d. geðlækningar, háls-, nef- og eyrnalækningar og skurðlækningar, auk heimilislækninga. Með of lítilli nýliðun í röð sérfræðinga í heimilislækningum og brotthvarfi manna úr greininni, molnar úr hornsteininum. Full atvinnuréttindi sérfræðinga í heimilislækningum, til jafns við aðra sérfræðinga í lækningum, með fullum rétti til að opna eigin stofu eru grundvallarmannréttindi. Í dag vantar u.þ.b. 15–20 heimilislækna á höfuðborgarsvæðið og e.t.v. eina 20 á landsbyggðina.

Meðalaldur sérfræðinga í heimilislækningum fer hækkandi. Sífellt fleiri verkefnum er beint að heilsugæslunni, sem er eðlilegt, því talið er að heilsugæslan geti sinnt jafnvel 90% af heilsufarsvandamálum íbúa landsins. Til að fá fleiri nýliða inn í hóp heimilislækna þarf stefna stjórnvalda í heilbrigðismálum að vera skýr og leggja þarf á það áherslu að frumþjónustan geti staðið undir nafni. Þá skiptir vinnutími, þar með taldar vaktir, máli svo og sjálfsforræði í starfi og næg mönnun í öðrum heilbrigðisstéttum. Frelsi þarf til að læknar geti skipulagt vinnu sína innan þess ramma sem sett eru með lögum landsins og svo þarf fagleg og fjárhagsleg ábyrgð helst að fara saman. Þótt þjónustusamningar flokkist ekki undir annað rekstrarform en nú er þá geta þjónustusamningar við núverandi heilsugæslustöðvar verið mikilvægt skref í rétta átt til að laða fleiri að starfinu og gera það sveigjanlegra.

Flestir sérfræðingar í öðrum greinum læknisfræði geta valið milli þess að vera í fullu starfi á sjúkrahúsi og þess að vinna á stofu. Auðvitað fylgir starfi heimilislæknis fleira en herbergi til að hitta sjúklinga sína því að samstarf við aðrar heilbrigðisstéttir um heimahjúkrun, ungbarnavernd, mæðravernd, heilsuvernd í skólum og heilsuvernd á vinnustöðum í nágrenninu, eru líka mikilvægir þættir starfsins. Fræðsla og heilsuvernd á mörgum sviðum eru því nauðsynlegur þáttur í starfi heimilislækna. Nýaldarsérfræðingurinn þarf að hafa fleiri valmöguleika en frumherjar í röðum sérfræðinga í heimilislækningum höfðu.

Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. og ber þá fyrirspurn upp ásamt hv. þm. Ástu Möller:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerðir verði þjónustusamningar um rekstur heilsugæslustöðva í Reykjavík?

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og flestum er kunnugt hafa í auknum mæli verið gerðir þjónustusamningar við heilbrigðisstofnanir í landinu og árangursstjórnunarsamningar og ýmislegt verið gert til að setja rekstur í nútímalegra form. Árið 1996 var kynnt stefnumótun í heilsugæslunni og sú stefnumótunarvinna var unnin af heilbrrn. og fulltrúum Félags heilsugæslulækna. Sú vinna gekk mjög hægt fyrir sig í upphafi en nánast hvert einasta atriði sem sett var fram í þeirri stefnumótun hefur náð fram að ganga.

Innan heilsugæslunnar í Reykjavík eru nú í gildi tveir þjónustusamningar. Annar samningurinn er við heilsugæsluna í Lágmúla sem sér um rekstur heilsugæslustöðvar fyrir hluta borgarinnar. Hinn þjónustusamningurinn er við Læknavaktina fyrir hönd heilsugæslulækna, sem hefur tekið að sér vaktþjónustu í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði og Bessastaðahreppi, auk þess sem Læknavaktin hefur tekið að sér að hafa opna bráðamóttöku um kvöld og helgar. Einnig hefur hún annast umfangsmikla þjónustu í síma og er í þjónustusamningnum gert ráð fyrir að hún geti létt nætursímtölum af vakthafandi heilsugæslulæknum í fjórtán læknishéruðum landsins þar sem aðeins er einn læknir starfandi.

Reynslan af gerð þessara þjónustusamninga er mjög góð. Ég hef áður lýst í ræðu og riti yfir áhuga mínum á fjölbreyttum rekstrarformum innan heilsugæslunnar. Vil ég í þessu sambandi minna á að nú eru alls fimm mismunandi rekstrarform innan heilsugæslunnar þótt það vilji stundum gleymast í umræðu um þessi mál. Hef ég beint því til stjórnenda heilsugæslunnar í Reykjavík að undirbúa rekstur næstu heilsugæslustöðvar með það í huga að leitað yrði eftir sjálfstæðum rekstraraðilum til að bera ábyrgð á starfseminni. Yrði þá gerður þjónustusamningur við þá sem tækju að sér þessa þjónustu. Þetta hefur oft verið rætt á Alþingi og þarf svo sem ekkert að rifja það upp, ég veit að hv. fyrirspyrjendur þekkja það vel, og þá erum við að tala hér um Heima- og Vogahverfi.

En eins og ég segi þá hafa þjónustusamningar yfir höfuð reynst vel, með nokkrum undantekningum þó eins og allt sem við gerum, en við munum ekki síður en annars staðar í heilbrigðisþjónustunni vinna að því gagnvart heilsugæslunni.

[15:22]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég er ásamt hv. þm. Katrínu Fjeldsted flutningsmaður að þessari fyrirspurn. Ég tel mjög mikilvægt að leitað sé nýrra leiða við rekstur heilbrigðisstofnana. Eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. hafa umræður verið hér í þinginu varðandi nýja heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi og yfirlýsing hæstv. heilbrrh., sem kom fram í þeirri umræðu, um að leita eigi leiða til að sá rekstur verði í höndum einkaaðila, er mjög ánægjuleg. Ég tel nefnilega að heilbrigðisstarfsfólk sé í auknum mæli tilbúið að reyna nýjar leiðir og það er vilji fyrir hendi hjá þeim að fá aukið sjálfræði í störfum þótt að sjálfsögðu verði farið að lögum og reglugerðum um þjónustu. Ég tel að þjónustusamningar sem gerðir hafa verið af ríkinu við ríkisstofnanir að undanförnu eigi jafnframt að eiga við um einkaaðila. Það er ekki stílbrot og þetta er þróun sem þarf að verða, bæði í heilbrigðisþjónustu og í skólakerfinu.

[15:23]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir að þessi fyrirspurn beinist að Reykjavík, vil ég nú koma að landsbyggðinni og leggja mikla áherslu á að lögð sé stóraukin áhersla á þá grunnþjónustu sem heilsugæslan sinnir því að það er mjög mikilvægt. Ef grunnheilsugæslan er góð er oft hægt að koma í veg fyrir annað og meira seinna meir. Það þarf að hlúa mjög vel að þessu og ég mundi vilja sjá það, t.d. í Rangárþingi, að þar yrði ein heilsustofnun þar sem heilsugæslustöðin, dvalarheimilin og hjúkrunarheimilin væru öll í einni stofnun.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka heilbrrh. svörin. Fyrirspurn mín lýtur fyrst og fremst að því að eftirspurn Reykvíkinga eftir

þjónustu heimilislækna er langt umfram framboð á þjónustunni eins og mál standa í dag. Biðtími eftir að fá tíma á stofu hjá heimilislækni er talinn vera of langur og fleiri heimilislækna vantar til að fullmannað geti talist.

Þótt talsvert hafi áunnist og ráðuneyti heilbrigðismála og ráðherra hafi lagt sig fram um að fjölga læknum, hefur það ekki dugað til þegar fólk flyst til Reykjavíkur í þeim mæli sem verið hefur. Þeir læknar sem enn eru í vinnu mega ekki brenna út vegna þrýstings og álags, þeir þurfa að fá sín frí og þurfa að geta farið í frí jafnvel þótt ekki fáist afleysari. Þetta er því vandamál fólksins sem ekki kemst að lækninum. Þá er vitað að samhengi er milli þjónustunnar í Reykjavík og á landsbyggðinni.

Fleiri lönd standa frammi fyrir því að vanta heimilislækna og eru Norðmenn og Svíar þar á meðal. Frést hefur að sænska stjórnin hafi ákveðið að leggja stóraukna áherslu á grunnþjónustuna, á heilsugæsluna, og verja til þess verulegum fjármunum, milljörðum sænskra króna. Til stendur þar í landi að styrkja myndarlega faglegan grundvöll heilsugæslunnar og er samráð haft um það við fagfélög heimilislækna.

Mér sýnist því að þess geti verið þörf hér á landi að taka ákvörðun af svipuðu tagi og ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að gera nýtt átak og styðja við heilbrrh. í því að heilsugæslunni verði gert kleift að sinna hlutverki sínu eins og hún best getur gert og hefur metnað og þekkingu til að gera. Gerð þjónustusamninga við heilsugæsluna, og þá á ég líka við núverandi starfandi stöðvar, getur verið fyrsta skrefið og eitt af mikilvægum skrefum.

[15:26]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að okkur vantar fleiri heilsugæslulækna. Við þurfum bæði að framleiða fleiri heilsugæslulækna og fá þá heim sem eru erlendis og við höfum ýmislegt gert til þess, t.d. að hækka launin verulega. En við verðum að tala alveg hreint út því að þetta er ekki hvað síst launaspursmál. Ég átti einmitt ágætan fund með félagsmönnum í Félagi heilsugæslulækna ekki alls fyrir löngu og það er alveg ljóst að við erum að tala um laun og samanburð á launum.

Hv. fyrirspyrjandi kom hérna inn á áðan að Svíar væru að setja stóraukna fjármuni í heilsugæslu sína. Það er alveg hárrétt, þeir eru að því. Við gerðum það líka 1996, ætli við höfum ekki á þessum tíma aukið fjármagn um svona 2,5 milljarða í það heila tekið. Við höfum fjölgað heimilislæknum. Við töluðum um að okkur vantaði heimilislækna og við höfum fjölgað þeim um 15 á Reykjavíkursvæðinu núna á tæpum fjórum árum. Það er bara ekki nóg, það heldur ekki í við fjöldann sem vantar.

En varðandi Svíana og fjármunina sem þeir eru að leggja í heilsugæsluna, þeir eru að færa þá til. Þeir eru að færa þá til úr sérfræðiþjónustunni í heilsugæsluna. Þetta eru ekki nýir fjármunir. Um það efast ég að væri sátt hjá þjóðinni, a.m.k. þyrftum við að taka æðigóðan tíma að fara ofan í grunninn ef við ætluðum að gera eins og Svíar eru að gera núna. Ég held að við þurfum að athuga það.

Sjálfstætt starfandi heimilislæknar.

Fsp. ÁMöl og KF, 515. mál. — Þskj. 811.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Stöðu frumheilsugæslu í borginni má lýsa í nokkrum setningum. Skortur er á heimilislæknum í Reykjavík, það hefur verið metið að á milli 20 og 30 lækna þurfi til viðbótar þeim 90 sem nú eru starfandi á Reykjavíkursvæðinu til þess að anna eftirspurn. Nokkur dæmi eru þess að menntaðir heimilislæknar hverfi frá starfi og afli sér réttinda til starfa innan annarrar sérgreinar lækninga. Nýliðun meðal heimilislækna er hæg, uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík miðar hægt og hefur ekki náð að halda í við þróun borgarinnar. Um 20 þúsund Reykvíkingar eru ekki með skráðan heimilislækni. Biðtími eftir viðtali hjá heimilislæknum hefur lengst verulega að undanförnu og er svo komið að fólk hefur þurft að bíða allt upp undir eina viku til að fá tíma hjá lækni sínum. Eftirspurn eftir þjónustu heilsugæslunnar hefur aukist, m.a. vegna þess að fólk virðist leita eftir heilbrigðisþjónustu af minna tilefni en áður. Vegna erfiðleika við að ná sambandi og viðtali við heimilislækni, hefur aðsókn fólks til annarra læknisfræðilegra sérfræðinga og á vaktþjónustu aukist verulega.

Frumheilsugæslu er ætlað að vera fyrsti viðkomustaður fólks sem á í heilbrigðisvanda og gengur hugmyndafræðin út á að heilsugæslan eigi að leiðbeina fólki að fá lausn á vanda sínum innan kerfisins og því er ég sammála. Almennt er talið að góð og virk frumheilsugæsla geti leitt til verulegs sparnaðar í heilbrigðisþjónustu.

Tvö kerfi heimilislækninga eru í Reykjavík. Annars vegar kerfi heimilislækna sem eru starfandi á heilsugæslustöðvum og hins vegar kerfi sjálfstætt starfandi heimilislækna. Heimilislæknar á heilsugæslustöðvum eru á fastlaunakerfi og fá greidd laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar en sjálfstætt starfandi heimilislæknar fá greitt fyrir hvert læknisverk samkvæmt samningi læknafélaganna við Tryggingastofnun ríkisins.

Á síðustu árum hafa heilbrigðisyfirvöld haldið fram kerfi heilsugæslustöðva. Þessi stefna hefur leitt af sér að sjálfstætt starfandi heimilislæknum, sem starfa utan heilsugæslustöðva, hefur farið fækkandi og þar af leiðandi hefur engin endurnýjun orðið innan þeirra raða. Ástæðan er að umsóknum heimilislækna um að starfa sjálfstætt hefur verið hafnað.

Áhugi er fyrir hendi hjá ýmsum heimilislæknum að starfa utan heilsugæslustöðva. Á það m.a. við um heimilislækna sem nú eru starfandi erlendis og vilja koma heim. Með slíkri fjölgun heimilislækna væri hægt að bæta að einhverju það ástand sem er í heilsugæslumálunum í borginni. Einnig hlýt ég að nefna hve varhugavert það er að setja atvinnuþvinganir á tiltekna stétt manna, að þeim sé ekki heimilt að starfa innan síns fags, nema undir merki ríkisrekstrar. Hið sama á einnig við um val þeirra sem þjónustunnar leita, þeir eiga að hafa möguleika á fleiri kostum.

Af þessum ástæðum spyr ég, ásamt hv. þm. Katrínu Fjeldsted, hæstv. heilbrrh.: Hvaða ástæður eru fyrir því að heimilislæknar hafa ekki fengið leyfi hjá Tryggingastofnun ríkisins til að starfa sjálfstætt við sérgrein sína á eigin stofum á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár?

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í fyrri fyrirspurninni fór ég yfir þessi mál eins og þau eru, að fimm rekstrarform eru í heilsugæslunni á Reykjavíkursvæðinu. En það sem við verðum fyrst og fremst alltaf að hafa í huga er að það verður að vera einhver regla sem gildir, og sú regla gildir að heilsugæslan í Reykjavík, þ.e. stjórn heilsugæslunnar, hefur yfirumsjón með heilsugæslunni almennt. Eins og kom fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur áðan megum við heldur ekki gleyma því að það er líka heilsugæsla úti á landi, og við erum að tala um mismunandi rekstrarform. Við verðum auðvitað að hafa það þannig yfir landið allt að sátt sé um það kerfi sem ríkir, að við séum ekki með allt annað kerfi úti á landi en t.d. á Reykjavíkursvæðinu.

Það er alveg hárrétt sem kom fram áðan að allt of löng bið er núna eftir því að komast til heilsugæslulæknis almennt á Reykjavíkursvæðinu. Það er allt of löng bið. En ýmislegt hefur líka verið gert til að koma til móts við þarfirnar. Ég nefndi Læknavaktina áðan sem er þjónustusamningur við. Auðvitað léttir það geysilega mikið á og veitir mikið öryggi að alltaf eftir klukkan fimm geti fólk farið á Læknavaktina, komist það ekki til heilsugæslulæknis síns sem er þó æskilegast.

En það eru líka ýmis önnur rekstrarform sem hafa vaxið og dafnað, eins og t.d. Barnalæknaþjónustan, sem er með mikla þjónustu og margt af því sem þangað fer hefði annars farið til heilsugæslunnar. Og það er einmitt spurningin, og ég held að menn verði að átta sig á því, á þetta allt að vera opið, bara opnir kranar? Þess vegna liggur nú fyrir þinginu frv. um það hvernig við getum nákvæmlega haft stýringu á þessu máli.

[15:33]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu Möller og Katrínu Fjeldsted fyrir þessa fyrirspurn, en vil um leið beina athygli að stöðu heimilislækna á landsbyggðinni.

Í mars 1999 var að frumkvæði landlæknis skipaður vinnuhópur í þeim tilgangi að vinna tillögur að uppbyggingu náms í landsbyggðarlækningum og landsbyggðarhjúkrun. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu til landlæknis í desember sama ár og í upphafi þeirrar skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hefur borið á skorti á heimilislæknum hérlendis, einkum í dreifbýli. Þetta á einnig við um aðrar heilbrigðisstéttir, ekki hvað síst hjúkrunarfræðinga. Kannanir og spár benda til þess að þetta ástand muni versna á næstunni ef ekkert verður að gert."

Þetta var í desember 1999 og enn hefur ekkert gerst til þess að bæta stöðu heimilislækninga á landsbyggðinni. Þetta er mál sem þarf endilega að halda opnu. Það er því mjög mikilvægt að hefja stétt heimilislækna upp til jafns við stétt sérfræðinga, til þess að ungir læknar fáist til að sérhæfa sig á þessu sviði.

[15:34]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Tryggingastofnun ríkisins hefur farið með samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga í læknisfræði sem fá greitt samkvæmt reikningum og heimilislækna sem eru sjálfstætt starfandi, án þess að stofnunin sem slík hafi nokkurt hlutverk samkvæmt lögum í að skipuleggja heilbrigðisþjónustu, hvað þá heldur að stofnunin reyndi að tengja samninga sína við annað sem var að gerast í heilbrigðismálum. Mörgum hefur þótt rétt að samningar við sjálfstætt starfandi lækna fari fram nær grasrótinni, þ.e. að t.d. í Reykjavík tæki stjórn heilsugæslunnar við því hlutverki. Á sama hátt má segja að heilbrigðisþjónusta t.d. á Austurlandi, hin nýja Heilbrigðisstofnun Austurlands, þurfi að hafa svigrúm til að ráða sinni heilbrigðisþjónustu og hafa um það að segja hvernig að henni er staðið. Þannig hefur reyndar verið unnið í tíð núverandi heilbrrh. Þess vegna er mikilvægt að hvetja til þess að haldið verði áfram á sömu braut og rýmkað til í rekstri heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Samstarf heimilislækna, allra heimilislækna, t.d. við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er afar mikilvægt. Sé samið um að slíka starfsemi megi reka sjálfstætt, hlýtur það að geta verið af hinu góða.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni lýsti ég vanda heilsugæslunnar eins og hún snýr við mér í Reykjavík. Mér finnst vanta svör frá ráðherra hvaða rök séu fyrir því að hafna umsóknum sjálfstætt starfandi heimilislækna í þeirri stöðu sem við erum í í dag, að það vantar heimilislækna og vilji er fyrir hendi hjá fólki, heimilislæknum sem eru m.a. erlendis, að koma heim, en á þessum forsendum. Svör hæstv. ráðherra voru í þá veru að heilsugæslan í Reykjavík eigi að hafa yfirumsjón með heilsugæslunni. Ég bendi á að það eru lög og reglugerðir sem segja til um hvers konar þjónustu á að veita og það er landlæknir sem á að hafa eftirlit með því. Og það er enginn sem segir mér að heimilislæknar sem eru sjálfstætt starfandi veiti eitthvað verri þjónustu, öðru nær. Ég held þeir veiti einmitt mjög góða þjónustu.

Í fyrri ræðu minni nefndi ég að heilbrigðisyfirvöld hafa haldið fram kerfi heilsugæslustöðva. Stefnan hefur verið rökstudd á þann veg að um heildstæða þjónustu við fjölskylduna sé að ræða, með því að allir þættir í heilsugæslu fjölskyldunnar sé veittir frá sömu stofnun. En stefna heilbrigðisyfirvalda hefur hins vegar ekki gengið upp, m.a. vegna erfiðs aðgengis að heilsugæslunni og skorts á heimilislæknum. Það sérstaka ástand hefur nú skapast að fólk sem hefur ekki náð viðtali við lækni sinn á dagvinnutíma, bíður til klukkan fimm á daginn og leitar þá til Læknavaktarinnar, sem er rekin af heimilislæknum sjálfum og þar geta þeir bæði fengið viðtal við lækni og vitjun heim ef svo ber við. Aukning á þjónustu við móttöku Læknavaktarinnar hefur verið fjórföld á 14 ára tímabili, frá 1987 til dagsins í dag. Þetta er góð og skilvirk þjónusta og miðað er við að fólk þurfi aðeins að bíða í hálfa klukkustund eftir þjónustu í móttöku og að hámarki tvo tíma eftir vitjun. Og það merkilega er að þessi þjónusta er rekin af sömu læknum og eru starfandi á heilsugæslustöðvunum og fólk getur átt von á því að hitta lækninn sinn á kvöldin sem hann fékk ekki vitjun hjá að deginum. Þetta segir mér að einkarekin heilbrigðisþjónusta er skilvirk og þetta sýnir mun á þessum tveimur kerfum.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Einkarekin heilbrigðisþjónusta er skilvirk og þess vegna eigum við að einkareka allar heilbrigðisstofnanir að mér skilst. Það er nú bara þannig að það er ekkert endilega sjálfgefið að einkarekin heilbrigðisþjónusta sé eitthvað skilvirkari, það er ekkert sjálfgefið. Er það eitthvað sjálfgefið t.d. að heimilislæknir sem fær samning hjá Tryggingastofnun ríkisins, nú er ég ekkert að segja að

það sé útilokað að fá samning hjá TR, en er það eitthvert grundavallaratriði að hann sé kannski fyrir hádegi á stofu hjá heilsugæslunni og eftir hádegi á samningi hjá TR? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, það er það nefnilega ekki. Og þess vegna held ég að við þurfum að ná samkomulagi og samstöðu um þetta og sérstaklega við heimilislækna. Ég hef einmitt rætt mjög við þá um það kerfi sem er í dag og hvort það mundi bæta úr öllu ef TR kæmi líka og greiddi. Ég held að grundvallaratriðið sé að menn verði sáttir við launin sín og sáttir við þá aðstöðu sem þeir hafa.

Hv. þm. Ásta Möller sagði áðan að ég hefði ekki svarað fyrirspurn hennar, af hverju það séu bara 15 heimilislæknar sem séu sjálfstætt starfandi, af hverju fleiri hafi ekki bæst við. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég fór ekkert nákvæmlega út í það vegna þess að ég held að öllum sé ljóst, a.m.k. þeim sem sitja hér á þingi, að það eru sérstakar reglur sem gilda áður en slíkt leyfi er gefið og þar kemur Tryggingastofnun að og héraðslæknirinn í Reykjavík sem gefur þetta leyfi. Þar hefur það strandað nákvæmlega en við viljum hafa það kerfi sem er skilvirkast og að sátt sé um það innan heilsugæslunnar. Þess vegna tel ég einmitt mjög mikilvægt, eins og ég hef boðað til, að setjast aftur með Félagi heimilislækna og finna núna nýjar lausnir. Ekki bara eina, ekki bara einn krana, heldur almenna lausn.

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga.

Fsp. MF, 518. mál. — Þskj. 814.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Yfirleitt stendur ekki á því að maður skammi hæstv. ráðherra þegar maður telur að það eigi við eins og mun koma í ljós á eftir, en ég vil gjarnan líka geta þess að við erum ákaflega stolt af heilbrrh. okkar eins og þegar hún svaraði fyrirspurninni hér áðan.

Hinn 17. desember 1998 undirrituðu hæstv. heilbr.- og trmrh. og borgarstjórinn í Reykjavík samning um skiptingu og uppgjör vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í 2. mgr. 4. gr. þessa samnings er ákvæði um að Reykjavíkurborg muni ekki taka þátt í viðhaldskostnaði eða nýframkvæmdum vegna eigna sem taldar eru upp í samningnum eftir gildistöku samningsins. Jafnframt segir í 5. gr. hans að ríkissjóður skuli endurgreiða framlög borgarsjóðs til nýframkvæmda og viðhalds á Landakoti sem borgarsjóður greiddi á árinu 1995–1998. Ekki varð annað séð en að með samningi þessum hafi hæstv. ráðherra tekið þá ákvörðun að losa sveitarfélögin undan þátttöku vegna viðhalds og stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana. Ég bjóst því við því að þessu yrði fylgt eftir af hálfu hæstv. ráðherra með frv. sem fæli í sér að öll þátttaka sveitarfélaga í slíkum kostnaði yrði felld niður þannig að sveitarfélögin byggju við jafnræði hvað þetta varðar.

En eins og fram kom í umræðunni áðan um fyrri fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra, þá virðast engar viðræður vera í gangi við sveitarfélögin hvað þetta varðar og ríkisvaldið ákveður enn einhliða hvaða reikninga sveitarfélögin skuli taka þátt í að greiða þegar um viðhaldskostnað er að ræða. Og það kom jafnvel fram hjá hæstv. ráðherra að reglurnar eru ekki skýrari en svo, reglurnar um það hvernig túlka átti meiri háttar viðhald sem stofnkostnað samkvæmt lögum, að þá eru reglurnar ekki til og skilgreiningin er ekki meiri en svo að meiri háttar viðhald er túlkað: Þegar ekki eru til peningar til að framkvæma á fjárlögum, en ef til eru nægir peningar til að framkvæma fyrir á fjárlögum þá er ekkert sem flokkast undir meiri háttar viðhald. Eða þannig skildi ég hæstv. ráðherra, sem kannaðist heldur ekki við, eins og hún orðaði það, það tæki sem ég talaði um að væri eitt af þeim sem keypt hafa verið á sjúkrahúsið á Suðurlandi, svokallað pokakerfi fyrir þvottahús Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi, sem var flokkað sem meiri háttar viðhald og sveitarfélögunum gert að greiða 15% þar af. En það vill nú svo til að 26. apríl 1999 undirritar hæstv. ráðherra sjálf bréf þar sem heilbr.- og trmrh. hefur ákveðið að veita Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi 1,1 millj. framlag til kaupa á pokakerfi. Um er að ræða 85% hlut ríkissjóðs. En tónninn um hvernig staðið yrði að slíkum greiðslum vegna viðhalds var gefinn fyrir tveimur árum þegar samningurinn við Reykjavíkurborg var gerður og þátttaka borgarinnar í viðhaldskostnaði og nýframkvæmd var felld niður, enda skynsamlegt að saman fari framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð í þessum efnum.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: (Forseti hringir.) Hyggst ráðherra leggja til að felld verði brott þau ákvæði laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sem fela í sér að sveitarfélögum er ætlað að greiða 15% af stofnkostnaði sjúkrahúsbygginga (Forseti hringir.) ásamt 15% hlutdeild í meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum þessara stofnana?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þm. á að virða tímamörk.)

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er eiginlega eins konar framhald í næsta blaði því við vorum að ræða þessi mál áðan, kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi sjúkrastofnanir, þannig að við tökum bara upp þráðinn þar sem hann slitnaði áðan.

Ég skrifa undir mörg bréf. Og varðandi stofnkostnað hjá heilbrigðisstofnunum og hvort það er pokakerfi eða eitthvert annað kerfi, þá legg ég það kannski ekki alveg nákvæmlega á minnið fyrr en þær upphæðir verða sem virkilega tekur í. En hv. þm. skildi kannski ekki alveg það sem ég var að fara með áðan, hvernig sátt hefur verið hingað til um það hvernig menn skipta á sig þessum kostnaði. Það er einfaldlega þannig að ef hluturinn er það stór að hann rúmast ekki innan venjulegra fjárlaga, þá kemur heilbrrn. inn í og greiðir, eins og kom fram er hv. þm. las upp bréf frá mér áðan. Sú regla hefur gilt að 15% af því komi þá frá sveitarsjóði, enda á sveitarsjóður yfirleitt hlut í viðkomandi stofnun og er líka með fólk þar í meiri hluta í stjórn. En það er annar handleggur.

En aðalspurningin er þessi: Eigum við að breyta þessu? Það kom nefnilega fram hjá hv. þm. áðan hver er undirrót óánægjunnar? Undirrót óánægjunnar er auðvitað sú sem hv. þm. sagði að Reykjavíkurborg þarf ekki að greiða það sem önnur sveitarfélög eru að greiða. Þess vegna tók ég þetta upp í ríkisstjórn fyrir margt löngu. Í framhaldi af því skipaði félmrh. nefnd sem í sitja fulltrúar ríkisins og sveitarfélaganna og sú nefnd á að skila af sér eigi síðar en í september á þessu ári. Ég býst við því að menn komist að samkomulagi um að þessum reglum verði breytt. Ég vona að ég hafi svarað fyrirspurn hv. þm. hvað þetta varðar.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er stórpólitísk fyrirspurn sem Margrét Frímannsdóttir ber hér fram vegna þess að hún kemur inn á þann viðkvæma þátt sem er samkrull ríkis og sveitarfélaga um stórverkefni og sannarlega á það við þegar heilbrigðisþjónustan er annars vegar. Það er alveg ljóst af orðum ráðherrans að það er túlkað sem meiri háttar viðhald þegar eitthvað kemur upp sem heyrir í raun og veru undir stofnkostnað en er ekki eitthvað fyrir á fjárlögum og nokkuð skýrt nú eftir að það kom fram í seinna svari ráðherrans. En það sem er merkilegt og kemur fram í orðum ráðherrans og ég fagna, er að það er greinilegt að þar sem hún tekur málið upp í ríkisstjórn í kjölfar þess að gera umræddan samning við Reykjavíkurborg þá hefur hún verið að leggja til að það sama gildi um önnur sveitarfélög. Það er meiri háttar mál að mega skilja ráðherrann svo að í framtíðinni megi reikna með því að þessi 15% hlutdeild sveitarfélaga verði felld niður.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að leggja orð í belg og varpa einni spurningu til hæstv. heilbrrh. Ef það er svo að það sé stefna heilbrrh. að yfirtaka fjármögnun sveitarfélaga yfir til ríkisins að þessu leyti, eins og skilja má, er það þá e.t.v. líka á döfinni stefnumótun í þá veru í framtíðinni að ríkisstjórnin sé e.t.v. að huga að því að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í sjúkrastofnunum?

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra það svar sem hún gaf við seinni fyrirspurn minni, þ.e. hvort hún hygðist breyta ákvæði laga nr. 97/1990, um kostnaðarskiptinguna, og fella niður þann þátt sem lýtur að sveitarfélögunum, eins og hæstv. ráðherra gaf tóninn að fyrir tveimur árum þegar undirritaðir voru samningar við Reykjavíkurborg. Það er hins vegar algjörlega óþolandi að í tvö ár hafa sveitarfélögin ekki setið við sama borð í þessum efnum og ekki virðist vera nein föst regla á því hvenær stofnun skal greiða viðhald og hvenær ekki. Lögin eru afar skýr í þessum efnum, virðulegi forseti. Lögin segja að allur almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja sé rekstrarkostnaður. Hins vegar er það meiri háttar viðhald sem átti að flokka sem stofnkostnað, þar sem sveitarfélögin áttu að borga 15% í. Eins og hæstv. ráðherra hefur sagt aftur og aftur og aftur, af því að sveitarfélögin eiga 15% hlut, (**Gripið fram í:** Meira.) þá eiga þau að borga, af því þau eiga hlut í viðkomandi stofnun, hvort sem það er meira eða minna, þá eiga þau að borga þessi 15%. En þau eiga bara að borga af meiri háttar viðhaldi sem hægt er að flokka sem stofnkostnað.

Virðulegi forseti. Ástæða er til þess að fá skýrslu á Alþingi um það hvernig með þetta hefur verið farið. Ástæða er til þess vegna þess að ef það er þannig að þau tæki og tól sem ég taldi upp áðan eru flokkuð sem meiri háttar viðhald og eignfærð í bókhaldi ríkisins og eru stofnkostnaður, er eitthvað meira en lítið að bókhaldi ríkisins. Ég trúi ekki að svo sé.

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég er alveg óskaplega lélegur bókhaldari og ætla ekki að fara í gegnum ríkisreikninga í óundirbúinni fyrirspurn, það veit sá sem allt veit. Aðalatriðið er þetta: Við veitum góða þjónustu um allt land. Sátt hefur verið á milli sveitarfélaganna og ríkisins um hvernig við veitum þessa þjónustu á stöðunum. Sátt hefur verið um þessar greiðslur. Ég held að það sé aðalatriðið. Sveitarstjórnarmenn hafa samþykkt þessar greiðslur, alveg eins og ríkið hefur samþykkt þessar greiðslur eins og undirskrift mín ber vitni um varðandi pokana sem áðan var rætt hér um.

Þó að ég kunni lítið í bókhaldi þá þekki ég mjög vel til sveitarstjórnarmála og var þar í mörg ár áður en ég kom á Alþingi. Þá eru samskipti sveitarfélaga og ríkis þannig að það gengur ekkert óskaplega hratt fyrir sig, það veit ég að sá hv. þm. sem situr á móti mér getur nú borið vitni um. Auðvitað er það þannig að allir vilja fá nokkuð fyrir sinn snúð. Þegar við erum í svona samningaviðræðum, þá erum við t.d. að hugsa um auka sálfræðiþjónustu. Við erum að hugsa um að auka sálfræðiþjónustu og sveitarfélögin koma aðeins meira inn í það en þau hafa gert hingað til og um það eru menn að ræða svo ég segi ykkur það alveg nákvæmlega.

Svo spurði hv. þm. mig að því hvort það væri stefna ríkisstjórnarinnar að kaupa hlut sveitarfélaganna í sjúkrahúsunum? Það er ekki stefnan að gera það enda skulum við muna hvernig það var þegar skólarnir fóru yfir til sveitarfélaganna frá ríkinu, þá man ég ekki eftir því að ríkið hafi rukkað sveitarfélögin um nokkra einustu krónu hvað það varðar (Gripið fram í.) enda er þetta sameiginlegt mál sveitarstjórnarmanna og ríkisins. Ég held að ekki sé von á neinum meiri háttar kaupum hjá ríkinu hvað þetta varðar.

Fjöldi öryrkja.

Fsp. KF, 544. mál. — Þskj. 847.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Herra forseti. Mig langar að beina eftirfarandi fyrirspurn til heilbrrh.:

1. Hve margir eru öryrkjar hér á landi og hvernig skiptast þeir eftir sjúkdómaflokkum? Er sú skipting svipuð og annars staðar á Norðurlöndum?

2. Hver er hlutfallslegur fjöldi öryrkja á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd?

3. Hve stór hluti öryrkja býr í Reykjavík?

Ástæða fyrirspurnarinnar sprettur helst upp úr skýrslu, sem ég rakst á sem er um umfang og einkenni örorku á Íslandi árið 1996, eftir þá Sigurð Thorlacius, Sigurjón Stefánsson og Stefán Ólafsson, en þar er tiltekið að á þeim tíma voru tæplega 9.000 einstaklingar búsettir á Íslandi með gilt örorkumat samkvæmt lífeyristryggingum almannatrygginga. Metin hafi verið meira en 75% örorka í 7.315 tilvikum og þar voru konur í meiri hluta. Eftir því sem ég veit best er fjöldi örorkulífeyrisþega sem hundraðshlutfall af íbúum landsins svipaður hér á Íslandi og í Danmörku, a.m.k. var hann það um þetta leyti. En það væri fróðlegt að heyra frá ráðherra hvort nýrri upplýsingar liggja fyrir og hvernig fjöldi öryrkja er miðað við önnur lönd.

Ástæðan fyrir að ég spyr um hve stór hluti öryrkja búi í Reykjavík liggur kannski í augum uppi, verandi Reykjavíkurþingmaður, þá finnst mér skipta máli hvernig höfuðborgin býr að öryrkjum sínum og þess vegna legg ég fram þessa fyrirspurn. Sömuleiðis langar mig að vita hverjar helstu sjúkdómsgreiningarnar eru.

[15:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er viðamikil spurning í þremur liðum. Í mars sl. voru 9.467 öryrkjar með 75% örorku sem fengu greiddar lífeyrisbætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Síðan voru 955 öryrkjar með 50–65% örorku sem fengu greiddan örorkustyrk á sama tíma. 396 voru á lífeyri vegna endurhæfingar. Af hópi öryrkja voru 58% konur og 42% karlar, en af örorkustyrkþegum voru 65% konur, en 35% karlar. Örorka er því marktækt algengari hjá konum en körlum. Metin hefur verið 75% örorka hjá 4,2% Íslendinga á aldrinum 16–66 ára, en 0,7% þjóðarinnar hafa fengið örorkumat milli 50% og 65% og eiga því rétt á örorkustyrk.

Algengustu fyrstu sjúkdómsgreiningar hjá örorkulífeyrisþegum voru geðræn vandamál og stoðkerfisvandamál eða alls rúmlega helmingur tilvika. Nánari greining öryrkja eftir sjúkdómaflokkum sýnir að tæplega 40% eru metnir með tauga- og geðsjúkdóma, u.þ.b. 20% með sjúkdóma í stoðkerfi og tæplega 10% með hjarta- og æðasjúkdóma. Aðrar greiningar eru 5% eða minni.

Þessi skipting er svipuð í Noregi og í Svíþjóð þar sem vitað er að algengustu greiningar eru þær sömu og á Íslandi. En þar eru þó stoðkerfissjúkdómar mun algengari forsenda örorku en geðræn vandamál sem er helsta forsenda örorku á Íslandi eins og fyrr segir.

Geðræn vandamál eru algengust á höfuðborgarsvæðinu, bæði hjá konum og körlum og einnig á landsbyggðinni hvað karla varðar, en hjá konum á landsbyggðinni er lítill munur á tíðni þessara sjúkdómaflokka. Ekki liggja fyrr nákvæmar upplýsingar um skiptingu örorkumatsins eftir sjúkdómaflokkum í öðrum löndum.

Hvað varðar aðra spurningu þá sýnir það samanburð við hin Norðurlöndin að hlutfallslegur fjöldi öryrkja er svipaður á Íslandi og í Danmöku en hann er mun hærri í Finnlandi, Noregi og í Svíþjóð. Árið 1996 var þetta hlutfall þannig: 4,2% á Íslandi, 4,3% í Danmörku, 7,6% í Svíþjóð og 8,6% í Noregi, en Finnar skáru sig úr með 9,2% hlutfall af íbúum á aldrinum 16–66 ára sem voru þar öryrkjar.

Þróunin á undanförnum árum í þessum löndum hefur verið sú að framangreint hlutfall hefur hækkað lítillega frá ári til árs en þó ekki svo mikið að það skekki umtalsvert samanburð við Ísland árið 1996. Samanburðurinn við Norðurlöndin sýnir einnig að aldursdreifing örorkulífeyrisþega er önnur á Íslandi en í hinum löndunum. Fjöldi örorkulífeyrisþega sem hlutfall í hverjum aldursflokki er hærri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum fram til þrítugsaldurs. Eftir það er þetta hlutfall hærra í hinum löndunum, þá hækkar það ört með vaxandi aldri eftir fimmtugt og er það orðið meira en tvöfalt hærra í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð en hér á Íslandi.

Samsvarandi þróun hefur orðið í Vestur-Evrópu og er hún víða meiri þar en á Norðurlöndum. Skýringar á þessari þróun má rekja beint til rýmri heimilda í þessum löndum til þess að nota örorkubótakerfið til að rýma til á vinnumarkaði og þá til að dylja umfang atvinnuleysis. Í örorkumati er þó gjarnan aukið vægi félagslegra aðstæðna umfram læknisfræðilega þætti örorkumatsins. Þessi leið hefur ekki verið farin á Íslandi enda er atvinnuþátttaka fólks í öllum aldurshópum yfir fimmtugt mun hærri hér en annars staðar á Vesturlöndum.

Hvað spurningu þrjú varðar þá búa 64% allra öryrkja á Íslandi á höfuðborgarsvæðinu en utan þess um 36%. Á sama tíma skiptast Íslendingar á aldrinum 16–66 ára þannig að rúm 60% búa á höfuðborgarsvæðinu, en tæplega 4% utan þess. Nú er mínum tíma lokið en ég hef ekki alveg svarað fyrirspurninni og get komið að því á eftir.

[16:00]

Ásta Möller:

Herra forseti. Það birtast athyglisverðar upplýsingar í grein í nýjasta tölublaði Læknablaðsins þar sem m.a. er fjallað um öryrkja. Þar kemur fram að þegar tekið er tillit til hækkunar aldurs og fólksfjölgunar hér á landi hefði öryrkjum ekki fjölgað milli áranna 1976–1996, reyndar jafnvel fækkað. En hins vegar kom jafnframt fram að þeim hefði fjölgað verulega sem skilgreindir eru sem 75% öryrkjar, þannig að skiptingin milli 75% öryrkja og þeirra sem eru á örorkustyrk eru 90% á móti 10%. Ljóst er að þetta er ekki vegna þess að veikindi hafi aukist meðal þjóðarinnar heldur er það kerfisbreyting sem gerir það að verkum að þessi skipting breytist svona, þ.e. að réttur 75% öryrkja til að fá aukinn stuðning vegna læknisþjónustu og vegna notkunar lyfja kom inn í kerfið 1980 sem leiddi til þess að fólk færðist meira í þennan hærri flokk.

Ég tel að viðfangsefni í framtíðinni sé að skilgreina betur réttindi öryrkja, þannig að það sé ekki kerfið sem ákveði örorkuna heldur hin raunverulega örorka og skerta starfsorka.

[16:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sem betur fer er það svo að mjög fáir, fyrir utan þá sem eru ævilangt fatlaðir, eru 100% öryrkjar, þ.e. algjörlega vanhæfir til að vinna. Flestir geta unnið eitthvað, sumir kannski helming, aðrir einn þriðja, einn fjórða o.s.frv. Hins vegar eru allir Íslendingar settir í tvo flokka sem öryrkjar, annaðhvort fá menn örorkustyrk ef þeir eru minna en 65% öryrkjar eða fá 100% örorkulífeyri.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Er þetta svo hjá öðrum þjóðum að fólk er annaðhvort að fullu öryrkjar eða ekki? Og er það ekki mjög skaðlegt fyrir öryrkja að mega ekki nýta vinnugetu sína sem þeir hafa til þess að stunda störf í þjóðfélaginu?

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns um hve mikilvægt er að nýta starfsorku þó hún sé lítil, vegna þess að það stuðlar að sjálfsvirðingu einstaklingsins. Ég er líka á því að við eigum frekar að greiða fólki örorkulaun en örorkubætur, en sú afstaða mín er af sama toga spunnin.

Reyndar náði ráðherra ekki að svara fyrirspurninni vegna tímaskorts, en það kom fram að geðsjúkdómar eru efstir á blaði sem orsök fyrir örorku hér á landi. Við erum með hlutfallslega fleiri öryrkja innan við þrítugt heldur en samanburðarþjóðir, en síðan breytist þetta hlutfall þegar fólkið eldist. Þetta skiptir miklu máli. Það er auðvitað alltaf viðkvæmt að ræða geðsjúkdómana en nauðsynlegt er að gera það. Þátttaka frjálsra félagasamtaka skiptir máli þar og aðkoma ríkisins að geðræktarverkefni, starfsemi Geðhjálpar o.s.frv., þetta er allt mjög mikilvægt.

En ég vildi draga þetta fram vegna þess að ég lít svo á að í Reykjavík búi hlutfallslega mun fleiri geðfatlaðir og öryrkjar en í öðrum sveitarfélögum og tölur ráðherrans tóku reyndar yfir höfuðborgarsvæðið en ekki Reykjavík sérstaklega, en kannski átti hún eftir að fara nánar ofan í það svar. En ef sveitarfélögin tækju við fleiri verkefnum eins og ég er áhugamaður um, t.d. um málefni fatlaðra, þá skiptir miklu máli að höfuðborgin geti staðið vel að verki og þá verður

hún að vita í hverju verkefni hennar er fólgið. Þess vegna bar ég fram þessa fyrirspurn.

[16:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég er ekki með nákvæma skilgreiningu á því hverjir búa í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði, ég er bara með höfuðborgarsvæðið allt undir þegar þessar tölur eru lesnar. En auðvitað er hægt að finna það og skilgreina og þá væri hægt að bera það upp í skriflegri fyrirspurn, en ég veit ekki hvort það segir okkur miklu meira, ég er ekki alveg viss um það. En ég vil endilega koma því að að við breyttum skilgreiningunni varðandi matið 1998, þannig að við erum að tala um örorku en ekki félagslega aðstoð eins og við gerðum áður fyrr í gömlu skilgreiningunni. Þetta er eingöngu læknisfræðilegt mat og læknisfræðileg skilgreining á örorku.

Reyndar kom fram spurning áðan hvort örorka væri í öðrum löndum metin 100%. Það er til, en almennt er þetta svipað kerfi, 75% örorka.

[Fundarhlé. — 16:06]

Byggðakvóti.

Fsp. KLM, 499. mál. — Þskj. 786.

[18:02]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. iðnrh. er um byggðakvóta og hljóðar svo:

Hyggst — eða réttara sagt hefur, það er svo langt síðan fyrirspurnin var lögð fram, eða hálfur mánuður — ráðherra beita sér fyrir því innan ríkisstjórnar að svokallaður byggðakvóti verði aukinn úr 1.500 tonna afla í 3.000 tonna afla eins og lagt er til í tillögu stjórnar Byggðastofnunar sem send hefur verið til ráðherra byggðamála?

Herra forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar eru orð sem komu hér fram í umræðum 15. febrúar árið 2001 þar sem formaður Byggðastofnunar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sagði m.a.:

„... að eitt af þeim verkum sem ný stjórn Byggðastofnunar kom að í upphafi síðasta árs var erfitt atvinnuástand í Hrísey og reyndar sáum við fram á að það yrði erfitt á nokkrum stöðum öðrum á landinu. Það varð því niðurstaða stjórnar að ég ritaði bréf til hæstv. iðnrh. fyrir hönd stjórnar og óskaði eftir því að byggðakvóti yrði aukinn úr 1.500 tonnum í 3.000 tonn."

Þetta eru ástæður þess, herra forseti, að ég legg fram þessa fyrirspurn. Mig langar að heyra það frá hæstv. byggðamálaráðherra hvort ráðherrann hafi lagt það til í ríkisstjórn að þetta yrði gert og hver niðurstaðan af því hafi orðið eða hvar þetta mál sé á vegi statt.

Þarna er jafnframt vitnað í erfitt atvinnuástand í Hrísey. Ég átti þess kost að sitja fund, fjölmennan borgarafund í Hrísey ekki alls fyrir löngu, þar sem verið var að ræða atvinnumál þar og vanda Hríseyinga sem hefur skapast eftir að fiskvinnsla var lögð niður þar, eða eftir að KEA og Snæfell hættu þar rekstri fiskvinnslufyrirtækis. Það gerðist svo fljótlega og hefur gerst í framhaldi af því að bæði fiskvinnslufólk og sjómenn þar standa uppi atvinnulausir nánast með engum fyrirvara og verðmæti eigna þessa fólks hríðfellur ef ekki kemur eitthvað annað til í staðinn. Fram kom að á vegum hreppsnefndar hafi verið unnið að því að stofna nýtt sjávarútvegsfyrirtæki, m.a. með Snæfell og KEA og þar var mjög horft til þess hvort Hríseyjarhreppur mundi fá einhverja úthlutun af svokölluðum byggðakvóta, vísuðu þar á meðal til málefna Þingeyrar, að þar hafi tekist vel til. Það var eins og menn sögðu að „það vantaði gulrótina", sem var byggðakvótinn, til að koma þessu betur af stað og koma slíkri atvinnustarfsemi í gang á ný.

Þess vegna, herra forseti, er þessi fyrirspurn lögð fram og eins og ég sagði vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, formanns Byggðastofnunar, sem veit hvernig mál eru þarna og við vitum það reyndar öll. En hvar er þetta mál á vegi statt?

[18:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir að fyrirspyrjandi sé að vísa til bréfs sem stjórn Byggðastofnunar ritaði mér þann 19. apríl á síðasta ári. Í bréfinu fór stjórn Byggðastofnunar þess á leit við mig að ég beitti mér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða þannig að byggðakvótinn yrði aukinn úr 1.500 lestum í 3.000 lestir. Í svari mínu til stjórnar Byggðastofnunar við þessu erindi vísaði ég til vinnu stjórnskipaðrar nefndar sem hæstv. sjútvrh. skipaði haustið 1999 til að vinna að sátt um stjórn fiskveiða. Í störfum sínum er nefndinni m.a. falið að huga að hagsmunum byggðanna. Ég taldi þá og tel enn að slík sátt þurfi að byggja á málamiðlunum ólíkra hagsmuna. Því gæti það spillt fyrir því að sátt takist í nefndinni ef farið yrði að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða áður en hún skilar tillögum sínum. Ég er enn sömu skoðunar og ég var þá. Á meðan að umrædd nefnd er að sinna sínu vandasama verkefni, þá mun ég ekki leggja til að gerðar verði breytingar á fiskveiðilöggjöfinni.

[18:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mér finnst skipta máli hvenær sú ágæta nefnd sem fjallar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða skilar af sér. Mér finnst, herra forseti, að hæstv. ráðherra sem fer með byggðamál geti ekki vikið sér undan þessu máli með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir hér. Ráðstöfunin á kvótanum er eitt stærsta byggðamálið, eitt stærsta málið fyrir byggðirnar í landinu eins og nú stendur. Og þar sem öll teikn eru á lofti um að nefndin um endurskoðun á stjórn fiskveiða muni ekki skila af sér í bráð, þá ætlar hæstv. ráðherra þar af leiðandi, eftir því sem hæstv. ráðherra sagði, ekkert að aðhafast í málinu. Ég tel að þetta sé alveg óþolandi svar gagnvart þeirri alvarlegu stöðu og því alvarlega máli sem hér er verið að fjalla um.

[18:08]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er ekki að ósekju að Byggðastofnun fari fram á þetta og lýsir það einkar vel hvernig ástandið er víða um land í sjávarbyggðum þegar verið er að biðja um 100% aukningu á byggðakvótanum. Og það er náttúrlega óþolandi eins og hér hefur komið fram að ekki sé hægt að svara þessu fyrr en nefnd sem starfar vegna breytinga á lögum um stjórn fiskveiða hefur skilað af sér tillögum. Byggðirnar hafa hreinlega ekki tíma til að bíða eftir því. Þetta endurspeglar það ástand sem er og það verður að bregðast við þessari beiðni Byggðastofnunar á jákvæðan hátt og helst þyrfti að hafa byggðakvótann meiri. Síðan má velta fyrir sér úthlutunarreglunum. En það er annar kapítuli út af fyrir sig sem þarf

að íhuga líka vel og vandlega með hvaða hætti byggðakvóta er úthlutað þannig að sem flestir hafi aðgang að honum og jafnræðis sé gætt.

[18:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þótt oft megi deila um byggðakvótann og hvernig honum hefur verið deilt út, þá ætla ég svo sem ekkert að fara út í þá umræðu hér. Það sem mér finnst vera athyglisvert við þessa umræðu er að flestar þær byggðir um landið hafa orðið til vegna nálægðar við sjóinn, hafa orðið til vegna þess að þaðan hafa menn getað gert út og sótt í auðlindina. Mér þótti svar hæstv. ráðherra mjög sérstætt. Aðspurð um þessi efni, af því að hún er nú hæstv. byggðamálaráðherra, þá svaraði hún því til að þar sem málið væri í nefnd, þar sem verið væri að leita sátta milli ólíkra sjónarmiða, milli ólíkra hagsmuna o.s.frv., þá hygðist byggðamálaráðherra á meðan ekki á neinn hátt breyta neinu. Það kom fram í gær að byggðamálaráðherra taldi sig vera í stórsókn, en hver sú sókn er er ekki gott að segja.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Oft hef ég nú verið hissa á svörum hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar um málefni byggðanna. Ég veit ekki hvort best væri að þakka fyrir þetta svar núna með ákveðinni þögn, en ég ætla þó ekki að gera það. Í byggðaáætlun er fjallað um ýmis þessi atriði, eins og t.d. að opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar og fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, m.a. með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar, verslunar, fiskveiða og vinnslu. Og enn fremur segir hér í einum kaflanum, með leyfi forseta:

„Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérsaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast."

Að þessu leytinu til er, eins og ég hef oft sagt, byggðaáætlun svona friðþægingaryfirlýsing ríkisstjórnar, það er lítið gert með þetta og lítið eftir henni unnið, jafnvel þó að við séum á síðasta ári þessarar áætlunar.

Ég hef tekið dæmi af atvinnulífi í Hrísey og þeim vandamálum sem þar sköpuðust vegna þess að útgerðarfyrirtækið hætti og þar var hætt að vinna fisk. Eru þetta skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til íbúa þessa svæðis, að verið sé að bíða eftir að nefndin skili af sér, stóra nefndin sem er að endurskoða fiskveiðimálin og átti að skila núna fyrir þinglok og fyrirsjáanlegt er að verður ekki? Á þetta fólk bara að bíða og bíða?

Á síðasta ári, herra forseti, fækkaði íbúum Hríseyjar um 13,8%. Ég óttast að íbúum Hríseyjar fækki meira eftir svona svör ef umrætt byggðarlag á ekki að geta átt nokkurn kost á því að fá opinbera aðstoð ef svo má að orði komast, ef menn líta á þetta þannig, í formi byggðakvóta eða aukinna fiskveiðiréttinda.

Herra forseti. Mér finnst eins og framsóknarmenn meini ekki nokkurn skapaðan hlut með byggðakvóta og umræðum um breytingu á kvótalögum og öðru, m.a. til að styrkja byggð í landinu sem á mjög í vök að verjast.

[18:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta mjög undarlegur málflutningur. Í fyrsta lagi fer ég ekki með sjávarútvegsmál, það vill svo til, þannig að ég breyti ekki og legg ekki fram frv. til breytinga á lögum um fiskveiðar til þess að (Gripið fram í.) auka byggðakvóta, það held ég að öllum hljóti að vera ljóst. Ég vil hins vegar að það komi fram að ég tel að sá byggðakvóti, þótt hann sé ekki mikill eins og hann er í framkvæmd nú, 1.500 tonn, hafi komið að gagni á nokkrum stöðum á landinu, þó alltaf megi deila um hvernig úthluta skuli slíkum gæðum sem þessi byggðakvóti raunar er, þá kom hann virkilega að gagni á ákveðnum stöðum. Ég ætla ekki að útiloka að hann verði aukinn. Hins vegar er það ekki hlutverk mitt á þessu stigi að vinna í málinu vegna þess að nefnd sem hæstv. sjútvrh. hefur skipað er að vinna að því að reyna að ná sátt í sjávarútvegsmálum. Á meðan ætla ég ekki að beita mér, ég fer ekki fram fyrir hæstv. sjútvrh. í þessu máli.

En út af því að hv. þm. talaði um að hann væri hissa á svörum, þá var ég líka mjög hissa á svörum formanns hans hér í gær sem hafði nú ekki mikinn skilning á byggðamálum. Ég saknaði þess að hv. þm. skyldi ekki vera í salnum til þess að koma til andsvara við formann sinn, því hann talaði nánst gegn því að auka fjármagn til byggðamála. Og það var athyglisvert.

Af því að hv. þm. minnti á fundinn í Hrísey, þá er hann mér ákaflega minnisstæður. Þar tók hv. þm. heldur betur upp í sig því að aðalvandamál þessarar þjóðar að hans mati á þeim fundi voru nokkrir þingmenn, þ.e. hv. þm. Halldór Blöndal, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Þetta var vandamál þjóðarinnar, sagði hann á fundinum í Hrísey, og var það nú sérstaklega málefnalegt.

Jarðvarmi og vatnsafl.

Fsp. ÞSveinb, 547. mál. — Þskj. 851.

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Nú eru rúm tvö ár síðan vinna við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsorku og jarðvarma hófst á vegum iðnrn. Þetta viðamikla og mikilvæga verkefni snertir flesta þætti íslensks þjóðlífs og hagsmuni allra landsmanna, ekki síst komandi kynslóðar.

Herra forseti. Mig langar að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvernig vinnu við gerð rammaáætlunarinnar miði nú í upphafi árs 2001.

Sem kunnugt hefur verið við það miðað að við árslok 2002 liggi fyrir allt að 25 samanburðarhæfir kostir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hér á landi. Þar verði 15 kostir í vatnsafli og 10 í jarðhita, að því er ég kemst næst. Ég tel mjög mikilvægt að hv. alþm. séu reglulega upplýstir um framgang þessarar vinnu hér í þingsal þótt auðvitað liggi margvíslegar upplýsingar fyrir um rammaáætlunina á heimasíðu hennar á netinu.

Hæstv. forseti. Það er að mörgu að huga í þessu sambandi. Fyrir það fyrsta virðist undirbúningur rammaáætlunar hafa sett litlar skorður við framkvæmdagleði stjórnvalda við nýtingu þeirra orkugjafa sem hér um ræðir. Kárahnjúkavirkjun er eins og alþjóð veit komin í umhverfismatsferli og því er reyndar þannig farið, herra forseti, að starfsorka margra þeirra sérfræðinga og vísindamanna sem hafa einnig þann starfa að undirbúa rammaáætlunina hefur að miklum hluta

verið nýtt til vinnunnar við umhverfismat við hugsanlega virkjun Kárahnjúka nú á þessu síðastliðna missiri, en hæstv. iðnrh. er að sjálfsögðu fullkunnugt um það. Víða er fólk og fyrirtæki að störfum alveg án tillits til rammaáætlunarinnar og stefnumótunar til framtíðar að því er virðist. Búðarháls, Norðlingaalda, Kvíslárveita, Bjarnarflag og stækkun Kröflu auk tilraunaborana í Tröllladyngju, svo einhver dæmi séu nefnd, hljóta að leiða hugann að því hvort ekki sé of geyst farið í þessum efnum, sérstaklega í ljósi þess að rammaáætlunin um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á að liggja fyrir að tveimur árum liðnum og, herra forseti, þau tvö ár verða fljót að líða.

Ég hef einnig lagt fram fyrirspurn, og lagði hana reyndar fram samtímis þeirri sem hér er um ræðir, til hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur, um gerð náttúruverndaráætlunar sem á að liggja fyrir á næsta ári. Því miður komst sú fyrirspurn ekki á dagskrá þingfundar í dag en fróðlegt væri að vita hvað og hvers konar samvinna er á milli þeirra sem starfa að gerð rammaáætlunarinnar og svo þeirra sem hafa náttúruverndaráætlunina með höndum. E.t.v. getur hæstv. iðnrh. upplýst eitthvað um það.

Herra forseti. Það er að ýmsu að hyggja í þessum efnum eins og ég hef hér reifað. Skýrsla um verndargildi landsins norðan Vatnajökuls mun líta dagsins ljós á þessu ári og ekki má gleyma miklum áformum ríkisstjórnarinnar um þróun og notkun vetnis hér á landi. Gangi þau eftir munu þau hafa mikil áhrif á orkunýtingu hér á landi.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra hvernig miði við gerð áætlunarinnar.

[18:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í febrúar 1997 samþykkti ríkisstjórnin að iðnrh. í samráði við umhvrh. léti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Áætlunin skyldi vera í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku- og iðnaðar- og efnahagsmálum. Í samþykkt ríkisstjórnar segir m.a.: „Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi.“ Enn fremur skyldu gerðar rannsóknir til að afla grundvallarþekkingar á umhverfisáhrifum virkjana á Íslandi og fé lagt til þróunar rannsóknaraðferða í því skyni. Í mars 1999 kynnti iðnrh. rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma undir kjörorðinu „Maður – nýting – náttúra“. Markmið hennar er m.a. að leggja grundvöll að forgangsröðun virkjanakosta, með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Rammaáætlunin byggir á faglegum og lýðræðislegum vinnubrögðum, vandaður undirbúningur að ákvörðun dregur úr hættu á mistökum og stuðlar að meiri sátt um niðurstöðu. Við gerð rammaáætlunar vilja stjórnvöld að lagt sé mat á virkjunarkosti og þeir flokkaðir með tilliti til orkugetu og hagkvæmni, gildis þeirra fyrir þjóðarhag, atvinnu- og byggðaþróun í landinu, svo og áhrifa á náttúrufar og umhverfi, hlunnindi, útivist og menningarminjar.

Vinna hófst þegar vorið 1999 við undirbúning að gerð áætlunarinnar. Hefur verið unnið mikið starf við öflun grunnupplýsinga og nauðsynlegra rannsókna á náttúrufari, svo og þróun á aðferðafræði við verndarviðmið. Mótun aðferða við áætlunargerð einstakra virkjanakosta er einnig langt komin. Þó svo að öllu meiri vinna hafi verið unnin við undirbúning og rannsóknir en í upphafi var gert ráð fyrir miðar gerð áætlunarinnar eðlilega miðað við þau tímamörk er menn settu sér í upphafi.

Verkefnisstjórnin setti sér það markmið í upphafi að í lok 2002 mundi hún skila fyrsta áfanga mats á allt að 25 virkjunarhugmyndum af hugsanlegum 100 hugmyndum sem komið gætu til umfjöllunar í rammaáætlun. Í þessum fyrsta hópi verður lögð áhersla á virkjunarhugmyndir sem tengjast jökulám á hálendi og háhita nærri byggð. Stefnt er að því að meðal jökulánna yrðu Jökulsá í Skagafirði, Skjálfandafljót, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal, Jökulsá á Fljótsdal, Hverfisfljót, Skaftá, Hólmsá, Markarfljót, Þjórsá og Hvítá í Árnessýslu.

Meðal háhitasvæða sem vonast er til að komi til mats í árslok 2002 eru Reykjanes, Krýsuvík, Tröllladyngja og Brennisteinsfjöll á Reykjanesskaga, Nesjavellir, Grændalur, Ölkelduháls og Hengilssvæði, Torfajökulssvæði á Suðurlandi og Öxarfjörður, Þeistareykir, Krafla og Námafjall á Norð-Austurlandi.

Í tilefni mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, sem stendur nú yfir, hefur verkefnisstjórnin að beiðni iðnrh. flýtt vinnu sinni við undirbúning að mati á virkjunarhugmyndum sem fela í sér umtalsverð miðlunarlón. Er það gert í þeim tilgangi að áður en tekin er ákvörðun um að ráðast í Kárahnjúkavirkjun hafi menn samanburð annarra virkjunarkosta við hana.

Á fjárlögum 2001 var ráðstöfunarfé Orkusjóðs til undirbúnings rannsóknar rammaáætlunar aukið til að flýta gerð vinnu við þessar virkjanahugmyndir og stefnir verkefnisstjórnin að því að gefa fyrstu umsögn sína um þær í árslok 2001. Vonir standa því til að upphafleg áætlun um lok á fyrsta hluta rammaáætlunar á árinu 2002 muni geta staðist.

[18:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef áður fagnað því framtaki sem á sér stað í vinnunni við rammaáætlunina en ég hef sömuleiðis gagnrýnt þann hátt sem hafður hefur verið á þessari vinnu að ekki skuli á meðan frestað framkvæmdum við virkjanakosti sem eru í fullum gangi eins og kom fram í máli hv. frummælanda. Ég hef sömuleiðis gagnrýnt forræði þessarar áætlunar, að það skuli ekki vera á hendi umhvrh. En allt um það hér og nú.

Mér finnst skipta verulegu máli að hæstv. iðnrh. svari okkur því hvert stjórnsýslulegt gildi þessarar rammaáætlunar komi til með að verða. Kemur þetta til með að hafa einhvers konar lögfestingargildi eins og önnur skipulagsmál eða verður þetta bara leiðbeinandi plagg fyrir ríkisstjórnina sem hún getur farið eftir að eigin geðþótta?

Ef svo verður, þá erum við í mikilli hættu, sömu hættu og Norðmenn kölluðu yfir sig með því að rammaáætlun þeirra var bara leiðbeinandi plagg. Reyndar hefur það gerst í Noregi að ríkisstjórnin þar hefur hætt við ákveðnar virkjanir vegna þess að þær hafa ekki þótt samrýmast stefnu stjórnarinnar þó að þær hafi verið inni á rammaáætlun.

[18:24]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nauðsynlegt er að gera slíkar áætlanir sem hér er um að ræða um hinar stóru vatnsaflsvirkjanir en það má líka spyrja hver sé staða minni vatnsaflsvirkjana í þessu máli. Ég vil vekja athygli á því að þegar um þær er að ræða

þarf náttúrlega að taka slík mál inn í, bæði hvað varðar umhverfisþátt og síðan möguleika með minni vatnsaflsvirkjanir til atvinnusköpunar og nýsköpunar þar sem því verður við komið. Það getur verið mörgum til góðs að geta komið sér upp slíkum virkjunum, annaðhvort bændur einir eða saman eða hópar í litlum samfélögum þar sem slík virkjun eða slíkar virkjanir gætu verið reistar sem gætu selt rafmagn inn á netið og stuðlað þannig að atvinnusköpun. Einnig mætti nota þá orku líka til starfa og uppbyggingar fyrirtækja í þessum byggðum.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti biðst velvirðingar á því að tölvukerfið, tímasetningarkerfið virkaði ekki, en það stendur til bóta.)

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin svo langt sem þau náðu, og taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um stjórnsýslulegt gildi þessarar rammaáætlunar því það er algjört grundvallaratriði. Eins og við vitum öll verða væntanlega kosningar hér vorið 2003, ef ekki fyrr, og þá má svo sem leggja afurðina í dóm kjósenda, þó ég ætli kannski ekki að fara að spá fyrir um það núna. Hins vegar er mjög mikilvægt í þessu máli og vegna þess hvernig staðan er núna árið 2001, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, að þá miðar þessu eðlilega og búið er að flýta vinnu vegna hugsanlegra stórra miðlunarlóna á hálendinu og þeirri vinnu á að skila fyrir árslok. Ég vil þó minna á í því sambandi að matsskýrslan vegna Kárahnjúkavirkjunar verður líklega tilbúin mjög bráðlega, á næstu vikum ætla ég. Búast má við því eða gera fastlega ráð fyrir því að hæstv. umhvrh. þurfi að fást við mjög erfiðar spurningar vegna þess umhverfismats núna í sumar og glíma við ýmis úrlausnarefni og hefur þá í raun ekki svörin sem hún þyrfti að hafa fyrr en í árslok. Það sýnir kannski betur en nokkuð annað að það er svolítið verið að vinna þessi mál hvert í sínu horni, náttúruverndaráætlun er hér, rammaáætlun er þar. Og e.t.v hefði verið betra að setja þetta allt undir eitt ráðuneyti og þá undir umhvrn., með fullri virðingu fyrir hæstv. iðnrh., því ég held að þar eigi þessi vinna einmitt heima.

[18:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að þessi vinna sé í ákaflega góðum höndum í iðnrn. en reyndar var það nú svo sem áður en ég kom þar sem sú ákvörðun var tekin að hafa þennan háttinn á. En eins og ég lét koma fram í máli mínu er vinnan í samráði við umhvrh., og a.m.k. síðan ég kom í iðnrn. hefur ekki komið upp neitt vandamál í samstarfi okkar og ég tel að það sé hið besta.

Hvað varðar stjórnskipulegt gildi þá er það eitt af því sem við erum að fjalla um og erum að kynna okkur hvernig aðrar þjóðir hafa farið að í þeim efnum. Mér er kunnugt um hvernig Norðmenn leystu það mál, ef lausn skal kalla, en ég geri mér grein fyrir því að það skiptir nokkuð miklu máli. En ég vil segja að lokum að ég tel að þessi vinna sé í mjög góðum höndum og í góðum farvegi og sé öll til mikillar fyrirmyndar.

[18:28]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 568. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 877.

Náttúruvernd, 569. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 878.

Tilraunir með brennsluhvata, 555. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 861.

Öryrkjar og örorkubætur, 353. mál, svar heilbrrh., þskj. 876.

Greiðslur vegna tjóna af völdum jarðskjálfta.

Fsp. MF, 516. mál. — Þskj. 812.

[18:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í svari sem barst við fyrirspurn minni í vetur frá hæstv. viðskrh. um samanburð á greiddum bótafjárhæðum og endurstofnverði þeirra íbúðarhúsa sem urðu ónýt í jarðskjálftunum í júní sl. sumar kom fram að um verulegan mismun er að ræða. Bótagreiðslur miðað við brunabótamat voru um 105 millj. kr. lægri en endurstofnverð íbúðarhúsa. Þó er endurstofnverð í flestum tilvikum lægra en áætlað endurbyggingarverð þannig að reikna má með að áætlaður mismunur á greiddum bótum vegna þessara tjóna og raunverulegs kostnaðar, sem þær fjölskyldur sem um ræðir bera, sé í raun mun hærri.

Svo dæmi sé tekið er íbúðarhúsið á Árbakka sem var 133 fermetar að stærð, brunabótamatið var 6.048.000, endurstofnverð samkvæmt fasteignamati ríkisins 11.389.000, sjálfsábyrgðin var 302.400 kr., kostnaður við að rífa niður húsið, þrif og akstur á hauga um 614 þús. kr., endurbyggingarkostnaður á sambærilegu fullbúnu húsi er áætlaður 15,9 millj. Þá er miðað við 120 þús. kr. á fermetra. Við mat á endurbyggingarkostnaði verður auðvitað að hafa í huga að allt skemmdist, t.d. föst heimilistæki á borð við eldavél, salerni, sturtu, sökkullinn var ónýtur og töluverður kostnaður er við að koma inn í nýtt hús rafmagni, vatni, síma, koma frárennsli í lag o.s.frv. Kostnaðurinn er því varlega áætlaður tæpar 16 millj.

Ef skoðað er hvað eigendur Árbakka fengu þá er það þannig að greiddar bætur eru 6.048.000, en frá dragast 916.400 kr., sem er annars vegar sjálfsábyrgðin og hins vegar niðurrif og þrif. Greiddar bætur eru því 5.131.600 kr. Það er sú upphæð sem þeir einstaklingar sem áttu íbúðarhúsið á Árbakka hafa úr að spila þegar farið er í það að reisa nýtt íbúðarhús. Það sér hver maður að hér er ekki hægt að tala um að þessi fjölskylda sé jafnsett og áður þar sem kostnaðurinn er áætlaður um 16 millj. við sambærilegt íbúðarhús. Þá er ekki verið að tala um bætur fyrir það sem er óbætanlegt og þann skaða sem þessi fjölskylda, eins og margar aðrar, varð fyrir að öðru leyti hvað varðar útihús og ýmsa muni sem verða aldrei bættir af tryggingum.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum þar sem um er að ræða verulegan mismun hvað varðar greiddar bætur og raunverulegan kostnað vegna endurbygginga eigna sem eyðilögðust í jarðskjálftunum og langur vegur virðist vera frá því að þær fjölskyldur sem misstu aleiguna í jarðskjálftunum í júní sl. sumar séu jafnsettar fjárhagslega og þær voru áður.

Það sameiginlega tryggingakerfi sem við búum við hvað varðar bætur eftir náttúruhamfarir virkar ekki. Því leyfi ég mér að beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

1. Hver er áætlaður mismunur á útgreiddum bótum vegna þeirra altjóna sem urðu á íbúðarhúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 og raunverulegs endurbyggingarkostnaðar sömu eigna?

2. Verður þessi mismunur greiddur með ríkisframlagi eða viðlagatryggingu? Ef svo er, þá hvenær og verður tekið tillit

til 5% sjálfsábyrgðar og kostnaðar við niðurrif og frágang þeirra íbúðarhúsa sem skemmdust?

[18:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrri spurningunni vil ég segja að í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur í október sl., á þskj. 59, lagði ég fram töflu þar sem gerð var grein fyrir fjölda eigna sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum í júní sl. og upplýsingum um bótafjárhæðir, brunabótamat og endurstofnverð. Fjórar eignir hafa bæst við þá upptalningu og eru íbúðarhús sem orðið hafa fyrir altjóni því orðin 38 talsins. Nýrri töflu með uppfærðu yfirliti mun ég láta dreifa á borð þingmanna.

Sem svar við síðari spurningunni: Nefnd ráðuneytisstjóra, sem skipuð var strax í kjölfar jarðskjálftanna í júní, er enn að störfum. Nefndinni hefur verið falið að ræða þessi mál við stjórn Viðlagatryggingar Íslands. Þannig liggur ekki enn fyrir lokaniðurstaða hvernig farið verður með mál sem þessi.

Að auki vil ég segja og vekja athygli á því að ég hef lagt fyrir ríkisstjórn minnisblað þar sem kynnt er sú ákvörðun mín að setja á laggirnar nefnd sem fari yfir þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu við tjónsuppgjör vegna skjálftanna sl. sumar, helstu ágreiningsefni sem upp komu við úrvinnslu og benti á leiðir til úrbóta. Jafnframt er gert ráð fyrir að nefndinni verði falið að kanna tilhögun viðlagatryggingaí helstu nágrannalöndum og meta það hvort viðlagatryggingar séu jafn vel eða betur komnar hjá hinum almennu vátryggingafélögum. Þegar nefnd þessi hefur skilað niðurstöðum mun ég taka ákvörðun um hvort tilefni sé til að láta semja frv. til laga um breytingar á því lagaumhverfi sem gildir um viðlagatryggingar.

Eitt vil ég benda á sem skiptir máli í umræðu um viðlagatryggingu og hvort tjónþolar hafi fengið bætur fyrir tjón sitt, sem er brunabótamat eigna, og má e.t.v. segja að hafi verið rót vandans hvað varðar tjón á Suðurlandi. Með breytingum á lögum um brunatryggingar og reglugerð settri á grundvelli þeirra, hefur verið tekið á þessum atriðum, þ.e. gert er ráð fyrir að brunabótamat taki til efnislegra verðmæta þeirra húseigna sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað, að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Fasteignamat ríkisins hefur þegar hafist handa við leiðréttingu brunabótamats eigna í samræmi við þessar breyttu forsendur.

[18:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil láta það koma skýrt fram og árétta að ég tel afar mikilvægt að við uppgjör á kostnaði og endurbyggingarstarfi á Suðurlandi eftir jarðskjálftana verði staðið við þau fyrirheit sem voru gefin um að einstaklingar sem lentu þar í tjóni gætu haldið áfram lífi sínu og starfi og búsetu eftir að endurbætur hafa verið unnar án þess að bíða af því fjárhagslegt tjón. Ég legg ég áherslu á að við þetta verði staðið og þó svo að menn geti verið að leita eftir hinum ýmsu formgöllum eða ágöllum sem fólgnir eru í hinum ýmsu matsaðferðum eignarinnar var það ætlunin að eigendur gætu fengið sinn hlut bættan vegna þessara náttúruhamfara og okkur ber skylda til þess að gera það.

[18:37]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó að þau hafi kannski verið aðeins á annan veg en ég spurði um því ég var ekki að spyrja um endurstofnverð heldur endurbyggingarkostnað. Ég nefndi dæmi um það hvernig raunverulegur endurbyggingarkostnaður er hvorki í samræmi við brunabótamatið né endurstofnverðið. Hvað varðar t.d. þá eign sem ég nefndi, að Árbakka, þá eru útgreiddar bætur aðeins um 5,1 millj. þegar búið er að taka frá 5% sjálfsábyrgð og síðan kostnað vegna niðurrifs og þrifa en kostnaðurinn við að byggja nýtt hús eru tæpar 16 millj. kr. en endurstofnverðið bara 11 millj. kr.

Enn þá meiri munur kemur í ljós í þeim nýju tölum sem hæstv. ráðherra hefur látið dreifa þar sem um það er að ræða að áður var um 16 altjón að ræða í Árnessýslu en þau eru nú 17. Þar er bótafjárhæð í þessu nýjasta dæmi um 6,6 millj. kr., brunabótamatið er 10,3 en endurstofnverðið 22,8. Að vísu skal tekið fram að það er stjörnumerkt við þessar tölur, þannig að þar getur verið einhver sérstök skýring á. En síðan bætist við að áður höfðu orðið 18 altjón í Rangárvallasýslu en eru nú 21. Þarna er um verulegan mun að ræða, og þetta er ekki bara hvað varðar íbúðarhúsin, heldur útihúsin líka, það er mikill munur á endurbyggingarverði og þeim bótafjárhæðum sem fólk hefur fengið greiddar.

Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. viðskrh. Hún hefur sýnt það í svörum sínum við þeim fyrirspurnum sem ég hef lagt fram varðandi þetta mál sérstaklega. Ég tek hins vegar eindregið undir þau orð sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði hér áðan. Það hlýtur að vera markmið okkar að það fólk sem varð fyrir þessu tjóni sé ekki verr sett fjárhagslega eftir en það var áður.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

90. FUNDUR

fimmtudaginn 15. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, stjfrv., 520. mál, þskj. 816, nál. 855. — 2. umr.
2. Samningur um opinber innkaup, stjtill., 565. mál, þskj. 871. — Fyrri umr.
3. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 542. mál, þskj. 845. — 1. umr.
4. Framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 512. mál, þskj. 806. — Fyrri umr.
5. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769. — Fyrri umr.
6. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.
7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.
8. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — 1. umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — 1. umr.
10. Lyfjatjónstryggingar, frv., 208. mál, þskj. 218. — 1. umr.
11. Útbreiðsla spilafíknar, þáltill., 250. mál, þskj. 275. — Fyrri umr.

12. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

13. Félagsleg aðstoð, frv., 275. mál, þskj. 303. — 1. umr.

14. Almannatryggingar, frv., 281. mál, þskj. 309. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), 444. mál, nál. utanrmn., þskj. 881.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), 445. mál, nál. utanrmn., þskj. 882.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill tilkynna að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum kl. hálftvö að loknu matarhléi og aftur síðdegis.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 816, nál. 855.

[10:32]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá hv. iðnn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

Frv. þetta gengur út á að heimilt verði að sameina Hitaveitu Suðurnesja, sem er í eigu ríkissjóðs að 20% hluta og sveitarfélaga á Suðurnesjum, og Rafveitu Hafnarfjarðar sem er í eigu bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Meiningin er að stofna hlutafélag um rekstur undir nafninu Hitaveita Suðurnesja hf. Markmið þess er að auka markaðssvæði Hitaveitu Suðurnesja og jafnframt vinnslusvæðið og með slíkri sameiningu nær vinnslusvæðið yfir Reykjanesskagann og skapar gífurleg sóknarfæri.

Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa frá iðnrn., Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum ásamt bæjarstjóranum í Hafnarfirði sem talsmanns Rafveitu Hafnarfjarðar.

Eins og fram kom við 1. umr. ríkir mjög almenn sátt um þetta frv. innbyrðis milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og hins vegar á milli Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og allir aðilar vænta mikils af þessari lagabreytingu eins og fram hefur komið.

Nefndin mælir með samþykkt frv. þó með einni orðalagsbreytingu við 2. gr. Í stað orðsins „eftir" komi: við, þ.e. við samrunann verði eignarhluturinn eins og fram kemur í 2. gr. Telja nefndarmenn að eðlilegra sé að nota þar orðið „við" því að þannig verður eignarhlutinn við sameininguna en kann auðvitað að breytast eftir hana í framtíðinni. Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð.

Undir nál. rita auk þess sem hér stendur, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Árni Ragnar Árnason og Árni Steinar Jóhannsson, en sá síðastnefndi þó með fyrirvara.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri smávægilegu breytingu sem hér var getið um.

[10:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja en eins og fram hefur komið í ræðu hv. formanns iðnn. hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég vil aðeins að það komi fram að ég tel að vinnubrögð við þetta mál hafi verið allsendis ófullnægjandi. Þetta er keyrt í gegnum þingið með miklum hraða og fer til umfjöllunar í þingnefnd áður en þingið er búið að afgreiða málið og ég tel að það sé ekki til eftirbreytni og við eigum ekki að standa þannig að málum.

Einnig vil ég að það komi fram að ég hef áhyggjur af svona vinnubrögðum vegna þess að ég tel að við séum að slíta hlutina úr samhengi. Það liggur fyrir að iðnn. er að fá til umfjöllunar ný orkulög sem byggð eru á tilskipun frá Evrópusambandinu um nýtt form eða nýtt skipulag orkumála. Ég tel að það hefði átt að bíða með þessa breytingu þangað til við hefðum fast land undir fótum í þeim efnum og sæjum landið fyrir í heild sinni á grunni nýrra orkulaga.

Í þriðja lagi vil ég nefna annað. Ég tel að það sé vont fyrir höfuðborgarsvæðið að stuðla að því að setja upp fyrirtæki sem mun óhjákvæmilega leiða til þess nú á næstu mánuðum að það verður samkeppni um lönd eða öllu heldur samkeppni um kaup á löndum þar sem orka er hugsanlega fyrir hendi vegna þess að það hefur komið fram hjá mönnum að þeir hugsa stórt. Það er allt í lagi með það, en samkeppni um kaup á löndum getur óhjákvæmilega ekki leitt til annars en að slíkt kemur niður á neytendum á höfuðborgarsvæðinu þegar til lengri tíma er litið. Samkeppnin er þegar í gangi. Orkuveita Reykjavíkur hefur verið að hasla sér völl á þessu svæði og þetta hlutafélag mun að sjálfsögðu fara af fullum þunga inn í þá samkeppni og það tel ég alls ekki tímabært. Af hverju ekki? Vegna þess t.d. að það eru ekki bara orkulögin sem verið er að fjalla um núna og er ekki afgreitt mál heldur er að störfum þjóðlendunefnd og sú nefnd er ekki einu sinni komin að Reykjanesskaga eða umhverfi höfuðborgarsvæðisins þannig að þar er allt í uppnámi. Það eru ekki bara bændur á Suðurlandi og í Skaftafellssýslu sem héldu að þeir væru stórir landeigendur en eru það ekki lengur samkvæmt stefnu ríkisins. Það getur allt eins farið svo að þegar þjóðlendunefnd hefur fjallað um svæðið umhverfis höfuðborgarsvæðið og Reykjanes að menn eigi ekki þau lönd og eigi ekki þá orku sem þeir héldu að þeir ættu. Ég hefði haldið að við slíka hlutafélagsmyndun væri algert grundvallaratriði að menn hefðu þennan ramma, vissu hvar þeir stæðu, og að þessi mál væru afgreidd fyrst, þ.e. ný orkulög á grunni tilskipunarinnar og að fá úrskurð þjóðlendunefndar þó ég geri mér grein fyrir því að það taki eitthvað lengri tíma.

Í fimmta lagi er önnur nefnd að störfum sem á að skila áliti um það hvernig við stöndum að jöfnun á orkuverði í landinu því að eins og menn vita, sitja Rafmagnsveitur ríkisins uppi með orkuafhendingu inn á þau svæði sem eru ekki arðbær, svokallaður félagslegur þáttur. Nefnd er að störfum sem á að fara ofan í það hvernig við eigum að standa að jöfnun orkuverðs og þetta verða ný fyrirtæki líka að vita. Það eru gefnar upp þrjár formúlur fyrir jöfnun orkuverðs, þ.e. skattalega leiðin í tvennum skilningi annaðhvort með því að

lækka skatta, eins og söluskatt á orkuafhendinguna eða að setja inn beina ríkisstyrki eða þá að setja á framleiðslugjald. Þetta liggur heldur ekki fyrir og er ákaflega óheppilegt þegar við erum að ræða um þessi mál að það skuli ekki vera á hreinu.

Virðulegi forseti. Hitaveita Suðurnesja er gríðarlega öflugt fyrirtæki nú um stundir en hún er líka mjög sérstök. Vatnssala Hitaveitu Suðurnesja inn á Suðurnesin er út úr rekstri upp á 2 milljarða 458 millj. Þá er vatnssalan inn á svæðið aðeins 395 millj. Vatnssalan inn á Keflavíkurflugvöll, sem er miklu minni kaupandi í magni en byggðirnar á Suðurnesjum, er hins vegar 621 millj. Hitaveitan er líka með raforkusölu upp á 551 millj. og þar af raforkusölu inn á Keflavíkurflugvöll upp á 291 millj., og raforkuksalan til Landsvirkjunar er síðan upp á 254 millj. Fyrirtækið framleiðir 46 megavött af afli þar sem það notar um það bil 16 megavött sjálft en kaupir til baka aftur 16–18 megavött af Landsvirkjun. Uppsetningin á þessu fyrirtæki er ákaflega sérstæð. Í mínum huga er Hitaveita Suðurnesja og uppsetning hennar að hluta til byggð á utanríkismálasamþykkt þingsins og þjóðarinnar gagnvart ameríska hernum, gagnvart NATO. Það gerir málið mjög sérstakt og í því óðagoti sem átti sér stað við að keyra þetta mál í gegn datt mönnum í hug að gefa heimild, raunar án mikillar umræðu, hér og nú og strax um að selja hlut ríkisins sem er um 25% í fyrirtækinu á grunni þess frv. sem við erum að tala um hér.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að hér er verið að fara út í mál sem er ekki búið að vinna vel. Á nefndarfundi voru bara kallaðir hagsmunaaðilar af Suðurnesjum, þeir sem ætla að fara út í stofnun hlutafélagsins. Við hefðum þurft að fá heildarmynd, við hefðum þurft að fá aðra aðila, Landsvirkjunarmenn, Rarik-menn, jafnvel menn frá Orkubúi Vestfjarða til að fá þá heildarmynd sem ég er að tala um vegna þess að fyrir dyrum stendur að afgreiða í gegnum þingið ný orkulög og í vinnslu eru stórir hlutir eins og það að gera sér grein fyrir því hver er eignaraðili á landi. Þetta stóra mál með því að hleypa samkeppninni í gang um landakaup og orkukaup á þessu svæði tel ég að geti komið höfuðborgarsvæðisbúum í koll síðar. Það getur ekki farið hjá því að það mun koma niður á orkureikningum manna síðar.

Virðulegi forseti. Að síðustu. Ég skrifa undir þetta frv. með fyrirvara. Mér finnast vinnubrögðin ekki góð. Mér finnst að þingið setji niður við að láta svona afgreiðslu eiga sér stað á færibandi án þess að skoða málin heildstætt þegar fyrir liggur að svo mörg atriði eru í uppnámi varðandi heildarumgjörð raforkuvinnslunnar og orkuframleiðslunnar í landinu.

[10:43]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nokkuð einkennileg ræða. Fyrst vil ég nefna um vinnulag nefndarinnar. Nefndarmenn fjölluðu um það og því miður gat hv. þm. ekki sótt þann fund þegar málið var tekið fyrir. Allir nefndarmenn voru sammála um afgreiðslu málsins en formlega og út úr nefndinni var málið ekki afgreitt fyrr en því hafði formlega verið vísað til nefndarinnar. Um það voru allir nefndarmenn sammála.

Í öðru lagi hvað varðar raforkulögin er rétt að nú væntanlega með vorinu verður lagt fram frv. um breytta skipan orkumála. Þetta frv. hefur engin áhrif á það, ekki nokkur minnstu áhrif þannig að þar gætir einhvers misskilnings hjá hv. þm.

Þá er það líka misskilningur hjá hv. þm. að þetta frv. fjalli að einhverju leyti um kaup á löndum. Það er ekki svo eins og þingmaðurinn hlýtur að sjá ef hann kynnir sér málið ögn betur. Það fjallar á engan hátt um kaup á löndum og hefur þess vegna ekki með þjóðlendufrv. að gera. Hér er einungis um það að ræða að verið er að sameina tvö fyrirtæki, annars vegar Hitaveitu Suðurnesja og hins vegar Rafveitu Hafnarfjarðar sem eru sjálfstætt starfandi en vilja ná samlegðaráhrifum með því að sameinast til þess að geta styrkt sig á gagnkvæman hátt með því að færa reynslu annars yfir á hitt og búa til eina sterka heild, mun sterkari heild.

Ég skildi svo ekki alveg kaflann um utanríkisstefnu Íslendinga og Hitaveitu Suðurnesja. Það vill svo til að Keflavíkurflugvöllur er á svæði Hitaveitu Suðurnesja. Þar er um 5.000 manna byggðarlag og eðlilegt er að slíkt byggðarlag fái bæði rafmagn og hita og eðlilegt er að það komi frá þeirri veitu sem næst er.

Hvað varðar orkuverð og annað því um líkt, þá er þegar farið að gæta áhrifa af þessum samruna með því að orkuverð til Hafnfirðinga hefur þegar lækkað og sést m.a. á því hvaða jákvæð áhrif slík sameining hefur.

[10:45]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. gerði grein fyrir því að ég hefði ekki verið á þessum fundi, það er alveg rétt. Ég var ekki á fundinum og m.a. af þeim ástæðum skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég var á fundi á Ísafirði og gat ekki verið á báðum stöðum í einu. Það er m.a. þess vegna sem ég geri athugasemdir við þau vinnubrögð að málið skuli vera tekið fyrir í nefndinni á þennan hátt án þess að það fái eðlilega umfjöllun. Ég geri mér líka grein fyrir því og staðfesti það að skotið var á aukafundi til þess að afgreiða málið formlega úr nefndinni. En því verður ekkert á móti mælt að þetta eru vinnubrögð sem eru ekki heppileg fyrir þingið, þetta á að ganga sinn gang, og ég hefði viljað fá inn miklu fleiri til umsagnar.

Varðandi Keflavíkurflugvöll, þá er það megnasti misskilningur hjá hv. þm. að ég sé eitthvað að leggjast gegn því og auðvitað er eðlilegt að flugvallarsvæðið og ameríski herinn kaupi orku af Hitaveitu Suðurnesja, það er ekki það sem ég er að tala um. Ég var að tala um að þetta væri samofið samningum við ameríska herinn, auðvitað er það svo. Það gildir um alla þessa hluti, raforkuna, hafnarmál og það gildir nú síðast um fráveitumál. Þetta er samvinnuverkefni og spurning hvernig því er stillt upp og auðvitað kemur utanríkisþjónustan og utanrrn. að þeim málum með fyrirtækinu. Það er enginn að tala um að menn eigi ekki að hafa samvinnu og samráð um hvernig þeir standa best að þessum málum, ég vil að það komi skýrt fram.

[10:47]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki þarf frekar að fara orðum um vinnulag nefndarinnar, það hefur vegar verið skýrt. En rétt er að leggja einnig á það áherslu að það eru eigendur þessara fyrirtækja og ég undirstrika það, eigendur þessara fyrirtækja sem óska eindregið eftir því að fá heimild til þess að sameinast. Eigendur þessara fyrirtækja hafa lagt í gífurlega mikla vinnu, undirbúningsvinnu, og vitaskuld koma ýmsir hnökrar upp í slíku, en það er fullkomin samstaða meðal eigenda fyrirtækjanna um að þau sameinist til þess að ná fram þeirri hagræðingu og þeim sóknarfærum sem augljóslega skapast af þessu. Sú vinna hefur farið fram og engin ástæða er til

að draga í efa þá miklu vinnu, þá vönduðu og faglegu vinnu sem í það hefur verið lögð.

Ef eigendur slíkra fyrirtækja óska eftir því að fá að sameinast þá skýtur það raunar skökku við að hengja sig á einhver tæknileg atriði sem þó standast varla, eins og a.m.k. málflutningurinn var hér áðan, þá er það óeðlilegt að fara að draga þessa sameiningu þegar eigendurnir óska jafnafdráttarlaust eftir henni. Nefndarmenn hafa kynnt sér málið, undirbúningurinn var gífurlega mikill og honum ber að treysta og við gerum það, a.m.k. þeir nefndarmenn sem fjölluðu um málið og það eru allir nefndarmenn.

[10:49]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég viðurkenni alveg þá vinnu sem eigendur að hluta til hafa lagt í þessa vinnu og ég ber mikla virðingu fyrir fyrirtækinu Hitaveitu Suðurnesja, um það snýst málið ekki. En ég vil benda hv. formanni iðnn. á það að ríkið er líka eigandi að Hitaveitu Suðurnesja, 20%. Og það er alveg sjálfsagður hlutur hér að við leggjum tilsvarandi mikla og góða vinnu í mál eins og sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum hafa gert. Ég tel að við höfum ekki gert það. Ég tel að við höfum ekki lagst yfir þetta mál á þann hátt sem heimamenn hafa gert og það er það sem ég er að gagnrýna fyrst og fremst. 20% er ekki lítill eignarhlutur.

Og það sem ég er að gagnrýna líka er þetta umhverfi sem við erum að tala um. Ég vil ekki standa þannig að málum að hrint sé af stað atburðarás sem gerir það að verkum að lönd og orkusvæði verða tekin til kaups. Það leiðir af sjálfu sér þegar búið er að stofna fyrirtæki að það fer með einhverjum hætti í samkeppni á því svæði um uppkaup á löndum þar sem hugsanleg orkuvinnsla á að fara fram o.s.frv. Ég hefði viljað hafa þetta skýrar sem handhafi og sem ábyrgðarmaður fyrir stórum hluta af þessu fyrirtæki. Við höfum ekki staðið okkur að mínu mati og það er það sem ég er að draga fram.

[10:50]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég var fjarverandi á þeim fundi þar sem þetta mál var afgreitt úr nefndinni. Ég tók hins vegar þátt í umræðu um málið þegar mælt var fyrir því í þinginu og tók jafnframt þátt í þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni þegar fjallað var um málið þar sérstaklega. Mér finnst því eðlilegt að ég geri aðeins grein fyrir þeirri skoðun minni að ég er fullkomlega sátt við afgreiðslu málsins.

Ég lít svo á að þarna séu Hitaveita Suðurnesja og Rafveita Hafnarfjarðar að búa sig undir það landslag sem í vændum er í þessum málum og um það var nokkuð fjallað við 1. umr. málsins. Þar var farið yfir það umhverfi sem orkufyrirtækin í landinu horfa nú fram á þegar okkur auðnast að samþykkja héðan frá Alþingi ný raforkulög sem væntanlega verður á næstu missirum, en menn vita svona nokkurn veginn hvernig það landslag muni líta út, menn ganga ekki alveg blindir í þá átt.

Það er svo, herra forseti, að raforkufyrirtækin í landinu og orkufyrirtækin eru þegar farin að búa sig undir þessa breyttu framtíð. Það sem við erum hér að vinna með, þ.e. stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja með þessum samruna, er liður í þeirri þróun. Þau fyrirtæki sem vinna á þessum markaði hafa ekki setið auðum höndum eins og ráða mátti af ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Þau hafa verið að tryggja sig í sessi, m.a. með landakaupum. Berast af því reglulegar fréttir með hvaða hætti orkufyrirtækin í landinu hyggist hasla sér völl.

Á undanförnum missirum höfum við orðið vör við mikinn áhuga fyrir breytingum á ýmsum þáttum í þessu kerfi. Það er talað um að Rarik verði flutt til Akureyrar, menn tala um samvinnu á þeim vettvangi. Menn hafa talað um útþenslu þess orkufyrirtækis sem Reykjavíkurborg á, bæði uppkaup á löndum og vilja þess til samvinnu og sameiningar við fyrirtæki austur um sem er þegar í fullum gangi. Við sjáum hvað er að gerast hér. Við vitum að orkufyrirtækin í landinu eru á fullu.

Þó að þetta frv. verði að lögum er ekki þar með verið að ýta á samkeppnistakkann, rástakkinn er ekki hér. Það er löngu búið að ýta á hann. Það er allt á fullu í þeim geira og menn vita mætavel hvað þeir eru að gera af því að þetta eru fagmenn sem hér eru að vinna. Þeir vita mætavel þegar þeir taka ákvarðanir að það umhverfi sem þeir búa í mun breytast á næstu missirum. Þeir vita líka að þjóðlendunefndin er að störfum. Landsvirkjun veit mætavel að þjóðlendunefnd er að störfum og Landsvirkjun þarf auðvitað eins og aðrir að búa sig undir það að eitthvað af þeim vatnsréttindum sem Landsvirkjun keypti og telur sig eiga mun reynast þjóðareign. Þetta er auðvitað nokkuð sem ýmsir verða að horfast í augu við, ekki bara bændur heldur líka einstök fyrirtæki sem í einhverri trú, líklega góðri trú, keyptu réttindi sem síðar kemur í ljós að sá sem seldi var ekki lögmætur eigandi að.

Þó að þetta ferli sé í gangi þýðir það einfaldlega ekki að menn haldi að sér höndum af því að lífið heldur áfram og sú vinna og sá undirbúningur sem í gangi er er að mínu mati fyllilega eðlilegur vegna þess að fyrirséð er að við munum koma á samkeppni í orkugeiranum og eðlilega eru fyrirtækin að búa sig undir slíka samkeppni. Það er sjálfsagt, og við viljum að þau verði fleiri sem hafi burði til að takast á. Það eina sem við þurfum að passa er að fyrirtækin verði ekki svo smá og vanmáttug að hér verði til einstakur risi á markaðnum sem geti deilt og drottnað. Það er ekki sú framtíð sem við viljum sjá. Við viljum sjá nokkur sterk fyrirtæki sem geta tekist á þannig að hér geti skapast eðlilegur samkeppnismarkaður.

Auðvitað kann eignarhluti í þessu fyrirtæki að breytast. Auðvitað kunna menn að selja þá hluti sem þeir þarna eiga. Það er líka hluti af því viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki af þessu tagi eru komin inn í og eru að koma inn í. Og af því það var nefnt hér þá kom fram við 1. umr. að það væri e.t.v. eðlilegt að ríkissjóður seldi hlut sinn fyrr en seinna og nýtti þá peninga til uppbyggingar heima fyrir, horfandi til fordæmisins úr Mývatnssveit þar sem ákveðið hefur verið, a.m.k. liggur það þannig í frv. og það er til þess vilji en það kann að breytast í nefnd. Og nú ætla ég að tala með þeim fyrirvara að málið er ekki afgreitt frá Alþingi, en búið er að lýsa yfir þeim vilja að það fé sem þannig losnar við sölu á eignarhlut ríkisins verði nýtt til uppbyggingar heima fyrir. Og að sjálfsögðu varpa menn því inn í þessa umræðu hvort hér mætti hafa sama hátt á og þar var gert, að ríkið sem kann á sínum tíma að hafa verið eðlilegur samstarfsaðili um þetta verkefni í Hitaveitu Suðurnesja en er ekki jafnaugljóst að þurfi að vera þar í dag selji hlut sinn og að andvirðið verði þá með einhverjum hætti nýtt til uppbyggingar á Suðurnesjum. Hér var Reykjanesbrautin nefnd og flýtiframkvæmdir við hana. Þessi mál voru reifuð við 1. umr. Mjög eðlilega, herra forseti.

En eins og hér kom fram og ég vildi láta koma fram vegna þess að ég var ekki á þeim fundi þar sem málið var afgreitt,

þótt ég tæki þátt bæði í umræðu og síðan nefndarvinnunni, þá var ég sátt við frv. og fannst vinnan fullnægjandi. Þar sem ég hafði kynnt mér málið eftir að það kom inn í þingið með samtölum við þá aðila sem að því standa þóttist ég sjá að málið væri þannig unnið að ekki væri ástæða til annars en að Alþingi fyrir sitt leyti veitti því brautargengi. Það er ekki einfalt fyrir svo mörg sveitarfélög að ná samkomulagi sem allir eru sáttir við. Það tókst í þessu tilfelli eftir mikla vinnu og ég vænti þess að það skref sem hér verður stigið, verði þetta frv. að lögum, verði gæfuspor fyrir þetta fyrirtæki í því samkeppnisumhverfi sem fyrirsjáanlegt er, herra forseti, eins og margoft hefur komið fram þegar okkur auðnast að ganga frá nýjum raforkulögum.

[10:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. er komið fram og lýsa yfir mikilli ángæju minni með það hve vinnan hefur gengið hratt og örugglega fyrir sig í hv. iðnn. Ég tel það sýna hug þingsins til þessa máls sem er að sjálfsögðu framfaramál, ekki bara til að styrkja Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélögin á Suðurnesjum, heldur í orkuöflun og sölu rafmagns á komandi árum, samkeppni á orkumarkaði og í vinnslu orku. Hitaveita Suðurnesja hefur löngu sannað sig sem eitt framsæknasta fyrirtæki á þessu sviði alveg frá stofnun þess 1974 og sá samningur sem nú hefur verið gerður er eitt skref í enn meiri ávinningum af starfrækslu þessa fyrirtækis sem ég er alveg sannfærður um að verður til heilla fyrir landsmenn alla og þá náttúrlega ekki hvað síst fyrir þá sem að þessu standa.

Það hefur þegar komið fram að hagkvæmnin sem felst í þessum samruna er mikil. Þegar hefur komið til lækkun á raforku hjá Hafnfirðingum sem er náttúrlega einn af jákvæðum þáttum sem er óvenjulegt að komi fram svo snemma. Ljóst er að í samkeppninni mun Hitaveita Suðurnesja vera fullgildur aðili í mikilli markaðssókn í samkeppni við aðra sem sýnilega hafa þó forskot, eins og Landsvirkjun og aðrir stórir aðilar, en með þessum samningi erum við að skapa þessu fyrirtæki sömu stöðu og þeim stærstu. Það er að sjálfsögðu eitthvað sem við eigum að fagna hér á Alþingi en ekki að skapa einhverja tortryggni gagnvart þessu, eins og mér fannst koma fram í máli hv. þm. Vinstri grænna, Árna Steinars Jóhannssonar. Mér finnst dálítið sorglegt við þau stjórnmálasamtök að þar skuli æ ofan í æ þurfa að blanda saman gömlum kreddum kommúnismans í framfaramálum sem allir vita að er þjóðinni og öllum öðrum sem að þessum málum koma til heilla. Það á ekki að blanda þessu saman á þann hátt að gera tortryggilegar samrunaáætlanir sem heimamenn á Suðurnesjum og í Hafnarfirði hafa einróma samþykkt og telja framfaraspor, við einhverjar pólitískar kreddur um að allt eigi að vera rekið af ríkinu og undir forsjá ríkisins. Það er sorglegt að þessi sjónarmið skuli koma fram hér ítrekað, núna í orkumálunum, í fyrradag í bankamálunum og svo má lengi telja.

Ég vil bara fagna því að þetta mál skuli vera komið fram og lýsi yfir eindregnum stuðningi mínum við að það verði afgreitt sem fyrst.

[11:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar vil ég að það komi skýrt fram að ég var eiginlega að hrósa sveitarfélögunum á Suðurnesjum fyrir góð vinnubrögð. Ég veit að þau hafa staðið mjög vel að rekstri og uppbyggingu þessa fyrirtækis. Gagnrýni mín beindist að okkur á Alþingi, ríkinu sem 20% hluthafa, að við hefðum átt að taka þessi mál öðruvísi fyrir. Ég vil frábiðja mér þá túlkun að ég hafi gagnrýnt þá sem unnið hafa að þessum málum á Suðurnesjum, svo er alls ekki. Það er hér innan húss, á hinu háa Alþingi, sem þurft hefði að standa öðruvísi að málum. Við hefðum þurft að gera okkur betri grein fyrir þeirri umgjörð sem við viljum hafa. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi gagnrýnt viðkomandi sveitarfélög. Svo er alls ekki.

Ég hef sjálfur heimsótt Hitaveitu Suðurnesja mörgum sinnum, nú síðast fyrir nokkrum mánuðum. Ég veit að þar er staðið mjög vel að verki. Ég þekki til slíkrar orkuframleiðslu annars staðar, m.a. úr heimabyggð minni, og síður en svo að ég vantreysti þeim sem stjórna svona fyrirtækjum heima fyrir. Ég lýsti eftir þeirri heildarsýn sem við vildum hafa fyrir landið í þessum málum. Það er hlutverk okkar og meginmálið hér.

[11:04]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að í orðum hv. þm. hér áðan hafi falist að hann vildi að þetta mál fengi meiri tíma í meðförum þingsins og yrði ekki afgreitt fyrr en síðar. Hins vegar er það eindreginn vilji heimamanna að þetta mál verði afgreitt sem allra fyrst.

Það er líka eindreginn vilji heimamanna að málið verði afgreitt eins og hér er lagt til af hv. þingnefnd og þannig kemur málið fyrir þingið. Ég held að ég hafi ekki misskilið það sem hv. þm. sagði. Ég heyrði nákvæmlega hvað hann var að segja, að nauðsynlegt væri að fara í málið á annan hátt vegna þess að þjóðlendufrv. væri í vinnslu og það ætti eftir að leggja fram kröfur nefndar um það hvar þjóðlendur eigi að liggja í Reykjanesi. Það er margra mánaða ferli sem getur tekið einhver ár ef við ætluðum að bíða eftir því. Við vitum ekki einu sinni til þess að þjóðlendurnar nái svo langt að þær mundu trufla virkjanahugmyndir hitaveitunnar.

Hv. þm. talaði um að við þyrftum að bíða eftir einhverri nefnd sem vinnur að því að finna leiðir til að jafna orkuverð. Ég veit ekki hvenær sú nefnd á að ljúka störfum. Mér finnst því málflutningur hv. þm. eindregið benda til þess að hann hafi viljað draga afgreiðslu þessa máls, sem skaðar að sjálfsögðu málið í heild sinni.

[11:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Athugasemdir mínar geta vart talist tefja framgöngu málsins en eins og við vitum stendur til að keyra málið í gegnum þingið á einni og hálfri eða tveimur vikum. Það er ákaflega stuttur tími ef við lítum á það hversu stórt mál hér er um að ræða.

Gagnrýni mín lýtur að okkur þingmönnum. Ég er í sjálfsgagnrýni hér og vil að hv. þm. viti það. Það stendur upp á framkvæmdarvaldið, hv. Alþingi og framkvæmdarvaldið, að forgangsraða t.d. í þjóðlendumálunum. Ætli það hefði ekki verið okkar hlutverk að koma hlutum þannig fyrir að þjóðlendumálin væru fyrst afgreidd þar sem þrýstingurinn er mestur? Það er einmitt hér umhverfis höfuðborgarsvæðið og Reykjanesið. Auðvitað getum við beitt afli okkar til að koma slíku í gegn. Hér eru langmestu hagsmunirnir í húfi, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja. Við gerum okkur öll grein fyrir því að þetta eru metnaðarfull fyrirtæki og þeir menn sem þeim stjórna. Auðvitað skapast þar samkeppni og þá er mikilvægt, virðulegi forseti, að menn fái skjóta afgreiðslu og þessi mál séu frá eins fljótt og kostur er.

Það hefði kannski verið nær fyrir óbyggðanefndina að fara í þessi mál hér í staðinn fyrir að setja í forgang að djöflast á bændum austur í sveitum.

[11:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Ég held að það hafi komið mjög skýrt fram að hv. þm. vill greinilega koma í veg fyrir samkeppni hér á höfuðborgarsvæðinu. Hann sér fyrir sér einhverja óæskilega samkeppni milli Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þessi tvö stóru, öflugu fyrirtæki keppi aðeins á þessum markaði. Það eru ekki svo margir aðrir möguleikar til í stöðunni. Ég fagna því þess vegna að þetta skuli koma fram hér. Ég vona að sjálfsögðu að hv. þm. styðji þetta og reikna með því að hann geri það í hjarta sínu. Mér hefur hins vegar fundist málflutningur hans benda til þess að hann vilji ekki flýta þessu máli. Það var það sem ég vildi að kæmi fram.

[11:09]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það vill svo til að ég og Hitaveita Suðurnesja höfum átt alllangan tíma saman. Ég sat þar stofnfund sem einn af fulltrúum sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hef starfað í stjórn fyrirtækisins undanfarin ár. Ég tel því að ég beri svolítið skynbragð á málefni fyrirtækisins og verð að segja að ég tel að nokkur þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin, af a.m.k. tveimur hv. þm. Vinstri grænna, eigi ekki við um þetta mál.

Í fyrsta lagi vil ég segja að þetta mál breytir engu um væntanlegt frv. sem við þingmenn eigum von á um nýja skipan í raforkumálunum. Þetta frv. er eingöngu til þess ætlað að festa í sessi, af hálfu ríkisins, aðild ríkisins að því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag í tengslum við sameiningu þess og Rafveitu Hafnarfjarðar. Að öðru leyti hefur frv. ekkert með skipan raforkumála að gera, hvorki verðlagsjöfnun né annað. Það mun engu breyta um framgang þjóðlendustarfsins sem óbyggðanefnd vinnur, nákvæmlega engu.

Ég tel raunar, herra forseti, að þær landareignir sem Hitaveita Suðurnesja á í dag, sem eru litlar, muni ekki varða þau mál svo nokkru nemi. Ef svo kynni síðar að verða, herra forseti, er alveg ljóst að fyrirtækið sem stofnað verður á grundvelli þessara laga og samkomulags annarra eigenda í fyrirtækinu mun gegna þeim skyldum sem Hitaveita Suðurnesja hefur gegnt fram til þessa. Það fær réttindin og skyldurnar svo lengi sem slík réttindi og slíkar skyldur verða til samkvæmt lögum um starfsemi í raforkumálum. Hið sama á við í frv. sem enn er til meðferðar í þinginu um Orkubú Vestfjarða. Það sama hefur átt við um breytingar á lögum um Landsvirkjun og um Rarik. Ekkert af þessu mun breytast fyrr en við fjöllum um lagafrumvörp um slík efni. Í þessu máli er ekki fjallað um slíkar breytingar.

Ég tel hins vegar rétt, herra forseti, að rekja aftur sjónarmið mín eins og við 1. umr. þar sem ég efast um að þau hafi komist til skila. Það vill svo til að samkeppni í raforkumálum í Íslandi snýst um 10% af orkunni. Landsvirkjun er ekki í samkeppni við neinn. Hún hefur algjöra einokun og ræður hvað aðrir mega gera. Hún framleiðir 90% af raforku á Íslandi og enginn annar hefur neitt með það að gera hvert hún er seld eða á hvaða verði. Allir hinir eru að slást um 10% markaðarins og þeir vænta þess að mega keppa við risann.

Hvernig skiptast svo þessi 10% sem eftir eru, herra forseti? Er það Hitaveita Suðurnesja sem er stærst? Nei, það er Orkuveita Reykjavíkur. Hún framleiðir um $^2/_3$ af því sem afgangs er. Hvar er þá þessi risi sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson var að tala um?

Þetta frv., rétt eins og frv. um Orkubú Vestfjarða, snýst um að skapa litlu fyrirtækjunum í þessari grein tækifæri til að standast keppnina við risana þegar þeir byrja að hreyfa sig. En, herra forseti, þeir eru byrjaðir að hreyfa sig.

Allan síðasta áratug hafa verið fréttir af því í fjölmiðlum að Orkuveita Reykjavíkur, áður Hitaveita Reykjavíkur, væri að kaupa landareignir á Suðurnesjum. Um skeið var gefið í skyn að fyrirtækið þyrfti að kaupa allt sem borgarstjóri sæi út um gluggann hjá sér. Í því sambandi var rætt um Keili. Hið rétta var að það var ekki verið að tala um Keili heldur hugsanlegar orkulindir, þ.e. jarðhita á Suðurnesjum. Ekki í borgarlandinu, ekki einu sinni í nágrenni við það því að nokkur sveitarfélög eru þar á milli. Ef sama hefði átt við, og borgarstjóri útskýrði, hefði hún auðvitað keypt Akrafjallið en hún hafði engan áhuga á því.

Mergurinn málsins er, herra forseti, að eigendur þessa fyrirtækis hafa óskað þess að fá tækifæri til að undirbúa það fyrir komandi samkeppni. Þeir vita ekkert hvernig hún verður eða hvenær hún fer af stað. Það vita einhverjir aðrir.

Í hvert sinn sem þetta fyrirtæki hefur hreyft sig eftir væntanlegum heimildum til að virkja og selja raforku hefur komið í ljós, svo við tölum bara í hreinskilni, að iðnrn. veitir leyfi til þess sem Landsvirkjun leyfir. Þannig hefur þetta verið. Ef okkur tekst betur til þegar ormurinn langi kemur hingað, herra forseti, lagafrv. um nýja skipan raforkumála á Íslandi, þá vænta þessi fyrirtæki þess að þau fái jafnræði, fái að sækja um heimildir til að virkja og framleiða og selja raforku eftir gegnsæjum skilyrðum sem eigi við um alla. Þannig hefur það ekki verið á Íslandi. Ég tel það skipta miklu máli að við sköpum það andrúmsloft að litlum fyrirtækjum í þessari grein eins og öðrum verði gert fært að lifa og berjast við þau stærri. Við vitum hver afleiðingin verður ef það tekst ekki. Þau verða hreinlega étin. Þau verða ekki einu sinni keypt á fullvirði.

[11:14]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Árni R. Árnason séum nú ekki svo langt hvor frá öðrum í afstöðu okkar til þessara fyrirtækja. Ég hef margoft lýst því yfir í ræðum um orkumál hér að ég teldi að staða Rariks væri ákaflega veik vegna þess að Rarik hefði ekki fengið tækifæri til þess að framleiða orku. Ég þekki það mikið til Hitaveitu Suðurnesja að ég veit að það nákvæmlega sama gildir um það fyrirtæki.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér í því að staða Hitaveitu Suðurnesja sé þegar kemur að orkuframleiðslu, eins og fram kom í ræðu hans, bundin af hugsjón raforkugeirans um stóriðju. Það er náttúrlega vegna þess, og ég veit að hv. þm. kemur með skýringu á því, að Hitaveita Suðurnesja er bundin af því að selja stærsta hlutann af afli sínu inn í þennan pott, 30 megavött ef ég man rétt.

Þessi atriði þarf auðvitað að skoða þegar við tölum um smærri einingarnar í raforkuframleiðslunni. Þetta er stóra vandamálið, t.d. í sambandi við Rarik. Neytendur á Rariksvæðinu sæta afarkostum og þar er orkuverðið dýrast. Ég hygg að ég og hv. þm. séum sammála um þessa þætti. Það er þess vegna sem ég tel brýnt og nauðsynlegt að draga fram heildarmynd af þessu og skoða uppleggið og uppsetninguna á þessu.

[11:16]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. andmælanda að smærri framleiðendur raforku í landinu eru bundnir af því að selja Landsvirkjun raforku til stóriðju. Í tilviki Hitaveitu Suðurnesja, og væntanlega er það svo með fleiri, er Landsvirkjun seld meiri raforka en viðkomandi fyrirtæki kaupir af Landsvirkjun en fyrirtækið greiðir hins vegar miklu hærra verð fyrir. Það sendir sem sé bæði raforku og peninga til Landsvirkjunar. Ég held að það eigi við um fleiri sem hafa fengið ölmusuheimildir til að framleiða lítið eitt af raforku. Þannig er kerfið í dag.

En það er ekki þetta sem við hv. þm. erum ekki sammála um. Eftir því sem fram kom í máli hans fyrr á fundinum erum við ekki sammála um að þetta frv. eigi að ganga hratt fram. Hann sagði það beinlínis. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki sammála því sem kom fram í máli annars af hv. þm. Vinstri grænna í 1. umr. um þetta mál að það hljóti að fara svo ef markmið sveitarfélaga með gjörðum eins og þarna er um að ræða er ekki fest í lög á Alþingi, þá séu þau að falla frá markmiðunum. Ég held að sveitarfélög þurfi engin lög til að standa við markmið sín eða keppa að þeim til fullnustu. Ég held að í þessu tvennu hafi komið fram að við erum ekki sammála um þessi mál í heild sinni, því miður. Ég vona að þetta dugi til þess og það sjónarmið sem hv. þm. rakti hér áðan, dugi til þess að hann fallist á að málið gangi fram vegna þess að það byltir ekki neinu kerfi um raforkumál á Íslandi. Það gerir aðeins einu fyrirtæki af mörgum litlum kleift að stækka aðeins og búa sig betur undir keppnina við þá sem stíga stóru skrefin. Þeir þurfa ekki ný lög. Halda menn að Orkuveita Reykjavíkur þurfi ný lög? Hún er nokkrum sinnum stærri en þetta fyrirtæki sem við erum að tala um. Það vill bara svo til að ríkið á pínulítið í þessu fyrirtæki og þess vegna þarf um það lög.

[11:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni ætla ég að ítreka sjónarmið mín í þessu máli. Í sjálfu sér er það alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Árna R. Árnasonar að þetta frv. hefur í sjálfu sér ekki áhrif á aðrar breytingar í skipan raforkumála. Hins vegar hefur rökstuðningurinn með þessu frv. snúist mjög um breytt viðhorf í þeim efnum.

Það kom t.d. fram í máli formanns iðnn., hv. þm. Hjálmars Árnasonar, í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að ógleymdum hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem lýsti mikilli ánægju yfir því að menn væru að taka raforkumálin, orkumálin, úr því umhverfi sem þau hafa verið í og færa þau yfir á grundvöll viðskiptanna. Það eru þær grundvallarbreytingar sem eru að eiga sér stað, ekki aðeins hér á landi heldur í Evrópu almennt. Við höfum samþykkt tilskipun Evrópusambandsins um breytingar í raforkumálum, hún tók gildi 1. júlí sl., um breytta skipan sem komið skal á í áföngum og kveður í grundvallaratriðum á um að sundurgreind verði framleiðslan, dreifingin og salan á orkunni. Það snertir að sönnu 4. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um að þetta nýja fyrirtæki skuli hafa með alla þessa þætti að gera að því leyti að fyrirtækið verður nauðbeygt samkvæmt þessari tilskipun til að sundurgreina þessa þætti í bókhaldi sínu.

En með þessum breytingum Evrópusambandsins er sem sagt stefnt að því að færa þennan þátt efnahagskerfisins, þessa grunnstoð, yfir á viðskiptagrunn. Þetta hefur sætt mikilli andstöðu í Evrópu, miklum mótmælum frá verkalýðshreyfingu, hjá því fólki sem starfar í þessum geira, enda ekki að undra vegna þess að þær skipulagsbreytingar sem menn hafa verið að dásama og verið að ráðast í hafa leitt til fjöldauppsagna í orkugeiranum nú þegar og menn sjá fram á meiri samdrátt. Það sem margir óttast er að þessi breyting muni leiða til þess að nokkrir risar annist þessa framleiðslu og í skjóli einokunar muni þeir keyra verðlagið upp og þjónustan muni rýrna eins og reyndin hefur orðið þar sem orkugeirinn eða veitur hafa verið færðar yfir á viðskiptagrunn. Við höfum verið að fylgjast með því að undanförnu í fjölmiðlum hvernig fór fyrir Kaliforníubúum. Við þekkjum dæmin frá Long Island þar sem hægri sinnaðir repúblikanar hagnýttu orkugeirann að kröfu neytenda og fyrirtækja sem töldu hlut sinn afskaplega rýran í viðskiptum við þau einokunarfyrirtæki sem höfðu náð honum undir sig.

Hér á landi hefur orkugeirinn verið byggður upp af samfélaginu. Þar er stærsti eignaraðilinn Landsvirkjun sem framleiðir 90% af allri orku í landinu. Síðan er Rarik sem á drjúgan þátt í dreifingu orkunnar og síðan eru einstakar orkuveitur sem koma þar einnig til sögunnar. En grunnhugsunin með þjóðinni hefur verið sú að við séum ein þjóð í einu landi. Við eigum þessar auðlindir öll saman og eigum að deila þeim saman.

Í þessu frv., sem menn hafa verið að dásama margir hverjir, kveður við allt annan tón. Hér segir t.d. á síðu 2 í greinargerð þar sem lýst er markmiðum sveitarfélaganna á Suðurnesjum, með leyfi forseta:

„... að athuga möguleika á því að sveitarfélögin gerist þátttakendur í rekstri orkuveitu, m.a. til að stuðla að lækkun orkuverðs og að koma í veg fyrir að íbúar og fyrirtæki í sveitarfélögunum séu með beinum hætti skattlögð til að standa undir rekstri annarra sveitarfélaga."

Þetta er allt annar tónn en við höfum heyrt í íslenskri þjóðarsál undanfarin ár og áratugi og við heyrum enn að orkan sé nokkuð sem tilheyri okkur öllum, ekki einstökum sveitarfélögum og náttúrlega alls ekki einstökum eignaraðilum og einstaklingum eins og gerðist því miður með frv. ríkisstjórnarinnar um auðlindir í jörðu þar sem einstaklingum var færð eign á orkunni í jörðinni. Þetta var gert gegn mjög hörðum andmælum stjórnarandstöðunnar á sínum tíma.

Þetta er það fyrirkomulag sem menn vilja fara út í. Þennan tón, sem ég var að vísa í í frv., kvað við í Reykjavík fyrir fáeinum árum þegar Reykvíkingar fóru illu heilli að heimta arð út úr Landsvirkjun og líta á þetta á þeim grundvelli sem menn eru að dásama núna, viðskiptagrunninum, ekki skyldi byggt á samstöðuhugsun heldur viðskiptasjónarmiðum og menn vildu heimta arð út úr Landsvirkjun. Mér finnst hryggilegt að við séum að fara út á þessa braut og ég mótmæli þeim sjónarmiðum sem hér komu fram hjá þeim þingmönnum sem ég vitnaði til áðan, hv. þm. Hjálmari Árnasyni og hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, sem dásömuðu mjög einkavæðingu á þessu sviði. Mér finnst þetta vera óheillaspor þótt ég taki undir hitt sem fram kom hjá hv. þm. Árna R. Árnasyni að frv. sem slíkt þarf ekki að leiða til þessarar niðurstöðu.

[11:25]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi það hvort ég tel hagkvæmt eða að það geti leitt til hins betra fyrir viðskiptavini fyrirtækja af þessu tagi að þau starfi í samkeppni og þá við aðhald keppinautanna eða annað eftirlit eða annað aðhald en það er ekki til umræðu.

En ég verð að benda á það, herra forseti, vegna þess sem kom fram í máli hv. þm., síðasta ræðumanns, að hann segir að nýr tónn komi fram í markmiðum sveitarfélaganna sem eiga aðild að samkomulagi eigenda Hitaveitu Suðurnesja við Rafveitu Hafnarfjarðar. Hann rakti atriði sem þar eru talin upp í tveimur fyrstu liðum: „.... að ná fram lægra raforkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum." Ég er ekki viss um að það sé neitt nýmæli.

Síðan kemur hitt sem skiptir kannski meira máli í huga þingmannsins: „.... að nýta jarðhitaauðlindir innan sveitarfélaganna og eftir atvikum víðar á landinu." Þá verð ég að segja, herra forseti, það er býsna lítið nýmæli miðað við hversu lengi Orkuveita Reykjavíkur, og áður bæði Rafveita Reykjavikur og Hitaveita Reykjavíkur, hefur nýtt orkulindir meira að segja í fjarlægum sveitarfélögum til þess að afla orku fyrir borgina, sveitarfélagið, íbúa þess og fyrirtæki. Hvað er þá óeðlilegt við það nú? Ég spyr.

[11:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sjónarmið sem ég var að leggja áherslu á er þetta: Ég vil byggja á samvinnuhugsun, að orkuveiturnar, Landsvirkjun og orkuveiturnar almennt séu í eigu landsmanna og efldar og styrktar á grundvelli samvinnu. Hér er hins vegar verið að fara út á aðra braut inn í viðskiptaumhverfi eins og hv. þm. Árni R. Árnason lýsti mjög vel við 1. umr. málsins. Mér finnst það skref aftur á bak þegar menn eru farir að gráta það að þeir verði skattlagðir til að standa undir rekstri annarra sveitarfélaga eins og segir í greinargerð með frv. þar sem markmið sveitarfélaganna eru rædd. Mér finnst ekkert óeðlilegt að þeir sem eru svo heppnir að búa á orkuríkum svæðum, heitum svæðum, taki þátt í tilkostnaði þeirra sem búa á hinum svokölluðu köldu svæðum. Mér finnst það heppilegt og æskilegt og almennt hafa Íslendingar verið á þessu máli.

[11:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum í 2. umr. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni. Ég fór nokkuð í gegnum sjónarmið mín í 1. umr. um þetta mál.

Ég vil hins vegar ítreka að miklu er hlutskipti Suðurnesjamanna skárra en það hlutskipti sem okkur er ætlað á Vestfjörðum varðandi það frv. sem liggur fyrir þinginu um Orkubú Vestfjarða. Hér er sett upp metnaðarfull stefnumörkun um það hvað fyrirtækið geti gert fyrir það landsvæði sem það hefur verið reist á. Það er að eflast og verða stærra og öflugra. Það er að stefna að því að styrkja atvinnulífið á svæðinu, það er að stefna til þess að tryggja íbúum orku og að stefna að því að það geti orðið fjölbreyttara og öflugra mannlíf og atvinnulíf á Suðurnesjum.

Þetta hlutverk held ég að sé virkilega til framfara fyrir það svæði sem við ræðum hér um, þ.e. Suðurnes og Hafnarfjörð, og ég óska íbúum þar og þingmönnum til hamingju með að geta fjallað um þetta mál á þessum nótum miðað við þá framtíð sem kemur fram í stefnumörkun fyrirtækins.

Ég vil hins vegar ítreka að ég er afar ósáttur með það frv. sem hér hefur verið til umræðu og er búið að ræða við 1. umr. um Orkubú Vestfjarða þar sem stefnumörkunin er eingöngu sú að selja það fyrirtæki til þess að greiða skuldir við ríkið.

Ef einhver landshluti hefði þurft á því að halda að efla atvinnustarfsemi sína þá væru það Vestfirðir. Það kom síðast fram í gær í sérstakri skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun. Sú skýrsla kemur mér reyndar ekki á óvart því að ég hef haldið þessu fram síðan 1990 þegar ég varaði við því hvaða afleiðingar fylgdu þeirri lagasetningu um tilfærslu aflaheimilda sem voru þá sett inn og gerð að lögum nr. 38 um stjórn fiskveiða.

Vestfirðingar þurfa á öllu öðru að halda en að missa frá sér frekari atvinnutækifæri og missa frá sér möguleika til atvinnuuppbyggingar. Þess vegna segi ég að mikið hefði ég viljað sjá þá stefnumótun sem er inni í þessu frv. Vestfirðingum til handa en það hlutskipti sem okkur er ætlað í frv. sem liggur hér fyrir um Orkubú Vestfjarða sem er nánast neyðarleið sem okkur er skipað að fara.

[11:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Ég vil, herra forseti, í upphafi víkja að því sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson greindi frá í upphafi ræðu sinnar, þ.e. að þetta frv. var tekið fyrir í hv. iðnn. á auglýstum fundi að því er virðist, án þess að búið væri að afgreiða það úr þinginu, þ.e. hin þinglega meðferð mála að þingið afgreiði mál til nefndar og nefndir fari að vinna í því, og í meðferð þessa máls er ekkert slíkt neyðarástand ríkjandi að þurfi að víkja frá almennum þingsköpum og vinnu þingsins. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta Alþingis á þennan flumbrugang í vinnubrögðum, þessi óþinglegu vinnubrögð. Ekkert í þessu ferli réttlætir í sjálfu sér óþinglega meðferð málsins.

Ég vil líka, herra forseti, taka undir það hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að eðlilegt hefði verið að fleiri aðilar væru kallaðir til umfjöllunar þessa máls en bara þeir sem eru þarna eignaraðilar. Við erum að fjalla þarna um hluta af orkumálum landsins alls, bæði orkuvinnslu, orkudreifingu og eðlilegt að þetta sé allt saman rætt í samhengi og þar komi líka aðrir aðilar að því að allt er þetta hluti af einni heild, öll erum við ein þjóð í einu landi.

Herra forseti. Ég vil líka taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gat einnig um og var ítarlega rætt við 1. umr. að væntanlegt er frv. til laga um orkumál í landinu og því hefði verið eðlilegt að þetta frv., sú aðgerð sem hér er fyrirhuguð, biði þess frv. og yrði þá hluti af því heildardæmi þegar um það væri fjallað. Þetta vil ég, herra forseti, láta koma fram.

Ég vil síðan víkja að annarri hlið í málinu. Fram hefur komið að fyrirtækið búi ekki við eðlilega samkeppnisaðstöðu og þó að þetta eignarform sé á er þetta í sjálfu sér fyrirtæki sem býr við samkeppni og hefur staðið sig ágætlega. Alrangt er að halda því fram að það að hlutafélagavæða fyrirtæki sé eina formið til að búa fyrirtækjum rekstrarumhverfi þar sem það geti annars vegar staðið skil á skyldum sínum á þjónustu gagnvart neytendum sínum og hins vegar staðið í eðlilegri samkeppni. Það er mesti misskilningur að halda því fram þó að vissulega sé nokkur breyting þar á.

Ég vil einmitt vekja athygli á orðum hv. þm. Árna R. Árnasonar sem hann kom inn á í 1. umr. málsins þar sem hann var að lýsa þessum breytingum og áhrifum þeirra. Þá sagði hv. þm. eitthvað í þá veru að hann vonaðist til að sveitarfélögin gætu eða þeim væri gert kleift að standa að eignarhlut sínum eftir sem áður. En hv. þm. gerði sér fyllilega grein fyrir því að það var alls ekkert á vísan að róa með það.

Það hefur líka komið fram hér að samkeppnin á þessu svæði, í nágrenni Reykjavíkur og Reykjaness, snýst m.a. um orku, um lönd og orku á svæðinu. Nú er það svo að sett voru lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Við vitum að á þessu svæði, einmitt á Reykjanessvæðinu og í heiðalöndunum umhverfis Reykjanessvæðið, er mikil orka í jörðu. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gat þess einmitt í ræðu sinni áðan að það hefði verið eðlilegt og reyndar miklu meira en eðlilegt, það hefði verið sjálfsagt að óbyggðanefnd hefði fyrst lagt til að farið yrði yfir eignarhöld landa á Reykjanesinu áður en aðrir landshlutar yrðu teknir fyrir því hér er langmest að gerast og hér eru langstærstu hagsmunir í húfi. Þá er jafnframt líka mikilvægast að eignarhöld séu ljós því að falli landið undir það að flokkast undir þjóðlendur lýtur það annarri meðferð en einkalönd eða lönd í eigu einstaklinga eða sveitarfélaga. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vísa einmitt til þessara laga, en þar stendur í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.“ — Og áfram stendur í 3. gr.:

„Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.“

Herra forseti. Það er því alveg ljóst að ráðstöfun auðlinda á þessu svæði, eignarréttur og forráð þeirra, geta breyst ef landið flokkast sem þjóðlenda og við höfum nú kynnst kröfugerð ríkisins í öðrum landshlutum varðandi skilgreiningu á því hvað séu þjóðlendur. Við höfum kynnst því í Árnessýslu, við höfum kynnst því í Skaftafellssýslum þar sem ekki er verið að takmarka sig við heiðalönd heldur kannski allt til sjávar í kröfugerð eins og á sér stað í Skaftafellssýslunum. Þarna er þó ekki um miklar auðlindir að ræða, ekki verið að takast á um það, a.m.k. að svo stöddu, en kröfugerðin er augljós þar og sú stefna sem þar er lögð upp. Ég leyfi mér að benda á kröfugerð ríkisins sem bændur og aðrir íbúar á þessum svæðum eru beittir og á þá ásýnd ríkisvaldsins sem þar birtist. Ef við upplifum með sama hætti kröfugerð á Reykjanesi þá færi að sneiðast um réttindi einstaklinga og sveitarfélaga á þeim svæðum sem nú er verið að keppa um orkuréttindi. Að vísu hefur ekki verið felldur dómur varðandi þessa kröfugerð ríkisins á hendur bændum og landeigendum á þeim svæðum sem ég hef nefnt hér, en krafa ríkisins er ljós og hún hefur komið fram.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra sem hér eru og bera ábyrgð á kröfugerð ríkisins varðandi kröfur til þjóðlendna því að það er ríkisstjórnin öll sem ber ábyrgð á því, og þó að hæstv. fjmrh. sé sá sem hefur daglega verkstjórn á því, er hann bara hluti og einn af ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin öll ber ábyrgð á þeim kröfum sem settar eru fram í nafni ríkisstjórnarinnar og nafni einstakra ráðherra. (Gripið fram í.) Þetta er ekki vitleysa, hv. þm. Fróðlegt væri að vita hvenær kröfugerð af hálfu ríkisins verður sett fram á Reykjanesi. Þar eru miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir einstaklinga, sveitarfélög og ríkið. (**Gripið fram í:** Eftir fimm ár.) Hvers vegna er byrjað á einstökum bændasamfélögum í þessari kröfugerð? Hvers vegna er ekki farið á þau svæði þar sem virkilega er nauðsyn að taka á málum eins og á Reykjanessvæðinu, eins og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins?

Ég ítreka að það hefði átt að vera fyrsta svæðið að mínu mati til að taka til þessarar skoðunar þannig að þessi mál væru ljós, þannig að allir hefðu á hreinu hvað um væri að ræða. Það er erfitt að fjalla um samkeppnishagmuni þessa fyrirtækis hér sem hv. þm. hafa einmitt vikið að að snúist um kapphlaup um þessi réttindi að stórum hluta. Að það skuli þá ekki jafnframt vera forgangsverkefni af hálfu ríkisstjórnarinnar að kveða skýrt á um það, úrskurða um það hver eigi þessi lönd.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að beina þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að þetta land verði nú þegar tekið til skoðunar í samhengi við þjóðlendulögin, varðandi ákvörðun um það hvort þetta land flokkast sem þjóðlenda eða einkaland. Það sé sett núna á oddinn sem krafa númer eitt og ég bið um stuðning við það, herra forseti.

[11:44]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau efnisatriði sem hv. 5. þm. Norðurl. v. tók fram og rakti sem svo að þýddu í huga hans að draga ætti eitthvað meðferð þessa máls verð ég að viðurkenna að ég sé ekki í samhengi við þetta mál. Þjóðlendumálið eða framgangur þeirra laga og framkvæmd á ekkert undir þessum sérlögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nákvæmlega ekki neitt.

Væntanleg samkeppni í raforkumálum er frv. sem við þingmenn eigum von á að fá á þessu þingi samkvæmt yfirlýsingum hæstv. ráðherra en er enn ekki komið. Það á ekkert undir í því frv. sem við erum að ræða. Hins vegar varðandi það sem hv. þm. sagði og fleiri í flokki hans um meðferð málsins í hv. iðnn. verð ég að viðurkenna að fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni kom ekki til fundarins þegar málið var til umfjöllunar og rætt var við gesti nefndarinnar, umsagnaraðila, og enginn kom í hans stað frá þeim þingflokki. Ég minnist þess ekki að nokkur af fulltrúum þingflokksins hafi mælst til þess að málinu yrði frestað eða dregið frekar. Raunar verð ég að skilja það þannig að þó þeir haldi nú uppi málþófi séu þeir ekki í raun þeirrar skoðunar að það eigi að draga þetta mál. Ég dreg þann skilning af því hvernig þeir ræða málið þó þeir vilji þæfa það.

[11:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég ítreka að málið var ekki komið til nefndar. Hin þinglega meðferð mála er að þau séu ekki tekin fyrir í nefndum fyrr en þau hafa verið afgreidd til hennar, óháð eðli málsins. Ef við tökum upp vinnulag eins og hér er knúið á um og mál yrðu almennt unnin þannig þá værum við komin út um víðan völl og án vinnuskipulags. Þetta þarf að vera á hreinu óháð því hversu gott málið er í sjálfu sér.

Varðandi það sem hv. þm. minntist á, að þjóðlendumálin skipti ekki máli, þá er það einmitt þveröfugt. Væntingar fyrirtækisins um að styrkja sig í samkeppni lúta að aukinni orkuvinnslu á svæðum sem óvíst er hvort flokkast sem þjóðlendur eða ekki. Enginn getur sagt um það fyrir fram. Þess vegna er afar mikilvægt að þessi atriði séu á hreinu þannig að fyrirtækið geti með réttu gengið að auðlindunum og haft þar ávinning af.

[11:47]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að fram komi að öllum eigendum Hitaveitu Suðurnesja og Hafnarfjarðarbæ, sem er eini eigandinn að Rafveitu Hafnarfjarðar, er ljóst að væntingar þeirra um virkjanir annars staðar en í eignarlöndum eiga undir framkvæmd laganna um þjóðlendur. Það merkir þó ekki að bíða þurfi með þetta mál eftir því hvernig óbyggðanefnd vinnur úr verkefnum sínum, síður en svo.

Ég verð hins vegar að taka fram, vegna orða hv. þm. um meðferð málsins, að það vill svo til að þingmálin eru mismunandi umsvifamikil og misflókin. Þetta er hvorki umsvifamikið né flókið.

[11:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér ítrekað að beina því til hæstv. forseta að hv. þm. sé ljóst hvernig mál eru afgreidd og fara í gegnum þingið, að ekki sé hægt að tala svo kæruleysislega um meðferð þingmála. Þau eiga að afgreiðast á Alþingi til nefndar. Það er reglan.

Hv. þm. minntist á eignarlönd þessa sveitarfélags. Hver veit hver þau eru eftir kröfugerðir ríkisins um þjóðlendur? Vita þeir eitthvað meira um þessir mál en einstaka bændur úti um land? Nei. Ég bendi á að þetta er einmitt svæði sem fyrst hefði átt að taka til meðferðar til að ákvarða réttarstöðu landsins gagnvart eigendum sínum.

[11:49]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur ítrekað komið fram að mál þetta var afskaplega vel undirbúið. Enginn fulltrúi Vinstri grænna hreyfði athugasemdum við að málið yrði sett á dagskrá á fundi iðnn. Allir nefndarmenn voru sammála um að málið væri það þroskað að hægt væri að taka það á dagskrá og afgreiða frá nefndinni. Það var formlega afgreitt úr nefndinni eftir að því hafði verið vísað þangað. Það er með ólíkindum hvernig hv. þm. Vinstri grænna blása upp þetta mikilvæga en í raun einfalda mál.

Hér leggja þeir í ræður um raforkulög og segjast bíða eftir því að raforkulög verði afgreidd. Þetta hefur ekkert með raforkulög að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Niðurstaðan af raforkulögunum breytir engu um þetta mál.

Hér eru haldnar langar ræður um þjóðlendur og óbyggðanefnd. Málið hefur ekkert með það að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta snýst einfaldlega um það að eigendur fyrirtækjanna vilja sameinast til að búa sig undir samkeppni á orkumarkaði með þær eignir og með þau réttindi sem hvort fyrirtæki um sig hefur og telja það auka styrk sinn. Þeir vilja skapa sóknarfæri fyrir þessi sveitarfélög og þau svæði sem bæði orkufyrirtækin starfa á.

Herra forseti. Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að fulltrúar Vinstri grænna skuli koma hér hver á eftir öðrum, heldur neikvæðir í garð þessa máls og vilja draga lappirnar. Það er ekki í fyrsta sinn sem fulltrúar Vinstri grænna á Alþingi sýna slíka neikvæðni þegar fjallað er um framfaramál í atvinnulífi og reynt að skapa sóknarfæri fyrir einstök svæði. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fulltrúar Vinstri grænna leggjast á þær árar hér í sölum hv. Alþingis. Í mínum huga er orðið íhald og jafnvel afturhald að fá á sig nokkuð skýra mynd á Alþingi.

[11:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beini orðum mínum enn til hæstv. forseta varðandi skilning manna á meðferð þingmála. Að eitthvað mál sé þroskaðra eða betur undirbúið en annað mál skuli réttlæta að það sé tekið fyrir í nefnd áður en það kemur fyrir þingið eru engin rök. Hver á að taka að sér slíka flokkun? Þetta er fáheyrð röksemdafærsla fyrir því hvaða mál megi fara til nefndar áður en Alþingi hefur afgreitt þau til hennar. Hver ætlar að taka að sér flokkun eins og hv. þm. gekk út frá? Hann sagði að einmitt þetta mál hefði verið svo sérstaklega þroskað að það hafi mátt taka til nefndar án þess að Alþingi fjallaði um það. Þetta er gert í hreinum undantekningartilfellum og þá hefur það verið rætt fyrir fram.

Ég vil taka þetta fram almennt séð í umgengni okkar um þingmál, ekkert endilega þetta mál hér. Ég geri ráð fyrir að þetta mál sé ekki einstakt. Þarna á ríkið hins vegar hlut að og eðlilegt að það leggi sína eðlilegu vinnu í undirbúning þess.

Ég ítreka, herra forseti, að þetta snýst um auðlindir og nýtingu þeirra. Ég fagna góðri stöðu og dugnaði hjá Hitaveitu Suðurnesja. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að ríkið hefði átt að velja Reykjanes og umgjörð Reykjaness fyrst svæða til að ákvarða hvar skyldu vera þjóðlendur og hvar skyldu vera einkalönd, ekki síst í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem hér eru, bæði af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.

[11:53]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf í raun ekki að ítreka það sem hér hefur komið fram. Það hefur margsinnis gerst í sögu Alþingis, að mál hafi verið tekin fyrir með þessum hætti, hafi nefndarmenn verið því sammála. Vinstri grænir höfðu alla burði til að gera athugasemd við það en kusu að gera það ekki fyrr en eftir á. Hver á að meta? Það eru þá væntanlega nefndirnar og allir nefndarmenn.

Allir nefndarmenn í hv. iðnn. sem voru á fundinum voru sammála. Það hefði í sjálfu sér litlu breytt, miðað við röksemdafærslu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þó að fundurinn hefði formlega farið fram fimm eða tveimur klukkutímum síðar. Atkvæðagreiðslan fór fram síðar þennan sama dag. Málið var ekki endanlega afgreitt út úr nefndinni fyrr en eftir að atkvæðagreiðslan hafði farið fram og málinu hafði formlega verið vísað til nefndarinnar. Þá gat hv. fulltrúi vinstri grænna andmælt því en hann gerði það ekki. Þetta er því ekkert annað en orðhengilsháttur í takt við vinstri græna.

[11:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er náttúrlega á flótta og reynir að finna einhverja skýringu á þessum flumbrugangi í vinnubrögðum sínum. Ég lái honum það ekki. Til þess að það sé alveg ljóst þá var hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, fulltrúi Vinstri grænna í iðnn., kallaður til skyldustarfa á Ísafirði um þetta leyti. Í sjálfu sér datt engum í hug að mál væri tekið fyrir í nefnd áður en því væri vísað þangað frá þinginu.

Eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur gert grein fyrir hefur hann skrifað upp á nál. með fyrirvara. Ég bendi hins vegar á að verði þetta viðtekin vinnuregla, eins og mér heyrist hv. þm. tala kæruleysislega um, þá vil ég að hæstv. forseti minni á hver hin þinglega meðferð mála er. Það veitir ekki af að árétta það gegnvart hv. þm.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill taka fram að það var full samstaða í iðnn. um að afgreiða málið með þessum hætti. Forseti vill einnig taka það fram að dagskrá var send út svo sem vant er þannig að öllum átti að vera ljóst hvaða mál voru á dagskrá þessa fundar.)

[11:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að benda á þann ótrúlega tvískinnung sem fram kemur í málflutningi vinstri grænna í þessu máli. Í einu orðinu fagna þeir frumkvæði og dugnaði Hitaveitu Suðurnesja og þeirra sem að þessu standa en í næsta orði reyna þeir allt til að koma í veg fyrir það að þessi áform nái fram að ganga.

Mér finnst sorglegt að hægt sé að halda uppi slíkum málflutningi. Þetta virðist hafa virkað úti í þjóðfélaginu. Þessi málflutningur hefur fengið fylgi meðal þjóðarinnar. Hér er reynt að gera mál tortryggilegt vegna atriða sem löngu er búið að útskýra að eru bara eðlilegur framgangur mála sem tíðkast í hv. Alþingi.

Það að blanda þjóðlendumálinu inn í þetta er aftur á móti augljós tilraun til að eyðileggja málið, augljós tilraun vinstri grænna til að eyðileggja þetta mál. Það vita allir sem hafa kynnt sér störf óbyggðanefndar og hvernig þau mál ganga fyrir sig að það tekur mörg ár að afgreiða kröfur óbyggðanefndar á öllum stigum. Með því að halda því fram að ganga hefði átt frá málefnum óbyggðanefndar fyrir fram þá eru vinstri grænir í raun að segja: Við viljum ekki afgreiða þetta mál fyrr en í fyrsta lagi eftir fimm ár eða svo. Það er einfaldlega niðurstaðan. Það er sorglegt til þess að vita að menn skuli blygðunarlaust standa í vegi fyrir þeim framförum sem reynt er að stuðla að á Suðurnesjum og víðar í máli sem þessu.

[11:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég fá að vita hver er hin almenna þinglega meðferð mála. Hvenær skulu nefndir taka mál fyrir? Hæstv. forseti gat þess einmitt að veitt hefðu verið sérstök afbrigði varðandi þetta mál. Ég vil þá jafnframt að hæstv. forseti geri grein fyrir hinni almennu reglu sem fylgja beri við meðferð mála. Hvenær eiga nefndir að taka þingmál fyrir? Hver er hin almenna regla þar um?

Varðandi orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar þá vil ég geta þess að við þingmenn Vinstri grænna viljum að þetta mál lúti almennri meðferð eins og fyrirætlað er um orkumál á landinu. Það á ekki að taka nein fimm ár. Það á að koma fram lagafrv. núna á næstu dögum eða vikum um orkumál í landsins í heild. Það er eðlilegur hluti af því.

Hitt vil ég svo spyrja hv. þm. um, herra forseti: Hverju ætlar hv. þm. að svara bændum í Árnessýslu eða Skaftafellssýslu þegar þeir spyrja hv. þm.? Þeir gætu spurt: Hvers vegna þótti ástæða til að ríkið og kröfunefnd ríkisins setti fyrst kröfur á okkur þar sem ekki eru fyrirsjáanlegir eins miklir hagsmunir í jörðu og á Reykjanesi? Hvers vegna? Hverju ætlar hann að svara bændum í Skaftafellssýslu? Hverju ætlar hann að svara bændum í Árnessýslu? Ég tel að ef óbyggðanefnd mundi einhenda sér í þetta þá gæti hún lokið því. Hverju ætlar hann að svara þessum bændum?

[12:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst að miklu meiri hagsmunir eru í húfi á öðrum stöðum ef við lítum á þjóðlendur og kröfur óbyggðanefndar. Bændur þar eru náttúrlega að vinna í sínum málum og störf óbyggðanefndar eru alls ekki til umræðu í þinginu. Þetta er bara orðhengilsháttur og í rauninni aðferð, finnst mér, til þess að gera mjög þarft mál tortryggilegt í augum fólks. Hér er verið að berjast fyrir einhverju mesta framfaramáli sem upp hefur komið á suðvesturhorninu í langan tíma og það er þá orðið meginmarkmið vinstri grænna að reyna að koma í veg fyrir að það nái fram að ganga í þinginu. Allir vita sem þekkja til starfa óbyggðanefndar að þetta eru mjög flókin störf, og vera að blanda þessu saman í einn graut bendir einungis til þess eins að framfaramál í augum þessara hv. þm. eru tabú, eitthvað sem enginn á helst að gera og það hefur reyndar ítrekað komið hér fram í umræðum, því miður.

[12:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afar athyglisvert hjá hv. þm. að tala um að vinnubrögð óbyggðanefndar og afrakstur vinnu þeirra sé í einhverjum graut og það sé hættulegt að fara með málefni Reykjaness inn í einhvern graut. Hann ætti að segja Sunnlendingum þetta, segja Skaftfellingum og Árnesingum það að ef óbyggðanefnd færi að fjalla um Reykjanes, séu málefni Reykjaness að lenda í einhverjum graut.

En ég ítreka það, herra forseti, að Hitaveita Suðurnesja er gott fyrirtæki, stendur sig vel og verður vonandi áfram þó að þessi breyting verði á íbúum Suðurnesja til mikilla heilla.

[12:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þingmaður Samfylkingarinnar, Svanfríður Jónasdóttir, hefur gert ágætlega grein fyrir afstöðu okkar í Samfylkingunni sem styðjum þetta mál og mér er í mun að lengja ekki umræðuna og mun því bara stuttlega koma inn á örfá atriði sem mér finnst ástæða til að nefna miðað við það hvernig þessi umræða hefur þróast. Ég ætla að taka það sérstaklega fram að síðustu orð síðasta ræðumanns brutu nokkuð í bága við margt af því sem hefur verið sagt í þessari umræðu, en ég fagna þeim.

Fyrst vil ég nefna, herra forseti, að Hitaveita Suðurnesja hefur frá upphafi verið mikið hagsmunamál íbúanna á svæðinu og þeir hafa fundið fyrir henni í buddunni sinni. Því miður er ekki alltaf hægt að segja það um ýmislegt sem við höfum verið að gera breytingar á á liðnum árum að þannig hafi verið í pottinn búið og ekki alltaf að orkuver hafi verið að skila hlutverki sínu á besta hátt til íbúanna. Þannig var það með þetta orkuver. Það kemur í kjölfar þess að íbúar svæðisins höfðu búið við dýra olíunotkun og þrátt fyrir að vera næstum því hluti höfuðborgarsvæðisins borguðu þessir íbúar jöfnunargjald til að allir í landinu sem þurftu að nýta olíu til upphitunar eða sem orkugjafa fyrir heimili sitt sætu við sama borð. T.d. var það öðruvísi en hjá Reykvíkingum sem og Kópavogsbúum sem voru með orku frá Hitaveitu Reykjavíkur og borguðu ekkert jöfnunargjald.

Þegar hitaveitan var orðin til var hún bundin Rarik mjög föstum böndum og árum saman reyndu menn að losa sig frá Rarik og verða sjálfstæðari, fá að búa yfir línunni suður og endaði það með því að þeir fengu hana keypta, eða réttara sagt réttinn að línunni vegna þess að hún var orðin svo léleg að leggja þurfti hana algerlega upp á nýtt. Það er þetta sem snýr að fólkinu fyrir sunnan, gerbreytt orkuverð til íbúa á svæði sem stundum telst til höfuðborgarsvæðisins, allt of sjaldan til dreifbýlisins þegar það er íbúunum sjálfum til

hagsbóta. Þetta finnst mér vera meginmál og ástæða til að komi fram í þessari umræðu.

Í öðru lagi gerðist það núna þegar þetta frv. kom fram að fyrirtækið mætti jákvæðni valdhafanna sem líka var nokkuð nýtt vegna þess að það hefur átt undir högg að sækja og málefni þess verið allt að því svæfð í ráðuneytinu jafnvel þótt um það væri að ræða að fá að skipta út elsta hverflinum í fyrirtækinu sem auðsótt hefði átt að vera undir öllum kringumstæðum. Í þetta sinn mætti fyrirtækið jákvæðni valdhafanna og hv. þm. Árni R. Árnason hefur gert því svo ágætlega skil að ekki hvarflar að mér að endurtaka það hér.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem hér hefur verið sagt, heildarsýn fyrir landið. Og þá er komið að máli sem ég er sjálf upptekin af og ég vildi óska þess að við gætum alltaf hér í þessum sal, fyrir utan það náttúrlega að vera með fagleg vinnubrögð innan þings, verið að vinna málin í réttri röð. Það mundi eiga við að stjórnvöld væru búin að afgreiða rammaáætlunina um nýtingu orkulindanna og að við hefðum fyrr lokið því máli að sameinast um með hvaða hætti við ætlum að ganga frá eignarhaldi ríkisins á jörðum og landi, en það tók langan tíma og við sameinuðumst um það mál þegar það kom hingað inn. Við vissum að það var allt of seint til þess að við gætum viðhaft fagleg vinnubrögð að öllu sem lýtur að landinu okkar en við náðum því þó.

Á sama hátt og ég vil að við höfum heildarsýn, og ég mundi vilja óska að við gætum byrjað á rammaáætluninni og síðan tekið virkjunarkostina, þá er það samt svo að það á ekki að bitna á þessu „litla" máli hér. Samstaða hefur verið um þetta mál, að ég hélt, á öllum vígstöðvum, eins og ég hef sagt hjá valdhöfunum og ég hélt líka í iðnn. vegna þess að ég skoðaði þetta mál og ég sá að það var bara einn þingmaður með fyrirvara og vissi að aðrir sem ekki voru viðstaddir studdu málið. Það er líka mikilvægt að Alþingi er að afgreiða málið úr nefnd og allir flokkar eru á því máli og maður gerir grein fyrir fyrirvaranum, en maður snýr ekki þeim fyrirvara upp í nærri því fullkomna andstöðu við að málið nái fram að ganga.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja þetta: Ég er sannfærð um að það er farsælt að byggja í ríkari mæli á smærri orkuverum. Það er það sem er að ryðja sér til rúms í öllum heiminum. Smærri orkuver nær vettvangi með ekki löngum og stórum og jafnvel hörmulegum byggðalínum og það erum við að gera hér og er að ryðja sér til rúms í heiminum. Það er að ryðja sér til rúms þar sem fólk er upptekið af umhverfismálum. Smærri orkuver, ekki risaorkuver. Þar sem menn hafna risaorkuverunum vilja þeir orkuver eins og þetta sem er nærri vettvangi, nærri íbúunum og hægt er að byggja á.

Herra forseti. Mér er í mun að lengja ekki umræðuna. Þess vegna læt ég þessar fimm mínútur nægja í ræðu minni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um opinber innkaup, fyrri umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 871.

[12:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. sem ég mæli hér fyrir er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um opinber innkaup sem gerður var í Marakess þann 15. apríl 1994. Þótt Ísland hafi enn ekki gerst aðili að þessum samningi, þá er það tímabært nú, enda eru opinber innkaup mikilvægur þáttur þeirra viðskipta sem stunduð eru í hverju ríki. Í dag eiga 28 ríki aðild að samningnum, þar á meðal aðildarríki Evrópubandalagsins auk Bandaríkjanna, Japans, Noregs og Sviss.

Samningurinn tekur til innkaupa á vegum ríkis, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Með aðild skuldbinda ríki sig til að veita fyrirtækjum í aðildarríkjum hans aðgang að innkaupum opinberra aðila á jafnréttis- og gagnkvæmnisgrundvelli þegar verðmæti innkaupanna fer yfir ákveðna fjárhæð. Þessi viðmiðunarmörk eru þau sömu og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og samningurinn tekur til sams konar innkaupa, þ.e. vörukaupa, kaupa á þjónustu og verksamninga. Ákvæði samningsins um vinnuferla við framkvæmd innkaupa eru sambærileg þeim reglum sem þegar gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með aðildinni verður skylt að veita fyrirtækjum frá öðrum aðildarríkjum samningsins en EES-ríkjum aðgang að íslenskum innkaupamarkaði. Sá markaður hefur í raun lengi verið opinn en nú fá íslensk fyrirtæki með sama hætti tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli um þátttöku í útboðum í þeim ríkjum sem eiga aðild að þessum samningi.

Aðild að samningnum kallar á breytingar á ákvæðum núgildandi laga um innkaup opinberra aðila til að tryggja réttarstöðu svokallaðra birgja frá aðildarríkjunum sem ekki eru með staðfestu í EES-ríkjum og er gert ráð fyrir þeim breytingum í frv. til laga um opinber innkaup sem hæstv. fjmrh. mun leggja fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Að öðru leyti eru gildandi lög hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins.

Ég vil, herra forseti, að lokinni þessari umræðu leggja til að tillögu þessari verði vísað til hv. utanrmn.

[12:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hæstv. utanrrh. þannig að með því að við gerumst aðilar að þessum samningi séum við fyrst og fremst að uppfylla það að vera aðilar að samningnum en hann breyti e.t.v. ekki hvorki vinnuferli né öðru sem varðar þátt okkar eða því sem við höfum gerst aðilar að í gegnum EES-samninginn. Hér er verið að tala um reglur um vinnuferla við framkvæmd innkaupa, útboðsauglýsingar, útboðsaðferðir, tímafresti, gegnsæi innkaupa, kröfur samningsaðila og auglýsingar og að þær séu sambærilegar reglum sem gilda innan EES. Síðan er tilgreint að í viðaukanum komi fram til hverra þetta taki, stofnana, sveitarfélaga o.s.frv. og því spyr ég hæstv. utanrrh.: Er eitthvað sem breytist hjá okkur við að verða aðilar að þessum samningi umfram það sem gildir í dag gegnum EES-samninginn?

[12:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér vitanlega breytist ekkert annað en að fleiri ríki koma inn í þessa atburðarás, þ.e. þau ríki sem hafa undirritað þennan samning umfram þau ríki sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er breytingin. Þetta eru aðallega aðildarríki OECD, og þetta er samningur sem gerður er á vettvangi þeirra samtaka sem Ísland hefur tekið þátt í mjög lengi og mér vitanlega eru áhrifin ekki önnur, en rétt er svo að algert öryggi sé í þeim efnum að fara betur yfir það í hv. utanrmn. sem fær þetta mál til meðferðar.

[12:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í utanrmn. mun ég fá tækifæri til að taka þátt í að skoða málið þar. En ég skil hæstv. *utanrrh. þannig* að það séu þá fleiri ríki sem geta komið að málum hjá okkur, boðið í verk, væntanlega er það fyrst og fremst að okkur er boðið eitthvað til kaups og ef svo bæri undir gætum við sömuleiðis verið að beina málum okkar að fleiri ríkjum. Ég skil hann þannig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (vinnutímareglur EES o.fl.). — Þskj. 845.

[12:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Helstu breytingarnar sem felast í frv. eru þær að lagt er til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar Evrópuráðsins 93/104/EB frá 23. nóv. 1993, þ.e. vinnutímatilskipunin.

Lagðar eru til breytingar með hliðsjón af ákvæðum ráðsins nr. 89/391. Í þeim felst skylda vinnuveitenda til að gera eða láta gera áhættumat sem taki til þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæði laganna um heilsuvernd starfsmanna. Þannig verði heilsuvernd starfsmanna ekki takmörkuð við þjónustu heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa eins og samkvæmt gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að heilsuvernd starfsmanna geti verið veitt að hluta eða öllu leyti innan fyrirtækis.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til viðbótar við það sem að framan greinir, svo sem á ákvæðum um dagsektir, stjórn Vinnueftirlits ríkisins, tekjur Vinnueftirlitsins o.fl. Þá er lögð til smávægileg breyting með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Herra forseti. Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru þær að aðildarríkjum er skylt að tryggja starfsmönnum rétt á eftirfarandi:

11 klukkustunda samfelldum daglegum hvíldartíma,

hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir,

samfelldum 24 klukkustunda hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma,

að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni,

árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,

að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,

ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru ekki án undantekninga. Frávikheimildir til skipunarinnar byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila ákveðinn sveigjanleika við beitingu framangreindra meginreglna.

Nokkrar starfsgreinar eru sem fyrr segir sérstaklega undanþegnar gildissviði vinnutíma tilskipunarinnar en þær eru:

flutningur á landi, sjó, í lofti, með járnbrautarlestum og á skipagengum vatnaleiðum,

veiðar og önnur vinna á sjó,

læknar í starfsnámi.

Þegar Ísland er borið saman við önnur ríki ESB kemur í ljós að Íslendingar vinna lengstan vinnutíma en Hollendingar stystan. Flest ákvæði um vinnutíma hér er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þó eru nokkur atriði um þetta efni eru í gildandi löggjöf.

Um heilsuvernd starfsmanna er það að segja að markmið hennar eru að:

Að fyrirbyggja óþægindi, sjúkdóma og slys sem rekja má til atvinnu fólks,

að auka þekkingu atvinnurekenda og launafólks á áhættuþáttum í vinnuumhverfi,

að draga úr fjarvistum starfsmanna og atvinnurekenda vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi, viðhalda heilsu á vinnustað og aðlaga störfin að þeim sem gegna þeim.

Þessum markmiðum verður helst náð með eftirfarandi: Áhættumati, fræðslu og ráðgjöf, heilsufarsskoðunum.

Hvað varðar tilskipun nr. 89/391, þá er markmið hennar að gera ráðstafanir til þess að stuðla að öryggi og að heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt.

Þau markmið falla að markmiðum laga nr. 46/1980 en þau eru, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja:

öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,

skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur og ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Tilskipuninni hefur verið fylgt í framkvæmd að hluta hér á landi með reglugerðum samgrn. en þar er um að ræða reglugerðir um lágmarkskröfur sem varða öryggi, hollustuhætti og heilsu um borð í fiskiskipum.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[12:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. við 1. umr. málsins en það er mjög brýnt að farið verði mjög rækilega yfir það í starfi félmn. sem mun væntanlega fá það til umfjöllunar. Þó vil ég gera örfáar athugasemdir eða koma fram með örfá sjónarmið.

Verið er að gera breytingu á lögum sem eru 20 ára gömul, á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þessum lögum hefur aldrei verið framfylgt. Þannig segir í 66. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Heilsuvernd starfsmanna skal falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi, sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til."

Síðan er í greinum þar á undan skilgreint hvað felist í þessari heilsuvernd. Þetta hefur aldrei verið gert. Þetta hefur

aldrei nokkurn tíma verið gert. Hvernig stendur á því að þessum 20 ára gömlu lögum hefur ekki verið framfylgt að þessu leyti? Ekki hefur verið sinnt lögbundnum kvöðum í þessum efnum. Það er vegna þess að atvinnurekendur hafa staðið gegn þeim. Þeir hafa staðið gegn því að hin opinbera heilsugæsla sinni þessu hlutverki og þeir hafa neitað öllu samstarfi í þessu efni um langan tíma. Þetta er staðreynd málsins.

Hvers vegna hafa heilsugæslustöðvarnar þá ekki sýnt frumkvæði í málinu? Ástæðan er sú að fjármagn skortir til slíks. Það er þetta sem hefur staðið í vegi fyrir framkvæmd laganna í reynd.

Nú er það svo að framkvæmd þessara laga kostar peninga, hvort sem er með gamla laginu eða hinu nýja sem eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. opnar á að aðrir aðilar en hin opinbera heilsugæsla sinni þessu hlutverki, þá mun það engu að síður kosta peninga og það þarf að ná í þá peninga. Rynnu þeir til heilsugæslunnar staðhæfi ég að hún mundi geta sinnt þessu hlutverki bærilega. Það sem ég held að komi til með að gerast ef opnað verður á þá leið að einstök fyrirtæki sérhæfi sig á þessu sviði er að þá muni fara líkt og gerðist með Rafmagnseftirlitið og þær eftirlitsstofur sem sinna rafmagnseftirliti, einkavæddar. Þær verða stórar og fáar — ég held að það sé einn eða tveir aðilar sem sinna rafmagnseftirlitinu núna, báðir á höfuðborgarsvæðinu — þannig að þessi sérhæfing mun þýða nákvæmlega þetta. Ég óttast að það muni gerast. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi nefna.

Þetta frv. byggir að hluta til á starfi nefndar sem var falið að semja drög eða grunn að frv. Það starf var unnið á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Sú nefnd sem var skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu, verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum skilaði af sér á miðju ári 1999, í júnímánuði 1999 ef ég man rétt. Þar höfðu menn reynt að komast að samkomulagi. Þau sjónarmið sem ég var að lýsa sem mínum og var mjög eindregið haldið fram af samtökum á borð við BSRB, þau sjónarmið urðu undir í nefndinni og það var mælst til þess að það yrði opnað á þessa möguleika. Ég er ekki alveg sáttur við það en þau sjónarmið urðu engu að síður undir, það er staðreynd. En sjónarmið sem urðu ofan á og mér eru að skapi lúta að skilgreiningu á heilsueftirlitinu. Vegna þess að menn hafa tekist á um það einnig.

Á Norðurlöndum hefur þetta verið mjög mikið til umræðu og Norðurlandaþjóðirnar hafa farið mismunandi leiðir í þessum efnum. Þannig hafa Norðmenn svo að dæmi sé tekið skilgreint þetta heilsueftirlit mjög þröngt og mér sýnst að sú leið sé farin í þessu frv. og það finnst mér vera vel. Finnar hafa á hinn bóginn skilgreint hlutverk sitt eða hlutverk heilsufarseftirlits á vinnustöðum mjög vítt og þar hafa yfirvöld farið þá leið að veita fyrirtækum skattafslátt ef þau sinna heilsufari starfsmanna sinna. Menn hafa sagt sem svo: Það er hagur allra, fyrirtækisins ekki síður en starfsmannanna að heilsufari þeirra sé vel sinnt og þið skuluð endilega taka þetta að ykkur og við skulum ívilna ykkur í sköttum. Þetta hefur reynst þannig að starfsmenn margra fyrirtækja sem hafa farið inn á þessa braut þurfa ekki að bíða í biðröðum á heilsugæslustöðvunum heldur er þetta gert í vinnutímanum og það eru fyrirtækin sem sinna þessu. Biðraðirnar eru enn þá til og í þeim er fólk sem stendur utan vinnumarkaðarins. Það eru börnin. Það er gamla fólkið, það eru öryrkjarnir og það er atvinnulaust fólk. Það er að verða til tvenns konar heilsukerfi í landinu, fyrir þá sem eru vinnandi og hina sem standa utan atvinnulífsins.

Mér finnst þetta ekki vera æskileg þróun. Mér finnst vinnustað mínum ekkert koma við hvernig mér heilsast að öðru leyti en því sem ég vil upplýsa um það. Ég vil eiga það við sjúkrahús mitt eða lækni minn, ekki við þann atvinnurekanda sem ég starfa hjá. Mér finnst sú samtvinnun vera varasöm. Síðan hafa menn náttúrlega séð þetta fara inn á nýjar brautir einnig vegna þess að fyrirtækin er, með því að taka á sig þessar skuldbindingar, taka við skattaívilnunum, en taka á sig þessar skuldbindingar að taka á sig jafnframt ákveðna áhættu. Sá einstaklingur sem reynist ekki vera heilsuhraustur er íþyngjandi peningalega fyrir fyrirtækið. Hvað gerir fyrirtækið þá? Það tryggir sig gegn slíkri hættu, gegn slíkum áföllum. Heilbrigðistryggingarnar í Finnlandi eru að fara inn ná þessa braut og reyndar má sjá merki þess núna í Danmörku einnig. Það voru fréttir af því frá Danmörku að fyrirtæki, gott ef það var ekki bara danski pósturinn, hefði keypt tryggingu fyrir alla starfsmenn sína. Það eru því átök um það hvert eigi að stefna á þessu sviði, hvort eigi að fara með heilsugæsluna út í atvinnulífið, inn á vinnustaðina eða hvort við eigum að halda okkur við það fyrirkomulag sem við höfum búið við í grófum dráttum. Mér finnst þetta ekki alveg skýrt í þessu frv. Hvað þetta snertir segir hér í 7. gr., með leyfi forseta:

„Heilsuvernd starfsmanna skal að því leyti sem ekki er unnt að veita hana innan fyrirtækis falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til eða öðrum viðurkenndum þjónustuaðila sem fengið hefur leyfi Vinnueftirlits ríkisins til að annast heilsuvernd starfsmanna í samræmi við reglur sem settar eru af stjórn þess."

Þarna er gengið út frá því að hin almenna regla sé sú að heilsuverndinni sé sinnt innan fyrirtækisins.

Í fyrrnefndri skýrslu sem skilað var í júní 1999 er kveðið sérstaklega á um þennan þátt, hvernig skilgreina eigi hlutverk heilbrigðiseftirlits á vinnustöðum. Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 17:

„Heilbrigðisstarfsmenn heilsuverndar starfsmanna framkvæma heilsueftirlit sem bundið er í reglum eða lögum. Þeir annast ekki almenna heilsugæslu starfsmanna en sjá um sérstakar skoðanir samkvæmt því sem kveðið er á um í umræddum reglum og tengjast áhættuþáttum í vinnuumhverfinu."

Þetta er þröng skilgreining og mér mjög að skapi. Ég held að æskilegt sé að fylgja þessum leiðarvísi og ég hefði viljað sjá þetta fest inn í lögin. Það má vel vera að þessi sjónarmið komi fram í lögunum en ég hefði viljað að þetta yrði fest inn í lögin.

Ég kem fyrst og fremst upp til að leggja áherslu á nokkur meginsjónarmið og vil minnast á eitt atriði áður en ég lýk máli mínu. Það lýtur að tilkostnaðinum. Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar um fjármögnun. Ég geri mér ekki alveg fyllilega grein fyrir því hvernig það mál verður. Hins vegar er ljóst að Vinnueftirlitið þarf að koma að þessum málum og þetta gert í nánu samráði við það. Það segir hér, með leyfi forseta, í 7. gr. sem ég vitnaði til áðan:

„Heilsuvernd starfsmanna sem veitt er innan fyrirtækis skal byggjast á áhættumati skv. 13. gr. A í samræmi við reglur stjórnar Vinnueftirlits ríkisins." — Heilsuvernd ríkisins verður afgerandi í þessu eftirlitskerfi.

Í skýrslunni margnefndu segir á bls. 21, með leyfi forseta:

„Heilsuvernd starfsmanna hefur í för með sér umtalsverðan kostnað við undirbúningsvinnu og stjórnun að hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin leggur áherslu á að Vinnueftirlitið getur einungis mætt þessum aukna kostnaði með því að hlutur stofnunarinnar í tryggingagjaldi verði óbreyttur frá 1998, þ.e. 0,06%."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég aflaði mér í morgun um hlut Vinnueftirlitsins núna í tryggingagjaldi, er hann 0,048%, þ.e. mun rýrari en gert er ráð fyrir í álitsgerð þeirra sem stóðu að skýrslu Vinnueftirlits ríkisins frá því í júní 1999. Ég tel mjög brýnt að efla Vinnueftirlitið, efla fjárhagslegan grundvöll Vinnueftirlitsins og það verði gert eftir að þessi lög koma til framkvæmda.

[12:34]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er komið til 1. umr. afar merkilegt frv. Þar sem starfsmaður ráðuneytisins er á förum í annað starf þá mættu þeir til fundar við félmn. þingsins, til þess að segja aðeins frá þessari vinnu og þessu væntanlega frv., þ.e. sá lögfræðingur og forstöðumaður Vinnueftirlitsins. Þar var farið aðeins yfir málið og í sjálfu sér var mjög gagnlegt að hafa slíkt vinnulag, ég verð að játa það.

Til grundvallar þessu frv. er starf nefndar og í rauninni er málið búið að vera í pípunum gríðarlega lengi þó það birtist fyrst núna. Ætli það séu ekki ein 2–3 ár síðan þessi vinna hófst. Svo vönduð vinna getur vitanlega skilað sér í mörgu góðu.

Ég vil að hluta til taka undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni hversu merkilegt þetta er varðandi heilsugæsluna. Það er ákveðið nýmæli og einmitt þrautalending sem kann að stafa af því að heilsugæslan hefur ekki haft fjármagn til að virka sem skyldi í vinnuverndarmálum og slysvörnum. Það beinir náttúrlega huganum að ófullnægjandi uppbyggingu heilsugæslunnar, t.d. í Reykjavík. Það er kannski ekki skrýtið að burði skorti til þessara mála. Hins vegar hafa samhliða komið upp sjálfstætt starfandi heimilislæknar o.s.frv. Með þessu er því einnig átt við að í raun verði hægt að nýta þjónustu þeirra en ekki bara sjúkrahúsin og hina formlegu heilsugæslu. Þannig yrði hægt að sinna málinu. Frv. gerir þrátt fyrir allt ekki ráð fyrir að nokkuð muni breytast í heilsugæslunni eins og hún er og það er auðvitað afar bagalegt.

Mig langaði hins vegar að vekja athygli þingmanna á því sem varðar undanþegnar starfsgreinar. Ég hef mjög gaman af slíku. Á bls. 8 í frv. sjálfu, ef þingmenn vilja fletta, eru ákveðnar starfsgreinar undanþegnar en hins vegar verða það ekki allar. Það mun breytast með tíð og tíma í tengslum við vinnutímatilskipunina.

Ég vil benda á c-lið II. kafla 3 í athugasemdum með frv., þ.e. varðandi lækna í starfsnámi. Það er greinilega samevrópskt eða alþjóðlegt vandamál að þeim megi þræla út í eitt og ekki að eigi að taka á því fyrr en 2003. Það á greinilega ekki bara við á Íslandi heldur alla Evrópu og ef það yrði gert þá mundi sjúkraþjónustan hrynja, það er ekki flóknara en svo. Þetta er eitt af því sem við þurfum að skoða sérstaklega í nefndinni.

Mér finnst einnig afar áhugavert þetta með fræðsluna sem ég vil meina að sé eitt af lykilatriðunum varðandi hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Á bls. 12 í frv. er rætt um að fræðslan taki til ýmissa atriða sem ekki voru í gömlu lögunum. Það eru náttúrlega komin 20 ár síðan þau lög voru samþykkt. En á bls. 12 segir, með leyfi forseta:

„Fræðslan getur tekið til ýmissa atriða, svo sem mannlegra samskipta, streitustjórnunar, álagssjúkdómavarna, mengunarvarna, meðferðar hættulegra efna, hávaðavarna, lýsingar og innilofts, slysavarna," o.s.frv.

Þarna eru vinnubrögðin færð til nútímans og þess sem fólk á vinnustöðum býr við í raun.

Jafnframt er afar mikilvægt að taka sérstaklega á varðandi forvarnir og verður að mörgu að hyggja í nefndinni þegar farið verður yfir frv. Hins vegar liggur afar góð og mikil vinna á bak við frv. og nefndin mun fá bæði þær skýrslur og annað sem liggja þar til grundvallar. Þannig verður farið yfir málið og þetta er skref fram á við þó auðvitað sé ekki sátt um allt sem þar kemur fram. Það verður gagnlegt að skoða málið í hv. félmn.

[12:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum enn eitt gott og sjálfsagt mál sem kemur frá Evrópusambandinu sem ætlað er að gæta þess að fólk vinni ekki of mikið. Það á að gæta þess að menn verði ekki veikir, allt mjög gott og gilt en þetta eru kvaðir á atvinnulífið. Eftirlitsiðnaðurinn vex. Atvinnulífið hefur kvartað undan því að hann vaxi og vaxi. Verði ekki spyrnt við fótum þá munum við hugsanlega lenda í sömu gryfju og öll Evrópa, með 10% varanlegt atvinnuleysi sem er nánast eins og náttúrulögmál. Það stafar af sífellt meiri kvöðum á atvinnulífið sem minnka getu þess til nýsköpunar og þrengja að vilja manna til að stunda atvinnurekstur.

Hér eru þær kvaðir settar á fyrirtæki að þau geri mat á áhættu í störfum. Hvað þýðir það? Getur mönnum skrikað fótur í stiga einhvers staðar eða hvað er áhætta í starfi? Er raunveruleg áhætta af vélum sem sjálfsagt er að taka tillit til? Hversu langt mega menn ganga í að setja reglur um áhættu? Allt er þetta háð vilja embættismanna stofnana ríkisins sem oft og tíðum hafa lítinn skilning á þörfum atvinnulífsins svo sem margir hv. þm. sem aldrei hafa rekið fyrirtæki og vita ekki hvað atvinnurekstur er.

Menn sitja og unga út fallegum reglum. Oft og tíðum erum við Íslendingar kaþólskari en páfinn og skerpum á þeim reglum sem Evrópusambandið býr til á færibandi. Við aukum aðeins við og atvinnulífið kvartar og kveinar undan eftirlitsiðnaðinum og flóknum reglum, því að reksturinn snúist ekki um að framleiða vörur og þjónustu heldur að fullnægja kröfum hins opinbera.

Hér höfum við tilskipun um heilsuvernd sem er mjög góð og gild en eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á þá kostar hún peninga. Þeir peningar verða náttúrlega teknir einhvers staðar frá. Þetta eru iðulega mjög skynsamlegar aðgerðir. Það er betra að hafa heilbrigt fólk í vinnu en sjúkt. Það getur verið skynsamlegt að senda menn til læknis reglulega. Gott og vel. Sé það skynsamlegt þá býst ég við að fyrirtækin geri það sjálf. Hér á hins vegar að þvinga menn til þess og það getur leitt til þess, eins oft gerist þegar á að fara að gera einhverjum gott með svona lagareglum, að maður gerir honum illt. Fyrirtækin munu passa sig á að ráða ekki fólk sem ekki er algerlega heilt til vinnu. Það getur orðið til þess að eldra fólk eða veikt ætti t.d. erfiðara með að fá vinnu. Svona reglur geta oft slegið til baka.

Varðandi þann langa og stranga vinnudag sem Íslendingar hafa vanið sig á þá held ég að þar sé oft skipulagsleysi og lélegri stjórnun um að kenna. Á því má gjarnan ráða bót. Að það gerist með tilskipun, það held ég ekki. Ég held að betra sé

að hvetja fyrirtækin til að skila arði og nýta betur mannaflann þannig að vinnutíminn verði ekki óhóflega langur.

Það er staðreynd að maður sem vinnur til kl. 11 hvert kvöld er ekki sérstaklega skarpur til vinnu alla daga. Það getur verið að hann mundi skaffa meira ef hann hætti kl. 6 eða 7. Þetta hafa menn fyrir löngu uppgötvað þannig að þessar álögur sem hér er verið að búa til þarf að skoða mjög nákvæmlega. Við þurfum að athuga hvað gera þarf til að uppfylla reglur Evrópusambandsins sem við höfum skrifað undir. Við þurfum líka að hafa skilning á þörfum og nauðum atvinnulífsins sem stendur undir öllum þeim lífskjörum sem við njótum, bæði velferðarkerfinu og lífskjörum þjóðarinnar í heild.

[12:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa verið fluttar nokkrar merkilegar ræður um málið sem liggur fyrir. Ég held að að frátalinni ræðu hv. þm. Péturs Blöndals þá hafi allir þeir sem hér hafa talað verið sammála um að í þessu frv. sé að finna ákvæði sem hniki aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum nokkuð fram á við.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat að vísu um tiltekið atriði sem hann er ósáttur við en mælti ekki á móti því að hér væri um að ræða framfaraskref. Mér finnst, herra forseti, að þetta sýni í hnotskurn eðli samningsins sem við Íslendingar gerðum um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Sá samningur er oftast tengdur framförum og ávinningi í atvinnulífinu. Hann er oftast tengdur ávinningi í formi skattalækkana sem sannarlega lyfti undir greinar sem tengdust sjávarútvegi á Íslandi. Raunar hefur það komið fram oftar en einu sinni að umræddur samningur á að öllum líkindum stóran þátt í grundvelli þeirrar efnahagslegu velsældar sem ríkir á Íslandi í dag.

Á þessum samningi er hins vegar önnur hlið. Það er sú hlið sem snýr að félagslegum réttindum launamanna á Íslandi. Ég held að ekki sé ofmælt, herra forseti, að obbinn af réttindabótum sem íslenskir launamenn hafa náð fram á síðustu árum hefur komið frá Evrópu, hefur komið í krafti tilskipana. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að það er afskaplega lítið sem hægt er að benda á í formi félagslegra réttindabóta á Íslandi sem hefur ekki með einum eða öðrum hætti átt uppruna sinn úti í Evrópu. Það stafar ekki síst af þeirri staðreynd, herra forseti, að jafnaðarmenn hafa verið ákaflega áhrifaríkir á stjórn Evrópusambandsins. Þar hafa menn verið við völd sem hafa lagt mikla áherslu á að bæta kjör og aðbúnað fólks, almennings í viðkomandi löndum. Þetta skiptir máli, herra forseti, og það frv. sem hér liggur fyrir, sem útfærir ákveðnar tilskipanir sem hafa komið frá Evrópusambandinu, sýnir í hnotskurn það sem ég er að segja hérna, að Evrópska efnahagssvæðið og aðild okkar að því hefur ekki bara fært okkur beina efnahagslega ávinninga heldur líka félagslegar réttindabætur.

Í þessu frv. er að finna ýmis mál sem íslenskir launþegar hafa barist fyrir árum saman og það er fyrst þegar tilskipun kemur um það frá ESB sem við sjáum það rata inn í íslenska löggjöf.

Í þessu frv. er vitaskuld sitthvað sem vert er að skoða ákaflega vel. Ég held hins vegar að langflest ákvæðanna sem liggja fyrir séu mjög jákvæð og horfi til bóta. Það eru nokkur sem mig langar að fara yfir og örfáar spurningar sem mig langar að varpa fram til hæstv. félmrh. Ég veit að vísu að hæstv. ráðherra þurfti að víkja af vettvangi. Hann er bundinn við skyldustörf annars staðar en ég varpa eigi að síður fram óskum til hans um svör við ákveðnum spurningum og þær geta þá verið teknar upp til skoðunar sérstaklega í nefndinni sem um þetta fjallar.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að nú þegar, áður en þetta frv. kom frá þeirri nefnd sem samdi það, var búið að leiðrétta í mikilvægum efnum aðbúnað íslenskra launamanna. Ég vísa sérstaklega til þess að árið 1997 var breytt, í samræmi við tilskipunina sem hér er m.a. verið að fjalla um, lögum frá 1980 um lágmarkshvíldartíma Íslendinga. Þá var hvíldartíminn aukinn úr 10 klukkustundum í 11 klukkustundir. Það var ákaflega mikilvægt að þetta var gert. Þetta kemur fram, herra forseti, í frv. á bls. 9. Hér er sömuleiðis verið að taka á margvíslegum málum sem tengjast öryggi starfsmanna. Mér finnst það t.d. ákaflega mikilvægt sem kemur fram í 2. gr. frv. en þar er verið að taka upp það ákvæði viðkomandi tilskipunar um að atvinnurekandi eigi að framkvæma og tryggja að skriflegt áhættumat sé fyrir hendi sem hefur að geyma greiningu á ýmsum áhættuþáttum í starfsumhverfi sem tengjast öryggi og heilsu starfsmanna. Þessari áætlun á síðan að fylgja eftir með áætlun um forvarnir og ráðstafanir um heilsuvernd. Er þetta ekki jákvætt, herra forseti? Ég hefði talið að þetta væri jákvætt frá sjónarhóli bæði starfsmannanna og líka fyrirtækisins. Það mátti ráða af máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að honum þætti þetta vera kostnaðarauki, aukin byrði fyrir atvinnulífið, en eigi að síður hlýtur það að vera svo að ef við horfum á þetta frá hinum þrönga sjónarhóli atvinnulífsins, get ég ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að það sé ákaflega jákvætt fyrir fyrirtæki að hafa heilsuhraustan starfsmann, að hafa starfsmann sem líður vel. Ég held að fjölmargar kannanir hafi sýnt það að þegar vinnuandi er góður, þegar fólkinu líður vel, þegar heilsa þess er góð, þegar öryggi þess er tryggt, þá vinnur starfsfólkið betur, það vinnur betur að hag fyrirtækisins. Arður fyrirtækisins ætti að aukast við þetta, þannig að ég mundi telja, herra forseti, að það sem hv. þm. sagði hérna, hafi ég skilið hann rétt, eigi ekki við rök að styðjast. Ég held að hér sé um að ræða fjárfestingu sem skilar sér í aukinni framleiðni hjá fyrirtækinu. Ég segi sem jafnaðarmaður að það er ákaflega mikilvægt að fá ákvæði af þessu tagi inn í lögin.

Mér finnst líka gott að í 3. gr. er verið að skilgreina nákvæmar hvað átt er við með orðinu starfsmaður í lögunum frá 1980. Í þessum lögum er lagt til að þetta hugtak nái líka til nema og lærlinga án tillits til þess hvort þeir gegni launuðum störfum. Mér finnst þetta ákaflega mikilvægt vegna þess að við vitum auðvitað að ekki síst vegna reynsluleysis og ungs aldurs er það líklegt að e.t.v. einmitt nemar og lærlingar geti lent í óhöppum eða slysum á vinnustað. Þá skiptir ákaflega miklu máli að það sé skilgreint að sú vernd sem kemur fram í frv. nái líka yfir nema og lærlinga jafnvel þó að þeir gegni ekki launuðum störfum.

Eitt af því sem ég hefði viljað varpa fram sem spurningu til hæstv. félmrh. varðar þær breytingar sem gerðar eru í 4. gr. frv. Þar er lagt til, herra forseti, að við tiltekinn staflið 38. gr. núgildandi laga komi viðbót. 38. gr. tilheyrir V. kafla þar sem mælt er fyrir um framkvæmd vinnu. Sá kafli byrjar á því að sagt er að vinnunni skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í greininni þar á eftir er sagt frá því að stjórn Vinnueftirlitsins skuli setja nánari reglur um það hvernig haga eigi framkvæmd vinnunnar, m.a. með tilliti til þeirra sem vinna

við of mikið álag og lagt er til að þar sé bætt við m.a. að stjórn Vinnueftirlitsins eigi að setja reglur um hvernig eigi að haga framkvæmd vinnu til þess að hægt sé að draga úr, með leyfi forseta, svo að ég vísi í greinina „áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða."

Þarna er komið, herra forseti, að ákaflega mikilvægu efni. Hérna er verið að leggja til að settar verði sérstakar reglur um það hvernig eigi að draga úr neikvæðum áhrifum ákvæðisvinnu eða bónusvinnunnar. Þetta er eitt af því sem hefur verið umdeildast varðandi t.d. sjávarútveg okkar. Það liggur fyrir að sérstaklega konur sæta miklu álagi, verða fyrir miklu líkamlegu sliti vegna bónusvinnunnar. Margar kannanir hafa verið gerðar hér á landi, m.a. á vegum vinnuverndarhóps Alþýðusambands Íslands fyrir u.þ.b. einum áratug, sem leiddu þetta í ljós. Ég tel þess vegna að það sé mikilvægt, herra forseti, að stjórn Vinnueftirlitsins sé nú komin með skýrt umboð, að þessu frv. samþykktu, til að setja reglur sem gætu dregið úr neikvæðum afleiðingum þessa. Það held ég að sé mjög af hinu góða.

Að lokum er eitt atriði annað, herra forseti, sem ég hefði viljað vekja eftirtekt á og spyrja hæstv. félmrh. um. Það varðar 5. gr. frv. Hún fjallar um breytingar á IX. kafla laganna þar sem er m.a. mælt fyrir um hámarksvinnutíma, frídaga og hvíldartíma. Í 1. mgr. c-liðar er sagt að haga skuli vinnutíma þannig að a.m.k. 11 klukkutíma samfelld hvíld sé tryggð sérhverjum starfsmanni á hverju 24 klukkustunda tímabili. Síðan koma hins vegar ákveðin frávik frá þessari meginreglu. Í 2. mgr. er t.d. lögð til heimild til viðkomandi fyrirtækis, að vísu með samningum við aðila vinnumarkaðarins, um að stytta megi samfelldan hvíldartíma úr 11 í allt að 8 klukkustundum ef ákveðin frávik sem þar eru reifuð gera það nauðsynlegt. Í 3. mgr. er sömuleiðis mælst til þess að hægt sé að fresta samfelldri hvíld til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón. Þetta er ákaflega skiljanlegt frávik, herra forseti.

Síðan segir hins vegar í 4. mgr. að til samræmis við þau skilyrði sem vinnutímatilskipunin setur um lágmarkshvíldartíma skuli starfsmaðurinn fá samsvarandi hvíld síðar. Svo segir, með leyfi forseta: „Ef því verður af hlutlægum ástæðum ekki komið við skal starfsmaðurinn þess í stað fá viðeigandi vernd."

Herra forseti. Ég hnýt um þetta. Ef ekki er hægt að tryggja viðkomandi starfsmanni nauðsynlega hvíld hvernig á þá að tryggja honum í staðinn viðeigandi vernd? Þetta hefði ég viljað spyrja hæstv. ráðherra um, herra forseti, en eins og ég hef þegar sagt í ræðu minni þá þurfti hæstv. ráðherra að bregða sér frá. Ég hef fullan skilning á því en ég mælist til þess að þetta tiltekna atriði verði tekið til sérstakrar skoðunar af hv. félmn.

Að endingu, herra forseti, vil ég ítreka að ég tel að í þessu frv. sé um að ræða mjög mörg framfaraspor. Ég tel að þetta sýni svart á hvítu að sá ávinningur sem við höfum haft af því að vera aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu kemur ekki einungis fram í því að við höfum fengið lægri tolla, ekki einungis fram í því að fyrirtæki í sjávarútvegi geta nýtt sér betur markaði úti í Evrópu vegna tollalækkana. Ávinningurinn kemur líka fram í auknum félagslegum réttindum fyrir starfsfólk.

Aðeins um það, herra forseti, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi hérna að því er varðaði framkvæmd heilsuverndar. Ég tek heils hugar undir með honum að þarna er sitthvað sem við þurfum að skoða ákaflega vel. En það er einfaldlega þannig að heilsugæslustöðvarnar í landinu, sökum annríkis og sökum þess að ríkisstjórnin hefur ekki tryggt þeim nægilegt fjármagn, hafa ekki getað uppfyllt að öllu leyti þær skyldur sem lagðar eru á herðar þeim með núgildandi lögum. Það gildir ekki aðeins að því er varðar heilsuvernd starfsmanna í fyrirtækjum, heldur margt fleira. Ég nefni bara tóbaksvarnir, herra forseti. En það er samt sem áður þannig að þrátt fyrir að ákvæði laganna frá 1980, um heilsuvernd, hafi ekki komið til almennrar framkvæmdar hafa ýmis fyrirtæki og stofnanir hér á landi, einkum stærri fyrirtæki sem hafa tengst framleiðslu sem er þess eðlis að hún felur í sér ákveðna hættu, ég nefni stóriðju eins og álverið í Straumsvík, Kísiliðjuna við Mývatn og járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Þessi fyrirtæki hafa keypt sér þjónustu sem felur í sér heilsuvernd á vinnustað. Þessi þjónusta hefur yfirleitt verið partur af samningum viðkomandi fyrirtækja við starfsmennina. Ég tel að þetta sé mjög af hinu góða. Ég tel að það sé ákaflega jákvætt að einstaklingurinn njóti bæði þeirrar verndar sem felst í þjónustu heilsugæslustöðvar sem hann eins og hver annar almennur borgari getur notfært sér en að auki sé fylgst með heilsu hans á vinnustað. Það getur ekki annað en verið viðkomandi starfsmanni til góða og að sjálfsögðu kemur það fyrirtækinu einnig til góða.

Ýmsar leiðir hafa hins vegar verið til þess að verða fyrirtækinu út um þessa tegund heilsugæslu. Heilsugæslustöðvar, sums staðar sjúkrahús úti á landi, hafa veitt hana en jafnframt sjálfstætt starfandi einstaklingar. Ég held, herra forseti, að þetta sé þáttur sem þurfi að styrkja verulega. Auðvitað þarf að sjá til þess að lögum um heilsuvernd og heilsugæslu sé hrint til framkvæmda. Ég held að ýmislegt sem er að finna um aðbúnað og heilsuverndarþáttinn í þessu frv. hnígi að því að auðveldara verði að framfylgja lögunum að þessu leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:00]

Útbýting þingskjala:

Barnaverndarlög, 572. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 884.
Norrænt samstarf 2000, 571. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 880.
Útsendir starfsmenn, 573. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 885.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 541. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 886; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 887.
Ferðasjóður íþróttafélaga, 570. mál, þáltill. HjÁ og ÍGP, þskj. 879.
Starfsgreinaráð, 491. mál, svar menntmrh., þskj. 883.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 816, nál. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, EKG, EMS, GE, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, MF, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GunnB, KVM, KF, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, SvH, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum í morgun við 2. umr. gert ítarlega grein fyrir þeim fyrirvörum sem við setjum varðandi þetta mál. Þeir fyrirvarar voru nauðsynlegir að okkar mati, varða störf Alþingis og rekstrarlegt umhverfi orkufyrirtækja.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. að gefa betra hljóð.)

Við umræðuna um orkulög sem fram fer innan tíðar munum við halda þessum sjónarmiðum okkar til streitu. Megi nýtt orkufyrirtæki Suðurnesjamanna og Hafnfirðinga dafna á nýjum grunni, íbúum svæðisins til hagsbóta. Ég segi já.

Brtt. í nál. 855 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
3.–15. gr. og ákv. til brb. I–III samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Samningur um opinber innkaup, frh. fyrri umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (vinnutímareglur EES o.fl.). — Þskj. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 4.–14. mál.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

91. FUNDUR

fimmtudaginn 15. mars,
að loknum 90. fundi.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, stjfrv., 520. mál, þskj. 816 (með áorðn. breyt. á þskj. 855). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Almannatryggingar, stjfrv., 541. mál, þskj. 843, nál. 886, brtt. 887. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Framboð á leiguhúsnæði, þáltill., 512. mál, þskj. 806. — Fyrri umr.

4. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769. — Fyrri umr.

5. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.

6. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.

7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — 1. umr.

8. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — 1. umr.

9. Lyfjatjónstryggingar, frv., 208. mál, þskj. 218. — 1. umr.

10. Útbreiðsla spilafíknar, þáltill., 250. mál, þskj. 275. — Fyrri umr.

11. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

12. Félagsleg aðstoð, frv., 275. mál, þskj. 303. — 1. umr.

13. Almannatryggingar, frv., 281. mál, þskj. 309. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og útbýtingu þskj. í 1. og 2. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 889.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, KVM, KF, LMR, LB, ÓÖH, PP, SP, SJS, SvH, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

[Fundarhlé. — 13:39]

[13:46]

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar, 541. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 888.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 843, nál. 886 og 888, brtt. 887.

[13:46]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, 541. mál. Nál. er á þskj. 886 og brtt. á þskj. 887.

Hv. heilbr.- og trn. fékk gesti á sinn fund til að fjalla um frv., m.a. frá heilbr.- og trmrn., Landssambandi eldri borgara og Félagi eldri borgara í Reykjavík og frá Mannréttindaskrifstofu, eins og nánar er tilgreint í nál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er lúta að rétti ellilífeyrisþega til tekjutryggingar. Forsaga þessa frumvarps er sú að 19. desember 2000 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök. Ekki var litið svo á að sá dómur ætti beint við um ellilífeyrisþega og í samræmi við það tóku lög nr. 3/2001 sem Alþingi setti í kjölfarið til að fullnægja dómi Hæstaréttar ekki til þeirra.

Frumvarp þetta kveður á um að ellilífeyrisþegum verði tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum voru tryggð með lögum nr. 3/2001. Meiri hluti hv. heilbr.- og trn. er sammála þeirri afstöðu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að til framtíðar eigi sömu efnisrök við um réttindi ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega að þessu leyti.

Í máli fulltrúa Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík kom fram að samráð hefði verið haft við þá áður en frumvarpið var lagt fram og jafnframt að frumvarpið fæli í sér skref í rétta átt til að bæta kjör ellilífeyrisþega.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali, 887. Breytingin felst í eftirfarandi:

Lagt er til að orðalagi ákvæðis III til bráðabirgða verði breytt þannig að ekki fari á milli mála að þeir sem ekki hafa sótt um tekjutryggingu en eiga rétt á henni skv. 1. gr. laganna geti sótt um hana sér til handa og eigi þá sama rétt og aðrir sem réttar munu njóta samkvæmt lögunum.

Undir nál. rita auk framsögumanns hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ásta Möller og Katrín Fjeldsted.

[13:49]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Þetta er nál. minni hluta heilbr.- og trn.

Frumvarp það sem hér er til umræðu á rætur sínar að rekja til dóms Hæstaréttar í máli nr. 125/2000, svokölluðu öryrkjamáli. Í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að óheimilt hefði verið að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka, sbr. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar voru að leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar. Í því frumvarpi, sem síðan varð að lögum nr. 3/2001, var einungis dregið úr skerðingu á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka í stað þess að afnema hana. Stjórnarandstaðan mótmælti þessari málsmeðferð, enda taldi hún hana ekki fullnægja dómi Hæstaréttar, og er vísað til ítarlegs nefndaráls sem minni hluti heilbrigðis- og tryggingnefndar skilaði í því máli. Dómur Hæstaréttar tók ekki beint til ellilífeyrisþega og sama gilti um lög nr. 3/2001, þó svo að sterk rök væru fyrir því að sömu sjónarmið ættu við um ellilífeyrisþega og Hæstiréttur hafði sem rök fyrir niðurstöðu sinni varðandi örorkulífeyrisþega.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar má segja að ríkisstjórnin hafi nú fallist á að sömu sjónarmið eigi að gilda um réttindi ellilífeyrisþega og gilda um réttindi örorkulífeyrisþega. Einungis er þó talið að þessi sjónarmið eigi að gilda til framtíðar, en réttur ellilífeyrisþega aftur í tímann er ekki viðurkenndur. Þessu mótmælir minni hlutinn og bendir á að á tímabilinu 1. janúar 1994 til 31. desember 1998 var ákveði, sem skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka byggðist á, hvort sem um var að ræða örorkulífeyrisþega eða ellilífeyrisþega, að finna í reglugerð nr. 485/1995. Þessa reglugerð taldi Hæstiréttur skorta lagastoð og á þeim grundvelli taldi hann skerðinguna óheimila. Þar sem skerðing tekjutryggingar ellilífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka byggðist á þessari sömu reglugerð má ljóst vera að þeir hljóta að eiga sama rétt á endurgreiðslu og örorkulífeyrisþegar, að minnsta kosti hvað varðar fyrrgreint tímabil. Þessi staðreynd er algerlega hunsuð í frumvarpi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hjá fulltrúum eldri borgara, sem komu fyrir nefndina, kom fram að þeir hefðu sett fram þau sjónarmið sín á fundum með ríkisstjórninni að þeir teldu að félagsmenn sínir ættu rétt á greiðslum aftur í tímann, og þá allt aftur til ársins 1994, eða að minnsta kosti jafnlangt aftur og öryrkjar verða taldir eiga þann rétt. Ekki var brugðist við þessu í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir þennan annmarka sem eldri borgarar töldu vera á frumvarpinu kváðust þeir sáttir við það, svo langt sem það næði, enda takmarkaði það ekki möguleika félagasamtaka þeirra eða einstakra félagsmanna á því að sækja frekari rétt til dómstóla. Það kom jafnframt fram í máli þeirra að þeir væntu kjarabóta við þá endurskoðun á almannatrygginga löggjöfinni sem nú fer fram.

Minni hlutinn vill benda á að í frumvarpinu er með sama hætti og í frumvarpinu, sem lagt var fram í kjölfar öryrkjadómsins, verið að lögfesta reglu sem felur í sér mun hærra skerðingarhlutfall gagnvart eigin tekjum lífeyrisþega en tíðkast annars staðar í lífeyristryggingum almannatrygginga. Meginregla almannatryggingalaga er sú að tekjutrygging skerðist um 45% af þeim tekjum sem eru umfram tiltekið

frítekjumark en nýja reglan, sem lögfest hefur verið gagnvart öryrkjum og nú er lögð til gagnvart ellilífeyrisþegum, mælir fyrir um tæplega 67% skerðingarreglu gagnvart eigin tekjum lífeyrisþega, þ.e. lífeyrisþegans með lægri tekjurnar í hjónabandi eða sambúð. Eftir að lög nr. 3/2001 tóku gildi kom í ljós að þeir sem þetta nýja ákvæði varðar eru nánast eingöngu konur eða 98%.

Í ljósi áðurgreindrar staðreyndar tekur minni hlutinn undir þau sjónarmið sem fram komu í máli þeirra Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðings og eins af sérfræðingum Evrópuráðsins í jafnréttismálum, og Bjarneyjar Friðriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem komu á fund nefndarinnar, að skoða þyrfti, áður en frumvarpið yrði að lögum, hvaða áhrif það hefði á konur annars vegar og karla hins vegar. Jafnframt kom það fram að skoða þyrfti samþættingu frumvarpsins á kjör karla og kvenna við aðra kjaraþætti, svo sem skattalöggjöf og jafnréttissjónarmið. Í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking 1995 samþykktu íslensk stjórnvöld að koma á svokallaðri samþættingu (mainstreaming) sem m.a. felur í sér að við lagasetningu skuli skoðað hvort lagasetningin komi mismunandi við kynin. Þetta var sett inn í jafnréttislögin og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar byggist einnig á því að við lagasetningu skuli byggja á sjónarmiðum samþættingar. Þá kom einnig fram að ef ákvæði varðar meira annað kynið en hitt gætu verið líkur á að um óbeina mismunun vegna kynferðis væri að ræða, sbr. 22. gr. jafnréttislaga. Dæmi um þetta er verkefni sem félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytinu ber að vinna að og varðar samþættingu jafnréttissjónarmiða við lagasetningu. Og ég verð að segja, herra forseti, að í ljósi þessa er það náttúrlega ákaflega ankannalegt og óeðlilegt að þessi löggjöf skuli ekki vera skoðuð í ljósi samþættingarsjónarmiðanna þar sem þetta hefur nú verið sett inn í jafnréttislöggjöf okkar og sömuleiðis inn í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Minni hlutinn óskaði eftir upplýsingum um hve margir ellilífeyrisþegar af hvoru kyni fengju greiðslur samkvæmt þessu frumvarpi þegar það yrði að lögum. Ekki var unnt að veita þær upplýsingar fyrir afgreiðslu málsins. Minni hlutinn gagnrýnir þá tímapressu sem málið er í sem kemur m.a. í veg fyrir að fram komi upplýsingar sem þessar og að samþættingarvinna fari fram.

Í samræmi við framangreint telur minni hlutinn eftirfarandi galla vera á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi telur minni hlutinn að afnema hefði þurft með öllu skerðingu tekjutryggingar vegna tekna maka með sama hætti og hefði átt að gera varðandi öryrkjana. Í öðru lagi að réttur ellilífeyrisþega hefði þurft að ná aftur í tímann. Í þriðja lagi gagnrýnir minni hlutinn tímapressuna sem málið er í og kemur í veg fyrir að nauðsynlegar upplýsingar komi fram og jafnframt að sú samþættingarvinna, sem þurft hefði að fara í áður en frumvarpið yrði að lögum, gæti farið fram.

Umræðan um lífeyristryggingar almannatrygginga í kjölfar öryrkjadóms Hæstaréttar sýnir að kerfið er orðið allt of flókið hvað varðar reglur um tekjutengingar einstakra bótaflokka og flækir þessi lagasetning það enn. Það er því vart á færi annarra en sérfræðinga að skilja hvernig það virkar. Reglur um bætur almannatrygginga eiga að vera gagnsæjar og einfaldar. Til að ná því markmiði þarf að taka kerfið upp í heild í stað þess að vera með endalausar breytingar án þess að horfa á kerfið og lögin í heild.

Með hliðsjón af því að í frumvarpi þessu er gerð réttarbót fyrir ákveðinn hóp ellilífeyrisþega leggst minni hluti nefndarinnar ekki gegn afgreiðslu málsins en í ljósi þeirra ágalla sem tíundaðir hafa verið mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísar allri ábyrgð á lagasetningunni á hendur ríkisstjórninni.

Herra forseti. Undir nál. rita sú sem hér stendur, Ásta R. Jóhannesdóttir, og hv. þm. Þuríður Backman og Rannveig Guðmundsdóttir, sem sat nefndarfundinn þegar málið var afgreitt í fjarveru Bryndísar Hlöðversdóttur sem á fastasæti í nefndinni og er samþykk þessu minnihlutaáliti.

Herra forseti. Ég ætla að taka nokkur atriði til umræðu sem varða þetta mál og ég tel fulla ástæðu til að komi hér fram. Hér er á ferðinni sambærilegt frv. og við vorum með þegar öryrkjamálið var til umræðu. Tekjutengingin vegna tekna maka er minnkuð, en hún er ekki afnumin. Gamla reglan, tekjutengingarreglan í 17. gr., heldur sér en það kemur viðbótarregla sem er þá með aukinni skerðingarprósentu gagnvart eigin tekjum þess maka sem er með lægri tekjurnar.

Eins og kom fram í nál. minni hlutans þá er þarna um ákveðna kjarabót að ræða þótt við teljum alls ekki verið að fara að dómi Hæstaréttar. Áfram er verið að mismuna fólki eftir hjúskaparstöðu. Ég vil geta þess hér, herra forseti, og minna á hver staða lífeyrisþega í hjúskap er. Ég vil einnig minna á það sem ég hef oft nefnt í þessum ræðustóli, að tekjutengingarreglurnar vegna tekna maka hafa haft í för með sér að lífeyrisþegar eru síður í hjúskap. Þetta hefur valdið skilnuðum og fólk í þessari stöðu gengur ekki í sambúð eða hjónaband. Ef lífeyrisþeginn býr einn þá hefur hann heimilisuppbót og hann gæti haft sérstaka heimilisuppbót, hann hefur fullan grunnlífeyri og fulla tekjutryggingu hafi hann ekki aðrar tekjur. Við það að ganga í hjúskap missir hann heimilisuppbótina, sérstöku heimilisuppbótina, grunnlífeyririnn hans lækkar um 10%, hann fær aðeins 90% af grunnlífeyri, auk þess sem tekjutryggingin sem hjá einstaklingi, ellilífeyrisþegum, er um 31.000 kr., getur ekki farið upp fyrir 25.000 kr., hún er lækkuð um 8.000 kr. með þessum lögum. Nú er ég að miða við ef hann byggi einn og hins vegar að hann sé í hjónabandi.

Ég vil geta þess að nokkrir lífeyrisþegar hafa komið að máli við mig eftir þessa lagasetningu, lífeyrisþegar sem hafa ekki treyst sér að hefja sambúð eða ganga í hjónaband, sem hafa sagt að þetta breytti svo litlu fyrir sig. Þetta breytti svo litlu í auknum tekjum ef lífeyrisþegar gengju í hjónaband að þeir verða að vera áfram einir því að þeir geta ekki séð sér farborða öðruvísi. Við þurfum ekki annað en að horfa á hvaða tekjur fólk er með. Lífeyrisþeginn eða öryrkinn sem hefur ekkert nema almannatryggingagreiðslurnar er ekki með nema um 73.000 kr. til að framfleyta sér. Það að hann gæti náð upp í 43.000 kr. með samanlögðum almannatryggingabótum plús aðrar tekjur — maður sér auðvitað hver munurinn er þar á. Ég tel því að það verði að halda þessu til haga við þessa lagasetningu.

Varðandi það að ekki gafst tími til að skoða hversu margir af þeim sem þessi lagasetning varðar eru karlar og hversu margar konur þá vil ég gagnrýna að ekki skuli hafa verið búið að kanna það áður en frv. var lagt fram og ekki fylgi því upplýsingar um það hvernig þetta kemur við karla og konur, sérstaklega í ljósi þess að það voru nánast eingöngu konur sem lentu í þessari lagasetningu hjá öryrkjunum. Mér finnst ólíklegt annað en að meiri hlutinn séu konur í þessu tilviki, þ.e. hjá ellilífeyrisþegunum, vegna þess að fullorðnar konur eru yfirleitt með mun minni rétt í lífeyrissjóðum en karlar. Mjög margar eru með nánast engan lífeyrissjóðsrétt.

Oft hafa verið gerðar kannanir á því og sýnt fram á að fullorðnar konur, ellilífeyrisþegar á Íslandi, búa við verulega fátækt og gera má ráð fyrir að þessar konur lendi í þessari lagabreytingu.

Ég ítreka að verið er að bæta kjör þessa fólks lítillega, en þó ekki í þá veru sem ég tel að hæstaréttardómurinn hafi kveðið á um.

Ég vil líka, herra forseti, nefna að það er til lítils að ákveða það hér með lagasetningu og stefnumótun á Alþingi að ætla að taka betur á málefnum í lagasetningu eins og að einsetja sér að koma á samþættingu og skoða lagasetningu, sérstaklega hvaða áhrif hún hefur á karla og konur í hverju tilviki þegar það er síðan ekki gert, þegar það er síðan hunsað að skoða þessa þætti. Ekki er verið að virða lög eins og jafnréttislögin þegar þetta gerist.

Við höfum verið með umræðu um lagaráð og nauðsyn þess að vanda til lagasetningar á Íslandi. Auðvitað erum við ekki að því þegar verið er að koma hér með mál undir slíkri tímapressu sem hér er þar sem ekki gefst tími til að skoða þætti eins og þessa, sem hefði vissulega verið full þörf á, eins og frv. og lögin í kjölfar öryrkjadómsins sýna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að sinni en mun ef ástæða er til fara yfir fleiri þætti málsins. Full ástæða hefði verið til að rifja upp ýmislegt sem sneri að öryrkjadómnum en ég ætla ekki að gera það því ég tel mikilvægt að þessi löggjöf fari hér frá þinginu fyrir nefndaviku þó svo ég sé mjög ósátt persónulega við hvernig ríkisstjórnin hefur tekið á þessum málum og hvernig hún túlkar dóm Hæstaréttar en fer ekki að honum þó hér sé um að ræða lögjöfnunarfrv. eins og fram hefur komið.

En hér er sem sagt áfram í gangi tekjutenging við laun maka. Fyrningarákvæðin eru lakari en kveðið var á um í lögunum frá 24. janúar sl. Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að þetta sé ekki endirinn á þessu máli. Hér á eftir að verður frekari málatilbúnaður ef ég þykist vita rétt því þessi lagasetning á örugglega eftir að draga dilk á eftir sér enda er málshöfðun í undirbúningi til þess að fá þessum fyrningarákvæðum hnekkt.

[14:07]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af tilefni ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur finnst mér brýn nauðsyn á að leggja ríka áherslu á að það frv. sem hér er til umræðu, leggur til að lögfesta sérreglu, viðbótarreglu við 17. gr. almannatryggingalaganna, reglu sem er ellilífeyrisþegum ótvírætt til hagsbóta og frv. felur í sér ótvírætt ívilnun fyrir ellilífeyrisþega. Þessari reglu er ætlað að tryggja ellilífeyrisþega ákveðnar lágmarkstekjur án tillits til tekna maka ellilífeyrisþegans. Í þessari reglu felst að samanlögð eigintekjuöflun ellilífeyrisþega og tekjutrygging geta aldrei, þrátt fyrir meginregluna um sameiginlegt frítekjumark hjóna, numið lægri fjárhæð en 25.000 kr. á mánuði. Hún felur það í sér að enginn ellilífeyrisþegi fær vegna tekna maka lægri lífeyri en 43.424 kr. Með þessu frv. er ætlunin að hækka og tryggja ellilífeyrisþega í hjúskap rúmar 43.000 kr. á mánuði án tillits til tekna maka. Þetta er meginefni frv.

Séreglan rýrir ekki hag nokkurs ellilífeyrisþega. Enginn ellilífeyrisþegi fær lægri fjárhæð vegna sérreglunnar en þá sem er verið að leggja til. Sérreglan kemur ekki til framkvæmda nema þegar svo háttar að útreikningur á bótum vegna almennu reglunnar í 17. gr. leiði til þess, vegna tekna maka, að greiðslurnar eigi að fara þar undir.

En mér finnst fullt tilefni í framhaldi af ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að hnykkja á því hvert er efni frv. og taka fram að það er til hagsbóta og það er til ívilnunar ellilífeyrisþegum sem eru í hjúskap og frv. varðar.

[14:09]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar hv. þm. er ekki andmæli við neitt af því sem ég sagði áðan í ræðunni. Ég sagði að þetta væri ákveðin kjarabót. Engu að síður er ekki verið að afnema tekjutengingu við tekjur maka. Það er verið að setja viðbótarreglu sem er flóknari og í þeirri viðbótarreglu er brattari skerðing gagnvart eigin tekjum lífeyrisþegans um 67% meðan almenna reglan er 45%.

Herra forseti. Hv. þm. talar drýgindalega um það að hér sé verið að tryggja ellilífeyrisþega 43.000 kr. Það er alveg rétt, ég sagði líka að það væru 43.000 kr., þ.e. greiðslurnar úr almannatryggingunum plús tekjur einstaklingsins sem er verið að tryggja. Aftur á móti ef hann byggi ekki með maka, þ.e. ef hann byggi með syni sínum eða einhverjum öðrum, þá fengi hann a.m.k. 51.000 kr. þannig að það er verið að lækka þessa sem eru þó í hjúskap eða sambúð með sambýlismanni eða -konu niður um 8.000 kr. Það er staðreyndin í þessu máli, nákvæmlega eins og gagnvart öryrkjunum.

Samkvæmt skilningi bæði þeirra sem kærðu í öryrkjamálinu og einnig okkar sem skoðuðum málið og allra þeirra sem sáu dóminn fyrst, þá var það niðurstaða Hæstaréttar að ekki mætti tekjutengja vegna tekna maka, þ.e. ekki skerða tekjutrygginguna. Ég stend við þann skilning minn og ég tel að ekki sé farið að dómi Hæstaréttar, hvorki gagnvart öryrkjunum á sínum tíma né í lögjöfnuninni gagnvart ellilífeyrisþegunum vegna þess að ég tel að tekjutenging vegna tekna maka sé ekki heimil.

[14:12]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að árétta að það frv. sem hér er lagt fram varðar ellilífeyrisþega. Það varðar ekki örorkulífeyisþega. Þetta frv. hefur í sjálfu sér enga tengingu við dóm Hæstaréttar aðra en að verið er að leggja til að sömu efnisrök skuli gilda fyrir ellilífeyrisþega og fyrir öryrkja.

En varðandi orð hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að þarna sé verið að mæla fyrir brattari skerðingu í þeim tilvikum sem sérreglan tekur til þá finnst mér rétt að vekja athygli á því að það er aðeins í þeim tilvikum sem ellilífeyrisþeginn sjálfur hefur yfir 450.000 kr. í tekjur að þessi réttur samkvæmt sérreglunni minnkar. En ekki gert er ráð fyrir að allar tekjur ellilífeyrisþegans sjálfs skerði bætur hans, heldur aðeins tveir þriðju hluti þeirra sem hafi áhrif til þess að sérreglan lækki og hann fari niður fyrir 43.000 kr. En hvernig hv. þm., þegar hann mælti fyrir áliti minni hluta heilbr.- og trn., gat leitt líkur að því að þetta ákvæði mismunaði á einhvern hátt konum og körlum, er ekki nokkur leið fyrir mig að skilja því ef gengið er út frá því að konur í hópi ellilífeyrisþega hafi að öllu jöfnu lægri tekjur en karlar þá hljóta líka konur og ellilífeyrisþegar í fleiri tilvikum en karlar að njóta hagsbóta af sérreglunni sem tryggir þeim þennan tiltekna lágmarksrétt.

[14:13]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Greinilegt er að hv. formanni heilbr.- og trn. þykir ástæða til að geta ýmissa atriða hér en það er ekkert af því sem varðar neitt af því sem ég hef verið að halda fram annað en það að ég vil mótmæla því að þessi lagasetning varði ekki hæstaréttardóminn. Þetta er samræming út frá þeim dómi. Hvers vegna er verið að koma með þessa lagasetningu inn í þingið? Telur hv. þm. að þessi lagasetning hefði komið inn í þingið ef ekki hefði verið dómur Hæstaréttar og frv. hér í kjölfar hans?

Herra forseti. Þetta er ákaflega sérkennileg staðhæfing frá hv. þm. Að tala um það að þetta tengist ekki öryrkjum. Ég hef aldrei sagt að þetta mál varðaði öryrkja. Aftur á móti, herra forseti, tel ég fulla ástæðu til að minnast á það að tekjutengingin gagnvart ellilífeyrisþegum er meiri en gagnvart öryrkjum. Frítekjumörkin eru lægri, sem gerir það að verkum að enn er það svo þrátt fyrir það að margoft hafi verið bent á að þegar öryrki verður gamall, þegar hann verður ellilífeyrisþegi, þá lendir hann í miklu meiri tekjutengingum þrátt fyrir þessar lagabreytingar. Ég hefði gjarnan viljað sjá það hér fyrst verið er að breyta 17. gr. að einnig hefði verið tekið á þessum atriðum þannig að þegar öryrkinn verður 67 ára verði hann ekki fyrir kjaraskerðingu eins og hann verður áfram þrátt fyrir þessa lagabreytingu. Það er atriði sem við hefðum einnig átt að skoða í nefndinni ef tími hefði gefist til. En ég minni á það, herra forseti, að komið hefur í ljós að 98% þeirra sem þessi lagabreyting náði til hjá öryrkjunum á sínum tíma eru konur og í ljósi þess er full ástæða til að skoða þennan þátt.

[14:15]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að með frv. sem hér er til umfjöllunar er verið að auka rétt aldraðra. Verið er að bæta kjör karla og kvenna á eftirlaunaaldri sem þiggja lífeyri frá almannatryggingakerfinu, það er verið að hækka stuðninginn úr 18.000 kr. upp í 43.000 kr. og hann er tryggður burt séð frá tekjum maka. Með frv. er verið að færa rétt aldraða til jafns við öryrkja eins og við munum frá því frv. sem var til umfjöllunar í janúar.

En það sem ég vildi helst fjalla um í andsvari er það sjónarmið sem kemur fram í ræðu hv. þm. að frv. geti strítt gegn jafnréttissjónarmiðum. Ég fæ því engan veginn stað. Ég bendi á að reglan er hin sama gagnvart konum og körlum. Svo vill til að þjóðfélagsaðstæður hafa verið þannig undanfarna áratugi að konur í kynslóðunum á undan okkur hafa verið meira heima en nú tíðkast sem þýðir að þær hafa minni rétt í lífeyrissjóðakerfinu. Ég mundi telja að það væri þá fyrst sem væru komnar einhverjar sérreglur út frá þessum aðstæðum sem jafnréttislög væru brotin því við leggjum upp með að lögin meðhöndli konur og karla jafnt og það gerir þetta frv. Það bara vill þannig til að hlutföll milli karla og kvenna sem lögin taka til eru ójöfn af þekktum ástæðum.

[14:17]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að hlutföllin eru önnur, sérstaklega hjá öryrkjunum, þau eru 98% konur og 2% karlar hvað þetta mál varðar. Einnig er rétt og ég vil orða það þannig að verið er að minnka skerðingu vegna tekna maka, en það er ekki verið að afnema hana eins og Hæstiréttur sagði að skyldi gera. Kæran gekk út á hvort heimilt væri að skerða vegna tekna maka, ekki hvort skerða mætti minna eða meira og niðurstaðan var nákvæmlega sú sama, það var ekki heimilt að skerða vegna tekna maka. En hér er verið að minnka hana, það er alveg rétt.

Ástandið í samfélaginu og hjá þeim kynslóðum sem nú eru á ellilífeyri er eins og kom fram hjá hv. þm. að konurnar eru með lægri tekjur. Þær hafa verið að sinna heimilisstörfum og öðrum verkefnum sem varða fjölskylduna og eru þess vegna með lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum og eru þess vegna fátækari aðilinn í þessum samböndum. Einmitt þess vegna ber okkur að skoða þetta. Þess vegna var verið að taka það inn í jafnréttislögin að við ættum að skoða hvernig löggjöf varðar hina ýmsu hópa. Ég horfi á þetta frá mannréttindum kvenna sem í þessu lenda og eiga lítinn rétt. Ég get vitnað í konu sem ég var á fundi með sem sagði mér frá því. Hún er búin að vinna sér inn ákveðin lífeyrisréttindi og maðurinn hennar er líka öryrki með hærri lífeyrisréttindi, en þegar kemur að lífeyri hennar lendir hún í 67% skerðingu gagnvart sínum lífeyri meðan sameiginlegu tekjurnar voru 45%. Þetta finnst fólki óréttlæti. Þetta bitnar á konum. Auðvitað verðum verðum við að skoða þessa löggjöf í því samhengi, herra forseti.

[14:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir málflutningur hv. þm. vera undarlegur. Það sem gerist með frv. er að þetta næði t.d. til 1.100–1.200 manns. Segjum að þetta séu 1.200 manns þá er verið að bæta kjör 1.188 kvenna og 12 karla. Ég get ekki séð annað en að ef einhvers staðar hallar á, þá er á karlana hallað í þessu sambandi því að verið er að bæta kjör kvennanna fyrst og fremst. Mér finnst þessi málflutningur hv. þm. vera farinn að snúast upp í andhverfu sína.

Annað sem ég vildi líka ræða er niðurstaðan sem varð í sambandi við þetta frv. Á fundi okkar í gær kom fram með gestum okkar, fulltrúum aldraðra, að frv. er niðurstaða af fundi þeirra og ríkisstjórnarinnar. Einnig kom fram að þetta væri niðurstaða af viðræðum, þetta væri áfangi sem þeir væru sáttir við. En jafnframt kom fram að samtökin þeirra mundu ekki sækja þetta mál lengra varðandi fortíðina öðruvísi en það væri einhver einstakur félagsmaður sem þyrfti á stuðningi að halda ef hann óskaði þess að sækja þetta mál til fortíðar. En ég bendi á og segi það aftur hér eins og ég sagði við 1. umr.: Ég tel fyrst og fremst að horfa eigi til framtíðar varðandi þessi mál og fortíðina eigi að láta kyrra liggja.

[14:21]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir þetta merkilegar upplýsingar sem koma fram hjá hv. þm. sem heldur því fram og fullyrðir hér í ræðustóli að þetta séu 1.100–1.200 konur. Við gátum ekki fengið upplýsingar um það í nefndinni hversu margar konur og hversu margir karlar væru í þessum 1.100–1.200 manna hópi, það getur vel verið að stjórnarliðar hafi verið búnir að fá þessar upplýsingar. (**ÁMöl:** Út frá þínum forsendum.) Ég talaði um öryrkjana. Þær upplýsingar voru komnar í fréttum og annars staðar.

Varðandi ellilífeyrisþega og fulltrúa þeirra á fundinum hjá heilbr.- og trn. í gær, þá kom það skýrt fram að það

var ekkert samkomulag um frv., það var ekki samkomulag. (**ÁMöl:** Niðurstaða.) Þeir voru ósáttir við að fá ekki greitt aftur í tímann. En þeim var tilkynnt að svona yrði þetta og þeir yrðu að fallast á það. Annaðhvort eða ekki. Þeir sögðu frá því að það hefðu verið afarkostir sem þeir stóðu frammi fyrir og þeir vildu frekar þennan áfanga en ekki neitt. Það kom mjög skýrt fram að þeir voru ekki sáttir við að fá ekki greitt aftur í tímann og töldu jafnvel að þeir ættu rétt til 1994 eins og þeir lýstu yfir hjá heilbr.- og trn. áður þegar þeir komu fyrir þingnefndina í janúar. Þær fullyrðingar eru því aðeins úr lagi færðar að þetta hafi verið sameiginleg niðurstaða þessara hópa. Svo var alls ekki. Þetta var ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þeir tóku því þótt þeir væru ósáttir við hana. Þetta var þó í áttina.

[14:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Við erum að fjalla um breytingar sem snúa að ellilífeyrisþegum. En þannig er mál með vexti eins og hér kom fram í ágætri yfirferð hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, sem fór yfir nál. minni hlutans og ég er aðili að, að þessar breytingar byggjast á öryrkjadómnum sem féll í desember. Það er ekkert launungarmál og ekkert óeðlilegt að sá dómur og sú löggjöf sem sett var í framhaldi af dómnum blandist inn í málflutning okkar hérna.

Aftur á móti er alveg ljóst að þingmenn sem og aðrir landsmenn túlkuðu dóm Hæstaréttar á tvo vegu. Ég er í þeim hópi sem túlkaði dóm Hæstaréttar á þann veg að öryrkjar hefðu átt að fá alveg sömu greiðslu lífeyrisbóta hvort sem þeir væru einhleypir eða í sambúð, 51.000 kr. Við töluðum um skerðingu þegar við fjölluðum um lög um öryrkja þar sem ekki var farið að þessum dómi og við erum eins að tala um skerðingu hvað varðar ellilífeyrisþega því verið er að gera greinarmun á einstaklingi og fólki, ellilífeyrisþegum, í sambúð.

Vissulega eru hér nokkrar bætur til ellilífeyrisþega og ég ætla ekki að gera lítið úr því. En með vísan til hæstaréttardómsins, þá er ekki verið að fara að þeim dómi. Það er alveg ljóst þar sem öryrkjar voru búnir að standa í málaferlum í mörg ár eða frá 1994, að ríkisstjórnin sem hafði tapað þeim málflutningi öllum fyrir Hæstarétti treystir sér ekki með sams konar mál fyrir dómstóla aftur. Miklu heppilegra er að beygja sig fyrir þeirri staðreynd að það sé álit Hæstaréttar að um samsvarandi hópa sé að ræða, þ.e. að þeir eigi að hafa samsvarandi bætur. Því er eðlilegt að sú tillaga komi frá ríkisstjórninni að bjóða ellilífeyrisþegum að fá samsvarandi bætur og öryrkjar frá 1. janúar.

Þá vil ég enn og aftur draga það fram að ekki er verið að bjóða samsvarandi bætur og dómur Hæstaréttar byggðist á því að samkvæmt honum var ekki farið að lögum, ekki var stoð fyrir þeirri reglugerð sem greiðslurnar byggðu á og sú reglugerð á jafnt við um ellilífeyrisþega og öryrkja. Því tel ég að þær bætur sem ellilífeyrisþegar eru að fá núna með frv. séu ekki nægilegar þar sem ekki var endurgreitt frá því að reglugerðin var sett og muni ekki standast fyrir dómi. En það verður þó a.m.k. skárra fyrir hæstv. ríkisstjórn að fá á sig hálfan skell en fullan.

Varðandi það atriði að vísað er til þess að samráð hafi verið á milli Félags eldri borgara eða fulltrúa þeirra og ríkisstjórnarinnar og þetta sé niðurstaða samráðs, þá hefur Félag eldri borgara engan samningsrétt. Á fundi hæstv. heilbr.- og trn. kom fram frá fulltrúum eldri borgara að svona samráðsfundir eru haldnir nokkrum sinnum á ári. Það var knýjandi fyrir eldri borgara að fá þennan samráðsfund til að kynna óskir sínar. Beiðni þeirra og óskir voru að farið væri alfarið að hæstaréttardómnum og þeir fengju ekki minna en öryrkjar hefðu fengið. Það var ekkert samkomulag. Þeim var tilkynnt að þetta væri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að svona skyldu þeirra bætur vera. Ég frábið mér og eldri borgurum þann málflutning að hér sé um samkomulag að ræða.

En vissulega líta eldri borgarar og við öll með ákveðinni eftirvæntingu til þeirrar endurskoðunar sem nú á sér stað á almannatryggingalöggjöfinni allri eins og hún er, að í þeirri endurskoðun komi frekari bætur til ellilífeyrisþega sem og annarra.

Löggjöfin er orðin stagbætt og torskilin fyrir allan almenning og fleiri. Það þarf orðið meira en sérfræðinga til að lesa saman greinar og átta sig á réttindum einstakra hópa og því er mikilvægt að heildarendurskoðun eigi sér stað. En því miður veit ég ekki hvort við getum verið mjög bjartsýn, alla vega tala ég svo fyrir mína hönd, á að andi þeirrar endurskoðunar verði í samræmi við niðurstöður hæstaréttardómsins, að sú grundvallarbreyting verði í lögunum og það verði sem rauður þráður í gegnum löggjöfina að gengið verði út frá rétti einstaklingsins.

Herra forseti. Mér finnst miður ef reynt er að gera lítið úr þeim viðhorfum sem kynnt voru í heilbr.- og trn. í morgun og dregin fram og ekki að ástæðulausu, að horfa þurfi til fleiri þátta þegar verið er að krukka í lög eins og hér er verið að gera, endurskoða lög, semja ný lög, að horfa þurfi til fleiri þátta en bara afmarka eins og gert er varðandi ellilífeyrisþegana núna. Vissulega eru ellilífeyrisþegar að fá bætur, satt er það. En gert er upp á milli einstaklinga og þeirra sem eru í sambúð. Stenst það? Getum við gert þetta svona? Einnig er verið að vísa til þess að löggjöf eins og þessi geti haft óbein áhrif varðandi jafnréttisregluna. Vegna þess hvernig aldurssamsetning þjóðarinnar er, þá muni ákveðnar reglur eins og þessi vera til hagsbóta fyrir annað kynið frekar en hitt. Þegar við erum að tala um skerðingarákvæði eða um almannatryggingabæturnar, þá lendir það oft frekar á konum af því það eru frekar konur en karlar sem eru öryrkjar, eru ellilífeyrisþegar og þiggja þessar bætur. Óbeint kemur þetta við konur frekar en karla. Þó að enginn kynjamunur sé, enginn munur í lagasetningunni sjálfri, þá verðum við auðvitað að horfa til þessa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna, en mér finnst rétt að draga þetta fram og við í minni hlutanum munum ekki tefja málið. Við munum sitja hjá við afgreiðsluna og vísa alfarið allri ábyrgð á þessari lagasetningu yfir á ríkisstjórnina. En ástæðan fyrir því að við getum ekki greitt þessu atkvæði er í fyrsta lagi að ekki er verið að afnema að fullu skerðingu á tekjutryggingu vegna tekna maka. Ekki er verið að greiða ellilífeyrisþegum bætur aftur í tímann þó ekki væri nema þessi ár, fjögur eins og hjá öryrkjum eða sjö sem reglugerðin hafði ekki stoð í lögum. Og í þriðja lagi gagnrýnum við þá tímapressu sem málið er í, eins og mörg önnur stórmál sem að mínu mati þarf að vinna vel, t.d. að skoða samþættingu þessara breytinga. En ég ætla rétt að vona að þegar við fáum heildarlöggjöfina hingað inn í þingið eftir endurskoðun verði búið að vinna heimavinnuna og við fáum tækifæri til þess að skoða þá löggjöf með tilliti til annarrar löggjafar, m.a. með tilliti til jafnréttis, með tilliti til skatta og fleira sem hefur áhrif á kjör fólks.

[14:36]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nota tækifæri til andmæla í andsvari til að taka undir með hv. þm. Þuríði Backman og ítreka það sem kemur einmitt fram í nál. okkar. Hér er verið að fjalla um mannréttindi. Það er verið að fjalla um mannréttindamál. Við eigum að skoða hvort það sé heimilt og standist ákvæði stjórnarskrár, alþjóðasáttmála o.s.frv. að mismuna fólki eftir sambúð eins og við erum að gera með lagasetningu þessari. Þó verið sé að minnka þær skerðingar er enn verið að mismuna fólki verulega eftir því hvort það er í sambúð eða ekki, hvort það er með fjölskyldu eða ekki. Hallað er á fjölskylduna í lagasetningunni og það eigum við að skoða. Ég átel stjórnarliðana fyrir að gera lítið úr því að við leggjum áherslu á að það þurfi að vanda löggjöf. Hér á þingi þarf að vanda lagasetninguna. Það ber ekki að gera lítið úr slíkum röddum.

Ég vil líka fagna því að við skyldum hafa fengið sérfræðinga á fund nefndarinnar í morgun sem lögðu mjög brýna áherslu á slíkt og bentu á að samkvæmt íslenskum lögum bæri að skoða lagasetningu í þessu ljósi, gagnvart jafnréttissjónarmiðum, gagnvart mannréttindum, gagnvart ýmsum öðrum lögum o.s.frv. Það ber okkur að gera. Það er á okkar ábyrgð sem alþingismanna að sinna slíkri vinnu og vanda vinnubrögðin í þinginu.

[14:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kom í ræðustól til að tjá þá skoðun mína að við í Frjálslynda flokknum erum sammála áliti því sem hér er skilað af minni hluta heilbr.- og trn. og teljum að þessi lagasetning, eins og lagasetningin í janúar varðandi öryrkjana, nái ekki þeim sjónarmiðum að tryggja fólki lágmarkslífeyri. Enda gengur frv. út á að skerða með sama hætti og gert var í lögunum nr. 3/2001, um réttindi öryrkja, að þessu leyti.

Þar til viðbótar er í þessu frv. látið að því liggja að ekki er tekið á því að ellilífeyrisþegar eigi réttindi aftur í tímann eins og öryrkjarnir. Þar er verið að mismuna þessum hópum og réttur ellilífeyrisþega aftur í tímann er ekki viðurkenndur. Þessu mótmælir minni hlutinn í nál. sínu og ég tek undir það.

Þar að auki er verið að lögfesta reglur sem fela í sér hærri skerðingarhlutfall gagnvart eigin tekjum lífeyrisþegans en tíðkast annars staðar í lífeyristryggingu almannatrygginga eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir kom vel inn á í málflutningi sínum þegar hún mælti fyrir minnihlutaálitinu.

Ég vil líka halda því til haga að í málflutningi mínum við lagasetningu í öryrkjamálinu var því haldið fram af mér og fleirum að enn væri það svo að það væru einkum konur sem ættu lítinn eða engan rétt í lífeyrissjóðum. Nú liggur það fyrir eftir að búið er að skoða hvernig þetta hlutfall er hjá öryrkjunum að 98% af þeim sem eiga rétt eru konur. Þessu hélt ég margsinnis fram í umræðunni, einkum í rökræðum við hv. þm. Pétur H. Blöndal, um það að það væru einkum konur sem því miður ættu lítinn og engan rétt í lífeyrissjóðum. Það er alveg greinilegt að það getur varla verið meira afgerandi staðfest niðurstaða á því en þessi 98%, eða hvað?

Ég tel líklegt að því sé eins varið með ellilífeyrisþegana. Þetta segir okkur auðvitað að þrátt fyrir að við séum komnir inn á nýja öld þá er það enn svo að konur eiga tiltölulega lítinn rétt í lífeyrissjóðum og hafa mun lakari framfærslu á efri árum eða vegna veikinda eða sjúkleika sem leiðir til örorku en karlar. Á þetta benti ég iðulega í umræðunum í janúar sl. og ég tel að það liggi mjög skýrt fyrir að svo er málum háttað og ég held að menn þurfi ekki að deila mikið um það að þrátt fyrir lífeyriskerfið okkar, þá er þessu því miður enn þá svo háttað. Því er einnig þannig háttað að sumir karlar sem hafa verið í tekjulágum hópum eða greiddu vegna samninga og laga lítið í lífeyrissjóði framan af tímabilinu eftir að lífeyrissjóðirnir urðu almennir upp úr 1970 eiga sumir hverjir mjög lítinn og slakan rétt í lífeyrissjóðum.

Þessu vildi ég halda til haga og ég vonast til að í framhaldi af svo afgerandi niðurstöðu þurfi menn í stjórnarflokkunum ekki að koma margsinnis í ræðustól og rífast um að allir eigi sama rétt og nægan rétt í lífeyrissjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framboð á leiguhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 512. mál. — Þskj. 806.

[14:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um að auka framboð á leiguhúsnæði. Ég hafði óskað eftir því, herra forseti, að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur þá umræðu en mér skilst að hann sé ekki í húsi. En er það ekki rétt skilið hjá mér að hans sér að vænta innan smá stundar?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst að hæstv. félmrh. mun verða í húsinu það er ég best veit innan 15 mín.)

Ég ætla þá að hefja mál mitt í trausti þess að hæstv. ráðherra komi hér í hús og taki þátt í umræðunni, eða a.m.k. hlýði á það sem við höfum fram að færa.

Eins og tillagan ber með sér stendur að henni þingflokkur Samfylkingarinnar sem sýnir þann þunga og þá vigt sem þingflokkur Samfylkingarinnar vill leggja á þetta mál, að ráðist verði í átak til að auka framboð á leiguhúsnæði. Tillagan felur það í sér að ríkisvaldinu verði falið að hafa frumkvæði að því að ráðast í átak að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni á að gera fjögurra áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Herra forseti. Ég held að allir séu sammála um það og einnig stjórnarherrarnir þó að þeir viðurkenni það ekki opinberlega, að neyðarástand ríki á leigumarkaðnum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. En biðlistinn eftir leiguhúsnæði vex dag frá degi og hefur tvöfaldast í Reykjavík frá því félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður fyrir þremur árum. Í raun og sanni er það svo, herra forseti, að flest af því sem við höfðum uppi í stjórnarandstöðunni á þeim tíma um hvaða áhrif það hefði hefur gengið eftir, því miður.

Nú er staðan sú að um 2.000 einstaklingar og fjölskyldur á landinu öllu eru á biðlista og bara í Reykjavík er um að ræða 600–700 einstaklinga og fjölskyldur. Námsmenn sem bíða eftir íbúðum eru 300–400 og umsóknir hjá þeim voru um 835 á sl. ári, en einungis var hægt að verða við 60% umsóknanna. Hjá Öryrkjabandalaginu bíða 440 einstaklingar. Þar hefur biðlisti tvöfaldast á stuttum tíma og við þann lista bætast árlega um 100 manns.

Staðan er því vægast sagt ömurleg, herra forseti, og ég held að allir hljóti að skilja að þessu neyðarástandi verði að mæta. Hingað til hefur ríkisstjórnin mætt því mjög sérkennilega. Hún hefur mætt þessu neyðarástandi, herra forseti, með því að hækka vexti á leiguíbúðum upp í nánast markaðsvexti. Hún hefur einnig hækkað vexti á svokölluðum félagslegum hluta lána úr Íbúðalánasjóði sem eiga að vera til þeirra sem verst eru staddir. Þeir voru 2,4% fyrir þremur árum, en eru núna komin upp í 5,7%.

Flestir sem fá viðbótarlán og eru þegar með 85–90% lánað af íbúðarverði hafa þegar nýtt sér að fullu vaxtabætur og því er um raunhækkun á vöxtum að ræða sem ekki verður bætt með vaxtabótum. Sama virðist gilda hjá mörgum sem fá húsaleigubætur, að ef leiga hækkar vegna þessarar vaxtahækkunar verður það ekki bætt með húsaleigubótum.

Hægt er að sýna fram á, herra forseti, hvað við erum að tala um miklar fjárhæðir í þessu sambandi. Það kemur reyndar fram í skýrslu hæstv. félmrh. að þegar vextir af leiguíbúðum fara úr 1% í 4,9%, þá kallar það að óbreyttu, herra forrseti, á að leigugreiðslur á 60 fermetra íbúð hækkar úr 24 þús. á mánuði í um 41 þús. Ef bæta á upp þeim aðilum sem standa að uppbyggingu sveitarfélaga, þ.e. sveitarfélögunum eða félagasamtökum, þessa miklu hækkun á vöxtum annaðhvort með vaxtaendurgreiðslu eða svokölluðum stofnstyrkjum, þá þurfa stofnstyrkir á hverja íbúð að vera milli 2 og 3 millj. kr. á hverri íbúð, frekar nær 3 millj. kr. til þess að ekki þurfi að auka leigugreiðslur. Að öðrum kosti mundu þær hækka eins og ég hef sagt um 16 þús. kr. á mánuði, eða 192 þús. kr. á ári.

Allir sjá auðvitað að þetta gengur ekki vegna þess að þeir sem þurfa á leiguíbúðum að halda eru tekjulægsti hluti þjóðfélagsins. Þetta eru aðallega barnmargar, tekjulágar fjölskyldur, lífeyrisþegar, öryrkjar, einstæðir foreldrar og námsmenn.

Enda er það svo, herra forseti, að stöðnun er á uppbyggingu á leiguíbúðum. Ekki er margir sem nýta sér þær leiguíbúðir sem lánað er til og hæstv. félmrh. hefur verið að tíunda aukningu á, herra forseti, a.m.k. ekki á óbreyttum leigukjörum. Því hefur verið óvissuástand á undanförnum mánuðum í þessu efni vegna þess að ríkisstjórnin hefur boðað að hún ætli að grípa til aðgerða en við höfum ekki séð þær hingað til, að undanskildu því sem fram kom í gær, herra forseti, hjá hæstv. félmrh. að hann boðar að hann hafi skrifað bréf til lífeyrissjóðanna og óskað eftir samstarfi við þá um uppbyggingu á leigumarkaði og er það vissulega vel.

Ég hefði nú haldið að lánsframboð sem slíkt væri ekki það sem helst þyrfti. Lánsframboð hefur verið nægjanlegt á markaðnum. Spurningin er hvort lífeyrissjóðirnir geti lánað með hagstæðari kjörum en aðrar lánastofnanir, en lífeyrissjóðirnir hafa jú ákveðnum skyldum að gegna um ávöxtun á fjármunum sínum, þannig að í sjálfu sér hlýtur það að vera takmarkað hvað lífeyrissjóðirnir geti komið inn í það með mikilli niðurgreiðslu á lánsfé.

Það sem skiptir öllu máli í þessu efni er það sem hæstv. félmrh. nefndi í gær, þ.e. þessi svokölluð vaxtaendurgreiðsla eða stofnstyrkir — og ég fagna komu hæstv. ráðherra hér inn í salinn — og væri mjög gott ef hæstv. ráðherra gæti skýrt nokkuð betur en fram kom í máli hans í gær hvað um væri að ræða háa stofnstyrki.

Hæstv. ráðherra nefndi í ræðu sinni í gær stofnstyrki sem gætu verið 2–3%, ef ég man rétt, frá ríki og annað eins — ég vænti að hæstv. ráðherra sé þá að hlusta á mál mitt af því ég er að beina spurningu til hans — frá sveitarfélögum. Við hvað er hæstv. ráðherra þá að miða? Er hann að miða við af stofnverði íbúðar? Það er mjög brýnt að það komi fram hver viðmiðunin er. Erum við að tala um eitthvað sem gæti samsvarað 2–3 millj. á hverja íbúð? Ef það er svo mundi ég fagna mjög vegna þess að þá erum við að nálgast eitthvað sem samsvarar þeirri vaxtahækkun sem gengið hefur hér yfir á umliðnum missirum og mánuðum og þá væri það eitthvað sem mundi jafna mjög út það að ekki þyrfti að grípa til hækkunar á leigugreiðslum.

Að vísu á ég eftir að sjá það, herra forseti, að sveitarfélögin séu tilbúin að koma inn með svo miklar fjárhæðir, ef sveitarfélögin ættu að greiða sem samsvarar helmingnum af þeim stofnstyrkjum sem nauðsynlegir eru til þess að þurfi ekki að hækka leigugreiðslurnar.

Herra forseti. Ég sé að ég á ekki mikið eftir af tíma mínum en ég vil nýta hann til þess að gera aðeins grein fyrir þeim tillögum sem felast í þáltill. sem ég mæli fyrir.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þann hóp sem hefur einnig lent á milli í þeirri breytingu sem varð á húsnæðiskerfinu 1998, þ.e. þann hóp sem ekki á rétt á lánum í húsbréfakerfinu eða er of tekjuhár til að eiga rétt á leiguíbúðum. Er hæstv. ráðherra að skoða einhverjar lausnir handa þessum hópi, annaðhvort að rýmka rétt til leiguíbúða, rýmka rétt til húsaleigubóta eða skoða einhvern valkost eins og var fyrir í kerfinu, kaupleigukerfið, sem nýttist bærilega þeim hópi sem þarna getur lent upp á milli? Ég vil í því sambandi nefna, af því að svo oft hefur verið talað um það að 100% lánin sem voru afnumin 1998 hafi engu skilað vegna þess að fólk hafi bara farið beint í gjaldþrot með 100% lán, þá liggur fyrir úttekt á því hvernig þessi lán hafa nýst þessum hópi. Frá 1988–1994 voru um 500 slík lán í gangi og það voru 10% af þeim hópi, sennilega um 58 lán samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, sem lentu í vandræðum. Það er því ljóst að þetta skilaði sér verulega og auðvitað segir það sig sjálft að það er betri lausn út af greiðslubyrði hjá þessu fólki að fara slíka leið og eignast þá íbúðir, þó eignamyndunin sé ekki hröð en vera á leigumarkaðnum og borga 70–90 þús. kr. fyrir tveggja herbergja íbúð eins og fólki er nú boðið upp á.

Ég mun í síðari ræðu minni, sem ég mun væntanlega halda í dag þegar þessu vindur fram, fara inn á húsaleigubæturnar sem er mjög brýnt að afnema skattlagningu á og ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi eilítið nefnt þær hér í gær og ég vil spyrja hann nánar um. Hvað er það sem hæstv. ráðherra er að tala um? Er hann að tala um að rýmka húsaleigubæturnar eða er hann að tala um að vinna að afnámi skattlagningar á húsaleigubótum? Ég hygg að það sé einn besti kosturinn sem hægt er að hugsa sér fyrir láglaunafólk, fyrir utan náttúrlega að efla leigumarkaðinn, að afnema skattlagningu á húsaleigubótum. Það er auðvitað hrein svívirða og brot á jafnræðisreglu, bæði stjórnarskrár og skattalaga, að önnur skattaleg meðferð sé á húsaleigubótum þegar það í ofanálag gerist að skattlagning á húsaleigubótum geti líka skert barnabætur og námslán hjá námsmönnum.

Við leggjum til í þessari tillögu að heimilt verði að veita 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka í staðinn fyrir 90%. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Kemur það til greina að hans mati, af því að við hugsum okkur framkvæmdaáætlun til ákveðins tíma, til fjögurra ára, þar sem leyst verði úr slíkri þörf, að tímabundið verði hægt að hækka þessi lán í 95% til

þess að auðvelda að hægt sé að koma slíkum íbúðum á fót? Ég spyr um það sérstaklega.

Síðan höfum við farið yfir vaxtaendurgreiðslur og stofnstyrkina sem við leggjum mikla áherslu á og húsaleigubætur og tryggja að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði. Við höfum reiknað út að það gæti þýtt að leiga yrði um 25–30 þús. kr. á tveggja til þriggja herbergja íbúð.

Mikilvægt er að stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðila. Núna, ef ég skil málið rétt, falla stimpilgjöld bara niður á íbúðum sem hafa verið með 1% vöxtum en ekki þegar þau eru komin upp í 3,9% vexti og það er auðvitað mjög óréttlátt að málum sé þannig háttað. Og eins er mikilvægt að kanna hvort hægt sé að gefa afslátt af gatnagerðargjöldum, sem eru töluvert há, ef ég skil málið rétt, eða um 200–300 þús. kr. á litla íbúð í fjölbýlishúsi.

Ég hef fjallað um skattlagninguna á húsaleigubótum og síðan samstarfið við lífeyrissjóðina, um að styrka átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum. En ég hygg þó að það sé varla hægt að ætlast til þess að lífeyrissjóðirnir komi með mikið af niðurgreiddu fjármagni eins og ég sagði hér áðan.

Síðan leggjum við til að rýmkuð verði tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða fyrir fólk sem á nú hvorki rétt til almennra né félagslegra lána eins og ég nefndi. Tekjuskilyrðin eru núna 2 millj. varðandi húsaleigubætur og 1.540 þús. fyrir einstaklinga varðandi leiguíbúð og 1.925 millj. fyrir hjón. Og þá er spurning hvort sé rétt að rýmka þetta tekjuviðmið þannig að fleiri hafi möguleika.

Síðan er hugmyndin sú að ríkið komi inn með 85% þess framlags sem þarf til að sú framkvæmdaáætlun nái fram að ganga, en sveitarfélögin 15% og er þar um töluverða fjármuni að ræða. Ég hygg að þetta geti verið einhvers staðar á bilinu 4–6 milljarðar eftir því hvað mikið kemur inn sem verði fellt niður af gjöldum sem hér er verið að tala um og hvort skattlagning húsaleigubóta verði afnumin.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Tillagan gengur í stórum dráttum út á þetta. Mikilvægast er, herra forseti, að það er að nást að mínu viti nokkuð breið samstaða um það að fara þurfi í átak á þeim vettvangi að því er varðar leiguíbúðirnar. Menn geta deilt um hvaða leiðir á að fara í þessu efni, en ég hygg að flestir séu sammála því markmiði sem við hljótum að stefna að, þ.e. að létta af því ófremdarástandi sem nú ríkir á leigumarkaðnum.

Ég legg til, herra forseti, að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[14:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við höfum í áratugi búið við opinbert húsaleigukerfi sem hefur valdið því að nánast engir einstaklingar eða fyrirtæki fjárfesta í húsnæði til að leigja út vegna þess að samkeppnin gekk ekki upp. Ekki er hægt að keppa við niðurgreidda leigu sem er niðurgreidd með skattpeningum. Það kerfi sem við höfum búið við í áratugi hefur verið með mjög lágri leigu til ákveðinna tekjuhópa, þess fólks sem gætti sín á því að hafa ekki of miklar tekjur. Það hefur sem sagt valdið því að þeir sem leigja út frá sér eru orðnir mjög fáir.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það sé eingöngu lágtekjufólk sem leigir húsnæði. Oft er það þannig að fólk fer kannski tímabundið til starfa utan af landi til Reykjavíkur eða öfugt. Einnig kemur fólk frá útlöndum, útlendingar sem ætla að starfa hérna í nokkra mánuði eða ár og vill ekki setja sig inn í það að fara að kaupa sér íbúð og það vill gjarnan leigja, en það fær ekki húsnæði vegna þess að leigumarkaðurinn er í rúst. Það er rétt hjá hv. þm. og flytjendum þessarar till. til þál. að leigumarkaðurinn er í rúst.

Þess vegna finnst mér skorta á að þeir sem flytja þessa tillögu horfi á eitthvað annað en opinbert leigumarkaðskerfi. Þeir virðast ekki á nokkurn máta hafa sett sig inn í það hvernig er að eiga húsnæði og leigja það út. Það er dálítið merkileg staða. Ég var um árabil formaður Húseigendafélagsins og ég fékk að vita frá eigendum húsnæðis hvernig það var að eiga húsnæði og leigja út. Margir segja mér að eflaust sé hægt að leigja húsnæði á 80 þús. kr. en sú leiga verður aldrei greidd. Það er engin greiðslutrygging og þeir sem eru glannalegastir í því að taka húsnæði á leigu með hárri leigu ætla sér aldrei að borga hana eða geta það hreinlega ekki. Síðan er umgengnin hjá einstökum leigjendum þannig að íbúðirnar eru nánast tilbúnar undir tréverk, það er búið að brjóta allar hurðir og kveikja eld á parketinu í stofunni o.s.frv. Þetta er vandamál sem skemmir leigumarkaðinn, mjög fáir einstaklingar skemma fyrir öllum hinum sem eru að leigja. Fólk ætti að kynna sér hvernig er að leigja út íbúðir.

Mér segja þeir sem eiga húsnæði og leigja út, þeir örfáu sem eftir eru, að miklu skynsamlegra sé að leigja á lágu verði en hafa tryggingu fyrir því að leiga verði greidd. Það sé miklu meira virði. Þess vegna er leigan í reynd töluvert lægri en menn hafa verið að tala um. Menn hafa verið að tala um 70–80 þús. kr. á mánuði. Það er leiga sem ég hygg að verði aldrei greidd. Sú leiga sem er í gangi er trúlega 40–50 þús. kr. eins og kannanir hafa sýnt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur eytt dálitlu púðri á skattlagningu húsaleigubóta og borið það saman við vaxtabætur. En þetta eru þau tvö form sem ríkið veitir til beinna styrkja til húsnæðiskaupa fyrir utan óbeina styrki sem felast í ríkisábyrgð á húsbréfum.

Auðvitað skiptir litlu máli hvort bætur eru skattlagðar eða ekki, það má bara að hækka þær sem nemur skattinum, en það kemur öðruvísi út. Fyrir þá sem greiða ekki neina skatta er betra að hafa bæturnar ekki skattlagðar því þeir borga enga skatta hvort sem er. En þeir sem borga skatta yfirleitt, fara upp fyrir skattleysismörk, t.d. þeir sem eru ekki námsmenn fara flestir yfir skattleysismörk, fyrir þá skiptir náttúrlega máli hvort bæturnar eru skattlagðar eða ekki, en sjálfsögðu mætti bara hækka þær sem nemur skattinum. Það merkilega er að hvergi í lögunum um húsaleigubætur er eitt einasta orð um hvað þær eiga að vera háar. Ekkert einasta orð. Það er reglugerðarákvæði ráðherra og hann getur bara haft þetta eins og hann vill með samkomulagi við sveitarfélögin.

Það breytir því eiginlega engu að tala um skattlagningu. Ég hef reynt að bera saman vaxtabætur og húsaleigubætur. Það er eiginlega óvinnandi vegur vegna þess hvað reglurnar eru óskaplega flóknar í vaxtabótunum. Og eins í húsaleigubótunum. En hvorar tveggja reglurnar eru arfavitlausar, herra forseti. Verið er að borga vaxtabætur til hátekjufólks, fólk með allt upp í 600 þús. kr. heimilistekjur getur fengið vaxtabætur. Þær hvetja til skulda vegna þess að það skiptir ekki máli á vissu tekju- og eignabili hvað fjölskyldan skuldar. Ríkið borgar alla vextina. Það er því um að gera að skulda nógu mikið til að fá vaxtabæturnar. Það skiptir eiginlega engu máli hvort menn skulda einni eða tveim millj. meira eða minna, eða sáralitlu máli.

Húsaleigubæturnar eru arfavitlausar vegna þess, herra forseti, að þær taka mið af tekjum fjölskyldunnar en það

eru sömu mörk fyrir einstakling og sex manna fjölskyldu, herra forseti. Sex manna fjölskylda má hafa sömu tekjur og einstaklingur eða námsmaður hefur að meðaltali yfir árið. Þess vegna eru það aðallega námsmenn, einstaklingar, sem fá húsaleigubætur, sem þeir fá til viðbótar við námslánin. Því eru margir námsmenn komnir með dágóð lífskjör, margir hverjir miklu betri en þeir hafa seinna meir þegar þeir fara að vinna.

Til dæmis kemur fram í upplýsingablaði frá félmrn. að einstaklingur sem er með 2,5 millj. á ári, þ.e. rúmar 200 þús. kr. á mánuði, fær 6 þús. kr. í húsaleigubætur. Einstaklingur sem sér bara um sjálfan sig, ekkert annað, engin börn og ekki neitt, fær 6 þús. kr. á mánuði í húsaleigubætur. Hann má hafa sömu tekjur áður en húsaleigubæturnar byrja að skerðast eins og sex manna fjölskylda. En þetta eru reglurnar sem hv. frummælandi stóð að að búa til á sínum tíma og þær eru náttúrlega alveg arfavitlausar.

Þessi kerfi eru bæði mjög slæm og þau koma einmitt ekki þeim til góða sem mest þyrftu á því að halda, barnmargar fjölskyldur sem þyrftu mest á því að halda. Það er verið að dæla út peningum til fólks sem ekki þarf á þeim að halda.

Herra forseti. Þetta er ekki það velferðarkerfi sem ég vil sjá. Þess vegna hef ég hreyft þeirri hugmynd á Alþingi að þessu verði breytt þannig að teknar yrðu upp húsnæðisbætur sem væru háðar tekjum og eignum fjöskyldunnar allrar en það rekst aftur á móti á dóm Hæstaréttar sem segir að ekki megi taka tillit til aðstöðu fólks eða fjölskylduaðstæðna nema að litlu leyti.

[15:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja þetta: Þegar ég hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv., fjalla um þessi mál þá er eins og hann búi í einhverju öðru landi en við hin. Þar sem þetta er afbrags vel gefinn maður og hefur mikla þekkingu, ekki síst á efnahagsmálum, þá er mjög einkennilegt að hlusta á hann þegar kemur að því að ræða um það hvernig er hægt að tryggja mannsæmandi kjör hjá þeim sem minnst hafa og hvernig er hægt að haga málum þannig að í þessu landi búi ólíkir hópar hönd í hönd eða hlið við hlið á mannsæmandi hátt. Það er dálítið yfirgengilegt að hlusta á þingmanninn fjalla um þessa félagslegu þætti. En ég virði það við hann að hann hefur þá pólitísku skoðun að ekki eigi að vera með félagslegar aðgerðir eða úrræði. Ég geri mér grein fyrir því að okkur greinir í grundvallaratriðum á í pólitík þannig að þar með ætla ég líka að enda þennan pistil um ræðu þingmannsins með að það er grundvallarafstaðan sem er ólík hjá okkur tveimur.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur kynnt vel tillögu okkar sem hér er til umræðu og vegna hvers við leggjum til að fara þá leið sem við bendum á í tillögu okkar. Ég hlýt samt að draga það fram þó ég ætli ekki að fara yfir þessa tillögu eins og hún gerði að við erum að leggja það til að 95% lán verði veitt og ríki og sveitarfélög beri kannski þyngstan kostnað af þessu, samhliða því að leitað verði til annarra aðila um að koma inn í átak af þessu tagi.

Þá langar mig, herra forseti, að víkja að því bréfi sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson kynnti í gær í fyrirspurnatíma þar sem hann skrifar til lífeyrissjóðanna, níu stærstu lífeyrissjóðanna, og viðrar stöðuna í þessum málum og að félmrn. telji mjög brýnt að fá fleiri aðila til að stuðla að auknu framboði leiguíbúða og fer yfir það hvernig hann sér fyrir sér að taka hugsanlega á málum og hvort lífeyrissjóðir sem lána sjóðfélögum til kaupa á eigin húsnæði geti komið til móts við leigjendur með því að eiga aðild að leigufélögum Búseta, t.d. með 10% láni til byggingarkostnaðar eða kaupverðs íbúðarinnar.

Ég hlýt að bera fram þá spurningu til hæstv. félmrh. hvernig hann sjái fyrir sér að hlutur ríkisins sé í þessu dæmi. Það er mjög mikilvægt að það komi hér fram.

Hins vegar hlýt ég líka að vekja athygli á því sem kemur fram í bréfinu um breytingar á húsaleigubótum, skattalegu umhverfi leigufélaga, hlut sveitarfélaga með framlagi í formi lóða- og gatnagerðargjalda og þetta er nokkuð það sama og við höfum verið að koma inn á í málflutningi okkar og sem rök fyrir þeirri tillögu sem við höfum borið fram þótt auðvitað sé hún mun ítarlegri en það sem er kynnt í þessu stutta bréfi.

En staðan er mjög alvarleg, herra forseti, vegna þess að gjörbreyting á félagslega húsnæðiskerfinu sem hæstv. félmrh. stóð fyrir hefur bitnað illilega á þeim sem eru verst settir og það er grundvallaratriði þegar gera á miklar breytingar að þá séu ný úrræði þegar til staðar þegar þau sem fyrir eru eru felld úr gildi. Annars myndast þarna gjá um tíma, lengri eða skemmri tíma, sem er þegar orðinn allt of langur í þessu tilfelli þar sem verða mjög mikil vandamál hjá þeim sem lenda á milli stafs og hurðar í lífi sínu og í þessu tilfelli í húsnæðismálunum.

Ráðherrann gerði miklar breytingar á húsnæðiskerfinu, m.a. á Íbúðalánasjóði, og átti að spara u.þ.b. 100 millj. á ári með þeim breytingum. Verkefnum var fækkað, sparnaður varð ekki, kostnaður hefur aukist um a.m.k. 100 millj. á ári undanfarin ár og nú eftir síðustu áramót komu fréttir um að hann nálgaðist á 7. hundrað millj. í stað þeirra 400 sem voru áformaðar. Sé ég fyrir mér að hægt hefði verið að nota þessar 300 millj. til ýmissa góðra hluta, annarra en þeirra sem fara þarna greinilega í launahækkanir til fárra.

Herra forseti. Það sem blasir við er að ríkisvaldið hefur fullkomlega skellt við skollaeyrum varðandi það hvaða áhrif þessar breytingar höfðu. Segja má að varðandi hag fólksins skipti minnstu að Íbúðalánasjóður varð svona dýrt fyrirbæri. Það sem skiptir máli eru afleiðingar breytinganna. Á sama tíma og felld voru út 100% lán, á sama tíma og félagslegar íbúðir voru í raun og veru afnumdar með lögunum og öllum vísað út á markað, þá gerðist það auðvitað að sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu sem höfðu byggt hundruð íbúða á ári hættu að byggja, það var skrúfað fyrir það. Auðvitað er það ekki svo að markaðurinn taki bara við sér eins og hendi sé veifað og hann gerði það heldur ekki í þessu tilviki.

Því gerðist það að á sama tíma og miklir fólksflutningar voru til höfuðborgarsvæðisins þá var verið að byggja minna, allar byggingar sveitarfélaganna á svæðinu stóðu í stað og allir voru að leita eftir íbúð. Hvað þýddi það? Íbúðaverð hækkaði. Fasteignamat hækkaði, fasteignagjöld hækkuðu, eignarskattar hækkuðu. Þetta hafði áhrif á bætur, bæði barnabætur og vaxtabætur þannig að það gat munað tugum þúsunda kr. hjá einni fjölskyldu sem tekjuviðmið hafði að öðru leyti ekki breyst hjá. Það var alveg ótrúlegt að verða vitni að því hvernig ríkisstjórnin skellti fullkomlega skollaeyrum við þessu. Fólki sem var áður úthlutað félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögunum var öllu ýtt út á almenna húsnæðismarkaðinn með fyrirheitum um viðbótarlán auk húsbréfanna en íbúðirnar hækkuðu margfalt meira en viðbótarláninu nam auk þess sem engin fyrirhyggja var með hvað ætti að gera fyrir þá sem áður höfðu fengið 100% lán.

Þess vegna er mjög undarlegt þegar hæstv. félmrh. kemur svo hér eins og í gær og ber saman úthlutanir leiguíbúðanna eingöngu 1991, 1994 og 1995. Ég vona að hæstv. félmrh. skilji að þetta mál er víðtækara en svo og er í raun og veru algjör sorgarsaga sem Sjálfstfl. og Framsfl. bera fullkomna ábyrgð á.

Hér hefur verið farið yfir það, herra forseti, hversu miklir biðlistar eru hjá sveitarfélögunum. Talið er að í Reykjavík einni saman séu 1.900 eða 2.000 manns á biðlistum ef námsmennirnir eru teknir með, félagasamtök, sveitarfélög og námsmenn, og hefur verið lýst yfir af öðrum en okkur stjórnmálamönnunum að neyðarástand sé hjá hópum en þessi ríkisstjórn hefur ekki látið sig þá varða.

Þetta er það sem við erum að ræða hér, hvernig á að bæta úr hjá því fólki sem er sent út á leigumarkaðinn og íbúðir eru leigðar á 70, 80 og 90 þús. sem er u.þ.b. launin hjá mörgu þessu fólki.

[15:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir bar mér á brýn að í samræmi við grundvallarskoðun mína vildi ég ekki vera með félagslegar úrbætur. Hv. þm. veit betur. Ég hef alla tíð staðið vörð um velferðarkerfið og ég tel velferðarkerfið vera mjög mikilvægt, herra forseti. Mér finnst þetta því ómakleg ásökun.

Hins vegar er ég á móti því að dæla bótum til hátekjufólks. Ég hef nefnt dæmi úr þessum ræðustól um einstæða móður með tvö börn í háskólanum sem er með yfir 200 þús. kr. til ráðstöfunar allt árið um kring og borgar enga skatta. Með yfir 200 þús. kr. á mánuði í ráðstöfun, allt árið um kring, og borgar enga skatta. Ég nefndi áðan í ræðu minni að hjón með 600 þús. kr. í heimilistekjur eru að fá vaxtabætur, herra forseti. Viljið þið hafa það þannig? Ég hef líka nefnt að einstaklingur með 200 þús. kr. á mánuði er að fá 6 þús. kr. í húsaleigubætur. Er það þetta sem við viljum? Veit ekki hv. þm. að fjöldi fólks í landinu er aðeins með 100 þús. kr. í mánaðartekjur í heildina og er að greiða þessi ósköp?

[15:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki líka þessar ræður. En ég þekki ekki þessi dæmi. Ég þekki fjölmörg dæmi um stöðu fólks á leigumarkaði. Ég þekki ungar konur með tvö og þrjú börn sem eru að vinna, kannski allan daginn og í eftirvinnu og aukavinnu þar á eftir og eru örþreyttar á kvöldin að sinna heimilinu, til þess að komast yfir litla íbúð. Ég þekki líka ungar konur sem ætlast er til að borgi 60–70 þús. kr. á mánuði í leigu og því miður er það nú svo að oft og tíðum er ætlast til þess að það sé ekki gefið upp þrátt fyrir að við erum að reyna að búa til kerfi, sem þingmaðurinn er að setja út á, um húsaleigubætur en húsaleigubætur eru einn af velferðarþáttunum í öllum löndunum í kringum okkur.

Hv. þm. hefur áður tekið dæmi um þá miklu peninga sem fólk fær úr lánasjóðnum. Ég þekki ekki þau dæmi. Mér finnst þvert á móti að það sé frekar af skornum skammti sem verið er að veita til framfærslu námsmannanna, a.m.k. þar sem ég þekki til, en svo vill til að hér í salnum er sá maður sem gerst þekkir til. Ég vona að hann komi hér í ræðustól á eftir og upplýsi hvað það er sem fólk getur verið að fá í námslán af því það er líka einn þáttur velferðarkerfis okkar og ágætt að fá upplýsingar um það þegar við ræðum kjör fólks á leigumarkaði og hvernig standi á því, ef um er að ræða einhver ýkt dæmi eins og þingmaðurinn tekur að einhver sé að fá miklu meira en hann þurfi, það liggur í orðunum, af hverju því hefur þá ekki verið breytt? Ekki er verið að breyta kjörunum upp á við. Ekki er verið að láta þá sem minnst hafa hafa meira. Við skulum þá sameinast um það ef eitthvað slíkt er. En það er umræðan um velferðarkerfið sjálft, umræðan um það hvernig eigi að bæta hag þeirra sem minnst hafa. Það er í þeirri umræðu sem mér finnst sjónarmið mín og þingmannsins rekast á. Ég tek sérstaklega fram að ég er í engu að gera lítið úr þingmanninum heldur árétta að við erum með mismunandi pólitísk sjónamið í þessum sal.

[15:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði að nefna einstæða móður sem er að koma yfir sig húsnæði, sem ætti mjög erfitt. Hvernig væri að lækka skattana á þetta fólk, herra forseti? Þetta fólk er að borga vaxtabæturnar til hátekjufólksins sem er með 600 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk greiðir húsaleigubætur til einstaklinga sem eru með 200 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk greiðir námslánin og niðurgreiðslurnar á þeim til einstæðu móðurinnar í háskólanum sem er með yfir 200 þús. kr. í ráðstöfun á mánuði. Hvernig væri að taka upp kerfi sem væri félagslegt, herra forseti, en ekki þannig að við séum með oftryggingar og ofbætur út um allt?

[15:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig væri að hækka skattleysismörkin sem hafa verið fryst af hálfu þessarar ríkisstjórnar og þessara stjórnarflokka árum saman og hafa ekki fylgt útgjaldaviðmiðunum og vísitölum, hvernig væri það?

Af því þingmaðurinn talar um skatta, þá ætla ég að lýsa því yfir hér að það er ekki leiðin sem ég tel að við eigum að fara að lækka sífellt skattana og svo skuli bara allir borga þjónustugjöld og borga fyrir það sem þeir fá. Það eru nefnilega íhaldssamfélögin sem við viljum forðast. Guð forði okkur frá því. Ef við ætlum að vera með félagsleg úrræði þá reynum við að skoða hvernig við búum til réttlátt þjóðfélag. Hvernig gerum við fólki með ólíkar aðstæður og ólík kjör, því við munum aldrei getað jafnað þau, þó ég vilji taka undir með þingmanninum, að ég vona að við getum hækkað launin, þá eru úrræðin ekki þau að gera skattana sem lægsta og að fólk borgi svo bara þá þjónustu sem það fær. Það er sennilega sú mesta mismunun sem hægt er að hugsa sér.

[15:21]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu þáltill. um átak til að auka framboð á leiguhúshæði. Eins og 1. flm. greindi frá er allur þingflokkur Samfylkingarinnar á þessu máli. Kannski er þetta spurning um að gera þjóðarátak í þessum málum. Mig langar til að minna þingmenn á mjög gagnmerka skýrslu sem hæstv. félmrh. lét vinna um húsnæðismálin. Þar kemur fram mjög margt gagnlegt.

Ég þekki afar vel til húsnæðismála í Reykjavík og þá ekki síst þeirra biðlista sem hér eru þar sem ég var formaður félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar sem var með þessi mál á sinni könnu. Við sáum hvernig bættist við þessa biðlista ár frá ári og ekkert var hægt að gera. Það er frægt gat í þessum kerfum. Það þarf ákveðið tekjuviðmið til að fá leiguhúsnæði og síðan næstum annað tekjuviðmið þegar þarf að fara að kaupa. Síðan er þessi millihópur sem á hvergi heima og er

mjög erfitt að leysa vandann fyrir. Það hefur auðvitað verið að gerast jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu að fólk kemur af landsbyggðinni og það kemur auðvitað líka fólk af landsbyggðinni, sem er fátækt, er ekki með mikið á milli handanna og vill auðvitað fara á biðlista í þeim sveitarfélögum sem það er að flytja til. En það gengur ekki því að það þarf að hafa búið nokkuð mörg ár í sveitarfélaginu. Það er arfur gamallar sveitfesti að viðhalda þessu en það er náttúrlega reynt að halda í þetta meðan ekkert gerist á hinum endanum varðandi aukningu á fjármagni og aukningu bygginga leiguíbúða.

Við þekkjum öll þetta með húsaleigubæturnar og spurningu um að afnema skattinn af þeim. Það er réttlætismál sem flest allir taka nú undir að sé orðið tímabært að verði samþykkt í þinginu. Þá má ekki heldur gleyma því að nokkrir lenda í erfiðleikum með húsaleigubæturnar því þar eru ákveðnar reglur. Þá er ég ekki hvað síst að hugsa um landsbyggðarfólk því það er mjög algengt eins og við þekkjum að landsbyggðarfólk þarf að senda börn sín langt í burtu til náms. Þá hefur það stundum farið þannig að landsbyggðarfólk hefur t.d. reynt að kaupa litlar kjallaraholur í stað þess að láta börn sín greiða rándýra leigu í annarra vasa. Þessi hópur hefur átt mjög erfitt gagnvart húsaleigubótalögunum því um leið og það er mikill skyldleiki, þó lögheimili foreldra sé annars staðar, þá fá þau ekki húsaleigubæturnar greiddar. Þetta er nefnilega ekki spurning um misnotkun á einhverju kerfi, heldur erum við þarna að tala um að rétta hlut ungmenna, t.d. utan af landi, sem eru hér í háskólanámi eða öðru og fá ekki inni á görðum. Þetta er eitt af því sem ég veit að hæstv. félmrh. er meðvitaður um og væri afar þarft að skoða sérstaklega.

Það eru langir biðlistar eftir leiguhúsnæði núna og erfitt að sinna þessari þörf. Reynt var að gera kerfið meira gegnsætt hjá Reykjavík með stofnun Búseta. Þá var maður að vona að það mundi gerast að fólk yrði tímabundið í því húsnæði á meðan það væri að komið sér upp öðru og færi þá inn í önnur kerfi. En það virðist ekki hafa gerst. Það er líka spurning hvort ekki væri hægt að skoða kaupleigukerfi, hvort það verði ekki núna að velta upp öllum þúfum, öllum góðum hugmyndum, sem hafa verið settar til hliðar og ekki verið notaðar aftur þannig að allt verði gert til þess að auka framboð á húsnæði.

Auðvitað er það svo með lífeyrissjóðina, svo ég komi aðeins inn á það, að þeir eru að fjárfesta í útlöndum, í misjafnlega árangursvænum sjóðum. En ég held að það hafi hingað til verið arðvænlegast að fjárfesta í steinsteypu á Íslandi. Ég held að það væri í sjálfu sér bara mjög gott að gera það hér. Kannski væri hægt að fá lífeyrissjóðina með í átak um þetta mál.

Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að fá svona átak í gang. Ég fæ ekki betur séð en að mikið af þeim tillögum sem eru í skýrslunni væri hægt að nýta einmitt í slíku átaki. Ég vona því að þáltill. fái góða umræðu í nefnd og það fáist umsagnir um hana, sérstaklega frá lífeyrissjóðunum og verkalýðshreyfingunni.

[15:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Úr því svona arðbært er að fjárfesta í steinsteypu eins og hv. þm. lét að liggja hefur þá ekki hv. þm. hugsað sér að kaupa svo sem eins og nokkrar íbúðir og leigja þær út?

[15:27]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Það er spurning hvort ég fengi lán fyrir því öllu. Auðvitað hefur það hingað til verið þokkalegt. Ég tala ekki um fyrir félagasamtök. Það hefur líka verið arðbært fyrir marga sem hafa átt margar íbúðir. Sveitarfélögin hafa þurft að stóla á þann leigumarkað að framleigja íbúðir af fólki sem á margar íbúðir og heilu blokkirnar. Ég sé heldur ekkert að því að lífeyrissjóðirnir mundu byggja nokkrar blokkaríbúðir eða stakar íbúðir og leigðu þær.

[15:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver er þá vandinn ef það er svona sniðugt að kaupa íbúðir og leigja þær út? Vandinn er sá að það gerir enginn vegna þess að það er ekki sniðugt. Vegna alls konar skattlagningar, fasteignagjalda, eignarskatta o.s.frv. er ekki sniðugt að kaupa og eiga íbúðir til að leigja þær út. Líka vegna þess sem ég nefndi áðan að einstakir leigjendur skemma fyrir öðrum leigjendum með mjög slæmri umgengni og með því að standa ekki skil á leigunni. Þannig er það. Það hefur því enginn traust á þessu. Mér þætti gaman að sjá hv. þm. standa í því að innheimta leigu. Hann gerði lítið annað.

[15:28]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið þannig að svokallaðir jaðarhópar hafa yfirleitt verið hjá sveitarfélögunum, þeir hópar sem hafa verið bæði taldir verst farnir og hafa hugsað verst um húsnæðið. Það eru til alveg hrikalegar sögur af því. Ég ætla ekki að fara að segja þær hér í sölum Alþingis. Það hefur þá verið í húsnæði á vegum sveitarfélaganna. Auðvitað er það svo að einhvert örlítið brot af þessum jaðarhópum leigja á hinum frjálsa markaði en það er yfirleitt ekki nema í mjög stuttan tíma. Nú ég hélt að íbúðareigendur gætu reynt að tryggja sig eftir bestu getu. (Gripið fram í.) Geta það ekki — þá er spurning hvort ekki þurfi að skoða slíkt. (Gripið fram í.) Nákvæmlega. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, það þarf að skoða það. Og það þarf að skoða hvernig við getum gert það arðvænlegt fyrir lífeyrissjóðina að fjárfesta. (Gripið fram í.) Ég á við að það sé a.m.k. þannig að fólk þurfi ekki að greiða offjár í mánaðarleigu þannig að það ætti borð fyrir báru með örlítinn afgang handa börnum sínum.

[15:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar ég var að alast upp í Reykjavík á árunum í kringum 1960 vildi svo til að nokkrir mínir nánustu kunningjar voru úr fjölskyldum sem þurftu að búa við þau skilyrði sem þá voru boðin á leigumarkaði í Reykjavík. Skilyrðin voru sem sagt þau að ef fólk var svo heppið að komast á annað borð yfir húsnæði þurfti það iðulega að hrekjast árlega úr einni kjallaraholunni á næsta hanabjálka. Þær innréttingar, sem boðið var upp á eða sú einangrun sem var í þessum vistarverum, eða sú lykt sem þarna var inni þrátt fyrir að reynt væri að viðhafa ýtrasta hreinlæti, var nú ekki þannig að það séu gleðilegar endurminningar þegar maður hugsar um það.

Ég tel að það hafi verið einn glæstasti atburður í sögu íslenskrar alþýðu þegar framkvæmdanefnd fór að byggja húsnæði í Breiðholti og úthluta á sínum skilyrðum einmitt til þessa hóps, það var fyrsti áfanginn í því átaki. Það vildi svo til að fjórar fjölskyldur, sem ég þekkti í gegnum það að börn af þessum heimilum voru vinir mínir, fengu þarna

húsnæði. Ég gleymi því aldrei hvers konar gleðiatburður það var þegar fólk flutti þarna inn með dívanana sína. Það átti ekki mikil húsgögn, en þarna voru þó innréttingar, það voru skápar í svefnherbergjum, það voru fínar eldhúsinnréttingar og dúkar á öllum gólfum. Þarna var allt nýtt og þetta var svo glæsilegt að fólki fannst að það væri komið í höll. Ég veit a.m.k. það sem ég fylgdist með þessu fólki, sem margt er nú gengið núna, að þá fór það vel með íbúðir sínar. Það er alveg öruggt mál. En það má segja það að þær áttu að heita eignaríbúðir en það var sama — þetta var á þeim kjörum að verkafólk gat notfært sér það.

Ég hélt satt að segja að maður þyrfti ekki að upplifa þann dag að maður sæi núna eftir árið 2000 blasa við svipaða knýjandi nauðsyn á að gera átak í að koma upp húsnæði einmitt fyrir þennan hóp eins og núna blasir við. Ekki er lengur hægt að skella skollaeyrunum við því að það er neyðarástand í húsnæðismálum í Reykjavík. Ég þekki núna ungt fólk, vini barna minna, sem hafa verið að leita sér að húsnæði í Reykjavík vegna þess að þeir eru í námi eða að leita sér að vinnu. Ég er mjög vel meðvituð um hvað það er sem býðst, ef það býðst yfirleitt nokkur hlutur. Það sem býðst eru t.d. tveggja herbergja íbúðir á 70 þús. kr. á mánuði og því fer fjarri að þær séu allar í góðu ástandi þannig að manni finnist þær yfirleitt vera leigufærar en það er rifist um þetta.

Það er ekki eins og fólk komist upp með að flytja inn og borga síðan ekki húsaleiguna eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal bar að einhverjir vinir hans, sem hafa greinilega ekki nógu vel vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum, hafa þurft að þola. Nei, því í hverju einasta af þessum tilfellum þá er þess krafist að fólk greiði þrjá mánuði fyrir fram, tvo mánuði fyrir fram í leigu og einn mánuð sem tryggingu. Þar að auki þarf það að leggja fram tryggingarvíxil fyrir einhverri hugsanlegri ógreiddri leigu sem aðstandendur þurfa að skrifa upp á. Þetta eru alveg ófrávíkjanleg skilyrði til að nokkurt húsnæði fáist yfirleitt.

Það fólk sem stendur illa og hefur t.d. enga til að skrifa upp á slík plögg fyrir sig getur bara étið það sem úti frýs ef maður má nota slíkt orðbragð. Það fær ekki inni. Það er bara svo einfalt.

Ég verð því að segja að ég fagna því mjög að þessi þáltill. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur skuli liggja hér fyrir. Hún er reyndar lögð fram af öllum þingflokki Samfylkingarinnar sem hvetur til þess, líkt og árið 1963 og hafði reyndar verið gert áður, að ráðist verði í átak til að koma húsnæði yfir þennan hóp. Í þessu tilfelli er verið að tala um leiguíbúðir. Það kom fram þegar hæstv. félmrh. svaraði fyrirspurn í gær um framboð á leiguhúsnæði að hann er ekki á því að nýju húsnæðislögin eigi neinn hlut að máli eða hafi gert nokkuð það sem getur orðið ungu fólki sem er að baslast á leigumarkaði til trafala.

En ég vil endurtaka það sem ég sagði í gær. Ég tel þessi lög að mörgu leyti ágæt til síns brúks fyrir þá sem eru nógu vel staddir til að geta passað inn í þetta kerfi. Hins vegar hefur það gerst sem við sáum fyrir, sem tókum þátt í umræðunni á sínum tíma, að það fólk sem við óttuðumst mest um hefur orðið út undan. Það er það sem er fyrst og fremst á götunni. Að það skuli vera hundruð fjölskyldna í Reykjavík sem búa ýmist á gistiheimilum eða inni á ættingjum sem engan veginn hafa í rauninni pláss fyrir það, vegna þess að það getur ekki komið sér neins staðar fyrir, er náttúrlega neyðarástand og það þetta fáum árum eftir að kerfinu var skipt út. Ég held að það hljóti að gerast að ríkisstjórnin verði að vakna af þeim þyrnirósarsvefni sem hún hefur sofið í þessum málum og taka sér tak og gera átak til að auka framboði á leiguhúsnæði fyrir láglaunafólk líkt og stungið er upp á í þessari till. til þál.

[15:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstvirti forseti. Ég sakna þess að ekki skuli fleiri sjónarmið hafa komið fram í umræðunni. Hér hafa talað fulltrúar Samfylkingarinnar og einn fulltrúi Sjálfstfl. Ég áttaði mig ekki alveg á því hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal væri alveg á móti þessum tillögum sem eru til umræðu. Mér fannst hann fyrst og fremst vera að tala um aðra hluti en þær tillögur sem hér er verið að fjalla um. Mig langar til þess að nefna það samt úr máli hans hér áðan þar sem hann sagði að ástæðan fyrir því að það væri ekkert framboð á leiguíbúðum væri að það væri ekkert sniðugt að leigja út íbúðir. Menn fengju þetta ekki borgað og ekkert væri upp úr þessu að hafa eftir því sem ég skildi hann. Þetta er auðvitað hluti af vandamálinu, það er alveg rétt. En hvernig stendur þá á því? Það stendur auðvitað þannig á því að hér á Íslandi er stefna stjórnvalda í peningamálum sú að halda uppi himinháum vöxtum. Afleiðingin af þeirri stefnu er sú að það eru allt aðrar leiðir betri til að hafa arð af fjármagni sínu en að leigja út íbúðir. Samt sem áður er leiguverð á íbúðum svona hátt. Hvers vegna er það? Jú, auðvitað vegna þess að það hefur enginn haft áhuga á því að standa í því að eiga leiguíbúðir. Menn hafa haft alls konar möguleika á undanförnum árum hér á markaðnum sem hefur gefið mjög góða ávöxtun. En það er ekki fyrr en á síðasta ári sem fór aftur að halla undan fæti hvað þetta varðaði.

En þetta er ég að færa í tal vegna þess að greinilegt er að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. hafa gjörsamlega gefist upp fyrir þessu ástandi. Þar er tekin ákvörðun um að láta alla vexti sem viðkoma húsnæðismálunum vaða upp úr öllu valdi. Menn viðurkenna bara ástandið. Annars vegar eru það húsbréfin sem afföllin sjá um að séu alltaf í samræmi við aðra ávöxtunarkröfu á markaðnum og hins vegar eru leiguíbúðir þar sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. í broddi fylkingar eru búin að ákveða að keyra upp vextina á örfáum árum úr 1% upp í 4,9%. Það munar nú um minna.

Síðan hafa þær breytingar sem hafa orðið í þessum húsnæðismálum valdið því að það stórvantar húsnæði á markaðinn. Flutningar fólks utan af landsbyggðinni hafa svo aukið enn á vandann á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er auðvitað allt saman samverkandi. En það er kominn mikill pirringur í fólk yfir því að það skuli ekki hafa verið brugðist við með neinum hætti.

Hæstv. félmrh. lét gera skýrslu um ástandið. Sú skýrsla hefur legið fyrir þó nokkuð lengi. Mér finnst að tillögur hefðu nú átt að vera komnar fram fyrir löngu frá hæstv. ráðherra í þessu efni um hvað hann vildi gera. Ég svo sem veit ekki hvort mikill eðlismunur yrði á því sem hann vill gera í þessu og því sem hér er lagt til. Ég tók hins vegar eftir því þegar tillögur Samfylkingarinnar höfðu verið kynntar að það kom fram að vinstri grænir eru alveg á sama máli og við í þessu. Ég las einhverja undarlega grein sem formaður vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, skrifaði í Morgunblaðið. Inntakið sem ég las út úr henni gekk út á að fara yfir það nokkuð nákvæmlega að allar tillögurnar sem við værum að leggja fram væru tillögur sem þeir hefðu fundið upp á einhvern tímann en voru samt ekki búnir að leggja fram. Ég er svo sem ekkert að setja út á að það séu til menn sem séu á sömu skoðun og við en mér finnst engin ástæða

til þess að menn séu með einhverja geðvonsku yfir því þó Samfylkingin leggi fram tillögu sína. Ég hef síðan hlustað á fulltrúa vinstri grænna í þessu máli og ég sé ekki neinn eðlismun á því sem sá ágæti flokkur vill vinna í þessum málum og við viljum gera. Við ættum að geta náð góðri samstöðu um að reyna að þrýsta á að það verði farið að tillögum af þessu tagi sem hér eru til umræðu.

Ég held þess vegna að ástæða sé til að ganga eftir því við hæstv. félmrh. hvort þessar tillögur séu ekki vænlegar til að leysa þessi vandamál og hvort hann sé ekki tilbúinn til að vinna að breytingum á þeim því auðvitað erum við til viðræðu um það því það er ekki aðalatriði málsins að allt verði gert nákvæmlega eins og við leggjum til. Aðalatriði málsins er að hægt verði að leysa þennan alvarlega vanda. Það verður ekki gert nema það kosti eitthvað, það er alveg á hreinu. Ég held að það verði að horfast í augu við það að menn mega ekki setja þessi mál í samhengi við hávaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Menn verða að horfa langt fram í tímann í þessum málum. Það má ekki láta stjórnarstefnu í fáein ár verða til þess að húsnæðismálin gjaldi fyrir það á sama hátt og gerst hefur á undanförnum árum.

Þess vegna held ég að ástæða sé til að skoða vandlega þær hugmyndir sem hér eru. En auðvitað er ekki mikill tími til stefnu. Það er mjög brýnt að menn taki á þessum málum nú þegar. Ég skora enn og aftur á hæstv. félmrh. að láta hendur standa fram úr ermum því að auðvitað ræður hann úrslitum í þessu máli og hæstv. ríkisstjórn og beiti sér fyrir því að tekið verði á málum á svipuðum nótum og hér hefur verið lagt til.

[15:45]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þáltill. sem er mjög þörf og brýn. Hún fjallar um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði. Ég fagna þessari þáltill. Hún er í anda þeirra hugmynda sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram og fellur vel að stefnu okkar varðandi enduruppbyggingu á félagslegu húsnæðiskerfi.

Ég tek undir þá gagnrýni að þegar félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður þá undirbjuggu stjórnvöld það ekki að koma til móts við þá sem höfðu ekki og hafa ekki efni á að fjárfesta og koma sér þaki yfir höfuðið. Því miður er það svo í öllu frjálsræðinu, þar sem áhersla er lögð á að hver og einn eigi sína íbúð, að sá hópur sem ræður ekki við húsakaup, vegna lágra launa og vegna þess að hann hefur ekki eignir til að selja, á ekki möguleika á þeim lánum sem til þarf og treystir sér ekki til að standa undir þeim vaxtakröfum sem gerðar eru. Lendi fólk einu sinni í þeirri aðstöðu að þurfa að leigja er erfitt að koma sér út úr þeirri stöðu, ekki síst þar sem leigan, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, er mjög há. Þá er lítið hægt að leggja til hliðar. Ég nefni höfuðborgarsvæðið því að hér eru erfiðleikarnir við að fá leiguhúsnæði hvað mestir og biðlistar langir, eins og tekið hefur verið fram.

Í sjálfu sér má segja að félagslega húsnæðiskerfið eins og það var byggt upp hafi verið orðið þungt í vöfum. Á því hefði þurft að gera töluverðar breytingar til þess að það gengi til framtíðar, bæði fyrir þá sem fjárfest höfðu í því og ekki síður fyrir þau sveitarfélög sem höfðu í bjartsýni tekið þátt í uppbyggingunni. Sveitarfélögin vildu byggja vel yfir íbúa sína og á mörgum stöðum fyrir væntanlega íbúa. Íbúum hefur hins vegar ekki fjölgað í mörgum sveitarfélögum og harðast hefur þetta komið niður á þeim svæðum þar sem íbúum hefur fækkað.

Þannig var kerfið en í stað þess höfum við ekki fengið neitt á félagslegum grunni. Það er mjög brýnt að því verði komið á og ég tek undir þá hvatningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að við einhendum okkur í þetta, ekki eingöngu ríkisvaldið heldur og félagasamtök, lífeyrissjóðir, að við myndum þjóðarsátt um að byggja upp nýtt kerfi sem geti komið til móts við þarfir þeirra sem ekki hafa efni á að koma yfir sig þaki.

Það eru líka vandamál úti á landsbyggðinni þó að þar standi því miður of mörg hús auð. Oft er þó vandamál að hafa til taks leiguhúsnæði til að taka á móti fólki sem vill tímabundið húsnæði og byrjar ekki á því að kaupa en vildi koma út á land ef það gæti fengið leigt húsnæði. Þetta eru líka aðstæður sem horfa þarf til. Á móti kemur átthagabindingin í núverandi kerfi varðandi leigu í félagslegu húsnæði. Maður þarf að hafa búið ákveðinn tíma á viðkomandi stað til að fá inni.

Ég kom í ræðustól til að taka undir þessa tillögu, enda er hún mjög í anda áherslna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég vona að við náum samstöðu um að gera stórátak í þessum málum.

[15:51]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka 5. þm. Austurl., Þuríði Backman, fyrir góðar undirtektir. Það er hárrétt hjá henni að við höfum, Samfylkingin og Vinstri grænir, hvatt til átaks í að fjölga leiguíbúðum enda mundi það koma til móts við þau lög sem gilda í dag. Það er ekki þar með sagt að ef við værum komin í ríkisstjórn, Samfylkingin og Vinstri grænir, að þetta væri hið eina sem við gerðum. Við höfum hins vegar oft unnið saman að þessum málum, fólkið í þessum flokkum. Um það leyti sem hæstv. félmrh. gerði breytingar sínar vorum við að skoða húsnæðismálin saman. Þá komu fram hugmyndir um átak í að fjölga leiguíbúðum og leita til lífeyrissjóða um að kaupa sérstök húsnæðisbréf.

Ég vil benda á hve vandinn hefur vaxið frá því að við, sem vorum saman í stjórnarandstöðunni á árunum 1997 og 1998 þegar unnið var að breytingum á þessum málum, höfðum hvað mestar áhyggjur. Þá voru hugmyndir okkar þær að næstu tíu árin yrðu árlega byggðar 300 leiguíbúðir. Nú er ljóst að þær þyrftu að vera 500, einmitt vegna þess að ekkert hefur verið aðhafst. Vandinn eykst þannig að það sem hefði dugað þá, ef rétt hefði verið haldið á málum, dugir ekki lengur. Ég vildi vekja athygli á því um leið og ég þakka þingmanninum fyrir góða ræðu og undirtektir við brýnt mál.

[15:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu, þ.e. að hún skuli vera flutt. Ekki það að ég ætli að samþykkja hana í því formi sem hún er en ég er sammála þeim anda sem fram kemur í upphafsorðum tillögunnar sem eru svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisvaldinu að ráðast í átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni verði gerð fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána."

Ég lít svo á að hér sé að myndast samstaða um að brýnt sé að bæta úr þeim skorti sem óneitanlega er á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef átt í könnunarviðræðum, eins

og fram kom í umræðum í gær, við lífeyrissjóði, verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda. Vegna góðra undirtekta við umfjöllun um leiguíbúðirnar hef ég beðið formlega um tilnefningu manna til að útfæra nánar þær hugmyndir.

Það vantar leiguhúsnæði fyrir venjulegt fólk, óháð tekjum. Það eru biðlistar hjá Félagsbústöðum og víðar. Biðlistana hjá Félagsbústöðum er kannski ekki alveg að marka því að Félagsbústaðir leigja með miklu betri kjörum en mér er sagt að séu á almennum markaði, a.m.k. finnast dæmi um það á almennum markaði að leiga sé þar langtum hærri en hjá Félagsbústöðum. Hjá Félagsbústöðum er leiga á stærri íbúðunum í kringum 40 þús., 42 þús. minnir mig á mánuði. Því er ekki óeðlilegt að fólk sæki í þær ef það telur sig hafa möguleika á að komast þar inn.

Sveitarfélögin eiga að sjá um þá sem þurfa á leiguhúsnæði að halda og geta ekki aflað sér þess með öðrum hætti vegna tekjuleysis eða annarra ástæðna þannig að þeir séu ekki einfærir um að komast í leiguhúsnæði. Öryrkjabandalagið hefur unnið stórvirki í að fjölga leiguíbúðum og ég hef gert samkomulag við Öryrkjabandalagið um að það byggi sambýli og sérhæft húsnæði fyrir fatlaða sem ríkið taki á leigu af Öryrkjabandalaginu. Aldraðir og námsmenn hafa líka staðið myndarlega að húsnæðismálum sínum og þannig komið til móts við verulega þörf.

Lífeyrissjóðirnir geta komið að þessu máli með ýmsu móti að óbreyttum lögum en lífeyrissjóðir mega ekki eiga fasteignir nema þær sem þeir þurfa til starfsemi sinnar. Hins vegar mega þeir eiga allt að 15% í hlutafélögum eða eignarhaldsfélögum, enda sé ávöxtun eðlileg á þeim fjármunum sem lífeyrissjóðirnir leggja í þau félög. Lífeyrissjóðirnir geta t.d. gengið til samstarfs við Búseta ef þeir svo kjósa og lagt fram 10% í framlag í hverja íbúð. Íbúðalánasjóður lánar 90% til leiguíbúða með 3,9% vöxtum.

Það er líka hægt að hugsa sér að nokkrir lífeyrissjóðir, kannski sjö þeirra, myndi eignarhaldsfélag eða hlutafélag um að byggja og reka leiguíbúðir, leggi fram þessi 10% en Íbúðalánasjóður lánaði 90%. Nú er það svo með lífeyrissjóðina að þeir lána sjóðfélögum til að kaupa eða byggja húsnæði. Vextirnir á þeim lánum eru 6–7%. Ég hef spurst fyrir um vextina hjá einum þremur. Það eru svolítið mismunandi vextir á þessum lánum en 6,5% er algengt. Ég tel að lífeyrissjóðirnir þyrftu ekki að hafa hærri ávöxtunarkröfu af því sem þeir verja til leiguíbúða. Það er viss sanngirni í að lífeyrissjóðirnir láni þeim sem eru að kaupa en þeir gera ekkert fyrir félaga sína á leigumarkaði. Það er ekki óeðlilegt þó að þeir komi eitthvað til móts við þá, jafnframt því sem verkalýðshreyfingin hefur á undanförnum áratugum komið mjög myndarlega að húsnæðismálum. Þá er eðlilegt að vekja þá hugmynd aftur til lífsins.

Ég hef líka viðrað þá hugmynd að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þessar íbúðir mundu rísa eða yrðu keyptar, leggi fram lóðir og gatnagerðargjöld, leggi það t.d. inn sem hlutafé.

Ég tel að húsnæðislöggjöfin hafi gefist vel en hins vegar sé of mikil spenna á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna flutnings fólks til höfuðborgarsvæðisins sem yfirgefur íbúðir úti á landi. Það hefur þurft tvær íbúðir á hverjum einasta degi á undanförnum árum, aðeins vegna þeirrar fjölgunar sem verður af aðfluttum. Þetta hefur orsakað það að þrátt fyrir miklar byggingar hefur verðið hækkað upp úr öllu valdi. Ég vil vekja athygli á því að vextir til leiguíbúða hafa ekki hækkað og að unnið er að samkomulagi um framtíðarfyrirkomulag á vöxtum til leiguíbúða samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögunum um húsnæðismál. Þessi lög skapa stórbætt úrræði fyrir tekjulága og ég skal aðeins fara yfir það.

Þau atriði sem við erum fyrst og fremst að kanna er skattlagning húsnæðisbóta. Ég tel að mikill fengur væri í að gera húsaleigubætur skattfrjálsar. Mér er hins vegar sagt í fjmrn. að fyrirrennari minn, Jóhanna Sigurðardóttir, hafi á sínum tíma samið um að þær yrðu skattaðar og fengnir viðbótarpeningar í húsaleigubætur. Ég vil kanna áhrif skattlagningarinnar. Við erum að tala um stofnstyrki, 3% frá ríki. Ef sveitarfélögin legðu til 2–3% þá gæti ríkið e.t.v. *lagt til meira og fengið tilvísunarrétt. Síðan erum við* að ræða húsaleigubótahækkun á móti hækkun vaxta þannig að leigukostnaður hækki ekki.

[16:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að það er ánægjulegt að þessi ræða hæstv. félmrh. var nokkuð jákvæð og gefur tilefni til bjartsýni hvað varðar aðgerðir enda eru þær orðnar nauðsynlegar.

Í framhaldi af því að félmrh. hefur ritað það bréf sem hefur verið til umræðu þá viðrar hann hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir leggi fram 10% í íbúð vegna leigu sjóðfélaga. Ég ætla náttúrlega að nefna það strax að það er a.m.k. ekki hægt fyrir lífeyrissjóðina að lána sjóðfélögunum 10%, ekki ef þetta eiga að vera leiguíbúðir. Það verður að finna annað form þannig að við fyrstu sýn hugnast mér nú betur að reynt sé að fara út í einhvers konar eignarhaldsfélag því að einhver verður að eiga hlutinn sem þeir sem leigja eru að leigja. Síðan verður að tryggja það með alhliða aðgerðum að húsaleiga fari ekki yfir 6%, það höfum við skoðað mjög ítarlega.

Varðandi það að ráðherrann telur að húsnæðiskerfið gefist vel þá er húsbréfakerfið ágætt og hefur reynst sérstaklega gott lánsform ef ekki myndast teppa eins og þegar félagslega kerfið var aflagt með þeim afleiðingum sem ég lýsti í ræðu minni og ætla náttúrlega ekki að endurtaka.

En ég vil spyrja hæstv. félmrh. eftir ræðu hans: Er e.t.v. að opnast möguleiki á því að félmn. afgreiði þetta mál jákvætt frá sér, þó með breytingum sé, og þar með sé undirstrikað af *hálfu ráðherrans að vilji sé til að taka á sameiginlega í þessu* brýna hagsmunamáli?

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lífeyrissjóðirnir yrðu að sjálfsögðu að eiga þessi 10%. Það er það sem vantar. Íbúðalánasjóður hefur peninga til að lána 90%. Það sem vantar er einhver sem vill leggja 10% í púkkið til að koma upp leiguíbúðinni og reka hana. Félagsbústaðir eru í fínu formi til að reka slíkar leiguíbúðir sem verktakar.

Ég mun í seinni ræðu minni fara yfir fleiri atriði og bera það til baka sem hv. þm. var að segja um húsnæðiskerfið.

[16:07]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir jákvætt innlegg hæstv. ráðherra í umræðuna. Það er kannski ekki oft sem ég og hæstv. félmrh. erum sammála en í megindráttum get ég tekið undir margt sem kom fram í máli ráðherrans. Í lokaræðu minni hér

á eftir mun ég koma inn á nokkur atriði sem hann var með þar sem ég hef ekki tíma til þess nú.

En ég vildi þó segja við hæstv. ráðherra að hann láti þá í fjmrn. í guðanna bænum ekki rugla sig varðandi vilja hans til að afnema skattlagningu á húsaleigubótum. Hæstv. ráðherra þekkir forsöguna í því að þegar ég var að reyna að koma á húsaleigubótakerfinu kostaði það þetta að ég samdi við fjmrh. og fjmrn. um það að hækka húsleigubæturnar sem samsvaraði skattinum. Það þýddi þá að þeir sem voru skattlausir komu betur út úr þessu vegna þess að skattleysismörkin gerðu það að verkum að þeir þurftu ekki að borga skatt. En þetta var aðeins tímabundið til að koma húsaleigubótakerfinu á og allir vissu að það yrði ekki til frambúðar vegna þess að ekki er meiri hluti fyrir því innan þingsins og var reyndar ekki þá að hafa skattlagningu á húsaleigubótunum. En þær hækkuðu þá sem samsvaraði skattinum en auðvitað á að gæta samræmis í þessu við vaxtabætur.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, þegar hann talar um stofnstyrki og talar alltaf um 2–3%, hvað hann er þá að tala um? Er hann að tala um af stofnverði eignarinnar? Ég vildi gjarnan vita það svo að ég átti mig á þeirri fjárhæð sem hæstv. ráðherra er að tala um sem niðurgreiðslu á hverri íbúð vegna þess að það skiptir máli við hvað hæstv. ráðherra er að miða.

Það er alveg eðlilegt að lífeyrissjóðirnir komi inn í þetta eins og ráðherrann nefnir og ég er alveg sammála þeim rökum sem hæstv. ráðherra kallar þar til, en 6,5% vextir á 10%-hlutanum, ég sé ekki annað ef leigugreiðslurnar eiga að vera þær sömu, miðað við 1% vexti þá þurfi stofnstyrkir að vera meiri. En ég vildi aðeins koma inn á það í lokaræðu minni á eftir.

[16:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að bíða eftir lokaræðu hv. þm.

En svo ég svari því sem ég gleymdi áðan þá tel ég ekki að ástæða sé til þess að afgreiða tillöguna í því formi sem hún er. En ég var að fagna þeim anda sem er í henni og þeim tilgangi sem í henni er sem ég tel góðra gjalda verðan. En þarna eru atriði sem ég get ekki fallist á í hernaðaráætluninni eða vinnuáætluninni.

Ég er að tala um prósentur af stofnverði hverrar íbúðar. Þetta er allt á umræðustigi og rétt er að hafa það með öllum fyrirvörum. Þetta eru þeir kostir sem við höfum verið að velta á milli okkar, hvað geti gagnast best leigjendum til að mæta hækkuðum vöxtum.

Síðan er illu heilli sá samningur sem fyrirrennari minn gerði um skattlagningu húsaleigubótanna. Ég tel að það sé atriði sem sé aðgengilegt og ætti að vera aðgengilegra fyrir ríkissjóð. En samningur er samningur og til þess vitna þeir fjármálaráðuneytismenn.

[16:09]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu umræður sem hafa orðið um tillögu okkar þingmanna Samfylkingarinnar um að auka framboðið á leiguhúsnæði. Þær hafa verið jákvæðar á flesta lund og er fyllilega ástæða til að ætla að breið samstaða sé um að fara þá leið sem hér er mörkuð í þeirri tillögu sem við höfum farið í gegnum í dag. Ég held að það mundi bara styðja við ráðherrann og þær hugmyndir sem hann hefur líka í þessu efni, sem falla að þeim hugmyndum, ef hann fengi breiðan stuðning þingsins til að framfylgja þessari tillögu vegna þess að ekki veitir nú af með samstarfsflokk hans, Sjálfstfl., sem hefur reyndar aldrei verið neitt sérstaklega uppnuminn yfir leiguhúsnæði eins og fram kemur m.a. í því sem við vorum að nefna hér um skattlagningu á húsaleigubótum. Hæstv. ráðherra ætti að fagna því ef hann fengi stuðning þingsins með samþykkt þessarar tillögu og auðvitað erum við opin í Samfylkingunni fyrir öllum breytingum sem mættu verða til þess að ná samkomulagi um að fara í þetta mál vegna þess að ég held að þetta þurfi að gerast í formi ákveðinnar áætlunar sem menn vinna eftir. Það er ekki víst að menn vilji hafa það hér til frambúðar að hafa einhverja niðurfellingu t.d. á lóðar- eða gatnagerðargjöldum eða ákveðnum atriðum sem eru í þessari tillögu eða hugmyndum ráðherra til frambúðar þó að menn gætu hugsað sér að hafa það meðan við værum að leysa mesta vandann.

Fyrst varðandi húsaleigubæturnar svo það sé alveg skýrt. Ráðherrann er það reyndur í stjórnmálum, ætli hann sé ekki orðinn elstur allra þingmanna í starfsaldri hér eða a.m.k. nálægt því, að hann veit það, ekki síst sem ráðherra, að það að vera að vitna til þess að þegar húsaleigubótakerfinu var komið á fyrir a.m.k. átta árum þá var það forsenda þess að ná málinu í gegnum Sjálfstfl. að þetta yrði haft með þessum hætti. Annars er ekki einu sinni víst að við værum með nokkurt húsaleigubótakerfi í dag vegna þess að það var ekki auðvelt mál að ná húsleigubótakerfinu í gegn í samstarfi við Sjálfstfl. í ríkisstjórn. Ég býst við að hæstv. ráðherra hafi fundið fyrir því í samstarfi sínu við Sjálfstfl.

Það varð að samkomulagi á þeim tíma að húsaleigubætur yrðu skattlagðar en þó með því að greiðslur húsaleigubóta hækkuðu sem samsvaraði skattinum. Aldrei var samið um það neitt til frambúðar, það er ekki einu sinni til skriflegt samkomulag um slíkt. Þetta átti bara að vera til þess að lögfesta húsleigubótakerfið, setja það á lögbókina, og ég kallaði það kraftaverk að ná því þannig í gegn með Sjálfstfl., hvað þá að þeir viðurkenndu hækkun á húsaleigubótagreiðslunum á þeim tíma sem samsvaraði skattinum. Ég ætla að biðja ráðherrann að láta það ekki þvælast fyrir sér vegna þess að það er náttúrlega fyrirsláttur af hálfu ráðherrans ef hann ætlar að nota það til að afsaka að hann nái því ekki fram að afnema skattlagninguna á húsaleigubótum.

Hæstv. ráðherra nefnir lífeyrissjóðina og talar um að 10% komi frá þeim en nefnir um leið að vaxtagreiðslurnar séu í dag 6,5% sem þyrfti þá að greiða af þeim lánum. Ég óttast það, ef það er með þeim hætti, að þá verði greiðslubyrðin meiri en hún þyrfti að vera ef farin væri sú leið sem við erum að tala um að veitt væri 95% lán og það væri þá á þeim kjörum að það samsvaraði 1% vöxtum. Það er raunverulega það sem við erum að tala um í tillögum okkar og niðurgreiðslan gæti verið í formi vaxtaendurgreiðslu eða stofnstyrkja sem þyrftu þá að vera heldur hærri.

Ég vil líka leyfa mér að efast um það, herra forseti, með tilliti til þeirra fjárhagslegu samskipta sem hafa verið milli ríkis og sveitarfélaga — enda hefur hæstv. ráðherrann allan fyrirvara á því, ég heyri það — að hægt sé að ná því fram að sveitarfélögin komi inn með 2–3% stofnstyrki á móti ríkinu. Ef farið væri fram með þá stofnstyrki sem ráðherrann nefndi þá værum við komin á mjög viðunandi grundvöll í þessu efni. En þetta er alls ekki í hendi og í tillögu okkar er gert ráð fyrir, eins og hæstv. ráðherra hefur séð, að ríkissjóður komi inn með 85% þess framlags sem þarf til að ná þessu marki en sveitarfélögin bara 15%. En raunverulega er ráðherrann samkvæmt þessu, af því að mesti þunginn er auðvitað í vaxtaendurgreiðslunum og stofnstyrkjunum, að tala um að

50% komi frá sveitarfélögunum og 50% frá ríkinu, sem er miklu þyngri byrði á sveitarfélögin og sveitarfélögin hafa kannski ekki verið óskaplega dugleg við það í gegnum árin að koma upp leiguíbúðum og ekki einu sinni þegar þær voru með 1% vöxtum, hvað þá ef vaxtabyrðin yrði meiri. Ég spyr því ráðherrann af því að hann svaraði ekki þeirri spurningu hjá mér áðan: Telur hann þá leið ekki koma til greina sem ég er að benda á, þ.e. 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka?

Af því að hæstv. ráðherra hefur nefnt Búseta í þeirri skoðun sem fram fer á vegum ráðuneytis hans þá spyr ég ráðherrann svo það fari ekki á milli mála: Í þeirri skoðun sem fer fram í ráðuneyti hans, sem er þá í formi þess að lánað verði 100%, ef ég skil ráðherrann rétt, og til komi ákveðnir stofnstyrkir, lóða- og gatnagerðargjöld eða ígildi þeirra af hálfu sveitarfélaganna, sem yrði þá lagt inn sem hlutafé af hálfu sveitarfélaganna, hvað með félagasamtök sem hafa verið að byggja leiguíbúðir og gert hefur verið mjög mikið átak í? Ég er að tala um Öryrkjabandalagið og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Er hæstv. ráðherra í viðræðum við þá aðila varðandi byggingu leiguíbúða almennt? Ég þekki það sem ráðherrann nefndi varðandi sambýlin og samkomulagið við Öryrkjabandalagið. Það er annars eðlis en við erum að tala um hér. Eru þeir aðilar líka í samráði við ráðherrann um uppbyggingu, þ.e. ekki lánasjóðurinn, heldur stúdentagarðarnir og Öryrkjabandalagið?

Ég nefndi áðan tölur í því sambandi, að 440 einstaklingar bíða eftir leiguíbúðum hjá Öryrkjabandalaginu og við þann lista bætast árlega 100 manns og hjá stúdentum eru um 300–400 manns sem bíða og ekki er hægt að leysa það hjá þeim. Mér finnst mjög mikilvægt að vita hvort í skoðun ráðherra á þessu máli komi þessir aðilar einnig að.

Ég vil einnig nefna og spyrja hæstv. ráðherra, sem ég tel líka mikilvægt og tengist raunverulega þessu máli af því að við erum að tala um ákveðnar viðmiðanir, hverjir geti átt rétt á leiguíbúðum o.s.frv., af því að við erum að miða við ákveðnar tekjur fólks þar sem væntanlega er þá litið á ákveðin viðmið bæði hjá þeim sem standa að leiguíbúðum og öðrum, þ.e. hvaða tekjur fólk getur haft sem fer inn í slíkt kerfi. Fyrir þinginu liggur tillaga frá okkur í Samfylkingunni um að gerður verði ákveðinn neyslustaðall sem ég tel ákaflega mikilvægan og t.d. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur verið að kalla eftir. Við leggjum til að unnið verði að gerð samræmds neyslustaðals um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld um ýmsar ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja velferðarkerfisins. Ég spyr um þetta af því að ég tel þetta afar mikilvægt tæki til þess að nota þegar verið er að ákvarða fjárhæðir bóta og styrkja, eins og t.d. húsaleigubóta sem við höfum verið að ræða hér. Og einnig sé það grundvöllur að greiðsluáætlun og greiðslumati hjá lánastofnunum að því er varðar húsnæðismál.

Ég spyr ráðherrann af því að ég veit að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur verið að kalla eftir þessum neyslustaðli: Hver er skoðun ráðherrans á því að gerður sé slíkur neyslustaðall? Getur hann fallist á þær hugmyndir sem við höfum lagt fram í því sambandi að nauðsynlegt sé að vinna að málum með þeim hætti eins og við leggjum til varðandi það?

Ég vil einnig spyrja ráðherrann, af því mér fannst ráðherrann sýna því mikinn skilning að húsnæði vantar og hann nefndi leiguhúsnæði óháð tekjum. Það er alveg rétt, eins og við höfum farið inn á, að ákveðinn valkost vantar fyrir hóp sem hefur lent þarna á milli: Telur ráðherrann að til greina komi að endurvekja valkost eins og t.d. var með kaupleigukerfinu eða eitthvað í þeirri mynd að þeir sem eru þarna á milli gætu hugsanlega komist af með einhvern slíkan kost eins og kaupleigukerfi, sem bauð fólki upp á að leigja í ákveðinn tíma og síðan að kaupa og það væri þá að eignast húsnæðið? Telur hæstv. ráðherra að til greina komi að skoða einhvern slíkan kost?

Ég hef heyrt hjá þeim sem vinna að húsnæðismálum, m.a. í höfuðborginni, að mikil þörf sé fyrir slíkan valkost og fólk bendir oft á að sá valkostur hafi verið í kaupleigukerfinu og fólk sem vinnur að því að leysa þessi vandamál sem við erum með hér sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu vildi gjarnan sjá slíkan valkost.

Síðan vil ég spyrja ráðherrann: Hefur hann sett einhver tímamörk á það hvenær niðurstaða fæst í þeirri skoðun sem verið er að vinna á hans vettvangi?

Nú geri ég ráð fyrir að einhverjar af þeim leiðum sem ráðherrann hefur nefnt og eru í tillögu okkar samfylkingarfólks þurfi ákveðna breytingu á lögum, að lagasetningu þurfi til þess að framfylgja henni og þeim hugmyndum og úrbótum sem hafa komið fram, m.a. hjá ráðherranumþ Ég spyr því: Verður þetta það tímanlega að hægt sé að setja það í lög sem þarf að setja í lög til þess að ráðast í það átak sem menn eru sammála um?

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja frekar umræðuna. Hún hefur verið sérstaklega ánægjuleg og í alla staði vekur hún vonir um að bjartari tímar séu fram undan á leigumarkaðnum en við höfum séð lengi. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann sjái fyrir sér einhverjar tímasetningar í þessu efni þannig að hægt væri að fylgja málinu eftir með nauðsynlegum lagasetningum að lokinni skoðun hans og ráðuneytis hans á því og eftir að félmn., sem fær þetta mál til meðferðar, hefur fjallað um tillöguna sem mér sýnist að hægt sé að ná breiðri samstöðu um hér í þinginu.

[16:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ágætt samkomulag hjá mér við sjálfstæðismenn í ríkisstjórninni, jafnvel þótt þeir og ég út af fyrir sig gagnrýni ekki viðhorf þeirra að orð skuli standa jafnvel þótt ekkert hafi verið skrifað. Mér þykir út af fyrir sig ekkert gaman að sí og æ skuli vera vitnað í þennan samning við fyrirrennara minn. (**JóhS:** Hvar er þessi samningur? Ég vil sjá hann.) Það var ekkert skrifað, búið er að viðurkenna það hér úr ræðustól að hann hafi verið munnlegur.

Hraða þarf þessu verki, ég hef ekki sett nein sérstök tímamörk en hraða því eins og unnt er. Lagaheimildir eru allar fyrir hendi. Til að fullnægja þessum hugmyndum mínum sem við höfum verið að ræða þarf ekki nein lög um þetta mál. Ég mun ekki beita mér fyrir því að Íbúðalánasjóður fari að lána 95% til leiguíbúða.

Það er rétt að halda til haga, og ég ætla að sýna fram á hve mikið hefur verið ofsagt um þá afturför sem ræðumenn hér hafa verið að segja um hina félagslegu aðstoð í húsnæðiskerfinu í nýju lögunum, að 1990 var fjöldi félagslegra íbúða 824 sem framkvæmdaaðilar á öllu landinu höfðu til ráðstöfunar til umsækjenda, þ.e. leiguíbúðir, innlausnaríbúðir eða endursöluíbúðir, nýjar íbúðir inn í kerfið og íbúðir með viðbótarláni. Þær voru 1.235 árið 1993, 1.287 árið 1995, 1.684 árið 1999 og 1.782 árið 2000. Ekki þarf frekar vitnanna við,

þeim hefur verið að stórfjölga og það hefur verið gert mikið átak.

Svo við förum yfir hvernig fólki hefur gengið að standa í skilum, þá var hlutfall vanskila af heildarútlánum Íbúðalánasjóðs árið 1995 1%. Í fyrra var það 0,3% og það er í sögulegu lágmarki.

Varðandi umsóknir vegna greiðsluerfiðleikalána eða umsóknir vegna greiðsluerfiðleika og/eða frystingar lána, þá voru þær 1.545 árið 1995 en 157 árið 1999 og 233 árið 2000.

Ef við skoðum fjölda nauðungaruppboða, þá voru þau 628 árið 1995 en 276 árið 1999 og 317 árið 2000.

Ég mun vonandi fyrir vorið leggja fram frv. um lítils háttar breytingar á húsnæðislöggjöfinni. Það eru ákveðnir annmarkar sem við höfum rekist á og sem ég tel að væri heppilegt að laga. Þeir eru ívilnandi fyrir lántakendur. Ég vil rýmka möguleika á greiðsluerfiðleikalánum. Þeir eru nokkuð þröngir, það eru tvenns konar möguleikar, annaðhvort að frysta í þrjú ár eða að breyta vanskilum í 15 ára lán. Þessa möguleika vil ég rýmka. Ég vil skapa möguleika á að bjarga fólki þegar hús eyðileggjast eins og nokkur dæmi eru um, t.d. þegar veggjatítlur hafa eyðilagt húsin, að heimild sé til að afskrifa lánin.

Ég mun einnig á næstu dögum koma með breytingu á húsaleigubótalögunum. Húsaleigubætur hækkuðu um síðustu áramót og það er kannski rétt að halda því inni í þessari umræðu hvað húsaleigubætur eru, þ.e. ef tekjur eru 2 millj. og um einstakling eða hjón er að ræða, eru húsaleigubæturnar 11 þús. á mánuði. Ef um eitt barn er að ræða þá eru þær 18 þús. á mánuði miðað við 40 þús. kr. leigufjárhæð á mánuði. Ef börnin eru tvö eða þrjú eru þær 20 þús., þ.e. helmingurinn af leigufjárhæðinni. Þannig að húsaleigubæturnar eru engin smábúbót fyrir þá sem þær þiggja.

En ég vil laga þessa löggjöf meira, þ.e. ég vil rýmka þinglýsingarkvöðina. Ég vil rýmka skyldmennaleiguna, þ.e. mjög ströng skilyrði eru um að ekki megi vera ættartengsl eða náin ættartengsl. Ég vil liðka til fyrir námsmönnum á stúdentagörðum. Eitt af því sem menn hafa rekið sig á og m.a. er kannski orsök að þeim biðlista sem er eftir leiguíbúðum á stúdentagörðunum er að þeir sem leigja herbergi fá ekki húsaleigubætur og þurfa að greiða hærri leigu, þ.e. hærri raunleigu en þeir sem fá íbúð. Eins þarf að laga varðandi sambýli og dvalarheimili. Síðast en ekki síst er mjög nauðsynlegt að auglýsa það að einungis er 10% skattur á húsaleigutekjur. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því, allir þeir sem eru að leigja út og stela undan leigunni og vilja ekki gera samning þannig að leigjandinn geti fengið húsaleigubætur, að það er ekki nema 10% skattur á húsaleigutekjur, það er sami skattur og á fjármagnstekjur. Það tel ég að þurfi að kynna betur en gert hefur verið. Ég mun ekki beita mér fyrir því að skatturinn verði afnuminn. Mér finnst að slíkar tekjur eigi að bera einhvern skatt og 10% skattur er ekki óbærilegur.

Ef við tölum ofurlítið um vaxtapólitíkina, þá eru húsbréfavextirnir núna 5,1%. Þegar afföllin voru sem mest, ef þeim var dreift út á lánstímann, báru húsbréfin í kringum 6% vexti. En afföllin hafa farið lækkandi, eru komin niður í 7–8% núna. Viðbótarlánin bera 5,7% vexti og leiguíbúðalánin 3,9% vexti. Húsbréfavextirnir hafa verið kyrrir frá ársbyrjun 1999 a.m.k. Stýrivextir Seðlabankans sem voru 7,5% í ársbyrjun 1999 eru komnir í 11,4%. Óverðtryggð skuldabréf voru þá í 12% og eru komin í 18% núna og vísitölubundin lán voru með 10% vöxtum og eru núna komin í 12%.

[16:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er ekki að bera saman sambærileg lán þegar hann talar um félagsleg lán á sl. áratug. Félagsleg lán hættu að mestu að vera til eftir 1995. Þá voru lán til leiguíbúða með 1% vöxtum og um það hafði þá verið sátt í 25 ár, að hafa þau 1%. Þó höfðu menn ansi oft lent í niðursveiflu. En eftir 1995, eftir að hæstv. ráðherra breytti húsnæðiskerfinu, þá hækkuðu vextirnir, eru nú komnir í 3,9% og hann stefnir með þá í markaðsvexti. Síðan eru þessi viðbótarlán, sem ráðherra nefnir félagsleg lán, komin með 5,7% vexti. Það er því vart hægt að tala um félagsleg lán í því sambandi. Ráðherrann ber þar ekki saman sambærileg kjör.

Þegar hæstv. ráðherra talar um vanskil í lágmarki — Guð láti gott á vita og ég vona að það sé rétt. En ég spyr ráðherrann: Er hann þar að bera saman sambærileg atriði. Það getur verið svo að vanskilafjárhæðir hafi hækkað þótt hlutfall vanskila af heildarlánum, sem fjölgað hefur gífurlega, hafi ekki hækkað mikið. Ég býst við að ráðherrann skoði málin út frá þeim sjónarhóli og það er blekkjandi. Þetta ekki í samræmi við það sem núna sést í bönkunum og hjá Íbúðalánasjóði, að greiðsluerfiðleikalán hafa tvöfaldast frá sl. ári, enda er ráðherrann að boða að hann ætli að rýmka heimildir til greiðsluerfiðleikalána. Það kom síðan fram í fréttum að búist er við því, því miður, að 400 fjölskyldur tapi íbúðum sínum á þessu ári. Einnig hefur komið fram að orðið hafi 60% aukning á árangurslausu fjárnámi. Ég er ekki að búa til þessar tölur. Þetta eru vísbendingar um erfiðleika hjá fjölskyldunum og það þarf að taka á þeim, einmitt með því að lækka vextina. Því miður hefur ráðherrann gert allt annað en að lækka þá á undanförnum árum. Hann hefur meira að segja gengið svo langt að félagslegu lánin eru nærri því komin í markaðsvexti.

[16:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hér farið með fyllilega sambærilegar tölur. Árið 1995 voru félagslegar íbúðir til ráðstöfunar á landinu öllu samtals 1.287, árið 1996 1.244, árið 1997 1.198, árið 1998 1.046. Íbúðalánasjóður tók síðan við eftir nýjum lögum og þá urðu þær 1.684 1999 og 1.782 árið 2000.

[16:34]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er að reyna að rugla fólk í ríminu og dreifa athyglinni frá þeim vanda sem fólk stendur frammi fyrir með þessari talnarunu sem hann fer með og ég fullyrði að eru ekki sambærilegar tölur. Eigi þær að vera sambærilegar þá lítum við bara mismunandi augum á hvað teljist félagslegar íbúðir og hvað ekki. Ég get varla kallað það félagslegar íbúðir sem keyptar eru með 5,7% vöxtum. Ég get varla litið á leiguíbúðir sem félagslegan valkost nú orðið þegar vextirnir nálgast markaðsvexti. Ef hæstv. ráðherra bæri saman lán eins og þau voru fyrir hans ráðherratíð, vaxtakjör þá og vexti af lánum núna þá eru það ekki sambærileg kjör.

Mér fannst ráðherrann byrja vel í dag þegar hann talaði um framtíðina og það sem gera þyrfti en nú virðist hann kominn aftur í fortíðina þar sem hann fótar sig mjög illa, herra forseti. Hann hefur staðið fyrir breytingum sem leitt hafa til þess neyðarástands sem við búum við í dag. Mér

fannst á máli ráðherrans fyrr í dag að hann hefði séð að sér og ætlaði að reyna að vinna að úrbótum vegna þess hvernig komið er fyrir félagslega íbúðakerfinu og leigumarkaðnum. Við skulum vona að ráðherrann haldi sig við efnið og reyni ekki að renna sér á hálum ís í fortíðinni vegna þess að fortíð ráðherrans í þessu efni er ekkert til að státa sig af.

[16:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er reglulega stoltur af fortíð minni í þessu efni. Það er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem er að reyna að rugla fólk í ríminu.

Tölurnar sem ég las upp áðan fékk ég í morgun frá Gísla Gíslasyni, starfsmanni Íbúðalánasjóðs. Einnig er rétt að hafa í huga varðandi viðbótarlánin að þeir íbúðareigendur sem hafa fengið þau fá samtímagreiddar vaxtabætur. Varðandi það hvort 5,7% eru óeðlilega háir vextir þá er rétt að taka fram að við búum við það að óverðtryggð skuldabréfalán bera 18% vexti og verðtryggð skuldabréfalán bera 12% vexti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, fyrri umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 769.

[16:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Með þáltill. sem hér liggur fyrir er leitað heimildar Alþingis til að setja af stað langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Með tillögunni er í fyrsta sinn lagt til að gert verði sérstakt átak í öryggismálum sjófarenda á grundvelli samþykktar Alþingis.

Á undanförnum árum hefur mikið verið unnið í þessum málaflokki og hefur það m.a. skilað sér í því að tilkynntum slysum á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins hefur fækkað verulega og dauðaslysum á sjó hefur fækkað jafnt og þétt síðustu áratugina. En betur má ef duga skal. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mat það svo árið 1998 að árlegur heildarkostnaður vegna sjóslysa væri 3,2–4,3 milljarðar kr. Með tillögunni er stefnt að því að gera enn betur og efla samvinnu þeirra sem að öryggismálum sjófarenda koma.

Aðdragandann að tillögu þessari má rekja til þess að í byrjun ársins 2000 ákvað ég að láta hefja vinnu við að undirbúa gerð langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Skipuð var verkefnisstjórn 16. febr. 2000 til að halda utan um verkið með fulltrúum frá samgrn., samtökum sjómanna og útgerðarmanna, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Siglingastofnun Íslands.

Unnið var að málinu í nánu samstarfi við aðra hagsmunaaðila og siglingaráð. Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands var kynning á verkefninu og var öllum sem láta sig öryggismál sjófarenda varða gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum að.

Til að geta betur metið leiðir sem þarf að fara til að bæta öryggi sjófarenda almennt var óskað eftir athugasemdum og tillögum frá sjómönnum, útgerðum og öllum sem málið varðar. Tekin voru saman ýmis sjónarmið sem fram hafa komið í skýrslum og almennri umræðu, svo sem í blöðum, tímaritum og á ráðstefnum. Sérsniðnar spurningar um öryggismál voru sendar til útgerðarfyrirtækja og sjómanna. Svör bárust frá um 120 starfandi sjómönnum og auk þess komu fram ýmsar aðrar skriflegar og munnlegar athugasemdir, alls um 600 talsins. Þessi mikli fjöldi athugasemda og tillagna ber vott um þann gífurlega áhuga sem er á öryggismálum sjómanna og hversu brýnt er orðið að hefja framkvæmd á samræmdri langtímaáætlun.

Við undirbúning málsins voru teknar saman upplýsingar úr þeim tilkynningum um slys á sjómönnum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins árið 1999. Skoðaðar voru nýlegar sjóslysaskýrslur og rætt var við ýmsa aðila sem hafa góða þekkingu á ákveðnum sviðum öryggismálanna.

Þegar áðurnefnd atriði höfðu verið skoðuð og metin dró verkefnisstjórn út atriði varðandi öryggismálin og tengd málefni sem skoða ætti sérstaklega. Í framhaldi af því skilaði verkefnisstjórn tillögum sínum um þau atriði þar sem úrbóta er þörf og voru helstu niðurstöður hennar eftirfarandi:

1. Útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála um borð sé í góðu horfi.

2. Megináherslur í öryggismálum þarf að leggja á forvarnir gegn slysum og óhöppum.

3. Af hálfu hins opinbera er Siglingastofnun Íslands með öryggismál sjófarenda undir yfirstjórn samgrn.

4. Samgrn. hefur frumkvæði að því að hlutverk allra sem að öryggismálum sjófarenda koma verði skilgreint og efld verði samvinna og samstarf þeirra aðila.

5. Siglingastofnun Íslands geri fyrir hvert ár framkvæmdaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgrh. staðfesti.

6. Opinberar stofnanir og aðrir sem að öryggismálum sjófarenda vinna sendi skýrslu til Siglingastofnunar Íslands fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði öryggismála sjófarenda.

Tilgangurinn með tillögu þessari er að gera langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda á árunum 2001–2003 með því að setja af stað sameiginlegt átak allra aðila sem að öryggismálum sjófarenda koma og er Siglingastofnun Íslands falið að vera nokkurs konar samnefnari fyrir þá. Markmið átaksins er að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu eftir því sem nánar er ákveðið í áætluninni. Hlutverk hvers og eins sem vinnur að öryggismálum sjófarenda verður skilgreint og er stefnt að því að slysum til sjós fækki um a.m.k. þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa. Samkvæmt tillögunni á samgrh. fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, að leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunar í öryggismálum sjófarenda og hvernig miði í átt að settu marki. Hér eru dæmi um helstu verkefni sem samkvæmt tillögunni er lagt til að í verði ráðist:

Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti.

Gert verði sérstakt átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta.

Átaksverkefni í fræðslu og áróðri.

Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga.

Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi.

Samræmd slysa- og sjúkdómaskráning.

Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta.

Gerð verði úttekt um kostnað vegna sjóslysa.
Slysatryggingamál sjómanna verði skoðuð.
Fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum sjómanna.
Notkun öryggis- og gæðastjórnunarkerfa.
Öryggistrúnaðarmannakerfi verði tekið upp í fiskiskipum.
Eftirlit með öryggisþáttum verði eflt.
Auknar rannsóknir og úttektir á sviði öryggismála skipa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni tillögunnar og vísa að öðru leyti til greinargerðar með henni.

Að endingu vil ég leggja áherslu á að sjóslys við Ísland eru allt of tíð og verður að leita allra leiða til að fækka þeim. Mikilvægt er að allir leggi sitt af mörkum til að svo megi verða. Sú till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem hér er lögð fram er mikilvægt skref að því marki.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. samgn.

[16:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessa þáltill. og honum og mönnum hans fyrir það mikla starf sem hér hefur verið lagt af mörkum í þeirri viðleitni að sporna við þeirri miklu slysatíðni sem um nokkurra áratuga skeið hefur verið allt of há meðal íslenskra fiskimanna og hjá farmönnum.

Ég hlýt að koma inn á það að fyrrv. hæstv. samgrh. skipaði fimm alþingismenn í nefnd, þann sem hér talar, sem gegndi formennsku, Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Gísla S. Einarsson og Kristin H. Gunnarsson. Nefndinni var ætlað að gera tillögur að úrbótum í öryggismálum sjómanna.

Þessi hv. nefnd skilaði síðan af sér í júnímánuði 1998 og lagði til ýmsar úrbætur í öryggismálum sjómanna upp á 18 liði. Hins vegar var skýrslan ekki nema upp á þrjár blaðsíður og vakti það nokkra athygli og umræðu.

Það verður að segjast eins og er að þegar nefndin fór á stúfana og fór að fjalla um þetta mál var hún sammála um að það lægi ljóst fyrir hvar skórinn kreppti helst að í öryggismálum sjómanna og taldi ekki ástæðu til að vera með langlokur í því máli, búa til mikla skýrslu með miklu lesefni heldur að komast að kjarna málsins.

Þá kem ég að þeirri ágætu þáltill. sem hæstv. samgrh. var að mæla fyrir. Þar má sjá að flest þeirra atriða sem þessi fimm manna þingmannanefnd komst að eru einmitt tekin upp og eru í þessari ágætu þáltill. Ég vildi aðeins koma inn á, með leyfi hæstv. forseta, nokkur atriði sem eru mjög mikilvæg og skipta sjómannastéttina miklu máli. Það er t.d. um skipulegar æfingar og þjálfun og útgáfa samræmdrar fræðslu um hífingarbúnað. Merkingar á hættusvæðum í skipum. Slysa- og óhappaskráning í skipum. Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast. Síðan eru fleiri atriði eins og slysatryggingamál. Bótarétt sjómanna þarf að skoða og þurfa stjórnvöld, samtök sjómanna og útgerðir og tryggingafélög að vinna saman að útfærslu málsins.

Þetta er eitt af því sem þingmannanefndin gerði að nokkru máli í skýrslu sinni. Sannleikurinn er sá að þetta er eitt það alvarlegasta vandamál sem sjómannastéttin hefur staðið fyrir vegna þess að þegar slys verður á skipi hefur það undantekningarlaust verið þannig að þegar leitað er eftir bótarétti sjómannsins þarf hann að sanna sök. Það er með ólíkindum á þessum tíma að svo skuli vera. Hins vegar varð í síðustu kjarasamningum milli Sjómannafélags Reykjavíkur og útgerða kaupskipa mikil og góð breyting gerð á þessum þætti í þá veru að nú eru sjómenn nánast kaskótryggðir.

Þetta er eitt þeirra atriða sem deilt er um í þeim kjarasamningum sem standa nú yfir milli fiskimanna og útgerðar fiskiskipa. Vonandi finnst lausn á þessu vegna þess að það mátti sjá í mörgum tilvikum þegar slysaskýrslur voru gerðar að þar virtust menn fara út og suður og hlaupast undan raunveruleikanum í þessu máli tryggingabótanna vegna. Þetta er því hið besta mál og vissulega full ástæða til að hér sé tekið á.

Ég hnaut um það í þessari þáltill. að nauðsynlegt væri að endurnýja sjókort og að hafa þau aðgengileg sem víðast. Fyrir nokkrum dögum, virðulegi forseti, fékk ég svar frá dómsmrh. við spurningu minni um sjómælingar við Ísland þar sem ég spurði frá hvaða tíma væru elstu dýpistölur sjómælinga við Ísland, sem enn er stuðst við á sjókortum, og hverjir önnuðust þær mælingar? Svarið er eftirfarandi:

Elstu dýptarmælingar sem stuðst er við eru frá árunum 1890–1913. Danir önnuðust þessar mælingar og ná þær hringinn í kringum landið. Í einstökum tilvikum er stuðst við eldri mælingar svo sem í Breiðafirði en þær voru gerðar 1860 af Frökkum. Hér er vissulega verk að vinna. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. hafi áhrif þar á. Sagt er að til þess að koma sjókortum við Ísland í gott lag, miðað við þann vinnuhraða sem viðgengst nú hjá Sjómælingum Íslands, muni það taka næstu 30–40 árin.

Annað sem er líka farið inn á, og er hið besta mál, er skipulag skyndiskoðana á skipum. Það þurfi að skipuleggja. Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt. Við höfum komið inn á það að það er með ólíkindum að ef krani eða lyftari er uppi á bryggju þá þurfa menn að hafa sérstök próf og hafa farið í sérstök námskeið til að læra að hífa og vinna með lyftara. En ef sömu tæki eru flutt um borð í skip þarf enga pappíra, engin skírteini, engan lærdóm. Svo er það sérkennilega að þegar slys verður á bryggju þá kemur Vinnueftirlit ríkisins, en þegar slys svo verður um borð í skipi sem liggur við bryggju þá kemur sjóslysanefnd. Þarna þarf vissulega að gera einhver skil á milli.

Við nefndarmenn í þeirri nefnd sem gerði tillögur um úrbætur í öryggismálum sjómanna komum líka inn á að það væri með ólíkindum að Siglingastofnun tæki ekki út burðarþol lása, slitálag víra, og hvernig ástand blakka og hífibúnaðar væri vegna þess að þar verða slysin. Þar er slysatíðnin mest um borð í skipum. Hún er í kringum þennan tröllaukna og mikla hífibúnað fiskiskipanna. En hér er gerð tillaga um betra eftirlit og það er af hinu góða.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum. En ég vil aðeins ítreka ánægju mína með að hér skuli vera komin fram till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda og það er nýtt. Það hefur aldrei gerst áður að svo mikil áhersla sé lögð á öryggismál sjómanna eins og hér er gert og ber vissulega að fagna því. Ég vænti þess að samgn., þar sem ég á sæti, muni vinna þetta mál hratt og vel.

[16:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég stend upp til þess að lýsa fullum stuðningi við till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Segja má að það hafi verið löngu tímabært að koma með slíka þáltill. og ég trúi ekki öðru en hún fái góða afgreiðslu á þinginu. Okkur ætti a.m.k. ekki að vera neitt að vanbúnaði með að fara yfir hana og afgreiða hana. Eftir því sem hér er gerð grein fyrir virðist hafa verið mjög góður undirbúningur og mikil vinna lögð í tillöguna, bæði faglega og eins er mjög ánægjulegt að hér sé gerð áætlun til þriggja

ára og áætlun um hvað þetta muni kosta á ári. Maður getur haft á þessu fulla trú og vonað að þetta verði ekki bara á pappírnum heldur munum við á sama tíma samþykkja fjármagn til þessara hluta sem verði nýtt eins og hér er gerð tillaga um.

Slys á sjómönnum eru því miður allt of tíð og slysin eru mjög oft alvarleg. Eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi áðan er það einmitt aðstaða um borð eins og vírar og toghlerar og svo bara veiðibúnaðurinn sjálfur sem eru slysavaldar, áhættuþættirnir eru vel sundurgreindir og mikil áhersla lögð á forvarnastarf. Raunar er lagt til að meginhersla í öryggismálum verði lögð á forvarnir gegn slysum og óhöppum. Til að svo geti orðið verði útbúnir fræðslubæklingar, námskeið og annað slíkt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þessa þáltill., ég vildi lýsa fullum stuðningi við hana og óska okkur öllum og sjómönnum til hamingju með að þessi vinna fari í gang og vona að hún skili tilætluðum árangri og að slysum fækki í nánustu framtíð.

[16:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir þá till. til þál. sem hann leggur fram um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Ég tel að í rauninni sé verið að leggja fram mjög vel unnið plagg og góðar ábendingar. Þó ævinlega sé það svo að menn geti bent á einhver atriði sem þeim finnst að leggja eigi meiri áherslu á þá er sú skoðun auðvitað misjöfn milli manna um það hvar slíkar áherslur eigi að leggja.

Í sumum tilvikum finnst manni kannski að það hefði mátt marka meiri tekjur en ég held þó að hér sé lagt upp með mjög góða vinnuaðferð til næstu ára um það hvernig megi stuðla að góðri þróun í öryggismálum sjófarenda. Þess vegna endurtek ég þakkir mínar til hæstv. samgrh. varðandi þetta mál í heild sinni og vona að það verði okkur öllum til góðs.

Mig langar hins vegar kannski að varpa inn nokkrum spurningum. Í fyrsta lagi langar mig að forvitnast um það hvenær STCW-F verður formlega staðfest af Íslands hálfu ef ráðherrann gæti svarað því nú eða síðar.

Síðan langar mig auðvitað að víkja almennt að því sem kemur fram í hinum ýmsu liðum sem fjallað er um.

Ég vil samt áður en ég fer að víkja að einstökum liðum láta þess getið að sjónarmið mitt er það almennt í öryggismálum að aldrei verði til betra öryggistæki en skipið sjálft. Það sé í raun og veru mesta og besta öryggismál hvers sjómanns og ekki síst skipstjórnarmanns að sjá til þess að skipið sjálft sé þannig búið og því þannig hagað til að á það megi treysta en hann sé ekki með allan hugann við það að treysta á öryggisbúnaðinn. Öryggisbúnaðurinn á fyrst og fremst að vera búnaður til þess að bregðast við á neyðarstundum og menn eiga að vera með sjónarhornið að langmestu leyti á búnað og viðhald skipsins sjálfs enda verða því miður langflest slysin um borð í skipunum. Það er þar sem langlíklegast er að við getum komið með virkar úrbætur með því að þar sé skipulega og vel staðið að verki.

Það eru hins vegar nokkur atriði sem mig langar til að forvitnast um. Mig langar m.a. til að vita hvernig verður þjálfun í Slysavarnaskóla sjómanna hagað að því er varðar þyrlumálin svokölluðu? En það er í raun og veru samstarf Landhelgisgæslunnar annars vegar og Slysavarnaskólans hins vegar um að þjálfa sjómenn sem fara í gegnum námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna í að vera í sjónum, kunna að vera í búningum, kunna að bregðast við þegar þyrla kemur og standa bara yfirleitt rétt að málum. Ég hef litið svo á að þessi þjálfun væri afar nauðsynleg fyrir sjómenn. Ég hef líka litið svo á að hún væri nauðsynleg fyrir Landhelgisgæsluna. Ég hef þess vegna átt svolítið erfitt með að skilja á undanförnum árum þær miklu kröfur sem Landhelgisgæslan hefur sett fram um að fá sérstakar greiðslur fyrir þá tíma sem þeir eru í þessari starfsþjálfun með sjómönnunum.

Það er einfaldlega þannig að þyrluflugmenn Landhelgisgæslunnar þurfa að stunda flug og þurfa að stunda æfingar. Og það hlýtur að vera svo hjá Landhelgisgæslunni að þeir tímar sem notaðir eru í flugtíma við þjálfun á nemum í Slysavarnaskóla sjómanna hljóta líka að gagnast starfsmönnum Landhelgisgæslunnar til þjálfunar og viðhalds þekkingar sinnar.

Þess vegna held ég að þetta sé mál sem menn þurfi að leysa og það er óviðunandi að menn séu alltaf að deila um þessa fjármuni sem Slysavarnaskólinn á að greiða til Landhelgisgæslunnar fyrir þá þjónustu, sem ég tel að Landhelgisgæslan þurfi virkilega líka á að halda. Og þetta ætti í raun og veru að vera sameiginlegt þjálfunarprógramm Landhelgisgæslunnar og Slysavarnaskólans sem nýtist báðum.

Þess vegna spyr ég: Er búið að tryggja það til framtíðar litið hvernig þessum hlutum verður fyrir komið? Hvernig er um þetta samið?

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég hef verið nokkuð ósáttur við það hversu stífar kröfur Landhelgisgæslan hefur gert varðandi greiðslur fyrir slík þjálfunarnámskeið. Því að eins og ég sagði áðan þá tel ég að flugmenn Landhelgisgæslunnar og starfsmenn hennar um borð í þyrlunni hafi líka ákveðna þjálfun af því að taka þátt í þessum námskeiðum.

Þetta var um þyrluna, en úr því byrjað er að víkja að Slysavarnaskóla sjómanna, þá vil ég láta þá skoðun í ljós að ég tel að Slysavarnaskóli sjómanna hafi sannað vel getu sína og uppbyggingu í forvarnastarfi fyrir sjómenn á undanförnum árum. Og vonandi er það svo að fækkun dauðaslysa og slysa á skipum hefur m.a. orðið vegna þess að menn hafa fengið betri þjálfun, bæði til að forðast slys og eins ef þeir lenda í slysum, hvernig þeir eigi að bregðast við. Það tel ég að hafi reyndar sannast í nokkrum sjóslysum hér við land að einmitt sú þjálfun sem menn hafa fengið, og það hefur komið greinilega fram í viðtölum við sjómenn, hefur skipt sköpum á neyðarstundum.

Ég sé að hallar snöggt á tíma minn og er ég sennilega búinn með $^1/_4$ af ræðunni. En ég fæ vonandi tækifæri til þess að ræða þetta síðar.

Ég vil þó nefna eitt atriði áður en ég fer úr ræðustól. Það er sérstök reglugerð sem mér finnst vanta að setja þurfi um 30 brúttórúmlesta réttindanámskeið. Það er verið að kenna þessi námskeið úti um land og ég hef spurnir af því að mjög misjafn tími fari í að kenna þessi námskeið. Ég tel að nauðsynlega þurfi að fylgja eftir hvernig að þessu er staðið og að skilyrði séu uppfyllt og reglugerð í því sambandi.

Síðan þakka ég fyrir þetta mál enn og aftur.

[17:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill greina frá því vegna þeirra spurninga sem hv. þm. lagði fyrir hæstv. samgrh. að hann þurfti því miður að víkja af þessum fundi. Hann hafði gert ráð fyrir að þetta mál yrði á dagskrá miklu fyrr í dag og lofaði að mæta annars staðar kl. 5. Forseti mun sjá til þess að hæstv. ráðherra berist

þessar spurningar strax í fyrramálið og væntir þess að hann muni senda hv. þm. svör sem fyrst.

[17:04]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega svo að þegar þáltill. er lögð fram í svo viðamiklu máli sem öryggismál sjómanna eru, þá er eitt og annað sem menn sjá að betur hefði mátt fara. En ég hef þá trú að að fenginni samþykkt þáltill. sé auðvitað margt sem muni vinnast jafnhliða í málinu.

Aðeins út af þeim fyrirspurnum sem fram komu, þá get ég upplýst hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson um að þessi STCW-regla sem hann minntist á er í því frv. sem stendur til að leggja fram varðandi áhafnir íslenskra skipa. Í annan stað veit ég að samgrn. hefur óskað eftir því við utanrrn. að svokallað STCW-F, þ.e. fyrir fiskiskipin, verði staðfest svo fljótt sem verða má. Það gengur þar í gegn vegna þeirrar alþjóðasamþykktar sem þarna er verið að ræða um.

Ég veit einnig varðandi þyrluna, að í ráðuneytinu er núna verið að vinna að sérstökum þjónustusamningi við Slysavarnafélagið Landsbjörg þar sem einmitt verður gengið frá þeim þætti sem áhrærir þyrluna, þannig að hún verði áfram í þessu starfi.

Ég vil einnig aðeins geta þess sem þm. hv. hefur eflaust orðið var við og nefndi, þ.e. fyrirspurnir mínar í sambandi við flugflota Landhelgisgæslunnar, hvernig hann er nýttur til gæslu og björgunar og þar á meðal í æfinga í Slysavarnaskóla. Þar kom ýmislegt athyglisvert fram m.a. það sem hv. þm. kom inn á, kröfur um greiðslur sem við erum ekki allir sáttir um hvernig krafið er. En auðvitað eru slegnar tvær flugur í einu höggi, annars vegar æfingar fyrir sjómenn og fyrir flugmennina sem svo mikilvægu hlutverki gegna í sambandi við björgun, bæði til sjós og lands.

[17:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallavarðssyni fyrir þær upplýsingar sem hann lagði fram í málið og ég tel ekki að hann hafi beinlínis verið í andsvari við það sem ég sagði, en þetta voru gagnlegar upplýsingar. Þó vil ég vekja athygli á að áhafnalagafrv. svokallaða liggur í þinginu og í því er vitnað í STCW fyrir fiskimenn. Sú reglugerð hefur mér vitanlega ekki enn þá verið samþykkt, þ.e. fiskimannahlutinn, eða verið staðfest af íslenskum stjórnvöldum. Ég benti einmitt á þetta í ræðustól um daginn að það væri erfitt að koma með þetta áhafnalagafrv. inn í umræðuna í hv. þingi fyrr en það lægi þá fyrir að menn væru búnir að staðfesta fiskimannahlutann í STCW. Ég veit ekki hvort það er búið, en ég held ég hafi alla vega upplýsingar um að það standi þó til og vonandi verður það gert áður en við förum að ræða frv. sem beinlínis vitnar í þá reglugerð.

[17:08]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tillögunni er m.a. lögð áhersla á menntun og starfsþjálfun sjómanna. Það er á sínum stað vegna þess að eins og margoft hefur komið fram eru vinnuslys, slys til sjós, afskaplega algeng og Lífeyrissjóður sjómanna hefur sérstöðu hvað það varðar hversu hátt hlutfall útgreiðslna hans eru örorkugreiðslur.

Hér er fjallað um starfsþjálfun og menntun á bls. 15 í greinargerð þáltill. Það er ljóst að verkstjórn hefur sitt að segja um hversu mikið öryggi starfsmanna er. Oft lenda óvanir menn í slysum og þess vegna vildi ég gjarnan heyra álit hv. þm., sem er menntaður og reyndur skipstjórnarmaður, hvort hann telji að sú breyting sem gerð var á skipstjórnarnámi fyrir nokkrum árum þar sem bóklegi þátturinn var lengdur um tvö ár en verklegi þátturinn skorinn niður um $^3/_4$ sé í einhverju samræmi við það sem menn eru síðan að leggja hér til varðandi þjálfun. Eins og hér segir, með leyfi forseta: „Verknám er mikilvægt til að þjálfa nemendur í siglingu, veiðum, hífingum og að sigla skipi að og frá bryggju. Þessi atriði skulu vera hluti af starfsþjálfun stýrimannsefna." Spurning mín er þessi: Telur hv. þm. að sex mánuðir nægi væntanlegum yfirmanni á fiskiskipum okkar miðað við þær kröfur sem við hljótum að gera og ég nefni nú bara það sem hér er skrifað?

[17:10]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég tel að það sé ívið það stysta til að duga til þess. Þetta var hins vegar ákvörðun um að meiri þjálfun skyldi fara fram á landi. Og þetta tengdist m.a. þjálfun skipstjórnarmanna með siglingu skips í svokölluðum samlingi sem er staðsettur í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Síðan var gert ráð fyrir að meiri verklega þjálfun þyrfti og það er gert ráð fyrir því m.a. í þessum reglum fyrir fiskimenn, STCW, að undirmenn skuli hafa gengið sérstaka vakt undir handleiðslu stýrimanns. Þess vegna er það að verið er að færa áhersluna kannski til. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að þessir sex mánuðir er mjög knappur tími í þessa veru. En menn töldu að rétt væri að taka þetta svona upp, þannig að menn gætu farið inn í námið í Stýrimannaskólanum beint áfram og þess vegna væri verið að auðvelda mönnum að fara inn í stýrimannsnámið. Hins vegar væru uppi hugmyndir um það núna í Stýrimannaskólanum, mér er kunnugt um það vegna þess að ég sit í skólanefnd Stýrimannaskólans, að breyta þessu aftur og vega meira inn starfsreynsluna. Ég held að það verði niðurstaðan þegar menn eru búnir að horfa á þetta núna í tvö, þrjú ár, að það verði gert, þ.e. að starfsreynslan verði aftur nokkuð meira metin.

[17:12]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með þá niðurstöðu sem mér heyrist hv. þm. vera kominn að, vegna þess að ég met skoðun hans í þessu máli vegna þeirrar reynslu sem hann hefur, bæði sem skipstjórnarmaður og vegna þeirrar reynslu sem hann hefur af setu í skólanefnd Stýrimannaskólans.

Sannfæring mín er sú að það hversu mjög hefur fækkað í stýrimannsnámi sé að hluta til vegna þessara breytinga. Við þekkjum það vel að oft voru það reyndir sjómenn sem ákváðu að fara í skóla eftir að þeir voru orðnir sannfærðir um getu sína til sjós. Í dag virðist hins vegar vera reiknað með því að ungir karlar afli sér bóknáms og síðan taki þeir ákvörðun um hvort þeir ætli að verða sjómenn. Ég held að rangt sé í þá hluti farið. Ég kem sjálf úr sjómannafjölskyldum og horfi líka á það sem unglingakennari þar sem ég horfði á eftir sumum strákunum mínum á sjó og sumir skiluðu sér inn í Sjómannaskólann. Niðurstaða mín er orðin sú að þessi breyting hafi grafið undan stýrimannanáminu í raun og veru. Ég veit ekki einu sinni hvort það var í lagi að gera þessa tilraun, því að hún var gerð að mínu mati vanhugsað, vegna þess að í rauninni voru til rannsóknir sem sýndu okkur að það er fleira sem skiptir máli en hið bóklega þegar kemur að skipstjórn.

[17:14]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hæstv. samgrh. hefur flutt er um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem á að standa frá árinu 2001–2003. Það má spyrja, um leið og ég þakka fyrir þetta mál sem hér er flutt og mér sýnist vera mjög gott, hvers vegna þetta heitir langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, sem á að standa bara í þrjú ár, spurning hvort þarna sé ekki um stystu langtímaáætlun að ræða sem menn ætla að fara í hin síðari ár. En það væri kannski frekar um hvað eigi að koma þarna eftir árin 2003.

Þessi þáltill. er um átak í öryggismálum sjómanna og ber að sjálfsögðu að þakka það. Það verður aldrei of mikið gert í þeim málum. Meginmarkmið þáltill. er að slysum til sjós fækki um a.m.k. þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa.

Síðan finnst mér mjög gott og að það sé tímasett að í þessari þáltill. er fjallað um það að samgrh. skuli fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunar í öryggismálum sjómanna. Þetta tel ég vera mjög gott og hlýtur að vera til að veita aðhald í þessu máli þannig að það verði meira en að tillagan sé samþykkt og síðan fari þetta í einhvern hægagang. Mér sýnist að með þessu sé lagt til að þarna eigi að vinna vel að framkvæmdum málsins.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er verið að fjalla um að fækka slysum um a.m.k. þriðjung og að sama skapi að draga úr tjóni vegna sjóslysa. En einmitt þegar þetta er lesið og það sem fylgir með sem segir á bls. 6 um kostnað vegna slysa og óhappa, með leyfi forseta:

„Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, „Kostnaður vegna sjóslysa á Íslandi", sem gerð var árið 1998 fyrir landlæknisembættið er árlegur heildarkostnaður vegna sjóslysa metinn á bilinu 3,2–4,3 milljarðar króna á verðlagi ársins 1997." — Síðan segir, sem ég ætla nú ekkert að lesa, að það megi álykta að þessi upphæð sé í rauninni miklu hærri ef allt væri tekið til og ég er sannfærður um að svo sé.

Herra forseti. Þó að ekki sé nema þessi þáttur er fullkomlega eðlilegt að töluvert sé gefið í og tekið verulega á í þessum málum, vegna þess hve kostnaður samfélagsins, útgerða og annarra, er mikill hvað þetta varðar, að maður tali ekki um önnur atriði sem inn í þetta blandast eins og sárindi og það sem því fylgir.

Þess vegna hefði ég gjarnan viljað spyrja hæstv. samgrh. út í gjaldáætlun sem fylgir með þessari þáltill. um hvað þetta muni kosta, það er áætlað að þetta kosti 10 millj. árið 2001, 15 millj. árið 2002 og 20 millj. árið 2003, eða samtals 45 millj. kr. Eru þetta virkilega nægilegir fjármunir til að gera það mikla átak sem þarf að gera í þessum efnum?

Enn fremur finnst mér mjög athyglisverð sú tillaga sem hér kemur fram á bls. 9 um öryggisfulltrúa, en þar segir svo:

„Koma þarf á öryggistrúnaðarmannakerfi fyrir áhafnir skipa sambærilegu og til er fyrir fyrirtæki í landi.

Öryggisfulltrúar útgerðar og áhafnar væru skipaðir í stærri skipum og stuðla þyrfti að því að þeir séu virkir. Skilgreina þarf verk- og valdsvið öryggisfulltrúa og útbúa þarf fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir störf þeirra." — Svo segir m.a. í þessum kafla.

Herra forseti. Þarna er vitnað til trúnaðarmannastarfa í landi, trúnaðarmannastarfa stéttarfélaga og ég held þess vegna að það sé ákaflega mikilvægt að þessir öryggisfulltrúar fái svipaða stöðu gagnvart vinnuveitendum sínum vegna þess að við vitum það og þekkjum að oft lenda trúnaðarmenn í hinum ýmsu stéttarfélögum í miklum vandamálum. Þeir lenda oft og tíðum upp á kant við atvinnurekandann. Svo gæti einnig verið þarna og þess vegna hlýtur að vera mjög brýnt að staða öryggisfulltrúa um borð í skipum sé ákaflega vel tryggð í kjarasamningum. Ég veit ekki alveg hvernig á að koma að því máli og vil helst ekki ræða það meira vegna þess að kjarasamningar sjómanna eru eins og við vitum mikið ræddir einmitt á þessum degi og vonandi tekst þeim að ljúka samningum fyrir kl. 11 í kvöld þannig að ekki komi til verkfalls.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er megináhersla í þessari þáltill. hvað varðar öryggismál sjómanna, forvarnir gegn slysum og óhöppum. Mér finnt mjög gott að svör skuli hafa borist frá 120 sjómönnum við þeim spurningalista sem sendur var út, að sjómenn hafi verið svo virkir við að tjá sig um þessi mál. Þar sem ég sit í hv. samgn. ætla ég ekki að hafa þetta lengra hér í umræðunni og segi að það var verst að hæstv. samgrh. gat ekki verið við þessa umræðu, það eru nokkrar spurningar í viðbót sem ég hefði viljað bera fram en þær bíða og verða lagðar fram í hv. samgn.

[17:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Líkt og sá hv. þm. sem flutti hér ræðu áðan á ég einnig sæti í samgn. og fæ því tækifæri til þess að fjalla þar um svokallaða langtímaáætlun sem er sennilega stysta langtímaáætlun sem ég hef augum litið en henni lýkur árið 2003 ef marka má þetta plagg. Ég veit ekki hvort það er tilviljun eða hvað en það er von okkar ýmissa hér að það verði síðasta ár hæstv. samgrh. í embætti svo við skulum vona að það gangi á eftir og hæstv. ráðherra miði þá við það kjörtímabil sem lýkur þá árið 2003.

Það breytir ekki hinu að því ber að fagna að menn komi fram með hugmyndir af þeim toga sem hér eru lagðar fram og menn setji sér háleit markmið eins og hér er gert, þ.e. að reyna að fækka slysum til sjós um a.m.k. þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa. Því ber að fagna að menn hafi þann metnað til að bera að reyna að ná þessum árangri. Þess vegna lýsi ég því yfir líkt og aðrir sem hér hafa talað að ég fagna því að þessi till. til þál. er lögð fram.

Það er hins vegar þannig og það þekkjum við mætavel, hv. þm. á hinu háa Alþingi, að oft er lagt af stað í hin ýmsu mál með háleit markmið og miklar væntingar. Skemmst er að minnast merkrar byggðaáætlunar nokkurrar þar sem vinna átti lönd og höf og allt sem fyrir yrði í þeim efnum. En það er líka þannig að til að ná þessum markmiðum og til að standa undir þeim væntingum sem menn leggja upp með þá þarf oftar en ekki að leggja í það fjármuni. Það þarf að leggja í það fé. Þegar maður fer yfir þau háleitu markmið sem hér er lagt upp með, sem er skipt í fjórtán þætti, fer ekki hjá því að sú hugsun hvarfli að manni að þetta sé að einhverju leyti eða a.m.k. í og með dálítil sýndarmennska því að það er ekki mikið fjármagn sem menn hyggjast leggja í þennan málaflokk. Til þess að taka hér dæmi af handahófi og kannski byrja á lið nr. 1 um helstu verkefni:

Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti. — Þar eru tilgreindir þættir eins og samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum.

Endurmenntun skipstjórnarmanna.

Fræðsla og þjálfun í stöðugleika.

Verk- og öryggisstjórnunarfræðsla fyrir yfirmenn á skipum.

Öryggisfræðsla sjómanna á fimm ára fresti. — Á fimm ára fresti, virðulegi forseti, en þetta er langtímaáætlun til þriggja ára.

Námskeið í notkun og meðhöndlun búnaðar til hífinga.

Námskeið fyrir leiðsögu- og hafnsögumenn.

Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er.

Þegar bara þetta er lesið er alveg ljóst að til þess að geta hrint þessu í framkvæmd þarf að leggja verulegt fjármagn í þetta en á árinu 2001 er ætlað að leggja í þetta 1.300 þús. kr. Með fullri virðingu fyrir þeim væntingum og metnaði sem menn leggja upp með held ég að flestum ætti að vera ljóst að það næst ekki mikið með þessu fjármagni, a.m.k. ef marka má þau markmið sem hér er lagt upp með. Enda virðist mér það líka vera svo þegar maður skoðar þessa langtímaáætlun til þriggja ára og í samanburði við það má kannski rifja upp að áætlanir austur í Sovét voru jafnan til fimm ára þó að kannski megi einnig halda því fram með rökum að þær hafi ekki allar gengið eftir.

En það breytir ekki hinu að hér hefur verið mjög vandað til verka í upphafi. Hér hafa verið fengnir valinkunnir menn til að gera þessar tillögur enda má glöggt greina þegar þessar tillögur eru skoðaðar og þessir fjórtán liðir eru skoðaðir að menn setja háleit markmið og menn gera væntingar til þessa. Hins vegar verð ég að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst eins og hæstv. samgrh. hafi annaðhvort ekki haft getu eða vilja til þess að leggja í það fé til að ná þessum markmiðum. Ég er því ekki viss um að þegar til kemur að það fjármagn sem hér er áætlað að setja í þetta dugi langt þegar á reynir. Það breytir því ekki að mjór er mikils vísir og ég vænti þess að menn komist eitthvað áleiðis með þetta.

Kannski er ástæða til þess að nefna það líka að slys á sjómönnum hafa verið gríðarlega mörg og bara tilkynningar um slys á sjómönnum fyrir árið 1999 eru 381. Án þess að ég hafi nákvæmar tölur yfir það þætti mér ekki ólíklegt í ljósi þess kerfis sem við rekum í sjávarútvegi og fiskveiðum að sjómönnum hafi jafnframt eitthvað fækkað líka svo þessar tölur segja ekki allt um það hvort þessi mál hafi horft til framfara undanfarin ár eða hvort þær eru í hlutfalli við fjölda sjómanna.

Ég vil enn fremur taka undir flest sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan enda kannski sá maður hér sem hefur mesta reynslu af þessum málum og virkilega ástæða til að hlýða á það sem hann hefur til þessara mála að leggja.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að hér sé um nokkuð metnaðarfullt plagg að ræða þá er það svo þegar menn gera slíkar áætlanir að þá verður að leggja í það fjármagn. Við höfum dæmi um margar áætlanir sem gengu ekki eftir sökum þess að fjármagn hafi verið af skornum skammti eða hugmyndir þess eðlis að ekki hafi verið möguleiki á að ná þeim árangri sem að var stefnt. En jafnframt að mjór er mikils vísir og ég vænti þess að þrátt fyrir að ekki sé mikið fjármagn lagt í þetta, muni þetta verða skref fram á við.

[17:28]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. sem síðast talaði, Lúðvíki Bergvinssyni, að segja má að hér séu kannski ekki miklar tölur sem fylgja þessu máli hvað varðar væntanlegan kostnað. Mér þykir þó rétt að benda á að oft deila menn um að flugslysanefnd hafi ekki mikið fjármagn á milli handa á fjárhagsáætlun eða af fjárlögum en komi það hins vegar upp að það þurfi að vinna mikið verkefni þá er það mál auðvitað leyst. Það mun væntanlega verða eins hér. Hér eru menn að sigla í gott mál sem mun væntanlega verða enn frekar til að slysum á sjómönnum fækkar. Frá því slys voru fyrst skráð má segja að það hafi verið um og yfir 500 slys á hverju einasta ári. Hins vegar er nú svo komið, eins og hér kemur fram, að frá 1997 til 1999 hafa þau verið rétt rúmlega 400 á ári og það er vel. Þarna kemur Slysavarnaskóli sjómanna vel inn í.

Ég tel hins vegar að það skref sem hér er stigið sé af hinu góða. Ég trúi því líka að margt af því sem hér er tiltekið sé ekki beinn kostnaður vegna þáltill. sjálfrar sem slíkrar heldur komi fagskólarnir inn í og fleiri aðilar. Ég bendi t.d. á það og oft höfum við, margir skipstjórnarmenn, tekist á um það að í skólum skipstjórnarmanna skuli kennd verkstjórn, vinnuhagræðing og vinnusálfræði. Það er það sem vantar, að menn geti, þekki og kunni að stjórna fólki í svo áhættusömu starfi sem t.d. starf hásetans er á fiskiskipi. Allt það sem hér er tiltekið mun auðvitað leiða til þess að menn fari að ígrunda þetta alvarlega. Við þekkjum það líka að það er oftar en ekki sem það gerist þegar sjómaður slasast að skipið siglir að landi, þeim slasaða er hent í land og skipið heldur til hafs aftur. Þetta, þ.e. langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, mun því væntanlega leiða til betri daga.

[17:30]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri verulegan samhljóm í máli mínu og máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Við erum sammála um að sjómenn stundi einhver hættulegustu störf sem hér eru stunduð og slysin eru í samræmi við það. Því beri okkur að tryggja eins og kostur er öryggi sjómanna.

Mér heyrist líka að kannski sé flötur á því í þessu máli að við tökum höndum saman ásamt fleiri þingmönnum og leggjum til við næstu fjárlagagerð að auknum fjármunum verði varið í þetta svo mögulegt sé að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og það skal ekki standa á mér í þeim efnum.

[17:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fundið góða strauma á milli mín og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar á fundum samgn. um ýmis góð mál. Ég efa ekki að þegar við sjáumst á haustdögum og setjumst í samgn. þá munum við meta hvernig til hefur tekist, hvað fram undan er og hvort þörf sé á frekara fjármagni, þá munum við auðvitað standa saman um það.

Ég vildi svo aðeins segja að það er þó eitt sem sker á milli mín og hans í þessu máli, þ.e. að hann vonast til að nýr samgrh. verði kominn eftir þetta kjörtímabil og þar skilja leiðir okkar. Ég tel að svo muni ekki verða.

[17:32]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og glöggt má greina þá held ég að við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson séum nokkurn veginn sammála um öll málsatvik í þessu. Ég er enn fremur sannfærður um að við munum ná saman um það hvernig við skiptum út núverandi hæstv. samgrh.

[17:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mig langar að bæta aðeins við það sem ég hóf máls á hér í fyrri ræðu minni. Ég nefndi Slysavarnaskóla sjómanna og mál sem honum tengjast. Ef menn ætla að koma á endurmenntun á slysavarnanámskeiðum á fimm ára fresti þá þarf náttúrlega að marka ákveðna tekjustofna fyrir Slysavarnaskólann. Ef við tökum upp svipað kerfi og Norðmenn, að sjómenn fari almennt í endurmenntun á fimm ára fresti í slysavörnum, þá veitir ekki af því.

Stýrimannaskólinn hefur séð um endurmenntun á ýmsum sviðum, m.a. í fjarskiptum, sjúkrahjálp, skyndihjálp og lyfjagæslu og ýmsum fleiri atriðum. Það sem af er þessu ári og á síðasta ári hafa yfir 230 menn farið í gegnum námskeið í Stýrimannaskólanum. Stýrimannaskólinn gegnir því stóru hlutverki í endurmenntun manna á ýmsum sviðum. Fyrir utan hið hefðbundna nám í Stýrimannaskólanum, þá sinnir Stýrimannaskólinn einnig svokölluðu 30 brúttórúmlesta réttindanámi á sérstökum námskeiðum. Þar hafa 44 farið í gegn á síðasta ári og það sem af er þessu. Við erum að tala um að í gegnum Stýrimannaskólann fari á rúmu ári um 250 manns á ýmis endurmenntunarnámskeið séu 30 brúttórúmlesta réttindin talin með. Stýrimannaskólinn er því kjarnaskóli á þessu sviði og þarf virkilega að huga að því.

Brýnt er að huga að endurnýjun á tækjabúnaði fyrir skólann og eins uppsetningu námskeiða, að þau séu metin eins og önnur kennsla sem Stýrimannaskólinn sinnir en ekki aðeins litið á þá nemendur sem þar eru í heilsársnámi, þ.e. tveggja anna námi. Einnig þarf að taka með í reikninginn þann fjölda sem fer í gegnum endurmenntunarnámskeiðin. Oft hefur verið talað um að nemendum í almennu námi í Stýrimannaskólanum hafi fækkað. Það er rétt en þó eru vísbendingar um að jafnvel sé von á fjölgun nemenda, að fleiri hafi sýnt náminu áhuga upp á síðkastið. Annakerfið sem tekið var upp við kennslu í Stýrimannaskólanum gerir það að verkum að menn geta farið hraðar í gegnum skólann, þ.e. ef þeir standa sig í náminu geta þeir bætt við sig og lokið náminu fyrr. Menn eru ekki allir jafnlengi í skólanum til lokaprófs og þar af leiðandi er annakerfið miklu liðlegra og frjálslegra en gamla bekkjakerfið var.

Það er eitt atriði varðandi öryggismál sem mig langar til að vekja sérstaka athygli á og það tengist þeim mikla fjölda smábáta sem gerðir eru út til heilsárs fiskveiða hér við land. Þegar talað er um smábáta í dag er það afar ólíkt þeim smábátum sem notast var við fyrir 20–30 árum síðan. Í dag eru þetta hraðskreiðir plastbátar, lokaðir að langmestu leyti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. í hliðarsalnum að gefa okkur hljóð.)

Bátarnir eru lokaðir að langmestu leyti og tiltölulega hraðskreiðir. Þar af leiðandi er hægt að sækja stífar á þessum bátum en áður var á álíka stórum bátum og sjóhæfni þeirra gefur fullt tilefni til þess. Það kallar jafnframt á að t.d. upplýsingar um veður og veðurspár séu mjög aðgengilegar. Staðreyndin er sú að þessir bátar, sem geta náð um 20 sjómílna hraða eiga þess kost, fái þeir upplýsingar um snöggar veðrabreytingar, að forða sér undan veðri.

Við munum nokkur slys sem hafa orðið. Ég man síðast eftir slysum sem urðu hér á Faxaflóa, vestur af Akranesi fyrir ekki mörgum árum, þegar snögg veðrabrigði urðu hér í Flóanum. Hefði mönnum verið kunnugt um það nógu tímanlega þá hefði vafalaust mátt forða þar slysum. Skipin hafa burði til þess að forða sér tiltölulega fljótt undan veðri. Þess vegna er veðurupplýsingakerfið sem m.a. hefur verið þróað á Siglingastofnun með veðurbaujum og ölduduflum afar mikilvægt. Menn treysta orðið á þetta við sjósóknina. Menn skoða veðurduflið og öldumælingarduflið áður en farið er til sjós og sjá hvort ölduhæðin er að minnka, hvort hún hefur minnkað á síðustu þremur klukkustundum eða sex og finna út vindátt og vindhraða. Þetta eru afar góðar upplýsingar sem hægt er að byggja á.

Þegar menn treysta á svona upplýsingar, sækja nokkuð stíft og miða við upplýsingar sem þeir telja sig geta treyst á, er vitanlega afar nauðsynlegt, ef snögg veðrabrigði verða, að þeim upplýsingum sé komið til smærri báta. Þeir eiga sannarlega möguleika á að forða sér undan veðri vegna þess siglingarhraða sem þeir búa yfir. Þetta þekkja auðvitað allir sem stundað hafa sjó, að það er hægt að forða sér undan veðri ef það er gert í tíma og enn meiri líkur eru til þess á jafnhraðskreiðum bátum og smábátar eru í dag.

Þetta held ég sé rétt að draga hér fram og vekja athygli á að bættar og betri veðurupplýsingar til sjófarenda geta skipt sköpum við að forða slysum. Strandveiðin er nú að stórum hluta stunduð á smábátum, a.m.k. frá sumum stöðum landsins og ekki endilega þaðan sem veður eru best.

Þetta vildi ég leggja til umræðunnar. Ég tel að upplýsingakerfið sem hannað hefur verið hjá Siglingastofnun sé til mikilla bóta en það megi kannski gera betur í sambandi við veðurspárnar.

Eitt atriði vil ég gera að umræðuefni að lokum. Það er útsýni úr brú skipa og í því sambandi vaktstaða í brú skipa. Það er afar nauðsynlegt að góð vakt sé staðin í skipum, að þar standi ávallt skipstjórnarmaður vakt og fylgist með siglingu og vinnu um borð í skipinu. Það þarf auðvitað sérstaklega að huga að því að ekki verði gengið á slíkt öryggi, m.a. í frv. sem liggur fyrir þinginu um áhafnir skipa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:41]

[17:53]

Útbýting þingskjala:

Áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna, 574. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 891.

Eftirlit með matvælum, 579. mál, fsp. KF, þskj. 896.

Framlög til hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka, 575. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 892.

Kynningarstarf Flugmálastjórnar, 576. mál, fsp. KolH, þskj. 893.

Uppgjörsaðferðir fjármálafyrirtækja, 577. mál, fsp. EKG, þskj. 894.

Viðbrögð við skýrslum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, 578. mál, fsp. KF, þskj. 895.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 843, nál. 886 og 888, brtt. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GunnB, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SoG, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, KVM, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:55]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Frv. sem hér er til afgreiðslu er fylgifiskur dóms Hæstaréttar frá 19. desember sl. og felur í sér að ríkisstjórnin viðurkennir að hluta þann rétt sem ellilífeyrisþegar telja sig eiga á grundvelli hans, en ekki á fullnægjandi hátt frekar en lögin sem afgreidd voru um svipað efni sl. janúar. Samfylkingin lýsir allri ábyrgð á frv. og meðferð málsins alls á hendur ríkisstjórninni og munum við sitja hjá við afgreiðslu þess.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem byggt er á sömu niðurstöðu og fengin var í öryrkjamálinu í janúar sl. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

[17:56]

Þuríður Backman:

Með hliðsjón af því að í frv. þessu er gerð réttarbót fyrir ákveðinn hóp ellilífeyrisþega þá leggst þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs ekki gegn afgreiðslu þess. En í ljósi þeirra ágalla sem tíundaðir hafa verið í nál., þ.e. að ekki var að fullu afnumin skerðing tekjutryggingar og að í öðru lagi voru bætur ekki greiddar aftur í tímann þá munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísum allri ábyrgð á lagasetningunni á hendur ríkisstjórninni.

2. gr. og ákv. til brb. I–II samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SoG, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, KVM, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 887 (nýtt ákv. til brb. III) samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SoG, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, KVM, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, PHB, SAÞ, SoG, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

2 þm. (GAK, GÖ) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KVM, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Framboð á leiguhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 512. mál. — Þskj. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, frh. fyrri umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:59]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 5.–13. mál.

Fundi slitið kl. 17:59.

---

92. FUNDUR

fimmtudaginn 15. mars,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

Almannatryggingar, stjfrv., 541. mál, þskj. 843 (með áorðn. breyt. á þskj. 887). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 541. mál (tekjutrygging ellilífeyrisþega). — Þskj. 898.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SoG, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, KVM, KF, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SP, SJS, StB, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 899).

Fundi slitið kl. 18:02.

93. FUNDUR

mánudaginn 19. mars,
kl. 4.30 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[Fundarhlé. — 16:29]

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[17:45]

Útbýting þingskjala:

Átak í lífrænni ræktun, 580. mál, fsp. ÞBack, þskj. 897.

Frestun á verkfalli fiskimanna, 581. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 907.

Fundi slitið kl. 17:45.

94. FUNDUR

mánudaginn 19. mars,
að loknum 93. fundi.

Dagskrá:

Frestun á verkfalli fiskimanna, stjfrv., 581. mál, þskj. 907. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:47]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni viljum ekki koma í veg fyrir að þetta mál komi hér á dagskrá, það ber hins vegar ákaflega brátt að. Nú á eftir að kanna viðhorf deiluaðila og við óskum eftir því að fá ráðrúm til þess á milli umræðna. Það skiptir okkur t.d. miklu máli að vita hver afstaða sjómanna er til þessa máls.

Við munum þess vegna ekki greiða atkvæði gegn afbrigðum heldur sitja hjá. Við höfum hins vegar alla fyrirvara á því hvort og hvernig við tökum þátt í að flýta afgreiðslu málsins gegnum þingið eins og lagt er upp með.

Það er aftur á móti bitur staðreynd að eftir þriggja og hálfs sólarhrings verkfall skuli ríkisstjórnin í reynd leggja til að því verði slitið með lögum. Það sýnir hvernig ríkisstjórnin hefur spilað þessu máli út í horn og ábyrgðin er því alfarið hennar.

[17:48]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta mál ber mjög brátt að. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun ekki styðja inngrip í kjaradeilu sjómanna með lögum. Þessa deilu á að leysa við samningaborð en ekki með lagaboði.

Frv. ríkisstjórnarinnar er komið fram. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun ekki leggjast gegn því á þessu stigi að málið komi til umræðu á Alþingi þannig að Alþingi gefist kostur á að heyra sjónarmið deiluaðila. Við munum því ekki greiða atkvæði gegn afbrigðum heldur sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu.

[17:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Enn á ný er komin upp sú staða að ríkisstjórnin leggur fram frv. um frestun á verkfallsaðgerðum sjómanna. Það er vonlaust fyrir sjómenn í þessari stöðu að ná samningum við útgerðarmenn þegar alltaf liggur fyrir að ríkisstjórnin er tilbúin að grípa inn í í kjaradeilur þeirra. Frjálslyndi flokkurinn mun greiða atkvæði gegn afbrigðum í þessu máli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: GAK, SvH.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, GHall, JÁ, KVM, KLM, LMR, SoG, StB) fjarstaddir.

Frestun á verkfalli fiskimanna, 1. umr.

Stjfrv., 581. mál. — Þskj. 907.

[17:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um frestun á verkfalli fiskimanna.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Verkfalli því er samtök fiskimanna hófu gegn félögum og samtökum útvegsmanna, um og undir miðnætti aðfaranótt 16. mars sl., er frestað til kl. 24.00 hinn 19. apríl nk. frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með miðnætti aðfaranótt 16. mars sl."

Verkfall það er hófst á fiskiskipaflotanum um miðnætti þann 15. mars sl. mun ef ekkert er að gert hafa í för með sér mikinn skaða fyrir atvinnulíf landsmanna og óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild. Sérstaklega er það alvarlegt mál að ekki tókst að ljúka veiðum á öllum loðnukvótanum. Þegar verkfallið hófst voru óveidd u.þ.b. 130 þús. tonn af loðnukvóta landsmanna. Má ætla að það samsvari allt að 1,5 milljörðum króna í útflutningsverðmætum. Með þeirri frestun verkfalls fiskimanna og tilsvarandi verkbanni útgerðarmanna, sem hér er lögð til, er gerð tilraun til að bjarga þessum verðmætum er ella væru landsmönnum að fullu glötuð.

Ljóst er að stöðvun almennra veiða og vinnslu á þessum tíma þegar vetrarvertíðin stendur sem hæst hefði alvarlegar afleiðingar fyrir sjómenn, fiskvinnslu og sveitarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Má benda á að fram hefur komið að hluti hefðbundinna vertíðarbáta hefur uppistöðu tekna sinna á þessum árstíma. Þá hefur stöðvun veiða á þessum tíma alvarlegar afleiðingar á saltfisksmörkuðum.

Einungis er lagt til að frestun verkfalls standi í einn mánuð. Ef ekki hefur samist fyrir þann tíma munu bæði verkfall og verkbann hefjast aftur og aðilar kjaradeilunnar því aftur hljóta full forráð yfir kjaramálum sínum.

Ég hef kynnt þetta mál fyrir deiluaðilum og vegna tilmæla hluta deiluaðila, sem telja að frestunin taki yfir of langan tíma, ónauðsynlega langan tíma af því að staða mála sé þannig að þess sé ekki þörf, mun ég á milli umræðna bera fram brtt. um að í stað 19. apríl nk. standi 1. apríl nk.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði ekki vísað til nefndar. Samkomulag hefur náðst milli þingflokka um aðra meðferð á málinu hér á Alþingi til að kynna afstöðu deiluaðila fyrir þingmönnum.

[17:53]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Af þessari stuttu framsögu hæstv. sjútvrh. fékk ég ekki betur skilið en að hæstv. sjútvrh. segði að samkomulag væri um það milli þingflokkanna á hinu háa Alþingi að þetta mál yrði ekki sent til nefndar. Ég kannast ekki við það samkomulag, herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst, eins og kom fram í atkvæðaskýringu minni áðan, að okkur sem eigum að fjalla um þetta mál sem lagt er hérna fyrir með svona óvanalegum hætti, verður að gefast ráðrúm til að kanna til hlítar viðhorf deiluaðila.

Ég sagði t.d. áðan, herra forseti, að það væri ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur í Samfylkingunni að fá að heyra afstöðu sjómanna til þessa máls. Það skiptir einfaldlega miklu máli. Málið er það viðamikið að ég tel að við þurfum að fá frv. til viðkomandi nefndar og ræða það þar. Ég tel ekki nóg að taka þetta bara inn í þingflokka heldur þurfi að brjóta það til mergjar í nefndinni. Ég segi þess vegna, herra forseti, að það kemur á óvart sem hæstv. sjútvrh. segir hér.

[17:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Menn skildu á fundi forsn. að málið væri þannig vaxið að sátt væri um að eftir þessa umræðu yrði gert hlé á fundinum þannig að stjórnmálaflokkunum gæfist tóm til að ræða við deiluaðila en það yrði ekki sent formlega til þingnefndar. Þannig var mér skýrt frá málinu. Það kann að vera að það sé misskilningur og sé það misskilningur þá heldur maður sig ekki við það. Þannig var málið kynnt fyrir mér, að sátt hefði verið um að milli umræðna yrði málinu frestað og menn tækju þann tíma sem þyrfti til að ræða við forustumenn deiluaðila.

Það má vera að þetta sé misskilningur, ég vil gjarnan fá þetta skýrt.

[17:55]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af orðum hæstv. forsrh. taka fram að á fundi forsn. klukkan fjögur lét ég þess getið að ég teldi allar líkur á að fulltrúar stjórnarandstöðu mundu óska eftir því að milli umræðna gæfist tóm til þess að stjórnarandstaðan ræddi við deiluaðila og fengi viðhorf þeirra til stöðu mála. Það var áður en ég heyrði óskir stjórnarandstöðunnar þar um en þær höfðu hins vegar verið látnar í veðri vaka.

Ef uppi er ágreiningur um með hvaða hætti þetta ráðrúm verði notað, sem ég hygg að sé góð samstaða um hér í þingsalnum, þ.e. eftir 1. umr., hygg ég að ráðið sé að forseti hitti fulltrúa þingflokkanna og fari yfir það.

Umfram allt legg ég áherslu á að góð sátt sé um að ráðrúm gefist, hvort heldur það verði á vettvangi einstakra þingflokka, þeirra sameiginlega ellegar fagnefndarinnar sjálfrar, eftir 1. umr. Það er mergurinn málsins að áliti forseta og þau skilaboð sem hann reyndi að bera öllum hlutaðeigandi aðilum.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get fallist á þá tillögu sem hæstv. forseti leggur hér fram, um að gert verði hlé á fundinum og ráðrúm gefist til að ræða við formenn þingflokka. Ég vil staðfesta það sem hér kom fram áðan, að ekkert samkomulag hefur verið gert við okkar þingflokk um málsmeðferð hér á þingi. Við lítum svo á að mikilvægt sé að málið fari til umfjöllunar í þeirri þingnefnd sem á að fjalla um það, sem er þá væntanlega sjútvn. Hins vegar er það góðra gjalda vert að þingflokkunum gefist tóm og tækifæri til að ræða við málsaðila og kynna sér betur málavöxtu.

Ég vildi að þetta kæmi fram en tek undir þá tillögu sem hæstv. forseti þingsins nefndi hér áðan, að stutt hlé verði gert á þingfundi til að ræða þessi mál og leiða þau til lykta.

[17:57]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við tillögu forseta um að gert verði hlé á fundi til þess að greiða úr þeim misskilningi sem greinilega er kominn upp. Ég vil um leið lýsa því yfir fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar að um þetta hefur ekki verið gert neitt samkomulag, einungis verið uppi vangaveltur um hvernig fara skuli í málið. Ég held að farsælast sé að leysa þetta eins og hæstv. forseti leggur til, að ræða málin hér í hléi á eftir.

[17:58]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti lítur þannig á að þessari umræðu um fundarstjórn forseta sé þar með lokið en vill árétta það sem hann sagði hér áðan að að lyktum 1. umr. mun forseti freista þess að hitta forsvarsmenn þingflokkanna til að nokkuð góð sátt geti tekist um það hvernig hlé milli umræðna verði notað þannig að allir hlutaðeigandi geti kynnt sér málið til hlítar.

[17:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að ekkert samkomulag hefur verið gert við okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins um meðferð þessa máls í nefnd eða á milli funda.

Hér er enn á ný komið fram frv. um taka skuli úr sambandi aðgerðir sem stéttarsamtök sjómanna hafa staðið fyrir til að koma á kjarasamningi. Það er nú ekki svo frekar en áður að sjómenn hafi rokið til á fyrstu dögum samningsleysis og boðað til aðgerða. Samningur fiskimanna hefur nú verið laus á annað ár. Það er reyndar ekki nýmæli í samningasögu fiskimanna gagnvart LÍÚ. Þannig hefur það verið í áratugi. Á sl. 14 árum hafa fiskimenn verið samningslausir í sex og hálft ár. Ég hygg að sú staða hafi ævinlega komið upp vegna þess að það hefur verið fyrirsjáanlegt að ríkisstjórnir á hverjum tíma mundu grípa inn í kjaradeilur útvegsmanna og sjómanna.

Nú eru liðnir rúmir þrír sólarhringar frá því að verkfall sjómanna hófst. Þar með er komin upp sú staða á hv. Alþingi að tímabært þykir að setja lög á kjaradeiluna. Menn sem fengist hafa við að fylgjast með samningamálum hér á landi hljóta að spyrja sig: Hvers vegna eru sjómenn, sérstaklega fiskimenn, ævinlega teknir allt öðrum tökum í kjaradeilum sínum en önnur launþegasamtök? Skemmst er að minnast kjaradeilu kennara sem stóð í einhverja mánuði á sl. ári og fram á þetta ár.

Einnig má spyrja sig þeirrar spurningar: Hvernig eiga menn að ná samningum þegar annar aðilinn veit að ævinlega verður gripið inn í kjaradeiluna? Hann hefur sem sagt ríkisstjórnina ávallt í rassvasanum upp á að sett verði lög á deilurnar. Hvernig halda menn að samningsstaða manna sé þegar þannig er í pottinn búið? Það er ekki von að það gangi mikið hjá mönnum að ná fram lausn á deilumálum sínum þegar annar aðilinn hefur alltaf klára ávísun upp á að deilan verði sett niður með lögum, hvort sem það er tímabundið eða um langan tíma.

Staða manna til þess að ljúka kjarasamningum við slíkar aðstæður er erfið. Það er ekki skrýtið miðað við söguna að fiskimenn skuli hafa verið kjarasamningslausir í sex og hálft ár á sl. 14 árum. Það verður ekki sagt um fiskimennina að þeir hafi beitt verkfallsvopninu ótæpilega. Þeir hafa yfirleitt látið líða marga mánuði, jafnvel ár, áður en þeir hafa gripið til þess úrræðis til að koma á alvöruviðræðum í kjarasamningum. Síðan sitja menn alltaf uppi með þá spurningu í kjaravinnunni: Skyldi nú liggja á bak við samkomulag um að gripið verði inn í þessa deilu?

Ég held að ég hafi það fyrir satt að hæstv. forsrh. hafi fyrir eigi löngu síðan sagt deiluaðilum að það yrði ekki gripið inn í þessa deilu. Þau orð eru náttúrlega ekki marktæk miðað við það sem hér hefur komið fram. Ég hygg að við munum fá það upplýst, þegar við fáum tækifæri til að hitta deiluaðila, hvort orð hafi ekki fallið á þá leið milli manna þegar deiluaðilar áttu viðræður við hæstv. forsrh.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. fyrir örfáum dögum hvort hann hefði verið í miklu samstarfi eða sambandi við deiluaðila á undanförnum mánuðum, haldið með þeim fundi um þróun deilunnar og hvernig hann gæti komið að málinu. Hann lýsti því yfir úr þessum ræðustól að hann mundi eiga fund með þeim þann sama dag og umræðan fór fram en taldi að ríkisstjórnin gæti nú lítið beitt sér í að liðka til við lausn þessarar deilu. Á sama tíma hafa menn sjálfsagt verið farnir að búa til texta að þessu frv. svo öruggt væri að menn ættu þetta tilbúið, enda reynslan mikil við að búa til frv. um að grípa inn í kjaradeilu sjómanna.

Ég verð að segja að ég varð fyrir afar miklum vonbrigðum með þróun þessara mála. Rétt rúmum þremur sólarhringum eftir að menn eru farnir að beita því eina vopni sem dugað hefur til þess að koma á samningum við útgerðarmenn á undanförnum áratugum er gripið inn í þessa deilu með lögum. Það er að mínu mati algjörlega óásættanlegt. Ég vil bara segja það fyrir mitt leyti. Þess vegna mun ég ekki, við afgreiðslu þessa máls, greiða neinu því atkvæði sem stuðlar að því að málið fari hér í gegn. Ég er ósáttur við að ein stétt manna, fiskimennirnir, skuli ævinlega teknir allt öðrum tökum í samningavinnu sinni og að forusta útgerðarmanna innan LÍÚ eigi það ævinlega víst, jafnvíst og þeir hafa rassvasa á buxunum sínum, að þeir geti gripið í ríkisstjórnina og fengið hana til að flytja frv. sem setur lög á kjaradeiluna, ár eftir ár, áratug eftir áratug. Þetta er ömurlegt hlutskipti ríkisstjórna.

[18:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur fært þau rök helst fyrir því að setja með þessum hætti lög á verkfall sjómanna að það sé mikill skaði fyrir þjóðarbúið ef verkfallið heldur áfram. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. Það er mikill skaði fyrir þjóðarbúið í hvert einasta skipti sem brestur á verkfall. Í hvert einasta skipti sem kemur til þess í kjaradeilu að menn grípa til þess þrautaráðs að leggja niður vinnu hefur það í för með sér tjón fyrir þá og þjóðarbúið í heild. Við getum hins vegar ekki annað en horft til þeirrar staðreyndar, herra forseti, að menn hafa litið á þetta sem ein af grundvallarréttindum mannsins, að beita vinnuafli sínu til þess að ná fram bættum rétti sínum, fyrir sína hreyfingu, fyrir fjölskyldu sína.

Þegar við lítum yfir söguna, herra forseti, og horfum í kringum okkur og sjáum þetta velferðarþjóðfélag sem við búum í þá er ekki hægt að mæla gegn því að það er ekki síst hörð og kraftmikil barátta verkalýðshreyfingarinnar sem náð hefur fram samstöðunni um þau jöfnunartæki og það öryggisnet sem gerir Ísland að þessu frábæra samfélagi sem það er í dag. Hversu oft hafa menn ekki náð fram sögulegum réttindum með því að leggja niður vinnu? Hversu oft hefur ekki þurft að grípa til verkfalls til þess að knýja í gegn það sem okkur finnst í dag sjálfsagður réttur fólks á Íslandi? Þetta er einfaldlega það sem sagan kennir okkur, herra forseti.

Verkfall framhaldsskólakennara kostaði að sjálfsögðu mikið. Þeir litu hins vegar svo á að það væri nauðsynlegt til að ná fram ákveðnum réttindum, ákveðnum kjarabótum. Alveg eins og þeir líta sjómenn svo á að þeir eigi ekki annarra kosta völ en að leggja niður vinnu til að ná fram samningum. Við vitum t.d., herra forseti, að sjómenn hafa árum saman barist harkalega gegn því að vera knúðir til þess með einum

eða öðrum hætti að taka þátt í kvótakaupum. Meira að segja hér á hinu háa Alþingi hafa þingmenn með lagagerningum reynt að koma í veg fyrir að slíkt væri gert. Það hefur ekki haldið.

Eigi að síður, herra forseti, erum við aftur komin í þá stöðu að sjómenn telja að til þess að ná samningum við útgerðarmenn séu þeir nauðbeygðir til að leggja niður vinnu. Hvenær mundu menn kjósa tíma til að leggja niður vinnu? Væntanlega þegar pressa er í málinu. Hvenær er pressa í málinu, herra forseti? Væntanlega þegar vertíð stendur sem hæst. Þess vegna hafa sjómenn hafa kosið að nota þennan tíma til að leggja niður vinnu sína. Ég tel, herra forseti, það grundvallarréttindi vinnandi fólks að grípa til aðgerða af þessu tagi. Mér finnst það ákaflega viðurhlutamikið og ég get ekki tekið þátt í að samþykkja lög til þess að binda endi á verkfall einnar eða neinnar stéttar í svipaðri stöðu og sjómenn.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson rakti það ákaflega vel hér áðan í hvaða stöðu sjómenn eru. Hver er þessi staða, herra forseti? Þeir hafa á síðustu 14 árum í reynd verið með lausa samninga í sex og hálft ár. Þeir hafa nú verið samningslausir í röskt ár. Á undanförnum árum höfum við séð allar kjaradeilur þeirra enda eins. Hvernig, herra forseti? Hæstv. ríkisstjórn hefur komið og sett lög á deiluna. Hæstv. ríkisstjórn hefur í reynd gengið erinda útvegsmanna aftur og aftur. Hvernig ætlast menn til að hægt sé að setja niður deilur með frjálsum samningum ef það liggur fyrir, herra forseti, að annar deiluaðilinn getur treyst á að deilunni verði lokið með lögum? Það kann vel að vera að hæstv. sjútvrh. telji að hér sé í reynd ekki verið að setja lög til að banna verkfallið vegna þess að frv. eins og það lítur út feli einungis í sér frestun. Eigi að síður er það þannig að ef frv. verður að lögum, jafnvel þó að það verði með þeim breytingum sem hæstv. sjútvrh. boðaði hér í ræðu sinni, þá er ljóst að þrýstingurinn sem sjómenn hafa í málinu er úti, vertíðin sem ljær aðgerðum þeirra þunga er frá. Í reynd er erfitt að halda því fram að þessi lög snúist um eitthvað annað en að binda endi á verkfall sjómanna.

Herra forseti. Endalaus afskipti hins opinbera hafa firrt menn ábyrgð. Þau hafa firrt menn ábyrgð á að ljúka samningum eins og á að ljúka samningum, með samkomulagi. Menn hafa ítrekað komist í þessa stöðu. Þetta hefur auðvitað mikinn skaða í för með sér fyrir þá sem segja má að séu þolendur í málinu, þ.e. fiskverkafólk víðs vegar um landið sem horfir upp á að tapa atvinnu sinni vegna þess að málið er komið í þennan hnút. Ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórninni, herra forseti, vegna þess að hún hefur með framkomu sinni sýnt fram á að sjómenn geta ekki náð samningum. Útvegsmenn geta alltaf reitt sig á að ríkisvaldið komi með þessum hætti inn í samningana.

Herra forseti. Mér finnst það auðvitað nöturlegt að þegar verkfall hefur ekki staðið í fjóra sólarhringa, þegar við heyrðum að jafnvel væri farið að rofa til í samningum fyrr á þessum degi, þá skuli ríkisstjórnin slíta í sundur verkfallið með lögum.

[18:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er afar dapurlegt að standa hér enn í þeim sporum að í miðri kjaradeilu, reyndar má segja nýlega hafinni verkfallsdeilu sjómanna og útvegsmanna, skuli enn á ný komin lagasetning á borð þingmanna. Tímasetningin í þessu máli vekur óneitanlega nokkrar spurningar í ljósi þess að verkfall er rétt nýhafið. Það getur tæpast talist svo að mikill þrýstingur sé þegar flotinn er rétt nýkominn í land og ekki nema rétt liðlega liðin hefðbundin innivera skipanna.

Það er líka, herra forseti, ástæða til að staldra við þá röksemdafærslu sem hér er færð fram í frv., að einmitt núna standi þannig á að verkfall á fiskiskipaflotanum valdi miklu þjóðhagslegu tjóni. Það er að sönnu hárrétt en ég spyr á móti: Hvenær er það ekki svo að það valdi miklu þjóðhagslegu tjóni að flotinn sigli í land? Verður það eitthvað öðruvísi í lok apríl, í maí eða júní þegar úthafskarfavertíð er að hefjast, þegar norsk-íslenska síldin fer að veiðast eða þegar sumarloðnan fer að veiðast o.s.frv.? Staðreyndin er sú að verkfall á fiskiskipaflotanum sem lamar hann allan veldur umsvifalaust miklum búsifjum og þess vegna leyfi ég mér að vefengja þá röksemdafærslu sem hér kemur fram, að í sjálfu sér sé verkfall núna að einhverju leyti frábrugðið verkfalli í flotanum á öðrum tíma ársins.

Eins og hér hefur komið fram, herra forseti, er alkunnugt, svo dapurlegt sem það er, að kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna hafa gengið með miklum hörmungum um langt árabil. Sjómenn hafa fyrir það fyrsta mátt búa við að vera samningslausir lon og don á undanförnum árum. Þeir hafa endurtekið mátt þola það að verkfallsréttur þeirra er upphafinn með lögum og oftar en ekki hefur ýmiss konar lagasetning falið í sér hálfgerða tilraunastarfsemi með kjaratengda þætti, t.d. verðmyndunar- eða verðlagningarmál og annað í þeim dúr.

Það er einnig alveg ljóst að sú hefð er að skapast að menn reikna með því meira og minna sem sjálfgefnum hlut að ef til verkfalls komi eða eftir að það hafi staðið í einhvern tíma verði gripið inn í deiluna með lögum. Þá má velta því fyrir sér hvers virði samnings- og verkfallsréttur sjómannastéttarinnar sé orðinn ef menn þurfa að sæta þessu aftur og aftur eins og raun hefur orðið á. Eru þá ekki viðsemjendur þeirra alltaf í því skjóli að vita að fyrr eða síðar verða þeir leystir frá ábyrgð mála, þeirri ábyrgð að sjá sjálfir um að semja við starfsmenn sína og löggjafinn eða ríkisstjórn með meiri hluta sínum á Alþingi kemur til sögunnar og grípur inn í?

Það er auðvitað það sem blasir við okkur hér. Tímasetning þessarar verkfallsfrestunar með lögum, nokkrum sólarhringum eftir að verkfall skellur á sannar þetta náttúrlega. Engin trú er á því að þetta muni leysast í frjálsum samningaviðræðum deiluaðila og strax er byrjað að grípa inn í með þessum hætti. Þetta er afar dapurlegt, herra forseti.

Þá má spyrja sig að því hvort þarna búi menn við einhverjar þær afbrigðilegar aðstæður hvað varðar kjör að engar forsendur séu til að verða við kröfum sjómanna, a.m.k. hvað kjaraþáttinn varðar. Bendir eitthvað til þess að sjómenn séu ofhaldnir af launum sínum? Hvernig gengur að manna flotann? Hvernig er aðsóknin að sjómannanámi í dag? Er það ekki frekar á þá hliðina, herra forseti, að það æpir á okkur að gera þyrfti stórátak í því að bæta kjör og starfsskilyrði þessarar stéttar og vekja á nýjan leik áhuga á því að fólk afli sér menntunar á þessu sviði o.s.frv.? Ella stefnir hraðbyri í það að við neyðumst til þess að manna ekki bara fiskiðnaðinn með erlendu vinnuafli eftir því sem hann verður yfir höfuð til staðar í landinu á komandi árum, heldur líka flotann. Það er alveg borðleggjandi að miðað við núverandi aðsókn að sjómannaskólunum verður íslenski flotinn ekki mannaður með Íslendingum á komandi árum.

Herra forseti. Einnig er ástæða til að rifja það upp þegar á að fresta með lögum verkfalli sem staðið hefur í aðeins

nokkra sólarhringa að samningar hafa verið lausir í heilt ár. Sjómenn hafa haft lausa samninga í heilt ár og það hefur hvorki gengið né rekið í viðræðum þessara aðila. Það er ekki fyrr en eftir að samningar hafa verið lausir í eitt ár sem þessi stétt er að reyna að koma hreyfingu á málin með því að boða til verkfalls. Það hefur ekkert að segja heldur, það kemst ekkert í gang í aðdraganda verkfallsins og hefur eitthvað lítið gerst það sem af er.

Það sem er líka mikið áhyggjuefni, herra forseti, er að hér eru enn á ferðinni, a.m.k. að hluta til, sömu óleystu deilumálin og strandað hefur á í samningaviðræðum þessara aðila aftur og aftur á umliðnum árum. Það eru átök um hvernig skuli staðið að verðlagningu eða verðmyndun aflans. Það eru að einhverju leyti átök sem ganga enn aftur í því að viðskipti með veiðiheimildir valda tortryggni og ásökunum um að sjómenn séu beint eða óbeint látnir taka þátt í kostnaði við kaup eða leigu veiðiheimilda. Síðan virðist mér í vaxandi mæli vera að koma inn í þessa deilu þriðja ágreiningsatriðið og þar bera stjórnvöld nokkra ábyrgð og það tengist spurningunni um mönnun á fiskiskipaflotanum.

Þá vill svo óheppilega til að fyrir þingi liggur afar fljótræðislegt frv. frá hæstv. samgrh. sem grípur einhliða inn í það mál ef af lögum yrði. Það er því ekki bara með þessu frv. sem sjómenn geta sagt sem svo að það eigi að taka af þeim þeirra rétt með lögum heldur er líka með vissum hætti verið að hlutast til um mál þeirra á öðrum vettvangi í formi breytinga á reglum um mönnun skipa.

Allt er þetta heldur ógæfulegt, herra forseti, og það verður ekki sagt án þess að þurfa í sjálfu sér að velta fyrir sér hver beri þar mesta ábyrgð, að tíminn hafi nýst mönnum vel. Ég held að menn þurfi að horfast í augu við það, allir aðilar málsins, og þá eru og hæstv. ríkisstjórn og sjútvrh. og samgrh. ekki undanskildir, að tíminn hefur nú ekki beinlínis nýst mönnum vel til þess að leggja grunn að einhverju farsælla ástandi og farsælli niðurstöðu í þessu máli.

Þá er eitt ónefnt, herra forseti, og það er það upplausnarástand sem ríkir auðvitað í málefnum sjávarútvegsins í landinu. Það er þannig. Það er grenjandi ósætti um grundvallarfyrirkomulag þessara mála og þjóðarsáttinni sem var lofað. Hún hefur væntanlega að einhverju leyti átt að taka til sjómannastéttarinnar líka fyrir síðustu alþingiskosningar, hún er úti í bullandi hafsauga. Hún er það eina sem er á sjó, fyrir utan smábátana um þessar mundir. Það er nú þjóðarsáttin sem átti að nást fram. Það hvorki gengur né rekur í þeirri endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem tengist auðvitað þessu máli því þar inn í eru að hluta til þau ágreiningsefni sem hafa aftur og aftur strandað viðræðum deiluaðila á þessu sviði.

Herra forseti. Ég sé ekki við 1. umr. þessa máls ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég hlýt að lokum að endurtaka að það er dapurlegt til þess að vita hversu illa tíminn hefur nýst mönnum í þessum efnum. Það virðist því miður vera að verða lenska hér en ekki undantekning að það er fyrst von til þess að einhverjar alvöruviðræður komist í gang þegar verkföll eru skollin á. Það kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir eftir alla mærðina sem var höfð uppi um hinar nýju vinnureglur sem lögfestar voru fyrir nokkrum árum þar sem óskaplega flottar viðræðuáætlanir áttu að leysa þetta allt saman eiginlega fyrir fram að manni skildist. Hér voru félagsmálaráðherrar og ráðherrar málefna vinnumarkaðarins sem héldu hátíðlegar lofræður um það hversu allt mundi ganga greitt og liðugt fyrir sig þegar þetta nýja lagaumhverfi væri komið til þess að leysa úr kjaradeilum í landinu.

Mér sýnist eitthvað vera að koma á daginn. Það fór ekkert að gerast í verkfalli framhaldsskólakennara fyrr en það hafði staðið svo mánuðum skipti og vel að merkja þá töldu menn ekki ástæðu til að grípa inn í með lögum strax eftir nokkra sólarhringa. Má þó með fullum rökum færa það fram að þar hafi verið röskun og stórkostlegt þjóðhagslegt tjón þar sem 20.000 framhaldsskólanemar voru settir í uppnám með mál sín. En þá var ekki gripið til slíks, sem betur fer auðvitað, og að lokum leystist það mál. En hér er annað uppi sem endurspeglar kannski þá miklu fyrir fram vantrú sem greinilega er á ferðinni á því að þessar deilur sé hægt að leysa eðlilega við samningaborðið og það er afar miður.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hlýtur sjálf að bera alla ábyrgð á því að vaða fram með þetta mál. Þá á ég bæði við efni þess, að fara inn í þessa deilu með lagaíhlutun eða boða það með þessum hætti og líka tímasetningu sem mér er nokkur vandi á höndum gagnvart. Ég verð að játa það hreinskilnislega. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig það er rökstutt þegar nokkrir sólarhringar eru liðnir af verkfalli að koma þá með íhlutun af þessu tagi. Það er a.m.k. frekar óvenjulegt, satt best að segja, svona rétt þegar búið er að binda spottann og menn eru komnir heim með pokann sinn er allt í einu blásið til fundar á Alþingi og komið með frv. til að fresta verkfallinu.

Að síðustu hef ég líka efasemdir um þær tímasetningar sem þar eru uppi. Maður skyldi ætla ef menn bera á annað borð einhverja von í brjósti um að hreyfing sé að komast eða komist á málin að freistandi væri að láta gildistíma þessa frv. vera sem allra skemmstan þannig að menn þyrftu ekki að upphefja með lögum þau mikilvægu réttindi sem hér er verið að gera. Menn verða að reyna að muna eftir því, hvað sem öðru líður, að það er afar alvarleg aðgerð að grípa inn í lögvarinn rétt, samningsrétt stétta og rétt þeirra til að boða til vinnustöðvunar til að þrýsta á um kröfu sína. Menn gera slíkt væntanlega ekki að gamni sínu og láta það væntanlega ekki standa lengur en minnsta von er um að dugi. Þess vegna finnst mér vel í lagt að ætla að láta þetta gilda jafnlengi og frv. gengur út á. Ég heyrði reyndar þau orð sem hæstv. sjútvrh. hafði um þann þátt málsins.

[18:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að hafa það á hreinu þá ganga kjarasamningar framhaldsskólakennara ekki samkvæmt vinnulöggjöfinni og þar af leiðandi ekki eftir viðræðuáætlunum úr vinnulöggjöfinni. Þeir taka laun og gera samninga samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú held ég að ísinn sé of þunnur fyrir jafnstóran mann og hæstv. félmrh. að fara að kenna mér í þessum efnum. Ég veit ekki betur en þær viðræðuáætlanir sem farið er eftir í tilviki opinberra starfsmanna séu í öllum aðalatriðum sambærilegar og hliðstæðar þeim sem eru í almennu vinnulöggjöfinni. Ég þykist muna það rétt þegar menn voru að ræða þetta á sínum tíma. (Gripið fram í.) Þó þetta séu tvenn aðskilin lög, það er mér alveg ljóst, þá er þetta samt í öllum aðalatriðum sambærilegt. Það samræmi var einmitt til umræðu á sínum tíma þegar verið var að lögfesta þessar breytingar, hvora í framhaldi af annarri eða meira og minna

samhliða, þ.e. lögin um stéttarfélög og vinnudeilur og þau lög sem opinberir starfsmenn falla undir.

[18:26]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er ömurleg staða að Alþingi skuli standa frammi fyrir því að þurfa að fjalla um frv. til laga um frestun á verkfalli sjómanna. Það er ömurleg staða í ljósi þess að þær fréttir sem við höfðum síðastar af viðræðum þessara aðila voru þær að nú væri loksins einhver gangur að koma í þær. Það er ömurlegt í ljósi þess að á undanförnum árum hefur Alþingi aftur og aftur gripið inn í kjaradeilu þannig að aðilum hefur ekki gefist kostur á að ljúka samningum sínum. Það er ömurlegt í ljósi þess að þessi stétt manna, sjómenn, hefur ekki einu sinni fengið frið til þess að semja um þau lágmarksréttindi sem aðrar stéttir hafa verið að semja um á undanförnum árum, hvað þá að menn hafi komist í að ræða hin stóru deilumál.

Herra forseti. Ég held að við hljótum að lýsa allri ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin á hendur ríkisstjórninni. Ekki bara liggur hér fyrir Alþingi frv. til laga sem á að fækka yfirmönnum á skipum og veldur úlfúð. Ekki bara hefur dregist úr hömlu að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða heldur er það þannig að þegar menn geta aldrei lokið samningum, þegar aldrei er friður til þess, herra forseti, þá batna ekki deilumálin, þau hverfa ekki. Nei, þau verða verri viðureignar. Þess vegna verður þessi langvarandi deila sjómanna og útvegsmanna verri og illviðráðanlegri með hverju árinu sem líður, með hverju verkfallinu sem kemur og er síðan tekið af með lögum, herra forseti. Með hverju því skipti sem menn eru í rauninni teknir frá þeirri ábyrgð sem þó hvílir á þeim, að ljúka samningum.

Herra forseti. Fram hefur komið að fiskimenn hafa verið samningslausir á annað ár. Jafnframt hefur komið fram að á undanförnum 14 árum hafa þeir verið samningslausir í sex og hálft ár. Þetta segir okkur auðvitað að hér er ekki allt með felldu.

Það er alveg ljóst að verkfall kostar. Öll verkföll kosta. Verkfall sjómanna kostar líka. Spurningin er hvenær við ætlum að taka þann kostnað sem því fylgir að leyfa aðilum að ljúka samningum sínum. En ég vil líka leggja áherslu á það, herra forseti, að það að fresta því að taka á sig þann kostnað sem fylgir verkfalli, með því að stöðva það, kostar líka. Því fylgir endalaus óánægja. Því fylgja illdeilur. Því fylgir ósætti. Því fylgir að menn horfast síður í augu við þau verkefni sem blasa við þeim. Það þýðir einfaldlega, herra forseti, að menn koma sér undan þeirri ábyrgð sem þeir verða þó að axla að endingu vegna þess að ekki stendur til að afnema samningsrétt sjómanna.

Það er furðulegt núna þegar menn héldu að eitthvað væri að byrja að ganga og fréttir gáfu slíkt til kynna þegar sú pressa var hugsanlega komin á að menn voru farnir að tala saman, það var farið að nefna erfið deilumál, það voru farnar að koma fram hugmyndir, að þá skuli vera gripið inn í. Tilfinning mín er sú að í þessum inngripum sé dálítill flumbrugangur. Ekki er óskaplega langt síðan hæstv. sjútvrh. sagði okkur í fréttatíma að ekki yrði gripið inn í deiluna. Síðan kemur hann með frv. þar sem hann ætlar að fresta verkfalli til 19. apríl. En um leið og hann mælir fyrir því segir hann okkur líka að þess þurfi líklega ekki. Ætli það nægi ekki að fresta því til 1. apríl. Hvílíkur stöðugleiki. Hvílík stefnufesta.

Þetta er ekki taustvekjandi, herra forseti, og gefur ekki til kynna að hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnin hafi sett sig vel inn í gang mála né heldur að mönnum sé nokkur alvara með því að láta aðila ljúka deilunni með samningi.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það sem veldur mestum erfiðleikum í samskiptum útvegsmanna og sjómanna eru skipulagsmál sjávarútvegsins. Það er sú staða að ekki hefur verið hægt að ná utan um viðskipti með kvóta þannig að sjómenn séu sáttir. Það er sú staða að ekki skuli heldur hafa verið hægt að ná utan um viðskipti með afla þannig að sjómenn séu sáttir. Meðan staðan verður slík er hætt við, herra forseti, að þeir kjarasamningar náist ekki sem menn eru að vonast til að náist, sem skapa vinnufrið, sem gera það að verkum að flotinn geti verið að, menn geti skipulagt vinnu sína og menn geti horft til þess að framtíðin verði í sæmilegu jafnvægi á milli þessara aðila. Nei, ekki hefur gengið að takast á við þessi skipulagsmál. Það er líka á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar.

Sannarlega hefði ríkisvaldið getað farið inn í þessi mál við endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Sannarlega er það á valdi Alþingis og þess meiri hluta sem þar situr að móta starfsumhverfi sjávarútvegsins. En menn hafa ekki á undanförnum árum tekið þar til hendinni eins og hefur þó verið ærin ástæða til, heldur hafa menn hrakist undan í lagasetningu, hrakist undan á hverjum tíma, tekið deilur af með löggjöf, reynt að búa til gervilausnir sem hafa síðan ekki dugað. Niðurstaðan er ein og söm: Sjómenn eru samningslausir. Deilan endar í verkfalli. Alþingi setur lög.

Herra forseti. Þetta er að verða eins og sagan endalausa. Við gerum kröfu til þess að sjómenn og útvegsmenn fái eins og aðrar stéttir að ljúka deilu sinni með samningi. Það mun alltaf kosta peninga að fara í verkfall. Það kostar nú. Það mun kosta hvenær sem menn leyfa þessum aðilum að hafa frið til samningsgerðar.

Ef það er rétt — og það munum við fá að vita í hléinu sem gert verður eftir þessa umræðu — að alvöruhreyfing hafi verið komin á viðræður núna þegar gripið er inn í af hálfu ríkisstjórnar er það mikill ábyrgðarhluti. Þá er það mikil ábyrgðarhluti, herra forseti, vegna þess að þá kann svo að vera að hér sé verið að slökkva þann vonarneista sem hefði þó verið hægt að hlúa að og hefði getað endað með samningi þessara aðila eins og kjaradeilur eiga að enda.

[18:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og aðrir hv. þm. sem hér hafa talað lýsa vonbrigðum yfir því að þetta frv. skuli vera lagt fram. Það fer enginn í grafgötur um að hér er um mikla hagsmuni að ræða. Miklir hagsmunir felast í því að við náum til að mynda þeirri loðnu sem hægt er að ná fyrir mánaðamót, en það breytir ekki hinu eins og hér hefur verið rætt að aðgerðir af þessum toga eru settar fram í því skyni að ná árangri. Þess vegna eru aðgerðirnar ákveðnar á þeim tímapunkti sem raun ber vitni.

Ég vil taka undir allt sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa sett fram í umræðunni. En mig langar aðeins að velta því upp, virðulegi forseti, af því að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. lýstu því yfir hér fyrir ekki margt löngu að ekki yrði gripið inn í þessa deilu. Ekki yrði gripið inn í deiluna með nokkrum hætti því að nú væri kominn tími til að deiluaðilar leystu sín mál sjálfir. Og ég er næstum því fullviss, þótt ég sé ekki með það nákvæmlega, að ekki eru meira en 48 klukkutímar eða svo

síðan hæstv. sjútvrh. lýsti yfir viðhorfum af þessum toga. Það mundi ekki gerast nema með því einu að deiluaðilar kæmu að því og óskuðu eftir því að inn í deiluna yrði gripið. Það hefur ekkert komið fram í þessari umræðu, ekki nokkur skapaður hlutur sem bendir til þess að eftir því hafi verið óskað. Ekkert hefur komið fram um að deiluaðilar hafi óskað eftir því að það frv. sem við ræðum hér yrði lagt fram.

Það er annað sem vekur einnig athygli að í frv. sem hér var lagt fram var lagt til að verkfallinu yrði frestað til 19. apríl, en það er varla hafin umræða um það þegar upp er komin sú staða að líklega ætli menn að leggja til að því verði einungis frestað til 1. apríl. Það er dálítið erfitt að átta sig á því hvað hæstv. ríkisstjórn er að fara. Það virðist vera að einhvers konar handarbaksvinnubrögð hafi verið á þessu og menn hafi ekki verið undir það búnir að takast á við þetta verkefni, líkt og að verkfallið hafi komið mönnum á óvart og afleiðingar þess.

Það liggur fyrir að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. lýstu því yfir að ekki yrði gripið inn í þessa deilu. Síðan eru liðnir tveir, þrír sólarhringar. Síðan sjáum við það sem við höfum hér fyrir framan okkur. Það liggur því alveg ljóst fyrir að það mál sem við erum að ræða er samkvæmt pöntun og aðeins samkvæmt pöntun annars deiluaðilans en ekki hins. Við sjáum því augljóslega hverra erinda ríkisstjórnin gengur í þessu máli.

[18:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt annað en taka undir fjölmargt af því sem komið hefur fram hjá hv. ræðumönnum. Það er ekkert gamanmál að grípa inn í deilu eins og það er orðað á þennan hátt. En eins og ég reyndi að útskýra í fyrri ræðu minni, framsöguræðu minni, eru gríðarleg verðmæti í húfi, bæði hvað varðar loðnukvótann og vertíðarflotann. Það er von að menn spyrji hvernig á því standi að alltaf þurfi að grípa inn í á Alþingi þegar um slíka deilu er að ræða. Eins og margoft hefur komið fram hjá mér hefur það ekki gengið til að leysa slíkar deilur endanlega. Og það er heldur ekki lagt upp með það í frv. að þessi deila verði leyst með því að verkfallinu verði frestað, enda verður væntanlega ekki hætt að ræðast við og menn hætta ekki að reyna að leita samninga. Ábyrgðin hlýtur eftir sem áður að vera á herðum deiluaðila, að þeir finni og nái lausn í málinu.

Ég hefði kannski ekki orðað þetta eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, hann notaði orðin „ömurlegt hlutskipti", en kannski hefur orðalag mitt haft sömu þýðingu. Hins vegar minnir mig að þessu hlutskipti, hvernig sem það er orðað, hafi ég deilt með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, því það var einmitt hlutskipti ríkisstjórnar sem hann sat í að leysa deilu með lagasetningu og setja lög sem bönnuðu verkfall, ekki bara fresta því, heldur lög sem bönnuðu verkfallið og festu samningana samkvæmt löggjöfinni. Ekki er verið að leggja það til hér. Einungis er verið að skapa svigrúm fyrir samningamenn til að þeir geti ræðst við áfram og leitað að niðurstöðu, án þess að það kosti þjóðarbúið milljarða. Því að þeir dagar sem nú fara í hönd og reyndar síðustu dagar eru sennilega einhverjir verðmætustu dagar á árinu fyrir þjóðarbúið. Það er margfeldi af verðmæti meðaldagsins sem við tökum inn á þessum dögum.

Þess vegna er ég að leggja til að verkfallinu verði frestað til þess að þjóðarbúið verði ekki af þessum verðmætum og til að gefa mönnum ráðrúm til að halda áfram að semja án þess að yfir þeim hangi að þeir séu að hafa þessi verðmæti af þjóðarbúinu. Ég held að það hljóti að liggja þungt á þeirra herðum alveg eins og það liggur þungt á mínum herðum að vita af þeim möguleika að þjóðarbúið verði af slíkum verðmætum. Það er ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt, það er til að gæta þess að þjóðarbúið verði ekki af stórkostlegum verðmætum.

Herra forseti. Í upphafi umræðunnar kom fram misskilningur um það hvernig menn höfðu ætlað sér að standa að framgangi málsins á Alþingi. Ég sé enga ástæðu þess vegna að breyta neitt frá venjulegum gangi mála, að málið fari til nefndar. Því vil ég breyta tillögu minni frá því í framsöguræðunni og leggja til að að lokinni 1. umr. fari málið til nefndar og 2. umr.

[18:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein örstutt lítil athugasemd. Ég held að enginn leiki sér að því að beita verkfallsvopni. Og ég held að íslenska sjómannastéttin geri það ekki, enda er hún seinþreytt til vandræða. Svo mánuðum skiptir hefur hún verið án samninga og hefur séð sig knúna til að stofna til verkfalls til að knýja fram lausn í deilunni sem hún á í við útvegsmenn. Þeir fyrstu sem verða fyrir búsifjum af völdum verkfalls eru sjómenn sjálfir.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ég hafi heyrt það rétt að það væru sjómenn, sjómannastéttin sem væri að hafa verðmæti af íslensku þjóðinni. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvar hann telji ábyrgðina liggja í þessu máli. Hvort hún sé hjá sjómönnum sem hafa sýnt að þeir eru seinþreyttir til vandræða eða hjá útvegsmönnum sem mánuðum og missirum saman hafa staðið gegn öllum kröfum sem sjómenn hafa sett fram.

[18:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi örugglega orðað það svo að ábyrgðin væri hjá deiluaðilum. Ég held ég hafi örugglega ekki gert upp á milli deiluaðila. Ef svo hefur verið hefur það ekki verið ætlun mín og athugasemd hv. þm. réttlætanleg. En ábyrgðin liggur ekki einungis hjá deiluaðilum, hún liggur hjá mér sem sjútvrh. og hún liggur hjá hv. Alþingi líka.

[18:45]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjómenn hafa nú verið samningslausir á annað ár. Þeir hafa verið samningslausir í sex og hálft ár á sl. 14 árum. Og nú kemur hæstv. sjútvrh. hér með frv. um að fresta verkfalli þeirra eftir að það hefur staðið í þrjá og hálfan sólarhring. Rök hans eru þau að það sé svo dýrt fyrir þjóðarbúið að sjómenn fari í verkfall. Samt ætlar hann bara að fresta verkfallinu fram til 1. apríl.

Herra forseti. Fyrst svo er, getur hæstv. ráðherra þá gefið aðilum nokkra uppskrift að því hvenær þeir geta hafið sína kjaradeilu, farið í verkfall og náð samningi í friði, án þess að það kosti nokkuð? Er sá tími til, herra forseti? Er hægt að fara í verkfall án þess að það kosti þjóðarbúið? Hvenær telur hæstv. ráðherra að sá tími komi?

[18:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég hefði einhverjar uppskriftir sem í eðli sínu ættu að vera til þess fallnar að tryggja lausn á málinu, þá værum við ekki að deila um þetta atriði. Staðreyndin er sú að ég hef ekki uppskrift að því. Ég er hins vegar að reyna það sem ég get og það sem ég tel skynsamlegt að gera af

minni hálfu til þess að deilan verði til lykta leidd og það kosti þjóðarbúið ekki meira en nauðsynlegt er.

Það er vissulega rétt að sjómenn hafa verið samningslausir í rúma 13 mánuði og það er alls ekki gott, ekki ætla ég að mæla því bót. En munu þá 11 dagar skipta öllu máli um hvort deilan leysist? Er verra að deilan leysist án þess að komi til verkfalls? Er það verra? Er ekki betra ef hægt er að leysa deiluna án þess að til verkfalls komi?

[18:47]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það þannig sem þetta á að gerast, deilan á að leysast án þess að til verkfalls komi. Sú hefur bara ekki verið raunin. Til verkfalls hefur komið aftur og aftur. Og það hefur verið leyst með þeim hætti undanfarin ár oftar en hitt að Alþingi grípi til lagasetninga.

Herra forseti. Ef sjómenn og útvegsmenn hefðu verið látnir semja, hefðu fengið að klára samninga sína án afskipta Alþingis einhvern tímann í þessu ferli, værum við e.t.v. í annarri stöðu í dag en við erum.

Herra forseti. Það er kominn tími til að menn fái að ljúka samningum í friði fyrir Alþingi.

[18:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er ég sammála hv. þm. um að deilan átti að leysast án þess að til verkfalls kæmi. En það gerði hún bara ekki. Við stöndum uppi með verkfall á viðkvæmasta tíma, á þeim tíma sem það snertir þjóðarbúið hvað mest fjárhagslega. Það er ábyrgð sem við berum og verðum að takast á við. Ég met það svo að það sé til þess fallið að við komum betur út úr málinu í heild að fresta verkfallinu og þess vegna legg ég það til.

[18:49]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Enn ein umræðan fer nú fram í Alþingi vegna stöðu sjómanna og þeirrar kjaradeilu sem þeir hafa átt í um langan tíma. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það eru mér mikil vonbrigði hvernig stöðu mála er komið nú. Einnig það að þótt þessi frestur sé nú viðhafður með öðrum hætti en venja hefur verið til, eins og fram kom hjá hæstv. sjútvrh., þ.e. venjulega er lagasetning á einhvern ákveðinn hluta þess máls sem þá var kannski í lausn, þ.e. einhver hluti af kjarasamningi er gerður með lagasetningu til langs tíma, var ekki gott, ekki frekar en þessi frestur nú.

Ég hefði talið eðlilegt, herra forseti, að á þessu beini væri t.d. það sem gerst hefur í öðrum kjarasamningum. Í samningum farmanna þar sem samið hefur verið um að þeir greiði sérstaka greiðslu í lífeyrissjóð, þar sem samið hefur verið um sérstaka tryggingu, sérstakar tryggingabætur sem sjómenn hafa búið við einir launþega í landinu um áratuga skeið. Um langan tíma, því miður, hafa þeir sem lent hafa í slysum, og allt of mörg slys verða á sjó, verið þeir einu í þeirri sérstöku stöðu að þurfa að sanna sök, þurfa að sanna að þeir séu slasaðir. Þurfa að sanna að eðlilegt og rétt sé að þeir fái bætur. Hér hefði verið auðvelt að bæta á þetta bein á meðan útgerðarmenn væru að sleikja sár sín þess vegna og búa sig undir að takast aftur á við þessi mál eftir 11 daga.

Þetta er með ólíkindum, hafandi sjálfur staðið í deilu margoft hjá sáttasemjara. Þessi vinnubrögð útgerðarmanna eru ekki eðlileg. Það er ekki eðlilegt að menn séu varla byrjaðir að ræða saman þegar farið er í startstellingar með steytta hnefa. Það leysist aldrei nein deila með þeim hætti. Ég hélt, herra forseti, að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið núna á forustu LÍÚ væru komnir menn með nýja hugsun, ný vinnubrögð og nýja ásýnd. En því miður, ef eitthvað er, þá sýnist mér hjólið hafi snúist heldur aftur á bak en áfram.

Það er einnig mjög alvarlegt mál þegar verkfall hefur aðeins staðið yfir í þrjá og hálfan dag. Við sögðum ekkert við löngu verkfalli kennara. Það var mjög skaðleg deila. Hún hafði skaðleg áhrif á allt þjóðlífið, en þessi þriggja og hálfs dags deila sjómanna hefur ekki tekið svo á, ekki enn. Auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að mikið er í húfi. En vissu útgerðarmenn það ekki fyrir 13 mánuðum? Ætli sjómenn hafi ekki vitað það? Ég er alveg sannfærður um að þeir gerðu sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir voru að taka á sig með því að boða til þessa verkfalls.

En getur verið, herra forseti, að deiluaðilar, a.m.k. annar hluti þeirra, sé farinn að byggja á því og treysta á að svona verði með málin farið eins og við erum hér að ræða um? Það er vont ef svo er, en einhvern veginn býður mér í grun að svo muni vera. Það er vont fyrir þessa ríkisstjórn sem hefur frelsi og lýðræði að leiðarljósi að grípa inn í kjarasamninga með þessum hætti, jafnvel þótt það sé öðruvísi en gert hefur verið áður, með einhverri frestun þegar við vorum vör við og heyrðum ekki annað en hjólin væru farin að snúast.

Ég verð að segja og endurtaka það sem ég sagði áðan: Jú, vissulega kemur þetta mál til sjútvn. þar sem ég á sæti og mun auðvitað taka þátt í þeim umræðum sem þar munu fara fram, en eins og málin blasa við núna, herra forseti, er alveg ljóst og þingheimi ljóst að ég mun ekki greiða atkvæði með þessum lögum. [Lófatak á þingpöllum.]

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja áheyrendur að halda friðinn.)

[18:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er rétt að vekja athygli á því hvers konar flýtir er á þeim málum sem við erum nú að ræða. M.a. má benda hæstv. sjútvrh. á að ef ríkisstjórninni tekst að keyra þessi lög í gegnum Alþingi á þessum degi eins og ég held að að sé stefnt, þá verður hafnarfríi sumra sjómanna sennilega bara alls ekki lokið, hæstv. ráðherra. Ég hygg að þó nokkur hluti loðnuflotans hafi ekki komið til hafnar fyrr en á seinni hluta föstudagsins. Jafnvel ekki fyrr en á laugardaginn. (**Gripið fram í:** Eru þeir nokkuð búnir að landa?) Ég efast um að þeir séu búnir að landa allir. (Gripið fram í.) Frystiskipaflotinn — ætli menn þar eigi ekki fjóra eða fjóra og hálfan sólarhring í frí frá því þeir koma til hafnar. Menn hætta veiðum og síðan klára þeir að vinna aflann og sigla til hafnar og gera skipin klár. Það þýðir þrif og annað. Menn eru því að koma til hafnar kannski sólarhring eftir að verkfall hefst.

Ég verð að segja alveg eins og er að þetta er hálfgert óðagot sem hér er verið að framkvæma. Og það er nánast eins og menn séu komnir með allt í buxurnar, þurfi að grípa fyrir. Það hefði nú verið allt í lagi þó a.m.k hin löglegu hafnarfrí margra sjómanna væru þá liðin áður en menn færu að hugleiða slíka gjörð sem hér er lögð til.

Þar að auki er kannski rétt að benda hæstv. ráðherra á að margir sjómenn töldu að loðnan væri það langt gengin eins og sagt er að það færi að verða spurning hversu mikil verðmæti væru í henni eftir þessa daga. Það á auðvitað eftir að koma í ljós ef þessum lögum verður rúllað hér í gegn, hvernig það ber við allt saman.

Ég vil að lokum segja, án þess ég fari að tefja málið neitt hér, ég vil frekar komast til að ræða við deiluaðila um

það í sjútvn., að ég tel að kominn sé ákveðinn stimpill á stjórnarflokkana. Sá stimpill er að þeir eru alltaf tilbúnir til að grípa inn í deilur sjómanna nánast án þess að mönnum sé gefinn tími til þess að vinna úr sínum málum. Fréttir sem við heyrðum í dag voru í þá veru að heldur væri að þokast í einhverjum atriðum og menn væru að nálgast þau. Þá er gripið inn í málin.

Hvað halda menn að gerist á næstu dögum? Halda menn að mikill árangur verði af þessum viðræðum á næstu dögum? Ég á ekki von á því. Það er ekki reynslan þegar lög hafa verið sett.

Ég hygg að því miður muni menn kannski standa í sömu sporum 1. apríl sem er sú dagsetning sem hæstv. ráðherra tilkynnti úr þessum ræðustól að yrði sennilega niðurstaða frv. ríkisstjórnarinnar.

Það ber alltaf allt að sama brunni í þessum deilum. Farið er að vilja útvegsmanna í að grípa inn í deilurnar. Menn hljóta að geta litið í eigin barm til að skoða hvaða árangri menn halda að þeir nái þegar annar aðilinn telur sig alltaf hafa vissu fyrir því að krafturinn í verkfallsaðgerðunum, sem er auðvitað neyðarlausn þessara manna til að ná fram kjarasamningum, verði tekinn burt. Þetta er ekki ásættanlegt, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: GAK.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BBj, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SoG, StB, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 19:01.

---

95. FUNDUR

mánudaginn 19. mars,
kl. 8.55 síðdegis.

Dagskrá:

Frestun á verkfalli fiskimanna, stjfrv., 581. mál, þskj. 907, nál. 909 og 910, brtt. 908. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

[20:54]

Útbýting þingskjala:

Frestun á verkfalli fiskimanna, 581. mál, brtt. sjútvrh., þskj. 908; nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 909; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 910.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:55]

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LB*, PP, PHB, SAÞ, SoG, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GHall, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BBj, EOK, GÁ, GÖ, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SP, StB, SvH, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frestun á verkfalli fiskimanna, 2. umr.

Stjfrv., 581. mál. — Þskj. 907, nál. 909 og 910, brtt. 908.

[20:56]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 909 um frv. til laga um frestun á verkfalli fiskimanna. Sjútvn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson, Guðjón Ármann Einarsson, Benedikt Valsson og Aðalstein Valdimarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal og Guðmund Ragnarsson frá Vélstjórafélagi Íslands og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að fresta verkfalli fiskimanna og tilsvarandi verkbanni út gerðarmanna sem hófst 16. mars sl. frá og með gildistöku laga þessara til 19. apríl nk. Fram kom í máli sjávarútvegsráðherra við 1. umræðu um málið að hann hygðist leggja fram breytingartillögu þess efnis að fresturinn standi til 1. apríl í stað 19. apríl eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og styður meiri hlutinn þá tillögu. Þeirri tillögu hefur þegar verið dreift hér á Alþingi.

Þegar verkfallið hófst voru óveidd u.þ.b. 130 þús. tonn af loðnukvóta landsmanna. Má ætla að það samsvari allt að 1,5 milljörðum króna í útflutningsverðmætum. Með frestun þeirri sem hér er lögð til er þess freistað að bjarga þessum verðmætum. Einnig er ljóst að verkfall á þessum tíma skaðar mjög vetrarvertíð og getur haft neikvæðar afleiðingar á fiskmörkuðum okkar.

Í umræðum í sjútvn. Alþingis nú áðan kom fram að nokkrar meginlínur höfðu myndast um lausn á mjög viðkvæmum og erfiðum deilumálum í þessari kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna, þó fráleitt sé að tala um að um nokkra niðurstöðu hafi verið að ræða. Við verðum hins vegar að vona að sá frestur sem veittur er þegar þetta frv. verður að lögum verði nýttur sem allra best til að ná farsælli niðurstöðu þannig að hægt verði að ljúka samningum og afstýra frekari vinnustöðvun.

Undir þetta nál. sem ég hef gert grein fyrir rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Árni Ragnar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

[20:58]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Stjórnarandstaðan lýsir andstöðu sinni við það að enn á ný skuli ríkisstjórnin beita sér fyrir því að Alþingi setji lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna þegar til verkfalls er komið. Nú hefur verkfall aðeins staðið yfir í rúma þrjá sólarhringa þegar ríkisstjórnin ákveður að fresta því til 1. apríl nk., gangi sú brtt. eftir sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja telur stjórnarandstaðan fulla ástæðu til að óttast, herra forseti, að inngrip ríkisstjórnarinnar muni leiða til þess að samningar dragist enn frekar á langinn en ella hefði orðið því að nokkur skriður virðist hafa verið kominn á viðræðurnar. Samkvæmt upplýsingum frá deiluaðilum virðist sem ekkert samráð hafi verið haft við þá þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leggja frumvarp fyrir Alþingi sem kveði á um frestun verkfalls fiskimanna.

Meginreglan í vinnurétti er sú að aðilar fái frið fyrir ríkisvaldinu til að semja um kaup og kjör. Það er ábyrgðarhluti að grípa inn í kjaradeilur og í raun lítilsvirðing við samningsaðila að gefa þeim ekki svigrúm til samninga. Aðferð ríkisstjórnarinnar við núverandi aðstæður er sérstaklega ámælisverð þar sem hún er tekin í algeru tómarúmi og án tengsla við þann veruleika að hreyfing var komin á viðræður. Stjórnarandstaðan lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og mun því greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Árni Steinar Jóhannsson, áheyrnarfulltrúi vinstri grænna í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið skrifa: Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Herra forseti. Það sem ég hef lesið, þ.e. álit minni hluta sjútvn., er í hnotskurn viðhorf okkar gagnvart því máli sem hér er til umræðu. Sú niðurstaða er í samræmi við ályktun sem hér liggur einnig fyrir frá sjómannasamtökunum, mótmælum sem bárust inn á fund nefndarinnar. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Samtök sjómanna mótmæla því harðlega íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt með því að fresta löglega boðuðu verkfalli sjómanna á fiskiskipum með lagasetningu. Með þessum afskiptum eru stjórnvöld að grípa inn í kjarasamningsgerð sjómanna í þriðja sinn á undanförnum sjö árum. Engin starfsstétt hefur þurft að þola slík inngrip jafnoft og sjómenn. Samtök sjómanna skora á félagsmenn sína að snúa bökum saman í baráttunni sem fram undan er."

Undir þetta rita Sævar Gunnarsson, Helgi Laxdal og Grétar Mar Jónsson.

Herra forseti. Það virðist nokkuð ljóst að þetta inngrip ríkisvaldsins í samninga hafi komið aðilum á óvart. Svo virðist sem hæstv. ríkisstjórn hafi tekið þá ákvörðun að fresta verkfalli sjómanna án þess að átta sig fyrst á því í hvaða stöðu samningaviðræður voru. Niðurstaða okkar er sú, eftir að hafa hlýtt á samningsaðila, að sá skriður hafi verið kominn á viðræður að í raun sé mikil áhætta, ef nota má það orð, tekin með því að vera að blanda sér inn í það ferli.

Það kom fram hjá hv. formanni sjútvn. og framsögumanni meiri hluta að meginlínur hefðu verið dregnar upp í málinu í viðræðum samningsaðila. Ég held, herra forseti, að full ástæða sé til að ætla að þær línur geti riðlast. Það er verið að taka ákveðna pressu af viðræðunum. Það er ljóst að þessi aðgerð ríkisvaldsins veldur mikilli gremju í röðum sjómanna. Það er jafnljóst að bakland samninganefndanna er órólegra nú en áður og ýmsir eru æfir yfir því að þurfa einu sinni enn að lenda í aðgerð sem þessari. Það er alveg ljóst, eins og stjórnarandstaðan segir í minnihlutaáliti sínu, að þessi aðgerð ríkisvaldsins er ekki til að liðka fyrir þeim samningum sem þó virtist vera komin nokkur hreyfing á.

Það kom jafnframt fram og er ástæða til að það komi fram hér, að frv. sem fyrir liggur af hálfu samgrh. um mönnunarmál er sá þrándur í götu sem fjallað var um við 1. umr. um málið. Á því þurfa að verða einhverjar breytingar til að menn geti verið sáttir við það sem þar liggur fyrir. Það er eins gott að það komi fram hér, herra forseti.

Í lokin vil ég segja þetta: Menn gera nokkuð úr þeim verðmætum sem þjóðarbúið á að verða af ef sjómenn halda áfram í verkfalli. Hins vegar er nokkuð ljóst að störf sjómanna eru þess eðlis að það er nánast sama hvenær á árinu þeir fara í verkfall, alltaf fara verðmæti í súginn, alltaf tapar þjóðarbúið.

Herra forseti. Ég held að þjóðarbúið tapi mest á því að halda þessari deilu gangandi í öll þau ár sem hún hefur nú varað. Það er kominn tími til að sjómenn og útvegsmenn fái frið til að ljúka samningum sínum án íhlutunar ríkisvaldsins. Þess vegna, herra forseti, mun stjórnarandstaðan greiða atkvæði gegn þessu frv. Hún vill að sjómenn og útvegsmenn fái að ljúka samningum eins og aðrar stéttir í þessu landi.

[21:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram hafa samtök sjómanna mótmælt harðlega því inngripi ríkisstjórnarinnar sem við ræðum í þessu frv. um frestun á verkfallsaðgerðum sjómanna.

Í greinargerð meiri hlutans segir eitthvað á þá leið að þessu sé frestað til að nálgast verðmæti upp á 1,5 milljarða, aðallega í loðnu og því sé frestað til 1. apríl nk. Hvað skyldi gerast 1. apríl eða þegar kemur fram í aprílmánuð? Jú, það næsta sem gerist er að það fer að fiskast úthafskarfi. Hvað ætla menn þá að gera? Ætla menn að bíða í þrjá daga eða fimm daga þangað til að gripið verður inn í eða tíu daga? Engar líkur eru til að þetta inngrip í kjaradeiluna liðki fyrir samningum. Það er frekar á hinn veginn að það verði til þess eins, og kom enda fram í samtölum við fulltrúa sjómanna, að þetta gæti frekar orðið til það draga kjarasamninga á langinn og hleypa meiri hörku í deiluna en orðin var.

Þegar úthafskarfanum lýkur kemur að norsk-íslensku síldinni. Síðan að humrinum og svona getum við haldið áfram. Það eru nefnilega alltaf einhver tímabil uppi í veiðum fiskimannanna og útgerðarinnar sem eru meira virði fyrir einhvern hluta flotans en annan. Það er afar vandfundinn sá tími á árinu að ekki séu einhver verðmæti sem frestast a.m.k. að veiða meðan verkfallsaðgerðir eiga sér stað. Það er eðli verkfalla að hafa áhrif á það að atvinnustarfsemi stöðvist og menn missa tekjur og báðir aðilar eiga að vera fyrir þrýstingi af þeim sökum og sem ætti þá frekar að leiða til að menn leysi deilur sínar.

Hins vegar er það alveg ljóst að samtök sjómanna eru eðlilega ekki að velja sér verkfallstíma eins og, ja, hvað eigum við að segja, á jólum? Nei, sennilega mundu þeir ekki

byrja jólin í verkfalli. Svona er nú þessum málum háttað og auðvitað er ævinlega einhver þrýstingur uppi í kjaradeilum sjómanna vegna þess að það eru ævinlega einhver verðmæti sem a.m.k. bíða eða jafnvel fá að synda í sjónum. Loðnan er svolítið sérstök að þessu leyti að hún verður verðlítil og leggst á botninn og stór hluti af henni deyr og nýtist ekki sem verðmætisaukning.

Mér finnst hins vegar í þeirri stöðu sem er núna uppi ekki réttlætanlegt að grípa inn í þessa deilu. Viðræður við deiluaðila hafa ekki orðið til þess að ég hafi talið að þessi inngrip núna séu eðlileg. Frekar á hinn veginn að það sé mat mitt að inngrip í þessa deilu geti orðið til þess að samningar dragist á langinn og það komi meiri harka í deiluna.

Það er ævinlega þannig þegar gripið er inn í kjaradeilur að þá kemur nokkur stífni á eftir þegar gripið er inn í kjaradeilur með lögum. Það er reynsla sem ég tel mig þekkja nokkuð vel. Aldrei verður gripið svo inn í deilur að þær hafi ekki einhverjar afleiðingar á þau viðhorf samningamanna sem standa að deilunni.

Ég ætla ekkert að tefja málið með því að halda langa ræðu þó það væri vissulega gaman að rifja upp tuttugu ára sögu kjaradeilumála sjómanna og alveg „sérstök afrek" LÍÚ í því sambandi, þ.e. afrek manna við það að komast aldrei að samningaborðinu öðruvísi en eiga það víst að sett verði lög á deilurnar. Ég tel að í deilum á undanförnum árum hafi hagsmunir útgerðarmanna oftast nær verið hafðir að leiðarljósi.

Ævinlega hefur vantað inn í þessar lausnir að menn gætu búið við eitthvað sem þeir hafa talið eðlilegt eins og í verðmyndunarmálunum og eins og í kvótabrasksmálunum og þar sem menn hafa talið að framtíð þeirra væri nokkuð trygg. Sú staða hefur einfaldlega ekki komið upp við lausn kjaradeilu á undanförnum árum vegna þess að það hefur ævinlega verið haft inni í viðskiptunum að það væru opnar leiðir til að blanda þessu saman, þessum viðskiptum bæði í verðmyndunarmálunum, í beinum viðskiptum og eins í sambandi við tilfærslur á kvótakerfinu.

Auðvitað má spyrja sig að því hvort t.d. stærstu útgerðaraðilar og fiskverkendur landsins séu minni þátttakendur í því sem menn geta kallað kvótabrask þegar þeir komast upp með það ár eftir ár að greiða 80 og 90 kr. fyrir þorskinn en aðrir sem selja á mörkuðum eru að selja fiskinn á 140–150 og upp í 200 kr. Hverjir eru þá í meiri kvótaþátttöku, þeir sem gera út á eigin skip og eigin aflaheimildir, selja síðan sjálfum sér á verði sem er langt fyrir neðan það sem eðlilegt getur talist, eða þá hinir sem eru með lítinn kvóta og eru að leigja til sín kvótann á 90 kr. en eru svo að gera upp með kannski 70, 80 kr. til sinna manna?

Þetta er staða sem við höfum lent í í mörg ár og sú framtíð að eiga að búa við óvissu í þessum verðlagsmálum og óvissu í sambandi við kvótakerfið er algjörlega óásættanleg. Það getur varla orðið nokkur sátt í því sem menn hafa kallað að leita sátta í sjávarútvegsmálum um það að svona kerfi haldi áfram og verðlagningin og kvótakerfið sé nánast eitt og hið sama.

[21:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um frestun á verkfalli fiskimanna. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni skrifa ég undir minnhlutaálit sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi. Stjórnarandstaðan lýsir andstöðu sinni við að enn á ný skuli ríkisstjórnin beita sér fyrir því að Alþingi setji lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna þegar til verkfalls er komið. Nú hefur verkfallið aðeins staðið yfir í rúma þrjá sólarhringa þegar ríkisstjórnin ákveður að fresta því til 1. apríl nk.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir telur stjórnarandstaðan fulla ástæðu til að óttast að inngrip ríkisstjórnarinnar muni leiða til þess að samningar dragist enn frekar á langinn en ella hefði orðið því nokkur skriður virðist hafa verið kominn á viðræðurnar. Samkvæmt upplýsingum frá deiluaðilum, virðist sem ekkert samráð hafi verið haft við þá þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leggja frv. fyrir Alþingi sem kveði á um frestun verkfalls fiskimanna.

Meginreglan í vinnurétti er sú að aðilar fái frið frá ríkisvaldinu til að semja um kaup og kjör. Það er ábyrgðarhluti að grípa inn í kjaradeilur og í raun og veru lítilsvirðing við samningsaðila að gefa þeim ekki svigrúm til samninga. Aðferð ríkisstjórnarinnar við núverandi aðstæður er sérstaklega ámælisverð þar sem hún er tekin í algjöru tómarúmi og án tengsla við þann veruleika að hreyfing var komin á viðræður. Stjórnarandstaðan lýsir algjörri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar og mun greiða atkvæði gegn frv.

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að mótmæli hafa komið frá samtökum sjómanna en þau mótmæla harðlega íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt með því að fresta löglega boðuðu verkfalli sjómanna á fiskiskipum með lagasetningu. Þau telja að með þessum afskiptum séu stjórnvöld að grípa inn í kjarasamningagerð sjómanna í þriðja sinn á undanförnum sjö árum. Þau segja einnig að engin starfsstétt hafi þurft að þola slík inngrip jafnoft og sjómenn. Samtökin skora á félagsmenn að snúa bökum saman í baráttunni sem er fram undan.

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að þegar aðilar mættu á fund hjá sjútvn. nú rétt áðan kom öllum mjög á óvart að gripið skyldi til þessara aðgerða. Bæði Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Vélstjórasamband Íslands lýstu því yfir að þetta hefði komið þeim algjörlega í opna skjöldu og verið án samráðs við þá. Samkvæmt því mati sem var lagt á málin þar á bæ héldu menn að e.t.v. væru 2–3 dagar eftir í samningaviðræðunum. Ég vil þó taka það skýrt fram að Friðrik Arngrímsson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, sem kom einnig á fundinn, taldi að lengri tíma hefði þurft en það sem sjómennirnir vildu meina.

En upp úr stendur að einhvern tímann verður þessi stétt að fá að semja við eðlilegar aðstæður. Það verður einhvern tímann að taka þann fórnarkostnað sem hlýst af því að þessir aðilar geti komið sér saman um kaup og kjör. Af þeim samtölum sem við höfum átt við sjómennina í dag kemur greinilega fram, og það er nú eitthvað sem hæstv. Alþingi þarf að taka til athugunar, að þeir telja að á sumum sviðum sé ríkisvaldið að leggjast á sveif með andstæðingnum í samningum, þ.e. útvegsmönnum, t.d. með því að vera uppi á borði, eins og fram hefur komið, með tillögugerð um fækkun í áhöfn skipa og breytingar sem á þá að lögfesta. Þetta eru hlutir sem við getum komið að hér og hæstv. ríkisstjórn ætti að taka og gaumgæfa í stað þess að kasta stríðshanska að sjómannasamtökunum.

Ég vil enn árétta, virðulegi forseti, að það liggur alveg í augum uppi að einhvern tímann verður að taka fórnarkostnaðinn við það að sjómenn geti samið á eðlilegum nótum.

Við höfum verið með löng verkföll hjá öðrum starfsstéttum svo sem eins og kennurum. Þá hefur hæstv. ríkisstjórn ekki talið það til nokkurra vandræða að láta þá starfsstétt heyja margra vikna verkfall. En við gerum okkur öll grein fyrir því að þetta verkfall hefur gríðarleg áhrif fyrir þjóðarbúið. Tölur hafa verið nefndar hér eins og bara í loðnunni upp á einn og hálfan milljarð, þjóðin gerir sér grein fyrir því.

En eins og fram hefur komið verður einhvern tímann að taka þennan fórnarkostnað. Frestun er skammgóður vermir vegna þess að það eru aðrar tegundir sem veiðast árstíðabundið. Ef ekki næst samningur á þeim tíma leiðir tíu daga frestur til vandræða í að taka karfann og enn frekari frestur getur leitt af því að vandamál verða í sambandi við norsk-íslensku síldina og humarinn o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en vil lýsa því yfir megnri óánægju með það hvernig staðið er að málum. Það sem er líka umhugsunarvert eins og hefur reyndar komið fyrir í fleiri málum núna undanfarið það er þessi hraði á öllu. Það er eins og ekki sé hægt að vinna þingmál, vinna að málum á eðlilegan hátt, ef það er rétt mat sem fram kemur hjá hagsmunaaðilum að þeir hafi ekki fengið nokkra kynningu á þessu máli, þeir hafi ekki verið neitt hafðir með í ráðum, þeir hafi sumir frétt af þessu í fjölmiðlum. Þetta er náttúrlega algjörlega ótækt og ég tala ekki um hv. þm. sem frétta þetta síðan kannski síðastir allra og sumir úr fjölmiðlum. Þetta eru vinnubrögð sem við getum ekki látið líðast og eiga ekki að líðast á hinu háa Alþingi. Þess vegna mun ég eins og fram kemur í nál. minni hlutans greiða atkvæði gegn þessu frv.

[21:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er vitaskuld eðli verkfalla að hafa áhrif. Vitaskuld hafa verkföll í för með sér tjón. Verkfallsaðgerðum er ætlað að knýja á um betra kaup manna og bætt kjör. Menn beita ekki slíkum tækjum nema í neyð. Það eru því heldur sérstæð rök, borin fram ein og sér, að verkfallið valdi tjóni. Við upplifðum það í löngu verkfalli kennara sem hafði veruleg áhrif, þó að kannski hafi verið erfitt að mæla þau fjárhagslega, á það fólk sem varð fyrir barðinu á því. Ekki þótti ástæða til að grípa til aðgerða vegna þess.

Við höfum setið á fundi í hv. sjútvn. í tæpan klukkutíma. Þar komu fyrir nefndina allir fulltrúar deiluaðila. Enginn þeirra talaði um að þeir hefðu óskað eftir því að frv. sem við ræðum nú yrði borið fram. Enginn þeirra kvaðst hafa vitað um þetta fyrr en seinni partinn í dag, m.a. lýsti fulltrúi LÍÚ því yfir að hann hefði fyrst heyrt þetta í útvarpinu klukkan fimm. Manni virðist út frá því sem það sé alfarið ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja þetta frv. fram á hinu háa Alþingi. Það kemur hins vegar verulega á óvart í ljósi þeirra yfirlýsinga sem gefnar voru fyrir helgina, að ekki yrði gripið til neinna aðgerða nema samkvæmt beiðni deiluaðila. Ekkert virðist hafa verið að marka þær yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að ekki skyldi gripið til aðgerða nema eftir þeim yrði óskað. Staðreyndin er að það hafði ekki slitnað upp úr viðræðunum. Menn sátu við og þeir hafa lýst því yfir að verulega hafi þokast í átt að samningum. Það er mjög alvarlegt að grípa inn í vinnudeilur, sérstaklega þegar deiluaðilar hafa verið samningslausir í rúmlega ár.

Á fundi í sjútvn. kom fram að þetta inngrip gæti allt eins leitt til þess að deilan mundi dragast verulega á langinn og mundi hleypa illu blóði í samningsaðila. Um það get ég vitaskuld ekki fullyrt eða aðrir hv. þm. Hins vegar kom þetta viðhorf mjög sterkt fram á fundi sjútvn. Það er því algerlega á ábyrgð hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar ef þetta inngrip mun hafa slík áhrif.

Maður veltir því fyrir sér, eins og fleiri hv. þm. hafa gert við þessa umræðu, að sumar veiðiaðferðir eru árstíðabundnar. Við siglum fljótlega inn í það tímabil þar sem menn geta stundað veiðar á úthafskarfa. Það veiðitímabil hefst núna í byrjun apríl og stendur fram undir sjómannadag, ef læra má af reynslunni. Á því tímabili munu hefjast veiðar á norsk-íslensku síldinni.

Við getum stjórnað því nokkuð hvenær ársins við veiðum stóran hluta aflans. Loðnuna getum við hins vegar ekki veitt nema á ákveðnum árstíma. Eigi samningsaðilar að búa við það að þegar kemur að því að stunda árstíðabundinn veiðiskap meðan á vinnudeilum stendur þá grípi ríkisstjórnin jafnan inn í með lagasetningu, þá er það fremur alvarlegt. Þá er verulega ástæða til að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að leyfa þessum aðilum að hafa verkfallsrétt? Sá réttur þjónar engum tilgangi ef Alþingi grípur ætíð inn í. Ég held það hljóti af vera eitt af því sem við þurfum að velta mjög vandlega fyrir okkur. A.m.k. var ekki annað að heyra á yfirlýsingum hæstv. ráðherra fyrir helgina en að ekki kæmi til greina að grípa inn í þessa deilu.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur þrátt fyrir allt ákveðið að grípa inn í eins og raun ber vitni. Sú ákvörðun virðist ekki hafa verið þaulhugsuð. Þetta efnislitla frv. kvað á um frestun verkfalls til 19. apríl en eftir nokkur samtöl eða hugleiðingar einhverra var ákveðið að fresta því til 1. apríl. Fyrir því eru heldur engin sérstök rök. Það virðist sem menn hafi verið í tómarúmi og lítt leitt hugann að því hvernig bregðast skyldi við.

Það vekur athygli að ákvörðun um að leggja fram þetta frv. kemur í beinu framhaldi af landsfundi Framsfl. þar sem sjávarútvegsmálin voru sett í nefnd fram á haustið. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort þar eru einhver tengsl á milli en málið er dálítið sérstakt með tilliti til yfirlýsinga hæstv. ráðherranna fyrir helgina.

Það breytir ekki hinu, virðulegi forseti, að við í minni hlutanum lýsum allri ábyrgð á þessu máli á hendur ríkisstjórninni og munum greiða atkvæði gegn frv.

[21:25]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það hefur verið ljóst svo mánuðum skiptir í hvað stefndi. Um árabil hefur verið deilt um verðmyndun til skipta milli sjómanna og útvegsmanna og fleira. Ríkisstjórnin kórónaði svo málið með því að leggja fram frumvörp um fækkun í áhöfnum ákveðinna skipaflokka, eftir stærð og vélarafli. Þar á ég við um vélstjóra og stýrimenn. Þessi frumvörp eru einhvers konar þjónkunaraðgerðir við útvegsmenn. Þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa virkað sem olía á það deilubál sem logað hefur síðustu ár.

Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki staðið undir nafni í þessu máli fremur en í mörgum öðrum sem hún hefur á sinni könnu. Mér er ljóst að lagasetningin sem við erum að fjalla um mun ná fram að ganga. Að mínu mati er hún hins vegar ofbeldisaðgerð gegn sjómönnum. Viðbrögð útvegsmanna hafa einkennst af þeirri vissu að hæstv. ríkisstjórn gripi inn í með lagasetningu á einhvern hátt.

Mönnum er ljóst að það verður alltaf tjón í verkfalli og sennilega sjaldan jafnmikið og þegar um er að ræða sjómannaverkfall. Hæstv. sjútvrh. boðaði tillögur um að fresta verkfalli til 1. apríl í stað 19. apríl í frv. upphaflega. Það má auðvitað velta því fyrir sér hver áhrifin verði af þeirri frestun.

Menn hafa nokkuð lengi vitað að nokkuð góðar horfur voru á góðum loðnuafla. Samt gengu útvegsmenn að viðræðum með hangandi hendi. Þó ljóst væri að loðnan væri í hvað best veiðanlegu ástandi, verðmætust, styst að sækja hana og með minnstum tilkostnaði, olíukostnaði o.s.frv. þá dugði það ekki. Það dugði ekki í þessu deilumáli. Stjórnvöld grípa hins vegar inn í eftir liðlega helgarlangt verkfall með lagasetningu.

Herra forseti. Sá vandi sem við er að etja er í raun fiskveiðistjórnarkerfið og hvernig unnið er eftir reglum þess. Sú framkvæmd er orsakavaldurinn að þessum deilum, sem leitt hafa til verkfalls hvað eftir annað. Við ættum að minnast orða jöfursins Einars Benediktssonar en hann sagði, með leyfi forseta, í kvæði sínu „Sjá hin ungborna tíð":

„Allt skal frjálst, allt skal jafnt, réttan skerf sinn og skammt
á hvert skaparans barn, allt frá vöggu að gröf.
Þetta boðorð knýr fram, knýr menn brautina fram
undir blikandi merkjum um lönd og um höf."

Sá framsýni meistari, Einar Benediktsson, vissi að sá guli var utar en hann vissi kannski minna um loðnuna. Hann vissi hins vegar að það var framfaraþörf og að íslensk þjóð varð að sækja þekkingu og nýta þá tækni sem möguleg var og verður. Í því hefur ekkert breyst.

Íslenskt samfélag býr enn við að það eru hér sitja að völdum menn sem vilja ekki breyta, eru hræddir við framtíðina og hræddir við breytingar. Það er svo undarlegt hve fáir njóta þess að kvótakerfið sem við búum við hefur skapað nýja aðferð til að hagnast. Það hefur þróast á óhugnanlegan hátt sem hvorki formælendur né andmælendur kerfisins sáu fyrir.

[21:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Enn hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar gengisfellt orð sín. Ekki er langt síðan hér voru digrar yfirlýsingar um að það kæmi aldrei til mála að setja nein lög á þetta verkfall. Hverjir munu trúa þeim næst? Það er alveg öruggt mál að við næstu samninga sjómanna mun enginn trúa því að friður fáist til þess að semja.

Sjómenn eru búnir að vera samningslausir í heila 13 mánuði og sex og hálft ár síðan 1985. Núna eru þeir búnir að vera í verkfalli í milli þrjá og fjóra daga. Og þá er brugðið á þetta ráð. Hver eru rökin? Jú, að bjarga eigi loðnuveiðunum. Það eigi að bjarga því sem bjargað verður af því sem hægt er að veiða af loðnu. Meira að segja er búið að reikna út hvað takist að bjarga miklu í nefndaráliti frá meiri hlutanum sem hér er, 1,5 milljarðar. Ég bið menn að muna þetta vel og fara yfir það þegar upp verður staðið hvort þessum 1,5 milljörðum verði bjargað. Það kann vel að vera að þetta verði Matador-peningar, því miður.

En þessar aðferðir þar sem meginreglur samninga eru brotnar ár eftir ár og alltaf á sömu aðilunum eru gjörsamlega búnar að eyðileggja möguleika þessara aðila til að semja. Ef þetta gengur fram í þetta skipti, þá held ég að menn geti alveg kvatt þá von að samningar verði eðlilegir í framtíðinni milli þessara aðila. Hver trúir því eftir að búið er að setja lög í fjórða skiptið á u.þ.b. sjö árum á samninga sjómanna að eitthvað þýði að fara í samninga og ætla að klára þá án þess að ríkisstjórnin skipti sér af því? Hver trúir því?

Það hefur komið mjög skýrt fram að ekki hefur verið beðið um aðstoð frá ríkisstjórninni í þessu máli. Hún bauð þetta fram. Þetta er bara orðinn kækur hjá ríkisstjórninni. Algjörlega ósjálfrátt er gripið til lagasetningar.

Þetta er auðvitað gjörsamlega ófært. Og flumbrugangurinn er slíkur að á nokkrum korterum breytast tillögur ríkisstjórnarinnar úr heilum mánuði niður í tíu daga. Hvað voru menn eiginlega að hugsa? Það hefur ekki verið mikið samband á milli ráðherranna og samningsaðilanna. Það er alveg á hreinu úr því þetta gengur svona fram.

Einnig hefur komið fram að farið var að ganga í samningunum. Það er full ástæða til að trúa því að menn hafi verið að stíga fram og nálgast markmiðin, þ.e. ná saman samningum. En ef pressan er tekin af, þá hvað? Er þá líklegt að menn nái samningum? Ég held ekki.

Ekki er ástæða til að halda langar ræður yfir þessu. Búið er að leggja málið fram hér. Að tefja málið í þinginu væri fáránlegt vegna þess að málið, eftir að búið er að leggja það hér fram, er farið að virka eins og ríkisstjórnin ætlaðist til. Menn vita að þetta verður klárað. Eina sem við mundum gera með því að tefja framgang málsins væri að koma í veg fyrir að flotinn færi út. Við værum ekki að flýta fyrir samningum.

Ég tel að ekki sé ástæða til að hafa hér langar ræður uppi. En ég vil a.m.k. láta mótmæli mín koma hér fram.

Það versta er, og ég ætla að endurtaka það, að eftir þetta munu varla margir trúa því að hægt verði að ná fram samningum án afskipta ríkisvaldsins þegar þessir aðilar eiga í hlut. Og það er mikill ábyrgðarhluti að stefna málum í þannig horf eins og hér er komið. Þessu hefur ríkisvaldið náð fram með slíkum endalausum afskiptum að búið er að eyðileggja gjörsamlega þennan samningsgrundvöll.

Ég vil, hæstv. forseti, hafa það sem lokaorð mín að ég held að rétt væri að hæstv. ríkisstjórn settist niður og velti því vandlega fyrir sér hvernig mögulegt er, eftir að búið er að fremja þetta axarskaft sem nú á að gera, að reyna að koma einhverju lagi á þessi mál aftur og fá samningsaðila til að trúa því að þeir geti sest við samningsborð eftir þetta án þess að ríkisstjórnin hafi afskipti af því.

[21:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það hefur verið farið nokkuð ítarlega yfir þetta mál og ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að ekki væri til mikils að eyða miklum orðaforða í málið í sjálfu sér. Staða málsins er sú að það þarf að vinda sér í að semja vegna þess sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Hitt vildi ég líka segja að hér hefur sagan verið rakin, verkfallsferillinn og sá tími sem hefur farið í samningaviðræður milli sjómanna og útvegsmanna á umliðnum árum og það samningsleysi sem sjómannastéttin hefur búið við um langan tíma. Það segir okkur enn um það og er kannski áminning til þjóðarinnar, sá atburður sem hér er að gerast, um mikilvægi sjómannastéttarinnar. En að sama skapi þarf auðvitað að halda öðruvísi á málum en hér er gert.

Ég hitti mann hérna úti áðan sem spurði mig um hvað þessi deila snerist. Hann spurði: Hvað er verðmyndun í sjávarútvegi sem mest er deilt um? Hvað er það? Og það er kannski ekki nema von að spurt sé. Það eru ekki margir

sem gera sér fulla grein fyrir því, þeir sem eru komnir langt frá sjávarútveginum og eru jafnvel farnir að búa sér til þá mynd að við lifum á einhverju öðru en sjávarfangi. Ég lýsti þessu á einfaldan hátt. Ég sagði: Sú deila er svona. Það eru tvö skip gerð út frá verstöð, annað landar í fiskverkun þar sem útgerðarmaðurinn er jafnframt eigandi, en hitt landar á markað. Þar sem landað er á markað, þar fær áhöfnin 100 kr. fyrir kíló af þorskinum, en þar sem landað er í fiskverkun, þar fær áhöfnin 50 kr. fyrir kílóið. Þetta er deilan í hnotskurn.

Þegar menn segja síðan að allt of stuttur tími sé til að semja nú, þá vita deiluaðilar og útgerðin fyrst og fremst allan aðdragandann. Útgerðin veit að það kemur að því að leysa þurfi málin.

Ég sagði hér fyrr í kvöld að þetta væri með ólíkindum, ég hefði á tilfinningunni að hjólin væru farin að snúast aftur á bak hjá þeim sem mestu ráða um hvernig á verður haldið í samningaumleitunum. Ég er þess enn fullviss að eitthvað vantar í það sem aðrir hafa tekið upp í samningaumleitunum. Í kjaradeilu við kaupskipaútgerðir hefur stundum verið settur á dómur. En hann hefur þá oftar en ekki farið þannig að sá dómur hefur verið á útgerðarmenn um að gera betur en þeir hafi gert. Það er líklega teljandi á fingrum annarrar handar sem það hefur gerst varðandi fiskiskipin á líklega síðustu fjórum áratugum. Ég vona að það sé ekki það sem þurfi til að koma til að útgerðarmenn komi að samningaborðinu og átti sig á því að ekki er hægt að hleypa öllu í uppnám þegar verkfall er brostið á. Auðvitað er þetta heimaverkefni og vinna sem þarf að takast á við, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Það er ekkert öðruvísi með kjarasamninga milli fiskimanna og útgerðarmanna en annarra aðila í landinu, þar sem menn verða að setjast niður og finna flöt á málinu. Það er of oft búið að velta þessu máli hingað inn í hið háa Alþingi. Og jafnvel sagt sem svo að öðrum aðilanum liggi ekkert á því hann viti hvar málið muni enda.

Ég trúi því ekki og það kom fram hjá öllum aðilum sem komu á fund sjútvn. að þeir vissu ekkert um stöðu málsins sem nú er komin upp.

Herra forseti. Talað hefur verið um að ekki hafi slitnað upp úr viðræðum, en hins vegar kom fram hjá fulltrúa sjómanna að engar viðræður voru komnar í gang fyrr en verkfallið var að bresta á. Það gefur allri þessari mynd vonda ímynd sem blasir við. Ég er ekki þar með að segja að ábyrgðin sé öll á annan veginn. En auðvitað eru það þó útgerðarmennirnir sem ráða mestu um.

Ég lýsti afstöðu minni áðan, herra forseti, að ég mundi greiða atkvæði gegn þessari lagasetningu og þess vegna ritaði ég ekki undir nál. sem hér liggur fyrir. Ég vildi fyrst og fremst gera grein fyrir því, herra forseti.

[21:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Rétt fyrir síðustu helgi lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi ekki blanda sér í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna með lagaboði. Núna hefur það gerst. Upp rennur mánudagur. Alþingi er boðað til fundar nær fyrirvaralaust til þess að keyra í gegn lagabreytingar sem fresta því verkfalli sem skollið er á. Hagsmunum þjóðarbúsins er stefnt í hættu með verkfalli og það er alveg rétt. Og þess vegna er eðlilegt að menn spyrji hvernig á því standi að til verkfallsátaka hafi komið. Því það viðurkenna allir að miklir hagsmunir eru í húfi, fyrir sjómenn, fyrir fjölskyldur þeirra og fyrir efnahagslífið í heild sinni. Hvernig stendur á því að til verkfallsátaka kemur?

Menn skyldu hugleiða það að sjómenn hafa verið samningslausir í 13 mánuði. Í 13 mánuði hafa sjómenn verið án samninga, og við höfum fengið að vita um það í fréttum að útvegsmenn skella skollaeyrum við öllum kröfum þeirra. Það hafa þeir gert. Hverjar skyldu þær kröfur vera?

Sjómenn vilja hækka kauptryggingu. Hver skyldi kauptrygging háseta vera? Hún er 86.000 kr. á mánuði. Hvað er það sem sjómenn fara fram á? Þeir fara fram á 120.000 kr. Finnst mönnum þetta vera háar upphæðir? Finnst mönnum þetta vera ósanngjarnar kröfur? Það finnst mér ekki.

Hvað er það annað sem menn eru að deila um? Menn eru að deila um verðmyndunarkerfið. Hvers vegna? Vegna þess að sjómenn þurfa að reiða sig á þetta kerfi. Það skiptir sköpum hvernig verðið myndast gagnvart þeirra eigin kjörum.

Menn eru að fjalla um tryggingar og slysatryggingar. Gera menn sér grein fyrir því að lífeyrissjóðir sjómanna eru í reynd tryggingarsjóðir útgerðarinnar? Yfir 40% af útstreymi úr Lífeyrissjóði sjómanna er vegna örorku. Iðulega eru greiðslurnar hærri úr lífeyrissjóðunum vegna örorku en vegna lífeyris. Og sjómenn eru að leita leiða til að treysta stöðu sína hvað þetta snertir. Þegar einstaklingur lendir í slysi, þá þurfi hann ekki að geta fært sönnur á hver sökudólgurinn er til að geta notið réttmætra trygginga.

Menn eru að deila um lífeyrismál. Sjómenn eru að fara fram á samsvarandi lífeyrisgreiðslur og aðrar stéttir hafa verið að semja um. En gegn öllum þessum kröfum stendur útgerðin. Það er útgerðin sem er að heyja kjarabaráttu gegn íslenskum sjómönnum. Og alltaf geta útgerðarmenn reitt sig á ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar. Alltaf. Alltaf sker hún útvegmenn niður úr snörunni. Það er hún að gera núna. Það er það sem er að gerast í þessari deilu sem útvegsmenn eru að heyja gegn íslenskum sjómönnum. Og að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin alltaf treyst á liðsmenn sína hér á Alþingi. Alltaf.

Halda menn virkilega að þetta sé deilunni til góðs? Eða halda menn að þeir séu að bæta þann farveg sem þessi deilumál hafa verið í á undanförnum árum? Síðan 1987, á 13 árum, hafa sjómenn verið samningslausir í sex og hálft ár.

Og nú er það að gerast eftir að þeir hafa verið án samninga í 13 mánuði og barist fyrir þeim kjarabótum sem ég hef nefnt hér, að færa kauptryggingu háseta úr 86.000 kr. á mánuði í 120.000 kr., að bæta tryggingamál sín og lífeyrisréttindi og taka á ranglátu verðmyndunarkerfi, þá gerist það að enn eina ferðina kemur ríkisstjórnin og sker Landssamband íslenskra útvegsmanna niður úr snörunni. Við munum ekki taka þátt í því hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 908. — Afbrigði samþ. með 32:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, GHall*.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BBj, GÁS, GÁ, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]

Brtt. 908 samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GHall, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BBj, GÁS, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (BBj, GÁS, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BBj, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ*, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LB, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb.

nei: GAK, SJóh*.

11 þm. (EMS, GE, GHall, GÖ, JóhS, JB, KolH, MF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BBj, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

Fundi slitið kl. 21:50.

---

96. FUNDUR

mánudaginn 19. mars,
að loknum 95. fundi.

Dagskrá:

Frestun á verkfalli fiskimanna, stjfrv., 581. mál, þskj. 907 (með áorðn. breyt. á þskj. 908). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BBj, JÁ, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

Frestun á verkfalli fiskimanna, 3. umr.

Stjfrv., 581. mál. — Þskj. 911.

[21:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér á að fara að afgreiða endanlega lagasetningu um frestun á verkfalli fiskimanna.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Fá hljóð í salinn meðan verið er að halda ræðu.)

Ég tel að sú lagasetning sem er enn á ný sett á deilur fiskimanna, réttmætar kjaradeilur þeirra og réttmætar og lögmætar verkfallsaðgerðir, hljóti að vekja upp þá spurningu hvort ekki sé orðið tímabært að breyta íslensku vinnulöggjöfinni og bæta inn í hana ákvæði sem hljóðar eitthvað á þá leið að séu sett lög á Alþingi á kjaradeilur, sem fer nú að verða nokkuð algengt og þá sé kannski orðið tímabært að bæta inn í vinnulöggjöfina ákvæðum um að sú vinnustöðvun sem tekin er úr sambandi og þær aðgerðir launþegahreyfinga sem teknar eru úr sambandi með löggjöf hefjist þá a.m.k. aftur um leið og slíkum lögum lýkur.

Það hefur oft gerst að hér hafi verið sett lög öðruvísi en þau sem nú er verið að setja sem fresta eingöngu deilunni til 1. apríl og þá hefjast aðgerðir að nýju. En í fyrri lagasetningum og deilum sjómanna hafa þær oftast verið þannig að þær hafi bundið deilurnar til ákveðins tíma og síðan hefur lagasetningin fallið úr gildi en áfram hefur haldið sama ástand að verkfallið hefur eigi hafist að nýju og samningar dregist langtímum saman eins og hefur komið svo rækilega fram í umræðunni í kvöld.

Þess vegna hlýt ég að velta því fyrir mér hvort ekki sé rétt að leita eftir því meðal hv. þm. að koma með frv. um breytingu á vinnulöggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur

sem kveður á um að þegar lög hafa verið sett á kjaradeilu og þegar tímasetningin sem þeim fylgir er liðin, þá hefjist verkfall að nýju, alveg burt séð frá því hvernig aðdragandi málsins var þannig að menn standi þá frammi fyrir því að þannig er það.

Ég ætla ekki að tefja afgreiðslu máls hér. Það hefur engan tilgang. Ríkisstjórnin hefur nægan meiri hluta til að keyra þetta í gegn. Ég vil að lokum lýsa því yfir að ég er afar ósáttur við það hvernig að þessu er staðið og tel að það sem er núna verið að gera geti hreinlega orðið til að tefja lausn deilunnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:57]

Frv. samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BBj, KVM, KLM, LMR, ÓÖH, SvH, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í umræðunum hefur komið fram að þingmenn Samfylkingarinnar munu greiða atkvæði gegn þessu frv. Það er ábyrgðarhluti að grípa inn í samningsgerð sjómanna og útvegsmanna sem gæti allt eins orðið til þess að draga deiluna enn á langinn nú þegar viðræður virtust vera að komast á nokkurt skrið. Það er lítilsvirðing, herra forseti, við aðila að gefa þeim ekki tóm til að ljúka verki sínu. Við teljum þessa lagasetningu til mikillar óþurftar. Það er löngu tímabært að aðilar fái að ljúka samningsgerð í friði fyrir ríkisvaldinu.

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 912).

Fundi slitið kl. 21:58.

97. FUNDUR

mánudaginn 26. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — 1. umr.
3. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.
4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að að loknum fyrsta dagskrárlið fer fram umræða utan dagskrár um viðskiptahalla og skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðarbúskapinn. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 541. mál, þskj. 898.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), 446. mál, nál. utanrmn., þskj. 915.

Byggðaþróun, 582. mál, fsp. SoG, þskj. 920.

Framkvæmdasjóður aldraðra, 365. mál, svar heilbrrh., þskj. 874.

Frestun á verkfalli fiskimanna, 581. mál, þskj. 911.

Greiðslur vegna tjóna á útihúsum, 517. mál, svar viðskrh., þskj. 906.

Kostnaður við að skýra hæstaréttardóma, 420. mál, svar forsrh., þskj. 901.

Kostnaður við Borgartún 21, 585. mál, fsp. LB, þskj. 923.

Leigubifreiðaakstur, 584. mál, fsp. LB, þskj. 922.

Lækningatæki, 254. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 918; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 919.

Mat á umhverfisáhrifum, 506. mál, svar umhvrh., þskj. 903.

Minnisblað til starfsnefndar ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu, 476. mál, svar forsrh., þskj. 904.

Móttaka flóttamannhópa, 588. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 931.

Námsstyrkir, 583. mál, fsp. SJS, þskj. 921.

Nýgengi krabbameins, 496. mál, svar heilbrrh., þskj. 875.

Póststöðvar Íslandspósts, 488. mál, svar samgrh., þskj. 902.

Rannsóknir á sumarexemi í hrossum, 545. mál, svar landbrh., þskj. 928.

Reynslulausn fanga, 586. mál, fsp. LB, þskj. 924.

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, 429. mál, nál. utanrmn., þskj. 916.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, 498. mál, nál. utanrmn., þskj. 917.

Skylduskil til safna, 590. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 933.

Stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, 520. mál, þskj. 889.

Suðurlandsskógar, 589. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 932.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 591. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 934.

Athugasemdir um störf þingsins.

Minnisblað ríkisstjórnarinnar í öryrkjamálinu.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í öryrkjamálinu sem svo hefur verið nefnt fól ríkisstjórnin sérstökum starfshópi að greina hvaða leiðir væru færar til að bregðast við dómnum, undirbúa frv. og meta hversu víðtækar afleiðingar dómurinn kynni að hafa. Verkefni starfshópsins voru reifuð í erindisbréfi sem hann fékk í hendur ásamt minnisblaði ríkisstjórnarinnar sem starfshópurinn síðan vísar í í skýrslu sinni. Lögmaður Öryrkjabandalagsins óskaði eftir þessu minnisblaði, var meinað um það og hyggst sækja mál sitt fyrir dómstólum.

Stjórnarandstaðan á Alþingi taldi einnig mikilvægt að fá þessi gögn fram í dagsljósið og með hliðsjón af skyldu til að rækja eftirlitshlutverk sitt óskuðu formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar eftir því að minnisblaðið yrði birt. Þetta byggir á stjórnarskrárvörðum rétti alþingismanna en samkvæmt honum er ráðherra skylt að svara fyrirspurn sem leyfð hefur verið á grundvelli 54. gr. stjórnarskrárinnar.

Í riti sem forsrn. gaf út á árinu 1999, um starfsskilyrði stjórnvalda, er tekið undir að þetta er ótvíræður réttur en jafnframt er því haldið fram að ráðherra hafi ákveðið mat um það hvernig hann setji fram svör sín svo lengi sem þau séu rétt og nægilega ítarleg til að upplýst umræða geti farið fram. Ef það er rétt sem staðhæft er í bæklingi forsrn. að það sé komið undir mati ráðherra hvort fyrirspurnum þingmanna er svarað, þá er í fyrsta lagi eðlilegt að Alþingi setji um það reglur hvernig stjórnarskrárvarinn réttur alþingismanna til eftirlits sé varinn og í öðru lagi í sambandi við þetta mál sérstaklega er eðlilegt að hæstv. forsrh. sé spurður á hverju hann byggi það mat sitt að neita Alþingi um aðgang að minnisblaði sem haft skyldi til grundvallar við samningu á lagafrv. og túlkun á dómi sem vakið hefur meiri deilur en dæmi eru um í seinni tíð.

[15:07]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er að sönnu vandratað fyrir þingmenn að sinna skyldu sinni á hinu háa Alþingi. Svar hæstv. forsrh. við einfaldri fyrirspurn okkar þriggja þingflokksformanna stjórnarandstöðuflokkanna felur í sér að á grundvelli upplýsingalaga og annarra laga hafi hv. þm. í raun sama aðgang að gögnum sem undirbúin eru fyrir ríkisstjórnina og aðrir utanaðkomandi aðilar. Með öðrum orðum er sagt í svarinu að

í raun sé því enginn eðlismunur á þeim aðgangi sem almenningi er veittur á grundvelli upplýsingalaga og þeim aðgangi sem þingmönnum er veittur á grundvelli stjórnarskrárvarins fyrirspurnaréttar þeirra um opinber málefni.

Herra forseti. Þetta er náttúrlega algerlega óviðunandi túlkun á því lagaumhverfi sem verið er að ræða um og hlýtur að kalla á endurskoðun á þeim lögum sem málið snertir. Reyndar er það svo að vitnað er í þessu svari til skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, en ef ég man rétt er þar gerður þó nokkur greinarmunur á því hvort um er að ræða upplýsingar sem þingmenn biðja um eða hvort um er að ræða aðgang annarra á grundvelli upplýsingalaga.

Herra forseti. Það endurtekur sig aftur og aftur hér að við hv. þm. fáum engin svör við spurningum sem við beinum til hæstv. ráðherra og getum þar af leiðandi ekki sinnt skyldum okkar sem skyldi. Reyndar er það svo að Samfylkingin telur nauðsynlegt að skoða þetta lagaumhverfi mun betur og kanna hvar þurfi að bæta úr til þess að þingmenn geti fengið lausn þannig að þeir geti sinnt skyldu sinni á hinu háa Alþingi. Að öllu leyti er það a.m.k. ljóst að algerlega óviðunandi er, herra forseti, fyrir þingmenn að búa við þá túlkun sem hæstv. ríkisstjórn notar á þeim lögum sem varða rétt þingmanna til upplýsinga um málefni.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og menn vita var Alþingi gerð grein fyrir öllum meginatriðum þess títtnefnda minnisblaðs sem menn hafa verið að fjalla um hér og nú, allt sem nauðsynlegt var til að menn gætu rætt um þau lagafrv. sem nauðsynlegt var að afgreiða vegna dóms Hæstaréttar eins og mönnum er kunnugt.

Að því er varðar efni minnisblaðsins að öðru leyti, þá er auðvitað fullkomin ástæða til að árétta að það var undirbúið fyrir ríkisstjórnina og sérstaklega tekið saman fyrir fund hennar um málið.

Alþingi sjálft hefur, bæði í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996, talið ástæðu til að verja gögn af þessu tagi alveg sérstaklega og við það verðum við að halda okkur. Enda þótt þessum lögum verði vitaskuld ekki beitt sem slíkum við úrlausn deilna um aðgang að upplýsingum frá þinginu er þó til þess að líta að fundir þingsins eru háðir í heyranda hljóði og gögn sem þar eru lögð fram eru almenningi aðgengileg. Í raun er því enginn eðlismunur á þeim aðgangi sem almenningi er veittur á grundvelli upplýsingalaga og þeim aðgangi sem þingmönnum er veittur á grundvelli stjórnarskrárvarins fyrirspurnaréttar þeirra um opinber málefni. Í ljósi þessa hlýtur því mat á inntaki upplýsingaréttar þingsins og takmarkanir sem hann sætir að mörgu leyti að byggjast á sams konar sjónarmiðum og þær takmarkanir sem lögfestar hafa verið gagnvart upplýsingarétti almennings. Er sú nálgun málsins í samræmi við þær ábendingar sem fram komu í skýrslum um starfsskilyrði stjórnvalda sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, samanber þskj. 376. Þar var jafnframt á það bent að æskilegt væri að inntak þess réttar yrði nánar afmarkað í þingskapalögum, þar á meðal hvaða upplýsingar ráðherra væri heimilt að undanþiggja svörum við fyrirspurnum Alþingis. Alþingi hefur hins vegar engan reka gert að því að breyta þeim lögum.

Ég spyr hv. þingmenn hvort þeir telji að einstaklingar sem fara fram á upplýsingar og er synjað, það fer fyrir sérstaka stjórnskipaða nefnd um þetta efni samkvæmt sérstökum lögum og ef því er synjað þar, að þá geti viðkomandi einstaklingar bara beðið þingmenn um að hlaupa með spurningu sína inn á Alþingi og þá verði menn að svara því. Að sjálfsögðu er það ekki svo.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Meginregla íslensks réttar er að almenningur eigi aðgang að upplýsingum um málefni stjórnsýslunnar. Það gerist ekki nema með aðgangi að gögnum og hann verður að tryggja. Hér ríkir upplýsingafrelsi. Og það er sannarlega undarlegt að heyra hæstv. forsrh. dylgja úr ræðustóli um að hér sé verið að etja þingmönnum upp í ræðustól Alþingis af einhverju fólki úti í bæ eftir því sem manni skildist á lokaorðum hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hverjar eru forsendur þess að hæstv. forsrh. telur nauðsynlegt að leyna efni þess minnisblaðs sem hér er fjallað um? Hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að búið sé að gefa alþingismönnum upplýsingar um allt sem nauðsyn bar til að gefa þeim upplýsingar um.

Herra forseti. Ég vil ekki setja það í dóm hæstv. forsrh. að meta hvað sé nauðsynlegt að veita okkur af upplýsingum. Verið er að biðja um upplýsingar sem koma fram í ákveðnu minnisblaði sem alþingismenn telja sig eiga rétt á samkvæmt upplýsingalögum og stjórnarskrá að eiga aðgang að. Um það er deilt og ég frábið mér þær dylgjur sem hér koma fram í máli hæstv. forsrh. um að alþingismönnum sé att í ræðustól af utanaðkomandi aðilum.

[15:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er að verða fróðlegra og fróðlegra eftir því sem tíminn líður að fá upplýsingar um hvað stendur í þessu blessaða minnisblaði, slík er leyndin yfir því að engu tali tekur. En þessi umræða er að verða eins og sagan endalausa. Við hv. þm. fáum upplýsingar skammtaðar úr hnefa eins og hentar og það er að verða meginregla en ekki undantekning að það sé frjálst mat hæstv. ráðherra hverju sinni hvaða upplýsingar þingið fær og hverjar ekki.

Því verður að halda til haga, virðulegi forseti, að ef þingið á að geta sinnt hlutverki sínu að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, þá verður það að hafa aðgang að upplýsingum og vegna þingræðisreglunnar er það einfaldlega þannig að það kemur í hlut minni hlutans að veita slíkt aðhald. Við sjáum það mjög sjaldan ef nokkurn tíma að hv. þm. úr meiri hlutanum veiti hæstv. ráðherrum nokkurt aðhald sem máli skiptir. Þetta er fyrst og fremst hlutverk minni hlutans. Og það er mjög sorglegt, virðulegi forseti, að þurfa að sitja undir því æ ofan í æ að fá upplýsingar skammtaðar úr hnefa í umræðum.

Ekki er langt síðan, virðulegi forseti, að við fengum merka skýrslu um laxeldi og sölu tiltekinna fyrirtækja o.s.frv. Sú skýrsla var ritskoðuð. Það er sama hvar borið er niður. Alltaf er niðurstaðan sú sama og hún er sú: Um ykkur gildir svipað eða sambærilegt og um almenning. Þetta er þveröfugt við það, virðulegi forseti, sem hugmyndafræðin sem býr að baki þrígreiningu ríkisvaldsins byggir á og það er dálítið merkilegt, virðulegi forseti, að við skulum þurfa að standa í umræðum aftur og aftur þar sem okkur eru skammtaðar upplýsingar úr hnefa þrátt fyrir skýr ákvæði stjórnarskrárinnar um hvert skuli vera hlutverk þingmanna.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Synjun hæstv. forsrh. á því að svara efnislegri og skýrri fyrirspurn frá þingmönnum um tiltekið opinbert málefni er mjög alvarlegur atburður. Réttur þingmanna til að krefja upplýsinga er, eða a.m.k. á að vera, og hefur verið talinn mjög sterkur. Og skylda ráðherra til að svara fyrirspurn, sem hefur á annað borð verið leyfð á Alþingi, er ótvíræð. Þess vegna er hæstv. forsrh. að mínu mati á miklum villigötum að leggja það að jöfnu við að upplýsingalög og stjórnsýslulög verji ákveðnar upplýsingar gagnvart almennri eða opinberri birtingu. Þar er ólíku saman að jafna, rétti þingmanna sem helgast af því aðhaldshlutverki og þeirri upplýsingaskyldu sem þeir hafa með höndum varðandi opinbera stjórnsýslu og opinber málefni.

Láti menn sér detta í hug eitt andartak að slíkri beiðni væri hafnað í þjóðþingunum í kringum okkur þar sem alsiða er að þingnefndir hlutist til um rannsókn mála og hafa algjörlega ótakmarkaðan rétt til þess að draga fram allar þær upplýsingar sem þær vilja? Séu þær svo hernaðarlega mikilvægar að þær gætu skaðað hagsmuni ríkisins út á við geta ráðherrar gert aðvart um og óskað eftir því að farið verði leynt með upplýsingarnar. En þingmenn eiga eftir sem áður rétt á því að fá þær í sínar hendur.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsrh.: Er innihald þessa minnisblaðs svo hroðalegt að hæstv. forsrh. telji það skaða hagsmuni ríkisins ef það verður opinbert? Vill þá hæstv. forsrh. veita þingmönnum, t.d. formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa spurt um málið, aðgang að þessum upplýsingum í trúnaði og láta á það reyna hvort þeir séu ekki menn til að virða þann trúnað ef einhver minnsta ástæða er fyrir honum?

Herra forseti. Þetta ber allt að sama brunni um hinn tortryggilega bakgrunn þessara mála allra saman frá 19. des. sl. Ljóst er að ekki bætir þvermóðska hæstv. forsrh. ástandið í þeim efnum heldur ýtir hún enn undir að knýja verði fram opinbera rannsókn á bakgrunni þessara atburða allra í heild sinni.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var reginmisskilningur hjá hv. þm. að upplýsingalög og stjórnsýslulög hefðu ekkert með þetta að gera. Ef það er svo að aðilar sem hafa beðið um tilteknar upplýsingar fá þær ekki, til að mynda vegna þess að slíkar upplýsingar eiga að fara leynt, ætlar hv. þm. þá að segja mér að hann trúi því að slíkar upplýsingar mætti ég gefa í heyranda hljóði ef öðrum væri neitað um þær vegna þess að það ber að neita um slíkar upplýsingar? Þannig talar hv. þm.

Það vill til varðandi þetta mál að þetta er ekki bara mat ráðherrans sem í hlut á heldur hefur sjálfstæð og óháð úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sem starfrækt er á grundvelli V. kafla upplýsingalaga til að leysa úr þess háttar ágreiningsmálum, fengið þetta mál til meðferðar og hún hefur staðfest með sömu rökum og ráðherrann að þessum upplýsingum eigi að halda leyndum eða ekki sé skylt að svara þeim.

Þá er spurningin þessi: Finnst mönnum þá að í framhaldinu geti hvaða þingmaður sem er fengið í heyranda hljóði svör við spurningum þar sem fram kemur og hefur verið áréttað áður að slíkum spurningum beri ekki að svara til viðkomandi aðila? Mér finnst þetta liggja í augum uppi.

Það þýðir alls ekki að þetta skjal hafi að geyma einhver slík rosaleg leyndarmál sem sumir virðast ætla. Þetta lýtur bara ákveðnum lögmálum og lögin segja skýrt og greinilega til um það hvaða gögn séu opinber gögn og hvaða gögn séu það ekki. Þetta lýtur þeim lögmálum en hefur ekkert með það að gera að plaggið sé jafnstórfenglegt og menn virðast ímynda sér hér í salnum.

[15:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sýnir þinginu mikla lítilsvirðingu með því að leggja að jöfnu aðgang almennings að upplýsingum og kjörinna fulltrúa Alþingis sem hafa með höndum eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því: Tekur hann ekki mark á því sem hann segir sjálfur eða kemur fram í þeirri skýrslu sem hann hefur lagt fyrir á Alþingi og mælt fyrir? En þar segir, með leyfi forseta:

„Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar."

Til þess er líka vísað að í dönskum rétti er á því byggt að aðgangur þingmanna að upplýsingum ráðist ekki af upplýsingalögum.

Herra forseti. Ég held að upplýsingalögin séu helst notuð til að vera eitthvert skjól fyrir ráðherrana til að þurfa ekki að svara fyrirspurn frá alþingismönnum.

Síðan ber hæstv. ráðherra líka fyrir sig úrskurðarnefnd upplýsingamála í þessu efni, að hann geti neitað að svara, og ég held að það þurfi að taka til endurskoðunar, herra forseti, eins og reyndar liggur fyrir um frv. hér á Alþingi, að það er forsrh. sjálfur sem skipar alla þá sem sitja í úrskurðarnefnd upplýsingamála. Það er í hæsta máta óeðlilegt, herra forseti.

Þetta mál sem lagt var fyrir Alþingi í dag er ekki eina málið eða svarið frá hæstv. ráðherra þar sem hann ber fyrir sig upplýsingalögin. Hæstv. forsrh. hefur gert það í svari við annarri fyrirspurn. Það kemur fyrir aftur og aftur, herra forseti, að ráðherrar sýna þinginu þannig lítilsvirðingu. Ég held að kominn sé tími til, herra forseti, að þetta mál verði tekið til alvarlegrar skoðunar í hæstv. forsn.

[15:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í grannríkjum okkar eru upplýsingaskyldur stjórnvalda miklar. Þó eru einhverjar skorður reistar og þá vísað til þjóðaröryggis eða þagnarskyldu í tilteknum málum.

Í fyrrnefndum bæklingi forsrn. um starfsskilyrði stjórnvalda segir, með leyfi forseta:

„... réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar."

Í svari til okkar þingflokksformanna, þar sem hafnað er erindi okkar að birta minnisblaðið, segir hins vegar að enginn eðlismunur sé á aðgengi að upplýsingum samkvæmt upplýsingalögum og aðgangi þingmanna á grundvelli stjórnarskrárvarins fyrirspurnaréttar þeirra.

Nú skulum við láta þær mótsagnir sem koma fram í greinargerðum og svörum forsrn. og hæstv. forsrh. liggja á milli hluta. En það er með öllu ófært að Alþingi sé meinað um upplýsingar sem alþingismenn telja nauðsynlegar fyrir upplýsta, lýðræðislega umræðu á þinginu. Það er líka

ófært að það sé háð duttlungum ráðherra hvernig stjórnarskrárvarinn réttur alþingismanna til eftirlitsskyldu gagnvart framkvæmdarvaldinu er túlkaður.

Við getum ekki skilið við þetta mál með þessum hætti. Stjórnarandstaðan mun að sjálfsögðu setjast yfir þessi mál og íhuga hvernig við fáum upplýsingar, sem okkur er meinað um, færðar fram í dagsljósið. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. hefur ekki svarað einu orði um innihald þess máls sem hann er spurður um. Hann er spurður á hverju hann byggi það mat sitt að meina ekki aðeins Öryrkjabandalaginu heldur alþingismönnum, stjórnarandstöðunni á Alþingi, um upplýsingar sem okkur ber samkvæmt stjórnarskrá Íslands að fá í hendur.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Röksemdafærsla hæstv. forsrh. stenst ekki og reyndar liggja fyrir skjöl frá honum sjálfum, hæstv. ráðherra, sem hrekja þær röksemdir sem færðar eru fyrir því að afhenda ekki þetta minnisblað eða svara ekki fyrirspurn á Alþingi. Einnig er nauðsynlegt að gera greinarmun á skyldu manna til að leggja fram upplýsingar og hinu að þeir ákveði að gera svo af fúsum og frjálsum vilja. Það er munur á því að ekki sé skylt að afhenda upplýsingar og hinu að ákveða að gera það. Það er ekki þar með sagt að það sé bannað. Það er ekki þar með sagt að neitt hindri hæstv. forsrh. í að afhenda þessar upplýsingar, svara þessum fyrirspurnum þó að menn kynnu að telja svo að hann væri ekki skyldur til þess að lögum. Þessu þyrfti hæstv. forsrh. líka að átta sig á og svo hinu að hér er um stjórnarskrárvarinn og mjög sterkan rétt alþingismanna að ræða. Fyrir nú utan að velja sér þann málstað sem gengur auðvitað gegn opnari stjórnunarháttum og gengur gegn eðlilegu þingræði að afhenda ekki þessar upplýsingar þegar um þær er beðið í fyrirspurn. Þvílíkur málstaður að verja í nútímalýðræðisþjóðfélagi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Innflutningur tækja frá gin- og klaufaveikisvæðum.

[15:26]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. landbrh.:

Hvernig hefur verið brugðist við í þeim tilfellum þegar verið er að flytja inn notuð tæki eða bíla til landsins frá löndum þar sem gin- og klaufaveiki eða kúarið er til staðar?

Ljóst er að mikið er flutt af vinnuvélum frá þessum löndum, t.d. Bretlandi, og mér er kunnugt um að ein slík vél hefur komið til landsins. Ég veit ekki hvernig því reiddi af, hvort hún fór í einhverja sérstaka aðgerð eða hreinsun áður en hún var flutt til landsins. Síðan eru notaðar bifreiðar fluttar inn frá sömu löndum.

Seinni hluti spurningarinnar er á þessa leið:

Hvað á að gera varðandi alla þá ferðalanga sem koma með Norrænu næsta sumar? Er búið að mynda einhverja skoðun eða stefnu um það hvernig verður tekið á því máli? Það kemur náttúrlega mikið af bílum, rútum og öðru slíku.

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og þá hugsun sem kemur fram í máli hans því að þarna skilur á milli feigs og ófeigs. Þetta er spurningin um hvort okkur tekst að verjast og losna við þá plágu sem herjar nú í Evrópu.

Hvað varðar notuð tæki sem hér eru flutt inn get ég lýst því yfir að strax og ég varð landbrh. fór ég að glíma við það vandamál að menn fluttu inn skítug tæki, hestakerrur, því miður oft óhreinar. Það var líklega frekar í október 2000 en nóvember sem ég setti samkvæmt lögum reglugerð þar sem bannað var að flytja inn notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur. Þetta var tilkynnt yfirdýralækni en hins vegar getur landbrh. veitt undanþágu. Þetta hefur verið í þessum farvegi síðan.

Síðan hefur það náttúrlega verið núna í kringum þessar miklu plágur sem hafa geisað, ekki síst gin- og klaufaveikina, að yfirdýralæknir hefur haldið fundi með tollstjóranum í Reykjavík og farið yfir þessi mikilvægu mál og að rétt verði að þeim staðið. Auðvitað ber að fylgjast með þessu og gera þetta samkvæmt þessari reglugerð. Mér finnst þarna vera strangar reglur sem ég trúi ekki öðru en að sé farið eftir því að það er mjög mikilvægt.

Hvað varðar Norrænu þá hefur maður enn þá verið með hugann bundinn við Keflavík og þær varnir sem hefur verið gripið til þar en ég tek undir þá hugsun sem kom fram í máli hv. þm. að auðvitað þarf að fara að huga að því, það er stórmál. Þar verður áreiðanlega gripið til öruggra aðgerða áður en ferðalög hefjast í vor. En ég kann ekki að segja alveg frá því hvort sú vinna sé hafin en hún verður sett í gang.

[15:29]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. En það sem hann kom ekki inn á voru notaðar vinnuvélar, ekki endilega landbúnaðartæki, gröfur, ýtur og annað. Mér er kunnugt um að slík tæki hafi komið til landsins. Ég held að það séu reglur eða aðferðir til að hreinsa þessi tæki áður en þau fara til annarra landa. Ég er aðeins að minna á þetta mál. Það er mjög áríðandi að við getum varist í málinu. Ég held að í þessum tilvikum þurfi að líta mjög vel eftir og horfa á það því að þessi tæki eru kannski komin inn í landið áður en nokkur maður veit af.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það var sett skýrt inn í reglugerðina eitthvað á þá leið að leiki rökstuddur grunur á að vélar sem komnar eru til landsins hafi verið notaðar í landbúnaði áður þá beri að tilkynna yfirdýralækni um það og þeim verði ekki hleypt inn í landið fyrr en hann gefur samþykki sitt fyrir því og menn hans hafa yfirfarið tækin. Þetta snýr að fleiru en hestakerrum því að þetta geta verið plógar, traktorar, vörubílar og gröfur. Þannig á þetta að ganga fyrir sig og mér finnst mjög mikilvægt að því sé fylgt eftir.

Ég vil ekki trúa öðru en að tollstjóraembættið, sem hefur eins og ég sagði áðan átt fundi með yfirdýralækni, fari yfir málið. Þetta er mjög mikilvægt því að sú mikla plága sem nú herjar á Evrópu er að segja má á næsta bæ við okkur. Þess vegna ber, í þessu efni sem öðru og ekki síst hvað Íslendinga og ferðamenn sem koma til landsins varðar, að gæta fyllstu varúðar á öllum sviðum.

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn.

Laxeldi í Klettsvík.

[15:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er til umfjöllunar í hv. landbn. frv. ríkisstjórnarinnar um lax- og silungsveiði þar sem kveðið er á um hvernig skuli standa að leyfisveitingum til laxeldis í sjókvíum hér á landi. Sá lagalegi umbúnaður sem greinin býr við að þessu leyti hefur að flestra dómi verið mjög ófullnægjandi og brýn nauðsyn er á að búa greininni tryggara umhverfi nú þegar mikill áhugi er á að reyna eldi á norskum laxi í sjókvíum.

Við 1. umr. málsins lýstu allir þeir sem til máls tóku vilja sínum til að hraða afgreiðslu málsins vegna þess að nokkrar umsóknir biðu afgreiðslu og nauðsynlegt væri að afgreiða þær í samræmi við nýju lögin. Nú bregður svo við að á þeim tíma sem hv. landbn. hefur setið önnum kafin við yfirferð málsins hefur hæstv. landbrh. brugðið undir sig betri fætinum og staðfest tvö rekstrarleyfi austur á landi og nú í lok síðustu viku brá honum fyrir í dagblöðum landsins þar sem hann stóð á kassa með virðulega hirð valinkunnra þingmanna sér við hlið og gaf Íslandslaxi tilraunaleyfi til að rækta lax í kví í Klettsvík í Vestmannaeyjum.

Þetta kom þeim mun furðulegar fyrir sjónir þar sem alþekkt er að í þessari vík er í fleti fyrir hvalur einn sem ættleiddur var hingað með dýrlegum fögnuði fyrir fáeinum árum og hefur hingað til ekki viljað fara frá okkur þó að honum hafi verið boðið upp á það. Um örlög hans er því allt óráðið. Er það svo að þessi hugmynd ráðherrans um að koma á eins konar tilraun um sjálfbært samlífi hvals og laxa í Klettsvík hafi verið svo áríðandi að ekki hafi verið hægt að bíða eftir fyrrnefndu frv. sem er rétt ókomið úr afgreiðslu í hv. landbn.?

[15:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þegar ég stóð á kassanum í Klettsvík og fuglabjargið ómaði og þeir stóðu þarna nokkrir við hliðina á mér, þá sagði ég að ef ég sæi trýnið á Keikó þá mundi ég kyssa hann og segja: Far vel Frans.

Keikó fær frelsi í sumar og víkur á vit nýrra ævintýra. Í Klettsvík er mikil aðstaða og Veiðimálastofnun, veiðimálastjóri, Náttúruvernd ríkisins og skipulagsstjóri mæltu með því að þar færi fram 1 þús. tonna eldi á laxi. Það er alger tilraun af því að hitastigið í Vestmannaeyjum er sambærilegt og í Færeyjum, 8–13 stig, og allt öðruvísi en annars staðar við landið. Þar er að vísu mikil sjóhæð og önnur veðrátta þannig að vísindamennirnir töldu mikilvægt að fara hægum skrefum og gera slíka tilraun. Þeir vildu gefa undanþágu til þess og ég var tilbúinn að fallast á það. Auðvitað verður farið að hinum ströngustu kröfum eins og frv. boðar sem nú er fyrir hv. landbn.

Sama má segja um rekstrarleyfin tvö sem gefin hafa verið út fyrir Mjóafjörð og Berufjörð. Til þeirra leyfa og starfseminnar sem þar er að hefjast eru gerðar mjög strangar kröfur. Mér finnst sjálfsagt að sýna landbn. þá virðingu að kynna þeim þessi leyfi, hafi það ekki verið gert, þ.e. á hverju rekstrarleyfin byggja. Ég skal því sjá til þess að einhver af mínum ágætu starfsmönnum komi á fund nefndarinnar og fjalli um það.

Hitt málið, varðandi Vestmannaeyjar, snýst um 1 þús. tonna leyfi til þriggja ára til að kanna þessar mikilvægu aðstæður við eyjarnar, hitastigið o.s.frv.

[15:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég harma að hæstv. landbrh. skyldi ekki svara spurningu minni um þá merku tilraun sem þarna á að fara fram og svo mikið liggur á að hefja að ekki var hægt að bíða eftir að þessi frægi og elskaði hvalur yfirgæfi kvína. Ég verð að taka það fram að ég er ekki viss um að hvalurinn fari þó að hæstv. landbrh. kyssi hann. Það er ekki endilega víst að það dugi.

Ég vil gjarnan fá svar við spurningu minni en jafnframt lýsa því yfir að ég er ekki andvíg laxeldi í Klettsvík, það er öðru nær. Ég verð þó að segja að miðað við aðstæður, með þennan fræga hval í fleti fyrir, finnst mér ekki vænlegt að hefja laxeldi í Klettsvík einmitt núna þó að ég sjái auðvitað ekki eftir laxinum ofan í hann, það er ekki það.

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég held að það liggi fyrir, það er alla vega fullyrt, að Keikó vantar kvenfélaga þannig að við eigum ekkert samneyti. Vísindamenn í Vestmannaeyjum sem þekkja vel til dýraríkisins og náttúrunnar hafa sagt mér að ein besta leiðin til að losna við Keikó væri að venja undir hann kvenkynið og þá mun hann sigla hamingjusamur á brott.

En þetta er allt gert í fullu samráði við eigendur Keikós sem standa vörð um hann. Þeir munu fallast á að þetta fiskeldi fari þarna í gang í vor. Ég hygg að það sé í byrjun júlí sem þeir ætla að synda með hvalinn á vit hinna nýju ævintýra. Vestmannaeyjabær og allir þeir aðilar sem um málið hafa fjallað telja að þetta sé mögulegt þannig að landbrh. leyfir þessa tilraun í trausti þess að allt standist.

[15:38]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í máli hæstv. landbrh. að hann ætlar að kynna málið fyrir hv. landbn. Jafnframt ætlar hann að reyna að fá einhvern af kvenkyni skildist mér til að kyssa hvalinn. Ég vil bara taka það fram hér og nú að ég ætla ekki að bjóða mig fram í það starf. Ég verð hins vegar að segja að ég hef ekki fengið svar við spurningu minni: Hvað lá svona á að hefja þessa merku tilraun í Klettsvík að ekki var hægt að bíða eftir að hv. landbn. kláraði að vinna að frv. sem allir hér höfðu lýst yfir við 1. umr. að þeir vildu ljúka vinnu við við fyrsta tækifæri?

[15:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er nú svo með lífið að það heldur áfram og við verðum að starfa við þau lög sem við höfum hverju sinni. Við höfum lög í landinu þó við ætlum að styrkja þau og sjáum fram á að með vorinu verði það gert. En lífið heldur áfram og þetta með Austfirðina lá auðvitað hreint og klárt fyrir. Það bar að gera.

Hvað Vestmannaeyjar varðar eru menn að tala um 1 þús. tonna eldi þar frekar en að gera kröfu um 3–4 þús. tonna eldi. Mikilvægt er að sjá hvernig gengur í Klettsvík miðað við veðráttu því að menn binda vonir við að hitastigið gefi Vestmannaeyjum mikla möguleika í framtíðinni. Ég sé enga ástæðu til þess að bíða því að við munum vinna þetta eftir ströngustu reglum sem lögin kveða á um í dag. Við hugsum auðvitað til framtíðarinnar. Ég veit að það er stutt í að hv.

landbn. afgreiði þetta mál, alla vega hygg ég að það sé innan mánaðar.

Samningar Íslandspósts hf. um dreifingu pósts á landsbyggðinni.

[15:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Með leyfisbréfi, dags. í Kópavogi 28. janúar 1998, heimilaði Póst- og fjarskiptastofnun Íslandspósti rekstur póstþjónustu. Í 1. gr. þess leyfisbréfs stendur:

„Leyfishafi skal gegna skyldum ríkisins skv. 4. gr. laga um póstþjónustu með því að tryggja landsmönnum reglubundna grunnpóstþjónustu vegna eftirtalinna sendingartegunda" sem eru svo taldar upp.

Jafnframt hefur það komið fram, herra forseti, að Íslandspóstur hefur samið við ýmsa aðila um að taka að sér rekstur póstþjónustu eða ákveðna þætti hennar víða um land. Af þeirri ástæðu leyfði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sér að skrifa svohljóðandi bréf til forstjóra Íslandspósts:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingar – grænsframboðs óskar hér með eftir að fá í hendur afrit af samningum sem Íslandspóstur hf. hefur gert við sjálfstæða rekstraraðila við starfrækslu póstþjónustunnar á landsbyggðinni."

Herra forseti. Með bréfi, dags. 26. mars árið 2001, svarar Íslandspóstur þessari beiðni með eftirfarandi svari:

„Íslandspóstur hf. mun ekki afhenda samninga er varða viðskiptahagsmuni fyrirtækisins nema til þeirra opinberu aðila sem fara með eftirlitsskyldur gagnvart fyrirtækinu, svo sem Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun." — Bréfið er undirritað af Einari Þorsteinssyni forstjóra.

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. samgrh. hvort honum finnist þetta eðlileg viðbrögð og hvað honum finnst um að þingflokkur fái ekki aðgengi að svo mikilvægum samningum hjá þessu einkarekna fyrirtæki sem er algerlega í eigu ríkisins.

[15:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég hef ekki kynnt mér sérstaklega og vissi ekki um þau bréfaskipti sem hafa átt sér stað á milli þingflokks vinstri grænna og forstjóra Íslandspósts. Ég get ekki tekið afstöðu til þeirra fyrr en ég hef farið ofan í það mál eins og það liggur fyrir. Ég held að það hljóti að vera eðlilegt að þeir eftirlitsaðilar sem eiga að sinna eftirliti annars vegar með þjónustunni, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun og hins vegar samkeppnisyfirvöld, fái upplýsingar vegna samkeppnisþátta í rekstri þessa fyrirtækis. Að öðru leyti get ég ekki svarað um þetta mál fyrr en ég hef kynnt mér hvernig því er háttað og á hvaða forsendum svarið frá Íslandspósti hefur verið lagt upp.

[15:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra að eðlilegt sé að Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun fái afrit af þessum samningum, en ég vek athygli á því að Íslandspóstur hf. er með einkaleyfi á stórum hluta af starfsemi sinni og er með ríkar skyldur gagnvart ríkinu og almenningi. Þess vegna skiptir miklu máli að þjónustan sé gagnsæ og hægt verði að fá upplýst hvað verður hætt með eða hvað framselt.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni fara og kanna stöðu þessa máls, kanna forsendur fyrir höfnun Íslandspósts hf. á að greina frá starfsemi sinni sem snertir allan almenning í landinu, hvort hann muni kanna það og gefa um það upplýsingar.

[15:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég gat þess áðan að ég mundi ekki svara þessu nánar fyrr en ég fengi færi á að kynna mér málið. Hins vegar er það þannig að Íslandspóstur hf. lýtur stjórn sem kosin er á aðalfundi. Því er svo háttað að ég hef skipað í stjórn fyrirtækisins m.a. í samráði við talsmenn eða forustumenn stjórnmálaflokkanna og ég veit ekki betur en einn ágætur fulltrúi í stjórn Íslandspósts sé í góðu sambandi við þingflokk Vinstri grænna þannig að allgóður samgangur er á milli fyrirtækisins og þess þingflokks.

Hins vegar er alveg ljóst að um starfsleyfi Íslandspósts hf. gilda ákveðnar reglur og á þær verður að sjálfsögðu að líta.

[15:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta fyrirtæki, Íslandspóstur hf., er algerlega í eigu ríkisins og honum er falið einkaleyfi á mikilvægri þjónustu, grunnþjónustu, grunnsamfélagsþjónustu sem er skýrt kveðið á um í lögum *að skuli veita og með hvaða hætti hún skuli veitt.* Þarna er því ekki verið að tala um samkeppni í sjálfu sér og mér finnst þess vegna algjörlega óviðunandi að fyrirtæki sem annast þessa þjónustu og er með einkaleyfi á svo mikilvægri samfélagsþjónustu skuli ekki vera skylt að skila af sér eðlilegum upplýsingum eins og hér var farið fram á. Ég þakka hæstv. ráðherra undirtektirnar. Hann mun þá ganga í að skoða stöðu þessa máls.

Samningamál sjómanna og mönnun skipa.

[15:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir þinginu liggur frv. hæstv. samgrh. um mönnunarmál flotans, það er mál nr. 348, um áhafnir íslenskra skipa, þar sem gert er ráð fyrir fækkun bæði stýrimanna og vélstjóra á íslenskum fiskiskipum. Fyrir viku þegar ríkisstjórnin var að keyra í gegn frv. um frestun á verkfalli sjómanna kom fram að eitt af því sem stendur í samtökum sjómanna væri þetta frv. Formaður Vélstjórafélagsins gekk svo langt á fundi með sjútvn. að segja að meðan ekki væru gerðar breytingar á frv. yrði ekki af samningum.

Þetta lét ég koma fram í umræðum um frv. ríkisstjórnarinnar, herra forseti.

Nú liggur fyrir að sú vika sem liðin er síðan lög voru sett á verkfall sjómanna hefur ekki nýst sem skyldi. Viðræður hafa lítt þokast eins og við í stjórnarandstöðunni vöruðum reyndar við og það er jafnljóst, herra forseti, að ríkisstjórnin ber ærna ábyrgð. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. hvort hann hafi látið skoða nefnt frv. með tilliti til þeirrar stöðu sem uppi er í viðræðum sjómanna og útvegsmanna og þá jafnframt hvort málið verði tekið fyrir á hinu háa Alþingi fljótlega þar sem brtt. ráðherrans yrðu kynntar og ræddar.

[15:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég get sagt vegna fyrirspurnar hv. þm. að við höfum að sjálfsögðu skoðað þetta mál. Það á sér þann

aðdraganda að lagt var fram frv. sem reyndar var einungis um hluta af því sem það frv. fjallar um sem er fyrir þinginu. Það varð ekki útrætt. Í framhaldi var skipuð nefnd sem vann ítarlega að málinu og niðurstaðan varð það frv. sem ég lagði fyrir þingið. Að vísu var ekki einróma niðurstaða í nefndinni en í öllum meginatriðum var samstaða innan þeirrar nefndar. En ég þurfti hins vegar að höggva á hnútinn í nokkrum atriðum.

Þetta mál er mjög mikilvægt því að það snýst m.a. um margs konar réttindi áhafna. Þess vegna er mikilvægt að koma því fram. En mér er alveg ljóst að þingið á eftir að fjalla um það og einnig á eftir að fjalla um það í þingnefnd. Það kunna því að verða gerðar einhverjar breytingar á frv. En jafnframt er ljóst að ég mun ekki gera nánari grein fyrir því fyrr en ég mæli fyrir frv. Á þessari stundu get ég ekki gefið frekari yfirlýsingar um það.

[15:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér þykja þetta alls ófullnægjandi svör. Það kunna að verða gerðar breytingar á frv., segir hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn ber alla ábyrgð á því að samningamál sjómanna og útvegsmanna hjakka þessa dagana. Og sannarlega þyrfti ríkisstjórnin að koma að því með einhverjum skapandi hætti að keyra þær viðræður hressilega í gang aftur. Af því að það var hún sem fyrir viku frestaði verkfallinu og tók þá áhættu að viðræðurnar stöðvuðust. En það kunna að verða gerðar breytingar á frv., segir hæstv. ráðherra. Þetta eru ekki fullnægjandi svör.

Það er rétt að í frv. eru réttindamál en í því eru líka atriði sem eru greinilega baneitruð, ekki bara fyrir vélstjóra, heldur líka fyrir stýrimenn. Um það hafa verið skrifaðar margar greinar í blöðin. Það liggur nákvæmlega fyrir hvað það er sem mönnum finnst óaðgengilegt og ég skora á ráðherrann að axla þá ábyrgð sem ríkisstjórnin ber á því hvernig viðræðum er komið og upplýsa frekari vilja í þessu máli en nú hefur komið fram.

Innflutningur gæludýrafóðurs frá gin- og klaufaveikisvæðum.

[15:53]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Gin- og klaufaveikifaraldurinn kom til umræðu áðan og eins og hæstv. ráðherra veit geisar hann nú um Bretland sem aldrei fyrr og ljóst að trúlega verður helmingi af öllum klaufdýrum slátrað í Bretlandi á næstu vikum. Veikin hefur breiðst út til Írlands, Frakklands og Hollands og ef þessi veiki berst hingað til Íslands, þá eru menn hræddir um að slátra þurfi nánast öllum klaufdýrum á Íslandi í framhaldi af því.

Ég er ekki viss um, herra forseti, að landsmenn geri sér alveg grein fyrir þessu en ég vona svo sannarlega að hæstv. landbrh. geri sér grein fyrir þessu. Ég verð samt að segja að mér finnst gæta eilítils kæruleysis varðandi þessi mál almennt þó ýmislegt hafi verið gert. Ég hafði samband við embætti yfirdýralæknis og áfangaeftirlitið í morgun til að fá upplýsingar um innflutning gæludýrafóðurs frá Englandi og öðrum Evrópulöndum þar sem gin- og klaufaveiki geisar. Gæludýrafóður frá Englandi sem inniheldur svína- og nautakjöt er enn flutt inn þrátt fyrir aðvaranir. Nokkrar takmarkanir eru þó á þeim innflutningi frá Englandi en engar frá öðrum löndum Evrópusambandsins þar sem gin- og klaufaveiki geisar.

Innflutningur á korni og kornfóðri frá Englandi er enn leyfður án nokkurra takmarkana að sögn aðfangaeftirlitsins.

Ég spyr því hæstv. landbrh.: Hvað líður eftirliti með þessu stóralvarlega máli? Ég spyr: Er verið að samræma milli embætta hæstv. ráðherra og er verið að samræma á milli mismunandi deilda innan embættis hæstv. ráðherra? Ég hef áður spurst fyrir um þetta mál á hv. Alþingi og spurt hæstv. ráðherra. Ég lít svo á að ekki sé hægt að hvika í neinu. Það er aldrei hægt að gera of miklar ráðstafanir í slíkum málum, herra forseti.

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég tek auðvitað undir það með hv. þm. að hvergi ber að hvika og grípa verður til allra þeirra ráðstafana sem verja okkur fyrir slíkum sjúkdómum. Hitt er svo annað mál að landbrh. verður í þessu efni að treysta á vísindin og vísindamennina og þær niðurstöður sem þeir þekkja í gegnum fræði sín. Það snýr auðvitað að því hvað er hættulegt og hvað er ekki hættulegt.

Ég hef auðvitað margfarið yfir það með embættismönnum mínum að grípa beri til allra ráðstafana og við eigum að njóta vafans. Við verðum að ganga svo langt að sé einhver smá áhætta, þá verði hún hvergi tekin. Ég verð því að treysta embættismönnum mínum í þessu efni. Ég þekki ekki þetta með gæludýrafóðrið sem hv. þm. minntist á, en ég mun enn og aftur ekki eiga annars kost en ræða þetta við mína menn eftir þá fyrirspurn sem hér er fram borin og fagna þeirri umræðu því að ég hygg að landsmenn geri sér fulla grein fyrir alvöru málsins og Íslendingar séu tilbúnir til að leggja mikið á sig til þess að verða ekki valdir að þeirri ógæfu að bera þennan sjúkdóm inn í landið.

Ég er þakklátur fyrir allan þann stuðning sem mér finnst hafa komið frá almenningi í landinu í þessum efnum. En aldrei er of varlega farið og við skulum grípa til raunhæfra aðgerða og láta íslensku dýrin, landbúnaðinn okkar og náttúruna njóta vafans á öllum sviðum.

[15:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að vissu marki að óhætt sé að treysta vísindunum en ekki er sama við hvaða vísindamenn er talað um þessi mál. Sumir segja að það sé allt í lagi að flytja inn gæludýrafóður sem inniheldur svína- og nautakjöt frá Englandi ef það er hitað í 130 gráður eða svo. Aðrir segja að engin leið sé að taka mark á slíkum yfirlýsingum einhverra dýralækna úti í Englandi því að ljóst sé að ef smáslys hendir og ekki er farið upp í 130 gráður heldur í 90 gráður og þetta kjöt inniheldur gin- og klaufaveikivírus og er flutt hingað til landsins, þá er bara slagurinn tapaður.

Mér finnst, herra forseti, að ekki sé tekið á þessu með þeirri alvöru sem mér finnst að eigi að gera í svona máli. Ég talaði um þennan sérstaka innflutning síðast þegar við ræddum þetta mál á hv. Alþingi og ég hef þar að auki rætt við yfirdýralækni og aðra, hvort ekki sé ástæða til að grípa þarna verulega strangar inn í en gert hefur verið. Það hefur ekki verið gert og mér finnst það sorglegt.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að fengur sé fyrir hv. alþingismenn að koma hér upp og segja að ekki sé tekið á þessu af þeirri alvöru sem ber. Það getur vel verið að einhver

pólitískur fengur sé fyrir hv. þm. Kristján Pálsson að tala á þennan hátt.

Meira að segja hefur verið gengið svo langt að rætt hefur verið um það úr þessum stól að skjóta nokkrar álftir, sem ekki var gefið leyfi fyrir, til að rannsaka bæði innyfli þeirra og fætur. Þá þótti of langt gengið. En svona er umræðan stundum.

Ég vona að mínir menn gangi eins langt og þeir geta í að verja okkur frá þessari plágu og enginn þurfi að efast um það. Mér finnst það ekki heiðarlegur málflutningur að láta í veðri vaka að við séum að bregðast skyldum okkar. Mínir menn í landbrn. og yfirdýralæknir eru mjög vakandi í þessu máli og eru nánast á vakt allan sólarhringinn til að verjast en þetta snýr ekki að þeim einum. Þetta snýr að fleiri aðilum eins og komið hefur fram í dag, tollstjóraembættinu og fleirum. Mér finnst að allir séu tilbúnir til samstarfs um þetta og ekki síst íslenska þjóðin.

[16:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst merkilegt að tala um að þetta sé pólitískur fengur. Það er ekki pólitískur fengur fyrir nokkurn mann að standa í þessum vanda. Mér finnst með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að segja að ég sé að reyna að græða á þessu pólitískt. Ég tel mig ekki græða eitt einasta atkvæði á þessu og öll þjóðin tapar ef þetta fer illa. Það er enginn annar sem getur tapað á þessu en þjóðin.

Ég vil bara segja, herra forseti, að ég hef rætt þetta hér áður. Ég er ekki að koma aftan að neinum í þessu máli. Ég er búinn að ræða það hér á Alþingi og hef sagt þetta áður í þessum ræðustól, nákvæmlega hið sama og ég hef sagt nú. En að tala eins og ég hafi farið á bak við hæstv. ráðherra, það er öðru nær. Ég er tilbúinn til að vinna að málinu með hæstv. ráðherra og ég tel mig hafa gert það. Ég hef líka rætt þetta við hæstv. ráðherra persónulega. Ég tel því að í þessu máli hafi ég komið fram við ráðherra af fyllstu heilindum og að engin ástæða sé til að ætla annað.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það sem gerði það að verkum að mér hljóp hér kapp í kinn var að hv. þm. sagði að ekki væri tekið á þessu máli af þeirri alvöru sem þyrfti. Ég vona að á þessu máli sé tekið af þeirri alvöru. Ég hef fundið mikinn vilja hér í þinginu og í ríkisstjórninni. Allir þeir sem að þessu máli hafa komið hafa hvatt til að allt verði gert sem hægt er. Mér finnst það stór orð að koma hér upp og halda því fram að við séum ekki að þessu í fullri alvöru. Við það er ég ósáttur og harma þau ummæli.

Ég skil auðvitað hug hv. þm. og veit að hann vill vel. En menn eiga samt ekki að segja slíkt til að reyna að veikja þær varnir og þá menn sem standa í harðri baráttu dag og nótt til að verja landið fyrir þessari plágu.

Umræður utan dagskrár.

Viðskiptahalli og skýrsla Þjóðhagsstofnunar um þjóðarbúskapinn.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Horfur í efnahagslífi landsmanna gætu að mörgu leyti verið hagfelldar á næstu árum. Í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur nýlega gefið út er gert ráð fyrir 3% hagvexti á árunum 2002–2005, verðbólgu sem verður ekki nema um 3,5%, sem er u.þ.b. viðunandi miðað við aðstæður, og prýðilegu atvinnustigi.

Á þessa mynd, herra forseti, fellur eigi að síður skuggi þráláts og vaxandi viðskiptahalla. Viðskiptahallinn getur að sögn Þjóðhagsstofnunar komið í veg fyrir mjúka lendingu eftir þensluskeið síðustu ára og því komið í veg fyrir að þessi tiltölulega jákvæða spá rætist.

Andstætt því sem stjórnvöld sögðu í kringum kosningar hefur viðskiptahallinn stöðugt vaxið á kjörtímabilinu. Hann varð að lokum á síðasta ári 69 milljarðar og því miður eru engar horfur á að hann lækki á þessu ári þegar hann mun að öllum líkindum samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar losa 72 milljarða og verða áfram yfir 10% af landsframleiðslu. Vegna þessa mikla halla segir Þjóðhagsstofnun að mikil óvissa ríki um framvindu efnahagsmála. Þjóðhagsstofnun spáir því að milli 2002 og 2005 verði hallinn að meðaltali 8,5% af landsframleiðslu.

Hún hefur eðlilega miklar áhyggjur af þessari þróun eins og kemur fram í eftirfarandi orðum hennar í skýrslunni sem ég leyfi mér að vitna til, með leyfi forseta:

„Svona mikill halli gæti teflt í tvísýnu stöðugleikanum og veikti óhjákvæmilega efnahagslífið — og reyndar er vafasamt að hann fengi staðist við þær horfur sem hér er að öðru leyti byggt á.“

Annars staðar segir líka í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Efast má um að takist að fjármagna þennan mikla viðskiptahalla í svo langan tíma og mikill þrýstingur verður á lækkun gengis.“

Herra forseti. Það er athyglisvert að þarna er það ekki stjórnarandstaðan heldur undirstofnun hæstv. forsrh. sem varar við því að viðskiptahallinn gæti leitt til alvarlegrar stöðu gegnum gengisfall og verðbólgu verði ekki gripið til réttra ráðstafana. Þetta er raunar í samræmi við skoðun Seðlabankans í síðasta riti Peningamála þar sem sú ágæta stofnun telur að viðskiptahallinn ógni bæði verðstöðugleika og fjármálastöðugleika. Herra forseti, ég ítreka að aðvörunarorðin koma frá þessum tveimur stofnunum í samfélaginu.

Þjóðhagsstofnun, og það finnst mér athyglisvert, tekur nánast orðrétt undir gagnrýni Samfylkingarinnar. Hún segir að orsakanna sé m.a. að leita í mistökum ríkisstjórnarinnar sem hafi birst í slaka í hagstjórninni 1998 og 1999 þegar aðhaldsstig efnahagsstefnunnar hafi verið ófullnægjandi og jafnframt gífurleg útlánaþensla í bankakerfinu. Ég læt nægja að rifja upp, herra forseti, hvernig var staðið að því að selja hlutafé í fyrstu lotu einkavæðingar bankanna þegar eigið fé bankanna var aukið sem gerði þeim kleift að fara í kapphlaup um að þrýsta út ódýru fjármagni til að styrkja hlutdeild sína fyrir fyrirhugaða uppstokkun á bankamarkaði.

Hins vegar er ljóst að þrátt fyrir mistökin er enn hægt að tryggja stöðugleika og hagsæld í efnahagslífinu ef menn grípa til réttra aðgerða. Það gerir að sönnu miklar kröfur til hagstjórnar en Þjóðhagsstofnun telur þrennt nauðsynlegt til að ná mjúkri lendingu: Að efla fjármálaeftirlit með lánastofnunum vegna vaxandi áhættu sem birtist m.a. í lækkandi eiginfjárhlutfalli, að stórauka vægi ríkisfjármála í hagstjórninni og auk þess að endurskoða áherslur í stjórn peningamála.

Varðandi hið síðastnefnda þá hafa æ fleiri mælt með því að vikmörk núverandi gengisstefnu verði afnumin og Seðlabankinn taki upp formlegt, tölusett verðbólgumarkmið sem

leiðarljós peningastefnunnar. Með því yrði réttilega hafnað þeirri leið að leysa vandamál viðskiptahallans með gengisfellingu og tilheyrandi verðbólgu. Viðskiptahallinn yrði hins vegar áfram áhættuþáttur sem grafið gæti undan genginu og stöðugleika fjármálakerfisins. Þess vegna yrði enn brýnna en áður að huga að aðgerðum sem gætu dregið úr vexti innlendrar eftirspurnar og aukið þjóðhagslegan sparnað og þannig minnkað viðskiptahallann.

Í því efni vek ég eftirtekt á því að Þjóðhagsstofnun mælir sérstaklega með aðgerðum í ríkisfjármálum, eða eins og segir í riti stofnunarinnar, með leyfi forseta:

„Fyrir vikið er mikilvægt að ríkisfjármálum sé beitt til frekara aðhalds að eftirspurn en gert hefur verið. Þar er um að ræða hagstjórnartæki sem samtímis getur stuðlað að því að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla."

Í ljósi þeirra viðhorfa sem fram koma í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, einnar af undirstofnunum hæstv. forsrh., vil ég spyrja hæstv. *forsrh. eftirfarandi spurninga:*

Er hann þeirrar skoðunar að heppilegt sé að verðbólgumarkmið verði leiðarljósið í peningamálum og þá jafnframt að beita þurfi sér hið fyrsta fyrir nauðsynlegum breytingum sem því fylgja?

Í öðru lagi: Hyggst hann hann fara eftir öðrum þeim ráðleggingum sem Þjóðhagsstofnun bendir á í skýrslu sinni til þess að vinna gegn viðskiptahallanum?

[16:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun sendi nýverið frá sér spá sína um þróun efnahagsmála á næstu árum. Eins og fram kom hjá hv. málshefjanda eru meginniðurstöður þeirrar spár þær að efnahagshorfur fyrir næstu árin, eftir 2001, séu mjög hagfelldar. Það er gert ráð fyrir að árlegur hagvöxtur verði að meðaltali um 3% á árunum 2002–2005 en verðbólga verði að jafnaði um 3,5% og atvinna verði áfram mikil. Einnig er á það bent að hagvöxturinn verði jafnvel meiri ef ráðist verði í fyrirhugaðar fjárfestingar í áliðnaði.

Ef allt gengur eftir mun kaupmáttur lægstu launa hafa hækkað um rúm 40% frá því um miðjan áratuginn. Það er mikilsvert fyrir þau heimili í landinu sem minnstu hafa úr að spila. Hollt er að bera þessa kaupmáttaraukningu lægstu launa saman við hvað gerðist þegar vinstri stjórn var hér síðast við völd en þá dróst kaupmáttur lægstu launa saman um 20% — hækkar nú um 40% en lækkaði þá um 20%.

Þjóðhagsstofnun gerir í skýrslu sinni að umtalsefni aukinn viðskiptahalla og bendir á að hallinn valdi nokkurri óvissu um þróun efnahagsmála á næstu missirum. Hallinn jókst á milli áranna 1999 og 2000 úr 7% af landsframleiðslu í rúm 10%. Í því sambandi er rétt að minna á hvernig þessi aukning er til komin.

Þriðjungur þessarar aukningar er vegna hækkunar á olíuverði, þriðjungur vegna hækkunar á vöxtum og þriðjungur vegna innkaupa á fjárfestingu og rekstrarvörum en þessi liður hefur hækkað tímabundið vegna fárra umfangsmikilla verkefna sem lokið verður nú á þessu ári. Þessi samsetning á aukningunni er mikilvæg og gefur til kynna að mjög hafi dregið úr neyslu í þjóðfélaginu.

Ljóst er að núverandi halli á viðskiptum við útlönd stafar ekki af lántökum og fjárfestingum hins opinbera. Þvert á móti stafar hallinn af ákvörðunum einstaklinga og fyrirtækja á markaðnum. Það er mat þeirra um framtíð og horfur í íslensku hagkerfi sem ræður gerðum bæði einstaklinga og fyrirtækja. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þessir aðilar séu að meta horfurnar í efnahagsmálum rangt. Þvert á móti er það mat markaðarins, í samræmi við skoðun Þjóðhagsstofnunar, að efnahagshorfurnar til næstu ára séu hagfelldar. Þessi staðreynd skiptir miklu máli við mat á áhrifum viðskiptahallans.

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að vekja athygli á að nú eru öll teikn um að mjög sé að draga úr þenslu í hagkerfinu. Gleggsta vísbendingin er vafalaust sú að 12 mánaða breytingar skatttekna ríkissjóðs hafa lækkað verulega fyrstu tvo mánuði ársins, úr 24% 1999 í 17% árið 2000. Nú í ár er þessi tveggja mánaða breyting 9%. Þetta eru óræk merki um að mjög dragi úr þenslu í þjóðfélaginu. Haldi þessi þróun áfram má fastlega gera ráð fyrir að talsvert dragi úr innflutningi á árinu. Einnig má líta til þess að tólf mánaða breyting á almennum veltusköttum fór úr 34% árið 1999 í tæplega 5% á þessu ári. Þessar breytingar á skatttekjum ríkisins sýna svo ekki verður um villst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu hafi komist til skila. Þessar staðreyndir, auk þess að gera má ráð fyrir nokkurri aukningu útflutnings, gefa fullt tilefni til að ætla að viðskiptahallinn muni dragast saman á næstu missirum. Það er í samræmi við svokallaða frávikspá Þjóðhagsstofnunar, sem mér finnst reyndar mjög sérstakt heiti. Sú spá byggir m.a. á því að einkaneysla vaxi einungis um 2,5% á árinu og vöxtur landsframleiðslu verði um 2–2,5%. Samkvæmt þeirri spá, sem byggir í raun á þeim forsendum sem aðrir hafa gefið sér og þar með ríkisstjórnin, þá verður viðskiptahallinn um 5,5% í lok þess tímabils sem þjóðhagsspáin tekur til.

Ég tel margt benda til þess að þróun efnahagsmála á *næstunni* verði nær þessari spá og að *viðskiptahallinn* verði umtalsvert minni en hann er nú. Að því leyti stefnir allt til þess sem ég hef áður sagt, að það takist að tryggja mjúka lendingu hagkerfisins eftir eitt mesta hagvaxtarskeið þjóðarinnar.

Ég vil líka vekja athygli á öðru. Hér er um spá að ræða og menn koma upp í þinginu í tilefni af þessum spám. Í des. sl. var birt ný þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar. Þar sagði að verðbólgan á næsta ári, á milli ára, yrði 5,8%. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom upp hér á þinginu og fram í fjölmiðlum og sagði að þessi spá væri rothögg á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar — það eru nú aldrei notuð litlu orðin — rothögg á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. En nú í þessari spá, þremur mánuðum síðar, fer Þjóðhagsstofnun með verðbólguspána úr 5,8% milli ára niður í 4,4% á ári. Rothögg hv. þm. er nú orðið að vindhöggi miðað við þessa þrjá mánuði og miðað við þessar tvær spár. Af þessu sést hve hættulegt er að gjósa upp með of stór orð í tilefni af spám af þessu tagi. Á þessu vil ég vekja sérstaka athygli.

Varðandi aðra þætti í spurningum hv. þm. er það svo að spurningar um breytta stefnu er lýtur að stjórnun peningamála Seðlabankans verða kynntar alveg á næstunni. Ég tel ekki efni til þess að fara út í það mál á þessu stigi. Varðandi ráðleggingar Þjóðhagsstofnunar að öðru leyti þá eru þær flestar mjög almenns eðlis og í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt.

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Skýrsla Þjóðhagsstofnunar staðfestir að efnahagshorfur eru óvissar. Við höfum búið við langt hagvaxtarskeið eins og kunnugt er. Hér er næg atvinna og það eru þokkalegar horfur áfram að því leyti.

Veikleikinn er hins vegar gríðarlegur viðskiptahalli sem ekki er lát á að talið er, þ.e. samkvæmt spám, og tilheyrandi

skuldasöfnun erlendis. Hrein staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum fer nú versnandi. Skuldir aukast mun meira en inneignir og vaxtakostnaður af vaxandi erlendri skuldabyrði vex hratt eins og sjá má á því að viðskiptahalli er áætlaður meiri á þessu ári en á hinu síðasta þrátt fyrir meiri vöxt úflutningstekna en innflutnings. Það sem skýrir muninn er stóraukin vaxtabyrði af vaxandi erlendum skuldum.

Ummæli Þjóðhagsstofnunar um lausatök og andvaraleysi í hagstjórn á árunum 1998–1999 eru athyglisverð. Þau hafa gildi nú vegna þess að skynsamlegar aðgerðir til þess að vinna sig út úr vandanum og til lausnar hljóta að taka mið af þeim kerfisbundnu mistökum eða keðjumistökum sem voru þá gerð. Þær aðgerðir hljóta að lúta að því að auka innlenda verðmætasköpun, auka útflutningstekjur og efla sparnað. Allar þessar aðgerðir verður að ráðast í af yfirvegun og ekki tjóar að lemja höfðinu við steininn og neita að horfast í augu við að viðsjárverðar aðstæður eru uppi núna í þjóðarbúskap okkar.

Að lokum, herra forseti, vil ég gagnrýna að hæstv. forsrh. skuli opinberlega hafa fundið að orðalagi í skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Það fer illa saman við að ræða um mikilvægi þess að þessar stofnanir séu sjálfstæðar og óháðar. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort e.t.v. standi til að gefa út leiðbeiningar um viðeigandi orðalag undirstofnana forsrn.

[16:15]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu er spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur næstu ára. Sú spá er jákvæð í flestum veigamestu greinum en eigi að síður er spáð miklum áframhaldandi viðskiptahalla, sem eru 72 milljarðar samkvæmt spá á yfirstandandi ári. Auðvitað þurfum við að hafa áhyggjur af slíkum viðskiptahalla. Hv. 7. þm. Reykv. tekur undir ráð Þjóðhagsstofnunar í þessu sambandi, að grípa þurfi til réttra aðgerða, eins og hann orðar það, og auka vægi ríkisfjármála í hagstjórn. Það er eitt af þeim ráðum sem hv. ræðumaður taldi upp.

Ég er sammála því að vissulega þarf að huga að því að stjórn ríkisfjármála nýtist í hagstjórn til að draga úr þenslu. Ég mun kalla eftir ráðum, hvar menn vilji grípa til aðgerða á þeim vettvangi. Það þýðir ekkert að tala um einhverja tugi milljóna í því sambandi. Það verður að auka afganginn á ríkissjóði um einhverja milljarða ef þetta á að virka sem hagstjórnartæki. Vissulega munum við kalla eftir því og tillögum stjórnarandstöðunnar hvar á að taka þessa milljarða til að þeir hrífi.

Ég tek undir að auka þarf þjóðhagslegan sparnað og auka útflutningstekjur. Ég tel að við höfum verið að vinna í þeim anda að auka útflutningstekjurnar og nauðsynlegt er að svo verði áfram. Og það er athyglisvert að heyra þær yfirlýsingar sem ganga um það hér.

[16:17]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðærinu á Íslandi er haldið gangandi með erlendri skuldasöfnun. Menn skyldu halda að þetta væru ummæli svartagallsrausara úr röðum stjórnarandstæðinga, en svo er ekki. Fyrir um það bil ári voru þessi orð mælt af framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, Sveini Hannessyni: „Góðærinu á Íslandi er haldið gangandi með erlendri skuldasöfnun."

Nýlega héldu Samtök iðnaðarins ársþing sitt og þar fjallaði formaður samtakanna sérstaklega um það sem hann kallaði blindflug, hið háskalega blindflug stjórnvalda í efnahagsmálum. Og ekki er líklegt að eins og nú er haldið um þann stjórnvöl að menn lendi mjúkri lendingu eins og það heitir. Það sem þeir eru að tala um er að sjálfsögðu viðskiptahallinn hinn ógnvænlegi. Það eru vextir, gengismál og síðast en ekki síst ríkisfjármál. Það er tækið sem hæstv. ríkisstjórn hefur til að hafa áhrif á þensluna í þjóðfélaginu. En því hefur ekki verið beitt.

Nefnd Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðsins fór kurteislega með tillögur sínar um nauðsyn þess að taka sig verulega á í þessum sökum. Við afgreiðslu fjárlaganna stóðu menn hér, stjórnarandstaðan, á hálshnútunum við það að reyna að koma fram tillögum sínum um nauðsyn þessa. Því tilboði sem hv. þm. Jón Kristjánsson bauð fram um að við tækjum þátt í að finna ráð til þess arna er hér með tekið.

En síðan er það skyndilega þjóðhagsstofustjóri sem kveður upp úr með það að hér stefni í óefni. Og þá stóð auðvitað ekki á hæstv. forsrh. Hann stökk upp með sínu lagi og ávarpaði forstjórann, að vísu með öðrum orðum: Þegi þú seppi, þér hefur ekki verið sigað.

[16:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn á ný ræðum við viðskiptahallann. Enn á ný hefur Þjóðhagsstofnun sent aðvaranir sínar til hæstv. ríkisstjórnar. Enn á ný virðist hæstv. forsrh. ekki vilja hlusta. Enn á ný, herra forseti, reynum við í stjórnarandstöðu að vara við. Enn á ný, herra forseti, viljum við vona að gripið verði til aðgerða þannig að tryggja megi að lendingin verði mjúk þegar að henni kemur. En því miður, herra forseti, virðist ýmislegt benda til þess að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn stundi enn afneitun staðreynda.

Því miður, herra forseti, virðist það eingöngu vera bjartsýnin sem hæstv. forsrh. hefur að bjóða þjóðinni. Ég vil segja, herra forseti, að brýnt er að hæstv. forsrh. noti einnig raunveruleikann í bland við bjartsýnina og þá eigum við von til þess að lending okkar verði mjúk. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að reyna eftir besta megni að tryggja hina mjúku lendingu. Það gerum við ekki öðruvísi en að horfa á staðreyndirnar og nýta þær í bland, herra forseti, við bjartsýnina til að ná hinni mjúku lendingu.

Ýmislegt í riti Þjóðhagsstofnunar minnir mjög á aðvaranir okkar í stjórnarandstöðunni undanfarin ár. Ljóst er að lausatökin árin 1998 og 1999 hafa skapað þá þenslu sem við höfum verið að glíma við síðan. Einnig er ljóst að því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki móttekið þær staðreyndir og því ekki brugðist við á þann hátt sem eðlilegt getur talist. Og því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki nýtt ríkisfjármálin til að beita þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja hina mjúku lendingu.

Einnig er athyglisvert, herra forseti, að hæstv. forsrh. virðist ekki þola þegar stofnanir á hans vegum leggja fram þær staðreyndir sem stjórnarandstaðan hefur áður gert.

Herra forseti. Við verðum þó að lifa í voninni um að staðreyndirnar nái fram að lokum.

[16:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Því er haldið fram og vitnað í Þjóðhagsstofnun að horfur í efnahagsmálum séu óvissar. Ég man ekki eftir því að horfur í efnahagsmálum hafi ekki verið óvissar. Auðvitað eru þær það alltaf vegna þess að menn eru að fást við þætti sem eru svo margbreytilegir að ekki er nokkur leið

að segja fyrir um þá með vissu, enda byggja þeir á endanum á því hvernig mannleg hegðun reynist.

Sannleikurinn varðandi þessa þjóðhagsspá er auðvitað sá að í aðalatriðum er spáin hagstæðari en fyrri spá frá því fyrir þremur mánuðum að því er varðar verðlagsþróun, hagvöxt, atvinnustig og ríkisfjármál. Viðskiptahallinn er hins vegar vandamál.

Ef menn skoða hins vegar þær tölur sem hér eru reiddar fram sést auðvitað, t.d. miðað við síðustu tölur frá því í febrúarmánuði, að almennur innflutningur hefur farið minnkandi fimm mánuði í röð. Almennur innflutningur síðustu tólf mánuði hefur minnkað um 3% að raungildi. Og mikið af þeim innflutningi sem við erum að tala um í sambandi við rekstrar- og fjárfestingarvörur er bundinn tilteknum verkefnum sem er að ljúka. Flugstöðin í Keflavík er eitt dæmi, Vatnsfellsvirkjun er annað dæmi, Smárinn í Kópavogi er þriðja dæmið. Við sjáum fram á að það er margt sem bendir til þess að úr þessum innflutningi dragi. Við sjáum önnur dæmi um að þenslan er að minnka í þjóðfélaginu. Veltubreytingar sýna það, skatttekjur, þróun skatttekna eins og forsrh. rakti, innflutningstölurnar sýna það, útlánaaukningin í bankakerfinu o.s.frv. Ég bendi á að bílainnflutningur hefur minnkað um 30% á tveimur mánuðum. Og útflutningur mun væntanlega aukast þegar svigrúm gefst til þess að auka fiskveiðikvótana og fleira í því efni.

Með öðrum orðum: Það er engin ástæða til að örvænta út af þessum upplýsingum. Það er engin ástæða til að „fara í kerfi" eins og krakkarnir segja, eins og hv. formanni Samfylkingarinnar hættir til með reglulegu millibili út af þessum málum. Við getum síðan rætt um hvernig á að standa að framtíðarskipulagi mála, en ekki er tilefni til þess við þessa umræðu.

[16:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frá árinu 1998 og til þessa dags hefur viðskiptahallinn vaxið ár frá ári. Viðskiptahallinn var árin 1998 og 1999 tæp 7% af þjóðartekjum en hrökk upp í um 10% á síðasta ári og horfur eru á að hann verði svipaður á því ári sem nú er nýhafið.

Herra forseti. Þetta er afleiðing rangra áherslna í peningamálum. Enda segir svo í umsögn Þjóðhagsstofnunar, sem hér hefur verið vitnað til, með leyfi hæstv. forseta:

„Gífurleg útlánaaukning, slaki í hagstjórn, einkum 1998 og 1999, og almennar launahækkanir umfram launabreytingar í helstu viðskiptalöndum hafa viðhaldið uppgangi og eftirspurn í efnahagslífinu. Andlagið er hins vegar mikill viðskiptahalli og erlend lántaka bankakerfisins. Svona mikill halli fær ekki staðist til lengdar og gerir efnahagslífið viðkvæmara fyrir breytingum í ytri aðstæðum."

Það er því fyllilega ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af viðskiptahallanum og ástæða til að ekki séu um hann höfð nein léttúðug orð hér á þingi.

Herra forseti. Á meðan ríkisstjórnin varði allri orku sinni í að hlutafélagavæða ríkisstofnanir og einkavæða, til sölu hlutabréfa, að heimila bönkunum að auka hlutafé sitt og valda þar með spennu í peningamálum og með því að heimila lífeyrissjóðum að flytja aukið fjármagn úr landi, lækka skatta á dýra bíla o.s.frv., meðan öll orkan fór í þetta, þá var því ekki sinnt að styrkja innviði atvinnulífsins í landinu. Atvinnulífið og innviðir þess guldu þessarar áherslu ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ekki verður ráðið við viðskiptahallann öðruvísi en að beita allri orku, öllum kröftum í að styrkja atvinnulífið á landinu, styrkja útflutningsgreinarnar. Stemma þessa miklu byggðaröskun sem veldur þjóðarbúinu miklum blóðtökum, bæði í fjármagni og tapi á nýtingu á auðlindum.

Herra forseti. Snúum okkur að því að styrkja atvinnulífið en hættum að halda að það sé fólgið í verðbréfaviðskiptum.

[16:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það eru fleiri en Þjóðhagsstofnun og Samfylkingin sem hafa áhyggjur af viðskiptahallanum. Orsaka viðskiptahallans er líklega fyrst og fremst að leita í þeim þáttum sem kynt hafa undir vexti eftirspurnar og dregið úr sparnaðarhneigð. Óhófleg útlánaauking sem fjármögnuð var að verulegu leyti með erlendu lánsfé á þar stóran hlut að máli.

Hæstv. forseti. Þetta segir Seðlabankinn í riti sínu. Bankinn er í raun að tala um hagstjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem felst í því að halda uppi nægilegu gjaldeyrisframboði með innflutningi á lánsfé. Bankinn hefur framkvæmt þessa stefnu ríkisstjórnarinnar og þurft að beita sífellt vaxandi afli í formi vaxta og sölu á gjaldeyri. Og samt fellur krónan.

Er það skynsamleg hagstjórn að halda vöxtum árum saman langt fyrir ofan þá vexti sem eru í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar til að halda gengi krónunnar ofar en það væri annars? Hagspekingar ríkisstjórnarinnar hafa lýst yfir að þessi vaxtamunur sé til þess að gefa aðilum í viðskiptalífinu tækifæri. Tækifæri til að taka erlend lán og fjárfesta hér innan lands fyrir peningana. Þannig náist fram aukið framboð á gjaldeyri og þar með styrkara gengi krónunnar.

Þrátt fyrir þessa stefnu féll gengi krónunnar um 11% á síðasta ári. Stefnan mistókst gjörsamlega. Og þrátt fyrir 11% gengisfall á síðasta ári þurfti Seðlabankinn að selja dollara fyrir 1,6 milljarða núna fyrir helgina. Hann hefur nú aflað sér heimildar fyrir að kaupa dollara og selja fyrir 20 milljarða í viðbót. Þannig ætla menn að halda áfram að halda uppi innflutningi á gjaldeyri til þess að næra þann viðskiptahalla sem bítur í skottið á sér með þessum hætti.

Ófarnaðarmerki þessarar nýju hagstjórnar blasa alls staðar við. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa varað við, Samfylkingin hefur varað við, og fjölmargir sérfræðingar.

Hæstv. forseti. Því skipi sem nú siglir undir forustu Davíðs Oddssonar er stefnt í strand.

[16:30]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Athyglisvert er að meðan viðskiptahallinn hefur verið svo mikill sem hann hefur verið skráður, þá hefur nettóstaða þjóðarbúsins hvergi nærri versnað í takt við þennan mikla viðskiptahalla. Ástæðan er sú að erlendis hefur verið mikil eignamyndun í verðbréfum. Eins hefur verið mikil eignamyndun hjá íslenskum aðilum erlendis sem kemur hvergi fram í þeim skráðu tölum sem mynda viðskiptahallann og skuldir og eignir erlendis. Einnig er athyglisvert að lánshæfismat þjóðarbúsins, bæði í heild og eins bankastofnananna, hefur verið frekar að skána ef eitthvað er þannig að þessi mikli viðskiptahalli virðist ekki vera erlendum lánardrottnum jafnmikið áhyggjuefni og sumum öðrum.

Engu að síður þarf að sjálfsögðu að hafa áhyggjur af því þegar viðskiptahalli myndast og erlendar skuldir eru að vaxa. Það sem skiptir mestu máli er að efla atvinnulífið, auka alþjóðavæðingu þess, efla útflutninginn. Það mun að sjálfsögðu skila þjóðinni fram á veginn og bæta lífskjör hennar. Þess vegna væri mjög ánægjulegt ef það skyldi koma fyrir þegar frv. eru til meðferðar í þinginu, sem er til þess fallin að styrkja atvinnulífið, þá sé þeim fagnað af stjórnarandstöðunni og væri það meira í takt við málflutning hennar í dag.

Varðandi lausatök á efnahagsmálunum 1998 og 1999, sem oft er vitnað til, að ekki skyldi vera dregið meira eigið fé út úr FBA og að ekki skyldi vera selt hlutafé úr Búnaðarbankanum, þá verð ég að segja að ég minnist þess ekki að stjórnarandstaðan hafi haft nokkrar einustu tillögur í þá átt á sínum tíma.

En það sem skiptir máli er að ég held að verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar sé helst til há og það muni ganga betur í efnahagslífinu á þessu ári en verið er að ræða um.

[16:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., kom hingað og sagði að sannarlega yrði lýst eftir samstarfi við Samfylkinguna og við stjórnarandstöðuna að því er að varðar ríkisfjármálin. Ég verð þess vegna að rifja það upp, herra forseti, að í upphafi kjörtímabilsins komum við fram með okkar varnaðarorð. Þá sögðum við að það þyrfti að gæta meira aðhalds í ríkisfjármálunum. Ég sagði þá sjálfur úr þessum ræðustól að draga þyrfti saman í vegaframkvæmdum og uppskar nú ekki lof og þökk fyrir hjá félögum mínum í þinginu vegna þess. Við höfum með öðrum orðum boðið fram samstarf til þess að efla aðhald í ríkisfjármálum.

Mér finnst ekki skipta máli, herra forseti, hvernig stendur á þessum viðskiptahalla í dag, hvort hann er vegna bensínhækkunar, vegna vaxta eða annarra hluta. Hann er staðreynd. Það þarf að fjármagna hann. Við þurfum að vinna gegn honum. Mér finnst hins vegar að ríki fullkomið skilningsleysi hjá hæstv. ráðherrum gagnvart því hvað vandinn er alvarlegur. Það dugar ekki að segja hókus pókus til þess að viðskiptahallinn hverfi. Það þarf að grípa til einhverra ráða.

Hæstv. fjmrh. sagði í síðustu viku að viðskiptahallinn væri nægilega alvarlegt vandamál til að hamla vaxtalækkun. Í dag finnst mér hann tala allt öðruvísi. Einn maður hefur talað eins og hann hafi engar áhyggjur af viðskiptahallanum og það er hæstv. forsrh. Hverjir eru það sem vara við viðskiptahallanum? Það er ekki bara stjórnarandstaðan. Það er ekki bara Samfylkingin. Það eru ekki bara Vinstri grænir. Það er Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Það er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Það er Seðlabankinn. Það er Þjóðhagsstofnun.

Af því að menn voru að tala um stofnanir og meta lánshæfi Íslands gagnvart umheiminum þá held ég að hver einasta stofnun sem hingað hafi komi í þeim erindagjörðum hafi einmitt varað við viðskiptahallanum.

Það er rangt sem er haldið fram í þessari umræðu að forsendur Þjóðhagsstofnunar byggi á einhverri sérstakri bölsýni. Það er með engu móti hægt að halda því fram. Þvert á móti segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Spá fyrir árið 2001 byggir á þeirri forsendu að mjög hægi á skuldasöfnuninni og hluti kaupmáttaraukningarinnar verði nýttur til að greiða skuldir."

Herra forseti. Það á að fara að þeim ráðum sem stofnanir gera. Það dugar ekki að segja bara hókus pókus.

[16:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég varð dálítið hissa á því að hv. síðasti ræðumaður skyldi taka upp áskorun Jóns Kristjánssonar með þeim hætti sem hann gerði vegna þess að Samfylkingin flutti við fjárlagagerðina tillögur til stóraukinna útgjalda á ríkisútgjöldunum (Gripið fram í.) og síðan sýndu þeir tekjur á móti. Hvaða tekjur á móti skyldu þær hafa verið? Það eru þær sem eru aðhlátursefni alla tíð þegar slíkar tekjur eru settar fram, betri skattheimta eða virkari skattheimta eða meira út úr skattheimtunni, var sagt. Þetta er dæmigerð tillaga sem menn koma þegar þeir hafa engar tillögur. Í annan stað auðlindagjald, þó viðkomandi menn hefðu sjálfir átt fulltrúa í auðlindanefnd og þeir vissu vel að á árinu 2001 yrði ekki tekið neitt auðlindagjald af sjávarútvegi. Það vissu þeir nákvæmlega. Þetta voru því algjörlega marklausar tekjutillögur. (Gripið fram í.) Samt komu þessir menn og sögðust hafa lagt sitt af mörkum til þess að draga úr útgjöldum. Þeir lögðu til að hækka útgjöldin stórlega og komu með engar raunhæfar tekjur á móti.

Svo vitna menn í Þjóðhagsstofnun. Ég tek eftir því að menn eru afskaplega sárir. Það má ekki orðinu halla á ríkisstofnanir þá koma menn hlaupandi hér, það má ekki einu sinni finna að orðalagi þeirra, þá koma menn hlaupandi eins og þetta séu heilagar kýr. Auðvitað er sjálfsagt að finna að orðalagi. Það er til marks um sjálfstæði þessara stofnana. Það er ekki fundið að orðalagi þeirra fyrir fram. Þeim er frjálst að prenta hvað sem er fyrir fram. En það felst ekki í því að menn geti ekki gert athugasemdir eftir á, eða hvað?

Síðan segja menn líka og menn taka upp úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar og tala mikið um að aðhaldsstig hagstjórnar hafi ekki verið nægilegt á tilteknum árum, tveimur, þremur árum. „Aðhaldsstig hagstjórnar" étur hver eftir öðrum. Hvað er átt við með aðhaldsstigi hagstjórnar, hv. þm.? Hvað er átt við með því? Veit hann það? Það er átt við með því að hafa enn þá meiri afgang á ríkisfjármálunum, þ.e. ekki vera með útgjaldatillögur eins og hv. þm. var með. Í annan stað að stórauka vexti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði harðar kröfur um að vextir yrðu stórlækkaðir. Þetta er það sem talað er um harðara aðhaldsstig hagstjórar svo menn viti hvað stendur á bak við orðin.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 873.

[16:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, sem er 567. mál þingsins, á þskj. 873. Frv. lýtur að breytingum á rekstrarumhverfi sparisjóðanna.

Sparisjóðir hafa víða mjög sterka stöðu í Evrópu. Í sex ríkjum Evrópu eru sparisjóðir með yfir 30% hlut í innlánum í bankakerfinu og allt upp í 50%. Hér á landi er hlutdeild sparisjóðanna um 23%. Sparisjóðir eru mjög ólíkir að uppbyggingu og rekstrarformi. Þeir geta t.d. verið í formi sparisjóða með svipuðum hætti og þekkist hér á

landi, eins og á Spáni, í Noregi og Danmörku, byggingarsamvinnufélaga í Bretlandi, fylkisbundinna sparisjóða með ábyrgð viðkomandi sambandsríkis í Þýskalandi eða reknir í hlutafélagsformi, svo sem á Ítalíu, í Danmörku, Hollandi og Bretlandi.

Það er ekki rekstrarformið sem sameinar sparisjóði heldur miklu frekar áherslur þeirra og markaðssetning. Sparisjóðir eru fyrst og fremst lítil og staðbundin þjónustufyrirtæki. Hið takmarkaða starfssvæði sparisjóðanna gerir þeim kleift að veita viðskiptavinum persónulega þjónustu. Stefnan er mótuð heima í héraði en ekki í fjarlægð þar sem þekking á staðbundnum aðstæðum er takmörkuð. Þetta er talin vera ein af helstu ástæðum fyrir velgengni sparisjóða í Evrópu. Smæð sparisjóða gerir þeim nauðsynlegt að hafa nána samvinnu sín á milli. Yfirleitt er það sérstakt fyrirtæki sem sparisjóðirnir reka sameiginlega sem sinnir stærri lántökum, upplýsingatækni og fleiri þáttum þar sem hagkvæmni stærðar er mikil. Sparisjóðir einstakra landa eru einnig yfirleitt með sameiginlegt merki og markaðssetning er að hluta mótuð í samvinnu.

Eitt einkenni sparisjóða er að þeir sinna heimilum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ríkari mæli en viðskiptabankar. Smæð flestra sparisjóða gerir þeim erfitt fyrir að þjónusta stærstu fyrirtæki. Sparisjóðir hafa tilheigingu til að taka minni áhættu en viðskiptabankar og innlán eru stærri hluti fjármögnunar en hjá viðskiptabönkum.

Á síðasta áratug hafa sparisjóðir í Evrópu staðið frammi fyrir meiri breytingum á starfsumhverfi en áratugina þar á undan. Þeir hafa orðið að bregðast við opnun hólfa á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja sem meðal annars hefur gefið sparisjóðum færi á að breikka þjónustusvið sitt og stækka starfssvæðið. Þetta hefur leitt til mun meiri samkeppni en áður hefur þekkst á fjármagnsmarkaði. Víða hefur öflun nýs eigin fjár með samkeppnishæfum hætti verið helsta vandamál sem sparisjóðir hafa staðið frammi fyrir. Lausnir sem mótaðar hafa verið eru í fyrsta lagi að breyta rekstrarforminu í hlutafélag, í öðru lagi að leyfa útgáfu nýrra tegunda af bréfum sem unnt er að selja á markaði, í þriðja lagi að breyta eignasamsetningu og í fjórða lagi að selja eignir. Umræða um framtíð sparisjóðanna á nútímafjármagnsmarkaði hefur að miklu leyti snúist um það hvort sparisjóðirnir geti viðhaldið séreinkennum sínum á þessum breyttu tímum eða hvort nýir tímar kalli á breytta hugmyndafræði sparisjóðanna.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Stofnuð hafa verið hlutafélög um rekstur og starfsemi ríkisviðskiptabankanna, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, þeir skráðir á markaði og einkavæddir að hluta. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tóku til starfa á grunni rótgróinna fjárfestingarlánasjóða. FBA hefur síðan verið einkavæddur og sameinast Íslandsbanka hf. Það má leiða rök að því að sparisjóðirnir standi frammi fyrir virkari samkeppni en áður. Framangreindar breytingar hafa því áhrif á samkeppnisstöðu sparisjóðanna.

Sparisjóðirnir hafa í lengri tíma haft hærra eiginfjárhlutfall en viðskiptabankarnir. Á síðustu árum hafa sparisjóðirnir vaxið hratt og eiginfjárhlutfall þeirra lækkað. Frá sjónarhóli sparisjóðanna var eðlilegt að auka eignir sínar til að nýta eigið fé betur og taka virkari þátt í harðri samkeppni á markaðnum.

Lengst af hefur öflun nýs eigin fjár ekki verið vandamál hjá íslenskum innlánsstofnunum. Með stækkandi markaði, alþjóðavæðingu og harðnandi samkeppni hefur þörfin á eigin fé orðið brýnni. Það er því orðin forsenda þess að samkeppnisstaða innlánsstofnana verði raunverulega jöfnuð að þær standi jafnfætis þegar kemur að möguleikum á öflun eigin fjár.

Í frv. er því lagt til að sparisjóðir fái heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Hins vegar eru ekki allir sparisjóðir það stórir að geta boðið út hlutabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði. Hlutafélög þurfa að vera nokkuð stór til að hægt sé að búast við að virkur markaður geti myndast með hlutabréfin og kostir þessa rekstrarforms nýst þannig sem best. Vísbendingar eru um það að markaðsvirði félags þurfi að nema nokkrum milljörðum króna um þessar mundir til að skynsamlegt sé að skrá það á aðallista Verðbréfaþings Íslands. Aðrir markaðir eru hins vegar fyrir hendi eða eru að koma upp þar sem búast má við að virk viðskipti geti orðið þó markaðsvirði sé lægra. Af þessu má hins vegar ráða að hlutafélagaleiðin hentar ekki öllum sparisjóðum.

Hve margir sparisjóðir geta nýtt sér kosti hlutafélagsformsins er ekki hægt að segja til um en miðað við stærð íslenskra sparisjóða er það mikill minni hluti þeirra 25 sjóða sem starfandi voru í lok árs 2000. Ekki er heldur víst að allir þeir sparisjóðir sem gætu nýtt sér kosti hlutafélagsformsins kjósi að gera það. Því er ekki gott að segja til um það fyrir fram hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á sparisjóðina. Einn möguleiki er sá að frumvarpið flýti fyrir sameiningu sparisjóða og sameinaðir sparisjóðir breyti rekstrarformi sínu.

Af reynslu nágrannalandanna má draga þá ályktun að ekki verði margir sparisjóðir reknir í formi hlutafélaga hér á landi. Í Danmörku hafa um tíu sparisjóðir nýtt sér heimild til að breyta sér í hlutafélag. Þeir sem hafa breytt rekstrarformi sínu eru fyrst og fremst stærstu sparisjóðirnir. Í Noregi hafa um 25 sparisjóðir gefið út sparisjóðshlutabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði og í þeim hópi eru allir stærstu sparisjóðirnir. Í bæði Danmörku og Noregi eru tugir lítilla og meðalstórra sparisjóða sem starfa staðbundið, hafa yfir að ráða nægu eigin fé og hafa ekki áhuga á að gefa út markaðsverðbréf.

Hvort litlir og meðalstórir íslenskir sparisjóðir geta lifað af harðnandi samkeppni eða hvort þeim reynist nauðsynlegt að auka samvinnu sín á milli eða sameinast mun tíminn leiða í ljós. Í frumvarpinu eru hins vegar mikilvæg nýmæli þar sem reynt er að bæta stöðu þeirra sparisjóða sem líklegt má telja að hafi ekki hug á hlutafélagsforminu. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Það er gert með því að auðvelda stofnfjáreigendum að selja bréf sín og með því að auka arðsvon af bréfunum. Með þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laganna um stofnfjárbréf ættu þau að verða betri fjárfestingarkostur með góðri ávöxtun en minni áhættu en hlutabréf.

Ég vil þá víkja stuttlega að helstu atriðum frv. En þau eru:

1. Starfandi sparisjóðum er veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Við þessa breytingu halda sparisjóðir starfsleyfi sínu.

2. Breytingar eru gerðar á ákvæðum um stofnfjárbréf sparisjóða í því skyni að gera bréfin að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti.

3. Í stað þess að sveitarfélög eða héraðsnefndir tilnefni tvo stjórnarmenn af fimm í sparisjóði er heimilt að kveða í samþykktum á um að stofnfjáreigendur kjósi alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs.

Hvað varðar hlutafélagavæðingu sparisjóða eru helstu ákvæðin eftirfarandi:

Sparisjóður sem breytt er í hlutafélag er áfram sparisjóður í skilningi laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði hlutafélagalaga og ákvæði um hlutafélagsbanka eiga við um sparisjóðinn eftir því sem við getur átt.

Stofnfjáreigendur fá eingöngu hlutafé sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Þó geta þeir krafist þess samkvæmt hlutafélagalögum að stofnfjárbréf þeirra verði innleyst. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins samkvæmt mati óháðra aðila sem miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins.

Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda skal verða eign sérstakrar sjálfseignarstofnunar. Megintilgangur hennar er að stuðla að vexti í starfsemi sparisjóðsins og viðgangi hans.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skulu kjósa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag. Þetta er sama takmörkun og gildir um sparisjóði í gildandi lögum. Heimilt er að kveða á um í samþykktum að sjálfseignarstofnunin geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni.

Hvað varðar breytingar á ákvæðum um stofnbréf, eru helstu ákvæðin eftirfarandi:

Stofnfjáreigendum er auðveldað að selja stofnfjárbréf. Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Heimilt er að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins þó þannig að hækkun stofnfjár, að undanskyldu endurmati vegna verðlags, verði aldrei meiri en 5% á ári.

Heimilt er að greiða arð þó tap sé á rekstri sparisjóðs.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[16:48]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Sparisjóðirnir á Íslandi eru 25. Ég tók eftir því að í ræðu sinni sagði hæstv. viðskrh. að í stað þess að héraðsnefndir eða sveitarstjórnir tilnefndu fulltrúa í stjórnir mundu stofnfjáreigendur eða væntanlegir hluthafar gera það. Því væri fróðlegt að fá upplýsingar, herra forseti, um hversu margir þeir sjóðir eru þar sem enn háttar svo til að annaðhvort sveitarstjórnir eða héraðsnefndir skipi einhverja af fulltrúunum. Það er ljóst að það er alls ekki svo alls staðar vegna þess að samþykktum einhverra sjóða hefur verið breytt á undanförnum árum þannig að eingöngu fulltrúaráðin tilnefna stjórnarmenn. Þar verður þá auðvitað um sáralitla breytingu, ef nokkra, að ræða. Þess vegna væri áhugavert að fá upplýst, áður en umræðan heldur lengra áfram, hjá hve mörgum sjóðum háttar svo til að sveitarstjórnir eða héraðsnefndir, eins og ráðherra nefndi, skipi fulltrúa í stjórnir.

Herra forseti. Í lokin vil ég taka fram að mér þykir dálítið merkilegt ef héraðsnefndir, sem eiga sér ekki einu sinni stoð í lögum, eru farnar að skipa menn í stjórnir fyrirtækja eins og sparisjóðanna.

[16:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að þetta er einungis heimildarákvæði. Það er heimilt að stofnfjáreigendur skipi alla stjórnina en sveitarfélög komi ekki þar að. Það er ekki kveðið nákvæmlega á um að svo skuli vera. Af því hv. þm. spyr hvernig þessu sé háttað í dag og í hve mörgum sjóðum þessu sé þannig fyrir komið að sveitarfélög tilnefni í stjórn þá er það þannig að í 36. gr. laganna stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins."

Þannig hljóða reglurnar í dag og ég býst við og hlýt að gera ráð fyrir því að þeim sé framfylgt.

[16:50]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er vissulega um heimildarákvæði að ræða, sem gerir það að verkum að sparisjóðirnir geta í framtíðinni, ef þeir svo kjósa, breytt frá reglunni sem hæstv. ráðherra las hér upp, um sveitarstjórnir og stofnfjáreigendur eða fulltrúa þeirra í stjórnum sparisjóðanna.

Ég stend hins vegar við það sem ég sagði áðan. Samþykktum einhverra sjóða hefur á undanförnum árum verið breytt þannig að það er ekki lengur um það að ræða að sveitarstjórnir eða héraðsnefndir skipi fulltrúa. Það er auðvitað sjálfsagt að það verði skoðað betur í nefndinni ef ekki liggja fyrir upplýsingar um það. En mínar upplýsingar segja að svo sé. Ég hélt satt að segja að upplýsingar lægju fyrir um það.

[16:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil nálgast efni þessa frv. út frá því viðhorfi að sparisjóðirnir hafi verið og séu ákaflega mikilvægar og merkar stofnanir í heimabyggðum sínum. Það er enginn vafi á að þær sameina ýmsa kosti samfara dreifræði og sjálfstæði eininga af þessu tagi. Þær nýta nálægð stofnananna við viðskiptavinina á starfssvæði sínu og gefa fólki þá tilfinningu að það eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta í eigin viðskiptum og í eigin efnahag með þeirri stofnun sem þjónar því og það á viðskipti við. Að mínu mati er það einn lykillinn að því að sparisjóðunum hefur vegnað vel, nánast má segja ævintýralega vel. Vöxtur þeirra og aukin markaðshlutdeild á sl. 15–25 árum er ævintýri líkastur.

Það verða því ekki sótt rök í að aðkallandi vandamál eða bág staða sparisjóðanna nú um stundir eða á undanförnum árum kalli á breytingar á lögum um þá eða í starfsumhverfi þeirra. Þvert á móti er ástæða til að spyrja og muna eftir því: Þarf ekki einmitt að fara varlega og gera engar þær breytingar á starfsumhverfi sparisjóðanna sem veikt gætu þann grundvöll sem þeim hefur nýst svo vel?

Með þessu er ég ekki, herra forseti, að segja að ekki geti verið rök til að gera þarna breytingar enda hefur margt tekið breytingum í umhverfi fjármálastofnana hér á landi. Að sjálfsögðu rétt og skylt að fara yfir það og skoða. Breytingar hafa einnig verið gerðar sums staðar erlendis og gæti verið gagnlegt að fara yfir reynsluna af því. En menn skulu hyggja að hinu samtímis, að fara ekki út í neitt að svo lítt ígrunduðu máli að það gæti þegar upp er staðið haft áhrif til hins verra

en ekki hins betra, sem auðvitað hlýtur að vera tilgangurinn með öllum breytingum.

Með þessu vil ég, herra forseti, fyrst og fremst leggja áherslu á að menn gæti sín og geri breytingarnar þannig úr garði og hafi lagaumhverfi sparisjóðanna áfram þannig að ekki glatist það sérstaka samband sem verið hefur á milli þeirra og viðskiptavinanna sem byggt hefur upp tryggð við þá og vinsældir sparisjóðanna sem þjónustusinnaðra stofnana sem tvímælalaust hafa orðið til þess að þeir hafa dafnað svo sem raun ber vitni.

Auðvitað eru aðstæður sparisjóðanna mismunandi. Sumir sparisjóðirnir eru einu bankastofnanirnar í viðkomandi byggðarlögum. Aðrir eru þar í samkeppni. Nokkrir þeirra eru hér á höfuðborgarsvæðinu í mjög harðri samkeppni við ærinn fjölda banka og útibúa. Það athyglisverða er að það verður ekki séð að mikill munur sé á velgengni þessara stofnana eftir því í hvaða umhverfi þær hafa starfað. Með sárafáum undantekningum sem tengjast oftast sérstökum áföllum í atvinnumálum eða öðru slíku, hefur sparisjóðum landsins vegnað mjög vel. Dæmin um hitt eru nánast teljandi á fingrum.

Ég held líka, herra forseti, að ástæða sé til að hafa í huga þá stöðu sem sjálfstæð fjármálastofnun í byggðarlagi gefur umfram það að starfrækja þar tiltölulega ósjálfstætt útibú fjarlægrar fjármálastofnunar eða banka. Grundvallarmunur er á aðstöðu hvað varðar ákvarðanir og sjálfsákvörðunarmöguleika forsvarsmanna í atvinnulífi eftir því hvort fjármálastofnunin sem menn eiga viðskipti við eða hafa þar aðgang að hefur sjálfsákvörðunarrétt í heimabyggð eða þarf að sækja slíkt um langan veg. Þar skiptir máli hvort um er að ræða tiltölulega ósjálfstætt útibú eða nánast afgreiðslustofnun eins og smærri útibú stóru bankanna eru því miður orðin.

Ég þekki mörg dæmi frá umliðnum árum um hversu mikils virði það hefur verið mönnum að hafa sjálfsákvörðunarvaldið sem fólgið er í sjálfstæðri fjármálastofnun. Ætli uppgangur smábátaútgerðar í Bolungarvík, svo dæmi sé tekið, væri sá sem raun ber vitni nema vegna þess að þar höfðu menn heimamenn aðgang að fjármálastofnun sem vildi axla ríkar skyldur í atvinnumálum byggðarlagsins og leggja eitthvað af mörkum til að efla atvinnulíf þar í kjölfar áfalla sem orðið höfðu? Ég leyfi mér aðeins, herra forseti, að nefna hér eitt tiltekið dæmi en ég kann þau mörg fleiri.

Þetta sjálfstæða fjármálavald í heimahéraði er mér mikið umhugsunarefni, ekki síst í ljósi þróunar fjármálastofnana að öðru leyti. Þar hefur hallað sérstaklega á möguleika hinna dreifðu byggða og landsbyggðarinnar til að sækja sér fjármagn til atvinnuuppbyggingar. Menn upplifa ákvörðunarvald stóru fjármálastofnananna fjarri sér þegar kemur að því að taka áhættu í atvinnumálum í fjarlægum byggðum þar sem þörf er á staðbundinni þekkingu. Sú þekking er oft takmörkuð og skilningurinn á viðleitni manna til að efla atvinnulíf í hófi, svo vægt sé nú til orða tekið.

Sú breyting hefur einnig orðið, herra forseti, með sameiningu fjárfestingarlánasjóða í banka, að atvinnugreinar sem áttu áður vísan aðgang að grunnfjármagni á föstum kjörum til fjárfestinga eiga það ekki lengur. Forsvarsmenn í sjávarútvegi eða iðnaði koma því iðulega að lokuðum dyrum þegar þörf er á grunnfjármögnun fjárfestinga sem þeir áttu áður vísa í fjárfestingarlánasjóðum.

Að öllu þessu, herra forseti, finnst mér ástæða til að hyggja þegar við erum að ræða breytingar á sparisjóðunum, sem taka vissulega aðeins til þeirra byggðarlaga þar sem þeir eru til staðar en það eru einmitt fjölmörg byggðarlög, mörg af minni byggðarlögum og afskekktari landsvæðum, sem eiga ekki á vísan að róa með fyrirgreiðslu annars staðar en hjá sinni heimastofnun.

Samstarf sparisjóðanna, þó litlir séu margir hverjir, hefur gert þeim kleift að ráðast í verkefni sem ofvaxið er þeim einum og sér. Þannig hefur keðjan sem sparisjóðirnir hafa myndað með samstarfi sínu náð að standast í samkeppni og skilað mikilvægu hlutverki.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég minna á að hér erum við að ræða um mjög merkar samvinnustofnanir, félagslega uppbyggðar stofnanir, sjálfseignarstofnanir sem lúta lögmálum sem eiga mjög undir högg að sækja í hinum markaðsvædda þankagangi samtímans, þar sem allt er orðið markaðsvætt og „háeffað" og meira að segja mannshugurinn að verulegu leyti, ef marka má það hvernig margir tala. Hér er þó dæmi um stofnanir þar sem menn leggja í samlag til að byggja upp og láta afraksturinn af starfseminni, arðinn eftir því sem hann er til staðar, verða eftir í stofnuninni og þjóna þeirri uppbyggingu og markmiðum sem hún á að sinna. Þar er ekki um að ræða að menn líti á þetta sem hefðbundinn atvinnurekstur, í þeim skilningi að menn ætli sér í stórum stíl að af starfseminni til að draga út úr henni og fara með annað. Þetta er grundvallarmunur sem ástæða er til að muna eftir.

Herra forseti. Ef menn fara út í breytingar á lögum um sparisjóði þá kemur að spurningunni um hvaða leiðir eru þá vænlegastar í þeim efnum. Fyrst ber að sjálfsögðu að bera upp spurningarnar: Eru ástæður til þess? Er eitthvað sem kallar á að þetta sé gert? Er það skynsamlegt yfir höfuð? Vissulega má færa fram rök fyrir því að sparisjóðunum hafi vegnað vel á grundvelli núgildandi lagaumhverfis og ekkert sérstakt hafi a.m.k. enn komið í ljós sem bendir til að það geti ekki haldið áfram.

Þó eru vissulega til staðar hlutir, herra forseti, eins og ég hef áður nefnt, sem gera það að verkum að eðlilegt er að fara yfir hlutina. Þá nefni ég fyrst og fremst það sem er staðreynd að sumir sparisjóðirnir hafa vaxið það hratt á undanförnum árum, þeim hefur einfaldlega í þeim skilningi „vegnað svo vel" að vöxtur þeirra hefur verið það hraður að eiginfjárhlutfallið hefur lækkað sem hlutfall af umsvifum þeirra vegna þess að þeir hafa verið að sækja á, bætt markaðshlutdeild sína, aukið viðskipti sín þannig að þeir hafa færst neðar á viðmiðunartöflunni hvað þetta varðar.

Menn geta auðvitað spurt sig hvort ekki verður þá að grípa til sérstakra ráða eins og þeirra að opna möguleika fyrir sparisjóðina að sækja sér aukið eigið fé ef þetta á ekki að verka hamlandi á frekari vöxt þeirra á komandi árum. Svarið er auðvitað jú. Það er rétt út af fyrir sig. Getur komið að því og rekur að því að einhverjir af sparisjóðunum sem hafa vaxið hraðast á undanförnum árum mundu með sama áframhaldi rekast á neðri mörk BIS- eða CAT-reglanna eða hvað þær heita um þessar mundir? Það er alltaf verið breyta skammstöfunum. Ég er að vísa hér til hins viðurkennda eiginfjárhlutfalls sem má ekki fara niður fyrir tiltekin mörk og við höfum skuldbundið okkur til að hlíta.

Menn geta svo sem spurt áfram: Er endilega ástæða til, er það endilega markmið í sjálfu sér eða keppikefli stofnana, að vaxa svo hratt að þrátt fyrir góða afkomu og þrátt fyrir að allur arðurinn af starfsemi þeirra byggist upp innan þeirra sjálfra að þetta hlutfall lækki? Og gætu menn ekki haft bara gott af því að rifa þá aðeins seglin og sigla aðeins lygnari

sjó um stund? Ýmsir kynnu að segja að það gæti vel verið svo að það væri nú farsælla auk þess að ekki væri víst að sama þensla verði almennt á þessum markaði á komandi árum eins og verið hefur nú að undanförnu af ástæðum sem allir þekkja. Kannski er líklegra að stofnanirnar almennt á fjármálasviðinu og í bankaþjónustu þurfi að búa sig undir á framtíð á næstunni að rifa frekar seglin en hitt.

Gott og vel. Segjum sem svo að við ætlum að halda áfram með þá hugsun að það beri að skoða hvort ekki sé rétt að opna leiðir fyrir sparisjóðina til að taka inn utanaðkomandi fé og með hvaða hætti að verði best gert.

Kostirnir eru þá í aðalatriðum tveir, þ.e. sem ég kalla norsku leiðina, eða B-deildarleið, sparisjóðshlutabréf skilst mér að það sé kallað hér í í greinargerð frv., og svo hins vegar sú sem frv. gengur út á, að opna heimild fyrir sparisjóðina til að breyta sér í hlutafélag eða taka inn nýtt fé í hlutafélag sem taki yfir rekstur sparisjóðanna og eigi þá í framtíðinni á móti þeirri sjálfseignarstofnun sem stofnfjáreigendahluturinn verði gerður að.

B-deildarbréfin, eða norska leiðin, hefur verið farin í Noregi og reyndar víðar og gefist í raun og veru ágætlega, náð þar tilgangi sínum. Þar hefur gengið vel að byggja upp virkan markað með þessi bréf og sparisjóðunum gekk ágætlega að ná til sín auknu fjármagni, þeim sem það vildu og þeim sem létu á það reyna.

Ég sé að í greinargerð eru m.a. efasemdir uppi um að hún mundi ganga hér við íslenskar aðstæður vegna þess að í þeim fáu tilvikum sem ég man reyndar ekki hvort eru miklu fleiri en eitt sem samvinnufélög reyndu að nýta sér þessa leið eftir að heimild til þess var opnuð í lögum fyrir allmörgum árum, þá hafi það ekki skilað miklu. Ég dreg mjög í efa að rétt sé að yfirfæra þá reynslu á sparisjóðina. Við skulum hafa í huga að einmitt á þessum tíma hefur samvinnureksturinn gengið í gegnum miklar þrengingar. Ekki hefur beinlínis blásið byrlega kannski fyrir þá starfsemi að sækja til sín aukið fé á þessum forsendum. Ég tel því að reynsla Kaupfélags Eyfirðinga, og e.t.v. eru einhver fleiri dæmi, af að ná til sín fé í B-deildir samvinnufélaga sé marktæk yfirfæranleg á sparisjóði. Ég leyfi mér að halda hinu gagnstæða fram.

Ég held að það gæti verið ágætis andrúmsloft í kringum það í byggðarlögum þar sem menn eiga öfluga sparisjóði og vilja áframhaldandi standa vörð um þá og vilja hafa þá áfram sjálfstæðar stofnanir í heimabyggð, að bjóða út slík skírteini og markaður fyrir þau yrði fyrst og fremst á heimaslóðum. Sá er munurinn á þessu og hlutafélagaleiðinni að menn telja sig betur varða og tryggari með forræði fyrir stofnun sinni en færa hana yfir í hlutafélag, sem fari á markað og geti fyrr en varir orðið í vaxandi mæli í höndum annarra en þeirra sem hafa staðið á bak við sparisjóðinn í gegnum tíðina og byggt hann upp. Þetta er það viðhorf sem ég heyri. Þess vegna vil ég, herra forseti, færa fram rök fyrir því að þessi leið væri fullt eins álitleg til skoðunar og hlutafélagaleiðin.

Þriðji kosturinn í stöðunni, ef við lítum svo á að sá fyrsti sé að láta þetta vera óbreytt a.m.k. enn um sinn og láta á það reyna hvort frekari þörf en fyrirsjáanleg er eða liggur fyrir nú, banki á dyrnar varðandi það að sparisjóðirnir sæki sér aukið fé út í frá. Kostur númer tvö væri þessi norska leið, B-deilarleið. Kostur númer þrjú sem ég sakna í frv. væri þá að hafa þetta valkvætt, að menn gætu valið á milli einhvers konar B-deildarleiðar og hlutafélagaleiðar.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort ekki mætti skoða þann kost að sparisjóðirnir ættu þessa tvo kosti og það væri valkvæður möguleiki í lögunum, að fara hvora leiðina sem menn vildu. Ég sé ekki af hverju það má ekki í sjálfu sér vera alveg eins valkvætt að velja á milli þessara tveggja forma, láta á það reyna t.d. fyrst hvort eftirspurn væri í útboði á B-deildar skírteinum, eiga þá hinn kostinn ef svo reyndist ekki vera. Ég sé ekki af hverju það mætti ekki vera valkvætt eins og það má vera valkvætt samkvæmt frv. að fara yfir í hlutafélagaformið eða ekki. Fjórði möguleikinn væri þá sá sem frv. gengur út á, að opna eingöngu heimild til að breyta þessu yfir í hlutafélag.

Menn kunna að segja að það sé að verða óþarflega flókið og það sé þá svona enn meira á tvist og bast hvaða form menn kunna að velja sér, ef þetta gæti orðið með þrennum hætti, þ.e. óbreyttir sparisjóðir í núverandi mynd, sparisjóðir sem færu B-deildarleiðina og svo þá í þriðja lagi þeir sem færu hlutafjárleiðina. En ég sé ekki mikinn mun á tölunni tveimur eða þremur í þessum efnum og hallast að því að það sem við gerðum skynsamlegast í þessu hvað varðar löggjöfina væri að virða þá grunnhugsun á bak við sparisjóðina sem slíka að þetta eigi að vera sem mest í ákvörðunarvaldi manna sjálfra hvaða leið þeir fara.

Ég get vel fallist á að það sé rétt að menn opni þessa hlutafélagaleið og síðan ráði menn því sjálfir á fundum sínum, samkvæmt þeim reglum sem hér eru settar upp, að tveir þriðju hlutar stofnfjáreigenda hafi það þá í valdi sínu að ákveða breytingarnar. En því skyldu menn ekki líka prófa aðrar leiðir ef þeir telja þær vænlegri og ef þeir telja þær hafa kosti umfram hina hvað það varðar að varðveita hið sérstaka eðli sparisjóðanna? Í raun og veru sér maður ekki beint tilganginn með því að þeir verði til í framtíðinni nema að hann felist í því að þeir fái að vera áfram þessar sérstöku stofnanir og öðruvísi en hefðbundnir bankar með útibúaneti sínu um landið. Ég held að gildi þeirra inn í framtíðina sé fyrst og fremst fólgið í því að þeir fái að halda eðli sínu. Ef þeir fá það ekki mun þess ekki langt að bíða að menn hætti að gera mikinn greinarmun á því hvort útibúið eða stofnunin sem þeir eiga viðskipti við hafi einhvern tímann heitið sparisjóður en sé nú orðin „háeffuð" og komin kannski í meirihlutaeigu eða orðin hluti af stærri keðju.

Við gætum staðið frammi fyrir því að svipaðir hlutir gerðust hér og í Danmörku þar sem tveir stærstu sparisjóðirnir hurfu fljótlega inn í stærri banka eftir hlutafjárvæðingu þeirra og skildu eftir sig mikil skörð í danska sparisjóðanetinu af því það var einu sinni um að ræða tvo langstærstu sparisjóðina með starfsemi á stærstu svæðunum.

Má ég þá heldur biðja um norsku leiðina sem ég tel að hafi gefist þeim vel. Af því ég veit að hæstv. viðskrh. er nú einstakur aðdáandi Noregs og þess sem það an kemur þá leyfi ég mér að trúa því að ekki strandi á andúð ráðherra að líta vel til þess fordæmis sem þangað er að sækja.

Að síðustu, herra forseti, vil ég að þessu öllu saman sögðu leyfa mér að fara eindregið fram á það að virðuleg efh.- og viðskn. með stuðningi ráðuneytisins fari rækilega yfir hvort ekki sé ástæða til að skoða vandlega þær leiðir sem þarna virðast koma til greina og bera þær saman og skoða jafnvel hvort eigi að leyfa þessu að vera valkvæðu og halda öllum þessum möguleikum opnum, með það sérstaklega í huga að virða sjálfsákvörðunarrétt þessara stofnana sem er grunnhugsunin á bak við þær og að þær fái að halda eðli sínu og sjálfstæði inn í framtíðina og þjóna þar með áfram þeim tilgangi sem þær hafa gert. Ella óttast ég að við gætum verið að sjá upphafið að þróun sem væri engum til gagns

eða góðs, sem sagt þeirri að sparisjóðirnir, fleiri eða færri, hyrfu á komandi árum úr tölu lifenda sem slíkir, yrðu að hlutafélögum og smátt og smátt í meirihlutaeigu hluthafa en ekki sjálfseignarstofnunarinnar og rynnu þá saman í stærri heildir eða inn í aðra banka og glötuðu þannig sérstöðu sinni og sérkennum og um leið því sem hefur gert þá að því sem þeir hafa verið og skýrir þær vinsældir og þá velgengni sem þeir hafa notið.

[17:12]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að nefna það að breytt umhverfi kallar jafnan á ný svör. Ég set þá fram þá spurningu hvort óbreytt ástand sé yfirleitt valkostur í stöðunni í dag.

Það kom fram hjá hv. þm. að rekstur sparisjóðanna hafi gengið ævintýralega vel. Hann hafði áhyggjur af því að þeim mundi fækka á næstu árum ef það frv. yrði samþykkt sem hér liggur fyrir.

Nú hefur sparisjóðunum verið að fækka á undanförnum árum. Hver telur hv. þm. að sé ástæða þess? Þeim hefur verið að fækka nokkuð með samruna eða eftir öðrum leiðum, hafa lagst af, orðið að skúffu í einhverjum viðskiptabankanum. Hver var þá ástæða þess ef reksturinn gekk svona ævintýralega vel?

Í öðru lagi, af því hv. þm. leggur greinilega dálítið upp úr sjálfsákvörðunarrétti sparisjóðanna, þá er það spurning hvort hann telur ekki að það sé þá rétt mat hjá fulltrúum sparisjóðanna sem hafa lagt kapp á að fá möguleika og það er bara verið að tala um möguleika, það er ekki skylda sem felst í þessu frv. til þess að mæta aðstæðum á hverjum stað ef það mætti verða til þess að þeirra sparisjóður héldi stöðu sinni eða hefði áfram þá fótfestu sem hann hefur nú í því viðskiptaumhverfi sem hann hrærist í.

[17:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. hafi hlustað á ræðu mína og hafi ekki misskilið það að ég var ekki að boða andstöðu við þetta frv. Mér finnst það liggja hálfpartinn í spurningum hv. þm. í lokin. Ég lýsti mig einmitt mjög opinn fyrir því að skoða þær leiðir sem til greina kæmu og gerðu sparisjóðunum kleift að sækja sér eigið fé og bregðast við breyttum aðstæðum. Ég lýsti þar einmitt þeirri skoðun minni að það ætti þá að vera sem allra opnast fyrir þá að velja þá leið sem þeir teldu sér henta og lagði til þriðja valkostinn í þeim efnum, sem var ekki uppi í umræðunni og felst ekki í frv., þ.e. að til viðbótar óbreyttu ástandi sem er kostur sem sparisjóðunum stendur áfram opinn og hlutafélagaleiðin, kæmi norska leiðin eða B-deildarleiðin. Ég vona að það sé þá svar við spurningu hv. þm.

Hins vegar finnst mér jafnan sjálfsagt að fara yfir það þegar menn eru að ræða breytingar hver rökin eru fyrir því að gera þær. Ég sé ekki að það sé einhver kórvilla að nefna þann möguleika enda er reiknað með því að það standi sparisjóðunum til boða að gera ekkert og það er næsta víst að einhverjir þeirra munu fara sér hægt í þessum efnum. Innan sparisjóðanna eru vel að merkja, herra forseti, talsvert skiptar skoðanir um það hvaða leið væri vænlegust.

Það vill svo til að ég var ræðumaður og gestur á ársfundi sparisjóðanna nú í vetur og tók þar þátt í skoðanaskiptum og umræðum um þessi mál. Ekki fór á milli mála að það eru — sem er ósköp eðlilegt — uppi ýmis sjónarmið í þeim efnum hvað henti sparisjóðunum best og ekki endilega að öllu leyti samhljómur, t.d. í afstöðu þeirra stærstu og hinna smærri.

Varðandi fækkun sparisjóða á hún mjög einfaldar og skiljanlegar skýringar nú hin seinni árin. Á sumum stöðum hafa nokkrir litlir sparisjóðir sameinast svæðisbundið. Það er fyrst og fremst Barðaströnd, Suður-Þingeyjarsýsla og nokkur önnur tilvik. Þetta hafa verið mjög eðlilegar breytingar sem hafa leitt til þess að þeim hefur fækkað en það hefur ekki minnkað umsvif þeirra heldur þvert á móti hafa þeir gjarnan eflst við þær breytingar. Eldri fækkun þeirra vegna þess að þeir runnu inn í banka er frá miklu fyrri tíð þegar Búnaðarbankinn var að taka yfir sparisjóði.

[17:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. þm. Því sem ég var að bregðast við var bæði það sem hv. þm. sagði og líka sá andi eða það sem mér fannst vera undirliggjandi í ræðu hans. Hann varaði við. Hann varaði við breytingum og bar m.a. fram þær ástæður sem ég spurði hann síðan um.

Það er mjög eðlilegt, herra forseti, að menn fari yfir þá kosti sem eru í stöðunni á hverjum tíma. En menn verða auðvitað á hverjum tíma að líta til þess umhverfis sem skapað hefur verið og fyrirtæki, einstaklingar eða stofnanir verða að búa við. Við hljótum að horfa til þess hvað þeim aðilum sem starfa á viðkomandi sviði finnst og hvernig þeir telja líklegast að sú starfsemi sem þeir standa fyrir geti tekist á við nútímann.

Ég er ekki að segja að á endanum muni hv. þm. ekki styðja frv., en sannarlega fannst mér viðhorfin sem fram komu hjá honum vera slík að ástæða væri til að spyrja þessara spurninga.

[17:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú skil ég þetta betur. Hv. þm. var eiginlega nánast að lýsa því að hún hefði stundað hugsanalestur og það hefði verið andi og undirliggjandi hlutir í ræðu minni sem hefðu gert það að verkum að hv. þm. spurði eins og raun bar vitni, nánast gangandi út frá því að ræðumaður hefði lýst andstöðu við frv. (Gripið fram í.) því að afar erfitt var að skilja spurningar hv. þm. öðruvísi en þannig. Kannski hefur hv. þm. verið búin að ákveða að það ætti að vera þannig að ég kæmi hér upp og boðaði harða andstöðu við frv. og ekki náð að umorða athugasemdir sínar nægjanlega hratt í ljósi þess að svo var ekki í ræðu minni. Ég segi alveg eins og er að ég ætlast til að menn hlusti á það sem ég segi og ég tel að málflutningur minn hafi verið fullkomlega skýr og skiljanlegur og í þannig jafnvægi að ekki hafi þurft að misskilja það neitt hvaða viðhorfum ég var að lýsa til málsins.

Ég þekki ágætlega til lagaumhverfisins sem hér á hlut. Ég hef setið í efh.- og viðskn. þingsins líklega ein tíu ár samfellt og ekki margir hér inni sem hafa gert það lengur. Ég hef verið félagsmaður í sparisjóði í ein 25 ár og haft mikinn áhuga á rekstri þeirra og velferð þannig að ég tel mig þekkja alveg ágætlega til þeirra breyttu aðstæðna sem hv. þm. var að vísa í.

[17:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í rauninni ekki hissa á að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir skuli hafa komið upp í andsvari því að ég skildi fyrri hluta ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á nákvæmlega sama hátt og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lýsti áðan. Mér fannst í rauninni fyrri hluti ræðunnar vera eins og líkræða yfir sparisjóðum og því er ekkert eðlilegra en að þeir sem hlýddu á — og ég lagði mig fram um að

hlusta — drægju þá ályktanir að hv. þm. væri að leggjast gegn þessum breytingum.

Ég fagna hins vegar síðari hlutanum en á erfitt með að koma þeim saman því að mér finnst að fyrri hluti og síðari hluti ræðunnar stangist nokkuð á. Ég held að rétt sé, herra forseti, að draga það fram að hér er ekki um að ræða að leggja niður sparisjóði. Þvert á móti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að þar sem sparisjóðir hafa starfað hafa þeir gegnt gífurlega mikilvægu hlutverki fyrir starfsumhverfi, ekki síst í ljósi þeirrar heimatilfinningar sem væntanlega gerir það að verkum að þeir hafa verið jafnöflugir hver í sínu héraði og raun ber vitni.

Hins vegar hafa orðið mjög miklar breytingar á fjármálamarkaði og þess vegna er mjög mikilvægt að opna sparisjóðunum möguleika á því að bregðast við samkeppni. Það er einmitt það sem frv. gengur út á, þ.e. að opna heimildir fyrir stjórnendur og eigendur sparisjóðanna til að bregðast við. Ekki er verið að þvinga þá til eins eða neins. Annars vegar er verið að opna fyrir heimildarákvæði til að breyta í hlutafélag ellegar fyrir þá sem ekki vilja fara þá leiðina að styrkja stofnfjárhluta sinn og þar með styrkja sparisjóðina. Þess vegna er eðlilegt að setja það upp með þeim hætti og treysta einmitt þeim sem hafa svo ágætlega rekið sparisjóðina á síðustu árum til að taka þá ákvörðun sem hverjum og einum sparisjóði hentar best.

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef einhver rauður þráður var í ræðu minni var það nákvæmlega það að virða sjálfsákvörðunarrétt sparisjóðanna og hafa lagaumhverfið þannig að þeir ættu áfram allan kost á því að velja þá leið sem þeir teldu sér hagstæðasta.

Ég furða mig á þessum athugasemdum. Ég hélt að það væri nóg að einn hv. þm., Svanfríður Jónasdóttir, kæmi upp og legði algjörlega út af nokkrum setningum í fyrri hluta ræðu minnar og léti eins og hún hefði ekki heyrt það sem þar kom á eftir, en hv. þm. Hjálmar Árnason bætir um betur og kemur með sömu útlistanirnar.

Er það þá virkilega þannig að ekki megi fara yfir málin á þann hátt að reyna að segja bæði kost og löst og fara fram á rökstuðning fyrir þeim breytingum sem menn ætla sér að fara að gera? Ef niðurstaðan er sú að ærin rök séu fyrir því, þá gera menn það. En það er ekki eins og það sé eitthvað fyrir fram sjálfgefið. Og ef eitthvað væri sem ég vildi ekki gera, þá væri það að flytja útfararræðu eða líkræðu, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það, yfir sparisjóðunum. Ég hef verið eindreginn og mikill stuðningsmaður þeirra og fyrir því má finna ýmsar heimildir.

Varðandi breytingar, þá eru menn alltaf svo óskaplega uppteknir af því, sumir hverjir, að þeir hafi uppgötvað eiginlega einir manna að heimurinn sé að breytast. Ég hef alltaf voðalega gaman af því þegar menn taka að sér að tilkynna okkur hinum að heimurinn sé að breytast. Það er svo gott að hafa svoleiðis fólk á meðal okkar sem tekur eftir þessu og getur sagt okkur hinum frá því. Það hefur alveg ómetanlegt gildi.

En nú vill svo til að svona breytingar eru hvorki nýjar af nálinni né er Ísland eina landið sem hefur fengið þær yfir sig. Þannig má t.d. segja að sambærilegar breytingar og þróun á fjármálamarkaði hafi víða erlendis gengið yfir áratugum fyrr en á Íslandi í bankamálum. Samt hafa sparisjóðir víða haldið mjög sterkri stöðu sinni áfram og eflst í hefðbundnum rekstri sem sparisjóðir, t.d. í Þýskalandi og á Spáni. Það er ekki endilega þannig að við höfum óyggjandi rök fyrir því að hefðbundnir sparisjóðir sem ekki mundu breyta sér í hlutafélög eða sækja sér aukið fé með öðrum hætti gætu ekki átt blómstrandi framtíð fyrir sér þó svo að við gerðum ekki þessar breytingar.

[17:23]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki þarf að fara frekari orðum um þetta. Það voru fleiri en ég sem hlýddu á ræðu hv. þm. og ekki var hægt að skilja fyrri hlutann öðruvísi en svo — það var meira en nokkrar setningar — að fyrri hlutinn var eins og líkræða. En ég ítreka fögnuð minn og segi eins og í Vestmannaeyjum að mörg „fögn" eru á bak við það að hv. þm. skuli þó vera opinn fyrir breytingunum þrátt fyrir fyrri hluta ræðu sinnar. Rétt er að ítreka það enn einu sinni að frv. er sett fram til að gefa sparisjóðum, eigendum þeirra og stjórnendum, kost á að styrkja sig þar sem menn meta stöðuna þannig. Það var kannski ekki mjög málefnaleg framsetning eins og hv. þm. var með hér. Ekki er verið að tilkynna eitt eða neitt heldur er verið að fjalla um þetta málefnalega. Frv. byggir á þeim breytingum sem hafa orðið á fjármálamarkaði þar sem samkeppni hefur verið að aukast og það er einfaldlega verið að opna fyrir að einstakir sparisjóðir geti farið þá leið sem styrkir sparisjóðina og þá um leið það umhverfi sem þeir starfa í. Ef hv. þm. er sammála þessu fagna ég þeirri skoðun hans.

[17:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er eitthvað sem ég mundi helst flokka undir gagnrýni í máli mínu, þá finnst mér að frv. opni ekki nógu margar leiðir fyrir sparisjóðina. Það opnar ekki þriðja möguleikann, þá leið sem farin var í Noregi, en það hefði ég gjarnan viljað sjá. Ósk mín var sú að efh.- og viðskn. tæki t.d. það til mjög rækilegrar skoðunar hvort við ættum þá ekki að leyfa því að vera þarna til staðar líka.

Það eru nokkur ár síðan ég fór að velta því fyrir mér og skoða hvort tímabært væri orðið að huga að breytingum á löggjöf um sparisjóði. Ég hef fylgst nokkuð vel með breytingum, bæði í Noregi og Danmörku. Athyglisvert er að bera það saman vegna þess að þar höfum við samanburð milli tveggja mjög hliðstæðra landa á tveimur mismunandi leiðum sem menn völdu að fara. Ég held að ástæða sé til fyrir hv. þingnefnd að fara rækilega yfir það. Ég sé í greinargerð að aðstandendur frv. hafa gert það og það er vel, en mér finnst ekki koma fram fullnægjandi rök fyrir því að velja aðra leiðina en ekki hina og ítreka óskir mínar um að þetta verði skoðað í nefnd.

[17:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég er á nákvæmlega sömu skoðun og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hér talaði, formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég gat ekki skilið annað en að hv. þm. væri á móti frv. eins og það liggur fyrir, og fór reyndar í kringum frv. eins og köttur í kringum heitan graut, eða eins og framsóknarmaður, opinn í báða enda, og opnaði sem flesta möguleika á að þvæla málinu fram og aftur.

Við eigum örugglega samleið með því að okkur þykir vænt um sparisjóði og við vitum að þeir hafa staðið sig vel í byggðarlögum sínum, en við vitum líka að undanfarið hafa

breytingar í bankakerfinu gert það að verkum að sparisjóðirnir standa ekki jafnfætis öðrum peningastofnunum. Þetta frv. er að mínu mati sett fram til þess að sparisjóðirnir standi jafnfætis öðrum peningastofnunum við það að ná sér í peninga, að ná sér í meira eigið fé eins og hér hefur komið fram.

Herra forseti. Ég gat ekki áttað mig á því hvort hv. þm. sem hér talaði, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og hvort þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri á móti þessu máli eins og svo mörgum öðrum ef tveir stafir koma þar aftan við með striki á milli, h/f, og að það sé algjört eitur og málið verði kolómögulegt í þeirra huga.

Þess vegna vil ég, herra forseti, spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, sem hér hefur talað um frv., hvort hann sé með eða á móti því eins og það liggur fyrir. Ég hef hlustað á aðrar leiðir sem hann kom með, B-deild, blandaða leið og allt þetta dæmi. Er hv. þm. og Vinstri hreyfingin – grænt framboð á móti því að opna þessa leið fyrir sparisjóðina á Íslandi?

[17:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki þannig að hv. þm. Kristján L. Möller geti komið hér og snúið út úr máli mínu og tekið mig síðan á bekk sem prófdómari og ætli að særa út úr mér einhverjar yfirlýsingar í kjölfar útúrsnúninga sinna. Það er ekki þannig.

Ég flutti efnislega ræðu í 20 mínútur og fór yfir kosti og galla hinna mismunandi aðferða sem ég taldi koma til greina, lýsti mig jákvæðan því að þetta yrði allt saman skoðað, tók sérstaklega fram að ég væri ekki andvígur því að hugað væri að breytingum á löggjöf um sparisjóðina þó að ég teldi að menn þyrftu að rökstyðja það og rétt væri að fara yfir þörfina fyrir þær og nauðsyn þess.

Ég legg til, herra forseti, að hv. þm. Kristján L. Möller og aðrir slíkir sem eru að gera sér að því er virðist helst leik að því að snúa út úr fyrir manni og reyna að búa til einhverja aðra mynd af því sem maður hefur sagt og þá afstöðu sem maður hefur tekið til mála að svo miklu leyti sem hún er þegar tekin hér við 1. umr., venji sig af þessu. Það hefur ekkert upp á sig. Ég skal þá rökræða þá hluti við hv. þm. Kristján L. Möller við fleiri tækifæri ef þörf krefur. Ég legg til að við séum ekki að eyða tíma okkar og þingsins í að vera með tilefnislausan afflutning um málflutning hvers annars. Það var ekkert annað sem hér kom fram.

Það var náttúrlega greinilegt hvað vakti fyrir hv. þm. Kristjáni L. Möller. Hann var að reyna að koma því að að sá sem hér talaði væri alltaf á móti öllum sköpuðum hlutum og væri opinn í báða enda eins og framsóknarmaður. Nú, þá það. Þá skulum við ræða um hlutina á þeim nótum og hvort það sé þá þannig að talað sé af miklum innstæðum í tilviki hv. þm. Kristjáns L. Möllers í þessum efnum.

Annars ætlaði ég, herra forseti, og hef miklu meiri áhuga á því að ræða efnislega um málefni sparisjóðanna á uppbyggilegri nótum því að mér er annt um þær stofnanir. Ég sé ekki að við, sem erum hér hvert á fætur öðru að lýsa okkur mikla stuðningsmenn þeirra og velvildarmenn, leggjum endilega innstæður á þann reikning með því að eiga orðaskipti af því tagi sem hér hafa verið hafin upp í andsvörum.

[17:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Ég er, ef þannig má að orði komast, í aðdáendaklúbbi sparisjóðanna. Ég tel þá mikilvæga í smærri byggðarlögum um allt land og reyndar alls staðar á landinu. Þetta er hentugt form og þeir hafa gert góða hluti.

Í upphafi, þegar hæstv. viðskrh. mælti fyrir málinu, hélt ég að málið væri þannig að það þyrfti ekki að deila um það. Ég verð að segja eins og er, að meðan ég hlustaði á ræðu hv. þm. gat ég ekki með nokkru móti komist að niðurstöðu um það hvort hv. þm. styddi þetta frv. eða ekki. Með öðrum orðum: Ég hélt að hér á hinu háa Alþingi mundi skapast samstaða um að fara þessa leið til að auðvelda sparisjóðunum rekstrarform sitt á komandi árum og gefa þeim færi á að standa jafnfætis öðrum peningastofnunum í landinu á þeim erfiðu tímum sem ríkja á peningamarkaði í dag.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það m.a. sérstaklega fram að ég legðist ekki gegn því að stærstu sparisjóðirnir, sem líklegastir eru til að ríða á vaðið með það að breyta sér í hlutafélög, fengju þær heimildir. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni. (Gripið fram í.) Ég sagði að líklegast væri að þeir mundu nýta sér þá heimild þannig að breytingin mundi fyrst og fremst varða þá í byrjun.

Ég var hins vegar að fara yfir aðrar mögulegar leiðir og lýsti eftir því að skoðað yrði hvort fjölga ætti valkostunum sem sparisjóðirnir ættu úr að velja til að virða sjálfstæði þeirra og sjálfsákvörðunarrétt. Mér finnst skipta mestu máli að við finnum skynsamlegar leiðir til að auðvelda sparisjóðunum þær breytingar sem þeir kjósa að fara út í, þó þannig að þeir varðveiti eiginleika sína og geti áfram þjónað því hlutverki sem þeir hafa gegnt. Þetta snýst um það að mínu mati. Ég er algerlega sannfærður um að aðstandendur sparisjóðanna vilja fara slíkar leiðir eftir því sem kostur er og við eigum að auðvelda þeim það.

[17:32]

Útbýting þingskjala:

Dýrasjúkdómar, 291. mál, nál. landbn., þskj. 929; brtt. landbn., þskj. 930.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 597. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 950.

Samningur um opinber innkaup, 565. mál, nál. utanrmn., þskj. 941.

Stöðugildi lögreglumanna í sveitarfélögum, 475. mál, svar dómsmrh., þskj. 905.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 504. mál, nál. sjútvn., þskj. 937.

[17:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér sýnist af þeim áhuga og væntumþykju sem hér er í garð sparisjóðanna, af metnaðinum fyrir þeirra hönd og viðskiptavina þeirra, að efh.- og viðskn. hljóti að ná góðri niðurstöðu um málið sem hér er til umræðu, þ.e. að veita sparisjóðunum heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélög. Ég skildi þetta frv. þannig, virðulegi forseti, sem tveir af forsvarsmönnum sparisjóðanna í landinu tóku þátt í að vinna, að væri þessi heimild til staðar fyrir þá sem vildu breyta rekstrarformi sparisjóðanna þá væru þeir hæfari til að taka þátt á þeim samkeppnismarkaði sem ríkir í dag.

Sparisjóðirnir hafa starfað lengi og þeir elstu eru að mig minnir orðnir yfir 100 ára gamlir. Á þessum tíma hafa þeir sinnt hlutverki sínu afar vel. Ég er að vísu svo óheppin að vera ekki á svæði þar sem starfræktur er sérstakur sparisjóður sem ég er bundin tilfinningaböndum eins og sumir hér. Hins vegar hef ég kynnt mér svolítið rekstur þessara stofnana. Ég tel að þær séu afar mikilvægur hlekkur í fjármálakerfi okkar og hafi verið það í gegnum tíðina. Byggðapólitískt hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög stórt.

Ég hef skilið frv. svo að fyrst og fremst væri verið að leita leiða til að menn geti áfram sinnt hinu byggðapólitíska hlutverki. Það er t.d. ekki sjálfgefið, af því að hér er talað um litlu sparisjóðina sem geti sameinast tveir eða þrír í einn voldugan sparisjóð, að það gangi auðveldlega fyrir sig miðað við þá löggjöf sem við búum við í dag. Að peningarnir haldist á svæðinu og séu nýttir samkvæmt þeirri stofnskrá sem er í gildi og tryggt sé að sjóðirnir sinni hlutverki sínu, aldeilis ekki. Frv. á hins vegar að auðvelda sparisjóðunum að sameinast. Eins og ég skil það er verið að auðvelda sparisjóðunum að taka þá ákvörðun, t.d. á stærri svæðum eins og á Vestfjörðum. Það er sérstakt ákvæði til bráðabirgða í frv. þess efnis að auðvelda þeim að sameinast, þó þannig að þeir geti áfram sinnt hlutverki sínu hver á sínu svæði, þ.e. viðkomandi þjónustusvæði sparisjóðanna fyrir sameiningu. Það skiptir miklu máli að við forðumst að ganga þannig frá málum að það komi niður á eigendum sparisjóðanna og þeim sem hafa átt viðskipti við sparisjóðina og stofnfjáreigendum. Viðskiptavinum sem hafa hafið viðskipti við sparisjóði, m.a. vegna stofnskrár og þeirra ákvæða sem gilda um starfsemi þeirra, þeim sem hafa valið sparisjóðina sem viðskiptabanka umfram aðra til að styrkja sparisjóð á heimasvæði og þá starfsemi sem þeim er ætlað að sinna af sínu eigin fé.

Í seinni tíð hafa orðið miklar breytingar á fjármagnsmarkaðnum og margir hafa viljað styrkja stöðu sparisjóðanna. Ekki sjá þá deyja drottni sínum. Þess vegna var farið að leita leiða til að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Þær leiðir sem hér er bent á virðast mér býsna góðar. Hvort til eru aðrir betri leiðir sem við eigum að skoða hlýtur að koma fram í umsögnum frá sparisjóðum, sveitarfélögum og þeim sem haldið hafa utan um þennan rekstur í áranna rás. Við hljótum að leita eftir umsögnum þeirra. Ég býst við að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að þeir sparisjóðir sem ekki vilja breyta rekstrarforminu geri það. Hér er aðeins um heimild að ræða. Það er ekki verið að neyða neinn til eins né neins. Þetta er ekki lögþvingun heldur heimild sem sumir sjá sem vænlegan kost til að viðhalda sparisjóðunum, styrkja þá og jafnframt geta haldið eigin fé í heimabyggð. Að frv. hafa starfsmenn sparisjóðanna komið, m.a. að mig minnir framkvæmdastjóri Sambands ísl. sparisjóða, Sigurður Hafstein, sem sat í þessari nefnd.

Ég treysti því að eftir mikla skoðun hafi menn talið þessar leiðir vænlegastar en einnig skoðað hvernig staðið hefur verið að þessu annars staðar. Sparisjóðir eru aldeilis ekkert óþekkt fyrirbæri hjá öðrum þjóðum. Þeir eru mjög sterkir víða í Evrópu og við erum í raun, ef við skoðum hlut sparisjóða í innlánum í bankakerfinu, í 9. sæti ef tekin eru Evrópulöndin. Þeir eru hins vegar reknir með mjög mismunandi fyrirkomulagi og við í efh.- og viðskn. hljótum að leggja í það vinnu að skoða leiðirnar sem aðrar þjóðir hafa valið og hvort þær eru á einhvern hátt heppilegri en það sem lagt er til í frv. Um það skal ég ekki segja. Megintilgangur frv. er að reyna að viðhalda styrkleika sparisjóðanna í heimabyggð eins og verið hefur.

Nefndin þarf einnig að taka til skoðunar atriði eins og hvernig valið verður að fara með þá sjálfseignarstofnun sem á að stofna í kringum eigið fé sparisjóðanna, hvort heppilegast sé að stofnfjáreigendur, sem mega samkvæmt ákvæðum frv. aðeins fara með 5% hluta atkvæða á fundi, myndi samt sem áður 30 manna fulltrúaráð, að lágmarki 30 manna, og kjósi síðan stjórn þessarar sjálfseignarstofnunar. Þar með væru stofnfjáreigendur komnir með ægivald yfir fjármagninu en það er ekkert meira vald en þeir hafa í dag. Við erum að tala um sama fólkið með sömu völdin þannig að breytingin er kannski ekki svo mikil. Frv. er aðallega til þess ætlað að treysta það að þeir sem fara með ráðin í sparisjóðunum og hafa framfylgt ákvæðum stofnskrár og laga um sparisjóðina haldi áfram að vinna í sama anda enda vilji þeir nota fjármagnið til uppbyggingar á heimasvæði.

Hér hafa verið nefndar aðrar leiðir, t.d. svokölluð norska leiðin eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallar hana. Ég tel sjálfsagt að efh.- og viðskn. skoði hvort hún er vænlegri. Við hljótum að skoða málið út frá dreifðri eignaraðild og hvernig farið verður með lýðræðið og ákvörðunarvaldið. Ég verð þó að segja, virðulegi forseti, að Samfylkingingin er hlynnt því að sparisjóðirnir fái heimild til þess að breyta rekstrarformi sínu. Við erum hlynnt því og við teljum að þeir sem þar hafa farið með stjórn séu best færir til að segja okkur hvaða leið sé best til þess fallin.

Ég verð hins vegar, virðulegi forseti, að játa að hér erum við að ræða tvö slík frumvörp á hv. Alþingi, um heimild til tveggja stofnana til þess að breyta rekstrarformi sínu. Annað fjallar um rekstrarform sparisjóðanna og hitt um samvinnufélögin, sem eiga að fá heimild til að breytast í hlutafélög. Þar er valin önnur leið vegna þess að grunnurinn er ólíkur. Grunnurinn að starfseminni, annars vegar samvinnufélaganna, og hins vegar sparisjóðanna, er mjög ólíkur. Þess vegna fara menn tvær ólíkar leiðir.

Ég leit, virðulegi forseti, þannig á að þegar við værum með gildandi lög um hlutafélög í landinu þá væri kannski eðlilegra að þróunin yrði í þá veru að heimildin gilti til þess að menn störfuðu eftir þeirri löggjöf sem gildir um hlutafélög, við værum ekki með lög um hlutafélög og síðan afbrigði af lögum um hlutafélög, eins og ég lít á að þetta frv. verði ef það verður samþykkt, að um verði að ræða afbrigði frá lögum um hlutafélög.

Eins er það hvað varðar samvinnufélögin. Þar erum við með tilbrigði við hlutafélög en engu að síður hlutafélag. Þetta finnst mér flækja löggjöf okkar og síðan fylgja þessu ákveðnar skattaívilnanir sem önnur fyrirtæki sem vilja breyta rekstrarformi sínu í hlutafélögin búa ekki við. Löggjöfin er því langt frá því að vera einföld og skilvirk. Það er nokkuð sem við hljótum að skoða í umfjöllun okkar og þá koma örugglega fram þær skýringar sem til þarf.

Lagt er til að breyting verði á tilnefningu í stjórn og ekki skilyrt lengur að sveitarfélögin eða héraðsnefndirnar tilnefni í þær. Við eigum eftir að heyra sjónarmið þeirra sveitarfélaga sem hingað til hafa tilnefnt í stjórnir sparisjóða og hvort þeim finnst þetta skref aftur á bak eða hvort þeim finnst þetta er fullkomlega eðlilegt í kjölfar þess að rekstrarformi sé breytt.

Virðulegi forseti. Ég tek skýrt fram að við fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. leggjumst ekki gegn því að sparisjóðunum verði heimilað að breyta rekstrarformi sínu. Við munum fara yfir þau atriði sem hér hafa verið nefnd og þær leiðir sem sparisjóðir geta farið að breyttu rekstrarformi.

Við munum fara mjög vel yfir það í starfi okkar og fyrst og fremst það sem lýtur að sjálfseignarstofnuninni og stjórn hennar, þ.e. hvernig staðið verður að því að tryggja dreifða eignaraðild innan hlutafélaganna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta við 1. umr. en tel að markmið okkar sé það eitt að sparisjóðirnir geti áfram sinnt hlutverki sínu í byggðarlögum líkt og gert er ráð fyrir í stofnskrám þeirra og lögum um sparisjóði. Þetta er sú leið sem nefndin sem vann frv. valdi, þar áttu sparisjóðirnir sína fulltrúa og ég reikna fastlega með því að þeir hafi sent umsagnir sínar inn áður en frv. var lagt fram. Við munum kalla eftir umsögnum. Hvort við getum fallist á að þetta sé vænlegasta leiðin á eftir að koma í ljós í nefndarstarfinu.

[17:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með öðrum ræðumönnum að sparisjóðirnir eru merkar stofnanir og hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki. Þær hafa líka verið nokkuð ópólitískar. Þær hafa ekki þurft að stunda pólitískar lánveitingar eins og stóru bankarnir gerðu á tímabili sem olli gífurlegum töpum. Þar af leiðandi hafa sparisjóðirnir ekki lent í þeim töpum sem bankarnir lentu þá í. Þeir hafa af þessum ástæðum og fleirum vaxið afskaplega mikið á liðnum áratugum.

En hvernig hefur eigið fé sparisjóðanna, sem er 10,6 milljarðar, orðið til? Það hefur í fyrsta lagi orðið þannig til að stofnfjáreigendur hafa lagt fram fé, þeir eru 4.100 og eiga núna 1,5 milljarða, og hafa fengið verðbætur á fé sitt en ekkert umfram það. Margir hafa tapað fé sínu, það gleymist alltaf í umræðunni. Ég geri ekki ráð fyrir að stofnfjáreigendur þeirra sparisjóða, sem hafa verið yfirteknir eins og fram kom í umræðunni, t.d. af Búnaðarbankanum, hafi verið mjög háværir um það að fá stofnfé sitt endurgreitt. Ég hugsa að það sé bara í skúffu einhvers staðar og löngu gleymt án þess að ég viti það.

Nei, hagnaður og eigið fé sparisjóðanna hefur orðið til með mjög háum vaxtamun. Þeir hafa notið þess að hafa mjög háan vaxtamun umfram bankana. Það eru sem sagt skuldarar og sparifjáreigendur sem hafa búið til þetta eigið fé. Svo eiga sparisjóðirnir mikla dulda eign í Kaupþingi sem þeir keyptu á sínum tíma.

Spurningin er sú, hver á þetta eigið fé, 9 milljarða umfram stofnfé. Hver á það? Verðmætið er í rauninni miklu hærra vegna þess að markaðsvirði sparisjóðanna er sennilega tvöfalt eigið fé þannig að við erum líklega að tala um 15–20 milljarða. Hver á það? Það er vandamálið. Hver er svo lausnin, herra forseti? Jú, nefnd sparisjóðamanna með ráðuneytismönnum fann út að best væri að enginn ætti það áfram. Það á að stofna sjálfseignarstofnun. (**Gripið fram í:** Fé án hirðis.) Fé án hirðis, herra forseti. Einmitt.

Nú er það þannig ef hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir ætti bílinn minn og ég mundi gjarnan vilja selja hann á 50 þúsund kall fyrir það, hann er alveg nýr, og ég mætti alla tíð nota hann og greiða af honum skatta og skyldur, þá breytti það nákvæmlega engu fyrir mig, þó að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir væri sagður eigandi bílsins ef ég væri notandinn. Þess vegna er það þannig, herra forseti, að það fé sem bundið er í sjálfseignarstofnuninni er í reynd í eigu þess sem stjórnar því.

Sjálfseignarstofnunin mun eiga 90–95% af sparisjóðunum eftir þessa breytingu. Sett er 5% þak á atkvæðamagn hvers hluthafa en ef maður les nákvæmlega þá er það í reynd sjálfseignarstofnunin sem mun fara með miklu meira atkvæðamagn því að í frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.“

Sjálfseignarstofnunin ræður sem sagt öllu á stofnfundi og hvað mun hún gera annað en ákveða að hún hafi atkvæðamagn í samræmi við hlutafé sitt? Annað væri ekki mjög skynsamlegt.

Tilgangur þessarar sjálfseignarstofnunar er að stuðla að vexti og viðgangi starfsemi sparisjóðsins. Göfugt markmið í sjálfu sér, ekkert voðalega markvisst, en engu að síður er þetta meginmarkmiðið. Svo stendur auk þess, með leyfi herra forseta:

„Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag skulu kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar.“ — Þegar sparisjóðnum er breytt í hlutafélag eru þeir stofnfjáreigendur, sem eru á þeim tímapunkti lifandi, ævarandi í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar. Síðan stendur: „Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu.“ — Ekki er sagt hvernig, hvernig það gerist. Hvað gerist ef einhver fellur frá? Tekur erfingi hans sjálfkrafa við? Getur hann tilnefnt einhvern sem erfingja að sæti sínu í fulltrúaráðinu eða ekki? Nei, herra forseti. Það verður væntanlega ákvörðun fulltrúaráðsins sjálfs hvernig það gerist. Það verður mjög áhugavert að fylgjast með því hvernig kaupin gerast á þeirri eyrinni. Síðan stendur: „Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og skal þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.“ — Klúbburinn á sem sagt að vera 30 manns og spurningin er: Hvernig eru menn valdir í fulltrúaráðið til að ná þessari tölu, 30? Svo er að sjálfsögðu ákveði um að ef sjálfseignarstofnun er slitið, þá eigi það fé, eignir hennar, að renna til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og að hann skuli undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

Þetta er mjög merkilegt, herra forseti. Þessi fyrirbæri, þessi hlutafélög eða þessi aðili á ekki að standa undir velferðarkerfinu en ef því er slitið, þá skal því ráðstafað til líknarfélaga eða menningarfélaga en ekki á nokkurn hátt sagt hvernig. Ég geri þá ráð fyrir að sonur eða dóttir stjórnarformannsins sem setur á stofn lítið leikfélag eigi greiðan aðgang að styrkjum því að ekkert er eftirlitið og ekkert eftirlit er af eigandanum, hin harða hönd eigandans sem fylgist með því hvað verður um féð er ekki til. Þetta er fé án hirðis.

Hver verður líkleg þróun í þessu? Ég geri ráð fyrir því að öndvert við það sem frv. segir þá verði það minni sparisjóðir sem muni fara þessa leið vegna þess að þeir standast ekki samkeppnina á fjármálamarkaðnum á næstu árum sem verður mjög hörð og gerir kröfu til þess að menn séu tæknilega mjög vel útbúnir sem gerir aftur kröfu um ákveðna lágmarksstærð. En ég held að vonlaust sé að reka þessa litlu sparisjóði hér á landi í þessu nýja umhverfi og stærri sparisjóðina líka. Ég held nefnilega að öll sparisjóðafjölskyldan muni innan ekkert langs tíma sameinast í einu hlutafélagi og þeir sparisjóðir sem bera ekki gæfu til að taka þátt í því hlutafélagi verði hreinlega undir. Það er skoðun mín.

En þá er spurningin: Hver á þetta hlutabréf sjálfseignarstofnunarinnar sem verður 90–95% af atkvæðamagni sparisjóðanna? Hver á það, hver fer með það? Ég ætla ekki að

draga neina dul á það að ég hef alltaf ímugust á slíku fé sem enginn á. Ekki vegna þess að ég treysti ekki því góða og gegna fólki sem rekur þessa sparisjóði í dag, ekki spurning, en maðurinn er breyskur og það er alltaf misjafn sauður í mörgu fé. Þess vegna getur það gerst á einhverjum tímapunkti að þarna komi inn menn sem hafi önnur markmið en þau opinberu markmið að stuðla að vexti og viðgangi sparisjóðsins eða hafi áhuga á menningu og líknarmálum á starfssviði sparisjóðsins heldur hafi meiri áhuga á því að fá ódýr lán hjá viðkomandi sparisjóði eða hærri vexti á innlán eða einhverja slíka fyrirgreiðslu sem er auðvelt að veita hjá lánastofnunum. Það er þetta sem ég óttast mest og þar sem valdið í þessu liggur hjá stjórninni, sem er kosin af fulltrúaráðinu sem stofnfjáreigendur á stofndegi ráða. Þó að þeir selji hlutinn sinn, eru þeir samt sem áður í fulltrúaráðinu. Það er dálítið merkilegt.

Ég hef reynt að hugleiða hvað gerist eiginlega þegar slíkur sparisjóður verður að hlutafélagi sem ég reikna með að þeir verði velflestir. Það er takmörkun á framsali sem flækir mjög mikið. Í greinargerð með frv. stendur, herra forseti: „Áfram mun gilda ákvæði 18. gr. um bann við sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar í sparisjóði nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.“ — Þá er sem sagt mjög mikilvægt, herra forseti, að vera í sparisjóðsstjórn, eða hvað? Það skyldi nú ekki vera. Það verður mjög mikilvægt. Sá sem er í sparisjóðsstjórn ræður hvort hann og aðrir megi selja stofnbréf. Þetta býður náttúrlega upp á óskaplega mikinn hasar rétt eftir að lögin hafa tekið gildi og það verður mikið álag á sparisjóðsstjórnirnar sem þarf væntanlega að kjósa upp á nýtt vegna þess að fulltrúi sveitarfélaganna á ekki lengur að vera gjaldgengur. Það verður mjög merkilegt að fylgjast með hvað gerist innan þessa hluthafahóps eða þessa stofnfjáreigendahóps.

Ekkert hefur komið fram hér hvað gerist ef menn falla frá. En á bls. 13 þar sem rætt er um fulltrúa sveitarfélagsins segir svo, með leyfi herra forseta:

„Hefur í því sambandi verið nefnt að það skjóti skökku við að í stjórn sparisjóða skuli sitja fulltrúar aðila sem oft eiga engra beinna hagsmuna að gæta við rekstur þeirra en fara samt sem áður með 40% stjórnarsæta.“

Þetta er mjög merkilegt vegna þess að stofnfjáreigendur ráða sjálfseignarstofnuninni, sem enginn á, en á að fara með 90% og menn sjá ekkert athugavert við það. Stofnfjáreigendur hafa enga hagsmuni, þeir eru kannski búnir að selja hlutinn sinn sem þar eru inni, en þeir kjósa samt sem áður stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og hún kýs svo aftur fulltrúa í stjórn sparisjóðsins í krafti 90% atkvæða. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að fólk sem ekki hefur beina hagsmuni, ekki prívathagsmuni, er að ráðskast með 90% af 15–20 milljörðum, herra forseti. Mér finnst þetta ekki gæfulegt, alls ekki.

Svo er spurningin: Er gæfulegt að fjárfesta í slíku fyrirbæri komandi utan frá og kaupandi hlutafé í svona sparisjóð? Það held ég ekki. Það getur orðið hættulegt af því að það er stór hluthafi þar inni sem mun að sjálfsögðu gæta þess að selja aldrei völdin frá sér, þessi sjálfseignarstofnun. Hún gætir þess að eignaraðildin á móti henni sé svo dreifð að hún haldi völdum af því að hún er ein um eitt atkvæði og hún mun gæta þess að hún hafi alltaf völdin í sparisjóðnum. Hún getur, ef þar ráðast inn menn þar sem er misjafn sauður í mörgu fé, farið að sinna öðrum hagsmunum en arðsemi fjár.

Herra forseti. Menn hafa aðeins nefnt hér byggðapólitísk sjónarmið. Það er ákveðin draumsýn um sparisjóðinn sem er í heimabyggð og sér þar um okkur. En hvað gerist með þessa sjálfseignarstofnun? Allir stofnfjáreigendurnir gætu verið fluttir af svæðinu — þeir eru ævarandi kosnir — þeir ráða þessu og þeir geta gert það sem þeir vilja. Byggðapólitísk sjónarmið eru því löngu horfin úr myndinni.

Það heyrist á máli mínu að ég er ekki mjög hrifinn af þessu frv. eða þessari lausn. Hvers vegna ekki? Vegna þess að menn eru að búa til nýtt batterí sem er fé án hirðis. Sparisjóðirnir hafa verið það hingað til. Þeir hafa borið gæfu til að ráða við það hlutverk en ég held að þetta bjóði hættunni heim, líka vegna þess hve fjármagnið er orðið mikið. Þetta var ekki svona mikið í eina tíð, fyrir um 10–15 árum. Hlutur sparisjóðanna í Kaupþingi hefur aukið eigið fé sparisjóðanna umtalsvert og stendur undir hagnaði þeirra þetta árið eða síðasta ár sem var mjög erfitt öllum lánastofnunum, þá er það hagnaðurinn af Kaupþingi sem stóð undir hagnaði sparisjóðanna að miklu leyti. Margir væru með tap ella.

Hvaða lausn er í því? Ég held að miklu gæfulegra hefði verið að reyna að finna eigendur að þessu eigin fé, finna eigendur að eigin fénu, láta stofnfjáreigendur „fá“ eitthvað meira en hér er gert ráð fyrir. Samkvæmt þessum hugmyndum ráða þeir í raun og veru sjálfseignarstofnuninni líka þannig að þeir fái í rauninni allan sparisjóðinn. Ég hefði talið miklu eðlilegra að þeir hefðu fengið það hreint og beint, segjum $^1/_3$ af sparisjóðunum eða eitthvað slíkt og afganginum yrði skipt á milli skuldara og sparifjáreigenda, kannski svona fimm ár aftur í tímann, finna hvaða sparifjáreigendur hafa lagt til þennan vaxtamun og finna hvaða skuldarar hafa lagt til þennan vaxtamun og reyna að finna eigendur að öllu þessu eigin fé því að hin harða hönd eigandans er alltaf langbesta höndin. Hún hefur engin annarleg sjónarmið önnur en að græða og það eru heilbrigð og góð sjónarmið og yfirleitt öllum til góðs. Í þessu dæmi hefði ég viljað sjá að fundinn yrði eigandi að þessu fé.

Sú lausn sem hér er farið inn á býður upp á mjög skrýtna hluti og ég ætla bara að biðja menn um að hugleiða hvað gerist að samþykktu þessu stjfrv., hvað gerist á meðal stofnfjáreigenda hópsins. Í sumum litlum stofnfjáreigendahópum, eins og hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar, eru 45 stofnfjáreigendur. Þeir eiga eftir lauslegum útreikningum mínum eitthvað um 36 millj. hver í eigið fé á meðan hjá SPRON, eiga 1.000 stofnfjáreigendur um það bil 2 millj. hver. Þegar menn eiga 36 millj. hver og eru 45 eru hagsmunirnir orðnir geysilega miklir þegar á að fara að búa til úr þessu batterí sem enginn á en einhver ræður. Eins og ég hef sagt hefur sá sem ræður tangarhald á fjármagninu og ræður því í reynd, sérstaklega þar sem þetta fjármagn er haft eignarskatts- og tekjuskattsfrjálst og það vex og blómstrar á meðan allt annað fjármagn í landinu er keyrt niður, fyrst með tekjuskatti og svo með eignarskatti og drepið og flutt yfir til ríkisins, þá er þetta fé án hirðis. Það á að blómstra. Þess vegna er það víða um lönd að mjög ríkir menn hafa stofnað sjálfseignarstofnanir, menningarfélög til að viðhalda völdum ættarinnar yfir fjármagninu og þá er bara spurningin: Hver fær að stjórna? Það er hin mikla spurning. Ég verð ekki var við það í þessu frv. hver það er sem á að stjórna. Er það stofnfjáreigandinn sem hefur selt hlut sinn í sparisjóðnum sem á að ráða áfram eða hver er það í rauninni? Hvað gerist ef einhver fellur frá?

Get ég framselt stofnfé mitt á sjö ára dóttur mína með þeim rökum að hún lifi væntanlega mjög lengi? Mundi sparisjóðsstjórnin hafna því? Hún gæti það. Hún gæti líka leyft

það. Það eru því margar spurningar sem standa eftir um völd yfir þessum 15–20 milljörðum.

[18:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um fé án hirðis. Mér finnst það ekki lýsa alveg nákvæmlega því sem þarna er á ferðinni. Ég spyr að því, eigum við ekki heldur að líta þannig á að stofnfjáreigendur fái í hendur fé til varðveislu og verði hirðar án þess að eiga féð?

Síðan langar mig að spyrja hv. þm. sem hefur velt þessum málum mikið fyrir sér hvernig hann sjái fyrir sér stöðu þessara sparisjóða og gagnvart því að aðilar mundu vilja eignast þá. Þá þarf að ná samningi við þá sem stjórna sparisjóðunum um kaupin. Það er sem sagt hægt að kaupa sig inn í veisluna, finnst mér, kaupa sparisjóðina upp með samningi við fáa stofnfjáreigendur, samningi við stjórnir sparisjóðanna og í gegnum þetta. Ég spyr: Er hugsanlegt að menn séu að verðleggja eigið fé sem þeir eiga ekki inni í þessari sölu, þ.e. ráðin yfir því eigin fé sem er í öllum sparisjóðnum?

Síðan langar mig að spyrja hv. þm. af því að hann nefndi það hér, hann talaði um að finna eigendur. Nú liggur fyrir hvernig eigi að fara með eigur sparisjóðanna ef þeir eru lagðir niður. Í því hlýtur að felast leiðsögn um það ef menn ætla að leita eigenda þeirra hverjir eigi að verða þeir eigendur. Ég spyr að því hvort hv. þm. sé mér sammála um það. Það er alveg hugsanlegt að leita þá uppi.

Síðan langar mig að spyrja um eitt enn. Það er hvort ekki sé undarlegt að tala um þessi mál með þeim hætti sem hér er gert í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram um dreifða eignaraðild og yfirráð yfir stofnunum eins og þessum.

[18:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að stofnfjáreigendur eigi að fara með þetta fé, þeir eigi að hirða um það og það sé í andstöðu við það að þetta sé fé án hirðis. Það er ekki rétt vegna þess að hagsmunir þeirra af þessu fé eru aðrir en að ná inn arði. Hagsmunir þeirra eru ekki þeir sömu og hjá hluthafa sem vill fá arð af fé sínu heldur geta hagsmunirnir falist í því að fá að stjórna, fá að ráða yfir fénu á annan hátt, fá arð út úr því með öðrum hætti, með óeðilegum hætti.

Síðan er spurning hvað gerist í samningum við stjórn. Ég benti á það áðan að stjórnin verður að samþykkja framsal á hlutum. Þar af leiðandi verður stjórnin á þeim tímapunkti áður en breytt verður í hlutafélag afskaplega valdamikil. Hún hefur þetta allt í hendi sér. Hún gæti t.d. heimilað að einhver stór aðili keypti alla hluthafana út á mjög háu verði og þá er spurningin, ég þori varla að segja það: Hvað borgar hann mikið til stjórnarinnar?

Síðan er spurning um að finna eigendur. Það er rétt. Að sjálfsögðu mætti fara og athuga hvort líknarfélög og menningarfélög, þess vegna Óperan eða Leikfélag Reykjavíkur eða Rauði krossinn eða eitthvað slíkt eða Hjálparstofnun kirkjunnar, eignuðust þennan hlut sem við erum í vandræðum með að finna eigendur að.

Varðandi dreifða eignaraðild og alla þá umræðu sem hefur undanfarið verið um það, þá er það hárrétt að þetta frv. er í rökrænni mótsögn við þá umræðu því að hér ætla menn að láta einn aðila eignast 95% ef honum sýnist svo.

[18:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eignarhald sem er þarna á ferðinni er eins og að hafa óvirkt eigið fé inni í fyrirtæki og það er notalegt að eiga kannski 15% í fyrirtæki og hafa ráðin yfir hinu öllu saman. Ég ber fram þá spurningu: Kæmi til mála til að aflétta þessu ástandi að setja inn í frv. einhvers konar skyldu til sölu á þessum hlutum þannig að á einhverju tilteknu tímabili verði þeir seldir? Það mun auðvitað ekki skaða fyrirtækið sem slíkt. Það munu bara einhverjir aðrir eignast hlutaféð og að setja reglur um hvernig skuli staðið að þessari sölu.

[18:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er það sem ég reikna með að hv. efh.- og viðskn., sem fær þetta mál til umfjöllunar, fari í gegnum hvort hægt sé að skylda sjálfseignarstofnanir til að selja féð en þá er eftir sem áður vandamálið, hvað eigi að gera við andvirðið í sjálfseignarstofnuninni. Á þá að útdeila því fé í menningu og líknarfélög og eftir hvaða reglum? Er það stjórnin sem ákveður það? Ég hefði töluverðar efasemdir um það þegar menn færu að deila út fé sem þeir eiga ekki jafnvel þó að það sé til menningar og líknar því að það er eins og ég gat um hægt að láta leikfélag sem sonur minn eða dóttir mín er að setja á laggirnar, það er hægt að setja þar inn heilmikla peninga. Allt er þetta mjög viðkvæmt vegna þess að þetta er fé sem enginn á.

[18:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var afar athyglisvert að heyra hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsa sjónarmiðum sínum og þá væntanlega flokks síns. (**PHB:** Nei, nei.) Hv. þm. er fulltrúi Sjálfstfl. á Alþingi og ég hef ekki vitað til að hv. þm. hafi sagt sig úr honum. En er það að hans mati eina krafan sem maður gerir til þjónustustofnana eins og banka og sparisjóða að þeir eigi að ganga erinda hámarksarðsemi eigin fjár og hafa það sem sína einu kröfu, eina leiðarljós, eins og virtist birtast í ummælum hv. þm.? Ég vil gjarnan heyra sjónarmið hans því að að mínu mati eru peningar í sjálfu sér afl þess sem gera þarf en þeir eiga ekki að geta lifað eigin lífi eins og mér fannst liggja í orðum hv. þm.

Ég gat síðan ekki heyrt, herra forseti, nein velþóknunarorð frá hv. þm. í garð sparisjóðanna. Finnst honum að það ætti bara að loka þeim og leggja þá niður eða láta þá bara fara inn í þessa stóru hlutafélagapúllíu eins og hann var að lýsa? Eru þeir alveg óalandi og óferjandi eins og þeir eru núna í því hlutverki sem þeir hafa gegnt?

Síðan verð ég að láta í ljós þá skoðun mína að menn geta verið ágætis féhirðar án þess að eiga féð. Við þekkjum dæmi um marga góða fjárhirða sem hirtu vel féð án þess að eiga það.

[18:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. stjórnarandstaða hefur tilhneigingu til að gera mig að fulltrúa Sjálfstfl. í öllum málum og ég á víst að tala eins og þeir með sameiginlega sál og sameiginlega skoðun. Við, vinstri grænir o.s.frv. Ég geri það ekki. Ég er í Sjálfstfl. vegna þess að við sjálfstæðismenn höfum sameiginlega stefnu en það er ekki þar með sagt að öll sjónarmið mín séu þau sömu og sjónarmið Sjálfstfl. Það er langt í frá sem betur fer. Þetta er flokkur með mjög margar skoðanir. En sameiginlega skoðun höfum við samt á flestum málum.

Varðandi það hvort hámarksarðsemi eigin fjár sé besti mælikvarðinn á þjónustulund þá er það þannig að það hefur ekki fundist betri aðferð til að ná fram heilbrigðum rekstri. Allt annað sem felst í því að gefa á einhvern máta eða veita ókeypis býður alltaf heim ákveðinni spillingu. Þegar á að fara að gefa eitthvað fyrir ekki neitt er mikilvægt hverjum er gefið og hver gefur og það kemur þá í staðinn fyrir kröfuna um arðsemi að þá verður maður að þekkja einhvern og hann þarf að þekkja mann.

Varðandi það að ég hafi sagt að sparisjóðirnir séu óalandi og óferjandi, þá tók ég einmitt fram að þeir væru mjög gegnir og hefðu gegnt þýðingarmiklu hlutverki. En fjármagnsmarkaðurinn er að breytast. Hv. þm. hlýtur að hafa tekið eftir því að hann er að breytast og það eru komnir stórir netbankar úti í heimi. Þó að þeir hafi tafist kannski um 2–3 ár miðað við það sem menn áttu von á fyrst en þeir munu koma og þá verða gerðar þvílíkar kröfur um tæknilega getu slíkra lánastofnana og ráðgjöf að litlar stofnanir eins og litlir sparisjóðir úti á landi eru alveg ófærir um að standa í þeirri samkeppni. Það er skoðun mín. En það er ekki þar með sagt að þeir séu óalandi og óferjandi. Þetta hafa verið mjög nytsamar stofnanir og geta orðið það áfram með breyttu kerfi.

[18:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil meina að það sé langur vegur á milli þess að veita þjónustu og gefa hana. Menn þurfa að þekkja nærumhverfi sitt og þá til lengri tíma. Hámarksarðsemiskrafa fjárins getur verið býsna vandmeðfarin sé hugsað til skamms tíma og ef ekki er vel á haldið. Það getur leitt af sér tortímingu stofnana og um það þekkjum við líka dæmi.

Herra forseti. Ég vil bara láta í ljós þá von að sparisjóðirnir fái að lifa og þjóna sínu fólki. Ég er viss um að fólk um dreifðari byggðir landsins á mikið undir sparisjóðum sínum og á miklu meiri samleið með þeim en stórum alþjóðavæddum netbönkum. Ég ítreka þá ósk að sparisjóðirnir haldi sínu.

[18:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einmitt einkenni á hlutafé að það þjónar ekki skammtímahagsmunum. Menn fjárfesta í hlutafé til lengri tíma og hlutafé er yfirleitt fjármagn sem krefst þolinmæði.

Ekki er ljóst hvort sparisjóðirnir gætu starfað óbreytt og þannig átt samleið með fólkinu ef fram kæmi aðili sem byði sparifjáreigendum umtalsvert hærri vexti og veitti lán með talsvert lægri vöxtum. Þá er hætt við að fólkið ætti ekki lengur samleið með sparisjóðunum og lántakendur freistuðust til að taka lán með lægri vöxtum. Sparifjáreigendur freistuðust kannski til að leggja inn fé á slíka reikninga, þ.e. ef þeir væru örugglega með hærri vöxtum. Þar fyrir utan yrði ráðgjöfin miklu betri. Það er þetta sem ég á við, ég held að sparisjóðirnir mundu ekki ráða við slíkar breytingar.

[18:18]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki athugasemdir við sjónarmið hv. þm. Péturs H. Blöndals, þess efnis að varast beri stofnun sjálfseignarstofnana sem fari með það sem hann kallar „fé án hirðis“. Ég verð hins vegar að gera athugsemdir við þau rök sem hann færir fram máli sínu til stuðnings og sérstaklega að hv. þm. leyfi sér að ályktа hér í þingsölum að þeir sem væntanlega muni fara með stjórn sjálfseignarstofnana af því tagi sem hér um ræðir muni mjög líklega, eins og hann orðar það, láta ráða þar annarleg sjónarmið, t.d. til að hlúa að eigin ábata eða mismuna fyrirtækjum, félögum og fólki í samfélaginu.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég er vel kunnugur starfi sparisjóðanna þar sem ég hef búið nokkuð lengi en ég hef ekki orðið var við slíkt. Ég vil spyrja hv. þm. hvað hann hefur fyrir sér í þessu.

[18:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég hef fyrir mér er uppbyggingin á þessu frv., þ.e. það sem gerast mun þegar kemur að hlutafjárvæðingunni og valdið vegna framsalsheimildarinnar er komið til stjórnarinnar. Hún ein hefur heimild til að leyfa framsal og framsalið verður það sem skiptir máli, sérstaklega fyrir stofnfundinn. Hverjir verða í þessum ævarandi hópi sem ræður eigin fé sjálfseignarstofnunarinnar? Það er þetta sem ég óttast vegna þess að við erum ekki að tala um einhverja smáaura eða litla hagsmuni. Við erum að tala um mjög mikla hagsmuni. Við erum að tala um 10–15 milljarða yfir landið allt.

Þetta eru 25 sparisjóðir og ég get vel ímyndað mér að það verði töluvert mikill slagur um þessa hagsmuni. Þannig er það alltaf. Hins vegar getur vel verið að fólkið í sparisjóðunum sé svo gott og gegnt, og ég þekki það í raun ekki að öðru, að það ráði við þennan vanda og leysi hann vel og af sanngirni þannig að enginn telji hagsmuni sína fyrir borð borna. Hættan á því er hins vegar mikil. Það sem ég er að reyna að átta mig á er hvað gerist með þessar sjálfseignarstofnanir. Hvernig verða reglurnar um inntöku nýrra stofnfjáreigenda inn í hópinn? Hver ákveður þær reglur? Hvað gerist ef einn stofnfjáreigandinn fellur frá? Þetta er allt óleyst.

Þarna eru miklir hagsmunir og það er þekkt að þegar menn hafa mikil völd þá koma oft og tíðum upp annarleg sjónarmið.

[18:22]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það hafi ekki komið fram nein rök fyrir þeim ályktunum um sjónarmið einstaklinganna í málinu sem hv. þm. nefndi. Ég held reyndar að hv. þm. hafi ekki kynnt sér nægilega vel hvernig það kom til að ákveðnir einstaklingar urðu stofnfjáreigendur í sparisjóðunum. Í byrjun voru þeir flestir ábyrgðarmenn án þess að hafa nokkurn minnsta hag eða hagsvon af starfi sparisjóðanna. Því var breytt þegar lög voru sett sem gerðu þeim mögulegt að verða stofnfjáreigendur. Þeir hafa aldrei fram að þessu haft sambærilegan rétt á við hluthafa í hlutafélögum. Velji sparisjóður að fara þessa leið þá gæti það orðið, en ekki fyrr. Ég verð að ítreka að ég hef hvergi nokkru sinni séð nokkurn þann gjörning sem rökstyður það sem hv. þm. hefur hér sagt.

[18:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að stofnfjáreigendur voru fyrst ábyrgðarmenn og tóku á sig skuldbindingar sem skyldu en ekki í hagnaðarskyni. Þeir hafa hingað til verið mjög hlutlausir í þessu dæmi en með frv. og breytingum sem hér eru lagðar til eru þeir allt í einu komnir með mikla hagsmuni á sína könnu. Hjá sumum sparisjóðunum er það reyndar ekki neitt, af því að stofnféð er lægra en eigið fé, en í öðrum nemur féð 2 millj. á mann og jafnvel upp í 36 millj. á mann. Þegar hagsmunirnir eru orðnir svona miklir þá er alltaf hætta

á hinu, herra forseti, sem er bara hluti af mannlegu eðli. Auðvitað er í flestum stofnunum gott og gegnt fólk en hér er verið að búa til leikreglur sem eru þannig að það munu koma tilboð frá einhverjum sem vill eignast stóran hlut í þessum hlutafélögum og þau verða talsvert há.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4. mál.

Fundi slitið kl. 18:25.

---

98. FUNDUR

þriðjudaginn 27. mars,
kl. 1.46 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samningar um sölu á vöru milli ríkja, stjtill., 429. mál, þskj. 690, nál. 916. — Síðari umr.
2. Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), stjtill., 444. mál, þskj. 710, nál. 881. — Síðari umr.
3. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 445. mál, þskj. 711, nál. 882. — Síðari umr.
4. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), stjtill., 446. mál, þskj. 712, nál. 915. — Síðari umr.
5. Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, stjtill., 498. mál, þskj. 785, nál. 917. — Síðari umr.
6. Samningur um opinber innkaup, stjtill., 565. mál, þskj. 871, nál. 941. — Síðari umr.
7. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 553. mál, þskj. 859. — 1. umr.
8. Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 554. mál, þskj. 860. — 1. umr.
9. Barnaverndarlög, stjfrv., 572. mál, þskj. 884. — 1. umr.
10. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885. — 1. umr.
11. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — Frh. 1. umr.
12. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.
13. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Auðlindagjald af vatnsafli í þjóðlendum, 593. mál, fsp. SvanJ, þskj. 945.

Fjarskipti, 193. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 949.

Gjaldþrot einstaklinga, 489. mál, svar dómsmrh., þskj. 900.

Háspennulínur í jörðu, 596. mál, fsp. DrH, þskj. 948.

Kjarasamningur sveitarfélaga við grunnskólakennara, 408. mál, svar dómsmrh., þskj. 926.

Réttarstaða sambúðarfólks, 88. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 935.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 201. mál, nál. félmn., þskj. 951.

Tekjuskattur og eignarskattur, 481. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 942; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 943.

Uppbygging tækninám á háskólastigi, 595. mál, fsp. SvanJ og EMS, þskj. 947.

Virðisaukaskattur af hugbúnaðarvinnu, 594. mál, fsp. SvanJ, þskj. 946.

Umræður utan dagskrár.

Vændi á Íslandi.

[13:32]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það var ekki að ástæðulausu að ég bað um á sínum tíma, fyrir nákvæmlega ári, beiðni um skýrslu og samanburð á lagaumhverfi hér og á Norðurlöndunum hvað varðar vændi, klám, fylgdarþjónustu, símavændi og klám á netinu. Sú skýrsla var gerð og hún var afar vönduð og skal það áréttað hér.

Samhliða því, á sama degi fyrir ári, lagði ég einnig fram þáltill. um könnun á umfangi vændis hér á landi og að skipaður yrði vinnuhópur. Ég taldi nauðsynlegt að við skoðuðum hlutina í samhengi, kortlegðum ástandið hér heima, en slíkt hafði aldrei verið gert fyrir utan eina rannsókn frá 1985 sem gerð var af Hansínu B. Einarsdóttur afbrotafræðingi. Vinnuhópurinn sem gerði þá skýrslu sem nú er mikið rætt um fékk þáltill. svo hægt væri að bæta við vinnu hópsins atriðum sem varða t.d. drengjavændi, sem nú er fjallað um á Íslandi í fyrsta sinn og er merkur áfangi í sjálfu sér þar sem þetta er auðvitað til staðar hér eins og annars staðar í heiminum.

Áfangaskýrslan er vel unnin að mínu mati og margs að vænta um framhaldið. Skýrslan og það sem þar kemur fram kom mér persónulega ekki á óvart, reynsla mín í starfi hafði því miður eða sem betur fer opnað þennan heim fyrir mér. En ég veit að hún hefur komið mörgum í opna skjöldu svo ekki sé sterklegar orðað og sumir hafa eflaust haldið að svona lagað þrifist ekki á Íslandi.

Því miður hefur það oft einkennt umræðuna hér á landi um erfið mál eins og ofbeldi, sifjaspell, vændi o.s.frv. að við höldum alltaf að slíkt viðgangist ekki hjá okkur. Hvaðan koma slíkar hugmyndir að við séum með einhverja félagslega yfirburði og höfum engin sóðaleg vandamál eins og aðrar þjóðir? Það væri sjálfstætt rannsóknarefni út af fyrir sig. En nú höfum við möguleikana og tækifærin til þess að opna augun og gera eitthvað í málinu eða réttara sagt málunum því að það er ýmislegt sem hangir á þeirri spýtu þar sem vændið er annars vegar. Það er ekki bara af unga fólkinu sem þarf að hafa áhyggjur heldur einnig fátækum konum á öllum aldri, þess vegna fast að sjötugu, sem þurfa að selja sig vegna hreinnar og klárrar fátæktar. Gleymum

ekki þeim hópi þó svo við viljum gera allt til þess að bjarga unga fólkinu frá slíkum örlögum og hættum sem af vændi stafa.

Ég vil nefna tvennt sem er órjúfanlegur angi af þessum heimi og það sem við þurfum einnig að bregðast við með skjótvirkum hætti. Það er í fyrsta lagi mansalið eða það sem kallað er „trafficking". Það er mál sem allar þjóðir eru nú að sameinast um og skera upp herör gegn. Þar eru Sameinuðu þjóðirnar í broddi fylkingar, Evrópuráðið, mannréttindasamtök og nefndir. Þetta er mál málanna í Evrópu og Bandaríkjunum. Margir eru búnir að setja lög til að mæta þessu vandamáli. Angi af þessu teygir sig að sjálfsögðu til Íslands og er talið að ákveðinn hópur af dönsurum nektarstaðanna sem er hingað kominn, sé í þeirri stöðu að vera seldur land úr landi. Ég veit meira að segja sjálf um slíkt og það er grafalvarlegt mál. Slík mál eiga ekki bara við um sjálfráða konur heldur líka barnungar stúlkur sem tældar hafa verið burt að heiman. Við eigum að skipa okkur með öðrum þjóðum í þessu máli. Við höfum möguleika á slíku og eigum alls ekki að sofa á verðinum.

Í öðru lagi er klámið. Klámið er líka angi af þessu máli, þessum sama heimi. Ég held að venjulegt fólk hafi ekki einu sinni hugmyndaflug til þess að ímynda sér hvað fer fram í stórum hluta klámheimsins og kvikmyndagerðinni sem þar hefur orðið til. Ljósblátt sem særir suma er barnaleikur einn við hliðina á því sem ég er að reifa hér. Ég er að tala um harða klámið þar sem ofbeldi og niðurlæging er haft að leiðarljósi, þar sem öllum gildum er snúið á haus og hægt er að velja myndaflokka eins og barnaklám, flengingar, barsmíðar, ófrískar konur, feitar konur, ungar konur o.s.frv. Hér þarf auðvitað að taka til hendinni því að þetta þrífst hér sem aldrei fyrr og afar auðvelt er að verða sér úti um efni af þessum hrottafengna toga. Þetta geta ekki verið fyrirmyndir ungs fólks í kynlífi. Það býður þeirri hættu heim, því miður.

Ég hef hug á því að sýna brot af þessum myndum fyrir allshn. og félmn. og kannski ætti þingheimur allur að skoða brot af því sem er í boði. Það er ekki fagurt en raunveruleiki engu að síður. En báðar þær skýrslur sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni leiða hugann að ýmsum spurningum.

Á það að varða við hegningarlög að selja sig vegna félagslegrar neyðar? Ég segi nei og því þurfum við að breyta. Á að herða löggjöf vegna dólganna og milligöngumannanna sem hafa líf og neyð fjölda kvenna, ungra stúlkna, drengja og jafnvel barna í hendi sér? Ég segi já og við eigum að herða að þeim eins og hægt er fyrir hönd þessa hóps og samfélagsins alls. Nægir eru notendur. Eigum við að skoða sænsku leiðina? Ég segi já við því og við þurfum að kortleggja hverju hún hefur skilað og hvaða gallar hafa komið í ljós og meta út frá því. Á að koma á fót ráðgjöf fyrir þá sem stunda vændi og þær konur sem seldar eru milli landa? Ég segi já og tel það eitt af forgangsmálunum.

Það er margt fleira sem ég hefði viljað segja hér en vonandi verða fleiri til þess, en eftirfarandi spurningar hef ég lagt fyrir hæstv. dómsmrh.:

Hvaða tillögur að lagabreytingum ætlar hæstv. dómsmrh. að beita sér fyrir vegna þeirrar skýrslu sem gefin var út um samanburð á lagaumhverfinu?

Er dómsmrh. með einhver áform um það hvernig eigi að bregðast við þeim vanda sem lýst er í nýútkominni skýrslu um vændi?

Mun dómsmrh. stuðla að því og skoða hvernig hægt er að koma á samstarfi milli aðila eins og Rauða krossins, Stígamóta o.fl. um að koma upp ráðgjöf, með nafnleynd að sjálfsögðu, fyrir þá hópa sem stunda vændi, innlenda sem erlenda?

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Tvær skýrslur hafa verið unnar á vegum dómsmrn. um vændi að undanförnu, annars vegar um lagaumhverfi vændis, kláms o.fl. hér á landi og lagalegan samanburð við Norðurlöndin en hins vegar um félagslegt umhverfi vændis á Íslandi. Önnur skýrslan var unnin að beiðni þingsins en ég tók ákvörðun um að láta vinna rannsókn á vændi á Íslandi og félagslegu umhverfi þess og kynnti þá ákvörðun í fyrsta sinn á málþingi Samtaka um kvennaathvarf fyrir tæpu ári. Báðar þær skýrslur eru að mínum dómi vel unnar og leggja grundvöll að stefnumótun til framtíðar í þessum málaflokki.

Hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín þremur spurningum um viðbrögð við niðurstöðum þeirra skýrslna, hvaða lagabreytingum ég hyggst beita mér fyrir og hvort ég hyggist stuðla að samstarfi um að koma upp ráðgjöf fyrir þá hópa sem stunda vændi. Ég hef áður upplýst að ég hef í samráði við ríkisstjórnina ákveðið að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um viðbrögð við þessum niðurstöðum. Nefndinni verði falið að meta þennan vanda af þverfaglegum sjónarhóli. M.a. verði farið yfir gildandi refsilög sem varða vændi og kynferðislega misnotkun, rannsókn og meðferð slíkra mála, þar meðtalið stuðning við þolendur og hvort unnt sé að veita börnum og unglingum ríkari refsivernd á þessu sviði. Einnig verði kannað hvort ástæða sé til að setja reglur um rekstur og starfsemi nektardansstaða til að sporna við vændi. Að öðru leyti hafa verkefni nefndarinnar ekki verið takmörkuð.

Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari mun leiða starf nefndarinnar og prófessor Þórólfur Þórlindsson, formaður áfengis- og vímuefnaráðs, hefur fallist á að taka sæti í nefndinni en einnig hefur verið óskað eftir tilnefningum frá félmrn., heilbr.- og trmrn., samgrn., lögreglunni og Reykjavíkurborg.

Ég tel mikilvægt að málið fari í þennan farveg og fái vandaða umfjöllun. Viðfangsefnið er ekki einfalt og þarf að fá viðamikla skoðun. Margir hv. þm. þekkja án efa hve mikil tímamót fólust í starfi nauðgunarmálanefndar sem skilaði niðurstöðum sínum í lok 9. áratugarins. Fram að þeim tíma hafði kynferðislegt ofbeldi að ýmsu leyti ekki fengið viðhlítandi umfjöllun í stjórnkerfinu en nú hafa flestar tillögur þeirrar nefndar komist í framkvæmd og bætt mjög meðferð slíkra mála þótt enn sé verk fyrir höndum. Ég vonast til þess að sú nefnd sem ég hef ákveðið að skipa geti með sama hætti tekið á máli sem allt of lengi hefur legið í þagnargildi. Umræðan hefur þó aukist að undanförnu, sem á ekki síst rætur að rekja til þess að svonefndur kynlífsiðnaður hefur sprottið hratt upp hér á landi og dafnað vel að því er virðist.

Sú þróun vekur auðvitað upp ýmsar áleitnar spurningar, m.a. um hvert við viljum að íslenskt samfélag stefni í þessum efnum. Eitt af því sem blasir við er að skoða þarf hvernig best er að koma upp ráðgjöf og félagslegri aðstoð fyrir þá einstaklinga sem stunda vændi. Í skýrslunni um félagslegt umhverfi vændis kemur fram að ekki sé til nein sérsniðin þjónusta fyrir einstaklinga í vændi á Íslandi. Slík þjónusta er til í nágrannalöndunum, bæði ráðgjöf svo sem opnar símalínur og félagsleg aðstoð. Nefndin verður að fjalla um hvernig megi auka aðstoð og stuðning við þá sem leiðast út í vændi

og efla sérþekkingu á viðfangsefninu í félags- og heilbrigðiskerfinu og hjá lögreglu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa samráð og samstarf við aðila utan stjórnkerfisins eins og Rauða krossinn og Stígamót sem fást við ráðgjöf og aðstoð við einstaklinga.

Skýrsla um lagalegt umhverfi vændis o.fl. hér á landi sýnir að nágrannalönd okkar hafa að ýmsu leyti aðrar réttarreglur á þessu sviði en við. Nokkur atriði eru sérstaklega til þess fallin að vekja upp spurningar um þörf á lagabreytingum hér á landi. Í öðrum ríkjum Norðurlandanna hafa verið numin úr gildi ákvæði sem lögðu refsingu við því að veita vændisþjónustu. Slíkt ákvæði er enn að finna í íslenskum lögum þótt það sé aðeins bundið við þá sem hafa viðurværi sitt af vændi. Breytingarnar voru studdar þeim rökum að vændi væri fyrst og fremst félagslegt vandamál sem bregðast ætti við með félagslegum úrræðum en ekki því að refsa þeim ógæfusömu einstaklingum sem leiðast út á þá braut.

Skýrsla um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess sýnir napran veruleika þeirra sem stunda vændi. Vændi tengist iðulega fíkniefnanotkun. Einstaklingar eiga oft að baki sögu um misnotkun eða bágar heimilisástæður og vændið sjálft skilur eftir sig djúp sár.

Ýmislegt sem fram kemur í skýrslunni bendir jafnframt til þess að gildandi löggjöf vinni gegn því að þessir einstaklingar leiti sér aðstoðar vegna vanda síns jafnvel í heilbrigðiskerfinu. Sú spurning hlýtur því eðlilega að vakna hvort ekki sé rétt að færa íslenska löggjöf til samræmis við Norðurlöndin að þessu leyti. Ég mun víkja frekar að hugsanlegum lagabreytingum í seinni ræðu minni þar sem tíminn er að verða búinn.

[13:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu máli utan dagskrár og þakka hæstv. dómsmrh. þá yfirlýsingu sem hún hefur gefið að nú skuli stofnun nefndar vera á næsta leiti. Ég sé ekki annað en verið sé að taka þannig á málum að vel megi fagna.

Hæstv. ráðherra gat um það í utandagskrárumræðu í fyrra að um það væri sterkur orðrómur sem gengi fjöllunum hærra að í tengslum við skemmtistaði í borginni sem byðu upp á nektarsýningar væri stundað vændi. Nú hefur hæstv. ráðherra fengið staðfestingu á því að orðrómurinn sem hún kallaði svo í fyrra á við rök að styðjast og ekki einasta að tilviljanakennt vændi sé stundað á götum borgarinnar í samfélagi okkar heldur líka að skipulegt vændi sé stundað í tengslum við nektarstaðina. Þess vegna má kannski gera athugasemd við orð hæstv. ráðherra þegar hún sagði áðan að kanna þyrfti hvort ástæða sé til að setja reglur um starfsemi staðanna. Mér sýnist skýrslan leiða það í ljós að full þörf sé á því að strangar reglur séu settar og kafað verði verulega djúpt ofan í þessi mál. Einnig má spyrja, herra forseti, í þessu sambandi hvernig standi á því að lögreglunni hafi ekki tekist að koma fram með jafnafgerandi niðurstöður í gegnum starf sitt í undirheimum Reykjavíkurborgar og skýrsluhöfundum tekst í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir.

Skýrslan lýsir ófögrum heimi en hún lýsir veruleika samborgara okkar og það er skylda okkar að bregðast við. Bæði þarf að koma böndum á þá starfsemi sem er farvegur fyrir vændi og ekki síður er mikilvægt að koma til hjálpar þeim ógæfusömu einstaklingum sem vegna aðstæðna sinna hafa gripið til þeirra örþrifaráða að selja sig. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur eins og þingheimi er kunnugt lagt fram frv. til laga um að farin sé hin sænska leið sem nefnd hefur verið. Ég treysti á hæstv. dómsmrh. og aðra hv. þm. að við látum ekki þetta þing líða án þess að við tökum um það róttækar ákvarðanir hver séu næstu skref. Ég fagna þeirri nefndarstofnun sem hæstv. ráðherra gat um áðan því að nú ríður á að sýna þann dug sem þarf til að styðja þá til sjálfshjálpar sem hingað til hafa verið fórnarlömb melludólga og ofbeldismanna.

[13:45]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli sem og hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa brugðist skelegglega við í þessu afskaplega viðkvæma máli. Hér er augljóslega þverpólitískt mál. Þetta er eitt af þeim málum sem er hafið yfir flokkadrætti enda mjög dökkur blettur á samfélaginu. Þetta er merki um félagslega niðurlægingu, þetta er merki um ákveðna félagslega neyð og niðurlægjandi fyrir samfélagið, smánarblettur á samfélaginu.

Spurningin er hins vegar hvernig á að taka á slíkum vanda. Og það er eins og fram hefur komið langt frá því að vera létt með farið. Hér hefur verið rætt um fræðslu og ráðgjöf og tek ég mjög undir þau sjónarmið að fræðsla og ráðgjöf af hverjum toga, bæði almennt séð og ekki síður til þeirra sem leiðast í vændi, er afskaplega mikilvæg sem og allar styrkingaraðgerðir fyrir þá einstaklinga sem líklega fyrst og fremst af félagslegri neyð leiðast í vændi og samfélagið hefur vitaskuld ákveðnar siðferðilegar skyldur að bregðast við því.

Síðan kemur að refsiþætti slíks máls og eins og hv. málshefjandi reifaði þá snertir það nokkra þætti, þ.e. í fyrsta lagi þá sem stunda söluna, þ.e. þá sem leiðast út í vændið og hvort herða eigi refsingar gagnvart þeim. Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. málshefjandi gat um hér að það væri í rauninni ekki réttlætanlegt. Ég tek hins vegar undir þau sjónarmið að herða mjög refsingar þeirra einstaklinga sem stunda þann ljóta leik að hagnast af þessu sem einhvers konar milligöngumenn eða sölumenn.

Ég vil jafnframt varpa því upp, alveg eins og þegar þeim sem selja fíkniefni er refsað, hvað með þá sem eru að notfæra sér eymdina með því að kaupa þjónustu, ef það má nota það orð? Mér finnst eðlilegt að velta því upp hvort refsiákvæði eigi að ná yfir slíka aðila.

Ég vil hins vegar þakka hv. málshefjanda og vænti mikils af því nefndarstarfi sem hæstv. dómsmrh. hefur boðað.

[13:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa skýrslu um vændi sem hefur fært okkur sönnur á að á Íslandi viðgangist vændi í öllum sínum ömurlegustu birtingarmyndum. Ég held að hjá því verði ekki komist nú þegar niðurstöður liggja fyrir að þjóðfélagið bregðist við af myndarskap og gripið verði til ráðstafana sem takmarka þann sálarháska, þá mannlegu niðurlægingu sem þeir einstaklingar verða fyrir sem oftast af einhvers konar nauð fara út í vændi.

Svo þarf að beina sjónum að þeim sem kaupa þjónustu vændiskarla og kvenna og fylgjast vel með því hvaða áhrif ný lagasetning í Svíþjóð, sem gerir refsivert að kaupa slíka þjónustu, hefur á þróunina. Síðast en ekki síst þurfum við, hæstv. forseti, að beina athyglinni að þeim atriðum í samfélagi okkar sem gera jarðveginn frjóan fyrir afbrigðilegar

hugmyndir um kynlíf og æsa fólk til dáða á þeim refilstigum. Þar á ég við kynlífsiðnaðinn sem hefur náð að blómstra hér á landi svo með ólíkindum er á undanförnum árum. Hér er opinberlega auglýst símaklám og Landssíminn innheimtir fyrir þjónustuna sem er ekki síst notuð af óhörðnuðum unglingum í heimilissímanum. Hér geta unglingar fengið án mikillar fyrirhafnar aðgang að hörðu klámi á myndbandaleigum bæjarins, unglingar í framhaldsskólum leigja sér nektardansara til að koma fram á skemmtikvöldum, súludansstaðir hafa sprottið upp eins og gorkúlur á haug og hugtakaruglingur, eins og að slíkt beri vott um frelsi, veður uppi. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að láta ekki deigan síga í baráttunni við klámiðnaðinn á Íslandi.

[13:50]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja þetta mál hér. En það liggur þannig fyrir að við höfum mörg varla viljað trúa því að svo væri sem raun leiðir í ljós. En þegar við hyggjum að er náttúrlega ekki við því að búast að við séum á margan hátt öðruvísi en aðrar þjóðir og það er það sem hér hefur verið dregið fram í vandaðri skýrslu. Það er hins vegar svo að umhverfi eða aðstæður þeirra sem hafa leiðst út á þessa braut eru ömurlegar og skýrslan dregur sannarlega fram þá niðurlægingu og niðurbrot á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu, nauðung og ofbeldi sem ríkir í þessum undirheimi. En hún dregur einnig fram að félagslegt umhverfi þessa fólks þarf að bæta, við þurfum að bregðast við og koma til móts við fólkið með því í fyrsta lagi að viðurkenna þann vanda sem uppi er og bregðast við honum. Það er skoðun mín, herra forseti, að það verði að gerast á margháttaðan veg, m.a. með því að bæta lagaákvæði til að við getum tekið á því fólki sem er að misnota annað, dólgunum, en líka að verja þá sem geta ekki sjálfir borið hönd fyrir höfuð sér og er jafnvel verið að misbeita af fólki sem það hefði helst treyst og þar er um að ræða börn.

Ég er þeirrar skoðunar að skýrsla dómsmrh. hafi dregið mjög skýrt fram að lagalegt umhverfi vændis þarf að bæta til þess að tryggja veg og rétt barna og ungmenna og nú síðast tel ég skipta miklu máli að ráðherra hyggst hefja starf til að bæta úr og vænti af því mikils. En það skiptir mestu, herra forseti, að við viðurkennum að hér er uppi vandi og að við honum þarf að bregðast.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er af hinu góða, svo dapurlegt sem það þó er, að umræða um vændi og allt sem því tengist er að koma úr kafinu hér á landi og skýrslan sem er til umræðu er vissulega mikilsvert innlegg í það mál. Skýrslan staðfestir að vændi fyrirfinnst og skýrslan staðfestir að vændi, og það að nokkru leyti skipulagt, tengist kynlífsiðnaðinum sem hér hefur fengið að dafna við mikið andvaraleysi yfirvalda undanfarin ár.

Rætur og orsakir þessa vandamáls eru að sjálfsögðu félagslegar og samfélagslegar. En lagaumhverfið skiptir líka máli og skýrslan dregur það fram að því er áfátt hér og því er öðruvísi farið en í nágrannalöndunum. Það að stunda vændi til framfærslu er refsivert á Íslandi einu Norðurlandanna, það er sem sagt fórnarlambið, þolandinn sem er látinn sæta refsingu en gerandinn er laus allra mála. Það fólk sem hefur neyðst út í þá ógæfu að selja líkama sinn og langoftast er um nauðung að ræða, er sett í hlutverk þess sem fremur refsivert athæfi en ekki öfugt.

Hér fyrir þinginu liggur frv., herra forseti, og reyndar endurflutt þar sem lagt er til að þessu sé snúið við. Við flutningsmenn þess hljótum að ætlast til þess, þar sem málin eru nú komin á dagskrá með þeim hætti sem raun ber vitni, að þetta þingmál fái efnislega og faglega umfjöllun. Annað væri óeðlilegt og ég bind við það vonir, herra forseti, að frv. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að fara hina svonefndu sænsku leið og færa ábyrgðina og refsinguna yfir á herðar geranda málsins en ekki fórnarlamba og þolenda fái efnislega afgreiðslu með einhverjum hætti á þessu þingi.

[13:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og fleiri þingmenn þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli í utandagskrárumræðu og þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þá skýrslu sem við ræðum einnig hér.

Í máli hæstv. dómsmrh. kom fram að ákvörðun hefði verið tekin um að skipa nefnd sem mundi fjalla um þessi mál og skoða þau út frá þverfaglegum sjónarmiðum, eins og hæstv. ráðherra komst að orði. En ég held líka, virðulegi forseti, að við þurfum að átta okkur á því hvaða markmið við höfum með slíkri nefndarskipan og hvað við ætlum að fá út úr henni. Er hugmyndin hugsanlega sú að reyna að koma í veg fyrir að hér verði stundað vændi? Ég held að slík markmið séu óraunhæf og ég held að miklu eðlilegra sé að reyna að nálgast þetta, eins og hér hefur reyndar verið gert í umræðunni, á þeim grunni að um félagslegt vandamál sé að ræða en ekki á þeim grunni að hægt sé að leysa þau með einhvers konar ákvæðum í almennum hegningarlögum eða hertum refsingum. Ég hef sjálfur takmarkaða trú á því að sú leið sé fær og ég held jafnvel að það sé miklu eðlilegra að menn afkríminalíseri þessa hegðan í stað þess að reyna að beita harðari refsingum sem ég hef sáralitla trú á. Enda er það svo að vændi hefur verið stundað um langt skeið og oft og tíðum er talað um elstu atvinnugrein mannsins. Það er því mjög óeðlilegt að ímynda sér að hægt sé að koma í veg fyrir vændi hér á landi frekar en annars staðar.

Hins vegar, virðulegi forseti, vil ég ítreka að einn alversti þátturinn í þessu öllu saman er mansalið. Kannski er eina leiðin okkar í þeim efnum frekara alþjóðasamstarf og kannski verður það þannig að Schengen-samstarfið muni hjálpa okkur mjög í þeim efnum.

[13:56]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þá skýrslu sem hér um ræðir, um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Þetta er mjög sláandi skýrsla og þá sérstaklega hvað snertir barnavændi að því er mér finnst.

Í desember sl. kom einnig út skýrsla af hálfu hæstv. dómsmrh. sem fjallar um samanburð á lagaumhverfi á Norðurlöndum hvað varðar m.a. vændi. Hér hefur verið staðið mjög faglega að verki og skynsamlega tekið á málum því að ekki duga upphrópanir og fjaðrafok. Skýrslur þessar marka upphaf upplýstrar umræðu um málefnið og verða vonandi til þess að markviss meðhöndlun og sérþekking á viðfangsefninu aukist hér á landi.

Herra forseti. Ég kýs að leggja áherslu á það sem mér finnst brýnast í umræðunni en það er tvennt. Annars vegar að vernda börnin okkar gegn vændinu og hins vegar að aðstoða einstaklinga til að komast út úr því. Tryggja þarf réttarvernd

barna og ungmenna og fyrirbyggja að þau leiðist út í eða séu leidd út í vændi. Í dag mælir hæstv. félmrh. fyrir frv. til barnaverndarlaga og er það einn liður í að tryggja vernd barna og ungmenna. Á Íslandi er kynferðislegur lögaldur 14 ár, þ.e. fermingarbörnin. Er ekki annar liður í því að tryggja réttarvernd barna að hækka þessi aldursmörk upp í 16 ár? Ég spyr.

Eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. er ekki sérsniðin þjónusta hér á landi fyrir einstaklinga sem vilja komast út úr vændi. Þessir einstaklingar leita nú í stofnanir eins og félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir. Umræðan um vændi hér á landi hefur til þessa einkennst af öfgakenndum viðhorfum í báðar áttir en nú er lag að taka faglega á málefninu, nýta sér þá þekkingu sem er nú þegar til staðar og fá einstaklinga og stofnanir í samvinnu um að aðstoða þá sem kjósa að skilja við vændið og taka upp aðra lífshætti.

Herra forseti. Ekki er lengur um upphrópanir og fjaðrafok að ræða heldur markar þessi áfangaskýrsla upphaf upplýstra aðgerða um þetta viðkvæma mál, vændi.

[13:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka öllum sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir sérstaklega málefnalega umræðu. Þegar ég hef tekið þessi mál upp í þinginu hefur það alltaf gerst. Ég vil þakka fyrir það vegna þess að fyrir mér og mörgum öðrum hlýtur markmiðið alltaf að vera það að þora að horfa á þann raunveruleika sem er hérna fyrir utan og reyna að upplýsa hann og setja undir lekann, eins og sagt er á góðum stöðum.

Ég vil fagna þeim hugmyndum sem hæstv. dómsmrh. kynnti varðandi nefndina sem á í rauninni að fara yfir þær skýrslur sem komnar eru og koma með tillögur, samanber nauðgunarskýrsluna sem var gerð um árið. Það er eiginlega alveg nauðsynlegt og líka það að um þetta mál er algjörlega þverpólitísk samstaða. Það skiptir líka meginmáli og að við förum að hafa hreinskiptin skoðanaskipti hér.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á varðandi Schengen. Það gerðist bara síðast í gær eða fyrradag að hingað til lands kom 14 ára stúlka á fölsku vegabréfi, frá einhverri barnastofnun annars staðar frá. Kannski á Schengen eftir að hjálpa mjög til í baráttunni gegn mansali.

Ég legg á það mikla áherslu að Ísland — og ég beini þeim orðum sérstaklega til dómsmrh. — reyni að vera virkara í umræðunni um mansal en verið hefur. Við verðum að reyna að taka þátt í ráðstefnum og öðru sem við eigum möguleika á varðandi það mál. Það er napur heimur sem er líka hér.

Þetta með börnin er sérmál sem við erum öll sammála um að taka á og höfum önnur og meiri tæki til þess. Þetta mál snýst um ljótan veruleika en stundum er sagt að sorgin og gleðin séu systur. Til þess að uppgötvað það verðum við líka að horfa á hið ljóta sem er hér fyrir utan.

[14:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á umræddum skýrslum í þinginu. Ég fór í fyrri ræðu minni yfir þau viðbrögð sem skýrslurnar kalla á og það sem fram undan er af minni hálfu.

Hér hefur verið minnst á svokallaða sænska leið þar sem kaup á vændisþjónustu hafa verið gerð refsiverð í öllum tilvikum. Ég vil benda á að lítil reynsla er komin á þær breytingar. Þær hafa verið afar umdeildar þar í landi, m.a. hefur verið bent á að slíkar breytingar geti haft þveröfug áhrif en til er ætlast, gert vændið duldara og vændiskonurnar háðari milliliðum sem ráðskast með líf þeirra.

Það þarf að skoða margt í nefndinni, m.a lagabreytingar. Ég vil sérstaklega nefna tvennt sem snertir börn og ungmenni.

Í fyrsta lagi miðast svokallaður kynferðislegur lögaldur hér á Íslandi við 14 ár sem þýðir að refsivert er að hafa kynmök við einstakling sem er yngri en 14 ára. Þetta viðmið er hærra annars staðar á Norðurlöndum og ég tel að mikilvæg rök hnígi að því að hækka þetta aldurssviðmið hér á landi.

Í öðru lagi er í öllum öðrum ríkjum Norðurlanda að finna sérstök ákvæði sem leggja refsingu við kaupum á vændisþjónustu barna og ungmenna. Engin ákvæði eru í íslenskum lögum sem gera það afdráttarlaust refsivert að kaupa vændisþjónustu af börnum eldri en 14 ára. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að lögð sé refsing við slíku þegar börn eiga í hlut. Ég tel að skýrslan um félagslegt umhverfi vændis bendi til þess að þörf sé á lagabreytingum í þá veru. Slík breyting fæli í sér að refsivert yrði að kaupa vændisþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára.

Herra forseti. Ég tel mestu skipta að koma þessu viðfangsefni upp á yfirborðið og stuðla að upplýstri umræðu þannig að hægt sé að veita viðeigandi ráðgjöf og aðstoð og spyrna gegn þeirri misnotkun sem oftast fylgir vændinu.

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, síðari umr.

Stjtill., 429. mál. — Þskj. 690, nál. 916.

[14:03]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980.

Samningurinn mun í reynd koma í stað svonefndra Haag-samninga frá 1964 og er ætlað að verða eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa, enda geymir samningurinn skýrari og afmarkaðri reglur en nú gilda samkvæmt Haag-samningunum.

Rétt er að geta þess að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), síðari umr.

Stjtill., 444. mál. — Þskj. 710, nál. 881.

[14:05]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn, en sá viðauki fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn.

Með samþykkt tilskipunar 1999/42/EB, sem lagt er til að verði felld inn í VII. viðauka EES-samningsins, eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í einni tilskipun sem mun einfalda kerfið verulega.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson og Katrín Fjeldsted.

[14:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í máli formanns nefndarinnar er samstaða um þetta mál. Ég hef litlu við það að bæta en vil geta þess að þær starfsgreinar sem fyrst og fremst falla undir þessa tilskipun eru iðngreinar. Við kölluðum eftir upplýsingum um hversu margar iðngreinar ættu þarna hlut að máli og mér sýnist að þær séu rúmlega 40. Um það er ekkert nema gott að segja, þ.e. að þar öðlist þessar greinar viðurkenningu.

Að öðru leyti vil ég taka fram að það er mikilvægt að við séum vel á varðbergi varðandi gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum. Það sýnir sig t.d. á Norðurlöndunum þar sem við höfum lagt mjög mikla áherslu á þessi mál. Ég taldi að við hefðum komið á gagnkvæmri viðurkenningu á öllum helstu starfsgreinum en það hefur sýnt sig, t.d. hvað kennaramenntunina varðar, að þegar leita á réttar síns, m.a. í Danmörku þar sem ég hef átt hlut að máli, þá er í raun betra að færa rök fyrir rétti út frá réttindum sem skapast með aðild að EES-samningnum fremur en að styðjast við norræna samninginn.

Með norræna samningnum er vísað í mismunandi ár en í EES-samningnum er gengið út frá sambærilegri menntun. Þetta er mikilvægt að við séum meðvituð um vegna þess að það er ekki nóg að opna landamæri og gera alþjóðasamninga um frjálsar ferðir fólks og gagnkvæm réttindi ef menn rekast svo á glerveggi í hvert einasta skipti sem á að nýta þau réttindi. Það hefur borið nokkuð á því hvað starfsréttindi, starfsnám og nám varðar. Hér erum við að fjalla um þarft mál, 42 starfsgreinar öðlast frekari réttindi en áður og ég mæli með samþykkt þessarar tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 445. mál. — Þskj. 711, nál. 882.

[14:09]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn, en viðaukinn fjallar um fjarskiptaþjónustu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka. Með samþykkt tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti sem lagt er til að verði felld inn í XI. viðauka EES-samningsins er stefnt að því að móta sameiginlegan lagaramma sem tryggi frjálst flæði þjónustu í upplýsingasamfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson og Katrín Fjeldsted.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), síðari umr.

Stjtill., 446. mál. — Þskj. 712, nál. 915.

[14:10]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka við EES-samninginn, en viðaukinn fjallar um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna.

Með þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á XVIII. viðauka. Með samþykkt tilskipunar 1999/63/EB, sem lagt er til að verði felld inn í XVIII. viðauka EES-samningsins, er stefnt að því að setja lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum en hingað til hafa farmenn verið undanþegnir vinnutímaákvæðum ESB.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, síðari umr.

Stjtill., 498. mál. — Þskj. 785, nál. 917.

[14:12]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994.

Undanfarin ár hefur Ísland tekið aukinn þátt í friðargæslu innan vébanda Sameinuðu þjóðanna og ljóst er að sú starfsemi mun aukast talsvert á næstu árum. Ráðstafanir til að tryggja öryggi og vernd starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna hafa ekki verið taldar fullnægjandi til þessa og er samningnum ætlað að bæta úr því ástandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um opinber innkaup, síðari umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 871, nál. 941.

[14:13]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild að samningi um opinber innkaup.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um opinber innkaup sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Samningurinn er einn af fjölhliða samningum þeim sem tilgreindir eru í 4. viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Aðild að samningnum skuldbindur ríki til að veita fyrirtækjum í aðildarríkjunum aðgang að innkaupum opinberra aðila á jafnréttis- og gagnkvæmnisgrundvelli þegar verðmæti innkaupa fer yfir ákveðna fjárhæð, en viðmiðunarfjárhæðin er sú sama og gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Áhrif samningsins eru einkum þau að skylt verður að veita fyrirtækjum frá ríkjum utan EES-svæðisins aðgang að íslenskum innkaupamarkaði en á sama hátt opnar samningurinn íslenskum fyrirtækjum aðgang að mjög stórum markaði á jafnréttisgrundvelli.

Rétt er að geta þess að við umfjöllun í nefndinni kallaði nefndin fyrir sig Jón Steindór Valdimarsson frá samtökum atvinnulífsins auk fulltrúa frá ráðuneytum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

[14:15]

Útbýting þingskjala:

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 510. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 953; nál. minni hluta iðnn., þskj. 954; brtt. PHB, þskj. 955.

Tilraunir á grunnskólastigi, 534. mál, svar menntmrh., þskj. 936.

Útbreiðsla krabba, beitukóngs og öðuskeljar við Ísland, 533. mál, svar sjútvrh., þskj. 927.

[14:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að hnykkja á tveimur atriðum sem fylgja þessu máli. Eins og fram kom í máli hv. frsm. styðja fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. þá afgreiðslu sem þar fór fram um þáltill. um aðild að samningi um opinber innkaup.

Það sem ég tel mikilvægt að komi fram í þessu sambandi er tvennt eins og ég sagði áður. Það er að fólk geri sér grein fyrir því hversu víðtækur þessi samningur er og hversu margvísleg útboðin geta orðið sem honum fylgja, allt frá útboðum á sjúkragögnum til vörubifreiða og annað slíkt og reyndar fengum við fulltrúar í hv. utanrmn. lista yfir útboð, reyndar á EES-svæðinu, en hann gefur til kynna í hvað stefnir.

Í annan stað held ég að hér þurfi að koma fram við umræðuna að samningurinn, sem undirritaður var í Marakess þann 15. apríl 1994 og tilgreindur er í IV. viðauka við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, opnar ekki bara leiðir Íslendinga til útlanda, ef þannig má að orði komast, heldur opnar hann einnig ákveðnar leiðir til samstarfs við önnur ríki og þar er sérstaklega tilgreint og í honum felst pólitísk viljayfirlýsing um að efna til samstarfs við fátæk ríki, samstarfs á sviði útboða og samstarfs sem lýtur að því að gera þeim auðveldara að taka þátt í slíkum útboðum, þ.e. að renna styrkari stoðum undir frjáls viðskipti og alþjóðleg viðskipti við fátæk ríki sem flest eru líklega í þriðja heiminum.

Mig langaði til, herra forseti, að fram kæmi í umræðunni að þessi samningur eins og flestir alþjóðasamningar hafa á sér margar hliðar og í honum felist þessi pólitíska viljayfirlýsing. Mikilvægt er að það komi fram á hinu háa Alþingi og einnig er mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld geri eitthvað með þá pólitísku viljayfirlýsingu sem felst í samningnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 1. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859.

[14:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum til að tryggja að birting EES-gerða hér á landi fullnægi formskilyrðum laga um birtingarhætti og sé hafinn yfir allan vafa.

Í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hvílir sú þjóðréttarlega skuldbinding á Íslandi að taka upp í landsrétt þær gerðir sem falla undir EES-samninginn. Af eðli EES-samningsins sem þjóðréttarsamnings leiðir að þær gerðir verða ekki sjálfkrafa hluti íslensks réttar heldur verður að leiða þær í lög með þeim aðferðum sem íslensk stjórnskipan áskilur.

Í þessu felst m.a. að þær reglur sem ætlað er að innleiða EES-gerðir verði birtar með fullnægjandi hætti í samræmi við 27. gr. stjórnarskrárinnar.

Við mat á því hvort birting EES-gerðar sé fullnægjandi er nauðsynlegt að huga að þeim aðferðum sem koma til greina við að taka slíkar gerðir upp í landsrétt. Þessar aðferðir eru tvenns konar og hefur önnur þeirra verið nefnd umritun en hin aðferðin tilvísun eða upptaka. Með umritun er átt við að ákvæði viðkomandi gerðar eru tekin efnislega upp í lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Þegar þeirri aðferð er beitt þarf ekki að birta viðkomandi gerð sérstaklega, enda hafa þá verið birt þau lög eða stjórnvaldsfyrirmæli þar sem reglugerðirnar er

að finna. Með tilvísunaraðferðinni er á hinn bóginn kveðið á um það í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að tiltekin gerð skuli öðlast gildi án þess að ákvæði hennar séu efnislega tekin upp í lögin eða fyrirmælin.

Þegar þeirri aðferð hefur verið beitt hefur framkvæmdin ýmist verið að birta viðkomandi gerð sem fylgiskjal með lögum eða fyrirmælum eða látið hefur verið nægja að vísa til birtingar þeirra í C-deild Stjórnartíðinda eða EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB. Það afbrigði tilvísunaraðferðarinnar að vísa til C-deildar Stjórnartíðinda eða EES-viðbætis án þess að gerð sé birt í heild í B-deild Stjórnartíðinda hefur sætt ákveðinni gagnrýni úr fleiri en einni átt svo sem nánar er rakið í athugasemdum við frv.

Í áliti er umboðsmaður Alþingis lét í té í ársbyrjun 1998 benti hann á að stjórnarskrárvarinn áskilnaður um birtingu laga væri byggður á því sjónarmiði að almenningur ætti að eiga þess kost að kynna sér efni og tilvist réttarreglna sem gilda eiga í skiptum manna sín á milli og um stjórnvöld. Á þeim grundvelli dró hann í efa að birting á þessu afbrigði tilvísunaraðferðarinnar fullnægði formskilyrðum laga um birtingarhætti og taldi a.m.k. sýnt að sá háttur sem þar væri hafður á teldist vart nægilega aðgengilegur til að fullnægja stjórnarskrárvörðum kröfum um efnislegt inntak birtingar.

Undir þessar athugasemdir var tekið í skýrslu nefndar sem forsrh. skipaði til að fjalla um lögleiðingu EES-gerða og dómstólar hafa a.m.k. í einu tilviki metið annmarka þeirrar aðferðar svo að tilætluð réttaráhrif gerðar sem þannig var birt gengu ekki eftir. Þegar metið er til hvaða aðgerða verði gripið til að bregðast við athugasemdum af þessu tagi er til þess að líta að ör þróun á sviði upplýsingatækni og almennur aðgangur að nettengdum tölvum hafi á fáeinum árum gerbreytt þeim möguleikum sem áður voru á hvers kyns miðlun upplýsinga.

Ríkisstjórnin markaði sér þegar á liðnum síðasta áratug framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins undir því metnaðarfulla formerki að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Meðal þeirra markmiða sem stefnunni voru sett var að endurskoða löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar með tilliti til upplýsingatækni til að örva tæknilegar framfarir og til að vernda réttindi einstaklinga og gera upplýsingar aðgengilegar almenningi án tillits til efnahags og búsetu. Sérstaklega bæri að huga að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga og gera öll upplýsingakerfi ríkisstofnana þannig úr garði að hægt yrði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur og þess háttar um tölvunet og jafnframt yrði hægt að reka erindi sín, fylgjast með framgangi mikilvægra mála og fá alla þá þjónustu sem mögulegt væri að veita með þeim hætti.

Í samræmi við þessi markmið hafa stjórnvöld unnið að því að koma sér upp heimasíðum eða vefsetrum á netinu til að miðla þar ýmsum þeim upplýsingum sem stjórnvöld miðla almenningi að eigin frumkvæði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að miðla hagnýtum upplýsingum á netinu og veita almenningi á þennan hátt aðgang að ýmsum gagnabönkum. Þannig hafa þjóðskrá, lagasafnið og Alþingistíðindi t.d. verið aðgengileg á netinu um nokkra hríð og innan skamms verður miðlægur gagnagrunnur fyrir réttarheimildir opnaður á netinu. Í því felst að almenningi verði gerð aðgengileg á einum stað á netinu öll lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, alþjóðasamningar, dómar og fullnaðarúrskurðir og álitsgerðir stjórnvalda sem hafa almennt gildi og eru fordæmisskapandi. Hluti þessara gagna er þegar aðgengilegur á netinu en unnið er að því að koma öðrum upp svo sem reglugerðarsafni.

Samhliða þessu hafa upplýsingar um réttarheimildir á Evrópska efnahagssvæðinu orðið mun aðgengilegri en áður var. EES-viðbætir við stjórnartíðindi EB er nú gefinn út á netinu jafnhliða hinni prentuðu útgáfu hans. Jafnframt er EES-samningurinn birtur á heimasíðu utanrrn. í heild sinni að meðtöldum þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum og bókunum við hann og uppfærður reglulega. Öll miðlun upplýsinga á netinu telst þó enn sem komið er til nokkurs konar aukaþjónustu af hálfu hins opinbera og engin sett ákvæði gera ráð fyrir að miðlun upplýsinga með rafrænum hætti teljist nægileg birting eða fullnaðarbirting settra reglna. Svo er heldur ekki ætlun þessa frv. Hagræði af rafrænni miðlun upplýsinga sem þessara er hins vegar augljóst og ekki er vafi á því að með tímanum ætti rafræn birting þeirra að geta komið í stað miðlunar með öðrum hætti.

Niðurstöður kannana benda jafnframt til að þjóðin hafi ekki síður en stjórnvöld tileinkað sér framsækið hugarfar gagnvart hinni nýju tækni og fært sér hana í ríkum mæli í nyt. Tölvueign og internetnotkun landsmanna er með því mesta sem þekkist í heiminum og fer stöðugt vaxandi. Það bendir til að skilyrði séu að skapast til að upplýsingatæknin verði á markvissan hátt hagnýtt í þágu þeirra sjónarmiða sem áskilnaður um birtingu laga og annarra réttarreglna byggist á, enda þjónar hinn nýi miðill þeim e.t.v. betur en nokkur annar á okkar tímum. Þannig þykir birting EES-gerða á netinu og sá greiði aðgangur sem Íslendingar virðast almennt hafa að upplýsingum sem þar eru birtar skapa nauðsynlegar forsendur fyrir þeirri tilhögun sem hér er lögð til og felst í því að birting EES-gerða í EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB og eftir atvikum með C-deild Stjórnartíðinda verði jafngild birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Þetta hvílir á því mati að aðgengi að EES-viðbætinum á rafrænu og prentuðu formi sé fullnægjandi og í öllum atriðum sambærilegt við aðgengi almennings að B-deild Stjórnartíðinda. Með þessari tilhögun frv. er komið til móts við athugasemdir um að fyrirkomulag við birtingu fullnægi tæpast formskilyrðum laga um birtingarstað um leið og upplýsingatæknin ryður úr vegi þeim hindrunum sem greiðum aðgangi að EES-gerðum þykja hafa verið settar.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir efni frv. Ég vil að lokum láta þess getið að nýlega hef ég skipað nefnd til að taka til heildarendurskoðunar lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda í ljósi þeirra möguleika sem tæknin býður upp á. Ég vænti þess að í tillögum þeirrar nefndar felist heildstæð lausn á birtingu laga og annarra settra réttarreglna, þar á meðal þeim sem þetta frv. tekur til. Fyrirsjáanlegt er að störf þeirrar nefndar taki þó lengri tíma en svo að unnt sé að una við þá óvissu sem skapast hefur um réttaráhrif þeirra EES-gerða sem birtar hafa verið með tilvísun án þess að viðkomandi gerð hafi birst sem fylgiskjal í Stjórnartíðindum.

Herra forseti. Að svo búnu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 1. umr.

Stjfrv., 554. mál (skilnaðarmál o.fl.). — Þskj. 860. [14:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Með frv. er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var þann 6. febrúar sl. um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem undirritaður var í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931.

Samkomulagið hefur að geyma reglur um lögsögu, lagaskil og viðurkenningu á ákvörðunum í málum er varða hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Ástæður fyrir þeim breytingum á samningnum sem lagðar eru til með samkomulaginu eru tvíþættar. Annars vegar þykja nokkur ákvæði samningsins ekki í fullkomnu samræmi við gildandi norrænan sifjarétt og þarfnast því breytinga. Hins vegar öðlaðist svokölluð Brussel II reglugerð Evrópusambandsins frá því í maí 2000 gildi þann 1. mars 2001. Í reglugerðinni eru reglur um alþjóðlegar heimildir á sviði sifjaréttar. Samkvæmt ákvæði í reglugerðinni geta Finnland og Svíþjóð krafist þess að norræni samningurinn um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli gilda milli hinna norrænu ríkja í stað reglugerðarinnar. Forsenda fyrir því er að norrænu reglurnar um alþjóðlegar heimildir séu í samræmi við reglugerðina. Í því skyni að viðhalda norrænni réttareiningu á þessu sviði ber því nauðsyn til að breyta norræna samningnum til samræmis við reglugerðina.

Í samkomulaginu eru mótaðar nýjar reglur um það hvenær dómstólar og stjórnvöld hafa heimild til að fara með skilnaðarmál hjóna og mál sem þeim tengjast, svo sem um forsjá barna og umgengnisrétt, og í því eru einnig reglur um lagaskil, svokölluð „litispendens"-áhrif og viðurkenningu á ákvörðunum í öðrum ríkjum en því ríki þar sem ákvörðunin er tekin. Þá felast þær breytingar í samkomulaginu að ágreiningsmál foreldra um börn sem rís eftir skilnað foreldranna, t.d. um umgengnisrétt eða meðlag heyra ekki lengur undir samninginn heldur gilda lögsögureglur hvers ríkis um þau.

Ég mun ekki fjalla hér sérstaklega um hverja breytingartillögu samkomulagsins fyrir sig enda er ekki þörf á því. Tillögurnar eru ítarlegar og skýrar og er nákvæm umfjöllun um þær í athugasemdum við frv.

Ég vil að lokum láta þess getið að þrátt fyrir vaxandi fjölda alþjóðlegra samninga á sviði sifjaréttar tel ég ákaflega mikils virði að viðhalda norrænni samvinnu og einingu á þessu sviði. Vegna líkra sjónarmiða og löggjafar í hinum norrænu ríkjunum eiga þau auðvelt með að móta samninga sín á milli sem eru skýrir og tiltölulega einfaldir og án þess að bera einkenni fjölmargra málamiðlana eins og títt er um fjölþjóðasamninga ríkja með ólík viðhorf til samningsefnisins.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um sölu á vöru milli ríkja, frh. síðari umr.

Stjtill., 429. mál. — Þskj. 690, nál. 916.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

27 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SJS, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 962).

Breyting á VII. viðauka við EES-samninginn (starfsmenntun), frh. síðari umr.

Stjtill., 444. mál. — Þskj. 710, nál. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 963).

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 445. mál. — Þskj. 711, nál. 882.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

26 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 964).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn (vinnuréttur), frh. síðari umr.

Stjtill., 446. mál. — Þskj. 712, nál. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 965).

Samningur um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 498. mál. — Þskj. 785, nál. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 966).

Samningur um opinber innkaup, frh. síðari umr.

Stjtill., 565. mál. — Þskj. 871, nál. 941.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, KVM, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, VS, VE, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 967).

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 554. mál (skilnaðarmál o.fl.). — Þskj. 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 14:39.

99. FUNDUR

þriðjudaginn 27. mars,
að loknum 98. fundi.

Dagskrá:

1. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 510. mál, þskj. 800, nál. 953 og 954, brtt. 955. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Barnaverndarlög, stjfrv., 572. mál, þskj. 884. — 1. umr.
3. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885. — 1. umr.
4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — Frh. 1. umr.
5. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.
6. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 953, 954 og 955. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 2. umr.

Stjfrv., 510. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 800, nál. 953 og 954, brtt. 955.

[14:41]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsa gesti á sinn fund eins og fram kemur í nál. á þskj. 953.

Frv. fjallar um að ríkissjóði verði veitt heimild til að selja 51% eignarhlut sinn í kísilgúrverksmiðjunni. Áætlað söluandvirði er um 62 millj. kr. og gert er ráð fyrir að þeir fjármunir renni til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Ástæður að baki þessu eru ýmsar, m.a. þær að fyrir liggur að mikill kostnaður verður við breytingar á verksmiðjunni, markaðsverð hefur lækkað en launaliður hækkað verulega. Hins vegar hefur borist tilboð um kaup á þessum hluta ríkisins frá nýjum aðilum sem hafa áætlanir um að halda áfram óbreyttum rekstri næstu árin en stefna að framleiðslu á nýrri framleiðsluvöru, kísildufti, sem er ætlað að fara inn á nýjan og annan markað.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja mikið um þetta. Málið fékk ágæta umfjöllun í nefndinni sem og við 1. umr. en meiri hluti iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt.

Undir nál. rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Árni Ragnar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason og Svanfríður Jónasdóttir og Pétur Blöndal með fyrirvara.

[14:42]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, með síðari breytingum.

Ég vil árétta að ég er samþykkur nál. meiri hlutans að því leyti til að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggst ekki gegn því að kísilgúrverksmiðjan við Mývatn verði seld. Það er stefna flokksins að leggjast ekki gegn því að skoðaðir séu sölumöguleikar á fyrirtækjum af því tagi sem kísilgúrverksmiðjan er, en við höfum lagt skýra áherslu á það að við erum andvíg sölu á stoðkerfum samfélagsins.

Í nál. mínu á þskj. 954, máli nr. 510, kemur fram að minni hlutinn setur fyrirvara varðandi kísilgúrnám í Mývatni að aflokinni vinnslu í Ytriflóa og einnig varðandi uppbyggingu nýrrar verksmiðju með annars konar vinnsluferli. Það mál þarf að taka til sérstakrar athugunar, bæði hvað varðar verksmiðjuna sjálfa og hráefnisöflun til hennar.

Að öðru leyti, eins og ég hef áður greint, er minni hlutinn samþykkur því að stefna beri að sölu á hluta ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. við Mývatn.

Ég tel að ýmsir möguleikar opnist við þetta nýja og breytta form og ég vil að það komi fram hér í framhaldi af þessu minnihlutaáliti að ég er sannfærður um og hef mikla trú á því að nýju eigendurnir, sem hafa komið á fund nefndarinnar og skýrt frá áformum sínum, séu í stakk búnir til þess að vinna eftir nýjum leiðum. Hv. Alþingi hefur samþykkt lög um umhverfismat framkvæmda. Þessir nýju aðilar hafa unnið á öðrum slóðum, m.a. í Noregi, og tileinkað sér þær aðferðir sem viðhafðar eru við stofnun slíkra fyrirtækja í því lagaumhverfi sem er t.d. í Noregi. Þar er vinnuferlið kannski miklu lengra komið en við eigum að venjast og ég held að reynsla þessara nýju aðila sem þarna koma að málum verði uppbyggingu og framkvæmdum til hagsbóta í Mývatnssveit.

Ég segi þetta vegna þess að nýlega var haldin ráðstefna norður í landi þar sem fram komu áhyggjur manna af regluverkinu varðandi umhverfismat og reglur um aðlögun að umhverfinu, og ég tel mikla möguleika á að þarna sé komin inn þekking varðandi vinnuferli í því nýja umhverfi sem við búum við í þessum efnum og vísa ég þá til umhverfismats framkvæmda sem auðvitað gildir fyrir landið allt og er nýsamþykkt hér á hinu háa Alþingi. En eins og menn vita gilda sérreglur varðandi Mývatnssveit, lögin um verndun Laxár og Mývatns, en að vissu leyti eru lögin um umhverfismat framkvæmda mjög áþekk þeim línum sem gefnar eru varðandi það friðland sem um er að ræða í Mývatnssveit.

Að síðustu, virðulegi forseti. Í nál. mínu eru þessi atriði undirstrikuð. Það verður líka að fara varlega varðandi tímalengdina. Komið hefur í ljós að vinnsla á kísilgúr í Ytriflóa dugar verksmiðjunni kannski ekki nema í eitt og hálft ár, í hæsta lagi tvö ár, og þá þarf að skoða vandlega framhaldið ef menn ætla að stefna að sex árum. En ég tel tvímælalaust að þetta sé til bóta og að hin nýju áform verði vonandi til hagsbóta fyrir Mývatnssveit. Í ljós hefur komið að framtíð slíkrar vinnslu úr Mývatni var ekki björt, verð hefur fallið á síðustu árum um 1% á ári í 10–15 ár, og það þolir verksmiðja af þessu tagi ekki. Breytingin gefur því vonir um að hægt sé að fara inn á nýjar brautir og stunda vinnslu í sátt og samlyndi við náttúruna í Mývatnssveit.

[14:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því mér sýnist söguleg stund vera að renna hér upp, ég held að það sé í fyrsta skipti í Íslandssögunni að vinstri grænir séu bókstaflega að leggja til einkavæðingu, þá vildi ég bara árétta að það sjónarmið er komið hér fram. Að öðru leyti er minni hlutinn, þ.e. þingmaður Vinstri grænna samþykkur því að stefna beri að sölu á hluta ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. við Mývatn. Það er ástæða til að fagna því sjónarmiði og ég árétta að ég held að þetta hljóti að vera í fyrsta skipti í Íslandssögunni að sjónarmið af þessu tagi eru borin fram af þeim merka flokki hér í þingsölum.

[14:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta hv. iðnn. með fyrirvara, ekki vegna þess að ég sé á móti frv. sem slíku, ég er mjög ánægður með það. Ég er mjög ánægður með að ríkið skuli hætta þessum rekstri, iðnrekstri, en ég hefði viljað ganga eilítið lengra. Þegar frv. hefur verið samþykkt, eins og hér stendur til, er það í rauninni bara tvær greinar, annars vegar 1. gr. sem heimilar ríkissjóði að selja hlut sinn í verksmiðjunni, sem verður gert á 15 ára skuldabréfi afborganalaust fyrstu fjögur árin, og hins vegar 2. gr. um ákveðinn sjóð, Kísilgúrsjóð. Sá sjóður hefur svo litla fjármuni til ráðstöfunar, 5 millj. fyrsta árið og 3 millj. næstu þrjú ár, að mér finnst alveg ástæðulaust að hafa heilan lagabálk um ekki meira innihald.

Þess vegna hef ég lagt til brtt. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„2. gr. orðist svo:

12. gr. laganna fellur brott."

Og þá eru lögin öll fallin brott, þ.e. þegar búið er að selja hlut ríkisins í Kísiliðjunni og greiða hann. Ég sé enga ástæðu til þess að hafa heilan lagabálk og heil lög um sjóð sem er með 5 millj. kr. tekjur fyrsta árið og 3 millj. kr. úr því. Það má alveg eins setja þetta inn í fjárlög, ef einhver nennir að gera það.

[14:50]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sem hér liggur fyrir frá meiri hluta iðnn. skrifa fulltrúar Samfylkingarinnar undir það. Við erum í fyrsta lagi sammála því að hluti ríkisins, þessi 51% séu seld, og í öðru lagi erum við fulltrúar Samfylkingarinnar sáttar við að Kísilgúrsjóður sé til áfram.

Svo ég fari aðeins yfir sjóðinn, herra forseti, þá hefur hlutverk hans verið að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta varðandi starfsemi Kísiliðjunnar. Ef það er skoðað hvernig fjármunir sjóðsins hafa nýst sýnist mér að þarna sé um að ræða sjóð sem getur gagnast litlum fyrirtækjum afskaplega vel eða aðilum með hugmyndir sem erfitt væri að fjármagna hvort sem væri í bankakerfi eða í öðrum þeim sjóðum sem atvinnulífinu standa til boða. Benda má á, herra forseti, að því ráðstöfunarfé sem sjóðurinn hefur, sem er í fyrsta lagi 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001 og síðan 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 þar til kísilgúrvinnslu er hætt, má jafna við eins konar auðlindagjald sem þarna er greitt vegna þeirrar sameiginlegu auðlindar sem botngúrinn í vatninu er. Þó að þeir sem eru talsmenn þess að greitt sé fyrir aðgang að sameiginlegum auðlindum mundu hugsanlega vilja horfa til greiðslu af þessu tagi í víðara samhengi þá finnst mér að hér sé mjór mikils vísir, og við styðjum það að þetta námagjald fari áfram í þann farveg sem það hefur verið í, þ.e. í Kísilgúrsjóðinn sem fjármagni ýmsa þá starfsemi sem má verða Mývatnssveit og starfssvæði verksmiðjunnar til nokkurs framdráttar.

Herra forseti. Ég vil gjarnan líka nefna fjórða liðinn þar sem segir „aðrar tekjur". Nú kann allt eins svo að fara að þær 62 millj. sem koma inn fyrir söluna á hlut ríkisins verði þessar aðrar tekjur sem þarna koma inn í sjóðinn, þ.e. fjórði liðurinn verði þá býsna gildur, og þá erum við auðvitað að tala um enn myndarlegri sjóð en þann sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill slá af.

Ég vil einnig nefna, herra forseti, að ýmis verkefni í Mývatnssveit tengjast framtíðarhagsmunum sveitarinnar, ekki síst á sviði ferðamála, sem er mikilvægt að hægt sé að fjármagna og þá ekki síst í takti við áhuga heimamanna. Ég vil t.d. nefna, herra forseti, að við erum aðilar að Ramsarsamningnum og verið er að vinna verndaráætlun fyrir Mývatn sem menn eru sammála um að er afskaplega merkilegt og einstakt að mörgu leyti. Mér sýnist að vel mundi fara á því að einhverju af þessu fjármagni yrði varið til að flýta þessari verndaráætlun. Ég held að það skipti máli, herra forseti, að menn fari með þeim hætti í hlutina.

Það er líka kappsmál að við Mývatn geti verið landvarsla allt árið. Þar er áhersla sem ekki væri óeðlilegt að litið yrði til vegna þess að það er auðvitað hluti af ferðamannaumhverfi Mývatns. Sömuleiðis hafa menn nokkuð rætt um rannsóknastöðina við Mývatn og sakna þess að hún skuli ekki geta verið eða hafa verið með öflugri starfsemi en verið hefur. Mér sýnist, herra forseti, að í slíkum sjóði ættu að vera möguleikar til þess að efla rannsóknastöðina, efla það starf sem þar er unnið. En allt þetta gæti verið liður í því bæði að draga að fleira fólk með þekkingu og einnig í að efla möguleika svæðisins til að taka skipulega á móti ferðamönnum. En það eru víða vandamál á viðkvæmum en eftirsóttum stöðum á Íslandi, eftirsóttum til skoðunar og ferðalaga. Okkur hefur ekki auðnast að búa þeim þannig umgjörð að þeir geti með góðu móti tekið á móti öllum þeim sem þangað vilja koma og auðvitað er mikilvægt að það sé hægt við Mývatn, og að aðstæður þar, fræðsla og upplýsingar séu með þeim hætti að sómi sé að.

Þetta vildi ég, herra forseti, segja um frv. sem hér liggur fyrir. Samþykki fulltrúa Samfylkingarinnar við þeim ákvæðum sem hér skipta máli, þ.e. 1. og 2. gr. frv., liggur fyrir samkvæmt því nál. sem hér var verið að mæla fyrir og ég hef nú áréttað.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu ýkja mikið. Framsögumaður minni hluta iðnn., Árni Steinar Jóhannsson, hefur gert grein fyrir afstöðu okkar og ég tjáði mig einnig við 1. umr. þessa máls og hef þar ekki neinu við að bæta.

Það sem ég vil að öðru leyti gera hér, herra forseti, í ræðustólnum er að hryggja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson með því að sú merka uppgötvun sem hann taldi sig hafa gert hér er nú ekki alveg jafnmerkileg, held ég, og hann hafði bundið vonir við. Hv. þm. taldi það mikil tímamót sem hann hefði af glöggskyggni sinni komið auga á, að með því að við gerðumst stuðningsmenn þessa frv. og styddum það að ríkið seldi 51% eignarhlut sinn í Kísiliðjunni væri brotið í blað

í sögu okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Íslandssögunni jafnvel þar með. Það er að vísu ekkert nýtt að við verðum vör við að menn í öðrum flokkum séu talsvert uppteknir af okkur og fylgist grannt með störfum okkar og við erum þakklát fyrir það. En það er nú ekki svo að það hvorki sé né hafi verið neitt sáluhjálparatriði eða í stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ríkið þurfi að eiga eða eigi að eiga einstök atvinnufyrirtæki í almennum atvinnurekstri af þessum toga. Það er ekki svo. Við sjáum alls ekkert því til fyrirstöðu þegar aðstæður eru hagfelldar og rök mæla með því, eins og í þessu tilviki, að aðrir taki við slíkum rekstri. Það breytir engu um andstöðu okkar við það að t.d. velferðarstofnanir séu einkavæddar eða mikilvægar stofnanir á sviði almannaþjónustu í fákeppnis- eða einokunaraðstæðum séu færðar yfir í hendur einkaaðila til þess að græða á þeim með tilheyrandi niðurskurði þjónustu og annað sem því tengist.

Þessu mega menn helst ekki rugla saman, herra forseti, og ég vona að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kynni sér þá málin aðeins betur framvegis áður en hann dregur of víðtækar ályktanir af athyglisgáfu sinni, sem er að sönnu mikil eins og við uppgötvuðum með því að hann tók eftir því að við værum stuðningsmenn þessa máls, en af því má ekki draga, herra forseti, of víðtækar ályktanir.

[14:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um ágæti Kísilgúrsjóðsins og þess að hann væri eins konar auðlindagjald þá get ég í sjálfu sér fallist á það og má kannski segja að það séu rök fyrir að halda honum við. Hins vegar gætti ég þess þegar ég talaði áðan að fara ekki inn á ráðstöfun hans á fé, enda hefur ekki gefist langur tími til þess að skoða hana. En við mjög lauslega skoðun mína á ráðstöfun fjár sýnist mér að hann hafi sett einhverjar milljónir í hlutafé í timburverksmiðju á Húsavík sem eins og kunnugt er hefur farið á hausinn, þannig að tekist hefur af þessu litla fé að eyða opinberu fé skattborgaranna, opinberu fé sem almenningur á, upp á milljónir, og henda því í súginn, ráðstafa því til verksmiðju sem varð gjaldþrota.

[14:59]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu markar tímamót fyrir kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn og fyrir atvinnulífið í Mývatnssveit í heild. Mikil óvissa hefur ríkt um þetta fyrirtæki sem hefur staðið undir mikilli atvinnu í Mývatnssveit í langan tíma og það var orðið nokkuð ljóst að hinir erlendu eigendur verksmiðjunnar höfðu takmarkaðan áhuga á því að starfrækja fyrirtækið til framtíðar. Að sjálfsögðu gilti þar nokkur sú óvissa um námavinnslu sem ríkt hafði lengi um kísilgúrverksmiðjuna.

Þeim eigendaskiptum sem hér er verið að véla um fylgja þær breytingar að nýir aðilar koma inn í fyrirtækið með breyttar hugmyndir og jákvæðari um framgang verksmiðjunnar. Þeir eru reiðubúnir til að byggja þar til framtíðar með nýjar hugmyndir um framleiðsluvörur. Ég hygg að þessar breytingar verði að skoðast í því ljósi að þær séu jákvæðar fyrir sveitarfélagið og starfsemina í kísilgúrverksmiðjunni. Að sjálfsögðu verðum við að gera ráð fyrir því að þar geti í framtíðinni verið bæði kísilduftframleiðsla en einnig kísilgúrvinnsla. Þar skiptir miklu að mat á umhverfisáhrifum námsins hefur farið fram og hefur ekki verið hægt að sýna fram á að námið hafi orðið til þess að skaða lífríkið. Þetta er að mörgu leyti prófmál á það hvort við getum látið fara saman þá nýtingu á náttúrunni sem felst í því að friða hana að hluta og gera hana að verðmætum stað fyrir ferðamenn, verðmætum stað í augum náttúruverndarmanna, en jafnframt að nýta þau náttúruauðæfi sem héraðið býður upp á.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þetta frv. og með nefndarálitið og lýsi yfir stuðningi mínum við það í heild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 955 felld með 33:1 atkv. og sögðu

já: PHB.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SAÞ, SoG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞKG.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, KLM, KPál, LMR, LB, MF, SF, SP, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SAÞ, SoG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, EMS, GHH, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, KLM, KPál, LMR, LB, MF, SF, SP, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Barnaverndarlög, 1. umr.

Stjfrv., 572. mál (heildarlög). — Þskj. 884.

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til endurskoðaðra barnaverndarlaga. Þetta mál hefur hlotið mjög vandaðan undirbúning undir forustu Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors. Með honum unnu að þessu endurskoðunarstarfi Benedikt Bogason skrifstofustjóri, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, forstöðumaður barnaverndarráðs, Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri, Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri. Guðrún Erna baðst lausnar frá skipun í nefndina og í hennar stað kom Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og formaður barnaverndarráðs. Um tíma starfaði einnig hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir með nefndinni og einnig Halla Backman Ólafsdóttir lögfræðingur.

Helstu nýmælin í þessu frv. eru að leitast er við að draga saman þær meginreglur sem leggja ber til grundvallar í öllu barnaverndarstarfi og mikilvægt þykir að kveðið sé á um í

sjálfum lagatextanum. Með þessu er lögð áhersla á réttindi barna og önnur þau grundvallarsjónarmið sem barnaverndaryfirvöldum ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Reglur þessar hafa lengi verið viðurkenndar sem grundvallarreglur í barnaverndarstarfi.

Lagt er til að sett verði á fót kærunefnd barnaverndarmála. Í því felst m.a. að barnaverndarráð í þeirri mynd sem nú er verði lagt niður. Þessi breyting helst í hendur við þá fyrirætlan að um forsjársviptingarmál og önnur mál sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda verði fjallað fyrir dómi. Til kærunefndar barnaverndarmála verði unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda og stjórnvaldsákvörðunum Barnaverndarstofu. Hlutverk kærunefndar er skilgreint í 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að félmrh. skipi kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Úrskurðum nefndarinnar er ætlað að vera endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra eða annars æðra stjórnvalds.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn skuli fyrir hvert kjörtímabil gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins.

Lagt er til að efla barnaverndarumdæmin þannig að á bak við hverja barnaverndarnefnd séu ekki færri en 1.500 íbúar. Gert er ráð fyrir að félmrh. verði fengnar tilteknar heimildir til að hlutast til um að barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna verði settar á fót. Er þess vænst að ákvæði þessi leiði til stækkunar barnaverndarumdæma og styrki barnaverndarstarf á vegum sveitarfélaga.

Breyting er gerð á upphafi barnaverndarmáls. Leitast er við að gera þau ákvæði skýrari en er í gildandi lögum. Það er gerður skýr greinarmunur á þeirri ákvörðun barnaverndarnefndar að hefja rannsókn máls og á öðrum ákvörðunum sem nefndin tekur. Þá er nefndinni settur sjö daga frestur til að taka slíka ákvörðun eftir að henni berst tilkynning. Ákvörðun um að hefja rannsókn er ekki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, enda er hér aðeins um að ræða ákvörðun um málsmeðferð en ekki eiginlega stjórnsýsluákvörðun.

Þá er fjallað um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Það eru lagðar til róttækar breytingar á framsetningu þeirra ákvæða og flokkun ráðstafana og þau borin saman við hliðstæð ákvæði í gildandi lögum. Nefndin vill að með þessu verði ákvæðin skýrari en í gildandi lögum og auðveldara að fara eftir þeim. Það er gerð grein fyrir nokkrum mikilvægustu efnisbreytingunum en að öðru leyti vísast til athugasemda við VI. og VII. kafla.

Gert ráð fyrir því nýmæli að barnaverndarnefnd geti hafið rannsókn máls vegna tilkynningar sem varðar þungaðar konur og er að finna ákvæði um möguleg úrræði barnaverndarnefndar í slíkum tilfellum. Þar kemur fram að ef rannsókn barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna eigin heilsu eða lífi og ófædds barns síns í hættu með líferni sínu skuli barnaverndarnefnd beita úrræðum skv. VI. kafla eftir því sem við á í samráði við hina þunguðu konu og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við lögráðamann hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, allt eftir því sem við getur átt. Barnaverndarnefnd getur sett fram kröfu um sviptingu lögræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Rökin að baki slíkri heimild eru næsta augljós.

Það er gert ráð fyrir því að Barnaverndarstofa skuli eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga ef brot hefur beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára. Hér er um að ræða kynferðisbrot og önnur brot gegn börnum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknara verði gert skylt að láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji slíkur maður í umdæmi hennar. Þá er í 2. mgr. 36. gr. tekið fram að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru reknar af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum hegningarlaga. Í lokamálsgreininni er jafnframt gert ráð fyrir að yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm á grundvelli þeirra ákvæða sem talin eru í 2. mgr. Markmiðið með þessum ákvæðum er að stemma stigu við því að menn sem hlotið hafa dóma vegna brots á nefndum ákvæðum ráðist til starfa með börnum og á stofnunum og öðrum stöðum þar sem börn eru og dveljast um lengri eða skemmri tíma.

Þá er mikilvægt nýmæli að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flyst frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Þá er einnig gert ráð fyrir atbeina dómstóla í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef foreldrar geta borið undir dómara ákvörðun barnaverndarnefndar um breytingu vistunar í allt að tvo mánuði.

2. Barnaverndarnefnd skal þá leita úrskurðar héraðsdómara til að koma fram ráðstöfunum eigi þær að standa lengur en tvo mánuði.

3. Foreldrar geta gert kröfu fyrir dómi um endurskoðun varanlegrar ráðstöfunar á barni og endurskoðun fyrri ákvarðana.

Í frv. eru ítarlegri reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en í gildandi lögum, sbr. VIII. kafla. Þá eru einnig lagðar til sérstakar reglur um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

Þá er fjallað um málsmeðferð fyrir dómi. Þau ákvæði eru að öllu leyti nýmæli, enda hefur ekki fyrr í íslenskum lögum sérstaklega verið gert ráð fyrir því að barnaverndarmál væru rekin fyrir dómi.

Í málsmeðferðarreglum frv. er gert ráð fyrir að barn sem hefur náð 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls og það er mikilvægt nýmæli sem á að stuðla að því að treysta réttarstöðu barna í barnaverndarmálum. Með þessum hætti fær barn sem náð hefur þessum aldri óskoraðan rétt til að tjá sig um mál á sama hátt og foreldrar þess. Það hefur sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins og getur átt rétt á aðstoð lögmanns, auk þess sem heimilt er að skipa því talsmann með sömu skilmálum sem gilda um yngri börn. Þetta er svipað og gert hefur verið í öðrum ríkjum Norðurlanda, t.d. í Noregi.

Þá eru í frv. ný ákvæði um fóstur, að það verði skilgreint með öðrum hætti en í gildandi lögum. Með fóstri er í frv. átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barna í a.m.k. þrjá mánuði en samkvæmt núgildandi lögum hefur verið miðað við a.m.k. sex mánuði og að um skemmri vistun fari skv. 4. mgr. 51. gr. Af þessari breytingu

leiðir m.a. að hugtakið „varanlegt fóstur" er ekki lengur notað, þótt enn þá sé gert ráð fyrir að fóstur geti staðið þar til barn verður lögráða. Í frumvarpinu eru einnig ítarlegri og skýrari reglur um fóstur en nú gilda.

Vert er að vekja athygli á ákvæði um réttindi barna á meðferðarheimilum og stofnunum. Með þessu nýmæli er leitast við að setja laga ramma um beitingu þvingunarráðstafana inni á öllum heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli laganna. Ákvæðið sem hér er gerð tillaga um er í samræmi við ábendingar sem fram koma í greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda frá því í maí 1998. Í þessu sambandi er þó vert að nefna að Barnaverndarstofa setti þegar á árinu 1997 fyrst reglur um þetta efni. Ákvæði frv. veitir þeim reglum trausta lagastoð.

Síðast en ekki síst eru almenn verndarákvæði um þátttöku barna í fyrirsætu- og fegurðarsamkeppnum. Lagt er til að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og annarrar keppni af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett með reglugerð nánari reglur, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um þátttöku barna í slíkri keppni, svo sem um samþykki foreldra o.fl. Þá er í frv. tekið fram að börnum yngri en 18 ára skuli óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Jafnframt bera skipuleggjendur eða ábyrgðaraðilar *slíkra sýninga* ábyrgð á því að aldursmörkin séu virt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um þetta mál verði frv. vísað til hv. félmn.

[15:19]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er mjög merkilegt mál á dagskrá þingsins, þ.e. ný barnaverndarlög. Ekki það að eldri lög væru algjörlega úr sér gengin heldur er í frv. reynt að endurskoða það sem mætti betur fara í ljósi reynslunnar.

Ég hef borið saman lögin sem eru í gildi núna og frv. sem hér hefur verið lagt fram og ég verð að játa að það er margt spennandi og skemmtilegt í því. Hins vegar er jafnframt ýmislegt sem skoða þarf í hv. félmn.

Ágætt væri að byrja á að nefna hvers maður saknar í svona stóru frv. Mér finnst að betur hefði mátt gera grein fyrir stefnum, straumum, þróun og öðru í barnaverndarvinnu, hvað hefur verið að gerast á Norðurlöndunum í samanburði við það sem hefur verið gert hér, þ.e. allar þessar hugmyndafræðilegu pælingar og skilgreiningar sem liggja oft að baki svona vinnu. Ég held að gott hefði verið að fá slíka nálgun t.d. í greinargerðinni. Þar er gerð góð grein fyrir þróun mála og þróun laga á þessu sviði en allt styðst þetta við hugmyndafræði og annað.

Mér fannst líka mjög gott að sjá að notast hafði verið við þá vinnuaðferð að láta þá sem hafa mest verið að vinna í þessum málum segja álit sitt á núverandi lögum, sjá hvar skórinn kreppir að þeirra mati, og hvað þeir vildu sjá breytast. Þar voru ákveðnar vísbendingar fyrir nefndina að vinna úr við gerð þessa frv. Verkefnið hefur tekið langan tíma. Ég er ein af þeim sem kom að starfi nefndarinnar og tel reyndar að þetta sé ekki vinna sem hægt er að flýta sér mikið við. Þetta er vandasamt verk enda málefni barna vandmeðfarin. Við eigum alltaf að vanda vel til verka.

Svo ég fari aðeins yfir frv., ef við skoðum 4. gr. um meginreglur í barnaverndarstarfi, þá sakna ég þess að ekki sé hnykkt strax á því í upphafi sem segir í 17. gr. um tilkynningarskyldu þeirra sem varir verða við að barn sé vanrækt, misnotað o.s.frv., að þá beri viðkomandi skylda til að segja frá því þrátt fyrir trúnað gagnvart þeim sem segir frá. Barnaverndarlög eru æðri öðrum lögum þegar um það er að ræða. *Ég vildi gjarnan láta hnykkja á því strax í upphafi í meginmarkmiðum laganna* að þessi skylda er afskaplega rík. Á seinni árum hefur verið gert dálítið af því að kynna þessi mál, kynna barnaverndina og mikilvægi hennar, sem hefur orðið til þess að fleiri mál hafa komið fram í dagsljósið. Ég tel það jákvætt vegna þess að fólk er þá betur vakandi fyrir aðbúnaði barna. Það á ekki að kvarta yfir of mörgum barnaverndarmálum, fjölgun þeirra er af því að fólk er meðvitaðra en áður.

Kærunefndin er nýmæli. Hún kemur í stað barnaverndarráðs. Mér finnst rétt að það komi fram að engum af úrskurðum barnaverndarráðs sem hafa farið til Hæstaréttar, þeir eru allnokkrir, hefur verið hnekkt. Allt sem barnaverndarráð hefur tekið sér fyrir hendur hefur í raun staðið eins og stafur á bók. Í sjálfu sér hefur verið afskaplega góð sátt um barnaverndarráð og þar hefur farið fram fagleg vinna. Þetta heitir núna kærunefnd barnaverndarmála. Úr því að við setjum sviptingarnar fyrir dómstólana þá er kannski eðlilegt að það heiti kærunefnd. Aftur á móti þarf alltaf að hafa það að leiðarljósi að samsetning nefndarmanna sé með þeirri prýði sem alla tíð hefur verið um barnaverndarráð. Ég efast ekki um að svo muni verða.

Spyrja má hvort ekki sé eðlilegt að það komi fram, þó að það sé kannski innifalið í slíkri nefnd, að hún geti kallað til sérfræðiþekkingu ef þörf á reynist. Það vill oft reyna á það og eiginlega þarf það að standa í lagatextanum. Við munum því skoða það í nefndinni að setja slíkt í lagatextann, það er oft betra að hafa þar meira en minna til að tryggja að vel sé á málum haldið og allir séu upplýstir.

Þegar maður veltir fyrir sér eftirliti Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum fer maður að hugsa um hvert sé hægt að skjóta úrskurðum. Það er heimilt að skjóta úrskurðum Barnaverndarstofu til félmrn. Það verður eiginlega að reyna að fella það betur inn í 8. gr. Ég legg til að nefndin skoði það.

Ég vil einnig að 9. gr. verði skoðuð nánar. Ég er mjög ánægð með þessa framkvæmdaáætlun varðandi barnaverndarnefndirnar, að þær geri áætlun í barnaverndarmálunum. Þá er hins vegar spurning, eftir að öllu þessu hefur verið safnað saman í ráðuneytinu, hvort það ætti að gera grein fyrir stöðu *mála fyrir þinginu, félmn. eða eitthvað slíkt. Þannig væri* hægt að fara svolítið yfir málið, þ.e. hvernig það stendur hverju sinni. Ég held að það væri til bóta.

Ég er fyrst og fremst að leggja fram ýmsar ábendingar og vangaveltur sem ekki verður hjá komist. Ég ætlaði að tala hér um 12. gr. Í gildandi lögum er ákvæði sem við ættum jafnvel að skoða hvort setja ætti þar inn. Það er ekki þarna inni núna en stendur í 4. gr. í gildandi lögum. Spurningin er hvort ekki þyrfti að árétta þar að forvörnum og fræðslu sé sinnt og koma með tillögur um að stuðla að betri aðbúnaði barna, af því að við erum almennt að tala um barnaverndarnefndirnar. Þær mættu kannski hafa styrkara faglegt bakland. Ég er að tala um 12. gr., um aðbúnað barna og að hnykkja þurfi betur á því þannig að hann sé aldrei andstæður uppeldismarkmiðum. Í 12. gr. þyrfti jafnframt að koma betur fram að hagur barnsins sé ávallt í fyrirrúmi. Þeir sem þekkja til barnaverndarmála og vinnu nefndanna, starfsmenn þeirra, vita að ákveðin þróun

hefur verið í gangi þar sem meira er horft á hagsmuni kynforeldra og annars, þ.e. hagur barnsins ekki endilega í allra fyrsta sæti. Þess vegna er sú vísa aldrei of oft kveðin.

Í 14. gr. væri kannski eðlilegt að bæta við, þó það komi auðvitað fyrir annars staðar í frv., ákvæðum um þvingunaraðgerðir, að barnaverndarnefnd geti ein tekið slíka ákvörðun. Það er það sem var t.d. í eldri lögunum.

Varðandi tilkynningarskyldu almennings þá hef ég skrifað hjá mér að við mættum taka meira úr 12. gr. og fella undir þá grein. Þetta er eitt af þeim lykilatriðum sem eru farin að verða mjög virk en þetta er bara fagleg ábending. Þá komum við aftur inn á tilkynningarskylduna og það sem ég sagði áðan, um að það væri raunar afskaplega gott að málum hefði fjölgað. Ég vil meina að það sé vegna aukinnar meðvitundar um hag barna.

Eitt vantar alveg í 18. gr., þ.e. varðandi það er barn hefur framið verknað. Börn geta orðið fyrir ofbeldi en þau geta líka beitt aðra ofbeldi. Umfjöllun um það virðist vanta í frv. Það getur þó vel verið að inn á það sé komið, þetta er nú mikill doðrantur. Ég biðst þá bara forláts ef þetta reynist rangt hjá mér. Ég gat ekki fundið neitt um þetta þannig að ég legg til að við skoðum það aðeins í nefndinni. Við getum þá beðið starfsmenn nefndarinnar að lesa frv. í leit að einhverjum stikkorðum. Börn eru líka gerendur stundum og á því þarf líka að taka. Ég vil bara að það gleymist ekki.

Samstarf er náttúrlega afar mikilvægt í svona málum og spurning hvort hnykkja ætti betur á þeim málum og mætti kannski gera það í greinargerðinni. Í barnaverndarmálum er notuð teymisaðferð og er full þörf á slíku vinnulagi í svo erfiðum málum. Ég legg til að við skoðum aðeins eldri lögin með tilliti til þessa. Þar er, held ég, breyting frá 1998 varðandi þessi mál.

Annað gat ég ekki betur séð en vantaði líka í frv., þ.e. að almennt væri fjallað um skyldur foreldra. Það er í gildandi lögum en það þarf að ítreka sérstaklega að foreldrar hafa ákveðnar skyldur o.s.frv. Ég gat ekki séð að á það væri minnst. Það er í 17. gr. gildandi laga en ég gat ekki fundið það í þessu frv. Það þarf að skoða í nefndinni.

Í frv. er fjallað um tilkynningar um málsmeðferð vegna þungaðra kvenna, um upphaf barnaverndarmála og allt slíkt. Þetta er í rauninni það sem hefur verið praktíserað og sú sem hér stendur stóð einmitt fyrir atriðum eins og stuðningsúrræðum á meðgöngu, setti inn könnun og hert ungbarnaeftirlit eftir fæðingu barna o.s.frv. Það sem er náttúrlega afar mikilvægt, og við komum kannski að síðar, er að þetta sé líka unnið í teymisvinnu. Ég bendi á vinnu á heilsugæslunni á Akureyri sem hv. þm. Soffía Gísladóttir gæti kannski greint frá. Við verðum að gæta okkur á að vera ekki oft með of mikil inngrip.

24. gr. fjallar um úrræði með samþykki foreldra. Spurning er í sambandi við úrræði með samþykki foreldra og síðan úrræði utan heimilis o.s.frv., hvort við þyrftum að taka til eða gætum þurft að taka til einhverra stofnana, nema sérstaklega í c-lið þegar verið er að tala um að útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð, hvar það getur átt við. Þetta er kannski spurning um að hafa vaðið svolítið fyrir neðan sig vegna minni nefnda sem hafa færri úrræði og þá er spurning hvort þær gætu leitað til annarra sveitarfélaga með þau, er þá verið að tala um dagvist og skóla, skólavist, sveitadvöl, stuðningsfjölskyldur o.s.frv.

Spurning er hvort ekki þurfi að hnykkja á því þegar um er að ræða tímabundna fósturráðstöfun, einnig þetta með lögráða manninn. Við þurfum alltaf að vera svolítið vakandi fyrir því, því að ekki var nógu hnykkt á þessu í eldri lögunum.

26. gr. fjallar um úrræði án samþykkis foreldra og það er talsvert þar sem ætti jafnvel líka heima í þessu. Ekki er óeðlilegt að telja upp sömu þætti í ákvæðum þessara þriggja greina, 24., 25. og 26. gr. Mér finnst við eigum að skoða að það færi alveg saman að hafa slíkt þar.

Það sem hefur verið erfiðast í þessum málum er þegar þau hafa verið án samþykkis og ég þekki til mála sem hafa farið fyrir dómstóla. Ef samið var um forsjá eða fóstursamning og annað, þá var eins og það gæfi kynforeldrum sterkari réttarstöðu seinna meir en þegar um sviptingu var að ræða. En núna er búið að taka einmitt þessi mál öll og sundurliða þau vel og það er á margan hátt til fyrirmyndar.

Ég nefndi 30. gr., úrræði barnaverndarnefnda vegna þungaðra kvenna. Við verðum alltaf að fara varlega með svona mikil inngrip eins og sviptingu lögræðis sem er alveg gríðarlega alvarlegur hlutur. Eins og ég sagði frá hefur í rauninni verið praktíseruð mjög jákvæð vinna á öllum þeim stofnunum sem hafa að þessu komið. Þetta er í sjálfu sér ekki nýmæli, þetta var heimild í lögunum sem eru núna í gildi. En það þarf bara einhvern veginn að brýna fyrir fólki að þetta er í rauninni alltaf í neyðartilvikum. Við vitum aldrei hvenær svo skipast veður í lofti að mjög mikil forræðishyggja yrði gagnvart manneskjum og þá er þetta of aðgengilegt að mínu mati. Við þurfum því að skoða hvernig í rauninni á að hnykkja á því að þetta er neyðarúrræði.

Upplýsingar úr sakaskrá eru líka eitt af nýmælunum. Mér finnst að við eigum að láta Persónuverndina sérstaklega vera með umsögn um þessa grein, 36. gr., vegna þess að þetta er mjög mikilvægt og vandmeðfarið mál. Við búum í litlu samfélagi, þó að ég sé nú ein af þeim sem vilja helst hengja þá alla á götum úti sem misnotað hafa börn. Það er mjög mikilvægt að fast teymi sjái um að gefa slíkar upplýsingar. Það geta ekki verið hvaða starfsmenn sem er á Barnaverndarstofu, heldur teymi með mikla sérþekkingu sem sér um slík mál. Þess vegna er mjög mikilvægt að við fáum umsögn Persónuverndar um hvernig þessum málum væri best fyrir komið og hlýða því svolítið. Síðan vantar einn hóp þarna inn í, þ.e. fatlaðir, og við munum skoða það líka í nefndinni.

Við vildum gjarnan sjá þetta í framkvæmd en við verðum að gæta okkur á að pyttir eru í þessu. Ég vildi gjarnan sjá þetta útfært sem best, öllum til hagsbóta, að allir geti fengið upplýsingar en ekki að allir geti verið á kafi ofan í þessu, það gengur heldur ekki.

Ég fer að verða búin með tíma minn. Mig langar aðeins að fara í það nýmæli að fara með sviptingarmálin beint fyrir dómstóla. Mjög margir hafa verið pínulítið hræddir um þau mál. En það sem skiptir meginmáli er að þeir sérfróðu meðdómsmenn sem talað er um í 54. gr. séu í rauninni allir jafnsettir og er nauðsynlegt að slíkir aðilar séu til staðar í jafnalvarlegum málum og sviptingarmál eru.

Það eru mjög margir tvístígandi í því hvort fara eigi þá leið að fara með þetta beint fyrir dómstóla. En ég er svo sem alveg opin fyrir því, þó að ég finni að ég sé örlítið krítísk, en mér finnst engin ástæða til að vera of neikvæð, alveg af og frá, svo fremi sem við tryggjum þessa sérfróðu meðdómsmenn. Þarna þurfum við einmitt að fá skoðun bæði hjá dómarafélaginu og réttarfarsnefnd og slíkum aðilum. Stundum hefur verið umræða um að dómstólar hafi ekki verið nægilega hliðhollir börnum. Þá umræðu þekkjum við hér.

Mig langar aðeins að ræða um fósturkaflann áður en ég vík úr ræðustól. Mig langar að benda á leið í norsku lögunum. Sú leið var rædd í upphafi nefndarvinnunnar. 67. gr. fjallar um leyfisveitinguna og spurning er hvort þetta eigi ekki bara allt að vera á einum stað. Þetta er núna í barnaverndarnefndunum og síðan hjá Barnaverndarstofu. Mér finnst spurning hvort við eigum að skoða þetta með samræmdar leiðbeiningar í huga. Ég er mjög opin fyrir því að umsókn sé líka hjá Barnaverndarstofu alveg eins og öll önnur umgjörð og stuðningur, allt fer þar í gegn, t.d. valið á fósturforeldrunum. Því er spurning hvort umsóknin eigi að fara þar í gegn eða ekki, það væri gaman að taka umræðu um það.

Norðmennirnir eru t.d. með í sínum lögum að undir ákveðnum skilyrðum þegar lítil börn eru sett í fóstur, þau geta misst foreldra sína eða annað foreldrið, ýmis gangur er á þeim málum, þá sé ættleiðing heimil en með ákveðinni umgengni. Ég legg til að við skoðun það hvort við ættum að fara þá leið. Þetta var rætt aðeins í nefndinni en þá var alltaf talað um ættleiðingarlögin, þetta sé þar, en ég sé ekkert að því að barnaverndarlögin um fósturmál geti ekki verið með ákveðnar vísbendingar í önnur lög. Mér finnst því að við eigum að skoða það.

Ég er alveg að verða búin með tíma minn. Ég hef áhyggjur af 74. gr., sem fjallar um umgengni við barn í fóstri. Ég fæ ekki betur séð — ég vona að ég verði þá leiðrétt með það í nefndinni þegar við köllum til einhverja sem hafa verið að vinna með þetta — en að í rauninni sé alltaf hægt að fara með umgengnismálið á 12 mánaða fresti, og þar með sé verið að búa til eitthvert jó-jó með fyrirkomulagi á umgengni í fósturmálum. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvaða hagsmunum er verið að þjóna í þeim málum?

Þegar gengið er frá fóstursamningi þá yrði það algjörlega hliðstætt því sem umgengnin er, vegna þess að það hefur líka að gera með afstöðu fósturforeldra hvernig umgengni hefur verið. Hún getur líka haft of mikil fælingaráhrif ef um of mikla umgengni er að ræða og í mjög erfiðum málum. Þessi mál eru oft dálítið vandmeðfarin.

Til fyrirmyndar er í frv. það sem varðar aldur barna og skoðun þeirra á málum og hvenær má tala við þau.

Nú er máli mínu lokið, herra forseti, í bili. Ég veit að frjóar umræður verða í nefndinni. Það eru margir sem nefndin þarf að tala við. Og lýk ég nú máli mínu.

[15:39]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til barnaverndarlaga sem ég tel vera mjög vandað og hefur verið vel að verki staðið. Mig langar aðeins að koma inn á nokkur atriði.

Markmið laganna eru þau að börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og foreldrum ber að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldu við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Meginregla í öllu barnaverndarstarfi er að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Mjög mikilvægt er að hagsmunir barna séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Það er líka mjög mikilvægt að stöðugleiki ríki í uppvexti barna og þau eigi þess kost að alast upp í öruggu og örvandi umhverfi.

Börn og unglingar, 18 ára og yngri, eru fjölmennasti aldurshópur í íslensku samfélagi og er mun hærra hlutfall en í öðrum nágrannalöndum okkar. Því er enn nauðsynlegra fyrir okkur Íslendinga að búa vel í haginn fyrir þennan aldurshóp. Framtíð barns byggir í raun á fortíð þess og það að skapa börnum góð lífsskilyrði í æsku og á unglingsárum er arðbær fjárfesting þegar til lengri tíma er litið. Og eins og gamalt máltæki segir: Lengi býr að fyrstu gerð.

Í 10. gr. frumvarpsins er rætt um barnaverndarnefndir. Nýmæli er að samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skuli ekki vera undir 1.500. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt nýmæli. Barnaverndarnefndum hefur fækkað með hverju árinu, en heildarfjöldi þeirra var alls 56 í árslok 1999. Í sveitarfélögum með undir 100 íbúum voru fjórar barnaverndarnefndir, í sveitarfélögum þar sem íbúar voru 100–500 voru þær sex, í sveitarfélögum með 500–1.000 íbúa voru þær níu og í sveitarfélögum með 1.000–2.000 íbúa voru 15 barnaverndarnefndir. Þannig mætti lengi telja. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt til að hægt sé að vinna að þessum málum á heildrænan og farsælan hátt.

Í 12. gr. er almennt um hlutverk barnaverndarnefnda. Ég vil taka undir með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur að mjög mikilvægt er að litið sé til forvarna og fræðslu í þeim kafla.

Eins tel ég mjög mikilvægt það sem kemur fram í 14. gr., þ.e. um starfslið barnaverndarnefnda þar sem er gert skylt að barnaverndarnefnd skuli ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Ég held að þá sé einmitt þetta 1.500 íbúa bakland nauðsynlegt.

Þá er einnig heimilt fyrir barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu. Þá má í þessu tilliti benda á lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem einmitt er hægt að samþætta starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Mér finnst einnig mjög mikilvægt það sem kemur fram í 15. gr. að ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæmi sem barn flytur í taka við meðferð þess og barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt atriði.

Ef barnaverndarnefnd hefur ráðstafað barni í fóstur eða í vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur. Þetta tel ég líka afar mikilvægt.

Varðandi 21. gr. frv. um það ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, t.d. með áfengis- og fíkniefnaneyslu, geti barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu. Ég tel að þarna séum við komin á svolítið grátt svæði. Það sem einum finnst vera að stofna ófæddu barni í hættu getur öðrum þótt vera í lagi. Þá spyr maður sig hvort það geti átt við ef einhver telur það t.d. um konu sem reykir, það eru talin óæskileg áhrif á ófætt barn. Svo mætti lengi telja. Ég held að þetta geti jafnvel komið í veg fyrir að kona fari í eftirlit og þá sé ekki eins vel hægt að fylgjast með henni. Það er svo margt sem hægt er að fella undir þetta þegar þetta er svona opið. Að stofna heilsu og lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu getur jafnvel líka átt við atvinnu og hvernig aðbúnaður er á vinnustöðum. Og hvað með fóstureyðingar? Ég bara spyr. Getur það átt við um það? Sviptingu lögræðis

tel ég vera mjög alvarlegt mál og ég held að það þurfi svolítið að skoða þennan kafla upp á nýtt.

Mér finnst mjög mikilvægt í 24. gr. frv. úrræði með samþykki foreldra, þar er mikilvægt leiðbeiningarstarf, bæði um að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns, það hefur ekki verið áður, að stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum og að útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð. Ég tel allt þetta vera mjög mikilvægt.

Herra forseti. Við höfum gott tækifæri í félmn. til að fara ítarlega yfir þetta frv. en ég fagna því að það skuli vera fram komið og ég veit að það mun fá góða yfirferð í félmn.

[15:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til barnaverndarlaga og hafa hv. þm. á undan mér farið nokkuð yfir ýmis atriði þessa frv. Ég verð að byrja á því að fagna því hvað það virðist hafa verið farið í ágæta vinnu við undirbúning frv. og einnig að í athugasemdum við frv. er farið yfir þróun lagasetningar, sem ég tel vera til fyrirmyndar, og síðan farið yfir hvaða breytingar þetta frv. hefur í för með sér.

Vissulega er það svo að þegar barnavernd er til umræðu og staða barna og velferð þeirra, verðum við að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og auðvitað verður það að vera hinn rauði þráður í lagasetningu sem þessari.

Ég tek því undir athugasemdir sem koma fram hjá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, sem er annar fulltrúi Samfylkingarinnar í félmn., þar sem hún gerði einmitt að umtalsefni að það þyrfti að hnykkja á því að hagsmunir barnsins væru í fyrirrúmi og vissulega er það svo í þessari lagasetningu.

Þar sem við höfum verið aðeins að skoða þetta frv., þá er lagt til að sett verði á fót kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarráð í þeirri mynd sem nú er verði lagt niður. Síðan verði fjallað um þau mál sem hafa komið fyrir barnaverndarráð fyrir dómi. Aðrar breytingar sem eru í þessu frv. eru framkvæmdaáætlanir á sviði barnaverndar þar sem sveitarstjórn skal gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir hvert kjörtímabil og er það af hinu góða.

Ég tek undir ábendingar um að ástæða væri til að ráðuneytið hefði einnig ákveðnar skyldur og kæmi t.d. með skýrslur til þingsins um þennan málaflokk eins og er t.d. í jafnréttismálum.

Í þessu frv. er verið að stækka barnaverndarumdæmin og lagt til að ekki skuli vera minna en 1.500 manns á bak við hvert barnaverndarumdæmi og held ég að það geti verið af hinu góða. Annars ætti það kannski að vera matsatriði hversu stórt umdæmi það skuli vera.

Ég vil gera að umtalsefni ákvæðið um afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum og tek undir að hér gæti verið um nokkuð grátt svæði að ræða. Þetta er nokkuð sem við þurfum að skoða í félmn. þegar málið kemur þangað að lokinni umræðunni. Auðvitað er alltaf matsatriði hvenær kona er að stofna heilsu eða lífi ófædds barns í hættu með líferni sínu. Það er alveg rétt, það getur verið matsatriði hverju sinni og er þáttur sem við þurfum að skoða.

Menn hafa aðeins gert forvarnir að umtalsefni og 12. gr. um forvarnir og fræðslu og aðbúnað barna. Vissulega tek ég undir þær athugasemdir. Ég verð að segja eins og er að þegar við ræðum barnaverndarmál og aðbúnað barna, verðum við náttúrlega að horfa á þau mál í heild. Þess vegna langar mig aðeins í því tilliti að taka til umræðu atriði sem mér finnst dálítið umhugsunarvert og það er staða barna foreldra sem hafa úr litlu að spila og hvernig þau líða fyrir þá stöðu. Ég verð að segja það að það verður að vera unnt að gera foreldrum kleift að halda meginmarkmiðin í lögum eins og barnaverndarlögum.

Það sem ég er að gera að umtalsefni er sú staðreynd að efnahagur foreldra er farinn að hafa áhrif á heilsufar barna. Þar vil ég vitna til aðstoðarlandlæknis en hann hefur bent nokkrum sinnum á að það hefur komið fram í skýrslum bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi að börn foreldra sem búa við fátækt líða heilsufarslega vegna þess. Eftir að umræðan varð allmikil hér á landi um stöðu öryrkja og fjölskyldna þeirra og afkomu var gerð könnun á því hér á landi hvernig væri háttað heilsufari þeirra barna sem ættu öryrkja fyrir foreldra, annaðhvort bæði eða annað. Það var athugað hvort hlutfallslegur munur væri á algengi sállíkamlegra einkenna barna, eftir því hvort foreldri, annað eða bæði, væri í hópi öryrkja.

Verulegur tölfræðilegur marktækur munur kom fram við þessa könnun og eru þessi sállíkamlegu einkenni um þrefalt algengari meðal barna öryrkja. Kannski er ekki hægt að fullyrða hvaða orsök liggur þarna að baki en Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir telur að skýringin geti verið það óöryggi sem börnin búa við vegna veikinda og fötlunar foreldranna og bágrar fjárhagsstöðu foreldranna. Hann bendir einmitt á að það geti verið þjóðfélaginu dýrkeypt til lengri tíma að skera t.d. bætur öryrkja þannig við nögl að þeir geti ekki séð börnum sínum almennilega farborða og veitt þeim það sem önnur börn fá í samfélaginu.

Þetta finnst mér vera nokkuð sem við eigum kannski að huga aðeins að þegar við erum að ræða um barnavernd. Því það hefur sýnt sig að börn sem líða í uppvextinum vegna þessara atriða hafa oft lent í ógöngum seinna í lífinu, hvað þá þegar heilsufar þeirra er verra eins og komið hefur fram í þessari könnun.

Þetta vildi ég nefna sérstaklega hvað varðar forvarnir og aðbúnað barna.

Í 36. gr. frv. er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóma fyrir brot á hegningarlögum ef það beinist gegn einstaklingi yngri en 18 ára. Síðan er vísað til þess að þetta eigi við um ýmsa aðila, leikskóla og yfirmenn skóla, íþrótta- og tómstundamiðstöðvar o.s.frv., það er talið hér upp. Þetta er nokkuð sem við þurfum að skoða nánar í félmn. og þurfum að fá fulltrúa frá Persónuvernd til að fara yfir þessa þætti með okkur því að þetta eru viðkvæm mál og kannski ekki ástæða til þess að láta einhvern fjölda manns fara ofan í þessa þætti.

Ég vil líka gera aðeins að umtalsefni hér að það þarf að taka sérstaklega á því þegar um starfsmenn á stofnunum fyrir fötluð börn er að ræða eða þegar fötluð börn eru annars vegar. Við vitum alveg hvernig það hefur verið og því miður hefur verið þó nokkuð um það að starfsmenn, sem hafa komist á sakaskrá vegna brota gagnvart börnum, hafa farið að starfa á stofnunum þar sem fötluð börn eru. Vissulega þarf að vera hægt að skoða og fá upplýsingar um þessa einstaklinga þegar þessi börn eru annars vegar og við þurfum kannski að hnykkja frekar á því.

Það er farið ágætlega yfir það í greinargerðinni með frv. hvernig þessi ákvæði breytast lið fyrir lið frá gildandi lögum. Talað er um málsmeðferð fyrir barnverndarnefnd, úrskurðarvald, málsmeðferð fyrir dómi og síðan er gert ráð fyrir að barn sem náð hefur 15 ára aldri geti verið aðili máls. Síðan er

komið inn á réttindi þess til að hafa aðgang að gögnum, tjá sig á sama hátt og foreldrarnir og eiga rétt á aðstoð lögmanns, auk þess sem heimilt er að skipa því talsmann. Ég vil einmitt í því tilviki gera það að umtalsefni og get ég tekið undir það, en við þingmenn Samfylkingarinnar höfum einmitt lagt ítrekað fram á þinginu frv. þar sem lagt er til að börnum sé skipaður talsmaður í skilnaðarmálum þannig að hagsmunum þeirra sé sem best fyrir komið. Varðandi talsmann barns sem er aðili máls þá er einmitt vísað til laganna á Norðurlöndum og sérstaklega til Noregs en þar er einmitt sams konar ákvæði og við höfum lagt til varðandi skilnaðarmálin og réttindi barna til umgengni við báða foreldra sína sem er fyrirmyndin á Norðurlöndunum og þá aðallega í Noregi.

Herra forseti. Ég held ég sé búin að fara nokkurn veginn yfir þá þætti sem ég vildi gera að umtalsefni og tek undir ýmsar athugasemdir sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hefur gert í máli sínu á undan mér sem við munum auðvitað fara betur yfir í nefndinni þegar málið kemur þangað og læt því máli mínu lokið að sinni.

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. enda tel ég að á heildina litið sé það framfaraskref. Mér finnst að tími hafi verið til kominn að við tækjum þessi mál til gagngerrar endurskoðunar. Þó að frv. sé í heildina gott mál er að sjálfsögðu ýmislegt sem ástæða er til að skoða og eðlilegt að félmn. kanni hvort skerpa eigi á, bæta við eða breyta.

Ég tek að sjálfsögðu undir þær vangaveltur sem fram hafa komið um frv. hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í félmn., þeim Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þær hafa sagt. Frv. er framfaraskref og ég tel að við ættum að geta sameinast um að gera það og lög sem sett verða í framhald af því sem best úr garði. Málið er hafið yfir það að vera pólitískt mál sem menn hafi afstöðu í á grundvelli þess hvort þeir eru stjórnarliðar eða í stjórnarandstöðu. Í þessu máli eiga menn að sameinast um að gera sem best og þess vegna er mikilvægt að félmn. fari í heild sinni yfir það.

Hér stendur til að gera breytingar á grundvallaratriðum í meðferð barnaverndarmála. Það er verið að kollvarpa ýmsum hugmyndum og hefðum sem hér hafa ríkt í vinnubrögðum, t.d. að færa frumúrskurðarvald frá barnaverndarnefnd til dómstóla. Það þarf auðvitað að skoða hvað fylgir því að taka svo stórt skref. Það eru svo mikil umskipti að hætta með úrskurði heima í héraði í barnaverndarnefndunum og fara með málin fyrir dómstólana. Þess vegna er mikilvægt að sérfróðir meðdómendur verði kallaðir til. Verði frv. að lögum verða gerðar nýjar kröfur til málsmeðferðar. Við verðum að muna að út frá lögunum eru teknar afdrifaríkar ákvarðanir fyrir barnið. Það eru hagsmunir barnsins sem eru hafðir að leiðarljósi en þetta er líka afdrifaríkt fyrir foreldra.

Það eru tveir meginþættir sem ég vil tala um hér og spyrja ráðherrann um. Í fyrsta lagi kemur fram í greinargerðinni að faglega hefur verið staðið að undirbúningi og vinnu við þetta frv. Til að vinna frv. var skipuð nefnd sem leitaði umsagnar mjög víða eins og kemur fram á bls. 29. Hins vegar kemur líka fram, þegar maður fer að halda áfram í greinargerðinni að ákveðnar breytingar hafi verið gerðar í félmrn. eftir að fagnefndin skilaði frv. Þetta finnst mér óvanalegt, sérstaklega með tilliti til þess sem ég hef áður nefnt, að í svona frv. eru ekki pólitískar áherslur sem kalla á að fagráðherra geri breytingar á frv. í samræmi við pólitíska afstöðu sína. Eins og ég hef áður sagt er frv. ekkert fremur unnið út frá áherslum stjórnarmeirihluta eða þess háttar.

Nefndin vann frv. og þegar hún hafði gert það gat ráðuneytið farið þá leið að senda málið til umsagnar til aðila sem gefið hefðu álit sitt og í kjölfar þess hefði verið eðlilegt að gera breytingar ef ástæða hefði þótt til. Mér sýnist á frv. að það hafi ekki verið gert. Þess vegna spyr ég, þar sem fram kemur að nefndin hafi skilað tillögum sínum að frv. til félmrh. 19. desember og síðan hafi verið farið yfir frv. í ráðuneytinu og gerðar á því breytingar: Hverju var breytt og hvers vegna? Þetta er annað grunnatriðið sem ég vildi nefna varðandi vinnu við frv.

Ég vil líka minna á að í 7. gr. er fjallað um sértæk úrræði. Þar er komið inn á málefni Barnaverndarstofu. Mér finnst það mjög eðlilegt, ekki síst vegna þess að í þeirri skýrslu, um barnavernd á Íslandi, sem við þingmenn fengum senda fyrir nokkrum vikum, eru í fylgiskjölum yfirlitsskýrslur frá Barnahúsinu. Því var fróðlegt að sjá hvernig taka ætti á því máli í barnaverndarlögunum. Það er gert í 6. mgr. 7. gr. Þar er fjallað um sérhæfða þjónustu sem Barnaverndarstofu sé heimilt að bjóða barnaverndarnefndum vegna verkefna sem nefndunum er gert að sinna — reyndar er nefnt að heimilt sé að taka gjald fyrir veitta þjónustu samkvæmt reglugerð sem ráðherra muni setja. Síðan segir segir um 6. mgr. 7. gr., varðandi þjónustuhlutverks Barnaverndarstofu, með leyfi forseta:

„Með því er átt við að ef Barnaverndarstofa metur það æskilegt þá geti stofan boðið sértæka þjónustu, fyrst og fremst sérhæfð úrræði, sem barnaverndarnefndum ber að öðru jöfnu að hafa tiltæk. Kemur þetta helst til álita þegar þörf er sérhæfingar, svo sem við meðferð utan stofnunar í málum vegna kynferðisbrota bæði fyrir þolendur og gerendur, og annars konar meðferð utan stofnunar vegna afmarkaðra vandamála, t.d. vímuefnanotkunar eða hegðunarerfiðleika. Einnig gerir þetta Barnaverndarstofu kleift að þróa nýjungar í meðferð fyrir börn utan stofnana, en sífellt meiri áhersla er lögð á slíkt í nágrannalöndum okkar. Barnaverndarstofa hefur unnið að slíkum verkefnum og hefur sótt heimild til þess í ákvæði um rannsóknar- og þróunarstarf. Eitt af mikilvægustu verkefnum Barnaverndarstofu af þessu tagi hingað til er Barnahús. Um Barnahús er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Erfitt er að sjá fyrir sér að einstakar barnaverndarnefndir geti haft frumkvæði eða rekið úrræði sem næði markmiðum slíkrar miðstöðvar. Nefndin telur æskilegt að renna styrkari stoðum undir möguleika Barnaverndarstofu á því að koma þjónustu af þessu tagi á laggirnar. Á því er tillagan í 6. mgr. byggð." — segir um 7. greinina.

Hér var vísað í almenna umfjöllun um Barnahús á bls. 35. í frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Meðal þróunarverkefna sem Barnaverndarstofa hefur staðið fyrir er svonefnt Barnahús. Barnahúsið er samstarfsvettvangur fyrir úrvinnslu mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Markmiðið með starfseminni er að samhæfa hlutverk mismunandi aðila sem fást við rannsókn slíkra mála, fækka komustöðum og viðmælendum barns svo að það þurfi ekki að endurupplifa erfiða lífsreynslu með nýjum og nýjum viðtölum við marga viðmælendur frá mismunandi stofnunum. Á einum og sama staðnum fer barn bæði í rannsóknarviðtal og læknisskoðun. Viðtöl eru tekin af sérfræðingum á þessu sviði og fjöldi viðmælenda í lágmarki. Barnið og fjölskyldan geta fengið á áfallahjálp og langtímameðferð. Á einum stað er til þverfagleg þekking mismunandi

aðila við rannsókn og meðferð mála sem unnt er að miðla til þeirra sem á þurfa að halda."

Ég er afskaplega ánægð að sjá þessa umfjöllun í stjórnarfrv. í kjölfar þeirrar umræðu sem hér hefur verið um Barnahús. Ég geri mér fulla grein fyrir því, herra forseti, að þarna er eingöngu um heimildargrein að ræða en mér finnst jákvætt að sjá svo góða umfjöllun um Barnahúsið í stjórnarfrv. enda höfum við öll haft miklar áhyggjur af þróun þeirrar umræðu. Mér finnst að þrátt fyrir allt bjóðist þarna tækifæri til að skoða og koma í lag málefnum Barnahúss þannig að það þjóni þeim markmiðum barnaverndarlaganna sem hér er verið að fjalla um, með því að gera þær breytingar sem þarf og skjóta styrkum stoðum undir starfsemi þess. Mér finnst að vegna þess að þetta er komið inn í frv. til barnaverndarlaga frá stjórnvöldum þá geti félmn. skoðað með allshn. breytingar sem tryggja mundu starfsemi Barnahúss í þágu barnanna númer eitt, tvö og þrjú. Um það snúast þessi lög, að gera það besta í þágu barnanna.

Þetta vil ég leggja til við félmn., að hún skoði 7. greinina, hvað er verið að segja um þessi mál á bls. 35 og 51, að nefndin fari vinsamlega ofan í það. Það er ekkert vit í að við séum í einhverri togstreitu líkt og í umræðum okkar um lög um meðferð opinberra mála og höngum á því á því eins og hundar á roði. Ég er mjög ánægð að sjá þetta í frv.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég ekki að gera frv. ítarlegri skil. Stöllur mínar í þingflokknum, hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir eru í félmn. og munu vinna með þetta mál. Þær hafa sýnt það í umræðunni að þær eru meðvitaðar um hvað þurfi að skoða. Það er þó þrennt smátt sem ég ætla að nefna hér.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á það sem fram kemur á bls. 81. og hæstv. félmrh. kom inn á. Þar segir:

„Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum, eða öðrum stofnunum þar sem barnaverndarstarf fer fram, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem talin eru hér að framan. Bent er á að bannið tekur eingöngu til barnaverndaryfirvalda og stofnana sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru einkareknar eða reknar af ríki eða sveitarfélögum. Þetta er sams konar regla og í norsku lögunum."

Inn á þetta kom hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir í sinni ræðu.

Síðan segir:

„Að sjálfsögðu kemur til athugunar hvort samsvarandi bann skuli gilda um skóla, leikskóla og dagvistarheimili fyrir börn og aðra staði þar sem börn koma saman og dveljast um lengri eða skemmri tíma, svo sem íþrótta- og tómstundamiðstöðvar o.s.frv."

Ég vil nefna það að dagmæðrum sem taka að sér að gæta barna er skylt að framvísa sakavottorði. Starfsfólki leikskóla er hins vegar ekki skylt að framvísa sakavottorði. Þó er vitað að þeir sem hneigjast til afbrigðilegrar hegðunar sækja inn á stofnanir þar sem unnið er með börn, fötluð börn eða ungmenni, þ.e. þá sem eru ósjálfbjarga ef á þá er sótt. Þeir sem reka einkarekna leikskóla þurfa ekki að framvísa sakavottorði. Þar er stjórn og öll uppbygging og þróun leikskólanna framseld til annarra og málið þar með út úr stjórnsýslunni hjá viðkomandi sveitarfélagi. Ég bið nefndina að skoða þetta. Auðvitað er ekki hægt að taka á því í barnaverndarlögum en nefndin getur tekið á því í nál. að þarna sé misræmi, sums staðar þar sem unnið er með börn sé beðið um sakavottorð og annars staðar ekki og ástæða sé til að skoða það í viðkomandi lögum.

Jafnframt langar mig að nefna ákvæði um talsmann. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um það. Það er afskaplega mikilvægt. Ég legg til að nefndin skoði hvort kveða eigi fastar að orði. Þetta er mjög góð hugsun, þ.e. að alltaf eigi að taka afstöðu til þess þegar tekið er til við að kanna mál hvort skipa skuli barni talsmann því til halds og trausts meðan á meðferð málsins stendur. Þar er átt við börn undir 15 ára aldri.

Við í Samfylkingunni höfum ítrekað flutt mál um talsmenn í barnaverndarmálum. Barnaverndarnefnd á að meta þetta. Barn sem orðið er 15 ára er hins vegar aðili máls og á rétt á aðstoð lögmanns o.s.frv. Ég ætla að leggja það til að nefndin skoði hvort í einhverjum tilfellum eigi að kveða svo fast að að skylt verði að skipa barni talsmann. Það er mjög mikilvægt að það verði skoðað.

Herra forseti. Í þriðja lagi þá ætla ég að nefna tilkynningarskylduna. Auðvitað væri ástæða til að fara yfir sérhvert atriði þessa frv. en það hefur þegar verið gert. Í 16. gr., á bls. 6 í frv., segir um tilkynningarskylduna:

„Hver sá sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd."

Auðvitað vakna spurningar um hvernig því verði komið á framfæri við almenning, við starfsfólk og leiðbeinendur sem vinna með börn, að það axli þessa ábyrgð, að því beri að tilkynna ef eitthvað í hegðun barnsins bendir til þess að eitthvað sé að hjá því.

Við erum farin að sjá fálæti borgarsamfélagsins, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Í fámenninu er kannski önnur staða. Þar þekkir hver annars hag og vinátta nær því við hvert hús. Þar dettur engum í hug að neitt alvarlegt sé að. En er einhver sem er alla tíð að taka við óbeinum skilaboðum frá barninu sem brotið er á? Upp koma mjög alvarleg tilfelli sem verða æ algengari í samfélagi okkar. Kynferðislegt ofbeldi og misnotkun. Það er ótrúlegt að þegar það kemst upp þá hefur það oft viðgengist í hræðilega langan tíma.

Þess vegna bið ég líka um að nefndin skoði hvort með einhverjum hætti eigi með jöfnu millibili hafa samráð við leikskóla, skóla og íþróttafélög eða tómstundaaðila í sveitarfélagi og gera sveitarfélögunum það skylt á einhvern hátt að minna á að það sé borgaralega skylda hvers og eins, telji hann að brotið sé á barni, að tikynna það til barnaverndaryfirvalda. Það er samfélagsskyldan við barnið.

[16:18]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 313. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 957.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 265. mál, nál. allshn., þskj. 958.

Tekjur og útgjöld Löggildingarstofu, 531. mál, svar iðnrh., þskj. 914.

[16:18]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til barnaverndarlaga sem lagt er fram af hæstv. félmrh. Frv. er mjög vandað og hefur verið unnið að því um margra mánaða skeið af fagfólki. Það er mjög vel fram sett fyrir utan örfá atriði sem

ég vil koma hér að og vænti þess að verði skoðuð frekar í félmn.

Áður en ég hef mál mitt um frv. vil ég koma aðeins inn á tilkynningarskylduna sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom að hér áðan. Í minni sveit, Þingeyjarsýslu, hefur það verið gert til nokkurra ára að kynna störf barnaverndarnefnda árlega. Störf nefndanna eru kynnt með því að boða til fundar þá sem starfa með ungmennum. Farið er víða í skóla, bæði í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu, til að kynna störf nefndanna, m.a. þessa tilkynningarskyldu almennings. Eins hefur verið skrifað í blöð á svæðinu til að minna á tilkynningarskylduna. Umræða um barnaverndarstarf er þar af leiðandi tiltölulega opin og hefur verið þannig undanfarin ár. Þetta tel ég mjög góða leið til að kynna störf barnaverndarnefnda. Störf þeirra hafa verið misskilin um mjög langt skeið. Ýmist eru barnaverndarnefndir sakaðar um að vinna ekki vinnuna sína eða sakaðar um að vera að hnýsast í einkamál einstaklinga. Með því að hafa störf nefndanna upplýst, þ.e. eftir hvaða lögum og eftir hvaða reglugerðum þær vinna og hvernig starfshættir þeirra eru, þá tel ég að skilningur almennings aukist.

Ég ætla mér hins vegar að fara örlítið yfir þetta frv. Í upphafi vil ég fjalla í samhengi um 10. gr., 12. gr. og 14. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um að fámennari sveitarfélög skuli hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefnda og samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skuli ekki vera undir 1.500 íbúum. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði. Við erum með barnaverndarnefndir í dag sem þjóna frá 70 íbúum upp í stærri sveitarfélög. Þær geta þó þjónað allt niður í 70 íbúum og það er erfitt að vinna í umhverfi þar sem fáir einstaklingar eru á bak við. Hér er því gerð mjög mikilvæg breyting.

Í 14. gr. er talað um að barnaverndarnefnd skuli ráða sérhæft starfslið, eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti, með leyfi forseta:

„Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum."

Þetta er í samhengi við 12. gr. þar sem kannski vantar ákvæði um forvarnir, eins og hér hefur komið fram. Með því að barnaverndarnefndir ráði sér sérhæft starfslið þá er um leið verið að tryggja að forvarnastarf eigi sér stað. Í þeim nefndum sem starfa í dag með fáa íbúa á bak við sig eru starfsmenn oftast ráðnir í ákveðin verkefni. Starfsmenn eru ráðnir til að sinna ákveðnu broti, ákveðnu tilteknu vandamáli en þeir fara þegar því starfi lýkur án þess að taka tillit til félagslegra þátta og forvarnaþáttarins, sem er mjög mikilvægur í barnaverndarstarfinu.

Með því að ráða sérhæft starfslið til nefndanna, eins og þær verða með þessum lögum, tryggjum við um leið mjög upplýst forvarnastarf og að almenningi sé kunnugt um tilkynningarskylduna. Þessar þrjár greinar eru þannig í samhengi, þ.e. ef við komum forvarnaþættinum skýrt að í 12. gr.

Í 14. gr. kemur fram að barnaverndarnefnd sé heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu. Ég vil koma því að að sveitarfélög víða um land hafa nú þegar sameinast um barnaverndarnefndir og starfsmenn. Af því að ég talaði um mitt umdæmi áðan, Þingeyjarsýslur, þá vil ég koma því á framfæri að barnaverndarstarfið er unnið hjá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, sem sinnir félagsþjónustu, skólaþjónustu og málefnum fatlaðra. Það hentar mjög vel þeirri starfsemi að sinna barnavernd þar sem þessir þrír þættir, félagsþjónusta, skólaþjónusta og málefni fatlaðra, koma mjög náið að barnavernd.

Í 15. gr. er fjallað um að barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á lögheimili eigi úrlausn um málefni þess. Ég vil gjarnan taka þessa grein til umfjöllunar. Það er mikilvægt að barnaverndarnefnd þar sem barn á lögheimili starfi að úrlausn um málefni þess. Við höfum dæmi um að börn hafi fylgt lögheimili foreldra sinna. Við höfum séð börn flytja með foreldrum sínum frá einum stað til annars. Við höfum líka séð börn skilin eftir á vissum stöðum meðan foreldrar þeirra hafa haldið áfram að flytja frá einum stað til annars. Afleiðingin hefur verið sú að mál barnsins sem skilið var eftir flyst frá einni nefnd til annarrar, kannski með tveggja, þriggja eða jafnvel fjögurra mánaða millibili. Það er mjög erfitt að henda reiður á þannig málum. Lítil sveitarfélög geta haft mjög mikinn kostnað, t.d. af vistun barns í sveitarfélagi, langt frá því sveitarfélagi sem lögheimili þess er. Þessi mál hefur verið mjög erfitt að höndla.

Nú kann fólk að spyrja: Eiga börn ekki að eiga lögheimili þar sem foreldrar þeirra búa eða eru með lögheimili? Í umfjöllun um 15. gr. er fjallað um lögheimilislögin. Þar er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Búi barnið hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu. Þykir heppilegt að miða við lögheimili barns þegar valdsvið barnaverndarnefndar er ákvarðað. Með þeim hætti ætti sjaldnast að leika vafi á hvaða barnaverndarnefnd á með réttu að fjalla um mál."

Þetta er mikilvæg grein þar sem sett hefur verið inn ákvæði sem á eftir að skapa mun þægilegra starfsumhverfi fyrir barnaverndarnefndir varðandi vistunarmál.

Ég kýs að koma hér að 30. gr., um úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna. Það hefur verið rætt um þessa grein hér í dag. Ég set spurningarmerki við þessa grein eins og aðrir hafa gert. Ég spyr mig hvort hér sé um of mikla forsjárhyggju að ræða og hvort þungaðar konur verði settar undir smásjá í augum almennings og annarra ef þessi grein fær að vera í friði í frv. Ég tel að það sé mjög hættulegt. Þarna er vissulega verið að tala um könnun máls en könnun máls er mjög viðkvæm. Það er mjög viðkvæmt fyrir einstakling þegar barnaverndarnefnd fer í könnun á högum hans. Ég spyr hvort við séum að ganga of langt í þessari grein og með því að taka sérstaklega út úrræði barnaverndarnefnda vegna þungaðra kvenna. Ég tel að félmn. ætti að skoða þessa grein sérstaklega vel.

Að lokum vil ég svo fjalla um 36. gr., um upplýsingar úr sakaskrá. Það tengist að einhverju leyti umræðunni frá því fyrr í dag, utandagskrárumræðunni um vændi. Þar var m.a. komið inn á barnavændi, sem snertir jú barnaníðinga. Í 36. gr. segir, með leyfi forseta:

„Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef ríki barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu."

Ég tel þetta vera mjög mikilvægt ákvæði. Það er ljóst samkvæmt erlendum könnunum að það er mjög erfitt að veita barnaníðingum meðferð, bæði sálfræðimeðferð og lyfjameðferð. Þeir koma til með að stunda fíkn sína þó að þeir hafi setið inni og fengið dóm. Ég tel því mikilvægt að möguleiki sé fyrir Barnaverndarstofu að fylgjast með mönnum sem hafa slíka dóma á bakinu og jafnframt að Barnaverndarstofa geti tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd, flytji maður sem veruleg hætta stafar af, í umdæmi hennar. Þarna erum við að tryggja visst öryggi gagnvart börnum þessa lands.

Eins og ég sagði í upphafi er frv. mjög vandað. Ég hef fylgst með starfi nefndarinnar sem samdi þetta frv. og fór yfir gömlu barnaverndarlögin. Ég er ánægð með að þetta skuli vera komið fyrir þingið. Ég vænti þess að þetta verði unnið vel í félmn. og verði svo síðan að lögum.

[16:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því sem kom fram í máli hv. þm. Soffíu Gísladóttur, hún var með gott innlegg. Það eru þunguðu konurnar og afskipti af þeim sem ég er að bregðast við og ég virði þau sjónarmið sem hafa verið sett fram í dag. En auðvitað er þversögn í því t.d. þegar þurft hefur að hafa afskipti af barni, jafnvel fjarlægja það vegna framkomu eða hegðunar, afskiptaleysis eða uppeldisskorts eða einhvers enn þá verra af hálfu forsjáraðila, t.d. móður, að ef slík móðir er ófrísk að eiga þá að bíða eftir því hvernig verði nú með næsta barn ef engar úrbætur hafa orðið hjá henni. Það er ákveðin þversögn í því að vera með barnavernd gagnvart barni sem er þegar fætt og svo eigi bara að bíða og sjá til.

Auðvitað höfum við konur sérstaklega ákveðna samkennd hver með annarri og trúum því alltaf að þessir hlutir lagist. Ég skoðaði þetta meira að segja út frá því sjónarmiði af því að ég hef flutt hér nokkrum sinnum tillögu um að merkja áfengisflöskur um hve alvarlegt það getur verið að neyta áfengis á meðgöngu og ég hef nýverið fengið nýjar upplýsingar og hyggst leggja það mál fram enn á ný. Vandinn er sá að slíkt mál fer inn í viðskiptaumhverfið í efh.- og viðskn. og viðskiptaaðilarnir stoppa það. Þá skoðaði ég hvort það gæti átt heima hér og komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki.

En svo sannarlega er í mörg horn að líta varðandi það hvernig konur fara með sig sjálfar meðan þær bera barn undir belti og það er ekki einkamál að skadda barn fyrir lífstíð meðan það er í móðurkviði.

[16:32]

Soffía Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög góð umræða. Þetta er mjög merkileg umræða um þungaðar konur og ég get verið sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur í því sem hún sagði. Ég starfa sem starfsmaður barnaverndarnefndar og ég spurði sjálfa mig þegar ég sá þessa grein hvort það væri gott fyrir okkur að hafa þessa grein þarna inni því að vissulega höfum við haft afskipti af þunguðum konum í starfi okkar.

Það sem ég spyr mig hins vegar að er hvort við þurfum að hafa sérstaka grein. Hv. þm. tekur dæmi af ófrískri konu sem barnaverndarnefnd er að skoða mál hjá vegna afskipta af öðrum börnum hennar þá er það vissulega tekið í samhengi. Við fjöllum um fjölskylduna í heild sinni eins og hún er ef við erum að skoða barnaverndarmálin.

En það sem stingur mig helst er það hvort við þurfum að hafa sérstaka lagagrein í frv. um þennan ákveðna hóp ófrískra kvenna. Þá er ég að hugsa um allar þær ófrísku konur sem eru úti í samfélaginu í dag og eins og Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl., sagði hér áðan, eru skoðanir fólks á hvað sé skaðlegt fyrir barnið svo misjafnar. Maður spyr sig: Komum við til með að fá tilkynningar um konur sem eru kannski á gráu svæði með neyslu sína, með störf sín eða lífshætti? Það þýðir að barnaverndarnefnd verður að taka málið til skoðunar og þá er mál konunnar komið inn á borð til okkar og það er mjög viðkvæmt.

Ég set því spurningarmerki við þessa grein og ég vil gjarnan að hún verði skoðuð frekar í félmn.

[16:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þm. hafa gert fagna framkomnu frv. sem hér er til umræðu, frv. til barnaverndarlaga. Ég vona sannarlega að í þessu máli sannist hið fornkveðna að góðir hlutir gerist hægt því eins og kemur fram í grg. með frv. rekur það sögu sína aftur til ársins 1997. Sannarlega er ástæða til að ítreka hér þau orð sem fallið hafa hjá hv. þingmönnum að grg. með þessu frv. sætir tíðindum. Það hvernig farið er yfir sögulega framvindu mála í þessum málaflokki er algjörlega til fyrirmyndar og auðveldar þingmönnum sannarlega vinnuna. Mér finnst ástæða til þess að ramma þetta sérstaklega inn hér, herra forseti, þar sem ég á ekki sæti í hv. félmn. Með því að renna yfir grg. sem fylgir frv. hef ég, sem er ekki vel kunnug málaflokknum, fengið mjög góða yfirsýn yfir það sem á undan er gengið og finnst ég hafa fullar forsendur til að koma í ræðustól og taka þátt í 1. umr. um málið.

Hins vegar er athyglisvert varðandi umræðuna að það eru einungis hv. þingkonur sem hafa komið í ræðustól og hér hefur þingsalurinn verið skipaður þingkonum eingöngu þar til núna að hv. þm. Árni R. Árnason er kominn í salinn auk þeirra sem aðild eiga að málinu, hæstv. félmrh. og sá sem stýrir þessum fundi, hæstv. forseti Alþingis, en að öðru leyti er athyglisvert að hér hafa þingkonur setið í stórum hópi, tekið þátt í umræðunni og hlýtt á hana. Ég vona sannarlega, herra forseti, að þetta sé ekki til marks um áhugaleysi þeirra karla sem kosnir hafa verið til starfa á Alþingi um þennan málaflokk.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vakti athygli á því í máli sínu að félmrn. hefði gert ákveðnar breytingar á tillögum nefndarinnar. Ég held að full ástæða sé til að það sé skoðað í hv. félmn. hvort nefndin, sem hefur átt þátt í samningu þessa frv. og hefur starfað svo lengi og svo vel sem raun ber vitni, sé sátt við þær breytingar sem gerðar hafa verið í ráðuneytinu eftir að hún skilaði af sér. Full ástæða er til þess að ramma þetta inn því að það hefur gerst að nefndir skili af sér frumvörpum til ráðuneytis. Síðan koma frv. fram sem nefndum eru beinlínis eignuð en þá hafa verið gerðar einhverjar grundvallarbreytingar í ráðuneytinu sem nefndin hefur í raun og veru ekki haft umsagnaraðild um eða átt neina aðkomu að. Ég er því sannarlega hlynnt því að við verðum upplýst um hvort nefndin sé sátt við þær hugmyndir eða tillögur, breytingartillögur sem komu frá ráðuneytinu.

Ef við lítum á 1. gr. þessa frv. þá held ég að hér sé tímamótabreyting til staðar og vil ég, með leyfi forseta, lesa 1. mgr. 1. gr. en hún hljóðar svo:

„Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska."

Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að við náum þeim aldurstakmörkunum út sem við höfum búið við í lög-

um hingað til og það sé metið í hvert eitt sinn hvernig þroski barns er með tilliti til þess máls sem um ræðir þannig að við séum ekki að binda aðgerðir eða úrræði við aldur, 12 ára aldur eða 14 ára aldur eða hvað það er, heldur að við fáum metinn þroska barns í hverju einstöku tilfelli. Það er afar mikilvægt, herra forseti, að því sé fylgt eftir að það séu hæfir starfsmenn og það er raunar engin ástæða til að ætla annað en að það verði hæfir starfsmenn sem komi til með að sinna því mati en það verður að fylgja því eftir að slíkt sé gert og þá jafnframt að foreldrar eigi möguleika á að leggja þar eitthvað til mála því að vissulega má til sanns vegar færa að faglegir starfsmenn, sem koma að málum sem hér um ræðir, eiga auðvitað að geta séð eftir þroska barns hvað það er sem viðkomandi barn mundi þurfa í hverju tilfelli en sömuleiðis má hugsa sér að foreldrar geti haft ákveðna aðkomu með tilliti til þess að þeir geti þá beðið um ákveðna meðferð fyrir barnið og það sé þá tekið tillit til þeirra.

Önnur grein sem mig langar til að nefna hér, herra forseti, sem kemur örlítið inn á þessi aldursmál, er 3. gr., en í henni segir, með leyfi forseta:

„Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs."

Hér er líka merkt nýmæli á ferð, þ.e. að möguleiki sé á þessari lengingu um tvö ár, að við höfum möguleika á úrræðum barnaverndarlaga tveimur árum lengur en sjálfræðisaldurinn segir til um.

En það er eitt sem vekur umhugsun hjá mér varðandi þau réttindi sem börn eiga að njóta samkvæmt lögum þessum til 18 ára aldurs og það varðar menntamál og fræðsluskyldu stjórnvalda. Nú liggur, herra forseti, fyrir þessu þingi þáltill. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um tólf ára samfellt grunnnám, sem sagt fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Það er mál sem má telja til réttinda barna. Ef lögin ganga út frá því að börn séu börn til 18 ára aldurs þurfum við í því samhengi að skoða skyldu stjórnvalda gagnvart öllum börnum meðan þau teljast börn. Ég tel í hæsta máta eðlilegt að hv. félmn. skoði fræðsluskylduhlutverk stjórnvalda með tilliti til þessa sem ég nú hef nefnt.

Herra forseti. Rétt er að geta um það, sérstaklega í dag þar sem við vorum að fjalla um vændi á Íslandi í utandagskrárumræðu, að þá er alveg ljóst að Íslendingar eru ekki það góðir við börnin sín að mál af því tagi sem við ræddum fyrr í dag, um vændi á Íslandi, komi upp á okkar borð og þau alvarlegu mál sem tengjast þeirri umræðu koma að sjálfsögðu líka til umfjöllunar í hv. félmn. í tengslum við þessa umræðu um barnavernd almennt. Það er sannarlega þyngra en tárum taki að við skulum horfa upp á það hér árið 2001 að við skulum ekki hafa borið gæfu til að sinna öllum börnum samfélagsins á þann hátt sem okkur fyndist vera sómi að, þannig að hér er mikil ábyrgð sem hvílir á hv. félmn. að skoða þetta mál vel og fara um það þeim faglegu höndum sem henni er unnt.

Ég vil í lokin segja, herra forseti, að mér sýnist málið vera þannig lagt upp að það eigi að geta farið fram mjög frjó og skapandi umræða í hv. nefnd. Ég segi það með nokkrum söknuði að ég skuli ekki eiga sæti í nefndinni því að það er alveg ljóst að hér er á ýmsu að taka og málefni sem skiptir verulegu máli að takist vel til með lagasetningu. Mínar góðu óskir fylgja því þessu máli inn í hv. félmn.

[16:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum í dag er afskaplega vel unnið eins og hér hefur komið fram og vonandi á margan hátt til bóta. Sá málaflokkur sem það fjallar um er mjög viðkvæmur, hann er mjög dulinn eðli máls samkvæmt og í rauninni veit enginn hvað gerist og á ekki að vita hvað er að gerast í barnaverndarmálum nema það snerti menn beint, þá kynnast þeir því.

Oft eru aðgerðir barnaverndarnefnda og löggjafans og stjórnvalds mjög afdrifaríkar fyrir þær fjölskyldur sem um er að ræða. Þetta eru mjög erfið mál og oft er verið að leysa enn erfiðari vanda. Ég vænti þess að hv. félmn., þar sem ég á sæti, gefi sér góðan tíma til að átta sig á afleiðingum þessa frv. sem er hérna í formi heillar bókar, yfir hundrað síður, þannig að ég reikna ekki með því að nokkur hv. þm. hafi áttað sig í hörgul á þeim málum sem hér er tekið á.

Í umræðunni hefur verið fjallað um ýmis mál sem eru nýmæli, t.d. eftirlit með þunguðum konum og það að skipa barni fulltrúa, og eins hefur verið fjallað um það að menn séu leystir undan trúnaði sem komast á snoðir um slík mál. Öll þessi atriði nema kannski umboðsmaður barns eru mjög viðkvæm og getið slegið til baka.

Til dæmis hefur það sýnt sig að þegar prestar í vissum löndum hafa verið leystir undan trúnaði vegna skrifta og annars slíks í kaþólskum löndum hefur það orðið til þess að menn hreinlega skrifta ekki. Þá getur enginn talið þeim hughvarf um það sem þeir ætla sér að gera þannig að það getur verið neikvætt að aflétta trúnaði. Sama getur gerst með lækna. Ef sjúklingurinn veit að það sem hann segir er ekki bundið trúnaði þá segir hann það kannski ekki þannig að þetta getur slegið í báðar áttir. Hins vegar átta menn sig á því að það er náttúrlega voðalegur hlutur ef einhver er með þá vitneskju á grundvelli trúnaðar, sem hann má ekki segja frá, þannig að þarna stangast á allveruleg sjónarmið.

Eins er með eftirlit með þunguðum konum. Við erum að reyna að hvetja konur til að fara í mæðraeftirlit og annað slíkt og ef þær eiga á hættu að stjórnvaldið fari að skipta sér af þeim sem barnaverndarmáli, ef einhverjum sýnist að þær fari ógætilega með heilsu sína og ófædds barns, þá er hætt við því að þær fari ekki í eftirlit. Þá er betur heima setið en af stað farið. Það er því margt í þessu sem þarf að skoða mjög grannt og vendilega og sérstaklega þarf hv. félmn. að átta sig á því hvílíkt vald hún gefur í hendur embættismanna til að ráðskast með örlög fjölskyldna og hvort skoðanir embættismannanna, t.d. varðandi kynforeldra, samband barns og kynforeldra — sem ég hef stundum orðið var við að embættismenn líta á sem einhverja heilaga taug en ég er ekki á sömu skoðun — að það geti litað afstöðu þeirra til t.d. umgengnismála og geti jafnvel orðið til þess að þeir þvinga fram samskipti sem enginn hefur hag af. Ég vil rétt aðeins geta þessara atriða, leggja áherslu á það hvað þetta er veigamikið mál og afdrifaríkt. Ég skora á hv. nefnd að gefa þessu góðan gaum og hlusta á þá aðila sem framfylgja þessum lögum, sem hafa framfylgt þeim hingað til, hvað þeir sjá breytast með þessum nýju lögum. Einnig þyrfti að skoða, ef hægt er, sjónarmið þolenda, þ.e. þeirra sem hafa verið sviptir forræði, hvort hægt sé að skoða sjónarmið barna sem hafa verið svipt foreldrum sínum. Það er kannski öllu erfiðara en vissulega er það því miður oft og tíðum niðurstaðan að stjórnvöld neyðast til að taka börn frá foreldrum sínum og það er oft og tíðum ekki síður erfitt fyrir börnin en foreldrana.

[16:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar umræður og jákvæðar undirtektir sem málið hefur fengið í stórum dráttum.

Ég held að hv. þm. megi ekki gera of mikið úr þessu atriði með afskipti af þunguðum konum. Ég lít svo á að þetta sé orðað þannig að einungis sé unnt að grípa inn í ef um er að ræða að augljóslega er verið að stofna lífi ófædds barns í hættu og þá lít ég ekki á reykingar eða óheilsusamlegt líferni sem beina lífshættu fyrir ófætt barn. Ég er að hugsa um eiturlyfjaneyslu, t.d. neyslu harðra efna. Mér er sagt að ef móðir er heróínneytandi á meðgöngu þá fæðist barnið með þörf fyrir heróín. Ég vil vera að tala á þessum nótum, ekki það að barnaverndarnefndir eigi að vera ofan í hverjum koppi heldur einungis þegar um augljósa lífshættu barnsins er að ræða.

Það er náttúrlega fjarri lagi að ákvæðið sem slíkt geti leitt til fóstureyðinga því væntanlega verður ekki barnaverndarnefnd vör við að konan sé ófrísk fyrr en komið er fram yfir þann tíma að heimilt sé að eyða fóstri. Þetta er í stíl við það sem segir t.d. í fæðingarorlofslögunum, að þunguð kona getur byrjað að taka fæðingarorlof þó barnið sé ekki fætt ef fóstri kann að stafa hætta af því starfi sem hún vinnur dagsdaglega og hún getur ekki fengið breytingu á starfsháttum sínum. Ég held að menn megi ekki gera of mikið úr þessari hættu. Mér finnst þetta vera bæði í orðalagi greinarinnar og eins ef menn lesa skýringarnar þá er ekki neitt einföld leið fyrir barnaverndarnefndir að misnota þessa heimild.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði hverju væri breytt og hvers vegna. Ég vil taka það fram að það var engin pólitísk lína í þeim breytingum sem gerðar voru í félmrn. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að eins og þetta frv. liggur fyrir núna þá ber ég ábyrgð á því og ég get ekki tekið við frv. frá nefnd, hversu góð sem hún er, ef í því eru einhver atriði sem ég hnýt sérstaklega um, þá hlýt ég að breyta frv. áður en ég legg það fram í mínu nafni. Hv. félmn. getur hins vegar fært það til fyrri vegar ef henni sýnist svo.

Þetta mál var sent nokkrum aðilum til yfirlestrar áður en það var lagt fram og m.a. þess vegna er það svo seint fram komið eða ekki fyrr fram komið að nokkrir aðilar gerðu athugasemdir og þurftu að fá tækifæri til þess að fara yfir málið.

Ef ég hleyp á þeim atriðum sem breytt var þá er það í fyrsta lagi með nafnleynd. Í upphaflegum tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir því að viðkomandi aðili, sem benti barnaverndarnefnd á eitthvað sem athugavert væri, gæti óskað nafnleyndar. Þegar við vorum að velta þessu fyrir okkur í ráðuneytinu sýndist okkur að þetta gæti orðið til þess að menn færu síður með mál fyrir barnaverndarnefnd og það gæti verið hagsmunum barns til miska ef menn væru að hika við það að fara, og höldum ákvæðum í gildandi lögum um nafnleyndina, þ.e. að það sé skilyrðislaus nafnleynd á þeim sem kærir til barnaverndarnefndar.

Í upphaflega frv. nefndarinnar var gert ráð fyrir því að ríkið ræki öll heimili fyrir börn í vanda. Mjög strangar athugasemdir við þetta komu frá Reykjavíkurborg og félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar og við féllumst á þær athugasemdir og þar af leiðandi er viðkomandi grein orðuð eins og þar segir.

Við tókum út ákvæði sem nefndin hafði inni í frv. um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, að á fjögurra ára fresti ætti ríkisstjórnin að gera framkvæmdaáætlun. Okkur sýndist það vera óþarflega mikil skriffinnska og þess þyrfti ekki.

Varðandi barn sem er vistað í fóstur gerði Samband ísl. sveitarfélaga athugasemd og taldi að það gæti verið mjög íþyngjandi fyrir það sveitarfélag sem tæki barnið í fóstur að bera allan kostnað af barninu, sérkennslu, stuðningi hvers konar. Við breyttum því þannig að viðtökusveitarfélagið á endurkröfurétt á sveitarfélagið sem barnið kom úr ef um mikinn kostnað er að ræða af barninu sem tekið er í fóstur. Við töldum að þetta gæti orðið til þess, ef þetta væri látið standa óbreytt og féllumst á röksemdir Sambands ísl. sveitarfélaga, að sveitarfélög eða íbúar í sveitarfélögum, sem væru að öðru leyti vel í stakk búnir að taka börn í fóstur og annast þau með prýði, veigruðu sér við að gera það ef það væri augljós aukakostnaður vegna fósturbarnanna.

Við tókum nokkrar athugasemdir frá umboðsmanni barna sem fór líka mjög vandlega yfir málið. Við settum inn reglugerðarákvæði eða heimildir til reglugerða, formlegra reglugerða á einum tveim stöðum, minnir mig, þar sem áður var í nefndarfrv. gert ráð fyrir því að Barnaverndarstofa setti reglur. Þetta er formsatriði og verður að sjálfsögðu gert í samráði við Barnaverndarstofu, þær reglugerðir sem gerðar eru, en stjórnskipulega er réttara að það sé formleg reglugerð frekar en að undirstofnun ráðuneytis sé að birta reglur upp á sitt eindæmi.

Síðan eru smávægilegar orðalagsbreytingar og skýringar, sérstaklega í greinargerðinni. Ég held að ég sé búinn að fara yfir það hvaða breytingar við gerðum en að sjálfsögðu verður hv. félmn. upplýst um það og stóð aldrei til að leyna hana því eða kenna hinni ágætu nefnd sem frv. vann um það sem við settum inn eða það sem við breyttum í ráðuneytinu.

Ekki er tekið á fræðslumálum í þessu frv. enda eiga þau að falla utan ramma þessara laga og eiga að falla innan grunnskólalaga eða laga um framhaldsskóla eða leikskóla eftir atvikum. Ekki er tekið á efnahag foreldra í þessu frv., enda finnst mér að hann eigi frekar heima í öðrum lögum eins og félagsþjónustu eða almannatryggingum.

Ég vænti þess og veit að hv. félmn. mun leggja mikla vinnu í að fara vel yfir þetta frv. og ég er mjög ánægður með það en ég legg töluverða áherslu á það ef hv. félmn. reynir að afgreiða málið fyrir þinglok vegna þess að ég held að hér sé um tiltölulega vandað frv. að ræða sem sé mikilvægt fyrir börnin í landinu að komi sem fyrst í gagnið því að frv. hefur verið í smíðum í mörg ár og er eðlilegt að maður sé orðinn dálítið óþolinmóður að koma þessu í lög.

[17:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem beinast að spurningum mínum. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga og er sannfærð um að allir muni einhenda sér í það. Hins vegar fer ég ekkert ofan af því að mér finnast það frekar undarleg vinnubrögð þegar svo vel hefur verið staðið að málum eins og ég hef lýst í ræðu minni, að fagteymi eða nefnd hefur undirbúið slíkt frv. og sent það mjög víða, að mér finnst eiginlega þar sem þetta er ekki pólitískt mál eins og ráðherrann tók undir, að betra sé annaðhvort að senda málin út á vinnslustigi nefndarinnar og taka inn það sem nefndinni finnst að skipti máli frá umsagnaraðilum eða láta félmn. senda það út. Það er frekar skrýtið að láta hina og þessa aðila lesa þetta yfir.

Ég ætla hins vegar ekki að blanda mér í einstök atriði þess sem ráðherrann nefndi. Þó finnst mér að það sem hann

nefnir varðandi barn sem er vistað í fóstur virki svolítið eins og gamla sveitfestin sé endurvakin og það finnst mér mjög slæmt.

Að öðru leyti veit ég heldur ekki nákvæmlega hvaða heimili það eru sem Reykjavík var andvíg að væru alveg hjá ríkinu, hvort þarna er um að ræða að ríki og sveitarfélög eigi að vera með sams konar heimili, en mér finnst mjög mikilvægt að þegar heimili taka við börnum af litlum sveitarfélögum af landsbyggðinni, þegar alvarleg mál koma upp, þá sé það tryggt. Lítil sveitarfélög hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að vista barn þó það fái inni hjá stærra sveitarfélagi ef það kostar t.d. þúsundir kr. Eins hef ég talið að Barnaverndarstofa gæti gert þjónustusamninga ef það væru góð heimili í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði sem mundu þá taka börn frá öðrum stöðum ef á þyrfti að halda af því að það er það sem einkennir barnaverndargeirann eins og hann hefur þróast og það eru þjónustusamningar við alla þá sem eru með þjónustu við börn út um allt land og þar sem sértæk vinna er í gangi með börn.

[17:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fyrirverð mig ekkert fyrir það þó að ég leiti ráða um þetta mál hjá t.d. umboðsmanni barna. Ég tel að umboðsmaður barna sé einmitt réttur aðili til að koma að málinu á einhverju stigi og eðlilegt að gera það áður en málið er lagt fyrir Alþingi.

Sama er að segja um félagsmálastjórann í Reykjavík. Félagsmálastjórinn í Reykjavík hefur mikla reynslu og mér þótti eðlilegt að leita í smiðju til hennar.

Ég vil líka hlusta á athugasemdir sem Samband ísl. sveitarfélaga kann að hafa við þessi mál. Það er alls ekki verið að hugsa neitt um einhverja sveitfesti eða hreppaflutninga með því að breyta þessu ákvæði. Það er beinlínis verið að reyna að fjölga úrræðunum, þ.e. reyna að sjá til þess að ekki sé verið að loka dyrum fyrir börnum inn á góð heimili ef svo vildi verkast.

Varðandi heimili sem sveitarfélög reka þá rekur Reykjavíkurborg a.m.k. tvö eða þrjú slík heimili með mikilli prýði og engin ástæða til að ríkið fari að yfirtaka það úr því að borgin er burðug til að gera það.

[17:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og er ekkert að hnotabítast við hæstv. ráðherra um þessi mál. Þó vil ég segja, herra forseti, að ef það er svo að barn í Kópavogi er fóstrað í öðru sveitarfélagi, við skulum segja á Selfossi, og ef það á að rukka Kópavog um eitthvað varðandi barnið, þá er það eins og var með gömlu sveitfestina sem allir lögðu mjög mikla áherslu á að afnema með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þegar þau voru sett. Ég er mjög andvíg því ef þessi hugsun er að koma inn aftur.

Þess vegna vil ég koma með ábendingar við umræðuna þannig að félmn. skoði það sem hefur komið til umræðu í þingsalnum. Annaðhvort kemst hún að þeirri niðurstöðu að þetta sé gott eða það þurfi kannski að endurskoða og það er það sem ég legg til að verði gert. Ég hef ekki sérstaklega mótaðar skoðanir á því sem ég hef sett fram spurningar um en finnst mjög mikilvæg þau skoðanaskipti sem hér hafa átt sér stað í dag og tek þar af leiðandi undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og fleiri sem hafa orðað það svo að þessi umræða hefur verið góð og fagleg. Það er ógjarnan sem það hefur verið þannig. Þegar við höfum verið að ræða uppeldismál, fræðslumál og ýmis þeirra mála sem skipta nánasta umhverfi fjölskyldunnar mjög miklu máli þá finnst mér oft að umræðan sé feikilega fagleg á málefnalegum nótum og átakalaus. Það þýðir ekki að skilaboðin séu að nokkru leyti verri en oft endranær þegar meiri hávaði er á ferð.

[17:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti alveg eins segja að það væri þá freistandi fyrir sveitarfélag sem er með innan sinna vébanda barn eða börn sem eru mjög kostnaðarsöm fyrir sveitarfélagið að reyna að koma þeim af sér, koma þeim út úr sveitarfélaginu og losna við þau úr sveitarfélaginu.

Ég man eitt dæmi þess sem hefur komið til minna afskipta eða mér var greint frá. Það var fólk sem flutti úr Kópavogi í annað sveitarfélag langt í burtu og átti þar lögheimili í nokkra mánuði, en það sveitarfélag varð fyrir feiknamiklum kostnaði vegna þessara gesta sem stoppuðu stutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendir starfsmenn, 1. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 885.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um útsenda starfsmenn. Rétt er að gera grein fyrir því fyrst hvað útsendur starfsmaður er samkvæmt þessu frv. því að ekki er víst að allir kunni vel við þetta orð og ef menn gætu fundið eitthvað annað betra, þá væri það meinalaust frá minni hálfu.

Með útsendum starfsmönnum er í lögum þessum átt við starfsmann sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi. Þetta er sem sagt frv. sem á að tryggja réttindi erlendra starfsmanna sem koma á vegum húsbænda sinna eða fyrirtækja sinna í öðrum löndum og til vinnu í skamman tíma. Reyndar þarf sá tími að vera mun lengri en átta dagar. En þá á þessi erlendi starfsmaður að njóta réttinda eins og hann væri íslenskur meðan hann er hér að störfum, þ.e. það þarf að borga honum samkvæmt íslenskum kjarasamningum og það verður að fara eftir lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma. Það verður að fara eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það verður að fara eftir lögunum um orlof, fara eftir lögunum um eftirlit með skipum ef það á við eða lögum um loftferðir ef svo vill verkast, fæðingar- og foreldraorlof og um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Reynt hefur verið að ganga eftir því þegar við höfum veitt atvinnuleyfi að það verði að borga hinum erlendu starfsmönnum eftir íslenskum töxtum. Menn muna e.t.v. eftir miklum átökum sem urðu út af rússnesku fyrirtæki sem var að leggja rafmagnslínu á Suðurlandi, Technopromexport hét það og var verktaki við lagningu línunnar. Grunur kom upp um að það fyrirtæki færi ekki forsvaranlega með starfsmenn sína. Fyrirtækið gaf rangar upplýsingar og reyndi að villa um fyrir okkur og út af því varð leiðindamál. Ef þetta frv. hefði

verið komið í lög, orðið að lögum er það gerðist, þá hefðum við staðið betur að vígi að knýja fyrirtækið til að haga sér eins og siðuðu fyrirtæki ber að gera.

Ég vona sem sagt að þetta litla frv. sé réttarbót fyrir þá tilteknu erlendu starfsmenn sem koma til vinnu tímabundið og ég legg til að það verði sent til hv. félmn. til athugunar.

[17:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um útsenda starfsmenn og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra eru þetta lagagreinar sem eru til að auka rétt erlendra starfsmanna sem koma hingað tímabundið til vinnu og eru í raun ákvæði úr EES-samningnum sem okkur ber að undirgangast. Ég get ekki séð annað en þetta sé allt til bóta og við munum taka þetta til umfjöllunar í félmn. og skoða hvort eitthvað sé þarna sem mætti betur fara. En eftir að hafa farið hratt í gegnum þetta mál sýnist mér þetta vera nokkuð jákvætt. Ég tek því undir að við komum þessu í lög þannig að við lendum ekki í dæmum eins og því sem átti sér stað á Suðurlandi.

[17:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Bara til að halda því til haga gildir þetta um starfsmenn hvaðanæva úr heiminum, ekki bara af EES-svæðinu eins og e.t.v. hefði mátt misskilja af orðum hv. þm. Rétt er það að þetta er í framhaldi af eða að vissu leyti kemur hvatinn til að semja þetta frv. að utan en það er ekki bundið við Evrópska efnahagssvæðið heldur gildir þetta um starfsmenn hvaðanæva úr heiminum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 873.

[17:19]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna framkomu þess frv. sem hér um ræðir og geta þess að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við ættum að breyta lögum sem varða starfsmöguleika sparisjóðanna þannig að þeir geti sem fyrst valið þá leið hver um sig sem þeim hentar til að taka þátt í samkeppni við önnur fjármálafyrirtæki undir sömu skilyrðum, við sömu réttindi og með sömu ábyrgð. Ástæða mín er sú, herra forseti, að sparisjóðirnir eru með elstu fyrirtækjum í landinu. Óskynsamlegt væri að haga þannig ákvæðum sem um þá gilda að þeir hrökklist út úr starfsemi á fjármálamarkaði og þess vegna eðlilegt að gera þeim kleift að taka þátt í þeim breytingum sem markaðurinn kallar á.

Ég minnist þess er ég starfaði við Sparisjóðinn í Keflavík á sínum tíma að þá var þar á ferðinni milli 50 og 60 ára gamalt fyrirtæki og þetta var fyrir nokkrum áratugum. Þá störfuðu við stjórn hans ábyrgðarmenn sem höfðu gegnt því mismunandi lengi, höfðu aldrei á nokkurn hátt notið þess sem starfsemin gaf af sér og áttu aldrei von á því. Þeir sinntu því hlutverki af stakri prýði og ég hygg að svo hafi verið alls staðar um landið þar sem sparisjóðirnir hafa starfað að ábyrgðarmenn þeirra hafi gegnt stjórnunarstörfum fyrir þá með þeirri prýði að við sjáum sparisjóðina enn í dag lifandi og kvika og tilbúna til samkeppni við yngri fyrirtæki í fjármálastarfsemi.

En þeir þurfa á því að halda, herra forseti, að geta breytt fyrirkomulagi eigin fjár og aflað eigin fjár til viðbótar, áhættufjármagns sem eigendur, nú hluthafar, eru tilbúnir að taka sjálfir ábyrgð á, hver að sínum hluta en ekki sameiginlega, og leggja fé fram úr eigin sjóðum. Ég hygg að það skipti miklu máli, herra forseti, að gera þetta þannig að sparisjóðirnir geti valið tíma, það kann að vera að þeim henti ekki öllum að gera þetta á sama tíma, kann að vera að þeim henti ekki öllum að gera þetta yfirleitt. Það kann líka að vera að einhverjum þeirra henti að gera þetta snarlega vegna þeirrar samkeppni sem ríkir á því svæði sem þeir hafa haslað sér völl. Þeir eru allir í dag svæðisbundnir og mjög líklegt að þeir kjósi að haga starfsemi sinni þannig að svæðisbundin einkenni, svæðisbundin tengsl þeirra við atvinnulíf og samfélag haldist, sem verður væntanlega þá líka til þess að þeir muni ekki verða keppendur á landsmarkaði ef svo má segja.

Hins vegar er staðreynd að þeir hafa með samtakamætti sínum komist langt áleiðis og ég hygg að rétt sé að skapa alla möguleika þeirra til að viðhalda því sem þeir telja best og sleppa því sem þeir telja lakast eða vera sér fjötur um fót.

Ég tel ekki við hæfi, herra forseti, að við reynum að persónugera stjórnendur sparisjóðanna eða það hlutverk sem þeir hafa leikið sem mér fannst því miður brydda á í fyrri hluta umræðunnar. Staðreyndin er sú að sparisjóðirnir eru, um leið og þeir eru hver öðrum líkir, líka hver öðrum ólíkir. Við getum alveg rakið hvaða breytingar þeir hafa orðið að upplifa. Í flestum tilvikum hafa þeir ekki haft rétt til þess að móta þær sjálfir nema þá ef við látum þetta frv. verða að lögum. Þá geta núverandi stjórnendur þeirra, stofnfjárhafar sem hafa tekið við hlutverki ábyrgðarmanna, ákveðið eigin framtíð þeirra sem þeir geta ekki í dag hvað þetta varðar.

Það eru fáeinir áratugir síðan hlutverki ábyrgðarmanna var breytt í hlutverk stofnfjáreigenda. Þeir lögðu fram fé. Smám saman, það tók allnokkur ár, var ákveðið að þeir gætu keypt slíka fjárfestingu með sambærilegum kjörum og aðrir máttu kaupa í hlutafélögum, þ.e. gagnvart sköttum. Enn þá eru þessi ákvæði þó þannig að takmarkanir eru settar við því að skipta um eigendur að bréfunum. Það kann að vera að einhverjir sparisjóðir kynnu að telja sér það til hagsbóta í framtíðinni, en alls ekki víst að henti þeim öllum. Þá er eðlilegast að þeir geti sjálfir tekið skrefið til þess að breyta formi sínu í form hlutafélags.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að það eru nokkrar fleiri ástæður til þess, þó að ég ætli ekki að rekja þær, að sumir sparisjóðanna kunni að sjá sér beinlínis hag í skiptum sínum við annars vegar stofnfjáreigendur eða síðar hluthafa, að framkvæma slíka breytingu, en það mun ekki skipta neinu meginmáli, ekki fyrir málið í heild. Það mun hins vegar vera eitt af því sem núverandi stjórnendur sparisjóðanna hljóta að meta þegar þeir ákveða hver um sig næstu skref sín.

Herra forseti. Ég tel að skipti meginmáli að rekja, sem við vitum ef við lítum til baka, að á síðasta áratug, að þegar mjög þröngt var í búi, undir lok níunda og byrjun tíunda áratugarins á fáeinum árum sem voru einna erfiðust Íslendingum um nokkurt tímabil, ríkti óðaverðbólga sem var í fyrsta sinn verið að vinna bug á. Eigið fé þessara sparisjóða eins og allra annarra sjóða hafði brunnið upp og það var ástæða þess að þeir þurftu að leita til nýrra eigenda að áhættufé. Á þeim

tíma kom fram þessi hugmynd um stofnfjáreigendur, stofnfjárbréf og framlög þeirra, áhættuframlög. Þeir hafa aldrei notið sömu réttinda eða farið með sömu skyldur og hluthafar í hlutafélögum. Hafi þeir hug á að breyta formi þess sparifjár síns eiga þeir í sparisjóðunum það undir öðrum eigendum öndvert við það sem gerist í hlutafélögum þar sem þeir eiga það við sig sjálfir hver og einn.

Staðreyndin er sú að um hríð virtist þetta gagnast sparisjóðunum nokkuð vel en eftir því sem tímar hafa fram liðið og fleiri breytingar hafa orðið á fjármálastarfsemi í landinu, og raunar ekki aðeins í landinu heldur því evrópska fjármálakerfi sem við Íslendingar erum nú hluti af hefur komið betur í ljós að það hentar sparisjóðunum ekki fyllilega. Það er af þeim ástæðum sem þetta frv. hefur orðið til, mikið til fyrir frumkvæði stjórnenda í sparisjóðunum, mönnum sem bera ábyrgð á fjármunum sem þeir eiga ekki sjálfir og hafa gert það vel að mínu viti. Ég vil eindregið taka undir þær hugmyndir, herra forseti, að þeim verði gert kleift að fara þessa leið. Til þess að nútímavæða sparisjóðina, ef þeir vilja svo við hafa, til að þurfa ekki standa frammi fyrir því að þeim sem hafa lagt fram áhættufé kunni að verða mismunað vegna ákvæðanna sem um það gilda, til að þurfa ekki að starfa við takmarkað aðgengi að samkeppni á fjármálamarkaðnum, til að geta hegðað sér og starfsemi fyrirtækja sinna með sama hætti og keppinautar þeirra. Þetta er mergurinn málsins, herra forseti.

Ef við lítum á það sem sagt hefur verið um sparisjóðina *í umræðunni verð ég að viðurkenna að ég get ekki séð í dag* nokkurn mun á hlutverkum stjórnar sparisjóðs og á hlutverki stjórnar í hlutafélagabanka eða viðskiptabanka. Það er einfaldlega ekki rétt, sem hér hefur verið ýjað að, að stjórnir sparisjóðanna starfi með einhverjum öðrum hætti eða að þær hafi eitthvert annað hlutverk. Um það gilda einfaldlega sömu lögin, um báða þessa aðila, sparisjóði og viðskiptabanka, um störf og hlutverk stjórnar. Með því móti sem hér er gert verður til ný stofnun, sjálfseignarstofnun, sem fer með það eigið fé sem er í dag bundið í hverjum sparisjóði án þess að eigandi sé tilgreindur. Því verður sem sé fundinn eigandi.

Hér í umræðunni hefur komið fram það sjónarmið að það ætti að reyna að finna persónulega eigendur að þessu fé, en þá verðum við að minnast þess, herra forseti, að um önnur fyrirtæki sem hafa verið með ópersónugreint eigið fé eftir afrakstur af rekstrinum, þ.e. samvinnufélög, kaupfélög og tryggingafélag sem er núna eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, um þau fyrirtæki giltu önnur ákvæði um dreifingu arðs af starfseminni en hafa gilt um sparisjóðina. Ég tel, herra forseti, að okkur sé ekki heimilt gagnvart réttarfarslegum skilyrðum að breyta hlut aðila, einstaklinga sem fara með slík réttindi eða skyldur, þ.e. fjárhagsleg réttindi eða skyldur, að breyta hlut þeirra innbyrðis um leið og breytt er almennum reglum um starfsemina sem um ræðir. Ég tel það vera rangt.

Staðreyndin er sú að um sparisjóðina hefur ævinlega gilt það að ábyrgðarmenn þeirra og síðar stofnfjárhafar hafa ekki rétt til að kalla eftir arði af þessu óskipta eigin fé og það hefur aldrei átt að skiptast upp á milli þeirra. Eina ákvæðið um uppskiptingu var og er að ef sparisjóður er lagður niður og hættir starfsemi, þá á að skipta þessu eigin fé upp, ekki til stofnfjárhafa, ekki til ábyrgðarmanna þar áður, heldur til tiltekinnar starfsemi á svæðinu sem hann starfar í. Það er greinilega í beinum tengslum við þau ákvæði sem í þessu frv. er fjallað um hvaða tilgang og hlutverk sjálfseignarstofnunin eigi að hafa og fara með. Þar er fullkomið samræmi.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér finnst ekki við hæfi að gera því skóna að einstaklingar sem hafa starfað eins og gerst hefur í sparisjóðunum um langt bil og sýnt þá frammistöðu sem þeir hafa sýnt í samkeppni við fyrirtæki sem hafa jafnvel starfað við auðveldari lagaákvæði, auðveldara lagaumhverfi, hafi starfað að einhverju leyti með annarleg sjónarmið í huga. Ég hef enga ástæðu til að taka undir slík sjónarmið og tel í raun og veru að þau séu ekki byggð á neinu sem hönd á festir.

Hins vegar tek ég enn undir, herra forseti, að við eigum að gera þessar breytingar, við eigum að gera sparisjóðunum kleift að breytast í almenningshlutafélög ef þau svo vilja. Við vitum að flestir þeirra eru tiltölulega fjölmenn fyrirtæki að stofnfjárhöfum, mjög fáir sparisjóðanna hafa fáa stofnfjáreigendur og þeir sem hafa fæsta eru eingöngu í eigu sveitarfélaga og varla verða sveitarfélög vænd um að vera fámenn fyrirbæri.

En ég tel, herra forseti, að þetta sé mikil nauðsyn til að það eigið fé sem nú er að starfa á fjármálamarkaði fái að starfa þar áfram með sömu réttindum og skyldum og eigið fé í öðrum fyrirtækjum.

[17:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrri hluta þessarar umræðu tók ég til máls og vakti upp nokkrar spurningar um framtíð þess mikla fjár sem enginn á og lýsti því jafnframt að ég hefði alltaf ímugust *á fé sem enginn ætti.*

Það sem ég vakti þar upp var að þessi sjálfseignarstofnun mun í flestum tilfellum eiga um 90% af eigin fé sparisjóðanna, einhverja 15–20 milljarða ef við reiknum með því að markaðsverðið sé dálítið meira en eigið fé sem eru 10 milljarðar.

Það sem ég spurði þar um og velti upp var að stofnfjáreigendur, sem mynda við breytinguna fulltrúaráð fyrir þessa sjálfseignarstofnun, stjórna þessu fé. Þeir eiga það ekki, en þeir stjórna því. Vegna þess hversu mikla hagsmuni er um að ræða óttaðist ég að eðlileg sjónarmið, t.d. hreinlega að græða, kynnu að víkja fyrir öðrum sjónarmiðum eins og því að fá ódýr lán. Þar sem um er að ræða einn aðila sem á svo stóran hlut og samkvæmt því frv. sem við erum að ræða um getur haft atkvæðismagn í hlutfalli við eign sína, þ.e. 90%, þá óttaðist ég — þetta er engin persónugerving á þeim mönnum sem starfa þar í dag — að þarna kynnu að koma fram önnur sjónarmið en arðsemissjónarmið.

Ég spyr hv. þm.: Hvaða sjónarmið munu þeir menn sem stýra og hafa vald til að stýra þessu mikla fjármagni hafa gagnvart arði þegar þeir hafa ekki eignarhald á fjármagninu en ráða því samt?

[17:31]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum gæta þess varðandi sparisjóð sem gerist hlutafélag að fleiri raddir verða þá uppi en þeirra sem starfa að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Ég verð að viðurkenna að ég held að þeir hluthafar muni gæta arðsemissjónarmiða, þeir vilji fá arð af sínu fé.

Ljóst er af ákvæðunum sem koma fram í frv., og ég hygg að hv. þm. geti lesið þau jafn vel og ég og dregið af þeim ályktanir, að ekki er gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnun starfi eingöngu á arðsemissjónarmiðum. Hún á að veita styrki, hún á að taka fjárhagslegan þátt í ákveðinni starfsemi á svæðinu. Hún getur ákveðið það. Að öðru leyti eiga að

gilda um hana almenn lög um sjálfseignarstofnanir sem taka þátt í atvinnustarfsemi.

Ég tel, herra forseti, að við getum ekkert ályktað um það eftir hvaða öðrum sjónarmiðum en arðsemissjónarmiðum sú stofnun muni starfa, nema þá þeim sem koma fram í frv. Ég geri mönnum ekki upp það að þeir muni beita einhverjum öðrum sjónarmiðum en þeim sem eðlileg eru, sem eru arðsemissjónarmið til að fá sem mest fjármagn til þeirra hluta sem stofnunin eða fyrirbærið á að taka þátt í og á að veita fjármuni til. Það er eðlilegur tilgangur og það er í sjálfu sér arðsemissjónarmið að hún eigi að taka þátt í uppbyggingu sparisjóðsins áfram. Það er fullkomið arðsemissjónarmið, hv. þm.

[17:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 37. gr. B á síðu tvö í frv. stendur, með leyfi forseta: „Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.“ Það á að gæta arðsemi.

Hins vegar velti ég því fyrir mér, herra forseti, hvað gerist þegar fram líða stundir með sjálfseignarstofnun. Stofnfjáreigendurnir geta selt hlut sinn. Þeir eignast hlut í fyrirtækinu nákvæmlega eins og þeir hafa borgað þá eign inn. Þeir fá ekkert umfram það sem þeir hafa borgað inn. Þeir geta selt það, en þeir eru samt eftir sem áður í þeim hópi sem velur stjórn sjálfseignarstofnunar alla ævi og mér sýnist að þeir muni vera þar ævilangt. Þá er fyrsta spurning mín til hv. þm.: Hvað gerist að hans mati þegar stofnfjáreigandinn fellur frá? Verður þá kjörinn nýr? Getur hann tilnefnt eftirmann sinn, t.d. son sinn eða dóttur? Eða hvað gerist?

Síðan er spurningin þegar enn líða fram stundir og þessi hópur er orðinn lítill, því að ég geri ráð fyrir að kosningarétturinn falli hreinlega niður, ég sé ekkert annað þegar menn falla frá, að sá litli hópur ræður óskaplega stórum hluta í sparisjóðunum og jafnvel þó að sá hluti færi niður í 50% eða jafnvel niður fyrir það, þá er þetta ein rödd. Það er ein rödd sem talar á hluthafafundi og það er þekkt að ef menn dreifa nægilega mikið móthlutafénu, þá ráða þeir áfram um aldur og ævi, þessi litli hópur manna. Ég ætla að spyrja hv. þm. hvort hann hafi það mikla trú á mannskepnunni að fenginni reynslu að það muni ganga vel til lengdar og aldrei muni koma upp misjafn sauður í því fé.

[17:35]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun enn ekki fást til þess að ályktа um sjónarmið annarra einhvern tíma í óráðinni framtíð. Ég er enn þá sannfærður um að það sé nægilega mikið gott í fólki til að það geti forðast freistingar þegar það kemur saman. Ég hygg að þó að alvara málsins kunni að vera sú í skoðunum hv. þm. að einhverjir kunni að komast að með annarlegar gerðir eða annarleg sjónarmið, þá séu hinir nægilega margir.

Ég hygg að það sé rétt sem hann er að álykta að kunni að gerast gerist helst þar sem fáir eru. Ég hygg að staðreyndir, til að mynda þær sem við ræddum fyrr í dag á hinu háa Alþingi, lýsi því best.

Þess verður að geta, herra forseti, að stofnfjárbréfaeigendur eða stofnfjárhafar hafa á seinni árum, nær allan síðasta áratug, fengið tryggan arð, 10%, fengið verðtryggingu á höfuðstól stofnfjárbréfanna burt séð frá afkomu sparisjóðsins. Hafi afkoman ekki risið undir þessu, á hverjum hefur það þá bitnað? Á þeim aðilanum sem í framtíðinni á að verða sjálfseignarstofnun. Fyrir hana talaði enginn þegar slíkar ákvarðanir voru teknar, enginn. Það fyrirkomulag sem hér er fitjað upp á mundi tryggja að hún hefði þá a.m.k. talsmann, hv. þm.

[17:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er búið að vera nokkurn tíma í undirbúningi og er til þess ætlað að mæta ákveðinni stöðu sem menn töldu rétt að taka til skoðunar. Helstu atriði frv. eru að starfandi sparisjóðum er veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag, að gerðar eru breytingar á ákvæðum um stofnfjárbréf sparisjóðanna í því skyni að gera bréfin að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti og að í stað þess að sveitarfélög eða sveitarmenn tilnefni tvo stjórnarmenn af fimm í sparisjóðum, þá sé heimilt að kveða á um í samþykktum að stofnfjáreigendur kjósi alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs.

Vegna þessa þriðja atriðis sem ég las finnst mér ástæða til að nefna, herra forseti, að það er svo þegar. Til eru sparisjóðir þar sem fulltrúaráð kýs alla stjórnarmenn og sá háttur er hafður á að sveitarfélög kjósa þá tiltekinn fjölda manna inn í fulltrúaráðið. Það hefur verið talið nauðsynlegt þar sem um það hefur verið að ræða og sveitarfélög hafa verið að sameinast og sömuleiðis sparisjóðir en ekki endilega eftir sömu landamerkjum.

Þannig má segja í þessu tilfelli að þetta sé eitt af þeim atriðum sem sett eru upp til að mæta þeim breytingum sem hafa orðið og eru að verða á starfsumhverfi sparisjóðanna, enda skoðaði sú nefnd sem fjallaði um lögin eins og þau voru, og gerir þessa tillögu til breytinga eða setti ákveðnar tillögur í hendurnar á ráðherra, hlutverk sparisjóða á fjármagnsmarkaði og möguleika þeirra til að taka þátt í þeirri öru þróun sem þar á sér stað. Nefndin var þar að velta fyrir sér samkeppnisstöðu fyrirtækja á fjármagnsmarkaði og horfði til sparisjóðanna og möguleika þeirra til að lifa þær breytingar af eða takast á við þær.

Fram kemur að sparisjóður sem breytt er í hlutafélag á áfram að vera sparisjóður í skilningi laga um viðskiptabanka og sparisjóði, þ.e. á frv. eru ákveðnir „prófílar“ sem gefa þeim fjármálastofnunum, þó svo þeim yrði breytt í hlutafélag, ákveðna sérstöðu gagnvart öðrum fjármálastofnunum. Það má nefna, herra forseti, að ákveðin byggðapólitísk hugmyndafræði liggur að baki sjálfseignarstofnuninni sem hér hefur verið dálítið rædd og ég ætla að koma inn á í ræðu minni og má segja að það sé kannski það sem helst greinir eða mun greina sparisjóði, þó að hlutafélögum séu orðnir, frá öðrum fjármálastofnunum sem eru í hlutafélagaformi. Við þá breytingu munu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína, þ.e. það græðir enginn einstaklingur á slíkri breytingu, en sá hluti eigin fjár sparisjóðsins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda verður eign sjálfseignarstofnunarinnar og megintilgangur hennar er eins og hér hefur komið fram að stuðla að vexti í starfsemi sparisjóðsins og viðgangi hans.

Fram hefur komið hér að fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar skuli skipað öllum stofnfjáreigendum í viðkomandi sparisjóði þegar honum var breytt í hlutafélag og að þetta fulltrúaráð skuli kjósa stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Jafnframt kemur fram að einstökum hlutum er aldrei heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði sem breytt hefur verið hlutafélag. Menn geta út af

fyrir sig borið þetta 5% heildaratkvæðamagn saman við það fyrirkomulag sem er í dag.

Ég ætla, herra forseti, að snúa mér aðeins að megintilgangi sjálfseignarstofnunar og þeim vandamálum sem menn sjá fyrir sér varðandi þá þætti. Í umræðunni hefur komið fram að mönnum finnst sá ljóður helst vera á frv. að hér verði eftir sem áður um að ræða fé sem enginn á og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem ég vildi gjarnan að hlýddi á mál mitt vegna þess að hann hefur tekið þátt í umræðunni á þann hátt að hann hefur einmitt ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti mun sjá til þess að hv. þm. komi í þingsalinn.)

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einmitt rætt dálítið um framtíð þess mikla fjár sem enginn á. Mér finnst full ástæða til að stalda svolítið við það ákvæði hvað varðar sjálfseignarstofnunina. Mér finnst ástæða til að við veltum því fyrir okkur hvernig valið er í fulltrúaráðið. Vegna þess að auðvitað er það svo að endurvelja þarf í fulltrúaráðið til að það skipi allt að því 30 manns og þar með hvernig valið er í stjórn sjálfseignarstofnunar. Í rauninni erum við þarna að fjalla um vandamál sem er vandamál þegar í dag. Menn eru og hafa verið að velta því fyrir sér á undanförnum árum hvernig og hver á að fara með þetta vald. Sú leið sem hér er fundin er ugglaust ekki sú eina og full ástæða er til að hv. efh.- og viðskn. velti því vandlega fyrir sér hvort hægt er að finna aðrar leiðir að því marki að valið sé með eðlilegum hætti inn í fulltrúaráðið og þar með áfram í stjórn sjálfseignarstofnunar. Menn þekkja hvernig tilurð slíkra fulltrúaráða var í gamla daga, fyrir 150 árum eða svo, 100 árum þegar verið var að stofna sparisjóðina. (**Gripið fram í:** Og er enn.) Ja, víða er búið að breyta þessu mjög mikið. Það er rétt að það komi fram. Sums staðar eru menn búnir að búa til mjög fjölmenn fulltrúaráð þar sem stofnfjáreigendur hafa greitt inn umtalsvert fé. Það eru vissulega undantekningar frá því og menn halda í gamla háttinn, en víðast hvar er búið að breyta þessu.

Að minnsta kosti var það þannig á árum áður eða fyrir árhundraði og rúmlega það að ábyrgðarmannahópurinn varð hugsanlega til úr hópi stöndugra bænda sem voru tilbúnir að taka að sér ábyrgð fyrir stofnun sparisjóðsins. Það hlutverk gekk síðan að segja má í arf sums staðar. Sonur tók við af föður. Það var sjaldan dóttir og var kannski ekki fyrr en ábyrgðarmannahóparnir voru stækkaðir að konur komu að einhverju leyti að stjórn slíkra stofnana og sums staðar hafa þær komið myndarlega að stjórninni eins og við þekkjum á síðari tímum. En vissulega þarf að velta því fyrir sér og ég geri ráð fyrir að hv. nefnd geri það og beini því til fulltrúa í nefndinni sem hér eru að þeir skoði það hvort möguleiki sé á því að til verði einhverjir bakhjarlar fyrir sjálfseignarstofnunina.

Þegar menn eru að stofna sjálfseignarstofnanir í dag, tökum eins og þá sjálfseignarstofnun sem fer með rekstur Listaháskóla Íslands hins nýja, að þar er búinn til í rauninni bakhjarl sem Bandalag ísl. listamanna stendur að til þess að kjósa í stjórn sjálfseignarstofnuninnar á móti ríkinu þannig að einhverjir möguleikar ættu að vera til til þess að búa til slíka bakhjarla og það má jafnvel velta því fyrir sér vegna þess að ljóst er að sjálfseignarstofnunin hefur ákveðna sveitfesti eða peningarnir hafa ákveðna sveitfesti og eiga að vinna í þágu viðkomandi sveitarfélags. Ef þeir eru innleystir eiga þeir að ganga til menningar- og líknarmála á svæðinu. Spurning er hvort einhver slík félög, menningarfélög eða líknarfélög á svæðinu ættu að mynda slíka bakhjarla. Mér finnst þetta vera hugmynd sem er vert að skoða og velta fyrir sér hvort menn eiga ekki að kanna hvort getur rímað við þær sjálfseignarstofnanir sem eiga að fara með þetta fé sparisjóðanna af því að mér finnst að við eigum að svara þeirri spurningu á einhvern hátt ef menn eru ekki sáttir við að þetta sé eins og lagt er til í frv. þó að það sé skref fram á við miðað við ástandið eins og það er í dag, þ.e. ef menn ætla að fara í það að breyta sparisjóðum í hlutafélag sem við vitum að alls ekki allir muni gera.

Hv. þm. Pétur Blöndal stakk upp á því í gær að sú aðferð yrði skoðuð að menn litu e.t.v. fimm ár aftur í tímann og skuldarar og innistæðueigendur fengju afhent hlutabréf gefins í hlutfalli við reynslukvóta sinn. Ég veit ekki hvort það er aðferð sem við getum fellt okkur við, að gefa mönnum hlutafé í hlutfalli við reynslukvóta en það er sjálfsagt að skoða þessar hugmyndir þó að mér geðjist kannski ekki að nákvæmlega þessari. Ég held að hin væri betri.

Benda má á að hluthöfum fjölgar auðvitað ef sparisjóðurinn fer að selja hlutafé, fer að selja aðgang að sjóðnum ef svo má að orði komast. Þá fjölgum við auðvitað hluthöfum sem er þá af hinu góða. Peningarnir verða eftir á viðkomandi starfssvæði og nýtast þar til menningar- eða líknarmála.

Þá er ég komin að þessari byggðapólitísku hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar, þ.e. að með sjálfseignarstofnuninni er, þó að sparisjóðnum sé breytt í hlutafélag, verið að tengja núverandi eigið fé við svæðið. Eigið fé sparisjóðsins, það sem ekki gengur til stofnfjáreigenda, er bundið svæðinu samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Sjálfseignarstofnunin verður til úr því eigin fé sem til er í sjóðnum við stofnun hans. (**PHB:** Hverjir stýra?) Þeir stýra sem voru í fulltrúaráðinu þegar sjóðnum var breytt í hlutafélag og þá þeir sem hugsanlega koma að síðar, beri menn gæfu til að vinna með skapandi hætti í þessu frv. Hugsunin er sú að tengja í raun svæðið við sparisjóðinn vegna þess að þó að sparisjóður sameinist þá er sjálfseignarstofnunin til áfram, skipuð þeim sem voru stofnfjáreigendur þegar sjóðurinn var gerður að hlutafélagi. Þeir munu áfram stýra því hlutafé sem sjálfseignarstofnunin á. Selji sjálfseignarstofnunin féð þá nýtist það heima fyrir. Séu þeir allir fluttir þá gilda væntanlega ákvæðin um að aðrir séu þá valdir inn í staðinn, eins og fram kemur í greinargerð. (Gripið fram í.) Nú ráðlegg ég hv. þm. að lesa aðeins betur. Það er heimilt að innleysa stofnfjárhlut við brottflutning þannig að í raun er sama hvort þú breytir í hlutafélag eða ekki. Það liggur fyrir.

Það er þessi byggðapólitíski prófíll sem skiptir máli varðandi sjálfseignarstofnunina. Enda þótt sameining eigi sér stað þá næst það fram að eigið fé sem myndast hefur í sjóðnum verður áfram til ráðstöfunar á starfssvæði sjóðsins. Það skiptir máli. Það kemur fram í frv. og það er sú hugmynd sem liggur að baki.

Menn geta flutt af svæðinu en sjálfseignarstofnunin flytur ekki af svæðinu. Hún er bundin við svæðið. Sá munur er á, jafnvel ef haft væri á þessu annars konar form, að þó sparisjóðirnir sameinuðust þá verður eigið fé eftir í heimabyggð með einum eða öðrum hætti í krafti sjálfseignarstofnunarinnar.

Auðvitað geta menn smám saman selt fé út úr sjálfseignarstofnuninni en eins og ég sagði áðan þá getur það fé sem þannig verður til runnið til líknar- og menningarmála nema menn kjósi að sjálfseignarstofnunin endurfjárfesti í sparisjóðnum eða með öðrum hætti. Hlutverk hennar er eins og við vitum að standa að þessum rekstri.

Ég vil ítreka, herra forseti, að menn skoði þetta með sjálfseignarstofnunina og stjórn hennar, að menn horfi til þess að heppilegra kunni að vera að hún eigi sér aðra bakhjarla við hliðina á fulltrúaráðinu eða í stað þess, að það verði skoðað hvernig því verði við komið hjá þeim sjóðum sem vilja breyta sér í hlutafélög. Það er ástæða til að undirstrika, herra forseti, að það hvort sjóði er breytt í hlutafélag eða ekki er valkvætt. Því ráða þeir sem fara með stjórn í viðkomandi sjóði.

Vegna þess sem hér hefur verið rætt um, hvort eðlileg sjónarmið muni gilda þá finnst mér líka hægt að gagnálykta. Spyrja mætti: Hafi þeir sem í mörgum tilfellum hafa stýrt sparisjóðunum farsællega, hafa gert þá að farsælum peningastofnunum á starfssvæði sínu, er þá þeim sömu aðilum ekki treystandi til að gera svo áfram? Er ástæða til að ætla að ef þetta frv. verður að lögum og þeir fá heimildir til að breyta sparisjóði í hlutafélag þá fari menn að hugsa allt öðruvísi? Er líklegt að menn hugi þá ekki lengur að þeim megingildum sem þeir áður höfðu við uppbyggingu sjóðsins?

Eins og hér hefur komið fram hafa menn unnið að uppbyggingu sparisjóðanna víðast hvar af því sem í dag mundi kallast óeigingirni. Menn hafa ekki verið kröfuharðir á ávöxtun þess fjár sem þeir hafa sett inn í sjóðina. Er ástæða til þess að ætla að það breytist svo mjög hjá þessum sömu aðilum, enda þótt þeir eigi kost á því að breyta í hlutafélag, vegna þess að stofnfjárhlutur þeirra mun í sjálfu sér ekki breytast svo mikið? Þar væri enginn að græða. Menn fá eingöngu gagngjald fyrir stofnfé sitt. Þeir fá ekki hlutdeild í þeim arði sem orðið hefur til eða eigin fé sem orðið hefur til í sjóðnum heldur eingöngu gagngjald fyrir stofnfé sitt. Ég held að það sé ekki ástæða til að ætla að menn fari að haga sér með gjörólíkum hætti.

Ég held að það sé hins vegar full ástæða til þess að undirstrika að ugglaust hafa ekki allir áhuga á því að takast á við framtíðina með breyttu formi. Það er valkvætt. Það er einnig valkvætt hvort sveitarstjórnir eða héraðsnefndir skipa fulltrúa beint í stjórnir sjóðanna þar sem það er enn þá gert. Ég held, herra forseti, að það sé mikilvægt fyrir sparisjóðina, umhverfi þeirra og starfssvæði, að þær leikreglur sem gilda taki mið bæði af fortíð þeirra eins og mér finnst reynt að gera í þessu frv. og ekki síður af þeirri stöðu sem sjóðirnir eru í á gjörbreyttum fjármálamarkaði. Það er mikilvægt að þeir geti tekist á við þær aðstæður og haldið áfram að vera til eða eftir atvikum sameinast öðrum sjóðum eins og gerst hefur. Þó verður eigið fé sjálfseignarstofnunarinnar varðveitt með þeim hætti sem hér er lagt til á starfssvæði sjóðsins fyrir sameininguna, annaðhvort í gegnum stjórnunarleg áhrif á sparisjóðinn eða með þeim peningum sem nýttir yrðu til líknar- eða menningarmála eins og hér er mælt fyrir um.

Það er ástæða til þess að undirstrika, af því að norska leiðin var rædd hér í gær, að samkvæmt þessu frv. verður stofnfjáreigendum auðveldara að selja stofnfjárbréf sín. Það er verið að liðka til með það frá því sem er í dag. Þannig er reynt að bæta starfsaðstæður eða færa nær nútímanum starfsaðstæður þeirra sjóða sem ekki vilja nýta sér þá heimild sem hér er.

Herra forseti. Það er ljóst að sparisjóðirnir í landinu, með sína löngu sögu, gegna ákveðnu hlutverki. Mér sýnist að hér sé reynt að varðveita ákveðin sérkenni þeirra þó að einhverjir þeirra kjósi að breyta sér í hlutafélög. Ég vænti þess að nefndin takist á við það verkefni sitt að fara yfir lögin og taki tillit til ábendinga minna um sjálfseignarstofnanir og möguleikann á að velja inn í fulltrúaráðið og þar með stjórn sjálfseignarstofnunar með öðrum hætti en hér er lagt til.

[17:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að stofnfjáreigandi yrði að innleysa stofnfjárhlut sinn ef hann flytti af svæðinu. Það er ekki alveg rétt. Það er heimilt að innleysa stofnfjárhlut að beiðni stofnfjáreiganda ef hann óskar þess sjálfur. Það gerir að sjálfsögðu enginn. Sé sparisjóði breytt í hlutafélag þá eignast stofnfjáreigandinn sparisjóðinn á tvo vegu, annars vegar með hlutabréfi, sem er ekkert mikils virði eða jafnmikils virði og stofnfé hans, en hins vegar með völdum yfir sjálfseignarstofnuninni. Hann fær að stýra sjálfseignarstofnuninni um aldur og ævi.

Hópurinn í heild sinni stýrir þessari sjálfseignarstofnun. Þess vegna gerist það, jafnvel þótt suma eins og hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur dreymi um að sjálfseignarstofnunin sé fjármagn tengt svæðinu, að fjármagnið þarf aldeilis ekki að haldast þar. Ef stofnfjáreigendurnir flytja allir af svæðinu og búa annars staðar þá stýra þeir fé og það er náttúrlega ekkert bundið einhverjum stað. Þeirra hagsmunir geta verið allt aðrir en hagsmunir staðarins. Þeir gætu unnið á móti hagsmunum staðarins, t.d. með því að fá ódýr lán hjá sjálfum sér, þannig að ég sé ákveðna hættu við þetta.

Ég fer ekkert ofan af því að stofnfjáreigendurnir fá með þessari breytingu í fyrsta lagi hlut í hlutafélaginu. Í öðru lagi fá þeir að stýra þessu mikla fé og sá réttur fellur ekki niður nema, að því er mér sýnist, við dauða. Þá fellur hann niður. Við andlát fellur þessi réttur niður. Annars stýra þeir þessu um aldur og ævi, bara sá sem lifir lengst þar til þeir eru orðnir minnst 30, þá þurfa þeir að búa til einhverja reglu um að tilnefna eftirlitsmenn. Þá er það spurning hvort erfingjar hvers og eins taki við eða hvernig það er.

[17:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað skelfileg mynd sem hv. þm. dregur upp. Maður gæti haldið að hér væri verið að fara frá fyrirmyndarástandi yfir til einhvers mun verra.

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, að í dag er staðan þannig að mönnum finnst löngu tímabært að taka á henni. Hér reynir síðan hv. þm. að telja okkur trú um að stofnfjáreigendur sem fá hlutafé sem gagngjald fyrir stofnfé sitt geti komist í þá stöðu að fara að lána sér ódýr lán hér eftir. Hafi þeir ekki gert það hingað til þá átta ég mig ekki á því hver tilgangurinn að baki slíkum ásökunum er.

Eru völd eins af einhverjum hundruðum stofnfjáreiganda eða hluthafa, sem þar með er í fulltrúaráði sem kýs stjórn sjálfseignarstofnunar sem hefur það hlutverk að vinna að vexti og viðgangi sparisjóðs, orðin svo óskaplega mikil að hann geti látið bankann, í þessu tilfelli sparisjóðinn, lána sér ódýrt lán? Ég verð að segja að ef þingmaðurinn álítur að svo sé þá er hann að opna dyr inn í hugmyndaheim sem ég vissi ekki að fengi þrifist hér, hvað þá að slíkt væri hluti af veruleikanum.

Eins og ég sagði áðan hefur þeim sem núna eru stofnfjáreigendur sparisjóðanna, þeir skipta í einhverjum tilfellum hundruðum, hingað til verið treyst fyrir stjórn þessara sparisjóða. Það er þó verið að reyna að gera þessa stöðu lýðræðislegri og betri en hún er í dag. Það væri hægt að ganga lengra í því. Ég sé hins vegar ekki, herra forseti, af hverju breytni manna ætti að verða sú sem hv. þm. lýsir við

þá breytingu sem þetta frv. gerir ráð fyrir á lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði.

[17:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var eingöngu að segja að við breytingu yfir í hlutafélagaformið eignist núverandi stofnfjáreigendur í fyrsta lagi hlutabréf, sem er ekkert mikils virði og þeir mega selja, en jafnframt verði þeir ævarandi þátttakendur í að kjósa stjórn fyrir meginhluta hlutafjár í fyrirtækinu, hlutafénu, 90% til að byrja með eða, verði selt til fleiri hluthafa, ekki nema 50%. En þeir hafa alltaf mjög mikil ítök í stjórn sjóðsins.

Ég hef sagt að sá sem stýrir fjármagninu ræður að mestu leyti hvað verður um það. Þó að grandvarir og góðir menn hafi hingað til tekið þátt í að stjórna sparisjóðunum þá er ekki víst að svo verði áfram. Það sem ég er að lýsa er ekki ásökun heldur nákvæmlega sama hugsunin og bak við það að koma á dreifðri eignaraðild að bönkunum. Af hverju freista menn þess? Það er af því að þeir óttast að einhver einn aðili nái undirtökunum. Er það einhver ásökun gagnvart hluthöfum almennt? Alls ekki. Menn eru að reyna að girða fyrir þá möguleika að slík staða geti komið upp. Mér sýnist að frv. sem við tölum um hér, með svo miklu fé sem enginn á, bjóði heim þeirri hættu.

Ég hefði talið eðlilegra t.d. að finna einhverja bakhjarla, þ.e. sem hv. þm. nefndi bakhjarla en ég vil kalla það eigendur. Af hverju er ekki leikfélagið eða sjúkrahúsið o.s.frv. á staðnum bara gert að hluthafa, félögunum gefið féð sem hlutafé? Það má þess vegna vera bundið, að það megi t.d. ekki selja þetta fyrstu 20 árin. Af hverju reyna menn ekki að finna eigendur sem gæta eðlilegra hagsmuna? Þegar menn ráða yfir miklu fé sem þeir eiga ekki sjálfir þá er alltaf mikil hætta, meiri hætta en þegar menn eiga stóran hlut í banka sem þeir hafa þó borgað með eigin peningum og hafa hætt eigin peningum, en þegar menn ráða stórum hluta af fé sem þeir hafa ekki lagt fram sjálfir og eiga enga möguleika á að komast að á annan hátt en þann sem ég nefndi.

[18:01]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Með því að gagnálykta við ræðu hv. þm. mætti álykta sem svo að þeir menn sem hingað til hafa stýrt sparisjóðunum, og hv. þm. kallaði reyndar grandvara og góða, hafi fyrst og fremst gætt óeðlilegra hagsmuna. Það er mjög auðvelt einfaldlega vegna þess að hv. þm. leggur málin þannig upp að það virðist sem svo að sú breyting, sem hér er verið að gera og við erum væntanlega sammála um, ég og hv. þm., að er þó til bóta frá núverandi ástandi, bjóði upp á mun óeðlilegri hagsmunagæslu en hingað til hefur átt sér stað.

Hins vegar vil ég benda hv. þm. á að gert er ráð fyrir því að fulltrúaráðið skipi aldrei færri en 30 menn, aldrei færri, og þar eru menn vissulega að skjóta inn ákveðnum varnagla. En ég vil endurtaka og ítreka þá hugmynd sem ég setti hér fram og vona að nefndin vinni með um bakhjarla sem mundu þá væntanlega virka sem eigendur vegna þess að ég vil miklu frekar sjá að nýjum eigendum sé seldur aðgangur en þeim sé gefinn hann. Og ég get vel hugsað mér að bakhjarlar sem væru myndaðir af þeim aðilum á starfssvæðinu sem eiga að njóta góðs af fénu, ef það verður selt, virki sem slíkir. Ég sé ekki ástæðu til að við förum að deila þessu fé út og síst með þeim hætti sem hv. þm. nefndi, á grundvelli reynslukvótans varðandi skuldir og inneign. En ég lít svo á að við séum með í höndum frv. sem vísar fram á við, sem hægt er að gera betra áður en það verður að lögum ef menn fara í það með opnum og skapandi hætti. Og þá geti þeir sparisjóðir sem kjósa að breyta sér í hlutafélög, sem við vitum ekki hvort verða einhverjir eða hversu margir það verða, tekist á við framtíðina á sæmilega lýðræðislegan hátt. Hvað hina varðar er auðvitað annað mál.

[18:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég ræddi allítarlega og efnislega um þetta mál í gær, fór yfir það í ræðu sem ég áttaði mig ekki á þegar ég var að flytja hana að gæfi tilefni til mikilla yfinga eða andsvara. Engu að síður fór svo að ekki færri en þrír hv. þm., tveir hv. þm. Samfylkingarinnar og einn hv. þm. Framsfl., komu upp í andsvör við ræðu mína og svo merkilega vildi til að allir voru þeir með sömu undarlegu útleggginguna á ræðunni og hefði í sjálfu sér verið nóg fyrir einn þeirra að flytja andsvarið og hinir hefðu getað komið upp og sagt „dittó" eða fallið frá orðinu.

Ég ætla þar af leiðandi að fara örstutt yfir meginafstöðu mína í málinu ef það mætti verða hv. þm., sem hafa átt eitthvað í erfiðleikum með að átta sig á fyrri ræðu minni, til upplýsingar og hjálpar við að átta sig á stöðu málsins. En mér þykir að sjálfsögðu vænt um þá umhyggju sem þeir sýna afstöðu minni í málinu, að hún skuli þá fá athygli sem raun ber vitni.

Ég nálgast málið, herra forseti, í fyrsta lagi út frá því að sparisjóðirnir séu ákaflega mikilvægar og að mörgu leyti góðar stofnanir, mikilvægar vegna eðlis síns og stöðu sem sjálfstæðar stofnanir í héraði og hafi enda notið þeirra kosta sinna í góðu gengi á undanförnum árum. Staðreyndin er að sparisjóðunum hefur vegnað mjög vel og ég leyfi mér að segja að í gengi þeirra á undanförnum árum yrðu ekki sótt sérstök rök fyrir því að starfsumhverfi þeirra væri áfátt í einhverjum þeim mæli að það kæmi niður á velferð þeirra.

Hins vegar eru ýmsar aðstæður breyttar og sumir sparisjóðirnir, eins og ég fór yfir, hafa vaxið svo hratt að eiginfjárhlutfall þeirra hefur farið lækkandi af þeim sökum og sú framtíð er í sumum tilvikum fyrirsjáanleg að óbreyttu að þeir rekist á þau mörk og annað tveggja lendi niður fyrir þau eða að rifa verði seglin og þeir geti ekki aukið starfsemi sína með svipuðu móti á komandi árum og þeir hafa gert hingað til.

Ég nefndi í þriðja lagi, herra forseti, að burt séð frá þeim aðstæðum og rökum sem menn hefðu fyrir því að skoða breytingar af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir væri að sjálfsögðu ástæða til að rökstyðja þær og gefa sér ekki fyrir fram að réttast væri eða skynsamlegast að ráðast í slíkar breytingar og það af síður nákvæmlega á þessu formi.

Ég fór yfir þá kosti sem mér sýndust vera í stöðunni og get rifjað það upp að þeir séu í aðalatriðum fjórir. Sá fyrsti væri að aðhafast ekki og láta á það reyna enn um sinn hvort sparisjóðunum dugar ekki ágætlega sú löggjöf sem um þá gildir. Það er alls ekki svo að alls staðar í Evrópulöndum t.d. þar sem sparisjóðir eru öflugir og útbreiddir að lögum um þá hafi verið breytt. Á Spáni, í Þýskalandi og víðar eru mjög öflugir sparisjóðir sem hafa upp undir helmings markaðshlutdeild innlánsstofnana í þeim löndum og starfa sem klassískir eða hreinir sparisjóðir það ég best veit.

Annar kosturinn væri þá sá að láta reyna á það sem ég hef kallað B-leið eða norska leið fyrst, og sjá hvort það nýttist

þeim sparisjóðum sem vildu prófa þá leið til að sækja sér aukið fé.

Þriðji möguleikinn er þá hlutafélagaleiðin sem hér er lögð til í frv.

Fjórði möguleikinn — um hann ræddi ég aðallega og var inntakið í síðari hluta ræðu minnar — var spurningin um að leyfa þeim möguleikum báðum að vera til staðar og hafa löggjöfina þannig úr garði gerða að það gæti verið valkvætt fyrir sparisjóðina, þessir þrír kostir í stöðunni, að þeir héldu sínu rekstrarformi óbreyttu, að þeir breyttu starfsemi sinni í hlutafélagaform eða þeir nýttu sér heimildir í lögum til þess að gefa út B-deildarskírteini eða B-hlutabréf og ykju þannig hlutafé sitt og styrktu eiginfjárstöðu sína með þeirri leið sem farin hefur verið í Noregi og gefist þar ágætlega vel.

Ég rökstuddi þennan kost sérstaklega, herra forseti, og lýsti mig mjög jákvæðan gagnvart því að þetta yrði rækilega skoðað og fór reyndar fram á að hv. efh.- og viðskn. gerði það, og tók sérstaklega fram í máli mínu að ég væri ekki andvígur því heldur þvert á móti sé ég ekki ástæðu til að leggjast gegn því að sparisjóðirnir fái heimildir til að haga málum sínum í lögum eins og þeir og stofnfélagar þeirra telja þeim henta best. Það tel ég vera breytingar í anda þess að virða sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði þessara stofnana og það tel ég eiga að vera útgangspunkt í málinu. Mér er alveg ljóst að a.m.k. sumir af stærri og stærstu sparisjóðum landsins eru mjög áhugasamir um hlutafélagaleiðina sem hefur orðið niðurstaðan í frv., en ég fullyrði einnig að meðal margra forsvarsmanna minni sparisjóða og almennra aðstandenda sparisjóðanna í byggðarlögum hefur líka verið og er áhugi á því að skoða aðrar mögulegar leiðir. Það veit ég vel af samtölum við marga slíka menn.

Ég vonast þess vegna til að menn fallist á að skoða þetta mál með mjög opnum huga í hv. efh.- og viðskn. og að hæstv. viðskrh. sé því jafnframt velviljaður að engum dyrum sé lokað í þessum efnum. Mér kæmi ekki á óvart, ef nefndin fær til sín talsmenn t.d. ýmissa minni sparisjóða eða sparisjóðahópa af landsbyggðinni, að þar kæmu býsna sterk sjónarmið í þá veru að mikilvægt sé að búa þannig um þessar breytingar að þær geri sparisjóðunum kleift að varðveita eðli sitt og halda í þá kosti sem þeir hafa sem sjálfstæðar fjármálastofnanir í heimabyggð sinni og í því návígi og þeim góðu tengslum við viðskiptavini sína, fyrst og fremst almenning og kannski minni fyrirtæki og rekstraraðila eðli málsins samkvæmt, sem hefur verið aðalsmerki sparisjóðanna.

Ef þetta er leiðarljósið, herra forseti, í þessum breytingum er ég bjartsýnn á að hér sé hægt að ná góðri samstöðu um að lagfæra, skulum við segja og vona að reynist rétt, starfsumhverfi eða starfsgrundvöll sparisjóðanna þannig að þeir hafi meira sjálfræði um það hvernig þeir búa um rekstur sinn. Fyrir mér er aðalatriðið að þeir fái að halda sérkennum sínum og kostum því að eins og ég sagði áðan sér maður í fljótu bragði ekki mikinn tilgang með því að þeir séu yfir höfuð til og að greinarmunur sé yfir höfuð gerður á þeim og almennum, venjulegum viðskiptabönkum nema löggjöfin búi þeim möguleika til þess að halda sérstöðu sinni og sérkennum sínum. Þannig held ég að þeir þjóni best þeim tilgangi og þeim markmiðum sem hugsunin á bak við þá er, góð og félagsleg og gild sem hún er, og ákveðin frávik eða fjölbreytni í þeirri flóru sem til staðar er og gegn straumnum að sumu leyti sem hefur verið í átt til gríðarlegrar samþjöppunar og fjarstýringar þar sem stórir bankar, sem hafa verið að verða til og aðrir sem voru þar fyrir, eru tiltölulega miðstýrðar stofnanir í eðli sínu og byggja á miðstýrðri ákvarðanatöku og tiltölulega litlu sjálfræði eða sjálfsákvörðunarrétti þegar kemur út í útibú og afgreiðslustaði í einstökum byggðarlögum. Þar eru sparisjóðirnir algjör andstæða og það held ég að sé mjög hollt og gott og þannig eigi það að vera áfram.

[18:12]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 314. mál, nál. allshn., þskj. 959.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 261. mál, nál. allshn., þskj. 961.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 285. mál, nál. allshn., þskj. 960.

[18:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál hér. Það er einungis eitt atriði sem ég hef verulegar áhyggjur af hvað varðar það mál sem hér er til umræðu, en það er stjórnarfyrirkomulag sparisjóðanna. Ég er satt að segja afar hugsi yfir því hvernig hv. Alþingi getur gengið frá þeim málum þannig að eitthvert samræmi sé í þeirri afgreiðslu miðað við það hvernig Alþingi hefur fjallað um og er að fjalla um aðrar fjármálastofnanir.

Hér liggur einnig fyrir hv. Alþingi frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálastofnunum. Þar er verið að taka á stjórnun á fjármálastofnunum, algjörlega sambærilegum stofnunum og þeir sparisjóðir svokölluðu verða sem hér er verið að fjalla um. Þar hafa menn áhyggjur af því og eru þess vegna að leggja til að sett verði ströng lög um að Fjármálaeftirlitið eigi að fylgjast með eignarhlut í þeim bönkum og fjármálastofnunum sem fjallað er um í því frv. sem ég nefndi áðan.

Þar er ekki aldeilis verið að tala um að menn hafi meiri ráð yfir eignarhlut sínum, meiri ráð en sem svarar til eigin eignarhlutar. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir því að í framtíðinni geti þeir sem eiga tiltölulega mjög lítinn hlut af eigin fé þessara fjármálafyrirtækja sem hér um ræðir ráðið þeim gjörsamlega. Ég er ekki með þessu að kasta neinni rýrð á það hvernig menn hafa stjórnað þessum fjármálastofnunum til þessa en auðvitað verður eðlisbreyting á þessum fjármálastofnunum ef þeim verður breytt í hlutafélög. Menn fara auðvitað að líta á þessa sparisjóði mjög svipuðum augum og þeir líta á önnur hlutafélög. Það verður krafa um að þetta verði fyrirtæki sem standi jafnfætis í samkeppninni og að þeim verði stjórnað með sömu arðsemiskröfum og gerðar eru annars staðar í samfélaginu, í því viðskiptasamfélagi sem þeir hrærast í og keppa við önnur fyrirtæki í.

Engin ástæða er til að draga fjöður yfir það, ef mönnum finnst eins og mér að til framtíðar sé ekki heppilegt að jafnvel örfáir aðilar, eins og kemur greinilega fram í gögnum sem fylgja með þessu frv., þar er greinilegt að í sumum sparisjóðunum eru aðeins örfáir sem eiga stofnfé og munu ráða alfarið þessum sparisjóðum, muni ráða alfarið hverjir verða í stjórn í sparisjóðnum sjálfum eða bankaráðinu eða hvað menn vilja kalla það og munu líka ráða alfarið hverjir skipa stjórn eignarhaldsfélagsins. Ég hef miklar áhyggjur af því að þetta sé ekki fyrirkomulag sem hv. Alþingi getur afgreitt þannig frá sér og menn verði að horfast í augu við að leita leiða til þess að það komi stjórnendur að þessum eignarhlutum sem verða ekki í höndum stofnfjáraðilanna. Það verði bara tekið á því máli. Ég tek undir það sem hér hefur komið

fram um að það verði skoðað og mér finnst að hv. nefnd þurfi að leggja sig í framkróka við að reyna að finna einhverja leið til þess. Ég held að helsta leiðsögnin í því hljóti að vera sú sem felst í ákvæðunum hjá öllum þessum stofnunum um það hvernig eigi að fara með fé þessara stofnana ef þær verða lagðar niður. Þar sé helst að finna leiðsögnina. Ég ætla ekki að fara að úttala mig um einhverjar tillögur um það nákvæmlega hvernig eigi að gera þessa hluti. En ég tel að það þurfi að leggja verulega vinnu í það að finna leið út úr þessu. Ég bendi á að í þeirri skrá sem fylgir hér um stofnfé og stofnfjáreigendur sparisjóða, er fjöldi stofnfjáreigenda alveg niður í það að vera tveir og þessir tveir stofnfjáreigendur fara þá alfarið með þetta vald. Það er mjög mismunandi fjöldi sem þarna er á bak við, allt upp undir rúmlega 900 manns sem eru á bak við í einum sparisjóðnum.

Nú ætla ég ekki að spá neinu um það hvort þessum fyrirtækjum verði breytt í hlutafélög og hverjir það geri eða hve margir. En ég kom eingöngu upp til að láta það koma fram að mér finnst þetta, svo ég taki vægt til orða, afskaplega mikið umhugsunarefni hvort þetta geti gengið inn í framtíðina að þetta verði með þeim hætti eins og þarna er lagt til. Ég legg eindregið til að nefndin fari mjög vel yfir það hvort ekki sé hægt að finna leið út úr þessu þar sem fyrst og fremst verði reynt að rýna í hvað átti að gera við þessar eignir þegar átti að leggja sparisjóðina niður og leita með þeim hætti að þeim sem ættu þá að koma að stjórn þess eignarhaldsfélags sem þarna er talað um að stofna.

[18:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vangaveltur mínar vegna þessa frv. fara nokkuð í svipaðan farveg og komu fram í ágætri ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Raunar er það þannig, sem gerist ekki oft, að ýmsir þankar hv. þm. Péturs H. Blöndals voru þess eðlis að ég hlaut að leggja við hlustir og ég get verið sammála honum um að það er margt að gaumgæfa í þessum efnum.

Fyrir það fyrsta vil ég leggja áherslu á, eins og flestir aðrir hv. þm. sem hér hafa lagt orð í belg, að ég er mikill áhugamaður um framgang sparisjóðanna og vil efla styrk þeirra og stöðu, einkum og sér í lagi vegna þess að þeir hafa árum og áratugum saman, ekki síður í nútíð en fortíð, sett verulegt mark á næsta nágrenni sitt, bæði hvað atvinnulíf varðar og ýmislegt annað og verið eins konar kjarnastofnanir í fjármálalegu og raunar víðfeðmara tilliti í heimabyggð og að því leytinu til er ég áhugasamur um framgang þeirra.

Menn hafa talað um það nokkuð lengi að mikilvægt væri að búa sparisjóðunum nýjan lagagrundvöll og lagaramma og velt því dálítið fyrir sér í gegnum tíðina hver ætti í raun og veru þessa sjóði. Sú spurning hefur verið fullkomlega gild að mínu áliti. Ég hef gjarnan spurt þeirrar spurningar í gegnum tíðina hver eigi sparisjóðina og hef fengið fjölmörg svör við þeirri einföldu spurningu en engin mjög einhlít og engin þannig að þau standist fullkomin rök. Mér þætti hins vegar er fróðlegt ef hæstv. ráðherra spreytti sig á þessari spurningu: Hver á sparisjóðina í landinu í dag? Þá á ég ekki við það ef til þess kemur að þeir verði gerðir upp og litið yrði til samþykkta þeirra sem eru í mörgum tilfellum þess eðlis að eigið fé þeirra og það sem eftir situr þegar skuldbindingar hafa verið greiddar upp, eigi að renna til líknar- og menningarmála í héraði. Spurningin er hins vegar sú hvort sú leið sem hér er lögð til standist gagnrýna skoðun. Ég staldra fyrst og síðast við það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur vakið máls á og raunar hv. þm. Pétur H. Blöndal sömuleiðis. Í fyrsta lagi vitum við að fulltrúaráðin í sparisjóðunum eru misfjölmenn. Hið fjölmennasta telur 908 stofnfjáreigendur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og allt niður í tvo sem eru að vísu sveitarfélög í því tilfelli, en algeng tala er á bilinu 40–100. Nú er það þannig að þessir stofnfjáreigendur hafa eiginlega fjölgað sér innan frá. Með öðrum orðum að einstaklingar úti í bæ hafa ekki getað bankað á dyr sparisjóðs og lýst yfir því að þeir vilji gjarnan gerast stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði, heldur hefur á aðalfundi viðkomandi stofnunar verið tekin um það ákvörðun að fjölga um 10, 20 eða 100 eftir efnum og ástæðum og þetta hefur verið handvalið af þeim aðilum sem fyrir eru. Þetta hefur verið alllokaður klúbbur, skulum við segja. Bara af þeirri ástæðu einni saman hlýtur maður að staldra eilítið við það ákvæði þessa frv. sem lýtur að þessum hópi manna og kvenna að lagalegum stoðum skuli í raun og veru vera skotið undir „eign" þeirra og ráðstöfunarvaldi á öllum eignum sparisjóðsins við tiltekinn uppgjörstíma.

Nú segi ég eins og allir aðrir hér á undan að ekki er verið að ýja að því að þessir einstaklingar fái meira í sjálfu sér fyrir stofnfjárhlut sinn en þeir lögðu til, og það er sérstaklega tekið á því atriði. En stóri þáttur málsins er sá að í sumum tilfellum hafa örfáir einstaklingar ráðstöfunarvald yfir milljörðum króna og raunar í sumum tilfellum tugum milljarða í föstum eignum viðkomandi sparisjóðs. Að því leytinu til hafa þeir í krafti einhverra tugþúsunda króna, sem þeir lögðu til, vald á þessum gífurlegu fjármunum og þurfa út af fyrir sig ekki að spyrja kóng eða prest um það hvernig þeir fara með það vald sitt.

Maður veltir því dálítið fyrir sér hvort það sé ekki einmitt ígildi þessa valds yfir fjármunum sem skapi síðan andlag að ákveðnu eignarhaldi og hvort þessir stofnfjárhlutir, ef þeir ganga kaupum og sölum, hvort sem það er uppi á borðum eða undir borðum, séu ekki ígildi verulegra fjárhæða og verði ekki eftirsóttir meðal þeirra sem hafa fjármuni undir höndum. Til að segja það bara eins og það er þá er hættan sú að fjársterkir aðilar taki ákvörðun um það að kaupa völd og áhrif með einhverjum tilteknum peningum.

Nú vil ég eins og menn hafa gert hér áður taka mjög skýrt og afdráttarlaust fram að í orðum mínum felst engin gagnrýni á gangverk mála fram að þessu. Mér dettur ekki í hug að ætla það að menn hafi misfarið með þetta vald sitt fram að þessu þó að fyrirkomulag þessara mála hafi sumpart verið eins og ég gat um býsna sérkennilegt þegar þessir stofnfjáreigendur hafa raunar fjölgað sér innan frá.

Í sumum tilfellum er það einfaldlega þannig, herra forseti, og við skulum segja þá hluti eins og þeir eru. Þar hefur til að mynda pólitískt litróf og pólitískur litur ráðið miklu um það hvernig valið er í þennan hóp, og er það eitthvað eðlilegt? Nei, auðvitað er það ekki. Það hefur gjarnan verið haft á orði að sumir sparisjóðir séu bláir og sumir jafnvel hálfbleikir og ýmis litbrigði á þessu og þeir eru líka til grænir og ekkert um það að segja.

Ég segi það því í þessu samhengi, herra forseti, af því að menn hafa gjarnan talað um það og haft um það stór orð í þessum ræðustóli þegar kemur að hlutafélagavæðingu ríkisfyrirtækja, hvort sem það eru bankastofnanir eða fjármálastofnanir eða eitthvað allt annað, og því er haldið fram að virkir eigendur, væntanlega eigendur hlutafjár fari betur með eigið fé en annarra, að það er auðvitað þannig, eins og ég heyrði hv. þm. Pétur H. Blöndal ræða að stofnfjáreigendur

eru ekki því marki brenndir í þessu tilfelli. Þeir eru það alls ekki. Af því að þeirri hugmynd hefur verið hreyft hér hvort eigi þá ekki með einhverjum hætti að leita leiða til að styrkja og breikka þennann bakgrunn, þetta baksvið þeirra stofnfjáreigenda sem eiga að mynda þessa sjálfseignarstofnun sem á í mörgum tilfellum 99,7% af eigin fé sjóðsins, hvort það sé þá endilega svo óeðlilegt að sveitarsjóðirnir komi þar að verki eins og verið hefur.

Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar, herra forseti, og það hefur aldrei angrað mig neitt sérstaklega að sveitarstjórnirnar, sem eru auðvitað lýðræðislega skipaðar og lýðræðislega kjörnar, hafi í ljósi þessarar sérstöðu sparisjóðanna og þeirrar sérstöðu sem þessir stofnfjáreigendur og fulltrúaráð og ábyrgðarmenn eins og þeir hétu áður hafa haft, að kjörnir fulltrúar í viðkomandi héraði hafi þar aðkomu að málum. Ég þekki það til að mynda býsna vel úr heimabyggð minni eftir að hafa einmitt verið stjórnarmaður í sparisjóði þá sem bæjarfulltrúi á staðnum og síðar sem bæjarstjóri í Hafnarfirði í viðskiptum við stóran sparisjóð, að það gekk býsna vel og mér fannst ósköp eðlilegt að sveitarfélagið hefði kannski eitthvað um það að segja hvernig hlutir gengju fram. Ég sé ekki að það sé neitt annað sérstaklega nærtækara í þeim efnum, að einhver menningarklúbbur eða eitthvert líknarfélag eða aðrir aðilar geti betur komið að því að styrkja þennan mjög svo veika félagslega bakgrunn og veika í öllu tilliti sem stofnfjáreigendurnir standa á. Sá grunnur sem þeir standa á er afskaplega veikur út frá öllum sjónarmiðum þannig að hér þurfum við augljóslega að gera bragarbót á.

Menn hafa gjarnan haft á orði að verið væri að nútímavæða íslenskt fjármálalíf og reyna að dreifa ábyrgð, þar á meðal með því að fá almenning til að kaupa hlut í viðkomandi fyrirtækjum. Menn hafa sagt að ríkisstýring sé arfur liðinnar tíðar, að hafa miðstýrt apparat sem menn hafa gjarnan kallað svo. Í þessu tilfelli er hins vegar verið að miðstýra þó einkaaðilar eigi í hlut. Það er miðstýrður kapítalismi sem er ekkert skárri en þegar ríkið á í hlut.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort skjóta eigi lagastoðum undir það að stofnfjáreigendur sem eiga samanlagt 0,3% af eigin fé sparisjóðsins, 1,8%, 0,2%, 0,6%, 2,2%, 0,9%, 0,2%, að það sé endilega sjálfgefið að þessir aðilar, þessir einstaklingar með ákvörðunum Alþingis og með breyttum lögum, fái völd yfir þeim 10 eða 11 milljörðum sem eru samanlagt eigið fé sparisjóðanna og yfir eignum sem telja 116 milljarða kr. Ég sé ekki að það sé sjálfgefið að gera þetta með þeim hætti. Ég hef ekki aðra lausn á takteinum. Ég velti því hins vegar hér upp hvort þetta sé fyrsta skrefið sem taka á til að klippa á tengslin við sveitarsjóðina. Ég er alls ekki viss um það. Ég er raunar handviss um hið gagnstæða og bið hæstv. ráðherra að fara aðeins yfir það og bregðast við þessum vangaveltum mínum og annarra hv. ræðumanna yfir þessu hinu sama.

Það er nefnilega ekki alveg sama, þó þörf sé á breytingum, hvernig þær ganga fram. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stakk upp á millileið í málinu. Ég þekki hana ekki til hlítar til þess að geta lagt á hana dóm en mér þykir eðlilegt að menn skoði hana í nefnd og vildi gjarnan að hæstv. ráðherra fjallaði um þá leið.

Ég spyr mig einnig hvort einhver leið væri að gera þessa breytingu í áföngum, opna til að mynda þennan hóp stofnfjáreigenda um einhvern tiltekinn tíma þannig að almenningur ætti kost á að skipa sér í raðir þeirra líkt og verið hefur. Ég var að reyna að rifja upp með sjálfum mér hvernig það bar til að t.d. stofnfjáreigendum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fjölgaði um fleiri hundruð á örskömmum tíma. Þeir eru nú 908 en hvernig að því var staðið man ég ekki gjörla. Ég minnist þess ekki sérstaklega að öllum almenningi hafi verið boðinn aðgangur þar að heldur hafi sérvaldir menn verið boðaðir til þess fundar. En er eitthvað að því að við reynum að breikka þennan hóp og stækka hann? Þá fyndist mér sviðið horfa allt öðruvísi við. Er eitthvað sem mælir því sérstaklega í mót?

Ég er með öðrum orðum fullur tortryggni þegar svona sjálfsprottnum fulltrúaráðum sem eru sjálfskipuð og endurnýjast innan frá eru afhent með lögum frá Alþingi svo víðfeðm völd sem í raun erfast. Þau eru óumbreytanleg hvað sem tautar og raular. Þetta er klúbbur sem endanlega lokast með þessu frv. ef að lögum verður. Var hann þó lokaður fyrir. Ég er ekki alveg tilbúinn að samþykkja slíkt athugasemdalaust.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég gæti margt um málið sagt. Þetta er þó sýnu veigamest að minni hyggju. Mér finnst ekki liggja lífið á að ljúka þessu verki og alls ekki með þeim hætti sem hér um ræðir nema þeim gagnrýnisröddum sem heyrst hafa sé með einhverju móti svarað. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort málið standi og falli með því að því ljúki á vorþingi. Væri ekki ráð að leyfa málinu að lifa sumarið svo mönnum gefist kostur á að skoða aðra kosti og fikri sig í þessa átt? Ég er út af fyrir sig sammála því að gera breytingar en vil að þær verði gerðar með hægð. Ég er ekki að lýsa einhverri sérstakri aðdáun minni á „status quo", á stöðnuðu fyrirkomulagi hjá sparisjóðunum. Þeim hefur þó þrátt fyrir allt tekist að spjara sig prýðilega við þær aðstæður sem menn hafa talað um að kalli á breytingar. Það er rétt að hafa það líka í huga í því sambandi.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra gefi í lokaræðu sinni gleggri mynd en hún gerði í framsöguræðu sinni í gær af því hvernig hún sjái að hægt verði að leysa þau álitamál sem hér hafa verið rakin og vakin á athygli. Ég ítreka að það er ekki svar í þessu sambandi að segja að hér sé aðeins um heimildarákvæði að ræða og sparisjóðirnir ráði ferðinni í þessum efnum. Eftir sem áður stendur það sem ég hef haft sem rauðan þráð í ræðu minni að það eru aðeins þessir örfáu aðilar, stofnfjáreigendur, sem hafa ráðin algerlega í hendi sér.

Ég er ekki viss um að það sé endilega til bóta að sömu aðilar, sem fjölga sér innan frá, hafi um það einhlítan ákvörðunarrétt hvort fulltrúi sveitarstjórnar eigi hlut að máli. Ber að skilja það svo að þetta frv. sé valkvætt þannig að margir sparisjóðir geri nánast það eitt að losa sig við fulltrúa sveitarstjórnanna og skipa ráðin að öllu leyti fulltrúum stofnfjáreigenda? Þá spyr ég: Til hvers er leikurinn gerður? Ég held að það væri skref aftur á bak ef eitthvað væri og þrengdi enn frekar — ég varast að nota orðið klíka en nota þó að lyktum — þá klíku sem orðið hefur til samkvæmt hinni lagalegu umgjörð. Í raun telst það ekkert annað þegar við höfum búið við þær kringumstæður að inn í fulltrúaráðið komast þeir einir sem gengið hafa í gegnum það nálarauga að sæta sérstöku vali þeirra sem með ráðin fara.

[18:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa miklu umræðu og þann mikla áhuga sem þetta mál fær í þinginu. Mér finnst ekkert skrýtið að hv. þm. hafi efasemdir og velti þessum hlutum fyrir sér enda erum við að

tala um mikla breytingu á starfsumhverfi sparisjóðanna. Þeir eiga sér mikla sögu og miklar tilfinningar í hugum margra. Það á bæði við um landsbyggðarmenn sem og ýmsa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, ekki síst í sveitarfélagi hv. síðasta ræðumanns.

Svo ég fari aðeins yfir það sem komið hefur fram í umræðunni þá vil ég fyrst taka fyrir ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hann hélt í gær og reyndar aftur í dag. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. væri tiltölulega sáttur við frv. Hann taldi þó mikilvægt að skoða það mjög ítarlega og hvort ekki væri rétt að bjóða sparisjóðunum upp á fleiri valkosti, t.d. með útgáfu nýrra B-deildar bréfa sem væri líkt því sem þekktist í Noregi, þ.e. ný tegund bréfa með aukinn arðsrétt sem ganga kaupum og sölum á markaði. Jafnframt talaði hann um að nauðsynlegt væri að varðveita hið sérstaka eðli sparisjóðanna og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra.

Ég tel æskilegt að sparisjóðirnir verði áfram meginstoðir í bankakerfinu víðs vegar um landið. Þetta eru yfirleitt lítil fyrirtæki í nánum tengslum við sitt nánasta umhverfi sem þekkja vel þarfir viðskiptavina sinna. Í kjölfar meiri samkeppni og sístækkandi eininga á fjármagnsmarkaði er ljóst að litlir sparisjóðir eiga á brattann að sækja. Ég tel því að löggjafinn eigi að hlúa þannig að sparisjóðum að þeir hafi yfir þeim tækjum að ráða sem nauðsynleg eru í þessari samkeppni. Hins vegar tel ég að ríkið eigi ekki að ráðskast með þá heldur virða sjálfsákvörðunarrétt sparisjóðanna. Þeir verða að taka ákvörðun um eigin framtíð og sjálfir að marka stefnuna. Það á enginn annar að gera það fyrir þá og út á það gengur þetta mál.

Frv. veitir sparisjóðunum heimild til þess að breyta sér í hlutafélög. Það er ómögulegt að segja til um það fyrir fram hvaða stefnu hver og einn sparisjóður mun taka í þessu máli. Það má heldur ekki gleyma því, sem reyndar hefur lítið verið rætt hérna, að frv. gerir ráð fyrir að sparisjóðir sem ekki breyti sér í hlutafélög verði betur settir en áður. Það eru gerðar breytingar á ákvæðum um stofnfjárbréf sem gera það að verkum að arðsvon af þeim verður betri og það verður auðveldara að selja þau. Það mun ekki lengur þurfa andlát stofnfjáreigenda, fjárslit á milli hjóna eða brottflutning af starfsvæði til að geta losað sig við eignarhlut í sparisjóði.

Samkvæmt frv. verður einnig heimilt að leggja ákveðinn hluta hagnaðar á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Þessi ákvæði eru mjög mikilvæg, opna fyrir meiri viðskipti með stofnfjárbréf og aukna arðsvon af þeim. Sparisjóðirnir eiga því valkosti og það er þeirra að vinna úr þeim.

Hvað varðar möguleikann á að bæta enn fleiri valkostum við í flóruna þá tel ég í sjálfu sér enga ástæðu til að ganga svo langt. Að mínu mati er þó eðlilegt að efh.- og viðskn. fari yfir þá möguleika sem til staðar eru, þau gögn sem til eru um málið og reynsluna erlendis. En af hverju var B-deildar leiðin ekki valin? Hún var vissulega rædd. Það var fyrst og fremst vegna þess að allar líkur benda til að bréfin séu illa eða ekki samkeppnishæf á markaði og umtalsvert dýrari leið fyrir sparisjóðina. Með B-deildar bréfum er verið að reyna að búa til markaðsverðbréf sem líkjast hlutabréfum eins og kostur er en þau eru ekki hlutabréf og fjárfestar þekkja þau ekki. Það þarf að setja umfangsmikil ákvæði í löggjöf um þau. Fjárfestar eru ekki tilbúnir til þess að festa fé sitt í slíkum bréfum nema með álagi. Fjármagnskostnaður sparisjóðanna hækkar þess vegna. Þetta er vel þekkt frá Noregi, af því að Noregur hefur verið mikið nefndur, og sparisjóðanefndin fór m.a. könnunarferð til Noregs þar sem rætt var við sparisjóði um B-deildar bréf.

Stærsti sparisjóður Noregs, SparNor, telur að kostnaður við B-deildar bréfin sé fjórðungi hærri en af hlutabréfunum. Þessi sparisjóður hefur óskað eftir því að fá sérstaka heimild löggjafarvaldsins til að breyta sér í hlutafélag. Ég veit líka að fulltrúar íslensku sparisjóðanna hafa verið á ferðinni í Noregi til þess að fá upplýsingar um mál þar frá fyrstu hendi. Þetta m.a. liggur því til grundvallar að þessi leið er ekki hátt skrifuð í frv. og ekki gerð tillaga um hana.

Það var eitt í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur sem ég vildi leiðrétta. Hún sagði að í frv. væru sparisjóðir sem breyttu rekstrarformi sínu í hlutafélög einhvers konar afbrigði af almennum hlutafélögum samkvæmt hlutafélagalögum. Þetta er ekki svona. Sparisjóðir sem breytast í hlutafélög starfa alfarið samkvæmt lögum um hlutafélög og lagaákvæðum um hlutafélagabanka. Lagaákvæði um hlutafélagabanka gilda um sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag að öðru leyti en því að kveðið er á um sérstaka atkvæðatakmörkun í sparisjóðnum, eins og hv. þm. muna eflaust að er um 5%.

Ég tel að það sé rétt stefna í frv. að taka mið af almennum og þekktum rekstrarformum í stað þess að reyna að búa til eitthvað nýtt. Þannig gilda lög um hlutafélög um sparisjóði sem breyta sér í hlutafélög og lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur um sjálfseignarstofnanir sem eignast hlutafé í sparisjóði.

Hv. þm. Pétur Blöndal var með ýmsar athugasemdir og það var grundvallarmisskilningur sem kom fram í hans máli. Hann sagði að sala eða framsal stofnfjárhlutar í sparisjóðum sem breyttu sér í hlutafélög væri óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Þar með réðu sparisjóðsstjórnirnar öllu í hlutafélaginu.

Þetta er ekki rétt og væri mjög óeðlilegt ef svo væri á málum haldið. Um sparisjóði sem breytast í hlutafélög gilda ákvæði bankalaganna um hlutafélagsbanka. Það eru engar hömlur á viðskiptum með bréfin og sparisjóðirnir geta ekki ráðið sölu og framsali. 18. gr. laganna, sem hv. þm. vísar í, gildir hins vegar áfram um þá sparisjóði sem breyta sér ekki í hlutafélög.

Það var ýmislegt annað sem kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals sem ég er ósammála. Hv. þm. vill að fundnir séu eigendur að sparisjóðunum og þeir séu munaðarlausir í dag og hann hafi ímugust á fé sem enginn á. Hann kom með tillögu um að afhenda stofnfjáreigendum og viðskiptavinum þau verðmæti sem í sparisjóðunum eru og það fyrirkomulag sem nú sé verið að koma á verði rotið, spilling grasseri, mannskepnan sé breysk og gömlu stofnfjáreigendurnir muni ota sínum tota og koma miklum verðmætum undan til menningar- og líknarfélaga sem sett væru á laggirnar af velunnurum stofnfjáreigenda eingöngu í þeim tilgangi að komast yfir fé. En það kom hins vegar á óvart að hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að sparisjóðirnir hafi staðið sig vel hingað til þrátt fyrir að óljóst eignarhald sé á þeim.

Varðandi eignarhald kemur ekki til greina að afhenda stofnfjáreigendum eða einhverjum öðrum verðmæti sem þeir geta ekki gert tilkall til. Það kemur skýrt fram í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að stofnfjáreigendur skuli einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu. Þeir eiga ekki tilkall til uppsafnaðs hagnaðar sparisjóðsins. Þetta er lykilatriði í frv. Þar sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til

stórs hluta af hlutafé sparisjóða verður sjálfseignarstofnunin í öllum tilvikum langstærsti hluthafinn. Það er visst vandamál, en það verða sparisjóðirnir að leysa. Hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að vexti og viðgangi í starfsemi sparisjóðsins. Ráðstöfun fjár sjálfseignarstofnunarinnar er til líknar- og menningarmála á starfsvæði viðkomandi sparisjóðs. Það er nákvæmlega sama ráðstöfun og fram kemur í samþykktum sparisjóða í dag og hefur ekki það ég veit valdið vandræðum hingað til.

Hv. þm. taldi að sjálfseignarstofnunin mundi aldrei selja hlut sinn, hún mundi alltaf vilja halda völdum í sparisjóðnum og ólíklegt sé að nýir fjárfestar séu tilbúnir til að koma inn í rekstur sparisjóðsins ef einn aðili hyggist halda völdum um ókomna tíð. Það er reyndar alveg rétt hjá hv. þm. að það er ólíklegt að fjárfestar muni vilja koma inn í rekstur sparisjóðsins ef sjálfseignarstofnunin hefur í hyggju að halda yfirráðum yfir sparisjóðnum um aldur og ævi. En það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af þessu að mínu mati.

Ég vil þá aðeins koma inn á það sem kom fram í ræðum síðustu hv. ræðumanna. Ég tel að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hafi verið í öllum aðalatriðum mjög jákvæð í garð frv. þótt hún velti fyrir sér fulltrúaráðinu og hvernig valið er til stjórnar. En það hafa fleiri hv. þm. komið inn á og auðvitað er það hlutverk hv. nefndar að fara yfir þau atriði eins og önnur. En ég ítreka að það er ekki af neinni tilviljun sem mál eru sett fram með þessum hætti í frv. Mál hafa verið rædd ítarlega í þeirri nefnd sem hefur verið að störfum og í nefndum í þó nokkur ár.

Í sambandi við það sem kom fram hjá tveimur síðustu ræðumönnum, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, þar sem þeir velta mikið fyrir sér þessu með tiltölulega fáa stofnfjáreigendur og að þeir skuli hafa þau völd að kjósa til stjórnar sparisjóðsins og reka hann og ráða þar ferð, þá gat ég ekki heyrt að hv. þm. hefðu í sjálfu sér aðrar hugmyndir um hvernig leysa skyldi þessi mál nema þá það að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur efasemdir um að það eigi að opna á þann möguleika að sveitarfélög kjósi ekki lengur til stjórnar en það er valkvætt eins og frv. er sett fram. Ég sé ekki aðra aðila sem hafa meiri ástæðu til að koma þarna að málum. Og hvað varðar sjálfseignarstofnunina starfar hún að sjálfsögðu samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og þau lög eru nokkuð ítarleg.

Einnig vil ég að það komi fram að eftirlit með virkum eignarhlutum, það frv. sem er til meðferðar í þinginu, mun að sjálfsögðu gilda um sparisjóðina eins og aðrar fjármálastofnanir, ef að lögum verður. Það er því ekki eins og viðkomandi einstaklingar geti ráðskast með viðkomandi sparisjóði algjörlega án tillits til laga og eftirlits. Eftirlitið verður mjög mikið og kannski of mikið miðað við ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals þegar það mál var hér til umfjöllunar, en þetta tel ég rétt að komi hér fram.

Hver á sparisjóðina? Mér finnst eiginlega skrýtið að svona sósíaldemókratar, hv. þm., skuli hafa svona miklar áhyggjur af þessu. Ég er alin upp í samvinnuhreyfingunni og það er þannig með kaupfélögin að það er margt líkt með kaupfélögunum og sparisjóðunum, enda náttúrlega á svipuðum tíma sem þessar stofnanir verða til og það er mjög margt áþekkt í samþykktum þessara félaga. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu atriði. Ég sé a.m.k. ekki að það sé önnur leið skynsamlegri en að fara þá leið sem farin er í frv.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson taldi að það væri kannski ekki nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. endilega í vor. Auðvitað er það alltaf þingið sem ræður hversu hratt mál fara í gegn. En ég vil þá ítreka að það er búið að vinna þetta mál vel. Ég vona að sú vinna komi nefndinni að gagni, en það var sem sagt fyrst árið 1998 sem fyrrv. ráðherra skipaði nefnd og síðan var það sumarið 2000 sem sú nefnd var skipuð sem vann frv. í öllum meginatriðum.

[18:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að ákvæðin sem væru í frv. um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum mundu gilda um sparisjóðina. Mig langar þá til þess að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann telji að eignarhlutur og yfirráð þeirra stofnfjáreigenda sem nú eru í sparisjóðunum geti farið saman við anda þess sem er í frv. þar sem það liggur fyrir að ef stjórn þessara fyrirtækja er svona fyrir komið eru þeir sem eiga mjög lítinn hlut alfarið ráðandi yfir þessum fjármálafyrirtækjum. Er það þá ekki mismunun ef það á að fara að taka á einhverjum öðrum fjármálafyrirtækjum út frá þeim grunni að menn eigi þar of mikið? Það er talað um 10%, það eigi að skoða málið þegar menn séu komnir yfir 10% eignarhlut í fjármálafyrirtækjum en hérna erum við að tala um að þeir sem eiga kannski 15% heildareign í sparisjóði geti ráðið honum alfarið. Ef það á að vera eitthvert samræmi í því sem það opinbera er að gera getur þá þetta gengið upp? Mig langar til að fá svar við þessu.

Síðan langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún óttist ekki að með þessu fyrirkomulagi muni þeir sem hafa þessi ráð í hendi sér geta verðlagt með einhverjum hætti sölu-una á þeim völdum sem fylgi þessu, þ.e. að þeir geti fengið tilboð í eignarhlut sinn í sparisjóðnum sem sé langtum hærra en þau prósent sem þeir eiga þar inni.

[18:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. velti fyrir sér hvort frv., ef að lögum verður, um eftirlit með virkum eignarhlutum muni gilda um sparisjóðina eins og ég hélt fram í ræðu minni áðan. Þannig er það. Þau munu gilda. Það er sem sagt sjálfstæður lögaðili sem á eignarhlutinn, sem er sjálfseignarstofnunin. Því munu þau lög gilda sem hér hafa verið kynnt og eru til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn., ef að lögum verða, og ég held að það sé líka mjög mikilvægt.

Því sem hv. þm. nefndi annað náði ég ekki nógu vel þannig að ég held að ég verði að biðja hann að koma aftur og ítreka það.

[18:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að hafa miklar efasemdir um að frv. sem við erum að tala hér um, breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, í samhengi við frv. sem við erum annars að fjalla um, geti yfirleitt virkað ef menn líta þannig á að það gangi að menn hafi öll ráð í hendi sér sem eiga einungis örlítinn eignarhlut í sparisjóðum eins og þessum hér. Hvað munu þá hinir segja þegar á að fara að skipta sér af þeim ef þeir eiga einhver 10% eða svo?

Hitt sem ég var að spyrja um var það að þeir sem eiga þennan litla eignarhlut og hafa öll þessi völd munu geta selt þennan litla eignarhlut og völdin með og fengið fyrir sinn litla eignarhlut í þeim hlutafélögum sem hér er verið að tala

um að búa til kannski miklu hærri fjárhæð en hluturinn segir til um vegna þeirra valda sem fylgja honum.

[18:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þetta með hver á hvað. Ég segi það aftur við hv. þm.: Hver á að fara með þennan eignarhlut ef ekki þeir sem eru þó stofnfjáreigendur? Við höfum bókstaflega ekki aðra útgönguleið ef við viljum yfirleitt breyta lögum um sparisjóði og gera þeim mögulegt að eiga möguleika í þeirri hörðu samkeppni á fjármagnsmarkaðnum.

Ég tel eðlilegt að hv. þm. og aðrir hafi efasemdir um málið og um þetta atriði en ég hef ekki heyrt að nokkur hafi getað bent á betri leið til þess að ná fram því markmiði sem ég held að við öll eða allflest stefnum að í sambandi við frv.

[18:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. misskildi það sem ég hafði sagt um að ekki mætti framselja hluti. Ég átti að sjálfsögðu við stofnfjárhluti, stofnfé sem menn eiga í sparisjóðunum. Það má ekki framselja þá nema með samþykki sparisjóðsstjórnar og veðsetningin er alfarið óheimil eins og stendur á síðu 7. Það er það sem ég átti við. Það er fyrir hlutafjárvæðinguna sem markaðurinn myndast.

Eins og komið hefur fram í umræðunni getur einhver aðili — stofnfjáreigendur þurfa ekki að vera persónur, þeir geta verið lögpersónur, þeir geta verið hlutafélag, það er ekkert sem bannar það, þeir geta verið sveitarfélag. Og það er ekkert sem bannar að einhver stór aðili bjóði mönnum, stofnfjáreigendum, t.d. þessum þúsund sem eru hjá SPRON, mjög gott verð fyrir hlut sinn ef þeir kjósa mann hans í stjórn. Þegar hann er kominn í stjórn áður en hlutafjárvæðingin verður, þá ræður hann hvaða stofnfé er framselt því að hann ákveður það. Hann getur ákveðið að þau stofnfjárbréf sem hann ætlar að kaupa, að framselja megi þau til fyrirtækja hans og þar með getur hann borgað mjög sæmilegt verð fyrir þetta stofnfé vegna þess að hann ræður um aldur og ævi þessari sjálfseignarstofnun sem á 90% í þeim sparisjóði.

Það er þetta sem ég var að benda á og þegar ég gat um spillingu og annað slíkt, þá átti ég við möguleikana á slíku. Ég var alls ekki að segja að þetta ætti sér stað í dag, langt í frá. En þetta er það sem ég átti við.

En mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað gerist þegar stofnfjáreigandi fellur frá? Hvað gerist með hlut hans og atkvæðisrétt og rétt hans til að kjósa stjórn sjálfseignarstofnunarinnar?

[19:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. sé ansi hugmyndaríkur í þessu sambandi, og hægt svo sem að láta sér detta ýmislegt í hug að geti gerst. Ég vil fyrst taka fram að ekki er þar með sagt að allir sparisjóðir fari þá leið að breyta sér í hlutafélög og reyndar tel ég að það verði tiltölulega fáir til að byrja með. En leikurinn er gerður til þess að gefa þeim þennan möguleika.

Það sem hv. þm. er að tala um og telur að geti leitt af sér spillingu og jafnvel óstjórn, það tel ég ekki líklegt. Mér þykir leitt ef ég hef misskilið ræðu hans í gær, en ég veit að það er rétt sem hann heldur fram að ekki er hægt að framselja stofnfé nema með samþykki stjórnar. En það er þó verið að gera þetta opnara og mögulegt miðað við hvernig lögin eru í dag því að það er nánast þannig að ekki er annar möguleiki en falla frá eða flytja burt af svæðinu og það er mjög í líkingu við það sem við þekkjum í lögum um samvinnufélög.

En að láta hugmyndaflugið leika lausum hala og láta sér detta í hug hluti í líkingu við það sem hv. þm. nefnir, mér finnst slíkt raunverulega ómögulegt.

[19:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðalsmerki hlutafjármarkaðar að beita hugmyndaflugi og uppgötva leiðir sem aðrir sjá ekki. Og að halda að hugmyndaflugið stoppi við mitt hugarflug, það er langt í frá. Það munu aðrir koma með miklu snjallari hugmyndir til að leysa þennan vanda vegna þess sem hæstv. ráðherra hefur ekki svarað. Hver er munurinn á því að fá að ráða ákveðnu fjármagni og eiga það ekki og fá að ráða ákveðnu fjármagni og eiga það? Munurinn er sá að ef maður ræður því en á það ekki, reynir maður að ná arðinum fram öðruvísi en með eðlilegum hætti.

[19:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst satt að segja hálfþunnur þrettándinn hjá hæstv. ráðherra þegar hún kom að því að reyna að svara fyrirspurnum og athugasemdum okkar nokkurra þingmanna varðandi samsetningu stofnfjáreigenda, þau völd sem verða fest í sessi og í raun stóraukin með frv. Og þegar hún er spurð um hvort henni finnist eðlilegt að tiltölulega lítill hópur stofnfjáreigenda, sjálfvalinn sem fjölgar innan frá, eigi að hafa slík völd yfir þeim gífurlegu fjármunum sem í húfi eru, þá gagnspyr hæstv. ráðherra og segir: Ef ekki þeir, þá hverjir?

Ég kastaði því hér fram, herra forseti, hvort í þeim tilfellum væri þá svo mjög óeðlilegt að hið félagslega afl, hinir kjörnu fulltrúar í sveitarstjórnum héldu eftir sem áður áfram að hafa eitthvað um það að segja hvernig þessi kaup gerðust á eyrinni. Það var undir þeim formerkjum sem ég sagði það líka.

Ég vil einnig halda því til haga hvort það sé eitthvað sem mælir því mót — og nú bið ég hæstv. ráðherra að leggja við hlustir — að menn taki þessi skref í nokkrum áföngum og gefi sér til að mynda eitt, tvö ár í að opna þennan klúbb stofnfjáreigenda og gefa almenningi kost á að komast inn í þann klúbb og leggja fé, eins og gert er, til þess að vera með og að afloknum þessum tveimur árum, ef við gefum okkur að einhver þúsund eða jafnvel tugþúsundir Íslendinga vilji koma og taka þátt, geti menn farið að íhuga skref af þessum toga. Er eitthvað sem mælir gegn þeirri leið?

Með öðrum orðum. Ég árétta að ég hef áhyggjur af því að við séum að stefna í enn frekari miðstýringu en verið hefur og nóg er nú samt.

[19:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. um að þetta sé svona mikið áhyggjuefni. Hvað meinar hv. þm. með því að hann vilji opna þennan klúbb, bara galopna

hann? Er hann þá ekkert hræddur um hverjir mundu koma þar að og eignast viðkomandi sparisjóði?

Ég held því fram, sem ég er margbúin að láta koma fram í þessari umræðu, að ég sé ekki aðra aðila sem séu betur til þess fallnir að skipa fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar og þar með að hafa þá skyldu að kjósa til stjórnar í sjálfseignarstofnuninni en þá stofnfjáreigendur sem eru til staðar þegar breytingin á sér stað yfir í hlutafélagaformið. Ef hv. þm. er að tala um að hann vilji þjóðnýta sparisjóðina, þá er það skoðun út af fyrir sig. Er hv. þm. að hugsa um að rétt væri að kjósa til stjórnar á hv. Alþingi, eða hvað? Eða kannski að ráðherra fengi þann heiður og það mikla vald að skipa stjórn í sparisjóðina? Ráðherra hefur reynslu af því. (**GÁS:** Já, við þekkjum það allt of vel.) En ég tel að það sé eðlilegt eins og ég hef sagt áður að menn séu með vangaveltur og séu ekki vissir í sinni sök í sambandi við þetta mál og þær tillögur sem lagðar eru fram í frv. en ég held mig við það að þær séu þó þær skynsamlegustu.

[19:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér það að hæstv. ráðherra sé með ódýra útúrsnúninga í þessu sambandi. Ég var að undirstrika þann veruleika sem við okkur blasir á bls. 7 í hennar eigin frv. og hann er sá að fjárframlag þessara stofnfjáreigenda er sáralítill hluti af eigin fé sjóðanna, hvað þá heldur þegar litið er til heildareigna þeirra. Þessi hópur er tiltölulega fámennur. Það eru fjögur þúsund manns og þar af er meira en helmingur í fjórum sparisjóðanna. Þetta fer allt niður í tvo aðila.

Ég var að kasta því fram af fullri alvöru hvort eitthvað mælti því í mót að fólki í þessu landi væri gefinn kostur á því áður en frv. verður að lögum og þessir sparisjóðir verða settir á almennan markað, að almenningur geti komist í hóp þessara stofnfjáreigenda. Það er mín einfalda spurning. Er eitthvað sem mælir því sérstaklega í mót eða verður það að vera þannig að þessi hópur sem er til staðar, allt niður í tvo aðila, 20 aðila, 30 aðila, hafi um það val og völd hverjir verða með í klúbbnum? Það er undir þeim formerkjum sem ég tala um klúbb og ég bið um svör, en ég fæ þau ekki.

[19:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hlýt að gera þá lágmarkskröfu í umræðu um alvarlegt mál af þeim toga sem hér um ræðir að hæstv. ráðherra a.m.k. reyni að ræða mál með málefnalega. Ég sá að hún hafði tekið saman nokkuð ítarlega punkta vegna þeirra ræðuhalda sem fram fóru í gær og var hér með skrifuð minnisblöð í þá veru en hún fór öllu hraðar yfir sögu þegar kom að ræðuhaldi dagsins í dag. Ég bið hæstv. ráðherra að gefa því gaum að við erum að ræða grafalvarlega hluti og þess vegna er mér heitt í hamsi og ég tek það ekkert létt, herra forseti, að menn ætli að ljúka umræðunni með ódýrum útúrsnúningum eins og þeim að einhver sérstakur áhugi sé í þessum sal að Alþingi kjósi stjórnir sparisjóðanna hringinn í kringum landið ellegar að hæstv. ráðherra hafi þau völd í hendi sér. Við höfum nóg af þeim og viljum ekki meir, þannig að ég bara bið um svar við þeirri einföldu spurningu hvort eitthvað mæli sérstaklega á móti því, herra forseti, í fyrsta lagi að fjölgað verði allverulega í hópi stofnfjáreigenda, og þær fjárhæðir sem að baki liggja hækki þannig umtalsvert og verði miklum mun stærri hluti af heildareign sparisjóðanna, hvort heldur um er að ræða fastar eignir þeirra ellegar eigið fé, þannig að öllu styrkari stoðum sé skotið undir þá aðila sem heita stofnfjáreigendur og hétu áður fyrr ábyrgðarmenn.

Mér er full alvara þegar ég spyr hvort eitthvað mæli sérstaklega gegn því að menn gefi sér 6, 8 eða 10 ár eða jafnvel 1–2 ár í að undirbyggja þennan hóp þannig að hann geti þá verið raunverulegur breiður málsvari eigenda bankans í þessu milliapparati sem setja á á stofn, sjálfseignarstofnun sem í mörgum tilfellum verður með 90–99% eignaraðild í sparisjóði. Mér er full alvara þegar ég spyr um þetta og ég óska eftir svari.

[19:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi mig vera búna að margsvara hv. þm. og bið hann afsökunar ef ég hef ekki gert það nægilega skýrt. Ég tel að sú leið sem farin er í frv. sé rétta leiðin og þess vegna er hún náttúrlega sett fram í frv.

Ég held að mikilvægt sé að hafa það í huga að stofnfjáreigendur hafa engan fjárhagslegan ávinning af því að breyta yfir í hlutafélag vegna þess að þeir fá bara gagngjald sem samræmist því stofnfé sem þeir eiga við breytinguna, þannig að þær áhyggjur sem hv. þm. hefur eiga að mínu mati ekki við rök að styðjast eða eru óþarfar vegna þess að ekki er verið að veita stofnfjáreigendum neitt viðbótarfjármagn eða meira en þeir hafa nú þegar þegar breytingin á sér stað. Þetta er leið sem var farin t.d. í Danmörku og sjálfsagt hefur hún verið rædd þar og ýmsar aðrar leiðir líka, en við teljum og sú nefnd, og þar voru fulltrúar sparisjóðanna, sem samdi frv. að þetta sé leiðin og þess vegna er hún sett fram í frv.

Mér finnst að hv. þm. verði bara að sætta sig við það en svo geta menn náttúrlega haft aðrar skoðanir og að sjálfsögðu verða aðrar leiðir ræddar í hv. efh.- og viðskn., ég efast ekki um það.

[19:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf auðvitað ekki að koma nokkrum á óvart að fulltrúum sparisjóðanna í þessari nefnd sé mjög áfram um það að fara þessa leið. Þeir halda þeim völdum og áhrifum sem þeir hafa haft í sínum sparisjóði, og menn hafa verið mjög gagnrýnir á.

Að sönnu er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra og það hefur verið rætt hér mjög hispurslaust að beinn fjárhagslegur ávinningur er ekki til staðar hjá þessum stofnfjáreigendum, það er enginn að halda því fram. En hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einmitt bent á ýmsar hættulegar stöður sem gætu myndast í þessu samhengi. Þegar menn hafa völd og áhrif yfir miklum fjármunum, þá getur það stundum og mjög snögglega orðið ígildi fjármagns. Sú hætta skapast óneitanlega við slíkar aðstæður. En ég er ekki endilega að nálgast málið út frá því sjónarhorni. Ég er að nálgast það frá hinni lýðræðislegu sýn sem ég hélt að ég deildi með hæstv. ráðherra, af því að hún nefndi til sögunnar samvinnufélög sem að baki var hópur manna, þúsundir og tugþúsundir manna. Það er undir þeim formerkjum sem ég er fyrst og síðast að ræða málið og ég hrekk við þegar ég sé að hæstv. ráðherra Framsfl. ætlar að koma hér og afhenda til ráðstöfunar og meðferðar þá gífurlegu fjármuni sem þarna liggja undir. Það er undir þeim formerkjum sem ég staldra eilítið við og spyr: Er ekki skynsamlegt að gera þetta kannski með eilítið öðrum hætti og það var þess vegna sem ég kastaði því fram. Er eitthvað

sem mælir gegn því að galopna hóp stofnfjáreigenda í sex mánuði og breikka hann og stækka?

Ég sé að við tölum eilítið í austur og vestur í þessu máli eins og í raunar allt of mörgum öðrum, stjórn og stjórnarandstaða, og við komumst sennilega ekki mikið lengra í bili í þessum efnum. En ég mun hugleiða það mjög alvarlega, ef ekki fást viðunandi breytingar á þessu í nefnd, að koma með brtt. við 2. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

100. FUNDUR

miðvikudaginn 28. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Barnaverndarlög, stjfrv., 572. mál, þskj. 884. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 510. mál, þskj. 800. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Efling félagslegs forvarnastarfs, 600. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 969.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, 592. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 944.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 602. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 971.

Sýslur, 598. mál, þáltill. ÞBack og JB, þskj. 952.

Barnaverndarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 572. mál (heildarlög). — Þskj. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Útsendir starfsmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 3. umr.

Stjfrv., 510. mál (sala á eignarhlut ríkisins). — Þskj. 800.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KVM, KolH, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

25 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, HÁs, IP, JÁ, JBjart, KF, KPál, LMR, RG, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 973).

Fundi slitið kl. 13:34.

101. FUNDUR

miðvikudaginn 28. mars,
að loknum 100. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Steinsteypa til slitlagsgerðar, fsp. GE, 535. mál, þskj. 831.
2. Verð á mölun steinefna fyrir Vegagerðina, fsp. GunnB, 536. mál, þskj. 835.

3. Vegamálun hjá Vegagerðinni, fsp. GunnB, 538. mál, þskj. 837.
4. Póstþjónusta, fsp. JB, 546. mál, þskj. 849.
Til heilbrigðisráðherra:
5. Brjóstastækkanir, fsp. KF, 539. mál, þskj. 839.
Til umhverfisráðherra:
6. Náttúruverndaráætlun, fsp. ÞSveinb, 548. mál, þskj. 852.
7. Kostnaður við aðal- og svæðisskipulag, fsp. JÁ, 560. mál, þskj. 866.
8. Vikurnám við Snæfellsjökul, fsp. JÁ, 561. mál, þskj. 867.
9. Viðbrögð við skýrslum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fsp. KF, 578. mál, þskj. 895.
10. Eftirlit með matvælum, fsp. KF, 579. mál, þskj. 896.
Til dómsmálaráðherra:
11. Samfélagsþjónusta, fsp. ÞKG, 563. mál, þskj. 869.
Til viðskiptaráðherra:
12. Uppgjörsaðferðir fjármálafyrirtækja, fsp. EKG, 577. mál, þskj. 894.

Steinsteypa til slitlagsgerðar.

Fsp. GE, 535. mál. — Þskj. 831.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh.

Þann 4. júní 1996 var svohljóðandi þáltill. samþykkt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997."

Nú er spurningin: Hvernig gengur með þessa könnun?

Herra forseti. Ég hef lítið orðið var við notkun steinsteypu við umræddar vegaframkvæmdir eða verkframkvæmdir á vegum ríkisins. Lítið virðist fara fyrir slagorðinu „íslenskt, já takk" í tengslum við verkframkvæmdir á þessu sviði, hvort sem um er að ræða Vegagerðina, flugmálayfirvöld eða Reykjavíkurborg sem ásamt framantöldum moka út gjaldeyri til kaupa á erlendum slitlagsefnum sem leiða til mikillar mengunar frá malbiki og tjöruefnum með öllu sem því fylgir, svo sem staðfest hefur verið í svari frá fyrrv. umhvrh., Guðmundi Bjarnasyni.

Mér virðist að tæknimenn umræddra aðila séu einhvers konar malbiksmeistarar. Sérstaklega vitna ég til þess að Vestfjarðagöngin gáfu möguleika á steinsteypu vegna legu þeirra og einnig vegna þess að steypan bauðst á sambærilegu verði og malbikið.

Með þáltill. var á sínum tíma lagður fram rökstuðningur fyrir notkun steinsteypu til slitlagsgerðar og viðgerða. Fróðlegt væri að heyra hjá hæstv. ráðherra dæmin af slæmri reynslu af notkun steinsteypu í vega- og gatnagerð, svo vitnað sé til orða hans í óundirbúnum fyrirspurnum fyrir skömmu. Spurningar þær sem um er rætt liggja fyrir. Það er óþarfi að margtyggja þær upp. Ég bíð spenntur eftir að fá uppýsingar um hvað er fram undan og hvað hefur verið gert í þessum málum að undanförnu.

[13:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ráðuneytið leitaði til Vegagerðarinnar um upplýsingar vegna þeirra fyrirspurna sem hér er mælt fyrir.

Fyrri liður spurningarinnar hljóðar svo:

Hversu margir kílómetrar af steyptu slitlagi hafa verið lagðir síðan þingsályktun um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á samgönguleiðum var samþykkt 4. júní 1996?

Í téðri þingsályktun Alþingis segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997."

Vegagerðin hefur ekki lagt slitlag úr steinsteypu eftir samþykkt þáltill. Á hinn bóginn létu Vegagerðin og Sementsverksmiðjan vinna allviðamiklar skýrslu á árunum 1996–1997 um hagkvæmnissamanburð á malbikuðum og steinsteyptum slitlögum í vega- og gatnagerð. Stofnkostnaður steyptra vega er meiri en malbikaðra eins og kunnugt er.

Í skýrslunni er heildarkostnaður, þ.e. stofn- og viðhaldskostnaður, reiknaður yfir 40 ára tímabil. Þar kemur fram að fyrir 5 þús. bíla umferð á dag er mikill munur á núvirði heildarkostnaðar vegarins en þó er steinsteypan enn þá heldur dýrari. Í framhaldinu hefur verktökum verið gefinn kostur á því að bjóða bæði í steypu og malbik á tveimur vegköflum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. á tvöföldun Reykjanesbrautar í Kópavogi og tvöföldun hringvegar um Grafarholt að Víkurvegi. Í báðum tilvikum varð malbik ofan á, enda má segja að hvorugur kaflinn sé ákjósanlegur fyrir steypt slitlag þar sem um er að ræða stutta kafla með gatnamótum með breytilegu þversniði.

Rétt er að geta þess að gott tækifæri gefst til samanburðar á þessum tveimur tegundum slitlaga þegar fyrsti áfangi tvöföldunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar verður boðinn út. Er miðað við að gefa kost á báðum möguleikum í því útboði. Vegagerðin býður nú út styrkingar á vegköflum um allt land og er þá verktökum heimilt að bjóða bæði í festun með asfalti og sementi.

Að lokum má geta þess að árið 1997 var stofnað fyrirtæki Steinvegur ehf. Aðaltilgangur félagsins er að stuðla að gerð steyptra slitlaga í vegi og götur. Eigendur fyrirtækisins eru Íslenskir aðalverktakar hf., Björgun, BM Vallá, Steypustöðin og Sementsverksmiðjan hf. Fyrirtækið hefur lagt steypt slitlag á Akranesi og í Kópavogi. Í gangi er rannsóknarverkefni sem hefur þann tilgang að meta ágæti steyptra slitlaga sem Steinvegur hefur lagt.

Seinni liður fyrirspurnar hv. þm. hljóðar svo:

„Hvað átti ráðherra við þegar hann sagði 14. febrúar sl. í munnlegu svari við fyrirspurn á 70. fundi að notkun steypu hefði ekki reynst sem vonir stóðu til? Hvaðan er sú reynsla komin að steinsteypa hafi enst illa?"

Í tilvitnuðu svari mínu kemur hvergi fram að steinsteypan hafi reynst illa. Vísað var til þess að notkun steinsteypu í slitlög hafi ekki aukist sem bendi til þess að sá kostur sé ekki jafnhagkvæmur. Rétt er að geta þess að Vegagerðin hefur gert margar tilraunir með steinsteypu á síðustu 14 árum. Á árunum 1986–1989 gerði Vegagerðin tilraun með þunnsteypt slitlög, ætluð sem ný slitlög ofan á gamla steypta vegi. Þessar tilraunir skiluðu ekki nægilega góðum árangri.

Árið 1993 var gerð tilraun með gerð sementsfestunar á burðarlagi á Hafnavegi á Suðurnesjum. Árangur af festuninni var góður. Árið 1994 var gerð tilraun á hringvegi við Smálönd í Reykjavík með hástyrkleikasteypu. Tilraunin misheppnaðist þannig að steypan sprakk og sléttleiki var ekki nægur. Árið 1995 var síðan gerð tilraun með þjappaða þurrsteypu á Nesbraut austan Höfðabakka í Reykjavík. Notuð var tækni sem þróuð var í Danmörku og kom hingað til lands verktaki frá Danmörku sem lagði steypuna með sérbúnum malbiksútleggjara. Þessi tilraun gekk ekki nógu vel. Steypan sprakk og sléttleiki var ónógur.

Að lokum gerði Vegagerðin tilraun með sementsfestun á burðarlagi á hringvegi í Langadal árið 1996. Tilraunin tókst vel. Auk þessara tilrauna voru gerðar tilraunir á nokkrum *plönum í þeim tilgangi að undirbúa tilraunir á vegum. Margir* aðilar komu að þessum tilraunum.

Eins og sést af þessari upptalningu hafa tilraunir með notkun steinsteypu í slitlag ekki gengið vel. Það breytir því þó ekki að steypa er fullgilt efni í slitlag. Tilraunir með festu með sementi hafa hins vegar gefið góða raun.

[13:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það séu ekki ný tíðindi að það er dýrara að nota steinsteypu í slitlag en malbik. Það eru hins vegar önnur atriði sem koma þarna til líka sem þarf að skoða og ég tel að þau muni hafa vaxandi þýðingu.

Hér í borginni er t.d. orðin töluvert mikil mengun sem stafar m.a. af malbikinu, ekki síður en öðru, sem slitnar upp úr vegum og það er full ástæða til þess að taka þau atriði með í reikninginn. Auðvitað verður ekki notuð steinsteypa til slitlagsgerðar ef menn eru ekki tilbúnir að borga mismuninn. Það er dýrara. Það þarf heldur ekki allt of mikið af tilraunum. Það er nóg að skoða reynsluna af steyptum vegum og slitlögum í landinu. Víða liggur fyrir 30–40 ára reynsla hvað þetta varðar og það ætti að vera hægt að nýta sér hana.

[13:44]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra minntist á að við Kópavogsbúar hefðum steypt götur og það er alveg laukrétt. Þetta er einfalt reikningsdæmi. Ef umferð er komin yfir ákveðinn fjölda bíla á sólarhring þá er ljóst að það er mjög hagfellt að nota steypu í slitlög þar sem þau endast betur. Eftir 6–7 ár eru menn búnir að ná jöfnuði við malbikið og úr því fer það að borga sig.

Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að ég skil ekki tregðu Vegagerðarinnar til að steypa vegi þar sem umferð er mikil. Það er líka spurning um hve þykkt menn hafa slitlagið, hvað steypan er þykk og annað slíkt. Mér finnst einhvern veginn að Vegagerðin hafi ýtt þessu frá sér og ekki viljað þetta.

[13:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef aldrei skilið þessa ást framkvæmdaraðila á malbiki, sérstaklega þar sem reiknað hefur verið út að steypa getur verið ódýrari til lengri tíma. Kannski eru Íslendingar alltaf að hugsa um að koma skipunum út í næstu viku og geta ekki hugsað til lengri tíma.

Það sem mér finnst vanta alveg inn í umræðuna er að líta á hlut neytenda. Þannig eru götur í Reykjavík meira eða minna ófærar á sumrin vegna malbikunar. Allt gatnakerfið er í rúst vegna malbikunarframkvæmda. Þannig væri það ekki ef göturnar væru steyptar.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Um leið vil ég staðfesta það sem hæstv. samgrh. sagði. Orð hans voru þessi nákvæmlega, með leyfi forseta:

„Það er að sjálfsögðu vilji til þess að nota steypu en því miður hefur það ekki reynst vera eins hagkvæmt og vonir manna stóðu til."

Hann sagði nákvæmlega þetta.

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin en ég þóttist vita fyrir fram, eins og fram kom í máli mínu, að ekki hefði mikið verið *gert í þessum efnum nema að í útboði hefur verið tekið* fram að heimilt væri að nota steinsteypu á móti malbiki eða klæðningu.

Upphefðin virðist koma utan að og það nægir ekki að benda á afar góða reynslu af steyptum götum á Akranesi í 40 ár, viðhaldslausar í 33 ár. Það nægir ekki að benda á mjög góðan steyptan veg upp í Kollafjörð. Ég bendi auðvitað á Reykjanesbrautina sem því miður var farið að leggja malbik yfir í staðinn fyrir að fræsa upp rásirnar og steypa í þær *að nýju eins og tíðkast erlendis. Á undanförnum vetrum* höfum við séð hvernig þessar rásir hafa myndast og mynda stórhættu í malbikslaginu sem liggur yfir steinsteypunni. Ég verð að segja að ég yrði ekki hissa, miðað við einarðan malbiksvilja, þó að ákvörðun yrði tekin um að nota tjöru við tvöföldun Reykjanesbrautar.

Virðulegur forseti. Ég tel að landsmenn séu að átta sig á því að steinsteypa í einingum er í reynd traustasta húsbyggingaraðferðin og hagkvæmust ef allt er skoðað. Ég spyr: Hvað ætli líði mörg ár þangað til menn áttað sig á gildi steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem hún á við? Ég tek sannarlega undir orð hv. þm. Péturs Blöndals, þ.e. að gleymst hafi að taka tillit til neytendanna. Það tek ég undir.

[13:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er fróðlegt að fylgjast með því hversu margir sérfræðingar í gatna- og vegagerð eru á Alþingi. Út af fyrir sig er ánægjulegt að heyra það. Ég býst að sjálfsögðu við góðum stuðningi. Einn hv. þm. sem talaði er reyndar sérstakur sérfræðingur í vegagerð og að sjálfsögðu er mikils virði að njóta leiðsagnar slíkra aðila.

Sá sem hér stendur hefur fylgst allnokkuð með þessu og tók þátt í því sem bæjarstjóri að láta steypa götur. Vandamálið hjá sveitarfélögunum úti um landið var lengi vel hve erfitt var að nýta sér malbik. Það var of langt að flytja það. Síðan kom þessi tækni, klæðningartæknin sem skapað hefur möguleika á að koma bundnu slitlagi á vegakerfi landsins mun hraðar en gerst hefði með því að nota steypu sem kostar mun meira.

Ég vek hins vegar athygli á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, þar sem umferðin er mest og hagkvæmnin af því að nýta steypuna ætti að vera mest, hafa ekki valið þann kost. Það er þannig ekki einungis Vegagerðin sem hefur komist að þessari niðurstöðu. Ég hef lagt á það áherslu að skapa möguleika á að velja þessa tvo kosti og mikilvægt sé að horfa til lengri tíma. Það hefur Vegagerðin að sjálfsögðu lagt sig fram um að gera. Við þurfum að byggja vegakerfi okkar hratt upp en við þurfum líka að huga að framtíðinni og því að þessi mannvirki endist.

Verð á mölun steinefna fyrir Vegagerðina.

Fsp. GunnB, 536. mál. — Þskj. 835.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. samgrh. er eftirfarandi:

„Hvernig hefur verð á mölun steinefna þróast eftir að mölunarsamstæða Vegagerðarinnar var seld fyrir þremur árum og öll mölunarverkefni fyrir Vegagerðina voru boðin út?"

Ástæða þessarar spurningar er sú fullyrðing hæstv. ráðherra fyrir um það bil mánuði í fyrirspurnatíma að Vegagerðinni væri nauðsynlegt að hafa einn flokk, eigin flokk, í hverri tegund vegagerðar. Við vorum þá að ræða um klæðingar.

Nú var þessi samstæða seld og mig fýsir að vita hver verðþróunin hafi verið eftir að hún var seld því að Vegagerðin á ekki slík tæki lengur. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að sökum fákeppni væri þetta nauðsynlegt og þetta væri til að hafa stjórn á verðinu.

Ég bíð eftir svari hæstv. ráðherra.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt er:

„Hvernig hefur verð á mölun steinefna þróast eftir að mölunarsamstæða Vegagerðarinnar var seld fyrir þremur árum og öll mölunarverkefni fyrir Vegagerðina voru boðin út?"

Ráðuneytið hefur átt viðræður við fulltrúa Vegagerðarinnar vegna þessarar fyrirspurnar. Ég byggi mitt svar á þeim upplýsingum sem þar hafa komið fram.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hefur hún á undanförnum árum boðið út 400–600 þús. rúmmetra efnisvinnslu á hverju ári. Auk þess er hluti af unnu efni keyptur úr námum, einkum á suðvesturhluta landsins. Þessu til viðbótar er vinnsla á efni innifalin í mörgum stærri nýbyggingarverkum.

Vegagerðin rak einn mölunarflokk út árið 1997 en þá var flokkurinn lagður niður og tækin seld. Það ár kom tilboð frá sjö bjóðendum í mölunarverkefni. Þeim hefur heldur farið fjölgandi síðan og á síðasta ári gerðu níu aðilar tilboð í þessi verkefni og eiga sumir þeirra fleiri en eina vélasamstæðu til mölunar.

Verð á mölun steinefna er mjög breytilegt og verulega háð magni á hverjum stað ásamt því hvers konar efni á að vinna. Vegagerðin hefur ekki orðið vör við sérstakar breytingar á verði efnisvinnslu eftir að hún hætti sjálf rekstri malarsamstæðu. Þetta eru þær upplýsingar sem Vegagerðin hefur gefið ráðuneytinu.

Miðað við fjölda mölunarverktaka á markaðnum 1997 og þróunina síðan verður að telja að þarna ríki samkeppni sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af. Af þeirri ástæðu er að sjálfsögðu ekki tilefni til þess að Vegagerðin standi í þessari starfsemi og engin áform eru um að hefja hana að nýju. Samkeppnin er nægjanlega mikil eins og hér hefur komið fram.

[13:55]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn vil ég lýsa því yfir að ég hef áhyggjur af þróun verðlags, ekki bara á mölun efna heldur í vegagerð og framkvæmdum við samgöngur. Þetta á við það sem hér er spurt um og marga fleiri þætti.

Mér er kunnugt um alvarlegar þrengingar hjá verktökum á þessu sviði sem virðast stafa af sífellt meiri undirboðum sem ég tel vera hættuleg. Af þessari ástæðu vil ég nota tækifærið og spyrja hvort einhvers staðar sé unnt að fá yfirlit yfir þróun einingaverðs á mismunandi verkum hjá Vegagerð, hvort sem það heitir mölun, undirbúningur, jarðvinna, yfirlagning eða annað. Ég hef áhyggjur af því sem er að gerast t.d. á veginum til Akraness um Hvalfjarðargöng, þar er vegurinn holóttur og slæmur eftir mjög skamman tíma. Getur verið að of mikill hraði sé á verkunum?

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er gott til þess að vita að eftir að flokkur Vegagerðarinnar var lagður niður þá breyttist ekki verðið. Ég held að það hafi meira að segja fremur lækkað en hitt.

Hæstv. ráðherra talaði um að það ríkti samkeppni í þessum geira en þó að níu aðilar hafi boðið í verkefni þá held ég að það séu ekki nema fimm virkir í að mala steinefni hjá Vegagerðinni. Svo er ekki í malbikun. Nú eru einungist tvær malbikunarverksmiðjur sem framleiða malbik á þessu svæði, önnur í Reykjavík og hin í Hafnarfirði. Sú þriðja er reyndar á Suðurnesjum en það eru einungis tvær á þessu svæði. Samt er malbik boðið út og Vegagerðin ekki með eigin flokk.

Það sem ég er að tala um er að Vegagerðin þarf ekki að vera með vegagerðarflokka á hverjum fingri til að hafa stjórn á verðinu. Ég vil t.d. benda á hvernig þetta er á Suðurlandi þar sem allt er boðið út, öll þjónusta og allt viðhald. Það hefur gengið mjög vel þannig að ég skil ekki hvers vegna það má ekki gilda yfir allt landið.

[13:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því ef svo er, eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson segir, að þrengingar séu hjá verktökum. Hins vegar er hver þeirra að sjálfsögðu sinnar gæfu smiður ef svo má segja. Þeir gera tilboð á opnum markaði og ég hef ekki fengið vísbendingar um að þar væru einhver sérstök hættumerki. Það er eins og gengur, verk eru misjafnlega erfið. Tíðarfarið er stundum vont yfir veturinn og verktakar lenda í hremmingum vegna þess. Það er sá harði heimur sem verktakar í jarðvinnuverkum standa frammi fyrir, að þurfa að taka áhættu vegna tíðarfars og þróunar á vinnumarkaði o.s.frv. Þar er því í mörg horn að líta.

Þróun einingaverðs í tilboðum liggur að sjálfsögðu fyrir. Þetta er allt saman opið og liggur á borði hvert verðið er. Það ætti því að vera hægt að kynna sér það.

Ég efast um að of mikill hraði sé á verkum. Okkur finnst yfirleitt allt of hægt ganga, a.m.k. þegar við þingmennirnir tölum um vegaframkvæmdir. Hins vegar skiptir miklu máli að undirbúa verkin vel og vinna þá verkhluta sem viðkvæmastir eru á réttum árstíma.

Það er hárrétt sem fyrirspyrjandinn, hv. þm. Gunnar Birgisson, nefndi að það eru fáar malbikunarstöðvar. Ég sagði í umræðu, vegna hans orða hans fyrr á þinginu, að ég teldi líklegt og eðlilegt að skoðað verði hvort Vegagerðin hætti allri samkeppni á verktakamarkaði. Í mínum huga er það þróun sem hlýtur að teljast eðlileg.

Vegamálun hjá Vegagerðinni.

Fsp. GunnB, 538. mál. — Þskj. 837.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgrh. um vegamálun hjá Vegagerðinni og kannski í beinu framhaldi af orðum ráðherrans rétt áðan:

1. Hve mikið af vegamálun er boðið út hjá Vegagerðinni og hve mikið framkvæmir Vegagerðin sjálf?

2. Hver er núverandi tækjakostur Vegagerðarinnar í vegamálun?

3. Ætlar Vegagerðin að fjárfesta í nýjum tækjabúnaði fyrir vegamálun? — sem er nú víst orðin staðreynd. — Ef svo er, hvað kostar hann, hvenær kemur hann til landsins og hvernig verður fyrirkomulag vegamálunar hjá Vegagerðinni í framtíðinni?

Þetta er ekki stór markaður. Hér hafa verið tveir aðilar sem hafa boðið í verk hjá Vegagerðinni ásamt vegagerðarflokknum. Ef Vegagerðin er að fara að kaupa sér nýjan tækjakost í þetta þá eru orð hæstv. ráðherra ekki alveg nákvæm miðað við fyrri ræðu hans, að stefnt sé að því að bjóða allt út hjá Vegagerðinni, sem ég styð eindregið, og mér þykir mjög sérkennilegt ef þetta verður gert núna á árinu 2001, og þetta fyrirkomulag haft á.

[14:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Áður en ég tek til við að svara fyrirspurninni vil ég að sjálfsögðu geta þess að það er margt verkið að vinna og ráðherra sem er búinn að vera í tvö ár er kannski ekki búinn að koma öllum hugðarefnum sínum í verk þó að vel sé að verki staðið.

Spurningarnar eru þrjár. Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga frá Vegagerðinni til þess að svara þeim. Áður en þeim verður svarað verður að gera stutta grein fyrir stöðu þessara mála, þróun undanfarið og horfum fram undan, vegna þessarar fyrirspurnar.

Með tilkomu bundins slitlags þurfti að mála það til afmörkunar á akreinum og þess háttar. Vegagerðin keypti málningarbíl sem notaður hefur verið í þessum tilgangi og hefur Vegagerðin annast meginhluta vegmálunar alla tíð. Á hinum umferðarmeiri vegum endist málningin illa og því var farið að leita nýrra leiða. Málning verður þó áfram notuð á umferðarminni vegi og í kantlínur.

Árið 1995 var byrjað að nota plastefni, svokallaðan sprautumassa til yfirborðsmerkingar. Kostir sprautumassans umfram málningu eru betra endurskin og mun meiri ending, einkum gagnvart nagladekkjum. Áætlanir Vegagerðarinnar miða við að notkun sprautumassa aukist í framtíðinni á kostnað málningar.

Tveir verktakar hafa frá upphafi annast þetta verkefni fyrir Vegagerðina á grundvelli samninga, í fyrstu án útboðs en seinni árin á grundvelli útboðs. Auk Vegagerðarinnar eru það einkum sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa á svona þjónustu að halda. Markaðurinn er í heild lítill og því hefur þróun til betri vinnubragða, bættrar tækni og meiri gæða verið hæg. Kemur þar aðallega tvennt til. Verktakar eru smáir og eins hefur þeim gengið misjafnlega að halda í mannskap í þeirri þenslu á vinnumarkaði sem verið hefur að undanförnu.

Vegagerðin fól lðntæknistofnun að gera úttekt á gæðum merkinganna og samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er þeim að einhverju leyti áfátt.

Í ljósi þess sem hér er rakið hefur Vegagerðin talið nauðsynlegt að gera átak til að koma sprautumössun í gott horf með kaupum á tækjum í því skyni að hætta í staðinn útgerð málningarbíls, selja hann og setja málningarvinnuna á markað. Ég hef ekki gert athugasemdir við þá ákvörðun Vegagerðarinnar.

Fyrirspurn þingmannsins var í þremur liðum. Fyrst var spurt: „Hve mikið af vegamálun er boðið út hjá Vegagerðinni og hve mikið framkvæmir Vegagerðin sjálf?“ Þegar hefur verið samið við verktaka um að vinna 900 km í sprautuplasti á þessu ári. Áætlað er að Vegagerðin framkvæmi um 400 km í sprautuplasti. Auk þess verða boðnir út um 1.800 km í vegmálun. Á næstu árum mun mössunin aukast eins og áður var nefnt og a.m.k. fyrst í stað mun aukningin falla undir flokk Vegagerðarinnar.

Í öðru lagi var spurt: „Hver er núverandi tækjakostur Vegagerðarinnar í vegamálun?“ Vegagerðin á einn gamlan málningarbíl og ég undirstrika það að stefnt er að því að hætta þeirri starfsemi.

Í þriðja lagi spurði þingmaðurinn: „Ætlar Vegagerðin að fjárfesta í nýjum tækjabúnaði fyrir vegamálun? Ef svo er, hvað kostar hann, hvenær kemur hann til landsins og hvernig verður fyrirkomulag vegamálunar hjá Vegagerðinni í framtíðinni?“ Ákveðið hefur verið að kaupa bíl og tækjabúnað á hann fyrir yfirborðsmerkingar með sprautumössun eins og fram kom fyrr. Bíllinn kostar fullbúin um 30 millj. kr. kominn til landsins í júní nk. Málningarbíllinn verður hins vegar seldur og mun vegmálun verða boðin út eins og áður kom fram. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar munu umsvif Vegagerðarinnar í vegmerkingu því ekki aukast þó að þessi áherslubreyting sé gerð heldur fremur hið gagnstæða.

Til þess að undirstrika það sem ég hef áður sagt þá er það vilji minn að Vegagerðin, þar sem þau ráð koma fram og góður rökstuðningur fylgir, dragi sig út af þessum samkeppnismarkaði en ég tel að færð hafi verið fullgild rök fyrir þeim ákvörðunum sem hér hefur verið lýst.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra góð svör. Það eru nokkur atriði sem ég hjó eftir í svari hæstv. ráðherra. Hann talaði um að gæðum merkinganna væri áfátt og ég skildi það svo að það væri þá aðallega vegna lélegs tækjakosts Vegagerðarinnar.

Ég er mjög ánægður með að Vegagerðin ætlar að bjóða þetta út áfram og eins og ég skil málið verður þessi nýi bíll sem verið er að kaupa síðan seldur á svæðinu þannig að með því er búið að tryggja góðan og fullkominn tækjakost og að Vegagerðin dragi sig út úr þessari starfsemi í framtíðinni. Ég ætla að vona að ég fái þetta staðfest hjá ráðherranum.

Ég er náttúrlega ánægður að heyra að hann ætlar að standa við það. Mér þætti það frekar kaldar kveðjur fyrir þá sem unnið hafa að þessu og reynt að þróa þessa sprautumössun og hafa eytt miklum fjármunum og tíma í það, m.a. með erlendum aðilum, að reyna að ná réttri blöndu fyrir íslenskar aðstæður ef þeim væri svo að segja sparkað út af markaðnum, en mér er öllu rórra eftir svör ráðherrans.

[14:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er kannski ekki rétt eins og kom fram hjá hv. þm. að búið sé að taka ákvörðun um að selja umræddan bíl. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það. Hann er ekki kominn til landsins en ég gat þess að á grundvelli vel rökstuddra ákvarðana tel ég að Vegagerðin eigi að draga sig út þar sem ekki er ástæða til að hún standi í samkeppni á markaði í þessari þjónustu eða annarri.

Aðalatriðið er það að í vegmálningu eins og nánast öllum öðrum þáttum í vegagerðinni, hefur framkvæmdin verið að þróast í þá átt að nánast öll verk fari á markað og að öll verk séu boðin út. Þessi málningarvinna vegna merkinga á vegum er engin undantekning og þegar búið er að ná góðum tökum á þessu öllu saman kemur væntanlega að því að forsvarsmenn Vegagerðarinnar skoði málið að nýju. Ég vona að gott samstarf náist um það og góð tilboð fáist í þau verk sem þarf að bjóða út í þessu sambandi.

Að öðru leyti þakka ég hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar fyrirspurnir. Það er gagnlegt og nauðsynlegt fyrir okkur að fara yfir þessi mál í þinginu þannig að þingmönnum sé ljóst við hvað er að etja hjá Vegagerðinni eins og öðrum stofnunum.

Póstþjónusta.

Fsp. JB, 546. mál. — Þskj. 849.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Póstþjónustan er einn af grunnþáttum almannaþjónustu í landinu. Því leyfi ég mér, herra forseti, að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. samgrh.:

1. Hvenær verða settar ákveðnar gæðakröfur um grunnpóstþjónustu í landinu sem taki meðal annars til póstmóttöku, póstdreifingar, aðbúnaðar, öryggismála, póstleyndar og aðgengis almennings að þessari þjónustu?

2. Hvaða skilgreindar kröfur eru nú gerðar um póstmóttöku og póstdreifingu, sem og fjölda, aðbúnað og þjónustustig póststöðva í landinu?

3. Hver tekur út og samþykkir færslu póstafgreiðslna, aðbúnað, öryggi, rekstrarform og þjónustustig nýrra póststöðva og hvernig er formlega staðið að þeirri úttekt?

4. Mun ráðherra láta afturkalla lokun pósthúsanna á Hofsósi og í Varmahlíð ef breytingin sem þar á að verða þýðir lakari gæði eða beinan niðurskurð póstþjónustu á þessum stöðum frá því sem áður var eða að hún samræmist ekki ákvæðum í starfsleyfi Íslandspósts hf. frá 28. jan. 1998?

Herra forseti. Samgrh. fer með yfirstjórn póstmála samkvæmt lögum. Enn fremur stendur í lögum um póstþjónustu að íslenska ríkið skuli tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu vegna eftirfarandi sendingartegunda sem eru síðar talin upp.

Í 1. gr. leyfisbréfs Íslandspósts frá 28. jan. 1998 er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun setji nánari reglur um framkvæmd grunnpóstþjónustu, svo og um þjónustumarkmið. Þessar reglur er mér ekki kunnugt um að hafi verið settar.

Í 3. gr. starfsleyfisins stendur að leyfishafi skuli taka við pósti frá almenningi án mismununar jafnvel þó þjónustan kunni að vera óarðbær. Þessi þjónusta og móttaka án mismununar hefur heldur ekki verið skilgreind.

Í 12. gr. leyfisbréfsins stendur: „Leyfishafa er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu."

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur ítrekað lýst því á Alþingi að ekki standi til að skerða þjónustu Íslandspósts heldur að standa vörð um hana. Nú er mér kunnugt um að sú breyting sem varð á þjónustu póststöðvanna í Skagafirði þýðir mjög skerta þjónustu sem þær póststöðvar veita nú miðað við það sem áður var og engin aðstaða þar til að veita viðlíka gæði þjónustu. Sama mun verða uppi á teningnum á Skagaströnd 1. apríl þegar pósthúsinu þar verður lokað og póstþjónustufólk missir vinnuna.

[14:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd póstmála hér á landi, sbr. lög nr. 110/1999. Meðal verkefna stofnunarinnar er að veita leyfi til póstþjónustu og hafa eftirlit með því að rekstrarleyfishafar uppfylli og virði skilyrði stofnunarinnar svo og aðrar kvaðir sem almennum heimildum og rekstrarleyfum fylgja. Íslandspóstur hefur fengið leyfi til rekstrar póstþjónustu, samanber leyfisbréf eins og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til.

Sem svar við fyrstu spurningunni, en hún er um það hvenær settar verði ákveðnar gæðakröfur um grunnpóstþjónustu í landinu o.fl., er því til að svara að á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar er nú unnið að mótun reglna sem munu taka á gæðakröfum í grunnþjónustu í landinu. Reglunum er m.a. ætlað að skilgreina hvar afgreiðslustaðir eigi að vera. Jafnframt verði tekið á atriðum eins og póstleynd, öryggismálum, þjálfun starfsfólks og fleiri atriðum eftir því sem ástæða er til. Þetta starf verður unnið samhliða endurskoðun póstlaga en stefnt er að því að leggja fram á Alþingi frv. þar að lútandi næsta haust.

Í öðru lagi er spurt hvaða skilgreindar kröfur séu gerðar o.s.frv. Svar mitt er að kröfur þær sem gerðar eru til þessa rekstrar koma fram í lögum um póstþjónustu og reglugerð um grunnpóstþjónustu, svo og í leyfisbréfi Íslandspósts hf. Samkvæmt 9. gr. leyfisbréfsins sem áður var minnst á skal leyfishafi ákveða fjölda afgreiðslustaða fyrir almenning og dreifing þeirra um landið skal vera í samræmi við reglugerð og markmið sem Póst- og fjarskiptastofnun setur til að tryggja aðgengi almennings að grunnpóstþjónustu.

Þessar reglur liggja ekki fyrir. Stofnunin fjallaði um þetta ákvæði 9. gr. á árinu 1997 þegar núgildandi rekstrarleyfi var undirbúið. Þá var fjöldi afgreiðslustaða talinn fullnægjandi en talið rétt að setja þetta ákvæði inn sem varnagla. Frá árinu 1998 hefur Íslandspóstur gert þjónustusamninga um allt land þar sem póstþjónusta hefur verið falin öðrum þjónustuaðilum svo sem bönkum, sparisjóðum og nú síðast kaupfélagi. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki talið ástæðu til að hafast nokkuð að þar sem póstþjónustan hefur ekki verið lögð niður á viðkomandi stöðum heldur falin öðrum. Samkvæmt þjónustusamningum ábyrgjast verktakar að meðferð póstsendinga sé á hverjum tíma í samræmi við gildandi lög og reglur um póstþjónustu og rekstrarleyfi Íslandspósts hf.

Í þriðja lagi er spurt hver taki út og samþykki færslur póstafgreiðslna o.fl. Íslandspóstur tilkynnir jafnóðum Póst- og fjarskiptastofnun um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á afgreiðslustöðum fyrirtækisins ásamt upplýsingum um væntanlega samstarfsaðila. Ekki er um formlega úttekt að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun taldi stofnunin sig ekki hafa heimildir í lögum til að setja

sig upp á móti hugmyndum Íslandspósts um að hagræða í rekstrinum þegar þær voru kynntar fyrir stofnuninni á sínum tíma, m.a. vegna markmiðs póstlaga um hagkvæma og virka póstþjónustu. Hefur verið lögð á það áhersla að þjónustustig haldist það sama. Í sumum tilvikum hefur það aukist, svo sem með lengri opnunartíma.

Í fjórða lagi er spurt um hvort ráðherra muni afturkalla lokun pósthúsa á Hofsósi o.fl. sem hv. fyrirspyrjandi hefur lesið upp. Fullyrt er af hálfu forsvarsmanna Íslandspósts hf. að engin breyting hafi orðið á móttöku og afhendingu sendinga á Hofsósi og í Varmahlíð. Sömu öryggiskröfur eru gerðar vegna póstsendinga. Starfsmaður Íslandspósts hf. á hvorum stað hefur fylgt starfseminni eftir hjá samstarfsaðilanum fyrsta mánuð samstarfsins. Haldin hafa verið námskeið með öllum starfsmönnum kaupfélagsins þar sem farið hefur verið ítarlega yfir alla þá þjónustu sem Íslandspósti hf. ber að veita og hvernig afgreiðslu skuli háttað. Allir starfsmenn kaupfélagsins hafa undirritað þagnarheitið eins og aðrir starfsmenn Íslandspósts hf.

Allar skráðar sendingar sem póstlagðar eru eða eru til afhendingar á Hofsósi og í Varmahlíð eru settar í læsta skápa frá Íslandspósti hf. Skáparnir eru ávallt lokaðir nema þegar verið er að setja í þá sendingar eða taka þær út. Þrátt fyrir þetta er ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun mun fylgjast vel með þeirri þjónustu sem Íslandspóstur mun veita í Skagafirði eftir þessa breytingu. Ég mun undirstrika það í bréfi til stofnunarinnar.

Ef póstrekandi, í þessu tilviki Íslandspóstur, brýtur ákvæði starfsleyfisins eru eftirlitsúrræði og viðurlög í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 5. gr. þeirra. Komi í ljós að farið sé á svig við lög og reglur um póstþjónustu mun að sjálfsögðu verða gripið til viðeigandi ráðstafana.

[14:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Sem betur fer voru sett inn í starfsleyfi Íslandspósts þau ákvæði að skilgreina ætti grunnþjónustuna. Það hefur ekki verið gert. Það er hins vegar mjög brýnt miðað við þróun mála að sú skilgreining sé alveg ljós þannig að allir viti hvaða þjónustu þeir mega fara fram á.

Það er mikilvægt að veitt sé fagleg þjónusta við afgreiðslu og móttöku pósts. Því fleiri sem koma að þeirri þjónustu, því erfiðara verður að halda t.d. þagnarheiti. Póstþjónustan er einu sinni þannig að þar fara í gegn mjög persónulegar sendingar og ábyrgðarsendingar. Án þess að ég lýsi yfir vantrausti á starfsmenn, þá sem vinna hjá kaupfélögum og öðrum sem taka verkefnið að sér, vil ég minna á að þetta er sérhæfð þjónusta sem við eigum að gera miklar kröfur til. Það er því mjög mikilvægt að þessi skilgreining á grunnþjónustu og faglegum kröfum verði ljós.

[14:20]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég, ásamt mörgum öðrum þingmönnum, deili áhyggjum með hv. þm. Jóni Bjarnasyni um þessi mál. Ég vil t.d. nefna að á einum stað í Vesturlandskjördæmi, í Búðardal, er núna verið að tilkynna helmingsskerðingu á opnunartíma. Þar verður ekki hægt að koma pósti frá sér nema í fjóra tíma á dag en hins vegar verður hægt að komast í pósthólf. Þetta er gert með einni tilskipun. Starfsmenn fá hana í hendur. Ég hef áhyggjur af því að þegar gripið er til þannig hagræðingar þá sé ekki litið til þess að útvega störf á móti. Ég er sammála því að það geti þurft að hagræða. Aftur á móti verður að sjá til þess að fólk standi ekki uppi atvinnulaust eftir hagræðinguna. Ég nefni sem dæmi að þetta bréf barst til Búðardals 19. mars, bara ein tilskipun: Afgreiðslutími styttur um helming frá því sem verið hefur.

[14:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka þetta mál upp á þinginu. Ég tek undir áhyggjur hans af því að ekki séu til skýrar og ákveðnar reglur, þ.e. gæðakröfur og þá sérstaklega hvað varðar öryggismál og póstleynd, sem ég sé ekki, virðulegi forseti, hvernig hægt er að framfylgja þegar póstafgreiðsla er komin í sjoppur eða verslanir.

Ég vil einnig benda á að í þeim 16 póststöðvum sem þegar hefur orðið á rekstrarbreyting hafa tapast hátt í 20 störf. Þau störf vinna konur. Í yfir 95% tilvika hafa þeir starfsmenn sem misst hafa vinnuna verið konur. Í öðrum tilvikum þar sem rekstur hefur verið skertur hefur það eingöngu komið niður á störfum kvenna.

Í þeim svörum sem ég fékk fyrir stuttu síðan frá hæstv. ráðherra um það hversu mörg störf hefðu tapast eru ekki taldar með ýmsar póststöðvar sem fyrirhugað er að loka og þegar búið að ræða það við starfsmenn. Þar er heldur ekki tekið tillit til þess að þjónustan hefur verið skert.

[14:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég gerði um daginn tilraun til að spyrja hæstv. byggðamálaráðherra hvort ríkisstjórnin hefði einhverja stefnu í að reyna að skapa störf í stað þeirra sem lögð eru niður. Ég fékk loðin svör og lítil hjá hæstv. ráðherra.

Nú ætla ég að gera tilraun til að spyrja hæstv. samgrh. hvort það sé einhver stefna uppi í þessu efni, hvort hann telji ekki að það þurfi að hafa slíka stefnu þannig að þar sem er verið að hagræða með þessum hætti, þegar í hlut eiga stofnanir á vegum ríkisins, þá sjái menn til þess að í tengslum við það sé hægt að skapa önnur störf á viðkomandi svæði. Ég held að það væri til fyrirmyndar ef menn hefðu það sem prinsipp að láta það ekki koma niður á atvinnulífinu þegar hagrætt er innan stofnana á vegum ríkisins.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin og hv. þm. fyrir þátttöku í umræðum um málið. Ég fagna því ef hæstv. ráðherra hyggst standa við það að ekki verði skerðing á þjónustu þessara póststöðva. Hins vegar harma ég að ekki skuli þegar hafa verið sett á fulla ferð í að skilgreina gæði þjónustunnar sem á að vera í boði. Eigi að bíða nýrra laga um póstþjónustu til að slík skilgreining fáist þá tel ég það algerlega óviðunandi.

Ég harma líka, herra forseti, að ekki hafi þegar farið fram úttekt af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar á þeirri þjónustu sem nú hefur verið breytt, ég nefni þar Skagafjörð þar sem póstþjónustan var flutt inn í bensínafgreiðslur og verslanir. Hið sama er fyrirhugað á Skagaströnd. Ég veit að bæði þingmenn og fulltrúar þessara landsvæða hafa komið á fund hæstv. ráðherra og óska eftir því að hann gerði sérstaka skoðun á því sem þarna væri að gerast. Ég man ekki betur en hann ætlaði að verða við því og skoða það.

Mér er líka kunnugt um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi borist bréf frá heimaaðilum með óskum um að þessi þjónusta yrði tekin út og kannað hvort hún uppfyllti lög og reglur eins og tilskilið er. Þjónustukröfurnar eru því miður allt of loðnar

og hægt að skjóta sér að einhverju leyti bak við þær. Þarna hafa ítrekað komið fram athugasemdir og óskir til hæstv. ráðherra og Póst- og fjarskiptastofnunar um að þetta verði tekið út. Hvers vegna í ósköpunum er þá ekki bara drifið í að skoða þetta? Þessi þjónusta hefur að mínu viti orðið mun lakari við þessar breytingar og því er eðlilegt að þeir sem þarna bera ábyrgðina og taka ekki alvarlega óskir og ábendingar um að gerð verði úttekt fái nú þegar úr því skorið hvort þjónustan sem í boði er uppfylli lög og reglur sem um hana gilda eins og hæstv. ráðherra hefur lýst yfir.

[14:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður og ágætar ábendingar, ekki síst fyrir ábendingu frá hv. þm. Þuríði Backman sem virðist hafa farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda, um að í starfsleyfi Íslandspósts eru kröfur um þjónustu. Ég held að menn megi ekki fara svo bratt að rjúka upp til handa og fóta og fullyrða að þjónustan sé stórlega skert, svo skert að afturkalla beri skipulagsbreytingar sem eru nauðsynlegar vegna ytri aðstæðna.

Mér er ljóst ekki síður en fyrirspyrjanda og öðrum hv. þm. að það er mjög erfitt að gera breytingar sem hafa áhrif á starfsmannafjölda, ekki síst úti á landi. Það þarf ekki að halda uppi kennslu yfir mér í þeim efnum. Ég hef sérstaklega lagt mig fram um að standa fyrir breytingum sem fjölga störfum út á landi. Ég tel mig geta talað við hv. þm. um þau mál.

Mér er fullkunnugt um að margar konur vinna í póstþjónustunni. Það tengist að sjálfsögðu ekki því hvort karl eða kona er í starfi en ég tek ekki undir það að breytingar með samningum, t.d. við Kaupfélag Skagfirðinga, sé tilefni til þess að menn gefi sér það fyrir fram, þrátt fyrir samninga og aðgerðir, að póstþjónusta í verslunarfyrirtækjum sé ófullnægjandi. Ég treysti því að Íslandspóstur standi vel að þessu og mun að sjálfsögðu fylgjast með því, að því leyti sem ráðherra getur gert en Póst- og fjarskiptastofnun sér um eftirlitið.

Brjóstastækkanir.

Fsp. KF, 539. mál. — Þskj. 839.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Fyrirspurn mín um brjóstastækkanir er borin fram vegna umræðu sem átt hefur sér stað víða um heim vegna aukaverkana og vandamála sem komið hafa upp vegna notkunar sílikons í brjóstafyllingar. Brjóstastækkunaraðgerðir eru eins og margir vita bæði gerðar í svokölluðu fegrunarskyni en einnig er þeim beitt hjá konum sem hafa þurft að láta fjarlægja brjóst vegna krabbameins. Ég hef þess vegna lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir heilbr.- og trmrh.:

1. Hefur ráðherra upplýsingar um það hve margar brjóstastækkunaraðgerðir hafa verið gerðar hér á landi sl. 5–10 ár, annars vegar hjá konum sem fengið hafa krabbamein í brjóst og hins vegar sem fegrunaraðgerð eingöngu?

2. Hve lengi endast brjóstapúðar sem komið er fyrir við aðgerðirnar?

3. Tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í kostnaði við brjóstastækkunaraðgerðir?

4. Í hve mörgum tilvikum hefur sílikon verið notað sem fyllingarefni?

5. Er sílikon enn notað við brjóstastækkanir hér á landi sem fylliefni eða utan um saltvatnsfyllingar?

6. Hvers konar brjóstapúða er heimilt að nota við aðgerðirnar og við hvaða staðla er miðað?

7. Er vitað hve margar konur hafa kvartað til landlæknis um aukaverkanir af sílikonpúðum?

Ég ber þessa fyrirspurn fram vegna þess sem ég nefndi í upphafi. Hér á landi er vitað að nokkur hópur kvenna, sem kallar sig Von, hefur tekið sig saman til að reyna að hjálpa konum sem hafa lent í vandræðum út af aðgerðum af þessu tagi. Nýlega hefur það verið lagt fyrir Evrópuþingið að herða reglur um aðgerðir af þessu tagi, einkum hvað varðar ráðgjöf til kvennanna fyrir aðgerð og eftir aðgerð. Sömuleiðis að fleiri en einn læknir komi að þeirri ákvörðun, að þá sé gert skylt eða gert auðvelt að fá álit annars læknis áður en í aðgerðina er farið. Og sömuleiðis að skráning aðgerða sé gerð örugg þannig að vita megi og fylgjast megi með þessum málum. En það sem ég nefndi gerðist á Evrópuþinginu eftir 10 ára vinnu að því verki. Þess vegna er fróðlegt að heyra hvað heilbrrh. hæstv. hefur um málið að segja hér á landi.

[14:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted beinir til mín nokkrum spurningum varðandi brjóstastækkanir. Eins og kom fram í máli hennar hefur þetta verið mjög í umræðu, bæði hérlendis og erlendis í fjölmiðlum.

Stærstur hluti brjóstastækkunaraðgerða hér á landi fer fram á einkastofum lýtalækna og liggja ekki fyrir endanlegar tölur um þann aðgerðafjölda hjá landlækni. Við samantekt hans, sé miðað við undanfarin ár, er talið að fjöldinn í heild sinni nemi 200–250 aðgerðum á ári. Eru þá meðtaldar aðgerðir sem gerðar eru á sjúkrahúsum. Um 90% aðgerðanna teljast fegrunaraðgerðir en um 10% eru aðgerðir vegna eftirstöðva brjóstakrabbameins og annarra slíkra sjúkdóma. Tryggingastofnun ríkisins greiðir eingöngu kostnað vegna endurbyggingar brjósta eftir brottnámsaðgerðir, t.d. eftir krabbamein, en ekki vegna fegrunaraðgerða.

Fyrirspyrjandi óskaði upplýsinga um endingu þeirra brjóstapúða sem komið er fyrir við aðgerðirnar. Því er til að svara að ending brjóstapúðanna er mjög mismunandi. Mjög sjaldan þarf að skipta um púða og eru enduraðgerðir mjög fátíðar. Eru þær helst gerðar vegna herslismyndunar í kjölfar örvefs eða vegna rofs sem verður á sílikonhylki. Fylgivandamál af þessum toga geta komið innan örfárra ára frá fyrstu aðgerð eða nokkrum áratugum síðar og er engin regla á því hvenær fylgikvillarnir koma fram.

Sílikon hefur lengi verið notað sem fyllingarefni. Í upphafi var því sprautað óbeislað inn í brjóstið en sú aðferð hefur aldrei verið notuð á Íslandi. Flestar aðgerðir eru gerðar með brjóstapúðum af mismunandi stærðum sem hafa verið fylltir með sílikonhlaupi.

Saltvatnsfyllingar eru einnig notaðar, einkum sé verið að endurbyggja brjóst eftir brottnám vegna krabbameins. Púðarnir eru miðaðir við gæðastaðla Evrópusambandsins.

Kvartanir vegna brjóstastækkunaraðgerða hafa verið talsvert í umræðu í fjölmiðlum að undanförnu. Landlækni hefur borist að meðaltali tæplega ein slík kvörtun á ári undanfarin tíu ár. Kvartanirnar hafa aðallega snúist um vonbrigði vegna

þess að árangur aðgerðar hefur ekki verið sem vænst var vegna örvefsmyndunar og vegna sýkinga.

Virðulegi forseti. Ég tel mjög mikilvægt að áfram verði fylgst vel með framgangi þessara aðgerða hér á landi og þróun þeirra. Landlæknir er nú um þessar mundir að byggja upp gagnagrunn til að geta fylgst enn betur með þessum tegundum aðgerða og fleiri slíkum.

Það sem kemur ekki fram í fyrirspurninni en mig langar að komi fram hér, er að langalgengustu brjóstastækkanir eru gerðar á 25–35 ára konum en ef um yngri konur er að ræða er það venjulega vegna þess að brjóst hafa ekki þroskast.

En við getum líka spurt okkur að því hvaða ímynd erum við að gefa okkur af ungum konum ef það er svo mikið kappsmál fyrir ungar konur að láta stækka á sér brjóstin, og þá er ég að tala um mjög ungar konur, án þess að um sjúkdóm sé að ræða. Það er eitthvað sem ég held að samfélagið ætti að taka til umfjöllunar.

Ég vona að þetta hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

[14:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að koma upp með efni sem gengur undir heitinu þögla hættan. Ástæðan fyrir því að sílikonpúðar í brjóstum hafa fengið heitið þögla hættan er einfaldlega sú að það er ótrúlegur fjöldi kvenna, og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið eru margar erlendis sem hafa farið í brjóstastækkun og það hefur komið í ljós að stór hluti þessara sílikonpúða lekur og veldur óþægindum.

Ég vil að það komi fram að mér finnst mikilvægt að þessi upplýsingabæklingur sem búið er að tala um í mörg ár verði gefinn út og að það verði gefnar leiðbeinandi leiðbeiningar til lýtalækna að setja ekki púða í brjóst hjá stúlkum sem eru yngri en 20–21 árs nema ástæðan sé undirliggjandi sjúkdómar. Brjóstin eru ekki fullþroskuð fyrr en á þessum aldri. Það má líka bæta því við að andlegur þroski kvenna til að taka svo stóra ákvörðun og standa á henni og meta þær hættur sem liggja að baki ígræðslu silikonpúða er varla nægilegur fyrr en á þessum aldri.

[14:37]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er tímabært að ræða þessi mál, brjóstastækkanir á Íslandi, hér á hinu háa Alþingi. Svo virðist sem fjöldi þessara aðgerða hafi vaxið mjög á síðustu árum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir grafalvarlegt mál að 90% þessara aðgerða séu fegrunaraðgerðir. Því ef kostnaðurinn aftrar ekki konum, ungum konum, frá því að fara í svona aðgerð þá þýðir það einfaldlega, eins og hæstv. heilbrrh. kom hér inn á, að það er gífurlegur samfélagslegur þrýstingur hér á landi að steypa allar ungar konur í sama mót. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaðan sá þrýstingur komi og hvers vegna hann sé fyrir hendi. Þetta snýst nefnilega um það að konur hafi heilbrigða sýn á sjálfar sig og á líkama sinn, hvernig sem þær líta út.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn og taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. En mig langar til að bæta örlitlu atriði inn í umræðuna. Það varðar upplýsingar og fræðslu til þeirra kvenna sem sækja um aðgerðir af þessu tagi. Nú hefur það komið fram í fjölmiðlum að lýtalæknarnir sjálfir láta viðkomandi konur hafa fræðsluefni eða upplýsingaefni. Það hefur verið gagnrýnt í fjölmiðlum að þetta efni sé af skornum skammti og alls ekki fullnægjandi upplýsingar varðandi aukaverkanir og áhættu af þessum aðgerðum.

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki rétt að veita landlækni það hlutverk að fræðsluefni sem konur sem leita eftir þessum aðgerðum fá í hendur sé unnið á vegum landlæknis þar sem við getum treyst því að allar upplýsingar komi fram og engin hlutdrægni geti komist að málinu?

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég efast reyndar ekki um að þeir lýtalæknar sem gera þessar aðgerðir gefi ágætar upplýsingar en það er samt sem áður á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda og það er traustvekjandi fyrir almenning í landinu að heilbrigðisyfirvöld gefi leiðbeiningar í sem flestum málum af þessu tagi. Ég fagna því að bæklingur landlæknis muni líta dagsins ljós fyrr en síðar.

Sílikon hefur verið bannað í brjóstafyllingum í Bandaríkjunum, Japan, Kanada og Frakklandi og að hluta til líka í Bretlandi frá því fyrir ári. Sagt er að fyllingarnar endist kannski í 69% tilvika innan við 10 ár. Það er samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn. Þegar við sjáum þessar tölur, að 200–250 aðgerðir af þessu tagi séu gerðar á Íslandi árlega — það er eiginlega hærri tala en ég átti von á, ég verð að segja það — og einkum þegar um frekar ungar konur er að ræða, þær eru að meðaltali 25–35 ára eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh., segir það manni kannski að sjálfsmynd ungra kvenna er oft brothætt. Reyndar sjálfsmynd ungra karlmanna gjarnan líka brothætt. En þegar 25 ára aldri er náð ætti flestum að vera ljóst að kynþokki byggist ekki á brjóstastærð heldur býr hann í heilabúinu og því sem það getur gefið frá sér.

En ég þakka hæstv. heilbrrh. innilega fyrir góð svör.

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekkert við það að bæta sem hv. þm. Katrín Fjeldsted sagði í lokin. Ég er hjartanlega sammála því sem fram kom hjá henni. Það er þessi sjálfsímynd sem er svo mikilvægt að sé sterk. Hún byggist ekki á brjóstastærðinni einni saman. Það er alveg rétt að þetta er mikill fjöldi, um 250 aðgerðir á ári. Þá erum við að tala um að hvern virkan dag sé gerð ein slík aðgerð, ein slík fegrunaraðgerð. Það er alveg sama hvaða aðgerð við förum í, við getum aldrei alveg ábyrgst að ekki séu aukaverkanir af þeim aðgerðum. En auðvitað vitum við líka hér í þingsalnum að mikilvægt er að gera sumar þessar aðgerðir. Þær eru alveg nauðsynlegar. En fjölmargar er gerðar eingöngu vegna þess að búið er að koma þeirri ímynd inn hjá konunni að hún eigi að vera með akkúrat vissan sentimetrafjölda, bæði um sig miðja og á fleiri stöðum.

Náttúruverndaráætlun.

Fsp. ÞSveinb, 548. mál. — Þskj. 852.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Meðal nýmæla í lögum um náttúruvernd frá 1999, er ákvæði um gerð náttúruverndaráætlunar fyrir landið allt, áætlunar sem skuli lögð fyrir Alþingi. Mér leikur forvitni á að vita hvernig vinnu við áætlunargerðina vindi fram og hvort hæstv. umhvrh. sjái nokkra meinbugi á því að leggja áætlunina fyrir Alþingi á næsta þingi.

Í 65. gr. laga um náttúruvernd segir að við gerð áætlunarinnar skuli Náttúruvernd ríkisins í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar. Hæstv. umhvrh. mun væntanlega geta gert okkur grein fyrir því hvernig það samstarf fari fram.

Herra forseti. Gerð náttúruverndaráætlunar er í senn viðamikið og vandasamt verkefni enda verið að leggja grunninn að náttúruvernd hér á landi næstu ár. Við gerð hennar þarf m.a. að taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt búsvæða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna, eins og segir í 66. gr. laganna.

Í fjárlögum þessa árs eru veittar 4 millj. kr. til tveggja ára til gerðar náttúruverndaráætlunar. Í fyrra voru 5 millj. kr. veittar til verkefnisins. Þannig hefur Náttúruvernd ríkisins samtals úr 9 millj. kr. að spila en einn starfsmaður hefur verið ráðinn til verksins enn sem komið er til þess að sinna því á skrifstofu Náttúruverndar ríkisins.

Ég leyfi mér að efast um það, herra forseti, að fjárveitingin dugi til þessa viðamikla og mikilvæga verkefnis. Efasemdir mínar eru ekki síst sprottnar af samanburði við fjárveitingar til gerðar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar hafa menn úr tugum millj. kr. að spila. Í ár er áætlaður kostnaður Orkusjóðs og Orkustofnunar af rammaáætluninni t.d. 113 millj. kr., herra forseti. Þótt framlag til gerðar náttúruverndaráætlunar væri tífaldað næði það ekki þeirri upphæð sem varið er á einu ári til gerðar rammaáætlunarinnar.

Það er umhugsunarverð staðreynd og segir okkur í raun allt um forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í náttúruverndarmálum. Náttúruvernd ríkisins hafði áætlað kostnað vegna gerðar náttúruverndaráætlunarinnar, samtals um 25 millj. kr. Ekkert bendir til annars en þar sé um raunhæfa og faglega áætlun að ræða. Tillaga frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og fleirum um að auka fé til náttúruverndaráætlunar var felld við afgreiðslu fjárlaga í desember sl. eins og hv. þm. muna sjálfsagt en þó samt í ljósi þess að það hefur í raun legið fyrir að 9 millj. mundu kannski ekki duga. Ekki síst í ljósi þess að náttúruverndin þarf að kaupa margs konar sérfræðivinnu af öðrum opinberum stofnunum, t.d. kortagrunn af Landmælingum ríkisins, vinnu sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun og Orkustofnun, svo dæmi séu nefnd.

[14:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er:

„Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar? Hvenær telur ráðherra að því verki verði lokið?"

Því er til að svara að skv. 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, skal umhvrh. eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar. Í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur fram að umhvrh. skuli eigi síðar en árið 2002 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun samkvæmt áðurnefndri 65. gr.

Vinna við náttúruverndaráætlun hófst á síðasta ári. Þá veitti Alþingi samkvæmt fjárlögum 5 millj. kr. til verkefnisins. Á yfirstandandi ári verður varið til verkefnisins 9 millj. kr. af fjárveitingu til Náttúruverndar ríkisins. Eins og kemur fram í áðurnefndri 65. gr. náttúruverndarlaga skal Náttúruvernd ríkisins í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðila sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands eru sammála um að byggja vinnuna við áætlunina á þeim grunni sem svokallaður Bernarsamningur og Emerald Network og Habitat Directive Evrópusambandsins byggja á og sambærilegum viðmiðunum og vinnufyrirkomulagi og þar er notað, ásamt þeim leiðbeiningum sem koma fram í náttúruverndarlögunum.

Fyrsti þátturinn byggir á mati á ástandi tegunda, útbreiðslu þeirra, tegundum í hættu, sjaldgæfum tegundum, tegundum sem Ísland ber ábyrgð á, vegna þess að stór hluti stofnsins byggir afkomu sína hér á landi o.s.frv.

Hér er um að ræða vinnu sem byggist á upplýsingum sem er að finna í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands og útgefnu efni. Næsti þátturinn byggir á upplýsingum um vistgerðir, búsvæði og vistkerfi og mat á verndarþörf með tilliti til ákveðinna viðmiða og hefur Náttúrufræðistofnun Íslands undanfarið verið að móta vinnureglur og aðferðir við slíkt mat.

Þriðji þátturinn felst í samkeyrslu þessara upplýsinga og mat á því hvaða svæði talið er mikilvægast að varðveita eða vernda á grundvelli tegundafjölbreytni og vistgerða. Það verður hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að vinna fyrstu tvo þættina og fella þá saman en Náttúruvernd ríkisins mun í framhaldi af því leggja gögnin saman með öðrum gögnum, svo sem frá Þjóðminjasafni Íslands og öðrum sem búa yfir sértækum upplýsingum sem nauðsynlegt er að taka tillit til við gerð slíkrar verndaráætlunar.

Sem stendur er unnið að söfnun upplýsinga frá sveitarfélögum, Náttúrustofu og ýmsum stofnunum sem búa yfir upplýsingum um náttúru landsins. Náttúruvernd ríkisins vinnur nú að því að útbúa tillögur um vinnuáætlun, þar sem m.a. er ætlunin að komi fram verkaskipting milli stofnana, ábyrgð þeirra á einstökum verkþáttum, áherslur, hver sé staða verksins í dag, hvernig verkfyrirkomulagi hefur verið háttað og jafnframt gerð áætlun um vinnulag þar til málið verður tekið upp á Alþingi.

Umhvrn., Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands mynda stýrihóp til að fara yfir áðurnefndar áætlanir. Gert verður ráð fyrir að náttúruverndaráætluninni verði lokið sumarið 2002 og hún verði lögð fram sama haust á Alþingi, þ.e. á haustþingi árið 2002.

[14:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að það vanti dálítinn metnað í þetta starf eins og það hefur verið unnið að undanförnu og fjármunir hafi ekki verið nægir til að gera þá hluti sem hæstv. ráðherra er að lýsa. Ég held að það þurfi að fara vandlega yfir það hvort þær áætlanir sem hæstv. ráðherrann

var að lýsa muni ganga upp með þeim fjárveitingum sem til staðar eru. Það þarf þá að bæta snarlega úr því, vegna þess að tíminn er auðvitað mjög skammur til stefnu ef þarf að rétta eitthvað af í þessu efni. Ég hvet hæstv. ráðherra til að endurskoða þessa áætlun með það fyrir augum að sé a.m.k. hægt að standa við það sem hér var lýst áðan.

[14:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn og fagna því að sjálfsögðu að hæstv. umhvrh. skuli á jafnafdráttarlausan hátt og hún gerir segja okkur að haustið 2002 verði náttúruverndaráætlun tilbúin. Nú er það alveg rétt að besti mælikvarðinn á frammistöðu stjórnvalda í málaflokkum birtist í fjárlögum íslenska ríkisins. Sannleikurinn er sá að ekki hefur verið sett nægilega mikið fé til Náttúruverndar ríkisins í þessu tilliti, hvorki til gerðar náttúruverndaráætlunar né heldur til þess fræðsluhlutverks sem sú stofnun á að sinna.

Það kom glögglega í ljós á ráðstefnu sem haldin var norður á Húsavík í síðustu viku að Náttúruvernd ríkisins hefur ekki getað sinnt lögbundnu hlutverki sínu um fræðslu vegna fjárskorts. En ég vona sannarlega að stofnunin hafi þá fjármuni sem hún telur sig þurfa til að gera þá náttúruverndaráætlun sem hæstv. umhvrh., stofnunin sjálf, og við alþingismenn og þjóðin öll, getum verið stolt af.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin. Ég verð að segja eins og er að ég get ekki annað en dáðst að bjartsýni hæstv. umhvrh. því eftir að hafa kynnt mér þessi mál lítillega og nú er hún miklu betur inni í þeim en ég, vænti ég, þá sé ég ekki hvernig þessar 9 millj. kr. eiga að duga nema þegar á hólminn verður komið á haustþingi 2002, þá fáum við í hendurnar eitthvað sem er kannski ekki beinlínis áætlun, heldur líka tilmæli um meiri vinnu eða það sem hefur kannski ekki gefist tóm til að fara nógu gaumgæfilega ofan í, vegna þess að ekki hafi verið fjármunir til þess. En guð láti gott á vita. Það kemur í ljós og við munum auðvitað fylgjast með því í hv. umhvn. hvernig þessari vinnu mun vinda fram á næsta eina og hálfa ári.

Hins vegar get ég ekki annað en minnst aftur á samanburðinn við rammaáætlunina af því hann er svo sláandi, herra forseti. Hann segir okkur svo mikið um forgangsröðunina því við erum í raun ekki að tala um neina stórkostlegar upphæðir þó auðvitað megi gera mjög margt fyrir 9 millj. kr. En í samanburði við þá vinnu sem er verið að leggja í við að undirbúa nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem er vissulega mjög mikilvæg vinna þá er a.m.k. í mínum huga gerð náttúruverndaráætlunar alveg jafnmikilvæg og ætti að fá sama sess. Og sessinn ræðst ekki síst af því hversu mikið fé ráðamenn láta til slíkra verkefna.

[14:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið hér. Það kemur reyndar svolítið á óvart þegar rammaáætlunin er dregin inn og talað um að þetta sýni forgangsröðun ríkisstjórnarinnar að settar séu ákveðnar fjárhæðir í rammaáætlunina, en eitthvað annað í náttúruverndaráætlunina. Ég tel að rammaáætlunin sé gífurlega mikilvæg fyrir umhverfismál í landinu. Þar er verið að skoða virkjunarkosti m.a. með tilliti til umhverfisins. Ég átta mig því ekki alveg á þessum samanburði eins og hann er settur fram hér.

Ég tel að það fjármagn sem við erum að setja í náttúruverndaráætlunina sé nægjanlegt. Menn eru að vinna í henni og sú vinna gengur ágætlega vel. Fyrsta áætlunin verður lögð fram á haustþingi 2002 og síðan verða þær lagðar fram á fimm ára fresti. Það er alveg ljóst að þær munu örugglega þróast með tímanum. Sú fyrsta er frumraun má segja en ég vona að hún verði góð og til þess ætlumst við að það sé unnið vel að henni. Við höfum stýrihóp til þess að vera með gott samráð við Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun svo að hægt sé að halda vel utan um þetta mál. Ég tel að Náttúruvernd ríkisins sem ber aðalábyrgð á málinu sé að vinna góða vinnu varðandi þessa áætlun.

Það kom fram að það vantaði fjármagn til fræðslumála hjá Náttúruvernd ríkisins. Af því tilefni vil ég taka fram að við síðustu fjárlög var bætt við sérstökum lið í fræðslumál hjá Náttúruvernd ríkisins, fræðslu sem lýtur að friðlýstum svæðum sem var fjárlagaliður upp á nokkrar milljónir þannig að ég tel að við sjáum fram á að hægt verði að sinna þeim fræðsluvettvangi mun betur en áður.

Vikurnám við Snæfellsjökul.

Fsp. JÁ, 561. mál. — Þskj. 867.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um vikurnám við Snæfellsjökul, í fimm liðum:

1. Hve mikill vikur var numinn við Snæfellsjökul á árunum 1999 og 2000?

2. Er slíkt nám háð sérvinnsluleyfum, og ef svo er, hvaða leyfi lágu til grundvallar starfseminni?

3. Hefur farið fram umhverfismat á námuvinnslunni við Jökulinn?

4. Verður frekari starfsemi leyfð á námusvæðunum við Jökulinn án undangengins umhverfismats?

5. Hefur fyrirhuguð stofnun þjóðgarðs áhrif á meðferð ráðuneytisins á leyfum til námuvinnslu við jaðra svæðisins?

Hæstv. forseti. Ástæðan þess að ég spyr um þetta er sú að eftir nokkuð mikið hlé var farið að vinna að nýju vikur við Snæfellsjökul. Snæfellsjökull er einn af frægustu náttúruperlum okkar og auðvitað er mjög mikilvægt að umhverfi hans sé verndað sem allra mest. Þess vegna voru ýmsum nokkur vonbrigði 1994 þegar ný vinnsluleyfi voru gefin út við Jökulinn. Það vinnsluleyfi sem var þá gefið út var síðan stækkað með viðauka síðar frá hendi landbrn. og það gerðist árið 1996. En árið 1998 lagði fyrirtækið sem hefur þessi leyfi inn mál sín til skoðunar, þ.e. til umhverfismats hjá Skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun úrskurðaði síðan, líklega 1999, um viðbótarumhverfismat sem ætti að fara fram. Það umhverfismat hefur ekki farið fram enn þá svo ég viti til. Ég tel að þarna hafi verið unninn vikur en það mun auðvitað koma fram í svörum hæstv. ráðherra hvort svo hafi verið á þessu tímabili. Mér finnst rétt að menn fari yfir þessi mál og velti þeim vel fyrir sér því þetta er afar viðkvæmt svæði.

Ég held að niðurstaðan í þessu þurfi að vera sú að ekkert vikurnám eigi að geta farið fram á þessu svæði öðruvísi en slíkt umhverfismat hafi farið fram. Ég vona að hægt verði að finna leið til þess að svo verði gert en óttast að það sé ekki í þeim farvegi eins og stendur.

[14:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hve mikill vikur var numinn við Snæfellsjökul á árunum 1999 og 2000?"

Því er til að svara að samkvæmt upplýsingum hlutaðeigandi fyrirtækis, Vikurvara ehf., var ekki numinn vikur á ásvæðinu 1999, en á árinu 2000 var numinn 7.480 m af vikri.

Í öðru lagi er spurt: „Er slíkt nám háð sérvinnsluleyfum, og ef svo er, hvaða leyfi lágu til grundvallar starfseminni?"

Umhvrn. er ekki leyfisveitandi í þessu tilviki. Landbrn. er skráður landeigandi að jörðinni þar sem efnistaka fer fram og telur efnistökuna ekki vera háða sérvinnsluleyfi.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur farið fram umhverfismat á námuvinnslunni við Jökulinn?"

Því er til að svara að með bréfi Nesvikurs ehf. til Skipulagsstofnunar 21. okt. 1998 var tilkynnt mat á umhverfisáhrifum vikurnáms á Harðbalasvæði og á Jökulhálsi við Snæfellsjökul í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Niðurstaða úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins frá 15. jan. 1999 og síðar umhvrh. frá 27. apríl 1999, fól í sér að vikurnám á framangreindum svæðum er háð frekara mati á umhverfisáhrifum. Frekara mat hefur ekki farið fram eins og hv. fyrirspyrjandi taldi upp í fyrirspurninni.

Í fjórða lagi er spurt: „Verður frekari starfsemi leyfð á námusvæðunum við Jökulinn án undangengins umhverfismats?"

Því er til að svara að vikurnám á því svæði og í því magni sem framangreint mat á umhverfisáhrifum tók til er háð niðurstöðu frekara mats á umhverfisáhrifum. Sé vikurnám fyrirhugað á öðrum svæðum en í minna magni er rétt að benda á að skv. 21. lið í 1. viðauka gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er efnistaka matsskyld ef hún raskar 50.000 m svæði eða meira, eða er 150.000 m eða meira, eða ef fleiri en einn efnistökustaður ná yfir 50.000 m svæði eða stærra. Einnig er bent á að skv. 2. lið a í 2. viðauka sömu laga er efnistaka tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, ef áformað er að raska 25 þús. m svæði eða stærra, eða er 50 þús. m eða meiri, eða ef fleiri eða einn efnistökustaður nái yfir 25 þús. m eða stærra svæði, eða ef efnistaka er á verndarvæði.

Samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er öll efnistaka háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum sem tilgreindar eru í 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000, nema fyrir liggi úrskurður um mat á umhverfisáhrifum, eða eftir atvikum ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld, sbr. 16. gr. sömu laga.

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, er spurt: „Hefur fyrirhuguð stofnun þjóðgarðs áhrif á meðferð ráðuneytisins á leyfum til námuvinnslu við jaðra svæðisins?"

Það skal tekið fram aftur að umhvrn. veitir ekki leyfi til námuvinnslu. Námuleyfisútgefandi er iðnrn. sbr. lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu og lögum, nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins. Það getur hins vegar ekki gefið út leyfið fyrir matsskyldri framkvæmd og starfsemi er henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og skal leyfisveitandi taka tillit til hans. Því er ekki útilokað að námuvinnsla við þjóðgarða almennt geti haft áhrif á niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og þar með leyfi til námuvinnslu þegar um slíkt er að ræða.

En samkvæmt upplýsingum mínum þá er ekkert sem bendir til þess að von sé á slíkum leyfum varðandi vikurnám á Snæfellsnesi.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það kemur skýrt fram að vikurvinnsla er í gangi þarna og var á síðasta ári og ég veit ekki betur en að hugmyndin sé að hún haldi áfram.

Ég tel að minnsta kosti dálítið undarlegt að það umhverfismat sem fór af stað vegna þessa fyrirtækis skuli ekki hafa gengið til enda. Mér finnst það ekki ganga og alveg sérstaklega í ljósi þess að vonandi og sem allra fyrst verði þarna til þjóðgarður um Jökulinn. Og einmitt þar sem flestir ferðamenn koma að Jöklinum fer þessi námavinnsla fram. Ég held að óhætt sé að segja að það hafi orðið nóg af slysum í kringum þessa vinnslu hvað umhverfismál varðar, því svo sannarlega var engin þörf á að bæta við leyfum á sínum tíma og búa til nýjar námur sem reyndust ónothæfar vegna þess að þær höfðu ekki verið rannsakaðar nógu vel á sínum tíma og ekki skynsamlegar til nýtingar. Þess vegna er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að þarna haldi áfram einhver starfsemi nema menn hafi tekið á þeim vandamálum sem þeir hafa séð við þetta umhverfismat. Og ég er ekki viss um að séð verði fyrir endann á þessu.

Ég vil því biðja hæstv. ráðherra að svara því þótt mér sé fullkunnugt um að hæstv. ráðherra veitir ekki þessi leyfi, þá hlýtur hæstv. ráðherra að hafa veruleg áhrif á það og þær stofnanir sem hún hefur yfirráð yfir, að þessi mál gangi ekki fram með þeim hætti sem þarna er, að Skipulagsstofnun sem búin er að úrskurða sé virt að vettugi og að ekki sé haldið áfram með málið og það sé ekki klárað.

[15:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að vinnsla var í gangi í fyrra. Það voru teknir 7.480 m . Það er fyrirtækið Vikurvara ehf. sem er í þeirri vinnslu og þetta magn er langt undir þeim mörkum sem krafist er umhverfismats á samkvæmt nýjum lögum.

Varðandi hitt málið, Nesvikur ehf. sem sendi inn umhverfismat á sínum tíma, 21. október 1998, á Harðbalasvæði og á Jökulhálsi, þá hefur það mál ekkert gengið áfram þar sem fyrirtækið sendi ekki inn frekara mat. Málið er þannig vaxið að Vikurvara ehf. er með vinnsluna á tiltölulega litlu magni, sem er undir því sem lögin um mat á umhverfisáhrifum segja að sé tilkynningarskylt og hvað þá matsskylt, og Nesvikur ehf. hefur ekki sent áform sín um frekara mat áfram.

Hvað leyfisveitingarnar varðar, þá er það rétt að umhvrh. veitir ekki leyfin en hins vegar koma undirstofnanir að leyfum eins og Náttúruvernd ríkisins sem veitir umsögn um námaleyfi.

Viðbrögð við skýrslum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Fsp. KF, 578. mál. — Þskj. 895.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Fjölþjóðleg sérfræðinganefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur nýlega skilað þriðju og næstsíðustu skýrslu sinni um loftslagsbreytingar í heiminum. Hin fyrsta var birt í janúar 2001, en þar var staðhæft að andrúmsloftið hlýnaði meira og örar en menn hefðu hingað til talið og að talsverðu leyti af mannavöldum.

Önnur skýrslan birtist í febrúar á þessu ári. Þar kom fram að ef ekki tækist að snúa þróuninni við á allra næstu áratugum og draga verulega úr hækkandi hitastigi andrúmsloftsins mætti búast við náttúruhamförum svo sem stórfelldum flóðum og í kjölfar þeirra hungursneyð, skæðum farsóttum og félagslegu öngþveiti meðal hinna ýmsu þjóða heimsins.

Helsta niðurstaða nýjustu skýrslunnar er sú að hægt sé að snúa þróuninni við og stöðva hlýnun andrúmsloftsins ef rétt er að verki staðið. Því vil ég spyrja hæstv. umhvrh. um viðbrögð við þessum skýrslum Sameinuðu þjóðanna. Fyrirspurnin er í þremur liðum:

1. Hafa skýrslur fjölþjóðlegrar sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verið til umfjöllunar í umhverfisráðuneytinu?

2. Hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum þeirra með sýnilegum hætti?

3. Munu niðurstöður nefndarinnar hafa áhrif á umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. á þann hátt að farið verði að virkja vind- og sólarorku í auknum mæli hér á landi?

[15:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: Hafa skýrslur fjölþjóðlegrar sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verið til umfjöllunar í ráðuneytinu?

Því er til að svara að ráðuneytið hefur fengið drög að skýrslum milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eða IPCC, til umsagnar. Milliríkjanefndin er alþjóðleg stofnun sem komið var á af Alþjóðaveðurfræðistofnuninni og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að IPCC. Skýrslur nefndarinnar eru sendar sérfræðingum og stjórnvöldum til umsagnar, þannig að umhvrn. hefur haft hana til umfjöllunar en við höfum ekki séð ástæðu til að senda sérstakar athugasemdir við skýrsluna sjálfa.

Samantekt um helstu niðurstöður og ályktanir nefndarinnar eru lagðar fyrir fundi aðildarríkja til samþykktar. Skýrsla IPCC er í þremur hlutum. Fyrsti hlutinn fjallar um sjálfar veðurfarsbreytingarnar og orsakir þeirra, annar hlutinn um afleiðingar og þriðji hlutinn um leyfi til þess að bregðast við og kostnað sem af því verður.

Hver hluti er unninn af sérstakri undirnefnd og hafa fundir aðildarríkjanna í Shanghai í janúar, Genf í febrúar og Accra í Ghana í mars, samþykkt samantektir þessara þriggja nefnda. Samantekt um skýrsluna í heild verður lögð fyrir fund aðildarríkja IPCC í London í september.

2. spurning: Hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum þeirra með sýnilegum hætti?

Því er til að svara að skýrslan mun hafa umtalsverð áhrif á umræðuna á alþjóðavettvangi um loftslagsmál. Mjög hefur dregið úr óvissu um áhrif mannsins á veðrakerfi jarðarinnar frá því síðasta skýrsla IPCC kom fram 1995. Niðurstöður nefndarinnar sýna að hér er um umhverfisvandamál að ræða sem bregðast þarf við.

Samkvæmt niðurstöðu þriðju undirnefndarinnar er talað um að kostnaður við aðgerðir til að takast á við þetta vandamál sé viðráðanlegur, eins og þar stendur, sem er jákvætt. Skýrsla IPCC verður notuð við vinnu hér innan lands varðandi aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hana munum við einnig nýta á alþjóðavettvangi í stuðningi okkar við að lokið verði við að semja um útfærslu Kyotobókunarinnar á fundi aðildarríkjaþings loftslagssamningsins, vonandi sem fyrst. Og þar verður skýrsla IPCC einnig lögð fram.

Ég get einnig bætt því við að okkar helsti sérfræðingur í loftslagsmálum, Halldór Þorgeirsson, er til reiðu fyrir þá sem vilja nýta hans miklu sérþekkingu á þessu máli og er m.a. á morgun á sérstökum fundi hjá Landvernd einmitt um þessa skýrslu.

3. spurning: Munu niðurstöður nefndarinnar hafa áhrif á umhverfisstefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. á þann hátt að farið verði að virkja vind- og sólarorku í auknum mæli hér á landi?

Niðurstöður IPCC kalla ekki á grundvallarstefnubreytingu í umhverfismálum hér á landi. Hins vegar er ljóst að taka verður tillit til loftslagsmála á öllum sviðum þjóðlífsins. Nú er unnið að því að móta stefnu um það hvernig Ísland getur staðið við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar. Sú vinna mun hafa bein áhrif á mótun stefnu Íslands við sjálfbæra þróun til næstu 20 ára sem nú er í vinnslu og kynnt var í frumdrögum á umhverfisþingi í janúar sl.

Árangur Íslendinga við að virkja endurnýjanlega orku skapar okkur mjög sterka sérstöðu þegar kemur að loftslagsmálunum. Eins og margoft hefur komið fram er framleiðsla okkar á t.d. áli og járnblendi líka í hnattrænu samhengi mikilvægt framlag vegna þess að við þurfum ekki að nota kol eða olíu við þá framleiðslu. Ljóst er að draga verður hins vegar úr losun m.a. frá samgöngum og sjávarútvegi með þeim ráðum sem tiltæk eru.

Varðandi það að framleiða vind- og sólarorku, þá hafa slíkir orkugjafar ekki fengið mikla athygli hér á landi m.a. vegna þess að við framleiðum allt okkar rafmagn með endurnýjanlegum orkugjöfum í dag. Hins vegar er spurning hvort hægt sé að nýta þá orkugjafa, vind- og sólarorku, í staðinn fyrir þá olíu sem við notum eins og á bíla, skip og flugvélar. En þróunin er ekki komin það langt að við sjáum það í hendi okkar á næstunni. Líka má benda á að einhver neikvæð umhverfisáhrif eru einnig af þessum orkugjöfum.

[15:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina. Það má kannski fagna því að hæstv. umhvrh. skuli viðurkenna að með skýrslu IPCC sé dregið úr óvissu þeirri sem talin hefur verið ríkja um niðurstöður þeirra rannsókna sem hingað til hafa verið gerðar, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. forsrh. hamrar stöðugt á því að umhverfisverndarsamtök séu iðin við þá iðju að mála skrattann á vegginn í þessum efnum. Það er þó komið fram í dagsljósið að hæstv. umhvrh. og hæstv. forsrh. eru ekki sammála um þessi mál.

Ég vil gagnrýna hæstv. umhvrh. fyrir það að íslenska vísindanefndin sem gaf út skýrslu á vegum umhvrn. í október árið 2000 var að upplýsa íslenskan almenning á grundvelli

þeirra upplýsinga sem IPCC gaf út árið 1995. Nú hvet ég hæstv. umhvrh. til þess að nýja skýrslan fái litið dagsins ljós á íslensku sem allra fyrst en að við þurfum ekki að bíða eftir íslenskri útgáfu skýrslunnar í fimm ár eins og við þurftum að bíða eftir skýrslunni frá 1995 í fimm ár.

[15:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Mig langar af þessu tilefni spyrja hæstv. umhvrh. um mat hennar á þeim viðbrögðum eða þeim fréttum sem borist hafa frá Bandaríkjunum um að stjórn Georges Bush hafi snúið baki við Kyoto-ferlinu. Það skiptir verulegu máli upp á framhaldið og upp á fundi aðildarríkjanna sem verða væntanlega síðar á þessu ári.

Íslenska ríkisstjórnin hefur eins og kunnugt er verið í regnhlífarhópnum þar sem Bandaríkjastjórn hefur farið fyrir á undanförnum fundum og m.a. á aðildarríkjaþinginu í Haag. Ríkisstjórnir Evrópusambandsins hafa brugðist ókvæða við fréttunum frá Bandaríkjunum og mér þætti fengur í því að heyra mat hæstv. umhvrh. á því hvaða áhrif þetta gæti haft á ferlið.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Það er rétt að dregið hefur úr óvissu sem skapaðist við fyrri skýrslur um þetta mál frá Sameinuðu þjóðunum. En nýjasta skýrslan segir að hægt sé að snúa þróuninni við og stöðva hlýnun andrúmsloftsins ef rétt er að verki staðið. Aðferðir og tækni til að ná þessum markmiðum eru þegar til staðar, segir í skýrslunni, og mælt er með því að ríkisstjórnir heims beiti sér í auknum mæli fyrir nýtingu vind- og sólarorku. Því vil ég hvetja til þess að þetta hafi áhrif á stefnumótun í orkumálum okkar Íslendinga. Jafnvel er talið að hitastigið á jörðinni geti hækkað um 6° sem er náttúrlega ótrúlega mikil hækkun. Menn telja að á árinu 2020 ætti að vera hægt að mæta meiri hluta orkuþarfar heimsins með vind- og sólarorku. Þannig ætti á næstu 100 árum að vera hægt að snúa þessari alvarlegu þróun við og koma lofthjúpi jarðar aftur í samt lag.

Fundur sem hæstv. ráðherra minntist á í máli sínu verður haldinn á morgun á Hótel Borg á vegum Landverndar og ég ætla að taka undir að þar verður fjallað um mjög áhugavert efni, einmitt um þessa skýrslu og loftslagsbreytingar þar. Halldór Þorgeirsson, helsti sérfræðingur okkar í þessum málum, mun þar ræða þetta mikilvæga efni.

Dregið hefur úr óvissunni og eins og orðað var á svo frægan hátt þá er vilji allt sem þarf. Ég tel að pólitískur vilji í þessu máli skipti afar miklu máli.

[15:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að fjölmörg ríki beina sjónum sínum meira og meira að vind- og sólarorku. Benda má á að menn sjá fyrir sér að í framtíðinni sé vel hugsanlegt að menn geti nýtt sólarorku, t.d. í Afríku. Frændur okkar Danir hafa verið mjög framarlega í sambandi við að virkja vind með vindmyllum. Bandaríkjamenn hafa líka áform uppi um að auka notkun vindorku. Mjög mikil þróun er yfirstandandi núna varðandi þessa nýju orkugjafa.

En við höfum verið svolítið öðruvísi sett vegna þess að við erum heimsmeistarar í að nýta endurnýjanlegan orkugjafa í dag. Við stöndum okkur svo vel að ekki hefur verið mikill hvati til að skoða vind- og sólarorku.

Varðandi það sem kom fram að öðru leyti í umræðunum og sérstaklega spurningu sem kom til umhvrh. um stefnu bandarískra stjórnvalda, þá er það rétt að Ísland hefur verið aðili að svokölluðum regnhlífarhópi á vettvangi Kyoto-bókunarinnar, ásamt Bandaríkjunum og Kanada, Ástralíu, Rússlandi og Noregi, svo einhver ríki séu tínd til. Ég ég get ekki alveg séð fyrir mér núna hvaða áhrif hugsanleg stefnubreyting Bandaríkjanna hefur á það ferli sem er fram undan. Við vorum mjög nálægt því í Haag að ná niðurstöðu. Það braut á á milli Bandaríkjamanna, hugsanlega má segja, og Evrópusambandsins. Það er ómögulegt að svara því hér og nú hvaða áhrif þessi hugsanlega stefnubreyting Bandaríkjamanna hefur á ferlið. En ég vona svo sannarlega að okkur takist sem fyrst að koma Kyoto-bókuninni í framkvæmd.

Eftirlit með matvælum.

Fsp. KF, 579. mál. — Þskj. 896.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Matvælastofnun Evrópu, The Food Safety Authority, sem staðsett verður í París, er ætlað að verða neytendum innan ESB öryggisventill. En eins og kunnugt er hafa nokkur alvarleg mál komið upp á undanförnum árum sem kalla á aukið eftirlit, aðhald og rannsóknir á matvælum. Samtök evrópskra lækna hafa bent á mikilvægi þess að slík stofnun búi yfir læknisfræðilegri þekkingu þar sem afleiðingar gallaðra matvæla, eitrana og sýkinga, séu heilbrigðisvandamál sem séu í verkahring lækna.

En ég vil spyrja hæstv. umhvrh.:

1. Munu Íslendingar koma að starfi Matvælastofnunar Evrópu samkvæmt EES-samningnum?

2. Er læknisfræðileg þekking nýtt í eftirliti með mat hér á landi?

3. Telur ráðherra að eftirlit með matvælum hér á landi sé nægilegt?

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Munu Íslendingar koma að starfi Matvælastofnunar Evrópu samkvæmt EES-samningnum?“

Því er til að svara að Ísland er ekki skuldbundið samkvæmt EES-samningnum til þátttöku í starfi væntanlegrar Matvælastofnunar Evrópu. Ísland hefur lýst yfir áhuga á þátttöku í starfi stofnunarinnar, ásamt öðrum EFTA-þjóðum og gert athugasemdir við drög að nýrri reglugerð Evrópusambandsins þar sem kveðið er á um stofnun Matvælastofnunar Evrópu, EFA. Í athugasemdunum er lögð áhersla á að EFTA-þjóðunum sé tryggð aðkoma að starfi Matvælastofnunar Evrópu á sama hátt og Ísland hefur aðkomu að EMEA, European Medicin Evaluation Agency. Sú aðkoma felst m.a. í að sækja fundi, fylgjast með þróun mála, koma sjónarmiðum Íslands á framfæri og þátttöku í vinnuhópum og vísindanefndum. Þátttaka Íslands í væntanlegri stofnun og starfi Matvælastofnunar Evrópu gæti falið í sér verulegan ávinning fyrir matvælamál á Íslandi.

Í öðru lagi er spurt: „Er læknisfræðileg þekking nýtt í eftirliti með mat hér á landi?“

Landlæknir er ráðgjafi umhvrh. um málefni á sviði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir er ráðgjafi og heilbrigðisnefndum til aðstoðar um heilbrigðisþjónustu. Héraðslæknir á seturétt á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Héraðslæknir getur krafist þess að haldinn sé fundur í heilbrigðisnefnd. Margir heilbrigðisfulltrúar eru dýralæknar sem hafa þekkingu á smitsjúkdómum sem berast milli manna og dýra. Einnig starfa næringarfræðingar að matvælaeftirliti á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og hjá Hollustuvernd starfar einnig næringarfræðingur.

Þegar upp koma hópsýkingar vegna matvæla er unnið samkvæmt sóttvarnalögum. Sóttvarnalæknir annast faraldsfræðilegar rannsóknir í þeim tilfellum. Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir starfar samkvæmt sóttvarnalögum. Samkvæmt framansögðu er ljóst að læknisfræðileg þekking er nýtt vegna matvælaeftirlits hér á landi.

Í þriðja lagi er spurt: „Telur ráðherra að eftirlit með matvælum hér á landi sé nægilegt?"

Matvælaeftirlitið hér á landi er á margan hátt sambærilegt og það sem gerist erlendis. Hins vegar höfum við séð að það hafa komið upp alvarlegar sýkingar, alvarleg tilfelli hér. Ég vil benda á að þegar kampýlobakter-faraldurinn svokallaði kom upp hér á landi vorum við með miklu hærri sýkingartíðni en í nokkrum öðrum löndum sem við berum okkur saman við.

Ég tel að matvælaeftirlit sé almennt í ágætu lagi á Íslandi. En ég tel að það sé ekki nógu vel staðið að stjórnsýslunni. Það er vegna þess að matvælaeftirlitið, stjórnsýslulega séð, skiptist á milli þriggja ráðuneyta, þ.e. umhvrn., landbrn. og sjútvrn. og stofnana á snærum ráðuneytanna, þ.e. Hollustuverndar ríkisins, yfirdýralæknis og Fiskistofu. Síðan er eftirlitið líka á hendi sveitarfélaganna þannig að það er líka tvískipt milli ríkis og sveitarfélaga.

Það er alveg ljóst að þessi stjórnsýsla skapar gífurlega mörg grá svæði. Ég held að við höfum upplifað það sterklega, þegar kampýlobakter-sýkingarnar komu upp, hvað þessi svæði voru grá og óskýr og hvað hægt væri að bæta stjórnsýsluna mikið í sambandið við matvælaeftirlitsmál ef hún væri einfölduð og gerð skilvirkari.

Umhvrh. lagði til í ríkisstjórninni að nefnd forsrn., um opinbera eftirlitsstarfsemi, tæki þessi mál upp og skoðaði hvernig væri hægt að einfalda og gera matvælaeftirlitið skilvirkara þannig að hagsmunir neytenda væri betur tryggðir. Ríkisstjórnin er að skoða þau mál núna. Ekki hefur fengist niðurstaða í það mál. En það er mitt mat að mikilvægt sé að sameina matvælaeftirlitið frá þremur ráðuneytum, annaðhvort til eins ráðuneytis eða tveggja og taka skref í þá átt að gera stjórnsýsluna miklu einfaldari.

Það er líka hugsanlegt að matvælaeftirlitið færi frá sveitarfélögunum til ríkisins en ég tel að það sé seinni tíma mál. Það sé miklu mikilvægara að byrja á því að skoða hvort ekki sé eðlilegt að ráðuneytin einfaldi tengslin sín á milli til að bæta stjórnsýsluna varðandi matvælaeftirlitið.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Í rauninni vil ég lýsa því yfir að ég tel að eftirlit með matvælum hér á landi sé betra en mjög víða í heiminum. Dæmi um það er að hingað hafa ekki borist eða hér hafa ekki komið upp ýmsir sjúkdómar sem hafa komið upp í öðrum löndum og ber að fagna því. Það skiptir mjög miklu máli að íslenskir neytendur geti treyst þeirri vöru sem hér er á boðstólum og þeir hafa getað gert það. Hins vegar hefur það orðið þróunin víða um heim að hinn almenni neytandi er farinn að gera vaxandi kröfur til matvæla. Í Evrópu er vaxandi eftirspurn eftir lífrænt ræktaðri fæðu. Þar er vaxandi andstaða gegn þauleldi og gegn erfðabreyttum matvælum svo eitthvað sé nefnt. Nokkur alvarleg slys í Evrópu á undanförnum árum, svo sem díoxín-mengun og kúariða og nú gin- og klaufaveiki, hafa orðið til þess að opna augu jafnvel hörðustu andstæðinga þess sem kallað hefur verið eftirlitsiðnaðurinn, með háðung. En sá iðnaður og það eftirlit hefur sýnt sig a.m.k. hér á landi að hafa haft mjög mikil og góð áhrif.

Réttur almennings til að fá ómengaða og ósýkta vöru sem framleidd er við umhverfisvæn skilyrði er leiðarljós í nýrri hvítbók frá Evrópusambandinu og lýtur hún að framleiðslu og eftirliti með matvælum. Í kjölfar hennar mun þess verða krafist að sett verði ný löggjöf í aðildarlöndum ESB. Maður veltir fyrir sér hvort einhver viðbrögð séu nauðsynleg hér á landi við þessari stefnumörkun ESB og hvort EES samningurinn leggur okkur skyldur á herðar í framhaldi af þeirri stefnumörkun eða þessari hvítbók.

En vegna síðustu orða ráðherrans um flókna stjórnsýslu þá mun það hafa a.m.k. verið gert í Danmörku að löggjöf um matvælaeftirlit, fiskafurðaeftirlit og yfirdýralækni hefur verið sameinuð.

[15:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda, Katrínu Fjeldsted, að í nágrannalöndum okkar hefur matvælaeftirlit verið einfaldað til að bæta það fyrir neytendur. Ég tel einmitt að við eigum líka að gera það hér. Ég tel óeðlilegt að við höfum mörg ráðuneyti og margar stofnanir í eftirlitinu, að þannig verði það óburðugra en það gæti verið. Ég held einnig að kröfurnar utan frá muni aukast um að við höfum eftirlitið einfaldara en það er í dag.

Það er ljóst að í framtíðinni verða gerðar miklu meiri kröfur til matvælaeftirlits almennt. Það var t.d. hægt að sjá það í fjölmiðlum í tengslum við útflutning Norðmanna á hvalaafurðum til Japans, þá voru gerðar kröfur um að merkja vöruna, þ.e. hvalkjötið, og gerðar DNA-rannsóknir til að sanna að viðkomandi hvalur væri á boðstólnum en ekki einhver annar hvalur, veiddur ólöglega o.s.frv. Núna nota menn því nýjustu tækni í meiri mæli í matvælaeftirlitinu en marga hefði getað grunað fyrir örfáum mánuðum. Við erum að mínu mati að fara inn í algjörlega nýja tíma varðandi matvælaeftirlit.

Ég tel einsýnt að við Íslendingar verðum að bregðast við þessu með því að einfalda stjórnsýsluna yfir matvælaeftirlitinu. Ég tek hins vegar undir það með hv. fyrirspyrjanda að matvælaeftirlitið er alls ekki í neinum lamasessi á Íslandi, alls ekki. Matvælaeftirlitið er í góðu lagi hjá okkur en stjórnsýslan ekki eðlileg að mínu mati. Það þarf að einfalda hana. Ég tel að við eigum að taka skref í þá átt að sameina stofnanir og sameina undir ráðuneyti þetta eftirlit.

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Efling vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu, 601. mál, þáltill. SJS, þskj. 970.

Fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda, 599. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 956.

Lágmarkslaun, 587. mál, frv. GE o.fl., þskj. 925.

Talsmaður útlendinga á Íslandi, 603. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 972.

Umræður utan dagskrár.

Einkaframkvæmd í öldrunarþjónustu (Sóltúnsheimilið). [15:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur skýrsla Ríkisendurskoðunar um samninga við Öldung hf. um að reisa og reka hjúkrunarheimili við Sóltún 2 í Reykjavík. Í skýrslunni kemur fram gagnrýni á hvernig staðið var að samningnum við Öldung hf. Auk þess sýnir skýrslan að Öldungur hf. nýtur ýmissa fríðinda umfram aðra sem reka hjúkrunarheimili. Eins og margir eflaust muna hófst þetta ferli með því að verkið var boðið út. Þrír aðilar lýstu áhuga, þ.e. Öldungur hf., Nýsir og Dvalarheimili aldraðra sjómanna, sem dró sig til baka þegar í ljós kom að ekki mátti bjóða upp á hagkvæmari kost með því að samnýta þjónustu sem fyrir var. Að sögn ríkisstjórnarinnar væri það ekki í anda góðra markaðsviðskipta ef einn aðili hefði forskot og virtist þá engu skipta þótt skattborgarinn hagnaðist.

Þegar upp var staðið var engu tilboði tekið heldur samið við fyrirtækið Öldung hf. sem er í eigu Aðalverktaka og Securitas. Um er að ræða mikla fjármuni, 11,7 milljarða kr. fyrir 25 ára tímabil.

Það sem ekki kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar er að þessi samningur er verðtryggður í bak og fyrir og eftir því sem ég fæ best séð, er það beinlínis rangt, sem staðhæft er í skýrslunni, að báðir aðilar, ríkissjóður og Öldungur hf., taki áhættu með samningnum. Mér virðist áhættan öll vera ríkismegin. Hún er það varðandi lyfjakostnað, varðandi hjálpartækjakaup og varðandi launaþróun sem er tryggð á þríþættan hátt. Gagnstætt því sem skilja hefur mátt af máli hæstv. heilbrrh. í fjölmiðlum undanfarna daga þá mun Öldungur fá hækkun á daggjöldum ef inn á heimilið koma sjúklingar sem þurfa á meiri umönnun en gengið er út frá í samningnum. Þá munu daggjöldin hækka.

Að því er ég fæ best séð gætir misskilnings hjá Ríkisendurskoðun varðandi húsnæðiskostnaðinn. Hlutafélagið Öldungur fær 2.420 kr. greitt með hverjum sjúklingi vegna húsnæðiskostnaðar. Þetta framlag núllar Ríkisendurskoðun út í samanburði við önnur hjúkrunarheimili, sem ekki fá þetta framlag vegna þess að kostnaður við að byggja hjúkrunarheimili hafi að stórum hluta verið borinn af ríkissjóði beint eða með framlögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra, það sem á hafi vantað hafi ýmist eða bæði komið frá félagasamtökum og sveitarfélögum.

Samkvæmt mínum upplýsingum geta stofnanir sótt um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem nemur 40% af kostnaði við byggingar auk þess sem 40% af meiri háttar viðhaldi hefur verið greitt úr sama sjóði. Annað er í óvissu. Öldungur fær hins vegar húsnæðiskostnaðinn greiddan að fullu frá ríkinu 2.420 kr. fyrir hvern legudag í 25 ár.

Hver er þá niðurstaðan? Ríkiendurskoðun segir að fyrir ríkið sé tilkostnaðurinn við Öldung 14% hærri en gagnvart öðrum. Álitleg upphæð, eða 1,5 milljarðar teknir upp úr vasa skattgreiðenda og enn hærri upphæð ef húsnæðiskostnaðurinn væri rétt metinn. Ef húsnæðiskostnaður væri ekki jafnaður út þá væri einkaframkvæmdin 17% dýrari samkvæmt Ríkisendurskoðun. Ég vildi síðan bæta við launaleiðréttingunni, sem Ríkisendurskoðun reiknar öðrum heimilum til tekna umfram Öldung hf. vegna misskilnings, og þá er munurinn kominn yfir 18%. Við gætum haldið áfram.

Ríkisendurskoðun fer ekki út í samanburð við önnur heimili, Grund og DAS svo dæmi séu tekin, þótt í spurningum mínum til Ríkisendurskoðunar sé vísað sérstaklega til þess að DAS vildi taka verkið að sér. Eftir því sem ég fæ séð er framlagið til Öldungs meira en 30% hærra en til DAS, án húsnæðiskostnaðar, samkvæmt tölum frá árinu 1999 og enn meiri ef þessir aðilar sætu við sama borð hvað húsnæði varðar.

Ríkisendurskoðun virðist ekki velkjast í vafa um hvernig réttlæta eigi muninn á framlagi til hjúkrunarheimila sem rekin eru til að veita þjónustu annars vegar og skapa eigendum sínum arð hins vegar. Hin fyrrnefndu eiga að jafnaði ekki að sýna hagnað af starfsemi sinni. Nú vitna ég beint í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Að sjálfsögðu á slíkt ekki við um hlutafélög og aðra sambærilega einkaaðila á borð við Öldung hf. Forsvarsmenn félagsins hljóta að gera eðlilegar kröfur um hagnað af starfsemi fyrirtækisins."

Þetta segir Ríkisendurskoðun en ég segi: Einmitt á þessum forsendum hefur einkaframkvæmd verið gagnrýnd og í þessu tilviki hefur ríkisstjórnin svo sannarlega tryggt viðskiptavini sínum, Öldungi hf., arðinn og hagnaðinn.

Ríkisendurskoðun vísar til eðlilegrar arðsemiskröfu á markaði. Nú spyr ég hæstv. heilbrrh. hvernig hún réttlæti þennan samning þegar það hefur fengist staðfest af Ríkisendurskoðun að fyrir samfélagið og skattborgarann er miklu dýrara að fela fyrirtækjum á borð við Öldung hf., á grundvelli einkaframkvæmdar, rekstur þessarar þjónustu en að skipuleggja hana og starfrækja á vegum samfélagsins og fela hana aðilum sem ekki hafa gróðasjónarmið að leiðarljósi eins og verið hefur.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að hafa óskað eftir sérstakri skýrslu Ríkisendurskoðunar á samningnum um Sóltúnsheimilið. Það er rétt og eðlilegt að slík úttekt og umræða fari fram. Skýrslan er í öllum meginatriðum jákvæð. Stofnunin telur mjög vel hafa verið staðið að undirbúningi og framkvæmd útboðsins, skilgreiningar séu nákvæmar, mjög miklar kröfur gerðar til þjónustunnar, eftirlit gott og svo mætti lengi telja. Einnig kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að gerðar séu afar skýrar og markvissar kröfur gagnvart þeim sem reka munu Sóltúnsheimilið, þjónustan þar verður á háu stigi og umönnunarkröfur miklar.

Annars staðar fá aldraðir vissulega góða þjónustu, eins og ég veit að hv. málshefjandi veit. Við höfum ekki sett fram jafnyfirgripsmiklar gæðakröfur gagnvart þeim aðilum en við munum gera það í framtíðinni. Hér erum við í raun að hugsa til framtíðarinnar. Kröfurnar sem gerðar eru til Sóltúnsheimilisins skapa þær aðstæður sem aldraðir á Íslandi geta vænst í framtíðinni. Það er mikilvægt að gera þjónustusamninga við öldrunarstofnanir í landinu.

Það er rétt sem fram kemur, að samningurinn um Sóltúnsheimilið kostar um 14% meira í samanburði við þau hjúkrunarheimili sem við rekum í dag. En í þessum efnum erum við kannski að bera saman nútímann og framtíðina. Aðrir þættir sem gera þessa þjónustu dýrari en önnur hjúkrunarheimili eru eftirfarandi:

Í Sóltúni munu eiga heima veikustu einstaklingarnir sem nú eru á sjúkrahúsi.

Inntaka heimilismanna verður beint af sjúkrahúsum, ákveðin af yfirvöldum.

Kröfur eru um meiri þjónustu fagfólks en á öðrum heimilum.

Allir búa í einbýli.

Fyrirtækið er skattskylt og ber sjálft fjárhagslega áhættu af því að sinna miklum faglegum kröfum fyrir veikustu einstaklingana.

Reyndar sakna ég þess að Ríkisendurskoðun skuli ekki líka taka samanburð við öldrunarlækningadeildir og sjúkrahús sérstaklega vegna þess að kostnaður á Landakoti er nú að lágmarki 17 þús. kr. á dag og mun hærri á öðrum deildum þar sem þessir einstaklingar dvelja nú.

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur haldið því fram að hér sé ekki gætt hagsmuna almennings. Það er alrangt. Hér er verið að gæta hagsmuna þeirra 92 vistmanna sem búa munu á Sóltúnsheimilinu. Hv. þm. hefur gert sér mikinn mat úr því að einkafyrirtæki muni græða á umönnun aldraðra. Það er hugsanlegur möguleiki en eins og bent er á í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekkert gefið í þeim efnum. Skilyrðin sem við setjum, kröfurnar til fyrirtækisins eru afar strangar. Mér finnst marklaust að ræða málið á þessum nótum hér og nú, áður en nokkuð liggur fyrir í þessum efnum.

Því má svo bæta við að fyrirtæki í einkarekstri greiðir skatta og skyldur ef vel gengur og mun það að sjálfsögðu líka gilda um Öldung.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt opinberlega að fyrir fram hafi ég ekki haft trú á að einkaaðilar gætu rekið samfélagsþjónustu á borð við hjúkrunarheimili fyrir lægri upphæð en hið opinbera gerir nú. Ég stend við þær yfirlýsingar mínar. Þeir eru hins vegar til sem halda öðru fram. Það er svo sem engin frétt og það er almennur ágreiningur um þessa hugmyndafræði í samfélaginu.

Ég lít ekki á Sóltúnsheimilið sem stefnubreytingu eða nýtt upphaf í heilbrigðisþjónustu. Mér finnst mikilvægast í þessu máli að móta gæðakröfur fyrir hjúkrunarheimili til framtíðar. Mér finnst líka mikilvægt að láta á það reyna hvort aðrar leiðir, aðrir kostir séu betri en þeir kostir sem gefast í dag. Nú sjáum við það svart á hvítu í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þetta heimili.

Virðulegi forseti. Einkaframkvæmd af því tagi sem Sóltúnsheimilið telst til hefur ekki í för með sér þá mismunun sem felst í einkarekstri þar sem tekjur og eignir manna ráða því hvaða þjónustu þeir fá. Það er alveg skýrt í samningnum við Öldung að þar eiga allir sama rétt. Þar eiga fyrst og fremst rétt aldraðir sem eru sjúkir og liggja á sjúkrahúsum í dag.

[15:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Athyglisverðar upplýsingar koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þá ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að setja hluta af velferðarþjónustunni í einkarekstur með því að semja við hlutafélagið Öldung um byggingu á rekstri hjúkrunarheimilis fyrir aldraða. Nú er komið í ljós að það einkarekna hjúkrunarheimili kostar skattgreiðendur 14% meira á dag og 17% meira ef húsnæðiskostnaðurinn er tekinn með samvæmt skýrslunni — jafnvel 30% meira svo vitnað sé til málshefjanda, hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

Hver eru rökin fyrir því að fara í einkavæðingu í öldrunarþjónustunni ef vitað var að það yrði dýrara? Oftast hafa rökin fyrir einkavæðingu verið þau að einkareksturinn væri hagkvæmari. Finnst ríkisstjórninni í góðu lagi að fara svona með skattfé almennings? Hér er búið að afhenda einkaaðilum rekstur hjúkrunarheimilis sem er mun dýrari. Hér fá einkaaðilar að hafa skattgreiðendur að fébúfu. Auðvitað er Öldungur hf. ekki að fara í þennan rekstur til 25 ára af tómri góðmennsku. Á meðan önnur hjúkrunarheimili eru rekin án hagnaðar ber Sóltúnsheimilinu að skila eigendum sínum, Securitas og Íslenskum aðalverktökum, arði af fjárfestingunni. Ég get ekki séð að fyrir miklu hærri daggjöld sé verið að veita þar betri eða meiri þjónustu. Sjúklingar fara eftir RAI-mati þar eins og annars staðar.

Samkvæmt skýrslunni munu fleiri faglærðir annast þjónustuna en umönnunartíminn er skemmri. Þau rök að sjúklingar á Sóltúni séu veikari eða kosti meira standast hins vegar varla. Inn á hjúkrunarheimilin á höfuðborgarsvæðinu komast ekki nema fársjúkir einstaklingar. Á fimmta hundrað bíða eftir hjúkrunarrýmum og þar af eru á þriðja hundrað þeirra í mjög brýnni þörf.

Ríkisstjórnin er tilbúin að færa skattpeninga með þessum hætti til fjármagnseigenda, þá eru til peningar. Ef áhugi væri hins vegar á því að efla umönnunarþjónustuna væri skjótvirkast að hækka laun starfsfólks. Í vetur voru um 60 hjúkrunarrúm auð á höfuðborgarsvæðinu vegna skorts á starfsfólki.

[15:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er ótrúlegt að hlusta á málflutninginn sem hér er reiddur fram af framsögumanni og t.d. hv. síðasta ræðumanni. Það er ekki sanngjarnt að bera þetta heimili saman við almenn hjúkrunarheimili. Það er kjarni málsins. Ríkissjóður er ekki að fara illa með fjármagn í þessum samningi. Ríkissjóður er að spara sér peninga, þá peninga sem það kostar að láta aldraða sjúka liggja inni á sjúkrahúsunum. Það kostar 20.000–30.000 kr. á dag þar sem dýrast er. Um það snýst málið.

Ef menn lesa þessa skýrslu komast þeir að því að Ríkisendurskoðun er sátt við svo til allt sem gert hefur verið í þessu máli, og telur það jákvætt. Settir eru skýrir skilmálar og skýr markmið í málinu. Gerður er skýr samningur og settar eru tryggingar og miklar kröfur á hendur fyrirtækinu sem tekur þetta að sér. En hv. þm. Ögmundur Jónasson er bara á móti því að taka í þágu almennings eitthvað sem byrjar á orðinu „einka“, hvort sem það er í atvinnurekstri eða í almannaþjónustu. Það bara má ekki ef eitthvað byrjar á því orði, eins og allir hér vita náttúrlega. Svo er verið að gera mál úr því að ekki hafi verið útboð eftir að fyrra tímabilinu lauk, eftir að báðum tilboðunum hafði verið hafnað. Halda menn að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði verið eitthvað hlynntari málinu ef annað útboð hefði verið í sambandi við þetta? Að sjálfsögðu ekki.

Kjarni málsins er sá að hér er verið að leita nýjunga í slíkum rekstri. Verið er að fitja upp á nýmæli í þessum rekstri. Það er ekki víst að allt heppnist fullkomlega, en ég tel að þessi skýrsla sé hins vegar til marks um það að eðlilega hefur verið að þessu máli staðið. Það hefur verið staðið eðlilega að þessu máli. Og þegar menn taka dæmið í heild sinni, bera saman kostnaðinn á sjúkrahúsunum, þá sjá menn að þetta er hagstætt fyrir ríkissjóð.

Síðan eru menn að tala um að fyrirtækið muni hafa svo mikinn arð af þessu. Fyrirtækið leggur að mig minnir 20

millj. kr. fram í eigið fé. Ef menn gera eðlilegar arðsemiskröfu, 10% eða eitthvað því um líkt, hvað er það þá mikið? 2 millj. á ári? Hvað er það í þessum stóra potti, hv. þm.?

[15:48]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við höfum haft mismunandi rekstrarform og þjónustu innan heilbrigðisþjónustunnar. En fram til þessa höfum við verið sammála um að heilbrigðisþjónustan ætti ekki að skila arði. Samningurinn við Öldung hf. hefur verið réttlættur með því að meiri hjúkrunarþyngd verði í Sóltúni en á öðrum hjúkrunarheimilum. Þangað sé ætlunin að senda aldraða sem útskrifast af sjúkrahúsum, veikustu einstaklingana.

Samkvæmt lýsingu á heimasíðu Öldungs hf. á fyrirhugaðri hjúkrunarþjónustu verða vistmenn hjúkrunarheimilisins með mjög blandaða hjúkrunar- og þjónustuþörf, bæði þunga hjúkrunarsjúklinga og einnig er fyrirhugað veita nokkuð sjálfbjarga einstaklingum góða aðhlynningu. Þetta gæti eins verið lýsing á þjónustu þeirra hjúkrunarheimila sem starfrækt eru í dag og er ekkert sem bendir til þess að starfsemi þeirra muni breytast að ráði þar sem eftirspurn eftir hjúkrunarheimilum fyrir aldraða er mun meiri en sem nemur væntanlegri þjónustu Sóltúns.

Herra forseti. Við samanburð á kostnaði við hvern legudag verður að bera saman sambærilega hjúkrunarþyngd. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er það gert og þá kemur fram að greiðsla til Öldungs hf. er a.m.k. 14% hærri en til annarra hjúkrunarheimila. Ef húsnæðiskostnaðurinn væri ekki jafnaður út, er einkaframkvæmdin 17% dýrari. Samanburði Ríkisendurskoðunar er í ýmsu ábótavant. En það er ljóst að Öldungur hf. nýtur ýmissa fríðinda umfram aðra aðila sem reka hjúkrunarheimili svo eitthvað sé nefnt.

Af skýrslu Ríkisendurskoðunar má sjá að þessi leið einkaframkvæmdar, að gera aldraða að arðbærri fjárfestingu fyrir einkaaðila, er mun dýrari en önnur hefðbundnari rekstrarform öldrunarþjónustu og því aukinn kostnaður fyrir skattgreiðendur.

[15:50]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það útboð sem hér er um að ræða er tilraun sem kemur til með að ráða bót á mikilli þörf sem er fyrir hjúkrunarrými fyrir sjúklinga með mikla hjúkrunarþyngd. Í skýrslunni kemur fram að fullkomlega hefur verið rétt staðið að þessu útboði eins og segir á bls. 31, að af gögnum verði ekki annað ráðið en rétt og eðlilega hafi verið staðið að útboðinu í öllum meginatriðum.

Fullyrt hefur verið að miklu muni á kostnaði hjá þessum aðila og hjá sjálfseignarstofnunum. Í skýrslunni kemur fram þrátt fyrir fullyrðingar um í þessum efnum, að RAI-matið er ekki endanleg vísindi, þannig að fullyrðingar um 14% mun eru náttúrlega alveg út í bláinn í þessu sambandi. Mér er fullkunnugt um að þær sjálfseignarstofnanir sem hér eru um að ræða eru ekkert ánægðar með RAI-matið, og það kemur reyndar fram í skýrslunni. Þannig að einhverjar fullyrðingar um prósentur eiga ekki við rök að styðjast í skýrslunni. Það er nauðsynlegt að það komi fram.

Ég endurtek að hér er um tilraun að ræða og ég tel að hlutverk sjálfseignarstofnana verði áfram mikið í þjónustu við aldraða. Hér er rétt að bera kostnaðinn saman við dvöl á sjúkrahúsum miðað við þær kröfur sem eru gerðar. En eigi að síður verður hlutverk sjálfseignarstofnana mikið og ég tel þörf á að fara yfir mál þeirra og fara yfir það mat sem liggur til grundvallar þjónustu þar og gera þjónustusamninga við þær í samræmi við þá þjónustu sem þær eiga að veita.

[15:52]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sóltúnsheimilið kemur fram að samanburður á heildarútgjöldum fimm hjúkrunarheimila á árinu 1999 við umsamið daggjald er 17% hærra á Sóltúnsheimilinu en hinum. Sóltúnsheimilið hefur þá sérstöðu að vera rekið í hagnaðarskyni á meðan önnur heimili eru rekin í öðrum tilgangi, svo sem á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Í ljósi þeirrar stefnubreytingar sem samningurinn felur í sér af hálfu heilbrigðisyfirvalda, hljótum við því að spyrja, herra forseti. Hvert stefnir ríkisstjórnin í þessum efnum?

Og í ljósi þeirra upplýsinga sem skýrslan gefur um að mun hærra gjald sé greitt til Sóltúns en annarra heimila, er nauðsynlegt að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hver er tilgangurinn með því að láta fyrirtækjum, reknum í hagnaðarskyni eftir slíkan rekstur ef ríkið þarf að greiða meira til þeirra en til annarra aðila sem eru í sambærilegri starfsemi?

Herra forseti. Það er skylda stjórnvalda að leitast við að veita góða heilbrigðisþjónustu fyrir sem minnst fé. Skýrslan um Sóltúnsheimilið sýnir að ekki þarf að vera samhengi á milli einkareksturs í heilbrigðiskerfinu og hagræðingar. Þeirri klisju er oft haldið á lofti. Ef ríkisstjórnin ætlar að fara út í frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, þá er hún með því að segja að slík þjónusta lúti lögmálum framboðs og eftirspurnar. Vissulega eiga þau lögmál við um einhverja hluta kerfisins, svo sem stoðþjónustu ýmiss konar og hliðarþjónustu, en þegar kemur að grunngildunum, þá er ég þess fullviss að þessi lögmál eiga ekki við.

Ég tel löngu kominn tíma til að skoða þróun heilbrigðiskerfisins í samhengi við útgjöld til málaflokksins og að athuga hvort samhengi sé á milli breytinga á rekstrarformi og útgjalda ríkisins til málaflokksins. Þess vegna munu þingmenn Samfylkingarinnar á morgun leggja fyrir þingið beiðni um skýrslu um umfang, þróun og rekstrarkostnað heilbrigðiskerfisins á síðasta áratug og vonumst við til þess að sú vinna megi skila okkur nær því markmiði að átta okkur betur á samhengi milli þess hvert rekstrarform heilbrigðisstofnana er og þess hver útgjöld ríkisins eru til málaflokksins, allt í þeirri viðleitni að ná tökum á útgjöldum til heilbrigðiskerfisins en veita um leið eins góða þjónustu og völ er á.

[15:54]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Segja má að með Sóltúnssamningnum sé þriðji aðili kominn að rekstri öldrunarþjónustu sem með viðskiptalegu hugarfari vegur og metur kostnað þjónustunnar við einstakling sem á hjúkrunarheimili dvelst. Allverulega hærri daggjöld eru en áður hafa þekkst og ráðuneytið nálgast málið frá nýju sjónarhorni. Á sama tíma berjast þau hjúkrunarheimili sem fyrir eru í bökkum eða eru í taprekstri vegna einhliða ákvörðunar heilbrrn. sem lögum samkvæmt á þó að taka þessa ákvörðun í samráði við viðkomandi hjúkrunarheimili. Hin háu daggjöld Sóltúns eru réttlætt vegna væntanlegrar hjúkrunarþyngdar á bilinu 1,05 – 1,20. En þegar hjúkrunarþyngd viðmiðunarheimila er skoðuð kemur í ljós að hún er 1,09. Þannig að hjúkrunarþyngdin réttlætir ekki þá gjá daggjalda sem hér hefur myndast. Af spítölunum hafa

komið og munu koma aldraðir inn á þau hjúkrunarheimili sem fyrir eru. Ég er ekki á móti einkarekstri í heilbrigðisþjónustu. Sóltúnssamningurinn mun verða leiðandi til réttra daggjalda annarra hjúkrunarheimila.

Það er röng fullyrðing Ríkisendurskoðunar að sjálfseignarstofnanir eigi að jafnaði ekki að sýna hagnað af starfsemi sinni. Undir þetta tekur hæstv. heilbrrh. Hvar í lögum er ákvæði að finna fyrir slíkri fullyrðingu? Þetta er mjög alvarlegur misskilningur. Erlendis þykir það eðlilegt að sjálfseignarstofnanir séu með 8–10% í tekjuafgang. Hagnað af Sóltúnssamningnum geta aðilar notað á verðbréfamarkaði eða til kvótakaupa, en sjálfseignarstofnanir eingöngu til enduruppbyggingar starfsemi sinnar. Og það hafa þau gert.

Það er jafnþýðingarmikið fyrir sjálfseignarstofnanir sem fyrirtæki annarra rekstrarforma að skila hagnaði.

[15:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Útboð var haldið. Tvö tilboð bárust. Bæði voru metin of há og ákveðið var að hafna þeim báðum af þeim ástæðum. Ganga frekar til samninga við lægstbjóðanda. Og ég spyr: Hvað gerðist í millitíðinni? Setti hæstv. heilbrrh. gamla fólkið á útsölu í millitíðinni? Ríkisendurskoðun segir á bls. 8 í skýrslunni, og má benda hv. þm. Jóni Kristjánssyni og hæstv. fjmrh. á það, en þar segir, með leyfi forseta: „... hefði að mati Ríkisendurskoðunar verið eðlilegra að bjóða þjónustuna út á ný.“ Í stað þess að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Þetta stendur á bls. 8 í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar.

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. gefur þá skýringu að vistmenn þessa væntanlega öldrunarheimilis, Öldungs hf., þurfi meiri þjónustu en veitt er á sambærilegum öldrunarheimilum í dag. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér koma a.m.k. 60% þeirra vistmanna sem eru á stofnunum sem í skýrslunni eru teknar sem samanburðarstofnanir, af sjúkrastofnunum. Og ég spyr: Hvers vegna er þetta misræmi? Hefur hæstv. ráðherra einhverjar aðrar upplýsingar en okkur almennum þingmönnum standa til boða? Þær verða þá að koma hér fram.

Í þessu sambandi er einnig rétt að ítreka þá staðreynd að samkvæmt samningi við Öldung hf. fær fyrirtækið viðbótargreiðslur úr ríkissjóði ef kostnaður fer fram úr viðmiðunarstuðlum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé verið að *mismuna aðilum í sambærilegum rekstri*. Það eru engir sambærilegir greiðslustuðlar sem gilda um framlög til þeirra aðila sem annast sambærilega þjónustu í dag.

Einnig kemur fram í skýrslunni að Securitas sem á 85% í Öldungi hf. ætli að kaupa þjónustu af sjálfum sér því á bls. í 9 *í skýrslunni stendur að þeir ætli* að leita til ýmissa utanaðkomandi aðila. Segir þar, með leyfi forseta: „Sumir hverjir eru tilgreindir í tilboði, svo sem Landspítali – háskólasjúkrahús og Securitas ehf. o.fl.“ Hvar er viðskiptasiðferðið? Það kemur fram í skýrslunni að viðskiptasiðferðið sé á núlli. *Ég held að hæstv. heilbrrh. skuldi þingmönnum skýringu á* ýmsum hlutum sem koma hér fram.

[15:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það sem fram hefur komi er þetta. Gerður hefur verið samningur sem kostar skattborgarann að lágmarki 14% meira en samningar við sambærilegar stofnanir eða stofnanir sem *sinna sambærilegri þjónustu*. Engin rök hafa komið fram fyrir því að kostnaður vegna vistmanna á vegum Öldungs hf. ætti að vera meiri en hjá öðrum aðilum. Ef sjúklingar yrðu þyngri þar, eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh., þá aukast greiðslur úr ríkissjóði. Samanburður skýrslu Ríkisendurskoðunar byggir á sambærilegri hjúkrunarþyngd. Þetta ætti hæstv. fjmrh. að kynna sér. Þá eru greiðslur til Öldungs hf. allar verðtryggðar og endurgreiðslur vegna t.d. mikils lyfjakostnaðar tryggðar, gagnstætt það sem gerist hjá öðrum stofnunum.

Ríkisendurskoðun hefur staðfest að munurinn á greiðslum til Öldungs hf. og annarra byggist á því að Öldungur hf. þurfi að sjá eigendum sínum fyrir gróða, ekki veita betri þjónustu.

Þegar samningurinn við Öldung hf. og aðrir ámóta samningar eru skoðaðir er eðlilegt að ýmsar spurningar vakni, t.d. um það hvers vegna þetta fyrirtæki sem er í eigu Íslenskra aðalverktaka og Securitas fái þá meðhöndlun sem raun ber vitni, samning sem mun veita eigendum sínum vísan gróða. Ekki kemur vörnin frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarnefndinni, þar sitja menn sem eru sjálfir nátengdir einkavæðingarbraskinu. Einn nefndarmanna af fjórum er þannig stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka, fyrirtækisins sem kemur til með að reka og er nú að reisa Sóltún 2.

Ekki kemur vörnin fyrir skattborgarana frá hæstv. heilbrrh. eða frá hæstv. fjmrh. sem við umræðuna hafa verið beðin um að skýra hvers vegna einkaframkvæmdarsamningur er gerður við fyrirtæki þegar fyrir liggur að hann er miklu óhagstæðari en aðrir kostir sem bjóðast.

Herra forseti. Það er vissulega mikilvægt að beina meira fjármagni til öldrunarþjónustunnar. En þá er það lágmarkskrafa að það sé gert á samfélagslega ábyrgan hátt og án þess að aldraðir og sjúkir og samfélagið allt sé gert að gróðalind fyrir fjárfesta á markaði.

[16:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Mér finnst menn gleyma aðalatriðinu í þessu máli. Við erum að reisa hjúkrunarheimili fyrir 92 sjúklinga sem eru í bráðri þörf. Við gerum miklar kröfur til þess að þessir sjúklingar fái fullkomna aðstöðu. Við tölum um að sérhver einstaklingur fái einbýli. Þjónustan er meiri en almennt gerist vegna þess að við erum að tala um mörk þess að vera á sjúkrahúsi fyrir aldraða sjúka. En það er það sem menn vilja ekki ræða í þessu sambandi. Og varðandi það að menn hafi ekki fengið að keppa í þessu útboði þá er einfaldlega ekki rétt. Það kemur einmitt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 31 að hvergi hafi verið girt fyrir það til að mynda að Hrafnista gæti keppt um þetta.

Hér kemur hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson upp og segir að það hafi verið útilokað fyrir þá að taka þátt í útboðinu. (Gripið fram í.) Ríkisendurskoðun segir allt annað í sinni skýrslu. Og nú finnst mér að menn eigi að fletta upp á bls. 31. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki hægt að fallast á það sjónarmið að skilmálarnir hafi girt fyrir þátttöku í útboðinu.“

Þetta stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og segir *kannski meira en mörg orð*. Þetta verða menn að hafa hugfast þegar þeir tala um að þeir hafi ekki getað tekið þátt í þessu útboði.

En það er alveg ljóst að við þurfum að gera betur hvað öldrunarþjónustuna varðar. Það þarf að endurbyggja mörg eldri heimili og við þurfum að byggja fleiri. (**ÖJ:** Ráðherrann ætti að lesa samninginn.)

Út af dagskrá voru tekin 7. og 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

102. FUNDUR

fimmtudaginn 29. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Ein umr.
2. Norræna ráðherranefndin 2000, skýrsla, 543. mál, þskj. 846. — Ein umr.
3. Norrænt samstarf 2000, skýrsla, 571. mál, þskj. 880. — Ein umr.
4. Vestnorræna ráðið 2000, skýrsla, 478. mál, þskj. 760. — Ein umr.
5. Ályktanir Vestnorræna ráðsins, þáltill., 479. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.
6. Alþjóðaþingmannasambandið 2000, skýrsla, 418. mál, þskj. 678. — Ein umr.
7. ÖSE-þingið 2000, skýrsla, 477. mál, þskj. 759. — Ein umr.
8. VES-þingið 2000, skýrsla, 495. mál, þskj. 781. — Ein umr.
9. Þingmannanefnd EFTA og EES 2000, skýrsla, 519. mál, þskj. 815. — Ein umr.
10. NATO-þingið 2000, skýrsla, 529. mál, þskj. 825. — Ein umr.
11. Evrópuráðsþingið 2000, skýrsla, 550. mál, þskj. 856. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Varamenn taka þingsæti.

[10:30]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Reykjavík, Mörður Árnason, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv."

Mörður Árnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Daníel Árnason framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e."

Kjörbréf Daníels Árnasonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Daníel Árnason, 2. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Daníel Árnason hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda, 606. mál, fsp. MF, þskj. 976.

Fjöldi nemenda í framhaldsskólum, 607. mál, fsp. GHall, þskj. 977.

Hátæknisjúkrahús, 608. mál, fsp. RG, þskj. 978.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 449. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 940.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 448. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 938; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 939.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 609. mál, fsp. RG, þskj. 979.

Úrbætur í málefnum fatlaðra, 605. mál, fsp. MF, þskj. 975.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þjóðhagsstofnun.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna yfirlýsingar hæstv. forsrh. gagnvart Þjóðhagsstofnun en eins og þjóð veit hefur hæstv. ráðherra verið þunghöggur í garð stofnunarinnar síðustu dægur. Það má segja að yfirlýsingar hans í hennar garð hafi sannarlega vakið óskipta furðu.

Tildrög málsins voru að stofnunin birti skýrslu þar sem bent var á að þrátt fyrir að margt jákvætt væri í þjóðarbúskapnum þá væri viðskiptahallinn vaxandi vandamál sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir framvindu efnahagslífsins. Hæstv. forsrh. gat ekki dulið gremju sína yfir því að opinber stofnun skyldi með þessum hætti dirfast að hafa aðra skoðun en hann á stöðu efnahagsmála. Hann átaldi stofnunina opinberlega fyrir að dansa ekki í takt við valsinn sem ómaði út um glugga Stjórnarráðsins. Hæstv. forsrh. klykkti síðan út með því að segja að stofnunin væri óþörf og hún mætti alveg missa sín.

Er það tilviljun, herra forseti, að þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. um að stofnunin megi missa sín komi í kjölfar þess að hann átelur stofnunina harðlega opinberlega fyrir glannalegt orðalag og ályktanir sem honum líkar ekki? Ég held að það sé augljóst, herra forseti, að þarna er hæstv. forsrh. að mæla stofnuninni út refsingu fyrir að rispa glansmyndina sem hæstv. forsrh. hefur ítrekað dregið upp og enginn má andmæla. Það er heldur ekki vansalaust, herra forseti, að starfsmenn stofnunarinnar fái tilkynningu um það í gegnum fjölmiðla að leggja eigi stofnunina niður. Svona gera menn ekki, hæstv. forsrh.

Í ljósi þessara ummæla finnst mér að upplýsa þurfi þingið um tvennt: Í fyrsta lagi, fyrst hæstv. utanrrh. og útnefndur varaforsrh. er staddur hérna þarf hann auðvitað að upplýsa hvort Framsfl. og forusta hans ætli að taka þátt í þessum refsileiðangri á hendur Þjóðhagsstofnun. Í öðru lagi, í ljósi ummæla hæstv. forsrh., þarf að koma hér fram hvort þess sé að vænta að í kjölfarið muni koma fram á þessu þingi frv. um að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Framganga hæstv. forsrh. í málefnum Þjóðhagsstofnunar er vægast sagt stórbrotin. Það er eiginlega ekki hægt annað en hrósa hæstv. forsrh. fyrir hugkvæmnina, að hafa þróað enn nýtt stig, einhvers konar hástig agavaldsins yfir embættismönnum og opinberum stofnunum. Nú er ekki lengur látið nægja að slá á fingurna á mönnum og segja: Svona gerir maður ekki. Það er ekki látið við það sitja að leiðbeina mönnum um hvað sé viðeigandi orðalag í áliti frá opinberri stofnun. Það er ekki látið nægja að hóta mönnum *því að flytja þá ef þeir séu með óþægð, eins og alsiða hefur* verið ef stofnanir eða opinberir embættismenn hafa ekki lotið vilja valdsins, þá er þeim hótað að þeir verði fluttir norður á Strandir eða austur á land. Nei, nú er komið nýtt hástig þessa tyftunarvalds og það er að leggja þá bara niður. Ef menn dirfast að vera með óþægð og múður þá verða þeir bara lagðir niður.

Þetta er auðvitað alveg ótrúleg framganga, herra forseti, og segir allt sem segja þarf um þau viðhorf sem að baki liggja og hvernig stjórnin kýs að fara með vald sitt, svo ekki sé minnst á þessa dæmalausu framkomu í garð starfsmanna stofnunarinnar sem í hlut á, að búa við það að fá slíkar fréttir í kvöldfréttum eins og þarna gerðist. Nei, herra forseti, þessi *framganga dæmir sig sjálf.*

Ég vil hins vegar koma að einni hugmynd sem ég tel að væri skoðunarverð og ekki síst nú í ljósi þess að hæstv. forsrh. er greinilega ekki hæfur til þess að vera yfirmaður Þjóðhagsstofnunar. Hún er sú að Þjóðhagsstofnun eða a.m.k. meginhluti starfsemi hennar verði færð til Alþingis. Það er að sönnu ekki alveg ný hugmynd og hefur stundum áður borið á góma, að Þjóðhagsstofnun sem öflug, óháð eftirlitsstofnun og fagstofnun á þessu sviði, væri betur komin í skjóli Alþingis eins og Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis. Stofnunin gæti þannig betur sinnt sínu mikilvæga hlutverki. En að leggja hana bara niður sisona í geðvonskukasti er fráleitt, herra forseti.

[10:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég man ekki betur en einhver maður hafi flutt menn frá Skógrætinni á sínum tíma. Sagt var að það hefði verið gert í refsingarskyni og væri kannski fróðlegt að rifja það upp einn góðan veðurdag.

Varðandi hv. málshefjanda þá kom hann ekki neitt að efni máls frekar en fyrri daginn heldur fór bara upp í svona kjaftadálksstíl. Það sem um er að ræða í þessu sambandi er efnisleg umræða um Þjóðhagsstofnun. Ég var spurður um þetta í sjónvarpi og hafði ekkert frumkvæði að því. Hugkvæmur fréttamaður spurði mig um það. Ég tek undir með þjóðhagstofustjóra að það er ekki í takt við nútímann að halda upplýsingum leyndum og betra að svara spurningum hreinskilnislega eins og ég gerði.

Þjóðhagsstofnun var sett á laggirnar í byrjun 7. áratugarins. Þá var þekking á efnahagsmálum tiltölulega lítil hér á landi eins og menn vita. Þá var ákveðið að safna þessari þekkingu á einn stað og sinna öllum verkefnum á þessu sviði, jafnt fyrir hið opinbera sem aðra í einni stofnun. Þetta gafst vel á sínum tíma og lengi vel. En á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar í þessum efnum. Þekking á efnahagsmálum er orðin víðtæk og fjölmargir aðilar vinna að þessum *málum nú og geta sinnt þeim.*

Helstu verkefni Þjóðhagsstofnunar eru að sjá um gerð þjóðhagsreikninga og skýrslu um atvinnuvegi, gerð þjóðhagsspár og útreikning í tengslum við þær og ýmsa útreikninga og upplýsingamiðlun bæði fyrir opinbera aðila og aðra. Það er langeðlilegast að þjóðhagsreikningar og atvinnuvegaskýrslur flytjist til Hagstofu Íslands, enda er þessi starfsemi nátengd þeim verkefnum sem Hagstofan sinnir.

Í öðrum löndum er þessum verkefnum yfirleitt sinnt af hagstofum. Hagstofa Íslands er í dag mun öflugri stofnun en áður og vel í stakk búin til að taka við þessum verkefnum. Þjóðhagsspár eru nauðsynleg forsenda ákvarðana stjórnvalda í efnahagsmálum, einkum eru þær mikilvægar við gerð fjárlaga. Fjmrn. hefur eflt starfsemi sína á þessu sviði enda nauðsynlegt að það geti sem best lagt mat á þróun og horfur í efnahagsmálum vegna fjárlagagerðar. Þetta hefur *verið í undirbúningi í samvinnu* við Þjóðhagsstofnun, fjmrn. og Seðlabanka við gerð svonefnds þjóðarlíkans sem er helsta tækið við gerð þjóðhagsspár. Fjmrn. mun geta sinnt þessu verkefni í framtíðinni og miðlað upplýsingum eins og það gerir reyndar nú þegar að hluta til.

Seðlabankinn rekur öfluga starfsemi sem m.a. lýtur að því að fylgjast með framvindu og horfum í efnahagsmálum og með nýjum seðlabankalögum verða lagðar meiri kvaðir á bankann um miðlun upplýsinga til almennings.

Ég get komist að hér á eftir og mun þá bæta við nokkrum skýringum.

[10:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það má vel vera að rök séu fyrir því að gera einhverjar kerfisbreytingar á þessu sviði. Hins vegar skiptir verulegu máli hvernig það er gert og í þessu tilviki er mjög illa staðið að málum.

Hæstv. forsrh. gagnrýnir þingmenn fyrir að tala hér í kjaftadálksstíl. Ég sé ekki betur af fréttaflutningi af málinu, herra forseti, en að áform hæstv. forsrh. hafi komið þjóðhagstofustjóra og fleirum sem starfa við Þjóðhagsstofnun fullkomlega á óvart. Hver er þá að tala í kjaftadálksstíl, herra forseti?

Staðreyndin er sú að tónninn í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er breyttur að þessu sinni. Hann er beittari, ákveðnari og lýsir meira sjálfstrausti en áður. Þjóðhagsstofnun spáir að þessu sinni nokkru meiri verðbólgu en Seðlabankinn og telur nauðsynlegt að taka verulega á í hagstjórn eigi ekki illa að

fara. Stofnunin varar svo auðvitað við viðskiptahallanum eins og hér hefur verið komið inn á.

Viðbrögð forsrh. eru að sjálfsögðu skoðuð í ljósi þessa aðdraganda. Hæstv. forsrh. svaraði því til fyrr í vikunni í umræðu á þinginu að opinber gagnrýni hans á Þjóðhagsstofnun bæri vott um sjálfstæði stofnunarinnar, herra forseti. Hann sagði sem svo: Mönnum er ekki bannað hér að prenta neitt fyrir fram. Nei, þeim er ekki bannað að prenta neitt fyrir fram en þeir verða hins vegar að þola opinbera gagnrýni og verða að þola að ráðamenn finni að orðalagi í kjölfarið á slíkum prentuðum gögnum.

Herra forseti. Hvað gerist svo nokkrum dögum síðar? Næsta útspil hæstv. forsrh. er að hann hyggist leggja stofnunina niður. Það verður ekki litið fram hjá því, herra forseti, hvaða efnislegu rök sem kunna að vera fyrir áformum hæstv. forsrh. — það er í rauninni efni í aðra umræðu — að það hvernig staðið er að þessum málum er algerlega óþolandi. Hver er skilningur hæstv. forsrh. á því hvað sé sjálfstæð stofnun? Er það stofnun sem má segja hvað sem er og prenta hvað sem er en er síðan bara lögð niður í kjölfarið?

[10:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef oftar en ekki gagnrýnt Þjóðhagsstofnun fyrir að þjóna ríkisvaldinu um of og talið að hún hafi ekki sýnt nægilegt sjálfstæði gagnvart ríkisstjórn sem hún á lögum samkvæmt að vera til ráðgjafar. Að sönnu á hún lögum samkvæmt einnig að vera Alþingi til ráðgjafar en hún heyrir undir forsrn. og á allt sitt undir því hvernig vindarnir blása þar á bæ.

Nú bregður svo við að frá Þjóðhagsstofnun kemur úttekt sem varpar gagnrýnna ljósi á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar en við eigum að venjast. Hvað gerist þá? Forsrh. er samstundis mættur í fjölmiðla til að lýsa því yfir að til standi að leggja stofnunina niður. Allt hlýtur þetta að verða okkur umhugsunarefni og þá hvernig komið er fyrir lýðræðinu í landi okkar, hvernig valdhafar fara með vald sitt. Við hljótum einnig að skoða þetta í ljósi annarra atburða.

Það er full ástæða til að ræða þetta mál undir þessum dagskrárlið, um störf Alþingis, vegna þess að hvernig sem á málin er litið kemur þetta Alþingi við. Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði finnst okkur eðlilegt að sá kostur verði kannaður að efla Þjóðhagsstofnun sem sjálfstæðan aðila sem heyri beint undir Alþingi. Það er lýðræðinu til góðs að hafa sem flesta aðila til að varpa ljósi á efnahagsmál þjóðarinnar. Forsenda þess er að sjálfsögðu sú að þessi stofnun verði losuð undan hæl manna sem virðast ekki alltaf kunna fótum sínum forráð á vettvangi lýðræðislegra samskipta.

[10:44]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst ótrúlegt að heyra málflutning stjórnarandstöðunnar í dag þar sem hún gerir því skóna þegar forsrh. er spurður einfaldra spurninga sem hann svarar af heiðarleika og svarar beint, að það tengist gagnrýni af hans hálfu á framsetningu Þjóðhagsstofnunar í spá núna á dögunum. Það kom fram fyrir löngu síðan, fyrir ári á ársfundi Seðlabankans, að það kæmi til greina að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Hæstv. forsrh. hefur svarað því hér í dag að það sé ekki þörf fyrir stofnunina lengur og fært fyrir því fullgild rök.

[10:45]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Við þá nýskipan þjóðhagskönnunarmála sem hæstv. forsrh. hefur boðað þarf fleira að koma fram en þegar hefur komið fram í málinu. Það þarf t.d. að koma fram með einhverjum hætti hjá hæstv. forsrh. hver starfsstíll hinna ýmsu stofnana í hans veldi á að vera. Leggist Þjóðhagsstofnun niður vegna þess að þar ráði kaffihúsaspekingar, eins og sagt var á Stöð 2 um daginn, þá þarf að vera ljóst með hvaða starfsstíl Seðlabankinn á að viðhafa í þeim verkefnum sem hann tekur við af Þjóðhagsstofnun. Á hann að geta leyft sér glannaskap? Á hann sem sé að vera sjálfstæður? Á hann að geta sagt sannleikann?

Varðandi þann hluta þessara þjóðhagsskýrslna eða þjóðhagsskýrslurnar sem á að flytja til Hagstofunnar, þá þurfum við líka að vita, og ekki síður Hagstofan, hvað hún getur leyft sér í því. Getur hún leyft sér sjálfstæði? Getur hún leyft sér glannaskap í umfjöllun? Getur hún sagt sannleikann? Síðan eru þau erindi sem eiga að fara til Hagfræðistofnunar háskólans. Er þá beðið um glannaskap? Er þá beðið um sjálfstæði? Fær hún að segja sannleikann? Þetta þarf hæstv. forsrh. að upplýsa á þeim tímum þegar bakherbergjanefndir og minnisblaðapólitík er tekin við af þokkalega lýðræðislegum stjórnarháttum í forsrn.

[10:47]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvernig stjórnarandstaðan reynir að nálgast þetta mál. Í stað þess að fjalla um það efnislega sem maður hefði getað ímyndað sér að væri fullt tilefni til vegna þess að hér er verið að ræða um það að gera allverulegar breytingar, þá er reynt að gera málið sjálft eða aðdraganda málsins tortryggilegan.

Það liggur fyrir og hefur komið fram í umræðunni, bæði hér í dag og einnig í fjölmiðlum á undanförnum dögum að þetta mál var í fyrsta sinn reifað af hæstv. forsrh. fyrir ári síðan. Ekki er reynt að hlusta á þessi rök. Nei, það er reynt að gera það tortryggilegt að farið hafi fram umræður um skýrslu Þjóðhagsstofnunar á síðustu dögum þó að fyrir liggi að hæstv. forsrh. greindi frá hugmyndum sínum um þessar breytingar á Þjóðhagsstofnun fyrir a.m.k. ári. Þetta er eftir öðru hjá hv. stjórnarandstöðu. Í stað þess að reyna að fjalla efnislega um mál er reynt að skauta fram hjá þessu og farið í það farið að reyna að gera hluti tortryggilega með því að svonaýja að því að annarleg sjónarmið liggi hér að baki í stað þess að reyna að fjalla um málið efnislega.

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera a.m.k. til tilbreytingar hægt að fara fram á það við hv. stjórnarandstöðu að hún reyni að koma einhvern tíma að efnisatriðum máls í stað þess að reyna að forðast þau eins og þau gera í lengstu lög og alltaf hreint.

[10:49]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það skiptir ákaflega miklu máli í þessari umræðu að það komi fram hver afstaða hins stjórnarflokksins er. Hver er afstaða Framsfl. til þessarar háttsemi forustu Sjálfstfl. og ríkisstjórnarinnar gagnvart Þjóðhagsstofnun og starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar? Hér erum við að deila á þau vinnubrögð sem höfð hafa verið í frammi.

Það er rétt að rifja það upp sökum orða sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lét falla hér að í fyrra var þetta reifað í tengslum við ársfund Seðlabankans. Þá varð það að niðurstöðu milli hæstv. forsrh. og þjóðhagstofustjóra að sett

yrði niður nefnd til þess að skerpa starfs- og verkaskiptingu þriggja stofnana sem vinna á skyldum sviðum. Það átti að setja niður nefnd undir forsæti ráðuneytisstjóra hæstv. forsrh. Hvað hefur þessi nefnd haldið marga fundi? Hún hefur ekki haldið neinn fund. Hér er um algert gerræði og geðþóttaákvörðun hæstv. forsrh. að ræða. Það hefur ekki verið haldinn neinn fundur í þessari nefnd sem þjóðhagstofustjóri taldi að sjálfsögðu að mundi véla um framtíð sinnar stofnunar. Þetta er harðlega ámælisvert, herra forseti.

Það er auðvitað ekki vansalaust að starfsmenn stofnunarinnar skuli bæði vera kallaðir af hæstv. forsrh. kaffihúsakarlar og fá að vita um afdrif stofnunarinnar í gegnum fjölmiðla. Það er þetta sem verið er að átelja hér, herra forseti.

Mér finnst líka að það sem skiptir máli hérna séu þau vinnubrögð sem við erum að verða vitni að æ ofan í æ. Mér finnst að það gangi ekki að forusta ríkisstjórnarinnar skuli með þessum hætti skapa andrúmsloft þar sem opinberir starfsmenn þora ekki lengur að hafa skoðanir af ótta við að lenda undir hrammi ríkisstjórnarinnar. Mottóið er einfaldlega að verða þetta: Hafa skal það sem forsrh. vill en leggja stofnanirnar ella niður.

[10:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rangt að sett hafi verið niður formleg nefnd eins og hér er haldið fram. Það var hins vegar ljóst að allir þeir aðilar sem komu að þeim stofnunum sem í hlut eiga ættu að koma að málinu. Á undanförnu ári hefur ráðuneytisstjórinn í forsrn. rætt þessi mál við alla þessa aðila, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur oft og þjóðhagstofustjóri hefur meira að segja skilað tillögum sínum varðandi þessi mál. Það er því alveg fráleitt að halda því fram að málið sé ekki rætt málefnalega.

Að auki er það undarlegt fyrir mig að heyra að þjóðhagstofustjóri hafi ekki vitað um málið vegna þess að fram hafa farið viðræður við hann, margar viðræður við hann um hans launakjör og þar er vikið að hans starfslokasamningum. Ég átta mig því ekki alveg á þessari umræðu.

En hvað er Þjóðhagsstofnun? Þjóðhagsstofnun er fyrst og fremst fólk, gott fólk, hæft og gott fólk. Auðvitað er meiningin að nýta starfskrafta þessa fólks. Auðvitað er það meiningin. En það er meiningin að nýta þessa krafta vel og spara um leið, að sameina þau verkefni sem eiga saman hjá Hagstofu og Þjóðhagsstofnun, sameina þau verkefni sem eiga saman hjá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Er það ekki meiningin að vera með sæmilega skaplegan ríkisrekstur? Er það ekki lagt til? Hefur ekki Þjóðhagsstofnun lagt það til sjálf? Þetta hefur verið í undirbúningi í heilt ár og hv. þingmenn vita það gjörla. Þess vegna er alveg út í hött að vera með þessar samsæriskenningar sem menn hafa.

Þannig vill til að ég var spurður um þetta atriði sérstaklega í viðtalsþætti. Það er rangt sem hér er haldið fram að ég hafi mætt beint upp í sjónvarp til að tilkynna þetta. Ég var í viðtali um allt aðra hluti þegar fréttamaðurinn spurði um þennan þátt vegna þess að hann bar skynbragð á það sem hv. þingmenn sumir hverjir virðast ekki gera, að tímarnir hafa breyst. Þjóðhagsstofnun er ekki nú um stundir sú eina sem sér um spár. Bankarnir gera það. Undirstofnanir bankanna gera það. Atvinnurekendur gera það. Alþýðusambandið gerir það. Fjmrn. gerir það o.s.frv. Þetta hefur gjörsamlega breyst. Auðvitað eiga menn að laga sig að breyttum tíma en ekki hanga í fortíðinni gjörsamlega eins og menn gera hér og hafa ekkert nýtt fram að færa. Það kom ekki nein ný tillaga, aðeins samsæriskenningar, ekki ein ný tillaga. Það er athyglisvert.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.

[10:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í yfirlitsræðu minni um utanríkismál fyrir ári beindi ég einkum augum að samrunaþróuninni í Evrópu og tengingu Íslands við hana. Með því vildi ég hvetja til umræðu hér á Alþingi um þessa veigamestu hlið íslenskra utanríkismála. Að þessu sinni vil ég nota tækifærið til að ræða ferli sem ristir enn dýpra en samrunaþróunin í Evrópu. Hér á ég við þróun sem ýmist er kennd við alþjóðavæðingu eða hnattvæðingu. Þessi þróun mótar nú þegar með einum eða öðrum hætti flest stærri viðfangsefni okkar í ríkisstjórn og á Alþingi. Eins og með Evrópumálin í fyrra geri ég þetta að sérstöku umtalsefni hér á Alþingi í þeim tilgangi að hvetja til umræðna um málefni sem mun hafa úrslitaþýðingu fyrir þróun íslensks samfélags á komandi árum.

Á sínum tíma skipaði ég starfshóp til þess að huga að framtíð Íslands með tilliti til alþjóðavæðingarinnar. Ég bað um að málið yrði kannað með sérstakri áherslu á nauðsynlega þróun efnahagsumgjarðar fyrir íslenskt atvinnulíf. Nefndin skilaði skýrslu sem utanríkisráðuneytið gaf út fyrir röskum tveimur árum. Þegar nefndin var skipuð horfði svo við að þrátt fyrir aukinn þrótt atvinnulífsins og verulegan vöxt í efnahagslífinu um nokkurra missira skeið var það áhyggjuefni að Ísland var eftirbátur nálægra ríkja hvað varðaði alþjóðavæðingu viðskiptalífsins. Síðan hefur margt breyst. Íslensk fyrirtæki hafa sótt fram á alþjóðavettvangi með vaxandi þrótti og íslenskt atvinnulíf er nú um margt betur búið til að nýta sér hin fjölmörgu tækifæri sem hnattvæðingin hefur skapað víða um heim. Afstaða manna hefur líka verið að breytast. Almennur skilningur er nú á því að framtíð okkar sé mjög undir því komin að við keppum af fullum þrótti á alþjóðlegum vettvangi.

Á því er enginn vafi að við lifum nú eina af hinum stóru byltingum mannkynssögunnar. Umfang og dýpt þeirra breytinga sem nú eiga sér stað er erfitt að ýkja. Þess vegna er nauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem okkur bjóðast á alþjóðavettvangi og verjast þeim hættum sem þar kunna að leynast. Þegar aðstæðurnar breytast með jafnörum og róttækum hætti þurfum við sífellt að endurmeta stöðu okkar. Það þýðir hins vegar ekki að kasta þurfi fyrir róða gömlum gildum og hugsjónum. Þvert á móti er nauðsynlegt að byggja aðlögun okkar að nýjum raunveruleika á traustum undirstöðum menningar okkar og menntunar.

Stundum er sagt að við eigum ekkert val og að í reynd sé megineinkenni hnattvæðingar að valfrelsi einstakra ríkja um eigin mál fari sífellt þverrandi. Í því er ákveðinn sannleika að finna en um leið ákveðinn misskilning. Um leið og hnattvæðingin kallar á minni afskipti ríkisvalds og opnun landamæra þá kallar hún sumpart á sterkari ríki. Hnattvæðingin gerir auknar kröfur til stjórnvalda um farsælar, almennar og gagnsæjar reglur á fjölmörgum sviðum viðskipta og þjóðfélagsmála sem stjórnvöld hafi burði til að fylgja eftir af fullri einurð og sanngirni.

Alþjóðakerfið byggist á samstarfi sjálfstæðra, fullvalda þjóðríkja, ekki á yfirþjóðlegu valdi. Þegar ríki hafa með

sér samvinnu með það að markmiði að auka farsæld allra sýnist sumum að þau missi vald og forræði í eigin málum. En til hvers er óskorað vald og forræði ríkja ef það skerðir möguleika íbúa þeirra til framfara? Skuldbindandi samstarf þjóðríkja er forsenda fyrir eflingu markaðsbúskapar og aukinni hagsæld. Það þarf öflug þjóðríki og skipulegt samstarf þeirra á milli til að setja viðeigandi umferðarreglur og framfylgja þeim til að tryggja að markaðsbúskapurinn geti blómstrað á heimsvísu. Fyrirtækjum eða ríkjum má ekki mismuna að ástæðulausu og skilja þjóðir eftir í fátækt og umhverfið í ólestri.

Um leið og sú vernd sem áður mátti finna í fjarlægðum og höftum á samskipti og viðskipti fellur burt verða stjórnvöld að sjá til þess að þau almennu skilyrði sem við búum atvinnulífi okkar og þjóðlífi séu eins góð og nokkur kostur er og samkeppnisfær við það sem önnur ríki búa við. Mistök í þeim efnum geta orðið dýrkeypt. Ríki geta farið ólíkar leiðir að því marki. Þannig hafa ríki með mjög ólíkar þjóðfélagsgerðir og áherslur í samfélagsmálum náð miklum árangri. Við þurfum ekki annað en að líta til Norðurlanda annars vegar og ríkja Asíu og Ameríku hins vegar til að sjá að hnattvæðingin krefst ekki sömu lausna alls staðar.

Það er misskilningur á eðli hnattvæðingar að líta svo á að með henni dragi úr mikilvægi stjórnmála og hlutverki þjóðríkisins. En hlutverk þjóðríkisins er að breytast og skilningur stjórnmálamanna og annarra á þeim breytingum er forsenda skynsamlegra viðbragða.

Fyrir fáeinum missirum var íslenskt atvinnulíf nokkuð á eftir atvinnulífi margra nálægra landa í alþjóðavæðingu. Margt hafði þó verið gert til að búa í haginn fyrir alþjóðavæðingu atvinnulífsins og hefur það starf haldið áfram.

Ein helsta undirstaða þessara aðgerða var og er aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Umfram það hafa stjórnvöld skapað skilyrði fyrir alþjóðavæðingu atvinnulífsins með breytingum á fjármagnsmarkaði, í skattamálum, samkeppnismálum og í fleiri greinum. Á síðustu árum hefur mikilvægur þáttur í þessari stefnu verið efling utanríkisþjónustunnar og aðstoðar hennar við íslensk fyrirtæki. Á þessu ári verða tvö ný íslensk sendiráð opnuð í mikilvægum viðskiptalöndum okkar, Kanada og Japan.

Útrás íslenskra fyrirtækja hefur verið umfangsmikil síðustu ár. Þar hafa menn oft rekið sig á, sumt hefur mistekist, en fleira hefur tekist og sumt með ólíkindum vel. Nokkur fyrirtæki í okkar smáa atvinnulífi eru nú orðin leiðandi í heiminum á þeim sviðum sem þau hafa valið sér. Enn fleiri standa sig vel í samkeppni á alþjóðavísu innan stórra atvinnugreina. Bein fjárfesting íslenskra fyrirtækja erlendis, sem fyrir fáum árum var aðeins tíundi hluti þess sem algengt var í ríkjum OECD, hefur margfaldast á nokkrum árum.

Nú vinna um 11 þúsund starfsmenn hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis, sem er þreföldun á fimm árum. Í eina tíð hefði vafalítið verið fundið að þessari þróun og sagt að það væri ekki hlutverk íslenskra fyrirtækja að sjá útlendingum fyrir atvinnu. Þessi sjónarmið hafa breyst og nú sjá flestir þetta sem tákn um styrk. Útvegsfyrirtæki í eigu Íslendinga stunda nú veiðar við strendur flestra heimsálfa og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki selja framleiðslu sína um víða veröld í gegnum öflug markaðsnet sem þau hafa byggt á heimsvísu.

Árangur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja undirstrikar þau sannindi hnattvæðingarinnar að þau fyrirtæki sem ná bestum árangri á alþjóðavísu eru oftar en ekki þau sem byggja á sterkri stöðu heima fyrir. Hnattvæðingin krefst þess ekki að við förum að vinna við nýja hluti sem við þekktum ekki áður, heldur snýst hún þvert á móti um að sá geri hlutina sem kann þá best. Sú þekking sem er til í landinu er því grunnur að árangri á alþjóðavísu.

Um leið er það fagnaðarefni að Íslendingum hefur tekist að tileinka sér og nýta verðmætaþekkingu á sviði tæknivæddustu atvinnugreina samtímans. Þessar greinar byggjast yfirleitt ekki á nýtingu náttúruauðlinda. Auðlindir okkar gáfu ákveðið forskot sem við höfum borið gæfu til að nýta. Í hinum nýju greinum atvinnulífsins höfum við náð frumkvæði með öðrum hætti, svo sem á sviði tölvutækni, hugbúnaðargerðar, líftækni, matvælatækni og erfðavísindum. Ýmislegt í menningu okkar, menntun og hugarfari virðist falla vel að þeim kröfum sem frumkvöðlar á þessu sviði þurfa að uppfylla og slíkt framtak byggir einnig á eldri sérþekkingu. Gamlar hömlur sem lega landsins hefur sett íslensku atvinnulífi eru í litlum mæli fyrir hendi í þessum nýju greinum. Þá má einnig virkja og styrkja þessa vaxtarbrodda efnahagslífsins með skynsamlegri stefnu stjórnvalda.

Um leið og við getum glaðst yfir frábærum árangri margra íslenskra fyrirtækja erlendis þurfum við að tryggja þeim aðlaðandi starfsskilyrði heima fyrir. Við verðum að vinna að því af fullri einurð að halda þessum fyrirtækjum hér á Íslandi, því annars kunna tengslin við arðbærasta hluta starfsemi þeirra að rofna. Þeir sem best standa sig eiga allra kosta völ í heiminum. Við þurfum að huga að því í auknum mæli hvernig umhverfi við getum boðið þeim sem alls staðar eru velkomnir.

Þetta á við um bæði fólk og fyrirtæki. Íslendingar eiga það flestir sammerkt að vera tengdir landi sínu sterkum böndum. En öflug íslensk fyrirtæki og sífellt fleiri Íslendingar eru boðnir velkomnir víða um heim. Fyrirtæki og stofnanir víða um lönd leita hvarvetna að sérþekkingu og vel menntuðu vinnuafli, og fólk losnar í vaxandi mæli úr tengslum við sín heimalönd.

Um leið og íslensk fyrirtæki ná árangri erlendis og fleiri einstaklingar afla sér aukinnar menntunar og þekkingar á viðfangsefnum sem eru í eðli sínu alþjóðleg, viljum við halda sem mestum tengslum við fólkið okkar, við fyrirtækin okkar og viljum þátttöku þeirra í íslensku þjóðfélagi. Eitt af því sem við þurfum jafnframt að huga að er hvernig við getum aukið erlenda fjárfestingu á Íslandi, ekki síst á fleiri sviðum en hingað til. Um leið og íslenskt atvinnulíf hefur af miklum þrótti leitað uppi tækifæri erlendis sem koma okkur til góða hér heima hefur á það skort að erlend fyrirtæki leiti hingað til lands. Aukin erlend fjárfesting er okkur nauðsynleg af mörgum ástæðum. Hún eykur fjölbreytni atvinnulífsins, skapar ný atvinnutækifæri hér heima og eykur velmegun.

Erlend fjárfesting á Íslandi og íslensk fjárfesting erlendis eru því tvær hliðar á sama máli. Hvort tveggja stuðlar að nýtingu þeirra tækifæra sem hnattvæðingin felur í sér, hvort tveggja er forsenda velmegunar á næstu árum, og hvort tveggja stuðlar að því að það geti farið saman að fólkið okkar verði sem gjaldgengast í veröldinni, en geti um leið með sem auðveldustum hætti valið Ísland sem sitt heimaland.

Við viljum líka að fólk hafi sem mest og raunverulegast val um hvar á Íslandi það býr. Í þeim efnum er mikil tækifæri að finna í hnattvæðingunni, gagnstætt því sem stundum er haldið fram. Það er ekki eðli hnattvæðingarinnar að allir safnist saman á einn stað. Þvert á móti. Mikilvægi fjarlægða hefur minnkað og möguleikar til samskipta hafa aukist. Það skiptir æ minna máli hvar vörur eru framleiddar heldur að

þær séu framleiddar þar sem það er hagkvæmast og af þeim sem best kunna til verka. Einkenni hnattvæðingar lúta einnig að því að opna möguleika til dreifðrar búsetu.

En eins og með margt annað sem ég hef nefnt hér á undan er fátt sjálfgefið í þessum efnum. Menn þurfa enn að sigrast á fjarlægðum. Það sem hefur breyst er að möguleikarnir til að sigrast á þeim hafa vaxið. Samskipti við umheiminn koma ekki af sjálfu sér þótt tæknin sé fyrir hendi. Menn þurfa að leita eftir þeim og kunna til þeirra verka.

Þau fyrirtæki sem náð hafa árangri á alþjóðavettvangi á síðustu árum eru ekki öll staðsett í stórborgum heimsins. Mörg eru staðsett í litlum samfélögum. Við eigum nokkur dæmi um slík fyrirtæki hér á Íslandi. Þeim þarf að fjölga og til þess eru aðstæður að skapast. Framtíð landsbyggðarinnar á Íslandi er án nokkurs vafa undir því komin að menn hafi áræði og þekkingu til að nýta þá möguleika sem felast í hnattvæðingunni.

Þótt algeng gagnrýni á hnattvæðingu beinist að drottnun fáeinna stórfyrirtækja, þá hefur hún opnað möguleika til alþjóðaviðskipta fyrir smærri fyrirtæki. Jafnvel lítil fyrirtæki á afskekktum stöðum stunda nú alþjóðleg viðskipti með góðum árangri. Oft er þetta spurning um áræði, en alltaf spurning um þekkingu.

Stjórnvöld geta með ýmsu móti auðveldað fyrirtækjum þátttöku í alþjóðaviðskiptum og sá stuðningur er oft mikilvægastur litlum fyrirtækjum. Um leið og utanríkisráðuneytið hefur kappkostað að byggja upp styrk til að aðstoða fyrirtæki á fjarlægum sem nálægum mörkuðum hefur ráðuneytið reynt að kynna þessa starfsemi sína sérstaklega á landsbyggðinni.

Um landsbyggðina á Íslandi gilda sömu lögmál og um atvinnulíf landsmanna að öðru leyti. Forsenda framfara á næstu árum er nýting þeirra tækifæra sem hnattvæðingin hefur opnað. Tækifærin eru til staðar, það sýnir reynsla okkar og reynsla annarra. En við þurfum að sýna aukið áræði og hugvit til að finna þau og nýta.

Um leið og hnattvæðingin hefur opnað mikil tækifæri þurfum við að vera vel á verði gagnvart vandamálum sem fjarlægðin skýldi okkur fyrir. Það eru ekki aðeins fyrirmyndarfyrirtæki sem hafa nýtt sér nýja samskiptatækni, greiðari samgöngur og frjálsara flæði fjármagns. Alþjóðlegir glæpahringir hafa notfært sér þessar nýju aðstæður. Ríki heims heyja nú stöðugt erfiðari varnarbaráttu gegn fíkniefnasmygli og peningaþvætti. Smygl á fólki og mansal er einnig vaxandi vandamál með átakanlegar hliðar, rétt eins og fíkniefnasmyglið.

Alþjóðleg samvinna fer vaxandi í þessum efnum og Íslendingar hafa leitast við að fylgjast sem best með. Ekki er síður mikilvægt að auknir möguleikar hafa opnast á svæðisbundnu samstarfi gegn glæpastarfsemi. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu er afar mikilvæg í þessu tilliti. Hún hefur opnað aukna möguleika á sviði lögreglusamvinnu við ríki Evrópusambandsins og stóraukið bolmagn Evrópuríkja til að hamla gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Þá hefur aðildin að Schengen meðal annars leitt til þess að gera má ráð fyrir að Ísland verði á meðal fyrstu ríkja til að gera samstarfssamning við Europol.

Hvaða skoðun sem við höfum á hnattvæðingunni, þá er sú vernd sem fjarlægðin hefur veitt okkur að miklu leyti úr sögunni. Auknar hættur hér heima vegna alþjóðlegrar glæpastarfsemi eins og fíkniefnasmygls hafa ekki skapast vegna þátttöku okkar í hnattvæðingunni. Þróttmikið samstarf við aðrar þjóðir gefur hins vegar meiri möguleika til að bregðast við þessum hættum. Annað dæmi um vaxandi vá sem rekja má til auðveldari samgangna og samskipta er aukin og hraðari útbreiðsla ýmiss konar sjúkdóma. Smitsjúkdómar hafa aldrei virt landamæri eins og við þekkjum af gamalli og nýrri sögu. Hraðinn er hins vegar meiri en áður og í því felast nýjar hættur sem eingöngu er hægt að bregðast við með alþjóðlegu átaki.

Umhverfismál koma öllum við og umhverfisvandinn sameinar og skerpir vitund okkar um að við eigum aðeins eina jörð og að hennar þurfi að gæta vel til að komandi kynslóðir megi einnig geta lifað góðu lífi. Okkur kemur við hvað menn eru að losa í sjóinn handan hafsins. Og okkur kemur við hvernig og hvort menn bregðast við loftmengun hinum megin á hnettinum. Ótti við hin svonefndu gróðurhúsaáhrif og mögulegar breytingar á veðurkerfum heimsins hafa knúið menn um allan heim til að hugsa þessi mál með nýjum hætti.

Meðal þeirra sem berjast gegn hnattvæðingu eru fjölmennir hópar umhverfisverndarsinna sem álíta að vaxandi mengun og eyðileggingu náttúrunnar megi rekja til hnattvæðingar. Í þessu er nokkurn sannleik að finna, en oft er einnig um að ræða grundvallarmisskilning.

Á því er enginn vafi að vaxandi samgöngur í heiminum og vaxandi velmegun víða um lönd sem rekja má til hnattvæðingar hafa aukið á losun mengandi efna í andrúmsloftið og aukið á þrýsting á viðkvæm vistkerfi víða um heim.

Samhengið á milli vaxandi mengunar og hnattvæðingar er hins vegar ekki eins einfalt og ætla mætti. Gera verður greinarmun á því hvort verið er að tala um afleiðingar hagvaxtar eða hnattvæðingar.

Ef menn vilja draga úr hagvexti til að draga úr umhverfisspjöllum er það sjónarmið út af fyrir sig. Ef menn vilja draga úr hnattvæðingu til að draga úr mengun hafa þeir sennilega rangt fyrir sér. Við getum séð það með því að líta í kringum okkur. Hvar er ástand umhverfismála verst í heiminum? Er það ekki einmitt í mörgum þeirra ríkja sem lengst voru lokuð fyrir alþjóðaviðskiptum? Hvar er ástand umhverfismála best? Er það ekki einmitt í nokkrum þeirra ríkja sem hafa af mestum þrótti tekið þátt í alþjóðasamstarfi og alþjóðaviðskiptum á öllum sviðum?

Ég er ekki með þessu að halda því fram að hnattvæðingin bjargi umhverfinu. En hnattvæðing sem slík eykur ekki við umhverfisvandann. Umhverfisvandinn er ekki kominn til vegna hnattvæðingar og lausnir á umhverfisvandanum verða ekki fundnar án öflugs alþjóðlegs samstarfs. Barátta umhverfisverndarsinna er einmitt dæmi um það atriði. Sennilega er engin hreyfing eins hnattvædd og hreyfing þessara aðila.

Ein af athyglisverðum leiðum til að draga úr loftmengun snertir okkur Íslendinga með beinum hætti. Þetta er leið sem jafnframt byggist á alþjóðaviðskiptum og öflugu alþjóðlegu markaðskerfi. Hér á ég við alþjóðlegan markað með svonefnda losunarkvóta sem getur stuðlað að því að iðnframleiðsla eigi sér stað þar sem orkan er hreinust og hagræðingin mest. Með öflugri alþjóðasamvinnu á þessu sviði má virkja alþjóðleg markaðsöfl til að rjúfa þau tengsl sem eru á milli hagvaxtar og aukinnar mengunar.

Markaðsöflin sjálf eru blind fyrir umhverfinu. Markaðurinn sér ekki um þetta sjálfur. Hann er samt öflugt tæki sem stjórnvöld geta með víðtækri alþjóðlegri samvinnu virkjað í þeim tilgangi. Þetta á ekki aðeins við um losunarkvóta. Annað dæmi er alþjóðleg samvinna um afnám á niðurgreiðslum

á orkugjöfum sem valda loftmengun. Þriðja dæmið er alþjóðleg samvinna um verðlagningu á eldsneyti sem miðast við skaðsemi viðkomandi eldsneytis fyrir umhverfið. Slíkar aðgerðir ryðja brautina fyrir þróun nýrrar tækni bæði í samgöngum og iðnaði og ýta undir notkun hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa.

Annað atriði varðandi tengsl hnattvæðingar og umhverfismála snertir íslenskt atvinnulíf með beinum hætti. Ég hef á alþjóðavettvangi reynt með ýmsu móti að benda á það samhengi sem er á milli ríkisstyrkja í sjávarútvegi, ofveiði og rányrkju á höfum heimsins. Tollar á fiskafurðir stuðla líka að rányrkju. Þeir hvetja sjávarútveginn til að leggja áherslu á magn frekar en gæði.

Stöðugt verður ljósara hvað lífkerfi sjávar stendur víða tæpt, ekki síst vegna rányrkju síðustu ára og áratuga. Hnattvæðingin hefur opnað leiðir til að þrýsta á um lausnir í þessum efnum, bæði vegna aukinnar alþjóðasamvinnu og vegna þess að alþjóðamarkaðir með sjávarafurðir stjórna því að verulegu leyti hvernig ríki nýta sjávarauðlindir sínar.

Því hef ég lagt ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi, og þá ekki síst innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að markaðshöft í sjávarútvegi, eins og ríkisstyrkir og tollar, verði afnumin.

Það er af og frá að bregðast eigi við þessum vandamálum með alþjóðlegri ofstjórn. Hnattvæðing krefst stundum hnattrænna lausna og stundum staðbundnari samvinnu. Það er ljóst að ekki verður komið í veg fyrir vaxandi mengun hafsins án hnattrænnar samvinnu. Um leið liggur fyrir að flestir fiskstofnar í hafinu eru ekki hnattrænir heldur staðbundnir. Ofveiði kallar því á staðbundnar lausnir en ekki hnattrænar. Ríkisstyrkir í sjávarútvegi og tollavernd eru hins vegar hnattræn vandamál.

Um svæðisbundin mál eiga svæðisbundnir samningar við. Í sjávarútvegi eins og svo mörgu öðru skiptir mestu að virkja ábyrgð þeirra sem eiga mest undir farsælli lausn málsins. Þess vegna verðum við að vinna gegn hugmyndum um hnattræna stjórn fiskveiða og leggja þess í stað áherslu á svæðisbundna samvinnu á grundvelli úthafsveiðisamninga og svæðisbundinna stofnana.

Eitt af einkennum, og kannski þversögnum hnattvæðingarinnar á síðustu árum, er að svæðisbundið samstarf ríkja hefur stórlega aukist. Menn hafa raunar stundum stillt þessu tvennu upp sem valkostum, hnattvæðingu og auknu svæðisbundnu samstarfi. Í því felst misskilningur á eðli málsins. Aukin svæðisbundin samvinna er oftar en ekki til komin sem viðbrögð við aukinni hnattvæðingu.

Þannig má líta á samrunaþróunina í Evrópu á síðustu árum sem viðbrögð við hnattvæðingunni og sömu sögu er að segja um vaxandi svæðisbundið samstarf víðar um heiminn. Alþjóðaviðskipti hafa orðið frjálsari með árunum en mikið vantar á að hægt sé að líta á heiminn allan sem eitt opið viðskiptasvæði. Með vaxandi samkeppni á öllum sviðum hefur ríkjum orðið nauðsynlegt að stækka markaðinn fyrir eigið atvinnulíf og það hafa þau gert með þátttöku í svæðisbundinni samvinnu.

Íslendingum tókst að tryggja hagsmuni sína að þessu leyti með EES-samningnum á sínum tíma sem veitir aðgang að stærsta og auðugasta markaði heimsins, sem er innri markaður Evrópusambandsins. Aðildin að EFTA og EES-samningnum skiptir sköpum fyrir þátttöku Íslands í hnattvæðingunni. Þetta hefur haft ómetanlegt gildi fyrir atvinnulífið og er í reynd ómissandi undirstaða fyrir þær gífurlegu framfarir sem hafa orðið í efnahagslífinu á síðustu árum.

Miklar breytingar eiga sér nú stað í Evrópu. Ný aðildarríki bætast við Evrópusambandið á næstum árum og innan sambandsins verða örar og mikilvægar breytingar á fjölmörgum sviðum. Ný samstarfssvið hafa komið til og aðild Íslands að hnattvæðingunni tengist í vaxandi mæli samstarfi við ESB. Með öllu þessu verðum við að fylgjast af mikilli nákvæmni og einurð. Hér er um grundvallarhagsmuni íslensku þjóðarinnar að tefla.

Þjóðarhagsmunir okkar í öryggismálum byggjast líka á svæðisbundnu samstarfi. Hugsjónin um hnattrænt öryggiskerfi fyrir allan heiminn, sem lá að baki stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir meira en hálfri öld, er enn fjarri því að verða að veruleika. Endalok kalda stríðsins hafa fært okkur í átt að þessari hugsjón en að henni verðum við að vinna áfram á grundvelli svæðisbundins samstarfs.

Það öryggissamstarf sem Ísland tekur fullan þátt í hefur líka verið að þróast og þátttökuríkjum hefur fjölgað. NATO hefur annars vegar brugðist við nýjum tækifærum með stækkun bandalagsins og hins vegar með öflugu samstarfi við ríki utan bandalagsins. Þar má nefna Samstarf í þágu friðar með aðild fjölda ríkja sem áður voru í andstæðu hernaðarbandalagi, sérstök samstarfsráð við Rússland og Úkraínu og hið svonefnda Evró-Atlantshafssamstarfsráð. Þá er í deiglunni samstarf NATO og ESB um eigin varnarstyrk ESB en í því máli eigum við Íslendingar sérstakra hagsmuna að gæta sem við höfum fylgt einarðlega eftir á síðustu missirum.

Auk samstarfsins innan NATO tekur Ísland virkan þátt í starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, og í starfi Evrópuráðsins sem að sínu leyti vinnur mikilvægt starf að svæðisbundnum öryggismálum með áherslu á styrkingu lýðræðis í Evrópu og nágrenni álfunnar.

Allt þetta svæðisbundna samstarf sem við höfum sinnt af kappi hefur gefið Íslendingum tækifæri til að gæta grundvallarhagsmuna okkar og hafa áhrif á margvísleg málefni sem við ella hefðum engan kost átt á að sinna nema með öflugri þátttöku.

Fyrir litlar þjóðir gegna alþjóðastofnanir lykilhlutverki og er aðild að þeim forsenda þess að þær geti tekið virkan þátt í alþjóðamálum. Stærri ríki geta haft með sér öflugra tvíhliða samstarf, þótt við eigum margs konar tvíhliða samstarf við nálæg og fjarlæg ríki. En þess væri enginn kostur fyrir jafnlítið land og Ísland að koma að svo mörgum málum ef ekki kæmi til aðild að þeim styrku stofnunum sem við höfum borið gæfu til að eiga aðild að.

Herra forseti. Í tíð minni sem utanríkisráðherra hef ég lagt áherslu á að auka sem mest þátttöku Íslands í þeim alþjóðastofnunum sem eru okkur mikilvægastar. Við verðum að taka þátt í starfi slíkra stofnana af fullri alvöru og kosta nokkru til. Við getum ekki reiknað með því að aðrir taki okkur alvarlega ef við gerum það ekki sjálf.

Nú er ýmislegt í undirbúningi hvað þetta varðar. Á næsta ári tökum við að okkur að halda utanríkisráðherrafund NATO hér á landi. Þetta verður stærsti alþjóðlegi fundur sem haldinn hefur verið á Íslandi með þátttöku nær fjórðungs allra ríkja heimsins.

Við höfum lýst yfir vilja til að taka sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eftir nokkur ár og undirbúningur að framboði til þessarar langvaldamestu stofnunar Sameinuðu þjóðanna er að hefjast. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er

mikill fjöldi mikilvægra verkefna fram undan. Almennt verður þó að viðurkenna að stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna hefur ekki staðið undir því stóraukna álagi sem hnattvæðingin hefur í för með sér þótt starf samtakanna hafi eflst talsvert undir þróttmikilli stjórn núverandi framkvæmdastjóra, Kofi Annans. Það er vissulega íhugunarefni að ekki skuli hafa tekist að efla samtökin og sérstofnanir þeirra nægilega til að mæta þeim kröfum sem gera verður til þeirra í ljósi þess gífurlega vaxtar sem hefur orðið í alþjóðaviðskiptum, alþjóðlegum fjármagnshreyfingum, alþjóðlegum samgöngum og alþjóðlegum samskiptum yfirleitt.

Veikleikar alþjóðakerfisins bjóða heim mörgum og alvarlegum hættum. Þeir koma líka í veg fyrir samvinnu um lausn á fjölmörgum alþjóðlegum vandamálum, allt frá fátækt og mannréttindabrotum til umhverfismála og tæknilegra úrlausnarefna. Minni ríki eiga enn meira undir því komið en þau stærri að það takist að efla alþjóðastofnanir á næstu árum.

Af stórum verkefnum í náinni framtíð má einnig nefna að við höfum ákveðið að stórauka á næstu árum framlag Íslands til friðargæslu. Starf okkar á þessu sviði er tiltölulega nýtt af nálinni. Þau skref sem við höfum tekið á síðustu árum, og sú reynsla sem við höfum öðlast, hefur hvatt okkur, hvatt okkur til að axla aukna ábyrgð á þessu sviði. Unnið er að undirbúningi málsins af fullum krafti og er tíðinda að vænta af því starfi innan skamms. Er ætlunin að auglýsa fljótlega eftir fólki sem væri tilbúið að taka þátt í friðargæslu fyrir Ísland.

Þróunaraðstoð Íslands hefur einnig verið efld á undanförnum árum og tekið á sig fastari mynd. Á þeirri braut viljum við halda áfram. Að undanförnu höfum við unnið að því að bæta aðstöðu okkar og um leið sýnt þá alvöru sem hér býr að baki með opnun íslensks sendiráðs í Mósambík.

Við höfum kosið að beina aðstoð til nokkurra ríkja í sunnanverðri Afríku. Ríki Afríku hafa dregist aftur úr öðrum ríkjum heimsins á seinni árum. Hnattvæðingin hefur snert Afríkuríki hvað minnst. Fátækt Afríkuríkja felst því ekki í hnattvæðingunni, heldur þvert á móti í takmörkuðum möguleikum þessa heimshluta til að nýta sér þau tækifæri sem finna má í hnattvæðingu heimsviðskipta.

Allt þetta starf að alþjóðamálum kostar auðvitað nokkurt fé. Því verður hins vegar ekki haldið fram að við eyðum fé til alþjóðamála umfram það sem sæmir vel efnaðri þjóð sem vill láta taka sig alvarlega á alþjóðavettvangi. Með virkri þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana sem við erum aðilar að getum við bæði gætt hagsmuna og einnig lagt af mörkum okkar skerf. Virkt starf okkar á vettvangi þessara stofnana skilar meiru en framlagið segir til um. Öflug þátttaka lítilla ríkja á borð við Ísland í alþjóðastofnunum, svæðisbundnum stofnunum og í alþjóðasamstarfi yfirleitt er nauðsynleg til að hægt sé að gæta íslenskra hagsmuna í hnattvæddum heimi.

Það sama gildir með þátttöku Íslands í alþjóðasamvinnu og þátttöku íslensks atvinnulífs á alþjóðamarkaði. Hjáseta gerir lítið annað en að svipta okkur sjálf tækifærum til að hafa áhrif á örlög okkar. Sá kostur er alltaf fyrir hendi að sitja hjá. En með hjásetunni breytum við engu öðru en okkar eigin möguleikum til ábata og góðra verka.

Meðan sumir líta þannig á að í hnattvæðingunni felist margvíslegar hættur fyrir Ísland tel ég að í henni felist miklir möguleikar og sóknarfæri. Árangurinn veltur mest á okkur sjálfum og hvernig við vinnum úr tækifærunum. Íslendingar eru vel menntuð þjóð sem er meðvituð um eigin getu og vilja til að vera ávallt í fremstu röð meðal þjóða. Íslensku samfélagi hefur alltaf vegnað best, bæði í menningarlegu og efnahagslegu tilliti, þegar tengslin við útlönd hafa verið hvað mest. Það skiptir sköpum fyrir framfarir og velmegun á Íslandi hvernig okkur tekst til í alþjóðlegri samvinnu. Öflugt atvinnulíf sem stenst samkeppni á alþjóðamarkaði og virkt samstarf Íslands við önnur ríki sem tryggja jafnræði og tækifæri fólks og fyrirtækja er forsenda þess að íslenskri þjóð farnist vel á nýrri öld.

[11:26]

Útbýting þingskjals:

Vanskil einstaklinga, 604. mál, fsp. JóhS, þskj. 974.

[11:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðuna. Ég ætla þó ekki að nota tækifærið til að finna að eða ræða tiltekin atriði ræðunnar heldur vil ég taka upp eitt atriði sem hefur verið ofarlega á baugi á Norðurlöndunum og braust í gegnum fréttir á Íslandi í morgun.

Í Ríkisútvarpinu í morgun var frá því greint að núna stæðu yfir samningaumleitanir milli Japans og Rússlands um tiltölulega umfangsmikla flutninga á geislavirkum úrgangi um Íshafið og að lokum niður Grænlandssund milli Íslands og Grænlands. Við vitum, herra forseti, að á þessu svæði er stöðugur ís. Það er bæði lagís og borgarísjakar. Það er hættulegt að fara um þetta svæði, enda er það svo að Japanir hyggjast stunda slíka flutninga fyrir atbeina rússneskra ísbrjóta. Það segir sitt um stöðuna á þessum hafsvæðum.

Sigurður Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, sagði í útvarpi í morgun að þessir flutningar gætu verið ákaflega varasamir og hann tók svo djúpt í árinni að segja að ef einhvers konar slys yrðu meðan á þessum flutningum stæðu gæti það stórskaðað efnahagslega hagsmuni Íslendinga. Mig langar þess vegna að nota tækifærið, herra forseti, og að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann viti af þeim samningaumleitunum. Hvort utanrrn. hafi gripið til einhverra viðbragða og með hvaða hætti hann hyggst reyna að beita afli íslensku utanríkisþjónustunnar til þess að koma í veg fyrir að af þessum flutningum verði.

Mér er kunnugt um, herra forseti, að Norðmenn hafa lagst harkalega gegn þessum flutningum og fram hefur komið að af þeim sökum er leið þessara skipa um Grænlandssund en ekki suður með Noregi. Utanríkisþjónustan hefur áður sýnt viðbragðsflýti þegar á hefur þurft að halda og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er hann þegar farinn af stað til að reyna að leggja stein í götu þessara skelfilegu áforma?

[11:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fyrsta sem utanrrn. gerði varðandi þetta mál var að leita upplýsinga. Fengist hefur staðfest frá samgönguráðuneyti Japans að engar slíkar samningaviðræður eiga sér stað milli japanskra stjórnvalda og rússneskra stjórnvalda. Jafnframt hefur fengist staðfest frá opinberum yfirvöldum í Rússlandi að engar slíkar samningaumleitanir eigi sér stað milli þessara þjóða. Hvort einhverjar hugleiðingar kunni að vera uppi milli einstakra fyrirtækja hef ég ekki enn þá fengið upplýsingar um, en bæði japönsk og rússnesk stjórnvöld hafa borið þessa frétt til baka, sem betur fer, og ég tel ástæðu til að gleðjast yfir því, því að ef eitthvað slíkt væri í uppsiglingu, þá er alveg ljóst að bæði íslenska

utanríkisþjónustan og utanríkisþjónusta margra annarra ríkja mundi bregðast mjög harkalega við.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr svör í þessu efni. Það er alveg ljóst að ráðuneytið hefur haft pata af þessu og hefur fylgst með þessu.

Samkvæmt lausafregnum af málinu hefur þetta mál ekki náð því enn að komast á formlegt viðræðustig milli ríkjanna. Málið er eigi að síður nægilega alvarlegt til þess að lögð hefur verið fram fyrirspurn í danska þinginu og henni var svarað þar í gær. Því miður hef ég ekki enn þá fengið efni þess svars en hvet hæstv. utanrrh. til þess að verða sér úti um það.

Ég óttast það auðvitað, eins og efnahagsástandið er í Rússlandi, að þá geti hvaðeina gerst þar án þess endilega að ríkisstjórnin hafi fulla vitneskju um það. Þess vegna er sá möguleiki uppi að hér geti verið um að ræða einhvers konar samninga milli fyrirtækja sem ekki hafa náð upp á stig milliríkjasamninga eða viðskipta. Ég hvet þess vegna hæstv. utanrrh. til þess að láta ráðuneytið halda vöku sinni og reyndar dreg ekki í efa að svo mun gerast.

Ég er sannfærður um að hér er um ákaflega mikilvæga hagsmuni að ræða fyrir Íslendinga. Það hlýtur að vera eitt mikilvægasta verkefnið á verkefnaskrá sérhverrar íslenskrar ríkisstjórnar að gera allt sem hægt er til þess að bægja mengun frá lífríki norðurhjarans og þar með lífríki Íslands og hafsvæðanna kringum landið, þ.e. ekki bara sökum þeirra efnahagslegu skyldna sem á okkur hvíla heldur höfum við líka skyldum að gegna gagnvart þessu lífríki heimsins sem er eitt hið viðkvæmasta sem um getur.

[11:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með þessu máli en við höfum enga ástæðu til að efast um þau svör sem við höfum fengið. Mér er kunnugt um að þetta mál hefur verið til umfjöllunar í danska þinginu og þau svör sem þar voru veitt eru í samræmi við þau svör sem ég veitti hér. Ég mun að sjálfsögðu láta hv. þingmann fá afrit af þessum svörum sem ég hef hér í hliðarherbergi, en þau eru líka á upplýsingavef danska þingsins þannig að þingmenn geta náð þessum upplýsingum þaðan. Þar er líka að finna upplýsingar um heimildir alþjóðlegra fyrirtækja til að flytja efni sem þessi um alþjóðlegar siglingaleiðir sem eru um margt fróðlegar. Alveg er ljóst að það þarf harðari reglur og ákveðnari reglur til þess að takmarka flutninga á ýmsum eiturefnum en það er eitt þeirra viðfangsefna sem ekki verður leyst nema með alþjóðlegum samningum.

[11:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ágæta yfirferð hæstv. utanrrh. um helstu áherslur utanríkisstefnunnar. Nú kveður við annan tón í ræðu utanrrh. en á síðasta ári. Svo virðist sem viljandi sé horft fram hjá ýmsum stærri málum sem hafa verið í umræðunni á Alþingi, e.t.v. vegna þess að þau hafa fengið ákveðna afgreiðslu eða eru í biðstöðu, a.m.k. er alveg ljóst að þessi ræða er á engan hátt ögrandi fyrir samstarfsflokkinn.

Í þetta sinn er ekki fjallað ítarlega um stöðu Evrópumálanna og öryggis- og varnarmála. Það þýðir samt ekki að þau mál séu ekki ofarlega á baugi því fullyrða má að þróunin í Evrópu á undanförnum mánuðum kalli á mun vandaðri umræðu en hingað til um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu. Á sama hátt er ljóst að hræringar á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu vekja umræðu um hvernig staða Íslands verði tryggð í því sambandi til lengri tíma litið. Allt á hins vegar sinn tíma og sú umræða bíður annarrar skýrslu.

Áður en ég vík frá Evrópuumræðunni sem skautað er fram hjá í þessari ræðu utanrrh. hlýt ég að minna á að hæstv. utanrrh. opnaði sjálfur þá umræðu í skýrslu sinni á síðasta ári. Hann lýsti því yfir að gerð yrði fagleg úttekt á EES-samningnum, haft yrði samráð við ýmsa aðila í þjóðfélaginu sem sett hafa fram skoðun á Evrópumálunum. Fyrir liggur einróma ályktun þings ASÍ um að skoða ESB-málin auk þess sem ýmis samtök atvinnulífsins hafa sett fram skoðun með eða á móti þannig að aðilar vinnumarkaðarins virðast tilbúnir í umræðuna. En nú er ekkert slíkt nefnt.

Hins vegar er sjónum Alþingis beint að alþjóðavæðingunni og vissulega er tímabært að ræða hvaða áhrif svokölluð hnattvæðing hefur eða getur haft fyrir landið okkar. Alþjóðavæðingin er ekki flóðbylgja illra afla þó að á henni séu ýmsar hliðar. Alþjóðavæðingin er samheiti yfir þær framfarir í samgöngum, tækni og viðskiptum sem eru að verða daglegur hluti af lífi okkar flestra.

Íslendingar, hvort heldur er í afskekktri sveit hér innan lands eða á hinum helmingi hnattarins, geta á einfaldan hátt fylgst með beinni útsendingu af þessum þingfundi á tölvuskjánum sínum. Þetta hefði þótt óhugsandi fyrir örfáum árum. En slík tækni er áhrifamikill þáttur upplýsingasamfélagsins. Við getum valið hvernig við nálgumst þessar breytingar, tekið þeim með ólund, ótta og afturhaldi eða með jákvæðu hugarfari, litið á þær sem tækifæri fyrir okkur og freistað þess að gera okkur eins mikinn mat úr þeim og mögulegt er.

Það er líka rangt að hafna alþjóðavæðingunni með því að setja þjóðríkið á stall. Þjóðríkið hefur verið okkur Íslendingum mikils virði og gerði okkur kleift að taka okkar mál í eigin hendur á sínum tíma.

Flest ríki Evrópu eru hins vegar samansett úr fleiri en einni þjóð og því má ekki gleyma að þjóðríkið hefur verið öflugt kúgunartæki í höndum þjóðernismeirihluta í gegnum tíðina. Alþjóðavæðingin gefur okkur færi á að leysa þjóðernisminnihluta úr viðjum kúgunar meiri hlutans í þjóðríkjum um allan heim. Alþjóðavæðingin losar um ofurvald ráðandi afla á upplýsingaflæði og þekkingu og gefur hinum undirokaða fjölda nýja von og nýjan kraft.

Þekking er lykilatriði til að íslensk fyrirtæki geti nýtt sér þau tækifæri sem alþjóðavæðingin býður upp á. Fjarlægðir og búseta fólks skipta minna máli en áður. Þessar aðstæður alþjóðavæðingar kalla hins vegar á að við endurskoðum það hvernig við veitum íslenskum fyrirtækjum aðstoð við markaðssókn á erlendum mörkuðum. Það er sérstaklega mikilvægt ef við getum tengt aðstoð útflutningsráðgjafar við ráðgjöf sem veitt er á byggðaforsendum. Við megum ekki gleyma því að mikilvægt er að styðja við útrás á sem flestum sviðum íslensks atvinnulífs, jafnt á höfuðborgarsvæðinu og úti um land.

Við höfum fjölmargar stofnanir, viðskiptaþjónustu utanrrn., Útflutningsráð, Nýsköpunarsjóð, Iðntæknistofnun og Byggðastofnun, sem allar eiga að aðstoða fyrirtæki en á nokkuð ólíkum forsendum. Spyrja má: Erum við að gera nógu vel í þessu efni? Má ekki hagræða hér, einfalda boðleiðir með aukinni áherslu á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sem

tengist markaðssókn á erlendum vettvangi? Er ekki kall tímans, herra forseti, að einfalda þessa stofnanauppbyggingu?

Alþjóðavæðingin gerir til okkar kröfur. Hún þýðir ný tækifæri til að mennta sig og til starfa fyrir alla sem geta nýtt sér menntunartækifærin. Við verðum jafnframt að skapa sem bestar aðstæður fyrir þá hópa sem ekki eiga þennan aðgang. Þess vegna kallar alþjóðavæðing á öfluga velferðarstefnu.

Þegar fjallað er um erlendar fjárfestingar í þessari skýrslu er átt við fjárfestingar okkar erlendis. Það er ekki nóg. Við verðum að skapa ramma um erlenda fjárfestingu í tengslum við alþjóðavæðinguna þannig að hún virki í báðar áttir. Í gær benti hagfræðingur Seðlabankans á að lífeyrissjóðir landsmanna væru með 22% af sínu fjármagni á erlendum skuldabréfamörkuðum sem áður var að öllu leyti ávaxtað innan lands. Hann gaf til kynna að ávöxtunin þá hefði verið eins konar tilflutningur milli vasa hjá okkur.

Alþjóðavæðingin og frjálsar fjármagnshreyfingar hafa kallað á breytingar á peningastefnu okkar. Við getum t.d. ekki haft sömu fastgengisstefnu og áður og enduðum núna með eins konar flotgengi og verðbólgumarkmið. Engin þátttaka erlendra aðila er á gjaldeyrismarkaði. Hér starfa tvö til þrjú íslensk gjaldeyrisfyrirtæki, en ef við viljum opinn gjaldeyrismarkað þurfum við erlenda aðila inn. Sama gildir um hlutabréfamarkaðinn. Því er haldið fram að ef við ætlum að fá erlenda aðila hingað þá verðum við að afnema verðtrygginguna og þau ákvæði sem tengjast henni í ársreikningum íslenskra fyrirtækja, svo sem reikningsfærslur sem gera upp verðlagsþróun því þetta þekkist hvergi annars staðar. Útlendingar skilja þetta ekki og hætta sér ekki inn á flókinn markað hérlendis.

Það er líka athyglisvert að aðilar í íslensku atvinnulífi hafa haldið því fram að krónan okkar sé léleg. Spyrja má hvaða áhrif sú umræða hafi á hugsanlega erlenda aðila sem koma vildu á íslenskan gjaldeyrismarkað.

Það sem ég er að draga athyglina að er að við erum með þátttöku í aðra áttina. Við flytjum peningana okkar út en enginn flytur peninga inn. Og ég spyr: Hvað telur utanrrh. að þurfi að gera í þessum efnum?

Hluti af því að opna fyrir fjárfestingar erlendra aðila eru sjávarútvegsfyrirtækin og þegar við fengum aðild að fjármagnsmörkuðum Evrópu gegnum EES-samninginn fengum við undanþágu fyrir sjávarútveginn. Í haust var rædd tillaga frá Samfylkingunni um að heimila erlendum aðilum að fjárfesta í fiskvinnslu. Utanrrh. sem tók þátt í umræðunum taldi að almenn samstaða væri um það mál og ástæða væri til að endurskoða lögin, að það kæmi fyllilega til greina að skylt yrði að landa öllum afla af Íslandsmiðum í íslenskum höfnum. Slíkt hefur verið gert annars staðar, t.d. í Bretlandi, og fengið viðurkenningu Evrópudómstólsins. Ráðherra kom þá inn á misvægið í verðbréfaeign Íslendinga erlendis og verðbréfaeign erlendra aðila hérlendis ásamt vandamálunum sem það skapaði í hagkerfinu. Ekkert bólar hins vegar á úrbótum og ég auglýsi eftir aðgerðum í þessum efnum.

Herra forseti. Jón Sigurðsson forseti sagði í grein um verslunarfrelsi í Nýjum félagsritum árið 1843, með leyfi forseta:

„En jafnframt og beðið er um verzlunarfrelsi þurfa landsmenn og að leggjast á eitt að afla sér þekkingar á verzlunarmálefnunum, svo þeir geti vitað hag sinn og fengið skynbragð á að sjá hvað við tekur og hvers þeir þurfa að gæta, því ekki er neinum að vænta að steiktar krásir fljúgi í munn honum sofanda þó verzlanin verði laus. Atorku, sparsemi og kunnáttu þarf allstaðar og á öllum tímum ef vel á að fara, en því framar sem fleiri sækja að og keppast á, og því betur sem þeir eru mentaðir sem við mann keppa."

Þessi orð eiga jafn vel við sem brýning til Íslendinga um að nýta tækifærin og hvernig skuli nýta þau tækifæri sem felast í frjálsum milliríkjaviðskiptum nú sem og fyrir 160 árum.

Alþjóðasamstarf veitir okkur aðgang að þýðingarmiklum upplýsingum og dýrmæt tækifæri til samstarfs. Ég vil nefna Bellona-verkefnið sem fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs á þinginu í Reykjavík í haust. Það var kynnt í Norræna húsinu nýverið. Þá fengum við að sjá að meðferð kjarnorkuúrgangs í næsta nágrenni Norðurlandanna og gjöfulla fiskimiða er eins og tifandi tímasprengja í okkar umhverfi. Mengun sem kemst í hafið berst með straumum sem þekkja engin landamæri. Þess vegna eigum við að starfa að umbótum með þeim þjóðum sem þurfa á aðstoð að halda. Í næstu viku verða þau mál rædd á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs. Okkur ber að tryggja alþjóðlega sáttmála um vistkerfi hafsins og styðja úrbætur í löndunum við Eystrasalt og Barentshaf.

Annað mikilvægt samstarf og nýlegt vil ég nefna. Það eru friðargæslustörfin sem jafnframt eru til skoðunar í Norðurlandaráði. Ég hef lesið tillögur og greinargerð starfshóps utanrrn. um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu. Þar er margt áhugavert að sjá og settar fram tillögur í átta liðum. Ég spyr hvort búið sé að afgreiða tillögurnar og hvort ríkisstjórnin ætli að hrinda þeim í framkvæmd og veita fjármagn til þessara aðgerða sem þar eru tíundaðar.

Utanrrh. nefnir þróunaraðstoð okkar Íslendinga. Þar höfum við mikið verk að vinna. Við höfum heyrt að alþjóðavæðingin verði fyrst og fremst til að bæta hag þeirra sem vel eru settir fyrir. Það geta verið öfugmæli enda opnar hún tækifæri tækni og þekkingar fyrir hinn dreifða fjölda. En við verðum að gera okkar til að tryggja að hin fátækari ríki fái notið til fulls alþjóðavæðingarinnar og fái sín tækifæri.

Ég vil minna á grein Kofi Annans, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í Morgunblaðinu á sunnudaginn. Hann minnti á þá hörmulegu staðreynd að við á Vesturlöndum höfum um áratuga skeið borið höfuðábyrgð á því að hneppa fátækustu ríki þriðja heimsins í fátæktargildru með fráleitum innflutningshömlum og ofurtollum á helstu framleiðsluvörur þróunarríkjanna, landbúnaðarafurðir. Hin iðnvæddu ríki leggja margfalt hærri tolla á landbúnaðarafurðir en á aðrar framleiðsluvörur þriðja heims ríkjanna og gjöldin hækka eftir því sem varan er meira unnin. Þróunarríkin eiga auðveldast með að framleiða landbúnaðarvörur þar sem til þeirrar framleiðslu þarf minnst fjármagn og tækniþekkingu. En við neitum þeim að njóta til fulls þess forskots sem þau eiga á því sviði.

Kofi Annan nefnir dæmi um að innflutningsgjald á fullunnar kjötafurðir til Evrópusambandsins og Japans séu tvöfalt hærri en á ósunnar afurðir, m.a. að hráu kaffibaunirnar eru fluttar inn með engum tolli en taka á sig sexfaldan toll ef þær eru brenndar í upprunalandinu.

Grein Kofi Annans var ætluð til birtingar í erlendum fjölmiðlum svo við vorum svo heppin að hann nefndi ekki dæmi úr íslenskum eða norrænum veruleika. Hann nefndi dæmi af Evrópusambandinu en lét þess jafnframt getið að Evrópusambandið hefði tekið stórmannlegt skref við að afnema alla tolla og alla kvóta á allar útflutningsvörur fátækustu ríkja heims aðrar en vopn.

Við Íslendingar viljum eðlilega verja heilbrigði og hollustu íslenskra dýrastofna og ekki er um það deilt að gæta verður ýtrustu varkárni. Hins vegar höfum við verið í fararbroddi í álagningu ofurtolla á afurðir til að skapa innlendri framleiðslu forskot. Við höfum ekki heldur auðveldað öðrum framleiðsluvörum þróunarríkjanna aðgang að íslenskum markaði. Grein aðalframvæmdastjórans er okkur því þörf áminning. Þróunarsamvinna er góðra gjalda verð en engin þróunaraðstoð er mikilvægari en sú að veita fátækum ríkjum möguleika til sjálfsbjargar. Það er jafnaðarstefna í reynd sem sýnir alþjóðavæðinguna í sinni bestu mynd þegar við gerum það.

Það er sjálfsögð krafa, herra forseti, að Ísland tilkynni á ráðstefnu í Brussel eftir tvo mánuði um afnám allra tolla og kvóta á útflutningsvörur fátækustu ríkja heims.

[11:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna ummæla hv. þm. um að í ræðu minni væri verið að sneiða hjá umræðu um Evrópumálin, þá tel ég að svo sé alls ekki. Ég kem inn á mikilvægi þeirra í ræðu minni. Hins vegar hlýtur það að vera jafnljóst að í tiltölulega stuttri umræðu eins og þessari er ekki hægt að gera þeim málum ítarleg skil. Ég hef gert það áður á Alþingi og hér hefur farið fram ítarleg umræða um þessi mál. Ég tel að í sjálfu sér hafi ekkert nýtt komið fram í þeirri umræðu eða þeirri þróun sem dregur úr gildi þess sem ég hef áður sagt, bæði vegna þróunar Evrópusamstarfsins, þróunar EES-samningsins og þeirrar þróunar sem á sér stað innan EFTA.

Það liggur alveg ljóst fyrir að hér eru miklar breytingar á ferðinni sem við Íslendingar þurfum að fylgjast mjög vel með. Vaxandi umræða er í þjóðfélaginu um þessi mál og framtíðarhagsmuni Íslendinga og ég tel afar þýðingarmikið að sú umræða haldi áfram að fara fram, bæði á hv. Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu.

Að því er varðar fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi þá liggur það fyrir að fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi eru tiltölulega litlar og jafnframt er ljóst að of mikið útstreymi er úr íslensku hagkerfi til erlendra þjóða miðað við það sem inn kemur. Við þurfum því að leita leiða til þess að auka erlenda fjárfestingu hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar og stend við það sem ég hef áður sagt varðandi hugsanlega endurskoðun að því er varðar sjávarútveginn. Það eru hins vegar viðkvæm mál og eðlilegt að það taki nokkurn tíma, en þau mál verða áfram til umfjöllunar.

[11:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að ekki er hægt að koma inn á alla hluti og menn verða að velja úr í ræðu sinni. Það þurfum við líka að gera sem blöndum okkur í umræðuna og ég hefði svo sannarlega viljað koma inn á marga fleiri þætti.

Ég var auðvitað að benda á áherslur ráðherrans í síðustu umræðu. Ég veit að flokkur ráðherrans hefur sett á laggir starfshóp um Evrópumál sem hefur skilað skýrslu. Það er minn flokkur líka að gera til að undirbyggja þátt sinn í faglegri umræðu þegar þar að kemur. Ég er að vekja athygli á því að þetta er að gerast á vettvangi flokkanna sjálfra og að sú umræða sem hér fór fram á sínum tíma um að opna umræðuna um EES-samninginn hefur ekki orðið á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ég er fyrst og fremst að benda á það í stuttri umræðu en ætla að öðru leyti ekki inn í neina frekari umræðu um Evrópumál.

Ég er ánægð að heyra viðbrögð ráðherrans varðandi erlenda fjárfestingu og ég geri mér alveg grein fyrir því að þau mál eru viðkvæm. En það er heldur ekki nógu gott ef við erum hér ár eftir ár að tala um hvað þurfi að koma til, því að við höfum lagt á okkur til að koma á alþjóðasamstarfi til þess að opna ný tækifæri. Ég er alveg sannfærð um að fátt hefur gert eins mikið fyrir atvinnulíf okkar og tilkoma EES-samningsins á sínum tíma sem ég trúði mjög á og vann að og ég er alveg sannfærð um að bæði störf og tækifæri sem orðið hafa til eru honum að þakka en það á eftir að gera ýmislegt meira. Eitt af því er að skoða erlendar fjárfestingar, að þær virki í báðar áttir. Við getum ekki lengi verið bara að ræða þau mál án þess að taka á þeim og setja þau lög sem mikilvægt er að setja hér.

[11:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að mikilvægt sé að auka erlendar fjárfestingar hér á landi, þá megum við heldur ekki vanmeta gildi erlendra fjárfestinga í landinu á undanförnum árum og mikilvægi þeirra í þeim hagvexti sem hér hefur orðið. Ég vil nefna í því sambandi stækkun álversins í Straumsvík, byggingu álversins á Grundartanga, stækkun járnblendiverksmiðjunnar, stofnun Íslenskrar erfðagreiningar sem að hluta til er fjármagnað með erlendu hlutafé og þær fyrirætlanir sem eru um álver á Austurlandi í samvinnu við íslenska aðila. Hér er að sjálfsögðu um erlenda fjárfestingu að ræða sem skiptir sköpum fyrir uppbyggingu hagkerfisins. Jafnframt má nefna fyrirætlanir um fiskeldi í sjó sem byggist að verulegu leyti á erlendri fjárfestingu þannig að sem betur fer hafa erlendir aðdilar verið að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Það sem ég hef sérstaklega viljað benda á er að æskilegt væri að auka fjölbreytni í slíkri fjárfestingu sem ég er alveg viss um að er til góðs fyrir íslenskt þjóðfélag.

Hins vegar hafa ekki allir verið sammála um þessar fjárfestingar og verulegur andróður hefur verið gegn þeim. Þó að við séum almennt hlynnt því að auka hér erlendar fjárfestingar, þá hefur það samt kallað á verulega andstöðu gagnvart einstökum framkvæmdum.

[11:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af þeim dæmum sem hæstv. utanrrh. tók þá vil ég nefna Íslenska erfðagreiningu, það er sérstök saga og við fórum að mínu mati öfuga leið. Við vorum ekki búin að setja lög sem sköpuðu nýtt umhverfi sem fyrirtæki gætu fótað sig í heldur settum við lög fyrir eitt fyrirtæki að einhverju gefnu tilefni og það er ekki sú aðferð sem ég vil sjá að Alþingi leggi fyrir sig.

Ég veit allt um erlenda fjárfestingu í virkjunum og m.a. er það ein höfuðumræðan hverju sinni að það verði að ná erlendu fjármagni og fjárfestingu inn í landið og þess vegna verði að fara í risavirkjun og ofurálver eða hvað það er hverju sinni. Ég veit líka að þegar við fluttum út landhelgina, þá varð mikill hagvöxtur hjá okkur og einhver stærsta uppsveifla og sömuleiðis þegar virkjanirnar komu og ekki síst vegna þess að í millitíðinni var atvinnulífið einhæft og þá munar svo feikilega um að grípa til slíkra stórtækra aðgerða. En ef við ætlum að hafa það þannig að við tökum ekki á málum þannig að atvinnulífið geti orðið mjög fjölþætt og hér geti skapast samspil hvort heldur er á þessum markaði eða hinum, þá erum við alltaf bundin við það að einu tækifærin verða þau

að grípa gæsina sem er þá í formi þess að stórfyrirtæki vill koma hingað með álver eða aðra slíka stóriðju og geri kröfu um virkjanir til að svo geti orðið. Ég er ekki að hafna því en ég vil miklu fremur að við skoðum það að þær virkjanir sem reistar eru séu smærri og falli að umhverfinu, jafnvel að þjóðgörðum. Það er hægt, og að við ráðum ferðinni sjálf en séum ekki að bregðast við einhverjum öðrum sem komi utan frá.

[11:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel það ágæta tilbreytingu að ræða hæstv. utanrrh. að þessu sinni er byggð upp utan um hugtakið alþjóðavæðingu eða hnattvæðingu og öfugt við síðasta ræðumann sakna ég þess ekkert sérstaklega og finnst það ágæt tilbreyting að við ræðum einu sinni um utanríkismál þar sem eitthvað annað kemst að en Evrópusambandið og spurningin um stöðu okkar gagnvart því.

Að mínu mati hefði að vísu að ósekju mátt minnast aðeins á nýjustu afurðina, Schengen-samkomulagið en það verður ekki öllu komið við. (**Utanrrh.:** Það er gert.) Það er lítillega gert já, og ég tel það í sjálfu sér ágætt að taka það á dagskrá.

Ég verð að vísu að segja, herra forseti, að ég hefði gjarnan kosið að hæstv. ráðherra hefði glímt í leiðinni aðeins við að skilgreina hugtök og hvað hæstv. ráðherra flokkar undir fyrirbærið hnattvæðingu eða alþjóðavæðingu því þarna er misjafn sauður í mörgu fé. Mér sýnist oft að menn grauti þarna saman undir þessa regnhlíf, hnattvæðingu, óskyldum eða fjarskyldum hlutum svo sem frjálsum fjármagnsflutningum, tilkomu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og leikreglna þar, netinu, tölvutækninni, fjarskiptabyltingunni, nýfrjálshyggjunni, neoliberal-hagkenningum og ýmsu fleiru og þá er oft orðið erfitt að átta sig á því hvað snýr upp og hvað niður í slíkri umræðu. Hvað er það nákvæmlega sem menn eiga við þegar þeir tala um hnattvæðingu, pólitískt og hvað efnislegt inntak snertir?

Svipað má segja um annað tískuhugtak sem hefur nokkuð riðið húsum undanfarin missiri, hugtakið nýja hagkerfið sem ýmsir telja reyndar að sé einmitt það sem er að gufa upp fyrir augunum á okkur í efnahagsmálum heimsins þessa mánuðina. Það hefur verið alveg ótrúlegt að fylgjast með því sem menn hafa reynt að heimfæra undir nýja hagkerfið. Svo reynist það ákaflega afsleppt hugtak þegar betur er að gáð.

Hvað varðar alþjóðavæðinguna, þá verð ég einnig að segja að mér finnst hæstv. ráðherra skauta dálítið frjálslega yfir það mál og verulegrar oftrúar gæti t.d. á því að markaðsbúskapurinn sé endanleg lausn flestra mála, þar á meðal og einnig umhverfismálanna. Það er ekki síst það sem margir gagnrýnendur ákveðinna þátta svonefndrar hnattvæðingar benda á að þar séu menn að sigla í strand og ekki eru fréttirnar félegar sem við fáum einmitt þessa dagana af forustustórveldi heimsins og umhverfismálum. Hvað er það þá þegar aðeins betur er að gáð sem þarna er á ferðinni í hinni svonefndu hnattvæðingu? Jú, það eru kröfur um algert frelsi fjármagnshreyfinga, kröfur um algert frelsi til fjárfestinga, kröfur um algert frelsi til viðskipta með vörur og þjónustu.

Margir segja að hnattvæðingin sé rangnefni sem slík. Hér eigi að tala um hnattvæðingu alþjóðlegu auðhringanna, þetta sé „corporate globalization" en ekki hnattvæðing almennings á forsendum almennings og í þágu almennings og smáfyrirtækja. Ljóst er að um 30 alþjóðlegir auðhringar eru algerlega ráðandi aðilar í heimsviðskiptunum á þessu sviði. Aðrir segja, og það má vera jafngilt, að hér sé fyrst og fremst um hnattvæðingu áhættufjármagnsins að ræða, braskfjármagnsins sem leikur æ stærra hlutverk á hinum alþjóðlegu fjármálamörkuðum.

Ég sakna þess t.d. að hæstv. utanrrh. skuli ekkert minnast á það fyrirbæri sem tekið er fyrir í þessu ágæta riti, braskfjármagnið, sem virðir engin landamæri, gefur lítið fyrir efnahagslegan stöðugleika einstakra ríkja og svæða eins og menn sáu í Asíu á sínum tíma. Ætli það séu ekki talsverðar aukaverkanir sem fylgja þá hinum jákvæðu þáttum alþjóðavæðingarinnar eftir því sem við erum sammála um að þeir séu til staðar og það eru þeir vissulega því að þetta er ekki svart-hvítt mál.

Vissulega er margt jákvætt á ferðinni sem flokkað er undir þessa hnattvæðingu. Ég nefni þar tæknibyltinguna, upplýsingabyltinguna, auðveldari ferðalög og ýmsa möguleika sem almenningi og atvinnulífi opnast en einnig eru stórfelldar neikvæðar hliðar þessu samfara og það eru innstæður fyrir þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á hnattvæðinguna af hálfu þeirra sem stóðu fyrir mótmælum í Seattle, Washington og Prag og það er ekki að ástæðulausu að franska Attaque-hreyfingin fer nú sigurför um heiminn og er stofnuð með þúsundum félagsmanna í hverju landinu á fætur öðru og andóf hennar gegn hinum neikvæðu afleiðingum hnattvæðingarinnar á víða sterkan hljómgrunn. Á þetta hefði hæstv. utanrrh. að mínu mati að ósekju mátt koma einnig inn á.

Við getum ekki horft fram hjá þeirri gríðarlegu misskiptingu sem er einnig samfara hnattvæðingunni og hinu nýfengna frelsi fjármagnsins að þessu leyti. Vel að merkja, herra forseti, það er einn mikill misskilningur á ferðinni þegar menn tala um opnun og afnám reglna í „deregulation" á erlendu máli. Þetta er ekki það nema að hluta til. Þvert á móti er líka verið að setja reglur en reglur á forsendum hverra? Á forsendum fjármagnsins og stórfyrirtækjanna. Þau vilja hafa sitt á hreinu. Í hverra þágu áttu reglurnar að vera samkvæmt maísamningnum sem takmörkuðu völd lýðræðislega kjörinna stjórnvalda og til að tryggja stöðu þeirra sem áttu fjármagnið, alþjóðaáhættufjármagnið og auðhringana? Það var á forsendum þeirra sem drífa þessa þróun áfram.

Lítum aðeins á tölur um vaxandi misskiptingu í heiminum. Fyrir nokkru var talið að 480 milljarðamæringar, mældir í dollurum, væru til í heiminum. Væntanlega er þá Bill Gates í broddi fylkingar, þó er það dregið í efa því að sumir telja að auðugustu braskararnir eins og Soros og félagar séu jafnvel enn ríkari, það veit enginn. En þrír sannanlega ríkustu auðkýfingar heimsins áttu fyrir um ári hver fyrir sig meira en 48 fátækustu lönd heimsins. Eignir Bill Gates og þeirra sem eru í klúbbnum með honum voru meiri en samanlagður þjóðarauður 48 fátækustu landanna. Forstjórar í Bandaríkjunum, forstjórar bandarísku stórfyrirtækjanna hafa að meðaltali 418-föld laun starfsmanna sinna svo maður nefni eitthvað til að lýsa aðeins inn í þennan heim. Er þetta sú framtíð sem við ætlum gagnrýnislaust að skrifa upp á, þessi skipting jarðargæðanna, að einn einasti einstaklingur, duglegur og ágætur sem hann má vera, eigi á við 50 fátækustu þjóðríkin?

Auðurinn safnast hratt á hendur 20% ríkustu einstaklinga og þjóða heimsins og 1% skaga sífellt hærra upp úr, 1% þeirra sem mest hafa á milli handanna í heiminum verða sífellt ríkari hlutfallslega borið saman við hina.

Völdin eru að færast til. Völdin fylgja fjármagninu. Það dregur úr áhrifavaldi lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í heiminum og unnið er að því að leggja þau niður með alþjóðasamningum og völdin færast upp á við frá almenningi

og stjórnvöldum yfir til fjármagnseigendanna sem nýta þau í sína þágu.

Að síðustu, herra forseti, hefur þetta búið til mikið af útlögum í samfélögunum. Um hálfur milljarður manna er í raun og veru útlagi í samfélaginu í dag, flokkast hvorki sem vinnandi né neytandi vegna þess að hvort sem heldur er reynt að mæla vinnuframlag þeirra eða neyslu, þá er það utan við kvarðann sem notaður er til mælinga, og næstum helmingur mannkyns dregur fram lífið á minna en tveimur dollurum á dag. Það er staðreynd. Næstum helmingur mannkyns hefur minna til framfærslu en 200 íslenskar krónur á dag. Þessar staðreyndir, herra forseti, verða ekki umflúnar hversu gjarnan sem við viljum staldra við hinar jákvæðu hliðar hnattvæðingarinnar og tækifærin sem í henni eru fólgin og það geta þau vissulega verið.

En, herra forseti, ég held að það sé rétt að nálgast þetta þannig, eða ég geri það a.m.k. þannig. Ég er ekki á móti hnattvæðingu en mér er ekki sama hvernig þessir hlutir eru að gerast og mér er heldur ekki sama hvernig Ísland bregst við þeim, og ég vil ekki meðvitundarlausa uppáskrift upp á eitthvert fyrirbæri af þessu tagi bara af því að menn hafa tilhneigingu til þess í byrjun og að lítt athuguðu máli að nálgast það út frá jákvæðum formerkjum eða vilja endilega gera það.

Tvennt vil ég nefna örstutt, herra forseti, úr ræðu hæstv. utanrrh. Það fyrra er kafli í ræðu hans um umhverfismál og hnattvæðingu. Mér finnst þar gæta mjög sérkennilegrar nálgunar. Þetta er nánast sami texti og hæstv. forsrh. — ef fjölmiðlar hafa haft rétt eftir honum — viðhafði norður á Húsavík að það væri mikill misskilningur að hafa fyrirvara á hnattvæðingunni og nýfrjálshyggjunni hvað varðaði umhverfismál því að staða umhverfismála væri einna best í þeim löndum sem lengst hefðu gengið í þá átt. Ég spyr hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.: Er þá átt við Bandaríkin sem eru alger dragbítur á það að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda sem losa sjálf um þriðjunginn en eru núna að rjúfa þó þá viðleitni alþjóðasamfélagsins að koma þar böndum á sem menn bundu vonir við að væru í gangi? Gengur það upp, herra forseti, að þjóðin, sem losar langmest allra, eða 20 tonn á hvern íbúa borið saman við meðaltal í heiminum upp á 10–12 tonn og borið saman við 2 tonn á íbúa í þróunarríkjunum, geti hegðað sér svona? Þennan kafla gagnrýni ég.

Ég vil einnig nefna örstutt þar sem hæstv. ráðherra fjallar um svæðisbundið samstarf ríkja og lýsa mig þar á hinn bóginn sammála hæstv. ráðherra. Ég held að það sé alveg hárrétt að hnattvæðingin kallar á aukna þörf fyrir og áherslu á svæðisbundið samstarf, bæði nærsvæðasamstarf og í eitthvað stærri heildum. Ég vil í því sambandi nefna tillögu, herra forseti, sem dreift hefur verið og ég er flutningsmaður að, sem fjallar um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Ég tel að við Íslendingar eigum, m.a. sem viðbrögð af okkar hálfu við hnattvæðingunni og þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi, að efla starfsemi okkar og samstarf hið næsta okkur og líta þar bæði til Vest-Norðurlanda, en líka norðan- og norðvestanverðs Atlantshafsins.

Vegna þeirra orðaskipta sem hér urðu fyrr um mögulega áform um að sigla með kjarnorkuúrgang um hafsvæði okkar vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hæstv. ráðherra koma til greina að friðlýsa íslensku efnahagslögsöguna fyrir flutningum eituefna og kjarnorkuúrgangs? Hér hefur verið margflutt í þinginu, herra forseti, frv. sem inniheldur m.a. slíka friðlýsingu gegn flutningi kjarnorkuúrgangs og kjarnorkukleyfra efna, sbr. 11. gr. frv. til laga um friðlýsingu Íslands við kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Ég veit að hæstv. utanrrh. er ekki stuðningsmaður annarra ákvæða í þessu frv. en fróðlegt væri að heyra hæstv. ráðherra svara því: Hver teldi hæstv. ráðherra að væri staða okkar ef við friðlýstum lögsöguna og veittum síðan engar undanþágur frá þeirri friðlýsingu aðrar en þær sem við neyddumst til að gera vegna alþjóðaskuldbindingar? Er ekki ástæða til að ætla að staða okkar væri þá þjóðréttarlega sterkari ef hér væru í gildi lög sem bönnuðu slíka flutninga um sérefnahagslögsögu okkar? Ég teldi ástæðu til að láta á það reyna.

Ég hefði, herra forseti, eftir því sem tíminn leyfir, gjarnan viljað nefna ítarlegar stöðu mála í Bandaríkjunum eftir hina dæmalausu framgöngu Bush forseta og ríkisstjórnar hans, sem snýr gersamlega við blaðinu frá því sem lofað var í kosningabaráttunni og hefur maður varla séð annað eins, að hvert kosningaloforðið á fætur öðru er varla orðið kalt þegar hin nýja ríkisstjórn Bandaríkjaforseta svíkur það.

Ég vil í öðru lagi nefna ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins og afstöðu ríkisstjórnar Íslands til þeirra óskapa sem þar eru að gerast. Ég fer fram á að hæstv. utanrrh. svari því hvort ríkisstjórn Íslands sé tilbúin til þó seint sé að ganga í hóp með þeim ríkjum sem fordæma framgöngu Ísraels á þessu svæði. Það er ekki eftir neinu að bíða. Það blasir við allri heimsbyggðinni að Ísraelsríki fer þarna fram með miklu ofbeldi og mikilli valdbeitingu og byggir þar á bakstuðningi Bandaríkjanna. Einnig hefði verið fróðlegt ef hæstv. ráðherra hefði í seinni ræðu getað komið örstutt inn á ástand mála í Írak þar sem loksins rofar til ef marka má fréttir um vilja til að endurskoða beitingu viðskiptabannsins. Vísa ég þá sérstaklega til frumkvæðis Norðmanna í öryggisráðinu sem er í raun samhljóða þeirri tillögu sem hefur margoft verið endurflutt hér og liggur fyrir þingi og er til umfjöllunar í utanrmn., að Íslendingar taki upp þá afstöðu að beita sér fyrir ekki öðru en endurskoðun á framkvæmd þessa viðskiptabanns.

Herra forseti. Þessa þætti hefði verið fróðlegt að hafa tíma til að ræða nánar og auðvitað meginviðfagnsefnið sem ég tel ágætt að taka þannig fyrir, þ.e. hnattvæðinguna eða alþjóðavæðinguna, en ég verð að viðurkenna að mér er það mikið í hug í sambandi við það mál að það er ótal margt fleira sem ég hefði getað hugsað mér að ræða um það efni en ég kem hér að eða hef komið að á þeim tæpu 15 mínútum sem ég hef notað.

[12:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér afskaplega vel grein fyrir því að í þeirri stuttu ræðu sem ég flutti til hv. Alþingis og í þeirri ræðu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti eru engin efni til að gera því stóra efni alger skil sem felst í hugtakinu hnattvæðing. Það má vel vera að það megi skilgreina þau hugtök betur en ég gerði í ræðu minni en það er a.m.k. tilraun af minni hálfu til þess að horfa á kosti og galla hnattvæðingarinnar í ljósi hagsmuna Íslands.

Auðvitað eru bæði bjartar og dökkar hliðar á því sem við köllum hnattvæðingu en meginniðurstaða mín er sú að það skipti afskaplega miklu máli fyrir Íslendinga að vera virkir þátttakendur í því sem þar á sér stað. Í stuttu máli er þetta nútíminn. Þetta er þróun sem orðið hefur og mikil bylting.

Það er okkur Íslendingum í hag að taka fullan þátt í því starfi sem þar á sér stað.

Að því er varðar hinar dökku hliðar hnattvæðingarinnar tek ég undir með hv. þm. að þar eru ýmis vandamál sem við höfum ekki séð fram úr, t.d. í Afríku. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þau vandamál leysum við ekki nema með alþjóðlegu samstarfi og almennt það sem hv. þm. nefndi hér, hvort sem það er á sviði umhverfismála eða annarra mála, m.a. það sem hann nefndi um Bandaríkin, leysum við ekki nema með samstarfi við Bandaríkin, og vonandi taka þau fullan þátt í því eins og önnur ríki heimsins. Bandaríkin hafa þar skyldur og ber að taka þátt í því eins og önnur ríki að mínu mati.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála því að það hefði verið ákaflega gaman að geta rætt þetta mál ítarlegar og í raun og veru væru öll tilefni til að efna til myndarlegrar ráðstefnu þar sem menn hefðu tíma og tækifæri til þess að fara rækilega í gegnum þessi hnattvæðingarmál og stöðu Íslands í því efni. Mér fyndist t.d. tilvalið tilefni fyrir Alþingi og utanrrn. að standa sameiginlega fyrir einhverju slíku þar sem mönnum gæfist tími til að fara ítarlega yfir ýmsa þætti, skoða þetta frá báðum hliðum og leiða jafnvel fram sérfræðinga sem hafa verið að rannsaka ýmsa þætti þessara mála.

Að sjálfsögðu er það þannig að Ísland getur ekki eitt og sér stöðvað þær breytingar og þá meginstrauma sem eru í gangi í heiminum. En það er jafnsjálfsagt að við höfum skoðun á þeim hlutum og við höfum meðvitund um það sem er að gerast á okkar sjálfstæðu forsendum en fljótum ekki viljalaus með þeim straumi hvert sem hann er að fara. Það er þrátt fyrir allt þannig að ég held að við eigum val um ýmislegt í þessum efnum, þ.e. annars vegar hvernig við beitum rödd okkar þar sem þessi mál eru á dagskrá í alþjóðasamstarfi og auðvitað er alþjóðasamstarfið mikilvægt, enginn vafi er á því í sambandi við umhverfismál og margt fleira, og svo hitt og ekki síður eigum við gagnvart okkur sjálfum og því hvernig við stöndum að málum að hafa sjálfstraust til að bera til að fylgja þar fram sjálfstæðri stefnu. Þetta mál og margir þessir hlutir sem við ræðum, hvort heldur undir fyrirsögninni umhverfismál, hnattvæðing eða annað, hafa gjarnan á sér þessar tvær hliðar. Annars vegar þá sem snýr út á við að alþjóðlegu samstarfi og viðfangsefnum sem leysast þar en hins vegar því sem snýr að okkur sjálfum. Þar er auðvitað ástæða til að gleyma ekki síst umhverfismálunum því að þar er að mörgu að hyggja hér innan lands eins og kunnugt er.

[12:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á það sem hv. þm. sagði í sambandi við Írak. Við Íslendingar fögnuðum því mjög mikið þegar Norðmenn tóku að sér að hafa forustu í þeim málum. Þar er sú almenna skoðun ríkjandi að fara þurfi nýjar leiðir í sambandi við viðskiptabannið og ekki hef ég dregið úr því á undanförnum árum því að aðalatriðið er að stöðva það að Saddam Hussein geti smíðað og þróað gereyðingarvopn. Norðmenn eru að vinna að þeim málum og við höfum haft ágætt samstarf við þá. Þetta kostar þá mikið fé. Áætlað er að þeir muni þurfa að leggja í kostnað allt að 350 millj. til að rækja þetta hlutverk sitt.

Þess má geta að í dag standa um 400 milljarðar íslenskra króna ónotaðar á reikningum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt „olíu fyrir mat" áætluninni. Þá peninga væri að sjálfsögðu hægt að nota til að kaupa mat, lyf og kennslugögn fyrir íbúa Íraks en því miður hefur Saddam Hussein fremur kosið að halda áróðursstríðinu áfram og virðist kæra sig kollóttan um þjáningar íbúa landsins. Hér er því um mjög vandasamt mál að ræða. Vonandi tekst að finna nýjar aðferðir til að knýjan þennan aðila, Saddam Hussein, til að sinna því fólki betur. Það var aldrei hugmyndin með viðskiptabanninu að beina því gegn saklausum íbúum landsins heldur gegn framleiðslu þeirra gereyðingarvopna sem hann hefur staðið fyrir og eina markmiðið sem menn hafa haft er að stöðva þá framleiðslu.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er það ekki og hefur aldrei verið nein huggun fyrir fólkið sem sveltur og deyr í Írak að hörmungar þess séu Saddam Hussein að kenna. Þó að einhverjar peningar séu til inni á reikningum hjá Sameinuðu þjóðunum sem reyndar er heilmikill ágreiningur um hvernig standi, þá gegnir sama máli.

Það nýja í stöðunni er einmitt það að menn eru að hverfa frá því að nálgast málin með þessum útgangspunkti að frumkvæði Norðmanna sem ég fagna ákaflega og sýnir hvert gildi það getur haft að sjálfstæðar þjóðir þó smáar séu sem þora að hafa sjálfstæðar meiningar komist í aðstöðu eins og þá sem Norðmenn núna með aðild sinni að öryggisráðinu hafa, að þeir geta komið hlutunum á hreyfingu. Það sem þeim gengur til er að leita að breytingum á framkvæmd þessara viðskiptaþvingana gegn ógnarstjórn Saddams Husseins sem opna möguleika fyrir uppbyggingu og betri lífskjör fyrir almenning í Írak. Um það snýst málið og hefur allan tímann að mínu mati snúist um og hefur verið eina ástæða þess að ég hef hreyft þessu máli á Alþingi endurtekið, og flutt líklega sjö sinnum um það tillögur að Íslendingar taki upp þá stefnu á alþjóðavettvangi að gera nákvæmlega það sama og Norðmenn eru nú að reyna að gera, að skoða breytingar á þessum viðskiptaþvingunum þannig að þær bitni síður á saklausum almenningi en beinist með markvissari hætti að stjórnvöldum í formi t.d. vopnasölubanns, í formi þess að takmarka fjárfestingar og sölu á hátæknibúnaði og síðan öðrum aðgerðum sem menn vilja reyna þá að grípa til til að ná markmiðunum sem ætlunin var að ná með viðskiptabanninu en tíu ár og meira en tíu ár hafa sýnt að eru alls ekki að nást heldur kannski þveröfugt því að að flestra dómi hefur þetta því miður þjónað Saddam Hussein vel og hann er fastari í sessi en nokkru sinni fyrr.

En vonandi bregður nú til betri tíðar og ég er bjartsýnn á að kannski bíði þessarar tillögu minnar að lokum þau örlög að hún fáist afgreidd hér í einhverri mynd.

[12:21]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur kosið að beina athyglinni að alþjóðavæðingu sem nú skapar í auknum mæli umgjörð um viðskipti í heiminum en hefur einnig haft djúp áhrif á stjórnmálaumræðu og stjórnmálaheimspeki.

Þessi flötur á utanríkismálum er í raun og veru undirliggjandi á flestum sviðum utanríkismálaumræðunnar og því vel til fundið að beina athyglinni sérstaklega að honum í dag. Ekki er síst mikilsvert að meta stöðu Íslands í þeirri þróun. Hnattvæðing viðskipta hefur í mörgum tilfellum skapað ný tækifæri fyrir smáríki og komið þeim að vissu leyti út úr skugga risanna. Ég nefni sem dæmi að þjóðríki hafa leitað mismunandi leiða til þess arna að Írland telur sig einmitt hafa

komist út úr skugga Stóra-Bretlands í gegnum samstarf sitt við Evrópuþjóðirnar innan ESB, enda hefur landið ausið úr þróunarsjóðum ESB í ríkum mæli og breytt efnahagsþróun ríkisins m.a. fyrir áhrif þessara sjóða.

Annað dæmi um þetta er í raun og veru Ísland sem hefur ekki farið þá leið sem Írar hafa farið og ekki þegið af allsnægtarborði Evrópusjóðanna en hefur engu að síður styrkt stöðu sína í alþjóðlegum viðskiptum verulega. Að sjálfsögðu á aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þátt í þessu en þó er þar um miklu flóknara samspil að ræða og þróunarferli því Íslendingar hafa gert sig mjög gildandi t.d. á sviði hátækni og hugbúnaðar nú á síðari árum og þau viðskipti beinast ekki síður í vesturátt og til Austurlanda fjær.

Staða smáríkjanna byggist upp á flóknu samspili menntunar, heimssamgangna og grunngerðar og stöðu þessara smáríkja innan svæðisbundinnar samvinnu stofnana. Ekki er nokkur vafi á því að smáríkin eiga góðra kosta völ ef þau tryggja sterka grunngerð og fjölbreytilega menntun, ef þau skapa sér stöðu í svæðisbundnum samstarfsverkefnum og tryggja sér jafnframt mikilvægan sveigjanleika á alþjóðlegum vettvangi. Í þeim vandasama jafnvægisleik verða þjóðirnar að hasla sér völl og völlurinn er síbreytilegur. Aðlögunarhæfni er því eitt af því sem markar samkeppnishæfni þjóða í alþjóðavæðingunni. Og aðlögunarhæfni smáþjóða getur á margan hátt verið meiri en stórþjóðanna. Þetta hafa Íslendingar að vissu leyti sýnt með þeirri þróun sem hér á landi hefur átt sér stað á síðustu áratugum en þó alveg sérstaklega á síðustu tíu árum.

En aðlögunarhæfni er aðeins einn af þeim eiginleikum sem sker úr um hæfni þjóða til að spjara sig í hnattvæðingunni. Sérstaða og stöðugleiki, bæði efnahagslegur og menningarlegur, skiptir líka miklu máli. Á tímum hnattvæðingar þegar hraði skiptir meginmáli, þegar viðskipti leita eftir alþjóðatungumáli og alþjóðlegum samkeppnisreglum, þegar flest er orðið samræmt og staðlað og þegar sérkenni hverfa verður sjálf stöðlunin og samræmingin, verður sjálft alþjóðaumhverfið og hraðinn sviplaus og leiðigjarn. Við þessar aðstæður öðlast menningarleg sérstaða sérstakt gildi og vaxandi gildi. Það er því tvíþætt verkefni sem Íslendingar verða að vinna ef þeir eiga að tryggja stöðu sína í alþjóðlegu umhverfi sem einkennist æ meir af hnattvæðingu og hraða. Um leið og þeir þurfa að rækta með sér viðbragðsflýti og aðlöðgunarhæfni þurfa þeir að rækta menningarlega og stjórnmálalega sérstöðu sína og styrkja undirstöður hvors tveggja.

Alþjóðavæðingin leysir okkur því ekki undan neinum skyldum sjálfstæðs ríkis. Þvert á móti leggur hún á herðar okkur sem sjálfstæðs ríkis auknar skyldur.

Ég vil geta þess sérstaklega vegna þess sem fram kom áðan í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þar sem hún beindi spjótum sínum að einhverju leyti gegn þjóðríkinu, að sá málflutningur virðist að einhverju leyti vera byggður á misskilningi. Ekki er hægt að nefna það sem rök gegn þjóðríkinu þó að ákveðnir einstaklingar í sögu mannkynsins hafi misbeitt þjóðlegum verðmætum og notað þjóðlega hugsun sem kúgunartæki.

Við megum ekki gleyma því að þjóðleg menning átti líka þátt í því að mola niður Sovétríkin. Úr rústum Sovétríkjanna reis þjóðleg menning sem sterkt afl. Þjóðleg menning getur verið uppspretta framfara, sérstöðu og nýsköpunar og það hefur þjóðleg menning á Íslandi verið. Við eigum því ekki að leyfa harðstjórum sögunnar, harðstjórum fortíðarinnar og kynþáttafordómum að varpa neins konar skugga á menningarstarfsemi, á þjóðlega menningarstarfsemi því að hún er aflvaki meðal Evrópuþjóðanna og hún er viðurkennd sem aflvaki meðal Evrópuþjóða og þar á meðal að draumalandi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, Evrópusambandinu. Það er því rétt að árétta þetta hér.

Alþjóðavæðing eins og aðrir alþjóðlegir stjórnmálaviðskiptastraumar bjóða Íslendingum upp á tækifæri en bjóða einnig upp á hættur. Það er ljóst og kemur mjög vel fram í ræðu hæstv. utanrrh. að við leysum ekki fiskveiðistjórnarmál okkar á alþjóðavettvangi þótt við höfum lagt grundvöll að því viðfangsefni með hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við ætlum ekki heldur að stjórna nýtingu okkar eigin auðlinda hafsins með svæðisbundnu samstarfi Evrópusambandsþjóðanna þótt við viljum efla svæðisbundið samstarf þeirra þjóða sem hagsmuna eiga einkum að gæta á hafsvæðum sem við nýtum.

Samfara hnattvæðingu eru ýmis vandamál sem nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir. Ég vil í þessari stuttu ræðu dvelja aðeins við tvö slík tilvik. Í fyrsta lagi er ljóst að áhrif viðskiptaaðila á þróun heimsmála hafa aukist og það er ekki háð nokkrum vafa að það hefur í bili dregið úr áhrifum stjórnmálamanna á ýmis mikilvæg málefni. Vil ég nefna sérstaklega í þessu sambandi orkumálin en í orkumálunum hefur það aukist og eflst að viðskiptaaðilarnir leggja allar helstu línur, taka þær ákvarðanir sem mestu skipta og ráða í raun mestu um stefnumörkunina, m.a. vegna þess að stjórnmálamenn í helstu iðnríkjum hafa lagt sig fram um að skapa sem best skilyrði fyrir frjálsa samkeppni á sviði orkumála. Afleiðingin er sú að víðast hvar í heiminum er gnægð orku til á sögulega frekar lágu verði. Hins vegar taka orkuframleiðendurnir og viðskiptaaðilarnir enn mjög takmarkað tillit til þess að flest stærstu umhverfismál heimsins má rekja til framleiðslu, dreifingar, neyslu og úrgangsorku. Ekki verður séð að á þessum tengslum milli orkumála og umhverfismála sé tekið af mikilli festu, hvorki af aðilum atvinnulífsins sem ráða í raun ferðinni né af stjórnmálamönnum sem hafa minni tök á þessum málum nú en þeir höfðu fyrir rúmum 20 árum á tímum olíukreppunnar. Ein af vísbendingunum um þá þróun mála eru í raun og veru niðurstöðurnar í Kyoto sem skapa mjög veikan ramma utan um umhverfisvandann sem á rætur í orkuframleiðslunni.

Enn einn veikleikinn í sambandi við aukin alþjóðleg viðskipti, sem er hluti af þessari hnattvæðingu, hefur nú komið í ljós í sambandi við viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þau hafa aukist mjög verulega á innri markaðnum eftir að hann varð virkur. Þar hefur t.d. flutningur á lifandi dýrum stóraukist á síðasta áratug.

Ég vil einnig nefna annan flöt á heimsvæðingunni sem ástæða er til að huga að. Það er sú staðreynd að þessi heimsvæðing sem svo er kölluð hefur skapað ákveðna farvegi eða meginvettvang. Því fylgir að utan þessa meginvettvangs eru jaðarsvæði sem athyglin beinist lítið að. Þau eiga á hættu að missa vald á málum sínum. Innan þessara svæða er t.d. vesturhluti þróunarlanda heimsins. Ísland er í þessum efnum að vissu leyti á milli vita, stendur með annan fótinn í þjóðbraut heimsviðskipta, er opið fyrir áhrifum og hefur tök á að virkja afl sitt í heimsþorpinu sér til hagsbóta, en á hinn bóginn er Ísland með fótinn á jaðarsvæðum heimskautanna þar sem upp safnast mengun sem á sér uppsprettu annars staðar.

Þessi skipting heimsins í meginfarvegi og jaðarsvæði er umhugsunarefni fyrir okkur. Það er umhugsunarefni fyrir Íslendinga með hvaða hætti þeir geta tekið betur þátt í að beina athyglinni að þessum jaðarsvæðum. Þar eru fólgin verðmæti sem þeir eiga í raun og veru efnahag sinn og líf undir.

Af þessu tilefni sé ég í dag ástæðu til að ræða vaxandi samstarf átta heimskautaþjóða sem hafa einsett sér að beina athyglinni að þessum jaðarsvæðum, efla þar vísindi og rannsóknastarfsemi, styrkja grunngerð og nýta sem best nýjustu tæknimöguleika til að gera þeim sem á svæðinu búa kleift að taka þátt í hnattvæðingunni og varpa jafnframt ljósi á þær hættur sem hnattvæðingunni eru samfara fyrir jaðarsvæðin.

Hæstv. forseti. Sem fulltrúi Alþingis í þingmannanefnd um norðurskautsmál vil ég nota þetta tækifæri til að segja hv. þm. lítillega frá því sem er að gerast í samvinnu á sviði norðurskautsmála en þar er af nógu að taka.

Fjórða þing þingmannanefndar um norðurskautsmál var haldið í Rovaniemi í ágúst sl. Þar komu saman fjölmargir sérfræðingar og fulltrúar ríkisstjórna, samtaka og háskólastofnana. Ráðstefnan fjallaði um starfsemi Norðurskautsráðsins en jafnframt sérstaklega um efnahags- og félagslega uppbyggingu á Norðurskautssvæðinu og fjármögnun sjálfbærrar þróunar. Einnig voru tvær skýrslur lagðar fram á ráðstefnunni, stöðuskýrsla um starfsemi stofnana og samtaka sem komu að norðurskautsmálum og skýrsla um uppbyggingu norðurskautssamstarfsins, samin af dr. Oran Young. Meginniðurstöður ráðstefnunnar er að finna í ráðustefnuyfirlýsingu sem samþykkt var einróma af þingfulltrúum aðildarríkjanna. Aðildarríkin að þessu samstarfi eru Kanada, Danmörk og Grænland, Finnland, Ísland, Noregur, Rússland, Svíþjóð og Evrópuþingið. Þessi yfirlýsing hefur nú verið send til Norðurskautsráðsins og ríkisstjórna norðurskautsríkjanna auk annarra viðkomandi stofnana.

Í yfirlýsingunni eru þingmenn, ríkisstjórnir norðurskautsríkjanna og stofnanir Evrópusambandsins m.a. hvattar til að stuðla að félagslegri uppbyggingu á norðurskautssvæðinu, halda áfram stuðningi við Norðurskautsráðið og Barentsráðið og auka einnig samvinnu þessara tveggja stofnana. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að gerð þróunarskýrslu fyrir norðurskautssvæðið, á ensku Human Development Report for the Arctic Regions, sé eitt af forgangsverkefnum þingmannanefndarinnar. Í aðdraganda ráðstefnunnar var tillaga um þetta efni lögð fram af fulltrúum Íslands og Finnlands og hlaut hún góðar undirtektir á ráðstefnunni. Megintilgangurinn með skýrslugerðinni er að varpa ljósi á sérstöðu íbúa norðursins, þar á meðal á það hve háðir þeir eru nýtingu náttúruauðlinda, hve miklu þá varðar að vel sé gengið um náttúruna og hve umhverfismál heimsins skipta íbúa norðursins miklu.

Herra forseti. Ég mun síðar á þessum fundi gera nánari grein fyrir störfum þingmannanefndar norðurskautssvæðanna og þeim vonum sem við þau störf eru bundnar.

[12:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Við lestur skýrslu hæstv. utanrrh. skaut upp í huga mínum einu orði: kyrrstöðu. Þrátt fyrir virðingarverða tilraun til að fjalla um hnattvæðinguna eins og hún leggur sig þá sakna ég þess, herra forseti, að ekki sé fjallað af meiri dýpt um þau málefni sem efst eru á baugi um þessar mundir, um umhverfismálin, um varnarsamninginn, um varnarstoð Evrópusambandsins og tengsl hennar við NATO, um ástandið í Makedóníu, í Ísrael, Írak og svo mætti reyndar lengi telja.

Hæstv. umhvrh. komst svo að orði að umhverfismál kæmu okkur öllum við og umhverfisvandinn sameinaði okkur, gæfi okkur sömu sýn á jörðina sem er ein og við þyrftum að gæta hennar vel, m.a. til þess að komandi kynslóðir geti lifað hér góðu lífi. Undir þessi orð hæstv. ráðherra get ég tekið heils hugar. En eins og hæstv. utanrrh. veit er ekki nóg að segja A þegar lesa þarf stafróf umhverfisverndarinnar. Það þarf að lesa til enda og grípa til aðgerða sem duga. Það má með sanni segja að umhverfismálin séu í brennidepli í dag, herra forseti.

Fyrr á þessum fundi var hæstv. utanrrh. spurður um siglingar um Íshafið og Grænlandssund með kjarnorkuúrgang. Ég hvet hæstv. utanrrh. til að kynna sér svar starfsbróður síns, Mogens Lykketofts, á danska þinginu. Þar kemur m.a. fram að lagaumgerð slíkra flutninga, bæði alþjóðleg og reyndar að því er virðist líka í Danmörku, virðist ekki fullnægjandi. Ég held að það sé óhætt að segja að hér séum við öll sammála um að ekkert okkar vilji að hægt sé að flytja kjarnorkuúrgang ellegar einhver þau vopn sem bera kjarnorkuodda eða annað inn í efnahagslögsögu landsins. Eins og við vitum nægir ekki að miða þessi mörk við efnahagslögsöguna eina heldur erum við raunar að tala um allt hafið, allt að norðurskauti.

Önnur tíðindi ekki síður alvarleg berast okkur frá Bandaríkjunum. Þar hefur George Bush, nýr forseti Bandaríkjanna, snúið baki við loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Hann vill afmá undirskrift Bandaríkjanna af Kyoto-bókuninni og, herra forseti, ég held að það séu engar ýkjur að halda því fram að framtíð Kyoto-bókunarinnar sé óviss og í uppnámi. Nú er hið sanna andlit nýju stjórnvaldanna í Washington komið í ljós. Bush sagðist ætla að breyta andrúmsloftinu í höfuðborg Bandaríkjanna en líklega grunaði fáa að hann meinti það bókstaflega. Og hverjir skyldu svo fagna nýjustu yfirlýsingum Bandaríkjaforseta? Olíulobbíið ræður sér ekki fyrir kæti. Það hefur komið á daginn sem víða hefur verið ritað um í fjölmiðlum, bæði vestan hafs og annars staðar, að fjárfúlgurnar sem risafyrirtækin í olíubransanum greiddu í kosningasjóði forseta og varaforseta Bandaríkjanna hafa líklega skilað einhverju.

Eins og þingheimur veit hafa íslensk stjórnvöld haldið til í svokölluðum regnhlífarhópi í Kyoto-ferinu. Þann hóp hefur Bandaríkjastjórn og fulltrúar hennar leitt, en m.a. Íslendingar, Norðmenn, Ástralir og Japanar fundið hagsmunum sínum best borgið þar í ferlinu. Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hver séu viðbrögð ríkisstjórnarinnar við nýjustu tíðindum frá Bandaríkjastjórn. Mig langar í því sambandi að vísa í bréf sem var birt nú í morgun á fréttavefnum visir.is. Þar er sagt er frá bréfi sem Náttúruverndarsamtök Íslands hafa sent hæstv. utanrrh. og hæstv. umhvrh. og þau bæði spurð út í viðbrögð við afstöðu Bandaríkjaforseta. Það er mjög mikilvægt að afstaða þeirra komi hér fram skýr og skorinorð. Eins og við sem höfum verið að lesa fréttirnar í morgun af þessum málum höfum séð þá bregðast menn víða ókvæða við. Klaus Töpfer, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem var sérstakur heiðursgestur á umhverfisþingi hæstv. umhvrh. í janúarlok, hefur lýst vonbrigðum sínum með þessar yfirlýsingar og víða eru stjórnmálamenn áhyggjufullir yfir þessari þróun. Í dag skilst mér að Schröder, kanslari Þýskalands, eigi fund með Bandaríkjaforseta þar sem þetta mál mun vafalaust bera á góma.

Fyrir utan að vera, að mínu viti, pólitískt hneyksli og hneisa fyrir yfirvöld í Bandaríkjunum þá hefur það komið á daginn sem ýmsir sögðu þegar loftslagsráðstefnan í Haag sigldi í strand í nóvember sl., að nú yrðu þau lönd sem hefðu raunverulegan pólitískan vilja til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda einfaldlega að snúa bökum saman og ganga frá samkomulagi sem yrði því miður án þátttöku Bandaríkjanna, a.m.k. fyrst um sinn. Nú reynir á að íslensk stjórnvöld taki sjálfstæða ákvörðun um framhaldið. Það reynir á pólitískan vilja til þess að vera alvöruþátttakendur í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, samstarfi sem skiptir okkur öllu máli og er engu minna mikilvægt en alþjóðlegt samstarf um að koma í veg fyrir mengun sjávar svo dæmi sé tekið.

Eins og ég vék að í upphafi máls míns, tel ég upplegg hæstv. utanrrh. allra góðra gjalda vert, þ.e. að ræða áhrif hnattvæðingarinnar á stöðu lands og þjóðar, ekki síst með tilliti til hagsmuna íslensks atvinnulífs og fyrirtækja. En hnattvæðingin er miklu margslungnara fyrirbæri. Ég held að við þyrftum fyrst að skilgreina um hvað við erum að tala áður en við getum rætt það að einhverju gagni. Eftir að hafa hlýtt á þá sem um það hafa talað á undan mér þá heyrist mér að uppi séu ýmsar skoðanir um það meðal hv. þm. hvað hnattvæðingin þýði í raun. Á netinu má finna mörg þúsund skilgreiningar á fyrirbærinu. Þannig er auðvitað alveg ljóst að menn líta hana ekki sömu augum. Ég get t.d. ekki tekið undir vangaveltur hæstv. ráðherra um að fjölmennir hópar umhverfissinna berjist gegn hnattvæðingunni, m.a. vegna þess að vaxandi mengun og eyðileggingu náttúrunnar megi beinlínis rekja til hennar.

Mengunin og eyðilegging náttúrunnar er afleiðing óheftra umsvifa mannsins, framkvæmdagleði sem ekki tekur tillit til umhverfisins, framkvæmda og framleiðslu sem ekki tekur mið af sjálfbærri þróun og lætur hagsmuni komandi kynslóða sig engu skipta. Slíkt hugarfar, herra forseti, réð ferðinni löngu fyrir tíma hnattvæðingarinnar. Hnattvæðingin sem ferli samskipta og fyrirbæris sem geri heiminn að einu óskiptu svæði viðskipta og pólitískra samskipta, hefur hins vegar opnað nýjar leiðir og nýja möguleika fyrir fólk og fyrirtæki, ekki síst fjölþjóðleg risafyrirtæki, til að nýta sér þessa kosti hnattvæðingarinnar og til þess að ganga enn verr um jörðina en hingað til hefur þekkst.

Það góða í þessari stöðu er auðvitað að almenningur og umhverfisverndarsamtök geta nýtt sér þessa sömu kosti í baráttunni fyrir umhverfinu. Forsenda þess að það sé hægt er hins vegar að fólk hafi aðgang að upplýsingum og samskiptatækni tölvualdar. Og það er, eins og við öll vitum sem í þessum sal erum, langt frá því að þorri mannkyns hafi minnstu fosendur til að nýta sér kosti hnattvæðingarinnar.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að í þeirri vissu og í því skjóli athafna fjölþjóðafyrirtækin sig, græða á tá og fingri sem er í sjálfu sér gott og blessað. En það er ekki sama til hvers er kostað í þeim efnum því ef staðið er að þeirri vöruframleiðslu án nokkurs tillits til hagsmuna launþega eða ábúenda, ef t.d. um jarðnæði er að ræða, þá er verr af stað farið en heima setið.

Mig langar að nefna í þessu sambandi tvö vel þekkt dæmi þar sem olíufyrirtæki í Nígeríu hefur staðið í olíuborunum árum og áratugum saman og gengið þar um umhverfi og menningarminjar, held ég sé óhætt að orða, án þess að taka tillit til þeirra sem þar voru fyrir þegar fyrirtækið fékk leyfi til að bora þar. Framleiðendur íþróttavarnings margs konar sem er ekki síst vinsæll meðal neytenda á Vesturlöndum hafa einnig orðið berir að hraklegri meðferð á þeim sem framleiða þennan varning, oft við illan aðbúnað í Asíu.

Herra forseti. Í vor verður varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna fimmtíu ára. Það sætir nokkurri furðu að hans skuli í engu getið í skýrslu hæstv. utanrrh. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði samningum við Bandaríkjastjórn um bókunina við samninginn og hver séu samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda í þeim efnum. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra noti tækifærið til þess að upplýsa þingheim um stöðuna í þessu máli. En einnig hef ég lagt hér fram ítarlega, skriflega fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um þetta.

Ráðherrann segir einnig að stjórnvöld hafi staðið í ströngu við að gæta hagsmuna Íslands í samstarfi ESB og NATO um varnarstoð Evrópusambandsins. Og hver er staðan í því máli, leyfi ég mér einnig að spyrja, herra forseti.

Annað mál sem ég hefði gjarnan viljað ræða hér en kannski gefst frekar lítill tími til þetta kastið, er t.d. viðskiptabannið á Írak. Þar virðist góðu heilli formennska Norðmanna í nefndinni innan öryggisráðsins sem fjallar um það ætla að leiða til þess að loksins fari eitthvað að gerast í því máli og það sýnir okkur að það skiptir máli að hafa frumkvæði í utanríkismálum. Forusta Verkamannaflokksins í Noregi og Torbjørn Jagland, utanríkisráðherra þar, eiga heiður skilinn fyrir að hafa tekið á þessu máli eins og raun ber vitni. Það er nefnilega svo, herra forseti, að viðskiptabannið hefur ekki náð tilgangi sínum. Og ekkert bendir til annars en að óbreytt ástand muni aðeins auka þjáningu íbúa í Írak og festa Saddam Hussein enn frekar í sessi. Þetta ætti hið alþjóðlega samfélag að skilja áratug eftir að viðskiptabannið var sett á. Það er svo sannarlega kominn tími til þess að endurskoða það hvernig alþjóðasamfélagið beitir refsiaðgerðum gegn Írak því það er alveg ljóst að þær aðgerðir hafa hingað til komið niður á öllum öðrum en Saddam Hussein.

Mig hefði einnig langað til þess að ræða lítillega ástandið í Palestínu. Intifada hófst þar á ný fyrir sex mánuðum síðan og nú hefur ný ríkisstjórn Ariels Sharons í Ísrael enn hert tökin á Palestínumönnum. Það má orða það þannig að heil þjóð sé beinlínis í herkví fyrir botni Miðjarðarhafs.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna bíður einnig fjöldi verkefna. Það gladdi mig og vonandi marga aðra að heyra að Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hygðist leita stuðnings til þess að halda áfram í því starfi. Hins vegar þótti mér miður að heyra að Mary Robinson hefði ákveðið að hætta sem yfirmaður Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. En þegar hún tilkynnti þá ákvörðun sína tók hún m.a. fram að aðeins tveimur prósentum af því fjármagni sem Sameinuðu þjóðirnar hafa úr að spila sé varið til mannréttindastarfa. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hversu lítið hlutfall væri hér á ferðinni og ég hygg að við gætum lagt okkar lóð á vogarskálarnar til að koma þessu í betra horf.

[12:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er það hulin ráðgáta hvernig hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir túlkar orðið kyrrstaða. Hún sagði að ræðan einkenndist af kyrrstöðu. Ef það er kyrrstaða að hafa tekið þátt í alþjóðavæðingunni eins og íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á á undanförnum árum þá veit ég ekki hvað kyrrstaða er. Og ef það er kyrrstaða að gera tilraun til þess að líta fram á veg og ræða hvernig við eigum að þróa okkar þátttöku þá veit ég heldur ekki hvað kyrrstaða er.

Það má vel vera að hv. þm. líti á það sem kyrrstöðu að verja hagsmuni Íslands í sambandi við Kyoto-málið og koma þeirri skoðun á framfæri að það eigi að nýta endurnýjanlega orkugjafa, en ekki koma í veg fyrir það. Nú eru Bandaríkjamenn komnir fram með þá skoðun að það eigi jafnvel að auka notkun á jarðeldsneyti, sem ég tel mjög óheppilegt. En hv. þm. hefur barist fyrir því á hv. Alþingi að Íslendingar skrifuðu undir alla skapaða hluti umyrðalaust í þessum málum. Ef eitthvað væri til þess að kalla fram kyrrstöðu hér á landi þá er það nú það vegna þess að ef við getum ekki nýtt okkar auðlindir í framtíðinni, hvar erum við þá stödd? Og það sem er að koma fram í þessum málum nú um þessar mundir í Bandaríkjunum sýnir einmitt fram á hvað við höfum haldið vel á okkar málum. En ef við hefðum haldið á þeim eins og hv. þm. hefur haldið fram á Alþingi þá skal ég lofa henni því að það yrði kyrrstaða á Íslandi næstu áratugina.

[12:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fer ekkert ofan af því að stefnumótun hæstv. utanrrh. og sú skýrsla sem hér hefur verið kynnt einkennist af kyrrstöðu. Jú, það eru vangaveltur um hnattvæðinguna, hvað hún sé, hvernig hún hafi áhrif á atvinnulíf og starfsemi fyrirtækja á Íslandi og hvaða möguleika hún bjóði upp á til útrásar. En hún stefnir svolítið í eina átt eins og komið hefur fram áður í umræðunni.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að það er með ólíkindum að heyra hæstv. utanrrh. koma hér upp og segja að hv. þm., sú sem hér stendur, hafi einhvern veginn staðið í vegi fyrir því að við ætluðum að ná samkomulagi í Kyoto. Síður en svo. Málflutningur minn hefur alltaf einkennst af því að við ættum að taka þátt í því. Og það þýðir að axla byrðar, hæstv. utanrrh. Og það þýðir það að við felum okkur ekki undir regnhlíf Bandaríkjastjórnar í þeim málum. Enda sýnir það sig nú til hvers það getur leitt. Ætlar hæstv. utanrrh. að halda sig áfram undir regnhlífinni í þeim málum?

[12:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki mín stefna. Ég tel það ekki til framdráttar íslensku þjóðinni að vera alltaf að leita sér að andstæðingum. Við verðum að leita okkur að bandamönnum. Það vill svo til að Bandaríkjamenn og bandaríska þjóðin hefur verið ágætur bandamaður í þeim stefnumiðum sem við Íslendingar höfum haft í þessu máli. Við höfum unnið mjög vel með þeim. Hins vegar eru ýmsar blikur á lofti að því er varðar afstöðu Bandaríkjanna í þessum málum. Ég harma það. Það verður að sjálfsögðu rætt áfram í þeim hópi sem við höfum unnið í núna á næstunni. Hins vegar hefur komið fram að Bandaríkjamenn vilja áfram leita leiða til þess að draga úr loftslagsmengun í heiminum. Ég er ekki sannfærður um að þeir séu að stíga rétt skref. Þvert á móti.

En okkur hefur gengið vel að vinna að okkar málum í þessu sambandi. Við höfum fengið sérákvæði í gegn af hálfu Íslands, sérákvæði sem hv. þm. hefur barist á móti, sérákvæði sem tryggir að mínu mati mjög hagsmuni Íslendinga til framtíðar. Og sem betur fer höfum aldrei fallist á þá kyrrstöðu sem hv. þm. og ýmsir aðrir þingmenn á Alþingi hafa boðað í þessum efnum, sem hefur verið að afsala sér þessum rétti og koma í veg fyrir að við getum nýtt þá miklu orku sem er hér á landi, þ.e. endurnýjanlega orku. Þetta hefur verið málflutningur hv. þm. Ég hef hlustað á hana skipti eftir skipti hér á Alþingi og ég tel að með þessu hafi hv. þm. verið með þann málflutning að Íslendingar ættu ekki að nýta þessa orku.

[12:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einfaldlega rangt hjá hæstv. utanrrh. Deilan hefur staðið um það hér í þingsölum á hvern hátt orkan er nýtt og til hvers. (**Utanrrh.:** Til hvers á að nýta hana?) Við sem höfum verið á móti þessari sérákvæðapólitík erum á móti því að við séum að fá sérstakar tilslakanir á alþjóðavettvangi til þess að geta byggt upp stóriðju. Um það hefur þessi deila alltaf snúist, hæstv. utanrrh., og ekkert annað. Hún snýst um það að Íslendingar lokist ekki inni í stóriðjupólitíkinni. Hvað á síðan að gera? Hver ætlar að greiða kostnaðinn af sérákvæðinu þegar þar að kemur? Hver ætlar að gera það? Hvað eru íslensk stjórnvöld að gera í samgöngugeiranum t.d.? Hvað með útblástur frá fiskiskipum? Hvað með útblástur frá bílum? Menn einblína á stóriðjuna og gleyma öllu hinu vegna þess að stóra lausnin árið 2001 er enn þá stóriðja og hún hefur m.a. valdið því að við höfum ekki getað farið inn í þessar umræður eins og ég hefði kosið. Hún hefur m.a. valdið því að við höfum verið í félagsskap við þær þjóðir sem losa mest og vilja, eins og komið hefur á daginn núna, ekkert gera til þess að draga úr losun heima fyrir. Það hefur komið skýrt fram í máli Bandaríkjaforseta. Hann ætlar, takk fyrir, ekkert að gera því það má ekkert gera sem gæti ekki hentað olíufyrirtækjunum. Þetta er ósköp einfaldur sannleikur og hann hefur svo sem legið fyrir lengi. En það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að nú eru blikur á lofti og við höfum ekki áður staðið frammi fyrir því að forseti Bandaríkjanna segi sig frá loftslagssamningnum.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Erfðaefnisskrá lögreglu, 616. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 987.

Starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar, 610. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 980.

Uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárrækt, 613. mál, fsp. EKG, þskj. 983.

Þjóðhagsstofnun, 612. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 982.

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hnattvæðing var meginumfjöllunarefnið í ræðu hæstv. utanrrh. Honum var tíðrætt um ágæti hennar og kallaði hana forsendu ýmissa framfara. Hann talaði um tækifærin sem í henni felast, fyrirmyndarfyrirtæki sem eflast vegna hennar og hagsældina sem af henni leiðir. Síðan varð honum tíðrætt um misskilning þeirra sem skilja málin á annan hátt og þegar kemur að umhverfismálunum, þá eru umhverfisverndarsamtök í huga ráðherrans haldin ekki bara misskilningi heldur grundvallarmisskilningi hvað varðar hnattvæðinguna.

Herra forseti. Það er mikilvægt fyrir hæstv. utanrrh. að skilja það og gera sér grein fyrir því að skilningur hans á hnattvæðingunni byggir á hnattvæðingu fjármagnsins, hnattvæðingu markaðskerfisins, hnattvæðingu markaðsaflanna sem hann segir þó sjálfur að séu blind fyrir umhverfinu. Hæstv. ráðherra verður að átta sig á því að stórir hópar fólks

um allan heim hafa mótmælt þessari tegund hnattvæðingar og reynt að vekja umræðu og skilning á annars konar hnattvæðingu, þ.e. hnattvæðingu félagslegs réttlætis.

Herra forseti. Þetta fólk er ekki haldið neinum misskilningi. Þetta fólk hugsar bara öðruvísi en hæstv. utanrrh., hæstv. ríkisstjórn Íslands. Gildismat þessa fólks er einfaldlega annað og það er barnalegt af hæstv. utanrrh. að klifa á því að þeir sem eru ósammála túlkun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í málefnum hnattvæðingarinnar séu haldnir misskilningi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist áðan á grein sem Kofi Annan skrifaði og birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum. Í þeirri grein kemur vel í ljós hvernig sjónarmið víðsýnna manna stangast á við sjónarmið þau sem ríkisstjórn Íslands predikar um alþjóðavæðingu. Við höfum t.d. ekkert í höndunum varðandi skoðanir hæstv. ráðherra á því misrétti sem ríkir á milli þjóða austurs og vesturs eða hins iðnvædda hluta heimsins og hins sem ekki er eins iðnvæddur. Ráðherrann vill efla hátækniiðnað á Íslandi og laða til landsins erlend stórfyrirtæki sem þarf að búa sérstaklega ívilnandi skattaumhverfi en hver er skoðun hans á þeirri staðreynd að störf sem gefa mestan arð skuli öll unnin í vestrinu á meðan menn í öðrum heimshlutum geta ekki sinnt nauðþurftum sínum af þeim launum sem þeim standa til boða? Hver er ábyrgð okkar á því að flytja inn vörur frá löndum þar sem vinnuafli er haldið í þrældómi við að framleiða ódýrar vörur fyrir okkur ríka fólkið í vestrinu? Hver er skoðun hæstv. utanrrh. á því að í Vestur-Þýskalandi þurfi að greiða starfsmanni í bílaverksmiðju 50 mörk á klukkustund meðan laun í sambærilegum verksmiðjum í Austur-Þýskalandi eru 36 mörk, hjá Skoda-verksmiðjunum í Tékklandi 5 mörk og í Shanghai 1 mark? Hvaðan eru ráðherrajepparnir sem iðulega eru hafðir í lausagangi fyrir utan þetta hús sem við nú stöndum í og auka þar með á loftmengunina í nánasta umhverfi okkar, og hvað kostuðu þeir þegar þeir voru keyptir hér á landi og hver græddi á mismuninum? Úr því að ég minnist á ráðherrajeppana sem ganga í lausagangi, herra forseti, þá er kannski rétt að minna hæstv. utanrrh. á söguna af manninum í helgu bókinni sem var trúr yfir litlu.

Herra forseti. Umhverfisvandinn sameinar og skerpir vitund okkar um það að við eigum aðeins eina jörð, sagði í ræðu hæstv. utanrrh. Það er sannarlega rétt og gleymum því þá ekki að 70 hundraðshlutar jarðarinnar eru huldir hafi, hafinu sem hýsir matarkistu þá sem mannkynið hefur misnotað og ofnýtt svo að nú er svo komið að Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna heldur því fram að 60–70% allra fiskstofna heimshafanna séu ofnýttir og margir þeirra í útrýmingarhættu. Á sama tíma leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar með því að skella okkur í stórfellt þauleldi á laxfiski af erlendum uppruna við strendur Íslands, sem samkvæmt upplýsingum færustu vísindamanna getur haft skelfileg áhrif á villta laxastofna hafanna umhverfis, að ekki sé talað um þörungablómann sem ógnar lífríkinu umhverfis þauleldi á fiski og stafar að öllum líkindum af lífrænum úrgangsefnum frá eldinu sjálfu. Hver er skoðun hæstv. ráðherra á boðskap þeirra sem á alheimsvísu boða öfluga náttúruvernd og halda því fram að í henni felist sönn auðlegð andstætt auðlegðinni sem felst í hinni vestrænu peningahyggju?

Okkur kemur við hvað menn eru að losa í sjóinn handan hafsins, sagði hæstv. ráðherra. Það er hverju orði sannara. En gerir hæstv. ríkisstjórn nægilega mikið til að stemma stigu við þeim ósóma sem viðgengst hjá einni af nágrannaþjóðum okkar sem stöðugt losar geislavirk efni út í hafið sem okkar eigin fiskstofnar synda í?

Ráðherrann talar um þróttmikið samstarf þjóða í millum. Hvernig stendur þá á því, herra forseti, að enn fara bresk kjarnorkuyfirvöld fram á framlengingu á starfsleyfi Sellafield-stöðvarinnar í óbreyttu ástandi? Við höfum orðið vör við hávær mótmæli Norðurlandaþjóðanna en satt að segja saknar maður þess að viðbrögð ráðherra okkar séu með þeim hætti að nægilegur sómi sé að. Allt um það, ég ætla ekki að gera lítið úr þeim áhyggjum sem ég veit að hæstv. utanrrh. hefur af mengun hafsins, en ég spyr: Hvers vegna hefur öflug samstaða Norðurlandaþjóðanna ekki dugað til þess að fá kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Bretlandi lokað? Í því sambandi ítreka ég spurningu hv. 3. þm. Norðurl. e.: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að hafsvæðið umhverfis Ísland verði friðlýst, lýst friðhelgt fyrir kjarnorku hvort sem um er að ræða vopn, vopnaflutning eða flutning á kjarnorkuúrgangi? Að síðustu er lífsnauðsyn að við gleymum heldur ekki því að við getum hvorki vakandi né sofandi verið án þess að anda að okkur andrúmsloftinu, eða eins og hæstv. ráðherra orðaði það, okkur kemur það við hvernig og hvort menn bregðast við loftmengun hinum megin á hnettinum. Herra forseti. Það er hverju orði sannara.

Nýlokið er heitasta áratug sem mannkynið lifði á síðustu öld. Áhrif loftslagsbreytinganna eru áþreifanleg um alla jörð. Að minnsta kosti 13 þjóðir á smáeyjum í Kyrrahafinu eru nú þegar að berjast við rof sjávar á sandrifjum við eyjarnar. Kóralrif eru tekin að kalka og lífríkið í kringum þau að visna. Sameinuðu þjóðirnar gera það sem í þeirra valdi stendur til að hefta eyðimerkurmyndun vegna þurrka. Í nýjustu skýrslum stofnunarinnar kemur fram að 2,3 milljarðar manna standi nú frammi fyrir alvarlegum vatnsskorti og það er 60% hærra hlutfall en stofnunin hafði spáð í síðustu skýrslu þar á undan. Sömu sögu er að segja um allar spár og allar rannsóknir sem fjalla um áhrif hlýnunar lofthjúps sem stafar af kapphlaupi iðnvæddra þjóða eftir efnislegum gæðum sem okkur hefur verið kennt, herra forseti, að geri okkur svo hamingjusöm.

Jöklar á Alpasvæðunum í Evrópu hafa hopað um helming síðan 1850 og okkur nægir auðvitað að líta til Vatnajökuls. Á óbeinan hátt hefur hlýnunin vegna gróðurhúsaáhrifanna aukið virkni ósoneyðandi efna sem enn er að finna í gufuhvolfinu. Nú mælist gatið á ósonlaginu yfir 44 þúsund ferkílómetrar að stærð og í fyrsta sinn í fyrra náði það yfir stór byggð svæði í Suður-Ameríku með ófyrirséðum afleiðingum fyrir þá sem þar búa nú. Því er jafnvel spáð að eftir 20 ár séu líkur á því að gat á ósonlaginu yfir norðurpólnum verði álíka stórt og það sem nú er yfir suðurskautinu. Samt var gripið til aðgerða fyrir mörgum árum að útrýma ósoneyðandi efnum af jörðinni.

Herra forseti. Þannig getur sú losun sem fram fer í dag haft áhrif á lofthjúpinn okkar eftir 20 eða 30 ár, losunin sem við erum ábyrg fyrir í dag. Nú hefur Bandaríkjaforseti gefið út yfirlýsingu um að hann vilji bara ekkert með þessa Kyoto-bókun hafa. Hún geri ekkert annað en eyðileggja viðskiptahagsmuni Bandaríkjanna, en með þessum orðum, herra forseti, er hann að ganga erinda stórfyrirtækjanna í Bandaríkjunum, stórfyrirtækjanna um allan heim sem framleiða olíu og kol.

En hann er líka, herra forseti, að ganga á bak orða sinna því í kosningabaráttunni lofaði hann öllu fögru, enda vissi hann að 73% Bandaríkjamanna telja hlýnun andrúmsloftsins alvarlega ógnun og 80% Bandaríkjamanna vildu í kosninga-

baráttunni að yfirvöld efndu til öflugra aðgerða til að draga úr losun. En það samrýmist ekki hagsmunum þeirra sem greiddu fyrir kosningabaráttu hans og föður hans á sínum tíma, herra forseti. Olíuiðnaðurinn hagnast ekki á því að Kyoto-bókunin taki gildi. Og í dag mótmæla þjóðir heims.

Í morgun birtust í Washington Post kröftug mótmæli frá Japönum sem standa þó með Íslendingum, Bandaríkjamönnum, Norðmönnum, Áströlum og fleiri þjóðum undir regnhlífinni sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi hér áðan og spurði hæstv. utanrrh. hvort hann ætlaði að standa áfram undir, en hann gaf ekkert svar. En, herra forseti, það er nauðsynlegt að við fáum skýr svör við þessu frá hæstv. utanrrh. Ætlar hann að starfa áfram undir regnhlífinni með Bandaríkjamönnum? Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að haga sér í Jóhannesarborg að ári liðnu? Ætla íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að Kyoto-bókunin geti tekið gildi þó svo að Bandaríkin ætli ekki að vera með? Hver er stefna íslenskra stjórnvalda nú?

Herra forseti. Við vitum að Bandaríkin, sem einungis teljast 4% mannkyns, losa 24% allra gróðurhúsalofttegunda og samtals losa iðnríkin $^2/_3$ hluta þeirra gróðurhúsalofttegunda sem losuð eru út í andrúmsloftið. Þess vegna er eðlilegt og það er sanngjarnt að þessi ríki axli ábyrgð sína með því að draga úr útblæstri. Ekki að auka hann heldur draga úr. Það er eina ráðið. Það er ekkert annað ráð, herra forseti. Hvar ætlar hæstv. utanrrh. að skipa sér í raðirnar í framhaldi af þeim tíðindum sem okkur berast frá Bandaríkjunum?

Hæstv. utanrrh. hefur lagt í það heilmikinn tíma og heilmikla orku að fá afslátt frá Kyoto-bókuninni fyrir Íslendinga með því að halda losuninni frá stóriðju utan Kyoto-bókhaldsins. Þessa framgöngu hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnt harðlega og telur hana ekki bera vott um ábyrga stjórnun í þessum mjög svo erfiða málaflokki. Og Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur utanrrh. ekki hafa tekið þeim áskorunum sem að honum hefur verið beint varðandi málefnalega umræðu um þessi mál.

Herra forseti. Því er spáð að árið 2050 gætu 200 milljónir manna verið komnar á vergang í heimalandi sínu ellegar flúnar til annarra landa vegna breytinga á loftslagi og bara á árinu 1999 er talið að 25 milljónir manna hafi verið fluttar milli landsvæða vegna áhrifa frá loftslagsbreytingum. Þá stafar einnig fjölbreytileika lífríkis á jörðinni stórfelld hætta af hækkun hitastigs og hver er ábyrgð Íslands í þeim efnum, herra forseti? Hún er bara talsverð. Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika og þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvenær megum við eiga von á því að fari að finna stað í auknum mæli þeim samningi í íslenskri lagasetningu?

Herra forseti. Það mátti skilja á máli hæstv. utanrrh. áðan í andsvari við hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að búið væri að samþykkja sérákvæðið er varðaði Ísland í Kyoto-bókuninni. Varla á ráðherrann við þá útfærslu sem íslenska sendinefndin í Haag barðist svo ötullega fyrir að fá framgengt, en það er rétt að óska eftir svari við því í andsvari mögulega á eftir. Og í framhaldi af því: Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera ef sú útfærsla nær nú ekki fram að ganga á vettvangi samningsins? Og síðan hitt: Hefur ríkisstjórnin metið hvaða áhrif það muni hafa á aðra hagsmuni þjóðarinnar t.d. möguleika okkar á að hafa áhrif á mengun hafsins eða allt sem lýtur að þeim málaflokki? Eða þá hvaða áhrif það geti haft á viðskiptalega hagsmuni okkar í fiskiðnaði, að ekki sé talað um aðra matvælaframleiðslu?

Herra forseti. Ísland er auðugt land. En ég er því miður ósammála hæstv. utanrrh. um að við séum að gæta alls þess auðs sem skyldi.

[13:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott að við þessa umræðu koma fram andstæð sjónarmið um eðli hnattvæðingar og þýðingu hennar fyrir Ísland. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir leyfði sér að halda því fram að ég liti aðeins á hnattvæðingu með augum fjármagnsins og markaðarins. Ég held að það séu óbreytt orð hennar. Það er alls ekki rétt. Hins vegar erum við hluti af fjármálalegum heimi þar sem markaðsöflin eru allsráðandi. Að ætla sér að útiloka markaðinn og útiloka fjármagnið í einhverjum ímynduðum heimi hv. þm. er náttúrlega ekki að horfast í augu við raunveruleikann.

Það kemur fram hjá hv. þm. að hún telur að náttúruvernd og nýting náttúrunnar fari alls ekki saman. Ég skil hana þannig. Það má ekki setja lax í sjó. Það má ekki virkja. Eða halda menn að Kárahnjúkavirkjun sé reist í þeim tilgangi að raflýsa Möðrudal? Það liggur ljóst fyrir að það er ekki hægt að reisa þá virkjun án stóriðju. Hv. þm. á þá ósk heitasta að við náum nú ekki samningsmarkmiðum okkar að því er varðar Kyoto og vill fá upplýsingar um hvað verði nú ef svo slysalega vildi til að Íslendingar kæmu því fram. Við erum að berjast að því af fullum krafti, hv. þm., að ná markmiðum okkar og erum vongóð um það þrátt fyrir bölsýni hv. þm. Ég bið hv. þm. sjálfa að svara þeirri spurningu hvað verði um *íslenskt samfélag ef við getum ekki nýtt alla þá endurnýjanlegu orku* sem sjálfsagt er að nýta hér á landi.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. dettur í þann pytt að koma með frasa sína í ræðustólinn þegar beðið er um málefnalega umræðu. Hann sakar mig um bölsýni sem ég á ekki til.

Herra forseti. Það er ekki lífsspursmál fyrir Íslendinga að virkja hin miklu vatnsföll sín í þágu stóriðju. Það er ekkert í heiminum sem knýr okkur til að gera það. Hins vegar er sjálfsagt að við nýtum náttúruauðlindir okkar á sjálfbæran hátt.

Herra forseti. Alheimssamfélagið hefur gefið út yfirlýsingu um það að vatnsaflsvirkjanir af þeirri stærðargráðu sem Kárahnjúkavirkjun er séu ekki sjálfbærar. Slíkar virkjanir eru andstæðar hugmyndinni á bak við sjálfbæra þróun. Þess vegna segir Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Nýtum vatnsafl okkar á annan hátt. Hvað eigum við eftir af vatnsorku, þegar búið er að virkja Kárahnjúkavirkjun, til að fara út í vetnissamfélagið sem Framsóknarflokkurinn lætur okkur stöðugt halda að hann vilji fara út í? Það verður ekkert eftir af þessu vatnsafli þegar búið er að koma upp risaálbræðslu á Austurlandi, stækka álbræðsluna uppi á Grundartanga og eyða öllum náttúrulegum vatnsaflsauðlindum okkar í stóriðjuna.

Herra forseti. Af því hæstv. utanrrh. talar mikið um hugvit og þekkingu og tækniframfarir, af hverju leggja Íslendingar þá ekki sín lóð á vogarskálarnar að efla þær tækniframfarir? Í heiminum eru að störfum vísindamenn sem eru að reyna að finna upp efni sem leysa álið af hólmi. Herra forseti, ég þori að fullyrða það að eftir 30 ár verður ál orðið gamaldags efni.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að nýta megi orkuna með sjálfbærum hætti. Hún segir hins vegar að ekki sé hægt að nýta orkuna sem kemur frá Kárahnjúkavirkjun með sjálfbærum hætti til að framleiða ál vegna þess að ál muni verða úrelt í heiminum einhvern tímann í framtíðinni. Hún telur það hins vegar að nýta orkuna með sjálfbærum hætti að framleiða vetni.

Er hægt að ætlast til þess að menn skilji þetta? Skiptir meginmáli til hvers raforkan er notuð? (**Gripið fram í:** Já, auðvitað.) Skiptir það meginmáli? (**Gripið fram í:** Já.) Skiptir það meginmáli hvort framleiddur er málmur sem er umhverfisvænn, til þess að létta bíla í heiminum, eða hvort framleitt er vetni? Veit hv. þm. hvenær verður hægt að fara út í vetnisframleiðslu í stórum stíl? Það geta liðið áratugir. Á meðan ætlast hún til þess að fólk bíði og sjái til, talar fyrir kyrrstöðunni, því að bíða og gera eitthvað annað. En þetta annað — guð má vita hvað það er. Það verða bara framtíðarkynslóðir að hugsa um og biðja guð að hjálpa sér. Ég skil málflutninginn þannig.

[13:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr þeirri þörf sem mannskepnan hefur til að biðja guð að hjálpa sér. Ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra þannig að við getum hérna beðið þess saman að guð hjálpi íslenskri þjóð. En við gerum það hvort á sínum nótum. Við verðum trúlega seint sammála um hvað sé framsýni og hvað horfi til framtíðar.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar með lítilsvirðandi tón um möguleika okkar til að koma á vetnissamfélagi, til að keyra samgöngutæki okkar á vistvænum orkugjöfum. Ég skil það svo. Hvað segir hann með því við sína eigin flokksmenn sem hafa gengið ötullega fram í baráttunni með því að tala fyrir vetnisframleiðslu á Íslandi? Hann talar með sömu lítilsvirðingunni við þá og hann talar við mig.

Herra forseti. Það er raunhæft að Íslendingar, þessi menntaða og auðuga þjóð, gangi í broddi fylkingar við að efla tækniviðingu samfélagsins. Það er ekkert að því. En tækniviðingin þarf ekki að vera eins og hún hefur verið frá þarsíðustu aldamótum, þ.e. frá aldamótunum 1900. Það er hægt að horfa til nýrra tækniframfara núna og nýrra aðferða. Það hafa verið nefndar rennslisvirkjanir í sambandi við mögulega vetnisframleiðslu sem henta ekki í stóriðjunni, vegna þess að stóriðjan lýtur öðrum lögmálum en möguleg framleiðsla á vetni. Þess vegna á hæstv. utanrrh. ekki að gera lítið úr hugmyndum um að Íslendingar geti gengið í broddi fylkingar í nútímaviðingu samfélagsins.

Þar stendur hnífurinn í kúnni. Við hæstv. utanrrh. verðum ekki sammála um hvað eiginlegar framfarir eru og hvernig við eigum að stefna til framfara á Íslandi.

[13:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna hverju tækifæri sem ég fæ til þess að botna betur í orkuumhverfisstefnu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. En það er að mörgu leyti erfitt. Mig langar til að spyrja hana, vegna þess að hún hefur talað af miklum hroka niður til Bandaríkjamanna sem orkusóða en hafið til skýjanna þær þjóðir sem samþykktu Kyoto-samkomulagið, eftirfarandi spurninga:

Voru niðurstöður Kyoto-bókunarinnar og skuldbindingar hennar raunhæfar?

Treysta ríkin sem samþykktu bókunina án fyrirvara sér til að standa við skuldbindingar sínar um minnkun á útblæstri á CO ?

Umræður í Evrópuþinginu í desember sl. sýna fram á að ESB-ríkin og þingið eru farin að horfa framan í raunveruleikann og átta sig á því að möuleikar sambandsins til þess að standa við skuldbindingar sínar í Kyoto eru að einhverju leyti bundnar við kjarnorkuframleiðslu innan sambandsins og möguleikann á að auka hana. Því væri gaman að fá viðbrögð þingmannsins við þessu.

Í öðru lagi finnst mér þingmaðurinn rugla saman vetni sem orkugjafa og vetni sem tækni til að geyma orku. Það er ekki talað um vetni sem orkugjafa í þessum hugleiðingum um að koma á hinu svokallaða vetnissamfélagi. Það er talað um vetni sem orkugeymslutæki. Sennilega væri ekki síður hægt að framleiða vetni með jarðgasi og líklega er það ódýrasta aðferðin til að famleiða vetni, þ.e. með jarðgasi, en það mun að sjálfsögðu ekkert minnka útblástur.

[13:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti að ég lendi í því að þurfa að svara svipuðum spurningum frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Auðvitað verður þræta okkar um þessi mál þræta um keisarans skegg.

Hv. þm. segir að ég tali af hroka niður til Bandaríkjamanna sem umhverfissóða. Svar mitt við því er einungis að ég ætla mér ekki að sýna þeirri þjóð hroka fremur en öðrum þjóðum. En ég minni á að meira að segja Japanir, sem hafa unnið við hliðina á Bandaríkjamönnum á vettvangi Kyoto-bókunarinnar, hafa verið með mjög harðorðar yfirlýsingar í garð Bandaríkjamanna vegna þess að Bandaríkjamenn skuli vera að yfirgefa það sem hv. þm. vill kannski kalla sökkvandi skip. Það kemur fram í máli hv. þm. að hann er ekki trúaður á að Kyoto-bókunin sé raunhæf. Evrópusambandið og þjóðir heims hafa vissulega barist við þetta vandamál, hvort Kyoto-bókunin geti verið raunhæf eða ekki. Það er alveg sjálfsagt að við tökum á öflugan hátt þátt í þeirri umræðu.

Þetta var eina ráðið sem menn fundu út árið 1992 og svo aftur 1997 í Kyoto að gæti mögulega leitt okkur eitthvað fram á veginn í þeirri viðleitni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það er viðurkennd staðreynd að það er hið einasta sem getur forðað okkur frá þeirri eyðileggingu sem blasir við vegna hlýnunar lofthjúpsins. Það er eina ráðið sem við höfum komið auga á og ég viðurkenni að stjórnmálamenn og ráðamenn þjóðanna í heiminum hafa verið máttlausir gagnvart þessum vanda. Hins vegar má líka segja að þeir hafi ekki tekið á á öllum þeim sviðum sem bókunin sýndi þó fram á að þeir yrðu að gera.

[13:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn leiðir hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir það hjá sér að svara hinni raunverulegu spurningu. Hún felst í því — það á við um Evrópusambandið en líka við um Japan — að svigrúm þessara þjóða til að rita undir Kyoto-bókunina byggist á því að þær framleiða mikinn hluta af raforku sinni með kjarnorku. Hv. þm. getur talað hér, þegar hún dregur út kjarnorkuskúffuna, gegn Bretum vegna kjarnorkuframleiðslu þeirra. En þá gæti hún eins talað gegn Frökkum sem framleiða kjarnorku líka og losa úrgangsefni í sjóinn. Það er þessi framleiðsla beinlínis, sem hún virðist vera á móti, sem skapar svigrúm Evrópusambandsþjóðanna og Japan til að undirrita Kyoto-bókunina.

Hún verður að svara þessu: Telur hv. þm. að hægt sé að auka svigrúm þjóða heimsins í orkumálum til kjarnorkuframleiðslu til að standa við Kyoto-bókunina?

[13:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er kjarnorkan vandamál. Það er kannski rétt að segja að Evrópusambandið geti keypt sér svigrúm í ákveðinn tíma með því að halda áfram að framleiða raforku með kjarnorku. Þó er ekki þar með sagt að þeir þurfi ekki að gera áætlanir um að hætta á endanum að framleiða raforku með kjarnorku. Það verða þjóðir heims að gera. Til þess þurfum við að setja öfluga hreyfingu af stað til að vinna orku í gegnum sólarorkuna og gegnum vetnið. Vetni getur verið umhverfisvæn geymsluaðferð fyrir orku. Það getur gefið okkur möguleika ásamt t.d. nýtingu sjávarfallanna. Það eru lærðar greinar skrifaðar í vísindatímarit um allan heim í dag um það hvernig hægt sé að virkja ölduhreyfingar í hafinu, þá er ég ekki að tala um flóð og fjöru heldur ölduhreyfingar úthafanna. Þar eiga Íslendingar sannarlega vannýtta auðlind.

Það að kaupa svigrúm með kjarnorku til einhverra ára er eðlilegt. Auðvitað verður það að teljast eðlilegt. En hv. þm. talaði um Sellafield og að við vildum láta loka Sellafield. Hvers vegna vildum við láta gera það? Vegna þess að þar er geislavirkum úrgangsefnum sleppt út í hafið. Það er ekki gert í öllum kjarnorkuendurvinnslustöðvum. Kjarnorkuendurvinnslustöðvar eru mismunandi og þær eru mjög slæmar í Bretlandi.

Eina ráðið sem við höfum til að geyma kjarnorkuúrganginn núna er að steypa hann hreinlega í steypuklumpa og búa til geymslustaði í jörðinni fyrir hann. En það á ekki að þurfa að gera það með því að hleypa neinu af þessu efni út í hafið. Á endanum er allur kjarnorkuúrgangur þess eðlis að við verðum einhvern tíma að horfast í augu við hann og afleiðingar af því að safna honum. Guð má vita hverjar þær afleiðingar á endanum verða.

[14:01]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur verið rætt um heimsmál, umhverfismálin, þau vandamál sem uppi eru í heiminum vegna umhverfismála. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að nefna það sem ég tel verða eitt alvarlegasta umhverfismálið á næstu komandi árum, þ.e. vatnsskort í heiminum. Ég held að við þurfum að hafa miklar áhyggjur því. Ég hlýddi á ræðu Sádi-Araba á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins þar sem þeir bentu sérstaklega á að sennilega yrði vatn næsta alvarlega átakatilefni milli þjóða. Ég vil ekki sleppa því að nefna það í þessari umræðu og koma því á framfæri að við þurfum að huga vel að þeim málum.

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla og ágæta ræðu að því leyti að *hún kemur að fjölmörgum þáttum*. Í yfirlitsræðu á síðasta ári voru reyndar, að mér fannst, skarpari áherslur varðandi Evrópumál. En nú er verið að fjalla um alþjóðavæðingu og þátttöku Íslendinga og aðkomu okkar að því viðfangsefni. Það ber að lýsa ánægju yfir því að þessi mál skuli rædd þó svo að *ég hafi það á tilfinningunni að samstarfsaðilar* hæstv. utanrrh. í ríkisstjórn vilji helst ekkert eða lítið af þessu vita, eða a.m.k. hafa það fyrir sig hvernig nálgast eigi þessi mál, hvort sem er í orði eða á borði.

Það má e.t.v. segja að með lestri á milli línanna og vangaveltum um viðhorf Sjálfstæðisflokksins megi sjá að í þessari umræðu felast skörp skil á milli viðhorfa ríkisstjórnarflokkanna, þó svo að ekki sé kveðið mjög fast að orði í máli hæstv. utanrrh. í þessari ræðu.

Það er að verða æ ljósara að Íslendingar verða að taka þátt í þeirri keppni sem fram fer á vettvangi alþjóðasamfélagsins, hvort sem um er að ræða á menntunarsviði eða hugviti, hátækni, matvælaframleiðslu eða í beinni samkeppni sem þýðir auðvitað bein samkeppni um lífskjör. Við höfum val. *Við getum lokað okkur af í einangrun. Við getum tekið þátt* á varfærinn hátt. Við getum einnig tekið þátt með beinni aðild að þeim stofnunum sem hafa hvað mest áhrif á gang heimsmálanna. En til þess tel ég að íslensk stjórnvöld verði að nokkru að breyta um stefnu.

Komið hefur í ljós alls staðar þar sem Ísland á beina aðild á alþjóðavettvangi að sjónarmið Íslendinga hafa komist til skila og það hefur verið tekið tillit til sérstöðu okkar. Skoðun mín er sú að við getum haldið fyllra sjálfstæði með aukinni þátttöku á alþjóðasviði. En mér er ljóst að það verður að huga að mörgu áður en ákvarðanir þar um eru teknar.

Herra forseti. Ég vil gera að umræðuefni einn þátt sem ég held að þurfi að gefa meiri gaum að á næstu mánuðum og missirum. Það varðar efnahagsmálin og stöðu okkar gagnvart helstu viðskiptalöndum okkar. Þessir nefndu þættir varða mestu um lífskjör okkar almennt og framtíðarhorfur okkar sem þjóðar.

Það sem ég á við er tenging okkar við alþjóðlega peningamarkaði, staða krónunnar og þær sveiflur sem við höfum orðið að þola sem einstaklingar og þjóð á undanförnum missirum. Ég tel að ríkjandi ástand hafi skapað okkur veikari stöðu í alþjóðasamfélagi þó að áhrifanna hafi kannski ekki mjög orðið vart svona almennt séð. En ég vil þó benda á lántökur bankanna okkar erlendis og endurlán til einstaklinga. *Og ég vil benda á lakari eiginfjárstöðu bankanna en verið* hefur um langan tíma. Það eru alvarlegar ábendingar um að menn þurfi að fara að skoða málin.

Ég tel, herra forseti, að ríkari ástæður séu fyrir okkur að meta hvort staða okkar sem þjóðar verði ekki sterkari með því að breyta um mynt, með því að breyta frá krónu í evru og lúta þeim lögmálum sem um þann gjaldmiðil eru. Það er ekki víst að fólk geri sér almennt grein fyrir því að með þeirri breytingu fellur dautt og ómerkt stjórntæki sem hér hefur verið við lýði um langan tíma, þ.e. verðtryggingarákvæði sem er sérstakt stjórntæki sem notað er í íslensku efnahagslífi en ekki hjá evru-þjóðunum. Ég velti að sjálfsögðu fyrir mér stöðu útflutningsatvinnugreinanna. Ég velti fyrir mér stöðu iðnaðarins og því sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, um þátttöku og samkeppni í alþjóðasamfélaginu.

Eins og ég hef sagt í þessari stuttu ræðu er ástæða að mínu mati til að endurskoða peninga- og gengisstefnu og um leið verðum við auðvitað að huga að auknu vægi ríkisfjármálastefnu í hagstjórn.

Herra forseti. Ég hef velt fyrir mér stöðu heimilanna ef breytt yrði um gjaldmiðil frá krónu í evru. Að sjálfsögðu er mér ljóst að því fylgir miklu meira en bara það að breyta úr krónu í evru. Miklu meira fylgir með og það er ekki þess vegna sem ég get ekki haft um það mikið lengra mál að *ég geri það ekki, heldur aðeins vegna* þess að ekki gefst tími til þess að fjalla um það mjög nákvæmlega. En skoðun mín er sú að heimilin hefðu betri stöðu með þeirri breytingu og til lengri tíma litið. Ég tel að slík breyting mundi leiða

til öryggis og festu, bæði í ríkisfjármálum og fjármálum fyrirtækja og heimila.

Ástæða er til að velta fyrir sér ástandi heimilanna, skuldum heimilanna í þessu sambandi. Skuldir heimilanna við lánakerfið á liðnu ári jukust um 100 milljarða króna frá upphafi árs til loka ársins 2000. Skuldir heimilanna í árslok 1999 námu 511 milljörðum króna, en í lok ársins 2000 611 milljörðum króna. Það má sjá skýrt hvernig staðan er hjá heimilunum með því að vísa til yfirdráttar- eða hlaupareikningslána einstaklinga. Árið 1999 námu hlaupareikningslán 38 milljörðum, en ári síðar námu þessi sömu lán 54 milljörðum króna.

Það er ástæða til að velta þessum málum fyrir sér í tengslum við alþjóðavæðingu og þátttöku Íslendinga í alþjóðavæðingunni. Það spilar mikið inn á efnahagskerfið sem við búum við. Þess vegna finnst mér ástæða til þess að spyrja hæstv. utanrrh. hvort í þeirri nefnd sem skipuð var á þingi Framsfl. til að fjalla um hugsanlega aðild Íslendinga að Evrópusambandinu, hafi verið sett sérstakt ljós á þessi málefni, gagnvart heimilum, fyrirtækjum og stöðu ríkisins, ef skipt yrði um mynt og allt sem því fylgir.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú skýrsla sem skilað var af hálfu Framsfl. um Evrópumál er ekki hér til umræðu. En hún er löngu komin fram og er aðgengileg, hvort heldur á netinu eða annars staðar og ég reikna með því að hv. þingmaður hafi kynnt sér hana. Þar er að sjálfsögðu m.a. fjallað um evru-málin og þær miklu hræringar sem nú eru í peningamálum í heiminum. Ég ætla ekki að fara að fjalla sérstaklega um þau en er sammála hv. þingmanni um að sá mikli vaxtamunur sem er annars vegar hér á landi og í helstu samkeppnislöndum okkar, er mikið áhyggjuefni fyrir framtíð íslenskra atvinnuvega. Hvernig komið verður til móts við þann mikla vanda er flókið mál. Ríkisstjórnin hefur nýlega breytt um stefnu í vaxta- og gengismálum. Það held ég að sé skref í rétta átt og verði til þess að treysta stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Ég tek undir það með hv. þm. að það þarf að halda áfram að fjalla um þessi mál, en vek hins vegar athygli á því að aðild að evrunni verður eingöngu í gegnum aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Það er staðreynd sem mikilvægt er að hafa í huga þegar fjallað er um þessi mál.

[14:13]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið. Mér er ljóst að þetta kom fram í skýrslu að hluta til en ekki beint um evruna og evru-áhrifin. Ég gat ekki lesið það beint út heldur er mér alveg ljóst og hefur verið það lengi að til þess að skipta um mynt og yfir í evru, þá fylgir það með aðild að ESB. Ég tel að þau mál séu ekki nándar nærri því nógu vel könnuð og fleiri þurfa að gera það en sú ágæta nefnd sem var hér til umræðu.

Ég hef nefnt hér tvisvar, þrisvar sinnum þetta sérstaka stjórntæki sem Íslendingar hafa, þ.e. verðtrygginguna, og ég hef áhyggjur af því að misgengi sé í verðtryggingunni. Það var reyndar leiðrétt fyrir þremur, fjórum árum. En það er kannski ástæða til þess að skoða þau mál aftur. Ég ræði þetta að sjálfsögðu út frá því að hér er hávaxtastefna. Hávaxtastefnu er haldið á lofti. Og þó svo að horfið hafi verið til baka um hálft prósent vil ég taka undir með þeim sem segja að það skref var of lítið og kannski alveg í síðasta lagi. En það þarf örugglega að stíga til baka mörg slík skref til þess að staða heimilanna hér á landi verði sambærileg við það sem er annars staðar í Evrópu.

[14:15]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í málflutningi hv. þm. Gísla S. Einarssonar að hann talaði um að það gæti verið góður kostur að leggja niður krónuna og taka upp evruna, m.a. í því skyni að afnema verðtryggingu, sem væri þá í því fólgið. Ég vil spyrja hv. þm. hvort ekki séu til einfaldari aðgerðir til þess að afnema verðtryggingu á Íslandi en að taka upp evruna, jafnvel áður en við gengjum í Evrópusambandið, sem er nú ómögulegt reyndar.

Í öðru lagi spyrja fulltrúar Samfylkingarinnar í þingsalnum Framsóknarflokkinn mikið um stefnu hans í Evrópusambandsmálum, en minna er hins vegar flutt af tíðindum af Evrópustefnu Samfylkingarinnar og væri nú fróðlegt að fá hv. þm. til að segja okkur nokkur tíðindi af þeim málum, vegna þess að einu sinni var nú svo komið fyrir þeim ágæta Alþýðuflokki að hann var með það á stefnuskrá sinni að ganga í Evrópusambandið, en síðan missti hann það merki niður þegar Samfylkingin var stofnuð og hefur ekki náð því upp aftur. Ég vil því gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann geti flutt okkur einhverjar fréttir af Evrópustefnu Samfylkingarinnar?

Að lokum vil ég gjarnan spyrja hv. þm. að hvaða leyti hagkerfi Íslands hefur sömu sveiflur eins og hagkerfi Evrópusambandsríkjanna sem eru í evrusvæðinu, því Bretarnir hafa t.d. talið að þeir gætu ekki gengið í evrusvæðið nema þessar sveiflur væru svipaðar í Bretlandi og þær eru á evrusvæðinu, og það eru þær ekki í dag. Íslenskar sveiflur í efnahagsmálum eru með allt öðrum hætti. Ég vil því gjarnan inna hv. þm. eftir því hvort hann telji að áhrifin verði lík og þau sem evrusvæðið og þróun evrunnar hafði á írskt efnahagslíf þegar verðbólga fór þar úr böndum og var raunar ekki hamin nema vegna þess að þróun á gjaldeyrismarkaði gagnvart Bandaríkjadollar varð aftur hagstæðari fyrir Íra.

[14:17]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna hverjum þeim fylgismanni sem ég fæ í lið með mér til að skoða afnám verðtrygginga. Mér heyrðist hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að það væri hægt með ýmsu móti. Ég vona að hann komi í lið með mér og þeim örfáu sem við þann draug vilja slást.

Varðandi spurningu hv. þm. um stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum eða aðild að Evrópusambandinu, þá eru þau mál í mjög nákvæmri og rækilegri skoðun hjá Samfylkingunni og hún mun gefa út skýrslu um niðurstöðu á þeirri athugun og mun byggja á því þegar þar að kemur að taka ákvörðun um hvort Samfylkingin telur ráðlegt að sækja um aðild vegna þeirra kosta sem því fylgja. Og einnig hvort við erum tilbúin að taka á okkur þá galla sem þar með fylgja.

Ég er ekkert undrandi á því þótt mikið hafi gengið á, bæði í Bretlandi og annars staðar, varðandi það hvort menn vilja taka upp evruna. Við vitum sameiginlega um þau átök sem orðið hafa í Evrópulöndunum. Við munum eftir kosningunni í Danmörku. Og má segja að þar hafi kosningin ekki verið um evruna, heldur var það endurtekin kosning um aðild að ESB. Það má frekar segja það.

Þeir hagfræðingar sem hafa fjallað um málið telja danskt samfélag betur komið með evru en með danskri krónu. Ég hef mikinn rökstuðning fyrir því. Ég hygg að það að skipta

yfir, fara í ESB og taka upp evruna taki langan tíma, en ég vildi ekki sleppa þessu tækifæri til að hafa orð á þessum hlutum.

[14:19]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. Gísla S. Einarssonar að ástæðulaust sé að fara yfir lækinn til að sækja vatn og ganga í ESB til að afnema verðtrygginguna. Það eru til einfaldari leiðir til þess.

Að því er varðar evrusvæðið í heild, þá gætir nú einhvers misskilnings. Sá sem hér stendur var ekki að vitna til Dana í þessum efnum, heldur var hann að vitna til Íra, en írskt efnahagslíf var í miklum uppgangi þegar þeir urðu fyrir því að evrusvæðið í heild veiktist á gjaldeyrismörkuðum og það ýtti mjög undir verðbólguþróun hjá þeim. Það sem dró síðan úr þessu aftur var þróun á gjaldeyrismörkuðum sem skapaði evrunni aðeins sterkari stöðu, en það byggðist á því að staða efnahags Bandaríkjanna var hægt og rólega að veikjast.

Við hefðum getað horft upp á þá þróun að efnahagsstjórn í Írlandi hefði farið úr böndum, eins og fjármálaráðherra Íra lýsti að væri að gerast. Hann tók það skýrt fram að það væri ekkert, bókstaflega ekkert, sem Írar gætu gert til að lagfæra þá stöðu.

Og þá spyr ég: Hvað hefur hv. þm. fyrir sér í því að telja að ríkisfjármálin og heimilin mundu hagnast á því að við Íslendingar misstum öll slík stjórntæki á efnahagsmálum okkar eins og Írar töldu að þeir hefðu misst á þessum tíma?

[14:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sitthvað áhugavert kom fram í ræðu hæstv. utanrrh., ekki mjög margt, en ég vil byrja á að nefna tvö atriði sem mér finnst athyglisverð, áhugaverð og jákvæð. Fram kemur vilji til að efla eða auka framlag Íslendinga til friðargæslu, væntanlega á vegum Sameinuðu þjóðanna. Mér finnst þetta vera mjög jákvætt. Ég er því mjög fylgjandi að Íslendingar láti meira til sín taka á þeim vettvangi og vel til þess fallið að við leggjum okkar fram til að efla friðinn og hlúa að honum. Mér finnst þetta vera til góðs.

Annað atriði sem ég tel einnig mjög jákvætt og kom fram í skýrslu hæstv. utanrrn. er ásetningur ríkisstjórnarinnar um að efla þróunarstarf, sérstaklega gagnvart sunnanverðri Afríku. Þetta finnst mér einnig vera ánægjulegt.

Hins vegar er ég mjög ósammála þeim skilningi sem birtist í ræðu hæstv. utanrrh. á vandamálum þess heimshluta og ég vísa til sunnanverðrar Afríku. Mér kom reyndar nokkuð á óvart sú sýn sem þar birtist. Þar er vísað til hnattvæðingarinnar og Afríku sérstaklega. Í ræðu hæstv. ráðherra segir að hnattvæðingin hafi snert Afríkuríki hvað minnst. Það er náttúrlega ekki rétt. Hnattvæðingin á að sönnu margar hliðar. Á henni eru bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Sú hlið sem hæstv. utanrrh. gerir einkum að umræðuefni í ræðu sinni, hnattvæðing fjármagnsins, viðskiptanna, hefur ekki komið sérlega vel við þennan heimshluta, en snert hann þó mjög. Afríka og sérstaklega sunnanverð Afríka hefur ekki farið varhluta af skuldakrísunni sem svo hefur verið nefnd og herjað hefur á fátækustu ríki heimsins. Staðreyndin er nefnilega sú að í gegnum hið alþjóðlega fjármagn sem flæðir um jarðarkringluna alla eru flutt mikil verðmæti frá þessum fátæku ríkjum til hinna ríkari. Þetta á sérstaklega við um Afríkuríkin. Um þetta eru til tölur sem oft hafa verið tíundaðar. Ég get nefnt eina. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum, í gagnasafni Sameinuðu þjóðanna hefur komið fram að á árabilinu 1993–1989 hafi meira fjármagn farið frá þessum fátæku ríkjum til ríkari hluta heimsins, sem nemur yfir 20.000 milljörðum króna.

Verulegur hluti þessa fjármagns kemur frá Afríku. Það er því harla undarleg staðhæfing úr munni hæstv. utanrrh. að hnattvæðingin hafi ekki snert Afríku eða snert Afríku hvað minnst. Ég er ansi hræddur um að þeir sem hafa lagst yfir þessar tölur mundu ekki taka undir það.

Nú er það svo að þessi þróunarríki sem stundum eru nefnd svo, fátækari hluti heimsins, fátæk ríki, reyna iðulega að reisa varnarmúra um óburðugan iðnað, þetta er nokkuð sem við höfum gert, síðan höfum við fellt þá múra eftir því sem framleiðslutækin hafa þróast og eflst og við sjálf orðið burðugri.

Flokkur hæstv. utanrrh. hefur í áranna rás viljað standa vörð um íslenskan landbúnað svo dæmi sé tekið gagnvart erlendri fjöldaframleiðslu og fara hægt í sakirnar með alla markaðsaðlögun. Ég hef stutt þessi viðhorf. Við höfum verið þeirri stefnu fylgjandi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum viljað vernda íslenskan landbúnað og huga að ýmsum þáttum, við viljum ekki láta markaðslögmálin ráða för, þó að við höfum ekki lagst gegn skynsamlegri markaðsaðlögun.

Á einu sviði standa Íslendingar hins vegar flestum öðrum þjóðum framar. Það er á sviði sjávarútvegsmála. Hæstv. ráðherra segir að á alþjóðavettvangi hafi hann reynt með ýmsu móti að benda á það samhengi sem sé á milli ríkisstyrkja í sjávarútvegi, ofveiði og rányrkju á höfum heimsins. Hann bendir á að íslensk stjórnvöld hafi beitt sér fyrir því sérstaklega á alþjóðavettvangi og þá ekki síst innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að markaðshöft í sjávarútvegi, eins og ríkisstyrkir og tollar, verði afnumin.

Ég veit ekki hversu rétt sú staðhæfing hæstv. utanrrh. er að samhengi sé alltaf á milli ríkisstyrkja og ofveiði. Smábátabúskapur með einhverjum ríkisstyrkjum þarf ekki að vera skaðlegri umhverfinu og leiða til ofveiði en verksmiðjutogararnir á höfum úti sem ekki njóta neinna styrkja, nema síður sé. Mér finnst felast í þessu ákveðin trú á að markaðurinn hljóti að fara vel með umhverfið. Og auðvitað er það svo að sá sem hefur afkomu sína af auðlind er líklegur til að vilja gæta hennar, ekki síst ef hann telur sig verða háðan þessari auðlind um ókominn tíma.

En það er einu sinni svo að fólk er hreyfanlegt og líka þeir sem eiga aðgang að auðlindum. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að þeir fari um þær ránshendi og færi sig síðan um set þegar þær eru uppurnar. Það hefur ekki verið markaðurinn sem hefur gætt auðlinda Íslendinga í hafinu, það höfum við gert sameiginlega með því að takmarka aðgang að þeim auðlindum, m.a. með lagasetningu.

Ég er einfaldlega að vara við alhæfingum í þessu efni. Styrkir geta verið til þess fallnir að bæta stöðu fámennra byggðarlaga og önnur sjónarmið kunna einnig að vera uppi, að styrkja atvinnulíf þegar það á í erfiðleikum svo dæmi séu tekin. Hins vegar gæti ég alveg tekið undir það að styrkir til stórra flota sem sækja í þverrandi auðlind, í fisktegundir sem eru í hættu, eru að sjálfsögðu skaðlegir.

Sannleikurinn í þessu efni er því ekkert í svörtu eða hvítu. Ég vara við alhæfingum af þessu tagi og vara við því að Íslendingar gangi af offorsi fram fyrir skjöldu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eins og þeir hafa gert um árabil hvað þetta varðar.

Annars er skýrsla hæstv. utanrrh. fremur í vangaveltustíl, þótt hæstv. ráðherra vilji undir lokin bera sig mannalega og segi að öllu gildi að menn taki afstöðu. „Hjáseta" — segir hér, með leyfi forseta — „gerir lítið annað en að svipta okkur sjálf tækifærum til að hafa áhrif á örlög okkar. Sá kostur er alltaf fyrir hendi að sitja hjá. En með hjásetunni breytum við engu öðru en okkar eigin möguleikum til ábata og góðra verka."

Sannast sagna finnst mér þessi skýrsla hæstv. utanrrh. vera ein allsherjarhjáseta. Ekki er tekið á málum sem brenna á heimsbyggðinni og eru til umræðu í þjóðþingum um heiminn allan. Ekki er minnst á Mið-Austurlönd og það neyðarástand sem þar ríkir. Írak er ekki til umræðu. Fjallað er almennt um hnattvæðingu án þess að í raun sé reynt að taka þar á nokkru máli. Innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er nú rætt um framhald á GATT og GATT-samningum, hvernig skilgreina beri þjónustu og að hvaða marki eigi að fara með þá inn í alþjóðlegt viðskiptaumhverfi. Þetta eru álitamál sem brenna á heimsbyggðinni allri en hvergi er minnst á í ræðu hæstv. utanrrh. Ég sakna þessa.

Á hinn bóginn eru almennar vangaveltur um alþjóðavæðinguna, á mjög almennum nótum án þess að taka á einstökum þáttum. Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru ekki til umræðu. Ég hef oft hvatt til þess að Íslendingar beiti sér innan þeirra stofnana og leggi sitt af mörkum til að hamla gegn því að fátækar þjóðir séu beittar ofríki varðandi ívilnanir endurgreiðslu lána. En við þekkjum það og höfum oft farið í gegnum það hér á Alþingi hvernig við höfum staðið okkur í því efni. Ég hef gagnrýnt hæstv. utanrrh. fyrir að beita sér ekki hvað þetta snertir. Ég vitna þar í ræður sem hann hefur flutt t.d. hjá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, t.d. ræðu sem hann flutti í Hong Kong í septembermánuði 1997 þar sem hann hvatti til markaðsvæðingar og m.a. að stoðkerfi ríkja yrðu markaðsvædd. Þetta eru þær kröfur sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa m.a. reist gegn þessum fátæku ríkjum sem er gert að endurgreiða lán. Og ég hef oft spurt eftir því hvernig skilmálum sé nú háttað en jafnan hefur orðið lítið um svör.

Til sanns vegar má færa að það sé afstaða í sjálfu sér að segja lítið en fylgja jafnan öflugustu iðnríkjum heims að málum. Eins og ríkisstjórn Íslands hefur því miður kosið að gera, oft á ótrúlega ógagnrýninn hátt og stundum beinlínis, að því er mér finnst, af undirgefni. Þegar Íslendingar hafa á annað borð helst úr lestinni eða skorið sig úr, greint sig frá öðrum, hefur það ekki verið gert á þann hátt að tilefni sé til mikilla fagnaðarláta. Þar vil ég t.d. benda á hvernig við höfum staðið okkur á vettvangi OECD þar sem menn hafa reynt að reisa skorður við skaðlegri samkeppni í skattkerfum. Sú vinna hefur staðið um árabil. Hófst fyrir alvöru sumarið 1998 en í júlímánuði árið 2000, 26. júlí 2000, var samþykkt í ráðherraráði OECD skýrsla sem á enskri tungu heitir, með leyfi forseta, „Report on Progress in Identifying and Eliminating Harmful Tax Practices". Þetta er alþjóðlegt átak til að reyna að koma í veg fyrir að þjóðir undirbjóði hverjar aðra í skattalegu tilliti og veiki þannig velferðarkerfin.

Sú nefnd sem er að fjalla um þessi mál hefur nokkur ríki til sérstakrar skoðunar sem eru talin brjóta gegn þessu alþjóðlega átaki. Eitt þessara ríkja er Ísland. Það verkefni sem er til skoðunar þar byggist á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög. En ríkisstjórnin niðurgreiðir rannsóknastarf á vegum Verslunarráðs Íslands sem gengur í þá átt sem OECD er að reyna að beita sér gegn. 45 millj. kr. hefur verið varið til þessa verkefnis. Það sem OECD er að skoða hvort standist, í fyrsta lagi að mismuna atvinnufyrirtækjum með þessum hætti, erlendum fyrirtækjum er boðið upp á 5% skatt á móti 30% tekjuskatti sem innlendum fyrirtækjum sem axla þá ábyrgð að rísa undir einu samfélagi er ætlað að gera, það er mismunað í þessu efni. Einnig eru aðrir þættir sem þarna hafa komið til skoðunar.

Ég hef tekið þetta upp á Alþingi. Þau mál heyra strangt til tekið undir hæstv. viðskrh. sem lýsti því í umræðu á Alþingi að lögin gætu mögulega talist skaðleg eins og það var orðað. En ég nefni þetta, herra forseti, sem dæmi um hvernig Íslendingar standa sig í hinni margrómuðu alþjóðavæðingu hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkrir hv. þm. hafa komið inn á það í umræðunni að það sé margt sem þeir sakni í ræðu minni. Þannig hefur það ávallt verið, alveg frá því ég hóf að flytja slíkar ræður fyrir hv. Alþingi. Gefinn hefur verið ákveðinn tími til að fjalla um utanríkismál. Utanrrh. fær 30 mín. til að hafa hér framsögu, aðrir þingmenn fá 15 mín. Eðli máls samkvæmt er engin leið að fjalla um mörg af þeim málum sem ástæða væri til að fara yfir hér á Alþingi. Ekki er þar með sagt að mér sé eitthvað að vanbúnaði að taka í það tíma. Ég taldi hins vegar rétt að fjalla að þessu sinni um hnattvæðinguna og útskýra hvernig ég lít á þau mál, hvað mér finnst skipta máli, sumt með almennum hætti. Það er eins með það umfangsmikla mál að ekki er heldur tími til að vera með nægilega ítarlega umfjöllun á því til að gera öllu skil. Ég vænti þess að menn geti þá rætt í framhaldinu hvort ástæða sé til að taka frekari tíma til umræðu um ýmis mál sem ég hafði ekki möguleika á að fjalla um. En hv. þm. mega hins vegar ekki líta þannig á að utanrrh. eða utanrrn. vilji ekki fjalla um þau. Þetta er takmarkað form og þarf þá að endurskoða það og líta til þess ef menn vilja fá miklu ítarlegri umfjöllun, og það er allt af hinu góða að fara yfir það.

Að öðru leyti vil ég svara ýmsu því sem hv. þm. kom inn á á síðari stigum.

[14:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reyndar er það svo að ríkisstjórnin er ekki viljug að taka öll mál hér til umfjöllunar og afgreiðslu og ég minni á enn eina ferðina að þáltill. um Írak hefur ekki fengist tekin til afgreiðslu í þinginu, enda þótt hún hafi verið flutt sjö sinnum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ekki er hægt að taka á öllum málum, ég virði það að sjálfsögðu. Útgangspunkturinn í þeirri ræðu sem hér var flutt er alþjóðavæðingin. Það sem ég sakna sérstaklega er að álitamál sem tengjast alþjóðavæðingunni og eru til umfjöllunar innan alþjóðastofnana skuli ekki reifuð betur en hér var gert. Ég vísa til þeirra samninga sem fram fara innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar t.d. um GATT. Ég vísa til þess starfs sem fram fer á vegum OECD. Og ég vísa til afstöðu okkar innan Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, til hnattvæðingarinnar. Það er þetta sem ég er fyrst og fremst að gagnrýna, herra forseti.

[14:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. höfum skipst á skoðunum áður um Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ég

vísa m.a. til þess. Að því er varðar Alþjóðaviðskiptastofnunina þá gagnrýndi hv. þm. mig fyrir að vera að berjast gegn ríkisstyrkjum í sjávarútvegi og fyrir afnámi tolla í sjávarútvegi. Ég hef sannfæringu fyrir því að slík stefna hefur stuðlað að rányrkju og ofveiði í heiminum. Það hefur ekki verið neitt vandamál fyrir okkur Íslendinga að aðskilja þessi mál frá stefnunni í landbúnaðarmálum. Þar gilda önnur lögmál. Þar gilda önnur viðhorf. Og það hefur ekki verið okkur nokkurt fótakefli í þeirri umræðu að viðhalda ákveðinni verndarstefnu í landbúnaðarmálum.

Hins vegar er það svo að við erum þeirrar skoðunar að þarna geti Íslendingar einmitt lagt mikið af mörkum í umhverfismálum í heiminum. Að berjast fyrir því að heimshöfin séu nýtt með sjálfbærum hætti. Að berjast fyrir því að menn hætti að menga heimshöfin eins og gert hefur verið. Þar höfum við tekið mjög eindregna afstöðu í málum þar sem við höfum þekkingu og reynslu. Og við höfum verið teknir alvarlega og okkur hefur tekist, þrátt fyrir sterka andstöðu m.a. frá Evrópusambandinu, að þoka þeim málum áfram. Ég tel að þetta sé mikilvægt framlag af hálfu Íslendinga í þessum mjög svo þýðingarmiklu málum, ekki bara fyrir okkur, heldur alla heimsbyggðina vegna þess að fæðuöflun byggist að mjög miklu leyti á heimshöfunum.

[14:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðaviðskiptastofnunin hafa oft komið til umræðu hér á þingi og við höfum oft skipst á skoðunum, ég og hæstv. utanrrh. um þau efni. En þau mál verða aldrei endanlega afgreidd vegna þess að við erum að tala þarna um ferli og ákvarðanir sem verið er að taka og breyta frá einum mánuði til annars. Og ég sakna þess að við fáum ekki að heyra hvaða hugmyndir eru uppi hjá íslenskum stjórnvöldum til þeirra breytinga sem eiga sér stað.

Varðandi sjávarútveginn, þá var ég einfaldlega að vara við alhæfingum í því efni. Ég sagði að styrklausir stórflotar hefðu í sumum tilvikum stundað ofveiði og rányrkju og í sumum tilvikum væri stundaður vistvænn sjávarútvegur með smábátaflota þótt byggðarlögin nytu einhverra styrkja, fámenn byggðarlög. Við þekkjum það frá grannríkjum okkar og við þekkjum þetta líka frá fátækari ríkjum heims. Ég er að vara við alhæfingum í þessu efni. Og ég er að vara við því að Íslendingar gangi fram fyrir skjöldu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um að settar verði algildar reglur í þessu efni. Mér finnst það ekki rétt. Mér finnst að Íslendingar eigi að endurskoða stefnu sína í þessu efni.

[14:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það voru aðeins nokkur atriði í viðbót sem ég ætlaði að koma nánar inn á og mér gafst ekki tími til í fyrri ræðu minni. Það fyrsta sem ég ætla þá að ræða er staða Íslands út frá svæðisbundnu samstarfi ríkja sem komið er inn á í ræðu hæstv. ráðherra, á bls. 14. Það bar svo við í því tilviki að ég lýsti mig í raun sammála nálgun hæstv. ráðherra hvað það varðar að ég held að enginn vafi sé á því að svokölluð hnattvæðing og alþjóðavæðing og mikið alþjóðlegt heimssamstarf hefur á hinn bóginn ýtt undir ýmiss konar svæðismyndun og bandalagamyndun ríkja sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og liggja nálægt hvert öðru.

Um þetta höfum við mýmörg dæmi frá síðasta áratug eða svo hér á Íslandi. Ætli það sé ekki á einum fernum vígstöðvum sem Íslendingar eru nú þátttakendur í svæðisbundnu samstarfi, einhvers konar samstarfi ríkja eða ríkjahópa, sem bókstaflega var ekki til fyrir 1990. Þar má nefna Barentsráðið, Eystrasaltsráðið, heimskautaráðið o.fl.

Ég held að skynsamlegast sé að Íslendingar fari yfir stöðuna af sinni hálfu, út frá þeirri þróun sem orðið hefur að þessu leyti. Við getum þar litið til fordæma margra annarra þjóða, nálægra ríkja sem hafa einmitt endurskilgreint að ýmsu leyti framgöngu sína og skipt henni upp eftir því hvort um er að ræða svæðisbundið samstarf og til hvaða áttar það horfir. Flest nágrannaríki okkar hafa t.d. mótað sér sérstaka norðurstefnu sem tekur til samstarfs ríkja og svæða á norðlægum breiddargráðum. Þetta hafa Bandaríkjamenn gert, þetta hafa Kanadamenn gert, þetta hefur Evrópusambandið gert og fleiri þjóðir. Finnar hafa haft forgöngu um að afla hinni svokölluðu norrænu vídd eða norrænu hugsun innan Evrópusamvinnunnar fylgis og fleira mætti telja í þessum efnum.

Ég vísa þá aftur til þáltill. sem hér hefur verið dreift á borð þingmanna, sennilega í gær. Það er 601. mál, till. til þál. um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Ég ætla ekki að ræða hana efnislega að öðru leyti enda er hún ekki á dagskrá hér heldur almenn umræða um utanríkismál. Ég leyfi mér þó að vekja athygli á henni vegna þess að hún fellur að því sem komið er inn á í ræðu utanrrh. um svæðisbundið samstarf ríkja og varðar vissulega utanríkismál sem hér eru á dagskrá. Þetta er að *mínu mati — þar er ég að ég held sammála hæstv. utanrrh.* — alls ekki í mótsögn þó að sumir kunni að kjósa að stilla því þannig upp. Þörfin fyrir og áherslan á nærsvæðasamstarf og svæðisbundið samstarf er hluti af auknu alþjóðlegu samstarfi á heimsvísu. Það er einmitt mjög líkleg niðurstaða að menn leiti að ýmsu leyti eftir nánari samvinnu við þá sem næstir þeim eru þegar heimurinn opnast allur meira og minna og verður eitt hvað varðar pólitíska, viðskiptalega og efnahagslega samvinnu þjóða.

Menningin hefur lítið verið rædd hér. Hins vegar væri ástæða til að halda eins og eitt stykki seminar um menninguna á tímum hnattvæðingar. Ekki eru áhyggjur manna minnstar á því sviði, af því að þar kunni ýmislegt að glatast ef menn gæti ekki að sér og heimsins bíði heldur flatneskjuleg stöðluð heimsmenning sem drekki staðbundinni menningu. Þá gerist það aftur á móti, eins og þróunin sýnir líka sem betur fer, að eftirspurn eftir því staðbundna eykst til mótvægis við hnattvæðinguna. Menn leggja meiri rækt við heimamenningu sína og hið svæðisbundna sögulega menningarsamstarf sem þeir eru hluti af, enda er öll menning í eðli sínu staðbundin. Ég held að við Íslendingar þurfum að skoða þá þróun, m.a vegna þess og þó ekki kæmi annað til en það að staða okkar er um margt mjög sérstæð í þessu efni. Landfræðileg lega Íslands er sú sem raun ber vitni. Við erum stödd á hnettinum, úti í miðju Atlantshafinu mitt á milli heimsálfanna og tilheyrum þeim í raun báðum að ýmsu leyti, a.m.k. jarðfræðilega. Að ýmsu leyti tilheyrum við þeim einnig sögulega, samgöngulega og menningarlega.

Af þessum sökum tel ég tímabært að fara yfir þessi mál af Íslands hálfu og líta þá til allra átta, ekkert síður í vesturátt og norðurátt og svæðanna hið næsta okkur eins og austur um til Evrópu, jafnmikilvægt að sjálfsögðu og það er. Eitt má ekki bera annað ofurliði í þessum efnum og mér hefur á köflum þótt á skorta á, í hinni þungu Evrópuumræðu undanfarinna mánaða og missira, að menn muni eftir öðrum hlutum jafn-

framt og gleymdu þeim ekki, t.d. vestnorrænni og norrænni samvinnu, tengslum okkar vestur um haf og öðru í þeim dúr.

Í öðru lagi, herra forseti, vildi ég á nýjan leik nefna þau tíðindi sem borist hafa vestan frá Bandaríkjunum um afstöðu Bandaríkjaforseta í umhverfismálum. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra geti komið inn á það í svörum sínum eða í seinni ræðum í umræðunni. Þau kalla á að menn taki þessi mál fyrir í nýju samhengi, ósköpin og þau ótíðindi sem þar hafa verið að gerast. Þetta er þeim mun svakalegra sem á borðum manna eru nánast glænýjar skýrslur, þar á meðal og ekki síst frá loftslagsráði Sameinuðu þjóðanna — ég kýs að þýða það svo — um áhrifin af hlýnandi loftslagi og gróðurhúsaverkan í lofthjúpnum. Þar eru nánast allar spár færðar til hins verra frá því sem áður var. Endurmat og endurreikningar færustu vísindamanna heimsins, 2000 talsins á vegum á annað hundrað ríkisstjórna sem að þessu samstarfi koma og verður tæpast sagt að auðvelt sé að ýta þeim aðilum út af borðinu bara af því að þeir hafi ekki sæmilegt vægi í þessum efnum, leiðir í ljós að þeir hafa því miður dekkt spár sínar, nánast að öllu leyti. Hlýnunin er sett innan mun hærri marka en áður var, frá 1,5–2 og upp undir 6° á Celsiuskvarða á hinni nýbyrjuðu öld. Áhrifin á vistkerfi jarðarinnar, á landbúnaðinn og matvælaframleiðsluna, eru nú talin mun alvarlegri og horfurnar verri en eldri spár gerðu ráð fyrir.

Auðvitað er áfram þessi óvissa sem allir viðurkenna að er þegar spáð er fyrir um sveiflukennd fyrirbæri og flókin eins og eðliseiginleika lofthjúpsins og veðráttunar. Hins vegar er ekki hægt og ekki frambærilegt, þegar jafnvandaður undirbúningur liggur til grundvallar eins og af hálfu Sameinuðu þjóðanna að þessu leyti, að ætla að ýta því út af borðinu, t.d. eins og hæstv. forsrh. hefur ítrekað gert í ræðum, m.a. í áramótaræðu sinni, ef ég man rétt, fyrir ári. Hann virtist enn vera við sama heygarðshornið, hæstv. ráðherra, norður á Húsavík á ráðstefnu á dögunum með því að tala um að hvimleiðir menn væru alltaf að mála skrattann á vegginn.

Kannski er það svo að hæstv. forsrh. eigi sér skoðanabróður sem gegnir viðlíka embætti vestur í Bandaríkjunum, þ.e. forsetanum þar. Það er ekki fagnaðarefni. Fróðlegt væri að heyra hvað ríkisstjórn Íslands segir um þessa stöðu. Eigum við þá kannski að hafa í sviga frammistöðu Íslands, þá sérstöðu Íslands sem ríkisstjórnin er að vinna að að fá viðurkennda og við höfum oft rætt áður og munum sjálfsagt gera áfram? Setjum það þá í sviga og berum spurninguna fram: Hvað finnst forráðamönnum Íslands á sviði utanríkismála um þessa stöðu almennt í heiminum? Hafa þeir kynnt sér nýjustu niðurstöður, loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna? Hafa þeir áttað sig á því hversu skelfilegar afleiðingarnar verða ef þróunin verður í líkingu við það sem þar er gert ráð fyrir og hvað finnst Íslendingum að gera beri í þeim efnum?

Ég hefði einnig gjarnan viljað heyra hæstv. utanrrh. tjá sig aðeins um nýjustu atburði í Palestínu. Við erum hér að ræða utanríkismál almennt og það sem efst er á baugi í þeim efnum þó að fyrsta ræða ráðherrans hafi verið byggð upp með tilteknum hætti. Því er ekki að leyna að maður fyllist nánast skelfingu þegar maður hugsar til þróunar mála á síðustu mánuðum. Það er nánast ekki hægt að segja annað en Óslóarfriðarferlið sé gufað upp með öllu og ástandið sé jafnvel síst skárra heldur en það var fyrir daga þess þegar fyrri Intifata-uppreisnin var í algleymingi. Illskan í samskiptum aðila, ástandið, hörmungarnar og hin mannlega neyð er þar svo yfirgengileg að það tekur engu tali. Palestínsku þjóðinni, þeirri sem er innan hernumdu svæðanna, er haldið fanginni. Hægt og hægt er í raun verið að svelta þetta fólk í hel. Þar er öll efnahagsstarfsemi lömuð. Stór hluti íbúanna er án nokkurra tekna. Þeim er meinað að stunda þá vinnu sem þeir hafa haft, þurfi þeir að færa sig út fyrir svæðið til þess, og þar fram eftir götunum.

Ég hef ekki áhuga á því, herra forseti, að kenna einum um fremur en öðrum þegar slíkir harmleikir verða. Sjaldan veldur einn þá tveir deila og oftast er það nú þannig í stríði að óhæfuverkin eru á báða bóga. En mér er ómögulegt að segja annað en það, sem er sannfæring mín eftir að hafa skoðað þetta, að heimsbyggðin verður að fá Ísraelsmenn til að horfast í augu við það að þeir eru sá aðilinn sem hefur tögl og hagldir á þessum svæðum og meðan þeir ekki breyti um afstöðu sé borin von að þar náist nokkur friður. Ég hefði viljað sjá að Ísland tæki upp harðari afstöðu í þeim efnum. Stundum er jafnvel enn haldið á lofti, kannski ekki með jafnmiklu stolti lengur og áður var, sögulegri aðild Íslands að tilurð Ísraelsríkis. En berum við þá ekki líka mikla siðferðilega ábyrgð á því sem þar hefur gerst síðan ef við viljum halda til haga okkar þætti í tilurð ríkisins? Hvernig hefur þessi rúma hálfa öld verið sem þetta ástand hefur staðið? Þriðja og jafnvel fjórða kynslóð Palestínuaraba elst upp í flóttamannabúðum í nágrannalöndunum og á sér enga framtíðarvon. Hátt í tvær milljónir Palestínuaraba búa innan girðinga í fangabúðum í Sýrlandi, Jórdaníu, Líbanon og víðar. Ástand þeirra sem enn búa innan landamæra Ísraels og á hernumdu svæðunum er eins og raun ber vitni.

Ég minni aftur á þá spurningu sem ég bar upp til hæstv. ráðherra varðandi Írak og óska eftir að ráðherra tjái sig um frumkvæði Norðmanna í öryggisráðinu og mögulegan stuðning Íslands sem ég vonast eftir við það, t.d. í því formi að afgreiða þá tillögu sem hér hefur lengi legið fyrir um mjög hliðstæða nálgun, að menn taki upp viðleitni til þess á alþjóðavettvangi að endurskoða framkvæmd þessara viðskiptaþvingana.

Ég fagna framboði Íslands til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það hef ég reyndar áður gert. Eftir að hafa fylgst með því hvílíkum gríðarlegum fjármunum Norðmenn hafa varið, ekki bara til núverandi starfsemi, þ.e. til að stórefla sendiráð sitt í New York og ráðuneyti heima fyrir og kostað til miklu m.a. vegna sérstakra verkefna fyrir hönd öryggisráðsins, t.d. í eftirlit með málefnum Íraks, heldur komu einnig af því fréttir að þeir hefðu varið um 300 millj. kr., ef ég man rétt, til kynningar á framboði sínu til öryggisráðsins, þá verður væntanlega ekki hjá því komist að við kostum einhverju til. Ég veit svo sem ekki hvort Íslendingar ætla sér að vera jafnstórir í stykkinu en svo fremi sem það sé innan viðráðanlegra og hófsamlegra marka þá finnst mér að við eigum að fara í þetta framboð. Það er hluti af því að hafa sjálfstraust sem sjálfstæð þjóð og trúa á að við getum látið gott af okkur leiða á þeim vettvangi sem við viljum leggja okkar lóð á vogarskálar. Sameinuðu þjóðirnar og valdamesta stofnun þeirra, öryggisráðið, hlýtur að vera einmitt dæmi um slíkt.

[14:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. þm. að við beindum ekki augum okkar í nægilegum mæli til annarra átta en Evrópu þá vil ég taka fram að ég tel að það standist á engan hátt. Við höfum lagt mikla áherslu á samskiptin vestur um haf, bæði við Kanada og Bandaríkjamenn. Þau

hafa m.a. verið í tengslum við landafundina og við höfum átt mikil samskipti við Bandaríkin út af varnarsamstarfinu, út af NATO og svo mætti lengi telja.

Við Íslendingar höfum beitt okkur sérstaklega fyrir því að styrkja norðursamstarfið. Við höfum verið forvígismenn á margan hátt umfram aðrar Norðurlandaþjóðir í þeim efnum. Við höfum lagt á það áherslu mjög lengi að Evrópusambandið komi að norðurstefnunni. Við fögnuðum því sérstaklega þegar Finnar tóku þetta mál upp í svipuðum anda og við höfum lagt áherslu á, m.a. í Norðurlandasamvinnunni.

Við höfum ákveðið að taka að okkur formennsku í Norðurskautsráðinu frá og með árinu 2002 og leggja þar með áherslu á að við erum tilbúnir að leggja mikið á okkur og kosta nokkru til í sambandi við það mikilvæga samstarf. Ég tel einmitt að við höfum beint augum okkar til allra átta og Norðurlandasamvinnan hefur verið mikið grunnstef í utanríkismálum okkar. Inn á það get ég komið í margvíslegu samhengi, t.d. að því er varðar Írak, t.d. að því er varðar Palestínu og mörg önnur mál þar sem við höfum átt mikla samleið með hinum Norðurlöndunum.

[15:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki í sjálfu sér að setja fram gagnrýni beint á framgöngu stjórnvalda eða íslenskrar utanríkisstefnu sem slíkrar í þessum efnum. Ég var að vísa til þess sem mér fyndist oft vanta í umræðuna um utanríkismál í almennu samhengi, sem hefði haft mikla tilhneigingu á undanförnum missirum til að beinast mjög að þessu eina, þ.e. Evrópusambandinu og tengslunum þangað.

Mér er það vel ljóst og ég fagna því sem vel hefur verið gert í þeim efnum að horfa til annarra átta. Stofnun sendiráðs í Kanada og efld tengsl á nýjan leik, ýmislegt sem tengdist landafundaafmælinu og annað í þeim dúr er jákvætt, norðurheimskautssamstarfið þar sem Íslendingar eru virkir þátttakendur og m.a. hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi í ræðu sinni og vestnorrænt samstarf sem við höfum vissulega lagt rækt við og ég held að við verðum ekki sökuð um að hafa sýnt neitt tómlæti. Allt er þetta mjög af hinu góða. Ég held hins vegar að líka á þessu sviði sé þörf fyrir og tímabært að fara yfir hlutina og velta fyrir sér þróun þessara mála áfram af okkar hálfu og hvernig við viljum standa að þessum hlutum. Það er það sem ég hef kosið að velja vinnuheitið Íslensk nærsvæðastefna til aðgreiningar frá því sem snýr að samstarfi á stærri svæðum eða heimsvísu. Ég held að einhvers konar mótun svæðishugtaks sem tæki til norðan- og norðvestanverðs Atlantshafsins og byggða á ströndinni beggja vegna Atlantshafsins og eyþjóðanna úti í Atlantshafinu væri verðugt verkefni að vinna að. Í raun byggir þetta dálítið á því að þróa og móta tiltekin svæðishugtök sem ramma af samstarfið í ákveðnum ríkjahópum. Það er það sem gerist með Barentráðinu, Eystrasaltsráðinu o.s.frv. og það var í þessar áttir sem ég var að vísa, herra forseti.

[15:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svæðisbundið samstarf er í mikilli þróun í heiminum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hvergi lengra komið en einmitt í okkar nágrenni. Norðurlandasamstarfið er einstakt í sinni röð. Það er m.a. ástæðan fyrir því hve Norðurlöndunum vegnar vel. Menn líta öfundaraugum til þess svæðasamstarfs sem við höfum verið að byggja upp og þróa, hvort sem það er á vegum Norðurlandaráðs, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins eða Norðurskautsráðsins. Ástandið á Balkanskaga hefur m.a. ekki komið mjög til umræðu á Alþingi í dag. Það er eitt af þeim málum sem skiptir miklu fyrir Evrópu og heimsbyggðina hvernig kemur til með að leysast og þróast. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að þau mál muni ekki enda farsællega nema svæðisbundið samstarf í þeim ríkjum komi til með að stóraukast, að það sé leiðin til þess að auka skilning, auka umburðarlyndi og virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði. Þetta samstarf á afskaplega langt í land. Það er alveg ljóst að þessi ríki líta mjög til þess árangurs sem náðst hefur á norðurhveli jarðar að þessu leytinu til.

Það er líka að mínu mati fagnaðarefni að Evrópusambandið lítur miklu jákvæðar til þessa svæðisbundna samstarfs en áður var. Þar tel ég að áhrifa Norðurlandanna gæti. Eftir að Finnar beittu sér mjög í þessu máli hefur komið upp nýr tónn frá löndum Evrópusambandsins og það er vel. Ég legg því á það áherslu og tek undir það með hv. þingmanni að við höldum áfram að þróa þetta samstarf. En ég tel að þar hafi margt verið vel gert.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að við hæstv. utanrrh. séum ekki ýkja ósammála um þetta og áttu svo sem ekki að vera efni til. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra reynist hafa rétt fyrir sér og guð láti gott á vita að þeir tímar komi einhvern tíma að Balkanríkin geti farið að vinna saman á einhvern bróðurlegan hátt sem góðir nágrannar. En það verður maður þó að segja þegar maður skoðar stöðuna þar að ansi finnst manni langt í land að ýmsu leyti og kannski endar það þannig að sá gamli refur, Helmut Schmidt, reynist hafa rétt fyrir sér, að þetta svæði eigi a.m.k. 50 ára erfiðleika fram undan.

Varðandi norrænt samstarf þá er hverju orði sannara að það er um margt mjög merkilegt, enda fordæmi víða að og síðan er samstarf sem hefur tengst við það eða vaxið út frá því. Þar vil ég nefna sérstaklega samstarf Norðurlandaráðs og Eystrasaltsríkjanna, baltnesku landanna. En þá verður líka að viðurkennast að það hefur verið talsverður þungi og talsvert mikil áhersla á að horfa út frá norræna samstarfinu í austurátt. Þetta hefur auðvitað verið rætt á vettvangi Norðurlandaráðs og fleiri en bara Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar hafa áhyggjur af þessu. Menn hafa svo sem oft á þessum umliðna áratug sem liðinn er frá því að hlutirnir tóku að breytast haft áhyggjur af því að við kynnum með vissum hætti að vera að einangrast hér svona úti á vesturkanti þessa norræna svæðis.

Mótvægið við það held ég að eigi að vera að efla nærsvæðahugsun og samvinnu þar sem til viðbótar Íslandi, Grænlandi og Færeyjum koma að aðilar eins og Skotland, Kanada, Vestur-Noregur og fleiri, og það er til þess sem ég er að vísa til með Norður- og Norðvestur-Atlantshafssvæðinu. Að þessu gætum við unnið undir formerkjum einhvers sem við kölluðum íslenska nærsvæðastefnu.

[15:08]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um mikilvægi svæðisbundins samstarfs ríkja. Í mínum huga getur slíkt svæðisbundið samstarf átt sér ýmiss konar form. Stundum er aðeins um nokkur ríki að ræða og stundum er um mörg ríki að ræða. Evrópa er eitt slíkt svæði. Innan hennar má finna ýmis ríkjabandalög eins og hv. þingmanni er fullkunnugt um þannig að vissulega

þurfum við að horfa í þá átt og fleiri áttir, bæði í austur og vestur hvað svæðisbundið samstarf varðar.

Mig langar líka til að taka undir hugleiðingar sem hér hafa komið fram um neikvæða þætti hnattvæðingarinnar og ekki síst flatneskju fjöldaframleiðslunnar sem henni fylgir. Það er þeim mun mikilvægara að ýta undir og viðhalda menningarlegri fjölbreytni á jörðinni. Hver þjóð á sína sögu. Hver þjóð hefur sína menningu að geyma og það er einmitt þannig nú á þessum hnattvæddu tímum að það sem hefur breyst er að hver þjóð er ekki endilega innan einna skilgreindra landamæra. Þess vegna er svo mikilvægt líka að vinna að menningarlegri fjölbreytni, ekki bara í samstarfi í millum ríkja heldur líka innan þjóðríkisins.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú erum við svo sammála að það er til verulegra vandræða. Ég hef svo sem ekki mikið um þetta að segja annað en bara taka undir undirtektirnar. Ég vil þó kannski aðeins bæta því við að auðvitað er svæðasamstarf af margvíslegum toga, tekur til misstórra svæða o.s.frv., og það er kannski ákveðin þörf á því að menn skilgreini hugtök og skýri vel hvað þeir eiga við. Það samstarf sem ég var fyrst og fremst að ræða hér var samstarf fullvalda ríkja, þjóða og svæða sem getur verið með ýmsum hætti eins og við t.d. sjáum í heimskautasamstarfinu þar sem sjálfstæð þjóðríki, héruð eða fylki og sjálfsstjórnarsvæði eru öll saman í góðum félagsskap og er að mörgu leyti mjög merkilegt að kynnast. Evrópusambandið er hins vegar í mínum huga í raun meira en það sem maður mundi venjulega flokka undir svæðisbundið samstarf ríkja því þar er gengið mun lengra í þá átt að færa vald til sameiginlegra stofnana og samstarfsformið er farið að taka á sig miklu meiri einkenni ríkis en við erum yfirleitt að tala um, held ég, þegar við ræðum svona svæðasamstarf ríkja. Enda sagði merkur fræðimaður á þessu sviði við okkur sem vorum úti í Strassborg fyrir nokkrum dögum síðan og hlýddum á hann ræða um Evrópumál og svara spurningunni um sambandsríkið Evrópu, að hann teldi þetta úrelta umræðu því að í raun væri þetta þegar og fyrir alllöngu síðan orðið að mörgu leyti að sambandsríki, þetta væri allt saman bara spurning um nafngiftir en þegar menn hefðu komið sér upp sameiginlegum seðlabanka, mynt og væru á góðri leið með að fá sameiginleg landamæri o.s.frv., þá væri það eiginlega orðinn orðaleikur að velta fyrir sér spurningunni um sambandsríki eða ekki sambandsríki.

Um menninguna erum við alveg hjartanlega sammála og ég endurtek bara það sem ég sagði áðan og ég á reyndar ekki höfundarrétt að heldur fyrrverandi menningarmálaráðherra Finna, Claes Anderson: Öll menning er staðbundin.

[15:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram í dag um utanríkismál. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki hefur verið tími til að ræða mörg mál. En það eru nokkur atriði sem beint hefur verið sérstaklega til mín sem ég ætla að gera að umtalsefni á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða. Það eru loftslagsmálin, málefni Íraks, varnarsamstarfið og málefni Palestínu.

Ég vil fyrst segja út af loftslagsmálunum að þær aðstæður sem nú hafa skapast vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í Bandaríkjunum hefur engu breytt um stefnu okkar Íslendinga í þessum máli. Við höfum miklu frekar styrkst í þeirri trú að við höfum verið á réttri leið í þessum efnum og munum áfram berjast fyrir því að við getum haldið áfram að nýta endurnýjanlega orku okkar. Við teljum að það þjóni hagsmunum íslensku þjóðarinnar, það þjóni þeim málstað sem verið er að berjast fyrir, að draga úr mengun í heiminum, og þess vegna beri að halda áfram á sömu braut.

Síðasti fundur regnhlífarhópsins svokallaða var haldinn í Wellington 20.–23. mars. Þar kom fram að það ríkti allmikil óvissa vegna þess að Bandaríkjastjórn væri að endurskoða stefnu sína og ég tel að það ferli sé enn í gangi. Þá lá fyrir að tekinn var til starfa vinnuhópur undir forsæti varaforseta Bandaríkjanna til þess að marka nýja orkustefnu. Það þykir mjög líklegt að sú stefna, þegar hún sér dagsins ljós, verði hliðholl áframhaldandi áherslu á notkun jarðeldsneytis. Hins vegar er rétt að geta þess að ekki hefur verið alger samhljómur í málflutningi þeim sem komið hefur frá Bandaríkjunum upp á síðkastið, t.d. hefur fjármálaráðherrann, O'Neil, talað mjög jákvætt í loftslagsmálum að því er varðar Kyoto-samkomulagið og byggir þar m.a. á reynslu sinni sem fyrrverandi forstjóri Alcoa sem er eitt af stærstu álframleiðslufyrirtækjum í heiminum.

Forstjóri Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna, Christie Whitman talaði einnig á þessum nótum á fundi umhverfisráðherra átta helstu iðnríkja heims í Trieste fyrr í mánuðinum þó að á margan hátt sé óljóst hvert sé vægi forstjórans í þeirri stefnumörkum sem nú á sér stað.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það veldur vonbrigðum víða um heim ef Bandaríkjamenn ætla að heltast úr lestinni. Þeir hafa hins vegar tekið fram að þeir vilji vinna áfram af sinni hálfu í baráttunni gegn loftmengun og ég vænti þess að við það verði staðið. Við því má búast að þessi stenfubreyting þýði ákveðið bakslag í því samningaferli sem hefur átt sér stað þó erfitt sé að sjá það fyrir á þessari stundu.

Þau ríki sem þarna hafa ráðið mestu um framvinduna eru ríki Evrópusambandsins, stærri ríki eins og stærstu iðnríki heims, t.d. Japan og fyrir liggur að á næstunni munu eiga sér stað viðræður milli þessara aðila til þess að átta sig á því hvernig þessu samningaferli verði komið á réttan kjöl ef Bandaríkjamenn ætla algerlega að endurskoða sína afstöðu.

Ég tel hins vegar ekki rétt að fullyrða allt of mikið á þessu stigi. Þessi mál verða ekki leyst nema með samningum milli þjóða og Bandaríkjamenn hafa m.a. gefið það upp sem ástæðu fyrir sinni afstöðu að það sé ekki nægilega almenn þátttaka meðal ríkja heims í þessu ferli og þá vanti að tryggja með ákveðnari hætti þátttöku þróunarríkjanna í þessu ferli í framtíðinni.

Að því er varðar málefni Íraks þá er í sjálfu sér ekki mjög miklu við það að bæta sem ég hef áður sagt. Við höfum stutt Norðmenn með afgerandi hætti í viðleitni þeirra til þess að finna nýjar leiðir í þessu máli. Það verður hins vegar að hafa það í huga þegar talað er um Noreg í þessu sambandi að stærstu þjóðir heims sem hafa verið í fararbroddi í þessu máli, eins og Bandaríkin og ríki Evrópusambandsins, fóru þess á leit við Norðmenn að þeir tækju frumkvæði í þessum málum og ynnu að því að fara nýjar leiðir í samráði við aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna og Norðmenn eru nú að gera það. Þetta sýnir það, eins og hér hefur komið fram, að Norðmenn njóta trausts og ég tel að það hafi verið mjög gott að þeir hafi tekið þetta að sér. Það gerist m.a. vegna þess að þeir eiga aðild að öryggisráðinu og þeir eru tilbúnir til þess að nýta mannafla og fjármagn í þessu skyni og hafa þegar varið 350 millj. kr. til þessa verkefnis.

Það sem hefur komið fram af þeirra hálfu fram að þessu eftir mjög ítarlega skoðun á þessu máli er að það þurfi að fækka þeim samningum sem viðskiptabannsnefndin situr á og afgreiðir ekki. Þeir telja sig hafa komist að því að flestir þessara samninga varði útflutning á vörum til Íraks en nýtist ekki við vopnaframleiðslu og þess vegna sé ástæða til að fækka á þessum lista. Þeir telja líka að það þurfi að stækka þann vörulista samkvæmt „olíu fyrir mat" áætluninni sem ekki þurfi að sækja um útflutningsleyfi á til viðskiptabannsnefndarinnar. Og þeir telja að unnt sé að stytta þann lista yfir vörur sem bæði er unnt að nota í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi. Það eru svokallaðar „dual-use"-vörur. Ég veit ekki hvernig á að þýða það á íslensku. Það eru sem sagt vörur til tvíhliða nota sem eru á þessum listum.

Rétt er að taka það fram að í viðræðum við Bandaríkjamenn hefur Powell utanríkisráðherra tekið þessum hugmyndum vel og hann hefur lagt á það áherslu á alþjóðavettvangi, m.a. í þeim umræðum sem hafa átt sér stað innan Atlantshafsbandalagsins, að viðskiptabannið eigi að beinast gegn harðstjóranum, gegn gereyðingarvopnunum, en ekki gegn fólkinu. Þannig hefur þetta viðskiptabann alltaf verið hugsað. En það þarf að hafa í huga að hér er um að ræða viðskiptabann af hálfu Sameinuðu þjóðanna og aðildarríki Sameinuðu þjóðanna þurfi að sýna samstöðu í þessu máli og þurfa að leita sameiginlega að úrlausnum og það erum við að gera nú undir forustu Norðmanna. Þetta gefur okkur Íslendingum tækifæri til þess að koma að þessu máli m.a. í gegnum Norðurlandasamvinnuna og við höfum stutt Norðmenn í þessu sambandi af heilum hug.

Ég tek undir það með hv. þm. sem hér hafa talað að ástandið í Palestínu er afskaplega alvarlegt og ekki er hægt að hafa of sterk orð um það alvarlega ástand sem þar er. Hins vegar veit ég að hv. þm. er það jafn vel ljóst og mér að þar er um afskaplega flókið mál að ræða sem gengur út á það að tryggja öryggi palestínsku þjóðarinnar til framtíðar en jafnframt að skapa stöðugleika í Ísrael og Miðausturlöndum almennt. Að mínu mati hefur það lítið upp á sig að vera með fordæmingar í þessu sambandi þó að ég sé sammála því að Ísraelsmenn hafi oft og tíðum beitt mikilli hörku og óþarfri hörku í þessu máli. Mér er hins vegar ljóst að ekkert getur leyst þetta mál nema gagnkvæmir samningar þess fólks sem þarna lifir og þrátt fyrir allt eru slíkar friðarumleitanir enn þá í gangi og ég trúi því að ísraelska þjóðin muni leggja sig fram um að finna þarna lausn því auðvitað á hún mikið undir í þessu sambandi. Það er ekki aðeins Palestína heldur líka framtíð ísraelsku þjóðarinnar.

Þetta mál á eftir að taka langan tíma og ekkert bendir til þess nú, því miður, að varanlegur friður sé að komast á. En að mínu mati er mikilvægast af öllu að koma samningaferlinu í gang þar sem frá var horfið fyrir ríkisstjórnaskiptin og sem betur fer hefur hinn harðskeytti forsætisráðherra sem nýlega er tekinn við sýnt meiri vilja en maður hefði talið í upphafi miðað við hans fyrri yfirlýsingar þó ég ætli ekki að fullyrða neitt um það á þessu stigi. Við höfum haft tækifæri til þess að fylgjast vel með þessu máli í gegnum starfsbræður okkar á Norðurlöndunum sem að sjálfsögðu hafa miklu betri aðgang að því en við Íslendingar höfum m.a. vegna beinnar þátttöku þeirra og sendiráða sem þeir hafa á þessu svæði.

Herra forseti. Aðeins að lokum vil ég fagna því að þingmenn taka undir að Íslendingar hafa ákveðið að bjóða sig fram til setu í öryggisráðinu. Það er m.a. lykillinn að því að við komumst til meiri áhrifa í alþjóðamálum, lykillinn að því að við getum haft meiri áhrif á mál sem hv. þm. leggja áherslu á. En það gerum við ekki nema taka fullan þátt í samstarfi þessara þjóða og vera tilbúnir til að vera í öryggisráðinu.

Um varnarsamstarfið er það að segja að viðræður milli Íslands og Bandaríkjanna eru ekki hafnar og ekki hefur verið ákveðið hvenær þær hefjast. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnaskiptin í Bandaríkjunum hafa skapað að því leytinu til nýjar aðstæður að þar er komið nýtt fólk sem þarf að setja sig inn í mál. Við höfum sýnt fulla þolinmæði og bíðum eftir því að þjóðirnar komist að sameiginlegri niðurstöðu um það hvenær þessar viðræður verði.

Ég get í sjálfu sér ekki sagt meira um þetta mál því að það er ekkert nýtt í því. Við munum leggja á það áherslu í þessum viðræðum að varnir landsins verði tryggðar áfram. Við teljum þörf á ákveðnum lágmarksvörnum til að tryggja stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og að þess vegna sé varnarsamningurinn og aðildin að Atlantshafsbandalaginu grundvallaratriði í þeirri tryggingu sem við þurfum þannig að hér séu góðar varnir, traustvekjandi varnir þannig að íslenska þjóðin geti búið við fullt öryggi. Ég treysti því að þetta samstarf haldi áfram eins og það hefur gert í 50 ár og við munum minnast þess í byrjun maí að 50 ár eru liðin frá því að Ísland og Bandaríkin tóku upp mjög farsælt varnarsamstarf.

[15:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir að það gagnast lítið að vera með fordæmingar varðandi málefni Palestínu. En svo var að Ísrael átti samúð þjóða í áratugi og ég fullyrði að þeir hafi fyrirgert henni hjá flestum í dag. Það eru bara staðreyndir sem liggja fyrir eftir það sem hefur verið að gerast.

Ég kem upp til að lýsa ánægju minni með þá yfirlýsingu utanrrh. að Ísland muni styðja viðleitni Norðmanna og ég er mjög ánægð að heyra það í ræðu ráðherrans að það hafi verið — ekki að ég hafi verið að fagna því að það hafi þurft eitthvert frumkvæði gagnvart Norðmönnum. Þeir fara með formennsku í refsiaðgerðanefndinni. En mér finnst það segja ákveðna sögu að stærstu ríki báðu Norðmenn að reyna að leiða tillögugerð í samráði við Sameinuðu þjóðirnar. Það segir manni að það er orðið áhyggjuefni hvernig þessi mál hafa þróast með Írak og það er alveg ljóst að stærstu þjóðir hefðu ekki verið að biðja þá um að reyna að skoða nýjar leiðir nema af því að menn vilja fara nýjar leiðar. Ég held því fram að Ísland geti gert meira en vera með viðleitni. Það getur sýnt pólitíska stuðning í þessu máli. Það er afskaplega undarlegt meðan við teljum okkur öll, og öll þessi lönd, bundin af niðurstöðum öryggisráðsins svo sem eins og með viðskiptabannið, að þá er ljóst að það hefur veikst vegna andstöðu Rússa og Frakka við það. Frakkar hafa verið að fljúga með fólk og e.t.v. gögn og bara tilkynnt það sisvona að nú hafi þeir flogið. Um leið og þetta er farið að gerast þá veikist bannið auðvitað og það veikist af því að menn hafa miklar efasemdir um að nokkurt réttlæti sé í því að halda áfram með svona aðgerðir.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi þau pólitísku tíðindi frá Bandaríkjunum, að ríkisstjórn Bush hyggist gefa Kyotobókunina upp á bátinn og bara einfaldlega hafna því að ganga til samstarfs eða halda áfram samstarfi á þeim grunni, þá

hefði ég gjarnan viljað sjá miklu harðari viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda og mér finnst að menn eigi að finna til ábyrgðar sinnar og sameiginlegrar ábyrgðar varðandi framtíðarhorfur mannkyns og heimsins. En kannski má segja að ekki sé mjög hægt um vik þar sem Ísland er eitt örfárra ríkja sem ekki hafði einu sinni svo mikið sem undirritað bókunina, hvað þá staðfest hana. En menn geta svo sem haft einhverja sjálfstæða skoðun á málinu eftir sem áður.

Varðandi Írak og í samræmi við það sem hæstv. ráðherra sagði að Íslendingar styddu eindregið frumkvæði Norðmanna, þá finnst mér tímabært að Alþingi Íslendinga taki þá af skarið fyrir sitt leyti og lýsi því yfir að það vilji að menn beiti sér fyrir endurskoðun á þeirri framkvæmd. Það er búið að biðja um afgreiðslu á tillögu sem gengur í þá átt einum sjö sinnum á Alþingi Íslendinga á jafnmörgum árum eða svo til og hefur ekki tekist enn þá, en ég hlýt að leyfa mér að lýsa yfir ákveðinni bjartsýni og trú á að nú væri hægt að sameinast um að a.m.k. einhverja örlitla vísbendingu í þá veru þó ekki væri meira. Og vegna þess að málið hefur verið á dagskrá Alþingis finnst mér að þingið ætti sóma síns vegna þó ekki kæmi annað til að binda einhvern endahnút á þetta mál þannig að það endi ekki afvelta ef svo vel vill til að einmitt það fari að gerast sem tillagan hefur alla tíð gengið út frá. Það hefur einmitt verið að endurskoða framkvæmdina og aldrei falið í sér að ekki væri áfram ástæða til að viðhalda vopnasölubanni eða öðrum slíkum aðgerðum.

Varðandi ályktanir eða fordæmingu á framgöngu Ísraela í málefnum Palestínumanna, þá geta menn auðvitað sagt sem svo að það flytji ekki fjöll þó að litla Ísland geri ályktun eða láti í sér heyra í þeim efnum, en við eigum samt að gera það og við eigum að gera það einarðlegea í krafti þeirrar sannfæringar okkar að þarna sé ámælisverð framganga á ferð og ég hvet því til þess að íslensk stjórnvöld fjalli um það mál.

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Bókasafnsfræðingar, 526. mál, nál. menntmn., þskj. 988.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), 447. mál, nál. utanrmn., þskj. 990.

Friðargæsla, 618. mál, fsp. ÞSveinb og RG, þskj. 991.

Lagaheimild til að skylda sakborninga til dvalar á meðferðarstofnun, 617. mál, fsp. MF, þskj. 989.

Meðferð mála ungra sakborninga, 611. mál, fsp. MF, þskj. 981.

Norræna ráðherranefndin 2000, ein umr.

Skýrsla samstarfsráðherra, 543. mál. — Þskj. 846.

[15:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2000. Danir fóru með formennsku í ráðherranefndinni það ár og var yfirskrift formennskuáætlunar þeirra: „Norrænu velferðarríkin: fagleg þekking, mannúðleg sýn.“ Markmið áætlunarinnar var að hvetja til umræðu um velferðarmál í víðum skilningi og framtíð norræna velferðarkerfisins í ljósi breyttrar aldursdreifingar og alþjóðavæðingarinnar. Undir þeim merkjum voru því bæði haldnar athyglisverðar ráðstefnur og gefnar út skýrslur um velferðarkerfið, norræna vinnumarkaðinn og um áhrif evrunnar á efnahag og velferðarkerfi Norðurlandanna.

Þó að árleg fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar nemi hátt á 8. milljarð íslenskra króna er megnið af því fé bundið í langtímaverkefnum og rekstri samnorrænu stofnananna. Þetta hefur á undanförnum árum verið gagnrýnt þar sem afleiðingin er að fjármuni hefur skort til nýrra áhugaverðra verkefna. Framkvæmdastjóra ráðherranefndarskrifstofunnar var því falið á árinu að leggja fram tillögur um breytingar á norrænu fjárlagagerðinni. Flestar þeirra tillagna sem lagðar voru fram eru um fjárlagatæknileg atriði og hafa sumar þeirra þegar verið teknar til framkvæmda en aðrar verða það bráðlega. Nokkrar tillagnanna krefjast þó frekari umfjöllunar og verður niðurstaða samstarfsráðherranna um þær lögð fyrir Norðurlandaráð sem ráðherranefndartillaga.

Sú þeirra sem er veigamest er þess efnis að teknar verði upp samningaviðræður við stjórnir flestra norrænu stofnananna um gagngerar breytingar á rekstrarformi þeirra. Hún hefur verið send til umsagnar fagráðherranefndanna og stjórnar stofnananna en hlaut þar lítinn hljómgrunn. Samstarfsráðherrarnir hafa síðan fjallað um hana en ekki tekið endanlega afstöðu. Ljóst er þó að ólíklegt er að gengið verði eins langt og lagt var til hvað varðar breytingar á rekstri stofnananna.

Ég tel almennt séð að starfsárið hafi verið jákvætt og árangursríkt, bæði hvað varðar sérstök áhugamál okkar Íslendinga og þegar á heildina er litið. Þrjár skýrslur sem allar snúa að stefnumótun í samstarfinu til lengri tíma voru lagðar fram og ræddar í ráðherranefndinni.

Fyrsta vil ég nefna skýrslu hins svokallaða vitringahóps sem kallast „Norðurlönd 2000 – umleikin vindum veraldar“. Þar eru lagðar til fjölmargar hugmyndir og tillögur um breytingar á starfsemi ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs í ljósi samfélagsþróunar á Norðurlöndum og þeirra breytinga sem vænta má vegna alþjóðavæðingar næstu ára. Skýrslan lá frammi á síðasta þingi Norðurlandaráðs í nóvember í Reykjavík.

Í janúar sl. var síðan efnt til sameiginlegs fundar norrænu samstarfsráðherranna og Norðurlandaráðs. Á fundinum var m.a. ákveðið að eftirfylgni Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar héldist í hendur og að sameiginlegar tillögur um nýjar áherslur og aðgerðir yrðu lagðar fyrir Norðurlandaráðsþing í nóvember 2001. Í skýrslu vitringahópsins svokallaða er að finna fjölmargar athyglisverðar tillögur um nýja málaflokka og samstarfsfleti sem taka mið af núverandi aðstæðum og framtíðarspá. Ég nefni t.d. hugmyndir þær sem þar eru lagðar fram um að gera þurfi samstarfið sveigjanlegra og taka m.a. upp þverfaglegt samstarf við önnur ríki og svæði en okkar hefðbundnu grannsvæði. Ég mun þar leggja mitt af mörkum til að hugmyndir um samstarf ríkjanna kringum Norður-Atlantshafið um umhverfis- og auðlindamál þess svæðis komi til framkvæmda.

Fyrsti vísir að slíku er reyndar þegar fyrir hendi því við héldum árið 1999, á formennskuári Íslands, norræna ráðstefnu í Reykjavík um umhverfis- og atvinnuþróun og fleiri þætti sem sameiginlegir eru fyrir Norður-Atlantshafssvæðið. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá skosku eyjunum og Kanada auk Færeyja og Íslands.

Í framhaldi hefur verið boðað til ráðstefnu um verndun sjávar og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins á Norður-Atlantshafssvæðinu og grannsvæðum þess sem umhverfis-

og sjávarútvegsráðherrar Íslands, Grænlands, Færeyja, Noregs og Danmerkur munu sækja auk ráðamanna frá skosku eyjunum og Kanada. Einnig er vænst þátttöku frá Írlandi og Evrópusambandinu.

Ég nefni einnig hugmyndir um að taka upp norrænt samstarf um mál tengd breyttri aldursdreifingu á íbúum Norðurlanda og fjölgun innflytjenda frá löndum utan Norðurlanda. Þessum þjóðfélagsbreytingum fylgja margvísleg ný vandamál sem ná þarf tökum á í tæka tíð. Á starfsárinu var einnig lögð fram tillaga um áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum til ársins 2020. Áætlunin sem hefur þegar verið kynnt ríkisstjórn verður til umræðu á þemafundi Norðurlandaráðs í byrjun apríl nk. í Ósló. Efni hennar og markmið snýr bæði að samnorrænum verkefnum og aðgerðum innan lands. Málefnið er eðli sínu samkvæmt þverfaglegt og mörg samstarfssvið koma að framkvæmdinni. Því voru það forsætisráðherrar landanna sem tóku frumkvæði að mótun stefnunnar. Eftirfylgnin er hins vegar á hendi samstarfsráðherranna þó að umhverfisráðherrar gegni þar lykilhlutverki.

Ég tel þetta frumkvæði vera afar mikilvægt framlag til sjálfbærrar þróunar, ekki bara á Norðurlöndunum heldur á alþjóðavettvangi. Ef við nýtum þau færi sem gefast á að kynna þetta átak sem víðast er ljóst að fram kemur að Norðurlöndin eru fyrstu lönd heims sem taka sig saman um að búa til áætlun um sjálfbæra þróun. Þannig stöndum við fremstir í flokki á alþjóðavísu.

Grundvallarhugsunin að baki hinnar sérstöku áætlunar okkar Íslendinga, Fólk og haf í norðri, sem við lögðum fram á formennskuári okkar 1999 er um margt sú sama og liggur að baki áætluninni um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Við Íslendingar viljum með henni stuðla að því að hagsmunir þeirra sem byggja norðlæg strjálbýl svæði verði settir í fyrirrúm. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda svæðisins skiptir þar sköpum auk sameiginlegra rannsókna á lífríki svæðisins og kynningar á lífskjörum íbúa þess. Því gefst kærkomið tækifæri til að fylgja áfram eftir formennskuáætlun okkar frá 1999, Fólk og haf í norðri, verði áætluninni um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum veitt brautargengi af Norðurlandaráði sem er afar líklegt.

Eins og fram kemur í skýrslu þeirri sem ég tala hér fyrir var ýmsu af því sem við Íslendingar settum á dagskrá árið 1999 ekki hrundið í framkvæmd fyrr en árið 2000. Þess á meðal er viðamikið rannsóknarverkefni um samspil sjávarstrauma og loftslags sem Færeyingar áttu frumkvæði að, ráðstefna um skógrækt handan skógarmarka og ráðstefna um stöðu ungmenna á jaðarsvæðum. Eins er um víkingasýninguna glæsilegu sem sett var upp í Smithsonian-safninu í Washington í apríl og síðan flutt til New York. Hún er núna sýnd í náttúru- og vísindasafninu í Denver.

Þá er afar ánægjulegt hve ráðherranefndin tók að sér mikilvægt hlutverk í eftirfylgni ráðstefnunnar Konur og lýðræði sem ríkisstjórnin hélt 1999 í Reykjavík í samstarfi við ríkisstjórn Bandaríkjanna og ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin hefur með höndum skráningu þeirra verkefna sem hleypt var af stokkunum í kjölfar Reykjavíkurráðstefnunnar. Jafnframt gegndi hún mikilvægu hlutverki við undirbúning ráðstefnunnar sem haldin var í Helsinki í mars 2000 og við undirbúning ráðstefnunnar sem haldin verður í Litháen í sumar en markmið þeirra beggja er að fylgja eftir Reykjavíkurráðstefnunni.

Eins og menn muna var haldið fjölmennt norrænt ungmennamót, Menning og æska, í Reykjavík sumarið 2000 með umtalsverðum fjárstuðningi og aðstoð bæði frá ráðherranefndinni, ríkisstjórninni og öðrum opinberum aðilum hér á landi.

Þá vil ég nefna málefni upplýsingasamfélagsins sem við Íslendingar og reyndar fleiri norræn lönd hafa lagt ríka áherslu á að sett verði á dagskrá norræns samstarfs. Sú staðreynd að þau mál eru á hendi mismunandi ráðherra í löndunum hefur valdið því að ekki hefur enn verið haldinn norrænn ráðherrafundur þó að ákvörðun um stofnun ráðherranefndarinnar hafi verið tekin snemma ársins 1999. Samstarfið milli viðkomandi embættismanna er þó hafið og drög hafa verið lögð að samstarfi ráðherranna. Auk þess hefur ýmis starfsemi byggð á upplýsingatækninni á síðustu tveimur árum verið tekin upp á vegum ráðherranefndarinnar. Þar nefni ég sérstaklega menntamál, rannsókna-, iðnaðar- og atvinnumál. Sú ákvörðun samstarfsráðherranna á starfsárinu að fagráðherranefndirnar skyldu bera ábyrgð á því hver á sínu sviði að jafnréttis skuli gætt í starfseminni er í samræmi við þá stefnu að nauðsynlegt sé að samþætta jafnréttissjónarmið við öll svið þjóðfélagsins til að árangur náist. Því vænti ég góðs af þeirri ákvörðun.

Að lokum vil ég skýra frá því að formennskuáætlun Finna sem nú hafa tekið við forustu í samstarfinu var lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember sl. Yfirskrift hennar er Nordbo 2001 eða Norðurlandabúi 2001 og helsta markmiðið er að setja hagsmuni einstaklingsins á Norðurlöndum í fyrirrúm í samstarfinu. Af því tilefni hefur þegar verið ákveðið að út verði gefin eins konar norræn réttindaskrá því réttindi eru lítils virði ef fólk veit ekki um þau. Auk skrárinnar verði gerð úttekt á þeim hindrunum sem enn standa í vegi fyrir því að Norðurlandabúar njóti sama réttar og heimamenn með það að markmiði að þeim hindrunum verði rutt úr vegi. Ég styð þetta framtak Finna heils hugar, enda er það í samræmi við stefnu okkar Íslendinga í samstarfinu.

Þá vil ég, virðulegur forseti, að lokum nefna að samningar hafa tekist við Norræna félagið um að sjá um norræna þjónustusímann Halló Norðurlönd á Íslandi og flyst því þjónustan til Íslands innan tíðar. Sams konar samningar hafa verið gerðir annars staðar á Norðurlöndunum. Ráðherranefndin verður tengiliður þessarar þjónustu og mun sjá um gagnabanka fyrir starfsemina. Um nánari upplýsingar vísa ég til skýrslunnar sem að venju var gerð í samstarfi allra ráðuneyta og er afar efnismikil eins og þingmenn sjá.

Að lokum vil ég þakka sérstaklega Íslandsdeildinni fyrir gott samstarf og lýsa ánægju með hversu vel tókst til með alla framkvæmd Norðurlandaráðsþingsins í nóvember. Það var Alþingi og Íslandsdeild Norðurlandaráðs til mikils sóma hvernig staðið var að því.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessa skýrslu og fyrir ræðu hennar.

Ég verð aftur á móti að lýsa því yfir að mér finnst miður að umræða um skýrslur um alþjóðasamstarfið skuli ævinlega fara fram að lokinni langri utanríkisumræðu. Umræðan um samstarfið, ég vil segja nærsvæðasamstarf okkar, fær þannig hvorki nægilegt kastljós á sig né að í henni taki þátt þeir sem ættu að skiptast hér á skoðunum. Það á ekki að vera þannig að við sem erum í Norðurlandaráði, í Evrópuráðinu eða í öðru erlendu samstarfi eigum að vera í salnum og tala saman. Við þekkjum það sem hefur verið að gerast en umræðunni

hér, í þjóðþinginu heima, er ætlað að veita upplýsingar og varpa ljósi á hversu þýðingarmikið samstarfið er fyrir þá sem heima sitja og hafa ekki möguleika á því að kynna sér það nema með því að fylgjast með þennan eina dag á ári hverju sem við ræðum samstarfið.

Þess vegna, herra forseti, óska ég þess og hef sett þá ósk fram áður að einhvern tíma mundum við setja þessar skýrslur um alþjóðastarf fyrst á dagskrána á einhverjum degi þar sem ljóst væri að fólk hefði tíma til að taka þátt í umræðunni og leggja mat á hvort það er þess virði að taka þátt í erlendu samstarfi. Menn mundu þá vonandi gera sér grein fyrir því að með því erum við ekki að eyða peningunum í vitleysu heldur er það veruleg fjárfesting sem skiptir máli fyrir okkur öll.

Ég gerðist bara fyrir örfáum vikum þátttakandi í Norðurlandaráði. Ég hef starfað á vegum þess lengi í gegnum tíðina en ætla ekki að blanda mér í þá umræðu heldur ætla þeim það sem hafa verið þar undangengið ár. Ég hef hins vegar tekið þátt í öðru norrænu verkefni, þ.e. Norræna menningarsjóðnum. Mér finnst því fara vel á því að fara nokkrum orðum um hann og þýðingu hans, ekki síst fyrir okkur á Íslandi, undir þessum lið þegar hæstv. ráðherra hefur farið yfir skýrsluna um samstarfið.

Staðreyndin er sú að Norræni menningarsjóðurinn hefur sennilega meiri þýðingu fyrir okkur hér á Íslandi en fyrir nokkurt hinna Norðurlandanna. Á öllum Norðurlöndunum eru svonefndir tvíhliða sjóðir milli tveggja landa. Þeir eru mjög sterkir á meðan það eru eingöngu fjórir litlir slíkir gagnkvæmir sjóðir milli tveggja landa hjá okkur. Allir fjórir, þessir tveggja landa gagnkvæmu sjóðir, veittu samtals fjármagn upp á 750 þús. danskar krónur til verkefna. Ef við berum það saman við einn af stærstu tvíhliða sjóðunum á hinum Norðurlöndunum, þ.e. menningarsjóð milli Svíþjóðar og Finnlands, þá deildi hann út 8 millj. dönskum krónum, bara þessi eini tveggja landa sjóður. Þetta segir okkur að Norræni menningarsjóðurinn er mjög mikilvægur fyrir Ísland sem á ekki í marga staði að leita eftir stuðningi við menningarverkefni.

Umsóknum um framlög úr þessum sjóði hefur fjölgað um 50% á síðasta áratug. Aukning á því sem sótt er um er upp á 150% fyrir sama tímabil. Um það bil 800 gildar umsóknir berast á hverju ári en það er hægt að verða við óskum u.þ.b. 200 umsækjenda. Við getum aðeins sinnt fjórðungnum. Fjárhæðirnar sem sótt er um eru um 200 millj. en það er hægt að veita 25 millj. Þetta eru nokkurn veginn útlínurnar í Norræna menningarsjóðnum.

Umsóknir frá Íslandi eru um það bil 4% af umfanginu en það er veitt fjármagn til umsókna sem nemur um 6% og fjármagnið fer upp í 12% af því sem veitt er. Við erum þannig að fá gífurlega mikinn stuðning til menningarverkefna á Íslandi úr Norræna menningarsjóðnum. Mér finnst mikilvægt, herra forseti, að koma þessu á framfæri í þessari umræðu.

Eins og þeir sem starfa á þessu sviði vita er sjóðnum ætlað að veita fjármagn til menningarmála, rannsókna og menntamála. Um það bil 90% fara til menningarmála og 5% til hinna tveggja þáttanna. Fyrir utan það að veita fjármagn til verkefna sem sótt er um hefur sjóðurinn sjálfur ákveðið að fara í ákveðin verkefni og nota til þess nokkurt fjármagn, þ.e. að skoða málskilning á Norðurlöndum. Slík rannsókn fór síðast fram árið 1975 og frá því árið 1975 hefur ekki verið gerð nein rannsókn á stöðu tungumálanna hjá þjóðum Norðurlanda. Umræðan á Norðurlöndum um málskilninginn er fremur byggð á tilfinningu og getgátum en raunverulegri rannsókn. Það vantar þekkingu á því hvernig staðan er og hvernig þróunin hefur verið undanfarin 25 ár. Þessi nýja rannsókn mun þannig byggjast á fagrannsóknum frá 1975. Þetta er vísindaleg rannsókn sem sjóðurinn hefur hugsað sér að fara í. Rannsóknin á að ná til karla og kvenna á Norðurlöndum, til landsbyggðar og þéttbýlis, til ólíkra aldurshópa og innflytjenda sem eru ekki norrænir.

Mér finnst þetta mjög mikilvægt verkefni. Evrópuráðið hefur lýst árið 2001 sem evrópskt málár eða tungumálaár. Það var reyndar ekki ástæðan fyrir því að sjóðurinn ákvað að hrinda þessu verkefni af stað. Það var ekki síður umræðan um að sjóðnum væri ætlað að taka fyrir sérstök verkefni og hafa frumkvæði en ekki bara veita fé til einstakra verkefna félagasamtaka eða menningarstofnana. Við höfum hugsað okkur að þetta verkefni gæti hafist í haust og yrði í gangi fram á sumarið 2003. Þetta hefur verið rætt á tveimur fundum í sjóðnum og hefur verið sagt frá því. Mér finnst því full ástæða til þess að segja frá þessu hér.

Auk þessa hefur verið veitt fé til sérstakrar sýningar. Það gerði sjóðurinn nú í ársbyrjun. Þá var nokkuð mikið fé veitt til þess sem kallað er Vestnordisk Fangstkultur og á að varpa ljósi á þróunina í veiðimannasamfélögum Vestur-Norðurlanda. Færeyjar sóttu um fjármagn í sjóðinn til þessa verkefnis en verkefnið á síðan að vera farandsýning sem fer um Norðurlöndin og hugsanlega Eystrasaltslöndin. Þetta er feikilega áhugavert verkefni sem var mikils virði að fá fjármagn til úr sjóðnum og í umræðum um það kom aftur upp áhugi á því að veita árlega fjármagn til slíkra sérstakra sýninga. Það verður jafnframt skoðað í sjóðnum.

Ég lít á þetta sem nýjungar í starfinu, a.m.k. á þeim tíma sem ég hef verið í sjóðnum. Fyrst og fremst kom ég hingað, herra forseti, til að veita upplýsingar um verkefni Menningarsjóðs Norðurlanda og hversu gífurlega þýðingarmikill hann er fyrir menningarlíf okkar á Íslandi.

[15:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mig langar aðeins að víkja að einu máli sem hefur verið unnið að á forsendum samþykktar ráðherranefndar Norðurlanda um áætlanir um verndun menningarminja og annars menningararfs sem skyldi vera einn af þremur meginþáttum umhverfisverndar. Landvernd hefur m.a. tekið upp á sína arma að fylgja því máli eftir. Á grundvelli samþykktarinnar er hafin vinna, þ.e. ákveðin áætlanagerð og hafa skapast væntingar í sambandi við verndun menningarminja og búsetu í Árneshreppi á Ströndum. Þar hafa bæði verið unnar áætlanir, tillögur og gerð ýmiss konar úttekt af heimafólki í samráði við Landvernd og fleiri aðila. Einnig hefur verið unnið, að því að ég best veit, í samstarfi og samráði við ráðherra í ríkisstjórninni. Einstökum ráðherrum sem þar eiga hlut að máli hefur í framhaldi af þessari vinnu og áætlanagerð verið ritað bréf þar sem óskað hefur verið eftir stuðningi við framhald á verkinu á grundvelli samþykktarinnar sem hæstv. ráðherra vitnaði einmitt til í ræðu sinni.

Ég vil ítreka það sem hæstv. ráðherra vék að, að verndun menningarminja verði nátengd samfélögum og búsetu. Ég vil árétta að það er eitt þýðingarmesta verkefni samtímans fyrir framtíðina. Sú áætlun og þær hugmyndir sem unnið hefur verið að í tengslum við verkefnið í Árneshreppi tel ég að mörgu leyti nýstárlegar og fyllilega ástæðu til að þeim sé fylgt eftir, þær unnar frekar og þá í nánu samráði við

heimafólk eins og verið hefur. Verkefnið hefur einnig kveikt ákveðnar væntingar sem sjálfsagt er að hafa í huga.

Sjálfsagt eru fleiri samfélög hér á landi sem búa að merkilegri menningararfleifð en íbúar í þessum eina hreppi. Mér er það ljóst en engu að síður er staðan sú að þarna er virkilega þörf á að taka á með heimafólki við að standa vörð um þann menningararf og það samfélag sem þarna er. Það er afar þýðingarmikið fyrir landsmenn alla.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra sé kunnugt um starfið sem þarna hefur verið lagt af stað með. Ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig hún, sem ráðherra Norðurlandamála og samstarfsaðili á þeim vettvangi og sem ráðherra í ríkisstjórninni sem hefur þetta mál á borðum, lítur á stöðu þessa máls og framvindu þess.

[16:00]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það hefur verið lögð áhersla á verndun náttúru- og menningarminja á norðurheimsskautssvæðunum. Það kemur fram í kaflanum Vinnunefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi. Þau verkefni sem unnið er að samkvæmt áætluninni eru m.a. Staðardagskrá 21, náttúruvernd og ferðaþjónusta, umhverfisfræðsla og áhrif botnvörpu- og togveiða á lífríki sjávar.

Ég vil koma því að í stuttu andsvari, fyrst hér var lögð fram spurning til mín varðandi Árneshreppinn, að Landvernd hefur kynnt þetta verkefni í umhvrn. Það eru margir kostir við það verkefni, að reyna að hlúa menningarsamfélagi. Hugmyndin var að gera það m.a. með því að styrkja veiðar, landbúnað, samgöngumál o.s.frv., þannig að þetta er mjög þverfaglegt verkefni. Upp í hugann koma hins vegar ýmsar spurningar eins og hvað menn geri við önnur svæði. Er í lagi að taka eitt svæði út? Það má vel vera að það sé í lagi. Ég veit að málið hefur fengið einhvers konar kynningu frá Landvernd í forsrn. og það er verið að skoða þetta verkefni. Það er ekki komin niðurstaða.

[16:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögð hennar og jákvæða afstöðu hennar til verkefnisins sem ég vakti athygli á. Vissulega er vandasamt að gera slíkt verkefni á einu svæði án þess að það mismuni öðrum. En einhvers staðar verður á stórum þáttum að byrja. Hvort sem þeir eru stórir eða smáir þá verður alltaf að byrja. Ef við óttumst það að byrja, sem ég er alls ekki að gera hæstv. ráðherra upp, þá munum við ekki gera neitt. Þarna eru mikil menningarverðmæti í húfi fyrir nútíð og framtíð sem geta fljótt orðið forgengileg og menning okkar skroppið meira saman í einu vetfangi en við mundum vera sátt við. Ég fullyrði að þjóð okkar og menning væri fátækari ef ekki tekst að nýta þann mikla menningararf sem er að finna í þessu litla samfélagi.

Ég hvet hæstv. ráðherra, sem ég heyri að ber hlýjan hug og góðan hug til þessa máls, að beita orku sinni og afli til að styðja að verkefni í þá veru sem Landvernd hefur beitt sér fyrir og tekið þátt í en miklu fleiri aðilar koma að og geta tengst.

Norrænt samstarf 2000, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 571. mál. — Þskj. 880.

[16:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í ræðu minni kynni ég skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf. Norrænt samstarf er eitt allra mikilvægasta samstarf Íslands við erlend ríki, enda er löng hefð fyrir því. Það hefur reyndar komið fram í ræðum í dag um utanríkismál. Ég stikla á stóru í ræðu minni en einstaka þingmenn sem sitja í Íslandsdeild munu væntanlega kynna störf sín í Norðurlandaráði í umræðunni. Skýrsluna í heild sinni er að finna á þskj. 880 en þetta er 571. mál þessa þings.

Frá árinu 1995 hefur Norðurlandaráð starfað á þremur meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Auk þess starfar sérstök eftirlitsnefnd og forsætisnefnd í Norðurlandaráði. Frá árinu 1995 var flokkastarf aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur árlega þing, þ.e. Norðurlandaráðsþing, sem er æðsti vettvangur ráðsins. Þá eru haldnar sérstakar þemaráðstefnur þar sem fyrir eru tekin ákveðin meginviðfangsefni norrænnar samvinnu.

Enn eru skipulagsmál til umræðu í Norðurlandaráði og fer reyndar gríðarlegur tími og orka í þær umræður. Aldamótanefndin svokallaða var sett á fót 1999 undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Norræna fjárfestingarbankans og fyrrv. iðn.- og viðskrh. Starf nefndarinnar hefur ýtt undir þessa umræðu en skýrsla nefndarinnar var kynnt og tekin fyrir á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember sl.

Skýrsla aldamótanefndarinnar verður tekin til ítarlegrar meðferðar innan ráðsins nú í ár. Gert er ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um framtíðarskipulag Norðurlandaráðs og norrænnar samvinnu á 53. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn nú í haust.

Ísland átti forseta ráðsins á síðasta ári en Sigríður Anna Þórðardóttir stýrði starfi Norðurlandaráðs sem forseti frá 1. janúar ársins 2000 fram til áramóta og var hún landi og þjóð til mikils sóma, enda stóð hún sig með miklum ágætum sem forseti ráðsins.

Herra forseti. Næst sný ég mér að starfi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í byrjun ársins skipuðu Íslandsdeildina þau Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson og Steingrímur J. Sigfússon. Varamenn voru Árni Johnsen, Rannveig Guðmundsdóttir Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller og Þuríður Backman. Hinn 2. október 2000 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Norðurlandaráði og á fundi Íslandsdeildarinnar daginn eftir var Ísólfur Gylfi Pálmason kjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi í nóvember 1999 voru Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson og Ísólfur Gylfi Pálmason kjörin til setu í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Hjálmar Jónsson í nærsvæðanefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, Sigríður Jóhannesdóttir í Norðurlandanefnd og Steingrímur J. Sigfússon í Norðurlandanefnd. Á forsætisnefndarfundi í Jevnaker 9. desember 1999 var sú breyting gerð á skipan í nefndir að Steingrímur J. Sigfússon var færður úr Norðurlandanefnd

í Evrópunefnd að ósk flokkahóps vinstri sósíalista. Þessi nefndarskipan hélst út starfsárið 2000.

Alls kom Íslandsdeild Norðurlandaráðs saman til sjö formlegra funda auk margra óformlegra funda formanns, varaformanns og ritara. Á fundum voru ráðstefnur og fundir undirbúnir en stærsta verkefni Íslandsdeildar var undirbúningur og framkvæmd 52. Norðurlandaráðsþings sem haldið var 6.–8. nóvember sl., en þingið tókst í alla staði mjög vel. Íslandsdeild hélt einn fund með samstarfsráðherra Norðurlanda, Siv Friðleifsdóttur. Þar var m.a. rætt um Norðurlandaráðsþing, tillögur til norrænu fjárlaganna 2001 og Hallo Norden sem er upplýsingasími á vegum Norðurlandaráðs. Þá hélt nefndin fund með fulltrúum upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaskrifstofu forsrn. Þar var m.a. farið yfir upplýsingamál, útgáfustarfsemi, heimasíðu, samskipti við fjölmiðla og samstarf landsdeilda. Það má í raun og veru segja að upplýsingakerfið hafi verið stóreflt á árinu 2000.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda tvo þingfulltrúa á ráðstefnuna Barn Forum II en hv. þm. Hjálmar Jónsson, sem sat í nærsvæðanefnd og Sigríður Jóhannesdóttir, sem sat í Norðurlandanefnd, tóku þátt í þeirri ráðstefnu auk fimm íslenskra ungmenna á aldrinum 18–25 ára. Þessi ungmenni voru Sif Sigmarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Bára Mjöll Þórðardóttir, Katrín Júlíusdóttir og Margrét Helga Ögmundsdóttir.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 15. júní 2000 en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur. Óvenjufáar umsóknir bárust um styrkina og var því unnt að veita öllum umsækjendum styrk að þessu sinni. Eftirtaldir fréttamenn hlutu styrki: Brynhildur Þórarinsdóttur hlaut 100.000 kr, Broddi Broddason 95.000 kr., Eiríkur Stefán Eiríksson 100.000 kr., Pálmi Jónasson 135.000 kr., Helgi Þorsteinsson 100.000 kr. og Reynir Traustason og Róbert Reynisson saman 300.000 kr. Ekki er ljóst hvers vegna svo fáar umsóknir bárust þetta árið en auglýsing styrkja var hefðbundin. Hins vegar telur Íslandsdeildin rétt að endurskoða fyrirkomulag auglýsingar um fréttamannastyrki fyrir árið 2001 þannig að tryggt sé að náð verði til enn stærri hóps fréttamanna.

Í skýrslu Norðurlandaráðs er næst vikið að starfi forseta ráðsins og mun hv. 3. þm. Reykn., Sigríður A. Þórðardóttir, gera grein fyrir því hér á eftir.

Næst vík ég að starfi nefnda Norðurlandaráðs en forsætisnefnd Norðurlandaráðs er skipuð 12 fulltrúum flokkahópa sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs og allir flokkahópar eiga fulltrúa í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með starfseminni og fjallar nefndin á milli þinga um tillögur sem beint er til nefndarinnar.

Af hálfu Íslandsdeildar sátu í nefndinni Sigríður A. Þórðardóttir frá flokkahópi hægri manna, hún stýrði einnig starfi nefndarinnar, Ísólfur Gylfi Pálmason frá flokkahópi miðjumanna og Sighvatur Björgvinsson frá flokkahópi jafnaðarmanna.

Forsætisnefnd hélt alls sjö fundi á árinu og fór þar að auki í opinbera heimsókn til Moskvu. Forsætisnefndin fjallaði m.a. um skýrslu aldamótanefndarinnar „Norðurlönd 2000 – umvafin vindum veraldar". Ákveðið var að verðlaun Norðurlandaráðs verði frá árinu 2002 afhent við eina og sömu athöfnina en áður hafa verið þrjár athafnir tengdar verðlaunaafhendingu.

Forsætisnefnd hélt aukafund á Hvolsvelli í maí og fjallaði um fjárlög Norðurlandaráðs en á þann fund mætti m.a. Sören Christensen, framkvæmdastjóri norrænu ráðherraskrifstofunnar. Nefndin kynnti sér starfsemi Sögusetursins á Hvolsvelli og var gerður góður rómur að þeirri heimsókn. Forsætisnefnd tók ákvörðun um undirbúning 50 ára afmælis Norðurlandaráðs. Gefin verður út sérstök afmælisbók sem geymir sögu Norðurlandaráðs frá árinu 1978–2002 auk ritgerða eftir stjórnmálamenn. Ráðið mun standa fyrir fjölmörgum atburðum í tilefni afmælisins, svo sem ritgerðarsamkeppni, átaki í upplýsingamálum, eflingu norrænnar menningar, kynningarstarfsemi o.fl. Einnig munu landsdeildir standa fyrir atburðum hver í sínu landi í samstarfi við norrænu ráðherranefndina, norrænu félögin og norrænu húsin í viðkomandi löndum. Ákveðið hefur verið að halda þemaráðstefnu á Íslandi árið 2002 í tilefni afmælisins.

Forsætisnefnd hefur fjallað um endurbætt upplýsingakerfi ráðsins og kynningarblaðið Politik i Norden hefur verið stækkað og kemur út fjórum sinnum á ári. Upplýsinganefnd forsætisnefndar var lögð niður en Rannveig Guðmundsdóttir sat í þeirri nefnd. Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur er upplýsingafulltrúi Norðurlandaráðs.

Komið var á fót vinnuhópi til að fjalla um skýrslu aldamótanefndarinnar. Sighvatur Björgvinsson sat í þeirri nefnd fyrir hönd jafnaðarmanna. Breytingar hafa verið gerðar á nefndinni og nú situr Sigríður A. Þórðardóttir í henni fyrir hönd hægri manna í Norðurlandaráði. Vinnuhópurinn skilar skýrslu og tillögum um mitt þetta ár.

Í Norðurlandanefnd sat Sigríður Jóhannesdóttir, varaformaður Íslandsdeildar, og mun hún gera grein fyrir störfum nefndarinnar á eftir. Á sama hátt sat Hjálmar Jónsson í nærsvæðanefnd og Steingrímur J. Sigfússon sat í Evrópunefnd en Arnbjörg Sveinsdóttir sat í eftirlitsnefnd eins og áður segir.

Næst vík ég að verðlaunum Norðurlandaráðs en þrenn verðlaun eru veitt af hálfu Norðurlandaráðs. Bókmenntaverðlaun féllu í skaut danska skáldsins Henriks Nordbrandts fyrir ljóðabókina Drömmebroer. Tónlistarverðlaun hlaut finnska tónskáldið Kaija Saariaho en náttúru- og umhverfisverðlaun hlutu umhverfissamtökin Bellona í Noregi, en þau verðlaun voru einmitt afhent á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík í nóvember sl.

Næst vík ég að ráðstefnum á vegum ráðsins. Alls voru fimm málþing haldin á vegum Norðurlandaráðs. Þau fjölluðu m.a. um baráttuna gegn eiturlyfjum. Það málþing var haldið í Helsinki. Þá var og haldið málþing um líftækni og lífsiðfræði í Stokkhólmi. Einnig var haldið málþing um menntamál í Ósló og svæðasamstarf í Torneå og að lokum var haldin ráðstefna eða málþing um kynþáttafordóma í Vesterås, en mikil umræða er um kynþáttafordóma á Norðurlöndum og heilmikið rætt m.a. um starf nýnasista og ýmislegt sem tengist fordómum í garð erlendra íbúa á Norðurlöndum.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs árið 2000 var haldin í Kristjánsborg 6. og 7. mars undir yfirskriftinni Þekking og framfarir á Norðurlöndum — stefnumótun fyrir 21. öldina. Markmið ráðstefnunnar var að draga fram meginspurningar eins og um eflingu Norðurlanda sem þekkingar- og hagvaxtarsvæðis, nýtingu nútímatækni til að auka menntun og atvinnutækifæri í dreifbýli, vinnumarkað framtíðarinnar og lífsgæði. Norræna ráðherranefndin stóð fyrir málþingi um evruna og norrænu velferðarríkin í Kaupmannahöfn í júní sl.

52. þing Norðurlandaráðs var haldið, eins og áður greinir, 6.–8. nóvember árið 2000 í Háskólabíói í Reykjavík. Þetta var í níunda sinn sem þingið er haldið á Íslandi. Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af undirbúningi og skipulagi og allri framkvæmd þingsins ásamt starfsmönnum Alþingis. Framkvæmd og skipulag tókst með miklum ágætum og er hlutaðeigandi aðilum þakkað af alhug.

Meginefni þingsins auk hefðbundinna þingstarfa var Norðurlöndin og grannsvæðin og hvernig fylgja beri eftir tilmælum Norðurlandaráðs um samkeppnishæf Norðurlönd, lífsiðfræði og öryggi matvæla. Einnig var fjallað um stefnu í félags- og heilbrigðismálum innan Norðurlanda og Norðurlönd án landamæra.

Næst vík ég að kosningum í nefndir og ráð fyrir árið 2001 á 52. þingi Norðurlandaráðs. Miðvikudaginn 8. nóvember fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta Norðurlandaráðs. Forseti var kjörinn danski þingmaðurinn Svend Erik Hovmand og tók hann við embættinu 1. janúar 2001. Sighvatur Björgvinsson var kjörinn til setu í forsætisnefnd, Sigríður A. Þórðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður Jóhannesdóttir í Norðurlandanefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir var kjörin í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, Steingrímur J. Sigfússon í Evrópunefnd og Hjálmar Jónsson var kjörinn í grannsvæðanefnd. Þá var Hjálmar Jónsson kjörinn til setu í kjörnefnd. Ísólfur Gylfi Pálmason var kjörinn til setu í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans fyrir tímabilið 1. maí 2001 til 30. apríl 2003. Rannveig Guðmundsdóttir var kjörin í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Steingrímur J. Sigfússon til vara.

Að kosningum loknum voru umræður um fjárlög fyrir árið 2001.

Á þinginu var ákveðið að halda 53. Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn í 44. viku ársins 2001.

Með skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs eru fylgiskjöl á bls. 13 og 14, alls 35 atriði um tilmæli, álit og ákvarðanir frá 52. þingi ráðsins.

Herra forseti. Í lok ræðu minnar vil ég þakka fulltrúum Íslandsdeildar fyrir einstaklega gott samstarf. Fyrrverandi forseta Norðurlandaráðs þakka ég sérstaklega gott samstarf og einnig þakka ég varaformönnum Íslandsdeildar fyrir gott samstarf. Skýrsla Íslandsdeildar nær til 1. febrúar þessa árs. Síðan hefur Sighvatur Björgvinsson látið af þingmennsku og hætt störfum á Alþingi og einnig í þágu Norðurlandaráðs, en Sighvatur var mjög virkur, reyndur og áhugasamur um störf í Norðurlandaráði og hafði unnið þar um langa hríð. Í stað Sighvats kemur Rannveig Guðmundsdóttir en hún hefur víðtæka reynslu af störfum ráðsins og er Rannveig sérstaklega boðin velkomin til starfa.

Að lokum þakka ég starfsmönnum alþjóðadeildar Alþingis, sérstaklega þó Einari Farestveit sem hefur verið ritari ráðsins á síðasta ári, en hann lætur brátt af störfum.

Með þessum orðum læt ég lokið ræðu minni um skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir árið 2000.

[16:23]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Á síðasta ári fór Ísland með formennsku í Norðurlandaráði. Það kom í hlut þeirrar sem hér talar að gegna forsetaembætti Norðurlandaráðs. Hlutverk forseta er einkum að leiða og samhæfa störf forsætisnefndar, stjórna fundum nefndarinnar og ekki síst að koma fram fyrir hönd Norðurlandaráðs gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Þá hefur forseti mikilvægu hlutverki að gegna varðandi stefnumótun í málefnum skrifstofu Norðurlandaráðs, auk þess að vinna náið með framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Forseti sótti fjölmarga fundi og ráðstefnur erlendis fyrir hönd Norðurlandaráðs en allur kostnaður af störfum forsetans er greiddur af skrifstofu ráðsins.

Eitt af fyrstu verkum forseta var að eiga fund með Marianne Jelved, formanni norrænu ráðherranefndarinnar, í Kaupmannahöfn í lok janúar. Þar var einkum rætt um störf aldamótanefndar og fjárlagagerð fyrir árið 2001. Ljóst var að veruleg endurskoðun á uppbyggingu fjárlaganna stóð yfir og mátti vænta þess að tillögur yrðu bornar fram um einhvern niðurskurð á fjárframlögum til einstakra stofnana og verkefna. Þá var rætt um skipulag Norðurlandaráðsþings í Reykjavík og hugmyndir ráðherranefndar um ný norræn verðlaun til aðila sem hefði skarað fram úr í málefnum innflytjenda. Skemmst er frá því að segja að forsætisnefndin hafnaði tillögu ráðherranefndarinnar hvað það varðar.

Dagana 2.–4. mars fór forseti í opinbera heimsókn til Eistlands og átti m.a. fundi með Anders Tarand, formanni utanríkismálanefndar eistneska þingsins, og forsætisnefnd Eystrasaltsþingsins auk þess að kynna sér störf upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar í Tallinn sem stýrt er af Kalli Klement. Meðal þess sem fram kom var að upplýsingaskrifstofan er töluvert mikið notuð og greinilegt Eistar hafa mikinn áhuga á Norðurlöndunum.

Forseti tók þátt í vorþingi Benelux-þingsins sem haldið var í Haag í Hollandi dagana 17.–18. mars. Fyrir upphaf þingsins átti forseti fund með forsætisnefndum Benelux-þingsins og Eystrasaltsþingsins og var m.a. rætt um megináherslur hverrar stofnunar fyrir sig komandi missiri. Að fundinum loknum var þingið sett. Í upphafi þess ávarpaði forseti Norðurlandaráðs þingið og fór yfir sjónarmið og áherslur Norðurlandaráðs á hina „norðlægu vídd“ í Evrópusambandinu, mikilvægi svæðasamstarfs og umhverfisverndar.

Í lok apríl var forseti viðstaddur opnun víkingasýningarinnar í Washington. Þá sótti forseti ásamt nokkrum fulltrúum forsætisnefndar Norðurlandaráðs 16. þing Eystrasaltsþingsins sem haldið var í Tartu í Eistlandi 25.–27. maí. Þá tók forseti þátt í ráðstefnu um efnahagsmál sem haldin var í St. Pétursborg í Rússlandi 13.–17. júní og flutti þar ávarp auk þess að taka þátt í hringborðsumræðum. Í júlí sótti forseti þing Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem haldið var í Búkarest 6.–10. júlí. Um miðjan júlí fór forseti fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs sem tók þátt í hátíðahöldunum í Brattahlíð á Grænlandi ásamt því að taka þátt í menningarráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var í Qaqortoq. Í september tók forseti ásamt nokkrum fulltrúum Norðurlandaráðs þátt í ráðstefnunni Barn Forum II sem haldin var í Tallinn í Eistlandi.

Í byrjun október fór forseti ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs í opinbera heimsókn til Moskvu þar sem nefndin átti fundi með Seleznev, forseta Dúmunnar, og síðar Chilingarov, varaforseta Dúmunnar. Á fundi með varaforsetanum var því m.a. skýrt komið á framfæri við forsætisnefndina að Rússar óskuðu eftir beinni aðild að Norðurlandaráði. Þá fundaði sendinefndin með Stroev, forseta sambandsráðsins, Avdeev, fyrsta varautanríkisráðherra Rússlands, Rogozin, formanni utanríkismálanefndar Dúmunnar, og átti að lokum fund með Pivnenko, formanni fastanefndar Dúmunnar um norræn málefni. Í byrjun desember sótti forseti Norðurlandaráðs svo 17. þing Eystrasaltsþingsins sem haldið var

í Vilnius í Litháen 7.–9. desember. Þar hitti hann m.a. að máli forseta litháíska þingsins, átti fund með forsætisnefnd Eystrasaltsþingsins og formanni fastanefndar sem fer með norræn málefni. Þá fór forseti nokkrum sinnum til fundar við framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs og átti fundi með embættismönnum ráðsins.

Ég hef nú stiklað á stóru í þessari yfirferð minni en það er ljóst að hápunkturinn í starfsemi Norðurlandaráðs er árlegt þing ráðsins sem á síðasta ári var haldið í Reykjavík. Skipulaging og umsjón Norðurlandaráðsþings hvílir á Íslandsdeild og alþjóðaskrifstofu Alþingis. Ekki þarf að orðlengja það að framkvæmd þinghaldsins tókst með miklum ágætum svo til þess var tekið af þátttakendum og ég vil við þetta tækifæri endurtaka þakkir til starfsfólks Alþingis fyrir frábærlega vel unnin störf sem voru landi og þjóð til mikils sóma.

Á Norðurlandaráðsþinginu voru samþykkt stefnumið fyrir árið 2001 og þá er lögð áhersla á þróun norrænnar samvinnu, frið og öryggi í Evrópu, Norðurlönd sem forgangssvæði innan ESB, sjálfbæra þróun á Norðurlöndum, grannsvæðasamstarf og samstarf á Barents-, Norðurskauts- og Eystrasaltssvæðunum.

Síðasliðið ár var annasamt ár hjá forseta Norðurlandaráðs. Bar þar margt til. Ýmsir stóratburðir og hátíðahöld settu svip sinn á árið 2000 sem mjög lærdómsríkt og ánægjulegt var að fá tækifæri til að taka þátt í. Stærsta verkefnið sem fram undan er í starfi Norðurlandaráðs er að vinna að tillögum um framtíð norræns samstarfs sem ætlunin er að leggja fyrir 53. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í haust. Vinnuhópur á vegum forsætisnefndar vinnur nú að tillögugerð í þessum efnum og kom saman til fyrsta fundar í síðustu viku. Sú sem hér talar á sæti í vinnuhópnum.

Norrænt samstarf stendur á gömlum merg og hefur í tímans rás verið hryggjarstykkið í alþjóðlegu samstarfi okkar Íslendinga. Það hefur að sjálfsögðu tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina til að það megi sem best þjóna hlutverki sínu. Styrkur norræna samstarfsins liggur fyrst og fremst í stöðu samstarfsins í þjóðarvitund Norðurlandabúa og hinum sameiginlega menningararfi sem tengir okkur traustum böndum. Þetta tel ég vera einstakt í alþjóðlegu samstarfi.

Við þá endurskoðun norræns samstarfs sem nú stendur yfir verða menn að hafa í huga að það er efni samstarfsins, innihaldð sjálft, sem er mikilvægast en ytri rammann verður síðan að sníða að því.

Ljóst er að þjóðir Evrópu leggja í auknum mæli áherslu á svæðisbundið samstarf og samvinna Benelúx-landanna er glöggt dæmi um þetta. Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að Norðurlöndin standi þétt saman og efli samvinnu sína á alþjóðlegum vettvangi.

Í Innansveitarkróniku Halldórs Laxness er sagan af brauðinu dýra. Þar segir frá stúlku sem send var út að sækja brauð úr hver og fannst loks eftir nokkurra daga hrakninga. Brauðið hafði hún látið óskert. Löngu síðar svaraði hún aðspurð hvers vegna hún hefði aldrei brotið sér mola af brauðhleifnum: „Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir“ og: „Getur nokkur nokkurn tíma verið nokkrum trúr nema sjálfum sér?“ Þessi orð eiga vel við um dýrleika norrænnar samvinnu og er vert að hafa að leiðarljósi við endurskoðun hennar til framtíðar.

Að lokum vil ég þakka hæstv. samstarfsráðherra, Siv Friðleifsdóttur, starfsfólki Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytis, Íslandsdeild Norðurlandaráðs og starfsfólki alþjóðaskrifstofu fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á formennskuári Íslands í Norðurlandaráði. Sérstakar þakkir færi ég Einari Farestveit sem hefur verið vakinn og sofinn í því að þjóna okkur þingmönnum sem sitjum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

[16:33]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hjá hv. síðasta ræðumanni kom fram að samstarf Norðurlandaþjóðanna væri afar mikilvægt og að mikilvægt væri að þjóðirnar stæðu þétt saman. Ég geri alls ekki lítið úr mikilvægi þess en spyr hv. þingmann hvort rætt hafi verið innan Norðurlandaráðs eða á þeim vettvangi um mikilvægi þess að norrænar þjóðir stæðu saman annars staðar þar sem um samstarf er að ræða. Í Evrópuráðinu, á þingum og á ráðstefnum um hin ýmsu málefni, m.a. á sviði umhverfismála, hefur dregið verulega úr þessu samstarfi, sem var mjög náið áður. Það heyrir nánast til undantekninga ef haldnir eru sameiginlegir norrænir fundir um einhver sérstök mál til að mynda norræna samstöðu. Evrópusambandið spilar örugglega þar inn í en ég vil fá að heyra hjá hv. þm. hvort þetta hafi verið rætt og þá hvort einhver niðurstaða hafi fengist. Hefur Norðurlandaráðsþingið beint því til þingmanna sem starfa annars staðar eða embættismanna að standa fyrir auknu samstarfi Norðurlandaþjóðanna á öðrum sviðum en þarna?

[16:35]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál hafa vissulega verið rædd innan Norðurlandaráðs og á vettvangi forsætisnefndar þess. Það er alveg ljóst að þarna þurfum við að gera betur. Þetta hefur reyndar áður verið rætt hér í þinginu. Ég man að fyrir nokkrum árum þegar rætt var um samstarf Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þá virtist það staðreynd að dregið hefði úr því eftir að Svíþjóð og Finnland gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Síðan hafa menn lagt áherslu á að lagfæra þetta á ný.

Hins vegar er ljóst að framtíð norrænnar samvinnu verður til umfjöllunar á næstu mánuðum og þá verða m.a. þessi mál á dagskrá. Ég þori að fullyrða að hjá Benelúx-löndunum er um mjög náið samstarf að ræða. Þar fara menn ofan í smæstu smátriði jafnvel þó að þau lönd séu t.d. öll aðilar að ESB. Það kemur ekki í veg fyrir samstarfið. Ég veit ekki til þess að þau hafi á neinn hátt hugsað sér að draga úr sínu samstarfi. Það er engin spurning að Norðurlöndin hafa tækifæri í málum þar sem þau eru samstiga til þess að eiga mjög náið samstarf á alþjóðlegum vettvangi. Ég hvet svo sannarlega til þess.

Hins vegar vil ég líka lýsa því að það hefur einnig verið rætt mjög mikið um að það þyrfti að tengja betur saman fagnefndir þjóðþinganna við aðra starfsemi á vegum Norðurlandaráðs.

[16:37]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi orð en ítreka að hagsmunir þessara ríkja fara ekki saman að sama skapi og þeir gerðu áður. Það hefur verið dálítið erfitt að horfa upp á það hvernig upp úr því nána samstarfi sem var milli Norðurlandaþjóðanna hefur flosnað, t.d. innan Evrópuráðsins og reyndar á þingum þar sem embættismenn koma saman, á ráðstefnum og annars staðar þar sem samstarfið var mjög náið. En það er ekki þannig lengur. Í Evrópuráðinu er nánast eina formlega samstarfið sem Norðurlandaþjóðirnar hafa fólgið í sameiginlegu og notalegu kokteilboði einu sinni á

ári. Við þurfum að komast upp úr því fari til þess að hægt sé að taka á þessum málum.

Noregur og Ísland eru orðin dálítið sér á parti sem norrænir samstarfsaðilar annars vegar og hins vegar eru Evrópusambandslöndin þar sem hinar Norðurlandaþjóðirnar taka þátt. Ég held að það væri vel þess virði að leggja aukna áherslu á þetta innan Evrópuráðsins og Norðurlandaráðsins, þ.e. hvernig þingmenn vinna saman á þessum vettvangi. Ég er sannfærð um að sérstaklega innan Evrópuráðsins væri hægt að ná enn meiri árangri ef Norðurlandaþjóðirnar ynnu meira saman en þær gera.

[16:38]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi á það að í skýrslu svokallaðrar vísra manna nefndar sem skilaði af sér í haust var lögð sérstök áhersla á að Norðurlöndin ættu að leggja sig fram um að tala einum rómi. Í kjölfarið var bent á að það væri kannski ekki alltaf hægt. Það má vel vera að svo sé og við verðum að átta okkur á því að við höfum valið okkur misjafnar leiðir í alþjóðlegu samstarfi. Ekki þarf annað en að minna á að þrjár þjóðanna eru í NATO en tvær eru utan NATO. Þrjár þjóðanna eru innan ESB og tvær eru aðilar að EES-samkomulaginu. Þannig er þetta auðvitað. Við höfum valið okkur mismunandi leiðir hvað varðar þetta alþjóðlega samstarf en ég er hins vegar ekki í vafa um að Norðurlöndin geti talað einum rómi á afar mörgum sviðum. Það er ekki nokkur spurning um að saman erum við miklu sterkari en hver þjóð fyrir sig og getum gert miklu meira ef við leggjum saman heldur en ef ekki væri.

[16:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Gerðar voru víðtækar breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs árið 1995 og síðan hefur Norðurlandaráð starfað á þremur meginsviðum eins og hér var rætt fyrr í dag, þ.e. samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda og Evrópu og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða. Af þessum þremur sviðum hef ég aðallega starfað á því sviði sem hefur með samvinnu innan Norðurlandanna að gera og er afskaplega sæl með það.

Ég vil taka það fram í upphafi máls míns að ég er ein af þeim sem trúi á framtíð norræns samstarfs. Ég held að norrænt samstarf sé okkur ákaflega mikilvægt, ekki síst í þeirri stöðu sem við erum hér á Íslandi. Þar sem við erum utan ESB tel ég að norrænt samstarf, sérstaklega ef tekst að efla samstöðuna enn meir en hingað til hefur tekist, geti verið okkur mikilvægt í samskiptum við Evrópusambandið. Í tengslum við þær breytingar sem gerðar voru 1995 var forsætisnefnd Norðurlandaráðs einnig efld mikið. Gagnvart okkur Íslendingum fannst mér það koma þannig út að hún fengi nokkra yfirvigt. Það var eiginlega meginhlutinn af Íslandsdeildinni sem sat í forsætisnefndinni. Það hefur þó breyst eftir síðasta þing og er það vel.

Í kjölfar áðurnefndra breytinga 1995 var vægi flokkasamstarfsins einnig aukið mjög. Það var eflt mjög fjárhagslega og það er í raun grunnurinn í skipulagningu starfsins eins og það er í dag. Ráðið heldur árlega þing og þemaráðstefnu og á þessum þingum er fjallað sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu.

Ekki hefur tekist eins vel til og að var stefnt í að efla samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk. Verið getur að ástæða þess sé einkum að það dró úr vægi nefndastarfs þjóðþinganna innan Norðurlandaráðs við breytinguna og hefur það mjög verið gagnrýnt manna á milli.

Innan Norðurlandaráðs heyrast stöðugt þær raddir að hverfa eigi aftur til þess skipulags sem áður var og auka sérstaklega vægi fagnefndanna. Það mundi í sjálfu sér kalla á bætt samstarf og aukinn þrýsting á að norrænt samstarf sé sem víðast í öðru erlendu samstarfi og auðvitað er það oft þannig. Ég veit að víða vinna Norðurlöndin mikið saman. Á liðnu hausti þegar ég sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna varð ég t.d. vör við mjög sterka samvinnu norrænu landanna. Auðvitað gerði það okkur Íslendinga, sem erum nú venjulega frekar fáliðaðir á svona samkundum, mun sterkari en ella hefði verið, að hafa þetta mikla norræna samstarf á bak við okkur.

Menn hafa gagnrýnt nokkuð tímasetninguna á hinum stóru þingum Norðurlandaráðs, þ.e. að halda þau á haustin. Fólk talar um að það sé einmitt sá tími sem allra mest er að gera í þjóðþingunum. Fjöldamargir þingmenn eru þá bundnir yfir fjárlagavinnu og erfitt um vik að kalla saman fjölda manns til vinnu í útlöndum í marga daga. Hins vegar tókst ekki að ná samstöðu um að flytja þingið eins og áformað var um tíma. Það var ákveðið að halda það áfram á þessum árstíma.

Síðasta ár voru miklar vonir bundnar við niðurstöður frá svokallaðri vísra manna nefnd, sem hafði verið skipuð af norrænu ráðherranefndinni undir stjórn Jóns Sigurðssonar bankastjóra. Hún átti að koma fram með nýjar hugmyndir um starfsemi Norðurlandaráðs og nýja framtíðarsýn. Ég held að ýmsir hafi orðið fyrir vonbrigðum þegar tillögur hinna vísu manna voru opinberaðar. Í heild má segja að þær hafi hentað nokkuð vel fyrir samstarf ráðherranefndanna enda var það ráðherranefndin sem blés til þessa nefndarstarfs. Hins vegar má segja að mjög hafi hallað á hið venjulega þingmannasamstarf innan Norðurlandaráðs í hugmyndum vísra manna nefndarinnar. Auðvitað voru margar ágætar hugmyndir þar innan um sem verða nýttar en ég ætla alla vega að vona að ekki verði farið í að endurskipuleggja norrænt samstarf þingmanna algjörlega eftir tillögum nefndarinnar.

Á síðasta ári áttum við Íslendingar forseta Norðurlandsráðs. Sigríður Anna Þórðardóttir var kjörin forseti ráðsins í Stokkhólmi í nóvember 1999 og tók formlega við embættinu um áramót. Ég vil segja það hér að mér fannst Sigríði Önnu Þórðardóttur farast þetta ákaflega vel úr hendi. Það er mikilvægt, þegar við Íslendingar þurfum að gegna slíkum ábyrgðarstöðum innan þess erlenda samstarfs sem við tökum þátt í, að fólkið sem tekur það að sér gegni því af jafnmikilli kostgæfni og Sigríður Anna Þórðardóttir gerði. Hún vitnaði áðan í söguna um vinnukonuna í Mosfellssveitinni sem villtist með brauðin og snerti þau ekki, því eins og hún sagði: Því sem manni er trúað fyrir er manni trúað fyrir. Ég held að það megi einmitt segja um Sigríði Önnu Þórðardóttur í starfi hennar sem forseti Norðurlandaráðs, hún lagði hart að sér og gegndi því starfi vel. Ég vil þakka henni sérstaklega fyrir það.

Íslandsdeildin hélt nokkra fundi á árinu og m.a. einn með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, í ráðherrabústaðnum. Þar var m.a. farið yfir drög að dagskrá þings Norðurlandsráðs sem var auðvitað gríðarlegt verkefni sem Íslandsdeildin hafði á sinni könnu, auðvitað með ágætri aðstoð embættismanna þingsins og jafnvel ráðuneytanna. Þetta var sérstaklega erfitt þar sem þingið hafði verið stytt

um einn dag og ramminn var þannig þrengdur gífurlega. Það hefði ekki verið hægt að koma svo mikið sem einum stuttum dagskrárlið þar inn með skóhorni og ég verð að segja að það kom mér eiginlega á óvart hve vel tókst til með þetta þing. Mér fannst búið að þrengja allt of mikið að þessu þingi með því að stytta það um einn dag, sérstaklega að frjálsu umræðunni. Segja má að þetta hafi haft þau áhrif að fólk tók þetta til sín og setti sig ekki á mælendaskrá á sama hátt og áður hefur verið. Það gerði sér grein fyrir því hversu tímaskorturinn var mikill og þess vegna gekk þingið náttúrlega snurðulaust fyrir sig.

Ég tók þátt í starfsemi Norðurlandanefndar sem vinnur fyrst og fremst að hinu eiginlega norræna samstarfi, t.d. á sviði menningar og mennta, jafnréttismála og réttindamála. Unnið var eftir sérstakri vinnuáætlun á þessu starfsári, árinu 2000. Þar var fjallað um menningu, kvikmyndir, miðlun, tungumál, menntun og rannsóknir, félagslegar aðstæður, t.d. barna og unglinga, og jafnréttismál. Eins og allir heyra var þetta mikið prógramm og mörgu voru gerð skil með því að halda svokölluð málþing, m.a. var haldið málþing í Helsinki um baráttuna gegn eiturlyfjum. Haldið var málþing um líftækni og lífsiðfræði á vegum nefndarinnar í Stokkhólmi. Málþing um svæðasamstarf var haldið í Torneå/Haparanda, sem er varla hægt að segja hvort er í Finnlandi eða Svíþjóð en bærinn eru auðvitað á landamærunum. Þessir tveir bæir, annar í Svíþjóð og hinn í Finnlandi, hafa gríðarlega mikið samstarf sín á milli yfir landamærin sem ýmislegt mætti læra af. Loks var haldin ráðstefna um kynþáttafordóma og óvild í garð útlendinga í Vesterås.

Þessar ráðstefnur voru allar mjög góðar og mikilvægar fyrir þá þingmenn sem áttu þess kost að taka þar þátt. Ég verð þó að segja að það skortir nokkuð á að næg eftirfylgni sé eftir þessar ráðstefnur. Til dæmis er engin smuga fyrir þá þingmenn sem sækja ráðstefnurnar að segja frá því hér í þinginu sem þeir upplifa og verða áskynja á þessum ráðstefnum eða útdeila þeim pappírum sem þeir fá þar. Ég verð að segja að mér finnst að eitt af því sem þarf að taka á innan norræna samstarfsins sé að tryggja slíka eftirfylgni. Hið sama má kannski segja um annað erlent samstarf líka.

Að lokum vil ég minnast á afhendingu umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs sem fram fór í Háskólabíói í tengslum við þing Norðurlandsráðs, í hádeginu að sjálfsögðu því þar mátti engan tíma missa til neins. Norsku umhverfissamtökin Bellona hlutu þessi verðlaun og komu fyrir um tveimur vikum síðan til Íslands til að kynna mál sín hérna. Þau gerðu það á fundi í Norræna húsinu. Ég vildi óska að fleiri þingmenn og fleiri embættismenn hefðu sótt þann fund vegna þess að það var afar lærdómsríkt að sitja fundinn og heyra það sem þessir ungu menn höfðu fram að færa. Mér finnst að maður verði bara aldrei samur maður eftir. Ég vildi óska að sjónvarpið eða einhverjir aðrir fylgdu eftir komu þessara manna til Íslands og hefðu sérstaka kynningu á þessu verkefni. Þetta verkefni fjallar um umhverfismál á hafsvæði norðurskautsins og Norðvestur-Rússlands. Samtökin hafa einbeitt sér að hættu af geislamengun á Barentssvæðinu og starf þeirra hefur leitt til þess að fjölmörg alþjóðleg verkefni hafa verið sett í gang til að taka á umhverfismálum svæðisins, enda ekki vanþörf á. Maður skilur það eftir kynningu á þessu verkefni í Norræna húsinu um daginn. Ég vil þakka hæstv. samstarfsráðherra okkar Íslendinga, Siv Friðleifsdóttur, fyrir að standa að þeirri kynningu.

[16:56]

Útbýting þingskjala:

Áhrif háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra, 614. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 984.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), 619. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 992.

Tekjuskattur og eignarskattur, 615. mál, frv. DrH o.fl., þskj. 985.

[16:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst tvö atriði sem ég ætla að koma hér aðeins inn á í tengslum við umræður um skýrslu um Norðurlandasamstarfið og Norðurlandaráð. Hið fyrra lýtur að hlutdeild minni í því. Ég sit í svonefndri Evrópunefnd Norðurlandaráðs sem er ein af þremur nefndum sem starfið er byggt upp á og er afsprengi þeirra breytinga sem gerðar voru á ráðinu í kjölfar ákvörðunar á þingi þess í Reykjavík 1995 eins og menn muna. Evrópunefndinni var auðvitað komið á undir áhrifum af þeim miklu breytingum sem þá gengu yfir í Evrópu og vara út af fyrir sig enn.

Segja má að tvennt hafi aðallega drifið áfram þessar breytingar á Norðurlandaráði eða stjórnskipulagi þess. Annars vegar nýtilkomið sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og væntingar manna um samstarf við þau ríki og Rússland í kjölfar þess að múrinn var fallinn og allar þær breytingar orðnar. Hins vegar voru það Evrópumálin sem menn töldu, og telja út af fyrir sig enn, að hlytu að verða talsvert til umfjöllunar á norrænum vettvangi einnig. Þetta leiddi til þess að þessar tvær nefndir, fyrir utan þá þriðju sem er Norðurlandanefndin sjálf, voru settar á fót og starfinu skipt upp með þeim hætti í Norðurlandanefnd sem er stærst, nærsvæðanefnd og svo Evrópunefnd.

Evrópunefndin hafði margt á sinni könnu fyrstu missirin. Því er ekki að leyna að þá voru mörg verkefni sem menn töldu þörf á að taka fyrir. Nefndin beitti sér fyrir ráðstefnum um það sem efst var á baugi í Evrópusamstarfinu, Evrópusamrunanum, um niðurstöður Maastricht-fundanna, um upptöku evrunnar og myntbandalagið, um stækkunina til austurs og fleira mætti nefna. Nefndin hefur jafnframt á ýmsan hátt annan haft Evrópumál og ýmis tengd viðfangsefni uppi. Hitt er líka ljóst að það hafa að ýmsu leyti reynst minni innstæður fyrir því að byggja starfið á þessum grundvelli, a.m.k. hvað Evrópustoðina varðar, t.d. ber nokkuð á því að það sé heldur þunnskipað á dagskrá nefndanna núna.

Auðvitað er ekki hægt að halda endurtekið ráðstefnur um sömu atburðina í Evrópumálum og nægjanlegt að halda eina ráðstefnu um stækkunina á nokkurra missira fresti o.s.frv. Því verður að segja það eins og er að þessi verkefnaskipting þarfnast á ýmsan hátt endurskoðunar. Öll meginviðfangsefni hinnar hefðbundnu norrænu samvinnu liggja hjá Norðurlandanefndinni og hún er með langa og mikla dagskrá en á köflum eru viðfangsefni Evrópunefndar og nærsvæðanefndar takmörkuð.

Ég vil þó segja að starf Evrópunefndarinnar hefur verið ágætt og vel að því staðið. Það má enginn skilja mig svo að ég telji að tímanum hafi þar verið kastað á glæ. Engu að síður er ljóst að það er tilefni til að fara yfir skipulagið að þessu leyti. Það er einmitt á dagskrá núna og ég hygg að fleiri ræðumenn á undan mér hafi komið inn á það.

Þegar betur er að gáð þá máttu menn kannski segja sér að það væri rétt að fara varlega í að breyta sjálfu grundvallarskipulagi þessarar norrænu samvinnu sem hafði staðið alllengi, byggt á málefnalegri uppdeilingu eða faglegri uppdeilingu í svið eða flokka þar sem nefndir endurspegluðu meginmálefnasvið, þ.e. menningarmálanefnd, félagsmálanefnd o.s.frv., þó að slíkar breytingar yrðu í umhverfinu sem urðu um og upp úr 1990 og hrintu af stað þessari umræðu um endurskipulagningu hinnar norrænu samvinnu á landfræðilegum grunni, að þær forsendur kynnu að reynast tímabundnari en menn kannski ætluðu og það er hygg ég það sem er að koma á daginn.

Smátt og smátt verða ekki endilega tilefni til þess að aðgreina samskipti Norðurlandanna við nágrannalönd sín með þeim hætti sem hugsunin var á sínum tíma með nærsvæðanefndinni. Hið sama gildir um Evrópumálin. Það verða varla tilefni til þess að aðgreina þau landfræðilega eins og menn hugsuðu þarna á þessum tíma. Þá eiga menn að viðurkenna það að þegar betur er að gáð og í ljósi reynslunnar séu ekki forsendur til þess, a.m.k. ekki að viðhalda þessu fyrirkomulagi áfram, hvort sem menn láta nú liggja á milli hluta að segja að það hafi beinlínis verið mistök að fara út í þessar breytingar eða ekki. Þær voru reyndar gagnrýndar á sínum tíma af ákveðnum hluta þingmanna í Norðurlandaráði og uppi voru talsverðar efasemdir um að þær væru skynsamlegar, sem ég hygg að hafi nú flestar komið á daginn.

Það var einkum þetta tvennt, herra forseti, sem ég ætlaði að ræða, þ.e. annars vegar hlutverk Evrópunefndar Norðurlandaráðs sérstaklega og síðan þessar stjórnkerfisbreytingar eða skipulagsbreytingar sem ég bind vonir við að takist að leiða til lykta farsællega á næstu mánuðum eða missirum þannig að aftur verði horfið að meira faglegri og málefnalegri aðgreiningu eða uppdeilingu starfsins. Ég held að það sé vænlegra og á það eigi að stefna. Mér sýnist reyndar líta alveg þokkalega út með að um það geti orðið sæmileg samstaða.

Þá er ég líka bjartsýnn á að Norðurlandasamstarfið sé komið í gegnum þann brimgarð sem það hefur vissulega verið að sigla í gegnum síðustu tíu ár eða svo því auðvitað hefur Norðurlandasamstarfið ekki farið varhluta af því umróti öllu sem orðið hefur í alþjóðastjórnmálum og þá ekki síst í heimshluta okkar með þeim miklu breytingum sem orðið hafa af ýmsum toga í Evrópu. Það var ekkert sjálfgefið að við mundum horfa á það í sinni mynd inn í framtíðina, a.m.k. ekki í óbreyttu formi eða óbreyttu umfangi. En mér segir svo hugur um að ef mönnum tekst vel til með þær breytingar sem þá eru aftur fram undan á skipulagi samstarfsins, sé það komið á lygnari sjó og að ekki muni verða uppi miklar umræður um að slá það af eða draga úr umfangi þess eða gildi, enda engin tilefni til slíks.

Ég held að við munum sjá á komandi árum, eða það er von mín að við munum sjá á komandi árum vaxandi áhuga á nýjan leik hjá þeim Norðurlandaþjóðum sem kannski hafa lagt minnsta orku í að sinna því núna upp á síðkastið af að mörgu leyti skiljanlegum ástæðum. Við skulum bara nefna það eins og það er að t.d. Svíar og Finnar hafa verið mjög uppteknir af nýfenginni aðild sinni að Evrópusambandinu og kannski hefur önnur samvinna haft meiri tilhneigingu til að mæta þá afgangi í bili. Danir sem hins vegar eru búnir að vera miklu lengur meðlimir í Evrópusambandinu hafa, eins og ég hef stundum orðað það, áttað sig á því að það er nú ekki sjálfvirk uppáskrift að því að leysa öll heimsins vandamál að vera með í Evrópusambandinu. Ég segi stundum að þeir séu komnir heim aftur, þ.e. áhugi þeirra á norrænni samvinnu sé meiri á nýjan leik en hann kannski var um skeið þegar þeir voru svipað og Svíar og Finnar eru nú, uppteknari af sinni nýlega tilkomnu aðild að Evrópusambandinu.

Fari þetta nú svo, og sá sem hér talar reynist spámannlega vaxinn, að áhugi Svía og Finna glæðist á hinu klassíska eða hefðbundna norræna samstarfi Norðurlandaþjóðanna eða ríkjanna fimm og sjálfsstjórnarsvæðanna þriggja sem kannski taka breytingum og öðlast aukið sjálfstæði eða fullt sjálfstæði eins og frændur okkar Færeyingar á komandi árum þannig að fjölgi í hópnum, þá held ég að full ástæða sé til að vera bjartsýnn fyrir hönd norrænnar samvinnu. Það vil ég alla vega vera. Ég trúi á að hún hafi hlutverki að gegna og muni gera það áfram á tímum hnattvæðingar eða hvað menn vilja kalla það. Ég held að menn muni átta sig á því smátt og smátt að það breytir engu um gildi þess að rækta góð tengsl við sína næstu nágranna og það gildir fyrir Norðurlöndin. Samstaða þeirra, samvinna og samstaða í heiminum hefur tvímælalaust reynst þeim ákaflega vel og m.a. átt sinn þátt í því að áhrif þeirra og vægi á alþjóðavettvangi eru langt umfram það sem búast mætti við miðað við smæð þjóðanna sem til samans eru ekki nema eins og meðalríki eða þjóð að fólksfjölda í Evrópu. En enginn deilir um að norrænu ríkin til samans hafa haft umtalsverð áhrif og hafa á alþjóðavettvangi. Og hér fyrr í dag var einmitt til umræðu nýtilkomin aðild Norðmanna að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem er eitt gott dæmi um afraksturinn af góðri norrænni samvinnu því hinar Norðurlandaþjóðirnar stóðu þétt á bak við Norðmenn í framboði þeirra til þess sætis.

Herra forseti. Ég læt þetta duga af minni hálfu í umræðum um norrænt samstarf á þessu ári.

Út af dagskrá voru tekin 4. – 11. mál.

Fundi slitið kl. 17:07.

103. FUNDUR

mánudaginn 2. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Grunnskólar, frv., 450. mál, þskj. 718. — 1. umr.
2. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — 1. umr.
3. Útbreiðsla spilafíknar, þáltill., 250. mál, þskj. 275. — Fyrri umr.
4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 380. mál, þskj. 630. — 1. umr.
5. Söfnunarkassar, frv., 381. mál, þskj. 631. — 1. umr.
6. Bætt þjónusta hins opinbera, þáltill., 269. mál, þskj. 297. — Fyrri umr.
7. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 270. mál, þskj. 298. — Fyrri umr.
8. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
9. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 311. mál, þskj. 371. — 1. umr.
11. Villtur minkur, þáltill., 334. mál, þskj. 434. — Fyrri umr.
12. Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, þáltill., 382. mál, þskj. 632. — Fyrri umr.
13. Verslun með áfengi og tóbak, frv., 390. mál, þskj. 640. — 1. umr.
14. Almannatryggingar, frv., 281. mál, þskj. 309. — 1. umr.
15. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
16. Rekstur björgunarsveita, þáltill., 272. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
17. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 268. mál, þskj. 296. — Fyrri umr.
18. Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, þáltill., 433. mál, þskj. 696. — Fyrri umr.
19. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.
20. Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.
21. Barnalög, frv., 293. mál, þskj. 324. — 1. umr.
22. Barnalög, frv., 294. mál, þskj. 325. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vestf., Ragnheiður Hákonardóttir bæjarfulltrúi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf."

Ragnheiður Hákonardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Síðasti skiladagur nýrra þingmála.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill vekja athygli á því að samkvæmt 36. gr. og 44. gr. þingskapa er síðasti skiladagur nýrra þingmála í dag, þ.e. lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna. Framkvæmdin hefur verið sú síðastliðin ár að fyrir lok skrifstofutíma eða lok þingfundar þurfa mál að hafa borist til skjalavörslunnar frá þingmönnum fullbúin þannig að unnt sé að skrá þau í málaskrá þingsins. Sömuleiðis verða bréf frá hæstv. ráðherrum um framlagningu stjórnarfrumvarpa að hafa borist innan sama frests.

Þess er svo að vænta að þeim málum, sem koma til skráningar í dag, verði útbýtt á allra næstu dögum þegar fullprentun þeirra er lokið.

Tilhögun þingfundar.

[15:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þá vill forseti geta þess að málum hefur verið raðað á dagskrána í dag í nánu samstarfi við þingflokkana, enda eru eingöngu mál frá þingmönnum á dagskrá í dag. Gert er ráð fyrir að umræða um hvert mál standi í 20 mínútur. Þó er reiknað með að umræða um 1. dagskrármálið standi lengur, eða í um tvær klukkustundir. Reiknað er með að fundur geti staðið fram að kvöldmatartíma.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 639. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1016.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), 642. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1019.

Húsaleigubætur, 625. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1000.

Húsnæðismál, 623. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 998.

Kosningar til sveitarstjórna, 620. mál, frv. MÁ og GÖ, þskj. 993.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, 626. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1001.

Smitsjúkdómavarnir og eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, 621. mál, þáltill. ÞBack og JB, þskj. 994.

Grunnskólar, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 450. mál (útboð á skólastarfi). — Þskj. 718.

[15:05]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Ögmundur Jónasson.

Frv. er ákaflega skýrt og einfalt. Þar er gert ráð fyrir að við 1. mgr. 53. gr. laga bætist nýr málsliður svohljóðandi:

„Heimildir, undanþágur eða tilraunastarfsemi samkvæmt þessari málsgrein geta þó aldrei falið í sér að sveitarstjórnir framselji öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu."

Þó að frumvarpstextinn sé stuttur býr mikið að baki. Hér erum við í raun og sanni að fást við grundvallaratriði stjórnmála, hvorki meira né minna, enda hefur almenn opinber umræða um þau mál sem hér eru til meðhöndlunar verið afskaplega mikil og sitt sýnist hverjum. Ég sagði grundvallarafstöðu til stjórnmála því að hér er hnykkt á því viðhorfi mínu og jafnaðarmanna að menntakerfið og heilbrigðiskerfið eiga ekki að fara undir mælistiku markaðarins heldur vera rekin á ábyrgð og fyrir tilverknað opinberra aðila á grundvelli samfélagslegrar þjónustu hvort heldur það er ríkisvaldið sem á í hlut ellegar sveitarfélög.

Í því felst einfaldlega sú sannfæring okkar jafnaðarmanna að til að tryggja jafnræði og jafnrétti þegnanna þegar kemur að heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu eða í afstöðunni til náms og menntunar, þá verði með skýlausum hætti þannig búið um hnúta að almenningur standi jafnfætis gagnvart þeim réttindum og þeim skyldum sem að baki búa og að þetta framboð þjónustu verði algerlega óháð efnahag, búsetu og félagslegri stöðu. Flóknara er þetta ekki.

Það er hins vegar alkunna að þau viðhorf hafa gjarnan verið á kreiki í Sjálfstfl. í gegnum tíðina að fela markaðnum stóraukið hlutverk, þar á meðal á vettvangi heilbrigðisþjónustu og skólamála. Víða erlendis hefur fengist nokkur reynsla af slíku og hún er afskaplega skýr. Innan skamms hefur fyrirkomulag þjónustu þróast í þann farveg að til hafa orðið tvö kerfi, annað sem er blanda opinbers reksturs og einkareksturs þar sem þeir sem meira mega sín sækja þjónustuna. Hins vegar er kerfi sem er algerlega fjármagnað og rekið á vegum hins opinbera og þangað sækja þeir þjónustu sem höllum fæti standa fjárhagslega. Um það hefur verið nokkuð góð almenn pólitísk sátt í gegnum tíðina, a.m.k. að undanskildum stærsta flokki þjóðarinnar, Sjálfstfl., að verjast slíkri öfugþróun erlendis frá sem ég vísaði til, þótt allnokkur þrýstingur hafi komið upp annað slagið þess efnis að hleypa markaðnum lausum, láta fjárráð notendaþjónustu ráða nokkru um umfang og gæði hennar. Enn þá hefur þó tekist að halda þeirri heillegu umgjörð og hinum rauða þræði jafnræðis og jafnréttis til náms og heilbrigðisþjónustu.

Nú er hins vegar enn ein atlagan gerð og er það sjálf grunnmenntunin, skólaskyldan í grunnskólunum sem er undir. Sannast sagna hafa þær raddir tæpast heyrst fyrr en nú, nema ef vera skyldi frá hreintrúuðum boðberum frjálshyggju sem eru sem betur fer fáir í þessu landi, að markaðsvæða ætti grunnskólana í landinu. En sjaldan er ein báran stök því að nú blasir það við að sjálfur menntmrh. hefur gefið meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, þar sem sitja flokksbræður ráðherrans og einn bæjarfulltrúi Framsfl., fyrirheit þess efnis að meiri hlutanum verði heimilað að bjóða út kennsluþátt í nýjum grunnskóla sem tekur til starfa þar í bæ nk. haust. Þetta útboð er yfirstandandi þessa dagana og verða tilboð að óbreyttu opnuð að örfáum dögum liðnum eða 6. þessa mánaðar. Þetta gerir hæstv. ráðherra á grundvelli 53. gr. grunnskólalaga og sveipar það hugtakinu „tilraun" þótt fyrir liggi að ekki á neinu stigi máls frá því að grunnskólalögin voru samþykkt fyrst árið 1974 og að stofni til einnig áðurnefnd grein grunnskólalaganna, hefur nokkur ýjað að því að sú grein heimilaði ráðherra án atbeina Alþingis að bjóða út kennsluþáttinn gagnvart börnunum.

Við flutningsmenn höfum látið fara yfir umræður, nefndarálit og allt það sem á góma hefur borið í umræðum um grunnskólann á þessum rúma aldarfjórðungi og aldrei fyrr en nú hefur nokkur þingmaður né ráðherra nefnt þann möguleika að sú grein grunnskólalaganna heimilaði ráðherra að leyfa slíkt. Það skal því fullyrt hér og nú að hæstv. menntmrh. er á afskaplegum hálum ís, svo ekki sé fastar að orði kveðið, þegar hann telur sig hafa heimild til að leyfa slíkt útboð og úr því álitaefni hefur ekki verið leyst og gæti komið til úrskurðar dómstóla eða umboðsmanns Alþingis áður en yfir lýkur.

Hins vegar er auðvitað langeðlilegast að það verði Alþingi sjálft sem kveði upp úr með þetta, löggjafarvaldið, löggjafarsamkundan sjálf. Það þarf auðvitað ekki að rekja það hér, enda hefur verið vakin rækileg athygli á því í þessum ræðustóli fyrr nú á útmánuðum að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi undir forustu Sjálfstfl. hefur lagst gegn því að sérnefnd Alþingis í þessum efnum, menntmn., fari faglega yfir þetta sérstaka álitaefni, þ.e. um heimild eða heimildarleysi hæstv. ráðherra, og að nefndin geri sjálfstæða athugun á því hvort nefndin fari á svig við gildandi lög. Talsmenn Sjálfstfl., þar á meðal formaður menntmn. og formaður þingflokks Sjálfstfl. auk sjálfs forsrh., hafa í málsvörn sinni vegna fælni menntmn. á að taka á málinu bent á að það frv. sem hér er til 1. umr. lægi fyrir þinginu og eðlilegast væri að Alþingi tæki afstöðu til málsins á grundvelli þess. Ég hlýt þá að skilja það á þann hátt að það sé almennur vilji í þinginu, þvert á alla stjórnmálaflokka, að þetta frv. fái hér hraða og snaggaralega en ítarlega umfjöllun í menntmn. og komi til efnislegrar afgreiðslu áður en þing er úti í maímánuði nk. Ég hlýt að líta þannig til, herra forseti, að á þessu sé almennur vilji.

Í frv. okkar eru tekin af öll tvímæli og skýrt kveðið á um að sá andi grunnskólalaga sem fram að þessu hefur verið öllum skýr og augljós gildi áfram, nefnilega að ekki sé til staðar heimild handa sveitarfélögum að framselja öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu. Ekki síst er þetta mikilvægt í ljósi þess að samkvæmt yfirlýsingum forustumanna fjögurra stjórnmálaflokka og þingflokka af þeim fimm sem starfa á Alþingi, þ.e. Samfylkingarinnar, Vinstri grænna, Frjálslynda flokksins og Framsfl., hefur því verið lýst skýrt yfir að útboð á kennsluþætti grunnskóla sé þvert á stefnu þessara flokka í menntamálum. Þannig vil ég vekja sérstaka athygli á því að formaður Framsfl., nýkjörinn varaformaður Framsfl. og sjálft flokksþing Framsfl. um miðjan síðasta mánuð hafa tekið af öll tvímæli í þessa veru og lýst yfir því að þau áform sem uppi eru í Hafnarfirði og önnur ámóta falli ekki að stefnu flokksins í málefnum grunnskólans. Það er því ljóst að Sjálfstfl. er einn á báti í þessum efnum. Ég hlýt auðvitað að vænta þess að málsvarar Framsfl. í menntamál-

um taki þátt í þessari umræðu og skýri á eigin forsendum afstöðu flokksins til þessa mikilvæga málaflokks.

Ég minni enn fremur á að í varaformannskjöri á flokksþingi Framsfl. var m.a. tekist á millum kandídata um þetta grundvallaratriði og það var hv. þm. og hæstv. ráðherra, Guðni Ágústsson, sem vann þann slag eins og mönnum er í fersku minni. Hann tók af öll tvímæli í þá veru að slík stefna félli ekki að sjónarmiðum hans og flokksþingið tók undir þau viðmið. Á hinn bóginn var hv. þm. Jónína Bjartmarz með aðra sýn á þetta, enda tapaði hún í kosningunni. Við skulum því halda þessu mjög ákveðið hér til haga og ég vænti þess að Framsfl. standi fast í báðar fætur í þessu máli en hrekist ekki af leið í því nána ríkisstjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. sem því miður allt of oft hefur gerst.

Herra forseti. Hér er auðvitað ekki um það að ræða að einn skóli í Hafnarfirði skeri sig úr í þessum efnum. Það er ljóst að sjálfstæðismenn í Hafnarfirði eru eingöngu undanfarar í þessu máli og eiga að ryðja brautina fyrir aðra. Það er með öðrum orðum verið að brjóta í blað og opna gátt fyrir markaðsvæðingu grunnskólanna í landinu, hvorki meira né minna.

Hún er auðvitað alkunn sú aðferðafræði Sjálfstfl. að lauma inn einkavæðingaráformum og markaðsvæðingu bakdyramegin í nafni tilraunastarfsemi og þróunarstarfs. Rekja mætti fjölmörg dæmi um það. Stuðningur forustumanna Sjálfstfl. við þessa hugmyndafræði ber einnig með sér að þarna er verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í menntamálum.

Við sem varað höfum við þessari þróun og lagst gegn hugmyndum í þessa veru höfum verið úthrópaðir í almennri umræðu sem talsmenn afturhalds og íhaldssemi. Af hverju má ekki prófa þetta? Af hverju má ekki gera þessa tilraun? Við því er þetta svar: Menntun á grunnskólastigi hefur tekið miklum breytingum og mikil þróun hefur átt sér stað á þessum vettvangi í tímans rás. Þar hafa kennarar og skólayfirvöld með eða án atbeina menntmrn. og sveitarfélaga lagt metnað sinn í að þróa kennsluhætti og kennslufyrirkomulag í ljósi breyttra tíma á síðasta aldarfjórðungi. Um það er allt gott að segja og það styð ég heils hugar. Ég styð hins vegar ekki tilraunir sem miða að því að verðleggja grundvallarþjónustu við börn samkvæmt lögmálum markaðarins. Í því ljósi hef ég talað um útboð á börnum. Það er vitaskuld fjöldi barnanna, aldur þeirra og hæfni þeirra sem einstaklinga, sem nemenda, sem mun ráða því af hálfu bjóðenda hvert endurgjaldið verður. Flóknara er þetta ferli ekki. Öll lögmál útboðsins gilda hér. Hins vegar er ekki verið að sækja lágt verð til markaðarins vegna byggingar fasteigna heldur vegna kennslu barna á aldrinum 6–16 ára. Þar er hin rauða lína sem skilur í milli. Það þarf auðvitað ekki frekari vitnanna við því að í útboðsskilmálunum sjálfum segir að við mat á tilboðum skuli fjárhagslegir þættir vega 40%. Einnig er kveðið á um eðlilegan hagnað bjóðanda, enda fyrirliggjandi á þessum vettvangi markaðarins að tæpast muni nokkur aðili sækjast eftir þessum verkefnum eða öðrum í opnu útboði nema einhver peningalegur hagnaður sé í húfi.

Nú er það þannig, herra forseti, að grunnskólamenntun er ekki eingöngu réttur barna og forráðamanna þeirra heldur einnig skylda. Sá skóli sem hér um ræðir er hefðbundinn grunnskóli þar sem íbúum viðkomandi hverfis er gert að koma börnum sínum til skóla á tilsettum tíma. Þar er ekkert val. Það er því fjarri öllu lagi þegar ákafir talsmenn þessarar markaðshyggju í grunnskólahaldi ræða í sömu andrá um að einkaaðilar standi fyrir samgönguþjónustu og einkaaðilar standi fyrir framleiðslu á gosdrykkjum fyrir neytendur. Það eru röksemdir af þessum toga sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefur beitt í málsvörn sinni. Talsmenn þessa hafa einnig bent á að starfsemi íþróttafélaganna sé á hendi einkaaðila eða félagasamtaka.

Herra forseti. Í öllum þessum tilfellum er um valkvæða þjónustu að ræða. Fólk getur einfaldlega valið hvort það notar viðkomandi þjónustu eða hvar hún er keypt. Það er með öðrum orðum samkeppni á þessum vettvangi og þessi samjöfnuður stenst því engan veginn skoðun.

Þegar menn tala um jafnrétti til náms, herra forseti, þá er það ekki bara innihaldslaus yfirlýsing á hátíðlegum stundum. Við sem tökum stjórnmál alvarlega viljum að hugur fylgi máli, að verkin sýni merkin. Þess vegna viljum við einfaldlega að samfélagsleg ábyrgð sé að baki þegar kemur að kennslu grunnskólabarnanna okkar.

Viðstödd þessa umræðu er starfandi menntmrh., hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir. Ég óskaði eftir því í fjarveru hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar að starfandi ráðherra væri hér á staðnum. Ég óska eftir því að hún lýsi viðhorfum sínum og framtíðarsýn Sjálfstfl. í þessum efnum. Er það á grundvelli samkeppni markaðarins, þar sem lögmál framboðs og eftirspurnar ráða ríkjum, sem hann og flokkur hans vill tryggja jafnrétti til náms? Það er mín grundvallarspurning. Ég hygg að við hv. þingmenn eigum rétt á að fá svör við þessari spurningu sem lýtur að grundvallarviðhorfum til menntunar í landinu.

Herra forseti. Hér er kveðið skýrt á um stefnu okkar í þessum efnum. Við viljum byggja menntun á grunni samfélagslegrar ábyrgðar og réttinda.

Að lyktum legg ég til að málinu verði vísað til umfjöllunar menntmn. að aflokinni 1. umr. og árétta það sem ég nefndi fyrr. Ég vænti þess að menntmn. sé í stakk búin til þess að haska sinni umfjöllun en vanda hana þó jafnframt með það í huga að málið komi aftur til umfjöllunar á hinu háa Alþingi áður en þing er úti að vori.

[15:21]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flytur hér örstutt frv. til þess að draga inn í þingið deilur um skólahald í Hafnarfirði og gera tortryggilega tilraun sem bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eru að reyna að gera í skólastarfi sínu. Sú tilraun er samkvæmt útskýringum bæjaryfirvalda í Hafnarfirði gerð undir nákvæmu eftirliti sveitarstjórnarmanna og skólamálayfirvalda á svæðinu. Það er engin hætta á því að farið sé út fyrir þau lög eða þann ramma laga sem tryggir að allir hafi jafnan rétt til náms eða að sú námskrá sem er í gildi sé ekki kennd. Þessi upphróp og köll, uppboð á börnum og úlfur, úlfur, eiga í því engan rétt á sér. Hins vegar hefur ekki tekist hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að gera þetta nægilega tortryggilegt að honum virðist þannig að hann leggur málið fyrir þingið.

Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort hv. þm. sé almennt á móti því að reynt sé að leita nýrra leiða við rekstur stofnana. Við vitum að einu sinni þótti ekki við hæfi að háskólar væru reknir af öðrum en sveitarfélögum en háskólar eru bæði reknir af einkaaðilum og ríkissjóði í dag. Alls konar sérskólar, t.d. Verslunarskólinn hefur verið rekinn af einkaaðilum á hverjum tíma með góðum árangri. Samvinnuskólinn var rekinn með ákveðnu formi. Það eru til fjöldi dæma sem sýna að félagasamtök, einkaaðilar og aðrir

geti gert hlutina ágætlega eftir þeim reglum sem til eru án þess að hætta sé búin fyrir neytendur.

[15:24]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það þjónar miklum tilgangi að eiga orðastað við hv. þm. um þessi efni. Þetta grautarlega andsvar hans bar þess merki að hann hafði ekki heyrt eitt einasta orð sem ég sagði í framsöguræðu minni.

Hann heldur áfram að bera saman epli og appelsínur. Ég lagði einmitt ríka áherslu á að hér væri ekki um valkvæða þjónustu að ræða, líkt og á háskólastigi eða framhaldsskólastigi, heldur grundvallarmenntun. Kveðið er á um að börn hafi þann rétt að sækja grunnskólamenntun á aldrinum 6–16 ára en jafnframt hvílir á þeim og forráðamönnum þeirra sú skylda að börnin mæti í skóla. Á þessu tvennu er auðvitað reginmunur.

Herra forseti. Ef svo er að hér sé í raun engin áhætta á ferð, engin breyting og þetta sé allt undir formerkjum opinberra aðila, sveitarfélags í þessu tilfelli, hvers vegna á þá að ráðast í útboð á þessum þætti? Í því liggur kjarni málsins. Það er verið að bjóða út þessa þjónustu. Væntanlega, miðað við venjubundinn rekstur, fær lægstbjóðandi að sinna þjónustunni. Markaðshyggjan, markaðsvæðingin, lögmálið um framboð og eftirspurn hefur haldið innreið sína í grunnskólann í landinu. Ég vil árétta, herra forseti, að þetta er ekkert sérmál Hafnfirðinga að ræða. Hér er hæstv. menntmrh. að brjóta í blað og ég gef mér það að komist hann upp með þetta þá geri hann hið sama í öðrum sveitarfélögum. Það eru mörg sveitarfélög sem ég horfi á með talsverðum áhyggjum í því sambandi, m.a. heimahérað hv. þm. þar sem sömu flokkar ráða ríkjum.

[15:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er í dálitlum vandræðum með þetta mál og talar um grautarlega framsetningu mína. Ég get ekki séð að undirbúningur þessa frv. sé mikill. Í því eru fáeinar línur um grundvallaratriði sem hv. þm. telur í húfi. Þó virðist ekki hægt að setja lengri greinargerð en fimm línur fyrir því sem hv. þm. telur svo gríðarlega mikið hagsmunamál.

Hv. þm. talaði um valkvæða þjónustu. Það er að sjálfsögðu skylda skólayfirvalda að tryggja öllum jafnan rétt til náms. Við það er staðið. Leikskólar eru eitt af þeim skyldurverkefnum sem sveitarfélögin hafa. Mörg sveitarfélög hafa boðið út leikskólaþjónustuna eða gert tilraunir með að fá aðila til þess að reka fyrir sig leikskólana án þess að gera það sjálf. Ég hef sjálfur staðið í því. Það hefur gengið alveg ágætlega. Hvort það er gert með útboðum eða samningum finnst mér eiginlega aukaatriði. Aðalatriðið er að fylgst sé með því að starfið sem þar fer fram sé samkvæmt þeim reglum sem hið opinbera setur og þar með þurfa menn ekki að hafa áhyggjur af því hverjir standa fyrir rekstri þessara stofnana.

Ég held, herra forseti, að hér sé einfaldlega reynt að gera eðlilega tilraun í skólakerfinu að máli sem hægt sé að tortryggja með upphrópunum. Ég lít svo á að þarna sé reynt að slá keilur í heimahéraði hv. þm. Hann á heima í Hafnarfirði og var þar einu sinni bæjarstjóri. Hann langar til að koma höggi á bæjarstjórnina. Hans flokkur er í minni hluta og rökin á bak við málflutning hv. þm. í raun engin og hafa ekki náð eyrum fólk. Menn trúa því ekki að hægt sé að gera einhverja vitleysu með því útboði sem þarna fer fram.

[15:28]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er mikill tilgangur í að eiga orðastað við hv. þm. um þetta efni. Ég færi bara út í að endurtaka orð mín.

Hins vegar var frv. haft stutt og afdráttarlaust til þess að hv. þm. skildu það. Það virðist ekki hafa dugað til.

Við erum auðvitað ekki að ræða um leikskóla. Það er ekki skólaskylda í leikskólum. Það er ekki skólaskylda í framhaldsskólum. Það er ekki skólaskylda í háskólum. Það er skólaskylda í grunnskólum. Þar skilur á milli. Ég þarf vonandi ekki að endurtaka það.

Herra forseti. Auðvitað væri þetta mál lítið í sniðum. Það væri hægt að leysa heima í héraði ef eingöngu væri um að ræða einn hverfisskóla í Hafnarfirði með einhverja tugi nemenda. Auðvitað er það ekki. Hér er verið að opna nýja vídd, opna nýja gátt. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að standi vilji sveitarstjórna annars staðar til þess að gera slíkt hið sama, og standi vilji Sjálfstfl. hér á hinu háa Alþingi og á landsvísu til þess að markaðsvæða grunnskólann, þá er sú hætta fyrir hendi að það verði hin almenna regla en ekki undantekning í einhverri tilraun eða þróunarstarfi.

Ég gat um það áðan að við þekkjum allt of vel, herra forseti, hvernig Sjálfstfl. stendur að verki þegar frjálshyggjunni er laumað inn bakdyramegin. Mér dettur ekki í hug eitt andartak að annað sé uppi á teningnum í þessu máli frekar en fyrri daginn. Hér eru hafnfirskir íhaldsmenn aðeins undanfarar og það á að markaðsvæða á fleiri sviðum og víðar um landið. Í því liggja áhyggjur mínar. Að öðru leyti gætum við séð um þessi mál suður í Hafnarfirði og væri vandalítið ef vandamálið væri staðbundið. Svo er þó ekki, því er nú verr og miður, og hv. þm. staðfesti það með andsvari sínu.

[15:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í þessu máli talar stjórnarandstaðan einum rómi. Sameiginlega stóðum við að gerð þessa frv. og í sameiningu flytjum við þetta frv., þingmenn úr öllum þremur flokkum stjórnarandstöðunnar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mjög látið að sér kveða í umræðu um velferðarmál. Við höfum verið áhugasöm um nýbreytni og þróunarstarf og á það ekki síst við um skólastarfið. Við höfum af áhuga fylgst með því starfi sem fram fer víða um landið í þessum efnum og vísa ég t.d. til Körpuskóla í Reykjavík þar sem verið er að gera mjög áhugaverða hluti að okkar dómi.

Þróunarstarf og nýbreytni innan veggja skólans er vissulega engin nýlunda. Í umræðu um skólamál hefur verið vísað í tilraunir sem gerðar hafa verið fyrr á tíð, opna skólann í Fossvogi þar sem mjög merkilegt umbótastarf hófst í byrjun áttunda áratugarins, það mun hafa verið 1972, og stóð linnulaust um árabil. Einnig mætti vísa í fjölmörg önnur dæmi þar sem skólamenn, fræðsluyfirvöld, skólastjórar og kennarar hafa beitt sér fyrir nýjungum sem eru áhugaverðar og hafa fært skólann og það starf sem þar er unnið fram á við.

Í grunnskólalögum er sérstaklega vikið að starfi af þessum toga. Í 53. gr. þeirra laga er sérstaklega vísað í tilraunastarf en þar segir m.a. um heimild menntmrh., með leyfi forseta:

„... heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum

laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir." — En í 2. gr. laganna er vikið að markmiði skólans.

Varðandi það sem er að gerast í Hafnarfirði og tilraunastarfið þar þarf að leggja á það ríka áherslu að það snýst ekki um efnisinnihald þessarar greinar, það snýst ekki um innihald skólastarfsins heldur einvörðungu um rammann um starfið, um rekstrarformið. Menn ætla að nota þessa grein laganna til að réttlæta einkavæðingu á grunnskóla. Það frv. sem við erum nú að ræða og stjórnarandstaðan öll hefur sameinast um lýtur að því að girða fyrir þetta vegna þess að í frv. okkar segir, með leyfi forseta:

„Heimildir, undanþágur eða tilraunastarfsemi samkvæmt þessari málsgrein geta þó aldrei falið í sér að sveitarstjórnir framselji öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu."

Með þessu frv. okkar viljum við koma í veg fyrir að hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, sem fer fyrir ríkisstjórninni í þessum efnum, noti grunnskólalögin eða lagaákvæði þar til að réttlæta einkavæðingu á grunnskólum. Við viljum koma í veg fyrir þetta og við erum að auglýsa eftir umræðu um þessi efni. Eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gat um áðan viljum við hraða þeirri umræðu, fá þetta mál inn í nefnd þar sem kallaðir verði til vitnis fagaðilar og fulltrúar þeirra sem koma að skólastarfi til að segja álit sitt á þessu mikilvæga máli áður en ráðist er í eitthvert fljótræði.

Í grunnskólalögunum er vikið að ýmsum öðrum þáttum sem rétt er að vekja athygli á. Þar segir m.a. í 37. gr., með leyfi forseta: „Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla."

Ég vek athygli á því að sá skóli sem til stendur að einkavæða í Hafnarfirði er heimaskóli. Á öðrum stað í þessum sömu lögum er kveðið á um jafnræði, jafnan rétt til vals nemenda, væntanlega þar fyrir utan. En hvert er val nemanda sem býr í hverfinu sem einkavæddi skólinn er í? Valið er ekkert. Sá nemandi mun sækja einkarekinn grunnskóla. Valið verður ekki fyrir hendi.

Hvers vegna skyldu menn vilja einkavæða skóla? Hvers vegna skyldu fjárfestar vilja einkarekinn grunnskóla, hvers vegna í ósköpunum vildu þeir það? Er nema eitt svar við því? Það er til þess að græða á þessari starfsemi, hafa hagnað af þessari starfsemi. Til þess leggja fjárfestar peninga í atvinnurekstur. Krafan er ekki komin innan úr skólanum. Hún er ekki komin frá skólafólki, hún er ekki komin frá kennurum. Hún er komin frá fjárfestum sem vilja hafa arðsemi og hagnað og gróða af rekstri skólans. Þaðan er krafan komin.

Kennarar og skólamenn vita sem er að þeim er opin leið til nýbreytni og þróunarstarfs innan þess ramma sem þeir starfa þegar og ég hef vísað í nýbreytni sem verið er að stofna til víða í skólum landsins bæði nú og fyrr á tíð.

Ef menn ætla að hafa hagnað af rekstri skólans þá spyr ég: Á hvern hátt geta þeir skapað sjálfum sér þennan arð, þennan gróða? Vegna þess að við þekkjum það öll að skólarnir eru ekkert ofsælir af þeim fjármunum sem þeim eru skammtaðir, þeir kvarta yfir fjárskorti. Hvernig fara menn þá að því að skapa sjálfum sér gróða, hagnað? Hvaða leiðir eru færar í því? Jú, væntanlega með því að hagræða, að gera hlutina á ódýrari hátt, að kenna minna, að fækka kennslustundum, að fjölga í bekkjum. Þetta eru leiðir sem unnt væri að fara til að skapa fjárfestum arð. Út á það gengur tilraunastarfsemin.

Við höfum sagt að eðlilegt sé þegar nýbreytni, tilraunir innan velferðarþjónustunnar og þar með skólakerfisins eru metnar, breytingar á rekstrarformi, að spyrja þriggja spurninga.

Í fyrsta lagi er eðlilegt að spyrja: Er breytingin líkleg til að vera til góðs fyrir notanda þjónustunnar, í þessu tilviki skólanemann?

Í öðru lagi er eðlilegt að spyrja um tilkostnaðinn. Er verið að verja fjármunum betur en með fyrra fyrirkomulagi? Ég er að vísa til skattgreiðandans. Er verið að ráðstafa peningum hans betur en áður? Fáum við meira fyrir krónuna?

Í þriðja lagi er rétt að víkja að þeim sem starfrækja þessa þjónustu. Er þetta betra fyrir starfsmenn? Er þetta betra fyrir kennara eða þá sem starfrækja þessa þjónustu og veita þessa þjónustu?

Þessara þriggja spurninga er eðlilegt að spyrja. Ef þær væru í öllum tilvikum til góðs þá væri rétt að ráðast í breytingarnar. Ef þær eru hins vegar í öllum tilvikum til ills og svörin eru í öllum tilvikum neikvæð þá á að sjálfsögðu ekki að ráðast í breytingarnar.

Hvernig gæti það hent sig að það væri nemendum til góðs að spara á þeim, á þeirra kostnað? Hvernig í ósköpunum gæti það verið til góðs að ráðast í skipulagsbreytingar sem miða að því að draga úr tilkostnaði við þá þjónustu sem þeim er veitt, kennsluna? Hvernig í ósköpunum gæti það orðið þeim til góðs?

Víkjum þá að skattborgaranum. Við ræddum um daginn um Sóltúnsheimilið, elliheimili, þar sem kemur í ljós og hefur verið staðfest af Ríkisendurskoðun að breytingin verður miklu dýrari fyrir skattborgarann. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er talað um 14% sem það kostar að ráðast í þessar kerfisbreytingar vegna þess að arðsemiskrafan, gróðakrafan nemur þessu. Þetta er staðfest af hálfu Ríkisendurskoðunar sem vanreiknar þó að mínum dómi stórlega muninn á tilkostnaðinum.

Út í þessar breytingar er farið af þessum sökum, þetta er ástæðan. Þess vegna furða ég mig á því hversu aumir og vesælir hagsmunagæslumenn sjálfstæðismenn eru fyrir skattborgarana í þessu landi að ráðast í breytingar sem eru til þess eins fallnar að sólunda peningum. Hvers konar hagsmunagæslumenn eru þetta fyrir skattgreiðendur? Þetta er flokkur sem er að þjóna fyrirtækjum og fjárfestum á kostnað samfélagsins, á kostnað skólanemanna. Hvar er Framsókn í þessum efnum?

Framsóknarmenn koma fram á fundum og þingum og sögðu fyrst þegar farið var að einkavæða innan öldrunarþjónustunnar að þetta væri í tilraunaskyni. Þegar þeir voru spurðir út úr um stefnuna í Hafnarfirði þá var sagt: Við erum á móti því að einkavæða grunnskólana en við ætlum að gera það í Hafnarfirði í tilraunaskyni. Nú bíða menn þess hvernig þeir svari varðandi Þjóðhagsstofnun. Ætli eigi ekki líka að leggja hana niður í tilraunaskyni? Ætli það endi ekki með því að Framsókn láti leggja niður Þjóðhagsstofnun í tilraunaskyni? Þannig eltir þessi flokkur Sjálfstfl. sem þjónar fjárfestum og fyrirtækjum á kostnað notenda og á kostnað skattgreiðandans.

Í þriðja lagi varðandi starfsfólkið er reynslan sú að þar sem farið hefur verið út á þessar brautir hefur niðurstaðan á endanum orðið sú að það hefur bitnað á starfsfólki. Að vísu er ekki hægt að alhæfa um starfsstéttir í þessum efnum en þegar litið er á þá sem eru á lægri launum hafa þeir yfirleitt farið illa út úr þessum breytingum.

Herra forseti. Að lokum þetta: Við lifum á tímum örra og mikilla breytinga á öllum sviðum, einnig innan velferðarþjónustunnar. Nýjar lausnir og nýjar hugmyndir eru að koma upp í skipulagi heilbrigðisstofnana, svo dæmi sé tekið, og einnig í skólastarfi. Við þurfum að geta brugðist við nýjungum og breyttum starfsháttum. En hvað gerist þá? Hvað gera þessir forneskjulegu stjórnarflokkar við þær aðstæður?

Þeir eru reiðubúnir að binda sig í aldarfjórðung. Í aldarfjórðung eru þeir tilbúnir að binda sig í samningum við eitt tiltekið fyrirtæki. Hvers konar bisnessmenn, svo ég nú sletti, eru það eiginlega sem gera samning við fyrirtæki um rekstur á hverfisskóla sem er staðsettur í miðri íbúðabyggð í aldarfjórðung? Hvers konar bisnessmenn eru það? Hver er aðstaða bæjaryfirvalda til að endurnýja slíka samninga að liðnum þessum aldarfjórðungi? Hún er ekkert mjög góð. Það er fyrirtækið sem á skólann í miðju hverfinu. Hvernig sem á þessi mál er litið er þetta fullkomlega galið og þetta er fullkomið ábyrgðarleysi. Það er ábyrgðarleysi fyrir hönd skattborgarans að fara þannig fram og gagnvart skólastarfi og nemendum er þetta fullkomið ábyrgðarleysi.

Ég auglýsi eftir því að starfandi hæstv. menntmrh. geri grein fyrir þessum sjónarmiðum, hvernig hún ver þetta gagnvart skólastarfi og skólanemendum, gagnvart kennurum í landinu og hvernig hún ver þetta gagnvart skattgreiðandanum.

Að lokum væri fróðlegt að heyra aðeins í framsóknarmönnum líka undir lokin.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða hvort stjórnvöldum landsins sé heimilt að framselja það vald til sveitarstjórna, sem eiga að sjá um grunnskólakennslu í landinu, að setja þar á fót sérstaka einkavæðingu. Sem meðflutningsmaður þessa frv. er ég auðvitað algerlega andvígur þeirri tilraun sem svo er kölluð. Hér er í raun og veru verið að gera tilraunir með það sem mér finnst að allir foreldrar og allir nemendur eiga að geta gengið út frá og það er að eins sé staðið að grunnskólakennslunni alls staðar í landinu.

Á fólk sem býr í hverfi þar sem á að taka upp slíkt fyrirkomulag eitthvert val eða var því kynnt það þegar það settist að í hverfinu að svona mundi verða haldið á málum? Ég held að það sé alveg óásættanlegt að gera hlutina eins og hæstv. menntmrh. hefur sagt að hann vildi gera. Þess vegna tel ég að það frv. sem við flytjum sé mál sem þurfi að fara mjög fljótt í gegn ef koma á í veg fyrir þær fyrirætlanir stjórnvalda að taka upp einkavæðingu í grunnskólakennslunni. Skyldu menn t.d. ætla að útfæra þetta í einu þorpi úti á landi þar sem menn eiga akkúrat ekkert val? Er það allt í lagi þar sem aðeins einn grunnskóli er, að menn geti líka stigið slíkt skref þar? Það má kannski segja um þennan skóla í Hafnarfirði að fólk eigi þó eitthvert val í næsta nágrenni. Samt hlýtur réttur fólks að vera sá að geta gengið út frá því að það sé ekki að fara inn á neitt sérstakt tilraunasvæði óafvitandi. Það hlýtur að eiga kröfu til þess fyrir fram, áður en það sest að í viðkomandi hverfi, að vita að til standi að standa svona að málum. Þess vegna held ég að þessi túlkun hæstv. menntmrh. á lögunum sé algerlega óásættanleg og sú stefnumörkun að grunnskólinn skuli vera tekinn út og gerður að sérstöku einkavæðingarfyrirbæri í menntakerfinu er mál sem við í Frjálslynda flokknum erum andvígir.

[15:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. Eins og þingheimi er kunnugt hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá ræddar á hinu háa Alþingi túlkanir menntmrh. á 53. gr. grunnskólalaga.

Segja má að ef sú grein væri túlkuð eins og flestir hafa viljað, þá væri þetta frv. til laga óþarft. En vegna túlkana menntmrh. og vilyrða hans til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um útboð á tilteknum grunnskóla þar í bæ var talið nauðsynlegt að flytja þetta frv. Hins vegar verður að taka fram að það er fremur leitt að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna því að það er auðvitað við hæstv. menntmrh. sem helst er að ræða þetta mál en að sjálfsögðu er staðgengill hæstv. menntmrh. hér og við verðum að gera ráð fyrr að hæstv. dómsmrh. muni verða virkur þátttakandi í umræðunum og svara ýmsu því sem hæstv. menntmrh. hefði svarað við venjulegar kringumstæður.

Hæstv. menntmrh. hefur nýlega svarað fyrirspurn sem ég bar fram ásamt hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur þar sem m.a. var reynt að fá frekari upplýsingar um málið til að auðvelda þessa mikilvægu umræðu. Þar var spurt um í hverju þær tilraunir á grunnskólastigi eru fólgnar sem heimilaðar hafa verið allt frá árinu 1974 þegar fyrst voru sett lög um grunnskóla og þetta ákvæði fór fyrst inn í lög. Síðan hefur lagaákvæðið verið nær óbreytt, bæði við breytingu á grunnskólalögunum 1991 og einnig við breytingu á grunnskólalögunum 1995.

Í ljós kemur, herra forseti, að undanþágur samkvæmt þessari grein hafa alla þessa tíð í raun verið mjög fáar. Þegar grunnskólalögin voru sett var Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands rekinn og ekki þótti ástæða til að nýta þessa lagaheimild til tilrauna þar vegna þess að skólinn starfaði samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands allt frá árinu 1971. Hins vegar hafði Fossvogsskóli tekið til starfa vorið 1972 sem var tilraunaskóli með svokallaðan opinn skóla, og hann er fyrsti skólinn sem hlaut viðurkenningu fræðsluyfirvalda sem tilraunaskóli samkvæmt páv. 65. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

Herra forseti. Þetta er eina heimildin sem veitt hefur verið samkvæmt þeirri lagagrein. Það segir okkur, herra forseti, að sú grein, sem eins og ég sagði áðan hefur verið í lögum allt frá 1974, fjallar eingöngu um að veita undanþágur sem varða nám, starfstíma grunnskóla, kennslutilhögun eða stundafjölda og annað þess háttar, þ.e. það sem snýr að innra starfi skólans.

Hér er hins vegar um allt aðra hluti að ræða og það er athyglisvert að bera saman þessa grein og síðan ýmis ummæli hæstv. menntmrh. sem m.a. komu fram í utandagskrárumræðu af þessu sama tilefni.

Herra forseti. Þar segir hæstv. menntmrh. m.a., með leyfi forseta: „Þegar grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga efndi ég til fjölmargra funda til að ræða þessa miklu valddreifingu. Þá lét ég þess oft getið að ég liti á flutninginn sem fyrsta skrefið í þá átt að flytja skólann enn nær foreldrunum og hvatti til þess að þeir kæmu enn frekar að skólastarfinu. Þá sagði ég einnig að æskilegt væri að efla enn ítök einkaaðila í skólastarfi."

Herra forseti. Þessi ummæli eru afar merkileg og í ljósi þeirra fór ég nákvæmlega í gegnum útboðsgögn bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði og leitaði með logandi ljósi að því hvar ég gæti fundið merki þess að verið væri að færa skólann nær foreldrum.

Herra forseti. Í þeim gögnum er hvergi nokkurs staðar að finna eitt einasta orð um að færa eigi þennan sérstaka grunnskóla á nokkurn hátt nær foreldrum, hvergi nokkurs staðar. Þannig að hér hefur óskhyggja hæstv. menntmrh. komið fram, því miður verð ég að segja því að ég er sammála hæstv. menntmrh. að afar mikilvægt er að færa grunnskólann sem allra næst foreldrum, og það hefði verið miklu mikilvægara fyrir framhald þróunar í grunnskólum landsins ef bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði í raun og veru verið að gera tilraun með að færa skólann nær foreldrum. En til þess voru allt aðrar leiðir miklum mun einfaldari en þær að bjóða út rekstur skólans því að rekstur skólans kemur því máli í raun og veru ekkert við nema að það hefði verið skilyrt í útboðsgögnunum að foreldrar í hverfinu ættu að reka skólann. Á það er hvergi minnst. Það er því ekkert í útboðsgögnunum, herra forseti, sem færir rök fyrir þessum orðum hæstv. menntmrh.

Annað sem hæstv. menntmrh. sagði í þessum sömu umræðum, með leyfi forseta: „Meðal annars færi þetta form rekstur skóla enn nær vettvangi og geti stytt allar boðleiðir í skólastarfinu."

Og enn, herra forseti, fór ég og leitaði í útboðsgögnum. Hvergi nokkurs staðar er að finna neitt sem bendir til þess að þetta form rekstrar eigi að færa skólana eitthvað nær vettvangi. Skólinn er hverfisskóli og almennur grunnskóli í dag, hefur miklar skyldur gagnvart umhverfi sínu og það er ekki að sjá neins staðar í útboðsgögnum að verið sé að færa auknar skyldur á herðar þessum skóla til að vera nær vettvangi.

Herra forseti. Enn til þess að ítreka það sem áður hefur komið fram vil ég að lokum vitna, með leyfi forseta, aftur í hæstv. menntmrh.: „Varðandi það sem menn sögðu þegar grunnskólinn var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaga, þá sótti ég fjölmarga fundi og lá aldrei á þeirri skoðun minni sem ég lýsti í svari mínu áðan að ég teldi að þetta væri fyrsta skrefið til að færa skólana enn nær foreldrunum og taka upp nýja starfshætti við stjórn skólanna eins og verið er að gera með því útboði sem Hafnfirðingar ætla að fara af stað með."

Herra forseti. Hér er fullyrt að verið sé að færa skólann nær foreldrum og talað er um að taka upp nýja starfshætti við stjórn skólanna. Herra forseti. Enn á ný leitaði ég í útboðsgögnum og fann hvergi stoðir fyrir þeim orðum hæstv. menntmrh. Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að starfandi hæstv. menntmrh. geri okkur gleggri og betri skil á þeim orðum hæstv. menntmrh. og finni stoðir í útboðsgögnunum fyrir þeim vegna þess að ég ítreka enn og aftur, herra forseti, að það að færa grunnskólann nær foreldrum er býsna mikilvægt og þarf að finna leiðir til þess þó svo mjög víða hafi grunnskólar stigið stór skref í þessa átt og það hefur aukist á hinum seinni árum. Fróðlegt hefði verið að sjá í útboðsgögnum eða hreinlega í stefnu Hafnarfjarðarbæjar að þetta væri mörkuð skólastefna bæjarins og þá er ég viss um að þeir grunnskólar sem þar eru til staðar, ég tala nú ekki um hina ágætu skólaskrifstofu sem þeir reka þar, hefðu getað fundið leiðir til að færa skólann nær foreldrum og ekki hefði þurft að fara þessa sérkennilegu krókaleið til þess og þar að auki leið sem hvergi er að finna að nokkurs staðar tryggi það að aðkoma foreldra verði betri í þessum skóla en öðrum skólum í Hafnarfirði.

Herra forseti. Einnig væri hægt að færa frekari rök fyrir því að 53. gr. grunnskólalaganna heimilar í raun hvergi þá leið sem hér er verið að ýja að að verði farin. Þegar farið er í gegnum umræður, athugasemdir og breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum frá 1974 er hvergi að finna stafkrók um að menn hafi látið sér detta í hug að nýta mætti þá lagagrein í þessa átt. Og rétt er í þessu samhengi að minna á að t.d. stjórn Félags grunnskólakennara hefur ályktað sérstaklega vegna þessa máls og hefur komist að þeirri niðurstöðu, eins og segir, með leyfi forseta, orðrétt úr ályktun þeirra: „Félag grunnskólakennara telur að ákvæði grunnskólalaga um tilraunaskóla geti ekki átt við um þessa áformuðu einkaframkvæmd." Þar eru að sjálfsögðu innan veggja ýmsir sem fylgst hafa með allri þeirri lagasetningu sem átt hefur sér stað frá árinu 1974. Þess vegna er hér líka verið að fara í mótsögn við samtök grunnskólakennara og það er að sjálfsögðu ekki til þess fallið að auka frið eða sátt um slíka framkvæmd.

Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að spyrja hæstv. starfandi menntmrh.: Hvers vegna, ef áhuginn er slíkur fyrir þessari leið, var ekki valið, til að taka af allan vafa, að leggja fram formlega breytingartillögu við grunnskólalögin þannig að hægt hefði verið að fara almennilega í umræðuna og taka hana efnislega um það að fara þessa leið því að hún hlýtur, miðað við þann áhuga sem er að finna í meiri hluta bæjarstjórnar í Hafnarfirði, að vera þess virði að hún sé rædd? Þess vegna er óskiljanlegt að farið sé með þetta mál í ófriði gegn og í andstöðu við stéttarfélag grunnskólakennara og í bullandi andstöðu við minni hlutann í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og í raun og veru í bullandi andstöðu við stóran hluta þeirra sem starfa við skólamál í landinu.

Herra forseti. Hvert er bæjarstjórn Hafnarfjarðar eiginlega að fara? Hver er tilgangurinn með þessari leið? Ég hef reynt að komast að því en hef átt afar erfitt með það. Í laugardagsblaði Morgunblaðsins steig fram á ritvöllinn eini bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sá sem myndar meiri hlutann með Sjálfstæðisflokknum í bæjarstjórninni. Ég held að sé rétt að lesa upphafsorð þeirrar greinar. En þar segir, með leyfi forseta:

„Í Hafnarfirði tóku Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur við þröngu búi að afloknum kosningum 1998."

Herra forseti. Er þetta virkilega skýringin? Hið þrönga bú bæjarsjóðs Hafnarfjarðar? Eru sem sagt fjárhagslegar ástæður fyrir því að þeir leita leiða til þess að komast billegar frá rekstri grunnskóla en ella hefði orðið? Ef svo er þá er verr af stað farið en heima setið. (**Gripið fram í:** En félagsíbúðakerfi Reykjavíkur?) Herra forseti, vegna frammíkalls hv. þm. sem er vonandi að reyna að ná þræðinum í umræðunni þá vona ég að hann komi með fullum þunga inn í umræðuna á eftir, leiði okkur í allan sannleikann um málið og skýri fyrir okkur hvert bæjarstjórnarmeirihlutinn í Hafnarfirði er að fara. Hv. þm. *ætti mikla þökk skilda ef hann gæti gert* slíkt, því við höfum ekki fengið skýringar.

Herra forseti. Eitt enn úr þessari ágætu grein gæti líka leitt í ljós hvert meiri hluti bæjarstjórnar er að fara. Þorsteinn Njálsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, segir, með leyfi forseta:

„Ég segi stoltur frá því að börnin mín hafi verið í Ísaksskóla, Miðskóla og Tjarnarskóla og eru þau hreykin af því."

Herra forseti. Ég efast ekki um að hér er um ágæta skóla að ræða. Hér er um einkaskóla að ræða. Það var vissulega einn möguleikinn fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að setja upp einkaskóla í sveitarfélaginu. Um slíkt er hins vegar ekki að ræða. Hins vegar getur þetta líka sagt til um ástæður þess að menn fara þessa leið, þ.e. að bæjarfulltrúinn sjálfur virðist ekki hafa treyst sér til þess að láta börnin sín í grunnskóla

í Hafnarfirði. Hver ástæðan er er mér gjörsamlega hulin ráðgáta. Fróðlegt væri ef einhverjir hv. þm. og flokksbræður bæjarfulltrúans gætu frætt okkur um ástæðurnar fyrir slíku.

Eitt, herra forseti, er nauðsynlegt að fram komi úr útboðsgögnum bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði. Þar er ákveðið orðalag sem vekur örlítinn ugg. Ég tala nú ekki um ef ætlunin er að leita ódýrari leiða til að reka grunnskóla, eins og hægt var að álykta út frá grein bæjarfulltrúans frá því á laugardaginn. En hér segir, með leyfi forseta:

„Tilboðsverð skal innifela nægilegan hagnað og allan kostnað m.a. vegna ...“ — síðan kemur löng upptalning. En, herra forseti, ég vek sérstaka athygli á þessu orðalagi „nægjanlegan hagnað“. Nægjanlegan hagnað takk! Hver á að fá þennan hagnað? Jú, að sjálfsögðu sá sem býður í. Það á sem sagt að tryggja honum nægjanlegan hagnað. Hvaða möguleikar eru þá eftir ef ekki á að spara peninga? Það hlýtur þá að þurfa að draga úr kostnaði einhvers staðar. Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að við fáum skýringar á því hvernig draga eigi úr þessum kostnaði.

Hér hefur verið nokkuð gumað af eftirliti, m.a. hefur hæstv. menntmrh. bent látlaust á að það eigi að vera alveg sérstakt eftirlit á þessum skóla — sérstakt eftirlit. Ég fór sérstaklega yfir þessi útboðsgögn til að kanna í hverju þetta sértaka eftirlit væri fólgið. Ég fullyrði að það er ekkert sérstakt eftirlit á þessum skóla umfram aðra skóla í Hafnarfirði, þ.e. skólaskrifstofan hefur nákvæmlega sama aðgang og eftirlit í þessum skóla og öðrum skólum. Í leyfi ráðuneytisins verður væntanlega aðeins um það að ræða að skila skuli inn skýrslum á ákveðnu tímabili og ráðuneytið geti haft eftirlit með skólanum.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að ráðuneytið hefur þessa eftirlitsskyldu gagnvart öllum grunnskólum í landinu. Það hefði verið nær fyrir hæstv. menntmrh. að leggja fyrir okkur áætlun um það hvernig ráðuneytið ætlar að standa að þessari eftirlitsskyldu sinni. Menntmrn. er reyndar ákaflega vanbúið til að sinna þessari lagaskyldu sinni, því miður. Þess vegna hefði verið nær að hér hefðu legið fyrir áætlanir um eftirlitið eða beiðni um að fá aukið fjármagn til þess að sinna þessari eftirlitsskyldu. Þessi eftirlitsskylda er því miður nær eingöngu falin í því að ráðuneytið getur skoðað niðurstöður samræmdra prófa. Það er afskaplega lítið annað sem gert er, nema safna saman tölum um nemendafjölda hjá Hagstofunni. Hvað segir það okkur um grunnskólann? Afskaplega lítið. Mjög takmörkuð mynd sem þetta gefur okkur af starfi í grunnskóla. Þetta gefur í raun oft hættulega mynd vegna þess hve einsleit hún er. Menn hafa því miður freistast til þess æðioft að draga rangar ályktanir út frá slíkum upplýsingum.

Herra forseti. Fleira vekur athygli í þessu máli. Vilyrði ráðherrans í sérstöku bréfi, dagsettu 6. mars 2001, vekur líka verulega athygli, sérstaklega vegna þeirra laga sem talin eru upp í bréfinu, um hvaða lög skuli sérstaklega halda í heiðri í þessu útboði. Sérstaklega eru það lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sem rétt er að vekja sérstaka athygli á. Það er mikilvægt fyrir þá sem munu bjóða í þessa starfsemi að átta sig á því hvað felst í bréfi ráðherrans. Það er meira að segja eðlilegt velta því fyrir sér — ég vona að hæstv. starfandi menntmrh. geti svarað því hér á eftir — en það er freistandi, herra forseti, að álykta sem svo að í þessu bréfi hafi hæstv. ráðherra fundið smugu til þess að koma í veg fyrir að þessi leið verði farin.

Hvers vegna segi ég þetta, herra forseti? Jú, vegna þess að í lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í grunnskólum segir m.a. að menntmrn. skeri úr um það ef ágreiningur er um það hvort þessi lög eigi við eða ekki. Það segir í 2. mgr. 1. gr. að ef ágreiningur verði um það hvort kennari eða skólastjóri skuli sæta ákvæði nefndra laga, skeri menntmrh. úr. Herra forseti, menntmrh. hefur skorið úr. Í bréfinu frá 6. mars 2001 segir hann að þessi lög gildi.

Hvað felst í því að þessi lög gilda um kennara og skólastjórnendur í þessum skóla? Meðal annars er í því fólgið að ráðningarsamningar við kennara og skólastjórnendur séu skriflegir, gerðir á samræmd eyðublöð sem Samband íslenskra sveitarfélaga lætur í té og að sveitarfélög setji starfsmönnum, þ.e. í þessu tilfelli kennurum og skólastjórnendum, erindisbréf. Sveitarfélagið er með öðrum orðum vinnuveitandinn. Sveitarfélagið sem kemst ekki hjá því að bera ábyrgð á þessum starfsmönnum, þrátt fyrir að einhver þriðji aðili eigi að koma að því að reka skólann.

Í áðurnefndum lögum er einnig tekið fram að kennarar og skólastjórnendur taki laun samkvæmt kjarasamningum og ráðningarsamningum, sbr. 24. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það segir með öðrum orðum að kennari og skólastjórnendur skuli að lágmarki taka laun samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga. Það þýðir líka að þeir njóta lífeyrisréttinda sem opinberir starfsmenn. Er skrýtið að maður velti því fyrir sér að hæstv. menntrmh. hafi í raun verið að finna sér leið til þess að koma í veg fyrir að af þessu yrði?

Herra forseti. Að lokum er rétt að taka fram að það mun ekki standa á minni hluta menntmn. að hraða afgreiðslu þessa máls í gegnum nefndina. Við vonum að meiri hlutinn verði liprari í að ræða þetta mál en ýmislegt annað sem minni hlutinn hefur farið fram á í nefndinni.

[16:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ágætt að hafa fengið það á hreint og m.a. staðfest af þingmanni Samfylkingarinnar að núverandi meiri hluti í Hafnarfirði hafi tekið við þröngu búi. Það er ágætt að hafa fengið það staðfest. Þess vegna finnst mér málið enn frekar til marks um kjark og þor hjá meiri hluta Hafnarfjarðar, að fara út í merkilegar nýjungar að mínu mati, sem er ekki gert til þess að spara pening. Tilgangurinn er ekki að minnka fjárútlát bæjarsins á einn eða neinn hátt heldur er þetta tækifærið upp á framtíðina, til að þróa og efla og bæta kennsluhætti og rekstur skóla þar á meðal. Ég tel þetta vera tækifæri sem við eigum ekki að láta fram hjá okkur fara.

Mig langar hins vegar að spyrja, virðulegi forseti, hv. þm. Einar Má Sigurðarson hvort það sé rétt skilið hjá mér — en svo virtist sem hv. þm. hefði lesið útboðsgögnin mjög vel — að ef staðið hefði í útboðsgögnum að tryggt væri að foreldrar fengju rekstur þessa skóla og kennslu þá gæti hann sætt sig við fyrirkomulagið sem við erum m.a. að ræða hér.

[16:10]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að hv. þm. hafi nú ekki hlustað á ræðu mína með fullri athygli. Hjá henni gætir einhvers misskilnings. Ég var að vitna í bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og las upp orð hans um hið þrönga bú sem bæjarstjórnin hefði tekið við. Ég var að leiða líkur að því að þess vegna væri m.a. gripið til þessa ráðs. Það segir ekkert til um skoðun mína á því hvernig búið var sem þeir tóku við. Á því hef ég einfaldlega

ekki neina þekkingu. Ég hef ekki kynnt mér fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarbæjar þegar þessi meiri hluti tók við. Hins vegar held ég að öllum sé kunnugt að a.m.k. í seinni tíð hefur fjárhagsvandinn verið verulegur í Hafnarfjarðarbæ, hverju sem þar er um að kenna. Þetta er raunar ekki vettvangurinn til að velta því fyrir sér. Ég var sem sagt ekki að greina frá skoðun minni en það getur vel verið að búið hafi verið þröngt engu að síður. Ég hef bara ekki þekkingu á því. (**GÁS:** Allt í stakasta lagi.) Ég efast ekkert um að það hafi verið í stakasta lagi, a.m.k. lengi framan af síðasta áratug.

Herra forseti. Spurning hv. þm. var um hvort ég hefði, ef tryggt væri að foreldrarnir kæmu að rekstrinum, getað samþykkt þessa leið. Enn á ný virðist hv. þm. hafa misskilið mig. Þar vitnaði ég í hæstv. menntmrh. sem talaði um að mikilvægt væri að tryggja að foreldrar kæmu sem allra mest og best að rekstri grunnskólans. Ég bætti því reyndar við að ég væri sammála hæstv. menntmrh. í að mikilvægt væri að tryggja að foreldrar kæmu að rekstrinum. Ég sagði hins vegar einnig að til væru miklu þægilegri leiðir til að tryggja foreldrunum aðgang að skólunum en að fara þessa krókaleið sem hvergi nokkurs staðar í útboðsgögnunum er tryggt að muni færa skólann nær foreldrum. Það eru margar fleiri leiðir til þess og miklu einfaldari sem hafa verið gerðar tilraunir með víða um land. Ég segi aftur, herra forseti: Það er ekkert í útboðsgögnunum sem tryggir að foreldrarnir verði nær þessum skóla en öðrum.

[16:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð víst að fara að hlusta eitthvað betur. Mér fannst hv. þm. Einar Már Sigurðarson ekki svara spurningu minni. Er hann sammála mér í því að nauðsynlegt sé, svo virtist reyndar vera, að færa skólann enn nær foreldrunum? Við erum öll sammála um það, gæti ég trúað, hér inni. En er hann sammála mér í því að ef hægt væri að færa grunnskólann nær foreldrunum, m.a. í gegnum svona útboð eins og á sér stað í Hafnarfirði, þá ætti að gera það? Er hv. þm. sammála því að við færum þessa þætti sem er verið að bjóða út í Hafnarfirði til foreldranna, bæði rekstur skóla og kennsluhættina? Ég vænti þess að hv. þm. Einar Már Sigurðarson geti svarað mér því þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er búinn að fræða hann um hvað hann eigi að segja.

[16:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég blanda mér nú ekki í innanbúðarmál þeirra hv. þm. sem búsettir eru í Hafnarfirði, það er aukaatriði. En þessi sérkennilega og endurtekna spurning hv. þm. sýnir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast ekki tilbúnir til að ræða efnislega um þetta mál, þ.e. um útboðið á rekstri skólans. Það hefði verið nær að hv. þm. reyndi að færa rök fyrir því að þessi leið tryggði það á einhvern að foreldrarnir kæmust nær rekstrinum. (Gripið fram í.) Ég var að reyna, herra forseti, að koma því að í ræðu minni að ég sæi ekki að nokkuð í þessari leið tryggði aðgang foreldra að skólunum. Ég sagði líka að til væru ótal leiðir til þess að tryggja þann aðgang innan kerfisins sem nú er, að bæta og auka aðgang foreldra að skólunum. Það er hins vegar ekki til umræðu hér sem slíkt.

Ég benti einnig á það í ræðu minni að hæstv. menntmrh. hefði notað aukinn aðgang foreldra sem rök fyrir því að fara þessa leið. Ég ítreka hins vegar að það er ekkert við þessa leið sem tryggir að foreldrar hafi betri aðgang að skólunum. Það út af fyrir sig ekki til umræðu hér. Við gætum vissulega farið í gegnum alla þá umræðu en það verður bara að bíða síns tíma. Það getur vel verið að gera þurfi einhverjar breytingar, sem ég sé þó ekki að þurfi að gera, á grunnskólalögum til að tryggja þennan aðgang foreldra. Þar er gert ráð fyrir því að hægt sé að stórauka hann. Ég get bætt því við að sú leið að færa grunnskólann til sveitarfélaganna fannst mér býsna stórt skref í þá átt að færa grunnskólann nær foreldrum.

Hér er hins vegar verið að boða allt aðra leið sem þess vegna gæti jafnvel fært grunnskólann, það er hægt að færa rök fyrir því, fjær vettvangi. Ef við ætlum að fara að láta einhverja bisnessmenn úti í bæ, sem enginn veit í hvaða bæ eru staddir, sjá um grunnskólahaldið þá held ég að við gætum verið á mjög hættulegri braut.

[16:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Það er nokkuð undarlegt að sitja undir ræðum hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Í rauninni er verið að endurtaka umræðu sem þegar hefur farið fram á hinu háa Alþingi utan dagskrár þann 12. febrúar sl. Nú er að vísu um að ræða frv. um breytingu á lögum um grunnskóla, og hv. þm. 1. flm., Guðmundur Árni Stefánsson, óskaði eftir því að ég yrði viðstödd umræðuna sem staðgengill hæstv. menntmrh. Þetta er auðvitað 1. umr. um frv. sem mun væntanlega fá vandaða skoðun hjá hv. menntmn. þingsins. Engu að síður tel ég rétt að fara yfir nokkur atriði í tengslum við þetta mál, ekki síst í ljósi þeirra fullyrðinga sem hér hafa verið settar fram.

Hér er komið fram frv. sem á að mati hv. flutningsmanna væntanlega að girða fyrir að Hafnarfjarðarbær geti innleitt þá nýjung í skólastarfi sem er nú í undirbúningi. Eins furðulegt og það nú er, að reyna á hinu háa Alþingi að grípa inn í ákvarðanir lýðræðislega kjörinnar stjórnar í sveitarfélagi, þá þjónar frv. ekki einu sinni afdráttarlaust yfirlýstu markmiði. Flutningsmenn frv. telja að efni þess taki af tvímæli um skyldu sveitarstjórna til að bera sjálfar ábyrgð á kennslu og framkvæmd skólastarfs í grunnskóla. Þessi skylda er ljós samkvæmt núgildandi lögum og hefur ekki verið fallist á að sveitarstjórn geti komið sér hjá þeirri ábyrgð, þar með talið með tilraunastarfi í grunnskólum, á grundvelli 53. gr. grunnskólalaga.

Ef tilgangur frv. er sá að banna útboð á skólastarfi hefði verið betra að tillaga frv. að lagatexta fjallaði um það efni sem hún gerir ekki afdráttarlaust. Eins og frv. er orðað eru sveitarstjórnum engar frekari skorður settar hvaða rekstrarform þær kjósa við rekstur grunnskóla.

Ábyrgð samkvæmt grunnskólalögunum er skýr. Skyldur sveitarstjórna til að veita nemendum lögboðna fræðslu samkvæmt grunnskólalögunum er fyrst og fremst gagnvart nemendum og forsjármönnum þeirra. Sveitarstjórnum eru ekki settar strangar skorður við því hvernig þær standa að því að reka grunnskóla, svo fremi að sveitarstjórnir standi undir þeirri ábyrgð sem grunnskólalögin kveða á um gagnvart nemendum og forsjármönnum þeirra. Kemur þessi afstaða skýrt fram í bréfi menntmrn. til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 6. mars sl., vegna breytts fyrirkomulags á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði og er leyfi menntmrn. til Hafnarfjarðarbæjar bundið þessu skilyrði.

Með leyfi virðulegs forseta, vil ég fá að vitna í þetta bréf:

„Í erindi yðar kemur fram að verkefni það sem boðið er út falli undir einkaframkvæmd í opinberum rekstri með því að sveitarfélagið hyggst leita samstarfs við einkaaðila um

úrlausn verkefnis á vegum sveitarfélagsins. Ráðuneytið lítur svo á að með því sé átt við að sveitarfélagið beri eftir sem áður ábyrgð á rekstri skólans í samræmi við ákvæði grunnskólalaga og starfsemi einkaaðilans við rekstur grunnskólans lúti stjórnsýslulögum, nr. 37/1993." — Síðar í bréfinu segir:

„Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem grunnskólalögin taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli ákvæði laganna, reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og aðalnámskrá grunnskóla. Allur kostnaður og rekstur vegna grunnskólahalds er á höndum sveitarfélaga. Sveitarstjórn ber því ábyrgð á öllum daglegum rekstri og framkvæmd skólastarfsins innan sveitarfélagsins. Samstarf sveitarfélags við einkaaðila um rekstur grunnskóla, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í útboðsgögnum Hafnarfjarðarbæjar, verður að tryggja að réttur nemenda samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla, verði ekki fyrir borð borinn og að tryggt sé að nemendur í skólanum njóti a.m.k. jafngóðrar kennslu og fæst í öðrum skólum, þar með talið að ákvæðum grunnskólalaga um starfstíma grunnskóla eða lágmarksfjölda vikulegra kennslustunda og ýmsum ákvæðum grunnskólalaga er varða réttindi nemenda verði fullnægt.

Samkvæmt 12. gr. grunnskólalaganna skal vera skólanefnd í hverju skólahverfi sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Hvílir sú skylda á nefndinni að sjá til þess að öll börn á skólaskyldualdri njóti lögboðinnar fræðslu. Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Hver sveitarstjórn hefur þannig lögboðnar skyldur gagnvart þeim börnum á skólaskyldualdri sem eiga lögheimili innan marka sveitarfélagsins. Verður ekki vikist undan skyldum skólanefndar í þessu efni við framkvæmd tilraunaverkefnis af því tagi sem hér um ræðir. Í útboðsgögnum kemur fram að skólanámskrá og skólareglur verði háðar staðfestingu skólanefndar."

Hvort sem sveitarstjórnir kjósa að bjóða út framkvæmd einstakra þátta skólastarfs eða ráða starfsmenn til þeirra verka milliliðalaust í sína þjónustu, breytir það engu um þá ábyrgð sem sveitarstjórnir hafa samkvæmt grunnskólalögum. Þá breytir það engu um ábyrgð sveitarstjórna gagnvart nemendum og forsjármönnum þeirra hvort einstakir starfsmenn starfi á grundvelli verksamninga eða ráðningarsamninga.

Í greinargerð flutningsmanna með frv. segir: „Ljóst er af nýlegum svörum menntamálaráðherra á Alþingi að hann hyggst leyfa að skólastarf í nýju íbúðarhverfi í Hafnarfirði verði boðið út eins og hver önnur atvinnustarfsemi og ábyrgð og framkvæmd þess falin þeim sem best býður." Þetta er ekki rétt og geta menn staðfest það með því að lesa ræðu hæstv. menntmrh. í utandagskrárumræðum 12. febrúar sl., enda liggur ábyrgð sveitarfélagsins fyrir, bæði samkvæmt lögum og leyfisbréfi ráðuneytisins, eins og áður var lýst.

Afgreiðsla menntmrn. á erindi Hafnarfjarðarbæjar fólst í því að menntmrn. gerði fyrir sitt leyti ekki athugasemdir vegna fyrirhugaðs útboðs Hafnarfjarðarbæjar á kennsluþætti grunnskóla bæjarins í Áslandi. Ráðuneytið féllst á að veita Hafnarfjarðarbæ vilyrði fyrir undanþágu á grundvelli 53. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, með síðari breytingum, til rekstur grunnskólans í Áslandi sem tilraunaskóla, að því gefnu að endanlegur samningur um tilhögun verkefnisins verði í samræmi við þau skilyrði sem ráðuneytið hefur sett með hliðsjón af ákvæðum grunnskólalaga. Þegar endanleg tilhögun verkefnisins af hálfu Hafnarfjarðarbæjar liggur fyrir, verði málið kynnt ráðuneytinu til endanlegrar ákvörðunar. Framangreind afstaða menntmrn. byggðist á nokkrum atriðum sem ég ætla að gera hér grein fyrir:

1. Kennslan fari fram í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla og ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, og lög nr. 86/1998, um lögverndun starfsheitis og starfsréttinda grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

2. Sveitarfélagið ber eftir sem áður ábyrgð á rekstri skólans í samræmi við ákvæði grunnskólalaga, og starfsemi einkaaðilans við rekstur grunnskólans lýtur stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

3. Réttur nemenda samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla, verði tryggður.

4. Tryggt sé að nemendur í skólanum njóti a.m.k. jafngóðrar kennslu og fæst í öðrum skólum, þar með talið að ákvæðum grunnskólalaga um starfstíma grunnskóla eða lágmarksfjölda vikulegra kennslustunda og ýmsum ákvæðum grunnskólalaga er varða réttindi nemenda verði fullnægt.

5. Skólanefnd sjái til þess að öll börn á skólaskyldualdri njóti lögboðinnar fræðslu. Skólanefnd staðfestir áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Skólanámskrá og skólareglur verði háðar staðfestingu skólanefndar. Skólanefnd ber ábyrgð á að tryggja nemanda annað kennsluúrræði ef honum er vikið úr skóla. Á skólanefnd hvíla lögboðnar úrskurðarskyldur sem hún hefur gagnvart nemendum og foreldrum við úrlausn stjórnsýslukæra vegna ákvarðana skólastjóra.

6. Kennsla verði veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samræmist ákvæðum laganna og aðalnámskrá.

7. Leyfisveiting menntamálaráðuneytisins á grundvelli 53. gr. grunnskólalaga er háð því skilyrði að úttekt á starfsemi grunnskólans í Áslandi fari fram fyrir lok þriggja ára tilraunatímabilsins.

Eins og ég nefndi hér í upphafi ræðu minnar fór fram utandagskrárumræða um þetta sama mál í febrúar sl. og ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vitna til orða hæstv. menntmrh. er hann sagði í lok sinnar fyrri ræðu:

„Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að ríkið eigi að setja sveitarfélögunum strangar skorður um hvernig þau standa að því að reka grunnskólana. Ljóst er að menntmrn. hefur skyldum að gegna vegna námskráa, mats og eftirlits og námsgagnagerðar. Einnig er efnt til samræmdra prófa undir forsjá ríkisins. Breytt fyrirkomulag á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði raskar ekki með neinum hætti þessu hlutverki ríkisins og unnt verður að fylgjast með innra starfi í þeim skóla eins og öðrum. Ég sé ekki nein rök fyrir því að hér sé um útboð á börnum að ræða eins og hv. þm. orðar það svo ósmekklega og ég sé ekki heldur að með þeim tillögum sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur kynnt menntmrn. sé vegið að jafnræði til náms á neinn hátt. Það er skoðun þeirra sem um málið hafa fjallað innan menntmrn. að hér sé um að ræða nýbreytni í rekstrarformi sem full ástæða sé til að reyna. Meðal annars færi þetta form rekstur skóla enn nær vettvangi og geti stytt allar boðleiðir í skólastarfinu."

Hæstv. forseti. Ég held að þetta mál skýri sig sjálft. Ég tel fyllstu ástæðu til að fagna frumkvæði Hafnarfjarðarbæjar sem leitar nú leiða til að bæta frekar skólastarf í bænum. Samtök foreldra hafa lýst ánægju með framtakið, þar á meðal samtökin Heimili og skóli og foreldraráð Hafnarfjarðar. Ég tel að rétt hafi verið staðið að þessu máli og að hér sé um að ræða merkilega tilraun í skólastarfi.

Það frv. sem er hér til 1. umr. fær síðan eðlilega afgreiðslu á hinu háa Alþingi og verður væntanlega skoðað vandlega í hv. menntmn.

[16:29]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. starfandi menntmrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir nokkurri undrun minni með þær breyttu áherslur, satt að segja, sem kveður nú við í þessari umræðu og maður hefur svo sem heyrt áður af hálfu hæstv. menntmrh. í tilvitnuðu bréfi hans til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði. Nú var reynt að gíra öll þessi merku áform niður. Nú er útboð á kennslu grunnskólabarna orðið aukasetning í öllu ferlinu. Nú er þetta orðið eitthvað allt annað. Nú á ekki að spara nokkra peninga á þessu. Nú er ábyrgðin í engu hjá væntanlegum verktaka, heldur er það bæjarsjóður Hafnarfjarðar í þessu tilfelli eða þá sveitarfélög almennt í sambærilegum tilfellum sem bera hina fjárhagslegu ábyrgð, ábyrgð á kennsluþættinum, málskotsrétturinn fellur á sveitarfélagið. Í minni sveit var þetta einu sinni kallað pilsfaldakapítalismi. Herra forseti. Hefur orðið áherslubreyting í miðju kafi eða hvað er á ferð? Þessar nýju áherslur Sjálfstfl. í málinu eru í engu samræmi við þau gögn sem væntanlegir bjóðendur hafa undir höndum og ég er hér með og ég get látið hæstv. ráðherra hafa þar sem öll venjubundin lögmál markaðarins eru í heiðri höfð, nefnilega „eðlilegur" hagnaður, lægstbjóðandi, þ.e. fjárhagslegar forsendur ráða 40% af þeim forsendum sem dregnar eru þegar val á verktaka er ákveðið. Hér eru öll lögmál með venjubundnum hætti. Hér kveður við allt annan tón þegar hæstv. ráðherra og þeir sjálfstæðismenn vilja núna vera láta að hér sé ekkert nýtt á ferðinni, hér sé svona hefðbundinn pilsfaldakapítalismi. (Forseti hringir.) Þá er ég hættur að skilja. Hefur hér orðið breyting? Hafa menn skipt um hest í miðri á?

[16:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Það er nokkur annar tónn sem nú heyrist hjá sjálfstæðismönnum í þessu máli. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. starfandi menntmrh. að í bréfinu frá 6. mars 2001 er vissulega talað mikið um ábyrgð sveitarfélaga. Ég benti á nokkur atriði í ræðu minni áðan og ég held að ég verði að ítreka spurningu mína og hafa hana kannski örlítið skýrari en áður. Hún er um það að í þessu títtnefnda bréfi segir m.a. að lögin um réttindi og skyldur skólastjórnenda í grunnskólum eigi að gilda varðandi þetta svokallaða útboð og þar segir með öðrum orðum að sveitarfélagið sé vinnuveitandi og starfsmennirnir þar af leiðandi starfsmenn sveitarfélagsins. Eða hvað, hæstv. dómsmrh., er eitthvað annað þar í pípunum?

Ég vil segja, herra forseti, að það sé raunverulega ekki hægt að draga aðra ályktun af þessu vilyrði menntmrh. til Hafnarfjarðarbæjar um heimildina til að bjóða út skólastarf við Áslandsskóla en að kennarar og skólastjórnendur verði starfsmenn bæjarsins og það þýðir að þá hlýtur að vera að tryggja eigi þeim starfsmönnum bæjarins nákvæmlega sömu lífeyrisréttindi og aðrir kennarar og skólastjórnendur hafa á grunnskólastiginu.

Herra forseti. Mér er því spurn og ég vona að hæstv. ráðherra geti svarað því: Hvernig eiga einkaaðilar að tryggja slíkt? Eða er það réttur skilningur minn að þessir starfsmenn verði áfram starfsmenn bæjarsins? Og þá er spurning: Til hvers er þessi leikur gerður?

[16:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með þrjár spurningar sem ég vil beina til hæstv. ráðherra. Hæstv. starfandi menntmrh. sagði að þetta mál okkar mundi væntanlega fá vandaða meðferð í menntmrn. Í fyrsta lagi: Mun ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn beita sér fyrir því að þeirri umfjöllun verði hraðað og málið komi aftur til kasta þingsins áður en gengið verður frá tilboðum varðandi Áslandsskóla?

Í öðru lagi: Bent hefur verið á að þessi einkarekni skóli geti boðið nemendum úr öðrum hverfum til sín og þá muni opinberir aðilar fjármagna þetta. Reyndar var bent á þetta á þingi Framsfl. Ég gagnrýndi framsóknarmenn áðan í ræðu minni, en það voru framsóknarmenn, ég held það hafi verið hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem benti á þá hættu sem því fylgdi að hinn einkarekni skóli mundi reyna að laða til sín nemendur sem ættu auðvelt með nám. Hefur hæstv. starfandi menntmrh. áhyggjur af þessu?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það við núverandi fyrirkomulag sem kemur í veg fyrir nýbreytni og þess vegna tilraunastarfsemi innan skólans? Hvað er það við núverandi rekstrarform sem kæmi í veg fyrir slíkt? Þetta eru þær spurningar sem ég vona að hæstv. starfandi menntmrh. svari í andsvari.

[16:35]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði hér þriggja spurninga. Í fyrsta lagi hver yrði meðferð málsins í hv. menntmn.

Ég get að sjálfsögðu ekki svarað því, en ég veit að í þeirri nefnd fá frv. og þingmál vandaða meðferð. Ég treysti því að svo verði líka í sambandi við þetta frv. En það eru væntanlega hv. þm. sem eiga sæti í nefndinni sem hafa stjórn á því máli.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort ég hefði áhyggjur af því að unnt yrði að bjóða nemendum úr öðrum hverfum til skólavistar í þessum skóla, m.a. með tilliti til námsárangurs.

Svar mitt við þeirri spurningu er nei. Ég hef ekki áhyggjur af því.

Í þriðja lagi spurði hv. þm.: Hvað er það við núverandi fyrirkomulag sem kemur í veg fyrir nýbreytni í skólastarfi?

Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að víða í lögum um grunnskóla sé ákvæði sem geri einmitt ráð fyrir því að teknar séu upp nýjungar í skólastarfi. Reyndar er tiltölulega stutt síðan mjög vönduð löggjöf var sett á þessu sviði og mér finnst það fagnaðarefni. En ég tek það fram að þetta er lýðræðislega kjörin stjórn í sveitarfélagi, í Hafnarfjarðarbæ, sem er að innleiða nýjung í skólastarfi og ég tel að það eigi fyllilega rétt á sér.

[16:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínum dómi er ekki verið að innleiða nýjungar í skólastarfi í Hafnarfirði. Það er verið að innleiða

nýjungar í rekstri á grunnskólum landsins. Verið er að einkavæða grunnskólann. Og það er að sönnu nýjung. Við þyrftu að ræða þetta á mun rækilegri hátt hér á Alþingi áður en við förum út á þá braut. Það er okkar skoðun. Þess vegna spurði ég þessarar fyrstu spurningar: Hvort stjórnarmeirihlutinn vildi tryggja að þetta mál fengi faglega umfjöllun í nefnd og síðan afgreiðslu þingsins áður en ákvarðanir eru teknar um að einkavæða grunnskólann. Mér finnst það mjög mikilvægt. Ég efast ekkert um að hæstv. starfandi menntmrh. er alvara þegar hæstv. ráðherra segir að það sé rétt að starfa faglega og málefnalega í menntmrn. En spurningin snýst um hvort þetta tiltekna mál fái þar afgreiðslu og kallaðir verði til fagaðilar og Alþingi gefist síðan kostur á að taka afstöðu til þessa máls sem snertir grundvallaratriði í íslenskri stjórnsýslu og stjórnskipan og í skipulagi velferðarþjónustunnar í landinu.

Hæstv. ráðherra hefur engar áhyggjur af því að þetta muni leiða til mismununar á þann hátt sem ég rakti áðan. Það er mat hæstv. ráðherra. En mér finnst meginmáli skipta að málið fái afgreiðslu, lýðræðislega umfjöllun og að lokum afgreiðslu hér á Alþingi.

[16:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessu máli er hæstv. ríkisstjórn Íslands í sjálfu sér borin sökum því hér er verið að saka hæstv. ríkisstjórn um það að misnota 53. gr. grunnskólalaganna. Um það fjallar frv. sem við ræðum nú, þ.e. frv. sem gengur út á það að við 53. gr. grunnskólalaganna bætist nýr málsliður um að heimildir, undanþágur eða tilraunastarfsemi samkvæmt greininni feli aldrei í sér að sveitarstjórnir framselji öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur ekki stutt þá neinum rökum að hann skuli hafa veitt heimildina til útboðs á grundvelli 53. gr. Og hæstv. starfandi menntmrh. kom heldur ekki með neinar stoðir undir þá túlkun í ræðu sinni sem hún hélt hér áðan.

Ég ítreka, herra forseti, að 53. gr. grunnskólalaganna fjallar um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Hún gefur ráðherra heimild til að veita skólum undanþágur frá lögum og reglugerðum, enda gangi viðkomandi tilraun út á kennslulega þætti í skólastarfinu, kennslulega þætti, herra forseti.

Í Áslandsskóla verður ekki um slíka tilraun að ræða. Það þarf því engar undanþágur frá lögum eða reglugerðum þar sem ekki stendur til að fara á nokkurn hátt öðruvísi að en í öðrum skólum sem starfa á grundvelli grunnskólalaga.

Herra forseti. Tilrauninn í Áslandsskóla fjallar ekki um skólastarf. Hún fjallar um rekstrarform. Þess vegna á 53. gr. grunnskólalaganna ekki við. Hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, og hæstv. starfandi menntmrh., Sólveig Pétursdóttir, eru að fara á svig við lög sem Alþingi hefur sett með því að þykjast nýta sér heimild 53. gr. til þess að slík tilraun fari fram.

Herra forseti. Einkavæðing, einkavæðingarinnar vegna. Það er það sem hér er verið að fjalla um. Þess vegna er alvarleiki málsins þvílíkur að það er sanngjörn krafa stjórnarandstöðunnar að öllum áformum sem uppi eru í Hafnarfirði verði frestað og ekki verði gengið að neinum tilboðum í þessu máli áður en Alþingi er búið að fjalla um þetta ofan í kjölinn og málið hefur fengið faglega skoðun í hv. menntmn.

Herra forseti. Þetta fjallar ekki um tilraun í skólastarfi. Ég vil fá að vitna því til staðfestu í orð bæjarstjórans í Hafnarfirði í blaðagrein fyrir mánuði síðan. Hann segir að hér sé verið að ræða um rekstrarfyrirkomulag skóla, ég endurtek „rekstrarfyrirkomulag" og að börnin muni aldrei verða vör við það að verið sé að gera tilraun með það.

Herra forseti. Þetta eru orð bæjarstjórans í Hafnarfirði. Börnin koma aldrei til með að verða vör við tilraunina. Þetta er sennilega sagt til þess að við verðum rórri, við sem erum uggandi yfir því sem hér er að gerast. En þetta gerir okkur ekki róleg, herra forseti. Sannarlega ekki. Þetta staðfestir það að tilraunin sem er verið að veita undanþágur fyrir samkvæmt 53. gr. hefur ekkert með skólastarf að gera. Ekkert. Hæstv. ráðherra verður að skilja það að munur er á rekstrarfyrirkomulagi og skólastarfi. Þeir verða að skilja það. Öðruvísi getum við ekki rætt þetta á faglegum grunni, öðruvísi getum við ekki skipst málefnalega á skoðunum.

53. gr. grunnskólalaganna fjallar ekki um rekstrarform, hún fjallar um skólastarf. Þess vegna fullyrði ég, herra forseti, að verið er að fara á svig við lög, verið er að misnota 53. gr. grunnskólalaganna. Til þess að forða því er það frv. sem hér liggur fyrir lagt fram.

Til að ítreka það enn frekar, herra forseti, þá rifja ég það upp að árið 1999 fóru fram bréfaskipti skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og menntmrn. þar sem óskað var eftir könnun á því af hálfu Hafnfirðinga hvort sú leið að bjóða út allan rekstur Áslandsskóla væri fær, þar með talda kennsluna. Hugmynd skólayfirvalda í Hafnarfirði gekk sem sagt í upphafi út á það að setja skólann í einkarekstur. Hún hafði ekkert með tilraunastarf í skólastarfi að gera. Ekkert. Enda datt skólayfirvöldum í Hafnarfirði ekki í hug að nefna 53. gr. á þeim tíma. Hvaðan kom sú hugmynd? Hún kom úr ráðuneyti menntamála á Íslandi þar sem skólayfirvöldum í Hafnarfjarðarbæ var bent á að það mætti mögulega nýta sér 53. gr. til undanþágunnar sem bæjaryfirvöld væru að falast eftir.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar lýsir þessu afdráttarlaust í pistli á heimasíðu bæjarins en þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er að sjálfsögðu ekki verið að stefna á einkaskóla eins og við helst þekkjum þá heldur er um að ræða rekstur héfðbundins grunnskóla, með þeim skyldum og kvöðum, sem þeim rekstri fylgir."

Herra forseti. Þetta gerir alvarleik málsins í raun og veru enn meiri, að hugmyndin að þessari notkun, ég vil meina misnotkun, á 53. gr. skuli komin úr menntmrn. Það er ekki fagurt til afspurnar og það rennir stoðum undir tortryggni okkar í stjórnarandstöðunni sem, eins og hefur komið fram, stendur einhuga í málflutningi sínum hér.

Herra forseti. Nú eru skólayfirvöld í Hafnarfirði búin að taka ábendingu hæstv. menntmrh. og búin að sækja um undanþáguna á grundvelli 53. gr. Hæstv. menntmrh. er búinn að heimila undanþáguna. Og bæði bæjarstjóri Hafnarfjarðar og hæstv. menntmrh. hafa gagnrýnt málflutning þeirra sem telja einkaframkvæmd af þessu tagi stríða gegn grundvallarmarkmiðum grunnskólalaganna vegna þess að hér sé verið að gera börn að tilraunadýrum og söluvöru fyrir aðila sem ætli sér að græða á tiltækinu. Þetta hefur verið harðlega gagnrýnt af hæstv. menntmrh. og af bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði.

En, herra forseti, það er ekki að ástæðulausu að fólk gagnrýnir þetta því útboðsgögnin eru hreint með ólíkindum. Það er ekki bara á einum stað og ekki bara á tveimur stöðum sem fjallað er um hagnaðinn sem væntanlegum bjóðendum er gert að reikna inn í öll dæmi. „Tilboðsverð skal innifela nægilegan hagnað og allan kostnað ..." er orðin fræg setning úr þessum útboðsgögnum.

En þar segir líka, herra forseti, með leyfi:

„Markmið verkefnisins er að reyna nýtt fyrirkomulag við rekstur grunnskóla á Íslandi, með því að gefa einkaaðilum kost á að taka að sér kennslu og rekstur með einkaframkvæmd. Rík áhersla er lögð á árangur verkefnisins, bæði hvað varðar árangur í kennslu, uppeldi hafnfirskrar æsku og fjárhagslegan árangur."

Herra forseti. Þarf að tala skýrar? Hvað þýðir fjárhagslegur árangur? Þegar ég var í Verslunarskólanum um árið, herra forseti, þýddi það hagnaður. Ég geri ekki ráð fyrir að neitt hafi breyst í þeim efnum.

Það stendur líka í útboðsgögnunum að gæta skuli „... ýtrustu fjárhagslegrar hagkvæmni ..." og „... að veita skilgreinda þjónustu með hagkvæmari hætti en hið opinbera gerir."

En hvernig á að ná þeim markmiðum að starfa með hagkvæmari hætti að skólarekstri en hið opinbera gerir? Ekki orð um það hér, ekki eitt einasta aukatekið orð. Það er hins hugmyndaríka bjóðanda að finna það upp.

Er hæstv. starfandi menntmrh. bara alveg rótt? Það virðist vera á svipnum, herra forseti. En í alvöru talað, verið er að tala um ómak og ábyrgð og erfiðleika við rekstur grunnskólanna. Við þekkjum það öll sömul sem höfum komið nálægt rekstri grunnskóla í gegnum það að eiga börn í grunnskólum að það er mikið og vandasamt mál að reka grunnskóla. Og það fylgir því ómak, því fylgir erfiði og því fylgir ábyrgð. Ég held því fram, herra forseti, að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði séu að koma þessu ómaki, þessari ábyrgð og þessum erfiðleikum sem því fylgja að reka grunnskóla af sínum eigin herðum.

En þá spyr maður: Hvaða kennarar vilja sjálfviljugir létta þeirri ábyrgð af herðum bæjaryfirvalda í Hafnarfirði? Varla félagsbundnir kennarar í Kennarasambandi Íslands sem bundnir eru af samningum Kennarasambandsins. Eða hvað þýðir það sem segir í útboðsgögnunum á bls. 10, herra forseti? Þar segir, með leyfi forseta:

„Með þessu er hvatt til nýrra lausna á sem flestum sviðum, til að mynda við útfærslu á verkferlum og á stjórnunaraðferðum og kjarasamningum við starfsfólk."

Hvað stendur til, herra forseti? Hvaða félagsbundnir kennarar í Kennarasambandi Íslands mundu telja fýsilegt að starfa þarna? Og má þá ítreka spurningar hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar varðandi lífeyrissjóðsgreiðslurnar í því sambandi. Eftir því sem hér er lagt upp með, herra forseti, stendur t.d. ekkert um hvernig lífeyrissjóðsgreiðslum bæjarsjóðs Hafnarfjarðar eða atvinnurekandans verði háttað. Ætlar bæjarsjóðurinn að taka á sig lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem kemur til með að reka þennan skóla? Hvað segja þá önnur einkafyrirtæki í Hafnarfirði? Gætu þau ekki bara farið fram á hið sama, að biðja bæjarsjóð að létta lífeyrisskuldbindingum af öllum einkareknum fyrirtækjum í Hafnarfirði sem þjóna bæjarbúum og þjóna samfélaginu?

Nei, herra forseti, ef hugboð mitt er rétt þá verður ekki um neina launþega að ræða í Áslandsskóla. Ef að líkum lætur verða allir starfsmenn hins nýja skóla ráðnir sem verktakar. Það er það sem frjálshyggjuforkólfarnir í Sjálfstfl. hafa komist að að gefi manni svo mikið í aðra hönd, það sé svo miklu ódýrara að ráða verktaka en að vera að druslast með einhverja launþega, sem eru samningsbundnir á samningum sem eru óskiljanlegir.

Herra forseti. Þetta er náttúrlega lítilsvirðing við launafólk í landinu, lítilsvirðing við kennara sem hafa unnið sitt fórnfúsa og óeigingjarna starf, sem búnir eru að byggja upp á félagslegum grunni kjarabaráttu sína, að tala á þessum nótum til fólks í svo fjölmennu stéttarfélagi.

Herra forseti. Mér sýnist að til að fara eftir þeim aðferðum sem hér eru boðaðar þá sé hreinlega um skemmdarverk að ræða því bókstafur laga og reglna er freklega misnotaður. Að sjálfsögðu er eðlilegt að Alþingi kveði upp úr með þetta því að hæstv. menntmrh. hefur ekkert verið treystandi í þessu máli. Hann er að fara á svig við lög, hann er að rangtúlka 53. gr. grunnskólalaganna undir því yfirskyni að það þurfi að fara að einkavæða grunnskólana.

Það er ábyrgðarleysi í hæsta máta, herra forseti, að fara svo fram sem stjórnarmeirihlutinn er að gera. Og það er sannarlega ástæða til að ítreka það að framsóknarmenn eru enn fjarverandi í þessari umræðu. Hverju sætir það? Við og þjóðin öll eigum það skilið að fá að vita hvar Framsfl. stendur í málinu. Í þessu stóralvarlega máli ætlar Framsfl. að þegja þunnu hljóði.

[16:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er dálítið sérkennileg umræða sem hér fer fram um skólamál. Hún er sérkennileg fyrir þátttökuleysi stjórnarliða sem ætla má, miðað við viðveru þeirra hér og þátttöku í umræðunni, að hafi ekki mikinn áhuga á þróun skólamála í landinu. Hún er líka sérkennileg þegar litið er til þess hvernig hún hófst og síðan hvert þeir sem voru formælendur breytinganna virðast hafa hrakist.

Herra forseti. Miðað við það sem manni sýnist þegar hafa gerst kæmi ekki á óvart að niðurstaðan yrði sú í Áslandsskóla að öll hin spennandi nýbreytni endaði í því að ráðinn yrði rekstrarstjóri við hliðina á skólastjóranum. Mér sýnist undanhaldið vera á þeirri leið, herra forseti. Og skyldi engan undra. Við erum að tala um túlkun á grunnskólalögum og jafnvel þó að um sé að ræða lýðræðislega kjörna sveitarstjórn þá er það svo að þrátt fyrir kjör sitt hafa þeir ekki leyfi til að fara á svig við lögin í landinu. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan á Alþingi gert til þess kröfu aftur og aftur að þessi mál yrðu rædd, að svör fengjust við því hvernig hægt var að komast að þeirri niðurstöðu að 53. gr. grunnskólalaganna segði að fara mætti þá leið sem hér er fyrirhugað að fara.

Það svar hefur í sjálfu sér ekki fengist enn. Það mun ekki fást í þessari umræðu að mér virðist. Fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. menntmn. gerðu tilraunir til þess að fá málið rætt faglega þar, kölluðu eftir því að fulltrúar úr menntmrn. kæmu til fundar við nefndina til að útskýra hvernig menn hefðu komist að slíkri niðurstöðu. Það fékkst ekki. Vísað var m.a. á það þingmál sem hér liggur fyrir. Nú er það komið til umræðu en svörin fást eigi að heldur.

Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt, herra forseti, að málið fáist rætt sem fyrst í hv. nefnd og að þá gefist kostur á þeirri þinglegu meðferð sem formaður nefndarinnar, sem jafnframt er þingflokksformaður Sjálfstfl., gaf hér að mér virtist fyrirheit um í umræðu sem efnt var til um störf þingsins til að kalla eftir því hvernig menn ætluðu sér að vinna þetta mál, hvernig ætti að gefa þinginu kost á því að fara yfir það og fá svör við því hvernig sú niðurstaða var fengin að 53. gr. grunnskólalaganna gæti leyft þá nýbreytni sem hér er verið að fjalla um.

Herra forseti. Í umræðu um þessa tilraun sem menn eru að vonast til að geta sett á í Áslandsskóla hefur gjarnan verið talað um spennandi nýjungar í skólastarfi. Við sem þekkjum skólastarf af margra ára reynslu höfum eðlilega

lagt við hlustir vegna þess að ljóst er að bæði skólamenn og ekki síst foreldrar eru áhugasamir um að til verði enn betri grunnskóli, að til verði skóli á Íslandi sem foreldrar geti verið sáttari við en verið hefur vegna þess að íslenski grunnskólinn hefur verið í ákveðinni kreppu. Bæði er það svo að hér hefur skóladagur verið styttri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og sömuleiðis eru skóladagar færri. Þetta hefur verið, herra forseti, vegna þess að við höfum ekki verið tilbúin til að greiða jafnmikið fyrir menntun og þau lönd sem við berum okkur þó saman við eins og nágrannalöndin og það munar bara allnokkru. Reyndar hafa sveitarfélögin, eftir að þau tóku við rekstri grunnskólans, bætt mjög myndarlega í og knúið á við ríkisvaldið að fá til þess meira fé sem að hluta til hefur tekist. En eigi að síður erum við ekki enn komin með þann grunnskóla sem við viljum börnum okkar til handa.

Þess vegna hlusta menn auðvitað eftir því þegar talað er um spennandi nýjungar í skólastarfi. Reyndar er verið að gera spennandi tilraunir víða og mjög víða er verið að vinna afskaplega gott starf sem getur nýst okkur til framtíðarþróunar grunnskólans.

En ég hygg að fáir hafi áttað sig á því að þarna var ekki verið að tala um skólastarf. Það var ekki verið að tala um innra starf skólans, ekki hið hefðbundna skólastarf sem menn tala gjarnan um, sem foreldrar ræða sín í milli á vinnustöðum og þeir sem hafa verið kennarar eða áhugasamir foreldrar taka þátt í umræðum um. Nei, verið var að tala um rekstur, það var verið að tala um fjármálahliðina. Eins og hér var ágætlega rakið af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur eru auðvitað ýmis ákvæði og setningar í útboðsgögnum sem benda til þess að þarna hafi menn haft hugmyndir um að fara með skólann á svipaðan hátt og hvert annað fyrirtæki, gleyma því að um börn og viðkvæmt starf er að ræða en keyra áfram á þeim forsendum sem ættu kannski vel við í kexverksmiðju.

Svo gerist það óvænta að upplýst er hér að þetta er samt ekki gert til að spara. Það á að geta orðið fjárhagslegur árangur og skólinn á að geta sýnt nægilegan hagnað auk alls annars kostnaðar, þetta er ekki gert til að spara.

Herra forseti. Þetta er mjög sérkennilegt og í rauninni vantar okkur, eins og ég hóf mína ræðu á, öll rök fyrir því hvernig menn geta samrýmt svona ævintýri 53. gr. grunnskólalaga. Það er svo, herra forseti, að ef menn fara yfir lögin um grunnskóla þá eru ákvæði um undanþágur frá einstöku atriðum þar, 53. gr. er auðvitað undanþágugrein, en síðan geta menn fengið undanþágur eins og gerist hér í 26. gr. þar sem vísað er í að þær aðstæður geti komið upp að með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum geti menntamálaráðherra veitt tímabundna undanþágu frá þeim ákvæðum sem gilda um skólaskyldu.

Hvað skyldi það vera, herra forseti, sem má veita undanþágu frá og hana tímabundna? Jú, það er t.d. ef ekki er hægt að starfrækja skóla í viðkomandi skólahverfi og hann er þá starfræktur annars staðar með samstarfi sveitarfélaga. „Með hliðsjón af atvinnuháttum" er verið að vísa í kennsludaga og starfstíma grunnskóla. Þarna er hægt að sýna ákveðinn sveigjanleika og ég hygg að við séum öll sammála um það.

Þegar fjallað er um skyldu sveitarfélags til að halda skóla fyrir börn er ekki hægt að finna nokkurt ákvæði í lögunum sem veitir undanþágu frá því. Ég er nokkuð viss um, herra forseti, að ef það hefði nokkurn tíma verið hugsun löggjafans að slíkt mætti gerast þá hefði það verið nefnt í lagagreininni rétt eins og í þeirri sem ég var að fara yfir áðan, 26. gr. En það er ekki gert og þar með er eðlilegt að ályktað sem svo að ekki sé beinlínis gert ráð fyrir því og þess vegna stendur sú krafa sem hér er sett fram að fjallað verði um það frv. sem hér liggur fyrir svo fljótt sem verða má í hv. nefnd og síðan áfram í þinginu og þá vonandi, herra forseti, með þátttöku þeirra sem ætla sér að bera ábyrgð á þeirri túlkun sem hæstv. menntmrh. hefur leyft að fram fari á 53. gr. grunnskólalaganna.

Herra forseti. Menn hafa verið að bera saman og verja þessa túlkun með því að vísa í leikskólalög eða vísa í að í leikskólum sé þetta með tilteknum hætti. Þar er kannski komið að öðru atriði, sem menn hafa e.t.v. ekki glöggvað sig nægjanlega á, sem er að það er ólíku saman að jafna, grunnskóla og leikskóla.

Þegar um grunnskóla er að ræða erum við að tala um skólaskyldu sem er algild. Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir börn og unglinga og síðan er börnum og forráðamönnum þeirra skylt að standa þannig að málum að barnið sæki skóla, þ.e. bæði fræðsluskylda og skólaskylda og skólaskyldan er í tiltekinn skóla. Áslandsskóli er eða verður hverfisskóli sem er þá þannig að öll börn í því hverfi eiga að ganga í þennan skóla. Hann er því ekki einkaskóli í þeim skilningi, þ.e. skóli sem foreldrar geta þá valið hvort þeir senda börn sín í eða ekki, og eftir skilningi okkar því ekki lagaheimild til að fara þá leið sem fyrirhugað er.

Varðandi leikskólana er þessu allt öðruvísi farið. Í fyrsta lagi er ekki skólaskylda í leikskóla. Foreldrar geta valið hvort þeir senda börnin sín í leikskóla eða ekki og í sumum tilfellum í hvaða leikskóla. Í öðru lagi er heimilt, skv. 7. gr. laga um leikskóla, að fela öðrum rekstur leikskólans. Þar er að finna heimild sem er auðvitað allt annað mál en í grunnskólalögunum. En í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar."

Ég held að hv. þm. ættu ekki að nota þetta til samanburðar því að hér eru menn að bera saman epli og appelsínu og það væri meira gagn að því fyrir umræðuna að menn héldu sig við lögin um grunnskóla — og nú er ég kannski að tala til þeirra stjórnarliða sem hafa lítillega tekið þátt í umræðunni með andsvörum — og að reyna að freista þess að útskýra hvað getur legið því til grundvallar að menn sjá í 53. gr. möguleika á þeirri rekstrarnýbreytni sem hér hefur verið lýst með tilvitnun í útboðsgögn.

[17:06]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þá ágætu umræðu sem hér fer fram eftir ákveðnu samkomulagi sem gert hefur verið. Ég vil segja að hér er ákaflega brýnu máli hreyft sem hv. 1. flm. þess, Guðmundur Árni Stefánsson, þingmaður Samfylkingarinnar, flutti og fylgdi því vel úr hlaði. Þetta frv. er flutt til að koma í veg fyrir að sveitarstjórnir framselji öðrum ábyrgð og framkvæmd skólastarfs og kennslu.

Herra forseti. Þetta er ákaflega mikilvægt og eftir því sem maður hlustar og les meira um þetta mál og þá sérstaklega þegar maður hugsar til þeirra framsóknarmanna sem ég sakna því miður úr þingsalnum í dag, þeirra tveggja hv. þm. sem eiga sæti í menntmn., Ólafs Arnar Haraldssonar, varaformanns menntmn., og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem eru ekki hér. Það er náttúrlega dálítið sérstakt að þeir skuli ekki láta sjá sig, að Framsfl. skuli í raun og veru hálfpartinn skila auðu í umræðunni og láti ekkert sjá sig. Það styður það sem maður hefur stundum haldið fram að

Framsfl. sé orðinn hálfgert B-deildarskírteini í Sjálfstfl., og að Sjálfstfl. muni teyma framsóknarmenn áfram á hinu háa Alþingi alveg eins og þeir gera í bæjarstjórn Hafnarfjarðar nú um þessar mundir.

Ég segi þetta vegna þess að þegar skoðað er hvað forustumenn Framsfl. hafa sagt í þessum efnum er ákaflega skrýtið að þetta skuli eiga að ganga fram en styður jafnframt að þetta mál hljóti að fá góðan og farsælan endi í hv. menntmn. þar sem framsóknarmenn hljóta að styðja þetta á hinu háa Alþingi, enda er sagt að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, hafi lýst sig algjörlega andvígan þessari hugmyndafræði. Sama má segja um nýkjörinn varaformann Framsfl., hæstv. landbrh. Guðna Ágústsson, en hann sagði m.a. í blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Ég tel að stefna Framsóknarflokksins sé alveg skýr. Ríki og sveitarfélög skulu bera ábyrgð og reka grunnskólana og sjúkrahúsin. Einkavæddir grunnskólar og útboð á kennslu eru ekki á dagskrá Framsóknarflokksins"

Og það er það sem hér er verið að fjalla um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ætlar að einkavæða ákveðinn grunnskóla og fara þessa leið. Það er líka stutt af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, varaformanni menntmn., sem telur að þetta sé einkavæðing og að hér sé verið að fara einkavæðingarleið í nafni einhverrar tilraunar. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson segir m.a. í blaðaviðtali, með leyfi forseta:

„Einkaaðilarnir eru að sjálfsögðu að leita eftir hagnaði og hættan er sú að þeir hirði bestu bitana en samfélagið sitji uppi með þá sem eiga erfiðara uppdráttar og eru efnaminni."

Herra forseti. Ekki þarf fleiri meðmæli með þessu frv. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er 1. flm. að en þær tilvitnanir sem ég hef haft eftir formanni og varaformanni Framsfl. og varaformanni hv. menntmn. sem hefur sagt þetta.

Það er alveg með ólíkindum að menn skuli ætla að fara þessa leið í Hafnarfirði. Þess vegna segi ég, herra forseti, að lokum að ég tel að framsóknarmenn í menntmn. ættu að leggja sig fram við að hleypa þessu máli í gegn og stuðla að því að það komi til atkvæða vegna þess að þessa vinnu, þessa tilraunastarfsemi, þessa einkavæðingu grunnskóla í Hafnarfirði ber að stöðva sem allra fyrst.

[17:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er senn að ljúka umræðu um þingmál sem allir stjórnarandstöðuflokkarnir standa sameiginlega að, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn. Við lítum svo á að verið sé að fjalla um grundvallaratriði. Við gerðum um það samkomulag við stjórn þingsins að þessi umræða skyldi ekki standa lengur en rúmar tvær klukkustundir. Ástæðan fyrir því að við gerðum þetta samkomulag um mál sem full ástæða er til að taka til mun ítarlegri umfjöllunar og umræðu en nemur þessum tíma er sú að við viljum hraða því sem kostur er að koma málinu til þingnefndar sem geti kallað fagaðila til fundar við sig og leitað eftir álitsgerðum sem víðast að úr samfélaginu og þinginu gefist síðan kostur á að taka afstöðu til málsins.

Við erum að fjalla um grundvallaratriði í skipulagi velferðarþjónustunnar og íslenskri stjórnsýslu og við viljum leggja okkar af mörkum til þess að hraða málinu. Að mínum dómi væri alveg fráleitt og fullkomið ábyrgðarleysi og ólýðræðisleg vinnubrögð í ofanálag að ætla að ganga frá þessu tilboði eða þessari leyfisveitingu til Hafnarfjarðar endanlega áður en þingið hefur sagt sitt síðasta orð. Ég vona að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn virði vönduð og lýðræðisleg vinnubrögð meira en svo að þessum óskum okkar verði ekki fullnægt.

[17:12]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna. Stjórnarandstaðan hefur staðið þétt saman í þeirri umræðu sem hér á sér stað um grundvallaratriði íslenskra stjórnmála og fært fram rök sín með öfgalausum, málefnalegum og gildum rökum.

Ég átti hins vegar satt að segja von á því að Sjálfstfl. mundi nýta það tækifæri og það ráðrúm sem hér gæfist til þess að tala fyrir þessu draumalandi sínu, einkavæðingu grunnskólanna í landinu, og fara mikinn gagnvart þessum nýjungum í þróun grunnskólanna og reyna að draga upp þá mynd sem flokkurinn virðist hafa fyrir framan sig af björtum og betri dögum í grunnskólum landsins með því að markaðsvæða grunnskólana.

En á því hefur auðvitað ekki borið, alls ekki. Hér hafa fulltrúar flokksins í stuttum andsvörum og hæstv. starfandi menntmrh., með því að lesa bréf Björns Bjarnasonar, hæstv. menntmrh., reynt að tæpa á aukaatriðum, snúa út úr meginatriðum máls og í raun og sanni að gíra málið niður og láta líta út fyrir að hér sé allt annað á ferðinni en texti á útboðsblaði segir til um. Þetta undrar mig talsvert þó að ég skilji það og skynji á hinn bóginn að Sjálfstfl. er undir í þessari málefnalegu umræðu, hann er rökþrota, hann hefur ekki svör við skýrum og einföldum spurningum er lúta að grundvallarlögmálum. Hann áttar sig á því að ekki stemmir saman þegar í öðru orðinu er talað um markaðsvæðingu og útboð og að verktaki hafi eðlilegan hagnað af verkinu þá eigi sveitarfélagið heldur ekki að hafa neina peningalega hagsmuni yfir að ráða vegna slíks útboðs. Í því ljósi er ósköp eðlilegt að menn spyrji: Til hvers er þá leikurinn gerður? Það er ákaflega sérkennilegt líka að þessir sömu málsvarar markaðsvæðingar í grunnskólum landsins skuli allt í einu tala um það að ábyrgðin liggi eftir sem áður öll á hendi opinberra aðila. Þá hafa menn auðvitað gagnspurt og sagt: Hver er þá ábyrgð verktakans í öllu málinu? Hér hafa því margar spurningar vaknað sem mér finnst að talsmenn þessara sjónarmiða hafi í litlu reynt að gera grein fyrir enda vandaverk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég árétta og tek undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ég lít þannig til að um það sé allgóð sátt hér þvert á flokka að þetta mál fái fljóta og hraða afgreiðslu í menntmn. en jafnframt ítarlega þannig að hægt verði að afgreiða málið á vorþingi. Auðvitað gefur maður sér það, þegar um jafnmikla lagalega óvissu er að ræða og raun ber vitni í þessu máli um heimild ráðherra til að heimila slíkt útboð og slíka starfsrækslu skóla, að í engu verði málinu hreyft fyrr en Alþingi hefur kveðið upp svör sín. Ég hlýt að líta þannig til að hv. þm. fagni því allir sem einn, á hverri skoðun sem þeir annars eru, að þeir fái tækifæri til þess á hinu háa Alþingi að greiða atkvæði um grundvallaratriði íslenskra stjórnmála.

Rétt að lyktum, þá hygg ég að framsóknarmenn hljóti að fagna því alveg sérstaklega í ljósi þeirra nýlegu yfirlýsinga, skýru og augljósu, á flokksþingi þeirra fyrir hálfum mánuði. Þar eru tveir lykilmenn innan búðar í menntmn., Ólafur Örn Haraldsson og Kristinn H. Gunnarsson, sem hafa fjálglega lýst skoðunum sínum til málsins og andstöðu sinni við þá rekstrarlegu breytingu sem er innan seilingar og væntanleg í

Hafnarfirði ef ekki verður snögglega komið í veg fyrir slíkt stórslys.

Herra forseti. Ég er því ánægður með að hér hefur rökum verið haldið til haga og vonandi mun þessi umræða á hinu háa Alþingi gefa nauðsynlegt veganesti inn í þá faglegu umræðu og virku afgreiðslu sem ég vænti að menntmn. muni inna af hendi á næstu dögum og vikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbreiðsla spilafíknar, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 250. mál. — Þskj. 275.

og

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 380. mál (söfnunarkassar). — Þskj. 630.

og

Söfnunarkassar, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 381. mál (viðvörunarmerki o.fl.). — Þskj. 631.

[17:18]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram eru tekin sameiginlega til umræðu þrjú tengd þingmál, þáltill. um nefndarskipun til að stemma stigu við útbreiðslu spilafíknar og tvö frv. til breytinga á lögum, annars vegar lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994, hins vegar lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Á undanförnum þingum hafa verið lögð fram ýmis þingmál sem tengjast þessu alvarlega þjóðfélagsmeini, spilafíkn og fjárhættuspilum. Má þar nefna frv. til laga um að banna spilakassa, en ekkert þessara þingmála hefur hlotið afgreiðslu þrátt fyrir að flestir viðurkenni þann alvarlega þjóðfélagsvanda sem spilafíknin skapar.

Þáltill. sú sem hér er til umræðu hefur legið fyrir þinginu frá 15. nóv. sl. en er nú fyrst tekin á dagskrá. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Alþingi skipi nú þegar nefnd með fulltrúum allra þingflokka og feli henni að afla greinargóðra upplýsinga um útbreiðslu spilafíknar meðal Íslendinga og kanna umfang þeirra eigna og fjármuna sem viðkomandi hafa fórnað. Þá skal nefndinni falið að finna úrræði til að leysa vanda einstaklinga og fjölskyldna sem búa við þennan alvarlega sjúkdóm og leita leiða til að hefta útbreiðslu hans.

Að þáltill. standa alþingismenn úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi. Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason og Sverrir Hermannsson.

Varðandi frumvörpin er það að segja að einnig koma þar að máli hv. þingmenn úr öllum þingflokkum á Alþingi. Auk mín standa að frv. tveimur hv. þm. Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Katrín Fjeldsted og Sverrir Hermannsson. En hér er gert ráð fyrir því að þeim sem reka söfnunarkassa verði gert skylt að koma fyrir á áberandi stað á kössunum viðvörunum um þær hættur sem geta stafað af fjárhættuspilum.

Í öðru lagi er þeim sem reka söfnunarkassa gert skylt að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn og skal vakin athygli á þeirri þjónustu með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

Þessi frv., svo ég bæti því nú við og botni þetta, lúta annars vegar að breytingu á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994, og hins vegar lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Þeir sem hagnast á spilakössunum, sem eru aðstandendur Íslenskra söfnunarkassa, þ.e. Rauði kross Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og síðan Háskóli Íslands, hafa miklar tekjur af þessum kössum. Á árinu 1998 voru tekjur þessara aðila að frádegnum vinningum og kostnaði rúmur milljarður kr., milljarður í hreinan hagnað, 1.069 millj. Þá kom einnig fram í upplýsingum við fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. dómsmrh. að á fyrri hluta ársins 1999 hefði hagnaður þessara aðila, hreinn hagnaður, verið 582 millj. sem bendir til þess að hagnaðurinn hafi farið vaxandi. Þetta eru miklir fjármunir þannig að úr talsverðu fé er að spila ef þessum aðilum yrði gert að standa straum af forvarnastarfi og að reka símaþjónustu.

Ég hef talað fyrir því oftar en einu sinni úr þessum ræðustól að ég telji rétt að banna þessa kassa algjörlega — þeir eru núna um 1.000 talsins á um 370 stöðum í landinu — en það hefur ekki fengið hljómgrunn á Alþingi. Málinu hefur ítrekað verið vísað til nefndar þar sem það hefur verið svæft svefninum langa.

Nú vil ég ásamt þeim þingmönnum sem eiga aðild að þessum þingmálum, bæði frv. og þáltill., leita nýrra leiða til að þoka málum áleiðis. Ég segi það mjög ákveðið að öll skref sem stigin eru fram á við í forvarnaskyni eða til að koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist spilafíkninni eru til góðs og allt forvarnastarf finnst mér af hinu góða að sjálfsögðu þótt ég vildi sjálfur ganga heldur lengra en fram kemur í þessum þingmálum.

Ég legg áherslu á að mjög mikilvægt er að tekið verði á þessum málum á þverpólitískum nótum, þetta er ekki flokkspólitískt mál, fulltrúar allra flokka koma að þessum málum. Ég vil einnig að það komi mjög skýrt fram að þeir aðilar sem standa að spilakössunum sinna allir þjóðþrifamálum og mikilvægum verkefnum og að sjálfsögðu þarf að finna þeim tekjustofna ef þessir tekjustofnar yrðu skertir. En forgangsröðun mín er sú að okkur beri að leita allra leiða til að stemma stigu við þessu.

Nefndar hafa verið ýmsar tölur um hversu útbreiddur þessi vandi er. Í grg. með þáltill. er nefnd talan 12.000, að samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið víðs vegar um heiminn megi ætla að um 4–5% þjóðar séu í áhættuhópi. Gerðar hafa verið ýmsar kannanir á þessu. Nefndar hafa verið aðrar tölur, 4–7%, jafnvel 4–7,5% og síðan hafa einnig verið birtar kannanir þar sem slíkir hópar eru fámennari. Fyrir fáeinum dögum birtu Íslenskir söfnunarkassar niðurstöður Gallup-könnunar sem gerð var fyrir þessa aðila þar sem því var haldið fram, sérstaklega í fréttaumfjöllun í kjölfar þess að niðurstöður voru birtar, að tölurnar fyrir Ísland væru mun lægri en haldið hefði verið fram, m.a. af þeim sem hér

stendur, eða 0,6%. En staðreyndin er sú að þegar gögnin eru skoðuð er verið að tala um nákvæmlega sömu niðurstöður og hafa komið fram annars staðar. Spurningin er alltaf sú á hvaða forsendum kannanir eru gerðar. Það sem gert var í þessari könnun var að hringt var í 1.500 manns. 425 svöruðu ekki, það voru aðeins um 1.000 manns sem svöruðu. Af þeim sem svöruðu neituðu 20% að svara og ég held að það hafi verið Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, sem sagði í Kastljósi Ríkisútvarpsins þar sem fjallað var um þessa könnun, að þetta væri nú ekki sérlega vel fallið til þess að leiða í ljós hver vandinn væri, fólk vildi leyna slíkum lesti, þessari fíkn sinni. Hins vegar sýndi þetta ágætlega fram á spilahegðun þeirra sem hefðu á annað borð ánetjast þessu.

Í gögnum í þessari könnun er spurt um hversu algeng spilafíkn sé á Íslandi og kemur fram að 7,7% er „hætt við árättu". Þetta er í takt við það hlutfall sem ég vísaði til áðan. Og samsvarandi kannanir sem hafa verið gerðar í Bandaríkjunum hafa leitt svipaðar hlutfallstölur í ljós.

Við sem stöndum að þessum þingmálum kusum í grg. að vera svona heldur íhaldssöm í hlutfallsreikningum okkar og studdumst þess vegna við 4–5% og fengum þess vegna þennan fjölda út, 12.000 manns. En þetta eru þeir sem er hætt við árättu.

Á fræðimáli er talað um fíkla til lífstíðar. Kannanir sem gerðar hafa verið víða um heim hafa leitt í ljós að þeir séu í kringum 1%, frá 0,6–1,5%, þ.e. fólk sem er háð þessu til lífstíðar. Könnunin frá Íslenskum spilakössum leiddi í ljós að þetta hlutfall væri 0,6% á Íslandi. Það mundi þýða 1.500–1.700 einstaklinga, sem mér finnst óhugnanleg tala, að 1.700 einstaklingar séu í þessum hópi. Að sjálfsögðu snertir málið fleiri en nemur þessum fjölda. Þessir einstaklingar eiga fjölskyldur og eins og við vitum eru þess allt of mörg dæmi að lífi fólks hafi hreinlega verið rústað vegna spilafíknar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Ég vona að breið pólitísk samstaða skapist um að taka á þessum málum í þeim anda sem við leggjum til. Ég endurtek að við erum í fyrsta lagi að leggja til að sest verði yfir það í nefnd sem allir stjórnmálaflokkar eigi aðild að með hvaða hætti við getum spornað gegn spilafíkn og hvernig megi stemma stigu við útbreiðslu hennar. Í frumvarpsformi er sú skylda hins vegar lögð á herðar þeim sem reka söfnunarkassa að koma fyrir á áberandi stað viðvörun um þær hættur sem geta stafað af fjárhættuspilum auk þess að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru þessari fíkn.

[17:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hófstillta og málefnalega kynningu á þessum þremur málum, frumvörpum og till. til þál. er lúta að aðgerðum til varnar útbreiðslu spilafíknar. Ég vil láta það koma fram að mér hefur fundist tillöguflutningur á fyrri þingum, í þá veruna að banna með öllu spilakassa, ekki til þess fallinn að takast á við þetta vandamál. Ég hef í fyrsta lagi verið þeirrar skoðunar að slíkt mundi eingöngu leiða til þess að færa vandann neðan jarðar, færa hann úr kastljósinu og undan því eftirliti sem nauðsynlegt er. Í annan stað hef ég eindregið verið þeirrar skoðunar að rekstur spilakassa, happdrætta af þessum toga og getraunastarfsemi sé hvergi betur fyrirkomið en hjá þeim aðilum sem hafa haft hana með höndum. Þá á ég við rekstur Íslenskra spilakassa sem að standa Landsbjörg, SÁÁ og Rauði krossinn. Ég tel engin önnur samtök betur til þess fallinn til að standa með vitibornum og ábyrgum hætti að rekstrinum.

Tekjur af þessu renna til góðra málefna. Hér er hins vegar gerð tillaga um það í frv. um breytingar á lögum um söfnunarkassa að þeir sem reka þessa starfsemi greiði kostnað við að stemma stigu við fíkninni. Sumpart er það þó svo að þeir sem hafa reksturinn með höndum hafa með ýmsum hætti brugðist við þeirri fíkn sem því miður er til staðar í okkar samfélagi eins og öllum öðrum og hefur verið um langan aldur. Ég tel því að þessi verkefni séu í höndum réttra aðila. Ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við að allir þeir sem eru ábyrgir fyrir slíkum rekstri axli sitt. Mér finnst raunar vanta, sjálfsagt væri að skoða það, að íþróttahreyfingin sé gerð jafnábyrg fyrir rekstri knattspyrnugetrauna eins og þeir aðilar sem hér hefur aðallega verið rætt um. Ég hef trú á því að viðkomandi séu tilbúnir að axla þá ábyrgð enda hafa þeir reynt að gera það.

Það er sérstakt fagnaðarefni að Íslenskir söfnunarkassar kynntu fyrir nokkrum dögum könnun sem þeir létu gera á umfangi, eðli og inntaki spilafíknar á Íslandi. Niðurstaða þeirrar könnunar svarar auðvitað ekki öllum spurningum og vekur kannski upp nýjar. Þetta framtak er þó viðleitni í þá átt að vekja málefnalega umræðu um þetta vandamál og reyna að bregðast við því.

Ég man ekki betur en að ég hafi heyrt að eitt þeirra atriða sem Íslenskir söfnunarkassar urðu sammála um að gera að eigin frumkvæði hafi verið að hækka aldursmörk úr 16 árum í 18 ár. Mér finnst það mjög til fyrirmyndar og vænti þess að aðrir á þessum vettvangi muni íhuga slíkt hið sama.

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu en vil þakka hv. flutningsmönnum fyrir að nálgast þetta mál með eilítið hófstilltari hætti en verið hefur. Ég tel einfaldlega að almennt bann á starfsemi af þessum toga mundi aldrei ná fram að ganga. Það hlyti þá að ná yfir línuna. Í þessari könnun, sem er auðvitað takmörkunum háð, er m.a. leitt í ljós að spilafíkn er af ýmsum toga. Það eru einkaveðmál af ýmsum toga í heimahúsum sem auðvitað verður aldrei komið í veg fyrir. Spilafíknin virðist fá útrás eftir öllum mögulegum og ómögulegum leiðum ef þannig mætti orða það. Ég segi því enn og aftur að ég er samþykkur því að þingmenn, hið háa Alþingi í samstarfi við hlutaðeigandi aðila sem hafa að minni hyggju rekið málið af ábyrgð reyni með öllum tiltækum ráðum að halda þessum vanda í böndum og sjái til þess að þeir sem verða spilafíkninni að bráð eigi í víst hús að venda ef þeir þurfa og vilja leita sér hjálpar.

[17:38]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir undirtektir hans við þessi þingmál. Ég lít svo á að ég hafi alltaf tekið á hófstilltan hátt á þessum málum. Ég hef bent á að spilafíknin hafi valdið miklum erfiðleikum og hörmungum í lífi margra. Fjölskyldur hafa flosnað upp og fíknin hefur leitt til sjálfsvíga og um það höfum við því miður mörg dæmi.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að bregðast eigi við þessu með því að banna þessar spilavélar. Mér finnst eðlilegt að það sé gert. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson segir að þá væri hætta á því að þetta færðist neðan jarðar. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Við erum ekki sammála um það en hér er lagt til að menn kanni hvernig hægt er að taka á þessum vanda.

Hv. þm. sagði að þeir sem reka þessa kassa hafi gert það af ábyrgð, tekið á þessum málum á vitiborinn hátt eins og ég held reyndar að hann hafi orðað það. Ég get ekki tekið undir það, því miður.

Í desember sl. beindu áhugamenn um varnir gegn spilafíkninni því til aðstandenda þessara kassa að þeim yrði lokað í jólamánuðinum í ljósi þeirra erfiðleika sem þeir kölluðu yfir margar fjölskyldur. Við því skelltu aðstandendur þessara kassa skollaeyrum. Sannast sagna hefur mér fundist málflutningurinn, t.d. í kjölfar þessarar könnunar, ekki alltaf hafa verið ábyrgur.

Ég vil að það komi skýrt fram, ekki síst í ljósi yfirlýsinga frá aðstandendum þessara kassa um að tölur sem m.a. ég hef sett fram á þinginu séu rangar eða vefengjanlegar, að ég stend við allar þær tölur sem settar eru fram í viðkomandi þinggögnum. Eins og ég benti á áðan eru þær staðfestar í könnuninni sem Gallup gerði. Þær eru staðfestar þar þannig að það er ekkert ofsagt í greinargerðum sem við höfum sett frá okkur um þessi mál.

Mér finnst það góðs viti að hér hefur kviknað hreyfing sem ætlar að beita sér í þessum málum, hreyfing áhugamanna um varnir gegn spilafíkninni. Það var allfjölmennur hópur sem m.a. stóð fyrir ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu skömmu fyrir síðustu áramót, ætli það hafi ekki verið í lok nóvember eða í byrjun desember, þar sem bandarískur kunnáttumaður á þessu sviði, Arnold Wexler, var fenginn hingað til lands til þess að flytja erindi, fræða okkur um reynslu Bandaríkjamanna af spilafíkninni og á hvern hátt þeir tækju á þeim málum. Mér finnst góðs viti að þessari hreyfingu skuli vera að vaxa ásmegin. Ég heyri úr þeim röðum að menn ætla ekki að láta staðar numið fyrr en tekið hefur verið á þessum málum á ákveðinn og ábyrgan hátt. Það finnst mér fagnaðarefni.

[17:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta er afar athyglisvert mál og ekki síst ef litið er til þeirra kannana sem fram hafa farið á undanförnum árum, t.d. hinnar síðustu þar sem m.a. segir að það virðist ekki vera nein ásókn í spilakassa. Það er dálítið sérkennileg niðurstaða í ljósi hinnar auknu veltu af þessum spilakössum. Ég er hér með tölur um Íslensku söfnunarkassana sem segja að árið 1997 hafi heildarvelta þeirra verið 1,1 milljarður en árið 2000 er velta Íslenskra söfnunarkassa orðin 1,4 milljarðar. Það segir dálítið um umfang þessa máls og þá vaknar spurningin: Hvernig er eftirliti hins opinbera með þessum spilakössum háttað? Í fyrsta lagi með vinningum, hvernig er vinningaskrá þessara spilakassa? Hvað taka þeir mikið? Hversu miklu er skilað til þess merka starfs sem þeim er ætlað að styrkja og hvernig er því fjármagni varið? Eins og annar hv. þm. sem hér talaði er ég sannfærður um að gæta þurfi að þessu. Ég tek undir það með hv. flm. að hér er ekkert smámál á ferðinni og það þarf að skoða af alvöru.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið að sinni vegna þess að hér hefur verið rætt um ákveðin tímamörk til þess að veita fleiri málum brautargengi á þessum þingfundi. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að hin aukna velta virðist í öfugu hlutfalli við nýjustu upplýsingar um að það sé ekki aukin ásókn í þessa spilakassa. Hins vegar er mjög aukin velta í kössunum og þar eru engar smáupphæðir á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt þjónusta hins opinbera, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 269. mál. — Þskj. 297.

[17:45]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um bætta þjónustu hins opinbera. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið."

Herra forseti. Þessa þáltill. flyt ég eftir að hafa árum saman bæði reynt á eigin skinni og hlustað á umkvartanir úr þjóðfélaginu um að stjórnsýsla hins opinbera fylgi ekki að öllu leyti kröfum tímans — kröfum tímans um skjóta og skýra afgreiðslu mála og sömuleiðis bætta þjónustu sem almenningur á að venjast.

Þjónusta hins opinbera er eins og við vitum margvísleg. Þar á meðal er eftirlit, leyfisveitingar, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Til slíkra aðila þurfa almenningur, félög og fyrirtæki að sækja. Á öllum sviðum þjóðfélagsins höfum við séð þjónustuna batna. Við höfum séð hana ganga hraðar fyrir sig og kröfurnar aukast, ekki síst vegna vaxandi samkeppni hér innan lands. Sömuleiðis þurfum við að standast samkeppni við önnur lönd og fyrirtæki í öðrum löndum.

Þær ábendingar sem ég gat um áðan að hefðu borist mér til eyrna á síðustu missirum eru um að ákvarðanataka sé seinvirk hjá hinu opinbera, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint og illa og erfitt sé að átta sig á því hvar mál séu stödd. Það er ólíku saman að jafna þegar annars vegar er einstaklingur, félag eða fyrirtæki sem má engan tíma missa, hefur takmarkað fjármagn og þarf að fá skjóta úrlausn sinna mála, og hins vegar ríkisvaldið eða sveitarfélag sem hefur mikinn tíma, liggur e.t.v. ekki jafnmikið á að afgreiða mál en verður hins vegar, og því skal haldið til haga, að sjálfsögðu að vanda alla sína embættisfærslu og standa á hverjum tíma skil á því að rétt sé að málum staðið.

Ég tel að þarna geti hið opinbera bætt þjónustu sína verulega. Ég flyt þessa þáltill. til að ýta við ríkisvaldinu og því að það komi til móts við breytt viðhorf í þjóðfélagi okkar. Ég tel að þarna hljótum við líka að horfa til þess að hið opinbera verður að bera virðingu fyrir takmörkuðum tíma og mikilli fyrirhöfn almennings sem væntir þess að hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög, taki þátt í hraðri og skjóti afgreiðslu.

Á síðustu mánuðum hef ég haft samband við allmargar stofnanir, bæði stjórnendur, einstaklinga og starfsfólk innan stofnananna. Ég finn að í þessum stofnunum er gríðarlegur vilji hjá starfsmönnum til að bæta þjónustuna því að starfsmennirnir finna fyrir því þegar kvartanir koma fram hjá viðskiptamönnum. Um leið verð ég líka var við það að viðkomandi starfsmenn hafi jafnvel árum saman óskað eftir endurbótum en með litlum árangri. Þar er ekki endilega við stjórnendur viðkomandi stofnana að sakast heldur oft og tíðum æðstu stjórnendur og hina endanlegu ábyrgu stjórnendur stofnananna, þ.e. í ráðuneytunum sjálfum. Ég vil ekki nefna nein dæmi. Það er ekki viðeigandi við þetta tækifæri en ég hygg að í flestum ráðuneytum, í sumum meira en öðrum, sé ekki nægur kraftur í því að gera nauðsynlegar breytingar á þjónustuháttum og afgreiðslu stofnana.

Á þessu eru þó að sjálfsögðu undantekningar. Ég vil sérstaklega nefna að á vegum forsrn. er að störfum nefnd

til að reyna að einfalda eftirlit með atvinnulífinu. Þar hefur m.a. hafist vinna að eftirliti sem snýr að ýmsu varðandi starfssvið Siglingastofnunar, þ.e. þar sem útgerð og skip og fragtflutningar þurfa að sækja eftir ýmiss konar leyfum og sæta eftirliti. Þar er verið að vinna að einföldun á því.

Ég vil nefna annað svið þar sem við gætum svo sannarlega tekið til hendinni en það er í veitinga- og gistihúsarekstri. Þar úir og grúir af margvíslegu eftirliti sem við erum skuldbundin að taka upp, bæði sjálfra okkar vegna og vegna skuldbindinga í Evrópusáttmálum. Þarna eru gríðarlega margir eftirlitsaðilar og mætti ábyggilega einfalda það kerfi.

Ég vil nefna tvö dæmi þar sem mér er ekki ljóst hvers vegna opinber stjórnsýsla liðkar ekki fyrir og nýtir sér nútímatækni. Annars vegar vil ég nefna útgáfu sakavottorða. Fyrir nokkrum árum gátum við farið á Hverfisgötuna og fengið sakavottorð ef við þurfum á slíku að halda, svo sem þegar menn tóku bílpróf og eins þegar menn þurftu að fá skotvopnaleyfi og annað þess háttar. Nú hefur þeirri afgreiðslu, að ég best veit, verið lokað og verður að sækja um slíkt í gegnum lögreglustjóra. Þetta tel ég vera afturför.

Ég nefni annað dæmi. Umsókn um bílpróf og afgreiðsla þess máls er að mínu mati allt of flókin. Ég ætla ekki að rekja allan þann feril en hann er margbrotinn og hefst með því að menn sækja um að fá að taka bílpróf til lögreglustjóra og síðan kemur sá ferill sem ég nefndi áðan, þ.e. sakavottorðið, og síðan eru samskipti við Umferðarráð. Þessu er öllu hægt, með nútímatækni og tölvuvæðingu, að koma fyrir í höndum Umferðarráðs og fela þeim aðila einum að sjá um málið. Falli t.d. viðkomandi unglingur eða sá sem er að taka bílpróf á hinu skriflega prófi þá þarf hann að fara og greiða endurtökugjald. Það getur hann að sjálfsögðu ekki gert hjá Umferðarráði heldur verður hann að fara aftur upp á lögreglustöð. Þetta gera foreldrarnir yfirleitt þegar unglingarnir eru að taka bílpróf. Snúningarnir eru margir og mikill akstur um borgina í staðinn fyrir að einfalda þetta með venjulegum reikningsviðskiptum og tölvuvinnu milli viðkomandi stofnana. Þarna er hver stofnun greinilega að hugsa um sinn hag en ekki litið til neytandans og hugsað: Hvernig er hægt að gera þessa afgreiðslu sem liprasta fyrir þann sem á að njóta þjónustunnar?

Ég nefni þetta aðeins vegna þess að þetta eru nærtæk dæmi sem fjöldi fólks þekkir en þetta eru e.t.v. ekki stórtækustu atriðin. Önnur og miklu stærri dæmi má finna.

Ég hef haft samband við ráðgjafarfyrirtæki og spurt hvort ríkisstofnanir séu að vinna í þessum málum. Sem betur fer er það svo. Ég vil t.d. nefna Tryggingastofnun ríkisins sem margir þurfa að leita til, margir sem eiga einmitt mjög erfitt með að reka sín mál sé ekki lipurlega að því staðið. Það er til fyrirmyndar að Tryggingastofnun ríkisins er nú að vinna að verulegum endurbótum og gæðastýringu á sinni þjónustu. Því miður eru þessar stofnanir þó tiltölulega fáar. Viðskiptavinir ráðgjafarfyrirtækjanna eru yfirleitt einkafyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég rek þetta ekki nánar en hér hefur verið gert. Ég hvet ríkisvaldið og sveitarfélögin til að beita nútímahugsunarhætti, til að horfa á viðskiptavininn, einstaklinginn, almenning, félög og fyrirtæki, setja sig í þeirra spor og spyrja: Hvernig má þjóna þessum aðilum sem best? Ég hvet ríkisvaldið til þess að sýna meiri lipurð í bréfaskiptum og samskiptum við almenning sem má sín lítils svo menn fái erindum sínum svarað skjótt og vel. Væri þetta gert teldi ég að ríkisvaldið hefði ekki aðeins uppfyllt embættislegar skyldur sínar heldur sýnt í verki að hið opinbera er að sjálfsögðu ekkert annað en þjónustuaðili við okkur, almenning í landinu, sem eigum mikið undir að tími okkar og hagsmunir séu virtir á þessu sviði sem öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 270. mál. — Þskj. 298.

[17:57]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um skattafrádrátt meðlagsgreiðenda. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda annars staðar á Norðurlöndum og hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju."

Virðulegi forseti. Það er frumskylda hvers einstaklings, e.t.v. stendur hún öllum skyldum ofar, að sjá börnum sínum farborða. Enginn má skilja málflutning minn á þann veg að það eigi að sýna linkind eða gefa með nokkrum hætti ádrátt um annað en að þessari skyldu sé fullnægt. Við vitum hins vegar öll af eigin reynslu að einstaklingar, hjón og þeir sem taka að sér uppeldi barna verða ekki síður en aðrir fyrir margsvíslegum áföllum í lífinu. Margt getur orðið til þess að fólk getur ekki uppfyllt þessar skyldur.

Auðvitað má segja sem svo að sá sem lendi í hremmingum af einhverju tagi geti sjálfum sér um kennt, eins og sumir segja. Auðvitað eru þar innan um margir einstaklingar sem hefðu betur getað haldið á sínum málum. Það breytir því ekki að margir foreldrar hafa lent í erfiðleikum sem þeir ráða litlu um. Því miður fer það oft saman að þessir erfiðleikar eru samhliða skilnaði, annaðhvort afleiðing skilnaðar eða orsök. Það er auðvelt fyrir þá sem ekki lenda í slíkum hremmingum að standa á bakkanum og segja þeim sem í vatninu eru að synda, þeir skuli gera svo vel að bjarga sér sjálfir og þeir geti sjálfum sér um kennt.

Ég hef kynnst mörgum sem í þessu hafa lent og ég er annarrar skoðunar. Um leið og við verðum að sýna aðhald og festu í allri innheimtu og halda þessum skyldum á lofti þá eigum við að sýna umburðarlyndi, skilning og mannúð þegar einstaklingarnir geta lítt eða ekki bjargað sér. Margir hafa lent í erfiðum aðstæðum vegna veikinda, vegna óreglu eða vegna margvíslegra báginda.

Við getum líka sagt að við, sem fulltrúar löggjafarvaldsins, og jafnvel einnig fulltrúar framkvæmdarvaldsins, sem eiga að sjá um innheimtu meðlagsskulda, séum lítið betur settir þegar skuldarinn getur á engan hátt bjargað sér. Afleiðingarnar þekkjum við. Það er á allra vitorði að þeir sem lenda í stórfelldum meðlagsskuldum reyna að bjarga sér með öðrum hætti. Þeir komast hvergi til vinnu öðruvísi en mikið sé af þeim tekið og eiga mjög erfitt með að stofna til hjúskapar að nýju.

Sá sem hér stendur var formaður í nefnd sem hæstv. félmrh. Páll Pétursson skipaði. Í framhaldi af því nefndarstarfi voru sett ný lög á hinu háa Alþingi þess eðlis að meðlagsgreiðendur sem komnir væru í þrot gætu gert samninga um

skuldir sínar, þ.e. um að greiða áfallandi skuldir á þremur árum og þá yrði hluti af skuldum þeirra felldur niður eða gerður samningur um uppgjör sem viðkomandi aðili gæti staðið við. Þetta á að sjálfsögðu að meta eftir efnahag og félagslegum aðstæðum hvers og eins.

Ég tel að þarna hafi verið stigið framfaraspor en að við getum gengið lengra. Sú þáltill. sem hér er lögð fram miðar fyrst og fremst að því að skoða hvort ekki megi hjálpa meðlagsgreiðendum sem komnir eru í mikil vandræði en vilja stofna til hjúskapar eða sambúðar. Ég hef hitt fjölmarga meðlagsgreiðendur sem komnir eru í þá aðstöðu að þurfa að greiða með þremur eða fjórum börnum. Þeir vilja stofna til nýs hjúskapar og þar eru börn sömuleiðis fyrir. En eins og þeir orða það: Ég get ekki boðið nokkurri konu að búa með mér við fjárhagsaðstæður mínar. Laun þessara manna kunna að vera rétt rúmlega 100 þús. kr. Til þess að hýsa fjölskylduna þarf að greiða 50–60 þús. kr. og það sjá allir að við þetta, ásamt meðlagsgreiðslunum sem eru þá um 30–50 þús. kr., ræður enginn. Mörgum af þessum mönnum finnst þeir útskúfaðir frá þjóðfélaginu og að þeim séu allar bjargir bannaðar. Þess vegna tel ég rétt að við skoðum þann möguleika að veita skattafslátt sem svarar meðlagsgreiðslum sem foreldrarnir greiða. Til þess að svo megi verða tel ég best að skipuð sé nefnd sem kanni þetta og nýti sér lög og reynslu frá öðrum löndum.

[18:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni. Ég tel að þarna sé hreyft afar þörfu máli. Það koma því miður stundum upp þær aðstæður hjá mönnum að þeim tekst ekki að standa í skilum með barnsmeðlög sín. Þegar svo er komið safnast á nokkrum árum upp vandi sem verður óviðráðanlegur. Ég held að það væri virkilega þarft verk og að mörgu leyti fjölskylduvænt að taka á vanda þeirra sem við þetta búa. Það er auðvitað óásættanlegt að einstaklingur sem hefur t.d. lent í skilnaði og þarf að greiða með börnum sínum sitji uppi með þá stöðu til jafnvel margra ára, jafnvel á annan áratug, að geta ekki stofnað til nýrrar fjölskyldu.

Ég held að sú leið sem vikið er að í þáltill., að menn hafi rétt til að draga frá tekjuskattsstofni hluta af greiðslu vegna meðlaga, sé eðlileg. Um þetta þarf auðvitað að setja reglur og þær þurfa helst að vera skýrar. Ég lýsi því sjónarmiði mínu að meðlagsgreiðandi með einu barni ætti t.d. ekki rétt á sérstökum skattafslætti þó að meðlagsgreiðandi með tveimur börnum eða fleiri ætti rétt á slíkri útfærslu. Það getur verið vandasamt að útfæra þetta en með þessari hugsun vil ég alla vega lýsa því sem ég teldi til bóta í þessum efnum.

Það er óásættanlegt að einstaklingar geti þurft að sitja uppi með það í heilan áratug eða jafnvel meira að geta ekki stofnað til eðlilegra fjölskyldutengsla vegna þess að tekjur þeirra eru það rýrar að þeir geta ekki verið framfærendur á nýju heimili. Ég vil því fyrir mitt leyti lýsa stuðningi við þetta mál.

[18:07]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans og vona að fleiri þingmenn og sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar sýni því sama skilning og kom fram í ágætri ræðu hans.

Ég vil sérstaklega benda á að nú liggja fyrir tillögur frá tveimur nefndum sem hafa unnið að þessu máli á síðustu tveimur kjörtímabilum, þ.e. síðasta og þarsíðasta kjörtímabili. Þetta hefur því verið skoðað mjög rækilega. Það liggja fyrir tillögur um þetta efni og því ætti að vera auðvelt að ganga til þessa verks.

Ég vil að lokum ítreka að meðlagsgreiðslur eru að sjálfsögðu mjög lágar. Það veit hver sá sem elur upp barn að meðlögin eru ekki há. Engu að síður sitja menn í þeim vanda sem við tveir þingmenn höfum gert að umræðuefni í dag, vanda sem verður að takast á við. Við eigum þess vegna að snúa okkur að því undir góðri forustu ríkisvaldsins og vonandi með samþykkt þessarar þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vetraríþróttasafn, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 273. mál. — Þskj. 301.

[18:09]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er lögð fram snýr að því að skipuð verði nefnd sem undirbúi stofnun og rekstur safns vetraríþrótta. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál en aðeins að geta um aðalatriðin.

Ég tel að safn sem hýsi minjar, gripi og um leið sögu vetraríþrótta í víðasta skilningi sé þjóðþrifamál, bæði vegna þeirrar sögu sem við viljum halda til haga og einnig til að varðveita margvíslega muni sem nú geta farið forgörðum. Hér er auk þess um mikilvægt mál að ræða þegar við horfum til ferðaþjónustu. Ég vil að það komi fram að í þessari þáltill. er bent á að safnið verði á Akureyri. Ég tel eðlilegt að þetta safn verði á Akureyri vegna þess að þar er miðstöð vetraríþrótta. Þar er hefð fyrir vetraríþróttum frá fornu fari. Við eigum að sjálfsögðu ekki að togast á um þetta eða fara í kjördæmareiptog um málið. Við eigum að styrkja Akureyri að þessu leyti og þjappa saman málum sem tengjast vetraríþróttum.

Þá kann margur að spyrja: Hvað telst til vetraríþrótta? Að sjálfsögðu er hér um að ræða skíði og skíðaíþróttina, en undir það fjalla skautaíþróttir og nýtísku vetraríþróttir sem tengjast vélum af ýmsu tagi.

Saga skíðaíþrótta á Íslandi, bæði sem snýr að rennlisskíðum eða brekkuskíðum og gönguskíðum, er mjög stutt. Enn eru á meðal okkar menn og konur sem muna, kannski ekki alla sögu skíðaíþrótta á landinu en muna jafnvel eftir frumkvöðlunum eins og L. H. Möller og fleiri. Enn eru á meðal okkar menn sem fóru fyrstu leiðangrana á gönguskíðum um hálendi Íslands. Enn eru á meðal okkar menn og konur sem muna eftir Geysisslysinu og leiðöngrunum inn á Vatnajökul. Enn er að finna skíði og skíðabúnað af ýmsu tagi og sem betur fer hefur sá merki maður, og vil ég minnast hans og heiðra minningu hans, Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi tekið saman gríðarmikinn fróðleik um þetta efni.

Tíminn flýgur hratt og áður en við vitum eru sagnir og minningar horfnar með hverri kynslóð sem gengur. Þess vegna tel ég mikilvægt að við bregðumst fljótt við, jafnvel þó að við komum ekki slíku safni á í allri þeirri vídd og af öllum þeim krafti sem talað er um í þessari þáltill. Hins vegar er strax hægt að fara að safna ýmsum þeim minjum, munum

og sögnum sem ekki verður hægt að ná til eftir skamman tíma. Með þessu móti væri strax hægt að ná utan um þá þætti sem gætu annars runnið okkur úr greipum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að lokum að minnast á þátt ferðaþjónustunnar í þessu máli. Safn fyrir vetraríþróttir á Akureyri mundi tvímælalaust glæða og lífga ferðaþjónustuna á Akureyri. Þar væri hægt að koma fyrir munum og minjum í myndrænu formi ásamt því að munum væri bjargað frá glötun. Þessu mætti koma svo fyrir að þeir sem sækja Akureyri heim, bæði vegna skíðamennsku og af öðrum ástæðum, sækist eftir að skoða safnið. Fyrirmyndir eru nægar um söfn af þessu tagi. Ég vil nefna hin frægu söfn og myndarlegu sem við sjáum og eigum aðgang að í Noregi.

Virðulegi forseti. Ég hef þetta mál ekki lengra en vænti þess að virðuleg menntmn., sem fær þetta til umfjöllunar, líti á þetta sem framfaramál, enda hef ég fengið mjög ríkan stuðning frá ýmsum sem hafa kynnt sér málið og að sjálfsögðu ekki síst frá Akureyri. Ég veit að þar eru einstaklingar og samtök sem ekki munu láta sitt eftir liggja og munu styðja verkefnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær orkustefna, fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÁSJ, 274. mál. — Þskj. 302.

[18:15]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir liggur á þskj. 302 274. mál, till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu. Þessi þáltill. hefur verið flutt tvisvar áður, þ.e. á 123. og 125. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrædd. Nú er tillagan flutt eina ferðina enn nokkurn veginn óbreytt nema hvað tölulegar upplýsingar í greinargerð hafa verið endurnýjaðar að miklu leyti.

Herra forseti. Tillaga um sjálfbæra orkustefnu er tillaga um sjálfbæra þróun í orkugeiranum. Tillögutextinn er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,

b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum."

Herra forseti. Þannig lýkur tillögutextanum. Eins og sjá má gengur þessi tillaga ansi langt og hún snertir nokkuð vítt svið. Hún snertir t.d. það starf sem nú er í gangi á vegum stjórnvalda og gengur undir nafninu „rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma".

Herra forseti. Það er öllum ljóst að mikið hefur verið deilt um orkumál í tengslum við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem nú situr, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, undanfarin ár. Þær deilur hafa tekið á sig ýmsar myndir og oft verið ærið hatrammar og eitt af því sem kallað var eftir og hefur verið kallað eftir í þessum deilum hefur verið rammaáætlun um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma því að það má ekki skilja það undan, herra forseti. Þegar við erum að ræða um nýtingu okkar dýrmætu náttúruauðlinda þá verðum við á sama tíma að vera að ræða um verndun þeirra. Öðruvísi erum við ekki að fjalla um sjálfbæra framtíð. Öðruvísi er ekki um sjálfbæra stefnu að ræða.

Rammaáætlunin er staðreynd. Að henni er verið að vinna og upphaflega, herra forseti, var gert ráð fyrir því að verkefnisstjórn mundi skila ríkisstjórninni 25 virkjanakostum, forgangsröðuðum fyrir árslok 2002.

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar liggur á og hæstv. iðnrh. liggur sýnu mest á í þessum málaflokki því nú hefur það verið gert heyrinkunnugt að verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar hefur verið þvinguð til þess að gera einhvers konar bráðabirgðaröðun á þeim virkjanakostum sem mest áhersla er lögð á að séu til staðar fyrir lok þessa árs, herra forseti, eða ári fyrr en upphaflega var gert ráð fyrir að verkefnisstjórn rammaáætlunarinnar mundi skila af sér. Þar má með sanni segja, herra forseti, að sá grunnur sem rammaáætluninni var ætlað að byggja á, þ.e. hinn faglegi grunnur, hafi brostið. Það er sannarlega gagnrýni vert. Þáltill. um sjálfbæra orkustefnu er þörf tillaga vegna þess að hún er róttæk og hún gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin verði stoppuð af í því óðagoti og því feigðarflani sem einkennir stefnu ríkisstjórnarinnar í orkumálum.

Herra forseti. Sjálfbær orkustefna er kannski ekki markmið í sjálfu sér, en hún er afskaplega mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni og ef Ísland og Íslendingar vilja ekki leggja sitt lóð á vogarskálarnar og taka frumkvæðið, vera í framvarðarsveit sem berst fyrir sjálfstæðri þróun á þessari jörð, þá erum við að svíkja okkur sjálf og komandi kynslóðir sem við eigum að skila þessu landi samkvæmt alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að í sama ástandi ef ekki betra ástandi en það var í þegar við tókum við því.

Nú er svo komið að löndin í kringum okkur, herra forseti, eru að bregðast við í þá veru sem sjálfbær orkustefna kveður á um. Þess er skemmst að minnast að í áramótaræðu sinni sagði forsætisráðherra Noregs þjóð sinni þau tíðindi að hann hygðist hætta við þrjár stórar vatnsaflsvirkjanir sem voru á teikniborðinu hjá norskum stjórnvöldum. Þrjár stórar vatnsaflsvirkjanir voru blásnar af í Noregi fyrir örfáum mánuðum. Hvers vegna? Vegna þess að forsætisráðherra Noregs taldi nýtingu vatnsaflsins í Noregi ekki lengur vera sjálfbæra.

Hvað erum við að gera á sama tíma, herra forseti? Við erum að vaða út í þá ósvinnu að virkja stærstu vatnsföll landsins áður en við höfum liggjandi á borðinu alla þá möguleika sem við eigum í vatnsafli okkar, áður en við höfum möguleika á að forgangsraða af einhverri skynsemi þeim virkjanakostum sem eru til staðar. Herra forseti. Ef þær tölur sem við höfum gengið út frá eru réttar, að við höfum allt að, tæplega kannski, 60 teravattstundir af virkjanlegu vatnsafli í öllu landinu, og ef við eigum að viðurkenna það að stór hluti af því vatnsafli sé ekki til umræðu að verði virkjað og ef við eigum að taka við þeim upplýsingum sem vísindamenn hvaðanæva hafa gefið okkur, að þegar öllu er á botninn hvolft eigum við kannski af virkjanlegu vatnsafli, sem sátt

gæti náðst um, eitthvað rúmlega það sem Kárahnjúkavirkjun ein gerir ráð fyrir að virkja, ef við gerum ráð fyrir því að allar þessar upplýsingar og allar þessar tölulegu staðreyndir séu réttar, þá er það ósvinna og feigðarflan sem verið er að fara út í á Íslandi í dag með því að hleypa Kárahnjúkavirkjun alla leið.

Herra forseti. Tillaga um sjálfbæra orkustefnu fjallar líka um mengunarmál. Hún fjallar um að Íslendingar þurfi að gerast aðilar að Kyoto-bókuninni. Aðeins fyrir nokkrum dögum áttum við í þessum sal viðræður við hæstv. utanrrh. um þau mál. Það er alveg ljóst hver ríkisstjórnarstefna Davíðs Oddssonar er í þeim efnum. Þegar ásættanleg markmið nást í samningunum erum við til í að ræða möguleikana á því að gerast aðilar að Kyoto-bókuninni, segir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Hver eru þessi ásættanlegu markmið? Þau eru, herra forseti, að hleypa allri áætlaðri stóriðju, stækkun iðjuvera og nýjum iðjuverum frá 1990 fram hjá bókhaldi Kyoto-bókunarinnar, þ.e. Íslendingar fái alla losun stóriðjunnar frá 1990 og þeirrar sem er á teikniborðinu í afslátt, þurfi ekki að borga af henni losunarkvóta. Íslendingar ætla sér ekki að axla ábyrgðina í Kyoto-ferlinu. Það er löngu ljóst. Aðgerðaleysi íslensku sendinefndarinnar í Haag í nóvember sl. sýndi það svo að ekki verður um villst. En sjálfbær orkustefna, herra forseti, og tillaga sú sem hér er nú rædd mundi gera það að verkum að Íslendingar gætu með sóma axlað ábyrgðina með öðrum þjóðum heims, með öðrum iðnvæddum þjóðum í stað þess að koma sér hjá því að standa reikningsskil gerða sinna, að standa undir ábyrgð sem verður sambærileg við það sem aðrar þjóðir eru að gera.

Herra forseti. Þessi tillaga fjallar líka um þýðingu þess að orkusparnaður komist á dagskrá því það má með sanni segja að trúlega er leitun að annarri þjóð í veröldinni sem sóar orku á sama hátt og Íslendingar gera. Því miður, herra forseti, af því að við höfum haft nóg af rafmagni, af því að við höfum talið okkur eiga nóg vatnsafl, þá hefur orkusparnaðarumræðan ekki átt auðvelt uppdráttar á Íslandi. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett orkusparnað ofarlega á óskalista sinn og þess vegna fjöllum við sérstaklega um orkusparnað í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og við fjöllum sömuleiðis í löngu máli um umhverfisvæna orkugjafa aðra en vatnsafls því að það er alveg ljóst, herra forseti, að ef við eigum að ná tökum á þeim mikla vanda sem stafar af losun gróðurhúsalofttegunda verðum við að einhenda okkur saman, vestrænar þjóðir, í að finna upp tækni sem gerir okkur kleift að hætta að nota jarðefnaeldsneytið. Það er kominn tími til þess, herra forseti, að olían sem liggur enn kyrr í jörðinni fái að vera þar og það getum við sannarlega gert og Íslendingar geta farið þar í framvarðarsveit með því að efla allar rannsóknir á sviði vistvænna orkugjafa. Íslendingar geta lagt sitt af mörkum hvað varðar sólarorkuna, vindorkuna og virkjun orkunnar sem felst í sjávarföllunum. Sjálfbær orkustefna tekur á því máli. Sjálfbær orkustefna tekur líka á orkugjöldum vegna mengunar eða á reglum sem munu takmarka losun mengandi efna. Ég nefndi áðan, herra forseti, losunarkvóta. Hvar ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að standa þegar kemur að losunarkvótanum? Og hvað ef það verða nú lagðir losunarkvótar á stóriðjuna á Íslandi? Hver ætlar að borga þá losunarkvóta sem þá þarf að kaupa? Ætlar ríkisstjórnin að gera það? Eða ætlar hún að leggja það á fyrirtækin, fjárfestana sem þykjast ætla að reka stóriðjufyrirtækin á Íslandi? Um þetta hefur ekki fengist rætt, herra forseti, en þetta yrði að afgreiða ef við kæmum á sjálfbærri orkustefnu og tillagan sem hér liggur fyrir hlyti brautargengi alþingismanna.

Herra forseti. Sjálfbær orkustefna fjallar líka um afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa. Við getum ekki endalaust vikið okkur hjá því að ræða kjarnorkumálin því að við vitum alveg að um háls Evrópusambandslandanna hanga raforkuverin í langri kippu þar sem raforkan er búin til með kjarnorku. Við vitum að það er skammgóður vermir, herra forseti. Þó að kjarnorkuverin losi ekki gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftin losa þau annan óþverra og ekki út í andrúmsloftið heldur ofan í jörðina okkar. Það er enn þá ekki búið að finna neina aðferð til að eyða kjarnorkuúrgangi. Hann er allur steyptur, jarðaður, grafinn.

Það er synd og skömm að vita til þess að stjórnmálaflokkar hinna vestrænu ríkja skuli ekki hafa getað lagt meira á sig til að losa sig við kjarnorkuna og taka kjarnorkuumræðuna svo bragð væri að á dagskrá. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ræða þau mál líka. Herra forseti. Það er algerlega nauðsynlegt að heildarkostnaður vegna umhverfisins í allri orkuframleiðslu verði sýnilegur og verði hluti af kostnaði orkufjárfestingarinnar. Um það fjallar sjálfbæra orkustefnan. Auðlindina, landið okkar, vatnið verður að reikna til fjár. Það verður líka að tryggja, herra forseti, jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og það verður að tryggja áhrif almennings á mótun orkustefnunnar.

Herra forseti. Almenningur á aðgang að málum núna. Hann á aðgang að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar. En hvaða þýðingu á sá aðgangur að geta haft þegar hæstv. iðnrh. tekur fram fyrir hendurnar á verkefnisstjórninni og flýtir allri afgreiðslu? Hvar er aðgangur almennings þá? Ekki var almenningur spurður þegar ákveðið var að flýta einhverjum hluta afgreiðslunnar. Almenningur veit ekki einu sinni hvaða hluta afgreiðslunnar á að flýta. Almenningur veit ekki hvaða stjórnsýslulega vægi þessi rammaáætlun kemur til með að hafa. Á hún að hafa gildi laga eða reglna, að hvaða leyti, eða á hún bara að vera marklaust plagg?

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til þessa þáltill. með uppbrettar ermar og það er það eina sem gildir núna. Á þeim válegu tímum sem ríkja í orkumálum, stóriðjumálum og mengunarmálum þá er það sannarlega þörf ábending sem Íslendingar geta komið með út í þjóðasamfélagið. Við getum gengið fram fyrir skjöldu og samþykkt þáltill. um sjálfbæra orkustefnu og gefið þannig veröldinni gott fordæmi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 311. mál (náttúrugripasöfn). — Þskj. 371. [18:31]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur í stað 1. flm. þessa máls, Einar K. Guðfinnsson, sem er fjarverandi. Flutningsmenn ásamt mér og Einari K. Guðfinnssyni eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli, III. kafli, og kaflafyrirsögn verði: Náttúrugripasöfn með tveimur nýjum greinum. Það eru tvær nýjar greinar, 15. gr. og 16. gr. sem koma inn í lögin og hljóða svo:

„Ráðherra er heimilt, í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur sem starfræktar eru, að styðja við rekstur sýningarsafna um náttúrufræði, enda séu söfnin í eigu héraðsnefnda, sveitarfélaga eða annarra heimaaðila. Slíkum söfnum er heimilt að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 8. gr., og náttúrustofur, sbr. 11. gr. Leita skal umsagnar viðeigandi náttúrustofu eða náttúrufræðiseturs áður en ákvörðun um fjárstuðning er tekin."

Ný 16. gr. hljóðar svo:

„Styrkur ráðherra til sýningarsafns takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar sýningarsafn í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir sem teljast til stofnkostnaðar séu einvörðungu nýttar í þágu safnsins nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað."

Með frv. þessu fylgir síðan greinargerð. 2. gr. er eingöngu um að lögin taki þegar gildi og svofelld greinargerð fylgir frv.:

„Hliðstætt frv. var flutt á síðasta þingi en var þá eigi útrætt og er því flutt að nýju. Í fyrra frv. var miðað við stuðning við náttúrugripasöfn í hverju hinna eldri kjördæma. Með því að kjördæmaskipan hefur verið breytt er lagt til að stuðningurinn sé takmarkaður við söfn er starfi í tengslum við náttúrufræðisetur og náttúrustofur, en þessar stofnanir eru starfandi í hverju hinna eldri kjördæma.

Megintilgangur þessa frv. er að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft margháttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki síst fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Á nokkrum stöðum hefur verið unnið af myndarskap að slíkri uppbyggingu. Víðast hvar hefur hún farið fram án stuðnings ríkisvaldsins. Þó munu þess dæmi að náttúrugripasöfn hafi notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins. Hér er lagt til að þessi stuðningur verði skipulegur og samræmdur. Með stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu safna af þessum toga má vænta þess að betur verði staðið að málum og á metnaðarfyllri hátt en áður.

Á sínum tíma var uppbygging starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Sú stefnumótun hefur gefist ágætlega. Vel hefur verið að uppbyggingunni staðið, heimamenn hafa komið myndarlega að verki og fræðilegur metnaður er mikill. Í lögunum er gert ráð fyrir að starfssvið náttúrustofanna sé víðtækt sem er skynsamlegt í ljósi þess hversu samþætt starf þeirra er verkefnum sem unnið er að hverju sinni úti um landið.

Uppbygging náttúrugripasafna fellur einkar vel að þeirri grundvallarhugsun sem náttúrustofur og náttúrufræðisetur eru byggð á. Er því leitað fyrirmynda að frumvarpstextanum í lögunum um náttúrustofur. Því er lagt til að söfnin starfi í tengslum við stofurnar og náttúrufræðisetur þar sem það á við. Þar með má segja að komið sé á eins konar tengingu við þá starfsemi sem fram fer að einhverju leyti á náttúrustofunum og í náttúrufræðisetrunum.

Auðvelt ætti líka að vera að sérhæfa þessa starfsemi á ýmsum svæðum og tengja jafnvel vísinda- og rannsóknastarfi sem fram fer í byggðunum. Þannig er unnt að tvinna saman á lifandi hátt vísindastarf og daglegt líf og efla um leið áhuga fólks á því merka þróunarstarfi."

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir þessu máli og hef lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Villtur minkur, fyrri umr.

Þáltill. ÁGunn o.fl., 334. mál. — Þskj. 434.

[18:36]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um eyðingu villts minks og rannsóknir á minkastofninum.

Ég er flutningsmaður þessa máls ásamt fleiri þingmönnum en 1. flm. er Árni Gunnarsson varaþm. Hann á ekki setu á þingi nú um stundir og hef ég því með mikilli ánægju tekið að mér flutning málsins fyrir hans hönd og okkar annarra flutningsmanna, en þeir eru Drífa Hjartardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um stórauknar aðgerðir til eyðingar villiminks. Jafnframt verði nefndinni falið, í samvinnu við veiðistjóraembættið, að gera tillögur um fjármögnun aukinna minkaveiða og frekari rannsókna á minkastofninum og áhrifum hans á íslenska náttúru. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands og embætti veiðistjóra."

Virðulegi forseti. Ég held að það sé samdóma álit flestra Íslendinga að villti minkurinn sé eitthvert mesta skaðræði í íslenskri náttúru. Minkurinn átti aldrei neitt erindi inn í íslenska náttúru. Hann er þar alger boðflenna og spellvirki. Íslensk náttúra var með engum hætti búin undir þá afdrifaríku aðgerð og ákvörðun að fá villtan mink hingað til lands sem var að sjálfsögðu ekki villtur þegar hann var fluttur hingað heldur í búrum en slapp síðan og hefur síðan farið umhverfis landið.

Allir sem koma eitthvað út í íslenska náttúru þekkja þau spellvirki sem minkurinn hefur unnið. Hann ber ábyrgð á stórfelldum skaða í fuglastofni landsins og má m.a. nefna að hinn sjaldgæfi fugl, keldusvínið, er útdauður fyrir tilverknað minksins. Aðrir stofnar anda eru líka í hættu og eru margir á válista, ekki síst vegna þess að minkur er þar álagavaldur. Ég vil nefna m.a. flórgoðann, þennan einstaka og merka fugl sem við Íslendingar berum mikla ábyrgð á. Hann á verulega erfitt uppdráttar vegna minksins. Að sjálfsögðu er þetta nokkuð misjafnt eftir fuglategundum, en einmitt fuglar sem eru í sefi og á slíkum slóðum eru tiltölulega auðveld bráð fyrir minkinn. Þá er einnig vitað að minkurinn situr um fisk og gerir mikinn usla í bæði vötnum og ám auk þess sem hann fælir þessi dýr frá sér.

Minkur hefur breiðst út um landið með ótrúlegum hraða. Þó er það svo að á ákveðnum svæðum landsins hefur minkur ekki náð jafnmikilli útbreiðslu og á öðrum svæðum og vil ég sérstaklega nefna þar Austurland og Austur-Skaftafellssýslu. Hefur jafnvel verið fullyrt í mín eyru að við gætum með markvissu átaki náð að eyða mink að stórum hluta á þessum

svæðum og draga nýja varnarlínu um Norðausturland og ná þannig miklum árangri.

Veiðar á mink eru að sjálfsögðu afar mismunandi eftir sveitarfélögum og með hinum nýju lögum sem samþykkt voru á hinu háa Alþingi tel ég að með margvíslegum hætti hafi verið nokkur afturför. Sveitarfélögunum er ætlað að sjá um eyðingu minksins og þar fer því miður oft saman að sveitarfélag er víðlent og fámennt og um leið kjörland fyrir minkinn. Þetta horfir allt öðruvísi við í litlum sveitarfélögum, þ.e. sveitarfélögum sem eru ekki landmikil en þar sem fjölmenni er mikið. Vandinn er ekki síst hjá hinum víðlendu sveitarfélögum með tiltölulega lágar tekjur. Veiðarnar á minknum kosta gríðarlega mikið og eru þessum sveitarfélögum mjög þungar í skauti.

Þá vil ég einnig gera að umræðuefni þann mikla skaða sem æðarræktarbændur verða fyrir vegna minks. Verð ég að segja að það er með ólíkindum að margir málsmetandi menn og þar á meðal þingmenn telja að minkurinn eigi að hafa frið eða grið í friðlöndum og á náttúruverndarsvæðum. Ég get með engu móti tekið undir slíkt og vil ég gera skýran greinarmun á minknum annars vegar og refnum hins vegar.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum vekja athygli á merkri ritgerð sem kom út í júní á síðasta ári. Hún heitir „Ferðir og fæða íslenska minksins". Þetta er mjög kærkomin skýrsla sem upplýsir okkur betur og gefur okkur upplýsingar sem við höfðum ekki áður. Þessi ágæta skýrsla er eftir Róbert Arnar Stefánsson og hvet ég þá sem vilja kynna sér þetta málefni frekar að skoða þessa skýrslu. En það er einmitt þetta sem skortir og það eru rannsóknirnar. Rannsóknir á lifnaðarháttum minks eru ótrúlega takmarkaðar.

Virðulegi forseti. Ég hvet þingheim til þess að styðja þetta mál, hvet nefndina sem tekur við því að veita því farsælan framgang og ég veit að almenningur á Íslandi mun fagna því ef ríkið tekst á við þennan mikla skaðvald í íslenskri náttúru.

[18:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um eyðingu villts minks og rannsóknir á minkastofninum víkur að máli sem hefur verið alvarlegt mál í lífríki landsins. Eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gerði grein fyrir í framsögu sinni er minkurinn aðskotadýr í íslenskri náttúru. Þrátt fyrir að hann hafi verið hér og lifað villtur um nokkra áratugi er fjarri því að hann hafi lagað sig að íslenskri náttúru og haldi drápslöngun sinni í skefjum og innan marka sem gæti gert hann umberanlegan. Það er því afar mikilvægt að efla rannsóknir á hegðun og útbreiðslu minksins og einnig er mikilvægt að styrkja og efla veiðar og leiðir til þess að hefta útbreiðslu hans. Ég hygg þó, herra forseti, að það sé nokkuð djúpt í árinni tekið með tilliti til þáltill. að eyða honum alveg, en það megi halda honum niðri og að takmarka útbreiðslu hans og draga úr skaðsemi hans í lífríkinu tel ég afar mikilvægt. Við þekkjum dæmi um eyjar á Breiðafirði sem voru áður iðandi í fugli en eru nú orðnar fugllausar eða fugl hefur þar ekki varplönd lengur vegna þess að minkurinn hefur komið þar og eyðilagt. Við þekkjum líka þann vanda margra sveitarfélaga sem er orðin fámenn og með litlar tekjur að þau hafa engin tök á að standa undir þeim kostnaði ein sér eða með litlum stuðningi sem hlýst af því að eyða mink eða verja ákveðin landsvæði fyrir ágangi minks. Þess vegna víkur þessi tillaga, herra forseti, að afar mikilvægu máli sem er nauðsynlegt að taka á, bæði hvað varðar rannsóknir á minknum, hegðan hans í umhverfinu og eins hvernig megi hefta útbreiðslu hans og draga úr skaðlegum áhrifum hans í lífríkinu.

[18:48]

Daníel Árnason:

Herra forseti. Ég fagna fram kominni þáltill. um eyðingu villts minks og rannsóknir á minkastofninum. Fjölgun minks í landinu er mikið áhyggjuefni eins og staðfest er í greinargerð með tillögunni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í veiðidagbók 2000 segir veiðistjóri um minkaveiðina: „Í þeim til raunum okkar að halda minkastofninum niðri erum við í besta falli á skipulögðu undanhaldi, í versta falli er stríðið tapað með núverandi aðferðum."" — Svo mörg voru þau orð.

Málið er mikið hagsmunamál, ekki aðeins bænda og eigenda lands og veiðiréttar heldur einnig ögrun við náttúru landsins og dýralíf. Það er mikið alvörumál sem ber að gefa gaum að. Ég fullyrði að í mörgum héruðum landsins hefur minkurinn höggvið skörð dýra- og fuglastofna sem erfitt verður að ná til jafnvægis að nýju. Hér er því ekki aðeins um svæðisbundna hagsmuni að ræða heldur landsins alls.

Nauðsyn er að grípa í taumana með ákveðnum hætti. Í fyrsta lagi þarf að greina vandann og rannsaka atferli minksins og umfang. Í öðru lagi þarf að koma á skilvirku skipulagi og fjármagna þær aðgerðir sem grípa þarf til við þetta verkefni. Í því sambandi vil ég nefna að e.t.v. þarf að rýmka ákveðnar heimildir til veiðiaðferða. Þar get ég t.d. nefnt til lög nr. 64/1991 þar sem kann að þurfa að rýmka lögheimildir til að beita veiðiaðferðum til að ná árangri við þetta verkefni. Einnig kann að þurfa að þjálfa veiðimenn sérstaklega til verkefnisins. Þannig þarf að hyggja að ýmsu í þessu sambandi. Hefja þarf aðgerðir hið fyrsta og síðast en ekki síst þarf að meta árangurinn jafnharðan og verkefnið stendur yfir.

Ég tel jafnframt að unnt sé að nýta hinn mikla áhuga íslenskra áhugaveiðimanna til hagkvæmra lausna á þessu sviði. Í því sambandi nefni ég skotveiðifélög og aðra slíka.

Herra forseti. Ég fagna fram kominni þáltill. og hvet hæstv. umhvrh. og aðra þá sem tengjast þessu máli til að fylgja því vel eftir.

[18:51]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega þeirri ræðu sem hv. þm. Daníel Árnason flutti hér og því að hann skuli velja þetta mál til flutnings á jómfrúrræðu sinni í þinginu. Ég veit, þar sem ég þekki til hans, að hann kemur úr þeirri átt að þekkja glöggt til þess sem við ræðum hér, íslenskrar náttúru, nytja hennar og þess skaða sem minkurinn veldur.

Ég vildi sérstaklega taka undir það sem hv. þm. nefndi um að ná til sem flestra aðila hvað þetta mál varðar, ekki aðeins þeirra sem við töldum upp sem tiltæka í nefndina heldur mætti líka fá skotveiðimenn og aðra til að taka þátt í þessari vinnu.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mín skoðun er sú að minkurinn sé réttdræpur hvar og hvenær sem er. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:53]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 999.

Ávana- og fíkniefni, 630. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1005.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 641. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1018.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, 643. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1020.

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 640. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1017.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 648. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1026.

Forvarnir gegn krabbameinum, 339. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1022.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 634. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1011.

Framhaldsskólar, 653. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1031.

Landgræðsluáætlun 2002–2013, 637. mál, stjtill. (landbrh.), þskj. 1014.

Leigubifreiðar, 633. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1010.

Leikskólar, 652. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1030.

Líftækniiðnaður, 649. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1027.

Rannsóknir á þorskeldi, 622. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 995.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, 657. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1035.

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, 644. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1021.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, 655. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1033.

Tilraunastöðin að Keldum, 662. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1040.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 632. mál, frv. GE, þskj. 1009.

Verndun íslenskra búfjárkynja, 660. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1038.

Vöruverð á landsbyggðinni, 629. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 1004.

Öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi, 661. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1039.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 192. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 201.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 281. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 309.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókaútgáfa, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 271. mál. — Þskj. 299.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur björgunarsveita, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 272. mál. — Þskj. 300.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Losun mengandi lofttegunda, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og KPál, 268. mál. — Þskj. 296.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 433. mál. — Þskj. 696.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunir með brennsluhvata, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 555. mál. — Þskj. 861.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, fyrri umr.

Þáltill. ÁGunn, 136. mál. — Þskj. 136.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 293. mál (talsmaður barns). — Þskj. 324.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 294. mál (ráðgjöf um forsjá og umgengni). — Þskj. 325.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Kirkjuskipan ríkisins, 647. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 1025.

Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001, 631. mál, beiðni BH o.fl. um skýrslu, þskj. 1008.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:58.

---

104. FUNDUR

þriðjudaginn 3. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Grunnskólar, frv., 450. mál, þskj. 718. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þingsköp Alþingis, frv., 192. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Útbreiðsla spilafíknar, þáltill., 250. mál, þskj. 275. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 380. mál, þskj. 630. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Söfnunarkassar, frv., 381. mál, þskj. 631. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Bætt þjónusta hins opinbera, þáltill., 269. mál, þskj. 297. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 270. mál, þskj. 298. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Vetraríþróttasafn, þáltill., 273. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 274. mál, þskj. 302. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 311. mál, þskj. 371. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Villtur minkur, þáltill., 334. mál, þskj. 434. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Almannatryggingar, frv., 281. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Bókaútgáfa, þáltill., 271. mál, þskj. 299. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Rekstur björgunarsveita, þáltill., 272. mál, þskj. 300. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 268. mál, þskj. 296. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, þáltill., 433. mál, þskj. 696. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Barnalög, frv., 293. mál, þskj. 324. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
20. Barnalög, frv., 294. mál, þskj. 325. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
21. Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001, beiðni um skýrslu, 631. mál, þskj. 1008. *Hvort leyfð skuli.*
22. Almenn hegningarlög, frv., 540. mál, þskj. 840. — 1. umr.
23. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 558. mál, þskj. 864. — 1. umr.
24. Lyfjatjónstryggingar, frv., 208. mál, þskj. 218. — 1. umr.
25. Félagsleg aðstoð, frv., 275. mál, þskj. 303. — 1. umr.
26. Herminjasafn á Suðurnesjum, þáltill., 338. mál, þskj. 444. — Fyrri umr.
27. Dómstólar, frv., 415. mál, þskj. 675. — 1. umr.
28. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 432. mál, þskj. 695. — Fyrri umr.
29. Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, þáltill., 443. mál, þskj. 708. — Fyrri umr.
30. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 456. mál, þskj. 727. — Fyrri umr.
31. Vegalög, frv., 462. mál, þskj. 738. — 1. umr.
32. Áframeldi á þorski, þáltill., 465. mál, þskj. 744. — Fyrri umr.
33. Upplýsingalög, frv., 472. mál, þskj. 751. — 1. umr.
34. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 770. — 1. umr.
35. Merkingar hjólreiðabrauta, þáltill., 485. mál, þskj. 771. — Fyrri umr.
36. Afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði, þáltill., 494. mál, þskj. 780. — Fyrri umr.

37. Almannatryggingar, frv., 502. mál, þskj. 789. — 1. umr.

38. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, þáltill., 511. mál, þskj. 805. — Fyrri umr.

39. Bætt umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 528. mál, þskj. 824. — Fyrri umr.

40. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 551. mál, þskj. 857. — Fyrri umr.

41. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 552. mál, þskj. 858. — 1. umr.

42. Náttúruvernd, frv., 569. mál, þskj. 878. — 1. umr.

43. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 570. mál, þskj. 879. — Fyrri umr.

44. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431. — Fyrri umr.

45. Meðferð opinberra mála, frv., 486. mál, þskj. 772. — 1. umr.

46. Dómstólar, frv., 417. mál, þskj. 677. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Mörður Árnason, 5. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn ofbeldi, 676. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 1055.

Aðgerðir gegn útlendingaandúð, 674. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 1053.

Áfengislög, 665. mál, frv. GAK, þskj. 1043.

Fjárreiður ríkisins, 651. mál, frv. JB, þskj. 1029.

Grunnskólar, 667. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1045.

Lögskráning sjómanna, 635. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1012.

Opinber innkaup, 670. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1048.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 627. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1002.

Samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 677. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 1056.

Skipan opinberra framkvæmda, 671. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1049.

Skráningarskylda skipa, 645. mál, þáltill. GAK, þskj. 1023.

Starfsemi og staða Þjóðhagsstofnunar, 646. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 1024.

Stimpilgjald, 679. mál, frv. MF, þskj. 1058.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 669. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1047.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 450. mál (útboð á skólastarfi). — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 192. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Útbreiðsla spilafíknar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 250. mál. — Þskj. 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 38:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BH, DÁ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JónK, KVM, KF, KolH, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PHB, RHák, SoG, SP, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: KHG*.
24 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GE, GunnB, HjálmJ, ÍGP, JB, JBjart, LMR, LB, MÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, TIO, ÞKG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 380. mál (söfnunarkassar). — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Söfnunarkassar, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 381. mál (viðvörunarmerki o.fl.). — Þskj. 631.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Bætt þjónusta hins opinbera, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 269. mál. — Þskj. 297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 270. mál. — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vetraríþróttasafn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 273. mál. — Þskj. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Sjálfbær orkustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÁSJ, 274. mál. — Þskj. 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 311. mál (náttúrugripasöfn). — Þskj. 371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Villtur minkur, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁGunn o.fl., 334. mál. — Þskj. 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 281. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Bókaútgáfa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 271. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Rekstur björgunarsveita, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH, 272. mál. — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Losun mengandi lofttegunda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og KPál, 268. mál. — Þskj. 296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Samstarf björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og Siglingastofnunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 433. mál. — Þskj. 696.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tilraunir með brennsluhvata, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 555. mál. — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Jafnt aðgengi og jöfnun kostnaðar við gagnaflutninga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁGunn, 136. mál. — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 293. mál (talsmaður barns). — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 294. mál (ráðgjöf um forsjá og umgengni). — Þskj. 325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umfang og rekstrarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar 1990–2001.

Beiðni BH o.fl. um skýrslu, 631. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. þingskapa er gert ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar ljúki skýrslugerð innan tíu vikna frá því að skýrslubeiðni hefur verið leyfð á Alþingi. En sú beiðni sem hér liggur fyrir er óvenjuumfangsmikil og í ljósi þess vil ég taka það fram sem 1. flm. að þessari beiðni að ég lít svo á, og sýni því fullan skilning, að það sé nánast ógerningur að ljúka afgreiðslu hennar á svo skömmum tíma, þ.e. tíu vikum. Ég mun því sýna því skilning að málið taki nokkuð lengri tíma í afgreiðslu ráðuneytisins. Ég hef reyndar þegar gert hæstv. heilbrrh. grein fyrir þessum skilningi mínum. En ég mun leggja málið fyrir að nýju ef þörf krefur á haustþinginu.

Beiðni leyfð með 38 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[13:46]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að ekki er áformað að fram fari frekari atkvæðagreiðslur í dag.

Forseti vill einnig geta þess vegna dagskrár dagsins að ráð er fyrir því gert að ljúka umræðum um öll dagskrármál dagsins.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 540. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 840.

[13:46]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er komið til umræðu — mér liggur við að segja loksins — frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flutningsmenn frv. eru auk mín hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman.

Tilefni þessa frv. ætti að vera öllum ljóst en það má að sjálfsögðu rekja til þeirrar umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um klám og vændi í íslensku samfélagi og þeirrar kröfu sem heyrist hátt úti í samfélaginu nú orðið, að mikilvægt sé að nú þegar verði brugðist við þeim breyttu aðstæðum sem við búum við og hér hafa skapast á síðustu missirum.

Viðbrögð stjórnvalda við þessum umræðum hafa verið þó nokkur. Hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir hefur látið vinna tvær skýrslur um málið. Annars vegar skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi og vændi. Hin skýrslan, sem er nýútkomin og var rædd hér í utandagskrárumræðu á Alþingi fyrir skemmstu, heitir Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess og er áfangaskýrsla.

Hæstv. samgrh. hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar vegna þessarar umræðu. Hann lagði hér á síðasta þingi fram frv. til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði. Eins og menn rekur minni til hafði það frv. að geyma breytingar á lögum sem áttu að gera sveitarfélögum það kleift að takmarka eða koma reglum yfir starfsemi skemmtistaða, t.d. nektarstaða sem við þekkjum og umræðan hefur að miklu leyti snúist um.

Í þriðja lagi má nefna það sem hæstv. félmrh. hefur gert í málinu. Hann lagði á síðasta þingi fram frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Samkvæmt þeim reglum sem höfðu gilt og þeim lögum sem þá höfðu gilt voru útlendingar sem gegndu tilteknum störfum undanþegnir atvinnuleyfi. Undir það undanþáguákvæði heyrðu listamenn og höfðu nektardansarar komið til landsins á því undanþáguákvæði þar til hæstv. félmrh. fékk þessum lögum breytt. Þá hættu þeir sem komu að dansa á nektarstöðum að flokkast undir starfsheitið listamaður. Reyndar gerði hv. félmn. talsverðar breytingar á frv. félmrh. þar sem því var bætt við að þeir sem kæmu fram á næturklúbbum ættu ekki rétt á að flokkast undir starfsheitið listamaður.

En hvernig hafa þessar ráðstafanir sem hæstv. samgrh. og hæstv. félmrh. gripu til reynst í baráttunni gegn vændi og öðrum þáttum kynlífsiðnaðarins? Að mati þeirrar sem hér stendur hafa þessar aðgerðir ekki reynst nógu vel. Til marks um það er sú staðreynd að á fyrstu fjórum mánuðunum eftir breytinguna á lögunum um atvinnuréttindi útlendinga voru gefin út 142 atvinnuleyfi fyrir nektardansara frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það þarf trúlega ekki að grafa djúpt til að komast að því að umtalsverður hópur þeirra kvenna kemur frá löndum Austur-Evrópu.

Herra forseti. Þá er rétt að spyrja: Hlustuðum við ekkert á ákall Vairu Vike-Freiberga, forseta Lettlands, þegar hún ávarpaði alþjóðlegu kvennaráðstefnuna sem hér var haldin í Reykjavík haustið 1999. Á þetta ákall er minnt í nýútkominni skýrslu, Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá vakti ákall Vaira Vike-Freiberga, forseti Lettlands, athygli á þessum málum á alþjóðlegri kvennaráðstefnu sem haldin var á Íslandi haustið 1999.“ — Þar var mansal til umfjöllunar. — „Hún lýsti skelfilegu ástandi í Eystrasaltslöndunum þar sem skipulagður útflutningur kvenna til Vesturlanda ætti sér stað, ekki síst til Norðurlanda.

Í skýrslu nefndar um afnám mismununar gegn konum, sem kynnt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september árið 1999, var ályktað að hátt á annað hundrað þúsund konur og börn frá löndum Austur-Evrópu hafi leiðst út í vændi ár hvert það sem af var þeim áratug. Þessari verslun með fólk hefur verið líkt við nútímaþrælasölu.“

En í skýrslu dómsmrh., herra forseti, er líka minnst á skýrslu Hansínu B. Einarsdóttur, sem út kom 1985 og hefur að geyma niðurstöður rannsóknar Hansínu sem fjallaði um vændi. Hún tók viðtöl við einstaklinga sem höfðu stundað vændi á Íslandi og niðurstöður hennar sýndu að um þrjár gerðir vændis væri að ræða hér í samfélagi okkar: vændi tengt ungu fólki í vímuefnaneyslu, skipulagt vændi og vændi þar sem ungar stúlkur auglýstu í smáauglýsingum dagblaðanna og buðu upp á „fínni og dýrari þjónustu“.

Í hnotskurn má segja að niðurstaða rannsóknar Hansínu B. Einarsdóttur sé algjörlega samhljóða niðurstöðu hinnar nýju skýrslu, Vændi á Íslandi. Þá má líka minna á grein Áshildar Bragadóttur sem birt var í Veru á síðasta ári og vakti verðskuldaða athygli. Í grein Áshildar er að finna fimm skilgreiningar á vændi sem fullyrt er að stundað sé hér á landi. Í fyrsta lagi kemur fram að hér á landi séu starfrækt vændishús þar sem einn aðili stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavinum hold, eins og segir í greininni. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða á heimili hans. Í öðru lagi kemur fram í grein Áshildar að eigendur eða rekstraraðilar ákveðinna veitingahúsa hafi tekið að sér að vera milliliðir viðskiptavinarins og þess sem selur sig. Í þriðja lagi er nefnd svokölluð fylgdarþjónusta. Í fjórða lagi er talað um vændi þar sem karlmenn gera skipulega út á konur. Í fimmta lagi kemur fram í þessari áðurnefndu grein Áshildar Bragadóttur að hér á landi þrífist það sem hún nefnir tilviljanakennt götuvændi.

Sem sagt, herra forseti, allar vísbendingarnar í skýrslunni sem við nú höfum fengið í staflann voru til staðar fyrir 16 árum nema hvað við þær hefur bæst klám og kynlífsþjónusta um síma og gegnum internetið. Landssíminn, herra forseti, innheimtir gjöldin fyrir þá þjónustu auk þess sem hann dreifir nú klámefni á breiðbandinu og hæstv. menntmrh. hefur svarað því í fyrirspurnatíma hér á Alþingi að hann sjái ekki ástæðu til að beita sér fyrir því að Kvikmyndaeftirlitið geri eitthvað í málinu.

Herra forseti. Hafa breytingar samgrh. á lögunum um veitinga- og gististaði einhverju breytt? Nei, þær hafa engu breytt. Allir nektarstaðirnir sem voru þá við lýði eru það enn. Þó þeim hafi öllum verið gert skylt samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna að sækja um ný rekstrarleyfi þá kemur fram í fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. samgrh. fyrir skemmstu að einungis embætti sýslumannsins í Kópavogi hafi aðhafst eitthvað í málinu. Í Kópavogi var sent út bréf til allra rekstraraðila veitingastaða í umdæmi sýslumannsins þar sem lagabreytingin var kynnt og skorað á þá að sækja á ný um veitingaleyfi teldu rekstraraðilar að reksturinn félli undir 9. gr. laga nr. 67 frá 1985, sbr. 2. gr. laga frá 9. maí 2000. Aðeins einn staður í Kópavogi sótti um leyfi á ný.

Reykjavík mun hafa endurskoðun á þessu fyrirkomulagi á stefnuskrá sinni. Það er talað um að slík endurskoðun komi til með að geta farið fram í maí en önnur sýslumannsembætti hafa ekkert aðhafst á málinu. Þetta er alvarleg staðreynd, herra forseti.

Sama ár og Hansína B. Einarsdóttir birti niðurstöður rannsóknar sinnar um vændi á Íslandi 1985 þá fullgiltu íslensk stjórnvöld samning Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum. Árið 1993 undirrituðum við yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám alls ofbeldis gagnvart konum. Nú síðast var undirritaður samningur fyrir Íslands hönd um aðgerðir gegn fjölþjóðlegri glæpastarfsemi, þar á meðal gegn sölu kvenna og barna til kynlífsþrælkunar. Það er alveg ljóst, herra forseti, að aðgerðir stjórnvalda á Íslandi þurfa að vera öflugri, virkari og meiri en þær hafa verið upp á síðkastið. Það sem við höfum fengið frá stjórnvöldum hefur ekki breytt neinu eða gefið okkur vísbendingar um að breytingar séu á næsta leiti.

Frv. sem hér er til 1. umr. er lagt fram í þeirri von að ástand þessara mála geti breyst til batnaðar. Markmið þess er að koma lögum yfir þá starfsemi sem hvetur til vændis og annars ofbeldis gagnvart konum. Já, við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að vændi er skilgreint sem ofbeldi. Við viljum sjá unga fólkið sem neyðist út í vændi vegna vímuefnaneyslu stutt til sjálfshjálpar. Við viljum leggja fátækum

konum í Austur-Evrópu lið með öðrum meðölum en að fá þær fluttar hingað til lands svo að íslenskir karlmenn geti gamnað sér með þeim gegn greiðslu. Við viljum leggja niður klám- og vændisþjónustu þar sem kynlífsþjónusta fer fram á símalínum og interneti.

Frv. gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum frá því ástandi sem nú ríkir. Þannig væri samkvæmt því ekki lengur refsivert að stunda vændi, hvorki skyndivændi né vændi til framfærslu, heldur væri refsiábyrgðinni snúið við og snúið að þeim sem býr til eftirspurnina, þ.e. kaupandanum. Þannig gerir frv. ráð fyrir því að hver sem greiði fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Þá eru lögð til hert viðurlög við því að vera milliliður um vændi annarra og tekin eru af öll tvímæli um að refsivert sé að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til þess að stunda hvers konar kynlífsþjónustu.

Þá er lagt til að það varði við refsingu að stuðlað sé að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki. Þetta ákvæði, herra forseti, er sambærilegt við það sem alþjóðasáttmálarnir beina til stjórnvalda, að samþykki viðkomandi fyrir svona flutningum sé ekki pappír upp á að allt sé í himnalagi.

Herra forseti. 1. gr. þessa frv. gerir einnig ráð fyrir því að hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skuli sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

Hvað varðar breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir á 210. gr. almennra hegningarlaga — en þær breytingar sem ég gerði grein fyrir í 1. gr. eiga við 206. gr. — er um að ræða hert viðurlög við því að birta klám á prenti. Gert er ráð fyrir að refsingin verði hækkuð um 6 mánuði, þ.e. úr gildandi 6 mánuðum í eitt ár.

Mig langar, herra forseti, satt að segja til að biðja hv. allshn., sem fær þetta mál að öllum líkindum til meðferðar, að gæta að því og ganga úr skugga um að orðalag greinarinnar nái einnig yfir aðra birtingu, svo sem á myndbandsspólum og geisladiskum.

Varðandi 2. gr. þá gengur niðurlagssetning hennar út á refsingu gegn þeim sem ábyrgur er fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir efni þessa frv. sem hefur legið hér fyrir í þinginu um nokkurn tíma, og af því að seinni grein frv. fjallar um klám þá vil ég lýsa því hér yfir að þingmenn þeir sem standa að frv. eru tilbúnir til að fara í umræðuna um skilgreiningu á klámi. Við fullyrðum, herra forseti, að það er ekki lengur forsvaranlegt að hafa í gildi ákvæði í lögum á Íslandi sem varða klám án þess að klám sé skilgreint.

Herra forseti. Skilgreining okkar er eftirfarandi: Við teljum klám vera auglýsingu og hvatningu um ofbeldi, og klám á í okkar huga ekkert skylt við erótík. Klám er efni sem sýnir kynlíf og/eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu þannig að slík hegðun sé studd, látin óátalin eða jafnvel til hennar hvatt. Þessa skilgreiningu, herra forseti, verða þeir sem þurfa að framfylgja þessum lögum að temja sér, ef við getum orðið sammála um skilgreiningu af þessu tagi.

Herra forseti. Ég minni að lokum hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar á það að þeir hafa gefið út ótal yfirlýsingar og þeir hafa beitt sér fyrir ótal lagasetningum um jafnréttismál. Ég minni einnig á allar yfirlýsingarnar og frumvörpin sem liggja fyrir um barnavernd og réttindi barna, og, herra forseti, ég fullyrði að í landi þar sem jafnrétti ríkir, þar er ekki stundað vændi.

[14:02]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er á dagskrá afar gagnmerkt mál sem 1. flm., hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hefur mælt fyrir. Í frv. er tillaga um að við förum hina svokölluðu sænsku leið og hún rædd. Ég er innilega sammála því og hef lýst því yfir víðar að ég vil gjarnan láta skoða slíkt, mér finnst það ekki spurning. Með tilkomu þessa frv. er spurning um það til allshn. hvort ekki væri þá hægt að setja í gang meiri skoðun út af frv. Það er vinna sem ég vildi gjarnan sjá.

Ef ég hefði ráðið sjálf hefði ég kannski forgangsraðað því öðruvísi sem frv. kæmi fyrst fram með varðandi vændið og annað. Ég hefði forgangsraðað því þannig að ég hefði byrjað á að koma með brtt. um að afnema að vændi væri saknæmt. Ég lít á það sem félagslegt vandamál sem á að leysa með félagslegum úrræðum. Það hefði verið mín forgangsröðun. Þetta er forgangsröðun númer tvö sem ég hefði viljað láta skoða. Ég hefði kannski aðeins hinkrað við vegna þess að ég vil líka sjá hvort fælingaráhrifin yrðu slík, ég veit að þau hafa nefnilega verið heilmikil í Svíþjóð, og núna er umræða í Skandinavíu um einmitt slík fælingaráhrif og ég hefði aðeins viljað bíða eftir því.

Einnig er mjög gaman að minnast þess að Finnar hafa skoðað þessi mál mjög skemmtilega. Þeir hafa t.d. gert þessa svokölluðu notendakönnun, sem væri kannski ekki ónýtt að fá hér heima. Það sýndi sig að það voru auðvitað öll lög samfélagsins sem nýttu sér vændisþjónustu. Ég á þá könnun, og ef þingmenn hafa áhuga á skal ég útvega þeim ljósrit af henni, hún er mjög áhugaverð.

Það minnir mig einnig á það að Finnar eru um margt mjög framsæknir. Við skulum ekki gleyma að þeir hafa tekið á því að finnskir þegnar sem nýta sér þjónustu barna og vændi barna annars staðar en í Finnlandi eru líka sóttir til saka þar. Ég hefði gjarnan viljað sjá að við fetuðum í fótspor þeirra. Ég veit að Svíar eru jafnframt að skoða það líka því að þetta er mjög stórt framfaraskref til hagsmuna fyrir börn í heiminum öllum. Þegar Finnar fara núna í svokallaðar ferðir til Tælands er hægt að sækja þá til saka þar, og það hefur gerst eftir að upp hefur komist um ákveðna klámhringi sem tengjast þar. Það væri afar mikilvægt að við skoðuðum það.

Ég vil einnig gjarnan taka undir það með hv. þm. að við verðum að fara í skilgreininguna á klámi því að þegar þessi lög voru gerð um klámið þá vorum við í rauninni að tala um það sem kallað er Playboy í dag. Og Playboy í dag er náttúrlega bara barnaleikur, og Hustler og slík blöð eru barnaleikur við hliðina á því sem er í umferð, á því ólöglega harða neðanjarðarklámi sem er í gangi og það er mikill munur þar á. Það er nefnilega mjög mikill munur á klámi og klámi. Og þá komum við aftur að því sem kannski hefur verið að gerast og það er að þröskuldurinn lækkar og lækkar. Eftir því sem menn sjá meiri viðbjóð sjá þeir að í rauninni verður sumt barnaskapur við hliðina á öðru sem hægt er að bjóða fólki upp á.

Það er því mjög gott að fá þá ábendingu að mjög þarft sé að fara út í þá skilgreiningu. Ég er sammála skilgreiningu

þingmannsins á því hvað er klám og gróft klám og það er einmitt varðandi misnotkunina, ofbeldið og niðurlæginguna. Það hlýtur að vera kjarni málsins.

Ég vil ekki vera að fara í andsvar við hv. þm. en það er sök sér að benda á að sýslumaðurinn í Reykjavík hefur ekki kallað eftir neinum upplýsingum um breytingar vegna þeirra sem vilja hafa lengra leyfi eða næturklúbbaleyfi vegna þess að það gengur jafnt yfir aðra bari. Það eru þrír, fjórir staðir í Reykjavík sem eru svokallaðir nektarstaðir eða súlustaðir. Þeim hefur ekki fjölgað sem betur fer. (Gripið fram í.) Nú, eru þeir orðnir sjö? Þeir voru það þá líka fyrir tveimur árum. Það hefur því í sjálfu sér ekkert breyst, þ.e. nýir staðir hafa ekki komið upp hér. Það er hins vegar að gerast á Akureyri, í Reykjanesbæ og víðar, núna á Ísafirði. Aðalatriðið er að sveitarfélögin hafi almennileg tæki til að synja því sem þeir vilja ekki hafa í sínu sveitarfélagi. Það er náttúrlega gríðarlega mikilvægt og við eigum að skapa rammann utan um það þannig að þau geti gert það.

Nú er þetta orðið þannig að afskaplega miklar ranghugmyndir eru um hvers konar staður Reykjavík er. Ég vil minna þingmenn á að nýlega stóð sendiherra Íslands í Svíþjóð fyrir því að stoppa dreifingu á Iceland Review þar sem voru einar þrjár, fjórar opnur um þennan iðnað í Reykjavík. Ætlum við að selja okkur í túristaiðnaðinum þannig að það verði okkar aðaltekjulind að aðalaðdráttarafl eða það sem er heillandi við að koma hingað til landsins sé að stunda súlustaði? Það er eins gott að þær stúlkur séu allar komnar með hjálma þegar að því kemur.

Annað sem hefur ekki mikið verið gagnrýnt hér, hvorki í þinginu né annars staðar, er t.d. síðan í DV, sem er auðvitað ekkert annað en bein tenging í vændi í heimahúsum og annars staðar. Við látum það algjörlega áreitislaust, við höfum ekkert gert til að stoppa það, ekkert. Og þá á ég alveg jafnmikla sök og aðrir. En það er komið að því að við förum að setja spurningarmerki bæði við þetta og í rauninni allt það peningaflæði sem er þarna á bak við. Hvaðan koma allir þessir peningar? Það verður það næsta sem maður fer að krafsa ofan í í slíkum málum. Og við eigum ekki að flýta okkur, við eigum að flýta okkur hægt í því þannig að okkur fipist ekki á miðri leið því að ég held að það sé afar mikilvægt, og ég hef staðið fyrir því, að þessi umræða komi upp á borðið. Hún er orðin sýnileg, hún hefur alltaf verið til staðar og núna vitum við eða við erum orðin sannfærð um það og þá er spurning hvernig við bregðumst við.

Hvað varðar þær erlendu konur sem koma hingað til að dansa — ég veit ekki hvort þingmenn gera sér grein fyrir því — en þau leyfi koma í gegnum ASÍ. Þau koma ekki í gegnum verkalýðshreyfinguna, verkalýðshreyfingin hefur hafnað að gera það eða verkalýðsfélögin heldur er það ASÍ sem gefur þann stimpil og allt í lagi með það, en þá vaknar líka spurningin: Hver er með eftirlitið?

Hættan við þetta er sú að ákveðinn hluti af þessum konum sem hingað koma sé angi af „trafficking“ eða mansali. Talað hefur verið um eða þumalfingursreglan væri kannski sú að þetta gætu verið 20–30% af þessum stelpum, og þá er spurning hvort ekki þurfi að skoða þær stelpur sem staldra hér styst við og eru mest á fartinni. Það er merki um mansal, að þær séu seldar á milli landa, land úr landi, fái hvergi að vera nógu lengi á neinum stað til þess að tengjast og ekkert hægt að gera fyrir þær.

Þess vegna er það orðið afar brýnt mál að við komum upp ákveðnum neyðarsímum. Það er úrræði sem ég hefði einnig viljað sjá strax, jafnvel á undan þessu. Ég er að vona jafnvel að Rauði krossinn og Reykjavíkurborg taki sig til og geri það sem fyrst. Það færi vel á því.

Ég vil taka undir afar margt í frv. og aðallega það að við í nefndinni getum kannski kallað eftir ákveðnum upplýsingum, vegna þess að ég vil að við gerum það. Ég veit líka að nefndin sem stofnuð var í framhaldi af áfangaskýrslunni er afar vel skipuð nefnd með mjög góðu fagfólki og í rauninni svipuð tilnefning og ég var með í þáltill. minni þannig að vinnan er öll komin á fljúgandi fart, þetta er bara liður í því að þora að sjá enn meira og taka í rauninni allar hulur frá öllum augum. En við þurfum einnig að skoða það sem við höfum ekki þorað að skoða, eins og t.d. síður dagblaðanna.

[14:10]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér margar góðar ábendingar og breytingar þó að ég sé ekki að öllu leyti sammála þeim leiðum sem þar er lagt til að farnar verði, þá sérstaklega þegar ákvarða á í lögum hversu löng eða hversu mikil refsing skuli vera hverju sinni fyrir verknaði sem í dag eru ekki nægjanlega skilgreindir í íslenskum lögum og þær skilgreiningar koma heldur ekki fram í frv. sem hér er verið að ræða, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman flytja. Ég tel að skilgreiningin sem í frv. felst sé ekki nægjanlega skýr til þess að geta sett fram svo stórar ákvarðanir hvað varðar fangelsisvistun allt að fjórum árum og fangelsi allt að sex árum, eins og segir í 1. gr. frv. Og þó að ég telji vissulega ástæðu til að breyta 206. gr. í almennu hegningarlögunum m.a. vegna þess að hún er barn síns tíma og orðalagið þar af leiðandi afar sérkennilegt þegar talað er um vændi en í greininni segir, með leyfi forseta:

„Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.“ — Síðan kemur:

„Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra ...“ — og svo aftur seinna:

„Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.“

Það er eins og menn hafi veigrað sér við að tala um vændi eða skilgreina hvað í orðinu felst þegar þessi lög voru sett á sínum tíma. Og þó ekki væri nema vegna þess þá er sannarlega ástæða til að taka þessa grein sérstaklega fyrir og ræða hana og þær skilgreiningar sem hún felur í sér.

Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hver sé viðmiðunin sem flutningsmenn setja, hvar þau taki viðmiðunina, þ.e. varðandi það hversu lengi má dæma einstakling í fangelsi fyrir þann verknað sem framinn er hverju sinni, allt að fjórum árum og allt að sex árum, eins og segir í 1. gr.

Í grg. er vitnað til samþykktar sem Evrópuráðið hefur gert og þær eru orðnar býsna margar. Skýrslur sem unnar voru af hæstv. dómsmrh. fyrir stuttu þar sem borið var saman lagalegt umhverfi á Norðurlöndum hvað varðar refsingar vegna vændis, um hvern þann sem stuðlar að vændi, á hvern hátt sem það er gert hverju sinni, og hvernig tekið er á því á Norðurlöndunum, og síðan nýja skýrslan þar sem í fyrsta skipti má segja, a.m.k. í sölum Alþingis, er viðurkennt af öllum og þá fyrst og fremst stjórnvöldum að vændi sé stundað á Íslandi og þá kannski ekki síst í höfuðborginni, í Reykjavík. Það er nefnilega ekkert langt síðan, ég held að ekki sé nema

rétt rúmt ár síðan fjallað var um það í blaðagreinum og fjölmiðlum þar sem komu fram fulltrúar frá lögregluembættinu og að mig minnir frá Reykjavíkurborg, sem drógu verulega úr því að slík starfsemi væri stunduð, a.m.k. svo nokkru næmi í Reykjavík, eins og það var orðað þá. Skýrslan verður hins vegar til þess að opna augu fólks fyrir því að þarna er verulega þörf á því að taka á og setja nýja löggjöf.

Hæstv. dómsmrh. sagði í umræðu um daginn að hún hefði þegar skipað nefnd. Það kom ítrekað fram af hennar hálfu í fjölmiðlum að hún hefði í framhaldi af þessum tveimur skýrslum skipað nefnd til að vinna úr niðurstöðum þeirra og að hún muni í framhaldi af þeirri vinnu leggja fram frv. til laga um breytingar á lögum, ekki bara þeim sem hér um ræðir heldur ýmsum öðrum. Ég tel að vissulega sé þörf á því að skilgreina hvað er vændi og hvað er klám. Það þarf að skilgreina það þannig að við stöndum ekki aftur og aftur í raun og veru pínulítið vandræðaleg vegna þess að skilgreiningin á hugtakinu og hvað það felur í sér er ekki til staðar. Það verður alltaf svolítið loftkennt hvað það er sem við erum að ræða um hverju sinni.

Ég hefði gjarnan viljað sjá úr því að hér er komið fram frv., sem felur í sér ákveðnar breytingar, að tiltekin væru ýmis tilmæli sem Evrópuráðið hefur sent íslenskum stjórnvöldum sem og öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins á undanförnum árum þar sem tekið er á ýmsum öðrum þáttum, eins og því að hver sá einstaklingur, sem fluttur er til landsins til að stunda vændi eða aðra ólöglega kynlífsstarfsemi, eigi rétt á því að þingað sé í hans málum fyrir íslenskum rétti, þ.e. hér á landi. Hins vegar hafa flest aðildarríki Evrópuráðsins brugðist þannig við að í hvert sinn sem yfirvöld taka einstakling, sem hefur verið fluttur löglega eða ólöglega til aðildarríkis til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu, er hann umsvifalaust sendur úr landi, í flestum tilvikum heim til sín þar sem viðkomandi einstaklingur á sér e.t.v. ekki viðreisnar von vegna þeirrar menningar, trúarbragða, viðhorfa og annarra þátta sem eru í heimalandi hans og þar sem hann fær í raun og veru aldrei að segja sína sögu.

Evrópuráðið hefur talið þetta mjög mikilsvert til að hægt sé að ná böndum yfir þá sem standa í slíkum innflutningi, reka starfsemina og bera raunverulega ábyrgðina. Ef þeir sem fluttir eru til landsins, löglega eða ólöglega, til að taka þátt í hvers kyns kynlífsþjónustu eða að stunda vændi, fá aldrei að koma fyrir íslenskan rétt, fá ekki skipaðan verjanda, fá ekki að segja sína sögu, þá er afar erfitt að koma böndum yfir þá eða þann sem ber hina raunverulegu ábyrgð. Það er margsannað að flestar þessara stúlkna — þetta eru í flestum tilvikum stúlkur sem hafa verið fluttar milli landa til að stunda þessa starfsemi — hafa leiðst út í þetta vegna fátæktar í heimalandi sínu hjá fjölskyldu sinni og þeim bjóðast í mörgum tilvikum mun meiri tekjur á einum mánuði en fjölskylda þeirra hefur haft sér til framfærslu á heilu ári, og oftar en ekki hafa þær verið blekktar til starfans. Þegar þær eru komnar inn í vændishús til starfa eða til þess að dansa eða hvaða starfsemi sem það er þá er oft og tíðum búið að misþyrma þeim andlega og líkamlega, taka af þeim myndir sem senda á heim til fjölskyldunnar og þær sitja undir verulegum hótunum og þvingunum af hálfu þeirra sem reka starfsemina.

Innan Evrópuráðsins, þar sem ég á sæti bæði í jafnréttisnefnd og mannréttindanefnd sem fjalla um þessi mál og svo vill til að ég sat á fundi jafnréttisnefndar Evrópuráðsins síðast í gær þar sem var verið að fjalla um mansal, er fullyrt að angar þessarar starfsemi teygi sig til allra aðildarríkja Evrópuráðsins. Þar er Ísland ekki undanskilið. Þessi starfsemi sé verulega falin, m.a. með svokölluðum súludansi sem við þekkjum hér t.d. af skemmtistöðum. Evrópuráðið hefur beint ákveðnum tilmælum til aðildarríkjanna og við getum séð á því hvernig umræðan hefur breyst að fyrstu tilmælin sem send eru frá Evrópuráðinu til aðildarríkja koma 1986 og þá er mansal og nauðarsala á konum og börnum sett í flokk með hryðjuverkum og flugránum. Þá var bálkur þar sem fjallað var sérstaklega um alþjóðlega glæpastarfsemi og þar var mansal og nauðarsal á konum og börnum sett í flokk með hryðjuverkum og flugránum. Evrópuráðið hefur beitt sér verulega í þessum málum alveg síðan 1986. Það sendi frá sér tilmæli á síðasta ári um ólöglega innflytjendur og baráttu gegn skipulögðu smygli á þeim. Ráðið telur að meðal ólöglegra innflytjenda megi finna mjög marga einstaklinga sem hafi verið smyglað til Evrópuráðslandanna og þar á meðal megi finna mjög marga sem enda í þessari starfsemi og þá fyrst og fremst vegna fátæktar og vegna lítilla eða engra möguleika á því að fá annars konar starf.

Þessi tilmæli Evrópuráðsins voru upphaflega til komin vegna dauða tuga ólöglegra kínverskra innflytjenda sem voru lokaðir inni í gámi í Dover-höfn í Bretlandi, sem margir muna eftir, og þá var vakin athygli á mikilli fjölgun þessara innflytjenda og hörmulegum aðstæðum þeirra. Þá var einnig vakin athygli á að meðan það teljast vera grundvallarmannréttindi að flytjast úr landi þá njóti flutningur fólks til ríkja ekki sömu réttinda. Þá var rætt um að löglegum innflytjendum séu settar gríðarmiklar hömlur og í ljósi þess leiði slíkt óhjákvæmilega til þess að þeir sem hyggjast flytjast til aðildarríkja Evrópuráðsins nýti sér þjónustu skipulagðra glæpasamtaka. Einnig var vakin athygli á að einmitt þessi þróun neyddi fólk til að sinna ómannúðlegum og niðurlægjandi störfum. Hvatt var til þess að aðildarríki Evrópuráðsins ykju samstarf sitt til að berjast gegn þessu skiplagða smygli á innflytjendum og ráðherraráðið var hvatt til að samhæfa reglugerðir með þetta að markmiði og jafnframt hvatt til samstarfs við Evrópusambandið á þessu sviði.

Því miður hafa þessi tilmæli ekki einu sinni verið, mér vitanlega, þýdd á íslensku, hvað þá að það hafi verið reynt að koma þeim inn í löggjöf. Það er auðvitað hluti af því að við höfum ekki tekið þessi mál til jafnskipulegrar umræðu og hefur átt sér stað innan Evrópuráðsins og ýmissa alþjóðlegra samtaka, það er þessi takmarkaði aðgangur almennings og þingmanna að þeim samþykktum og þeim tilmælum sem eru þarna á ferðinni.

Árið 1997 voru samþykkt önnur tilmæli og þau voru til komin vegna þess að þá var verið að lýsa yfir áhyggjum vegna aukinna umsvifa skipulagðra glæpasamstaka við mansal og nauðarvændi og æ verri aðstæðna kvenna og barna sem þurfa að sæta slíkri starfsemi sem þá var talað um, eins og er reyndar gert núna, að væri í ætt við þrælahald. Í þessum tilmælum, sem eru nr. 13/25 og eru síðan 1997, þá er mansal og nauðarvændi skilgreint — það kemur fram skilgreining á því hvað felst í þessum orðum — og hvatt var til að ráðherraráðið beitti sér fyrir því að sáttmáli þessa efnis verði mótaður og undirritaður af öllum aðildarríkjum. Þá var einnig hvatt til þess að þolendum sé veitt ákveðin aðstoð og vernd, ekki síst þeim sem eru tilbúnir til að vitna gegn tjónvöldum og þessir tjónvaldar eru þeir sem kaupa einstaklingana til að sinna þessari kynlífsþjónustu.

Við vitum að þannig einstaklingar eða samtök eru hér.

Það er ósköp lítið vitað um raunverulega starfsemi og í hverju hún felst vegna þess að við höfum afskaplega litla möguleika til að fara með í réttarhöld mál sem koma upp af þessu tagi, því eins og ég segi, þá virðist a.m.k. vera tilhneiging til þess að hvetja til þess að viðkomandi einstaklingur sé umsviflaust sendur úr landi.

Auðvitað hafa mun fleiri tilmæli verið samþykkt af Evrópuráðinu en núna er sem sagt verið að leggja sérstaka áherslu á að menn komi á fót samræmdri löggjöf þar sem tryggð sé vernd þeirra einstaklinga sem stunda þessa atvinnu, eru keyptir til þess, þannig að þeir fái að segja sína sögu, hún komi mjög skýrt fram, þannig að það megi koma böndum yfir þá sem standa að málinu og eru hinir raunverulega sökudólgar.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma þessu á framfæri við umræðuna vegna þess að ég tel að út af fyrir sig sé það alveg rétt að það þurfi að vera mjög skýr löggjöf í þessum efnum og það þurfi að herða refsilöggjöfina en hins vegar þurfi að fara í þessa grunnvinnu fyrst, þ.e. skilgreiningarvinnuna, áður en við komum með breytingar á almennum hegningarlögum. Jafnframt þurfum við að leggja fram þær breytingar sem þarf að gera á öðrum lögum sem tryggja vitnavernd þeirra sem hlut eiga að máli og hafa hugsanlega verið fluttir hér inn til þess að stunda kynlífsþjónustu, og ég tala ekki um þau börn sem hafa verið neydd til þess að stunda hvers kyns kynlífsþjónustu, eins og mér finnst að megi lesa í skýrslu sem kom frá hæstv. dómsmrh. fyrir stuttu að því miður séu dæmi um. Við þekkjum dæmi þess að unglingar hafa m.a. verið neyddir til að horfa á mjög gróft kynlífsefni af vídeóspólum með fullorðnum til þess að þjónka þeirri afbrigðilegu hegðun sem í því felst hjá fullorðnum einstaklingum að neyða börn til slíks.

[14:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mér er kunnugt um þann tímaramma sem við settum okkur og skal því vera stuttorð. Mig langar til að segja nokkur orð um þetta mikilvæga mál sem ég er flutningsmaður að ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

Herra forseti. Það er kominn tími til að við förum að líta á það sem staðreynd — eftir þær skýrslur og úttektir sem hér hafa verið gerðar — að vændi er stundað á Íslandi. Það er ekki, eins og margir hafa haldið, að í vændi séu eingöngu konur sem hafa valið sér þá atvinnu til þess að afla sér aukatekna, konur sem hafa verið vel settar, hafa haft frítt val en hafi bara eingöngu valið sér þessa gömlu atvinnugrein af því að þær hafi mikið yndi af því að stunda þessa iðju. Það er ekki þannig, herra forseti. Þeir sem bera enn þá þessa ósk í brjósti að þannig sé vændið á Íslandi verða að fara að vakna og skilja að vændi er valdníðsla og ofbeldi gagnvart konum. Þær stúlkur og konur sem stunda í vændi í dag eru konur sem standa höllum fæti og hafa ekki allar af fúsum og frjálsum vilja farið út í þetta og eru ekki af fúsum og frjálsum vilja í þessari atvinnugrein.

Við erum hluti af alþjóðavæðingu, eins og hér hefur komið fram, og hún er í vændi og mansasli ekki síður en öðru og fer að verða ein ábatasamasta neðanjarðaratvinnugrein sem stunduð er. Sala á fólki, kvenfólki og börnum til kynlífsþrælkunar fer að verða af svipuðum meiði og sú atvinna sem stunduð er ólöglega með sölu á fíkniefnum.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma því að að við verðum að fara að líta þetta alvarlegum augum. Við þurfum að horfa á rekstur svokallaðra súlustaða, sem eru reknir hér, með það í huga að á bak við þá atvinnustarfsemi sé ekki skipulögð ólögleg starfsemi, þ.e. flutningur á þessum konum hingað til landsins. Eins þurfum við í raun og veru að byrja á því að koma okkur saman um og skilgreina hvað er vændi þannig að við getum byggt löggjöf okkar og allar þær aðgerðir sem við þurfum að fara í á þeirri skilgreiningu.

[14:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við ábendingar hv. þingkvenna Samfylkingarinnar, Guðrúnar Ögmundsdóttur og Margrétar Frímannsdóttur að bæta. Mig langar þó að segja tvennt.

Ég vona að það sé ekki vísbending um hvernig verður fjallað um þessi mál innan hv. allshn. að hér skuli enginn taka til máls nema hann sé í stjórnarandstöðu.

Í annan stað langar mig til þess að vekja athygli hv. þingmanna á umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum. Þrjú nýleg dæmi eru um það, tvö úr erlendum og eitt úr íslenskum fjölmiðli. Það er grein úr dagblaðinu USA Today sem fjallar um ferð nokkurra hundraða bandarískra karlmanna til Íslands af því að hér eru svo sætar stelpur. Það má skilja á hvern veg sem er. En um það fjallar greinin. Einnig er umfjöllun í virtu vikublaði, Time Magazine, um þær dásemdir sem Reykjavík hefur upp á að bjóða í þessum efnum sem öðrum. Síðast en ekki síst er það tímaritið Iceland Review sem slær upp mikilli umfjöllun um kynlífsiðnaðinn í Reykjavík. Allt má þetta svo sem vera gott og blessað. En ég held að við verðum að staldra við og íhuga það mjög vel, bæði á hinu háa Alþingi og líka úti í samfélaginu, hvaða mynd við erum að gefa umheiminum af okkur sjálfum.

[14:32]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Einungis vegna þess að hér hefur verið getið um tímatakmarkanir sem við höfum sjálf sett okkur vegna anna hér nú þá kem ég til með að segja örfá lokaorð þó að vissulega hafi þær umræður sem hér hafa farið af stað gefið tilefni til þess að meira verði rætt. En ég treysti því einungis að hv. allshn. sem fær þetta mál til umfjöllunar komi til með að skoða það í því ljósi sem það var kynnt hér.

Vegna þess að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði mig um það hvaðan flutningsmenn frv. taka þessa tímalengd í refsingunum, þá verður það að viðurkennast varðandi kaupin á kynlífsþjónustunni að einungis Svíþjóð er með svona ákvæði í lögum og sænsku hegningarlögin eru þess eðlis að það fer allt eftir eðli brotsins, hvort viðkomandi er að nýta sér neyð, hvort viðkomandi er að fremja brot á barni o.s.frv. Það er ákveðin flokkun í þeim lögum þannig að við förum ekki í að taka þau hrá inn en settum þessa fjögurra ára refsingu með tilliti til refsingar sem okkur þóttu sambærilegar í okkar eigin lögum. Það er því mat okkar sem liggur að baki þannig að því sé þá svarað. Það er að sjálfsögðu ekki heilagur bókstafur heldur nokkuð sem við verðum sífellt að vera með í skoðun, þ.e. refsirammi hinna ólíku brota. Það hefur verið rætt í allshn., veit ég til, að skoða hvernig samræming á refsiábyrgð eigi að fara fram. Í sumum ríkjum er það jafnvel til að það eru heilar stofnanir sem menn eru stöðugt að rannsaka og skoða refsiramma brota og ábyrgðir brotaþola.

Varðandi þau orð sem hér hafa fallið líka frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um samþykktir og tilmæli Evrópuráðsins þá hafa Íslendingar að sjálfsögðu fengið ótal

tilmæli eða hafa á sér standandi frá Evrópuráðinu, frá Evrópusambandinu, frá Sameinuðu þjóðunum, t.d. sáttmálar og samningar sem við erum aðilar að og höfum ýmist fullgilt eða einungis undirritað. Alla þessa sáttmála eiga íslensk stjórnvöld að sjálfsögðu að skoða á hverju einasta ári og sjá til þess að þeir séu lögfestir. Síðasti samningurinn sem var undirritaður var samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám fjölþjóðlegrar glæpastarfsemi og þar fellur mansalið undir. Sá samningur var undirritaður í Palermo í nóvember árið 2000 og við höfum orð hæstv. dómsmrh. fyrir því að sá samningur verði fullgiltur á Íslandi á næstunni og sá samningur er lagalega bindandi fyrir aðildarríkin þannig að við skulum vona a.m.k. að með þeim samningi komi aukin ákvæði inn í lög varðandi þetta. En frv. er lagt fram til þess að byrjað verði á málinu og eins og kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur er þetta skref í áttina. Það er ekki hugsað sem annað. En þetta er þýðingarmikið skref og ég treysti því, herra forseti, að þetta mál verði tekið til skjótrar skoðunar í hv. allshn. sem fær það til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK, 558. mál (lausir kjarasamningar o.fl.). — Þskj. 864.

[14:36]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum eða jafnvel árum saman.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á, virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.“

2. gr. er svo um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði. Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum, þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir og má rifja hana upp síðar ef þurfa þykir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 14 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.343 dögum eða tæplega sex og hálfu ári á þeim 14 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 14 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Það sannaðist enn á ný þann 19. mars sl. þegar sett voru lög sem frestuðu verkfalli sjómanna, sem þá hafði staðið í aðeins þrjá sólarhringa, til 1.

apríl sl. Það er nýtt met í snöggum viðbrögðum stjórnvalda við lagasetningu á kjaradeilu sjómanna og liðkaði ekki fyrir lausn deilunnar eins og komið hefur í ljós. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni en hún er sýnd hér í niðurlagi greinargerðar.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki eigi einnig að setja inn ákvæði þess efnis að þegar lög sem sett hafa verið á kjaradeilu falla úr gildi þá skuli taka við annaðhvort verkfall að nýju eða þá ákvæði um að samningur hækki sjálfkrafa til jafns við það sem almennt hefur verið gert hjá viðmiðunarhópum og þá hversu mikið skuli bæta þann tíma sem lögin takmörkuðu hækkun launa. Þetta held ég að sé réttlætisatriði sem eðlilegt væri að skoða og setja jafnvel inn í vinnulöggjöf því það hefur iðulega gerst að lög hafa verið sett á kjaradeilur. Og þó að hér sé tekið dæmi um fiskimennina sem sennilega hafa hvað oftast orðið fyrir lagasetningu á tímabilum þar sem kjarasamningur hefur ekki verið í gildi þá á þetta ekki eingöngu við um fiskimenn. Það hefur gerst hjá öðrum hópum launþega, ég held bæði hjá BSRB og BHMR, að samningar hafa dregist lengur en sex mánuði.

Ég tel að hér sé ákveðin réttarbót á ferðinni og ef ákvæði laganna verða samþykkt mun það einnig verða til þess að menn muni frekar en ella reyna að gera kjarasamninga innan þessa sex mánaða tíma.

[14:45]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur gert grein fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi við frv. Það sem hefði verið mjög gaman að sjá og leiðir einmitt hugann að er í rauninni samantekt hjá öðrum verkalýðsfélögum en sjómönnum, farmönnum og fiskimönnum vegna þess sem hér hefur verið að gerast að í þeirri biðröð sem hefur verið t.d. hjá sáttasemjara eða annars staðar, eða í biðröð við samninganefnd ríkisins t.d., þá hafa félög í rauninni misst margra mánaða kauphækkanir af því þau hafa lent aftarlega í biðröðinni við samningsaðilana. Það væri því mjög gaman að kalla eftir upplýsingum um hversu lengi samningar hafa oft verið lausir hjá hinum og þessum stéttarfélögum.

Ég þekki þetta. Ég er ein af þeim sem hafa verið algjörlega andsnúnir því að setja lög á kjaradeilur. Ég þekki það líka af eigin raun frá því ég var formaður í stéttarfélagi mínu og lenti í lögunum hér á árum áður. Fyrir mér er þetta í rauninni hinn frjálsi réttur samningsaðila að ganga frá og ekki eigi að vera nokkur inngrip af neinum toga. Það verða aðilar að skilja og þá sérstaklega LÍÚ-menn sem hv. þm. talaði um áðan.

Því er mjög mikilvægt að í heildarsamningum sé það afturvirkt frá því samningar voru lausir en ekki frá þeim tíma þegar fólk sest að viðræðuborðinu. Það væri mjög gaman að fá frv. til meðferðar í hv. félmn. og ég vil ítreka að ég lýsi eindregnum stuðningi við þetta frv.

[14:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. og taka undir megininntakið í málflutningi hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar sem jafnframt er flutningsmaður frv. Hugsunin er sú að koma í veg fyrir að sú staða verði uppi að atvinnurekendur sjái sér beinlínis hag í því að tefja samninga. Ef atvinnurekanda tekst að tefja samninga koma þær kjarabætur sem um kann að semjast í samningum ekki til útborgunar fyrr en við undirskrift samninganna. Þetta er meginreglan við kjarasamningsgerð. Það er afar fátítt að séttarfélögum takist að fá því framgengt að kjarasamningar séu afturvirkir. Það tíðkaðist meira fyrr á tíð en er víkjandi regla, því miður.

Nú kann þetta að vera uppi af tvennum toga, ekki einvörðungu af illum ásetningi atvinnurekandans. Sú staða kann einnig að vera uppi að hann ráði ekki við samningsgerðina. Það á t.d. við í kjaraviðræðum sem fram fara við samtök opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum. Þar er tiltölulega fámenn sveit sem fyrir hönd sveitarfélaganna og ríkisins annast samningsgerðina sem fer fram á mörgum borðum við mjög mörg stéttarfélög og þá gerist það að sest er niður með því stéttarfélagi sem er stærst eða þar sem þörfin er talin mest knýjandi, t.d. þar sem verkfall hefur skollið á eða er yfirvofandi, þá er hinum hreinlega ýtt aftur fyrir. Þannig hefur það gerst núna að félög sem hafa staðið í biðröð allar götur frá því samningar losnuðu 1. nóvember á síðasta ári hafa sum hver enn ekki einu sinni fengið viðræður þótt þau séu fyrir löngu tilbúin með kröfugerð sína og öll af vilja gerð að setjast að því verki og klára það.

Því spyr ég: Er það sanngjarnt að við slíkar aðstæður séu kjarasamningar ekki afturvirkir? Mér finnst það mjög ósanngjarnt. Mér finnst það vera mjög ósanngjarnt því að þeir sem aðild eiga að þessum stéttarfélögum verða af þeim kjarabótum sem um er samið á endanum.

Og þá erum við aftur komin að upphafinu, þ.e. að það er atvinnurekandanum beinlínis í hag fjárhagslega að hafa þetta fyrirkomulag vegna þess að hann þarf ekki að greiða umsamdar kjarabætur í eins langan tíma og ella. Þetta er meginhugsunin í frv. hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að setja þarna einhver tímamörk. Tímamörkin kunna að vera álitamál. Þannig kann einhverjum að finnast það nokkuð langur tími að svigrúmið sé sex mánuðir eins og kveðið er á um í frv., að hafa ætti þann tíma styttri. Það kann að vera. Það er álitamál. En meginhugsunin í frv. er rétt, að sett séu einhver ákvæði í lög um kjarasamninga sem skyldi atvinnurekanda að greiða aftur í tímann eftir tilteknum reglum. Undir það vil ég taka.

Við upphaf þingdagsins voru mættir, svo dæmi sé tekið, fulltrúar frá Landssambandi lögreglumanna þar sem þeir voru að leita eftir fundi við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, væntanlega hæstv. fjmrh., til að ræða þessi mál, að því er mér var tjáð. Þeir hafa haft lausa samninga frá því í haust. Og nú er yfirvofandi verkfall hjá háskólakennurum. En hvað gerist? Aflýst er fundi sem til stóð að halda með lögreglumönnum og honum vísað eitthvað fram í tímann. Og síðar þegar samningar nást á endanum munu þeir án efa mæta þeirri afstöðu hjá viðsemjendum sínum að ekki komi til greina að borga aftur í tímann, að samningar séu afturvirkir.

Mér finnst þetta í hæsta máta óeðlilegt. Við skulum ekki gleyma því heldur að ekki gekk svo lítið á hér í þingsal þegar menn voru að lögfesta farveginn sem kjarasamningar skyldu vera í. Þar er gert ráð fyrir að menn semji um tiltekna áætlun

við kjarasamningssmíðina þar sem báðir aðilar skuldbinda sig til þess að láta hana standast. Hún er undirrituð. Ég man ekki einu sinni — það er stolið úr mér hvað hún heitir. En þetta ferli er engu að síður bundið í lög. Og síðan þegar á reynir er það ekki haldið eða virt af hálfu viðsemjenda launafólks, stéttarfélaganna.

Eins og ég segi og ítreka gekk ekki lítið á þegar verið var að lögfesta þetta fyrirkomulag sem um margt á fyllilega rétt á sér að mínum dómi, að reyna að koma kjarasamningum í skynsamlegan og skipulegan farveg. En þá þurfa náttúrlega báðir aðilar að axla ábyrgð og það gera atvinnurekendur ekki.

Hrikalegasta dæmið sem við höfum er að sjálfsögðu það dæmi sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson tók í máli sínu og tíundar í grg. með frv. Það er dæmið af sjómönnum og samningsleysi þeirra; að á 14 árum skuli sjómenn hafa verið án samninga í sex og hálft ár. Nú höfum við þá stöðu fyrir sjómenn að þeir hafa verið, ef ég man rétt, án samninga í 13 mánuði. Þegar verkfall skall á fyrir fáeinum dögum og ríkisvaldið greip til gamalkunnra ráða og setti lög á deiluna höfðu sjómenn verið samningslausir í þetta langan tíma.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. að öðru leyti en því að ég ítreka stuðning minn við það og beini þeim orðum til atvinnurekenda, hvort sem þeir eru einkareknir eða ríkisreknir, hvort sem þeir eru opinberir aðilar eða atvinnurekendur á opnum markaði, að þeir verða að sjálfsögðu að axla ábyrgð sína. Við getum ekki búið við fyrirkomulag sem byggir á því að það sé beinlínis hagur atvinnurekenda að tefja samninga, að koma í veg fyrir samninga. Það er eðlilegt að löggjafinn sjái við þessu með lögum af því tagi sem hér eru lögð til.

[14:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til að taka undir með þeim hv. þm. sem hafa talað á undan mér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er flutningsmaður að og vil ég taka undir málflutning hans hér er hann mælti fyrir frv. Hér er verið að leggja til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman eins og komið hefur fram í umræðunni. Einnig eru lögð til ákvæði sem hafa þá þau óbeinu áhrif að hvetja aðila kjaradeilu til að leysa mál sín fyrr en ella.

Einnig er verið að leggja til réttarbót til launþega sem lendir í þessu, að honum verði tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Sömuleiðis telur hv. þm., sem ég efast ekki um að hafi mikið vit á þessu og þekki þessi mál mjög vel, að þau ákvæði sem hann leggur til í frv. ættu að verða til þess að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Þetta eru allt atriði sem vissulega þyrftu að komast í lög og vonast ég til þess, herra forseti, að þegar þetta mál kemur til hv. félmn. verði það tekið þar til umræðu. Þó svo að ekki hafi neinn stjórnarþingmaður tekið til máls um þetta ágæta frv. efast ég ekki um að þingmenn í hv. félmn. muni ræða málið. Ég mun a.m.k. leggja það til að málið verði afgreitt þaðan.

[14:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. við málið. Ég held og vonast til þess að það fái góða afgreiðslu í félmn. Það er alveg rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að áðan að atvinnurekendur hafa hagnast á samningsleysinu sem oft hefur varað í marga mánuði eða jafnvel ár. Og það hefur gerst þrátt fyrir að viðræðuáætlanir hafi verið settar í lögin. En það var ábyggilega það sem hv. þm. átti við í ræðu sinni, að fyrir nokkrum árum voru sett ákvæði í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur um svokallaða viðræðuáætlun sem setja átti niður í form milli samningsaðila. Eftir því átti síðan að vinna við lausn kjaradeilunnar. Það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir þau ákvæði viðræðuáætlunar hefur það ekki, svo séð verði, breytt miklu í ferli kjarasamninga og lausn kjarasamninga í vinnu við gerð þeirra t.d. inni í svokölluðu Karphúsi eða hjá ríkissáttasemjara, enda eru ákvæðin um viðræðuáætlanir ekki þau sömu í okkar lögum og hjá öðrum þjóðum, t.d. Dönum þar sem gert er ráð fyrir alveg ákveðnu ferli með því að fylgja annars vegar viðræðuáætluninni og síðan hvað skuli gerast í kjaradeilunni þegar ekki hefur náðst samkomulag eftir ákveðinn tíma. Í dönsku lögunum, minnir mig, ber ríkissáttasemjara að koma fram með alveg ákveðnar tillögur um hvernig tekin skuli afstaða til þeirra atriða sem ekki hefur samist um með sérstakri tillögu.

Ég þakka enn á ný undirtektir þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjatjónstryggingar, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 208. mál. — Þskj. 218.

[15:01]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lyfjatjónstryggingu.

Flutningsmenn eru hv. þm. sú sem hér stendur, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Gísli S. Einarsson.

Frumvarpið sem ég mæli fyrir sækir fyrirmynd sína til Danmerkur en þar hafa frá árinu 1995 verið í gildi sérstök lög um tjón af völdum lyfja en engin slík lög eru hér á landi enn þá. Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög um sjúklingatryggingu en áður en stjórnarfrv. um sjúklingatryggingu kom hér fram hafði ég í tvígang flutt þingmál um sjúklingatryggingu. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. víðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Lög um sjúklingatryggingu taka hins vegar ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum. Slíkt tjón fellur almennt undir lög um skaðsemisábyrgð. Þrátt fyrir að lög um sjúklingatryggingu taki almennt ekki til lyfjatjóns hindrar það ekki bótarétt þótt lyf sé meðorsök tjóns ef skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögunum eru á annað borð fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta geta komið upp þau atvik þar sem lyfjatjón verður hvorki talið falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Af þessari ástæðu og þeirri að tryggja sjúklingum sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja víðtækari rétt á bótum, með sama

hætti og lögin um sjúklingatryggingu gera er þetta frumvarp lagt fram.

Lagt er til að lögin nái til allra sem verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja hér á landi að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Lögin taka jafnt til líkamlegs sem geðræns tjóns. Þeir eiga einnig bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja. Þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum eiga rétt á bótum samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni og eins þeir sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá meðferð. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja njóti bótaréttar.

Bótaábyrgð samkvæmt frumvarpinu er í eðli sínu skaðsemisábyrgð með sama hætti og lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir víðtækari bótarétti að *því leyti* að tjón af völdum aukaverkana er bótaskylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. gr. frv. sem ég mun fara yfir á eftir. Það leiðir af því að hér er um skaðsemisábyrgð að ræða að tjón sem rekja má til mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu eða að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling eða lyf er tekið inn á rangan hátt fellur ekki undir lögin, sbr. 4. gr.

Bótaskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu eru framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda. Þetta er í samræmi við lögin um skaðsemisábyrgð þar sem framleiðendur og dreifingaraðilar vöru sem tjóni veldur bera ábyrgðina. Til nánari skilgreiningar á því hver teljist framleiðandi og hver dreifingaraðili er vísað til laganna um skaðsemisábyrgð.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem framleiða lyf hér á landi eða dreifa þeim verði gert skylt að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Undantekning er gerð frá þessu þegar um er að ræða framleiðendur eða dreifingaraðila sem ríkið á í heild eða að hluta. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist lyfjatjónstryggingu vegna þessara aðila, sbr. 20. gr. frv.

Herra forseti. Ég ætla að lesa 1. gr. frv. í heild þar sem hún fjallar um gildissvið laganna og er því markmiðsgrein þeirra en hún hljóðar svo:

„Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi af völdum skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laga þessara. Sama á við um þá sem missa framfæranda vegna andláts af þessum sökum.

Sjúklingar, sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun, eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Sama rétt hafa þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms sem viðkomandi er haldinn. Sama gildir um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð til hvaða tjónsatvika lögin skuli ná."

Ég mun fara aðeins yfir greinar frv. og skýra út hvað felst í þeim hér á eftir. En eins og kemur fram í 1. gr. þá eru í henni meginreglurnar um það til hverra lögin taka og síðan koma fram í 2.–6. gr. ýmis önnur atriði eins og í 2. gr. um takmörkun bótaréttar, skilgreiningu á hugtakinu lyf o.s.frv.

Í 1. gr. fellur fóstur undir gildissvið frv., en það á rétt til bóta svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi. Þar sem kveðið er á um líkamlegt og geðrænt tjón í 1. gr., þá er verið að tala um geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón. Annars skýrir 1. gr. sig að nokkru leyti sjálf.

Í 2. gr. kemur fram takmörkun á bótaréttinum, en lögin taka aðeins til lyfja sem dreift er hér á landi í atvinnuskyni til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna. En tjón af völdum lyfja sem keypt eru erlendis falla ekki undir lögin, jafnvel þótt þeim hafi verið ávísað af lækni og þau gefin á sjúkrahúsi eða keypt í apóteki. Það er jafnframt skilyrði fyrir bótaskyldu að lyf hafi verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi eða af lækni eða stjórnanda rannsóknar. En ekki er gerð krafa um að þessi lyf séu afhent af lækni eða stjórnanda í orðsins fyllstu merkingu, heldur gert ráð fyrir að það sé gert í umboði læknis.

Í 3. gr. er skilgreint hvað teljast lyf samkvæmt frv. Þar er gert ráð fyrir að lyf teljist vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafi áhrif á líkamsstarfsemi. En nánar um skilgreiningu lyfja er vísað til 5. gr. lyfjalaga.

Í 2.–5. mgr. 3. gr. koma fram *nánari útlistanir á því* hvaða lyf muni falla undir lögin og þau taka í fyrsta lagi til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsókn á verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar.

Í öðru lagi taka lögin til svokallaðra forskriftarlyfja og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á.

Í þriðja lagi er sérstaklega tekið fram að náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga og vítamín og fleira, falli ekki undir lögin.

Loks er sérstaklega tekið fram að bólusetningarlyf falli undir þessi lög til að taka af allan vafa um það að bólusetningarlyfin falli undir þetta en þess má geta að í Danmörku falla þessi lyf ekki undir þarlend lög um lyfjatjónstryggingu. En þess má geta að þetta er ekki tæmandi upptalning á þeim lyfjum sem falla undir lögin.

Í 4. gr. er tekið af skarið um að tjón sem á óbeinan hátt má rekja til notkunar lyfs falli ekki innan gildissviðs frv. Samkvæmt a-lið fellur það utan gildissviðsins ef tjón verður af þeim sökum að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling. En eins og menn vita þá hafa lyf sjaldnast 100% árangur þannig að ekki var talið eðlilegt að tjón vegna lyfs sem ekki næði tilætluðum áhrifum á sjúkling félli þarna undir.

Samkvæmt b-lið 4. gr. fellur það utan gildissviðs frv. ef tjón má rekja til vanrækslu eða mistaka í tengslun við ávísun lyfs eða afhendingu. Sem dæmi um þetta má nefna ef læknar *ávísa röngu lyfi* eða *rangt lyf er afgreitt* í apóteki þá fellur það ekki undir þessi lög.

Samkvæmt c-lið fellur það utan gildissviðs frv. ef tjón má rekja til þess að lyf er innbyrt á rangan hátt. Hér er einkum átt við það ef lyf er notað í of stórum skömmtum eða of litlum skömmtum.

Í 5. gr. kemur fram að tjón af völdum aukaverkana lyfja fellur undir gildissvið frv. ef þær eru umfram það sem sennilegt eða fyrirsjáanlegt gat talist. Flest lyf hafa í för með sér einhverjar aukaverkanir þannig að almenna reglan er sú að tjón af völdum þeirra falli ekki undir gildissvið frv.

Næstu liðir frv. eru síðan frekari skýringar á því hvað megi teljast tjón.

Í II. kafla er síðan fjallað um bótaábyrgð og bótafjárhæðir og er það skilgreint í 7. og 8. gr. Í frv. kemur fram að það er takmörkun á rétti til bóta en skv. 7. gr. fá þeir engar bætur sem verða fyrir minna tjóni en sem nemur 50.000 kr., það er talið eðlilegt að tjónþoli beri einhverja áhættu sjálfur í þessum efnum. Fari tjón fram úr því lágmarki skal bæta það upp allt að 5 millj. kr. án þess að draga lágmarkið frá.

Í 7. gr. er þó lagt til að heilbrigðir menn sem bíða heilsutjón af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva, njóti sérstöðu varðandi þessi lyf, þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr. og ákvörðun bótafjárhæðar skuli fara eftir skaðabótalögum og ákvæðum II. kafla þessa frv.

Herra forseti. Ég sé að tími minn líður hratt. Ég mun því ekki fara nákvæmlega yfir allar greinar frv. en með því fylgja ágætar skýringar á því hvernig túlka beri hverja grein fyrir sig. Ég vil þó geta þess sérstaklega að það er girt fyrir að vátryggingafélög eða Tryggingastofnun geti endurkrafið lækni eða annan sem kann að valda tjóni af gáleysi, jafnvel þó að stórfellt sé, þ.e. í 8. gr. er vikið frá almennum réttarreglum. Rökin að baki því að það sé ekki hægt að endurkrefja lækni eða aðra heilbrigðisstarfsmenn eru þau að hugsanlega gæti ótti heilbrigðisstarfsmanna við skaðabótakröfur í einhverjum tilvikum spillt fyrir eða tafið rannsókn á orsökum tjónsins. Okkur þótti því nauðsynlegt að tryggja sem best að hlutaðeigandi læknir eða heilbrigðisstarfsmaður veitti fúslega upplýsingar og aðstoðaði við rannsókn á málsatvikum. Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Í 13. gr. er kveðið á um höptjón, sem er nýyrði í íslensku lagamáli. Með höptjóni er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum, þ.e. aukaverkunum sem ekki voru þekktar eða galla, samanber ákvæði í 13. gr. Við þekkjum tilvik um slíkt þar sem t.d. ófrískar konur tóku lyf á meðgöngu sem ekki var vitað að hefðu áhrif á fóstur og síðan á börn þeirra sem fæddust vansköpuð. Slík tilvik eru tekin fyrir í 13. gr.

Í 16. gr. segir, með leyfi forseta:

„Að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafa fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum er ekki hægt að hafa uppi kröfu á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu.“

Þetta felur í sér að ef menn eiga á annað borð rétt á bótum samkvæmt lögunum, þá ber þeim að sækja þær áður en krafa er höfð uppi á hendur öðrum sem hugsanlega ber skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Herra forseti. Ég mun ekki fara mikið ítarlegar í þessar greinar en í niðurlagi frv. er fjallað um hver skuli annast lyfjatjónstrygginguna. Það er falið Tryggingastofnun ríkisins fyrir hið opinbera vegna þeirra sem bera tjón í eigin áhættu og kostnaður af framkvæmd Tryggingastofnunar skal greiðast úr ríkissjóði. Einnig er þar heimild til ráðherra um að kveða nánar á um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Í 21. og 22. gr. er fjallað um málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins og hvernig hún skuli afla gagna ef þurfa þykir, jafnvel að hún geti aflað þeirra fyrir dómi. Sömuleiðis hefur Tryggingastofnun rétt til þess að krefja heilbrigðisstofnanir um gögn, þar á meðal um sjúkraskýrslur.

Sé viðkomandi ekki sáttur við niðurstöður Tryggingastofnunar ríkisins þá má skjóta niðurstöðum til úrskurðarnefndar almannatrygginga eins og er í almannatryggingum.

Í 23. gr. er síðan kveðið á um að Tryggingastofnun skuli árlega taka saman skýrslu til ráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar. Því næst eru ákvæði um viðurlög og svo gildisitökuákvæði og fyrningarreglur. Við gerum ráð fyrir því að lög þessi taki gildi 1. janúar 2002 og taki þá til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að við komum á lagasetningu um lyfjatjón sambærilegri við dönsku lögin um lyfjatjónstryggingu. Það væri mikil réttarbót fyrir þá sem verða fyrir tjóni vegna lyfja. Þá öðlast þeir sambærilegan rétt og er í sjúklingatryggingunni vegna annars tjóns sem þeir verða fyrir, t.d. vegna mistaka. Ég vonast til þess að að lokinni þessari umræðu fari þetta mál til hv. heilbr.- og trn. og fái þar góða afgreiðslu. Þegar sjúklingatryggingamálið var lagt fram í þeirri nefnd á sínum tíma þá kom það fyrir nefndina tvisvar áður en stjórnvöld lögðu sambærilegt fyrir þingið og gerðu að lögum. Vonandi verður þetta til þess að hér verði sett lyfjatjónstryggingalög áður en langt um líður.

[15:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka undir það að flutt skuli frv. til laga um lyfjatjónstryggingar. Með lögum um sjúklingatryggingu sem við samþykktum hér í fyrra er ekki tekið á tjónum vegna lyfja og lyfjanotkunar. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð og fleira víðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Eins og ég sagði þá ná lög um sjúklingatryggingu ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum.

Mér er því mjög kært að taka undir þetta frv. og ég vona að það fái góða afgreiðslu. Í því eru góðar skilgreiningar á því við hvað lyfjatjónstryggingin á og hvað ekki. Þetta eru eingöngu lyf sem Lyfjastofnun hefur samþykkt, hvort heldur þau eru lyfseðilsskyld eður ei og hvort sem lyfið er notað sem fyrirbyggjandi í meðferð eða rannsóknum. Þetta á einnig við um starfsfólkið sem meðhöndlar lyfin og verður fyrir heilsutjóni við meðferð þeirra sem gerist því miður stundum. Það getur verið erfitt að komast hjá því að komast í snertingu við efni sem annars eru ætluð sjúklingum.

Þar sem sönnunarbyrðin getur oft verið mjög erfið, einkennin óljós eða skaðinn komið fram síðar eins og þekkt er og nefnd voru dæmi um áðan, þar sem skaði á fóstrum kom ekki fram fyrr en mörgum árum síðar o.s.frv., þá geri ég mér grein fyrir því að meðferð þessara mála getur verið vandasöm. Því er mikilvægt að lagaumhverfið sé sem ljósast og það hvernig fara á með málin. Tryggingastofnun ríkisins er samkvæmt frv. falið að fara með tryggingarnar. Eins væri hægt að kaupa vátryggingu annars staðar. Sé vátrygging keypt hjá vátryggingafélagi þá er auðvitað mjög mikilvægt að farið sé varlega með allar persónupplýsingar og upplýsingar sem fram koma við málsmeðferðina.

Herra forseti. Ég vildi aðeins taka þetta fram og koma því á framfæri að ég styð þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 275. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 303. [15:28]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Sigríði Jóhannesdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Þetta frv. var áður flutt á 123. og 125. löggjafarþingi. Það var þá ekki afgreitt og er flutt hér nær óbreytt.

Tilgangur frv. er að heimilt verði, að fenginni umsögn og að mati heimilislæknis og félagsráðgjafa, að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfæranda barna sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp sama efnis var flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt nær óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur með ferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur". Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu.

Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og tryggingaefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis og félagsráðgjafa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga, en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða."

Virðulegi forseti. Ég verð að geta þess að ég hefði gjarnan viljað að hæstv. heilbrrh. væri viðstaddur umræðuna hér í dag og reyndar einnig hæstv. félmrh. Ég hafði vænst þess, í tengslum við þetta mál sem og önnur mál sem heyra undir þessa hæstv. ráðherra og snerta þennan mjög svo mikilvæga málaflokk sem margoft hefur verið tekinn fyrir á þingi og talað um nauðsyn á þverpólitískri samstöðu til úrbóta, að sjá þessa tvo hæstv. ráðherra í þinginu þegar umræða færi fram. Málið hefur beðið ansi lengi, eins og mörg önnur mál frá þingmönnum, eftir að komast á dagskrá. Ég hefði því gjarnan viljað heyra afstöðu hæstv. ráðherra til þess, ekki síst í ljósi umsagna sem ég nefndi áðan, sem komu annars vegar frá Reykjavíkurborg, félagsþjónustunni, og hins vegar frá Barnaverndarstofu. Það kom mér afar mikið á óvart að þessar tvær stofnanir skyldu ekki taka undir það að þörf væri fyrir að foreldrar þeirra barna sem hafa ánetjast fíkniefnum, eru í harðri neyslu og mjög veik, fárveik ungmenni, skuli eiga rétt á umönnunargreiðslum til að taka þátt í að barnið öðlist einhvern bata. Auk þess vita allir að þarna er um langvarandi veikindi að ræða, jafnvel veikindi sem aldrei næst fullur bati af.

Eftir að ég skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 10. mars um þennan vanda, að það þyrfti að sjá til þess að foreldrar ættu rétt á umönnunarlaunum, barst mér bréf frá Ingibjörgu Georgsdóttur barnalækni hjá Tryggingastofnun ríkisins. Afrit af því bréfi var sent Karli Steinari Guðnasyni, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, og Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, deildarstjóra í heilbr.- og trn., þannig að hér er um opinbert plagg að ræða. Ég hlýt að líta svo á og leyfi mér þess vegna, virðulegi forseti, að lesa upp það sem fram kemur frá þessum ágæta lækni, þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Laugardaginn 10. mars 2001, birtist grein í Morgunblaðinu eftir þig um langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þar

segir m.a. að foreldrar barna með fíkniefnavanda fái ekki umönnunargreiðslur þar sem börn þeirra séu ekki skilgreind langveik.

Vegna þessa tel ég mér skylt að koma á framfæri við þig nánari upplýsingum um þessi mál.

Innan umönnunarkerfis TR eru nú um 3.200 börn og unglingar frá 0–17 ára eða um 4,2% af börnum á þeim aldri. Flest þeirra eru skilgreind með þroska- eða hegðunarraskanir eða um 1.317 börn, langveik börn eru um 1.091 og fötluð börn um 797.

Umönnunargreiðslur renna til tæplega 2.000 foreldra vegna u.þ.b. 2.150 barna og ungmenna og námu alls á sl. ári 695 milljónum. Öll umönnunarbörnin 3.200 eru með umönnunarkort sem lækkar lyfjakostnað, þar af eru 1.061 metin í 5. flokk, þ.e. eru eingöngu með umönnunarkort og engar umönnunargreiðslur. Í desember 2000 voru í 5. flokki 5 fötluð börn tímabundið meðan mæður eru með greiðslur í fæðingarorlofi, 728 langveik börn sem þurfa reglulega í lyfjagjöf og eftirlit sérfræðinga og 334 börn með þroska- eða hegðunarraskanir.

Börn með fíkniefnavanda eru ýmist skilgreind með alvarlegar hegðunarraskanir og/eða geðraskanir og eru því metin annaðhvort í 4. eða 3. umönnunarflokk á grundvelli sjúkdómsgreininga þeirra sem fram koma í læknisvottorðum.“ — Virðulegi forseti, hér stendur aðeins börn og ekki getið um neinar undantekningar. Og áfram segir í bréfinu: „Það hefur ekki tíðkast að merkja þessi börn með sérstökum hætti t.d. með sjúkdómsgreiningunni Z72 „problems related to lifestyle“ eða Z72,2 „problems related to drug use“ af mannúðarástæðum. Því er ekki hægt að sjá hversu mörg þeirra barna og ungmenna sem eru innan umönnunarkerfis TR glíma við fíkniefnavanda sem hluta af hegðunar- eða geðvanda sínum. Foreldrar barna og ungmenna með alvarlegar hegðunarraskanir eða geðraskanir fá umönnunargreiðslur samkvæmt umönnunarmati.“

Síðar í bréfinu segir:

„Í reglugerð 504/1994, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, er tilgreint að umönnunargreiðslur falli niður ef börn eru vistuð utan heimilis. Það þýðir að foreldrar barna sem eru vistuð á heimilum fyrir fötluð börn eða á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu fá ekki umönnunargreiðslur ef slíkar vistunarráðstafanir eru tilkynntar til Tryggingastofnunar ríkisins. Ef börnin snúa aftur heim til foreldra, hefjast greiðslur að nýju og gildir það bæði um fötluð börn og börn á meðferðarheimilum. Með þessu má segja að samfélagið taki þátt í kostnaði vegna umönnunar barna á einu heimili en ekki báðum/mörgum.“

Í niðurstöðunni segir síðan, með leyfi forseta:

„Niðurstaða: Foreldrar barna og ungmenna sem hafa ánetjast fíkniefnum eru með umönnunargreiðslur vegna hegðunar og/eða geðraskana barnanna. Greiðslur til foreldra falla niður við vistun barns eða ungmennis á vistheimili. Greiðslur falla ekki niður við dvöl á sjúkrastofnun.“

Undir þetta ritar Ingibjörg Georgsdóttir, barnalæknir.

Þetta, virðulegi forseti, samrýmist ekki þeim upplýsingum sem ég hef um stöðu foreldra barna sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða. Ég styðst jafnframt við það að fá börn eða ungmenni, sakhæf 15 ára. Ungmenni sem hafa ánetjast fíkniefnum og eru sakhæf, hafa lent inn á braut afbrota og verið dregin fyrir dómstóla — hafa, jafnvel þrátt fyrir langan afbrotaferil, verið greind þannig að foreldrar viðkomandi barns hafi átt rétt á umönnunarlaunum. Þannig er ekki hægt að alhæfa að barn sem á við fíkniefnavanda að stríða hafi jafnframt fengið greiningu þess efnis að það eigi við geð- eða hegðunarraskanir að stríða og þess vegna hafi verið greiddar umönnunarbætur til foreldra. Það er ekki þannig.

Til að taka af allan vafa, virðulegi forseti, óskaði ég eftir upplýsingum frá foreldrasamtökunum Vímulaus æska, eða foreldrahópnum sem rekur Foreldrahúsið. Segja má að hvergi nokkurs staðar á einum stað sé að finna jafnvíðtækar upplýsingar um hver raunveruleg staða foreldra ungra fíkniefnaneytenda er eins og hjá þessum foreldrasamtökum í Foreldrahúsinu. Starfsemin þar er mjög öflug. Ég óskaði eftir því að þau skoðuðu fullyrðingar eða efni þessa bréfs frá Ingibjörgu og gæfu mér síðan álit sitt á því hvort það sem ég hefði áður sagt í frv. sem við flytjum ætti ekki lengur við rök að styðjast. Það gat hugsanlega gerst að breytingar hefðu átt sér stað frá því þetta frv. var lagt fram að reglugerðin varðandi umönnunargreiðslunar hefði breyst. En svo er ekki, virðulegi forseti. Ég leyfi mér einnig að lesa upp kafla úr bréfi sem mér barst frá Vímulausri æsku, foreldrahópnum, þar sem þau segja, með leyfi forseta:

„Þú leitaðir álits okkar foreldra á því hversu auðveldlega okkur gengi að fá samþykktar umönnunarbætur með börnum okkar sem eiga við vímuefnavanda að etja. Því miður er okkar reynsla sú að í flestum tilvikum gengur það ekki fyrr en eftir langa baráttu að fá umönnunarbætur með börnum okkar og í sumum tilvikum alls ekki. Foreldrar í okkar hópi eru tilbúin til að staðfesta það, ef þú óskar eftir. Börn okkar eru þá metin vera með ýmsa aðra sjúkdóma.“

Ég minni á það sem fram kemur í bréfi Ingibjargar Georgsdóttur. Það er ljóst að börn sem einungis greinast vímuefnaneytendur öðlast ekki rétt, að sú greining gefur ekki réttinn á umönnunarlaunum heldur er það greiningin á hegðunar- eða geðröskun sem gefur rétt á umönnunargreiðslum, ekki það að sjúklingur greinist vera eiturlyfjaneytandi, jafnvel í harðri neyslu. Þá segir áfram í bréfinu:

„Það er vitað að í sumum tilvikum hafa þau börn sem hefja fíkniefnaneyslu átt við hegðunarerfiðleika og/eða geðraskanir að stríða frá barnæsku. Í þeirra tilfelli gengur betur að fá umönnunarbætur því yfirleitt er hægt að benda á langa erfiðleikasögu er styður þá kröfu foreldris að það eigi rétt á umönnunarbótum. Í þeim tilfellum þar sem engin slík saga er fyrir hendi og barnið, að því er foreldrum virðist, skyndilega umturnast, virðast foreldrar ekki eiga neinn rétt á fjárhagsstuðningi þrátt fyrir að vitað sé með vissu að margra ára erfiðleikatímabil sé fram undan.

Þeir foreldrar er eiga barn er á við fíknisjúkdóm að stríða eiga að okkar mati engan sjálfkrafa umönnunarbótarétt hjá Tryggingastofnun ríkisins, nema að svo vilji til að barnið sé jafnframt haldið einhverjum öðrum sjúkdómi sem betur þóknast læknum stofnunarinnar. Reyndar óska foreldrar þess oft að einhver annar sjúkdómur hrjái barnið þeirra, sjúkdómur sem hægt væri að lækna með lyfjagjöf eða a.m.k. sjúkdómur sem er viðurkenndur af samfélaginu.

Miklir fordómar hafa ríkt í garð barna okkar og skuldinni af veikindum þeirra er oft skellt á okkur foreldra. Nú virðist sem Tryggingastofnun ríkisins veigri sér enn fremur við að viðurkenna sjúkdóm barna okkar ef marka má bréf Ingibjargar Georgsdóttur. Segir hún það gert af mannúðarástæðum en við getum ekki annað en verið ósammála þeirri túlkun. Við viljum alla vega fá nánari skýringu á því hversu mörg börn er hér um að ræða, ekki að vera í neinum feluleik. Fyrsta

skrefið, ef lækning á að nást, hlýtur að vera að viðurkenna sjúkdóminn. Það á einnig við um aðra sjúkdóma, svo sem krabbamein, sykursýki og hjartveiki. Ef sjúkdómurinn er ekki greindur rétt verður lækningin að sjálfsögðu röng fyrir bragðið.

Þeir einstaklingar sem árangri hafa náð vegna áfengis- eða vímuefnameðferðar, munu undantekningarlaust vita að þeir eru haldnir langvinnum, alvarlegum sjúkdómi, ólæknandi, ævilöngum sjúkdómi sem hægt er að halda niðri með því að hætta allri neyslu vímugjafans en aldrei að lækna hann. Foreldrar og aðstandendur slíkra einstaklinga lifa í látlausum ótta um einstaklinginn. Vímuefnasjúklingurinn stelur, meiðir, hótar, fremur sjálfsvíg eða jafnvel myrðir, eins og mörg dæmi undanfarið sanna.

Foreldrar eru oft illa á sig komnir andlega, félagslega og fjárhagslega út af neyslu barna sinna. Ef fyrirvinna heimilisins er aðeins ein og hún brotnar saman undan álaginu er ekkert ákveðið stuðningskerfi sem tekur við. Ýmist þarf það foreldri að sækja um atvinnuleysis- eða félagslegar bætur sem í báðum tilvikum miðast við lágmarksframfærsluþörf og dugar hvergi nærri til að sjá fyrir þörfum heimilisins."

Virðulegi forseti. Ég tel það alveg ljóst af þessu bréfi og því bréfi sem kemur frá Ingibjörgu Georgsdóttur hjá Tryggingastofnun ríkisins að um er að ræða að aðeins hluti foreldra þeirra barna sem ánetjast fíkniefnum eiga rétt á umönnunargreiðslum. Það er ekkert sem kemur fram í bréfi Ingibjargar sem í raun segir annað en að það eru börnin sem greinast með hegðunar- eða geðraskanir sem eiga rétt á þessu og þá helst að greiningin hafi átt sér stað áður en neysla hefst.

Mýmörg dæmi hafa safnast upp við vinnu þeirra sem hafa unnið hjá samtökunum Vímulausri æsku, foreldrasamtökunum, og ég tala nú ekki um eftir að Foreldrahúsið hóf starfsemi sína, mýmörg dæmi eru um foreldra sem hafa komið og lýst áhyggjum sínum, ekki einungis vegna þess að einstaklingurinn, barnið þeirra, á við erfiðan sjúkdóm að stríða heldur einnig að þau geta ekki, hafa enga möguleika á því að sinna barninu eins og þyrfti á meðan það er heima og bíður eftir meðferð eða eftir að það kemur heim úr meðferð, hvað þá að taka þátt í meðferðarkostnaði. Og hvers vegna? Vegna þess að þegar barn fær inni á meðferðarstofnun þá eru það í flestum tilvikum meðferðarstofnanir á vegum félmrn. Það eru ekki sjúkrastofnanir. Þar af leiðandi falla þessir foreldrar og barnið sjálft að sjálfsögðu eða ungmennið ekki undir þau lög þar sem tekið er á fjárhagslegri aðstoð til foreldra ungra sjúklinga, hvorki ferðakostnaðurinn, umönnunarlaunin né neitt annað. Öll þátttaka foreldris í meðferð barns sem er á meðferðarstofnun, allur sá kostnaður, fellur á foreldrana sjálfa. Ef þau geta ekki borið hann og ráða ekki við hann af fjárhagslegum ástæðum vegna þess að a.m.k. annað foreldrið hefur þurft að hætta vinnu vegna veikinda barnsins, hvað gerist þá? Þá verður að sækja á náðir félagsmálakerfisins og það getur verið ótrúlega niðurlægjandi fyrir foreldra ungra fíkniefnaneytenda að þurfa að fara þá leið.

Það ætti auðvitað að vera þannig að hér væri stuðningskerfi sem tæki sjálfkrafa við. Það er orðin mikil nauðsyn á því að við viðurkennum það að hvort sem barn er í meðferð á stofnun sem heyrir undir félmrn., meðferðarstofnun, eða hjá SÁÁ, sem er sjúkrastofnun, þá gildi sömu lög um einstaklingana, að þau falli ekki undir mismunandi löggjöf. Og eins og reyndar er getið um í bréfinu frá foreldrasamtökunum Vímulausri æsku þá þurfa foreldrarnir oft að sækja á náðir stofnana sem falla undir þrjú ráðuneyti, þ.e. heilbr.- og trn., félmrn. og dómsmrn. Að sjálfsögðu ætti það að vera þannig að menntmrn. kæmi líka inn í þessa meðferð því að mjög stór hluti ungra fíkniefnaneytenda hefur hætt námi, aldrei lokið skyldunámi. Til staðar þyrfti að vera heildstæð meðferð í samstarfi allra þessara ráðuneyta þar sem foreldrarnir væru sjálfir þátttakendur og þeim væri gert það fjárhagslega kleift.

En fyrst og síðast hlýtur það að vera þannig að ef við í orði viðurkennum að fíkniefnaneyslan sé sjúkdómur þá hljótum við að viðurkenna að barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum á við langvarandi alvarleg veikindi að stríða. Það þýðir þá að foreldrar þessa barns eða ungmennis eiga að eiga sama rétt og aðrir foreldrar langveikra eða fatlaðra barna.

Mér finnst aðeins eins og sá tónn sé í bréfinu frá Tryggingastofnun ríkisins sem ég fékk sent eftir að grein þessi birtist í Morgunblaðinu, vera slíkur að verið sé að draga úr þörf annarra fyrir umönnunarlaun. Það er alls ekki þannig því að umönnunarlaun eða umönnunargreiðslur til foreldra langveikra barna eru síst of háar. Í lægstu flokkunum eru þær mjög lágar miðað við þá erfiðleika sem blasa við hverju einasta heimili þegar barn greinist með alvarlegan langvarandi sjúkdóm.

Það sem við flutningsmenn þessa frv. erum að fara fram á, virðulegi forseti, er að réttur foreldra ungra fíkniefnaneytenda sé viðurkenndur og fyrst og fremst það að við viðurkennum í verki að fíkniefnaneysla barna og ungmenna er sjúkdómur. Virðulegi forseti. Auðvitað væri ástæða til þess að taka þetta fyrir frá mörgum öðrum hliðum. Ég hef lagt hér fram fyrirspurnir sem á eftir að svara sem tengjast þessum málum. En síðan væri út af fyrir sig líka fróðlegt að fara yfir það með hæstv. heilbrrh., þ.e. ef hún hefði haft tíma til þess að vera viðstödd þessa umræðu þá hefði verið fróðlegt að heyra viðhorf hennar gagnvart því hvernig komið er fram við þessa ungu sjúklinga þegar þeir hafa hlotið dóm og eru settir í fangelsi því það þarf að taka upp hér á þinginu. Ég hef lagt fram fyrirspurnir. Og Samfylkingin mun flytja mál sem við erum að undirbúa á næsta þingi, þar sem tekið verður heildstætt á meðferð þeirra ungmenna sem leiðast út í afbrot. En þau eru oft fárveik, þ.e. þessir ungu fíkniefnaneytendur sem hljóta dóm fyrir afbrot og jafnvel röð afbrota.

Ég beini því síðan til þingsins að þetta frumvarp fari til heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu en fái jafnframt umsögn frá félmn. því eins og ég nefndi hér áðan þá held ég að það sé virkilega orðin þörf á því að um samræmda stefnu verði að ræða og að tekið sé heildstætt á þessu máli og að við viðurkennum í verki að hér er um langvarandi alvarlegan sjúkdóm barna og ungmenna sem og fullorðinna að ræða og réttindin séu metin út frá því.

[15:52]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill minna þingmenn á að gert hefur verið samkomulag um að mál taki u.þ.b. 20 mínútur í heild sinni svo að koma megi þingmannamálum í nefndir. Mörg mál eru á dagskránni, 46 mál, eins og þingmönnum er kunnugt.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nota réttinn til andsvara vegna þess að ég hef ekki heimild til að flytja ræðu um þetta mikilvæga mál sem ég er meðflutningsmaður að. Ég vil taka undir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur í einu og öllu. Mér finnast

það mjög alvarlegar upplýsingar sem koma fram í þessu bréfi sem hún hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins sem stangast á við þær upplýsingar sem koma frá foreldrum þeirra barna sem eiga við vímuvanda að stríða.

Ég verð að segja að það verður að tryggja þessum foreldrum sama rétt og foreldrum langveikra barna og fatlaðra barna. Ég hef verið í sambandi við tvær mæður sem eiga bæði langveik börn og einnig börn í vímuvanda. Þær hafa sagt mér að það sé ekki minni vinna og það sé ekki minni kostnaður við vímuefnabarnið en langveika barnið. Því er það ljóst að það þarf að koma til móts við þessa foreldra með sambærilegum stuðningi frá tryggingakerfinu. Ég bíð þess að svör komi við þeim spurningum sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur lagt hér fram og mun leggja mitt af mörkum til þess að þetta mál fái afgreiðslu í heilbr.- og trn. því að það er alveg ljóst að það þarf að tryggja þessum foreldrum sambærilegan rétt. Kostnaðurinn er ekki minni og því miður hafa dæmin sýnt að oft fá þessir foreldrar ekki stuðning fyrr en börnin eru orðin alvarlega veik og komin með mjög alvarlega sjúkdóma eftir langvarandi neyslu. Það er mun affarasælla að veita þessum foreldrum stuðning strax í upphafi þannig að hægt sé að hjálpa þessum börnum í veikindum þeirra og vanda.

[15:55]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Ég vil taka undir þetta frv. Ræðutíminn er afar stuttur og því miður er ekki tími til þess að ræða málið eins og þyrfti.

Á síðustu árum hefur heilmikið verið gert, fjárframlög á fjárlögum Alþingis hafa verið aukin til baráttunnar við fíkniefnavandann og eins til meðferðarúrræða. En ég tek heils hugar undir að það þarf að styðja fjölskylduna. Þarna er um sjúkdóm að ræða og ég tel þetta algjörlega sambærilegt við langveik börn. Það er óhugnanlegt hve við töpum mörgum ungmennum á hverju einasta ári í klær fíkniefna og sjálfsvíga. Hver einstaklingur er okkur svo einstaklega mikilvægur. Við erum fámenn þjóð og því er einstaklingurinn okkar kannski miklu meira virði en annars staðar í heiminum. Hér er um sjúkdóm að ræða og við eigum að fara með þessi mál eins og þannig sé.

Ég tel líka að við eigum að taka þetta upp í félmn. Alþingis og ræða t.d. í samhengi við félagsþjónustu sveitarfélaga sem nú er þar til umræðu. Þetta kemur svo sannarlega þar að.

Eins og ég sagði áðan tel ég afar brýnt að fjölskyldan fái allan þann stuðning sem hægt er í þessum málum. Því fyrr sem tekið er á vandanum því betur er hægt að ráða við hann.

[15:57]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka þeim tveim sem hér tóku til máls og biðja forseta velvirðingar á því að mér var heldur ekki kunnugt um að það væri þannig að ræðutími framsögumanns væri takmarkaður vegna samninga. Ég var ekki á þinginu í gær og var þess vegna ekki kunnugt um þetta.

En hitt er svo annað mál að þetta frv. hefur beðið býsna lengi. Annað frv. sem snertir þessi málefni fór órætt til nefndar. Við stjórnarandstöðuþingmenn höfum beðið býsna lengi eftir að fá okkar mál á dagskrá og þess vegna tökum við auðvitað þann tíma í mikilvæg mál sem þarf. Auðvitað ættu hæstv. ráðherrar að vera hér til þess að taka þátt í umræðunni og það mætti gjarnan stytta mál sitt, ef hæstv. ráðherrar væru tilbúnir til þess að taka þátt í umræðum og segja frá því hver þeirra sjónarmið eru.

[15:58]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill taka fram að hér er um samkomulag þingflokksformanna að ræða, einmitt til þess að koma þingmannamálum (Gripið fram í.) áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Herminjasafn á Suðurnesjum, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 338. mál. — Þskj. 444.

[15:59]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um herminjasafn á Suðurnesjum, sem liggur frammi á þskj. nr. 444 og er flutt ásamt mér af þeim hv. þingmönnum Hjálmari Árnasyni, Árna Johnsen og Drífu Hjartardóttur.

Tillagan er þessa efnis, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að eiga samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum um undirbúning að stofnun og starfrækslu herminjasafns."

Um tillöguna er það að segja, herra forseti, að víða um land er verið að auka samstarf menningarstarfsemi og ferðaþjónustu undir yfirskriftinni Menningartengd ferðaþjónusta. Víða um land eru minjar af ýmsu tagi en Suðurnes hafa þá sérstöðu að þar hefur starfað varnarlið. Varnarstöð hefur verið þar nú um 50 ára skeið eða svo, raunar lengur ef litið er allt til fyrsta samnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1941. Það er einstætt á Íslandi, herra forseti, að erlent varnarlið hafi verið hér staðsett svo lengi og hefur það skilið eftir sig nokkrar minjar. En þessu efni tengist líka fjölþætt umræðuefni Íslendinga um áratugi, deilur og ágreiningur sem er verðugt að minnast með þeim hætti að gestir og gangandi geti kynnt sér málefnið, þá atburði sem orðið hafa og þau atvik sem lengst eru í minnum höfð.

Herra forseti. Þetta er aðeins þáttur í því að sveitarfélögin á Suðurnesjum eru að auka samstarf sitt við ferðaþjónustufyrirtæki þar á svæðinu og að efna til minjasafna af ýmsu tagi. Þau hafa kynnt sér sérstaklega hvaða efni er nauðsyn að taka fram og sýna og þetta er aðeins eitt af þeim. Það sérkenni er í þessu efni að takast þarf samstarf með utanrrn. og sveitarfélögunum til þess að vel geti tekist, einkanlega þar sem mikið af þessu efni er í eigu erlenda aðilans, samstarfsaðila íslenska ríkisins, um varnir landsins.

Herra forseti. Þess hefur gætt að þeir sem standa að stríðsminjasafni á Reyðarfirði hafa áhyggjur af því að herminjasafn á Suðurnesjum kynni að hafa áhrif á starfsemi þess. Það er rétt að taka fram vegna þess að það er alls ekki ætlun flutningsmanna né heldur sveitarfélaga á Suðurnesjum að svo fari. Svo vill til að minjar um stríðsreksturinn, heimsstyrjöldina síðari eins og við köllum hana, eru ekki miklar á Suðurnesjum enda er efni þessarar tillögu og þessarar umfjöllunar sveitarfélaganna ekki varðandi stríðsárin heldur þá áratugi sem varnarliðið hefur starfað á Miðnesheiði.

Ég leyfi mér að leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til athugunar í hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómstólar, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 415. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 675.

[16:03]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um dómstóla en flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Í þeim hugmyndum sem hér eru settar fram og birtast á þskj. 675, 415. mál, er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á skipun hæstaréttardómara.

Virðulegi forseti. Eins og ég held að hæstv. forseta hafi verið kunnugt um óskaði ég eftir að hæstv. dómsmrh. yrði viðstödd umræðuna og tæki þátt í henni og ég mundi þá væntanlega fá afstöðu hennar til þeirra hugmynda sem hér liggja fyrir. En ef ég skildi hæstv. forseta rétt þá mun hún vera á leiðinni.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst að dómsmrh. er á leið inn í hús og verður hér innan örfárra mínútna, að mér skilst.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessar upplýsingar og mun reyna að gera grein fyrir þeim hugmyndum sem lagðar eru hér fram og vænti þess þá að hæstv. dómsmrh. þekki þær og sé tilbúin til að tjá sig um þær þrátt fyrir að hún sé ekki viðstödd upphaf umræðunnar.

Virðulegi forseti. Dómstólar eru einn þriggja meginþátta ríkisvaldsins. Dómstólar eru ásamt löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi sá þáttur sem fjallar um réttarágreining og þann ágreining sem upp kann að koma í samfélaginu og menn geta skotið til dómstóla.

Eins og menn þekkja sækir Alþingi umboð sitt til þjóðarinnar í kosningum á fjögurra ára fresti, ef ekki er kosið fyrr, þannig að æðsti handhafi ríkisvaldsins, löggjafarsamkundan, hv. Alþingi, sækir umboð sitt beint til þjóðarinnar. Ríkisstjórnin sækir umboð sitt til meiri hluta Alþingis í svokallaðri þingræðisreglu, þ.e. að Alþingi eða meiri hluti þess verður að una við eða þola þá ríkisstjórn sem situr hverju sinni ella hefur Alþingi þann möguleika að setja viðkomandi ríkisstjórn af. Því má segja að beint og óbeint sæki Alþingi og ríkisstjórn jafnan umboð sitt til almennings.

En skipun á þriðja þætti ríkisvaldsins, þ.e. dómstólanna og skipun í æðsta dómstólinn sem mestu máli skiptir í þessum efnum, þ.e. í Hæstarétt, er með allt öðrum hætti. Núverandi fyrirkomulag er þannig að sjálfur hæstv. dómsmrh. hverju sinni skipar hæstaréttardómara og þarf í raun og veru ekki að ráðfæra sig við nokkurn þegar að því kemur, þannig að skipun einstaklinga í æðsta dómstólinn er algerlega á valdi eins ráðherra. Ég geri hins vegar ráð fyrir að fleiri komi að umræðu um skipun hæstaréttardómara en eins og fyrirkomulagið er þá er það algerlega á valdi eins ráðherra. Og það er nákvæmlega að þeirri hugmynd eða því skipulagi sem þetta frv. lýtur.

Hér er lagt til að í stað þess að hæstv. dómsmrh. skipi hæstaréttardómara einn og sér þá komi Alþingi að þeirri skipun. Hugmyndin er sú að í Hæstarétti eigi sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilnefningu forsrh., að fengnu samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi.

Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara tilkynnir hann forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjanda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

Með þessum hugmyndum, virðulegi forseti, er í fyrsta lagi lagt til að Alþingi, löggjafarsamkundan, og æðsti embættismaður ríkisstjórnarinnar, forsrh., komi sameiginlega að því að skipa dómara við æðsta dómstól þjóðarinnar. Flutningsmenn eru sannfærðir um að þessi skipan væri mjög til þess fallin að styrkja trú manna og traust á dómstólum í landinu. Ekki er nokkur minnsti vafi á því, virðulegi forseti, og í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið um Hæstarétt, að mikilvægt er að treysta og tryggja enn frekar en nú er traust almennings á þessari æðstu stofnun þjóðarinnar á sviði dómstóla.

Enn fremur, virðulegi forseti, er lagt til að forseti Íslands veiti dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tilnefningu forsrh., en dómsmrh. veiti héraðsdómurum slíka lausn.

Enn fremur er lögð til breyting að því er varðar að höfða mál gegn hæstaréttardómurum og að það skuli vera á höndum forsrh. en nú er það á hendi dómsmrh.

Virðulegi forseti. Mál þetta er endurflutt en þrátt fyrir að það hafi verið lagt fram á síðasta þingi komst það ekki á dagskrá þingsins og var því aldrei rætt. Málið er því endurflutt óbreytt að efni til en greinargerð hefur verið endurskrifuð að hluta.

Íslensk stjórnskipun byggist að meginstefnu til á þrígreiningu ríkisvalds, þ.e. að því er skipt upp í löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald. Hugmyndafræðin að baki þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að ekki safnist of mikið vald á fárra hendur. Með því að skipta ríkisvaldinu upp með þessum hætti er markmiðið að reyna að takmarka áhættu af því að misfarið sé með ríkisvaldið. Kenningin um þrígreiningu ríkisvaldsins er oftast rakin til franska stjórnvitringsins Montesquieus og rits hans „De l'Esprit des Lois" er út kom árið 1748. Rót hugmynda Montesquieus er jafnan rakin til þeirra áhrifa sem hann varð fyrir meðan hann dvaldi á Englandi þar sem innanlandsátök leiddu til að valdinu var skipt upp milli konungs og þings, en valdi þingsins var síðan skipt upp í efri og neðri deild. Samkvæmt kenningu Montesquieus skyldi hver aðili fara með sína grein ríkisvaldsins. Hver hinna einstöku valdþátta átti að tempra eða takmarka vald hins, því ef allt ríkisvald væri á einni hendi eða höndum einnar stofnunar var að áliti Montesquieus hætta á ofríki og kúgun. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja þátta, sjálfstæðra valdhafa, ætti að vera hægt að ná því markmiði að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur

að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og kúgun að eigin geðþótta. Borgararnir þurfi því ekki að sæta geðþóttaákvörðun af hálfu þeirra sem með þetta vald fara án þess að eiga þess kost að geta borið slíkar ákvarðanir undir aðra valdþætti þess til endurskoðunar.

Þrátt fyrir að hugmyndin um þrígreiningu ríkisvalds gangi ekki ómenguð í gegnum stjórnskipunina verður því ekki á móti mælt að hún er sú hugsun sem býr að baki skiptingu ríkisvaldsins. Skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins — dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur dómsvald í sér heimild eða vald til að skera úr tilteknum réttarágreiningi; kveða á um hvað sé rétt eða rangt lögum samkvæmt í hverju tilviki og komast að niðurstöðu í þeim málum sem undir dómsvaldið eru borin með lögmætum hætti. Það er því mikið vald sem mönnum er falið að fara með þegar þeir eru skipaðir til setu í æðsta dómstól landsins, Hæstarétti Íslands.

Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hér á landi við skipun hæstaréttardómara hefur gefið þeirri umræðu byr undir báða vængi að skipað sé í réttinn pólitískt og breytir engu hvaða ráðherra hefur átt í hlut hverju sinni. Það væri enn fremur fásinna að halda því fram að það skipti ekki máli fyrir þá sem í ríkisstjórn sitja hverju sinni hvaða viðhorf það fólk hefur sem sest í réttinn hverju sinni. Í þessu samhengi má minna á að deilur hafa lengi verið uppi meðal lögfræðinga, bæði hérlendis og erlendis, um það hversu langt dómstólar geta farið inn á svið löggjafans og endurskoðað ákvarðanir hans. Enn fremur hefur lengi verið deilt um hversu langt dómstólar geta gengið inn á það svið sem kallað hefur verið frjálst mat stjórnvalda við ákvarðanatöku og endurskoðað ákvarðanir þeirra, sbr. 60 gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé miklum mun heilbrigðara að umræðan um það hver verði skipaður hæstaréttardómari, forsendur skipunarinnar og hver séu viðhorf dómara til þeirra grundvallaratriða sem lúta að hlutverki dómstóla og samskiptum þeirra við aðra handhafa ríkisvaldsins séu opinberar í stað þess að forseti Íslands skipi í réttinn að fenginni tillögu dómsmálaráðherra að undangenginni umsögn Hæstaréttar eins og nú er. Þetta þýðir í reynd að dómsmálaráðherra fer með þetta vald eða gerir í það minnsta tillögu til forseta um það hvern hann skuli skipa. Þetta gerist jafnan án opinberrar umræðu eða skoðunar. Það er enn fremur skoðun flutningsmanna að sú skipan sem hér er lögð til, þ.e. að Alþingi komi að skipun hæstaréttardómara sé til þess fallin að styrkja réttinn frá því sem nú er og gera hann enn sjálfstæðari. Það er ekki vafi á því að mati flutningsmanna að aukið sjálfstæði dómstóla sé aðeins til þess fallið að efla og styrkja trú manna á lýðræðið og stjórnskipun landsins. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki því að hér er lagt til að breytt verði frá því fyrirkomulagi sem nú er við skipun hæstaréttardómara og það fært í þann búning sem hér er lagt til.

Ég held að ekki leiki á því nokkur vafi, virðulegi forseti, að staða dómstóla og staða Hæstaréttar yrði miklum mun betri og miklum mun öflugri og án efa miklu meiri trú á dómskerfinu í landinu ef skipun í réttinn væri með öðrum hætti en nú er. Það er líka fróðlegt, virðulegi forseti, að skoða hvernig hefur skipast í réttinn undanfarið. Þegar maður skoðar og fer yfir það hverjir hafi verið skipaðir í réttinn og sitja í honum nú þá hafa sjálfstæðismenn skipað sex dómara, alþýðuflokksmenn skipað einn og framsóknarmenn skipað tvo.

Virðulegi forseti. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það hefur skipt máli hverjir hafa skipað dómara í Hæstarétt hverju sinni úr hvaða flokki þeir koma. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það hefur skipt máli. Ég er hins vegar ekki að halda því fram að þeir sem hafi verið skipaðir hafi ekki haft hæfi eða getu til að sitja í Hæstarétti, það er langur vegur frá því, því að jafnan hafa margir hæfir menn sótt um. Ég er hins vegar að segja að það hefur skipt verulegu máli hver skipar og hvaðan menn koma.

Að sumu leyti, virðulegi forseti, hefur umræðan um Hæstarétt og jafnvel umræðan um Hæstarétt af hálfu hæstv. ráðherra oft og tíðum verið mjög sérstæð. Ekki er langt síðan umræðan um Hæstarétt var að einhverju leyti á þá leið að það væri eiginlega ekkert að marka dóma sem skiptu verulegu máli nema það sætu sjö í réttinum en það er meginregla að það séu fimm dómarar eða þrír sem dæma í hverju máli. Hins vegar hefur á það verið bent í þessari umræðu að þótt fjórir af sjö dómurum komist að einhverri niðurstöðu í réttinum þá sé það ekki endilega meiri hlutinn af níu. Þessi umræða hefur því verið mjög sérstæð og hún hefur jafnan sprottið upp þegar dómar hafa fallið sem sitjandi stjórnvöldum hverju sinni hafa ekki verið að skapi. Slík umræða er ekki til þess fallin að styrkja dómstólana eða trú almennings á þeim.

Ég held að í sjálfu sér sé það að bera í bakkafullan lækinn að tala um frægt sendibréf sem fór á milli þessa húss sem við sitjum í og Hæstaréttar. Þar hafði hver sína skoðun á málinu en ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þar fannst mér valdþættirnir tengjast um of og málið í raun og veru einungis verða til þess að styrkja þá trú mína að það sé algerlega nauðsynlegt að breyta frá þeirri skipan sem nú ríkir. Í raun og veru er allt of viðurhlutamikið að einn tiltekinn ráðherra skuli skipa dómara við æðsta rétt landsins.

Í þeim hugmyndum sem hafa verið lagðar fram er á því byggt að forsrh. geri tillögu til þingsins um það hvern hann vilji sjá skipaðan sem dómara við Hæstarétt. Í framhaldi af þeirri tilnefningu kjósi Alþingi sérnefnd sem fjalli um þá tilnefningu og skili skýrslu til þingsins. Í framhaldi af því og í slíkri skýrslu yrði þá fjallað almennt um þann sem tillaga er gerð um að setjist í Hæstarétt og þar verði m.a. fjallað um það sem hann hefur skrifað, það sem hann hefur sett fram og þau almennu viðhorf sem hann hefur, auk þess sem einkunnaskjalið yrði væntanlega haft til hliðsjónar að einhverju leyti en kannski ekki í forgrunni eins og hefur verið í umræðunni sem fram hefur farið. Það breytir ekki því að með því móti er að einhverju leyti gerð tilraun til að grafast fyrir um hver séu almenn þjóðfélagsviðhorf viðkomandi manns og þá enn fremur að sú umræða sé uppi á yfirborðinu. Það sé fjallað um það í opinberri umræðu hver séu grundvallarviðhorf viðkomandi einstaklings sem ég tel að sé mjög mikilvægt því að það er gríðarlega mikilvægt hvern við skipum í Hæstarétt hverju sinni.

Það hefur sýnt sig þegar menn skoða dóma Hæstaréttar, og sérstaklega þar sem verið er að fjalla um hagsmuni ríkissjóðs, að oftar en ekki eru það sömu aðilar sem eru í minni hluta sem byggja væntanlega þá að einhverju leyti á því hver þjóðfélagsviðhorf þeirra eru almennt. Það er einu sinni svo að lögin þarf að túlka, um þau þarf að fjalla, það þarf að fjalla um þau út frá stjórnarskránni, út frá lögunum o.s.frv. og í slíkri túlkun skiptir alltaf miklu máli hver almenn grundvallarviðhorf viðkomandi dómarar hafa til samfélagsins.

Virðulegi forseti. Ég held að ef þessi umræða væri dregin upp á yfirborðið og um hana fjallað og síðan kæmi að því að Alþingi tæki um það ákvörðun hver þarna skyldi setjast inn þá mundi það styrkja Hæstarétt. Það er miklu eðlilegra að tveir þættir ríkisvaldsins komi að þessari skipan í stað þess sem nú er þar sem einn tiltekinn ráðherra hefur tilnefningarvald til forseta Íslands, jafnvel þó fleiri fundi um málið í reykfylltum bakherbergjum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi í almennri umræðu fjallað nokkuð um það mál sem við ræðum hér og gert svona þokkalega grein fyrir þeirri hugsun sem býr að baki því frv. sem við ræðum hér. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að koma hingað til fundarins og vænti þess að hún muni tjá sig hér á eftir um þessar hugmyndir. Að öðru leyti, virðulegi forseti, mun ég tjá mig frekar í síðari ræðu.

[16:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir meginhugsunina í því frv. sem er til umfjöllunar. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. var það lagt fram á síðasta þingi en vegna tímaskorts kom það ekki til umræðu þá þannig að hv. 1. flm., Lúðvík Bergvinsson, hefur verið vel vakandi í þessum efnum á þeim tíma. Þetta mál kom síðan að nýju til umræðu í þjóðfélaginu í tengslum við deilumál sem risu vegna umdeilds hæstaréttardóms í lok síðasta árs og ekki síður vegna þess hvernig Hæstiréttur kom fram gagnvart Alþingi og reyndar öðrum aðilum í þjóðfélaginu í tengslum við það mál. Þar vísa ég í margfrægt bréf, svarbréf til Alþingis og svarleysis gagnvart fjölmiðlum þegar þeir inntu Hæstarétt eftir upplýsingum.

Einnig hefur Hæstiréttur verið í umræðunni vegna skipunar *í réttinn á síðustu mánuðum og missirum*. Þess vegna gerðist það að þetta frv. og frv. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, mjög samkynja, voru sett fram á þingi samdægurs, í byrjun árs mun það hafa verið. Frv. Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru um margt svipuð en frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er á dagskrá þingsins síðar í dag. Í báðum tilvikum *er lagt til að Alþingi komi beint að skipun hæstaréttardómara*, það þurfi samþykki Alþingis fyrir skipun hæstaréttardómara, það þurfi aukinn meiri hluta, tveir þriðju alþingismanna þurfi að greiða tillögu ráðherra atkvæði til þess að af samþykki geti orðið.

Annað er frábrugðið. Samkvæmt frv. Samfylkingarinnar er gert ráð fyrir því að tilnefningin komi frá hæstv. forsrh., í frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs *er gert ráð* fyrir því að hæstv. dómsmrh. tilnefni dómarann, en í báðum tilvikum, eins og ég segi, er ætlast til þess að Alþingi, tveir þriðju hlutar Alþingis samþykki þessa tilnefningu. Með því móti teljum við að megi koma í veg fyrir að þröngir flokkspólitískir hagsmunir ráði för.

Víða erlendis er reynt að tryggja að fagleg sjónarmið ein ráði ferðinni við skipan dómara sem á aftur að vera ávísun á hlutleysi og óhæði dómsins. Oftast er þá um að ræða að einhvers konar samþykki þjóðþingsins þurfi við tillögum framkvæmdarvaldsins þannig að hinir tveir meginvaldhafarnir komi sér saman um skipan manna í æðstu stofnun þriðja valdsviðsins, þ.e. dómstólsins.

Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur gert mjög glögga grein fyrir frv. sem hann er 1. flm. að og aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar flytja, og reyndar, eins og fram kom, var lagt fyrir á síðasta þingi þótt það færi ekki þá í umræðu vegna tímaskorts.

Ég vil einnig gera grein fyrir frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samhengi við þetta frumvarp. Þetta eru frumvörp af sama meiði. Að grunni til get ég tekið undir hugsunina sem frv. Samfylkingarinnar byggir á enda er hún mjög svipuð þeirri hugsun sem frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvílir á.

[16:29]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. frsm. Lúðvík Bergvinsson hefur í máli sínu gert rækilega grein fyrir efni þess frv. sem hér er til umræðu og nokkrir hv. þm. Samfylkingarinnar leggja fram auk hans. Málið er endurflutt eins og fram hefur komið, var flutt á síðasta þingi, er óbreytt að mestu að efni til en greinargerðin endurskrifuð að hluta.

Í þessu frv. er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á skipan hæstaréttardómara. Í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi. Áfram er gert ráð fyrir að skipunarvaldið sé hjá forseta Íslands. Þegar forsætisráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst tilnefna skal hann tilkynna forseta Alþingis um tilnefningu sína. Tillögu ráðherra skal vísa til meðferðar í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis sem kjósa skal til að fjalla um tilnefningu ráðherra. Nefndin skal fjalla um hæfni þess sem tillaga er gerð um og skila skýrslu með mati sínu innan fjögurra vikna frá því að hún fær tillöguna til umfjöllunar. Líkt og er nú skal umsagnar Hæstaréttar leitað um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Tilgangurinn með þessu frv. er sá, herra forseti, að leitast *við að gera dómstóla sjálfstæðari en nú er*. Þetta frv. *felur í* sér viðleitni til að fjarlægja í raun og veru dómara sem mest skipunarvaldi sínu ef svo má orða það og þá kannski í þeim skilningi að reynt sé að tryggja þverpólitíska aðkomu og leitast við að gera sátt áður en gengið er frá því hver það er sem á að gegna embætti hæstaréttardómara. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór áðan yfir það hvernig þessu sé háttað núna *og rakti það að í raun og veru hafi farið fram afskaplega lítil* opinber umræða um skipan hæstaréttardómara á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög óeðlilegt þannig að það er einn liður í tilgangi þessa frv. að draga umræðuna upp á yfirborðið.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fram fari lýðræðisleg rökræða um svo mikilvægt mál og það þegar velja á dómara í *Hæstarétt Íslands, í æðsta dómstól þjóðarinnar. Sá* einstaklingur er $^1/_9$ af þessum æðsta dómstól og hefur þar af leiðandi mikil völd og mikil áhrif og þess vegna skiptir verulegu máli fyrir hagsmuni borgaranna og fyrir okkur öll hverjir það eru sem veljast til starfa í þessum ágæta dómstól. Þess vegna er opinber umræða um þetta mikilvæg og ég vil reyndar ganga svo langt að segja að hún sé nauðsynleg *lýðræðinu. Við eigum ekkert að óttast þessa umræðu eða* líta á hana sem eitthvert vantraust eða eitthvað tortryggilegt gagnvart þeim einstaklingum sem eiga í hlut og bjóða fram krafta sína til þess að gegna störfum sínum.

Eins og ég sagði hefur lítil umræða átt sér stað hér á landi um það þegar hæstaréttardómarar eru skipaðir ólíkt því sem gerist mjög víða erlendis og þá sérstaklega í Bandaríkjunum. Hérna gerist þetta þannig að Hæstiréttur gefur umsögn um þá einstaklinga sem sækja um. Dómsmrh. gerir tillögu til

forseta og ef umræða fer af stað, þá gerist það oft þegar málin í raun og veru eru frágengin.

Það hefur oft verið svo að ef einhver umræða fer af stað um þann einstakling sem skipaður hefur verið, þá eru þeir sem gagnrýna þá skipan gjarnan vændir um það að vera að ráðast persónulega á þann tiltekna einstakling. Umræðan hefur því verið í hálfgerðum hnút ef hún á annað borð hefur farið af stað vegna þess að í raun og veru er ekki aftur snúið þegar upplýst er hver það er sem fyrir valinu verður.

Herra forseti. Ég tel ekki rétt að standa svona að málum. Ég tel mjög mikilvægt að tekin sé umræða um það hvaða kostum viðkomandi einstaklingur þarf að vera búinn til þess að eðlilegt sé að hann verði skipaður í Hæstarétt og auðvitað þarf að skoða það í samhengi við þá einstaklinga sem þar sitja hverju sinni. Við höfum stundum tekið opinbera umræðu um það, herra forseti, að skipa þurfi fleiri konur í Hæstarétt. Það er t.d. eitt sjónarmið sem þarf að taka tillit til og nýlega hefur kona verið skipuð í Hæstarétt og var það mjög mikið ánægjuefni. En svo er það ýmislegt annað sem þarf að taka tillit til, fyrir hvað standa þessir einstaklingar, hvaða sérþekkingu hafa þeir o.s.frv.

Herra forseti. Umfram allt er opinber umræða um þessi mál af hinu góða og ég tel að hún sé beinlínis jákvæð í garð Hæstaréttar vegna þess að með því eru meiri líkur á því að Hæstiréttur njóti trausts þegar ekki þarf fara neitt með þessa umræðu undir yfirborðið.

Auðvitað er það svo að Hæstiréttur á að verða svo óumdeilanlegur sem nokkur möguleiki er á. Það er mjög mikilvægt að til hans sé borið traust af almenningi í landinu, að landsmenn geti treyst því að þar sé saman komin breið og yfirgripsmikil þekking og að þar sitji fólk sem er hafið yfir flokkadrætti og sé fyrst og fremst þekkt af faglegum verkum sínum. Nú vil ég meina, herra forseti, að það sé svo að Hæstiréttur Íslands sé alveg ágætlega skipaður fagfólki, en það er samt þannig að það hefur verið gagnrýnt hversu í raun og veru þröng aðkoman hefur verið að því hverjir skipa eða hverjir hafa áhrif á það hverjir eru valdir til setu í Hæstarétti og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór yfir það áðan. Nýlega var heilsíðuumfjöllun í dagblaðinu Degi sáluga um þetta þar sem bent var á það m.a. að sjö af níu, ef ég man rétt, núverandi hæstaréttardómurum séu skipaðir af ágætum ráðherrum Sjálfstfl.

Herra forseti. Ég tel það vera óeðlilegt að dómsmálaráðherra, sem eins og sagan sýnir hefur komið yfirleitt úr sama stjórnmálaflokknum, Sjálfstfl., komi svo til einungis að þessari skipan hæstaréttardómara. Með fullri virðingu fyrir meirihlutalýðræðinu þá tel ég þetta ganga illa upp gagnvart þeim hluta borgaranna sem ekki kemur úr þessum ágæta flokki.

Herra forseti. Ég ítreka það enn og aftur að ég er ekki að segja að það sé víst að þessir dómarar séu allir pólitískt háðir þeim hæstv. ráðherra sem skipar þá hverju sinni heldur einungis hitt að þetta býður upp á tortryggni í garð réttarins og þess vegna er þetta óæskilegt.

Herra forseti. Ég tel mjög hollt fyrir okkur að rifja svolítið upp þá hugmyndafræði sem íslensk stjórnskipan byggir á um þrígreiningu ríkisvaldsins, sem farið var yfir af hv. framsögumanni, um mikilvægi þess að greina valdþætti ríkisvaldsins í þrjár greinar. Hver þeirra á í raun og veru að tempra hina í því skyni að um sé að ræða minni líkur á því að ríkisvaldinu sé beitt sem ofurvaldi gegn borgurunum. Það er það sem býr að baki þessari hugmyndafræði og ég held að okkur sé mjög hollt, herra forseti, að rifja reglulega upp hvað það er sem gerði það að verkum að þessi hugmyndafræði hefur farið sigurför um allan heiminn. Það er einmitt að með því tekst að tempra ríkisvaldið og minnka líkur á að því sé misbeitt gagnvart borgurunum.

Þróunin í íslenskri stjórnskipun, herra forseti, hefur verið sú að framkvæmdarvaldið hefur eflst mjög og að mínu mati óeðlilega á kostnað hinna greinanna tveggja, dómsvalds og löggjafarvalds. Við höfum oft rætt það á hinu háa Alþingi þá sérstaklega hvað varðar stöðu Alþingis sjálfs í stjórnskipaninni og við höfum oft fjallað um hver staða Alþingis er gagnvart framkvæmdarvaldinu. En við þurfum líka að horfa til dómsvaldsins, herra forseti. Við þurfum að tryggja sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu ekki síður en að við þurfum að tryggja stöðu löggjafarvaldsins og Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu líka. Ég lít svo á að þessi tillaga sé liður í þeirri viðleitni.

Það er því mjög við hæfi líka, í ljósi stöðu Alþingis og þeirrar umræðu að framkvæmdarvaldið sé orðið óeðlilega sterkt gagnvart hinum tveimur þáttum ríkisvaldsins, að Alþingi komi að skipan hæstaréttardómara eins og lagt er til í þessu frv. og ekki síst, herra forseti, í ljósi þess sem segir í íslenskum stjórnskipunarrétti um það að Alþingi sé ótvírætt valdamesta stofnun ríkisvaldsins. Þar segir líka að þó byggt sé á þrígreiningu ríkisvaldsins, sé þó ekki jafnræði milli valdþáttanna því að Alþingi beri þar höfuð og herðar yfir aðrar stofnanir í skilningi stjórnskipunarréttarins. Þetta held ég að sé mikilvægt að rifja upp hér á Alþingi, herra forseti.

Ég vil í lokin segja að Alþingi þarf að standa vörð um þennan heiðurssess sinn í stjórnskipaninni, m.a. með því að hafa fleiri verkefni undir sínum hatti í stað þess að senda þau frá sér til framkvæmdarvaldsins, til ráðuneytanna þar sem mál eru óneitanlega rekin í ljósi þeirrar pólitísku áherslu sem hver ráðherra setur hverju sinni og þar er enginn flokkur undanskilinn. Ráðherrarnir eru í raun og veru pólitískir yfirmenn ráðuneytanna og reka ákveðna pólitíska stefnu. Á Alþingi er hins vegar meiri möguleiki að koma að áhrifum frá öðrum stjórnmálaflokkum og öðrum hópum. Þess vegna, herra forseti, er mikilvægt að Alþingi komi að þessari skipan eins og lagt er til í þessu frv.

Við í Samfylkingunni höfum reyndar lagt fram mun fleiri mál á þessu þingi og öðrum þingum sem snúa að því að efla stöðu Alþingis í stjórnskipaninni. Vil ég þá minna sérstaklega á mál sem við ræddum fyrr í vetur um lagaráð þar sem lagt var til að staðið væri betur að löggjafarundirbúningi með því að stofna lagaráð sem starfaði undir hatti Alþingis.

Herra forseti. Ég tel að með þessu frv., ef það yrði að lögum, kæmi umræðan um skipan hæstaréttardómara meira upp á yfirborðið. Meiri líkur væru á því að sátt yrði tryggð um þann sem skipaður væri hverju sinni, sem ég tel ótvírætt til bóta fyrir Hæstarétt, fyrir stöðu hans í stjórnskipaninni og mundi minnka líkur á því að tortryggni skapist gagnvart skipan hæstaréttardómara hverju sinni.

[16:42]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum þessa frv. fyrir að leggja það hér fram. Þetta er mjög gott frv. sem fjallar um það að hæstaréttardómarar skuli skipaðir eftir tilnefningu forsrh. og $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi. Hæstaréttardómarastöðurnar eru með mikilvægustu stöðum hins íslenska samfélags og fólk horfir mjög gjarnan til verka Hæstaréttar og það skiptir miklu máli hverjir sitja þar og það

sem skiptir enn meira máli er að þeir hafi verið skipaðir í Hæstarétt á trúverðugan hátt.

Umræðan í samfélaginu um lýðræðið hefur aukist og að nauðsynlegt sé að það sé virkara og öflugra. Einn hluti af því er að koma fram með þetta frv. til laga. Það er hluti af því að efla og styrkja lýðræðið í landinu að einn einstaklingur, einn ráðherra hafi ekki þetta ábyrgðarmikla vald. Sumir hafa sagt í mín eyru að best væri að kjósa hæstaréttardómara. Það væri réttast vegna þess að þeir væru fulltrúar hins þriðja valds, dómsvaldsins, sem er einn af hornsteinum lýðræðis okkar, og færa fyrir því rök.

Mig langar til að vitna í stafsetningarverkefni eitt sem lagt var fyrir nemendur í íslenskutíma og hljóðar ein setning þess svo, með leyfi forseta: „Dómarinn var beðinn um að tempra réttlætið með miskunninni." Nemendurnir í þessum tíma skildu ekki alveg hvað þetta þýddi svo umræða hófst um hlutverk dómara í íslenskutíma þar á eftir. Þá sáu menn að það skiptir máli hver það er sem situr í dómarastólnum, hver það er sem túlkar lögin og fellir dóma út frá því. Þetta er alveg eins með lögin, túlkun á lögum þegar verið er að dæma eftir þeim og í guðfræðinni. Hvernig túlka menn ritninguna og hvernig leggja menn út af ritningunni? Er það gert mjög þröngt, mjög stíft, á bókstaflegan hátt, harðan og strangan eða er það gert með leið miskunnarinnar og kærleikans? Við viljum sjá réttláta dómara. Við viljum sjá dómara sem sýna miskunn. Við viljum sjá dómara sem íslensk þjóð er ánægð með og sátt við. Þess vegna tel ég vera nauðsynlegt að víkka það vald sem stendur á bak við dómarana, skipanina, og er þetta frv. með mjög góðar hugmyndir í þessum efnum.

Þetta langaði mig til að segja og að lokum að trúverðugleiki Hæstaréttar mun verða meiri og Hæstiréttur mun styrkjast og eflast ef þessi lög verða samþykkt.

[16:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um breyting á dómstólalögum sem leggur til breytingu á skipan dómara í Hæstarétt. Frv. er endurflutt eins og fram hefur komið. Í greinargerðinni, sem er athyglisverð lesning, er m.a. fjallað um ríkisvaldið og þrígreiningu þess. Vitnað er í enska heimspekinginn John Locke, þ.e. í skilgreiningu hans á borgaralegu samfélagi og nauðsynlegu valdi sem þyrfti að fylgja stofnun þess. Það var einmitt í ritgerð hans um ríkisvaldið sem kom út í London 1649. Enn fremur er líka vitnað til franska stjórnvitringsins Montesquieus og þess getið að rót hugmynda Montesquieus er jafnan rakin til þeirra áhrifa sem hann varð fyrir meðan hann dvaldi á Englandi. Mér fannst rétt að draga þetta fram vegna þess að einmitt á Englandi er vagga þingræðisins. Það skiptir auðvitað máli að við lítum til þingræðisins þegar við ræðum um þetta mál, hv. þingmenn.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, 1. flm. málsins, óskaði eftir því að ég yrði viðstödd 1. umr. um frv. og að ég lýsti nokkuð viðhorfum mínum í því sambandi. Mér þykir því rétt að reifa ákveðin sjónarmið og staðreyndir í tengslum við þetta mál. Að sjálfsögðu fær frv. síðan viðhlítandi skoðun í hv. allshn. þingsins.

A.m.k. í tvígang á liðnum árum hafa verið lögð fram frv. af stjórnarandstöðu á þingi um breytt fyrirkomulag á vali dómara í Hæstarétt. Fyrra frv. var lagt fram af þingmönnum Alþýðubandalagsins árið 1993. Lagt var til að dómsmrh. legði fram tillögu sína um skipan hæstaréttardómara fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar. Sú tillaga var ekki samþykkt. Seinna frv. var lagt fram af nokkrum hv. þm. Samfylkingarinnar á síðasta þingi, en hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var einnig 1. flm. þess. Það frv. var áþekkt hinu fyrra nema að lagt var til að forsrh. legði fram tillögu um dómara og aukinn meiri hluta eða tvo þriðju hluta atkvæða þyrfti á þinginu. Frv. var ekki afgreitt og hefur nú verið lagt fram aftur.

Annað frv. liggur líka fyrir hinu háa Alþingi frá vinstri grænum. Það frv. fjallar um sambærilegt efni. 1. flm. er hv. þm. Ögmundur Jónasson en hann hefur einmitt sett fram sín sjónarmið í umræðum hér fyrr á fundinum.

Með dómstólalögunum, nr. 15/1998, var gildi umsagnar Hæstaréttar um umsækjendur um dómaraembætti breytt. Útilokað er nú samkvæmt lögunum að skipa umsækjanda í dómaraembætti ef Hæstiréttur lætur í ljós að hann fullnægi ekki tilteknum hæfisskilyrðum en þau skilyrði varða mannorð umsækjenda og hæfni til að gegna starfinu. Samkvæmt lögunum verður umsækjandi að fullnægja því skilyrði að vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Hæstiréttur metur þetta og skilar ráðherra umsögn.

Sú breyting sem gerð var á dómstólalögunum veitir því meira aðhald að dómsmrh. á hverjum tíma en eldri skipan. Engan er hægt að skipa í réttinn nema hann sé faglega hæfur að mati Hæstaréttar. Ég endurtek: Engan er hægt að skipa í réttinn nema hann sé faglega hæfur að mati Hæstaréttar. Staðan er því nokkuð breytt frá því að þeir fyrrv. hv. þm. Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi forseti lýðveldisins, lögðu fram frv. sitt árið 1993.

Ef við lítum til Norðurlanda þá eru hæstaréttardómarar í Noregi og Danmörk skipaðir með sambærilegum hætti og á Íslandi. Konungurinn skipar formlega en samkvæmt tillögu og á ábyrgð dómsmrh. Í Svíþjóð velur hins vegar ríkisstjórnin og skipar dómara æðsta dómstólsins. Vinstri menn eru því að leggja til, eða hv. þingmenn Samfylkingarinnar í þessu tilviki, að annar háttur verði hafður á hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og í þeim réttarkerfum sem eru líkust okkar og við viljum viðhalda þeirri réttareiningu sem ríkt hefur síðustu áratugi ef ekki aldir.

Ef við lítum til Bandaríkjanna þá leggur forsetinn tilnefningu sína um dómara fyrir öldungadeild þingsins. Þar með er valið gert pólitískt. Í Bandaríkjunum er mikið fjallað um skoðanir dómaraefnis en minna um faglega hæfni. Afstaða dómaraefnanna til einstakra mála svo sem fóstureyðinga, dauðarefsinga o.s.frv. er í brennidepli. Yrði skipun dómara tekin fyrir á Alþingi yrði skipunin væntanlega æ pólitískari og rétturinn þar með umdeildari.

Þess er skemmst að minnast hversu harðar persónulegar árásir dundu á þeim sem hafa verið tilnefndir til dómara af Bandaríkjaforseta og ástæða er til þess að velta því fyrir sér hvort slík tilhögun mundi laða hæfileikafólk til þessara mikilvægu starfa. Einnig ber að líta til þess að skipanir í opinberar stöður eru almennt með nokkuð öðrum hætti í Bandaríkjunum en á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum og öðrum ríkjum sem búa við svipaða réttarhefð. Í Bandaríkjunum tíðkast mjög að kosið sé til embætta sem gerir þau mun pólitískari um leið. Má þar nefna t.d. lögreglustjóra- og saksóknarembætti.

Í frv. er lagt til að sérnefnd Alþingis fjalli um hæfni umsækjenda og skili skýrslu til þingsins. Ekki verður séð í fljótu bragði hvaða tilgangi slík umfjöllun á að þjóna. Ljóst er að þingmenn eru ekki sérfræðingar í lögfræði og hafa því

engar sérstakar forsendur til að leggja mat á umsækjendur, a.m.k. hvað það svið snertir.

Tillögurnar í frv. gera ráð fyrir auknum meiri hluta á Alþingi og að það verði tveir þriðju hlutar hv. þm. sem mæli fyrir tillögu um skipun hæstaréttardómara, en það eru fá fordæmi um slíka meðferð mála á Alþingi. Ókostirnir við slíkt fyrirkomulag eru margvíslegir. Ég leyfi mér að efast um að það finnist nokkurs staðar í sambærilegum réttarkerfum, a.m.k. man ég ekki til þess.

Líka má velta því fyrir sér hvort þetta fyrirkomulag gæti skapað mikla réttaróvissu, jafnvel gert Hæstarétt óstarfhæfan, án þess að einstakir þingmenn beri nokkra ábyrgð á því ástandi sem þeir skapa. Dómsmrh. hefur hins vegar samkvæmt gildandi lögum ekki aðeins rétt til að standa að skipun dómara heldur ber honum einnig skylda til þess að viðlagðri embættisábyrgð.

Frv. á að sögn að tryggja jafnræði milli valdaþátta ríkisvaldsins eins og skilja má af greinargerð með því.

Til þess ber hins vegar að líta að ráðherra á hverjum tíma situr í skjóli þingræðis, þ.e. meiri hluta þingsins á hverjum tíma. Missi hann traust meiri hluta þingsins ber honum að víkja. Skipun hæstaréttardómara fer því í dag fram á grundvelli þingræðisins þótt pólitísk umræða fari ekki fram í þingsölum um hverja skipun. Því er ekki hægt að stilla málum svo upp að þingið sé áhrifalaust eða gildandi reglur séu úr takti við þrígreiningu ríkisvaldsins.

Herra forseti. Mér þótti rétt að gera hér stuttlega grein fyrir ákveðnum sjónarmiðum og lýsa skipun þessara mála í ýmsum öðrum löndum. En frv. fær síðan eðlilega umfjöllun á hinu háa Alþingi.

[16:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir ræðuna. En eina athugasemd vil ég gera. Hæstv. ráðherra segir að engin trygging sé fyrir því að alþingismenn hafi þekkingu til að taka afstöðu í lögfræðilegum álitamálum og þar með leggja blessun sína yfir hver skipaður verði hæstaréttardómari.

Ég lít ekki svo á að það sé lögfræðilegt álitamál einvörðungu. Við erum að leggja til, bæði Samfylkingin og einnig kemur það fram í frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að tveir þriðju hlutar alþingismanna samþykki tilnefningu ráðherra á hæstaréttardómara til þess að tryggt sé að þröng flokkspólitísk (Forseti hringir.) sjónarmið ráði ekki för. Það er ástæðan fyrir því að við leggjum áherslu á að tveir þriðju hlutar Alþingis samþykki tilnefninguna.

[16:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að ég skil vel þau sjónarmið sem liggja á bak við það frv. sem hér er til umræðu og einnig það frv. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson mun seinna á fundinum mæla fyrir. Það er skiljanlegt að skiptar skoðanir geti verið um þessi mál. En ég vil taka skýrt fram að það má enginn misskilja orð mín á þann hátt að verið sé að gefa í skyn að hv. þingmenn geti ekki lagt mat sitt á hæfni manna sem mundu sækjast eftir því að fá skipun í Hæstarétt. Hins vegar er alveg ljóst að gerðar eru mjög miklar faglegar kröfur til þeirra á sviði lögfræði og þess vegna tók ég svona til orða.

[17:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil eindregið fagna þessu frv. Mér þykja þær breytingar sem hér eru lagðar til líklegar til að styrkja þingræðið til muna, sama þingræði og hæstv. dómsmrh. varði talsverðum tíma í að ræða. Í öðru lagi mun það styrkja dóminn og dómendur, auka breiddina að baki tilnefningu þeirra og gera þá óumdeildari en ella í þessum mikilvægu störfum sínum.

Ég vil líka rifja upp, af því að það hefur ekki borið á góma í þessari umræðu, að það er ekki algerlega nýtt af nálinni að Alþingi komi að því að skipa í mikilsverð embætti sem gert er að starfa sjálfstætt. Ég nefni þar til sögunnar umboðsmann Alþingis sem er einfaldlega valinn af hinu háa Alþingi og ekki síður ríkisendurskoðanda sem nýtur sjálfstæðis í öllum sínum störfum. Hann er einnig valinn á hinu háa Alþingi, raunar af forsn. þingsins. Við höfum auðvitað hliðstæður í þessum efnum. Því er afskaplega undarlegt að heyra hæstv. dómsmrh. ræða þetta frv. undir þeim formerkjum að aðkoma Alþingis mundi skapa réttaróvissu og jafnvel gera það að verkum að Hæstiréttur væri óstarfhæfur um lengri eða skemmri tíma. Ég átta mig ekki á því hvert hæstv. ráðherra var að fara í þeim efnum. Væntanlega mun hann skýra það betur á öðrum vettvangi fyrr eða síðar.

Kjarni málsins er sá að hér er verið að treysta þann sem skipaður er. Aukinn meiri hluti á hinu háa Alþingi mun auðvitað gera það að verkum að þröng flokkspólitísk sjónarmið munu ekki ráða ríkjum. Það mun ekki ráða úrslitum hvað ríkisstjórnin á hverjum tíma heitir eða hver skipar embætti forsrh. ellegar dómsmrh. Það hefur auðvitað verið þannig að það skiptir mestu þegar kemur að skipan hæstaréttardómara. Það er einfaldlega þannig. Menn þurfa ekki annað en horfa á samsetningu dómsins og bakgrunn þeirra sem þar eru í flokkspólitískum skilningi. Þar virðast flestir flokkar eiga „sinn fulltrúa" en flokkur hæstv. núv. dómsmrh. á langstærstan hlut þar að máli, enda hefur flokkurinn farið með stjórn dómsmála langlengst á lýðveldistímanum af öllum öðrum flokkum. Þetta er hinn kaldi veruleiki og því finnst mér býsna djarflega mælt hjá hæstv. ráðherra að hann hafi áhyggjur af því að með atbeina Alþingis, með því að $^3/_4$ hlutar Alþingis komi að staðfestingu tillögu forsrh. hverju sinni á skipan hæstaréttardómara, sé verið að blanda pólitík í málið. Hér eru náttúrlega höfð endaskipti á hlutunum, herra forseti, og með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli láta sér þetta um munn fara.

Ég ætla hins vegar ekki að elta ólar við ræðu hæstv. ráðherra. Hún skýrir sig sjálf svo langt sem hún nær. Meginatriðið er að við flutningsmenn frv. viljum styrkja dóminn. Það er ekki vanþörf á því og því að hann geti lifað sjálfstæðu lífi. Við viljum að dómendur verði valdir á sem breiðustum grunni og njóti eins víðfeðms trausts og kostur er. Sú aðferð sem hér er lögð til tryggir mun betur en fyrirkomulagið sem við höfum búið við nú um langt árabil. Það kann vel að vera að á þessu þurfi að gera lítilvægar lagfæringar eða breytingar. Ég trúi ekki öðru en flutningsmenn séu til viðræðu um það. Kjarni málsins er aftur á móti skýr og ljós. Hér erum við að styrkja Hæstarétt og dómendur.

[17:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri, út af orðum hv. þm., til að minna á og ítreka að 1. flm. þessa frv., hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem mælir fyrir þessu frv. fyrir hönd

þingmanna Samfylkingarinnar, óskaði eftir viðveru minni við þetta mál. Hann óskaði jafnframt eftir því að ég lýsti sjónarmiðum mínum í sambandi við málið. Það hef ég nú gert en hef jafnframt sagt, það sem liggur í hlutarins eðli, að þetta frv. fer til hv. allshn. og fær þar viðhlítandi umfjöllun þar sem menn geta sett fram sín sjónarmið.

[17:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var ég að kvarta yfir viðveru hæstv. ráðherra hér. Þaðan af síður kvartaði ég yfir því að hæstv. ráðherra lýsti viðhorfum sínum. Ég reyndi hins vegar eftir megni að vekja athygli á því að sumar fullyrðingar ráðherrans og sjónarmið standast ekki við nánari skoðun. Það er kjarni málsins og til þess er þessi umræða á sett. Hæstv. ráðherra hefur miklar áhyggjur af því að frv. mundi skaða þingræðið, þegar frv. þvert á móti styrkir þingræðið. Hæstv. ráðherra heldur því fram að þetta muni auka flokkspólitík í skipan hæstaréttardómara þegar það hefur gagnstæð áhrif. Maður hlýtur náttúrlega að benda á það og ég held að öllum sem lesa þetta frv. og glugga í það verði það fullkomlega ljóst.

[17:06]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að gefa mér örstutt tækifæri til að tjá mig örlítið um þá umræðu sem hér hefur farið fram jafnframt því að þakka hv. þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir að taka átt í umræðunni.

Í ræðu hæstv. dómsmrh. komu fram nokkur atriði sem ég vildi nefna. Með þessari hugmynd er í fyrsta lagi verið að gefa minni hluta þingsins hverju sinni tækifæri til að hafa áhrif á það hverjir skipi sæti í Hæstarétti. Þegar fyrirkomulagið hér er borið saman við Norðurlöndin verðum við vitaskuld að hafa í huga að þar er miklu ríkari hefð fyrir minnihlutastjórnum. Það er engin hefð fyrir því hérna. Því er þess vegna ekki saman að jafna.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er athyglisvert þegar menn reyna að bera það fyrir sig að Hæstiréttur gefi umsögn. Ég hef séð þessar umsagnir. Þær eru yfirleitt ekki langar eða miklar að vöxtum. Það breytir þó ekki hinu, að sömu hæstaréttardómarar og gefa þessa umsögn eru skipaðir af hæstv. dómsmrh. hverju sinni. Það er einfaldlega þannig. Hér var vitnað til blaðsins Dags, í ræðu eins hv. þm. Þar var einmitt fjallað um þetta og þar kom fram, ef ég man rétt, að sex eða sjö af þeim sem nú sitja Hæstarétt hafi setið í hverfisnefndum eða öðru á vegum Sjálfstfl.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki sérstakan sérfræðing í þessum málum til að sjá að það skiptir verulegu máli hverju sinni hver situr í sæti dómsmrh. Það skiptir miklu máli hver skipar dómara og úr hvaða flokki hann kemur. Þannig er bara veruleikinn og þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram eru til þess fallnar að styrkja dómstólana, styrkja trú manna á þeim.

Hvers konar dómstóla viljum við hafa hér? Það er grundvallarspurning sem lagt er upp með. Við viljum hafa sjálfstæða og óháða dómstóla og til þess að þeir geti orðið það þarf að skipa þá þannig að menn hafi á þeim fulla trú. Það þarf að skipa dómstólana þannig að þeir hafi fullan stuðning og sterkan bakgrunn í samfélaginu. Það er eina leiðin til þess að tryggja að Hæstiréttur sé skipaður eins og nauðsynlegt er og það er eina leiðin til að tryggja að menn telji sig geta borið mál undir Hæstarétt á þeim forsendum að málin fái þar hlutlæga og góða meðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 432. mál. — Þskj. 695.

[17:09]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 695 um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Áður en ég hef mál mitt, virðulegi forseti, vil ég taka fram að ég mun freista þess að halda samkomulag sem gert hefur verið um að takmarka ræðutíma þannig að fleiri mál komist að í þinginu í dag. Ég mun því fara yfir tillöguna í örstuttu máli. Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði."

Þessi þáltill. var flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt hér um bil óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að ekið verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri – Hjalteyri – Hauganes – Árskógssandur – Dalvík – Ólafsfjörður.
2. Akureyri – Kristnes – Hrafnagil – Laugaland.
3. Akureyri – Svalbarðseyri – Laufás – Grenivík.

Lagt er til í þessari þáltill. að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.

Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.

Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.

Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.

Aðgerðin er orkusparandi.

Að beiðni Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar, sem nú er hluti af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar hefur fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf á Norðurlandi unnið skýrslu um fjárhagslegar forsendur verkefnisins. Þar kemur fram að árlegur rekstrarkostnaður slíks almenningssamgöngukerfis yrði um 34–37 millj. kr. Erfiðara er að áætla tekjurnar en talið er að þær gætu numið frá 20–35 millj. kr. Að öðru leyti vísast til aðalatriða skýrslunnar sem birt eru í fylgiskjali með tillögunni.

Virðulegi forseti. Rekstrargrundvöllurinn fyrir verkefninu er þessi:

Helstu hópar líklegra viðskiptavina almenningssamgöngukerfis eru framhalds-, sérskóla- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn auk almennings. Auk þess er hugsanlegt að kerfið geti nýst til hagræðingar í akstri grunnskólanema.

Rekstrarkostnaður kerfisins, miðað við þær forsendur sem byggt er á, er áætlaður 34–37 millj. kr. á ári. Rekstrartekjur er erfitt að meta nema að fenginni reynslu en þó er líklegt að greiða þurfi með rekstrinum líkt og nær algilt er varðandi rekstur sem þennan.

Við mat á rekstrargrundvelli kerfisins verður einnig að taka til greina þann kostnað sem sparast mun með tilkomu kerfisins. Kostnaður sem tveir stórir vinnustaðir á svæðinu þurfa að bera vegna aksturs vinnuafls, auk kostnaðar sem sveitarfélög bera af núverandi almenningssamgöngum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, nemur hátt í 6 millj. kr. Til viðbótar verður að taka inn í myndina mögulega hagræðingu í akstri grunnskólanema.

Almenningssamgöngukerfi um Eyjafjarðarsvæðið er skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapar sterkara mótvægi við höfuðborgarsvæðið, þar sem fólk hefur fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu og meira frelsi til búsetuvals.

Almenningssamgöngur eru mikilvægur hluti eflingar Eyjafjarðarsvæðisins sem ferðamannasvæðis.

Gerð er tillaga um að boðinn verði út rekstur almenningssamgöngukerfis í tilraunarskyni. Slík tilraun yrði á vegum sveitarfélaga á svæðinu með stuðningi hins opinbera. Lágmarkstími tilraunar sem þessarar er tvö ár en þyrfti helst að vera lengri, t.d. fimm ár. Að loknum reynslutíma skal árangur tilraunar metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að bæjarstjórn Akureyrar hefur fengið málið til umfjöllunar og lýst velvilja í garð þess. Þar í bæ hefur verið tekið vel í þær hugmyndir að almenningssamgöngukerfi fyrir héraðið allt gæti e.t.v. á einhvern hátt tengst strætisvagnakerfi innan sveitarfélagsins Akureyrar.

Að síðustu, virðulegi forseti, vil ég geta þess að hér hefur verið gerð vönduð rekstraráætlun, leiðakerfi með útreikningum sem Rekstur og ráðgjöf Norðurlands ehf. hefur unnið fyrir Ferðamálamiðstöð Eyjafjarðar þannig að hér eru grundvallarplögg lögð til grundvallar.

Að síðustu vil ég geta þess, virðulegi forseti, að Öxarfjarðarhreppur og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hafa gert álíka úttekt fyrir leiðina Akureyri – Húsavík – Kelduhverfi – Raufarhöfn – Þórshöfn auk Mývatns þar sem á svipaðan hátt og gert hefur verið á Eyjafjarðarsvæðinu er gerð úttekt á möguleikum á almenningssamgöngukerfi í Þingeyjarsýslum. Ég legg til, virðulegi forseti, að sú skýrsla verði tekin með þegar hv. iðnn. fjallar um þetta mál og þess verði freistað að taka þessar tvær skýrslur og leggja þær fram sem grundvöll að almenningssamgöngukerfi sem yrði styrkt í tilraunaskyni í tvö til fimm ár meðan séð verður hvernig útfallið er.

Virðulegi forseti. Fyrst lagði ég þetta mál fram fyrir hartnær þremur árum síðan en mikið hefur gerst í samgöngumálum á þeim tíma. Við vitum allir, hv. þingmenn, hvernig ástandið er í flugmálunum, æ færri staðir njóta nú flugs og það er raunar forkastanlegt að við skulum ekki hafa getað séð þróunina fyrir eins og raunar allar aðrar þjóðir í nágrenni við okkur hafa gert með því að sjá fram á breytt vegakerfi, færri staði sem njóta flugsamgangna og nauðsynina á því að styrkja almenningssamgöngukerfið. Sérleyfiskerfið er gengið sér til húðar, það þjónar ekki landinu lengur, og ég legg til og ég veit reyndar að hæstv. samgrh. er að láta Háskóla Íslands gera úttekt á svipuðum hugmyndagrundvelli að almenningssamgöngukerfi fyrir landið allt. Í því ljósi tel ég einboðið að hefja þessa tilraun svo fljótt sem kostur er, einmitt á Eyjafjarðarsvæði þar sem grunnhugmyndirnar og úttekt á möguleikunum liggja fyrir og þess vegna ætti að taka mjög stuttan tíma, ef vilji er fyrir hendi, að fara í það verkefni.

[17:18]

Daníel Árnason:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við fram komna tillögu og lýsi jafnframt hrifningu minni yfir þeirri þrautseigju hv. þm. að flytja þetta mál hér aftur og aftur.

Hér er um að ræða tillögu um að gera tilraun á því hvort tenging helstu byggðarlaganna á Eyjafjarðarsvæðinu skili árangri og þjóni tilgangi. Ég fullyrði að hún mun skila árangri og hún muni þjóna tilgangi. Tillagan gerir ráð fyrir reglubundnum ferðum milli þéttbýliskjarnanna. Það mundi gerbreyta möguleikum fólks, sér í lagi ungs fólks til að nýta sér valkosti á svæðinu svo sem til atvinnuþátttöku, skólastarfs, íþrótta, tómstunda og menningar. Samgönguvalkostur af þessu tagi mundi tvímælalaust auka möguleika fólks á þeim sviðum sem ég nefndi, ekki aðeins í þá átt að efla starfsemi á Akureyri heldur er ég ekki í vafa um að það mundi einnig styrkja starfsemi og tilvist byggðakjarnanna utan Akureyrar.

Varðandi skipulag þessara mála vil ég nota tækifærið og benda þingheimi á afar slakt skipulag á staðsetningu og skipulagi varðandi almenningssamgöngur í landinu sem heild og taka undir það sem hv. þm. sagði hér á undan. Þar á ég við þær tengimiðstöðvar sem notaðar eru bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri eða í Eyjafirði þar sem eru aukavegalengdir á milli þeirra samgöngumiðstöðva, ég nefni eins og á milli BSÍ og flugstöðvar innan lands, eða til Keflavíkur frá Loftleiðahótelinu þar sem menn þurfa að taka auka- og millileggi sem taka tíma og fé manna. Þess vegna fagna ég því að farin er af stað vinna við að móta heildarskipulag og heildarfyrirkomulag í þessum efnum og þannig megi fækka ferðaleggjum í almenningskerfi okkar innan lands.

Um kostnaðarlið slíkra mála er það að segja að í flestum tilfellum þarf að niðurgreiða almenningssamgöngur, það er vitað, og hreinlega í þá veru að auka þjóðhagslega hagkvæmni t.d. í orkunotkun og annað þess háttar. Ég held því að menn verði að horfast í augu við það að þurfa að greiða með slíkum verkefnum. Við verðum í byggðalegum tilgangi að leita aðgerða til að efla innri styrk byggðakjarna og héraða og þetta verkefni er mjög vel til þess fallið að auka innri styrk héraðsins og það er vel.

Herra forseti. Ég á ekki von á að ég eigi þess kost að hafa frekari áhrif á framgang þessa máls í þingsölum en vildi koma hér og lýsa yfir stuðningi við málið.

[17:22]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Daníel Árnasyni fyrir góðar undirtektir við málið. Ég held, eins og fram kom í máli hans, að æ fleiri séu að gera sér grein fyrir því að við höfum sofið á verðinum varðandi endurskipulagningu af þessu tagi. Hverjum hefði dottið í hug fyrir eins og 18 mánuðum að flugi yrði hætt á Húsavík? Hverjum hefði dottið í hug fyrir nokkrum árum að flugi yrði hætt á Raufarhöfn og Kópasker?

Það er hlutverk okkar að sjá til þess að með breyttum tímum og öðruvísi samgöngumöguleikum sé tekið á slíkum málum. Við erum að horfa fram á það að hingað til lands komi á allra næstu árum u.þ.b. milljón ferðamenn, þreföldun

frá því sem nú er. Ef innra stoðkerfi landsins er ekki í lagi, og þar er samgöngukerfið náttúrlega stór hluti ásamt mörgu öðru, rafmagni, síma o.s.frv., þá eru engir möguleikar til þess að gefa ferðamönnum kost á þeirri dreifingu sem nauðsynleg er til þess að landið hafi þær tekjur sem efni standa til, þannig að út frá ferðamennskunni er þetta stórmál. Við vitum öll að ferðamennskan orðin önnur stærsta atvinnugrein okkar. Og það er svo augljóst að ef ekki er möguleiki á því að ferðast um landið á nútímalegan hátt í almenningssamgöngukerfi þá er það stór afturför, sérstaklega vegna ástandsins í flugmálunum þar sem þróunin hefur orðið bara á einn veg en var fyrir séð.

Þessi tillaga er fram komin af minni hálfu vegna þess að ég sem stjórnarformaður í Ferðamálamiðstöð Eyjafjarðar þóttist geta séð það nákvæmlega fyrir hvernig þróun þessara mála yrði, t.d. í samabndi við flugið, og vakti máls á því fyrir mörgum árum að taka þyrfti á þessum málum í þeim dúr sem hér er lagt til og það hefði betur verið gert fyrr, þ.e. tveimur árum fyrr. Þá hefðu menn verið í allt annarri stöðu varðandi þessi mál.

Að síðustu, þökk fyrir góðar undirtektir, virðulegi forseti, og ég læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 443. mál. — Þskj. 708.

[17:24]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætt umferðaröryggi á Suðurlandsvegi frá Reykjavík til Hveragerðis.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðmundur Hallvarðsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera tillögu um aðgerðir til að mæta hárri tíðni umferðaróhappa á Suðurlandsvegi frá Reykjavík að Þrengslum og til Hveragerðis.

Aðgerðir sem skoða verður sérstaklega í þessu sambandi eru lenging klifurreina og lýsing ásamt aukinni þjónustu á veginum."

Herra forseti. Hér er verið að fela framkvæmdarvaldinu að skoða ákveðnar úrbætur í vegamálum á leið sem allir eru sammála um að þurfi úrbóta við. Við viljum fara faglega að málinu með ráðherranum enda réttast að mínu áliti að skoða röð framkvæmda út frá notagildi og þá með tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru.

Vegagerðin hefur verið að skoða ýmsar lausnir á því að bæta öryggi á þessari leið og hefur kynnt margar þeirra. Þar á meðal er lenging klifurreina sem er ein af þeim hugmyndum sem koma fram í þáltill. Þegar hefur verið hafin vinna við að teikna þessar klifurreinar og hönnun á þeim er hafin frá Sandskeiði og upp fyrir Þrengsli. Það tekur að sjálfsögðu einhvern tíma en að því er virðist mun sú lenging á klifurreinum, ef við ætlum að hafa tvöfalda klifurrein alla Hellisheiðina, vera um 20 kílómetrar og sú framkvæmd mun kosta um 600 millj. kr.

Ýmsar lagfæringar verður einnig að gera samfara tvöföldun á klifurreinum, eins og við Þrengslavegamótin, Heiðmerkurvegamótin og Litlu kaffistofuna. Það eru ýmsir snjóastaðir í Draugahlíðarbrekkum í Svínahrauni sem eru einnig til skoðunar og þarf að lagfæra til að vegurinn sé sem öruggastur allt árið um kring.

Eins og ég sagði áðan kosta slíkar lagfæringar verulega fjármuni eða um 600 millj. kr. en þeir fjármunir eru ekki á vegáætlun. Því er nauðsynlegt að fara fljótt í að ljúka skoðun á þessu máli til að átta sig á því hvernig hlutirnir eigi að verða, hvernig eigi að hanna, hvernig eigi að leggja þá braut og hvernig eigi að koma þessu inn á áætlun sem allra fyrst.

Annað sem við flutningsmenn höfum lagt til að verði skoðað samfara skoðun hæstv. samgrh. er lýsing heiðarinnar. Að okkar áliti er það mjög mikilvæg aðgerð. Ég persónulega þekki mun á því að keyra upplýsta og myrkvaða vegi eftir margra ára akstur um Reykjanesbrautina, og ég fullyrði að ekkert eitt verkefni hefur bætt eins líðan mína við aksturinn og að eiga kost á því að keyra Reykjanesbrautina upplýsta miðað við að þekkja þá leið myrkvaða í hvaða veðri sem er. Frá því að lýsingin var sett upp hefur slysum fækkað. Miðað við viðmiðunarárin fyrir 1997 hefur slysum fækkað um 55% á árunum 1997–1998 samkvæmt úttekt Vegagerðar ríkisins.

Auðvitað er erfitt, herra forseti, að fullyrða að þetta sé allt lýsingunni að þakka, enda ýmsar aðrar aðgerðir sem gerðar hafa verið á veginum sem hafa að sjálfsögðu skilað sínu. Ég tel þó að þetta gefi ákveðna vísbendingu. Eins og ég sagði áðan hef ég persónulega reynslu af því hvernig var að keyra þann veg fyrir og eftir lýsingu og þar er engu saman að jafna og ég er sannfærður um að þetta skilar gríðarlegum árangri.

Ljóst er, herra forseti, að margar aðrar leiðir út af höfuðborgarsvæðinu þarfnast lagfæringa og þær eru kannski þrjár sem við erum fyrst og fremst að tala um, en það eru Vesturlandsvegur, Suðurlandsvegur og Reykjanesbrautin.

Vegagerð ríkisins gerði sérstaka úttekt á tíðni óhappa á þessum þremur leiðum. Þá var fyrst og fremst verið að bera það saman við Vesturlandsveginn frá Reykjavík upp í Mosfellsbæ. Þann veg má í raun líta á sem innan höfuðborgarsvæðisins. Óhappatíðnin á þeirri leið var langmest. Á viðmiðunartímabilinu frá 1992–1998 var óhappatíðnin þar á hverja milljón ekinna km 1,05. Næstmesta óhappatíðnin var á Suðurlandsvegi, þ.e. yfir Hellisheiðina til Hveragerðis. Hún var 0,73 eða 0,70 óhöpp á hverja milljón ekinna km. Á Reykjanesbrautinni voru það 0,60 óhöpp.

Suðurlandsvegurinn er augljóslega mjög hættulegur vegur og löngu tímabært að grípa til aðgerða sem komið geta í veg fyrir þau hræðilegu slys sem þar hafa orðið. Þau eru náttúrlega augljós viðvörun og ástæða til að taka mark á henni. Ég efast ekki um að menn hafa skoðað þetta ítarlega en það er í mörg horn að líta og þess vegna hefur það farið svo að á vegáætlun, annars vegar á fimm ára áætlun og hins vegar á langtímaáætlun, er ekkert fjármagn til úrbóta á Hellisheiði. Aftur á móti er þar fjármagn til að lagfæra hinar tvær leiðirnar að hluta. Loforð hafa hins vegar fengist fyrir því að flýta þeim framkvæmdum og ég á ekki von á öðru en að staðið verði við það sem þar hefur verið sagt.

Það er mikill þrýstingur á að gera sambærilegar breytingar, sem væru að mínu mati viðunandi, til að bæta umferðaröryggi yfir Hellisheiðina. Þær ábendingar sem við komum með um tvöföldun klifurreina og lýsingu eru að sjálfsögðu innlegg í þessa umræðu og til skoðunar frekar en margt annað.

Það verður að segjast, herra forseti, að hér á landi hefur verið ákveðin tregða fyrir því að viðurkenna þörfina á

mikilvægum úrbótum á umferðarþungum vegum. Það hefur tíðkast hér að miða umferðarþunga okkar við það sem gerist í Bandaríkjunum eða Evrópu, þar sem eru margfalt fleiri vegfarendur. Aftur á móti finnst mér gleymast að bera saman veðurlag og færð sem skiptir miklu meira máli þegar um er að ræða öryggismál hér. Það er annað þegar menn keyra beina og breiða vegi eins og ég sé erlendis sem eru að auki oft á miklu sléttlendi. Vegirnir hér eru ekki samanburðarhæfir við neitt af því sem er erlendis að mér finnst. Það er því engin ástæða til að miða við einhverja tugi þúsunda bíla áður en farið er í aðgerðir til að bæta öryggi.

Ég vona svo sannarlega að þeir fjármunir sem varið verður til vegagerðar verði auknir mikið við næstu endurskoðun vegáætlunar. Ég held að ef eitthvað er þá höfum við verið allt of íhaldssamir að þessu leyti. Mér finnst að málið hafi verið skoðað út frá röngum forsendum. Mér finnst það líka hafa gleymst, í þeirri umræðu sem snýr að byggðamálum, hvað vegagerð er mikilvægur þáttur í því að halda landinu í byggð. Það hefur í sjálfu sér sáralítið verið í umræðunni hvernig hægt er að stytta leiðir milli helstu þéttbýlisstaða úti á landi frá höfuðborgarsvæðinu. Ég nefni Ísafjörð, Akureyri, Egilsstaði og Hornafjörð. Það er tvímælalaust hægt að stytta leiðina til Ísafjarðar um 100 km ef farin er stysta mögulega leið, með því að fara í gegnum fjöllin og þvera firði. Aksturstíma norður á Akureyri er hiklaust hægt að stytta um klukkustund. Það væri hægt að leggja hálendisvegi sem gætu hugsanlega stytt leiðir til Egilsstaða. Þó ég hafi ekki kynnt mér það mjög rækilega þá eru ýmsar leiðir færar til að stytta aksturstíma þannig að það nýtist þessum þéttbýlisstöðum. Það er ekkert sem tryggir betur búsetu og eykur ánægju fólks úti á landi en að finna að leiðir milli helstu svæða landsins séu greiðar og fljótfarnar.

Slíkar samgöngubætur eru einnig mikilvægar í ljósi umræðunnar um að flug hefur dregist mjög mikið saman. Þar kemur ekkert annað í staðinn en bætt vegakerfi. Ég held að að því leyti verðum við að gera betur en fram að þessu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu lengra mál um þetta. Hér er búið að dreifa þáltill. Í henni kemur fram það sem máli skiptir. Við erum að tala um framkvæmdir sem kosta á bilinu 800–900 millj., þ.e. annars vegar breikkunin og hins vegar lýsingin. Þetta eru ekki það miklar framkvæmdir og ekki það miklir fjármunir að ekki sé hægt að ljúka verkefninu á vegáætlunartímabilinu 2002–2006, þá á ég við alla framkvæmdina.

Að svo mæltu, herra forseti, óska ég þess að málinu verði vísað til hv. samgn.

[17:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega ánægjulegt í hvert sinn sem vegaúrbætur koma til umræðu, sérstaklega þegar tillögur eru fluttar um að fara skynsamlegar leiðir í þeim efnum eins og hér er gert. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna að í þeim tillögum og hugmyndum sem fram hafa komið, ekki bara þessari heldur oft áður þegar talað er um leiðina frá Reykjavík austur yfir fjall, þá vilja menn gleyma því að Þrengslavegur er mikið notaður. Þar hafa þungaflutningar aukist verulega á undanförnum árum. Hann er hins vegar þannig að segja má að meiri þörf sé á úrbótum á Þrengslavegi en á veginum yfir Hellisheiðina, þ.e. ef ástand þessara vega yrði borið saman í dag. Þar með er ég þó ekki að draga úr þeirri þörf sem er fyrir hendi á veginum yfir Hellisheiðina.

Talað er um að austur yfir heiðina fari um 12–15 þús. manns hverja einustu helgi allan ársins hring, þ.e. íbúar á Suðurlandi og þeir sem eiga leið frá höfuðborgarsvæðinu yfir á Suðurlandsundirlendið. Sumarbústaðaeign Reykvíkinga er orðin mikil á Suðurlandi og fjöldi manns fer yfir heiði til síns annars heimilis, þ.e. í sumarbústað. Nú þegar er búið að samþykkja eitt sumarbústaðahverfi á Suðurlandi sem heilsársbyggð, einfaldlega vegna þess að húsin þar eru notuð meira og minna allan ársins hring. Það segir sig því sjálft að þar er mjög mikil umferð.

Einn af flm. þessarar þáltill. er hv. 4. þm. Suðurl., Ísólfur Gylfi Pálmason, hefur tekið þátt í vinnu innan þingmannahópsins á Suðurlandi og umræðu um úrbætur á leiðinni yfir Hellisheiðina. Það hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur um lýsingu Hellisheiðar. Ég held að það hafi fyrst verið gert af fyrrv. þingmanni Eggerti Haukdal. Þá var lítill áhugi á því að lýsa. Einhvern tíma var flutt fyrirspurn þar sem fyrrv. samgrh., hv. þm. Halldór Blöndal, núverandi forseti þingsins, sagði í svari sínu að rannsóknir hefðu sýnt að lýsing gæti jafnvel aukið hættu á slysum. Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur því aftur á móti ekki verið þannig farið eftir að Reykjanesbrautin var lýst.

Ég fagna allri umræðu um umferðaröryggi á Suðurlandsvegi. Þrátt fyrir að þingmenn Sunnlendinga hafi ákveðnar tillögur til úrlausnar í þessum efnum lít ég svo á að sú tillaga sem hér er sé einungis til að hnykkja á því að úrbóta er þörf á þessum fjölfarna vegi þar sem slysatíðnin er allt of há. Sú leið sem þarna er lögð til er ein af þeim sem hafa verið skoðaðar og ég tel mjög vænlega, þ.e. lenging klifrreina og aukin lýsing. Ég minni hins vegar aftur á að Þrengslavegurinn er hluti af þessari leið og hann er sífellt meira notaður. Það hefði þurft að taka vegabætur þar inn í heildarútreikninga Vegagerðarinnar.

Ég get auðvitað ekki látið hjá líða að minnast á það sem nefnt er hér, að það þurfi að auka þjónustuna á þessari leið. Meðal annars er talað um að auka þurfi eftirlit lögreglunnar með hraðakstri. Ég get svo sannarlega tekið undir það en staða lögreglunnar í þessu umdæmi útilokar að lögreglan geti aukið eftirlitið miðað við það fjársvelti sem hún býr við. Það segir sig sjálft að 800 millj. í vegaframkvæmdir eins og þessar eru ekki sérlega há upphæð þegar horft er á alla þá umferð sem þarna er, bæði fólksbíla en ekki síður þungaflutninga.

Ég fagna þessari tillögu og tel hana styrkja þá baráttu sem hv. þm. en ekki síður félagasamtök hafa staðið í og hefur vakið marga upp af værum blundi hvað varðar þetta verkefni. Vinir Hellisheiðar austur á Selfossi hafa virkilega ýtt við bæði þingmönnum, vegagerðarmönnum og öðrum sem koma að þessum málum og hvatt til þess að láta til skarar skríða.

Umræðu frestað.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 456. mál. — Þskj. 727.

[17:43]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárhagslegan aðskilnað á rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2002.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Ég vil aðeins víkja að greinargerðinni en þar segir um lagalegar forsendur, með leyfi forseta:

„Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þáltill. segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna."

Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.

Fullvíst má telja að það viðskiptalega umhverfi sem nú ríkir í verslun með óunninn fisk hér á landi fullnægi ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni."

Síðan er vikið að íslenskum samkeppnislögum.

„Sú þáltill. sem hér er flutt á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum."

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði."

Síðan segir um óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði:

„Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótrufluðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil verið starfandi uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá er ríkjandi mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð."

Í greinargerðinni er vikið að viðskiptum óskyldra aðila og síðan skyldra aðila og síðan er vikið að fénýtingu veiðiheimilda sem ég ætla að lesa hér:

„Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð. Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Að sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast. Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þáltill. þessi miðar að því, eins áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða talar skýru máli um að þau orð eru sönn. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina í heild."

Herra forseti. Síðan langar mig að vitna örstutt í frétt sem var í Auðlindinni 23. mars sl. Þar var verið að segja frá afkomu veiða og fiskvinnslu í Færeyjum. En Færeyjar eru einmitt það land sem tók fyrir nokkrum árum upp þá ákvæði að selja allan fisk á fiskmarkaði og skilja milli veiða og vinnslu. Í þessari frétt sagði og ég grip hér niður, með leyfi forseta:

„Það eru 27% meira aflaverðmæti en árið á undan í færeyskum afla lönduðum. Færeyskir sjómenn hafa tvöfaldað árlegt aflaverðmæti sitt frá árinu 1996 og meira en þrefaldað það frá árinu 1993."

Síðan segir:

„Veiðar og vinnsla eru aðskilin og allur fiskur sem berst á land fer á uppboðsmarkað."

Ég held að þetta sé kannski gleggsta dæmið um það hvernig eðlileg markaðsviðskipti hafa aukið hagsæld þjóðar því að í Færeyjum hefur það gerst á undanförnum árum að afkoma veiða og vinnslu hefur batnað mikið. Flotinn er

talinn skuldlítill og segir m.a. í þessu plaggi að flotinn sé að vísu orðinn gamall en á honum hvíli tiltölulega mjög litlar skuldir og eiginfjárstaða útgerðarinnar sé sterk. Svo segir í þessari frétt og hér er verið að vitna í Dimmalætting.

Þetta litla hagkerfi sem er fimm sinnum fámennara en okkar eða eitthvað svoleiðis, virðist pluma sig mjög vel í þeirri frjálsu samkeppni sem þar var komið á og ég held að það yrði mikið gæfuspor fyrir íslensku þjóðina ef það skref væri stigið að aðskilja fjárhagslega veiðar og vinnslu og í framhaldi af því yrði vonandi sú þróun hér að smátt og smátt sæju menn eðlilegan farveg í því að selja aflann á fiskmarkaði. Þó að það sé ekki beinlínis bundið í þessari tillögu hér þá hlyti það að verða afleiðing þessa fjárhagslega aðskilnaðar.

[17:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að þessari tillögu um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Það hvernig þessum hlutum er fyrir komið er sannarlega hluti af því starfsumhverfi sem íslenskur sjávarútvegur hefur og er, herra forseti, hluti þeirrar deilu eða hefur mikið með þá deilu að gera sem hefur staðið linnulítið milli sjómanna og útvegsmanna nú undanfarinn áratug eða svo.

Það er alveg ljóst að löggjafinn hefur ekki verið tilbúinn til þess að taka þannig á málum að kröfur sjómanna og þeirra sem vilja sjá virka samkeppni á þessum markaði gætu náð fram að ganga. Þvert á móti hefur margoft komið fram í þinginu í umræðum að það er undarlegur vilji fyrir því að viðhalda eins konar einokun innan sjávarútvegsins, einokun allt frá því að kvótanum var úthlutað og síðan allt ferlið þar til varan er seld á erlendum mörkuðum. Það er rökstutt af hálfu þeirra sem styðja slíkt með því að sami aðilli verði að geta haft yfirsýn yfir allt ferlið. Þetta eru rök sem eru einlægt fram borin þegar menn vilja viðhafa einokun og svo merkilegt er, herra forseti, að þau eru einkum borin hér fram af hálfu þeirra sem í orði kveðnu segjast hins vegar aðhyllast frjálsa samkeppni.

Hv. þm. vék áðan að stöðunni í Færeyjum. Ég var einmitt að lesa hér bréfið frá Føroya Fiskimannafelag sem þeir rituðu Davíð Oddssyni þegar sjómannadeilan var komin á ákveðið stig og sendu LÍÚ afrit. Þar segir að þeir styðji íslenska sjómenn í baráttu þeirra fyrir markaðsvirði fyrir aflann. Ég ætla síðan, herra forseti, að leyfa mér að þýða lauslega þetta bréf. Þeir greina frá því að sá háttur hafi nú verið hafður á í mörg ár í Færeyjum að aðskilnaður sé milli veiða og vinnslu og að fiskvinnslan geti einungis keypt sér hráefni á markaðsforsendum.

Þeir fjalla síðan um það eða segja frá því að þetta hafi í raun framkallað efnahagslegt undur. Hv. þm. vék einmitt að því áðan. Hann var að segja frá því hve hagur allra — ég endurtek — allra þeirra sem eru aðilar að færeyskum sjávarútvegi hefur í raun vænkast. Það kemur fram í þessu bréfi að fiskvinnslan eða frystihúsin standa sig betur þrátt fyrir hærra verð. Útgerðin og sjómennirnir hafa meira til skipta en þegar íslenska ástandið var við lýði, eins og þeir orða það, þar sem útgerðin hafði áður hagsmuni af lægstu verðum sem þá þýddi líka að vinnslan hafði ekki þann hvata til hámarksárangurs sem hún hefur núna.

Herra forseti. Kannski má hérna bera saman annars vegar fyrirtæki þar sem sami aðili er eigandi vinnslu og veiða og hins vegar fyrirtæki sem þurfa að kaupa allan afla sinn á markaði. Þau fyrirtæki hafa verið að ná prýðisárangri. Það háir þeim reyndar að þau fá ekki nægilegt hráefni. En þetta eru fyrirtækin sem hafa dregið vagninn varðandi þróun í fiskvinnslu á undanförnum árum. Þau hafa verið að gera afskaplega góða hluti. Hér á suðvesturhorninu eru fleiri fyrirtæki, þ.e. það er miklu fleira fiskvinnslufólk hér á þessu landsvæði sem starfar hjá fyrirtækjum sem ekki eru jafnframt í eigu útgerðar og þessi fyrirtæki hafa ekki verið að borga sínu fólki lægra kaup eða gera lakar við það en önnur. Af þessu má sjá að Íslendingar geta gert þetta rétt eins og frændur þeirra Færeyingar.

Við erum hér á naumt skömmtuðum tíma þannig að ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef talað fyrir þessari tilhögun oft áður og fagnaði því þegar hv. þm. bað mig um að vera meðflutningsmaður. Ég vænti þess að þessi tillaga verði þingmönnum enn til umhugsunar um þetta mikilvæga mál.

[17:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir að sá tími sem ætlaður er í málið er útrunninn þannig að ég mun nota aðeins örstuttan tíma. Ég er meðflutningsmaður að þessari tillögu Guðjóns A. Kristjánssonar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og vinnslu. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur gert ágætlega grein fyrir innihaldi tillögunnar ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur.

Ég held að tillagan sé liður í framþróun í veiðum og vinnslu, aðallega þó kannski í vinnsluferlinu. Þetta á að vera einföld aðferð vegna þess að þó að fyrirtæki séu í veiðum og vinnslu þá er bókhaldi þannig háttað í dag að þetta ætti að vera lítið mál fyrir fyrirtækin. Ég tel að stóri ávinningurinn sé líka að fá frið milli sjómanna og útgerðarmanna um verðlagningu aflans og að það sé stórmál.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vitnaði í færeysku leiðina. Ég átti þess kost í fyrrahaust að heimsækja Færeyjar þar sem mér varð gerð grein fyrir því hvernig ástandið hefði breyst þar á eyjunum í kjölfar þess að lög voru sett um aðskilnað á veiðum og vinnslu. Ótrúlegar upphæðir eru þar nefndar í virðisauka vinnslunnar gagnvart útlöndum þannig að ég er sannfærður um að þessi þáltill. á fullan rétt á sér. Þetta er þróun sem koma skal og vonast ég til þess að þetta eigi greiða leið í gegnum nefnd og síðan til afgreiðslu þingsins.

[17:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þingmanna. Ég er sjálfur sannfærður um að ef staðið væri að málum eins og við höfum verið að ræða hér mundi íslenskt þjóðfélag hagnast um marga milljarða kr. á ári fyrir utan það að vonandi kæmist þá friður á milli manna í deilum. Ég er alveg sannfærður um að hér á landi mundi þróast miklu betri og eðlilegri viðskiptahættir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 462. mál (vegir að sumarbústaðahverfum). — Þskj. 738.

[18:00]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum, á þskj. 738, 462. mál.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðjón Guðmundsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

1. gr. hljóðar svo:

„Við upptalningu í 1. mgr. 16. gr. laganna bætist: og allt að 50% kostnaðar við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á veg að sumarbústaðahverfi með a.m.k. 50 bústöðum."

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 2002.

Í athugasemdum við frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Sumarbústöðum landsmanna hefur fjölgað mikið síðustu áratugina og má telja líklegt að sú þróun haldi áfram. Bústöðum hefur fjölgað um allt land en þó mest á suðvesturhluta landsins. Risið hafa nokkur hverfi með tugum bústaða, mörg hundruð manna byggðarlög. Sem að líkum lætur eru flestir bústaðirnir í námunda við höfuðborgarsvæðið, einkum í Árnessýslu, Kjós og Borgarfjarðardölum. Mikil umferð verður óhjákvæmilega í slíkum hverfum og á aðkomuvegum þeirra. Aðkomuvegirnir, sem ýmist liggja um tengi-, safn- eða landsvegi og einkavegi, eru margir vanbúnir að taka við svo mikilli umferð. Þess vegna verður ekki hjá því komist að styrkja þessa vegi, hvort sem þeir teljast til tengivega, safnvega eða landsvega og einkavega, með fjárframlögum ef þurfa þykir. Er því lögð til breyting á 16. gr. vegalaga í þá veru að heimilað verði að styrkja vegi að sumarbústaðahverfum.

Með 50% kostnaðarþátttöku Vegagerðar er ætlast til að sumarbústaðaeigendur, jarðeigendur, sveitarfélög og/eða hreppir komi með 50% mótframlag sé samstaða um slíka vegagerð sem hér er getið.

Þá þykir rétt að miða við hverfi með a.m.k. 50 bústöðum og lægi þá einn vegur að miðstöð þess, ef hún er einhver, ellegar að stað þar sem vegur greinist til hinna ýmsu bústaða.

Ekki liggur fyrir um hve mörg hverfi er að ræða, en lausleg athugun bendir til þess að þau geti verið á milli 20 og 30.

Með samþykkt þessa frv. væri stigið stórt spor í vegamálum á Íslandi „ekki bara ríkisforsjá í vegagerð" að öllu leyti hvað fjármögnun varðar.

Segja má að samhliða því að hver einstaklingur hafi löngun og þörf fyrir að koma sér upp vistvænni og notalegri aðstöðu í fagurri sveit þurfi hann að leggja ýmislegt af mörkum til að gera góða sveit enn betri og fallega sveit enn fegurri. Þannig vinnur fólk samhliða að eigin vellíðan og að framförum hjá þeim sem fyrir eru í viðkomandi sveit. Þetta kann að gerast í margvíslegri mynd og á mismunandi sviðum.

Góðar samgöngur krefjast þess að nútímalegir vegir leysi af hólmi þá gömlu sem í upphafi voru lagðir miðað við þarfir fyrri tíma, með moldarvegum, hestakerrum og tilheyrandi aðstæðum. En nú er er farið að byggja upp akvegi með bundnu slitlagi sem miðast við nútímasamgöngutækni og umhverfisaðstæður sem allir eru sammála um að þarf að sinna vel, ekki bara fyrir fólkið heldur líka, og ekki síður, fyrir landið sjálft, vegna gróðursins og alhliða umhyggju fyrir verndun landsins.

Nærtækt dæmi: Í Grímsnes- og Grafningshreppi í Árnessýslu er að finna eitt fjölmennasta sumarhúsasvæði landsins. Þar eru um 600–700 sumarhúsalóðir, einnig nokkrar jarðir sem ýmist eru í byggð enn þá eða voru það áður fyrr og enn fremur sérstök mannvirki eins og sundlaugin í Hraunborgum og Golfvöllurinn að Kiðjabergi sem segja má með sanni að eru heilsulindir. Kiðjabergsvegur liggur frá Biskupstungnabraut að hinu forna höfuðbóli Kiðjabergi og gegnir afgerandi hlutverki sem tengivegur fyrir alla framangreinda aðila. Sumarhúsalóðirnar eru t.d. á átta mismunandi landsvæðum sem öll njóta Kiðjabergsvegar en þau eru: Foss, Hraunkot, Mýrarkot, Göltur, Arnarbæli, Kiðjaberg, Hestland og Gíslastaðir.

Árið 1994 hófust viðræður milli hinna ýmsu aðila um hvernig koma mætti á samstarfi milli einkaaðila sem hlut eiga að máli, svo og Vegagerðinnar og Grímsneshrepps. Vegamálastjóri og umdæmisverkfræðingurinn á Suðurlandi, auk hreppstjóra Grímsneshrepps, tóku þátt í viðræðunum og gerðar voru fjárhags- og framkvæmdaáætlanir. Málið sóttist hins vegar seint, m.a. vegna þess að Vegagerðin hafði ekki yfir beinum fjármunum að ráða í þessu skyni.

En orð eru til alls fyrst. Svo ánægjulega tókst til að 8. júlí 1997 gerðu fulltrúar einkaaðilanna með sér skriflegt samkomulag um hvernig vænlegast væri að standa að framkvæmdum við uppbyggingu Kiðjabergsvegar með bundnu slitlagi. Ekki síst var byggt á hugmyndum umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar sem veitti góð ráð í því sambandi. Samhliða þessu kom fram hjá vegamálastjóra og hreppstjóra Grímsneshrepps hvaða möguleikar kynnu að vera af þeirra hálfu varðandi fjármögnun og aðstoð að öðru leyti. Kiðjabergsvegur er um 8 km og flokkast að meginhluta undir safnveg samkvæmt vegalögum.

Um haustið 1997, eftir að aðilar höfðu gengið nánar frá samkomulagsgrundvellinum, annaðist Vegagerðin útboð kaflans frá Biskupstungnabraut að Hraunborgum en það er u.þ.b. $^1/_3$ heildarlengdar Kiðjabergsvegar.

Framkvæmdir samkvæmt útboðinu hófust í byrjun árs 1998 og lauk á miðju sumri. Árið 1999 var framkvæmdum haldið áfram en þá samkvæmt samningum við verktaka og í umsjá samstarfsnefndar landeigenda. Vegagerðin veitti ekki beinan fjárstuðning við þennan áfanga, en sýndi hins vegar verkefninu góðan skilning og velvilja með því að leggja til eftirlit með framkvæmdum og veita landeigendum ráðgjöf og tæknilega liðveislu. Síðasti hlutinn var síðan unninn síðastliðið sumar. Verkinu er nú lokið og vegurinn kominn alla leið þangað sem upphafssamkomulag gerði ráð fyrir.

Vegagerðin var fjárhagslegur þátttakandi við lokaáfangann og má rekja það til góðs skilnings vegamálastjóra og þingmanna Suðurlandsumdæmis. Haft var samband við þá alla og samþykktu þeir að af óskiptu fé til vegamála á Suðurlandi á síðasta ári skyldi varið fé til stuðnings uppbyggingu vegarins og þessa merka framtaks.

Framkvæmd eins og sú sem hér um ræðir byggist á fúsu og frjálsu framtaki þar sem ekki er við neinn lagalegan rétt að styðjast. Skilningur einstaklinga á mikilvægi þess sem verið er að vinna að, þ.e. umferðaröryggi og umhverfismálum, skipar æ meiri sess í daglegu lífi almennings og á sinn stóra þátt í að tryggja ánægjulegra og betra daglegt líf. Sýni einstaklingarnir skilning, samstöðu, vilja og getu til athafna

má gera ráð fyrir að ekki standi á þátttöku og stuðningi opinberra aðila."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, í grg. með frv. en eins og ég kom að í henni er þetta eitt fyrsta átak og fyrsta framkvæmd þar sem ekki er bara ríkisforsjá í vegagerð og er því allrar athygli verð. Með frv. er lagt til, eins og ég kom að hér í upphafi, að heimild verði sett í lög fyrir Vegagerðina til að taka þátt í slíku samstarfi sem hér hefur verið lýst.

Ég gat um það áðan, herra forseti, að þetta skipti miklu máli fyrir íbúa þéttbýlisins og eðlilegt er að til slíkra mála sé litið. Ef horft er til allra bifreiða sem Íslendingar eiga nú, þá voru þær um síðustu áramót 180 þúsund og þar af eru á höfuðborgarsvæðinu 112 þúsund bifreiðar. Segja má að einhverjum finnist að hér sé nokkuð í lagt hvað áhrærir þéttbýlissvæðið, þar sé þegar búið að gera miklar og góðar framkvæmdir í vegamálum, en til þess ber þó að líta að af því svæði koma megintekjur þess sem í vegafé fer af bensíni og olíu.

Einnig má segja að þeir sumarbústaðaeigendur sem ég hef getið hér um og allir þeir sem eiga sumarbústaði leggja nokkuð meira af mörkum í sameiginlegan sjóð til átaks í vegagerð vegna þess að ef þessir aðilar ættu ekki sumarbústaði þá mundu þeir að öllu jöfnu ekki aka svo mikið sem raun ber vitni. Þeir fara jafnvel um hverja helgi austur fyrir fjall, eins og rætt var um hér rétt áðan og hv. þm. Kristján Pálsson kom inn á um lýsingu Hellisheiðar og breytingar á aðreinum þar, og um 8–9 þúsund bílar að meðaltali fara þar um á dag. Ég tel því að þetta mál sé þess eðlis að ekki sé verið að mismuna íbúum landsins með því að gera þetta átak og leiða þessi lög inn á þá braut að vegamálastjóri og Vegagerðin hafi heimildir til þess að aðstoða aðila sem vilja leggja fram eigið fé til að flýta fyrir vegagerð hér á landi.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áframeldi á þorski, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 465. mál. — Þskj. 744.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 1. umr.

Frv. DSigf o.fl., 484. mál (réttur til starfsheitis o.fl.). — Þskj. 770.

[18:12]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga, á þskj. 770, um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Fyrsti flutningsmaður að þessu máli er Drífa J. Sigfúsdóttir varaþm., sem sat hér á þingi fyrr í vetur, og auk hennar eru flutningsmenn hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta Möller, Sigríður Jóhannesdóttir og Ólafur Örn Haraldsson, eða þingmenn úr fjórum þingflokkum.

Herra forseti. Á síðustu árum hefur aukist verulega framboð viðskiptamenntunar á háskólastigi um leið og háskólum hefur fjölgað. Vegna þessa er mikilvægt að endurskoða eldri lög sem ekki gerðu ráð fyrir þessari þróun.

Í lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, kemur m.a. fram að aðeins þeir nemendur sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands fái sjálfkrafa leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Nemendur úr öðrum skólum þurfa hins vegar leyfi menntamálaráðherra. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga hafi þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Lagt er til að leyfisveiting til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing verði flutt frá menntamálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Það er að ýmsu leyti eðlilegra að annað ráðuneyti en það sem eftirlit hefur með háskólum veiti slíkt leyfi og í þessu tilfelli liggur beint við að fela viðskiptaráðuneytinu verkefnið. Viðskiptaráðuneyti veitir t.d. verkfræðingum leyfi til að kalla sig verkfræðinga og sama á t.d. við um arkitekta, skipulagsfræðinga og tæknifræðinga. Þeir sem þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru hins vegar menn sem lokið hafa BS- eða cand. oceon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laganna um innihald náms.

Aðrir háskólar sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri. Nemendur úr þessum skólum njóta ekki sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Út frá jafnræðissjónarmiði er eðlilegt að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sömu réttinda að námi loknu. Til að leiðrétta þennan mismun er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 27/1981.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga tilnefnir Háskóli Íslands einn nefndarmann. Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aðrir en nemendur Háskóla Íslands megi kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga þykir eðlilegt að binda ákvæðið ekki við tilnefningu eins háskóla.

Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er m.a. fjallað um hlutverk háskóla og eftirlitsskyldu menntamálaráðherra með þeim. Þar er einnig kveðið á um að menntamálaráðherra setji almennar reglur, m.a. um það með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað. Í lögunum er einnig kveðið á um rannsóknarhlutverk, inntökuskilyrði, hæfni kennara og fjárveitingar. Þá segir í 3. mgr. 9. gr. laganna að menntamálaráðherra skuli gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Að mati flutningsmanna er þó þörf á ítarlegri skilgreiningu á rétti manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, samanber tillögu í frumvarpinu að nýrri 3. gr. um að viðskiptaráðherra skuli setja nánari reglur þess efnis.

Með því að Alþingi hefur skilgreint hlutverk háskóla, sem

og menntamálaráðherra á ítarlegan hátt, er eðlilegt að nemendur með sambærilega menntun hljóti sambærileg réttindi í samræmi við próf sín. Á síðustu árum hefur námsframboð aukist verulega og miðað við þróun erlendis má gera ráð fyrir aukinni fjölbreytni námsframboðs. Því er með frumvarpinu gerð tillaga um nýja 3. gr. þar sem kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli setja reglugerð um innihald prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarkskröfur um námslengd og vægi kjarnagreina og valkvæðra greina, þar á meðal hve stór hluti náms getur verið valkvæður. Slík reglugerð myndar staðal við mat á prófgráðum, innlendum sem erlendum þannig að allir njóti jafnræðis.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 2001 þannig að þeir nemendur sem ljúka framangreindum prófgráðum í vor úr öðrum háskólum en Háskóla Íslands geti öðlast réttindi til jafns við nemendur í Háskóla Íslands.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að umboð þeirrar nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga falli niður við gildistöku þessara laga og að frá sama tíma skuli viðskiptaráðherra skipa að nýju í nefndina.

Herra forseti. Það er grundvallaratriði að allir sem ljúki sambærilegu prófi innan sömu greinar njóti sömu réttinda. Á síðustu árum hefur námsframboð á háskólastigi aukist verulega og boðið er upp á styttra nám sem lýkur með diplómaskírteini þannig að ákvæði í lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga — en þar er talað um að viðkomandi þurfi að hafa lokið prófi úr Háskóla Íslands — er ófullnægjandi þar sem háskólum á þessu sviði hefur fjölgað auk þess sem t.d. Háskólinn í Reykjavík útskrifar nemendur með diplóma eftir tveggja ára nám. Jafnræðislög gera ráð fyrir jafnræði þegnanna þannig að ætla má að allir nemendur sem lokið hafa sambærilegum prófum á sviði viðskipta ættu að njóta sama réttar. Lögin eru því úrelt og þarfnast lagfæringar hvað þetta varðar.

Þeir skólar sem þarf að skoða sérstaklega eru Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri og Tækniskólinn. Allir skólarnir bjóða upp á BS-nám á sviði viðskipta en nemendur skólanna njóta ekki jafnræðis gagnvart lögum. Ekki er talað um nemendur Tækniskólans í greinargerð með frv. en mikilvægt er að nám þessara nemenda verði skoðað við gerð staðals um innihald menntunar nemenda sem fá nafnbótina viðskiptafræðingar.

Þar sem námsframboð eykst mjög hratt er mikilvægt að settur verði gæðastaðall eða viðmið um hvaða nám uppfylli kröfur um nafnbótina viðskiptafræðingur. Dæmi um slíka viðmiðun er að finna í auglýsingu um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig verkfræðing, nr. 845/1999, og í reglum nr. 112, um nám sem leiðir til fullnaðarmenntunar í skipulagsfræðum. Í báðum tilfellum veitir viðskrh. leyfið. Þá er í lögum nr. 8, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frá 11. mars 1996 að finna ákvæði í 3. gr. sem segir til um rétt manna til að fá löggildingu starfsheitanna samkvæmt reglum að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags, en lög þessi miðast við tilskipanir Evrópusambandsins.

Það hlýtur að vera krafa nemenda þegar veitt er fé til skóla að þeir uppfylli kröfur sem gerðar eru til slíks náms. Það á ekki að gera tilraunir á nemendum um annars flokks nám og ekki verður öðru trúað en að skólar sem hafi fengið leyfi til að útskrifa nemendur með BS-próf á sviði viðskipta hafi uppfyllt þær kröfur sem settar hafa verið.

Önnur mikilvæg rök fyrir lagabreytingunum eru að það er nauðsynlegt fyrir atvinnulífið að hægt sé að treysta því að þeir sem fái leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga hafi lokið sambærilegu prófi.

Að lokum er rétt að geta þess að hópur nemenda í Háskólanum í Reykjavík mun útskrifast með BS-gráðu í viðskiptum í byrjun júní nk. en nemendur hafa enn ekki fengið úr því skorið hvort þeir mega kalla sig viðskiptafræðinga. Þetta skapar óvissu og getur skaðað möguleika þeirra við að sækja um störf á vinnumarkaði. Það er því mikilvægt réttlætismál að Alþingi taki málið til afgreiðslu sem fyrst þannig að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sambærilegra réttinda.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, geta þess að hv. þm. Drífa Sigfúsdóttir spurðist fyrir um þetta mál fyrr á þessu þingi og fram kom í svörum hæstv. menntmrh. að hann taldi rétt að breyta fyrirkomulaginu í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir og fagnaði áformum þingmannsins sem hann upplýsti um í þeirri umræðu að flytja frv. það sem hér er nú mælt fyrir. Ég vil leyfa mér að vitna til orða hæstv. menntmrh. að lokum til þess að undirstrika stuðning ráðherrans við efni frv.

Ráðherrann sagði, með leyfi forseta:

„Ég fagna því að hv. þm. ætla að leggja fram frv. til að taka af skarið með að nemendur sem útskrifast hafa með BS-próf frá viðskiptadeildum Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Viðskiptaháskólanum á Bifröst fái heimild til að kalla sig viðskiptafræðing. Það er eðlilegur vettvangur hér á þinginu að taka afstöðu til þess þar sem þetta er í lögum.

Ég vil einnig hvetja hv. þm. til að velta því fyrir sér við þá breytingu hvort ekki eigi að flytja málið úr höndum menntmrn. yfir til iðn.- og viðskrn. Það yrði meinalaust af minni hálfu."

Ég hef þá lokið, herra forseti, við að mæla fyrir þessu frv. í forföllum 1. flm. og hef gert grein fyrir framsöguræðunni eins og þingmaðurinn hafði ráðgert að hún yrði.

[18:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil bara koma hér til að lýsa stuðningi við þetta frv. og get alveg gefið þá yfirlýsingu hér að allur þingflokkur Frjálslynda flokksins mun styðja málið.

[18:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, miðar að því, eins og hv. framsögumaður rakti, að gilda skuli jafnræði á milli háskóla sem veita menntun á sambærilegum stigum, að það skuli veita jafnræði gagnvart þeim nemendum sem útskrifast úr því námi.

Ég styð þá nálgun málsins alveg heils hugar að þessum lögum verði breytt og reyndar í samræmi við aðrar þær breytingar sem hafa verið gerðar á umgjörð háskólanáms og háskólastarfs. Svo er að í lögum um háskóla eru settar almennar reglur um gæði kennslunnar og inntak námsins. Sömuleiðis er í þessum lögum um háskóla skylt að setja hinar almennu reglur um hvernig bæði hinu ytra og innra gæðaeftirliti skuli háttað og að tryggt sé að háskólar séu ekki að kenna annað en viðurkennt er og því er eðlilegt að því sé fylgt eftir út og með nemendunum þegar þeir ljúka þar námi

þannig að þá hafi þeir hliðstæð réttindi, fái að kalla sig eftir námsgráðum hliðstætt því og námið veitir rétt til og að þar sé jöfnuður á milli skóla.

Ég vil þó leggja áherslu á þegar þessi tilaga fer til nefndar að þess sé jafnframt líka gætt að fara ofan í fleiri þætti sem lúta að þessu til að fullt samræmi verði. Það hvort síðan viðskrn. eða menntmrn. gefi út þessar námsgráður er að vissu leyti framkvæmdaratriði því að samkvæmt lögum um háskóla skal menntmrh. gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra, þ.e. samkvæmt háskólalögunum. Það á samkvæmt þeim lögum að liggja fyrir og því ætti að vera þægilegt að fylgja því eftir með þessum námsgráðum og rétti viðkomandi sem ljúka þessu námi til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga eins og hér er verið að leggja til. Ég styð að þetta mál fari áfram þannig að þarna verði sá jöfnuður sem að er stefnt.

[18:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir með öðrum þeim sem hér hafa kvatt sér hljóðs og mæla með þessu frv. Það er auðvitað svo að margt hefur breyst í háskólamálum okkar frá því að lögin nr. 27/1981 voru sett þar sem kveðið er á um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga þar sem aðeins þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands fá sjálfkrafa leyfi til að kalla sig þessum titlum. Nemendur úr öðrum skólum hafa þurft sérstakt leyfi ráðherra til þess.

Það sem hefur breyst er að komið hafa öflugir háskólar á Akureyri, í Bifröst og Viðskiptaháskólinn í Reykjavík sem eru allir mjög metnaðarfullir skólar og eru að gera góða hluti. Hvað varðar t.d. Viðskiptaháskólann á Bifröst þá hafa menn verið núna í áratug að byggja þar upp fyrsta flokks viðskiptaháskóla sem stenst alþjóðlegan samanburð í gæðum hvað varðar nám og aðstöðu. Þar standa menn hins vegar frammi fyrir því að í viðskiptanáminu er háskólinn í þeirri stöðu ásamt öðrum háskólum en Háskóla Íslands að útskrifaðir nemendur eftir þriggja ára nám hafa ekki rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eins og þeir sem útskrifast frá viðskiptadeild Háskóla Íslands. Hér er sem sagt verið að leggja fram frv. til að breyta þessu og ég er sammála því. Fljótt á litið hef ég örlitlar efasemdir um að færa þetta á milli ráðuneyta en það er eitthvað sem menn skoða í menntmn. og komast að niðurstöðu um en ég tel að þetta sé gott frv. og vona að það fái greiða afgreiðslu í menntmn. þingsins.

[18:31]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls fyrir undirtektir þeirra og stuðning við málið og legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 494. mál. — Þskj. 780.

[18:31]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 780 hef ég lagt fram till. til þál. um afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði. Meðflutningsmenn eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir og Katrín Fjeldsted.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela fjmrh. að láta semja og leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breyting á lagaákvæðum um eignarskatt á íbúðarhúsnæði með það að markmiði að eignarskattur á íbúðarhúsnæði verði aflagður í áföngum á næstu þremur árum.

Í grg. segir svo:

Um langt árabil hefur ungt fólk hér á landi lagt metnað sinn í að eignast eigið íbúðarhúsnæði og er svo enn þótt merkja megi breytingu þar á. Kemur þá til mikil óánægja fólks vegna þess forms á eignarskattsstofni sem í gildi hefur verið og er verulega íþyngjandi.

Nálægt 85% þeirra sem eru 67 ára og eldri eru eigendur húsnæðisins sem þeir búa í. Á stærstum hluta húseignanna hvíla litlar eða engar skuldir. Eigendurnir greiða því flestir eignarskatt. Slík skattlagning stríðir gegn þeirri stefnu að gera eldra fólki kleift að búa í húsnæði sem það hefur byggt upp og annast viðhald á árum saman, svo lengi sem mögulegt er og vilji þess stendur til.

Þá hefur álagning eignarskatts íþyngjandi fjárhagsleg áhrif á ekkjur og ekkla þrátt fyrir fimm ára aðlögun frá andláti maka, þ.e. þau greiða fyrst eignarskatt sem einstaklingar að fimm árum liðnum frá fráfalli maka. Þessar ráðstafanir hafa misst marks vegna mikillar hækkunar fasteignaverðs. Eignarskattur kemur mjög misjafnlega niður á fólki og getur orðið allt að fimmfalt hærri hjá einstaklingi en hjá hjónum, enda þótt um sambærilega eign sé að ræða.

Í breyttu þjóðfélagi er sala fasteigna með öðrum hætti en áður. Stórar fasteignir seljast verr en þær smærri og það gerir öldruðu fólki, ekkjum og ekklum, erfiðara um vik við sölu stórra fasteigna. Ástandið á fasteignamarkaðnum og eignarskatturinn, svo og lækkandi tekjur, gera fyrrnefndum aðilum mjög erfitt að halda eignum sínum.

Tilgangur skatta er að afla ríkissjóði og sveitarsjóðum nauðsynlegra tekna, með sem minnstum skaðlegum áhrifum á efnahagslíf landsins og eins litlum vandræðum og skaða fyrir greiðendur og unnt er.

Við álagningu eignarskatts verður löggjafinn að gera sér grein fyrir hver greiðir skattinn að lokum. Nærtækasta dæmið er eignarskatturinn á ekkjur sem í skattaumræðunni hefur fengið á sig hið versta orð.

Eignarskattur lendir á húsnæði sem eigandi notar sjálfur. Húsnæðiskostnaður hans eykst, en án aukinnar greiðslugetu, jafnvel samhliða minnkandi greiðslugetu. Afleiðingin er versnandi lífskjör og e.t.v. nauðungarsala eignarinnar vegna fjárskorts húseigandans.

Um fasteignir ætti að gilda sú almenna regla að á þær verði ekki lögð önnur eignagjöld en fasteignagjöld sveitarfélaga. Víðast eru fasteignagjöld aðaltekjustofnar sveitarfélaga og er það vægast sagt óráðlegt að ríkið sé að seilast lengra ofan í vasa skattborgaranna með því að gera heimili þeirra og húseignir að tekjustofnum fyrir síhækkandi eignarskatta.

Röksemd fyrir afnámi eignarskatts er að í reynd er um tvísköttun að ræða.

Þeir einstaklingar, sem standa í því að koma sér upp eigin húsnæði, leggja þar með fram hluta tekna sinna sem þeir hafa greitt af tekjuskatt, jafnvel hátekjuskatt, og greiða að auki virðisaukaskatt af aðföngum.

Herra forseti. Svo mörg voru þau orð. Vegna þess stutta tíma sem hverjum og einum er ætlaður hér til að flytja mál sitt sem fyrstu flutningsmenn vildi ég aðeins þó, með leyfi forseta, vitna hér til mjög merkilegra niðurstaðna sem Vilhjálmur Bjarnason rekstrarhagfræðingur hefur tekið saman um eignarskatt og geta í örfáum orðum aðeins nokkurra atriða sem hann kemur inn á í viðamikilli samantekt um þessi mál. Ég vitna nú til samantektar Vilhjálms Bjarnasonar. Hann segir:

„Upphaf eignarskatts á Íslandi má rekja allt aftur til tíundarlaga. Tíund var lögtekin á Íslandi árið 1097; var hún í upphafi eignarskattur.

Á þjóðveldisöld voru vextir eða fjárleiga 10%. Tíund var 10% fjárleigu af matsverði eigna. Þannig varð tíundin í raun 1% eignarskattur en ekki 10% tekjuskattur eins og nafnið bendir til að skatturinn hafi verið hugsaður. Erlendis var tíund 10% af brúttótekjum."

Í sögu Árna Þorlákssonar biskups er eftirfarandi frásögn af fundum þeirra Loðins lepps. Samtalið á sér stað þegar verið var að lögleiða Jónsbók:

„Og er hljóð gafst mælti herra Loðinn og sá um sig nokkuð styggilega og leitaði ráðs að leiða almúgann frá byskupi í huganum, því að hann skildi margmennið honum vilja fylgja og sinna og mælti svo: „Bréf þetta sem þér herra byskup létuð lesa hefir fyrir marga hluti í sér sem vér megum vort mark á kenna, en þó hugða ég að eigi mundi þeir sem það gerðu þessu mega fyrir alla skipa eða ráða. En þar sem þér töluðuð um okur, trúi ég sannlega að það sé illt, og þeir okurkarlar séu bannsettir, en hvað má hærra okur vera en tíundargerð sú hin ranglega sem hér er á landinu? Þér byskuparnir heimtið tíund af sylgjum og silfurbeltum, koppum og keröldum og öðru dauðu fé, og undra ég mjög hví landsbúið þolir yður slíkar óhæfur og gerið eigi norræna tíund að eins þá sem gengur um allan heiminn, og einsaman er rétt og lögtekin.""

Hér kemur í ljós að hvergi nokkurs staðar var tíundin með sama hætti og hér á Íslandi, þ.e. eignarskattur af því sem ég taldi hér upp áðan.

Margar aðrar skemmtilegar frásagnir eru í samantekt Vilhjálms Bjarnasonar en líka er ítarlegt yfirlit yfir hvar eignarskatturinn er annars staðar viðhafður en hann er ekki víða þá litið er á erlenda grund. Og sé hann einhvers staðar til þá er hann miklu lægri en gerist á Íslandi.

Herra forseti. Ég vona að þetta mál fái góðar undirtektir á hinu háa Alþingi, fái skjóta og góða meðferð í hv. efh.- og viðskn. sem ég mæli að málinu verði vísað til að lokinni þessari umræðu.

[18:39]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði og sem einn af flutningsmönnum tillögunnar vil ég leggja aðeins orð í belg.

Íslendingar hafa alla tíð lagt metnað sinn í að eignast þak yfir höfuðið. Það hefur þó orðið einhver breyting þar á en ekki er hún nú mikil. Í rauninni er þarna um tvísköttun að ræða, eignarskatturinn er tvísköttun og mjög ósanngjarn skattur. Sérstaklega kemur þetta illa við eldri borgara en eins og fram kom hjá 1. flm., Guðmundi Hallvarðssyni, þá eiga nálægt 85% þeirra sem eru 67 ára og eldri húsnæðið sem þeir búa í og á stærstum hluta húseignanna hvíla litlar eða engar skuldir.

Mikil hækkun fasteignaverðs hefur orðið í landinu og eignarskatturinn kemur því mjög misjafnlega niður á fólki og getur orðið allt að fimmfalt hærri hjá einstaklingi en hjá hjónum enda þótt um sambærilega eign sé að ræða. Um fasteignir ætti að gilda sú almenna regla að á þær verði ekki lögð önnur eignagjöld en fasteignagjöld sveitarfélaganna því að víðast eru fasteignagjöld sveitarfélaga aðaltekjustofn þeirra og er vægast sagt óráðlegt að ríkið sé þá einnig að höggva í sama knérunn.

Herra forseti. Það er von mín að þetta merka mál nái fram að ganga.

[18:41]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Tillaga til þál. um afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði er mjög þörf að mínu mati. 1. flm., Guðmundur Hallvarðsson, hefur gert grein fyrir málinu hér og mig langaði að bæta nokkrum orðum við sem einn af meðflutningsmönnum tillögunnar.

Ég tel að þessi þáltill., sem felur í sér að fela fjmrh. að láta semja frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um eignarskatt á íbúðarhúsnæði, komi til móts við stóran hóp fólks í þjóðfélaginu, einkum þó aldraða, því að það er svo að þeir sem skulda eitthvað af húsnæði sínu greiða ekki eignarskatta en aldrað fólk býr gjarnan í skuldlausu húsnæði og niður á því kemur eignarskatturinn með fullum þunga og verður svo þyngri þegar maki fellur frá eins og reifað hefur verið hér.

Með hækkandi fasteignamati, t.d. hér í Reykjavík á undanförnum árum og nú síðast á síðasta ári, þá hækka eignarskattar aldraðs fólks verulega þótt tekjur þeirra standi í stað. Fólk hefur þannig minna fé milli handanna til þess að halda t.d. húsi sínu við og verður e.t.v. að láta reka á reiðanum með viðgerðir í stað þess að halda húseignum sínum í besta lagi eins og það vill auðvitað gjarnan gera. Þess vegna væri nær að aflétta eignarskatti af húseigendum því að það kemur líka atvinnulífinu til góða ef fólk getur haldið við húsum sínum.

Ég tel að eignarskattur sé afar óréttlátur skattur. Ég tel að hann sé tvísköttun. Fólk kaupir sér húsnæði fyrir laun sem það hefur greitt skatta sína af, greitt tekjuskatta og virðisaukaskatt af aðföngum. Það er því orðið tímabært, herra forseti, að breyta þessum lögum og ég vonast til að þessi þáltill. nái því fram að ganga.

[18:44]

Ragnheiður Hákonardóttir:

Herra forseti. Fram er komin till. til þál. um afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði. Ég fagna þessari tillögu. Í rauninni er löngu tímabært að litið sé til þeirrar skattmeðferðar sem íbúðarhúsnæði hefur fengið á síðustu árum, þ.e. að um hefur verið að ræða eignarskatt á íbúðarhúsnæði sem og fasteignaskatt til eigenda. Á síðustu árum hefur t.d. verð íbúðarhúsnæðis hækkað á hinum almenna markaði sem hefur þýtt það að sífaukinn eignarskattur einstaklinga hefur orðið til jafnvel þó að eignin hafi verið sú sama.

Þetta hefur orðið til þess að ungt fólk sem hefur verið að koma undir sig húsnæði hefur orðið að borga eignarskatta, sem annars hafði jafnvel ekki verið gert ráð fyrir í greiðslubyrði á húsnæðiskaupum, fyrir utan það sem hér hefur verið

bent á, þegar einstaklingar eiga í hlut og þá sérstaklega eldra fólk.

Það hlýtur að vera Alþingis og okkar sem hér stöndum að gæta hagsmuna íbúa landsins og eitt af því er það að við stillum í hóf skattaálögum á einstaklinga. Skattur sem lagður hefur verið á íbúðarhúsnæði fólks hlýtur að teljast nokkuð vafasamur þar sem fólk greiðir þjónustuskatt sem er í formi fasteignaskatta ýmiss konar til sveitarfélaga og skiptist það niður í mismunandi skattþrep eftir verðgildi eigna.

Þess vegna fagna ég því að þessi þáltill. er lögð fram og styð hana heils hugar og vona að hún nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar hjólreiðabrauta, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 485. mál. — Þskj. 771.

[18:46]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í fjarveru 1. flm., sem er Ísólfur Gylfi Pálmason en auk okkar eru flutningsmenn hv. þm. Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Pálsson, Einar Már Sigurðarson og Gunnar Birgisson.

Í tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að marka stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli. Tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. janúar 2002."

Tillögunni fylgir greinargerð og þar segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið með tillögunni er að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni, en einnig að fækka slysum og auka öryggi þeirra.

Hjólreiðar eru vinsæl afþreying á Íslandi, sem og annars staðar, og hefur hjólreiðafólki fjölgað mjög á Íslandi á síðustu áratugum. Hjólreiðar eru ódýr, skemmtilegur og heilsusamlegur ferðamáti og vinsæl fjölskylduíþrótt. Fjölmörg dæmi eru um að fólk í þéttbýli noti reiðhjól til þess að ferðast milli áfangastaða.

Hjólreiðar eru holl og góð íþróttagrein og er hluti af daglegri líkamsrækt hjá mörgum. Þær eru einnig afar vinsæll ferðamáti barna og unglinga og er tími til kominn að mótuð verði opinber stefna í þessum málum. Einnig hefur það mjög færst í vöxt að bæði Íslendingar og útlendir ferðamenn ferðist um landið á reiðhjólum. Þannig er á sumrum mikil umferð erlendra ferðamanna frá Leifsstöð og einnig frá Seyðisfirði. Aðstaða hjólreiðafólks á Íslandi er afar slæm og í mörgum tilfellum er hættulegt að ferðast um á reiðhjólum þar sem lítið tillit er tekið til hjólreiðafólks.

Hin fjölfarna þjóðleið frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog, Reykjavík og Mosfellsbæ er stórhættuleg hjólreiðafólki, sem og gangandi vegfarendum. Talið er að um 16.000 reiðhjól hafi verið flutt inn til landsins árlega á síðustu 11 árum sem þýðir um 176.000 reiðhjól auk þeirra sem til voru áður. Því er talið að um 66% þjóðarinnar eða tveir af hverjum þremur landsmönnum eigi reiðhjól.

Of sjaldgæft er að fyrirtæki og stofnanir hafi sérstakar reiðhjólagrindur við fyrirtæki sín þó að það hafi batnað nokkuð á síðustu árum en betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum ferðamáta við hönnum nýrra mannvirkja, enda eru hjólreiðar hluti af nútímaafþreyingu og sumarleyfisferðum.

Æskilegt væri að í nefndinni sem skipuð yrði væru t.d. fulltrúar Vegagerðarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands hjólreiðamanna, Fjallahjólaklúbbs Íslands og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í Reykjavík var starfrækt sérstök hjólreiðanefnd sem skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs árið 1994, auk þess sem gengið var í samtökin „Car Free Cities" eða bíllausar borgir.

Athyglisverðar eru tilraunir bæjarstjórnar Árborgar í þessum efnum þar sem boðið er upp á leigureiðhjól til þess að auka notkun reiðhjóla í umferðinni á Árborgarsvæðinu. Fleiri bæjarfélög eru að huga að þessum athyglisverða og skemmtilega ferðamáta. Þetta er líkt og er gert í Kaupmannahöfn en aðstaða hjólreiðafólks í Danmörku er til algerrar fyrirmyndar. Þar hafa verið markaðssettar hjólreiðaparadísir, t.d. á Borgundarhólmi, en þar byggist ferðamennska að stærstum hluta á hjólreiðum.

Það er deginum ljósara að eftir því sem aðstaða hjólreiðamanna batnar hvetur það Íslendinga til að nýta sér þann skemmtilega og holla ferðamáta sem hjólreiðar eru."

Þetta segir í grg. með till. til þál. um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé löngu þarft mál og fyrir utan að vera holl og góð íþróttagrein er þetta eðlilegur hluti af nútímasamgöngum hjá fólki sem vill slá tvær flugur í einu höggi, hreyfa sig og komast milli staða. Meðfram stofnbrautum og fjölförnum vegum milli staða, til að fólk komist til og frá vinnu m.a., er nauðsynlegt að hafa sérstaka hjólreiðastíga því að fráleitt er að stefna reiðhjólum inn í milli bíla og inn í umferðina og sömuleiðis eru viss vandkvæði á því að hjóla á gangstéttum í þéttbýlinu þó að það hafi verið heimilað og hafi leyst heilmörg mál.

En af því að í grg. er minnst á „Car Free Cities" og hjólreiðanefnd Reykjavíkur þá veitti ég þeirri nefnd forstöðu árið 1994. Sú nefnd skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs. Nokkrar þeirra hafa fengið framgang og talsvert hefur áunnist í þessum málum í Reykjavík en margar tillögur liggja óafgreiddar eða eru má segja óskir sem ekki rættust.

Ég held, herra forseti, að þrátt fyrir að við höfum ekki sama veðurlag og er á Borgundarhólmi eða í Kaupmannahöfn — það er nú sagt að í Reykjavík sé logn u.þ.b. 7% af tímanum og ég held að það fari nærri lagi — þá er flesta daga ársins hægt að komast um á hjóli. Í Reykjavík eru mjög margir sem vilja hjóla og reyna að gera það sjálfum sér og öðrum stundum til hættu. Það þarf að breytast og sömuleiðis þarf reiðhjólið að eiga sinn veglega sess og örugga stað á sérstökum hjólreiðastígum sem lagðir yrðu meðfram stofnbrautum og þjóðvegum landsins. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að marka stefnu um þetta.

[18:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum lýsa stuðningi við þessa till. til þál. um að skipa nefnd um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta. Hér á hinu hv. Alþingi höfum við nokkrum

sinnum áður rætt um þá nauðsyn og fluttar hafa verið tillögur og samþykktar um göngustíga og reiðstíga og rætt um nauðsyn þess að koma því m.a. inn í fjárlagafrv. en það hefur lítið gengið.

Þess vegna fagna ég því að við setjum þetta í einhvern ákveðinn farveg, að farið verði að undirbúa þetta þannig að það verði eðlilegur hluti af skipulagi, þá er ég að tala um í almennri vegagerð um landið, og hluti af aðalskipulagi, svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Og þó svo að sveitarfélögin séu ábyrg hvert á sínu svæði þá sér maður að það þarf að koma leiðbeining eða hvati til þess að hjólreiðabrautir séu lagðar, bæði hugmyndafræðilega og eins með framlögum til vegagerðar og til lagningar slíkra stíga því að auðvitað kostar þetta. Við verðum einnig að hafa það í huga að mjög erfitt er að breyta skipulaginu í þegar byggðum hverfum og eldri hverfum, þar sem götur eru oft þröngar og erfitt að koma fyrir gangstéttum, hvað þá hjólreiðabrautum þar fyrir utan.

Segja má að það sé okkur til skammar að hafa hjólreiðabrautir ekki inni í skipulagi nýrra hverfa. Þess vegna fagna ég þáltill., vonandi verður hún afgreidd og að út úr þeirri vinnu komi leiðbeinandi plagg sem verði meira en plagg heldur hvati til sveitarfélaganna til að taka þetta upp. Því auðvitað eigum við að vinna að því eins og við getum að nota reiðhjólin meira en gert er og þá sem almennan ferðamáta en ekki bara til afþreyingar.

[18:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem naumt er skammtaður tíminn er ekki ástæða til að lengja umræðuna, en ég hef löngun til að koma hér upp í málinu þar sem ég er einn af flutningsmönnum ásamt með hv. umhvn. Það er glæsilegt að umhvn. Alþingis skuli flytja þetta mál og það hefur sitt að segja trúlega í eftirfylgni málsins. Ég treysti því að málið fái skjóta umfjöllun í nefnd og gott brautargengi Alþingis.

En það sem mig langar til að nefna og vil að fylgi í umfjöllunina, inn í nefndina, er að hæstv. samgrh. ræddi um daginn um hjólreiðamenn og aðstöðu þeirra eða væntanlegt aðstöðuleysi á Reykjanesbraut. Í máli hans kom fram að ekki væri gert ráð fyrir því að hjólreiðamenn hjóluðu á hraðbrautum og Reykjanesbrautin tvöfölduð yrði skilgreind sem hraðbraut, og síðan væri það á ábyrgð sveitarfélaganna að gera hjólreiðastíga meðfram hraðbrautum. Það kom sömuleiðis fram í máli hæstv. ráðherra að ekki væri áætlun um það í samgrn. að búa til heildstæða áætlun um málefni hjólreiðamanna.

Ég tel að þáltill. af þessu tagi hafi það afl að hún geti breytt afstöðu hæstv. samgrh. og það er það sem ég sé fyrir mér að umhvn. geti gert, að hún geti breytt umræðunni, að hún geti með samstöðu sinni sýnt hvað það er nauðsynlegt að efla þennan þátt samgangna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÞBack, 502. mál (sjúkraflug). — Þskj. 789.

[18:58]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Þetta litla frv. var flutt á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu. Þetta er breyting á þeim kafla laganna sem er 36. gr. og er um hvað sjúkratryggingar greiði og það er m.a. sjúkraflug.

Ég ætla að lesa frv. en 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo:

Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.“

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.“

Herra forseti. Þannig er mál með vexti að einkenni sjúkdóma eru ekki alltaf ljós strax í byrjun og það hefur þótt ágæt vinnuregla að huga að þróun sjúkdómsins áður en sjúklingur er fluttur beint að heiman og til viðkomandi sjúkrahúss. Tökum bara tilbúið dæmi, við getum sagt magasár þegar einkenni koma fram sem geta bent til þess að blæðing sé yfirvofandi. Ég skálda þetta nú bara hér á staðnum. En í stað þess að senda sjúkling beint með sjúkraflugi á stærra sjúkrahús gæti verið hyggilegra að bíða aðeins og sjá hvort sjúkdómsgreining væri rétt eða hvort einkennin gengju til baka.

Öllum kemur til góða að hafa smá umhugsunartíma til að meta hvort sjúkdómurinn sé þess eðlis að sé hægt að ráða við hann heima fyrir, oft bara með þeim mannafla sem er til staðar eða með utanaðkomandi hjálp í gegnum síma, hvernig eigi að fara með viðkomandi sjúkling og hlynna að honum og vita hvort ekki sé hægt að ráða við þetta og lækna heima fyrir.

Þar sem þetta hefur þótt eðlileg afgreiðsla þá hefur verið alls konar, við getum sagt, feluleikur varðandi innlögn. Menn hafa viljað aðeins hinkra, sjá til án innlagnar. En í raun og veru samkvæmt ströngustu reglum þá hafa menn ekki átt að flytja sjúkling á sjúkrahús í heimabyggð án þess að innrita hann. Við þessar aðstæður hefur stundum fallið töluverður kostnaður á viðkomandi sjúkrahús á meðan verið er að bíða og það þarf kannski að gera einhverjar rannsóknir eða alla vega þarf þarna umönnun og meðferð á meðan verið er að meta sjúkdóminn.

Þessi tilraun hefur verið gerð á Heilsugæslustofnun Austurlands og ég veit ekki betur en að hún hafi gengið mjög vel. Því endurflyt ég þetta frv. núna með von um að þessi heilbrigða skynsemi nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 511. mál. — Þskj. 805.

[19:03]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 805 hef ég lagt fram till. til þál. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn.

Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson og Guðjón Guðmundsson, sá er í forsæti situr.

Tillagan hljóðar þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn."

Þessi samþykkt er frá 1987.

Í greinargerð segir svo:

„Árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu, þ.e. þær hættur sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum, ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði, möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin, önnur en Ísland, voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Sl. hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana, sjómannastofa, annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Nú er einungis lítið brot af framleiðslu landsmanna flutt með eigin skipum. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn heimsækja höfuðborgarsvæðið á hverju ári.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sl. sumar meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar."

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir þjónustu eins og síma-, tölvu- og póstþjónustu, ferðaþjónustu, veitingaþjónustu fyrir sjómenn, skoðunarferðir og hvers konar menningarstarfsemi, bókasafn og blöð, félagsskap við aðra sjómenn, myndbönd og útvarp, afþreyingu, líkamsrækt og guðsþjónustu eða prestsþjónustu.

„Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykktin nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum ILO nr. 173. Ellefu ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland", eins og áður hefur komið fram.

„Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 milljónir króna, til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykktina nr. 163 og tilmælin nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 frá ILO að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar á fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 milljónum íslenskra króna á ári.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163: Spánn (1989), Sviss (1989), Ungverjaland (1989), Mexíkó (1990), Svíþjóð (1990), Finnland (1992), Danmörk (1993), Noregur (1993), Slóvakía (1993), Tékkland (1993) og Brasilía (1997)."

Herra forseti. Ég vona að þessi þáltill. fái góða afgreiðslu í nefndum þingsins og á hinu háa Alþingi. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt umferðaröryggi á þjóðvegum, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 528. mál. — Þskj. 824.

[19:11]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem liggur frammi á þskj. 824, um bætt umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Vilhjálmur Egilsson, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Hallvarðsson.

Tillögugreinin segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að bæta skuli umferðaröryggi á þjóðvegum með því að:

a. efla og auka umferðarlöggæslu,

b. auka fræðslu og efla annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu."

Tilgangur tillögunnar er að bæta öryggi umferðar og vegfarenda á þjóðvegum með því að efla og auka annars vegar löggæslu og hins vegar fræðslu og annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu.

Á síðasta vetri urðu mjög alvarleg umferðarslys sem rakin voru að jafnaði til mikils ökuhraða, meiri en aðstæður leyfðu, og þess að ökumenn urðu fyrir truflun eða höfðu ekki næga athygli og aðgát. Þessi tillaga er lögð fram í ljósi þessara slysa og þeirrar umræðu sem varð á liðnum vetri, ekki síst á Suðurnesjum þar sem afleiðingar þessara slysa voru greinilega mjög ofarlega í huga bæði vegfarenda, aðstandenda og annarra sem veittu þessum slysum athygli og urðu að horfa upp á afleiðingar þeirra.

Það hefur lengi verið svo að slysatíðni á Vesturlandsvegi hefur verið langmest á þjóðvegum landsins en á síðustu missirum hefur einmitt slysatíðni á Reykjanesbrautinni sunnan Hafnarfjarðar orðið enn hærri. En í því sambandi er rétt að geta þess að umferð um Reykjanesbraut er frábrugðin umferð um alla aðra þjóðvegi landsins, raunar einnig líkari næturumferð um höfuðborgarsvæðið. Þetta ræðst af atvinnusvæðinu suður á Suðurnesjum og flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Um Reykjanesbraut eru vegfarendur iðulega á leið til vinnu eða til flugs, tímabundnir og jafnvel í tímaþröng að komast á áfangastað. Það veldur ökumönnum augljóslega mikilli spennu.

Á borgarafundi í félagsheimilinu Stapa í Reykjanesbæ hinn 11. jan. sl. kom fram að tvöföldun Reykjanesbrautar var ákveðin með samþykkt langtímavegáætlunar á Alþingi árið 1998. Í þeirri samþykkt fólst því að samþykkt var tillaga þingmanna Reykjaneskjördæmis um tvöföldun brautarinnar. Fyrstu áfangar þess verks eru þegar á gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004, þar á meðal fyrstu áfangar þess hluta brautarinnar sem fundurinn fjallaði helst um. Af því sem fram kom á þeim fundi er ljóst að þingmenn hafa mismunandi upplýsingar um hvernig áætla megi raunhæfan framkvæmdatíma enda liggja ekki enn fyrir nákvæm útboðsgögn, en á fundinum var rakið að fjárhaglegar forsendur eru ekki fyrir hendi.

Hins vegar er nauðsynlegt að bregðast við aukinni slysatíðni á þjóðvegum, ekki einungis með fleiri stórframkvæmdum heldur einnig með fleiri aðgerðum enda er alþekkt að það sem ræður endanlega um öryggi vegfarenda er ökulag og athygli ökumanna. Á vegum lögreglustjóraembættanna í Reykjanesbæ, á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði er fyrir löngu hafið sameiginlegt löggæsluátak á Reykjanesbrautinni sunnan Hafnarfjarðar sem flutningsmenn vænta mikils af. Athuganir á umferðarslysum á þjóðvegum benda ótvírætt til þess að oftast megi rekja ástæður þeirra slysa til of mikils ökuhraða og ónógrar einbeitingar ökumanna. Hvort tveggja er fylgifiskur þess að ökumenn ofmeta eigin hæfni og meta aðstæður ekki rétt. Sömu athuganir sýna að aukin löggæsla hefur góð áhrif á ökulag, ökumenn draga úr ökuhraða og sýna meiri aðgát. Einnig er ljóst að einungis með aukinni löggæslu er unnt að bregðast við glæfraakstri. Aukin löggæsla er því fljótvirkasta og áhrifaríkasta aðferð til að bæta atferli ökumanna, ná niður ökuhraða og bæta aðgát og ökulag. Áhrifamáttur löggæslunnar sést best í því að slysatíðni er lægst á þjóðvegi nr. 1 um þau löggæsluhéruð þar sem umferðarlöggæsla er mest. Því má segja að aukin umferðarlöggæsla sé um leið skilvirk aðgerð til bættrar umferðarmenningar og aukins öryggis vegfarenda.

Í fyrri lið tillögunnar er lagt til að efla og auka umferðarlöggæslu á þjóðvegum. Þannig getur fyrrnefnt löggæsluátak lögreglustjóranna þriggja orðið grunnur að því að löggæsla á Reykjanesbraut verði aukin til frambúðar og fyrirmynd að hertri löggæslu á öðrum þjóðvegum.

Í öðrum lið tillögunnar er lagt til að auka fræðslu og efla annað starf sem miðar að bættri umferðarmenningu. Í því felst að taka þurfi á tveimur meginþáttum sem ráða miklu um öryggi í umferðinni: Annars vegar á einbeitingu ökumanna og mati þeirra á aðstæðum sem ræður atferli þeirra og viðbrögðum, en athuganir sýna einmitt að það veldur mestu um öryggi eða hættu vegna ökulags. Hins vegar á mótun umhverfis ökumanna umfram ástand vegar og löggæslu, þar á meðal hvort nægjanlegar viðvaranir og ábendingar eru gefnar um það sem fram undan er í umferð eða á vegi, ellegar um of mikinn ökuhraða ef það á við. Viðfangsefnið er fjölþætt og nær m.a. til þess að efla starf sem fyrir er, og var mikið rætt á nýlega afstöðnu umferðarþingi, flýta undirbúningi nýrra aðgerða, skilgreina nýjar aðferðir til að ná athygli ökumanna og auka fræðslustarf, viðvaranir og áróður. Flutningsmenn telja fjölmörg verkefni geta falist í þessari tillögu en benda sérstaklega á eftirfarandi sjö atriði:

1. Að auka fræðslu á vegum Umferðarráðs og áróður sem beinist að ökumönnum almennt, og að leitað verði leiða til að bæta undirbúning ökumanna með ökunámskeiðum, ökuskólum og æfingabrautum.

2. Að sérstaklega verði leitað ráða til að fá ökumenn til að vera betur á varðbergi gagnvart einbeitingarleysi, röngu mati á aðstæðum og ofmati á eigin hæfni og kunnáttu.

3. Að gera úttekt á flutningum með eldsneyti og annarra hættulegra efna um þjóðvegi í því skyni að skipuleggja þá eða tímasetja með tilliti til umferðaröryggis.

4. Að flýta umbótum á skráningu umferðarslysa til að geta betur en áður greint áhættusama vegkafla og aðstæður eða aðra áhættuþætti.

5. Að efla reglubundnar rannsóknir á ástæðum alvarlegra umferðarslysa og þar á meðal að rannsaka fleiri umferðarslys en þau sem valda dauðsföllum.

6. Að gera úttekt á öðrum aðgerðum í öryggisskyni og meta hvar þær gætu komið að gagni, svo sem lýsingu, vegriðum milli akreina, sérstakri akrein fyrir hægfara akstur og fleira af því tagi, en þó sérstaklega að kanna gagn af viðvörunarljósum við hættulega vegkafla eða vegna aðstæðna, svo og viðvörunarljósum tengdum búnaði sem sýnir of mikinn ökuhraða og breytingar á aðstæðum.

7. Að vinna að auknu samstarfi allra aðila er koma að umferðarmálum, þar á meðal allt frá tryggingafélögum til lögreglu og annarra sem láta sig þau varða.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að tillögunni verði vísað til hv. samgn. til umfjöllunar og athugunar en mælist til þess að sú nefnd afli sér einnig umsagnar eða álits hv. allshn. þingsins.

[19:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um afar þarfa till. til þál. að ræða sem fjallar um bætt umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Það er sannarlega áhyggjuefni hversu alvarleg umferðarslys

virðast færast í vöxt og þó að greinargerð tillögunnar beini sjónum kannski fyrst og fremst að Reykjanesbraut, þá verða hin alvarlegu slys ekki síður á sambærilegum vegum eins og Suðurlandsvegi eins og komið hefur fram í máli hv. þm. sem talað hafa hér í dag. Ekki má gleyma Vesturlandsvegi sem er að hluta þjóðvegur sem liggur í gegnum þéttbýli og samkvæmt skýrslum og tölum sem við höfum haft aðgang að er slysatíðni afskaplega há þar.

Þetta tengist að hluta líka þeim málum sem hafa verið til umræðu varðandi hjólreiðarnar. Þessi tillaga felur í sér að mínu mati að taka þurfi heildstætt á þessum málum. Sá listi sem lagður er fram í greinargerðinni með þessum sjö atriðum er afar greinargóður og ég sé ekki betur en að verkefnaskráin sem í honum felst sé yfirgripsmikil og kafi djúpt.

Í ljós hefur komið að starfandi hefur verið starfshópur á vegum dómsmrh. sem ráðherra skipaði til að fara yfir umferðarlög og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra í þeim tilgangi að gera tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Nú höfum við fengið í þingsal í dag frv. til laga um breytingu á umferðarlögum þar sem örfá atriði eru tekin út úr tillögum starfshópsins en jafnframt kemur fram að starfshópurinn, sem skilaði skýrslu til ráðherra í febrúar 2001, hafi gert fjölmargar tillögur um breytingar á lögum og reglum um umferðarmálefni. Að öðru leyti en fram kemur í því frv. sem var dreift í dag eru tillögur hópsins til nánari athugunar í ráðuneytinu. Mér sýnist því að með samstilltu átaki eigi að vera hægt að gera átak sem skiptir sköpum í því þarfa máli að bæta umferðaröryggi á þjóðvegum landsins og fagna því þessari till. til þál. og lýsi yfir stuðningi mínum við hana.

[19:21]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um bætt umferðaröryggi á þjóðvegum landsins og sem einn af flutningsmönnum vil ég aðeins koma hér að máli.

Það er alveg ljóst að allt of margir eiga um sárt að binda vegna þess hve umferðarmenning okkar er á lágu plagi og slysin eru allt of tíð. Ökutækjum hefur fjölgað gríðarlega mikið á Íslandi síðustu fimm ár og með því hefur aukin hætta orðið á óhöppum og slysum. Það liggur fyrir að ungir ökumenn eiga þar oft og tíðum mjög mikla sök á en þó má geta þess að þeir sem tóku ökupróf árið 1999 er fyrsti heili árgangurinn sem hefur þó möguleika á að stunda æfingarakstur með leiðbeinendum í heilt ár. Því er líklegt að sá hópur hafi fengið meiri þjálfun fyrir próf en þeir sem tóku próf áður fyrr. En hlutdeild ungra ökumanna í umferðarslysum er allt of mikil.

Kostnaður vegna umferðarslysa hefur verið reiknaður út af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þar kemur fram að umferðarslys kosta þjóðfélagið um 12–15 milljarða á ári og það er allt of mikið. Mjög mikilvægt er að vegfarendur noti öll þau öryggistæki sem ber að nota samkvæmt lögum og að vegfarendur hlíti þeim takmörkunum sem veghaldari setur, t.d. um hámarkshraða og að menn aki ekki undir áhrifum áfengis.

Mjög nauðsynlegt er að umferðaröryggismál fái aukið vægi í umræðunni í samfélaginu. Allt of margir láta lífið í umferðarslysum hér á landi. Bara það sem af er þessu ári hafa sex látist í umferðarslysum. Á síðasta ári voru það 33. Nauðsynlegt er að bæta skráningu á umferðarslysum og að tryggja að örugg skil verði á skýrslum til úrvinnslu, það er mjög mikilvægt.

Það er allt of mikið um það að þeir sem látast í umferðarslysum hafi verið án bílbelta. Það er ölvunarakstur. Það er of mikill hraði. Og það er ónóg einbeiting. Það sem skiptir máli er fræðsla og aftur fræðsla og að bæta umferðarmenninguna.

Heilmikið starf hefur farið fram í yngstu bekkjum grunnskóla um umferðaröryggismál. Nú er komin til sögunnar ný námsgrein í grunnskólum sem heitir lífsleikni sem er m.a. ætlað að fjalla um umferðarmál og aðrar slysavarnir.

Ég held að við verðum líka að leggja mjög mikla áherslu á hætturnar sem eru á malarvegum landsins og svo sannarlega þarf að brýna fyrir ferðamönnum sem koma til Íslands að það sé allt annað að keyra á malarvegum en á malbiki. Mörg slys hafa bara orðið við akstur á malarvegi, nú síðast á Suðurlandsvegi í síðustu viku þar sem bíll fór út í malarkantinn og biðu tveir bana í því slysi. Í greinargerðinni er talað um Vesturlandsveg og Reykjanesbraut sem eru mjög hættulegir vegir og allt of mörg slys verða á þeim vegum en það er líka Suðurlandsvegur um Hellisheiði að Hveragerði.

Við eigum að gera allt til þess að bæta umferðarmenninguna og þessi tillaga er sannarlega mjög gott skref í þá átt.

[19:25]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls í umræðunni um þessa tillögu og ítreka það sem þeir höfðu veitt athygli. En tillagan víkur að því að brugðist verði við auknum fjölda umferðarslysa og sérstaklega auknum fjölda alvarlegra umferðarslysa sem leiða til dauðsfalla, með heildstæðum viðbrögðum, ekki einungis með stórframkvæmdum á stærstu þjóðvegunum, heldur einnig með aðgerðum sem lúta að aukinni og hertri umferðarfræðslu, bættri löggæslu og öðrum athöfnum sem gætu aukið einbeitingu ökumanna. Það kemur sérstaklega fram, herra forseti, að einbeiting eða ónæg athygli ökumanna er meginástæðan fyrir umferðarslysum.

Nýlega kom fram á hinu háa Alþingi skriflegt svar um ástæður umferðarslysa á Reykjanesbraut frá hæstv. dómsmrh. vegna fyrirspurnar nokkurra hv. þm. Þar kemur fram að af um 65 skráðum slysum á Reykjanesbrautinni á undanförnum átta, níu árum má rekja um 30 til slakrar einbeitingar eða gáleysis ökumanna. Eru þá til viðbótar þau sem talin eru hafa orsakast af of hröðum akstri miðað við aðstæður.

Þrátt fyrir það, herra forseti, að bæði í greinargerðinni með þessari tillögu er minnst á Reykjanesbraut svo og í þeirri fyrirspurn sem ég minntist á liggur fyrir álit Vegagerðarinnar og fleiri aðila sem kanna umferðarslys og fylgjast með hvernig þau hafa orðið, hvar þau gerast flest, hvað gæti valdið, að öryggisástandið er verst á Vesturlandsvegi. Það hefur verið mjög versnandi á Reykjanesbraut og nú síðast á Suðurlandsvegi. Allt þetta kemur fram með einhverjum hætti í greinargerð með tillögunni en það sem mestu skiptir og er meginefni í þessu máli og við eigum að láta okkur mestu varða er að við náum fram bættri umferðarmenningu á Íslandi. Hún er ekki í nógu góðum farvegi.

Erlendir borgarar sem hingað koma, ferðalangar að sinna erindum sínum og fara hér út í umferðina, viðurkenna fljótlega að þeir viti ekki hvort hér ríkir hægri eða vinstri umferð. Þeir viti ekki hvort Íslendingar sem koma akandi hafa virkilega lokið morgunkaffinu, svo stressaðir eru þeir. Þetta er lýsing erlendra gesta sem koma hingað og verða að fara út í umferðina á Íslandi.

Sem betur fer er eitthvað að lagast í ökukennslunni en þó verð ég líka að viðurkenna þegar ég nefni þetta, að það er ótrúlegt að sjá hversu margir ungir ökumenn aka vinstra megin í hægri umferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:28]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 685. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1064.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), 638. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1015.

Landhelgisgæsla Íslands, 673. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1051.

Lífeyrissjóður bænda, 684. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1063.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, 628. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1003.

Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, 664. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 1042.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, 656. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1034.

Skráning og mat fasteigna, 688. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1007.

Spilliefnagjald, 681. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1060.

Stjórn fiskveiða, 678. mál, frv. GAK og KVM, þskj. 1057.

Tollalög, 683. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1062.

Umferðarlög, 672. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1050.

Úrvinnslugjald, 680. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1059.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 551. mál. — Þskj. 857.

[19:29]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Meðflutningsmenn mínir eru sjö aðrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilega þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en í október 2001.“

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Greinargerðin er svohljóðandi:

Íslensk stjórnvöld hafa ekki áhuga á að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á þau stendur þó sú krafa að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aðallega verið upptekin af skattaumhverfi atvinnulífsins og breytingar á því gjarnan útskýrðar, eða réttlættar, með samkeppnisstöðu þess gagnvart öðrum löndum. Það eru hins vegar fleiri þættir sem hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið.

Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjóð, SND, sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því einnig rétt að líta til þess hvernig uppbygging og framkvæmd er í Noregi sem er eins og Ísland utan Evrópsambandsins en aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði.

Miklar atvinnuháttabreytingar hafa orðið á undanförnum árum og eru enn að eiga sér stað og sér ekki fyrir endan á. Mikilvægt er að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli brugðist á hverjum tíma og á hverju svæði landsins. Iðnaðarráðuneytið hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis og liggur tillaga að nýju byggðakorti nú til umsagnar og samþykktar hjá ESA, sem er eftirlitsstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, en slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi. Í samningnum um EES fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Hér á landi eru hins vegar stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf sem uppfylla mundu styrkjaákvæðin.

Helsti byggðavandi okkar Íslendinga er fólksfækkun og til þess var tekið tillit. Mikilvægt er, herra forseti, að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. ESB gerir mjög strangar kröfur og SND gerir líka ríkar faglegar kröfur. Sú stefna að veita stofnstyrki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra, er sú leið sem stjórnvöld í okkar helstu samkeppnislöndum hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Þannig hafa Evrópusambandsríkin t.d. tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Þannig, herra forseti, eru dæmi um að svokallaðir strúktúrsjóðir hafi verið notaðir t.d. til uppbyggingar í Berlín, hinni nýju höfuðborg Þýskalands, af því þar vildu menn hafa áhrif á tækniþróun, vildu aðstoða við það að atvinnulífið í borginni næði að endurnýja sig.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Flutningsmenn frv. telja rétt að upptaka uppbyggingarsjóða og stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

Herra forseti. Ég vil nefna í þessu sambandi að þegar hér var afgreitt frv. um sölu ríkisins á 51% hlut í Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn var á það bent í nál. að stofnstyrkir væru viðhafðir, ekki bara í Evrópu, heldur einnig í Kanada og Bandaríkjum Norður-Ameríku. Ísland er í þeirri merkingu orðið ákveðið eyland og það er þeim mun mikilvægara ef við ætlum að standa okkur í samkeppni um, bæði fyrirtæki og hvað varðar tækniþróun, að við skoðum þennan kost mjög vandlega.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að að lokinni þessari

umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 569. mál (gróðurvinjar á hálendinu). — Þskj. 878.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðasjóður íþróttafélaga, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og ÍGP, 570. mál. — Þskj. 879.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, fyrri umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 332. mál. — Þskj. 431.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 486. mál (starfsemi ákæruvaldsins). — Þskj. 772.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómstólar, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 417. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 677.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 33. og 41. mál.

Fundi slitið kl. 19:38.

---

105. FUNDUR

miðvikudaginn 4. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, frv., 540. mál, þskj. 840. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 558. mál, þskj. 864. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lyfjatjónstryggingar, frv., 208. mál, þskj. 218. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Félagsleg aðstoð, frv., 275. mál, þskj. 303. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Herminjasafn á Suðurnesjum, þáltill., 338. mál, þskj. 444. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Dómstólar, frv., 415. mál, þskj. 675. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 432. mál, þskj. 695. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 456. mál, þskj. 727. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vegalög, frv., 462. mál, þskj. 738. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Áframeldi á þorski, þáltill., 465. mál, þskj. 744. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 770. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Merkingar hjólreiðabrauta, þáltill., 485. mál, þskj. 771. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði, þáltill., 494. mál, þskj. 780. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Almannatryggingar, frv., 502. mál, þskj. 789. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, þáltill., 511. mál, þskj. 805. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Bætt umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 528. mál, þskj. 824. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, þáltill., 551. mál, þskj. 857. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Náttúruvernd, frv., 569. mál, þskj. 878. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 570. mál, þskj. 879. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
21. Meðferð opinberra mála, frv., 486. mál, þskj. 772. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
22. Dómstólar, frv., 417. mál, þskj. 677. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
23. Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, frv., 286. mál, þskj. 315. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Um kl. 2.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um stöðu í vinnudeilum sjómanna og LÍÚ. Málshefjandi er hv. 4. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Um kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um viðbrögð stjórnvalda við áliti samkeppnisráðs um ólögmætt samráð á grænmetismarkaði. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson verður til andsvara.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Kvikmyndalög, 668. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1046.

Þingfararkaup alþingismanna, 666. mál, frv. PHB, þskj. 1044.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 540. mál (kynlífsþjónusta, klám). — Þskj. 840.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 558. mál (lausir kjarasamningar o.fl.). — Þskj. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lyfjatjónstryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 208. mál. — Þskj. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 275. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Herminjasafn á Suðurnesjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 338. mál. — Þskj. 444.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Dómstólar, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 415. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 432. mál. — Þskj. 695.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 456. mál. — Þskj. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 462. mál (vegir að sumarbústaðahverfum). — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áframeldi á þorski, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 465. mál. — Þskj. 744.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DÁ, DrH, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, MÁ, ÓÖH, PHB, RHák, SAÞ, SoG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KVM*) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, GHH, GE, HjálmJ, ÍGP, PP, RG, SJóh, SF, SvH, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frh. 1. umr.

Frv. DSigf o.fl., 484. mál (réttur til starfsheitis o.fl.). — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Merkingar hjólreiðabrauta, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 485. mál. — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Afnám eignarskatts á íbúðarhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 494. mál. — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack, 502. mál (sjúkraflug). — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 511. mál. — Þskj. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Bætt umferðaröryggi á þjóðvegum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 528. mál. — Þskj. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 551. mál. — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 569. mál (gróðurvinjar á hálendinu). — Þskj. 878.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ferðasjóður íþróttafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og ÍGP, 570. mál. — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 332. mál. — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 486. mál (starfsemi ákæruvaldsins). — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Dómstólar, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 417. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, 1. umr.

Frv. SJóh o.fl., 286. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 315.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:46.

---

106. FUNDUR

miðvikudaginn 4. apríl,
að loknum 105. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Friðargæsla, fsp. ÞSveinb og RG, 618. mál, þskj. 991.

Til dómsmálaráðherra:

2. Samfélagsþjónusta, fsp. ÞKG, 563. mál, þskj. 869.
3. Lagaheimild til að skylda sakborninga til dvalar á meðferðarstofnun, fsp. MF, 617. mál, þskj. 989.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Átak í lífrænni ræktun, fsp. ÞBack, 580. mál, þskj. 897.

Friðargæsla.

Fsp. ÞSveinb og RG, 618. mál. — Þskj. 991.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Í umræðum um skýrslu utanrrh. á hinu háa Alþingi í liðinni viku kom fram í máli hæstv. ráðherra að unnið væri af fullum krafti að því að stórauka á næstu árum framlag Íslands til friðargæslu. Jafnframt kom fram í máli utanrrh. að fljótlega yrði auglýst eftir fólki sem tilbúið væri til þess að starfa í friðargæslu fyrir Íslands hönd. Af þessu tilefni hef ég lagt fram svohljóðandi fyrirspurn með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur til hæstv. utanrrh., í sex liðum, með leyfi forseta:

1. Hvernig miðar undirbúningi þátttöku Íslendinga í friðargæslu?
2. Hvernig verður framkvæmd friðargæslunnar háttað og hver mun þjálfa íslenska friðargæsluliða?
3. Hvað stendur til að þjálfa marga Íslendinga til slíkra starfa?
4. Hvers konar störf eiga Íslendingar að inna af hendi?
5. Hver er áætlaður kostnaður?
6. Er friðargæslan liður í þátttöku Íslendinga í NATO?

Herra forseti. Í greinargerð sem starfshópur á vegum utanrrn. skilaði sl. haust kemur fram að eðli friðargæslustarfa

hefur breyst mikið, ekki síst á sl. áratug. Verkefnið felst ekki lengur einvörðungu í því að gæta friðar sem komið hefur verið á með samkomulagi stríðandi aðila heldur hefur það orðið víðtækara og margbreytilegra og t.d. beinst að uppbyggingu á stríðshrjáðum svæðum.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að hefðbundin friðargæsla hafði beðið skipbrot í Rúanda 1994 og í Srebrnica í Júgóslavíu 1995. Það er því miður hverju orði sannara. Eitt verða ríki heims að læra af þeim ófyrirgefanlegu mistökum sem þá voru gerð. Friðargæsla verður að hafa mjög skýr markmið og óskoraðan pólitískan stuðning ríkjanna sem leggja til hennar bæði fé og mannafla.

Ég segi þetta hér, herra forseti, vegna þess að þátttaka í friðargæslu kallar ekki bara á starfsmenn heldur virka þátttöku í því ferli sem lýkur með friðarsamkomulagi sem þarf að gæta og framfylgja. Það liggur í augum uppi að starf friðargæsluliðans er bæði vandasamt og hættulegt. Þjálfun og starfsmannahald friðargæsluverkefnisins hlýtur því að kalla á sérfræðiþekkingu á þessu sviði og þess vegna væri fróðlegt að vita með hvaða hætti þeim þáttum verður stjórnað úr ráðuneytinu og hvort hæstv. utanrrh. telur að leita þurfi ráðgafar utan ráðuneytisins í þeim efnum.

[13:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Alþjóðaskrifstofa utanrrn. hefur yfirumsjón með að auka þátttöku Íslands í friðargæslu í samræmi við niðurstöðu starfshóps frá því í október sl. Þar kemur fram að stefnt sé að því að fjölga íslenskum starfsmönnum um fimm á ári næstu þrjú ár þannig að þeir verði 25 á árinu 2003. Síðustu þrjá mánuði hefur verið unnið að undirbúningi en taka þarf tillit til fjölmargra þátta, svo sem kjaramála, trygginga starfsfólks og þjálfunar svo fátt eitt sé nefnt. Undirbúningsvinna hefur verið unnin í samráði við stofnanir og félög, bæði innan lands og utan.

Í sumar er stefnt að því að hefja kynningarstarf og auglýsa eftir fólki sem er reiðubúið að taka þátt í friðargæslu á vegum Íslands. Að loknu kynningarstarfi verður valið úr hópi umsækjenda og þeim raðað á sérstakan lista sem hlotið hefur nafnið Íslenska friðargæslan. Stefnt er að því að á listanum verði allt að 100 einstaklingar sem geta farið í friðargæslustörf með skömmum fyrirvara, komi ósk um það frá hinu alþjóðlega samfélagi. Stefnt er að því að þessi hópur fái ákveðna grunnþjálfun hér á Íslandi en sérstaka þjálfun hjá viðkomandi alþjóðastofnunum þegar nær dregur störfum og ljóst er orðið hvaða verkefni þeim verða falin á vettvangi.

Við undirbúning þjálfunar á Íslandi verður leitað í smiðju innlendra aðila sem hafa reynslu af friðargæslustarfi, þekkingu á hættuástandsstjórnun og öryggismálum og utanrrn. mun skipuleggja fræðslu um alþjóðastofnanir með tilliti til friðargæslu og þátttöku Íslands. Til greina kemur að fulltrúar alþjóðastofnana komi einnig beint að grunnþjálfun hérlendis. Það verður nánar greint frá skipulagi þessarar þjálfunar síðar.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi öflugri þátttöku íslenskra lögreglumanna og hjúkrunarfólks á næstu árum og að efling framlags Íslands til friðargæslu verði einna mest í borgaralegu starfsliði alþjóðastofnana. Haft verður að leiðarljósi að þekking, menntun og reynsla íslenskra starfsmanna komi að sem mestum notum á hverjum tíma. Með því á ég við að ýmsar aðrar þjóðir eru betur til þess fallnar að sinna ákveðnum þáttum friðargæslu en Íslendingar, t.d. þeim sem snúa beint að hernaðarlegum þáttum starfsins. Hins vegar búum við Íslendingar yfir margs konar sérþekkingu sem stenst fyllilega samanburð við aðrar þjóðir og í sumum tilvikum gott betur. Þá þekkingu viljum við nýta í friðargæslu- og uppbyggingarstarfi.

Eins og fram kemur í skýrslu starfshóps um friðargæslu er miðað við að meðaltalskostnaður við hvern starfsmann í friðargæslu sé um 9 millj. kr. á ársgrundvelli. Innifalinn í þessari upphæð er þjálfunarkostnaður, búnaður, ferðakostnaður, lækniskostnaður o.fl. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til friðargæslu hækki um 45–55 millj. kr. á ári næstu tvö ár svo hægt sé að standa undir kostnaði af allt að 25 starfsmönnum erlendis árið 2003 en áætlaður kostnaður af þeim fjölda starfsmanna er 225 millj. kr. á ári. Ofan á það bætist kostnaður aðalskrifstofu utnarrn. vegna aukinnar umsýslu og því má ætla að kostnaður vegna íslenskra starfsmanna í friðargæslu á árinu 2003 verði um 240 millj. kr. miðað við núverandi verðlag og 25 starfsmenn erlendis.

Aukin þátttaka í alþjóðlegri friðargæslu er að sjálfsögðu liður í því að Íslendingar axli ábyrgð innan NATO og áform stjórnvalda þar um hafa verið tilkynnt Atlantshafsbandalaginu. Atlantshafsbandalagið hefur líkt og flestar aðrar alþjóða- og svæðisbundnar stofnanir tekið miklum breytingum á undanförnum árum í takt við breyttar aðstæður í alþjóðakerfinu. Með endurskoðaðri öryggismálastefnu bandalagsins sem samþykkt var á leiðtogafundinum í Washington árið 1999 er undirstrikað vægi sameiginlegra aðgerða bandalagsins utan svæðis, aðgerða á borð við SFOR í Bosníu og KFOR í Kosovo. Þátttaka okkar verður þó ekki bundin við aðgerðir NATO heldur er ætlunin að Íslenska friðargæslan geti ekki síður komið að gagni í aðgerðum Sameinuðu þjóðanna og ÖSE.

Rétt er að taka fram að kveikjan að skipun þessa starfshóps sl. haust var ekki síst þátttaka Íslands í sameiginlegri öryggis- og varnarstefnu Evrópusambandsins. Eins og kunnugt er á sér nú stað mikilvæg þróun í evrópskum öryggis- og varnarmálum og þó íslensk stjórnvöld hafi litið svo á að aðild Íslands að NATO tryggi þátttöku í mótun ákvarðana á sviði öryggis- og varnarmála var Evrópubandalagsríkjunum sex í NATO sem ekki eru aðilar að ESB boðið að tilkynna um framlag sitt inn í þessar aðgerðir og þetta er liður í því.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ákaflega greinargóð svör. Mér þætti þó gott að fá nánari svör um það hvað hæstv. ráðherra heldur að þetta krefjist margra starfsmanna í ráðuneytinu og kannski nánari svör um það til hvaða félaga og stofnana, bæði innan lands og erlendis hafi verið leitað og verði leitað í þessum undirbúningi því að eins og kemur fram í svari hæstv. utanrrh. er hér um mjög viðamikil verkefni að ræða. Það er ekki bara kostnaðarsamt, það er líka mjög viðamikið og gott væri að fá það fram hverjir fleiri koma að þeim undirbúningi.

Það gleður mig líka að heyra að lögð sé áhersla á það að þeir sem eigi að taka þátt í friðargæslu fyrir Íslands hönd skuli vera hluti af borgaralegu starfsliði, enda hlýtur það að teljast eðlilegt í herlausu landi að lögð sé áhersla á slíkt og aðrir betur til þess fallnir að taka að sér hermennskuna eins og hæstv. ráðherra sagði.

Einnig er fengur í því að heyra og fá það staðfest hér, herra forseti, að friðargæslan sé sem slík liður í þátttöku okkar í NATO og liður í því samstarfi sem er á milli NATO og

Evrópusambandsins vegna varnarstoðarinnar þar sem eins og við vitum að Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafa haft nokkrar áhyggjur af framvindu mála þar og því hver aðkoma okkar yrði að því máli. En við munum áfram fylgjast vandlega með því hverju fram vindur og ég vænti þess að eigi síðar en í haust greini hæstv. utanrrh. okkur frá hvernig kynningu á þessu starfi verður háttað.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þeir aðilar sem við höfum haft samráð og samband við út af þessu máli eru fyrst og fremst embætti ríkislögreglustjóra, Rauði krossinn á Íslandi, norræn utanríkisráðuneyti, Atlantshafsbandalagið og fleiri aðila mætti telja til í þessu sambandi.

Rétt er að taka fram vegna fyrirspurnar hv. þm. að það á eftir að koma í ljós hvort unnt er að fjölga íslenskum friðargæsluliðum svo ört sem við erum með áætlanir um. Ef miðað er við það að eðlilegur starfstími hvers starfs séu sex mánuðir, þá þurfa 50 manns að starfa erlendis við friðargæslu á ári hverju til að ná markmiðunum um 25 starfsmenn að staðaldri og við þurfum að sjálfsögðu að taka mið af því hvaða áhugi verður hjá fólki að gefa kost á sér til þessarar friðargæslu og aðstæðum hverju sinni á alþjóðavettvangi.

Ástæðan fyrir því að við leggjum í þetta starf er ekki síst að það fólk sem starfað hefur að friðargæslu á vegum Íslands á alþjóðavettvangi á undanförnum árum hefur staðið sig frábærlega vel. Þetta fólk hefur alls staðar getið sér mjög gott orð og það er eftirsótt hvar sem það hefur verið og hefur staðið sig með þeim hætti að það er mjög eftirsóknarvert að fá það til starfa. Á það er rétt að leggja áherslu og þakka þeim mörgu einstaklingum fyrir það fórnfúsa framlag sem margir hafa lagt af höndum í því sambandi.

Að því er varðar ráðuneytið sjálft, þá höfum við gert ráð fyrir því að það verði fyrst og fremst einn starfsmaður ábyrgur fyrir þessu starfi, a.m.k. til að byrja með. Við væntum þess að einn starfsmaður geti annað því í upphafi en síðan verðum við að sjá til með það hvort fleiri þurfi að koma að, eða hvort ráðuneytið getur annað því með öðrum hætti.

Samfélagsþjónusta.

Fsp. ÞKG, 563. mál. — Þskj. 869.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Með lögum um fangelsi og fangavist frá árinu 1997 sem tóku gildi 1. janúar 1998 varð samfélagsþjónusta endanlega hluti af fullnustu á óskilorðsbundinni refsivist. Síðan samfélagsþjónusta var heimiluð má segja að almennt ríki sátt um þetta úrræði sem slíkt. Hins vegar hefur komið upp gagnrýni og umræður spunnist um hver eigi að ákveða samfélagsþjónustuna, hvaða aðili sé hinn rétti til að ákveða að samfélagsþjónustu verði beitt.

Í núgildandi lögum er það Fangelsismálastofnun sem í sjálfu sér væri ekki óeðlilegt ef samfélagsþjónusta væri ekki refsing. Ég held að flestir fræðimenn séu sammála því að samfélagsþjónusta falli undir það að vera ein tegund refsinga. Samfélagsþjónusta er úrræði sem beitt er vegna afbrota og er því í eðli sínu refsing. Refsingar ákveða dómstólar en ekki stjórnsýslustofnanir.

Sú tilhögun sem er hér við lýði, þ.e. að Fangelsismálastofnun ákveði samfélagsþjónustu, er sérstæð og á sér ekki hliðstæðu í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, t.d. á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þar er ákvörðunarvaldið hjá dómstólum. Samfélagsþjónustu má beita þegar dómar mæla fyrir um óskilorðsbundna refsivist allt að sex mánuðum. Slíkir dómar eru meginhluti allra dóma og hefur Fangelsismálastofnun því mjög rúma heimild sem felst í samfélagsþjónustunni.

Ég hef þegar minnst á að samfélagsþjónusta sé refsing í eðli sínu. Því tel ég rétt að setja ákvæði um samfélagsþjónustu í hegningarlög og gera samfélagsþjónustuna þar með formlega að refsitegund. Dómstólar geta þá beitt þessu refsiúrræði þegar þeir standa frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun að meta hvort sakborningi skuli dæmd óskilorðsbundin refsivist eða skilorðsbundin.

Með tilliti til 2. gr. stjórnarskrár og 65. gr. stjórnarskrár, þ.e. að enginn verði sviptur frelsi sínu nema úrskurður dómara komi til, er í fyllsta máta eðlilegt að hugað verði að endurskoðun á þessu fyrirkomulagi, þ.e. hvernig ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að dómstólar geti beitt þessu refsiúrræði, samfélagsþjónustunni, en ekki Fangelsmálstofnun ríkisins.

[14:04]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur fyrir að beina til mín þessari fyrirspurn um samfélagsþjónustu. Ég vil byrja á að benda á orðalagið í fyrirspurninni. Þar segir að samfélagsþjónusta sé almennt talin refsing við afbrotum. Hér á landi eru refsingar hins vegar sektir eða fangelsi. Samfélagsþjónusta telst því ekki eiginleg refsing heldur fullnustuúrræði fyrir dómþola, þ.e. honum gefst kostur á að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu.

Samfélagsþjónusta hefur frá upphafi verið með þessum hætti samkvæmt þeim lögum sem Alþingi hefur sett um þetta úrræði. Mér er kunnugt um að þetta fyrirkomulag samfélagsþjónustu hefur verið umdeilt, ekki síst af hálfu dómara. Ég vil því gera nokkra grein fyrir þeim rökum sem búa að baki því að skilgreina samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði. Í fyrsta lagi má nefna að þetta fyrirkomulag er talið ná betur því upphaflega markmiði samfélagsþjónustu að hún komi í stað fangelsisrefsingar. Í annan stað má nefna að þetta fyrirkomulag er einfaldara og ódýrara en að skilgreina samfélagsþjónustu sem refsingu.

Því hefur einnig verið hreyft að fyrirkomulag samfélagsþjónustu fái ekki samræmst 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ákvörðun viðurlaga eigi að vera á hendi dómstóla. Gegn þessu hefur verið teflt þeim rökum að það sé í verkahring löggjafans að mæla fyrir um inntak refsinga og fyrirkomulag refsifullnustu. Einnig er á það bent að samfélagsþjónusta sem fullnustuúrræði sé lögbundið og hvíli á lögbundnum skilyrðum. Þá sé úrræðið ívilnandi fyrir dómþola og almennir dómstólar geti endurskoðað ákvarðanir stjórnvalda um samfélagsþjónustu.

Þrátt fyrir þær röksemdir sem ég hef rakið hér og í tilefni af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði hef ég ákveðið að láta fara nánar yfir gildandi reglur um samfélagsþjónustu, enda er brýnt að reglur á þessu sviði orki ekki tvímælis. Þetta verkefni hef ég falið refsiréttarnefnd en samhliða hef ég ákveðið að fram fari úttekt á því hvernig úrræðið hefur reynst í framkvæmd.

Allt bendir til þess að árangurinn af því að bjóða upp á þetta fullnustuúrræði hafi verið nokkuð góður. Nýleg rannsókn um ítrekunartíðni afbrota sýndi t.d. góðan árangur af beitingu samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræðis. Ítrekunartíðni þeirra sem ljúka afplánun með samfélagsþjónustu er mun minni en hjá þeim sem sæta fangelsisrefsingu. Í einföldu máli virðist munurinn svo mikill að álit fræðimanna sem stóðu að rannsókninni var að beiting úrræðisins hefði verið afar farsæl.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel að hér sé hreyft mikilvægu máli. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður, að ég tel brýnt að reglur á þessu sviði orki ekki tvímælis og þess vegna mun ég láta skoða þetta mál sérstaklega.

[14:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur fyrir að taka þetta mál upp og vil koma aðeins inn á það við þetta tækifæri.

Ég átti sæti í nefndinni sem undirbjó lögin sem sett voru árið 1994 og tóku gildi 1995. Þá var talað um að lögin væru aðeins í tilraunaskyni og ætti að endurskoða þau 1997. Þá töldu menn einmitt að þetta ákvæði, í hvers höndum úrræðið ætti að vera, þyrfti að fá um tveggja ára tilraunatímabil og að þeim tíma loknum væri sjálfsagt að færa það yfir til dómstólanna. Það var hins vegar ekki gert 1997.

Ég held að það, að úrskurður um samfélagsþjónustu er ekki hjá dómstólunum, hafi m.a. haft þá afleiðingu að þessu úrræði er mjög sjaldan beitt þegar ungmenni eiga í hlut. Það var aðeins notað í átta tilvikum á tímabilinu 1995–1998 þegar um ungmenni á aldrinum 15–19 ára var að ræða.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir hennar innlegg.

Eins og við var að búast er greinilegt að hæstv. dómsmrh. hefur þegar tekið þetta mál í sínar hendur. Hún ætlar að kanna hvernig þessum málum er best fyrir komið. Ég tel það afar mikilvægt, líka með tilliti til þess að áhöld hafa verið um hvort gengið sé gegn ákveðnum meginreglum í íslensku réttarfari og um leið dómskerfinu.

Ljóst er að þetta refsiúrræði hefur borið mjög góðan árangur. Auðvitað verður það annarra að taka tillit til þess en engu að síður er það mitt mat og annarra, þar á meðal Dómarafélags Íslands, að ákvörðun um þetta úrræði er best fyrir komið hjá dómstólunum sjálfum.

Átak í lífrænni ræktun.

Fsp. ÞBack, 580. mál. — Þskj. 897.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. landbrh. um sérstakt átak í lífrænni ræktun og hún er í fjórum liðum sem ég ætla að lesa upp:

1. Hvernig hefur verið unnið að því að auka hlut landbúnaðarafurða, sem hlotið hafa lífræna vottun, samkvæmt ályktunum Alþingis 4. júní 1998 og 10. mars 1999?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breyttum áherslum í íslenskum landbúnaði við gerð næstu búvörusamninga með tilliti til aðlögunarstuðnings við lífrænan landbúnað?

3. Mun ráðherra leggja áherslu á fjölskyldubú í næstu samningum eins og gert hefur verið erlendis eða mun ráðherra styrkja sérhæfingu í búskap sem oft leiðir til einhæfni og verksmiðjubúskapar?

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstöku átaki í lífrænum landbúnaði með tilliti til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útbreiðslu sjúkdóma í búfé?

Herra forseti. Víða um Evrópu er nú verið að endurskoða landbúnaðarstefnuna með tilliti til þeirra alvarlegu sjúkdóma sem komið hafa upp í búpeningi nú í vetur. Nýr landbúnaðarráðherra Þýskalands, Renate Künast, sem einnig fer með málefni er varðar neytendur og matvæli, hefur boðað veigamikla stefnubreytingu í landbúnaði. Með því vill hún koma til móts við vaxandi þarfir hóps neytenda sem gera kröfur til aukinnar áherslu á lífrænar aðferðir í stað verksmiðjuaðferða í framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Künast er ein þeirra sem lítur á kúariðuvandann sem táknræn endalok úreltra framleiðsluaðferða og hugsunarlausrar neyslu afurða þar sem framleiðslumagn er haft að leiðarljósi fremur en gæði vörunnar.

Herra forseti. Þó við séum enn svo lánsöm hér á landi að stór hluti landbúnaðarins skuli vera blandaður búskapur og fjölskyldubú þá hafa síðustu samningar um sauðfjárrækt og mjókurframleiðslu frekar vísað bændum inn á þá braut að sérhæfast og stækka búin innan einnar búgreinar í stað þess að halda í blandaðan búskap og miða við að gott fjölskyldubú skili eðlilegum tekjum. Í nýjustu samningum er enginn hvati eða markmið til að auka hlut lífrænnar framleiðslu.

Verksmiðjubúskapur er kominn inn í nokkrar greinar hér á landi og er hvað stærstur í hænsnarækt, þ.e. kjúklinga- og eggjaframleiðslu og eins í svínarækt. Fram til þessa hafa flestir íslenskir neyendur sett kröfu um lágt vöruverð ofar kröfu um gott framleiðsluferli og hollustu vörunnar. En á þessu er að verða breyting og því má segja að hinir alvarlegu sjúkdómar í dýrum og ótti við smit með þeim vörum sem fluttar eru inn í landið hafi opnað augu okkar fyrir því að of miklu hefur e.t.v. verið fórnað fyrir mikil afköst og lágt vöruverð.

[14:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr:

„Hvernig hefur verið unnið að því að auka hlut landbúnaðarafurða, sem hlotið hafa lífræna vottun, samkvæmt ályktunum Alþingis 4. júní 1998 og 10. mars 1999?“

Á vegum landbrn. hefur frá árinu 1995 starfað átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Í starfi þess hefur verið lögð áhersla á kynningu og fræðslu meðal bænda um lífræna ræktun og veittur hefur verið fjöldi styrkja til rannsókna á þessu sviði. Ársskýrslum verkefnisins hefur á hverju ári verið dreift til alþingismanna svo þeir hefðu tækifæri til að fylgjast með framvindu þessa verkefnis. Um frekari upplýsingar varðandi þennan 1. lið fyrirspurnarinnar vísa ég til þessara gagna.

Önnur spurning:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir breyttum áherslum í íslenskum landbúnaði við gerð næstu búvörusamninga með tilliti til aðlögunarstuðnings við lífrænan landbúnað?“

Núgildandi búvörusamningur um mjólkurframleiðslu gildir til ársloka 2005 og nýgerður samningur um sauðfjárframleiðslu gildir til ársins 2007. Ekki eru uppi áform um endurskoðun þessara samninga með tilliti til þess hvernig auka megi lífræna framleiðslu. Hins vegar er samningur um framlög ríkisins samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, nú í endurskoðun. Í þeim viðræðum hafa fulltrúar landbrn. lagt fram hugmyndir um sérstök framlög til aðlögunar lífrænni framleiðslu er komi til framkvæmda frá árinu 2002.

Þriðja spurning:

„Mun ráðherra leggja áherslu á fjölskyldubú í næstu samningum eins og gert hefur verið erlendis eða mun ráðherra styrkja sérhæfingu í búskap sem oft leiðir til einhæfni og verksmiðjubúskapar?"

Ég vil svara því þannig að einingar í íslenskum landbúnaði eru nær undantekningarlaust fjölskyldubú og hefur það verið afstaða stjórnvalda og samtaka bænda á undanförnum áratugum að slíkt rekstrarform væri ákjósanlegt við íslenskar aðstæður. Hins vegar hafa einingarnar stækkað á undanförnum áratugum og þeim fækkað. Þar veldur mestu krafa um aukna hagræðingu og lægra vöruverð og svo að sjálfsögðu krafa bændafjölskyldna um hliðstæða afkomu og aðrir í samfélaginu njóta. Þá fylgir mikill kostnaður tæknivæðingu í nútímalandbúnaði svo og kröfum sem gerðar eru til alls útbúnaðar og aðstöðu við framleiðsluna. Nær útilokað er fyrir mjög smáar einingar, því miður, að standa undir slíkum kostnaði. Ég vil að menn forðist að bera saman íslenskan landbúnað og þann landbúnað sem starfar í landinu og er rekinn á þessum fjölskyldugrundvelli og líkja honum við Evrópubúskapinn, verksmiðjurnar stóru sem nú eru eins og himnarnir að hrynja yfir bændur og neytendur í mörgum þjóðlöndum. Við Íslendingar höfum verið gæfumenn að því leyti að við höfum lagt áherslu á þennan fjölskyldubúskap. Sannarlega er það svo að það hefur reynst okkur vel og það sem auðvitað er líka gagnlegt er að á síðustu árum hefur verið samstaða ríkisstjórnar og Alþingis um að auka hlutverk íslenskra bændafjölskyldna við mörg önnur verkefni, þ.e. hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins sem skiptir svo miklu máli í framtíðinni.

Síðasta spurning hv. þm.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstöku átaki í lífrænum landbúnaði með tilliti til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útbreiðslu sjúkdóma í búfé?"

Ég vil svara því þannig að stefna þess ráðherra sem hér er er að allt sé gert sem hægt er til að verjast sjúkdómum í landbúnaðinum án tillits til þess hvort um er að ræða hefðbundinn eða lífrænan landbúnað. Ég hef fyrr sagt að lífrænn landbúnaður á heimsvísu vísar okkur leið. Hann er ljós í veröldinni sem markar nýja stefnu og hefur áhrif, ekki síst áhrif á þá þróun að stóri verksmiðjubúskapurinn, sóðaskapurinn, misbeiting við skepnur, ill meðferð á náttúru landsins mun eiga undir högg að sækja og þeir bændur í mörgum þjóðlöndum sem hafa gengið þessa leið eða með þessum hætti verða að víkja út úr framleiðslunni. Ég vona að við Íslendingar berum gæfu til að einangra þessa aðila og þeir nái ekki tökum á íslenskri náttúru eða verði bændur í íslenskum landbúnaði. Þess vegna þurfum við að gera allt hér til þess að það verði ábyrgar fjölskyldur sem elska náttúru landsins og kunna með búfé (Forseti hringir.) að fara, hæstv. forseti, sem framleiða að auki þær frábæru vörur sem nú eru á borðum íslenskra neytenda.

[14:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Maður á því ekki að venjast að hæstv. landbrh. svari tómri froðu. En ég verð að segja alveg eins og er að við þessari ágætu fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman kemur hæstv. landbrh. með ákaflega illa grundað svar.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir, að himnarnir eru að hrynja yfir verksmiðjubúskapinn úti í Evrópu. Við, mannskepnan, höfum misboðið náttúrunni og lífríkinu með þeim framleiðsluháttum sem við höfum tekið upp þar og við erum að uppskera eins og við höfum sáð. Það þýðir hins vegar, herra forseti, að þegar himnarnir hrynja yfir þessa tegund búvöruframleiðslu þá opnast glufa fyrir lífrænan landbúnað og hér er verið að spyrja: Er engin áætlun af hálfu hæstv. landbrh. til þess að efla lífrænan landbúnað? Svarið er greinilega það að ekkert er verið að hugsa fyrir því í landbrn. að notfæra sér þetta. Ef eitthvað gæti orðið vaxtarbroddur í íslenskum landbúnaði þá er það (Forseti hringir.) lífræn ræktun, en það er ljóst að hæstv. ráðherra er ekki að búa sig undir framtíðina að þessu leyti.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það að mér þóttu svör hæstv. ráðherra heldur þunn í roðinu og það virðist vera unnið á hraða snigilsins a.m.k. hvað það varðar að endurmeta stöðu hlutanna í ljósi atburða að undanförnu.

Hæstv. ráðherra orðaði það einhvern veginn þannig að hann vildi ekki að íslenskur fjölskyldubúskapur yrði borinn saman við evrópsku verksmiðjubúin sem væru nú að hrynja ofan á höfuðin á evrópskum bændum. Ég held að þarna eigi að varast allar alhæfingar. Staðreyndin er sú að það eru til lönd í Evrópu sem standa dyggan vörð um hefðbundinn fjölskyldubúskap. Má þar nefna Sviss og alpabúskapinn þar og það mætti einnig nefna að mörgu leyti Noreg sem einmitt hefur byggt á því að varðveita hefðbundnar fjölskyldueiningar í norskum landbúnaði. Á hinn bóginn má líka líta til þess að á Íslandi hafa menn jafnvel leyft stórfelldari samþjöppun og meiri verksmiðjubúskap en víðast hvar annars staðar og ég nefni þar sem dæmi svínarækt. Á Íslandi eru ekki sambærileg ákvæði, t.d. um afnot svínabænda af landi til þess að afsetja áburð, eins og er í Danmörku og tryggja ákveðna dreifingu (Forseti hringir.) þeirra búskaparhátta þar í landi. Þar gætum við Íslendingar lært af öðrum en ekki öfugt.

[14:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir gagnrýni hv. þingmanna á svör hæstv. ráðherra. Hann veit sjálfur mætavel um vægi lífrænnar framleiðslu í átaksverkefninu og hann á ekki að koma hér og veifa ársskýrslum Áforms – átaks til þess að styðja við bakið á stefnu landbrn. í lífrænni framleiðslu. Hæstv. ráðherra verður líka að vera samkvæmur sjálfum sér. Ef hæstv. ráðherra er á móti verksmiðjubúskap eins og hann er tíðkaður upp á evrópska vísu þá þarf hann að vera það heilt í gegn, líka í laxeldi og líka í svínarækt. Hæstv. ráðherra veit mætavel að við erum í feigðarflani miðju í þeim efnum og ef hæstv. ráðherra ætlar ekki að skilja að lífræn framleiðsla er í útlöndum flokkuð sem umhverfisvernd þá veit ég ekki hvað við eigum að gera við hann, herra forseti, því menn verða að skilja það að lífræn framleiðsla flokkast ekki undir hefðbundna landbúnaðarframleiðslu. Það er algerlega á hreinu. Skilgreiningarnar eru á kláru í útlöndum. Við verðum að fá

tækifæri til að innleiða þær sömu skilgreiningar hér.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég ætla að vona að það hafi komið skýrt fram í máli mínu áðan að ég var ekki að líkja ástandinu hér við það sem verst gerist í Evrópu, verksmiðjubúskapinn eins og hann er hvað sóðalegastur þar. Ég lýsti aftur á móti framleiðsluháttum hér, með hefðbundnum fjölskyldueiningum í búskapnum og ég vil að við styðjum við þær einingar.

Ég sakna hins vegar þess að við skulum ekki setja okkur markmið, áætlun um hvernig við ætlum að koma á auknum lífrænum búskap með ákveðnu prósentutali, til einhverra ára og fara að vinna að því. Ég ætla að vona að það komi inn í næsta búvörusamning og að sú krafa komi frá bændum sjálfum. Sannarlega tíðkast hér fjölskyldubúskapur og þau bú styrkja byggðirnar. Við horfum upp á að með frjálsu framsali á kvóta, bæði á mjólk og sauðfé, þá fækkar í sveitum. Ég hvet hæstv. landbrh. til að fylgjast vel með þeirri þróun. Eina leiðin til að grípa þar inn í er í gegnum búvörusamninga við bændur. Vissulega er verið að koma á gæðastjórnun í landbúnaði. Það getur komið okkur inn á vistvænni braut en þá verðum við að fara að vinna eftir þeim reglum.

Herra forseti. Mér er ljóst að ýmislegt er verið að gera. Bændaháskólinn á Hvanneyri hefur komið upp sérstakri braut í lífrænum landbúnaði. Átaksverkefnið er í gangi og er ýmislegt að gera en við verðum að hætta að halda að okkur höndum. Við þurfum að breyta áherslum í landbúnaði og fara að auka mátt lífrænna búskaparhátta.

[14:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þetta er skemmtileg umræða og titringur í liðinu eins og sagt er. Ég vil fyrst og fremst segja að ég vona að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir geri hvorki eitt eða neitt við mig. Ég þarf í sjálfu sér ekkert af hennar úrræðum að læra. Hins vegar þyrfti hv. þm. kannski að átta sig á því að íslenskur landbúnaður er nær því að vera lífrænn á mörgum sviðum. Við getum vart gengið lengra. Sauðfjárbúskapurinn er að stórum hluta við það að vera lífrænn. Þarf lítið að gera til að svo sé alfarið. Þar er frábær búskapur og afurðir sem heillar neytendur víða um lönd. Ég hygg að hið sama sé að segja um mjólkina.

Ég hef tekið þátt í því að opna lífræna miðstöð á Hvanneyri. Ég hef sagt frá því án þess að eyru þingmanna nemi, t.d. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að ég er núna að vinna að því í ráðuneyti mínu að framlög til búnaðarmála falli sérstaklega til stuðnings við bændur í lífrænni ræktun. Þetta sagði ég í ræðu minni en menn kjósa að heyra ekki.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er fyrrv. landbrh. Í hans tíð varð ekki minni samþjöppun en í tíð annarra ráðherra. Ég hygg að kjúklingabúskapur og svínabúskapur hafi á þeim tíma gengið mjög saman og færst á færri hendur eins og reyndar hefur gerst síðar. Hv. þm. ber þar auðvitað sína ábyrgð.

Ég vil taka það fram að ég horfi á lífrænan landbúnað sem ákveðið tækifæri. Hann getur þó aldrei orðið stórfelldur vegna þess hversu góðan vistvænan landbúnað, skulum við kalla það, við eigum og hversu íslenskir neytendur eru heillaðir af þeim vörum. Þeir eru ekki að spyrja eftir lífrænum vörum nema þá tiltölulega lítill hópur. Þeim markaði þurfum við að fylgja eftir og við þurfum að stækka þær framleiðslueiningar. Að því er unnið í mínu ráðuneyti í góðri samvinnu við Bændasamtök Íslands. Þessi verkefni eru öll í gangi.

Ég vil síðan þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir þessa umræðu. Ég hygg að við höfum á mörgum sviðum svipaðar skoðanir um þetta. Það er mikilvægt að við höldum vöku okkar og brýnum vopnin öðru hverju.

[14:36]

Útbýting þingskjala:

Iðntæknistofnun, 650. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1028.

Klæðningarverkefni hjá Vegagerðinni, 537. mál, svar samgrh., þskj. 986.

Vatnalög, 663. mál, frv. SJS og KolH, þskj. 1041.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í vinnudeilum sjómanna og LÍÚ.

[14:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna hafa meira og minna verið í uppnámi um árabil. Sjómenn hafa á síðustu 14 árum mátt búa við að vera samningslausir um það bil helming þess tíma. Síðast höfðu þeir verið samningslausir í meira en ár áður en verkfallsvopninu var beitt til að mynda þann þrýsting sem augljóslega þurfti til að koma í gang alvöruviðræðum. Það verkfall hafði hins vegar ekki staðið nema liðlega þrjá sólarhringa þegar stjórnvöld gripu inn í og frestuðu því um hálfan mánuð. Nú er sá tími liðinn. Samningar tókust ekki, enda þrýstingurinn af tekinn. Verkfall er skollið á að nýju.

Þetta söguágrip, herra forseti, sýnir glögglega í hve sérkennilegri stöðu sjómenn eru og hve samningsumhverfi þeirra er erfitt. Starfsumhverfi þeirra og þar með samningsumhverfi er mjög mótað af stjórnvöldum, einkum þó ráðherrum Sjálfstfl. sem hafa nú setið í sjútvrn. samfellt í rúman áratug. Þeir bera því umfram aðra ábyrgð á því fyrirkomulagi sem ríkir í greininni, þ.e. að viðskipti með afla skuli ekki lúta eðlilegum viðskiptalögmálum. Þeir hafa með útvegsmönnum staðið gegn því að eðlilegir viðskiptahættir fái að ríkja í greininni, heldur gildir verðsamráðsreglan eða að útvegsmenn geti keypt afla af sjálfum sér á verði sem er fjarri markaðsverði og jafnvel notað veiðiheimildir sem gjaldmiðil. Þessi staða minnir í ýmsu, herra forseti, á grænmetismarkaðinn og markar auðvitað mjög stöðu sjómanna þegar kemur að samningum.

Eftir tvo daga fara þingmenn í páskaleyfi. Þingið gerir þá kröfu til hæstv. sjútvrh. að hann, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, tali skýrar en hann hefur gert um hvort það sé afdráttarlaust að nú verði aðilum gefið það svigrúm sem þeir telja sig þurfa til að ljúka samningum sínum. Það hefur ráðherra ekki gert. Svör hans hafa verið misvísandi og loðin. Það er ekki nóg að það sé sjónarmið ráðherranna að deiluaðilar þurfi að leysa deiluna þegar sjútvrh. bætir því við að takmörk séu fyrir því hvað hægt sé að láta svona deilu standa lengi, eins og hann orðaði það í Bylgjufréttum á sunnudag. Eða þegar á hann var gengið með það í sjónvarpinu sama kvöld hvort sett yrðu lög á verkfallið svaraði hann því til að um það vildi hann ekkert segja núna.

Vegna ábyrgðar stjórnvalda á starfsumhverfinu er líka nauðsynlegt, herra forseti, að það sé gert alveg skýrt hvort stjórnvöld ætla að mæta þeim kröfum sem gerðar hafa verið um breytingar á frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa. Í

þeim eru ákvæði sem stjórnvöld vita að standa eins og fleinn í holdi stéttarfélaganna.

Herra forseti. Sjútvrh. sagði í fjölmiðlum, dagana áður en gripið var inn í deiluna með lagasetningu, að slíkt stæði ekki til. Menn geta því spurt og það réttilega hvort ástæða sé til að trúa orðum ráðherra núna, um að deiluaðilar fái að ljúka málum sínum með samningum. Ég hef sagst vilja gera á því greinarmun hvort ráðherra lætur þau orð falla í fjölmiðlum eða hvort hann gerir slíkt úr ræðustóli Alþingis. Ég vil trúa því að orð ráðherra séu þyngri, þeim fylgi meiri ábyrgð, séu þau mælt í þingsalnum.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar tækifæri til þess hér og nú að senda deiluaðilum ákveðnari skilaboð en hann gerði í fjölmiðlum í þann mund sem verkfallið var að skella á aftur. Það er engin þörf á að menn víki sér undan því að svara einarðlega. Deiluaðilar þurfa hins vegar á því að halda að vita nákvæmlega hvar þeir standa. Ég skora því á ráðherra að axla ábyrgð ríkisstjórnarinnar á því hvernig komið er og nýta þetta tækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum og ríkisstjórnarinnar hvað framangreind atriði varðar. Þannig mundi hann treysta forsendurnar fyrir því að báðir aðilar takist á við það verkefni sitt að semja í fullvissu þess að það sé þeirra að ljúka samningi og axla ábyrgð af framkvæmd þess samnings.

[14:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er vissulega ekki góð staða sem uppi er í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Ég hefði gjarnan viljað að þetta verkfall hefði ekki skollið á aftur en því miður reyndist ekki unnt að ljúka deilunni fyrir 1. apríl sl. Hins vegar er það ekki svo að deiluaðilar séu ekki að reyna. Ég þykist fullviss um að þeir séu að reyna að ná samkomulagi og staðan er heldur ekki sú að ekkert hafi þokast. Hins vegar þokast afar hægt. Það er kannski ekkert skrýtið því að þetta er áralöng deila sem ekki hefur reynst unnt að leysa og sífellt hefur verið frestað til betri tíma, ef hægt er að tala um að sá tími sé til.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vill heyra frá mér hvað ég muni leggja til varðandi þessa deilu á næstunni. Hún telur að ég tali eitthvað óðruvísi úr ræðustól á hv. Alþingi en annars staðar. Það geri ég ekki. Ég segi nákvæmlega sömu hlutina við hv. þm. og við aðra sem ég ræði þessi mál við. Ég segi sannleikann og tala af jafnmikilli hreinskilni, alveg sama við hvern ég er að tala og alveg sama hvar ég segi hlutina. Ég endurtek því það sem ég hef sagt áður, að deilan verður ekki leyst á Alþingi. Það eru einungis deiluaðilar sjálfir sem geta leyst deiluna og leitt hana til lykta. Afskipti Alþingis hafa einungis verið til þess að fresta niðurstöðu deilunnar og ég tel þess vegna nauðsynlegt að deiluaðilar fái svigrúm til að leysa þessa gömlu og torleystu deilu.

Hins vegar er það líka svo, það held ég að allir viti sem um þessi mál fjalla á annað borð, að verkfall sjómanna á Íslandi getur ekki staðið endalaust. Þetta hef ég líka sagt deiluaðilum. Þeir gera sér fullkomlega grein fyrir því. Þeir vilja hins vegar tíma og þurfa tíma. Ég vil leitast við að gefa þeim þann tíma sem þeir þurfa. En þeir hafa ekki ótakmarkaðan tíma til að leysa þessa deilu. Það þolir íslenskt þjóðarbú og íslenskt efnahagslíf ekki.

Lengsta verkfall sjómanna síðustu 20 árin stóð í þrjár vikur. Ég er ekki að segja að það sé tímasetning sem skipti máli í þessu samhengi en ég segi þetta einungis til að menn leiði hugann að því hversu mikinn tíma menn hafa, menn skoði þetta aðeins í því samhengi. Deiluaðilar hafa sjálfir nefnt styttri tíma. Ég ætla hjartanlega að vona að þeir geti leyst þetta á þeirri viku eða rúmlega það eins og hluti þeirra hefur nefnt í þessu efni.

Ég endurtek að deilan verður ekki leyst nema af hálfu deiluaðila sjálfra. Í dag eru engin áform uppi um að leggja til lagasetningu sem fresti deilunni. Ég vil að deiluaðilar leysi deiluna sjálfir en ég vil líka að þeir og allir viti að þeir hafa ekki endalausan tíma til þess.

Að endingu er kannski ágætt að hafa það í huga að þegar deiluaðilar eru komnir af stað með að finna lausnina, eru að vissu leyti búnir að rjúfa ákveðinn múr og deilan, eins og fram hefur komið, er farin að snúast meira um krónur og aura en grundvallaratriði, þá er líka erfiðara fyrir löggjafann að grípa inn í deiluna og fresta henni með lagasetningu. Þess vegna má segja að þegar deiluaðilar hafa þó náð þeim árangri, sem fram hefur komið að þeir hafa náð, þá er ábyrgð þeirra á því að leiða þessa deilu til lykta enn meiri. Þeir þurfa að gera það farsællega þannig að lausnin sé til frambúðar og við þurfum ekki að endurupplifa svipaðar deilur að skömmum tíma liðnum.

[14:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það vantar mikið upp á að hæstv. sjútvrh. gefi afdráttarlaus svör. Mér fannst hann kominn æðinærri því að hóta lagasetningu að liðinni einni viku. Í þeirri harðvítugu baráttu sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur háð gegn sjómönnum og m.a. hefur leitt til þess að þeir hafa á undangengnum 14 árum verið án kjarasamninga í 6 1/2 ár, þar með kjarasamningslausir í 13 mánuði áður en til verkfalls kom, þá hafa útvegsmenn alltaf getað reitt sig á að ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar leysti þá niður úr snörunni með lagasetningu. Þess vegna er rökrétt að álykta og reyndar fullyrða að ríkisstjórnin beri mikla ábyrgð á þeim hnút sem þessi kjaradeila er komin í. Mér finnst mikilvægt að þjóðin geri sér grein fyrir þeirri óbilgirni sem sjómenn mæta af hálfu útvegsmanna þegar þeir bera fram kröfur um að hækka tekjutryggingu sjómanna, að hækka tekjutryggingu háseta sem nú er í 86 þús. kr., að laga lífeyrisréttindin og færa þau í svipað horf og aðrar stéttir hafa samið um, að laga slysatryggingu sjómanna og að sjálfsögðu að taka á ranglátu verðmyndunarkerfi sem sjómenn hafa um árabil reynt að knýja fram viðræður um við útvegsmenn.

Deiluaðilar, þá er ég ekki aðeins að tala um sjómenn heldur miklu fremur um útvegsmenn, þurfa afdráttarlaust að fá að vita að ríkisstjórnin muni ekki leysa þá niður úr snörunni með lagasetningu að þessu sinni. Þess vegna þarf hæstv. sjútvrh. að tala miklu skýrar en hann gerði í ræðu sinni áðan.

[14:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt í deilum hjá útvegsmönnum og sjómönnum eins og öðrum stéttum að hafa þá meginreglu að samningsaðilar leysi deiluna sjálfir án þess að ríkisvaldið grípi inn í með lagasetningu sem jafnvel er í óþökk beggja aðila eins og dæmi er um, enda sýnir reynslan okkur að það hefur ekki stuðlað að lausn málsins. Hnúturinn sem höggvið var á reyndist óleystur og kom í ljós á nýjan leik þegar áhrifum lagasetningar lauk.

Hins vegar er ekki hægt að útiloka það að Alþingi þurfi að koma að lausn málsins með lagasetningu. Það hefur verið gert m.a. með því að koma til móts við kröfur sjómanna um

að koma í veg fyrir að útvegsmenn neyddu áhafnir til að taka þátt í leigu á kvóta, sem ég hygg að hafi verið sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi gerði á sínum tíma.

Megindeiluefnið, eins og ég sé málið fyrir mér núna, lýtur að verðlagningu á sjávarafla sem ræður tekjum sjómanna. Þegar afli fer um markað þá eru engar deilur um það mál. Þær rísa þegar útvegsmaðurinn sem seljandi er líka kaupandinn og hefur hag af því að hafa verðið lágt og lækka þannig hlut sjómanna. Ég hygg að þetta atriði valdi hvað mestum erfiðleikum í þessari deilu og geri það að verkum að reynst hefur erfitt að leysa úr henni.

Ég er ekki viss um að það sé nauðsyn á lagasetningu frá Alþingi til þess að leysa úr þessari þrætu. Ég sé ekki annað en að deiluaðilar eigi að geta leyst málið með því að viðhalda hlutaskiptakerfinu. Það má þá miða við verðmæti af endanlegri afurð fisksins en ekki bara verðmæti afla úr sjó eins og gert er í dag. Ég vísa þar til samninga við frystiskip. Ég vænti þess, herra forseti, að það sé á valdi deiluaðila að leysa úr málinu.

[14:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Mér finnst það liggja ljóst fyrir að þau lög sem sett voru á verkfall sjómanna eftir að það hafði staðið í rúma þrjá sólarhringa 19. mars sl. var mikið óhappaverk. Stjórnvöld hafa með aðgerðum sínum orðið til þess að deilan mun dragast á langinn. Mesta deilumálið er enn sem fyrr sú staðreynd að útgerðin, sem ætti að eiga sameiginlega hagsmuni með sjómönnum í frjálsri verðmyndun á fiskmarkaði, vill alls ekki að frelsi markaðarins ráði fiskverði hér á landi.

Nágrannaþjóðir okkar hafa náð miklum þjóðhagslegum ávinningi af frjálsri verðmyndun á fiskmarkaði. Í því sambandi nægir að vitna til næstu nágranna okkar, Færeyinga. Þar hafa mál þróast þannig að færeyskir sjómenn hafa tvöfaldað árlegt aflaverðmæti sitt frá árinu 1996 og meira en þrefaldað það frá árinu 1993. Aflaverðmæti ársins í fyrra var heilum 58% yfir meðalverði árlegra aflaverðmæta frá 1993–1999.

Meðalverð á öllum botnfiski sjómanna í Færeyjum var þá 120 ísl. kr. á kg. Það er 39% hærra að meðaltali en síðustu sjö ár þar á undan. Færeyingar reyndu að nota kvótakerfið en köstuðu því fyrir róða þar sem þeir töldu það ónothæft vegna kvótasvindls og brottkasts. Veiðar og vinnsla eru aðskilin og allur fiskur sem berst á land fer á uppboðsmarkað. Eiginfjárstaða útgerðarinnar er talin mjög sterk og litlar skuldir hvíla á flotanum. Velgengni í útgerðinni virðist skila sér í Færeyjum. Þar er vaxandi velmegun.

Hér snýst deilan um það hvort þeir sem hafa kvótann geti ekki áfram selt sjálfum sér aflann á hálfvirði miðað við það sem frjáls verðmyndun markaðar gefur af sér. Er ásættanlegt að sjómenn eigi að semja um það hvað stórútgerðarmennirnir, sem jafnframt eru fiskverkendur, eigi að greiða sjálfum sér í auðlindarentu af hverju kílói kvótans? Forsrh. berast nú mótmæli víða að úr heiminum frá frjálsum verkalýðsfélögum sem mótmæla endurteknum lagainngripum stjórnvalda á Íslandi. Sjómenn verða að fá frið til samninga en ríkisstjórnin hefur tafið lausn deilunnar.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það var kominn tími til þess að hið háa Alþingi eignaðist drottin allsherjar. Hæstv. sjútvrh. kemur hingað og talar eins og hann sé guð almáttugur. Hann ætlar að leitast við að gefa deiluaðilum tíma og segir meira segja hér um bil hve langan tíma hann ætlar að gefa þeim, svona um það bil viku. Það mátti skilja af orðum hæstv. ráðherra. Þegar því er lokið ætlar hann reyndar að skikka þá til og kjósa mönnum örlög, nema að í þessu tilviki er það bara öðrum aðilanum sem hann ætlar að kjósa örlög, þ.e. sjómönnunum. Þannig hefur það alltaf verið.

Árum saman hafa sjómenn mátt búa við að ráðherrar Sjálfstfl., þ.e. stjórnvöld, grípi inn í deiluna. Um leið liggur fyrir að útgerðarmenn geta gengið að því sem vísu að þeir þurfi ekki að ná samningum, þeir þurfi ekki að ganga að samningum við sjómenn. Þá skapast umhverfi sem örvar menn ekki til þeirrar ábyrgðar sem felst í því að ná samkomulagi. Það er þetta óholla umhverfi sem er verið að skapa með þessari vinnuaðferð.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra tali skýrt. Við skulum ekki gleyma því að þegar menn gengu til þess að setja lög um daginn þá sögðu hæstv. ráðherrar, m.a. hæstv. sjútvrh., að málin væru komin það langt að það þyrfti ekki nema pínulítið í viðbót og þess vegna væri verkfallinu frestað til þess að hægt væri að gera mönnum kleift að ljúka málinu.

Það hefur síðan komið fram hjá talsmönnum sjómanna að þetta hafi verið eins og sandur í gangverkið, að þetta hafi verið óhappaverk sem hafi orðið til þess að tefja málið. Nú lýsir hæstv. sjútvrh. því nánast yfir að ef menn verði ekki búnir að ganga frá þessu máli innan tilölulega skamms tíma þá muni hann aftur hlutast til um deiluna í formi lagasetningar.

Herra forseti. Það er ákaflega óheppileg íhlutun af hæstv. ráðherra.

[14:55]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er fullkomin ástæða til að hið háa Alþingi ræði kjaramál sjómanna og kjaradeilu þeirra sem í raun er meira en áratugargömul án viðunandi lausnar. Hún er óvenjuhörð, viðkvæm og nær til fjölþættra deiluefna.

Þessi harða deila sem stjórnvöld hafa því miður oft séð sig tilknúin að grípa inn í er enn á borðinu og fjölmargir deiluaðilar hafa tjáð sig með mismunandi hætti, sérstaklega um inngrip stjórnvalda sem ég verð að segja að ástæða hafi verið til í gegnum tíðina. Þegar mikilvægasta atvinnugrein landsmanna er stöðvuð með kjaradeiluaðgerðum þá hljóta stjórnvöld að vega og meta hvað sé til lausnar þeim vanda, sem þá steðjar ekki aðeins að greininni sjálfri heldur líka öðrum greinum og stórum hluta byggðanna við sjávarsíðuna. Þessi grein er stærsti viðskiptaaðili nær alls iðnaðar í þessum byggðum þannig að undir liggur atvinnuöryggi nær allra sem þar búa, ekki aðeins sjómanna sjálfra en öryggi þeirra hvílir einnig á rekstraröryggi sjávarútvegsins.

Auðvitað er það á ábyrgð deiluaðila að ná samkomulagi. Þeir þurfa til þess ráðrúm en því miður hefur ráðrúm undanfarins áratugar og meira til ekki dugað. Það er bara staðreynd og það er á ábyrgð ráðherra að skapa almenn og góð skilyrði fyrir þessa starfsgrein, samkeppnishæf skilyrði og kjör til að bjarga verðmætum fyrir þjóðarbúið og forða þannig landsmönnum frá efnahagslegu tjóni.

Hins vegar er ljóst af þessari deilu, herra forseti, og hefur raunar blasað við nokkuð lengi, að deiluaðilar verða sjálfir að eiga hlut að því að skapa betri farveg til að leysa hana. Hún er ekkert nýmæli og hefur staðið meira en áratug eins og ég hef sagt. Þeir hljóta sjálfir að móta lausnina og bera ábyrgð á henni.

[14:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að segjast að þessi mál eru í ákaflega ógæfulegum farvegi og ekki hefur ástandið skánað við þessa umræðu í dag og ræðu hæstv. ráðherra. Það er harla ónotalegt að heyra hæstv. ráðherra tala um verkfall sjómanna og verkfallsrétt þeirra í ljósi þess að hér á í hlut stétt sem hefur samnings- og verkfallsrétt. Í orðum hæstv. ráðherra lá að sá réttur væri sérstaklega takmarkaður við íslenskar aðstæður. Það að tala jafnvel um tímalengdina sem það sé þolandi fyrir þjóðarbúið að þessi stétt njóti réttar síns, að mega leggja niður vinnu til að þrýsta á um kröfur sínar um að við þá sé samið um kaup og kjör, er mjög hættulegur málflutningur.

Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að átta sig á því að annaðhvort hafa menn þessa stöðu á vinnumarkaði, samnings- og verkfallsrétt sem er lögvarinn og mjög helgur réttur, eða ekki. Menn verða að koma kjaramálum einstakra hópa í samfélaginu fyrir með öðrum hætti ef þeir telja stöðu þeirra þannig að það gangi ekki upp að þeir hafi þennan rétt. Í reynd var hæstv. ráðherra að segja að réttur sjómanna væri takmarkaður af því að verkfall mætti aldrei standa nema skamman tíma, þjóðarbúið þyldi það ekki. Hvað er verið að gera með slíku tali? Það er auðvitað verið að slæva þetta vopn sjómanna og fullvissa viðsemjendur þeirra um að þeir geti bara hallað sér aftur á bak, dregið andann rólega um skeið og þá komi ríkisstjórnin, setji lög og skeri þá niður úr snörunni.

Þetta eru auðvitað óþolandi aðstæður, herra forseti. Maður hefur það ónotalega á tilfinningunni að þau öfl muni hafa sitt fram eins og oft áður sem vilja óbreytt ástand og hagnast á því, eru í skjóli af ríkisvaldinu og meiri hluta þess á Alþingi, að gamla sagan sé að endurtaka sig einu sinni enn.

[15:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Deilan verður ekki leyst á Alþingi, sagði hæstv. ráðherra. En ábyrgð Alþingis er mikil í þessu máli. Hér hefur starfsumhverfi samningsaðilanna verið skapað.

Í fyrsta lagi með löggjöf um stjórn fiskveiða, þar sem útgerðarmönnum er fengið ígildi eignarhalds á fiskinum í sjónum og leyfi til að kaupa og selja aðganginn að auðlindinni. Þeir hafa þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í samningum og breytingar á lögum haldið áfram að láta sjómenn taka þátt í þessu braski með veiðiheimildirnar. Þetta hefur verið aðalátakamálið í mörgum undanförnum samningum.

Í öðru lagi með því að vilja ekki koma á fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu og viðhalda þess vegna því fáránlega fyrirkomulagi, að þeir sem eru bæði í veiðum og vinnslu geti samið við sjálfa sig um fiskverð. Umtalað samráð á grænmetismarkaðnum er barnaleikur við hliðina á þeim stórkostlegu hagsmunum sem eru í húfi í viðskiptum með fisk, þar sem einn vasinn verslar við annan. Það þarf sko engar gönguferðir um Öskjuhlíðina til að ná sátt um verðið því það er yfirleitt einn maður sem ákveður það og tilkynnir.

Í þriðja lagi ber hv. Alþingi ábyrgðina með því að grípa alltaf inn í samninga milli sjómanna og útvegsmanna og festa þannig sífellt í sessi ástand sem sjómenn hafa reynt að breyta með samningum. Með þessu hefur Alþingi ævinlega gengið í lið með útgerðarmönnum í þessum deilum. Þessi ítrekuðu afskipti hanga stöðugt yfir samningamönnum og eru í reynd vopn í höndum útgerðarmanna. Þeir telja sig raunar ekki þurfa að semja til að ná fram framlengingu á óbreyttu ástandi. Þó að samningar náist nú vegna mikils þrýstings á báða samningsaðila þá munu þeir aldrei leysa þann vanda sem leysa þarf hér á Alþingi.

Það þarf að gjörbreyta stefnu í öllu þeim atriðum sem ég hef nefnt. Sjútvrh. þarf að svara því hér hvort hann ætli í alvöru að axla ábyrgð á starfi sínu með því að beita sér fyrir því að tekið verði á rótum vandans. Verði það ekki gert munu þeir samningar sem sjómenn og útvegsmenn gera núna ekki halda frekar en aðrir samningar sem þeir hafa gert.

[15:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Verkfallsrétturinn var á öndverðri síðustu öld neyðarréttur fátæks fólks til að ná fram bættum kjörum. Til að tryggja hann voru sett í lög alls konar ákvæði, m.a. um að aðilar beri ekki ábyrgð á tjóni þriðja aðila vegna verkfallsátaka. Þannig eiga námsmenn ekki kröfu þó þeir hafi tapað heilu ári í síðustu verkfallsdeilum, ferðafólk á ekki kröfurétt þó það missi af vélinni sinni vegna verkfalls o.s.frv.

Verkfallsrétturinn er stórlega misnotaður í dag. Þær stéttir fá hæst laun sem valda þriðja aðila mestu tjóni. Herra forseti, ég endurtek: Þær stéttir fá hæst laun sem valda þriðja aðila mestu tjóni. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Dæmi: Flugmenn, flugumferðarstjórar, læknar og þvíumlíkir. (Gripið fram í.) Þetta er í raun ofbeldi, löglegt ofbeldi. Lágtekjufólki nýtist þessi réttur ekki lengur. Verkfallsrétturinn er úreltur. Hann er úreltur, herra forseti.

Sú deila sem við hér ræðum er ekki deila lágtekjufólks við óbilgjörn fyrirtæki. Sjómenn eru reyndar með mjög mismunandi kjör en margir eru með mjög góð laun. Sumir eru reyndar með afar góð laun, t.d. skipstjórar, og þeir eru í verkfalli, herra forseti. Menn með afar góð laun.

Þolendur þessarar deilu eru sveitarfélög og íbúar þeirra víða á landsbyggðinni, sérstaklega starfsfólk í frystihúsum, aðallega konur með miklu lægri laun og ekki sjómannaafslátt.

Varðandi þessa deilu þá held ég sé mjög brýnt að aðilar deilunnar sjái siðferðilegan sóma sinn í að ljúka henni sem fyrst og hætta að valda þriðja aðila þvílíku tjóni sem þeir hafa gert hingað til. Það er á þeirra ábyrgð að ná niðurstöðu.

[15:04]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það mátti skilja hv. þm. sem síðast talaði svo að ekki væri lengur til fátækt fólk á Íslandi og því væri í lagi að afnema verkfallsréttinn. En svo er ekki, herra forseti. Enn er það svo að stéttirnar nota verkfallsréttinn þegar svo er komið að með engu öðru móti er hægt að ná samningum, hvort sem er um kaup eða kjör.

Í tilfelli sjómanna hefur það margoft komið fram, herra forseti, að þeim hefur ekki auðnast að ná samningum vegna þrákelkni viðsemjenda sinna, eða vegna þess að ríkisstjórnin hefur gripið inn í deiluna, haft afskipti með þeim hætti að af samningum hefur ekki orðið.

Hæstv. ráðherra verður, ekki síst vegna þessara fyrri inngripa, að tala skýrar en hann hefur gert. Þeim sem eru að semja þarf að vera alveg ljóst að ábyrgðin sé þeirra og að jafnframt geti þeir treyst því að að þessu sinni fái þeir frið. Ráðherrann hefur sjálfur sagt að lagasetningar hafi ekki leyst deilu útvegsmanna og sjómanna. Sannarlega munu afskipti

nú ekki gera það heldur. Hitt er svo annað mál að ráðherra mætti taka betur þeim tillögum sem hér hafa verið fluttar, sem lúta að því að breyta starfsumhverfi sjómanna.

Herra forseti. Mér finnast skilaboðin héðan úr þinginu alveg skýr. Þau eru skýr og hæstv. ráðherra getur haft þau í nesti. Sjómenn og útvegsmenn eiga að semja sín á milli um kaup og kjör. Það er afdráttarlaus skoðun þeirra þingmanna sem hér hafa talað. Ég skora á hæstv. ráðherra að tala algjörlega skýrt ef hann ætlar að ljúka þessari umræðu svo að menn velkist ekki í nokkrum vafa um að nú sé ábyrgðin deiluaðilanna.

[15:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á þessa umræðu gæti maður haldið að hluti þeirra ræðumanna sem hér hafa talað hafi aldrei nálægt kjaradeilum komið og aldrei nálægt afskiptum opinberra aðila að kjaradeilum komið, hvorki með lagasetningu né öðru. Alla vega virðast þeir búnir að gleyma því, hafi þeir einhvern tímann verið svo óheppnir að þurfa að standa í slíku.

Hv. þm. tala um að ráðherrann þurfi að tala skýrar. Ég skal reyna það. Ég skal reyna að tala skýrar en ég efast um að það dugi þeim. Ég er hræddur um að þeir vilji ekki að ég tali skýrar. Þeir vilja bara að ég segi eitthvað annað. Það kom einmitt ágætlega fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Hann lýsti nákvæmlega afstöðu sem ég held að sé hin sama hjá fleiri hv. þm., kannski frekar í hans þingflokki en öðrum. Hann sagði einmitt að deiluaðilar mundu ekki leysa deiluna og það þyrfti að leysa deiluna á Alþingi.

Þátttaka þeirra hv. þm., sem segja slíkt í umræðunni í því skyni að notfæra sér deiluna, er í pólitískum tilgangi, til þess að gera breytingar á stjórnkerfinu en ekki til þess að leysa deiluna. Þeim er alveg sama um deiluaðilana. Þeim er sama um atvinnugreinina. Þeim er alveg sama um áhrif verkfallsins á þjóðarbúið. Þeir vilja bara koma á breytingum á stjórnkerfinu. Það er það sem þeir vilja.

Ég skal segja ykkur það og skal reyna að tala skýrar: Ég vil ekki hafa afskipti af þessari deilu. Ég hef engar áætlanir um að gera það. Síðan verðum við bara að sjá hvort ég verð svo lukkulegur að fá þá ósk mína uppfyllta.

[Fundarhlé. — 15:08]

[15:31]

Útbýting þingskjala:

Girðingalög, 636. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1013.

Seðlabanki Íslands, 675. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1054.

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð stjórnvalda við áliti samkeppnisráðs um ólögmætt samráð á grænmetismarkaði.

[15:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Skýrsla samkeppnisráðs um ólögmætt samráð og ólöglegar samkeppnishömlur dreifingarfyrirtækja á grænmetismarkaðnum er ákaflega harður áfellisdómur yfir þeim viðskiptaháttum sem þar eru hafðir í frammi. Samkeppnisráð fullyrðir beinlínis að þrjú dreifingarfyrirtæki hafi gerst sek um samsæri gegn hagsmunum neytenda sem þurfa fyrir vikið að greiða mun hærra verð en ella fyrir grænmetið. Upplýsingar sem Samkeppnisráð hefur birt úr fundargerðum fyrirtækjanna eru raunar miklu líkari söguþræði úr erlendri B-mynd en íslenskum veruleika. Gönguferðir í Öskjuhlíð sem ekki má segja frá. Fundir þar sem lagt er á ráðin um hvernig kaupa megi út samkeppnina og loks ótrúlegar fullyrðingar um að allt skuli gert til að hysja upp verðið, eins og það er svo smekklega orðað. Þetta segir í raun allt sem segja þarf.

En, herra forseti, skýrslan er líka áfellisdómur yfir stjórnvöldum, ekki síst landbrn. Samkeppnisráð segir nefnilega hreint út að framkvæmd ráðuneytisins á tollaákvæðum hafi auðveldað þessum fyrirtækjum að hafa með sér ólögmætt samráð í því skyni að halda uppi háu grænmetisverði. Hér er hátt reitt til höggs og hæstv. landbrh. þarf auðvitað svara fyrir þetta.

Þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var lögfestur og þegar samningurinn sem kenndur var við GATT/Úrúgvæ var síðan gerður þá var búið svo um hnútana að dregið var úr beinum innflutningshömlum en þess í stað skyldu tollar vernda innlenda framleiðslu. Það var jafnan gert ráð fyrir því að þessir tollar færu lækkandi og samhliða yrði innlendum framleiðendum að sjálfsögðu gert kleift að búa sig undir aukna samkeppni.

Herra forseti. Það blasir hins vegar við að tollarnir hafa ekkert lækkað frá gildistöku GATT/Úrúgvæ-samningsins og að a.m.k. til skamms tíma stóð heldur ekki til að svo yrði gert. Þannig svarar landbrn. fyrirspurn frá september sl. frá Samkeppnisstofnun í þá veru að ekki sé vitað til þess að fyrirhugaðar séu neinar breytingar á núverandi tollafyrirkomulagi. Hæstv. ráðherra hefur að vísu komið fram sem iðrandi syndari í fjölmiðlum dagsins í dag og það er augljóst að hann veit upp á sig sökina og hann vill breyta.

Herra forseti. Þetta hefur valdið því að verðlag á grænmeti hér á landi hefur ekki aðeins verið hærra en í helstu samanburðalöndum okkar heldur hefur það hækkað mun meira en í Evrópulöndunum. Reyndar er það þannig þegar þróunin á tímabilinu 1993–2000 er skoðuð að í ljós kemur að smásöluverðlag á flestum tegundum grænmetis hefur hækkað umtalsvert meira en sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs. Hvernig getur hæstv. landbrh. varið þetta? Ætlar hann að verja þetta? Hver er skýring hans á þessu?

Það þarf ekki að segja hæstv. ráðherra frá því að grænmeti er einhver hollasta fæða sem um getur. Stöðugt eru að koma fram nýjar og nýjar rannsóknir sem segja að aukin neysla grænmetis getur bægt ákaflega mörgum alvarlegum velferðarsjúkdómum frá dyrum okkar. Staðreyndin er hins vegar sú að verðlagið stýrir neyslunni. Þetta háa verð gengur þess vegna að sjálfsögðu þvert á þá manneldisstefnu sem hæstv. ríkisstjórn, sem hæstv. ráðherra situr í, hefur rekið. Fyrir vikið er staðan sú að Íslendingar neyta miklu minna af grænmeti en Norðurlandaþjóðirnar. Norðmenn neyta t.d. 44% meira en við, Finnar 52% meira og Svíar 65% meira.

Það sem er þó alvarlegast þennan þátt er sú staðreynd að frá því GATT/Úrúgvæ-samningurinn tók gildi þá hefur neysla Íslendinga á grænmeti staðið í stað, þ.e. frá árinu 1995. Það segir auðvitað sína sögu um áhrif þessa máls á neysluvenjur og hollustu mataræðis Íslendinga. Öll manneldissjónarmið eru þverbrotin með þessari stefnu. Það sem meira er, bændurnir, þeir sem rækta grænmetið, hafa ekki fengið meira í sinn hlut. Það eru dreifingarfyrirtækin fyrst og fremst sem í skjóli túlkunar ráðuneytisins á tollaákvæðum hafa tekið allan ávinninginn til sín.

Herra forseti. Þessi fyrirtæki hafa 90% af markaðnum í hendi sér og þess vegna verður alltaf ákaflega erfitt að koma í veg fyrir einokunarviðleitni á markaði sem er í höndum svo fárra fyrirtækja ef svo má segja. Langbesta ráðið til þess er þess vegna að auka samkeppnina með því að fara að hinni upphaflegu stefnu og draga úr þessari óhóflegu tollavernd á innfluttu grænmeti.

Í ljósi þeirra viðhorfa sem ég hef rakið hér úr skýrslu Samkeppnisstofnunar þá vil ég ljúka ræðu minni með því að spyrja hæstv. ráðherra:

Er hann sammála því mati samkeppnisráðs að verndartollar hafi auðveldað ólögmætt samráð fyrirtækja um að halda uppi grænmetisverði?

Er hann sammála því að hið ólögmæta samráð hafi dregið úr grænmetisneyslu og þannig gengið þvert á opinber manneldissjónarmið?

Að síðustu: Hvenær hyggst hann verða við tilmælum samkeppnisráðs um að beita sér fyrir endurskoðun lagaákvæða sem varða innflutning á grænmeti í því skyni að efla samkeppni og lækka verð á grænmeti til neytenda?

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir gífuryrði og stóryrði hv. þm. vil ég þakka honum fyrir að taka upp þessa umræðu og vona að hún verði málefnaleg.

Það er alveg ljóst að sá sem hér stendur harmar öðrum fremur þá stöðu sem upp er komin, harmar þær reyfarakenndu lýsingar, sem eru eins og úr skáldsögu eftir stórskáld, á þeim gjörðum sem fyrirtækin eru sökuð um að hafa staðið að. Þetta hittir mig sem viðkvæman mann ekki síður en aðra.

Ég tel íslenskar landbúnaðarafurðir með þeim bestu í veröldinni og ég hef sem landbrh. reynt að beita mér fyrir því að við gætum boðið neytendum þessar afurðir á sem lægstu verði. Ég vil segja hér að hagsmunir neytenda og bænda fara ávallt saman. Meiri neysla þýðir meiri sölu og meiri framleiðslu eftir því sem við búum við betra lýðræðislegt fyrirkomulag og samkeppni, heiðarlega samkeppni á markaði. Það er ólíðandi að fyrirtæki eða einstaklingar geri með sér samsæri gegn hagsmunum almennings í landinu. Það er ólíðandi. Hverra hagsmuna er verið að gæta? Ég vil segja hér: Þar er ekki verið að gæta hagsmuna íslenskra bænda.

Ég vil gera skýran greinarmun á því sem fram kemur í skýrslunni. Annars vegar er fjallað um ólöglegt samráð fyrirtækja á markaði sem ég fordæmi ef satt er, hins vegar um þá alþjóðlegu tolla og lög sem gilda um grænmetismarkaðinn.

Ég vil við upphaf þessarar umræðu segja að um nokkra hríð hefur það verið á vinnuborði mínu að reyna að koma þessum málum í farsælan farveg í fullri sátt í ríkisstjórninni. Við leitum leiða til þess. Það er vilji í ríkisstjórn til að lækka verð á grænmeti. Það er vilji í ríkisstjórn til að koma í veg fyrir þau miklu átök sem gjósa ávallt upp um þetta leyti árs.

Ég hef sagt í fjölmiðlum og segi hér: Ég er tilbúinn að leita nýrra leiða og reyna að ná sátt um þær. Ég vil sjá tolla lækkaða. Ég tek undir með Samkeppnisstofnun og manneldisfræðingum að þessi matvara þarf að vera ódýr og aðgengileg. Þess vegna vil ég beita mér fyrir því að við skoðum annars konar kerfi hvað þetta varðar og horfum til meiri sátta þannig að þessi vara verði ekki að ófriðarefni heldur almenningi aðgengileg og ódýr.

Hvað fyrstu spurningu hv. þm. varðar þá vil ég segja: Ólögmætt samráð um verðmyndun í heildsölu eða á smásölustigi skaðar neytendur og bændur. Ótti bænda allra landa er að dreifingaraðilar á þessum sölustigum muni taka meira og meira til sín af því verði búvara sem neytandinn greiðir, hvort sem það gerist löglega eða ólöglega. Öll lögbrot þarf að stöðva. Á meðan ekki hefur fallið fullnaðardómur í þessu máli er ekki rétt að slá því föstu að lög hafi verið brotin. Vil ég því ekki hér fjalla frekar um það leiðindamál.

Ekkert í lagasetningu á að geta auðveldað eða hvatt til lögbrota. Þróunin um allan heim er að dreifingar- og sölufyrirtækjum á matvælum í heildsölu og smásölu fækkar. Við Íslendingar höfum staðið frammi fyrir því á síðustu árum. Þau ná yfirburðastöðu gagnvart bændum sem reka smæstu fyrirtæki í heimi. Samkeppnislöggjöfinni er ætlað að vernda neytendur og smáa framleiðendur gegn ofríki þeirra stóru. Ég vona líka að samkeppnislög okkar sem sett voru af hinu háa Alþingi hafi verið grundvölluð á þessum hugsjónum.

Verndartollar skipta ekki sköpum í þessu máli frekar en í öðrum málum fyrirtækja með ólögmæta markaðstilburði og ættu ekki að geta skýlt lögbrjótum í verðlagsmálum, séu þeir til staðar. Íslenskir græmetisbændur og kartöflubændur hafa keppt að því að bjóða hollustu framleiðslu sem þekkist á sem hagkvæmustu verði. Frá því að WTO-samningurinn tók gildi hafa þeir óttast þá þróun sem stéttarbræður þeirra erlendis hafa upplifað, þ.e. að öflug fyrirtæki á heimsmarkaði hafa tekið til sín stærri og stærri hluta af krónu neytandans, jafnvel á mörkum þess löglega.

Umræða um verðmyndun á innfluttri papriku var kærkomið tilefni fyrir mig og ég hef óskað eftir því við Samkeppnisstofnun að verðmyndunin í heild verði skoðuð fyrir 15. mars og eftir 15. mars. Formaður Neytendasamtakanna sagðist (Forseti hringir.) hafa óskað eftir þessari skoðun fyrir tveimur árum.

Hæstv. forseti. Nú hef ég því miður ekki komist yfir tvær seinni fyrirspurnirnar sem ég hefði gjarnan viljað svara í þessari stuttu utandagskrárumræðu. Ég verð að gera það í þeim stutta tíma sem ég hef síðar í þessari umræðu, nema hæstv. forseti vilji lengja umræðuna. (Forseti hringir.) Svo er ekki að heyra á bjölluhljómnum.

[15:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Út er kominn úrskurður Samkeppnisstofnunar um ólögmætt samráð og samkeppnishömlur fyrirtækja á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði hér á landi. Rannsóknin nær nokkur ár aftur í tímann og nær því yfir þær breytingar sem orðið hafa í rekstri og samruna innflutnings- og dreifingarfyrirtækja með grænmeti og ávexti. Í ljós hefur komið að ótrúlegir viðskiptahættir hafa viðgengist bæði milli fyrirtækjanna, milli fyrirtækjanna og stóru verslanakeðjanna í matvöruverslun og ekki síður milli fyrirtækjanna í dreifingu og garðyrkjubænda.

Helstu niðurstöður úrskurðarins eru mikill áfellisdómur yfir viðskiptaháttum dreifingaraðilanna en mest er áfallið fyrir neytendur og garðyrkjubændur. Úrskurðurinn er einnig stór skellur fyrir manneldisstefnu okkar, þar sem mikil hvatning hefur verið til meiri neyslu á grænmeti og ávöxtum.

Herra forseti. Í framhaldi af þessari rannsókn og úrskurði Samkeppnisstofnunar tel ég því mjög brýnt að þegar verði rannsakað samband og viðskiptahættir milli dreifingaraðila og smásöluaðila. Samþjöppun í smásöluverslun hefur einnig skapað fákeppni. Þar sem einokun ríkir nánast í matvöruversluninni má leiða líkur að því að samkeppnisstaða

matvöruverslana núna hafi einnig haft óeðlileg áhrif á viðskiptahætti gagnvart öðrum viðskiptavinum en dreifingaraðilum í grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði. Rannsókn og úrskurðir Samkeppnisstofnunar kalla á frekari rannsóknir, m.a. á verðmyndun grænmetis frá framleiðanda til neytenda. Eins verður að skoða rekstrarumhverfi garðyrkjubænda og hvort það sé sambærilegt því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

[15:45]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Íslenskir garðyrkjubændur og fyrirtækin sem eru að hluta í þeirra eigu liggja nú undir miklum ámælum. Umræðan má ekki fara í þann farveg að garðyrkjubændur séu gerðir að sökudólgum í þessu máli. Þarna þarf að draga skýr mörk milli bænda og söluaðila. Ólögmætt samráð og samkeppnishömlur er niðurstaða Samkeppnisráðs. Þetta eru ólíðandi viðskiptahættir af hálfu söluaðila. Þarna eru þeir komnir út á hála braut. Svona gera menn einfaldlega ekki.

Það vekur furðu að svo virðist sem samruni afurðasölufyrirtækja í landbúnaði sé meðhöndlaður með öðrum hætti en samþjöppun á sviði smásöluverslunar. Hagsmunir bænda og neytenda fara saman. Nauðsynlegt er að sátt ríki í þjóðfélaginu um markaðinn, aðstöðu landbúnaðarins og búskaparaðferðir. Það gengur ekki að stríð ríki á milli bænda og kaupmanna.

Herra forseti. Í allri búvöruframleiðslu er uppi hörð krafa um hagræðingu og öllum er nokkuð ljóst að aukin samkeppni við innflutning er sá veruleiki sem við blasir. Þegar skoðuð er skipting neytendaverðs milli framleiðenda, afurðasölufyrirtækja, smávöruverslunar og ríkis kemur í ljós að hlutur smásalans hefur í flestum tilvikum vaxið á undanförnum árum. Í raun hefur skilaverð til garðyrkjubænda fyrir afurðirnar lækkað á meðan ýmsir kostnaðarliðir bóndans hafa hækkað. Þessi þróun hefur orðið þrátt fyrir að hlutverk verslunarinnar, að afhenda vöruna yfir borið, hafi lítið breyst. Niðurstaðan hefur verið verðhækkun til neytenda en minnkandi afrakstur til framleiðenda.

Hvað er til ráða, herra forseti? Að mínu áliti er það tvennt. Í fyrsta lagi lækkun raforkuverðs til garðyrkjunnar. Þannig mundu starfsskilyrði til bænda batna til muna. Þeir gætu aukið framleiðsluna og væru þá betur í stakk búnir til að taka á móti aukinni samkeppni og lægri tollum á grænmeti, sem hlýtur að koma til álita, enda er það til hagsbóta fyrir neytendur og eðlilega þróun í garðyrkju. Raforkuverðið er því í raun upphaf og endir alls í þessu máli.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við þær fréttir að fákeppni og ólöglegt verðsamráð eigi sér stað í verslun með grænmeti og að fá fyrirtæki semji sín á milli um verð og markaðshlutdeild, vaknar sú spurning í mínum huga, hvort ekki sé orðið meira en tímabært að bændur geti sjálfir selt vöru sína beint á opnum markaði ef þeir kjósa svo líkt og víða er erlendis og/eða að jafnframt sé meira magn selt á uppboði líkt og á fiskmörkuðum. Væri það ekki neytandanum til góðs?

Með því að opna bændum leið til beinnar sölu á grænmeti, væri ekki þar með tryggt að bændur fengju miklu meira af endanlegu söluverði til sín, sem þeir hafa fulla þörf fyrir, fremur en með því afleita sölufyrirkomulagi sem verið hefur?

Ég vil beina því til hæstv. landbrh. hvort sá farvegur sem ég hef hér gert að umræðuefni sé ekki fullrar athygli virði eins og í öðrum löndum.

[15:49]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég var hissa á að heyra það í upphafi ræðu hæstv. landbrh. er hann talaði um gífuryrði og stóryrði. Þegar hann nefnir hér gífuryrði og stóryrði þá dettur manni auðvitað enginn annar ráðherra í hug en hæstv. forsrh. En í þetta skipti var hæstv. landbrh. með gífuryrði og stóryrði í garð formanns Samfylkingarinnar (**Landbrh.:** Hver voru þau?) sem kom hér með mjög skynsamlegar (**Landbrh.:** Hver voru stóryrðin?) spurningar í beinu framhaldi af þeirri skýrslu sem skilað hefur verið, um samkeppnisstöðu garðyrkjunnar í landinu. Í stað þess að einbeita sér að því að svara þeim einföldu spurningum þarna voru bornar fram fór töluverður tími í þetta hjá hæstv. landbrh.

Skipting á neytendaverði sem talað er um í þessari skýrslu er þannig að framleiðendurnir hafa frá 1995 ekki fengið meira í sinn hlut en fyrir þann tíma. Tollarnir hafa lækkað eins og lög bjóða. Það eru staðreyndir. Hins vegar bjuggust menn við því að verndartollarnir mundu lækka hraðar en þeir hafa gert en tíminn yrði notaður til þess að skoða rekstrargrundvöll garðyrkjunnar. Það er það sem formaður Samfylkingarinnar sagði hér áðan. Sá tími hefur ekki verið notaður. Hann hefur ekki verið notaður til að skoða hvernig garðyrkjan hér á landi geti mætt erlendri samkeppni. Hér búa menn við allt aðrar aðstæður en eru í þeim löndum sem okkur er gert að keppa við. Allt aðrar aðstæður. Þar eru niðurgreiðslur. Þar eru grænir styrkir. Svo er ekki hér.

Þetta verða menn að fara yfir í heild sinni og svara þeim spurningum sem garðyrkjan hefur um langan tíma beint til landbrn., ekki bara síðan hæstv. núv. landbrh. tók við, heldur löngu fyrir hans tíð. Á þessu hefur ekki verið tekið. Við þurfum að skoða rekstrarskilyrði garðyrkjunnar í heild sinni, ekki bara horfa á tollalækkun eins og samkeppnisráð gerir.

[15:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta mál snertir bæði landbúnað sem atvinnugrein og einnig hvaða skipulag á að viðhafa við dreifingu og sölu á afurðum. Íslenskur landbúnaður býr að sumu leyti við sérstöðu sem er eðlilegt að njóti nokkurrar verndar. Við þurfum að hafa atvinnugrein sem getur framleitt vöru fyrir þjóðina og við þurfum að hafa öflugar reglur sem koma í veg fyrir að sjúkdómar og annað berist til landsins sem við höfum verið lausir við. Að öðru leyti hljótum við að þurfa að styðjast við það skipulag sem best hefur reynst í gegnum tíðina, samkeppni og markaðslögmál. Við getum ekki beitt verndartollum sem skálkaskjóli til að okra á neytendum. Það er algjörlega ólíðandi. Hæstv. landbrh. hefur mikinn stuðning meðal stjórnarliða í þeim áformum sínum að gera breytingar á að þessu leyti.

Herra forseti. Ég tel að stjórnvöld verði að líta mjög alvarlega til þess að þarna hefur brugðist það sem við ætluðum að láta ganga samkvæmt lögmálum markaðarins hvað varðar dreifingu og smásölufyrirkomulag. Það þarf að líta á þá hluti í ljósi fákeppni og stórra eininga sem skapast hafa á þessu sviði eins og í mörgum öðrum atvinnugreinum og við höfum verið sammála um að rétt væri að koma í veg fyrir, því samkeppnin væri það afl sem skilaði neytendum bestu verði til lengri tíma.

[15:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Skelfilegt er þetta mál. Verðsamráð, einokunarhringar, framleiðendum komið út af markaði, einkasölusamningar og guð veit hvað. Hverjir eru fórnarlömbin, herra forseti? Það eru fyrst og fremst neytendur. En einnig garðyrkjubændur, eins og hér hefur komið fram. Við skulum ekki gleyma því að fyrirtækin, sem úrskurður samkeppnisráðs fjallar um, vinna eftir markaðslögmálunum. Þó framleiðendur eigi fulltrúa í stjórnum þeirra fyrirtækja þá eru þau ekki eiginleg hagsmunafélög bænda svo sem ljóst má vera af lestri úrskurðarins. Þar virðist sem hagsmunir verslunarinnar hafi verið í forgrunni en ekki hagsmunir hins almenna framleiðanda og alls ekki hagsmunir neytenda.

Herra forseti. Paprikuumræðan kemur upp á hverju ári og hún hefur gert það síðan verndartollar voru settir á erlenda framleiðslu. Síðast þegar hún kom upp, í mars fyrir ári, sagði hæstv. landbrh. í fjölmiðlum að hann ætlaði að leita allra leiða til að lækka verð á grænmeti. Enn býður hæstv. landbrh. okkur upp á sömu tugguna, hér í dag.

Herra forseti. Hvað hefur gerst í málunum? Á sama tíma og ráðherra sagði þetta fyrir ári lýstu Samtök garðyrkjubænda því yfir að þau væru tilbúin að halda stöðugu verði á grænmeti, enga hækkun á næstu tveimur árum. Samtök garðyrkjubænda sögðu líka að þau væru tilbúin til viðræðna við stjórnvöld um tollamálin. Hvað hefur gerst? Nú verður hæstv. landbrh. að svara því: Að hverju hefur hann átt frumkvæði í þessu máli síðan þessar yfirlýsingar voru gefnar í fyrra? Eða er það svo að hæstv. landbrh. hafi enga heildstæða stefnu í málefnum garðyrkjubænda fremur en í skógræktinni eða laxeldinu, svo dæmi séu nefnd?

Herra forseti. Ég verð að minna á að í manneldisstefnu sem Alþingi samþykkti 1989 stendur að það þurfi að taka mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla. Þetta hefur ekki verið gert. Manneldismarkmiðin hafa verið lögð til hliðar og engin neyslustýring verið af hálfu ráðuneytisins þrátt fyrir ítrekuð tilmæli manneldisráðs.

Herra forseti. Nú nægir ekki fyrir hæstv. ráðherra að segja bara: Obbobbobb.

[15:55]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Um langan aldur, gegnum marga áratugi, hefur Sjálfstfl. af einlægni reynt að styðja íslenska landbúnaðarframleiðslu eftir því sem hægt hefur verið á hverjum tíma. Hann hefur gert það af einlægni vitandi það að það væri samfélaginu til góðs.

Skýrslan sem liggur nú fyrir er heilmikið áfall fyrir þá sem hafa viljað standa svo að málum sem gert hefur verið. Sjálfstfl. hefur að sjálfsögðu oft orðið fyrir kárínum vegna þessa stuðnings. Það má sannarlega segja að gagnrýnin á ofurtollana, hátollana, eigi töluverðan rétt á sér vegna þess að hátollarnir vernda verðið og geta afvegaleitt verðið til einstaklinganna.

Það liggur fyrir að þeir sem hafa vélað um þessa sölu og þessi mál hafa svo gjörsamlega brugðist því trausti sem á þá var lagt að það er enginn stuðningur á Alþingi Íslendinga og enginn stuðningur í Sjálfstfl. til að viðhalda þessum háu tollum. Þeir verða að fara.

Eftir standa garðyrkjubændur og þeirra merkilega búgrein sem við höfum sannarlega viljað styrkja og talið rétt að styrkja. Við getum ekki látið heila búgrein líða fyrir mistök og skammsýni örfárra manna. Við verðum því að vera reiðubúin til að styðja þessa búgrein og aðferðin til þess liggur alveg fyrir. Við getum og eigum, þó það hljómi kannski ekki alltaf vel, að niðurgreiða rafmagn til bænda. Þeir hafa viljað auka framleiðslu sína. Þeir geta aukið framleiðslu sína, bæði á haustin og veturnar og bætt þannig framleiðsluna. Það er nauðsynlegt. Við verðum að bregðast þannig við og við verðum að gera það strax.

[15:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Enn og aftur hefur Samkeppnisstofnun afhjúpað svikamyllu og samsæri gegn neytendum í þessu landi. Samkeppnisstofnun, sama stofnun og Sjálfstfl., stærsti flokkur þjóðarinnar, hefur haldið fram að hafi allt of mikil völd og þurfi að draga úr völdum og áhrifum hennar, og helst að leggja hana niður. Þeir hafa haldið málþing þess efnis.

Herra forseti. Samkeppnisstofnun er á sett til að styrkja og styðja við raunverulega og virka samkeppni í landinu. Það hefur verið stefna okkar jafnaðarmanna að styrkja hana og efla. Við erum enn sannfærðari í þessari trú okkar. Það liggur einfaldlega fyrir nú að lyktum að neytendur í landinu eiga inni tugi ef ekki hundruð milljóna hjá söluaðilum og ríkisstjórn þessa lands. Það er of seint að iðrast eftir dauðann. Það er of seint að koma nú og viðurkenna að ofurtollar hafi verið við lýði í landinu um nokkurra ára skeið þrátt fyrir að við höfum undirritað samninga í aðra veru.

Því spyr ég, að fenginni reynslu: Hvað eiga þeir við, hæstv. landbrh. og málsvari Sjálfstfl. við þessa umræðu þegar þeir tala um að það eigi að skoða það að lækka þessa ofurtolla? Ég spyr: Hvenær og hvernig? Ég vil hispurslaus svör. Það gengur ekki lengur að hæstv. landbrh. komi í hverja umræðuna á fætur annarri þegar á bjátar og bent er á að margt megi betur fara í málefnum landbúnaðarins og segi: Ekki ég, ég er stikkfrí, það eru einhverjir aðrir menn annars staðar. Ábyrgðin er mikil hjá honum og við viljum að hann kannist við hana. Því spyr ég: Hvenær og hvernig?

[15:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Spurningin sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði áðan er lykilspurningin. Það var einmitt spurningin sem ég spurði í fyrstu ræðu minni. Ég spurði hæstv. landbrh.: Hvenær ætlar hann að beita sér fyrir breytingum á lögum til þess að hægt sé að lækka tolla og þar með lækka verð á grænmeti? Ég spyr vegna þess að hæstv. landbrh. hefur ekki aðeins komið hingað inn í sali hins háa Alþingis heldur í flesta fjölmiðla, grátið krókódílstárum og sagt: Ég iðrast – sjá ég er aumur syndari – ég ætla að gera betur í framtíðinni. Hæstv. landbrh. hefur sagt það að honum hafi orðið á mistök og hann vilji gera betur.

Herra forseti. Það er hins vegar svo að þetta er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. landbrh. segir það. Hann sagði þetta líka í fyrra. Þá kom hann og gaf yfirlýsingu gagnvart þjóðinni um að hann ætlaði að beita sér fyrir því að það yrði með einhverjum hætti hægt að lækka verð á grænmeti. Hann smokraði því fram af sér, alveg eins og hæstv. landbrh. virðist reyna að gera núna.

Það sem skiptir hins vegar máli, herra forseti, er að hver einasti þingmaður sem hér hefur talað, hver einasti stjórnarliði sem hér hefur talað og hver einasti stjórnarandstæðingur sem hér hefur talað, hefur lýst því yfir að það sé ákaflega

nauðsynlegt að vinda sér skjótt í að breyta þessum lögum til að afnema það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks Framsfl., kallaði okurtolla.

Ég held, herra forseti, að ekki þurfi frekari vitna við. Það er bara einn maður hér inni sem á eftir að lýsa sinni skeleggu og einbeittu afstöðu. Það er hæstv. landbrh. Allir aðrir hafa talað skýrt. Nú er komið að því að hæstv. landbrh. standi við stóru orðin, komi í þennan stól og lýsi yfir, ekki hvort, heldur hvenær hann ætlar að hefja endurskoðun á þessum lögum og hvenær íslenskir neytendur megi búast við að geta keypt hollustufæði eins og grænmeti á bærilegu verði.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi segja — ég hef auðvitað verið borinn ákveðnum sökum — að ég hef lýst því yfir að það er vilji í stjórnarflokkunum báðum til að endurskoða þetta kerfi. Vinna var sett í gang í því skyni og er hún í gangi. Ég get sagt að við höfum tafist á okkar leið. Ægileg vandamál hafa hrúgast á lítið ráðuneyti. Ég nefni bara gin- og klaufaveiki, kúariðu o.s.frv. Mannaflinn er upptekinn við slík störf þannig að það hefur tafist.

Ég vona að vinnan sem hefur verið í gangi, í fullu samráði við ríkisstjórnina, um að skoða nýjar leiðir, beri árangur og þá ekkert síður að horfið verði frá tollafyrirkomulaginu sem var niðurstaðan á sínum tíma og að frekar verði tekinn upp framleiðslustuðningur við okkar frábæru framleiðendur á grænu vörunum, þ.e. horfið frá núverandi kerfi. Það er ódýrt og skilar bændum betri stöðu. Meiri sátt verður á markaðnum. Það skilar ódýrari vöru til neytenda og lægra verði til lengri tíma er litið. Þetta er sú stefna sem ég vona að verði í höfn á allra næstu vikum og tala ég nú í fyllstu alvöru eins og jafnan áður. Ég vona að þetta líti sem fyrst dagsins ljós.

Ég vil hins vegar segja við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, fulltrúa vinstri grænna í þessari umræðu, að ég veit að *sá þingflokkur álítur ekkert stefnu nema sagt sé nei. Hér var* sagt að laxeldisstefnan væri ekki stefna. Heilu fjörðunum var lokað til að sýna að þar væri friður. Við höfum falið bændunum skógræktina og félagasamtökum fólksins. Það kallar hv. þm. ekki stefnu. Svona málflutningur er náttúrlega út í hött.

Ég vona að ég geti innan tíðar tilkynnt niðurstöðu úr þeirri nefnd sem er að störfum á vegum landbrn. í fullri sátt beggja stjórnarflokkanna í ríkisstjórn um nýtt kerfi, skilvirkara og betra.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

107. FUNDUR

fimmtudaginn 5. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 638. mál, þskj. 1015. — Fyrri umr.
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 639. mál, þskj. 1016. — Fyrri umr.
3. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 641. mál, þskj. 1018. — Fyrri umr.
4. Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 640. mál, þskj. 1017. — Fyrri umr.
5. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 642. mál, þskj. 1019. — Fyrri umr.
6. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, stjtill., 643. mál, þskj. 1020. — Fyrri umr.
7. Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, stjtill., 644. mál, þskj. 1021. — Fyrri umr.
8. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, stjtill., 656. mál, þskj. 1034. — Fyrri umr.
9. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, stjtill., 657. mál, þskj. 1035. — Fyrri umr.
10. Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), stjtill., 619. mál, þskj. 992. — Fyrri umr.
11. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872. — 1. umr.
12. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819. — Frh. 1. umr.
13. Móttaka flóttamannahópa, stjfrv., 588. mál, þskj. 931. — 1. umr.
14. Húsnæðismál, stjfrv., 623. mál, þskj. 998. — 1. umr.
15. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 624. mál, þskj. 999. — 1. umr.
16. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001. — 1. umr.
17. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000. — 1. umr.
18. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 987. — 1. umr.
19. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1002. — 1. umr.
20. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003. — 1. umr.
21. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
22. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051. — 1. umr.
23. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932. — 1. umr.
24. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047. — 1. umr.
25. Opinber innkaup, stjfrv., 670. mál, þskj. 1048. — 1. umr.
26. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1049. — 1. umr.
27. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1062. — 1. umr.
28. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1063. — 1. umr.

29. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1064. — 1. umr.
30. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1065. — 1. umr.
31. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066. — 1. umr.
32. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um kl. 1.30, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um sjávarútveg og byggðaþróun á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. sjútvrh. verður til andsvara.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Hjónabönd útlendinga hér á landi, 530. mál, svar dómsmrh., þskj. 1006.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um Þjóðhagsstofnun.

[10:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins þar sem þannig háttar til að ég er ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni flm. að þáltill. um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Nú er það mál mjög í brennidepli sökum þeirra fáheyrðu atburða sem orðið hafa í samskiptum forsrh. og þeirrar stofnunar og hugmynda hans um að leggja hana einhliða niður með tilskipunum. Ég óskaði þar af leiðandi eftir því að þetta þingmál fengi að koma á dagskrá í vikunni og fá umræður þannig að í leiðinni gæfist kostur á að ræða almennt um það málefni og eftir atvikum að eiga skoðanaskipti við hæstv. forsrh. þar um. Mér var síðan í gær borin sú niðurstaða að því miður yrði ekki unnt að verða við beiðni minni og þykir mér það miður.

Ég beini því til forseta þingsins að hugleiða hvort ekki sé slæmt að skapa þær venjur hér að þingmál séu í raun og veru víkjandi þegar svona aðstæður koma upp og það ýti mönnum út í það að biðja frekar um utandagskrárumræðu heldur en flytja þingmál vegna þess að þau fást ekki tekin fyrir jafnvel þó að viðkomandi málefni séu mjög brennandi eins og hér háttar til. Því er, herra forseti, nauðsynlegt að þetta fáist rætt á þinginu.

Það er auðvitað algerlega fráleitt að hæstv. forsrh. geti einhliða og án lagabreytinga á Alþingi eða samráðs við Alþingi náð fram vilja sínum í þessum efnum. Þannig háttar til fyrir það fyrsta að um Þjóðhagsstofnun gilda sérstök lög sem fela henni víðtæk verkefni, þar á meðal verkefni sem tengjast öðrum aðilum en forsrn., svo sem eins og Alþingi og aðilum vinnumarkaðarins. Í desember voru afgreidd fjárlög þar sem Þjóðhagsstofnun fær hátt í 130 millj. kr. til rekstrar á þessu ári án nokkurs fyrirvara um að til stæðu breytingar á rekstri hennar innan fjárlagaársins. Það er því alveg sama hvernig á þetta er litið, herra forseti, þetta gengur ekki svona.

Ég óska því eftir því að forseti beri þær óskir til hæstv. forsrh. að engar frekari ákvarðanir verði teknar eða aðgerðir framkvæmdar sem tengjast Þjóðhagsstofnun fyrr en þetta mál hafi fengst hér rætt og að forseti beiti sér fyrir því að tillagan fái að koma á dagskrá strax eftir páska og málið bíði þá þangað til.

[10:34]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna athugasemdar hv. þm. vill forseti taka fram að í gær barst ósk um það frá flutningsmönnum að þetta mál yrði hér á dagskrá í dag eða á morgun. Skapast hefur sú venja að þingmannamál eru á dagskrá í þeirri röð sem þau hafa borist inn í þingið. Þessu máli var dreift í þinginu í fyrradag, 3. apríl. Hér bíða 1. umr. þingmannamál sem höfðu borist áður, alls 51, og venjan er að víkja ekki mikið frá þeirri röð nema þegar í hlut eiga varaþingmenn sem fá að mæla fyrir sínum málum meðan þeir sitja á þinginu.

Forseti vill einnig minna á að á fundi þingflokksformanna á mánudag var einróma samkomulag um starfsáætlun vikunnar þar sem á áætlun var á mánudag og þriðjudag mikill fjöldi þingmannamála, á miðvikudag fyrirspurnir en á fimmtudag og föstudag yrðu síðan stjórnarfrv. og mál frá nefndum. Um þetta var algert samkomulag og við það verður að sjálfsögðu staðið.

[10:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Samfylkingin hefur mótmælt því harkalega með hvaða hætti hæstv. forsrh. hefur þjösnast á Þjóðhagsstofnun og starfsmönnum hennar. Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er sannarlega þörf á því að ræða þetta mál fyrr en seinna. Ég virði fyllilega þau viðhorf sem hæstv. forseti hefur tjáð hér á forsetastóli. Hann lætur þess getið, upplýsir þingið um að full samstaða hafi verið í byrjun vikunnar að haga starfi þingsins eftir tiltekinni áætlun. Með því er hann í reynd að segja að þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar hafi fallist á ákveðna verkáætlun. Það er rétt.

En síðan gerist það í vikunni að hæstv. forsrh. lýsir því yfir að hann hyggist brjóta í reynd lög með því að flytja verkefni frá stofnuninni með því að leggja hana í reynd niður, án þess að það mál komi fyrir Alþingi. Það er ákaflega alvarlegt.

Það vill svo til, herra forseti, að í gildi eru lög um Þjóðhagsstofnun. Í þau lög eru bundin sérstök ákvæði um hvaða verkefni stofnunin á að vinna. Það er því ekki hægt að flytja slík verkefni frá stofnuninni nema að breyta lögum. Þegar hæstv. forsrh. eða starfsmenn hans gefa það til kynna opinberlega að í reynd eigi að flytja verkefni frá stofnuninni, flæma starfsfólkið í burtu og skilja stofnunina sjálfa eftir sem tóma og dauða skel, þá er hann að lýsa því yfir að hann hyggist brjóta lög. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt að stjórnarandstaðan fari þess á leit að málið verði tekið upp. Ég tek þess vegna undir ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

[10:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun starfar samkvæmt landslögum. Ef breyta á starfsemi Þjóðhagsstofnunar eða leggja hana niður, þá þarf að breyta lögum. Áður en lögum er breytt þarf að fara fram umræða um málið. Ekkert af þessu ætlar hæstv. forsrh. að virða. Hann ætlar að leggja niður Þjóðhagsstofnun áður en lögum er breytt án þess að fram fari umræða við starfsmenn, án þess að fram fari umræða á Alþingi, án þess að málin séu einu sinni rædd í ríkisstjórn. Mikið er langlundargeð þitt, Framsókn. Af kurteisi nota ég ekki orðið undirgefni þótt einhverjum kunni að finnast að nú sem oftar væri tilefni til þess og undanskil ég þá í þessu máli hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þingflokksformann Framsóknar, sem hefur gagnrýnt þetta framferði í fjölmiðlum.

Framkoma hæstv. forsrh. við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar er slæm en þá er ekki síður alvarlegt að Alþingi skuli ekki gert kleift að ræða þingmál þar sem lagðar eru til aðrar leiðir en þær sem hæstv. forsrh. vill fara. Umgengni ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega hæstv. forsrh. við lýðræðið ætti að vera öllum áhyggjuefni, nokkuð sem stjórnarmeirihlutinn ber ábyrgð á og ber að taka á af alvöru og festu.

[10:39]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um nauðsyn þess að málefni Þjóðhagsstofnunar komi til umræðu á Alþingi. Það er, herra forseti, mjög undarleg afstaða hjá hæstv. forsrh. svo ekki sé meira sagt, að leggja á það svo mikla áherslu að ekki sé nauðsynlegt að leggja grundvallarbreytingar á stjórnsýslunni fyrir Alþingi eins og raun ber vitni varðandi málefni Þjóðhagsstofnunar. Slík framkoma ber vott um yfirgang framkvæmdarvaldsins og tilburðir til einræðisstjórnarhátta sem ekki eiga að líðast í lýðræðisríki. Sérstaklega er þetta undarlegt í ljósi þess að hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., virðist alls ekki hafa verið hafður með í ráðum, ekki einu sinni í bollaleggingum hæstv. forsrh.

Herra forseti. Varðandi umræður að öðru leyti hér í þinginu er það auðvitað umhugsunarefni hversu mjög það hefur færst í aukana að mál séu rædd utan dagskrár í stað þess að ræða þau í formi þingmála. Það gefur okkur tilefni til að endurskoða það verklag og fyrirkomulag sem hefur verið varðandi framlagningu þingmála og umræðu um þau. Ég vil því taka undir það að rétt sé að leitast við að ræða mál frekar í formi þingmála, en auðvitað var verklag síðustu viku viðleitni í þá átt, herra forseti, sem ég tel að hafi verið mjög af hinu góða.

[10:41]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Menn eru að vísu orðnir ýmsu vanir um umgengni meiri hluta Alþingis við löggjafarsamkunduna og raunar dómsvaldið einnig. Ég ætla kannski ekki að nefna fjölmörg atriði í því sambandi, en það má nefna hvernig tekið var við hæstaréttardómnum 3. desember 1998 og síðar öryrkjadómnum sem kunnugt er. Og menn muna hvernig hæstv. forsrh. tók við Vatneyrardómnum svo að eitthvað sé nefnt. Þannig endurtekur sagan sig. Nú á að gera atrennu að stofnun sem starfar samkvæmt lögum í þjóðfélaginu.

Ég hef ekki leyfi til, herra forseti, að ræða það mál efnislega því að hér er um að ræða störf þingsins. En ég kannast ekki við það að ekki megi hliðra til, og sé stöðugt gert og hafi verið gert a.m.k. fyrr á árum, í umræðum á Alþingi um mál sem brýna nauðsyn ber til að ræða. Þetta mál er þannig vaxið að það er lífsspursmál auðvitað fyrir löggjafarsamkunduna að fá ítarlegustu upplýsingar um málið og ræða það skilmerkilega í öllum atriðum.

Það er ekkert álitamál að hér er um það að tefla að löggjafinn hlýtur að koma til skjalanna vegna þess að ella er framganga framkvæmdarvaldsins með þeim hætti sem mundi teljast með öllu ólíðanleg. Við verðum a.m.k. að fá að vita það í umræðum um málið hvaða reglur og lög standa til þess að sú framkvæmd sé möguleg sem hæstv. forsrh. tilkynnir.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er að sönnu ljóst að hér liggja fyrir mörg mál og bíða umræðu. Venjan er sú að þau komi í þeirri röð sem þingnúmer þeirra segja til um. Hitt þekki ég jafn vel að mýmörg fordæmi eru fyrir því að á þessu séu frávik og ákveðinn sveigjanleiki sé viðhafður um þingstörfin þegar sérstaklega stendur á og allir eru sammála um að aðstæður bjóði upp á það t.d. að veita ákveðnum málum forgang af því að þau séu svo brýn. Þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í þessu tilviki eru þá ósköp einfaldlega þessar: Vilja menn að þingmál sem liggja fyrir á þingi og fjalla um brýn málefni mæti afgangi og þetta ýti mönnum út í það að biðja sífellt um utandagskrárumræður og að eiginlega allar umræður um brýnni mál færist yfir í það far þannig að þingmálin sjálf sem menn hafa lagt vinnu í að útbúa og liggja hér fyrir og gætu verið og væru hinn eðlilegi grundvöllur umræðunnar þegar svo stendur á? Þetta er ekki æskileg þróun og það er þetta sem ég var að fara fram á að hæstv. forseti athugaði.

Um málið að öðru leyti ítreka ég óskir mínar til forseta um að séð verði til þess að þetta mál komist á dagskrá strax eftir páskaleyfi. Mér heyrast allir vera sammála um það, a.m.k. þeir sem hér hafa talað að brýnt sé að Alþingi komist sem fyrst til þess að ræða þetta mál og þá væri ekki ágreiningur um það. Í öðru lagi óska ég eftir því að forseti geri hæstv. forsrh. aðvart um það að sú krafa sé uppi á Alþingi að hann aðhafist ekkert í þessu máli fyrr en Alþingi hafi átt kost á því að ræða það. Það er óhæfa ef forsrh. ætlar að halda áfram með málið í ljósi þeirrar lögleysu sem það klárlega er að ætla að leggja þá stofnun niður í trássi við lögin sem um hana gilda og innan fjárlagaársins þar sem stofnunin hefur fullar fjárveitingar til rekstrar. Þetta eru óskir mínar til virðulegs forseta.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég gat þess í fyrri ræðu minni að ég skildi fullkomlega þá verkáætlun sem hæstv. forseti ákvað í upphafi vikunnar að fara eftir. Ástæðan var sú að allir flokkarnir höfðu samþykkt hana. En það sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar erum hér að tefla á móti er að framvindan hefur breytt forsendum. Það sem gerst hefur í millitíðinni frá því að menn tóku þessa sameiginlegu ákvörðun er að hæstv. forsrh. eða talsmenn hans úr ráðuneytinu hafa opinberlega gefið til kynna að leggja eigi niður stofnunina, flytja burt verkefni frá henni án þess að breyta lögum. Það er nýtt í málinu, herra forseti. Við erum þeirrar skoðunar að það sé lögleysa.

Ég held því fram að það sé brot á gildandi lögum um Þjóðhagsstofnun að fara þá leið. Þess vegna segjum við: Það

er fullt tilefni til þess að ræða þetta mál hér. Það tilefni gefst með þeirri þáltill. sem hér hefur verið lögð fram. Menn hafa hnikað til starfsáætlun þingsins af minna tilefni en þessu og því óska ég eftir að hæstv. forseti svari því áður en þessari umræðu er endanlega lokið hvort hann telji ekki að forsendur hafi breyst vegna þessa.

Síðan er það auðvitað athyglisvert, herra forseti, að í þessari umræðu kemur enginn hv. þm. Framsfl. Nú er það svo að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., er staddur hér í salnum. Hann hefur lýst yfir tvennu: Hann hefur lýst því yfir að hann hafi fullt traust á Þjóðhagsstofnun og hann hefur lýst því yfir að hæstv. forsrh. hafi ekkert samráð haft við hann. Það vill svo til að hér í afkima hímir líka nýkjörinn varaformaður Framsfl. sem taldi opinberlega að hann væri sérstakur sérfræðingur Framsóknar í því að glíma við Sjálfstfl. Af hverju kemur ekki hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson og segir álit sitt á því hvernig Sjálfstfl. er enn einu sinni að auðmýkja, lítillækka og snúa niður Framsfl.? Herra forseti. Er ekki tilefni til að framsóknarmenn geri hreint fyrir sínum dyrum og greini þinginu og greini þjóðinni frá því hver er afstaða þeirra í málinu? Ætla þeir að láta hæstv. forsrh. komast upp með að brjóta lög í málinu?

[10:47]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill aðeins ítreka það að þeir forsætisnefndarmenn sem náðist til í gær út af þessu máli voru sammála um að halda sig við starfsáætlun vikunnar. Það er kannski rétt að það komi fram að þeir forsætisnefndarmenn voru bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar.

Hins vegar var boðið upp á það að ef flutningsmenn vildu endilega ræða þetta mál í einhverju formi í þessari viku gætu þeir fengið hálftíma utandagskrárumræðu á morgun, föstudag. Það boð stendur.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 638. mál. — Þskj. 1015.

[10:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fella inn í samninginn þrjár tilgreindar ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB um persónuvernd. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeim gerðum sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu vegna þess að til slíkra lagabreytinga þarf að koma.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt EES-samningnum verða þær skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð, að leggja fram sérstaka þáltill., er í samræmi við tilhögun sem ég hef áður gert sérstaka grein fyrir á hv. Alþingi, en þessi meðferð ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar samsvarar best stjórnskipulegum venjum okkar við meðferð þjóðréttarsamninga auk þess sem aðkoma Alþingis að ákvarðanatöku nefndarinnar er tryggari og betri yfirsýn fæst um þróun samningsins.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar er fylgir tillögunni auk gerðanna sjálfra. Rétt er þó að geta þess að þær gerðir byggjast á tilskipun EB um persónuvernd sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eru í samræmi við þá tilskipun. Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að stöðva eða takmarka flutning persónuupplýsinga til ríkja utan EES-svæðisins ef vernd persónuupplýsinga er ekki fullnægjandi í viðkomandi ríkjum. Þær ákvarðanir sem hér um ræðir snúa að mati á aðstæðum í Ungverjalandi, Sviss og Bandaríkjunum en í öllum tilvikum er talið að persónuvernd sé fullnægjandi í skilningi tilskipunarinnar.

Að lokum skal nefnt að hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram á hv. Alþingi frv. til laga um breytingar á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til að mæta þeim skuldbindingum er hér um ræðir þannig að málið liggur fyrir hv. Alþingi í formi lagafrv.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 639. mál. — Þskj. 1016.

[10:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er með sama hætti leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí árið 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og breytingar á tilskipunum ráðsins nr. 73/239 og 88/357.

Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri gerð sem um ræðir.

Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Ég hef áður, herra forseti, gert grein fyrir því hvaða rök liggja að baki þeirri málsmeðferð sem hér er viðhöfð og vísa ég til orða minna fyrr í dag í því sambandi.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu að vísa til greinargerðar er fylgir tillögunni auk gerðanna sjálfra. Þess skal þó getið að tilgangur tilskipunarinnar er að setja sérákvæði vegna tjónþola sem á rétt á skaðabótum, vegna atviks í öðru aðildarríki en því þar sem hann býr, af völdum ökutækis sem vátryggt er og skráð í aðildarríki.

Aðildarríkjum er ætlað að tryggja að tjónþoli geti höfðað mál beint á hendur því vátryggingafélagi sem vátryggt hefur þann sem ábyrgð ber.

Aðildarríkjum er ætlað að sjá um að í hverju landi sé til upplýsingaskrifstofa sem, í því skyni að tjónþoli geti leitað bóta, hafi upplýsingar um skráningarnúmer ökutækja, númer vátryggingarskírteina, vátryggingafélög, ökutæki sem eru undanþegin vátryggingarskyldu og hver annist uppgjör tjóna vegna þeirra o.fl., eða sjái um söfnun og miðlun slíkra upplýsinga, og aðstoði þá sem eiga rétt til þess við að fá aðgang að upplýsingum.

Jafnframt er mælt fyrir um að í hverju aðildarríki skuli vera tjónakröfuskrifstofa sem tjónþolar geta lagt fram kröfu hjá ef tjónakröfu er ekki sinnt innan þriggja mánaða eða ef tjónafulltrúi hefur ekki verið tilnefndur.

Fyrri tilskipanir á þessu sviði hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í dómsmrn. en nauðsynlegt reynist að gera breytingar á umferðarlögum vegna þessa máls.

Samkvæmt tilskipuninni skal efni hennar koma til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 20. janúar 2003.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 641. mál. — Þskj. 1018.

[10:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er með sama hætti leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar með tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni á sínum tíma með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir læt ég nægja að vísa til þeirrar greinargerðar sem fylgir tillögunni og gerðarinnar sjálfrar en vil þó geta þess að efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir ber að skoða í ljósi mjög örrar þróunar fjármálastarfseminnar þar sem rafeyrir skipar sífellt stærri sess og er gott merki þeirra miklu tækniframfara sem við upplifum í dag. Jafnvel eru dæmi um að stofnanir takmarki starfsemi sína í meginatriðum við útgáfu rafeyris.

Tilskipunin fjallar um rafeyrisfyrirtæki, þ.e. fjármálafyrirtæki önnur en lánastofnanir sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. Í tilskipuninni er meðal annars kveðið á um heimildir til útgáfu rafeyris, lágmarkskröfur um eigið fé rafeyrisfyrirtækis og um eftirlit og fjárfestingarstefnu slíkra fyrirtækja.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í iðn.- og viðskrn. en sérstök nefnd sem vinnur að gerð frv. á vegum þess ráðuneytis um fjármálafyrirtæki mun gera tillögur um hvernig tilskipunin verður tekin upp í íslenskan rétt. Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 27. apríl 2002.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 1017.

[11:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Gerð er grein fyrir tillögunni og efni þessarar ákvörðunar í fskj. með þáltill. ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun kallar eins og hinar fyrri á lagabreytingar hér á landi og hefur verið undirrituð af okkar hálfu með stjórnskipulegum fyrirvara.

Hvað varðar efnisatriðin vil ég með sama hætti vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar. Það ber að hafa í huga þá gerð sem var til umræðu hér næst á undan. Þessi gerð tengist henni. Tilskipunin mælir fyrir um það að rafeyrisfyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir. Þetta gerir það að verkum að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með sama hætti er unnið að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa máls í iðn.- og viðskrh. og sama nefnd og áður var getið um að vinnur að frv. um fjármálafyrirtæki mun skila áliti um hvernig þetta mál verði best fært inn í íslenskan rétt og síðan lagt fyrir hv. Alþingi.

Það er gert ráð fyrir því, með sama hætti og fyrri tilskipunin sem var hér til umræðu, að þessi tilskipun komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 27. apríl árið 2002. Ég vil á sama hátt leggja til, hæstv. forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), fyrri umr.

Stjtill., 642. mál. — Þskj. 1019.

[11:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka, sem fjallar um fjarskiptaþjónustu, við EES-samninginn og fella inn í hann reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000 frá 18. desember á síðasta ári, um opinn aðgang að heimtaugum.

Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni. Hún er prentuð sem fskj. með henni ásamt þeirri gerð sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af okkar hálfu.

Varðandi efnisatriði þessa máls vil ég vísa til greinargerðar sem fylgir tillögunni og það gerir gerðin sjálf. Þess skal getið að efni þessa máls tengist beint þeirri þróun undanfarinna ára í átt að auknu frjálsræði og samkeppni á fjarskiptamarkaðnum sem við höfum jafnframt upplifað hér á landi.

Þeim ráðstöfunum sem hér um ræðir er ætla að stuðla að aukinni samkeppni á innanbæjarneti. Með þessum breytingum getur neytandinn valið á milli fjarskiptafyrirtækja sem hann vill semja við um flutning símtala eða gagna. Tilgangurinn er að auka samkeppni í tali, breiðbandi og netþjónustu til notenda. Unnið er að nauðsynlegum lagabreytingum vegna þessa máls í samgrn. Það er nauðsynlegt að beyta 20. gr. fjarskiptalaganna til að taka mið af ákvörðun þessara reglna.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, fyrri umr.

Stjtill., 643. mál. — Þskj. 1020.

[11:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og fella hann inn í þennan samning um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2000/709/EB frá 6. nóvember sl., um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríki skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingu hér á landi. Þess vegna þarf málið að koma fyrir Alþingi. Að því er varðar efnisatriði málsins vil ég vísa til greinargerðar sem fylgir þessari tillögu auk gerðarinnar sjálfrar sem er prentuð þar með. Hér er um að ræða framkvæmd á tæknilegu atriði í tengslum við tilskipun nr. 1999/93/EB, en þáltill. vegna þeirrar gerðar var samþykkt á hv. Alþingi þann 12. desember sl.

Tillaga að nauðsynlegum lagabreytingum er þegar til meðferðar á hv. Alþingi en iðn.- og viðskrh. hefur nýlega mælt fyrir frv. til laga um rafrænar undirskriftir. Það mál er til meðferðar í hv. efh.- og viðskn.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, fyrri umr.

Stjtill., 644. mál. — Þskj. 1021.

[11:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja fyrir Íslands hönd ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum.

Samkvæmt svokölluðum Brussel-samningi um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu hvílir sú skylda á ríkjunum tveimur að samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem getur um í viðaukum við Brussel-samninginn. Í samningnum kemur fram að ef efni gerðar eða ráðstöfunar geti ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipunarskilyrði hafa verið uppfyllt skuli Ísland gera Evrópusambandinu grein fyrir því. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því. Í samræmi við þetta ákvæði hefur Ísland gert Evrópusambandinu grein fyrir því að Ísland geti ekki látið uppi endanlega afstöðu sína til þessa máls fyrr en stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt.

Sú afstaða hefur verið mótuð í utanrrn. að í þessum tilvikum skuli sams konar málsmeðferð viðhöfð og við meðferð gerða á grunni EES-samningsins sem samþykktar hafa verið með stjórnskipulegum fyrirvara. Dæmi um það eru samþykktir sem ég hef gert grein fyrir áður. Það er að mati ráðuneytisins alveg ljóst að það gilda sömu sjónarmið í báðum tilvikum og því eðlilegt að málin komi með sambærilegum hætti fyrir hv. Alþingi.

Hinn 29. maí árið 2000 var samþykktur af Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess samningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Markmið samningsins er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi, en sú samvinna hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt viðbótarbókun frá 17. mars 1978, og samningi frá 19. júní 1990. Þessi nýi samningur Evrópusambandsríkjanna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum felur m.a. í sér breytingu á Schengen-reglum sem gilda á þessu sviði.

Í 2. gr. samningsins eru rakin þau ákvæði hans sem breyta eða byggja á þeim Schengen-reglum sem gilda gagnvart Íslandi og Noregi.

Frv. til breytinga á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum vegna þessa máls er þegar til meðferðar á hv. Alþingi.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, fyrri umr.

Stjtill., 656. mál. — Þskj. 1034.

[11:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þeirri sem hér liggur fyrir er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum frá árinu 2001 sem gerðir voru í Skagen 18. október á liðnu hausti.

Á grundvelli samnings strandríkjanna fjögurra, þ.e. Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands frá árinu 1996 hafa þessi ríki auk Evrópusambandsins á undanförnum árum samið árlega um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Á fundi aðila í Skagen í haust náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þessu ári. Heildarveiði var ákveðin 850 þús. lestir. Hún var 1.250 þús. lestir árið áður og því er um að ræða 400 þús. lesta samdrátt.

Þessi afli skiptist í nákvæmlega sömu hlutföllum og verið hefur á undanförnum árum. Í Íslands hlut koma 132.080 lestir, í hlut Færeyja 46.420 lestir, í hlut Evrópubandalagsins 71.260 lestir, í hlut Noregs 484.500 lestir og í hlut Rússlands 115.740 lestir.

Eins og fyrr hafa aðilar komið sér saman um frekara fyrirkomulag veiða í sérstökum tvíhliða samningum, m.a. um heimildir til veiða í lögsögu hvors annars. Þeir samningar eru með svipuðum hætti og verið hefur.

Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðs, ICES, hafði lagt til að heildaraflinn yrði 753.000 lestir á árinu 2001, í samræmi við aflareglu sem samþykkt var að vinna eftir á fundi aðila árið 1999. Því miður náðist ekki samstaða á fundinum í Skagen um að fylgja ráðgjöfinni, sem Íslendingar lögðu mikla áherslu á, og varð að lokum samkomulag um að heildaraflinn árið 2001 yrði 850.000 lestir eða tæplega 100 þús. lesta fram yfir ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Aðilar lýstu því hins vegar yfir, og á það lögðum við mikla áherslu, að stefnt yrði að því að fylgja aflareglunni frá og með árinu 2002. Ég vænti þess að við það verði staðið þannig að þessar veiðar verði í samræmi við ráðgjöf vísindamanna og skiptir miklu máli fyrir hagsmuni allra þessara þjóða og þá ekki síst okkur Íslendinga að þessi stofn verði byggður upp þannig að hann nái fyrri stöðu og leiti með sama hætti inn í íslenska lögsögu og áður, en það er helst von til þess þegar stofninn hefur náð ákveðnu marki.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[11:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra rekur minni til var ég aldrei fyllilega sáttur við þá skiptingu sem niðurstaða varð um á sínum tíma. Ég taldi að Norðmenn hefðu fengið allt of stóran hlut úr stofninum þegar tekið er tillit til þess að það voru þeir með smásíldardrápum sínum inni á fjörðum í Noregi sem áttu langstærstan hlut í að þessi stofn hrundi á sínum tíma en alls ekki veiðar Íslendinga á fullorðinni kynþroska síld. Það sem mér þykir ákaflega slæmt við þetta, eins og ég heyri að hæstv. ráðherra þykir líka, er sú staðreynd að ekki er farið eftir ráðgjöf ICES. Það er verið að veiða snöggtum meira en lagt er til af sérfræðingum. Það er ákaflega slæmt fyrir Íslendinga vegna þess að með þessum hætti er verið að halda stofninum niðri. Það skiptir máli fyrir okkur að hann verði stór því að eftir því sem hann stækkar þá aukast líkurnar á því að hann sæki aftur í sitt gamla far, þ.e. að hann gangi inn á íslenskt hafsvæði. Það mundi hins vegar þýða að við gætum í krafti ákveðinnar endurskoðunarreglu sem á sínum tíma var samþykkt gert tilkall til stærri hluta.

Mig langar, fyrst þetta mál er hér til umræðu, að inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða spár eru núna uppi um framvindu þessa stofns. Er gert ráð fyrir því að hann stækki á næstu árum? Ég spyr vegna þess að á síðustu árum hefur stofninn greinilega verið að minnka, ekki bara núna heldur líka held ég undanfarin ár.

[11:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að þetta hafi verið slæmir samningar fyrir Ísland. Ég tel að í ljósi aðstæðna hafi þetta verið góðir samningar og okkur hafi tekist að tryggja að veiðar úr þessum stofni yrðu takmarkaðar með eðlilegum hætti. Auðvitað má lengi deila um það hvað skuli koma í hvers hlut. Norðmenn og Rússar reyndar líka hafa verið einir um það lengi að veiða úr þessum stofni og við höfum lagt mjög mikla áherslu á að tryggja uppbyggingu hans og að síðan kæmi til samninga á nýjan leik þegar sú uppbygging hefði verið tryggð.

Ég tek undir það með hv. þm. að það eru vonbrigði að ekki skuli hafa verið fylgt algerlega ráðgjöf vísindamanna. Við höfum barist fyrir því af miklu kappi. Ég vona eins og ég sagði áður að þeirri ráðgjöf verði fylgt á næstu árum eins og við höfum vilyrði fyrir. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er besta tryggingin fyrir því að stofninn nái eðlilegri stærð og vísindamenn gera þessa tillögu í ljósi þess að stofninn vaxi og þá sérstaklega elsta síldin, en það er sú síld sem mun fyrst og fremst leita inn á Íslandsmið. Því eru miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur að þessi síld verði ekki öll sömul drepin áður en hún getur gengið inn í íslenska lögsögu þannig að ég er alveg sammála hv. þm. um það. Það eru þær áherslur sem við höfum haft í þessum samningaviðræðum.

[11:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel lítinn tilgang í því að rifja upp þær deilur sem áttu sér stað fyrir nokkrum árum þegar við vorum að ræða hinn upphaflega samning. Það var þá staðföst skoðun mín og er enn að Norðmenn hafi fengið allt of stóran hlut af þessum stofni miðað við það hversu stór hlutur þeirra í að drepa hann niður á sínum tíma var. Um það ætla ég ekki að deila við hæstv. utanrrh.

Hins vegar slefuðumst við til þess á sínum tíma að leggjast ekki í harkalegri víking en við gerðum gegn samningnum vegna þess að þar var inni ákveðið endurskoðunarákvæði. Það byggði á því að þegar stofninn næði aftur fyrri stærð yrði samið upp á nýtt og þá gætum við gert frekara tilkall til stærri hlutar úr stofninum þegar sýnt væri að stofninn væri sökum aukinnar stærðar tekinn að ganga aftur inn í hin

íslensku hafsvæði. Það hefur gerst á síðustu árum að stundum hafa komið göngur inn í íslensku efnahagslögsöguna af stórri fullþroska síld. Því miður er ekki við því að búast að svo verði að verulegu marki fyrr en stofninn byggist upp. En þessi niðurstaða hér gengur í þveröfuga átt. Það er ekki verið að fara eftir niðurstöðu vísindamanna. Það er verið að fara eftir einhverju öðru.

En gott og vel. Ég skil það líka að hæstv. ráðherra hafi í ljósi aðstæðna fallist á þetta og ég geri engar sérstakar athugasemdir við það. Ég var hins vegar að inna ráðherrann, meira fyrir forvitnissakir heldur en af pólitískum ástæðum, eftir því hvað vísindamenn sem véla um þetta hafa sagt um uppbyggingu stofnsins. Eru einhverjar líkur til þess að hægt sé að ætla að á næstu árum stækki stofninn umtalsvert? Hann var, ef ég man rétt, það stór fyrir örfáum árum að heimilt var að veiða 1.200 þús. lestir. Við erum komin niður í 800, ráðlegt væru 750 þús. þannig að þetta bendir til þess að hann sé frekar á hraðri niðurleið. Er þess að vænta að hann rísi upp aftur eins og fuglinn Fönix?

[11:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi stofn er ekki í neinni hættu. En það er rétt hjá hv. þm. að við höfum verið að veiða of mikið úr honum og þess vegna er mikilvægt að við fylgjum þessari ráðgjöf sem við erum alveg sammála um og til þess að svo megi verða þarf að draga úr veiðinni. Ef ekki verður dregið úr veiðinni þá erum við að ganga á stofninn. Það er fylgt svokallaðri aflareglu sem er ákveðið hlutfall af stofninum. Mig minnir það vera 20 eða 25%. Ég skal ekki fullyrða um það en ég skal koma slíkum upplýsingum til hv. Alþingis. Ég hef þær ekki með mér. Um þetta liggja fyrir gögn hjá Hafrannsóknastofnun sem ég skal koma til hv. þm. þannig að hann fái fullt yfirlit yfir það. Að sjálfsögðu er líka rétt að það verði lagt fram við meðferð málsins í hv. utanrmn.

Ég heyri það á hv. þm. að hann hefur engan áhuga á að fara að deila um það hvort samningar eru góðir eða slæmir. Við gætum eflaust deilt um það í allan dag. (Gripið fram í.) Þetta eru gerðir samningar og það þýðir ekkert að deila um þá. Ég taldi mikilvægt þegar ég kom í utanrrn. á sínum tíma að leysa þau stóru mál sem þar voru uppi, bæði varðandi síldina og svokölluð Smugumál. Það voru afskaplega erfiðir samningar og tóku mörg ár og var mikið fyrir þeim haft sem var eðlilegt eins og í öllum öðrum stórmálum. Ég tel að sú niðurstaða sem fékkst í þessum málum hafi verið algerlega viðunandi fyrir hagsmuni Íslands. Það er líka mikið hagsmunamál Íslendinga að bærilegur friður ríki um nýtingu fiskstofna á Norður-Atlantshafi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, fyrri umr.

Stjtill., 657. mál. — Þskj. 1035.

[11:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 12. febrúar og 2. mars 2001.

Þetta mál er hv. þm. mjög kunnugt enda hefur þessi skipan mála verið milli þjóðanna í mjög langan tíma.

Samkvæmt þessum samningi munu aðilar semja fyrir 20. júní 2001 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2001. Er eins og í samningi landanna frá í fyrra við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2001/2002 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á þessu ári.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á þessu ári.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að þessari tillögu verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), fyrri umr.

Stjtill., 619. mál. — Þskj. 992.

[11:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, INMARSAT, sem gerðar voru á þingi aðildarríkja stofnunarinnar í London 20.–24. apríl 1998.

Með þeim breytingum var nafni samningsins breytt í „samning um Alþjóðastofnun um farstöðvaþjónustu um gervitungl."

Hinn 17. desember 1990 samþykkti Alþingi ályktun um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samninginn um INMARSAT. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 26. mars 1991.

Samhliða stofnun INMARSAT árið 1976 undirrituðu símastjórnir aðildarríkjanna rekstrarsamkomulag. Hafa þær sem rekstraraðilar lagt fram hlutafé til stofnunarinnar og haft æðsta vald í daglegum rekstri hennar.

Gervitungl INMARSAT veita fjarskiptaþjónustu víðs vegar um heim, þar með talda talsíma-, telex- og gagnaflutningaþjónustu. Rekstraraðilarnir hafa haft einkarétt á aðgangi að gervitunglunum og því að veita fjarskiptaþjónustu um þessi sömu gervitungl.

Það hefur verið almenn stefna að afnema einkarétt í fjarskiptum og láta í þess stað markaðssjónarmiðin ráða, eins og við höfum orðið vör við hér á Íslandi með sama hætti og alls staðar í kringum okkur. Sú stefna hefur valdið vaxandi gagnrýni á núverandi fyrirkomulag INMARSAT. Á þingi

aðildarríkjanna árið 1998 var því ákveðið að breyta rekstrarformi þessarar stofnunar með breytingum á stofnsamningi hennar.

Meginbreytingin er sú að stofnað verður hlutafélag um rekstur INMARSAT gervitunglanna, Inmarsat Ltd., og verður það staðsett í Bretlandi eins og orðið „ltd." (Gripið fram í.) gefur tilefni til. Það mun vera skammstöfun fyrir hf. eða hlutafélag eins og ég veit að hv. þingmanni er vel kunnugt um, sem er ákveðið form sem víða er viðhaft í rekstri fyrirtækja. Eignir og skuldbindingar alþjóðastofnunarinnar INMARSAT verða færðar til hins nýja fyrirtækis, þar með talin gervitungl og aðstaða sem tengist þeim.

Alþjóðastofnunin INMARSAT mun hins vegar hafa eftirlitshlutverk með þessu fyrirtæki, þessu hlutafélagi sem heitir líka Inmarsat og það mun stofnunin gera fyrir hönd allra þeirra aðildarríkja sem eiga aðild að INMARSAT.

Aðaltilgangur þessarar stofnunar verður að tryggja að fyrirtækið uppfylli skyldur sem á því munu hvíla um að veita þjónustu í sambandi við hnattrænt neyðar- og öryggiskerfi fyrir siglingar og að fyrirtækið fari að öllum grundvallarreglum þessarar stofnunar. Það má því segja að þessar breytingar hafi verið gerðar í ljósi mjög breyttra aðstæðna í öllum aðildarríkjunum og að verið sé að færa þær til nútímalegs horfs.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 872.

[11:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli, í fjarveru hæstv. iðnrh.- og viðskrh., fyrir frv. til laga um vexti og verðtryggingu sem er 566. mál þingsins á þskj. 872.

Frá því að vaxtalög, nr. 25/1987, gengu í gildi og almennu samningsfrelsi um aðra vexti en dráttarvexti var komið á hefur íslenski fjármagnsmarkaðurinn tekið margvíslegum breytingum. Ég vil nefna helstu breytingarnar sem hafa þar orðið:

Bankar, sparisjóðir og aðrar helstu lánastofnanir á markaði hafa tekið upp kjörvaxtakerfi útlána. Í kjörvaxtakerfi eru lántakendur flokkaðir í nokkra kjörvaxtaflokka eftir fjárhagslegum styrkleika og tryggingum sem þeir geta sett fyrir lánum. Vextir í hverjum flokki eru ákveðnir sem álag á hlutaðeigandi kjörvexti, þ.e. grunnvexti. Jafnframt hefur fjölbreytni innlánsreikninga aukist mjög mikið í samræmi við þessa þróun.

Síðustu gjaldeyrishöftin voru afnumin í árslok 1994. Þar með tengdist íslenski fjármagnsmarkaðurinn erlendum fjármagnsmörkuðum miklu sterkari og traustari böndum en áður hafði verið.

Á þessum tíma hefur hlutabréfamarkaðurinn verið efldur mjög mikið og stofnaður hefur verið gjaldeyrismarkaður.

Veruleg aukning fjárfestinga í erlendum verðbréfum hefur orðið hér á landi.

Einnig hefur komist á lánsfjáröflun ríkissjóðs með markaðsútboðum og samkomulag fjmrn. og Seðlabankans um að ríkissjóður afli sér lánsfjár á markaði en taki ekki lán hjá Seðlabankanum.

Áhersla fyrirtækja og sveitarfélaga á að afla lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána hefur aukist.

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafa skapast auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi.

Sókn innlendra lánastofnana á erlenda markaði með stofnun útibúa og skrifstofa, stofnun dótturfélaga og kaup á erlendum bönkum hefur orðið í nokkrum mæli þannig að þessi markaður hefur þroskast mjög mikið á þessum árum.

Þetta eru að sjálfsögðu gríðarlegar breytingar sem hér hafa orðið. Lagaramminn utan um þessar róttæku breytingar hefur í samræmi við það tekið mjög miklum breytingum. Þykir því vera kominn tími til að setja ný vaxtalög í samræmi við þessa þróun sem hæfa betur aðstæðum á markaðnum.

Í stuttu máli er meginefni þessa frv. eftirfarandi:

Lagt er til að ný lög um vexti og verðtryggingu komi í stað vaxtalaganna frá 1987. Vaxtalögunum hefur verið breytt sjö sinnum frá því að þau voru sett. Nefndin sem vann að gerð frv. var sammála um að ástæða væri til að breyta fjölmörgum ákvæðum vaxtalaganna, þar á meðal að fella niður kaflann um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Til að auðvelda umfjöllun um efnisatriði og tryggja innra samhengi og réttar tilvísanir innan margbreyttra laga taldi nefndin rétt að leggja til að sett yrðu ný heildarlög í stað laganna frá 1987.

Í frv. eru lagðar til eftirfarandi meginbreytingar á sviði vaxtamála:

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að Seðlabankinn ákveði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum verði aðilum heimilt í lánssamningum að semja um dráttarvexti upp að vissu marki. Samningsaðilar hafa samkvæmt frv. heimild til að semja um tiltekinn fastan hundraðshluta sem vanefndaálag ofan á ákveðinn grunn dráttarvaxta sem tekur mið af vöxtum algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana. Einnig geta samningsaðilar samið um fasta dráttarvexti.

Í öðru lagi er lagt til að sérregla 11. gr. gildandi vaxtalaga um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt verði afnumin og því fari um dráttarvexti af slíkum kröfum samkvæmt almennum reglum.

Í þriðja lagi er lagt til að þegar samningsaðilar tilgreina ekki vaxtafót verði miðað við vexti sem Seðlabankinn birtir. Skulu þeir taka mið af lægstu vöxtum á nýjum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum en ekki veginni meðalársávöxtun af nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og tíðkast í dag. Fyrrgreindu vextirnir eru af eðlilegum ástæðum lægri en þeir síðarnefndu. Rétt er að benda á að einungis í undantekningartilvikum reynir á þetta ákvæði vaxtalaga. Reynslan er sú að yfirleitt er einhver vaxtafótur tilgreindur ef á annað borð er áskilið að krafa beri vexti.

Í fjórða lagi er stefnt að því með frv. að hvetja aðila til að semja um ákveðna vexti sín á milli en nota ekki almennar viðmiðanir við vexti á markaðnum eins og nú tíðkast, t.d. meðalársávöxtun á nýjum almennum útlánum hjá bönkum og sparisjóðum. Þessir meðalvextir eru ýmsum annmörkum háðir. Í fyrsta lagi hefur orðið æ erfiðara fyrir Seðlabankann að velja vogir til að reikna út meðalvexti eftir því sem kjörvaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreytilegra. Í öðru lagi eru við útreikning á þessum meðalvöxtum notaðir

allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, þ.e. lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og allir vextir þar á milli. Þessir meðalvextir eru síðan notaðir í ríkum mæli í samningum manna á milli utan bankakerfisins án þess að tillit sé tekið til mismunandi aðstæðna lántakenda. Þetta getur þýtt að aðilar sem taka lán utan bankakerfisins með góðum tryggingum greiða í raun hærri vexti en eðlilegt getur talist. Einnig má finna dæmi um hið gagnstæða. Því er lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þ.e. þeim vöxtum sem lánastofnanir bjóða lánþegum sem þeir telja trausta, og þá bestu vexti sem lánastofnanir bjóða, sem er eðlilegasta viðmiðun á markaðnum þannig að aðilar geti gert sér betur grein fyrir því hvort þeim er veitt góð eða slæm þjónusta. Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þess um vöxtum eftir aðstæðum hverju sinni.

Í fimmta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði vaxtalaga um að sé samið um breytilega vexti í samræmi við hæstu lögleyfða vexti eða hæstu vexti á markaðnum á hverjum tíma skuli miðað við hæstu gildandi vexti af hliðstæðum lánum sem eru í almennri notkun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir þessu eru tvenn rök. Í fyrsta lagi ríkir samningsfrelsi um vexti og því engir hæstu lögleyfðu vextir til. Þessi hugtakanotkun er því í reynd ekki í samræmi við þann raunveruleika sem við okkur blasir í dag. Í öðru lagi þykir eðlilegt að hvetja aðila á markaðnum til að semja um vexti sín á milli en nota ekki almennar viðmiðanir við vexti sem lánastofnanir bjóða þegar um er að ræða áhættusama lánveitingu að þeirra mati.

Í sjötta lagi er lagt til að vextir af skaðabótakröfum verði hækkaðir frá því sem nú gildir, þ.e. úr vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum í tvo þriðju hluta þeirra vaxta sem Seðlabankinn ákveður og birtir með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum. Miðað við núverandi vaxtastig mundi þessi tillaga frv. leiða til þess að vextir af skaðabótakröfum hækkuðu úr 1,4%, sem er afskaplega lágt, í u.þ.b. 9%.

Í sjöunda lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Með 6. gr. laga nr. 67/1989 var bætt við vaxtalög kafla um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða, IV. kafla, 17.–19. gr. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur starfsemi stærstu sjóðanna verið stokkuð upp með sameiningu fjögurra sjóða í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., sem nú er Íslandsbanki-FBA hf., og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Flestir fjárfestingarlánasjóðir lúta nú sömu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þeir mega þó ekki taka við innlánum. Því þykir óeðlilegt að sérákvæði gildi um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða í ljósi þeirra miklu breytinga sem hér hafa orðið.

Í áttunda og síðasta lagi er lagt til að svokallað misneytingarákvæði vaxtalaga og ákvæði um endurgreiðslu á ofteknum vöxtum verði að mestu fellt brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma er ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Þörf fyrir ákvæðin nú þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi er því lítil og þjónar litlum tilgangi. Hafa ber í huga að hið almenna misneytingarákvæði 253. gr. almennra hegningarlaga á við um samninga um vexti. Þá ber að hafa í huga að lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, taka jafnframt til þessara samning.

Í frv. eru ekki lagðar til meginbreytingar á stefnu stjórnvalda í verðtryggingarmálum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja sparifé og lánsfé sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs og Seðlabankinn geti ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána.

Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á verðtryggingarkafla vaxtalaga eru eftirfarandi:

1. Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður, enda eðlilegt ef um það er að ræða að menn vilji miða við erlenda gjaldmiðla að þá sé erlendi gjaldmiðillinn notaður.

2. Tekið er af skarið um að afleiðusamningar falli ekki undir ákvæði laganna og að í skuldaskjölum sé heimilt að miða við vísitölur sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi með sama hætti og vísitala neysluverðs.

3. Seðlabankanum verður heimilt en ekki skylt að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána eins og nú er.

4. Ákvæði 25. gr. vaxtalaga um hvað gera skuli við skuldbindingar sem tengdar eru lánskjaravísitölu verður flutt í bráðabirgðaákvæði.

5. Ákvæði 24. gr. vaxtalaga um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda er tekið út úr vaxtalögum en þess í stað sett í lög nr. 113/ 1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 123/1996, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þar þykja þessi ákvæði eiga betur heima þannig að hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði eðli máls samkvæmt vísað til efh.- og viðskn. að lokinni 1. umr.

[11:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikill bálkur sem hæstv. utanrrh. og starfandi viðskrh. mælir hér fyrir. Hann hefur rakið átta meginbreytingar á þeim lögum sem fjalla um vexti og verðtryggingu. Það er ein tiltekin breyting sem mig langar að hefja máls á hér.

Í 6. gr. er lögð til talsvert merk breyting á dráttarvöxtum. Þar er lagt til að heimilað verði að semja um ákveðið vanefndaálag ofan á tiltekinn grunn dráttarvaxta. Að vísu eru neytendalán undanskilin. Ég spyr því hæstv. utanrrh.: Þýðir þetta ekki að allar líkur eru á því að dráttarvextir kunni í sumum tilvikum að hækka? Ég velti t.d. fyrir mér að jafnvel þó að neytendalán séu þarna undanskilin, hver verði örlög t.d. lítilla atvinnurekenda, smáfyrirtækja sem þurfa að sækja undir bankastjóra. Ég tala ekki um í því harðnandi árferði sem ríkir nú innan bankasamfélagsins. Við verðum þess vör auðvitað að það er orðið erfiðara að verða sér úti um fjármagn. Það þýðir einfaldlega að sér í lagi þeir sem eru smærri og veikari á markaðnum þurfa einfaldlega að taka þeim kostum sem þeim eru boðnir.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Telur hann ekki að hér sé verið að fara út á hæpna braut? Getur þetta ekki leitt til þess að dráttarvextir hækki? Kann þetta ekki að koma verst niður á þeim sem eru e.t.v. í erfiðastri stöðu og hafa mest þörf á því að komast að fjármagni?

[11:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í flestum tilvikum hafa neytendur aðra stöðu en fyrirtæki í þessu sambandi og þess vegna verða að gilda ákveðnar reglur um það. Ég sé enga ástæðu til að ætla að með þessum breytingum muni dráttarvextir hækka. Með þessum breytingum hins vegar geta fyrirtæki samið um það í lánssamningum sínum hvaða reglur eigi að gilda ef um vanskil verður að ræða. Það er nú þannig með marga aðila að þeir hafa stöðu og tækifæri til að semja um það. Auðvitað getur það átt við um aðra tiltekna aðila í þjóðfélaginu. En ég hygg að hér sé verið að leggja til breytingar sem eru í samræmi við það sem gengur og gerist alls staðar í kringum okkur. Við lifum orðið í þessu sambandi í mjög opnu og alþjóðlegu umhverfi og því er eðlilegt að reglur okkar séu í samræmi við það sem gengur og gerist annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ríkir fullt frelsi í þessum málum. En ég sé enga ástæðu til að ætla, herra forseti, að þetta muni sérstaklega leiða til þess að dráttarvextir hækki, heldur þvert á móti í ákveðnum tilvikum geti þeir lækkað.

[11:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess sérstaklega í minni stuttu ræðu hérna áðan að neytendalán væru undanskilin, ég gerði mér grein fyrir því.

Í hvaða tilvikum, herra forseti, telur hæstv. utanrrh. að dráttarvextir gætu lækkað? Ég er þeirrar skoðunar að það sé rangt hjá honum, hafi ég skilið hann rétt, að við lifum í opnu samfélagi og opnari en áður sem gerir það að verkum að fyrirtæki geti þá sótt fjármagn í auknum mæli á annan markað og þess vegna ríki sérstök samkeppni sem mundi koma fram í því að dráttarvextir yrðu ekki óhóflega háir.

Ég held það sé rangt hjá hæstv. utanrrh. að því er varðar þessi litlu fyrirtæki. Ég vísa til þess að skammt er síðan að Samtök iðnaðarins héldu fund þar sem forvígismaður þeirra gat þess einmitt að lítil og meðalstór fyrirtæki nytu ekki þessara opnu vaxtakjara, þ.e. vaxtakjara á hinum alþjóðlega markaði, þau yrðu að sækja sér fjármagn innan lands.

Ég held því fram, herra forseti, að verið sé að opna á möguleika hér sem felur það í sér að lítil fyrirtæki sem þurfa að sækja sér fjármagn gætu lent í því að þurfa að greiða hærri dráttarvexti. Hvaða samningsstöðu hafa þau gagnvart bankastjóra sem segir: Ja, það er nú hart í ári og við höfum takmarkað fjármagn og það er óvíst með þróun efnahagslífsins. Til þess að tryggja bankann verðum við að fara þess á leit við þig að þú borgir tiltekið vanefndaálag. Það getur leitt til þess að ákveðin fyrirtæki sem geta ekki sótt annað lendi í því að greiða hærri dráttarvexti en ella.

Ég inni svo hæstv. starfandi viðskrh. eftir því í hvaða tilvikum hann telur líklegt að dráttarvextir munu sökum þessarar breytingar lækka. En hann fullyrti að í sumum tilvikum gæti það gerst.

[11:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það eigi fyrst og fremst við um öflugri fyrirtæki sem hafa samningsstöðu gagnvart bankakerfinu til að semja um mál sín. Það vill svo til að fyrirtæki fara stækkandi á almenna markaðnum á Íslandi, að sumu leyti því miður og öðru leyti sem betur fer. Hins vegar eru öll fyrirtæki á Íslandi lítil og meðalstór fyrirtæki í skilningi reglna sem gilda á alþjóðamarkaði. Ástæðan fyrir því m.a. að fyrirtæki okkar eru að stækka er til þess að þau geti orðið samkeppnishæfari á þessum alþjóðlega markaði og geti notið betri kjara, m.a. á lánamarkaðnum. Ég sé hins vegar enga ástæðu til að ætla að þetta eigi að þurfa að skaða minni aðila eins og hv. þm. gat um, þvert á móti. Ljóst er að það eru mjög opnar upplýsingar um það hvaða kjör eru á markaðnum og gæti það orðið til þess að bæta kjör hinna þannig að í ljós komi að það séu ekki bara einhverjir einir dráttarvextir sem gilda, hægt yrði að semja um það og þá munu náttúrlega allir leita leiða til að ná betri samningum.

En almennt má segja að fyrirtæki reyna náttúrlega að komast hjá því að fjármagna sig á dráttarvöxtum. Fyrirtæki sem fjármagna sig á dráttarvöxtum til lengri tíma litið fara fljótlega yfir um. Slík fjármögnun er því ekki eftirsóknarverð og ber að sjálfsögðu að reyna að koma í veg fyrir hana með öllum tiltækum ráðum. Það á líka við um almenning og neytendur. Dráttarvextir eru svo háir að það stendur ekkert heimili undir slíkum vöxtum til langframa.

[11:55]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frv. sem hæstv. utanrrh. hefur mælt fyrir um vexti og verðtryggingu kemur fram að ekki eru hugmyndir stjórnvalda uppi um að breyta frá þeirri stefnu í verðtryggingarmálum sem verið hefur nema að litlu leyti. Ég velti því fyrir mér í þessu samhengi sökum þess að verðtryggingarheimildir sem hér eru eiga sér enga hliðstæðu a.m.k. hvað varðar hversu almennar þær eru. Verðtryggingin á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar hér ríkti óðaverðbólga og menn höfðu mjög takmarkaða trú á efnahagsmálum þess tíma. Nú hefur margt breyst og menn hafa dásamað hér ýmislegt sem þeir telja að hafi breyst til betri vegar og færst til betri vegar á fjármagnsmarkaði. Þess vegna veltir maður því fyrir sér, því eðli svona verðtrygginga eru vitaskuld fyrst og fremst til þess fallið að draga úr áhættu þeirra sem lána fé, þó reyndar sé heimilt að verðtryggja innstæður líka en þá hefur þróunin verið sú og framkvæmdin hér er fyrst og fremst til þess fallin að tryggja og draga úr áhættu þeirra sem lána fé. Að sama skapi hafa menn farið þá leið að tryggja þetta eins og kostur er.

Því beini ég því til hæstv. utanrrh. hvort það sé einfaldlega þannig að menn treysti sér ekki enn til að afnema þessar víðtæku heimildir í verðtryggingarmálum í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á efnahagslífi Íslendinga um nokkurt skeið.

[11:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er já. Menn treysta sér ekki til þess. Hins vegar er verið að gera þá breytingu að miða beri við vísitölu neysluverðs sem ég tel að sé til mikilla bóta. Einnig er verið að opna fyrir það að Seðlabankinn geti breytt þessum takmörkunum, sem eru í dag þrjú ár fyrir innlán og fimm ár fyrir útlán. Menn hafa verið þeirrar skoðunar á undanförnum árum að ef vísitöluheimildir yrðu algjörlega afnumdar þá lægi það nokkuð ljóst fyrir að það yrði til þess að hækka vexti. Þar af leiðandi væri það vond aðgerð við núverandi aðstæður fyrir lántakendur og neytendur.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að stefna beri að því að afnema þetta form í framtíðinni og færa það til samræmis við það sem gildir hér á mörkuðum í kringum okkur. En það má ekki verða til þess að stórhækka greiðslubyrði á fyrirtækjum og fólki sem menn hafa metið að mundi gerast. Nú er það Seðlabankinn sem kemur til með að meta það

og fylgjast með því. Við verðum að sjá til um það hvernig þróunin verður í þeim efnum. Opnað er fyrir þann möguleika að breyta þessum viðmiðunum til samræmis við aðstæður á markaði. Ég vænti þess að Seðlabankinn muni fylgjast þar mjög vel með og gera þá tillögur um breytingar ef þeir telja ástæðu til þannig að fjármagnsmarkaður okkar verði líkastur því sem er í kringum okkur, enda er það eðlilegt því þessir markaðir eru algerlega opnir. En það er rétt hjá hv. þm. eins og hann spurði, að menn treysta sér ekki til þess við núverandi aðstæður af þeim ástæðum sem ég hef tilgreint.

[12:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að flestir sem hafa tjáð sig um þessi mál meta þau þannig að verðtryggingin og tilvist hennar þýði í raun og veru að menn treysti sér til að hafa vexti u.þ.b. 2–3% lægri en ella væri. Hins vegar er umhverfið orðið þannig og fjármagnsflutningar komnir í þann farveg að þeir eru orðnir frjálsir. Það segir sig sjálft ef bankar og lánastofnanir hér á landi verða komin það hátt með vextina, geta þeir nánast verðlagt sig út af markaðnum. Hins vegar á meðan þeir hafa þetta öryggisnet, þ.e. að þessi áhættufaktor, ef svo má að orði komast, er nánast tekinn út úr lánveitingum þannig að menn geti tryggt sig a.m.k. fyrir verðhækkunum innan lands, geta þeir leyft sér þann munað að keppa í þessu frjálsa umhverfi á þeim forsendum að þeir hafi ákveðið tryggingakerfi.

Því segi ég, virðulegi forseti, að auðvitað er þetta til mikillar hagræðingar, ekki aðeins fyrir neytendur heldur líka fyrir bankastofnanir því það er einfaldlega þannig að þetta hjálpar bankastofnunum mjög í því samkeppnisumhverfi sem nú er. Hins vegar eiga menn að velta því vandlega fyrir sér hvort stjórnvöld eigi til lengdar að vera með svona tryggingarákvæði í lögum.

[12:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski er rétt að taka það fram að verðtrygging hefur rutt sér til rúms í flestum ríkjum OECD á ríkistryggðum skuldabréfum, t.d. í Bandaríkjunum sem er kannski vagga fjármagnsmarkaðarins þannig að verðtryggingar eru ekki bannaðar í þessum löndum. Þær eru hins vegar notaðar í miklu minna mæli en hér á landi en við værum að ganga afskaplega langt og miklu lengra en önnur lönd ef við bönnuðum þetta form skuldbindinga. Ég tel að það sé ekki rétt. Það er hins vegar óumdeilt að betra væri ef fjármagnsmarkaðurinn þróaðist í þá átt hér á landi að minna væri um verðtryggingar. Það er ekkert því til fyrirstöðu og ég leyfi mér að trúa því að það muni verða. Þessar breytingar á lögunum eru þess efnis að mínu mati að þær opna fyrir það í meira mæli en áður var. En við verðum að sjá til hvernig þessi þróun er en það væri rangt af okkur að banna eitthvað hér á landi sem er þó heimilt í öðrum löndum, jafnvel þótt það sé notað þar í miklu minna mæli.

[12:03]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Nú er verið að leggja fyrir þingið frv. til laga um vexti og verðtryggingu. Nauðsynlegt er að hafa einhver lög um þessi mál. Nauðsynlegt er að það sé einhver regla sem fólk geti gengið að sem vísri um það hvernig peningar eru verðlagðir og hvað fólk þarf að borga fyrir að fá lánaða peninga. Það eru til margir flokkar vaxta í bankakerfinu og útlánakerfinu öllu og misjafnt hvernig aðgang fólk hefur að því eftir aðstæðum hverju sinni. Sum fyrirtæki sem fá há lán þurfa að borga minni vexti en t.d. margir einstaklingar sem eru að reka fjölskyldu sína og heimili og jafnvel bara að kaupa sér þak yfir höfuðið eða fá lán fyrir einhverju sem nauðsynlegt er og brýn þörf á. Reyndar má í þessu samhengi geta þess að neysla og framboð á lánum í sambandi við kaup á alls konar vörum og dóti er að minni hyggju allt of mikið og þyrfti gjarnan að athuga hvernig skuldir manna geta hrannast upp á mörgum stöðum í einu.

Í ágætum sjónvarpsþætti á einhverri sjónvarpsstöðvanna gerði ungt fólk sér það að leik að fara niður í bæ í Reykjavík og athuga hve mikið það gæti skuldsett sig á einum degi. Þau gátu það með hægum leik, ungt fólk, 18 ára gamalt, gat skuldsett sig upp á 3 millj. kr. án þess að miklar eða nokkrar ábyrgðir væru þar á bak við. Þetta lýsir svolítið alvarleika ástandsins í peningakerfinu hér á Íslandi og kemur náttúrlega inn á svo margt um það hvernig fólk ætlar að haga neyslu sinni í lífinu og tilverunni. Það mætti gjarnan taka það meira inn í námsefni í skólum að gera ungu fólki grein fyrir því hversu vaxtaokrið er mikið og verðbótaþátturinn getur leitt til mikilla vandræða og jafnvel þjáninga hjá fólki, að maður tali ekki um í sumum tilvikum þegar ábyrgðarfólk er fengið til að skrifa upp á lánin eða hús eru sett að veði sem er þó kannski skárra.

Það er eitt sem má velta fyrir sér í þessari umræðu, herra forseti. Það eru ekki margir bankar á Íslandi, en það er verið að tala um samkeppni á markaðnum og að ekki sé alveg sama hvar menn leggja inn peningana því að sumir bankar veiti meiri og hærri vexti en aðrir. En ég hef ekki séð sjálfur að mikill munur sé á því sem er í boði og að samkeppnin sé í sjálfu sér svo mikil. Fólk greiðir háa vexti af lánum sínum og verðbætur og þegar hugsað er um þessi mál held ég að bankarnir séu ekki í miklu áliti hjá almenningi.

Auðvitað vil ég taka fram að sá sem tekur lán þarf að íhuga vel og alvarlega áður en hann tekur lánið hvaða skilmálar eru fyrir því ef ekki ber algjöra og brýna nauðsyn til að taka lánið. Menn eiga náttúrlega alltaf að athuga þessi skilyrði en stundum eru menn hreinlega tilneyddir. Það var það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að tala um áðan í sambandi við dráttarvextina að stundum er fólk undir afarkostum þeirra sem lána.

Ríkisstjórn Íslands og hæstv. forsrh. og utanrrh. segja hvað eftir annað og má á máli þeirra skilja að ástand efnahagsmála á Íslandi sé mjög gott og að hér séu góðar horfur og að við getum unað glöð við okkar hér. Þess vegna undrast ég, herra forseti, að ákvæði skuli vera í þessu frv. um svokallaða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Hvers vegna þarf að vera með sérstaka verðtryggingu þegar efnahagsástandið er eins rosalega gott og menn halda hér fram? Er ekki krónan styrk? Er ekki krónan örugg? Er hún ekki sem gull? Er ekki verið að tala þannig hvað eftir annað hér úr þessum ræðustól að horfurnar séu góðar og fínar? En samt kemur sérstakur kafli í frv. til laga um vexti en þá heitir þetta líka frv. til laga um vexti og verðbætur. Þurfum við að tryggja krónuna með sérstökum lagaákvæðum þegar ástandið er svona gott?

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að undanfarin sex eða sjö ár hefur verið lagt fram þing eftir þing frv. til laga um afnám verðtrygginga af hv. alþm. úr öllum stjórnmálaflokkum, held ég. Samt sem áður kemur ákvæði í frv. þessu um verðtryggingu. Mig undrar það, ég verð að segja það, svo ég noti setningu sem einn frægur stjórnmálamaður notaði oft, fyrrv. hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Hann tjáði sig oft

um það að þegar verðbólgan væri komin niður fyrir 10% á Íslandi gætum við lagt niður verðtrygginguna. Ef við förum yfir sögu efnahagsástandsins og efnahagsástands heimilanna undanfarin ár, förum allt til hinna erfiðu verðbólguára þegar verðtryggingunni var skellt á sem varð varð til þess að fjöldinn allur af heimilum í landinu komst á vonarvöl og mörg smá fyrirtæki áttu í mjög miklum erfiðleikum og sum fóru jafnvel á höfuðið.

Herra forseti. Ég er hissa á því að ekki skuli í greinargerðinni farið nánar út í umræðuna um þetta verðtryggingarákvæði, á þeirri forsendu sem ég nefndi áðan, þegar menn tala um að stöðugleikinn sé hér ágætur og að krónan standi vel og allt sé í góðum málum. Við munum eftir því þegar fólk tók kannski 150 þús. kr. lán árið 1981 og tveimur árum síðar var það komið upp í mörg hundruð þúsund. Svo segja menn: Þetta er allt í lagi vegna þess að fólkið er aðeins að borga það sem það fékk. Þetta má túlka sem rétt á margan hátt en það fer eftir því hvaða verð við leggjum á krónuna. Hvað kostar ein króna og hvernig á verð krónunnar að vera mælt? Hér er það lagt til að það fari eftir neysluverði.

En ég spyr hæstv. utanrrh.: Eigum við að verðleggja krónu okkar eftir því t.d. hvað grænmeti kostar hér í dag? Er það grænmetisverðið sem á að ákveða verðlagið á krónunni? Er það fiskverðið? Er það verðið á fiskinum sem fólk er að kaupa dýrum dómum út úr verslunum? Er það það sem á að ráða því hversu húsnæðislánin hækka hjá fátæku verkafólki? Þegar talað er um verðtryggingu þá held ég að menn verði að taka mið af því hverjar tekjur fólksins eru. Ef efnahagsástandið er í mjög góðum málum og allt er í lagi, þá þurfum við ekki að vera með þetta ákvæði. Fyrst verðbólgan er komin niður fyrir 10% minni ég á orð fyrrv. hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, sem sagði að það ætti að vera hægt að taka verðtrygginguna af þegar verðbólgan væri komin niður fyrir 10%.

Nei, inn í þessi ákvæði um verðtrygginguna verða að koma a.m.k. einhverjar reglur um að hún geti ekki farið algjörlega úr böndunum eins og hún gerði á ákveðnu tímabili í sögu okkar. Það eru margir sem eru enn þá að súpa seyðið af því.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að í 13. gr. VI. kafla, sem ber heitið Verðtrygging sparifjár og lánsfjár, þar sem stendur: „Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar.“ Þetta ber svolítinn keim af ótta. Þetta er ótti þess manns sem á peninga við að týna og tapa þeim. Það er áhætta að vera eigandi fjár ef menn hugsa þannig að það séu hin helstu gæði veraldar, það er alveg sama hvað menn reyna að gæta fjárins, passa að þeir tapi ekki sínu og hafi stöðugar áhyggjur af því að vakna til nýs dags þannig að þeir hafi ekki tapað peningunum sínum. Þetta er það sem mér finnst skína hér í gegn. Auðvitað reyna menn að glata ekki því sem þeir eiga. En verðtryggingarákvæðin eiga ekki að vera slík að þau geti leitt til þess að annað fólk lendi á vonarvöl og verðtryggingarákvæðin verði bara hreinlega bisness, eins og sagt er í ensku máli og í útlöndum.

Nei, ég hefði gjarnan viljað sjá í þessum kafla, Verðtrygging sparifjár og lánsfjár, ákvæði um að verðtryggingin geti ekki farið upp fyrir einhver ákveðin mörk, að ekki sé hægt að segja við mann sem er kannski með 100 kr. á tímann og hann tekur 100 kr. lán, að allt í einu eftir eitt ár þurfi hann að borga 200 kr. á meðan hann er enn þá með 100 kr. á tímann. Er þetta réttlæti af því að grænmetið hefur kannski hækkað svo mikið eða fiskurinn eða brennivínið eða tóbakið? Eða jafnvel annað sem er nú helgara, skírnir eða fermingar eða brúðkaup? Þetta er allt saman inni í neysluvísitölunni.

Herra forseti. Ég tel mig hafa vakið athygli á þessu ákvæði um verðtrygginguna í frv. til laga sem verið er að leggja fram. Ég legg til í raun og veru að VI. kaflinn verði tekinn í burt og að þeir sem eigi peninga verði bara að hafa áhyggjur af því að eiga peninga og hinir sem fá lán taki þau á sanngjörnum vöxtum og að þeir borgi lán sín eftir því sem rétt og sanngjarnt er, en ekki eins og verið hefur hér á landi, sérstaklega fyrir 10–15 árum.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sammála þeim boðskap síðasta ræðumanns að þeir sem sækjast eftir því að sanka að sér verðmætum sem mölur og ryð fá grandað verða auðvitað bara að lifa við það og taka þá áhættu. Það á ekki af hálfu löggjafans eða stjórnvalda að láta slík verðmæti eða fyrirbæri í mannlegri tilveru hafa forgang og forréttindi umfram annað. Mér hefur alla tíð þótt heldur ónotalegt t.d. að fyrirkomulag væri með þeim hætti að kaldir fjármunir væru betur tryggðir og tækju minni áhættu heldur en almenningur í gegnum lífskjör sín, launakjör o.s.frv. Ég ætla mér að koma aðeins inn á þessi verðtryggingarákvæði á eftir.

Fyrst vil ég segja, herra forseti, um vaxtahluta þessa frv., þ.e. lagaákvæði um vexti, að þarna eru kannski ekki á ferðinni grundvallarbreytingar sem hægt er að kalla svo, a.m.k. ekki ef borið er saman við þær miklu kerfisbreytingar sem urðu á 9. áratugnum og frægar eru. Þó er það óneitanlega nokkur breyting að horfið verði frá því að Seðlabankinn ákveði dráttarvexti. Það er ástæða til að ræða það mál og hefði hæstv. ráðherra gjarnan mátt fara aðeins betur yfir það í ljósi þeirrar stöðu sem hér er á fjármagnsmarkaði og þess vaxtastigs sem hér er sem er auðvitað óheyrilegt. Í grg. með frv. þar sem sagan er lítillega rifjuð upp kemur fram að einn angi breytinganna sem urðu á 9. áratugnum var sá að lög um okur voru felld úr gildi. Þá höfðu um áralangt bil verið við lýði ákvæði sem bönnuðu okur, þ.e. óhóflegt okur á fjármagni og að menn misnotuðu aðstöðu sína til þess að þvinga af mönnum óeðlilega mikla vexti eða tækju vexti sem væru umfram lögleyfða vexti.

Nú á reyndar að einhverju leyti að fullkomna þetta verk því í frv. felst að misneytingarákvæði vaxtalaga, þau sem eftir standa þar, eru að mestu leyti felld niður. Það er nú svo að einstaka manni hefur orðið hugsað til okurlaganna á nýjan leik síðustu missirin þegar vaxtastigið hefur rokið upp úr öllu valdi eins og raun ber vitni. Ég veit ekki, herra forseti, hvort menn eru allir með það á takteinum hvernig vextirnir eru. Hverjir eru t.d. dráttarvextirnir sem við erum að ræða um og velta fyrir okkur hvort gætu eitthvað lækkað? Þeir hafa síðasta árið, herra forseti, talið frá sömu mánuðum í fyrra verið á rólinu svona frá 21,5% og upp í 24%. Þetta er náttúrlega óheyrileg vaxtataka. Vextir á almennum skuldabréfum, almennum óverðtryggðum skuldabréfum hafa á sama tíma verið á bilinu 16% og upp í 18% og yfir 18% (**Gripið fram í:** Verðbólgan 4%.) Verðbólgan er um 4–5%. Við erum að tala um raunvexti, herra forseti, upp á 13–15% af almennum skuldabréfum. Hvað á þetta að þýða? Hvers konar okur er þetta? 20% raunvextir á dráttarvöxtum og yfirdráttarvextir t.d. eru á svipuðu róli.

Vísitölubundin lán, hin verðtryggðu lán, þar tekur nú kannski steininn úr, herra forseti, þegar litið er á vaxtastigið á vísitölubundnum lánum, lánum þar sem lánveitandinn er algerlega varinn fyrir allri áhættu í formi verðlagsbreytinga. Vextir á vísitölubundnum skuldabréfalánum hafa verið á bilinu 9–10,2% á síðustu mánuðum. Það hlýtur að teljast ansi vel í lagt vegna þess að þar er áhættan auðvitað langtum minni og menn í skjóli af því að þeir eru í raun og veru tryggðir með lögum gagnvart því að fjárhæðirnar rýrni ekki vegna verðlagsbreytinga.

Herra forseti. Þetta vildi ég nefna hér og má vissulega spyrja hvort okkur hafi að öllu leyti gefist vel að ganga jafnlangt í þessum efnum og raun ber vitni. Ég er ekki að gerast talsmaður þess, enda um gjörbreyttar aðstæður á allan hátt að ræða og voru fyrir 10–20 árum, að menn hverfi aftur til einhverra slíkra hluta. En fyrr má nú rota en dauðrota gæti átt við hér. Spurningin er sú hvort það séu að öllu leyti markaðslegar forsendur fyrir því hreinlega í ljósi þessa vaxtastigs og vaxtamunar að hafa engin viðmiðunarmörk eða leiðsögn af neinu tagi. Maður getur þar af leiðandi spurt: Er það endilega skref í rétta átt að hverfa t.d. frá því að Seðlabankinn haldi þó þeim þætti mála áfram á sinni könnu að ákveða dráttarvextina? Og er einhver trygging fyrir því að það fari ekki á sömu leið, að það verði fyrst og fremst til þess að hækka, a.m.k. hjá þeim sem síst mega við því.

Um verðtryggingarákvæðin, herra forseti, ætlaði ég líka að ræða. Reyndar var komið inn á það af ræðumönnum á undan mér þannig að ég get að sumu leyti vísað til þess. Það sem ég staldra við hvað varðar efni frv. sérstaklega í því sambandi er sú breyting að Seðlabankinn hætti að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna á lán eins og þetta hefur verið að undanförnu og þessu verði breytt yfir í að Seðlabankanum sé það heimilt. Ég spyr um rökin fyrir þeirri breytingu. Er það hugsun manna að þessi viðmiðunarmörk verði þá jafnvel felld niður? Og til hvers leiðir það? Jú, það leiðir til þess að menn geta farið aftur að verðtryggja fjárskuldbindingar til skemmri tíma en nú er, því þetta ákvæði eins og það er í lögunum verkar þannig að óheimilt er að verðtryggja innlán til skemmri tíma en þriggja ára og útlán til skemmri tíma en fimm ára. Þessu ákvæði hefur verið beitt eða því var beitt á árunum upp úr 1990 þegar verðbólgan náðist niður til þess að reyna að byrja að bakka verðtryggingunni út. Ég man þá tíð og væntanlega við báðir, ég og hæstv. utanrrh., að á ákveðnu tímabili á árunum 1990 og 1991 var þeim mörkum markvisst í áföngum bakkað úr hálfu eða einu ári fyrst eða hvað það nú var og upp í þau mörk sem hafa verið núna um skeið.

Ég ætla a.m.k. að vona að það sé ekki hugsunin á bak við þetta að færa það úr skyldu yfir í heimild, að til þess gæti jafnvel komið að þessi mörk yrðu bara tekin burtu. Ja, það hlýtur eiginlega að vera sú hugsun á bak við því annars er engin ástæða til að ganga frá þessu svona í lagatextanum. Og þá verð ég að segja, herra forseti, að ég hef miklar efasemdir um það. Ég hafði satt best að segja bundið vonir við að þó menn heyktust á því að fara í róttækari aðgerðir til þess að reyna að ná út verðtryggingu eins og menn hafa mikið talað um á undanförnum árum, þá gætu menn þó a.m.k. skoðað þann möguleika að halda áfram að færa upp þessi mörk, þannig að lán og innstæður til skemmri tíma yrðu þá ekki verðtryggð og þetta þróaðist í þá átt að eingöngu langtímaskuldbindingar eins og skuldabréf til 10, 15, 25 ára eða þar yfir, í húsnæðislánakerfinu og annars staðar, væru verðtryggð.

Það er rétt sem hérna var rifjað upp af síðasta ræðumanni að á árunum þegar verðbólgan var að nást niður voru menn með miklar væntingar um að það mundi reynast kleift í kjölfarið að taka tiltölulega hratt út af íslenska fjármálamarkaðnum þessa miklu verðtryggingu fjárskuldbindinga, fyrst og fremst útlána sem þar hefur verið við lýði. Af hverju voru menn með þessar væntingar, herra forseti? Af hverju ætli það hafi verið? Jú, það var af því að menn voru brenndir. Menn voru brenndir af þeim erfiðu árum sem tengdust misgengi milli fjárskuldbindinga og kaupgjalds og fór mjög illa með þúsundir fjölskyldna í landinu. Menn sáu hversu ósanngjarnt fyrirkomulag það var að fjármagnið væri í gegnum algera verðtryggingu með allt sitt á þurru á sama tíma og almenningur tæki alla áhættuna, og annars konar fjárfestingar væru sem sagt óvarðar að þessu leyti.

Hvers vegna ætti það að vera þannig að t.d. stærsta fjárfesting venjulegra fjölskyldna og eign þeirra í einhverjum mæli á móti þeim fjárskuldbindingum sem menn síðan hafa, fasteign og húsnæði, sé alveg óvarin fyrir sveiflum á markaði á sama tíma og lánin til að kaupa þá sömu fasteign eru verðtryggð í bak og fyrir?

Ég heyrði auðvitað hæstv. ráðherra lýsa áhyggjum manna af því að þetta mundi leiða af sér hærri vexti. Og sjálfsagt gætu menn bætt við að aðrir hefðu af því áhyggjur að þetta mundi leiða af sér minni sparnað og guð má vita hvað. Menn hafa sem sagt notað efasemdarökin og hræðsluna, úrtölurnar, til að gera í rauninni ekki neitt að marki í þessum málum nú um langt árabil.

En staðreyndin er sú að íslenski peningamarkaðurinn, fjármálaheimurinn, sker sig alveg úr hvað þessa viðtæku verðtryggingu útlána varðar. Þetta er að vísu þekkt í ýmsum nálægum löndum sem einhverjir afmarkaðir lánaflokkar í skuldabréfaútboðum, ríkisskuldabréfaútboðum og að einhverju leyti kannski í húsnæðislánun. Það er þó í hverfandi mæli borið saman við það sem hér er þar sem allir meiri háttar flokkar útlána til lengri tíma, húsbréfin, ríkisskuldabréfin, sérlán lífeyrissjóða til félagsmanna sinna og lengri lán í bankakerfinu eftir því sem þau eru í boði — það er upp og ofan hvað bankarnir hafa áhuga á að lána þannig út — eru verðtryggð í hólf og gólf.

Hættan í kerfinu er tvíþætt. Ókostirnir við þessa miklu verðtryggingu, fyrir utan hin siðferðilegu álitamál þar, hvort fjármagnið eigi með þessum hætti að hafa þennan forgang, eru aðallega af tvennum toga. Sá fyrri tengist misvæginu milli þess að miklu stærri hluti útlána og skulda manna er verðtryggður en eigna þeirra eða peningalegra eigna. Það er mjög gjarnan þannig að útlán eða lán sem menn hafa tekið, t.d. til húsnæðiskaupa, bílakaupa eða hvað það nú er, eru öll sömul verðtryggð. Á móti því eiga menn, skulum við vænta, einhverjar peningalegar eignir og einhverjar aðrar eignir sem eru að langmestu leyti oftast óverðtryggðar og þar með óvarðar fyrir sveiflum.

Þetta misgengi getur komið mjög harkalega niður á mönnum þegar hlutföllin milli verðtryggðra útlána annars vegar og verðtryggðra peningalegra eigna hins vegar eru mjög skökk og það þarf ekkert að velta því mikið fyrir sér hvers vegna. Hin meginástæðan er náttúrlega svo viðvarandi hætta á að misgengi skapist sem stafi af því að skuldbindingar manna og lán séu öll verðtryggð og hækki þá, rjúki af stað, eins og ég veit að margir fundu fyrir í þeim verðbólgukúfi sem gekk yfir núna á liðnu ári til einu og hálfu ári þegar verðbólga fór

upp undir 6% og menn fóru strax að taka eftir því að verðtryggð lán lækkuðu ekki í krónum talið heldur hækkuðu þrátt fyrir jafnvel talsverðar afborganir. Það þarf ekki nema lán til fimmtán ára tíma eða svo með reglubundnum afborgunum þegar verðbólga fer upp í þetta sem hún komst hæst núna á síðustu missirum til að menn sjái uppreiknaðan höfuðstól lánanna í krónum talið fara hækkandi þrátt fyrir afborganir. Á sama tíma geta þá aftur orðið áföll á hina hliðina, kaup lækkað eða a.m.k. ekki haldið kaupmætti sínum o.s.frv.

Það er mikið umhugsunarefni, herra forseti, að þrátt fyrir tíu ár, að nú séu sem betur fer tíu ár liðin og rúmlega það frá því að komið var hér böndum á verðbólguna í tíð vinstri stjórnar 1988–1991 með þjóðarsátt og samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, sem gleymist að vísu oft þegar menn monta sig af eigin afrekum í seinni tíð og telja sig hafa gjört allt hið góða en aðrir allt hið slæma. Fer þar auðvitað fyrir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sem eignar sér gjarnan allt sem vel gengur og betur fer en kennir öðrum um, þá er það staðreynd engu að síður að það var einmitt á árinu 1990 sem sáust í fyrsta skipti verðbólgutölur hér um langt árabil sem mældust í eins stafs tölu. Þá var þessi bjartsýni uppi að menn gætu jafnvel eftir sex mánuði farið að afnema verðtryggingu í kjölfar þess að verðstöðugleiki hefði komist inn fyrir þessi mörk um hálfs árs skeið eða svo.

Síðan eru liðin tíu ár og verðbólga hefur lengst af þessum tíma verið einhvers staðar á bilinu svona frá 1%, alveg niður undir 1–1,5%, þegar minnst hefur verið á ársgrundvelli, og upp í 3, 4, 5%. En það hefur ekki meira gerst en þetta sem raun ber vitni. Hér birtist í þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar algjör uppgjöf gagnvart því að boða nokkrar frekari breytingar í þessa átt. Og ef eitthvað er, jafnvel frekar að gera gælur við þróun í gagnstæða átt.

Þetta er nokkurt umhugsunarefni, herra forseti, og ekki alveg í samræmi við það að allt sé hér í þvílíku prýðislagi eins og landsfeðurnir vilja vera láta og með reglubundnum hætti gefa út tilskipanir um að sé. En það hefur eins og kunnugt er, herra forseti, verið eitt aðalsmerki hagstjórnarinnar upp á síðkastið að með nokkurra mánaða millibili og jafnvel skemmra millibili, ef þörf krefur, er gefin út tilskipun frá yfirvaldinu um að hér sé allt í lagi. Það hafa menn stundum kallað Egilsstaðasamþykktir samanber það er menn komu saman austur á Héraði um miðja síðustu öld og samþykktu að ríkissjóður skyldi vera skuldlaus hvað sem öðru liði. Í raun hefur þetta verið þannig, að hæstv. forsrh. hefur með reglubundnu millibili sent út slíkar Egilsstaðasamþykktir um að allt væri í fína lagi í efnahagsmálum. (Gripið fram í.)

Hvernig stendur þá á því að svo kemur frv. sem lætur ekki mikið yfir sér og er ekki verið að auglýsa beint upp með viðamikilli framsöguræðu? En í því er í raun og veru fólgin algjör uppgjöf gagnvart því að halda áfram að reyna þó a.m.k. að þoka þessum málum í átt til þess sem menn hafa talið að væri þá heppilegra, gefið að menn væru búnir að ná sæmilegum tökum á hagstjórn og verðlagsmálum. Ekki er þetta heldur í góðu samræmi við nýtt frv. til laga um Seðlabanka Íslands, herra forseti, sem verður væntanlega rætt á morgun. Hvert er megininntak þess frv.? Hver er meginstefnubreytingin þar? Jú, hún er að höfuðmarkmið, meginmarkmið peningamálastjórnar Seðlabankans skuli vera eitt og aðeins eitt og það er stöðugt verðlag.

Er þá ekki í lagi að fara að taka eitthvað út þær verðtryggingargirðingar sem liggja þvers og kruss í gegnum samfélagið? En það virðist ekki vera. Ég verð að segja, herra forseti, að ég sakna þess að um þetta skuli þá ekki vera meira rætt og þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi í þessum efnum, ef einhver er. Ég boða fyrir mitt leyti að ég hefði áhuga á því að ræða þetta t.d. við 2. umr. þessa máls, ef það fer lengra á þessu vori, og mundi þá gjarnan vilja að hæstv. forsrh. og yfirmaður efnahagsmála yrði við og svaraði fyrir það hver sé eiginlega hugsun hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum. Er hún sú uppgjöf sem frv. boðar eða eitthvað annað?

[12:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var einn samfelldur óður til eyðslunnar. Hv. þm. gaf ekki mikið fyrir það fólk sem sparar. Hann gaf ekki mikið fyrir þær eignir sem mölur og ryð fá grandað en býsnaðist mikið yfir háum vöxtum sem þyrfti að borga af skuldum svo sem eins og fólk væri fætt með skuldir. Menn taka lán og þess vegna skulda þeir. Það er sjálfstæð ákvörðun hvers manns að taka lán og vilja skulda. Hann gæti alveg eins sparað, herra forseti.

Hv. þm. sem og hv. þm. Karl V. Matthíasson sem talaði á undan honum eru báðir upprunnir í bændasamfélagi þar sem sparnaður var dyggð hér einu sinni. Bændur vissu að þeir komust ekki af yfir veturinn ef þeir áttu ekki hey. Þetta var einu sinni dyggð. Nú þykir þetta ljótt í hugum hv. þingmanna.

Hv. þm. býsnaðist mikið yfir verðtryggingunni sem var haldreipi verkamanna og sjómanna og bænda þegar verðbólgan át upp eignir þeirra, lungann úr síðustu öld. Það var haldreipi þessa fólks, verkamanna, bænda og sjómanna til þess að varðveita peninga sína, þann sparnað sem þeir vildu eiga af því þeir voru sparsamir.

Hann upplýsti um leið þegar hann var að tala um vaxtatölurnar sínar, að verðtryggðir vextir, 9–10% af almennum lánum eru miklu ódýrari fyrir skuldarann en óverðtryggðu vextirnir sem hann býsnaðist yfir að væru 16–18% í 6% verðbólgu.

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að ég hafi flutt samfelldan óð til eyðslunnar og sé búinn að gleyma því að sparnaður sé dyggð og ráðdeildarsemi eru gjörsamlega ástæðulausir útúrsnúningar hjá hv. þm. Ég veit að vísu að hv. þm. verður það gjarnan fyrir að nálgast hlutina frá þeim sjónarhóli sem hann gerði áðan og hafa litla samúð með þeim sem eru svo vitlausir að taka lán. Ekki fæðast menn með skuldir, sagði hv. þm.

Það sem ég var að ræða hér var í fyrsta lagi að í kerfinu sem hv. þm. er að dásama er mikið misvægi í þeim skilningi að útlán eru í miklu ríkari mæli verðtryggð en innlán. Það er ekki í þágu, í þeim skilningi, þeirra sem eru þá að spara. Oftast er staðan sú að menn hafa ekki aðstöðu til þess að verðtryggja með sama hætti eignir sína og peningalegar eignir eins og þeir neyðast til að sætta sig við verðtryggingu á lánum sínum.

Það sem ég er að tala um í annan stað er að innstæður og útlán séu þá jafnsett. Það er ekki verið að ætlast til þess að þeir sem eiga peninga og hafa sparað séu verr settir en aðrir gagnvart verðtryggingu eða áhættu sem er fólgin í að taka lán eða eiga inni. Það er ekki verið að tala um það. En að menn séu þá jafnsettir í kerfi sem ekki verðtryggir fjármagnið eins og raun ber vitni.

Herra forseti. Það er líka þannig að það er nánast regla að venjulegt fólk þarf á ákveðnu æviskeiði sínu að taka lán, t.d. þegar það er að eignast húsnæði. Telur hv. þm. að ekkert tillit þurfi að taka til þeirra sem eru þannig settir og það eigi eingöngu að hugsa um hina sem eiga nóg af peningum?

[12:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að fólk hefði minni möguleika á að verðtryggja innlán og samt var hann að gagnrýna það í 14. gr. að heimilt sé að verðtryggja og heimilt sé að setja mörk á hversu lengi megi verðtryggja í staðinn fyrir að það sé skylda. Hann vill fá skírari reglur um að það eigi að takmarka verðtryggingu á innlánum. Það er einmitt málið. Það hefur ekki mátt verðtryggja innlán til skamms tíma.

Hv. þm. sagði líka að fólk þyrfti á vissu æviskeiði að taka lán. Vissulega. En það gæti líka sparað fyrir þann tíma. Ungt fólk á að geta sparað áður en það stofnar heimili og eldra fólk á að geta lagt fyrir þegar það er komið yfir þann hjalla. Það eru þessir íslensku sparifjáreigendur sem hv. þm. gefur lítið fyrir. Möl og ryð.

Sá sparnaður sem hann er að gagnrýna og hefur mikið á móti er uppistaðan í þjóðhagslegum sparnaði. Það er lánsféð sem við getum lánað. Það eru lífeyrissjóðirnir. Það er það lánsfé sem heldur öllu atvinnulífinu gangandi. Það eru þessir litlu sparifjáreigendur úti um allt, sem hv. þm. gefur ekki mikið fyrir. Guð hjálpi okkur ef hv. þm. skyldi nú vera málsvari síns flokks — hann sagði reyndar ekki núna „við vinstri grænir" — og ef hv. þm. Karl V. Matthíasson er líka málsvari síns flokks og báðir þessir flokkar komast í ríkisstjórn og fara að véla með sparnað og fjármagn þjóðarinnar. Þá er hætt við því að þjóðin hætti í heild sinni að spara það litla sem hún hefur gert.

[12:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilega komið við kaunin á hv. þm. Það er greinilega komið við veikan blett í hjarta hv. þm. Péturs H. Blöndals þegar maður leyfir sér að taka til umfjöllunar á yfirvegaðan hátt hvort ástæða sé til að gulltryggja þannig fjármagnið í samfélaginu í bak og fyrir að þeir sem eiga peningana taki enga áhættu en almenningur, launafólk og fyrirtækin (Gripið fram í.) verði hins vegar að sætta sig við þá áhættu sem þessu kerfi er samfara. (**PHB:** Almenningur á peningana.) Hér kemur upp harðsnúinn talsmaður peningaaflanna í þjóðfélaginu og hneykslast á því að maður skuli leyfa sér að velta upp spurningunni: Er ástæða til að viðhalda verðtryggingunni, þessu almannatryggingakerfi fjármagnsins sem menn hafa komið upp þegar þó er búið að ná þeim tökum á verðlagsþróun í landinu sem raun ber vitni?

Staðreyndin er líka sú, þó að alltaf sé talað um sparifé almennings og reynt er að telja mönnum trú um að þetta séu að uppistöðunni til eldri konur sem eigi allt sparifféð (**PHB:** Bændur.) og menn séu vondir. Og bændur, fátækasta stétt landsins. Hún á líklega obbann af sparifénu í landinu. Það gengur vel upp hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

En auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað eru þetta ekki fyrst og fremst eldri konur og bændur sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er að hugsa um. Hann er hugsa um fjármagnseigendurna, stórkapítalistana (**PHB:** Þeir skulda.) í landinu og enga aðra. Það er ágætt að hv. þingmaður komi hér undan gærunni og tali eins og hjartað býður honum. Það er alveg skínandi gott og ég fagna því og frábið mér að það sé fólgið í því nokkurt ábyrgðarleysi eða eitthvað sem mundi setja allt í kaldakol í þjóðfélaginu þó að menn velti fyrir sér hvort þær viðtæku verðtryggingar, þetta almannatryggingakerfi fjármagnsins, sem hv. þm. er greinilega mikill áhugamaður um, snúi að fjármagninu í landinu eða fólki eða öryggi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:47]

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Landmælingar Íslands, 509. mál, svar umhvrh., þskj. 1052.

Umræður utan dagskrár.

Sjávarútvegur og byggðaþróun á Íslandi.

[13:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar skýrsla Byggðastofnunar var til umræðu fyrir um mánuði brást hæstv. sjútvrh. þannig við umræðunni um byggðaröskun að kvótabraskslögin frá 1990, um frjálst framsal, hefðu haft lítil áhrif til byggðaröskunar í landinu. Þessa fullyrðingu ráðherrans tel ég algert öfugmæli. Væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra rökstyðja mál sitt með öðru en fullyrðingum út í loftið. Honum gefst nú tækifæri til þess.

Af sama tilefni sagði ráðherrann að miklu frekar mætti kenna fiskmörkuðunum um fólksflóttann frá sjávarbyggðunum. Frjáls verðmyndun ferskfiskmarkaða endurspeglar verð sem fæst í útflutningi unninnar ferskfiskvöru og gerir fiskvinnslu án kvóta mögulega.

Ég verð að viðurkenna að ég varð kjaftstopp við að hlusta á orð hæstv. sjútvrh. um að ferskfiskmarkaðir, sem eru að færa miklar tekjur til sjávarplássa, væru meira vandamál en kvótabraskskerfið. Kvótinn hefur að mínu viti hrakið hundruð manna úr sjávarbyggðum landsins. Ráðherranum gefst nú kostur á að skýra ummæli sín, leiðrétta þau ef honum varð á í messunni eða rökstyðja orð sín með öðru en fullyrðingum.

Kvótabraskskerfið hefur verið í gildi frá árinu 1990 og valdið miklum vanda fólks víða á landsbyggðinni, t.d. tekjulækkun, atvinnumissi, verðlækkun eigna, tekjufalli hafnar og sveitarsjóða með tilheyrandi vandamálum.

Menn hafa haldið því fram að þessar afleiðingar laga nr. 38/1990 hefðu ekki verið fyrirsjáanlegar. Þetta tel ég að sé ósatt, herra forseti, og með þínu leyfi vil ég vitna í yfirlýsingu Farmanna- og fiskimannasambandsins frá því í janúar árið 1990, áður en Alþingi setti þau lög sem hvað verst hafa reynst byggðum landsins og fólkinu sem byggði undirstöðu sína á fiskveiðum og vinnslu. Hefst nú tilvitnunin:

„Helsta ástæða fyrir höfnun Farmanna- og fiskimannasambandsins árið 1990 var sú að í frumvarpsdrögunum var gert ráð fyrir sölu á óveiddum fiski sem mundi leiða af sér byggðaröskun, misvægi milli einstakra útgerðarflokka, t.d. báta og togara og aukinn tekjumun milli sjómanna. Þá vill Farmanna- og fiskimannasambandið benda á það ósamræmi í frumvarpinu og reyndar í gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem felst í því ákvæði sem segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar á sama tíma og

einstakir handhafar veiðiréttar hafa umtalsverðar tekjur af sölu á óveiddum fiski.

Farmannasambandið lýsti eindregnum vilja sínum til að finna lausn á því vandamáli sem sala á óveiddum fiski er í dag og gæti orðið í framtíðinni og var því reiðubúið til að vinna að frekari útfærslum eða hugmyndum sem gætu leitt til farsællar lausnar á því vandasama máli.

Farmanna- og fiskimannasambandið lýsti einnig áhyggjum af því að of lítil umræða og athygli væri á því mikilvæga atriði í frumvarpsdrögunum, sem þá voru til umræðu, og þá sérstaklega um þær afleiðingar sem óheft sala á óveiddum fiski gæti haft í för með sér bæði fyrir einstaklinga og þjóðarbúið í heild."

Voru þessi orð ekki nógu skýr eða var ekki nógu fast að orði kveðið? Skýrsla Byggðastofnunar frá því í mars sl. staðfestir í mörgu þau varnaðarorð sem sögð voru fyrir meira en áratug. Margir þingmenn hafa á liðnum árum áttað sig á því að lögin um frjálsa kvótaframsalið frá 1990 eru einhver verstu lög sem sett hafa verið á Alþingi og eru tilbúnir að breyta þeim og afnema braskið og færa réttinn aftur til fólksins í sjávarbyggðunum. Engan afturbata er hins vegar að sjá hjá hæstv. sjútvrh. og mörgum stjórnarþingmönnum.

Hæstv. ráðherra minnir í þessu sambandi á frosið tré í þéttum skógi þar sem er ekki nægilegt rými til að skipta um skoðun enda þétt að honum staðið af eintrjáningum stórgreifanna sem telja meira en sjálfsagt að hagræðingin sé aðeins fyrir stórfyrirtækin en á kostnað fólksins í sjávarbyggðunum.

Í skýrslu Byggðastofnunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að ákvæði laganna um frjálst framsal veiðiheimilda hefur haft víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu með tilflutningi aflaheimilda á milli landshluta og einstakra byggðarlaga.

Frá árinu 1994 hefur íbúum landsbyggðarinnar fækkað um 4.000 manns samanborið við að íbúum þar fjölgaði um 613 manns næstu þrjú ár á undan.

Samhliða breyttri skiptingu veiðiheimilda á milli landshluta aukast skuldir í sjávarútvegi verulega.

Markmið laga um stjórn fiskveiða er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Herra forseti. Þessi markmið hafa alls ekki komið fram enda veiðar okkar á öllum botnfisktegundum innan lögsögu miklu minni á hverju ári í heilan áratug en áður var og munar þar yfir 200 þúsund tonnum á ári hverju sem við stundum botnfiskveiðar innan lögsögunnar.

[13:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Sú skýrsla sem er hér til umræðu er um margt athyglisverð og ýmislegt sem þar kemur fram vekur athygli. Hvað varðar hins vegar þá fullyrðingu skýrsluhöfundar að frjálst framsal hafi víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu, þá er ég honum einfaldlega ósammála um það. Ég nota orðið fullyrðing en ekki ályktun vegna þess að ég get séð á skýrslunni að ekki er reynt að draga ályktun af efni skýrslunnar til þess að standa undir þessari fullyrðingu. Reyndar er brugðið upp ákveðnum myndum af þróun í ákveðnum sveitarfélögum fullyrðingunni til stuðnings en ekki eru dregnar ályktanir af efnisatriðum til að komast að þessari niðurstöðu.

Með þessu er ég hins vegar ekki að segja að breytingar í sjávarútvegi og starfsumhverfi sjávarútvegs hafi ekki haft áhrif á þróun byggðar í landinu. Þvert á móti tel ég að breytingar í sjávarútvegi hafi ásamt mörgu öðru haft áhrif á þróun byggðar í landinu og auðvitað sérstaklega áhrif á einstakar byggðir sem hafa byggt mikið á sjávarútvegi.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan kvótakerfið var tekið upp og frá því 1983, eða frá því að þau lög tóku gildi, hefur framsal verið virkt í kerfinu og þó að ekki hafi beinlínis verið settar reglur um það í upphafi á sama hátt og gert var 1990 hafa ýmsar aðrar breytingar átt sér stað. Í fyrsta lagi samdrátturinn í afla sem var upphafið að því að kvótakerfið var sett á. Síðan er búið að gefa frjálsan útflutning á sjávarafurðum og jafnframt er búið að gefa frjálsa verðmyndun í sjávarútvegi og þar með urðu fiskmarkaðirnir til. Þetta kallaði allt saman á meiri samkeppni um hráefni en áður hafði verið.

Staða útgerðarmanna varð allt önnur. Það voru fleiri en einn aðili í þorpinu sem þeir gátu selt aflann. Það var ekki bara einn aðili sem í gegnum aðild að sjávarafurðadeild SÍS eða SH hafði leyfi til útflutnings á afurðunum. Það var ekki lengur bara eitt verð, verðlagsráðsverðið sem viðkomandi aðili fékk greitt fyrir fiskinn. Þetta gerði það að verkum að þyngdarpunkturinn í íslenskum sjávarútvegi fluttist frá vinnslunni yfir til útgerðarinnar og vinnslan þurfti þá að bregðast við. Hún þurfi að hagræða og hún þurfti að ná betri árangri í rekstri og hún gerði það með því að gera breytingar, nota nýja tækni. Aukið frelsi á fjármagnsmarkaði hjálpaði auðvitað til þannig að vinnslan gat náð í fjármagn til að fjármagna þessar breytingar. Þessar breytingar urðu bæði á landvinnslunni sjálfri og eins í þá veru að vinnslan fluttist í meiri mæli út á sjó. Þetta allt saman þýddi að það voru færri ársverk í fiskvinnslu en áður hafði verið. Þessi atriði tel ég að skipti miklu meira máli en framsalið gerði og jafnvel þó að framsalið hefði beinlínis verið bannað, þá hefði orðið tilflutningur á aflaheimildum, þá hefði orðið hagræðing einfaldlega með því að fyrirtæki hefðu sameinast. Ef þessi sveigjanleiki hefði ekki verið hefðum við fryst atvinnugreinina eins og hún var á einhverjum tilteknum tíma og hún hefði ekki getað brugðist við og ekki getað skapað okkur þau verðmæti sem hún hefur skapað okkur frá því að við hófum þessar breytingar.

Að síðustu vil ég benda á rannsókn sem gerð var á lönduðum afla í hinum ýmsu sjávarbyggðum landsins, hverjar breytingar hafa orðið á lönduðum afla áður en kvótakerfið var tekið upp og eftir að kvótakerfið var tekið upp. Þessi rannsókn sýnir að enginn tölfræðilega marktækur munur er á þeim breytingum sem orðið hafa á lönduðum afla fyrir upptöku kvótakerfisins og eftir upptöku kvótakerfisins. Það eru og verða breytingar í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn verður í þróun og sú þróun mun hafa áhrif. En ekki er hægt að draga þá ályktun að framsal aflaheimilda hafi haft víðtæk áhrif á þróun byggðar í landinu.

[13:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Um leið og takmarka þurfti aðgang að fiskstofnunum og fara að stjórna veiðum þá heyrði frjáls aðgangur að auðlindinni sögunni til. Hvernig réttinum til að sækja í fiskstofnana, sem eru sameign þjóðarinnar samkvæmt lögum, var síðan úthlutað hefur líka sætt langmestri gagnrýni þegar fjallað er um fiskveiðistjórnarkerfið. Menn eru ekki endilega að gagnrýna að veiðunum skuli stjórnað heldur hvernig sá hópur var valinn sem fékk veiðiréttindunum úthlutað ókeypis og að þeir einstaklingar geti síðan selt þann rétt eða leigt.

En til að sambærilegt jafnræði geti orðið meðal þegnanna og áður en aðgangurinn að auðlindinni var takmarkaður er einungis ein leið fær. Hún er sú að bjóða út veiðiheimildirnar og öllum sé þannig gefinn kostur á að nálgast þær. Með því fá sjávarbyggðirnar aftur notið sérstöðu sinnar og mögguleika á hagkvæmri útgerð. Þannig kemst líka aftur á eðlilegt rekstrarumhverfi í stað þess einokunarkerfis sem nú ríkir. Út á þetta ganga tillögur Samfylkingarinnar. Þær eru nú til meðferðar í þinginu. Sumir kalla þessa aðferð fyrningarleið því að fyrst þarf að vinda ofan af gildandi úthlutunarkerfi með því að innkalla skipulega þann kvóta sem útgerðin hefur nú til ráðstöfunar. Þær eru síðan boðnar upp jafnharðan og á ákveðnum tíma verða allar veiðiheimildir komnar á markað og útgerðaraðilar þannig jafnsettir að allir þurfa að greiða fyrir veiðiréttinn. Andvirðið rennur til þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar. Því mætti verja til sameiginlegra þarfa eins og endurskipulagningar atvinnulífsins þar sem það á við svo byggðir nái að blómstra þótt tæknin fækki áfram fólki við veiðar og vinnslu.

Herra forseti. Þróun sjávarútvegs stýrði byggðaþróuninni alla síðustu öld og er enn helsti áhrifavaldur byggðar víða um landið. Þess vegna er mikilvægt að leikreglur séu réttlátar og gegnsæjar eins og tillögur Samfylkingarinnar gera ráð fyrir.

[13:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að taka þetta lífsspursmál íslenskra strandbyggða upp utan dagskrár. Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða stendur:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þessi skýrsla staðfestir það sem allir vissu fyrir að gjörbreyting hefur orðið á starfsumhverfi íslensks sjávarútvegs á síðustu árum. Svo virðist sem markmið laganna um verndun fiskstofna hafi að hluta náðst en hitt er aftur augljóst að framkvæmd þeirra í reynd hefur leitt til mikils tilflutnings á fiskveiðiheimildum milli byggðarlaga þar sem ákveðin landsvæði og einstök byggðarlög hafa borið mjög skarðan hlut frá borði. Það að heimilt skuli að flytja út óunninn fisk í gámum án þess að bjóða hann hér á markaði eykur enn á óöryggið og óréttlætið.

Herra forseti. Alvarlegast við núverandi kerfi er óöryggið sem íbúarnir í byggðum meðfram ströndum landsins búa við en samkvæmt núverandi kerfi hafa þessir íbúar ekkert að segja um ráðstöfun fiskveiðiheimildanna eða aflans þegar hann kemur að landi. Sú staða er gjörsamlega óviðunandi.

Þessi skýrsla undirstrikar að við getum ekki búið við óbreytt kerfi. Loforð beggja ríkisstjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar var að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið og ná um það meiri sátt. En hvað hefur gerst? Jú, það situr nefnd til að endurskoða fiskveiðistjórnina en þar virðist ekkert raunhæft vera að gerast. Svo virðist sem stjórnarflokkarnir hafi bundist samtökum um að ekkert skuli gerast á kjörtímabilinu, allt er í skoðun en svo stutt til kosninga að ekki tekur því að gera neitt. Einstaka stjórnarþingmönnum er leyft að leika næsta lausum hala með yfirlýsingar til að slá ryki í augu almennings. Með því er engin áhætta tekin. Það á hvort sem er ekki að breyta neinu. Á meðan, herra forseti, hrannast óréttlætið upp og á meðan blæðir byggðunum meðfram ströndum landsins út.

[13:47]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Vegna endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða hafa ýmsar athuganir farið fram á þeim atriðum sem hafa verið mest nefnd í umræðunni, þar á meðal sérstaklega á því hvort framsalsheimildir, rétturinn til að framselja aflaheimildir, hafi skapað tilflutning þeirra milli landshluta, milli byggðarlaga. Það verður að segjast að í skýrslu sem kom nýlega fram og unnin var fyrir stjórn Byggðastofnunar í síðasta mánuði er því haldið fram að þetta hafi verið meginástæðan fyrir tilflutningi aflaheimilda. En í skýrslu sem unnin var fyrir auðlindanefnd tæpu ári áður kemur alveg skýrt fram og sennilega skýrar en í þeirri fyrrnefndu að svo er ekki. Svo er einfaldlega ekki. Fjölmargar aðrar ástæður hafa komið fram og birtast með miklu skýrari hætti í tilflutningnum þegar hann er athugaður einn og sér.

Í fyrsta lagi ber þar sérstaklega að nefna samruna fyrirtækja, eigendaskipti að fiskiskipum, hagræðingaraðgerðir innan fyrirtækja eða með samskiptum þeirra á milli, aðgerðir þeirra til sérhæfingar sem eru sérstaklega áberandi á Austfjörðum. Ekki síst hefur orðið nokkur flutningur á fyrirtækjum á milli landshluta og byggðarlaga. Það er held ég athugunarefni fyrir ýmis byggðarlög sem má væntanlega rekja til þess að aðstaða sem fyrirtækin voru er ekki upp á það besta samanborið við aðstöðuna sem þau vilja sækja í.

Ég hygg að það sé réttmætt, herra forseti, að menn skoði fleira en það eitt hvar aflaheimildir eru skráðar á hverjum tíma. Það kemur t.d. í ljós að löndun og afhending afla til vinnslu í heimahöfn eða á heimastað aflaheimildanna er mest á Suðurnesjum en miklu minni annars staðar á landinu. Ég held að rétt sé að benda á að afli smábáta — og þá athugi menn hvar þeir eru stærsti hluti fiskveiðanna — stærstur hluti af afla smábáta eða stærri en annarra útgerðarflokka er seldur burt til vinnslu.

[13:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er vakin upp umræða um byggðaþróun og sjávarútveg. Skýrsla sú sem Byggðastofnun lét vinna fyrir sig tekur af öll tvímæli um að framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins hefur verið mörgum byggðum landsins dýrkeypt en stjórnarherrar þessa lands hafa verið ötulir við að lofa og prísa þetta kerfi. Þeir hafa ekki viljað horfast í augu við þau alvarlegu vandamál sem hafa skapast.

Nokkur byggðarlög hafa tapað miklum kvóta og þar með hefur fólk sem unnið hefur við fiskvinnslu misst vinnu sína og í beinu framhaldi af því hafa tekjur sveitarfélaganna minnkað. Margföldunaráhrifin eru mikil og þjónusta sveitarfélaganna verður minni og skuldir þeirra meiri og meiri eftir því sem svikamylla kerfisins malar og malar.

Árið 1992 réðu 20 stærstu fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi yfir 36% veiðiheimilda en núna átta árum síðar ráða 20 stærstu fyrirtækin yfir 59% þessara heimilda. Þetta er alvarleg þróun sem vekur upp spurningar um það hvort prósentutalan verði komin upp í 82% eftir átta ár og 100% þremur árum síðar. Svo má spyrja í framhaldi af þessu hvort fyrirtækjunum muni fækka svo mikið að aðeins eitt fyrirtæki muni um síðir ráða yfir öllum fiskveiðiheimildum miðanna sem eru í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða kallaðar sameign íslensku þjóðarinnar.

Herra forseti. Fiskveiðistjórnarkerfið okkar þarfnast gagngerra breytinga sem allra fyrst. Samfylkingin hefur lagt fram á þessu þingi réttlátar og skynsamlegar tillögur í

fiskveiðistjórnarmálunum. Þær miða að því að jafna aðstöðu fólks til að stofna til útgerða ef það hefur áhuga og löngun. Ég hvet til þess að mjög góður gaumur verði gefinn að þessum tillögum.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekki stoðar að neita því að sjávarútvegsstefnan hefur afgerandi áhrif á aðstæður og framtíðarmöguleika byggðarlaga við sjávarsíðuna. Áhrifin eru náttúrlega þeim mun meiri eftir því sem byggðarlögin eru smærri, atvinnulíf þar einhæfara og þau meira háð sjávarútvegi einum saman. Þessu valda þau áföll sem orðið hafa í atvinnulífi einstakra byggðarlaga. Það er eins og gengur mismunandi hversu vel mönnum hefur vegnað í þeim efnum en mjög víða hafa eins og menn þekkja orðið áföll og sjaldnast liðið svo vetur á undanförnum árum að ekki hafi eitt til fjögur byggðarlög verið í uppnámi með mál sín vegna áfalla í sjávarútvegi.

Þessu veldur líka sú undirliggjandi óvissa og það öryggisleysi sem sú staðreynd skapar mönnum að vita aldrei hver er næstur í röðinni og geta átt von á því að á einni nóttu hverfi grundvöllur atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi á braut.

Ofan af þessu verður að vinda. Reynslan síðustu 10 ár ætti að færa mönnum heim sanninn um að framtíð minni sjávarútvegsbyggðarlaga hringinn í kringum landið er ekki björt ef ekki verður breytt þarna um kúrs. Ofan af þessu kerfi verður að vinda og tengja á nýjan leik einhvern grundvallaratvinnurétt við þessi byggðarlög. Það er eina varanlega lausnin á þessum vanda.

Ekki er undarlegt, herra forseti, þó gangi illa í minni sjávarbyggðum með bakland í sveitunum þar sem einnig hefur verið mikill samdráttur og það hrun í almannaþjónustu út um landið sem við stöndum frammi fyrir. Það er mjög bagalegt, herra forseti, að endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar skuli ganga svo hægt sem raun ber vitni og þar þarf heldur betur að fara að slá í merina ef menn ætla sér að reyna að efna það að skila einhverjum vexti í höfn á þessu kjörtímabili.

[13:54]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé markmið okkar flestra að Ísland verði í fremstu röð hvað lífskjör varðar. Við höfum hingað til talið að alþjóðlega samkeppnishæfur sjávarútvegur væri eitt af lykilatriðunum til þess. Til þess að byggja upp alþjóðlega samkeppnishæfan atvinnuveg þarf að vera samkeppni milli fyrirtækja í þeirri grein sem þýðir líka að það verður samkeppni milli þeirra byggðarlaga sem byggja á þeirri atvinnugrein. Það er verkefni stjórnenda í sjávarútvegsfyrirtækjunum að rísa undir kröfum fólks um bætt lífskjör og stjórnendur fyrirtækja hafa sannarlega verið að rísa undir þessum kröfum og fært landsmönnum 25% kaupmáttaraukningu á fimm ára tímabili, 1995–2000. Fyrirtæki sem rísa ekki undir þessum kröfum líða undir lok, þau missa starfsfólk sitt og fá ekki fjármagn. Ekki er hægt að vernda byggðir með því að hamla gegn framförum og afnema samkeppni í helstu atvinnugreinum viðkomandi byggða. Frjálst framsal er einn af mörgum þáttum sem skapa virka samkeppni innan sjávarútvegsins og verkefni okkar sem stjórnmálamanna er að tryggja að þeir sem vinna í sjávarútvegi hafi samkeppnishæf lífskjör og byggja upp ný tækifæri til atvinnu þegar störfum fækkar í sjávarútvegi eins og óhjákvæmilegt er.

[13:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég heyri að stjórnarliðar í Sjálfstfl. eru enn þá við nákvæmlega sama heygarðshornið og þeir hafa verið síðasta áratug, að kvótakerfið hafi leitt af sér mikla hagræðingu og fært blessun, atvinnufrelsi og uppgang í byggðir landsins. Þetta eru náttúrlega öfugmæli. Hins vegar hefur enginn framsóknarmaður tjáð sig í þessari umræðu.

Á Ísafirði fækkaði íbúum frá 1995–2000 um 433 eða þremur fleira en störfum fækkaði í fiskvinnslunni. Á síðasta ári störfuðu 190 manns í þremur fiskvinnsluhúsum. 1996 störfuðu 620 manns í sjö fiskvinnsluhúsum.

Kvótinn hefur horfið úr byggðarlögunum, sérstaklega úr aflamarkskerfinu og sjómenn hafa í nauðvörn reynt að koma sér fyrir í smábátakerfinu til að bjarga því sem bjargað verður. Þeim hefur að mörgu leyti tekist það vel. Það hefur verið uppgangur í sumum byggðunum þar sem aflamarkskvótinn hefur farið til stærri fyrirtækjanna með því að sjómenn hafa komið sér fyrir í smábátageiranum. Um það stendur nú slagur hvort þetta eina bjargræði sem sjómönnum stendur til boða og byggðum landsins fái haldið velli eða ekki.

Það mun verða tekist á um þetta það sem eftir lifir af þessu þingi, hvort menn ætla sér að skera smábátaútveginn líka niður við trog og höggva enn þá í byggðirnar. Miðað við málflutning hæstv. ráðherra og stjórnarliða er ekki að heyra að menn ætli í neinu að breyta þeirri höggorrustu sem þeir hófu árið 1990.

[13:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Karl V. Matthíasson talaði um réttlætið og hann talaði um það að frv. Samfylkingarinnar væri frv. réttlætisins. (**VE:** Hann er prestur.) Það er rétt, hv. þm., hann er prestur. Þess vegna hefur hann kannski meiri rétt á að tala um réttlætið en við hin. (Gripið fram í.) En ég er hins vegar sannfærður um að réttlætið er ekki að finna í frv. Samfylkingarinnar. Sérstaklega ekki ef á að úthluta því réttlæti til byggðanna því að í uppboði á aflaheimildum er ég hræddur um að hinar smærri byggðir færu halloka.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson hafði einnig áhyggjur af því að það gæti hent að eitt fyrirtæki réði yfir öllum aflaheimildunum. Ég get hins vegar huggað hann með því að takmarkanir eru á því í lögum um stjórn fiskveiða hvað hvert fyrirtæki má eiga mikið af heildaraflanum eða heildaraflamarkinu og eins eftir hinum ýmsu tegundum og það eitt útilokar það að eitt fyrirtæki geti átt allar aflaheimildirnar. (Gripið fram í.) Ég er hins vegar sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og sagði það reyndar hér áðan að sjávarútvegsstefnan sem hefur verið rekin undanfarin ár og þær breytingar sem hafa verið gerðar hafa haft áhrif á byggðirnar. Við höfum hins vegar líka reynt að tengja ákveðinn hluta flotans við byggðirnar gegnum smábátaflotann sem vegna stærðar og veiðarfæra tengist byggðunum meira en aðrir hlutar flotans. En það virðist sem einungis hluti skýrslunnar sé í upphaldi hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað. Þeir hafa ekki vitnað til þess sem stendur í skýrslunni og sem skiptir kannski enn þá meira máli þegar horft er á heildina og viðgang efnahagslífs þjóðarinnar að svo segir, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem það markmið laganna að vernda fiskstofnana hafi náðst og ekki þurfi að velkjast í vafa um miklar framfarir í hagkvæmri nýtingu þeirra.“ (**Gripið fram í:** Þetta eru öfugmæli.)

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 872.

[14:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um vexti og verðtryggingu. Af frv. hafa spunnist nokkuð miklar umræður um sparnað, eyðslu og verðtryggingu sem ég ætla að koma hér inn á á eftir.

Frv. gengur að miklu leyti út frá því að samkeppni vaxi á fjármálamarkaðnum, t.d. er ákvæði um vaxtaálag eða vanefndaálag á dráttarvexti sem menn geta samið um. Það byggir á því að samkeppni sé á milli lánastofnana um að lána út þannig að lántakandinn sé í einhverri stöðu til að semja um lágt vanefndaálag á þá dráttarvexti sem hann er tilbúinn til að greiða. Þetta er að sjálfsögðu háð því að hér myndist sæmileg samkeppni og þar held ég að samkeppnisráð og fleiri hafi misreiknað sig því ég hygg að samkeppnin sé að verða umtalsverð og á næstu árum muni hún vaxa mjög mikið, sérstaklega þegar Íslendingar, bæði sparifjáreigendur og lántakendur, fara að átta sig á gildi netbanka en netbankar eru orðnir nokkrir hér á landi þó það fari nokkuð hljótt. Þeir eru að bjóða með gylliboðum, sem þeir geta, hærri vexti á innlán og lægri vexti á útlánum. Hvers vegna geta þeir það? Vegna þess að þeir eru ekki með alla þá starfsemi sem bundin er í steinsteypu og starfsfólki, í útibúum og í stóru bákni bankanna og þeir eru heldur ekki með þau gömlu lík í lestinni sem eru léleg lán sem oft voru veitt af pólitískum ástæðum.

Nokkuð var rætt í morgun um verðtryggingu og voru nokkrir á móti henni. Verðtrygging hefur verið mjög lengi. Ég hygg að elsta dæmi um verðtryggingu sé á formi sem bændur komu á þegar þeir voru að leigja út frá sér lönd til sumarbústaða því þá skyldi ekki borga með krónum og aurum heldur borga með lambsverði, þ.e. að leigjandinn borgaði gjarnan tvö lambsverð á ári fyrir sumarbústaðinn. Þetta var verðtrygging og hvers vegna skyldi hún hafa verið tekin upp af því fólki sem ég ber mikla virðingu fyrir, þ.e. bændum sem oft eru mjög skynsamir? Það er vegna þess að þeir áttuðu sig á því að krónan rýrnaði en lambið ekki. Það er ekki hægt að reikna út og því vildu þeir taka upp verðtryggingu, lambsverð.

Þannig var um árabil á síðustu öld að sparifjáreigendur voru lamdir aftur og aftur með neikvæðum raunvöxtum. Menn tala um fulltrúa fjármagnsins o.s.frv. En grunnurinn að sparifé og sparnaði landsmanna er alltaf einstaklingar, alltaf. Það er fólkið sem leggur fyrir peninga í lífeyrissjóðunum. Það er fólkið sem leggur fyrir sparnað í bönkunum. Það er fólkið sem hefur keypt í áskrift spariskírteini o.s.frv. Þetta er almenningur og þetta er oft og tíðum ekki ríkasta fólkið í landinu. Þetta er ekki tekjuhæsta fólkið í landinu. Það er nefnilega svo, og það er ákveðin mótsögn í því, að það fólk sem hefur lágar tekjur hefur mesta þörf fyrir að spara og það sparar líka oft og tíðum langmest, a.m.k. hlutfallslega, af launum sínum. Það er reynsla mín frá því að ég starfaði við það að taka við innlánum frá slíku fólki.

Mjög margt fólk sem átti dágóða innstæðu var lágtekjufólk, margt opinberir starfsmenn. Það voru ekki þessir athafnamenn sem talað er um. Ég hygg að athafnamenn eigi aldrei krónu í banka. Þeir skulda. Þeir eru skuldamegin þannig að umræðan í morgun var í rauninni gagnrýni á þann fjölda Íslendinga sem spara og óður til eyðslunnar, eyðslu þeirra sem skulda mikið og það eru oft og tíðum þessir svokölluðu athafnamenn, þeir sem aka um á dýrum jeppum og skulda mjög myndarlega.

Menn hafa haft mikið út á verðtrygginguna að setja. Í sjálfu sér má segja að verðtryggingin sé óþörf þegar verðlag er orðið stöðugt eða verðbólga er jafnlág og nú er, að þá sé verðtryggingin óþörf. En samt er hún ekki óþörf. Af hverju er hún ekki óþörf? Vegna þess að fólk sem var í áratugi lamið fyrir að spara hætti að treysta sparnaðinum. Fólk var ekki tilbúið að spara nema það fengi verðtryggingu, nema það fengi til baka þá peninga sem það lagði fyrir en ekki hálfvirði, þannig að maður sem lagði í banka, segjum hálft bílverð fengi ekki bara tvö dekk til baka nokkrum árum seinna. Hann vildi fá sinn hálfa bíl aftur til baka eða þá lambsverð. Verðtryggingin er því forsenda fyrir trausti manna til þess að leggja peninga inn í banka. Þetta hefur gleymst. Jafnvel enn í dag eru menn hræddir og fullir af vantrausti á krónuna sem slíka vegna þeirrar reynslu sem menn höfðu af óðaverðbólgu í áratugi. Sömuleiðis eru þeir sem taka lán enn þá brenndir því marki að þeir halda að lán sé „lán", þ.e. gæfa. Þeir halda að lántaka sé gæfa og þeir halda áfram að taka lán löngu eftir að það er hætt að borga sig. Þannig heldur fólk áfram gömlum vana. Þess vegna er verðtryggingin nauðsynleg og það merkilega er, herra forseti, að þeir sem eru að gæta hagsmuna skuldara og þykjast vera að gæta hagsmuna skuldara ættu að átta sig á því að verðtryggðir skuldavextir hafa ætíð verið lægri en óverðtryggðir skuldavextir og þá er ég að tala um raunvexti í báðum tilfellum, frá því að vextir voru gefnir frjálsir og það munar 1–2% sem það borgar sig fyrir skuldara að skulda verðtryggt en óverðtryggt.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum er tæknilega gallað að því er varðar vexti. Það tekur ekki mið af því að vextir geta verið ýmiss konar. Menn geta verið að tala um ársvexti og það er þetta venjulega þar sem vextir eru lagðir við höfuðstól einu sinni á ári. Menn geta verið að tala um hálfs árs vexti þar sem vextir eru lagðir við höfuðstól einu sinni á sex mánaða fresti. Til eru ársfjórðungsvextir, mánaðarvextir, vikuvextir og dagvextir, þ.e. vextir sem eru lagðir við höfuðstól einu sinni á dag.

Samkvæmt þessu frv. er það ekki heimilt og ég skil ekki af hverju það má ekki. Það eru líka til samfelldir vextir sem eru notaðir í núvirðingum til að finna út stærðfræðilegt núvirði fjármagnsstrauma. Ég vísa því til hv. efh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar að skoða hvort ekki megi leyfa aðra vexti en ársvexti og þá er ég að tala um að leyfðir verði bara þeir vextir sem þarf á markaðnum, að ekki sé verið að setja nein skilyrði um að þeir séu allir ársvextir.

Svo er líka gert ráð fyrir því að vaxtatímabilið sé 30 dagar í hverjum mánuði, 360 dagar á ári. Þetta finnst mér alveg óþarfi. Ef ég vil taka lán hjá einhverjum manni og hann vill fá vexti í febrúar eins og í janúar þá finnst mér að við megum reikna með 28 dögum í febrúar og 31 degi í janúar eins og okkur sýnist. Það er nefnilega þannig að með þessari reglu eru vextirnir miklu þyngri í febrúar en í janúar. Það munar bara um 10% sem vextirnir eru þyngri í febrúar en í janúar af því að það eru 28 dagar þar en 31 dagur í janúar og í báðum tilfellum eigum við að nota 30 daga. Þetta finnst mér líka vera óþarfi.

Herra forseti. Í morgun komu í ræðustól tveir hv. þm., Karl V. Matthíasson og Steingrímur J. Sigfússon sem höfðu allt á hornum sér varðandi verðtryggingu. Hv. þm. Karl

V. Matthíasson vildi taka út V. kaflann um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Ef sá kafli er tekinn út er allt heimilt því að þessi kafli bannar verðtryggingu nema með lánskjaravísitölu. Ég get ekki séð hvað í íslenskum lögum bannar mér að taka lán hjá hv. þm. Karli V. Matthíassyni með þeirri verðtryggingu sem okkur dettur í hug, hvort heldur það er lambsverð eða steinsteypuverð, dollaraverð eða hvað okkur dytti í hug, þ.e. ef þessi kafli er tekinn út. Ég skil reyndar ekki af hverju í ósköpunum við mættum ekki hafa það eins og við vildum. Ég skil ekki hvað löggjafinn er eiginlega að setja einhverjar kvaðir um þá verðtryggingu. Ef hv. þm. Karl V. Matthíasson skyldi eiga aura afgangs og vilja lána mér og mig vantaði aur þann daginn, hvers vegna ég skyldi ekki mega taka lán hjá honum með þeim kjörum sem okkur sýnist, eins og semst um milli okkar. Ef hv. þm. ætlaði sér akkúrat að kaupa lamb í dag og frestar því um eitt ár að kaupa lamb, af hverju skyldi ég ekki borga honum eitt lamb eftir árið? Af hverju skyldi ég ekki mega það?

Ræðurnar hjá þessum tveimur hv. þm. voru, eins og ég kallaði það í andsvari, óður til eyðslunnar vegna þess að þeir voru alltaf að tala út frá sjónarmiði skuldarans. Það er eins og að Íslendingar séu ekkert annað en skuldarar. En það vill svo til sem betur fer, herra forseti, að fjöldi manns á Íslandi, verkamenn, sjómenn, bændur og skrifstofumenn sparar reglulega, leggur fyrir og á sparnað, sem betur fer. Það væri illa komið hjá þjóðinni ef sá sparnaður væri ekki til. Hvað er þetta fólk að gera? Það er að fresta neyslu. Það er að fresta því að fara í sumarleyfisferð. Það er að fresta því að kaupa sér nýjan bíl. Það er að fresta því að kaupa sér skíði eða snjósleða. Það leggur fyrir í staðinn. Það frestar neyslu á meðan aðrir eru að flýta neyslu. Þeir eru að kaupa sér snjósleða sem þeir eiga ekki fyrir og fá til þess lán. Ég skil ekki af hverju hv. þm. er svona umhugað um þá sem eru að eyða og spenna um efni fram. Ég skil það ekki því engir eru fæddir við skuldir. Það er alltaf ákvörðun manna að taka lán. Hver og einn einasti Íslendingur sem skuldar hefur tekið þá ákvörðun sjálfur að skulda. Ég skil ekki hvað þessi tveir hv. þm. voru að agnúast út í sparnað sem er þó undirstaðan undir öllu efnahagslífinu og er gömul og gild dyggð, sérstaklega hjá bændum og verkamönnum sem þessir hv. þm. þykjast eiga fylgi að sækja til. Sparnaðurinn er undirstaðan að allri velferð okkar. Þess vegna eigum við ekki að tala niður til hans eins og það sé eitthvað sem mölur og ryð fær grandað og sé einskis virði og að fáránlegt sé að keppa að slíku, að leggja til hliðar. Það er nefnilega hverjum manni mjög brýnt og hollt að eiga innstæðu í banka svo hann geti sofið rólegur. Það vita þeir sem hafa núna yfir sér hangandi skuldir, vexti og vísitölu, stöðugt fallandi. Því er mjög brýnt fyrir almennan borgara að eiga sparifé og við skulum ekki tala niður til þess fólks. Það hefur líka lagt sitt af mörkum til þjóðfélagsins því það hefur frestað neyslu. Það hefur ekki keypt það sem aðrir hafa keypt.

Vegna þess að stundum er kvartað yfir því að hv. karlþingmenn séu ekki viðstaddir umræðu um mjúku málin, þá var það þannig í morgun við alla umræðuna að eingöngu karlmenn voru í þessum sal en nú hafa sem betur fer bæst við konur. Ég mátti til með að koma þessu að vegna þess að oft er verið að núa okkur karlmönnum því um nasir að við tökum ekki þátt í umræðum um mjúku málin. En ég vil hugga þá sem það hafa sagt að hv. þingmenn fylgjast með á skrifstofum sínum mjög mikið. Ég reikna með því að hv. þingkonur sem ekki eru í salnum séu að fylgjast með umræðunni af athygli á skrifstofunum.

Það frv. sem við ræðum nú er kannski meira, herra forseti, tæknilegs eðlis og í því er margt til bóta. Þetta byggir á því að samkeppni vaxi. Það sem vantar kannski í þetta frv. er að lánastofnanir birti vexti sína. Nákvæmlega eins og gerð er krafa um að verslanir birti verð á skóm og slíku úti í glugga þá þætti mér ekki verra að í þetta frv. yrði sett krafa um bankar birti vexti, innlánsvexti og útlánsvexti, alla vexti, líka til stóru kúnnanna og líka til þeirra sem fá sérkjör, að allir vextir séu birtir þannig að viðskiptavinurinn megi vita að ef hann ætlar að taka lán þá er þessi banki betri en annar af því að hann er með lægri vexti og ef hann ætli að leggja fyrir þá viti hann að einn banki er betri en annar vegna þess að hann borgar hærri vexti á innlán.

[14:16]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði í morgun um verðtryggingu í sambandi við frv. en ég sagði aldrei og var alls ekki að hvetja til þess að fólk sparaði ekki. Ég talaði heldur ekki um að ekki ættu að vera vextir á lánum þegar fólk legði í banka eða fengi lán, alls ekki. Ég talaði einnig um að það væri skynsamlegt hjá fólki að reyna að safna fyrir hlutunum áður en það fer að kaupa þá. En ég sagði líka að stundum eru aðstæður þannig að fólk verður að taka lán. Ég veit ekki hvernig þetta peningakerfi ætti að virka í landinu fyrir alla þá sem eiga peninga ef enginn fengi lán hjá þeim. Er hv. þm. að tala um það að enginn eigi að taka lán yfirleitt og hafa slíkt efnahagskerfi? Mér finnst vera einhver mótsögn í þessu.

Það er dyggð að spara og það er dyggð að standa í skilum og það er gott þegar menn lána. Ef ég lána hv. þm. Pétri H. Blöndal peninga, sem ég treysti mér alveg til, að lána honum nokkrar krónur ef hann vantar, þá reikna ég með því að hann greiði það til baka með fullum skilum. En ég ætlast ekki til þess að hann borgi það margfalt til baka. Ef ég lána hv. þm. Pétri H. Blöndal andvirði eins lambs þá tel ég eðlilegt að hann greiði mér það til baka og kannski svo sem eitt læri með að auki, sem mega þá kallast vextir, en ekki tvö eða þrjú lömb, eins og virkaði í raun og veru fyrir ákveðinn hóp manna sem tók lán hér í eina tíð, og sá hópur var kallaður misgengishópur og lenti í miklum vandræðum og varð gjaldþrota og allt hvað eina.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágætt svar. Það er dyggð að spara. Það hefði ég viljað heyra í morgun. Og að menn eigi að greiða lán til baka, það hefði ég líka viljað heyra.

Af hverju skyldi verðtryggingin hafa verið tekin upp? Vegna þess að menn borguðu ekki til baka. Menn fengu kannski lánaðan einn snjósleða og skiluðu skíðum eða bara vettlingi, skíðavettlingi. Verðbólgan var þvílík að peningarnir brunnu upp.

En hv. þm. segir að ef hann láni mér lamb þá skuli ég borga lambið til baka. Hann er sem sagt hlynntur verðtryggingu. Ef mikil verðbólga væri, segjum 50% eins og var hérna í eina tíð, þá borgar hann ekkert lambið til baka. Þá fékk ég lánað hjá honum lamb og borgaði til baka kannski eitt læri. Það var einmitt eðli verðtryggingarinnar að laga þetta og hún er nauðsynleg ef menn hafa ekki trú og treysta ekki því efnahagsumhverfi sem við búum við.

Hann talaði líka um misgengið sem var hérna í eina tíð. Það vandamál, ef það er skoðað grannt, var vegna þess að

verðfall varð á fasteignum sem stóðu á bak við lánin sem menn höfðu tekið. Það var ástæðan fyrir því misgengi sem varð. Þegar talað var um misgengishóp þá var það fólk sem hafði keypt íbúðir með verðtryggðum lánum en íbúðirnar héldu ekki í, hækkuðu ekki eins og verðtryggðu lánin, þær lækkuðu.

[14:19]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt var það enn sem ég nefndi í morgun. Það var að hæstv. ríkisstjórn talar mjög um hvað efnahagsástandið sé gott og horfur í peningamálum séu fínar og öruggar. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um það að ef menn hafa trú á efnahagskerfinu þurfi ekki að hafa verðtryggingu. Mér heyrist á mæli hans að hv. þm. hafi bara enga trú á því efnahagskerfi sem er í gangi hér núna. Það er það sem mér finnst að megi koma fram í umræðunni hjá hv. þm. og hv. flm. frv.: Er ekki efnahagskerfið svo traust og öruggt og tryggt og má ekki treysta svo vel á það að við þurfum ekki að vera með sérstök ákvæði um verðtryggingu?

Það hefur sýnt sig, og ég tala hér ekki vegna þess að ég sé á móti því að menn greiði skuldir sínar, ég segi það vegna þess að menn hafa lent í því að þurfa náttúrlega að borga skuldirnar sínar, eins og vera ber, en margfalt, margfalt að auki, eins og sýndi sig á ákveðnum tíma hér í sögunni. Það er það sem ég er að tala um í þessu máli að menn lendi ekki í því að taka kannski 100 kr. lán sem er kannski við skulum segja andvirði einnar papriku — ég veit ekki hvað paprikan kostar í dag — en svo allt í einu kostar paprikan þrjú eða fjögur hundruð, en það tekur alltaf meiri og meiri tíma að vinna fyrir henni.

Það þarf að vera samband á milli getu fólks til að greiða líka. Það þarf að hugsa um fleiri hluti í þessu, og hvernig eigum við að tryggja krónuna, eftir verðlaginu eða einhverju öðru gjaldi?

[14:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að fólk þyrfti að hafa trú á gjaldmiðlinum. Fólk sem búið var að leggja fyrir, segjum frá 1960–1980, og tapa og tapa og tapa öll árin hafði enga trú lengur á gjaldmiðlinum. Þetta fólk treystir á verðtrygginguna. Þetta er fólk sem oft og tíðum eru bændur og verkafólk, það treystir á verðtrygginguna, verðtryggingin er haldreipi þess.

Ég þarf ekki verðtryggingu til þess að spara, herra forseti. Ég hef trú á efnahagslífinu núna. En það er ekki það sem við erum að ræða um. Við erum að ræða um traust almennings á því sparnaðarformi að leggja fyrir peninga og fá aftur peningana til baka. Vegna þeirrar reynslu sem menn höfðu í áratuugi, að þeir fengu ekki peningana til baka sem þeir lögðu inn í bankann, þá þurfti að taka upp verðtryggingu og hún er nauðsynleg fyrir þetta fólk. En að öðru leyti hefur hún síminnkandi vægi og síminnkandi gildi og þess vegna skil ég ekki af hverju menn eru svona mikið á móti henni.

Það að menn hafi borgað margfalt til baka er bara ekki rétt. Það hefur aldrei gerst. Verðtryggingin er einmitt hugsuð þannig að menn borgi bara til baka það sem þeir höfðu keypt eða fengið lánað, þannig að menn borguðu ekki margfalt til baka. Það sem gat gerst hins vegar var það að eignin sem menn keyptu lækkaði miðað við lánin og það gat leitt til þess að menn lentu í vandræðum.

[14:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var fróðleg ræða sem hv. þm. Pétur H. Blöndal flutti áðan og um margt áhugaverð og um sumt er ég honum einlæglega sammála. Einkanlega hvað það varðar að — eða a.m.k. ég skildi orð hans þannig að menn hafi ef til vill við samningu frv. ekki hugleitt sem skyldi hvað eigi að vera í svona lögum og hvað ekki, hversu langt eigi að ganga í því að skilgreina það tæknilega, hvernig viðskipti af þessum toga eiga að fara fram. Hv. þm. benti á ýmislegt í þeim efnum sem ég get tekið undir.

En um leið kom hv. þm. einmitt inn á kjarna málsins í andsvari sínu, að vitaskuld þurfum við ekki svona tryggingarkerfi, og þá er ég að tala um verðtrygginguna, í umhverfi sem allir hafa óbilandi trú og traust á. Það er einfaldlega þannig að engin þjóð hefur leyft eða heimilað, það má kannski frekar orða það þannig að skapast hafi hefð fyrir því að á jafnvíðtækum og víðfeðmum sviðum séu verðtryggingar heimilar.

Og af því ég er kominn aðeins inn á verðtrygginguna, sem ég ætlaði að gera að meginmáli í umræðunni, þá verð ég eiginlega að taka aðeins upp hanskann fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem er þó fullfær um það sjálfur en hann er ekki hér í salnum. Í ræðu sinni í morgun velti hann því aðeins upp hvers vegna tryggja þyrfti fjármagnið miklu meir en önnur verðmæti í viðskiptum. Hann fullyrti aldrei að banna ætti verðtryggingu. Hann velti því aðeins upp hvort það tryggingarkerfi sem felst í verðtryggingunni, sem felst að mínu viti einnig í ábyrgðarmannakerfinu og einnig í því að innborganir á skuldir ganga alltaf fyrst upp í kostnað og dráttarvexti en ekki höfuðstól eða vexti. Ég held að þetta séu allt saman hlutir sem gera það að verkum sem menn hafa á köflum leyft sér að kalla þetta kerfi almannatryggingkerfi fjármagnseigenda, og það sé þéttofnara og víðfeðmara en flest önnur almannatryggingakerfi sem við höfum.

Þannig skildi ég hv. þm. í morgun en ég skildi hann ekki þannig að hann væri að mæla á móti sparnaði og ég skildi hann ekki þannig að hann væri að mæla gegn verðtryggingu en var að velta þessu upp og óhjákvæmilega er þessum spurningum velt upp síðan í tengslum við það efnahagsumhverfi sem við lifum í og í tengslum við þá trú sem almenningur hefur á því efnahagskerfi sem við lifum í. Við veltum því fyrir okkur í þessu samhengi af hverju við hér á Íslandi þurfum að vera með víðfeðmara almannatryggingakerfi gagnvart fjármagnseigendum en aðrir. Svona skildi ég ræðu hv. þm. í morgun þó hann hafi kannski ekki tekið á öllum þessum tilteknu þáttum en þetta hafi samt verið kjarninn í því sem hann var að segja.

Ég vil einnig nefna, virðulegi forseti, að ýmislegt er í frv. sem ég held að sé af hinu góða. Eitt af því sem ég tel vera af hinu góða er að menn skuli semja sjálfir um vexti. Það held ég að sé mjög gott því að eitt af því slæma sem hér hefur verið er einmitt það að fyrir fram teknar ákvarðanir um vexti gera það að verkum að fólk hefur ekki haft verðskyn á því hvað peningar kosta. Ég er alveg sannfærður um að með því að færa þessar ákvarðanir til viðsemjenda sjálfra muni menn smám saman læra mun betur og átta sig betur á því að fjármagn er eins og önnur verðmæti, þau kosta eitthvað og menn greiða af þeim í samræmi við það. Það er miklu skynsamlegra og miklu betra og miklu betur til þess fallið að menn þroskist í þessu umhverfi að menn þurfi að bera ábyrgð sjálfir.

Ég held reyndar að verðtryggingin rugli menn örlítið í ríminu því að verðtryggingin gerir það að verkum að af slíkum lánum er tekinn út ákveðinn áhættufaktor. Menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af verðlagsþróun þegar þeir lána féð vegna þess að þeir eru tryggðir fyrir því, þeir eru tryggðir fyrir ákveðinni verðlagsþróun. Það gerir það að verkum að það verður alltaf viðmiðið, viðmiðin verða verðtryggð lán, verðtryggð skuldabréf eða verðtryggt lánsfé. Ég held að það geri það að verkum að verðskyn manna á peninga verði kannski ekki eins og það þyrfti að vera. En þetta er þó skref í rétta átt og ég vil sérstaklega fagna því að þetta skuli vera í frv.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi það einnig áðan að þeir sem tóku til máls í þessari umræðu hefðu bara talað fyrir eyðslu en hann hefði aðeins talað fyrir sparnaði, og því miður hljómaði umræðan aðeins þannig fyrir þá sem á hlýddu. En ég held að ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal séum sammála um að þetta þurfi að vera sambland af hvoru tveggja því að ef enginn er sparnaðurinn og enginn er hagnaðurinn þá er úr litlu að moða að því er varðar að lána út fé. Ég held að um þetta séum við sammála. En ef enginn er sá sem þorir að taka þá áhættu að taka fé að láni til að fjárfesta þá verður lítið um framfarir. Þetta spilar því allt saman saman sína rullu. Ég held að það þjóni í sjálfu sér litlum sem engum tilgangi í umræðunni að fjalla um þetta á þeim nótum að menn séu ýmist bara a eða b. Til þess er efnahagslífið allt of flókið og það er allt of flókið til þess að hægt sé að skilgreina það á þennan hátt.

Það er mikið af því, virðulegi forseti, komið fram sem ég vildi ræða. En ég vildi þó beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh., sem leiðir umræðuna í dag af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna forfalla hæstv. viðskrh., hvort það komi til álita líkt og tíðkast í Danmörku — það tíðkast reynda bara eftir því er ég best veit að því er varðar skuldir sveitarsjóðs og ríkissjóðs — að innborganir vegna gjaldfallina lána, skulda eða gjalda gangi fyrst inn á höfuðstól og vexti í stað þess að fara inn á kostnað og dráttarvexti.

Ég er alveg sannfærður um að oft og tíðum þegar fólk hefur verið að reyna að rétta sig við og hefur verið að reyna að greiða inn á gjaldfallnar skuldir hvort sem þær stafa af gjöldum, sköttum eða lánsfé, þá gerir það mjög erfitt um vik að rétta sig við að menn gera sjaldan lítið annað en að greiða jafnvel inn á lögmannskostnað eða dráttarvexti. Ég er sannfærður um að ef við skoðuðum þann möguleika af mikilli alvöru og skoðuðum það þó sérstaklega að því er varðar sveitarsjóði og ríkissjóð að innborganir inn á slíkar skuldir mundu ganga fyrst inn á höfuðstól og vexti.

[14:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. undraðist hversu víðfeðm verðtryggingin er og á hversu mörgum sviðum miðað við önnur lönd. Það er ekkert undarlegt, herra forseti. Það er vegna þess að fá lönd í heiminum hafa farið eins skelfilega illa með sparifjáreigendur sína og Íslendingar gerðu á árabilinu frá 1950–1980. Þar var eignaupptaka og eignatilfærsla frá sparifjáreigendum til skuldara í þvílíkum mæli að ég hygg að annað eins hafi aldrei gerst hvorki fyrr né síðar. Til þess að ráða bót á því þegar allur innlendur sparnaður var hruninn um 1977 urðu menn að taka upp verðtryggingu til þess að byggja upp nýtt traust. Þess vegna er verðtryggingin á svona mörgum sviðum á Íslandi enn þá, þ.e. vegna þess að þetta traust er ekki komið enn þá, ekki að fullu.

Þá sagði hv. þm. að menn þurfi líka að líta á þá sem taka lán, ekki bara á þá sem spara. Að sjálfsögðu. Það er bara ekkert jafnvægi þarna á milli. Miklu fleiri eru tilbúnir til að taka lán en þeir sem eru tilbúnir til að spara. Það er vandamál þjóðarinnar sem kristallast í gífurlegri aukningu á erlendum skuldum, þ.e. að þjóðin er bara ekki tilbúin til að spara. Hún er tilbúin til að skulda. Það er vandamál sem mér fannst hv. þingmenn sem hér ræddu í morgun ekki koma inn á. Við eigum að reyna að hvetja þjóðina til sparnaðar með öllum ráðum og við megum gjarnan hafa dálítið almannatryggingakerfi fjármagnseigenda, eins og það er kallað og ég vildi kalla almannatryggingakerfi þeirra sem eru tilbúnir til þess að leggja krónu í banka, fresta neyslu sinni um einhver ár. Mér finnst bara allt í lagi til þess að hvetja þá til þess að spara með því að þeir fái þá einhverjar tryggingar.

[14:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að allir hv. þingmenn hér inni viti mætavel hvers vegna verðtryggingin var tekin upp. Það var einmitt vegna þess að menn réðu ekki við verðbólguna. Ef ég man það rétt voru vaxataákvarðanir með allt öðrum hætti en þær eru í dag. Vaxtaákvarðanir voru teknar af opinberum aðilum og slíkar vaxtaákvarðanir voru þannig úr garði gerðar að þær héldu ekki í við verðþróun. Þess vegna eyddist spariféð upp og þeir sem skulduðu högnuðust vegna neikvæðra vaxta.

Þessu var velt hér upp í umræðunni af því að menn þekkja þessa sögu. Menn vita af hverju þetta er komið til. Þess vegna var því velt upp hvort efnahagslífið, þ.e. hvort fjármálakerfinu hefði verið breytt nægilega til að menn gætu farið að ræða í alvöru að endurskoða það almannatryggingakerfi fjármagnseigenda, sem svo hefur verið kallað í umræðunni. Þessari hugmynd hefur verið velt hérna inn í umræðuna. Reyndar hefur það oft verið gert. Jafnvel hafa menn gengið svo langt að vilja afnema hana í einu lagi. En ég held að menn þurfi að fara gætilega í það. Ég er sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal hvað það varðar að ég held að menn þurfi að öðlast meiri trú á efnahagskerfið áður en að því kemur.

En aðstaðan þá, þegar þetta var tekið upp, var allt önnur en hún er nú. Vaxtaákvarðanir þá voru allt aðrar en teknar eru nú. Ég er alveg sannfærður um það, ef við tökum bara það umhverfi sem hér hefur verið undanfarin tíu ár með verðbólgu á bilinu 1 til 6–7% þegar verst lét, að þeir sem eru að lána fé hverju sinni séu þess umkomnir að taka vaxtaákvarðanir þannig að lánsfé sé ekki með neikvæðum vöxtum eins og var á þessum tíma. Það er ég alveg sannfærður um. Mér finnst því ekki rétt að bera fram þau rök fyrir þessu, þ.e. að á sínum tíma hafi verið neikvæðir vextir og það leiði til þess óhjákvæmlega að ekki sé hægt að breyta neinu nú.

[14:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekkert að tala um að efnahagsástandið sé orðið gott eða eitthvað því um líkt. Það er vissulega orðið miklu betra og allir sem fylgjast vel með hafa traust á því eða vel flestir.

Það sem við erum að tala um er fjöldi manna og kvenna sem var hlunnfarinn í áratugi með neikvæðum vöxtum. Með

opinberum tilskipunum ofan frá, með ákvörðunum Seðlabankans var fólkið hlunnfarið. Það fékk ekki til baka sparnað sinn. Þetta situr í þjóðarsálinni nákvæmlega eins og það situr í skuldurunum. Af reynslu fengu þeir að vita að það borgaði sig að skulda. Í áratugi borgaði sig að skulda á Íslandi. Sú furðulega staða kom upp að það sem áður var dyggð, sparnaður, varð löstur í þessu kerfi. Það er þetta kerfi sem við erum að vinda ofan af, sem hefur gengið reyndar mjög vel að vinda ofan af með hjálp verðtryggingarinnar. Og ef þetta fólk þarf verðtrygginuna sem hjálp til að hafa traust þá má hún gjarnan vera. En eins og ég gat um í ræðu minni í morgun þá er sífellt minni þörf á verðtryggingunni.

[14:38]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú held ég að við höfum náð nokkurn veginn utan um það hvað hv. þm. á við. Hann lítur á verðtrygginuna fyrst og fremst sem uppeldislegt gildi fyrir þjóðina. Það þurfi sem sagt að ala þjóðina upp á nýjan leik eftir tímabil neikvæðra vaxta, kenna henni að spara og ala þjóðina upp við að lán sé dýrt.

Kannski var það líka þannig á sínum tíma að menn hugleiddu þetta. En hins vegar er talsverður tími liðinn frá því að lögin voru sett 1979. Síðan eru 22 ár. Það er á þeim nótum að allt öðruvísi fyrirkomulagi var í hér í efnahagslífinu, það er á þeim nótum að mörgu hefur verið breytt til betri vegar. Það er líka á þeim nótum að það er mjög miklvægt í þessu uppeldisfyrirkomulagi eða tilraunum til uppeldis að menn beri ábyrgð á sjálfum sér. Það skiptir alveg gríðarlega miklu máli. Ef menn ætla að efla með mönnum verðskyn og efla með mönnum eitthvað sem gerir það að verkum að þeir geti lært af því þá þurfa þeir að bera ábyrgð á sjálfum sér.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þessi tími vera orðinn nokkuð góður og mér finnst líka kominn sá tími að við skoðum mjög vandlega hvort þetta ábyrgðarmannakerfi eða almannatryggingakerfi fjármagnseigenda sé ekki komið á leiðarenda.

[14:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Málið sem er til umræðu veldur mér nokkrum áhyggjum. Það eru ákvæði í þessu frv. sem er ástæða til að velta fyrir sér hvort eigi að skilja þannig að stjórnvöld treysti ekki á framtíðina í íslensku fjármálakerfi. Þar er ég sérstaklega að vitna til, hæstv. forseti, 15. gr. frv. þar sem Seðlabankinn fær aukinn möguleika til þess að bæta við verðtryggingu, breyta þeim tíma sem nú gildir um verðtryggingu lána.

Hvers vegna skyldu menn vilja gera það? Er það eingöngu vegna þess að þeir vilji, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sagt, leyfa mönnum að semja um hlutina og hafa þá eins og þeir vilja? Þá mætti velta fyrir sér býsna mörgum ákvæðum þessara laga ef menn vilja gefa fullkomið frelsi til þess að fjármagnseigendur og þeir sem þurfa á fjármagninu að halda eigi bara að slást um það og semja um það hvernig kaupin eigi að gerast á eyrinni.

Ég hef haft þá skoðun að verðtryggingarákvæðin hafi verið ofnotuð mjög lengi í bankakerfinu, afar lengi. Mér finnst að þau skref sem hafi verið tekin út úr því hafi verið ákaflega lítil og það hefur verið langt á milli þeirra. Mér finnst þess vegna ekki góðs viti þegar farið er að opna fyrir möguleika til að taka skrefin til baka. Ég spyr: Getur verið að þessa breytingu sem þarna bólar á megi rekja að einhverju leyti til þeirra breytinga sem eru að verða núna á stjórninni á fjármálamarkaðnum? Nú virðist vera að menn ætli að leyfa krónunni að fljóta eins og það er kallað og leyfa henni að sveiflast meira til en hún hefur gert á undanförnum árum. Ég vil því spyrja hæstv. starfandi viðskrh.: Er það þess vegna sem menn vilja auka svigrúm Seðlabankans til þess að leyfa verðtryggingu? Mér finnst ekki góðs viti ef sú er meiningin.

Við skulum gá að því að bankarnir hafa stjórnað þessu þó nokkuð mikið. Þeir hafa passað upp á að rétt hallaðist á hvað varðar verðtryggingu hjá þeim. Ég veit ekki betur en að það sé þannig t.d. í Landsbankanum að þegar verðbólgan tekur stökk upp á við þá græðir bankinn ótæpilega fjármuni. Það er einfaldlega vegna þeirrar samsetningar sem er á þeim skuldum og útlánum sem þar eru. Það finnst mér umhugsunarefni ef menn ætla sér að feta sig aftur inn á þá braut sem verður til þess að auka verðtryggð útlán.

Ég hef reyndar fyrir löngu komist að þeirri niðurstöðu að verðtryggingar séu almennt afar slæmar. Það ber einfaldlega vott um að menn hafi mikla vantrú á efnahagskerfinu ef þeir þurfa á þeim að halda. Krónan og gjaldmiðilinn á auðvitað að endurspegla allt verðmæti í þjóðfélaginu. Þegar menn eru að fikta í þessu og búa til öðruvísi krónur á hinum ýmsu stöðum þá eru þeir að koma í veg fyrir að hið rétta verðmæti endurspeglist í gjaldmiðlinum.

Nú langar mig aðeins að tala um þau ákvæði að menn semji um vexti, þ.e. vaxtaálag. Það er alveg rétt að í vissum tilfellum getur það verið allt í lagi og ágætt, þ.e. ef jafnræði er milli þeirra sem þurfa á lánum og halda og hinna sem lána þeim. En svo hefur nú ekki alltaf verið í bankakerfinu á Íslandi. Ætli það hafi ekki fleiri mætt á bekkina hjá bankastjórunum og þurft að sækja undir þá kjörin en öfugt? Ég er býsna hræddur um að ekki muni allir eiga þar jafna möguleika til að semja. Þarna eru undanskildir einstaklingar en segja má að einstaklingar í hve litlum rekstri sem er séu þá komnir í þá stöðu að semja við sína bankastjóra um dráttarvexti. Ég tel að menn þurfi að hafa gát á því afar vel hvernig með þetta verður farið. Við höfum séð það í gegnum tíðina hvernig lánastofnanir hafa sett þeim sem í vandræði hafa ratað með rekstur sinn afarkosti oft og tíðum. Fram að þessu hefur verið, ef þannig má orða það, lánardrottnamarkaður á Íslandi en ekki lántakendamarkaður þannig að þeim megin hafa menn kannski töglin og hagldirnar enn í dag. Þessu vildi ég koma hér á framfæri.

Mig langar svo til viðbótar að segja það vegna ræðuhalda hv. þm. Péturs H. Blöndals um tapaða fjármuni á öldinni sem leið að æðimargir hafa þurft að borga æðiháa vexti á síðustu áratugum og hefur ekki verið gefið neitt af þeim sem eiga fjármuni á Íslandi að undanförnu, tel ég. Það getur ekki verið röksemd fyrir því að halda við líði fyrirkomulagi sem til lengdar er óeðlilegt, að orðið hafi slys í fjármálastjórn og efnahagsstjórn landsins einhvern tíma á liðinni öld. Ég held að menn ættu nú að sameinast um að reyna að gera þetta efnahagskerfi sem heilbrigðast og sem líkast því efnahagskerfi sem fólk býr við í helstu viðskiptalöndum okkar og í kringum okkur en ekki að sækja sér röksemdir aftur á síðustu öld og til þess tíma þegar allt fór úr böndunum, nema skelfing manna sé bókstaflega svo mikil að þeir telji að svipaðir tímar séu að ríða yfir. Ég er satt að segja ekki svo svartsýnn. Ég tel að menn eigi nú að hafa tækin í höndunum til þess að sjá við því að slíkir tímar komi ekki aftur. En það er engin ástæða til þess að miða við slíkt ástand í afstöðu sinni til þess hvaða ráð eigi að nota við stjórn efnahagsmála

og vaxtaákvarðanir eða kjör þeirra sem þurfa að taka lán eða lána peninga í landinu í dag.

[14:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. Mikið hefur verið rætt um vexti og verðtryggingu á Íslandi á undangengnum árum eða allar götur frá því að vaxtaskrúfan fór fyrir alvöru upp á við í byrjun níunda áratugarins. Menn minnast þess þegar launum var kippt úr sambandi við vísitölu vorið 1983 en vísitala á fjármagni var látin halda sér með þeim afleiðingum að úr varð það sem kallað var misgengi á milli launa og lána.

Fyrr á tíð voru í landinu lög sem bönnuðu okur, lög sem voru í gildi allar götur fram á níunda áratug en síðan hafa menn smám saman verið að slaka á eftirliti með vöxtum og Seðlabankinn hefur nú aðeins heimild til þess að setja þak á dráttarvexti. Að öðru leyti eru vaxtaákvarðanir að uppistöðu til hjá bönkunum sjálfum.

Það sem mér finnst skipta máli í umræðu um vexti er hver raunávöxtunin er. Mér finnst ekki skipta öllu máli hvernig sú ávöxtun er samansett, hvort hún er kölluð nafnvextir eða *vísitölubinding og vextir þar ofan á. Ég spyr:* Hvað er það sem einstaklingurinn eða fyrirtækið er að borga í vexti eða hverjar eru vaxtatekjurnar?

Sannleikurinn er sá að vísitölubinding lána hefur þegar á heildina er litið að mínum dómi heldur orðið til þess að færa vextina niður enda segir það sig sjálft að sá sem lánar fjármagn og hefur jafnframt tryggingu fyrir því að ákveðin tenging haldist á milli verðlags og fjármagnsins getur leyft sér að halda vöxtunum lægri eða ætti að geta gert það.

En það er alveg rétt sem hér hefur verið bent á, m.a. af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Lúðvíki Bergvinssyni, að þetta nægir ekki fjármagnseigendum. Þeir vilja vera tryggðir í bak og fyrir. Reyndar hafa þeir gengið svo langt að vilja búa við tvenns konar tryggingu á fjármagni, annars vegar vísitöluna og hins vegar breytilega vexti því að staðreyndin er náttúrlega sú að hægt er að fara tvær leiðir til að tryggja fjármagnið eða tvær leiðir eru fyrir lánveitandann að tryggja sig fyrir breytingum í verðlagi. Það er annars vegar vísitölubinding og hins vegar breytilegir vextir, að lánveitandinn hafi heimild til að breyta vöxtum eftir því hver verðlagsþróun er.

Það sem mér finnst óðeðlilegt er að þetta tvennt geti farið saman, vísitölubinding lána og breytilegir vextir. Þegar lántakandinn gengur til samninga á hann að geta gengið að öðrum hvorum þessara kosta og síðan mætti hugsa sér þriðja kostinn sem eru hreinir fastir nafnvextir sem er þó ekki venjulegt form. Þetta er það sem ég vildi segja um vísitöluna og vextina, að mér finnst að huga eigi að því að banna þessa tengingu, að þetta geti farið saman í senn, vísitölubinding lána og breytilegir vextir. Mér verður oft hugsað til þess þegar verið er að tala um ráðstafanir Seðlabanka og banka yfirleitt, vaxtahækkanir til að slá á þenslu, til að slá á eftirspurn eftir fjármagni, þá eru menn ekki aðeins að hafa áhrif á ákvarðanir sem eru teknar nú og horfa til framtíðar, heldur eru menn að hækka alla skuldasúpu landsmanna. Það gerist þegar vextirnir eru breytilegir.

Þetta hefur mér oft fundist vanta inn í umræðuna um vaxtamál og efnahagsráðstafnir sem tengjast vaxtabreytingum. Það sem mér finnst með öðrum orðum skipta mestu máli er að ná raunávöxtun niður. Ávöxtun á fjármagni er allt of mikil og hefur verið það um langt árabil á Íslandi. Að það skuli raunverulega þekkjast að einstaklingar séu að taka lán með 20% nafnvöxtum, eins og gerist hér hjá fólki sem er að reisa sér húsnæði jafnvel eða kaupa íbúðir, er fullkomið hneyksli. Ég man sérstaklega eftir tveimur mönnum sem vöruðu við hárri raunávöxtun þegar hún var innleidd í byrjun níunda áratugarins, það voru ekki ómerkari menn en seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, og núverandi hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem sögðu báðir, ef ég man rétt, að eðlileg raunávöxtun á fjármagn ætti ekki að þurfa að vera meira en 2–3%. Þeir voru fylgjandi vísitölubindingu en töluðu þá um raunávöxtun sem þessu nemur. Við erum komin langt, langt frá því takmarki. Ég veit ekki hversu lengi það getur gengið að hafa fjármagnið tryggt með þessum hætti og vextina eins háa og þeir hafa verið því að þetta hefur í för með sér að verðmæti eru flutt frá atvinnulífi og heimilum til þeirra sem hafa hald á þessu fjármagni.

En eitt vil ég segja að lokum og spyrja hæstv. starfandi viðskrh.: Hver er skoðun hans á frv. sem kom til umfjöllunar í þingi fyrir nokkru og hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu og fjallar um ábyrgðarmenn á lánum? Það er frv. sem hefur þverpólitíska stuðning hér á þingi og ég tel vera eitt mesta þjóðþrifamál sem er fyrir þinginu. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er 1. flm. þess, ásamt honum eru hv. þm. Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson og Sverrir Hermannsson. Það er þverpólitísk samstaða um þetta mál. Í frv. er m.a. lagt bann við því að gerð sé aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

Hvers vegna vek ég máls á því frv. hér við umræðu um allt annað frv., frv. til laga um vexti og verðtryggingu? Jú, vegna þess að þegar menn eru að tjá sig um vextina og verðtrygginguna er verið að fjalla um þetta samhengi, hvaða afleiðingar háir vextir hafa á þá sem annars vegar veita lánin og hins vegar þá sem taka lánin. Og hér erum við að tala um þriðja aðilann, að uppræta þurfi það ófremdarástand sem við höfum búið við og á rót að rekja til þess þegar einstaklingar oft í fjölskyldum eru að skrifa upp á lán sem hrynja síðan yfir þá. Ég vildi spyrja hæstv. starfandi viðskrh. hvort hann er tilbúinn að beita sér fyrir því að þetta mál verði tekið úr nefnd, verði afgreitt úr þeirri nefnd þar sem það er þannig að *Alþingi fái tækifæri til að greiða um það atkvæði því að ég* a.m.k. vildi sjá það verða að lögum sem allra fyrst.

[14:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa mjög svo fróðlegu umræðu. Ég verð að segja eins og er vegna þess að ég hef tekið þátt í umræðum um vexti og verðtryggingu mjög lengi, fyrst sem aðili er tók þátt í svokölluðum efnahagsnefndum ríkisstjórna á sínum tíma og bankaráði Seðlabanka að hluta til sem formaður og alllengi í ríkisstjórn, að mér finnst að sumu leyti að hluti af umræðunni endurspegli það sem við vorum oft að tala um hér áður fyrr og endurspegli ekki að öllu leyti þær miklu breytingar sem hafa orðið á fjármagnsmarkaði, þá gífurlegu opnun sem hefur orðið hér á landi til alþjóðlegra fjármagnsmarkaða. Við getum ekki talað um íslenskan fjármagnsmarkað eins og einangrað fyrirbæri og hér geti verið einhverjar allt aðrar reglur en annars staðar. Það minnir mig kannski á það sem einn ágætur maður

sem ég þekki sagði einhvern tíma, að peningar væru ekkert vandamál, það sé peningaleysið.

Það er nokkuð til í því að það er þetta peningaleysi sem er að hrjá menn oft, vöntun er á fjármagni og sú vöntun á fjármagni skapar þörf fyrir lánsfjármagn. Við búum við markaðslögmál í þessum málum sem við komumst ekkert út úr. Það frv. sem hér er verið að flytja lýtur að almennum ramma fyrir notkun vaxta og verðtryggingar í viðskiptum. Það er mikið grundvallaratriði að vaxtalög séu skýr og þegnarnir geti byggt rétt sinn á þeim. Þetta er hinn almenni lagarammi, leikreglurnar sem Alþingi setur, sem ber að tryggja að sé sem best úr garði gerður. Frv. lýtur ekki bara að lánastofnunum, það lýtur almennt að viðskiptum og þetta er afar mikilvægt að hafa í huga.

Með frv. er ekki verið að tryggja ákveðið vaxtastig í landinu, enda er það ekki hægt. Það eru önnur lögmál sem þar skipta meginmáli sem ég ætla ekki að fara út í. Vextir eru að sönnu mjög háir hér á landi nú um stundir og fyrir því eru ýmsar ástæður. Það væri afskaplega nauðsynlegt og æskilegt að lækka vexti, það er skoðun mín og sem betur fer hefur tekist að stíga þar fyrstu skrefin. Hins vegar er ekki hægt að taka á því í almennum vaxtalögum nema því aðeins að menn vilji draga úr því frelsi sem er til samninga um vexti og við höfum verið að stíga inn í smátt og smátt á undanförnum árum. Er það vilji Alþingis að stíga þar einhver skref til baka til þess tíma, sem ég man afskaplega vel eftir, að stjórnvöld ákváðu vexti? Það var ákveðið í Seðlabankanum og það var m.a. oft rætt í bankaráði Seðlabankans. Síðan stigu menn fyrstu skref til frelsis í þá átt og ég man vel eftir þeim tíma skömmu eftir 1980. Ég held að það sé algjörlega vonlaust að ganga til baka til þess tíma og þess vegna kemur mér sumt af því sem hér hefur komið fram í umræðunni afskaplega mikið á óvart.

Síðan er það verðtryggingin. Það verður alltaf líflegt í umræðu um vaxtamál á Alþingi þegar farið er að tala um verðtryggingu, það er ekkert nýtt, svo lengi sem ég man. Við stigum sem betur fer þau skref á sínum tíma að afnema verðtryggingar á launum og það var launþegum mjög til góðs í landinu. Hins vegar er það rétt að eitt af því sem stóð í vegi fyrir því var að menn áttu erfitt með, miðað við það ástand sem var hér í efnahagsmálum, að gera nákvæmlega það sama að því er varðaði fjármagnið. Það stóð í vegi fyrir því að menn gætu stigið það skref. Hins vegar varð afnám verðtryggingar launa til að lækka fjármagnskostnað hjá fjölskyldum í landinu, skapaði nýja möguleika fyrir heimilin þannig að enginn vafi er á því að það varð íslensku efnahagslífi mjög til góðs. Ég man vel eftir þeirri þröngsýni sem var í þeim málum fyrr á árum þegar verið var að ræða slík mál. Sumir finna verðtryggingu fjármagns allt til foráttu og vilja banna hana alfarið á meðan aðrir vilja að nokkrar kvaðir séu settar um notkun hennar.

Verðtryggingarstefna stjórnvalda hefur lengi verið afar skýr og það á ekkert bara við um þessa ríkisstjórn, það á við um allar ríkisstjórnir sem ég hef setið í þar sem margir flokkar hafa komið að, þó að menn virðist nú stundum vera fljótir að gleyma því. Verðtryggingarstefna stjórnvalda hefur verið sú að heimila notkun verðtryggingar en vegna peningapólitískra sjónarmiða hefur notkun hennar á skammtímaskuldbindingum verið óheimil og ég tel að það hafi verið til góðs. Nú er bannað að verðtryggja innlán sem eru til skemmri tíma en þriggja ára og útlán til skemmri tíma en fimm ára. Seðlabankinn hefur sett þær reglur og það er mikilvægt að mínu mati að viðhalda þeim reglum.

Farið var mjög ítarlega yfir verðtryggingarstefnuna 1998 og þá varð niðurstaðan að gera engar stórkostlegar breytingar á henni. Ég held að menn verði að ræða þetta af nokkurri sanngirni. Ég tel að reynslan sé sú að verðtryggingin hafi reynst farsæl að því er varðar langtímaskuldbindingar, enda eru sífellt fleiri ríki farin núna að bjóða verðtryggð bréf. Hér á landi hefur sýnt sig að raunvextir verðtryggðra lána hafa verið u.þ.b. 2–3% lægri en raunvextir óverðtryggðra lána til jafnlangs tíma og þetta þarf engan að undra. Það liggur alveg á borðinu að áhættuálag lánveitandans hlýtur að vera hærra á óverðtryggðum bréfum.

Þá segja menn: Þetta er vegna fortíðarinnar, þetta er vegna þeirra verðbólgudrauga sem eru frá fortíðinni. En stundum lifa draugar lengi með mönnum og það er þannig í þessu tilviki, að almenningur er ekkert búinn að gleyma þessum tíma, fólk á okkar aldri sem hér erum inni man þá afskaplega vel og hræðist þessa gömlu drauga. Umræða skýtur alltaf upp kollinum um það að nú sé allt að fara á annan endann og efnahagslífið sé að fara svona og svona og þetta sé allt komið í hönk og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hafi farið upp á sker og beðið skipbrot. Fólk sem hlustar á okkur heima í stofu verður náttúrlega dauðhrætt og segir sem svo: Verður maður ekki að trúa þessum alþingismönnum? Er ekki betra að vara sig í þessu og eiga frekar peninga í erlendum gjaldeyri eða a.m.k. að verðtryggja þá?

Þegar menn fara með allan bölmóðinn á Alþingi eru ýmsir sem taka það alvarlega og hugsa sem svo: Ja, það er kannski betra að taka mark á þessum ágætu þingmönnum sem eru að tala um þetta. Ég held því að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því að mönnum hefur ekki gengið betur að minnka vægi verðtryggingarinnar þó að ég sé þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að gera það. Og ég trúi því að það muni gerast smátt og smátt og vextir eru allt of háir og hér eru menn almennt sammála um það.

Hvað getum við gert til að lækka vexti? Það er svo sem ýmislegt hægt að gera. Eitt af því sem mundi fylgja frekari samrunaþróun í Evrópu ef við viljum ganga svo langt að gerast aðilar að evrunni með þeim kostum og göllum sem því fylgja, þá liggur það fyrir að vextir munu stórlega lækka hér á landi. Það hefur enginn sem hefur talað hér um af miklum móð um nauðsyn þess að lækka vexti minnst á það. Ég hef stundum verið að hugsa undir umræðum þegar þeir sem hafa talað mest um lækkaða vexti: Ætla þeir ekki að minnast á þennan möguleika? Nei, það hefur ekki verið gert. Ég er ekkert sérstaklega að mæla með því á þessari stundu. (**Gripið fram í:** Láta þig um það bara.) Já, láta mig um það. Þetta er ekkert einkamál utanrrh. (**ÖJ:** Að ganga í Evrópusambandið?) Það er eitt af því sem er ljóst, hv. þm., að innganga í Evrópusambandið er afskaplega afdrifarík ákvörðun og henni fylgja margvíslegir gallar en jafnframt nokkrir kostir. Þeir sem eru ákafastir í þeim efnum að lækka vexti í íslensku þjóðfélagi verða að hafa það í huga, hvort sem það er ég eða hv. þm. eða aðrir. Þetta eru bara almenn sannindi sem menn verða að hafa uppi á borðinu þegar þessi mál eru rædd.

Ég er alveg sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að auðvitað er það raunávöxtunin sem skiptir máli, ég er alveg hjartanlega sammála honum í því. Það er það sem fólkið þarf að borga, það eru byrðarnar sem fólkið þarf að bera, það eru byrðarnar sem fyrirtækin þurfa að bera og slíkar byrðar þarf

að létta. Það er hægt að gera með ýmsu móti og það þarf að ná raunávöxtun niður. Ég er alveg sammála honum í því.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spurði mig hvort það gæti ekki komið til greina að innborganir gengju fyrst inn á höfuðstól og vexti. Mér finnst það koma fyllilega til greina að því er varðar ríki og sveitarfélög. Það er bara ákvörðun ríkis og sveitarfélaga. Ef ríkið vill taka upp þann viðskiptamáta og þá hætti, þá getur ríkið að sjálfsögðu gert það og sveitarfélögin geta að sjálfsögðu gert það. En það er ekki ákvörðunaratriði í vaxtalögum sem slíkum að mínu mati. Ekki er hægt að skylda menn sem eru að borga skuldir hjá t.d. lögfræðingum, að lögfræðingurinn sem tekur skuldirnar til innheimtu fái aldrei neitt, býst ég við. Ég á ekki von á því að lögfræðingastéttin tæki mikið af skuldum til innheimtu upp á þau býti, ég þekki hana þá ekki rétt. Það getur vel verið að hv. þm. þekki hana betur. Ég hef því ekki mikla trú á því. En ég tel að það komi vissulega til greina að ríkið og sveitarfélögin taki slíka sjálfstæða ákvörðun.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði mig um frv. sem hér er til umfjöllunar í þinginu. Ég get ekkert sérstaklega beitt mér fyrir því frekar en aðrir að frumvörp séu afgreidd héðan og hef ekkert vald til þess umfram aðra þingmenn. En eitt vildi ég segja í því sambandi, að það liggur náttúrlega ljóst fyrir, að ef það verður ákveðið að ábyrgðir séu bannaðar, þá mun það hafa mikil áhrif á lánamarkaðinn. Ég er þeirrar skoðunar að bankar og lánastofnanir hafi algjörlega ofnotað það form langt umfram það sem gengur og gerist í öðrum löndum. Ég tel að þetta hafi verið nokkurs konar sýking í íslenska bankakerfinu, eins og bankastjórar landsins hafi aldrei getað fundið upp á neinu öðru nema fá nægilega marga til að skrifa upp á. Ég man eftir því þegar ein dóttir mín fékk fyrst greiðslukort. Það var ekki nóg að ég þyrfti að veðsetja fasteign mína heldur þurfti að finna aðra fasteign til að veðsetja einnig til að þessi unga stúlka gæti fengið sitt fyrsta greiðslukort. Þetta er náttúrlega ekki heilbrigt og ég veit að margir aðrir lentu í þessu. Sem betur fer eru nú komnir bankastjórar í landinu sem kunna betur til verka og hafa ekki þessa oftrú á slíkum aðferðum þannig að heilmiklar framfarir hafa verið á fjármálamarkaðnum.

En ég er þeirrar skoðunar að það sé hins vegar erfitt að banna þetta algjörlega því að það gæti orðið til þess að margir ættu enga möguleika til að fá lán. Hvort það er eina leiðin að banna þetta, ég er heldur á móti því að setja upp slík bönn, en mér finnst að ganga þurfi það skref að reyna að draga úr þessu og mér finnst þetta hafa gengið í rétta átt. Ég treysti á að með því að íslenskt fjármálakerfi hefur verið að þroskast í betri átt sé þetta að lagast og hugmyndaríkari menn komnir sem forstöðumenn fyrir lánastofnunum og bankastofnunum í landinu. Það er skoðun mín.

[15:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugmyndaríkir menn, ég skal ekki efast um það en ég efast hins vegar um að það hafi alltaf gagnast íslenskri þjóð þótt það hafi hugsanlega gagnast þeim sjálfum.

Hæstv. utanrrh. segir að afnám vísitölubindingar launa hafi verið afskaplega gott. Það sem ég var að vekja máls á var að á sama tíma var vísitölubindingu fjármagnsins haldið með skelfilegum afleiðingum fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og það var þetta samhengi sem ég var að benda á.

Hæstv. ráðherra segir að við lifum ekki í einangrun, við búum við markaðsbúskap og fáum lítið að gert. Ég held að hæstv. ráðherra sé heldur svartsýnn og nauðhyggjan heldur mikið ráðandi í huga hans. Staðreyndin er sú að við getum sett markaðnum ýmsar skorður og það gerum við. Við bönnum t.d. samráð um verðlag, eins og dæmin sanna nú nýlega, og erum með ýmsar reglur varðandi samruna fyrirtækja og við erum — meira að segja í þessu frv. — með ýmsar skorður sem eru settar við verslun með peninga. Hámark er sett á dráttarvexti og samkvæmt þessu frv. hefur Seðlabankinn enn þá heimild til slíks.

Þá er komið að spurningunni sem ég vildi beina til hæstv. ráðherra og hann svaraði ekki: Finnst honum eðlilegt að heimilt sé í senn að tryggja fjármagn með vísitölubindingu og með breytilegum vöxtum? Finnst honum það eðlilegir viðskiptahættir? Síðan hitt varðandi frv. Lúðvíks Bergvinssonar og fleiri um ábyrgðarmenn, þá held ég að ráðherra geti haft meiri áhrif á gang mála en hann vill telja okkur trú um. Ég tel að hér sé á ferðinni eitt mesta þjóðþrifamál sem fyrir þinginu er og mjög brýnt að fá það afgreitt fyrir sumarið.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu með ábyrgðarmennina þá verður það að sjálfsögðu að hafa sinn gang og þingið verður að taka afstöðu til þess. Ég held að það sé eins og með öll önnur mál að það hefur sína miklu kosti og sína galla og þingið verður að taka afstöðu til þess. Ég benti á ákveðna galla sem ég sé fyrir mér þó að ég taki undir það að þarna hafi verið gengið of langt.

Hv. þm. sagði um að ég hefði oftrú á frelsinu. Ég hef það nú ekki. (**ÖJ:** Vantrú á frelsinu.) Hef ég vantrú á því, nú jæja? (**ÖJ:** Og á eigin möguleikum.) Já, á eigin möguleikum til að stýra þessu? Við búum við ákveðinn fjármagnsmarkað, ekki bara hér á landi heldur um alla Evrópu og við erum bara aðilar að honum. Við höfum hins vegar komið hér upp eftirlitsstofnunum, sem eru Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið, og við höfum verið að efla þessar stofnanir.

Gildi Samkeppnisstofnunar er að koma í ljós núna og unnið hefur verið að því að efla þá stofnun í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem hefur ekki komið mikið inn í þessa umræðu. Það er það sem þarf að gera, þ.e. að efla þessar eftirlitsstofnanir, þar á meðal Fjármálaeftirlitið. Ég tel að það þurfi að ganga lengra í því. Það er það sem frelsið kostar. Menn verða að bera ábyrgð á gjörðum sínum ef þar koma upp slík mál. Það er engin leið að reka frjálsa samkeppni öðruvísi. Ég tek undir það. Auðvitað þarf þar mjög sterkt eftirlit. Það er ekki hægt að hleypa mönnum algjörlega lausum í þessu sambandi, hvorki að því er varðar vaxtamál, fjármálamarkaðinn né neytendamarkaðinn. Ég er algjörlega sammála hv. þm. í þeim efnum. En það þýðir ekkert að ætla sér að stíga skrefið til baka og koma hér á vaxtaákvörðunum uppi í Seðlabanka, eins og ég man eftir frá í gamla daga, enda veit ég að hv. þm. dettur það ekki í hug frekar en mér.

[15:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Jú, herra forseti, ég væri tilbúinn að skoða allar leiðir til að setja fjármagninu einhverjar skorður og koma í veg fyrir þau okurlán sem við sjáum beitt á fólk, jafnvel á lágtekjufólk.

Varðandi frv. um ábyrgðarmenn þá segir hæstv. ráðherra að þingið verði að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess. Það er það sem verið er að fara fram á. Málið hefur verið svæft í nefnd og ég er að óska eftir stuðningi við að málið komi að nýju til kasta Alþingis svo við getum tekið afstöðu til þess.

Varðandi markaðsvexti þá er ég einmitt að leggja áherslu á, gagnstætt því sem hæstv. ráðherra hélt fram, að við hefðum frelsi og svigrúm til að taka á þessum málum og setja fjármagninu skorður og um það fjallar það frv. sem hér er til umræðu. Þar er sett þak á dráttarvexti og Seðlabankanum falin heimild til að stýra því. Mér finnst sjálfsagt að það sé íhugað hvernig við getum komið raunávöxtun niður. Ég sakna þess að hæstv. ráðherra skuli ekki svara mér varðandi samtvinnun vísitölubindingar (Forseti hringir.) og breytilegra vaxta sem ég tel vera af hinu illa.

[15:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar vísitölubindingu og breytilega vexti þá get ég tekið undir það með hv. þm. að mér finnst vera eðlilegt form að ef það er vísitölubinding að þá séu fastir vextir. Það finnst mér vera hið eðlilega. Mér finnst aðrir samningar vera óeðlilegir. Hins vegar ríkir ákveðið frelsi í þessum efnum og ég tel að ekki sé hægt að banna mönnum að semja með þessum hætti.

En ég tek undir það og ég tel að það séu ekki eðlilegir viðskiptahættir að þegar um vísitölubindingu er að ræða að þá séu jafnframt breytilegir vextir. Ég tel að þessi nýju vaxtalög komi til með að stuðla að því að draga úr slíkum samningum. Það er mín tilfinning hvort sem það reynist rétt eða ekki. Ég vænti þess að þetta svar mitt sé alveg skýrt að því er varðar fyrirspurn hv. þm.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orðaskipta sem áttu sér stað áðan milli hæstv. utanrrh. og hv. þm. Ögmundar Jónassonar þá vil ég taka það fram að gefnu tilefni að í því frv. um ábyrgðarmenn sem hér kom til umræðu er ekkert bannað. Það er ekki kveðið á um bann við nokkrum sköpuðum hlut, reyndar öðrum en þeim að fjárnám sé gert í heimili ábyrgðarmanna. Það yrði þá strax í upphafi þannig að menn ganga meðvitaðir til þess leiks. Að öðru leyti er ekkert bannað í því frv. frá því sem nú er leyft annað en gerð er rík krafa til upplýsingaskyldu við ákvörðun.

Virðulegi forseti. Ég bar eina spurningu fram við hæstv. utanrrh. og hann svaraði því til að hann taldi að vel gæti komið til álita að skoða það að innborganir gengju inn á höfuðstól og vexti. Ástæðan fyrir því að ég bar upp þá spurningu er sú að mér er tjáð að þetta fyrirkomulag sé í Danmörku. Mér finnst þetta að mörgu leyti skynsamlegt. En hvort það eigi heima í vaxtalögum eða einhvers staðar annars staðar eða séu sjálfstæðar ákvarðanir ríkisstjórna eða sveitarfélaga getur vel verið að megi ræða um. Mér finnst alla vega vel þess virði að skoða þessa hugmynd og ég held að þetta sé eitt af því sem gæti komið þeim allra verst settu til góða.

En meginástæðan fyrir því að ég bað um að veita andsvar við ræðu hæstv. ráðherra er einmitt það sem hann kom inn á hér áðan um að verðtryggð lán tryggðu lægri vexti. Ég óttast mjög að einmitt tilvist verðtryggingarinnar sé þannig að menn líti á hana sem núllpunktinn, að það sé lægsti hugsanlegi vaxtakostnaður, í stað þess að horfa á raunávöxtunina. Við erum að horfa á raunávöxtun í dag á verðtryggðum lánum upp á um 12–13%. Ég er dálítið smeykur um að þetta gangi í gegn gagnrýnislaust vegna þess að menn horfi á hin verðtryggðu lán sem einhvers konar núllpunkt.

Ég tek undir það að verðtryggð lán eiga að tryggja og munu tryggja lægri vexti. En ég held líka að það rugli aðeins verðskyn manna. Mér finnst sjálfum 13% raunávöxtun vera algjörlega fráleit þegar um verðtryggð lán er að ræða.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir að það er afskaplega há raunávöxtun og ég held að það geti nú ekkert staðið undir því til lengdar, a.m.k. ekki eðlileg starfsemi í landinu þannig að það er að sjálfsögðu mikilvægt að færa það til betri vegar.

Út af því sem hv. þm. sagði um reglur í Danmörku verð ég að játa að ég þekki ekki til þeirra reglna. En mér finnst sjálfsagt að fara yfir það og skoða það þó að ég sé þeirrar skoðunar að það eigi ekki heima í þessum lögum. En það á heima í þeim reglum sem gilda um samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga við þegna landsins. Í því ljósi er sjálfsagt að taka það til athugunar. Það er þá hægt að gera það í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

[15:24]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talaði um það áðan að ein ástæðan fyrir því að verðtryggingarákvæðin kæmu hér fram væri m.a. vegna bölmóðs stjórnarandstöðunnar og að forsenda fyrir því að svona frv. er lagt fram eða greinar í því sé vegna þess að stjórnarandstaðan er með mikinn bölmóð. Mér finnst þetta nú ekki eiga að vega þungt í þessari umræðu.

Annað langar mig til að segja og það er að hér eru allir sammála að þeir sem lána fé sitt eða fá að láni, eigi að greiða til baka sem menn fá og að menn eigi að fá réttlátt fyrir sitt. En það sem ég hef verið að segja í þessari umræðu er að verðtrygging fjárins eigi ekki að vera algjörlega úr takti t.d. við laun og tekjur fólksins. Þess verður að gæta þegar bankar í eigu ríkisins lána fé að féð sé ekki svo verðtryggt eða ákvæði um verðtryggingu séu það mikil að það sligi fólkið og setji það jafnvel á kaldan klaka.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að segja að einhver sérstakur bölmóður í núverandi stjórnarandstöðu hafi orðið til að skapa minna traust á efnahagslífinu og fjármálamörkuðum. Hins vegar vitum við að það sem skiptir öllu máli er að traust ríki og trú á áframhaldandi stöðugleika í þjóðfélaginu og mikið er undir því komið að viðhalda þeim stöðugleika. Það skiptir öllu máli að því er varðar lækkun vaxta á næstunni að okkur farnist vel í efnahagsstjórninni og höfum trú á því að við séum að gera rétta hluti, höfum trú á framtíðinni og höfum trú á möguleikum íslensks samfélags. Þetta skiptir öllu máli.

Ég ætla ekki að deila við menn um það hverjum sé um að kenna að þessi tiltrú er ekki nægileg. Það skiptir ekki meginmáli. En verðtrygging er ákveðin trygging. Hún hefur stuðlað að meiri sparnaði í okkar þjóðfélagi og hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá er sparnaðurinn of lítill í íslensku samfélagi. Meginorsök þess að okkur gengur ekki nægilega vel í efnahagsmálum er að við spörum of lítið.

Ef menn hafa þá trú að hægt sé að leggja niður verðtryggingu eða gera eitthvað annað þá er ég viss um að það mun hafa afleiðingar á sparnaðinn í landinu og það getur sett efnahagslífið úr ákveðnum skorðum. Meðan þessar aðstæður eru verðum við því að vera með slíkar aðgerðir.

Aftur á móti spara menn í Japan jafnvel þó að vextir séu engir, jafnvel þótt það séu mínusvextir. Þar er allt annað hugarfar. Hugarfarið skiptir öllu máli um það hvernig okkur tekst til á næstu árum.

[15:28]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. utanrrh. ekki hafa svarað spurningunni hvernig eigi að verðtryggja krónuna og hvað eigi að ákveða verðgildi krónunnar. Er það eingöngu vísitala neysluverðs? Eigum við að miða við hvað kálið kostar og hvað paprikurnar kostar og grænmetið allt saman? Það getur haft áhrif á hversu mikið lánin hækka.

Ég held að fram þurfi að fara svolítil umræða um þetta líka þegar við erum að hugsa um hvernig við ætlum að verðleggja krónuna. Eða eigum við að miða við laun fólks? Er ekki vinnan verðmæti líka? Ég hélt að vinnan væri grundvöllur allra verðmæta og allrar sköpunar í þessu landi.

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, vissulega er rétt að vinnan skiptir öllu máli. En við verðleggum fyrst og fremst íslensku krónuna með athöfnum okkar og framferði og hvernig við högum okkur í þjóðfélaginu, hvort við eyðum miklu, hvort við spörum, hvort við sýnum ráðdeild í ríkisbúskapnum og hvort okkar atvinnulíf gengur vel. Allt eru þetta þau atriði sem skipta sköpum um hvers virði íslenska krónan er. Og þó að við viljum að það sé einhvern veginn öðruvísi þá verður það ekki öðruvísi. Verðgildi íslensku krónunnar ræðst á þessum markaði okkar eigin athafna og gerða. Ég sé ekki að hægt er að breyta því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:30]

Útbýting þingskjals:

Rafmagnseftirlit, 532. mál, svar iðnrh., þskj. 913.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 819.

[15:30]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að ræða um örstutt frv. Í 8. mgr. 62. gr. þeirra laga sem er búið að breyta stendur svo, með leyfi herra forseta:

„Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín.“

Það er eðlilegur þáttur í starfi bankastjóra og bankastjórnenda að gætt sé samræmis á milli áhættu sem bankinn tekur. Hvort sem um er að ræða lán og eignir í jenum eða dollurum, í verðtryggðum íslenskum krónum eða óverðtryggðum, þá er það verkefni bankastjórnar að sjá um að samræmi sé á milli þessarar áhættu og hún sé tryggð.

Þess vegna er það frv. sem við ræðum hér gömul leifð aftur úr forneskju frá þeim tíma þar sem ríkisvaldið taldi nauðsynlegt að hafa vit fyrir bankastjórunum, gaf þeim í rauninni óhæfiseinkunn, að þeir gætu ekki stjórnað bankanum með því að setja upp reglur um að verðtryggð lán og útlán skyldu standast á. Það er eðlilegur hlutur í rekstri banka að gæta þess. Mér finnst það vanvirða og móðgun við bankastjóra landsins að hafa inni í þessu frv. það ákvæði sem hér er lagt til, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða.“

Þetta er eðlilegur hluti af rekstri banka og miklu meiri hætta er á því að bankinn lendi í vandræðum ef hann skuldar í dollurum og á eignir í jenum en nokkurn tíma af því að það væri misræmi á milli verðtryggðra skulda og eigna.

[15:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það var ekki ætlunin með þessu frv. að vanvirða eða móðga bankastjóra landsins enda er ekkert í þessu frv. sem gefur tilefni til að þeir ágætu menn taki þetta mál sérstaklega til sín.

Hins vegar er það svo, eins og hv. þm. veit betur en nokkur annar þingmaður hér inni að það sem skiptir meginmáli er að skapa traust á fjármálamarkaði og skapa traust almennings á fjármálastofnunum. Ég get tekið undir það með hv. þm. að auðvitað er það verkefni stjórnenda banka og fjármálastofnana að vera með áhættumat og taka rétta eða ranga áhættu. En það er nauðsynlegt að hafa einhverjar reglur um þetta. Hér er sett sú regla að sé jákvæður eða neikvæður mismunur verðtryggðra eigna og skulda stofnunar meiri en nemur 30% af eigin fé hennar skal hlutaðeigandi stofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að færa hann inn fyrir tilskilin mörk. Það má vel vera að það sé alger óþarfi að festa þetta í lög. Við getum haft svo mikið traust á öllum forsvarsmönnum þessara stofnana að þetta sé ekki nauðsynlegt. En ég held að það skaði a.m.k. ekki og geti orðið til þess að skapa meira traust almennings að viðkomandi aðilar fari ekki algerlega með fjármagn sinnar stofnunar að voða.

Mjög mikið regluverk hefur verið um lánastofnanir til að tryggja öryggi í rekstri þeirra og þetta stafar af sérstöðu lánastofnana í hagkerfinu. Gjaldþrot þeirra hefði alveg gífurleg áhrif. Við getum verið sammála um það. Stjórnvöld hafa þess vegna komið á fót sérstakri eftirlitsstofnun sem áður hefur komið hér til umræðu til að hafa eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Þessi fyrirtæki byggja allt sitt á trausti og trúverðugleika. Þetta ákvæði um verðtryggingarjöfnuð er aðeins eitt dæmi um reglu sem stjórnvöld hafa sett til þess að tryggja ákveðið öryggi á markaðnum. Þess vegna finnst mér að ekki eigi að fella þetta ákvæði brott vegna þess að þetta traust og þessi trúverðugleiki skiptir sköpum og það gæti beðið ákveðinn hnekki að fara að afnema þetta ákvæði án þess að ég sé á nokkrun hátt að vantreysta þeim aðilum sem hafa þetta verk með höndum.

[15:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær reglur sem hæstv. utanrrh. las upp voru mjög nákvæmar en þær voru líka mjög rúmar. Ef ég væri í Fjármálaeftirlitinu mundi ég vilja hafa stífari reglur og ég teldi eðlilegt að bankarnir væru með stífari reglur um þessa áhættu. Ég veit til þess að í erlendum bönkum sem starfa í fjölda landa eru reglurnar þannig að þetta á allt að standast á innan mjög lítilla vikmarka, bæði dollaraeign og dollaraskuld, jenaeign og jenaskuld o.s.frv. Ég hygg því að slíkar reglur ofan frá geti verið skálkaskjól eða deyft menn í því að setja upp almennilegar reglur um að þessi áhætta sé í jafnvægi.

Ég tel að það sé hlutverk bankastjórnenda að hafa þá reglu í lagi að verðtryggð innlán og útlán standist á, ekki

bara innan 30% marka og að dollaraeignir og dollaraskuldir standist á líka með gjaldmiðilssamningum og öðru slíku, það er hægt að koma þessu öllu fyrir í dag, enda er Fjármálaeftirlitinu það skylt samkvæmt núgildandi lögum. Það getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Þetta er allt saman til í dag. Með því að setja slíkar reglur ofan frá er verið að taka frá mönnum ábyrgðina og hvatann til þess að hafa þetta í lagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Móttaka flóttamannahópa, 1. umr.

Stjfrv., 588. mál. — Þskj. 931.

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um móttöku flóttamannahópa og aðstoð við þá.

Frv. þetta var samið í félagsmálaráðuneytinu í þeim tilgangi að festa í sessi það fyrirkomulag á móttöku flóttamannahópa sem tíðkast hefur. Það er komin nokkur reynsla af móttöku slíkra hópa á þeim tíma sem liðinn er frá fyrstu skipun Flóttamannaráðs Íslands árið 1995 en íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti flóttamannahópum á hverju ári frá árinu 1996. Kom sú reynsla sér vel er íslensk stjórnvöld ákváðu með skömmum fyrirvara að taka á móti allt að 100 manna hópi flóttamanna vorið 1999 er stríðsástand ríkti í Kosovo. Sú móttaka þótti takast mjög vel og skipti þar ekki síst máli góð og lipur samvinna Flóttamannaráðs og Rauða kross Íslands. Má segja að móttöku flóttamannahópa hafi verið mótaður farvegur sem hefur reynst farsæll og vakið mikla athygli erlendis, ekki síst hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).

Samningur um stöðu flóttamanna var undirritaður í Genf árið 1951 og gerðist Ísland aðili að samningnum 30. nóv. 1955. Gekk samningurinn í gildi að því er Ísland varðar þann 1. mars 1956. Með fullgildingu samningsins gekkst Ísland undir skuldbindingar að þjóðarétti til að taka þátt í samvinnu þjóða á milli um að veita flóttamönnum vernd. Felst sú vernd m.a. í því að tryggja að flóttamenn sem koma hingað til lands njóti sömu mannréttinda og aðrir þegnar ríkisins. Kveður samningurinn á um ýmis réttindi sem aðildarríki skulu sjá til að flóttamenn njóti á landsvæði þeirra en í upphafi samningsins er flóttamannahugtakið skilgreint. Jafnframt skuldbindur samningurinn íslenska ríkið til að hafa samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í málum er snerta flóttamenn. Þess vegna hafa íslensk stjórnvöld haft það að markmiði að taka árlega á móti flóttamannahópum í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld hafa átt mjög gott samstarf við stofnunina. Hún hefur meðal annars gefið Flóttamannaráði Íslands leiðbeiningar um hvar neyðin sé mest og sent forvalslista yfir einstaklinga og fjölskyldur sem þurft hafa á aðstoð að halda. Hafa stjórnvöld tryggt flóttamannahópunum sérstaka aðstoð fyrsta dvalarárið í ljósi þess að flestir einstaklinganna í hópunum hafa dvalið í flóttamannabúðum til lengri eða skemmri tíma.

Vegna þessara alþjóðlegu skuldbindinga íslenska ríkisins þykir eðlilegra að Flóttamannaráð Íslands verði skipað lögum samkvæmt en áður hefur það einungis starfað á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar. Jafnframt er lagt til að meginatriði í skipulagningu á móttöku flóttamannahópa verði lögfest en að nánari útfærslu verði gerð skil með reglugerð á grundvelli laganna, verði frumvarpið að lögum. Ástæðan er sú að framkvæmd verkefnisins er í stöðugri þróun og þykir því ekki rétt að binda hana í lög. Engu að síður er mikilvægt að mælt sé fyrir um fyrirkomulag móttökunnar í lögum og reglugerð enda hefur verið farið þess á leit við Flóttamannaráð að verkefnið verði fyrirmynd að móttöku flóttamannahópa í öðrum ríkjum.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverk Rauða kross Íslands í undirbúningi og framkvæmd móttökunnar verði lögfest. Rauði krossinn hefur átt stóran þátt í að móta þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið og þykir því mikilvægt að það samstarf verði áfram tryggt.

Flóttamannaráð semur við tiltekið sveitarfélag eða sveitarfélög um móttöku á ákveðnum fjölda flóttamanna hverju sinni. Samningar við sveitarfélögin taka til þjónustu sem ætla má að einstaklingar úr flóttamannahópnum þarfnist svo sem heilbrigðisþjónustu, húsnæðisöflun, vinnumiðlun, leikskólakennslu, grunnskólakennslu, framhaldsskólakennslu, félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Sveitarfélag gerir kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttamannahóps í samráði við Flóttamannaráð Íslands. Kostnaður við flóttamannamóttöku greiðist að sjálfsögðu úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni að þetta frv. verði að lokinni 1. umr. í dag sent hv. félmn. til athugunar.

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um móttöku flóttamannahópa og aðstoð við þá. Ég hef áður nefnt að ég hef ákveðnar efasemdir um móttöku Íslands á flóttamönnum.

Um heiminn eru milljónir, milljónatugir af fólki á flótta, margir af völdum stríða, aðrir af völdum hungurs og neyðar. Í eyðimörkum Súdans eigra börn í áratugi. Í borgum Suður-Ameríku eru flóttamenn í eigin landi, þar eru borgarbörnin flóttamenn í eigin landi. Ég fullyrði að 90% af þessu fólki er þeldökkt. Meginhluti er ólæs og ómenntaður með öllu.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. hvernig á því standi að þeir flóttamenn sem koma til Íslands eru allir hvítir og allir læsir.

[15:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er Flóttamannastofnunin í Genf sem beinir til okkar ákveðnum flóttamannahópum, það er ákvörðun Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar hvaðan við tökum við gestum. Við gerum ekki pöntun, hvorki í hvíta né svarta, en Flóttamannastofnunin hefur beint til okkar fólki frá Balkanskaga, þ.e. frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Þar var mikil neyð, þar er mikið af fólki enn í flóttamannabúðum. Um helmingur þeirra flóttamanna sem hingað hafa komið eru frá Kraína-héraði, var rekinn þaðan af Króötum vegna þess að þetta var fólk í blönduðum hjónaböndum þar sem annar makinn var Serbi, hinn Króati.

Við tökum líka á móti hópi frá Kosovo þegar stríðið stóð þar yfir og það var fólk sem var nýkomið á flótta. Það hefur tekist afar vel hjá okkur að taka á móti þessu fólki og það kann að hafa einhver áhrif á það að Alþjóðaflóttamannastofnunin, sem hefur veitt okkur mikla viðurkenningu

fyrir frammistöðuna í þessu verkefni, beinir til okkar þessum hópum.

[15:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alls kostar sáttur við að ábyrgðinni sé velt yfir á Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í þessu máli. Í athugasemdum við frv. stendur, með leyfi herra forseta, að hún gefi Flóttamannaráði Íslands leiðbeiningar um hvar neyðin sé mest. Hvernig ætla menn að mæla neyðina? Hvernig ætla menn að mæla neyð barna í Súdan? Hvernig ætla menn að mæla neyð þeirra sem flýja átökin í Indónesíu? Hvernig ætla menn að mæla neyð borgarbarna í Suður-Ameríku?

Annað hefur líka truflað mig töluvert. Þessir flóttamenn okkar fara til sveitarfélaga sem af einhverjum ástæðum eiga of mikið af íbúðum í félagslega kerfinu. Það skyldi nú ekki vera að menn séu að leysa vanda sveitarfélaganna í félagslega íbúðarkerfinu, sem hafa offjárfest í þeim íbúðum, með því að ríkið taki þessar íbúðir á leigu fyrir menntaða hvíta flóttamenn?

[15:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að ég hef komið í flóttamannabúðir í Serbíu. Fólkið þar býr er ekki við neina sældarvist. Það er hins vegar rétt að þetta er mennilegt og ágætt fólk og þeir sem hingað hafa komið hafa reynst vel. Það er ekki undantekningarlaust að það sé læst. Ég þekki a.m.k. eitt dæmi um fullorðinn einstakling frá Kosovo sem var ólæs.

Það er alls ekki verið að gera sveitarfélögunum góðverk með því að senda þeim flóttamenn. Hins vegar hefur tekist afskaplega vel til hjá þeim sveitarfélögum sem tekið hafa á móti fólkinu. Þau hafa látið sér annt um það og móttakan tekist mjög vel. Heimamenn hafa lagt sig fram um að gera gestunum dvölina sem ánægjulegasta. Það hefur verið séð um fólkið í eitt ár, því kennd íslenska og börnunum reyndar einnig móðurmál þeirra. Eftir árið eiga þeir að sjá um sig sjálfir með eðlilegri félagsþjónustu í sínu dvalarsveitarfélagi.

Það er alls ekki einhlítt að of mikið hafi verið um húsnæði í sveitarfélögunum. Það gefur augaleið að það er ekki hægt að taka á móti fólki nema þar sé eitthvert húsnæði til reiðu. Það væri dýrt að leigja yfir þetta fólk á Reykjavíkursvæðinu, að taka íbúðir á leigu handa því hér. Á Hornafirði voru t.d. húsnæðisvandræði eða þröngt um húsnæði. Við höfum einnig verið í viðræðum um að tekið verði við flóttafólki á Sauðárkróki en þar er einnig skortur á húsnæði.

[15:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um móttöku flóttamanna og aðstoð við þá. Eins og ráðherra gerði grein fyrir er þar breytt lögum um framkvæmd þessara mála. Segja má að um hana hafi verið afskaplega góð sátt og framkvæmdin verið farsæl. Maður hefur að því leyti ekkert við málið að athuga. Hins vegar leiðir það hugann að öðru sem einnig er afar mikilvægt, þ.e. að huga að þeim flóttamönnum sem ákveða síðan gerast íslenskir ríkisborgarar. Það er afar mikilvægt að taka þeim vel.

Vitanlega er misjafn sauður í mörgu fé, eins og máltækið segir. Við þurfum að tryggja að við tökum einnig við þeim, sé óskað eftir því, sem einhvern tíma hefur orðið á þau ár sem viðkomandi hafa búið á Íslandi því að þeirra mannréttindi eru ekki síður mikilvæg en okkar.

Mig langar að fara yfir einstakar greinar, t.d. varðandi skipun Flóttamannaráðs. Ég var að velta því fyrir mér hvort rætt hefði verið um hvort Mannréttindasamtök Íslands ættu að eiga þar áheyrnaraðild. Þau samtök hafa verið í hvað mestu samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Sú stofnun leitar hvað mest til þeirra og Rauða krossins þannig að mér finnst að nefndin ætti að skoða hvort mannréttindasamtökin ættu ekki að hafa þarna ákveðna aðkomu.

Varðandi hlutverk Flóttamannaráðs og þá skýrslu sem ráðið gefur til ráðherra þá tel ég einnig mikilvægt að þingið fái að vita af þessari skýrslu. Ég hef verið talsmaður þess að þessi mál séu sem mest uppi á borðinu. Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir störf ráðsins að vita að það starfaði fyrir opnum tjöldum. Þar er að sjálfsögðu fengist við ákveðin trúnaðarmál en hins vegar verða vinnubrögðin öðruvísi og skilvirkari. Með kvöð um ársskýrslu eða annað sem færi fyrir sjónir margra mundu menn hugsanlega vanda meira til verka.

Ég tek undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan um ákveðin hættumerki varðandi sveitarfélögin, að þau sæktust eftir að fá flóttamenn til að græða á þeim, eins og stundum er talað um. Það hefur auðvitað viljað loða örlítið við — sem betur fer hefur það ekki verið í praxís — að sum sveitarfélög sækist eftir flóttamönnum til þess að leysa ákveðinn atvinnuvanda eða annan vanda í sveitarfélaginu. Fyrir það á að reyna að setja með nefndinni sem fer yfir málin og þeim skilyrðum sem sveitarfélögin verða að uppfylla. Það getur verið ákveðin hætta á þessu. Ég minni á blaðaviðtal frá því um daginn þar sem rætt var við forsvarsmann sveitarfélags. Ég man ekki hvaða sveitarfélag það var en hann talaði um mikilvægi flóttamanna því að þá vantaði fólk í vinnu. Það má ekki vera hvatinn, að fá fólk í vinnu, fylla húsnæði o.s.frv. Þar á sér stað önnur vinna. Ég vil því að hluta taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal, að okkur ber að varast þetta.

Eins og ég sagði hefur framkvæmd þessara mála verið afar farsæl og lítið um hana að segja. Í því sambandi bendi ég hins vegar á 5. gr., sem er mjög skýr í sjálfu sér og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Flóttamannaráð Íslands skal gera þjónustusamning við Rauða kross Íslands um undirbúning móttöku og tiltekna aðstoð við flóttamannahópa fyrsta dvalarár þeirra hérlendis. Rauði kross Íslands kemur fram sem fulltrúi og talsmaður flóttmannahópa og veitir einstaklingum í hópunum liðveislu. Ríkissjóður greiðir kostnað af þjónustusamningi þessum."

Í athugasemdum um 5. gr. er hins vegar talað um að hlutverk Rauða krossins sé meðal annars „að vera fulltrúi og talsmaður flóttamannahópa gagnvart almenningi og stjórnvöldum. Jafnframt felur hlutverk hans í sér að veita einstaklingum liðveislu sem á þurfa að halda, t.d. að aðstoða viðkomandi við að fá læknisþjónustu sem ekki er unnt að veita í móttökusveitarfélaginu."

Þetta stangast að mínu viti á við 8. gr. þar sem talað er um ákveðin skilyrði, þ.e. að hlutverk sveitarfélagsins sem tekur við flóttamönnunum sé að tryggja læknisaðstoð eða heilsugæslu með samningum við nágrannasveitarfélög í öðru umdæmi. Mér finnst það ekki hlutverk Rauða krossins. Það á að vera hlutverk sveitarfélagsins. Við setjum þau skilyrði í 8. gr. og getum ekki fært þau verkefni sveitarfélaganna yfir á Rauða krossinn sem slíkan. Rauði krossinn er hinn mikilvægi tengiliður á milli sveitarfélagsins, þeirra sem taka á móti og hópanna sem koma. Það er afar mikilvægt að

þetta stangist ekki á og mér finnst að sveitarfélögin þurfi að tryggja að aðstaðan sé fyrir hendi. Í raun væri afskaplega gott ef þau gætu gert það áður en flóttamennirnir settust að.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir góðri vinnuaðferð. Það er strax myndaður starfshópur á vegum sveitarfélagsins og Rauða krossins þannig að heimamenn koma að málinu í upphafi. Þess vegna er mikilvægt að við skoðum í nefndinni hvernig við getum brúað bilið milli 5. gr. og 8. gr. Félmn. mun fara ofan í þessi mál og aðalatriðið er að ekkert stangist á en við þurfum líka að hafa skýrari framtíðarsýn, gera okkur í hugarlund hvernig við viljum að fólk sem kemur hingað sem flóttamenn og vill síðan gerast íslenskir ríkisborgarar verður metið og kannski verði meira svigrúm gagnvart þessum hópum en öðrum sem sækja um slíkt. Það er mikilvægt að í reglunum sem núna er verið að vinna í allshn. um ríkisborgararétt sé tekið á málum þessa hóps.

[15:57]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kom inn á búsetu flóttamanna sem koma hingað til lands og kom inn á umræðuna í þinginu um hvort með því sé verið að leysa húsnæðismálin. Það hefur jafnvel verið undirliggjandi að hálfpartinn sé verið að senda fólkið í útlegð ef það er sent út á land og það sagt í tengslum við félagslega íbúðakerfið o.s.frv. Ég held að það eigi að kveða niður þennan draug. Ég hef t.d. séð flóttamannabúðir á Norðurlöndunum, bæði hjá Norðmönnum og Dönum, og þar hafa menn oft leyst málin tímabundið með hótelvist og jafnvel herbröggum.

Ég vil fyrir mitt leyti taka fram að heimabyggð mín, fæðingarbær minn, hefur tekið á móti flóttamönnum. Þar er tekið á móti fólki inn í lúxusíbúðir. Ég held að hv. þm. ættu að skoða hug sinn og meta þessa stöðu. Ég er hér um bil viss um að hvergi í heiminum er tekið eins vel á móti flóttamönnum. Hins vegar er látið að því liggja í þinginu, þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur upp, að verið sé að senda fólkið hálfpartinn í útlegð. Þetta er ekki svona og ég fullyrði að það er hvergi tekið betur á móti flóttamönnum.

Það vill bara svo til að þetta húsnæði er sums staðar til. Aðrar þjóðir líka leyst málin með því að fara með flóttamenn í húsnæði sem er til, jafnvel herbragga og hótel sem hefur verið hægt að leigja. Þannig er enginn vafi á því í mínum huga að við erum þarna að gera stórkostlega hluti. Við eigum ekki að stilla málunum þannig upp að í fyrsta lagi sé verið að senda fólkið í eins konar útlegð og að í öðru lagi séum við með því að leysa vandamál sveitarfélaganna. Mitt fólk hefur staðið að þessari móttöku. Það er gert af heilum hug og, eins og hæstv. félmrh. hefur komið inn á, af miklum myndarskap.

[15:59]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur misskilið mig en hins vegar hefur brunnið við í umræðunni um þessar umsóknir — ég þekki það því miður frá því að vera sjálf sveitarstjórnarmaður — að sveitarstjórnarmenn hafi nálgast þetta mikilvæga verkefni á þann hátt.

Ég sagði í upphafi að afar vel væri að þessu máli staðið og öll sveitarfélög sem tekið hefðu að sér þetta verkefni gerðu það með stakri prýði. Það er ekki vandamálið. Þau sveitarfélög sem hafa kannski sótt málið fastast en haft erfiðustu fjárhagsstöðuna hafa kannski ekki fengið verkefnið. Þetta hefur samt sem áður viljað brenna við í umræðunni.

Vissulega hefur vinnan að þessum málum hér verið til fyrirmyndar og ég hef aldrei litið á það sem útlegð að flóttamenn fái inni á Dalvík eða hvar sem er. Það er engin útlegð. Ég hef líka rætt það opinberlega að oft er miklu betra fyrir útlendinga að hefja vist sína í þessu landi og aðlagast því í litlu samfélagi. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar og ég hugsa að við séum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson.

[16:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við hv. þm. erum ekkert ósammála. En ég vildi nota þetta tækifæri fyrst og fremst til þess að kveða niður þennan draug. Ég er viss um að sveitarstjórnarmönnum eða fólki á landsbyggðinni þar sem vinnuafl vantar gengur ekkert annað en gott til þegar það bendir á þessa staðreynd. Af þekkingu minni á þessum málum þar sem ég hef komist í návígi við það er litið á það sem hreint mannréttindamál að komast inn í samfélag þar sem er hægt að fá vinnu. Ég held að menn séu að stilla þessu upp þannig að hvað er betra fyrir nýbúa, mann sem kemur, en að geta gengið inn í vinnu. Á Norðurlöndunum er stóra vandamálið að þetta fólk einangrast í vistarverum sínum og kemst ekki út í samfélagið. Það kemst ekki í vinnu. Börnin komast hins vegar í skóla. Það er á þessu sem ég vil hnykkja. Þó að ég komi hér í andsvar við hv. þm. þá er ég ekki að gagnrýna þingmanninn sérstaklega heldur er ég að gagnrýna þá skoðun sem mér finnst hafa svifið yfir vötnunum í fjölda umræðna sem tengjast þessum málum. Ég held að það sé tímabært að kveða það niður því að það er ekki rétt að mínu mati. Ég gæti í langri ræðu flutt rök að því.

Ég er innilega sammála hæstv. félmrh. þegar hann hefur þráfaldlega reynt að benda hv. þingmönnum á þessa stöðu, sérstaklega úti á landi þar sem tekið er á móti þessu fólki. Hæstv. ráðherra hefur innsýn og hefur fylgst með þessu. Þannig standa málin í mínum huga út frá því sem ég hef séð og fundið í mínum eigin beinum.

[16:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að festa í sessi það fyrirkomulag á móttöku flóttamanna og flóttamannahópa sem tíðkast hefur hér. Auðvitað þarf sú móttaka og þær aðferðir og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru alltaf að vera í þróun eftir því hvernig samfélagið sem við búum í þróast. Við þurfum því alltaf að horfa á það í heild.

Mig langar aðeins, þar sem þetta mál er til 1. umr. og kemur síðan til nefndar, að velta upp örfáum spurningum varðandi frv. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann teldi að það ætti að kveða jafnafdráttarlaust á um að það eigi að auglýsa eftir sveitarfélögum til að taka á móti flóttamannahópum og er í 6. gr. Það hefur gefist oft ágætlega. En ég velti fyrir mér hvort það sé í öllum tilvikum besta leiðin, hvort ekki geti verið í einhverjum tilvikum kannski ágætis og e.t.v. betri leið að fara fram á það við ákveðin sveitarfélög að taka á móti flóttamönnum og þá kannski í ljósi þess hvers konar flóttamenn það eru sem koma hingað.

Ég verð líka, herra forseti, að taka undir það sem hv. þm. Pétri H. Blöndal sagði hér í andsvari. Það er mjög erfitt að mæla neyð þeirra milljóna flóttamanna sem hrekjast um heiminn, vegna hungurs, styrjalda og alls kyns vandamála sem hafa komið upp. Það er erfitt að mæla hana og fyrir einhverja að ákveða hvar neyðin er mest og síðan að benda okkur á hvar við eigum að koma til aðstoðar. En vissulega

hefur Flóttamannaráðið þetta erfiða hlutverk með höndum samkvæmt þessu frv. Þetta er alltaf matsatriði.

Full ástæða er til að nefna það hér að menn mega ekki vera að leysa eigin vanda með því að taka á móti flóttamönnum. Ég ætla ekki að segja að það sé endilega það sem vakir fyrir sveitarfélögum og alls ekki þeim sem hafa tekið á móti flóttamönnum þó að sá tónn hafi oft heyrst. Menn verða að horfa á þetta með öðrum augum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra. Hér er verið að tala um þessa flóttamenn og ákveðnu flóttamannahópa sem við tökum á móti í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í sambandi við ákveðinn samning eða samkomulag. Því spyr ég: Hvað með aðra flóttamannahópa sem óska e.t.v. eftir því að fá að koma hingað? Hvernig eigum við að snúa okkur í því? Mér sýnist ekki beint tekið tillit til þess í frv. ef sú staða kemur upp að flóttamannahópur eða *nokkrir flóttamenn óska eftir því að fá að koma hingað* og við mundum e.t.v. vilja taka á móti þeim, þ.e. hvernig það fellur inn í þetta mál og hvernig skuli haga því.

Síðan vil ég nefna að ég hefði talið, eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir minntist á, eðlilegt að mannréttindasamtökin ættu a.m.k. áheyrnarfulltrúa í Flóttamannaráði Íslands. Það er líka spurning hvort þau ættu að eiga sinn fulltrúa þar. Það er auðvitað spurning. En þar sem Rauði krossinn á sinn áheyrnarfulltrúa og Samband ísl. sveitarfélaga þá hefði það e.t.v. verið eðlilegt að mannréttindasamtökin ættu sinn fulltrúa þar.

Einnig langar mig til þess að fá nánari skýringu hjá hæstv. ráðherra á því sem segir í 4. gr. um hlutverk Flóttamannaráðs Íslands sem er ætlað að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu um móttöku á flóttamannahópum. Ég velti því fyrir mér hvort það þyrfti kannski ekki að koma frá stjórnvöldum og síðan ynni kannski Flóttamannaráðið úr þeirri stefnu stjórnvalda hverju sinni. En þarna er sem sagt gert ráð fyrir því að Flóttamannaráð Íslands leggi til við ríkisstjórnina heildarstefnu. En getur það ekki komið líka úr hinni áttinni, þ.e. að ríkisstjórnin hafi ákveðna stefnu sem Flóttamannaráðinu sé síðan ætlað að útfæra?

Ég held að þetta séu helstu atriðin sem ég vil fá skýringar á frá hæstv. ráðherra. Eins og komið hefur fram í umræðunni þá hefur móttaka flóttamanna hingað til gefist vel. Kannski þyrftum við að gera meira af því að taka á móti flóttamönnum en við gerum því að þetta er mjög mikill vandi í heiminum eins og menn þekkja. Ég ítreka það að móttaka flóttamannahópa þarf alltaf að vera í þróun, þarf alltaf að vera í endurskoðun þannig að við getum sem best staðið að móttöku þessa fólks sem hefur liðið þjáningar og þurft að vera mislengi fjarri heimahögum sínum eða heimabyggð.

[16:09]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma að þessu varðandi sveitarfélögin. Ég tel að aðeins það að geta útvegað fólki atvinnu sé í raun mikil hlunnindi, ekki bara fyrir sveitarfélagið heldur líka fyrir þá sem koma til landsins. Ég vil meina að afar vel hafi verið tekið á móti flóttamönnum sem hafa komið hingað. Nefna má t.d. Höfn í Hornafirði, Ísafjörð, Dalvík og Hafnarfjörð.

En við verðum líka að hafa það í huga að ekki vilja allir flóttamenn koma til Íslands. Ísland er mjög framandi land fyrir flesta flóttamenn þannig að þeir eru ekkert endilega ginnkeyptir fyrir því að koma hingað. Ég held að það geti líka oft verið svo að það geti líka verið þröskuldur að þeir vilji ekki koma til Íslands.

[16:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek svo sannarlega undir að það er mjög mikilvægt að geta veitt flóttamönnum atvinnu og húsnæði o.s.frv. En ég var bara að velta því upp hvort e.t.v. væri ástæða til þess að menn hefðu það ekki svona eindregið í lagatexta eins og í 6. gr. frv. að alltaf skuli auglýsa eftir sveitarfélögum. Það gæti líka verið á hinn veginn, að það væri óskað eftir því við ákveðin sveitarfélög að taka á móti *ákveðnum hópi í ljósi þarfa hópsins* o.s.frv. Það er ástæðan fyrir athugasemd minni.

Ég er alls ekki að gera lítið úr því að ekki hafi verið tekið vel á móti fólki hér. Vissulega hefur það verið og mun sjálfsagt verða áfram þegar búið er líka að setja svona lög. En það eru auðvitað nokkur atriði, herra forseti, sem við þurfum aðeins að velta fyrir okkur við þessa lagasetningu og við umfjöllun þessa frv. Þegar frumvarpstexti kemur inn í þingið þá sér maður hann kannski oft á margvíslegan hátt. Ég hef a.m.k. nefnt nokkur atriði og geri ekki lítið úr því að fólk hafi atvinnu. Það getur auðvitað haft atvinnu líka í sveitarfélagi þó viðkomandi stjórnvöld óski sérstaklega eftir því að það sveitarfélag taki við þessum hópi. Þetta gæti verið fólk sem hefur reynslu af fiskveiðum eða ákveðnum atvinnugreinum sem eru sérstaklega stundaðar í ákveðnum bæjarfélögum og þá sé farið fram á það í staðinn fyrir að setja það í alls ólíkt umhverfi aðeins vegna þess að viðkomandi sveitarfélag svarar auglýsingu um að það vilji taka á móti hópnum. Þetta eru bara svona vangaveltur í þessu ljósi.

[16:12]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að auglýst sé eftir sveitarfélögum því að sveitarfélögin verða að taka þessa ákvörðun sjálf og þau verða að hafa visst þjónustustig sem farið er eftir. Það þarf að meta hvort sveitarfélögin eru tilbúin til þess að taka við þessum hópum og í því sambandi má nefna félagsþjónustuna, heilbrigðisþjónustu, atvinnuástand, sem er ekki það sísta, skólamál og framboð á húsnæði. Þá kemur aftur af því sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan um þessar íbúðir sem eru á lausu og það á ekki að gera lítið úr því eins og mér fannst hv. þm. Pétur H. Blöndal gera. Ef til eru góðar íbúðir og sveitarfélögin eru tilbúin til að taka á móti þessu fólki með miklum sóma og það er gert af mikilli vandvirkni og miklum metnaði og mikilli elsku, vil ég segja, þá á ekki að gera lítið úr því af því að þarna er bara verið að nýta það húsnæði sem til er og í húsnæðisskortinum í öllum heiminum á að fagna því.

[16:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. nánast vera í andsvari við hv. þm. Pétur H. Blöndal sem talaði fyrr á fundinum en ekki beint í andsvari *við mig eftir ræðu mína* þannig að ég veit ekki hvort ég á að svara þessu, þ.e. hvort ég á að svara fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Mér finnst alveg ástæðulaust fyrir landsbyggðarþingmennina að taka það óstinnt upp þó maður komi kannski með aðra sýn á þessa þjónustu.

Ég velti því bara fyrir mér og hreinlega varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann telji að fortakslaust eigi að kveða á um að það eigi að auglýsa eftir sveitarfélögum því það getur líka verið þannig að viðkomandi flóttamenn vilji vera í annars konar umhverfi en þeim sveitarfélögum sem

endilega sækja um. Verið gæti að einhverjir mundu þrífast kannski betur í þéttbýli, í höfuðborginni eða öðrum stað. Þess vegna spurði ég að því hvort endilega ætti að auglýsa þetta frekar en sækjast eftir því við ákveðna aðila að taka að sér þessa þjónustu. Þetta eru bara vangaveltur sem við eigum eftir að skoða í félmn. þegar þetta mál kemur þangað. En ég hefði gjarnan viljað heyra afstöðu hæstv. félmrh. til þessara vangaveltna. Það er ekki annað.

En ég get því miður, herra forseti, lítið svarað fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal þó ég hafi verið sammála honum í ýmsu sem hann sagði og full ástæða er til að velta því sem hann nefndi fyrir sér í umræðu um flóttamannahópa.

[16:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér hefur nokkur atriði borið á góma sem ég þarf að drepa á. Mér finnst óþarfaviðhöfn að gefa út ársskýrslu á hverju ári um móttöku hvers flóttamannahóps. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að viðhalda því skipulagi sem verið hefur, að Flóttamannaráð geri félmrh. árlega grein fyrir framvindu verkefnis. Þær skýrslur liggja allar frammi í félmrn. og er hægt að fá að sjá þær þar ef einhver hefur áhuga á. Ég sé ekki ástæðu til að fara að gera það að þingskjali.

Varðandi kostnað við þessa móttöku þá hefur reynslan verið sú að þessir þjónustusamningar hafa kostað í kringum ein og hálf millj. á hvern einstakling. Þar af fer um 1 millj. til sveitarfélagsins og hálf millj. til Rauða krossins. Það er ekki gróði fyrir sveitarfélögin af þessum samningum og á ekki að vera það. Hins vegar er dálítil atvinnusköpun í kringum þetta, þ.e. ráðinn einn verkefnisstjóri sem er hópnum til halds og trausts. Annað er unnið í sjálfboðavinnu. Margt er unnið í sjálfboðavinnu, t.d. hafa stuðningsfjölskyldur lagt feiknamikið á sig við að taka vel á móti þessu fólki.

Til að sveitarfélag komi til greina er það skilyrði að þar sé góð félagsþjónusta, góð heilbrigðisþjónusta, leikskóli og skóli. Helst þarf að vera á staðnum framhaldsskóli en það hefur þó ekki verið sett sem skilyrði alls staðar og fer líka eftir samsetningu hópsins, þ.e. hvort einhverjir í hópnum þurfa í framhaldsskóla. Síðast en ekki síst þarf að vera atvinna í boði. Það þarf að vera sæmilega gott atvinnuástand á viðkomandi stað og fyrirsjáanlegt að fullorðnir einstaklingar geti fengið vinnu þegar þar að kemur.

Hvað hlutverk Rauða krossins varðar, sem minnst var á að væri skothent, þ.e. að hann ætti að annast ákveðna hluti utan sveitarfélagsins, þá er það bara af praktískum ástæðum. Þegar eitthvað hefur komið upp á og þurft hefur að leita sérfræðiaðstoðar í Reykjavík þá hefur Rauði krossinn séð um viðkomandi á meðan þeir dveljast í borginni. Það er skýringin á því að þetta er orðað svona. Það er miklu eðlilegra en t.d. Dalvík sjái um fólkið. Rauði krossinn hefur hér íbúðir og getur skotið skjólshúsi yfir einstaklinga.

Rétt er að hafa í huga að heimafólk á þessum stöðum hefur verið ákaflega rausnarlegt við þá flóttamenn sem komið hafa. Í fyrsta lagi eru öllum fjölskyldum gefnar fullkomnar búslóðir. Hvorki ráðuneytið né flóttamennirnir sjálfir hafa þurft að leggja út fyrir búslóðum. Flóttafólkið gengur inn á fullbúin smekkleg heimili í góðum húsakynnum og er náttúrlega undrandi og steini lostið þegar það gengur þarna inn. Eins hefur verið safnað fatnaði og í þann fatnað geta flóttamennirnir gengið og valið sér það sem þeir vilja. Það hefur ekki staðið á því. Það hefur verið safnað feiknamiklu af fatnaði á stöðunum. Það er dálítið sérkennilegt að 80% af þeim fatnaði sem safnast eru kvenföt. Það virðist svo sem konur séu miklu greiðugri að losa fataskápana en karlarnir og kaupa kannski nýtt í staðinn.

Það er rétt, ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að minnast á það í ræðu sinni áðan, að á Dalvík var tekið á móti flóttamönnum með mjög mikilli prýði og sérstaklega vel séð um þá. Það hefur reyndar verið svo í öllum þeim byggðarlögum sem tekið hafa á móti flóttamönnum, fyrst Ísafirði, síðan Höfn í Hornafirði, Dalvík, Blönduósi og Siglufirði. Alls staðar hefur þetta gengið afar vel.

Varðandi það að auglýsa eftir sveitarfélögum þá tel ég rétt að láta vita af því að flóttamannahópur sé að koma og þeir gefi sig fram sem hafa áhuga á að takast á við verkefnið. Stundum hafa mörg sveitarfélög haft áhuga. Þá hefur verið farin sú leið að reyna að velja það sveitarfélagið sem best er í stakk búið til að taka á móti viðkomandi hóp. Í þeim tilvikum er fyrst litið á félagsþjónustuna, heilbrigðisþjónustuna, skólana og atvinnuástand en það er náttúrlega frumskilyrði að til sé þak yfir höfuðið á fólkinu. Beri auglýsing hins vegar ekki árangur, sem líka getur verið, verður að grípa til þeirra ráða að kanna hjá sveitarfélögum hvort þau vilji taka að sér þetta verkefni. Núna komu t.d. ekki formlegar umsóknir frá neinu sveitarfélagi. Við höfum kannað möguleika sveitarfélaga á að taka við hóp sem kemur í vor. Við höfum rekið okkur á ákveðin vandamál vegna húsnæðisskorts en við höfum verið í viðræðum við Sauðárkrók. Það getur vel verið að ekki verði úr því í ár því þar er erfitt um húsnæði. Það getur strandað á því og þá þurfum við að hafa þar önnur ráð.

Varðandi það hverjum Flóttamannaráð tekur á móti þá eru það einstaklingar sem teljast flóttamenn samkvæmt Alþjóðaflóttamannastofnuninni.

Varðandi hælisleitendur, sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var að tala um, þá falla þeir undir útlendingafrv. sem hér er líka til meðferðar á þinginu. Þetta frv. er m.a. flutt með hliðsjón af útlendingafrv. og okkur þótti nauðsynlegt að festa Flóttamannaráð í sessi. Í Flóttamannaráði er sérþekking og reynsla sem gott er fyrir ráðuneytið eða stjórnvöld að búa að. Þess vegna er Flóttamannaráði ætlað þetta hlutverk.

Miðað við mannfjölda stöndum við Íslendingar okkur vel í móttöku flóttamanna. Hlutfallslega höfum við tekið á móti flóttamönnum fullkomleg til jafns við þær þjóðir sem best gera og eins og ég sagði áðan fengið mikið hrós frá Alþjóðaflóttamannastofnuninni og samtökum sem hafa látið sig mannréttindi flóttamanna varða.

Hér hefur komið fram að það kæra sig ekki allir um að fara til Íslands. Ýmsir bera vissan kvíðboga fyrir því, halda að hér sé vont veður og hafa misskilið það að hér er besta veður í veröldinni. Það er hins vegar ekki rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, að hér væri um hámenntað fólk að ræða. Þetta er venjulegt fólk sem við höfum tekið á móti frá Júgóslavíu, flest af því hefur þokkalega menntun, iðnaðarmenn, bílstjórar og fólk sem hefur stundað margvísleg störf. Einn hópur, það var fyrir mína tíð, kom á sínum tíma frá Póllandi. Hann var valinn þannig að þar voru háskólaborgarar í töluverðum mæli en þeir undu sér ekki hér, kannski vegna þess að þeir voru yfirstétt í sínu landi, komu hér og fengu kannski ekki vinnu sem þeir töldu við sitt hæfi. Margir þeirra fóru héðan og yfirleitt til Ameríku.

Þess má að lokum geta að þessir hópar, fjölskyldurnar sem hingað hafa komið, hafa bjargað sér vel. Ég veit aðeins um eina einustu fjölskyldu sem lent hefur í vandræðum með

að lifa hér. Hana henti það, sem reyndar hendir sumar íslenskar fjölskyldur líka, að hún steypti sér í skuldir og var lánað óþarflega greiðugt í bönkunum. Hún réð síðan ekki við skuldirnar og hefur lent í dálitlu basli. Annars hefur þetta fólk allt komið sér vel fyrir. Ég veit ekki til þess að nokkur vandræði hafi hlotist af neinum úr þeirra hópi.

[16:27]

Soffía Gísladóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi koma að örstuttri athugasemd, sem mér fannst ekki hafa komið fram í dag, um frv. til laga um móttöku flóttamannahópa. Það er mjög jákvæð athugasemd. Það hefur vakið athygli utan landsteinanna hversu vel við höfum staðið að móttöku flóttamannahópa til Íslands, þá sérstaklega að stuðningi við þær fjölskyldur sem til landsins koma. Þá á ég við stuðningsfjölskyldurnar sem tekið hafa á móti erlendum fjölskyldum í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Það hafa verið gerðar rannsóknir hjá Evrópusambandi félagsmálastjóra, hjá norrænu deildinni innan þess sambands. Félagsmálastjórar á Íslandi hafa verið erlendis, einkum félagsmálastjórinn á Dalvík, til að kynna sérstaklega þennan þátt móttökunnar, þ.e. hversu vel íslenskar fjölskyldur og almenningur tekur á móti flóttamönnum frá útlöndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (kærunefnd, afskriftir, vanskil o.fl.). — Þskj. 998.

[16:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Við höfum búið við nýja húsnæðislöggjöf sem tók gildi í ársbyrjun 1999. Hún er orðin rúmlega tveggja ára gömul og hefur reynst ákaflega vel. Reyndar hefur ýmislegt komið í ljós sem okkur þykir að hefði getað betur farið og því er þetta frv. flutt. Þetta er allt saman ívilnandi fyrir neytendur og ætti að vera þeim til þæginda. Ég vona að samstaða geti tekist um að afgreiða þetta mál fljótt og vel.

Í örstuttu máli er efni frv. það að verksvið kærunefndar húsnæðismála er rýmkað. Opnaður er möguleiki á að afskrifa lán ef veðið eyðileggst. Þess eru dæmi að hús hafi eyðilagst út af veggjatítlum, út af því að opnast hafi hver í kjallaranum og það er ekki heimild til þess að afskrifa lánin í gildandi lögum. Við því er séð í þessu frv. Möguleikar til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum eru rýmkaðir. Í fyrsta lagi með því að fresta greiðslum í þrjú ár. Það er reyndar í gildandi lögum en hér er lagt til að lengja lánstímann sem því nemur, þ.e. greiðslubyrðin þyngist ekki á því sem eftir er heldur verður lánið lengt. Segja má að þetta þriggja ára greiðslustopp verði flutt aftur fyrir á láninu.

Unnt er að breyta vanskilum í húsbréfalán til 15 ára og opnað fyrir möguleika á að lengja lán í allt að 55 ár. Í síðasta lagi er þarna opnuð heimild til að auðvelda sveitarfélögunum að gera innlausnaríbúðir að leiguíbúðum, sveitarfélögum þar sem ekki er hægt að selja húsnæðið, þar sem framboð á húsnæði er allt of mikið.

Þetta er í stuttu máli það sem felst í þessu frv.

Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða um einstakar greinar frv. Ég vil hins vegar láta þess getið varðandi vanskilin, að þrátt fyrir að verið sé að tala um greiðsluerfiðleika og aðstoð við fólk í greiðsluvandræðum, þá hefur umsóknum til Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluerfiðleika blessunarlega farið fækkandi.

Árið 1995 bárust Húsnæðismálastofnun 1.545 umsóknir um greiðsluerfiðleikalán. Árið 1999 voru þau komin niður í 159. Þau voru að vísu örlítið fleiri í fyrra eða 233 en það sem af er þessu ári hafa færri umsóknir borist en á sama tíma í fyrra. Venjulega hefur erfiðasti mánuðurinn í greiðsluerfiðleikabeiðnum verið febrúar en febrúarhrotan kom ekki í ár. Það er eins og menn hafi ráðið betur við að borga af kortunum sínum nú en venjulega.

Jafnframt er ástæða til að nefna að vanskil hjá Íbúðalánasjóði hafa stórminnkað. Árin 1995 og 1996 voru vanskilin 1% sem hlutfall af heildarútlánum. Síðan hafa þau farið stiglækkandi og voru um síðustu áramót komu niður í 0,3%, sem er út af fyrir sig ákaflega gleðileg niðurstaða.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málið verði sent hv. félmn. til athugunar.

[16:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að mér sýnist sem allar þessar greinar frv. séu ívilnandi og til bóta og get ekki séð annað en það ætti að fá greiða afgreiðslu í félmn. því þetta eru allt saman atriði sem koma fólki til góða og nokkur atriði sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum einmitt gert að umtalsefni.

En ég kem hér upp vegna þess að ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvað hann ætli að gera í sambandi við ástandið á leigumarkaðnum. Nú eru hér ágætis tillögur í frv. en við vitum að það hefur ríkt og ríkir neyðarástand í húsnæðismálum. (**Gripið fram í:** Næstnæsta mál á dagskrá.) Næstnæsta mál á dagskrá eru húsaleigubæturnar, ég ætlaði einmitt að koma inn á það líka þar. En engu að síður sýnist mér það mál ekki alveg koma að öllu leyti til móts við þann hóp og minni á góðar viðtökur hjá hæstv. ráðherra við þáltill. frá þingflokki og þingmönnum Samfylkingarinnar um fjölgun leiguíbúða. Herra forseti, ég geri það að umtalsefni undir þingmálinu um húsaleigubætur, ég heyri á hæstv. ráðherra að hann er í startholunum með það og tilbúinn að fara í þá umræðu á eftir þannig að ég get alveg eins tekið til máls undir þeim lið og gert að umtalsefni ástandið á leigumarkaðnum, sérstaklega í Reykjavík því þar er auðvitað afleitt ástand. Vissulega eru tillögur um úrbætur þar. Ég hefði viljað sjá ýmislegt fleira en við skulum gera það að umtalsefni undir þeim lið og þá fáum við vonandi svör frá hæstv. ráðherra varðandi þann málaflokk.

Herra forseti. Ég fagna þeim tillögum sem eru í frv. og sé að þær eru allar til bóta.

[16:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langaði að segja örfá orð vegna þessa frv. Hér er auðvitað verið að laga til í lögunum um húsnæðismál, nr. 44/1998, og er það afar vel. En það verður að gera meira. Það er í rauninni mjög mikilvægt að tryggja þennan rétt varðandi kærumálin. Ég fagna því sérstaklega. Eins að lengja lánstímann þannig að það flytjist aftur fyrir í stað þess að greiðslubyrðin verði þyngri mánaðarlega. Það er því verið að koma vel til móts við fólk. Og ef til vill hefur

það góðæri sem verið hefur stuðlað að því að bæði vanskil og greiðsluerfiðleikar eru minni.

Hins vegar úr því að verið er að opna lögin, þá dettur mér í hug í þessu sambandi, ég er kannski ekki alveg með á hreinu hvort það er þá samkvæmt reglugerð, en það er hvort ráðherra muni beita sér við breytingu á viðmiðum vegna íbúðakaupa. Núna er miðað við brunabótamat og það er ekki það sama og fasteignamat og heldur ekki sama og söluverð eignanna. Þá þarf einhvern veginn að reyna að finna út úr því kerfi þannig að við náum einhverju jafnvægi þarna á milli, því það gengur heldur ekki að lánið miðist við brunabótamat ef fólk er svo að greiða 4–5 millj. kr. meira fyrir íbúðina og hámarkið er 6,4 millj. Það er spurning sem þarf að skoða auðvitað reglulega. Núna er markaðurinn búinn að vera í hámarki, hann er aðeins að ná jafnvægi aftur. Íbúðaverðið hefur hækkað gífurlega en ekki lánin í takti við það. Þetta varðar auðvitað mest unga fólkið og þá sem kaupa íbúðir í fyrsta sinn.

Ég vildi því gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvaða skoðun þar er í gangi. En ég fæ ekki betur séð en að frv. fái skjóta og góða meðferð í hæstv. félmn. því hér er einungis um afar góða hluti að ræða sem gagnast fólki sem þarf að nýta sér íbúðalánasjóð.

[16:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ánægjulegar og jákvæðar undirtektir við málið. Ég hefði kannski átt að geta þess nákvæmar hvernig við hugsum okkur að fara með innlausnaríbúðirnar en breytingin felst í því að sveitarfélögum sem hafa orðið að innleysa íbúðir og geta ekki selt þær aftur verður gert kleift eða heimilað að láta lánin standa sem fylgja íbúðunum frá eigandanum á þeim lágu vöxtum sem á þeim eru og lifa út lánstímann. Vegnir meðalvextir á slíkum lánum eru 1,5% og meðallánstími er 34 ár. Til viðbótar þessu geta sveitarfélögin fengið á hærri vöxtum lán til 50 ára og upp að 90% markinu, þ.e. á íbúðina má ekki setja meira en 90%.

Það er reglugerðarákvæði um brunabótamatið eða þær viðmiðanir allar, það er óþarfi að binda það í lög. En fasteignasalar hafa pressað mjög á að fá bæði þakið á lánunum upp og eins að hætt yrði að miða við brunabótamat. Hvort tveggja er þetta mjög vandmeðfarið af þeirri ástæðu að það má ekki verða til að sprengja upp verðið. Rýmkun á láni út á íbúð má ekki verða til þess að hækka íbúðina í verði. Það væri bjarnargreiði við fólkið að opna á það. Hins vegar er verið að breyta fasteignamatinu og brunabótamatinu með þeim hætti að ég held að það hljóti að koma til skoðunar þegar fasteignamatið fer að virka eða þessar afskriftareglur brunabótamatsins, að breyta þarna viðmiðun. Seðlabankinn mælti mjög gegn því og við síðustu breytingu á reglugerðinni lagði ég ekki í að breyta þessu, en ég tel að það geti farið svo að við verðum að endurskoða þetta atriði.

Eins og ég sagði er hér óeðlilegt ástand á húsnæðismarkaði. Húsnæði hefur hækkað óeðlilega mikið og það er mjög vandmeðfarið og við þurfum að passa okkur á því að sprengja það ekki upp enn frekar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 624. mál (heildarlög). — Þskj. 999.

[16:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Frv. er samið af nefnd sem ég setti til verka í lok ársins 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá félmrn., Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómsmrn. Nefndinni var falið að endurskoða núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga sem eru nr. 133/1994. Fv. felur í sér heildarendurskoðun á þeim lögum.

Í frv. er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frv. er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni.

Frá gildistöku núgildandi laga hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur stóraukist sem má rekja til mikillar þenslu á vinnumarkaði síðustu ár. Á síðasta ári gáfum við í félmrn. út 4020 atvinnuleyfi til útlendinga búsettra utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá hefur líka orðið sú breyting að þeir útlendingar sem hingað koma til vinnu dvelja hér lengur en áður var og reynir því oftar á rétt fjölskyldu þeirra til dvalar og atvinnu í landinu. Við gerðum stikkprufu á þeim sem fengu atvinnuleyfi fyrir fjórum árum og 40% af þeim eru enn þá í landinu. Af konum á Íslandi milli tvítugs og þrítugs eru 8% erlendir ríkisborgarar.

Nefndin hefur sérstaklega litið á framkvæmd núgildandi laga með tilkomu Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana þar sem félmrh. hefur falið Vinnumálastofnun að hafa með höndum veitingu atvinnuleyfa. Með frv. er verið að festa þá framkvæmd í sessi.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa féllu núgildandi lög að mörgu leyti illa að aðstæðum í íslensku samfélagi. Í frv. hefur einnig verið tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi.

Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkurt mið af frv. til laga um útlendinga og þetta frv. rímar við útlendingafrv. hæstv. dómsmrh. Á það m.a. við um hugtakanotkun. Leitast hefur verið við að hafa samræmi á þessu sviði eins og unnt er. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi eru nátengd, þannig að nauðsynlegt er að taka tillit til framangreinds frv.

Þá er í frv. kveðið á um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Eins er að finna ákvæði um útgáfu skírteinis vegna dvalar- og atvinnuleyfis sem Útlendingastofnun skuli annast útgáfu á, enda er það til samræmis við núgildandi vinnulag þar sem slík útgáfa væri í höndum útlendingaeftirlits samkvæmt samkomulagi.

Ákvæði um brottvísun í núgildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga eru felld út, enda er um brottvísun fjallað í 20. gr. frv. til laga um útlendinga, en forsenda dvalarleyfis vegna atvinnu er m.a. vissan um að atvinnuleyfi fáist.

Helstu nýmæli frv. eru eftirfarandi:

1. Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

2. Heimilt er að víkja frá skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.

Undir þetta ákvæði falla m.a. nektardansmeyjar, því ekki er neitt stéttarfélag þeirra hér á landi. Hins vegar er samstarfsnefnd sem lagt er til að taki á almennum álitamálum varðandi útgáfu atvinnuleyfa og fjalli um beiðnir sem berast til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleyfa fyrir hópa. Þessi nefnd mundi væntanlega geta skipt sér af nektardansmeyjum.

3. Atvinnurekandi skal samkvæmt frv. sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

4. Atvinnurekandi skal undir sérstökum kringumstæðum ábyrgjast greiðslu vegna heimflutnings starfsmanns.

5. Framkvæmd vegna útgáfu heilbrigðisvottorða verði breytt þannig að tekin verða gild erlend vottorð ef þau eru fullnægjandi samkvæmt reglugerð á grundvelli laganna og sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

6. Í frv. er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi.

7. Með frv. er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi.

Gert er ráð fyrir að túlka þetta ákvæði mjög þröngt, en þær aðstæður geta skapast að eðlilegt sé að einstaklingur, t.d. hælisleitandi, geti fengið atvinnuleyfi hér og unnið fyrir sér.

8. Í frv. eru sérstök ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu, þ.e. að atvinnurekanda er skylt að upplýsa erlendan starfsmann um möguleika á íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.

9. Í frv. er heimild til að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skilnað útlendings sem hefur verið giftur Íslendingi í a.m.k. tvö ár, enda hafi viðkomandi átt samfellt lögheimili í landinu í a.m.k. tvö ár.

10. Í frv. er heimilt að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða andlát íslensks maka útlendings.

11. Frv. kveður einnig á um að víkja megi frá því skilyrði við veitingu óbundins atvinnuleyfis að þegar liggi fyrir tímabundið atvinnuleyfi, ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið námi.

12. Í frv. eru skilyrði afturköllunar atvinnuleyfis tilgreind.

13. Í frv. er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

14. Í frv. er nýr kafli um málsmeðferð þar sem koma fram helstu meginreglur um málsmeðferðina og kæruheimild.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira að sinni, en legg til að málið fari til athugunar hjá hv. félmn.

[16:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þetta er heildarendurskoðun á þeim lögum og verð ég að segja að hér er flest og nánast allt til bóta af því sem málið tekur til. En mig langar til að gera nokkur atriði aðeins að umtalsefni.

Það vakti athygli mína á ársfundi Vinnumálastofnunar hversu mikið hafði verið tekið saman af upplýsingum um útlendinga við störf hér og athyglisvert hve margir sem hafa komið hingað dvelja hérna áfram við störf. Sömuleiðis hvað útlendingum hefur fjölgað á vinnumarkaði og er það af hinu góða að hér skuli vera komið frv. þar sem lög er varða þennan hóp eru endurskoðuð.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni tvennt ef ekki þrennt í frv. sem mig langar að vekja athygli á. Ég sé að tekið er á atriði sem ég hef gert að umtalsefni vegna frv. sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt á þingi um atvinnuleyfi þeirra sem hafa undanþágu, þ.e. þeirra sem eru í hjónabandi með íslenskum ríkisborgara og hafa haft undanþágu á því að þurfa atvinnuleyfi, þar sem í frv. var lagt til að viðkomandi fengi óbundið atvinnuleyfi vegna þess ákvæðis í núgildandi lögum að ef hjónabandið endaði af einhverjum ástæðum, vegna skilnaðar eða fráfalls maka, þá stóð viðkomandi einstaklingur uppi án atvinnuleyfis. Ég sé að tekið er á því atriði í frv. Þar er sem sagt fallið frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skilnað útlendings sem hefur verið giftur Íslendingi a.m.k. í tvö ár.

Ég velti fyrir mér hvort tvö ár er of langur tími. Það er auðvitað alltaf matsatriði og ég veit að hæstv. ráðherra hafði áhyggjur af því þegar frv. sem ég var með hér fyrr í vetur var til umræðu, hann taldi hættu á því að menn færu út í hagkvæmnishjónabönd til að geta komið hingað til lands og fengið dvalar- og atvinnuleyfi. En ég velti því fyrir mér hvort tvö ár eru e.t.v. of langur tími. Aftur á móti er tekið sérstaklega á þegar maki útlendings, þ.e. íslenski makinn fellur frá, þá er alveg vikið frá þessum skilyrðum og tel ég það vera af hinu góða og einmitt í þá veru sem við lögðum til í frv. okkar sem nú liggur hjá félmn.

Hæstv. ráðherra kom inn á það að þetta frv. væri unnið með frv. dómsmrh. um útlendinga. Af því að tekið er á því hér í sambandi við nýmæli í frv., að heimilt sé að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi og hæstv. ráðherra talaði um að þetta yrði túlkað þröngt, þá velti ég því fyrir mér og langar til að spyrja: Ef útlendingur utan Evrópska efnahagssvæðisins kemur hingað til lands, t.d. á tímabundnu dvalarleyfi í heimsókn, t.d. til ættingja og dvelur hér kannski í þrjá mánuði eða lengur, mundi hann geta fengið atvinnuleyfi í kjölfarið án þess að ...? — Hann mundi ekki geta það, segir hæstv. ráðherra hér og hristir höfuðið.

Ég hefði kannski talið ástæðu til að skoða það atriði því til mín hafa leitað nokkrir aðilar sem hafa lent í þessu og telja það mjög ósanngjarnt þegar fólk er búið að dvelja hérna og unir sér vel, vill gjarnan vera áfram, að það geti ekki fengið atvinnuleyfi meðan það dvelur hér, það þurfi að fara í burtu og sækja síðan um. Það eru oft talsverð útgjöld fyrir fólk sem kemur hingað um langan veg, er kannski ekki vel stætt, að þurfa síðan að fara til annarra landa, því langt er til næstu landa héðan og oftast kostnaðarsamt. Ég velti fyrir mér hvort eitthvað sé hægt að taka á þeim þætti. Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra þegar hann kemur hér aftur upp að lokinni umræðunni um þetta mál, hvort einhver möguleiki sé á því að skoða einhvern sveigjanleika varðandi þennan hóp sem er að ég tel ekki stór, þó veit hæstv. ráðherra sjálfsagt betur um það en ég.

Við munum fara yfir þetta mál í félmn. og auðvitað þurfa þeir aðilar sem þetta mál varðar, mannréttindasamtök innflytjenda, aðrir hópar, önnur samtök útlendinga sem starfa hér á landi, að fá málið til umsagnar. Við munum að sjálfsögðu fjalla um þær athugasemdir sem þeir gera í

framhaldinu og eftir slíka yfirferð mundum við náttúrlega fara í frekari umræðu um málið.

En þessi þrjú atriði vildi ég gera að umtalsefni. Ég vil fagna þeirri breytingu sem er í þá veru sem frv. okkar þingmanna Samfylkingarinnar er í sambandi við þá sem missa maka og hafa þá eins og lögin eru í dag misst atvinnuréttindin um leið, þar er tekið sérstaklega á því. Síðan þá sem skilja og ég velti því sem sagt fyrir mér hvort þau tímamörk ættu e.t.v. að vera skemmri. Og að síðustu þetta um heimildina til að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir varðandi þá sem hafa verið hér um nokkurn tíma og vilja síðan hefja störf.

[16:57]

Útbýting þingskjals:

Fiskistofa, 423. mál, svar sjútvrh., þskj. 997.

[16:57]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. félmrh. mælt fyrir frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Ég vil byrja á því að fagna þessu frv. Það sem ég vil kannski fagna hvað mest er í rauninni sú jákvæða nálgun á málinu og þær miklu breytingar og þau mörgu nýmæli sem hér eru. Auðvitað er ýmislegt sem við vildum kannski sjá útfært betur og vildum gjarnan spyrja um. En öll nálgunin er mjög jákvæð og vinnubrögðin til fyrirmyndar að því leyti að hópur sérfræðinga kemur að þessum málum t.d. úr verkalýðshreyfingu, samtökum atvinnulífsins og úr ráðuneytunum, þannig að það næst utan um vinnuna.

Einnig er búið að vinna gríðarlega fína og góða vinnu hjá Vinnumálastofnun þannig að allt hefur þetta safnast í þann sarp sem gerir það að verkum að hér er í rauninni um margt afar ánægjulega löggjöf að ræða. Það sem ég vil samt minna á og tel afar brýnt er að við skulum ekki hafa allt undir einum hatti, alla útlendingalöggjöf, hvort sem það er atvinnuréttindi eða félagsleg önnur réttindi. Fyrir þá sem þurfa að nýta þessi lög er þetta afar slæmt. Ég vildi gjarnan sjá í rauninni allan útlendingapakkann eins og hann leggur sig á einum stað og þá helst hjá félmrn. þannig að við fengjum af útlendingamálunum þessa lögreglunálgun, svo það sé alveg skýrt.

Það eru mörg áhugaverð nýmæli og jákvæð nálgun sem er mjög ólík útlendingafrv. og ég vil biðja hv. þingmenn að kíkja á 9. gr. Það er afar jákvæð nálgun. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla. Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmönnum með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða."

Þetta er afar jákvæð nálgun, á meðan við höfum það aftur í útlendingafrv. sem allir hafa gagnrýnt sem að því hafa komið, þ.e. þá klásúlu að skylda eigi útlendinga í íslenskunám. Þá erum við í rauninni bara að tala um sýnilega útlendinga, við erum ekki að tala um þá sem eru í EES, við erum ekki að tala um Norðurlandabúa, við erum að tala um þá sem eru sýnilegir útlendingar, þ.e. fólk frá Asíu. Það var einmitt mjög mikil gagnrýni á þetta t.d. frá Lögmannafélaginu. En hér finnst mér þetta standa eins og það ætti í rauninni að standa í útlendingalögunum. Í rauninni að setja skyldur á hendur atvinnurekanda og verkalýðshreyfingu og annarra og útfæra það nánar. Þetta finnst mér afar jákvætt.

Nýmælin eru afar mörg og mjög góð. Ég vil aðeins benda á 15. gr. Við höfum stundum verið að tala um næturklúbba á hinu háa Alþingi og má minna á að sá sem sér um atvinnuleyfi fyrir dansarana er ASÍ. Þeir eru þeirra umbjóðendur. Einhver sátt hefur orðið um það, en mér finnst að skoða eigi slíkt.

Ég er enn örlítið á því að það eigi að gefa út ákveðnar skýrslur. En mig langar sérstaklega að fagna samráðsnefndinni milli Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar því afar mikilvægt er að það samstarf sé mjög gott. Það hefur líka verið bent á það í útlendingalögunum að afar mikilvægt er að á bak við Útlendingastofnun sé ákveðin nefnd sem geti tekið fyrir mál og skoðað sérstaklega ef upp koma erfiðleikar.

Helstu nýmæli eru mörg mjög spennandi og góð. Það sem er nefnt þarna númer sex hljóðar svo:

„Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi."

Og númer sjö:

„Með frumvarpinu er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi."

Ég held að mjög mikilvægt sé að hafa þessa sanngirnisreglur þannig að ráðuneytið geti tekið á slíkum undanþágumálum.

Ég veit núna um mál sem er í farvatninu, en lögin eru óskaplega stíf. Um er að ræða ungmenni, ungt fólk sem er samt sem áður komið undan forræði foreldranna, segjum 18 ára krakkar. Það eru auðvitað krakkar, bara börn þó þau séu orðin sjálfstæð og eigi að geta lifað sjálfstæðu lífi. Tökum dæmi: Móðir býr hér og er gift íslenskum manni og þau eru búin að stofna sína fjölskyldu. Ungmennin vilja koma hingað. Reynt er að fá vinnu. Það gengur ekki, en samt er ákveðið að þau komi á einhvers konar ferðamannapassa. Þá gerist það að um leið og þau eru komin til landsins fá þau vinnu um leið, ekkert mál. En hvað gerist? Þau komu vitlaust inn í landið. Þau þurfa að fara út aftur til þess að koma inn í landið aftur til þess að fá það leyfi sem þarf vegna þess að við erum ekki með neitt ákvæði um það sem er einmitt verið að setja hér inn varðandi þessa sanngirni þannig að hægt sé að taka einstakt mál og skoða það. Þetta á yfirleitt við um fjölskyldumál. Þetta eru nú ekki oft stórar fjölskyldur. Við erum í raun að tala um ungt fólk eins og okkar unga fólk sem kannski langar í skóla eða annað. Ég er því afar sæl að sjá þessa breytingu. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði verið komin fyrr. Ég vil því gjarnan lýsa ánægju minni með að við mýkjum þetta og að við mætum þeim hópi sem hingað kemur, vill vinna og vill vera hérna, með opnum og jákvæðum huga. Það er það sem mér finnst einkenna vinnuna við þetta frv.

Eins er mjög ánægjulegt að sjá atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna. Þetta er auðvitað það sem er að gerast í enn ríkari mæli hér og alls staðar annars staðar. Það er t.d. verið að fá hingað Indverja með sérþekkingu á tölvum o.s.frv. Þetta opnar dálítið þá leið þannig að hægt sé að sækjast eftir því og gefur okkur kannski einhverja von um að við förum að sjá einhverja heildstæða stefnumótun um þessi mál. Félmn. kemur til með að hafa margt að ræða og ég vil, eins og ég sagði áðan, hæla hæstv. félmrh. fyrir afar jákvæða nálgun á þessu máli.

[17:04]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hlýtur að vera glaður með það lof sem borið var á hann hér áðan og fyrir að leggja þetta frv. fram. En það er gott að þetta frv. er lagt fram. Það er rétt sem fram hefur komið að útlendingum hefur fjölgað á Íslandi vegna þess að skortur hefur verið á vinnuafli, sérstaklega í fiskvinnslu og reyndar öðrum greinum. Eftir því sem þessu fólki hefur fjölgað hafa vaknað ýmsar spurningar og vandamál sem menn hafa ekki séð fyrir og því er þetta frv. komið fram.

Ég vil, eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir áðan, víkja máli mínu að 9. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmönnum með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða."

Það vakna spurningar í sambandi við þessa grein, hæstv. ráðherra. Eru til ákvæði um að það sé skylda að halda þessi námskeið og hver kostar þau og ber ábyrgð á þeim? Ég tel þessa grein mjög mikilvæga eins og fram hefur komið hér í umræðunni vegna þess að oft skapast vandamál meðal útlendinga, hvar sem er þar sem menn eru útlendingar í landi, vegna þess að þeir þekkja ekki til staðhátta, þekkja ekki lögin, koma úr öðru menningarumhverfi og skilja ekki reglur sem þykja sjálfsagðar í viðkomandi landi. Þetta vildi ég segja.

Við erum að ræða frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Á þeim dögum sem nú líða vakna einnig spurningar í sambandi við réttindi útlendinga þar sem nú stendur yfir verkfall sjómanna. Spurt hefur verið um það þegar hráefni þrýtur í þeim fiskverksmiðjum þar sem margir útlendingar vinna, hvað taki við hjá þeim. Er möguleiki á því að þeim verði sagt upp störfum og að þeir eigi alls engan rétt á því að fá atvinnuleysisbætur þegar þeir eru komnir í þá stöðu að vera í raun orðnir atvinnuleysingjar hér vegna þess að verkfall stendur yfir? Þá er ég að tala um starfsmenn ættaða utan EES-svæðisins, marga sem koma frá Póllandi og öðrum ríkjum.

Það má benda á að útlendingar sem koma hingað til vinnu koma oft frá fátækari löndum þar sem efnahagur er ekki eins góður og hér og þeir koma fullir vonar og hlakka til að vinna hér og eiga kannski bjartari framtíð eða geta unnið fyrir einhverjum peningum og sent síðan til síns heimalands til að hjálpa þeim hluta fjölskyldunnar sem þar er. En það eru ekki góð mál, það eru frekar slæm mál og ill mál ef fólk sem fengið er til að koma hingað til starfa lendir allt í einu í atvinnuleysi og í þeirri stöðu að hafa engan rétt til atvinnuleysisbóta jafnvel þó svo að greitt sé tryggingagjald vegna þess í Atvinnuleysistryggingasjóð. Að þessu langaði mig til að víkja í tengslum við þetta mál. Þetta tengist allt saman, atvinnuréttindi útlendinga og náttúrlega réttindi þeirra. Þess vegna voru það orð í tíma töluð þegar hv. þm. 11. Reykv., Guðrún Ögmundsdóttir, vék að því að öll löggjöf um útlendinga ætti að vera á einum og sama staðnum.

Við vitum að jafnvel nokkur hundruð einstaklingar koma einmitt frá þessum löndum sem ég var að tala um áðan og sá möguleiki er fyrir hendi að þetta fólk verði allt í einu skráð atvinnulaust innan fárra vikna og þá vaknar spurningin: Hvaða rétt hefur þetta fólk til kauptryggingar? Eða hver er réttur þessa starfsfólks til atvinnuleysisgreiðslna ef til uppsagnar kemur af fyrrgreindum sökum? Og svo má spyrja: Hver er réttur slíks starfsmanns til félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga við aðstæður eins og hér hefur verið lýst? Síðan vaknar fjórða spurningin: Hver er réttur slíks starfsmanns til greiðslna frá því sveitarfélagi sem hann greiðir til? Þessar spurningar eru í samhljóm við spurningar sveitarstjóra Grundarfjarðar, Eyrarsveitar, sem hefur lagt fram spurningar fyrir félmrn. af því tilefni sem ég nefndi hér.

Ég vil taka undir önnur orð um nauðsyn löggjafar um atvinnuréttindi útlendinga að auðvitað þurfa þau að vera þannig að réttlætis sé gætt gagnvart þeim og náttúrlega gagnvart þeim sem ráða þá til vinnu því þegar um samskipti og samninga tveggja aðila er að ræða verður réttlætið að ná til beggja.

[17:11]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs einkum vegna 9. gr. frv. hæstv. félmrh. og tek undir þau orð sem hér féllu áðan að 9. gr. er auðvitað önnur nálgun en við höfum hér séð gagnvart útlendingum og íslenskukunnáttu þeirra hér á landi, vegna þess að hér er ekki gert ráð fyrir því að það sé beinlínis sök hjá útlendingum að kunna ekki okkar mál heldur að það sé kannski frekar þannig að við eigum að benda þeim á að hér sé talað annað mál en þeir eru vanir í öðrum löndum.

Ég verð að segja að þótt þetta sé jákvætt skref hjá hæstv. félmrh. og þeim sem um þetta véluðu hjá honum að ég held að vandamálið sé meira en svo að þessi úrræði muni á því taka. Ég hygg að hæstv. félmrh., en þó einkum atvinnurekendur og útlendingar sem eru þeirra launþegar eða launamenn, muni finna að hér er ekki mikið fært í fang.

Það er auðvitað þannig að skilyrði þess að láta sér líða þokkalega vel, að vera hæfur til vinnu og til samskipta allra í erlendu samfélagi, er að kunna mál innbyggjaranna að nokkru eða að einhverju því auðvitað er ekki hægt að læra það að fullu. Og ég hygg að starfsánægja og vellíðan í dvalarlandi sé í beinu hlutfalli við þau tök sem útlendingur eða innflytjandi hefur náð á tungumálinu. Um þetta má lesa í skýrslum og greinargerðum alls kyns í þeim löndum þar sem menn eru vanari að fást við þessi mál en við. Við þurfum ekki að fara lengra en til annarra norrænna ríkja til að sjá að þeim hefur, á þeim tíma sem þeir hafa þó haft til ráðstöfunar, gengið blessunarlega vel að nálgast einmitt þetta mál.

Ég hygg t.d. að það sé ekki nægilegt skref að skylda atvinnurekendur til að gefa upplýsingar um þessi námskeið, heldur þurfi sífellt að vera í boði námskeið fyrir útlenda launamenn og raunar aðra útlendinga.

Þá kemur auðvitað að þeim spurningum sem er reyndar, held ég, búið að spyrja með einhverjum hætti: Hver á að halda þessi námskeið? Hver á að halda uppi kennurunum? Hið gamla svar kannski okkar vinstri manna er auðvelda svarið, þ.e. að það séu atvinnurekendur. Málin eru auðvitað ekki svona auðveld og sérstaklega ekki þegar við skyggnumst um á þeim svæðum þar sem útlendingar eru fjölmennir og áberandi, t.d. á Vestfjörðum. Þar eru atvinnurekendur hreinlega ekki í stakk búnir að þeir geti haldið uppi slíkum námskeiðum sjálfir. Nú, á þá ríkisvaldið að gera það? Já, á einhvern hátt á ríkisvaldið að gera það, bæði fyrir launamenn sem hingað koma og innflytjendur almennt. Það er sú nálgun sem við eigum að hafa. Við eigum að tryggja að íslenskukennsla sé í boði fyrir alla þá útlendinga sem kjósa að koma hér og deila með okkur hluta af ævi sinni eða ævinni allri.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi í jákvæðum hugleiðingum sínum, því að mér finnst hæstv. félmrh. hafa

nálgast þessi mál jákvætt langt umfram það sem af honum er að búast miðað við stöðu hans — ja, svo ég segi það nú bara — í aldri, flokki, héraði og fyrri störfum, (**Gripið fram í:** Og kyni.) og kyni, fyrirgefið — ég hrósa honum fyrir það og vil því spyrja hann um leið í fyrsta lagi: Hefur honum og samstarfsmönnum hans komið til hugar að hægt væri að búa til einhvers konar opinberan sjóð sem í færi framlag frá atvinnurekendum til þess að halda svona nokkru uppi? Og í öðru lagi: Hefur honum eða samstarfsmönnum hans komið til hugar að hugsanlegt sé að taka upp einhvers konar námskeið sem tengjast beinlínis atvinnu manna? Það er kunnugt í tungumálanámi fullorðins fólks, sem hér er auðvitað fyrst og fremst um að ræða, að það gengur þeim mun betur sem það er nær starfsvettvangi manna og daglegum störfum. Ég hef dæmi um það sjálfur héðan úr Reykjavík þar sem eru fjölmennir vinnustaðir útlendinga — ég nefni t.d. í heilbrigðiskerfinu — að þar gengur allt miklu betur ef þannig er farið að að útlendingunum er kennd íslenska með nokkurri tilvísun til þeirra starfa sem fengist er við á hverjum degi. Ella fá menn upp þá stöðu sem ríkir í Reykjavík, a.m.k. á ýmsum dvalarheimilum aldraða, að þar ganga um útlendingar sem aldrei hafa fengið þessa kennslu og engin áhersla hefur verið lögð á að veita hana og bjóði langömmum okkar -öfum og jafnvel okkur sjálfum þegar fram líða stundir: „Do you want coffee or tea?“

[17:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að auka við þann flaum hrósyrða sem hæstv. félmrh. hefur í þessari umræðu fengið af vörum þingmanna Samfylkingar. Ég get samt fúslega tekið undir það að nálgunin í þessu frv. er ákaflega jákvæð og allt önnur en t.d. nálgunin í frv. til laga um útlendinga, sem hefur verið til umræðu líka hér en það frv. var með þeim hætti að mig minnir að sérstök nefnd á vegum Lögmannafélags Íslands hafi lagt fram tillögu um að því yrði kippt til baka í heilu lagi því það væri óalandi og óferjandi.

Öðru máli gegnir um þetta frv. Það er að flestu leyti ákaflega gott. Mig langar aðeins, herra forseti, að koma hingað upp til að inna hæstv. ráðherra eftir tveimur smávægilegum atriðum. Í 12. gr., sem fjallar um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, sýnist mér að hæstv. félmrh. leggi til nokkurrar þrengingar miðað við lögin sem gilda í dag, þ.e. ég man ekki betur en að það hafi verið mögulegt fyrir námsmann sem getur framvísað vottorði um eðlilega námsframvindu að fá atvinnuleyfi í krafti námsvistar sinnar í landinu til 12 mánaða. Mér sýnist að þetta sé stytt niður í sex mánuði og spyr hæstv. ráðherra: Hvað veldur?

Ég sé ákveðið framfaraspor í 7. gr. sem fjallar um tímabundin atvinnuleyfi, þ.e. að því leyti að þar er heimilt að veita slíkt leyfi til nánustu aðstandenda útlendings, svo fremi sem viðkomandi hafi fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig skilgreinir hann nánustu aðstandendur?

Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra og reyndar á einum stað í greinargerð vísan til greinargerðar eða ákvæða í frv. til laga um útlendinga. Eins og ég gat um áðan er óvíst um líf þess frv. og framgang, a.m.k. á þessu þingi. Telur ekki hæstv. ráðherra þess vegna að það væri snjallræði af hálfu þeirrar nefndar sem um þetta fjallar að bæta við í orðskýringar í 3. gr. skilgreiningu á því hvað eru nánustu aðstandendur?

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra hvað felst í orðalaginu „heimilt er“. Þýðir það að það verði í valdi ráðherra hverju sinni að taka ákvörðun um þetta eða munu menn setja skýrar og gagnsæjar reglur þannig að geðþótti þess sem stýrir ráðuneytinu ráði ekki?

Að lokum vil ég, herra forseti, hrósa hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir þá framsýni sem t.d. birtist í 10. gr. Ég held að það sé ákaflega þörf grein og þar sýnist mér að við Íslendingar, ef frv. verður að lögum, tökum skref talsvert langt fram fyrir aðrar þjóðir sem glíma við svipaðan vanda og við, þ.e. þurrð á sérhæfðu vinnuafli. Þetta hefur t.d. verið til umræðu í Þýskalandi og öðrum löndum Evrópu og verið ákaflega erfitt að ná niðurstöðu um hvernig eigi að bregðast við. Þarna er hæstv. ráðherra og þeir sem með honum hafa vélað um þetta að leggja til ansi snjalla leið, finnst mér. Hann á sérstakt hrós skilið fyrir það.

Herra forseti. Við eigum nokkra skuld að gjalda útlendingum sem dvelja hér á landi. Í fyrsta lagi hafa þeir auðgað menningarlíf okkar með ýmsum hætti. Ég þarf ekki að brjóta það til mergjar fyrir hinu háa Alþingi. Í annan stað er ljóst að ef ekki kæmi til vinnuafl útlendra manna á Íslandi í dag þá væru að öllum líkindum öll bönd brostin í efnahagslífinu. Þá væri að öllum líkindum skollin á veruleg verðbólga og miklu erfiðara árferði í atvinnulífi en er í dag. Ég held að óhætt sé að fullyrða það og ég er viss um að hæstv. félmrh. er mér sammála um það, að atbeini útlendinga í atvinnulífi Íslendinga hefur orðið til þess að halda þrátt fyrir allt bærilegum böndum á þenslunni. Hún væri að sjálfsögðu sloppin úr þeim viðkvæma fjötri sem hún er í núna ef ekki væri vinnuafl þessa fólks.

Þess vegna segi ég, herra forseti: Við skuldum þessu fólki það að skapa almennilegt umhverfi fyrir það. Ég tek heils hugar undir með þeim þingmönnum Samfylkingar sem hér hafa áður talað og lagt til að öll lög og öll umsjón og atbeini ríkisvaldsins gagnvart útlendingum verði færður á einn og sama stað. Mér finnst sjálfum að með einhverjum hætti þurfi að reyna að taka þennan löggustimpil af afskiptum ríkisvaldsins af útlendingum. Mér finnst, ekki síst eftir að hafa lesið þetta frv., þjóðráð að félmrn. sinnti þessum málaflokki og hefði miklu meiri völd í honum en það hefur í dag.

Herra forseti. Geti hæstv. félmrh. svarað þessum léttvægu spurningum mínum þá þætti mér það betra. Að öðru leyti þá get ég vel sætt mig við að það bíði umfjöllunar nefndarinnar.

[17:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Ég vil gæta hófs í að mæra hæstv. ráðherra fyrir framsýni, lipurleika, gáfur, greind og hvað það nú var. (Gripið fram í.) Ég dreg þó ekkert í efa að hann sé gáfaður. Ég vil einmitt segja að vegna uppruna síns, aldurs og fyrri starfa, ætti hann að búa að skynsemi og skilningi á því máli sem hér hefur verið lagt fram. Einmitt til sveita hefur þetta verið mikilvægt, í samskiptum við aðrar þjóðir og eins til að sækja vinnuafl. Útlendingar hafa komið til Íslands til að vinna og dveljast á sveitaheimilum, ekki hvað síst þegar erlendir ríkisborgarar komu fyrst til vinnu hér á landi. Það hefur síðar færst yfir á fiskvinnslu og aðrar starfsgreinar. Ég held að hæstv. ráðherra hafi góðan bakgrunn til að takast á við þetta mál.

Bakgrunnur ráðherrans var þó ekki ástæðan fyrir því að ég kom hér upp. Ég ætlaði aðeins að forvitnast um framkvæmdina á 15. gr. Mér finnst 10. gr., sem áður hefur verið

minnst á, um atvinnuleyfi sérhæfðra starfsmanna, ágæt og í takt við raunveruleikann. Þar er gert heimilt við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum vissum skilyrðum. Eins líka finnst mér líka góð árétting í 7. gr.

Í 15. gr. eru taldir upp þeir útlendingar sem undanþegnir eru kröfum um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur hér á landi. Rauði þráðurinn í gegnum þetta frv. er m.a. að tryggja réttindi þeirra sem koma hingað til vinnu, að við þá séu gerðir viðurkenndir ráðningarsamningar sem kveði á um réttindi og skyldur starfsmanna, um aðgang þeirra að velferðarkerfi okkar o.s.frv., þ.e. almennar tryggingar. Það er mjög mikilvægt í heimi farandverkafólks, ef það má orða það svo, að tryggingaumgjörð þess sé í góðu lagi. Því miður hefur þar stundum verið misbrestur á.

Fjölgað hefur í hópi þeirra sem koma hér og vinna í allt að fjórar vikur eins og þarna er tilgreint, sem vinna að fjölþættu rannsóknarsamstarfi, sérfræðingar og nemendur sem fá á einhvern hátt þóknun eða fargjöld greidd af stofnunum hér á landi. Tryggingamál þeirra og öryggismál eru oft vafa undirorpin. Ég þekki þetta persónulega, hef reynslu af þessu úr starfi mínu þar fólk hefur komið til að dvelja 2–4 vikur, unnið á vegum stofnunar og tekið að sér verkefni. Hluti af þessu eru gagnkvæmir samstarfssamningar. Verði hins vegar eitthvert slys eða komi eitthvað upp á, hver ber þá ábyrgð á viðkomandi? Hver er þá réttarstaða hans? Að sjálfsögðu er ekki auðvelt að taka á þessu en þetta fyrirkomulag er algengara en áður var. Hingað koma fleiri til að vinna um skamman tíma og falla þar af leiðandi ekki undir það að gera þurfi við það formlega ráðningarsamninga. Engu að síður er þetta fólk oft að vinna meira eða minna á ábyrgð íslenskra aðila.

Ég vildi nefna þetta til viðbótar í annars ágætri umræðu um þetta frv. Það eru einmitt ráðningarsamningarnir og ráðningarformin sem veita aðhald og tryggari umgjörð. Það er mikilvægt að sem fæst vandamál og óvissuatriði skapist í kringum þessi ágætu verkefni, þau ágætu verk sem þetta fólk kemur hingað til að vinna.

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir framúrskarandi jákvæðar viðtökur sem þetta frv. hefur hlotið. Ég er ekki óvanur því að stjórnarandstaðan hæli mér fyrir uppruna minn, ef ekki vill betur til, aldur og fyrri störf. Ég er þakklátur fyrir það hvað hv. þm. hafa tekið vel á móti þessu frv.

Ég er sammála því að ég teldi fara miklu betur á að öll löggjöf um útlendinga væri á einum stað og þá væntanlega hjá félmrn. Við fórum þess á leit við undirbúning þessara frv. hvort ekki væri hægt að gera þar breytingu á og færa aðra flokka sem útlendinga vörðuðu undir félmrn. Niðurstaðan var hins vegar sú að gera það ekki. Dómsmrn. vildi halda í verkefnin sem þar voru og við það verður að una.

Það var spurning um hvort skylda væri að halda námskeið. Það er ekki skylda enn þá. Í einhverri skoðanakönnun sem sagt var frá í fjölmiðlum meðal útlendinga þá töldu nú, ef ég man rétt, 80% þeirra ástæðu til að gera það að skyldu að læra íslensku eða kenna íslensku að einhverju marki. En við erum að gera tilhlaup til og ég held að enginn vafi leiki á því að við komumst ekkert hjá því að sinna íslenskukennslu og aðlögun útlendinga að þjóðfélaginu miklu betur en við höfum gert. Þá er ég ekki bara að tala um farandverkamenn. Ég er fyrst og fremst að tala um það af fólkinu sem ætlar að setjast hér að.

Við erum að opna nýbúamiðstöð á Vestfjörðum og ég *bind miklar vonir við að mikið gagn verði að henni.* Á vegum Reykjavíkurborgar er myndarleg starfsemi varðandi starf með nýbúum og eins kennslu, að aðstoða nýbúa við nám hjá Námsflokkunum. Á Vestfjörðum er tiltölulega langflest af útlendingunum. Í einu byggðarlagi voru samkvæmt síðustu tölum sem ég hef 17% útlendingar, þ.e. á Tálknafirði. Það eru 8–9% á Vestfjörðum og á Ísafirði finnast 40 þjóðerni. Það þarf meira en lítinn kennslukraft og meira en litla þekkingu til að geta kennt þeim hópi eða boðið öllum þeim hópi upp á viðunandi íslenskukennslu. Meira en það. Börnunum þarf að kenna líka mál foreldranna þannig að þetta er tvöfaldur vandi.

Ég sé ekki annað en að skólakerfið verði að annast þetta. Ég held að ekkert lag verði á öðru en það verði skólakerfið sem verði að gera það. Jöfnunarsjóður borgar verulegar fjárhæðir til stuðningskennslu tvítyngdra barna eða þeirra sem hafa ekki íslensku fullkomlega á valdi sínu í grunnskólanum. En eftir að grunnskóla sleppir þá tekur ekki jöfnunarsjóður lengur þátt í því.

Við í félmrn. höfum verið að sýsla við ýmsa hluti. Við höfum verið að styrkja útgáfustarfsemi. Við höfum gefið út bæklinga, bæði handbók fyrir þá sem eru að vinna með útlendingum og sýsla með mál þeirra og í öðru lagi bækling á átta tungumálum um helstu réttindi og skyldur í þjóðfélaginu og mikilvægustu upplýsingar um það samfélag sem hér er. Við höfum kostað þýðingu á kjarasamningum. Við höfum styrkt gerð orðabóka, bæði á pólsku, serbó-króatísku, tælensku og svona mætti lengur telja. Við höfum tekið þátt í kostnaði við tungumálanámskeið í Reykjavík eða kostað tungumálanámskeið að *verulegu leyti. Því er fullur vilji hjá* okkur til að sinna þessum málum en hitt er svo annað mál að þetta kostar allt saman peninga.

Hvernig eigi að skilgreina nánustu aðstandendur þori ég ekki að fullyrða og það getur vel verið réttmæt ábending að það væri rétt að taka það inn í orðskýringarnar. En ég held, án þess þó ég viti það með vissu, að í lagamáli sé hugtak sem heitir „nánustu aðstandendur" og þar sé það skilgreint. Ég þori ekki að fara með þá skilgreiningu en ég hygg að það sé þannig.

Hv. þm. Jón Bjarnason gerði 15. gr. að umtalsefni þar sem teknir voru upp þeir sem voru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi í allt að fjórar vikur. Hv. þm. benti réttilega á að atvinnurekandinn er ekki ábyrgur fyrir þessum mönnum með sama hætti og hann fær atvinnuleyfi fyrir. Þetta er alveg rétt. En þessir einstaklingar eru yfirleitt þannig í stakk búnir að þeir ættu að vera sjálfbjarga, þ.e. þetta eru vísindamenn og fyrirlesarar, listamenn, íþróttaþjálfarar, fulltrúar í viðskiptaerindum, ökumenn fólksflutningabifreiða, blaða- og fréttamenn og starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja. Þetta er allt saman fólk sem er sæmilega í stakk búið til þess að bjarga sér af eigin rammleik. Í þessum hópi voru nektardansmeyjarnar þangað til í fyrravetur að við breyttum lögunum og undanskildum nektardansmeyjar eða þá sem koma fram á næturklúbbum og nú þurfa þeir einstaklingar atvinnuleyfi, m.a. til þess að atvinnurekandinn beri ábyrgð á þeim.

Gerð var rassía á næturklúbbana hér í borginni fyrir örfáum kvöldum. Þar voru taldar þær dömur sem þar komu

fram. Ég man ekki þær tölur en ég held að 36 hafi verið með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar af voru allar með atvinnuleyfi nema tvær og þeim var umsvifalaust vísað úr landi eða innan 48 klukkustunda. Níu voru giftar Íslendingum, 16 eða 18 voru af Evrópska efnahagssvæðinu og þurftu ekki atvinnuleyfi. En það liggur fyrir að það hefur komið fyrir að þessar stelpur hafa verið á köldum klaka og atvinnurekendur þeirra eða þeir sem reka staðina, hafa ekki sinnt því að meðhöndla þær á skikkanlegan hátt. Nú eru þær á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

Það er rétt að það var þrengt í 12. gr. atvinnuleyfi vegna námsdvalar. En núna er það skilyrði sett inn að námsframvinda sé eðlileg en hámarksgildistími leyfis er styttur úr ári í sex mánuði og þar er um að ræða þrengingu frá núgildandi lögum. En við framkvæmd þessa ákvæðis hefur komið í ljós að skilgreiningar þóttu of rúmar. Það hefur m.a. leitt til þess að útlendingar hafa jafnvel átt greiðari leið inn á íslenskan vinnumarkað á grundvelli atvinnuleyfis vegna námsdvalar en á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Þá er fellt niður skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar um er að ræða starf sem er hluti af námi og vísa ég hér til skýringa við þessa grein.

Einnig má líta svo á að ef viðkomandi er í námi þurfi hann auðvitað einhvern tíma til að sinna náminu og þá er ekki óeðlilegt að sex mánuðir í senn nægi honum til vinnunnar.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson gerði að umtalsefni svona til hliðar við þetta erlenda starfsmenn og þá einkanlega í fiskvinnslu. Það vill svo til að ég er vopnaður með svarbréf til sveitarstjórans í Grundarfirði sem unnið var í félmrn. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp kafla af því:

„Erlendir starfsmenn sem starfa hér á landi við fiskvinnslu á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, eiga ekki rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef kemur til uppsagnar vegna hráefnisskorts. Hins vegar á erlendur starfsmaður, sem er með óbundið atvinnuleyfi, sama rétt og Íslendingur til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði, samanber ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi eiga sama rétt til félagsþjónustu sveitarfélaga og Íslendingar. Hér er rétt að benda á endurkröfurétt sveitarfélagsins til ríkisins vegna þessa en um hana er fjallað í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt b-lið er kveðið á um að skilyrði sé að erlendi ríkisborgarinn hafi átt lögheimili í landinu skemur en tvö ár. Til frekari upplýsinga vegna réttar útlendinga til félagsþjónustu fylgir bæklingur félmrn. sem sendur var til Grundarfjarðar og hann heitir Leiðbeiningar um félagsþjónustu við erlenda ríkisborgara. Samkvæmt upplýsingum frá Alþýðusambandi Íslands hafa erlendir starfsmenn sama rétt og aðrir félagsmenn til greiðslna og stuðnings frá því stéttarfélagi þar sem þeir greiða félagsgjald ...“ og vísast í því sambandi til laga ASÍ og laga stéttarfélaganna. Lýkur hér tilvitnun í þetta bréf til Grundarfjarðar.

Fyrir nokkru var athygli mín vakin á því að svo gæti farið að hér yrðu vegalausir útlendingar í fiskvinnslu ef verkfallið yrði langt. Ég hugleiddi að breyta lögum þannig að þeir öðluðust rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. En eftir nokkrar vangaveltur var horfið frá því ráði þar sem það hefði hugsanlega getað þótt íhlutun á viðkvæmum tíma í verkfall. En ég tel að það komi vel til greina þegar róast um og þessu verkfalli er lokið að hleypa þeim inn í öll réttindi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég fór hins vegar formlega fram á það við fiskverkendur að rjúfa ekki ráðningarsambandið og Atvinnuleysistryggingasjóður kæmi til með að greiða atvinnurekandanum það sem færi í bætur handa viðkomandi starfsmanni og hann bætti síðan við til þess að ná upp í kauptrygginguna. Þetta kostar að vísu nokkuð fyrir atvinnurekandann en sem betur fer hafa langflestir atvinnurekendurnir farið að þessu ráði. Í morgun var staðan með útlendinga í fiskvinnslunni þannig, með leyfi forseta:

Á Austurlandi voru engir útlendingar á Vopnafirði. Það er hópur útlendinga á Bakkafirði. Þar er fyrst og fremst um smábátaútgerð að ræða og ólíklegt að þeir fari af launaskrá.

Á Norðurlandi eystra sagði Sigvaldi Þorleifsson upp fólki og Tangi á Vopnafirði gerði það líka. Þá gæti orðið að útlendingar færu af launaskrá, en það eru engir útlendingar hjá Sigvalda Þorleifssyni. Ekki er vitað um neina á Norðurlandi vestra. Ekki er vitað um neina í Reykjavík, ekki á Suðurlandi. Það gæti gerst að einhverjir færu af launaskrá á Vestfjörðum, en það er ekki orðið.

Eins er það á Vesturlandi að það gæti gerst í Grundarfirði.

[17:44]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki er ástæða til annars en að þakka hæstv. félmrh. fyrir glögg svör við flestu því sem hann var spurður um. Þó get ég ekki verið ánægður með svör hans við fyrirspurn minni um 9. gr. og þau námskeið sem þar er rætt um því þau glöggvuðu málið ekki nema að því leyti að 9. gr. sé í raun þarna sem eins konar föðurleg hvatning til atvinnurekenda og stéttarfélags á hverjum stað og sé svona almennur vilji löggjafarvaldsins að útlendingar viti af því ef verið er að halda námskeið sem þeim eru ætluð. Engin trygging er fyrir því að slík námskeið séu haldin. Það er ekkert út af fyrir sig neins konar hvatnig til þeirra. Það er alveg rétt hjá hæstv. félmrh., Páli Péturssyni, að þetta kostar allt peninga. Þetta er ósköp einfaldlega gjaldið sem við verðum að greiða ef við ætlum að búa í fjölmenningarlandi, ef við ætlum að láta atvinnulíf okkar njóta útlendra starfskrafta um sinn eða til frambúðar. Vandamál útlendinga á Íslandi má að mestu leyti, þegar þeir hafa svona komið sér sæmilega fyrir, koma fyrir í einu orði, þ.e. íslenska, kannski í tveimur orðum, íslensk tunga. Það er það vandamál sem við verðum einhvern veginn að leysa. Það verður ekki allt leyst á borði hæstv. félmrh. Ég veit það.

En það sem ég benti sérstaklega á í ræðu minni, virðulegi forseti, var að hugsanlegt væri að fá atvinnulífið til samstarfs um þessi mál. Þá á ég ekki við einstök fyrirtæki þó það væri gott heldur atvinnulífið að einhverju leyti í heild sinni. Þá væri hægt að gera það þannig á móti að bjóða námskeið sem sérstaklega væru tengd þeirri atvinnustarfsemi sem er helst um að ræða í hverju tilviki.

[17:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reyndar rétt hjá hv. þm. að ég hef e.t.v. ekki svarað þessu nógu ítarlega. En þannig er að í sambandi við kjarasamningana á sl. vori voru í framhaldi af þeim lagðir verulegir peningar til starfsmenntunar. Og eitthvað af þeim gæti runnið til svona námskeiðahalds. Það er rétt að þetta er ekki fast orðað, enda ekki aðstæður alls staðar til að setja slík námskeið á fót, en það er eðlilegt að hvetja atvinnurekendur til að upplýsa starfsmenn um hvaða

möguleikar væru og hvað kynni að vera í boði. Til dæmis hér í Reykjavík að upplýsa um starfsemi Námsflokkanna, svo ég nefni bara eitt dæmi.

[17:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Ég fagna því, virðulegur forseti, að við félmrh. erum að nálgast á þessu sviði, en kannski væri þá ástæðan mest til þess að ráðuneytið sjálft sæi fyrir upplýsingastarfsemi til atvinnurekenda um það gagn sem þeir og launamenn hefðu af því að setja á stofn eða taka þátt í svona námskeiðum og þá möguleika sem fengjust til að reka þau af því fé sem á að fara í starfsmenntun. Því vissulega er þetta starfsmenntun þó með öðrum hætti sé en venjulega á við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:48]

Útbýting þingskjals:

Launakjör lögreglumanna hér á landi og í Danmörku, 371. mál, svar dómsmrh., þskj. 996.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 638. mál. — Þskj. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:49]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 639. mál. — Þskj. 1016.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:50]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DÁ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GÖ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KLM, KPál, MÁ, PP, PHB, RHák, SAÞ, SF, SoG, SP, StB, ÞKG, ÖS.
1 þm. (HjÁ*) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁMöl, BBj, DO, EMS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, ÍGP, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 641. mál. — Þskj. 1018.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 1017.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. fyrri umr.

Stjtill., 642. mál. — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, frh. fyrri umr.

Stjtill., 643. mál. — Þskj. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 644. mál. — Þskj. 1021.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, frh. fyrri umr.

Stjtill., 656. mál. — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, frh. fyrri umr.

Stjtill., 657. mál. — Þskj. 1035.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), frh. fyrri umr.

Stjtill., 619. mál. — Þskj. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 819.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Móttaka flóttamannahópa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 588. mál. — Þskj. 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (kærunefnd, afskriftir, vanskil o.fl.). — Þskj. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 624. mál (heildarlög). — Þskj. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, 1. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001.

[17:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps hefur óskað eftir að lagaheimild fengist til þess að selja tvær kristfjárjarðir í Fljótsdal. Kristfjárjarðir voru gefnar til fátækraframfæris einhvern tímann í fortíðinni.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er fullmikill kliður í salnum.)

Árið 1954 veitti Alþingi heimild til að selja kristfjárjarðirnar í Fljótsdalshreppi. Ekki varð þá af sölunni nema einnar þeirra, þ.e. Geitagerðis, en ekki varð af sölu Arnheiðarstaða eða Droplaugarstaða.

Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða og Alþingi hefur ávallt sett það skilyrði að söluandvirðinu verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafarinnar. Varðandi þessar tvær jarðir og hvað varðar ráðstöfun þeirra er lagt til í frv. að heimild verði einungis veitt til þess að selja ábúendum jarðirnar. Á báðum jörðum eiga ábúendur nánast allar byggingar og stærstan hluta hins ræktaða lands. Á Arnheiðarstöðum er stundaður sauðfjárbúskapur og á Droplaugarstöðum eru uppi hugmyndir um uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu.

Ég legg til að frv. verði sent félmn. til athugunar. Nokkrum sinnum hefur það komið fyrir að hér hafa verið borin fram frv. um slíkt efni. M.a. var á 7. áratugnum borið fram frv. um sölu tveggja kristfjárjarða í Húnavatnssýslu, Hamars í Svínavatnshreppi og Meðalheims í Torfalækjarhreppi. Þá

var hér í starfsliði þingsins snilldarhagyrðingur, Halldóra B. Björnsson, og hún orti af þessu tilefni:

Í Húnavatnssýslunni viðreisnin góðbændur gisti
þeir græddu sumir, hjá öðrum taprekstur var.
Nú vilja þeir efnaðri kaupa jarðir af Kristi
og kunna ekki við að hafa hann sveitfastan þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 1. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000.

[17:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um húsaleigubætur. Frv. er ekki stórt í sniðum og ívilnandi. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. taki þessu máli vel.

Í stuttu máli er efni frv. það að ekki verði skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélags eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga. Þetta er til einföldunar og sparar mönnum bæði fé og ómak.

Í öðru lagi eru skilyrði rýmkuð. Ef umsækjandi eða einhver sem í húsnæðinu býr með honum er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri, þ.e. menn geta leigt af ættingjum sínum, enda búi þeir ekki undir sama þaki og notið húsaleigubóta. En í gildandi lögum eru mjög ströng ákvæði um það að menn mega ekki leigja af skyldmennum sínum og krefjast húsaleigubóta.

Þá er í frv. ákvæði um að ef fatlaðir búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða eigi þeir rétt til húsaleigubóta. Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum. Þannig er að á stúdentagörðunum t.d. við háskólann borga þeir sem búa í herbergjum á gömlu görðunum gjarnan hærri raunleigu en þeir sem búa í ágætum fullkomnum íbúðum og njóta húsaleigubóta.

Þetta er sem sagt meginefni frv. og ég legg til að það verði sent hv. félmn. til athugunar að lokinni umræðu.

[18:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, og hér er verið að gera breytingar til bóta. Sérstaklega vil ég fagna 3. gr. því það er einmitt tillaga sem Samfylkingin hefur lagt til í þáltill. þar sem verið er að koma til móts við námsmenn og fatlaða þar sem þeir eiga nú rétt á húsaleigubótum þó þeir séu ekki beint með íbúð heldur búi í sameiginlegu húsnæði en hafi aðeins herbergi sem er náttúrlega atriði sem við höfum verið að berjast fyrir. Verið er að rýmka réttinn til húsaleigubóta. Sömuleiðis er í 1. gr. verið að einfalda ferlið í útleigu með því að skylda ekki þinglýsingu á leigusamningi í eigu sveitarfélaga eða félaga.

Eins og kom fram í ræðu minni fyrr í dag þegar við vorum að ræða um húsnæðismálin þá langaði mig til að fá svör frá hæstv. ráðherra um frekari aðgerðir til að bæta úr því ástandi, sem oft hefur verið nefnt neyðarástand, sem ríkir í húsnæðismálum láglaunafólks og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Hæstv. ráðherra hafði lofað að bæta úr eftir að fyrrverandi húsnæðiskerfi var lagt niður, bæta úr því ástandi þar sem eru langir biðlistar og hafa þeir tvöfaldast á undanförnum þremur árum.

Þegar þáltill. þingmanna Samfylkingarinnar um að auka framboð á leiguhúsnæði var til umræðu tók hæstv. ráðherra vel undir þær tillögur sem voru þar til umræðu sem komu frá þingmönnum Samfylkingar um úrbætur í þessum málum. Eins og ég nefndi áðan eru í frv. a.m.k. ein ef ekki tvær af þeim tillögum. Aftur á móti hefði ég viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst bregðast frekar við þessu ástandi en það kom glöggt í ljós þegar skýrsla nefndar á vegum félmrn. kom út fyrir um ári, eða í apríl árið 2000, að þá vantaði um 1.250 leiguíbúðir til að tæma biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögunum og hátt í 700 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista hjá félagasamtökum. Þar kom einnig fram að um 2.000 einstaklingar og fjölskyldur virtust vera á biðlista eftir leiguíbúðum.

Nýlegar upplýsingar frá yfirvöldum í Reykjavík sýna að um 600–700 einstaklingar og fjölskyldur eru í þörf fyrir leiguíbúðir og sömuleiðis eru háar tölur um umsóknir sem bíða hjá Félagsstofnun stúdenta eða hátt yfir 800 á síðasta ári. Sömuleiðis veit ég að biðlistar eru allnokkrir hjá Öryrkjabandalaginu þó að útlit sé fyrir að það muni leysast með nýjum samningum þar um.

Við vitnuðum í það þegar við ræddum þessi mál í sambandi við þáltill. okkar að félagsmálastjórinn í Reykjavík sagði opinberlega að ástandið á leigumarkaði færi stöðugt versnandi og biðlistar lengdust sífellt og aldrei hefði verið jafnslæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að núverandi félagsmálastjóri Reykjavíkur hóf störf fyrir sex árum.

Í ljósi þessa hefði ég gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera sérstaklega til að bæta úr þessu ástandi, til að auka framboð á leiguhúsnæði. Hvað ætlar hann að gera frekar en að koma með það frv. sem hér liggur fyrir sem er til þess að auka rétt til húsaleigubóta? Einnig hefði ég gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort uppi eru áform um að skattlagning á húsaleigubætur verði felld niður. Það er eitt af því sem hefur verið allmikið til umræðu og verið baráttumál, sérstaklega okkar í Samfylkingunni, að fella niður skattlagningu á húsaleigubætur. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort einhver áform eru uppi um það hjá ríkisstjórninni að skattlagning á húsaleigubætur verði felld niður?

[18:08]

Soffía Gísladóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur. Hér er réttlætismál á ferðinni og ýmislegt hefur verið lagað sem mátti betur fara í lögunum. Ég vil sérstaklega nefna 2. gr. varðandi skyldmenni leigusala. Þar hafa lögin verið rýmkuð að vissu marki og verður betra fyrir okkur sem þessum málaflokki sinna að sinna ákveðnum hópi eftir þetta.

Í 3. gr. er verið að tala um sambýli fyrir fatlaða. Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. að því hvort ráð sé fyrir gert að allir íbúar á sambýlum komi til með að borga leigu eftir að þessi lög öðlast gildi, því að nú borga fatlaðir, a.m.k. á þeim sambýlum sem ég þekki til, fasteignagjöld en ekki leigu. Ég veit að kostnaðarnefnd varðandi ný lög um félagsþjónustu hefur tekið þetta atriði inn í sinn útreikning, þ.e. að fatlaðir komi til með að fá húsaleigubætur, og hefur kostnaðarmetið það fyrir sveitarfélögin, en eftir að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka gildi. Ég vil beina þeirri spurningu til

hæstv. félmrh. hvort þessum lið verði breytt um leið og þessi lög öðlast gildi, þ.e. að allir fatlaðir á sambýlum fari þá að greiða húsaleigu í stað fasteignagjaldsins.

[18:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er alltaf jafnánægjulegt að heyra umræður um mál frá félmrh. þegar fulltrúar Samfylkingar koma hér og segja að þetta sé besta mál. Það sé ívilnandi og gott að öllu leyti. Það er alltaf eins og Drottinn almáttugur borgi brúsann. En auðvitað borgar einhver brúsann, að sjálfsögðu. En það er ekki Drottinn almáttugur, ég hef a.m.k. ekki orðið var við það. Það gleymist alltaf í umræðunni.

En mörg mál eru þó þess eðlis að þau eru góð í sjálfu sér vegna þess að þau rýmka rétt sem kostar kannski ekki mikið. Í þessu frv. má nefna t.d. ákvæðið um að ekki þurfi að þinglýsa leigusamningi íbúðar í eigu sveitarfélags, að ekki sé gerð krafa um þinglýsingu. Þá veltir maður fyrir sér af hverju þurfi þinglýsingu yfirleitt. Það er væntanlega til þess að tryggja rétt leigjandans og til að hindra svindl. Það er kannski ekki við því að búast að sveitarfélög fari að níðast á leigjendum með því að segja leigusamninginn ógildan og henda þeim út eða þá að þau fari að taka þátt í svindli. Þetta er því sjálfsagt atriði og ekki mikið mál.

Síðan er spurningin um 2. gr. þar sem talað er um skyldmenni leigusala. Þar er aftur verið að reyna að koma í veg fyrir svindl þannig að fólk sé ekki að leigja börnum sínum eða öðrum slíkum. Hér er bætt inn ákvæði um að ef leigusalinn býr í sama húsi. Menn geta náttúrlega farið ýmsar leiðir með þetta ef þeir vilja og nenna. Tveir aðilar, Jón og Gunnar, gætu t.d. leigt hvor öðrum íbúð hvor annars. Þá eru báðir orðnir leigjendur og ættu rétt á húsaleigubótum og eru ekkert skyldir, að sjálfsögðu ekki. Það eru miklir möguleikar í því ef menn nenna.

Ég hef margoft nefnt að lögin um húsaleigubætur eru með ólíkindum. Í fyrsta lagi kemur hvergi fram í frv. eða í lögunum ákvæði um hvernig húsaleigubæturnar skuli vera uppbyggðar, ekki orð um upphæð húsaleigubóta. Það er reglugerðarákvæði, heimild til félmrh. og hann sest niður með sínum mönnum einhvern morguninn yfir kaffibolla og ákvarðar velferðarkerfið. Þær ákvarðanir sem þetta ágæta fólk í félmrn. hefur tekið eru voðalega skrýtnar. T.d. það að tekjumörkin eru 166.000 kr. á mánuði sem leigjandi má hafa í tekjur án þess að bæturnar skerðist, sama hvort um er að ræða sex manna fjölskyldu eða einstakling, herra forseti. Einstaklingur með 166.000 kr. á mánuði fær óskertar húsaleigubætur. Hann á svona voðalega bágt, hann sér bara um sjálfan sig og engan annan. Ég mundi telja það bara mjög góð lífskjör að vera með þau laun. Hann fær óskertar húsaleigubætur. En sex manna fjölskylda, með 166.000 kr. á mánuði, ég mundi ekki segja að það væru góð lífskjör. Og þá er byrjað að skerða húsaleigubæturnar.

Þetta er eitt sem ég hef lengi haft athugasemdir við og það er svo sem margt fleira sem má gera athugasemdir við. T.d. það sem tekið er á í 3. gr. þessa frv. um skilyrði fyrir húsaleigubótum. Það þarf að vera íbúðarhúsnæði. Húsaleigubætur koma einungis til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði með eldhúsi og baði. Sem sagt: Einstaklingur sem ætlar að hefja lífið með því að spara og búa t.d. í herbergi og kaupa sér íbúð seinna fær ekki húsaleigubætur. Hann skal sko búa í almennilegri íbúð og borga háa leigu. Nema sem námsmaður og fatlaður, það er nýjasta breytingin í frv., það var ekki mögulegt hingað til.

Þá kem ég að námsmönnum. Það var gott ég var minntur á það, það þurfti varla til. Vegna þess að námsmenn fá lánað fyrir húsnæðinu. Það er inni í lánakerfinu að þeir fá lánað fyrir húsnæðinu. Svo fá þeir húsaleigubætur til viðbótar. Heldur herra forseti að eitthvað hafi breyst við það að húsaleigubætur voru teknar upp, þ.e. að námslánin hafi verið lækkuð? Ó nei, þau voru óbreytt. Þetta hefur leitt til þess að einstæður námsmaður með tvö börn er með yfir 200.000 kr. á mánuði í ráðstöfun allt árið og borgar enga skatta og engar skyldur. Helmingurinn af þessum tekjum hans, eða ráðstöfunartekjum, eru lán, 45% nánar tiltekið, restin eru bætur. Allt saman óskert.

Áður en þingfararkaupið var hækkað hafði þessi ágæti einstæði námsmaður með tvö börn ekki efni á því að gerast þingmaður. Hann lækkaði í ráðstöfun við það að vera þingmaður. Ef þetta er velferðarkerfi, herra forseti, sem við viljum stefna að þá er það ekki skilningur minn á velferðarkerfi.

Ég fer stundum að kalla þetta velferðarkerfi okkar „velferðarkerfi hinna ríku“ því verið er að bæta fólki sem hefur mjög góð lífskjör eins og einstaklingnum með 166.000 kr., það er verið að bæta þeim bótum úr almennum sjóðum ríkisins sem er greitt af fólki sem er með miklu lægri tekjur, herra forseti, því allt er þetta greitt af einhverjum. Þessar bætur eru greiddar með útsvörum til sveitarfélaganna af öllum launþegum, líka þeim sem eru með lágar tekjur. Þeir eru látnir borga með sköttum sínum bætur til einstaklinga sem eru með háar tekjur.

Ég ætla ekki að nefna hér önnur atriði eins og það að húsaleigubætur hækka að sjálfsögðu húsaleigu. Það er vel þekkt að þegar húsaleigubætur eru teknar upp þá hækkar húsaleiga almennt, kannski ekki alveg um það sem nemur húsaleigubótunum, en kannski fullt að því. Sú stefna að fólk þurfi að leigja heila íbúð hefur leitt til þess að eftirspurnin eftir leiguíbúðum hefur vaxið mjög mikið. Leigan hefur farið upp í himininn og fólkið er kannski ekkert miklu betur sett eftir en áður.

Í plaggi sem félmrn. birtir á heimasíðu sinni kemur fram, og þá er það eftir minni, að húsaleigubætur til manns með 200.000 kr. á mánuði séu 6.000 kr. Verið er að láta einstakling, herra forseti, sem er með 200.000 á mánuði fá húsaleigubætur, 6.000 kr. á mánuði. Er það virkilega skilningur hæstv. félmrh. að einstaklingur, sem þarf aðeins að sjá fyrir sjálfum sér og er með 200.000 kr. á mánuði, þurfi 6.000 kr. í húsaleigubætur?

Herra forseti. Ég held að það sé mjög brýnt að taka á þessum enda velferðarkerfisins í heild sinni og líta á það hvað það er sem við viljum tryggja og hvað það er sem við höfum leiðst út í að tryggja. Allt kostar þetta. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að guð almáttugur borgar ekki þessar bætur. Þær eru borgaðar af sveitarfélögunum með dýrum peningum skattgreiðenda. Tekið er útsvar af öllum skattgreiðendum í sveitarfélaginu og þeir eru látnir borga þetta. Það hefur aftur á móti þær afleiðingar stundum að fólk nennir ekki lengur að vinna, vegna þess hve skattbyrðin er orðin mikil. Það er neikvæða hliðin á medalíunni, herra forseti, að þessar félagslegu bætur til ríkra manna, leiða til þess að fólk veigrar sér við að vinna og veigrar sér við að standa undir þessu vegna þess hve skattbyrðin er orðin mikil. Þetta er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir með slíkt velferðarkerfi og þetta er ekki eini hlutinn, ég get nefnt fullt af dæmum um velferðarkerfi ríkra. Nýjasta er náttúrlega þessar bætur til vel stæðra öryrkja. Þetta velferðarkerfi sligar

atvinnulífið og efnahagslífið og veldur því að fólk hefur ekki sama vilja til að skaffa og að vinna.

[18:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er afskaplega freistandi að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sleppti honum og ræða við hann um öryrkja og aldraða. En hér er hins vegar til umfjöllunar frv. um húsaleigubætur sem mér sýnist að mörgu leyti vera til góðs. Það er kveðið á um þinglýsingar, að ekki verði skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélags. Talað er um að þrengja svokallaða skyldleikaleigu þegar einstaklingur leigir af skyldmenni. Þetta er nokkuð sem ég tel reyndar að þurfi að skoða mjög rækilega í nefnd og kann hugsanlega að orka tvímælis. Ég velti því t.d. fyrir mér þegar fólk utan af landsbyggðinni kaupir íbúðir í þéttbýlinu fyrir börn sín sem sækja skóla og þarf að rísa undir kostnaði við að festa kaup á þessu húsnæði og þarf af þeim sökum að leigja það út. Þetta er álitamál sem þarf að skoðast í nefnd, ég hef ekki skoðað það ítarlega. Þá er lagt til að fatlaðir sem búa saman á sambýlum fyrir fatlaða hafi rétt til húsaleigubóta og námsmenn á framhalds- og háskólastigi sem leigja á heimavist eða námsgörðum, allt er þetta til bóta.

Ég sakna þess sama sem hefur reyndar komið fram hjá öðrum hv. þm. og stjórnarandstöðu að við hefðum að sjálfsögðu viljað sjá frekari breytingar á húsaleigukerfinu og það sem þar þarf að gerast fyrst og fremst er að það þarf að hækka þessar húsaleigubætur. Um það hefur einnig verið rætt að það þurfi að jafna kjörin milli þeirra sem eru annars vegar að festa kaup á húsnæði og hinna sem leigja húsnæði. En stuðningur við þá sem leigja húsnæði er minni en gagnvart hinum sem eru að kaupa húsnæði. Þetta þarf að laga.

Þetta er ekki rétt segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, þetta er rétt a.m.k. á þeim tíma sem kaupin fara fram, á því árabili sem kaupin fara fram. Stuðningurinn er skattlagður gagnvart þeim sem leigir en ekki hinum sem er að kaupa. Ég er þar að sjálfsögðu að vísa í vaxtabæturnar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um velferðarkerfi hinna ríku. Á Íslandi væri velferðarkerfi hinna ríku. Þetta má til sanns vegar færa og þá er náttúrlega að spyrja: Hverjir eru hinir ríku? Það eru ekki síst þeir sem hagnast á fjármagni, sem hafa ógrynni fjár og nota peninga sína til að fjárfesta í fyrirtækjum og hafa af þeim arð og svo hinir sem lána á kjörum sem geta ekki kallast annað en okurkjör. Hér hafa verið til umræðu lán úr bankakerfinu sem bera 20% nafnvexti, þetta eru að sjálfsögðu okurkjör. Þegar breytingar voru gerðar á húsnæðiskerfinu með lögum sem tóku gildi í byrjun árs 1999 var við því varað að sá hluti þjóðarinnar sem er á lægstu tekjunum og reyndar í lægri kantinum mundi ekki rísa undir byrðunum, gæti ekki eignast húsnæði. Þetta fólk mundi leita út á leigumarkað sem er allt of lítill til að taka við þessum mikla fjölda enda hefur það komið í ljós að það er mikill skortur á leiguhúsnæði.

Ég er ekki talsmaður þess að snúa hjólunum til baka þótt ég vilji að sjálfsögðu efla að nýju félagslegar lausnir í húsnæðismálum. Í þeim skilningi vil ég horfa til þess besta úr liðnum tíma en leita hins vegar nýrra lausna. Ég tek undir það sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh. í þeim efnum. Ég tel að þær tilraunir sem hann er að hrinda af stokkunum með því að samhæfa átak margra aðila, ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og lífeyrissjóða, sé það skref sem þurfi að stíga. Þarna þarf að stofna til víðtæks samstarfs í þjóðfélaginu. Ég vona að þverpólitísk samstaða geti skapast um það á Alþingi og í þjóðfélaginu öllu að gert verði stórátak til að koma húsnæðismálum okkar í lag.

[18:26]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hérna er verið að leggja fram frv. til laga um breytingar á húsaleigubótum. Það er margt gott í þessu frv., sérstaklega fagna ég 3. gr. sem ég tel til mikilla bóta og náttúrlega ívilnandi og allt gott með það. Ekki er ég að gagnrýna það. En ég vildi kannski gagnrýna eitt í þessu máli hjá hæstv. félmrh. Hérna í umsögn með frv. stendur:

„Nokkur óvissa er um áhrif frv. á húsaleigubætur til námsmanna á framhalds- og háskólastigi en gera má ráð fyrir að þær gætu numið um 14–16 millj. kr. á ári. Samtals aukast því húsaleigubætur sveitarfélaga um 44–51 millj. kr. á ári verði frv. að lögum. Samkvæmt samningi milli ríkis og sveitarfélaga greiðir ríkissjóður árlega framlag til jöfnunar húsaleigubóta í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og nemur það 306 millj. kr. árið 2001. Ekki liggur fyrir endanlegt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig auknum kostnaði af frv. verður mætt."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að ganga frá þessu milli félmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en frv. er lagt fram? (Gripið fram í.) Sem sveitarstjórnarmaður líka er ég ekki mjög ánægður með slík vinnubrögð. Hér er verið að samþykkja lög á þinginu áður en búið er að ganga frá fjármálum milli ríkis og sveitarfélaga.

[18:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson spurði af hverju væri ekki búið að ganga frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga. Feginn vildi ég að það væri búið en það hefur bara ekki tekist að koma því saman enn þá en það er verið að vinna að því baki brotnu og ég vonast eftir að það takist áður en þingi lýkur. Ég vonast eftir að þetta frv. verði afgreitt fyrir þinglok. Þá ætti þetta samkomulag að liggja fyrir. Hins vegar var ekki tiltækilegt að bíða lengur með framlagningu frv. vegna þess að það voru síðustu forvöð að leggja fram frv. eins og menn vita fyrir 1. apríl.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurði um framtíðaráform í leiguíbúðarmálunum. Mér er ljúft að segja frá því að við eigum í mjög ánægjulegum samtölum við lífeyrissjóðina um að þeir komi myndarlega inn í byggingu og rekstur leiguhúsnæðis. Reyndar er einkaframtakið líka að fara af stað að byggja leiguhúsnæði í stórum stíl. Ég hef frá a.m.k. tveimur byggingafyrirtækjum heyrt og séð áætlanir um að byggja og reka leiguhúsnæði í stórum stíl. Enda er það alveg ljóst að hér vantar leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á meðan sveitarfélög í dreifbýlinu eða á landsbyggðinni eru víða í vandræðum með of mikið af húsnæði sem þau sitja uppi með. Vandinn er sem sagt ekki sá sami eftir því hvar maður er á landinu.

Varðandi viðræður við lífeyrissjóðina þá átti ég ágætan fund með þessum aðilum í dag og annar fundur verður vonandi haldinn á mánudaginn. Hægt er að hafa ýmislegt form á þessari innkomu lífeyrissjóðanna. Þeir gætu lánað 10% og Búseti verið t.d. byggingaraðilinn eða sá sem sæi um öflun og rekstur húsnæðisins. Það er líka hægt að hugsa sér að lífeyrissjóðirnir myndi félag, eignarhaldsfélag sem sæi um að afla leiguhúsnæðis og síðan gætu t.d. Félagsbústaðir í Reykjavík tekið að sér að reka það. Aðalatriðið er að

menn taka undantekningarlítið á þessu með góðvild og eru í ánægjulegum samræðum.

Á landsbyggðinni er vandinn annar og ég ætla að greina aðeins frá því. Nefnd hefur verið að vinna að því að leysa vanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni og samkvæmt niðurstöðum greiningar sem nefndin lét gera eru íbúðir í eigu sveitarfélaganna 2.688, þ.e. um fjórðungur af félagslegum íbúðum í landinu. Innlausnarverð þessara íbúða er 19,4 milljarðar, eignarhlutur sveitarfélaganna er um 25% eða um 4,8 milljarðar. Niðurstöður reiknilíkansins gera ráð fyrir að lækka þurfi verð íbúðanna um 20,8 milljarða. Nefndin leggur til að hafist verði handa við að endurskipuleggja félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga með því að stofna eignarhaldsfélög í hverju sveitarfélagi sem hafi með höndum rekstur og umsýslu leiguíbúða. Lagt er til að sveitarfélögin leggi eignarhaldsfélögunum til sinn eignarhluta, þ.e. 4,8 milljarða kr., og síðan þurfi 1,6 milljarða kr. framlag úr öðrum opinberum sjóðum til að lækka verð íbúðanna og tryggja leigufélögunum rekstrargrundvöll. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir 1,2 milljörðum til að lækka lán sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð. Framlög úr opinberum sjóðum geta orðið á tvo vegu, annars vegar eingreiðsla í upphafi og hins vegar árleg greiðsla miðað við aðstæður hverju sinni. Það þyrfti um 100 millj. á ári til þess að standa við það.

Rætt hefur verið við sveitarfélögin um framtíðarfyrirkomulag á aðstoð ríkisins við öflun leiguhúsnæðis þannig að þrátt fyrir að vextir hækki og hætt verði að niðurgreiða vexti í svo stórum stíl, þá standi leigjendur jafnir eftir. Það er einkanlega verið að tala um þrjár aðferðir og e.t.v. fleiri leiðir en eina, eitthvert sambland af þeim. Það er verið að tala um hækkun húsaleigubóta, stofnstyrki eða skattfrelsi húsaleigubóta, sem ég teldi að ýmsu leyti hagkvæmustu og eðlilegustu niðurstöðuna.

Til að gefa dæmi um hverjar húsaleigubæturnar eru þá fær fjölskylda með 1,9 millj. kr. árstekjur, sé hún barnlaus, 11 þús. í húsaleigubætur, ef hún er með eitt barn 18 þús. og 20 þús. ef börnin eru tvö. Fari árstekjurnar hins vegar upp í 3,1 millj. þá fá barnlausir engar húsaleigubætur, með eitt barn fá þeir 7 þús. á mánuði, 13 þús. ef börnin eru tvö og 18.500 ef þau eru þrjú. Þannig er ekki rétt að ekki sé tekið tillit til fjölskyldustærðar. Það er byrjað að skerða bæturnar við 2 millj. í árstekjur. Hámark húsaleigubóta getur orðið 35.000. Í ár má reikna með að í húsaleigubætur fari í kringum 700 þús.

Gera má ráð fyrir að 4 milljarðar fari í bætur, sem líka er félagsleg aðstoð, og er ástæða til þess að hafa það í huga. Ef tekjur hjóna eru 2,6 millj., skuldir vegna íbúðar 4 millj. og vaxtagjöldin 300.000, þá fá þessi hjón vaxtabætur upp á 124 þús.

Reykjavíkurborg hefur tekið myndarlega við sér og undanfarin tvö ár keypt 100 félagslegar íbúðir árlega. Þar áður voru á milli 10 og 20 íbúðir keyptar á ári, nema 1998 en þá voru keyptar rúmlega 30 íbúðir.

Afgreiddum lánum á vegum húsnæðisnefndar í Reykjavík hefur fjölgað mjög á síðustu árum, 1999 voru þau 600, 1995 voru þau ekki nema rúm 400 en þau voru milli 500 og 600 á síðasta ári.

Félagslegar íbúðir sem framkvæmdaaðilar á landinu öllu hafa haft til ráðstöfunar til umsækjenda hafa aldrei verið fleiri og aldrei bæst fleiri við en á síðasta ári, þá bættust við 1.800 íbúðir sem eru félagslegar með einhverjum hætti, endursöluíbúðir, nýjar íbúðir inn í kerfið eða íbúðir með viðbótarláni. Árið 1995 bættust rúmlega 1.200 íbúðir við í kerfið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar en þakka fyrir ágætar undirtektir við frv. og góða umræðu.

[18:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa yfirferð og fagna þeim upplýsingum að unnið sé í því að bæta ástandið í leiguhúsnæðismálum, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann telji að taka muni langan tíma að leysa úr því neyðarástandi sem talað er um að ríki í húsnæðismálum fólks á leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu með þeim leiðum sem hæstv. ráðherra benti á og þeim samningaviðræðum sem hann hefur verið í undanfarið, síðast í dag eins og hann nefndi.

Það hefur komið fram í fréttum að einkaaðilar hafi einnig farið í að byggja leiguíbúðir eins og gerist í öðrum löndum. Það er ágætt en spurningin er: Hvað telur hæstv. ráðherra að það taki langan tíma að leysa þennan vanda þannig að þetta ástand ríki ekki hér áfram? Sömuleiðis tók ég ekki eftir því að hæstv. ráðherra svaraði því sem ég spurði um í ræðu minni áðan, um það hvort uppi væru áform um að fella niður skattlagningu á húsaleigubótum. Eru einhver áform uppi um það hjá hæstv. ríkisstjórn?

[18:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði frá því að ein af þeim leiðum sem við værum að skoða í viðræðum við sveitarfélögin og fjmrn. væri að fella niður skatt á húsaleigubætur, hinar leiðirnar eru hækkun húsaleigubóta, að veita stofnstyrki eða einhver blanda af þessum leiðum.

Varðandi það hve langan tíma tekur að minnka húsnæðisskortinn þori ég ekki að fullyrða um en mér fyndist skynsamlegt að við gerðum áætlun um að vinna okkur út úr þessu á fjórum til fimm árum. Ég teldi að það væri raunhæft. Það þýðir ekkert að setja sér markmið sem ekki standast. Mörg atriði geta breytt þessari mynd, t.d. eins og aðflutningur á höfuðborgarsvæðið. Er að draga úr honum eða má búast við stríðari straumi? Það getur gjörbreytt myndinni. Á síðasta ári fluttust um 2.000 manns til Reykjavíkur og þar af kom $^1/_3$ af landsbyggðinni og $^2/_3$ frá útlöndum. Það eru sveiflur á flutningi fólks til borgarinnar.

[18:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. fullyrti að ég hefði sagt — og sagði að það væri ekki rétt — að ekki væri tekið tillit til fjölskyldustærðar við greiðslu húsaleigubóta. Það sem ég átti við var að bætur væru óskertar án tillits til fjölskyldustærðar, enda stendur í ágætum bæklingi félmrn. á netinu, með leyfi herra forseta:

„Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árstekjum umfram 2 millj. kr., samkvæmt reglugerð um húsaleigubætur."

Einstaklingur með 166 þús. kr. á mánuði fær óskertar húsaleigubætur, nákvæmlega eins og fjölskylda, sex manna fjölskylda, fær óskertar húsaleigubætur að þeim mörkum. Þær eru skertar frá þeim mörkum, jafnt 1% af árstekjum eða 12% af mánaðartekjum, bæði fyrir einstakling og stóra fjölskyldu. En það er rétt hjá hæstv. ráðherra að barnafjölskyldur fá hærri bætur óskertar.

Hins vegar er ekki tekið mið af öðrum fjölskyldugerðum, t.d. þar sem þrjár eldri systur búa saman eða gert ráð fyrir að önnur dæmi geti komið upp. Fjölskyldur eru ekki alltaf með ungabörn. Þá er ekki tekið tillit til þess, þær fá sömu bætur og einstaklingur, þ.e. að fjölskylda sem samanstendur af þremur eldri systrum fær sömu húsaleigubætur og einstaklingur.

Hæstv. ráðherra svaraði hins vegar ekki spurningu minni um hvort ástæða væri til að styrkja einstakling með 200 þús. kr. á mánuði með 6 þús. kr. húsaleigubótum á mánuði.

[18:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alltaf spurning hvar eigi að draga þessi mörk. Ég tel að húsaleigubæturnar séu nauðsynlegar, að það hafi verið skynsamlegt að koma þeim á og þær geri fólki beinlínis mögulegt að lifa við leigumarkaðinn hér á höfuðborgarsvæðinu.

[18:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svaraði ekki spurningu minni. Ég spurði hvort ástæða væri til að styrkja einstakling með 200 þús. kr. á mánuði með 6 þús. kr. húsaleigubótum á mánuði. Er ástæða til þess? Er uppbyggingin á þessu bótakerfi rétt? Ég tel hún sé kolröng. Til marks um það má nefna að fjórðungur bótaþega eru námsmenn sem fá lánað fyrir húsnæðinu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna, hafa fengið lánað fyrir þessu sama húsnæði. Það eru yfirleitt alltaf einstaklingar með lágar tekjur eðli málsins samkvæmt sem fá þá óskertar bætur.

Ég held að uppbyggingin á þessu kerfi sé mjög röng, herra forseti. Ég er að gagnrýna hvernig félmrn. sem hefur það í hendi sér með reglugerð hefur byggt upp þetta bótakerfi.

[18:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það hefur nokkuð upp á sig að ræða um þetta úr ræðustólnum við hv. þm. Pétur Blöndal. Við erum ekki sammála um húsaleigubæturnar og það hefur iðulega komið fram. Ég veit mjög vel af skoðunum hans. Ég tel að sjálfsögðu að jafngreindur og flugskýr maður og hann hafi að vissu leyti rétt fyrir sér. Hann færir sterk rök fyrir máli sínu. Ég tel að ég geti gert það líka en held að við ættum ekki að eyða tímanum í það í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:45]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdasjóður fatlaðra, 692. mál, fsp. SoG, þskj. 1071.

Leigubifreiðaakstur, 584. mál, svar fjmrh., þskj. 1073.

Erfðaefnisskrá lögreglu, 1. umr.

Stjfrv., 616. mál. — Þskj. 987.

[18:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um erfðaefnisskrá lögreglu.

Með frv. er lagt til að komið verði á fót sérstakri lögregluskrá með upplýsingum um erfðaefni ákveðinna einstaklinga í þeim tilgangi að auðvelda lögreglu rannsókn alvarlegra sakamála.

Aðdragandi að frv. er að í byrjun árs 1999 var skipuð nefnd til að vinna að undirbúningi reglna um DNA-rannsóknir, nánar tiltekið um sýnatöku, skrásetningu sýna og vörslu þeirra í þágu rannsókna sakamála. Nefndin kannaði framkvæmd og reglusetningu á þessu sviði á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Bretlandi, auk þess að leita upplýsinga hjá fagaðilum á þessu sviði. Þá hafði nefndin í störfum sínum einnig hliðsjón af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um DNA-rannsóknir í þágu opinberra mála. Nefndin skilaði skýrslu sinni í lok mars á síðasta ári og lagði til að hér á landi yrði hafin kerfisbundin skráning á upplýsingum um erfðaefni úr lífsýnum sem tekin hefðu verið í þágu rannsóknar opinberra mála. Við svo búið var hafist handa við að leggja drög að frv. *því sem ég mæli hér fyrir. Frv. er einkum byggt* á tillögum nefndarinnar, en einnig var við samningu þess höfð hliðsjón af dönskum lögum um sama efni.

Kostir skrár sem þessarar eru margvíslegir, en í því sambandi má t.d. nefna þann gríðarlega tímasparnað sem vinnst við rannsókn mála hjá lögreglu þar sem með einfaldri samanburðarrannsókn á erfðaefni sem finnst á brotavettvangi má annaðhvort tengja mann með skjótum hætti við afbrotið eða hreinsa hann strax af grun, sem er ekki síður mikilvægt. Þá er einnig vert að nefna að slík samanburðarrannsókn getur leitt til þess að mál upplýsist sem ella hefði aldrei upplýst.

Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir meginefni frv.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri haldi skrána, annist skráningu í hana og beri ábyrgð á henni í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Samkvæmt 2. gr. frv. er skránni skipt í tvo hluta, kennslaskrá og sporaskrá. Í kennslaskrá verður heimilt að skrá upplýsingar um þá einstaklinga sem hafa hlotið dóm fyrir alvarleg brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, svo sem manndráp, alvarlegar líkamsmeiðingar, kynferðisbrot og alvarleg almannahættubrot.

Þá er einnig heimilt að skrá upplýsingar um einstaklinga sem framið hafa brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, en þessi atriði eru talin upp í 4. gr.

Í frv. eru heimildir til skráningar í kennslaskrá þröngar og er gengið skemur í þeim efnum en gert er víða í grannlöndum okkar.

Í sporaskrá verða skráðar upplýsingar um erfðaefni sem fengin eru úr lífsýnum á brotavettvangi eða finnast á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa. Upplýsingar sem skráðar verða í sporaskrá eru af öðrum meiði en þær sem skráðar verða í kennslaskrá, þ.e. aðeins er um að ræða upplýsingar sem finnast á vettvangi og hafa ekki verið tengdar ákveðinni persónu. Af þeim sökum eru rýmri heimildir til að skrá upplýsingar í sporaskrá en kennslaskrá.

Þær upplýsingar sem heimilt er að skrá í erfðaefnisskrána eru tæmandi taldar í 3. gr. frv. En þær eru: Nafn einstaklings, kennitala, heimilisfang og erfðagerð hans ásamt vísun til dóms eða málsnúmers óupplýsts sakamáls.

Þegar einstaklingur hefur verið skráður í erfðaefnisskrá kveður 6. gr. frv. á um að ríkislögreglustjóra beri að tilkynna honum skriflega um skráninguna. Gilda um þá tilkynn-

ingu almennar reglur stjórnsýsluréttarins og er ákvörðun um skráningu jafnframt kæranleg til æðra stjórnvalds.

Í 7. gr. frv. er fjallað um hvenær upplýsingar verða máðar úr skránni og gilda mismunandi reglur um sporaskrá og kennslaskrá. Úr kennslaskrá verða upplýsingar máðar eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða. Ef skráður einstaklingur hefur verið sýknaður eftir endurupptöku máls verða upplýsingar máðar út eftir að sýknudómur gengur. Þá verða upplýsingar máðar úr skránni ef í ljós kemur að skráðar upplýsingar hafa verið rangar eða skráðar án tilskilinnar heimildar.

Úr sporaskrá verða upplýsingar máðar þegar kennsl hafa verið borin á skráðar upplýsingar eða við fyrningu brots þess sem um ræðir.

Til að tryggja öryggi erfðaefnisskrárinnar hefur ríkislögreglustjóri einn aðgang að henni samkvæmt 1. gr. frv. Nauðsynlegt er þó að ákveðin yfirvöld geti fengið upplýsingar úr skránni í nánar greindum tilvikum.

Í 8. gr. frv. er því gert ráð fyrir að lögreglustjórum, ríkissaksóknara, dómsmrn., erlendum dómstólum og dómsmálayfirvöldum og rannsóknarstofu sem annast greiningu erfðaefnis samkvæmt þjónustusamningi við dómsmrn. verði veittur aðgangur að upplýsingum úr skránni eftir beiðni þar um.

Upplýsingar um erfðaefni einstaklinga eru í eðli sínu mjög viðkvæmar persónuupplýsingar og til að tryggja enn frekar öryggi erfðaefnisskrárinnar er Persónuvernd í 9. gr. frv. falið sérstakt eftirlitshlutverk með skránni. Það eftirlit er til viðbótar því eftirliti sem ríkislögreglustjóri fer með sem ábyrgðaraðili skrárinnar.

Eftirlit Persónuverndar felst annars vegar í að gæta þess að skráning og meðferð upplýsinga sé í samræmi við ákvæði frv. þessa og annarra lagaákvæða sem kveða á um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og hins vegar að tryggja að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu upplýsinga í hana.

Ég legg ríka áherslu á að einungis með því að gæta ýtrasta öryggis skrárinnar og þeirra upplýsinga sem í hana eru skráðar er hægt að tryggja að hún geti þjónað hlutverki sínu sem hjálpartæki lögreglu við að upplýsa alvarleg sakamál. Hefur þessa í hvívetna verið gætt við smíð frv.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[18:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það fer hálfgerður hrollur um mig þegar ég les þetta frv. og hlýði á mál hæstv. dómsmrh. Loksins hefur það gerst að stóri bróðir, sem George Orwell skrifaði um, er eiginlega genginn aftur í frumvörpum íslensku ríkisstjórnarinnar. Ég ætla að þessu sinni ekki að hafa langt mál um frv., herra forseti, en hæstv. dómsmrh. sagði að þeir sem ættu að fara í þessar skrár sem getið er um í 3. og 4. gr. væru menn sem hefðu gerst sekir um ákaflega alvarleg brot. Þegar ég les síðan athugasemdir við t.d. 4. gr. þar sem verið er að lýsa þeim sem eiga að fara í svokallaða kennslaskrá, þá kemur t.d. í ljós að þar er um að ræða menn sem hafa brotið gegn ákvæðum um landráð, brotið gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Sömuleiðis þeir sem gerast sekir um að veita ekki aðstoð í nauð og um tiltekna tegund ráns. Það er ekki nóg með það, herra forseti, heldur á líka að skrá upplýsingar um þá sem gerast sekir um tilraun til þessara brota. Ég skil þetta svo, herra forseti, að þeir sem eru sekir um tilraun hafi ekki náð tilgangi sínum, með öðrum orðum, þeir hafa ekki gerst sekir við tiltekin ákvæði.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Hví í ósköpunum þarf að skrá upplýsingarnar sem rætt er um í viðkomandi grein um þessa einstaklinga sem hafa gerst sekir um tiltekin afbrot sem ég ræddi hérna og um tilraun til þess? Er þetta ekki allt of langt gengið?

[18:54]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að svo sé. Ég vil vekja athygli á því og ítreka að hér er aðeins um að ræða alvarlegustu brot sem kveðið er á um í hegningarlögum. En það er nú einu sinni þannig að tilraun til þess að fremja eitthvað af þessum brotum, alvarlegu brotum, er að sjálfsögðu refsiverð. Ég geri ráð fyrir að eðlilegt sé að setja fram þessar lagagreinar eins og fram kemur í athugasemdum um 4. gr. frv., það er í samræmi við refsirétt á Íslandi.

Þar að auki vakti ég athygli á því í framsögu minni áðan að ekki er gengið eins langt í þessu frv. og lagt er til í þeirri skýrslu nefndarinnar sem vann þetta mál og þar að auki göngum við mun skemur en líklega öll okkar nágrannalönd og ég tel að þetta sé mjög þarft mál. Það er ekki bara hjálpartæki fyrir lögreglu til þess að upplýsa um sakamál, hv. þm., heldur er það líka mjög mikilvægt til þess að hreinsa menn af grun.

[18:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákaflega þótti mér þetta vond ræða hjá hæstv. dómsmrh. Mér þótti hún bera vott um það að hæstv. ráðherra hefði ekki kynnt sér þetta mál alveg til botns, eða a.m.k. ekki hugsað það til hlítar.

Hvað veldur því að nauðsynlegt sé að skrá upplýsingar um erfðagerð manna sem t.d. veita ekki aðstoð í nauð? Eða um erfðagerð manna sem t.d. gerast sekir um tilraun til tiltekins ráns? Það er hægt með afskaplega góðum vilja að fallast á sum rök hæstv. ráðherra varðandi glæpi sem tengjast stórfelldum líkamsmeiðingum, manndrápi o.fl., ég tek samt fram að ég er ekki að lýsa stuðningi mínum við það, en ég skildi röksemdafærslu hæstv. ráðherra að því er varðaði þá tegund afbrota.

En hæstv. ráðherra verður að skýra betur hvers vegna á með þessum hætti að skrá þær nákvæmustu upplýsingar sem hægt er að skrá um nokkurn lifandi mann í opinbera skrá, sem er að vísu lokuð en löggæslan hefur aðgang að, þegar um er að ræða fólk sem t.d. hefur orðið sekt um það að veita ekki aðstoð í nauð. Hví í ósköpunum þurfa menn á því að halda að vita erfðamynstur viðkomandi einstaklinga? Hvers vegna þurfa menn að vita um erfðamynstur þeirra sem kunna að gerast brotlegir gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum? Er það mögulega til þess að geta hreinsað afganginn af þjóðinni undan slíkum ákærum? Ég veit það ekki, herra forseti. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða tegund ráns er þetta sem getið er um í 252. gr. almennra hegningarlaga sem er þess eðlis að nauðsynlegt er að skrá erfðagerð þeirra sem gerast sekir um tilraun til þess?

[18:58]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því að ekki stendur til að fara ofan í ákvæði allra greina hegn-

ingarlaga. Hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því að þegar við erum að tala um rán, þá er það ekkert venjulegt afbrot og oft og tíðum er um að ræða mikið ofbeldi því samfara. Þetta er mjög alvarlegt afbrot. (Gripið fram í.) Og til að létta af hv. þm. og taka af honum mestu áhyggjurnar varðandi þetta mál, þá get ég lánað honum þessa miklu skýrslu frá þeirri nefnd sem fór mjög vel og vandlega ofan í þetta mál. Ég vil þar að auki benda honum á, þar sem hann hefur áhyggjur af því að ég hafi ekki hugsað þetta mál, þá tel ég að rétt sé að hann sjálfur kynni sér hvað hefur gerst í sambandi við lögreglurannsóknir og meðferð mála hér á síðustu árum, ef hann hefur ekki áttað sig á því að DNA-samanburðarrannsóknir hafa verið notaðar í mörg ár hér á Íslandi til að upplýsa sakamál og að fyrsti hæstaréttardómurinn er frá árinu 1991. (**ÖS:** Þú svaraðir ekki spurningu minni.)

[18:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um erfðaefnisskrá lögreglu. Ég segi eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að það fer um mig hálfgerður hrollur eða að mér finnist ég stödd í ákveðinni bíómynd. Það má vel vera að það sé minn blindingjaleikur og kannski er þetta alltaf búið að vera svona og ég hafi bara ekki vitað af því. Má vel vera.

Það eru alveg ákveðnar athugasemdir sem ég hef fram að færa og við munum auðvitað skoða það nánar í nefndinni og fá til okkar ekki hvað síst persónuverndarfólkið sem mér finnst strax mikil þörf á að hitta.

En mig langar að lesa upp 3. gr., svona eiginlega til gagns og ánægju fyrir þingmenn. En þar segir, með leyfi forseta:

„Í erfðaefnisskrá skal eingöngu“ — nota bene: eingöngu — „færa upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð.“ Ég skil ekki af hverju það er ekki nefnt þarna ef fólk er ekki með plattfót eða hvaða skóstærð fólk notar. Hvað er hægt að skrá meira en þetta? Auðvitað á ekkert að skrá hérna „eingöngu“. Þetta er bara allt sem hægt er að vita um mann. Hvað er hægt að vita meira um mann?

Ég verð að játa það að ég brast nú í létt hláturskast fyrst, því að tala um að þetta sé „eingöngu“, þetta eru eiginlega upplýsingar um mann allan nema fjölskylduhagi, en erfðaefnið er kannski hægt að nýta í að reyna að bera það saman.

Það eina sem ég er hrædd um er að við séum að ganga aðeins of langt þannig að ég held að sé alveg nauðsynlegt fyrir allshn. að fá þessa skýrslu til skoðunar. Mig langar að spyrja um varðandi 8. gr.: Af hverju eru það ekki bara lögreglustjóri og ríkissaksóknari sem eiga aðgang að þessum upplýsingum? Af hverju á dómsmrn. að vera með þessar upplýsingar, komast í þær? Á það ekki að vera á vegum hinna tveggja og þá helst Persónuverndar sem gæti kannað þetta? Ef Persónuvernd gerir athugasemdir, þá á hún að koma tillögum til ríkislögreglustjóra og dómsmrn. Það er spurning hvort á bak við slíkt þurfi ekki að vera starfandi einhver nefnd sem er um leið líka náttúrlega einhver eftirlitsaðili með þessum málum. Það er álit sem ég vildi gjarnan heyra frá Persónuverndinni sem slíkri.

Varðandi 5. gr. aftur. Í ákvæðinu er að finna heimild til að taka lífsýni úr einstaklingi eftir að endanlegur dómur fellur. Ég hélt að taka þessara lífsýna hlyti að vera í þágu máls. Hún getur ekki eingöngu verið til að búa til einhverja skrá. Það getur ekki staðist. En svona stendur þetta í greinargerðinni með frumvarpinu. Þá segir maður: Dómur er hvort eð er fallinn og á að vera hægt að fella hann án þess að hafi verið tekið þetta erfðaefni. Af hverju á þá að vera að taka sýni eftir á? Hér eru auðvitað ýmsar spurningar eins við heyrum.

En hvað gerir t.d. viðkomandi eða maður sem lendir einu sinni á þessari skrá? Hvað á hann að gera til að komast út af henni? Þetta er hlutur sem við þurfum að skoða.

Maður þarf að vera dáinn í minnst tvö ár til þess að komast út af skránum og finnst mér það fulllangur tími.

Ef þetta er liður í rannsókn máls, af hverju er verið að gera ráð fyrir svo ofboðslega mikilli aukningu á málum? Það kemur fram frá fjmrn. að að meðaltali hafi verið um tíu mál á ári þar sem DNA-lífsýni hafa verið tekin. Auðvitað eru fleiri DNA-lífsýni tekin varðandi bæði feðrun barna og annað. En varðandi rannsóknir mála — og ég er ekkert að mæla gegn því að það sé gert — held ég að við verðum að fara örlítið varlega og setja ákveðin spurningarmerki. Við höfum verið með tíu sýni á ári og nú er allt í einu gert ráð fyrir 50 sýnum á ári. Í hverju er þessi aukning? Mér finnst afar mikilvægt að við sjáum þessa skýrslu því þar hlýtur að vera skýring á þessari aukningu og af hverju hún stafar.

Jafnframt fer um mig pínulítill hrollur að því leyti að eins og hæstv. dómsmrh. veit að inni í nýju útlendingalögunum er gert ráð fyrir að taka lífsýni úr útlendingi, bara eins og hvert annað fingrafar, á meðan engin þjóð er með það nema Danir í ákveðinni sérmerktri grein og undir ákveðnum sérstökum kringumstæðum. Ég vil að hæstv. dómsmrh. svari því að þetta tengist á engan hátt. Ef það er ekki þá vil ég sérstakar umræður um það í nefndinni þannig að það sé algjörlega ótengt þessu máli. Mér finnst það afar mikilvægt.

En það verður margt að skoða í nefndinni. Ég vona að það eigi ekki að vera mjög mikill hraði í þessu máli. Þó ekki séu þetta margar lagagreinar, þá er þetta nýtt mál og stórt mál. Það er stærra en það lítur út fyrir að vera og það verður líka spennandi að ræða það í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:05]

Útbýting þingskjals:

Meðferð opinberra mála, 367. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1072.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 627. mál (EES-reglur). — Þskj. 1002.

[19:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en þau lög voru afgreidd frá Alþingi á síðasta þingi. Frv. felur ekki í sér teljandi breytingu á lögunum eins og ég mun rekja nánar þegar ég geri grein fyrir efni frv.

Með lögunum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga var löggjöfin færð til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins frá 24. okt. 1995, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga en sú tilskipun var felld inn í EES-samninginn frá 25. júní 1999.

Tilefni þess að tilskipunin var sett var að löggjöf aðildarríkja Evrópusambandsins á sviði persónuverndar var afar mismunandi og stóð orðið í vegi fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna og skapaði vandkvæði í efnahagslegu samstarfi þeirra. Ryðja varð þeim hindrunum burt svo að hinn frjálsi og opni markaður fengi þrifist. Af sömu ástæðum var séð fyrir að önnur ríki utan Evrópusambandsins mundu kjósa að veita persónuupplýsingum samsvarandi vernd. Í ljósi þess var í sett ákvæði í 25. gr. tilskipunarinnar þess efnis að framkvæmdastjórn Evópusambandsins gæti ákveðið að þriðja land teldist tryggja nægilega vernd í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og réttindi manna, þar með talið skuldbindingar sem stofnað er til eftir samningaviðræður. Nú liggja fyrir þrjár ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins af þessu tagi og varða þær Sviss, Ungverjaland og Bandaríkin. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skortir hins vegar leiðsögn um það hvernig fullgilda megi slíkar ákvarðanir hér á landi. Er þessu frv. m.a. ætlað að bæta þar úr með því að heimila Persónuvernd að ákveða að slíkar ákvarðanir hafi gildi hér á landi og auglýsa þær í Stjórnartíðindum.

Þá er lagt til með frv. að lögtekin verði með afdráttarlausari hætti lagaskilaákvæði tilskipunar og að ákvæði laganna um öryggi vinnslu persónuupplýsinga verði fyllri og endurspegli betur en gildandi lög ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi.

Loks er lagt til í 6. gr. frv. að lögtekin verði 14. gr. tilskipunarinnar um andmælarétt hins skráða. Til samræmis við það ákvæði er lagt til það nýmæli að fram komi í lögunum að hinum skráða sé heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmæli rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla upplýsinga.

Í 6. gr. frv. er einnig lagt til það nýmæli að ábyrgðaraðili geti afhent félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts ef hann hefur áður gefið félagsmönnum, starfsmönnum eða viðskiptamönnum kost á að andmæla því að nafn viðkomandi verði á afhentri skrá. Þá ber ábyrgðaraðila enn fremur að kanna hvort viðkomandi einstaklingur hefur með tilkynningu til Hagstofu andmælt slíkri notkun á nafni sínu við útsendingu markpósts. Þessi heimild þykir ekki varhugaverð með tilliti til persónuverndar en markaðssetning af þessu tagi hefur viðgengist lengi.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[19:10]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þetta byggist fyrst á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipunum frá Evrópuráðinu og slíku. Það verður afar fróðlegt að fara yfir þetta í allshn. Þegar við unnum lögin um persónuvernd, sem var afar ánægjuleg vinna og farið vel ofan í hlutina og góðar umræður, þá var einmitt talsvert rætt um þennan andmælarétt og er mjög gott að sjá það hér. Ég býst við því að hæstv. allshn. kalli til sín aðila eins og Persónuverndina og Hagstofuna og fleiri til þess að fara yfir málið. Vonandi fáum við gagnlegar umræður úr því, því við vorum að sjá þetta fyrst í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, 1. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003.

[19:11]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður. Með frv. er lagt til að mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður verði breytt til samræmis við þá breytingu sem varð á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar með samningi milli sveitarfélaganna þann 28. febrúar sl. og staðfestur var af félmrn. þann 30. mars sl.

Samkvæmt samkomulagi Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar breyttust mörk sveitarfélaganna þannig að suðurhlíðar Úlfarsfells sem voru innan Mosfellsbæjar eru nú innan marka Reykjavíkur. Á landsvæði því sem um ræðir búa um 30 manns sem eiga nú kosningarrétt í Suðvesturkjördæmi. Nú hefur verið ákveðið að skipuleggja landið fyrir íbúðabyggð og atvinnusvæði og þykir nauðsynlegt að byggð þar fylgi Reykjavíkurkjördæmi.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um kosningar til Alþingis er kveðið á um að þótt mörkum sveitarfélaga verði breytt þá haldist mörk kjördæma óbreytt. Samkvæmt 2. mgr. 129. gr. laganna verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema með samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Með frv. þessu er því lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Ítrekað skal að breytingarnar öðlast ekki gildi nema Alþingi samþykki þær með $^2/_3$ hluta atkvæða.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[19:13]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það verður að segjast eins og er að þegar þetta frv. lá hér frammi þá held ég að margir hafi ekki skilið það. En það er nú allt orðið skýrt núna. Talað var um hnitin öll og annað og svo áttaði fólk sig á því að í rauninni snerist þetta um að færa mörkin eftir uppkaup og skipti á landi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. En þetta er í rauninni sjálfsagt mál og allshn. mun auðvitað skoða það. Ekki get ég trúað því að það þurfi mikillar skoðunar við. Hins vegar verður spurning með $^2/_3$ hluta atkvæða, vonandi gengur það eftir fljótlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 672. mál (farsímar, fullnaðarskírteini). — Þskj. 1050.

[19:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Með frv. er lagt til að notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar verði bönnuð. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um ökuréttindi.

Frv. er byggt á tillögum starfshóps sem ég skipaði til að fara yfir umferðarlög og reglur settar á grundvelli þeirra í þeim tilgangi að gera tillögur og ábendingar um atriði sem mættu betur fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Í starfshópnum áttu sæti Þorgerður K. Gunnarsdóttir alþingismaður, sem er formaður hópsins, Hjálmar Björgvinsson aðalvarðstjóri, tilnefndur af ríkislögreglustjóra, Ingvi Hrafn Óskarsson, aðstoðarmaður dómsmrh., Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgrh., og Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs. Ritari starfshópsins var Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumrn.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðuneytisins í febrúar sl. Í skýrslu hópsins er að finna fjölmargar gagnlegar tillögur um breytingar á lögum og reglum um umferðarmálefni. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því starfshópurinn lauk störfum hefur ekki gefist ráðrúm til að ljúka við að útfæra tillögur hópsins nánar en þær eru nú til athugunar í ráðuneytinu. Því verki miðar vel og er frv. það sem hér liggur fyrir afrakstur af því starfi. Frekari úrbótum á þessu sviði verður síðan haldið áfram á grundvelli tillagna hópsins og mun ég kappkosta að ötullega verði unnið að þessu brýna verkefni.

Ég mun nú gera nánari grein fyrir þeim tillögum sem er að finna í frv.

Í 1. gr. er lagt til að bann verði sett við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis. Notkun farsíma án slíks búnaðar í umferðinni er augljóslega til þess fallin að draga úr færni ökumanns til að stjórna bifreið og auka hættu í umferðinni. Þetta styður fjöldi erlendra rannsókna. Af þessum sökum hafa mörg ríki lagt bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur. Hér er lagt til að fylgt verði fordæmi þessara þjóða.

Tillaga frv. um bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar felur í sér breytingu á háttum sem hingað til hafa viðgengist. Því er mikilvægt að bann þetta verði kynnt rækilega fyrir öllum almenningi og vil ég leggja ríka áherslu á að sú kynning fari fram á jákvæðum nótum þannig að leitað verði fylgis ökumanna við þessa sjálfsögðu breytingu. Í samræmi við þetta er lagt til að ekki verði refsað fyrir brot gegn þessu banni fyrr en að liðnu ári frá gildistöku laganna. Hér er tekið mið af þeirri reynslu sem fékkst við lögleiðingu öryggisbelta.

Í 2. gr. frv. er lagt til að sett verði sérstök skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þeirra sem hafa bráðabirgðaskírteini. Þessi skilyrði eru að hlutaðeigandi hafi farið í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini í a.m.k. eitt ár og að viðkomandi hafi ekki undanfarandi ár fengið punkta í punktakerfi ökumanna eða verið án ökuréttar vegna sviptingar. Þessi tillaga frv. byggir á þeirri velþekktu staðreynd að ungir og reynslulitlir ökumenn valda hlutfallslega fleiri slysum en aðrir í umferðinni. Þetta kemur ekki á óvart þar sem augljóst er að ökumaður nær aukinni færni eftir því sem hann öðlast meiri reynslu í akstri.

Af þessu tilefni hefur því gjarnan verið hreyft hvort ekki sé rétt að hækka ökuskírteinisaldur, t.d. í 18 ár. Ekki hefur verið leitt í ljós með óyggjandi hætti að hærri aldri fylgi aukin þekking á umferðarreglum né örugg vissa fyrir því að eldri ökumenn brjóti í minna mæli umferðarreglur. Samkvæmt samantekt rannsóknarnefndar umferðarslysa um unga ökumenn og ráðstafanir til að fækka slysum sýna rannsóknir afdráttarlaust að slysatíðni lækkar með reynslu ökumanna en áhrif aldurs í þessu samhengi eru hins vegar umdeild.

Þá þykir heppilegra og árangursríkara að sporna gegn slysum hjá ungum ökumönnum með aðgerðum sem byggja á fræðslu, hvatningu og auknu aðhaldi. Slíkar aðgerðir hvíla á trausti til ungs fólks og taka mið af því að velflestir ungir ökumenn eru til fyrirmyndar í umferðinni.

Þetta viðhorf liggur til grundvallar tillögum frv. um breytingar á ákvæðum laganna um ökuréttindi. Þessar tillögur fela í sér aukið aðhald fyrir byrjendur í umferðinni þannig að þeir fari að umferðarreglum og stuðla að því að ungir ökumenn leitast við að efla þjálfun sína fyrir akstursmat sem þeir verða að gangast undir áður en þeir öðlast fullnaðarskírteini.

Ég vil hins vegar taka fram að ég tel eðlilegt að þegar nokkur reynsla verði komin á þessar breytingar, t.d. eftir þrjú ár, verði gerð úttekt á árangrinum með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á ökuskírteinisaldrinum.

Í frv. er gert ráð fyrir að akstursmat vegna útgáfu fullnaðarskírteinis fari fram á vegum Umferðarráðs og að það annist löggiltir prófdómendur. Miðað er við að akstursmat taki um 30–45 mínútur og fari fram á bifreið sem umsækjandi hefur til umráða. Miðað er við að akstursmat verði ekki jafnumfangsmikið og verklegt ökupróf.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[19:20]

Útbýting þingskjals:

Þjóðlendur, 689. mál, fsp. JB, þskj. 1068.

[19:20]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Ég tel þetta vera hið besta mál og mér finnst að þegar vinnuhópar fara vel ofan í málin að þá komi oft út úr þeim mjög góðar tillögur.

1. gr. frv. um að notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar í umferðinni sé óheimil ber náttúrlega að fagna alveg sérstaklega. Fjölmargar tillögur í þinginu hafa verið fluttar um það mál og mér þykir þetta afar skynsamlegt.

Ég er ein af þeim sem vildu gjarnan sjá að 18 ára aldursmarkið sé greinilega þegar barn hættir að vera barn og verður fullorðinn einstaklingur og getur gift sig og gert í rauninni allt sem sig lystir sem fullorðin manneskja. Þá væri hægt að nýta þetta eina ár milli 17 og 18 í æfingaakstur þannig að viðkomandi gæti svo sem byrjað að aka að miklu leyti. En við eigum eftir að ræða það nánar í nefndinni.

Ég var afar sátt við það eins og dómsmrh. talaði um að gera úttekt á árangrinum eftir ákveðinn tíma þegar þetta er búið að vera í gildi og ég held að það sé líka mjög mikilvægt þegar við erum að prófa okkur áfram með nýja hluti. Ég er alveg klár á því að með meiri reynslu, meira aðhaldi með þeim sem er að byrja að læra á bíl þá verða þeir auðvitað betri bílstjórar þegar fram í sækir.

[19:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á umferðarlögum og í því eru nokkur atriði.

Ég er í sjálfu sér mjög ánægður með 2. gr. og 3. gr. sem tekur á þeirri miklu áhættu sem fylgir ungum ökumönnum í umferðinni og finnst nokkuð snjöll lausn að veita svona bráðabirgðaskírteini.

Hins vegar er ég ekki alveg eins hrifinn af 1. gr. sem hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar."

Ökumenn sem eru að aka bifreið gera ýmislegt. Þeir eru í fyrsta lagi að horfa í kringum sig, landslagið, og stundum er umhverfið mjög einhæft þannig að það sígur á menn svefn. Svo eru sumir með börn í bílnum. Börnin geta verið með óþekkt eins og oft vill verða þegar þau þurfa að sitja lengi og eru að krefjast hins og þessa. Svo getur ökumaður verið að tala við aðra farþega í bifreiðinni. Hann getur verið að hlusta á útvarp. Hann getur verið að borða. Það hefur sést. Svo er sumt fólk sem reykir í bílnum, voðalegur hlutur, ná í sígarettukveikjarann, ná í sígarettuna. Þetta er töluvert mikið stúss og á meðan er athyglin ekki við aksturinn sem skyldi þegar menn langar mikið til þess að fá sér sígarettu.

Allt eru þetta atriði sem auka áhættu í akstri. Ef ætlunin er virkilega að ganga eins langt og hægt er og koma alveg í veg fyrir slys þá er náttúrlega langbest að banna fólki að keyra yfirleitt vegna þess að það er alltaf eitthvað sem truflar athyglina þegar menn keyra.

Varðandi farsíma, sem menn eru farnir að nota í auknum mæli í bifreiðum, og ég tek undir að er ekki æskilegt, langt í frá, þá er það eiginlega eitt í því sambandi sem ég mundi telja að væri mjög hættulegt. Það er þegar menn velja númerið því þá þurfa þeir að horfa af götunni og horfa á tækið og þá er athyglin bundin við tækið og að muna númerið og slá það inn o.s.frv. Þá er áhættan mest. Svo lyfta menn símanum og horfa fram á veginn og tala eiginlega með sama hætti og við farþega í bifreiðinni nema þeir stýra með annarri hendi. Þá finnst mér að hættan sé miklu minni.

Í frv. er gert ráð fyrir því að óheimilt sé að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Þá er væntanlega átt við það að menn séu með heyrnartæki og hljóðnema til að tala í sem heitir handfrjáls búnaður en er það að sjálfsögðu ekki því menn þurfa að velja númerið eftir sem áður. Það er reyndar til tæki sem hægt er að tala við og segja: „Hringja í Önnu", eða eitthvað slíkt og þá gerir síminn það. En sá búnaður er ekki mjög víða og í frv. er ekkert skilgreint nánar hvað er átt við með handfrjálsum búnaði, hvort hann sé algjörlega handfrjáls þannig að maður getur talað við hann eða hvort það sé það sem ég nefndi fyrr, þ.e. með heyrnartæki og hljóðnema. Ef um er að ræða að menn þurfi að velja númerið eftir sem áður þá er það langhættulegasta augnablikið.

Það sem ég hef við þetta að athuga er að menn skuli yfirleitt vera að setja svona reglur, þ.e. banna fólki þetta og hitt. Auðvitað á fólk ekki að nota síma við akstur og mér finnst það ættu að vera reglur um það, leiðbeinandi reglur sem segja að það sé óæskilegt eða ekki sé æskilegt að tala í símann eða borða eða hafa óþekka krakka í bílnum eða eitthvað slíkt. En ég er sérstaklega á móti því að fara í hlutverk stóra bróður og segja: Þú mátt ekki þetta, þú mátt ekki hitt og þú skalt gera svona og ekki hinsegin, vegna þess að þær rannsóknir sem vísað er til í greinargerðinni eru bara ekkert svo greinilegar. Í greinargerðinni stendur, með leyfi herra forseta:

„Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar í umferðinni er augljóslega til þess fallin að draga úr færni ökumanns til að stjórna bifreið og auka hættu í umferðinni. Þetta styðst við fjölda erlendra rannsókna."

Alltaf þegar menn segja að eitthvað sé augljóst þá er það greinilega ekki augljóst því þeir þurfa að undirstrika það sérstaklega að það sé augljóst. Eins og ég get nefnt hérna þá er fullt af atriðum sem geta verið þannig að það er jafnvel hættulegra en það sem ég nefndi, sérstaklega þegar menn eru þreyttir og sofna kannski við akstur. Það er líka mjög hættulegt.

Ég hef því miklar efasemdir um þetta atriði á meðan ekki er sannað með betri rannsóknum að þetta sé raunverulega svona miklu hættulegra en margt annað sem er leyft. Ég tel t.d. að það að drekka gos í bíl eða borða mat í bíl, sé ekki síður hættulegt og ekki síður ástæða til að banna það en að tala í síma.

Ég mundi hafa viljað hafa þetta öðruvísi og vísa því til hv. nefndar sem fær þetta frv. til umfjöllunar hvort ekki megi skoða það einhvern veginn að það sé leiðbeinandi atriði, ekki boð og bönn, heldur leiðbeinandi: Þú skalt helst ekki gera þetta og helst ekki gera hitt þegar þú ert að keyra þannig að ekki séu við því viðurlög og annað slíkt sem getur verið mjög erfitt að sanna.

Herra forseti. Ég tek undir 2. og 3. gr. í frv. en hef miklar efasemdir um það að lögreglan ætli að fara í hlutverk stóra bróður varðandi notkun á farsímum.

[19:29]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var í þeirri nefnd sem hæstv. dómsmrh. skipaði til þess að kanna umferðaröryggi og hvaða leiðir eru færar til þess að efla og bæta umferðaröryggi á vegum landsins. Einmitt þetta tiltekna mál, hvort ekki ætti að setja reglur um bann við notkun farsíma og setja þar af leiðandi í lög að fólk eigi að nota handfrjálsan búnað þegar það ekur, er ekki að ástæðulausu. Við veltum einmitt fyrir okkur í nefndinni m.a. hvort það væri jafnhættulegt að borða undir stýri eða setja kassettu í útvarpstæki. Það kann vel að vera að það sé áhættumikið. En þennan tiltekna þátt, þennan farsímaþátt sem er mjög hættulegur þegar fólk er að keyra, var hægt að einangra og sjá að það er beinlínis hættulegt að keyra og tala í símann um leið án þess að vera með handfrjálsan búnað. Þennan tiltekna þátt er hægt að niðurnjörva og segja: Með því að setja regur um handfrjálsan búnað við akstur bifreiða er hægt að fækka slysum. Þegar hægt er að beita reglum skynsamlega, að mínu mati, sem hafa það að markmiði og leiða að öllum líkindum af sér fækkun slysa þá get ég ekki sagt nei við slíkum reglum. Það er útilokað.

[19:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf spurning hve langt á að ganga í að hafa vit fyrir fólki, banna því og leyfa. Hér finnst mér of langt gengið. Ég er þeirrar skoðunar að ökumaður eigi að vita að hann á ekki að tala í síma undir stýri, það er hættulegt alveg eins og að borða eða drekka við akstur. Ég tel að hann beri sjálfur ábyrgð á því hvernig til tekst. Svona boð og bönn virka yfirleitt illa. Jafnvel þó þau séu skynsamleg og hægt að færa fyrir þeim rök er oft mun skynsamlegra að fara út í áróðursherferð og sýna fólki fram á að hlutirnir

séu hættulegir, frekar en að vera með refsivöndinn og hóta refsingu.

[19:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði skilið þessar athugasemdir hv. þm. Péturs Blöndals ef við værum að banna einhverja athöfn sem snerist gegn eigin hegðun og eigin persónu. En við erum að huga að öryggi annarra og það er lykilatriðið í málinu.

Hv. þm. Pétur Blöndal bendir á setningu í greinargerðinni þar sem segir að ýmsar rannsóknir hafi bent til þess að slysum mundi fækka við setningu svona laga. Það er alveg hárrétt. Ég man til að mynda eftir einni frá Þýskalandi þar sem sagt var að áhættustuðullinn væri 70 hjá þeim sem keyra og tala í síma á hinn hefðbundna hátt enn stuðullinn lækkar niður í 27 með handfrjálsum búnaði. Með þessum lögum færi stuðullinn ekki niður í 2 eða 3 eins og ef við mundum banna alla símnotkun í akstri. Eftir slíka lækkun, þ.e. eftir að hættumörkin hafa lækkað úr 70 niður í 27, situr enn eftir þessi mikla áhætta, sem er alveg fullkomlega rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að velja númerið. Þess vegna er enn áhætta við að tala í síma undir stýri. Það er alveg hárrétt. Við verðum að gera fólki grein fyrir því að það er áhætta að keyra og tala í síma en hún minnkar verulega ef fólk notar handfrjálsan búnað.

[19:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mjög mikið af slysum í umferðinni verður vegna mannlegra mistaka, af því menn gera eitthvað rangt, misskilja eitthvað eða það slaknar á einbeitingu manna við aksturinn. Menn aka kannski of hratt eða aka of hægt og valda slysum þannig. Það væri hægt að tína til ótal atriði þar sem hegðun einstaklingsins skaðar aðra í umferðinni.

Frv. sem við ræðum hér gengur út frá því að eitt ákveðið atriði sé hreinlega óheimilt. Í staðinn fyrir að vera leiðbeinandi og segja fólki að það eigi ekki að gera þetta og ekki hitt o.s.frv. ætlar stóri bróðir að taka ákvörðun um að refsa mönnum fyrir að gera þetta eða hitt. Einstaklingar geta gert margvísleg mistök í í umferðinni. Ég held að miklu betra sé að fara heldur mjúku leiðina og upplýsa fólk um hvað veldur hættu í staðinn fyrir að banna það.

[19:35]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir ábendingar hv. þm. við 1. umr. um frv. sem hér liggur fyrir til breytinga á umferðarlögum. Ég fagna því að stuðningur er við þau ákvæði frv. veita ungum ökumönnum aukið aðhald og vænti þess að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu hér á þinginu.

Hins vegar hefur hv. þm. Pétur Blöndal vakið athygli á því varðandi 1. gr., um notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar, að þar sé um að ræða afskipti stóra bróður og boð og bönn sem ekki séu til góðs.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að boð og bönn geta vissulega verið til óþurftar. Það er alltaf spurning hversu langt á að ganga í því að hafa vit fyrir fólki. Það hefur verið reynt með áróðursherferðum og fræðslu að gera átak hér og þar til að reyna að efla umferðaröryggi. Því miður hefur árangurinn ekki verið nógu góður. Í umferðinni hafa orðið mjög alvarleg slys sem kostað hafa mannfórnir og haft alvarlegar afleiðingar að öðru leyti. Við þurfum auðvitað að sporna gegn þeirri þróun. Það er alveg ljóst.

Ef við lítum á atriði eins og öryggisbeltin, sem hafa verið nefnd í þessari umræðu, þá kom stóri bróðir einmitt að því máli. Hvar værum við stödd í dag ef skylda til þess að vera með öryggisbelti hefði ekki verið sett í lög?

Í skýrslu starfshópsins koma fram margvíslegar upplýsingar. Þar er m.a. fjallað um notkun farsíma í bifreiðum og gerð grein fyrir því í hvaða löndum lögum hefur verið breytt eða reglur verið settar í takt við ákvæði 1. gr. frv. Með leyfi virðulegs forseta vil ég fá að gera stuttlega grein fyrir því:

Í Danmörku gekk í gildi þann 1. júlí 1998 bann við notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar. Bannið nær einnig til annarra ökumanna en þeirra sem stjórna vélknúnum ökutækjum, þ.e. hjólreiðamanna og reiðmanna og í vissum tilvikum notenda hjólastóla.

Í Noregi gekk í gildi bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar þann 15. mars árið 2000. Önnur lönd í Evrópu hafa sett sérstök ákvæði í lög við notkun farsíma í bifreiðum. Má þar nefna bann á Ítalíu við notkun farsíma við akstur ef ekki er notaður handfrjáls búnaður. Í Sviss er bannað að nota farsíma án handfrjáls búnaðar á grundvelli reglna um að ætíð skuli a.m.k. önnur hönd vera á stýri. Í Frakklandi og Austurríki er að finna ákvæði um að önnur hönd skuli vera á stýri við akstur. Á Spáni og Portúgal er aðeins leyfilegt að nota handfrjálsan búnað við akstur og bannað er að slá inn símanúmer á handfrjálsan síma á ferð. Þá þarf að nota handfrjálsan búnað í Belgíu, Þýskalandi, Bretlandi, Grikklandi, Lúxemborg, Ítalíu, Póllandi, Búlgaríu, Slóveníu, Slóvakíu, Indlandi, Suður-Afríku, Egyptalandi og reyndar Malasíu líka. Fleiri lönd eru nefnd til. Í Finnlandi, Svíþjóð, Hollandi og Bretlandi er í athugun að koma á banni við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar í akstri.

Það er mikið af bönnum í þessari upptalningu en það getur ekki annað verið en menn hafi séð af rannsóknum á umferðinni, umferðaróhöppum og alvarlegum slysum að tengsl séu á milli notkun farsíma við akstur og þeirra slysa sem verða í umferðinni.

Ég tel alveg ljóst að við þurfum að gera samstillt átak hér á landi til að efla umferðaröryggi og snúa við þeirri óheillaþróun sem hefur átt sér stað varðandi umferðarslysin. Frv. sem við ræðum hér er einmitt þáttur í því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051.

[19:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands.

Með frv. er lögð til sú breyting á lögunum að fellt verði brott ákvæði í 2. mgr. 15. gr., þess efnis að við smíði varðskips eða viðhaldsframkvæmdir sé eigi skylt að láta fara fram útboð og að leita megi tilboða frá einum eða fleiri aðilum.

Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel hefur gert athugasemdir við þetta lagaákvæði og dregið í efa að það samræmist þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Af þessu tilefni hóf eftirlitsstofnunin undirbúning að málshöfðun gegn íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum.

Eftir nánari athugun og viðræður hefur orðið að samkomulagi að leggja til að umrætt lagaákvæði verði fellt brott og að smíði varðskips verði þegar þar að kemur boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu. Málaferli fyrir EFTA-dómstólnum munu þá um leið falla niður. Er frv. þetta flutt í tilefni af því samkomulagi.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurlandsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 589. mál (starfssvæði). — Þskj. 932.

[19:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

1. gr. frv. lýsir tilgangi þess:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í Gullbringusýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni."

Í frv. er lagt til að verði á þetta fallist öðlist lögin þegar gildi. Frv. gerir ráð fyrir að stækka svæði Suðurlandsskóganna þannig að nýja kjördæmið, væntanlegt Suðurkjördæmi, verði eitt svæði í þessu efni. Eins og þekkt er ríkir þarna mikill áhugi á skógrækt og þar eiga margir hlut að máli. Því eðlilegt að þetta sé eitt hagsældarsvæði.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[19:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga. Ég tel að mjög mikilvægt að Suðurlandsskógar nái einmitt yfir hið nýja kjördæmi, það sé ekki verið að stofna til fleiri landshlutaskógaverkefna heldur að það nái yfir eitt og sama svæðið. Ég held einmitt að þessi verkefni hafi verið eitt af því jákvæðasta sem hefur gerst í sveitum landsins núna um mörg ár ásamt því verkefni sem Landgræðslan hefur verið með, þ.e. bændur græða landið.

Á Suðurlandi eru núna 206 aðilar skráðir í Suðurlandsskógaverkefnið og þar af eru 160 þegar byrjaðir og af þeim eru 100 jarðir sem eru í skógrækt og 60 í skjólbeltarækt. Mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessu fylgi ekki aukið fjárframlag. Þá er ég að hugsa aðallega til Austur-Skaftafellssýslu. Hér er gert ráð fyrir með umsögninni að fyrir þetta ár verði sama fjármagn og var á síðasta ári en ég tel að það þurfi að koma viðbótarframlag sem nemur því svæði sem verið er að taka yfir með þessu frv.

[19:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna spurningar hv. þm. þykir mér rétt að upplýsa að það hefur verið rætt. Það var ákvörðun Alþingis að veita ákveðið fjármagn til skógræktar utan Héraðsskógasvæðisins, niður á firðina og niður í Austur-Skaftafellssýslu. Þar kæmi auðvitað til einhverra uppskipta og yrði að ná samkomulagi um það atriði. Að öðru leyti snýst þetta frv. ekki um annað fjármagn á þessu ári en það sem er í fjárlögum. En framtíðarinnar er að þetta verður eitt sameiginlegt svæði og auðvitað mun þetta nýja kjördæmi leita eftir stuðningi sem ein heild í gegnum Suðurlandsskógana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047.

[19:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum.

Með frv. þessu er lagt til að vörugjald af bifreiðum til ökukennslu verði lækkað í 10% og 13% eftir sprengirými aflvélar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frv. gerir ráð fyrir því að bifreiðar til ökukennslu geti notið sömu lækkunar og leigubifreiðar og bílaleigubifreiðar, en vörugjöld á þessum bifreiðum hafa þegar verið lækkuð í 10 og 13% eftir sprengirými aflvélar, nú síðast bílaleigubifreiðarnar með lögum nr. 8/2000.

Þetta frv. á sér nokkurn aðdraganda. Meðal annars kemur til skjalanna úrskurður samkeppnisráðs nr. 10/1999, en einnig álit frá umboðsmanni Alþingis um þetta efni. Niðurstaðan af umfjöllun um þetta mál í ráðuneytinu er sú að eðlilegt sé að um þessi mál gildi samræmdar reglur, bæði að því er varðar leigubíla, bílaleigubíla og bifreiðar til ökukennslu. Því er þetta frv. lagt fram, herra forseti. Þetta er sem sagt samræmingarmál.

Við gerum ráð fyrir því að kostnaður ríkissjóðs af þessu verði óverulegur. Ekki er ljóst hversu margir ökukennarar munu uppfylla þau skilyrði sem um er að ræða í þessu frv.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinber innkaup, 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1048.

[19:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra heildarlaga um opinber innkaup sem er að finna á þskj. 1048.

Í frv. þessu eru settar fram tillögur um ný heildarlög þar sem fram koma bæði reglur um opinber innkaup á EES-svæðinu og reglur um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum svæðisins. Ákvæði um opinber innkaup er nú að finna í mörgum lögum og reglugerðum og því að mörgu leyti erfitt að fá heildarmynd af efni þeirra. Gert er ráð fyrir að verði frv. að lögum falli úr gildi lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, auk þess

sem reglur sem nú er að finna í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eru felldar inn í þetta frv.

Gert er ráð fyrir að efnislegt gildissvið reglna um opinber innkaup verði hið sama hvort sem um er að ræða innkaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum EES eru þó aðeins útboðsskyld innan lands. Aðili sem er ekki útboðsskyldur samkvæmt reglum EES yrði sömuleiðis ekki útboðsskyldur innan lands.

Í frv. er farin sú leið að láta útboð innan lands lúta í grundvallaratriðum sömu reglum og útboð samkvæmt reglum EES. Sérreglur gilda þó eðli málsins samkvæmt um auglýsingar, tilkynningar o.fl. vegna útboða á Evrópska efnahagssvæðinu. Með frv. er þannig ekki aðeins stefnt að því að samræmi sé á milli reglna EES-svæðisins og reglna um innkaup innan lands um útboðsskylda aðila og samninga, heldur einnig að því er varðar nánari framkvæmd útboðs, val tilboða o.s.frv. Þetta hefur þann augljósa kost að eitt einsleitt regluverk mun gilda um opinber innkaup hvort sem þau eru undir eða yfir viðmiðunarfjárhæðum EES.

Í frv. er gert ráð fyrir að viðmiðunarmörk hvað varðar útboðsskyldu innan lands verði 3 millj. kr. vegna innkaupa á vörum og þjónustu en 10 millj. vegna verkframkvæmda. Reglur EES um opinber innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti eru ekki teknar inn í frv. þrátt fyrir það sem að framan greinir. Ástæðan fyrir þessari skipan er sú að þessar reglur, tilskipun nr. 96/38/EBE, víkja í ýmsum atriðum frá öðrum reglum EES og mundi það gera lögin til muna flóknari ef þau tækju einnig til þessara innkaupa. Þess í stað er gert ráð fyrir að reglur um þessi innkaup verði settar í reglugerð en í þeirri reglugerð yrði þó vísað til laganna um opinber innkaup að verulegu leyti. Þetta er í samræmi við stefnumótun Evrópusambandsins í opinberum innkaupum þar sem gert er ráð fyrir því að tilskipanir um þjónustukaup, vörukaup og verkkaup verði sameinaðar, en sérstök tilskipun verði eftir sem áður um innkaup veitustofnana.

Þótt reglur um opinber innkaup leggi að meginstefnu skyldur á herðar opinberum aðilum um hvernig þeir skulu haga innkaupum sínum þykir einnig rétt að líta til þess að lögin varða mikilvæga fjárhagslega hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Í frv. er því lagt til grundvallar að efnisákvæði verði að meginstefnu í lögum í stað reglugerðar. Ráðherra eru þó á nokkrum stöðum veittar sérstakar heimildir til setningar nánari reglna í reglugerðum auk þess sem gert er ráð fyrir því að viðmiðunarfjárhæðir EES verði auglýstar sérstaklega.

Í frv. er gert ráð fyrir því að sjálfstæð stjórnsýslunefnd fjalli um kærur vegna opinberra innkaupa en almennt eftirlitsvald vegna innkaupa ríkisins, þar á meðal yfirstjórn Ríkiskaupa, verði áfram í höndum ráðherra. Ráðherra ber því enn sem fyrr ábyrgð á opinberum innkaupum ríkisins þótt hann skeri hvorki úr kærum vegna þessara innkaupa né innkaupa annarra opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga og sjálfstæðra ríkisfyrirtækja. Úrlausn um skaðabætur vegna brota á reglum um opinber innkaup er hins vegar í höndum dómstóla.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að ráðherra, kærunefnd umboðsmála og almennir dómstólar fari með þau verkefni sem kveðið er á um í tilskipunum EBE um opinber innkaup.

Til að undirbúa gerð þessa frv. var skipuð nefnd á vegum fjmrn. í ágúst 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Ríkiskaupa og ráðuneytis. Í starfi nefndarinnar var haft samráð við flesta þá aðila sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta á þessu sviði, m.a. fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar.

Nefndin skilaði áliti í maí árið 2000 sem lagt var til grundvallar vinnu við frv. Á vegum ráðuneytisins var haldinn kynningarfundur í febrúar sl. um efni frv. þar sem fulltrúar seljenda og stærstu kaupendur tóku þátt. Í framhaldi af fundinum var leitað formlegrar umsagnar hjá nokkrum hagsmunasamtökum. Tekið hefur verið tillit til athugasemda þeirra sem borist hafa við lokaundirbúning frv.

Herra forseti. Tilgangur frv. er að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri, sbr. 1. gr. þess. Frv. hvílir þannig á þeim forsendum að með því að tryggja réttarstöðu bjóðenda og skapa með því betri aðstæður fyrir virkri samkeppni sé stuðlað að skynsamlegri meðferð almannafjár við opinber innkaup. Tilgangsyfirlýsing frv. styðst við útboðsstefnu ríkisins frá 25. maí 1993 en fellur auk þess að meginmarkmiðum reglna Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup.

Gildissvið frv. er afmarkað í II. kafla þess í samræmi við þær tilskipanir Evrópubandalagsins sem áður greinir. Frá þessu er þó sú mikilvæga undantekning að frv. tekur ekki til innkaupa stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti að frátöldum ákvæðum XIII. og XIV. kafla sem fjalla um réttarúrræði einstaklinga og skaðabætur. Ýmsar sérreglur eiga við um innkaup þessara aðila og er gert ráð fyrir því að ráðherra mæli fyrir um innkaup þeirra í reglugerð.

Þeir aðilar sem falla undir frv. eru ríkið, sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar. Við úrlausn á því hverjir teljast „aðrir opinberir aðilar" er í grundvallaratriðum litið til þess hversu náin tengsl fyrirtæki eða stofnun hefur við ríki eða sveitarfélög. Ef aðili starfar að fullu á sviði iðnaðar eða viðskipta og lýtur þannig hefðbundnum lögmálum markaðarins fellur hann þó utan gildissviðs laganna. Frv. tekur til samninga um innkaup á vörum, þjónustu og verkum, eins og þessir samningar eru nánar skilgreindir. Niðurgreiddir samningar á sviði verk- og þjónustukaupa falla undir gildissvið laganna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ýmsir samningar á sviði þjónustu eru þó undanskildir gildissviði laganna og eru þær undantekningar í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þá eru vissir samningar sem snerta grundvallarhagsmuni ríkisins og varnarmál undanskildir lögunum.

Um innkaup innan lands og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu er fjallað í sitt hvorum þætti frv. Ákvæði 2. þáttar fjalla um opinber innkaup innan lands, það er innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Undan þættinum eru skilin innkaup sveitarfélaga og stofnana þeirra, en að öðru leyti tekur þátturinn til allra opinberra aðila, eins og þeir eru skilgreindir í II. kafla frv. Þar sem ákvæði þáttarins um fyrirkomulag og framkvæmd innkaupa innan lands er í öllum meginatriðum í samræmi við fyrrgreindar tilskipanir Evrópubandalagsins er í 3. þætti frv. vísað til reglna 2. þáttar um framkvæmd innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu í 3. þætti lúta nánast eingöngu að auglýsingum og frestum. Með þessu eru opinber innkaup yfir og undir viðmiðunarfjárhæð-

um Evrópska efnahagssvæðisins felld undir eins einsleitt regluverk og mögulegt er.

Í IV. kafla frv. er mælt fyrir um fyrirkomulag opinberra innkaupa. Samkvæmt ákvæðum kaflans er meginreglan sú að opinber innkaup fari fram á grundvelli útboða. Kaupendur geta valið á milli almenns eða lokaðs útboðs. Ef um lokað útboð er að ræða þarf hins vegar að viðhafa forval þar sem öllum áhugasömum gefst kostur á þátttöku. Aðeins í undantekningartilvikum er heimilt að viðhafa samningskaup. Hönnunarsamkeppni er heimil við ákveðin innkaup á þjónustu. Þá er því slegið föstu að innkaup samkvæmt rammasamningi séu heimil þótt innkaup séu yfir viðmiðunarfjárhæðum útboðsskyldu.

Sú þjónusta sem talin er upp í I. viðauka B við lögin er undanþegin útboði. Þegar um er að ræða innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þarf þó að auglýsa fyrirhugaða samninga um innkaup á þessari þjónustu. Svokallaðir sérleyfissamningar um verk eru einnig undanþegnir útboði samkvæmt frv. en með þeim er átt við samninga þar sem greiðsla til verktaka felst að hluta eða heild í rétti hans til að nýta byggingu, mannvirki eða annan afrakstur verks. Þegar um er að ræða innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu þarf þó að auglýsa fyrirhugaða samninga um veitingu sérleyfis um verk og gæta almennra sjónarmiða sem fram koma í frv., svo sem um jafnræði og gegnsæi. Sérleyfissamningar á sviði þjónustu falla hins vegar alfarið utan gildissviðs laganna. Ráðherra er heimilt að setja reglur um gerð þessara samninga að því er varðar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og leggja á þau ríkari skyldur en leiða af reglum frv.

Reglur frv. um útboðsgögn, framkvæmd útboða og val tilboðs eru í öllum meginatriðum sambærilegar gildandi reglum. Með þessum reglum er leitast við að gera framkvæmd útboða gagnsæja og tryggja með því jafnræði bjóðenda og virka samkeppni þeirra á milli. Ákvæði frv. um tæknilegar útskýringar eru nokkuð ítarlegri en gildandi reglur og taka mið af fyrrnefndum tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup. Sama á við um ákvæði frv. um hæfi bjóðenda.

Meginreglan við val á tilboði er, eins og í gildandi reglum, að taka eigi hagkvæmasta tilboði miðað við þær forsendur sem tilgreindar hafa verið í útboðsgögnum. Tekin eru af tvímæli um að við mat á hagkvæmni tilboða megi líta til umhverfissjónarmiða, en slík forsenda yrði að sjálfsögðu að koma fram í útboðsgögnum.

Í 3. þætti frv. er fjallað um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, eins og áður segir. Þar sem viðmiðunarfjárhæðirnar geta tekið breytingum þykir ekki heppilegt að binda þær lögum en þess í stað er ráðherra falið að birta þær í reglugerð. Þar sem reglur um innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 2. þætti frv. taka mið af tilskipunum Evrópubandalagsins um opinber innkaup gilda sömu reglur um innkaup samkvæmt 3. þætti með nokkrum skýrum undantekningum. Í 1. mgr. 57. gr. frv. er því einfaldlega vísað til ákvæða 2. þáttar um framkvæmd þessara innkaupa. Í X. kafla frv. er að finna sérreglur um auglýsingar innkaupa og fresti vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu, en þessar reglur hljóta eðli málsins samkvæmt að vera aðrar þegar um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu er að ræða. Í XI. kafla er kveðið á um skýrslugerð vegna innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og rannsóknarheimild Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í XIII. kafla frv. er eins og fyrr segir að finna nýmæli um kærunefnd útboðsmála sem lagt er til að verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna opinberra innkaupa. Einnig er leitast við að fjölga þvingunarúrræðum vegna brota á reglum um opinber innkaup með ákvæðum um dagsektir. Verði frv. að lögum er að fullu komið til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ófullnægjandi lögfestingar eftirlitstilskipana Evrópubandalagsins sem áður greinir.

Í XIV. kafla frv. eru því settar skorður hvenær ógilda má samninga vegna brota á reglum um opinber innkaup. Er gert ráð fyrir því að sú meginregla gildi áfram að samningar verði almennt ekki ógiltir eftir að þeir hafa verið gerðir. Með þessu er sköpuð vissa um framkvæmd samnings sem er nauðsynlegt bæði vegna almannahagsmuna og hagsmuna viðsemjanda hins opinbera aðila. Vikið er frá þessari meginreglu þegar samningur hefur verið gerður andstætt ákvörðun kærunefndar útboðsmála um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Þegar ekki er hægt að ógilda samning þótt brotið hafi verið gegn hagsmunum tiltekins bjóðanda með ólögmætum hætti myndi hann almennt eiga rétt á skaðabótum.

Slegið er fastri þeirri meginreglu að kaupandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að brot hans hafi ekki valdið bjóðanda tjóni þegar um er að ræða kröfu um bætur fyrir kostnað við að undirbúa boð. Þegar um er að ræða bætur fyrir missi hagnaðar verður bjóðandi hins vegar að sanna tjón sitt samkvæmt almennum reglum.

Herra forseti. Við undirbúning og vinnslu frv. hefur verið lögð áhersla á samvinnu við hagsmunaaðila í þessum málaflokki. Í ágúst 1999 skipaði ég nefnd til að vinna að tillögum vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar laga og reglna um opinber innkaup. Í nefndinni sátu þeir aðilar sem ég áður rakti, frá Verslunarráði, Samtökum iðnaðarins, Ríkiskaupum og ráðuneytinu. Haft var samráð við fjölda aðila sem ég hef áður rakið. Við höfum síðan tekið tillit til fjölda athugasemda sem borist hafa við langan undirbúning frv. frá nokkrum hagsmunasamtökum. Almennt má segja að viðbrögð þessara aðila hafi verið mjög jákvæð og hefur samræmingu laga og reglna í þessum málaflokki verið fagnað.

Breyting á stöðu kærunefndar útboðsmála hefur einnig mælst vel fyrir enda hefur það verið ein af meginkröfum þessara aðila í gegnum tíðina. Í framhaldi af þeirri stefnumótun sem farið hefur fram með þessu frv. mun útboðsstefna ríkisins, sem gefin var út árið 1993, verða endurskoðuð þar sem tilgreind verða þau atriði sem lögð verður sérstök áhersla á í innkaupum ríkisins á næstu árum.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, 1. umr.

Stjfrv., 671. mál (heildarlög). — Þskj. 1049.

[20:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda sem finna má á þskj. 1049. Samhliða þessu frv. mælti ég áðan fyrir frv. til laga um opinber innkaup sem kallar á breytingar á núgildandi lögum nr. 63/1970, um

skipan opinberra framkvæmda, hvað varðar almennar eftirlitsreglur um opinber innkaup.

Ákvæði er snúa að fyrirkomulagi útboða verkframkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu sem innleidd voru við gildistöku samningsins og eru nú í lögum um skipan opinberra framkvæmda eru felld út með frv. en hins vegar felld inn í frv. til laga um opinber innkaup sem ég gerði grein fyrir áðan.

Núgildandi lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, voru unnin á grundvelli álits nefndar sem fjármálaráðherra skipaði á sjöunda áratugnum. Markmiðið með lögunum er að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns sem varið er til opinberra framkvæmda. Í samræmi við þetta er í lögunum kveðið á um ákveðna tilhögun um undirbúning og skipulagningu opinberra framkvæmda innan stjórnsýslunnar.

Opinberri framkvæmd er skipt í fjóra áfanga, frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat og er málsmeðferð innan hvers áfanga nánar skilgreind í lögunum. Ákvörðun um að hefja verk skal þannig ekki taka fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið svo að unnt sé að gera greiðsluskuldbindingar fyrir verkið í heild og ekki þurfi að koma til þess að lausaskuldir safnist eða verk stöðvist af fjárhagsástæðum. Með þessu er leitast við tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stystan framkvæmdatíma. Með lögunum var komið á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins og skyldi deildin að jafnaði fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. 23. gr. laga nr. 63/1970. Samkvæmt 21. gr. laganna skyldi fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hins vegar fara með fjármálalega yfirstjórn framkvæmdanna. Lögum nr. 63/1970 var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 32/1984.

Með frv. því sem ég mæli hér fyrir er gerð tillaga um tvær meginbreytingar á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Í fyrsta lagi eru breytingar sem leiða af breytingum á lögum um opinber innkaup, sem ég hef hér gert grein fyrir. Stærsta breytingin að þessu leyti er sú að IV. kafli laganna fellur niður þar sem tilgreindar eru ýmsar efnisreglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi breyting hefur það í för með sér að málum þessum verður komið fyrir í þessum tveimur lagabálkum með mun skýrari hætti en verið hefur að undanförnu.

Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Í lögum nr. 63/1970 eru ákvæði er snúa að Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi samskonar hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Ástæðan fyrir þessari breytingu er breytt hlutverk og starfshættir Innkaupastofnunar ríkisins á undanförnum árum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur í raun starfað sem sjálfstæð ríkisstofnun með hlutverk er snýr að verklegum framkvæmdum. Hlutverk og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins, sem nú heitir Ríkiskaup, er hins vegar skilgreint í frumvarpi til laga um opinber innkaup. Verkaskipting milli þessara stofnana er þannig skýrð með þessum tveimur frumvörpum.

Til viðbótar þessum tveimur meginbreytingum er gerð tillaga um ýmsar minni breytingar er snúa frekar að lagatæknilegum atriðum en efnisatriðum. Má þar nefna breytingar á ákvæðum er snúa að fjárlaga- og hagsýslustofnun þar sem í frumvarpinu er nú talað um fjármálaráðuneyti. Sömuleiðis breytist nafn Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar í Framkvæmdasýslu ríkisins eins og hún heitir nú og fjárveitinganefnd breytist í fjárlaganefnd. Þessar breytingar þarfnast ekki frekari skýringa.

Markmið laganna er fyrst og fremst að tryggja faglega málsmeðferð við framkvæmdir sem ríkið stendur að. Þannig eru skilgreind mismunandi stig, ábyrgð, skýrslugerð og uppgjör vegna opinberra framkvæmda. Hinn 5. janúar sl. skipaði ég nefnd til að fara yfir stjórn og skipulag opinberra framkvæmda. Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort ástæða sé til að styrkja einhverja þætti við framkvæmd laganna, annaðhvort með lagabreytingu eða reglugerðarsetningu. Nefndin hefur ekki lokið störfum en það er mat nefndarmanna að frumvarp það sem hér er mælt fyrir marki góðan ramma um skipan opinberra framkvæmda, að lögin sem gilt hafi til þessa hafi haldið gildi sínu vel og að þau séu ekki ástæða þess sem kann að hafa farið úrskeiðis í þessum efnum. Nefndarmenn hafa hins vegar talið að nauðsynlegt sé að efla og styrkja innviði laganna að því er varðar verkferla, verkaskiptingu, boðleiðir og ábyrgðarsvið þeirra aðila er koma að hinum fjórum stigum framkvæmdanna. Mælt er með setningu reglna um nánari skilgreiningu á verklagi og skipulagi hinna einstöku áfanga opinberra framkvæmda, þ.e. frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat. Eftir að settar hafa verið slíkar reglur í framhaldi af setningu nýrra laga þyrfti í framhaldinu að huga að endurskoðun á Handbók um opinberar framkvæmdir, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu 1991, og taka þá tillit til þeirra breytinga sem umrædd nefnd leggur til.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1062.

[20:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. um breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er lagt til að fátækustu þróunarríki heims samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna fái tollfríðindi á framleiðslu sína á sama hátt og kveðið er á í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Aðdraganda þessara breytinga má rekja til þess að af hálfu Íslands var í maí 2000 gefin út yfirlýsing á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um að Ísland mundi veita fátækustu þróunarríkjum heims betri aðgang að markaði sínum með einhliða tollalækkunum. Mörg af efnaðri ríkjum heimsins hafa gert slíkt hið sama í samræmi við samkomulag þar um innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, svokallað GSP-kerfi sem á ensku heitir General System of Preferences.

Meðal þeirra ríkja sem þegar hafa veitt fátækustu ríkjunum tollafríðindi eru t.d. ríki Evrópusambandsins, Noregur, Sviss og Ástralía. Í dag eru 48 ríki skilgreind sem fátækustu ríki heims og eru þau talin upp í greinargerð með frv.

Í frv. er af hagkvæmnisástæðum gert ráð fyrir því að fjmrh. ákveði með reglugerð hvaða ríki skuli talin til fátækustu þróunarríkja heims þannig að ef ríki bætast á listann eða falla

af honum verði ekki nauðsynlegt að breyta lögunum heldur nægi að breyta reglugerðinni í samræmi við það.

Miðað við innflutning frá þessum ríkjum á síðasta ári má gera ráð fyrir að árlegt tekjutap vegna þessarar ráðstöfunar geti numið 3 millj. kr. og sýnir það í raun hversu lítil viðskipti eiga sér stað milli Íslands og þessara 48 ríkja.

Tilefni þessa frv. til breytinga á tollalögum er að gera íslenska ríkinu kleift að standa við samninga sem gerðir hafa verið á alþjóðavettvangi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1063.

[20:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, en í greininni er að finna ákvæði um innheimtu lífeyrisiðgjalda bænda.

Frá gildistöku laga þessara um Lífeyrissjóð bænda hafa komið í ljós ýmsir vankantar á innheimtu lífeyrisiðgjalda þeirra sem greiða ber í sjóðinn.

Innheimta iðgjaldanna hefur samkvæmt gildandi lögum farið þannig fram að greiðslu upp í iðgjald yfirstandandi árs hefur annars vegar verið haldið eftir af beingreiðslum þeirra bænda sem þeirra njóta og hins vegar innheimt með gjöldum utan staðgreiðslu á sama hátt og búnaðargjald. Auk þess hefur lífeyrissjóðurinn sjálfur annast innheimtu iðgjalda af bændum í þeim tilvikum þegar um greidd laun hefur verið að ræða en ekki reiknað endurgjald. Þetta verkferli hefur eins og áður segir reynst óheppilegt en samspil þessara tveggja innheimtuleiða, sem bundnar eru í lögum sjóðsins, hefur hamlað eðlilegri starfsemi hans og valdið sjóðfélögum óþægindum. Þessu til viðbótar hefur síðustu tvö ár ekki verið unnt að gera trúverðuga tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum vegna óvissu um iðgjaldagreiðslur og réttindaávinnslu.

Haustið 2000 var settur á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum ríkisskattstjóra, Lífeyrissjóðs bænda og fjmrn. til þess að finna leiðir til úrbóta í þessum málum. Í samræmi við niðurstöður vinnuhópsins er í frumvarpi þessu lagt til að sjóðurinn annist framvegis sjálfur mánaðarlega innheimtu iðgjalda annarra bænda en þeirra sem beingreiðslna njóta. Jafnframt verði lögð af innheimta samhliða búnaðargjaldi. Enn fremur er lagt til að álagning iðgjalda samkvæmt skattframtölum verði lögð af og eftirlit ríkisskattstjóra með greiðslum í lífeyrissjóð komi í stað hennar.

Í frv. er lagt til að Lífeyrissjóður bænda innheimti sjálfur iðgjöld önnur en þau sem innheimt eru af beingreiðslum eins og áður sagði. Gert er ráð fyrir því að innheimta af beingreiðslum verði óbreytt að öðru leyti en því að hún miðist nú við næstliðinn mánuð í stað yfirstandandi mánaðar.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1064.

[20:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frv. er lagt til að veitt verði fullnægjandi lagastoð fyrir starfsrækslu ársreikningaskrár í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Jafnframt er með frv. þessu styrktur grundvöllur ársreikningaskrár til eftirlits og athugunar á ársreikningum með upplýsingaöflun frá skattyfirvöldum vegna heimildar félaga til að skila samandregnum ársreikningi.

Frv. þetta er lagt fram vegna nýlegs dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 2507/2000, þar sem niðurstaðan var sú að þar sem félagaskrá í skilningi ársreikningslaga hefði ekki verið sett á stofn með lögum, væri í lögum um ársreikninga ekki að finna fullnægjandi lagastoð fyrir ársreikningaskrá.

Í lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, eru ítarleg ákvæði um félagaskrá. Í 9. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna er félagaskrá skilgreind sem hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laganna er félögum sem lögin taka til skylt að senda félagaskrá ársreikninga ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanna og upplýsingar um það hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Eru þessi ákvæði í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, sbr. 4. tilskipun ráðsins 78/660/EBE, þar sem fram kemur að í hverju ríki skuli vera stofnun sem taki við ársreikningum félaga og hafi með höndum eftirlit með því að ákvæði laganna um gerð og birtingu ársreikninga séu virt.

Með reglugerð nr. 801/1998, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, var sérstakri ársreikningaskrá falið sama hlutverk og ríkisskattstjóra hafði verið falið með fyrri reglugerðum, þ.e. að annast þau störf félagaskrár sem varða móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga, úrtakskannanir og athuganir. Það var ekki talið nægjanlegt að fela ársreikningaskrá framangreint hlutverk með reglugerð heldur hefði borið að fela henni það hlutverk með lögum, samanber framangreindan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Með frv. er leitast við að koma til móts við þann formgalla sem verið hefur á framkvæmd þessara laga að undanförnu að því er fram kemur í dómi héraðsdóms. Með frv. þessu er fjmrh. einnig veitt heimild til að ákveða aðsetur ársreikningaskrárinnar.

Ég legg þess vegna til, herra forseti, að frv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1065. [20:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Eins og kemur fram í grg. með frv. er með því lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að tímabundið, þ.e. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði heimilt að endurgreiða $^2/_3$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er af kaupverði eða leiguverði hópferðabifreiða, fyrir 18 farþega eða fleiri, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru EURO2-aflvélum eða öðrum sambærilegum aflvélum. Frumvarpið er byggt á öryggis- og umhverfissjónarmiðum og hefur það að markmiði að auðvelda rekstraraðilum hópferðabifreiða að endurnýja bifreiðaflota sinn.

Engum ætti að dyljast að hópferðabifreiðafloti landsmanna er orðinn óeðlilega gamall og hefur á undanförnum árum myndast rík þörf til endurnýjunar í greininni. Nú er svo komið að meðalaldur hópferðabifreiða er í kringum 17 ár og stendur það þessari grein ferðaþjónustu fyrir þrifum. Erfið rekstrarstaða þessara aðila hefur leitt til þess að í hópferðaakstri eru í notkun gamlar hópferðabifreiðar sem ógna umferðaröryggi á vegum landsins eins og dæmi hafa því miður sannað.

Auk þess að ógna umferðaröryggi er mengun frá hópferðabifreiðaflotanum mikil. Í frv. er endurgreiðsluheimildin bundin við umhverfisvænar aflvélar samkvæmt svokölluðum EURO2-staðli eða sambærilegar vélar sem menga mun minna en þær aflvélar sem nú eru víðast í notkun. Markmið frumvarpsins er því í stuttu máli að stuðla að endurnýjun hópferðabifreiða til að ná fram jákvæðum áhrifum í ferðaþjónustu sem og öryggis- og umferðarmálum. Ef frv. verður að lögum hefur það hvetjandi áhrif á rekstraraðila til að flytja inn umhverfisvænni hópferðabifreiðar samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í frumvarpinu. Endurgreiðsluheimildin mun þó að sjálfsögðu einnig ná til nýrri umhverfisstaðla, t.d. svokallaðs EURO3-staðals.

Auk þessara atriða hefur verið bent á að samkeppni við erlenda aðila sem flytja bifreiðar sínar til landsins yfir háannatímann til að aka erlendum ferðamönnum hafi aukist á undanförnum árum og gert innlendum rekstraraðilum hópferðabifreiða erfitt fyrir. Ef frv. verður að lögum mun það jafna samkeppnisskilyrði milli þeirra innlendu og erlendu aðila í sömu starfsemi hérlendis.

Til þess að koma í veg fyrir skyndileg áhrif á innflutning og óeðlilegar sveiflur hjá rekstraraðilum er í frumvarpinu lagt til að endurgreiðsluheimildin gildi til ársloka 2003. Miðað er við september árið 2000 með hliðsjón af því að á þeim tímapunkti er mesti annatíminn í tengslum við ferðamannaiðnaðinn og hópferðaakstur að baki og rekstraraðilar í greininni farnir að hefja undirbúning að nýju rekstrarári.

Endurgreiðslunni er ekki aðeins ætlað að taka til bifreiða sem fluttar eru inn fullbúnar heldur einnig til smíði slíkra bifreiða að fullu eða að nokkru leyti hér á landi.

Rétt er að árétta að í frumvarpinu er tekið fram að endurgreiðsluheimildin nái ekki til almenningsvagna (strætisvagna) enda er tillögunni eingöngu ætlað að koma til móts við þann umhverfis- og öryggisvanda sem stafar af úreltum hópferðabifreiðaflota landsins. Með almenningsvögnum er átt við almenningsvagna sem eru í áætlunarferðum samkvæmt fyrirframákveðinni tímaáætlun í þéttbýli gegn fyrirframákveðnu gjaldi.

Samkvæmt upplýsingum frá samtökum ferðaþjónustunnar mun meðalverð á nýrri hópferðabifreið, fyrir 18 farþega eða fleiri, vera á bilinu 15–20 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu mun endurgreiðsla virðisaukaskatts af 18 millj. kr. hópferðabifreið nema tæpum 3 millj. kr. Árið 2000 voru fluttar inn 17 nýjar rútur og mun samkvæmt þeim tölum árleg endurgreiðsla virðisaukaskatts nema u.þ.b. 50 millj. kr. Gera verður þann fyrirvara við þessar tölur að erfitt er að sjá fyrir hversu mikið innflutningur hópferðabifreiða eykst verði frumvarpið að lögum en gera verður ráð fyrir töluverðri aukningu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. [20:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt þar sem gert er ráð fyrir því að endurgreiða $^2/_3$ af virðisaukaskatti á ákveðnum bílum með ákveðnar aflvélar á ákveðnum tíma. Þetta minnir því miður töluvert mikið á tilskipanir fyrri tíma. Hinn alvaldi kóngur sá að eitthvað gekk illa, einhver atvinnurekstur gekk ekki og þá var brugðið á það ráð að lækka á honum tolla og sjá hvort hann hresstist ekki.

Fjmrn. hefur komist að því að hópferðabifreiðafloti landsmanna er orðinn óeðlilega gamall og það þykir fjmrn. slæmt og ákveður að lækka tolla á þeim flota svo hann megi yngjast og hressast. Það sem gerist þegar skattar eru orðnir of háir, herra forseti, er að viðkomandi atvinnurekstur annaðhvort deyr drottni sínum, flytur til útlanda eða fer undir yfirborðið og myndar skattsvik. Og þar sem erfitt er að smygla hingað rútum og menn geta ekki náð í þær til útlanda eins og þeir gera sem fara í verslunarferðir til Glasgow, þá deyr atvinnureksturinn eða rúturnar verða afskaplega gamlar. Það skyldi þó ekki vera, herra forseti, og það er spurning mín til hæstv. fjmrh., hvort virðisaukaskatturinn sé hreinlega ekki of hár, bara almennt á allt atvinnulífið. Hvort allt atvinnulífið, sérstaklega ferðaþjónustan mundi ekki hressast heilmikið ef skatturinn yrði lækkaður því það er ekki bara á rútum sem virðisaukaskattur er hár og niðurdrepandi heldur líka á málsverði sem túristar kaupa og alls konar þjónustu í landi en hún fer náttúrlega eins og kunnugt er stundum undir yfirborðið og verður svört og þar er það hægt, en ekki með rúturnar.

Ég vil því leggja til að í staðinn fyrir að vera með svona tilskipanastíl þar sem hæstv. fjmrh. gefur undanþágu hér og þar, sem hefur reyndar ekki verið mikið um sem betur fer, verði skoðað hvort ekki sé ástæða til að kanna það a.m.k. að lækka virðisaukaskattinn og sjá hvað gerðist. Sérstaklega ef það skyldi nú gerast að þenslan minnkaði og jafnvel kæmi einhver smásnertur af kreppu, þá mættu menn gjarnan hafa það í huga að lækka virðisaukaskattinn til að reyna að gefa atvinnulífinu nýja vítamínsprautu.

En hér er lagt til að ákveðnar bifreiðir sem eru með ákveðnum vélum sem eru fjmrn. þóknanlegar borgi rúmlega 8% virðisaukaskatt í staðinn fyrir 24% á ákveðnu tímabili, sem verður náttúrlega til þess að allur flotinn verður endurnýjaður á þessu tímabili fram til ársins 2003 og ég

reikna jafnvel með því að tekjur ríkissjóðs muni vaxa. Það verði þvílíkur innflutningur að 8% muni gefa ríkissjóði meiri tekjur en 24% hingað til.

[20:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér eru engar tilskipanir á ferð. Hér er einfaldlega um að ræða venjulegt frv. sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar eða breytinga eftir atvikum. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að að vissu leyti er um óvenjulegt mál að ræða. Það er frekar óvenjulegt að fara þessa leið til að koma til móts við ákveðna aðila sem eru í erfiðleikum.

Þetta er að sjálfsögðu gert í góðu samráði við greinina. Það er alveg ljóst að það er eitthvað mikið að í greininni þegar svo er ástatt um tækjaflota eins og raun ber vitni, og ríkisvaldið er fyrir sitt leyti tilbúið til að koma til móts við þá aðila á þennan hátt í vissan tíma til þess að leggja sitt af mörkum.

Ég fagna síðan almennum hugleiðingum þingmannsins um skattheimtu og virðisaukaskatt. Auðvitað væri það ákjósanlegt ef hægt væri að lækka virðisaukaskattinn eins og flesta aðra skatta. Hann er reyndar langstærsti tekjustofn ríkisins. Af honum fáum við um það bil 40 kr. af hverjum 100 sem renna í ríkissjóð þannig að það er meira en að segja það að ætla að lækka hann svo einhverju nemi en ég bendi þó á að það var gert varðandi tiltekna vöru fyrir nokkrum árum, að því er varðar matvæli, og sú breyting gaf, held ég, afskaplega góða raun og það hefur ábyggilega hjálpað til að draga úr því sem hann kallaði svarta atvinnustarfsemi. Við erum áreiðanlega bandamenn í þessu máli eftir því sem svigrúm fyrirfinnst í því efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1066.

[20:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir frv. til laga um breyting á gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Meginefni frv. er að lögfesta ýmsar gjaldtökuheimildir er tengjast starfsemi utanríkisþjónustunnar, en fram til þessa hefur þær heimildir verið að finna í reglugerð nr. 353/1999, um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Samhliða er lagt til að lögfestar verði heimildir til gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir er byggjast á reglum Schengen-samstarfsins sem Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarétti til að fylgja.

Jafnframt eru nokkrar minni breytingar gerðar svo sem vegna útgáfu vegabréfa til öryrkja þar sem lögð er til samræming á gjaldtökunni til þeirra í átt við það sem tíðkast með aldraða og einnig er gert ráð fyrir því að tekið verði sérstakt gjald fyrir leyfisveitingar vegna skoteldasýninga og skipulagðra brenna, en lögregluembætti landsins hafa talsverða fyrirhöfn af slíkum leyfisveitingum.

Helstu nýmælin eru þau sem fram koma í 5. og 6. gr. frv. Í 5. gr. eru gerðar breytingar á 14. gr. aukatekjulaganna þar sem m.a. koma til skjalanna 12 nýir töluliðir sem allir tengjast þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Í 4.–15. tölul. b-liðar 5. gr. frv. er verið að heimila gjaldtöku fyrir aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli og fyrir ýmsar tegundir af vegabréfsáritunum vegna Schengen-samstarfsins. Í flestum tilvikum eru vegabréfsáritanir gefnar út af erlendum sendiráðum á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert en í undantekningartilvikum eru gefnar út áritanir hér á landi og því er nauðsynlegt að hafa gjaldtökuheimild í lögunum.

Við ákvörðun á fjárhæð gjaldsins var tekið mið af Schengen-reglum þannig að það er samræmd gjaldtaka á Schengen-svæðinu og þær upphæðir sem hér er um að ræða miðast við ákveðnar upphæðir í evrum talið.

Með 6. gr. frv. er verið að bæta við nýjum kafla í lögin um aukatekjur ríkissjóðs en þar er eins og ég áður nefndi verið að heimila gjaldtöku fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita. Í öllum tilvikum taka tillögurnar í 6. gr. mið af þeirri gjaldtöku sem mælt er fyrir um í hinni gildandi reglugerð sem ég áður gat um, nr. 353/1999, um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Lagt er til að gjaldtakan samkvæmt reglugerðinni verði færð í lögin um aukatekjur ríkissjóðs eins og eðlilegt verður að teljast.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[20:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins eitt lítið atriði sem ekki kemur fram í frv. og ég hef nefnt áður. Það er leyfi til að stofna hlutafélög sem að mínu mati er skattur á nýsköpun, 75 þús. kr. fyrir einkahlutafélag og 150 þús. kr. fyrir hlutafélag að mig minnir. Hvenær hyggst hæstv. fjmrh. breyta þessu gjaldi þannig að það standi undir kostnaði en sé ekki tekjulind fyrir ríkissjóð? Mér finnst alveg ástæðulaust að ríkissjóður sé að skattleggja nýsköpun.

[20:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að hér er ekki fjallað um gildandi gjaldtökuheimildir í lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Hér er um að ræða nokkrar viðbætur eða samræmingu, t.d. að því er varðar vegabréf til öryrkja en að öðru leyti er um að ræða nýja hluti sem ekki hafa verið í lögunum en þarf að setja í lögin.

Ég man ekki nákvæmlega frekar en þingmaðurinn allar gjaldskrárnar úr þessum lögum. Þar kennir auðvitað ýmissa grasa þar sem verið er að úthluta fólki alls kyns leyfum og þess háttar. Vel má vera að þessi gjöld séu 75 þús. kr. fyrir einkahlutafélag og 150 þús. fyrir leyfi fyrir hlutafélag. Ég hygg að í tengslum við stofnsetningu fyrirtækja þyki þetta almennt talað ekki háar fjárhæðir en það verður líka að hafa það í huga að gjaldtaka af þessu tagi má ekki vera svo lág eða lítil að menn taki hana ekki alvarlega og stofni að nafni til til einhverra fyrirtækja sem er ekki nokkur alvara með. Ég býst við því að eitthvað slíkt hafi legið að baki þeirri gjaldtökuupphæð sem þingmaðurinn er að vitna hér til eftir minni og ég er að svara eftir minni.

Hins vegar er þessi gjaldtaka eldri en svo að hún hafi komið til í ráðherratíð núv. ráðherra. Hún á sér lengri forsögu eins og flest þau gjöld sem er að finna í þessum lögum um aukatekjur ríkisins.

[20:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá sem eru með stór fyrirtæki munar ekkert um þessi gjöld en þar liggur nýsköpunin ekki. Nýsköpunin liggur hjá litlu fyrirtækjunum. Hjá einstaklingunum sem eru að stofna t.d. prjónastofur eða ég get ekki nefnt það einu sinni, alls konar lítil fyrirtæki, þá munar um 75 þús. kr. fyrir utan allan hinn kostnaðinn, öll smágjöldin sem koma hingað og þangað. Sumir hafa sagt við mig að þeir geri ekkert annað en borga skatta fyrstu mánuðina eftir að þeir stofna fyrirtæki.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að skoða þetta atriði því að stóra aðila munar ekkert um þetta en litla aðila munar um það og þar er vöxturinn. Ég vil benda á, og aftur samkvæmt minni, að ég tel að að meðaltali kosti 75 dollara að skrá fyrirtæki í Bandaríkjunum og það er afskaplega lipurt og til eru aðilar sem bjóða þá þjónustu fyrir 45 dollara að skrá fyrirtæki hvar sem er innan Bandaríkjanna innan klukkutíma eða tveggja tíma. Það er kannski skýringin á því hve bandarískt efnahagslíf er öflugt að það er svo auðvelt að skapa nýsköpun þar. Ég skora á hæstv. fjmrh. að skoða hvort ekki sé ástæða til að hætta þessari skattlagningu á nýsköpun jafnvel þó hún hafi verið lengi við lýði og tekin upp af forseta lýðveldisins þegar hann var fjármálaráðherra.

[20:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna orðaskipta sem fóru fram milli hæstv. ráðherra og hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það er nefnilega til þál. Alþingis frá 1992 eða 1993 um aukatekjur ríkissjóðs og ríkisstofnana. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann kannist ekki við þá ályktun. Í henni er kveðið á um að ekki megi innheimta hærri gjöld en svarar til þess kostnaðar sem að baki liggi þeim gjöldum sem hér um ræðir. Það hefur tekið býsna langan tíma að koma þessari ályktun til framkvæmda ef svo er ekki enn og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra fari yfir það og skoði nákvæmlega í ráðuneyti sínu hvort þessi ályktun Alþingis er komin til framkvæmda og ef ekki, að hann geri þá ráðstafanir til að þeirri ályktun verði hrint í framkvæmd. En hún var alveg skýr hvað þetta varðar, að ekki bæri að innheimta hærra gjald en þann kostnað sem lægi að baki þeirri þjónustu sem ríkið veitir og kveðið er á um í þessum lögum.

[20:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég man vel eftir þessari þál. sem ég hygg að hv. þm. hafi sjálfur haft frumkvæði að að flytja hér. Ég þakka honum fyrir að rifja hana upp og ég skal fara að ábendingum hans og kanna hvar það mál er á vegi statt.

En ég skal jafnframt játa að ég hef ekki leitt hugann að þessari þál. síðan við ræddum aukatekjur ríkissjóðs síðast sem hefur sennilega verið á síðasta eða næstsíðasta þingi. En ég mun skoða það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1067.

[20:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytngum. Þau lög voru nýlega gefin út í heild sinni með breytingum og eru nú nr. 6 frá 6. febúar 2001.

Megintilgangur þessa frv. er að samræma útgáfu árlegrar fasteignamatsskráar þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um tekjustofna sveitarfélagaa á síðasta haustþingi. Þar var m.a. ákveðið að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra 31. desember. Fasteignamat ríkisins gefur því út skrá um gildandi fasteignamat þann dag.

Hins vegar skal stofnunin samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna gefa út fasteignamatsskrá 1. desember ár hvert þar sem nýtt framreiknað fasteignamat er birt opinberlega. Með þessu frv. er lagt til að sameina útgáfudag þessara tveggja skráa og hafa hann 31. desember. Það fer vel saman við almenna upplýsingagjöf á sviði fjárhagsmálefna að miða við stöðu í árslok frekar en 1. desember.

Í frv. er jafnframt annað efnisatriði þar sem lagt er til að Fasteignamat ríkisins fái heimild til að taka einstaka eign til endurmats að eigin frumkvæði. Samkvæmt núgildandi lögum geta þeir sem hafa hagsmuni af mati eignar gert kröfu um endurmat. Slík krafa er í langflestum tilvikum sett fram af eiganda, í sumum tilvikum sveitarfélagi og hugsanlega fjmrn. Brýnt er að stofnunin geti samræmt mat þar sem hún verður ósamræmis vör, t.d. íbúða í sama fjöleignarhúsi eða hliðstæðra eininga í atvinnuhúsnæði. Jafnframt skapar þetta stofnuninni svigrúm til endurmats þar sem fasteignamat er í ósamræmi við gangverð eða þegar endurmeta þarf eignir vegna sérstakra ástæðna, t.d. náttúruhamfara og er þar nærtækt að nefna þau hús sem urðu fyrir tjóni á Suðurlandi í jarðskjálftunum síðasta sumar.

Í þriðja lagi er í þessu frv. kveðið á um málsmeðferð beiðnar um endurmat sem stafar frá öðrum fasteignaeiganda ef stofnunin telur forsendur vera til breytinga á fasteignamati. Þar er leitast við að tryggja að málsmeðferð sé ávallt í samræmi við meginreglu stjórnsýslulaga um skyldu stjórnvalds til að tilkynna aðila að mál hans sé til meðferðar hjá því og veita honum kost á að neyta andmælaréttar.

Herra forseti. Fleira er ekki um þetta mál að segja og ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:39.

108. FUNDUR

föstudaginn 6. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 987. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1002. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1050. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Opinber innkaup, stjfrv., 670. mál, þskj. 1048. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1049. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1062. — 1. umr. (Atkvgr.)
13. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1063. — 1. umr. (Atkvgr.)
14. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1064. — 1. umr. (Atkvgr.)
15. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1065. — 1. umr. (Atkvgr.)
16. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066. — 1. umr. (Atkvgr.)
17. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067. — 1. umr. (Atkvgr.)
18. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054. — 1. umr.
19. Leigubifreiðar, stjfrv., 633. mál, þskj. 1010. — 1. umr.
20. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1011. — 1. umr.
21. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012. — 1. umr.
22. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971. — 1. umr.
23. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 597. mál, þskj. 950. — 1. umr.
24. Úrvinnslugjald, stjfrv., 680. mál, þskj. 1059. — 1. umr.
25. Spilliefnagjald, stjfrv., 681. mál, þskj. 1060. — 1. umr.
26. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211, nál. 951. — 2. umr.
27. Lækningatæki, stjfrv., 254. mál, þskj. 281, nál. 918, brtt. 919. — 2. umr.
28. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322, nál. 929, brtt. 930. — 2. umr.
29. Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), stjtill., 447. mál, þskj. 713, nál. 990. — Síðari umr.
30. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 504. mál, þskj. 791, nál. 937. — 2. umr.
31. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822, nál. 988. — 2. umr.
32. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288, nál. 961. — 2. umr.
33. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 293, nál. 958. — 2. umr.
34. Barnalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 377, nál. 959. — 2. umr.
35. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 314, nál. 960. — 2. umr.
36. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 620. mál, þskj. 993. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Kl. 1.30 í dag, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um skipulag flugöryggismála. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Þá vill forseti tilkynna að atkvæðagreiðsla verður kl. tvö í dag að lokinni utandagskrárumræðunni.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Loðnukvóti, 690. mál, fsp. KLM, þskj. 1069.

Reikningsskil og bókhald fyrirtækja, 691. mál, fsp. KLM, þskj. 1070.

Reynslulausn, 564. mál, svar dómsmrh., þskj. 1007.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1054.

[10:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið breyting á löggjöf seðlabanka fjölmargra landa. Megineinkenni þessara breytinga er að markmið seðlabanka hafa verði einfölduð og þeim veitt aukið sjálfstæði til að beita tækjum sínum til að ná þeim markmiðum sem þeim eru sett. Einnig hafa verið gerðar ríkar kröfur um að peningamálastefna bankanna sé gagnsæ og að starfsemi þeirra og reikningsskil séu aðgengileg almenningi og stjórnvöldum. Þessi þróun öll hefur þótt

gefa góða raun og alþjóðastofnanir sem meta m.a. lánshæfi ríkja leggja á það áherslu að lög um seðlabanka endurspegli þær áherslur sem hér hefur verið lýst.

Seðlabanki Íslands var fyrir skömmu fluttur til innan stjórnkerfis ríkisins, fluttur frá viðskrn. til forsrn. Sú ástæða var fyrir flutningnum að Seðlabankinn gegnir lykilhlutverki í efnahagsstjórninni og því eðlilegt að bankinn heyri undir það ráðuneyti sem ber ábyrgð á stjórn efnahagsmála í landinu. Af ráðnum hug voru ekki gerðar aðrar breytingar á lögum um bankann að svo komnu máli en jafnframt tilkynnti ég þá að fyrir dyrum stæði endurskoðun á seðlabankalögunum eins og hv. þm. muna. Slík endurskoðun var tímabær þar sem miklar breytingar hafa orðið á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamarkaði frá því að núgildandi lög voru sett árið 1986.

Í nóvember sl. var skipuð nefnd til þess að semja frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Formaður nefndarinnar var Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsrn., en aðrir nefndarmenn voru Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi alþingismaður, og alþingismennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Vilhjálmur Egilsson. Nefndin hefur nú lokið störfum sínum og skilað því frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem hér er lagt fram. Rétt er að taka fram að Seðlabanki Íslands fylgdist náið með undirbúningi málsins og hafði reyndar frumundirbúninginn með höndum og hefur lýst mikilli ánægju með frumvarpsdrögin eins og kunnugt er.

Í meginatriðum gerir frv. ráð fyrir að gerðar verði hliðstæðar kröfur til Seðlabanka Íslands og gerðar eru til annarra seðlabanka sem þykja standa framarlega hvað varðar gagnsæi og fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum. Veigamestu breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir eru að starfsemi Seðlabanka Íslands verði sett skýrt markmið um að tryggja stöðugt verðlag. Þetta markmið er valið í ljósi þess að verðbólga er fyrst og fremst peningalegt fyrirbrigði. Það er margt sem getur valdið tímabundinni verðbólgu en veruleg og viðvarandi verðbólga er hins vegar afleiðing ófullnægjandi aðhalds í peningamálum. Til langs tíma hefur stefnan í peningamálum því áhrif á verðlag en minni áhrif á hagvöxt og atvinnu.

Þar sem seðlabankar hafa í aðalatriðum aðeins eitt stjórntæki, þ.e. vexti, og geta aðeins náð einu þjóðhagslegu markmiði til langs tíma, er eðlilegt að meginmarkmið peningastefnunnar sé stöðugt verðlag. Þetta þýðir ekki að þetta markmið sé mikilvægara en t.d. markmið um hagvöxt eða fulla atvinnu heldur einfaldlega að stjórntæki peningamála henti betur til að hafa áhrif á verðlag. Tilgangslítið er að setja peningastefnunni markmið sem hún getur ekki náð.

Reynsla gefur einnig til kynna að slík markmiðssetning geti leitt til verri árangurs í stjórn peningamála en ella. Með verðstöðugleika geta peningamálin með framsýnni stefnumótun lagt sitt af mörkum til að stuðla að stöðugu efnahagsumhverfi sem er undirstaða vaxtargetu hagkerfisins til langs tíma. Í þessu sambandi skiptir máli að skilningur hefur vaxið á nauðsyn þess að festa í lög stefnu sem miðar að verðstöðugleika. Með því ávinnst það að mun erfiðara verður að bregða út af stöðugleikastefnu í peningamálum fyrir skammtímahagsmuni.

Ákvörðun um það verðbólgumarkmið sem bankanum yrði sett samkvæmt lögunum er í höndum ráðherra. Það er eðlilegt að slík ákvörðun sé í höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa sem þurfa síðan að standa almenningi skil gerða sinna í kosningum. Þegar verðbólgumarkmið hefur verið ákveðið og því lýst yfir opinberlega hefur bankinn vald til að beita stjórntækjum sínum á þann veg sem duga þykir til að tryggja að sett markmið náist. Verði ágreiningur á milli stjórnvalda og Seðlabankans um markmið peningamálastefnunnar hefur Seðlabankinn alla möguleika á að lýsa opinberlega ágreiningnum og afstöðu sinni til hans. Í núgildandi lögum er sérstaklega kveðið á um að bankastjórn Seðlabankans hafi rétt til að lýsa slíkum ágreiningi. Engu að síður beri bankanum að vinna að því að tryggja að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur markað nái fram að ganga. Sú breyting verður nú að Seðlabankanum er gert skylt að stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem bankinn telji það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu. Fellt er út ákvæði um að bankanum sé heimilt að lýsa ágreiningi sínum enda er það nú óþarft.

Á það er að líta að Seðlabankinn hefur á undanförnum árum tekið upp þá stefnu að gera opinberlega reglulega grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum. Með útgáfum sínum stuðlar bankinn mjög að opinni og upplýstri umræðu um peningamálastefnuna og er það vel.

Ákvörðun um val á gengisstefnu verður tekin að fengnu samþykki ráðherra. Þetta er í samræmi við núgildandi lög um Seðlabankann en hafa ber í huga að val á gengisstefnu verður að vera í samræmi við meginmarkmið stefnunnar í peningamálum. Með þessum hætti er vald og sjálfstæði Seðlabankans einnig aukið.

Veigamikil breyting er gerð frá ákvæðum núgildandi seðlabankalaga að því er varðar heimild ríkissjóðs til lántöku í bankanum. Seðlabankanum verður óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum slík lán. Slík lántaka hefur verið heimil samkvæmt núgildandi seðlabankalögum. Óheftur aðgangur ríkissjóðs að fyrirgreiðslu í Seðlabankanum hefur án efa átt sinn þátt í óstöðugleika og mikilli verðbólgu sem hér ríkti fram undir lok níunda áratugarins.

Á árinu 1992 var gerður samningur á milli fjmrh. og Seðlabanka Íslands um að ríkissjóður hætti að yfirdraga reikninga sína í Seðlabankanum og mundi þaðan í frá mæta fjárþörf sinni með uppboðum á ríkisverðbréfum á markaði. Þessi samningur hefur verið endurnýjaður þrisvar síðan og á sinn þátt í því að hér á landi tókst að skapa þann stöðugleika sem ríkti á síðasta áratug liðinnar aldar.

Með þessari breytingu yrði staðfestur í lögum sá mikilvægi áfangi sem varð með samkomulagi fjmrh. og Seðlabankans á árinu 1992 og seðlabankalögin að þessu leyti færð í sama horf og í flestum eða öllum öðrum iðnríkjum auk fjölda annarra ríkja. Þetta er mikilvægur þáttur í að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði bankans og stuðla að eðlilegri vaxtamyndun í landinu auk þess að koma í veg fyrir þensluhvetjandi fjármögnun á fjárþörf ríkissjóðs.

Samhliða því að gerðar eru breytingar á markmiðum Seðlabankans og möguleikum hans til að uppfylla þau verða samkvæmt fyrirliggjandi frv. gerðar nokkrar breytingar á stjórnskipulagi bankans. Yfirstjórn Seðlabankans er áfram í höndum forsrh. og bankaráðs en stjórn bankans verður að öðru leyti í höndum bankastjórnar. Bankastjórar bankans verða áfram þrír en verða samkvæmt frv. skipaðir til sjö ára í senn í stað fimm áður. Einungis verður heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Bankastjórarnir verða skipaðir af ráðherra sem skipar formann bankastjórnarinnar sérstaklega. Formaður stjórnarinnar verð-

ur talsmaður bankans opinberlega. Bankastjórnin mun hafa ákvörðunarvald í peningamálum og þarf hún ekki að ráðfæra sig við ráðherra við ákvarðanir um hvernig hún hyggst beita stjórntækjum bankans.

Til þess að tryggja að ætíð séu viðhöfð fagleg vinnubrögð við mótun á framkvæmd peningastefnunnar þykir rétt að festa í lög ákvæði um að sérstakar starfsreglur gildi um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnarinnar í peningamálum. Nauðsynlegt er að tryggja að ákvarðanir bankastjórnarinnar séu reistar á faglegum grunni og að peningastefnan sé gagnsæ og sýnileg ríkisstjórn sem almenningi. Ekki er þó gert ráð fyrir að skylt sé að birta frásagnir af umræðum á fundum þegar ákvarðanir í peningamálum eru teknar.

Fjölgað verður í bankaráði Seðlabankans úr fimm í sjö. Þessi breyting endurspeglar aukið eftirlitshlutverk bankaráðsins. Með því að fjölga í ráðinu breikkar samsetning þess og líklegra að fleiri sjónarmið komist að við umfjöllun í bankaráðinu. Hlutverk bankaráðsins er skilgreint í frv. og þar koma fram þau atriði sem bankaráðinu ber að fjalla um og taka um ákvarðanir. Engu að síður er ástæða til að á fundum bankaráðs verði fjallað um mál sem eru til athugunar hjá bankastjórn, sérstaklega varðandi stefnuna í peningamálum. Sú breyting verður nú að bankaráðið velur sér sjálft formann í stað þess að ráðherra skipi hann.

Að viðbættum þeim breytingum sem nú þegar hefur verið gerð grein fyrir tel ég rétt að geta í nokkru tveggja annarra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir. Fyrst er þar að nefna að í frv. er það nýmæli að fjallað er sérstaklega um hlutverk Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara. Í gildandi seðlabankalögum er ekkert ákvæði sem beinlínis kveður á um að Seðlabankanum sé heimilt við sérstakar aðstæður að veita lánastofnunum fyrirgreiðslu umfram þá sem fellur undir regluleg viðskipti.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þegar sérstaklega standi á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins geti hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða lán til að koma í veg fyrir t.d. bankakreppu. Sérstaklega er tekið fram að bankinn veiti ekki aðstoð til gjaldþrota lánastofnana eða lánastofnana með eiginfjárstöðu undir löglegum mörkum. Aðstoðin er takmörkuð við lánastofnanir sem lenda í vandræðum vegna lausafjárstöðu. Lánastofnanir sem t.d. uppfylla ekki skilyrði um lágmarks eigið fé verða að leysa sín mál með nýju hlutafé.

Síðara atriðið er ég tel rétt að vekja athygli á snýr að ráðstöfun hagnaðar af starfsemi Seðlabankans. Frv. gerir ráð fyrir að hærra hlutfall af hagnaði Seðlabankans skuli greitt í ríkissjóð en gert hefur verið samkvæmt núgildandi seðlabankalögum. Hlutfallið hækkar úr helming í $^2/_3$ hluta hagnaðar. Þessi ákvæði taka þó einungis gildi ef eigið fé bankans í lok reikningsárs svarar til að lágmarki 2,25% af heildarfjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins. Sé því marki ekki náð mun bankinn einungis greiða þriðjung hagnaðar síns í ríkissjóð.

Sú ástæða er fyrir þessari tilhögun mála að nauðsynlegt er að tryggja að Seðlabankinn búi jafnan yfir ákveðnu lágmarks eigin fé til að hafa styrk til að gegna hlutverki sínu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að sterk tengsl eru milli eiginfjárþarfar seðlabanka og þeirrar gengis- og vaxtaáhættu sem hann býr við. Fullyrða má að vegna smæðar íslenska hagkerfisins og sveiflna í efnahagsstarfseminni þurfi Seðlabanki Íslands að ráða yfir sterkari eiginfjárstöðu en seðlabankar í stærri ríkjum sem ekki sæta sömu sveiflum. Sé tekið tillit til rekstrarkostnaðar bankans og þess að bankinn sé undir það búinn að mæta sveiflum í hagkerfinu fyrirvaralaust má gera ráð fyrir að auka þurfi eigið fé bankans um nær 14 milljarða kr., úr 22 milljörðum við árslok árið 2000 í 35–36 milljarða kr.

Herra forseti. Eins og rakið hefur verið hér að framan gerir frv. ráð fyrir grundvallarbreytingum í starfsemi Seðlabanka Íslands og hlutverki hans við efnahagsstjórn. Þessar breytingar eru svo viðamiklar að ríkisstjórnin sá ástæðu til að ákveða að sú skipan mála sem frv. gerir ráð fyrir tæki gildi þegar við kynningu hennar á ársfundi bankans í lok síðasta mánaðar. Af því tilefni var samþykkt sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnar og bankans um að starfað skyldi í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í frv. Ástæða þessa var að efnahagslíf landsmanna og þá sérstaklega fjármálamarkaðurinn gat ekki búið við þá óvissu sem ella hefði orðið.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur þegar lýst yfir ánægju með þær breytingar sem eru að verða á starfsemi Seðlabanka Íslands. Í yfirlýsingu sem gefin var út í síðustu viku kemur fram að sjóðurinn telji að breytingin muni leiða til meiri stöðugleika í efnahagslífi hér á landi í framtíðinni. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að þessar breytingar munu reynast heilladrjúgar fyrir land og þjóð. Seðlabankinn býr nú við þennan samning og með þessu lagafrv. þegar að lögum verður munum við búa við starfsumhverfi sem er eins og gerist meðal þeirra þjóða sem hvað best hafa komið þessum málum fyrir. Það má því ætla að íslenska hagkerfið styrkist við þessa breytingu og þá um leið styrkist krónan á gjaldeyrismörkuðum.

Ég vil leyfa mér í lok þessa inngangs að málsmeðferð málsins hér á þinginu að færa nefndarmönnum þeim sem að málinu komu þakkir fyrir störf þeirra, mikla eindrægni í nefndinni og eins þeim sérfræðingum af hálfu Seðlabankans og forsrn. sem með nefndinni störfuðu fyrir þeirra drjúga hlut að samningu þessa frv.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. að á undanförnum árum hafa verið gerðar miklar breytingar á lögum um seðlabanka í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Það stafar af því að ríkari kröfur hafa verið gerðar um gagnsæi seðlabanka og auknar kröfur um að þeir greini almenningi frá röksemdum fyrir ákvörðunum sínum. Þetta hefur gefið ákaflega góða raun og hefur leitt til þess að ríkisstjórnir hafa almennt náð betri tökum á verðbólgu. Þetta er ekki hvað síst ástæðan fyrir því að menn ráðast í þær veigamiklu breytingar sem hér eru lagðar til á lögum um Seðlabankann.

Frv. gerir í reynd ráð fyrir grundvallarbreytingum á Seðlabankanum en í öllum meginatriðum má segja að þær séu í samræmi við þá stefnu sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa sett fram um nokkurt skeið. Ég vil taka fram strax í upphafi að við styðjum meginefni þessa frv. Hins vegar er óhætt að segja að við höfum í sumum efnum viljað ganga örlítið lengra í að gera Seðlabankann sjálfstæðan. Ég kem betur að því seinna en ég á þar einkum við þær breytingar

sem gerðar eru á yfirstjórn bankans. Við teljum að þar hefði mátt ganga svolítið lengra.

Eins og hæstv. forsrh. benti á er meginbreytinguna að finna í 3. gr. frv. Þar er Seðlabankanum sett það höfuðmarkmið að stuðla að stöðugu verðlagi. Þar með er í reynd horfið frá því sem hefur verið aðal peningastefnunnar til þessa sem fólst í eins konar fastgengisstefnu. Ákvörðunin um vexti verður hins vegar áfram í höndum hinna lýðræðislega kjörnu fulltrúa, þ.e. vaxtaákvörðunin er tekin í samráði við hæstv. forsrh. sem fulltrúa ríkisstjórnarinnar og bankastjórnarinnar. Í reynd er stefnan áfram mörkuð af hinum lýðræðislega kjörnum fulltrúum og það er vel. Það er síðan Seðlabankans, í krafti þess sjálfstæðis sem honum er veitt með þessu frv. ef að lögum verður, að fylgja eftir þessum markmiðum landstjórnarinnar með þeim tekjum sem honum eru búin.

Aðrar eðlisbreytingar á stjórn og skipulagi Seðlabankans sem lúta allar að sjálfstæði hans í framhaldi af þessari ákvörðun eru afleiddar breytingar af breyttu markmiði peningastefnunnar. Ég er þeirrar skoðunar, eins og kom fram í umræðum á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum vikum, að ákvörðun ríkisstjórnar og Seðlabanka um að afnema vikmörk á gengi krónunnar og taka þess í stað upp verðbólgumarkið, væri skynsamleg og besti kosturinn við aðstæðurnar sem við búum núna við í þjóðarbúskapnum. Með þessum breytingum eru hin formlegu vikmörk gengisstefnunnar endanlega afnumin og segja má að þetta sé rökrétt framhald af þeirri þróun sem hófst árið 1995 þegar vikmörk gengisstefnunnar voru víkkuð úr 2,25% í 6% og síðan aftur í ±9% snemma á síðasta ári.

Í afnámi vikmarkanna felst að Seðlabankinn miðar ekki lengur peningastefnu sína við að halda gengi krónunnar stöðugu. Það mun í meginatriðum ráðast á markaði hér eftir án sérstakrar íhlutunar Seðlabankans þó hann muni auðvitað, eins og hæstv. forsrh. benti á, sökum þess hversu gengi myntarinnar er mikilvægt fyrir lítið hagkerfi eins og okkar, fylgjast náið með þróun þess og bregðast við eftir því sem hann telur nauðsynlegt til að ná markmiðum peningastefnu sinnar.

Það hafa verið færð sterk rök fyrir því í umræðu síðustu daga að fyrri stefna, þar sem markmiðið var að halda genginu innan ákveðinna vikmarka, hafi orðið til þess að meginstjórntæki bankans, þ.e. vextirnir, hafi ekki virkað sem skyldi í umhverfi frjálsra fjármagnsflutninga sem við búum við. Þeir sem störfuðu á fjármagnsmarkaðnum litu á vikmörkin sem ákveðna opinbera gengistryggingu og þegar vaxtamunur milli Íslands og viðskiptalandanna fór umfram ákveðin mörk má segja að skapast hafi fyrir þá hvati til þess að hagnast á þessum vaxtamun, taka lán erlendis og endurlána innan lands á hærri vöxtum. Þetta jók að sjálfsögðu þensluútlán og raskaði stöðugleika á fjármálamarkaðnum. Þannig má færa ákaflega sterk rök fyrir því að vaxtahækkunin hafi ekki náð að slá á þensluna sem skyldi.

Þetta var reifað ákaflega vel, herra forseti, í nýútkomnu riti Þjóðhagsstofnunar, Þjóðarbúskapnum, þar sem þessi vandi Seðlabankans var brotinn til mergjar. Þar segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Annars vegar hefur bankinn beitt háum vöxtum til aðhalds en hins vegar notað gengisviðmið sem markmið. Markaðsaðilar hafa litið á þetta sem ákveðna „gengistryggingu" og fyrir vikið hafa þeir séð mikil hagnaðartækifæri í þeim vaxtamun sem hefur verið milli Íslands og annarra landa. Þetta hefur örvað erlenda lántöku og þegar til lengri tíma er litið grafið undan þeim ávinningi sem hverju sinni hefur náðst til lækkunar verðbólgu. Háir vextir virka ekki til fulls nema að óvissa um þróun gengisins komi í veg fyrir að innlendir aðilar reyni í ríkum mæli að hagnast á vaxtamuninum."

Herra forseti. Þessi breyting á peningastefnunni hefur tekið mið af þeim aðstæðum sem ríktu á markaðnum. Ég tel að þetta hafi verið ákaflega farsæl og skynsamleg niðurstaða. Fræðilega má segja að það séu aðrir kostir fyrir hendi í peningamálum en verðbólgumarkmiðið og afnám vikmarka gengisins. Einn af þeim er náttúrlega fastgengisstefna með tengingu við öflugan gjaldmiðil og þá hefur tenging við evruna helst komið til umræðu. Aftur á móti eiga lítil og opin hagkerfi eins og okkar erfitt með að halda uppi einhliða fastgengisstefnu af eigin rammleik. Það blasir líka við að annars konar tenging við evruna er ekki raunhæfur kostur núna. Aðild að Evrópusambandinu er forsenda trúverðugrar tengingar af því tagi og sá kostur er ekki uppi nákvæmlega í stöðunni í dag. Einnig hafa verið leidd rök að því að tenging við evruna sé óheppileg á meðan mikilvæg viðskiptasvæði, t.d. Bretland, Danmörk og Svíþjóð hafa ekki tekið upp hinn nýja gjaldmiðil. Ef minni mitt brestur ekki má segja að við þessi þrjú lönd séu u.þ.b. 65% af okkar utanríkisviðskiptum.

Með því að taka upp markmið sem miðast við verðlag og miða peningamálastjórnunina við að verðbólgan fari ekki um fram 2,5% er stuðlað að stöðugleika í efnahagslífinu og það er að sjálfsögðu undirstaða vaxtagetu hagkerfisins til langs tíma. Að því leyti tel ég að þessi breyting sé ákaflega jákvæð fyrir hagkerfið til langs tíma.

Verðbólgumarkmiðin sem Seðlabankinn tekur nú upp í samráði við hæstv. forsrh. gera ráð fyrir því að 2,5% verðbólga geti samrýmst þeim markmiðum til langs tíma sem sett eru af landstjórninni um stöðugt verðlag. Þetta er svipað og önnur ríki hafa sett sér. Flest þeirra hafa að vísu sett sér 2% viðmið. Bretland hefur þó valið að miða við 2,5%. Önnur ríki fjarlægari hafa jafnvel verið með enn hærri viðmið. Ég tel að í ljósi þess, eins og bent hefur verið á í greinargerðum frá ríkisstjórninni eða Seðlabankanum, sé þetta farsæl niðurstaða, ekki síst í ljósi þess að Bretland er okkar helsta viðskiptaland. Þar er verðstöðugleikinn skilgreindur heppilegur sem 2,5% verðbólga. Peningamálastefnan virkar þá þannig í raun að Seðlabankinn gerir verðbólguspá miðað við óbreytta stefnu í peningamálum. Sé spáð verðbólgu utan marka þessa verðlagsmarkmiðs þá er það skylda bankans að bregðast við með aðgerðum í peningamálum.

Það má svo fallast á það með þeim sem að þessum málum koma að e.t.v. sé óraunhæft að gera ráð fyrir því að Seðlabankinn hér á landi hafi svo fullkomna stjórn á verðbólgu að hann geti öllum stundum haldið henni við þessi yfirlýstu mörk. Þótt að jafnaði sé stefnt að 2,5% þá hefur stefnan ákveðið svigrúm. Það er gert ráð fyrir þolmörkun upp á 1,5% fyrir verðbólgumarkmiðið, þ.e. að verðbólgan geti sveiflast milli 1 og 4% og á fyrstu skeiðum þessarar nýju stefnu er jafnvel gert ráð fyrir víðari mörkun. Þessi þolmörk eru einnig jákvæð að því leyti að þau gefa færi á skammvinnum frávikum frá verðbólgumarkmiðum sem gætu verið heppileg við ákveðnar aðstæður. Það getur t.d. verið æskilegt að hleypa tímabundnum kúfum í framboði út í verðlag til að koma í veg fyrir óþarflega miklar sveiflur í hagvexti og atvinnu. Þannig má segja að þessi þolmörk, eins og þau eru kölluð, gefi Seðlabankanum talsvert svigrúm til að vinna að því að jafna sveiflur í atvinnu og hagvexti, auðvitað að

því marki að hann telji að það ógni ekki meginmarkmiðum peningastefnunnar um verðstöðugleika.

Í öðrum iðnríkjum eru þessi þolmörk hins vegar yfirleitt þrengri. Þau eru að jafnaði ±1%. Fróðlegt væri að heyra það frá hæstv. forsrh. hvers vegna við förum ekki svipaða leið og önnur ríki. Hvernig stendur á því að þolmörkin eru víðari hér en gerist í öðrum löndum?

Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um hafa á allra síðustu árum átt sér stað verulegar breytingar á stöðu og skipulagi ýmissa seðlabanka. Ég get í því sambandi nefnt t.d. breytingar á Japansbanka, seðlabankanum í Svíþjóð og Englandsbanka. Ég nefni sérstaklega Englandsbanka vegna þess að sú leið sem hæstv. forsrh. og Seðlabankinn ákváðu að fara núna tekur talsvert mið af því sem gerðist í Bretlandi. Hæstv. forsrh. taldi að til þess að eyða óvissu á markaði þyrfti að hrinda þessum breytingum í framkvæmd hið fyrsta. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. Ég er sammála honum í því. Það var gert með þeim hætti að því var lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að þessar breytingar væru fyrirhugaðar. Þetta er nákvæmlega sama aðferð og Tony Blair og Gordon Brown, forusta Verkamannaflokksins í Bretlandi beitti þegar hún tók við völdum fyrir nokkrum árum. Út af fyrir sig má segja að æskilegt væri að hæstv. forsrh. horfði meira til jafnaðarmannaflokka Evrópu varðandi stjórn landsins en bara í þessu tiltekna atriði.

Þó að ýmislegt hafi borið á milli í breytingunum sem gerðar voru á þessum þremur seðlabönkum sem ég nefndi má eigi að síður finna í þeim öllum sterkan samhljóm. Í meginatriðum gengu breytingarnar út á að bönkunum var veitt sjálfstæði til að ákveða skammtímavexti. Þetta vald, hjá þessum þremur bönkum, er falið peningastefnunefndum sem í eiga sæti seðlabankastjórar, varaseðlabankastjórar, háttsettir hagfræðingar, háttsettir yfirmenn og ýmsir þeir sem telja má sérfræðinga í málinu en starfa ekki endilega innan viðkomandi banka. Í peningastefnunefnd Englandsbanka eiga t.d. sæti níu meðlimir, seðlabankastjórinn, tveir varaseðlabankastjórar, aðalhagfræðingur, yfirmaður peningamálaaðgerða og fjórir hagfræðingar sem tengjast rannsóknastofnunum háskóla eða öðrum fræðasetrum. Þessar nefndir taka ákvarðanir um vextina.

Ég held, herra forseti, að í frv. sem við erum að ræða hér hefði mátt ganga lengra í þessa átt. Ég er þeirrar skoðunar að það sem hefði betur mátt fara sé einkum þrennt: Í fyrsta lagi er ég ósammála hæstv. forsrh. um að það eigi að vera þrír bankastjórar. Ég tel að við hefðum átt að stíga skrefið til fulls og hafa einungis einn bankastjóra. Ég tel sömuleiðis nauðsynlegt að í lögunum séu ákvæði um hæfniskröfur til seðlabankastjóra. Í þriðja lagi er ég þeirrar skoðunar að til þess að dreifa þessu valdi og tryggja undirstöðu ákvarðana sem tengjast vaxtamálum hefði átt að fara að dæmi þeirra þriggja seðlabanka sem ég hef hér nefnt og taka upp peningastefnunefnd sem hefði haft vaxtaákvörðunina innan sinna vébanda.

Þetta eru þær breytingar, herra forseti, sem ég tel að hið háa Alþingi eigi að velta fyrir sér í umfjöllun sinni um þetta mál.

Þar sem hæstv. forsrh. kemur inn í umræðuna aftur á síðari stigum þá rifja ég upp að ég hef spurt hann einnar spurningar um þolmörk verðbólgunnar. Ég vil líka inna hann eftir því hvers vegna hann telur æskilegt að hafa þrjá bankastjóra en ekki einn.

[11:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fjöllum við um frv. um Seðlabanka Íslands. Það felur í sér grundvallarbreytingar á lögum um Seðlabankann en ekki er þar með sagt að það feli í sér miklar og afgerandi breytingar á starfsháttum Seðlabankans því að hann hefur að mörgu leyti verið að breyta starfsháttum sínum á undangengnum árum og að hluta til er verið að laga lögin að þessum breyttu starfsháttum. Engu að síður felur þetta frv. í sér grundvallarbreytingar.

Gerð er ítarleg grein fyrir þessum breytingum í greinargerð með frv. og segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Breytingarnar sem felast í þessu frv. til laga um Seðlabanka Íslands þýða að meginmarkmið stefnunnar í peningamálum verður hið sama og annars staðar, hliðstæðar kröfur verða gerðar til Seðlabanka Íslands og gerðar eru til annarra seðlabanka um gagnsæi og fagleg vinnubrögð við mótun og framkvæmd stefnunnar í peningamálum, bankanum verður veitt sjálfstæði til þess að beita tækjum sínum til þess að ná meginmarkmiði laganna og fjárhagslegt sjálfstæði hans eykst við að lokað verður í lögum fyrir möguleika ríkissjóðs á fjármögnun í Seðlabankanum. Á alþjóðavettvangi hefur mikið verið lagt upp úr þessum atriðum í mati á löggjöf seðlabanka. Að frv. samþykktu mundu lögin um Seðlabanka Íslands því líta vel út á þá mælikvarða sem lagðir hafa verið á slík lög á undanförnum árum."

Hér erum við sem í ýmsum öðrum efnum að laga okkur að því sem hinir gera og að sönnu verður ekki hjá því komist að taka mið af þeim hræringum sem eru að gerast með öðrum þjóðum. Það hafa t.d. verið færð góð rök fyrir því að afnema vikmörk á gengi krónunnar og þá með hliðsjón af breyttu umhverfi, frjálsu flæði fjármagnsins.

Færð hafa verið rök fyrir því í umræðum um peningamálastefnuna að höldum við genginu innan ákveðinna vikmarka eins og gert hefur verið, þá hafi það ekki haft tilætluð áhrif í þessu nýja umhverfi. Aðilar á fjárhagsmarkaði hafi þannig litið á vikmörkin sem eins konar gengistryggingu og þegar vaxtamunur milli Íslands og viðskiptalandanna hafi farið umfram ákveðin mörk þá hafi skapast hvati fyrir markaðsaðila að hagnast á vaxtamuninum. Þeir hafa tekið lán erlendis og endurlánað síðan innan lands á hærri vöxtum. Þetta hefur síðan aukið á útlánaþenslu og raskað stöðugleika á fjármálamarkaði. Þetta finnast mér vera rök sem er vissulega vert að horfa til.

Hins vegar er sú grundvallarbreyting sem er að verða, ekki aðeins hér heldur líka annars staðar, ekki tilefni til mikilla fagnaðarláta af minni hálfu. Ég skal alveg játa það. Á 4. áratug aldarinnar, þegar menn tóku fyrir alvöru að smíða velferðarkerfi, það mun hafa gerst á millistríðsárunum, mun það einhvers staðar hafa verið fest í stjórnarskrá landa að hverjum manni bæri rétturinn til fullrar atvinnu. Út á þetta gekk efnahagsstjórn víða í grannlöndum okkar og þar á meðal einnig á Íslandi. Allt kapp var lagt á að byggja upp velferðarþjónustuna og kapp var lagt á að tryggja fulla atvinnu. Þegar efnahagslífið tók að öðru leyti sveiflur beitti ríkisvaldið og þar með Seðlabankinn, sem var hluti af því, öllum tiltækum ráðum til að verja þessa grunnþætti, velferðarþjónustuna og atvinnustigið í landinu.

Tækin sem ríkisvaldið hafði til þessa voru stjórn á verðlagi gjaldmiðilsins, stjórn á gengi krónunnar. Annað stjórntæki voru vextirnir og í þriðja lagi átti ríkisvaldið jafnan kost á því að pumpa fjármagni inn í efnahagskerfið ef gangverk

þess hægði um of á sér. Til þess gat ríkisvaldið snúið sér m.a. til Seðlabankans sem gat veitt ríkissjóði tímabundið lán og sem síðan var veitt út í atvinnulífið, hjól atvinnulífsins snerust örar, eftirspurn jókst, atvinnustigið hækkaði. Þetta eru gamalkunn ráð.

Þetta hafði ýmsa neikvæða þætti í för með sér. Þensla sem varð þannig til byggðist iðulega á verðsprengingu, aukinni verðbólgu. Meira var prentað af peningaseðlum sem var beint út í þjóðlífið og menn deildu iðulega um hvort hér væri um vanhugsaða skammtímaráðstöfun að ræða en hún hafði engu að síður iðulega tilætluð áhrif. Þessi efnahagsstefna, sem hefur verið orðuð við Keynes, Roosewelt og „new deal" í Bandaríkjunum, byggðist á þessari hugsun m.a.

Nýir siðir hafa hins vegar verið að ryðja sér til rúms og í stað þess að breyturnar í efnahagslífinu verði verðbólgustigið þá er núna komin ný breyta til sögunnar og það er atvinnustigið. Seðlabankar víðs vegar í Evrópu og ríkisstjórnir í Evrópu hafa verið að setja í lög um banka sína og hinn evrópski gjaldmiðill byggir einnig á þeirri hugsun að aðeins eitt markmið skuli menn hafa að leiðarljósi og það er verðbólgan. Það er stöðugt verðlag. Þetta eina markmið eigi að verða alls ráðandi og það er það markmið sem er kveðið á um í frv. sem er um að ræða hér. Öll önnur markmið eiga að vera víkjandi. Að vísu segir í greinargerð með frv. og einstökum greinum þess að atvinnustigið skipti máli. Það segir t.d. í athugasemdum við 3. gr., með leyfi forseta:

„Önnur markmið, svo sem um fulla atvinnu og hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta, eru jafnan mikilvæg markmið efnahagsstjórnar stjórnvalda. Í frv. felst hins vegar viðurkenning á því sem lýst er í almennu athugasemdunum að framan að stjórntæki peningamála henta best til þess að hafa áhrif á verðlag. Því er eðlilegt að setja þeim meginmarkmið í þeim efnum fremur en markmið sem stjórntæki þeirra duga illa eða ekki til þess að ná."

Það kann að vera mikið til í þessu en ég er að leggja áherslu á að atvinnustigið er þarna orðið víkjandi markmið. Menn trúa því að með því að treysta þann grundvöll sem efnahagskerfið hrærist í, með því að tryggja því stöðugleika í verðlagi muni það leiða af sér hærra atvinnustig, blómstrandi efnahagslíf. En það hefur vikið sem eitt af meginmarkmiðunum sem festa skuli í lög. Það er verðstöðugleikinn sem skal núna settur í lög, enda segir annars staðar í greinargerð með frv. efst á bls. 12, með leyfi forseta:

„Að sama skapi hefur skilningur vaxið á nauðsyn þess að festa stefnu verðstöðugleika í lög. Með því ávinnst það að mun erfiðara verður að bregða út af stöðugleikastefnu í peningamál um fyrir skammtímahagsmuni."

Hverjir gætu þessir skammtímahagsmunir verið? Það er atvinnuleysi. Þó þau gleðilegu tíðindi berist frá Evrópu að atvinnuleysi hafi minnkað mikið á síðustu missirum eru engu að síður tæplega 14 millj. manna á Evrópusambandssvæðinu án atvinnu. Í sjálfu Evrópusambandinu er þessi tala heldur lægri, 11,8 millj., tæpar 12 millj. manna eða um 8% en á því svæði sem vísað er til í þeim gögnum sem ég hef aflað mér og talað er um sem Eurozone, þá er talan 13,7 millj. manna, tæplega 14 millj. manna. Þetta er breytan sem er núna komin inn í þessi efnahagskerfi, inn í það markaðsefnahagskerfi sem verið er að smíða. Menn fagna því að sjálfsögðu allir þegar atvinnustigið hækkar, dregur úr atvinnuleysi, en svo vanir eru menn orðnir atvinnuleysinu og svo mikið eru menn farnir að sætta sig við það að það er nánast ekki fréttnæmt að tæplega 14 millj. manna á Evrópusambandssvæðinu skuli vera atvinnulausar. Það er í þessu samhengi sem mér finnst rétt að skoða þessi mál, að Seðlabankanum er núna og verður núna óheimilt að hlaupa undir bagga með ríkisvaldinu til að þjóna skammtímahagsmunum eins og ég vísaði til sem eru þá m.a. þeir að pumpa fjármagni inn í atvinnulífið tímabundið til þess að örva hjól þess og gangverk allt. Þetta finnst mér mikilvægt að komi fram við þessa umræðu.

Að öðru leyti eru þessi lög nokkuð skýr. Þótt sjálfstæði Seðlabankans sé aukið er ekki þar með sagt að hann þurfi ekki að taka tillit til þeirrar stefnu sem lýðræðislega kjörin stjórnvöld fylgja. Engu að síður eru markmiðin þessi. Þau eru orðin mun þrengri en áður var og það er dregið úr möguleikum lýðræðislegra kjörinna stjórnvalda að hafa áhrif og beita stjórntækjum sem áður voru í höndum ríkisvaldsins.

Þar ég kannski kominn að byrjuninni aftur. Seðlabankinn hefur verið að laga sig að þeim breytingum sem hafa átt sér stað annars staðar án þess að hann sé knúinn til þess með lögum. Mér fannst það umhugsunarefni á sínum tíma þegar ríki Evrópusambandsins voru í samræmi við Maastrichtsáttmálann að bisa við að hlíta þeim skilyrðum sem þar voru sett til að geta tekið upp sameiginlegan gjaldmiðil. Þá var Ísland sennilega eitt ríkja sem fullnægði þeim skilyrðum sem sett voru. Þau skilyrði voru m.a. að hlutfall skulda hins opinbera ætti að vera undir tilteknu marki — ég held að það hafi verið 60% af landsframleiðslu — að verðbólgustigið ætti að vera lágt og ætti að vera stöðugt. Það hafði verið það þegar þessi umræða fór fram, á milli 2 og 3%. Það var helst á sviði vaxtanna sem við vorum veik á svellinu því að vaxtastigið hefur eins og kunnugt er verið hærra á Íslandi en annars staðar. Að því hefur hins vegar verið stefnt að reyna að ná vöxtunum niður.

Ég er að vekja athygli á því að hægt er að ná markmiðum sem maður setur sér án þess að vera knúinn til þess með lögum. Ég velti því fyrir mér þegar stjórnvöld eru að festa sig með þessum hætti með lögum hversu hyggilegt það er, hvort ekki sé heppilegra að hafa meira svigrúm í lögum til lýðræðislegra ákvarðana. Hins vegar geri ég mér fyllilega grein fyrir því að ríkisstjórnir vilja iðulega verja sig með lögum, þá gegn fólkinu. Þegar krafan kemur um innspýtingu í efnahagslífið við erfiðar aðstæður í efnahagslífinu, við mikið og vaxandi atvinnuleysi, þá vilja þær geta varið sig og sagt: Okkur er ekki heimilt að gera þetta samkvæmt lögum. Slíkt hefur verið mjög uppi í málflutningi evrópskra ráðamanna, hinna miklu jafnaðarmanna í Evrópu sem ríkisstjórnin er hvött til að taka sér hér til fyrirmyndar. Þegar þeir hafa verið með niðurskurðarsveðjurnar á lofti og verið að veikja og skera niður og höggva niður velferðarþjónustu um alla Evrópu á undanförnum árum þá hefur þeim þótt það mjög gott, það hefur verið þeim skálkaskjól að eiga stoð í samþykktum Evrópusambandsins, t.d. frá Maastricht. „Við verðum að ná ríkisskuldunum niður. Við verðum að einkavæða. Við veljum að selja mjólkurkýrnar. Við verðum að komast undir þau mörk sem Evrópusambandið setur okkur." Þannig hafa ákvæði af þessu tagi verið notuð beinlínis til þess að réttlæta niðurskurðinn og til þess að standast kröfur sem koma frá fólkinu þegar mótmæli eru höfð uppi.

Þessar vangaveltur fannst mér rétt að kæmu fram. Mér finnst margt í þessari lagasetningu vera skiljanlegt. Við erum að laga okkur að breytingum sem við ráðum ekki við hvort sem við erum sátt við þær eða ekki. Ég vísaði þar til gengisstefnunnar og hvaða áhrif það hefur haft þegar fjármagnseigendur, fólk, fyrirtæki og sjóðir sem eru að braska

með peninga hafa átt ákveðna tryggingu í gengi hvort sem það er fast eða innan tiltekinna vikmarka og hafa getað farið með peninga inn í landið og hagnast á miklum vaxtamun hér. Þetta er að sjálfsögðu óheilbrigt þótt hitt finnist mér alla vega skipta máli, að geta ráðið verðlagi á gjaldmiðli okkar og þá vísa ég í það sem ég hef sagt hér fyrr og hvernig við höfum beitt þessu tæki til verndar atvinnustiginu til að tryggja að sem flestir Íslendingar, helst allir, hafi fulla atvinnu.

[11:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. Það geri ég fyrst og fremst vegna þess að það er hluti af stefnubreytingu ríkisvaldsins, breytingu frá þeirri stefnu sem hefur verið undanfarin ár þar sem menn hafa með skammtímaaðgerðum í raun haldið uppi ástandi í fjármálalífi sem er óeðlilegt. Segja má að ríkisstjórnin hafi verið að hrekjast undan skref fyrir skref með því að hverfa frá þessari fastengisstefnu, fyrst með því að setja vikmörkin 6% og síðan að hækka þau og nú með því að afnema þau. Að mínu viti ber að fagna því vegna þess að þessi áhrif hafa verið að mörgu leyti óheppileg. Þau hafa valdið innflutningi á fjármunum sem menn hafa getað notað í fjármálakerfinu til að græða bókstaflega á hávaxtastefnunni sem hér hefur ríkt í skjóli þessara ráðstafana. Auðvitað hefði ekki gengið til lengdar að halda þessu áfram enda er atvinnulífið í landinu fyrir löngu farið að kveina undan gífurlega háum vöxtum og skuldasöfnun einstaklinga og heimila hefur verið sem aldrei fyrr. Það er ekki bara vegna eyðslu einstaklinganna. Það er líka vegna þessarar stefnu. Það er erfiðara að standa undir skuldum og menn hafa verið að lenda í því að skuldirnar hafa farið að bera æ meiri kostnað.

Það sem mér finnst kannski ástæða til að ræða um er þetta: Sú stefna sem nú er verið að taka upp er stefna sem tekur mið af aðstæðum til miklu lengri tíma og það er að mínu viti það sem skiptir mestu máli í stefnu af þessu tagi. Hún verður að taka mið af markmiðum sem ná lengra fram í tímann en hefur verið gert á undanförnum árum. Menn hafa vaknað til skilnings um þetta og þetta frv. og þær ráðstafanir sem búið er að kunngera og er í raun farið að fara eftir bera vott um að þarna hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að betra sé að hugsa lengra fram í tímann en gert hefur verið.

Ég segi fyrir mig að ég er ekki á sömu skoðun og hv. þm. Ögmundur Jónasson hvað það varðar að til lengri tíma litið sé þannig heppilegt fyrir atvinnulífið almennt að menn geti hleypt af stað einhvers konar verðbólguskotum til þess að bjarga atvinnulífinu frá atvinnuleysi á vissum tímum. Mér finnst það ekki skynsamlegar niðurstöður. Ég held að lántökur ríkisins með öðrum hætti séu heppilegri til þess að koma til liðs við atvinnuna á hverjum tíma og ríkisframkvæmdir sem hafa beðið séu betri til þess að auka spennu á vinnumarkaði ef þörf er á en ekki þau gömlu ráð sem áður voru til staðar og er nú verið að afnema. Ég vona að menn standi þar við sínar ákvarðanir, þ.e. eins og nú er stefnt að, að ríkissjóður hætti að geta aukið yfirdrátt í Seðlabankanum þegar menn hafa talið að þeir þyrftu á slíku að halda.

Markmiðið 1–3% verðbólga er gott. Ég bendi mönnum hins vegar á að þeir verða þá að hugsa til býsna langs tíma. Slíkt markmið getur ekki náðst á öllum tímum nema menn horfi dálítið fram á veginn og gefi sér þó nokkur ár þar sem verðbólga getur verið mismunandi há, en aðalmarkmiðið sé að halda meðaltalinu í þessu horfi. Þá er vel ef menn ná því. En það litla fjármálakerfi sem er í þessu landi hlýtur eðli máls samkvæmt að taka meiri sveiflum en þau fjármálakerfi sem eru í kringum okkur og það er örugglega miklu meiri vandi að stjórna verðbólgustiginu á Íslandi en í miklu stærri hagkerfum sem menn eru að bera sig saman við.

Með þessu er í raun verið að fækka stjórntækjum ríkisvaldsins og það var það nákvæmlega sem hv. þm. Ögmundur Jónasson var að kvarta hér undan. Ég tel reyndar að menn geti í staðinn nýtt sér önnur stjórntæki sem ég var að benda á áðan, framkvæmdir á vegum ríkisins og lántökur með öðrum hætti. Það ætti að geta hjálpað til til þess að koma til móts við atvinnulífið.

Mig langar að spyrja hæstv. forsrh. um það erlenda samstarf sem gert er ráð fyrir. Í hve miklu umfangi er verið að gera ráð fyrir því að Seðlabankinn geti tekið þátt í ráðstöfunum með öðrum seðlabönkum? Það þarf að skoða það og er eitthvað um það að segja við þessa umræðu hvað getur verið á ferðinni og hvers konar skuldbindingar og í hvaða stærðargráðum þær gætu orðið? Ég hef ekki þekkingu á þessu og tel ástæðu til þess að á hv. Alþingi komi fram hvað sé hér á ferðinni, hvað menn reikni með að þarna geti verið um að ræða.

Síðan langar mig til að taka undir að það hefði verið heppilegra að hér hefði verið tekin ákvörðun um einn stjórnanda, að það væri einn seðlabankastjóri. Ég lýsi líka yfir efasemdum um að þörf sé á að fjölga bankaráðsmönnum. Sjálfstæði bankans er aukið með þessu, að ég held, og í raun er verið að einfalda ákvarðanatöku með því og að sjálfu leiðir að seðlabankastjórarnir munu hafa meiri völd en þeir hafa núna og bankaráðið að mínu viti minni völd en það hefur núna einfaldlega vegna þess að búið er að afmarka betur starfsemi bankans. Því velti ég því fyrir mér hvort nokkur þörf sé á að fjölga mönnum í bankaráði.

Þetta eru mínar vangaveltur. Ég tel eftir yfirlestur á frv. að ekki sé ástæða til þess að gera verulega athugasemdir við þær hugmyndir sem hér eru um breytingar. Mig langar í lokin að nefna að mér finnst svolítið skondið í ljósi þeirra daga sem hafa verið að líða að á einum stað stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í núgildandi lögum er ákvæði um að bankastjórn Seðlabankans hafi rétt til að lýsa opinberlega verulegum ágreiningi við ríkisstjórnina og skýra skoðanir sínar."

Þetta ákvæði er tekið út og mér finnst dálítið undarlegt og skondið að lesa þetta í samhengi við það sem hefur verið að gerast þar sem opinberar stofnanir hafa ekki valið rétt orðalag til þess að setja fram sínar skoðanir. Það er eins og verið sé að koma því til skila að það sé rétt alla vega að vera ekki að setja Seðlabankann í þá áhættu að hann komi með einhverjar athugasemdir sem mönnum séu ekki þóknanlegar. Þetta er kannski orðhengilsháttur hjá mér. En ég sé ástæðu til þess að nefna þetta hér í ljósi þess sem hefur verið sagt um aðrar stofnanir sem hafa valið athugasemdum sínum orð sem ekki hafa þótt við hæfi.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. um annað, þ.e. um 9. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að Seðlabankinn hafi sjálfræði hvað það varðar að gefa út markaðsverðbréf. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ekki er í frv. gert ráð fyrir hömlum á framsal þessara verðbréfa. Ástæða þess er sú að hæfa þykir að Seðlabankinn hafi möguleika til þess að gefa út markaðsverðbréf til þess að tryggja greið viðskipti á innlendum verðbréfamarkaði ef

skortur verður á framboði verðbréfa annarra útgefenda, svo sem ríkissjóðs."

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta í raun að Seðlabankanum sé skylt að skaffa slíka pappíra á markaðinn og hver ákveður þá hve langt eigi að ganga í þessu efni og hvað Seðlabankinn geti haft mikið af slíkum pappírum á markaðnum, þ.e. hvað hann geti gengið langt í þessu?

Síðan langar mig til að nefna eitt í viðbót. Það er ákvæðið um að bankinn verði eins konar bakhjarl, verði lánveitandi til þrautavara við lánastofnanir. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra útfæra það svolítið nánar hvað þetta muni þýða fyrir bankann og hvort það sé þá þannig að þetta sé hlutverk Seðlabankans hvað varðar alla banka, allar fjármálastofnanir eða hvort hér sé eingöngu um að ræða stærstu starfandi fjármálastofnanirnar.

[11:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson segist ósammála mér um að verðbólguskot geti verið af hinu góða. Hann segist telja það heppilegri leið að ríkið eða ríkissjóður, sé þörf á að setja fjármagn inn í atvinnulífið, taki þá lán. Ég hallast að þeirri skoðun líka, að það sé heppilegri leið en sú gamla að prenta fleiri seðla.

Það sem ég finn að og vara við er að þeir afsali sér stjórntækjum og bindi sig á höndum og fótum með lagasetningum. Við erum að gera það á einu sviði. Það er verið að binda í landslög að verðstöðugleiki skuli tryggður og ákveðinni stofnun sé falið það verk.

Mér finnst verðstöðugleiki geta verið mjög æskilegt markmið. *Mér finnst verðbólga af hinu illa. En við* tilteknar aðstæður getur verið nauðsynlegt að forgangsraða. Mín forgangsröðun lýtur fyrst og fremst að því að styðja velferðarþjóðfélagið og atvinnustigið. Það getur verið nauðsynlegt, ég heyri að ég og hv. þm. erum sammála um það, að pumpa fjármagni út í atvinnulífið við tilteknar aðstæður til að tryggja þessi markmið.

Ég er ekki viss um að okkur greini á í grundvallaratriðum. Ég er eingöngu að finna að því að við séum með þessum hætti að festa okkur með lagasetningu. Ég tel mikilvægt að almannavaldið og fulltrúar þess hafi sem flest stjórntæki að grípa til. Síðan er önnur spurning hvernig þeim er beitt.

[11:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála því, það kom fram í mínu máli áðan, að nauðsynlegt sé að eiga þann möguleika að skrifa út af tékkaheftinu í Seðlabankanum. Menn geta valið aðrar leiðir en þá.

Ég held líka að stjórnvöld verði á hverjum tíma að setja markmið og fela Seðlabankanum að framfylgja þeim. Það þýðir í raun að auðvitað geta ríkisstjórn á hverjum tíma og Alþingi tekið ákvörðun um að breyta þessum markmiðum tímabundið, vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sem menn telja svo mikilvægar að þessi markmið verði að víkja fyrir þeim. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun sem menn þurfa að koma með inn á Alþingi og ríkisstjórnin þarf þá að lýsa því sérstaklega yfir að hún ætli sér tímabundið að víkja frá þessum markmiðum. Það er að mínu viti hægt að gera.

Ég held að þau markmið sem þarna eru sett séu skynsamleg. Ég endurtek hins vegar að menn þurfa samt sem áður að horfa nægilega langt fram í tímann og kippa sér ekki upp við það þó að á einhverjum tímum verði hærri verðbólga en þarna er vísað til.

[11:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að við skoðum þessi mál, ekki bara þetta frv. heldur mörg önnur, í ljósi breyttra áherslna í efnahagsstjórn í okkar heimshluta. Ein birtingin á þeirri stefnu er að binda í landslög að verðlagi skuli haldið lágu og stöðugu.

Á sama tíma hefur það verið að gerast á undangengnum árum og áratugum að önnur lög og önnur markmið eru felld úr gildi, þar á meðal rétturinn til vinnu. Ég var að vekja athygli á því að sú stefna sem fylgt hefur verið í Evrópusambandinu þar sem áhersla er lögð á slíka stefnu hefur ekki orðið til að uppræta atvinnuleysi nema síður sé. Það er breytan sem allir telja vart lengur vert að ræða um. Það fer afskaplega lítið fyrir umræðu um það í Evrópusambandsríkjunum að þar sé atvinnuleysi, að þar séu 14 millj. manna án atvinnu. Þessi markmið hafa verið tekin út úr lögum, út úr stjórnarskrám, og vikið fyrir öðrum markmiðum, þar á meðal verðlagsmarkmiðum. Ég er að hvetja til þess að við skoðum allar þessar breytingar í ljósi heildstæðrar stefnu.

[11:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er einfaldlega ekki þeirrar skoðunar að lág verðbólga sem langtímamarkmið sé andstæð markmiðum um fulla atvinnu. Ég held að það sé þveröfugt. Ég held að ef einum tekst að halda jafnvægi og stöðugleika í höfuðstaðnum til lengri tíma litið þá sé það besta tryggingin fyrir stöðugu og góðu atvinnulífi þar sem framboð á vinnu er sem allra mest.

Verðbólgu sem æðir áfram hefur líka fylgt atvinnuleysi sums staðar. Ég minni á ástandið í Finnlandi á sínum tíma. Ég held að þó að tekist hafi að halda uppi atvinnu á Íslandi með bullandi verðbólgu árum saman þá hafi það frekar verið undantekning en regla. Menn hafa býsna oft horft undrandi á þetta efnahagskerfi á Íslandi þar sem verðbólgan geisaði en samt var nóg að gera. Þetta var í raun velmegunarþjóðfélag í samanburði við önnur. En það er ekki það sem við viljum í dag. Ég tel að það sé ekki hægt stilla því þannig upp að við köstum fyrir róða markmiðum um að halda uppi fullri atvinnu og vernda rétt fólks til hennar á kostnað þess að hér sé verðstöðvun til lengri tíma litið.

[11:41]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur farið yfir sjónarmið Samfylkingarinnar varðandi þær breytingar sem hér eru lagðar til, sem að flestu leyti eru mjög jákvæðar. Mig langar þó til að bæta við örfáum spurningum áður en hæstv. forsrh. kemur til að svara athugasemdum þingmanna. Ég byrja á 3. gr. frv. þar sem fjallað er um meginmarkmið Seðlabanka Íslands, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsrh. er Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegum markmiðum verðbólgu. Ég tel það mjög jákvætt markmið, en síðan segir:

„Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr."

Í framhaldi af þessu langar mig að velta því upp hvort þá gildi ekki hið sama gagnvart ríkinu, þ.e. til þess að stuðla að því að þau markmið sem Seðlabankanum eru sett í þessu

frv., markmið sem hann þarf að vinna eftir, þá taki fjárlög ríkisins mið af þeim. Verður þá í framtíðinni tekin upp sú stefna að fjárlög séu lögð fram til lengri tíma en eins árs? Það er ljóst að fjárlög íslenska ríkisins á ári hverju skipta verulegu máli í þróun efnahagslífsins. Það er löngu tímabært að mínu mati að fjárlög íslenska ríkisins séu lögð fram til lengri tíma en eins árs í senn, bæði til þess að geta séð fyrir þróun efnahagslífsins umfram það sem er í dag og þá ekki síður fyrir þær stofnanir og fyrirtæki sem vinna á vegum ríkisins að gera áætlanir sínar. Telur hæstv. forsrh. ekki að það væri skynsamlegt að a.m.k. þingið og ríkisstjórnin setti sér það markmið að fjárlög verði lögð fram til lengri tíma en gert er í dag?

Í 23. gr. er fjallað um bankastjórn Seðlabanka og fjölda bankastjóra. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið, að bakastjóri Seðlabankans ætti að vera aðeins einn. En í 23. gr. segir:

„Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar."

Hver eru meginrökin fyrir þeirri afstöðu að það sé ekki skylda að auglýsa bankastjórastöður Seðlabankans lausar til umsóknar? Mér fyndust það eðlileg vinnubrögð í öllu tilliti, t.d. mætti vitna til laga um opinbera starfsmenn í því sambandi. Mér finnst eðlilegt að viðhafa slík vinnubrögð hverju sinni. Auðvitað stendur aðeins að það sé ekki skylt. Það má auglýsa. En það ætti frekar að vera meginreglan, að embættin væru auglýst hverju sinni.

Síðan tek ég varðandi bankaráðið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, að það séu í raun engin rök fyrir því að fjölga í bankaráðinu. Mér finnast ekki koma fram fullnægjandi skýringar á því í greinargerðinni, ef hæstv. forsrh. vildi fara aðeins ofan í það. Fyrst og fremst vil ég koma því á framfæri að möguleikar okkar á að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í frv. til laga um Seðlabanka og fara eftir því hvernig þau samtvinnast stefnu ríkisstjórnar í efnahagsmálum hverju sinni. Ég tel því mjög mikilvægt að stefnt yrði að því að fjárlög íslenska ríkisins verði lögð fram til lengri tíma en eins árs í senn.

[11:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. fyrir undirtektir þeirra og fróðlegar og málefnalegar ræður um þetta mikilvæga mál.

Ef ég vík að nokkrum þeim þáttum sem menn hafa fjallað um, og þá kannski í öfugri röð, taka það sem hefur verið nefnt síðast, þá er það svo vegna þess sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi að það mundi ekki vera í lögum Seðlabanka fjallað um slíka hluti sem lúta að fjárstjórn ríkisins eða fjárlagaumhverfinu yfirleitt. En það er alveg hárrétt að mínu mati hjá hv. þm. að þessi hin nýja skipan gerir kröfu til að markmið ríkisstjórnar á hverjum tíma í fjárlagaefnum séu skýr til lengri tíma horft og það sé aukin festa sem þar gildi enda yrði erfiðara fyrir Seðlabankann að ná þeim markmiðum sem honum er sett ef framganga ríkisvaldsins að öðru leyti í fjárlagalegum efnum væri óvæntum sviptingum háð, menn hefðu ekki lagt línurnar til lengri tíma.

Hitt er svo aftur annað mál sem við hv. þm. þekkjum að reyndin er sú að um þá þætti sem ákveðnir eru til lengri tíma er ákveðin tilhneiging til að þenja út útgjöld í síðari hluta áætlana. Þetta þekkjum við til að mynda í hafnaáætlunum og þetta þekkjum við í vegáætlun. Menn hafa aðeins tilhneigingu til þess, sem kannski er vonlegt, að belgja út síðari hluta slíkra áætlana og síðan hafa ríkisstjórnin, þingmeirihluti og einstök kjördæmi slegist töluvert harkalega við fjárlagagerð hverju sinni að varðveita þessar áætlanir í framkvæmdum er snúa til að mynda að flugvöllum, höfnum og vegagerð þannig að ekki er endilega víst að fjárlög til lengri tíma mundu hafa aukna festu í sér hvað þetta varðar.

Varðandi fjölgun í bankaráðinu þá telja menn að við þessa afmörkun sé rétt að hafa skýrari skil á milli bankastjórnarinnar annars vegar og bankaráðsins hins vegar og auka eftirlitshlutverk bankaráðsins. Í því sambandi var talið rétt í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta að fjölga í bankaráðinu. Það er ekki út af fyrir sig nein forskrift frá ríkisstjórninni eða frá forsrn. til nefndarinnar heldur verður það niðurstaða nefndarinnar og ég get alveg sætt mig við þá niðurstöðu og jafnvel þá niðurstöðu að nefndin kjósi sjálf formann bankaráðsins en ekki ráðherrann eins og nú er. Ég held að það sé út af fyrir sig til bóta.

Varðandi það hvort eigi að auglýsa sérstaklega stöðu seðlabankastjórans þá er það þannig að þessar stöður voru yfirleitt ekki auglýstar. Talið var heimilt að auglýsa þær ekki. Síðan tók einstaka ráðherra upp á því að auglýsa samt þó að það væri ekki skylt og var það oft fróðlegt og skemmtilegt. Heilu menntaskólarnir sóttu um til að undirstrika að stöður af þessu tagi væru ekki auglýstar þannig að mark væri á takandi enda eru slíkar stöður, hygg ég, aðeins auglýstar í einu landi og í því landi er út af fyrir sig gert ráð fyrir því að búið sé að ákveða þá stöðu fyrir fram, staðan sé þess eðlis. Það sé ekki ástæða til að vera að plata fólk með auglýsingum af þessu tagi.

Síðar kom á daginn við rannsókn lögspekinga á lögunum að þeir töldu að alltaf, alla tíð hefði verið skylt að auglýsa þessa stöðu samkvæmt lögum þannig að menn höfðu ekki fylgt lögunum hvað þetta varðaði og ekki auglýst og stundum auglýst eftir vilja ráðherrans. Þegar auglýst var, þá var algerlega ljóst, eins og menn þekkja, að búið var að ákveða þetta allt saman áður en auglýsingin var birt. Þetta vita allir menn. Þess vegna er þetta nánast hvergi, ég hygg það sé í einu landi, sem stöður af þessu tagi eru auglýstar. Ég held að það sé miklu hreinna og beinna að vera ekki með neinn leikaraskap í þeim efnum.

Þá kem ég inn á það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að, spurninguna um það hvort bankastjórar ættu að vera einn eða þrír. Þetta er spurning sem er fullkomlega eðlilegt að ræða og ég verð að segja að ég hef ekki neina sérstaka fasta skoðun á því yfirleitt hvort bankastjórar eigi að vera einn eða þrír. Í viðskiptabönkum hef ég þó talið að til lengri tíma sé kannski eðlilegt af því að þar sé um viðskiptalegar ákvarðanir að ræða að þar sé bankastjórinn einn, en í seðlabankastjórn þar sem er um hálfpólitískar, þ.e. efnahagspólitískar en ekki viðskiptalegar ákvarðanir að ræða, sé eðlilegra að fleiri fjalli um en áður. Til að mynda var nýverið fjölgað í bankastjórn seðlabanka Svíþjóðar úr þremur í sex, alveg í hina áttina, þannig að mér finnst gilda dálítið öðru máli um fyrirtæki, viðskiptabanka, en svo aftur seðlabanka þar sem menn eru að véla um slíka hluti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti meira að segja á það að til að mynda í Bretlandi er gagnvart meginákvörðuninni, sem snýr að vöxtunum, ekki einungis einn bankastjóri sem ræður og ekki einu sinni undirbankastjórarnir heldur aðrir sem þar koma að, þar á meðal fjórir — ég hygg að það sé rétt með farið hjá hv. þm. — fjórir sérfræðingar sem fjmrh. skipar. Þetta var vegna þess að breski fjmrh. réð áður algerlega

vaxtafærslum. Þetta var síðan fært til seðlabankans og menn vildu ekki færa það alveg í einu skrefi. Þeir höfðu þess vegna þetta milliráð þar sem fjmrh. skipar fjóra í ráðið.

Nú erum við að færa þetta vald til Seðlabankans, þá til bankastjórnarinnar, og mér fyndist of í lagt, a.m.k. fyrst í stað, um leið að ákveða að seðlabankastjóri skyldi vera einn þannig að allt þetta vald yrði fært í hendur á einum manni. Vel má vera að eftir einhver ár, 10–20 ár, telji menn eðlilegt að sú skipan haldist en mér finnst ekki óeðlilegt þegar maður fikrar sig í þessa áttina að auka vald Seðlabankans að færa það vald ekki allt í hendur í einum manni. Formaður bankastjórnarinnar fær formlega aukið vald, þ.e. hann er skipaður af ráðherra en ekki af bankastjórunum sjálfum eins og nú er reglan, að bankastjórarnir velji til þriggja ára í senn formann bankastjórnarinnar. Þetta hefur þó þýtt að formenn bankastjórnar hafa setið áratugum saman, það eru hæfir og ágætir menn. En nú er þetta gert með þessum hætti. Segja má að það sé ekki neitt stóraukið vald sem formaður bankastjórnar fær við þetta, það er aðallega formleg skipan og þá liggur það skýrar fyrir um þann tíma sem viðkomandi er ráðinn til starfans. Hér er til að mynda ákveðið að bankastjóri sé ráðinn til sjö ára en ekki fimm ára eins og gengur og gerist í kerfinu. Bankastjóri Seðlabankans var áður ráðinn til sex ára, síðan var því breytt í fimm ár með hinni almennu breytingu, en nefndin ákvað sjö ár. Reyndar kom í ljós, sem ég þekkti ekki til, að í þeim „kriterium" sem menn nota til að meta hvort seðlabankar séu sjálfstæðir eða ekki er horft til þess í stigagjöf um það efni til hve langs tíma seðlabankastjórar eru ráðnir. Því skemmri tími, því ósjálfstæðari seðlabanki, vegna þess að þá er ráðherrann sem er með skipunarvaldið talinn hafa bankastjórana frekar í hendi sinni en ella ef skipunartíminn er lengdur. Ég hafði út af fyrir sig gert ráð fyrir því að þetta yrði til fimm ára en nefndin ákvað að leggja til sjö ár, en sums staðar er þetta 8–10 ár varðandi bankastjóra. Þá eru um leið settar skorður við því hversu lengi menn geta setið í þessum stól.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á utan við sviga eins og ég skildi það um að nú væri felld úr lögum heimild Seðlabankans til að tjá sig sérstaklega, þá býst ég við að hv. þm. hafi nefnt þetta í hálfkæringi vegna þess að ástæðan fyrir þessari grein í lögunum var sú að seðlabankastjórum var skylt að fylgja ákvörðunum ríkisstjórnar þó að þær gengju þvert á sjónarmið bankans en við þær aðstæður máttu þeir lýsa sjónarmiðum sínum en síðan áttu þeir að fylgja því sem ríkisstjórnin ákvað. Nú er þessi aðstaða horfin. Þess vegna þarf ekki bankinn að útskýra sérstaklega samkvæmt heimild að hann sé á móti því sem ríkisstjórnin sé að gera þó hann eigi að fylgja því og þess vegna var fellt út það ákvæði sem þannig var tengt. Seðlabankinn hefur allar heimildir eftir sem áður til að tjá sig eins og hann kýs um efnahagsmál. En hann verður þá að sæta því eins og aðrar stofnanir að ef einhverjum, hver sem það er, finnst að orðalag í þeim efnum sé ekki við hæfi, þá sé það líka sagt. Við eigum ekki að gera stofnanir að einhverjum heilögum páfagörðum hér á landi. Mér finnst það ekki við hæfi.

Varðandi það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi um þolmörkin gagnvart verðbólgumarkmiðunum þá tel ég eðlilegt að á Íslandi þar sem efnahagslífið er sveiflukenndara en annars staðar séu þessi þolmörk aðeins víðtækari. Ég vek athygli á því að varðandi eiginfjármyndunina er röksemdin einnig sú sama, að eiginfjárþörfin sé aðeins meiri vegna þess að efnahagslífið sé sveiflukenndara en annars staðar er.

Út af fyrir sig er það rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi að mörg önnur mikilvæg markmið gilda í þjóðfélaginu og sem við sem stjórnmálamenn hljótum að hafa verulegan áhuga á og okkur hlýtur að greina á um eftir því hvar við skipum okkur í fylkingar og hver okkar sjónarmið og hugsanir kunna að vera. En það sem ég var að leggja áherslu á í þessu sambandi var þetta að ekki sé rétt að færa þessi stjórntæki Seðlabankanum, að fylgja eftir markmiðum öðrum en þeim sem hann getur með góðu móti framfylgt. Það segir ekki að ekki sé mikilvægt að stuðla að því að atvinnustig sé traust enda tel ég að það efnahagslíf sé ekki heilbrigt þar sem atvinnuleysi er til lengri tíma mjög mikið.

Hv. þm. nefndi atvinnuleysið í Evrópusambandinu og nefndi tölur milli 12 og 14 millj. manna. Þá vek ég athygli á því að í þeim tölum er yfirleitt miðað við það, eftir því sem ég best veit, að telja ekki þá sem eru eldri en sextugir eða í einhverjum tilfellum 63 ára með í atvinnuleysinu þannig að þessi tala er mun hærri ef miðað væri við fyrirkomulag okkar. Í annan stað detta þeir sem eru settir á margvísleg námskeið eftir einhverja tíma í atvinnuleysi út úr skráningunni líka þannig að það er til þess fallið að lækka þessar tölur. Atvinnuleysi er því miður í reynd hærra en hér gerist. Það er reyndar þannig, talandi um þenslu, að það er mat flestra hagfræðinga að atvinnuleysi sem er komið niður fyrir 3% eða svo sé orðið þensluskapandi í sjálfu sér. Þess vegna hafa hagfræðingar a.m.k. litið þannig á að atvinnuleysi sem er hjá okkur núna 1 $^1/_2$% sé mínus atvinnuleysi því það sé atvinnuleysi sem sé líklegt til að ýta undir örari kaupmáttarþróun og spennu á vinnumarkaði en það sem sumir hafa kallað heilbrigt atvinnuleysi og fer það orðalag í taugarnar á mjög mörgum.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi um samstarf við erlenda aðila er þetta fest niður í lögunum. Ekki er gert ráð fyrir að samstarf verði umfram það sem nú er við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, OECD og slíkar stofnanir. En það er sem sagt fest í þann lagaramma sem hér er að mestu leyti að þær heimildir eru fyrir hendi fyrir bankana að taka þátt í slíku.

Varðandi þrautavaraheimildir bankans til þess að greiða götu lánastofnana þá er þar um að ræða lánastofnanir almennt sem eru viðurkenndar í þjóðfélaginu sem þar geta komið til en einnig eru settar hömlur við því og það er ekki hugsunin sú að menn séu að bjarga sjálfstæðum bankastofnunum, hlutafélögum frá gjaldþroti eða þess háttar. Við slíkar aðstæður yrðu þær bankastofnanir að afla sér aukins fjár með útgáfu nýs hlutafjár. Á hinn bóginn er talið skynsamlegt að bankinn hafi heimildir til að grípa inn í til að forða holskeflum í bankaheiminum með tilteknum hætti. Ég held að það sé aðeins til að tryggja aukið öryggi á markaðnum og í fjármálaheiminum. Ég held að það sé til bóta.

Varðandi það sem spurt var um heimildir banka til að gefa út markaðsbréf við tilteknar aðstæður þá er þetta til þess fallið að styrkja skuldabréfamarkaðinn. Ríkissjóður hefur aðeins dregið sig út af markaðnum eða minnkað hlutdeild hans vegna þess að skuldastaða hans hefur batnað mjög mikið. Það er hins vegar almennt séð talið skynsamlegt fyrir heilbrigðan markað að bréf af þessu tagi séu til á markaði til að styrkja markaðinn og sú heimild sem er þarna fyrir hendi er einn þáttur í því efni.

Ég vona að ég hafi komið að flestum þeim spurningum og ábendingum sem voru nefndar. Ég ítreka þakkir mínar fyrir málefnalegar umræður.

[12:02]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að á köflum hefur farið af stað hálfgerður skrípaleikur þegar staða seðlabankastjóra hefur verið auglýst og veitt. Auðvitað á að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Ég hefði hins vegar talið skynsamlegra að fara hina leiðina, þ.e. að lögbinda að staðan skuli auglýst og að fram fari faglegt mat á umsækjendum í þessi mikilvægu störf.

Mér er ljóst að það er ekki í lögum um Seðlabankann hvernig staðið skuli að því að leggja fram fjárlög íslenska ríkisins. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að þær áætlanir sem lagðar hafa verið fram og jafnvel samþykktar hafa haft tilhneigingu til að þenjast út. Þingmenn mættu beita meiri ögun í umgengni og viðhorfum til áætlana sem gerðar hafa verið og samþykktar þinginu. En þegar við setjum okkur langtímamarkmið í efnahagsmálum, þarna erum við að setja markmið til mjög langs tíma, þá sé ég ekki annað en þróun fjárlaga íslenska ríkisins skipti þar verulega máli, ekki bara ríkisins heldur sveitarfélaga. Það er í lögum að sveitarfélag skuli gera þriggja ára áætlanir. Mér fyndist það eðlileg þróun í framhaldi af þeim markmiðum sem hér eru sett að samhliða væru lögð fram frumvörp þess efnis að við gerð fjárlaga hvers árs skyldi jafnframt birt þriggja ára áætlun. Það mundi örugglega styrkja efnahagsstjórn landsins í framtíðinni og koma til góða þeim stofnunum sem ríkið rekur hverju sinni. Ég tel þetta mikilvægt en geri mér auðvitað grein fyrir því að þessi áætlun yrði sjálfsagt endurskoðuð, a.m.k. á fjögurra ára fresti. Það er hins vegar eðli áætlana enda er ég ekki að tala um að þær séu formlega samþykktar.

[12:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur varðandi auglýsingar á störfum seðlabankastjóra. Eins og ég sagði hef ég reynt að koma þessum lagagrundvelli í sama horf og víðast hvar annars staðar, hafa hann sambærilegan. Aðeins í einu landi hefur mönnum dottið í hug að auglýsa þetta starf.

Ég minni á seðlabankastjóra Evrópuseðlabankans. Þar vissi enginn, þegar leiðtogarnir komu saman, hver yrði seðlabankastjóri. Það var ákveðið kl. 6 um nóttina og var svo sannarlega ekki auglýst í þá stöðu. Það er eðli málsins.

Ég man eftir því, sem borgarfulltrúi í gamla daga, að þá var stefna vinstri flokkanna sú að auglýsa ætti stöðu borgarstjóra. Það gerðu þeir svo sannarlega þegar þeir tóku við 1978. Síðan voru þeir í þrjár vikur að semja sín á milli um hver yrði borgarstjóri. Þegar þeir höfðu eftir hatrammar deilur komist að niðurstöðu, þá var staðan auglýst. Það var víst búið að segja frá því í blöðunum hver hefði orðið ofan á í samningaviðræðunum, en svo var staðan auglýst og sex eða sjö manns sóttu um. Ég spyr aftur: Hvern er verið að plata? Eigum við ekki að reyna að hafa þetta gegnsætt? Ég held að það sé afar þýðingarmikið.

Þriggja ára fjárlög sveitarfélaganna hafa því miður ekki hjálpað þeim til að halda vel aftur af sínum fjármálum. Eins og ég segi er tilhneiging til þess að setja meiri útgjöld á síðari hluta slíkra tímabila. Á hinn bóginn, ég tek undir það með hv. þm., er skynsamlegt að meginlínurnar og meginmarkmiðin séu rækilega kynnt og rædd við gerð fjárlaga hverju sinni þannig að t.d. þriggja ára markmið yrðu rædd ítarlega og kynnt. Þeim yrði auðvitað breytt frá ári til árs en hefðu leiðsögugildi fram í tímann. Ég held að það hefði þýðingu fyrir efnahagsmálin.

[12:06]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er hægt að hafa það gegnsætt þó að staðan sé auglýst og fram fari faglegt mat á umsækjendum. Sem betur fer þekkjast líka dæmi um hitt, að vel sé staðið að málum þegar staða er auglýst.

Ég kem enn og aftur til að lýsa þeirri skoðun minni að mikilvægt sé að sú breyting eigi sér stað á þinginu að við getum horft fram á lengri tíma áætlanir í fjármálum. Þar tel ég ekki endilega við ríkisstjórnir að sakast. Það hefur ekki síður, eins og hæstv. forsrh. kom inn á, verið afar erfitt að beita aga og láta þær áætlanir sem þó hafa verið gerðar haldast.

[12:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði réttilega að heilbrigt atvinnuleysi væri hugtakanotkun sem færi í taugarnar á mörgum. Ég er í þeim hópi. Í mínum huga er ekki til neitt sem heitir heilbrigt atvinnuleysi. Einn atvinnulaus maður er einum atvinnulausum of mikið. Atvinnuleysi er ekki aðeins slæmt fyrir einstaklinginn heldur einnig efnahagslífið. Atvinnuleysið dregur úr eftirspurn. Sömu áhrif hefur reyndar misskipting í þjóðfélaginu.

Ég vildi hins vegar taka undir og ítreka spurningu til hæstv. forsrh. varðandi auglýsingar á stöðum. Hæstv. forsrh. segir að við stöndum frammi fyrir tveimur valkostum: að auglýsa eða plata. Menn taka þann kostinn að hætta að auglýsa og telja sig þar með hætta að plata fólk. Þá á að gera þetta gegnsætt, segir hæstv. forsrh. Hverjar eru hinar gegnsæju reglur? Vistarverur Stjórnarráðsins hafa ekki reynst mjög gegnsæjar. Ég held að við séum ekki að gera þessi mál gegnsærri. Seðlabankastjóri og stjórnendur Seðlabankans eru ráðnir til langs tíma. Ríkisstjórnir sitja hér í stuttan tíma, fjögur ár í senn. Mér finnst eðlilegt að þessar stöður séu auglýstar og reynt sé að komast að niðurstöðu á faglegum nótum.

[12:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að nauðsynlegt sé að vel sé ráðið til þessara starfa. Ágreiningur minn við hv. þm. lýtur að því að ég tel að auglýsing sé ekkert hjálpartæki þegar kemur að stöðu af þessu tagi. Ég held að menn eigi að vera hreinskilnir og játa að sumar stöður eru þessa eðlis. Hið sama hlýtur að gilda hér á landi og annars staðar í heiminum. Slíkar stöður eru þess eðlis að það á ekki við að þær séu auglýstar. Aðilar sem ákváðu að auglýsa viðkomandi stöðu gerðu ekkert með þær auglýsingar, þó að þeir ákvæðu sjálfir að auglýsa til að fá klapp á bakið einhvers staðar fyrir að vera framsýnir og þess háttar.

Ég held að við eigum bara að viðurkenna að sumar stöður eru þess eðlis að í þær eigi ekki að ráða eftir auglýsingum. Það hefur ekki verið gert, jafnvel þó að menn hafi auglýst, og það er hvergi gert. Ég tel eðlilegt að hafa þar sama fyrirkomulag og annars staðar. Það er engin trygging fyrir því að hæfari menn fáist til starfa af þessu tagi þó að starfið sé auglýst.

Hitt er annað mál, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi, hvort setja eigi upp einhverjar reglur um hverjir fái að sækja um slíkar stöður, sækjast eftir slíkum stöðum og vera ráðnir í slíkar stöður. Ég veit að nokkrir hagfræðingar hafa viljað að slíkar stöður yrðu klæðskerasaumaðar utan um hagfræðinga. Ég tel að það eigi ekki við um Seðlabankann.

Ég held að þar gildi það sama og annars staðar í heiminum. Góðir og gegnir hagfræðingar geta haft hæfileika til að stýra þessum stofnunum en þar geta einnig komið til aðrir þættir. Ég tel ekki að það eigi að klæðskerasauma þessi störf sérstaklega utan um hagfræðinga heldur eigi allir að geta komið að því máli. Hins vegar verður það að vera mat þeirra sem ráða lyktum þeirra mála að í starfið veljist hæfir menn. Það skiptir sérstaklega miklu þegar áhrif Seðlabankans eru aukin.

[12:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að auglýsing er engin trygging fyrir faglegri ráðningu. Ég er aftur á móti að velta fyrir mér því hvort ekki sé rétt að við reynum að breyta afstöðu okkar til þessara mála, að þeir sem ráða seðlabankastjóra láti af þeirri venju sem hér hefur skapast að lofa tilteknum einstaklingum stöðurnar fyrir fram, stöðurnar séu auglýstar, öllum gefinn kostur á að sækja um þessar stöður og síðan sé í ljósi þeirra umsókna sem berast reynt að ráða hæfasta einstaklinginn. Ég veit að þetta hefur verið á þann hátt sem hæstv. forsrh. lýsir. Ég er að hvetja til þess að teknir verði upp nýir og breyttir hættir. Væri það ekki eðlilegra og að við hættum þá jafnframt að plata fólk?

[12:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki að menn misskilji mig. Ég tel það almenna og góða reglu að stöður séu auglýstar. Ég tók til að mynda upp þá reglu þegar ég var borgarstjóri, að neita mönnum um að sækja um með nafnleynd vegna þess að ég taldi að þetta ætti að vera öllum opið, ljóst og skýrt. Ég var varaður við því og mér sagt að fjöldi manna mundi ekki sækja um ef nafnleynd yrði rofin. Það gerðist aldrei því að ég lét þá vita að nafnleynd yrði rofin og það reyndist vel. Almennt séð tel ég að það eigi að auglýsa stöðu en ég tel líka að á því geti verið undantekningar. Það á við um stöðu af þessu tagi. Ég tel að hvort tveggja reynslan og verklagið annars staðar sanni að það á við í þessum efnum að slíka stöðu eigi ekki að auglýsa.

[12:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. segir að einhverjir hagfræðingar vilji endilega setja inn í svona lög ákvæði sem klæðskerasníði stöðu seðlabankastjóra fyrir þeirra stétt. Ég er ekki endilega viss um að það sé æskilegt en tel samt æskilegt að einhvers konar ákvæði séu þar inni um hæfni. Þau geta verið af öðrum toga en eingöngu strangvísindalega hagfræðilegum.

Af því að hæstv. forsrh. sagði að menn gætu þurft að gera annars konar kröfur til slíkra manna þá væri fróðlegt að vita hvers konar reynsla hann telur að geti t.d. réttlætt að menn séu settir í þessa stöðu.

Mér þótti líka fróðlegt að heyra hjá hæstv. forsrh. að hann er í sjálfu sér ekki í prinsippatriðum á móti því að seðlabankastjóri verði einn í stað þriggja. Hafi ég skilið hann rétt þá sagði hann að þegar fram liðu stundir kynni vel að vera að menn mundu vinda sér í slíkar breytingar. Hann sagði hins vegar að á þessu viðkvæma breytingastigi sem menn eru að fara í gegnum væri kannski of mikið á einn mann lagt að taka þær mikilvægu ákvarðanir sem þarf til þess að ná markmiðum peningamálastefnunnar sem hæstv. forserh. hefur markað í samráði við bankann. Það kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðherra, en þá spyr ég hann: Er þá ekki leiðin til að létta þessu oki af einum manni, jafnvel af þremur, greiðust með peningastefnunefnd sem tæki þá þessar ákvarðanir? Þá værum við ekki aðeins með hina bestu menn innan bankans heldur gætum við líka sótt til sérfræðinga utan bankans, háskólaprófessora eða eftir atvikum manna sem ekki eru hagfræðingar. Ef minni mitt brestur ekki eru einhverjir þeirra fjögurra sem sitja í peningastefnunefnd Englandsbanka ekki beinlís hagfræðingar heldur tengjast þeir með öðrum hætti peningavísindum.

[12:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég reyndi að færa rök að áðan þá tel ég að ástæðan fyrir þessari skipun til að mynda hjá Englandsbanka sé sú að fjármálaráðherrann, Gordon Brown, hafi ekki viljað ganga skrefið til fulls. Hann vildi ekki færa valdið til fulls til bankans og gera seðlabankann sjálfstæðan sem því næmi og þess vegna hafði hann þetta millistig þannig að það væri ekki bara bankinn sem kæmi að þessu heldur ýmsir aðrir aðilar, þar með taldir aðilar sem hann skipaði til að taka þátt í þessari ákvörðun. Ég tel að við göngum hins vegar lengra.

Ég nefndi líka varðandi fjölda bankastjóranna að ég teldi eðlismun á því hvort um væri að ræða viðskiptabankastjóra þar sem menn tækju viðskiptalegar ákvarðanir eða hvort um væri að ræða bankastjóra af því tagi sem er í seðlabanka þar sem menn eru að fjalla um efnahagspólitíska hluti. Ég vakti athygli á því að sums staðar annars staðar, til að mynda hjá jafnaðarmönnum í Svíþjóð, sem hv. þm. hefur verið að hvetja menn til þess að fara svolítið eftir, var ákveðið nýlega að fjölga bankastjórum úr þremur í sex þrátt fyrir að þeir séu komnir inn í myntsamstarfið og ættu að þurfa minna á banka að halda eftir að þeir fengu einn sameiginlegan seðlabanka annars staðar. Þetta var nú þannig.

Hvaða skilyrði menn eigi að uppfylla til að geta rækt stöðu seðlabankastjóra þá er það fyrst og fremst náttúrlega almenn skynsemi, í öðru lagi grundvallarþekking á þjóðlífinu, í þriðja lagi víðtæk þekking á efnahagsmálum þjóðarinnar, í fjórða lagi stjórnunarhæfileikar, í fimmta lagi hæfileikinn til þess að geta tekið ákvarðanir o.s.frv. Þetta er nú bara spunnið hér upp úr huga mér. Ég sé að hv. þm. brosir því hann áttar sig á því að hann hefur alla þessa hæfileika sjálfur.

[12:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ég móðgi ekki hæstv. forsrh. Mér fannst hann svo ærlegur áðan að það vantaði ekki nema eitt í þessa upptalningu en það hefði að sjálfsögðu útilokað þann náttúrufræðing sem hér stendur og það er auðvitað lögfræðipróf frá Háskóla Íslands.

Það kom líka fram í máli hæstv. forsrh. að hann er giska vel kunnugur því hvernig jafnaðarmenn hugsa, ekki bara í Svíþjóð heldur líka í Bretlandi og helstu rök hans í málefnalegri umræðu við mig eru þau að jafnaðarmenn í Svíþjóð fara aðra leið. Guð láti gott á vita. Ég vona að ég geti þá í framhaldinu líka bent hæstv. forsrh. á ýmislegt annað sem þeir eru að gera sem hæstv. forsrh. mætti taka upp eftir þeim.

Ég er hins vegar ósammála honum um að Gordon Brown sé að fara einhverja millileið með þessari peningastefnunefnd hjá Englandsbanka. Ég held miklu frekar að hann hafi gert sér grein fyrir því að þarna er um að ræða flókið og viðamikið mál. Menn þurfa mikla greiningargetu til þess að geta brotið sig að niðurstöðu og ég held þess vegna að hann

hafi verið að tryggja það að þarna safnaðist mikið atgervi til þess að geta ráðið til lykta þessum flóknu ákvörðunum.

[12:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég var ekki endilega að skrifa undir að það væri góð ráðstöfun að fjölga seðlabankastjórum í Svíþjóð úr þremur í sex. Ég var bara að segja að þessi tilhneiging var fyrir hendi.

Ég hlýt að vekja athygli á því líka, af því að menn eru að tala um atgervi sem þurfi að vera til staðar gagnvart ákvörðunum af þessu tagi, að það vekur athygli manns að fyrir 20–30 árum var það sérstakt keppikefli manna að komast að í Seðlabankanum, til að mynda unga hagfræðinga og slíka. Nú gengur mjög erfiðlega að fá slíka menn í vinnu í Seðlabankann og/eða halda þeim þar eftir að þeim áskotnast reynsla vegna þess að við borgum verr en þær stofnanir sem eru á markaðnum og er þetta heilmikið áhyggjuefni. En þannig er þetta nú og reyndar afar flókið að komast út úr þessum vanda. En þetta hefur maður horft upp á í þessum ágæta banka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 633. mál (heildarlög). — Þskj. 1010.

[12:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um leigubifreiðar sem er 633. mál á þskj. 1010.

Með frv. er verið að laga lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þetta á ekki hvað síst um auknar kröfur sem gerðar verða til starfsstéttarinnar og eru gerðar til starfsstéttarinnar og bifreiðastöðva um aukið öryggi.

Öll ákvæði gildandi laga um sendi- og vörubifreiðar eru felld burt í þessu nýja frv.

Þá færist stjórnsýsla málaflokksins og öll umsýsla leigubifreiðamála frá samgrn. til Vegagerðarinnar. Það er í samræmi við eðli málaflokksins og krafna sem gerðar eru til stjórnsýslunnar.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur útgáfa akstursleyfa verið í höndum þriggja stéttarfélaga leigubifreiðastjóra. Ráðuneytið telur það fyrirkomulag ekki hafa gefist vel að öllu leyti þar sem erfitt hefur verið að tryggja samræmda framkvæmd félaganna. Vegagerðin mun því, ef þetta frv. verður að lögum, sjá um útgáfu allra atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra og hafa umsjón með námskeiðum. Auk þess mun Vegagerðin starfrækja gagnagrunn með samræmdum upplýsingum til að umsýsla og skipulag verði einfalt og skilvirkt.

Gert er ráð fyrir að aðgangur að grunnupplýsingum gagnagrunnsins verði mjög takmarkaður og að sjálfsögðu í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá mun Vegagerðin sjá um leyfisveitingar og eftirlit með bifreiðastöðvum, en frv. gerir ráð fyrir mjög aukinni ábyrgð þeirra.

Með frv. er einnig kynnt sú nýlunda að setja megi lágmarksgæðastaðla um þjónustu leigubifreiða. Stöðvarnar hafa gert mismunandi kröfur og engir almennir staðlar hafa því verið til. Er stefnt að því að auka gæði þjónustunnar sem ætti ef vel tekst til að koma öllum almenningi til góða en mun ekki hvað síst bæta ímynd íslenskrar ferðaþjónustu. Það skal þó tekið skýrt fram að um heimildarákvæði er að ræða.

Í frv. er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum en í gildandi lögum. Með því er lögð áhersla á aukna ábyrgð og eftirlit bifreiðastöðva með því að reglum sé fylgt, svo og aukinni ábyrgð einstakra leyfishafa.

Samkvæmt gildandi lögum eru kærumál hjá umsjónarnefndum fólksbifreiða á fjórum stöðum á landinu. Úrskurðirnir eru kæranlegir til samgrn. Lagt er til að komið verði á fót einni sjálfstæðri úrskurðarnefnd fyrir allt landið og úrskurðirnir verði endanlegir á stjórnsýslustigi. Með hinu nýja fyrirkomulagi ætti samræmd meðferð mála að verða betur tryggð, en í því felst veruleg réttarbót.

Að lokum er rétt að nefna að frv. felur ekki í sér neinar breytingar á þeim takmörkunum að starfsgreininni sem gilt hafa fram til þessa. Því hefur verið haldið fram að gefa ætti aðgengi þetta frjálst og mundi það leiða til betri þjónustu og lægra verðs. Ráðuneytið er ekki á þessum tíma sannfært um að svo verði raunin. Víða erlendis hefur þetta verið reynt og í sumum tilvikum gefist vel en í öðrum alls ekki.

Að mati ráðuneytisins er þjónusta leigubifreiða almennt góð víðast hvar á landinu og stenst samanburð við erlendar borgir. Álagstoppar um helgar hafa jafnast út eftir að opnunartími skemmtistaða var gerður sveigjanlegri. Á höfuðborgarsvæðinu eru útgefin atvinnuleyfi allt að helmingi fleiri en gengur og gerist um sambærilegar borgir erlendis. Því mætti ætla að þessi þjónusta væri í allgóðu lagi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[12:24]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð uppi um þetta frv. við 1. umr. Hæstv. samgrh. fór yfir þann þátt málsins sem snýr að stjórnsýslu málaflokksins þar sem verið er að færa umsýslu leigubifreiðamála frá samgrn. til Vegagerðarinnar sem má kannski vera í sjálfu sér eðlilegt að gera þó að vissulega vakni spurningar um þegar maður les greinargerðina hvers vegna. Það er a.m.k. undirliggjandi að því er snýr að höfuðborgarsvæðinu að þá hefur þessi útgáfa akstursleyfa t.d. verið frá nóvemer 1999 í höndum þriggja stéttarfélaga leigubifreiðastjóra og síðan er sagt að það fyrirkomulag hafi ekki gefist vel. Sem dæmi megi nefna að mjög erfitt hafi verið að tryggja samræmda framkvæmd félaganna. Ákveðins trúnaðarbrests hafi því miður einnig gætt milli hinna einstöku félaga.

Það væri fróðlegt að fá að heyra meira um þennan lið frá hæstv. ráðherra og þá kannski í fyrsta lagi um það hvort haft hafi verið eitthvert samráð við þessi stéttarfélög við þessa lendingu málsins, hvort þau séu sátt við þessa niðurstöðu og kannski eitthvað örlítið meira um það í hverju þessi trúnaðarbrestur hafi komið fram og af hverju þetta hafi ekki reynst vel.

Að öðru leyti hef ég ekki neina sérstaka athugasemd við að þetta sé fært undir Vegagerðina. Vegagerðin hefur þennan málaflokk hvað varðar aðrar tegundir leyfa og bifreiða þannig að það getur í sjálfu sér verið eðlileg lending.

Það sem ég vildi hins vegar gera svolítið að umtalsefni er það sem hæstv. samgrh. kom inn á í lokin í sínu máli. Það vakna vissulega vangaveltur við lestur þessa frv. hvort ekki

hefði verið eðlilegt að stíga það skref að opna þessa atvinnugrein svolítið meira. Hæstv. ráðherra sagði að það væri mat ráðuneytisins að það væri ekki rétt að gera það á þessu stigi, það hefði gefist vel sums staðar og annars staðar ekki. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort það hefði verið tekið til alvarlegrar skoðunar að opna atvinnugreinina og gera hana frjálsari en nú er. Það er náttúrlega þjónustan sem við erum að tala um, hvort hægt sé að bæta hana og vissulega er það rétt sem hæstv. ráðherra segir að álagstopparnir hafa dreifst þannig að það er kannski ekki sama biðraðamenningin eftir leigubílum eins og var á meðan öllum var beint inn á sömu klukkustund næturinnar til þess að leita sér að leigubíl. Það var mjög erfitt að bregðast við því ástandi. En maður getur líka velt því fyrir sér hvort kannað hafi verið hver áhrif þess yrðu á t.d. verðlag þjónustunnar ef þetta yrði gefið frjálsara og hvort það mundi ekki koma neytendum til góða líka í lægra verði á þessari þjónustu sem er afskaplega dýr hér. Það var þessi þáttur sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra betur út í, þ.e. hvort þetta hafi verið tekið til alvarlegrar skoðunar í ráðuneytinu og hvort gerð hafi verið einhver úttekt á þessu. Mér fannst það ekki koma skýrt fram í máli hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið kannað af neinni alvöru. Þá á ég við hvort gerð hafi verið ítarleg úttekt á því með tilliti til annars vegar þjónustunnar, sem hæstv. ráðherra minntist á hér áðan, en ekki síður til þess hver áhrif þetta mundi geta haft á verðlagið á þessari þjónustu.

[12:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um leigubifreiðar felur í sér veigamiklar breytingar á stjórnskipan og fyrirkomulagi þjónustu þessarar atvinnugreinar.

Ég tel að í sjálfu sér sé alveg vert að skoða það eins og hér er lagt til að umsjón með þessari starfsemi verði færð frá ráðuneytinu sjálfu og til Vegagerðarinnar þó að ég telji að huga þurfi að fleiri þáttum.

Í fyrsta lagi held ég að mikilvægt sé að líta svo á að þetta er hluti af almenningssamgöngum í landinu og ég sakna þess í frv. að þar er hvergi, að því er ég fæ best séð, minnst á nauðsyn hlutverks þessarar þjónustu og mikilvægi hennar og tengsl hennar við almenningssamgöngur og þjónustu á því sviði við samborgarana, við neytendur. Lögin eru fyrst og fremst að búa til einhvers konar laga- og reglugerðarramma, hvernig megi sekta menn og hvernig megi veita mönnum leyfi og þess háttar. Þung áhersla er lögð á það. Mér finnst að í upphafi svona laga eigi að taka skýrt fram að þessi þjónusta er hluti af almenningssamgöngum í landinu og hún þarf að skipuleggjast þannig að hún verði eðlilegur hluti og heild af þeim. Síðan komi stjórnsýsluleg skipulagsmál í framhaldi af því.

Í öðru lagi finnst mér full ástæða til að skoða aðkomu sveitarfélaga að þessu máli betur en þarna er gert. Það er aðeins vikið að því í einni grein að samgrh. setji reglur eftir tillögum Vegagerðarinnar um fjölda bifreiða í leiguakstri á ákveðnu svæði, þ.e. í 8. gr., að fenginni umsögn viðkomandi héraðsstjórna, héraðsnefnda og félaga bifreiðastjóra. Ég minnist þess ekki að hafa séð minnst á aðkomu sveitarstjórna að þessu máli annars staðar. Sveitarstjórnir, t.d. Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, eru meira eða minna ábyrgar gagnvart íbúum sínum varðandi þessa mikilvægu samfélagsþjónustu. Sveitarstjórnir hljóta að vera sá opinberi aðili sem stendur neytandanum næst þó að Alþingi, ríkisstjórn, ráðherra og Vegagerðin geri það að sjálfsögðu líka.

Mér finnst að huga mætti að beinni aðkomu viðkomandi sveitarfélaga að þessu máli, ekki síst í ljósi þess að þetta er hluti af þjónustu, leigubílar eru hluti af almenningssamgöngum og sem eru meira eða minna svæðisbundnar. Ég vildi láta þetta sjónarmið koma fram og ég sakna þess í frv.

Í öðru lagi verð ég að gjalda nokkurn varhug við því að koma upp gagnagrunni. Gagnagrunnur — þá byrjar að klingja bjöllum. Hver á að safna gögnum og eftir hvaða reglum yrði það gert?

Hér stendur í 2. gr. að bifreiðastöðvar skuli gefa Vegagerðinni upplýsingar um einstaka atvinnuleyfishafa o.s.frv. og fyrr í greininni stendur að koma skuli upp gagnagrunni og skráðar þær lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru til útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfa. Neðar í þessari grein stendur, með leyfi forseta:

„Vegagerðin getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur."

Víðar í þessu frv. er kveðið á um gagnagrunna, meira að segja að í gagnagrunn skuli heimilt að setja inn skattframtöl og ýmislegt annað.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um hvar gögn skuli liggja fyrir varðandi veitingu starfsleyfa og eftirlit með rekstrinum. Ég hef samt sterklega á tilfinningunni að það sé haft býsna opið í þessu frv. Á bls. 6 stendur t.d., með leyfi forseta:

„Gagnagrunnur Vegagerðarinnar mun geyma upplýsingar um nafn og kennitölu bifreiðastjóra, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer, nýtingu atvinnuleyfis, heimilað og tekið orlof, útgerðarheimildir vegna veikinda o.fl." — Þetta er bara hluti af því sem gæti verið þarna.

Á Vegagerðin líka að halda utan um orlofsdagastöðu samkvæmt þessum tillögum? Það má vel vera að það sé nauðsynlegt en ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er ætlað að þetta batterí þurfi marga starfsmenn? Hve mikið mun umfangið í stjórnsýslunni aukast? Í frv. sem hæstv. ráðherra mun mæla fyrir á eftir er einnig kveðið á um að aðrar almenningssamgöngur, rútur og þess konar fari undir eftirlit Vegagerðarinnar. Hvað erum við þarna að tala um stórt stjórnsýslubattarí? Ég er ekki að gagnrýna þetta, herra forseti, en það er eins gott að ljóst sé hvað við erum þarna að fara út í.

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að í nefndinni verði fjallað um hvers konar gagnagrunn er hér um að ræða og hver hin stjórnunarlegu afskipti af þessu verða.

Í 13. gr. er einfaldlega sagt: „Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara." Það er býsna opin heimild gagnvart mörgum atriðum sem hér þarf að skoða betur.

Herra forseti. Ég ítreka þá ábendingu mína að leigubifreiðar eru hluti af almannaþjónustu, hluti af almenningssamgöngum og þau mál ber að skoða og skipuleggja sem eðlilegan hluta af þeirri þjónustu.

[12:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki velt því fyrir sér í tengslum við þetta mál að koma á sambærilegu skipulagi í þessari atvinnugrein og í flestum öðrum atvinnugreinum þannig að aðgangur að henni sé ekki takmarkaður við annað en kröfur um menntun og hæfni til að sinna því starfi sem um er að ræða.

Hér er um að ræða einokunarleyfisveitingar til þess að stunda tiltekna atvinnu. Þetta hefur auðvitað verið vandræðafyrirkomulag alla tíð. Það er hægt að ná öllum markmiðum um gæði þjónustunnar með kröfum til þjónustunnar sjálfrar. Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að útskýra hvers vegna er ekki hægt að hafa sambærilegar aðstæður í þessari atvinnugrein og öðrum atvinnugreinum.

Ég er alls ekki á því að líta eigi þannig á að rekstur leigubíla sé samfélagsþjónusta frekar en annar atvinnurekstur, t.d. rekstur matvörubúða eða einhver önnur þjónusta við íbúa á tilteknum svæðum. Þessi atvinnugrein ætti í raun að lúta sömu lögmálum og aðrar atvinnugreinar í landinu.

[12:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur verið vakið máls á grundvallaratriði, bæði af hálfu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og af hálfu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, þ.e. hvort taka eigi upp breytt fyrirkomulag í grundvallaratriðum við skipulagningu á leigubílaakstri. (**ÖS:** Hvað segir Blair?) Hvað segir Blair? Ég er ekki alveg með það á hraðbergi hver stefna breskra stjórnvalda er en mér er hins vegar kunnugt um stefnuna sem tekin var upp í Svíþjóð. Þar lögðu menn af það fyrirkomulag sem við í grófum dráttum búum við hér, (**Gripið fram í:** Hverjir skipa ríkisstjórnina?) — þar eru jafnaðarmenn við stjórn — opnuðu þetta og gerðu að nánast frjálsri markaðsstarfsemi.

Reynslan af þeirri breytingu, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, sem kunna að vera takmarkaðar, er slæm. Þetta hefur komið notandanum mjög í koll. Í því samhengi hefur verið bent á verðlagið og vörn fyrir borgarana. Í þriðja lagi er bent á að leigubílastöðvarnar, eins og þær hafa skipulagt starfsemi sína, hafa haft þjónustumarkmiðið í fyrirrúmi, að sjá borgurum fyrir þjónustu alltaf, allan sólarhringinn, ekki einvörðungu á þeim tímum sem eftirspurn eftir þjónustu er mest. Að sjálfsögðu verðum við að taka með í reikninginn allar afleiðingar af kerfisbreytingu ef af yrði. Menn láta þá stjórnast af þeirri eftirspurn sem er fyrir hendi hverju sinni og markaðurinn svarar henni. Á öðrum stundum er eftirspurn lítil og erfitt að halda framboðinu úti, halda leigubílstjórum að störfum.

Þetta er nokkuð sem leigubílastöðvarnar sinna núna með innra skipulagi, sinna þessum þörfum borgaranna. Ég vek athygli á að þetta hefur verið reynt annars staðar og afleiðingarnar ekki verið þær sem menn höfðu gert sér vonir um. Ég tek hins vegar undir að það er sjálfsagt að skoða þessa hluti og reynslu annarra þjóða. En mér segir svo hugur að hún sé ekki jákvæð.

[12:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það komu fram efasemdir í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar um vangaveltur okkar um hvort rétt væri að opna þessa atvinnustarfsemi meira en nú er og gera hana frjálsari. Hv. þm. vitnaði til reynslunnar frá Svíþjóð sem ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki mjög vel. Hv. þm. talaði um áhrif á verðlag og vörn fyrir borgarana. Er það þá svo, herra forseti, og má skilja það svo að það sé reynsla Svía að verðlag hafi hækkað, verð á þessari þjónustu hafi hækkað til neytendanna?

Hvað á hv. þm. við með því að tala um vörn fyrir borgarana? Er þá hv. þm. að segja að öryggi þeirra sem ferðast með leigubifreiðum hafi minnkað í kjölfar þessara breytinga? Í ljósi þess vil ég líka spyrja hv. þm. hvort fallið hafi verið frá þessu fyrirkomulagi.

[12:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er kominn út á nokkuð hálan ís þar sem ég er ekki sérfræðingur í leigubílaakstri í Svíþjóð. Auðvitað má segja að hægt sé að hafa eftirlit eða gera strangar kröfur til þeirra sem taka að sér akstur leigubíla. Samkvæmt því fyrirkomulagi sem við búum við núna yrði það ráðuneytið eða Vegagerðin, eins og lagt er til í þessu frv.

Við búum hins vegar við fyrirkomulag þar sem ábyrgðin er hjá leigubílastöðvunum. Þær hafa gert kröfur til þeirra sem aka á þeirra vegum. Það skiptir að sjálfsögðu máli að notandinn geti gengið að því sem vísu að heiðvirt fólk starfræki þessa þjónustu. Ef ekkert eftirlit er fyrir hendi er sú vörn ekki fyrir hendi heldur. Spurningin er hvort við viljum að eftirlitið sé hið innra eftirlit fyrirtækisins eða eftirlit á vegum ríkisins, ráðuneytis eða Vegagerðarinnar. Ég held að hitt fyrirkomulagið sé betra.

Ég get alveg sagt reynslusögur af leigubílaakstri í Svíþjóð. Þær eru ekki góðar. Ég hafnaði leigubíl sem var sprottinn upp úr hinum frjálsa markaði og ekki háður innra eftirliti stóru stöðvanna sem hafa sinnt þessari þjónustu í Svíþjóð. Í því tilviki var verðlagið langt umfram það sem ég átti að venjast.

Ég er ekki viss um að rétt sé að halda inn í frumskóginn á þessu sviði. Ég er ekki sannfærður um það.

[12:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að halda inn í frumskóginn. Það er náttúrlega spurning hvort menn eru að halda inn í frumskóginn með því að opna þessa starfsemi. Ég er þeirrar skoðunar, jafnvel eftir útskýringar hv. þm. að það sé fyllilega hægt að halda úti eftirliti með gæðum þjónustunnar án þess að loka greininni líkt og er í núgildandi umhverfi hér á landi. Ég held að menn þurfi ekki að setja samasemmerki þarna á milli, að frelsi í atvinnustarfsemi á borð við þessa þýði endilega að menn haldi þar með inn í frumskóginn og þá sé ekkert eftirlit hægt að hafa með starfseminni.

[12:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins þau lokaorð að mér finnst mikilvægt að þessi mál séu skoðuð og ég held að það sé ágæt tillaga sem kemur fram í frv. að færa þessa starfsemi frá ráðuneytinu undir Vegagerðina án þess að ég hafi skoðað það neitt til hlítar.

En varðandi hitt þá held ég að reynslan sé sú að það hafi komið notendum í koll að gera þetta að opinni og frjálsri markaðsstarfsemi. Þetta er ekki sambærilegt við hvaða slíka starfsemi sem er. Það er mjög mikilvægt að tryggja öryggi borgarans og það er mjög mikilvægt að tryggja þjónustu.

Það er nefnilega alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að leigubílaakstur er hluti af samgöngukerfi þjóðarinnar. Við þekkjum það öll að við þurfum að geta gengið að því sem vísu að fá leigubíl hvenær sem er dags, hvenær sem er sólarhrings allan ársins hrings á virkum dögum sem helgum og þessu hefur verið sinnt bærilega af þeim fyrirtækjum sem starfrækja þessa þjónustu. En að því munum við ekki geta gengið sem vísu ef við höldum inn í það fyrirkomulag sem mér heyrist þingmenn Samfylkingarinnar vera að leggja til í þessu máli.

[12:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið hjá hv. þm. en fara inn á nokkur atriði sem hv. þm. nefndu og spurðust fyrir um.

Fyrir það fyrsta spurði hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hvort samráð hefði verið haft við stéttarfélögin. Það hefur verið haft samráð við stéttarfélögin. Þau hafa fylgst með því sem unnið hefur verið og undirbúið í ráðuneytinu. Ástæðan hefur auðvitað verið sú að uppi hafa verið vandamál og nokkrar deilur vegna þess kerfis sem er í dag. Starfandi eru þrjú stéttarfélög eins og er og ráðuneytið hefur að sjálfsögðu þurft að hafa samstarf og samráð við þau með ýmsum hætti. Miklar deilur hafa verið m.a. um aðkomu umsjónarnefndar sem hefur gegnt mjög þýðingarmiklu og mikilvægu hlutverki í stjórnsýslunni og það hefur verið gagnrýnt að þrír fulltrúar eru í þeirri nefnd og stéttarfélögin telja sig ekki öll hafa haft jafnan aðgang að ákvörðunum nefndarinnar. Um það hefur m.a. verið deilt um. Komið hafa miklar athugasemdir um þá framkvæmd alla.

En hvað um það. Umsjónarnefndin hefur lagt sig mjög fram um að vinna verk sitt vel, mjög vandasamt verk, og ég tel að það sé enginn áfellisdómur um starf nefndarinnar þó að um hana hafi kannski verið deilur og að við séum að leggja til breytt skipulag, öðru nær.

Hv. þm. spurði jafnframt hvort skoðað hafi verið að opna greinina, gefa þetta frjálst. Fleiri hv. þm. nefndu það. Við höfum að sjálfsögðu skoðað það í ráðuneytinu hvort það hefði átt að stíga það skref til fulls og setja einungis ramma um það hvaða skilyrði menn þyrftu að uppfylla. Að öðru leyti gætu allir sinnt þessari þjónustu og gert út leigubíla. Niðurstaðan varð sú að fara ekki þá leið.

Nú eru 570 leyfi í Reykjavík og það verður að segjast alveg eins og er að færri komast að en vilja. Mjög mikil eftirspurn er eftir leyfum. En það er jafnframt upplýst að fleiri leigubílar eru á íbúa á höfuðborgarsvæðinu en í flestöllum borgum sem við höfum kannað og jafnvel tvöfalt fleiri þannig að ég held að afkoma þessara rekstraraðila, afkoma leigubílstjóranna, gefi ekki tilefni til þess að það mætti gera ráð fyrir mikilli fjölgun. Auðvitað er erfitt að þurfa að standa fyrir því að takmarka aðgang að atvinnugrein. En þetta hefur verið niðurstaðan og ég held að um það hefði orðið mikill ófriður gagnvart starfandi leigubílstjórum ef þetta hefði verið opnað. Ég verð að viðurkenna að ég býst við að þá væru fleiri en einn leigubílstjóri á þingpöllunum ef við værum að fjalla um það. Niðurstaða mín varð því sú að stíga ekki það skref heldur breyta stjórnsýslunni, gera hana traustari og aðgengilegri og koma þannig til móts við starfandi leigubílstjóra.

Það að færa stjórnsýsluna til Vegagerðarinnar byggir á því að við höfum mjög góða reynslu af því. Eins og kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur hefur Vegagerðin viss verk að vinna sem tengjast öðrum greinum og töldum við þess vegna falla vel að þeim verkum að fela Vegagerðinni það sem henni er ætlað að gera.

Áhrif á verðlag með því að gefa þetta frjálst. Auðvitað mætti búast við að einhverjar breytingar gætu orðið á því. Út af fyrir sig er líklegt að harður slagur yrði á milli leigubílstjóra og stöðva ef greinin yrði gefin alveg frjáls og þar með fengju neytendur að njóta þess. Á þetta þarf að líta allt saman. En við gerum ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi hvað þetta varðar þannig að það er ekki til umræðu á þessari stundu.

Hvað varðar það sem nefnt er um trúnaðarbrest, þá hafa verið, eins og ég sagði áðan, miklar deilur á milli stéttarfélaganna og deilur við umsjónarnefndina og í rauninni við ráðuneytið. Sum stéttarfélögin hafa lýst mikilli óánægju sinni og hafa þá ekki staðið þannig að málum eins og umsjónarnefndin hefur ætlast til og þess vegna er þetta nefnt. En ég geri ráð fyrir því að með þessari skipulagsbreytingu geti þetta orðið breyting til mikilla bóta og ég hef ekki heyrt annað frá fulltrúum stéttarfélaganna en að þeir horfi til þess eins og ég geri og ráðuneytið, að þetta verði til bóta.

Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um að þetta væri hluti af almenningssamgöngum. Auðvitað er það svo. Þetta er þjónusta sem við þurfum á að halda. En hann sagði jafnframt að ekkert væri sagt um skyldur. Skyldurnar eru auðvitað fyrst og fremst gagnvart bifreiðastöðvunum. Þær þurfa að setja sínar reglur. En það er ekki verið að lýsa því í smáatriðum í löggjöfinni hvernig bílar eða þjónustan eigi að vera. Eins og við vitum gera neytendur auðvitað kröfur til leigubílstjóra og það er ekki eðlilegt að mínu mati að setja í löggjöf nákvæmar útskýringar á því hvernig þjónustan eigi að vera.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi aðkomu sveitarfélaganna að þessu máli og mátti heyra á honum að hann teldi eðlilegt að sveitarfélögin kæmu að því. Skemmst er frá því að segja að ég lét kanna hvort sveitarfélögin væru tilbúin til þess að taka þetta að sér en óhætt er að segja að ekki kváðu við mikil húrrahróp þannig að niðurstaðan varð sú eftir að hafa farið yfir þetta að sveitarfélögin lýstu sig ekki viljug til að taka við þessu. Engu að síður tel ég ekkert útilokað og teldi eðlilegt að í viðræðum við sveitarfélögin um margvíslega verkaskiptingu og breytingar á verkefnum á milli sveitarfélaga og ríkisins mætti taka þetta mál upp. Ég tel fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin kæmu beint að þessu. En hér veljum við þessa leið sem ég hef mælt fyrir.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurðist fyrir um það hvort hér væri verið að búa til mikla og dýra stjórnsýslu. Það held ég ekki. Það er ekki reitt hátt til höggs með það. Og hvað varðar gagnagrunninn sem hann nefndi þá er í rauninni verið að ramma betur inn það sem er í dag, þ.e. upplýsingar um bílstjóra þegar þeir fá leyfi og það er haldið utan um það allt saman. En hér er hins vegar verið að leggja á ráðin um að þetta verði allt saman með formlegum, skipulegum og góðum hætti undir eftirliti þeirra aðila sem þurfa að fylgjast með upplýsingasöfnun og síðan hafi bifreiðastöðvarnar að sjálfsögðu þann aðgang að þeim upplýsingum sem eðlilegt er að þær hafi og stéttarfélögin.

Herra forseti. Ég held að ekki hafi miklu meira komið fram sem ég þyrfti að svara. Ég þakka fyrir ágætar undirtektir við frv. og vil vekja athygli á því í blálokin að í Reykjavík hefur 570 leyfum verið úthlutað, 40 á Suðurnesjum, 22 á Akureyri og sjö á Selfossi þannig að þetta er út af fyrir sig ekki mjög stór hópur sem hér er verið að fjalla um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Umræður utan dagskrár.

Skipulag flugöryggismála.

[13:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er rannsókn yfirvalda á flugslysi sem átti sér stað í Skerjafirði 7. ágúst í fyrra. Fátt er mikilvægara en að traust ríki milli almennings og flugmálayfirvalda að því er varðar almennt flugöryggi í landinu. Í umfjöllun undanfarna daga hefur margt komið fram sem bendir til að úr þessu trausti hafi dregið undanfarið.

Hlutverk Alþingis í þessu er mikilvægt. Í fyrsta lagi tekur Alþingi ákvörðun um fjárveitingar til flugöryggismála auk þess sem Alþingi hefur eftirlitsskyldu með því að stjórnvöld séu að vinna sín verk í samræmi við lög og reglur. Enn fremur er rétt að taka fram að minni hlutinn í samgn. hefur ítrekað óskað eftir því að fulltrúar rannsóknarnefndar flugslysa komi á fund hennar og skýri sjónarmið sín en við því hefur ekki verið orðið.

Eitt af því sem vakið hefur sérstaka eftirtekt í umræðunni um rannsókn þessa slyss er hversu langan tíma tók að ljúka skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa þegar efni hennar er skoðað. Þá hefur verið vakin athygli á því að skýrslan hafi tekið verulegum breytingum frá frumútgáfu hennar 29. desember þar til lokaskýrsla lá fyrir 23. mars sl.

Það er eðli rannsóknar að eftir því sem henni vindur fram eykst það upplýsingamagn sem aflað er. Hið gagnstæða virðist hafa átt sér stað í þessu tilviki. Við samlestur skýrslnanna er margt sem bendir til þess að lokaskýrslan hafi verið ritskoðuð og úr upphaflegu skýrslunni tekin atriði þar sem íslensk flugmálayfirvöld eru gagnrýnd eða velt upp spurningum og efasemdum um kerfi flugmálayfirvalda. Máli mínu til stuðnings vil ég nefna nokkur dæmi um hvernig skýrslan breyttist í meðförum nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er sláandi að breytingar er að finna í niðurstöðukafla lokaskýrslu þar sem orsakaþáttum er fækkað úr ellefu í fimm. Í frumskýrslu er nefnt að vantað hafi mikilvæg gögn sem hefðu átt að liggja fyrir þegar flugvélin fékk lofthæfisskírteini og Flugmálastjórn átalin fyrir það. Þetta er með öllu horfið úr lokaskýrslu. Svo virðist sem saga flugvélanna hafi verið ritskoðuð frá frumskýrslu til lokaskýrslu. Áberandi er hvernig eignarhald bandarískra dómsyfirvalda er þurrkað út úr frumskýrslunni eins og upptaka og uppboð vegna fíkniefnamisferlis hafi aldrei átt sér stað. Hvergi í endanlegri skýrslu er greint frá því að sá er keypti flugvélina á uppboði í Bandaríkjunum seldi vélina fyrirtæki í eigin eigu sem seldi vélina áfram öðru fyrirtæki í eign sinni áður en hann fékk vélina skráða á Íslandi.

Umfjöllunin um hreyfil flugvélarinnar var breytt og mikilvægi hans minnkað. Fram koma upplýsingar um breyttan sögulausan hreyfil. Þar má nefna að frá frumskýrslu til lokaskýrslu breytist hreyfillinn m.a. úr því að vera sagður 300 hestöfl í það að vera 285 hestöfl.

Minna má á að því hefur verið haldið fram að rannsóknarnefndin hafi afhent hreyfilinn þriðja aðila fjórum dögum fyrir brotlendingu og því hafi þetta grundvallarrannsóknargagn ekki verið til staðar eftir þann tíma. Hreyfillinn var því ekki í vörslu rannsóknarnefndarinnar á þeim tíma þegar hann tekur þessum breytingum í skýrslunni, þ.e. frá 29. desember til 23. mars. Enn fremur kemur hvergi fram í skýrslunni hvaða sérfræðingur rannsakaði hreyfilinn fyrir rannsóknarnefnd flugslysa. Því virðist mega draga þá ályktun að engin sjálfstæð rannsókn hafi farið fram. Eini sérfræðingurinn sem nefndur er á nafn í skýrslunni er viðhalds- og tæknistjóri flugrekandans og hann er enn fremur talinn vera fulltrúi flugrekanda á vettvangi.

Í fimmta lagi kemur fram í frumskýrslu að engar dagbækur eða leiðabækur fylgdu flugvélinni aðrar en þær sem búnar höfðu verið til í Bandaríkjunum fyrir ferðina til Íslands. Þetta hefði að sjálfsögðu átt að koma til skoðunar þegar lofthæfisskírteini var gefið út.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum sem hafa tekið breytingum í meðförum nefndarinnar án þess að það sé að nokkru leyti skýrt. Hér er aðeins vitnað til nokkurra dæma. Öll bera þau þess merki að vera þess eðlis að ástæða hefði verið til að greina þau betur auk þess sem þau eru eins og saga flugvélarinnar til þess fallin að varpa frekari ljósi á málið.

Það er ekki hlutverk okkar alþingismanna að fella dóma um þessi atriði. Hlutverk okkar er fyrst og fremst að sjá til þess að yfirvöld vinni vinnu sína og að ekki verði trúnaðarbrestur milli yfirvalda og almennings í landinu þegar kemur að flugöryggismálum. Fátt er mikilvægara nú en að flugyfirvöld endurheimti trúnað almennings á nýjan leik. Það er mat mitt að rannsókn flugslysanefndar hafi ekki þann trúverðugleik sem hún þarf að hafa. Til þess að endurvinna glataðan trúnað þurfa að koma til nýjar og frekari rannsóknir. Það er eðlileg krafa. Því vil ég beina tveimur spurningum til hæstv. samgrh.:

1. Mun samgrh. endurskoða þá ákvörðun sína að fá erlenda óvilhalla viðurkennda aðila til að framkvæma nýja rannsókn á flugslysinu 7. ágúst sl. og skýrslugerð rannsóknarnefndarinnar?

2. Mun samgrh. beita sér fyrir því að erlendir, óvilhallir, viðurkenndir sérfræðingar geri úttekt á eftirlitskerfi Flugmálastjórnar með flugöryggi landsmanna?

[13:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Mikil umræða hefur orðið um flugöryggismál í kjölfar þess að rannsóknarnefnd flugslysa skilaði skýrslu sinni um flugslysið sem varð í Skerjafirði 7. ágúst á síðasta ári með svo hörmulegum afleiðingum sem þekkt er.

Því miður verða allt of mörg slys með hörmulegum afleiðingum. Gildir þá einu hvort um er að ræða slys á þjóðvegum landsins í sívaxandi umferð, á sjó þar sem allra veðra er von eða í flugi þar sem slys eru fátíðari en samt of mörg.

Við verðum að leita allra leiða til þess að fækka þessum slysum. Í flugöryggismálum hefur mikið verk verið unnið á undanförnum árum með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slys og tryggja að öryggi í flugi sé ávallt sambærilegt við það sem best gerist. Stjórnvöldum ber að skapa aðstæður og umhverfi sem tryggja að þessu markmiði sé náð og fylgt eftir með markvissu starfi og eftirliti.

Við Íslendingar höfum sett löggjöf sem unnið er eftir hvað varðar flugöryggismálin. Löggjöf okkar byggist á alþjóðlegum reglum og nú í auknum mæli evrópskum reglum sem eru strangari og ítarlegri en þær alþjóðlegu. Ég nefni sem dæmi reglugerð um flutningaflug, reglugerð um lofthæfi flugvéla og viðhaldsstöðvar flugvéla.

Flugmálastjórn gegnir lykilhlutverki við framkvæmd þessara reglna. Þar er um að ræða rekstur flugvalla, flugöryggiskerfa á flugvöllum, flugumferðarstjórn, sem er mikilvægur þáttur í öruggri umferð, eftirlit með flugrekstraraðilum, útgáfu skírteina flugmanna og útgáfu flugrekstrarleyfa.

Í þeim tilgangi að efla enn frekar framgang reglna og eftirlit með flugrekendum hef ég, með bréfi dagsettu í gær, falið flugmálastjóra að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1. Að hafa sérstakt eftirlit með flugrekendum sem reka flugvélar í flutningaflugi sem eru undir 10 tonnum að þyngd og geta flutt 19 farþega eða færri.

2. Í byrjun þessa mánaðar var birt auglýsing samgrn. um gildistöku svokallaðra JAR-OPS 1 reglna gagnvart flugrekendum sem reka flugvélar undir 10 tonnum að þyngd. Í bréfi mínu til Flugmálastjórnar er lögð áhersla á að Flugmálastjórn beri að tryggja að öll tímamörk verði virt svo ekki komi til seinkunar á gildistöku þeirra.

3. Varðandi tillögur rannsóknarnefndar flugslysa til Flugmálastjórnar hef ég óskað eftir áætlun stofnunarinnar um á hvern hátt hún muni bregðast við tillögunum.

4. Flugmálastjórn telur að þau úrræði sem lög um loftferðir heimila henni að grípa til, þar með taldar heimildir til að svipta flugrekendur flugrekstrarleyfi, endanlega eða tímabundið, vera ófullnægjandi. Því hef ég ákveðið að skipa starfshóp til að gera tillögur til úrbóta í þessu mikilvæga atriði.

5. Til að auka enn frekar öryggi í flugi tel ég mikilvægt að eftirlit flugmálastjórnar byggist í auknum mæli á skoðunum á vettvangi og úttektum á öryggisþáttum flugreksturs og loftfara.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem sinnir rannsóknum vegna flugslysa, kannar orsakir þeirra og gerir tillögur um úrbætur. Ég hef sem samgönguráðherra enga heimild til afskipta af störfum hennar og get ekki gefið nefndinni fyrirmæli um endurupptöku mála. Það ætti hv. frummælanda að vera vel ljóst að lög setja þær skorður.

Eins og ég gat um áðan er Ísland aðili að umfangsmiklu samstarfi þjóðanna vegna flugöryggismála. Það skiptir miklu máli til þess að tryggja sem best að við fylgjumst með því sem er efst á baugi og setjum öryggisreglur bæði gagnvart flugrekstraraðilum og flugmönnum svo öryggis megi gæta sem mest og best. Af þessu tilefni hef ég ákveðið að óska greinargerðar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem feli í sér mat á stöðu flugöryggismála á Íslandi byggt á úttekt stofnunarinnar sem gerð var í september sl.

Það er grundvallaratriði að trúnaðarsamband ríki á milli flugmálayfirvalda og almennings og að flugfarþegar geti treyst því að öryggisreglum sé réttilega framfylgt og að öryggiseftirlit sé fullnægjandi. Tryggja þarf að öllum aðilum sem flug stunda sé ljóst það hlutverk og sú ábyrgð sem viðkomandi gegnir í flugöryggismálum. Efla þarf samvinnu allra hlutaðeigandi með það að markmiði að tryggja skilvirkari framkvæmd öryggismála í flugi.

[13:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Því miður verða hörmuleg slys oft tilefni til þess að við ræðum um öryggismál á hinu háa Alþingi. Þetta hafa verið slys í umferðinni og nú flugslys sem varð um síðustu verslunarmannahelgi. Við rannsókn þessa flugslyss hefur komið í ljós að öryggiseftirliti þessa flugs og reksturs flugfélagsins var á ýmsan hátt ábótavant en einnig að skipulag flugöryggismála hefur og marga veika hlekki. Ljóst er að orsök slyssins megi rekja til samverkandi þátta, þ.e. bæði í öryggiseftirliti og flugrekstri.

Herra forseti. Það er erfitt að ræða skipulag flugöryggismála í skugga svo hörmulegs slyss. En við verðum að læra af þeim mistökum sem í ljós hafa komið við rannsókn slyssins, bæði hjá rekstraraðila flugvélarinnar og eins Flugmálastjórnar Íslands.

Herra forseti. Það eru margir sem verða að treysta á flug sem almennar samgöngur og það hlýtur að vera sjálfsögð krafa farþega að fyllstu öryggiskröfur séu gerðar til flugrekstraraðila og að allt eftirlit sé samkvæmt lögum og reglum. Sjúkraflugið er sérstaklega viðkvæmt hvað varðar alla öryggisþætti þar sem oft verður að fljúga við erfiðari veðurskilyrði en leyfð eru við almennt farþegaflug. Við skulum líka staldra við og athuga það umhverfi sem flugfélögin búa við.

Það er ljóst að frjáls samkeppni í innanlandsfluginu gengur ekki upp því markaðurinn er of lítill. Útboð á flugleiðum og stöðug krafa um að halda niðri flugfargjöldum á lágu verði og halda rekstrarkostnaði flugfélaganna niðri getur haft áhrif á að það sé slakað á öryggi og ýmsum öryggisþáttum sé ýtt til hliðar. Ég vil fagna orðum hæstv. samgrh. um beiðni hans um úttekt Alþjóðaflugmálastjórnarinnar á öryggismálum í flugi.

[13:43]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Sú umræða um öryggismál í flugi sem er uppi hefur komið í kjölfarið á hörmulegu slysi í Skerjafirði í sumar. Varðandi það vil ég taka fram nokkur lykilatriði að mínum dómi.

Rannsóknir flugslysa hafa um langt árabil verið í höndum rannsóknarnefndar flugslysa sem hefur verið gefið hlutverk með löggjöf þar um og hefur mikið sjálfstæði í störfum sínum eins og hér hefur fram komið. Eitt af lögbundnum verkefnum rannsóknarnefndarinnar er að gera tillögur til úrbóta í framhaldi af áliti sínu. Þetta gerði flugslysanefndin núna í samræmi við þau lög sem gilda um starfssvið hennar.

Mér finnst aðalatriðið í framhaldinu að fylgja þessum tillögum eftir og fylgja eftir tillögum almennt um öryggismál í flugi og gera þær úrbætur sem gera þarf og draga lærdóm af þeirri hörmulegu reynslu sem er að baki.

Rætt hefur verið hvort kalla eigi rannsóknarnefnd flugslysa fyrir samgn. Ég á sæti í þeirri nefnd og ég vil vísa til þess í því sambandi að það slys sem hér um ræðir er í lögreglurannsókn. Mér finnst ekki eðlilegt að rannsóknarnefndin sé kölluð fyrir samgn. meðan sú rannsókn stendur yfir. Hins vegar hefur flugmálastjóri verið kallaður fyrir nefndina og það hefur verið ítarlegur fundur með honum. Mér finnst það aðalatriðið að flugmálayfirvöldum sé veitt aðhald og veittur styrkur og afl til að auka eftirlitið og auka traust á bæði leiguflugi og farþegaflugi. Það traust hefur verið mikið og því þarf að viðhalda. Það er hlutverk okkar í Alþingi að fylgja því eftir.

[13:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson dró fram fjölmörg atriði í máli sínu þar sem fram kemur að ýmislegt ber í milli annars vegar í frumskýrslu og hins vegar í lokaskýrslu rannsóknarnefndar flugslysa. Það vekur vissulega athygli að hæstv. ráðherra samgöngumála kýs að svara þessu engu jafnvel þótt þessi atriði gefi fullt tilefni til viðbragða af hálfu hæstv. samgrh.

Hæstv. ráðherra hefur hafnað þeirri beiðni að láta óvilhalla aðila yfirfara skýrslu nefndarinnar og í stað þess að axla ábyrgð sína sem samgrh. og æðsti maður málaflokksins vísar hann í lög um rannsókn flugslysa, vísar til sjálfstæðis rannsóknarnefndar flugslysa, áframsendir erindi til hennar

og ef marka má fjölmiðlaumfjöllun um málið án þess að beina til nefndarinnar tilmælum um endurupptöku og án þess að telja sig hafa nokkuð með málið að gera.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ber pólitíska ábyrgð á flugöryggismálum og hann getur ekki afsalað sér þeirri ábyrgð með því að vísa á sjálfstæða stjórnsýslunefnd. Ekki er verið að gera kröfu um að hæstv. ráðherra hlutist til um efnislega niðurstöðu rannsóknar en þegar tilefni gefast til þess á hann að sjálfsögðu í krafti embættis síns að láta sig málið varða. Hann getur t.d. beint tilmælum til nefndarinnar um endurupptöku og hann getur líka kallað eftir skýringum og krafist skýrslu frá nefndinni um þau atriði sem komið hafa fram og hafa vakið upp tortryggni.

Herra forseti. Það er heldur ekkert því til fyrirstöðu að hæstv. ráðherra fái utanaðkomandi óvilhalla erlenda aðila til að fara ofan í þessa rannsókn. Hæstv. ráðherra getur ekki vísað ábyrgð sinni sem ráðherra flugmála yfir á stjórnsýslunefnd. Það gengur ekki, herra forseti. Ábyrgð hans er til staðar. Hana verður hann að axla og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öllu sé til skila haldið í rannsókn flugslysa.

[13:47]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það yrði mikill vandi í slíkri umræðu að skilja á milli ákveðinna slysa í rannsókn flugslysanefndar og almennra atriða í flugreglum og það er mikilvægt að gera það í þessu tilviki. Ef grafið hefur verið undan trausti í flugi á Íslandi undanfarin missiri þá er það kannski að mörgu leyti vegna óvandaðrar umfjöllunar í fjölmiðlum og ótímabærra yfirlýsinga og athugasemda af hálfu ýmissa stjórnmálamanna.

Íslendingar fara ekki eingöngu eftir reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar heldur ganga þeir lengra og eru í fararbroddi öryggismála í Evrópu. Flugöryggissamtök Evrópu eru samtök allra flugmálastjórna efnahagsbandalagslanda, EES og fleiri landa. Þar að auki eru Íslendingar í röð fremstu þjóða Evrópu í að ganga eftir og fylgja eftir reglum sem eru sífellt strangari. Samgrh. sendi Flugmálastjórn bréf þar sem hnykkt er á atriðum sem fjallað er um í almennum atriðum í skýrslu flugslysanefndar um hið hörmulega flugslys í Skerjafirði í ágúst í fyrra. Þessar ábendingar hafa ýmsar því miður verið lesnar eins og um nýjungar væri að ræða og þetta hefur valdið misskilningi.

Gæðakerfið sem talað er um er í fullum undirbúningi og hefur verið í undirbúningi undanfarin ár. Alþjóðaflugmálasamtökin telja að það taki fimm ár að koma því kerfi á. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að flýta því. Það kann líka að orka tvímælis að það gangi of hratt fram því að um er að ræða algera viðhorfsbreytingu í öllu er lýtur að nákvæmni, pappírsvinnu og öðrum atriðum sem lúta að flugtæknilegum málum.

Formlegar úttektir ganga mjög formlega fyrir sig hjá loftferðaeftirlitinu. JAR-OPS er reglugerð um flutningaflug. Hún gengur eftir og er ætlað að flýta. Viðhaldsaðilar eru undir mjög öflugu kerfi þannig að í heild standa þessi mál á Íslandi mjög framarlega miðað við allt sem þekkist í heiminum. En það má fagna því að nú er ákveðið að flýta því að þessar reglur gangi fram og það skiptir miklu máli.

[13:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Flug er hluti almannaþjónustu í landinu. Það er hluti af almannasamgöngum og við og ríkisvaldið berum ábyrgð á að þær samgöngur gangi af fullu öryggi og með allri þeirri þjónustu sem við ætlumst til og taki þar fullt tillit til búsetu og landfræðilegra aðstæðna. Að undanförnu hefur þó, herra forseti, farið svo að stöðugt hafa verið auknar álögur á flugumferðina sjálfa. Það eru ekki aðeins rekstrarleyfisgjöld, það eru lendingargjöld, leiðarflugsgjöld, eftirlitsgjöld og stöðugt er verið að auka gjaldtöku á þessa þjónustu. Jafnframt er henni ætlað að standa í auknum mæli undir öryggismálum þessa þjónustustarfs. Þar held ég, herra forseti, að við séum gersamlega á villigötum. Öryggismálin eiga að vera hluti af öryggi samgangnanna í heild og á ekki að leggja það á farþegana í þessu flugi. Nógu er það orðið dýrt.

Auk þess hefur verið beitt þeirri stefnu nú nýverið að bjóða út þennan flugrekstur og keyra þannig niður verð og hugsanlega þjónustu. Allt þetta, herra forseti, tel ég vera ranga stefnu gagnvart þessari mikilvægu almenningsþjónustu. Flugöryggismál þurfa að njóta óskoraðs trausts alls almennings. Þar má enginn blettur falla á og ábyrgð hæstv. samgrh. og ríkisstjórnar á flugmálum í landinu er mikil og hún er þar öll og því trausti þarf að viðhalda. Þar hefur orðið misbrestur á nú á síðustu dögum og þarf að endurvinna það þegar í stað.

[13:52]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Grundvallaratriði, sagði hæstv. samgrh., er það að trúnaðarsamband ríki milli almennings og flugmálayfirvalda. Ríkir það nú? Ég held að það orð sem næst kemst því að lýsa því ástandi sem ríkir milli flugmálayfirvalda og almennings sé trúnaðarbrestur. Hvað er samgrh. að gera í því máli? Vill hann að óvilhallur aðili fari yfir skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa? Nei, hann vill það ekki. Hann telur að rannsóknarnefnd flugslysa hafi sinnt starfi sínu og hann geti ekki skipt sér af því. Það er enginn að biðja hann að taka þessa rannsóknarnefnd upp aftur heldur að koma aftur á því trúnaðarsambandi sem þarf að vera samkvæmt hans eigin orðum.

Það skiptir líka máli um það trúnaðarsamband að flugmálayfirvöld liggi ekki undir neinum þeim grun sem rökstuddur kann að þykja. Hvernig er flugmálastjórninni háttað? Er það þannig að við séum með þetta fína og góða kerfi þar sem embættismenn koma fram fyrir hönd almennings? Nei. Í augum almennings er það akkúrat öfugt að flugmálastjóri er einhvers konar miðaldagreifi sem hefur fengið flugmálin nánast að léni og lítur einkum á sig sem hagsmunavörð flugrekendanna en ekki sem þjón almennings að líta eftir því hvernig málin eru á þessu sviði. Við sjáum þetta í orði og æði hjá flugmálastjóra. Við sjáum það m.a. á upplýsingagjöfinni sem sífellt þarf að heimta og kvarta eftir.

Við sjáum það t.d. á því að í DV í dag er greint frá því að aðstandendur fengu að komast í gögn, sjá radarmyndir og heyra upptökur. Það er afar sjaldgæft, segir þar, að Flugmálastjórn leyfi almenningi að komast í þessi gögn. Í þessum stíl hefur upplýsingagjöf Flugmálastjórnar verið. Hún hefur ekki svarað fjölmörgum spurningum. (Forseti hringir.) Hún hefur t.d. ekki svarað, svo ég nefni ekki nema eina spurningu, hvað 7–8 ríkisstarfsmenn frá flugmálastjóra voru að gera í Vestmannaeyjum þann dag sem slysið varð. Nú hefur sam-

grh. tækifæri til þess að svara upplýsingum. (Forseti hringir.) Hann hefur t.d. tækifæri til að svara þeim upplýsingum sem hljóta að liggja á að hann svari, eftir að hann og annar hæstv. ráðherra hafa undanfarna daga sagt upp samningum við við flugrekenda þann sem hér um ræðir. (Forseti hringir.) Af hverju er það nógu gott fyrir almenning sem ekki er nógu gott fyrir farþega ríkisins?

[13:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir þjóð sem býr í stóru og dreifbýlu landi eins og við Íslendingar gerum skiptir miklu máli að vel sé staðið að flugöryggismálum. Það er mikilvægt að við getum notað okkur innanlandsflug og millilandaflug með þeirri góðu öryggistilfinningu og trausti á að vel sé staðið að málum varðandi öryggismál. Það skiptir flugrekstraraðila einnig meginmáli að það traust ríki til þeirra að fólk vilji nýta sér þá þjónustu sem flugfélög bjóða upp á. Á því byggir allur rekstur þeirra. Því hefur það verið aðalsmerki íslenskra flugfélaga að leggja mikið í öryggismál.

Íslensk stjórnvöld hafa líka lagt sig í framkróka um að fylgja alltaf nýjustu þróun um eftirlit, stjórnun flugumferðar og búnað á flugvöllum.

Samkvæmt lögum um loftferðir hvílir mikil og þung skylda á flugstjórum loftfara um ábyrgð á loftfarinu. Bæði að það hafi ferðbundið lofthæfi og að skjöl og gögn séu rétt skráð. Flugmálastjórn hefur því lagt mikið upp úr því að þróa gæðastýringaraðferðir með flugrekstraraðilum sem eru þær ströngustu í heimi. Reglur sem unnar eru á vettvangi flugöryggissamtaka Evrópu eru almennt taldar vera strangar og eru strangari en alþjóðlegar reglur sem eru í gildi.

Rannsóknarnefnd flugslysa er óháð rannsóknarnefnd sem starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og það skiptir miklu máli að svo verði áfram. Rannsóknarnefndin skal gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem tilefni rannsókna gefa til og flugmálayfirvöldum ber að sjá til þess að úrbótatillögur verði teknar til formlegrar afgreiðslu.

Eins og ég hef rakið hafa íslensk stjórnvöld, Flugmálastjórn og flugrekstraraðilar lagt sig í framkróka um að stuðla að sem mestu öryggi í flugi á Íslandi. Eftirlit getur aldrei verið með þeim hætti að við öllu verði séð. Það hefur hins vegar komið fram að Flugmálastjórn finnst skorta úrræði ef út af bregður hjá flugrekstraraðilum eða flugstjórum um að öryggiskröfu sé fylgt. Slík tilvik geta auðvitað komið upp þrátt fyrir góða þjálfun og eftirlit og það er íhugunarefni fyrir Alþingi að breyta því.

[13:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Kjarnaatriðið í þessu máli er að það sé trúnaðarsamband milli flugmálayfirvalda og almennings í landinu. Það er kjarnaatriði í þessari umræðu og það markmið sem við eigum að stefna að.

Undanfarið hefur verið dregið fram og rökstutt mjög vandlega að sú vinna sem fram fór vegna þessa slyss stóð ekki undir ýtrustu kröfum. Það hefur komið fram að verulegar breytingar áttu sér stað frá því að frumskýrslan var unnin þar til lokaskýrslan var unnin og þar voru ekki rannsakaðir þættir sem vakin var eftirtekt á eins og nauðsynlegt hefði mátt telja.

Það er gríðarlega mikilvægt að við drögum reynslu og lærum af þeirri reynslu sem við höfum fengið í þessu máli. Við munum ekki gera það ef við stingum höfðinu í sandinn. Við munum ekki gera það ef við tökum ekki þessi mál upp að nýju og rannsökum þau eins og nauðsynlegt er. Ef hæstv. samgrh. ætlar að skýla sér á bak við það að hann geti ekki gefið rannsóknarnefnd flugslysa bein fyrirmæli þá er hann að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem hann ber sem samgönguráðherra og yfirmaður flugmála í landinu. Það hlýtur að vera algerlega nauðsynlegt að endurbyggja þetta traust sem hefur að mörgu leyti beðið mikinn hnekki.

Það hefur líka komið fram að flugmálayfirvöld telja að þau hafi ekki næg úrræði og þau hafi ekki nægt fjármagn. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu að ríkissjóður leggur til tæpa 2 milljarða í þennan málaflokk sem heyrir til Flugmálastjórnar.

Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt í þeirri stöðu sem er komin upp að gerð verði gagngerð endurskoðun á Flugmálastjórn. Því segi ég það að þingflokkur Samfylkingarinnar mun leggja það til að Ríkisendurskoðun geri allsherjarúttekt, stjórnsýsluúttekt og fjárhagsúttekt á flugmálastjórninni.

[14:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Varðandi flugöryggismál og sérstaklega þau mál sem hér eru til umfjöllunar, þá hef ég lagt áherslu á sem samgrh., að öll vinna væri vönduð og á grundvelli laga. Þess vegna var það eftir að hafa fengið erindi frá aðstandendum þeirra sem fórust í slysinu að ég beindi því til rannsóknarnefndar flugslysa að hún færi yfir þær athugasemdir sem þar komu fram og tæki það mál upp eftir atvikum. Með þeirri aðferð fór ég eftir stjórnsýslureglum og þeim lögum sem mér ber að fara eftir.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók þetta bréf fyrir á fundi sínum í dag og mér hefur borist svarbréf þar sem m.a. kemur fram, virðulegi forseti, svo ég vitni til þess:

„Rannsóknarnefnd flugslysa bendir á að opinber rannsókn á öllum þáttum þessa flugslyss stendur yfir.

Að mati nefndarinnar er mjög brýnt að fyrir hendi sé tiltrú almennings á því að rannsókn hennar og að þær aðgerðir sem flugmálayfirvöld og flugrekendur hafa gripið til í framhaldi af tillögum nefnarinnar leiði til aukins flugöryggis.

Rannsóknarnefnd flugslysa telur eftir atvikum málsins að það muni stuðla að ofangreindu að stjórnandi hinnar opinberu rannsóknar í málinu kalli hið fyrsta til liðsinnis erlendan sérfræðing, t.d. frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem taki á öllum atriðum málsins, þar á meðal þeim sem bornar hafa verið brigður á í meðferð rannsóknarnefndar flugslysa."

Með þessu bréfi tel ég að fullkomlega eðlilega sé staðið að málum og það séu eðlileg viðbrögð, bæði sem ráðuneytið hefur staðið fyrir og rannsóknarnefnd flugslysa.

[14:02]

Útbýting þingskjals:

Innflutningur gæludýrafóðurs, 439. mál, svar viðskrh., þskj. 968.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Erfðaefnisskrá lögreglu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 616. mál. — Þskj. 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 627. mál (EES-reglur). — Þskj. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 672. mál (farsímar, fullnaðarskírteini). — Þskj. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Suðurlandsskógar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 589. mál (starfssvæði). — Þskj. 932.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Opinber innkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skipan opinberra framkvæmda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 671. mál (heildarlög). — Þskj. 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1064.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1065.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1054.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 633. mál (heildarlög). — Þskj. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 1. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1011. [14:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Í frv. er lagt til að almennar kröfur sem lögfestar voru með lögum nr. 13/1999 gildi nú einnig um vöruflutninga og efnisflutninga. Þó skal tekið fram í upphafi að lögin taka ekki til flutnings á hættulegum efnum.

Gildandi lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum eru nr. 13/1999 og lög um vöruflutninga á landi eru nr. 47/1994. Í ljósi reglna sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu telur ráðuneytið ástæðu til þess að endurskoða þessi tvenn lög í heild og fella saman í einn lagabálk. Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi þessarar greinar, m.a. hefur vöruflutningaakstur og akstur með ferðamenn aukist verulega. Aftur á móti hefur afkoma fyrirtækja í sérleyfisakstri farið versnandi og farþegum fækkað.

Ein meginbreyting laganna felst í því að almennar kröfur sem lögfestar voru með lögum nr. 13/1999 gilda nú einnig um vöruflutninga og efnisflutninga. Þó skal tekið fram að enn gildir reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum efnum sem sett er með stoð í umferðarlögum, nr. 50/1987.

Við það að lögin ná einnig til vöruflutninga verða vöruflutningafyrirtæki að hafa svokallað almennt leyfi. Í leyfi þessu felst eftirfarandi:

1. Að fyrirtæki hafi fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. Forsvarsmaður fullnægi skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. Forsvarsmaður hafi ekki verið dæmdur til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda.

Þetta þýðir að ábyrgð stjórnenda fyrirtækja á þessum sviðum er gerð skýrari. Þessi ákvæði eru óbreytt frá gildandi lögum nr. 13/1999, að því viðbættu að nú taka þau einnig til stjórnenda vöruflutninga- og efnisflutningafyrirtækja.

Önnur meginbreyting laganna snýr að fólksflutningunum. Með frv. er skýlaus heimild Vegagerðarinnar fyrir því að gera svokallaða þjónustusamninga við sérleyfishafa. Jafnframt er gert ráð fyrir að núverandi sérleyfisfyrirkomulag haldist að mestu óbreytt fram til 1. ágúst 2005. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að öll sérleyfi verði boðin út. Þó er heimilt, séu fyrir því góð rök, að bjóða út ákveðin sérleyfi strax við gildistöku laganna eða þegar núverandi sérleyfi renna út í júlí 2002.

Ástæða þess að gefinn er þetta langur aðlögunartími þar til sérleyfi verða boðin út er fyrst og fremst sú að fyrirtæki í sérleyfisrekstri eru mörg hver mjög illa stödd fjárhagslega. Útboð árið 2002 gæti spillt fyrir uppbyggingu greinarinnar og yrðu almenningssamgöngum ekki til framdráttar.

Undanfarið hefur staðið yfir átak fyrir tilstilli samgrn. og Vegagerðarinnar sem felst í því að hvetja fyrirtæki í þessari grein til hagræðingar og samstarfs. Gerðir hafa verið þjónustusamningar við mörg fyrirtækjanna sem gilda til júlí árið 2002. Þetta átak hefur reynst mögulegt vegna tvöföldunar framlags til málaflokksins í síðustu vegáætlun sem nú er 100 millj. kr.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. að starfræksla sendibíla, sem áður féllu undir lög um leigubigreiðar, falli undir almenn ákvæði frv. Þetta þýðir að ekki verður lengur stöðvarskylda fyrir sendibifreiðar.

Í áliti umboðsmanns barna um skólaakstur frá 23. nóvember 1998 er lögð áhersla á að til þess að tryggja ákveðna samræmingu í skólaakstri á vegum sveitarfélaga sé nauðsynlegt að settar verði lágmarksreglur um tilhögun skólaaksturs hér á landi. Þetta álit umboðsmanns barna hefur verið haft til hliðsjónar við samningu frv. Nú er lagaheimild fyrir því að Vegagerðin geti gert sérstakar kröfur til aðbúnaðar skólabarna.

Í áliti umboðsmanns barna um skólaakstur frá 23. nóvember 1998 er lögð áhersla á að til þess að tryggja ákveðna samræmingu í skólaakstri á vegum sveitarfélaga sé nauðsynlegt að settar verði lágmarksreglur um tilhögun skólaaksturs hér á landi. Þetta álit umboðsmanns barna hefur verið haft til hliðsjónar við samningu frv. Nú er lagaheimild fyrir því að Vegagerðin geti gert sérstakar kröfur til aðbúnaðar skólabarna.

Í áliti samkeppnisráðs frá 23. apríl 1998 er fjallað um erindi Félags hópferðaleyfishafa um mismunun í starfsskilyrðum hópferðaleyfishafa og sérleyfishafa. Samkeppnisráð beindi tilmælum til samgönguráðherra í fjórum liðum. Í frv. þessu er tekið á öllum þeim atriðum sem fram komu í álitinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[14:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð alltaf dálítið hissa á að sjá ný og ný mál hér á Alþingi þar sem viðhaldið er fyrirkomulagi sem hefur ekki dugað og er alls ekki í takt við atvinnulífið að öðru leyti. Mér finnst reyndar að þurft hefði að taka miklu fyrr á þessum sérleyfismálum og að hæstv. ráðherra hefði átt að ganga harðar fram í að koma á sams konar skipulagi í þeirri atvinnugrein sem hér um ræðir og í öðrum. Hann hefði átt að leggja til að strax og þau sérleyfi sem nú eru til staðar mundu renna út þá kæmist sjálfkrafa önnur skipan á þessi mál. Ég tel það umhugsunarefni hvernig svæðin fyrir þessa þjónustu eru skilgreind og hvort sveitarfélög geti þá komið að því, þ.e. að með skilgreiningu á þeirri þjónustu sem viðkomandi svæði hefur verið markað verði hægt að tryggja fólki almenningssamgöngur.

Það er hins vegar aftan úr öldum að halda áfram að úthluta á skrifborði ráðherra sérleyfum til atvinnurekstrar á Íslandi. Það fyrirkomulag gengur ekki en í þeim tilfellum þyrfti að bjóða út verkefnin. Ég held að best sé að láta atvinnulífið leysa þessi mál sjálft að mestu. Telji menn sig hins vegar þurfa að ná þjónustumarkmiðum með því að skilgreina svæði þar sem þeim sem fengju tiltekin leyfi yrði skylt að veita ákveðna þjónustu, þá þyrfti auðvitað að bjóða út verkefnið.

Ég lýsi því yfir að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að menn ætli að viðhalda þessu fyrirkomulagi. Mér finnst það ekki rök í málinu að fyrirtækin sem veita þessa þjónustu núna séu illa stödd. Þau hafa haft sérleyfi fram að þessu. Hvers vegna eru þau illa stödd? Það er einfaldlega vegna þess að ekki hefur verið nægilegt framboð á verkefnum á þessu sviði. Þessi fyrirtæki hafa t.d. ekki sameinast um þjónustuna, samnýtt bíla og komið á betra fyrirkomulagi. Það getur hver maður séð sem hefur fylgst með því hvernig sérleyfishafar hafa keyrt hver á eftir öðrum með tóma bíla um sömu vegina. Þeir hafa haft þetta sérleyfisfyrirkomulag sem greinilega hefur komið í veg fyrir þá þróun sem annars hefði orðið.

Hæstv. ráðherra hefur reynt að beita sér fyrir því að þetta verði endurskipulagt og gefur til kynna að tíminn fram að því að frjálsari skipan kemst á geti orðið einhver gósentími fyrir þessa aðila og þeir verði fjárhagslega betur staddir að þeim tíma liðnum. Það kann að vera. Ég ætla ekki að spá neinu um það. Mér finnast það ekki rök í málinu. Það er fyrst og fremst ástæða til að taka á þessum hlutum sem allra fyrst þannig að þjónustan aukist frá því sem hún er núna og óhagkvæmar rekstrareiningar, þar sem menn hafa verið að keyrt tóma bíla hver eftir öðrum á sömu leiðunum, leggist niður. Í staðinn mundu taka við fyrirtæki sem veittu þjónustu þar sem hagkvæmni væri gætt.

Ég veit, eins og ég sagði áðan, að hæstv. ráðherra hefur reynt að beita sér í því að koma á betri skipan í þessum málum. En ég hefði talið fulla ástæðu til að láta eðlilegar reglur, sambærilegar við þær sem gilda almennt í atvinnulífinu, ganga yfir þessa atvinnugrein.

[14:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi er um margt hið besta mál. Ég vil þó nefna það sem ég sakna í frv. og einnig í framsögu hæstv. ráðherra en það er stefnan í málefnum almenningssamgangna. Okkur var tjáð á Alþingi í fyrra og eins í haust að unnið væri að samræmdri áætlun um almenningssamgöngur í landinu. Þessi samræmda áætlun hefur enn ekki komið fram. Ég tel afar mikilvægt að skilgreina þær almenningssamgöngur sem við ætlum að standa að í landinu, þá almannaþjónustu á þessum vettvangi sem við ætlum að veita.

Hæstv. ráðherra kom inn á það í framsögu sinni að flestallir sem nú sinna akstri í almenningssamgöngum, og hafa sumir til þess sérleyfi, séu yfirleitt illa settir fjárhagslega. Það segir okkur að þessi rekstur á sem slíkur erfitt með að skila þeim tekjum til rekstraraðilanna sem nauðsynlegar eru. Að mínu mati er ekki hægt að láta slíkan rekstur standa

og falla með því hvort einhverjir þættir hans séu arðbærir eða ekki. Þannig hugsun dugir einstaka fyrirtæki en ekki því sem er hluti af almannaþjónustu. Mér finnst líklegt að almenningssamgöngur hér á landi verði seint arðbærar einar sér. Þær eru aftur á móti afar mikilvægar til að halda uppi eðlilegu mannlífi, eðlilegu þjóðlífi, samkeppnishæfri búsetu hvar sem er á landinu og valkostum í ferðaþjónustu sem aðrir samfélagsþegnar, önnur fyrirtæki og aðrar atvinnugreinar taka síðan hinn raunverulega arð af.

Við verðum að líta á samgöngur og fólksflutninga á landi sem hluta af almannaþjónustu sem ætti að skilgreina, þ.e. hvaða þjónustu við ætlum að ábyrgjast. Síðan á að vinna út frá því en ekki út frá því hvort eitthvert sérleyfi beri sig ekki og þess vegna þurfi að leggja það af. Það eru ónýt vinnubrögð við skipulagningu almenningssamgangna. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst skorta á almannaþjónustuviðhorfið í þessu frv. Ég vildi að það sjónarmið kæmi hér sterkar inn og væri jafnvel forsenda þess sem á eftir fer í lögunum.

Varðandi einstök atriði þá finnst mér of margt skilið eftir til regugerðaákvarðana, þ.e. haft í höndum ráðherra. Tökum til dæmis 5. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast rekstrarleyfi skv. 4. gr. laga þessara:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni" — þarna er hvað eftir annað notast við óljósar skilgreiningar — „eins og nánar er kveðið á um í reglugerð." Þetta er algjörlega opið matsatriði.

„3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum."

Ég geri mér grein fyrir því að ekki er hægt að setja í lög allan þann ramma sem þarf fyrir rekstur sem þennan. Ég vil hins vegar eindregið vara við því að svo mörg atriði séu skilin eftir opin fyrir ráðherra til að ákvarða um, þ.e. hrein matsatriði.

Ég vil síðan ítreka spurningar mínar úr umræðunni um leigubifreiðar þó vera megi að hæstv. ráðherra hafi svarað þeim fyrr í umræðunni: Hvaða áhrif ætla menn að sú breyting að færa þessa stjórnsýslu til Vegagerðarinnar hafi á stjórnun, mannahald og kostnað? Í umsögn fjmrn. er ekki talið að þetta séu stóraukin útgjöld fyrir ríkissjóð en ég vil um það frekari upplýsingar.

Herra forseti. Þetta mál kemur að sjálfsögðu til umfjöllunar í samgn. og þar gefst tækifæri til þess að fjalla nánar um það. Ég ítreka að mér finnst samræmd áætlun, samræmt fyrirkomulag á almenningssamgöngum í landinu, eiga að liggja til grundvallar þegar við fjöllum um frv. eins og hér er verið að leggja fram.

[14:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir viðbrögð hv. þm. við þessu frv.

Hv. þm. Jón Bjarnason saknar stefnu í almenningssamgöngum. Hann hefur komið því mjög rækilega á framfæri í umræðunni í dag. Stefnan í almenningssamgöngum er fyrst og fremst sú að gefa aðilum tækifæri, eins og þetta frv. gerir, til að starfa eðlilega innan rammans sem settur er um um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Við getum hins vegar ekki sett í lög hvernig fólksflutningafyrirtæki eigi að skipuleggja rekstur sinn að öðru leyti en því að við gefum út sérleyfi. Við höfum gert það og gerum ráð fyrir að halda því áfram.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á um kostnað og stjórnsýslu vegna þessa, þá kemur skýrt fram í fylgiskjali með frv., í umsögn fjmrn., hvernig því er háttað. Það er gert ráð fyrir því að Vegagerðin annist eftirlit og útgáfu rekstrarleyfa og það er tilgreint nánar eins og kemur fram í því fylgiskjali.

Varðandi umræðuna um útgáfu sérleyfa til fólksflutninga, vegna þess sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi, þá eru eins og hv. þm. þekkja gefin út tiltekin sérleyfi vegna fólksflutninga. Þau renna út árið 2002. Í gangi er heilmikil vinna og úttekt á því hvernig hægt sé að endurskipuleggja þessa starfsemi, þ.e. endurskipuleggja rekstur þessara fyrirtækja með það í huga að hagræða og einfalda. En eins og fram kom hjá hv. þm. þá fara sum þessara fyrirtækja um svipaðar slóðir, stundum hvert á eftir öðru. Í ljósi þess að verið er að leita eftir samstarfi í því skyni að hagræða þá tel ég eðlilegt að gera ekki ráð fyrir að bjóða allt út fyrr en árið 2005. Engu að síður er heimild til að gera það fyrr ef ástæða þykir og hagkvæmt reynist. Meginreglan er sú að bjóða út þessi sérleyfi. Ég held að það sé afar mikilvægt. Frv. kveður skýrt á um að Vegagerðin skuli gera þjónustusamninga við þessi fyrirtæki þar sem viðfangsefnið verði skilgreint, hvaða greiðslur er um að ræða, hvaða skyldur o.s.frv. Ég held því að sá rammi sem þetta frv. setur sé eðlilegur. Ég vænti þess að frv. nái fram að ganga fyrir þinglok.

[14:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Með almannaþjónustu í samgöngunum á ég við að íbúar hvar sem er á landinu viti hvaða almenningssamgöngur ætlunin er að þeim standi til boða og þeir geti gengið að því vísu að sú þjónusta verði varin. Íbúar í Ólafsvík, á Þórshöfn, Höfn í Hornafirði eða hvar sem er gætu treyst því að almannaþjónusta eins og almenningssamgöngur sé ekki bara háð því hvort einhver treysti sér til að bjóða í hana á þeim skilmálum sem settir eru. Þá tæki kannski enginn að sér þá þjónustu. Hér er um að ræða almannaþjónustu sem við eigum að gæta þess að veitist íbúum landsins. Síðan er sjálfsagt að leita hagkvæmustu leiða til að veita þjónustuna, bæði til að lækka kostnað og tryggja öryggi og gæði þjónustunnar.

Málið er nefnilega, herra forseti, að við höfum bútað þessa almannaþjónustu í einstaka flokka og þeir eru síðan skoðaðir aðgreindir. Áður fór pósturinn með rútunum. Ég er ekki að segja að það sé nauðsynlegt en þegar við bútum þjónustuna niður og látum síðan hvern bút standa undir sér, þá er afleiðingin sú að byggðirnar missa póstinn, missa síma og viðgerðarþjónustuna og missa rútuferðirnar. Öllu þessu geta þær staðið frammi fyrir. Þess vegna er brýnt að skilgreina almannaþjónustu og veita hana á sem hagkvæmastan og bestan hátt. Mér finnst að hæstv. ráðherra megi taka það skýrar fram ef hann er á þeirri skoðun.

[14:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með að fá tækifæri til að svara hv. þm. vegna þess að hér er ég að mæla fyrir frv. sem kveður skýrt á um það sem ekki hefur verið skýrt, að okkur sé heimilt að ganga til samninga, fela Vegagerðinni að

gera þjónustusamninga við þau fyrirtæki sem sinna sérleyfi í fólksflutningum. Við erum að tala um fólksflutninga.

Hvernig gerum við það? Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þessar sérleyfisleiðir verði boðnar út og aðilar keppi um að fá þá þjónustu í sínar hendur. Við höfum gert ráð fyrir því í fjárlögum að veita þeim fyrirtækjum sérstaka styrki til þess að halda úti þjónustu við almenning. Það sem hv. þm. er að spyrja um er því afar skýrt. Ramminn er settur með þessu frv. þannig að mér sýnist að aldrei þessu vant uppfylli ég óskir hv. þm.

[14:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að árétta þessi sjónarmið. Ég finn að hann er stöðugt að nálgast þá almannaþjónustusýn sem ég hef haft. Ég fagna því. Ég hugsa að með þriðju og fjórðu umferð í umfjöllun okkar um almannaþjónustumál þá munum við færast enn þá nær hvor öðrum. Ég tel að sú leið að gera þjónustusamninga eins og hann er að tala um sé í rétta átt. Ég vil samt að við skilgreinum þá hvaða leiðir við ætlum að bjóða þjónustu á og öllum íbúum landsins verði ljóst hvaða samgöngum á að halda uppi og standa vörð um. Eins og hæstv. ráðherra minntist á er ljóst að sumar leiðir verða ekki arðbærar. Þá er veitt fé á fjárlögum til að styrkja þær leiðir og veita fjárstuðning, hugsanlega í framhaldi af útboðum eða samningum um verkefnin eins og frv. gefur möguleika á.

Ég vil hæla þessum sjónarmiðum ráðherra en ítreka að mér finnst skorta á að hún komi sterkar fram, þ.e. sú almannaþjónustuskylda sem við ættum að axla og bera.

[14:39]

Útbýting þingskjala:

Kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu, 694. mál, skýrsla fjárln., þskj. 1075.

Málefni aldraðra, 695. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 1076.

Menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, 659. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1037.

Rammasamningar Ríkiskaupa, 693. mál, skýrsla fjárln., þskj. 1074.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 480. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1077; nál. minni hluta iðnn., þskj. 1078.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1012.

[14:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um lögskráningu sjómanna. Það er mál nr. 635 á þskj. 1012.

Með frv. er lagt til að lögum um skráningu sjómanna, siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum verði breytt í þeim tilgangi að tryggja að allir sjómenn á íslenskum skipum séu slysa- og líftryggðir.

Í lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, er í 2. gr. kveðið á um að skylt sé að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Einn megintilgangur með lögskráningu sjómanna er að ganga úr skugga um að áhöfn skips sé líf- og slysatryggð með fullnægjandi hætti, en lögskráning sjómanna fer fram á útgerðarstað skips og er framkvæmd af sýslumönnum og tollstjóra í Reykjavík. Segja má að tilgangur lögskráningar sé einkum:

1. að fyrirliggjandi séu upplýsingar um áhöfn skips hverju sinni,
2. að áhöfn skips hafi tilskilin atvinnuskírteini til starfa á skipum,
3. að áhöfn skips sé líf- og slysatryggð með fullnægjandi hætti,
4. að sannreyna siglingatíma vegna öflunar atvinnuskírteinis á skipi,
5. að áhöfn hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna og
6. grundvöllur fyrir skattafslætti sjómanna.

Við lögskráningu er miðað við að fyrir liggi yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og á lögskráningarstjóri að ganga úr skugga um að tryggingin sé í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Lög um lögskráningu sjómanna kveða á um að ef útgerðarmaður vanrækir að hafa líf- og slysatryggingu í gildi þá sé hann ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Þess eru dæmi að slys hafi orðið á bátum sem ekki er skylt að lögskrá á og sjómenn hafi slasast eða farist án þess að hafa verið líf- eða slysatryggðir. Megintilgangur frv. er að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Með breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna er lagt til að taka upp mælieininguna brúttótonn í stað brúttórúmlesta. Það er í samræmi við alþjóðareglur sem Ísland hefur gerst aðili að. Í gildandi lögum um lögskráningu sjómanna er miðað við að skylt sé að lögskrá á skip sem eru 12 brúttórúmlestir og stærri. Hér er lagt til að skylt verði að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á skipum sem eru 20 brúttótonn og stærri og skráð hér á landi. Það er svipaður fjöldi skipa og er undir 12 brúttórúmlestum.

Ekki þykir ástæða til að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, þar sem fjöldi þeirra er mjög mikill, sjósókn er óregluleg og verulegt óhagræði og kostnaður mundi fylgja því að leggja slíka skyldu á útgerðarmann eða skipstjóra þeirra skipa.

Með breytingu á siglingalögum er lagt til að áhafnir skipa sem ekki er skylt að lögskrá á, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á og að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla samkvæmt siglingalögum.

Með breytingu á lögum um eftirlit með skipum er kveðið á um að skip minni en 20 brúttótonn fái ekki útgefið haffærisskírteini, nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnatryggingu samkvæmt siglingalögum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[14:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að fræðast örlítið um þetta frv., þ.e. um 3. gr. þess. Þar er talað er um að ekki skuli gefa út haffærisskírteini til skips sem er minna en 20 brúttórúmlestir nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingarfélags um áhafnatryggingu.

Nú er það þannig að haffærisskírteini er oft gefið út áður en skip fer í notkun. Það má eiginlega lýsa þessu með því að við ætluðum að styðjast við sambærilegar reglur um bíla, þá mætti ekki láta skoða bíl öðruvísi en það lægi fyrir hver ætti að vera bílstjórinn. Mér þykir líklegt að það geti komið upp vandamál í kringum svona kröfur.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvernig menn líti á þetta. Verður þá ævinlega að liggja fyrir — það hlýtur að vera og ég álykta sem svo — hvaða áhöfn ætlar að vera á þessu skipi? Nú er haffæri yfirleitt veitt til eins árs í einu. Mörg af þessum skipum eru notuð hluta úr árinu. Sum eru meira að segja notuð af öðrum mönnum seinni hluta ársins en fyrri hluta ársins. Á þeim eru mismunandi margir skipverjar eftir því til hvers er verið að nota skipin. Mér finnst að það þurfi að liggja fyrir hvað átt er við með áhafnatryggingu. Er það einhver almenn yfirlýsing tryggingafélags um að það tryggi áhöfn viðkomandi skips? Liggur þá fyrir að tryggingafélag sé tilbúið að taka ábyrgð á því? Eða er meiningin að gefa út haffærisskírteini í nokkra mánuði á skip, vegna þess að það muni ljúka vertíð að vori og aðrir sjómenn verði þá um borð?

Þetta eru spurningar sem ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari.

[14:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. kemur hér með athyglisverða ábendingu.

Því er til að svara að 3. gr. fjallar fyrst og fremst um þá skyldu að sá sem fær haffærisskírteini skuli hafa keypt fullnægjandi tryggingu áður en hann fær útgefið haffærisskírteini.

Um útfærsluna á þessu er ekki nákvæmlega sagt fyrir um í lögum. Þessi skylda er skýr og niðurstaða nefndarinnar sem fjallaði um þetta frv. og undirbjó það var að þetta væri hinn eðlilegi háttur að hafa á en að öðru leyti yrði útfærslan að sjálfsögðu að vera á hendi útgerðarmanna og tryggingafélaganna. Ég á ekki von á öðru en að það finnist niðurstaða í því.

Að öðru leyti vil ég segja að það er eðlilegt að hv. samgn. fari yfir þetta og skoði hvort ekki sé tryggt að framkvæmdin geti orðið eins og til er ætlast. Eins og ég sagði tel ég að þetta sé athyglisverð ábending en hún snýst um framkvæmd.

[14:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til að menn fari vandlega yfir þetta. Mér sýnist ákveðið vandamál á ferðinni í þessu sem menn hafa kannski ekki ígrundað nógu vel.

Það er á höndum Siglingastofnunar að gefa út haffærisskírteini. Ef Siglingastofnun á að gera þá kröfu að búið sé að raða í áhöfn þá er spurning hvort nokkuð verði að marka það. Eða á Siglingastofnun að gefa út haffærisskírteini til einhvers ákveðins tíma, miðað við þá áhöfn sem búið er að ákveða að eigi að vera um borð?

Ég skil það vel og er alls ekki að agnúast út í að menn reyni að taka á þessu máli sem slíku. Ég tel þó reyndar að sú lagaskylda að áhöfn sé tryggð eigi að duga. Ég tel að það þurfi ekki að binda það við allt annað mál, þ.e. hvort skipið sem slíkt sé nothæft til að fara á sjó.

[14:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að frv. sem við ræðum hér sé að flestu leyti gott. Það fær auðvitað yfirferð í nefnd.

Einu velti ég þó fyrir mér, þ.e. varðandi lögskráningu eða réttara sagt undanþágu frá ákvæðum laganna um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa. Það kemur til vegna þess að þetta eru skip sem aðstoða önnur skip. Í kringum slíka starfsemi geta komið upp atvik og orðið tjón sem er bótaskylt. Þá kemur gjarnan upp deila á milli manna hvort allir pappírar og öll formlegheit hafi verið í lagi. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að huga sérstaklega að því hvort yfirleitt sé hægt að veita undanþágu frá lögskráningarskyldunni til skipa í aðstoðar- og öryggishlutverki gagnvart öðrum skipum. Er í lagi að gera slíkt? Þetta held ég að menn þyrftu að athuga mjög vel.

[14:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vekur athygli á atriði í 1. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa."

Ég tel að það fyllilega réttmæta ábendingu hjá hv. þm., að *það þurfi að hafa þetta rækilega í huga. Ég geri ráð fyrir því* að á grundvelli þessarar heimildar yrðu settar skýrar reglur með reglugerð um framkvæmdina. Ábendingunni hefur verið komið á framfæri og hv. samgn. getur farið yfir hana. Það mætti kalla til þá sem unnið hafa að gerð þessa frv. til að fara betur í þessi atriði, hvort eitthvað þurfi að skoða og koma að við setningu reglugerðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 602. mál (grænt bókhald o.fl.). — Þskj. 971.

[14:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Í frv. því sem ég mæli hér fyrir, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, er viðamesta breytingin sú að lagt er til að fyrirtæki sem eru starfsleyfisskyld og starfsemin getur haft í för með sér mengun, taki upp svokallað grænt bókhald. Hér er um að ræða nýmæli í íslenskri löggjöf, verði frv. að lögum, sem felur í sér að viðkomandi fyrirtæki vinni árlega efnisuppgjör fyrir starfsemina á svipaðan hátt og gert er með fjármuni fyrirtækja.

Við samningu frv. hefur verið stuðst við ákvæði um grænt bókhald í dönskum lögum. Ákvæði um grænt bókhald kom inn í dönsk lög árið 1995. Frumvarp þetta tekur mið af því ákvæði, aðallega að því er varðar þær upplýsingar sem koma skulu fram í grænu bókhaldi.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þar með talið tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Búist er

við að slíkt efnisuppgjör hafi áhrif á stjórnendur við val á aðföngum og starfsaðferðum og auki vitund starfsmanna, sem og almennings, um umhverfismál fyrirtækja.

Grænt bókhald ætti, þegar fram í sækir, að gera rekstraraðilum kleift að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og hvort þróunin er jákvæð eða neikvæð í umhverfislegu tilliti og gæti jafnvel orðið skref í þá átt að fyrirtæki taki upp umhverfisstjórnunarkerfi. Færsla græns bókhalds getur einnig í mörgum tilvikum leitt til fjárhagslegrar hagræðingar.

Í fylgiskjali með frv. eru þær tegundir fyrirtækja sem færa skulu grænt bókhald tilgreindar. Tekið er fram í frv. að ekki er skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur framleiðsluleyndarmál.

Gert er ráð fyrir að skýrslur um grænt bókhald verði aðgengilegar almenningi. Það er eitt meginatriði frv. en almennt er viðurkennt að vöktun almennings og miðlun upplýsinga sé hluti af umhverfisvernd með sama hætti og m.a. lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Frv. gerir ráð fyrir að starfsleyfishafi beri sjálfur ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Jafnframt er gert er ráð fyrir að skýrsla um grænt bókhald verði árlega send til útgefanda starfsleyfis. Eðlilegt þykir að útgefandi starfsleyfis taki við skýrslum um grænt bókhald og hafi þar af leiðandi aðgang að þeim upplýsingum sem þar koma fram og geti fylgt eftir skilum á skýrslum um grænt bókhald. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri umsögn útgefanda starfsleyfis, en hins vegar að Hollustuvernd annist gerð leiðbeininga og sjái um að birta skýrslur um grænt bókhald.

Í 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að finna heimild ráðherra til að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. eða 5. gr. laganna þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með þessum hætti veitt fyrirtækjum undanþágu frá skyldu til að færa grænt bókhald.

Auk þessa eru lagðar til þrjár breytingar á lögunum í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra undanfarin ár. Hér er um að ræða 4., 5. og 6. gr. frv. sem varða hæfisskilyrði framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits, staðgengil forstjóra Hollustuverndar ríkisins og beitingu þvingunarúrræða þegar Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit.

Við undirbúning frv. hefur verið haft samráð við Hollustuvernd ríkisins, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag löggiltra endurskoðenda og Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Með vísun til 17. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir voru drög að frv. þessu kynnt og lögð fyrir hollustuháttaráð. Umsögn ráðsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 9. febrúar 2001.

Hæstv. forseti. Ég hef hér rakið meginefni frv. og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[14:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að hæstv. umhvrh. hafi lagt fram frv. til laga þar sem kveðið er á um að taka skuli upp grænt bókhald starfsleyfisskyldra fyrirtækja hér á landi. Þetta er vissulega mikið framfaraskref í umhverfisvernd. Ég vil þó gera þann fyrirvara að fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. umhvn. munu auðvitað skoða frv. ítarlega, sérstaklega með tilliti til 2. gr. frv. Þar er vísað er til þess, í athugasemd með henni, með leyfi forseta:

„Ljóst er að útfæra þarf nánar reglur um færslu græns bókhalds, framsetningu skýrslna um grænt bókhald, upplýsingar sem þar skulu koma fram, skilafresti á skýrslum um grænt bókhald, aðila sem heimilt er að skila grænu bókhaldi án þess að þeim sé það skylt og endurskoðun þess og birtingu. Gera þarf ráð fyrir möguleika á sérstakri framsetningu til verndar upplýsingum um viðkvæm samkeppnismál. Einnig er gert ráð fyrir að það sé mismunandi eftir tegundum fyrirtækja hvaða upplýsingar er eðlilegt að fara fram á að tilgreindar verði í skýrslu um grænt bókhald. Þessi atriði verða útfærð nánar, annars vegar í reglugerð og hins vegar með leiðbeiningum, sbr. 3. gr. Haft verður samráð við hagsmunaaðila við undirbúning reglugerðarinnar."

Það er alveg ljóst, herra forseti, að hér er um mjög veigamikla reglugerð að ræða. Það mun því vafalaust verða rætt í hv. umhvn. hvað þurfi að koma fram í slíkum reglum og slíkum leiðbeiningum, sem skipta auðvitað mjög miklu máli svo að tilgangi frv. sé náð að öllu leyti.

Í annan stað langar mig að taka undir orð hæstv. umhvrh. um að eðlilegt sé að græna bókhaldið sé í mörgum tilvikum skref í þá átt að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi. Það hefur sýnt sig að umhverfisstjórnunarkerfi er í raun nútímastjórntæki. Ég hygg að sem flest fyrirtæki ættu að taka það upp, hvort sem þar er um að ræða starfsleyfisskyld fyrirtæki eða önnur. Það er mín von að grænt bókhald verði til þess að sem flest fyrirtæki hér á landi taki einnig upp umhverfisstjórnunarkerfi.

[15:01]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mér er það mikið fagnaðarefni að hér skuli komið fram frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sérstaklega tekur til græns bókhalds hjá þeim fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld. Ég vil taka það fram í upphafi að Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti þáltill. um sama efni á síðasta þingi sem fékkst ekki afgreidd en hefur hugsanlega haft einhver áhrif á að þetta frv. er komið fram.

Ég fagna því að umhvrn. skuli vera orðið virkt á þessu sviði og vinni að því að koma á grænu bókhaldi, sérstaklega með tilliti til þess að mörg fyrirtæki hafa talið að grænt bókhald, sem ég held að margir hafi gert sér grein fyrir að kæmi innan tíðar, yrði einhver óskapleg skriffinska, ekkert nema vandamálið og ekkert nema kostnaðurinn. Ég er sannfærð um að þegar menn læra að vinna með grænt bókhald og nýta sér það þá verði það umtalsverður sparnaður fyrir fyrirtækin. Þegar þau fara að skoða, rétt eins og í heimilisbókhaldi, í hvað þau eyða, hver orkukaupin eru, í hvað þau fara, hver úrgangurinn er og hvernig megi hagræða, þá verður þetta sparnaður, ekki bara fyrir náttúruna og auðlindirnar, heldur ekki síður fyrir fyrirtækin.

Ég ætla ekki að fara yfir greinarnar hverja fyrir sig en lýsi almennri ánægju yfir því að frv. skuli vera komið fram.

[15:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri ágætu umræðu sem hér hefur orðið um þetta ágæta mál. Ég tók eftir því að fulltrúi Samfylkingarinnar, hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, gerði 2. gr. að umtalsefni. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm., að reglugerðarsmíðin er mikilvæg. Ef vel tekst til

mun grænt bókhald hafa veruleg áhrif á starfsemi fyrirtækja á Íslandi að mínu mati. Auðvitað þarf að koma fram í reglugerðinni hvaða upplýsingar menn eiga að setja inn í grænt bókhald og hvenær eigi að hlífa fyrirtækjum við að færa grænt bókhald, sem ég býst ekki við að verði oft. Ég held að það verði alger undantekning frá reglunni að menn fái að víkja sér undan því að færa grænt bókhald.

Það er líka rétt sem hér hefur komið fram að græna bókhaldið mun að öllum líkindum stuðla að því að fleiri fyrirtæki taki upp umhverfisstjórnunarkerfi vegna þess að menn munu sjá að það er ekki mjög mikið mál að færa græna bókhaldið og menn munu líka sjá að það er sparnaður í að huga betur að umhverfismálum fyrirtækja. Það kom sérstaklega fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman sem líkti græna bókhaldinu við heimilisbókhald.

Ég tek svo sannarlega undir það að fyrirtæki munu sjá á skýrari hátt orkunotkun, hvernig þau nýta hráefni sitt, hve mikill úrgangur kemur frá fyrirtækjum o.s.frv. En það hafa menn einmitt verið að prófa í annarri starfsemi á vegum umhverfismála í dag, það er svokallað GATT-verkefni. Þar hafa menn einmitt verið að fara í nánast eins og grænt bókhald heimila þar sem fólk reiknar út orkunotkun heimilisins o.s.frv. Ég las einmitt um daginn skemmtilegt viðtal við konu í Mosfellsbæ en fjölskylda hennar breytti alveg orkunotkun sinni á heimilinu. Þau höfðu farið skipulega í gegnum orkunotkun sína í heimilisbókhaldinu. Það sama mun gerast hjá fyrirtækjum.

Það er líka ágætt að það komi fram við umræðuna vegna þess að hér er rætt um umhverfisstjórnunarkerfi að tvö íslensk fyrirtæki hafa farið í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi, þ.e. erfiðasta, stærsta og fíngerðasta kerfið, þ.e. ISO 14001 staðalinn. Það eru ÍSAL og Borgarplast. Bæði þessi fyrirtæki færa grænt bókhald. Þau tilgreina hvernig þau nota hráefni sitt og orku, hvað verður um orku, hvað verður um úrgang o.s.frv.

Ég vil þakka fyrir umræðuna og vænti þess að umhvn. skoði málið vel í nefnd.

[15:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir að þetta frv. skuli vera komið fram og þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um það.

Mig langar aðeins að það komi fram við 1. umr. málsins að grænt bókhald var sérstaklega til umræðu á umhverfismálaþingi sem Norðurlandaráð hélt á mánudaginn var í Ósló. Þar kom fram að í Danmörku á sl. ári færðu 600 fyrirtæki grænt bókhald. Það óvænta kom í ljós að $^3/_4$ af þeim juku mjög umtalsvert við hagnað sinn frá því sem áður hafði verið. Hagnaður þessara 600 fyrirtækja var langt yfir landsmeðaltali í dönskum fyrirtækjum. Grænt bókhald er því ekki íþyngjandi. Það virðist hafa orðið til þess að menn hafi sest niður og séð hvar væri hægt að spara í rekstri fyrirtækja sinna, hvar væri hægt að finna hagkvæmustu leiðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1. umr.

Stjfrv., 597. mál (gjaldtökuheimildir, náttúrustofur o.fl.). — Þskj. 950.

[15:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir um frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frv. þetta er samið af nefnd sem ég skipaði þann 9. júní 2000 og var falið það hlutverk að gera tillögur um framtíðarstöðu og hlutverk náttúrustofa í kjördæmum, samanber lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin skyldi hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi náttúrustofa og hafa það að leiðarljósi að starfsemi þeirra styrki sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála. Nefndinni var falið að huga sérstaklega að tengslum náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og starfsemi náttúrustofa í því sambandi. Þá var nefndinni ætlað að huga að verðandi breytingu á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmda þegar næst verður kosið til Alþingis.

Þær náttúrustofur sem starfræktar eru í dag eru Náttúrustofa Austurlands, Náttúrustofa Reykjaness, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Náttúrustofa Suðurlands, Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða.

Við samningu frv. var rætt við forstöðumenn þeirra fimm náttúrustofa sem starfandi voru á þeim tíma til að fá fram viðhorf þeirra til starfsemi náttúrustofa og hlutverks þeirra. Síðasta haust bættist ein náttúrustofa við þegar Náttúrustofu Reykjaness var komið á fót. Þá ræddi nefndin við forstjóra Náttúruverndar ríkisins og jafnframt óskaði nefndin eftir umsögnum stjórna þeirra sex náttúrustofa sem eru starfandi í dag, auk þeirra sveitarfélaga sem standa að þessum náttúrustofum. Nefndin gerði nokkrar breytingar á frv. með hliðsjón af þeim umsögnum sem henni bárust.

Ég mun hér, virðulegur forseti, gera grein fyrir þeim breytingum sem frv. felur í sér.

Gerð er tillaga um að heimilt sé að starfrækja allt að átta náttúrustofur á landinu en í dag eru þær sex eins og áður sagði og því heimilt að fjölga náttúrustofunum um tvær. Ekki er gerð krafa um að staðsetning náttúrustofa verði bundin sérstaklega við kjördæmaskipan eins og nú er þar sem ekki þykir rétt að binda í lög staðsetningu náttúrustofa. Hins vegar væri æskilegt að náttúrustofur dreifðust um landið þannig að öll sveitarfélög hefðu greiðan aðgang að einhverri náttúrustofu.

Gert er ráð fyrir að náttúrustofur verði alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með stuðningi ríkisins sem ákveðinn er í fjárlögum hverju sinni. Sú viðmiðun er sett fram í frv. að framlag ríkissjóðs til reksturs náttúrustofu skuli nema launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því skilyrði að þau sveitarfélög sem sjá um rekstur viðkomandi náttúrustofu, leggi að lágmarki fram fjárhæð sem nemur 30% af framlagi ríkisins og að jafnframt liggi fyrir samningur milli umhvrh. og viðkomandi sveitarfélags um rekstur náttúrustofu.

Lagt er til að verkefni náttúrustofa verði skilgreind með skýrum hætti og þau verði aukin. Þannig er náttúrustof-

um ætluð ákveðin lögbundin verkefni sem án efa styrkir starfsemi þeirra.

Það nýmæli er í c-lið 4. gr. að lagt er til að náttúrustofur veiti náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði hennar. Hlutverk náttúrustofa fellur vel að hlutverki náttúruverndarnefnda og ættu því náttúrustofur að geta styrkt starfsemi nefndanna og þar með sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Einnig er það nýmæli í e-lið 4. gr. að náttúrustofur annist almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofa starfar. Ákvæðið tekur mið af 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, en þar segir að Náttúruvernd ríkisins sé heimilt að fela náttúrustofum almennt eftirlit með náttúru landsins og ber að gera um það samning sem ráðherra staðfestir.

Í samræmi við það að náttúrustofur starfa á vegum sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra er lagt til að breytt verði skipan stjórnar náttúrustofu, þannig að viðkomandi sveitarfélög skipi samtals þrjá menn í stjórn náttúrustofu. Formaður stjórnar verður því ekki lengur skipaður af ráðherra eins og nú er heldur af sveitarfélögum sem standa að viðkomandi stofu.

Þá eru í frv. lagðar til breytingar vegna gjaldtöku Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa. Í 1. gr. frv. eru talin upp þau verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur heimild til að taka gjald fyrir. Einnig er lagt til að náttúrustofum verði veitt heimild til að taka gjald fyrir þau verkefni sem talin eru upp í 6. gr. frv. Þá er að lokum gerð tillaga um breytingu á gildandi lögum hvað varðar framlög og gjafir til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Er þetta gert til að gæta samræmis við það sem gildir um aðrar stofnanir sem heyra undir umhvrn.

Virðulegur forseti. Vegna þessa máls vil ég taka fram að umhvrn. hefur sérstaklega litið til stofnana sinna og möguleika umhvrn. á því að styrkja störf og auka starfsemi á landsbyggðinni. Niðurstaða okkar var að með því að leggja fram þetta frv. sem styrkir náttúrustofur, eykur hlutverk þeirra og mun skapa þeim meiri framlög frá ríkinu sé hægt að styrkja verulega náttúrustofur á landsbyggðinni og skapa þar fleiri störf. Því er hér um frv. að ræða sem skapar ramma fyrir mun meiri starfsemi á náttúrustofum en áður hefur verið. Ég tel því að þetta frv. sé mikilvægt í byggðalegu tilliti.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í frv. um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur eru mörg góð nýmæli. Það sem ég vil fyrst og fremst gera að umtalsefni eru náttúrustofurnar. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á í framsögu sinni þar sem hún lagði áherslu á að náttúrustofur dreifðust sem víðast um land og sem flest sveitarfélög hefðu beint samband eða aðgengi að náttúrustofum, þá vildi ég kannski leggja áherslu á aðra og sterkari nálgun við þessa starfsemi.

Skoðun mín er sú, herra forseti, að störf náttúrustofa eins og hérna er verið að leggja til og þau hafa gjarnan þróast séu eðlilegur hluti af staðbundnu starfi, staðbundnum rannsóknum, staðbundnu eftirliti og staðbundinni ráðgjöf um þá þætti sem lögin taka tillit til, til sveitarstjórna og annarra þeirra aðila sem fara þar um höndum eða bera ábyrgð. Þess vegna, herra forseti, finnst mér afar hæpið að setja í lögin þá takmörkun sem hér er gerð tillaga um og kveðið er á um í 2. gr., að ráðherra sé heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfi á vegum sveitarfélaga.

Ég vek athygli á því að hér er í fyrsta lagi um heimildarákvæði að ræða. Það er ekki skylt að gera þetta þó að það sé sett fram sem stefnumið. Ég tel að skoða ætti það að starfræksla náttúrustofa verði í sjálfu sér ekki bundin af neinum fjölda heldur sé það hlutverk og verkefni sem mikilvægt er að ríkið komi að og styðji en heimaaðilar beri ábyrgð á rekstri og framkvæmd þess.

Ef við lítum á reynsluna af þeim náttúrustofum sem hafa verið stofnsettar hefur reyndin verið sú að nánast flestallar hafa þær fyrst og fremst verið studdar af næsta sveitarfélagi. Þó að ætlast hafi verið til þess að náttúrustofurnar yrðu hluti af stærri heild þá hefur sú ekki orðið raunin. Ég tek sem dæmi náttúrustofuna í Stykkishólmi sem ætlunin var að hefði verkefni á öllu Vesturlandi, en reyndin hefur orðið sú að Stykkishólmur, að ég held, stendur einn að henni. Hið sama er með náttúrustofuna á Vestfjörðum eða í Bolungarvík. Að henni standa aðeins örfá sveitarfélög. Svipað er á Norðurlandi vestra. Þar var ætlunin með náttúrustofu, sem fékk aðsetur á Sauðárkróki, að gerður yrði samstarfssamningur við önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra en af því hefur ekki orðið.

Engu að síður eru verkefnin fyrir hendi. Ég held að reynslan sem við höfum enn sem komið er af náttúrustofunum sýni okkur að fyllilega er ástæða til að slíkar náttúrustofur verði hluti af eðlilegu og nauðsynlegu starfi heima fyrir og takmörkun á fjölda þeirra sé ekki bundin í lögum. Eins og er eru stór landsvæði, t.d. svæðið frá Skagafirði og vestur í Bolungarvík, ekki með neina slíka starfsemi í gangi. Það væri ekkert óeðlilegt að hugsa sér að Húnavatnssýslur fengju náttúrustofu ef þær óskuðu eftir því og fjármagn leyfði.

Þess vegna vil ég, herra forseti, leggja áherslu á, eins og er reyndar kveðið á um eða gert er ráð fyrir í 4. gr. laganna, það hlutverk náttúrustofa að starfa í þeim landshluta þar sem náttúrustofan er staðsett og axla þá ábyrgð. Þá verða önnur landsvæði og önnur sveitarfélög sem ekki eiga aðild að þeim stofum — því að ástæðulaust er að beita þvingunaraðgerðum í að þvinga sveitarfélag til aðildar að rekstri náttúrustofa — utan við þessa starfsemi, þá ábyrgð og þau verkefni sem gert er ráð fyrir að náttúrustofurnar sinni.

Herra forseti. Ég vil draga það fram að í ljósi reynslunnar af náttúrustofunum eigi ekki að hafa fjöldatakmörk. Það má setja sér stefnumið, að bæta við einni á ári en hlutverk og verkefni þessara náttúrustofa í starfi heimaaðila, í starfi sveitarfélaga og annarra slíkra í héraði er mikilvægt. Ég tel að stefna eigi að því og frv. eigi að taka meira mið af þeim þörfum þegar til framtíðar er litið.

[15:21]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. hefur litið dagsins ljós og er komið á dagskrá Alþingis. Það hefur tekið nokkurn tíma að skapa ramma um starfsemi náttúrustofanna og það er mikið gleðiefni að full samstaða skuli hafa verið um þessa lausn í hópnum sem undirbjó frumvarpsgerðina. Í fljótu bragði sýnist mér að þessi rammi sé mjög vel nýtanlegur.

Mig langar aðeins að taka fram í tilefni orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem sagði að vandkvæði hefðu verið á því að sveitarfélög tækju þátt í starfsemi náttúrustofanna og tók

Stykkishólm sem dæmi, að ég held að við þurfum að höfða til ábyrgðar og samstarfsvilja sveitarfélaganna til að starfa saman á þessu sviði. Það er þá kannski verkefni Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarfélaga almennt að menn fari með því viðhorfi í það starf sem náttúrustofur inna af hendi, að það sé ekki bara á hendi einhvers eins sveitarfélags og þar megi enginn annar koma að. Ég hef fulla trú á því að sveitarfélögin geti starfað vel saman að þeim gríðarlega miklu, fróðlegu og skemmtilegu verkefnum sem eru unnin í náttúrustofunum. Ég er sammála hæstv. umhvrh. um að náttúrustofurnar eru mikil lyftistöng þeim sveitarfélögum sem hýsa þær. Þær geta líka verið lyftistöng öðrum sveitarfélögum í nágrenninu og mikilvægt er að starfið sem fer fram á náttúrustofunum nú þegar — auðvitað mun það eflast og þróast í framtíðinni — fari fram sem víðast um landið.

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið. Komið hafa fram, m.a. í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, efasemdir um takmörkun á fjölda náttúrustofa, að takmarka hann við átta stofur. Þær eru sex í dag og hv. þm. taldi að það þyrfti ekki endilega að takmarka fjöldann heldur væri eðlilegra að skoða hlutverk starfseminnar og umfang hennar.

Ég tel að ekki sé æskilegt að stofna til of margra náttúrustofa á landinu. Ég tel að ef þær verði of margar þá verði þær síður burðugar og of litlar. Í dag eru þær meira eða minna einmenningsstofur með vissum undantekningum þó en ég tel að við eigum að reyna að hlúa vel að þeim stofum sem fyrir eru og ekki stofna til of margra þannig að þær verði óburðugri. Ég held að það yrði óhjákvæmilega afleiðingin, a.m.k. fyrst í stað. Þær sem fyrir eru þurfa að styrkja sig. Væntanlega bætum við tveimur við í framtíðinni. Bæði vantar stofu, ef við horfum á landið í heild, á Norðausturlandi og Suðausturlandi og ég tel að við þurfum að öðlast meiri reynslu og reyna að hlúa betur að þeim stofum sem fyrir eru áður en við stofnsetjum fleiri en átta stofur.

Það er mikilvægt að skapa starfsemi á landsbyggðinni og sérstaklega starfsemi sem lýtur að fræðistörfum þar sem koma að aðilar með mikla þekkingu sem geta veitt viðkomandi stofum og svæðum miklar upplýsingar á sínu sviði. Ég ítreka að ég tel ekki æskilegt að stofna til of margra stofa.

Ég vil líka drepa á það sem kom bæði fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og Þórunnar Sveinbjarnardóttur, að mikilvægt væri að sveitarfélögin stæðu saman að rekstri þessara stofa. Það hefur því miður ekki orðið. Flestar hafa verið með eitt eða tvö sveitarfélög á bak við sig en ekki fjölda sveitarfélaga eins og að var stefnt í upphafi. Menn lentu meira að segja í því á fyrri tíð að í einu kjördæmi var mjög erfitt að velja náttúrustofu staðsetningu vegna þess að menn toguðust á um hvar viðkomandi náttúrustofa ætti að vera niður sett. Menn báðu meira að segja umhvrn. að aðstoða í því togi. Þetta hefur því verið svolítið harðdrægt. Ég vona að þegar náttúrustofurnar fá meiri reynslu og hafa starfað í um árabil þá breytist þetta og fleiri sveitarfélög komi að hverri náttúrustofu. Hvort Samband ísl. sveitarfélaga beitir sér í því eða ekki get ég ekki sagt neitt til um en það er alveg ljóst að stofurnar verða sterkari ef fleiri sveitarfélög standa á bak við þær.

Ég vil einnig ítreka að lokum að ég tel mikilvægt að frv. nái fram að ganga vegna byggðasjónarmiða og þeirrar fræðimennsku sem stunduð verður á náttúrustofunum. Ég tel að stofurnar geti haft mjög mikil áhrif á umhverfisvernd á Íslandi með því að upplýsa almenning um byggðir landsins, umhverfismál og náttúrufar á viðkomandi svæði. Það á að skapa betri ramma fyrir stofurnar og menn sjá það á þeim gögnum sem liggja hér til grundvallar, gögnum frá fjmrn., að verði frv. að lögum er stefnt að því að auka fjármagn til hverrar stofu um 2 millj. Það er fé sem mun nýtast vel á hverri stofu, samtals þá um 12 millj. vegna þess að stofurnar eru sex.

Ég tel einnig mikilvægt að menn skilji á milli í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í dag er það þannig að umhvrh. skipar formann stjórnar en sveitarfélögin skipa hina tvo. Ég tel að það sé eðlilegra vegna þess að sveitarfélögin standa að þeirri starfsemi með styrk frá ríkinu. Það eiga að vera hreinar línur á ábyrgð og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til mun ráðherra ekki lengur skipa formann heldur mun sveitarstjórn skipa alla fulltrúana.

[15:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að benda á þá þversögn í frv. þar sem annars vegar er talað um að takmarka fjölda stofanna en hins vegar er kveðið á um að verkefni þeirra skuli fyrst og fremst vera í nærumhverfi þeirra, enda hefur reyndin verið sú. Tökum t.d., eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir minntist á, stofuna í Stykkishólmi. Sveitarfélög allt að Akranesi hefðu í sjálfu sér átt að vera aðilar að þeirri stofu og við höfum líka heilmikið verkefni eins og lífríki Breiðafjarðar sem var röksemdin fyrir staðsetningu hennar. Ég er þó ekki viss um að Borgarfjarðarhérað eða suðurhluti þess kjördæmis ætti samleið með þeirri stofu frekar en einhverri annarri. Ég held því að huga verði að þessu í stærra samhengi.

Eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gat um er þetta auðvitað fengur fyrir hvert sveitarfélag sem fær þetta til sín, bæði verkefnið, fjármunirnir og ekki síst möguleikarnir. Það er ekki síst það sem sóst er eftir, verkefnin, möguleikarnir og sýnin. Ég vil þess vegna inna hæstv. ráðherra eftir einu atriði. Mig minnir að í fyrri lögum hafi verið gert ráð fyrr að fleiri aðilar en bara sveitarfélög gætu gerst aðilar að náttúrustofum og staðið að þeim. Er ætlunin að það verði fellt út og séu þá bara sveitarfélögin á móti ríkinu sem gætu gert það?

[15:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það hvort fleiri aðilar standa að náttúrustofum þá er það þannig í dag að ríki og sveitarfélög standa að náttúrustofunum. En nú erum við að leggja til að ríkið komi að greiðslum áfram að sjálfsögðu og hækki þær reyndar en sveitarfélögin skipi alla fulltrúana í stjórn.

Það er rétt að ítreka það sem fram hefur komið hjá hv. þingmönnum sem hér hafa talað í málinu að það er áhyggjuefni að sveitarfélögin hafa ekki staðið á bak við þessar stofur. En með lagabreytingunum sem við erum að fjalla um eiga náttúrustofurnar að sinna náttúruverndarnefndum sveitarfélaga. Því er alveg ljóst að náttúruverndarnefndir sem eru í þeim sveitarfélögum sem standa að náttúrustofum fá betri þjónustu en náttúruverndarnefndir annarra sveitarfélaga. Vonandi verður því þetta lagaákvæði líka hvati til að fleiri sveitarfélög standi á bak við hverja stofu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að sveitarfélögin sameinist um stofurnar til að þær styrkist. Menn verða að líta á það sem byggðamál líka að standa saman úti á landsbyggðinni að baki stofnana

eða stofa eins og hér um ræðir. Ég tel að hv. þingmenn geti m.a. beitt fyrir því.

[15:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra um að aðilar standi saman að þessum verkefnum eins og eðlilegt og nauðsynlegt er.

En ég vil líka benda á, herra forseti, að það eru yfirleitt fleiri heimaaðilar, fleiri aðilar sem hafa hliðstæða ábyrgð og vinna að hliðstæðum verkefnum þannig að þau skarast. Ég nefni búnaðarsamböndin, stofnanir eins og Veiðimálastofnun og sumar menntastofnanir, ég nefni Hafrannsóknastofnun o.s.frv. sem eru með deildir út um landið og hefði þá verið æskilegt að horfa til þess hvernig viðkomandi stofa verði styrkust.

Í þeirri umræðu sem hæstv. ráðherra minntist einnig á, um staðsetningu náttúrustofu, þar sem tekist var á um hvort hún skyldi vera á Sauðárkróki eða annars staðar, t.d. á Hólum eða Skagaströnd, þá var einmitt tekist á um faglegt umhverfi og hvernig hún gæti orðið til styrktar starfi og vettvangi á þessu sviði. Og þá var einmitt lagt til að hún yrði á Hólum. Ég held að það beri einmitt líka að horfa til þessa en ekki bara hreinnar hreppapólitíkur eins og hæstv. ráðherra kom inn á.

Ég bendi á að þetta er mikilvægt verkefni fyrir sveitarfélögin, fyrir þau verkefni sem eru að færast á hendur sveitarfélanna í auknum mæli. Þess vegna á ekki að takmarka þetta við átta stofur. Húnavatnssýslurnar gætu þess vegna verið eining, Húnaflóinn. Það er engin náttúrustofa tengd því svæði. Ég er búinn að nefna Borgarfjörð og suðurhluta Norðurl. v. sem telur sig litla samleið eiga með náttúrustofu í Stykkishólmi.

Herra forseti. Ég tel að líta eigi raunhæft á það hvað séu eðlileg starfssvæði og hvar sé fengist við lík verkefni sem gætu orðið til styrktar á þeim svæðum og þess vegna eigi ekki að takmarka fjölda stofanna við átta.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi ýmsar stofnanir og sambönd sem fjalla um málefni sem tengjast náttúrustofum. Hér voru nefndar menntastofnanir og búnaðarsambönd og fleiri einingar. Náttúrustofurnar hafa ágætt svigrúm til að þjóna slíkum aðilum í þeim málum sem menn ná saman um þannig að þær munu geta aðstoðað slíkar einingar eftir því sem þeim er unnt og þeim þykir æskilegt.

Ég vil líka benda á að Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er vísindastofnun á sviði umhverfismála og er að rannsaka náttúru okkar, hefur setur á Akureyri en er með höfuðstöðvar í Reykjavík. Heimilt er að setja upp fleiri náttúrusetur en við höfum kosið að styrkja núna frekar náttúrustofurnar með framlagningu þessa frv., einmitt til að styrkja störf á landsbyggðinni. Það er mjög líklegt að náttúrustofurnar muni í auknum mæli gera einhvers konar samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands um verkefni. Ég sé fyrir mér að þessar einingar geti unnið sem ein heild úti á landsbyggðinni við að þoka umhverfismálum í rétta átt og styðja við starfsemi á landsbyggðinni, bæði náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og þær einingar sem hv. þm. nefndi áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 680. mál. — Þskj. 1059.

og

Spilliefnagjald, 1. umr.

Stjfrv., 681. mál (umsýsla). — Þskj. 1060.

[15:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um úrvinnslugjald og frv. til laga um breytingu á lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996, með síðari breytingum.

Í upphafi árs 2000 skipaði ég nefnd til að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni endurnýtingu úrgangs og tillögur um lagasetningu í því skyni. Nefndinni er m.a. ætlað að fara yfir þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að EES-samningnum hvað varðar úrvinnslu úrgangs og gera tillögur um hvernig þeim verði best náð hér á landi. Hér má nefna tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang sem setur markmið um endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaúrgangs og tilskipanir um urðun og ónýt ökutæki. Frv. þetta er unnið af framangreindri nefnd í samráði við umhvrn. og við gerð þess var tekið mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996.

Spilliefnanefnd hefur starfað frá því í september 1996. Reynslan af starfi nefndarinnar og því heildarkerfi sem hún hefur komið á varðandi spilliefni er því orðin allnokkur. Við undirbúning frv. var m.a. haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök fiskvinnslustöðva og Hollustuvernd ríkisins.

Sú leið sem frv. þetta mælir fyrir um, að skapa hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu úrgangs, er að meginhluta til sú sama og farin er í lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996, en góð reynsla og víðtæk sátt er um framkvæmd þeirrar löggjafar. Ég mun nú, virðulegur forseti, gera grein fyrir helstu efnisatriðum frv.

Markmið frv. er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Til að ná fram þessu markmiði er í frv. lagt til að heimilt verði að leggja á sérstakt gjald, svokallað úrvinnslugjald á ökutæki, vinnuvélar, hjólbarða og ákveðna efnisflokka umbúða sem tilgreindir eru í 2. gr. frv. Greiða á úrvinnslugjald af viðkomandi vöru við innflutning og framleiðslu vöru hér á landi þegar tekin hefur verið ákvörðun um að leggja gjald á vöruna. Gjaldið skal standa undir kostnaði við úrvinnslu úrgangs sem af vörunni hlýst en í því felst að gjaldið skuli standa straum af kostnaði við þjónustu vegna reksturs söfnunarstöðva, flutnings frá söfnunarstöðvum til endurnýtingar, móttöku og annarrar úrvinnslu úrgangs.

Í frv. er tilgreind hámarksupphæð úrvinnslugjalds í einstökum vöruflokkum en nefndin skal skipta þeim vörum sem falla undir frv. í flokka eftir því sem við á. Tekjur og gjöld í hverjum flokki skulu standast á og skal hver flokkur

vera fjárhagslega sjálfstæður. Þannig skal tryggt að gjald sem lagt er á tiltekna vöru fari einungis í að greiða þann kostnað sem af úrvinnslu þess vöruflokks hlýst. Sérstakri nefnd um úrvinnslu úrgangs ber að sjá um framkvæmd frv. verði það að lögum. Úrvinnslugjald á einnig að standa undir kostnaði sem hlýst af starfsemi nefndarinnar. Nefndin skal fara með stjórn og umsýslu úrvinnslugjalds og framkvæmd málaflokksins sem frv. tekur til.

Í nefndinni skulu sitja þeir sem fara með framkvæmd þessa málaflokks, þ.e. fulltrúar ríkisins, sveitarfélaga og atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að nefndin fari jafnframt með stjórn spilliefnagjalds og annist framkvæmd þeirra laga. Því er samhliða frv. þessu lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um spilliefnagjald.

Í því frv., sem ég mæli hér einnig fyrir, virðulegur forseti, eins og fram hefur komið, er lagt til að nefnd um úrvinnslu úrgangs komi í stað spilliefnanefndar og verði hún skipuð níu aðilum í stað sjö. Þessi breyting er lögð til þar sem hagkvæmara er að sama nefndin fari með framkvæmd þessara tveggja lagabálka verði frv. um úrvinnslugjald að lögum.

Í frv. er tilgreind hámarksupphæð úrvinnslugjalds í einstökum vöruflokkum en gert er ráð fyrir að upphæð gjaldsins verði ákvörðuð í reglugerð samkvæmt tillögum nefndar um úrvinnslu úrgangs. Álagt gjald skal ákvarðað á grundvelli útreikninga, útboða eða verksamninga. Nefndin skal skipta þeim vörum sem falla undir frv. í flokka eftir því sem við á og skulu tekjur og gjöld í hverjum flokki standast á eins og áður segir. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að ákveða að hluta úrvinnslugjalds megi nýta sem skilagjald til þess að skila tilteknum úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar. Má hugsa sér að það verði gert, t.d. varðandi ökutæki.

Við afgreiðslu frv. í ríkisstjórn var ræddur sá möguleiki að gjald fyrir einstakar tegundir úrgangs yrði ákveðið í lögunum og vil ég beina því til hv. umhvn. að það verði kannað sérstaklega við meðferð málsins í nefndinni. Nefnd um úrvinnslu úrgangs skal semja við þar til bæra aðila um vörslu og ávöxtun úrvinnslugjalds en lagt er til að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir í frv. að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að auka endurnýtingu og endurnotkun úrgangs, þ.e. að gera svokallað frjálst samkomulag. Ráðherra skal staðfesta slíka samninga og geri hann það má undanþiggja viðkomandi vörur gjaldtöku. Sem dæmi um slíka samninga sem falla undir lög um spilliefnagjald er samningur sem olíufélögin hafa gert um söfnun, flutninga og eyðingu á svartolíuúrgangi. Þessi leið hefur verið farin í Noregi einnig hvað einstaka efnisflokka varðar og gefist ágætlega.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið meginefni frv. Ég legg áherslu á að góð sátt er um það frv. sem hér er lagt fram hjá Samtökum atvinnulífsns og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég tel mikilvægt að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi þar sem hinn 1. júlí nk. á að ná markmiðum tilskipunar um umbúðir og umbúðaúrgang, um hlutfall endurnýtingar og endurvinnslu umbúða og úrgangs, samanber ákvæði reglugerðar nr. 609/1996, um umbúðir og umbúðaúrgang.

Frv. þetta er m.a. lagt fram til þess að skapa hagræn skilyrði til þess að tryggja betur þá framkvæmd sem framangreind tilskipun mælir fyrir um. Auka þarf endurnýtingu og endurvinnslu tiltekinna efnisflokka til að ná þeim markmiðum sem fram koma í tilskipuninni. Hér er einkum um að ræða pappír, pappa, kartonefni, samsettar umbúðir og plast og því er tekið á þeim efnisflokkum í frv.

Ég legg til, virðulegur forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:43]

Daníel Árnason:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við alla viðleitni í þá átt að auka nýtni og allar aðgerðir sem hamla gegn ofnotkun í þjóðfélaginu og sóun verðmæta. Við getum öll verið sammála um nauðsyn þessa. Hver man ekki ástandið á sorphaugum þéttbýlisstaða hér áður fyrr? Rusl og úrgangur var á fleiri ferkílómetra svæði og vargfuglar á sveimi þar í kring. Þetta er að verða liðin tíð sem betur fer.

Frv. það sem hæstv. umhvrh. hefur hér mælt fyrir er tvímælalaust til þess fallið að stuðla að áframhaldandi úrbótum, sérstaklega á sviði endurvinnslu og endurnýtingar og það er vel. Þær athugasemdir sem ég vil þó koma hér á framfæri eru eftirfarandi:

Frv. felur í sér mjög víðan ramma utan um þessi mál. Má þar t.d. nefna að ekki eru skýr ákvæði um hvort útflutnings- og framleiðslugreinar þurfa að sæta gjaldi eður ei. Þarna þarf að kveða skýrar að svo lögin valdi ekki hækkunum á framleiðslukostnaði þessara aðila og lakari samkeppnishæfni fyrirtækjanna.

Einnig er ýmsum praktískum spurningum ósvarað. Þar vil ég t.d. nefna samspil þeirra gjalda sem frv. gerir ráð fyrir að leggja á aðila og núverandi sorphirðu- og förgunargjalda. Heimildir þeirrar nefndar sem frv. gerir ráð fyrir að stýri úrvinnslu úrgangs í landinu eru mjög rúmar eins og áður segir. Hins vegar er jákvætt að atvinnulífið á fulltrúa í nefndinni og fleiri aðilar. Engu að síður skiptir máli að Alþingi fylgist vel með framkvæmd og útfærslu nefndarinnar á því sem frv. gerir ráð fyrir. Í trausti þess að Alþingi fylgi þessu vel eftir, styð ég framgang frv. fyrir mitt leyti.

[15:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til að taka þátt í umfjöllun um málið í umhvn. en mig langar til að segja að ég er afar ánægður yfir því að sjá mál af þessu tagi í Alþingi. Þarna er verið að stíga fyrstu skrefin í þá átt að kostnaðurinn komi réttlátlega niður. Hann þarf auðvitað að gera það. Þegar við eyðum einhverju, kaupum okkur bíl eða eitthvað annað þurfum við auðvitað að taka ákvörðun um kostnaðinn sem fylgir því að eyða því rusli og þeim afgangi sem verður af þeim vörum sem við nýtum okkur. Ég vil einnig segja það áður en ég held áfram að ég held að ég hafi aldrei séð fallegri orð um skatta en það sem er kallað hagræn skilyrði fyrir endurnýtingu. Ég man ekki eftir fallegra orðavali um skattheimtu en þarna er fundið og mér finnst vanta hv. þm. Pétur H. Blöndal í salinn til að ræða þetta. Ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með orðavalið.

Það sem mig langaði til að spyrja um í sambandi við þetta er í fyrsta lagi nefndin um úrvinnslu úrgangs. Út af fyrir sig set ég ekkert út á hana en ég vildi að hæstv. ráðherra útskýrði fyrir þingheimi hvort þeir fulltrúar sem hæstv. ráðherra mun velja verði valdir með það sérstaklega í huga að þar komi fram sjónarmið náttúruverndar. Þessi hópur er dálítið einsleitur, samsettur af samtökum úr atvinnulífinu og frá sveitarfélögunum sem ég efast ekki um að hafi náttúruvernd í huga, sérstaklega eftir það mikla námskeið sem fer fram með Staðardagskrá 21 um allt land núna. Mér finnst

ástæða til að velta því svolítið fyrir sér hvort samsetning þessa hóps geti hamlað ákvörðunum sem mundu íþyngja t.d. atvinnulífinu og sveitarfélögunum sem hlýtur vissulega að koma upp í starfi þessarar nefndar að það þurfi að taka ákvarðanir sem skipta miklu máli bæði fyrir fyrirtæki og sveitarfélög.

Síðan langaði mig til að spyrja um 9. gr. þar sem fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að auka endurnýtingu og endurnotkun og þá geti ráðherra undanþegið þessi viðkomandi fyrirtæki gjöldunum. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig eftirliti með slíkum samningum og framkvæmd á því verður fyrir komið, hvort þessir samningar verði bara til og eftir það séu fyrirtækin undanskilin og því treyst að samningarnir verði haldnir eða hvort einhver sérstakur eftirlitsþáttur verði þá sem fylgi því eftir að eins sé staðið að málum og ráðherra hefur skrifað upp á með því að staðfesta þetta samkomulag og undanþiggja viðkomandi fyrirtæki gjöldunum.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Fyrst og fremst vil ég láta það koma fram að ég er afar ánægður með frv. Ég veit ekki hvernig færi ef hæstv. ráðherra væri með fleiri mál í dag. *Við erum búin að hæla henni svo mikið að ég held að* það væri ekki hollt meira í bili.

[15:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hvort sem hæstv. umhvrh. er það hollt eða ekki að fá meira hól þá er rétt að hæla hæstv. ráðherra þegar hún á það skilið. Það frv. sem hér er til umræðu er mjög í anda þess sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað fyrir, þ.e. að koma á úrvinnslugjöldum eins og þau eru nefnd hér eða gjöldum á þá sem menga og skilagjöldum á þá vöru sem fólk skilar inn aftur til endurvinnslu, úrvinnslu og endurnýtingar.

Auðlindir jarðar eru ekki ótakmarkaðar og okkur ber að umgangast þær með varúð. Þetta úrvinnslugjald mun líka beina okkur inn á þá braut að skoða umbúðir ekki síður en innihald, að hafa ekki meiri eða stærri umbúðir um vöruna en þarf. Maður verður að hugsa um það líka því að það kostar að farga.

Því fagna ég þessu frv. og vona að um það náist góð sátt. Ég ætla ekki að fara neitt í einstakar greinar. Ég veit að fulltrúi okkar Vinstri hreyfingar – græns framboðs í umhvn. *mun gera það og taka þátt í umræðu um það frv. í nefndinni.* Ég ætla að vona að það fái góða afgreiðslu á þinginu.

[15:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessar umræður. Í upphafi umræðna kom fram hjá hv. þm. Daníel Árnasyni að ástandið í sorphirðumálum og úrgangsmálum hafi verið afar slæmt áður fyrr og það er alveg rétt. Á tiltölulega skömmum tíma hefur orðið hálfgerð stökkbreyting á þessum málaflokki þar sem sveitarfélögin hafa tekið sig verulega á og þau vilja í dag öll standa sig í sorphirðumálunum. Þau eru mörg hver að fara í afar skemmtilegar nýjungar, m.a. í Reykjavíkurborg. Þar er að hefjast tilraunastarfsemi við að vigta það sorp sem kemur frá heimilum. Ég spái því að það verði víða þannig í framtíðinni.

Hv. þm. var með vangaveltur um hvort útflutningsgreinar og framleiðslugreinar, sem bæru gjaldið, gætu lent í því að vara þeirra hækkaði. Menn hafa verið að ræða þá hluti við samningu frv. Meðal annars hafa komið upp dæmi eins og *þau þegar menn flytja inn pappa eða einhvers konar umbúðir* í stórum einingum sem þeir ætla síðan að nota aftur, t.d. umbúðir fyrir fisk. Þá flytja menn inn umbúðirnar og samkvæmt frv., ef ekki er að gáð, yrði lagt gjald á það og síðan færi fiskur ofan í umbúðirnar og yrði sendur aftur til útlanda. Viðkomandi umbúðir færu aldrei í förgun innan lands, þær færu út aftur. Hvað þá? Vegna þess vil ég benda sérstaklega á það sem fram kemur neðst í 10. gr.:

„Ráðherra skal samkvæmt tillögu nefndar um úrvinnslu úrgangs ákveða með reglugerð með hverjum hætti skal undanþiggja vörur gjaldi eða endurgreiða gjald í þeim til vikum þegar vara kemur ekki til úrvinnslu hér á landi."

Það verður því skoðað sérstaklega í úrvinnslunefnd þegar svona mál koma upp. Ég get bent á að varðandi fiskútflutninginn eiga Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva hvort sinn fulltrúann í úrvinnslunefndinni.

Í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar kom fram að fundið hefði verið upp ótrúlega fallegt orð yfir skatta, þ.e. hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu úrgangs. Ég verð að segja að við lítum kannski ekki alveg á þetta sem skatta. Það er þó umdeilanlegt að mati sumra en það kemur fram í athugasemdum við lagafrv., t.d. þegar menn ræða um spilliefnagjaldið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Spilliefnagjald er lagt á viðkomandi vörur í innflutningi og á gjaldið að standa undir kostnaði við förgun vöruafganga viðkomandi vöruflokka." — Það er eiginlega sama hugmyndafræði og í þessu frv. — „Hér er um þjónustugjald að ræða þar sem tekjur og gjöld í hverjum vöruflokki skulu standast á."

Menn eru að borga fyrir einhvers konar þjónustu sem þeir fá síðar, fyrir það að aðilar munu farga þessari vöru eða endurnýta hana. Ég vildi koma þessu sérstaklega á framfæri.

Hv. þm. gerði samsetningu úrvinnslunefndar líka að umræðuefni og spurði hvort ráðherra mundi velja fulltrúa í úrvinnslunefndina, m.a. með náttúruvernd í huga. Ég vil af *því tilefni taka fram að í úrvinnslunefndinni eiga sæti níu* menn og þeir eru allir tilnefndir nema fulltrúar ráðherra sem eru tveir, formaður og annar. Þeir sem tilnefna eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Alþýðusamband Íslands. Enn fremur skal einn skipaður sameiginlega af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, þ.e. einn er sameiginlegur frá þessum aðilum. Það var ekki rétt sem ég sagði áðan að þeir ættu hvor sinn fulltrúa, þeir eiga einn fulltrúa sameiginlegan. Þessir aðilar eru skipaðir eftir tilnefningum. Það er því ekki mikið svigrúm fyrir ráðherra að huga að einhverjum sérstökum hagsmunum í því sambandi. Ég tel að það séu verulegar líkur á því að afar hæft fólk verði skipað í þessa nefnd. Hv. þm. Jóhann Ársælsson var með vangaveltur um það hvort nefndin mundi virka íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Ég tel að svo sé alls ekki. *Ég tel mjög líklegt að viðkomandi aðilar sem eiga að tilnefna* í nefndina muni tilnefna færasta fólk sitt.

Það verður að segjast eins og er að þessi mál eru mjög flókin. Við höfum sé það í spilliefnamálunum. Þetta eru flókin mál og samtök á markaðnum hafa nánast komið sér upp sérfræðingum sem þekkja vel til þessara mála, úrvinnslumálanna. Ég býst þannig við því að þeir sem eiga að tilnefna í úrvinnslunefndina muni tilnefna bestu sérfræðinga sína í þessum málaflokki.

Varðandi úrvinnslunefndina vil ég líka taka fram að menn sjá það, þegar þeir lesa hvernig hún er saman sett, að hinir ýmsu geirar atvinnulífsins eiga þar meiri hluta. Ráðherra skipar einungis tvo af níu, Samband íslenskra sveitarfélaga er með tvo og aðrir eru með fimm. Því er mjög mikilvægt að atvinnulífið standi að þessum málum og beri ríka ábyrgð á þeim. Ég tel að samsetning nefndarinnar endurspegli það að atvinnulífið er að sýsla með þessi gjöld á markaðnum. Ég held að eina leiðin til þess að þetta gangi vel sé að atvinnulífið sé mjög ábyrgt. Það verður það vegna þess að það heldur meira eða minna utan um þetta kerfi samkvæmt frv.

Varðandi 9. gr. sem hv. þm. gerði einnig að umtalsefni, um frjálsa samkomulagið svokallaða og hvernig eftirlitinu yrði háttað, þá kemur fram í 9. gr. að fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að auka endurnýtingu og endurnotkun úrgangs. Ráðherra getur þá undanþegið vörur gjaldtöku samkvæmt lögunum og skal staðfesta slíka samninga að fenginni umsögn nefndar um úrvinnslu úrgangs og Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmd slíkra samninga. Það verður þannig hlutverk Hollustuverndar ríkisins að hafa eftirlit með slíkum samningum og að sjálfsögðu mun úrvinnslunefndin einnig fylgjast með þeim meira eða minna vegna þess að í nefndinni eru fulltrúar frá öllum stærstu geirum atvinnulífsins.

Varðandi dæmi um hvað menn sjá fyrir sér, hverjir gætu hugsanlega samið svona frjálst, þá er hægt að nefna að hugsanlegt er, þó að maður viti það ekki alveg í dag, að menn á drykkjarvörumarkaðnum geti skoðað svona frjálst samkomulag. Drykkjarvörumarkaðurinn er einsleitur og ég spái því að þar muni menn skoða það sameiginlega hvort þeir vilji búa til einhvers konar kerfi þar sem þeir ná þeim prósentuhlutföllum sem til er ætlast í tilskipun Evrópusambandsins, að við eigum að ná einhverjum prósentuhlutföllum varðandi endurnýtingu, endurnotkun og endurvinnslu. Það er alveg hugsanlegt að drykkjarvörumarkaðurinn sé kjörið dæmi um geira sem getur búið til frjálst samkomulag og staðið við það þannig að vel sé. Hins vegar er ómögulegt að spá fyrir um það hér en mig langar til að taka þá starfsemi sem dæmi.

Hér hafa þingmenn tala um að frv. sé afar gott og jákvætt. Það er rétt. Það er kannski engin sérstök ástæða til að hæla umhvrh., heldur miklu frekar atvinnulífinu vegna þess að í þessum frumvörpum sem ég hef flutt í dag, m.a. frv. um grænt bókhald og þessu frv., er atvinnulífið höfuðleikmaðurinn. Það er þannig í dag að atvinnulífið er orðið mun meðvitaðra um umhverfismál en nokkurn tíma áður. Ég fagna því mjög. Ég fagna því mjög að atvinnulífið hefur bæði gagnvart græna bókhaldinu og þessu frv. haft mikinn áhuga á málinu og lagt mikla vinnu á sig við að semja þessi frumvörp með umhvrn. Ég tel að við séum að upplifa gerbreytta stöðu hjá atvinnuvegunum gagnvart umhverfismálum og það er mikið fagnaðarefni.

Ég vil einnig, hæstv. forseti, ítreka að lokum að mikilvægt er að mínu mati að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég veit að málið er stórt og flókið. Það leggur talsverða vinnu á herðar umhvn. en það er að mínu mati mikilvægt að málið nái fram að ganga vegna þess að við eigum að ná ákveðnum lágmörkum 1. júlí í sumar samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins og þrátt fyrir að frv. færi í gegn núna er ekki víst að við mundum ná því. Við mundum hins vegar örugglega ná því sumarið þar á eftir eða ég býst fastlega við því. Ég tel þess vegna æskilegt að við byrjum sem fyrst á að smíða þetta kerfi og setja það upp og því væri afar æskilegt að málið næði fram að ganga á yfirstandandi þingi.

[16:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara eitt atriði sem ég vil koma að. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort hún ætlaði sér að nota tilnefningar sínar í þessa nefnd til að koma að fulltrúum sem væru sérstaklega valdir með náttúruverndarsjónarmið í huga. Mér finnst ástæða til að árétta það að samsetning nefndarinnar er þannig að það getur verið erfitt að taka íþyngjandi ákvarðanir fyrir atvinnulífið. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um það en óska eftir að hæstv. ráðherra svari því hvort hún ætli að nýta tækifæri sitt til að setja þarna inn fulltrúa náttúruverndar.

[16:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kannski erfitt að gera sér grein fyrir því nákvæmlega hverjir eru fulltrúar náttúruverndar og hverjir ekki. Það er alveg ljóst að ráðherra mun að sjálfsögðu velja aðila í þá nefnd sem hafa áhuga á umhverfismálum og eru líklegir til að standa sig vel í nefndinni og hafa þar af leiðandi náttúruverndarsjónarmið í huga.

Þrátt fyrir að vel tækist til í vali á þessum tveimur fulltrúum ráðherra mun nefndin vinna mjög mikið í þeim anda sem atvinnulífið vill vegna þess að atvinnulífið á meiri hluta nefndarmanna. Að sjálfsögðu er ábyrgð ráðherra mikil sem velur formann í nefndina. Það er alveg ljóst að þegar við munum skipa í nefndina frá hendi ráðuneytisins munum við reyna að gera þá nefnd eins vel úr garði og okkur er unnt. Ég tel sérstaklega mikilvægt að vel takist til strax í upphafi. Vegna þess hve málaflokkurinn er flókinn og viðkvæmur eins og hér hefur komið fram er mikilvægt að vel takist til þannig að menn gefist ekki upp eða áhuginn minnki á að standa vel að úrvinnslu- og endurvinnslumálum. Ég held að ég geti alveg róað hv. þm. Jóhann Ársælsson. Við munum reyna að vanda valið í þessa nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:06]

Útbýting þingskjala:

Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, 654. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1032.

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, 658. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1036.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 682. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1061.

Reynslulausn fanga, 586. mál, svar dómsmrh., þskj. 1079.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (sektarákvarðanir Félagsdóms). — Þskj. 211, nál. 951.

[16:07]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nefndin fékk á fund sinn Elínu Blöndal frá félmrn. og Viðar Má Matthíasson frá réttarfarsnefnd. Nefndin fékk einnig fjölda umsagna varðandi málið.

Frumvarpið er einkum lagt fram með hliðsjón af ákvæði 1. tölul. 2. gr. í 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og samkvæmt áliti réttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar. Í ákvæðinu greinir að sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eigi rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna. Það þykir því rétt að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að kæra sektarákvarðanir Félagsdóms til Hæstaréttar. Þá er í frumvarpinu að finna lagfæringar á texta laganna.

Félagsmálanefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og Drífa Hjartardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita, auk þeirrar sem hér stendur, Kristján Pálsson, Jónína Bjartmars, Pétur H. Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli frsm. félmn. ritum við þingmenn Samfylkingarinnar undir þetta nefndarálit og tókum þátt í afgreiðslu málsins í félmn.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu er málið allt til bóta ef svo má að orði komast og ekkert stórmál, a.m.k. hvað varðar það að hér er verið að breyta tilvísunum til Vinnuveitendasambands Íslands í Samtök atvinnulífsins vegna þess að Vinnuveitendasambandið er ekki lengur til og Samtök atvinnulífsins hafa tekið við.

Sömuleiðis er verið að lögfesta þau réttindi þeirra sem fundnir eru sekir um afbrot að þeir eigi rétt á að áfrýja máli sínu til æðri dómstóls og geti látið endurskoða sakfellingu eða refsingu. Það er í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi. Þetta eru allt breytingar sem eru af hinu góða og tökum við hv. þm. Samfylkingarinnar í félmn. heils hugar undir þessar breytingar og styðjum þær.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækningatæki, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál. — Þskj. 281, nál. 918, brtt. 919.

[16:11]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um lækningatæki. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa frá heilbr.- og trmrn. og frá ýmsum aðilum umsagnir um frv. Frá þeim aðilum er nánar greint í nefndarálitinu.

Með frumvarpinu er verið að setja sérlög um lækningatæki og er þeim ætlað að tryggja öryggi sjúklinga og annarra notenda lækningatækja. Einnig er verið að hrinda í framkvæmd tilgreindum tilskipunum Evrópusambandsins ásamt samningum við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til fáeinar orðalagsbreytingar á frumvarpinu en jafnframt eru lagðar til eftirfarandi efnisbreytingar: Lagt er til að heimild í 1. mgr. 10. gr. til að fela öðrum aðilum hluta eftirlits með lækningatækjum verði í höndum landlæknis en ekki ráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpinu er eftirlitið á ábyrgð landlæknis og því er eðlilegt að ákvörðunarvald um hvort fela skuli öðrum aðilum hluta þess sé einnig hjá honum. Þá er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um endurskoðun laganna innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, þar sem segir að eftirlitsreglur skuli hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim efnisbreytingum sem ég hef gert grein fyrir og orðalagsbreytingum sem nánar er gerð grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit rita auk þeirrar sem hér stendur Katrín Fjeldsted, Tómas Ingi Olrich, Bryndís Hlöðversdóttir, Þuríður Backman og Ásta R. Jóhannesdóttir en Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jón Kristjánsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að setja sérlög um lækningatæki. Þetta mál var til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn., farið var mjög vel yfir það og gerðar á því smávægilegar breytingar eins og fram kom í máli hv. formanns heilbr.- og trn. hér á undan. Gerðar voru smávægilegar breytingar, aðallega orðalagsbreytingar til að færa lagamálið til betri íslensku og sömuleiðis örlitlar breytingar sem sneru að þýðingu lagatextans úr tilskipun Evrópusambandsins.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu er þessum sérlögum ætlað að tryggja öryggi sjúklinga og annarra notenda lækningatækja og með frv. er verið að hrinda í framkvæmd tilskipunum Evrópusambandsins og samningum við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem snúa að lækningatækjum.

Þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni, sú sem hér stendur og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, styðja þetta mál enda skrifum við undir nefndarálitið án fyrirvara. Við styðjum þessi sérlög um lækningatæki enda eru þau til bóta og tryggja öryggi þeirra sem með lækningatækin fara og þurfa á þeim að halda.

[16:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið skrifa ég ásamt öðrum í heilbr.- og trn. undir nefndarálit um sérstakt frv. um lækningatæki. Hér er verið að auka öryggi sjúklinga. Ég fagna því þessu frv. og vona að það verði að lögum.

Ég vil aðeins benda á að með frv. og mörgum öðrum lagabreytingum til að bæta öryggi, hvort heldur er hjá sjúklingum, í matvælum eða flugöryggi, eins og við ræddum í utandagskrárumræðu í dag, erum við að koma ákveðinni eftirlitsskyldu yfir á ýmsar stofnanir í þjóðfélaginu. Þar má nefna heilbrigðiseftirlitið, Flugmálastjórn og í þessu tilviki landlækni. Við verðum þá að gæta þess að viðkomandi stofnun, landlæknisembættið í þessu tilfelli, fái fjármuni til að ráða starfsmenn til að sinna þessu eftirliti. Við verðum líka að gera upp við okkur hversu virkt eftirlit við viljum að þetta sé, hvort þetta er eingöngu á pappírnum eða hvort það á að vera virkt eftirlit inni á stofnunum og þá kostar það peninga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýrasjúkdómar, 2. umr.

Stjfrv., 291. mál (sjúkdómaskrá o.fl.). — Þskj. 322, nál. 929, brtt. 930.

[16:17]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Runólfsson yfirdýralækni. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Búkollu – félagi áhugamanna um íslensku kúna, Félagi hrossabænda og heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og ýmsum öðrum, þar á meðal Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Veiðimálastofnun og Æðarræktarfélagi Íslands.

Með frv. þessu er annars vegar verið að breyta núgildandi sjúkdómaskrá í þá átt að aðlaga hana alþjóðlegum stöðlum. Hins vegar er verið að fella niður dýrasjúkdómanefnd sem hefur aldrei verið skipuð og færa skyldur hennar að nokkru leyti til yfirdýralæknis og að nokkru leyti til dýralæknaráðs sem skipað hefur verið af landbrh. skv. 4. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Við umfjöllun nefndarinnar um þetta frv. var töluvert mikið rætt um það, þar sem þetta eru lög um dýrasjúkdóma, hvort ástæða væri til að gera breytingar á ákvæðum dýrasjúkdómalaga til að styrkja einhver þau ákvæði sem þyrfti til að betur væri hægt að bregðast við og verjast dýrasjúkdómum, t.d. gin- og klaufaveiki sem þarf ekki að ræða hér hversu mikill vágestur er. Eftir að hafa farið yfir það mál og fengið það staðfest frá landbrn. að engin þörf væri á skýrari eða styrkari ákvæðum þá litum við svo á að ekki þyrfti að skoða það frekar enda liggur ljóst fyrir í núgildandi lögum að hæstv. landbrh. hefur öll tök á því að bregðast við með þeim aðgerðum sem þykja vænleg til að verjast dýrasjúkdómum og hindra að þeir berist til landsins að höfðu samráði og fengnum tillögum yfirdýralæknis. Lagaramminn gagnvart vörnum gegn dýrasjúkdómum er alveg skýr og klár. Þar er heimilt að beita býsna ströngum aðgerðum til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins og strangari en víðast hvar annars staðar.

Nefndin gerir brtt. við frv. við 2. umr. Orð höfðu víxlast og gerð er grein fyrir breytingunum á þskj. 930 og ástæðulaust að orðlengja það frekar. Þar eru smálagfæringar og leiðréttingar á viðaukum og upptalningu á dýrasjúkdómum sem þarf ekki að mínum dómi að fara nákvæmar yfir við þessa umræðu. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 930.

Við afgreiðslu málsins úr nefndinni voru hv. þm. Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson fjarstaddir en Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þessu áliti.

Undir álitið rita hins vegar sá sem hér stendur, Sigríður Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Guðmundur Árni Stefánsson, Þuríður Backman og Kristinn H. Gunnarsson.

[16:21]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fjallaði nokkuð um það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, við 1. umr. málsins. Þá kom ég fram með nokkrar spurningar og efasemdir um ákveðin atriði. Ég tel að þeim spurningum hafi verið svarað í meðferð nefndarinnar. Auk þess bárust nefndinni fjölmargar umsagnir um málið sem voru allar jákvæðar og mæltu með samþykkt málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það sem ég hafði mestan fyrirvara á, þ.e. að ég vildi ekki að þetta frv. færi í gegn og ítrekaði það síðar við umfjöllun í nefnd nema það væri fullvíst að í íslenskum lögum um dýrasjúkdóma væri fullnægjandi lagastoð fyrir svokölluðu ákvæði úr auglýsingunni sem var mjög vísað til í kúariðuumræðunni fyrir jólin. Þá töldu embættismenn ráðuneytisins að ekki hefði verið fullnægjandi lagastoð til að banna innflutning á nautakjöti frá Írlandi þó að þar hefði greinst bullandi kúariða undanfarna sex mánuði. En sá gleðilegi atburður gerðist að við nánari yfirferð á lögunum fann ráðuneytið stoð fyrir þessu ákvæði í auglýsingunni. Þar með þótti ekki ástæða til að setja frekari ákvæði inn í lögin til að styðja við það. Einkum og sér í lagi þess vegna skrifa ég undir þetta nefndarálit án fyrirvara.

[16:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim var lagt fram núna fyrir jólin. Eftir að það var lagt fram fór ýmislegt að gerast í nágrannalöndum okkar sem styður það í raun og veru að við þurfum að hafa lagasetningu af þessu tagi mjög ítarlega og styrka. Því er ég fylgjandi þessum lagabreytingum, þ.e. að gera skráningu yfir tilkynningarskylda sjúkdóma í dýrum samkvæmt þeim stöðlum sem eru númeraðir eftir Evrópusambandsstöðlum. Það er mjög mikilvægt að sú skrá sé ítarleg eins og henni ber að vera.

Eins og ég sagði voru erfiðir tímar hjá okkur í landbn. eftir að til landsins voru fluttar nautalundir frá Írlandi, landi þar sem kúariða hafði greinst. Við í landbn. höfðum efasemdir um að gerðir yfirdýralæknis hefðu verið réttar. Við töldum, a.m.k. sum okkar, eða trúðum því að löggjöfin væri þannig úr garði gerð að það mætti banna algerlega þennan innflutning. Við fengum misvísandi skilaboð um lagalegan rétt okkar og varðandi samninga, bæði EES- og GATT-samningana. Eftir góða yfirferð yfir þessa samninga er alveg skýrt að við höfum lögin okkar megin. Eins og lögin eru í dag og með þessari breytingu eigum við að geta haft stjórn á og brugðist eins og við viljum við sjúkdómum eins og kúariðu eða gin- og klaufaveiki sem greinast erlendis. Við eigum að geta stoppað innflutning á landbúnaðarvörum frá sýktum svæðum og gert það sem í okkar valdi er til að reyna að forðast að sýking berist inn í landið.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði spurðum líka að því í þinginu hvort það væri eitthvað, við sem þyrfti í þessi lög til að styrkja þau en þau eiga að halda með þessum breytingum. Því skrifaði ég upp á nefndarálitið og er samþykk þessu frv.

Herra forseti. Ég er ekki viss um að við höfum tekið þessa rimmu eða farið jafn vel yfir þetta frv. og sjúkdómavarnir okkar í landbn. og á þinginu ef þessi válegi sjúkdómur væri ekki grasserandi í nánasta umhverfi. Ég held að við leyfum okkur stundum að vera kærulaus þegar kemur að smitvörnum, smitgát og oft og tíðum er verið að tala þar um forsjárhyggju og það eigi að vera hægt að treysta mönnum til að bera ekki smit á milli landa, gripahúsa o.s.frv. Þetta er bara ekki svo einfalt. Við þurfum að hafa löggjöfina,

reglurnar, mjög skýrar. Það er ekki aftur snúið ef við verðum fyrir því slysi að smit berst til okkar. Ég tala ekki um ef við getum sjálfum okkur um kennt, að hafa ekki verið nægilega á varðbergi þrátt fyrir það að við höfum löggjöfina í lagi, ef við bregðumst ekki rétt eða nægilega fljótt við.

Ég vil aðeins bæta við, þó að það snerti kannski ekki alveg þetta frv., að þegar ég segi að við getum verið of sein þá vísa ég til þess að eftir að gin- og klaufaveikin greindist í Bretlandi tók það nokkra daga að koma okkur í þann gírinn, að taka á móti ferðamönnum fyrst frá Bretlandi og svo frá öðrum löndum með því að nota sóttvarnamottur. Við vorum meira að segja svo barnaleg að í byrjun völdum við eingöngu vélarnar frá Bretlandi og notuðum sóttvarnamotturnar þegar ferðalangar komu frá Bretlandi, rétt eins og ferðalangar sem koma frá Svíþjóð eða Noregi hafi ekki getað hafa ferðast annað og þvælst um allt Bretland, Írland og fleiri staði. Ef það eru uppi faraldrar í kringum okkur þá verðum við að muna eftir því að fólk kemur eftir mismunandi leiðum inn í landið, ekki bara Bretar með breskum flugvélum frá Bretlandi heldur víðar að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), síðari umr.

Stjtill., 447. mál. — Þskj. 713, nál. 990.

[16:30]

Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka, um flutningastarfsemi, við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson og Högna S. Kristjánsson frá utanrrn. og Helga Jóhannesson frá samgrn. Þá barst nefndinni umsögn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Með þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka, um flutningastarfsemi, við EES-samninginn. Með samþykkt tilskipunar 1999/95/EB, sem lagt er til að verði felld inn í viðaukann, er stefnt að því að láta lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á farskipum, sem innleiddar verða með tilskipun 1999/63/EB, ná til skipa sem skráð eru utan ESB en taka höfn á ESB-svæðinu þrátt fyrir að vera ekki skráð á skipaskrám ríkja þess.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Einar Guðfinnsson, Árni Ragnar Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Jónína Bjartmarz, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sem ritar undir álitið með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (veiðar umfram aflaheimildir). — Þskj. 791, nál. 937.

[16:32]

Frsm. sjútvn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjútvrn., Tómas Örn Kristinsson frá Kvótaþingi og Kjartan Júlíusson og Gísla Rúnar Gíslason frá Fiskistofu.

Í 14. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er kveðið á um sviptingu leyfa til veiða í atvinnuskyni vegna veiða umfram aflaheimildir. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa komið fram ýmsir annmarkar sem hafa í sumum tilvikum leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir útgerðir. Er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að breyta ákvæðum gildandi laga á þann veg að framkvæmd Fiskistofu verði markvissari auk þess sem útgerðir fái eðlilegt svigrúm.

Í frv. er lagt til að Fiskistofa skuli tilkynna útgerð og skipstjóra skips með símskeyti þegar hún telur að skipið hafi veitt umfram aflaheimildir sínar og að skipið verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Hefur viðkomandi útgerð þrjá daga til að verða sér úti um nægilegar aflaheimildir eða beita andmælarétti telji hún þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu Fiskistofu rangar. Jafnframt getur Fiskistofa veitt frekari frest sé ástæða til að ætla að um ranga skráningu afla eða aflaheimilda sé að ræða. Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju.

Með þessu móti fær útgerð skips ávallt nokkurt svigrúm til að laga stöðu sína þegar um umframafla er að ræða án þess að nauðsynlegu aðhaldi sé sleppt. Talsvert var um það rætt í nefndinni hvort framangreindur tímafrestur væri nægilegur fyrir útgerð skips til að laga aflastöðu skips ef því er að skipta. Í máli fulltrúa Kvótaþings kom fram að 75% viðskipta á Kvótaþingi færu fram samdægurs og á þriðja degi frá tilboðsgjöf hefðu tæplega 90% viðskipta átt sér stað. Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin þann þriggja daga frest sem gert er ráð fyrir í frv. fullnægjandi.

Jafnframt vekur nefndin athygli á því að breyting sú sem boðuð er í frv. hefur í för með sér að ekki þarf skilyrðislaust að grípa til veiðileyfasviptingar skv. 15. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 3. gr., ef skip heldur til veiða með neikvæða aflaheimildastöðu. Í framkvæmd hafa slík tilvik haft í för með sér veiðileyfasviptingu án tillits til ásetnings eða gáleysis samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Mætti beita 14. gr. laganna svo breyttri eins og gert er ráð fyrir í frv. í slíkum tilfellum ef ljóst þykir að um gáleysi er að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., Jóhann Ársælsson, Árni Ragnar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjáns-

son, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókasafnsfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (starfsheiti). — Þskj. 822, nál. 988.

[16:36]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fulltrúa frá menntmrn., Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Með frv. er lagt til að lagaákvæði um lögbundið starfsheiti bókasafnsfræðinga verði löguð að þeim breytingum sem orðið hafa á námi og þar með starfssviði bókasafnsfræðinga. Í frv. er enn fremur lagt til að námskröfur til þeirra sem sækja um leyfi til þess að bera starfsheitið bókasafns- og upplýsingafræðingur verði gerðar skýrari.

Menntmrn. er einróma í afstöðu sinni til málsins og leggur til að frv. verði samþykkt.

[16:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í hv. menntmn. og hef tekið þátt í meðferð frv. til laga um bókasafnsfræðinga. Þetta frv. er einkum lagt fram til að samræma starfsheiti bókasafnsfræðinga þeirri menntun og þeim starfsvettvangi sem þeir fást raunverulega við í dag. Því er einnig ætlað að skýra hvaða prófkröfur liggja að baki þessum starfsréttindum en þær eru annars vegar BA-próf frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein, sem jafngildir 60 námseiningum og einnig framhaldsgráða í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar öðru námi á háskólastigi. Þeir sem hafa lokið því námi mega líka kalla sig bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Allir sem komu á fund nefndarinnar til að ræða efni þessa frv. voru mjög jákvæðir og við fulltrúar Samfylkingarinnar í menntmn., ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson, skrifum undir nefndarálitið um frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 2. umr.

Stjfrv., 261. mál. — Þskj. 288, nál. 961.

[16:39]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. allshn. um frv. til laga um framkvæmd samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og eyðingu þeirra.

Með frv. er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra sem samþykktur var í Ósló 18. september 1997. Mælir allshn. einróma með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 293, nál. 958.

[16:40]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allshn. um frv. til laga um framkvæmd samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Með frv. er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um allsherjarbann við tilraunum um kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996. Mælir allshn. einróma með því að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Við 1. gr. Í stað orðsins „tilraunasprengingar" komi: tilraunir."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum). — Þskj. 377, nál. 959.

[16:41]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. um frv. til laga um breyting á barnalögum, nr. 20/1992.

Við fengum umsagnir frá ýmsum aðilum eins og Barnaverndarstofu, Barnaheillum, áfengis- og vímuvarnaráði, Rauðakrosshúsinu, laganefnd LMFÍ og Félagi einstæðra foreldra o.fl. Einnig fengum við á fund til okkar Benedikt Bogason og Drífu Pálsdóttur frá dómsmrn. og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að sýslumaður bjóði sérfræðiráðgjöf frá sérfræðingum í fjölskylduráðgjöf til lausnar ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Barn, sem náð hefur 12 ára aldri, á samkvæmt frv. einnig rétt á slíkri ráðgjöf ef það þjónar hagsmunum þess. Í öðru lagi er lagt til að sýslumanni verði gert kleift að beita sektarúrræði til að knýja fram efndir vegna allra umgengnisúrskurða en ekki eingöngu þegar umgengnisforeldri á í hlut eins og nú er.

Nefndin telur mikilvægt að farsæl lausn finnist á svo viðkvæmum og vandmeðförnum málum sem ágreiningsmál foreldra um forsjá og umgengni barna eru og að sú sérfræðiráðgjöf sem gert er ráð fyrir í frv. muni stuðla að því. Nefndin leggur þó áherslu á að sýslumaður bindi sig ekki um of við aldursmarkið í frumvarpinu, 12 ár, heldur meti það sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig hvort barni sé boðin ráðgjöf og það mat fari bæði eftir aldri og þroska barnsins. Hvetur nefndin til þess að þetta verði skoðað enn frekar við væntanlega heildarendurskoðun laganna. Þá er það mat nefndarinnar að eðlilegt sé að sýslumaður geti beitt sektarúrræðum til að knýja fram efndir á umgengnisúrskurðum hver

svo sem á í hlut. Mælir nefndin því með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Við 3. gr. Í stað orðsins „apríl" komi: júní."

Þetta nefndarálit var einróma samþykkt.

[16:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til að fagna því að hérna er verið að lögfesta atriði sem ég hef talið að komast hefði átt í lög fyrir löngu, þ.e. sérfræðiráðgjöf eða fjölskylduráðgjöf þegar ágreiningur rís vegna umgengni eða forsjár barns við skilnað.

Ég vísa til þingmála sem ég hef flutt og einnig við öll saman þingmenn Samfylkingarinnar um slík mál. Fyrst var að við fluttum þáltill., sem ég var 1. flm. að, um ýmis úrræði til að tryggja betur réttindi barna til umgengni við báða foreldra sína. Við bentum þá á ýmsar leiðir til þess að tryggja þann rétt betur. Meðal annars var rætt um skilnaðarráðgjöf sem hér er verið að lögfesta og hefur það gefist vel víða á Norðurlöndunum, ókeypis skilnaðarráðgjöf og jafnvel skylda til að fara í slíka ráðgjöf við skilnað ef börn eru í hjónabandinu. Hún hefur gefið mjög góða raun og t.d. í Noregi hefur dómsmálum í kjölfar skilnaða, vegna umgengni eða forsjár barna, fækkað eftir að þessi leið var lögfest þar.

Það er eitt annað atriði sem ég hefði gjarnan viljað sjá við þessa breytingu sem er reyndar ekki hér inni. Það er sú leið að barni sé skipaður talsmaður þegar verið er að leysa deilu um umgengni við barnið. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum öll flutt frv. í þá veru í tvígang. Nú liggur einmitt fyrir allshn. frv. sem ég er 1. flm. að, um að barni skuli skipaður talsmaður á meðan ágreiningsmál um umgengni þess við forsjárlaust foreldri eða nána vandamenn er til meðferðar hjá sýslumanni. Í sama frv. er sýslumanni gert skylt að skipa barni talsmann ef foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu við barn sitt og ósk þar að lútandi kemur fram. Slík ósk gæti t.d. komið frá því foreldri sem barnið er hjá eða jafnvel ömmu og afa barnsins þar sem óskað er eftir því að foreldri umgangist barn sitt. Í kjölfar fjölda funda sem ég sótti með einstæðum foreldrum eftir að þáltill. um að tryggja réttindi barna til umgengni við báða foreldra sína kom fram í þinginu, var lögð mjög rík áhersla á það af þessum foreldrum að eitthvert úrræði í þessa veru yrði sett í lög. Ég hefði gjarnan viljað sjá slíka breytingu í þessari lagasetningu en engu að síður, þó að það sé ekki nú, vonast ég til að menn taki vel undir frv. okkar þingmanna Samfylkingarinnar um talsmann barna þegar um ágreining er að ræða í umgengni eða forsjá. Við eigum vonandi eftir að sjá slíka lagasetningu á næstunni.

Vissulega fagna ég því að taka eigi í lög þá leið sem við höfum margsinnis lagt til um fjölskylduráðgjöfina, sérfræðiráðgjöf, en hitt hefði gjarnan mátt fylgja líka. Ég minni á að geysilega mörg börn njóta ekki samvista við báða foreldra sína og verða illa fyrir ef átök eru um umgengni við barnið. Það þarf að leita allra leiða sem færar eru til að tryggja þennan rétt barna til umgengni við báða foreldra sína án þess að þau verði fyrir áföllum á þeim tíma þegar verið er að leysa málin. Við vitum alveg hvernig það er, að það bitnar oft á barninu ef ágreiningur er milli foreldra eða annarra um umgengni eða forsjá barnsins.

Herra forseti. Ég vildi bara nefna þetta atriði þar sem við erum að afgreiða þetta frv. og það er að verða að lögum, að skilnaðarráðgjöf er að komast inn í íslensk lög. En ég vonast til þess að fljótlega verði lögfest sú leið sem við höfum lagt til, m.a. í frv. sem liggur fyrir allshn., að unnt sé að skipa barni talsmann í slíkum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (Þingvallaprestakall). — Þskj. 314, nál. 960.

[16:50]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. allshn. á þskj. 960, um frv. til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Með frv. er verið að fella úr lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar það ákvæði sem felur í sér sérreglu um veitingu prestsembættis í Þingvallaprestakalli og lögbundna tilvist prestakallsins. Nefndin telur að ákvæði sem felur í sér frávik frá almennum reglum um skipan prestakalla og veitingu prestsembætta fyrir eitt prestakall eigi ekki lengur rétt á sér og mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Við 2. gr. Í stað orðsins „janúar" komi: júní."

Hv. þm. Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta álit allshn. ritar Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson, Jónína Bjartmarz. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Guðrún Ögmundsdóttir rita undir álitið með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Frv. MÁ og GÖ, 620. mál (kosningarréttur erlendra ríkisborgara). — Þskj. 993.

[16:52]

Flm. (Mörður Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 993, 620. máli. Þetta er frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998. Efnislega fjallar það um að erlendir ríkisborgarar allir hafi þann rétt sem danskir, finnskir og norskir ríkisborgarar hafa nú í þessum efnum.

Ég vil fyrst þakka fyrir að þetta frv. er tekið á dagskrá í tæka tíð hvað mig varðar sem ekki var sjálfgefið eins og á stóð.

Réttindi innflytjenda á Íslandi og erlendra manna eru ofarlega á baugi um þessar mundir. Ein ástæðan er sú að þeir hafa aldrei verið fleiri hér á landi, önnur er sú að í öllum heimshluta okkar stendur yfir breyting úr mishreinu þjóðmenningarsamfélagi í fjölmenningarlegt samfélag og upp kemur ýmis vandi sem tengist sambýli fólks af ýmsu þjóðerni og ýmsu tagi en um leið skapast margvísleg tækifæri í þeirri nýju veröld sem við erum að sigla inn í.

Hér er gripið á einum þætti þessa máls, þætti sem hefur verið vanræktur, vil ég segja, og varðar kosningarrétt erlendra ríkisborgara í sveitarstjórnum. Ég þarf ekki að fjölyrða um grundvallarrök málsins, þ.e. rök fyrir því að útlendingar

kjósi í sveitarstjórnum vegna þess að við höfum þegar viðurkennt þau grundvallarrök með þeirri breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna árið 1982, að danskir, finnskir, norskir og sænskir menn hafi þennan rétt, kosningarrétt eða kjörgengi, að liðnum þremur búsetuárum á Íslandi. Þá fóru menn í gegnum það hver munur er á því að kjósa á sveitarstjórnarstigi og hinu efra stjórnstigi. Erlendir ríkisborgarar hljóta að ganga að kosningarrétti sínum í heimalandi sínu en þeir eiga hins vegar ekki heima í sveitarlegum skilningi í ríkisfangslandinu heldur í dvalarlandinu. Á því byggist það norræna sjónarmið að erlendir menn fái að kjósa í sveitarstjórnum, a.m.k. af ákveðnu tagi, en ekki í kosningum til þings.

Rétt er að gera sér grein fyrir því að ríkisfang felur í eðli sínu í sér mikilvæg réttindi. Ríkisfangið varðar líka samsemd einstaklingsins, „identification" hans. Í ríkisfanginu eru oft og tíðum falin djúp tilfinningaleg mál og það getur verið erfitt, bæði af réttindalegum ástæðum og tilfinningalegum ástæðum, að breyta ríkisfangi sínu. Þetta hygg ég að menn þekki, kannski einkum af þeim Íslendingum sem búa erlendis og hafa breytt ríkisfangi sínu, hyggjast breyta því eða vilja alls ekki breyta því. Ég hef a.m.k. talað við ýmsa sem líta á það sem mismikið feimnismál að láta hið íslenska ríkisfang sitt og fá hið erlenda í staðinn. Þeir eru auðvitað ekki minni Íslendingar. Þeir vita það sjálfir að þeir eru ekki minni Íslendingar en þeim finnst að hér sé það tákn á ferðinni sem síðast megi falla.

Þess vegna eigum við að virða þá ákvörðun þeirra sem hér dveljast og hafa kannski gert í fjöldamörg ár, munu kannski gera það allt sitt líf, að láta ríkisfang sitt ekki af hendi, verða ekki Íslendingar á formlegan hátt eins og við hin. Við eigum að virða ákvörðunina en taka þeim opnum örmum og líta á þá ef ekki beinlínis sem landa okkar, þá a.m.k. sem sveitunga okkar.

Það var t.d. fáránlegt í höfuðborginni um daginn, í kosningunum um framtíð Vatnsmýrarinnar og flugvallarins hér nálægt okkur, að íbúar til margra ára í höfuðborginni, fólk sem er jafnvel meiri Reykvíkingar en ýmsir þeir sem hingað hafa flust á síðari árum, höfðu ekki kosningarrétt í þessu efni því að kjörskrá sveitarstjórnarkosninga er líka notuð í staðbundnar atkvæðagreiðslur af þessu tagi.

Hver skyldi vera fjöldi þess fólks sem málið varðar? Það vitum við ekki. Hagstofan vinnur upp ákveðnar upplýsingar á listum. Hún ákveður sjálf hvaða upplýsingar hún vinnur á þessum listum og hefur tekið þá afstöðu að vinna ekki mjög nákvæmar upplýsingar um útlendinga á Íslandi. Ég held að það sé í raun gott þó menn þurfi kannski stundum á því að halda. En í lok ársins 1999 voru erlendir ríkisborgarar á landinu tæplega 15 þúsund, 14.927. Þar af voru 9.642 erlendir menn ekki norrænir, sem eru 3,5% af heildarmannfjölda á Íslandi í árslok 1999. Af þessum 9.600 rúmum eru 2.668 aðrir EES-borgarar en 6.974 sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um þetta fólk vitum við ekki miklu meira. Ef því yrði skipt eftir kosningaaldri, undir og yfir 18 ára, eins og við gerum við íslenska ríkisborgara, þá geta það hugsanlega verið 7 þúsund manns en þar af yrðum við að draga frá þá sem hafa búið hér skemur en þrjú ár. Ég hygg að þetta sé a.m.k. þetta ekki slíkur fjöldi að hann ráði úrslitum um íslensk stjórnmál í sveitarstjórnarkosningum.

Við erum ekki alveg óvön reyndar í Íslandssögunni að erlendir menn kjósi hér í kosningum. Þó að það sé auðvitað neðanmálsgrein í þessu máli, þá hafa svokallaðir jafnréttis-Danir notið þeirra réttinda allt frá 1918 en það er ekki fyrr en 1982 að við tökum það upp að erlendir borgarar norrænir geti kosið í sveitarstjórnarkosningum. Það er athyglisvert að þegar Svavar Gestsson, þáv. félmrh., flytur stjfrv. um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna 1982, þá mælir hann m.a. fram þau rök að það mæli með kosningarrétti og kjörgengi norrænna manna um öll Norðurlönd, eða rökin eru þessi, með leyfi forseta:

„... norrænn vinnumarkaður, hópar norrænna innflytjenda í löndunum, víðtækt norrænt samstarf og aukið jafnrétti norrænna innflytjenda á við borgara dvalarlandsins."

Þá var bent á hjá félmrh. að þessir menn greiddu skatta og skyldur til jafns við ríkisborgara landsins og talið að kosningarréttur til sveitarstjórna snerti ekki, með leyfi forseta, „fullveldis- eða þjóðernissjónarmið á sama hátt og ef um þingkosningar væri að ræða".

Það er athyglisvert að þessi rök eiga við í mjög auknum mæli um alla útlendinga, þau sem talin voru þá fram norrænum mönnum til styrktar, auðvitað einkum þá sem koma frá Evrópska efnahagssvæðinu sem nú gilda um sömu lögmál á vinnumarkaði og Norðurlandamenn eina þá, en í raun og veru um alla erlenda menn þegar vítt er litið.

Það er líka athyglisvert að þessi breyting á réttarstöðu útlendinga á Íslandi kom ekki að innan heldur að utan eins og mörg önnur upphefð okkar í mannréttindamálum. Þetta var ákveðið í samstarfi hinna norrænu ríkja í Norðurlandaráði og sett inn í löggjöf annarra þjóða fyrr en okkar, 1976 í Finnlandi og Svíþjóð, 1978 í Danmörku, 1979 í Noregi.

Það er líka athyglisvert að nú eru hin norrænu ríkin á Norðurlöndum öll fjögur búin að breyta þessum ákvæðum þannig að þar gildir það nú í Danmörku og Svíþjóð í héraðskosningum, sveitarstjórnar- og fylkis- og amtskosningum, að allir norrænir menn og borgarar ESB-landanna sem þessi ríki heyra til hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og á við um innlenda kjósendur. Aðrir erlendir ríkisborgarar utan Norðurlanda, utan ESB, verða hins vegar að hafa dvalist í landinu í þrjú ár þannig að þar gilda sömu reglur um aðra ríkisborgara og hér gilda um norræna menn. Finnar hafa sömu skipan en setja aðeins tveggja ára búsetuskilyrði.

Í Noregi sem hefur sömu stöðu og við gagnvart Evrópusambandinu er sú skipan að norrænir menn hafa sama rétt og Norðmenn í héraðskosningum en réttur allra annarra ESB-manna og þeirra sem utan þess bandalags eru fæddir er bundinn þriggja ára búsetuskilyrði, því sama þriggja ára búsetuskilyrði og við látum hér eiga við norræna menn.

Ég tek fram að ég og við flm. gerum í frv. engar tillögur um breytingar á þessu búsetuskilyrði þó að það kunni að þykja einkennilegt í þessu norræna ljósi. Aðalatriðið í frv. er það að víkka þennan rétt út til allra erlendra ríkisborgara. Það verður síðan að vera mat annarra hvort norrænir menn t.d. eða EES-borgarar eigi að hafa rýmri rétt en aðrir útlendingar. Mitt álit er að hér sé svo komið að eðlilegt sé að þeir hafi allir sama rétt.

Árið 1982 þegar þessi breyting er loks lögtekin hér á landi þá er reyndar strax minnst á það að erlendir menn aðrir en norrænir eigi að hafa þennan rétt, það sé eðlilegt. Tveir þingmenn tóku til máls í umræðunum um frv. þá, frv. Svavars Geststsonar félmrh. Guðmundur Vésteinsson af Skaga segir í efri deild þetta, með leyfi forseta:

„Við þekkjum áreiðanlega flest dæmi þess að fólk af erlendu bergi brotið hafi verið búsett hér á landi árum og áratugum saman án þess að það leitaði eftir íslenskum ríkisborgararétti. Margt af þessu fólki er orðið rótgrónir borgarar í sínum sveitarfélögum, reiðir af hendi gjöld og skyldur skilvíslega og tekur fullan þátt í félags- og menningarlífi sem aðrir þegnar sveitarfélagsins."

Og hann bætir við:

„Spyrja má hvort ekki væri ástæða til að ganga lengra í þessum efnum og veita öllum erlendum ríkisborgurum, sem hér hafa dvalið, þennan rétt. E.t.v. verður það einhvern tíma gert. En þetta er þó alla vega spor í rétta átt."

Í neðri deild tók Magnús H. Magnússon undir með Guðmundi og lagði fram brtt. nákvæmlega samhljóða því frv. sem hér er flutt. Segir hann m.a. að hann leggi til að allir erlendir ríkisborgarar fái þennan rétt, með leyfi forseta:

„... miðað við að þeir hafi búið hér í þrjú ár, eins og stendur að öðru leyti í þessu frv. Þeir hafa borgað sína skatta og skyldur í þrjú ár. Þá sé ég ekki að það standi nein efni til þess að þeir fái ekki kosningarrétt til sveitarstjórna."

Hér hafa því tveir víðsýnir menn strax árið 1982 þegar þetta var lögfest bent á að þetta ætti að eiga við alla útlendinga og þróunin síðan hefur heldur styrkt þeirra rök.

Það er líka rétt að nefna það að þegar lögin um kosningar til sveitarstjórna komust í núverandi búning árið 1998 var minnst á þetta mál. Það gerði Kristín Ástgeirsdóttir sem þá var formaður félmn. Hún nefndi það meðal ýmissa álitamála hvort ekki ætti að taka upp þennan sið og nefndi þar sérstaklega íbúa frá Evrópska efnahagssvæðinu, en sagði þá að þetta atriði væri í raun algerlega órætt hér á landi og yrði því að bíða betri tíma. Það er auðvitað spurning hvenær mál eru orðin það rædd að þau geti verið lögtekin. Ég hygg að ákvæðið sjálft um hina norrænu borgara hafi í raun aldrei farið í mjög almenna umræðu en Íslendingar hafi hins vegar kynnst því í sex ár í ýmsum löndum hvernig því var háttað því að samgöngur eru þannig að menn þekkja lög næstu landa í þessum efnum þegar það snertir þá.

Það kann að vera, virðulegi forseti, að menn sætti sig ekki við það þótt í hinum norræna rétti sé ekki til þess horft að ekki ríki gagnkvæmni milli íslenskra ríkisborgara og erlendra, að erlendir ríkisborgarar fái að kjósa hér en íslenskir ríkisborgarar e.t.v. ekki þar, í sveitarfélögum sem þeir eru niður komnir utan lands. Þetta vefst sem sé ekki fyrir norrænum frændum okkar. Þeir hafa í raun tekið upp með þessu ákveðinn stíl í umgengni við erlenda menn í samfélaginu, ákveðið sér tiltekið viðmót sem lög geta skapað og getur á sinn hátt verið mikilvægara í samfélagi okkar við hina erlendu menn, mikilvægara en öll lög.

Auðvitað skiptir það líka máli að framboð og flokkar munu leggja sig fram til að ná þeim atkvæðum sem hér er um að ræða en þó er hitt mikilvægara að með þessari samþykkt væru erlendir menn viðurkenndir jafnréttháir félagar í því samfélagsformi sem er elst hér á Íslandi, þ.e. sveitinni. Almennar ákvarðanir ná til þeirra og þeir ættu með þessari breytingu hlut að þeim ákvörðunum.

Ég ætla ekki að fljúga hátt yfir vegna þessarar tiltölulega smávægilegu lagabreytingar sem kynni þó að varða þann hóp sem um ræðir nokkru. En auðvitað er þetta í grunni sínum mannréttindamál og nær eins og flest mannréttindamál aftur til upphafs nútímans í lok 18. aldar, þó kannski ekki til hinna fögru vígorða frönsku stjórnarbyltingarinnar heldur á við um þetta mál frekar hið praktíska viðhorf amerísku byltingarinnar sem hófst á því að frjálsir bændur í hinni ensku Ameríku vildu enga skattheimtu án ákvörðunarréttar og orðuðu það á sína tungu: „No taxation without representation." Undir því merki var byltingin gerð í Ameríku. Þetta er í raun og veru umorðun á fornri og sígildri kennisetningu jafnaðarmanna og lýðræðissinna um að skyldum eigi að fylgja réttindi og ábyrgð réttindunum.

Að lokum legg ég til að málið gangi að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. félmn.

[17:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend upp til að lýsa stuðningi mínum við frv. til laga sem hér er lagt fram um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna og hv. flm. hefur gert mjög vel grein fyrir.

Ég tel að þetta frv. taki á miklu jafnréttis- og réttlætismáli og það sé í rauninni svolítið skammarlegt að ekkert slíkt mál skuli hafa komið fram fyrr á þingi þegar tekið er tillit til þess að strax þegar réttindi norrænna manna að þessu leyti voru ákveðin 1982, þá eru þó tveir þingmenn á hv. Alþingi sem lýsa yfir stuðningi við það sjónarmið að þetta eigi að eiga við um alla erlenda ríkisborgara.

Samkvæmt reynslu má reikna með því að mjög stór hluti af þeim hópi fólks sem staddur er á Íslandi og hefur verið hér búsettur í þrjú ár ætli sér að setjast hérna að. Reynslan frá öðrum löndum ætti að kenna okkur Íslendingum að mjög mikilvægt er að við tökum vel á móti þessu fólki og leyfum því að vera einu af oss, ef svo má segja, vegna þess að það sem komið hefur af stað vandamálum varðandi útlendinga annars staðar í Evrópu er fyrst og fremst það að þeir innfæddu hafa verið með nefið upp í loftið og ekki viljað taka þetta fólk í hópinn eða veita því sjálfsögð réttindi. Ég tel að með því að veita þessu fólki aðgang að því að kjósa í sveitarstjórnarkosningum, þó ekki sé nema í sveitarstjórnarkosningum — ég vildi alveg taka það til athugunar að leyfa þeim almennt að kjósa í kosningum á Íslandi ef þeir hafa verið hér búsettir í þrjú ár jafnvel þótt þeir hafi erlent ríkisfang. En kannski mundu ekki margir taka undir það með mér. Ég tel að þetta væri mikilvægt skref fyrir þetta fólk sem ætlar sér að vera hér búsett áfram og sem við Íslendingar þurfum svo sárlega á að halda því ekki gengi okkur vel að reka t.d. elliheimili, barnaheimili og sjúkrahús í dag ef við nytum ekki starfskrafta þessa fólks. Sumir hagfræðingar halda því fram að stór hluti af þeim hagvexti sem orðið hefur á Íslandi á undanförnum árum sé einmitt því að þakka hversu vel við njótum vinnuframlags frá þessum hópi. Mér fyndist mjög sjálfsagt að þakka fyrir sig með því að veita þessu fólki þau sjálfsögðu réttindi sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég held hins vegar að við eigum að miða við árin þrjú eins og hér er gert ráð fyrir. Við eigum ekki að láta þetta gilda um alla sem hér búa og starfa og hafa erlent ríkisfang. En ég tel mjög eðlilegt að miða þetta við árin þrjú sem gefa, ef ég man rétt, réttindi til græna kortsins. Einnig mætti þá miða við að fólk mætti kjósa alla vega til sveitarstjórna.

Ég þakka frv. og vona að það fái gott gengi á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Páskakveðjur.

[17:14]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þar sem þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir páska óskar forseti hv. þingmönnum og starfsmönnum þingsins gleðilegra páska. Næsti fundur Alþingis verður mánudaginn 23. apríl.

Fundi slitið kl. 17:16.

109. FUNDUR

mánudaginn 23. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211, nál. 951. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Lækningatæki, stjfrv., 254. mál, þskj. 281, nál. 918, brtt. 919. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288, nál. 961. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 293, nál. 958. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 314, nál. 960. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 322, nál. 929, brtt. 930. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Barnalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 377, nál. 959. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 504. mál, þskj. 791, nál. 937. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822, nál. 988. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 597. mál, þskj. 950. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1011. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Úrvinnslugjald, stjfrv., 680. mál, þskj. 1059. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Spilliefnagjald, stjfrv., 681. mál, þskj. 1060. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 620. mál, þskj. 993. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), stjtill., 447. mál, þskj. 713, nál. 990. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
19. Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, stjtill., 654. mál, þskj. 1032. — Fyrri umr.
20. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 655. mál, þskj. 1033. — Fyrri umr.
21. Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, stjtill., 658. mál, þskj. 1036. — Fyrri umr.
22. Menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, stjtill., 659. mál, þskj. 1037. — Fyrri umr.
23. Girðingalög, stjfrv., 636. mál, þskj. 1013. — 1. umr.
24. Landgræðsluáætlun 2002–2013, stjtill., 637. mál, þskj. 1014. — Fyrri umr.
25. Smitsjúkdómavarnir og eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, þáltill., 621. mál, þskj. 994. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá 1983 íbúum á Vestfjörðum um kvótasetningu á veiðum smábáta.

Erindi frá nemendum í Álftamýrarskóla um tóbaksreykingar.

Sumarkveðjur.

[15:00]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Ég óska alþingismönnum, svo og starfsmönnum þingsins, gleðilegs sumars og þakka samstarfið á liðnum vetri.

Þingmennskuafsal Ingibjargar Pálmadóttur.

[15:01]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Akranesi, 14. apríl 2001.

Til forseta Alþingis,
Halldórs Blöndals.

Með bréfi þessu afsala ég mér sæti mínu á Alþingi.

Ég þakka alþingismönnum gott samstarf á Alþingi þau réttu 10 ár sem ég hef setið þar, fyrst sem þingmaður og síðan jafnframt sem ráðherra.

Ég óska Alþingi og alþingismönnum allra heilla í framtíðinni.

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl."

Með þingmennskuafsali Ingibjargar Pálmadóttur hverfur úr röðum okkar alþingismanna einn úr forustusveit stjórnmálanna. Ingibjörg Pálmadóttir var fimmta konan til að gegna ráðherraembætti hér á landi, sat í ríkisstjórn samfellt í sex ár sem heilbr.- og trmrh. Hún var fyrst kosin á Alþingi í apríl 1991 og varð ráðherra fjórum árum síðar. Sama dag og hún ritaði bréf sitt um afsal þingmennsku, þ.e. 14. apríl, fékk hún jafnframt lausn frá ráðherrastörfum.

Fyrir hönd Alþingis færi ég Ingibjörgu Pálmadóttur þakkir fyrir störf hennar á vettvangi Alþingis. Persónulega þakka ég henni sem samþingsmaður hennar í Vesturlandskjördæmi ágæt kynni og samstarf í stjórnmálum, bæði hér á Alþingi og einnig í bæjarstjórn Akraness þar sem við áttum sæti allnokkur ár. En síðar urðum við, eins og raunar nær allir núverandi þingmenn Vesturlands, samferða inn á Alþingi vorið 1991. Ég óska Ingibjörgu Pálmadóttur allra heilla í framtíðinni.

Við þingsæti Ingibjargar Pálmadóttur tekur Magnús Stefánsson og verður 2. þm. Vesturl. Magnús Stefánsson er ekki ókunnugur þingstörfum. Hann sat sem alþingismaður 1995–1999 og hefur tekið sæti sem varaþingmaður á þessu kjörtímabili. Ég býð hann velkominn til starfa.

Þá vil ég jafnframt færa nýjum heilbr.- og trmrh., Jóni Kristjánssyni, kveðjur og árna honum allra heilla í nýju starfi á ráðherrabekk.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurl., Ólafía Ingólfsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan. Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl."

Ólafía Ingólfsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:03]

Útbýting þingskjals:

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 609. mál, svar dómsmrh., þskj. 1080.

Tilkynning um mannabreytingu í fjárlaganefnd.

[15:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur tilkynning, sbr. 16. gr. þingskapa, frá þingflokki framsóknarmanna um að Ólafur Örn Haraldsson taki sæti Jóns Kristjánssonar í fjárln.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. utanrrh. vegna atburða fyrir botni Miðjarðarhafs. Ljóst er að þar fer spenna ört vaxandi. Ísraelsmenn fóru með herlið inn á sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna fyrir fáeinum dögum en það er skýlaust brot á samningum aðila. Hizbollha-skæruliðar hafa skotið eldflaugum á íbúðabyggð í Ísrael og Ísraelsmenn gerðu síðan loftárásir á bækistöðvar Sýrlendinga í Líbanon í Beka-dalnum. Palestínumenn hafa ráðist að byggðum gyðinga á svæðum Palestínumanna. Ísraelsmenn svara fyrir sig með því að senda skriðdreka og jarðýtur til að eyðileggja byggðir Palestínumanna. Hryðjuverk eru nær daglegt brauð í Ísrael. Almenningur í þessum löndum líður fyrir ástandið og enginn virðist hafa stjórn á atburðarásinni. Á fimmta hundrað manns eru fallnir í valinn frá því að þessi átakahrina hófst.

Það er mjög mikilvægt að ríki heims geri allt sem í þeirra valdi stendur til að stuðla að friði og reyni að sjá til þess að aðilar setjist að samningaborði. Almenningsálitið skiptir máli í þessum efnum og þrýstingur þjóða skiptir einnig máli. Ég spyr hæstv. utanrrh. á hvern hátt Íslendingar geti lagt lóð á vogarskálar í þessu efni.

Enda þótt báðir aðilar, bæði Ísraelsmenn og Palestínuarabar komi að stríðsátökunum í árásarskyni, þá er ljóst hvar frumkvæðið að þessari hrinu hófst og hver hefur töglin og hagldirnar. Að sjálfsögðu er það Ísraelsstjórn sem hafði frumkvæðið og eðlilegt að mótmælum og hörðum mótmælum sé beint til hennar. Ég spyr hæstv. utanrrh. hvort það hafi verið gert og hvað standi til að gera. Að sjálfsögðu skiptir máli að báðir deiluaðilar axli ábyrgð sína og setjist að samningaborði.

[15:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs er afskaplega alvarlegt og þar hafa átökin stigmagnast. Ég er þeirrar skoðunar að ekki verði hjá því komist að reyna að ná samkomulagi um alþjóðlega gæslu á þessu svæði og alþjóðasamfélagið geri allt sem í sínu valdi stendur til að stilla þarna til friðar og ganga á milli aðila. Deiluaðilar hafa ekki verið þeirrar skoðunar en ég tek eftir því að sú skoðun á vaxandi fylgi að fagna alls staðar um heiminn að þarna þurfi að koma til meira friðargæslustarf á vegum alþjóðlegra aðila.

Við höfum leitast við að hafa sem nánast samráð við hinar Norðurlandaþjóðirnar í þessu máli og næstkomandi fimmtudag verður fundur milli mín og utanríkisráðherra Noregs þar sem þessi mál m.a. verða rædd. Sá fundur verður hér á landi en hann er á leið vestur um haf. Eins og kunnugt er sitja Norðmenn í öryggisráðinu og eru því í aðstöðu til að fylgjast mun betur með þessu máli, jafnframt því sem Noregur hefur tekið mikinn þátt í friðarferlinu og haft þar verulegt frumkvæði. Að loknum þessum fundi munum við reyna að meta hvort frekari viðbragða af okkar hálfu sé þörf. Þessi fundur verður næsta fimmtudag og við munum ræða þetta mál ítarlega þar.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar hans. Ég er honum hjartanlega sammála um að mikilvægt væri að koma á alþjóðlegri gæslu á þessu svæði. Ég ítreka tilmæli mín um að íslensk stjórnvöld láti ekki sitt eftir liggja til að stuðla að því að friður komist á á þessum slóðum og ofbeldinu linni.

Þjóðhagsstofnun.

[15:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nýlega vakti hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, máls á stöðu Þjóðhagsstofnunar á Alþingi í kjölfar þess að hæstv. forsrh. sló stofnunina nánast af í fjölmiðlum. Síðan hefur komið fram að málefni og framtíð stofnunarinnar hafi ekki einu sinni komið til umræðu í ríkisstjórninni. Staða hennar er því í lausu lofti. Því er full ástæða, herra forseti, til að kalla eftir upplýsingum um málefni Þjóðhagsstofnunar að nýju á Alþingi. Því spyr ég hæstv. forsrh.: Hvenær gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir því að leggja Þjóðhagsstofnun niður og hvenær má búast

við frv. um þær breytingar? Ég geri ráð fyrir að það þurfi lagabreytingu til þess að hún verði lögð niður.

Herra forseti. Ég spyr einnig hvort samstaða sé í ríkisstjórninni um að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður. Nú er aðeins innan við mánuður eftir af þingstörfum á þessu þingi. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Má búast við frv. um málið fyrir þinglok?

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt áður í þingsalnum fyrir skömmu, reyndar undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins, ef ég man rétt. Þetta mál er í vinnslu, eins og sagt hefur verið frá, undir forustu Ólafs Davíðssonar ráðuneytisstjóra, sem reyndar var forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar í tvö ár. Hann þekkir vel til þessarar starfsemi.

Þetta mál hefur verið nefnt efnislega í tvígang í ríkisstjórninni, annars vegar í tengslum við seðlabankafund fyrir rúmu ári og aftur í marsmánuði. Að öðru leyti hefur málið ekki verið rætt í ríkisstjórninni. Það er hægt að gera breytingar á starfsemi stofnunarinnar í samræmi við núgildandi lög. Í lögunum segir að gæta verði þess að ekki sé um tvíverknað að ræða vegna starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Það er augljóst að nú er um tvíverknað að ræða á ýmsum sviðum í starfsemi stofnunarinnar. Hins vegar tel ég að áður en endanlega verði ráðið um niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar, ef sú verður niðurstaðan, þurfi að ræða málið með formlegum hætti, bæði í ríkisstjórn og í þinginu.

[15:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ekki endanlega búið að ákveða hvort stofnunin yrði lögð niður. Aftur á móti hefur áður komið fram að áform séu uppi um það hjá ráðherrum. Málið er í vinnslu. Hversu langan tíma telur hæstv. ráðherra að það taki að vinna málið þannig að niðurstaða fáist um hvort stofnunin verði lögð niður og hvenær mun það koma til kasta þingsins?

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi þingið þá er augljóst að þetta mál kemur ekki til kasta þess nú í vor þannig að það kæmi ekki til kasta þess fyrr en á haustmánuðum.

Verð á grænmeti.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í dag verða breytingar á tollum á grænmeti sem kaupmenn segja í fjölmiðlum að muni nær óhjákvæmilega leiða til hækkana á grænmetisverði til neytenda. Meðal annars hækka magntollar á papriku um næstum 200 kr. á kg og í næstu viku munu þessir magntollar hækka enn frekar, upp í 300 kr. á kg. Þessar hækkanir verða á sama tíma og neytendur væntu þess að grænmeti mundi frekar lækka en hitt. Ástæðan fyrir því var augljós. Stjórnvöld og Alþingi hafa lýst eindregnum vilja til að lækka innflutningstolla á grænmeti.

Fyrir skemmstu kom fram á Alþingi nær eindregin samstaða allra sem tóku til máls um þetta mál, um að það ætti að lækka grænmetisverð með því að lækka innflutningstolla. Samt sjáum við að tollarnir halda áfram að hækka. Grænmetisverð er áfram hátt þrátt fyrir að hæstv. landbrh. hafi lýst því yfir að hann mundi af snarræði, eins og hann sagði, beita sér fyrir því að lækka tollana. Það hefur ekki gerst.

Herra forseti. Ég hef fyrir hönd Samfylkingarinnar falið Þjóðhagsstofnun að gera útreikninga á breytingum á matvæla- og grænmetisverði frá því að GATT-samningurinn var staðfestur. GATT-samningurinn var staðfestur 1995. Þá gerðu menn ráð fyrir því að grænmetisverð mundi lækka í kjölfarið. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er sú að á meðan matvæli hækkuðu frá 1995–2000 um 17,5% þá hækkaði grænmeti um tvöfalt meira eða tæp 35%. Munurinn er geysilegur í krónum talið. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefðu neytendur greitt 2 milljörðum minna fyrir grænmeti frá 1995–2000 ef verð á því hefði breyst eins og verðlag á öðrum matvælum. Þess vegna spyr ég hæstv. landbrh.: Hvenær ætlar hann að standa við stóru orðin og hvenær mega neytendur búast við að verð á grænmeti lækki eða er hæstv. ráðherra kannski hættur við að lækka tollana?

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Afrek lífsins eru sjaldan eins manns og oft þarf að ná samstöðu og vinnu í gegn. Ég vil í upphafi lýsa því yfir að það er vilji ríkisstjórnarinnar að leita nýrra leiða til að lækka verð á grænmeti. Ég trúi því að á allra næstu vikum komi fram tillögur sem leiði til þess að svo verði.

Hins vegar er það afar billegt af hálfu hv. þm., og vitnar þar til Samkeppnisstofnunar, að tollarnir séu samsæri gegn neytendum. Ég hef óskað eftir því við Samkeppnisstofnun að hún skili af sér tillögum um verðmyndun á grænmeti þar sem sundurliðað verði hvað bóndinn fái í sinn hlut, hvað kaupmaðurinn fái, hvað heildsalan fái og hvað ríkið taki, til þess að hægt sé að marka stefnu um þetta. Ég bíð þeirrar niðurstöðu.

Ég vil segja að það var afrek hjá Morgunblaðinu í gegnum rannsóknarblaðamann að taka út þessi mál og komast að þeirri niðurstöðu þar sem því er haldið fram að stóru verslunarkeðjurnar taki 60–80% og stundum yfir 100% af verðmæti á viðkvæmu grænmeti. Þetta voru nýjar upplýsingar sem koma sjaldan fram í umræðunni og skýra kannski að hluta til þá hækkun sem hv. þm. hefur vitnað til og hefur sjálfur getið um í fjölmiðlum og vakið athygli á. Ég þakka honum nú fyrir þá sanngirni.

Ég vil segja: Þetta er ekkert skjótræði. Það er vilji þings og þjóðar að standa vörð um íslenska garðyrkju. Ég minni hv. þm. á og spyr eftir því: Er samstaða í Samfylkingunni um að fella tollana í burtu með einu handbragði? Varaformaður hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er Margrét Frímannsdóttir. Hún hefur oft staðið vörð um íslenska garðyrkju.

Ég trúi því að vilji sé til þess að gefa tíma til að finna þær leiðir sem nú er stefnt að og að menn fái svigrúm. Nú eru það, hæstv. forseti, aðilar vinnumarkaðarins sem sitja við það borð og þeim treysta allir.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að á smásölumarkaðnum er komin upp fákeppni sem stappar nærri einokun og í skjóli þess ástands hafa smásölukeðjurnar haldið uppi gríðarlega hárri álagningu á grænmeti og fjölmiðlar hafa nefnt dæmi um 80–100% álagningu á síðustu dögum. Það er ósvinna sem allir verða að taka höndum saman um að vinna gegn.

Hins vegar er það þannig, herra forseti, að það var hæstv. landbrh. sem úr þessum stóli og að eigin frumkvæði lýsti því yfir að af snarræði mundi hann bregðast við og lækka innflutningstolla og auðvitað er komið að því. Hann er í ákveðinni siðferðilegri skuld við neytendur. Hvers vegna? Vegna þess að það er í skjóli framkvæmdar hans eigin ráðuneytis sem heildsölunum tókst að hafa uppi hið ólöglega samráð. Það er ekki formaður Samfylkingarinnar sem heldur þessu fram, þetta lesa menn út úr skýrslu samkeppnisráðs.

Því spyr ég aftur: Hvenær eigum við að verða vitni að snarræði hæstv. landbrh. sem hann lofaði sjálfur úr þessum stóli?

[15:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Því miður er þetta samspil nokkuð flókið eins og ég hef rakið. T.d. með alþjóðaskuldbindingunum sem flokkur hv. þm. stóð að í gegnum GATT-samninga. Þar eru tollarnir þau rök sem menn ætla að nýta í viðskiptum með landbúnaðarvörur í veröldinni. Við höfum rætt það hér og jafnvel ýjað að því og sumir talað um að fella niður tolla. Það er flókin leið ef menn ætla að taka upp aðrar, eins og hér hefur kannski verið talað um, beinan stuðning til bændanna í staðinn til að lækka verðið. Þetta er því samspil margra aðila. Ég hef einungis sagt hér að það komi til greina að lækka tolla. Það kemur til greina að taka upp framleiðslustyrki. Það kemur til greina að skoða hlut ríkisins. Það kemur til greina og er mjög mikilvægt að fara yfir það sem við erum þó sammála um, að álagningin í smásölunni skýtur skökku við í þjóðfélagi sem við trúðum að frjáls samkeppni væri í.

Það er því ekki við þá eina að sakast sem hafa verið skammaðir fram að þessu. Ég vona að það snarræði sem ég boðaði hér, hæstv. forseti, líti það dagsins ljós innan fárra vikna. Það er mikilvægt að hraða þessum störfum.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að ýmsar flóknar ástæður liggja að baki þessari þróun á grænmetismarkaði en þær eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi er það vegna þess að landbrn. hefur um árabil haldið uppi með handafli því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kallaði okurtolla á grænmeti. Í öðru lagi vegna þess að í skjóli þeirrar tollverndar gátu heildsalar gert með sér það sem samkeppnisráð kallaði samsæri gegn hagsmunum neytenda. Í þriðja lagi er það síðan sú staða sem komin er upp á smásölumarkaðnum.

Hæstv. ráðherra getur fyrir sitt leyti unnið hagsmunum neytenda gagn með því að lækka eða fella niður þessa tolla. Eina snarræðið sem hann hefur sýnt hingað til, herra forseti, er ákaflega dapurlegt. Hann sló af nefnd, samráðsnefnd forsrn. og landbrn., um verðlagningu á grænmeti sem hafði komist að samkomulagi um það að lækka þessa tolla. Það er það eina sem hæstv. landbrh. hefur gert til þessa í deilunni og það hefur leitt til þess að niðurfellingu eða lækkun tollanna seinkar fyrir vikið.

[15:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hélt að verkalýðsleiðtoginn mikli, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fagnaði því að verkalýðshreyfingin hefur verið kölluð að þessu borði. Hv. þm. hefur svarað fyrir sig.

Engin nefnd hefur verið slegin af heldur hafa þessir aðilar verið kallaðir að þessu sáttaborði. Ég vil segja að hv. þm. með fullyrðingum sínum og eina snarræðið sem hann jafnan sýnir er að hafa stór orð uppi og geta talað hratt en ekki alltaf af rökum eða fimi, því að það er rangt að tala um að í skjóli okurtolla hafi menn getað svindlað á þjóðfélaginu. Sannleikurinn er sá að ávextir eru án tolla. Þeir eru hér á okurverði samkvæmt sömu úttekt. Það er ekki sök landbrn. eða í skjóli þess að svo er.

Þess vegna er þetta mál flókið en það fær skjóta niðurstöðu, eins og ég hef sagt hér, á næstu vikum. Það er vilji í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum til að leiða þetta mál til lykta. Ég trúi því að það verði gert. En það verður ekki gert þannig að íslenskri garðyrkju verði fórnað.

Hv. þm. hefur ekki svarað spurningum mínum um samstöðuna í sínum flokki. Hún segir kannski meira en allt það sem hann sagði hér.

Staða starfsnáms.

[15:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi var greint frá niðurstöðum úr skýrslu, sem prófessor Jón Torfi Jónasson og Kristjana Halla Blöndal hafa unnið, sem ber heitið Námsferill í framhaldsskólum og viðhorf ungs fólks til náms. Skýrslan er unnin á grundvelli upplýsinga um árgang fæddan 1975.

Þar kemur fram að einungis um 11% þessa hóps ljúka prófi í verkgreinum sem er eitt það lægsta sem þekkist miðað við nágrannalönd okkar. Af þessu er fyllsta ástæða til að hafa þungar áhyggjur. Margt fleira kemur merkilegt fram í þessari skýrslu svo sem að mikill meiri hluti þeirra sem ljúka verklegu námi eru piltar en sárafáar stúlkur ljúka verklegu námi. Sömuleiðis að mikill meiri hluti þeirra sem stunda slíkt nám kemur af landsbyggðinni til þess að taka verklegt nám.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

1. Til hvaða aðgerða hyggst menntmrh. grípa til þess að efla og styrkja starfsnám í ljósi nýrra upplýsinga sem við höfum um skerta stöðu þess í menntakerfinu?

2. Greint var frá því að samþykkt voru lög árið 1999 um að fleiri brautir gætu útskrifað stúdenta en bara þær þrjár bóknámsbrautir sem áður höfðu heimild til þess samkvæmt nýsettum lögum. En til að svo megi verða þurfti að skilgreina viðbótaráfanga við þær verknámsbrautir til að hægt væri að ljúka stúdentsprófi af þeim. Skilgreiningu á þessu viðbótarnámi er ekki lokið og þeir nemendur sem nú eru í námi á verknámsbrautum og vilja gjarnan finna leið áfram til stúdentsprófs eru því í fullkominni óvissu. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvenær mun liggja fyrir skilgreining og ákvörðun viðbótarnáms til stúdentsprófs fyrir aðrar brautir framhaldsskóla en bóknámsbrautir?

[15:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi síðari fyrirspurnina er því til að svara að þetta viðbótarnám hefur verið skilgreint. Það hefur verið kynnt af menntmrn. og liggur núna fyrir m.a. í bæklingi sem heitir Nám að loknum grunnskóla sem verið er að dreifa til allra grunnskólanemenda í 9. og 10. bekk grunnskólans

þannig að ráðuneytið hefur vissulega framfylgt þeirri lagabreytingu sem samþykkt var á Alþingi og þessar einingar liggja fyrir með almennum hætti af hálfu ráðuneytisins.

Varðandi fyrri fyrirspurnina þá er það rétt að hér á landi hefur verið erfitt að fá nemendur til þess að innrita sig í starfsnám og verknám, og það sem kom fram í fréttum í gær er í sjálfu sér ekkert nýtt. Framhaldsskólalögunum var ætlað að auka áhersluna á verknámið og starfsnámið og gerðar hafa verið margvíslegar ráðstafanir til þess að endurskipuleggja það nám. En það dugar ekki til ef nemendur vilja ekki innrita sig í slíkt nám og þá hafa stjórnvöld lítið um það að segja í sjálfu sér. Enginn hefur bent betur á það en einmitt prófessorinn Jón Torfi Jónasson að það virðist vera sama hvaða ráðstafanir séu gerðar af alþingismönnum eða stjórnvöldum almennt í þessu tilliti, það er vilji nemendanna sem ræður og það er svo að nemendur vilja hér í ríkari mæli en annars staðar innrita sig í bóknám og taka stúdentspróf og hafa það sem grundvöll þegar þeir útskrifast úr framhaldsskóla frekar en verknám.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Ef það er ljóst að nú liggur fyrir hverjir eru viðbótaráfangar til stúdentsprófs fyrir allar þessar starfsnámsbrautir þá fagna ég því ef svo er eins og hann upplýsir þannig að ekki þurfi lengur að vera í vafa.

Hins vegar verð ég að vekja athygli á því, herra forseti, að okkur berast stöðugar fregnir af því og reyndar fáum við gjörla að vita af því í störfum okkar í fjárln. að einmitt þetta verknám, þessi verklegi hluti námsins víða um land býr við fjárskort og hann býr við athyglisskort.

Ég leyfi mér því að spyrja, herra forseti: Liggja fyrir áætlanir hæstv. menntmrh. um að styrkja þetta verklega nám með auknum fjárveitingum? Í öðru lagi: Hvenær liggja fyrir nýjar skilgreiningar fyrir starfsnámsbrautir framhaldsskóla eins og kveðið er á um að skuli unnar?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég átta mig ekki á síðari spurningunni, hvenær þetta liggi fyrir. Það liggja fyrir tillögur og þær hafa verið framkvæmdar um að skipta öllu atvinnulífinu upp í 14 starfsgreinar varðandi skólakerfið. Þar eru starfandi starfsgreinaráð sem eru að gera tillögur um námskrár á sínu sviði og verið er að þróa sífellt fleiri starfsnámsbrautir innan framhaldsskólanna.

Varðandi fjárhagslega hlið málsins má segja að það haldist nokkuð í hendur að ef nemendur eru mjög fáir þá er námið þeim mun dýrara. Það er sá vandi sem menn standa m.a. frammi fyrir í því hve nemendur eru fáir og menn verða að líta til þess þegar hugað er að þessum kostnaði. En ráðuneytið hefur í viðræðum við framhaldsskólana á undanförnum missirum lagt höfuðáherslu á að reyna að koma til móts við óskir þeirra að því er verknámið varðar.

[15:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég ítreka að gert var ráð fyrir því að námskrár fyrir starfsnámsbrautir yrðu endurskoðaðar. Það er einmitt eitt af því sem bent er á í skýrslu Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Höllu Blöndal hversu lítil nýbreytni og lítil nýsköpun hefur orðið í verknámi í framhaldsskólunum, af hvaða ástæðum sem það er. Ekki er nokkur vafi á því að óöryggi með rekstur á mörgum slíkum verknámsdeildum, einmitt vegna fjárskorts og óöryggi um aðsókn að þessum deildum, skapar eins konar vítahring fyrir þetta nám sem þarf að búa enn þá öruggari og markvissari skilyrði og veita því meiri bakstuðning en við búum við nú. Ég held að það sé alveg augljóst, herra forseti.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt að huga þarf að því hvernig best er staðið að því að veita fjárstuðning við verknámið. Það virðist samt ekki ráða úrslitum um það hvort nemendur velja slíkar námsbrautir eða ekki hve miklu fé er varið til þess. Aðrir straumar í þjóðfélaginu virðast ráða því frekar en fjárveitingar til menntamála. En að sjálfsögðu þarf að huga að þessum þætti.

Varðandi námskrár fyrir starfsnámið, þá var það aldrei og hefur aldrei verið sett sem markmið að ljúka gerð þeirra fyrir einhvern ákveðinn tíma heldur hljóta þær að vera í sífelldri endurskoðun og til þess eru starfsgreinaráðin að gera tillögur þannig að námið sé alltaf í sem nánustum tengslum við atvinnulífið sjálft.

Umferðaröryggisáætlun 2001–2012.

[15:31]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Á umferðarþingi sem haldið var um mánaðamótin nóvember/desember á síðasta ári var fagnað þeirri stefnumótun hæstv. dómsmrh. að miða við 40% fækkun dauðaslysa og meiri háttar slysa í umferðinni á næstu 12 árum. Jafnframt lýsti umferðarþing yfir vonbrigðum sínum yfir því að við fjárlagagerð fyrir árið 2001 var ekki gert ráð fyrir auknum fjármunum til þessa þarfa máls.

Umferðarþing skoraði síðan á ríkisstjórn og Alþingi að lýsa því yfir að mörkuð öryggisáætlun fyrir árin 2001–2012 mundi einnig innihalda fjárhags- og framkvæmdaáætlun og að tryggt yrði að nægjanlegt fé rynni til áætlunar úr opinberum sjóðum landsmanna.

Kostnaður vegna umferðarslysa hefur verið reiknaður út af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem hefur komist að því að umferðarslys kosti þjóðfélagið um 12–15 milljarða kr. á ári miðað við árið 1999.

Herra forseti. Í viðtali við Morgunblaðið 6. desember sl. kveinkar hæstv. dómsmrh. sér undan þessari gagnrýni og telur hana ekki sanngjarna og sagði eitthvað á þá leið að sú umferðaráætlun sem lögð hefði verið fram á umferðarþingi væru aðeins drög. Þetta væri aðeins rammi sem settur væri fram og síðan þyrfti að ræða áætlunina á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Nú líður senn að þinglokum og þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.:

Hvers vegna hefur umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2001–2012 ekki verið lögð fram á hinu háa Alþingi til umræðu og samþykktar?

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hreyfir hér vissulega mikilvægu máli. Búið er að ræða mjög mikið um umferðarmálin enda full þörf á því. Það þarf sannarlega að taka á í þessum málaflokki og ég held að allir hv. þm. séu sammála því.

Við vitum að það þarf að fá ákveðið fjármagn til þessara mála og að því er að sjálfsögðu unnið. Margt er búið að gera sem rétt er að vekja athygli á. Farið var í mjög mikið átak sl. sumar þar sem einkum var reynt að ná til ungra ökumanna og

reynt að hafa áhrif á hegðun þeirra í umferðinni. Því miður hefur það samt orðið þannig að allt of mörg alvarleg slys verða. Ég skipaði sérstakan starfshóp undir forustu formanns allshn. Sá hópur skilaði margvíslegum tillögum sem verið er að vinna í. Nú þegar hefur komið fram hjá þingflokkum frv. til breytinga á umferðarlögum þar sem tekið er t.d. á málum sem snerta farsíma, að sérstakur búnaður verði tengdur þeim símum til að trufla ekki ökumenn í akstri. Einnig er verið að taka sérstaklega á í sambandi við unga ökumenn, að þeir þurfi að sanna sig mun betur áður en þeir fái fullnaðarskírteini og að þeir þurfi að ganga undir sérstakt akstursmat. Það er því verið að gera mjög margt.

Einnig má nefna að lögreglan hefur verið með sérstakt átak til að auka eftirlit á stærstu stofnbrautum t.d. út frá höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbrautin hefur verið sérstaklega nefnd í því sambandi. Þar hefur náðst mjög góður árangur. Aukin samvinna hefur einnig verið á milli lögreglunnar og Vegagerðarinnar og það verða væntanleg gerðir árangursstjórnarsamningur milli þessara stofnana bráðlega þannig að verið er að vinna að þessum málum.

[15:35]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið. En ég fékk ekki svar við því sem ég spurði um. Hvers vegna hefur þeim drögum að umferðaröryggisáætlun sem dreift var á umferðarþingi ekki verið fylgt eftir á Alþingi? Það var spurningin.

Jafnframt vil ég spyrja vegna þess að starfandi hefur verið svokölluð umferðaröryggisnefnd sem vann þessi drög sem sett hafa verið fram, en skipunartíma þeirrar nefndar lauk um síðustu áramót og mér vitanlega hefur ekki verið skipuð önnur nefnd til að halda áfram þeirri vinnu sem þar var verið að vinna og fylgja henni eftir. En í þeirri nefnd voru Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs, Rögnvaldur Jónsson frá Vegagerðinni og Georg Lárusson. Skipunartími nefndarinnar rann út um síðustu áramót og ný nefnd hefur ekki verið skipuð og því vil ég bæta við spurningu og spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna hefur ný umferðaröryggisnefnd ekki verið skipuð? Og ég ítreka fyrri spurningu mína: Hvers vegna hefur umferðaröryggisáætlunin ekki verið lögð fram á hinu háa Alþingi?

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka skýrt fram að unnið hefur verið eftir þeim umferðaröryggisáætlunum sem hafa legið fyrir Alþingi með reglulegu millibili, en hins vegar er rétt hjá hv. þm. að nokkuð hefur dregist að skipa nýja fulltrúa í nefndina. Ég tel þó að það komi ekki að sök og verið er að vinna að þeim málum.

Nefna má sérstaklega að einn fulltrúi í þessari nefnd hefur nú fyrir allnokkru horfið til annarra starfa. Formaður Umferðarráðs sem einnig hefur verið formaður í nefndinni hefur óskað eftir því að hverfa úr henni þannig að það hefur verið ákveðið vandamál vegna þess að viðkomandi aðili er jafnframt formaður Umferðarráðs. Auðvitað fylgist Umferðarráð mjög glöggt með þessum málum. Það er líka skylda þeirra. En ég get sannfært hv. þm. um að verið er að vinna að þessum málum og ég vænti þess að áætlunin komi fljótlega fram.

[15:37]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Mér finnst miðað við þau svör sem hér hafa komið fram og miðað við það að umferðaröryggisáætlun hefur ekki verið lögð fram og að umferðaröryggisnefnd hefur ekki verið skipuð, þá hef ég einhvern veginn á tilfinningunni að þessi málaflokkur sé dálítið hornreka eða sé hálfgert olnbogabarn í dómsmrn. og ekki sé verið að vinna af miklum krafti að þessum málum núna.

Ég minni á að þegar umferðaröryggisáætlun kemur fram, væntanlega um leið og þing kemur saman í haust, þá verður fyrsta ár áætlunarinnar liðið. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ganga of hægt í þessu og það er spurning hvort í dómsmrn. sé ekki mannskapur til að vinna þetta verk eða hvort í þjóðfélaginu sé ekki til fólk til að taka að sér störf í þeim nefndum sem þetta þurfa að vinna.

Jafnframt vil ég, herra forseti, spyrja hæstv. dómsmrh. Í gildandi þingsályktun um umferðaröryggismál segir:

„Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega."

Herra forseti. Mig langar í lokin að spyrja hæstv. dómsmrh. út í það hvenær megi vænta þessarar skýrslu.

[15:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa yfir undrun minni á því ef hv. þm. hefur ekki tekið eftir því hvaða áhersla hefur verið lögð á umferðaröryggismál í dómsmrn. núna á síðasta ári og á síðustu tveimur árum raunar. Það kemur mér afskaplega mikið á óvart. Ég nefndi nokkur atriði í fyrstu ræðu minni þannig að ég vísa einhverjum slíkum ásökunum alfarið á bug. Þær eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

Sem betur fer eru flestir hv. þm. sammála því að þetta séu þverpólitísk mál sem nauðsynlegt sé að taka á sameiginlega og snúa þeirri óheillaþróun við sem þegar á sér stað í þessum málum. Og það er alveg óþarfi, hv. þm., að vera að tortryggja störf manna í því sambandi.

Ég vek athygli á því að sú áætlun sem þingmaðurinn er ávallt að spyrja um er til næstu 12 ára og því nægur tími til stefnu. Það er hins vegar full ástæða til að fara mjög rækilega ofan í þessi mál og ég fullvissa hv. þm. um að verið er að gera það.

Endurskoðun almannatryggingalaga.

[15:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég óska hæstv. heilbrrh. til hamingju með starfið og vænti góðs samstarfs við hæstv. ráðherra.

Þegar hæstv. fyrrv. heilbrrh. mælti fyrir frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar vegna dóms Hæstaréttar í öryrkjamálinu kom fram í máli hennar að fyrir miðjan apríl mundu liggja fyrir tillögur um það hvernig verður komið til móts við lífeyrisþega almennt, en eins og allir vita hafa þeir ekki fengið á undanförnum missirum sambærilegar lagfæringar á kjörum sínum og aðrir landsmenn. Miklar væntingar hafa af hálfu fyrrv. heilbrrh. og ríkisstjórnar verið byggðar upp hjá lífeyrisþegum um verulegar kjarabætur þeim til handa nú frá miðjum þessum mánuði og bjuggust flestir

við að þær kæmu til framkvæmda um miðjan þennan mánuð. Nú eru að nálgast apríllok og samkvæmt starfsáætlun þingsins eru aðeins eftir 14 fundadagar fram að þingfrestun auk nefndardaga en ég vænti að til þurfi að koma verulegar lagabreytingar ætli ríkisstjórnin að standa við loforð sín til lífeyrisþega. Því spyr ég: Hvers er að vænta í þessu máli? Er ekki rétt að til þurfi að koma lagabreyting ef auka á verulega lífeyrisgreiðslur og er það ekki réttur skilningur að þessar kjarabætur muni ná til allra lífeyrisþega? Liggur fyrir hve miklum fjármunum verður varið til þessara aðgerða og hvenær munu þær sjá dagsins ljós?

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka þingheimi góðar óskir í minn garð og ég þakka fyrir þá fyrirspurn sem hér er upp borin.

Varðandi þetta mál er það að segja að sú nefnd sem fyrirspyrjandi gat um undir forsæti Ólafs Davíðssonar hefur unnið af krafti þessa dagana og tillagna hennar er að væntan innan tíðar, vonandi innan ekki mjög margra daga. Vinna hennar er á lokastigi.

Vegna þess að þessi mál eru í nefndinni enn þá og tillögur hennar liggja ekki fyrir þá hef ég ekki upplýsingar til að fara með hér um fjárhæðir eða í hverju tillögurnar verða fólgnar en ég mun auðvitað gera grein fyrir því þegar þar að kemur.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þessi nefnd er á vegum fleiri ráðuneyta en heilbrrn. en eigi að síður ef til lagabreytinga kemur þá mun heilbrrh. væntanlega leggja það fram. En það er of snemmt að segja um það á þessu stigi.

[15:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því í tilefni af svari hæstv. ráðherra að nefndin er búin að vera starfandi nokkuð lengi að því er ég best veit eða frá því í september, þá var hún sett á laggirnar. Hún hefur því haft drjúgan tíma til að taka á þessu máli. Þess vegna veldur það nokkrum vonbrigðum að lítið er að græða á fyrsta svari sem hæstv. nýr heilbrrh. gefur þinginu.

Ég vænti þess að nefndin hafi fengið einhverja verkáætlun eða erindisbréf frá hæstv. fyrrv. heilbrrh. þannig að það hefði a.m.k. verið hægt að svara því í hverju verk nefndarinnar var fólgið og t.d. hvort nefndin hafi haft verkáætlun frá hæstv. ráðherra að tillögurnar og aðgerðirnar ættu að ná til allra lífeyrisþega og hvort nefndin hafi haft einhvern ramma við að miða hve mikið fjármagn ætti að setja til þessara aðgerða. Ég vil vekja athygli á því að miklar vonir eru bundnar við starf nefndarinnar og þess vegna veldur svarið nokkrum vonbrigðum.

[15:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það var vissulega hlutverk þessarar nefndar að fara yfir kjör lífeyrisþega í þeim tilgangi að bæta þau. Það var ljóst að hún fékk það erindi og hefur unnið þau verk sín í vetur eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda. Það var talað um að hún mundi skila af sér um miðjan apríl. Ég vonast til að tillögur hennar liggi fyrir áður en aprílmánuður er liðinn. Tillögugerðin er á lokastigi en ég tel því ekki tímabært að ræða þær niðurstöður. Ég tel það reyndar ekki viðeigandi í fyrirspurnatíma sem er þar að auki óundirbúinn, að svara til um það í smáatriðum, enda hafa þær upplýsingar ekki verið lagðar fyrir mig enn þá.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (sektarákvarðanir Félagsdóms). — Þskj. 211, nál. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Lækningatæki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 254. mál. — Þskj. 281, nál. 918, brtt. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 919,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 919,2 (ný fyrirsögn II. kafla) samþ. með 42 shlj. atkv.
4.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 919,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
11.–15. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 919,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 919,5 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 261. mál. — Þskj. 288, nál. 961.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 293, nál. 958.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Brtt. í nál. 958 samþ. með 41 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, KVM, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack.
nei: JóhS*.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, DrH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, JB, JBjart, KF, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (Þingvallaprestakall). — Þskj. 314, nál. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 960 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Dýrasjúkdómar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 291. mál (sjúkdómaskrá o.fl.). — Þskj. 322, nál. 929, brtt. 930.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 930,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 930,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓI, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, DrH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, JB, JBjart, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:
Hæstv. forseti. Í umræðu um viðnám gegn kúariðusmiti í tengslum við innflutning á írskum nautalundum taldi landbrn. sig ekki hafa lagaheimildir til að framfylgja því reglugerðarákvæði að ekki skyldi leyfa innflutning á kjöti þaðan sem kúariða hefði greinst á síðustu sex mánuðum.
Við 1. umr. gerði ég þann fyrirvara við afgreiðslu þessa frv. að inn í það kæmi slík lagaheimild en sá gleðilegi atburður hefur nú gerst að lögfræðingar landbrn. telja sig hafa fundið í lagaflórunni slíkt ákvæði. Þess vegna skrifuðu fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. landbn. undir nefndarálitið án fyrirvara.

Barnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum). — Þskj. 377, nál. 959.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 959 samþ. með 39 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (veiðar umfram aflaheimildir). — Þskj. 791, nál. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (starfsheiti). — Þskj. 822, nál. 988.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 597. mál (gjaldtökuheimildir, náttúrustofur o.fl.). — Þskj. 950.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 602. mál (grænt bókhald o.fl.). — Þskj. 971.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1012.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 680. mál. — Þskj. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Spilliefnagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 681. mál (umsýsla). — Þskj. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓI, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.
nei: SJóh*.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, DrH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, JB, JBjart, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Kosningar til sveitarstjórna, frh. 1. umr.

Frv. MÁ og GÖ, 620. mál (kosningarréttur erlendra ríkisborgara). — Þskj. 993.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Breytingar á XIII. viðauka við EES-samninginn (flutningastarfsemi), frh. síðari umr.

Stjtill., 447. mál. — Þskj. 713, nál. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MS, ÓI, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, JB, JBjart, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, RG, SF, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1101).

Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, fyrri umr.

Stjtill., 654. mál. — Þskj. 1032.

[16:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Samningur sá sem hér um ræðir var samþykktur á fjórða ráðherrafundinum um umhverfi Evrópu í Árósum 25. júní 1998 og hefur verið nefndur Árósasamningur. Sama dag undirrituðu samninginn 35 ríki, þar á meðal Ísland og Evrópubandalagið. Fjögur ríki til viðbótar undirrituðu hann áður en frestur til þess rann út 21. desember 1998. Hinn 27. mars 2001 höfðu tíu ríki fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum. Aðild að samningnum er opin aðildarríkjum Efnahagsráðs Evrópu, Evrópubandalaginu og þeim ríkjum sem

hafa stöðu samráðsaðila í Efnahagsráði Evrópu. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að sextánda skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu.

Árósasamningurinn er ný tegund samnings um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfisrétt og mannréttindi. Hann viðurkennir að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd. Hann beinir athyglinni að gagnverkandi áhrifum almennings og stjórnvalda í lýðræðislegu samhengi og kveður á um ný ferli varðandi þátttöku almennings í viðræðum um alþjóðlega samninga og framkvæmd þeirra.

Markmið samningsins er sett fram í 1. gr. hans. Samkvæmt því ákvæði skulu samningsaðilar ábyrgjast rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum í samræmi við ákvæði samningsins í því skyni að stuðla að verndun réttinda hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans.

Árósasamningurinn veitir almenningi því réttindi og leggur samningsaðilum og stjórnvöldum skyldur á herðar varðandi aðgang að upplýsingum og þátttöku í ákvarðanatöku. Hann styður þessi réttindi með ákvæðum um aðgang að réttlátri málsmeðferð sem stuðla að auknu vægi samningsins. Í formála samningsins eru umhverfisvernd og mannréttindi tengd saman og réttindum í umhverfismálum veitt sama staða og öðrum mannréttindum.

Þau lög hér á landi sem fjalla um þá þætti sem Árósasamningurinn tekur til eru annars vegar lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, og hins vegar lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Á grundvelli síðarnefndu laganna hefur verið sett reglugerð nr. 671/2001, um mat á umhverfisáhrifum. Að mati umhverfisráðuneytisins kallar fullgilding samningsins ekki á lagabreytingar hér á landi. Þeim hefur þegar verið komið á og eru fullnægjandi að mati ráðuneytisins til að staðfesta þennan samning endanlega.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[16:09]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þinginu að lögfesta Árósasamninginn svokallaða. Vil ég í því samhengi minna á að þetta hefur verið til umræðu á þinginu, bæði á 125. löggjafarþingi og auk þess liggur fyrir till. til þál. nú í umfjöllun hjá umhvn. sama efnis um að þessi sáttmáli verði lögfestur hér á landi. Verð ég því að gleðjast yfir því að sjá þetta mál koma fram og mælt fyrir því af hæstv. utanrrh.

Ráðherrann sagði í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1999 að brýna nauðsyn bæri til að ná fram alþjóðlegu samkomulagi um takmörkun og bann við losun þrávirkra lífrænna efna í hafið. Var það til marks um hversu háan sess ég tel að hann setji umhverfismálin í á alþjóðlegum vettvangi.

Árósasamningurinn sem var undirritaður í júní 1998 fjallar um það hvernig stjórnvöld eiga að hafa samráð við frjáls félagasamtök á sviði umhverfisverndar. Frjáls félagasamtök hér á landi má sennilega kalla bæði veikburða og fámenn. En þó bendir margt til þess að þeim muni vaxa fiskur um hrygg. Hins vegar eru frjáls félagasamtök á landinu mun fleiri en á sviði umhverfisverndar. Líkast til falla ein 1.500 samtök undir skilgreiningu á frjálsum félagasamtökum.

Þrjú meginefni samningsins eru í fyrsta lagi aðgangur að upplýsingum, í öðru lagi þátttaka almennings í ákvarðanatöku og í þriðja lagi aðgangur að réttlátri málsmeðferð sem heitir á ensku „access to justice".

Það er kannski ekki alveg hárrétt að þýða það á þennan hátt, þ.e. að réttlátri málsmeðferð. Þetta er nokkuð víðtækara eins og það stendur á ensku. Það má líka segja: Hvað er réttlát málsmeðferð í sjálfu sér? Hugtakið varðar aðild að gjafsóknum og margt fleira sem getur varðað dómstóla og dómstólaframkvæmd.

Hvað 2. liðinn varðar, þ.e. þátttöku almennings í ákvarðanatöku, þá telja sumir að það þurfi að setja lög eða breyta lögum til þess að þetta getið gengið. Þess vegna kemur það mér á óvart að sagt er að líkast til þurfi ekki lagabreytingar hér á landi. Þessi 2. liður um þátttöku almennings hefur sennilega meira með dómsmrn. og önnur ráðuneyti að gera heldur en umhvrn. Til dæmis þarf að hugsa um öll þau ráðuneyti sem gefa út leyfi til framkvæmda og þau eru fjölmörg.

Áhrif frjálsra félagasamtaka í heiminum eru mjög mikil. Vonandi er nú brátt liðinn sá tími að frjáls félagasamtök í umhverfismálum séu stimpluð öfgastimplinum eða sem hryðjuverkamenn. Flestir þeir sem eru í slíkum félagasamtökum eru fólk sem hefur áhyggur af framtíð umhverfismála í heiminum og vill gjarnan leggja sitt af mörkum til þess að tryggja afkomendum okkar betra umhverfi og lítur svo á að það verði ekki gert nema tekið sé á málum nú.

Skilgreiningin á frjálsum félagasamtökum er auðvitað sú að þau eru ekki öðrum háð og þau eru fjárhagslega sjálfstæð. Þau hafa mjög fjölþætt hlutverk. Þau eru umræðuvettvangur. Þau hafa alþjóðleg tengsl. Þau eru umsagnaraðilar fyrir stjórnvöld. Þau koma fram með hugmyndir. Þau gagnrýna stjórnvöld. Þau geta hrósað stjórnvöldum. Allt er þetta jafnmikilvægt. Þau vekja athygli á því sem miður kann að fara og þau geta stuðlað að rannsóknum á sviði umhverfismála. Því er afar mikilvægt að efla slík samtök og virkja þá þekkingu sem þar er að finna.

Árósasamningurinn segir að við eigum að lögfesta þetta samstarf og það er fagnaðarefni að þessi þáltill. skuli fram komin og ég styð hana heils hugar.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé eðlilegt að hæstv. utanrmn. sendi tillöguna til umsagnar hæstv. umhvn. og mun leggja það til.

[16:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Sannarlega er rétt að fagna framkominni till. til þál. um fullgildingu Árósasamningsins því að ég tel að Árósasamningurinn marki ákveðin tímamót, ekki bara í starfsemi frjálsra félagasamtaka, heldur ekki síður í starfsemi stjórnvalda. Nú er það aðalatriði fyrir þau frjálsu félagasamtök sem starfa á vettvangi umhverfismálanna að stjórnsýsla sé gagnsæ og hún sé þess eðlis að aðgangur að upplýsingum sé ævinlega tryggður og þátttaka í ákvarðanatöku sé eðlilega tryggð.

Alkunna er að umhverfissamtök hafa verið að eflast mjög mikið síðustu árin. Þau hafa látið til sín taka á þeim vettvangi mjög víða í heiminum og víðast hvar má segja. Svo er einnig hér á landi. Þess er skemmst að minnast að nýverið var undirrituð samstarfsyfirlýsing frjálsra félagasamtaka á

sviði umhverfismála og umhvrn. á Íslandi. Bara sú yfirlýsing er tímanna tákn og ég er sannfærð um að hún ásamt samþykkt þessarar tillögu komi til með að breyta umhverfi okkar umtalsvert og svo sannarlega til hins betra.

Það eru sannarlega tímamót sem Árósasamningurinn hefur fólgin í sér því að í formála hans er gerð grein fyrir þeim væntingum og markmiðum sem þeir aðilar sem að honum stóðu höfðu að leiðarljósi við gerð hans. Mig langar til að fá að vitna í greinargerð með tillögunni sem hér liggur fyrir, með leyfi forseta, en þar segir:

„Sérstök áhersla er lögð á tvö grundvallaratriði: umhverfisrétt sem mannréttindi annars vegar og mikilvægi aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings og aðgangs að réttlátri málsmeðferð við sjálfbæra þróun hins vegar.

Í formálanum er sú hugmynd að fullnægjandi umhverfisvernd sé undirstaða þess að menn geti notið grundvallarmannréttinda tengd þeirri hugmynd að hver einstaklingur eigi rétt á að lifa í heilbrigðu umhverfi og honum beri skylda til að vernda umhverfið."

Þetta eru afar háleit markmið, herra forseti, og þess vegna segi ég og undirstrika að um tímamót er að ræða í íslenskri stjórnsýslu að fá hér fram lagðan samning af þessu tagi sem leggur stjórnvöldum Íslands þá skyldu á herðar að stefna að þeim göfugu markmiðum sem hér er lýst. Nú verðum við að treysta, herra forseti, að efndir verði og að þetta verði ekki bara staðlaus bókstafur á bókfelli heldur að ríkisstjórn Íslands, bæði sú sem nú starfar og þær sem eiga eftir að taka við í nánustu framtíð, komi til með að virða allt það sem í þessum samningi stendur. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég treysti þeim samtökum sem hér starfa á sviði umhverfismála til að minna á sig með reglulegu millibili og standa vaktina og treysti því eins og ég segi að hér fylgi fullur vilji íslenskra stjórnvalda og fagna fram kominni tillögu.

[16:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er hlutverk mitt að taka undir það sem hér hefur verið sagt á undan. Mér finnst að í raun og veru sé verið að flytja inn nýja hugsun í þau mál sem við höfum kynnt á undanförnum árum. Stjórnvöld eru að leggja til að samþykkt verði að standa öðruvísi að málum en gert hefur verið og réttur félagasamtaka til að hafa áhrif á þær gerðir sem fyrirhugaðar eru í framtíðinni verði virtur.

Þetta er yfirlýsing um að svona starf, þ.e. ákvarðanir um hvernig við nýtum náttúruna, fari fram fyrir opnum tjöldum. Það er kannski það almikilvægasta í lýðræðisþjóðfélagi að allar ákvarðanir um hvernig nýting náttúrunnar skuli vera fyrir opnum tjöldum.

Mér finnst þessi samningur að því leyti sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér hann vera afskaplega vel hugsaður að þessu leyti öllu og í honum felast afar miklar yfirlýsingar frá hendi stjórnvalda um breytta afstöðu til þess ferlis sem þessi mál hafa verið í fram að þessu og ber að fagna því alveg sérstaklega. Ég hef enga ástæðu til að efast um að það séu full heilindi á bak við að menn skuli leggja þennan samning fram. Ég tel þess vegna ástæðu til að vona að ákveðinn stirðleiki og óeðlileg samskipti sem ég vil kalla á undanförnum árum vegna fyrirhugaðra framkvæmda eða verkefna sem hafa áhrif á íslenska náttúru, að framkvæmd slíkra hluta verði með allt öðrum hætti í framtíðinni en verið hefur fram að þessu. Ég tel reyndar að með lögunum sem eru orðin til, þó að þurfi að betrumbæta þau, um mat á umhverfisáhrifum og annað slíkt sem við höfum, og með þeim samningi sem hér liggur fyrir ásamt því ferli sem þessi mál hafa haft á undanförnum árum, sé það okkur trygging fyrir því að við séum að sigla inn í breytta tíma hvað þetta varðar. Það hefur tekist faglega. Það hefur tekist með hugsuninni um að varðveita náttúruna og nýta hana varlega í öllum málum. Auðvitað munum við ekki sigla fram hjá því að þurfa að takast á um einstök mál. En að það verði gert opið fyrir opnum tjöldum og með það í huga að í framtíðinni séum við ekki að búa til vandamál með gerðum okkar og við getum varið þau fyrir barnabörnunum okkar þegar við erum komin á efri ár.

[16:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það kom hv. þm. Katrínu Fjeldsted á óvart að ekki þurfi lagabreytingar til að fullgilda samninginn. Ég held að það beri vitni um það að á undanförnum árum höfum við verið að starfa í anda þeirrar hugsunar sem hér kemur fram og ég treysti því að umhvrh. leggi rétt mat á það að ekki sé tilefni til lagabreytingar. Það er einmitt efni sem rétt er að fara yfir í nefnd og er það eins sjálfsagt og allt annað er sjálfsagt að mál þetta sé jafnframt meðhöndlað í umhvn. og þingsköp gera ráð fyrir því í málum sem þessum. En í þessu tilviki er um alþjóðlegan samning að ræða og þar sem er um alþjóðlegan samning að ræða fellur hann undir verksvið utanrrn. og þar með utanrmn. en jafnframt er um samning að ræða sem fyrst og fremst er á verksviði umhvrn. og á sviði umhverfismála. Það liggur fyrir að þegar samningurinn hefur verið frá genginn, þá verði það umhvrn. að framfylgja honum og bera ábyrgð á honum þó að stjórnskipun okkar sé þannig að utanrrn. gangi frá málum á samningsstigi og beri ábyrgð á öllum alþjóðlegum samningum.

Ég er þeirrar skoðunar að unnið hafi verið í þessum anda. Hér vitnaði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir í samstarfsyfirlýsingu umhvrn. og frjálsra félagasamtaka frá því í sumar. Mér finnst ekki rétt að halda því fram að ákveðinn stirðleiki hafi verið í þessum málum á undanförnum árum en hins vegar má ljóst vera að ekki er alltaf samstaða um nýtingarmál í landi okkar. Þarna eru mörg sjónarmið sem koma að, bæði umhverfissjónarmið, efnahagsleg sjónarmið og ljóst er að menn þurfa að vega og meta þessi mál. En aðalatriðið er að það fái eðlilega umræðu og það sé gert fyrir opnum tjöldum eins og hér hefur komið fram.

Að lokum hljóta það að vera lýðræðislega kjörin stjórnvöld sem bera hina endanlegu pólitísku ábyrgð. En það er mikils um vert að það ferli sé með þeim hætti að það sé ásættanlegt en að lokum verða einhverjir að taka hina endanlegu ákvörðun. Því miður er ekki alltaf hægt að gera svo að öllum líki í því sambandi en ég vænti þess að við þá vinnu, sem hefur farið fram á undanförnum árum til að efla þessa umræðu og styðja við bakið á frjálsum félagasamtökum með þeim hætti sem umhvrn. gerði með undirritun 20. mars við ein tíu samtök ef ég man rétt, hefjist þar ferli sem muni leiða til þess að meiri sátt geti tekist um margvísleg verkefni sem menn eru að ráðast í í samfélaginu og verða alltaf að ráðast í því að framfarirnar byggjast á uppbyggingu. En hér hefur verið komið á löggjöf sem gerir ráð fyrir því að allar slíkar ákvarðanir fari í gegnum ákveðið ferli og við höfum náð ágætri sátt um hvernig að þessu skuli standa. Ég tel að það sé mikilvægt skref þegar nýju lögin um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, fyrri umr.

Stjtill., 655. mál. — Þskj. 1033.

[16:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á V. viðauka við samning frá 22. september 1992 um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn sem gerðir voru í Sintra í Portúgal 23. júlí 1998.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, hér eftir nefndur OSPAR-samningurinn, sem gerður var í París 22. september 1992, var fullgiltur af Íslands hálfu 2. júní 1997, en Alþingi hafði með ályktun 7. maí sama ár heimilað fullgildingu samningsins og öðlaðist hann gildi þann 25. mars 1998.

OSPAR-samningurinn hefur það að markmiði að vernda umhverfi Norðaustur-Atlantshafsins. Um er að ræða rammasamning sem skiptist upphaflega í meginhluta, fjóra viðauka og tvo viðbæta. Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði en í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins. Viðbætarnir eru tæknilegs eðlis. Uppbygging samningsins miðast við að hann sé sveigjanlegur og geti, með ákveðnum takmörkunum, rúmað ný svið sem ekki voru fyrirséð þegar samningurinn var gerður á sínum tíma.

Eitt af þeim málum sem athyglin hefur beinst að á vettvangi OSPAR á undanförnum árum er vernd tegunda og búsvæða á hafsvæði því sem OSPAR-samningurinn nær yfir. Hafa bæði almenningur og stjórnvöld í löndum, sem liggja að Norðursjó og eru einnig aðilar að OSPAR, haft verulegar áhyggjur af þróun þessara mála. Á fundi ráðherra umhverfismála þessara landa, sem haldinn var í Esbjerg 1996, var samþykkt að ganga til samninga um sameiginlegar aðgerðir um vernd tegunda og búsvæða. Á þeim fundi kom einnig fram vilji til þess að heppilegast væri að marka viðfangsefninu stað í nýjum viðauka við OSPAR-samninginn.

Hinn nýi viðauki við OSPAR-samninginn, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, var samþykktur á fundi ráðherra aðildarríkja samningsins í Sintra í Portúgal 23. júlí 1998. Kjarni V. viðauka kemur fram í 2. gr. hans þar sem segir að aðildarríki OSPAR-samningsins skuli a) grípa til nauðsynlegra aðgerða til að vernda og varðveita vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni hafsvæðissamningsins og, þegar raunhæft er, endurheimta hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum, og b) vinna í sameiningu að samþykkt áætlana og aðgerða sem þjóna þeim tilgangi að stjórna mannlegum athöfnum sem skilgreindar eru í viðmiðunum í 3. viðbæti.

Með hinum nýja viðauka eru verndaraðgerðir tengdar við varnir gegn mengun sjávar, eftir því sem við á. Gera má ráð fyrir að starf OSPAR samkvæmt þessum viðauka móti mjög aðgerðir til verndunar vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og að athygli manna muni beinast að því að samþætta varnir gegn mengun sjávar og varnir gegn álagi á umhverfi sjávar af annars konar völdum.

Í samningaviðræðunum um hinn nýja viðauka lögðu Íslands og Noregur áherslu á að hann mætti ekki á nokkurn hátt ná til nýtingar lifandi auðlinda hafsins, enda félli hún utan gildissviðs OSPAR-samningsins og þessi skilningur er staðfestur við viðaukann.

Ég vil síðan leggja til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, fyrri umr.

Stjtill., 658. mál. — Þskj. 1036.

[16:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Tilgangur Genfarsamningsins er að gera fleirum kleift að gerast aðilar að Haag-sambandinu, að viðhalda einfaldleika kerfisins og gera það meira aðlaðandi fyrir umsækjendur um skráningu hönnunar. Kerfinu var upphaflega komið á fót fyrir mjög löngu síðan, eða 1925, en það hefur verið endurskoðað nokkrum sinnum á þeim langa tíma.

Efnislega gerir Genfarsamningurinn íbúum í aðildarríkjum hans kleift að sækja um skráningu hönnunar í öllum aðildarríkjum samningsins með einni umsókn. Samkvæmt honum geta umsækjendur öðlast vernd í tilteknum fjölda landa með því að leggja inn eina umsókn, á einu tungumáli og gegn greiðslu einfalds gjalds. Unnt er að sækja um alþjóðlega skráningu beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf eða til einkaleyfastofu hvers aðildarríkis.

Í X. kafla frumvarps til laga um hönnunarrétt, sem iðnaðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi, er fjallað um alþjóðlega skráningu hönnunar. Gildistöku kaflans er þannig háttað að hann öðlast ekki gildi fyrr en við birtingu auglýsingar um að Ísland hafi gerst aðili að Genfarsamningnum.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, fyrri umr.

Stjtill., 659. mál. — Þskj. 1037.

[16:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995.

Samþykktin hefur að geyma ákvæði um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

Í I. kafla viðauka við samþykktina er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum auk ákvæða um gildissvið, tilhögun eftirlits, miðlun upplýsinga, útgáfu skírteina, áritanir skírteina, lagaskil, undanþágur og lágmarkskröfur.

Í II. kafla viðaukans eru ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra og yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum og jafnframt eru þar ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kílóvatta aðalvél eða stærri.

Í III. kafla viðaukans eru ákvæði um grunnmenntun og þjálfun áhafnar fiskiskips, m.a. skyndihjálp og slysavarnir.

Í IV. kafla viðaukans eru ákvæði um grundvallaratriði sem fylgja ber við siglingavakt um borð í fiskiskipum.

Aðild að samþykktinni kallar á löggjöf um áhafnir íslenskra skipa og hefur hæstv. samgrh. þegar lagt fram á Alþingi frv. til slíkra laga. Það frv. byggist á því að Ísland gerist aðili að samþykktinni og taka ákvæði frv. mið af ákvæðum hennar.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[16:36]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. utanrrh. byggir frv. sem liggur fyrir þinginu og er flutt af hæstv. samgrh., þ.e. frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa, á því að Ísland gerist aðili að þeirri samþykkt sem þessi till. til þál. mælir fyrir um.

Herra forseti. Þess er beðið að hæstv. samgrh. mæli fyrir því frv. Það er búið að liggja býsna lengi fyrir. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort það sé mat þeirra að þetta verði að koma í þeirri röð að fyrst sé mælt fyrir þáltill. og svo komi samgrh. og mæli fyrir frv. til laga. Megum við vænta þess að það gerist fljótlega? Er hæstv. utanrrh. kunnugt um hvort hæstv. samgrh. hefur gert það upp við sig og þá jafnframt hvort ríkisstjórnin ætlar á einhvern hátt að koma til móts við þær óskir sem liggja fyrir frá stéttarfélögum, sem nú eiga í harðvítugri vinnudeilu, um breytingar á því frv.?

Það er alveg ljóst og hefur margítrekað komið fram að a.m.k. Vélstjórafélagið og gott ef ekki Farmanna- og fiskimannasambandið einnig eru með það sem ákveðna forsendu þess að samningar geti tekist að upplýst verði hvort og þá hvað hæstv. samgrh. er tilbúinn til að gera til breytinga á því frv. Því þar eru inni ákvæði sem eru eins og fleinn í holdi þessara stéttarfélaga.

Ég geri ráð fyrir, herra forseti, að þetta mál hafi verið rætt í ríkisstjórn. Þessi tvö mál fylgjast að og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geti veitt hér nokkur svör.

[16:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ýmsum hætti sem mál eru lögð fyrir þingið. Hins vegar er ljóst að staðfesting á þessum samningi og aðild okkar að honum kallar á lagabreytingu. Við getum ekki gengið frá því nema við höfum uppfyllt skilyrði samningsins. Ef þær lagabreytingar eiga sér ekki stað þá er ekki hægt að ganga frá þessu máli.

Rétt er að þarna er um mál að ræða sem nokkur ágreiningur er um. Ég get ekki sagt meira um það. Hæstv. samgrh. verður að svara til um það. En ég kann ekki að leggja mat á það á þessari stundu hverjar af þeim breytingum verði að eiga sér stað til að fullgilda þennan samning og hvaða breytingar aðrar verði gerðar sem eru umfram ákvæði samningsins. En við verðum að sjálfsögðu að gera það upp við okkur hvort við ætlum að fylgja öðrum þjóðum í þessu sambandi eins og þessi samningur gerir ráð fyrir og það verður að gera á Alþingi.

Við í utanrrn. erum fyrst og fremst að rækta skyldur okkar, að leggja þetta mál þinglega fyrir. Síðan verður að taka afstöðu til þess, hvort og hvernig þessi mál verði afgreidd. Ég hef ekkert meira um það að segja á þessari stundu. En ég veit um þau mál sem hv. þm. minntist á og hæstv. samgrh. hefur rætt fyrir nokkru í ríkisstjórn. Því miður horfir ekki vel í þeirri deilu sem uppi er við sjómenn. Vonandi leysist það. En ekki er gott ef þetta mál veldur þar einhverjum úrslitum sem ég held að sé nú ekki, heldur séu þar önnur mál ofar á baugi.

[16:40]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. utanrrh. að önnur mál gætu kannski vegið þyngra, a.m.k. er það mismunandi eftir stéttarfélögum hvernig þau vigta.

Hins vegar er alveg ljóst og hefur legið fyrir nokkuð lengi að menn horfa mjög til þessa frv. Það kom fram hér strax þegar ríkisstjórnin ákvað að fresta verkfalli sjómanna að frá því var greint að á fundi hagsmunaaðila með sjútvn. kom skýrt fram að menn litu til þess og mundu líta til þess varðandi framgang viðræðnanna hvernig þessu frv. reiddi af í þinginu. Það hefur síðan verið ítrekað aftur og aftur án þess að nokkur svör fáist.

Mér finnst, herra forseti, það eiginlega lágmarkskrafa gagnvart hæstv. ríkisstjórn, eftir að hún er búin að fresta löglega boðuðu verkfalli, taka af því alla pressu og í rauninni að gera samninga torveldari en ella hefði verið eftir því sem hagsmunaaðilar vilja meina, að hún reyni að liðka til með þeim hætti sem henni er þó fært, sem væri þá að greina frá því hvað menn eru tilbúnir til að gera varðandi þetta frv.

Herra forseti. Mér finnst það lýsa ákveðinni stífni að það skuli ekki vera gert. Satt að segja er það ekki til þess fallið að örva menn til sátta í þessari erfiðu deilu.

Mér fannst, herra forseti, sjálfsagt að spyrja hæstv. utanrrh. um þetta mál vegna þess að eins og fram kemur í tillögunni eða í greinargerð hennar, þá byggir það frv. til laga sem ég er hér að nefna á aðild okkar að þeim samningi sem hér er til umfjöllunar og þessi mál eru því mjög tengd.

[16:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er fjallað um, um aðild að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, er nauðsynlegt plagg inn í þingið vegna þess að frv. sem vikið var að hér áðan í andsvari hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur hefur legið fyrir alveg síðan í haust. Ég benti á það í umræðum í þinginu þegar verið var að ræða mál um sérstakt lagaráð, að það frv. gæti ekki hlotið afgreiðslu vegna þess að það stæðist ekki lagatæknilega, þar sem þessi samningur væri ekki kominn fram og hefði ekki verið staðfestur af íslenskum stjórnvöldum.

Frv. um áhafnir skipa vitnar m.a. til þessa samnings og þess vegna var alveg nauðsynlegt að hér kæmi fram þingsályktunartillaga sem staðfesti þennan samning og málið þannig undirbyggt að það frv. sem tekur til áhafna skipa

væri byggt á einhverju sem við hefðum raunverulega staðfest. Þess vegna tel ég að það sé rétt málsmeðferð sem nú er komin fram í þinginu, að taka þennan samning til umfjöllunar og staðfestingar áður en við afgreiðum frv. um áhafnir íslenskra skipa.

Hins vegar er alveg rétt að frv. um áhafnir íslenskra skipa veldur deilum og eykur á deilurnar í kjaradeilu þeirri sem nú á sér stað á fiskiskipum. Það liggur auðvitað í því að í frv. um áhafnir skipa stendur til að fækka vélstjórum og fækka stýrimönnum. Og ríkisstjórnin hlýtur að telja að í því frv. hafi hún einhver rök í því máli að leggja það til.

Ég tel hins vegar að þegar að samþykktum þessum samningi sem við nú ræðum, neyðist menn til þess að breyta frv. vegna þess að í þessum samningi er beinlínis kveðið á um mjög margt sem snýr að réttindum, skyldum, menntun, störfum, þjálfun og vaktstöðu sjómanna á fiskiskipum yfir 24 metrum að lengd. Reyndar er hér kveðið á um að þeir sem öðlast réttindi til að starfa á skipum sem eru 24 metrar að lengd eða stærri megi að hluta til öðlast siglingatíma á skipum sem eru allt niður í 15 metrar að lengd. Í raun tekur því samningurinn til ákvæða um að siglingatími teljist gildur til öflunar réttinda á stærri skip þó að skipstjórnarmenn sem hafa hlotið til þess menntun hafi aflað sér stýrimannstíma á skipum sem eru undir 24 metrum, sem er meginregla í því plaggi sem við erum að fjalla um.

Bara til þess að draga fram í stuttu máli hvað ég á við þegar ég segi að ég telji að frv. um áhafnir íslenskra skipa þurfi endurskoðunar við þegar þessi samningur hefur verið samþykktur hér, sem ég tel sjálfsagt að verði, þá vil ég vísa til viðauka á bls. 11 í skjalinu, I. kafla, almenn ákvæði, reglu 1, skilgreiningar. Þar segir í 5. tölul., en á undan er búið að telja upp skipstjóra og yfirmann, einhvern skipverja, annan en skipstjóra, með leyfi forseta:

„Yfirmaður siglingavaktar, yfirmaður sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/2 eða II/4 í þessari samþykkt."

Ef menn skoða aðeins hvað þessar reglur segja, þá er best að lesa II. kafla og skoða þar reglur 1 og 2, en þar eru upp talin öll ákvæðin um menntun skipstjórnarmanna. Og þar er ekkert smáræði talið upp. Nánast er talið upp nákvæmlega hvað menn þurfa að læra í öllum atriðum.

Ég tel að þegar við höfum endanlega staðfest þetta verði ekki undan því vikist að breyta frv. um áhafnir íslenskra skipa í samræmi við það að þeir sem eiga að vera yfirmenn á siglingavakt geti ekki verið aðrir en menntaðir stýrimenn. Þar af leiðandi standist ekki það frv. sem hér liggur fyrir og það þurfi endurskoðunar við og á grundvelli þess verði stýrimönnum ekki fækkað eins og lagt er til í því frv.

Ég held að þetta megi bara lesa beint út úr þessu með því að kynna sér vel þennan samning og skoða þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem kallaðir eru yfirmenn á siglingavakt.

Ég tel því og tek undir það sem kom hér fram í andsvari áðan að nauðsynlegt sé að endurskoða frv. um áhafnir íslenskra skipa og breyta þar ákveðnum atriðum sem ég held að yrðu þá í leiðinni til mikilla sátta í þeirri deilu sem fiskimenn eiga nú í.

[16:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vona að það sé rétt að menn geti fundið upp á einhverju í þessari erfiðu deilu sem gæti þar orðið til sátta þó að ég sé nokkurn veginn viss um að þetta sé ekki eina málið sem geti leitt það fram. En það er eðlilegt að til þess sé litið í þessu sambandi.

Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áðan. Það voru 74 ríki sem tóku þátt í þessari ráðstefnu á sínum tíma og stóðu að þessum samningi. Aðeins tvö ríki hafa fullgilt samninginn, þ.e. Danmörk og Rússland. Núna er í gangi sérstakt átak til þess að reyna að koma þessum samningi í gildi. En við getum ekki staðið að honum nema að samþykktum lögum vegna þess að við höfum ekki efnislegar forsendur til þess að standa að honum nema lögin verði afgreidd. Hins vegar var nauðsynlegt að taka þessa þáltill. hér til umfjöllunar samhliða lagafrv. Ég vil aðeins ítreka að það er forsenda þess að við getum gerst aðilar að samningnum, þ.e. fullgilt samninginn. Við undirrituðum hann á sínum tíma með fyrirvara, með þeim fyrirvara að Alþingi Íslendinga samþykkti lagabreytingar sem gerðu okkur kleift að fullgilda hann. En við getum á engan hátt staðið að honum nema lögum sé hér breytt. Þetta vildi ég aðeins ítreka svo hv. þingmönnum sé það ljóst. En ég er ekki að segja með því að afgreiða þurfi lögin nákvæmlega eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hef ekki þekkingu til þess að fullyrða neitt um það. En það frv. verður a.m.k. að vera í samræmi við þann alþjóðasamning sem við undirrituðum með fyrirvara á sínum tíma. Ef Alþingi kýs að hafna því þá verðum við ekki aðilar að þessum samningi. Það er í sjálfu sér ekkert flóknara en það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Girðingalög, 1. umr.

Stjfrv., 636. mál (heildarlög). — Þskj. 1013.

[16:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til girðingalaga. Frv. er flutt á þskj. 1013 og er 636. mál á þessu hv. þingi.

Með frv. er lagt til að skipting girðingakostnaðar á landamerkjum verði alltaf til helminga og bætt er inn í lögin ákvæðum varðandi rafgirðingar, en hingað til hefur ekki verið gert ráð fyrir rafgirðingum í girðingalögum. Með frv. er einnig lagt til að taka skuli girðingu upp ef hætt er að nota hana svo hún valdi ekki tjóni. Ákvæði er varða veggirðingar eru felld niður en þau eru í vegalögum og ekki þykir ástæða til að fjalla um þær á tveimur stöðum. Ákvæði girðingalaga gilda þó ávallt um uppsetningu og tæknilegan frágang girðinga. Með frv. er auk þess lagt til að í reglugerð verði fjallað um það hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í reglugerð er einnig fjallað um hvernig hátta skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist girðingum beint.

Virðulegi forseti. Við þessa umræðu verður ekki farið ítarlega í þær breytingar sem lagðar eru til með frv. en vísað til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar sem er að finna í sjálfu þingskjalinu.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:53]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til girðingalaga sem er orðið til eftir að yfir því hefur setið ágæt nefnd í landbrn.

Ég hef farið yfir þetta frv. og sýnist að margt sem lagt er til í því sé til bóta. Ég vil t.d. tiltaka að mér finnst sérstaklega

merkilegt og mjög til bóta að sett skuli í lög að það eigi að taka upp girðingar þegar hætt er að nota þær svo þær valdi ekki tjóni, en það er náttúrlega mjög til vansa á Íslandi að hér eru alls konar girðingar, gamlar og löngu hættar að gegna sínu hlutverki út um allar þorpagrundir, látnar óáreittar áratugum saman. Svo eru dýr að festast í þeim, auk þess hamla þær frjálsa för fólks um landið. Mér þykir það því mjög til bóta að þetta skuli koma í lög.

Ég verð að segja að það sem lagt er til um að skipting girðingakostnaðar á landamærum sé alltaf til helminga er að sjálfsögðu göfugt markmið. En ég er hrædd um að það verði erfitt í framkvæmd því oft háttar svo til að saman liggja eyðijarðir sem eru í eigu einhverra sem hafa erft þær og svo jarðir sem eru í ábúð. Ef bændur þar vilja girða held ég að erfitt verði að stilla eigendum jarða sem ekki er lengur búið á og engar nytjar eru af upp við vegg með að þurfa að borga helming girðingakostnaðar jafnvel þó að viðkomandi búnaðarsamband sé með oddamann í einhvers konar úrskurðarnefnd. Ég óttast að þetta geti orðið erfitt í framkvæmd. En að öðru leyti eigum við auðvitað eftir að fara yfir frv. í smáatriðum í hv. nefnd þar sem ég á sæti og þar mun ég eiga þess kost að koma fram með mínar athugasemdir.

[16:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara efnislega yfir þetta frv. til girðingalaga en þakka fyrir að það hefur verið lagt fram því mikil þörf er á skýrum reglum, bæði um flokkun girðinga og ekki síður hver eigi að greiða og hvernig kostnaðarskipting eigi að vera. Tíð slys hafa verið af völdum búfjár á vegum og nauðsynlegt er að leggja fjármagn í að girða meðfram þjóðvegum og eins að skilgreina hvernig þær girðingar eigi að vera eftir mismunandi tegundum búfjár sem halda á innan girðinga þó ekki sé tekið á þeim girðingum í þessu frv. Eins vil ég þakka fyrir að tekið skuli á því sem hér kemur fram um umhirðu, þ.e. það að hreinsa upp gamlar, ónothæfar girðingar, gaddavírsgirðingar sem víða liggja, því þær eru til óþurftar og til lýta fyrir landið og smán fyrir okkur Íslendinga alla að hafa slíkar girðingar uppi.

En allt kostar þetta fé og við þurfum þá í framhaldi af breytingu á lögum að fylgja því eftir við afgreiðslu fjárlaga að ef einhver kostnaður fellur á ríkið, t.d. kostnaður við girðingar meðfram þjóðvegum, að fé sé þá til á fjárlögum.

Herra forseti. Þessu frv. verður vísað til hv. landbn. Þar á ég sæti og ég efa ekki að við munum fara vel yfir frv. þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsluáætlun 2002–2013, fyrri umr.

Stjtill., 637. mál. — Þskj. 1014.

[16:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um landgræðsluáætlun 2002–2013.

Með áætluninni er verið að skapa umgjörð um þá þjónustu sem Landgræðsla ríkisins veitir landinu og þegnum þess á þessu tímabili.

Landgræðsla ríkisins hefur unnið árangursríkt landgræðslustarf í nær því heila öld. En verkefnið við varðveislu þeirra auðlinda sem felast í gróðri og jarðvegi er það risavaxið að enn á sér stað mikið jarðvegsrof, auk þess sem ástand gróðurs er víða í ósamræmi við möguleg gróðurskilyrði.

Markmið þessarar landgræðsluáætlunar eru fjölþætt. Henni er ætlað að herða sóknina gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs og jafnframt að styrkja byggðir og bæta landkosti með hag allrar þjóðarinnar að leiðarljósi.

Landgræðsluáætlunin mótar ramma um landbætur og verndun landkosta til ársins 2013. Hún markar áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu ásamt öðrum nauðsynlegum verkefnum, svo sem eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Þessari tólf ára áætlun er skipt í þrjá áfanga og gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð fyrir árslok 2003.

Meginmarkmið landgræðslustarfsins eru:

Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.

Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.

Að stuðla að því að öll landnýting verði sjálfbær.

Þessum verkefnum fylgir mikil binding kolefnis í gróðri og jarðvegi og því mun landgræðsluáætlunin hafa mikil áhrif til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi.

Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt:

Að auka þekkingu vegna þeirra verkefna sem fram undan eru og leita hagkvæmustu leiða við lausn þeirra.

Að veita fræðslu og ráðgjöf til bænda og almennings um landgræðslustarfið til að efla verkþekkingu þeirra á leiðum til að bæta land og skilning á verndun landkosta og sjálfbærri landnýtingu.

Þá þarf að auka þátttöku landnotenda og almennings í landgræðslustarfinu og sjá til þess að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs.

Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að auka fjárveitingar til landgræðslu verulega frá því sem verið hefur.

Forgangsröðun landgræðsluverkefna byggist m.a. á úttekt og kortlagningu á jarðvegsrofi á öllu landinu og markmiðum um vistfræðilega sjálfbæra landnýtingu. Gróðurskilyrði versna yfirleitt eftir því sem land hækkar og kostnaður við landgræðslu eykst að sama skapi. Því er gert ráð fyrir að landgræðsluverkefni til 2013 verði að mestu á láglendi og ekki er gert ráð fyrir uppgræðsluverkefnum ofan við 500 m hæð, nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminjum.

Meginámersla verður lögð á eftirfarandi:

1. Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar, einkum þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur getur borist að byggð eða öðrum mannvirkjum.

2. Gróðurvernd og stjórn landnýtingar. Gerðar verða gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir þá afrétti sem verst eru farnir og unnið með bændum og sveitarstjórnum um framkvæmd þeirra. Einnig verður unnið að því að koma í veg fyrir ofnýtingu lands og stefnt að því að öll landnýting verði vistfræðilega sjálfbær.

3. Uppgræðslu lands. Stuðlað verði að auknu frumkvæði og þátttöku almennings og stofnaður sérstakur sjóður, Landbótasjóður, í því skyni. Þá verði samstarfsverkefnið Bændur græða landið eflt enn frekar. Samstarf við skógræktaraðila verður aukið, þar eð víða þarf að undirbúa land til skógræktar með uppgræðslu.

4. Varnir gegn landbroti vegna ágangs fallvatna. Gerð verði heildarúttekt á þörfinni og verkefnum forgangsraðað.

5. Upplýsingaöflun. Haldið verði áfram kortlagningu landgræðslusvæða og uppbyggingu landupplýsingakerfis og áhersla lögð á náið samráð við aðra aðila sem vinna að upplýsingaöflun sem komið getur að notum í landgræðslustarfinu.

6. Rannsóknir og þróun. Til að auka hagkvæmni og bæta árangur í landgræðslustarfinu er stefnt að því að fjölga úrræðum við landbætur, m.a. með aukinni notkun innlendra tegunda. Rannókna- og þróunarstarf sem unnið verður að samkvæmt landgræðsluáætluninni tengist landgræðslustarfinu með beinum hætti. Áhersla er lögð á náið samstarf við aðra rannsóknaraðila til að tryggja sem best þekkingu á undirstöðu landgræðslustarfsins.

7. Fræðslu og ráðgjöf. Unnið verður áfram að fræðslu um landgræðslustarfið og landnýtingu í sátt við landið svo og aukinni ráðgjöf til bænda, hestamanna og annarra umsjónarmanna lands.

Sérstakur ávinningur við áætlunina er sú mikla binding kolefnis sem fylgir þessu nýja sóknarfæri í landbótum með landgræðslu. Hún er nauðsynleg fyrir verndun loftslags og hagkvæm leið til að mæta hluta af skuldbindingum Íslands vegna Kyoto-bókunarinnar.

Hér á landi eru óvenjulega góðar aðstæður til að binda kolefni og árangur af átaksverkefni ríkisstjórnarinnar í bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt var mjög góður. Það markmið að auka árlega bindingu um 100.000 tonn af koltvísýringi, liðlega 27.000 tonn af kolefni, umfram það sem var árið 1990 náðist á síðasta ári eins og stefnt var að. Þar af náðist að binda 17.500 tonn af koltvísýringi á nýjum landgræðslusvæðum, sem er mun meira en vænst var.

Þrátt fyrir að átaksverkefninu sé formlega lokið er lögð rík áhersla á að halda á fram aðgerðum til aukinnar bindingar kolefnis. Binding kolefnis í gróðri og jarðvegi með landgræðslu og öðrum landbótum eykur frjósemi landsins til lengri tíma litið og styrkir búsetuskilyrði þjóðarinnar. Vegna alþjóðlegra skila á niðurstöðum er mikilvægt að halda gott bókhald um kolefnisbindinguna og verður stuðlað að því.

Landgræðslustarfið er mjög fjölþætt og hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Fjölmörg verkefni hafa verið færð til bænda og annarra verktaka og verður stuðlað enn frekar að því að landgræðslustarfið veiti aukna atvinnu í sveitum landsins.

Frá árinu 1907 hefur Landgræðsla ríkisins girt af alls um 160 svæði. Þar af hafa um 65 uppgrædd svæði verið afhent eigendum á nýjan leik. Nú eru um 304.000 hektarar innan landgræðslugirðinga. Þá hafa fyrirhleðslur á undanförnum og áratugum ekki aðeins bjargað hundruðum eða jafnvel þúsundum hektara gróins lands, heldur hafa einnig gróið upp þúsundir hektara af gróðurvana landi í skjóli þeirra varnargarða sem gerðir hafa verið, t.d. í Austur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Landgræðsluáætlun þessi byggir á því að græða og fegra ásýnd byggða og endurheimta frjósemi landsins. Sérstök áhersla er lögð á að efla sókn gegn hraðfara jarðvegseyðingu. Jarðvegur er hér óvenjuviðkvæmur vegna eldvirkninnar og náttúruöflin máttug. Miklu skiptir því að byggja upp gróður sem veiti varanlega vörn gegn eyðingaröflunum. Þá er einnig lögð áhersla á að virkja þjóðina til dáða í verndun landkosta og landbótum og stytta boðleiðir milli stjórnvalda og almennings. Héraðssetrum Landgræðslunnar verður fjölgað og samstarf aukið við landnotendur.

Reynt verður að tryggja að landnýting verði alls staðar með vistfræðilegum sjálfbærum hætti og stuðningur við alhliða landbætur efldur.

Mjög góð reynsla hefur verið af slíku samstarfi, svo sem í verkefninu Bændur græða landið, en þar taka um 600 bændur þátt í að bæta jarðir sínar í góðu samstarfi við Landgræðsluna. Áætlunin miðar að betri stjórn beitar í sátt við landið og gefur bændum aukið hlutverk í landbótum og sem vörslumanna landsins.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta við 1. umr. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn.

[17:09]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 314. mál, þskj. 1098.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 449. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1082.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 448. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1081.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1089.

[17:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hér skuli komin fram till. til þál. um landgræðsluáætlun 2002–2013 og einnig að gert skuli ráð fyrir að hún verði endurskoðuð fyrir árslok 2003. Ég þakka líka fyrir hversu vel þetta plagg er úr garði gert. Þau verkefni sem helst knýja á eru ákaflega vel skilgreind með teikningum og línuritum. Ég verð að segja að það er mikils virði að fá í upphafi nefndarstarfs svo góða till. til þál. til að starfið sem nefndin þarf að vinna við yfirferð tillögunnar verði sem árangursríkast.

Í áratugi hefur verið unnið mjög mikilvægt og árangursríks starf í landgræðslu. Það er mikil samstaða og stemmning meðal þjóðarinnar um þetta verkefni en samt hefur því miður ekki tekist að koma í veg fyrir jarðvegsrof í landinu með þessu starfi. Jarðvegsrof er enn mjög mikið og ástand gróðurs víða mjög slæmt. Það er bæði vegna þess að í gegnum aldirnar hefur fé verið beitt ótæpilega á þessi lönd og líka vegna þess við verðum stöðugt fyrir búsifjum t.d. vegna eldsumbrota.

Markmið þessarar till. til þál. er að tryggja að landnýting verði alls staðar sjálfbær, þ.e. að ekki verði gengið á gæði landsins og tek ég mjög eindregið undir það markmið.

Hér eru m.a. talin upp þau markmið tillögunnar að stöðva jarðvegseyðingu; standa að uppgræðslu og eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar; fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Áætlunin er sögð fela í sér að auka landgræðslu og veita atvinnu, ekki mun af veita út um hinar dreifðu byggðir að virkja einmitt bændur og þann vélakost sem til er í sveitum landsins til að vinna að þessu verkefni fyrir það fjármagn sem til þess rennur af fjárlögum. Árangurinn af því mun áreiðanlega skila sér margfalt, bæði til bænda og þjóðarinnar í heild.

Eitt af höfuðmarkmiðum áætlunarinnar er auk þess að stuðla að því að við getum uppfyllt alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Bent er á að landgræðslan sé hagkvæm leið til að binda kolefni. Það er einmitt á þeim forsendum sem fjármagn til landgræðslu hefur á síðustu árum verið

aukið mjög. Á línuriti á bls. 4 í þessari tillögu sést að eftir þjóðargjöfina voru framlög til landgræðslu nokkuð há í mörg ár en svo dró mjög úr þeim á tímabili. Nú hefur aftur verið aukið við fjármagn til þessa þáttar og fyrst og fremst á þeim forsendum að með því sé unnið gegn gróðurhúsaloftslagi.

Í einu af þeim ágætu línuritum og kortum sem hér eru á bls. 5 er gefin einkunn eftir því hversu mikið rof er í gangi á viðkomandi svæðum. Í ljós kemur t.d. að 6% landsins — þó eru jöklar, vötn og hæstu fjöll undanskilin — þ.e. 6.641 km eru skilgreindir með rofeinkunn 5, sem er mjög mikið rof. Og 11% landsins eru með rofeinkunn 4, sem er mikið rof, eða 10.872 km . Ég verð að segja að þetta eru auðvitað ógnvekjandi tölur og sýna að við þurfum virkilega að gera sameiginlegt átak.

Mig langar í lokin að koma aðeins að einum þætti landgræðslunnar, en það eru fyrirhleðslur og minna á að þar er víða, eins og reyndar er tekið fram í þáltill., sem þarf að gera mikið átak. Ég hef sérstaklega kynnt mér þessi mál á Suðausturlandi t.d. við Skaftá, þar eru gríðarleg verkefni sem þarf að vinna og að mínum dómi mjög fljótt.

Eins og áður hefur verið sagt í umræðunum í dag á ég sæti í hv. landbn. og kem auðvitað þar að afgreiðslu þessarar þáltill. og vonast til að hún fái farsæla afgreiðslu.

[17:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég fagna því að fram er komin till. til þál. um landgræðsluáætlun frá 2002–2013.

Það er mikill áhugi á landgræðslu á Íslandi í dag, bæði skógrækt og almennri landgræðslu, og að vinna bug á rofabörðum, sandauðnum og sandfoki. Því er mikilvægt að standa vel að landgræðslu og sameina krafta allra landsmanna, sama hvort það eru einstaklingar, bændur eða opinberar stofnanir. Og að sú áætlun sem lögð er fram og sú landgræðsla sem unnin er sé byggð á rannsóknum og að einhver samræmd áætlun sé í gangi. Ég fagna því þessari þáltill. og hlakka til að fjalla um hana í hv. landbn.

Þáltill. er kaflaskipt. Sett eru fram markmið og undirmarkmið og hvað þurfi að gera til að ná þeim markmiðum. Við fyrstu sýn er ég ánægð með að sjá hvað þetta er aðgengilega sett upp.

Eitt af markmiðunum er — ég ætla ekki að telja þau öll upp því hæstv. landbrh. gerði það — að öll landnýting verði sjálfbær. Því fagna ég. Með sjálfbærri landnýtingu er líka átt við fjölbreytni flórunnar. Það eru líka lönd sem þarf að varðveita í þeirri mynd sem þau eru og hafa möguleika á sjálfbærri endurnýtingu án þess að mannshöndin grípi þar inn í með sáningu eða plöntum. Þess vegna er mikilvægt að svona landgræðsluáætlun taki tillit til allra þátta.

Að binda kolefni gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er gott markmið, en ég ætla að vona að hér sé ekki eingöngu höfð í huga stóriðja og skuldbindingar varðandi stóriðju. Ég vona að við séum ekki að miða þessa bindingu kolefna við þá umferð og útblástur frá farartækjum, þar á meðal skipum sem við stöndum fyrir án þess að fara í mjög kröftuga kolefnisbindingu, eingöngu til þess að uppfylla hugsanlega skuldbindingar varðandi Kyotosáttmálann. Þetta er hugsanlega góður hvati, en ég ætla að vona fyrir okkar hönd að við þurfum ekki slíka svipu á okkur til þess að fara í svo metnaðarfulla áætlun eins og hér er lögð fram.

En eins og ég sagði áðan eru rannsóknir undirstaða slíkrar landgræðsluáætlunar og þar verðum við að efla okkur og samræma rannsóknir mismunandi stofnana.

Við höfum í þeim sauðfjársamningi sem nú er í gildi og eins varðandi almennt búfjárhald talað um ákveðna gæðastýringu í landbúnaði. Og þó ekki sé talað um ákveðna ítölu í búfé er sú hugsun á bak við þá gæðastýringu að hver bóndi gæti varúðar varðandi fjölda sauðfjár og hesta með tilliti til þess að ofbjóða ekki gróðri landsins. Svona landgræðsluáætlun samtvinnast búfjárhaldi í landinu. Það er alveg orðið ljóst hvað beitarþol er víða viðkvæmt og hvað landinu hefur víða verið ofboðið með ofbeit, sérstaklega þó af sauðfé og jafnvel núna einnig af hestum, og að þeim ranni þarf að huga líka þegar verið er að setja upp slíka áætlun.

Eins og ég sagði áðan þakka ég fyrir að þessi þáltill. er fram komin. Ef þessi áætlun gengur eftir verður hún öruggglega til þess að efla byggð í landinu. Uppi eru áætlanir um að koma á fót fleiri hérðassetrum, m.a. á Austurlandi. Það á að styrkja bændur til þess að halda áfram að vera í verkefnum við að græða landið. Allt er þetta til að styrkja búsetu í landinu og ég ætla að vona að það gangi eftir.

[17:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. sem hér hafa tjáð sig um þáltill. um landgræðsluáætlun fyrir árin 2002–2013, og fagna því að hún er fram komin. Nokkur bið hefur verið eftir þessari þáltill. og þeim mun meiri ástæða er til að fagna því að hún skuli hafa litið dagsins ljós. Hún getur þá farið í umræðu og umfjöllun til þess að geta síðan eftir ítarlega umfjöllun á vegum þingsins komið til framkvæmda.

Það er ekki minn háttur að vera endilega að finna að við þá sem ekki eru viðstaddir, en ég vil þó vekja athygli forseta á því að þegar jafnmikið stórmál og landgræðsluáætlun er til næstu tíu ára með bindingu á fjármagni upp á allverulega háar upphæðir kemur til umræðu, þá eru nú ekki margir stjórnarliðar að styðja hæstv. ráðherra í að leggja fram þessa ágætu þáltill. eða fylgjast með umræðunni um hana.

Það sem ég vildi vekja athygli á eru þau atriði sem ráðherra kom inn á varðandi verkefni og aðgerðir. Það var alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að grundvöllur fyrir vinnu til næstu ára er aukin þekkingaröflun, rannsóknir og fræðsla og síðan að finna hagkvæmustu leiðir til að vinna verkin, ná árangri.

Í því sambandi vil ég taka undir áherslur sem lagðar eru á að varið verði töluverðu miklu fjármagni til rannsókna og hversu mikilvægt það er í byggðalegu tilliti að ekki aðeins verkefnin, heldur líka rannsóknir og þróunarstörfin verði vistuð og unnin á stofnunum landbúnaðarins víða um land.

Ég vil fagna því sem hér er nefnt að efla starf héraðssetra og koma á fót héraðssetri á Austurlandi. Ég hefði þó viljað sjá kveðið eitthvað nákvæmar, handfastar að orði um hvernig ætti að efla héraðssetrin, hvaða verkefni væru flutt eða falin þeim í þessum þróunar- og landgræðsluátaksverkefnum. Ég segi þetta vegna þess að það er svo mikil tilhneiging til þess að störfin sem þurfa fagþekkingu, sérþekkingu, séu vistuð í Reykjavík, hversu svo sem við samþykkjum lög á Alþingi sem eiga að bera vísbendingu til annars, þá vill það nú verða svo. Ég vil því árétta það við hæstv. ráðherra, sem ég veit að hefur mikinn vilja, a.m.k. hefur hann lýst því hér í þingsölum, til að þessi þróunarverkefni, þetta faglega starf, verði vistað hjá stofnunum landbúnaðarins hvort sem það er hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti, Skógræktinni á Egilsstöðum, á

Hallormsstað, Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði, Hólaskóla eða Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, þá verði markvisst unnið að því að rannsóknastörf, fagþekking og önnur verkefni á því sviði verði með markvissum hætti færð út til þessara stofnana, en ekki bara lýst yfir góðum vilja.

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, m.a. benda á verkefnið Nytjaland sem tengist þessu með gagnasöfnun, rannsóknum og faglegri forvinnu við þetta. Meginþungi þess verkefnis er vistaður í Reykjavík sem gæti verið hjá stofnunum landbúnaðarins eins og við ræddum hér um fyrr á þinginu í vetur.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég tel og óska eftir því að hv. landbn. taki markvissara á þessum málum, meira í formi verkefna og sýnilegra aðgerða hvernig þessum málum verði fyrir komið og þau vistuð formlega á héraðssetrunum, á höfuðstofnunum, rannsókna- og menntastofnunum landbúnaðarins út um land, þannig að þetta verði þar til almenns styrktar, ekki aðeins Landgræðslunni, í vinnunni úti á akrinum meðal bænda og annarra sem eru að ráðstafa landi, heldur einnig meðal þeirra stofnana landbúnaðarins sem gegna svo veigamiklu hlutverki einmitt í að viðhalda og græða landið, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu út um allt land.

Ég árétta það, herra forseti, að við horfum svo oft á að við gefum góðar yfirlýsingar, góð fyrirheit en upplifum annað. Ég vona að með sameiginlegu átaki ráðherra, ráðuneytis, landbn. og þeirra stofnana sem hér koma að málum verði þetta ekki aðeins í Reykjavík heldur verði þetta til þess að efla slíkar stofnanir úti á landi og úti um hinar dreifðu byggðir. Þar eiga öll þessi verkefni heima.

[17:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir undirtektir þeirra og umfjöllun og legg á það áherslu, eins og hér hefur komið fram, að auðvitað er það landbn. að taka við þessu máli og fullvinna það og vonandi, þó að málið sé tiltölulega seint fram komið, að afgreiða það á þessu vorþingi sem ég held að væri nokkuð mikilvægt að ætti sér stað. Ég þakka umræðuna og undirtektirnar.

Það er ljóst, hv. þingmenn, að Ísland er land elds og ísa. Hér hafa mikil örlög átt sér stað í gegnum aldirnar og landið ber þess merki hvar á hjaranum við erum stödd. Við sjáum þess vegna afleiðingar kuldans og eldgosanna sem hafa eytt gróðri og við vitum líka að forfeður okkar voru fátækir og nýttu landið sér til lífsviðurværis oft við illan leik. Sú kynslóð sem nú starfar í landinu og á þetta land og elskar vill því auðvitað taka það í fóstur og breyta ásýnd þess. Um það held ég að sé mikil samstaða þannig að það kemur ekki á óvart í þessari umræðu.

Hv. þm. Þuríður Backman minntist á þann ávinning sem menn telja nú af því að binda kolefni. Það er auðvitað eitt ljóst í lífi samtímans að heimurinn eða einstaklingarnir sem búa í veröldinni óttast kannski örlög framtíðarinnar og stöðu og vilja gefa sér nýja lífsbók til þess að starfa eftir og ég hygg að hún byggi nú á þeim markmiðum að varðveita lífsskilyrði barna okkar sé til framtíðar horft. Og það hefur verið hlutverk íslenskra stjórnmálamanna að undirbúa aðstæður fyrir öflugt atvinnulíf á Íslandi til þess að tryggja að börnin okkar geti sest hér að og búið við lífskjör eins og aðrar þjóðir bjóða best upp á. Þetta hefur verið okkar gæfa. Það hefur t.d. verið gæfa Framsfl. núna síðustu sex árin að taka þátt í að endurskipuleggja íslenskt þjóðfélag með sókn í huga þar sem dugandi atvinnulíf skapar mörg ný tækifæri. Erlend fjárfesting hefur átt sér stað. Við höfum séð virkjanir og orkuver rísa. Við höfum séð kraft í íslensku atvinnulífi. Auðvitað er ánægjulegt að taka þátt í slíku.

Ég vil því líta svo á að menn séu ekki eingöngu að hugsa um stóriðju. Hún er hluti af afkomu okkar í þessu landi, verður það trúlega því að við erum með bestu orkugjafa heimsins. En við verðum að fara af fullri gætni og umgangast náttúru okkar af mikilli virðingu og meta verðgildi hennar, horfa til nýrra tíma og framtíðarinnar. Það er ekki einfalt mál en um það þarf í rauninni að ná þjóðarsátt, hvar við virkjum, hvert við stefnum o.s.frv., þannig að það er stórmál á hverjum tíma. En mikilvægasta málið er að hafa svigrúm framtíðarinnar vegna til þess að geta tekið þátt í risminklu atvinnulífi heimsins og boðið þjóð okkar bestu lífskjör. Það er ekkert einfalt mál. Það er mikið verkefni allra stjórnmálamanna í fortíð og framtíð að huga að því með atvinnulífinu. Það er kannski mesta og erfiðasta verkefni okkar. Og sem betur fer á ofbeit sauðfjár sér nú vart stað í dag og þarf ekki að tíunda það. Sauðfé, vetrarfóðruðum ám hefur fækkað um helming á um 20 árum og er nú um 450 þúsund þannig að þar hefur orðið mikil breyting. Hins vegar þarf að huga þar að ákveðnum svæðum og ná stjórn á beitinni. En það gleðilega í vinnu Landgræðslunnar er auðvitað það að hún vinnur í ríkum mæli með notendum landsins og hefur gert samninga við eina 600 bændur um sínar heimajarðir og með gæðastýringu samtímans eru menn að skynja þetta betur og læra betur að lesa landið og fara með það þannig að þar eru góðir hlutir að gerast.

Hv. þm. Jón Bjarnason saknar þess að stjórnarliðar skuli ekki vera margir í salnum. Ég get tekið undir það með honum en fjarvera þeirra segir líka kannski ákveðna sögu. Þeir hafa fjallað um þetta stóra mál í þingflokkum sínum. Þeir eru stuðningsmenn þess — eða ég lít svo á — og styðja þetta mál heils hugar þó að auðvitað eigi þeir að vera hér við umræðu málsins, ekki síst þeir sem í nefndinni sitja sem fær þetta stóra verkefni til umfjöllunar. Það má segja, hæstv. forseti, að það ætti nánast að vera skylda þingsins að skipuleggja það sérstaklega að ekki síst þeir sem taka við málunum hlýði á þá umræðu sem fram fer um stór mál í þinginu. Ég tek því undir með hv. þm. að vissulega sakna ég þeirra þó að ég telji að þetta segi ákveðna sögu.

Hv. þm. Jón Bjarnason minnist hér á verkefnin í stofnunum landbúnaðarins og óskaði þess að þau fari ekkert síður fram á landsbyggðinni og reyndar miklu frekar en í stofnunum landbúnaðarins. Ég tek undir það með hv. þm. Ekki þarf að minna á það að landbrn. býr við það að stór hluti þeirra stofnana sem tilheyra því er starfræktur á landsbyggðinni og við teljum að verkefnin séu einnig þannig og það sé ekki síst okkar hlutverk að styrkja þær og að störfin verði þar. Landgræðslan er nú í Gunnarsholti. Þar hefur hún þróað öflugt starf og komið upp sínum héraðssetrum, sem ég heyri að hv. þingmenn taka mjög undir að verði styrkt, þannig að ég tel að þetta sé allt á góðri leið. Ég þakka auðvitað fyrir að menn skuli brýna ráðherra til dáða og vilji ekki að hann sofni á verðinum eða ruglist í ákvarðanatöku sinni. Þessi föðurlega umhyggja þingsins er svo mikilvæg.

Ég veit ekki hvort ég á að bæta meiru við þetta. Ég þakka bara þessar undirtektir og vona að þessu máli verði vel tekið í þinginu og ekki síður að það nái helst fram að ganga á þessu vorþingi þó að ég viðurkenni, og það er staðreynd, að málið er nokkuð seint fram komið.

[17:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sannarlega ástæða til að taka undir velfarnaðaróskir þeirra þingmanna sem hafa talað í þessari umræðu um landgræðsluáætlun. En ég get ekki annað en lýst yfir furðu minni með ákveðinn þátt í ræðu hæstv. ráðherra hér á undan, þ.e. kaflann um gæfu Framsfl. sem telur sér m.a. til tekna rismikið atvinnulíf á landsbyggðinni. Þess verður að geta, herra forseti, að stóriðjustefna Framsfl. er ekki hluti af rismiklu og fjölbreyttu atvinnulífi á Íslandi. Og það verður að minna hæstv. landrh. á að ef hann ætlar að halda því fram að hægt sé að vega upp á móti losun stóriðju á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið með því að bæta jarðveg og gróðursetja tré, þá er hann sannarlega á miklum villigötum.

Og það verður að minna hæstv. ráðherra á að umræðunum í Haag, á sjötta aðildarríkjaþingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmálin í nóvember sl., var siglt í strand vegna þess að Bandaríkjamenn gerðu kröfu um að binding kolefnis í gróðri og landgræðslu yrði talin þeim til tekna hvað varðaði losun á gróðurhúsalofttegundum, en það var nákvæmlega það sem Evrópusambandið gat ekki samþykkt og þess vegna sigldu umræðurnar í strand. Ekki er hægt að ætla sér að nýta þessi rök í umræðunni um landgræðsluáætlun á Íslandi því þau eru fullkomlega ómerk.

Að öðru leyti hirði ég ekki um að ræða frekar gæfu Framsfl. í þessu andsvari mínu við hæstv. ráðherra.

[17:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlast ekki til þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræði gæfu Framsfl. Hún er nú að verða þekktust sem mesti afturhaldssinni þessa þings og þjóðfélags á svo ótalmörgum sviðum, með mjög lítinn skilning á atvinnulífi samtímans og möguleikum íslenskrar þjóðar, og horfir á mjög mörgum sviðum, ég vil segja, til fornaldar hvað það varðar.

Ég sá hins vegar ástæðu til þess að minna á þetta hér við umræðuna vegna þess að það kom fram í máli flokkssystur hv. þm. að vara við stórhuga framkvæmdum sem auðvitað er alltaf spurning um hvernig á að fara í.

Það má kalla þá stóriðju sem átt hefur sér stað í landinu stóriðju Framsfl. Það getur vel verið að hv. þm. telji að Framsfl. einn hafi staðið að öllum virkjunum á síðustu öld og allri stóriðju sem verið hefur í landinu. Það er hins vegar ekki rétt. Sem betur fer hefur oft verið samhugur á Alþingi Íslendinga um þessi verkefni. En ég sá ástæðu til að minna á að það er ekkert einfalt að vera Íslendingur. Það er ekkert einfalt að lifa í þessu landi. Hér þurfum við að huga til stórhuga verka og ná samstöðu um það á mörgum sviðum. Þegar Framsfl. tók við og komst í ríkisstjórn fyrir sex árum var hér atvinnuleysi upp á 6–7%. Þá voru að verða mjög lág launakjör á Íslandi. Þá var mikill landflótti. Allt hefur þetta snúist við. Ég vildi því, ekki síst af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður lyngsins, var hér stödd, að hún heyrði að ég væri stoltur af störfum flokksins.

Ég tel það samt sem áður og gat þess að það er oft vandi að ná saman um þetta mál. Það er vandi að ákveða hvar á að virkja og þar verða menn að fara af fullri gætni. Það er vandi að stofna til stóriðju. Það er líka bara vandi að vera til, hv. þm.

[17:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fór nú út um holt og móa í þessu andsvari sínu varðandi afturhald þeirrar sem hér talar og þarfir mínar til að horfa til fornaldar. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra sé frægur fyrir að horfa til fornaldar í sínum ræðum og vitna í fornmenn, fornan kveðskap og fornar dyggðir Íslendinga og að hann telji sér það sjálfur til tekna að gera slíkt. Svo leyfir hann sér að hallmæla mér fyrir að ég skuli horfa til fornaldar. Sannleikurinn er auðvitað sá að maður þarf að horfa til fornaldar með sýn á framtíðina. En það er auðvitað það sem stóriðjustefna Framsfl. — og ég endurtek það — stóðriðjustefna Framsfl. hefur ekki sýn til framtíðar, stóriðjustefna Framsfl. sem byggir á því að nú er verið að setja saman í eina risastóra trekt 16 ár af hálendinu norðan Vatnajökuls með því að reisa 16 stíflur og eina af þeim tæplega 200 metra háa. Þetta er ekki sýn til framtíðar sem mér er að skapi, herra forseti, og ég efast um að þessi sýn sé sýn þjóðarinnar þó að þetta sé sýn Framsfl.

Og varðandi andsvarið sem ég fór upphaflega í þá verður hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir því að losun frá mengandi stóriðju á gróðurhúsalofttegundum verður aldrei bætt með lífsnauðsynlegri landgræðslu og skógrækt á Íslandi.

[17:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kannski endar með því að við hv. þm. verðum sammála um eitthvað. Kannski erum við bæði svona góðir fornaldarmenn í nútímanum. Það er alla vega ekki slæmt og satt að segja er það rétt hjá hv. þm. að menn tengja mig a.m.k. oft fornöldinni. Ég hef ekkert orðið leiður á því en ég þykist standa alveg föstum fótum í samtímanum og vondandi í framtíðinni og reyni að horfa á málin út frá því. Kannski verðum við því bara sammála um það. Ég fór kannski út um holt og móa en hv. þm. gerir það nú jafnan þegar þessi mál ber á góma og hefur vikið sér undan umræðunni gagnvart landsbyggðinni sums staðar þar sem menn hafa verið að leita að nýjum tækifærum til að styrkja byggðir sínar. Þá hefur hv. þm. bent á fjallagrös og svona munnvatnið sjálft til þess að lifa á þannig að það hefur sært margan landsbyggðarmanninn meðan fyrirtækin og atvinnulífið dafnar og drottnar á höfuðborgarsvæðinu. Um þetta deilum við í sjálfu sér ekkert í þessari umræðu því að hún snýr að því að Alþingi er sammála um að vilja sjá Ísland rishærra hvað gróður varðar í framtíðinni og þessi áætlun til 2013 sem ég er hér að mæla fyrir snýr fyrst og fremst að því að reyna að klæða landið skógi, breyta hugarfari og ná árangri á mjög mörgum sviðum hvað það varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Smitsjúkdómavarnir og eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og JB, 621. mál. — Þskj. 994.

[17:46]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni, till. til þál. um hertar aðgerðir á sviði smitsjúkdómavarna og aukið eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að herða þegar í stað þær sóttvarnaaðgerðir sem hægt er að grípa til vegna komu fólks frá smitsjúkdómasvæðum til landsins. Alþingi ályktar að skipuð verði samstarfsnefnd á vegum landbúnaðar-, umhverfis-, samgöngu- og dómsmálaráðherra til að gera samræmdar tillögur um hvernig megi styrkja eftirlit, úrræði og starfsaðstöðu stjórnvalda vegna innflutnings á matvöru og aðföngum sem líklegt er að geti borið smit til landsins. Nefndinni verði einnig falið að móta tillögur um virkt eftirlit með komu fólks til landsins með tilliti til smitleiða með skófatnaði og ferða fólks inn á búgarða og sýkt svæði, enda þótt ekki sé um faraldra að ræða.

Í greinargerðinni segir:

Þingsályktunartillaga þessi er lögð fram í kjölfar á smitsjúkdómafaröldrum sem geisað hafa í Evrópu undanfarið. Ekki er langt síðan kúariða greindist víða í Evrópu og í Bretlandi herjar nú gin- og klaufaveiki sem er bráðsmitandi veirusjúkdómur og leggst á klaufdýr, svo sem nautgripi, sauðfé, svín og geitur. Í ráðleggingum yfirdýralæknis um smitvarnir vegna gin- og klaufaveikifaraldursins í Bretlandi kemur m.a. fram að smitefnið dreifist auðveldlega með lifandi dýrum, afurðum þeirra, fólki og fatnaði. Smithætta er því veruleg samfara heimsóknum í héruð þar sem sjúkdómurinn hefur komið upp en einnig getur verið hætta á smiti í þeim héruðum þar sem sjúkdómurinn hefur ekki enn verið greindur, því að sýkt dýr skilja út sjúkdómsveiruna áður en sjúkdómseinkenni koma í ljós.

Í ljósi framangreinds telja flutningsmenn nauðsynlegt að þegar hefjist vinna við að herða varúðarráðstafanir og aðgerðir sem hægt er að grípa til þegar fólk kemur til landsins frá smitsjúkdómasvæðum. Tryggja verður að tollyfirvöld, embætti yfirdýralæknis og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld hafi yfir nægilegum fjármunum og úrræðum að ráða til að geta gripið til nauðsynlegra aðgerða vegna framangreindrar smitsjúkdómahættu.

Jafnframt telja flutningsmenn ljóst að renna þurfi styrkari stoðum undir eftirlit með innfluttri matvöru til landsins og má þá sérstaklega nefna frosna matvöru sem inniheldur oft kjöt. Er veruleg hætta á að sýkt kjöt geti borist til landsins með slíkum matvælum. Eftirlit með frosinni matvöru virðist aðallega beinast að merkingum og innihaldslýsingum vörunnar án frekari rannsókna og athugana á hollustu og heilbrigði. Úr því þarf að bæta og styrkja eftirlit, úrræði og starfsaðstöðu stjórnvalda sem sinna innflutningi matvæla.

Enn fremur er brýnt að koma á virku eftirliti með innfluttri vöru sem getur hugsanlega borið smitefni til landsins. Þar má sérstaklega nefna dýrafóður, hvort sem það er ætlað búfé eða gæludýrum, notuð landbúnaðartæki og golfsett.

Mjög alvarlegir dýrasjúkdómar hafa geisað í mörgum Evrópulöndum í vetur og með stórauknum verksmiðjubúskap, frjálsu flæði vöru og þjónustu milli ríkja verður æ erfiðara að halda alvarlegum dýrasjúkdómum í skefjum. Í ljósi þessa og með tilliti til aukinna ferðalaga Íslendinga sem og annarra er nauðsynlegt að endurskoða sóttvarnir í almennri móttöku fólks sem kemur hingað til lands. Í tilfelli sumra sjúkdóma, svo sem gin- og klaufaveiki og hitasóttar í hrossum, geta smitefni hæglega borist með skófatnaði, með fötum fólks svo og tækjum og áhöldum eins og golfsettum. Því er mikilvægt að tekið sé tillit til þessara smitleiða og endurskoðaðar þær almennu sóttvarnareglur sem í gildi eiga að vera, óháð því fári sem herjar nú á klaufdýr víða um heim.

Herra forseti. Nokkuð er síðan þessi þáltill. var lögð fram og hún ber þess merki því að töluvert hefur verið gert til að bregðast við hugsanlegri smithættu af gin- og klaufaveiki en þær aðgerðir fóru nokkuð seint af stað. Aðgerðir hafa verið að smáherðast en þegar á reynir þarf fjármagn, það þarf stöðugildi og það þarf úrræði. Ég tel að þessi farsótt í Evrópu, gin- og klaufaveikin, hafi kennt okkur nokkra lexíu sem við þurfum að nýta okkur til framtíðar með tilliti til þess hvernig við eigum að bregðast við komi slíkt fár upp aftur og með tilliti til þess hvernig almennar varúðarreglur eiga að vera með tilliti til komu ferðamanna, íslenskra sem erlendra, með matvælum, með dýrafóðri og öðru sem ég taldi upp áðan.

Þessi þáltill. er ekki eingöngu hugsuð út frá því fári sem geisar nú heldur miklu frekar til að koma saman fulltrúum frá þeim ráðuneytum sem þurfa helst að koma að almennum vörnum eins og landbrn., yfirdýralæknisembættinu og umhvrn. með hollustuvernd, samgrn. með flugleiðir og skip og dómsmrn. með tollgæsluna og eftirlit með vörum inn í landið. Sem sagt að styrkja stöðu okkar. Allt kostar þetta fjármuni og ef við erum eingöngu að líta á einn þátt eins og komu ferðamanna til landsins þá verðum við að taka tillit til þess með fjölda tollvarða og stöðugilda hvað varðar tollskoðun ferðamanna með flugi, skipum og Norrænu. Í mínum huga held ég að tími hafi verið kominn til að fara vel yfir þessi mál.

Herra forseti. Við erum langt komin með því að samþykkja frv. til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem eru nr. 25/1993. Þar hefur komið fram að ekki er talin ástæða til að setja inn í þau lög eða breyta þeim nokkuð frekar en hér er verið að gera nema það mætti hugsanlega skoða 8. gr. þeirra með tilliti til komu ferðamanna til landsins. Í nál. varðandi þessa breytingu á lögum um dýrasjúkdóma segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið var talsvert rætt hvort nauðsynlegt væri að styrkja ákvæði laganna frekar með tilliti til dýrasjúkdóma sem hafa greinst í Evrópu að undanförnu, svo sem kúariðu og gin- og klaufaveiki. Nefndin hefur fengið staðfest frá landbúnaðarráðuneyti að mat þess sé að ekki þurfi að breyta lögunum sérstaklega til að hægt sé að bregðast við sjúkdómahættu eins og að framan greinir þar sem fullnægjandi heimildir eru fyrir hendi samkvæmt lögunum."

Það sem stendur upp á okkur er þá að horfa til framtíðar og gera það sem við getum til þess varna ekki eingöngu bráðsmitandi sjúkdómum eins og gin- og klaufaveiki heldur ekkert síður sjúkdómum eins og kúariðu sem er hættulegur sjúkdómur fyrir bæði menn og skepnur. En allt kostar þetta fjármagn, þetta kostar stöðugildi ef við ætlum að vinna þetta vel, bæði hjá Hollustuvernd, yfirdýralækni og dýralæknum um landið, tollstjóraembættinu. Það þarf að vera virkt eftirlit með matvælum. Það verður að vera hægt að taka sýni og þar með að efla rannsóknir og rannsóknaraðstöðu ef við ætlum að breyta áherslum varðandi sóttvarnirnar og efla samstarf stofnana.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra að sinni, en ég held að hv. þm. og þjóðin öll skilji það eftir þá viðvörun sem við höfum fengið, bæði varðandi kúariðuna og gin- og klaufaveikina, að við verðum að vera betur á verði og hafa virkari smitgát en við höfum haft. Við höfum rætt um sótthreinsimottur á flugstöð. Það er eitt af mörgu sem við ættum að hafa í huga við þessa endurskoðun hvort það skuli ekki bara vera viðtekin venja að við komu til landsins gangi

allir ferðamenn á slíkum mottum því að sumir sjúkdómar eru þannig að þeir geta haft huliðstíma, einhvern tíma áður en sjúkdómurinn kemur fram, og er erfitt að fylgjast með því hvar fólk hefur verið og hvort hugsanlegt sé að viðkomandi beri smit til landsins.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. landbn.

[17:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar þáltill. vil ég segja örfá orð um þessi stóru mál og þakka þingmönnum og öllum þeim aðilum sem hafa sýnt þessum stórbrotnu málum og ískyggilegu allan áhuga sinn og lagt í það tíma og hugsun að snúast til varnar og bregðast við á örlagastund þannig að þessi þáltill. er kannski bara dæmið um góða hugsun og viðbrögð.

Ég verð þó að segja, hæstv. forseti, að það sýnir kannski að hjörtum mannanna svipar saman eða hugsunum þeirra og gjörðum. Ég hygg að það hafi verið 2–3 dögum áður en þessi tillaga kom fram sem ég hafði sett það í gang sem hér er, eða spyr hv. flm. hvort þeir geti verið sáttir við það, þá hafi ég farið með einmitt þá hugsun í gegnum ríkisstjórn sem mér finnst vera í þessari tillögu, að þeir aðilar sem koma úr þessum ráðuneytum og fara með þessa stóru málaflokka, að þar yrðu mynduð nokkurs konar herráð sem ég kallaði svo á sínum tíma, þ.e. ráðuneytisstjórar nákvæmlega þeirra ráðuneyta sem eru tilgreindir hér, og þeir hafa síðan haft það fyrir reglu að koma saman og setjast yfir mál dagsins hvaða úrræði þarf til og hvernig menn eigi að bregðast við nýjum og nýjum aðstæðum. Þetta verkefni þáltill. er því í rauninni í fullum gangi og var það áður en tillagan birtist í þinginu. Ekki það að ég ætli að fara í neinn ágreining um hugsun í því efni en segi aðeins að svona svipar hugsunum manna saman. Allir eiga að finna leiðir til þess að verjast þeim hryllingi ef við fengjum þennan ægilega sjúkdóm yfir okkur í þessu hreina og heilbrigða landi. Það yrði mjög alvarlegt fyrir efnahag Íslendinga ef þessi sjúkdómur bærist hingað og mundi hafa mikil örlög í för með sér.

Ég vil a.m.k. mótmæla því að landbrn. hafi brugðist seint við. Reynt var að bregðast við og þótti sumum kannski fullgróft til að byrja með því að segja má að þetta sé þriðja fárið sem við glímum við í vetur. Það er kúariðufárið, svo kom gin- og klaufaveikifárið og svo glíman við stóra — ég veit ekki hvað á að kalla það — grænmetisstríðið. Auðvitað eru mörg verkefni sem við verðum að takast á við. Ég vil halda því fram að við höfum brugðist nokkuð snöggt við. Hvað sótthreinsimotturnar varðar þá voru þær strax teknar upp og eru til staðar í flugstöðinni. Það kann vel að vera sem hv. þm. nefnir að við þurfum að hafa aðgerðir í gangi til allrar framtíðar. Auðvitað er það sannleikurinn að þessi sjúkdómur er einhvers staðar í veröldinni á hverjum tíma og talið að hann hafi borist með lifandi dýrum eða úrgangi sem hafi verið smyglað til Bretlands og síðan gefinn svínum þar þannig að mikið er að varast í þessu máli og auðvitað setti ég þetta herráð upp og ríkisstjórnin stendur að því. Það er ekki síst út af því sem hv. þm. hefur nefnt að þegar ferðamannatíminn fer í gang, og t.d. Norræna fer að koma hingað, sem er náttúrlega alltaf stórmál og þarf að fara yfir það sérstaklega, að farþegar beri ekki með sér matvæli sem þeir skilja kannski eftir. Það er mikið mál og þarf auðvitað að taka á móti Norrænu með sérstökum hætti og undir sérstöku eftirliti. En ekkert er mikilvægara í þessu en fræðslan, að koma því til farþega til landsins að hér sé einstaklega viðkvæmt og hreint land og biðja þá að vinna með okkur í því að engin hætta skapist af komu þeirra hingað.

Ríkisstjórnin hefur látið gríðarlega peninga í þessar varnir í vetur. Auðvitað kemur það til þingsins. Það hefur kostað ríkið mikil útgjöld að setja aðgerðir í gang. Ég vil segja það að löngu áður en þessir sjúkdómar komust upp og um þær mundir sem ég varð landbrh. voru fyrstu verk mín einmitt að huga að slíkum málum. Ég nefni skítugar hrossakerrur. Ég hef nefnt það fyrr. Vélar sem menn hafa verið að flytja inn af ökrum Evrópu og ætla með beint út á svæðið. Ég setti reglugerð sem bannaði þennan innflutning o.s.frv. Við höfum verið meðvitaðir áður en þetta kom upp að við búum í mjög sérstæðu landi og íslenskur búpeningur er sérstaklega viðkvæmur. Við gætum nefnt eins og hér kemur fram pestina í hrossunum sem hefur þegar stórskaðað markaðinn og má segja að íslenski hesturinn sé ekki enn kominn út úr þeim vanda þegar þessi hitapest barst hingað fyrir líklega einum þremur árum. Það fellir markaðinn og það setur landið undir smásjá.

Hæstv. forseti. Ég vildi greina frá því hvað þessa þáltill. varðar að ég tel hana þegar komna til framkvæmda á vegum ríkisstjórnarinnar og að menn frá þessum ráðuneytum hittast reglulega til að fara yfir málin. Ég vildi greina frá því að svo væri.

[18:04]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er nokkuð síðan þessi tillaga var lögð fram. Ég sagði einnig að ýmislegt hefði verið gert síðan þá. Mér var líka fullkunnugt um það sem hæstv. landbrh. kallaði herráð, þ.e. samráðsnefnd ráðuneytisstjóra þeirra ráðuneyta sem getið er um í þáltill. Eftir sem áður lagði ég þessa tillögu fram vegna þess að ég er ekki síður að hugsa til framtíðar, að við lærum af þessu mikla fári, þeirri vá sem nú dynur á í nágrannalöndum okkar, og þeirri vinnu sem er í gangi. Sem stendur er brugðist við þeim aðstæðum sem upp koma dag frá degi, en hvernig ætlum við að hafa þetta í framtíðinni? Hverju getum við breytt og hvernig getum við náð að samræma betur aðgerðir mismunandi stofnana? Hvað erum við tilbúin til að láta það kosta? Þess vegna lagði ég þessa þáltill. fram, til þess að við ynnum áfram að úrbótum en værum ekki aðeins að bjarga okkur frá degi til dags. Þessi tillaga miðar að því að bæta viðbúnað okkar og horfa til framtíðar.

Þegar ég sagði að við hefðum brugðist nokkuð seint við, þá fer það eftir því hvernig maður lítur á tímann. Ég get a.m.k. fullyrt að mér fannst seint brugðist við varðandi innflutning á írskum nautalundum, þegar hér var möguleg hætta á kúariðusmiti með þessu kjöti. Við fengum mismunandi skilaboð um til hvaða aðgerða við gætum gripið og sannarlega var þar ekki brugðist rétt og nægilega skjótt við.

[18:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er gott að hugsa til framtíðar. Í mörgum stórum málum eins og þessu getur verið hyggilegt að kalla til þverpólitíska nefnd eða menn frá öllum stjórnmálaöflum landsins til að fara yfir stöðuna og hvernig skuli meta framtíðina miðað reynsluna. Við höfum hins vegar starfandi landbn. í þinginu og við megum heldur ekki gleyma því að yfirdýralæknisembættið fer ásamt starfsmönnum sínum með miklar skyldur og verður ekki leyst undan því

að meta aðstæður og hugsa til framtíðar. Ég útiloka ekkert í þeim efnum, að menn geti skoðað þessi mál þverpólitískt og farið yfir þau á nýjan leik. Þetta er stórmál sem við þurfum að huga að.

Það er ástæðulaust að blanda írskum nautalundum inn í þetta. Það getur kallað á langa umræðu. Það liggur fyrir að samkvæmt GATT-samningnum, sem við erum aðilar að, voru þær af hálfu yfirdýralæknisembættisins flokkaðar sem vara sem hingað mætti koma og taldist örugg þó að menn greindi á um það. Ég sagði þá hið fræga obbobbbobb. Það hefði betur verið sagt við innflytjandann til þess að hann uggði að sér og gæti haldið að sér höndum því að auðvitað voru þessar nautalundir frá hættulegu landi hvað dýrasmitsjúkdóma varðar.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta við hv. þm. að segja. Við getum skoðað hvort t.d. stjórnarandstöðunni finnist að hún komi of lítið að þessum málum í gegnum landbn. eða hvort nefndir þingsins óska eftir að koma frekar að þeim með einhverjum hætti.

[18:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hér sé til umræðu ákaflega þarft mál. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. landbrh. hafi að mörgu leyti brugðist mjög vel við þeim aðstæðum sem upp hafa komið. Þær hafa komið fram á mismunandi tímum og í hverju landinu á fætur öðru þannig að oft þarf að meta stöðuna upp á nýtt.

Hins vegar held ég að nú sé runninn upp sá tími sem gæti reynst okkur hvað hættulegastur, þ.e. sumartíminn, þegar mestur fjöldi ferðamanna kemur hingað og menn koma hingað með ökutæki. Það mætti t.d. spyrja hvernig menn ætli að standa að því að tryggja það að hjólbarðar séu hreinir þegar komið er með ökutæki inn í landið. Hvernig standa menn að því, t.d. í sambandi við ferðir Norrænu? Ég held að það sé atriði sem huga þurfi virkilega vel að. Jafngott og það nú er að krefjast þess að menn stígi á skófatnaði sínum á sérstakar hreinsunarmottur, þá má spyrja: Hvernig er með annað skótau sem menn taka með sér? Þannig er auðvitað lengi hægt að spyrja.

Ég kem hér upp til að vekja athygli á því að sumarmánuðirnir geti vegna aukins ferðamannastraums verið okkur hættulegir. Þess vegna tel ég að huga þurfi virkilega vel að öllum forvörnum svo að hingað berist ekki smitsjúkdómar, t.d. gin- og klaufaveiki. Það væri mjög hættulegt fyrir land eins og Ísland þar sem slíkir sjúkdómar hafa ekki verið, ef þeir bærust hingað. Við mundum bera af því verulegan skaða og ég vil því ítreka við hæstv. ráðherra að huga enn frekar að þessum málum.

[18:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. varnaðarorð hans. Þau eiga auðvitað rétt á sér því hættulegasti tíminn er fram undan. Að því hefur verið hugað hvernig við skuli brugðist. Stóra málið fram undan er hvernig tekið skuli á móti farþegum Norrænu. Ég held að það þurfi að vera mikil fræðsla um þessi mál um borð í Norrænu og ekki síður í flugvélum sem hingað koma. Gestirnir sem til landsins koma hygg ég að beri virðingu fyrir landinu og vilji ekki að skaði hljótist af för sinni. Þannig þarf mikla fræðslu, bæði í bæklingum, með myndböndum o.s.frv. jafnhliða mjög ströngu eftirliti.

Ég veit ekki hvernig brugðist verður við með hjólbarðana, hvort bílarnir verða látnir aka ofan í sótthreinsiþró. Það er atriði sem ég hef enn ekki athugað.

Ég tel mikilvægt að gera þeim gestum sem til landsins koma grein fyrir áhyggjum okkar og þeim kröfum sem við gerum til þeirra, bæði varðandi skófatnaðinn og ekki síður það að bera ekki mat til landsins og leifar hans verði síðan hér á víðavangi. Þetta eru mikilvæg atriði.

Íslendingar sjálfir verða vitanlega að gæta sín á sínum ferðalögum og ganga varlega um gleðinnar dyr í þeim efnum. Ég trúi því, miðað við þær undirtektir sem ég verð var við og áhyggjur almennings, að almenningur sé mjög meðvitaður. Allar þessar varnaðarræður eiga rétt á sér og ég þakka hv. þm. fyrir þá síðustu. Hún var ekki sú versta.

[18:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrr á þessum fundi var vikið að því að ekki væri mikil mæting við þessa umræðu um málefni hæstv. landbrh. Hér hafa lengst af umræðunnar verið tveir stjórnarandstöðuþingmenn úr hv. landbn. og einn áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins úr sömu nefnd. Aðrir, þ.e. sjö meðlimir hv. nefndar, hafa ekki látið sjá sig í þingsalnum. Þetta er ekkert einsdæmi. Svona er þetta dag eftir dag, álíka slök mæting við umræður í þingsal.

Hæstv. ráðherra afsakaði þetta með því að stjórnarþingmenn hefðu þurft að ræða þessi frumvörp í þingflokkum sínum og þess vegna hefðu þeir ekki áhuga á að ræða þau hér. Ég verð að segja að þetta þykir mér afskaplega léleg afsökun. (Gripið fram í.) Okkur sem erum kosin á Alþingi er auðvitað ætlað að standa vörð um þingræðið og lýðræði í landinu. Við höfum hér skyldum að gegna.

Ég á sæti í Norðurlandaráði. Um daginn spurði ég einn þingmann í norska þinginu, þar sem við vorum í þeim stóra þingsal við umræður: Hvernig er mætingin hérna? Mér fannst þetta svo gríðarlega mörg sæti. Þá segir hann: „Það mæta náttúrlega alltaf þeir sem eru í viðkomandi nefnd en kannski ekki svo margir þar fram yfir.“ Það virtist sem sagt sjálfsagt að allir mættu úr viðkomandi nefnd. (Gripið fram í.) Þetta er kannski ekki málefni dagsins en þetta er málefni þingsins og á því verður að taka á Alþingi Íslendinga. Þetta gengur ekki svona lengur.

Varðandi þáltill. þá sem hér liggur frammi, um hertar aðgerðir á sviði smitsjúkdómavarna og aukið eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, þá vil ég auðvitað taka undir efni hennar. Hún ber þess merki að hún er fyrst tekin til umræðu löngu eftir að hún er lögð fram. Þegar hefur verið gripið til margra þeirra ráðstafana sem hér eru lagðar til og eftir því sem hæstv. landbrh. segir hafði mörgum þeirra verið hrint í framkvæmd þegar tillagan var lögð fram. Þá var ýmislegt að gerast í ríkisstjórn og sjálfsagt í þingflokkum stjórnarflokkanna sem við hin vissum ekkert um, ýmislegt í sama dúr eins og hann hefur greint frá.

Ég tek heils hugar undir það að við eigum að viðhafa hér strängustu varúðarráðstafanir, ekki bara núna heldur ávallt og auðvitað höfum við Íslendingar á mörgum sviðum staðið okkur býsna vel í þessum málum. Ég veit og hef orðið vör við það, t.d. á Norðurlöndum, að við erum öfunduð vegna þess hve ströng við höfum verið og fyrir það hve litlu við þurfum að breyta og bæta við varnir okkar meðan þeir hafa staðið í mjög miklu stríði í sóttvarnaaðgerðum sínum. Ég get upplýst það að á síðasta fundi í Norðurlandaráði var það heitasta mál þingsins, milli Norðurlandanna sjálfra, t.d. að Norðmenn höfðu alfarið bannað allan matvælainnflutning

inn í land sitt, m.a. var tekið af einum nefndarmanni úr Íslandsdeild Norðurlandaráðs lítið oststykki sem hún hafði í föggum sínum, innpakkað auðvitað í loftþéttar umbúðir. Það mátti ekki hafa með sér nein matvæli þá dagana og voru engar undantekningar leyfðar. Eitthvað svipað var það í Svíþjóð, þó ekki alveg eins strangt. Þetta áttu Finnarnir ákaflega erfitt með að þola vegna þess, eins og þeir sögðu: Hjá okkur hefur aldrei greinst kúariða. Hjá okkur hefur aldrei greinst gin- og klaufaveiki. Hvers eigum við að gjalda?

Ég verð að segja að ég tók undir með Norðmönnunum varðandi aðgerð þeirra. Það var svo sem ekki auðvelt því að andrúmsloftið þarna var verulega heitt. Ég var á tímabili farin að halda að þetta mundi kannski verða erfiðast í norrænu samstarfi á þessu ári, þ.e. þessar hertu aðgerðir. Hið sama gildir ekki um okkur Íslendinga. Við höfum svo lengi verið svo ströng að þær ráðstafanir sem nú hefur verið gripið til þykja ekki breyta svo miklu frá því sem alltaf hefur verið, sem betur fer.

Ég verð að segja að ég óttast svolítið sumarið, eins og hér hefur komið fram að fleiri gera, sérstaklega farþega sem hingað koma og taka oft og tíðum með sér býsnin öll af mat. Ég hef heyrt fleiri en einn og fleiri en tvo hrósa sér af því að þeir komi með allan þann mat sem þeir ætla að borða í ferðalaginu og hafi skipulagt ferð sína dag fyrir dag svo þeir þurfi ekkert að kaupa hér, rétt að taka vatn og búið. Hvernig er hægt að koma þeim skilaboðum til þessa hóps farþega að þetta verði ekki lengur liðið? Það verði ekki lengur liðinn neinn innflutningur á matvælum, t.d. hjá farþegum ferjunnar Norrænu. Ég er voðalega hrædd um að rekið verði upp mikið ramakvein því að það verður erfitt að koma þessu til skila. Fólkið sem þarna kemur er alls staðar að úr Evrópu, ekki bara frá Norðurlöndunum.

Nú hefur hæstv. landbrh. upplýst að reglur hafi verið hertar varðandi innflutning á tækjum til nota í landbúnaði. Í umræðum um daginn var vakin athygli á því að mikið hefði verið flutt inn af jarðvinnslutækjum hvers konar. Sá sem gerst ætti að vita og hér talaði í því máli taldi að ekkert væri fylgst með þessu og engum sóttvörnum beitt. Ég vona að varnaðarorð hans í þeirri umræðu hafi orðið til þess að (Forseti hringir.) menn hafi tekið við sér en ég verð að segja að við verðum að hafa augu á hverjum fingri í þessum málum til að sporna við því að hingað berist smit. Við erum í mikilli hættu.

[18:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitthvað hefur athygli hv. þm. verið misjöfn undir ræðu minni áðan. Í fyrsta lagi liggur fyrir að allar notaðar vélar, hvort sem það eru hestakerrur, kerrur eða vinnuvélar til landbúnaðar, eru ekki fluttar til landsins nema með fullkomin vottorð og fullhreinsaðar. Það var eitt af því sem ég gat áðan um að ég hefði tekið á.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi, að ferðamenn komi með allan sinn mat til landsins, þá þarf enginn að reka upp ramakvein. Hafi það verið svo í gegnum tíðina þá er það lögbrot í þessu landi. Fólk hefur ekki heimild til þess. Það þarf náttúrlega að vera alveg skýrt þegar Norræna kemur að bryggju, að fólk kemur ekki hingað með hrá matvæli. Það er lögbrot og það verður að tilkynna að allur slíkur farangur verði gerður upptækur og honum eytt því að það er lögbrot. Þannig á það ekki að vera og ég kvíði því ekki, á því ber að taka.

Hins vegar kann ég illa við þegar gripið er niður í hálfa ræðu manns. Ég sagðist ekki verja fjarveru stjórnarliða í landbn. hér. Ég sagði hins vegar að hún benti kannski til stuðnings þeirra. Ég svaraði og sagði við hæstv. forseta að ég væri þeirrar skoðunar að þeir sem sitja í nefnd, þegar verið er að fjalla um mál sem á að fara til viðkomandi nefndar, eigi að vera við umræðuna, fylgjast með henni, taka þátt í henni. Þeim ber að vera við umræður. Ég gat þess áðan og þarf ekki að snúa út úr ummælum mínum hvað það varðar. Ég var ekki að verja fjarveru þeirra.

[18:24]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitthvað þykir mér óþarflega stutt í hæstv. landbrh. við þessa umræðu. Ég tók það sérstaklega fram að hæstv. landbrh. hefði sagt fyrr í umræðunni að reglur um innflutning á vélum til landbúnaðar hefðu verið hertar. Ég tók það sérstaklega fram. Hins vegar sagði ég að í öðrum umræðum hér í þingsal hefði komið fram að annars konar vélar til jarðvinnslu væru fluttar til landsins án eftirlits. Með þeim gæti auðvitað borist smit líka. Sá sem talaði í þeirri umræðu og hafði sjálfur staðið fyrir slíkum innflutningi taldi að ekki væru viðhafðar neinar sóttvarnaraðgerðir varðandi þær vélar.

Auðvitað er það lögbrot að flytja inn matvæli og hefur alltaf verið. En ég hef hitt útlendinga sem ferðast höfðu um allt landið án þess að kaupa nokkurn skapaðan hlut vegna þess að þeir höfðu með sér allan sinn mat og hrósuðu sér af því. Einhvern veginn hafa þeir komist með matinn inn í landið. Ég sagðist hafa áhyggjur af þessu. Þetta hefur verið svona og við þurfum að herða mjög tollgæsluna og setja peninga, sem er mjög erfitt að finna, t.d. í eftirlit með farþegum úr Norrænu til þess að þetta gerist ekki núna.

Ég veit ekki hvers vegna hæstv. landbrh. tók það sérstaklega til sín þó ég áteldi nefndarmenn í landbn. fyrir að vera ekki viðstadda umræðuna. Ég beindi þeim athugasemdum ekki til hæstv. ráðherra, að hann ætti að sjá um að þessir nefndarmenn væru hér viðstaddir. Ég var sérstaklega að tala um að þetta væri vandamál í íslenska þinginu.

[18:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var voðalega stutt í þræðinum hjá mér áðan en mér þótti samt rétt að taka fram, ég tók það fram við hæstv. forseta, að það ætti nánast að vera regla í íslenska þinginu að nefndirnar væru viðstaddar umræðu um þau mál sem heyra undir þær. En hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan að ég hefði varið þá með því að þeir hefðu kynnt sér málið í þingflokkunum. Ég sagði að það væri kannski ástæðan en tók síðan fram að auðvitað ættu þeir að vera hér og það ætti að vera regla í íslenska þinginu.

Ég held að þetta sé ekki sérískenskt vandamál. Ég hygg þó að forsn. ætti í samráði við þingflokka að setja slíkar reglur, að það væri nánast skyldumæting þeirra sem viðkomandi mál heyrir undir. Ég er það mikill þingræðissinni að ég er þeirrar skoðunar en ég hef séð í þingum nálægra þjóða sem ég hef komið í að sætin þar eru stundum auð eins og hér.

Hv. þm. talar um að hafa hitt útlendinga sem hingað hafi komið með allan sinn mat. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál sem hefur komið til umræðu. Nú þurfum við að taka á þessu af miklu meiri festu. Við höfum verið í hættu hvað þetta varðar. Það er stórhættulegt þegar fólk kemur alls staðar að úr heiminum með matvæli með sér og þarna hefur verið gat í smitsjúkdómavörnum Íslands sem hefur

verið mjög hættulegt. Okkur ber að taka á því, hvort sem matvælin koma með Norrænu eða ekki, þó sérstaklega verði að huga að farþegum Norrænu, og taka hart á því og eins með flugfarþega. Menn verða að virða þessa sérstöðu landsins. Það er ekki hægt að ferðast um Ísland eins og mörg önnur lönd. Við erum með búfjárstofna sem eru miklu viðkvæmari fyrir sjúkdómum en annars staðar. Við þekkjum sem betur fer ekki marga þá sjúkdóma sem víða er glímt við.

Tíma mínum er lokið og ég þakka hv. þm. ræður hennar.

[18:28]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór ekki svo að þessi umræða rynni út án þess að það kæmi í ljós að ég og hæstv. landbrh. erum sammála um að hv. þm. eigi að vera viðstaddir umræðu í sínum málaflokkum. Ef þeir geta ekki komið því við af einhverjum ástæðum þá finnst mér að þeir eigi að semja við einhverja um að vera viðstaddir í sinn stað. Það má ekki minna vera en að nefndarmenn séu viðstaddir þegar mál eru rædd sem heyra undir viðkomandi nefnd. Mér finnst oft óþægilegt þegar farið er að vinna mál í nefndum og svo virðist sem nefndarmenn hafi aldrei séð þau, heyrt af þeim og þaðan af síður að þeir viti hvað kom fram við 1. umr. Við erum sem sagt sammála og gætum, svo ég kveði ekki fastar að orði, tekist í hendur upp á það, við hæstv. ráðherra.

[18:30]

Útbýting þingskjala:

Sjúkrasjóðir stéttarfélaga, 501. mál, svar félmrh., þskj. 1084.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 285. mál, þskj. 1096.

Starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar, 610. mál, svar utanrrh., þskj. 1086.

Tekjuskattur og eignarskattur, 481. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1099.

[18:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um hertar aðgerðir á sviði smitsjúkdómavarna og aukið eftirlit með innflutningi á matvælum og aðföngum er markvisst innlegg inn í umræðuna og áherslur af hálfu þingsins til þessara varna.

Ein af auðlegðum okkar Íslendinga eru hrein, holl matvæli og að vera að mestu laus við smitsjúkdóma sem herja á landbúnaðarframleiðslu annarra þjóða. Vonandi erum við laus við þá skæðu smitsjúkdóma sem hafa verið gerðir hér að umtalsefni, þ.e. kúariðu og gin- og klaufaveiki.

Mikið er í húfi og allir þurfa að leggjast á eitt um að vernda og standa vörð um þessa miklu hagsmuni og jafnframt að nýta þá okkur til ávinnings, nýta þá til að styrkja framleiðslu okkar bæði til framleiðslu hollustuvara til neyslu innan lands en einnig til útflutnings. Það gerum við einungis með því að standa vörð um hreinleika og hollustu þessara vara.

Það var því mikið lán, herra forseti, þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu að þá var ákveðið að Ísland stæði utan við þann kafla sem laut að heilbrigði dýra og plantna, þ.e. að við undirgengumst ekki reglur Evrópusambandsins varðandi viðskipti og verslun og markaðssetningu á dýrum og dýraafurðum. Ef við hefðum gert það eins og Norðmenn þá hefðum við verið í verri stöðu til þess að beita hertum aðgerðum gagnvart innflutningi því að það er staðreynd að Evrópusambandið og önnur lönd en Ísland, sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, eru í rauninni orðin eitt markaðssvæði fyrir landbúnaðarvörur. Þau geta í sjálfu sér ekki beitt hömlum á innflutning, hvorki á landbúnaðarvörum né lifandi dýrum að því undanskildu að það sé frá ákveðnum svæðum þar sem sjúkdómar hafa verið staðfestir. Þess vegna eiga þau miklu erfiðara um vik að verjast, hvert land um sig.

Það er því von að Finnum, eins og hér var minnst á í umræðunni, hafi fundist það ansi hart að þeir væru taldir með sem hluti af hinu evrópska markaðssvæði og gætu þess vegna ekki litið á vörur sínar sem hreinar þó svo að veikin hefði ekki greinst hjá þeim. Þeir verða að sætta sig við að þeir eru orðnir hluti af hinu evrópska markaðssvæði og þess vegna er engin trygging í sjálfu sér fyrir því að þeirra vörur séu hreinni en aðrar. Það er á þeim forsendum sem mörg lönd, svo sem Bandaríkin og Ástralía og fleiri lönd, hafa bannað innflutning á landbúnaðarvörum frá öllu Evrópusambandinu því að ekki er hægt að greina þar í sjálfu sér á milli landa því að þau eru þar öll aðilar að sama markaðssvæði og það sem getur hafa átt sér stað í einu landinu getur vel verið komið upp og búið að búa um sig í þeim öllum.

Mjög mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessu í umræðunni. Þennan viðauka sem við ákváðum að standa utan við þegar við gerðumst aðilar að EES átti að endurskoða á síðasta ári. Það var því með nokkrum ugg sem við horfðum til þess ef Evrópustefnan, áhugi sumra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka í Evrópumálum, hefði leitt til þess að við hefðum gerst aðilar að þessu innra markaðsstarfi með landbúnaðarvörur, sem gat alveg eins orðið. Því varð ég, herra forseti, afar ánægður að heyra hæstv. landbrh. lýsa því yfir í þinginu fyrr í vetur að ekki stæði til að Ísland gerðist aðili að verslunar- og markaðssamstarfi Evrópu um landbúnaðarvörur, ákveðið væri að við stæðum áfram utan við það. Ég vona, herra forseti, að sú yfirlýsing sé óbreytt og að hæstv. ráðherra vinni að því að áfram verði rækilega tryggt með samningum að svo verði. Ef við gerumst aðilar að innri markaði Evrópusambandsins, eins og sumir hefðu kannski viljað að gerðist, a.m.k. áður en sá sjúkdómur kom upp sem við nú erum að berjast við, þá hefði verið fátt til varnar til að verja landbúnað okkar fyrir þessu. Það er því alveg lykilatriði, herra forseti, að standa vörð um þetta þannig að þegar við metum það að heimila innflutning á landbúnaðarvörum ber okkur að líta á Evrópusambandslöndin og önnur EES-lönd sem hafa undirgengist þann markaðssamning sem þar gildir sem einn sameiginlegan markað og einn aðila sem verslað er við og getum við þar engan undanskilið þó svo að sem betur fer sitji ekki öll lönd þar í sömu súpunni hvað varðar sjúkdómana, a.m.k. á yfirborðinu.

Ég vil draga það fram, herra forseti, hversu mikilvægt það er að standa stöðugt á verði og verja þá gríðarlegu hagsmuni sem hér er um að ræða. Það getur verið svo auðvelt að falla í freistni, annaðhvort að verða Evrópuvírusum að bráð eða öðru sem menn geta heillast af og það haft áhrif til varanlegs tjóns fyrir íslenskan landbúnað og íslenska matvælaframleiðslu og íslenska hollustu.

Ég vil því leggja áherslu á að þessi tillaga er einmitt til að árétta það að við megum ekki aðeins vinna í skammtímaaðgerðum, við verðum einnig að vinna í langtímaaðgerðum. Ég verð að segja að ég held að það væri afar fróðlegt og reyndar afar nauðsynlegt ef hæstv. landbrh. mundi gefa út

á einu blaði hvaða reglur eru nú í gildi. Búið er að setja núna takmarkaðar reglur og tilskipanir varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og kannski er ekki öllum alveg fullljóst hver staðan er núna, hvaða lög og hvaða reglur gilda núna og hvernig er þeim framfylgt, hvernig er þeim rækilega framfylgt. Ég tel það afar mikilvægt, herra forseti.

[18:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil hafa það alveg á hreinu og ég vona að sé viðhorf flestra íslenskra stjórnmálamanna og hygg að þjóðin skilji hvað í húfi er, að þó að einhverjir séu Evrópusinnar og vilji ganga í Evrópusambandið þá er náttúrlega tvennt sem við getum ekki gert. Við getum ekki afsalað okkur sjávarútvegsauðlindinni með þeim hætti og það er alveg klárt mál að við getum aldrei fellt okkur við innri markað Evrópusambandsins hvað landbúnað varðar. Við yrðum að fá þar undanþágu. Þess vegna er það nú svo að ég tek undir með hv. þm. að auðvitað er Evrópusambandið, þar sem frjálst flæði er með lifandi dýr og vörur, einn markaður sem við getum ekki átt þannig viðskipti við.

Varðandi það að gefa út reglur þá eru reglurnar náttúrlega nokkuð ljósar. Allur innflutningur á landbúnaðarvörum erlendis frá er bannaður í dag, hefur verið það og verður það þar til hann er leyfður og hann er leyfður undir sérstökum skilyrðum. Allur innflutningur á landbúnaðarvörum með ferðafólki er bannaður lögum samkvæmt. Þessu þarf auðvitað að koma mjög skýrt á framfæri og kann að vera að það þurfi að gera það enn þá skýrar en nú er, ég ætla ekkert að efast um það.

Ég vil svo segja frá því, hæstv. forseti, að ég fann reglugerð sem ég setti hinn 25. október í haust sem varðar notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur. Leiki rökstuddur grunur á því að aðrar notaðar vélar og tæki hafi verið notuð í landbúnaði skal yfirdýralækni tilkynnt um innflutninginn. Ekki skal afgreiða vöruna fyrr en yfirdýralæknir hefur gefið samþykki sitt.

Á síðasta hausti var þetta allt saman bannað þannig að ég vil geta þess fyrst þetta hefur komið í umræðuna.

[18:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna afdráttarlausri yfirlýsingu hæstv. ráðherra varðandi það að ekki standi til að Ísland gerist aðili að þessum sameiginlega markaði með landbúnaðarvörur og að litið er á Evrópusambandslöndin og EES-löndin, sem hafa undirgengist þann samning, sem eitt markaðssvæði í viðskiptum við Íslendinga.

Varðandi síðan lög og reglur, af því að ég minntist á það, þá var það svo í umræðunni um innflutning á nautalundum um áramótin að hún snerist einmitt um að dregið var í efa réttmæti gildandi laga og reglugerða og tilskipana um innflutninginn. Að vísu setti hæstv. ráðherra nefnd í það mál til að fá það á hreint og eins og hæstv. ráðherra upplýsir nú þá virðast öll lög og allar reglur hafa staðist þá skoðun. Engu að síður tel ég mikilvægt, herra forseti, að það sé alveg skýrt hvaða reglur gilda.

Ég vil geta þess að ég kom erlendis frá fyrir viku og flaug einmitt frá löndum þar sem hefur verið staðfest veiki í sem við viljum ekki fá til landsins en ég varð ekki var við neinar sótthreinsimottur á Keflavíkurflugvelli. Vel má vel vera að þær hafi verið einhvers staðar í hliðarherbergjum en þær voru þarna hvergi sjáanlegar.

Varðandi vinnuvélarnar, herra forseti, er rétt að benda á að allar þær gríðarlegu þungavinnuvélar sem koma nánast allar á kaupleigu til landsins, og eru notaðar í vegagerð, í virkjanagerð eða í slíkum stórframkvæmdum er gjarnan búið að nota í hinum ýmsu löndum í kringum okkur þegar þær koma hingað og það var einmitt það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir var að vitna til í umræðunni.

[18:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hefur hv. þm. Jón Bjarnason upplýst það sem hryggir mig, að hann hefur komið til landsins á skítugum skónum (**JB:** Nei, nei.) og ber að harma það.

Hins vegar hef ég orðið mjög var við það í umræðunni og margir segja mér þetta að þeir komi til landsins og fari ekki í gegnum neina sótthreinsun. Mér skilst samt sem áður, eftir að hafa margrætt þetta við yfirdýralæknisembættið og í ráðuneyti mínu og fengið upplýsingar úr utanrrn. og frá sýslumanni í Keflavík, að því sé mjög strangt fylgt að menn gangi þar eftir löngum dregli — menn ganga ekki ofan í neitt fat eða neitt slíkt — en menn ganga eftir löngum dregli sem sprautað er í sótthreinsandi efnum. Það hefur hvarflað að mér hvort menn átti sig ekki á því að þeir séu að ganga eftir þessum sótthreinsandi dregli sem er kannski gert einhvern veginn öðruvísi en var fyrr á árum. Búið er að þróa þetta eins og svo margt annað. En mér skilst og hef fengið sannfæringu fyrir því að slíkir dreglar séu brúkaðir þarna og í öllum tilfellum þegar menn koma frá ákveðnum löndum þar sem hætta er. Það er náttúrlega mjög mikilvægt að fá það á hreint hvort embættismenn í Keflavík séu að bregðast. Ég vona þó að hv. þm. hafi brennt skó sína og þeir valdi ekki skaða.

En þetta eru stór mál og ber að vanda sig við þau og fara auðvitað yfir allar þær reglur og upplýsingar sem almenningur þarf að vera meðvitaður um þegar svo alvarlegir sjúkdómar eru á ferð.

[18:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst að skónum, sem ég var í, brá ég bara á mig meðan ég var þarna og þetta eru sömu skór og ég nota í þinginu og hvergi annars staðar á Íslandi þannig að ég viðurkenni það. Þetta eru skór sem ég nota í þingsölum og ég vona að það verði ekki til þess að það verði til smits. En það má vel vera eins og hæstv. ráðherra minnist á að sóttvörnin sé í dreglinum sem maður gengur eftir en ég hafði það ekki á tilfinningunni að ég væri að fara í gegnum sótthreinsun enda var ekki að sjá neina sérstaka merkingu, a.m.k. ekki áberandi, sem vakti athygli á því.

Ég ítreka, herra forseti, hversu gríðarlega mikilvægt það er fyrir íslenska matvælaframleiðslu, íslenskan landbúnað og íslenska matvælaframleiðslu í heild að við höfum öruggt heilbrigðisvottorð fyrir framleiðslu okkar. Það er svo gríðarlega mikilvægt að þar má í engu slaka á þeim verði og gæta sín vel á öllum undanþágum og smugum sem menn geta reynt að finna á því að fara í kringum þessi lög. Sú þáltill. sem hér er flutt er einmitt til að ítreka og skerpa á því að við stöndum okkur í raun vel í að verja landbúnað okkar fyrir smitun og líka heilsu íbúa landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:47]

Útbýting þingskjals:
Lækningatæki, 254. mál, þskj. 1094.

Fundi slitið kl. 18:48.

---

110. FUNDUR

þriðjudaginn 24. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, stjtill., 654. mál, þskj. 1032. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 655. mál, þskj. 1033. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, stjtill., 658. mál, þskj. 1036. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, stjtill., 659. mál, þskj. 1037. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Girðingalög, stjfrv., 636. mál, þskj. 1013. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Landgræðsluáætlun 2002–2013, stjtill., 637. mál, þskj. 1014. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Smitsjúkdómavarnir og eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, þáltill., 621. mál, þskj. 994. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stéttarfélög og vinnudeilur, stjfrv., 201. mál, þskj. 211. — 3. umr.
9. Lækningatæki, stjfrv., 254. mál, þskj. 1094. — 3. umr.
10. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjfrv., 261. mál, þskj. 288. — 3. umr.
11. Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjfrv., 265. mál, þskj. 1095. — 3. umr.
12. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 285. mál, þskj. 1096. — 3. umr.
13. Dýrasjúkdómar, stjfrv., 291. mál, þskj. 1097. — 3. umr.
14. Barnalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 1098. — 3. umr.
15. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 504. mál, þskj. 791. — 3. umr.
16. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822. — 3. umr.
17. Fjarskipti, stjfrv., 193. mál, þskj. 203, nál. 949. — 2. umr.
18. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376, nál. 957. — 2. umr.
19. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 580, nál. 1072 og 1100. — 2. umr.
20. Skylduskil til safna, stjfrv., 590. mál, þskj. 933. — 1. umr.
21. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934. — 1. umr.
22. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030. — 1. umr.
23. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031. — 1. umr.
24. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045. — 1. umr.
25. Kvikmyndalög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1046. — 1. umr.
26. Grunnskólar, frv., 299. mál, þskj. 337. — 1. umr.
27. Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, þáltill., 382. mál, þskj. 632. — Fyrri umr.
28. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 503. mál, þskj. 790. — Fyrri umr.
29. Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, þáltill., 664. mál, þskj. 1042. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Dýrasjúkdómar, 291. mál, þskj. 1097.
Meðferð opinberra mála, 367. mál, nál. minni hluta allsh., þskj. 1100.
Rafrænar undirskriftir, 524. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1092; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1093.
Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 265. mál, þskj. 1095.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða í sjávarútvegsnefnd um brottkast.

[13:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í marga mánuði hefur legið fyrir beiðni frá þeim sem hér stendur ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna um að umræða fari fram í sjútvn. Alþingis um brottkast fisks af ýmsum tegundum sem víst er talið að varpað sé fyrir borð af fiskiskipum. Sjútvrh. ákvað þann 5. júlí sl. eða fyrir tæpum tíu mánuðum að setja af stað vinnu til þess að raunverulegt umfang brottkasts verði metið, eins og sagði í fréttatilkynningu frá sjútvrn. Einnig sagði, með leyfi forseta:

„Sjútvrh. skipaði 24. ágúst 1999 nefnd undir forustu hv. alþm. Gunnars Birgissonar sem ætlað var það verkefni að kanna mismun á starfsaðstöðu landvinnslu og sjóvinnslu. Nefndin hefur m.a. tekið til meðferðar brottkast afla sem vandamál."

Að höfðu samráði við sjútvrh. hefur sú nefnd samið við Gallup um gerð sérstakrar könnunar á umfangi og ástæðum brottkasts og af því segir m.a. í þessari tíu mánaða gömlu fréttatilkynningu frá ráðuneytinu.

Herra forseti. Nú er langt liðið á þingtímann og þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að þessi mál verði tekin til umræðu í sjútvn. og loforð þar um hefur það ekki verið gert enn þá og beðið er eftir upplýsingum úr áðurnefndri könnun. Vitað er að könnuninni er löngu lokið og úrvinnslu mun einnig vera lokið fyrir nokkrum vikum.

Ég vil því beina því til forseta Alþingis og sjútvrh. hvort ekki megi koma því svo fyrir að formanni sjútvn. verði gert kleift að taka þessi mál til umræðu með því að umrædd skýrsla verði afhent til nefndarmanna í sjútvn. svo málið komi þar á dagskrá. Brottkast er viðurkenndur vandi og fylgifiskur allra kvótakerfa og talið er að okkar stjórnkerfi, kvótabraskskerfið, sé enn virkara að þessu leyti. Nauðsynlegt er því að vita sem mest um galla á núverandi kvótakerfi, herra forseti. Brottkast getur haft áhrif á meðferð fjölmargra mála sem nú eru til umfjöllunar í sjútvn. Málið þolir því ekki langa bið.

[13:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, varðandi þá nauðsyn að fram komi upplýsingar sem safnað hefur verið saman varðandi brottkast afla.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. er mjög nauðsynlegt allra hluta vegna að þær upplýsingar berist til sjútvn. og ekki síður að þær berist inn í nefndarvinnu hjá endurskoðunarnefnd um sjávarútvegsstefnuna. Ég vil því taka undir orð hv. þm. um að nú þegar verði gengið í það mál að umrædd skýrsla og upplýsingar komist til umfjöllunar í sjútvn. og í endurskoðunarnefnd um sjávarútvegsstefnuna.

Virðulegi forseti. Það er líka áhyggjuefni, úr því að við tölum hér um störf þingsins, að í nefndum þingsins, ekki síst í sjútvn. og fleiri nefndum, liggja fjölmörg þingmannamál sem eru óafgreidd og það eru tilmæli til hæstv. forseta þingsins að hann beiti sér fyrir því með þeim ráðum sem hann hefur að þeirri vinnu verði hraðað og þau mál tekin á dagskrá, ekki síst á sviði sjávarútvegsmála, sem eru afar brýn um þessar mundir. Því vil ég taka enn og aftur undir þau orð sem viðhöfð voru hér af hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni.

[13:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um að farið er að líða býsna mikið á þingtímann. Þetta mál sem varð tilefni þess að rætt er um störf þingsins hefur verið lengi í umræðu. Í raun og veru hafa engar haldbærar aðgerðir orðið til til þess að koma í veg fyrir brottkast og veikburða tilraunir hæstv. sjútvrh. með þeim málum sem hafa farið í gegnum þingið í haust hafa ekki borið árangur fram að þessu. Ég held því miður að þess sé ekki að vænta að það gerist. Þess vegna er það mjög mikilvægt að eitthvert mál verði tekið fyrir í þinginu sem hefur áhrif á þetta, einhver virkileg áhrif á að koma í veg fyrir brottkast. Við höfum ástæðu til að halda að slík tillaga geti borið mikinn árangur sem hefur verið lögð fram hér hvað eftir annað. Hún hefur aldrei fengist afgreidd. Hún liggur m.a. í gögnum sjútvn. þingsins núna. Ég tel að full ástæða sé til að spyrja fast eftir þessu og það mun ekki vera hægt að bíða eftir þeim niðurstöðum sem eiga að koma úr þessari svokölluðu endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða. Sú nefnd hefur ekki skilað af sér og mun ekki skila af sér á næstunni. Það er ekki líklegt að neitt komi frá henni áður en þingi lýkur hvað varðar svona hluti nema gefið verði grænt ljós á það nú þegar.

[13:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn ágreiningur sé um það í sjútvn. að mjög nauðsynlegt er að taka þessi brottkastsmál skipulega fyrir í nefndinni. Að vísu höfum við rætt þetta endrum og sinnum í vetur í tengslum við þingmál sem hafa verið lögð fram, bæði mál sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram og Alþingi hefur afgreitt, einnig í tengslum við önnur mál sem hafa legið fyrir sjútvn. og síðast núna í morgun í tengslum við mál sem hv. þm. Pétur Blöndal lagði fram og laut að þessu mikla vandamáli sem við er að glíma í sjávarútvegi okkar. Það er því ekki svo að sjútvn. hafi ekki með neinum hætti komið að því að ræða þessi mál.

Hins vegar var það fyrirhugað af hálfu nefndarinnar og um það var og er full samstaða að þessi mál verði tekin upp þar sem við fáum yfirferð um þá skoðanakönnun sem hv. 4. þm. Vestf. gerði að umtalsefni og er auðvitað mjög mikilvægt gagn inn í þessa umræðu vegna þess að upplýsingar eins og þær hafa a.m.k. ekki nýlega komið fram og því held ég að það sé mikilvægt til þess að varpa nýju ljósi á þetta mál að við getum rætt það í tengslum við upplýsingar úr skoðanakönnuninni og um það erum við alveg sammála í sjútvn.

Þau svör sem ég hef hins vegar fengið þegar ég hef leitað eftir þessu eru þau að þessi könnun liggi ekki fyrir, úrvinnslunni sé ekki lokið og því var mitt mat að það væri þá skynsamlegast að bíða átekta enn um sinn eftir að könnuninni yrði lokið þannig að við gætum rætt málið í tengslum við hana.

Ég vil enn fremur segja í tengslum við það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði að þess hefur verið rækilega gætt í störfum sjútvn. að fara yfir öll þau þingmál sem þangað hafa borist. Þau hafa öll verið send til umsagnar og við höfum með skilvirkum hætti farið yfir öll þessi mál, farið í gegnum umsagnir o.s.frv. þannig að vinna við málið, hin pólitíska undirbúningsvinna við málið í nefndinni, er ágætlega á vegi stödd.

[13:41]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi beindi þessari spurningu til mín þar sem ég er formaður í þeirri nefnd sem á að kanna aðstöðu í landvinnslu og sjóvinnslu. Í störfum nefndarinnar kom upp sú spurning hvort brottkast væri þar ríkjandi áhrifaþáttur. Í framhaldi af því ákvað sjútvrh. að láta gera þessa skoðanakönnun meðal sjómanna og er það vel. Þessari könnun er lokið, úrvinnslu er lokið og niðurstöður verða væntanlega birtar núna næstu daga. Í beinu framhaldi af því mun sú nefnd sem ég veiti forustu skila af sér þannig að ekki mun vera lengi að bíða þar til sjútvn. getur fengið þetta til umfjöllunar.

En það var eitt sem ég hjó eftir sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði. Hann sagði að brottkast væri fylgifiskur allra kvótakerfa. Ég stundaði sjómennsku áður en kvótakerfið kom á og það hefur hv. þm. líka gert og brottkast var mikið þá. Síðan munum við sjá það sem kemur fram í þessari könnun, sem er mjög vel unnin og talað er við marga sjómenn, hvernig þetta er í dag. En ég held að menn eigi ekki að alhæfa svona hluti að brottkast sé háð kvótakerfum eingöngu. En brottkast á náttúrlega ekki að þekkjast. Það er verið að henda verðmætum í hafið og menn eiga að vinna að því að reyna að koma með allan afla að landi, ekki vera að kasta verðmætum í hafið. En eins og ég segi þá kemur það í ljós bæði í þessari könnun og hins vegar tillögum í þeirri nefnd sem ég veiti forstöðu um þessi mál.

[13:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hér komu fram hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni, sem verða vonandi til þess að við fáum fljótlega að skoða þær tölur eða þær niðurstöður sem þar koma fram.

Ég vil hins vegar út af athugasemdum hans við orð mín taka fram að ég talaði eingöngu um að brottkast væri fylgifiskur kvótakerfa, ekki að það gæti ekki átt sér stað undir öðrum kerfum eða öðrum fiskveiðiaðferðum. Það er auðvitað þekkt að brottkast átti sér stað áður en kvótakerfið var fundið upp. Hinu verður ekki á móti mælt að það hefur víðast verið viðurkennt af mönnum sem hafa skoðað kvótakerfið að óhjákvæmilegt væri að brottkast ætti sér stað samhliða kvótakerfinu.

Ég fagna því að þessar upplýsingar koma fram og ég treysti því að þá verði tekið til höndum við að skoða þær tölur í sjútvn. með tilliti til þeirra frumvarpa og tillagna sem þar liggja fyrir.

[13:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Bara örfá orð vegna ummæla hv. formanns sjútvn. um stöðu mála í nefndum.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að mál hafa verið send til umsagnar. Það er ekki það sem málið snýst um, heldur það að mál sitji föst í nefndum þó svo að þau hafi verið send til umsagnar og það tel ég miður. Það gildir ekki bara um sjútvn., það gildir um nefndir þingsins yfir höfuð að það er erfiðleikum bundið að fá afgreiðslu á þingmannamálum.

Í sjútvn. eru sum mál þess eðlis að með nánari umfjöllun og afgreiðslu gætu þau e.t.v. verið liður í því að leysa miklar deilur sem uppi eru í samfélaginu varðandi kjör sjómanna. Nefni ég þar t.d. tillögu um aðskilnað veiða og vinnslu o.s.frv. Ég tel því að það sé mjög miður að við skulum ekki ganga í þessi verk sem liggja fyrir þinginu og vil árétta það enn og aftur að ég tel einnig miður að það skuli læðast að manni sá grunur að legið sé á upplýsingum sem þegar eru til eins og skýrsla um brottkast. Auðvitað þarf þingið að fá hana eins fljótt og kostur er. Mér skilst að hún komi fram á allra næstu dögum en ef skýrslan er til, þá ætti hún auðvitað *nú þegar að vera í okkar höndum.*

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta þetta og tel að a.m.k. í sjútvn. séu mál sem eru þess eðlis að þau gætu verið liður í því að leysa sjómannadeilu og um þau hefur ekki verið fjallað.

[13:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en forseti gefur næsta ræðumanni orðið vill hann geta þess að hann hefur orðið var við að svokallaðir gemsar hafa gert það uppskátt hvaða þingmenn eru önnum kafnir, sem raunar var áður kunnugt.

[13:47]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Rétt til að taka þetta fram hérna, því að ég tel að sumir þingmenn þjáist alvarlega af heyrnarleysi, þá er búið að gera þessa könnun um brottkast. Úrvinnslunni er nýlega lokið og niðurstöðurnar verða kynntar hér á allra næstu dögum.

Vinnu í nefnd um sjóvinnslu versus landvinnslu er ekki lokið. Henni verður lokið þegar við verðum búin að fá þessar niðurstöður í hendur og þá mun nefndin fljótlega skila af sér. Það er ekki verið að liggja á neinum upplýsingum. Mér finnst að þingmenn eigi ekki að leggja það í vana sinn að væna menn um að þeir liggi á einhverjum upplýsingum og reyni að að fela eitthvað fyrir þingheimi. Ég ber það alveg af mér. Svona mál er hv. þm. til vansa.

[13:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna þeirra tilmæla sem beint var til forseta vill hann taka fram að auðvitað er ekki við öðru að búast á þessum tíma en að fjölmörg mál liggi fyrir í þingnefndum. Við því er einnig að búast að mál verði ekki afgreidd úr þingnefndum fyrr en þau eru fullunnin enda sé vel unnið í nefndum.

Umræður utan dagskrár.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til Kyoto-bókunarinnar.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það var reiðarslag þegar forseti Bandaríkjanna lýsti því yfir í mars að hann hafnaði Kyoto-bókuninni og í kjölfarið að Bandaríkin mundu draga til baka undirskrift sína við hana. Með því gekk hann ekki aðeins á bak orða Bandaríkjanna heldur líka á bak yfirlýsingar sem fulltrúi hans eigin ríkisstjórnar gaf á fundi umhverfisráðherra í Trieste í byrjun mars um að Bandaríkin mundu vinna að lausn þeirra deilumála sem ekki reyndist unnt að leysa á þingi aðildarríkja rammasamningsins um loftslagsbreytingar sem var haldinn í Haag í nóvember sl.

Helsta ástæðan fyrir því sem Bandaríkjaforseti gaf var að þjóðir þriðja heimsins væru í fyrsta áfanga samningsins undanþegnar aðgerðum til þess að draga úr losun. Það sýnir hið siðferðilega öngstræti síngirninnar sem forseti Bandaríkjanna hefur ratað í að þjóðir þriðja heimsins losa ekki nema tæp 2 tonn af koltvísýringi á mann árlega á meðan hver íbúi Bandaríkjanna losar 24 tonn á ári eða tólf sinnum meira. Bandaríkin eru ábyrg fyrir fjórðungi allrar losunar á þessum skaðlegu lofttegundum í veröldinni og án þátttöku þeirra liggur fyrir að það verður ákaflega erfitt að ná tökum á þessum vanda sem losun þeirra gæti kallað yfir mannkynið.

Ég hygg að flestum sem hér sitja sé eftir umræður síðustu ára kunnugt um hverjar afleiðingar veðurfarsbreytinganna gætu orðið. Vaxandi tíðni þurrka, flóða, fellibylja og storma mun sigla í kjölfar þeirra og við erum raunar þegar farin að sjá merkin víðs vegar um veröldina. Yfirborð sjávar mun hækka, bæði vegna hlýnunar hafsins og líka vegna bráðnunar jökla og íshellu heimskautanna. Vatnajökull gæti verið horfinn eftir eitt til tvö hundruð ár. Víðfeðm landflæmi í öðrum löndum gætu farið í kaf og heil menningarsamfélög með miklu eldri sögu og miklu fleiri íbúa en við gætu í bókstaflegri merkingu sokkið í hafið.

Ríkum þjóðum eins og okkur Íslendingum ber þess vegna siðferðileg skylda til að taka þátt í aðgerðum sem miða að því að sporna gegn þessari þróun. Við höfum líka ástæðu til þess að ugga um eigin hag. Ef allra verstu spár gengju eftir gæti Golfstraumurinn, sem er forsenda þess að þetta ágæta land okkar er byggilegt, hugsanlega veikst.

Norðurlöndin hafa sameiginlega lýst því yfir að þau styðji Kyoto-bókunina að því gefnu að niðurstaða náist um útfærslu svokallaðra sveigjanleikaákvæða. Íslensk stjórnvöld hafa að sönnu sett fram kröfur um tilteknar ívilnanir en ég ætla ekki að þessu sinni að gera deilur um þær kröfur að umræðuefni

heldur einungis að ræða þá flóknu og erfiðu stöðu sem hér er komin upp vegna afstöðu Bandaríkjanna.

Í þessu máli skiptir það miklu að Evrópusambandið hefur lýst því yfir að það hyggist, jafnvel þó að Bandaríkin skipti ekki um skoðun, gera allt sem það getur til þess að bókunin verði eigi að síður að alþjóðlegum lögum árið 2002. En til þess þarf samþykki 55 ríkja sem hafa á bak við sig 55% losunarinnar eins og hún var árið 1990. Forseti Norðurlandaráðs sagði á blaðamannafundi með umhverfisráðherrum Norðurlanda í byrjun þessa mánaðar að Norðurlöndin yrðu að leggja allt kapp á að halda áfram viðræðum við Bandaríkjastjórn um verndun andrúmsloftsins og samkvæmt fréttatilkynningu sagði hæstv. umhvrh. okkar ríkisstjórnar að Norðurlöndin yrðu að standa saman en jafnframt nota ólíkar samskiptaleiðir innan Evrópusambandsins og í regnhlífarhópnum svokallaða, sem Íslendingar tilheyra, til þess að halda þessum viðræðum gangandi.

Allir helstu þjóðarleiðtogar heimsins hafa mótmælt ákvörðun Bush ákaflega harkalega og skemmst er að minnast þeirra lýsinga sem hæstv. forsrh. gaf á því hversu þungorður Jacques Chirac, forseti Frakklands, var í garð Bandaríkjanna þegar þeir áttu fund fyrir skemmstu. Evrópusambandið hefur fordæmt þessa ákvörðun ákaflega harkalega, kallað hana skelfilega og ögrandi, og á Evrópuþinginu var hún fyrr í þessum mánuði harðlega fordæmd og næstum allar þjóðir í þessum regnhlífarhópi sem við tilheyrum hafa lýst vonbrigðum sínum nema tvær, Úkraína og Ísland.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að afstaða íslenskra stjórnvalda til þessara mikilvægu mála sé alveg skýr. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. umhvrh. eftirfarandi spurninga:

1. Er íslenska ríkisstjórnin sömu skoðunar og Bush Bandaríkjaforseti að ekki séu traust vísindaleg rök fyrir því að losun gróðurhúsalofttegunda eigi þátt í breytingum á loftslagi jarðarinnar?

2. Hvernig ætla Íslendingar að beita áhrifum sínum á Bandaríkin til að fá þau til að breyta afstöðu sinni gagnvart Kyoto-samningnum?

3. Munu íslensk stjórnvöld styðja viðleitni ESB til að Kyoto-bókunin verði að alþjóðalögum fyrir haustið 2002?

[13:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ísland hefur allt frá lokum Kyoto-ráðstefnunnar starfað með Bandaríkjamönnum og öðrum ríkjum, svo sem Japan, Áströlum, Kanadamönnum og Norðmönnum, í svokölluðum regnhlífarhópi. Með þátttöku okkar í þessum hópi gefst okkur gott tækifæri, betra en mörgum öðrum þjóðum, til þess að hafa áhrif á afstöðu Bandaríkjanna með þeim umræðum sem þar fara fram.

Í síðustu viku var fundur ráðherra regnhlífarhópsins í New York þar sem ég ræddi þetta mál við fulltrúa stjórnvalda í Washington, lýsti vonbrigðum mínum og áhyggjum af stöðu mála gagnvart Kyoto-bókuninni og lagði áherslu á mikilvægi þess að Bandaríkin tækju áfram þátt í því mikilvæga verkefni með öðrum þjóðum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við munum áfram beita okkur á vettvangi regnhlífarhópsins, m.a. með það fyrir augum að hafa áhrif á Bandaríkjamenn.

Lengi hefur legið fyrir mikil andstaða í bandaríska þinginu við Kyoto-bókunina og fyrrverandi forseta tókst ekki að vinna málinu fylgi þar. Nú stendur yfir endurskoðun á stefnu Bandaríkjanna í loftslagsmálum með það að markmiði að ná niðurstöðu sem líkur eru á að bandaríska þingið staðfesti. Samkvæmt nýjustu upplýsingum mun þeirri endurskoðun ljúka í lok maí en þá verða einungis sex vikur í að 6. aðildarríkjaþingið komi saman aftur í Bonn.

Jan Pronk umhverfisráðherra Hollands og forseti 6. aðildarríkjaþingsins setti skömmu fyrir páska fram nýja sáttatillögu sem ber að fagna því að hún er skref í rétta átt. Hún var rædd á ráðherrafundi í New York á laugardaginn en næsti ráðherrafundur um tillögur hans verður í tengslum við undirskrift nýs alþjóðasamnings um þrávirk lífræn efni í Stokkhólmi í lok maí.

Afstaða ríkisstjórnar Íslands til Kyoto-bókunarinnar hefur ekki breyst vegna yfirlýsinga Bandaríkjastjórnar. Við teljum mikilvægt að ríki heims taki höndum saman um að hemja losun gróðurhúsalofttegunda með sameiginlegu átaki. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að gerast aðili að Kyoto-bókuninni þegar ásættanleg niðurstaða hefur fengist varðandi útfærslu hennar gagnvart Íslandi. Eins og þingmönnum er kunnugt vinnur aðildarríkjaþing samningsins að framgangi þessa máls núna.

Varðandi það hvort íslensk stjórnvöld muni styðja viðleitni ESB til að Kyoto-bókunin verði að alþjóðalögum fyrir haustið 2002 er því til að svara að það voru mikil vonbrigði að ekki náðist niðurstaða í Haag. Markmið Haag-fundarins var að ganga frá útfærslu Kyoto-bókunarinnar þannig að ríki gætu tekið afstöðu til hennar og lagt hana fyrir þjóðþing sín til staðfestingar. Samkvæmt Kyoto-bókuninni tekur hún ekki gildi og verður að alþjóðalögum nema iðnríki sem losa 55% og yfir af heildarlosun iðnríkjanna hafi staðfest hana, eins og hér kom fram hjá hv. málshefjanda.

Enn sem komið er hefur ekkert ríki OECD staðfest hana og einungis eitt þeirra ríkja sem taka á sig skuldbindingar hafa staðfest bókunina, þ.e. Rúmenía sem hefur 1,2% losunarinnar. Þessi staða er skiljanleg þar sem ríki munu almennt ekki staðfesta bókunina fyrr en þau vita hvernig útfærslunni verður endanlega háttað. Enn vantar því á að iðnríki sem losa rúmlega 54% af losuninni staðfesti bókunina. Fyrr tekur hún ekki gildi.

Ísland mun áfram vinna að því að samstaða náist sem fyrst um útfærslu bókunarinnar, helst 2002, en við það ár hefur gjarnan verið miðað vegna þess að þá eru tíu ár liðin frá Ríó-ráðstefnunni 1992. Hins vegar er ljóst að miðað við þróun mála núna er ekki líklegt að bókunin muni taka gildi á næsta ári, þ.e. 2002. Og það er rétt að undirstrika það við þessa umræðu að viðræðurnar eru mjög flóknar. Þær snúa að fjármögnun aðgerða í þróunarríkjum, viðskipti með losunarheimildir, viðurlög við því að fara fram úr losunarheimildum, bindingu kolefnis með ræktun o.fl. Þetta eru því einar flóknustu alþjóðasamningaviðræður sem fram hafa farið yfirleitt.

Þrátt fyrir það að blikur séu nú á lofti gagnvart Kyoto-bókuninni er rétt að hafa í huga að það voru Bandaríkin sjálf sem óskuðu eftir því að framhaldi Haag-fundarins, sem átti að halda í lok maí nk., yrði frestað um tvo mánuði þannig að þeim gæfist svigrúm til þess að endurskoða stefnu sína. Því er ástæða til að ætla að þeir muni taka fullan þátt í samningaviðræðunum í júlí.

[13:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. umhvrh. segir hér, þessar samningaviðræður sem eiga sér í raun og veru 20 ára sögu núna þegar allt er talið, eru örugglega flóknustu

alþjóðasamningaviðræður sem átt hafa sér stað. Og auðvitað er það alveg skelfilegt þegar ein öflugasta þjóðin í samstarfi þjóðanna, Bandaríkjamenn, ákveða að hoppa af skútunni með þeim hætti sem Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að gera nú. *Við hljótum öll að hryggjast og við hljótum öll að sjá að* Kyoto-bókunin er þar með í uppnámi.

Nú er alveg ljóst að hæstv. umhvrh. hefur gefið yfirlýsingar um það á Alþingi og í ræðum og riti að hún vilji að Kyoto-bókunin gangi í gildi svo fremi að sérákvæði það sem íslensk stjórnvöld hafa verið að berjast fyrir, nái fram að ganga. Það sérákvæði er ekki til fyrirmyndar, herra forseti, vegna þess að það gengur út á afslátt frá útblæstri mengandi stóriðju á Íslandi, landi sem státar af hreinustu náttúru allra iðnvæddra landa í heiminum.

Hæstv. umhvrh. hefur lýst yfir vilja sínum til þess að Ísland taki forustu í því að afskaffa jarðefnaeldsneyti, að Ísland taki forustu í því að vetnisvæða heilt samfélag. Þetta eru að sjálfsögðu yfirlýsingar sem ber að fagna og auðvitað stöndum við öll meira eða minna heils hugar að baki hæstv. umhvrh. þegar hún gefur yfirlýsingar af þessu tagi. Hitt verðum við að athuga að Íslendingar þurfa að vera sjálfum sér samkvæmir í öllum sínum yfirlýsingum hvort sem er innan lands eða á vettvangi alþjóðasamfélagsins.

Herra forseti. Það hefur skort á að Ísland tali trúverðugri röddu á vettvangi Kyoto-bókunarinnar þar sem barist er fyrir því að risaverksmiðjur sem menga meira en hægt hefur verið að ímynda sér af verksmiðjum hér á landi, þær séu undanskildar ákvæðum Kyoto-bókunarinnar.

[14:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það liggur fyrir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar styður Kyoto-bókunina, enda verði sérstaða okkar viðurkennd. Á þessu hefur ekki orðið nein breyting.

Sérstaða okkar byggist á þeirri staðreynd að hagkerfið er að langstærstum hluta rekið af orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. frá fallvötnum, heitu vatni og jarðgufu. Orka til húshitunar og rafmagnsframleiðsla er öll fengin með virkjun þessarar einstæðu auðlindar okkar Íslendinga. Miklu fjármagni hefur einnig verið varið til að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu með skógrækt og landgræðslu. Virkjun metangass úr sorphaugum við þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu er einnig staðreynd í dag. Mér finnst því augljóst að af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur hugur fylgt máli og orðum fylgja athafnir.

Það gefur hins vegar augaleið að sjálfstæð þjóð getur aldrei gefið frá sér rétt til þess að viðhalda eðlilegum hagvexti. Hagkerfi okkar er afskaplega lítið á heimsmælikvarða og losun okkar út í andrúmsloftið innan við 0,05% af heildarlosun hagkerfa heimsins. Við höfum aðeins virkjað 15% af þeirri orku sem virkjanleg er í landinu. Til marks um smæð hagkerfis okkar þýðir bygging eins álvers eins og í Straumsvík um 11–15% árlega aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. En við eigum enga losunarkvóta eftir miðað við Kyoto-bókunina þannig að ef við ætlum að nýta okkur endurnýjanlega orku landsins þurfum við að fá sérstöðu okkar viðurkennda áður en við skrifum undir Kyoto-bókunina. Þessa sérstöðu okkar hafa stórþjóðir eins og Frakkar viðurkennt eins og kom fram í ferð hæstv. forsrh. til Evrópu nýlega.

Breytingar á stefnu stjórnar Bandaríkjanna í þessum málum hafa engin áhrif á afstöðu okkar. Það verður hins vegar að skoða stöðu Bush-stjórnarinnar í ljósi ályktunar sem öldungadeild bandaríska þingsins gerði þegar Kyoto-samkomulagið var kynnt. Öldungadeildin samþykkti ályktun með 95 atkvæðum gegn engu um að fullgilda ekki bókunina frá Kyoto. Afstaða Bush getur því vart komið mjög á óvart.

[14:03]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Allt orkar tvímælis þá gert er og það á svo sannarlega við um athafnir eða öllu heldur athafnaleysi hæstv. ríkisstjórnar vegna Kyoto-bókunar. Það eru meinleg örlög þjóðarinnar að hér situr að völdum ríkisstjórn með svo sérkennileg viðhorf til umhverfisverndar eins og raun ber vitni hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Maður var farinn að gera sér vonir um að menn lærðu af mistökum en svo er ekki að sjá heldur ætlar sagan að endurtaka sig. Til að mynda ætlar enginn að læra af þeim hrakförum sem þjóðin varð fyrir vegna fiskeldis á sínum tíma þar sem tugir milljarða fóru í súginn. Nú ryðjast menn fram og ekkert nýtt í málinu nema nú óttast menn að e.t.v. verði Norður-Atlantshafslaxinn villti í hættu þess vegna.

Ég hélt kannski að menn mundu líka læra af hrakförum sem ríkisstjórnin fór vegna Eyjabakkamálsins en svo er ekki að sjá. Í viðtali á baksíðu Dagblaðsins í gær upplýsir hv. þm., sem á að vera hér í húsinu, var hér fyrir skemmstu, Einar Oddur Kristjánsson, bjargvættur þjóðarinnar á sínum tíma, nýr gullmoli Sjálfstfl. í fjárln., hann upplýsir að annar gullmoli finnist við Norðlingaöldu sem megi breyta í ódýrt rafmagn fyrir ameríska álbraskara. Ef þetta er stefna Sjálfstfl. þá uggir þann sem hér stendur að þessir tveir gullmolar muni óðar í bili breytast úr góðmálmi í mýrarrauða.

[14:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það varpaði vissulega dimmum skugga á annars ánægjulega ráðstefnu Norðurlandaráðs um sjálfbæra þróun að Bandaríkjaforseti hafði þá dagana áður sagt Bandaríkin frá Kyoto-samkomulaginu. Nánast hver einasti þingmaður sem tók til máls lýsti vonbrigðum sínum með þessa afstöðu Bandaríkjamanna og vísaði til mikillar losunar þeirra á skaðlegum lofttegundum og þess leiðtogahlutverks sem þau ættu í rauninni að gegna í baráttunni fyrir sjálfbærri þróun vegna auðæfa og yfirburðatækniþekkingar. Það varð þó einróma niðurstaða hinna norrænu þingmanna að við létum þetta ekki raska okkar áætlun heldur héldum ótrauð áfram þá braut sem ríkisstjórnir Norðurlanda höfðu markað í hinni nýju stefnu sinni um sjálfbæra þróun, enda brýn ástæða til að taka mannlega á móti hinni ógnvænlegu þróun sem m.a. er staðfest í nýrri skýrslu alþjóðlegrar sérfræðinganefndar um loftslagsbreytingar þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að losun gróðurhúsalofttegunda verði meiri á þessari öld en áður hafði verið áætlað. Þess vegna verði höfuðáherslan lögð á það á fyrstu þremur árum þessarar norrænu áætlunar að koma markmiðum Kyoto-bókunarinnar í framkvæmd.

Þessar fyrirætlanir hafa íslensk stjórnvöld undirritað. En eitthvað finnst manni þær stangast á við þær áætlanir sem sömu stjórnvöld hafa um stórkostlega uppbyggingu mengandi stóriðju á sama tíma og framkvæmd þessarar frómu áætlunar stendur sem hæst. Er kannski meiningin að norræni kvótamarkaðurinn leysi vandann fyrir okkur eða er það svo að við göngum hnarreist erlendis og undirritum með bros á vör áætlanir um fegurra mannlíf en séum svo jafnframt hér heima að bauka við gagnstæða stefnu og vonumst til að af okkur fréttist ekki til útlanda?

[14:08]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í gær kom út til sölu og dreifingar eitt af virtustu vikuritum veraldar, Time Magazine. Meginefni þess blaðs er umfjöllun um loftslagsbreytingar í veröldinni. Til þess er varið um tíu blaðsíðum og eru birtar á mjög gagnrýninn hátt niðurstöður sérfræðinga vikuritsins um ástand þessara mála í veröldinni.

Það vekur athygli, herra forseti, að af þessum tíu síðum er rúmlega ein síða um Ísland og þess vegna hlýtur það að vera nokkuð fróðlegt að sjá hvað sérfræðingar þessa virta rits segja um Ísland.

Í upphafi umfjöllunar sinnar um Ísland ávarpa sérfræðingarnir einfaldlega lesendur ritsins og segja að vilji lesendur sjá í verki ábyrga stefnu ríkisstjórnar í umhverfismálum hvað varðar notkun vistvænna orkugjafa, þá skuli menn snúa sér til Íslands. Síðan er fjallað um það í þessari grein hvernig Íslendingar hafa borið gæfu til þess að nýta með skynsamlegum hætti vistvæna orkugjafa, raforku með jarðvarma og vatnsorku. Að lokum fjalla þeir síðan um stefnu ríkisstjórnar til framtíðar, ekki síst það áform ríkisstjórnar Íslands að stefna að vetnissamfélagi hér á næstu 20–30 árum og enda með því að segja í lok þessarar umfjöllunar:

Ísland er og mun verða hvatning og fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar notkun vistvænna orkugjafa.

Herra forseti. Þetta er niðurstaða sérfræðinga á alþjóðlegri úttekt frá virtu riti og þess vegna hljóta raddir eins og hér heyrast frá sumum hv. stjórnarandstæðingum að verða heldur hjáróma. Staðreyndin er einfaldlega sú að 67% af orku okkar er byggð á vistvænum orkugjöfum. Þar að auki hefur pólitískt markmið um vetnissamfélag verið sett sem mun minnka útblástur um ein 60% hér á Íslandi. Við erum með öðrum orðum fremstir þjóða á þessu sviði og þess vegna verða sumar raddir hér heldur hjáróma.

[14:10]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er kallað til umræðu um stefnu ríkisstjórnarinnar til Kyoto-bókunarinnar. Ég vil vekja athygli á því að stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi kallar nú í þriðja skipti á þessu þingi til umræðu um þetta mál. Það er hins vegar sjálfsagt að taka enn eina umræðuna um málið en það má velta fyrir sér hvort þessi ítrekaða umræða um sama efni sé nauðsynleg eða hvort hér sé um þráhyggju eða hugmyndaskort að ræða hjá stjórnarandstöðunni að tönnlast stöðugt á sama málinu. Þetta er athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að afstaða ríkisstjórnarinnar til Kyoto-bókunarinnar er óbreytt og hún hefur verið kynnt ötullega á innlendum og erlendum vettvangi.

Vegna mikilla hagsmuna Íslands í þessu máli hefur afstaða og sérstaða Íslands vegna Kyoto-bókunarinnar margítrekað verið tekin upp í viðræðum íslenskra stjórnmálamanna og embættismanna við erlenda ráðamenn og nú síðast í ferð hæstv. forsrh. til Parísar og Brussel.

Sú mikla vinna sem lögð hefur verið í að gæta hagsmuna Íslendinga í þessum efnum hefur skilað sér í auknum skilningi á afstöðu Íslendinga til málsins. Íslendingar standa sig vel í umhverfismálum. Það hafa alþjóðlegir mælikvarðar staðfest og því sækjum við þetta mál frá sterkum málstað.

Afstaða ríkisstjórnarinnar er að stefnt er að því að Ísland verði aðili að Kyoto-bókuninni að því tilskildu að viðunandi niðurstaða fáist, hvernig framkvæma skuli íslenska ákvæðið svonefnda sem samþykkt var í Kyoto. Íslenska ákvæðið fjallar um sérstakan vanda lítilla hagkerfa þar sem smæð hagkerfisins getur leitt til þess að einstök verkefni geta aukið losun gróðurhúsalofttegunda hlutfallslega mjög mikið. Ísland leggur áherslu á að tekið verði tillit til þess þegar endurnýjanleg orka er notuð í ný verkefni og þegar losun gróðurhúsalofttegunda er metin. Það skiptir miklu fyrir íslenskt efnahagslíf og almenning í landinu að hagsmuna Íslands sé vel gætt í þessu máli. Ég vona að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sé sammála okkur um þetta.

[14:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er tilefni til að taka þessa umræðu enn einu sinni. Bandaríkjamenn hafa nýlega komið með þessa yfirlýsingu sem hér er til umræðu. Þjóðum heims er auðvitað mikill vandi á höndum. Það hafa komið fram vísbendingar frá færustu vísindamönnum og það hefur ekki heldur farið fram hjá almenningi þær miklu öfgar í veðurfari sem sanna það sem vísindamenn hafa verið að segja að það sé hlýnun á jörðinni. Því er spáð að þessi hlýnun geti orðið meiri en dæmi eru um frá síðustu þúsund árum jarðsögunnar. Þetta er trúverðugur rökstuðningur sem hefur komið fram frá hendi vísindamanna og þeir hafa líka trúverðugt sýnt fram á stórkostlegar breytingar sem munu valda þessari hlýnun.

En ekki eru allir vísindamenn sammála um að þetta sé svona og Bandaríkjastjórn skákar í því skjólinu og í þeirri afstöðu sinni hleypur hún undan merkjum í samstöðu þjóða sem hafa verið að vinna að Kyoto-bókuninni, þjóða sem taka sjálfar sig alvarlega í náttúruvernd, hafa í heiðri þá reglu að náttúran eigi að njóta vafans ef áhöld eru um áhrif athafna mannsins. Eigi þessi regla nokkurs staðar við, þá á hún við í þessu máli. Hér eru hagsmunir allra þjóða heims undir og það er óafsakanlegt ábyrgðarleysi af þeirri þjóð sem á mesta sök á þeim vanda sem hér er við að glíma, þjóð sem telur sjálfa sig fremsta þjóða, þjóð sem hefur mestu möguleikana á að hafa áhrif á að það náist að stöðva þessa háskaför að vera svo upptekin af stundarhagsmunum sínum að hún hleypur undan merkjum. Íslendingar sem eiga allt sitt undir því að náttúrugæðum verði ekki spillt verða að láta rödd sína hljóma sterkt og standa af fullum þrótti með þeim sem vilja sýna fulla ábyrgð í þessu efni. Þess vegna er nauðsynlegt að stjórnvöld lýsi því yfir að þau styðji Evrópuríkin í því að Kyoto-bókunin verði skuldbindandi fyrir haustið 2002 og þrýsti einnig á Bandaríkjastjórn að hún breyti afstöðu sinni. Íslendingar geta það.

[14:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Alveg án tillits til þess hvernig við stöndum okkur og hvort við erum fremst á sviði umhverfisverndar í heiminum þá er alveg ljóst að ríkþjóð eins og Íslendingar ber siðferðilega ábyrgð á hinum sameiginlegu örlögum heimsins og það er það sem við erum líka að ræða hérna alveg eins og hefur komið fram hjá ýmsum hv. þm. Ég segi þetta vegna þess hroka sem birtist í ræðu hv. þm. Ástu Möller áðan þar sem hún kom með heimastíl og flutti ræðu sem var úr öllu samhengi við umræðuna og ásakaði okkur um hugmyndafátækt og vera málefnasnauð af því að við leyfum okkur að taka upp þetta mál sem er í gjörbreyttri stöðu eftir afstöðubreytingu Bandaríkjaforseta eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún gaf. Þau voru að mörgu leyti ákaflega jákvæð. Það er alveg ljóst að

hún er að vinna að því eftir þeim aðferðum sem hún hefur til þess að fá Bandaríkjamenn til að skilja að þeim hafa orðið á mistök. Ég vil hins vegar beina því til hæstv. ráðherra að hún mundi beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að menn mundu grípa til frekari ráða en þeirra sem hún nefndi. Ég hvet hana til að sjá til þess að íslenski sendiherrann í Bandaríkjunum verði sendur á fund viðkomandi umhverfisyfirvalda til þess að láta í ljósi skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar á þessu máli. Ég hvet hana til þess að fá formann síns flokks til þess að kveðja á sinn fund sendiherra Bandaríkjanna til þess að gera slíkt hið sama og ég hvet hana líka til þess að senda Bandaríkjaforseta bréf fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar til þess að láta afstöðu okkar koma skýrt fram.

Herra forseti. Hér er um svo grafalvarlegt mál að ræða að við verðum að gera allt sem hægt er. Eins og hæstv. umhvrh. sagði í ræðu sem hún flutti fyrir skömmu á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um loftslagsbreytingar þá eru að koma fram upplýsingar sem benda til þess að afleiðingar losunar þessara skaðlegu lofttegunda verði mun meiri en menn gerðu áður ráð fyrir og í skýrslu sem hæstv. ráðherra hefur gefið út kemur fram að á þeirri öld sem er nýbyrjuð er líklegt að loftslag á Íslandi muni hlýna um þrjár gráður. Það gæti leitt til þess, herra forseti, að sneyðast mundi um fiskimiðin sem við byggjum afkomu okkar á.

[14:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að umhvrh. er að reyna að vinna eftir þeim leiðum sem hún telur bestar og það er að vera í beinum viðræðum við stjórnvöld í Bandaríkjunum við borðið hjá regnhlífarhópnum. Þetta eru beinar viðræður og betra gerist það ekki til að hafa áhrif.

Hér kom hins vegar fram í máli fulltrúa Vinstri grænna að íslenska ákvæðið væri ekki til fyrirmyndar og að skortur væri á trúverðugri röddu hjá okkur á alþjóðavettvangi. Þetta er alrangt. Við höfum unnið mjög vel að hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi, eigum mjög öfluga samninganefnd og ég vil sérstaklega minnast á það hér vegna þessara orða sem eru einungis til þess ætluð að slá ryki í augu fólks, að Jan Pronk — gott ef hann er ekki græningi — umhvrh. Hollands og forseti ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, hefur sagt í fjölmiðlum á Íslandi — takið eftir að hann er forseti þess þings sem tekur á málinu og getur þess vegna ekki leyft sér að segja hvað sem er. Hann þarf að gæta hagsmuna allra. Jan Pronk segir í íslenskum fjölmiðlum, með leyfi virðulegs forseta:

„Sérstaða Íslands hefur verið rædd í þaula og í Haag höfðum við næstum náð heiðursmannasamkomulagi sem leitt hefði til lausnar."

Hér segir neðar:

„Öll lönd þurfa að vera með og hvert og eitt glímir við sértæk vandamál. Þau eru mjög sérstök hér á Íslandi og það er almennur skilningur á því. Og ég er handviss um að þau megi leysa svo að Íslendingar geti einnig staðfest samkomulagið."

Hér er forseti þess þings sem fjallar um málið að lýsa því að almennur skilningur sé á sérstöðu Íslands. Okkur hefur tekist á alþjóðavettvangi að vera með trúverðuga rödd. Okkur hefur tekist að sannfæra alþjóðasamfélagið um að það sé réttmætt að menn nýti endurnýjanlega orku en ekki kol og olíu við að framleiða málma til þess að létta bíla og létta skip, sem er að sjálfsögðu umhverfinu í hag.

Árósasamningur um aðgang að upplýsingum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 654. mál. — Þskj. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 655. mál. — Þskj. 1033.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 658. mál. — Þskj. 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, frh. fyrri umr.

Stjtill., 659. mál. — Þskj. 1037.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Girðingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 636. mál (heildarlög). — Þskj. 1013.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Landgræðsluáætlun 2002–2013, frh. fyrri umr.

Stjtill., 637. mál. — Þskj. 1014.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Smitsjúkdómavarnir og eftirlit með innfluttum matvælum og aðföngum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og JB, 621. mál. — Þskj. 994.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 3. umr.

Stjfrv., 201. mál (sektarákvarðanir Félagsdóms). — Þskj. 211.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1104).

Lækningatæki, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál. — Þskj. 1094.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SvH, VE, ÞBack, ÖJ.
22 þm. (ÁMM, DO, GÁ, HjÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1105).

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 3. umr.

Stjfrv., 261. mál. — Þskj. 288.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁMM, DO, EKG, GÁ, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1106).

Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 3. umr.

Stjfrv., 265. mál. — Þskj. 1095.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁMM, DO, GÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (Þingvallaprestakall). — Þskj. 1096.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁMM, DO, GAK, GÁS, GÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Dýrasjúkdómar, 3. umr.

Stjfrv., 291. mál (sjúkdómaskrá o.fl.). — Þskj. 1097.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ÁMM, DO, GuðjG, GÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Barnalög, 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JB, JónK, KolH, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, GuðjG, GÁ, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 504. mál (veiðar umfram aflaheimildir). — Þskj. 791.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KLM, KPál, MS, ÓI, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, DO, GuðjG, GÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203, nál. 949.

[14:27]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Blaðamannafélagi Íslands, tölvunefnd, Almannavörnum ríkisins, ríkislögreglustjóra, Landssíma Íslands hf., Samtökum fjármálafyrirtækja, Póst- og fjarskiptastofnun og Landhelgisgæslu Íslands.

Með lögum nr. 107/1999 voru sett ný heildarlög um fjarskipti. Í lögum þessum voru fjölmörg nýmæli, þar á meðal ákvæði 3. mgr. 44. gr. sem hér er til umfjöllunar. Í umræddu ákvæði er kveðið á um að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita það skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan.

Fljótlega eftir að lögin voru samþykkt kom fram talsverð gagnrýni á þetta ákvæði laganna. Gagnrýnin fólst einkum í því að ákvæðið væri of strangt og án undantekninga sem gerði það að verkum að það raskaði hagsmunum bæði stjórnvalda og einkaaðila sem nýttu sér hljóðritanir í starfsemi sinni. Einkum mótmælti Blaðamannafélag Íslands þessu ákvæði harðlega. Einnig var gagnrýnt að ákvæðið gengi mun lengra en nauðsynlegt væri skv. 5. gr. tilskipunar 97/66/EB, sem ákvæðið er byggt á.

Í kjölfar þessa flutti meiri hluti samgöngunefndar á 125. þingi frumvarp til laga þar sem lagt var til að umrætt ákvæði yrði fellt niður. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Nefndin hefur rætt fyrirliggjandi frumvarp ítarlega. Meiri hlutinn telur — og þegar ég segi meiri hluti þá vil ég geta þess að nefndarálitið er samþykkt með fyrirvara tveggja nefndarmanna, en að öðru leyti er ekki um meiri og minni hluta að ræða. En þar er talið að þær undantekningar sem lagðar eru til frá meginreglu 3. mgr. 44. gr. séu nægjanlegar og við teljum í því sambandi ástæðu til að vekja sérstaka

athygli á túlkun samgönguráðherra á 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, en í greininni segir að aðili þurfi ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina. Um þetta sagði hæstv. samgönguráðherra í framsöguræðu sinni, með leyfi forseta:

„Hér skiptir öllu máli að viðkomandi hafi fengið eða getað fengið vitneskju um upptökuna. Ljóst er að með þessu ákvæði er fjallað um alla aðra en stjórnvöld, þar á meðal einstaklinga, félög og fjármálastofnanir sem ekki þurfa að tilkynna sérstaklega um hljóðritun samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hana. Sem dæmi má nefna ákvæði í viðskiptasamningi, almenn ummæli eða tilkynningar í eitt skipti fyrir öll. Fórnarlamb persónuofsókna á samkvæmt því að geta hljóðritað símtöl eftir einfalda tilkynningu."

Meiri hluti samgöngunefndar tekur undir framangreinda túlkun samgönguráðherra. Meiri hlutinn lítur svo á að samkvæmt þessu geti t.d. fjölmiðill með almennri tilkynningu fullnægt tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 44. gr. laganna þannig að þeir sem starfa hjá honum séu þar með undanþegnir tilkynningarskyldunni í skjóli þessa ákvæðis. Með sama hætti lítur meiri hlutinn svo á að það nægi fórnarlambi persónuofsókna að tilkynna ofsækjanda það í eitt skipti fyrir öll að samtöl þeirra verði tekin upp.

Í 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins eru opinberar stofnanir undanþegnar tilkynningarskyldu þegar hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis.

Meiri hlutinn telur, með hliðsjón af framansögðu, að þær undantekningar sem tilgreindar eru í frumvarpinu séu nægjanlegar og tryggi hagsmuni þeirra sem helst nýta hljóðritanir í starfi sínu, sem og neyðarhagsmuni einstaklinga. Meiri hlutinn telur þannig að tillögur frumvarpsins séu til þess fallnar að sætta andstæð sjónarmið í málinu.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn samgn. en hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Kristján L. Möller skrifa undir með fyrirvara.

[14:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um breytingar á fjarskiptalögum en eins og fram kom í máli hv. framsögumanns, formanns samgn., Árna Johnsens, voru gerðar breytingar á þessum lögum undir lok ársins 1999.

Í 11. kafla þessara laga er fjallað um leynd og vernd fjarskipta. Það er gert í tveimur greinum. Í síðari greininni, hinni 44., er tekið á vernd fjarskiptasendinga sérstaklega á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína."

Eins og réttilega kom fram í máli hv. þm. Árna Johnsens var gerð athugasemd við þetta síðasta ákvæði lagagreinarinnar, ekki síst af hálfu Blaðamannafélags Íslands. Í ljósi þeirrar gagnrýni, m.a. frá Blaðamannafélaginu, var ákveðið að taka þetta mál upp að nýju og erum við nú að fjalla um þær breytingar.

Reyndar komu fram önnur frv. með brtt. á sínum tíma, bæði frá þremur þingmönnum Samfylkingarinnar, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, Kristjáni L. Möller og Þórunni Sveinbjarnardóttur, og hins vegar frá þeim sem hér stendur. Ég lagði til í frv. til laga að síðasta ákvæði 44. gr. laganna yrði hreinlega fellt niður, þar sem kveðið er á um að aðili að símtali sem vilji hljóðrita símtalið skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína. Ég er á því að mönnum beri að sýna slíka kurteisi en tel hins vegar margt mæla gegn því að slíkt sé fest í lög.

Stjórnarmeirihlutinn og meiri hluti samgn. taldi að gera þyrfti breytingar á viðkomandi lagagrein og eru brtt. sem nefndin leggur til eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

Þrátt fyrir 3. mgr. er opinberum stofnunum heimilt að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis. Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.

Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt grein þessari skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga."

Í nál., það kom m.a. fram í máli formanns samgn., hv. þm. Árna Johnsens, er þetta m.a. skýrt með tilvísun í ummæli hæstv. samgrh. þegar hann talaði fyrir þessu frv. á sínum tíma. Þá sagði hæstv. ráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Hér skiptir öllu máli að viðkomandi hafi fengið eða getað fengið vitneskju um upptökuna. Ljóst er að með þessu ákvæði er fjallað um alla aðra en stjórnvöld, þar á meðal einstaklinga, félög og fjármálastofnanir sem ekki þurfa að tilkynna sérstaklega um hljóðritun samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hana. Sem dæmi má nefna ákvæði í viðskiptasamningi, almenn ummæli eða tilkynningar í eitt skipti fyrir öll. Fórnarlamb persónuofsókna á samkvæmt því að geta hljóðritað samtöl við brotamann eftir einfalda tilkynningu."

Þetta jaðrar við að vera skondið en er náttúrlega alvarlegt mál, við erum að fjalla um löggjöf á Alþingi. Hér segir hæstv. ráðherra að fórnarlambi persónuofsókna sé heimilt að taka samtal upp í síma eftir einfalda tilkynningu í eitt skipti fyrir öll. Það þarf sem sagt að tilkynna ofsækjandanum að það standi til að taka hótunina upp á segulband áður en það er heimilt.

Reyndar verður það enn þá undarlegra þegar hæstv. samgrh. og yfirvöld reyna að réttlæta þessa afstöðu. Það hafa þau reynt að gera, m.a. í fréttatilkynningu frá samgrn. um þetta efni 5. jan. árið 2000. Þar er vikið að því að réttur símnotenda til að hljórita símtöl sín skilyrðislaust og hafa forræði yfir þeirri hljóðritun hafi verið skertur í þeim yfirlýsta tilgangi að vernda persónuleg samskipti sem viðkomandi vilji ekki að fari til frekari úrvinnslu eða birtingar í fjölmiðlum. Þetta sagði í fréttatilkynningu frá samgrn. á sínum tíma.

Í þessari fréttatilkynningu segir, með skírskotun til hljóðritunar á símaónæði, að þrátt fyrir að það farist fyrir að

tilkynna um hljóðupptökuna skerðist sönnunargildi slíkrar upptöku ekki í einkamáli eða við lögreglurannsókn frá því sem nú er. Ráðuneytið gerir með öðrum orðum ráð fyrir því að dómstóll byggi á sönnunargagni sem aflað er með ólögmætum hætti. Gefur þá auga leið að refsing liggur við slíku broti á fjarskiptalögum hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. 2. mgr. 57. gr. fjarskiptalaganna. Í 57. gr. laganna er fjallað um viðurlög. Þar segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð."

Og í 3. mgr. segir:

„Brot gegn XI. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr." — Og síðan er fjallað nánar um það.

Með öðrum orðum segir ráðuneytið að sönnunargagnið muni koma að notum enda þótt þess hafi verið ólöglega aflað og við erum að samþykkja lög sem gera ráð fyrir slíku. Slíkt finnst mér vera lögleysa. Við eigum ekki að samþykkja lög nema þau sem við ætlum að borgarinn fari eftir, þ.e. lög sem ætla má að menn vilji og ætli sér að halda. Að auki er í sama lagabálki gert ráð fyrir refsingum séu þessi lög brotin.

Hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir að fjölmiðill sem lætur hringja í landsmenn getur með yfirlýsingu í eitt skipti fyrir öll látið þau boð út ganga, þannig að öllum megi ljóst vera, að þeirri vinnureglu sé fylgt að hljóðrita samtöl. Samkvæmt þessari yfirlýsingu sem hér var vitnað til frá hæstv. samgrh. þá á það að halda. Fréttamaðurinn má tala við borgarann og taka samtalið upp á segulband hafi einhverju sinni verið gefin út slík yfirlýsing. En má ég, borgarinn, taka upp samtal við fréttamanninn? Nei, það er lögbrot samkvæmt frv. sem hér er til umræðu. Og það er ekki aðeins lögbrot, það er refsivert athæfi. Í þessum sama lagabálki er vísað til refsinga sem menn skuli sæta hlíti þeir ekki þeim lögum sem hér eru til umfjöllunar. Með öðrum orðum: Fréttamaðurinn á að hafa aðra og traustari réttarstöðu en hinn almenni borgari.

Vilja fréttamenn láta mismuna með þessum hætti? Nei, fréttamenn vilja það ekki. Blaðamannafélag Íslands hefur afdráttarlaust tekið afstöðu gegn þessum lagabreytingum. Blaðamenn hafa ekki kosið að njóta forréttinda á þessu sviði heldur hefur félag þeirra einmitt gagnrýnt að gert sé ráð fyrir að þeir og aðrir, þ.e. stjórnvöld og bankar, fái heimildir í þessu efni umfram viðskiptavini sína.

Auk þessa má benda á að starfsheiti blaðamanns er ekki lögverndað. Ákvæði stjórnarskrár um prent- og málfrelsi heimila hverjum sem er að stunda blaðamennsku. Af þeirri ástæðu er því ógerlegt að skilja þá stétt frá almenningi. Óneitanlega kemur það undarlega fyrir sjónir að fréttamönnum, stjórnvöldum og fjármálastofnunum sé veittur réttur sem viðmælendur þessara aðila hafa ekki. Viðmælandi fréttamanns ætti að hafa sama rétt til að hljóðrita samtal þeirra og sama máli ætti að gegna um viðmælendur fjármálastofnana og stjórnvalda. Það er ekki samkvæmt þessu frv.

Fyrrnefnt frv., sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og tveir aðrir þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram hér á sínum tíma, var ætlað að taka á þessu máli. Ég tel hins vegar að einfaldasta leiðin sé að nema þetta ákvæði greinarinnar algerlega á brott. Að mínum dómi skiptir það meginmáli hvernig farið er með þessar upplýsingar. Ég lít svo á að gera þurfi mjög skýran greinarmun á hljóðritun annars vegar og notkun hennar eða úrvinnslu hins vegar.

Hljóðritun eigin símtals á í sjálfu sér ekki að vera saknæm heldur hugsanleg ótilhlýðileg birting upptökunnar því að sá sem tekur upp slíkt samtal aflar sér ekki vitneskju um neitt sem hann má ekki heyra eða vita, það er samtal sem viðkomandi á. Hann þarf þó ekki að leggja allt á minnið og hefur ef þörf krefur í höndunum ótvíræða sönnun um hvað honum og viðmælanda hans fór á milli. Starfsfólk kauphalla og blaðamenn kunna að þurfa á því að halda í ákveðnum tilvikum. Þetta er vinnugagn sem fréttamenn og blaðamenn nota.

Um fjölföldun eða dreifingu hljóðritunar, sem telst eðlilegt að leynt fari, má á hinn bóginn beita ákvæðum hegningarlaga eða eftir atvikum siðareglum blaðamanna og sama á að sjálfsögðu við um ólögmæta hlerun.

Væri löglegt að hringja í einstakling og útvarpa samtali við hann á öldum ljósvakans án vitneskju hans? Já, það væri löglegt. Það væri ekki mjög siðlegt en það væri löglegt. Það er hins vegar ólöglegt samkvæmt þessu frv. að taka samtalið upp á segulband og útvarpa því svo.

Erum við ekki komin í einhverjar ógöngur hér? Ég held það. Enda bera þessar lagabreytingar sem hér er talað fyrir þess vott að menn séu að kljást við nokkurn vanda sem ég held að allir viðurkenni.

En hvernig stendur á því að svo mikið kapp er lagt á að koma þessum breytingum í gegn? Hvaða skýringar eru helstar á því að Alþingi eða meiri hluti Alþingis telur sérstaklega brýnt að taka á breytingum á íslenskum lögunum? Ætli það séu ekki tilskipanir frá Evrópu? Ég hugsa það. Og það á við í þessu tilviki hér. En þá ríður líka á að menn skilji þessar tilskipanir rétt en misskilji þær ekki eins og gert er í þessu tilviki.

Af hálfu samgrn. kom fram skýring á umræddu ákvæði 3. mgr. 44. gr. nýju fjarskiptalaganna þar sem segir að lesa megi það grundvallarviðhorf að vinnsla á persónuupplýsingum eigi ekki að fara fram án vitundar manna úr tilskipunum frá Evrópusambandinu, nánar tiltekið úr persónuverndartilskipun 95/46/EB og tilskipun 97/66/EB, um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum. Skýring samgrn. byggist á misskilningi á hinum erlendu réttarheimildum. Hvorki verður séð í þessum tilskipunum að lögð sé skylda á ríkið til að taka upp í lög sín ákvæði um hefta heimild manna til að hljóðrita símtöl sem þeir taka sjálfir þátt í né er af þeim ráðið að þar komi eitthvert grundvallarviðhorf fram sem styður ákvæði íslensku laganna. Þar er hins vegar fjallað um bann við hlerun símtala. Það er fjallað um bann við því að hlera símtöl.

Í 5. gr. tilskipunar 97/66/EB segir m.a., með leyfi forseta, og ég ætla að lesa örfáar setningar hér á ensku:

„1. Member States shall ensure via national regulations the confidentiality of communications by means of a public telecommunications network and publicly (Forseti hringir.) available telecommunications services."

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á að ætlast er til að hv. þingmenn tali á íslensku hér og þýði þá erlent mál ef þeir þurfa að vísa í það.)

Ég skal gera það. Ef ég má, með leyfi forseta, ljúka tveimur setningum og þýða síðan það sem ég er að koma að:

„In particular, they shall prohibit listening, taping, storage or other kinds of interception or surveillance of communications, by others than users, without the consent of the users concerned, ..."

„By others than users ...“ Hér er verið að banna hlerun á símtölum af hálfu annarra en þeirra sem í hlut eiga. Og ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég las þetta upp á ensku var einfaldlega vegna þess að ég vildi hafa þetta mjög nákvæmt. En það sem ég er að leiða rök að er að þessar tilskipanir Evrópusambandsins, sem menn segja að þessar lagabreytingar byggi á, vísa til hlerana af hálfu annarra en þeirra sem í hlut eiga. Um það fjalla þessar tilskipanir Evrópusambandsins. Það er verið að tala um allt annan hlut en þann sem þessi lagagrein byggir á.

Hver er þá afstaða mín til þessa máls? Og ætla ég ekki að hafa mál mitt miklu lengra. Hún er sú að það beri að einfaldlega fella úr gildi 3. mgr. 44. gr. laganna. Að hún falli úr gildi í stað þess að vera að prjóna við hana eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram m.a. í áskorun stjórnar Blaðamannafélags Íslands frá 7. jan. sl. í þessa veru, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Blaðamenn nota hljóðupptökur aðallega til að geta haft rétt eftir viðmælendum sínum og hafa að reglu að tilkynna þeim fyrir fram ef ætlunin er að útvarpa viðtalinu. En það getur líka reynst fyllilega réttmætt að birta í fjölmiðlum leynilega hljóðritun símtals. Til dæmis kann lögregla að vilja útvarpa nafnlausri sprengjuhótun í þeirri von að fá ábendingar um hinn seka, og blaðamenn kunna að nýta leynilega hljóðritun símtals til að svipta hulunni af spillingu, svikum og glæpum og um það eru mýmörg dæmi bæði af innlendum og erlendum vettvangi. Nýju fjarskiptalögin taka fyrir þetta. Þau draga úr möguleikum blaðamanna til að rækja eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt en greiða fyrir hinum sem hyggja flátt og hafa eitthvað að fela.“

Þetta var tilvitnun í yfirlýsingu frá Blaðamannafélagi Íslands.

Ég vil að það komi mjög skýrt fram í máli mínu að mér finnst það eigi að vera meginregla að sjálfsögðu að fólki sé gerð grein fyrir því þegar samtöl eru tekin upp á segulband. Mér finnst það eigi að vera meginregla og mér finnst það grundvallaratriði í almennum samskiptum fréttamanna og almennra borgara, okkar hinna, að samtölum sé ekki útvarpað sem við okkur eru tekin án vitneskju okkar og án heimildar. Mér finnst að það eigi að vera samskiptaregla sem beri að virða.

Hins vegar finnst mér rangt að setja þetta í landslög og ég er sammála Blaðamannafélaginu að því leyti að hér eigi að byggja á siðareglum blaðamanna auk þess sem við höfum að sjálfsögðu hegningarlög og önnur lög til að styðjast við ef farið er með samtöl á þann hátt sem er beinlínis saknæmur. En mér finnst skipta miklu máli að þessi samskipti byggi á almennum siðareglum, fyrir utan það að ég á óskaplega erfitt með að sjá hvernig hægt er að framfylgja þessum lögum og ég hef reynt að færa nokkur rök fyrir því hér í máli mínu.

[14:54]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 313. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1102.

[14:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um fjarskipti sem var afgreitt úr samgn. til 2. umr. Ég vil taka fram að ég, sem sit ég samgn., var ekki meðflutningsmaður að því áliti sem hér er lagt fram og skilaði heldur ekki séráliti. Rökin fyrir því eru forsaga málsins sem ég ætla aðeins að víkja að og einnig þau að fyrir lá tillaga frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni um breytingu á þessu lagafrv. sem hérna var lagt fram, og var gert ráð fyrir að yrði þá endurflutt við 2. eða 3. umr. ef sú tillaga sem upprunalega var flutt af samgrh. yrði niðurstaða nefndarinnar eða önnur álíka.

Herra forseti. Forsagan er sú að 1999 voru samþykkt lög um fjarskipti þar sem fjallað var m.a. um vernd fjarskiptasendinga. Þessi lög voru að mörgu leyti þýðing eða endurvörpun á ýmsum ákvæðum evrópskra samþykkta eða evrópskra tilmæla sem talið var að Ísland með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu yrði að taka upp og hlíta og setja í sín lög.

Ljóst var við þá vinnu sem þar var unnin við frv. eins og það var lagt fram 1999 og samþykkt síðan sem lög, að sú vinna sem var að baki frv. var hvergi nægilega mikil eða góð miðað við umfang þess og miðað við öll þau atriði sem það lagafrv. tók til, eins og hefur síðan komið á daginn. Strax við samþykkt frv. var mönnum ljóst að þarna bar hugsanlega á milli annars vegar þess sem stóð í því lagafrv. sem lagt var síðan fram og samþykkt og hins vegar það sem ætla mátti eða meint að væri verið að þýða úr erlendu máli á íslensku, og að þarna mundu hafa orðið á mistök við þá vinnu.

Það leiddi síðan til þess að síðla vetrar árið 2000 var í samgn. unnið að brtt. á þessum lögum sem átti m.a. að taka til þessara mistaka sem höfðu orðið við þá lagasmíð. Þau mistök sem þarna voru sérstaklega rædd voru einmitt það ákvæði í 44. gr. laganna sem laut að hljóðritun símtala.

Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur hér gert grein fyrir hljóðar sú tillaga eða sú grein, eins og hún var samþykkt 1999, þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.“

Í umfjöllun í nefndinni þá var talið og var nefndarmönnum skýrt svo frá að þarna væri verið að þýða beint orð og tilskipanir frá Evrópusambandinu sem við yrðum síðan að fella inn í lög og það var þá tekið gott og gilt. En síðan var upplýst að sú tilskipun átti miklu frekar við og reyndar beint við hlerun, þ.e. að þriðji aðili, aðili sem ekki átti beina aðild að tveggja manna tali hefði ekki leyfi til þess að taka það símtal upp sem hann átti ekki aðild að. Þar var sem sagt verið að leggja áherslu á að hlerun væri bönnuð og hlerun er allt annað en hljóðritun símtala sem viðkomandi á sjálfur aðild að. Þannig að það eitt sér, þessi mistúlkun og misskilningur og þessi vangá réttlætti það að þetta mál væri tekið upp, enda var í fyrravetur unnin tillaga í samgn. um að þessi grein yrði felld niður.

Þannig lá tillagan tilbúin til flutnings af hálfu nefndarinnar. Ég lýsti því þá yfir að ég væri sammála því sjónarmiði sem þar kæmi fram þó að ýmsu væri ábótavant við lagabálkinn í heild og ég gæti ekki stutt hann sem slíkan. Ég var hins vegar sammála því sem nefndin vildi þá leggja til, þ.e. að 3. mgr. yrði felld burt. Málið var ekki afgreitt á vorþingi á árinu 2000 en var aftur tekið upp nú í haust, þá með breyttri framsetningu, þ.e. þeirri sem við nú stöndum frammi fyrir. Ég tel að samgn. hafi þar tekið óskynsamlegri kost í tillöguflutningi sínum.

Það er ekki aðeins, herra forseti, að þarna sé á ferðinni misskilningur sem orðið hefur til við yfirfærslu á tilskipunni. Það er allt annað að taka á hlerun en að taka á upptöku á tveggja manna tali. Mér finnst sú breyting sem hér er lögð til af meiri hlutanum, að ákveðnum aðilum sé heimilt að taka upp símtöl án þess að tilkynna það sérstaklega ef ætla má

að viðkomandi sé kunnugt um að samtölin séu tekin upp, afskaplega veik og opin. Hvernig á sá sem talar við annan í síma að láta sér detta í hug eða vita út frá einhverjum almennum forsendum að símtalið sé tekið upp.

Látið var að því liggja að senda mætti auglýsingu í dagblöð, útvarp o.s.frv. um að viðkomandi félag eða viðkomandi fyrirtæki hefði það sem almenna reglu að hljóðrita símtöl. Það er í sjálfu sér ekki örugg leið til þess að slíkt komist til allra sem hlut eiga að máli. Hvernig á maður að vita slíkt ef það eru kannski 10, 20, 30, 100, 200, 1000 eða 100.000 aðilar sem hafa auglýst að þeir taki almennt upp viðtöl og þurfi síðan ekki að tilkynna það sérstaklega? Það er engin sérstök takmörkun á svona opinni heimild. Það getur enginn takmarkað það að ég auglýsi í Dagblaðinu eða Fréttablaðinu nýja, sem er reyndar ekki borið á öll heimili, að ég taki upp símtöl og þar með eigi allir að vita það.

Sú tilhögun sem hér er lögð til, að heimilt sé að taka upp tveggja manna tal án þess að láta vita af því sérstaklega ef ætla má að viðkomandi viti það, búist við því eða gangi út frá því að samtalið sé hljóðritað, finnst mér fáránleg. Mér finnst það fáránlegt að setja í lög svo opin geðþóttaákvæði. Þetta er dæmi, herra forseti, um hvernig Alþingi á ekki að vinna að lagasetningu. Ég verð bara að segja það hreint út. Það á ekki að færa í lög svona geðþóttaákvörðunaratriði sem hverjum og einum er síðan ætlað að skilja og túlka.

Ég tel, herra forseti, að þarna séu menn á villigötum við að yfirfæra tilskipun sem talið er að við þurfum að uppfylla, um að banna hleranir. Að fella undir það hljóðritun símtala milli tveggja aðila finnst mér algerlega rangt. Hér á að setja í lög ákvæði sem vart nokkur leið er að framfylgja. Það er mjög erfitt að ætla að fylgja því eftir að menn taki ekki upp tveggja manna tal og útilokað að fylgja því eftir.

Með svona lagasetningu finnst mér hreinlega verið að storka almennri skynsemi og almennri siðferðisvitund fólks. Menn taka auðvitað ekki upp símtöl nema í hagsmunaskyni. Við erum ekki að gera það bara til að safna símtölum. Það er ekkert sem getur hindrað viðkomandi í að taka upp þau símtöl sem hann vill án þess að tilkynna það. Það er ekki þannig að símtalið hætti um leið og hann fer að taka upp. Svona lagasetning er þess vegna hálfgerð vanvirða við almenna siðferðiskennd fólks, siðferðisvitund sem ætti fremur að ala upp í fólki en að setja lög sem eru meira eða minna út í bláinn.

Við höfum lög um persónuvernd. Við höfum önnur lög sem taka á vernd einkalífs, vernd fjölskyldu og heimilislífs. Það eru til lagaákvæði sem eiga að taka almennt á því. Þau ákvæði sem ég geri að umræðuefni hér hafa hins vegar það yfirbragð að við séum að koma á lögregluríki þar sem nánast allir, ef að er gáð, framkvæma ólöglega gjörninga. Það finnst mér vera spor aftur á bak.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta. Ég vil bara endurtaka að hér er verið að klóra yfir ákveðinn misskilning, ákveðin mistök við lagasetningu árið 1999. Samgn. var komin á miklu betra spor á liðnum vetri. Hún hafði þá tilbúna tillögu um að þetta ákvæði yrði gjörsamlega fellt burt, þ.e. um að sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skuli í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlan sína. Mér fannst skynsamlegt að fella það niður. Það sem hér er lagt til, að bannað sé að taka upp símtöl án þess að tilkynna það fyrir fram viðmælanda sínum en ákveðinn hópur geti tekið símtal upp án þess að tilkynna það ef ætla má að viðkomandi geti gengið út frá því að það sé tekið upp, finnst mér fyrir neðan allar hellur, þ.e. svona lagasetning. Ég ítreka það að ég styð áfram það sjónarmið að þessi málsgrein 44. gr. laganna verði felld burt.

[15:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Segja má að málið sem við ræðum hér, frv. til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, hafi kallað fram óvenju mörg mál um sama efni undanfarin missiri.

Að því er varðar 3. mgr. 44. gr. laganna er ljóst að þegar frv. til heildarlaga um fjarskipti var samþykkt á sínum tíma þá gekk Alþingi of langt, lagði of mikil höft á hvað mætti hljóðrita og hvað ekki. Síðan hefur verið deilt um það í þingsal og víðar hve langt eigi að ganga til baka og hversu vandlega eigi að skilgreina hvað megi taka upp og hvað ekki.

Hér í þinginu hafa verið haldnar langar og miklar ræður um þetta mál og menn hafa gert grein fyrir viðhorfum sínum eins og komið hefur fram. Ég lagði til, ásamt hv. þm. Kristjáni L. Möller og hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, að við þessum mistökum Alþingis yrði brugðist með ákveðnum hætti, þ.e. að meginreglan yrði skýr, að bannað yrði að taka upp samtöl en undantekningarnar væru líka skýrar eins og tilgreint er á þskj. 161, 159. máli þingsins.

Ég skrifaði undir álit meiri hluta samgn. með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að því að þrátt fyrir að frv. ríkisstjórnarinnar sé heldur til bóta þá er alveg ljóst að það er langt frá því að vera nægjanlega gott. Sem dæmi má nefna að í 1. mgr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Þessi setning vakti talsverða umræðu í hv. samgn. þar sem velt var upp spurningunni um hvenær menn vissu ótvírætt eða gerðu sér grein fyrir því að samtal væri tekið upp. Það komu engar viðhlítandi eða skynsamlegar skýringar fram um það. Því má ljóst vera að hver sem tekur það upp hjá sjálfum sér að auglýsa það að hann taki upp flest samtöl, hvort heldur það eru einstaklingar eða félög, hafi þá tryggt sér að hann geti tekið upp samtöl sín. Þá spyr maður: Hvað er þá orðið um meginregluna, að ekki megi taka upp samtöl? Það er í sjálfu sér kjarni þessarar umræðu.

Hér er ætlunin að lögfesta ákvæði sem þrátt fyrir vankanta sína er heldur til bóta frá því sem nú og þrátt fyrir að vera langt frá því að standa undir þeim kröfum sem við eigum að gera til lagasetningar á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir fyrirvara mínum við álit meiri hluta samgn. Af minni hálfu er þessari umræðu lokið.

[15:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en ég furða mig svolítið á því að hv. framsögumaður málsins, hv. þm. Árni Johnsen, hafi horfið úr þingsal nánast um leið og hann hafði lokið máli sínu. Ég spyr hvort hann sé í húsinu til að svara einni spurningu eða tveimur sem ég vil bera fram.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. tilkynnti forseta, líklega fyrir um 15 mínútum, að hann þyrfti að víkja úr húsi.) (**Gripið fram í:** Á þá að fresta umræðunni?)

Er þá ekki rétt að fresta þessari umræðu? Við erum að tala um stjfrv. sem lagt hefur verið fram og ég óska eftir upplýsingum annaðhvort frá hæstv. samgrh. eða formanni samgn. sem talaði fyrir þessu máli. Mér finnst óeðlilegt að

þessari umræðu verði fram haldið án þess að þeir geri grein fyrir máli sínu og svari spurningum sem fram eru settar við umræðuna. Annars er marklaust að vera að tjá sig um þetta mál.

Ég leyfi mér því að beina þeirri ósk til hæstv. forseta þingsins að þessu máli verði frestað þar til annaðhvort hæstv. samgrh. eða hv. formaður samgn., sem hafði framsögu um málið, koma í þingsal og svara þeim spurningum sem settar hafa verið fram við umræðuna. Ég leyfi mér að ítreka þá spurningu til hæstv. forseta þingsins.

(**Forseti** (GuðjG): Henni verður svarað.)

Vildi hæstv. forseti svara áður en ég geri hlé á máli mínu vegna þess að ég er að koma hér upp öðru sinni í umræðu um þetta mál. Ef þessari beiðni minni verður hafnað þá mun ég halda áfram ræðu minni um málið, ella geri ég hlé á máli mínu. Ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. forseta að hann geri þinginu grein fyrir því hvernig hann hyggst taka á þessari beiðni minni.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti verður að sjálfsögðu við þeirri ósk að fresta umræðunni og lætur bera hæstv. samgrh. og formanni samgn. þau boð að óskað sé eftir þeim til umræðunnar. Umræðan verður þá tekin upp síðar á þessum fundi.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að verða við þessari beiðni og geri þar með hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376, nál. 957 og 1102.

[15:16]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Með frv. er lagt til að refsimörk 1. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga verði hækkuð úr allt að 10 árum í allt að 12 ár. Þá er lagt til að refsimörk 2. mgr. 264. gr. sömu laga verði til samræmis hækkuð úr allt að 10 árum í allt að 12 ár.

Í ljósi þess að dómstólar hafa á síðustu árum nýtt refsimörk 173. gr. a nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að refsimörkin verði hækkuð og dómstólum þannig veitt frekara svigrúm til að ákveða þyngri refsingu ef til alvarlegri brota kemur. Jafnframt telur meiri hlutinn eðlilegt að refsimörk vegna peningaþvættis verði hækkuð til samræmis við hækkun refsimarka vegna fíkniefnabrota. Meiri hlutinn mælir því með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit skrifa Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz og Ólafur Örn Haraldsson.

[15:17]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki langt og mikið mál sem hv. formaður allshn. hafði um þá ætlun meiri hlutans á hinu háa Alþingi að hækka refsimörk úr 10 árum í 12 ár að því er varðar fíkniefnabrot. Ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur stend að minnihlutaáliti um þetta mál og ætla ég að gera grein fyrir því ásamt því að fjalla almennt um þá fyrirætlun að hækka þessi refsimörk.

Í frv. er lagt til að refsimörk vegna fíkniefnabrota verði hækkuð úr 10 árum í 12 ár. Í greinargerð með frv. kemur fram að engin skoðun hefur farið fram á því hvaða áhrif þyngri refsingar kunni að hafa eða hvaða varnaðaráhrif auknar refsingar kunna að hafa. Minni hlutinn gerir athugasemdir við það að þessi málaflokkur sé tekinn út að því er virðist með tilviljanakenndum hætti og refsimörk hækkuð. Að baki þessari ákvörðun býr ekki annað en tilfinning fyrir því að dómar í fíkniefnamálum kunni að vera að þróast þannig að 10 ára refsiramminn sé ekki nægilegur. Það hefur komið fram að lögreglan hefur lagt hald á meira magn fíkniefna undanfarið en nokkru sinni fyrr. Það bendir sterklega til þess að innflutningur sé meiri en verið hefur. Af því má ráða að hertar refsingar og þyngri dómar hafi ekki haft þau áhrif sem að var stefnt. Það ber að mati minni hlutans ekki vott um vandaða löggjafarstarfsemi að einn brotaflokkur skuli tekinn út með þessum hætti án þess að baki því liggi rannsóknir eða rök sem hald er í.

Virðulegi forseti. Almennt hafa menn fjallað um og lengi deilt um varnaðaráhrif refsinga, hvort skýrt samhengi sé milli hárra refsinga og þess að brot séu síður framin. Þetta hefur verið deiluefni um áratuga skeið, jafnvel um aldir. Það er því ekki einfalt að taka um það ákvörðun að hækka refsimörk og byggja það á þeirri forsendu að líklega séu dómstólar komnir upp undir hæstu leyfilegu mörk í tilteknum málum.

Það er ekki sjálfgefið að þessi viðbrögð séu til þess fallin að draga úr brotum. Það er langur vegur þar í frá. Það er mjög fróðlegt að lesa til að mynda umsagnir dómstólaráðs sem satt best að segja leggst mjög ákveðið gegn þessari breytingu. Dómstólaráð segir m.a. í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Afbrotafræðingar hafa t.d. bent á að þyngri refsingar geti allt eins leitt til harðari og skipulagðari brotastarfsemi, brotamenn svífist einskis til þess að forðast að upp um þá komist eða til að komast hjá handtöku, brotamenn vopnist, vitnum kann að vera ógnað og lögreglu veitt viðnám við handtöku. Refsiharka þarf þannig ekki endilega að hafa í för með sér betra þjóðfélag.“

Hér er sagt, virðulegi forseti, að þegar ákvörðun er tekin um að berjast gegn brotum með þessum hætti þá þurfi að liggja ákveðnar rannsóknir eða kannanir á bak við þá ákvörðun. Það er fráleitt að gera þetta með tilviljanakenndum hætti eins og hér er gert. Það hvarflar að manni, virðulegi forseti, að hér sé verið að slá einhverjar keilur í pólitískum tilgangi.

Það er ekki langt síðan hæstv. dómsmrh., sem því miður virðist ekki geta verið nálæg við þessa umræðu þrátt fyrir að ég hafi óskað eftir því fyrr í dag, svaraði fyrirspurn frá mér um hvernig reynslulausn fanga væri háttað. Þar kemur fram að einungis um 40% þeirra sitji af sér alla þá refsingu sem þeir eru dæmdir til. Meðal annars af þeim sökum eru settar fram þessar röksemdir, að einstakir dómarar séu farnir að rekast upp í hámarkið sem er 10 ár, og því haldið fram að nauðsynlegt sé að hækka þessi refsimörk.

Dómstóláráð bendir á að eftir því sem refsingar verði þyngri þeim mun meiri líkur séu á því að samfélagið verði harðskeyttara, þ.e. þynging refsinga skili ekki öðru en meiri hörku í samfélaginu. Þessu hafa menn einmitt haldið fram, að undanfarin 3–4 ár hafi þessi heimur harðnað til mikilla muna. Það er meiri áhætta að flytja þetta inn, meiri hagsmunir í húfi og menn eru tilbúnir að grípa til harðari aðgerða. Það er því mjög alvarlegt mál þegar menn taka það upp hjá sjálfum sér án rökstuðnings að hækka refsirammann úr 10 árum í 12. Þetta er ekki eitthvað sem mönnum dettur í hug þegar þeir eru að drekka kaffi eða eitthvað þess háttar. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Rökstuðningurinn sem settur er fram fyrir þessu er enginn. Hann heldur engu. Það er ekki aðeins dómstóláráð sem bendir á verulega galla í þessu samhengi. Lögmannafélagið gerir líka athugasemdir og segir m.a. í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á að ekki virðist í þessum málaflokki hafa farið fram heildstæð athugun á fælingaráhrifum refsinga. Ekki er útilokað að slík athugun leiddi í ljós að aukinn fælingarmáttur refsinga fælist í lögfestingu refsilágmarks fremur en hækkun refsiramma, en sú leið hefur verið valin í Svíþjóð. Bent er á að hækkun refsiramma bindur ekki dómstóla og ekki er sjálfgefið að af henni leiði herðing refsinga. Öðru gegnir hins vegar um lögleiðingu refsilágmarks sé það vilji löggjafans að herða í raun refsingar í þessum brotaflokki."

Við þurfum líka að velta því fyrir okkur, virðulegi forseti, hvaða skilaboð löggjafarsamkoman sendir dómstólum þegar hún tekur um það ákvörðun að hækka refsingar úr 10 í 12 ár. Hvaða skilaboð er verið að senda? Er verið að senda þau skilaboð að það beri að þyngja refsingar eða er þetta einungis sett fram til þess að slá um sig í hinni daglegu umræðu. Þetta eru spurningar sem mér finnst engin ofrausn að fulltrúar meiri hlutans á hinu háa Alþingi svari og geri grein fyrir því hvert þeir vilja fara með þessu öllu saman. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Hæstv. ráðherra gat þrátt fyrir beiðni mína ekki verið við umræðuna í dag en ég vænti þess að hún verði viðstödd 3. umr.

Eins og ég benti á áðan hefur dómstóláráð miklar efasemdir um þetta mál. Þá hafa lögmenn miklar efasemdir um þetta mál. Síðast en ekki síst hafa komið fram athugasemdir frá einstökum saksóknurum hjá embætti ríkissaksóknara sem telur að dómar hér á landi í þessum málum séu fullháir, fullþungir. Allir þeir sem að þessum málum koma eða í þessum málum vinna hafa komið með athugasemdir um þá leið sem ætlunin er að fara.

Í nál. minni hluta allshn. er ekki verið að mæla fíkniefnabrotum nokkra bót en hér er hins vegar verið að kalla eftir því að þegar ráðist er í breytingar af þessum toga þá séu þær vandlega undirbúnar, vel rökstuddar og það liggi fyrir hvaða markmiðum menn ætla að ná með þessum breytingum. Ekkert af þessu hefur verið gert. Þess vegna nefndi ég það áðan í máli mínu að maður fær á tilfinninguna að ætlunin sé fyrst og fremst að slá um sig eða slá einhverjar pólitískar keilur. Það er a.m.k. ekki sjáanlegt neitt annað markmið í þessu vegna þess að þetta er ekki rökstutt. Það er ekkert um þetta fjallað. Þrátt fyrir að þetta hafi verið deiluefni í árhundruð þá er ekki nokkur einasta vinna á bak við þetta. Það er eins og mönnum hafi komið þetta í hug einhvers staðar í samsæti eða kaffidrykkju úti í bæ, enda tók ekki nokkur maður undir þetta af þeim sem komu á fund allshn., ekki nokkur einasti. Það er í besta falli ákveðið hlutleysi í afstöðu tiltekinna aðila.

Ég geri kröfu til þess, virðulegi forseti, að þeir sem að þessu máli standa geri skýra grein fyrir því hvaða skilaboð þeir hyggjast senda út í samfélagið með þessu og hvaða markmiðum þeir ætla að ná. Þeir verða að gera skýra grein fyrir því hvernig dómstólar eiga að skilja breytingar af þessum toga.

Það er og verður ætíð alvarlegt mál að svipta menn frelsi. Menn verða því að umgangast ákvarðanir um að setja lög sem heimila slíkt af varfærni og vanda til verka. Það er ekki gert í þessu máli. Því geri ég, virðulegi forseti, og ég ítreka það, kröfu um að menn útskýri betur en menn hafa gert hingað til, þeir sem standa að meiri hlutanum og þá ekki síst hv. formaður allshn.: Hvaða markmiðum ætla menn að ná með þessum breytingum?

[15:30]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilaboðin eru að mínu mati mjög skýr og komu mjög skilmerkilega fram í ræðu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. um málið. Þetta eru alvarleg brot og við lítum þau mjög alvarlegum augum. Það er aftur á móti ekki löggjafans að ákveða hversu lengi menn sitja inni, hvort það eru sex, átta, níu eða tíu ár. Á hinn bóginn er það löggjafans að sjá til þess að ramminn fyrir dómstóla sé nægur til þess að dæma menn í viðhlítandi refsingu að mati dómstólanna. Ég vil m.a. vitna í umsögn frá ríkissaksóknara þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir þá ályktun í athugasemdum við frv., sem dregin er af dómaframkvæmd, að með refsimati dómstóla hafi refsimörk 173. gr. a almennra hegningarlaga verið nýtt nánast að fullu" — nánast að fullu — „í alvarlegustu fíkniefnabrotum."

Því miður er það rétt sem kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að enn er verið að taka menn með stórar sendingar af e-töflum. Við þurfum að gera ráð fyrir því að þá verði hægt að bregðast við því með viðhlítandi hætti.

Þó refsiramminn verði aukinn eiga dómstólar eftir sem áður að taka tillit til einstakra brota, tillit til brotaþola, umfangs brotsins o.s.frv. En við hér, löggjafinn, þurfum að sjá til þess að refsiramminn sé það rúmur, sé nægilegur, að dómstólar geti brugðist við því þegar efni standa til.

[15:32]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt er að halda því til haga að enginn dómur hefur fallið sem hefur farið upp í það þak sem hér um ræðir. Sá dómur sem lengst hefur gengið eru níu ár. Það er alveg ljóst að sá saksóknari sem talaði í fjölmiðlum í gær er þeirrar skoðunar að dómar séu mjög þungir.

Það er kannski ekki aðalatriðið. Það sem er kannski aðalatriði og kom einmitt fram í ræðu hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur er að lausnin við alvarlegum brotum eru hertar refsingar. Þetta er greinilega sú stefna sem verið er að boða, þ.e. til þess að bregðast við alvarlegum brotum sé lausnin sú að herða refsingu.

Því hlýtur maður að spyrja í þessu samhengi að við hljótum að fá svipuð eða sambærileg frv. um alla málaflokka þar sem um alvarleg brot er að ræða. Fíkniefnabrotin eru vissulega alvarleg. Líkamsmeiðingabrot eru mjög alvarleg.

Manndrápsbrot eru mjög alvarleg. Fjársvikabrot eru mjög alvarleg. Í samræmi við þetta, þar sem lausnin er hertar refsingar við alvarlegum brotum, a.m.k. að mati þeirra sem nú ráða ferðinni í dómsmrn., þá hljótum við að sjá svipuð eða sambærileg frv. um önnur alvarleg brot. Annars fer þetta að hljóma dálítið hjáróma.

[15:34]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni svo að sú lagahefð sem ríkt hefur hér á Íslandi gagnvart endurskoðun á hegningarlagaákvæðum er sú að þar eru einstakir brotaflokkar teknir fyrir og þeir skoðaðir og hugsanlega endurmetnir. Það er verið að gera hér. Ég sé fyrir mér að annar brotaflokkur verði líka tekinn frekar fyrir og það núna í nánustu framtíð og það eru kynferðisafbrot. Við erum að taka þetta markvisst fyrir. Þetta er gert með ákveðinni hugsun. Það eru ekki einungis varnaðaráhrifin sem sumir segja að séu umdeild með hertum refsingum, það kann vel að vera. Ég met varnaðaráhrif mikils, en ég met líka þá kröfu sem borgarar þessa lands hafa til þeirra sem fremja ítrekað alvarleg fíkniefnabrot. Ég er að tala um stórfelld fíkniefnabrot, að þeim sé í ákveðinn tíma einfaldlega haldið frá þjóðfélaginu af því að brotin eru það alvarleg.

Annars finnst mér merkilegt að það hefur í rauninni komið skýrt fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að Samfylkingin er á móti því að herða refsingar í jafnalvarlegum brotum sem fíkniefnabrotum. Hún er einfaldlega á móti því að refsiramminn verði aukinn, að dómstólar sem eiga að meta hvert mál, hvert brotamál, hafi það svigrúm sem þeir þurfa að hafa. Við erum komin með níu ár í einum dómi. Níu ár er hæsti dómur. Ég tel að við eigum að láta dómstólana hafa þetta svigrúm því það er þeirra að meta þetta eftir sem áður. (Gripið fram í.)

Engu að síður er ljóst að Samfylkingin er á móti því að refsiramminn verði (Gripið fram í.) hækkaður úr tíu árum í tólf ár.

[15:36]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki mikil krafa þó við ætlumst til þess að þeir sem tjá sig hér tjái sig ekki eins og um sé að ræða rökræðukeppni hjá Morfís eða eitthvað þess háttar.

Ég tala hins vegar fyrir okkur tvö (Gripið fram í.) sem sitjum í allshn. og við erum ekki þeirrar skoðunar að við munum bæta samfélagið með hertum refsingum á öllum sviðum. Við erum ekki þeirrar skoðunar. Það er alveg hárrétt. Hins vegar erum við ekki að gera lítið úr því að þessi brot geta verið mjög alvarleg.

En ef við ætlum að fylgja eftir þeim viðhorfum og skoðunum sem hér koma fram, af hverju að staldra við tólf ár? Það er ekki stór munur á níu eða tólf árum. Af hverju bara ekki 42 ár? Eða 700 ár? Spurningin er einmitt þessi: Af hverju tólf ár? Af hverju er verið að breyta þessu án þess að menn geti fært fram skynsamleg rök? Eitt einasta skynsamlega markmið? Sýnt fram á eina skynsama rannsókn sem rökstyður þetta? Ekkert. Ekki nokkur skapaður hlutur. Meira að segja er það þannig að dómararnir hafa við þetta verulegar athugasemdir.

Ekki má gleyma öðru í þessu öllu saman eins og ég nefndi hér áðan í ræðu minni. Það eru aðeins 40% þeirra sem eru dæmdir til refsivistar sem sitja allan tímann. Hverjir eru það sem veita reynslulausn? Það eru stjórnvöld. Stjórnvöld hafa þá ekki meiri áhyggjur af þessu en svo að þeim tilteknu aðilum sem hv. þm. vildi loka frá samfélaginu í langan tíma er hleypt út ýmist eftir helming eða tvo þriðju af dæmdum refsitíma. Það eru um eða yfir 60%. Svo það stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu þeirra sem standa að þessu máli.

Ég ítreka enn og aftur að þetta eru mjög alvarleg mál. Við verðum að gera meiri kröfur til okkar sjálfra en þetta.

[15:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ræddi þessi mál við hæstv. dómsmrh. við 1. umr. málsins og spurði hana nokkurra spurninga um markmið og tilgang þess frv. sem hún kynnti þá og er til 2. umr. eftir umfjöllun allshn.

Ef satt skal segja, og þingið mun undirstrika það, þá var ákaflega fátt um svör hjá hæstv. dómsmrh. þegar hún var um það spurð hvert markmiðið væri og hvað lægi að baki og hvort hún teldi þessa breytingu á refsiramma gagnvart fíkniefnabrotum og peningaþvætti mundu hafa áhrif á umfang þessarar glæpastarfsemi og draga úr henni sökum fælingarmáttarins. Hæstv. ráðherra hafði þau svör helst að hann vænti þess að hv. allshn. mundi væntanlega fara gaumgæfilega ofan í málið og svara ýmsum þeim álitaefnum sem ég og fleiri ræðumenn vöktum athygli á og drógum upp á yfirborðið í umræðunni.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að mér virðist hér af snubbóttu og satt að segja ákaflega innihaldsrýru nál. allshn. að nefndin hafi satt að segja ekki sinnt þessu hlutverki sínu. Í nál. meiri hlutans er allt byggt á þessari staðhæfingu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að dómstólar hafa á síðustu árum nýtt refsimörk 173. gr. a nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að refsimörkin verði hækkuð og dómstólum þannig veitt frekara svigrúm til að ákveða þyngri refsingu ef til alvarlegri brota kemur."

Herra forseti. Þetta er nákvæmlega sá tónn sem er líka sleginn í athugasemdum með frv. sem hæstv. ráðherra fór yfir við 1. umr. máls.

Herra forseti. Í umsögn dómstólaráðsins er þessari staðhæfingu einfaldlega vísað á bug. Það er ekkert öðruvísi, herra forseti, en að dómstólaráð vísar þessari staðhæfingu einfaldlega á bug. Þar segir orðrétt, herra forseti:

„Dómstólaráð telur þó rétt að fjalla stuttlega um frumvarpið en þó einkum um þær athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu sem lúta að dómaframkvæmd í fíkniefnamálum. Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau ummæli í greinargerð að með refsimati dómstóla hafi refsimörk 173. gr. a verið nýtt nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotunum og af þeim sökum sé nauðsynlegt að hækka refsimörkin svo dómstólum verði gert kleift að ákveða þyngri refsingu ef reyna muni á enn alvarlegri brot."

Dómstólaráð gerir sérstakar athugasemdir við þessa fullyrðingu sem er að finna í athugasemdum með frv. og endurtekur sig hér í nál.

Herra forseti. Með þessari athugasemd er botninum í raun kippt undan allri málsmeðferðinni og allri tillögugerðinni. Það er ekkert öðruvísi. Af þeim sökum einum ætti auðvitað að senda þetta mál aftur heim í hérað og vísa þessu aftur til ríkisstjórnarinnar, aftur til dómsmrn. og láta það a.m.k.

reyna að vinna heimavinnuna sína áður en það kemur með mál af þessum toga aftur til Alþingis.

Ég vek athygli á því að það er dómstóláráð sem fullyrðir þetta þó það taki réttilega sérstaklega fram í umsögn sinni að almennt eigi dómarar eða stofnanir á vegum dómsvaldsins ekki að hafa áhrif á lagasetningu þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla. En þeir geta hins vegar ekki orða bundist sökum þeirra vinnubragða sem hæstv. dómsmrh. og nú meiri hluti hv. nefndar verður uppvís að.

Herra forseti. Það er ekki eingöngu þetta atriði sem dómstóláráð gerir alvarlegar athugasemdir við. Dómstóláráð gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þær fullyrðingar að vegna þess að í seinni tíð hafi refsingar verið hertar fyrir brot gegn þeim alvarlegu glæpum sem fíkniefnabrotin eru megi alls ekki draga þá ályktun að dómarar vilji refsa enn harðar fyrir þessi brot og af þeim sökum verði að hækka refsihámarkið. Með öðrum orðum, dómstóláráð segir þar ekkert sem kalli eftir þessari tillögu.

Ég held áfram að vísa í umsögn dómstóláráðs sem telur sig knúið til þess að benda hinu háa Alþingi og þá einkanlega framkvæmdarvaldinu, hæstv. dómsmrh., á þá meinbugi sem er á þessum málatilbúnaði öllum, taka það sérstaklega fram að þeir eigi ekki að reyna að hafa áhrif á lagasetningu á þessum vettvangi en geta eðli máls samkvæmt ekki orða bundist.

Þeir benda líka á það sem hv. nefnd gerir ekkert með og hirðir ekki um að reyna að vekja máls á í þessari umræðu, hvað þá heldur í sjálfu nál., því það er dómstóláráðið sem telur ástæðu til að vekja athygli á því að afbrotafræðingar hafi t.d. bent á að þyngri refsingar geti allt eins leitt til harðari og skipulagðari brotastarfsemi, að brotamenn svífist þá einskis til að forðast að upp um þá kunni að komast eða til að komast hjá handtöku, að brotamenn vopnist, að vitnum kunni að verða ógnað og lögreglu veitt viðnám við handtökur. Og að refsiharka þurfi þannig ekki endilega að hafa í för með sér betra þjóðfélag.

Herra forseti. Ég er ekki að lýsa hér viðhorfum mínum. Þau fara að vísu mjög saman við þær áherslur sem ég lagði hér upp við 1. umr. málsins og fóru satt að segja mjög í taugarnar á hæstv. dómsmrh. á þeim tíma og hún kaus að hafa þann háttinn á að segja að nefndin mundi reyna að skjóta einhverjum rökum að þessari tillögu hennar. Nei, það er dómstóláráðið sjálft sem telur ástæðu til að vekja athygli Alþingis á þessu.

Herra forseti. Ég frábið mér það algerlega í þessari umræðu að menn komi hér með ódýrar pillur, ódýra útúrsnúninga á borð við þá að einstakir flokkar séu talsmenn hinna hörðu refsinga, séu talsmenn þess að berjast með hörku gegn þessari djöfullegu vá sem fíkniefnin eru, en hinir sem vilja aðeins íhuga og velta því fyrir sér hvaða áhrif rýmkaður refsirammi kunni að hafa á samfélagið okkar í heild og breidd, séu það ekki.

Ég frábið mér slíka umræðu sem bar dálítið á hjá hv. formanni allshn. Og ég vænti þess að það hafi verið mistök sem ekki verði endurtekin í þessari umræðu, því að ég kalla eftir því og geri kröfu um það að hún verði á faglegum grunni þrátt fyrir allt og vil trúa því að svo verði.

Herra forseti. Það er ekki bara dómstóláráðið — ég vek athygli á því að dómstóláráðið telur sig knúið til þess að hafa jafnsterkar skoðanir á frv. þó að það sjálft sé meðvitað um að það sé á mörkunum að því beri yfirleitt að hafa skoðanir á slíku sökum þess að það þarf auðvitað að gæta sjálfstæðis síns og starfa í sínum ranni, en að undirstöðuatriði stjórnkerfis okkar renni ekki saman í eitt eins og svo allt of oft gerist — heldur eru það líka lögmenn á Íslandi, Lögmannafélagið, sem gera mjög alvarlegar og rökstuddar athugasemdir við þetta og fara talsvert í sömu átt og áðurgreindar athugasemdir dómstóláráðsins. Þeir vekja einnig athygli á því, herra forseti, að þessi fullyrðing sem endurtekin er hér í nál. og er étin upp úr athugasemdum með frv. um að sökum þess að refsingar hafi þyngst svo mikið á síðari tímum þurfi að rýmka þennan refsiramma.

Þeir segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Enn er þó ekki svo komið að mati laganefndar, að farið sé að reyna efri mörk refsiramma 173. gr. a almennra hegningarlaga og alls ekki svo, að réttlæti að sá málaflokkur sé tekinn út sérstaklega og refsirammi þar hækkaður, í stað þess að ákvörðun um það bíði heildarendurskoðunar á refsirömmum einstakra brotaflokka.“

Herra forseti. Er þetta ekki afskaplega skýrt? Og var það ekki nákvæmlega þetta sem málsvari Samfylkingarinnar í þessari umræðu, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, var að reyna að vekja athygli á, að menn skoðuðu þennan refsiramma, þ.e. lög og refsingu heildstætt en væru ekki að tína eplin af trjánum og reyna að taka út einstaka brotaflokka og hugsanlega koma þeim úr takti við allt og allt í hegningarlagalöggjöf okkar. Og þá er því svarað til af hálfu hv. formanns nefndarinnar að þetta séu nú ósköp eðlileg vinnubrögð að byrja á þessu og svo komi þetta og hugsanlega eitthvað annað næst. Auðvitað standa menn ekki svona að verki. Menn reyna náttúrlega að skoða landið í heild sinni og reyna að vega það og meta hvernig við viljum að samfélag okkar líti út.

Þess vegna var það ekkert skrýtin ályktun sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson dró af viðbrögðum hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur þegar hún kastaði þessu fram: Eruð þið — og þá er átt við Samfylkinguna — á móti því að refsa fyrir alvarlega glæpi? Þá var auðvitað ekkert óeðlilegt að hv. þm. brygðist við á eftirfarandi hátt: Er það stefna Sjálfstfl. að tvöfalda beri allar refsingar gagnvart öllum glæpum í landinu? Að refsiramminn í fíkniefnamálum ætti þá sennilega að vera 24 ár í stað 12, að refsiramminn fyrir manndráp yrði þá 32 ár í staðinn fyrir 16 o.s.frv.

Fróðlegt væri þá að heyra hjá hv. þm. hvort Sjálfstfl. hafi breytt um skoðun í þessu sambandi og að íslenska samfélagið ætti að breytast í samfélag hinna hörðu refsinga. Ef það er orðið breytt viðhorf að það þurfi með meðvituðum hætti að auka mjög refsingar gegn glæpum af hvaða toga sem þeir eru, þá væri fróðlegt að heyra það. Ég er ekki talsmaður þess. Ég tek undir þær íhuganir sem fram komu hjá dómstóláráði um að það eru ákveðin mörk þegar fælingarmátturinn fer að snúast í eitthvað allt, allt annað. Hann fer að snúast í það að menn búa til brothættari, harðari og ógnvænlegri heim, neðanjarðarheiminn þar sem menn munu einskis láta ófreistað til að komast undan laganna vörðum og beita enn harðari brotum en ella til að lenda ekki í klóm löggæslu og réttlætis.

Herra forseti. Þetta eru því ekkert mjög einföld mál. Það er af þeim ástæðum sem ég staldra við og er ekki einn á ferð því eins og ég gat um gera dómstóláráð og Lögmannafélag Íslands það líka. Lögmannafélag Íslands les hæstv. ráðherra pistilinn í ítarlegri og rökstuddri umsögn sinni, og raunar meiri hluta nefndarinnar sömuleiðis því að lögmenn á Íslandi segja líka, orðrétt, með leyfi forseta:

„Mjög er misjafnt hvernig dómstólar nýta refsiramma einstakra hegningarlagaákvæða, allt frá því að hann sé að jafnaði nýttur til fulls yfir í að þeir haldi sig öllu jöfnu í neðri mörkum."

Hefur hæstv. ráðherra og hv. nefnd farið yfir það lið fyrir lið í hvaða tilfellum refsiramminn er ekki nýttur með það þá hugsanlega í huga að lækka hann til samræmis við dómaframkvæmd? Eru þá aðrir brotaflokkar þar sem refsiramminn hefur af hálfu dómstóla verið nýttur til fulls en er samt ekki hreyfður?

Herra forseti. Ég kalla eftir svörum. Ég get beðið á meðan hv. formaður nefndarinnar sinnir öðrum skyldustörfum hér. Mér liggur ekkert á.

Ég er með spurningu til hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns allshn., vegna fullyrðingar Lögmannafélags Íslands þar sem bent er á að dómstólar nýta refsiramma einstakra hegningarlagaákvæða misjafnlega allt frá því að hann sé að jafnaði nýttur til fulls — og ég spyr af því tilefni hvort þá sé ekki ástæða til að fara af stað og rýmka þann ramma með vísun til þessa rökstuðnings sem hér er notaður, og ég vænti þess að fá málefnalegt svar — og yfir í það að þeir haldi sig að öllu jöfnu í neðri mörkum. Ég spyr: Er þá ekki að sama skapi ástæða til að skoða það í þeim tilfellum að færa niður refsirammann þegar dómstólar hafa sýnt það í gegnum áranna rás að þeir hafa ekki nýtt hann nema að litlu leyti? Þannig að samræmi sé þá hér í málflutningi að einhverju leyti.

Ég vænti þess að hv. allshn. hafi farið yfir það lið fyrir lið í umfjöllun sinni um lagafrv. og skoðað það heildstætt hvernig þessi tiltekna breyting félli að öðrum refsiákvæðum hegningarlaganna gagnvart ólíkum eða hugsanlega tengdum brotum.

Lögmenn segja og álykta náttúrlega á sama hátt og ég geri hér, því þeir segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir fyrrnefndu tilvikin," — þ.e. mismunandi notkun refsirammans — „hefur löggjafinn þar ekki hafist handa við að hækka efri mörk refsiramma viðkomandi brotaflokka." — Þótt hann sé nýttur til fulls. — „Sú dómaframkvæmd, sem vísað er til í athugasemdum með frumvarpinu, bendir ekki til þess, að mati nefndarinnar, að fyrir hendi sé knýjandi nauðsyn á hækkun refsiramma vegna ávana- og fíkniefnabrota."

Hverjir vita þetta betur en lögmenn á Íslandi? Hæstv. dómsmrh.? Meiri hluti allshn.? Eða eru þessar fullyrðingar Lögmannafélags Íslands ósannar? Ber að hafa þær að engu? Er þetta bara tóm vitleysa sem hér stendur og nefndinni var sent? Ég spyr því að í nál. meiri hlutans er hið gagnstæða fullyrt, að refsiramminn í grein 173. a sé að fullu nýttur.

Herra forseti. Við verðum að fá botn í þetta atriði. Ekki er hægt að skilja við málið í einhverju limbói. Við erum ekki að tala um eitthvert smámál. Við erum að tala um grafalvarlegt mál sem ekki eingöngu lýtur að þeim einstaklingum sem hugsanlega fá slíka dóma. Nei, það lýtur í raun að samfélagsgerð okkar og hvernig við viljum haga refsingum og hvernig við viljum bregðast við brotum, hvort við viljum gera það fyrst og síðast með glerhörðum refsingum eða hvort við viljum hafa fleiri úrræði. Ég hef yfirleitt verið maður annarra úrræða og hef ekki viljað skoða refsingar fyrr en í lengstu lög og ég hygg að flestir séu sammála um það.

Herra forseti. Lögmannafélagið rökstyður þetta og tínir þetta bara upp eins og það er og bendir á: „Með einni eða tveimur undantekningum hefur tildæmd refsing verið vel innan núgildandi refsiramma og enn er ekki sýnt að sá rammi hamli dómaframkvæmd. Telur nefndin" — þ.e. nefnd Lögmannafélagsins — „rétt að löggjafinn haldi enn um sinn að sér höndum, þar til einsýnt þyki að refsimat dómstóla sé þannig að brostinn sé gildandi refsirammi."

Getur þetta verið öllu skýrara, herra forseti? Ég fæ það ekki séð. Þetta er sagt þráðbeint eins og hlutirnir eru.

Herra forseti. Ég hlýt að álykta í framhaldi af þessu og geri það raunar strax að minni kröfu og ósk að nú eftir 2. umr. málsins fari þessi mál aftur til allshn. og hún fari í fyrsta lagi nákvæmlega yfir þær umsagnir sem ég hef m.a. lesið hér og fari í raun ofan í málið lið fyrir lið, sem ekki hefur verið gert hér. Það er alveg lágmarkskrafa. Komi þetta mál til 3. umr. jafnilla unnið úr nefndinni á nýjan leik mun ég flytja tillögu þess efnis að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar því það er auðvitað alls ekki tækt eins og sakir standa.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á hefur því ekki verið borið við, hvorki af hálfu ráðuneytisins né nefndarinnar að fram hafi farið nein heildstæð athugun á fælingaráhrifum refsinga og þessara tiltæku refsinga. Lögmannafélagið bendir á að ekki sé útilokað, ef slík athugun leiddi það í ljós, að aukinn fælingarmáttur refsinga fælist frekar í lögfestingu refsilágmarks, fremur en að hækka refsihámarkið. Hér er auðvitað ekki orð um það og var ekki orð um það að finna hvorki í framsöguræðu hv. frsm. allshn. né í ræðu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. málsins.

Herra forseti. Mér þykir því þetta mál allt fullkomlega vanbúið til þess að hið háa Alþingi geti í raun tekið afstöðu til þess á þeim grundvelli sem hér er lagt til. Mér finnst það satt að segja undirstrika hversu vanreifað þetta mál er, að hæstv. dómsmrh. hefur af einhverjum ástæðum ekki séð ástæðu til eða ekki haft tök á að vera hér til að svara fyrir þessi vinnubrögð. Nú veit ég ekkert um hagi hennar og það getur vel verið að lögmæt forföll hamli því að hún geti verið hér og ég vil trúa því að svo sé, en þá á auðvitað ekki að taka þetta mál á dagskrá. Það er bara ekkert öðruvísi. Það er auðvitað algjör lágmarkskrafa að hæstv. ráðherra hafi til þess ráðrúm og tíma að fylgja eftir jafnumdeildu máli og hér um ræðir. Ég vek athygli á því að gagnrýni er ekki eingöngu að finna í nefndaráliti minni hlutans, heldur var einnig að finna mjög harða og rökstudda gagnrýni við 1. umr. málsins. Þannig að hæstv. ráðherra mátti vænta þess að ef þetta mál kæmi lítið breytt og lítt unnið eins og raun ber vitni úr nefnd, fengi það kaldar kveðjur eins og staðreyndin er.

Herra forseti. Mér er því skapi næst að fara þess á leit að umræðunni verði frestað þar til ráðherra sér tök og tækifæri til þess að vera viðstödd hana, og vil raunar fara þess á leit við forseta að 2. umr. verði a.m.k. ekki lokið fyrr en hæstv. ráðherra geti verið viðstödd umræðuna og að henni verði þá frestað eftir að aðrir hv. þm. sem hér eru á mælendaskrá hafi lokið máli sínu. Það er mín ósk. En ég árétta enn og aftur hina ósk mína um að málið fari aftur til nefndar milli umræðna þar sem nefndin vinni vinnu sína.

[16:02]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna athugasemda hv. þm. um fjarveru hæstv. dómsmrh. vill forseti geta þess að hér kom fram ósk um að hæstv. ráðherra yrði gert viðvart um að hún yrði viðstödd umræðuna skömmu áður en hún hófst. Hæstv. ráðherra hafði þá ráðstafað þessum degi og gat því miður ekki komið hingað.

Það er vinsamleg ábending forseta til hv. þingmanna, með tilliti til mikilla anna ráðherra, að svona óskir komi fram að-

eins fyrr þannig að hæstv. ráðherrar geti hagað störfum sínum eftir slíkum óskum.

[16:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist. Ég held að það séu ekki góð vinnubrögð að það þurfi að vera á ábyrgð og forræði þingmanna að biðja um að fagráðherrar séu viðstaddir umræðu um eigin mál. Hæstv. ráðherrar fá dagskrá vikunnar og vita það yfirleitt með nokkurra daga fyrirvara hvenær mál þeirra eru til umfjöllunar, hvort heldur það eru 1. umr. mál þar sem þeir verða að vera, ellegar 2. eða 3. umr. mál.

Herra forseti. Ég hlýt því að trúa því að forseti sé mér sammála um að það eigi að vera undantekning frá reglunni að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir umfjöllun um eigin mál og að ekki þurfi að koma fram sérstök beiðni um það frá þingmönnum að þeir séu hér viðstaddir.

Ég skal hafa á því skilning ef ráðherrar einhverra hluta vegna beiðast undan því af ástæðum sem eru skiljanlegar og biðjast á því afsökunar að þeir geti ekki verið á staðnum. Þá skal ég sýna því skilning og umburðarlyndi. En almenna reglan hlýtur að vera sú að þeir skuli vera við umræðuna umyrðalaust og að fram skuli þá koma fullgildar skýringar á fjarveru þeirra, en ekki öfugt.

[16:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 6. þm. Reykn. er sjóaður þingmaður og fyrrv. ráðherra og honum er fullkunnugt um að það er mjög algengt við 2. umr. mála að formaður viðkomandi nefndar fylgi málinu eftir í þinginu. Formaður allshn. er hér staddur. Vel má vera að hv. þingmenn geti haft skoðanir á því að þetta ætti að vera einhvern veginn öðruvísi. En svona hefur þetta einfaldlega verið árum saman. Við getum tekið þá umræðu upp í forsn. hvort menn vilji breyta þessu og gera aðrar kröfur til hæstv. ráðherra.

[16:04]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í þessari umræðu að ég fékk upplýsingar um það á fimmtudaginn sl. að þessi umræða yrði í dag. Það hefur lengi verið vitað að það mál sem hér er rætt og málið sem hér kemur á eftir þessu máli, eru mjög umdeild. Vegna orða hæstv. forseta vil ég segja að ég held að það megi segja ráðherrum þó það til hróss almennt að þegar mjög umdeild mál hafa verið í umræðunni þá hafi þeir verið viðstaddir. Það er því alger undantekning að málum sé komið fyrir eins og nú að hæstv. ráðherra skuli vera fjarstödd þegar jafnumdeild mál og þessi ber á góma í umræðunni á hinu háa Alþingi.

Hins vegar er rétt hjá hæstv. forseta að ég óskaði eftir því að hæstv. ráðherra yrði viðstödd skömmu áður en umræðan hófst. Þá fékk ég þær upplýsingar að hæstv. ráðherra væri upptekin. En ég skal viðurkenna að ekki hvarflaði að mér eina mínútu að hæstv. ráðherra yrði ekki viðstödd umræðu um þau tvö grundvallarmál sem eru á dagskrá þingsins í dag.

Umræðu frestað.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203, nál. 949.

[16:06]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta þingsins fyrir að gera hlé á umræðu um þetta mál þar til frsm. málsins, hv. formaður samgn., Árni Johnsen, væri til staðar til að svara spurningum sem mig langar til að leggja fyrir hann í tengslum við frv. til laga um breytingar á fjarskiptalögum.

Fyrr við umræðuna hafa verið rakin tildrögin að þessu frv. Í lok árs 1999 voru gerðar breytingar á fjarskiptalögum og þar var m.a. lagt bann við hljóðritun símtala og kveðið á um að ólöglegt væri ef viðmælanda væri ekki tilkynnt um fyrirætlun þess efnis að hljóðrita samtalið. Það frv. sem hér er til umræðu gerir síðan ýmsa fyrirvara um hvernig á skuli haldið.

Þetta frv. stríðir gegn vilja Blaðamannafélags Íslands sem hefur ályktað mjög afdráttarlaust í þessu efni. Ég fór nokkuð í saumana á afstöðu Blaðamannafélagsins og vitnaði í ályktun sem kom frá félaginu í byrjun árs árið 2000 en þar er vísað í almenn vinnubrögð blaðamanna sem noti hljóðupptökur aðallega til að geta haft rétt eftir viðmælendum sínum og hafi að reglu að tilkynna þeim fyrir fram ef ætlunin er að útvarpa viðtalinu. Þetta er hin almenna vinnuregla blaðamanna. En þeir benda jafnframt á að það geti líka reynst fyllilega réttmætt að birta í fjölmiðlum leynilega hljóðritun símtals og nefna þar t.d. að lögregla kunni að vilja útvarpa nafnlausri sprengjuhótun í von um að fá ábendingar um hinn seka og blaðamenn kunni að nýta leynilega hljóðritun símtals til að svipta hulunni af spillingu, svikum og glæpum og um það séu mýmörg dæmi, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Síðan segir orðrétt í þessari yfirlýsingu Blaðamannafélagsins, með leyfi forseta:

„Nýju fjarskiptalögin taka fyrir þetta. Þau draga úr möguleikum blaðamanna til að rækja eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt en greiða fyrir hinum sem hyggja flátt og hafa eitthvað að fela.“

Þetta er sem sagt afstaða Blaðamannafélagsins sem vekur jafnframt athygli á því að það ber að gera greinarmun á hljóðritun annars vegar og hinu hvernig með hana er farið hins vegar og vísar í siðareglur blaðamanna og lög sem taki á slíku.

Í frv. er reynt að koma til móts við þessi viðhorf Blaðamannafélagsins þótt afstaða félagsins sé eftir sem áður afdráttarlaus og taki undir það frv. eða þau sjónarmið sem koma fram í frv. sem ég hef flutt um að 3. mgr. 44. gr. fjarskiptalaga verði hreinlega felld brott.

Þetta er sem sagt varðandi þetta fyrsta atriði, þ.e. að þessi lög stríða gegn vilja Blaðamannafélagsins.

Í öðru lagi þá hélt ég því fram að lögin stríddu gegn almennri skynsemi. Lögin eru harla óljós og erfitt er að sjá hvernig eigi að framfylgja þeim. Það segir t.d. á þá lund að aðili þurfi ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt megi ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina. Vísað er til ræðu sem hæstv. samgrh. flutti þegar hann talaði fyrir þessu frv. á sínum tíma sem lögskýringargagns. Þar segir á þá lund um túlkun á þessu ákvæði að almenn ummæli eða tilkynningar í eitt skipti fyrir öll kunni að duga til að koma á framfæri vitneskju til almennings

um að hljóðupptökur fari fram. Um það spunnust reyndar nokkrar umræður við 1. umr. málsins hvað hér væri átt við. Ætti fjölmiðill t.d. að auglýsa í Lögbirtingablaði? Ætti að skýra frá því í fjölmiðlinum? Á hvern hátt gengur að lýsa því yfir í eitt skipti fyrir öll að samtöl kunni að verða hljóðrituð? Gildir yfirlýsing um alla fjölmiðla? Þarf t.d. nýtt fréttablað sem er að koma inn um lúgurnar hjá landsmönnum að skýra sérstaklega frá því að þar á bæ muni menn hugsanlega hljóðrita samtöl? Hvað er það nákvæmlega sem menn eiga við í þessu efni?

Að sjálfsögðu skiljum við hvaða markmiði menn eru að reyna að þjóna með þessari lagabreytingu. Hins vegar er ég að halda því fram að hún sé ekki mjög markviss og að mjög erfitt sé að framfylgja henni vegna þess að hún sé hreinlega dæmd til að vera mjög óljós.

Þetta var annað atriðið sem ég vildi nefna.

Í þriðja lagi þá er ekki einvörðungu svo að þetta stríði gegn óskum blaðamanna á Íslandi, gegn almennri skynsemi, heldur stríðir þetta líka gegn því sem flestir menn telja réttlátt. Ég held að það geti ekki vakað fyrir Alþingi að setja ranglát lög. Við viljum hafa lögin réttlát.

Ef fólk verður fyrir ofsóknum í síma þá reynir það að sjálfsögðu að bera hönd fyrir höfuð sér og leitar allra ráða í því efni og þar með sönnunargagna fyrir ofsókninni til að geta síðan leitað réttar síns fyrir dómstólum. Þetta er bannað. Þetta er bannað að gera með þessum lögum nema að ofsækjandanum hafi áður verið greint frá því að til standi að taka ummæli hans upp á segulband.

Hins vegar segir í þessu margrómaða lögskýringargagni, ummælum hæstv. samgrh., sem síðan er tíundað í nefndaráliti meiri hluta samgn., að það dugi að tilkynna þeim sem stunda slíkar ofsóknir í eitt skipti fyrir öll að ummæli hans kunni að verða tekin upp á segulband, eða með beinni tilvitnun í meirihlutaálitið, með leyfi forseta, þá segir hér:

„Með sama hætti lítur meiri hlutinn svo á að það nægi fórnarlambi persónuofsókna að tilkynna ofsækjanda það í eitt skipti fyrir öll að samtöl þeirra verði tekin upp."

Er þetta mjög réttlát löggjöf? Mér finnst það ekki. Og samgrn. finnst það ekki ef dæma skal af yfirlýsingu sem kom frá ráðuneytinu 5. janúar árið 2000. Þar er sérstaklega fjallað um þetta. Þar er vísað til þess að ráðuneytið líti ekki svo á að sönnunargögn sem aflað sé með þessum hætti, dugi í málssókn.

En er það ekki svolítið undarlegt að festa í lög ákvæði sem stríðir gegn sanngirninni með þessum hætti? Mér finnst það orka meira en tvímælis og vildi gjarnan fá rökstuðning hv. formanns samgn. fyrir þessu. Ráðuneytið segir með öðrum orðum að það kunni að vera réttlætanlegt að afla sönnunargagna með ólögmætum hætti. En ber okkur þá ekki að breyta lögunum á þann veg að þessara sönnunargagna sé aflað með lögmætum hætti? Mér finnst þetta rekast hvert á annars horn.

Þetta þrennt varð til þess að ég staldraði við þegar þetta frv. upphaflega kom fram, þ.e. þessi afstaða blaðamanna og síðan þau augljósu atriði sem mér finnst mæla gegn þessu frv. og ég hef rakið.

Ég rakti það í máli mínu fyrr í dag að ég teldi þetta frv. byggt á misskilningi. Það er vísað í tilskipun frá Evrópusambandinu og fram kemur í áliti meiri hlutans að verið sé að verða við kvöðum sem séu settar á okkur í Brussel. En þegar þau gögn og þær tilskipanir eru skoðaðar fæ ég ekki betur séð en að menn fari villir vegar því í þeirri tilskipun sem vísað er til er lagt bann við hlerun samtals af hálfu annarra en þeirra sem taka þátt í samtalinu. Ég vildi gjarnan fá útlistun hv. formanns samgn. á þessu, hvernig hann réttlætir skilning sinn eða meiri hluti samgn. réttlætir sinn skilning á þessu ákvæði sem ítrekað er vísað til í málatilbúnaði meiri hlutans, þessari tilskipun Evrópusambandsins.

Margt annað finnst mér orka tvímælis í þessu. Ég held að miklu heilbrigðara og betra sé að setja lög sem eru skýr og sem hægt er að fara eftir í stað þess að setja þjóðinni lög sem eru óljós, óskýr og þokukennd eins og þessi eru og að mínum dómi ná ekki því markmiði sem ég tel að menn séu að reyna að ná. Menn eru að reyna að verja persónur, einstaklinga, fyrir ágangi, m.a. fréttamanna. En ég nefndi sem dæmi að fréttamaður gæti hringt í einstakling og útvarpað samtalinu beint án þess að það varðaði við lög. Ef hann tæki hins vegar samtalið upp á segulband og útvarpaði því svo þá væri hann að brjóta landslög. En ég hugsa að við gætum orðið sammála um það, ég og hv. þm. Árni Johnsen, að hvort tveggja er ekki siðlegt, þ.e. ef það er ekki gert með samþykki þess sem í hlut á.

En þetta eru vangaveltur sem ég vildi gjarnan fá viðbrögð við frá hv. formanni samgn., Árna Johnsen.

[16:20]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ekkert er óeðlilegt þó ýmsar vangaveltur komi upp í þeirri lagasmíð sem er til umræðu vegna þess að hér er fjallað um lagaákvæði sem eru auðvitað á mörkum þess að vera lagaskyld eða heyra undir almenna kurteisi og réttlæti.

Ég vil taka undir það sem hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni í þeim efnum. Það á að vera almenn kurteisi blaðamanna eða annarra sem eiga samtöl við fólk um fjarskiptakerfi að tilkynna um upptöku. Það er svo einfalt að mínu mati.

Hitt er ljóst að þessi almenna regla, kurteisisregla, er ekki virt í öllum tilvikum og í mörgum tilvikum er hún brotin. Það er kannski þess vegna að ástæða kemur til þess að setja inn lagaákvæði sem tryggir stöðu og rétt einstaklingsins, sem veit ekki hvað er verið að gera í almennum persónulegum samskiptum við hann, með því að taka samtöl upp á segulbönd eða önnur tæki.

Það er alveg ljóst að almenna reglan er að þessi kurteisisregla er skylda samkvæmt lögunum. Það kemur þó fram í því sem hér er fjallað um að aðili þurfi ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals, ef ótvírætt má ætla — þegar ótvírætt má ætla — að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina og einnig er lýtur að allri starfsemi stofnana, hvort sem um er að ræða Flugmálastjórn, lögreglu, slökkvilið, banka eða annað. Það er líka almenn viðskiptaregla að taka slíkt upp til þess að tryggja rétt viðskiptavinarins ekki síður en þess sem býður þjónustuna.

Síðan kemur kannski meginþátturinn sem sker nú úr um þær vangaveltur sem hér hafa verið uppi, það er að úrvinnsla hljóðritunar skal samkvæmt grein þessari vera í samræmi við lagaákvæðið um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar kemur annar lagabálkurinn sem við erum að fjalla um í fjarskiptalögum.

Þetta eru tvö atriði, annars vegar hvort ástæða er til að setja lög sem stríða gegn almennri skynsemi, eða með öðrum orðum, sem er á mörkum þess að vera krafa um almenna kurteisi í samskiptum manna á milli.

Hitt atriðið er hvort þetta stríði gegn réttlæti. Þar kemur álitamálið. Hv. þm. nefndi sem dæmi að útvarpsmaður gæti hringt í viðmælanda og útvarpað samtali beint. Þá að því er ég skildi án þess að tjá viðmælandanum að hann væri í beinni útsendingu. Auðvitað er það klárt mál að það er algjört siðleysi af útvarpsmanni að hringja í viðmælanda og *stilla honum í beina útsendingu án þess að láta hann vita* sérstaklega af því. Það segir sig sjálft. Þetta hafa útvarpsmenn gert í tíma og ótíma með ótrúlegri ósvífni. Með þessari lagasetningu er komið í veg fyrir slíkt.

Auðvitað er komið í veg fyrir það vegna þess að um leið og prófmál kæmi á það hvort útvarpsmaðurinn mætti hleypa manni beint í útvarpssendingu án þess að tilkynna það. Það bara segir sig sjálft. Hægt er að velta vöngum yfir því endalaust en auðvitað gengi það ekkert upp.

Þetta er auðvitað eitt af þeim málum sem er endalaust hægt að velta vöngum yfir tæknilega. Slíkir þættir eru ekki settir í lagasmíð í öllum tilvikum. Þarna vega þyngst lögin um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, það eru þau sem stoppa þetta.

En auðvitað gengur það ekki og alveg klárt mál í túlkun samgn., af því að hér er nefnt dæmi, að það getur ekki verið réttlætanlegt að útvarpsmaður setji í beina útsendingu viðtal án þess að tjá viðmælanda sínum um það, þó hann sé að taka upp málflutning til þess að vinna úr gögnunum.

Í öllum almennum reglum á líka fréttamaðurinn og útvarpsmaðurinn að tala við viðmælanda sinn þegar hann er búinn að vinna úr gögnunum. Það er líka almenn kurteisi. Það er ekki í lögum. Ég tel að þessi lagasmíð sé ekkert í andstöðu við Blaðamannafélag Íslands.

Gengið er mjög langt í þessu og til að mynda er tryggt að einn fjölmiðill getur með klárri auglýsingu klárað þetta mál og kynnt almennu regluna. Sem betur fer erum við nú í þjóðfélagi þar sem menn eru allir upplýstir og skilaboð komast fljótt og vel á milli manna.

Ég sé enga ástæðu til þess að Blaðamannafélag Íslands ætti að fara að gefa út tilkynningu um það fyrir hönd allra fjölmiðla að eðlilegt væri að samtöl væru tekin upp hjá hvaða fjölmiðli sem væri. Það hlýtur hver og einn fjölmiðill að geta ákveðið vinnureglur um það. Það er ekki neitt sem býður upp á það, hvorki í starfsemi Blaðamannafélags Íslands né almennum reglum sem við vinnum eftir að slíkt verði gert. Þess vegna er eðlilegt að tala um hvern fjölmiðil fyrir sig enda hafa fjölmiðlarnir ekki verið vanir að svara allir fyrir einn í þeim efnum.

Ótrúlega löng umræða í þetta litla mál og margslungin meðferð. Í fyrri lagasmíð kom einfaldlega í ljós að tilvitnun í reglur og tilskipanir Evrópubandalagsins voru oftúlkaðar. Það hefur verið slípað og reynt að laga það að þeim aðstæðum sem við búum við og ég hygg að allir megi vel við una.

[16:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni samgn., Árna Johnsen, fyrir að reifa þessi mál. Ég saknaði þess að hann svaraði þeim spurningum sem ég bar fyrir hann og vísaði þar sérstaklega í tilskipun frá Evrópusambandinu sem þessi lög hvíla á. Ég hef ekki fengið neinar útskýringar á því enda þótt þau séu reifuð á ófullnægjandi hátt og á misskilningi byggð í meirihlutaáliti samgn.

Þetta er gert til að tryggja rétt einstaklingsins, segir hv. þm. Árni Johnsen. Ég tel að svo sé ekki. Starfsmanni banka er heimilt lögum samkvæmt eða samkvæmt þessu frv., að taka upp samtal við viðskiptavin ef ætla má að það sé vinnuregla. Hins vegar er viðskiptavininum lögum samkvæmt meinað að gera slíkt.

Fjölmiðlamanni er heimilað að taka upp viðtal við viðmælanda. Viðmælandanum er ekki heimilt að taka slíkt *viðtal upp ef hann vill nota það sem sönnunargagn.* (**Gripið fram í:** Það er misskilningur, það er gagnkvæmt.) Er það? Ég vildi þá gjarnan heyra þetta úr ræðustól.

Síðan segir hv. þm. að það mundi vinnast prófmál ef útvarpað yrði í beinni útsendingu viðtali sem tekið væri við einstakling. Ég finn því ekki stað í lögunum. Ég er alveg sammála hv. þm. um hina siðferðilegu hlið þess máls, mér finnst það vera rangt, en þess sér ekki stað í lögunum. Ef ætla má að slík útsending sé tekin upp á band og ef ætla má að öllum sé kunnugt um að fjölmiðillinn taki samtöl upp á segulband þá er ekki verið að aðhafast neitt ólöglegt samkvæmt því frv. sem hv. þm. hefur talað hér fyrir. Út á það ganga þessar lagabreytingar. Ég sé því ekki á hvern hátt verið er að verja einstaklinginn með þessum hætti.

En ég óska eftir því að fá nánari útlistun á þessu máli ella vek ég athygli á því að 3. umr. um málið er ólokið því að þetta á eftir að ræða miklu betur.

[16:31]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef ekki lagt lykkju á leið mína og tekið þátt í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um þetta álitamál um samskipti fjölmiðlamanna við viðmælendur sína, hvorki á fyrri stigum máls né síðari.

Ég vildi bara hafa það „on record" en ekki „off" að ég er þeirrar skoðunar að þetta heyri fyrst og síðast undir blaðamennina og fréttamennina sjálfa og að þeir finni það hjá sér, samtök þeirra, einstakir fjölmiðlar, að þessi samskipti séu eðlileg. Og þegar ég segi eðlileg, rifjast það upp fyrir mér, hafandi starfað við þennan geira á árum áður, að auðvitað lét maður vita af því í hvert eitt og einasta skipti um leið og segulband var sett í gang þegar maður átti orðræðu við mann um viðkvæm málefni. Það gaf augaleið og það var bara hluti af eðlilegum samskiptum við viðmælandann. Mig hefði sennilega aldrei dreymt um það á þeim tíma að setja þyrfti lög eða lagareglur um hvernig þau samskipti þyrftu að fara fram. Að því leyti til tek ég einlæglega undir með hv. þm. Árna Johnsen, að hér eru menn kannski fyrst og síðast að tala um kurteisi og eðlileg samskipti og undir þeim formerkjum ætti í rauninni ekki að þurfa að fjalla um þetta eins og hér er gert á hinu háa Alþingi.

Ég vek til að mynda athygli á því sem er auðvitað algilt og alvanalegt í samskiptum fréttamanna við viðmælendur sína að þar geta samtöl hlaupið á örskömmum tíma úr því að vera „on record" og „off the record" og ég hygg að viðmælendum sem ræða „off the record" sé lítið um það gefið að allt sé til á bandi sem er þess eðlis. Hafi viðkomandi fjölmiðill auglýst fyrir fram að hann taki samtöl upp á band sem hina almennu gullnu reglu, er það þá innifalið í þessu frv. að slökkt skuli á bandinu þegar samtalið hleypur í það ferli að vera „off the record"? Mér er það ekki alveg ljóst í þessu sambandi.

Ég vildi bara hafa sagt það við þessa umræðu að ég trúi því að mínir gömlu kollegar séu langflestir þannig úr garði gerðir að þeir telji það eðlilegan samskiptamáta að láta viðmælanda sinn vita af þessu. Þetta hefur svo sem aldrei truflað mig til eða frá í samskiptum við fjölmiðla. Yfirleitt hafa þau samskipti gengið prýðilega fyrir sig með eða án segulbands

og vafalaust hef ég ekki haft hugmynd um það í langflestum tilfellum, og raunar er það svo, hvort viðkomandi samtal hafi verið hljóðritað eður ei. Þó eru enn þá undantekningar á því og einstaka fjölmiðlamenn hafa látið vita af því.

Af því menn ræða hér, og ég heyrði það sem ég hafði ekki haft hugarflug til að ímynda mér, hvort þær breytingar sem hér er gerð tillaga um leyfðu eða bönnuðu það að samtöl fréttamanna á ljósvakamiðlum, þ.e. útvarpi, væru send beint út án vitundar viðmælanda, þá hafði ég ekki hugarflug til að ímynda mér að slíkur möguleiki væri til staðar. En af því að á það var bent og það rifjað hér upp, þá hefur maður heyrt dæmi þess. Það er náttúrlega algerlega fyrir neðan allar hellur og ég satt að segja skil ekki að dagskrárgerðarmaður eða fréttamaður geti talist vandur virðingar sinnar að viðhafa slík vinnubrögð. Ég vil trúa því að þetta sé algjör undantekning og að þeir menn sem einu sinni gera slíkt snúi sér að öðrum störfum. Það er nú bara þannig.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vildi bara hafa sagt það við þessa umræðu að ég get vel fellt mig við þá niðurstöðu sem nefndin kemst hér að út af fyrir sig þó að ég endurtaki það sem ég sagði áðan að ég hefði talið nóg að siðareglur Blaðamannafélags Íslands tækju á þessum álitamálum og þær væru undir þeim merkjum að það væri hin almenna, gullna regla að í tveggja manna tali væri mönnum ljóst hvort hljóðritun væri í gangi eður ei.

Ef menn vilja hafa annan hátt á og einstakir fjölmiðlar vilja auglýsa það fyrir fram að þeir hljóðriti allt hvaðeina sem í millum fer, þá þeir um það og þá vita menn það fyrir fram. Að því marki geri ég ekki athugasemdir við þetta. Ég rifja upp að einu sinni var sá sem hér stendur og raunar tveir hv. síðustu ræðumenn, hv. þm. Árni Johnsen og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að sýsla við blaðamennsku í fullu starfi. Og því vil ég trúa að jafnvandaðir menn og þeir voru og eru hafi viðhaft þá gullnu reglu að láta menn vita, en halda viðmælendunum ekki í óvissu um hvernig vinnubrögð þeir viðhefðu. Blaðamennska er þannig að hlutir eiga að vera uppi á borðum en ekki undir þeim.

[16:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál snýr ekki eingöngu að blaðamönnum eða fréttamönnum eins og menn geta kannski hafa fengið á tilfinninguna eftir síðustu ræður. Það snýr einnig að vinnubrögðum og tilgangi með lagasetningu. Þegar frv. var upphaflega lagt fram 1999 og samþykkt hér á Alþingi þrátt fyrir ábendingar um að ekki væri vandlega að þeim lögum staðið eða þau vandlega unnin. Þau voru samt samþykkt. En þá strax eftir áramótin var ljóst að á lögunum voru það alvarlegir vankantar að samgn. tók upp hjá sjálfri sér að endurskoða þar ákveðna grein. Og þá varð nokkuð breið samstaða um að þessi 3. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti yrði felld út. Það var, að mig minnir, flutt hér á Alþingi mál um það, en náði ekki lengra en 1. umr. Ég ítreka að ég lýsti yfir að ég styddi það afmarkaða mál sem þá var lagt fram. Rökin voru einmitt þau að upphaflegu lögin, upphaflega lagafrv. byggðist á rangri þýðingu á Evróputilskipunum. Og það var vitað. Menn komust að því við nánari skoðun sem ekki hafði gefist tími til að fara í gegnum þegar frv. var fyrst samþykkt. Einmitt fyrir atbeina hv. formanns samgn. sem beitti sér í málinu til að fá sem réttastar og öruggastar upplýsingar um hvað hér væri á ferðinni þá fengust þær uppýsingar fram að hér væri um ranga þýðingu að ræða á þeim atriðum sem talið var að verið væri að uppfylla með þessum lögum. Hv. formaður samgn. á allan heiður skilinn fyrir framgöngu sína þá í því máli við að fá þetta á hreint sem hann gerði af miklum myndugleik.

Með þeirri vitneskju var eiginlega forsenda þessarar málsgreinar í lagagreininni brostin því að þýðingin átti við um hlerun. Hún átti við það að þriðji aðili, sá sem ekki átti beina aðild að samtalinu, mætti ekki taka það upp. Það var hin rétta þýðing og sem kom fram. En þetta átti ekki við um upptökur á samtölum þeirra aðila sem áttu í viðkomandi samtali. Lagagreinin sneri þannig ekkert að því sem talið var að hún væri að fjalla um, óháð því hvaða skoðun menn hefðu síðan á því hvort banna ætti að aðili að tveggja manna tali gæti tekið upp samtalið án þess að láta hinn vita.

Ég vil bara að menn geri sér það gjörsamlega ljóst að þarna var um mistök að ræða sem samgn. var einmitt komin vel á veg með að beita sér fyrir að leiðrétta á útmánuðum ársins 2000. En síðan er málið tekið aftur upp af samgn. og þá er farið að prjóna við endurskoðun á þessum lögum alls konar óræðum orðum. Samanber þetta:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Ótvírætt má ætla. Hver á að meta það? Hver metur það? Verður ekki hver og einn að meta það? Hver getur metið fyrir næsta mann að hann skuli ótvírætt hafa átt að vita þetta?

Þetta er svo opið og tvírætt orðalag sem þarna er verið að leiða í lög að mér finnst það alveg ótækt. Mér finnst svona orðalag ekki tækt við vinnu að lagafrv., ekki síst þegar þarna er átt við allt annan hlut en upphaflega, þ.e. hlerun þriðja aðila.

Ég vil því leyfa mér að spyrja, því það kom ekki fram í samgn., hvers vegna nefndin vék frá þeirri tillögu sem hún hafði unnið í fyrravetur um leiðréttingu á þessari grein laganna um að hún félli alveg niður, væri felld niður, og eins og hv. formaður samgn. sagði áðan, eðlileg skynsemi og kurteisi og siðfræði væri látin ráða för. Við höfum lög um persónuvernd sem taka til hvernig með vernd á persónulegum þáttum skuli farið og þess vegna er þarna verið að draga inn þætti sem gera það enn þá verra og erfiðara að skilgreina ákvæði persónuverndar varðandi þetta mál.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. formann samgn. hvað gerðist sem varð til þess að þetta fór að taka allt aðra stefnu en málið upphaflega snerist um þegar okkur var ljóst að þýðingin átti við hlerun þriðja aðila en ekki tveggja manna tal.

Í öðru lagi vil ég nefna þessi orð:

„Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku samtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina."

Herra forseti. Hvernig á að túlka þetta? Hvernig á að vinna eftir svona orðalagi? Ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hv. formanni samgn. hvernig ætlunin er að vinna eftir þessu.

Við ræddum það í nefndinni hver mætti gefa út þessa auglýsingu um að einhver hefði það fyrir almenna reglu að taka upp samtöl. Enginn gat í rauninni svarað því, enda er orðalagið svo tvírætt að það var mjög erfitt að svara því ótvírætt. Við erum því að samþykkja lög sem skilja þetta eftir gjörsamlega opið eða úti í flóa. Mér finnst hörmulegt þegar verið er að vinna slík lög upp að ekki skuli vera hægt að gera það þá þannig að betrumbæta en ekki bara að gera þau enn flatari, enn óvissari og enn óræðari en áður var og er engin þörf á í þessu tilviki.

[16:45]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún varð fræg sagan af gömlum vini mínum heitnum, Jóhannesi Kjarval, þegar hann kom eitt sinn inn í Bókabúð Ísafoldar, gekk að afgreiðslustúlkunni og spurði: „Kostar kurteisi peninga?" „Nei að sjálfsögðu ekki," svaraði stúlkan. Þá tók Kjarval bók úr hillu sem hét Kurteisi og gekk með hana út því að hann var gamansamur.

En allt orkar þetta tvímælis. Þetta er skemmtisaga sem segir ákveðna hluti um þetta hugtak okkar „kurteisi". Það hefur aldrei farið neitt á milli mála í mínum málflutningi, að í rauninni er það sem við erum að fjalla hér um eitt af þeim atriðum sem ætti ekki að þurfa að setja lög um vegna þess að það vélar um almenna kurteisi, almenna mannasiði.

Hv. Jón Bjarnason spyr hvað hafi gerst. Hv. þm. rakti sjálfur að í túlkun á tilskipun Evrópubandalagsins var gengið of langt. Það kom fram í fyrri ræðu minni í dag að fljótlega eftir að lögin voru samþykkt hafi komið fram gagnrýni á þetta ákvæði laganna. Gagnrýnin fólst einkum í því að ákvæðið væri of strangt og án undantekninga, sem gerði það að verkum að það raskaði bæði hagsmunum stjórnvalda og einkaaðila sem nýttu sér hljóðritanir í starfsemi sinni.

Þess vegna er málið tekið upp aftur og þetta er niðurstaðan. Hún er ekki alhliða á einn veg heldur er hún eins konar málamiðlun. Það er skylda hvers sem ætlar að taka upp samtal að tilkynna það, hvort sem hann hefur hafið samtalið eða tekur þátt í því á öðrum nótum.

[16:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen heldur sig við kurteisina en ég er þeirrar skoðunar að það verði kurteisinni lítið til framdráttar að reyna að binda hana í lögum án þess að hún sé þá ítarlega skilgreind, hversu oft á að hneigja sig o.s.frv. Það verður lítið úr slíkri lagabundinni kurteisi ef fólk síðan þorir ekki annað en að fletta upp í lögum um það hvort það eigi að hneigja sig tvisvar eða þrisvar. Lög hjálpa ekki til við kurteisi.

Þessi lög gera þetta bara enn þá flóknara. Þeir sem geta skilgreint sig með ótilgreindum hætti þurfa ekki að sýna þessa kurteisi. Aðrir sem líka eru ótilgreindir og enginn veit hverjir eru þurfa og verða að sýna þessa kurteisi, að tilkynna áform sín fyrir fram, annars eru þeir lögsóttir og ofsóttir. En enginn veit hvorum megin hann er. Er hann í hópnum sem getur tekið upp símtölin án þess að tilkynna það, og það sé allt í lagi, eða er hann í hinum hópnum sem verður að tilkynna að hann sé að taka símtalið upp, annars verði hann lögsóttur og ofsóttur?

Það sem hér er á ferðinni er svo hryllilega bjánalegt, herra forseti, að aumingja kurteisin líður önn fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376, nál. 957 og 1102.

[16:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um almenn hegningarlög, um þyngingu refsinga. Gert er ráð fyrir að hámark þeirra færist úr 10 í 12 ár, þ.e. víkkun á refsiramma vegna stórbrota þegar um er að ræða fíkniefnamál, einkum innflutning ólöglegra fíkniefna. Þetta mál getur ekki orðið pólitískt bitbein stjórnar og stjórnarandstöðu. Málið snýst um frelsissviptingu eftir dómsniðurstöðu og getur ekki orðið að pólitísku deiluefni sem slíkt.

Ég vil lýsa því yfir að ég mundi styðja þetta mál ef ég væri sannfærður um að þyngri refsingar vegna smygls, sölu eða dreifingar á fíkniefnum mundu bæta núverandi ástand. Ég tel hins vegar að forvarnir séu virkasta leiðin til að koma því til leiðar að börn og unglingar forðist að hefja neyslu slíkra efna. Ég tel að á þeim vettvangi megi ná mestum árangri.

Vandi þeirra sem komnir eru í neyslu og brot sem tengjast fjármögnun á daglegri neyslu þeirra er hins vegar annar þáttur málsins. Dómar og refsingar sem falla í slíkum málum og taka einstaklinginn úr umferð tímabundið duga engan veginn til að neyslu verði hætt. Þar þyrfti að koma til önnur vistun og samfélagsleg störf ásamt þjálfun og kennslu til að ná árangri við að lifa lífinu án eiturlyfja.

Þó að ég sé hlynntur hörðum refsingum í baráttunni gegn innflutningi, dreifingu og sölu fíkniefna þá sé ég ekki að þessi tvö ár sem ætlunin er að bæta við með frv. bæti ástandið.

Refsingar sem slíkar eru ekki vænleg leið til afturbata fyrir fíkniefnaneytendur. Öflugt forvarnastarf er það besta sem við getum gert fyrir börnin okkar til að vinna gegn ástandinu í fíkniefnamálum hér á landi. Harðari refsing er ein og sér ekki til þess fallin að bæta það ástand.

[16:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Löggjafanum er sannarlega vandi á höndum þegar ákvarða skal refsingar vegna hvers kyns afbrota sem framin eru í samfélaginu. Málið er ekki einfalt. Það er jú hlutverk löggjafans að ákvarða refsingar við afbrotum.

Það vill þannig til að ég var viðstödd hluta umfjöllunar þessa máls sem hér um ræðir í hv. allshn. Ég hef a.m.k. að hluta kynnt mér þau gögn sem liggja að baki málinu. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að mér finnst nál. meiri hluta allshn. fremur lítilfjörlegt miðað við þá umræðu sem skapast hefur um málið og umfang málsins strax í upphafi.

Við vitum öll að refsingar eru aðeins ein af mörgum leiðum til að reyna að stemma stigu við afbrotum. Að sjálfsögðu erum við hér saman komin til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að stemma stigu við afbrotum. Við njótum við það starf okkar fulltingis stofnana í samfélaginu. Mér finnst satt að segja merkilegt að umsagnir frá dómstólaráði og Lögmannafélaginu skuli ekki vega þyngra í umfjöllun allshn. en raun ber vitni í þessu máli. Ég tek undir þau orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og Guðmundar Árna Stefánssonar sem hér hafa fallið, að umfjöllun nefndarinnar hefði þurft að vera mun dýpri og vandaðri, taka lengri tíma og ná betur utan um málið, sem fjallar í raun og veru um hugmyndafræðina á bak við refsingar.

Hugmyndafræðin á bak við refsingar er fag í sjálfu sér. Úti í heimi, í nágrannalöndum okkar hafa mörg þjóðríki komið á fót stofnunum sem gera ekki annað en að fjalla um refsingar. Þetta hefur komið upp hvað eftir annað hér hjá okkur, að við flækjum okkur í deilur um refsingar í einstökum málum en náum aldrei botni. Við erum stöðugt að reyna að vinna í yfirborðinu, leita skyndilausna og setja plástra á sár.

Nú er talsverð umræða um það í samfélaginu að refsingar í einstökum málum þurfi að taka til rækilegrar skoðunar. Það mun hafa verið í gær sem Ríkisútvarpið flutti frétt sem

byggði á ummælum Kolbrúnar Sævarsdóttur, sækjanda hjá embætti ríkissaksóknara. Hún gerði að umtalsefni viðtal sem mun hafa birst í tímaritinu Ský þar sem Kolbrún fjallaði um refsingar í fíkniefnamálum og þá dóma sem hafa gengið í slíkum málum hér á landi, sem raunar er að finna ágætt yfirlit um í greinargerð frv. sem hér er til umfjöllunar.

Kolbrún Sævarsdóttir telur að í þeim dómum sem gengið hafi í fíkniefnamálum hafi fyrst og fremst verið miðað við magn efnanna en hún mælir líka með því að málin séu skoðuð í stærra samhengi, t.d. þurfi að skoða og vega og meta refsingu út frá aldri afbrotamanns, út frá sakaferli eða aðild hans að máli. Það þarf að skoða hvort fíkniefnin hafi komist í dreifingu eða hvort þau hafi verið tekin við innflutning inn í landið. Ótal fleiri atriði má skoða í svona málum.

Það að halda því fram að þingmenn, sem hafa áhyggjur af því að hér sé að fara í gegnum þingið mál sem sé ekki nægilega vel ígrundað, séu á móti refsingum í fíkniefnamálum, er náttúrlega algjör fásinna. Það er sannarlega réttmæt krafa þegar þingmenn óska eftir því að nefndir vinni málin út í hörgul. Umsagnir sem hv. allshn. bárust í þessu máli voru þess eðlis að það gafst sannarlega tilefni til að vinna málið mun betur en gert hefur verið.

Þess vegna tek ég undir þá gagnrýni sem hefur komið hérna fram. Ég tel að heildarendurskoðun refsiramma laganna þurfi að fara fram. Allshn. hefur tækifæri til að koma að slíku máli og sjá til þess að slíkri endurskoðun sé fundinn farvegur. Ég tek undir það að nefndin hafi fullt tilefni til að vinna þetta mál frekar og mundi því styðja fram komna tillögu, að málinu verði vísað aftur til nefndar og unnið betur.

[17:00]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að umræðan í dag hefur snúist að talsverðu leyti um að hæstv. dómsmrh. hefur ekki getað verið viðstödd, þá er nú miður að formaður allshn., hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, er heldur ekki viðstödd. Það er því kannski ástæðulaust að við í minni hlutanum á Alþingi séum að tala hvert yfir öðru þar sem við erum að reyna að sannfæra fólk um viðhorf okkar og skoðanir ef enginn af þeim sem heldur á málinu treystir sér til að vera viðstaddur. Ég held því að það sé rétt, virðulegi forseti, að gera hlé á máli mínu þangað til — mér liggur við að segja — að einhver úr meiri hluta þingsins komi í salinn.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti getur upplýst að formaður allshn., hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir er í húsinu. Hún mun vera í hliðarsal þannig að hún kemur örugglega von bráðar.)

Virðulegi forseti. En það er kannski ekki eins og hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir sé ein í hv. allshn. því að það eru fleiri úr meiri hluta þingsins. Þar má nefna t.d. varaformanninn, hv. þm. Jónínu Bjartmarz o.fl. þannig að við getum haldið þessari umræðu áfram. En hv. þm. Þorgerður K. Gunnardóttir er nú komin í salinn og því held ég að ástæða sé til þess að halda umræðunni áfram.

Það sem hefur verið dregið mjög skýrt fram í þessari umræðu er að það mál sem hér um ræðir er algerlega órökstutt, óunnið, órannsakað og ekkert er á bak við það sem gerir það að verkum eða réttlætir að farið sé í þessar breytingar. Það er ekkert í þessu máli og ekkert hefur komið fram hjá meiri hlutanum eða þeim sem standa að meirihlutaálitinu hvers vegna er ráðist í þessar breytingar. Það eina sem hefur komið fram í umræðunni er að það beri að bregðast hart við þegar um alvarleg brot er að ræða. Kannski má segja sem svo að með þessu móti hafi a.m.k. verið dregin fram sú stefna sem meiri hlutinn rekur á hinu háa Alþingi að það skuli herða refsingar. Það er sú afstaða sem hefur verið dregin fram og það er út af fyrir sig gott að það liggi fyrir hver afstaðan er. En hér er um það stórt mál að ræða að mér finnst ekki mikil krafa að meiri hlutinn á hinu háa Alþingi hefði gert einhverja tilraun til að rökstyðja mál sitt, einhverja örlitla tilraun hvað það væri sem menn væru að reyna að reyna að ná fram, hvers vegna þessi leið væri farin. Það hefur ekkert komið fram.

Nál. er þess eðlis að það er vart boðlegt til umræðu enda er þar ekki að finna nokkurn skapaðan hlut. Röksemdafærsla formanns allshn. er aðeins sú og sú ein að einhverjir dómar séu farnir að nálgast umrædd tíu ár og því beri að bregðast við. Þessu hafa dómarar andmælt, þessu hafa lögmenn andmælt.

Þegar öllu er á botninn hvolft er kannski ekki aðalatriði hvort hér er um að ræða tíu ár, tólf ár eða eitthvað annað. Aðalatriðið er það að hér hefur verið dregið fram hvernig og hvaða viðhorf og hvaða stefna er núna uppi hjá dómsmálayfirvöldum og hvernig bregðast skuli við brotum. Ég er ekkert viss um það að menn séu á eitt sáttir um að leiðin til þess að bregðast við afbrotum sé sú að þyngja refsingar. Ég er sannfærður um að það mun kalla á miklu harðara og grimmara samfélag, það eru miklu meiri hagsmunir í húfi og því er hér um stórt hugmyndafræðilegt mál að ræða hvernig haldið er á þessum þáttum. Eins og ég sagði áðan finnst mér það vera vanvirðing að þetta skuli ekki vera rökstutt miklu betur, að menn hafi ekki unnið heimavinnu sína um það hvaða áhrif hertar refsingar hafa haft í þessum málaflokki og hver séu í raun og veru fælingaráhrifin á þessu sviði.

Sú umræða sem hefur farið fram hefur aðeins dregið það fram að hér er á ferðinni eitthvert tilfallandi verkefni sem ráðuneytið hefur talið nauðsynlegt að ráðast í. Það hefur ekki talið æskilegt eða nauðsynlegt að hefja einhverja vinnu, undirbúa málið. Því sitjum við í raun og veru uppi með það að ætlunin er sú að hækka refsingar vegna brota í fíkniefnamálum úr tíu í tólf ár. Af hverju? Við erum engu nær. Hver eru markmiðin? Við erum engu nær. Við vitum í raun og veru ekkert meira um málið nú eftir að það hefur komið til umræðu, þ.e. hvað meiri hlutinn vill, en við vissum þegar lagt var af stað. Þetta er kjarni málsins.

Þó hefur það verið dregið fram að stefna þessarar ríkisstjórnar er sú að herða refsingar við öllum brotum. Þar skilja leiðir, a.m.k. á milli þess sem hér stendur og hæstv. ríkisstjórnar.

[17:06]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa að mínu mati fallið nokkuð stór orð í þessari umræðu og þá sérstaklega í máli hv. þm. Samfylkingarinnar og fyrir margra hluta sakir kannski merkilegar yfirlýsingar af þeirra hálfu en þær eru það viðkvæmar að það má kannski ekki ræða þær.

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því eindregið að ekki hafi farið fram vönduð vinna á vegum allshn. Hún var afskaplega vönduð og það var farið afar vel yfir bæði umsagnir og þær athugasemdir sem komu fram þar. Ég dreg ekkert dul á að það er mismunandi hjá umsagnaraðilum hvort rétt sé að stíga einmitt þetta skref. En það er ekki þannig að allir umsagnaraðilar séu alfarið á móti þessu. Dómstólaráð er ekki á móti frv. sem slíku, það mælir ekki gegn því. Það kemur með ákveðna punkta sem eru mjög góðir einmitt inn

í umræðuna og voru teknir til umræðu innan allshn. en þetta eru þeir hlutir sem við, bæði minni hluti og meiri hluti allshn. og síðan hv. Alþingi, þurfum að taka síðan tillit til og vega og meta.

Eins og ég las upp áðan í fyrstu ræðu minni er alveg ljóst að það er mat ríkissaksóknara að af dómaframkvæmd verði það ráðið að með refsimati dómstóla hafi refsimörk 173. gr. a almennra hegningarlaga verið nánast nýtt að fullu, hæstv. forseti, í alvarlegustu fíkniefnabrotum. Þetta er eitt af álitunum. En þessu gleyma hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Guðmundur Árni Stefánsson eða kannski hentar ekki að lesa það upp.

Þegar upp var staðið var það einfaldlega mat okkar í meiri hluta allshn. að rétt væri að fara þá leið að hækka refsimörkin úr tíu árum í tólf. Það er einfaldlega okkar að taka afstöðu til þess á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir. Það hafa líka komið upp spurningar í umræðunni: Af hverju ekki 15, 20 eða 25 ár? Það er líka mat okkar og í samræmi við það þegar refsimörk eru víkkuð út eða hækkuð, hvort sem það er í einhverjum öðrum brotaflokkum úr einu ári upp í þrjú ár eða úr fimm í sjö og núna í þessum brotaflokki úr 10 í 12, að þá er þessi hækkun einmitt úr 10 í 12 ár algjörlega í samræmi við lagahefð og lagaframkvæmd hér á landi.

Í Noregi er að hluta til farið upp í 15 ár og í mjög alvarlegum brotum farið upp í 21 ár. Í Svíþjóð og Danmörku er rætt um 10 ár og þar hefur m.a. verið umræða uppi um að hækka þau refsimörk þannig að við erum engan veginn eitthvað úti úr kortinu með það að hækka refsimörkin úr 10 árum í 12. Þetta var ekki ákveðið á kaffistofunni, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson orðaði það svo smekklega áðan, að þetta hefði dottið bara svona tilviljunarkennt niður. Þetta er afar vel hugsað og rökstutt.

Herra forseti. Þá er kannski stóra málið í því að við vitum öll hver varnaðaráhrif refsinga eru. Þau eru líka umdeild. En þegar allt er metið og allt er virt þá tel ég að þetta sé rétt leið. Auðvitað er löggjafinn að senda ákveðin skilaboð og menn verða þá bara að segja það og þeir sem vilja ekki senda þessi skilaboð senda þá út einhver önnur skilaboð. En það er mat mitt að með því að hækka þessi refsimörk upp í 12 ár þá eru skilaboðin skýr. Við lítum þessi alvarlegri fíkniefnabrot mjög alvarlegum augum og í rauninni má segja að það sé líka á vissan hátt pólitísk ákvörðun.

Það hefur líka verið talað um af hverju við aukum ekki við lágmörkin í almennum hegningarlögum og bætum þeim inn. Það er líka ákveðin lagahefð fyrir því þó það séu ákveðnar undantekningar til staðar í almennum hegningarlögum um ákveðin lágmörk við ákveðnum brotategundum. En ástæðan fyrir því að löggjafinn fram til þessa hefur ekki verið að binda um of lágmörk í almennum hegningarlögum er einfaldlega sú að við höfum ekki viljað á lægri sviðum — bæði í minni og alvarlegri brotum — binda hendur dómstóla um of. Það er hægt að nefna dóma í því sambandi, t.d. einn manndrápsdóm u.þ.b. 15 ára gamlan þar sem dómstólar mátu aðstæður þannig að sakborningur var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi. Það hefðu ekkert allir skilið af hverju sakborningur í manndrápsmáli hafi verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi. En þegar menn lesa dóminn og dómsforsendur eru þær ástæður mjög skiljanlegar. Þegar það er litið á þessi mál í heild að mínu mati tel ég ekki rétt að fara þá leið að binda um of lágmörk í greinar almennra hegningarlaga.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra, herra forseti. Ég tel að það skref sem við erum að stíga núna sé í fullu samræmi við það sem hingað til hefur verið gert varðandi þau skref sem hafa verið tekin í lagaframkvæmdinni um að auka refsimörkin og hins vegar það að við erum engan veginn úr takti við það sem er að gerast á Norðurlöndum. Auðvitað þarf að athuga þessi mál gaumgæfilega og það hefur verið gert og það er bara einfaldlega komið að okkur að taka afstöðu. Menn verða þá að þora að segja það: Þetta er ákveðin afstaða. Ég held að þetta sé skynsamleg leið og ég mæli eindregið gegn þeirri tillögu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að þetta mál fari aftur til allshn.

[17:14]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp í andsvar til að mótmæla því sem kom fram í máli hv. þm. að mjög vönduð vinna hafi farið fram í þessu máli. Það kemur fram í umsögnum sem taka afstöðu til málsins að engin undirbúningsvinna hafi farið fram og hvergi komi nokkuð fram sem skýrir af hverju menn eru að breyta þessum refsimörkum. Sú umræða fór ekki fram í hv. allshn. Það voru einungis kallaðir fyrir þeir aðilar sem gáfu umsögn og þeir skýrðu sjónarmið sín. Í þeirri umræðu kom mjög skýrt fram að þurft hefði að vinna þetta miklu betur. Það var ekki gert þannig að ég vil mótmæla því.

Í öðru lagi vil ég einnig mótmæla því að dómstólaráð leggist ekki gegn málinu. Það sem þar kemur fram er einfaldlega að þeir segjast ekki hafa um þetta mál að segja, en síðan snupra þeir hæstv. dómsmrh. ærlega með því nákvæmlega að segja þetta og benda á þær röksemdir að líkur séu til þess að við munum fá miklu harðara og grimmara samfélag með hertum refsingum. Það er það sem kemur fram.

Ég vil einnig nefna eitt að því er varðar ríkissaksóknara. Í áliti hans segir aðeins að það séu til dómar sem slaga upp í þetta refsihámark, en síðar segir að að öðru leyti hafi ríkissaksóknari engar ábendingar, athugasemdir eða skoðun á þessu tiltekna máli. Ég held því að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, að halda þessu til haga og halda því til haga að þeir sem gerðu efnislegar athugasemdir við frv. vöruðu eindregið við því í röksemdafærslu sinni að þessi leið væri farin.

[17:16]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki verið sammála orðum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar því að dómstólaráðið segir í lok umsagnar sinnar, með leyfi forseta:

„Dómstólaráð telur samkvæmt framansögðu hvorki rétt að mæla með framangreindri lagabreytingu né leggjast gegn henni."

Þetta er nákvæmlega það sem ég sagði áðan. Dómstólaráð sér sér ekki fært að mæla gegn þessari lagabreytingu en það mælir heldur ekki með henni, tekur í rauninni ekki beina afstöðu. Aftur á móti koma afskaplega ágætar ábendingar frá dómstólaráði, hugleiðingar vil ég meina, um varnaðaráhrif refsinga og hvað harðari refsingar geti hugsanlega haft í för með sér. En þetta er allt sem snýr síðan að okkur. Við hv. þm. verðum að þora að taka afstöðu á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir. Það er nákvæmlega það sem hefur verið gert. Við mátum þessi gögn, við mátum þær staðreyndir sem liggja fyrir í málinu og teljum að á grundvelli þeirra sé engan veginn aðfinnsluvert að auka refsirammann úr 10 árum í 12. Þar fyrir utan vil ég enn og aftur ítreka það sem

ríkissaksóknari sagði og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vildi gera lítið úr þeim orðum sem efnislega eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir þá ályktun í athugasemdum við frv., sem dregin er af dómaframkvæmd, að með refsimati dómstóla hafi refsimörk 173. gr. a almennra hegningarlaga verið nýtt nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum."

Þetta eru orð sem koma frá ríkissaksóknara. Auðvitað verður að taka tillit til þeirra eins og annarra og meta þau.

[17:18]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stundum getur karpið á hinu háa Alþingi farið að snúast um hvorki stóra né mikla hluti. Ég er hræddur um að það hafi gert það í þessu tilviki.

Það sem við höfum verið að reyna að draga hér fram er að þegar menn breyta og hækka refsingu úr 10 í 12 ár þurfi að rökstyðja það, menn þurfi að skýra hvað verið er að fara. Það hefur ekki verið gert og það er sú umræða sem við höfum verið að kalla eftir. Hvaða breytingar hefur það fyrir samfélag okkar að herða refsingar? Hvers konar samfélag munum við fá út úr því? Við erum að reyna að kalla eftir slíkri umræðu en það er eiginlega bara snúið út úr.

En vegna þess að verið er að lesa úr athugasemdum ríkissaksóknara sem eru sjö línur, allt og sumt, virðulegi forseti. Það eru sjö línur og af því að hv. formaður allshn. las þrjár, þá er kannski spurning hvort ég leyfi mér að lesa tvær, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti hefur ríkissaksóknari ekki athugasemdir eða ábendingar fram að færa vegna lagafrumvarpsins."

Þetta er sem sagt stóra fjarvistarsönnun meiri hlutans gagnvart því að einhvers staðar sé einhver sérfræðingur á sviði refsinga, rannsókna, afbrotafræði eða hvað sem er sem taki undir þetta. Þetta er stóra fjarvistarsönnunin fyrir því að menn geti komið hér inn og lagt þetta fram og sagt: Af því bara. Við ætlum bara að hækka refsingar. Af því bara, af því að bregðast eigi hart við alvarlegum brotum. Afleiðingar af þessum gjörðum hafa ekki einu sinni verið hugleiddar.

[17:20]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé sama hvað sagt verður við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hann kemur alltaf til með að fara með sömu þuluna, að hér sé verið að setja fram lagafrv. án röksemda. Það er ekki rétt, ég er einfaldlega ekki sammála honum. Hann verður bara að taka því, karlinn.

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þm.)

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég tel að ágætis rök hafi verið færð hér. (**Gripið fram í:** Ávarpa forseta.) Herra forseti. Karlinn hann Lúðvík Bergvinsson.

(**Forseti** (ÁSJ): Hv. þm.)

Hv. þm., herra forseti. Ekki lagast þetta hjá mér. En engu að síður, ég ætla að halda áfram að reyna. Það sem stendur eftir, herra forseti, við þessa umræðu er að ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Væri hægt að fá að klára þetta stutta andsvar án þess að hv. þm. sé gjammandi fram í?

Það sem stendur eftir þessa umræðu og orðræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er að hv. þm. getur ekki tekið því að við höfum að okkar mati fært góð rök fyrir máli okkar. Við höfum fært rök fyrir því af hverju við viljum hækka refsimörkin fyrir þessi alvarlegu fíkniefnabrot úr 10 árum í 12. Mér finnst, það er mitt mat, að Samfylkingin hafi forðast að svara þeirri spurningu hvort hún vilji auka refsimörkin úr 10 árum í 12. Vill hún ekki herða refsingar við þessum alvarlegu brotum?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill að gefnu tilefni áminna þingmenn um að hafa hljóð í salnum og gefa ræðumönnum frið til að flytja mál sitt. Og einnig áminna þingmenn um að ávarpa hv. þm., hæstv. ráðherra og hæstv. forseta.)

[17:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Formaður allshn. kvartaði yfir því í ræðu sinni að stór orð hefðu verið látin falla í umræðunni. Þar sem ég var einn af þremur ræðumönnum sem gagnrýndu þessi vinnubrögð og þetta verklag nefndarinnar, þá tek ég það til mín.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, herra forseti, að stærstu orðin hrutu ekki af vörum mínum heldur voru tilvitnun í umsagnir dómstólaráðs og Lögmannafélags Íslands. Þar er hinar alvarlegu athugasemdir málsins að finna.

Herra forseti. Það er alveg nauðsynlegt að kalla eftir því skýrt og ákveðið þar sem umsagnir bárust nefndinni frá Landssambandi lögreglumanna, Mannréttindaskrifstofunni, laganefnd Lögmannafélagsins, dómstólaráði, Fangelsismálastofnun og ríkissaksóknara, hver þessara aðila mælti með frv.? Hver af þessum umsagnaraðilum mælti með samþykkt frv.? Þetta er klár og kvitt spurning. Ég hef af yfirferð gagna ekki séð einn einasta umsagnaraðila sem hefur mælt með því sérstaklega að frv. verði samþykkt óbreytt. Þetta er kjarni málsins.

Herra forseti. Ég er engu nær um þær röksemdir sem að baki liggja. Það liggur algerlega ljóst fyrir að það er í tveimur tilvikum sem dómareynsla hefur komist nærri hæstu mörkum refsirammans og það er mat dómara og það er mat lögmanna á Íslandi að það pípi hvergi og engin krafa sé um það neins staðar að hækka þurfi refsirammann af þeim sökum þannig að fullyrðingar í greinargerð standast einfaldlega ekki. Ríkissaksóknari tekur ekki neina efnislega afstöðu til frv. Það er hins vegar verk ríkissaksóknara eðli máls samkvæmt að ganga eins langt og hann nokkru sinni kemst og það er síðan dómstóla að úrskurða með sanngirni. Það kemur mér því ekki á óvart þó að ríkissaksóknari vilji ganga langt. Það er eðli embættis hans.

[17:25]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla rétt að renna yfir þær umsagnir sem ég hafði á borðinu hjá mér um frv. og ég held að þær séu í rauninni í samræmi við það sem tíðkast við svona lagafrv. Það er ekki beint verið að mæla með en heldur ekki gegn því.

Hér segir, með leyfi forseta: „Mannréttindaskrifstofan mun hvorki mæla með né á móti breytingum þeim á hámarksrefsingu sem mælt er fyrir í ofangreindu frumvarpi."

Hérna er önnur tilvitnun, með leyfi forseta:

„Um leið og framkvæmdastjórn LL þakkar erindið vill hún koma á framfæri að engar athugasemdir eru af hálfu LL við frumvarp þetta."

Ég hef marglesið undirtektir ríkissaksóknara varðandi athugasemdir í frv. og það er alveg rétt sem kom fram hjá hv.

þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ríkissaksóknari hnykkir með þessum orðum í umsögn sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti hefur ríkissaksóknari ekki athugasemdir eða ábendingar fram að færa vegna lagafrumvarpsins.“

Síðan er auðvitað rétt að taka fram, af því að hv. þm. hafa verið að vitna svo óspart í laganefnd og umsögn laganefndar Lögmannafélagsins, að þetta er ekki samróma umsögn, því hér stendur, með leyfi forseta:

„Rétt er að benda á að einn nefndarmanna var ósammála umsögn meiri hluta laganefndar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.“

Herra forseti. Þetta er í rauninni það sem málið snýst um. Hægt er að finna ýmsa fleti á málinu en þegar upp er staðið verðum við að taka afstöðu og þora að gera það. Við gerum það á grundvelli gagna.

[17:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér verður satt að segja alveg orða vant. Að hv. þm. komi hér upp staffírug og láti þau orð falla að meiri hluti nefndarinnar geri það á grundvelli gagna og var rétt í því talaða orði að fara yfir umsagnir sem fyrir nefndinni lágu. Það er ekki einn einasti aðili sem mælir með samþykkt frv., ekki einn einasti aðili. Ég hef hins vegar rakið það hér og fleiri hv. þm. að tveir virtir umsagnaraðilar mæla gegn samþykkt frv. efnislega og rökstyðja það mjög nákvæmlega. Dómstólaráðið vefengir klárlega þá fullyrðingu í nál. að einhver þörf sé á því að hækka refsirammann í 143. gr. a vegna þess hvernig dómaframkvæmd hafi verið. Lögmannafélag Íslands sömuleiðis. Þetta liggur hér algerlega ljóst fyrir og er þá eðlilegt í því ljósi að hv. þm. hrökkvi í það hornið og segi bara einfaldlega: Ja, þetta er bara pólitísk ákvörðun. Við viljum hörku en þið hin viljið láta deigan síga fyrir þessum djöfulmóð sem fíkniefnin eru. Svoleiðis eru hlutirnir bara ekki. Við viljum skoða þetta mál faglega. Af hverju eru nefndir þingsins að kalla til aðila og óska eftir áliti manna nema til þess að taka mark á þeim og til að taka mið af þeim a.m.k. Það er enginn sem heimtar það að kjörnir alþingismenn láti einhverja aðila úti í bæ segja sér fyrir verkum.

Herra forseti. Það er lágmarkið að þessar umsagnir séu lesnar og reynt að draga einhverjar málefnalegar ályktanir af þeim. Við erum búin að fara markvisst yfir það lið fyrir lið hvernig virtustu umsagnaraðilar og annar af tveimur aðilum sem kallaðir voru fyrir nefndina — það voru ekki nema tveir aðilar kallaðir fyrir nefndina, það var kontóristi í ráðuneytinu, skrifstofustjóri þar, og fulltrúi Lögmannafélagsins — mælir gegn samþykkt frv. Klárara og kvittara getur þetta ekki verið, herra forseti. Á hvaða vegferð erum við hér?

[17:29]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg með eindæmum að hlusta á þetta kjaftæði í rauninni, virðulegi forseti, því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var ekki viðstaddur fundi nefndarinnar. Ég bar það sérstaklega upp á fundi nefndarinnar hvaða gestum ætti að bjóða og voru engar athugasemdir gerðar við gestalista í þessu tiltekna máli. Engar. Við fórum yfir umsagnirnar og ég spurði sérstaklega að því hvaða gesti ætti að fá á fund nefndarinnar. Beðið var um einn gest og það var fulltrúi Lögmannafélags Íslands og hann var fenginn til nefndarinnar og veitti mjög gagnlegar upplýsingar.

Það er heldur ekki rétt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði áðan að dómstólaráð hefði mælt gegn frv., því hvað segir í umsögn dómstólaráðs í lokin? Þeir mæla hvorki með framangreindri lagabreytingu né leggjast gegn henni. Þeir leggjast ekki gegn lagabreytingunni. Það stendur hér svart á hvítu og ég verð þess vör, herra forseti, að því meira sem rætt er um þetta mál því greinilegra er hversu viðkvæmt þetta er í sálum hv. þm. Samfylkingarinnar.

[17:30]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur kannski að stórum hluta tæmst. Hún er farin að snúast um hvað stendur eða stendur ekki í þeim gögnum sem voru lögð fyrir hv. allshn.

Kjarninn er einfaldlega sá að einungis tveir aðilar sendu inn efnislega umsögn um málið. Annar aðilinn, dómstólaráð, telur að það lúti ekki að þeim að taka beina afstöðu til málsins. En öll röksemdafærsla dómstólaráðs er á þá leið að engin hætta sé á því að farið sé að strekkjast á þeim refsimörkum sem nú eru í lögum.

Lögmannafélagið leggst gegn þessu máli. Það er alveg klárt. Aðrir ýmist velja það að tjá sig ekki eða, eins og t.d. ríkissaksóknari, koma með þá athugasemd að einhverjir dómar séu farnir að nálgast þetta en að öðru leyti hafi þeir ekki athugasemdir eða frekari umsagnir um málið. Þetta kemur mjög skýrt fram og af því að enginn mælir með málinu þá hlýtur maður að spyrja hvers vegna meiri hlutinn fer þessa leið og maður hlýtur að kalla eftir rökunum af því að allir sérfræðingar sem hafa tekið efnislega afstöðu og fjallað um þetta hafa mælt þessu í mót. Þau hafa ekki komið fram. Einu rökin sem hafa komið fram eru þau að það eigi að kveða upp þunga dóma við alvarlegum brotum. Og að Samfylkingin sé einhverrar annarrar skoðunar, það hefur aldrei komið fram, aldrei nokkurn tíma.

Við teljum hins vegar að þegar verið er að taka ákvörðun um að hækka möguleika dómstóla á að svipta menn frelsi um tvö ár þá sé það svo mikilvægt og svo stórt að það kalli á alvöruumræður, kalli á vandaða umræðu og góðan rökstuðning. Það er eftir honum sem við höfum verið að kalla hér í allan dag. Það eina sem við höfum fengið er að menn vilja þunga dóma við alvarlegum brotum. Það er stefna ríkisstjórnarinnar bara sisvona að þyngja refsingar.

Ég nefndi í upphafsræðu minni að umræða um áhrif refsinga hafi verið umdeild í árhundruð og þó ekki væri nema af þeirri ástæðu er ástæða til þess að rökstyðja þetta ærlega. Það er ekki gert. Svo kemur hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hér upp og segir: „Það þýðir bara ekkert að tala við menn. Við erum bara annarrar skoðunar. Þeir eru bara annarrar skoðunar og þeir hlusta ekkert á okkur.“ Það er allt og sumt. Þetta eru svona einhver „af því bara“-rök. Þetta minnir dálítið á óþægan krakka í sælgætisbúð sem stappar niður fæti sökum þess að hann fær ekki sleikjó. En við höfum kallað eftir rökum. Við höfum kallað eftir hver markmiðin eru og hvað liggi þarna að baki. Það hefur ekki komið fram.

Þetta er kjarni þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram í dag og niðurstaðan er, og það er reyndar hárrétt mat hjá hv. þm., að það stendur ekkert annað eftir en að: „Við viljum hækka refsingar úr tíu árum í 12 ár. Við höfum að vísu ekkert fyrir okkur og við höfum engin sérstök markmið. Við teljum að líkur bendi til þess að einhvern tíma muni falla dómur sem verður nálægt þessu. En að öðru leyti höfum við óskaplega lítið fyrir okkur.“

Þetta er allt og sumt, virðulegi forseti, sem um þetta mál er að segja ef maður dregur þessa niðurstöðu saman í örfá orð. Niðurstaðan er sú að meiri hlutanum hefur ekki tekist að færa fram nein sannfærandi rök fyrir því að hækka refsingar úr tíu árum í tólf. Og það sem meira er, þeir hafa ekki einu sinni fundið meðreiðarsvein í þessu máli ef undan er skilinn einn, til þess að halda öllu til haga. Það er einn aðili í laganefnd Lögmannafélags Íslands hvers nafns er ekki getið, þ.e. minnihlutaaðili. Og það verð ég að segja eins og er að mikið óskaplega þætti mér gaman að því á hinu háa Alþingi að minnihlutaálitin yrðu ofan á annað slagið. Ef það er orðið einasta haldreipi meiri hlutans að það megi finna einn aðila í minni hlutanum í lögmannanefnd fyrir þessari niðurstöðu þá verð ég að segja það alveg eins og er að haldreipið er ekki sterkt.

[17:35]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Álit laganefndar Lögmannafélags Íslands er skilmerkilegt. Það kristallar í rauninni það sem þessi umræða hefur snúist um, þ.e. að það er einfaldlega ágreiningur í málinu. Menn eru ekki sammála um leiðir. Ég held að allir sem hafa kynnt sér ákveðna refsipólitík sem hefur verið við lýði í landinu og hvaða áhrif harðari refsingar geti hugsanlega haft í för með sér, eins og til að mynda varnaðaráhrif, þá eru þetta hlutir sem menn verða að vega og meta. Það höfum við gert hvort sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vill taka orð mín trúanleg eða ekki.

Eitt markmiðið með lögunum var m.a., eins og við höfum talað um, að við teljum, og það styður ríkissaksóknari, að dómstólar hafi nokkurn veginn nýtt sér refsimörkin sem felast í almennum hegningarlögum. Við teljum okkur vera að koma til móts við það — undanfarnar vikur hafa lögreglan og tollurinn til að mynda verið að taka inn, því miður, harðari efni og meira af þeim — þannig að við séum með ramma sem dómstólarnir geta gripið til í samræmi við brotin. Þetta er ein af röksemdunum. Auk þess erum við að senda skýr skilaboð. Ég tel þetta nægjanlegar röksemdir og mestu röksemdirnar með frv. Síðan getum við farið út í enn frekari refsipólitík og farið út í einmitt þá umræðu enn frekar hvaða varnaðaráhrif þetta hafi. Ég tel þessa leið hafa ákveðin varnaðaráhrif úti í þjóðfélaginu. Ég tel það tvímælalaust.

[17:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Maður veltir því eilítið fyrir sér hvaða tilgangi það þjóni að halda þessari umræðu áfram. Ætla mætti, ef einhver fylgist með umræðunni, að hér væri um prívatmál hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur að ræða. Hún stendur hér ein til efnislegra svara fyrir tillögu meiri hlutans og raunar framlagningu frv. og tillöguflutningsins af hálfu hæstv. dómsmrh. því að hún er hér alein og hefur auðvitað endurtekið sig eðli máls samkvæmt og sagt: „Þetta er bara svona og ég hef þá skoðun að þetta sé skynsamlegt þrátt fyrir allt og allt." Viðbrögð hennar hér áðan báru þess merki þegar einstaklingur er kominn í rökþrot í rökræðum og menn segja „af því bara" og kvarta og kveina yfir því að viðmælandinn sé vondur við sig.

Herra forseti. Ég get ekkert að því gert. Ég er að reyna að reifa efnisatriði þessa máls og hef reynt að gera það samviskusamlega með því að vísa í álit og umsagnir þeirra sem best til þekkja og gerði það samviskusamlega í fyrri ræðu minni.

Áður en ég vík að þeim atriðum, þá hlýtur ég að velta því dálítið fyrir mér hvað kunni að liggja því að baki að hv. þm. skuli standa ein til svara í þessari grafalvarlegu umræðu. Ég kallaði eftir því fyrr í dag af hverju hæstv. ráðherra væri ekki viðstaddur og veit svo sem ekkert um ferðir hennar. Væntanlega hefur henni verið gert viðvart. En þessi umræða hefur dregist á langinn og ég átti von á því að þegar um hægðist í hennar störfum að hún gæti kannski komið til umræðunnar hér á lokastigi. En svo er þó ekki. Og ekki virtist vera mikill viljinn til málefnalegrar umfjöllunar og vandaðra vinnubragða af hálfu formanns nefndarinnar þegar hún taldi sérstaka ástæðu til þess að segja, sem er mjög sjaldgæft í þessum ræðustól þegar um það er beðið að nefnd skoði mál milli 2. og 3. umr. — það er mjög eðlileg og sjálfsögð krafa og yfirleitt hafa nefndarformenn orðið við slíkum óskum — að það kæmi alls ekki til greina, það væri ekkert uppi á borðum hér. Hún lagðist eindregið gegn því. Þetta er afskaplega sérkennilegt í þinginu og yfirleitt er gangur mála annar. En þetta segir kannski meira um hvað í samviskunni býr og hver hin efnislega staða málsins er.

Herra forseti. Helsta málsvörn meiri hlutans — raunar er óeðlilegt að tala um meiri hluta nefndarinnar. Við skulum heldur segja formanns nefndarinnar sem hefur staðið hér ein til svara — er sú að reifa umsögn ríkissaksóknara í sjö línum sem tekur svo sem ekki neina efnislega afstöðu til frv. en tekur þó undir þá ályktun að refsimörk tiltekinnar greinar sem margnefnd er hér í umræðunni hafi verið nýtt nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum. Það er gerð nánari grein fyrir því í öðrum umsögnum að það er í tveimur málum. Þeir sem fara nánar ofan í þær sakir og þær staðreyndir hafa á það bent að almenna reglan er sú að ekkert í kortunum beni til þess að refsiramminn sé nánast að springa.

Ég kallaði eftir svörum frá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur við efnislegum atriðum sem eru þessi: Í umsögn Lögmannafélagsins er á það bent að í öðrum ákvæðum hegningarlaga hefur komið í ljós við reynsludóma að þessi rammi er nánast því sprunginn og í langtum fleiri tilfellum en hér um ræðir. Ég spurði að því hvort ekki væri því eðlilegt að ályktа sem svo að rýmka þann ramma sömuleiðis, hvort sú vinna væri þegar farin af stað og hvort vænta mætti tillagna í þá veru nú á þessu vorþingi.

Enn fremur var á það bent hjá lögmönnum að í mörgum tilfellum væri refsiramminn langt í frá nýttur og ég spurði í því ljósi hvort ekki mætti vænta þess að meiri hluti allshn. eða hæstv. dómsmrh. hefði frumkvæði að því að lækka þann ramma til samræmis við dómaframkvæmd. Ég vil biðja hv. þingmenn að svara mér þessu því að það skiptir miklu máli að samræmi sé hér í málflutningi. Ber kannski að einskorða sig við þennan málaflokk einvörðungu? Það er auðvitað ekki svo því að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði sjálf í ræðu fyrr í dag að hún teldi þetta vera hin eðlilegu vinnubrögð. Menn byrjuðu þar sem skórinn kreppti, þ.e. í fíkni- og ávanaefnunum, þar væri refsiramminn orðinn þaninn, þar væri byrjað og svo yrði næsti fasi tekinn í kjölfarið.

Ég vil spyrja í þessu ljósi: Hvað næst? Hér er á það bent af hálfu lögmanna að þessi vandamál er að finna víða í hegningarlögunum og með vísan til dómaframkvæmdar og ég spyr: Hvað næst og hvenær?

Mitt mat er það, og ég tek undir með lögmönnum í því sambandi, að það er mjög mikilvægt að skoða þessi mál heildstætt þannig að samræmi verði í refsingum, þ.e. einhvers konar yfirsýn sem við höfum yfir það hvað við teljum

alvarleg brot og hver eru veigaminni þannig að refsingar séu í réttu hlutfalli og samræmi við það þannig að heildarmyndin raskist ekki. Eftir því er raunar kallað af hálfu Lögmannafélagsins að heildarendurskoðun væri eðlilegri en að ákveðnir tilteknir þættir væru teknir út úr.

Herra forseti. Því hefur verið haldið til hér haga og á það bent að í Noregi væru þessar refsingar miklum mun harðari. Ég ætla ekki að vefengja það. Svo kann vel að vera. Vil ég þó nefna að þessi sami ríkissaksóknari sem oft hefur verið nefndur af hálfu meiri hluta nefndarinnar og formanns hennar, þ.e. starfsmaður hans, Kolbrún Sævarsdóttir, hygg ég að hún heiti, hefur látið svo um mælt að refsingar á Íslandi í þessum tilteknu málum, þ.e. fíkniefnamálum, séu æðiþungir þegar miðað er við önnur Evrópulönd. Í þessu sama viðtali var ekki að finna að hún teldi þörf á refsiþyngingu í því samhengi heldur þvert á móti væri Ísland með hliðsjón af öðrum löndum með tiltölulega þunga dóma í þessum efnum. Þetta er nú hægt að skoða með ýmsum hætti.

Það þjónar ekki miklum tilgangi að endurtaka það sem hér hefur áður verið sagt. Ég vil þó að það misskiljist ekki þegar ég, ásamt fleirum, hef vitnað til dómstólaráðs. Það er auðvitað klár skýring á því af hverju dómstólaráð tekur ekki með beinum hætti efnislega afstöðu til frv. Dómstólaráðið á ekki að gera það og ég er alveg sammála þeim orðum ráðsins og því mati þess að almennt eigi dómarar eða stofnanir á vegum dómsvaldsins ekki að hafa áhrif á lagasetningu eins og hér um ræðir. En þeir telja samt sem áður — og það er einkar athyglivert — ástæðu til þess í allítarlegu máli að vekja athygli á ýmsum veikleikum bæði í þeim rökstuðningi og málflutningi og þeirri hugmyndafræði sem ber þetta mál uppi. Að því leytinu til finnst mér þessar ábendingar dómstólaráðs veigaþyngri en ella af því að ráðið er meðvitað um að þeir eru á ystu nöf í raun og sanni að leggja mat sitt á lagasetningu á hinu háa Alþingi af því að þeir vilja virða þrískiptingu ríkisvaldsins. En samt sem áður leggja þeir lykkju á leið sína og gera athugasemdir við fullyrðingar á borð við þær að refsiramminn sé fylltur og gera sérstakar athugasemdir við þau ummæli í frv. sem eru endurtekin í nál. meiri hlutans.

Þeir gera einnig sérstaka athugasemd við það og leggja ákveðna lykkju á leið sína til að minna hv. alþingismenn á að menn verða að skoða þær afleiðingar sem lagasetning leiðir af sér og ekki síst í viðkvæmum málum eins og hér um ræðir. Glæpir eru alvarlegur hlutur. Refsing er það sömuleiðis og menn verða sérstaklega í þeim tilfellum að vanda sig mjög. Það er ekki góð pólitík, herra forseti, í jafnviðkvæmum og mikilvægum málum og hér um ræðir að reyna að ljúka málinu með einhverjum einföldum meldingum á borð við þær að Samfylkingin eða einhverjir flokkar séu á móti hörðum refsingum, séu á móti því að vera harðir í baráttunni gegn fíkniefnum, en síðan séu einhverjir aðrir sem vilji vera það. Þannig er þetta mál ekki vaxið. Við viljum hins vegar vanda okkur við þetta.

Ég vil hafa það alveg skýrt, af því að eftir því var spurt, að eins og málið er vaxið og eins og það hefur verið unnið hér þá treysti ég mér ekki til þess að greiða því atkvæði, það skal vera algerlega skýrt hér. Ég mun ekki standa að því að greiða þessu frv. atkvæði undir þeim formerkjum sem hér um ræðir og leggst gegn málinu og sagði það raunar í fyrri ræðu minni að ég mun koma með tillögu um að því verði vísað til ríkisstjórnar. Það verður hins vegar ekki á valdi hv. þm. að ákveða það hvort ég flytji slíka tillögu þó að hún telji það vera á sínu valdi að ákveða að nefndin hafi ekki meira um málið að segja milli umræðna.

Herra forseti. Allt í einu er það skýring að tveir aðilar komu sem voru kallaðir fyrir nefndina. Annar þeirra var Benedikt Bogason frá dómsmrn., sá sem samdi væntanlega frv. fyrir hönd hæstv. dómsmrh. og afstaða hans hefur væntanlega verið skýr og ljós og út af fyrir sig ekkert um það að segja, og hinn var Erlendur Gíslason, frá Lögmannafélagi Íslands. Hv. þm. nefndi það hér áðan að það hafi verið mjög gagnlegt að fá hann inn í nefndina. Það var svo gagnlegt, herra forseti, að það hefur ekki verið hlustað á eitt aukatekið orð sem Lögmannafélag Íslands segir um málið því að það leggst gegn frv., svo gagnleg var sú heimsókn.

Þetta mál er allt í skötulíki. Ég vil enn og aftur minna á að það er ekki geðþóttaákvörðun og á ekki og getur aldrei orðið geðþóttaákvörðun hvort refsing fyrir tiltekin brot séu fimm ár, tíu ár eða 15. Því var skotið hér inn í umræðuna og raunar var hv. þm. spurð um það af hverju þessi refsiþyngingeða þessi refsirammi væri hækkaður um eingöngu tvö ár, af hverju ekki þrjú eða fjögur. (Gripið fram í.) Það voru ekki haldgóð svör því að ekki sitja þau eftir af minni hálfu. Kann það að vera svo að þá skekki það heildarmyndina? Það getur vel verið að svo sé. En getur verið að þessi einstaka hækkun skekki myndina?

Ég vil minna á í þessu samhengi, herra forseti, af því það hefur verið fullyrt hér þó að því hafi jafnframt verið mótmælt, að refsiramminn sé nánast fullnýttur, að heimild er líka í hegningarlögum, af því að það er nú svo að alvarlegustu brotin í fíkniefnaheiminum lúta ekki eingöngu að beinum brotum gagnvart ákvæðum hegningarlaga er varða misneytingu og sölu fíkniefna heldur eru yfirleitt önnur alvarleg brot sem oft og tíðum hanga með. Það eru auðgunarbrot, það eru stundum líkamsárásir og sitthvað annað sem viðgengst í þessum heimi og dómstólar og raunar saksóknari hafa heimild til að taka fleiri en eitt brot undir í einu og dæma menn með öðrum orðum ekki bara í upp undir tíu árin vegna fíkniefnabrota heldur hugsanlega þrjú, fjögur, fimm ár vegna annarra brota þannig að það er vel mögulegt að dómar vegna fíkniefnabrota og tengdra brota geti verið hærri en áðurnefnd tíu ár. Við skulum líka halda því mjög ákveðið til haga.

Það er einmitt bent á það í mjög vandaðri umfjöllun bæði dómstólaráðsins og raunar líka Lögmannafélagsins hvaða afleiðingar þessar refsingar hafa á þennan hryllilega heim sem fíkniefnaheimurinn er. Og þeir eru ekki að mála þá liti neitt sérstaklega milda. Þeir vekja athygli á því að komið geti að þeim punkti að fælingarmátturinn snúist upp í andhverfu sína, þ.e. þegar refsingar vegna beinna fíkniefnabrota eru komnar í vissan árafjölda liggi þær svo nálægt refsingum, hugsanlega vegna manndrápa að sá seki, misgjörðamaðurinn sjái sér hugsanlega hag í því að tálma rannsókn með því að beita enn alvarlegri brotum. Þetta hafa sérfræðingar í þessum djöfullega heimi sem fíkniefnaheimurinn er, sagt mér. Þetta allt þarf náttúrlega að skoða mjög gaumgæfilega og ég spyr: Hafa menn verið að ... Herra forseti. Ég sé ekki mikla ástæðu til að halda áfram ræðu minni því að nú er þingsalur tómur af þeim sem á þurfa að hlýða.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir er í hliðarsal og hlustar á mál.)

Já, ég sé það núna. Ég vil því árétta hvort nefndinni og formanni nefndarinnar hafi ekki þótt ástæða til að gerð yrði sérstök könnun á því og rannsókn vegna þessa frv. hver yrðu í raun margfeldiáhrif þessarar sértæku ákvörðunar á

þann heim sem fíkniefnaveröldin er. Hefur nokkur reynt að gera sér grein fyrir því — og af því að ég sé að hv. þm. er að ræða við aðstoðarmann ráðherra og er kannski að fá skilaboð frá hæstv. ráðherra um nýja línu í málinu, ekki veit ég það, en það er þó betra að sjá hér aðstoðarmann hæstv. dómsmrh. heldur en engan, en af því að ég var hér með beina spurningu þá þætti mér vænt um að á hana yrði hlýtt. Ég var að spyrja um það, herra forseti, hvort nefndin hefði að einhverju leyti séð ástæðu til þess að ætla það að hugrenningar dómstólaráðsins um að þyngri refsingar gætu leitt til harðari og skipulegri brotastarfsemi, hvort nefndin hafi með einhverju móti gert sjálfstæða rannsókn á því hvort hugsanlegt væri að svo gæti farið. Kallaði nefndin eftir einhverjum sérfræðingum eða hugleiðingum í þá veru? Það er það sem afbrotafræðingar benda gjarnan á að geti komið upp ef yfir ákveðin mörk er farið.

Ég spurði hæstv. dómsmrh. að því einnig hvort svo gæti verið að þetta hefði ekki verið kannað sérstaklega og mér er næst að halda að það hafi ekki verið gert. Það er auðvitað grafalvarlegt mál því að hv. þm. nefndi hér hugtakið refsipólitík og það er alveg hárrétt, það er til hugtak sem heitir refsipólitík. Og það byggir ekki bara á tilfinningum manna um hvort sýna eigi mannúð og mildi gagnvart brotamanni heldur líka hvaða áhrif það hafi, samfélagsleg áhrif, ekki bara einstaklingsbundin áhrif á viðkomandi brotamann þegar dæmt er hart eða dæmt er mjúkt. Mér er skapi næst að halda, herra forseti, að það séu þrjú ár síðan eða þar um bil, það var raunar fyrir tíð hv. þm. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur hér á hinu háa Alþingi en það var ekki fyrir tíð hæstv. dómsmrh., að hér var samþykkt þál. þess efnis að úttekt og athugun einmitt í þessa veru færi fram, nefnilega á refsingum og áhrifum þeirra. Einkum og sér í lagi voru í þeirri þál., sem góð samstaða var um og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir átti raunar frumkvæði að, ávana- og fíkniefnin tekin út úr. Og það var haft á orði að þau yrðu fyrst skoðuð í þessu samhengi. Ég vænti þess, herra forseti, að nú síðar í umræðunni geri hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nánari og gleggri grein fyrir þessum þætti máls.

Það er hins vegar grafalvarlegt mál ef það getur verið svo að hæstv. dómsmrh., sem var nú raunar formaður allshn. á síðasta kjörtímabili, hafi farið fram með þetta mál án þess að gera hið minnsta í því að láta fyrrgreinda þál. ganga fram og gera minnstu tilraun til þess að skoða bakgrunn, markmið, tilgang og afleiðingar refsinga. En ég trúi því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem var upphafsmaður að þessu fyrir nokkrum árum og fékk þessa tillögu samþykkta í allshn. geri nánari og gleggri grein fyrir því. Það var allshn. sjálf sem stóð að þeirri tillögu og um hana var mjög góð samstaða.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hægt er og hvort ástæða sé til að orðlengja þetta. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var svo kurteis áðan að láta þess eingöngu getið að hér væri ekki að finna varaformann nefndarinnar. En ég vek athygli á því að hér hefur ekki verið að finna einn einasta fulltrúa úr meiri hluta nefndarinnar í allan dag að undanskildum hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formanni nefndarinnar. Hér er ekki um prívatmál hennar að ræða. Hér er um stjórnarsamþykkt að ræða, ríkisstjórnarmál sem samþykkt var í þingflokkunum og sem meiri hluti nefndarinnar hefur greinlega samviskusamlega flutt inn í þingið á nýjan leik algerlega óbreytt og lítt og illa unnið. Það er algjörlega borðleggjandi og þarf ekki að orðlengja það. Því ber að gagnrýna það mjög harðlega að hér skuli enginn hafa staðið til svara annar en hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, svo ég tali nú ekki um hæstv. ráðherra.

Ég árétta að það er langt í frá að þetta mál sé á enda runnið af minni hálfu. Ég hefði verið tilbúinn að skoða málið með velvilja hafi menn reynt að skjóta málefnalegum stoðum undir það og getað sýnt mér fram á málefnalega og öfgalaust að þetta skipti raunverulega máli í baráttunni gegn vímuefnum. Þá hefði ég horft á þetta með galopin augu og jafnvel verið tilbúinn að styðja málið. En það eru engir tilburðir uppi í þá áttina því miður, herra forseti. Það er bara rökstuðningurinn „af því bara" og hann dugir mér ekki í jafnalvarlegu máli og hér um ræðir.

[18:01]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst stundum eins og ég sé hér að berja höfðinu við steininn. Það er sama hvaða rök maður kemur fram með því iðulega er sagt við mann að maður segi einungis „af því bara". Ég held að svo sé ekki. Þetta kom berlega fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar þegar hann sagðist einfaldlega ekki hafa verið að hlusta á það sem ég sagði m.a. í fyrstu ræðu minni og síðan í andsvari við einn hv. þm. hér áðan.

Varpað var fram spurningunni af hverju 12 ár, af hverju ekki 15 ár eða 20 ár. Ég nefndi tvenns konar rök þar. Í fyrsta lagi er þetta í samræmi við þá lagahefð sem ríkt hefur á Íslandi. Þegar refsirammi er endurskoðaður þá er þetta eðlilegt skref í ljósi þeirrar sögu sem við höfum við endurskoðun á almennum hegningarlögum. Síðan er hitt, að þegar við lítum til Norðurlandanna, t.d. Noregs sem við höfum oft viljað bera okkur saman við, Svíþjóðar og Danmerkur, þá er þessi refsirammi að hækka úr tíu árum í 12, ekkert óeðlilegur, engan veginn. Það eru því fullgildar ástæður fyrir því og hugsun á bak við það að hækka þetta úr tíu árum í 12 ár.

Síðan spurði hv. þm.: Hvað næst? Hvað verður tekið næst? Ég held að mig minni rétt að hæstv. dómsmrh. hafi m.a. lýst því yfir að kynferðisafbrot verði m.a. athuguð, og þá sérstaklega þau sem beinast gegn börnum, og þá skoðað hvort herða eigi þann ramma.

[18:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alveg skilning á því að það verður að gæta þess í hegningarlögum að ekki verði til innra misræmi gagnvart einstökum brotategundum og í því ljósi sé eðlilegt að taka ekki hin stóru stökk og ég hef á það bent. Ég spyr hv. þm. og árétta það hvort hún hafi engar áhyggjur af því að þessi breyting ein og sér hafi það í för með sér að hætt sé við að misræmis fari að gæta í refsingum milli einstakra brotaflokka. Ég spyr um það.

Hv. þm. hefur nú upplýst það hér að hæstv. ráðherra muni væntanlega næst fara fram varðandi grafalvarleg brot gagnvart börnum. Nú man ég það ekki en einhvers staðar þóttist ég hafa lesið að þar væri vandamálið ekki að refsiramminn væri ekki nægilega rúmur, heldur væri dómaframkvæmd slík að á gagnrýni hafi borið. En það er annað mál. En lögmenn og dómstólaráð hins vegar nefna það að í ákveðnum brotaflokkum, sem þeir tilgreina þó ekki, séu menn komnir alveg upp undir þak og þar þurfi að skoða mál og að í öðrum brotaflokkum sé refsiramminn slíkur að hann sé alls ekki nýttur. Þess vegna spurði ég: Er þá ekki ástæða til þess að fara alla leið og fara yfir þetta svið þannig að heildarsamræmi verði til staðar. Ég kalla eftir málefnalegu svari við þessu þar

sem ég vil reyna að ná þessu málefnalega inn en missa ekki þetta mál út í eitthvert pólitískt karp. Það er alls ekki þessum mikilvægu málum öllum, hegningarlögum, til framdráttar.

[18:06]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski óvanalegt að menn óski eftir andsvari við þá sem maður er algerlega sammála í umræðum eins og tilfellið er í þeirri sem hér hefur farið fram. En ég óskaði eftir því að fá andsvar, virðulegi forseti, til þess eins að taka undir þá kröfu sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson setti fram fyrr í dag þess efnis að málið gengi að nýju til allshn. milli 2. og 3. umr. Það hefur komið fram í umræðunni að málið er vanbúið og illa unnið og því held ég að það sé algerlega nauðsynlegt, virðulegi forseti, að málið gangi að nýju til allshn. milli 2. og 3. umr. Ég tek því heils hugar undir kröfu hv. þm.

[18:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kom inn í miðjar þessar umræður sem hafa staðið yfir um þetta mál og hef hlýtt með athygli á síðari hluta umræðunnar og þær deilur sem hafa verið uppi milli minni hluta og meiri hluta allshn. í þessu máli. Deilurnar snúast um það, eins og hér hefur komið fram, að minni hlutinn telur að ekki séu nægilegar rannsóknir eða athuganir að baki frv. dómsmrh. og það skorti á fagleg vinnubrögð til þess að hægt sé að meta hvort rétt sé að færa refsirammann upp eins og gert er ráð fyrir í frv. hæstv. dómsmrh.

Herra forseti. Ég vildi beina ákveðinni fyrirspurn til formanns allshn. af því tilefni að ég er komin í ræðustól og vildi því gjarnan að hún hlýddi á mál mitt.

Við þessa umræðu rifjaðist það upp fyrir mér af því að ég hef átt sæti í allshn. að refsirammar bæði varðandi fíkniefnabrot og fleiri brot eins og kynferðisbrot hafa iðulega verið til umræðu í allshn. Ég hef verið talsmaður þess að hafa harðar refsingar og þungar refsingar við bæði fíkniefnabrotum, kynferðisbrotum og alvarlegum líkamsárásum, svo dæmi séu nefnd, og hef flutt m.a. frv. um að þyngja refsingar við kynferðisbrotum gegn börnum. Þetta var rætt í allshn. og einmitt í kjölfar á slíkrar umræðu í allshn. sameinaðist nefndin um að flytja till. til þál. um rannsókn á refsingum við afbrotum einmitt til þess að láta slíka rannsókn fara fram, til þess að fagleg þekking og rannsókn fengist á því hvort rétt væri að fara út í það að þyngja refsingar við þessum tilteknu afbrotum.

Tillagan sem allshn. sameinaðist um var eftirfarandi, herra forseti, og hún var samþykkt á þinginu 1997–1998:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum. Rannsóknin taki til eftirfarandi brotaflokka:

a. líkamsárása og annarra brota sem tengd eru að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi,

b. kynferðisbrota,

c. fíkniefnabrota.

Með rannsókninni skulu könnuð þau viðurlög sem dæmd hafa verið við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Skal rannsóknin einkum miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að sýna fram á að refsingar við fyrrgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Rannsókn þessi skal taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að mat verði lagt á viðurlög við þessum afbrotum og þróun þeirra.

Eftir því sem unnt er skal rannsóknin framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar væri hægt að bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna."

Hæstv. núv. dómsmrh. var formaður í allshn. þegar þessi þáltill. var flutt sem öll allshn. sameinaðist um flutning á einmitt með þeim rökum sem minni hlutinn færir hér í sínu nál., þ.e. að fyrir þurfi að liggja rannsóknir og fagleg vinnubrögð að baki ákvörðun þess að hækka refsimrök.

Ég féllst á sínum tíma á þessi rök sem allshn. mælti fyrir og ég stóð að þessum tillöguflutningi og hef því í kjölfar þess ekki beitt mér fyrir því að flytja hér inn í þingið frv. sem miðar að því að hækka refsimörk í þessum þremur afbrotaflokkum sem ég nefndi vegna þess að ég var að bíða eftir að fá þá niðurstöðu sem allshn. beitti sér fyrir að þingið samþykkti og núv. hæstv. dómsmrh. hafði ákveðið frumkvæði að. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart að málið sé flutt eins og hér er gert án þess að þessi athugun eða rannsókn liggi fyrir og hún hafi verið kynnt formlega fyrir þinginu vegna þess ég leit svo á að það yrði gert. Veittir voru fjármunir á fjárlögum til þess að fara í þessa rannsókn strax á því ári sem þáltill. var samþykkt og að því er ég best veit einnig a.m.k. árið eftir.

Í greinargerð með þessari tillögu stendur einmitt, með leyfi forseta:

„Um nokkra hríð hefur í þjóðfélaginu staðið umræða um refsingar og refsiákvarðanir dómstóla. Komið hefur fram það sjónarmið meðal annars að dómstólar ákvarði of vægar refsingar í sumum brotaflokkum. Á það ekki síst við um gróf líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Því hefur einnig verið haldið fram að refsingar fyrir alvarlegar líkamsárásir og kynferðisbrot séu of vægar með hliðsjón af refsingum við öðrum brotum og hafa auðgunarbrot sérstaklega verið nefnd í því sambandi.

Til að mat verði lagt á þá gagnrýni sem hér hefur verið rakin er nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsóknum á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er."

Ég held einmitt að það sem ég er að lesa upp, herra forseti, sé nákvæmlega það sem minni hlutinn í nál. sínu er að kalla eftir, þ.e. að þannig verði gengið í þessi mál, unnið verði faglega og að fyrir liggi rannsóknir á refsingum og refsiramma samanborið við ýmsa aðra brotaflokka sem hér hafa verið nefndir.

Tína mætti annað og fleira til úr þessari tillögu. Í tillögunni er m.a. talað um að markmið rannsóknar á ákvörðun viðurlaga sé tilgreint með því að taka fram að rannsóknin skuli miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að mæla hvort refsingar við tilgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður þannig að allt miðaði þetta að því að faglegar rannsóknir og úttektir lægju að baki því áður en ráðist yrði í að breyta refsirammanum. Ég viðurkenndi alveg þessi sjónarmið, að rétt væri og eðlilegt að fara í málið með þessum hætti og hef því, eins og ég sagði, herra forseti, ekki beitt mér fyrir flutningi á því að hækka eða breyta refsirammanum, hvorki í fíkniefnabrotum né í kynferðisbrotum sem ég taldi á þeim tíma að þyrfti að breyta. Þess vegna kemur mér það mjög á óvart, af því að ég hljóp á framsöguræðu t.d. dómsmrh. fyrir þessu máli áður en ég fór í ræðustól, að hæstv. dómsmrh., sem var formaður í allshn., skyldi ekki

minnast á þessa rannsókn sem væntanlega er komin vel á veg eða hefur farið fram á vegum dómsmrn.

Ég velti því fyrir mér hvort allshn. hafi virkilega ekki farið neitt inn á þau atriði sem ég nefndi, þáltill. var samþykkt og þessi rannsókn hefur að því er ég best veit verið í gangi. Það kemur mér mjög á óvart ef allshn. hefur ekki fjallað um málið út frá forsendum og markmiðum í þál. sem sjálfur hæstv. núv. dómsmrh. beitti sér fyrir. Ég vil því spyrja, herra forseti, formann allshn.: Hvað getur hún sagt, þegar málið er komið til 2. umr., um þessa rannsókn á refsingu við afbrotum í þremur brotaflokkum, þ.e. við kynferðisbrotum, fíkniefnabrotum og líkamsárásum?

Mig minnir að það hafi átt að byrja á fíkniefnabrotunum fremur en kynferðisbrotunum. Þetta átti að gera í áföngum og menn vissu að þetta mundi taka nokkurn tíma. Ég vil því spyrja: Hvað líður þessari rannsókn? Var að einhverju leyti farið inn á hana í umfjöllun allshn. um málið? Hafi svo ekki verið, herra forseti, þá teldi ég nauðsynlegt að málið færi milli 2. og 3. umr. aftur inn í allshn. þannig að nefndin geti farið yfir stöðuna í dómsmrn. að því er varðar könnun á þessu máli. Ég tel könnunina mikilvægt innlegg í þessa umræðu og þær deilur sem staðið hafa yfir í dag. Ég minni á að hæstv. dómsmrh. hafði sjálf frumkvæði að áðurnefndri tillögu, að staðið yrði faglega að þessu máli og rannsóknir lægju að baki hækkun á refsirammanum. Eftir því hefur minni hlutinn einmitt verið að kalla hér í dag.

Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar um tvennt: Telur hún ekki eðlilegt að allshn. verði kölluð saman milli 2. og 3. umr. til að fjalla um málið sem ég nefndi hér? Í annan stað: Hafði hún vitneskju um þessa rannsókn og fjallaði allshn. um þessa rannsókn á einn eða annan hátt við meðferð málsins í nefnd?

[18:18]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þetta innlegg og þessa ábendingu. Eins og hv. þm. gat réttilega um gerðist þetta fyrir mína tíð í þinginu. Mér skilst að vinna þessarar nefndar sé enn í gangi. Hún hefur af einhverjum ákveðnum orsökum dregist en mér eru því miður ekki kunnar þær orsakir en Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari leiðir þá vinnu. Ég tel sjálfsagt að leita eftir því hjá hæstv. dómsmrh. hvar þessi athugun standi. Sú vinna kemur örugglega til með að hjálpa okkur, bæði í allshn. og á hinu háa Alþingi, til að stuðla að enn betri löggjöf til að fást við þá erfiðu brotaflokka sem hv. þm. nefndi.

[18:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni allshn. viðbrögð hennar við ábendingum mínum en mér finnst tvennt vanta og ég óska eftir að hv. þm. komi í ræðustól og reyni að svara því.

Í fyrsta lagi: Telur hún eðlilegt, ef þessari rannsókn er ekki lokið að því er varðar fíkniefnabrotin, að afgreiða málið eins og hér á að gera?

Í annan stað, þar sem ég skil hv. þm. þannig að málið hafi verið rætt út frá þessari þáltill. og þessari rannsókn í allshn.: Telur hv. þm. ekki eðlilegt að málið gangi þá aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. þannig að nefndarmenn geti áttað sig á hvar þessi rannsókn liggur og hvort af henni sé eitthvað að frétta sem gæti verið innlegg í málið milli 2. og 3. umr.?

[18:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég blanda mér í umræðuna um þetta frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sem felur í sér að hækka refsirammann þannig að fangelsisvist lengist úr 10 árum í 12 ár, til þess að spyrja um hvernig þessu sé háttað, ef vitneskja liggur fyrir um það. Hver hefur verið hin raunverulega fangavist?

Eitt er að dæma til refsivistar í ákveðinn árafjölda, hvort sem það eru 8, 10 eða 12 ár. Hitt er að í fæstum tilvikum sitja viðkomandi af sér alla þessa refsivist. Mig langar til að vita hver reyndin er. Hafa einhverjir setið inni þessi 10 ár sem eru núna hámarkið? Hvernig er þessu ákvæði beitt? Það þarf að vera samræmi á milli þess sem lögin kveða á um og hins vegar hvernig refsingum er beitt og mig langar til að fræðast um það.

Í öðru lagi vil ég ítreka þá afstöðu mína til þessara mála að leggja verði megináherslu á forvarnastarf, þar eigi megináherslan að liggja í fíkniefnamálum. Tilgangur þess að heimila hækkun fangelsisvistar úr 10 árum í 12 þarf að vera afar skýr, hvaða árangri ætlunin er að ná með því að lengja refsivist um tvö ár.

Í umræðunni hér í dag, herra forseti, hef ég ekki orðið var við eða fengið á hreint röksemdina fyrir slíkri breytingu. Það má vel vera að hún sé til staðar en hún hefur að mínu viti ekki komið fram. Ég verð því að taka undir þau orð sem hér hafa fallið um að þetta frv. þurfi að vinna betur, ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom fram með, um að samþykkt hefði verið þáltill. um að gera sérstaka úttekt á þessum málum, einmitt varðandi þau atriði sem hér er ætlunin að setja í lög. Það virðist ekki hafa verið kannað á hvaða stigi sú rannsókn væri eða hvort komnar væru fram upplýsingar sem mætti nota við þessa lagasmíð. Ég tel alveg einboðið að leita eftir þeim upplýsingum.

Herra forseti. Ég styð eindregið það sjónarmið sem hér hefur komið fram, að þetta frv. fari aftur til nefndar, verði betur unnið og leiddar fram markvissari áherslur, betri rök og skýrari markmið svo ljóst verði hvaða árangri ætlunin er að ná með því að lengja refsivistina.

Ég ítreka þessar tvær spurningar mínar, herra forseti. Í fyrsta lagi: Hver er hin raunverulega refsivist fyrir brot af þessu tagi þegar tekið er tillit til náðana eða þess þegar aðilar sitja ekki af sér allan þennan tíma? Í öðru lagi hefur hv. formaður allshn. ekki svarað því enn hvort hún muni beita sér fyrir því að málið fari aftur til nefndar á milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Ég tel að hv. formanni allshn. beri að svara því.

[18:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þessi umræða hefur tekið óvænta stefnu á síðari stigum með því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minnti á þáltill. samþykkta á Alþingi að öllum líkindum árið 1998. Hjá henni kom fram að Alþingi hafi samþykkt að láta fara fram rannsókn á refsingum við afbrotum sem mundi leiða í ljós nákvæmlega það sem kallað hefur verið eftir við þessa umræðu. Sú rannsókn mundi leiða í ljós þær röksemdir sem við höfum óskað eftir og við teljum að skorti í málinu. Allur dagurinn hefur farið í að gagnrýna og kalla hér eftir ákveðnum svörum sem ekki hafa fengist.

Ég verð að lýsa því yfir, herra forseti, að ég lýsi fullri ábyrgð á hendur hæstv. dómsmrh. fyrir að láta hv. formann

allshn. standa eina fyrir máli sínu, ekki síst í ljósi þess að hæstv. dómsmrh. var formaður allshn. þegar áðurnefnd þáltill. var samþykkt. Það er ekki eins og hæstv. dómsmrh. hafi ekki verið kunnugt um hvers vegna málið stendur á brauðfótum. Það er með ólíkindum að hæstv. ráðherra hafi ekki getað gefið sér tíma til að vera við þessa umræðu þar sem hún vissi frá fyrsta degi, frá því að málið var tekið fyrir, að hér væri um mjög umdeilt mál að ræða. Mér þykir alvarleiki málsins aukast enn í ljósi þessarar þál.

Ég verð, herra forseti, að lýsa undrun minni á því að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skuli ekki koma hér og svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um hvort hún vilji beita sér fyrir því að málið verði kallað til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Ég ítreka þá spurningu. Ég tel okkur, í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, eiga heimtingu á því að fá svar við því hvort hv. þm. samþykki það að nefndin taki málið til athugunar milli 2. og 3. umr. Annað væri ósanngjarnt.

[18:28]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan er vinna þessarar nefndar enn í gangi. Engu að síður eru röksemdirnar fyrir þessu frv. alveg skýrar að mínu mati. Vinna þessarar ágætu nefndar er enn í gangi. Ég efast ekki um að við hefðum fengið skilaboð um það ef sú vinna hefði verið langt komin og hún hefði getað nýst okkur, en svo er ekki. Einhverra hluta vegna hefur vinna þessarar nefndar tafist. Sú vinna kemur því miður ekki til með að geta nýst okkur út af þessu frv.

[18:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta fullmáttlaust svar. Jafnvel þótt vinnu nefndarinnar sé ekki lokið þá er sjálfsagt að kalla fyrir þá sem starfa í þeirri nefnd, a.m.k. forsvarsmann nefndarinnar. Eins og nefnt var hér áðan þá leiðir Sigurður Tómas Magnússon þá vinnu. Nefndin á a.m.k. rétt á að fá að vita hvar vinna nefndarinnar stendur. Allshn. ætti þá möguleika á að taka málið fyrir á nýjan leik og fjalla um það út frá öðrum formerkjum en gert hefur verið. Þingmenn hafa gagnrýnt meðferð nefndarinnar og telja röksemdafærsluna fyrir málinu afar veika. Þingmenn hafa kallað eftir skárri röksemdafærslum sem hafa ekki fengist. Þingmenn hafa óskað eftir því að þetta mál yrði betur ígrundað og ég sé ekki, herra forseti, hvers vegna svo mikið liggur á að þyngja refsingar í fíkniefnamálum um tvö ár. Má ekki skoða málið til hlítar eins og hv. þm. hafa kallað eftir í allan dag?

[18:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hélt satt að segja að það væri auðsótt mál að fá samþykki hv. formanns allshn. fyrir því að málið yrði tekið aftur milli 2. og 3. umr., ekki síst þegar í ljós hefur komið að málið hefur ekki verið rætt á grundvelli þessarar þáltill. í nefndinni og núv. formaður allshn. hefur ekki vitað um tilvist þessarar rannsóknar. Jafnvel þó að hv. formaður nefndarinnar standi í hliðarherbergi og fái einhverjar upplýsingar í eyrað frá aðstoðarmanni dómsmrh., sem ég hygg að hún sé að tala við, nægir það vitanlega ekki og er ekki þingmönnum bjóðandi upp á það að taka afstöðu til þessa frv. á grundvelli þess sem formaðurinn hefur upplýst nú við þessa umræðu.

Í mínum huga á nefndin tvímælalaust heimtingu á því að verða kölluð saman og að formaður þeirrar nefndar sem stendur að þessari rannsókn komi á fund nefndarinnar til að greina henni frá því hvar málið standi. Við höfum ekki einu sinni upplýsingar um hvort nefndin, sem ég veit að átti að fara áfangaskipt í þessa vinnu, hefur tekið fyrir eitthvað af þeim þremur brotaflokkum sem hér eru nefndir, þ.e. alvarlegar líkamsárásir, kynferðisbrot eða fíkniefnabrot, hvort hún hafi lokið einhverjum þætti þeirra, hvort hún er með fíkniefnabrotin á borði sínu núna eða hvort ákveðið hafi verið að fara í kynferðisbrotin fyrst. Ég er alveg viss um að hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir getur heldur ekki upplýst okkur um það.

Það er lágmark að fá upplýsingar um stöðu mála þegar þetta er mikilvægt grundvallaratriði í því máli sem hefur verið deilt um í nokkra tíma. Annað eru ekki eðlileg vinnubrögð, herra forseti. Minni hlutinn hlýtur að mótmæla því að þannig sé staðið að málum. Þetta eru ófagleg vinnubrögð, það er þinginu til skammar ef á að afgreiða málið þannig.

Þetta er grundvallaratriði burt séð frá frv. og hvaða efnislega afstöðu menn hafa til þess hvort það eigi að færa refsinguna úr 10 árum upp í 12. Þetta er grundvallaratriði fyrir fagleg vinnubrögð sem þingið á að hafa í heiðri að þegar þingið hefur samþykkt fyrir þremur árum að það skuli fara út í slíkar rannsóknir áður en refsiramma verði breytt í þeim þremur brotaflokkum, sem ég hef nefnt, þá getur þingið ekki látið bjóða sér að þáv. formaður nefndarinnar, sem er núv. dómsmrh., sem beitti sér á þinginu fyrir þessum faglegu vinnubrögðum, skuli þá ekki ástunda þau sjálf þegar hún er sest í sæti dómsmrh. heldur flytja mál þar sem á að breyta refsirammanum, sem er umdeilt eins og hefur komið fram og ýmsir umsagnaraðilar, ef ég hef skilið málið rétt á þessum degi, hafa ekki fallist á og mótmælt, að hún skuli ekki beita sér fyrir því að þingnefndin fái upplýsingar um stöðu mála.

Vissulega er alveg hægt að viðurkenna það og fallast á það og ekkert við því að segja ef nefndin hefur ekki lokið umfjöllun sinni um málið, það er ekkert við því að segja, herra forseti, en það er ótækt að afgreiða málið héðan frá þinginu án þess að það fái þá yfirferð í nefnd sem hefur hér verið kallað eftir, ekki bara af mér heldur af tveimur síðustu ræðumönnum, 5. þm. Norðurl. v. og 17. þm. Reykv., og a.m.k. annað þeirra á sæti í nefndinni.

Herra forseti. Ég freista þess enn og aftur að kalla eftir því við formann nefndarinnar og sé ekki að það tefji neitt málið — að nefndin fjalli um málið milli 2. og 3. umr. Hér er að hefjast mikil vinna í þingnefndum og getur ekki verið mikið mál að nota eins og hálftíma af fundatíma nefndarinnar til að fara yfir stöðu mála. Annað er ekki hægt að una við, herra forseti.

Ég spyr formann nefndarinnar hvort henni finnist eðlilegt að verða ekki við þessari ósk og hvort henni finnist eðlilegt núna þegar hún hefur þá vitneskju sem formaður nefndarinnar, sem ég veit að vill viðhafa fagleg vinnubrögð, hún hefur sýnt það í störfum sínum, að þegar hún fær þessa vitneskju í miðri umræðunni, núna við lok 2. umr., hvort hún telji ekki nauðsynlegt að fara yfir stöðuna og að óeðlilegt sé að afgreiða málið — sem mér finnst a.m.k. — án þess að niðurstaða nefndarinnar liggi fyrir. Ég skírskota til þess að hv. þm. vill viðhafa fagleg vinnubrögð og nú þegar hún hefur þessa vitneskju um þessa rannsókn hvort hún telji ekki eðlilegt og sanngjarnt af hálfu nefndarmanna, sem eftir því

hafa viljað kalla, að nefndin komi saman áður en málið gengur til 3. umr.

[18:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. forseta þar sem formaður allshn. ætlar ekki einu sinni að virða viðlits þær óskir sem hafa komið fram og gengur svo langt að hún gengur næstum fram af mér, að neita meira að segja að koma í pontu til að vera með einhver viðbrögð við því sem verið er að kalla eftir.

Ég spyr forseta: Hvaða úrræði höfum við í minni hlutanum sem höfum fært fram rök fyrir því að nefndin verði kölluð saman milli 2. og 3. umr.? Ég vænti þess að hæstv. forseti hafi hlýtt á mál okkar þar sem nýtt innlegg kemur inn, mikilvægt innlegg inn í það mál sem við ræðum hér. Það á að taka málið til atkvæðagreiðslu og við höfum enga vitneskju um hvort málið fái þá eðlilegu afgreiðslu að það verði tekið aftur upp milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Við eigum að fara að greiða hér atkvæði um málið. Ég vek athygli á því. Ég er viss um það að atkvæði margra þingmanna gætu ráðist af því hver væri niðurstaðan eftir að formaður nefndarinnar hefði verið kallaður til til allshn. Þess vegna er óeðlilegt, herra forseti, að taka málið til atkvæðagreiðslu núna við 2. umr., en við hefðum fallist á að gera það ef formaðurinn hefði sýnt okkur þá lágmarkskurteisi að taka undir að hún mundi a.m.k. reyna að beita sér fyrir því að nefndin yrði kölluð saman milli 2. og 3. umr.

Ég spyr: Höfum við í minni hlutanum virkilega engin úrræði til að láta kalla saman nefndina til þess að stuðla að faglegum vinnubrögðum í þinginu sem þingið á auðvitað að sjá sóma sinn í að viðhafa í svona máli eins og hér er til umræðu?

[18:39]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að það er afar óeðlilegt ef þingmenn og þingheimur fær ekki svar eða viðbrögð frá hv. formanni allshn. varðandi þá ósk að málið verði aftur tekið fyrir í nefnd. Það er ekki svo stórt mál að taka mál aftur fyrir í nefnd og þetta mál er ekki þannig að það þurfi svo óskaplega flýtimeðferð á þinginu að öryggi lands og þjóðar sé í hættu vegna þess.

Á það ber líka að benda, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. hefur ekki verið við umræðuna til að upplýsa hvernig hæstv. ráðherrann lítur á þau mál sem hér hafa komið fram, ekki síst, herra forseti, á þá skýrslu sem einmitt hæstv. ráðherra, sem þáv. formaður allshn., beitti sér fyrir að yrði unnin og tekin saman og varðar þetta mál. Hæstv. ráðherra hefur ekki verið viðstaddur, sem ég reyndar tel að sé ekki sanngjarnt, svona stórmál sem snertir þetta með svo miklum þunga. Málið er flutt með svo miklum þunga að það má ekki einu sinni fara aftur inn í nefnd. Ef þetta er svona stórt mál þá hefði hæstv. ráðherra átt að sýna að málinu var fylgt eftir af svo miklum þunga að þess ætti ekki að þurfa og ráðherrann hefði þá getað verið viðstaddur.

Herra forseti. Ég tel þetta sjálfsagða kröfu áður en umræðu lýkur um málið og áður en gengið verður til atkvæða að þá fáum við svör um það frá hv. formanni allshn. hvort hún vilji beita sér fyrir því að málið fari aftur til umfjöllunar í nefnd. Mér finnst það sanngirniskrafa og engin rök hafa komið fram gegn því heldur einmitt allt í hina áttina að þetta væri afar eðlilegt og sanngjarnt í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað og ekki síst einmitt vegna þeirra deilna að hæstv. ráðherra hefur ekki verið viðstaddur til að geta svarað fyrir það og því væri eðlilegt að málið fari aftur til nefndar.

Ég vil því skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því við hv. formann allshn. og nefndina að sú ákvörðun liggi fyrir að áður en greidd verða atkvæði um þetta frv. að hér við 2. umr. liggi sú ákvörðun fyrir að málið fari aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. Ég ítreka þá ósk mína, herra forseti.

[18:42]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti er spurður um hugsanleg úrræði minni hluta í þinginu, sem svo er nefndur hér, um að málið fari til nefndar milli 2. og 3. umr. Það er algerlega á valdi nefndarinnar sjálfrar að taka um það sjálfstæða ákvörðun og það er út af fyrir sig á valdi hvers nefndarmanns að óska eftir því í nefndinni hvaða mál eru þar tekin til umræðu. Komi til reglulegs fundar þessarar tilteknu nefndar milli umræðna þá getur hver og einn nefndarmaður óskað eftir því að ræða málið þar.

Nú liggur ekki ljóst fyrir hvenær 3. umr. málsins fer fram og forseti getur ekki á þessu stigi upplýst um það. En svona er staða málsins og fleiri eru ekki á mælendaskrá og þingsköpum samkvæmt mun málið væntanlega fara í efnislega atkvæðagreiðslu á morgun eins og venja er til.

[18:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í ljósi þess sem hér hefur gerst og í ljósi þess að ég hef einungis setið sem varamaður hv. þm. Ögmundar Jónassonar í allshn. við hluta umfjöllunar þessa máls, eins og komið hefur fram í máli mínu, herra forseti, þá vil ég óska eftir því að hæstv. forseti gefi okkur einhvers konar yfirlýsingu um að málið verði ekki tekið á dagskrá til 3. umr. fyrr en nefndin hefur þá afgreitt beiðni sem ég veit að kemur frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ef ekki þingmönnum Samfylkingarinnar líka, um að nefndin verði kölluð saman aftur.

Ég vil því fá hér, ef mögulegt væri, yfirlýsingu frá virðulegum forseta um að málið verði ekki tekið á dagskrá til 3. umr. fyrr en ljóst er hvaða örlög bíða þeirrar beiðni sem kemur til með að koma fram um að nefndin fái málið aftur til umfjöllunar.

[18:44]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlýtt á þessa beiðni og mun vega hana og meta. Hann vekur athygli á því að á morgun er fyrirspurnatími í þinginu þannig að þar kemur ekki til 3. umr. mála, en mun að öðru leyti vega umræðuna og meta og svara hv. þm. og formlegri beiðni þar um ef hún kemur fram áður en til 3. umr. um þetta mál kemur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skylduskil til safna, 1. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög). — Þskj. 933.

[18:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um skylduskil til safna á þskj. 933. Þetta er frv. í nýrri mynd frá því á síðasta þingi en

þá var málið kynnt og lagt fram frv. en ekki varð útrætt um málið á þinginu. Áður en málið er lagt fram að nýju hefur farið fram vinna á vegum menntmrn. og fleiri aðila þar sem m.a. hefur verið tekið mið af ýmsum athugasemdum sem bárust mennmtn. og gerðar nokkrar breytingar á frv.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara út í einstök efnisatriði málsins. Það var gert við framsögu á síðasta þingi og efni frv. er þingmönnum vel kunnugt, sérstaklega þeim sem fjölluðu um það í hv. menntmn. og fóru ítarlega yfir frv. og leituðu umsagna sem, eins og ég sagði, hafa verið teknar til athugunar og tekið mið af ýmsu sem þar kom fram í þeirri endurgerð frv. sem hér er lögð fram.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. fari til hv. menntmn. að lokinni umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 1. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934.

[18:46]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, sem fyrir liggur á þskj. 934.

Eins og þingmenn sjá er þetta frv. ákaflega einfalt í sniðum. Það er í raun og veru verið að flytja þarna tillögu um lagabreytingu sem tekur mið af tilskipunum Evrópusambandsins og niðurstöðum þar um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Þessi nýja tilskipun sem við erum að taka tillit til með þessari lagabreytingu var samþykkt í júní 1999 og á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins fyrir 31. júlí 2001.

Með samþykkt þessarar nýju tilskipunar eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu tilskipun. Hv. þm. hafa því þegar fjallað um meginefni þessa máls þegar fyrri lagabreytingar hafa verið gerðar varðandi þennan þátt, en með þessu er verið að setja þetta upp með skipulegri hætti og taka tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa í Evrópulöggjöfinni að því er varðar starfsréttindi og viðurkenningu á þeim og menntun til starfsréttinda.

Ég legg til, herra forseti, að þetta frv. fari til hv. menntmn. eftir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030.

[18:48]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við sameiginlega niðurstöðu Félags íslenskra leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga í tengslum við samþykkt nýs kjarasamnings þar sem er að finna svofellda sameiginlega yfirlýsingu þessara aðila, og mun ég lesa úr henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að ekki hefur tekist að uppfylla ákvæði 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, um að það starfslið sem annast uppeldi og menntun barna í leikskólum skuli hafa leikskólakennaramenntun og ekki er fyrirséð að það takist á næstu árum, lýsa aðilar þessa samnings því yfir að þeir muni beita sér sameiginlega fyrir því að gerð verði breyting á lögum, sem skilgreinir sérstaklega ábyrgðarhlutverk leikskólakennarans við uppeldi og menntun innan leikskólans og stjórnunarábyrgð hans gagnvart aðstoðarfólki sem ekki hefur leikskólakennaramenntun. Aðilar eru sammála því að til lengri tíma skuli stefnt að því að allir starfsmenn leikskóla sem annast uppeldi og menntun skuli hafa leikskólakennaramenntun.

Með framangreint að leiðarljósi hvetja samningsaðilar bæði sveitarfélög og leikskólastjóra til að haga ráðningarmálum í leikskólum á þann veg að allar stjórnunarstöður hafi forgang hvað mönnun varðar. Þannig verði lögð aukin áhersla á að allar deildir leikskóla verði undir stjórn leikskólakennara."

Í frumvarpi þessu er lagt til að 12. gr. leikskólalaga verði breytt til samræmis við þessa sameiginlegu niðurstöðu Félags leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga.

Þá er enn fremur lagt til að í stað orðsins uppeldisstefna í 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna verði notað heitið aðalnámskrá leikskóla um uppeldismarkmið í starfi leikskóla, en það er í samræmi við það að við höfum gefið út aðalnámskrá leikskóla í staðinn fyrir uppeldisáætlun sem áður var í gildi.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, um leið og ég legg þetta frv. fram með þessum rökstuðningi, að eins og hér kemur fram er það flutt að ósk þessara samningsaðila sem koma að rekstri leikskólanna. En það er einnig tekið hér á málefni sem hefur verið til umræðu á Alþingi áður. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir flutti hér m.a. tillögu sem er efnislega skyld því sem hér er fjallað um í þessum lagabreytingum þannig að hér er verið að koma til móts við sjónarmið sem fleiri hafa haft uppi um að nauðsynlegt sé að unnt sé að koma til móts við starfsfólk án leikskólakennaramenntunar sem starfar á vettvangi leikskólanna og veita því stöðu innan stofnananna á grundvelli lagaákvæðis og það er það sem hér er um að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. menntmn.

[18:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sit í hv. menntmn. og hef tækifæri til að fjalla um frv. þar. En mig langar samt til að það komi fram hér að ég fagna þeirri opnun sem mér finnst felast í þessu frv. á að til geti komið aðrar menntaðar stéttir inn í leikskólann heldur en aðeins leikskólakennarar þó að þeir fari þar með forræði og hafi yfirumsjón með deildum. Skilningur minn er sá að frv. opni á að til geti komið stétt fóstruliða inn í leikskólana sem fái þar einhver réttindi og möguleika til að fá stöðu. Ég held að það væri til mikilla bóta og þess vegna vil ég lýsa yfir stuðningi við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031.

[18:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Þetta frv. á það sameiginlegt með frv. um breyting á lögum um leikskóla að það er flutt í tengslum við lausn kjaradeilu, en að þessu sinni kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs í janúar sl.

Ég gaf hinn 8. janúar sl. út tvær endurskoðaðar reglugerðir um starfsemi framhaldsskóla, um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001, og um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 6/2001. Endurskoðun þessara reglugerða var hluti af lausn kjaradeilu fyrrnefndra aðila. Fyrri reglugerðin felur í sér veigamikla breytingu á innra skipulagi framhaldsskóla. Mikilvæg ákvæði um vinnutíma, skiptingu starfa og ábyrgð eru nú skilgreind í reglugerð í stað kjarasamnings áður.

Í samræmi við framangreindar breytingar er með frv. þessu lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt niður í lögum um framhaldsskóla. Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.

Herra forseti. Í umsögn fjmrn. um þetta mál kemur fram — og er rétt að líta til hennar því að hér er um það að ræða að við erum að taka á máli sem tengist kjaradeilu sem var langvinn í framhaldsskólunum á liðnum vetri — en í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt úr lögunum og störf þeirra ýmist falin kennurum eða öðrum stjórnendum í samræmi við ákvæði reglugerðar menntamálaráðherra um starfslið og skipulag framhaldsskóla.

Frumvarpið er flutt í tengslum við lausn á kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjármálaráðherra í janúar sl. Kostnaður vegna breytinga sem felast í frumvarpinu er hluti af kostnaði vegna kjarasamningsins og hefur ekki verið metinn sérstaklega. Fjármálaráðuneytið hefur áætlað að kostnaður við kjarasamninginn nemi um 800 millj. kr. á ári þegar allir þættir hans verða komnir til framkvæmda."

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. menntmn.

[18:55]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. um að ræða frv. til laga sem tengt er lausn kjaradeilu milli ríkisins og framhaldsskólakennara og er í raun afar einfalt mál. Þó er hér eitt atriði sem ég held að sé rétt strax á þessu stigi, áður en málinu verður vísað til menntmn., að fá skýringar á frá hæstv. menntmrh.

Í lögunum stendur nú, þ.e. varðandi það ákvæði að fella niður ákvæðið um deildarstjóra, að þeir séu ráðnir til tveggja ára. En nú er hér gerð tilaga um það varðandi aðra stjórnendur, sem eru þá þeir sem í raun koma í stað deildarstjóra án þess að skilgreint sé hvað um er að ræða, að þar séu engin tímamörk á ráðningu. Þetta er á skjön við það sem segir í lagagreininni um aðstoðarskólameistara sem eru ráðnir til fimm ára sem er sami ráðningartími og skólameistasrar hafa. Áfangastjórar eru síðan ráðnir til fjögurra ára en aðrir stjórnendur eru ekki með nein mörk hér í lagatexta. Það er því spurning til hæstv. menntmrh. hvort þetta er í samræmi við samkomulag milli deiluaðila og tengist að einhverju leyti lausn kjaradeilunnar sem var hér fyrir skömmu.

[18:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. sér þegar hann skoðar þetta þá er verið að fella þarna niður eitt starfsheiti. Það kemur ekkert starfsheiti í staðinn þannig að ekki er um það að ræða að verið sé að koma með nýtt starfsheiti í staðinn heldur er fellt niður starfsheiti. Þess vegna er ekki heldur um það að ræða að menn séu að binda það við ákveðin ár. Þetta er bundið við ákveðin verkefni þeirra sem munu koma að þessum stjórnunarstörfum eða sinna ákveðnum verkefnum og leiða verkefni í skólunum. Þetta er þá bundið við verkefnin en ekki við sérstakt starfsheiti og því ekki við sérstakan ráðningartíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045.

[18:58]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Þetta frv. á það sammerkt með hinum fyrri sem ég hef hér mælt fyrir og varða skólastigin að með því eru lagðar til breytingar á lögum um grunnskóla í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga á grundvelli þess kjarasamnings sem gerður var á milli launanefndar sveitarfélaganna, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands, dags. 13. mars 2001. Hugmyndirnar í þessu frv. eru byggðar á bréfum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Helstu nýmæli frv. eru eftirfarandi:

1. Ákvæði er lúta að umboði skólastjóra og ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á starfsemi grunnskóla eru gerð skýrari.

2. Í stað afdráttarlauss ákvæðis um að starfstími grunnskóla sé níu mánuðir á ári verði kveðið á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda á hverju skólaári.

3. Heimilað verði að víkja frá ákvæðum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa nemenda sem eru frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Ef vikið verður frá þessum dagsetningum ber að kveða á um slíkt í skólanámskrá og er við slík frávik ekki heimilt að skerða lögboðinn hvíldartíma nemenda á skólaárinu.

4. Heimilað verði að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk og undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að veita nemendum með annað tungumál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku, en þau próf eru nú orðin valfrjáls og er því núgildandi undanþáguheimild vegna samræmdra lokaprófa í íslensku óþörf.

Síðasta efnisatriðið sem ég nefndi er ekki komið inn í frv. að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga eða kennara sérstaklega heldur er það að frumkvæði menntmrn. sem við setjum þetta ákvæði inn í lagatextann til að geta komið til móts við þá nemendur sem þar er fjallað um.

Herra forseti. Í almennum athugasemdum við frv. er þetta rökstutt nánar. Ég tel sjálfur að það mikilvægasta í þessu frv. sé að sjálfsögðu að verið er að breyta ákvæðunum um starfstíma grunnskólans, þ.e. að í stað afdráttarlauss ákvæðis um að starfsemi grunnskóla sé níu mánuðir á ári verði kveðið á um níu mánaða lágmarkstíma nemenda á hverju skólaári. Eins og hv. þm. vita gerðist það í kjarasamningnum að aðilar komu sér saman um að skóladögum skyldi fjölgað um tíu og 180 skóladagar nemenda skyldu rúmast á tímabilinu frá 20. ágúst til 10. júní en það segir í greinargerð launanefndarinnar og Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélagsins að launanefnd sveitarfélaganna og Kennarasambands Íslands hafi með kjarasamningi ákveðið að skóladagar nemenda skuli vera 180. Sveitarfélögin hafa með þessum kjarasamningi sett markið hærra en lögin gera ráð fyrir en orðalag lagagreinarinnar á ekki að hindra þá eflingu skólastarfs sem launanefnd sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa komið sér saman um.

Þá segir enn fremur í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

Skóladögum verði fjölgað um tíu og 180 skóladagar nemenda skulu rúmast á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Tilgangurinn með fleiri skóladögum er fyrst og fremst sá að auka fjölbreytni skólastarfsins, t.d. til að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá, en líka til að gefa skólum tækifæri til að laga skólastarfið enn frekar að þörfum skólasamfélagsins og sí-breytilegum og auknum kröfum þess þjóðfélags sem við lifum í. Einnig er þörf á að fjölga skóladögunum vegna þess að 170 lögbundnir dagar rúma ekki þá starfsemi sem skólarnir bjóða upp á.

Menntmrn. óskaði eftir nánari greinargerð um þessa lengingu skólaársins. Við fengum svohljóðandi svar:

„Í bréfi ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er spurst fyrir um hvernig þeir 10 viðbótarskóladagar sem kjarasamningurinn kveður á um geti verið notaðir. Samningsaðilar hafa sameiginlega svarað opinberlega fyrirspurn sama efnis með eftirfarandi hætti: „10 viðbótardagar eru skóladagar nemenda sem eiga að nýtast til að auka fjölbreytni skólastarfs. Þeir eru þó ekki endilega bundnir við hefðbundna kennslu heldur getur skólinn ákveðið í skóladagatali að þeir verði notaðir, t.d. undir jólatrésskemmtun, foreldraviðtöl eða annað óhefðbundið skólastarf ef sveitarstjórnin samþykkir þá tilhögun með staðfestingu á skóladagatali.““

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að þær breytingar sem verða á innra starfi grunnskóla geta verið mismunandi eftir skólum og ber að fjalla um það í skólanámskrá skólanna þar sem allir aðilar, foreldrar, kennarar og skólastjóri koma að og síðan þarf sveitarstjórnin að staðfesta skóladagatalið. Ég held því að í grunnskólalögunum sé gert ráð fyrir skynsamlegu ferli til að sem víðtækust sátt náist um það á einstökum stöðum hvernig að þessu verði staðið. Það er einmitt atriði sem þarf líka að hafa í huga þegar menn huga að ákvæðunum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa og þau atriði að þá er það náttúrlega mál sem þarf að fjalla um í skólanámskrá og fleiri aðilar þurfa að koma að en stjórnendur skólanna.

Herra forseti. Ég legg þetta frv. hér fram og óska eftir að því verði vísað til hv. menntmn. að lokinni umræðunni og vona að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi eins og hin tvö frumvörpin sem lúta beinlínis að framkvæmd nýgerðra kjarasamninga á þessum þremur skólastigum.

[19:04]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er enn eitt frv. sem tengist lausn kjaradeilna á ferðinni og er hægt að segja um það í heild sinni að það sé mjög jákvætt og í öllum atriðum til bóta. Í raun og veru er sú spurning kannski efst í huga manns hvers vegna lagagreinarnar hafi ekki áður verið settar í það form sem hér er gerð tillaga um því að svo augljósar virðast a.m.k. sumar breytingarnar vera að þær hefðu átt að blasa við löngu fyrr.

Ég vil sérstaklega fagna 6. gr. frv. sem er í raun og veru óháð lausn kjaradeilunnar en er afar brýnt mál sem hefur verið sjálfsagt frá því að hin samræmdu próf komu en hefur kannski orðið augljósara með hverju árinu. Ég held að hér sé verið að fara hina réttu leið til lausnar á þeim vanda sem það hefur skapað.

Ég vil á þessu stigi fara örfáum orðum um þær greinar sem hér er verið að gera tillögu um breytingar á til að undirstrika það sem ég sagði áðan að hér sé um mjög jákvæðar breytingar að ræða. Það er t.d. sem segir um 1. gr. þar sem er verið að kveða miklum mun skýrar á um að skólanefnd eigi að gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi. Í gömlu lögunum var orðalagið miklu óljósara eða þannig að skólanefnd geti gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi, gagngert þurfti raunverulega ekki að gera það. Þarna er komið til viðbótar að það eigi að fara til sveitarstjórna sem bera að sjálfsögðu ábyrgð á skólastarfinu. Þetta ákvæði er því miklu skýrara og augljóslega til bóta.

Hið sama má í raun og veru segja um 2. gr. frv. sem bætir því við að skólastjóri beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn sem er auðvitað eðlilegt eftir að grunnskólinn var færður til sveitarfélaganna að það sé tekið fram vegna þess að í gömlu lögunum var eingöngu talað um að skólastjóri bæri ábyrgð á starfi skólans og veitti honum faglega forustu. Hér er tekinn af allur vafi um það að ábyrgðin er gagnvart sveitarstjórninni.

Þá er ekki síður athyglisverð 3. gr. sem gerir ráð fyrir því að 2. mgr. 24. gr. grunnskólalaganna falli brott en þar er einmitt inni ákvæði um það sem á að sjálfsögðu ekki heima í lögum heldur sé eðlilegt að það sé hluti af starfi og skipulagi hvers skóla. Með leyfi forseta segir í 24. gr. grunnskólalaganna:

„Skólastjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.“

Ekki á að vera þörf á að hafa slík ákvæði í lögum og þess vegna er þetta enn eitt ákvæði sem er til einföldunar og að mínu mati til bóta, það sé eðlilegra að það sé leyst eins og gert er í kjarasamningi og síðan sé það í valdi skólanna hvernig farið er með þessi mál.

Enn má segja það sama um 4. gr., sem er kannski það stóra í því að skapa þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er í starfstíma grunnskólanna. Ég held að það orðalag sem hér hefur orðið ofan á sé miklum mun betra en er í lögunum. Gamla orðalagið er þannig, með leyfi forseta:

„Starfstími grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir.“

Nýja orðalagið er miklum mun betra:

„Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir."

Hér er sem sagt heimilað að hafa það í raun lengra ef áhugi og aðstæður leyfa.

En 5. gr. skapar enn á ný sveigjanleika í leyfum og skapar möguleika á því sem hefur orðið nokkuð til umræðu á seinni árum í grunnskólum og ég held að sé í takt við þá breytingu sem orðið hefur í samfélagi okkar, að taka upp svokallað vetrarleyfi í skólum eins og víða er í nágrannalöndum okkar. Það mun væntanlega þróast í einhvern farveg og auðvitað brýnt að eitthvert samstarf verði milli skóla um slíkt þannig að það falli sem best saman. Að sjálfsögðu er óþarfi að ákveða slíkt í lögum. Þess vegna ítreka ég að ég held að hér sé verið að fara hina réttu leið við þessa breytingu.

Síðan kem ég þá að því sem ég sagði í upphafi um 6. gr. að þar held ég að sé einmitt verið að taka á mjög þörfu máli. Ég endurtek það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að sú breyting er ekki tengd lausn kjaradeilu heldur er auðvitað komin til vegna þarfar og ég hef ekki trú á öðru en að allir aðilar séu sammála um að verið sé að stíga í rétta átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvikmyndalög, 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 1046.

[19:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til kvikmyndalaga. Margir hafa komið að því að undirbúa þetta frv. og það hefur verið lengi á döfinni að setja hér kvikmyndalög. Við höfum haft lög um kvikmyndamál frá 1984, með síðari breytingum, og kjarni þeirra laga hefur verið starfsemi Kvikmyndasjóðs. En nú nálgumst við þetta verkefni með öðrum hætti en gert er í þeim lögum á þann veg að við leggjum til að það séu almenn markmið og ákvæði um almenn viðhorf af hálfu stjórnvalda til kvikmyndagerðar og síðan sé sérstakur kafli um Kvikmyndamiðstöð Íslands og einnig sérstakur kafli um Kvikmyndasafn Íslands og síðan önnur almenn ákvæði þar sem er m.a. gert ráð fyrir því að menntmrh. hafi heimild til þess að skipa markaðsnefnd kvikmynda sem á að vinna að því að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er snýr að gerð kvikmynda á Íslandi og öðrum slíkum málefnum.

Frv. endurspeglar þann vöxt sem hefur verið í kvikmyndagerð hér á landi og þá þróun sem orðið hefur og þá staðreynd að íslensk kvikmyndagerð hefur náð verulegum árangri, bæði gagnvart okkur heima fyrir, eins og við vitum öll, og einnig á alþjóðlegum vettvangi. Það er nauðsynlegt að mínu mati að löggjöfin endurspegli þessa þróun og tekið sé á málum með þeim hætti sem gert er í þessu frv. til að skapa þá opinberu umgjörð sem er nauðsynleg í kringum þessa starfsemi. Þess vegna er m.a. lagt til að við breytum Kvikmyndasjóði Íslands á þann veg að hann verði hluti af Kvikmyndamiðstöð Íslands sem hafi með höndum sambærileg verkefni og Kvikmyndasjóður núna fyrir utan að rekstur Kvikmyndasafns Íslands verði sérstakur. Kvikmyndasafnið hefur einnig verið að eflast á undanförnum árum, hefur fengið aðsetur í Hafnarfirði, eins og hv. þm. vita, og þar er nú unnið að því að endurgera Bæjarbíó með það fyrir augum að það verði safnakvikmyndahús, ef þannig mætti að orði komast, þar sem menn geta farið og séð gamlar myndir, en þörf hefur verið á slíku hér á landi. Vonandi tekst sem fyrst að skapa þá aðstöðu sem þarf til þess að Kvikmyndasafnið getið staðið að rekstri þess.

Menn sjá það einnig í umsögn fjmrn. um frv. að gert er ráð fyrir því að framkvæmd frv. leiði til nokkurra útgjalda af hálfu hins opinbera. Í því sambandi er líka nauðsynlegt að hafa í huga að frv. um skilaskyldu, sem ég kynnti hér fyrr á þessum fundi, fjallar líka um kvikmyndir. Þar er gert ráð fyrir því að skipulega verði staðið að því að safna kvikmyndum hér eins og gert er annars staðar og það leiðir einnig til kostnaðar eins og fram kemur í umsögn um þetta frv. og einnig um frv. um skilaskyldu.

Það er líka ákvæði í þessu sem rétt er að minna á eða vekja athygli á og það er um yfirstjórnina. Hún verður í höndum forstöðumanna, annars vegar Kvikmyndamiðstöðvar og hins vegar Kvikmyndasafnsins. Hins vegar verður sett á laggirnar kvikmyndaráð opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum. Ráðið taki ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni, enda séu þau á ábyrgð forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns, en ráðið komi að því sem ráðgefandi aðili, t.d. þegar kemur að því að ákveða hvernig staðið skuli að úthlutunum úr Kvikmyndasjóði, hvaða aðferðum verði þar beitt. Gert er ráð fyrir því í frv. að það verði á ábyrgð forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar að fjalla um úthlutun úr Kvikmyndasjóði og það sé hlutverk hans að ákveða úthlutun úr sjóðnum en það sé kveðið á um í reglugerð hvernig úthlutanirnar skuli undirbúnar, hvort sett verði á laggirnar sérstök nefnd eða hvort kallaðir verði til ráðgjafar og þar kæmi kvikmyndaráðið að við mótun slíkra reglna.

Herra forseti. Hér er verið að kynna mál sem hefur verið lengi á döfinni og ég tel að margir hafi beðið eftir að kæmi fram þannig að menn sjái nýjan starfsramma af opinberri hálfu um kvikmyndastarfsemina í landinu. Með þessu frv. er alls ekki verið með neinum hætti að seilast inn á starfssvið sjálft hjá kvikmyndagerðarmönnum eða hafa afskipti af því sem þeir eru að gera umfram það sem felst í að fjalla um umsóknir þegar leitað er eftir styrkjum heldur að færa þennan starfsramma af opinberri hálfu í það horf sem er talið duga best til að þessi öfluga starfsemi geti haldið áfram að dafna í landinu.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni umræðunni.

[19:15]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna því sérstaklega að þetta frv. skuli fram komið. Það er rétt sem hæstv. menntmrh. sagði, að þess hefur nokkuð lengi verið beðið. Ég sé að frv. hefur verið unnið í mjög góðu samstarfi og samráði við fagaðila enda held ég að þau nýmæli sem hér er bryddað upp á séu í takt við það sem kvikmyndagerðarfólk hefur lagt áherslu á þegar það hefur átt erindi við okkur í hv. menntmn.

Í frv. er lagt til að það sem nú heitir Kvikmyndasjóður skiptist í í tvær stofnanir, Kvikmyndamiðstöð Íslands annars vegar og Kvikmyndasafn Íslands hins vegar. Þá kem ég að spurningunni sem vaknar hjá mér vegna þessa máls. Það hafa verið gerðar athugasemdir við það í tengslum við safnalög að kvikmyndasafns sé þar ekki getið. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hygðist gera tillögur um einhverjar breytingar á safnalagafrv., sem stendur til að afgreiða nú á vordögum, til að koma til móts við þessar óskir. Mér finnst

að Kvikmyndasafn, sem hér er gert ráð fyrir að verði rekið sem sjálfstæð stofnun, eigi að heyra undir safnalög.

Að öðru leyti vil ég ekki hafa mörg orð um þetta frv. Eftir að hafa kynnt mér hér efni frv. hef ég ekki sérstakar athugasemdir við það á þessu stigi. Auðvitað kann eitthvað að koma í ljós í meðförum nefndarinnar en ég tel ástæðu til að fagna þessu máli.

[19:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir þingmannsins og vænti þess að hv. menntmn. fari yfir frv. Það er ekki langt en sjálfsagt og eðlilegt að nefndin taki það til skoðunar og leiti umsagna. Eins og hv. þm. sagði þá er aldrei að vita, þegar menn fara að rýna í einstök atriði í svona frv., nema fram komi betri hugmyndir en við höfum fest hér á blað. Það er sjálfsagt að skoða allt slíkt.

Hv. þm. talaði um stöðu Kvikmyndasafnsins. Ég lít þannig á að með safnalöggjöfinni sé rætt um þrjú höfuðsöfn, þ.e. söfn sem starfa eins og Náttúruminjasafnið, Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands. Það eru söfn sem starfa og ná yfir landið allt. Undir þeim geta verið byggðasöfn og náttúruminjasöfn víðs vegar á landinu. Listasafn Íslands mun vonandi líka þróast þannig að starfsemi þess verði víðar en hér í Reykjavík.

Kvikmyndasafnið er hins vegar í sömu deild, ef þannig má að orði komast, og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Það er sérstakt safn sem verður væntanlega ekki dreift á marga staði eða spannar ekki landið allt eins og þessi þrjú höfuðsöfn. Þess vegna tel ég ástæðulaust að taka það sérstaklega inn í safnalöggjöfina. Með ákvæðum þessa frv. er tekið af skarið um ótvíræðan og traustan starfsgrundvöll Kvikmyndasafnsins, sem hlýtur eðli málsins samkvæmt að starfa á einum stað og verður ekki höfuðsafn með sama hætti og þau þrjú sem ég tilgreindi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 382. mál. — Þskj. 632.

[19:20]

Flm. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps og útvarps sem nýtir innviði fjarskiptakerfa í landinu þannig að öll íslensk heimili geti nýtt sér dagskrár útvarps- og sjónvarpsstöðva. Könnun þessari verði lokið á árinu 2001 og í framhaldi hennar verði tímasett áætlun um framkvæmdir."

Herra forseti. Ég ásamt fleiri þingmönnum lagði fram till. til þál. á þskj. 295 á síðasta þingi sem fjallaði um uppbyggingu dreifikerfis sjónvarpsins þannig að öll heimili gætu nýtt sér dagskrá þess. Þá kom fram eins og reyndar oftsinnis áður hér í þingsal að nokkrir tugir heimila í landinu ná ekki útsendingum sjónvarps. Það er auðvitað ekki vansalaust. Hins vegar eru vankantar á að leysa málið. Menn hafa bent á ýmsar leiðir til þess, t.d. gervihnattaleiðina, þ.e. að koma ekki upp fleiri diskum eða endurvarpsstöðvum fyrir einstaka bæi heldur nýta gervihnetti til þess að ná merkjunum.

Fleira er einnig mögulegt. Það er verið að kanna möguleika á því að koma ljósleiðara eða ISDN-tengingum til allra bæja. Þar með væri lagður grunnur að stafrænum flutningi til allra símnotenda alls staðar í landinu. Þennan grunn væri hægt að nota til að flytja sjónvarps- og útvarpsefni frá dagskrárveitu, ef svo má segja, til notenda. Þá gætu allir nýtt sér þessa leið og sótt í hana það sem mönnum hentaði, hvort sem það væri Ríkissjónvarpið, Stöð 2, Skjár 1 eða hvað svo sem væri, með því að nota þessa nýju tækni. Þjónusta af þessu tagi er í örri þróun og því er sjálfsagt og eðlilegt að athugun fari fram á þeim tæknilegu möguleikum sem í boði eru og hvernig hægt væri að nýta þá sem best, ekki síst fyrir þá sem ekki ná útsendingum ljósvakamiðla vegna lélegra móttökuskilyrða. Eins og ég segi er tæknin í örri þróun og því er full ástæða til að gera á því úttekt hvað hentar best og bregðast síðan við með því að bjóða upp á þær leiðir sem hentugastar eru fyrir alla.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 664. mál. — Þskj. 1042.

[19:24]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 1042 hef ég lagt fram þáltill. um nýja námsbraut við Sjómannaskóla Íslands. Meðflutningsmenn ásamt mér að tillögunni eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra athugun á möguleikum þess að við Sjómannaskóla Íslands verði stofnað til viðbótarnáms, námskeiðs, er lýtur að störfum skipstjórnarmanna á skemmtiferðaskipum. Námið verði með alþjóðlegu sniði, kennsla fari fram á ensku en tímalengd og umfang námsins ráðist af þeim kröfum sem gerðar eru í dag til öryggis og rekstrar skemmtiferðaskipa.

Nám þetta verði viðbót við hefðbundið skipstjórnarnám, stýrimanna og vélstjóra, en miðist fyrst og fremst við umfangsmikinn rekstur skemmtiferðaskipa."

Á undanförnum árum hefur hlutdeild skemmtiferðaskipa í ferðamannafjölda stóraukist. Talið er að aukning í þessari grein, miðað við farþegafjölda, hafi verið 8% að meðaltali sl. 15 ár. Nú eru 53 skemmtiferðaskip í pöntun hjá skipasmíðastöðvum víðs vegar um heiminn en smíði þeirra síðustu á að vera lokið árið 2003.

Hér er um að ræða viðbót við þann flota sem fyrir er.

Talið er að á næstu fimm árum þurfi u.þ.b. 100.000 nýja starfsmenn í áhafnir skemmtiferðaskipanna.

Mjög erfitt reynist að finna og fá skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra frá Vestur-Evrópulöndum til starfa, m.a. vegna þess að ungt fólk er orðið fráhverfara sjómennsku en áður var og æ færri stunda nám í sjómannaskólum. Á hinn bóginn sækjast flest félög, sem reka skemmtiferðaskip, eftir evrópskum yfirmönnum, og er þess oft getið í kynningu og sölugögnum

viðkomandi skips fyrir farþega að yfirmenn séu frá Evrópu og þykir það mjög traustvekjandi.

Til þess að gera störf yfirmanna eftirsóknarverðari hafa kjörin verið bætt, sem m.a. felst í því að tvær áhafnir yfirmanna eru tengdar hverju skipi. Stöður yfirmanna eru þá að sjálfsögðu fleiri og frítíminn meiri. Einnig þurfa útgerðir skemmtiferðaskipa skipstjórnarmenn til starfa í landi við margs konar stjórnunarstörf.

Útgerðarfyrirtæki hafa vissulega reynt að bregðast við þessum vanda, m.a. leitað eftir skipstjórnarmönnum frá Austur-Evrópu, en þá er vandinn málakunnátta. Önnur útgerðarfyrirtæki hafa snúið sér til menntamálayfirvalda í viðkomandi landi og hvatt til aukinnar áherslu á þær greinar sem áður voru nefndar. Önnur leggja mikla áherslu á innri starfsmenntunarmál og samvinnu við sjómannaskóla víða um heim. Fram hefur þó komið að ákveðna og skipulagða kennslu vanti á þessu sviði.

Flutningsmenn telja mikla möguleika felast í kennslu og fræðslu á þessu sviði hér á landi í ljósi þess hve umfangsmikil þessi grein ferðamála er orðin og fer ört vaxandi. Þessi vöxtur er hvatning fyrir Íslendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til frekari þátttöku í alþjóðasiglingum. Þá má benda á að með þessu námi mundi sjómannaskólahúsið nýtast allt árið og einnig nýjar nemendaíbúðir við Sjómannaskólann ásamt íbúðum við Kennaraháskólann. Þá má ætla að nám erlendra manna hér á landi vegna reksturs skemmtiferðaskipa gæti, til langs tíma litið, leitt til þess að komum slíkra skipa til Íslands fjölgaði verulega.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að þessari þáltill. verði að lokinni fyrri umræðu vísað til hv. menntmn.

[19:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hreyft að því er virðist merku máli sem gæti vissulega veitt okkur möguleika í skólakerfinu. Það sem vekur þó athygli mína er sá skóli sem hér er gert ráð fyrir að hæstv. menntmrh. kanni möguleika á vegna málsins. Ég spyr hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um hvaða skóla er verið að ræða. Þó ég telji mig þokkalega inni í skólamálum landsins þá er mér ekki kunnugt um að Sjómannaskóli Íslands sé starfandi. Þetta getur hins vegar verið misminni hjá mér og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hv. þm. Þetta má vissulega leiðrétta.

Ég fór að velta því fyrir mér hvort ástæða væri til að binda þetta við ákveðinn skóla, hvort ekki væri eðlilegt að kanna hvort ekki væri hægt að koma þessu námi fyrir hér á Íslandi án þess að binda það við ákveðinn skóla. Upp úr því fór ég að velta því fyrir mér hvaða ágæti skóli þetta væri. Ég vona að hv. þm. geti upplýst mig um það.

[19:30]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af gefnu tilefni vegna orða hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar vildi ég geta þess að það er ekki hugmyndin að þessi skóli eigi að vera á Egilsstöðum. Hann yrði í námunda við sjó og höfðum við huga á því að hann yrði við eina stærstu verstöð landsins, þ.e. Reykjavík.

Það er réttmæt athugasemd eða spurning sem hér er varpað fram varðandi Sjómannaskóla Íslands. En þannig hefur hann verið nefndur frá vígslu hans 1944. Það sem hér er átt við er auðvitað sjómannaskólahúsið í Rauðarárholti. (**Gripið fram í:** Sjómannaskólinn í Reykjavík.) Hér er bæði um Vélskólann og Stýrimannaskólann að ræða, þannig að oftar en ekki er þetta í umræðunni í þeim orðum sem hér eru sett á blað í till. til þál.

Ég vona að þetta verði ekki til þess að flækja málið þó hér sé talað um Sjómannaskóla Íslands. Hins vegar vildi ég benda hv. þm. á að fletta upp í símaskránni og skoða undir heitinu Sjómannaskóli Íslands hvaða stofnanir hann finnur þar undir. Þar undir finnur hann bæði Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands. Og ef menn halda að hér sé farið með rangt mál, þá er það á misskilningi byggt.

[19:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar og efa ekki að heimildarrit hans, Símaskráin, nýtist honum til ýmissa hluta. En ég hef yfirleitt lagt í vana minn að skoða önnur plögg en Símaskrána þegar ég er að velta fyrir mér skólamálum en þetta getur vissulega komið að gagni og nýtist vonandi til skýringar á þessu.

Miðað við þessar upplýsingar er þarna um að ræða Stýrimannaskólann og Vélskólann sem þetta safnheiti er notað yfir.

En vegna orða hv. þm. um að ljóst sé í tillögunni að ekki sé ætlunin að þessi skóli verði starfræktur á Egilsstöðum, þá sýnist mér það líka vera ágætlega til fundið, þó svo að einhver hluti af því námi gæti vissulega farið þar fram.

En ég bendi honum á það í fullri vinsemd að í þeim ágæta landshluta þar sem Egilsstaðir eru erum við vissulega með skóla við sjávarsíðuna sem einmitt er að velta fyrir sér sjómannanámi af ýmsu tagi (**Menntmrh.:** Og farþegaskip á leiðinni.) og farþegaskip á leiðinni í fjórðunginn eins og hæstv. menntmrh. bendir á. Það er eina skemmtiferðaskipið sem siglir hingað reglulega, það kemur akkúrat þar inn. Það væri því ekki ónýtt að geta tengt þetta saman.

Ég lofa hv. þm. því að ég mun skoða þetta með jákvæðum huga í menntmn. og ég vona að við getum ýtt þessu máli eitthvað fram þó svo við þurfum kannski að lagfæra tillöguna eitthvað örlítið til þess.

[19:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fór svo að hv. síðasta ræðumanni varð fótaskortur á tungunni og mér kannski við stjórn pennans, því hv. þm. talaði um að það væri skemmtiferðaskip á leiðinni. Ég veit ekki annað en það sé til staðar og heiti Lagarfljótsormurinn eða eitthvað því um líkt. (**Gripið fram í:** Það vantar nýtt.)

En varðandi málið í heild sinni þá er aðalatriðið svo sem ekkert endilega hvar við finnum þessari menntun stað. Fyrst og fremst er verið að hugsa um að þarna er húsnæði fyrir hendi og verið er að byggja nemendaíbúðir á lóð Sjómannaskólans.

Ég veit að skóla vantar fyrir starfsfólk skemmtiferðaskipa og það er náttúrlega miklu viðfeðmara nám en bara fyrir skipstjórnarmenn og vélstjóra. Það eru náttúrlega margar starfsgreinar um borð í einu skemmtiferðaskipi eins og hv. þingmenn þekkja og þarf ekki að hafa langt mál um það. Allur sá þjónustukjarni sem þar er þarf mikla kennslu og í því máli þarf auðvitað að horfa fram í tímann.

Sem fyrrverandi formaður hafnarstjórnar Reykjavíkurborgar hef ég haft samband við marga aðila, t.d. menn sem koma að útgerð. Nýverið hefur sú skoðun komið fram frá starfsmönnum Reykjavíkurhafnar, sem hafa mikið samband við þessa útgerðaraðila, að það sé almennt talin mikil vöntun

á skóla eins og hér er flutt þáltill. um. Og ég tel að það væri ekki úr vegi, reyndar mjög við hæfi ef eyþjóð, Íslendingar, tækju nú upp kennslu á alþjóðasviði fyrir starfsfólk á skemmtiferðaskipum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:35]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysisbætur, 700. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1116.

Bókasafnsfræðingar, 526. mál, brtt. SAÞ, þskj. 1103.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 522. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1090; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1091.

Erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 698. mál, fsp. KolH, þskj. 1114.

Framhaldsnám fyrir þroskahefta, 702. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1118.

Samtenging sjúkraskráa, 697. mál, fsp. KolH og ÞBack, þskj. 1113.

Skólaskip fyrir grunnskólanemendur, 696. mál, fsp. KPál, þskj. 1112.

Stjórnsýsla á varnarsvæðinu á Miðnesheiði og Keflavíkurflugvelli, 703. mál, fsp. KPál, þskj. 1119.

Tilraunaverkefnið „Atvinna með stuðningi", 701. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1117.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 699. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 1115.

Út af dagskrá voru tekin 16., 19., 26. og 28. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

---

111. FUNDUR

miðvikudaginn 25. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjarskipti, stjfrv., 193. mál, þskj. 203, nál. 949. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376, nál. 957 og 1102. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Skylduskil til safna, stjfrv., 590. mál, þskj. 933. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Kvikmyndalög, stjfrv., 668. mál, þskj. 1046. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, þáltill., 382. mál, þskj. 632. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, þáltill., 664. mál, þskj. 1042. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Bókasafnsfræðingar, stjfrv., 526. mál, þskj. 822, brtt. 1103. — Frh. 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um almenn hegningarlög.

[13:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræddum lengi í gær frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem fram kom í umræðunni smám saman að það mál er algerlega vanbúið, þ.e. að hækka refsirammann úr tíu árum í tólf. Í lok þeirrar umræðu kom fram að skipuð hefur verið nefnd til þess að fjalla um refsingar, fjalla um það hvar eigi að þyngja refsingar í samræmi við þáltill. sem allshn. flutti og samþykkt var fyrir nokkrum árum, en þá var formaður allshn. núv. hæstv. dómsmrh. Þar var samþykkt að fela dómsmrh. að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum sem náðu til líkamsárása, kynferðisbrota og fíkniefnabrota.

Í gær ræddum við refsiþyngingu við fíkniefnabrotum. Það liggur fyrir að þessi nefnd hefur verið skipuð. Það liggur fyrir að þessi nefnd kom ekki fyrir allshn. í þeirri vinnslu sem fram fór hjá allshn. um þetta mál. Því, virðulegi forseti, geri ég kröfu til þess að það mál komi að nýju til allshn. milli 2. og 3. umr.

[13:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem felur í sér útvíkkaðan refsiramma vegna alvarlegra fíkniefnabrota, fjölgað er úr tíu árum í tólf vegna alvarlegra brota á þessu sviði.

Þetta frv. var mikið rætt í þinginu í gær og þar kom fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að mikilvægt væri að málið fengi frekari umfjöllun í allshn. eins og hér hefur verið borin fram formleg ósk um. Ég vil taka undir þá ósk að málið komi að nýju fyrir allshn. og verði þá skoðað í ljósi annarra mála sem tengjast þessu frv. og hafa ekki fengið viðhlítandi afgreiðslu. Munum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sitja hjá við atkvæðagreiðslu frv. núna en við tökum undir óskir um að málið komi til umræðu að nýju í allshn.

[13:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert hvernig þetta mál hefur þróast. Þegar við vorum að ræða það við 1. umr. gerði ég að meginmáli ræðu minnar þá tillögu sem allshn. afgreiddi

frá sér á 122. löggjafarþingi. Það er umhugsunarefni að þá var talið mjög mikilvægt til þess að taka afstöðu til refsinga og refsilengdar að láta fara fram slíka rannsókn eins og þá var verið að afgreiða með tillögunni og varðaði líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Tekið er fram í greinargerð allshn. að mjög mikilvægt sé að slíkar rannsóknir liggi fyrir fyrir faglega umræðu og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga, ekkert minna. Þetta eru orð allshn. og þá væntanlega undir forustu formanns hennar, þ.e. að slíkar rannsóknir séu nauðsynlegar fyrir faglega umræðu og mótun refsistefnu eða lagasetningu og endurskoðun refsilaga. Ég gerði þetta að meginatriði ræðu minnar við 1. umr. og það er mjög einkennilegt, herra forseti, að fá að heyra það nú að einhvern tíma á þessum tíma frá 1997–1998 hafi þessi nefnd verið sett á laggir en hún hafi hvergi nokkurs staðar komið að málum í aðdraganda þess að hingað kemur frv. sem nú á að fara að lögfesta um breytingar á refsirammanum. Ég tek eindregið undir það að allshn. taki þetta mál fyrir milli 2. og 3. umr. og sé enga ástæðu til annars en stjórnarmeirihlutinn sýni svolítinn dug og samþykki að allshn. klári að skoða þau mál sem allshn. sjálf á sínum tíma setti sem grundvallaratriði í vinnubrögðum.

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þingmanna tek ég undir það að rétt er að ákveðin tillaga var rædd í allshn. fyrir nokkrum árum þegar ég var þar formaður og samþykkt var að af stað færi rannsókn á viðurlögum við afbrotum. Marga brotaflokka átti þar að skoða. Engin sérstök nefnd var mynduð í því sambandi heldur var ákveðið að fá fólk til þess að fara í þetta mál, bera saman viðurlög við afbrotum og ýmsa aðra þætti sem tengjast afbrotum. Það er ósköp eðlilegt og þannig á auðvitað að vinna þegar verið er að móta refsistefnu.

Hins vegar blasir við að orðið hefur þvílík breyting til hins verra varðandi fíkniefnamálin núna á stuttum tíma á síðustu árum að það verður að grípa til þess að rýmka refsirammann nú þegar. Þannig er að hámarksrefsing er núna tíu ár. Það er lagt til í þessu frv. að farið verði upp í tólf ár. Það er bara refsiramminn. Það er enginn sem segir til um það að dómarar skuli endilega herða refsingu eða þyngja dóma. Það er þeirra mat. En ef við lendum í því að hér komi í einhverjum mæli til landsins efni eins og t.d. heróín þá verða dómstólarnir að vera reiðubúnir til þess að geta tekið alvarlega á þeim málum. Við erum að senda skilaboð út í þjóðfélagið um að þingið líti þessi mál mjög alvarlegum augum og ég hef ekki orðið vör við annað en að hv. þingmenn séu mér sammála um að það. En það er auðvitað sjálfsagt fyrir nefndina að fylgjast með því hvaða upplýsinga er verið að afla. Nú þegar er verið að skoða þessi mál og ég geri ráð fyrir að þeirri vinnu verði fljótlega lokið. Hins vegar er ekki hægt að bíða með þetta mál sem liggur fyrir þinginu.

Hegningarlög eru stöðugt í endurskoðun. Það er líka sérstök refsiréttarnefnd í dómsmrn. sem fylgist með þróun í þessum málum. Fyrir nokkrum árum var breytt heilum kafla varðandi kynferðisbrot. Hvar stæðum við nú ef við hefðum beðið þá eftir frekari upplýsingum?

[13:40]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þá skoðun sem hér hefur komið fram að við fáum málið aftur til umfjöllunar í nefndinni — mér hefur líka skilist að formaður umræddrar nefndar sé Sigurður T. Magnússon héraðsdómari — og þó ekki væri annað en að nefndin heyrði aðeins ofan í hann og þá vinnu og þá væntanlegu skýrslu sem hæstv. dómsmrh. hefur ýjað að að væri á leiðinni.

Það hefur líka verið talað um að hækkun á refsirammanum sé studd kröfu almennings. Ef einhvers staðar hefur verið hávær krafa almennings um hækkun á refsiramma þá vitum við líka alveg hvar það er og það kemur einmitt fram í þessari þáltill. að sá refsirammi sé einn af þeim sem á að skoða, þ.e. kynferðisafbrot gagnvart börnum. Það er hávær krafa almennings að þau mál verði skoðuð og ég minni þingmenn núna á nýgengið mál á Vestfjörðum þar sem ekki er hægt að taka á málinu þar sem þolandinn er drengur en ekki stúlka. Þar þarf að taka á ef einhvers staðar. Mér finnst sú till. til þál. sem samþykkt var á 122. löggjafarþingi vera til fyrirmyndar um vinnubrögð, þ.e. að safna í gagnagrunn fyrir þingmenn til þess að byggja á í þeirri vinnu sem hér er unnin.

[13:42]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. vil ég leyfa mér að varpa fram þeirri spurningu hvort bíða eigi með allar breytingar á hegningarlögum á Alþingi þar til búið er að endurskoða öll hegningarlögin. Þetta er enginn smálagabálkur sem verið er að tala um hér. Og eins og ég sagði áðan eru þau stöðugt í endurskoðun. Ég er hins vegar sammála því að það þurfi að skoða kynferðisafbrotamál. En varðandi það mál sem nefnt var hér síðast þá er sem betur fer búið að breyta öllum þeim lögum þannig að nú gildir jafnræði milli barna sama af hvoru kyni þau eru. (Gripið fram í.) Það er búið að breyta fyrningu og öðru.

Það á einmitt að skoða þessi mál í tengslum við sérstaka nefnd sem skipuð hefur verið vegna tveggja skýrslna sem gerðar hafa verið fyrir þingið, m.a. um vændi og lagaumhverfi á Norðurlöndum um klám og annað þannig að ég vænti þess að við fáum góðar tillögur frá þeirri nefnd.

Ég vil bara ítreka að þetta mál þolir ekki bið. Það er ekki mikið eftir af þinginu. Ef hv. þm. vilja fara út í slíka endurskoðun í heild sinni á þessum lagabálki þá er alveg ljóst að ekkert verður af þessum lagabreytingum og þá spyr ég: Vilja hv. þingmenn bera byrgð á því?

[13:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki gott að sitja undir því að ekki sé hægt að fá svör um það hvort taka eigi þetta mál til meðferðar í nefndinni. Allir hljóta að hafa átt von á því að formaður nefndarinnar kæmi hér upp og gæfi út yfirlýsingu um hvort hún mundi kalla þetta mál inn í nefndina eða ekki. Það hefur ekki gerst. Ég held því miður að maður verði að taka því þannig að það standi ekki til. Eða hvað? Það væri alla vega betra fyrir umræðuna að það kæmi skýrt fram hvað menn ætlast fyrir í þessu. Mér finnst það líka lágmarkskurteisi og að full ástæða sé til þess að gera það. Það þarf ekki að tefja málið á nokkurn hátt þótt það verði gert. Hér hafa verið færð fram góð rök fyrir því að fara yfir málið. Og er það ekki nóg? Ég vitna bara til þess sem þeir sem hafa verið á undan mér í stólnum hafa sagt um þetta efni. Mér finnst satt að segja ansi erfitt að búa við það að geta ekki fengið svör í þingsalnum við því hvort nefndin eigi að fara yfir þetta mál á milli umræðna eða ekki.

[13:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég átti sæti í allshn. þegar umrædd þáltill. var samþykkt um að rannsókn færi fram á viðurlögum og ákvörðun refsinga við afbrotum. Ég vil rifja upp að tildrög þáltill. voru þau að fyrir nefndinni lágu tillögur um að hækka refsirammann í kynferðisafbrotum. Það var einróma álit nefndarinnar undir ágætri forustu núv. dómsmrh. að forsendan fyrir því að verið væri að breyta refsirammanum, hvort sem það væri í fíkniefnabrotum, kynferðisbrotum eða vegna alvarlegra líkamsárása, að fram færi rannsókn eins og samþykkt var á Alþingi og hér hefur verið rædd. Þess vegna kom mér undarlega fyrir sjónir að hæstv. ráðherra skyldi leggja fram þetta frv. án þess að slík rannsókn hefði verið til lykta leidd.

Meira að segja er það svo að nefndin á að afgreiða málið án þess að fyrir hana verði lagt hver staðan er varðandi þá rannsókn. Það voru þrír refsirammar sem átti að skoða, alvarlegar líkamsárásir, kynferðisafbrot og fíkniefnabrot og við vitum ekki einu sinni hvort byrjað hafi verið á fíkniefnabrotunum eða kynferðisbrotunum eða hvar þetta mál liggur. Það er allsendis óeðlilegt að afgreiða málið meðan staðan er með þeim hætti. Ég vil minna á að í tvígang var veitt fjármagn af fjárlögum til að þessi rannsókn gæti farið fram.

Þess vegna er það eðlileg krafa, herra forseti, að milli 2. og 3. umr. fái nefndin upplýsingar um hvar rannsóknin er á vegi stödd. Ég treysti mér ekki, herra forseti, til að greiða því atkvæði núna að samþykkja þetta frv. hæstv. ráðherra fyrr en fyrir liggur að nefndin hafi fjallað eðlilega um málið.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst heldur miður í ljósi þess að það var dregið mjög skýrt fram í gær að málið er algerlega vanbúið. Við kölluðum mjög ítarlega eftir því að þær upplýsingar sem er augljóslega verið að ná í með þessari rannsókn væru lagðar fram. Það yrði skýrt nákvæmlega hvert væri markmiðið með þessu frv. Það kom hvergi fram. Það kom fram að málið er algerlega vanbúið. Þess vegna erum við að óska eftir því að málið gangi aftur til nefndar í því skyni að kalla þessar upplýsingar fram og þá er hægt að fjalla um það sem við gagnrýndum mjög harðlega í gær.

Hins vegar, virðulegi forseti, verð ég að segja að það er mjög merkilegt í ljósi þess að það var auglýst mjög markvisst eftir hæstv. dómsmrh. í umræðunni í gær að hann skuli síðan koma og taka upp efnisumræðu um málið þegar verið er að ræða störf þingsins. Það er dálítið sérstakt og það hefði verið miklu eðlilegra að hæstv. dómsmrh. hefði verið á vettvangi í gær og tekið þátt í fjögurra tíma umræðu sem varð um málið.

Við óskuðum líka eftir því að málinu yrði frestað í ljósi þess að hæstv. ráðherra var ekki við. Ekki var hægt að verða við því þannig að þetta er vægast sagt dálítið sérstakt.

Kjarni málsins er sá að við ítrekum þessa kröfu. Við verðum að fá málið aftur inn í allshn. til að geta fjallað um það grundvallaratriði hvað býr að baki þessu frv., hvert er markmiðið o.s.frv. Þá er kannski rétt að rifja það upp fyrir hæstv. dómsmrh. af því að hann fjallaði áðan um það að dómstólar kveða upp úr um hversu langar refsingarnar eiga að vera en ekki Alþingi og bæði dómarar og Lögmannafélagið leggjast gegn þessum breytingum.

[13:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég kalla eins og aðrir eftir því að viðbrögð fáist við þeirri eðlilegu og sanngjörnu kröfu að nefndin fái málið til umfjöllunar á nýjan leik milli 2. og 3. umr. Þingsköp standa einfaldlega til þess þegar rökstudd og jafneðlileg ósk og hér um ræðir kemur fram. Hún var margítrekuð í langri umræðu í gær. Ég tek undir það að þá saknaði ég þess mjög ákveðið að eingöngu væri einn fulltrúi stjórnarliða til andsvara, þ.e. hv. formaður nefndarinnar. Hæstv. ráðherra var fjarverandi sem og allir aðrir fulltrúar stjórnarliða í allshn. Umræðan tók dálítið mið af þeirri staðreynd.

Umræðan leiddi hins vegar í ljós að málið er allt vanreifað, ekki eingöngu það sem hér hefur verið bent á að nefnd er að störfum sem ber að gæta innra samræmis í refsilöggjöfinni og taka út tiltekna þætti, þar á meðal fíkniefnaveröldina sem er að störfum, heldur og hitt að umsagnir sem voru hvað ítarlegastar og menn hljóta að taka talsvert mið af, þ.e. Lögmannafélag Íslands annars vegar og dómarar hins vegar, bentu á að í augnablikinu væri ekki svo brýnt eins og hæstv. dómsmrh. vill vera láta að það þurfi að ljúka því á næstu dögum að rýmka þennan refsiramma. Það var eingöngu í tveimur málum sem menn höfðu komist nær því að nýta þessi 10 ár sem eru hin efri mörk. Efnisatriði málsins eru þannig vaxin að það er sjálfsagt og eðlilegt að við förum mjög vandlega yfir þetta. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem menn taka ekki ákvarðanir um samkvæmt geðþótta eða samkvæmt einhverjum hrópum og köllum úti í samfélaginu heldur verðum við að skoða þessi mál með sanngirni.

Ég frábið mér það, herra forseti, og það skulu vera lokaorð mín, að menn skuli setja mál upp með þeim hætti að við sem viljum skoða þetta mál málefnalega séum á móti því að taka hart á fíkniefnabarónum. Það er útúrsnúningur og ómerkilegt að halda málum þannig til haga.

[13:51]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er alveg skýrt í huga mínum. Hv. allshn. fór mjög rækilega yfir þetta tiltekna mál. Við mátum gögnin mjög vandlega þannig að þetta er alveg kýrskýrt í mínum huga.

Ég sé enga ástæðu til að nefndin fari að fara aftur yfir frv. Það er vel og vandlega undirbúið.

Hins vegar er það sjálfsagt að ég fari þess á leit við hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. að það gefi okkur upplýsingar um hvar vinna þessarar títtnefndu nefndar er á vegi stödd og nefndarmönnum verði gefnar upplýsingar um þau störf. Það er sjálfsagt mál.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203, nál. 949.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

1. gr. samþ. með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GAK, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KLM, LB, MS, ÓI, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, KVM, KF, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um lagagrein sem er til komin vegna misskilnings á tilskipun Evrópusambandsins og kveður á um bann við hlerun á símtölum og fjarskiptum. Um slíkt bann eru allir sammála.

Hið umdeilda ákvæði lýtur að banni við því að símtöl séu tekin upp á segulband. Í stað þess að fella þetta ákvæði í lögum niður og taka á hvers kyns misnotkun á markvissan hátt í viðeigandi lögum, þá er með þessari lagagrein verið að spinna inn hin undarlegustu heimildarákvæði fyrir banka og fréttastofur. Þessir aðilar geta tilkynnt í eitt skipti fyrir öll að segulbandsupptökur séu notaðar en viðskiptavinir þeirra, bankanna og viðmælendur fréttamanna, hafa annan og lakari rétt. Og viti menn: Þeir sem verða fyrir símaofsóknum mega ekki taka upp samtal ofsóknarmannsins nema tilkynna honum áður að segulband sé notað. Menn eru komnir út á mjög hálan ís með þessari lagasetningu að ekki sé minnst á lögskýringargögnin sem vísað er til í þessu sambandi.

Ég mun greiða atkvæði gegn þessu en boða brtt. við 3. umr. á grundvelli frv. sem ég hef þegar talað fyrir.

[13:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sú tillaga sem verið er að flytja um breytingu á lögum um fjarskipti er meint til að vera ákveðin leiðrétting eða yfirklór á mistökum sem urðu við upphaflegu lagasmíðina árið 1999 þegar Alþingi samþykkti þau lög frá Alþingi.

Sú grein sem hér er fjallað um byggir á mistökum í þýðingu á tilskipun frá Evrópusambandinu þar sem átti að taka til hlerana þriðja aðila en ekki þau atriði sem hér er verið að fjalla um. Ef það hefði átt að leiðrétta það með eðlilegum hætti þá átti að taka á grundvallaratriðum málsins, þ.e. þeim mistökum sem urðu við frumvarpsgerðina og mistök sem urðu í þýðingu á þessari Evróputilskipun en ekki fara að klóra yfir það eins og hér er lagt til. Því er ég andvígur þessu, herra forseti.

2. gr. samþ. með 29:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GAK, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KLM, LB, MS, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, KVM, KF, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GAK, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (ÞBack*) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376, nál. 957 og 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KPál, MS, ÓI, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Eins og umræða um störf þingsins leiddi í ljós er þetta mál með öllu vanreifað og eðlilegar óskir — er atkvæðagreiðsla hafin, herra forseti?

(**Forseti** (HBl)**:** Já, hún er hafin. Gerir hv. þm. athugasemd við það?)

Já, ég geri það nú raunar því að ég hygg að tala mín geti breytt niðurstöðum hennar.

(**Forseti** (HBl)**:** Við skulum verða við þeirri beiðni.)

Herra forseti. Ég var að reyna að segja að umræðan um störf þingsins hefði leitt í ljós að þetta mál er með öllu vanreifað og eingöngu að hálfu leyti unnið í nefnd. Eðlileg beiðni kom fram um það að nefndin færi yfir málið á nýjan leik. Við því bárust ekki skýr svör. Að því leytinu til er ákaflega erfitt fyrir mig að taka efnislega afstöðu til málsins. Það getur vel farið svo að að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gæti ég samþykkt það en eins og málið liggur nú fyrir neyðist ég til þess að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu sem er slæmt í jafnstóru máli.

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í efnisumræður um þetta mál við þessar aðstæður og vildi ekki gera það áðan undir liðnum um störf þingsins. En þar kom fram mjög skýr og einföld beiðni af þinglegu tagi um að allshn. taki málið til skoðunar á nýjan leik milli 2. og 3. umr. Þetta var tiltölulega vel rökstudd beiðni og það er algerlega fráleitt að hafna slíkri ósk, herra forseti.

Ég minni menn á þær ræður sem hér voru fluttar til grundvallar því að rökstyðja starfsemi Alþingis í einni málstofu. Það var sérstaklega tekið fram að liður í því að vanda

vinnubrögð þar sem þingið mundi orðið afgreiða lagafrv. í einni málstofu væri að nefndin gæti tekið það aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. ef einhverjar ástæður væru til. Ég bendi forustu þingsins og formönnum þingnefnda sem hafa ekki áttað sig á þessu að lesa í gegnum umræðurnar á sínum tíma og hugsa þessi mál betur áður en menn fara af þvílíkum þvergirðingshætti að ganga hér fram og hafna slíkum óskum. Hver eru hin þinglegu rök fyrir því þegar engin sérstök tímanauð torveldar að þingmenn líti aftur á málið milli 2. og 3. umr.? Telja menn virkilega að það sé vönduðum vinnubrögðum til framdráttar að haga sér þannig?

2.–3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KPál, MS, ÓI, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÖJ.

6 þm. (GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, ÞBack*) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SJS, SvH, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Skylduskil til safna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög). — Þskj. 933.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Leikskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kvikmyndalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 382. mál. — Þskj. 632.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Ný námsbraut við Sjómannaskóla Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 664. mál. — Þskj. 1042.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Bókasafnsfræðingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 526. mál (starfsheiti). — Þskj. 822, brtt. 1103.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Brtt. 1103 samþ. með 42 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LB, MS, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, KVM, KF, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SF, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1120).

Fundi slitið kl. 14:06.

---

112. FUNDUR

miðvikudaginn 25. apríl,
að loknum 111. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Kynningarstarf Flugmálastjórnar, fsp. KolH, 576. mál, þskj. 893.

2. Öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi, fsp. ÞBack, 661. mál, þskj. 1039.

Til viðskiptaráðherra:

3. Uppgjörsaðferðir fjármálafyrirtækja, fsp. EKG, 577. mál, þskj. 894.

Til iðnaðarráðherra:

4. Auðlindagjald af vatnsafli í þjóðlendum, fsp. SvanJ, 593. mál, þskj. 945.

Til menntamálaráðherra:

5. Námsstyrkir, fsp. SJS, 583. mál, þskj. 921.

6. Uppbygging tæknináms á háskólastigi, fsp. SvanJ og EMS, 595. mál, þskj. 947.

7. Fjöldi nemenda í framhaldsskólum, fsp. GHall, 607. mál, þskj. 977.

Til fjármálaráðherra:

8. Virðisaukaskattur af hugbúnaðarvinnu, fsp. SvanJ, 594. mál, þskj. 946.

9. Þjóðlendur, fsp. JB, 689. mál, þskj. 1068.

10. Reikningsskil og bókhald fyrirtækja, fsp. KLM, 691. mál, þskj. 1070.

Til heilbrigðisráðherra:

11. Hátæknisjúkrahús, fsp. RG, 608. mál, þskj. 978.

Kynningarstarf Flugmálastjórnar.

Fsp. KolH, 576. mál. — Þskj. 893.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. sjá það trúlega í hendi sér hver kveikjan að þessari fyrirspurn er en hana má rekja til baráttunnar um Reykjavíkurflugvöll sem ég leyfi mér að kalla svo sem upphófst í upphafi þessa árs þegar ljóst var að borgaryfirvöld hygðust efna til atkvæðagreiðslu meðal borgarbúa um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar með tilliti til mögulegrar annarrar notkunar svæðisins í Vatnsmýrinni. Flugmálastjórn tók þátt í því máli á mjög afgerandi og áberandi hátt og hún tók afdráttarlausa afstöðu í málinu. Hún auglýsti í janúar, ef ég man rétt, eftir starfsmanni til að gegna stöðu kynningarstjóra stofnunarinnar, sem ég gagnrýni alls ekki og vil að það komi skýrt fram, því það er að sjálfsögðu hið eðlilegasta mál að opinberar stofnanir hafi starfsmenn sem sinna kynningarmálum sérstaklega.

Hitt ber að skoða í hvaða tilgangi og hvernig opinberar stofnanir nýta opinbera fjármuni til kynningarstarfs. Í aðdraganda þessara umdeildu kosninga var gefin út í nafni Flugmálastjórnar litprentaður bæklingur sem borinn var í hús á Reykjavíkursvæðinu. Sú útgáfa var strax mjög umdeild og vakti upp umræðu um aðstöðumun aðila til að hafa áhrif á opinberar ákvarðanir. Af þeirri gagnrýni er þessi fyrirspurn mín sprottin og í því sambandi vil ég minna á þáltill. sem hæstv. utanrrh. talaði fyrir úr þessum stól fyrir fáeinum dögum, um fullgildingu Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Kosning borgaryfirvalda um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar og öll sú umræða sem henni fylgdi verður að skoðast sem umhverfismál. Þar átti því hugmyndafræði sú sem liggur að baki Árósasamningnum fyllilega við og samkvæmt þeim reglum eða þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki Árósasamningnum þá er eitt af því sem stjórnvöld verða að athuga að þau geta ekki notfært sér aðstöðu sína í áróðursskyni gagnvart almenningi svo afar mikilvægt er að það sé skoðað hvernig stórar opinberar stofnanir beita sér í málum af þessu tagi. Fyrirspurnin sem ég legg fyrir hæstv. samgrh. er í tveimur liðum:

1. Hver var heildarkostnaður við kynningarstarf á vegum Flugmálastjórnar árlega sl. fimm ár?

2. Hversu miklu fé hefur Flugmálastjórn varið í kynningarstarf og upplýsingamiðlun fyrir atkvæðagreiðslu meðal Reykvíkinga um framtíðarnýtingu Vatnsmýrar í Reykjavík?

Í því sambandi má kannski líka spyrja hvort Flugmálastjórn hafi haft það á fjárhagsáætlun sinni fyrir árið í ár að ráða sér kynningarstjóra.

[14:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. hefur gert grein fyrir fyrirspurninni í þeim tveimur liðum sem hún er. Af því tilefni vil ég, áður en ég fer með talnaefni sem spurt er um, vekja athygli á því að í reglugerð um Flugmálastjórn, nr. 441/1997, er í 2. gr. svohljóðandi texti um hlutverk og verkefni Flugmálastjórnar, að hún veiti almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum ráðgjöf og þjónustu þar sem sérþekking hennar kemur að notum svo sem vegna skipulagsmála og mannvirkjagerðar. Þess vegna hlýtur að vera í fyllsta máta eðlilegt og í samræmi við reglur að þegar kemur að því að taka svo stórar og afdrifaríkar ákvarðanir eins og að breyta skipulagi og gera ráð fyrir því að færa aðalinnanlandsflugvöll okkar burt úr borgarlandinu, að áður en kæmi til slíkra kosninga færi fram kynning af hálfu þeirra aðila sem eru ábyrgir fyrir skipulagi innanlandsflugsins. Þess vegna er að mínu mati í fyllsta máta óeðlilegt að stjórnmálamenn og hv. alþm. reyni að gera tortryggilegt að veittar séu upplýsingar til almennings og stjórnmálamanna um hvað sé fram undan, hverjar séu tillögur flugmálayfirvalda hvað varðar skipulagsmál Reykjavíkurflugvallar.

Kostnaðurinn af kynningarstarfi Flugmálastjórnar síðustu fimm árin er svohljóðandi:

Árið 1996 voru 4,5 millj. settar til kynningarmála sem er 0,22% af heildarveltunni á vegum Flugmálastjórnar. Árið eftir, 1997 eru það 3 millj., árið 1998 eru það 3,7 millj., árið 1999 eru það 6,7 millj. og árið 2000 eru það 4,2 millj. sem er 0,13% af heildarveltunni, og á þessu ári eru það 3,7 millj.

Þess ber að geta að um margvíslegan kostnað er að ræða. Það er ekki eingöngu verið að leggja til kostnað þarna vegna skipulagsmála heldur er flugþing fært til þessa liðar og margvísleg kynningarstarfsemi, m.a. kynningarstarfsemi sem er nágrannakynning o.s.frv. vegna skipulagsmála þannig að þarna er af mörgu að taka.

Í annan stað er síðan spurt: „Hversu miklu fé hefur Flugmálastjórn varið í kynningarstarf og upplýsingamiðlun fyrir atkvæðagreiðslu meðal Reykvíkinga um framtíðarnýtingu Vatnsmýrar í Reykjavík?"

Það sundurliðast þannig á þessu ári að vinna við útfærslu á gögnum sem voru tillögur British Aerospace en þeir aðilar gerðu mjög umfangsmiklar skipulagstillögur fyrir Flugmálastjórn, og útfærsla á þeim gögnum sem var mjög athyglisverð og upplýsandi tölvumynd sem kostaði 1,7 millj. að gera, 1.733.583 kr., var ekki eingöngu vegna kosninganna. Það ber að undirstrika það.

Í öðru lagi kostaði vinna og kynning vegna skipulagshugmynda og gerð kynningarefnis 991.430 kr., kynningarefni vegna báss við ráðhúskynninguna í Reykjavík 559.451 kr. og gerð bæklingsins sem hv. þm. gerði að umtalsefni og dreifing hans 686.742 kr.

Þetta er kostnaðurinn sem hér um ræðir og ég vona að hv. þm. hafi fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru.

[14:15]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Meðan ég var samgrh. lá það ljóst fyrir að ekki voru uppi hugmyndir í þeim samtölum sem ég átti við borgarstjóra þá um að slá því þegar í stað föstu að Reykjavíkurflugvöllur yrði lagður niður. Mér kom því satt að segja á óvart eftir að ég hætti sem samgrh. að borgarstjóri hafði alið þær hugmyndir með sér sem mér þykja satt að segja ekki vera þess eðlis að veki traust þjóðarinnar í heild á því starfi sem borgarstjóri gegnir, því að auðvitað á borgarstjórinn í Reykjavík að vinna í þeim anda að það sé í góðu samstarfi og sátt við landið í heild ef hann hefur til þess þroska og bakstuðning.

Ég vil taka fram að það kemur mér ekki á óvart að hv. þm. skuli leggja fram frv. í þeim anda sem hér liggur fyrir (**KolH:** Þetta er fyrirspurn.) fyrirspurn sem ómögulega er hægt að skilja öðruvísi en svo að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að leggja beri Reykjavíkurflugvöll niður sem ég er auðvitað ekki sammála.

[14:17]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að hæla hæstv. samgrh. fyrir þá miklu kynningu sem hann gerði á þessu máli í undirbúningi fyrir þær kosningar sem fram fóru um það. Það lá alveg ljóst fyrir af hans hálfu hvernig ráðuneytið og hæstv. ráðherra mundu vinna í úrvinnslunni eftir að atkvæðagreiðslan lægi fyrir. Ég held að það hafi verið mjög mikilvægt að allir þættir málsins kæmu á borðið og þeir gerðu það.

Ég fagna því einnig að hæstv. ráðherra lýsti mjög afdráttarlaust yfir skoðunum sínum á því hvert innanlandsflugið mundi flytjast ef atkvæðagreiðslan færi eins og hún fór. Þess vegna finnst mér ekkert óeðlilegt við það að í framhaldi af þeirri atkvæðagreiðslu þar sem niðurstaðan varð sú að völlurinn yrði lagður niður, að það færi þegar fram einhver undirbúningur fyrir flutninginn á innanlandsfluginu til Keflavíkur.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þau eru sérkennileg tilfinningagosin hjá þingmönnum Sjálfstfl. þegar málefni Reykjavíkurborgar ber á góma. Það er með miklum ólíkindum að harðfullorðnir karlmenn geti ekki hamið sig í eina mínútu í ræðustól sem þeir hafa til að gera athugasemd í fyrirspurn þar sem verið er að biðja um tilteknar upplýsingar sem varða atriði í þessu sambandi. Auðvitað er það með öllu óviðeigandi að veitast að fjarstöddum borgarstjóra í Reykjavík með þeim hætti sem virðulegur forseti þingsins gerði hér áðan og er fyrir neðan allar hellur að verða vitni að slíku.

Það er einnig eðlilegt að spurt sé um upplýsingar af þessu tagi og því sé í leiðinni velt upp að hið opinbera verður að ganga fram af hófsemi til þess að beita ekki um of ofurefli sínu í samskiptum við aðila í þjóðfélaginu sem kunna að hafa annan málstað fram að færa. Þar eiga Íslendingar margt ólært eins og hv. fyrirspyrjandi minnti hér á og við erum loksins núna að fjalla um hina svonefndu Árósasamþykkt þar sem einmitt er verið að reyna að tryggja undirstöðu lýðræðis með því að jafnræðis sé gætt milli aðila sem tala fyrir ólíkum málstað í kosningum og í öðrum slíkum tilvikum.

[14:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er til fyrirmyndar í viðkvæmu og heitu tilfinningamáli, eins og flugvallarmálið reyndist vera, að viðhafa þau vinnubrögð sem Reykjavíkurborg viðhafði að vera með atkvæðagreiðslu þar sem fólkið í borginni gat tekið afstöðu til málsins. Það er með ólíkindum hvernig þeirri ákvörðun var mætt af sumum og ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er með ólíkindum hvernig Sjálfstfl. hefur brugðist við.

En ég kem hér út af orðum þess aðila sem er sameiningartákn okkar þingmanna. Það er fullkomlega ósæmilegt að

forseti þingsins komi upp í umræðu eins og þessari og sendi borgarstjóranum í Reykjavík tóninn eins og hann gerði hér, fullkomlega ósæmilegt og óásættanlegt.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Mér þykir ákaflega fyrir því að þessi fyrirspurn mín skuli vera að breytast í hluti sem henni var alls ekki ætlað. Og mér þykir afskaplega fyrir því að hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli leyfa sér að breyta saklausri fyrirspurn í frv. til laga um að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Það er meira en að gera úlfalda úr mýflugu.

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir afskaplega greinargóð svör en á engu að síður örlítið vantalað við hæstv. ráðherra vegna upplýsinganna um árið í ár þar sem fram kemur sundurliðaður kostnaður vegna kynningarstarfs á þessu ári sem nemur að því er mér sýnist tæplega 4 millj. Í fyrra svarinu var getið um 3,7 millj. vegna kynningarstarfs árinu 2001 þannig að ég þarf aðeins að fá nánari útlistun á því hvernig árið 2001 er hugsað. Er fyrri talan sem hæstv. ráðherra gaf áætlun eða er hún það sem búið er að eyða það sem af er þessu ári og eigum við þá von á meiri kostnaði vegna kynningarstarfs Flugmálastjórnar á árinu? Ég fæ þetta ekki alveg til að ganga upp í mínum huga.

Síðan vil ég ítreka það, herra forseti, að almenningur sem á samkvæmt alþjóðasamningum rétt á réttlátri málsmeðferð á sviði umhverfismála hefur fullan rétt á því að skoða svona mál ofan í kjölinn. Það er alveg sjálfsagt mál að um svona lagað sé spurt. Við getum verið minnug þess sem upphófst í deilunni um virkjun Jökulsár í Fljótsdal í fyrra þar sem Landsvirkjun var gagnrýnd fyrir að beita ofurefli í kynningarstarfsemi í því máli á meðan sjálfstæð félagasamtök höfðu ekkert bolmagn á við það stóra opinbera fyrirtæki og þetta mál er tengt því máli, það er af sama toga. Það er því áríðandi að stjórnvöld standi vörð um þau réttindi sem almenningur á til réttlátrar málsmeðferðar í umhverfismálum.

[14:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég geta þess að þær tölur sem ég nefndi fyrir árið í ár er sá útlagði kostnaður sem þegar hefur verið bókaður, enda er það lág tala miðað við þær tölur sem ég nefndi að öðru leyti fyrir hvert hinna áranna.

Aðeins til að taka af allan vafa var kynningarfulltrúi Flugmálastjórnar ekki ráðinn sérstaklega til þess að fást um Reykjavíkurflugvöll og skipulagsmálin þar, það er fjarri lagi, heldur til þess að vinna almennt að kynningarmálum fyrir Flugmálastjórn og það veitir svo sannarlega ekki af að einhver sjái um það.

Í annan stað vil ég minna á og vekja athygli hv. þm. á því að flugráð, þar sem eru m.a. fulltrúar stjórnmálaflokkanna á Alþingi, ályktaði sérstaklega um að samgrh. stæði fyrir því að skipulagstillögurnar af Reykjavíkurflugvelli yrðu kynntar sérstaklega og það var í framhaldi af því sem ég skrifaði flugmálastjóra bréf og fól honum að standa fyrir nauðsynlegri kynningu.

Síðan talar hv. fyrirspyrjandi um að ríkisvaldið sé að nota afl sitt og stærðarmun. Það lá náttúrlega alveg fyrir að kynning á vegum borgarinnar var auðvitað miklu meiri en nokkru sinni fór fram á vegum Flugmálastjórnar. Það voru auglýsingar á næstum því hverju einasta strætisvagnaskýli í borginni vikum saman og mikill áróður hafður í frammi af forustumönnum Reykjavíkurborgar, þ.e. borgarstjóranum sem var yfirlýstur andstæðingur ásamt með formanni skipulagsnefndar borgarinnar. Að tala um að Flugmálastjórn hafi í krafti afls síns sýnt yfirburði svo ámælisvert sé er fjarri öllu lagi og ég held að borgin hafi alveg haft allt það afl sem hún þurfti og vildi til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi.

Fsp. ÞBack, 661. mál. — Þskj. 1039.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Tilefni þeirrar fyrirspurnar sem hér er lögð fram var snjóflóð sem féll í Oddsdal þann 1. apríl sl. Snjóflóðið var um 150 metra breitt og féll Norðfjarðarmegin í ofanverðu Oddsskarði. Fólksbíll með fjögurra manna fjölskyldu lenti í jaðri flóðsins en fólkið sakaði ekki sem betur fer.

Herra forseti. Norðfjarðarvegur liggur frá Egilsstöðum eftir Fagradal og í Neskaupstað. Þetta er þjóðvegur og er hluti af hringveginum og því mikil umferð á þeim vegi. Leiðin er öll malbikuð en á nokkrum stöðum þarf að huga betur að umferðaröryggi, bæði vegna brattrar legu vegarins og þar af leiðandi kröppum beygjum, vegna þröngrar legu við gil í Fagradalsskriðum og eins vegna hættu á snjóflóðum og aurskriðum. En vegna legu landsins og fjalllendis verður aldrei hægt að koma í veg fyrir snjóflóð og þeim mun mikilvægara er að gæta fyllsta umferðaröryggis við hönnun vega, bæta mannvirki með aukinni þekkingu og tækni og viðhalda góðum snjóflóðavörnum. En undanfarin 20 ár hefur Vegagerðin skráð öll snjóflóð og er eðlilegt að nota þá skrá til að forgangsraða varnaraðgerðum vegna snjóflóða.

Í Oddsdal falla snjóflóð á víðu svæði og sem betur fer hafa þau ekki verið tíð á því 20 ára tímabili sem mælingar hafa staðið yfir. Í Oddsdal verður því erfitt að koma fyrir afmörkuðum snjóflóðavörnum. Eina leiðin til að koma á öryggi í umferð á þessum stað gagnvart snjóflóðum er með nýjum jarðgöngum í Oddsskarði sem lægju þá mun neðar en núverandi göng.

Herra forseti. Það gegnir öðru máli um tíðni snjóflóða við Grænafell sem liggur rétt ofan við Reyðarfjörð. Hvergi á landinu hafa mælst tíðari snjóflóð en úr því felli og mjög oft fara þau yfir þjóðveginn. Slysahætta er því mikil og óöryggi á þeim 200–300 metra kafla sem er verstur, enda hefur almannavarnanefnd svæðisins bent á þessa slysagildru.

Á síðasta ári var Vegagerðin með lagfæringar í gili undir svokölluðum Hrafnakömbum þar sem snjóflóðin eru tíðust og beindust aðgerðirnar að því að taka á móti snjóflóðum og draga úr hættu á að þau færu yfir þjóðveginn. Ef vel ætti að vera þyrfti að yfirbyggja veginn á þessum stutta kafla. Vegurinn um Fagradalsskriður liggur að bröttu gili og er augljóst að hann getur verið hættulegur í hálku og því þarf að setja vegrið á þeim stöðum sem varasamastir eru.

Herra forseti. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa, í samráði við Vegagerðina, til að auka öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi:

a. gagnvart snjóflóðum, m.a. á Oddsdal úr Hátúni og úr Grænafelli innarlega í Reyðarfirði,

b. með vegriðum til varnar útafakstri við erfiðar aðstæður, svo sem af völdum hálku og þoku,

c. með jarðgöngum milli Norðfjarðar og Eskifjarðar?

[14:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Spurt er til hvaða aðgerða ráðherra hyggist grípa, í samráði við Vegagerðina, til að auka öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi í fyrsta lagi gagnvart snjóflóðum, í öðru lagi með vegriðum og í þriðja lagi með jarðgöngum.

Fyrst vil ég svara spurningunni hvað varðar snjóflóð, m.a. á Oddsdal úr Hátúni og úr Grænafelli innarlega í Reyðarfirði. Snjóflóð sem fallið hafa á þjóðvegi á Austurlandi hafa verið skráð frá árinu 1978 og er þannig komin rúmlega 20 ára reynsla varðandi snjóflóð eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda.

Af snjóflóðastöðum á Norðfjarðarvegi sker Grænafellið sig úr, bæði að því er varðar tíðni og afmörkun snjóflóðasvæðis. Þar er einnig töluverð hætta á grjóthruni. Þessi staður hefur verið metinn hættulegastur á Norðfjarðarvegi hvað þessi atriði varðar.

Í fyrrasumar var grafin geil inn í hlíðina sem taka á við smærri snjóflóðum, svo og að minnka líkur á að stærri flóð fari yfir vegi og að grjót hrynji inn á hann. Reynslan í vetur sýnir að þessi aðgerð kemur að nokkru gagni. Til að ná betri árangri þarf þó að stækka geilina frekar og verður hugað að því. Hér er um tiltölulega ódýra lausn að ræða sem leysir vandann að hluta. Reynslan mun skera úr um hve lengi lausnin getur dugað.

Til lengri framtíðar litið getur þurft að grípa til dýrari lausna þarna en þær eru ekki á dagskrá að svo komnu máli. Þá eru ekki heldur áform uppi nú um sérstakar aðgerðir gagnvart snjóflóðum á öðrum stöðum á Norðfjarðarvegi, enda gefur tíðni snjóflóða og afmörkun þeirra ekki tilefni til þess.

Í annan stað var spurt um aðgerðir með vegriðum og svar mitt við þeirri spurningu er að vegrið hafa verið sett á neðri vegkanta á nokkrum hættulegum köflum, svo sem í skriðum á Fagradal og í beygju ofan byggðar á Eskifirði. Þau hafa aukið öryggi vegfarenda á þessum stöðum. Til greina kemur að bæta nokkuð við vegriðin. Ókostur er að þau safna að sér snjó og valda þar með umferðinni erfiðleikum og þyngja snjómokstur.

Í þriðja lagi er síðan spurt um jarðgöng og svar mitt er að í þáltill. um jarðgangaáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2000 voru tiltekin þau jarðgangaverkefni sem byrja skal á, þ.e. göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Undirbúningur við þessi verkefni hefur miðast við það að framkvæmdir geti hafist á næsta ári eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Í jarðgangaáætlun eru jafnframt fjárveitingar, 50 millj. á ári, frá og með árinu 2002 til að undirbúa næstu verkefni.

Í áætluninni eru talin upp þrjú verkefni sem sérstaklega skuli rannsökuð og eru ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar eitt af þeim verkefnum. Þessar rannsóknir munu því hefjast á næsta ári. Niðurstöður þeirra þurfa að liggja fyrir áður en frekari ákvarðanir um jarðgöng verða teknar.

[14:32]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Einu atriði tel ég nauðsynlegt að bæta við þá umræðu sem hér fer fram varðandi öryggi vegfarenda á Norðfjarðarvegi. Þó er það í raun almennara en svo að það sé eingöngu bundið við Norðfjarðarveg. Það varðar tilkynningar um aðvaranir vegna hættu á snjóflóðum.

Það virðist nokkur misbrestur á að tilkynningar berist þegar, eigum við að segja, vanir vegfarendur fara um vegi og átta sig á yfirvofandi hættu. Það fara auðvitað fleiri um svæði þar sem getur verið hætta á snjóflóðum en þeir sem geta talist vanir.

Ég hef tekið eftir því, m.a. í vetur, að af og til hafa komið aðvarnir frá Vegagerðinni um hættu á snjóflóðum. En þegar snjóflóðið, sem er tilefni þeirrar fyrirspurnar sem hér liggur fyrir, féll var mörgum þeirra sem eru vanir að fara um þetta svæði ljóst að þar gæti verið hætta á ferðum. Í þessu tilfelli hafði því miður ekki verið send út aðvörun. Ég tel því nauðsynlegt að hæstv. samgrh. tjái sig örlítið um þær reglur sem gilda þegar sendar eru út aðvaranir og á hvers ábyrgð þær eru.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Forvarnir og snjóflóðavarnir kosta alltaf peninga. Það verður auðvitað að meta hættuna á hverjum tíma og á hverjum stað. Því er mikilvægt að halda skrá yfir tíðni snjóflóða svo huga megi að þeim vegarköflum og svæðum sem hættulegust eru.

Grænafellið er, eins og ég sagði áðan, með hættulegustu svæðum á landinu með tilliti til snjóflóða og þar er mikið grjóthrun. Ég vil beina því til hæstv. samgrh. að skoða gaumgæfilega hvort ekki eigi að huga að yfirbyggingu þarna, enda ekki nema um 200–300 metra langur kafli sem er hvað verstur. Það eitt gæti skapað nokkurt öryggi. Eins væri hægt að skoða möguleika á að færa veginn aðeins til. Geilin sem gerð var í gilið hjá Hrafnakömbum hefur dugað nokkuð vel í vetur og það á að dýpka hana en þó ber að geta þess að óvenju snjólétt hefur verið í vetur. Veturinn hefur ekki verið dæmigerður hvað snjóþyngsli varðar.

Mér er auðvitað kunnugt um göngin og jarðgangaáætlunina. Eins og ég sagði eru jarðgöng það eina sem bætt getur öryggi vegfarenda um Oddsskarð. Ég ætla að vona að Oddsskarðsgöngin komi innan fárra ára. En ég ætla að taka undir orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar varðandi tilkynningar um hættu á snjóflóðum. Það er eitt af mörgu sem þyrfti að bæta að gefa út frekari viðvaranir og hafa þær ábyggilegar.

Eitt að lokum, herra forseti, varðandi vegrið. Það er erfiðara að moka þar sem þau eru en ef það er slysahætta af bröttum brekkum og beygjum þá verður að taka tillit til þess við snjómoksturinn.

[14:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um þann kost sem til greina kæmi, að byggja yfir tiltekna hluta af Norðfjarðarvegi, þá er það ekki á dagskrá samkvæmt vegáætlun. Ég minnist þess ekki að um það hafi komið tillaga frá þingmönnum Austurl. við skiptingu vegafjárins á svæðinu. Að sjálfsögðu er þetta eitt af þeim mörgu verkefnum sem þarf að huga að en kostnaður við vegskála er mikill. Það er mjög dýr lausn og erfið og þarf að sjálfsögðu að skoða málið í því ljósi.

Hvað varðar það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði um reglur um aðvörun vegna snjóflóða þá get ég ekki farið með þær reglur nákvæmlega hér án undirbúnings. Mikilvægast er auðvitað að líta til þess að starfsmenn Vegagerðarinnar eru á vettvangi. Þeir þekkja aðstæður best og senda út viðvaranir í ljósi reynslu sinnar. Þeir fara eftir þeim reglum sem yfirstjórn

Vegagerðarinnar setur. Ég held að það sé afar mikilvægt að treysta fyrst og fremst á árvekni þeirra sem svo ágætlega standa að þjónustu við vegfarendur um allt land.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mikilvæga mál. Þær minna okkur á hversu mörg verkefnin eru sem við þurfum að sinna varðandi þjóðvegakerfi landsins.

Uppgjörsaðferðir fjármálafyrirtækja.

Fsp. EKG, 577. mál. — Þskj. 894.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að beina svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

1. Er mat á markaðsverðbréfum, hlutabréfum og skuldabréfum, með sama hætti í ársreikningum fjármálafyrirtækja, þar með talið lífeyrissjóða, fyrir árið 2000 og það var í ársreikningum ársins 1999?

2. Er beitt samræmdum uppgjörsaðferðum vegna markaðsverðbréfa í ársreikningum einstakra fjármálafyrirtækja?

3. Er ástæða til þess að samræma uppgjörsreglur fjármálafyrirtækja að þessu leyti?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er m.a. ræða formanns bankaráðs Íslandsbanka-FBA, Kristjáns Ragnarssonar, á aðalfundi bankans í mars. Hann vakti þar athygli á að samkvæmt uppgjöri Íslandsbanka væru markaðsbréf bankans gerð upp á svokölluðu markaðsgengi. Því sé hins vegar öðruvísi farið um tvo aðra banka, þ.e. Búnaðarbankann og Landsbankann sem beiti annars konar uppgjörsaðferðum. Hann vakti athygli á því að ef sams konar uppgjörsaðferðir hefðu verið viðhafðar varðandi Búnaðarbankann og giltu hjá Íslandsbanka-FBA þá hefði hagnaður Búnaðarbankans ekki verið 202 millj. kr. heldur 14 millj. kr. Munurinn er þarna heilmikill eins og við sjáum.

Sama væri að segja um Landsbankann. Hefði ársreikningur bankans verið settur fram með sama hætti og hjá Íslandsbanka þá væri hagnaður Landsbankans á síðasta ári 355 millj. kr. en ekki 955 millj. kr. Ég ætla mér ekki þá dul að leggja dóm á hvor aðferðin sé skynsamlegri eða eðlilegri. Aðalatriðið er að hér sé um að ræða samræmingu þannig að þeir sem eru að velta fyrir sér þessum tölum geti með aðgengilegu móti áttað sig á því hver sé raunveruleg niðurstöðutala úr ársreikningunum.

Hér er ekki aðeins um að ræða almenna upplýsingagjöf heldur ekki síður að í ýmsum tilvikum er um að ræða fjárfestingarkost hjá almenningi, ekki síður en fagfjárfestum, sem leggur sparnað sinn undir og tekur ákvarðanir sínar um varðveislu sparifjársins á grundvelli upplýsinga úr ársreikningum. Þess vegna skiptir miklu máli að fólki sé nákvæmlega ljóst hver afkoma einstakra fjármálastofnana er, hvort sem þar er um að ræða lífeyrissjóði, banka eða aðrar fjármálastofnanir. Það er mikið í húfi og þess vegna hef ég, virðulegi forseti, leyft mér að leggja þessar spurningar fyrir hæstv. viðskrh.

[14:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að það var leitað til Fjármálaeftirlitsins til að fá svör við fyrirspurn hv. þm.

Í fyrsta lagi er spurt hvort mat á markaðsverðbréfum hafi verið með sama hætti í ársreikningum fjármálafyrirtækjanna 1999 og 2000.

Sömu reglur giltu um mat á markaðsverðbréfum bæði árin sem spurt er um fyrir einstakar tegundir fjármálafyrirtækja. Ákvæði um mat á markaðsverðbréfum fjármálafyrirtækja er að finna í eftirfarandi reglum: reglugerð nr. 554/1994, með síðari breytingum, um gerð ársreiknings viðskiptabanka sparisjóða og annarra lánastofnana; reglugerð nr. 612/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga; reglugerð nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga; reglugerð nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða og síðan reglur nr. 19/1998, um ársreikninga fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Allar umræddar reglur eru byggðar á erlendum fyrirmyndum, einkum evrópskum og teljast vera innan ramma viðeigandi tilskipana sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstakar tilskipanir gilda þó ekki um gerð ársreiknings fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lífeyrissjóða.

Í öðru lagi er spurt hvort samræmdum uppgjörsaðferðum sé beitt vegna markaðsverðbréfa í ársreikningum einstakra fjármálafyrirtækja.

Matsákvæði varðandi markaðsverðbréf eru mismunandi á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja en fylgja þeim reglum sem áður voru nefndar. Enn fremur eru ákvæði um mat á verðbréfum mismunandi eftir því hvort þau eru flokkuð sem veltuverðbréf, þ.e. verðbréf sem ekki eru ætluð til varanlegrar eignar, eða ekki. Af því leiðir að mat á verðbréfum hjá sama fjármálafyrirtækinu getur breyst milli ára ef breyting verður á flokkun verðbréfa.

Sama á við milli fjármálafyrirtækja sem lúta sömu reikningsskilareglum og flokka verðbréf með mismunandi hætti. Í skýringum ársreiknings á hins vegar að gera nánari grein fyrir reikningsskilaaðferðum og upplýsa t.d. um markaðsverð verðbréfa sem færð eru á kostnaðarverði enda sé það fyrirliggjandi. Mismunandi matsaðferðir samkvæmt framansögðu leiða til mismunandi niðurstöðu í rekstrar- og efnahagsreikningum sem geta torveldað samanburð milli fyrirtækja í sömu grein.

Að síðustu er spurt hvort ástæða sé til að samræma uppgjörsreglur fjármálafyrirtækja að þessu leyti.

Af hálfu Fjármálaeftirlitsins var fyrir nokkru síðan ákveðið að huga að meiri samræmingu á matsákvæðum í hinum mismunandi reglum sem gilda um reikningsskil fjármálafyrirtækja en nokkurt svigrúm er fyrir hendi innan núverandi tilskipana á þessu sviði. Í því sambandi verður einkum litið til fyrirmynda í stöðlum frá alþjóðareikningsskilanefndinni. Þróunin á Evrópuvettvangi er sú að stefna að því að færa reikningsskilareglur í átt til þeirra staðla sem settir hafa verið af reikningsskilanefndinni. Sé tekið mið af staðli nr. 39, sem fjallar m.a. um mat á verðbréfum, yrðu markaðsbréf í aðalatriðum flokkuð í eftirfarandi þrjá flokka:

1. Virk markaðsverðbréf sem skráð yrðu á markaðsverði og matsbreyting færi um rekstrarreikning.

2. Önnur markaðsverðbréf sem einnig yrðu skráð á markaðsverði en matsbreyting, hvort sem hún er óinnleystar tekjur eða óinnleyst tap, færist á sérstakan eiginfjárreikning. Að auki yrði að gera grein fyrir heildarafkomu í reikningsskilum sem tæki þá til innleystrar afkomu samkvæmt rekstrarreikningi og breytingar á óinnleystri afkomu sem fór um eigið fé.

3. Skuldabréf sem fyrirtæki ætla að eiga út eignarhaldstímann en þau eru skráð miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Nánar þyrfti að kveða á um í reglum hvernig verðbréfin yrðu flokkuð og hvernig skuli fara með tilfærslu á milli flokka.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir afar greinargóð svör um þetta mál og geri mér mætavel grein fyrir því að fátt er einhlítt í þessum efnum og afar vandmeðfarið hvernig staðið er að þessum uppgjörsaðferðum.

Ég vil hins vegar sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að nú sé fyrirhugað að huga frekar að meiri samræmingu á þessum sviðum. Það er mjög mikilvægt, eins og ég nefndi í ræðu minni áðan, að þessar reglur séu sem gagnsæjastar þannig að þeir sem þurfa allra hluta vegna að kynna sér ársreikninga fjármálafyrirtækja geti gert það með því að bera þá saman með nokkuð samanburðarhæfum hætti milli einstakra stofnana og ég tala nú ekki um á milli ára. Og það kom auðvitað skýrt fram í máli hæstv. ráðherra að þessar aðferðir eru samræmdar á milli ára hjá einstökum fjármálastofnunum og út af fyrir sig er mjög mikilvægt að svo sé þannig að menn geti ekki breytt uppgjörsaðferðunum til þess að ná fram niðurstöðu sem e.t.v. er á einhvern hátt hagstæðari.

Hins vegar liggur það fyrir, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að þessar matsaðferðir eru mjög mismunandi milli fyrirtækjanna. Það kom fram einmitt núna á þessu vori þegar fjármálastofnanirnar voru að birta ársreikninga sína. Við verðum að átta okkur á því t.d. að afkoma þeirra lífeyrissjóða sem eru núna að greina frá afkomu sinni ræðst mjög mikið af því hvernig þeir bókfæra markaðsverðbréf sín. Það er ljóst að margir þessara sjóða sýna í raun lakari ávöxtun ef notuð er markaðsviðmiðunin, ef notað er markaðsverð einstakra markaðsbréfa sem eru í þeirra eigu vegna þess hvernig gengisþróunin var á síðasta ári og það mun væntanlega líka koma fram ef fram heldur sem horfir varðandi þennan hluta markaðarins á árinu sem nú var að líða.

Virðulegi forseti. Stóra málið er þó það að ástæða er til að fagna því að nú sé verið að huga að meiri samræmingu í því skyni að auðvelda (Forseti hringir.) þeim sem þurfa að kynna sér málin hjá fjármálafyrirtækjunum að gera það með samræmdum hætti þannig að þeir geti borið saman samanburðarhæfar tölur milli einstakra fyrirtækja og stofnana.

Auðlindagjald af vatnsafli í þjóðlendum.

Fsp. SvanJ, 593. mál. — Þskj. 945.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Vatnsorka er sú náttúruauðlind Íslendinga sem fyrst voru settar um skýrar lagareglur með vatnalögum frá 1923. Þar var mótuð sú regla að réttur til nýtingar vatnsorku fylgi eign á landi. En eftir að þjóðlendulögin voru sett er þó ljóst að mikill hluti vatnsorku landsins er í þjóðareign því að auk vatnsorku sem fyrirfinnst í þjóðlendum á ríkið þá vatnsorku sem tilheyrir jarðeignum ríkisins og óbeint þau vatnsréttindi sem orkufyrirtæki í eigu ríkisins hafa eignast.

Líkindi benda til þess að allt að $^2/_3$ hlutum vatnsaflsins séu í eigu ríkisins, sveitarfélaga og opinberra orkufyrirtækja. Lengst af hafa þessi orkufyrirtæki ekki verið rekin með arðsemiskröfu en þegar samkeppni kemst á, ef frv. til nýrra raforkulaga verður að lögum, verður þar á breyting. Jafnframt má búast við breytingum á eignarhaldi fyrirtækjanna í framtíðinni, svo og það að fleiri munu koma að raforkuframleiðslu en opinberir aðilar og jafnvel einnig fleiri en Íslendingar sjálfir.

Herra forseti. Því er mikilvægt að marka stefnu sem tryggi að þjóðin njóti eðlilegs arðs af þessum auðlindum sínum, bæði þeim sem nú þegar eru nýttar og hinum sem enn eru óbeislaðar. Auðlindanefnd taldi það í samræmi við almenna stefnumótun sína að tryggja þyrfti að þjóðin nyti í framtíðinni eðlilegrar hlutdeildar í þeirri auðlindarentu sem nýting vatnsafls í eigu þjóðarinnar skapaði og taldi nefndin í áliti sínu að það yrði best tryggt með sölu vatnsréttinda í þjóðareign á markaði eða með uppboðum. Ég hef því lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh.:

„Hefur verið litið til þess við samningu frumvarps til nýrra raforkulaga hvort og þá hvernig auðlindagjald verður í framtíðinni innheimt af vatnsafli í þjóðlendum?“

Þetta hefði, herra forseti, allt eins getað verið vatnsafli í þjóðareign.

Þegar þessi fyrirspurn var lögð fram hafði ráðherra ekki kynnt frv. til nýrra raforkulaga. Nú hefur ráðherra kynnt það frv. opinberlega. Við þingmenn höfum reyndar ekki fengið að sjá frv. enn þá. En það hlýtur að verða mjög fljótlega. Alla vega spyr ég ráðherra hvort til þess hafi verið litið við samningu frv. að þjóðin fengi eðlilegan arð af þessum auðlindum sínum í framtíðinni.

[14:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst ítreka það sem kom fram hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda að mál það sem hér um ræðir er ekki orðið opinbert. Því hefur ekki verið dreift á hv. Alþingi þannig að ég á nokkuð erfitt með að tala mikið um það í fyrirspurnatíma. En ég vænti þess að það styttist mjög í að svo verði og að málið verði tekið til umræðu áður en þing fer heim í vor.

Í frv. til raforkulaga er gert ráð fyrir að réttur til að nýta auðlindir til raforkuvinnslu byggist á leyfi ráðherra. Ekki er því lagt til að fara svonefnda uppboðsleið. Er nálgun frv. mjög í samræmi við gildandi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þá er vísað til laga nr. 58/1998, um ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, varðandi leyfi til nýtingar auðlinda í þjóðlendum og gjaldtöku vegna hennar. Þess má geta að samkvæmt lögunum, þ.e. þjóðlendulögunum, er hæstv. forsrh. heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir nýtingu slíkra réttinda í þjóðlendum.

Þetta er fyrst og fremst það sem ég vil láta koma hér fram nú við þessar aðstæður vegna þess, eins og ég sagði áðan, að málið er ekki komið fyrir þingið. Þess vegna á ég erfitt um vik. En ég efast ekki um að þetta frv. verði rætt ítarlega þegar það kemur hér á dagskrá.

[14:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta býsna óljós svör sem hér komu. Ég verð að segja alveg eins og er að maður getur ekki

annað en kvartað yfir því að mál eins og það sem hér ber á góma í sambandi við nýtingu raforku í landinu skuli ekki enn vera komið fyrir sjónir þingmanna. Hæstv. ráðherra er búin að láta ýmislegt koma fram úr þessu máli í fjölmiðlum að undanförnu en þingmenn hafa ekki fengið að skoða það sem hér á að verða að lögum eða fara í hendur þingmanna. Mér finnst að það ætti að vera regla þegar ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar eru tilbúnir með sín mál og svo tilbúnir að þeir setja það í fjölmiðla, þá komi þeir þeim upplýsingum til þingmanna um leið þannig að þeir geti verið færir um að taka þátt í umræðum. Það vantar auðvitað sárlega stefnumörkun í því máli sem hér er spurt eftir frá hendi ríkisins og hér hafa menn verið á sífelldum flótta undan þeim endapunkti sem hlýtur að verða, þ.e. að auðvitað verður ríkið að fá fullt verð fyrir allt sem það á.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil a.m.k. þakka hæstv. ráðherra fyrir að útiloka ekki að farin verði sú leið að taka upp auðlindagjald fyrir leyfi til að nýta auðlindir af þessu tagi.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara þá leið í ríkari mæli. Við eigum að taka upp auðlindagjald í sjávarútvegi, fyrir orkulindir eins og þessar og líka fyrir fjarskiptarásir, og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nota gjaldið sem fæst með þessum hætti til þess að lækka aðra skattheimtu af hálfu ríkisins, t.d. til þess að lækka til lengri tíma litið tekjuskatta einstaklinga, líka til þess að lækka tekjuskatta á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Herra forseti. Ég tek eftir því að talsvert er rætt um það núna að lækka tekjuskatta almennt á fyrirtæki af hálfu stjórnarliða. Ég held hins vegar að tími sé kominn til þess að reifa möguleikana á því að lækka tekjuskatta einstaklinga og Samfylkingin sér með þessari leið ákveðna möguleika á því að verða ríkinu úti um tekjur sem geta nýst til þess. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að kanna þetta mál í framtíðinni.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Fyrst um það að ráðherranum sé tregt tungu að hræra í sölum Alþingis um þetta mál, þá tókum við sem höfum beðið eftir því að málið birtist í þinginu eftir því að ráðherra var hins vegar ekki sérstaklega orða vant þegar fjölmiðlum var gerð grein fyrir því hvað frv. fól í sér, þ.e. þegar það var afgreitt út úr ríkisstjórn til þingflokka ríkisstjórnarinnar. Það er afskaplega óþægilegt að lenda ítrekað í því að mál séu kynnt með þeim hætti þannig að mér hefði fundist að ráðherrann gæti verið býsna berorð hér ef hún einu sinni svo kysi.

Hins vegar kemur hér fram að ekki er ætlað í frv. að fram fari uppboð á nýtingarrétti heldur verði gefið út leyfi ráðherra. Látum gott heita á þessu stigi málsins. En einhvern veginn verður ráðherra að finna hlutlægar aðferðir til þess að veita slík leyfi ef fleiri en einn og fleiri en tveir sækjast eftir leyfi til virkjunar eða raforkuvinnslu á sama stað. Spurning er þá hvaða leiðir ráðherra vill fara. Telur ráðherra að uppboðsleiðin sé útilokuð eða er ráðherra tilbúin að horfa til þeirra leiða ef upp koma slíkar kringumstæður? Auðlindanefnd taldi að ef samkeppnisforsendur væru fyrir hendi þá bæri að fara uppboðsleið eða útboðsleið. Ég tek auðvitað eftir því, herra forseti, að hvað svo sem ríkisstjórnin og talsmenn hennar hafa verið að segja um niðurstöður auðlindanefndar, og henni var almennt fagnað, þá kemur það hér í hverju málinu á fætur öðru svo fyrir að menn fara fram hjá þeirri meginlínu sem nefndin lagði með sínum störfum. Það vekur athygli, herra forseti, að svo skuli vera og mér sýnist að hæstv. iðnrh. sé á svipuðu róli hér í sínum svörum. Þess vegna ítreka ég þessa spurningu: Hvaða hlutlægu leiðir sér hæstv. ráðherra til að veita slík leyfi ef fleiri en einn vilja virkja eða nýta raforku á sama stað?

[14:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það að vissu leyti með hv. þingmönnum að staðan er erfið þegar mál eru komin eins mikið í umræðu og raun ber vitni með það frv. sem hér um ræðir og þeir hafa ekki fengið að sjá málið. Engu að síður eru mál annaðhvort á dagskrá á hv. Alþingi eða ekki og þetta frv. er ekki komið á dagskrá. Þess vegna tel ég mjög erfitt að fjalla um það á hv. Alþingi. Hins vegar vonast ég til þess að það muni líta dagsins ljóst mjög fljótt og þá verður auðveldara um vik.

Hvort innheimta skuli auðlindagjald almennt eða ekki er náttúrlega stór spurning og hápólitísk spurning og vel getur verið að ekki þurfi að gilda það sama um alla þætti. En ég held að þarna sé ágreiningur jafnvel á milli stjórnmálaflokka og í sjálfu sér er það ekki nema eðlilegt.

En um þá leið sem hv. þm. og fyrirspyrjandi mælti sérstaklega með, þ.e. uppboðsleiðinni, þá er það eins og kom fram í mínu máli hér í upphafi ekki sú leið sem farin er í frv., heldur leyfisveitingaleiðin. Teljum við það einfaldlega eftir vel ígrundaða yfirferð á málinu í heild að það sé sú leið sem sé æskilegri og í miklu betra samræmi við það sem við höfum almennt tamið okkur hér í vinnubrögðum sem varða auðlindir okkar og ekki síður þegar um vatnsorkuna og þá auðlind er að ræða.

Námsstyrkir.

Fsp. SJS, 583. mál. — Þskj. 921.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Styrkir til framhaldsskólanema sem ekki eiga þess kost að sækja nám í heimabyggð sinni eru ákaflega mikilvægt tæki til að jafna eða draga úr, er kannski réttara sagt, þeim mikla aðstöðumun sem óumdeilanlega er fyrir hendi milli þeirra fjölskyldna eða námsmanna sem sótt geta slíkt nám heiman að frá sér annars vegar og hins vegar þeirra sem þurfa að sækja það um langan veg eða dvelja langdvölum fjarri heimili sínu í heimavist eða annars staðar. Nokkuð hefur áunnist á síðustu árum að þoka þessum styrkjum upp á við og ber að sjálfsögðu að þakka það, enda óumdeilt að aðstöðumunurinn þarna er gífurlegur og hefur verið lauslega metið að ekki sé ólíklegt að kostnaðarauki þeirra fjölskyldna sem þurfa að senda framhaldsskólanema til langdvala í fjarlægum byggðarlögum, sé af stærðargráðunni 350–500 þús. kr. fyrir hvern nemanda.

Námsstyrkjakerfið var ákaflega einfalt í framkvæmd meðan framhaldsskólarnir sem fullnægðu skilyrðum til að teljast á því námsstigi voru sárafáir, tveir og síðan kannski fimm, sex um langt árabil. En nú er öðru að heilsa. Nú skipta slíkir skólar tugum sem að einhverju eða öllu leyti fullnægja viðkomandi skilyrðum og aðstæður eru um margt breyttar. Þetta að sjálfsögðu kallar á ýmis álitamál sem upp koma

varðandi það hverjir skuli njóta slíkra styrkja og hverjir ekki og hvernig þeim skuli fyrir komið.

Þar koma upp álitamál eins og þau hvað skuli teljast í þessum skilningi sambærilegt nám. Það koma upp skilgreiningar sem varða vegalengdir, eins og til að mynda 30 km regla sem er í gildandi reglugerð og getur leitt til þess að framhaldsskólanemi sem sækir nám 31 km frá heimili sínu fær styrki, en annar sem býr í 29 km fjarlægð, þó að um fjallveg sé að fara, gerir það ekki. Í þriðja lagi hafa reglur sem lúta að tilhögun aksturs oft valdið ágreiningi.

Það eru sem sagt ýmis grá svæði í þessu, herra forseti, sem út af fyrir sig má eðlilegt telja og alltaf hljóta að verða, en þau kalla á að fyrir hendi sé sveigjanleiki og möguleikar á að túlka þessar reglur þannig að styrkirnir nái til þeirra sem raunverulega þurfa á þeim að halda og þeir eiga að hjálpa.

Ég hef því leyft mér í þessu sambandi að spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga:

1. Í hversu mörgum tilfellum bárust athugasemdir við afgreiðslu námsstyrkjanefndar á umsóknum framhaldsskólanema um námsstyrki fyrir skólaárið 2000–2001?

2. Hversu mörgum úrskurðum um námsstyrki var breytt vegna athugasemda sem bárust námsstyrkjanefnd?

Svör við þessum spurningum ættu að færa okkur heim sanninn um hversu mörg jaðartilvik koma upp í starfi námsstyrkjanefndarinnar.

3. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglugerð nr. 746/2000, um jöfnun námskostnaðar?

[15:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að á undanförnum árum hefur tekist að auka fjárveitingar til þeirra þátta sem lúta að námsstyrkjum vegna framhaldsskólanema. Nú er svo komið að því marki sem menn settu sér í byggðaáætlun er náð og Alþingi hefur með fjárveitingum fullnægt þeim markmiðum sem menn settu sér þar. Það hefur því mikið áunnist á þessu sviði.

Síðan hefur einnig verið unnið að því að endurskoða þær reglur sem gilda um úthlutun þessara styrkja og á sl. hausti var gefin út ný reglugerð um hvernig staðið er að úthlutun styrkjanna. Var það m.a. gert í ljósi þess að menn töldu reglurnar sem þá voru í gildi ekki fullnægja öllum þeim kröfum sem gera bæri í slíkum tilvikum. Og ekki síst voru það nemendur sem bentu á það að kerfið væri misnotað.

En hv. þm. spyr: Í hversu mörgum tilfellum bárust athugasemdir við afgreiðslu námsstyrkjanefndar á umsóknum framhaldsskólanema um námsstyrki fyrir skólaárið 2000–2001?

Fjöldi styrkumsókna vegna náms á haustmissiri árið 2000 var 2.816. Af þeim voru 62 ógildar, endursendar, og 327 var synjað um styrk. Samtals voru því 2.427 styrkumsóknir samþykktar, 2.039 vegna dvalarstyrks og 388 vegna akstursstyrks. Til viðbótar þessum styrkþegum nýttu sér 507 nemendur skipulagðan akstur á vegum skóla, þ.e. samkvæmt yfirlitum frá þeim skólum sem notið hafa greiðslna frá námsstyrkjanefnd vegna akstursins.

Haustið 2000 var akstursstyrkur 48.750 kr. Dvalarstyrkur A 65.000 kr. Dvalarstyrkur B 74.750 kr. Og dvalarstyrkur C 84.500 kr. En landinu er skipt í svæði A, B og C eftir nánari skilgreiningu í reglugerðinni.

Hinn 30. mars sl. hafði námsstyrkjanefnd borist 201 erindi vegna afgreiðslu umsókna um styrk sl. haustmissiri. Af þessum erindum eru 14 afgreidd þegar þetta svar er samið af starfsmönnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem tóku að sér að sinna þessu verkefni samkvæmt hinni nýju reglugerð.

Þá er spurt: Hversu mörgum úrskurðum um námsstyrki var breytt vegna athugasemda sem bárust námsstyrkjanefnd?

Svarið við því er að námsstyrkjanefnd hefur endurskoðað eða breytt fyrri afgreiðslum í 79 erindum.

Loks er spurt: Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglugerð 746/2000, um jöfnun námskostnaðar?

Þegar reglugerðin var gefin út sl. haust var því lýst yfir að menn mundi að sjálfsögðu fara yfir reynsluna af þessum vetri og meta hana og skoða þau erindi sem bærust ef menn teldu að ekki væri rétt að málum staðið eða komið nægilega til móts við sanngirnissjónarmið með reglugerðinni. Yfirlit yfir þetta hefur ekki verið tekið saman enn, enda skólaárinu ekki lokið. En að sjálfsögðu verður það gert og ég veit að námsstyrkjanefndin sem hefur unnið þetta verk hefur unnið það af mikilli samviskusemi og farið nákvæmlega yfir allar athugasemdir sem borist hafa. Einnig hafa menn fært margvísleg rök fyrir því hvaða sjónarmið búa að baki þessum reglum. En eins og við vitum er grunnhugmyndin með þessum styrkjum að auðvelda fólki í dreifbýli að stunda nám í framhaldsskóla.

Það nýmæli var einnig tekið upp við gerð þessarar reglugerðar núna að gefa nemendum sem búa á höfuðborgarsvæðinu kost á að fá slíka styrki, enda mundu þeir ákveða að stunda nám utan höfuðborgarsvæðisins og sækja nám í dreifbýlisskólum. Við teljum að það sé liður í því að jafna líka framboð á námi með því að leitast við að fjölga nemendum í þeim skólum þar sem þeim hefur frekar fækkað á undanförnum árum.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er á ferðinni umræða um stórmál eins og hæstv. ráðherra kom inn á og hæstv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir.

Þau atriði sem ég vildi vekja athygli á er þessi fjarlægðarregla, þessi 30 km fjarlægð frá skóla, þar sem engar almenningssamgöngur eru. Þar getur það verið svo að ef 3 km eru milli bæja, þá fær fólkið á öðrum bænum greiðslur samkvæmt einu kerfi en á bænum við hliðina samkvæmt öðru.

Þetta er afar ósanngjarnt, herra forseti. Einnig túlkun á hvað reglubundið nám er. Er það fjöldi eininga sem þarf að skila? Nú vitum við að nemendur eiga misgott með nám og geta ekki allir skilað fullum einingum eins og tilskilið er á eðlilegum námshraða. Er þeim nemendum refsað í sambandi við námsstyrki sem verða að taka námið á lengri tíma en meðaltalið gerir? Herra forseti, ég tel að þetta sé líka mikið réttlætismál og hvernig á því er tekið.

[15:11]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. áðan að með þeim fjárveitingum sem hafa komið tvö síðustu ár væri því markmiði byggðaáætlunar náð, eins og hæstv. ráðherra komst að orði. Ég vil mótmæla þessari fullyrðingu og segja að enn þá er langt í land. Nýleg reglugerð sem hæstv. menntmrh. gaf út hefur fjölgað nemendum og þar af leiðandi hafa þær peningaupphæðir sem hafa komið nýjar inn í þetta ekki dugað til að standa undir því.

Ég minni einnig á að í svokallaðri byggðanefnd forsrh., sem skipuð var í sambandi við kjördæmabreytinguna, sem var þverpólitísk nefnd, var nákvæmlega sett niður hvernig

ætti að ná settu marki. Samkvæmt orðum hæstv. forsrh. hér á hinu háa Alþingi voru það tillögur sem átti að fara eftir en ekki einhverjar gulrætur fyrir stjórnarþingmenn meðan væri verið að troða því í gegn að breyta kjördæmaskipuninni.

[15:12]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég tel að því marki hafi alveg verið náð sem ríkisstjórnin setti sér með jöfnun námskostnaðar. Ég þekki það mjög vel sjálf. Ég tel í rauninni að jöfnuðurinn sé orðinn mjög eðlilegur miðað við að það kostar líka að vera með unglinga í framhaldsnámi í Reykjavík og á öðrum þéttbýlisstöðum.

Ég held að þessi breyting sé líka heilmikið sóknarfæri fyrir skólana úti á landi. Ég vil t.d. minna á Laugarvatn. Þeir geta nú farið að sækja nemendur til Reykjavíkur.

Ég vil síðan aðeins taka það fram að mér þykir gott að reglugerðin um fjarlægðarmörk verði endurskoðuð, því auðvitað verður að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna. Það getur verið munur á þessu gráa svæði, 30 km, og taka verði sérstakt tillit til þeirra. En ég tel að jöfnunin hafi náðst fram hjá ríkisstjórninni.

[15:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ljóst að með þeim skrefum sem stigin voru með breytingum á reglugerð og því að færa afgreiðslu þessara mála yfir til Lánasjóðs íslenskra námsmanna úr menntmrn., þá hafa verið stigin heillaspor í þá átt að jafna þennan kostnað.

Hins vegar er ljóst að fullkomnum jöfnuði er ekki náð. Það hljóta mjög margir þingmenn að hafa orðið varir við ýmiss konar óánægju. Þess vegna er mjög mikilvægt að taka undir og hvetja hæstv. menntmrh. til þess að mjög verði vandað til endurskoðunar á reglugerðinni.

Það er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess að í fyrsta skrefi nái menn fullominni reglugerð. Þess vegna er það fagnaðarefni að hæstv. menntmrh. tilkynnir hér að það hafi ætíð verið ætlunin að fara yfir málið. Fara vel yfir þau mál sem hafa lent á jaðrinum. Það er augljóst að þau eru nokkur. Og þess vegna verður auðvitað að vanda til endurskoðunarinnar og vonast til þess að menn nái að stíga skref til þess að ná fullkomnum jöfnuði, þó að honum verði trúlega seint náð algjörlega.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og upplýsingarnar. Ég tel að þau 200 erindi sem bárust vegna 2.800 umsókna og um 2.400–2.500 endanlegra styrkþega sýni að álitamálin í þessu sambandi eru býsna mörg. Upp undir 10% af þessum umsóknum leiða síðan af sér erindi til námsstyrkjanefndar. Og það sýnir held ég að álitamálin eru þarna býsna mörg.

Í öðru lagi finnst mér það jákvætt að vilji sé til þess að halda áfram að endurskoða þessar reglur. Ég held að það sé þörf á því. Ég þekki allmörg tilvik sem upp komu strax í vetur sem sýna að viðmiðunarmörk eða reglur af því tagi sem menn eru auðvitað að reyna að setja sér og geta verið fullkomlega skiljanleg, eins og 30 km reglan eða annað slíkt, geta á hinn bóginn skapað vandamál og gert það að verkum að um verður að ræða nánast hreina og klára mismunun eftir því hvorum megin hryggjar menn detta við slíkar reglur.

Ég tel að sú breyting að gera nemendum úr þéttbýli kleift að njóta styrkja í heimavistarskólum á landsbyggðinni hafi verið góð. Aðstæður eru þannig eins og við vitum í mörgum slíkum tilvikum að það er held ég öllum mjög til góðs að sá möguleiki sé opinn og þá er ekki gott að um mismunun yrði að ræða í því tilliti.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að ég tel að mikið verk sé ónunnið í að fara áfram yfir þetta mál. Kostnaður hefur hækkað mjög. Þó að í krónum talið hafi upphæðin á fjárlögum í grófum dráttum náð því sem byggðanefnd þingflokkanna lagði til, þá þarf líka að líta á þann fjölda sem er að fá styrki, því það er deilitalan og það þarf líka að líta á raunkostnaðinn. Þetta kostar að farið sé rækilega yfir málin með reglubundnu millibili.

Ég minni á að síðustu að þeir útreikningar sem lágu til grundvallar hugmyndum byggðanefndarinnar voru lauslegir. Það var viðurkennt að þar væri ekki um mjög viðamikla úttekt á raunkostnaðinum að ræða.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið í máli hv. þm. þá get ég ekki tekið undir það að útreikningarnir séu lauslegir. Það fór fram sérstök athugun á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Það lá fyrir úttekt á þessum kostnaði og sú skýrsla var lögð fram hér á Alþingi. Síðan koma þingmenn og leggja fram ákveðnar hugmyndir. Þeim hugmyndum hefur verið hrundið í framkvæmd. Í fjárlögin hafa verið settar nákvæmlega þær tölur sem menn töluðu um þegar þessar tillögur voru kynntar og þannig er ekki hægt að segja að það hafi verið lausatök á þessu máli.

Það er einnig rangt að halda því fram að styrkþegunum hafi fjölgað. Það hefur ekki gerst. Hins vegar hefur verið tekið mun skipulegar á umsóknum og farið yfir þær á nýjum forsendum. Ég tel að núna sé úthlutað af meiri sanngirni með tilliti til þess markmiðs sem menn setja sér með þessum fjárveitingum. Að sjálfsögðu er spurning um 20, 30 eða 40 km. Einhvers staðar verða menn að setja slík mörk. Vonandi hafa þau ekki áhrif á byggðaþróunina eða móta afstöðu fólks til þess hvar það býr. En við þurfum að hafa þessa leikreglu þannig að mest fé komi þeim til nota sem þurfa helst á því að halda. Það eru þeir sem búa fjærst frá skólunum, á því byggjast þessar reglur og einnig á kröfunni um ákveðna námsframvindu og að skólar staðfesti að viðkomandi nemandi stundi námið.

Þetta eru allt atriði sem við þurfum að hafa í huga þegar við fjöllum um þessa þætti. Ég vona svo sannarlega að við megum áfram eiga gott samstarf um að efla þetta kerfi og stuðla að því að draga úr misrétti á þessu sviði eins og öðrum.

Uppbygging tækninám á háskólastigi.

Fsp. SvanJ og EMS, 595. mál. — Þskj. 947.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Tækniskóli Íslands hefur verið í ákveðinni biðstöðu á undanförnum árum. Sá vilji hæstv. menntmrh. að koma skólanum í hendur einkaaðila hefur legið fyrir og vitað var um viðræður ráðuneytisins við undirbúningsfélag um stofnun og rekstur tækniháskóla, m.a. á grunni Tækniskólans.

Það hefur síðan komið fram að viðræðuslit hafa orðið við undirbúningsfélagið og í frétt á síðu Samtaka iðnaðarins, sem var einn að aðilunum að undirbúningsfélaginu, kom fram að ekki hafi tekist að finna sameiginlegan grundvöll varðandi fjármögnun sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Í frétt Morgunblaðsins frá 25. síðasta mánaðar sagði jafnframt að ráðherra hefði farið á fjörurnar við Háskólann í Reykjavík um að koma að rekstri tækniskólans en háskólinn ekki verið reiðubúinn að koma að rekstrinum að svo stöddu.

Herra forseti. Það hefur komið fram að reiknilíkan fyrir háskóla, sem gerir ráð fyrir að 30 séu í námshópi, geri það að verkum að sérhæft nám sem fáir fara í á hverju ári sé að verða til vandræða í kerfinu. Þessi regla kann á næstu árum að stýra framboði í háskólanám í þann farveg að flestir skólarnir keppist við að bjóða upp á vinsælt nám, þ.e. nám sem býður upp á nægjanlega mikinn fjölda nemenda, en fáir eða engir verði til að bjóða upp á nám sem færri kjósa, enda standi slíkt nám engan veginn undir sér. Hins vegar er jafnljóst að atvinnulífið þarf áfram á sérhæfðu tæknimenntuðu fólki að halda og kannski hefur þörfin fyrir það aldrei verið brýnni en í dag.

Getur það verið að vegna þess að Tækniskólinn hefur menntað ýmsa sérhæfða hópa þar sem fjöldinn hefur m.a. ráðist af fjölda þjálfunarplássa úti í atvinnulífinu þá sé sá skóli, eða öllu heldur það mikilvæga nám sem hann hefur boðið upp á, að verða hornreka í menntakerfinu og þá vegna reiknilíkansins?

Í ljósi þessa, herra forseti, spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hvað olli viðræðuslitum milli ráðuneytisins og þeirra aðila sem sóttust eftir því að koma að uppbyggingu tækniháskóla á grunni Tækniskóla Íslands? Þá er ég að vísa til undirbúningsfélagsins.

2. Hvaða hugmyndir eru nú uppi um að efla tækninám á háskólastigi?

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að líklega er mikilvægi þess meira nú en nokkru sinni fyrr.

[15:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt að geta þess hverjir voru í undirbúningsfélagi um Tækniháskóla Íslands. Þar voru fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Tæknifræðingafélagi Íslands og Iðntæknistofnun. Að þessu komu ýmsir aðilar sem fengu mjög rúman tíma til að fjalla um málið og kynna sér alla þætti þess. Síðan þurfti að komast að niðurstöðu og hún birtist í yfirlýsingu sem undirrituð var, fyrir hönd undirbúningsfélags um stofnun tækniháskóla annars vegar og menntmrn. hins vegar, 12. febrúar 2001. Þar segir:

„Menntamálaráðuneytið og undirbúningsfélag um stofnun og rekstur tækniháskóla hafa um alllangt skeið átt viðræður um möguleika á því að stofna og reka nýjan tækniháskóla, m.a. á grunni Tækniskóla Íslands.

Viðræðurnar hafa verið víðtækar og málefnalegar en ekki hefur tekist að finna sameiginlegan grundvöll varðandi fjármögnun tækniháskólans sem báðir aðilar geta sætt sig við. Í ljósi þess er talið rétt að slíta með formlegum hætti þessum viðræðum um málið.

Menntamálaráðuneytið og þeir, sem standa að undirbúningsfélaginu: Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og rannsóknastofnanir atvinnuveganna, eru eftir sem áður sammála um að nauðsynlegt sé að efla verk- og tæknimenntun sem hafi sterk tengsl við atvinnulífið. Aðilar munu vinna áfram að þessu markmiði."

Síðan er þess getið að þessi yfirlýsing sé gefin í tveimur samhljóða eintökum.

Það er of mikil einföldun hjá hv. þm. að líta þannig á að reiknilíkan hafi staðið þessu máli fyrir þrifum. Þar komu til aðrir þættir. Hugmyndir um það hvernig ætti m.a. að fjármagna þróunarkostnað áður en viðsemjendur ráðuneytisins tækju að sér rekstur skólans komu einnig til álita í þessu. Eins kom upp spurningin um það, í þeim hópi sem stóð að undirbúningsfélaginu, hvað þeir aðilar væru sjálfir reiðubúnir til að leggja mikið af mörkum vegna þátttöku sinnar í þessu verkefni. Það er því ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að gera því skóna að spurningin um svonefnt reiknilíkan hafi þarna ráðið úrslitum. Það voru fjárhagslegir þættir í mun stærra samhengi en því sem lýtur að reiknilíkaninu.

Nú má segja að tvennt blasi við. Það er spurningin um hvort leggja eigi fram á hinu háa Alþingi frv. til laga um Tækniháskóla Íslands, sem verði ríkisrekinn skóli eins og Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri, eða er áfram vilji til þess hjá aðilum í atvinnulífinu að koma að þessari starfsemi og taka þátt í henni í samvinnu við ríkisvaldið að færa þetta nám á háskólastig.

Ég hef verið talsmaður þess, það er rétt hjá hv. þm., að stuðla að samstarfi við atvinnulífið um þetta verkefni. Ef menn líta á forsögu málsins og þá aðila sem koma að stjórn skólans núna liggur beint við að velta fyrir sér öllum kostum í því efni. Einnig er það í góðu samræmi við þá stefnu sem hér hefur verið mörkuð varðandi starfsnám og verknám að það skuli vera samstarfsverkefni atvinnulífs og ríkisvaldsins.

Ég sé ekki annað en að þeir skólar sem nú eru reknir með einkaskólafyrirkomulagi á háskólastigi dafni hér vel. Þeir laða að sér nemendur. Nemendur hafa áhuga á því að stunda þar nám. Ég sé ekkert sem mælir gegn því að einkaskóli starfi einnig og bjóði upp á nám á borð við það sem nú er í boði í Tækniskóla Íslands.

Þessir kostir verða nú skoðaðir til hlítar. Úr því sem komið er verður að sjálfsögðu ekki lagt fram frv. á Alþingi um þetta mál á þessu vori. Við munum fara yfir málið. Ég veit að það er áhugi hjá ýmsum í atvinnulífinu fyrir því að koma að þessu verkefni. Þetta er spennandi verkefni og ég held að þegar upp verður staðið þá muni það ekki stranda á reiknilíkani hvort menn vilja koma að þessum skólarekstri eða ekki.

[15:27]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Því miður hafa þær viðræður sem hæstv. menntmrh. var að gera grein fyrir að hefði slitnað upp úr 12. febrúar tekið of langan tíma og haft áhrif á þróun þess skóla sem hér um ræðir. Það er því afar mikilvægt að komist verði að niðurstöðu varðandi skólann sem allra fyrst.

Við gerð fjárlaga undanfarin ár hefur í raun skort viðmiðunartölur fyrir þennan skóla, sambærilegar við aðra skóla á háskólastigi, þar sem náðst hafa samningar við skólana um fjárframlögin. Það er mikilvægt að niðurstaða náist í málinu þannig að ekki þurfi enn einu sinni að samþykkja fjárlög á Alþingi án þess að taka tillit til eðlilegrar þróunar þess mikilvæga skóla sem hér um ræðir.

Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að það verður auðvitað að ákveða sem allra fyrst hvaða leið menn vilja fara. Það verður síðan að fara í efnislega umræðu um það hvort menn séu sammála um þá niðurstöðu.

Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann geri ráð fyrir því að það verði komin niðurstaða í málið fyrir samþykkt næstu fjárlaga.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér hafa komið fram.

Í fyrsta lagi vil ég þó vísa því frá að ég sé að einfalda málin með því að taka reiknilíkanið til umræðu. Svo mikið hef ég heyrt frá þeim sem við það vinna að ég þykist vita að það sem ég setti hér fram um að það gæti stýrt háskólanámi eða vexti þess og viðgangi á næstunni er byggt á þeim veruleika sem menn búa við. Það er full ástæða til þess að ræða um það þótt ekki sé endilega undir þessum lið.

Mér finnst, eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, mjög mikilvægt að komist niðurstaða í þetta mál hið fyrsta. Það er mikilvægt að við byggjum hér upp tækniháskóla og skólakerfið fái svarað þeim kröfum atvinnulífsins sem fyrir liggja um tæknimenntað fólk á ýmsum sviðum. Tækniskólinn hefur staðið sig mjög vel, ekki síst ef horft er til þeirra aðstæðna sem honum hafa verið sniðnar. Ég held að það sé mikilvægt að tekin verði um það formleg ákvörðun hið fyrsta hvert skuli stefnt.

Mér heyrist ráðherrann tefla því hvoru gegn öðru að um geti verið að ræða ríkisháskóla sem síðan eigi samvinnu við atvinnulífið. Þetta er auðvitað mikill misskilningur vegna þess að ríkisháskóli getur engu síður en einkaskóli átt ágætt samstarf við atvinnulífið um uppbyggingu starfsnáms. Fyrir því eru fordæmi. Þess vegna er í sjálfu sér ekkert sem mælir gegn því að við förum af stað með ríkisháskóla, að Tækniháskóli Íslands verði ríkisháskóli byggður á þeim grunni sem Tækniskólinn hefur byggst upp á, og jafnframt sé haft samstarf við aðila í atvinnulífinu. Mér sýnist að þetta geti mjög vel gengið saman og hljóti að verða niðurstaðan ef hæstv. ráðherra nær ekki samkomulagi hið fyrsta við þá aðila sem horfa á þetta sem spennandi verkefni og eru annars staðar en í ríkiskerfinu.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef litlu við fyrra svar mitt að bæta.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að langur tími var gefinn til viðræðna við undirbúningsfélagið. Menn gætu helst gagnrýnt mig fyrir að hafa gefið þessum aðilum svona langan tíma til þess að velta málinu fyrir sér. Þegar litið er til baka og menn sjá hver niðurstaðan var þá hefði e.t.v. verið skynsamlegra að ganga til þessa verks fyrr að ljúka þessum viðræðum. Menn geta eins og oft er verið vitrir eftir á og sagt að sjá hefði mátt fyrr í ferlinu að í raun og veru var líklega aldrei við því að búast að þessir aðilar gætu tekið að sér að reka þennan skóla hvað sem reiknilíkaninu líður, því reiknilíkaninu hefur nú ekki verið beitt á skólann eins og hv. þm. vék að. Það hefur ekki verið notað gagnvart þessum skóla og þess vegna hefur ekki reynt á það.

Hins vegar verða menn líka þegar þeir ræða um skólann að líta til þess að hann er tækniskóli og vissulega er það mikil vigt innan skólans, en þó kannski ekki aðalsmerki skólans núna þegar litið er til þeirra nemenda sem hann er að kalla á.

Menn verða líka að vera raunsæir í því þegar þeir skoða skólann hvaða áherslur eru helstar í náminu með hliðsjón af þeim nemendum sem sækja inn í skólann. Þá kemur í ljós að í þessum skóla eins og í öðrum fjórum ef ekki fimm skólum í landinu virðist það vera rekstrarfræði og viðskiptafræði sem kallar á flesta nemendur.

Þar sem samkeppnin er mest á milli háskóla í námsframboði þar er nemendafjöldinn einnig mestur. Þetta er umhugsunarefni og vert að velta því fyrir sér þegar menn skoða hvað er um að ræða.

Fjöldi nemenda í framhaldsskólum.

Fsp. GHall, 607. mál. — Þskj. 977.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Segja má að þetta mál komi nokkuð að því máli sem hæstv. menntmrh. ræddi um, stöðu menntunar varðandi tækniskóla, þ.e. starfsnámsskólana.

Það verður að segjast eins og er að það gleður auðvitað augað þegar skólar hefja starfsemi á haustin að sjá hið kappsfulla unga fólk leggja upp til náms mót framtíðinni. Þó neita ég því ekki að ég hef haft það á tilfinningunni að bóknáminu hafi hér á landi verið gert nokkuð hærra undir höfði en starfsnáminu.

Oft hafa þær fullyrðingar heyrst og þá jafnan verið látið liggja að því að starfsnámið sé margfalt kostnaðarsamara en bóknámið. Það er m.a. þess vegna sem ég ber fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

1. Hve stór hluti nemenda úr grunnskóla skráir sig til náms í framhaldsskóla?

2. Hve margir þeirra (í hundraðshlutum eftir menntabraut) velja:

a. bóknám,

b. starfsnám?

3. Hve stór hluti nemenda hættir námi án formlegrar útskriftar af viðurkenndri námsbraut?

4. Hverjar eru sambærilegar tölur annars staðar á Norðurlöndum?

[15:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessum atriðum því hér er um mikilvæg málefni að ræða sem við getum talað lengi um hér í þingsalnum en höfum kannski ekki svör við ef við viljum breyta, hvernig við getum breytt þeirri þróun sem við stöndum frammi fyrir og höfum staðið frammi fyrir hér á landi um nokkurt árabil.

Fyrst er spurt: Hve stór hluti nemenda úr grunnskóla skráir sig til náms í framhaldsskóla?

Svarið er: Árið 1999 skráðu 89% grunnskólanemenda sig til náms í framhaldsskóla að loknu námi í grunnskóla. Sama hlutfall nemenda skráði sig í framhaldsskóla á árunum 1996, 1997 og 1998. Endanlegar tölur fyrir árið 2000 liggja ekki fyrir.

Ég vil geta þess núna að við erum í fyrsta sinn núna í vor að framkvæma samræmd próf úr grunnskóla með þeim hætti að nemendur hafa val um hvort þeir taka prófið eða ekki. Eins og þið hafið séð í fréttum þá innrita 92% sig í þá námsgrein sem minnst er sótt, þ.e. í dönsku, upp í 96% sem innrita sig í próf í íslensku. Það virðist því vera að grunnskólanemendur almennt hafi þá afstöðu að það beri að taka þessi próf til að hafa alla möguleika opna þegar þeir koma upp á framhaldsskólastigið.

Þá er spurt: Hve margir þeirra nemenda í hundraðshlutum eftir menntabraut velja: a) bóknám, b) starfsnám?

Af öllum nemendum skráðum í dagskóla í framhaldsskólum haustið 1999, voru 70% nemenda í bók- og listnámi. Í starfsnámi voru 30% nemenda. Í skiptingunni er miðað við að til bóknáms teljist almennar brautir, málabrautir, uppeldis- og íþróttabrautir, félagsfræðibrautir, hagfræðibrautir og raungreinabrautir. En til starfsnáms iðn- og tæknibrautir, búsýslubrautir, matvælabrautir, viðskiptabrautir, þjónustuiðnir og heilsubrautir. Endanlegar tölur fyrir árið 2000 liggja ekki fyrir.

Sé miðað við námsval 16 ára nemenda, sem skráðu sig til náms í framhaldsskóla haustið 1999, er myndin önnur. Tæp 79% nemendanna voru skráðir í bóknám eða listnám. Rúm 21% voru skráð í starfsnám, þar af tæp 7% í löggiltar iðngreinar. En endanlegar tölur fyrir árið 2000 liggja ekki fyrir.

Þá er spurt: Hve stór hluti nemenda hættir námi án formlegrar útskriftar af viðurkenndri námsbraut?

Samkvæmt ritinu Education at a Glance árið 2000, sem OECD gefur út, var útskriftarhlutfall framhaldsskólanema á Íslandi 92% árið 1998 og var með því hæsta innan OECD-ríkja en meðaltal þeirra var þá 79%. Á það ber að líta að þetta háa hlutfall felur í sér útskriftir allra aldurshópa Íslendinga. En ljóst er að íslenskir nemendur ljúka í mörgum tilvikum framhaldsskólanámi sínu síðar en nemendur í öðrum löndum. Sveigjanleiki skólakerfisins gerir þeim kleift að gera hlé á námi sínu um tíma eða stunda vinnu með námi.

Í könnun sem Hagstofa Íslands gerði að beiðni menntmrn. á brottfalli nemenda úr framhaldsskólum milli áranna 1998 og 1999 kom fram að 24% nemenda komu ekki fram í nemenda- eða prófaskrá haustið eftir og er þá tekið tillit til þeirra sem lokið höfðu námi. Athuga þarf að einungis er um eina könnun milli tveggja ára að ræða og að mjög líklegt er að stór hluti þeirra 24% nemenda, sem fyrr voru nefndir, skili sér aftur í skóla og eigi eftir að ljúka námi.

Þá er spurt: Hverjar eru sambærilegar tölur annars staðar á Norðurlöndunum?

Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir annars staðar á Norðurlöndum innrituðust árið 1997 90–98% nemenda í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi, lægst í Finnlandi, en hæst í Svíþjóð. Sama ár var hlutfallstala framhaldsskólanemenda á Norðurlöndunum á bilinu 41–47% í bóknámi og 50–59% í starfsnámi.

Á þessu ári voru tölur fyrir Ísland 67% í bóknámi og 33% í starfsnámi. Í aldurshópnum 21 árs höfðu 68–88% lokið námi úr framhaldsskóla í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi en 53% á Íslandi. Viðmiðunarár hér er 1996.

[15:39]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Eitt mesta mótunarskeið mannsins eru árin frá 16 ára til tvítugs. Það er mikið áhyggjuefni að heyra að það séu 24% nemenda sem hverfa frá námi á þessum árum. Við þurfum að finna þær leiðir sem verða til að draga úr brottfalli nemenda. Það er einmitt oft erfitt fyrir nemendur á þessum árum að taka ákvörðun um framtíðina og hvernig þeir eiga að bæta námsárangur sinn. Það kom fram í rannsókn í Bandaríkjunum að bæði aðstoð og stuðningur foreldranna og eins skólanna skiptir verulegu máli. Þetta má heimfæra á okkur.

Ég vil benda á að hv. þm. Ásta Möller er 1. flm. á þáltill. um heilsuvernd í skólum sem gæti orðið töluverð stoð einmitt í því að hjálpa unglingum að fóta sig.

Eins vil ég benda á hvort ekki væri hægt að huga að því að vera einnig með styttri námsbrautir.

[15:40]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli. Brottfall í skólum er áhyggjuefni. Hér hafa verið nefndar ákveðnar tölur. Hins vegar er líka ánægjulegt að heyra að krakkarnir skila sér að lokum til skólanna aftur eins og þessar tölur benda til, þ.e. að 92% í árgangi ljúki framhaldsskóla.

Hins vegar er einn hópur sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á. Það er hópur tvítyngdra nemenda sem hafa notið aðstoðar nýbúafræðslu og sem hafa lokið grunnskóla. Athuganir benda til þess að 90–100% í árgangi falla úr námi, 50% þeirra innrita sig ekki inn í framhaldsskólana og flestir þeirra 50%, sem innrita sig inn í framhaldsskólana hætta námi fljótlega, m.a. vegna erfiðleika út af tungumálinu, sérstaklega bóklegri íslensku.

Það væri kannski athugandi út frá þessum nemendum að hjálpa þeim eða beina inn í starfsnám þar sem styrkleiki þeirra mundi e.t.v. nýtast betur.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að vera um einhvern misskilning að ræða að 92% af nemdendum ljúki framhaldsskólaprófi, það sé einhver mislestur hafi ég heyrt orð hæstv. ráðherra rétt.

Samkvæmt þeim athugunum sem Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal gerðu á árgangi fæddum 1975 höfðu tæp 43% af þeim árgangi árið 1999 ekki lokið prófi úr framhaldsskóla, hvorki verklegu prófi né prófum af bóknámsbrautum. 46,2% hafa lokið stúdentsprófi og 11% prófi úr verkgreinum.

Ég hygg að þetta sé nokkuð nærri því meðaltali sem er síðan almennt fyrir þessa árganga um þessar mundir. Um 5–12% nemenda innritast ekki í framhaldsskóla á þessu aldursskeiði. Hér er því um grjótalvarlegt mál að ræða. Ljóst er að menntakerfið, sérstaklega menntakerfið sem lýtur að verknámi og verktengdum greinum, fylgist alls ekki með í tímanum og það lætur stöðugt undan í þeirri skipan menntamála sem við búum við og það verður að leiðrétta.

[15:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft afar mikilvægu máli.

Full ástæða er til að hafa af því áhyggjur hversu seint okkur miðar með að byggja upp starfsnám. Menn bundu við það vonir að framhaldsskólalögin mundu breyta þessu hraðar en reyndin hefur orðið á. En auðvitað væntum við þess að núna fari hlutirnir að gerast. Það er verið að leggja grunn að því.

En ég vil nefna atriði sem hefur verið nefnt sem þyrfti að taka á sérstaklega og það eru fleiri möguleikar fyrir stúlkur varðandi starfsnám. Það virðist sem svo að þar hafi sáralítið gerst, nánast alla öldina, þ.e. möguleikar þeirra og fjölbreytni þeirra hafi lítið breyst og þess vegna eigi þær í rauninni ekki jafngreiðan aðgang, miðað við hefðbundið starfs- og námsval, inn í starfsnámið og piltar.

Menn geta svo sem barið höfðinu við steininn og sagt: Þær fara þá bara í strákanámið. En þannig gerist þetta ekki, það segir reynslan okkur. Þarna þarf því virkilega að taka á.

[15:44]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þær tölur sem hæstv. menntmrh. fór með staðfesta það sem flestir vissu þó auðvitað séu einstaka tölur sem vekja meiri athygli en aðrar.

Það er hins vegar einnig rétt hjá hæstv. ráðherra að þó við töluðum lengi dags um þetta ágæta mál þá ættum við kannski ekki þær lausnir sem þarf til að breyta þeim hlutföllum sem eru á milli bóknáms og verknáms í skólakerfi okkar. Tölurnar sem hæstv. ráðherra fór einmitt með í samanburði við Norðurlöndin sýna í raun og veru hversu alvarlegt þetta er, þ.e. hversu röng þessi skipting er hjá okkur og ástæður eru eflaust margar.

Það er þó eitt atriði sem við höfum staðið okkur illa í sem ég held að við eigum að geta breytt á nokkuð auðveldan hátt, þ.e. að fara að sinna þessum málum miklum mun fyrr í grunnskólunum. Það hefur því miður skort á að við höfum sinnt námsráðgjöf nægjanlega, þ.e. að byrja nógu snemma í grunnskólunum, komið upplýsingum nógu vel til skila til grunnskólanemendanna meðan þau eru að velta þessu fyrir sér þannig að þau geti m.a. fengið æfingu í því að taka ákvörðun, ekki endilega ákvörðun sem stendur alla ævi, heldur að miða að einhverju marki sem þau hafa sett sér.

Herra forseti. Það er eitt til viðbótar, og það er það sem okkur skortir algjörlega, og það er að fylgja eftir þeim nemendum sem skrá sig ekki til framhaldsskólanáms.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. menntmrh. fyrir ítarleg og góð svör við þessum fyrirspurnum mínum og jafnframt öðrum þingmönnum sem hér hafa tekið til máls undir þessum lið.

Það kom fram sem bjó innra með mér að þessi munur milli bóknáms og starfsnáms er gríðarlega mikill hér miðað við hin Norðurlöndin og setur vissan ugg að brjósti vegna þessa. Það má líka sjá að mikil vöntun er á faglærðu fólki í iðnaði á Íslandi sem þarf auðvitað að taka á.

Það er kannski rétt sem hér hefur verið komið inn á af nokkrum ræðumönnum að auðvitað þarf að huga fyrr og betur að þessu — og þetta á jafnt við um bæði kynin — í hinum yngri bekkjum hvernig megi koma á starfsnámi fyrir áður en kemur að því að hið unga fólk fer í framhaldsskólana.

Ég þakka enn og aftur fyrir þessar athyglisverðu tölur og vonast til þess að einhvern tímann er fram líða stundir gefist tími á hinu háa Alþingi til þess að ígrunda þessi mál, þá væntanlega að fengnum enn frekari upplýsingum frá hæstv. menntmrh. um hvernig störfum líður þar á bæ í menntmrn. varðandi verkmenntanámið.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel að það gefist oft tækifæri til að ræða þessi mál á Alþingi ef þingmenn kjósa. Ég hef t.d. lagt fram skýrslur á þinginu bæði um grunnskóla og einnig um framhaldsskóla með mjög ítarlegum upplýsingum um þessi skólastig. En ég hef ekki orðið var við nokkurn áhuga hjá þingmönnum að taka þær skýrslur til umræðu eins og ýmsar aðrar skýrslur þannig að menn geti farið hér í almennar umræður um þróun skólastiganna. Það hefur ekki verið tími til þess á dagskrá þingsins að fá slíkar umræður þegar þessar ítarlegu skýrslur hafa verið lagðar fram. Þess vegna finnst mér gott að hv. þm. hreyfir þessu máli þannig að mönnum gefist þá tækifæri í stuttu máli að koma sjónarmiðum á framfæri.

Eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi er nauðsynlegt að ná til grunnskólanemendanna betur en gert hefur verið. Við höfum t.d. núna gefið út bæklinginn „Nám að loknum grunnskóla“ með nýjum hætti og dreift honum í 9. og 10. bekk grunnskólans í fyrsta sinn. Þar er farið mjög ítarlega yfir starfsnámið og kynnt það sem við höfum líka unnið að, þ.e. að kynna nemendum að þótt þeir fari í starfsnám þá eru þeir ekki að loka dyrunum fyrir því að geta farið í háskólanám eða taka stúdentspróf. Þar skilgreinum við líka þær einingar sem nemendur þurfa að bæta við að loknu starfsnámi til þess að taka þetta stúdentspróf þannig að þetta held ég að sé lykilatriði að kynna nemendum sem fyrst.

Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þessum bæklingi núna og því að hann hafi verið sendur svona víða. Að vísu hefði hann mátt koma út fyrr. Það er eins og verkast vill. En hann liggur fyrir og verður mun ítarlegra og betra gagn fyrir nemendur því námsráðgjöf og áhugavekjandi umræður í grunnskólanum um þá möguleika sem starfsnámið veitir held ég að sé besta leiðin til þess að beina nemendum inn á þessar brautir.

[15:49]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 193. mál, brtt. ÖJ, þskj. 1124.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 480. mál, brtt. GAK, þskj. 1126.

Virðisaukaskattur af hugbúnaðarvinnu.

Fsp. SvanJ, 594. mál. — Þskj. 946.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Undanfarið hefur farið fram nokkur umræða um umbætur og breytingar á skattkerfi okkar og hefur þar mest borið á áherslum ríkisstjórnarinnar um lækkun á tekjuskattsprósentu fyrirtækja. Einnig hafa eignarskattar og úreltir skattar eins og stimpilgjöld verið nefnd sem nokkuð sem okkur bæri að hreinsa út úr skattkerfinu. Og næg eru verkefnin ef vilji er til að laga til.

Tillögur OECD um endurskoðun íslenska skattkerfisins eru allrar athygli verðar, ekki síst sú áhersla sem þeir leggja á auðlindagjöld til að leysa skatta af hólmi eða lækka þá.

Það er sjálfsagt að auðlindagjöld og umhverfisgjöld ýmiss konar, stundum kölluð grænir skattar, verði skoðuð af fullri alvöru sem tekjuöflunarleið hins opinbera.

Herra forseti. Virðisaukaskattur hefur ekki mikið verið nefndur í þessari umræðu undanfarið en er þó sífellt bitbein, ekki síst hvað nýtur undanþágu og hvað ekki. Þegar virðisaukaskattur var tekinn upp á sínum tíma varð nokkur umræða um það hvernig fara skyldi með skatt af vinnu tæknimanna ýmiss konar sem unnu inni á deildum skattlausra stofnana og fyrirtækja og áttu í vissum skilningi í samkeppni við fyrirtæki á sumum sviðum á markaðnum. Þessi skattlausu fyrirtæki geta ekki nýtt sér innskattinn svokallaða og þess vegna verður sá virðisaukaskattur sem þau greiða að fullum kostnaði hjá viðkomandi fyrirtæki.

Þessi vandi er enn til staðar og lýsir sér um þessar mundir e.t.v. ekki síst í því að opinberir skattfrjálsir aðilar, tryggingafélög og lánastofnanir, byggja upp eigin deildir á sviði

hugbúnaðar, í stað þess að kaupa þá þekkingu af fyrirtækjum sem eru að reyna að byggja sig upp á okkar litla markaði.

Þetta hefur nokkrar afar vondar afleiðingar, herra forseti. Fyrirtækin á markaðnum sem byggjast oft upp í kringum góðar hugmyndir frumkvöðla, fá ekki næg verkefni til að þroskast. Hér er ég fyrst og fremst að tala um hugbúnaðarfyrirtækin. Og fyrirtæki sem telja sig vera að spara skattinn, sitja e.t.v. uppi með lakari þjónustu frá sinni takmörkuðu starfsemi því auðvitað eru takmörk fyrir því hvað svona deildir geta verið stórar, þ.e. lakari þjónustu en ef þau leituðu til sérfræðinganna á markaðnum.

Þannig má ætla að þau tapi jafnvel andvirði þess skatts ef þau ekki nýta sér á hverjum tíma það sem raunverulega væri hentugast vegna þessarar stýringar skattkerfisins.

Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh.:

„Hvað hefur verið gert til að jafna samkeppnisstöðu þeirra hugbúnaðarfyrirtækja, sem starfa á markaðnum og greiða virðisaukaskatt af vinnu sinni, og hinna sem byggð hafa verið upp sem deildir innan fyrirtækja sem ekki greiða virðisaukaskatt?“

[15:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því að hv. fyrirspyrjanda sé kunnugt að í lögum um virðisaukaskatt og í reglugerðum sem á þeim lögum byggja eru ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir þá mismunun sem hún gerir að umtalsefni í fyrirspurn sinni.

Í ákvæðum upphaflegu laganna frá 1988 er grein sem hefur þann tilgang að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem selja sambærilega þjónustu og eigin not óskráðra aðila lúta að. Í 3. gr. reglugerðar frá 1990 um þetta mál, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, kemur fram að fyrirtæki ríkis, stofnanir þess og þjónustudeildir sem inna af hendi þjónustu til eigin nota, skuli greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Samkvæmt gildandi rétti á reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, sem og reglugerð nr. 248/1990, að tryggja að aðilum sé ekki mismunað á þessum markaði. Ég tel því að gildandi réttur mismuni ekki aðilum, hvorki hugbúnaðarfyrirtækjum né öðrum í sambærilegri aðstöðu, eftir því hvort þau greiða virðisaukaskatt af vinnu sinni eða eru deildir innan fyrirtækja sem greiða ekki virðisaukaskatt. Því til stuðnings er m.a. hægt að vísa til ákvörðunar samkeppnisráðs frá því á síðasta ári, nr. 16/2000, í tilteknu máli sem þar var til úrlausnar, en í þeirri ákvörðun sem varðaði endurgreiðslu virðisaukaskatts af útseldri þjónustu komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að ekki verði talið að lög og reglur um virðisaukaskatt mismuni keppinautum í skilningi samkeppnislaga.

Þetta á einnig við þá aðila sem hafa með höndum starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Kveðið er á um að þeir skuli greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota, ef hún er í samkeppni við skattskylda aðila.

Þessi ákvæði miða sem sé að því að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val þeirra er stunda starfsemi er fellur utan skattskyldusviðsins á því hvort þeir kaupa að þjónustu eða inna hana sjálfir af hendi. Þessum ákvæðum er þannig ætlað að tryggja samkeppnisstöðu þeirra atvinnufyrirtækja er selja þjónustu sambærilega við þá þjónustu sem innt er af hendi innan stofnana og fyrirtækja er stunda starfsemi sem fellur utan við skattskyldusviðið.

Að því er varðar hugbúnaðarfyrirtæki sérstaklega er ljóst að það eru til staðar atvinnufyrirtæki sem almennt bjóða fram sérfræðiþjónustu sína við gerð og viðhald hugbúnaðar. Raunin kann að vera sú að notendur stórtölva kjósi að þjónusta sig sjálfir fremur en kaupa þjónustu á sviði hugbúnaðar af atvinnufyrirtækjum og þar af leiðandi lítið eða ekkert um það að atvinnufyrirtæki selji slíka þjónustu við stórtölvuna. Engu að síður telst eigin þjónusta stórtölvunotenda vera í samkeppni við þjónustu atvinnufyrirtækja samkvæmt þeirri skilgreiningu sem ég hef vitnað til í reglugerð nr. 562/1989.

Að öllu framangreindu virtu tel ég sýnt að vilji löggjafans og reglugerðargjafans hafi jafnan staðið til þess að á þeim sem stunda starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts hvíli skylda til að reikna og skila í ríkissjóð virðisaukaskatti af þjónustu við gerð og viðhald hugbúnaðar, þ.e. forritun, jafnt vinnslukerfa sem stoðkerfa, sem fram fer innan viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

Sama máli gegnir um innri þjónustu við viðgerðir og viðhald tækjabúnaðar, svo sem tölvuvélbúnaðar.

Óhaggaðar standa því forsendur fyrir áliti sem ríkisskattstjóri hefur gefið upp, að þjónusta af umræddum toga, sem viðkomandi aðilar inna sjálfir af hendi í eigin þágu, sé virðisaukaskattsskyld.

Skráning og önnur innfærsla upplýsinga í tölvukerfi, vinnslur sem í kerfunum fara fram sem liður í skilgreindri starfsemi og aðstoð við notendur er hins vegar þjónusta af sama toga og almennt er venjulegt að fari fram í fyrirtækjum og stofnunum sem liður í þeirra eigin starfsemi. Sama á við um daglegan rekstur stoðkerfa, svo sem stýrikerfa, gagnagrunna, öryggiskerfa, skrifstofukerfa og verkbókhalds. Slík innri þjónusta telst ekki vera samkeppni við þjónustu sem atvinnufyrirtæki veita í þeim skilningi sem ber að leggja í hugtakið samkeppni í þessu sambandi. Því ber að líta svo á að viðkomandi aðilum beri ekki skylda til að reikna og skila virðisaukaskatti af slíkri þjónustu til eigin nota.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur komið með.

Það kom skýrt fram hjá honum hver vilji löggjafans og reglugerðavaldsins er í þessu efni. Það kom jafnframt fram að það á að tryggja að aðilum sé ekki mismunað.

Eigi að síður virðist sem svo að þetta nái ekki fram að ganga, a.m.k. ekki gagnvart hugbúnaðarfyrirtækjum. Ég vil leyfa mér, herra forseti, í því sambandi að vitna til ræðu sem Vilmundur Jósefsson, sem er formaður Samtaka iðnaðarins, flutti á aðalfundi samtakanna nú ekki fyrir löngu þar sem hann hvatti til þess að markvissra lausna væri leitað á skattalegum vandamálum sem vefðust fyrir okkur ár eftir ár. Þar nefndi hann virðisauka af vinnu hugbúnaðarfyrirtækja sérstaklega, sem skattfrjálsir opinberir aðilar, og þá líka lánastofnanir og tryggingafélög, kæmu sér undan að greiða með því að byggja upp eigin deildir á þessu sviði. Hann benti á að þarna glataðist stór markaður fyrir upplýsingatæknifyrirtæki okkar og gat þess jafnframt að vandamálið hefði legið óleyst lengi á borðum og engin lausn virtist vera í sjónmáli.

Herra forseti. Það sem ég var að hafa hér eftir Vilmundi Jósefssyni er þá væntanlega í samræmi við það sem ráðherr-

ann var með svona eins og innan sviga í sínu svari, eða hvað? Alla vega er hér sett fram fullyrðing um að þarna sé að glatast stór markaður fyrir upplýsingatæknifyrirtæki vegna þess að opinberir aðilar, lánastofnanir og tryggingafélög, komi sér undan að greiða með því að byggja upp eigin deildir á þessu sviði.

[16:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Kannski er ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil eingöngu segja að ef brotalöm er í þessari framkvæmd, eins og mér heyrðist hv. fyrirspyrjandi halda hér fram með tilvitnun í umræddan mann, þá er sjálfsagt að reyna að endurbæta framkvæmdina eftir því sem tök eru á. Í grundvallaratriðum held ég að stefnan sé alveg skýr í þessum lögum og í þessum reglugerðum. Prinsippin eru alveg klár. Það á ekki að skipta máli fyrir fyrirtæki úti á markaði að því er varðar skatt hvort það innir þjónustu sína sjálft af hendi eða kaupir hana að. Það á ekki að vera þannig að fyrirtæki sem selja þessa þjónustu úti á markaðnum beri skarðan hlut frá borði vegna þess að aðilar hagnist á því að skaffa þessa þjónustu sjálfir með eigin starfskröftum. Þannig er málið.

En það er með þetta eins og oft, að það geta verið hugsanleg jaðartilfelli. Það getur líka verið að erfitt sé að fylgja þessu nákvæmlega eftir. Í gegnum árin hafa verið alls kyns deiluefni út af þessu. En ég tek undir það sjónarmið sem fram kemur í máli fyrirspyrjandans. Þannig á þetta að vera. Ef framkvæmdin er ekki eins og hún á að vera þá þarf að reyna að bæta hana.

Út af dagskrá voru tekin 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

113. FUNDUR

fimmtudaginn 26. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), stjfrv., 448. mál, þskj. 716, nál. 938 og 1081, brtt. 939. — 2. umr.
2. Samvinnufélög (innlánsdeildir), stjfrv., 449. mál, þskj. 717, nál. 940 og 1082. — 2. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 481. mál, þskj. 767, nál. 942 og 1099, brtt. 943. — 2. umr.
4. Rafrænar undirskriftir, stjfrv., 524. mál, þskj. 820, nál. 1092, brtt. 1093. — 2. umr.
5. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — 2. umr.
6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 580, nál. 1072 og 1100. — 2. umr.
7. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026. — 1. umr.
8. Líftækniiðnaður, stjfrv., 649. mál, þskj. 1027. — 1. umr.
9. Iðntæknistofnun, stjfrv., 650. mál, þskj. 1028. — 1. umr.
10. Áhafnir íslenskra skipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 496. — 1. umr.
11. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.
12. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 179. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — 1. umr.
14. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — 1. umr.
15. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — 1. umr.
16. Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, þáltill., 325. mál, þskj. 410. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum, 704. mál, fsp. GÖ, þskj. 1121.

Eftirlit á nektarstöðum, 705. mál, fsp. GÖ, þskj. 1122.

Eiturefni og hættuleg efni, 369. mál, nál. umhvn., þskj. 1125.

Mannabreytingar í nefndum.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning frá þingflokki framsóknarmanna um mannabreytingar í nefndum, sbr. 16. gr. þingskapa. Magnús Stefánsson tekur sæti Jóns Kristjánssonar í heilbr.- og trn., samgn. og utanrmn., svo og sæti Ólafs Arnar Haraldssonar í félmn. Þá tekur Jónína Bjartmarz sæti Jóns Kristjánssonar sem aðalmaður í Íslandsdeild NATO-þingsins en Magnús Stefánsson verður varamaður. Loks tekur Magnús Stefánsson sæti Jónínu Bjartmarz sem aðalmaður í Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tvær utandagskrárumræður fara fram í dag. Hin fyrri fer fram kl. hálftvö, að loknu hádegishléi, og er um stöðu erlends fiskverkafólks. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson en hæstv. félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. tvö og er um stjórnskipulag byggðamála og vinnulag við byggðaáætlanir. Hv. þm. Jón Bjarnason er málshefjandi en hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil taka upp undir liðnum athugasemdir um störf þingsins það mál að þann 14. nóvember sl. lagði ég fram fyrirspurn í sex töluliðum til hæstv. samgrh. um ýmis atriði sem varða ljósleiðaravæðingu landsins og stefnumótun á því sviði. Samkvæmt þingsköpum hafa ráðherrar tíu virka daga til að svara fyrirspurnum þegar óskað er skriflegs svars. Ég skal fúslega viðurkenna að um allviðamiklar spurningar er að ræða og hefði þar af leiðandi ekki verið tilefni til mikillar gagnrýni þó að eitthvað lengri tíma hefði tekið að afla þessara upplýsinga eða skila svari. En nú þykir mér nokkuð langt gengið, herra forseti, þegar aprílmánuði er senn lokið og ekki hafa enn borist svör við þessum spurningum.

Ég tek málið einnig upp, herra forseti, vegna þeirra fráleitu frétta, vil ég kalla það, sem okkur þingmönnum voru bornar í fjölmiðlum í gærkvöldi, að til stæði að leggja hér fram einhvern tíma á næstum dögum, nokkrum virkum dögum áður en fundahöldum átti að ljúka á Alþingi, frv. til laga um einkavæðingu Landssímans.

Þær upplýsingar sem ég hef beðið um í þessari fyrirspurn eru mjög mikilvægar í sambandi við það mál, þ.e. grundvallarupplýsingar um stöðu ljósleiðaravæðingar, kostnað við að tengja afganginn af landinu og annað í þeim dúr sem eru atriði sem auðvitað hljóta að eiga að koma til skoðunar áður en menn fara að hrófla við núverandi stöðu Landssímans og eignarhaldi á honum.

Ég fer því fram á það, herra forseti, að ekki verði hreyft við því máli nær það berst á borð þingmanna fyrr en samgrn. hefur svarað spurningum mínum. Nú vill svo vel til að hér er hæstv. samgrh. sem e.t.v. getur upplýst okkur eitthvað um hvenær þess er að vænta að svörin berist. En ég tel það algjörlega óásættanlegt að slíkar upplýsingar skorti áður en við förum að ræða þetta stjfrv. Þessar upplýsingar hlýtur að hafa átt eftir að vinna úr því að svona langan tíma hefur tekið að koma með svörin því ekki trúi ég því að hið háa ráðuneyti gleymi hlutum af þessu tagi.

[10:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. og athugasemda vil ég biðjast velvirðingar á því að þessi dráttur skuli hafa orðið á svari. Það má kannski m.a. skýra með því að mikið af þeim upplýsingum sem beðið er um liggja nú þegar fyrir og hefur verið dreift til þingmanna í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu vegna sölu Símans. Engu að síður léttir það ekki þeirri skyldu af ráðuneytinu að svara þessari fyrirspurn og ég mun sjá til þess að strax í dag muni forseti þingsins fá svör við þeirri fyrirspurn sem hv. þm. nefndi þannig að ég vona að það verði ekki til þess að tefja það mikilvæga mál sem frv. um sölu á hlutafé Landssímans er.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. biðst afsökunar á því að fyrirspurn sem lögð var fyrir hann og ráðuneyti hans 14. nóvember á síðasta ári skuli ekki hafa verið svarað. Það er vel. En ég hefði viljað afsökunarbeiðni hæstv. samgrh. fyrir því að ætla að leggja fram frv. um sölu á Landssíma Íslands sem ekki aðeins er stórpólitískt hitamál heldur hefur mikla efnahagslega þýðingu í landinu.

Nú er gert ráð fyrir því að þinghaldi ljúki hinn 18. maí nk. Nokkur tími virðist til stefnu því að við erum stödd núna þar í mannkynssögunni að merkt er við 26. dag aprílmánaðar. En samkvæmt starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir nefndastarfi í næstu viku og einnig mánudaginn í vikunni þar á eftir og reiknast mér til að aðeins átta eða níu þingfundadagar séu til stefnu. Ég vil beina því til stjórnar þingsins á hvern hátt hún hyggst bregðast við þessu ábyrgðarleysi stjórnvalda, þessu ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar sem sannarlega mun hafa áhrif á störf okkar hér á þinginu og raska þeirri starfsáætlun sem þegar liggur fyrir.

[10:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er mjög undrandi. Hæstv. samgrh. sagði áðan að þeirri fyrirspurn sem búin er að liggja fyrir í allan þennan tíma verði hægt að svara bara seinna í dag. Hvernig í ósköpunum stendur á því að málið er allt í einu tilbúið nú í dag um leið og spurt er eftir því? Af hverju var þetta ekki lagt fram fyrr ef þessi svör hafa verið til? Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst mjög ámælisvert að það skuli koma fram að menn haldi upplýsingum fyrir þingmönnum að ástæðulausu. Ég held að það sé ástæða til að álykta sem svo að það hafi verið gert úr því að þetta er allt saman tilbúið og hægt er að leggja það fram eftir nokkra stundarfjórðunga ef menn vilja. Mér finnst, hæstv. forseti, að það þurfi kannski að fara að fylgjast svolítið betur með því hvernig ráðuneytin og hæstv. ráðherrar standa sig í þessum málum ef upplýsingar sem eru tilbúnar eru bara geymdar.

Ég ætla svo að neita mér um að ræða um hið stóra mál. En auðvitað þarf Alþingi góðan tíma til þess að fjalla um það mikla mál sem hér hefur verið nefnt, söluna á Landssímanum, og þingmenn þurfa auðvitað líka tíma til að kynna sér það frv. sem kemur fram þannig að þeir geti tekið þátt í umræðum um það af einhverri skynsemi.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja það sömuleiðis að mér finnast þetta nokkuð undarlegar skýringar og aðstæður sem hér eru uppi. Svo fremi að samgrn. hafi ekki beinlínis gleymt þessari fyrirspurn, þá vakna margar spurningar um það hvers vegna upplýsingarnar voru ekki reiddar fram. Kann að vera svo að það hafi verið viðkvæmt vegna deilna milli stjórnarflokkanna og vegna þess hversu heitt allt þetta mál er að reiða fram tölulegar upplýsingar t.d. um kostnaðinn við að ljósleiðaravæða landið, tengja alla staði með fleiri íbúa en 100 t.d. við ljósleiðaranetið eða eitthvað af því tagi? Var óþægilegt fyrir ríkisstjórnina að fá þær upplýsingar fram á þingi akkúrat meðan þeir voru að þæfa þessi mál í sínum herbúðum? Það er von að maður spyrji slíkra spurninga því að þetta er mjög torkennilegt.

Ég hafna því að þessar upplýsingar liggi fyrir í skýrslum einkavæðingarnefndar enda mundi það engu breyta. Fyrirspurnum á Alþingi ber að svara engu að síður. Ég hef farið yfir þau gögn og skýrsluna og það er fjarri lagi að þar séu upplýsingar sundurliðaðar með þeim hætti sem hér er beðið um og að þær svari öllum spurningum. Þvert á móti er mjög mikilvægt að fá fram svör við því t.d. hver þessi kostnaður er, hver staðan er í dag og hvaða stefnu yfirvöld hafa hugsað sér að framfylgja í þessum efnum á komandi árum varðandi það að tryggja aðgang allra landsmanna að fullnægjandi þjónustu á þessum sviðum.

Herra forseti. Það dæmir sig síðan auðvitað algjörlega sjálft að ríkisstjórninni skuli detta í hug að sýna Alþingi þá lítilsvirðingu að ætla að fara að troða þessu máli hér inn núna. Frestur til að leggja fram ný frv. er samkvæmt venju útrunninn 1. apríl. Um er að ræða stórpólitískt mál sem stjórnarflokkarnir hafa sjálfir þurft marga mánuði til að hnoða saman. En þó á Alþingi að afgreiða þetta á færibandi á tvöföldum hraða eins og ekkert sé á örfáum dögum. Slík lítilsvirðing við þingið dæmir sig algjörlega sjálf, herra forseti, og forseti ætti auðvitað að sjá sóma sinn í því að taka slíkt mál ekki á dagskrá.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 2. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 716, nál. 938 og 1081, brtt. 939.

[10:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar og fengið á sinn fund aðila sem getið er um í nefndarálitinu.

Frv. var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en var þá ekki útrætt. Meginefni frv. er að gefa samvinnufélögum kost á því að breyta rekstrarformi sínu og fjallar frv. um hvernig slíkt skuli gert.

Almennt má segja um frv. að það sé til mikilla bóta. Það verður þá ákvörðunaratriði samvinnufélaganna sem starfa eftir þessum lögum sem um þau gilda í dag hvort þau vilji breyta um rekstrarform ef þau telja sér það hagstætt.

Í nefndinni hafa komið fram nokkrar ábendingar um smávægilegar breytingar á frv. Í 1. lið brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. eru tæknilegar breytingar sem snúa fyrst og fremst að því að hækkun á séreignarhlutum félagsmanna telst til A-deildar en einnig er heimilt að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins, að 6. málsl. 1. efnismgr. frv. orðist eins og þar stendur.

Í 2. lið brtt. er gert ráð fyrir nýrri grein í frv. sem gangi út á að aðalfundur geti ákveðið að greiða félagsmönnum út arð með peningum eða öðrum verðmætum í stað þess að leggja hann í stofnsjóð. Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

Í 3. lið brtt. eru einungis tæknileg atriði.

Í 4. lið brtt. eru sömuleiðis tæknileg atriði en auk þess er þar endurorðun á tveimur málsliðum í 5. gr. frv. sem gengur út á að hluthafar í B-deild félags, er verið hafa á móti breytingartillögu, eigi kröfu á að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að fundurinn var haldinn. Ef þess hefur verið farið á leit við hluthafa fyrir ákvarðanatöku að þeir sem vilji nota innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni er innlausnarrétturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á fundinum, þ.e. þeim fundi sem ákveður að félaginu verði breytt í hlutafélag.

Í 5. lið brtt. er ártalið 2003 í ákvæði til bráðabirgða fært aftur til 2004. Það er vegna þess að afgreiðsla frv. hefur dregist.

Virðulegi forseti. Þetta eru í stuttu máli þær brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir á þessu frv.

Ég vil svo aðeins segja að ég vænti þess að þingheimur geti samþykkt þetta mál. Ég held að það horfi til mikilla framfara og gefi þeim fyrirtækjum sem búa nú við samvinnufélagsformið möguleika á að breytast. Allir hlutir í atvinnulífinu breytast og það er tímabært að þessi félög sem eru samvinnufélög í dag geti ákveðið hvort þau vilja taka upp hlutafélagsformið ef þau kjósa svo.

[10:48]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti efh.- og viðskn. í þessu máli sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Ég mæli fyrir álitinu í fjarveru hennar.

Þetta frv., sem verið hefur til umfjöllunar í efh.- og viðskn., er eitt þriggja frumvarpa þar sem lagðar eru til breytingar á lögum er varða rekstur samvinnufélaga.

Minni hlutinn í efh.- og viðskn. er sammála um nauðsyn þess að samvinnufélög fái heimild til að breyta rekstrarformi sínu og geti með því brugðist við breyttum rekstraraðstæðum, en telur að skoða þurfi aðrar leiðir að því markmiði en þær sem settar eru fram í frv. Enn fremur telur minni hlutinn að ekki liggi fyrir skýrar upplýsingar um mikilvæga þætti svo sem eignastöðu og eignamyndun samvinnufélaganna þannig að hægt sé að leggja mat á hvort um eðlilega og sanngjarna leið sé að ræða varðandi skiptingu eigna á milli félagsmanna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni hefur ekki tekist að fá yfirlit yfir heildareignir samvinnufélaga og tengdra félaga og því er ekki unnt að átta sig á hversu miklar eignir færast í hendur einstakra félagsmanna án þess að þær teljist til skattskyldra tekna.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að stofnsjóðir samvinnufélaganna hafi rýrnað það mikið að varla sé lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í fyrirtækjunum. Aðeins brot af eigin fé félaganna sé beint tengt félagsmönnum og því skorti svokallaða „eigendavitund". Árið 1996 var eigið fé kaupfélaganna um 30% af eignum, en stofnsjóður að jafnaði aðeins 3% af eignum. Til þess að auka tilfinningu félagsmanna fyrir eign sinni og ábyrgð á rekstri félaganna er í frv. veitt heimild til að færa eignir félaganna til einstaklinga án þess að þeim beri að greiða skatta af þessari búbót.

Þegar við ræddum málið við 1. umræðu gerði ég einmitt athugasemd við þetta lykilatriði í frv. sem hér er til umræðu. Ég leiddi þar fram umsögn ríkisskattstjóra frá því á síðasta þingi þegar þetta mál var til meðferðar en hlaut ekki afgreiðslu. Ríkisskattstjóri gerði þar veigamiklar athugasemdir við sérstakar skattaívilnanir sem fylgja þessu frv. og öðrum tengdum frumvörpum og við gerum athugasemd við það hér í nál.

Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarpið frá 125. löggjafarþingi segir m.a.:

„Markmið frumvarpsins er að auðvelda breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga og skilgreina eignaraðildina. Gengið er út frá því að framkvæmd þeirra reglna sem settar verða hafi ekki sem slík skattalegar afleiðingar fyrir viðkomandi félög og félagsaðila. Með frumvarpinu er skattskyldu við afhendingu verðmæta milli aðila aflétt. Tekjur

sem samkvæmt almennum skattareglum teldust til skattstofns hjá móttakanda verða samkvæmt því að fullu skattfrjálsar. Hvorki leggst á almennur skattur né fjármagnstekjuskattur. Afsalar ríkissjóður sér því skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum."

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd spurðust fyrir um það hjá ríkisskattstjóra hvort hægt væri að áætla hvað ríkissjóður afsali sér miklum skatttekjum með þeim ívilnandi reglum sem lagðar eru til í frv. Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir hjá skattyfirvöldum nú frekar en þegar fjallað var um málið á síðasta löggjafarþingi þannig að ekki er hægt að leggja mat á þær fjárhæðir sem heimilt verður að yfirfæra hjá samvinnufélögum til séreignarsjóða félagsaðila verði frv. að lögum. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um fjölda þeirra félagsmanna sem tilkall gætu átt til slíkra eignarhluta.

Í umsögn sinni frá síðasta þingi, sem er í fullu gildi hvað varðar frv. sem nú er endurflutt, vekur ríkisskattstjóri einnig athygli á því að með lögfestingu frumvarpsins sé verið að afhenda félagsaðilum endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögunum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. Samkvæmt almennum reglum skattalaga sé þessi afhending tekjur sem greiða beri skatt af, þær séu að hluta til orðnar til af óskattlögðum tekjum viðkomandi félags. Auk þess að fella niður skattlagningu við afhendinguna sé búið til nýtt stofnverð í hendi eigenda sem leiði til þess að þær tekjur sem mynduðust við afhendingu koma heldur ekki til skattlagningar við sölu síðar. Ríkisskattstjóri varar einnig við því fordæmi sem frv. felur í sér verði það að lögum.

Bent hefur verið á að sú ákvörðun að úthluta verðmætum til félagsmanna án þess að það teljist til skattskyldra tekna eigi sér hliðstæðu, annars vegar í útgáfu jöfnunarhluta og hlutabréfa sem miðaðist við árslok 1996 og hins vegar heimild hlutafélaga á grundvelli laga um hlutafélög og einkahlutafélög til að gefa út og afhenda skattfrjálst jöfnunarhlutabréf eftir árið 1996. Þetta er ekki með öllu rétt því skattfrjáls útgáfa jöfnunarhlutabréfa og útreikningar á jöfnunarverðmæti takmarkast við að verðbæta hlutafé þannig að innborganir hluthafa haldi raungildi sínu. Ekki er gert ráð fyrir slíkum takmörkunum varðandi úthlutun verðmæta til félagsmanna í samvinnufélögum. Í ljósi þessa telja fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni eðlilegt að leggja fram brtt. við frv., sem miðar að því að koma í veg fyrir að í væntanlegri lagasetningu felist skattaívilnanir umfram þær sem gilda um hlutafélög. Með tillögu þessari er gerð tilraun til að sníða verstu agnúana af frv.

Samvinnufélög hafa staðið fyrir fjölþættum rekstri sem vissulega hefur í áranna rás haft mikið að segja í uppbyggingu atvinnulífs, sérstaklega á landsbyggðinni. Rekstrarfyrirkomulag þeirra hefur ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum í atvinnulífi. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka samkeppnishæfni samvinnufélaga og auðvelda þeim að takast á við breyttar aðstæður, en telur hins vegar að nauðsynlegt hefði verið að skoða betur þær leiðir sem færar eru að þessu markmiði og getur ekki fallist á þá leið sem valin er til úthlutunar á skattfrjálsu fjármagni til félagsmanna í samvinnufélögum, ekki síst þar sem ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um heildarupphæð þeirra fjármuna eða eigna sem um er að ræða hjá samvinnufélögunum og tengdum félögum. Til dæmis var ógerlegt að fá, á þeim tíma sem notaður var til umfjöllunar um frv. í nefndinni, upplýsingar um kvótaeign þeirra félaga sem um ræðir eða tengdra félaga.

Eitt kaupfélag er þó skráð fyrir skipi með úthlutuðum kvóta um 2.500 þorskígildistonn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um eignaraðild samvinnufélaga að félögum sem eiga fiskiskip með aflaheimildir. Árið 1997 var eigið fé kaupfélaganna, ekki samvinnufélaganna almennt, talið vera um 7,8 milljarðar króna. Af þeim litlu upplýsingum sem fyrir liggja er ljóst að um er að ræða verulega fjármuni og eignir sem áætlað er að flytja skattfrjálst til félagsmanna. Á þá tilhögun geta fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd ekki fallist.

Við leggum því til eftirfarandi breytingu sem ég vil fá að lesa, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsliður, sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Hækkun endurmats takmarkast af framreiknuðum A-deildar stofnsjóði félagsins frá upphafi og breytingum á honum milli ára samkvæmt þeim reglum sem giltu um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í árslok 1996 samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt."

[10:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um samvinnufélög, hið fyrsta í röð þriggja nátengdra frv. sem hafa þann tilgang að auðvelda breytingu samvinnufélaga í hlutafélög. Meginefni þessa frv. er að heimilað verði að hækka séreignarhluti félagsaðila til að stofnsjóðir samvinnufélags endurspegli betur eigið fé félags. Í frv. er kveðið á um hvernig að slíkri hækkun verði staðið.

Þá er gert ráð fyrir því með frv. að heimila að lækka A-deild eða B-deild stofnsjóðs samvinnufélags. Heimildinni er m.a. ætlað að opna fyrir möguleika til að greiða til félagsaðila og eigenda hluta í B-deild hluti þeirra í stofnsjóði ef ástæða þykir til, t.d. vegna þess að félagið hafi selt hluta af starfsemi sinni og hafi því ekki þörf fyrir það fjármagn sem er til í félaginu. Þannig er það skýrt í grg. með frv. Þá segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Heimilað verði að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Kveðið er á um hvernig að breytingunni verði staðið, m.a. hvernig ákvörðun um breytinguna verði tekin."

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir álitamálum sem uppi eru um þessar breytingar sem m.a. hafi komið fram í umsögn frá ríkisskattstjóra. Hann gerir ýmsar athugasemdir við breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir

Í athugsemdum við lagafrv. er vakin á því athygli að á vettvangi samvinnufélaganna hafi farið fram mikil umræða um skipulagsþróun og framtíðarhæfni samvinnufélaganna. Í upphafsorðum athugasemda með frv. segir, með leyfi forseta:

„Þróun byggðar og atvinnurekstrar hefur sniðið samvinnufélögum þrengri stakk en áður og heimildir núgildandi laga til að afla fjármagns á markaði með útgáfu B-deildarhluta hefur ekki reynst samvinnufélögunum eins og ætlunin var. Nokkur samvinnufélög hafa þegar ákveðið að stofna hlutafélög um einstaka þætti í rekstri sínum til að bregðast við breyttum aðstæðum. Hafa Vinnumálasambandið og Samband íslenskra samvinnufélaga þrýst á það við stjórnvöld að þau taki lög um samvinnufélög til endurskoðunar með það í huga að færa samvinnufélögum auknar heimildir til þess að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína."

Síðar í athugasemdum með frv. er réttilega vakin athygli á því að með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að einn eða neinn sé þvingaður til neins. Hér segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með frumvarpinu gert ráð fyrir lögþvinguðum breytingum á rekstri einstakra samvinnufélaga heldur bent á færar leiðir sem opnar eru félagsmönnum til frjálsrar ákvörðunar."

Allt er þetta rétt. Síðan eru skoðaðar þær álitsgerðir sem koma frá samvinnufélögum og kaupfélögum og þær eru á einn veg, þ.e. að við erum hvött til að samþykkja þessar breytingar. Ég vil þó hafa uppi ákveðnar efasemdir eða vangaveltur um það sem hér er að gerast vegna þess að þessar breytingar snerta grundvallaratriði. Það er alveg rétt sem segir í athugasemdum með frv. að að undanförnu hefur átt sér stað mikil umræða á vettvangi samvinnufélaganna um framtíð þeirra og hvernig þau geti lagað sig að nýjum aðstæðum. En ég held að það sé ekki fyrr en nú á síðari stigum að þessi umræða breiðist út yfir samfélagið allt og e.t.v. er hið sama að gerast varðandi samvinnufélögin og með sparisjóðina að eitt viðhorf kann að vera uppi innan veggja fundarsalarins og annað utan. Sú var nefnilega tíðin að samvinnufélögin voru í reynd grunnur að samfélagi í byggðum landsins og sú spurning vaknar hver það er sem eigi þessi félög í reynd. Eru það núverandi félagsmenn, eru það viðskiptavinir félagsins, er það byggðarlagið og ef um er að ræða að breyta eignarformi, hvar á eignarhluturinn að lenda? Á hann að lenda hjá núverandi eigendum, núverandi félagsmönnum, eða á hann hugsanlega að lenda hjá byggðinni, hjá byggðarlaginu, hjá sveitarfélaginu, þ.e. hjá þeim viðskiptavinum sem félagið hefur þjónað? Mér finnst það segja sína sögu um þessa þætti máls að í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta, um heiti á þessum félögum:

„Þó mega hlutafélög, sem stofnuð verða skv. XII. kafla laganna, halda orðinu kaupfélagi óstyttu í nafni sínu."

Í athugasemd með þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Með þessari breytingu á 3. gr. laganna er verið að gera þeim samvinnufélögum, sem hafa orðið kaupfélag óstytt í nafni sínu, kleift að halda því orði, skrifuðu fullum fetum, í nafni hlutafélags eftir breytingu samvinnufélagsins í hlutafélag ..." — Félögunum er heimilt að nota hugtakið og orðið kaupfélag enda þótt þau hafi verið gerð að hlutafélagi. Hvers vegna? Til að varðveita þannig, og nú vitna ég aftur í greinina, með leyfi forseta: „... og varðveita þannig hugsanlega viðskiptavild er tengist starfsemi viðkomandi kaupfélags." Þetta er hinn félagslegi, tilfinningalegi þáttur og sögulegi sem endurspeglast í þessum orðum og þessari lagabreytingu.

Ég held að sú umræða sem hófst innan fundarveggja kaupfélaganna sé nú að breiðast út í samfélagið og menn séu að velta þessum álitamálum fyrir sér á þeim grunni sem ég hef rakið. Þótt ég geri mér grein fyrir því, eins og ég gat um áðan, að hér er ekki um neina lögþvingun að ræða og erfitt að leggjast gegn vilja þessara félaga þá hefði ég talið að umræðan hefði þurft að þróast betur auk þess sem ég tek undir þá fyrirvara sem komu fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skattalega meðferð þessa máls þegar eignarhlutum er breytt og færðir yfir í nýtt form. Ég held að þá hluti hefði þurft að skoða betur. Þess vegna, herra forseti, leyfi ég mér að lýsa yfir fyrirvörum um afgreiðslu málsins. Ég tel að það hefði þurft að byggja á mun meiri og ítarlegri umræðu og skoðun áður en þetta er gert að lögum.

[11:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, með síðari breytingum, markar í sjálfu sér ákveðin tímamót í sögu félagslegrar uppbyggingar atvinnulífs og samfélags hér á landi. Kaupfélögin, samvinnufélögin og samvinnuhugsjónin sem þau byggðust á áttu stóran hlut að því að endurreisa íslenskt atvinnulíf, íslenskt menningar- og félagslíf um allt land sem hluta af sjálfstæðisbaráttunni á síðustu öld. Bara sú hugsjón ein að í þessum félagsskap fór hver með eitt atkvæði óháð gildi hans eða stöðu eða áhrifum innan þessara fyrirtækja þessa félagsskapar.

Þessi fyrirtæki og þessi félög voru hluti af því samfélagi sem þau voru sprottin upp úr. Þau voru hluti af því og litu á sig sem slík og þess vegna var stjórnskipunin með þeim hætti. Þau litu ekki á það sem forgangsverkefni sitt að ná arði út úr rekstrinum til þess jafnvel að fara með burt úr héraðinu eða af landinu eins og við upplifum nú markmið margra atvinnufyrirtækja, margra einkafyrirtækja sem eru nú að hasla sér völl og ryðja sér til rúms hér á landi. Skyldur gagnvart samfélaginu, skyldur gagnvart meðborgurunum, skyldur gagnvart nágrannasamfélaginu sínu virðast vera á undanhaldi eins og er. Atvinnureksturinn á að fá þá umgjörð að þar ráði afl hins sterkasta, hann ráði hvar áherslurnar liggja, hvert arðsemismarkiðið er og hvernig arðinum er ráðstafað, hvert hann er fluttur, hvert hann er tekinn.

Herra forseti. Ég tel að við séum hér á hættulegri braut. Vel má vera að núna gefist eitthvert takmarkað svigrúm án þess að til alvarlegra brotlendinga komi í samfélaginu að ganga þessa braut, þessa einkavæðingararðsemiskröfubraut, þessa braut þar sem eigandinn og ábyrgðaraðilar atvinnurekstrar, fyrirtækja og þjónustustofnana eru hvergi nærri, þeir geta verið í öðrum landshluta eða öðrum löndum. Vel getur verið að eitthvert takmarkað svigrúm verði fyrir þessar breytingar. En ég held, herra forseti, að þegar til langtíma er litið og þegar við lítum á heill samfélagsins, þegar við lítum á heill meðborgaranna til langs tíma, muni þetta ekki ganga upp og muni ganga til baka.

Herra forseti. Ég vil því taka undir varnaðarorð hv. þm. Ögmundar Jónassonar þar sem hann hvatti til þess að þessi mál væru skoðuð vandlega, reynt verði að finna hvort ekki séu einhverjar aðrar leiðir til að gefa kaupfélögunum, gefa samvinnufélögunum aukið svigrúm ef talin er nauðsyn til að hasla sér völl eða standast í samkeppni við þessar tímabundnu aðstæður í einkavæðingarhraðlest nútímans sem ég held að muni brotlenda fyrr eða síðar ef menn sjá að ekki er framtíðarlausn fyrir allt atvinnulíf. Hér eigi að fara sér hægt.

Við höfum dæmi um kaupfélög sem standa sig ágætlega. Ég nefni Kaupfélag Skagfirðinga og þann atvinnurekstur og félagsrekstur sem þar er staðið að, enda er þar traust og öflugt félag með víðtækri aðild íbúanna á því svæði sem er einmitt mjög virkt í starfi þess samvinnufélags. Ég hugsa til þess með hryllingi, herra forseti, ef sú staða væri komin upp að eignarhald þar og forsjá væri komin í hendur fjarstaddra aðila sem hugsuðu um það eitt að á meðan þeir ættu þarna eignaraðild eða aðkomu skyldu þeir ná út úr þessu fyrirtæki eins miklum arði og hægt væri. Það væri í rauninni markmiðið og þeir hugsuðu einungis í eigin ævitíma. Vel má vera að um einhverja skamma hríð megi tappa út úr fyrirtækjum eins og við höfum horft á í æ fleiri tilvikum víða um land, mjólka út úr þeim eignirnar, mjólka út úr þeim arð tímabundið og fara með hann burt. En þegar til lengri tíma er litið á

byggðarlagið og íbúarnir og börn þeirra, sem höfðu lagt sitt til þess að byggja upp þessi fyrirtæki og þennan félagsskap, ekki annarra kosta völ en elta fjármagnið, fara á eftir því úr héraðinu ef svo hefur orðið.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á er líka í óvissu og alls ekki útkljáð hvernig er með eignarhaldið, hver sú eignastaða er sem verið er að fjalla um, hvað verið er að setja á hálfgerðan uppboðsmarkað eða bjóða þær aðstæður að hægt sé að setja þetta á uppboðsmarkað. Tökum sem dæmi eignir Kaupfélags Skagfirðinga. Þar eru gríðarlega miklar eignir sem eru fyrst og fremst eignir fyrir það samfélag sem þar er, ef við sæjum þær fara á slíkan uppboðsmarkað. Mér fyndist þurfa að taka út, herra forseti, þær eignir og eignastöðu sem um er að ræða og hvernig þeim skal þá ráðstafað og hver á þá í raun siðferðislegan rétt til þeirra og ráðstöfun þeirra og þess hluta sem þeim var ætlað að þjóna.

Þó svo að í þessi lög sé sett það ákvæði að ekki eigi að þvinga samvinnufélög til að breyta sér í hlutafélög þá er það þó ljóst að sú umgjörð sem verið er að skapa atvinnurekstri á þessum vettvangi verður æ þrengri. Það er þrengt að þeim beint og óbeint þannig að verði ekki gripið til andstæðra aðgerða, aðgerða sem styrkja þennan félagsskap, styrkja þetta atvinnuform, þá munu þeir fyrr eða síðar neyðast til að fara þá leið sem hér er verið að ýta þeim út á beint eða óbeint, þeir munu ekki eiga annarra kosta völ ef svo fer fram sem horfir. Í rauninni er þessi valkostur settur upp meira til friðþægingar en til þess að það sé vilji af hálfu stjórnvalda til framtíðar að hann sé raunverulegur valkostur.

Herra forseti. Ég tek undir og árétta varnaðarorð hv. þm. Ögmundar Jónassonar í umræðunni. Ég tel að hérna hefði átt að fara mun hægar, hér hefði átt að skoða málin mun betur hvað verið væri að gera. Hérna hefði átt að leita líka og leggja fram leiðir hvernig mætti styrkja þetta atvinnuform frekar en að opna því leiðir til að leggjast af eins og er hin óbeina eða beina stefna sem þetta frv. leggur til.

[11:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum. Ég vil koma hér upp til þess að taka undir þau varnaðarorð sem hafa fallið frá hv. 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni, og hv. 13. þm. Reykv. Ögmundi Jónassyni, um breytingar á kaupfélögunum.

Við gerum okkur grein fyrir því að tíðarandinn er breyttur í samfélaginu og menn ríða á bylgju einkavæðingar og þessi ósk félaganna er e.t.v. afleiðing af tímabundnu hugarfarsástandi í okkar samfélagi. Ég vil vara við því. Kaupfélögin hafa verið kjölfesta. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að viðleitni kaupfélaganna til þess að fá inn aukið fjármagn í rekstur sinn með því að gefa út B-deildar skírteini hefur kannski ekki gengið eins vel eins og menn höfðu vonað og vonuðu þegar sá möguleiki var opnaður, en ég held að það megi líka skrifast á tíðarandann.

Þegar byrjað var á útgáfu slíkra skírteina var staða kaupfélaganna almennt mjög slæm og þess vegna kannski ekki fýsilegt fyrir fjárfesta eða fólk sem vildi koma peningum sínum fyrir að fara inn í B-deildir kaupfélaganna og þess vegna var minna um B-deildarskírteinaútgáfur en efni stóðu til. Ég held að við hefðum kannski átt að einbeita okkur að því sem var bráðnauðsynlegt að tryggja. Ég kom með frv. til laga upp áðan, fyrir mistök, um innlánsdeildir. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að nauðsynlegt var að styrkja innlánsdeildirnar. Margir kaupfélagsmenn hafa farið illa út úr fjárhagserfiðleikum kaupfélaganna vegna þess að innlánsdeildirnar voru ekki nægilega tryggar. Þeir fjármunir sem kaupfélagsmenn höfðu inni í innlánsdeildum voru í vissum tilfellum í uppnámi þó ræst hafi úr eftir margra mánaða uppgjör eins og hjá Kaupfélagi Þingeyinga þegar erfiðleikarnir voru þar og það kaupfélag rúllaði. Það var því í sjálfu sér nauðsynlegt að fara í styrkingu á innlánsdeildunum og láta þær fylgja sömu lögmálum og aðrar innlánsstofnanir, hvort sem um er að ræða banka eða sparisjóði.

Ég tel að of bratt sé í farið með þessum breytingum hér. Ég held að stjórnir kaupfélaganna víða ríði á þessari bylgju einkavæðingar. Við hefðum e.t.v. átt að einbeita okkur að því að styrkja kaupfélagsformið í þeirri mynd sem það hefur verið fram að þessu. Kaupfélögin hafa um áratuga skeið haft alla möguleika á því að hasla sér völl í hlutafélagsformi. Það eru mörg dæmi um það. Útgerðarfélag Akureyringa var stofnað t.d. af kaupfélagi, bæ og einkaaðilum. Útgerðarfélag Dalvíkinga var Kaupfélag Eyfirðinga, Dalvíkurbær og einkaaðilar, þannig að það er áratuga hefð fyrir því að þátttaka kaupfélaganna var möguleg.

Aðalfundur Kaupfélags Eyfirðinga er næsta laugardag og eins og þróunin er núna miðað við ríkjandi tíðaranda þá virðist manni að í stærsta kaupfélagi landsins, eða e.t.v. næststærsta á eftir Kaupfélagi Árnesinga, séu menn komnir á þá braut að þróa félagið með þeim eignum sem þar eru innan borðs yfir í fjárfestingarfélag. Náttúrlega veit enginn hvert útfallið verður í framhaldi af því ef við lítum til lengri tíma, fimm eða tíu ára. Varnaðarorð mín eru þau, eins og fram komu í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar og hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að við sjáum marga kosti í þessu félagsformi, kaupfélagsforminu, eins og það eru hugsað í grunninn. Þau eru byggðatengd. Þau hafa verið kjölfesta í byggðarlögunum. Ekki er gott að losa um á þennan hátt eins og virðist stefna í þó að það sé auðvitað, eins og fram hefur komið í umræðunni, ákvörðun einstakra félagsstjórna hvernig verður farið í málin. En við vitum hvernig kaupin gerast á eyrinni og ef við lítum til fimm eða tíu ára er ekkert fast í hendi með það að hafa þessi byggða- eða svæðisbundnu tengingu á eignarhaldsfélögum kaupfélaganna eins og þau eru að þróast, þ.e. að þau verði staðbundin og sú kjölfesta í heimabyggð sem þau hafa verið um áratuga skeið. Það er náttúrlega stóra áhyggjuefnið að við erum að færa þetta út í hina hörðu markaðsvæðingu og byggðirnar og fólkið sem byggði upp þessi félög á grunni þessa félagsforms eins og það var missi tökin á þessu.

En það eru ekki bara kaupfélögin sem verið er að fara í á þessum grunni. Það eru líka vangaveltur um breytt rekstrarform sparisjóðanna. Við höfum margoft lýst því yfir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það er okkur stórt áhyggjuefni. Sparisjóðirnir hafa verið byggðatengdir, svæðistengdir, og hafa þjónað í mörgum tilfellum heimabyggðum sínum mjög vel þar sem framkvæmdastjórnir slíkra fyrirtækja hafa að mestu leyti einbeitt sér að því að þjóna viðkomandi svæðum.

Ég vil fyrst og fremst koma þessum atriðum á framfæri. En ég geri mér grein fyrir því að sá þáttur í breytingunni á samvinnufélögum sem lýtur að innlánsdeildum er nauðsynlegur. Þar þarf í nýju ljósi að tryggja innlánsdeildirnar. Þær verða að vera sterkar og þannig þarf um hnútana að vera búið að þeir sem eru með fé sitt bundið í innlánsdeildum taki ekki

meiri áhættu en fólk almennt þegar það leggur sína peninga inn í banka eða sparisjóði.

Virðulegi forseti. Að síðustu þetta. Við hefðum viljað sjá styrkingu á félagsforminu á þeim nótum sem það var hugsað. Svo virðist vera að samvinna, samrekstur og félagsrekstur sé ekki í tísku hjá þeim sem ráða ferðinni í samfélaginu í dag, þ.e. innan þingsins og úti í samfélaginu og þessi nýja hugsun er náttúrlega komin inn í stjórnir félaga eins og kaupfélaganna. En ég vil taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar og segja að e.t.v. er þetta bóla sem lýtur lögmálum tímans eins og hann er nú. Það verður kannski uppi á teningnum að vinda ofan af og styrkja samvinnurekstur innan örfárra ára þegar menn sjá gallana á þeim kerfisbreytingum sem nú eru í farvatninu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 2. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 717, nál. 940 og 1082.

[11:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og breytingatillögu við frv. um samvinnufélög, með síðari breytingum, þ.e. þeim kafla laganna sem fjallar um innlánsdeildir samvinnufélaganna.

Nefndin sendi frv. til umsagnar allmargra aðila og fékk nokkra þeirra á sinn fund.

Meiri hluti nefndarinnar leggur eftirfarandi til:

Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Hlutafélag, sem breytt hefur verið úr samvinnufélagi á grundvelli 61. gr., 61. gr. a og 61. gr. b, skal hafa sömu heimild og samvinnufélagið til að reka áfram innlánsdeild og skal í þessum rekstri hafa sömu réttarstöðu í íslenskri löggjöf og samvinnufélög eftir því sem við á.

Þetta er sett fram í því skyni að tekin séu af öll tvímæli um að samvinnufélög sem verða að hlutafélögum geti haldið áfram að starfrækja innlánsdeildir eins og þau hafa gert hingað til.

Ekki er ástæða til þess, virðulegi forseti, að þær breytingar sem verið er að gera á samvinnulögunum sem ganga út á að samvinnufélögum sé gefinn kostur á að breytast í hlutafélög hafi áhrif á rétt þessara fyrirtækja til þess að reka innlánsdeildir. Hvort og með hvaða hætti þessi félög hafa þennan rétt á að ákveða sérstaklega. Þó gengur frv. sem hér er til umræðu út á það að bæta eftirlit og styrkja stöðu þessara innlánsdeilda með auknum kröfum til samvinnufélaganna eða hlutafélaga sem standa að þessum rekstri. Markmiðið frv. er að hagsmunir þeirra einstaklinga og félaga sem eiga eignir inni hjá þessum innlánsdeildum sé betur tryggðir.

[11:27]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. í þessu síðara máli sem lýtur að breytingum á lögum er varðar rekstrarumgjörð samvinnufélaganna, en minni hlutann skipar ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Segja má að innlánsdeildir samvinnufélaga séu arfur liðins tíma þegar ekki var jafngreiður aðgangur að fjármagni til rekstrar og í dag. Innlánsdeildirnar taka við fjármagni frá félags- og viðskiptamönnum til ávöxtunar en nýta það jafnframt til þess að fjármagna rekstur félaganna. Samvinnufélög sem starfrækja innlánsdeildir þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði og Tryggingasjóður innlánsdeilda er starfandi. Skilyrðin eru þó ekki þau sömu og t.d. viðskiptabankar eða önnur fjármálafyrirtæki þurfa að lúta bæði hvað varðar kröfur um eigið fé og tryggingar til verndar viðskiptamönnum. Því tekur minni hlutinn undir þau orð er fram koma í umsögn frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja að í raun sé um meiri áhættufjárfestingu að ræða í viðskiptum við innlánsdeildir samvinnufélaga en í viðskiptum við t.d. viðskiptabanka og sparisjóði eins og dæmin sýna.

Það er viðurkennd staðreynd að innlánsstarfsemi fer almennt ekki vel saman við rekstur sem er af allt öðrum toga. Það er ástæða þess að í löggjöf um banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir er tekið fyrir að þeim sé heimilt að stunda aðra starfsemi en fjármálastarfsemi. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd telja að ef heimila eigi samvinnufélögum að færa sig yfir í skilvirkara rekstrarform, þ.e. hlutafélagsformið, þá eigi þau að búa við sama rekstrarumhverfi og önnur hlutafélög. Samvinnufélög sem kjósa að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélög skuli fjármagna starfsemi sína með sama hætti og annar rekstur sem lýtur því félagsformi. Segja má að tekið sé undir þetta sjónarmið minni hlutans í athugasemdum við málið, en þar kemur fram að ekki sé hægt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir samvinnufélög á fjármagnsmarkaði og að innlánsstarfsemi sé almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur. Þar kemur einnig fram að staða innlánsdeilda samvinnufélaga gagnvart öðrum almennum lánastofnunum hefur versnað á síðustu árum. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu leggur meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar ekki til þá breytingu á frumvarpinu að starfsemi innlánsdeilda verði hætt heldur að gerðar verði til þeirra strangari kröfur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni geta ekki fallist á þá leið sem valin er í frv. Það er með öllu óeðlilegt að um leið og ætlað er að veita samvinnufélögum heimild til að breyta rekstrarformi sínu yfir í rekstrarform hlutafélaga eigi þau samhliða annarri starfsemi að fá heimild til að viðhalda starfsemi innlánsdeilda, m.a. til þess að fjármagna aðra starfsemi sína og búa þannig við aðrar aðstæður og kröfur en önnur starfandi hlutafélög, ekki síst fjármálafyrirtæki. Þessi niðurstaða skapar ójafnræði á markaði.

Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem komu m.a. fram í umsögnum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja til nefndarinnar á síðasta löggjafarþingi og aftur núna, að verði málið, sem við ræddum áðan, um breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga, samþykkt sem lög frá Alþingi þá verði þeim samvinnufélögum sem kjósa að breyta rekstrarformi sínu gert skylt að loka innlánsdeildum sínum. Ráðherra sé heimilt að veita einhvern aðlögunartíma en þó aldrei lengri en tvö ár.

Samfylkingin lítur svo á að innlánsdeildir samvinnufélaga séu, eins og ég sagði í upphafi máls míns, barn síns tíma og eigi ekki heima í nútímafjármálaumhverfi. Engin rök mæla með áframhaldandi rekstri þeirra. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd gera því breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að innlánsdeildir samvinnufélaga verði lagðar niður.

Með leyfi forseta, leggjum við til eftirfarandi breytingu:

„Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal samvinnufélagi sem kýs að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag á grundvelli ákvæða laga þessara skylt að loka innlánsdeild sinni. Ráðherra er heimilt að veita frest til að ganga frá slíku uppgjöri en hann skal þó aldrei vera lengri en tvö ár."

Undir þetta nál. skrifar ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 767, nál. 942 og 1099, brtt. 943.

[11:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en frv. þetta fylgir þeim málum sem hafa verið rædd á undan, þ.e. um réttindi samvinnufélaga til þess að breytast í hlutafélög.

Meginefni þess frv. sem hér er lagt fram er að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt á þann veg að það valdi ekki skattaútlátum fyrir félagsmenn samvinnufélaga við að ákvörðun sé tekin um að rekstur þeirra verði í hlutafélagsformi. Það er afar eðlilegt að formbreyting ein og sér leiði ekki til skattgreiðslna af hálfu eigenda samvinnufélaganna.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tvær brtt. sem koma fram á þskj. 943. Í fyrsta lagi við 1. gr. frv.:

„Á eftir orðunum „A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga" komi: eða samvinnuhlutabréf sem félagsaðilum eru afhent við slíka hækkun séreignarhluta í samvinnufélagi."

Í öðru lagi við 4. gr. frv.:

„Sé samvinnufélagi skipt þannig að fleiri en eitt samvinnufélag eða hlutafélag taki við eignum og skuldum frá félaginu skulu ákvæði þessarar málsgreinar gilda um slíka skiptingu." — Þetta er endurorðun á 1. mgr. 4. gr. frv. eða fyrri efnismálslið en hefur í sjálfu sér ekki mikla efnislega þýðingu.

Virðulegi forseti. Ég tel einboðið að þetta mál gangi í gegn og verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Það er alls ekki eðlilegt að formbreyting á fyrirtæki úr einu rekstrarformi í annað hafi í för með sér að eigendur viðkomandi fyrirtækis þurfi að greiða tekjuskatt sérstaklega vegna þess.

[11:35]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. þetta er fylgifrumvarp tveggja annarra frv. sem viðskrh. flytur og við höfum verið að ræða hér á undan, um breytingu á lögum um samvinnufélög. Í nál. með þeim frv. sem eru annars vegar um breytingu á samvinnufélögum, sem lúta að innlánsdeildum og hins vegar um breytingu á rekstrarumgjörð samvinnufélaga, kemur fram afstaða minni hlutans til þessara mála og ég hef lýst í tengslum við nál. þeirra mála hér á undan, m.a. að óeðlilegt sé að veita samvinnufélögum skattaívilnanir umfram það sem gildir um hlutafélög. Vísar minni hlutinn um rökstuðning fyrir afstöðu sinni til nál. þeirra og einnig til umsagnar ríkisskattstjóra frá síðasta þingi þar sem fram kemur að ríkissjóður afsali sér skatttekjum með slíkum ívilnandi reglum.

Herra forseti. Það er því ljóst að þetta mál tengist þeim frv. sem við vorum að ræða áðan og ég hef lýst afstöðu minni hlutans til. Við flytjum brtt. við þau og afstaða okkar endanlega til þessa frv. sem við ræðum nú mun ráðast af því hvaða örlög þær brtt. hljóta í þingsölum.

Undir þetta nál. skrifar ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

[11:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ítreka þá fyrirvara sem fram hafa komið í máli þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa tjáð sig um þessi þrjú frv., sem eru nátengd, þetta frv. og hin tvö sem voru rædd hér á undan. Við lýsum fyrirvörum, ég ítreka fyrirvara sem fram hafa komið af hálfu ríkisskattstjóra við fyrsta frv. og við gerum einnig athugasemdir og höfum fyrirvara á þeirri aðferðafræði sem er verið að beita og hefðum talið æskilegt að þessi mál hefðu fengið meiri umfjöllun í þjóðfélaginu almennt áður en þau verða gerð að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafrænar undirskriftir, 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 820, nál. 1092, brtt. 1093.

[11:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um rafrænar undirskriftir.

Ef frv. verður að lögum verða til ný heildarlög um rafrænar undirskriftir. Á því er töluverð þörf, ekki síst vegna þess að rafræn viðskipti eru að ná sér á strik hér á landi og ákvæði þess vegna nauðsynleg í lögum um rafrænar undirskriftir, skilgreiningar á þeim, réttaráhrif, hvernig rafrænar undirskriftir verða til, hvaða aðilar gefa út svokallaða lykla og hvernig með þessi mál er almennt farið.

Efh.- og viðskn. sendi málið víðs vegar til umsagnar og fékk jafnframt allmarga aðila til fundar um málið.

Nefndin gerir tillögu til breytinga á frv. í fimm liðum.

Í 1. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 4. gr. sem fyrst og fremst gengur út á að skýra betur það sem þar segir.

Í 2. lið brtt., sem mest umræða varð um í nefndinni, er gerð tillaga um breytingu á gjaldtöku vegna starfsemi vottunaraðila og eftirlit með þeim en þá er farin sú leið að vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð skuli greiða gjald að fjárhæð 1 millj. kr. á ári til að standa straum af kostnaði við eftirlit samkvæmt lögum þessum. Ef vottunaraðili byrjar eða hættir starfsemi á gjaldárinu skal lágmarksárgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem starfrækslan varði á árinu. Eftirlitsgjaldið á að renna beint til Löggildingarstofu og verða innheimt af henni. Þetta er töluverð lækkun frá því sem fyrirhugað var samkvæmt frv. en nefndin telur ástæðu til að fara rólegar af stað með gjaldtöku á vottunaraðila þar sem óljóst er hvernig þessi mál muni þróast. Enda er líka í 5. lið brtt. frá nefndinni gert ráð fyrir því að þessi kafli frv. verði endurskoðaður eftir tvö ár frá gildistöku laganna með

hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess og hvaða rök eru þá til þess að endurskoða gjaldið.

Í 3. lið brtt. er talað um tilflutning á greinum í frv.

Í 4. lið brtt. er gerð tillaga um nýtt orðalag á d-lið 22. gr. sem er þess efnis að „vottorðið eða vottunaraðilinn er viðurkenndur í tvíhliða eða marghliða samningum milli Íslands, Evrópubandalagsins, ríkja utan Evrópubandalagsins eða alþjóðlegra stofnana." Þetta hefur engan efnislegan tilgang annan en þann að rætt er í frumvarpstextanum sjálfum um stofnanir en samkvæmt brtt. er bætt við „í tvíhliða og marghliða samningum".

Virðulegi forseti. Þessar brtt. eru fluttar af nefndinni allri og ég vonast til að málið geti fengið brautargengi í þinginu.

[11:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. um rafrænar undirskriftir. Það er mikið framfaramál að festa það í lög en í þessu frv. er kveðið á um rafrænar undirskriftir og réttaráhrif þeirra auk þess sem settar eru reglur um vottunaraðila slíkra undirskrifta og eftirlit með þeim. Ákvæðum frv. er ætlað að stuðla að öryggi í rafrænum viðskiptum og öðrum samskiptum í opnum kerfum svo sem á netinu.

Samstaða skapaðist um það í nefndinni að fylgja þessu frv. úr hlaði. Helst var rætt um hvernig gjaldtöku yrði háttað af hálfu þeirra sem annast þetta eftirlit eða gefa út þessi vottorð, þ.e. vottunaraðilar, og samkvæmt frv. eins og það lá fyrir fyrst var gert ráð fyrir því að þeir greiddu til Löggildingarstofu, sem hafi umsjón og eftirlit með rafrænum undirskriftum, 1 millj. kr. að lágmarki og síðan 200 kr. fyrir hvert kort sem út yrði gefið.

Það var samdóma álit þeirra sem komu til nefndarinnar að óheppilegt væri að leggja 200 kr. gjald á hvert kort og reyndar var það svolítil lífsreynsla að heyra fulltrúa fjármálalífsins koma til fundar hjá nefndinni og kveinka sér undan 200 kr. sem þeir töldu afskaplega hátt og skapa þeim mikla erfiðleika en á sama tíma hafa ekki heyrst miklar áhyggjur eða athugasemdir frá sömu aðilum þegar þeir hafa komið til þingsins og um hefur verið að tefla önnur gjöld sem eiga að standa undir opinberri þjónustu. Vísa ég þar í margvíslega sjúklingaskatta og álögur sem settar eru á sjúklinga.

En það brá náttúrlega svo við að ríkisstjórnin hafði mikinn skilning á þessum áhyggjum fjármálalífsins, þeim íþyngjandi kvöðum og álögum sem verið væri að setja á fjármálalífið með þessum 200 kr. sem eru eitthvað svipað og menn greiða fyrir ferð með strætisvagni. En það varð niðurstaðan engu að síður að þetta var fellt niður — engu að síður segi ég því að vegna þessara mótmæla og vegna þessa skilnings í ráðuneytinu var ákveðið að hverfa frá þessu 200 kr. gjaldi en halda sig við milljón króna markið, þ.e. að hver vottunaraðili skuli að lágmarki greiða til ríkisins 1 millj. kr. og það er hugsað til að standa straum af kostnaði við það eftirlit sem verður á vegum Löggildingarstofunnar.

Hv. frsm., formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, hefur þegar gert grein fyrir meginefni frv. og þeim brtt. sem efh.- og viðskn. leggur til en ég lýsi sem sagt yfir stuðningi við frv. og tel það horfa til mikilla framfara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

[11:47]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða frá meiri hluta iðnn.

Nefndin fjallaði um þetta mál á nokkrum fundum og fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnrn., jafnframt því sem gögn bárust frá Ólafi Kristjánssyni bæjarstjóra í Bolungarvík sem er formaður viðræðuhóps Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Frumvarpinu er ætlað að heimila stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða, en íslenska ríkið á 40% hlut í því. Gert er ráð fyrir að öll réttindi Orkubús Vestfjarða haldist óbreytt, þrátt fyrir að því verði breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag og réttindi starfsmanna tryggð með ákvæðum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að gjaldskrá Orkubús Vestfjarða verði aðlöguð gjaldskrá Rariks, en að það verði gert í áföngum. Þetta kemur til af því að íslenska ríkið mun væntanlega samræma gjaldskrá Orkubús Vestfjarða gjaldskrá Rariks. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi skattfrelsi Orkubús Vestfjarða þrátt fyrir að það verði gert að hlutafélagi. Þetta er til samræmis við fyrirkomulag annarra orkufyrirtækja á landinu.

Frumvarpið er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1999 þar sem óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um kaup á meiri hluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Frumvarpið sjálft er byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Við það að Orkubúi Vestfjarða er breytt í hlutafélag verður hverju sveitarfélagi heimilt að selja sinn hlut í því og liggur fyrir að íslenska ríkið mun ganga til viðræðna við sveitarfélögin um kaup ríkisins á hlut þeirra í félaginu og gera skuldbindandi kauptilboð. Það verður síðan hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það selur hlut sinn eða hefur hann áfram í eigu sinni. Eignarhlutföll sveitarfélaganna eru byggð á íbúatölu hvers sveitarfélags 1. desember 2000 eins og kveðið er á um í lögum.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum um hvort selja skuli ríkinu hlut hvers þeirra um sig til þess að sporna við fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á að frumvarpið eitt og sér taki einungis til breytts rekstrarforms Orkubús Vestfjarða, en að fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé í raun annað mál, og leggur áherslu á að með frumvarpinu sé ekki verið að taka ákvörðun um sölu heldur að skapa aðstæður og lagalegt umhverfi til þess að af sölu geti orðið.

Meiri hlutinn leggur því til að frv. verði samþykkt.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Undir þetta nál. skrifa Hjálmar Árnason, formaður iðnn., Guðjón Guðmundsson, Drífa Hjartardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Pétur H. Blöndal og Árni R. Árnason.

[11:51]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. forseta hvort iðnrh. sé viðstaddur.

(**Forseti** (GÁS): Ekki er hæstv. iðnrh. í húsinu samkvæmt bókhaldi forseta.)

Þá vil ég hefja mál mitt á því að lýsa yfir megnri óánægju með að hæstv. ...

(**Forseti** (GÁS): Óskar hv. þm. eftir því að forseti geri ráðstafanir til þess að fá hann til fundarins?)

Ef það væri hægt væri það mjög gott. Ég vil lýsa óánægju minni með að þegar svo viðamikið og stórt mál er til umfjöllunar skuli hæstv. iðnrh. ekki vera viðstaddur. Ég vil einnig lýsa óánægju minni með að formaður hv. iðnn. skuli heldur ekki vera viðstaddur þegar umræða um svo stórt og mikið mál fer fram.

Það hefur komið fram, virðulegi forseti, að sveitarfélögin á Vestfjörðum, eignaraðilar að Orkubúi Vestfjarða á móti ríkissjóði eða ríkinu, hafi óskað eftir því að hefja viðræður við ríkið um sölu á Orkubúi Vestfjarða. Það gera hins vegar allir sér grein fyrir því hvers vegna slík ósk kemur fram. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna á Vestfjörðum er ákaflega slæm um þessar mundir og í tengslum við umræðuna um sölu á Orkubúi Vestfjarða kemur alltaf upp kannski stærsti einstaki fjárhagsvandinn og það er staðan í félagslega íbúðakerfinu á Vestfjörðum.

Til eru gögn um það í umfjöllun iðnn. um þetta mál að Fjórðungssamband Vestfirðinga skipar viðræðuhóp vegna samninga varðandi Orkubú Vestfjarða. Það var gert á Ísafirði 4. des. árið 2000. Með leyfi, virðulegi forseti, segir í þessu bréfi:

„Á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum, sem haldinn var á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði laugardaginn 2. desember 2000, var samþykkt að skipa fimm manna viðræðuhóp af hálfu sveitarfélaganna til viðræðna við ríkisvaldið um stöðu þá sem komin er upp vegna umræðu um breytingu á félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag.

Eftirfarandi voru tilnefndir:

Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Guðni G. Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafjarðarbæjar.

Jón Gunnar Stefánsson bæjarstjóri, Vesturbyggð.

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar.

Á nefndum samráðsfundi voru til umræðu bréf stjórnarformanns OV frá 13. október 2000, minnispunktar frá fundi sveitarfélaga með ráðuneytismönnum þriggja ráðuneyta í Reykjavík 3. nóvember 2000, bréf ráðuneytanna frá 7. nóvember og bréf Berglindar Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá 30. nóvember 2000.

Ljóst er að öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt breytingu á félagsformi OV í hlutafélag. Á samþykktum sveitarfélaganna má sjá að þau vilja nálgast viðfangsefnið af varkárni. Mun viðræðuhópur FV kynna afstöðu vestfirskra sveitarfélaga á væntanlegum viðræðufundi.

Viðræðuhópur FV fagnar þeim yfirlýsingum sem fram koma í bréfi þriggja ráðuneytisstjóra frá 7. nóvember 2000 þar sem lýst er m.a. yfir að ríkisvaldið er tilbúið að fallast á eftirfarandi:

OV starfi sem sjálfstæð eining.

Gjaldskrá OV verði aðlöguð að gjaldskrá Rarik í áföngum.

Engum starfsmanni við OV verði sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og kaupa ríkisins á eignarhluta einstakra sveitarfélaga.

Að stjórn OV skipi sem mest heimamenn.

Kauptilboð ríkisins standi óbreytt fram að gildistöku nýrra orkulaga gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki vilja selja hlut sinn í upphafi."

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að lesa má á milli línanna að sveitarstjórnarmenn og ráðamenn á Vestfjörðum hafa stórar áhyggjur af þessu máli og þess vegna eru settar fram kröfur eða tilmæli um að tekið verði tillit til lykilþátta hvað varðar starfsemi fyrirtækisins á Vestfjörðum, svo sem eins og starfsmannahalds, gjaldskrármála og fleiri þátta.

Auðvitað eru menn áhyggjufullir. Staða málsins er nefnilega sú að það er fyrst og fremst, eins og ég gat um áðan, fjárhagsleg staða sveitarfélaganna sem knýr menn til þess að setja fram hugmyndir og síðan á blað bollaleggingar um að selja eignir á Vestfjörðum til að standa straum af kostnaði við að endurskipuleggja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna fyrir vestan og þá með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa sett fram mikla fyrirvara og þeir eru allir þess eðlis að menn gera sér grein fyrir því að viss hætta er á því að forræði á málaflokknum Orkubúi Vestfjarða fari úr höndum Vestfirðinga. Þess vegna setja menn á Vestfjörðum fram fyrirvara í mörgum liðum. Fyrirvarar einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna formbreytinga eignarhalds Orkubús Vestfjarða eru t.d. að ráðstöfun á söluandvirði Orkubús Vestfjarða, ef til sölu kemur, verði án skilyrða af hálfu stjórnvalda. Að einnig sé verið að breyta rekstrarformi Orkubús Vestfjarða og öll ákvæði laga um Orkubú Vestfjarða muni gilda fram að gildistöku nýrra orkulaga.

Virðulegi forseti. Þarna kemur glögglega í ljós að ný orkulög sem hv. þingmenn hafa nú ekki einu sinni fengið ráðrúm til þess að kynna sér eða sjá enn þá, munu e.t.v. gjörbreyta sýn manna á þessi mál varðandi endurskipulagningu eða hlutafélagavæðingu Orkubús Vestfjarða. Þess vegna tel ég að með allar þessar bollaleggingar, breytingar á lögum, hefði a.m.k. átt að bíða þangað til ný raforkulög væru komin fram þannig að menn gætu séð þessa hluti í víðu samhengi.

Fyrirvarar eru einnig gerðir um að ákvæði í samningi ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkissjóðs á langtímalánum Orkubús Vestfjarða, samanber samning frá 13. júlí 1989, verði ekki framfylgt. Það er einnig gerður fyrirvari um að sala á eignarhluta Orkubús Vestfjarða hafi ekki áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaganna. Gerður er fyrirvari um að öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi sölu á sínum hlut í Orkubúi Vestfjarða. Gerður er fyrirvari um að stjórn fyrirtækisins verði í höndum heimamanna, a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga. Í öllum umsagnarbréfum er lögð rík áhersla á forræði heimamanna og stöðu starfsmanna.

En menn skulu nú átta sig á því að raforkulögin eru á næstu grösum þannig að þessi ákvæði eru ekki trygg nema um nokkurra mánaða eða missira skeið. Hér er því lítið hald þegar til lengri tíma er litið.

Gerður er fyrirvari um að starfsmannahald, rekstur og framkvæmdir verði með óbreyttum hætti a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga. Hið sama gildir náttúrlega um

starfsmannahald. Hér er e.t.v. bara verið að tjalda til nokkurra mánaða eða missira.

Síðan er gerður fyrirvari um að gjaldskrá orkubúsins verði aðlöguð gjaldskrá Rariks í áföngum en eins og kunnugt er er gjaldskrá Orkubús Vestfjarða töluvert lægri en gjaldskrá Rariks. Þetta á að gera í áföngum og menn tala um mörg prósent, allt frá 8% og upp í 14% gjaldskrárhækkun ef á að færa til samræmis við gjaldskrá á Rarik-svæðum. Því er ljóst að með þessari breytingu á Orkubúi Vestfjarða yfir í hlutafélagaform eru Vestfirðingar að kalla yfir sig og samþykkja í raun og veru að í áföngum verði töluverð hækkun á raforkuverði á Vestfjörðum. Það er ekki það sem Vestfirðingar þurfa á að halda, hvorki einstaklingar né fyrirtæki vegna þess að þessi landsfjórðungur hefur sannarlega átt í vök að verjast hvað varðar byggðaþróun og hefði verið nær að halda þannig á spöðunum að þau hlunnindi nýttust fjórðungnum áfram að vera með tiltölulega lágt raforkuverð.

Einnig er gerður fyrirvari um að eftir gildistöku nýrra raforkulaga verði horft til þess að efla starfsemi í orkugeiranum á Vestfjörðum fremur en draga úr henni. Gerður er fyrirvari um að fyrir liggi tilboð stjórnvalda til allra sveitarfélaga um kaup á hlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða á ákveðnu verði áður en til formbreytingar kemur og það tilboð gildi fram að gildistöku nýrra raforkulaga. Gerður er fyrirvari og rætt um meðferð söluhagnaðar, ef til sölu kemur, á eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða með tilliti til skattalaga.

Ef til sölu eignarhluta sveitarfélaganna kemur mun hvert og eitt sveitarfélag ráðstafa andvirðinu með sem hagkvæmustum hætti til að lækka skuldabyrði sína og blása þannig til nýrrar sóknar á öllum sviðum svo að það geti enn betur sinnt skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins og gert það að eftirsóknarverðum búsetukosti.

Settir eru margir fyrirvarar í mörgum bréfum og þeir fyrirvarar eru þess eðlis að ég tel að ákaflega erfitt verði að uppfylla þá hvað varðar starfsmannahald, hvað varðar setu í stjórn fyrirtækisins, hvað varðar þróun fyrirtækisins. Enn og aftur vil ég árétta það að frv. til laga um ný orkulög er á næstu grösum þannig að hér er verið að fara fram úr sér, hv. þingmenn. Við hefðum átt að bíða eftir því og afgreiða ný orkulög og skoða síðan Orkubú Vestfjarða í nýju ljósi.

Stjórn Orkubús Vestfjarða, virðulegi forseti, skrifar bréf á Ísafirði 13. október árið 2000. Þar er orkubússtjórnin að lýsa hugmyndum sínum og umsögn sinni varðandi þróun mála um sölu á Orkubúi Vestfjarða eða breytingu Orkubús Vestfjarða í hlutafélag. Með leyfi virðulegs forseta, segir þar:

„Viðræðunefndir ríkisvaldsins og sveitarfélaganna á Vestfjörðum um hugsanlegar breytingar á eignaraðild að Orkubúi Vestfjarða hafa komið saman á nokkrum fundum í sumar og haust.

Á þessum fundum hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag strax en ekki bíða nýrra raforkulaga sem eru í smíðum og munu væntanlega kveða á um að öll orkufyrirtæki skuli rekin sem hlutafélög.

Megintilgangur með þessari breytingu nú er að gera núverandi eigendum að Orkubúi Vestfjarða kleift að ráðstafa eignarhlut sínum í fyrirtækinu að vild.

Það er skoðun okkar að hér sé einungis verið að breyta félagsformi fyrirtækisins og öll önnur ákvæði laga um Orkubú Vestfjarða muni gilda fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

Eignist ríkið meiri hluta í Orkubúi Vestfjarða liggja fyrir yfirlýsingar um:

1. Stjórn fyrirtækisins verði í höndum heimamanna a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

2. Starfsmannahald, rekstur og framkvæmdir verði með óbreyttum hætti a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

3. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða verði aðlöguð að gjaldskrá Rariks í áföngum.

4. Eftir gildistöku nýrra raforkulaga verði horft til þess að efla starfsemi í orkugeiranum á Vestfjörðum fremur en draga úr henni.

Viðræðunefndin leggur því til að sveitarstjórnin samþykki að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag."

Það liggur alveg ljóst fyrir af þessum bréfaskriftum, virðulegi forseti, að ráðandi aðilar á Vestfjörðum, bæði innan fyrirtækisins og sveitarstjórnarmenn, gera sér vonir um að þeir fyrirvarar sem þeir eru að setja haldi hvað varðar stjórn fyrirtækisins í höndum heimamanna, hvað varðar starfsmannahaldið, gera sér grein fyrir því að gjaldskráin muni hækka og verða færð til samræmis við gjaldskrá Rariks og gera sér vonir um eflingu fyrirtækisins innan þessarar stóru einingar sem Rarik mun slást í för með.

Ég held, virðulegi forseti, að ráðandi aðilar á Vestfjörðum séu að gangast inn á þessar breytingar á rekstrarformi fyrirtækisins í algerri nauðvörn vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Það kemur líka fram í bréfaskriftum milli ráðuneyta og sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum að svo er. Hér er um pakkalausn að ræða til bjargar sveitarfélögum á Vestfjörðum þannig að þau megi laga fjárhagsstöðu sína. Ég tel afleitt, virðulegi forseti, að standa að þessum málum á þennan hátt. Ég vil sérstaklega draga fram stóra vandann í þessu máli og það er félagslega íbúðakerfið á Vestfjörðum sem er með skuldastöðu upp á um það bil 1,6 milljarða. Það að ætla sér að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins og sveitarsjóðanna á Vestfjörðum með sölu eigna með þeim hætti sem hér er gert finnst mér alrangt í grundvallaratriðum og ég vil ekki standa þannig að málum. Að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins, þó svo það sé ákvörðun sveitarstjórnanna sjálfra að gera það, þá vitum við vel af þeim gögnum sem við höfum farið í gegnum frá því fólki í ráðuneytum og stofnunum sem við höfum talað við að þessi pakki er settur upp fyrst og fremst með þetta að leiðarljósi.

Vandi félagslega íbúðakerfisins er vandi landsins alls. Nánast alls staðar þar sem fólksfækkun er eru vandræði með félagslega íbúðakerfið og ekki er hægt að leigja eða setja fólk inn í íbúðirnar á viðkomandi stöðum. Það er því hálfkák að ætla að taka Vestfjarðakjálkann út fyrir sviga með þeim hætti sem hér er gert með sölu á Orkubúi Vestfjarða til þess að leysa það vandamál þar. Vanda félagslega íbúðakerfisins á að leysa fyrir landið í heild sinni. Þar eiga öll sveitarfélög að sitja við sama borð hvort sem þau eiga orkubú, hitaveitu, útgerðarfélög eða aðrar eignir. Þar á allt landið að vera undir.

Það er margbúið að tala um það í þinginu að það þurfi heildstæða lausn til þess að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins og hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir að innan ráðuneytisins séu í smíðum tillögur sem taki á þeim vanda heildstætt. Hafa menn þá nefnt að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um þetta og viðkomandi íbúðir verði færðar á markaðsverð á viðkomandi stöðum og seldar sem slíkar en ekki haldið í 10, 12, 14 millj. þegar raunvirði miðað við staðsetningu íbúða er kannski ekki nema 3, 4, 5 millj.

Virðulegi forseti. Meiri hlutinn hefur lagt fram sínar tillögur, nál. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og þetta frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða er lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur sem varaformaður iðnn. gert grein fyrir nál. meiri hluta iðnn. en ég vil gera grein fyrir nál. minni hluta iðnn. á þskj. 1078, 480. mál. Þar segi ég með leyfi, virðulegi forseti:

„Að svo stöddu er minni hlutinn andvígur því að Orkubúi Vestfjarða verði breytt í hlutafélag. Af umfjöllun um málið í þinginu og í nefnd er ljóst að áform um sölu fyrirtækisins með sérstökum samningi við ríkisstjórnina grundvallast á því að söluandvirði þess verði nýtt til þess að greiða niður skuldir sveitarfélaga á Vestfjörðum og þá ekki síst að leysa þann vanda sem til er orðinn vegna félagslega íbúðakerfisins.

Einnig er afar óljóst hvort mat fyrirtækisins upp á 4,6 milljarða kr. er rétt. Í því sambandi má nefna að árið 1999 var eigið fé fyrirtækisins 3.984.424 kr. Þegar til framtíðar er litið er óvissa um verðmæti fyrirtækisins ávísun á dýrari orku, en ljóst er að Rarik áformar að samræma orkuverð á Vestfjörðum og almenna gjaldskrá sína. Þetta þýðir í reynd hækkun orkuverðs fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Með tilliti til þeirra vandamála sem Vestfirðingar standa frammi fyrir hvað varðar búsetumál, skuldastöðu og slæma fjárhagsstöðu sveitarfélaganna telur minni hlutinn að leysa beri fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum með beinni þátttöku ríkisins. Að þeirri vinnu lokinni telur minni hlutinn fyllilega koma til greina að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi."

Það er þessi þrýstingur og þetta baksvið sem ég get ekki fellt mig við, virðulegi forseti, hvað varðar söluna á orkubúinu. Ef um yfirverð er að ræða eins og sumir vilja halda fram, að fyrirtækið sé ekki 4,6 milljarða kr. virði og ríkið sé að kaupa það á yfirverði upp á 800 millj. eða milljarð, þá er alveg ljóst að með óbeinum hætti munu íbúar á Vestfjörðum og náttúrlega notendur á Rarik-svæðinu út um allt landið í hinum dreifðu byggðum borga þennan pakka á næstu árum. Það fer ekkert hjá því. Þessu verður velt út í verðlagið þó svo að aðrir landshlutar í dreifbýlinu muni hjálpast að við að borga með Vestfirðingum. Öðruvísi getur það ekki farið og það hlýtur að vera miklu hreinlegra fyrir allra hluta sakir að þessi vandamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum sem stafa m.a. af fólksfækkun, af stöðu mála varðandi félagslega íbúðakerfið, að menn horfist bara beint í augu við það vandamál og geri það upp. Fyrir því er mikill vilji í þinginu. En sá vandi eins og ég kom að áðan er ekki bara á Vestfjörðum. Hann er úti um allt land og það er að drepa því máli á dreif að leysa með þessum hætti vanda félagslega íbúðakerfisins og vanda sveitarsjóðanna, að leysa það á þessu landsvæði bara með því að selja Orkubú Vestfjarða með einhverjum kúnstum sem fjármálamenn eru ekki sammála um hvernig niðurstöður talna eru fundnar. Þetta sætti ég mig engan veginn við og mun því greiða atkvæði á móti þessu frv. Það er algerlega ótímabært að fara í hlutina með þessum hætti.

En það eru fleiri sem hafa svipaðar áhyggjur af þessu máli. Ég sé að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kemur með brtt. og með leyfi, virðulegi forseti, vil ég vitna í þá brtt. og leggja örlítið út frá henni. Hv. þm. leggur til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Á tímabilinu 1. júní 2001 til 1. júní 2004 má eigi selja hluti núverandi eignaraðila í Orkubúi Vestfjarða. Að þeim tíma liðnum má selja hluti eigenda, enda liggi fyrir því samþykki allra hluthafa."

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson komi upp og ræði þessi mál á eftir og þarf svo sem ekki að leggja mikið út frá hugsun hans varðandi þessa brtt. En ég sé alveg fyrir mér að hugsun hans er sú að fresta því að í þessa sölu verði gengið, hlutafélagavæðingu og síðan sölu til að leysa bráðan fjárhagsvanda sveitarfélaganna og það verði þá von hans að búið verði að finna aðrar lausnir áður en menn geta gengið til þess að selja hlut sinn í orkubúinu.

Orkubú Vestfjarða er gullmylla fyrir Vestfirðinga. Vestfirðingar voru svo heppnir að við stofnun Orkubúsins, sennilega af landfræðilegum ástæðum, héldu þeir eftir framleiðslutækjum í héraði sem skapa þeim allt aðra stöðu en t.d. Rarik. Það er allt önnur staða hjá Orkubúi Vestfjarða hvað varðar orkuframleiðslu. Við stofnun Landsvirkjunar og síðan í framhaldi af því stöðu Rariks, sem þjónar hinum dreifðu byggðum, þá er Rarik í þeirri stöðu að framleiða ekki nema 7% af þeirri orku sem Rarik dreifir um hinar dreifðu byggðir. Það sem upp á vantar er keypt af Landsvirkjun af stút, ekki ódýrt. Það er m.a. ástæðan fyrir því að Rarik er með gríðarlega hátt raforkuverð í hinum dreifðu byggðum.

Alþingi Íslendinga hefur á fjárlögum skorið niður framlög til Rariks þrátt tillögur margra þingmanna þar að lútandi að styrkja Rarik til að koma á móti fyrirtækinu vegna þjónustu við hinar félagslegu veitur, getum við sagt, það sem ekki borgar sig. Þeir peningar hafa verið skornir niður og Rarik hefur á undanförnum árum, á síðasta ári að mig minnir, hagnast um um það bil 400 millj. á bestu bitunum úti á landi m.a. til að standa straum af kostnaði við dreifbýlið. Þetta er ein af ástæðunum fyrir hárri gjaldskrá Rariks utan við höfuðborgarsvæðið, utan við Akureyri annað en Vestfjarðakjálkann. Hvers vegna búa Vestfirðingar nú um stundir við tiltölulega hagstætt raforkuverð miðað við Rarik? Það er vegna þess að sennilega af landfræðilegum ástæðum hélt Vestfjarðakjálkinn, Orkubú Vestfjarða, eftir stórum framleiðsluvirkjunum þar sem Mjólkárvirkjun er stærsta virkjunin með ástimplað um 8,1 megavatta afl. Það er verulegt miðað við það að Vestfirðingar hafa einnig Þverárvirkjun sem er allstór upp á 1,6 megavött rúm og rafstöðina á Fossum sem er á annað megavatt, 1,1 megavatt og Snægurfossvirkjun sem verður að flokka stóra líka upp á 800 kílóvött, Reiðfjallavirkjun sem er líka tiltölulega stór, 520, rúmt hálft megavatt og síðan minni virkjanir. En ljóst liggur fyrir að víða er mikill möguleiki á minni vatnsaflsstöðvum jafnvel á grunni þess að raforkubændur fari að virkja inn á kerfið.

Staðan á Vestfjörðum er sú að meðan Rarik hefur 7% af eigin afli þá hefur Orkubú Vestfjarða um 40% af eigin afli, eigin framleiðslu sem með þessu móti ef fyrirtækið verður hlutafélagavætt og gengur með þátttöku ríkisins að meira eða minna leyti inn í Rarik, þá verður þessum ávinningi auðvitað smurt út, enda kemur það fram í öllum gögnum um málið og er ekkert verið að draga fjöður yfir það að það verður í framhaldi af því að laga gjaldskrá Orkubús Vestfjarða að gjaldskrá Rariks. Þannig standa málin.

Ég lít svo á, virðulegi forseti, að Orkubú Vestfjarða sé gullkálfur fyrir þetta landsvæði og kannski öfugt við önnur fyrirtæki hefur fólksfækkun minni áhrif á þetta fyrirtæki en öll önnur fyrirtæki sem við tölum um varðandi atvinnurekstur á þessu landsvæði vegna þess að eigið afl er gulls ígildi fyrir kerfið á svæðinu og a.m.k. enn um sinn meðan fyrirtækið kaupir 60% af aflinu utan frá frá Landsvirkjun

af stút, þá mun það ekki rýra hag fyrirtækisins þó svo um eitthvað minni orkusölu verði að ræða. Við erum því um langa framtíð að sjá að þetta fyrirtæki getur haldið áfram að vera stoð og stytta í heimabyggð á Vestfjörðum. Þessu vil ég alveg sérstaklega halda til haga.

Ég tel líka að þetta fyrirtæki fyrir þann landshluta, Vestfirði, sem á svo mjög undir högg að sækja að það séu gríðarleg sóknarfæri fyrir Orkubú Vestfjarða til að snúa því við í staðinn fyrir að kaupa af stút af landsnetinu inn á svæðið, þá séu þarna gríðarlegir möguleikar til þess að framleiða heima fyrir og e.t.v. að selja út af svæðinu. Það eru gríðarlega miklir möguleikar og reyndar er verið að virkja í Strandasýslu og miklir möguleikar víða í minni, millistórum og smáum virkjunum á þessu svæði. Þar er hugsunin e.t.v. fýsilegust um að hrinda í framkvæmd möguleikum þeirra sem hafa aðstöðu til að framleiða inn á netið.

Smávirkjanir hafa ekki átt upp á pallborðið hjá okkur Íslendingum fram að þessu en við gerum okkur þó grein fyrir því. Gerð hefur verið skýrsla um raforkubændur og stöðu í þeim málum. Þarna eru gríðarlegir möguleikar. Fyrsta úttektin bendir til að með tiltölulega litlum tilkostnaði getum við í smávirkjunum framleitt ígildi millistórrar virkjunar, 30–50 megavött sem er ekki lítið og þarna koma Vestfirðingar inn í dæmið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera með málalengingar um þetta mál. En í fyrsta lagi tel ég, svo ég dragi það nú saman, að umfjöllun um þetta frv. eða það að hlutafélagavæða Orkubú Vestfjarða sé alls ekki tímabært núna. Það væri þá í fyrsta lagi tímabært á haustþinginu þegar menn eru búnir að sjá frv. til nýrra orkulaga.

Í öðru lagi vil ég lýsa miklum vonbrigðum og eiginlega get ég tekið stórt upp í mig og lýst andstyggð á því hvernig dæmið er sett upp. Það er algerlega óásættanlegt að leysa mál þannig og vilja ekki horfast í augu við vandamálið eins og það kemur fyrir. Ég tel að bein aðkoma ríkisins hefði verið miklu betri og þá ekki bara fyrir Vestfirði heldur fyrir landið allt.

Í þriðja lagi tel ég að vegna vandamála byggðarlaganna á Vestfjörðum séum við að vinna þeim ógagn með því að standa þannig að málum. Ég tel að til lengri tíma litið sé verið að taka úr höndum Vestfirðinga fyrirtæki sem mætti nota til að gera stórátak til framfara í þessum fjórðungi. Þeir hafa líka lagt áherslu á það í fyrirvörum sínum, gera sér fulla grein fyrir því hvernig landið liggur. Ég hef það á tilfinningunni að það að samþykkja þennan pakka sé gert í nauðvörn. Ég les það á milli línanna hjá öllum umsagnaraðilum að mönnum þykir dæmið ekki gott og menn eru ekki, að ég tel, að gera þetta af fúsum og frjálsum vilja frekar en einstaklingur sem lendir í fjárhagsvanda og stendur frammi fyrir því að þurfa að selja húsið sitt. Ég tel að allir Vestfirðingar hafi þá tilfinningu í brjósti að þarna sé verið að gera hluti sem þeim líkar ekki — það kemur fram á fyrirvörunum — en neyðist þó til þess samt. Ég geri mér grein fyrir því að áhrifamenn, sveitarstjórnarmenn og áhrifamenn á Vestfjörðum hafa samþykkt gjörninginn en lýsi því yfir, virðulegi forseti, að ég og flokkur minn erum andvíg því að þetta frv. fái framgang.

[12:27]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst koma fram ótrúlega mikil forræðishyggja í máli hv. þm. og hann kynnti það í lok máls síns að flokkur hans mundi greiða atkvæði gegn þessu frv., frv. sem er flutt að eindreginni ósk heimamanna. Það er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga og byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Það er náttúrlega ljóst að síðan er hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það vill selja eða ekki og það er vitað mál líka að ekki er einhugur um það hjá sveitarfélögunum hvort þau ætla að selja eða selja ekki verði þetta að lögum.

Það verður líka að ítreka það sem kom fram í ræðu minni áðan að öll réttindi Orkubús Vestfjarða haldast óbreytt samkvæmt frv. Réttindi starfsmanna eru tryggð og gert er ráð fyrir áframhaldandi skattfrelsi Orkubús Vestfjarða.

Hv. þm. taldi sig lesa eitt og annað milli línanna og hann nefndi að ný orkulög væru væntanleg og því væru þessi ákvæði um réttindi starfsmanna lítils virði og mundu aðeins gilda í nokkra mánuði en það er auðvitað ljóst að með nýjum orkulögum breytist ýmislegt í rekstri orkufyrirtækjanna. Það er alveg óháð því varðandi Orkubú Vestfjarða hvort það er hlutafélag eða hvort það er í núverandi eignarformi, þær breytingar sem þá munu hugsanlega ganga yfir og kannski virka á hag starfsmannanna. Þær munu auðvitað ganga yfir hvert sem eignarhaldið er á þessu fyrirtæki.

Ég vil svo ítreka, herra forseti, að með þessu frv. er ekki verið að taka ákvörðun um sölu heldur skapa lagalegt umhverfi til þess að af sölu geti orðið og ekki ætla ég að dæma hvort sveitarfélögin hvert fyrir sig eða öll eiga að selja þetta fyrirtæki eða ekki. Það er einfaldlega mál heimamanna. Og enn einu sinni, frv. er flutt að ósk heimamanna og ég tel að við alþingismenn þurfum ekki að hafa vit fyrir þeim.

[12:29]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Guðjón Guðmundsson séum alveg sammála um að ný orkulög munu gerbreyta umhverfinu og þess vegna er ég að segja það, að ég er ekki að tala um forræði. Ég er að tala um og það kom fram í máli mínu að ég tel að sveitarstjórnarmenn og ráðamenn, m.a. fyrirtækisins á Vestfjörðum, hafi verið í þeirri stöðu að samþykkja eða ekki, þetta væri heildarpakki. Ég kom mjög vel inn á það í máli mínu og ég tel að þeir geri þetta í nauð og samþykki þetta þannig. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson undirstrikaði það sem ég lét koma fram í mínu máli að þessir mjög strögu fyrirvarar sem ráðamenn á Vestfjörðum setja varðandi stjórn fyrirtækisins, varðandi starfsmannamál o.s.frv., það er engin trygging fyrir því að þetta haldi. Þess vegna er það meginpunkturinn í máli mínu og ég tel að það hafi einnig komið fram hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að betra hefði verið að bíða þangað til ný orkulög koma fram þannig að menn sæju alveg nákvæmlega í hvaða sporum þeir standa.

Hér er verið að keyra þetta í gegn örfáum mánuðum eða missirum áður en ný orkulög fara í gegn. Menn geta bara staðið frammi fyrir því að það stendur ekki steinn yfir steini varðandi þá hugsun og tryggingar sem menn hafa sett fram heima fyrir varðandi stöðu fyrirtækisins, stjórnun þess og starfsmannahald. Það er mergurinn málsins að við erum að

gera þetta örfáum mánuðum áður en það verður gerbreytt landslag að öllum líkindum varðandi orkumál í landinu.

[12:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ný orkulög koma Vestfirðingum ekkert á óvart. Þau eru búin að vera í undirbúningi síðan 1999. Það var byrjað að kynna drög að þessum orkulögum hér, ef ég man rétt, haustið 1999 og aftur vorið 2000. Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum eru búnir að vera meðvitaðir um það í eitt og hálft til tvö ár að til stendur að breyta orkulögum. Samt sem áður ákveða þeir að fara fram á það við Alþingi og ríkisstjórn að þetta sé gert með þessum hætti.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að við eigum ekkert að reyna að hafa vit fyrir þeim. Þeir gera þetta alveg meðvitaðir og það eru fulltrúar allra sveitarfélaganna sem standa að þessu. Það finnst mér mjög mikilvægt. Það er enginn ágreiningur um málið þar. Hins vegar eru deildar meiningar, eins og ég sagði, um hvort menn ætli síðan að selja í framhaldinu eða ekki. En þetta er eindreginn vilji heimamanna og þessi nýju orkulög breyta engu þar um vegna þess að það lá fyrir í stórum dráttum þegar Vestfirðingar voru að fara fram á þetta út á hvað nýju orkulögin muni ganga. Þau voru kynnt hér fyrir líklega einu og hálfu ári í svona stærstu drögum og þau eru í aðalatriðum í dag eins og þau voru kynnt þá þannig að menn gengu alveg meðvitaðir til þessara samninga við ríkisvaldið og þessi ósk er fram sett með fullri vitund um að orkulög eru breytast með þeim hætti sem nú stendur fyrir dyrum.

[12:33]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því, eins og kom fram í máli mínu, að formlega er þetta fram komið að ósk heimamanna. En við vitum öll hvernig málatilbúnaður hefur verið í þessu sambandi. Fram hafa komið efasemdir t.d. um verðlagninguna, hvort um yfirverð sé að ræða o.s.frv. Menn eru ekkert alveg einhuga um þetta.

Ef um yfirverð er að ræða, kannski um 800 milljónir eða einn milljarður, þá er náttúrlega verið að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum óbeint með hlutafélagavæðingu og síðan sölu, yfirtöku ríkisins á hlutum sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og það er að mínu mati ósköp einfaldlega röng nálgun að málinu. Fyrirtækið á að fara á markað miðað við hvers virði það er eftir lögmálum markaðarins. En þegar menn kokka upp svona dæmi milli ríkisstjórnar, ráðuneyta og sveitarfélaga á Vestfjörðum, þá er ekki gengið hreint til verks. Og það er einmitt það sem ég var að tala um, að ég tel að leysa hefði átt vanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum beint og þá sérstaklega félagslega íbúðakerfið. Og ég er nokkuð viss um að ef tekið hefði verið beint á þeim málum þá væru menn ekkert í þeim bollaleggingum eða hugleiðingum einu sinni fyrir vestan að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag.

Við gerum okkur öll grein fyrir því að þessi gjörningur er númer eitt, tvö og þrjú til þess að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Að öllum líkindum hefðu aldrei komið til bollaleggingar um breytingu á eignarhaldi ef staðan hefði verið önnur hvað varðar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

[12:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum nú við 2. umr. frv. til laga um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag eftir að það hefur komið úr nefnd.

Ég hafði um þetta frv. þó nokkur orð þegar það kom fram og einnig vék ég að þessu máli í umræðum um breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja þegar það frv. var hér til umræðu.

Hæstv. forseti. Mig langar til að byrja á því að gera athugasemdir við þau ummæli sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson viðhafði hér áðan, frsm. meiri hlutans. Hann sagði eitthvað á þá leið, ef ég hef tekið rétt eftir, að frv. um að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi væri flutt að frumkvæði allra Vestfirðinga, allra heimamanna á Vestfjörðum. Þetta held ég að sé mikið öfugmæli. Ég ætla í upphafi máls míns að færa aðeins rök fyrir því.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum á Vestfjörðum fyrir um tæpum þremur árum hygg ég að ekki í einu einasta sveitarfélagi hafi íbúum Vestfjarða verið kynnt að það mundi verða vilji sveitarstjórnarmanna á yfirstandandi kjörtímabili að selja Orkubú Vestfjarða. Ég hygg að leita megi lengi í umræðum manna í síðustu sveitarstjórnarkosningum til að finna þess stað að sveitarstjórnarmenn hafi verið að kynna fyrir heimamönnum að á kjörtímabilinu mundi það verða hlutskipti þeirra að standa fyrir því að fá fram lagabreytingu um Orkubú Vestfjarða til þess að hægt yrði að selja orkubúið. Sú fullyrðing að hér sé um frumkvæði allra heimamanna að ræða fær því ekki staðist.

Hitt er ljóst að eftir langt þóf og langar umræður og skoðanaskipti milli ríkisvaldsins annars vegar og sumra sveitarfélaganna á Vestfjörðum og síðar allra, varð niðurstaðan sú að menn skyldu óska eftir lagabreytingu til að hægt væri að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi.

Sú saga hefur að nokkru verið rakin hér en ég ætla samt að koma inn á hana vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir að fjárhagsvandi sveitarfélaganna á Vestfjörðum er orsök þess að sveitarstjórnir tóku þá stefnu að velta þeim fleti upp hvort ekki væri mögulegt að laga stöðu sumra sveitarsjóðanna — ég endurtek sumra sveitarsjóðanna — og ég hygg að ég fari með rétt mál þegar ég held því fram að fjárhagsvandi sveitarfélaganna í Vesturbyggð hafi orðið hvati þess að menn fóru að velta því upp hvort ekki væri hægt að selja hlut þessara sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða. Staðan sem við stöndum frammi fyrir þegar við erum að ræða þetta mál snýst því um það að gera orkubúið að hlutafélagi til þess að hægt sé að ganga til samninga við ríkið um kaup á hlut sveitarfélaganna í orkubúinu, a.m.k. sumra þeirra.

Og það er ekkert launungarmál og hefur komið fram hér í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar að margir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum ganga frekar nauðugir en viljugir til þessa leiks. Og þó að fyrir liggi að sveitarstjórnarmenn hafi samþykkt að fara þess á leit að slík lög yrðu sett þá hafa þeir á því mjög mismunandi skoðanir hvaða hag Vestfirðingar hafa af því að selja hluti sína í orkubúinu. Það er hins vegar að kröfu ríkisins í þeim viðræðum sem áttu sér stað að málið er sett í þann búning sem það er hér til umræðu og ekki er hægt að draga neina fjöður yfir það að þannig er málið vaxið.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði áðan, og það segir reyndar líka í nál. meiri hlutans, að ekki sé verið að ákveða sölu heldur að skapa aðstæður og lagaumhverfi til þess af sölu geti orðið. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í greinargerð með þessu frv., á bls. 5, og lesa upp smákafla úr henni:

„Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom fram sú hugmynd að ríkissjóður keypti hlut þeirra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða sem það vildu til að gera þeim kleift að grynnka á skuldum sínum."

Skýrara getur þetta varla verið, eða hvað? Það fer því ekkert á milli mála að verið er að setja menn í þá stöðu að selja hlut sinn í orkubúinu til þess að grynnka á skuldum sínum, enda hefur það greinilega komið fram og mjög skýrt að slíkur er tilgangurinn. Það á að leysa þann vanda sem skapast hefur í sveitarfélögum á Vestfjörðum með þeirri sérstæðu aðferð að gera samning við sveitarfélögin um að orkubúinu verði breytt í hlutafélag og hlutur sveitarfélaganna síðan seldur.

Mönnum er nú varla stætt á því að segja í nál. og í ræðu hér að ekki sé verið að taka ákvörðun um sölu þegar hægt er að lesa upp úr greinargerðinni með frv. þar sem beinlínis liggur fyrir, eins og ég las hér áðan, að í viðræðum fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaganna á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna hafi komið fram sú hugmynd að ríkissjóður keypti hlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í orkubúinu.

Ég held því að við ættum ekki að vera að sperrast mikið við að draga fjöður yfir það að breytingin á lögunum um Orkubú Vestfjarða er eingöngu gerð í þeim tilgangi að hægt sé að selja hluti í orkubúinu og að til þess leiks muni ganga þau sveitarfélög sem hvað verst eru stödd fjárhagslega, að stórum hluta til vegna félagslega íbúðakerfisins eins og réttilega hefur verið komið hér inn á í fyrri ræðum.

Það er algjörlega óásættanlegt að vandi félagslega íbúðakerfisins á Vestfjörðum verði leystur sérstaklega, bara fyrir Vestfirði að þessu leyti, með því að knýja menn til að selja eign sína til þess að greiða megi ríkinu til baka ákveðinn hluta þeirra skulda sem myndast hafa í félagslega íbúðakerfinu við að íbúum hefur fækkað á Vestfjörðum.

Hægt væri að halda um það nokkurra klukkutíma ræðu hvers vegna íbúum hefur fækkað á Vestfjörðum en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Mönnum er ljóst að þar á hlut að máli stjórnkerfi okkar um fiskveiðar og kvótakerfið, tilfærsla á aflaheimildum og það hefur orðið til þess og sýnt hefur verið fram á það í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun hvaða beina samhengi er á milli tilflutnings á aflaheimildum annars vegar og atvinnumöguleikum fólksins hins vegar og þar af leiðandi nýtingu fólksins á því íbúðarhúsnæði sem hefur verið byggt upp í félagslega kerfinu, m.a. á Vestfjörðum. En þetta er bara ekki einkamál Vestfirðinga. Vandinn í félagslega íbúðakerfinu er ekki einkamál Vestfirðinga og að mínu viti er ekki rétt að setja málið í þann búning sem hér hefur verið gert að hvetja til þess að sett verði lög um Orkubú Vestfjarða eingöngu í þeim tilgangi að taka á vandanum í félagslega íbúðakerfinu. Sá vandi er ekki aðeins vestfirskur vandi, hann er vandi margra sveitarfélaga hér á landi, því er nú verr og ekki er hægt að skilgreina hann sem sérvanda Vestfirðinga eins og gert er með því að tengja saman breytingu á lögum um Orkubú Vestfjarða og síðan sölu eignarhluta þar annars vegar og hins vegar greiðslur á skuldum sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu. Sá vandi sem við ræðum er því félagslegur að þessu leyti og er ekki sérvestfirskur. Ekki er ásættanlegt að mínu viti að tala um breytingar á lögum um Orkubú Vestfjarða og þurfa að vera með þessa hugsun inni í málinu að það sé verið að gera þetta að stórum hluta og kannski aðalástæðan til þess að gera sveitarfélögum á Vestfjörðum kleift að grynnka eitthvað á skuldum. Því miður mun þetta ekki verða til annars, ef að lögum verður, en þess að það mun grynnka eitthvað á skuldum sumra sveitarfélaganna en engan veginn nægjanlega. Ég hygg að vandi sumra sveitarfélaga á Vestfjörðum, eins og í Vesturbyggð, sé það mikill að hann verði ekki leystur eingöngu með sölu þeirra á eignarhlut í Orkubúi Vestfjarða.

Hvað hefur fólkinu þá verið sagt? Fólkinu hefur verið sagt það á undanförnum mánuðum og missirum að ef eignarhlutur manna í Vesturbyggð í orkubúinu væri seldur þá yrði hægt að lagfæra þar stöðu sveitarfélagsins og takast á við framkvæmdir og uppbyggingu. Ég hygg verið sé að gera allt of mikið úr þeirri stöðu sem þarna myndast fjárhagslegt rými fyrir í Vesturbyggð. Ég hygg að þeir fjármunir sem koma út úr orkubúinu fyrir Vesturbyggð muni ekki duga til að laga stöðu þeirra nægilega að þessu leyti. Þar af leiðandi er í raun og veru verið með framsetningunni að segja sem svo: Við skulum fórna þessum eignarhlut okkar. Það mun laga stöðu okkar en það mun ekki nægja til þess þannig að jafnvel í þessari framsetningu felst ákveðin blekking.

Hins vegar er rétt að ítreka það sem ég sagði í upphafi. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum á Vestfjörðum var enginn sveitarstjórnarmaður kosinn með það loforð í farteskinu að það yrði hlutskipti þeirra á þessu kjörtímabili að taka sér það fyrir hendur að selja eignarhluti sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Ég minnist þess ekki að neinn sveitarstjórnarmaður hafi í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga rætt það sem stefnumál í sveitarfélögunum og þar af leiðandi er ekki rétt að salan sé að frumkvæði heimamanna allra á Vestfjörðum. Hún er að frumkvæði sumra sveitarstjórnarmanna og aðrir hafa dregist inn á það að samþykkja að þessu yrði breytt í hlutafélag og sumir munu sjálfsagt selja en að þetta sé vilji Vestfirðinga almennt, hygg ég að sé mjög ofmælt. Þetta er vilji sumra sveitarstjórnarmanna sem létu ekki þessar skoðanir í ljósi þegar fólk kaus þá til þeirra starfa. Þeir hafa hins vegar neyðst inn í þennan farveg vegna fjárhagsvanda í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta er, held ég, málið í hnotskurn varðandi það að menn vilji selja eins og kemur fram í greinargerð með frv. sem ég vitnaði til áðan.

Þá erum við kannski komin að öðrum þætti þessa máls sem snýr að því að skammt er í að kynnt verði ný orkulög. Hæstv. iðnrh. hefur í blöðum og öðrum fjölmiðlum látið hafa eftir sér ýmislegt um það sem e.t.v. eða sennilega muni standa í nýjum orkulögum, m.a. að sú staða gæti komið upp að raforkudreifing, raforkusala, raforkuframleiðsla, virkjanaframkvæmdir og annað slíkt — þarna yrði skilið á milli ákveðinna þátta, annars vegar framleiðsluþáttarins og hins vegar kannski dreifingarinnar. Auðvitað munu slík heildarlög hafa áhrif á öll orkufyrirtæki í landinu og áhrif á þá framtíðarsýn sem menn horfa auðvitað til þegar verið er að velta því fyrir sér, hvernig það tengist því lagaumhverfi sem er verið að setja upp fyrir Orkubú Vestfjarða. Eru þá málin e.t.v. í þeim búningi að það væri í framtíðinni, í mjög náinni framtíð, ef ekki lægi svona mikið á að keyra þetta í gegn sem sérmál um Orkubú Vestfjarða eingöngu út á sölu

og fjárhagstengingum við erfiða stöðu sveitarfélaganna, að við gætum verið að ræða þetta undir annarri hugsun?

Í sjálfu sér verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að ég er ekki beint andvígur því að breyta lögum um Orkubú Vestfjarða í þá veru að gera orkubúið að hlutafélagi ef ekki fylgdi með sá böggull, sem ég hef gert að umræðuefni í ræðunni, að það væri fyrst og fremst gert til þess að gera sveitarfélögum kleift að selja hluti sína í orkubúinu. Mér finnst að Orkubú Vestfjarða sé fyrirtæki sem öllum Vestfirðingum, jafnt sveitarstjórnarmönnum sem öðrum, ætti að vera mikill akkur í að halda eignarhaldi á, halda meirihlutaeign í um nokkra framtíð.

Ég lít svo á að Orkubú Vestfjarða hafi þjónað Vestfirðingum mjög vel sl. 25 ár en það var stofnað formlega 1976. Ég held að það hafi verið gæfuspor þegar sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum börðust fyrir því ásamt þingmönnum sínum að ná þeirri stöðu að stofna Orkubú Vestfjarða. Þar af leiðandi er ég enn þeirrar skoðunar að orkubúið sé Vestfirðingum mikils virði fyrir framtíðina og þess vegna eigi að halda utan um eignarhaldið á Orkubúi Vestfjarða og alls ekki að stefna á þá braut sem er beinlínis tilgangur þeirra lagabreytinga sem hér er verið að koma í gegn vegna þess að það liggur fyrir í yfirlýsingum að menn munu selja að hluta, jafnvel margir til þess að laga sína fjárhagslegu stöðu í sveitarfélögunum. Þá er forræði Vestfirðinga á orkubúinu horfið. Það er sem sagt komið undir meirihlutaeign ríkisins og í þessu tilviki erum við að fara alveg öfuga leið miðað við það sem t.d. var gert í sambandi við Hitaveitu Suðurnesja. Þar var ríkið að selja sinn hlut og ríkið var líka að selja sinn hlut í öðru fyrirtæki norður í landi, Kísiliðjunni. Í tilfelli Kísiliðjunnar var það fé sem kæmi út úr þeirri sölu sérmerkt til að koma að gagni í heimabyggð.

Maður spyr hvort ekki hefði alveg eins mátt fara þá leið að ríkið seldi hlut sinn í orkubúinu, ekkert endilega Vestfirðingum heldur einhverjum öðrum. Það hefðu verið sett lög um að ríkið mætti selja sinn hlut.

Við eigum á Vestfjörðum nokkra góða virkjunarkosti og þeir hafa verið þó nokkuð rannsakaðir. Sá stærsti þeirra möguleika er svokölluð Glámuvirkjun og annars vegar vatnsfall norður í Ófeigsfirði á Ströndum þar sem talið er að megi virkja á mjög arðsaman hátt.

Mig langar aðeins að tengja þetta við umræðu sem hefur átt sér stað um að vöntun væri á orku í Hvalfirði.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en spyr hvort hann hafi hugmynd um hvort langt sé eftir af ræðu hans.)

Já, það er þó nokkuð eftir af ræðu minni.

(**Forseti** (GÁS): Þá leggur forseti til að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni og haldi henni áfram eftir að áður áformuðum utandagskrárumræðum er lokið og má þá hv. þm. vænta þess að framhald verði einhvers staðar upp úr kl. 2.30.)

Ég vil alveg sérstaklega, herra forseti, æskja þess að hæstv. iðnrh. geti verið viðstaddur þá ræðu vegna þess að ég ætla að tengja saman umræðu um orkuþörf í Hvalfirði og Orkubú Vestfjarða ásamt öðrum málum sem heyra undir iðnrh.

(**Forseti** (GÁS): Þar fór í verra raunar því forseta er kunnugt um að hæstv. ráðherra er á leið úr landi síðdegis og veit ekki gjörla hvenær það er.)

Þá óska ég eftir því, herra forseti, að umræðunni verði frestað.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun gaumgæfa það í matarhléinu og ræða við hæstv. ráðherra og skoða stöðu máls að öðru leyti.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Umræður utan dagskrár.

Staða erlends fiskverkafólks.

[13:31]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Sjómannaverkfall stendur nú yfir. Stærstur hluti fiskiskipaflotans er nú bundinn við bryggju. Sem betur fer berst þó enn nokkur fiskur á land til vinnslu þrátt fyrir þetta verkfall þar sem við eigum ágætan smábátaflota sem siglir í land með þorsk, steinbít og ýsu. Vonandi verður framhald á því, herra forseti, langt fram yfir yfirstandandi fiskveiðiár. En þótt sú vinnsla sem smábátaflotinn stendur undir sé mikilvæg er okkur öllum það ljóst að mörg stór fiskvinnsluhús víða um land verða ekki starfrækt þar sem enginn fiskur berst á land því sá afli sem ísfisktogarar og stærri bátar koma með skiptir gífurlega miklu máli fyrir íslenskan sjávarútveg. Vélarnar og tækin eru þögnuð og verkafólkið, sem hefur af dugnaði stóraukið verðmæti íslensks sjávarfangs með vinnu sinni, missir nú stóran hluta tekna sinna enda eru þær í flestum ef ekki öllum tilvikum tengdar svonefndum bónusgreiðslum.

Þetta á við þau fiskvinnslufyrirtæki sem hafa ekki enn sagt upp starfsfólki sínu heldur greiða því kauptryggingu með hjálp Atvinnuleysistryggingasjóðs og það háttalag hljótum við að virða. Önnur fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt flestu starfsfólki sínu upp og fer það fólk á atvinnuleysisbætur lögum samkvæmt en þær eru töluvert lægri en sú kauptrygging er þeir hafa sem ekki hefur verið sagt upp störfum.

Herra forseti. Það hafa þó ekki allir rétt til atvinnuleysisbóta sem sagt hefur verið upp störfum. Mikill fjöldi erlendra verkamanna sem er frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins vinnur í fiski og sums staðar væri döpur fiskvinnslan ef við fengjum ekki þessa verkamenn til liðs við okkur. En sá hópur þeirra sem unnið hefur hér skemur en í þrjú ár á engan rétt til atvinnuleysisbóta og hópur þessi mun stækka eftir því sem verkfallið dregst á langinn. Það sem verið er að segja við þetta fólk er eftirfarandi, herra forseti: Vegna þín og vinnu þinnar, kæri útlendingur, er tryggingagjald greitt m.a. í Atvinnuleysistryggingasjóð en þú færð ekki neitt þaðan þar sem þú ert útlendingur sem hefur dvalist í þessu landi skemur en í þrjú ár og það eina sem þú getur gert er að fara aftur heim til þín eða þú verður að segja þig til sveitar, gerast hreppsómagahnokki upp á íslenska vísu.

Herra forseti. Við vitum að flest það erlenda fólk sem hingað kemur til þess að vinna í fiski er frá fátækari löndum þar sem atvinnutækifæri eru fá og launin lág. Það kemur hingað vegna þess að við bjóðum því vinnu og því finnst launin hér vera eftirsóknarverð á þeim mælikvarða sem það hefur þekkt hingað til þó að þetta séu reyndar frekar lág laun upp á íslenska vísu. Í hugum margra útlendinga sem hingað koma er Ísland land tækifæranna og nýrrar vonar. Þeim mun dapurlegra er það þegar þetta fólk verður að segja sig til sveitar. Er það ekki alvarlegur siðferðilegur brestur þegar íslenskt samfélag eða á ég frekar að segja íslensk

fyrirtæki bjóða grandalausum vonglöðum útlendingum upp á slíkt öryggi?

Þá vil ég benda á það, herra forseti, að hér er um grófa mismunun að ræða ef aðeins sumir fá greiddar atvinnuleysisbætur og aðrir ekki á meðan tryggingagjald er greitt af öllum launum í landinu. Við megum þakka fyrir ef þetta mál fer ekki fyrir mannréttindadómstóla erlendis. Nú spyr ég hæstv. félmrh. hvernig hann hyggist beita sér fyrir því að leiðrétta þá mismunun og þau rangindi sem þessir aufúsugestir íslensks atvinnulífs hafa orðið fyrir.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu og gefa mér þannig tækifæri til að greina Alþingi frá stöðu málsins.

Þegar sýnt var að sjómannaverkfall væri að skella á þá bað ég Vinnumálastofnun að hvetja fiskvinnslufyrirtækin til þess að rjúfa ekki ráðningarsambandið og halda fólkinu á launaskrá. Fiskvinnslufyrirtækin fá þá atvinnuleysisbæturnar sem eru í kringum 69 þús. kr., ef ég man rétt, þurfa að bæta við 20 þús. kr. á mánuði eða þar um bil til þess að ná kauptryggingunni. Ég lét það jafnframt fylgja með að ef þeir 60 dagar liðu sem fyrirtæki hafa til þess að geta notað þennan rétt til atvinnuleysisbóta vegna hráefnisskorts eða vegna verkfalls þá mundi ég reyna að beita mér fyrir því síðari hluta ársins að lengja þennan tíma.

Sem betur fer urðu langflest fiskvinnslufyrirtæki í landinu við þessum tilmælum og það er að mínu mati mjög þakkarvert. En því miður hafa nokkur fyrirtæki sagt upp og útlendingar utan Evrópska efnahagssvæðisins eru nokkrir í reiðileysi og umhugsunarefni hvort ástæða sé til þess að vera að veita þeim fyrirtækjum sem koma svona fram við starfsmenn, leyfi til að ráða til sín útlendinga.

Ég lét athuga í morgun hvar væru starfsmenn sem nytu ekki bóta. Á Vesturlandi var það einungis eitt fyrirtæki, Guðmundur Runólfsson í Grundarfirði. Þar eru 23 starfsmenn án bóta. Á Vestfjörðum er enginn tekinn af launaskrá. Á Norðurl. v. hafa engir verið teknir af launaskrá, á Norðurl. e. hefur BGB Snæfell á Dalvík sent í burtu fjóra útlenda starfsmenn, Hraðfrystihús Eskifjarðar 18, Snæfell á Stöðvarfirði átta, Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar fimm. Þetta gerir samtals 58 starfsmenn sem njóta ekki bóta. Það skal tekið fram að þeir eiga náttúrlega rétt á félagsþjónustu sveitarfélaga og hafa sótt um bæði á Dalvík og á Eskifirði að fá að njóta hennar. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að veita þeim styrk til framfærslu samkvæmt reglum sem þar gilda. Í Reykjavík er hann, ef ég veit rétt, eitthvað í kringum 66 þús. kr. á mánuði sem er þó aðeins lægra en atvinnuleysisbæturnar og síðan á sveitarfélagið endurkröfurétt á félmrn. fyrir þá fjármuni sem lagðir eru út vegna útlendinga. Ég vil ekki nota það orðalag að þeir þurfi að segja sig til sveitar. Þeir eru að sækja rétt sinn, hv. þm. Þessir útlendingar verða ekki neinir hreppsómagahnokkar þó að þeir þurfi á þessari fyrirgreiðslu að halda tímabundið og vegna ástæðna sem þeir ráða ekki við.

Það er náttúrlega sýnt að svona má ekki ganga og ég ritaði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs bréf í gær sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til 3. mgr. 1. gr. laga nr. 12/1997 er hér með óskað umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á því að sá hópur erlendra starfsmanna er vinnur hér á landi á svokölluðum tímabundnum atvinnuleyfum fái notið rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði enda séu greidd af þeim tryggingagjöld. En skilyrði þessa er að hinir erlendu starfsmenn hafi misst atvinnuna vegna verkfallsaðgerða annarra starfsstétta, sbr. 5. gr. ofangreindra laga.

Rökin fyrir þessu erindi til stjórnarinnar eru þau að erlendir ríkisborgarar, sem hafa ekki sjálfir fengið óbundið atvinnuleyfi, njóta ekki atvinnuleysisbóta, sbr. 2. gr. ofangreindra laga. Í 3. mgr. 1. gr. er ráðherra og stjórn sjóðsins veitt heimild til að ákveða að aðrir hópar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda en unnt er að líta á þá sem ekki hafa sjálfir atvinnuleyfi og njóta ekki fullkomlega stöðu launamanna almennt að þessu leyti. Þrátt fyrir þetta eru greidd gjöld vegna vinnu þeirra, sem standa m.a. undir fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs. Með þeirri tillögu sem hér er lögð til er ekki verið að hrófla við inntaki 2. gr. laganna heldur verið að horfa upp á stöðu sem getur komið upp vegna verkfallsaðgerða sem hafa áhrif á aðra hópa."

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, herra forseti, hefur fjallað um málið í morgun. Undirtektir hennar eru jákvæðar og nú í þessum töluðu orðum er verið að fínpússa orðalag í reglugerð og ég vonast eftir að geta skrifað undir hana síðdegis.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þeim upplýsingum sem koma fram í máli hæstv. félmrh. Mér sýnist mega vænta þess að í raun og veru sé verið að taka á þessu máli með mjög afgerandi hætti og það er gott. En í sjálfu sér er dapurlegt að þetta ástand skyldi þurfa að koma upp. Það hefur dregið athyglina að þeirri staðreynd að hér hafa verið um 600–700 manns, erlendir verkamenn að störfum í raun og veru án þeirra réttinda sem til þarf og sú staða gat komið upp að þessi hópur væri hér réttindalaus og tekjulaus þrátt fyrir að af þeim hafi verið greidd opinber gjöld og þrátt fyrir að þetta fólk hafi verið sótt hingað til lands til að vinna mikilvæg störf sem hefur ekki verið mannafli til að gera hér innan lands.

Það er að vísu fagnaðarefni að langflest fyrirtæki sem í hlut eiga hafa valið þá leið að halda þessu fólki á kauptryggingu og þarf af leiðandi er hópurinn ekki mjög stór sem hefur þegar sætt því að fara út af launaskrá og fá ekki atvinnuleysisbætur og er í raun og veru smámál í fjármunum talið að kippa því í liðinn, kannski 3–4 millj. kr. miðað við að þetta sé 50 manna hópur eða svo.

En ég vil spyrja að því hvort ekki sé í framhaldi af þessu ástæða til að skoða ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar í þessu efni þannig að ekki þurfi að byggja á einhverri reglugerðarheimild af þessu tagi heldur sé það bara tryggt að það fólk sem fengið er til þess að vinna hér störf sem greidd eru af opinber gjöld, þar með talið tryggingagjald, skuli alltaf vera tryggt í þessu sambandi þannig að svona aðstæður geti ekki komið upp. Mér sýnist því að það geti verið tilefni til þess um leið og ég fagna væntanlegri reglugerðarútgáfu hæstv. félmrh. að fara yfir það hvort ekki eigi að stoppa upp í þetta gat með varanlegum hætti og með sterku garni þannig að aðstæður af þessu tagi geti ekki komið upp.

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja um leið og ég þakka fyrir það að þessi umræða skuli fara fram að ég tel það mjög gagnrýnisvert orðalag hv. málshefjanda í þessu máli að tala um að fólk sé að segja sig til sveitar sem nýtur félagslegrar aðstoðar

hjá sveitarfélögum eftir lögum um félagsþjónustu sem hafa verið sett á Alþingi. Þetta finnst mér vera gagnrýnisvert orðalag.

Að öðru leyti vil ég segja að ég tel að það sé sérstök ástæða til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. sem kom fram í ræðu hans áðan, að hann hefur ritað bréf til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem í raun og veru er mælst til þess að tekið verði á vanda þess fólks sem við höfum verið að fjalla um í dag. Það er langsamlega eðlilegast að þegar atvinnuleysi stafar af aðstæðum eins og verkföllum annarra starfshópa sem enginn fær við ráðið, að þá verði heimilt að skrá þetta erlenda verkafólk atvinnulaust, enda sé þá frá því gengið við skráninguna að það skuldbindi sig til að fara til vinnu þegar verkfallið leysist eins og raunar er gert ráð fyrir í ráðningarsamningi þessa fólks. Það er ráðið til starfa og fær í rauninni atvinnuleyfi til tiltekinna starfa hjá tilteknum fyrirtækjum og með þessu móti yrði þar með tryggt að það fólk sem kemur af svæðum utan hins Evrópska efnahagssvæðis hafi sama rétt eins og annað verkafólk, þ.e. hérlent verkafólk og verkafólk innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er ljóst að af þessu fólki hefur verið greitt til Atvinnuleysistryggingasjóðs og þess vegna standa full rök til að gera það með þessum hætti.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að eins og fram kom í máli hæstv. félmrh., þá er hér sem betur fer um að ræða tiltölulega fá undantekningartilvik. Í langflestum tilvikum er fólk á kauptryggingu eins og menn þekkja. En engu að síður eru undantekningarnar nógu sárar og þess vegna er sú yfirlýsing hæstv. félmrh. sem hann gaf rétt í þessu mjög mikilvæg í þessum umræðum.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því sem kom fram í máli hæstv. félmrh. Páls Péturssonar um það að nú verði tekið á þessum málum með lagfæringum á reglugerð.

Hins vegar er alveg ljóst, eins og komið hefur fram, að 600–700 manns starfa hér á landi á tímabundnum atvinnuleyfum, sem á ekki beinlínis rétt eins og lögin eru túlkuð eða lögin eru til atvinnuleysisbóta. Auðvitað þyrfti að lagfæra það í lögunum að það fólk sem verður fyrir atvinnumissi af t.d. verkföllum annarra atvinnustétta eigi slíkan rétt. Það er greitt af þessu fólki í Atvinnuleysistryggingasjóð og auðvitað er eðlilegt að erlent verkafólk frá löndum utan Evrópusambandsins eigi sams konar rétt að þessu leyti og aðrir sem starfa hér.

Ég held að það hafi verið mjög tímabært og sjálfsagt að vekja máls á þessu atriði en það er líka jafngleðilegt að hæstv. félmrh. hefur brugðist svo við sem hann lýsti hér áðan.

[13:47]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Um þessar mundir hefur sjómannaverkfall staðið í bráðum heilan mánuð og ástandið versnar með hverjum deginum sem líður. Fiskverkafólk, bæði Íslendingar svo og erlent, hefur misst og er að missa vinnu sína og fleiri og fleiri fiskvinnslufyrirtæki eru að stöðvast. Þetta ástand kemur verst við hinar minni byggðir á landsbyggðinni og kemur íbúum landsbyggðarinnar ákaflega illa og var ástandið ekki gott fyrir.

Hv. þm. Karl V. Matthíasson hefur hreyft ákaflega mikilvægu máli, sem dúkkar nú upp vegna verkfalls sjómanna. Fram kemur ákaflega mikið óöryggi ákveðins hóps erlends fiskvinnslufólks sem hefur á mörgum stöðum á landsbyggðinni verið burðarásinn í fiskvinnslu viðkomandi staða.

Mikill baráttumaður í verkalýðshreyfingunni, Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, hefur m.a. sagt í blöðum, með leyfi forseta:

„Við höfum m.a. verið í viðræðum við yfirvöld vegna réttarstöðu fiskverkafólks, almennt og um það réttleysi sem útlendingar búa við, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum sem leyfa sér að senda fólk heim í stað þess að greiða því kauptryggingu."

En sem betur fer fara mörg fyrirtæki þá leið eins og fram kom í máli hæstv. félmrh.

Herra forseti það er dapurlegt til þess að vita að nú í verkfalli sjómanna skuli réttindaleysi þessa fólks fyrst koma upp, fólks sem hefur greitt af sínum launum í Atvinnuleysistryggingasjóð, eins og aðrir launþegar sem hafa þó meiri réttindi þegar verkfall skellur á.

Á hitt vil ég að lokum minna, herra forseti, að íslenskt fiskverkafólk missir mikið af launum sínum nú um þessar *mundir, þ.e. bónusgreiðslur, sem er stór hluti heildarlauna* þeirra. Íslenskt fiskverkafólk situr nú heima atvinnulaust og með stórskertar tekjur vegna verkfalls sjómanna sem hæstv. ríkisstjórn ber mikla ábyrgð á með sífelldum hótunum sínum og ákvörðunum um frestun verkfalls með lögum eins og gerðist strax eftir að flokksþingi Framsfl. lauk um miðjan mars sl.

Herra forseti. Sú vitlausa ákvörðun ríkisstjórnarinnar lengdi verkfallið mikið og gefur útgerðarmönnum tilefni til að draga lappirnar enn frekar með von um áframhaldandi lagasetningu hæstv. ríkisstjórnar.

[13:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir að hreyfa þessu mikla máli.

En það blasir alveg við eins og fram hefur komið hjá mörgum ræðumanna, að eftir nær mánaðarverkfall sjómanna er tekjuhrun hjá verkafólki í fiskvinnslu og það gildir um okkar fólk. Við höfum áður rætt stöðu fiskverkafólks í þinginu og nauðsynina á því að fara ofan í lagasetningar og regluverk til að gæta hagsmuna þeirra betur.

Það er alveg ljóst að fjöldi útlendinga sem er við störf í fiskvinnslu hér og víðar sem hefur ekki hið svokallaða græna kort og er þar af leiðandi réttindalítið eða réttindalaust. Sem betur fer er þessi hópur ekki nema upp á 52 þar sem atvinnurekendur hafa sagt fólkinu upp og sent það út á guð og gaddinn.

Ég vil mótmæla því að það sé verið að setja ofan í við menn þegar sagt er að þetta fólk sé neytt til þess að segja sig til sveitar. Þannig er kerfið að það í raun og veru gerir það. Þetta eru algjör neyðarúrræði.

Virðulegi forseti. Um leið og ég fagna viðbrögðum hæstv. félmrh. við þessu máli þar sem hann hyggst taka á þessu, þá liggur alveg ljóst fyrir að það er nauðsynlegt að taka upp og ræða um skyldur atvinnurekenda eða skyldur okkar gagnvart þessu fólki. Það getur ekki verið meiningin að fyrirtækin í landinu geti sótt sér vinnuafl erlendis og það fólk sé síðan án réttinda eins og raun ber vitni. Við verðum að herða reglurnar og gæta þess að fyrirtæki sem þurfa á erlendu vinnuafli að halda hafi einnig skyldur gagnvart því erlenda fólki þannig að svona mál þurfi ekki að koma upp. Það er mergurinn málsins.

Mér er sagt að þeir sem hafa ekki græn kort séu 600–700 manns. Það er í mínum huga alveg borðleggjandi að skyldur fyrirtækjanna sem þurfa á þessu vinnuafli að halda eiga að vera miklu meiri. Þær eiga að koma í veg fyrir vandamál sem upp koma af þessu tagi gagnvart því fólki sem ekki hefur fengið græna kortið og stendur því ekki jafnfætis fólki okkar varðandi atvinnuleysisbætur o.s.frv.

[13:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við verðum að sjá til þess að þeir erlendu ríkisborgarar sem starfa hér á landi geti lifað mannsæmandi lífi þegar svo ófyrirsjáanlegar aðstæður hafa skapast eins og nú er raunin með verkfalli sjómanna. Það er gert með öryggisneti tryggingakerfis og félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Það er leitt til þess að vita að hv. frummælandi skuli líta á öryggisnet sveitarfélaganna sem ómagastyrk og að hann skuli tala um að fólk þurfi að segja sig til sveitar. Þetta er hugsunarháttur sem ég hélt að væri löngu liðinn og stjórnmálamenn nútímans létu sér ekki um munn fara slíka óvirðingu við hið félagslega kerfi, sérstaklega ef þeir hefðu einhvern tímann kennt sig við félagshyggju.

En hæstv. forseti. Okkur sem þjóð ber að koma af fullri virðingu fram við hið ágæta fólk sem kemur hingað til starfa. Ekki síst í fiskvinnslu eru starfskraftar þeirra ómetanlegir við framleiðslu á mikilvægustu útflutningsgrein þjóðarinnar. Flest fiskvinnslufyrirtæki hafa leyst vandann nú þannig að þau halda starfsfólki sínu á launaskrá með mótframlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þá er staða erlends starfsfólks með tímabundið atvinnuleyfi tryggð jafnt og annarra. Augljóst er að það fyrirkomulag gengur ekki til lengdar, ef ekki sér til lands í lausn deilunnar. EES-borgarar ganga allir að sömu réttindum varðandi atvinnuleysistryggingar, en það á ekki við um þá sem koma frá löndum utan EES ef þeir hafa tímabundið atvinnuleyfi.

Þess ber að geta að það leysir ekki allan vanda þeirra erlendu ríkisborgara sem eru með tímabundið atvinnuleyfi að þeir taki bætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Þeir yrðu þá að sjálfsögðu háðir því að hafa starfað í 12 mánuði til þess að öðlast fullan bótarétt eins og aðrir sem eiga rétt samkvæmt þeim lögum.

Réttur þeirra er að sjálfsögðu til fjárhagsaðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaganna sem á síðan endurkröfurétt á félmrn. ef þeir hafa dvalið í landinu skemur en tvö ár.

Sjálfsagt og eðlilegt er að kynna þennan rétt fyrir hinum erlendu ríkisborgurum. Það ættu þau fyrirtæki sem eru með atvinnuleyfi fyrir hinn erlenda ríkisborgara að gera, og ekki síst þau verkalýðsfélög sem fá greidd félagsgjöld viðkomandi einstaklinga.

[13:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Staða útlendinga sem hingað koma í atvinnuleit endurspeglar sinnuleysi sem ríkir í málefnum þeirra. Hópurinn sem við erum að ræða hér starfar við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Mönnum hefur fundist það ágætt að fólk, t.d. þeir sem í heimalandi sínu búa við bág kjör, sé tilbúið að koma hingað í störfin sem Íslendingar vilja ekki lengur vinna. Þannig er unnt að tryggja að hjól atvinnulífsins snúist, svo við fáum hagvöxtinn okkar mikilvæga.

Að tryggja réttindi þess sama fólks hefur setið á hakanum. Það er brugðist við núna sem betur fer en þegar ógæfan er skollin yfir. Og útlendingar starfa víða. Ég nefni frægt gjaldþrot Thermo Plus. Þar unnu tugir útlendinga en höfðu sem betur fer allir öðlast atvinnuleysisbótaréttinn.

Í blaðinu í gær kom frétt af ungum Nígeríubúa, lærðum endurskoðanda, sem er búinn að reyna mikið að fá vinnu, er með mikla reynslu, giftur íslenskri konu. Hann segir: „Íslendingar verða að gefa útlendingum tækifæri."

Við Íslendingar verðum að gera það og við verðum að gera það upp við okkur hvernig við ætlum að haga sambúðinni við útlendinga, sem hér kjósa að dvelja og starfa. Við erum ekki búin að gera það upp við okkur. Það er komið að því. Það verður ekki undan því vikist hvort við ætlum að tryggja þeim sömu mannréttindi og við teljum sjálfsögð fyrir okkur, hvort við bjóðum þetta fólk velkomið að deila með okkur kjörum og sýnum það í verki.

[13:56]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Orðalag mitt áðan þar sem ég sagði að menn þyrftu að segja sig til sveitar og upplifa þá stöðu að þeir væru hreppsómagahnokkar hefur farið fyrir brjóstið á þingmönnum ríkisstjórnarinnar. Ég notaði hér íslenskt orðalag sem ég held að allir skilji. Það er mjög erfitt og mjög alvarlegt mál þegar fólk þarf að ganga inn á skrifstofur sveitarstjórna og biðja um sérstakan styrk eða peninga vegna þess að fólkið er komið í mjög slæma stöðu og er algjörlega upp á annað fólk komið. Það er enn þá daprara þegar þetta er fullfrískt, hraust og gott fólk. Orðalagið átti fullkomlega við hér, að minni hyggju, ég vil taka það fram.

Hins vegar vil ég þakka hæstv. félmrh. fyrir góð viðbrögð hans. Það er ánægjulegt að þetta fólk skuli ekki þurfa að ganga inn á sveitarstjórnarskrifstofur og biðja um styrk eða framlag eða hvað sem menn vilja kalla það. En við vitum alveg hvað þetta merkir allt saman. Það er gleðiefni að til þessa kemur ekki hjá fólkinu ef hægt er að lesa þetta út úr lögum að það hafi þann rétt sem verið var að spyrja um hvort það byggi við.

En auðvitað er slæmt ef grípa þarf að til sérstakra aðgerða í hvert skipti sem til þessarar neyðar kemur. Það er auðvitað langbest að til séu heildstæð lög í landinu um þessi mál þannig að ekki þurfi að koma upp svona aðstæður aftur og aftur. Réttindi þessa fólks verða að vera tryggð þannig að það geti verið öruggt um afkomu sína og líf þegar það kemur hingað í ókunnugt land.

[13:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Ég held að það sé nú ekkert alvarlegra að sækja bætur á sveitarstjórnarskrifstofu en að sækja atvinnuleysisbætur til vinnumiðlunar. Hvort tveggja er vegna þess að menn hafa misst vinnuna vegna tilverknaðar annarra. Ég kann ekki við þetta tal um hreppsómaga.

En það er hverju orði sannara að lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð þarf að endurskoða. Fyrir þinginu liggur frv. um atvinnuréttindi útlendinga og ég held að það sé mjög til bóta. Við þurfum líka að laga lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð, m.a. með tilliti til útlendra starfsmanna og það verður væntanlega gert í sumar. Ég vonast eftir að geta lagt fram frv. þar um í haust. Það er reyndar ekki heppilegasti tíminn að vinna að því meðan verkfall stendur.

Tekjutap fiskverkafólks er mjög alvarlegt. Það eru samtals 386 fiskverkamenn komnir á atvinnuleysisbætur, þ.e. fyrst og fremst hjá Samherja, Guðmundi Runólfssyni í Grundarfirði og fyrirtækjum á Austurlandi. Það eru 250 manns á

Austurlandi sem eru bara á bótum, bara á strípuðum atvinnuleysisbótum.

Þarna verður fólkið fyrir verulegu tekjutapi og reyndar verður það fyrir verulegu tekjutapi jafnvel þótt það haldi kauptryggingu. Sjómannaverkfallið verður að leysast og það er samningsaðilanna að gera það. Ríkisstjórnin er ekki með neinn undirbúning að lagasetningu.

Rétt er að halda því til haga að síðast þegar sett voru lög um kjör sjómanna var lögfest tillaga sem sjómenn höfðu samþykkt en útgerðarmenn höfðu fellt. Sett voru lög í þeim anda sem sjómennirnir voru búnir að samþykkja.

Ég vil svo að endingu heita á forráðamenn verkalýðsfélaganna að þeir leggi okkur lið og kynni útlendum starfsmönnum á sínu svæði þann rétt sem þeir hafa.

Umræður utan dagskrár.

Stjórnskipulag byggðamála og vinnulag við byggðaáætlanir.

[14:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Gildistími byggðaáætlunar sem unnið er eftir á grundvelli þál. um stefnu í byggðamálum, sem samþykkt var á Alþingi veturinn 1999, rennur út um næstu áramót. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun frá 1999 skal iðnrh. leggja fyrir Alþingi till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir næsta fjögurra ára tímabil, þ.e. frá 1. janúar 2002 að telja. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun skal sú áætlun vinnast í samstarfi við stofnunina.

Því kom það mjög á óvart að heyra í fréttum að hæstv. iðnrh. hefði skipað fjögurra manna verkefnisstjórn til að vinna að mótun nýrrar byggðaáætlunar og enn fremur þrjá starfshópa til að fjalla um tiltekið viðfangsefni við áætlunargerðina. Og þessi skipan virtist hafa verið ákveðin án samþykkis og samráðs við stjórn Byggðastofnunar. Eftir fund stjórnarformanns Byggðastofnunar og hæstv. iðnrh. sagði formaður stjórnar Byggðastofnunar í sjónvarpsfréttum 18. apríl sl., herra forseti, að ráðuneytið mundi senda Byggðastofnun bréf og óska eftir vinnu þeirra í starfshópum, undirhópum verkefnisstjórnarinnar en ekki í verkefnisstjórninni sjálfri. Hann sagði einnig að stjórnin mundi skoða málið þegar bréfin bærust og taka ákvörðun í framhaldi af því. Stjórnarformaðurinn taldi að Byggðastofnun ætti að leika lykilhlutverkið í því að smíða byggðaáætlun eðli málsins samkvæmt, til þess væri stofnunin, það væri hennar helsta hlutverk og tóku fleiri stjórnarmenn undir þessa skoðun formannsins.

Því er ljóst, herra forseti, að það hefur verið mikill ágreiningur innan Framsfl. um stjórnskipun byggðamála og vinnu við gerð byggðaáætlunar. Þetta reiptog virðist svo halda áfram, herra forseti, því samkvæmt fréttum í hádeginu í dag virðist hæstv. iðnrh. hafa orðið að láta undan í þessu stríði og staðið frammi fyrir einhvers konar afarkostum af hálfu stjórnar Byggðastofnunar því samkvæmt fréttum hefur stjórn Byggðastofnunar fengið fulltrúa í verkefnisstjórnina. Spurningin hlýtur að vera hver ræður hér eiginlega ferð. (**Gripið fram í:** Kristinn.)

Þá vekur enn fremur athygli það val á meginverkefnaflokkum sem vinna á að við næstu gerð byggðaáætlunar, þ.e. atvinnulíf, uppýsinga- og tæknisamfélagið og í þriðja lagi erlent samstarf. Hvergi er minnst á almannaþjónustu eða jöfnunaraðgerðir eða aðra félagslega þætti sem eru grundvallaratriði í jöfnun búsetuskilyrða. Þetta hljótum við að undrast, herra forseti.

Herra forseti. Enn fremur var lofað skýrslu nú í vor um úttekt á framkvæmd og árangri núgildandi byggðaáætlunar. Slík úttekt ætti að sjálfsögðu að vera forsenda fyrir vinnu við gerð næstu byggðaáætlunar. Það má vel vera að svo lítið hafi gerst og svo léttvægur árangur náðst að ekki þyki taka því að semja um það sérstaka skýrslu og því sé það best látið ógert.

Herra forseti. Það virðist hafa litlu breytt þótt byggðamál hafi verið færð frá forsrn. til iðnrn. Áfram ríkir sama skipulagsleysið og metnaðarleysið sem nú lýsir sér best í innanhússátökum Framsfl. um stjórn þessara mála.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er afar ósátt við framgang byggðamála í höndum núverandi ríkisstjórnar og samþykkta Alþingis í byggðamálum. Þess vegna lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í upphafi yfirstandandi þings fram þáltill. um aukaþing Alþingis sem fjalla skyldi eingöngu um byggðamál og haldið yrði sumarið 2001. Aukaþingið átti að fjalla um framtíðarþróun byggða í landinu og marka stefnu um byggðamál til næstu tveggja áratuga.

Í tillögunni er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi við sveitarstjórnir og helstu stofnanir sveitarfélaga og hins opinbera sem koma að byggðamálum, félagasamtök og einstaklinga. Þetta þing átti að helga sig eingöngu því að finna lausn á þeim knýjandi vanda sem byggðir landsins standa frammi fyrir.

Hæstv. iðnrh. hefði betur fallist á það í haust að veita þessari tillögu brautargengi því þá værum við nú að vinna að þjóðarsátt í byggðamálum í stað þess að fylgjast með því hvernig byggðamál eru látin snúast um innanhússátök í Framsfl. eða persónulegt karp milli einstaklinga í stjórnarflokkunum.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að beina máli mínu og spurningum til hæstv. iðnrh.:

Hver voru raunverulega rökin fyrir því af ráðherrans hálfu að stjórn Byggðastofnunar skyldi enga beina aðkomu hafa að vinnu við gerð nýrrar áætlunar í byggðamálum, þó svo nú hafi verið breytt þar um, og hver ræður nú þar ferð? Hverju sætir að úttekt á framkvæmd og árangri gildandi byggðaáætlunar liggur enn ekki fyrir?

Herra forseti. Hvers vegna eru áhersluatriði við gerð nýrrar byggðaáætlunar takmörkuð við einungis þrjá málaflokka og hvað réði vali þeirra?

Í síðasta lagi, herra forseti: Mun Alþingi fá tækifæri til að ræða áherslur sínar í byggðamálum áður en vinna við næstu byggðaáætlun fer í gang?

[14:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt gildandi lögum um Byggðastofnun, sem komu til framkvæmda hinn 1. janúar 2000, segir orðrétt í 7. gr., með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum."

Í athugsemdum við lagafrv. var þetta ákvæði skýrt með eftirfarandi hætti:

„Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Byggðastofnun geri tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og að ráðherra leggi tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að frumkvæði að gerð byggðaáætlunar verði hjá iðnaðarráðherra."

Þessi breyting var gerð á lögunum til samræmis við breytta stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar, en samkvæmt eldri lögum skipaði Alþingi stjórn Byggðastofnunar en ekki ráðherra eins og nú er. Þrátt fyrir þessa breytingu á lögunum hefur alltaf staðið til að hafa náið samstarf við Byggðastofnun um mótun nýrrar byggðaáætlunar. Starfsmenn stofnunarinnar munu eiga sæti í verkefnishópum og þá hefur verið ákveðið að formaður og varaformaður stjórnar taki sæti í verkefnisstjórn. Auk þess er ljóst að stofnunin mun vinna greinargerðir vegna þeirrar vinnu sem hafin er.

Það gætir misskilnings í þeirri umræðu sem fram hefur farið um mótun nýrrar byggðastefnu eða byggðaáætlunar. Staðreyndin er sú að ég hef fengið breiðan hóp af fólki með mikla reynslu í atvinnulífinu, af atvinnuþróunarstarfi á landsbyggðinni, úr menntakerfinu og víðar til að vinna hugmyndir að nýrri byggðaáætlun. Þegar þeirri vinnu lýkur er það hlutverk ráðherra að leggja endanlegar tillögur fyrir ríkisstjórn og láta vinna málið til þinglegrar meðferðar.

Sama fyrirkomulag er viðhaft t.d. þegar samgrh. leggur fram þáltill. um samgönguáætlun. Hann skipar nefnd til að vinna að tillögugerðinni, en samgrh. tekur við þeirri vinnu og mótar endanlegar tillögur til ríkisstjórnar.

Í nefnd samgrh. um mótun samgönguáætlunar sitja forstjórar þriggja stofnana, flugmálastjóri, vegamálastjóri og siglingamálastjóri, auk Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa í Reykjavík.

Ég veit ekki til þess að athugasemdir hafi verið gerðar við þessa skipan mála enda tel ég eðlilegt að viðkomandi fagráðherra leiti þeirrar aðstoðar sem hann óskar við undirbúning stefnumörkunar. Öll mál koma til kasta ríkisstjórnar og Alþingis að lokum.

Síðastliðið sumar fól ég Byggðastofnun að gera úttekt á framkvæmd gildandi byggðaáætlunar. Þeirri vinnu mun nú vera lokið þó svo að endanleg skýrsla hafi ekki borist ráðuneytinu. Ég vonast til að geta lagt skýrsluna fyrir Alþingi sem fyrst.

Hvers vegna eru áhersluatriði við gerð nýrrar byggðaáætlunar takmörkuð við einungis þrjá málaflokka og hvað réð vali þeirra?

Ég ákvað að setja á fót þrjá starfshópa til að fjalla um tiltekin svið sem ég tel að skipti miklu máli fyrir þróun byggðar í landinu. Þessi svið eru atvinnuþróun, alþjóðasamvinna og fjarskipta- og upplýsingatækni. Þetta útilokar á engan hátt að hægt verði að taka önnur efni til umfjöllunar sem máli skipta varðandi þróun byggðar í landinu.

Eins og ég sagði áðan vænti ég þess að geta lagt skýrslu Byggðastofnunar um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar fyrir Alþingi sem fyrst þannig að þinginu gefist kostur á því að ræða áherslur sínar í byggðamálum um það leyti sem vinna við mótun nýrrar byggðaáætlunar fer af stað. Skýrslan mun hafa verið afgreidd á stjórnarfundi Byggðastofnunar í gær og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hægt verði að dreifa henni í þinginu á næstu dögum.

[14:11]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Skrifuð markmið gildandi byggðaáætlunar eru að treysta búsetu á landsbyggðinni. Síðan kemur lýsing í 21 lið á almennum aðgerðum. Á sama tíma er ríkisvaldið jafnvel að vinna í þveröfuga átt með ákvörðunum eða ákvarðanaleysi. Stundum virðist sem byggðaáætlanir og Byggðastofnun séu fyrst og fremst afsökun fyrir stjórnvöld, fjarvistarsönnun frá því að taka pólitískar ákvarðanir um hvert skuli stefna, fjarvistarsönnun frá því að grípa til alvöruaðgerða sem byggðar væru á þeim veruleika að landsbyggðin er afar ólík innbyrðis og þess vegna þarf skýr markmið og ólíka aðkomu eftir svæðum.

Er ekki tími stofnana eins og Byggðastofnunar sem byggja á miðstýrðum byggðaáætlunum, sem innihalda eitthvað sem hljómar vel en passar e.t.v. hvergi, liðinn, tími hinna almennt orðuðu áætlana sem þýða allt og ekkert en hafa gefið svigrúm fyrir æfingar og ákvarðanir stjórnmálamann, sem hafa sannarlega vakið upp spurningar um faglega vinnu, hafa allan tímann haft á sér orð spillingar, hafa því miður sett blett á flest sem byrjar á orðinu byggða-? Almennt orðalag og það kerfi sem við búum við í dag veitir fólkinu sem er að takast á við stórfelldar atvinnuháttabreytingar og horfir á ævisparnað sinn hverfa með lækkandi fasteignaverði, hvorki öryggiskennd né kjark.

Hefur ekki reynsla og árangur annarra þjóða kennt að ef raunverulegur vilji er til að jafna aðstöðu fólks, nýta landsins gæði og viðhalda menningarlegum fjölbreytileik þá duga önnur meðul betur.

Stjórnskipulag byggðamála er í röngum og úreltum farvegi, hefur enda litlu skilað. Á meðan svo er breytir litlu hverjir eða hversu ágætt það fólk er sem setur saman orð í byggðaáætlun fyrir hæstv. iðnrh.

[14:13]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Stjórnskipulagi byggðamála og vinnulagi við byggðaáætlanir var breytt nokkuð með nýjum lögum um Byggðastofnun sem voru samþykkt á Alþingi fyrir rúmu ári. Samkvæmt gömlu lögunum kynnti forsrh. stjórn Byggðastofnunar stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og á hvaða atriði skyldi lögð áhersla við gerð áætlunarinnar. Stjórn Byggðastofnunar gerði síðan tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og forsrh. lagði tillöguna fyrir Alþingi í formi þáltill.

Samkvæmt nýju lögunum leggur hins vegar iðnrh. fyrir Alþingi till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun sem unnin er í samvinnu við Byggðastofnun. Munurinn er sem sagt sá að frumkvæðið að gerð áætlunarinnar hefur flust frá Byggðastofnun til ráðuneytis byggðamála.

Hæstv. iðnrh. hefur nú hafið undirbúning að gerð næstu byggðaáætlunar með því að skipa verkefnisstjórn og þrjá starfshópa til að fjalla um tiltekin viðfangsefni í byggðamálum. Verkefnisstjórnin er undir forustu rektors Háskóla Íslands, en þar sitja einnig einstaklingar úr atvinnulífi og sveitarstjórnarmálum og hæstv. ráðherra hefur nú ákveðið að formaður og varaformaður stjórnar Byggðastofnunar taki sæti í verkefnisstjórninni. Ég tel það rétta ákvörðun hjá

hæstv. ráðherra og í anda þess sem segir í lögunum um samvinnu við Byggðastofnun.

Talandi um byggðaáætlanir má geta þess að stjórn Byggðastofnunar fékk í gær greinargerð um það hvernig til hefur tekist með framkvæmd þeirrar áætlunar sem Alþingi samþykkti fyrir árin 1999–2001. Úttekt sú sem hv. málshefjandi, Jón Bjarnason, lýsti eftir hér áðan barst sem sagt stjórn Byggðastofnunar í gær. Þar kemur fram að vel hefur tekist til um marga þætti áætlunarinnar. Þar má nefna stóraukið atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni, (**ÖS:** Fjarvinnslu?) stofnun eignarhaldsfélaga í öllum landshlutum, tvöföldun framlaga til jöfnunar námskostnaðar, stóraukin framlög til jöfnunar húshitunarkostnaðar, uppbyggingu fjarkennslu og símenntunarmiðstöðva, svo eitthvað sé nefnt. (**ÖS:** En fjarvinnsla?) Ef formaður Samfylkingarinnar getur haldið sér saman í tíu sekúndur þá verð ég búinn og þá getur hann fengið orðið. Þessi skýrsla afsannar gífuryrði hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur í ræðu sinni hér áðan.

Það er mikilvægt að vel takist til við gerð næstu byggðaáætlunar með það að markmiði að aðstæður til atvinnu og mannlífs á landsbyggðinni standist samkeppni við það sem best gerist.

[14:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ekki er langt síðan að Byggðastofnun var færð frá forsrn. til iðn.- og viðskrn. Með breytingunni var ábyrgð byggðamála alfarið komin á hendur Framsfl. og mátti telja að einhverjar áherslubreytingar yrðu hvað varðaði uppbyggingu landsbyggðarinnar að nýju því lítið hafði farið fyrir áhuga undir forustu forsætisráðherra Sjálfstfl. Því miður hefur lítið gerst sl. tvö ár, a.m.k. svo merkjanlegt sé í styrkari búsetu og atvinnu og mannlífi úti um nær allt land.

Byggðastofnun hefur breytt vinnubrögðum og stuðlað að styrkari starfsemi þróunarstofa á landsbyggðinni en því miður hefur ekki enn tekist að byggja þar nægilega upp til að geta sinnt þeim nýsköpunarverkefnum og ráðgjöf sem þörf er fyrir.

Vonir um góðan viðsnúning í byggðaþróun hafa brugðist og hefur þá engu skipt að breyta um flokkslega ábyrgð málaflokksins. En nú virðist sem núningur á milli stjórnarflokkanna og innan Framsfl. sé að koma fram í svo mikilvægu máli og koma málinu í hnút þar sem Byggðastofnuninni var ekki hleypt að verkefnastjórn varðandi byggðaáætlun undir forustu iðnrh. En eins og fram hefur komið í umræðunum hefur verið bætt úr þessu.

Herra forseti. Við þessar aðstæður tel ég brýnt að minna á þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um aukaþing Alþingis um byggðamál nú í sumar þar sem fjallað verði um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Mikilvægt er, herra forseti, að vinna að þjóðarsátt um uppbyggingu byggðar úti um land og til þess þurfum við umræðu og sátt á Alþingi því það virðist ekki vera að Byggðastofnun undir forustu iðnrh. hafi unnið nægilegt verk.

[14:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi dramatíseraði málið nokkuð mikið að mínu mati og viðhafði ummæli sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Ég vil því draga fram aðalatriði málsins þannig að mönnum sé ljóst um hvað sjónarmiðin hafa snúist.

Í fyrsta lagi er enginn ágreiningur um það að forræði málsins er á hendi iðnrh. Það var tilgangur lagabreytinganna á sínum tíma að færa málaflokkinn undir ráðherra í ríkisstjórn frá því munaðarleysi sem hann hafði verið undir þingkjörinni stjórn. Það er alveg ljóst að það háði framgangi byggðamála á sínum tíma að sú stofnun sem fór með málið heyrði ekki undir neitt ráðuneyti. Það var tilgangur okkar sem stóðu að frv. á sínum tíma að tryggja framgang byggðamála betur með því að fá ábyrgð á málaflokknum í hendur tilteknum ráðherra. Um það hefur aldrei verið deilt, það var tilgangur málsins í upphafi.

Í öðru lagi var enginn ágreiningur um það fyrirkomulag sem iðnrh. hefur kynnt, að setja á fót verkefnisstjórn og undirnefndir til að taka fyrir einstök mál og velja inn í verkefnisstjórnina menn úr öðrum áttum, m.a. úr atvinnulífinu og sveitarstjórnum. Um það var enginn ágreiningur.

Það sem fram kom af hálfu Byggðastofnunar og stjórnar hennar var að stjórninni þótti eðlilegt til að tryggja sem best samráð í þessu máli að stjórnin hefði fulltrúa og beina aðild að verkefnisstjórninni. Þegar ég kynnti hæstv. iðnrh. þessi sjónarmið stjórnar féllst ráðherra á þau umyrðalaust og náðst hefur algjör samstaða um framkvæmd málsins milli stofnunar og ráðherra.

[14:20]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu. Aldrei er of oft rætt um stöðu byggðamála, sérstaklega hvað varðar dreifðari byggðir.

Ég vona að sú skipan takist sem hæstv. byggðamálaráðherra hefur ákveðið varðandi ráðgjafahóp eða nefnd þá sem á að gera tillögur um stjórnskipulag byggðamála og vinnulag við byggðaáætlanir. Þessi aðgerð og nýskipan er umdeild en ég bind vonir við að hún gefist vel. Úr því að fallist hefur verið á að skipa ráðgjafa til viðbótar, þá hefði ég viljað sjá fulltrúa eins og Þorstein Gunnarsson, rektor á Akureyri, til viðbótar við þennan hóp.

Ástandið er skelfilegt vegna rangrar framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins, samanber sjómannaverkfallið. Röng landbúnaðarstefna um langt árabil er sífellt að koma betur í ljós og það mun sjást best á næstu dögum þegar í ljós koma þau sár í atvinnulífi landsbyggðarinnar sem myndast við endurskipulagningu afurðastöðvarinnar Goða. Það verður á næstu dögum og það mun tengjast byggðum sem byggja eingöngu á atvinnu við landbúnaðarafurðir.

Fróðlegt verður að sjá skýrslu um brottkast fisks sem stendur til að birta á morgun. Mér þykir líklegt að ef brottkastið hefði komið til vinnslu hefði það gjörbreytt stöðu sjávarplássanna á Íslandi.

Sífellt er verið að þrengja að og er nærtækt að vísa til flutninga tuga starfa af landsbyggðinni til Reykjavíkur vegna breytinga hjá Íslandspósti og Landssímanum.

Herra forseti. Ég vona að nýskipan og breytt hugsun um byggðamál beri árangur en þetta verkefni er aðkallandi, þolir enga bið miðað við horfur í dag. Ég óska ráðgjafanefndinni og hæstv. ráðherra alls hins besta við þetta flókna úrlausnarefni.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vinnubrögð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. í byggðamálum eru með hreinum endemum. Það má segja að þar sé allt í rjúkandi rúst. Þeir sem til þekkja vita t.d. að Byggðastofnun, aðalframkvæmdatækið í þessum

málaflokki, hefur meira og minna verið lömuð í hálft ár, eitt ár, eitt og hálft ár, vegna illinda þar og mannabreytinga og mál fást ekki afgreidd.

Fljótræðisleg nefndarskipan hæstv. ráðherra, sem hefur reyndar verið brotin á bak aftur, er angi af þessum illindum sem birtast í útbrotum innan stjórnarflokkanna og milli þeirra. Hæstv. ráðherra byggðamála hefur þó rofið þá pólitísku samstöðu sem fyrir var um málaflokkinn. Ekki er von að vel gangi, hv. þingmenn, þegar kemur að hinum eiginlegu byggðaaðgerðum þegar skýrslugerðin og upplýsingaöflun veldur slíkum illdeilum sem raun ber vitni. En það er um það sem menn hafa verið að rífast í fjölmiðlunum undanfarna daga. Ekki hinn eiginlega vanda og ekki aðgerðir. Nei, um skýrslugerðina og áætlanagerðina. Og upplýsingasöfnun. Allt grenjandi vitlaust innan stjórnarflokkanna og á milli þeirra út af pappírunum. Í þetta fer tíminn á meðan byggðunum blæðir úr.

Byggðarlög sem hafa orðið fyrir stóráföllum í atvinnulegu tilliti hafa beðið í hálft ár, í eitt ár, í eitt og hálft ár með úrlausn mála sinna og enga afgreiðslu fengið. Þetta er staðreynd. Best er að sleppa nöfnum til að hlífa þeim sem í hlut eiga við því.

Það er líka mjög alvarlegt, herra forseti, hvernig hæstv. ráðherra túlkar nýlegar lagabreytingar. Eins og þær hafi falið í sér að byggðamál séu eftir það orðin geðþóttaverkefni hæstv. ráðherra og engum öðrum komi við hvernig ráðherra fer með þau. Heyr á endemi. Og halda því fram að það hafi verið til bóta að kasta burt þingkjörinni stjórn. Hvað fólst í því? Það sem fólst í því var að henda út fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem áttu aðild að málaflokknum í gegnum kjör hér á þingi og þar með að rjúfa pólitíska samstöðu um málaflokkinn. Ekki er nema von að dapurlega gangi, herra forseti, þegar svona er unnið að hlutunum.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör og þingmönnum í þessari umræðu.

Fyrst varðandi hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Hann taldi að ekki væri rétt eftir sér haft sem ég var með hér í ræðustól. Ég er með þetta í nokkrum eintökum, blaðaviðtöl, útvarpsviðtöl og sjónvarpsviðtal. Ég get því látið hann hafa eintak af þessu ef hann hefur gleymt hvað hann hefur sagt, en ég vona að hann gleymi ekki svona erindunum sem Byggðastofnun eru send eins og hann gleymir þeim ummælum sem hann hefur látið hafa eftir sér varðandi þetta mál.

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að breyting hefur orðið í stjórnskipun Byggðastofnunar. Ég var í sjálfu sér ekki að gera persónulega athugasemd við skipan ráðherra á þeirri nefnd sem hún var að skipa. Ég var að gera athugasemdir við þau upphlaup og þá óstjórn og þau ómarkvissu vinnubrögð sem þarna lýstu sér.

Mér er næst að halda að hæstv. iðnrh. hafi í rauninni gleymt því að gera stjórninni grein fyrir því að hún var í rauninni valdalaus samkvæmt lögum. Hún var bara sett þarna meira og minna upp á punt. Hún hefur kannski gleymt því að gera hæstv. formanni stjórnar Byggðastofnunar grein fyrir því að hann réð í rauninni engu, hann þurfti að bera hvert einasta orð undir ráðherra til að það hefði einhverja vigt. Ég held það væri afar mikilvægt að hæstv. ráðherra setti stjórnarformanni Byggðstofnunar erindisbréf þannig að hann vissi þá hvaða hlutverk hann hefði eða hvort hann hefði nokkurt hlutverk í þessu máli, þannig að við losnuðum við þær deilur sem við stöndum nú frammi fyrir innan flokksins um þetta.

Herra forseti. Ég vil svo ítreka að þessi skýrsla um framkvæmd byggðaáætlunar komi hér fram þannig að við getum rætt hana fyrir þinglok og að alþingismönnum gefist tækifæri til þess að koma formlega á framfæri áherslum sínum fyrir vinnu við næstu byggðaáætlun. Ég ítreka þá ósk mína, herra forseti, til hæstv. iðnrh.

[14:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að þetta hafi í rauninni verið ágætisumræða og ágætt að fara yfir þetta mál.

Í sambandi við síðustu orð hv. frummælanda, eins og kom fram í máli mínu áðan, afgreiddi stjórn Byggðastofnunar skýrsluna í gær á stjórnarfundi og þá er ekkert annað en að prenta hana og dreifa henni í þinginu og taka hana síðan til umræðu og þó fyrr hefði verið.

En það liggur við að ég spyrji eftir þessa umræðu hvert vandamálið er. Er eitthvert vandamál? Ég sé það ekki.

Mér finnst að það að fara að þessum málum á annan hátt eins og niðurstaða ráðuneytisins var að gera geti orðið þessum málaflokki til framdráttar og það veitir ekkert af.

Ég þakka sérstaklega orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar að hann skuli líta þannig á að hér sé um nýskipan að ræða og það sé um að gera að horfa á hlutina þannig.

Hins vegar taldi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir að það skipti ekki máli hverjir vinna þetta. Ég taldi að það skipti máli. Og ég tel að það skipti máli. Ég held að við stjórnmálamenn séum kannski dálítið upptekin af því að fáir geti unnið mikilvæg verk nema við sjálf. Með því móti að fá fólk úr atvinnulífinu, úr menntageiranum, frá sveitarfélögunum að þessari vinnu þá held ég við breikkum umræðuna. Það er það sem ég hef í huga þegar þessi ákvörðun er tekin.

Varðandi tillögu Vinstri grænna um að hafa sérstakt sumarþing um byggðamál þá finnst mér þau vera voguð að þora að nefna þá tillögu því hún hefur ekki verið mikið nefnd síðan fyrri umr. fór fram því þeir sáu strax að það er algjörlega ómöguleg aðferð til að vinna gagn í byggðamálum. Ég óttast að ef þetta hefði verið samþykkt þá hefði fólkið bara bókstaflega flykkst af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ef við hefðum ætlað að standa í mánuð á hv. Alþingi til þess að rausa um vandamál, sem eru vissulega til staðar, hefði það ekki orðið landsbyggðinni til framdráttar. Þess vegna fagna ég því að ég heyri að tillagan nýtur ekki stuðnings þingmanna.

[14:30]

Útbýting þingskjals:

Meðferð opinberra mála, 367. mál, brtt. LB og GÁS, þskj. 1134.

[Fundarhlé. — 14:32]

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), frh. 2. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 716, nál. 938 og 1081, brtt. 939.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisskattstjóri hefur vakið athygli á því að með lögfestingu þessa frv. sé verið að afhenda félagsaðilum samvinnufélaga endurgjaldslaust verðmæti úr samvinnufélögunum sem þeir hafa aldrei átt tilkall til samkvæmt lögum um samvinnufélög. Samkvæmt almennum reglum skattalaga sé þessi afhending tekjur sem greiða ber skatt af, þær séu að hluta til orðnar af óskattlögðum tekjum viðkomandi félags.

Í ákvæði til bráðabirgða flytur minni hlutinn brtt. til þess að freista þess að lagfæra þessa óréttlátu og óeðlilegu skattaívilnun, en með vísan til nál. minni hlutans að öðru leyti, mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, KVM*, MS, PHB, SAÞ, StB, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SP, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 939,1 samþ. með 18 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,2 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,3 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,4 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

6.–11. gr. (verða 7.–12. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,5 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1081 felld með 19:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KLM, MS, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack.
1 þm. (KVM) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, SJS, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), frh. 2. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 717, nál. 940 og 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Brtt. í nál. 1082 felld með 21:16 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, JónK, JBjart, KVM, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 940 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 767, nál. 942 og 1099, brtt. 943.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Brtt. 943,1 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 943,2 samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, JónK, JBjart, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, RG, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KLM, MS, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞBack.
3 þm. (GÁS, LB, SJS) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EOK, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Rafrænar undirskriftir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 820, nál. 1092, brtt. 1093.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KLM, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG.
2 þm. (JB, ÞBack) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GE, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1093,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KLM, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG.
1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
5.–17. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1093,2–3 samþ. með 35 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1093,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
23.–24. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1093,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1134. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

[15:10]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni fyrr í morgun að ég óskaði sérstaklega eftir viðveru hæstv. iðnrh. Ég vil ganga eftir því hvar hæstv. iðnrh. er.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill upplýsa að hæstv. iðnrh. hann er ekki í þinghúsinu og er á förum erlendis.)

Má ég þá biðja sérstaklega um að málinu verði frestað?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun taka til greina óskir þingmannsins um að fresta frekari umræðu um 5. dagskrármálið.)

Umræðu frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 367. mál (opinber rannsókn). — Þskj. 580, nál. 1072 og 1100, brtt. 1134.

[15:11]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Jakob Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Helga I. Sigurðsson frá Dómarafélagi Íslands, Boga Nilsson ríkissaksóknara og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann.

Umsagnir bárust frá Dómarafélagi Íslands og laganefnd LMFÍ, lögreglustjóranum í Reykjavík, dómstólaráði, Sýslumannafélagi Íslands og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að hagsmunaaðili geti kært til dómsmálaráðherra ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála skuli fara fram eða ekki. Þegar svo ber undir er gert ráð fyrir að ráðherra geti fellt ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og sett sérstakan saksóknara til að ákveða hvort rannsókn fari fram og færi hann þá jafnframt með málið.

Í umsögnum sem borist hafa nefndinni er lögð áhersla á sjálfstæði embættis ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvalds lögum samkvæmt. Ríkissaksóknari, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands telja að frumvarpið feli í sér frávik frá grundvallarreglunni um sjálfstæði ákæruvaldsins og því sé það í ósamræmi við þá réttarþróun sem átt hefur séð stað í þessum málaflokki.

Meiri hluti nefndarinnar lítur hins vegar svo á að sjálfstæði ákæruvaldsins sé í engu ógnað með þeirri breytingu sem lögð er til í frv. því ákvörðun ríkissaksóknara getur aldrei lotið að beitingu ákæruvalds þar sem refsingu verður ekki við komið í þessu tilviki heldur er um að ræða sérstaka heimild ríkissaksóknara sem æðsta handhafa rannsóknarvalds til að mæla fyrir rannsókn ríkra almanna- og einkahagsmuna.

Meginhlutverk ríkissaksóknara er eins og við vitum annars vegar að ákveða hvort ákæra eigi í máli og hins vegar hvort það eigi að rannsaka mál sem er líklegt að leiði til ákæru. Þetta eru tvö meginhlutverk ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknara var fengin þessi heimild með breytingu á lögunum hinn 10. mars 1999 — en í rauninni má segja að sú breyting hefði allt eins getað farið inn í annan lagabálk eða sem sjálfstæð heimild almennra laga um rannsóknarnefndir alveg eins og að setja þau inn í lög um meðferð opinberra mála. Telur meiri hlutinn eðlilegt að ákvarðanir ríkissaksóknara um synjun á slíkum rannsóknum geti sætt endurskoðun ráðherra enda er um ríka almanna- og einkahagsmuni að ræða.

Ákvörðun ríkissaksóknara samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála hefur í raun ekkert með refsivörsluna að gera og hið hefðbundna ákæruvald ríkissaksóknara og ógna þau í engu sjálfstæði hans enda um heimild að ræða sem leiðir ekki til ákæru.

Meiri hlutinn metur það þó svo að endurskoðun dómsmálaráðherra eigi eingöngu að taka til synjunar ríkissaksóknara um að hefja rannsókn á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði breytt í samræmi við það. Meiri hlutinn telur varasamt að ekki sé hægt að kæra slíka synjun ríkissaksóknara til ráðherra í tilvikum sem t.d. geta varðað hugsanleg brot í opinberu starfi.

Telja má óeðlilegt að ríkissaksóknari hafi síðasta orðið í málum sem snúa inn á við og leiða ekki til ákæru en þarf engu að síður að upplýsa í þágu almanna- og einkahagsmuna. Í þeim tilvikum mæla sérstök sjónarmið með því að málskotsheimild sé til staðar enda haggar hún ekki sjálfstæði ríkissaksóknara.

Loks telur meiri hlutinn bæði rétt og eðlilegt að það sé ráðherra sem ákveði, um leið og hann fellir ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn úr gildi, að rannsókn skuli hefjast en ekki sérstakur saksóknari, eins og fram kemur í athugasemdum við frv. Því er gerð tillaga um breytingu á frv. til að undirstrika það. Hlutverk hins sérstaka saksóknara væri eingöngu að stýra rannsókn málsins í kjölfar ákvörðunar ráðherra. Það fyrirkomulag telur meiri hlutinn einfaldara og í samræmi við reglur stjórnsýslunnar.

Meiri hlutinn leggur því til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu við 1. gr.:

„Greinin orðist svo:

Við 4. mgr. 66. gr. laganna, sbr. lög nr. 36/1999, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmrh. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.“

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta álit allshn. rita Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jónína Bjartmarz, Ólafur Örn Haraldsson, Soffía Gísladóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Katrín Fjeldsted.

[15:17]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Málið sem við ræðum hér lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en við nánari skoðun má öllum ljóst vera að hér er vegið að sjálfstæðu ákæruvaldi í landinu. Það er vegið að ákæruvaldinu, sem á sínum tíma var fært frá dómsmrh. yfir til sjálfstæðrar stofnunar sökum þess að menn töldu ekki eðlilegt að í réttarríki væri ákæruvaldið á herðum stjórnmálamanna sem kæmu og færu. Talið var eðlilegra að sjálfstæð stofnun færi með ákæruvaldið. En hér, virðulegi forseti, er ætlunin að breyta þessu fyrirkomulagi. Sú breyting á sér enga hliðstæðu í þeim ríkjum sem við viljum bera okkur saman við.

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991. Ég mun gera hér grein fyrir álitinu auk brtt. sem hér hefur verið lögð fram á þskj. 1134 frá þeim sem hér stendur og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni.

Virðulegi forseti. Ákæruvaldið hefur ekki alltaf verið í höndum sjálfstæðrar ríkisstofnunar. Ákæruvaldið var ýmist hjá dómurum eða dómsmrh. um langt skeið. Á meðan ákæruvaldið var hjá dómurum var talað um að hér ríkti rannsóknarréttarfar. Árið 1951 hófst sú þróun að færa ákæruvaldið frá dómurum alfarið yfir til dómsmrh. Í framhaldi af því var ákæruvaldið fært frá dómsmrh. til sjálfstæðrar stofnunar, sem þá hét saksóknari ríkisins, árið 1961. Þannig hefur það verið allar götur síðan þar til nú að núverandi meiri hluti hér á hinu háa Alþingi ætlar að leggja til að hluti af þessu valdi, ákæruvaldinu, fari aftur til dómsmrh.

Allt frá setningu laga nr. 27/1951 hefur réttarþróun varðandi meðferð ákæruvalds verið að þróast frá rannsóknarréttarfari til ákæruréttarfars. Með setningu laganna frá 1951 var ákæruvaldið flutt að mestu frá dómurum til dómsmrh. Segja má að þessi breyting marki upphaf ákæruréttarfars hér á landi. Þetta var þó aðeins fyrsta skrefið. Til þess að hugmyndafræðin að baki ákæruréttarfari gengi upp varð að færa ákæruvaldið frá stjórnvöldum til sjálfstæðrar stofnunar sem væri óháð fyrirmælum framkvæmdarvalds og stjórnmálamanna í einstökum málum. Það var gert með lögum um saksóknara ríkisins árið 1961. Ákæruvaldið er því nú hjá ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákæruvalds í landinu. Meginreglan er því sú að ákvörðunum hans verður ekki skotið til dómsmrh. þar sem ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds í landinu; ákvarðanir hans eru því fullnaðarákvarðanir að því er varðar sakarannsóknir. Í lögum er þó að finna eina undantekningu frá meginreglunni um að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds. Í 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála er ákvæði þess efnis að telji dómsmrh. ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæða eða löglausa getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og er mál þá höfðað í framhaldi af því ef þannig vill verkast. Þetta ákvæði felur ekki í sér fráhvarf frá þeirri stefnu sem mörkuð var með stofnun embættis saksóknara ríkisins 1961.

Fyrir tveimur árum var lögfest nýtt ákvæði, sem nú er 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, þess efnis að þegar sérstaklega standi á sé ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla með því. Með öðrum orðum, í lögum er heimild til þess að taka til rannsóknar mál, þótt ljóst sé að refsingu verði ekki komið við, ef ríkissaksóknari telur það þjóna ríkum almanna- og einkahagsmunum. Þetta ákvæði er í eðli sínu andstætt tilgangi sakarannsókna, því að eins og fram kemur í 67. gr. laga um meðferð opinberra mála er markmið sakarannsókna að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða hvort sækja skuli menn til saka eður ei. Í þeim tilvikum þar sem sök er fyrnd kemur ekki til álita að gefa út ákæru, því er það markmið horfið út úr rannsóknninni. Það breytir ekki hinu að rannsókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála hefst ekki nema fyrir liggi vitneskja eða grunur um refsiverða háttsemi og því miðar rannsókn samkvæmt þeim lögum að því að varpa ljósi á hana. Það breytir engu, að því er varðar rannsóknina sjálfa, hvort að henni lokinni verður gefin út ákæra eður ei, rannsóknin fer eins fram.

Dómsmálaráðuneytið hefur túlkað 4. mgr. 66. gr. svo að ákvörðun ríkissaksóknara um að hefja ekki rannsókn sé ekki kæranleg til ráðuneytisins, samanber bréf til hæstaréttarlögmanns, dags. 5. desember 2000, sem hér er í fylgiskjali. Hann hafði óskað eftir því að ráðuneytið endurskoðaði ákvörðun ríkissaksóknara skv. 4. mgr. 66. gr. Í því bréfi var lögmanninum tilkynnt sú ákvörðun dómsmálaráðherra að hann hygðist leggja fram frv. á Alþingi til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála þannig að unnt yrði að skjóta ákvörðunum ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra. Í bréfi ráðuneytisins segir enn fremur: „Verði umrætt frumvarp að lögum mun ráðuneytið taka mál skjólstæðings yðar til meðferðar að eigin frumkvæði á grundvelli breyttra laga."

Ráðuneytið hefur gefið undir fótinn með það að verði þetta frv. að lögum þá muni það að eigin frumkvæði taka þetta mál upp. Hvort í því felst einhver dómur eða álit ráðuneytisins á niðurstöðu ríkissaksóknara skal ósagt látið hér en þó má draga þá ályktun af þessum orðum.

Virðulegi forseti. Til að átta sig á því um hvað þetta mál snýst verða menn að skynja hvað felst í ákæruvaldi. Í ákæruvaldi felst í fyrsta lagi að ríkissaksóknari getur tekið um það ákvörðun að hefja rannsókn. Í öðru lagi getur ríkissaksóknari ákveðið að hætta rannsókn, hann getur ákveðið hvernig rannsókn fer fram og í fjórða lagi getur ríkissaksóknari ákveðið hvort ákæra skuli gefin út eður ei. Allt þetta felst í ákæruvaldinu. Ríkissaksóknari er yfirmaður þessa þáttar og því felast allir þessir þættir í ákæruvaldinu: Heimild til að ákveða rannsókn, til að stjórna rannsókn, til að fella niður mál, til að ákveða að gefa út ákæru, heimild til að ákveða að fella niður eða að gefa ekki út ákæru auk fleiri heimilda sem ekki skipta máli hér við þessa umræðu. Það er því eðlilegt að menn spyrji: Hvað er þá verið að reyna að lögfesta með þessu frv.?

Í ljósi alls þessa er rétt að reyna að átta sig á því hvers konar efnisreglu er hér ætlunin að lögfesta. Áður en lengra er haldið er rétt að rifja það upp að rannsókn opinberra mála hefur það sem meginmarkmið að afla allra nauðsynlegra gagna svo að mögulegt sé að ákveða hvort maður skuli sóttur til saka eður ei. Það er gert þannig að öll atriði sem lúta að hinni refsiverðu háttsemi eru rannsökuð hvort sem þau eru líkleg til að leiða til sektar eða sýknu. Sú rannsókn sætir svo eðlilegri endurskoðun hjá dómstólum komi til þess að ákæra sé gefin út á grundvelli rannsóknarinnar.

Rannsókn á máli þar sem sök er fyrnd hefur ekki það markmið að afla gagna svo að mögulegt sé að ákveða hvort maður skuli sóttur til saka eður ei vegna þess að sök er fyrnd og því verður ákæra ekki gefin út. Það breytir ekki því að rannsókn, samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, hefur það markmið að leiða í ljós hvort refsiverð háttsemi hafi verið framin og hver framdi þá háttsemi. Í þeim efnum breytir engu hvort sök er fyrnd eður ei, rannsóknin hefur sama tilgang. Sá er munurinn að sú rannsókn mun ekki koma til endurskoðunar hjá dómstólum því að aldrei mun verða ákært í málinu. Það er því vandasöm ákvörðun að ákveða að rannsókn vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi, þar sem sök er fyrnd, skuli fara fram. Með því að ákveða að rannsókn skuli fara fram er því verið að segja að fram sé komin vitneskja eða grunur um að refsiverður verknaður hafi verið framinn skv. 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála en sú rannsókn mun aldrei koma til endurskoðunar hjá dómstólunum. Þeir sem eru grunaðir um refsiverða háttsemi munu eiga erfitt með að hnekkja niðurstöðu rannsakenda því að málið mun ekki koma fyrir dómstóla, samkvæmt því frv. sem við ræðum hér, a.m.k. ekki sem sakamál.

Með því frv. sem hér liggur fyrir er verið að leggja til að dómsmálaráðherra geti endurskoðað ákvörðun ríkissaksóknara um að taka fyrnd mál ekki til rannsóknar. Það er mjög vandasamt að ákveða að rannsaka mál þar sem sök er fyrnd. Í ljósi þess að rannsókn, samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, fer ekki fram nema fyrir liggi grunur um að refsiverð háttsemi hafi verið framin er augljóst að æra manna er í húfi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Þetta verður öllu alvarlegra þegar ætlunin er að fela stjórnmálamanni þetta vald eins og hér er lagt til. Hafa verður í huga að sú rannsókn sem færi fram samkvæmt frv. yrði ekki endurskoðuð af dómstólum. Hér er ekki verið að halda því fram að núverandi dómsmrh. eða dómsmálaráðherrar framtíðarinnar muni nota þessa heimild til að hafa æruna af mönnum en sú hætta yrði vissulega til staðar.

Með því að heimila dómsmrh. að endurskoða ákvörðun ríkissaksóknara er verið að fela honum að endurmeta gögn sem ríkissaksóknari byggði á ákvörðun sína um að hafna rannsókn. Við þetta mat hyggst löggjafinn ekki leggja ráðherranum neinar línur aðrar en þær að um ríka almanna- eða einkahagsmuni kunni að vera að ræða. Með því að taka ákvörðun um rannsókn er því óbeint verið að bera menn sökum sem þeir kunna hugsanlega aldrei að geta borið af sér. Í þessu frv. eru ekki sett nein skilyrði um að einhverjar aðstæður hafi verið uppi sem gert hafi að verkum að málið var aldrei tekið til skoðunar eða rannsókn þess hætt.

Það er jafnan alvarleg ákvörðun að hefja opinbera rannsókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála vegna þess að í slíkri ákvörðun felst að fram séu komin gögn sem a.m.k. kveiki grun um að refsiverður verknaður hafi verið framinn. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að þegar slíkt vald er komið í hendur stjórnmálamanna er alltaf hætta á að því verði beitt í samræmi við það. Það er enn fremur spurning hvernig menn hyggjast standa að slíkri rannsókn. Fyrir því er engin grein gerð, hvorki í frv. eða greinargerðinni.

Þá er vert að nefna það að hvergi í þeim löndum sem við höfum viljað bera okkur saman við er að finna heimild sem þá sem hér er ætlunin að lögfesta. Þetta yrði því einstakt hér á landi.

Þegar menn reyna að átta sig á eðli ákæruvalds, nauðsyn á sjálfstæðu ákæruvaldi, markmiðum opinberra rannsókna og þeirri þróun sem hefur orðið hér á landi undanfarna áratugi að því er varðar meðferð ákæruvalds er erfitt að átta sig á því hvað mönnum gengur til með þessari lagabreytingu. Eina sýnilega tilefnið, og reyndar í eina skiptið sem reynt hefur á 4. mgr. 66. gr., kemur fram í svari ráðuneytisins við erindi hæstaréttarlögmannsins frá því 5. desember sl., sem vitnað er til hér að framan. Það vekur sérstaka eftirtekt í umræddu bréfi að ráðuneytið lýsir yfir því að það muni taka það mál upp að eigin frumkvæði verði þetta frumvarp að lögum. Hvort í því felist yfirlýsing ráðuneytisins um að ákvörðun ríkissaksóknara hafi verið röng skal ósagt látið en tíminn mun leiða það í ljós verði þetta frv. að lögum.

Það kom fram á fundi hv. allshn. að tilefni þessa frv. er mál það sem vitnað er til hér að framan og ráðuneytið svaraði erindi um með bréfi eins og áður er vitnað til dagsettu 5. desember sl. Það er því tilefni til að ræða það sérstaklega hvort eðlilegt sé að grípa til svo viðamikilla breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, breytinga sem stríða gegn grundvallarhugsun laganna. Ef vilji hefur staðið til þess að þetta tiltekna mál yrði tekið sérstaklega fyrir hefði verið miklu eðlilegra að setja um það sérlög, eins og t.d. Danir hafa gert í einhverjum tilvikum. Það að ætla sér að setja almenn lög, þar sem sjálfstæði ríkissaksóknara er skert eins og raun ber vitni, telur minni hlutinn alvarlega aðför að sjálfstæði embættis ríkissaksóknara og að ákæruvaldinu í landinu.

Að lokum er nauðsynlegt að nefna það að í lögum er heimild til að taka til rannsóknar mál þar sem sök er fyrnd. Það sem hér er verið að gera er að lögfesta undantekningarreglu frá þeirri meginreglu að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds með því að heimila stjórnsýslukæru til dómsmrh. í því tilviki að ríkissaksóknari synjar um að hefja rannsókn á máli þar sem sök er fyrnd. Eins og rakið var hér að framan verður ekki gefin út ákæra vegna rannsóknar sem fram fer undir þessum kringumstæðum, rannsóknin verður því ekki sett undir mælistiku dómstóla. Slík rannsókn getur orðið einstaklingum miklu þungbærari en rannsókn sem leiðir á endanum til þess að ákæra er gefin út þar sem dómstólar endurskoða þá rannsókn við meðferð málsins. Í tilvikum þar sem sök er fyrnd eiga einstaklingar sem liggja undir grun ekki annarra kosta völ en að höfða ærumeiðingamál á hendur dómsmrh. vilji þeir fá rannsóknina endurmetna eða telji þeir niðurstöðu hennar ekki sannleikanum samkvæma.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að upp kunna að koma tilvik þar sem ríkissaksóknari, sem æðsti yfirmaður opinberra rannsókna, á erfitt um vik að ákvarða hvort mál skuli rannsakað þrátt fyrir að sök sé fyrnd, t.d. ef grunur leikur á að rannsakendur hafi komið sök á einstaklinga eða rannsókn tiltekins sakamáls öll verið í skötulíki. Eðlilegra væri að löggjafinn, að frumkvæði dómsmrh., setti ýmist sérlög um rannsóknir í slíkum tilvikum og bæri þá ábyrgð á slíkri rannsókn. Líkar hugmyndir mundi minni hlutinn geta stutt eins og ég mun gera grein fyrir hér á eftir þegar ég mæli fyrir brtt. En að ætla sér að setja almenn lög sem heimila dómsmrh. að taka ákvörðun ríkissaksóknara til endurskoðunar án nokkurra takmarkana er með eindæmum og á sér enga hliðstæðu í löggjöf þeirra ríkja sem við viljum bera okkur saman við.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef farið yfir í nál. minni hlutans er það skýlaus afstaða hans að hér sé um að ræða aðför að sjálfstæðu ákværuvaldi í landinu. Það vill þannig til að ég er ekki, virðulegi forseti, einn um þessa skoðun. Allir

þeir sem gáfu umsagnir um þessi mál gerðu athugasemdir við þessa málsmeðferð og þessa tillögu. Allir sem komu fyrir nefndina gerðu þær athugasemdir við þær hugmyndir sem hér er ætlunin að lögfesta að með þeim yrði veist að ákæruvaldinu.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að fara yfir þær athugasemdir í þaula en þessar athugasemdir komu m.a. frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Þar segir að málum sé eins og nú er vel fyrir komið hjá ríkissaksóknara. Dómstóláráð leggur mikla áherslu á sjálfstæði ákæruvalds í landinu og telur að undantekningar á því verði að vera orðaðar þröngt. Sýslumannafélagið segir, með leyfi forseta:

„Sýslumannafélag Íslands gerir þá athugasemd við ofangreint frumvarp til laga að skv. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þá er ríkissaksóknari æðsti handhafi ákæruvaldsins og ekki sé rökbundin nauðsyn til þess að gera þá breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem frumvarpið boðar."

Ríkissaksóknari sjálfur leggst eindregið gegn þessum hugmyndum auk þess sem Lögmannafélagið leggst eindregið gegn því líka.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að meðal helstu sérfræðinga sem hafa tjáð sig um þetta er ekki að finna einn *einasta aðila sem telur að hér sé vel að verki staðið.* Allir sem gefa umsögn tala um hversu nauðsynlegt er að viðhalda sjálfstæðu ákæruvaldi. Jafnvel þó að endurupptaka svona mála og ákvörðun um rannsókn leiði ekki til þess að ákæra verði gefin út þá er ákvörðunin um rannsóknina og hvernig hún skuli fara fram o.s.frv., óaðskiljanlegur þáttur í meðferð ákæruvalds. Sá þáttur er undanþeginn.

Hins vegar, virðulegi forseti, eins og ég kom að áðan, er það svo að þar sem ríkissaksóknari er æðsti yfirmaður rannsókna í málinu þá kunna að koma upp tilvik þar sem hann á erfitt um vik. Hann gæti hugsanlega hafa rannsakað það mál eða verið yfirmaður rannsókna á sínum tíma o.s.frv. Af þeim sökum leggjum við til, sá er hér stendur og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að í stað þeirra hugmynda sem meiri hlutinn hefur, verði gerð eftirfarandi breyting á lögunum:

„Nú hefur ríkissaksóknari hafnað beiðni þess sem á hagsmuna að gæta og getur þá sá kært ákvörðun ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra. Sé ákvörðun ríkissaksóknara felld úr gildi skal dómsmálaráðherra leggja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar um skipun þriggja manna rannsóknarnefndar til að fara með málið. Í þingsályktunartillögunni skal koma fram hverjir skipi nefndina, hvert sé andlag rannsóknarinnar og fjárframlög auk rökstuðnings ráðherra fyrir því að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi. Nefndin skal fá aðgang að öllum rannsóknargögnum auk þess sem hún hefur rétt til að taka skýrslur samkvæmt lögum þessum og afla annarra gagna eftir því sem við á. Nefndin skal skila Alþingi, dómsmálaráðherra og ríkissaksóknara skýrslu með niðurstöðum sínum. Hafni Alþingi þings ályktunartillögunni, eða afgreiði hana ekki, er ákvörðun dómsmálaráðherra úr gildi fallin og stendur þá fyrri ákvörðun ríkissaksóknara."

Sú grundvallarbreyting, virðulegi forseti, sem felst í þessari brtt., miðað við þær hugmyndir sem meiri hlutinn hér á hinu háa Alþingi hefur, er fyrst og fremst sú að hæstv. dómsmrh. er ekki falið sjálfdæmi um hvort mál skuli endurupptekin eður ei. Á endanum þyrfti Alþingi að staðfesta þá ákvörðun.

Það er vægast sagt dálítið sérstakt að sú hugmyndafræði sem hér er ætlunin að lögfesta er algerlega í andstöðu við þá fyrrum foringja Sjálfstfl. sem fyrstir manna fluttu hér á hinu háa Alþingi tillögur um að stofna sjálfstætt embætti saksóknara ríkisins. Sá fyrsti sem lagði þessar hugmyndir fram var fyrrum forsrh., Gunnar Thoroddsen heitinn, en í grg. með frv. hans frá því árið 1934 segir hann eitthvað á þá leið að fátt sé hættulegra en að slíkt vald skuli vera í höndum stjórnmálamanna.

Með leyfi forsrh. ætla ég að vitna hér í grg. með frv. sem Gunnar Thoroddsen lagði fram 1934, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ákæruvaldið er réttur ríkisvaldsins til þess að kæra mann til refsingar fyrir ólöglegar athafnir hans. Það felur í sér heimild til þess að fyrirskipa opinbera rannsókn og málshöfðun gegn hverjum þeim manni sem álitið er að hafi gerst brotlegur við lög. Í meðferð ákæruvaldsins er hvort tveggja jafnmikilvægt, að því sé beitt gegn þeim sem afbrot hafa framið og því sé ekki beitt gegn saklausum mönnum. Það getur haft geigvænleg áhrif ef maður er ákærður fyrir afbrot sem hann er alsaklaus af, jafnvel þótt hann verði sýknaður að lokum. Ákæran ein, með allri þeirri rekistefnu, réttarhöldum og e.t.v. varðhaldi sem sakamálsrannsókn eru samfara, getur *gert honum slíkt tjón bæði í andlegu og efnalegu tilliti* að hann bíði þess aldrei bætur. En jafnnauðsynlegt og það er að enginn maður sé saklaus eltur með sakamálsrannsókn og málshöfðun, jafnnauðsynlegt er hitt að refsivöndur laganna sé aldrei látinn hvíla þegar glæpur er drýgður. Sé það látið hjá líða að höfða refsimál út af uppvísu afbroti og hinn seki látinn sleppa hlýtur það að veikja stórlega réttaröryggið í landinu."

Og áfram segir flutningsmaður:

„Nú er þetta ákæruvald" — þ.e. árið 1934 – „samkvæmt íslenskum lögum að mestu í höndum dómsmálaráðherra sem valdir eru af stjórnmálaflokkum og standa sjálfir í eldi stjórnmálabaráttunnar. Þess vegna getur hæglega svo farið, eins og reynslan sýnir ótvírætt, að í meðferð þess sé gengið á svig við það sem rétt er og löglegt og það notað til ofsóknar og yfirhylmingar. Hjá okkur Íslendingum er sérstaklega hætt við slíkri misbeiting þar sem hér er oftast barist í návígi og öldur flokkabaráttunnar rísa hærra en víða annars staðar."

Ég vil segja, virðulegi forseti, að í þessum örfáu línum nær Gunnar Thoroddsen að kristalla kjarna þessa máls sem er sá að ákæruvaldið er mjög vandmeðfarið. Það er mjög alvarlegt að ákæruvaldið geti lent — jafnvel þó að það sé ekki nema hluti af því — hjá pólitískt kjörnum fulltrúum. Við vitum aldrei hverja við munum fá í þau embætti. Við vitum aldrei hvernig slíkir menn geta farið með þetta vald. Við eigum ekki að tefla því í tvísýnu með því að færa þetta vald yfir til dómsmrh. í andstöðu við réttarþróun undanfarinna áratuga, í andstöðu við öll þau ríki sem við höfum viljað bera okkur saman við.

Þá er ekki síður, virðulegi forseti, merkilegt að lesa orð annars fyrrverandi forsrh. og fyrrverandi foringja sjálfstæðismanna, Bjarna Benediktssonar, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Að því er síðara atriðið varðar" — þ.e. meðferð ákæruvaldsins — „er því haldið fram að almenningi sé skapað meira réttaröryggi með meðferð þessa valds ef ópólitískur embættismaður fari með það í stað þess, eins og nú er, að sá er gegnir embætti dómsmrh. langan tíma eða stuttan, löglærður eða ekki, hafi með höndum meðferð þessa mikilvæga

valds. Einnig er á það bent að meiri líkur séu fyrir fullnægjandi málsókn í opinberum málum ef sami sérfróði maður, saksóknari, fylgist með málum frá upphafi."

Báðir þessir fyrrum leiðtogar Sjálfstfl. kristalla einmitt kjarnann í þessu: Ákæruvaldið er vandmeðfarið. Ákæruvaldið er angi af ríkisvaldinu. Ákæruvaldið er réttur ríkisins til að sækja þá til saka sem hafa brotið eða eru taldir hafa brotið gegn þeim reglum sem við höfum komið okkur upp í þessu samfélagi. Þess vegna er algert lykilatriði og algert grundvallaratriði að sá er fer með þetta vald sé sjálfstæður og eigi ekkert undir geðþóttaákvörðun þess dómsmrh. sem situr á hverjum tíma.

Hins vegar má ekki gleyma því að upp kunna að koma þau tilvik sem nauðsynlegt er að skoða frekar. En það má ekki vera þannig að hæstv. dómsmrh. hafi sjálfdæmi um hvort í það verði ráðist eður ei. Það má aldrei vera þannig.

Í þeirri brtt. sem hér er lögð fram er því gert ráð fyrir að komi það upp að nauðsynlegt sé að endurskoða mál sem eru fyrnd þá verði það ekki gert nema Alþingi samþykki það. Í slíkum tilvikum á Alþingi vitaskuld að bera ábyrgð á því. Við hljótum að spyrja okkur þegar ætlunin er, ef við gefum okkur dæmi sem væri hugsanlega raunverulegt og hugsanlega ekki, að taka stórt mál þar sem menn eru sakaðir um að rannsókn hafi ekki verið sem skyldi þá er sú ákvörðun ein, eins og hér er lagt upp með, þ.e. að hún verði reist á grundvelli laga um meðferð opinberra mála, tekin á þeirri forsendu að grunur eða vitneskja sé um að refsiverð háttsemi hafi verið framin. Um leið, af því að þessi forsenda er til staðar, er verið að segja að gögn hafi verið lögð fram sem benda til að hlutirnir hafi ekki verið sem skyldi. Það er mjög vandasamt að sitja undir slíku. Þessi ákvörðun mun ekki koma til endurskoðunar dómstóla af því að ekki verður gefin út ákæra. Það væri líklega betra fyrir viðkomandi, í þeim tilvikum þar sem sök er fyrnd, að ákæra væri gefin út vegna þess að þá fengju þeir þessa tilteknu rannsókn endurskoðaða. Þetta er lykilatriði.

Þess vegna, virðulegi forseti, er í brtt. þeirri sem ég hef mælt fyrir lagt til að komi til að slík rannsókn þurfi að fara fram þá sé ekki um lögreglurannsókn að ræða heldur verði skipuð sérstök þriggja manna nefnd sem fái fullt umboð til að kanna öll gögn, yfirheyra menn í samræmi við lög um meðferð opinberra mála og reyna að komast að því hvað gerðist raunverulega, til þess að — ef nota má svo hástemmt orð — leita sannleikans. Það getur komið til að það sé nauðsynlegt. En það er fráleitt að dómsmrh. hafi um það sjálfdæmi hvort slík ákvörðun sé tekin eður ei. Satt best að segja finnst mér alvarlegt mál að slíkar hugmyndir komi inn á hið háa Alþingi. Það tók yfir 30 ár að koma þessu ákæruvaldi frá dómsmrh. og dómurum til ríkissaksóknara, til sjálfstæðrar stofnunar.

Mér finnst það líka, virðulegi forseti, vegna þess að það kom fram í allshn., vægast sagt dálítið stórt að tilefnið til að kúvenda kerfinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir er eitt mál sem hefur komið til skoðunar. Það er tilefnið. Það mál er án efa alvarlegt og án efa liggur þar eitthvað sem nauðsynlegt er að skoða, um það er ég ekki í minnsta vafa, en að ætla að kúvenda kerfinu á þann hátt sem raun ber vitni er merkilegt.

Ekki má heldur gleyma því að í dag má bera ákvörðun ríkissaksókna undir dómstóla, hún lýtur því sjálfstæðri endurskoðun dómstóla eins og aðrar ákvarðanir enda hefur það verið gert. Ekki er langt síðan ónefndur maður sem tengdist tilteknu sakamáli fékk niðurstöðu Hæstaréttar þar um. Það hefur verið gert og það er ofur eðlilegt að dómstólar geti endurskoðað ákvarðanir ríkissaksóknara. Sú leið er því til staðar í dag. Hér er verið að búa til undarlega leið. Hér er verið að fela dómsmrh. að hann komi inn í atburðarásina.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég átti satt best að segja ekki von á að menn hefðu hugarflug til að koma fram með hugmyndir af þessum toga árið 2001. Í ljósi allrar þeirrar þróunar sem hér hefur orðið, þó ekki sé horft nema 15 ár aftur í tímann frá því að frægur reiðhjóladómur endaði á borðum Mannréttindadómstóls Evrópu, hefur öll þróun verið í rétta átt. Hún hefur öll verið til að tryggja og treysta rétt almennings í samskiptum við ríkisvaldið. Þannig á það að vera því að mikið vald er falið í ríkisvaldinu. Mikið vald er falið í handhöfn ríkisvaldsins og þegar einstaklingum er falið þetta vald þá þurfa þeir að vinna eftir vel ígrunduðum og skynsömum reglum. Það þarf að setja umgjörð um þetta vald. Þannig hefur öll þróun á þessu sviði verið undanfarin 15 ár þar til sú hugmynd sem hér kemur fram lítur dagsins ljós.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá virðist þetta mál ekki vera stórt í sniðum við fyrstu sýn. Þeim er hér stendur leist ekkert illa á það þegar það kom hér fram og lýsti því yfir. Við nánari skoðun kom á daginn hvílík fásinna það er að ætla sér að taka hluta af ákæruvaldinu og fela það hæstv. dómsmrh.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig á því stendur að ég tel frv. sem hér hefur verið lagt fram þess eðlis að við skoðun eru það mikil vonbrigði að svona hugmyndir skuli enn þá vera á kreiki árið 2001. Mér finnst það mjög verðugt umhugsunarefni að dómsmálayfirvöld séu tilbúin til að breyta því kerfi sem við höfum haft hér lengi, að sjálfsögðu með sínum göllum eins og öll önnur mannanna verk. En markmiðið kerfisins hefur verið skýrt, þ.e. sjálfstætt ákæruvald sem lýtur ekki forræði stjórnmálamanna. Þetta er algert grundvallaratriði. Hér er vegið að þessu sjálfstæða ákæruvaldi.

Ég vona, virðulegi forseti, að menn beri gæfu til að skoða þetta mál ögn frekar. Ég trúi því að hægt sé að lenda þessu máli á annan hátt en hér er lagt upp með. Ég trúi því, sé vilji til að fara þessa leið, að hægt sé að ná saman um að hæstv. dómsmrh. hafi ekki sjálfdæmi um hvort rannsókn hefjist á meintri refsiverðri háttsemi þar sem sök er fyrnd.

[15:55]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað á innblásna ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Ein meginröksemd hv. þm. gegn því frv. sem er til umfjöllunar er að vegið sé að sjálfstæði ákæruvaldsins. Í einfeldni minni taldi ég að í því fælist andstaða við málskot til dómsmrn. Þess vegna kom mér á óvart að sjá að í brtt. frá hv. þm. kemur fram að það málskot er til staðar. Ég fagna því að þingmaðurinn hefur áttað sig á hvílíka réttarbót fyrir borgarana er um að ræða í frv.

Spurningin sem ég vildi varpa fram til hv. þm. er: Hvernig rökstyður hann að með því fyrirkomulagi sem lagt er til í brtt. sé sjálfstæði ákæruvaldsins tryggt? Þarna er sem sagt verið að færa ákvörðun dómsmrn. til Alþingis og færa rannsóknina frá sérstökum saksóknara til rannsóknarnefndar. Ég fæ ekki séð annað en að röksemdin um að verið sé að vega að sjálfstæði ákæruvaldsins, varðandi það frv. sem liggur hér

fyrir, eigi þá ekki síður við varðandi þá brtt. sem hv. þm. hefur lagt hérna fram.

Annað atriði sem ég tel líka ástæðu til að halda til haga er að hv. þm. hefur áhyggjur af því að pólitísk afskipti felist í því frv. sem hér liggur fyrir. Hvernig getur hv. þm. rökstutt, ef hann hefur á annað borð áhyggjur af þessu, að það séu einhver minni pólitísk afskipti ef Alþingi, sem er skipað 63 stjórnmálamönnum, tekur ákvörðunina?

[15:57]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki alveg sjálfgefið að átta sig á því hvað hv. þm. var að fara. Ég held þó að ég hafi náð einhverju af innihaldinu og skal þá reyna að útskýra það.

Í grg. kemur fram að þau tilvik kunni að koma upp þar sem nauðsynlegt sé að endurskoða þessa ákvörðun. Það er fráleitt að dómsmrh., sem situr um tiltekinn skamman eða langan tíma, hvaða bakgrunn sem hann hefur, hafi einhverja pólitíska möguleika á geðþóttaákvörðun, jafnvel að taka ákvörðun gegn sínum pólitísku andstæðingum, um að taka upp mál af þessum toga.

Ef málið kemur fyrir Alþingi þá er það rætt í þaula. Þá er það ekki ákveðið einhvers staðar í lokuðum herbergjum eða ákvörðun eins manns, heldur rætt í þaula. Þá skal heldur ekki gleyma því að Alþingi er æðsta stofnun þjóðarinnar. Það er þá kannski enginn annar sem getur tekið ákvörðun um að fella úr gildi ákvörðun þess sem er handhafi ákæruvalds hverju sinni.

Ég ætla ekki að bera saman, virðulegi forseti, ákvörðun sem er tekin fyrir opnum tjöldum og fær lýðræðislega umræðu á hinu háa Alþingi við að þetta vald sé falið einstökum stjórnmálamanni. Ég spyr bara hv. þm., af því að hann kemur úr Sjálfstfl.: Er þetta hugmyndafræði Gunnars Thoroddsens og Bjarna Benediktssonar heitins eða er hún bara fyrir bí í flokknum?

[15:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem hv. þm. sagði þá vil ég svara því þannig að það er ekki verið að breyta neitt frá því sem þeir lögðu til á sínum tíma.

Ég varpaði fram spurningu til hv. þm. um hvernig hann rökstyddi það að sú tilhögun og það fyrirkomulag sem lagt er til í brtt. feli í sér eitthvað meira sjálfstæði ákæruvaldsins. Ég vil fá svar við því.

Annað atriði sem mér finnst ástæða til að halda til haga er það sem hv. þm. sagði við 1. umr. þegar hann var að reifa málið. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég held að almennt sé mjög gott að hægt sé að kæra ákvarðanir ríkissaksóknara til dómsmrn. og afgreiða á þann hátt sem þessi breyting kveður á um, þ.e. að settur yrði sérstakur ríkissaksóknari í þeim tilvikum sem ráðherra ákveður að beita ákvæðum ríkissaksóknara."

Þetta kom fram við 1. umr. málsins. Hvað hefur þá breytt afstöðu hv. þm. frá því fyrir nokkrum vikum í þessu? Þarna kom allt önnur afstaða fram en hann hefur lýst í ræðustóli í dag.

[16:01]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort ég eigi að leggjast svo lágt að svara svona fyrirspurn. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. gerir sér hins vegar ekki grein fyrir muninum á því að einn einstaklingur fari með þetta vald (Gripið fram í.) eða lýðræðislega kjörin samkoma þá endar sú umræða hvergi. Það þýðir ekkert að halda henni áfram. Af því að hv. þm. vitnaði til ræðu minnar við 1. umr., þá er hitt að við skoðun uppgötvaði ég einfaldlega að það er gersamleg fásinna að leggja þetta til með þessum hætti. Það kom fram í máli mínu, virðulegi forseti.

[16:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni var tíðrætt um þau lönd sem við gjarnan berum okkur saman við. Það er einmitt málið. Þau lönd sem við berum okkur saman við hafa ekki þessa heimild í lögum um meðferð opinberra mála. Það er einmitt sérstakt við þetta mál. Þetta er mjög sérstakt tilvik. Af hverju var þetta sett inn í lög um meðferð opinberra mála á sínum tíma? Það var af því að talið var að nokkuð mikil þekking væri hjá ríkissaksóknara til þess að meta hvort það ætti að rannsaka mál. Þetta snýst ekki um hefðbundið vald og ákvörðun ríkissaksóknara. Við erum búin að margfara yfir það.

Ríkissaksóknari hefur tvö meginhlutverk. Í fyrsta lagi að ákveða hvort ákæra eigi í máli og í öðru lagi að rannsaka mál ef líklegt er að þau leiði til ákæru. Ríkissaksóknari hefur ekki hingað til, svo að ég viti, hafið rannsókn á máli sem hann telur ekki líklegt að leiði til ákæru. Þarna er grundvallarmisskilningur á ferðinni hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Það er á engan hátt verið að ógna sjálfstæði ríkissaksóknara. Það ber að varðveita mjög vel. En það er fráleitt að halda að verið sé að ógna því, herra forseti.

Hv. þm. segir í nefndaráliti sínu að það sé mjög vandasöm ákvörðun að ákveða að rannsaka mál þar sem sök er fyrnd, m.a. út af því að það sé hugsanleg aðför að æru manna. Það kann vel að vera. En það er fráleitt að halda því fram að ákvörðun um rannsókn jafngildi sakfellingu. Það er líka fráleitt að halda því fram. Því spyr ég: Er þá æru manns betur borgið með því að almennar rannsóknarnefndir ákveði að fara með rannsókn mála? Hvað með æruna þá?

[16:04]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkrar umsagnir bárust til allshn. Umsögn barst frá Dómarafélagi Íslands, frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, frá lögreglustjóranum í Reykjavík, frá dómstólaráði, frá Sýslumannafélagi Íslands og frá ríkissaksóknara. Allar þessar umsagnir, virðulegi forseti, taka það upp að hér sé vegið að sjálfstæði ákæruvaldsins. Allar þessar umsagnir taka það upp að ákæruvaldinu sé betur fyrir komið hjá ríkissaksóknara en að fela dómsmrh. þennan þátt. Á það bendir hver og einn einasti. Af hverju leyfir formaður allshn. sér, hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir, að koma upp og halda því fram án þess að færa fyrir því rök að hér sé ekki vegið að sjálfstæði ákæruvaldsins? Er hv. þm. kannski í alvöru að halda því fram að ákæruvaldið sé ekki annað en útgáfa ákæru? Er hv. þm. að reyna að segja þetta? (Gripið fram í.) Hvað er hv. þm. að reyna að segja, virðulegi forseti, og hvað getur hv. þm. sett fram sem hrekur hverja einustu umsögn helstu sérfræðinga þjóðarinnar á þessu sviði? Ég held að við hljótum að gera ríka kröfu til þess að meiri hlutinn sannfæri okkur um annað.

Af því að hv. þm. nefndi líka að þetta væri í öðrum lögum þá get ég alveg tekið undir það, enda gera hugmyndir okkar,

samkvæmt þeirri brtt. sem við höfum lagt fram, ekki ráð fyrir lögreglurannsókn. Það er kjarni þessa máls.

[16:06]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller vitnaði í orð Lúðvíks Bergvinssonar frá 1. umr. áðan þar sem hann tók sérstaklega fram að mjög gott væri ef hægt væri að kæra ákvörðun ríkissaksóknara til dómsmrh. og afgreiða á þann hátt sem þessi breyting kveður á um. Síðan kom annað hljóð í strokkinn. Svo les maður nefndarálit minni hluta þar sem er verið að tala um sérlög, gott og vel. Hv. þm. talaði aldrei um að fara þessa leið í allshn. Allt í lagi með það. Síðan liggur hér fyrir tillaga frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og öðrum þingmanni Samfylkingarinnar um að fara leið þar sem almenn heimild er sett inn í lögin.

Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti segja að mér finnst hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafa farið stóra hringi í þessu máli. Ég tel afar mikilvægt að við getum orðið við þeim kröfum í samfélaginu að mál upplýsist. Ég er margoft búin að ítreka það, bæði í fyrstu ræðu minni og í andsvari áðan, að það er ekki verið að ógna sjálfstæði ákæruvaldsins af því að við erum ekki að tala um rannsóknir á málum sem leiða til ákæru.

Þegar ríkissaksóknari ákveður rannsókn — ég er ekki að tala um að ákveða ákæru — þá er það mál sem hann telur líklegt að leiði til ákæru. Það er ekki verið að ræða um þannig mál hér heldur er verið fara fram á að hægt sé að endurskoða synjun ríkissaksóknara um rannsókn á máli sem leiðir ekki til ákæru. Það er verið að tala um að hægt sé að endurskoða synjun ríkissaksóknara á rannsókn á máli. Ég tel fullkomlega eðlilegt að þeim kröfum samfélagsins verði mætt um að slík mál upplýsist.

[16:08]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar maður á í erfiðum og vondum málum eru útúrsnúningar oft einfaldastir og bestir af því að menn geta ekki flutt fram rök fyrir máli sínu.

Virðulegi forseti. Ég vitnaði áðan í Gunnar Thoroddsen heitinn en hann sagði m.a. að ef maður væri ákærður fyrir afbrot, jafnvel þótt hann yrði sýknaður að lokum, þá gæti sakarrannsóknin ein haft geigvænleg áhrif.

Virðulegi forseti. Tillaga okkar sem við höfum lagt hér fram er þess eðlis að í fyrsta lagi hafi dómsmrh. ekki sjálfdæmi um slíkar ákvarðanir, heldur að slíkar ákvarðanir verði teknar á Alþingi eftir umræðu þar.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er kjarninn í tillögu okkar sá að ekki er um lögreglurannsókn að ræða ef sú forsenda er ekki til staðar að grunur leiki á, gögn hafi verið lögð fram eða vitneskja liggi fyrir um að refsiverð háttsemi hafi verið framin. Þessar forsendur eru ekki til staðar og því er slík rannsókn sem við leggjum til hér allt annars eðlis og dregur algerlega frá þá vankanta sem eru á því að fela þetta vald pólitískt kjörnum fulltrúum sem sitja til skamms eða langs tíma eftir atvikum.

[16:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Það er stór lagabálkur sem tekur til opinberra rannsókna á lögbrotum sem viðurlög eru við. Hvert er markmið slíkra laga? Það er að tryggja að faglega sé að verki staðið og sæmandi fyrir réttarríki hvernig staðið er að málum. Það er mikið í húfi. Réttlætið er í húfi og sannleikurinn er í húfi. Það er mjög mikilvægt að sem víðast séu slegnir varnaglar svo sannleikurinn og réttlætið verði ekki fótum troðið.

Það frv. sem við erum hér með til umfjöllunar miðar einmitt að þessu, að slá varnagla til að tryggja að réttlætið og sannleikurinn verði ekki fótum troðinn.

Frv. fjallar um breytingu á einni lagagrein, 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þessi grein kveður á um rannsókn opinberra mála og eru tilgreindir fimm efnisliðir. Það er 4. liðurinn sem verið er að gera breytingu á. Hvað segir í honum? Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því."

Með öðrum orðum færir þessi lagagrein eða þetta ákvæði lagagreinarinnar það í hendur ríkissaksóknara að taka upp mál og láta fara fram á því rannsókn, mál sem er fyrnt, ef hann telur mikla almannahagsmuni í húfi. Nú hefur komið fram gagnrýni á að þetta sé ekki nægilega rúmt. Þess vegna var lagt fram lagafrv. þar sem lagt var til að tveir nýir málsliðir bættust við þessa 4. mgr. 66. gr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra. Nú er ákvörðun ríkissaksóknara felld úr gildi og setur ráðherra þá sérstakan saksóknara til að fara með málið."

Hér þótti allshn. vegið að sjálfstæði embættis ríkissaksóknara vegna þess að ef við hefðum gert þessa breytingu á lögunum þá væri komið í veg fyrir að ákvörðun ríkissaksóknara um að láta fara fram frekari rannsókn á máli sem er fyrnt, næði fram að ganga. Með öðrum orðum væri framkvæmdarvaldinu falið vald til að koma í veg fyrir rannsókn sem ríkissaksóknari vildi að færi fram.

Eftir umfjöllun í nefndinni var ákveðið að leggja fram brtt. þar sem lagt er til að við 4. mgr. 66. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið."

Það er með öðrum orðum ekki heimilt að dómsmrh. komi með ákvörðun sinni í veg fyrir vilja ríkissaksóknaraembættisins til að láta fara fram rannsókn á máli, en sleginn er sá varnagli að framkvæmdarvaldið, sem starfar í umboði Alþingis, geti látið fara fram rannsókn jafnvel þótt saksóknari hafi hafnað slíku. Mér finnst þetta jákvætt. Mér finnst að hér sé verið að slá þann varnagla fyrir hönd réttlætisins og sannleikans, að ef ríkir hagsmunir eru taldir í húfi þá geti menn látið slíka rannsókn fara fram.

Er vegið að sjálfstæði embættis ríkissaksóknara og þrískiptingu valdsins eins og talað hefur verið um? Nei. Þetta styrkir þessa þrískiptingu. Hvernig? Vegna þess að ef grunsemdir eru um að mál hafi farið á verri veg vegna brota, hugsanlega í opinberu starfi, brota þeirra sem starfa á vegum þessa embættis — því að þegar allt kemur til alls erum við að tala um embætti, embættismenn sem framkvæma þessar rannsóknir — þá er hægt að taka af allan vafa með frekari rannsókn. Mér finnst þetta því vera til þess fallið að styrkja embættið og þrískiptingu valdsins.

Ég get ekki skilið hvers vegna það getur verið slæmt að láta rannsaka mál. Er það slæmt? Er það hættulegt? (**KLM:** Sömu aðilar ...?) Nei, það er nefnilega akkúrat ekki þannig. Hv. þm. spyr hvort það séu sömu aðilar. Við erum að koma í veg fyrir að sömu aðilar dæmi í eigin sök í þessu máli. Ef grunsemdir eru um brot í opinberu starfi, að ekki hafi faglega og eðlilega verið staðið að rannsókn máls þá er hægt að láta taka málið upp og varpa á það ljósi að nýju. Þetta er til þess að styrkja þrískiptingu valdsins að mínum dómi. Ég fæ ekki skilið hvers vegna í ósköpunum menn geta komist að þeirri niðurstöðu að rannsókn af þessu tagi komi til með að veikja ákæruvaldið eða dómsvaldið, þ.e. að slíkar rannsóknir geti farið fram.

Hvernig stendur þá á því að þeir sem hafa tjáð sig um málið, Lögmannafélagið og allflestir aðilar innan réttarkerfisins sem tjá sig um mál af þessu tagi, hafa varað við þessu. Þeir hafa lagst gegn þessu. Ég held að ástæðan geti hugsanlega verið sú að menn hafi af því áhyggjur að þetta gæti orðið til þess að veikja réttarkerfið á einhvern hátt, ekki að menn hafi áhyggjur af réttlætinu heldur réttarkerfinu. Ég velti því fyrir mér, þ.e. trúverðugleika réttarkerfisins. Ég held að svo sé ekki. Ég held ekki. Ég held að það muni ekki gera það. Ef ég á að velja á milli kerfis og réttlætis þá stilli ég mér upp réttlætisins megin.

Komin er fram önnur tillaga um aðkomu þingsins, þ.e. ef dómsmrh. kæmist að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að taka mál upp til rannsóknar beri ráðherra að skjóta því til þingsins sem síðan fjalli um málið. Það er verið að lengja leiðina og þétta síuna til að hægt verði að taka mál upp að nýju. Ef einhver hefði átt að hafa áhuga á því þá hefði ég haldið að sá áhugi kæmi frá hæstv. dómsmrh., sem án efa mun lenda í því að gaumgæfa óskir og beiðnir um að mál verði tekin upp. Ég hefði viljað snúa þessu við og spyrja hvort ekki væri æskilegt að styrkja stöðu þingsins gagnvart rannsóknum á málum í stað þess að þrengja þessa síu og gera torveldara að taka mál upp til rannsókna, að styrkja stöðu þingsins sem sjálfstæðs aðila. Þingið getur að sönnu samþykkt með lögum að taka mál til rannsóknar. En þetta ferli er hins vegar ekki opið þinginu á sama hátt og við erum að færa vald til dómsmrh. Ég hefði því fremur viljað efla stöðu þingsins og hef efasemdir um að gera þessar leiðslur lengri og síur þéttari þegar um er að ræða að taka upp mál til rannsóknar. Við skulum ekki gleyma því að verið er að taka mál til skoðunar þar sem refsingu verður ekki komið við. Við erum að tala um mál sem eru fyrnd og við höfum dæmi um slík mál á Íslandi sem eðlilegt er að tekin yrðu til rannsóknar.

Ég hafna því að þetta sé til þess að veikja ákæruvaldið og grafa undan þrískiptingu valdsins. Ég held þvert á móti að það styrki það. Ég fæ ekki séð að það geti nokkru sinni verið hættulegt að rannsaka mál og varpa ljósi á mál sem talið er varða almannahagsmuni að upplýsa.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef stutt þetta frv. og mun styðja það þegar það þegar kemur til atkvæðagreiðslu í þinginu.

[16:22]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að koma nokkrum sjónarmiðum að í þessari umræðu, 2. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála en ég var beðin um að vera viðstödd umræðuna. Ég vil byrja á því að rifja það upp að þegar ég mælti fyrir því frv. sem er til umræðu, þá fagnaði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson frv. og sagði gott að það væri komið fram. Nú virðist hann hafa skipt um skoðun og er því andvígur. Mér kemur það hins vegar ekki á óvart að hv. þm. sjái ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þau sinnaskipti.

Ég tel frv. hins vegar enn í fullu gildi. Ég tel mjög til bóta að hægt sé að kæra ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á rannsókn til ráðherra þegar sérstaklega stendur á eins og nánar kemur fram í frv. Ég er einnig samþykk þeim breytingum sem meiri hluti hv. allshn. leggur til.

Ég er sannfærð um að nauðsyn geti borið til að hafa þá kæruheimild sem frv. fjallar um og að fleiri geti komið að því mati hvort ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæli með rannsókn en ríkissaksóknari einn, með öðrum orðum að málið geti fengið skoðun öðru sinni.

Meginreglan er sú að ákvörðun um rannsókn máls sætir endurskoðun hjá æðra settu stjórnvaldi en það á ekki við í þeim sérstöku tilvikum þegar saksókn verður ekki við komið en ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla með því.

Samkvæmt núgildandi lögum fer aðeins einn aðili með ákvörðunarvald í þessum efnum en með lagabreytingunni verður mögulegt að kæra slíka ákvörðun. Frv. felur því í sér nauðsynlegar og sjálfsagðar reglur um endurskoðun ákvarðana innan stjórnkerfisins.

Því hefur verið haldið fram í nál. minni hlutans að með frv. sé vegið að sjálfstæðu ákæruvaldi í landinu. Það er auðvitað fráleitt. Í 4. mgr. 66. gr. er kveðið á um heimild til að rannsaka mál þótt refsingu verði ekki við komið ef ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla með því. Ákæruvaldið höfðar ekki mál á grundvelli slíkrar rannsóknar og því varðar sú kæruheimild sem hér er lagt til að verði lögfest aðeins mál þar sem reynir ekki á beitingu ákæruvalds.

Þau mál sem réttlæta beitingu þess ákvæðis sem hér er um að ræða hljóta eðli málsins samkvæmt að vera allsérstök. Í reynd er um að ræða mál þar sem ríkir almannahagsmunir krefjast þess að fram fari rannsókn.

Lengi hefur verið rætt um ákveðna þætti svokallaðra Guðmundar- og Geirfinnsmála og ýmis þau álitamál sem ýmsir telja enn óupplýst í því máli. Sú lagaheimild sem hér er um að ræða gefur kost á því að raunveruleg rannsókn fari fram á slíkum málum. Það segir sig sjálft að slík tilvik eru afar fátíð og tengjast ekki venjulegri starfrækslu ákæruvalds í landinu. Þetta tel ég rétt að undirstrika.

Á síðasta áratug voru gerðar stórfelldar breytingar á réttarfari, dómstólaskipan og skipulagi löggæslu ákæruvalds hér á landi sem leysti af hólmi skipan sem orðin var úrelt. Þessar breytingar horfðu til framtíðar en engu að síður virðist sem nokkrar afturgöngur frá tímanum fyrir breytingar séu enn á sveimi. Þær afturgöngur er nauðsynlegt að kveða niður svo að dómstólar okkar og réttarfar geti notið fulls trausts með þjóðinni.

Hér hefur verið bent á að nokkur gagnrýni hafi komið fram um efni frv. frá nokkrum umsagnaraðilum. Breytingar hafa m.a. verið gerðar af hálfu hv. allshn. til að koma til móts við þessar ábendingar. Frv. er nú takmarkað við þau tilvik þegar ríkissaksóknari synjar um rannsókn tiltekins máls. Ég ítreka þá skoðun mína, virðulegi forseti, að samþykkja eigi frv. með þeim breytingum sem meiri hluti hv. allshn. vill gera á því.

Í nál. minni hlutans er því haldið fram að eina úrræði þess sem telur að sér vegið með rannsókn máls á grundvelli þeirrar lagaheimildar sem hér um ræðir sé ærumeiðingarmál á hendur ráðherra. Þetta er afar sérkennileg fullyrðing. Í

fyrsta lagi er ekki verið að fjalla um rannsóknarheimildina sjálfa. Hún er fyrir hendi og er ekki úr vegi í þessu samhengi að minnast þess að hún var studd m.a. af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni. Þeir eru hins vegar andsnúnir málinu núna og beita fyrir sig röksemdum sem allt eins hefðu átt við um það frv. sem við samþykktum fyrir nokkrum missirum. Ef ég man rétt samþykkti stór meiri hluti hv. þm. þessar lagabreytingar, jafnvel 48 talsins.

Í öðru lagi er ljóst að ráðherra fer ekki með rannsókn málsins heldur verður skipaður sérstakur saksóknari til þess samkvæmt frv. Ráðherra getur því ekki orðið aðili að málinu enda fer hann ekki með framkvæmd rannsóknarinnar.

Þá hefur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson velt sér upp úr því og bent á að slæmt sé að stjórnmálamaður fari með þetta vald. Ég skil orð hans svo sem hann telji að hætta sé á misnotkun á valdi.

Það frv. sem hér um ræðir veitir þrönga heimild í sérstæðum málum til að kæra synjun um að rannsókn fari fram. Mat ráðherrans á að byggjast á því hvort almannahagsmunir krefjist þess að mál sé rannsakað. Ég tel mjög sérkennilegt ef hv. þm. Samfylkingarinnar vilja ekki eða sjá ekki ástæðu til að fjalla um almannahagsmuni í störfum sínum. Ég tel mjög eðlilegt að ráðherra, sem ber beina ábyrgð gagnvart þjóð og þingi, taki ákvörðun um það hvort mál sem varða almannahagsmuni séu rannsökuð eða ekki. Hins vegar er alveg ljóst að misbeiti ráðherra því valdi missir hann traust þingsins, trúnað kjósenda sinna og er ekki vært í embætti.

Þá hefur líka verið minnst á að það væri heppilegri leið og eðlilegri að setja sérlög í þessu dæmi og hv. þm. Samfylkingarinnar telja meira við hæfi að setja sérlög í hvert sinn sem rannsókn skal fara fram í máli af því tagi sem umrætt frv. fjallar um. Í nál. minni hlutans segir:

„Ef vilji hefur staðið til þess að þetta tiltekna mál“ — þarna er vísað í þátt af Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem að undanförnu hefur verið til skoðunar — „yrði tekið sérstaklega fyrir hefði verið miklu eðlilegra að setja um það sérlög ...“

Ef Alþingi ákveður að láta rannsaka mál sem ríkissaksóknari hefur hafnað er sjálfstæði hans þá ekki skert? Á Alþingi að taka að sér störf sem æðra stjórnvald?

Virðulegi forseti. Ég vil fá að víkja nokkuð að þeirri brtt. sem hér hefur komið fram fram frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni. Um hana hefur verið nokkuð fjallað þannig að ég ætla ekki að fara með efni hennar en í tillögunni er lagt til að þingskipaðri nefnd sé falið vald sem aðeins lögregla og saksóknari hafa samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Ef þessi tillaga yrði samþykkt væri hún í algerri andstöðu við meginreglu íslensks réttarfars og þingræðishefða.

Hv. tillöguflytjendur hafa vakið máls á því að í umsögn hafi komið fram athugasemdir við frv., reyndar í nokkrum umsögnum. Öll þau rök sem þar koma fram eiga því jafnt við um þessa brtt. hv. þm. og því spyr ég: Er hægt að byggja á umsögnum allshn. í öðru orðinu en hafna því í hinu?

Það er sérkennilegt að hér sé sett fram brtt. af þessu tagi af hv. flm. þar sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur talað svo mikið um sjálfstæði ríkissaksóknara en telur síðan sjálfsagt að Alþingi taki að sér nýtt hlutverk, þ.e. rannsókn opinberra mála. En hingað til hefur það komið fram að hv. þm., sem hafa lagst gegn því frv. sem hér er til umræðu, telja að rannsókn opinberra mála sé óæskilegur hluti ákæruvaldsins.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég undirstrika að í þessu frv. felst engin breyting á reglulegri starfsemi ákæruvaldsins. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga. Hér er um að ræða beitingu lagaheimildar til opinberrar rannsóknar sem var nýlega samþykkt og varðar sérstök tilvik sem koma ekki til meðferðar dómstóla en varðar samt mikla almanna- eða einkahagsmuni. Með frv. er því ekki haggað við grundvallarreglunni um sjálfstætt ákæruvald. Öll mál sem lotið hafa endanlega ákvörðunarvaldi ríkissaksóknara á síðustu áratugum verða eftir sem áður hjá sjálfstæðu ákæruvaldi. Því er ekki aðeins rangt að halda því fram að verið sé að breyta því fyrirkomulagi sem Bjarni heitinn Benediktsson beitti sér fyrir að komið var á heldur er það hreinn útúrsnúningur.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að láta þessi sjónarmið koma fram við 2. umr. málsins. Ég tel að um mikilvægt mál sé að ræða. Ég vænti þess að við fáum góðar umræður um þetta frv. og því verði vel tekið á hinu háa Alþingi og verði að lokum samþykkt.

[16:36]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það geta verið sterk rök fyrir því að heimila undanþágu frá meginreglunni um sjálfstæði ákæruvaldsins eins og hér er lögð til og hæstv. dómsmrh. og reyndar fleiri sem hér hafa talað hafa nefnt sérstaklega til sögunnar Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Ég segi það fyrir mig að ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt að til sé heimild þannig að möguleiki sé til þess að fara ofan í slík mál þegar þau koma upp.

Herra forseti. En það er jafnmikilvægt í mínum huga til þess að vernda það réttarríki sem við teljum okkur búa við að mjög sé vandað til þess hvernig þetta er gert. Herra forseti. Það er ekki sama hvernig svona frávik er veitt. Í tillögunni sem hér hefur komið fram frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni er verið að vísa þessu valdi mun meira til Alþingis sem er æðsta stofnun þjóðfélags okkar og það er munur á því, herra forseti, og því sem hér er gert ráð fyrir, opinni heimild til handa dómsmrh. sem ég efast ekki um að mun alltaf fara mjög gætilega með þá heimild. En, herra forseti, réttarkerfi okkar er þannig byggt upp að við þurfum að fara mjög varlega í öllum frávikum frá því. Mjög oft hefur verið nefnt í þessari umræðu að þetta snúist um réttlæti en ekki réttarkerfi og ef spurningin er hvort við eigum að halda með réttlætinu eða réttarkerfinu, þá er það líka spurning um réttlæti að réttarkerfið sé virt. Herra forseti. Þess vegna segi ég að munurinn á þeirri tillögu sem hér er lögð fram af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni annars vegar og hins vegar því sem lagt er fram af dómsmrh. er fyrst og fremst spurning um hvernig slíkt er gert og um það held ég að málið snúist fyrst og fremst.

[16:38]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að í sjálfu sér væri það líka brot á þingræðisreglum að ætla að hv. Alþingi fari með rannsókn á slíkum málum. Að sjálfsögðu eru alþingismenn stjórnmálamenn alveg eins og ráðherrar og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hlýtur líka að átta sig á því.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að mikilvægt er að gæta stöðu réttarríkisins og ég skal fúslega viðurkenna að það að finna lausn á svona máli getur verið nokkuð flókið viðureignar, sérstaklega þegar litið er til lagalegrar hliðar þess. En ég ítreka að við erum að tala um afar sérstök mál

þar sem ráðherra þarf auðvitað að fara mjög varlega í sínu mati. Litið var til annarra landa í þessu sambandi. Svona mál hafa komið upp t.d. í Danmörku, mjög alvarlegt mál þar sem fram komu ásakanir á hendur lögreglu, svokallað Nørrebro-mál. Þar var reyndar farin önnur leið. Sérstök nefnd var látin rannsaka það mál. Auðvitað er alltaf vandmeðfarið hvernig á að snúa sér í að finna lausn á þessum málum. En þegar öllu er á botninn hvolft held ég að mestu máli skipti að við sjáum til þess að réttlætinu sé fullnægt, að þarna sé opnaður möguleiki sem geti leitt í ljós ákveðna hluti, hver svo sem niðurstaðan verður. Ég ætla ekkert að segja til um það.

[16:40]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt að halda því fram að með brtt. hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og Guðmundar Árna Stefánssonar sé verið að leggja til að Alþingi fari með rannsókn þessa máls. Það sjá allir sem lesa tillöguna, herra forseti.

Hins vegar er verið að leggja til að hæstv. dómsmrh. leggi fyrir Alþingi sína tillögu um skipan nefndar og þar komi fram hvernig nefndin skuli skipuð o.s.frv. Það er í mínum huga mjög eðlileg leið að fara. Við það skapast umræða um þessa heimild og hún á eðli málsins samkvæmt að vera mjög þröng. Hana á aðeins að nota í mjög þröngum undantekningartilvikum og í mínum huga er mjög eðlilegt að slík undantekningarheimild sé tekin til umræðu hér í þessari stofnun, á hinu háa Alþingi og þannig hafi hæstv. dómsmrh. Alþingi með sér við þessa ráðagerð hverju sinni. Ég held að það sé ekki aðeins æskilegt fyrir aðila máls sem hugsanlega geta átt hagsmuna að gæta heldur ekkert síður fyrir hæstv. dómsmrh.

[16:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fullvissa hv. þingmenn um að ég hef lesið þessa tillögu og ég vil í tilefni af orðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur benda henni á það sem segir í lok tillögunnar.

„Hafni Alþingi þingsályktunartillögunni, eða afgreiði hana ekki, er ákvörðun dómsmálaráðherra úr gildi fallin og stendur þá fyrri ákvörðun ríkissaksóknara."

Eru þetta ekki afskipti þingsins, hv. þm.?

[16:42]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði verið gott fyrir umræðuna ef hæstv. ráðherra hefði ekki verið búin að skrifa sína ræðu áður en við fluttum þá brtt. sem hér um ræðir því að ræða hæstv. ráðherra var þess eðlis að út úr brtt. var snúið alveg markvisst.

En ég ætla að reyna eftir bestu getu að útskýra muninn á okkar hugmynd og hugmynd hæstv. dómsmrh. Gagnrýni okkar byggir í fyrsta lagi á því að hluti af ákæruvaldinu sé ekki fenginn pólitískum ráðherra. Það er kjarnaatriði í þessu. Þess í stað er lagt til að Alþingi og ráðherra fari með þetta sameiginlega. Ráðherra tekur um það ákvörðun en hana þarf þingið að staðfesta. Á þessu er grundvallarmunur og sú hætta á því að stjórnmálamaður misfari með þetta vald verður þá ekki lengur til staðar. Þess vegna vinnum við bug á þeirri hættu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er með tillögu okkar lagt til að ekki ekki fari fram lögreglurannsókn í þessum tilvikum, heldur er þetta sama leið og Danir hafa farið, og þá hefur þingið ekki annað hlutverk en annaðhvort staðfesta eða synja ákvörðun ráðherra um að ógilda þessa ákvörðun. Þar af leiðandi er þingið ekkert með afskipti af þessum rannsóknum.

Virðulegi forseti. Ég held að í ljósi þessa alls sé mjög mikilvægt að menn komi vel lesnir til þessarar umræðu, átti sig á því hver kjarninn í þessu er og um hvað gagnrýnin snýst.

[16:44]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson telur að kjarni málsins í þessari brtt. sé að þetta mál sé ekki tengt pólitískum ráðherra þá get ég ekki stillt mig og verð við þetta tækifæri að fá að rifja upp orð hans við 1. umr. um þetta frv. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég held að almennt sé mjög gott að hægt sé að kæra ákvarðanir ríkissaksóknara til dómsmrh. og afgreiða á þann hátt sem þessi breyting kveður á um, þ.e. settur yrði sérstakur ríkissaksóknari í þeim tilvikum sem ráðherra ákveður að breyta ákvörðun ríkissaksóknara."

Hann veltir líka upp þeim möguleika að skoða hvort ríkissaksóknara beri ekki að gefa út á hverju ári bók eða skýrslu um það hvenær hann hefur fellt niður mál og af hvaða ástæðum og segir seinna í sinni ræðu:

„Ég held líka að í því fælist mikið aðhald fyrir ríkissaksóknara."

Virðulegi forseti. Síðan segir hv. þm. í lokin:

„Meginniðurstaða mín, virðulegi forseti, er sú að ég fagna þessu frv. Mér finnst gott að það skuli vera komið fram."

Ég gat ekki látið hjá líða að minnast á þessi orð hv. þm. Að sjálfsögðu getur hann skipt um skoðun eins og aðrir í þessum sal. Ég hygg þó að hv. þm. sé sammála mér, og fleiri hv. þingmönnum sem hér hafa rætt um þetta mál, um að virkilega sé ástæða til að veita ákveðið frávik þegar um er að ræða mjög sérstæð mál sem þarf að upplýsa.

[16:47]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða fer að verða dálítið skemmtileg. Einasta og haldbærasta röksemd hæstv. ráðherra fyrir þeirri hugmynd sem hún er að tala fyrir er sú að ég hafi skipt um skoðun. Einhvern veginn hrökkva allir í þá umræðu að ég hafi skipt um skoðun. Ég ætla að lesa upp úr þeirri ræðu sem ég flutti vegna þess að hún var í kjölfarið á því að Alþingi hafnaði afbrigðum í öryrkjamálinu. Þar sagði ég, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum nú kemur þannig inn á þingið að ekki gafst mikill tími til að undirbúa sig fyrir umræðuna enda lágu þinggögn ekki fyrir í hliðarherbergjum þegar málið var tekið á dagskrá og því þurfti að bíða örlítið eftir að geta nálgast þau."

Þegar menn hafa farið yfir gögnin, farið yfir þær skoðanir og þær röksemdir sem hafa komið fram og séð það að þetta er algerlega fráleit hugmynd, þá skipta menn um skoðun. Kannski má segja sem svo að þetta hafi ekki verið fullmótuð skoðun en það má svo sem deila um það. Kjarninn er einfaldlega þessi að sú einasta röksemd sem hv. þm. hafa úr stjórnarliðinu er sú að sá er hér stendur hafi skipt um skoðun.

[16:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér koma eilítið á óvart þau stríðu viðbrögð hæstv. dómsmrh. og raunar stjórnarliða allra sem hér hafa tekið til máls í þessari umræðu vegna þeirrar brtt. sem ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson höfum lagt fram. Í því sambandi notaði hæstv. ráðherra orðið „afturgöngur" og ég bið hana að gera nánari grein fyrir því á hvaða ferðalagi hún var í þeim efnum.

Það eru þrjú meginatriði sem ég heyri ekki betur en hv. þm. séu allir sammála um, þ.e. það eigi að vera til staðar málskotsréttur, afskaplega þröngur. Það eigi að varðveita sjálfstæði ríkissaksóknara eins og nokkur kostur er og það eigi að gæta hlutlægni og víðsýni þegar ákvörðun er tekin um sjálfstæða rannsókn af hálfu annars aðila en ríkissaksóknara og við erum að leita leiða hvernig því verði best fyrir komið. Hvaða leiðir er bent á sem valkost við ræðu hæstv. dómsmrh. sem uppfyllir nákvæmlega öll þau skilyrði sem ég nefndi áðan? Það að dómsmrh. verði ekki einn í för varðandi þessa ákvörðun sína sem hlýtur ævinlega að vera mjög stór og alvöruþrungin. Það má auðvitað velta vöngum yfir og fá til þess styrk og stuðning ef hann er til staðar á hinu háa Alþingi. Ég hélt satt að segja að hæstv. dómsmrh. mundi fagna því alveg sérstaklega að verið væri að gefa undir fótinn með það að við þessar sérstöku undantekningaraðstæður væri Alþingi tilbúið að veita henni atbeina. Af því að hæstv. ráðherra nefndi sjálf Nørrebro-málið, þá var það nákvæmlega með þeim hætti sem menn gengu til verka á þeim bæ.

Í öðru lagi verður hæstv. ráðherra að glöggva sig á því að það sem hún kann að meta sem almannahagsmuni getur vel verið að aðrir í þessum sal geri ekki. Hér er um túlkunaratriði að ræða sem mikilvægt er hverju sinni að séu skoðuð og skilgreind og rædd í þaula. Sá er tilgangur þessarar brtt. Ég bið hæstv. ráðherra að lesa brtt. vandlega áður en hún heldur langar ræður um hana.

[16:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir því sem ég best veit er þetta umrædda Nørrebro-mál ekki til lykta leitt og mér er ekki ljóst hvernig því lýkur. Sú leið sem Danir fóru í þessu tilviki hefur e.t.v. ekki reynst heppileg. Ég skal ekkert um það dæma.

En ég er auðvitað sammála hv. þm. um að þetta er stór og mikilvæg ákvörðun sem þarf að taka en þetta eru ekkert sérstaklega stríð viðbrögð hjá þingmönnum stjórnarflokkanna. Þetta er málefnaleg umræða. Við erum að ræða um alvörumál. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. En að ég hafi nefnt hann og einhverja fleiri til sem afturgöngur í þessu máli, þá held ég að það sé alger misskilningur. Það sem ég var að fjalla um í ræðu minni áðan voru þessar breytingar sem höfðu verið gerðar á réttarfarinu og dómstólaskipan og skipulagi löggæslu og ákæruvalds á síðasta áratug. Það horfir vissulega til framtíðar, það hefur reynst vel en engu að síður virtist sem nokkrar afturgöngur frá tímanum fyrir breytingarnar væru enn þá á sveimi og þar er að sjálfsögðu ekki átt við hv. þm. En það er auðvitað það sem ég nefndi áðan í þeim stóru og alvarlegu málum sem við höfum rætt um eins og hefur verið bent á, í Guðmundar- og Geirfinnsmálum þar sem ýmsir telja að sé ástæða til þess að fá betri upplýsingar.

[16:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er létt. Það voru aðrar afturgöngur. En í fullri alvöru talað vil ég að það komi fram strax við þessa umræðu að sá sem hér stendur væri fyrstur manna til að liðka fyrir því kæmi fram þáltill. frá hæstv. ráðherra, ef brtt. okkar yrði samþykkt, vel rökstudd og gerð grein fyrir henni um að gera úttekt og athugun á þessum nefndu málum, þá mundi ég liðka fyrir því og greiða því atkvæði mitt þannig að það sé alveg skýrt. Mér sýnist á öllu að upphaf þessa máls megi rekja til erinda sem tiltekinn hæstaréttarlögmaður í umboði aðila í þessum nefndu málum hefur farið fram á.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að eiga orðastað í einhverjum skeytastíl við hæstv. ráðherra. Þetta mál er það alvöruþrungið, herra forseti, að ég verð að gera það í heildstæðu máli hér á eftir.

[16:53]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 708. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1130.

Hönnunarréttur, 505. mál, nál. iðnn., þskj. 1127; brtt. iðnn., þskj. 1128.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 414. mál, nál. landbn., þskj. 1135.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1129.

Uppkaup á greiðslumarki í sauðfjárrækt, 613. mál, svar landbrh., þskj. 1088.

[16:54]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála er varðar heimild til að skjóta ákvörðun ríkissaksóknara um hvort opinber rannsókn skuli fara fram eða ekki til dómsmrh. Eins og hv. formaður allshn. hefur gert ágætlega grein fyrir hefur nefndin fjallað ítarlega um frv. og gerir meiri hluti nefndarinnar tillögur um nokkrar breytingar á frv. frá því að það var lagt fram. Þær breytingar eru helstar að málskot til ráðherra er nú eingöngu bundið því að ríkissaksóknari hafi synjað viðkomandi hagsmunaaðila um nýja rannsókn en ekki einnig ef ríkissaksóknari hefur samþykkt nýja rannsókn eins og frv. kvað á um.

Það var skoðun nefndarinnar að ekki sé þörf á málskoti til ráðherra ef ríkissaksóknari hefur samþykkt ósk þess sem hagsmuna á að gæta um nýja rannsókn máls. Því eingöngu að ríkissaksóknari hefur hafnað endurupptöku máls við þau skilyrði sem 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála segja til um vaknar málskotsréttur til dómsmrh. Það er þá á hans valdi að meta og taka ákvörðun um hvort svo ríkir einka- eða almannahagsmunir séu í húfi að synjun ríkissaksóknara eigi að hnekkja.

Í öðru lagi var talið réttara að ábyrgð ráðherra á ákvörðun um hvort mál verði tekið á ný til rannsóknar verði skýr en ekki falin sérstökum saksóknara að taka ákvörðun um hvort rannsókn fari fram og hann fari síðan með málið. Með þessu móti er alveg ljóst hvar hin pólitíska ábyrgð liggur. Ef ákvörðun orkar tvímælis er það alveg ljóst að það er ráðherra sem ber ábyrgð á þeirri ákvörðun þannig að ekki verði farið neitt í kringum það.

Hlutverk sérstaks saksóknara verður því eingöngu að fara með og rannsaka málið en taka ekki ákvörðun um hvort málið verður tekið á ný til skoðunar eins og frv. gerði ráð fyrir í frummynd sinni. Með þessari breytingu er ábyrgð ráðherra að taka til endurskoðunar synjun ríkissaksóknara

hrein og klár og ábyrgð á ákvörðun um að staðfesta synjun ríkissaksóknara um nýja rannsókn máls eða á hinn bóginn ákvörðun um að málið fari til rannsóknar sérstaks saksóknara alveg ljós.

Meginatriði þessarar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála er að í henni felst fyrst og fremst réttarbót fyrir borgarana og þær vakna eingöngu við afar sérstakar aðstæður. Fjögur skilyrði þarf að uppfylla til að reyna á þetta ákvæði frv. sem lagt er til að verði að lögum.

1. Ríkir almanna- eða einkahagsmunir þurfa að vera fyrir hendi.

2. Málið sé þess eðlis að refsingu verði ekki við komið vegna þess m.a. að sök er fyrnd.

3. Sá sem hagsmuna hefur að gæta hafi á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála óskað eftir því við ríkissaksóknara að málið yrði rannsakað og í fjórða lagi að ríkissaksóknari hafi hafnað rannsókn. Hér er því ekki um eiginlegar sakamálarannsóknir að ræða þar sem markmiðið er að afla gagna til að ákvarða hvort eigi að sækja mann til saka eins og venjulega er þegar um er að ræða rannsóknir opinberra mála heldur er hér um réttarbót fyrir borgarana að ræða, t.d. þegar ný gögn koma fram sem benda til að ástæða sé til að taka upp og rannsaka mál frekar eða að ríkir almanna- og einkahagsmunir séu í húfi.

Því hefur verið haldið fram að með þessu frv. sé vegið að sjálfstæði ákæruvaldsins. Í áliti minni hluta allshn. kemur fram sú skoðun að nær hefði verið að setja sérlög í einstökum tilvikum þegar þær aðstæður skapast sem ákvæði frv. taka til. Ég vil fjalla í nokkrum orðum um þessi atriði, annars vegar sjálfstæði ákæruvaldsins og hins vegar varðandi sérlög.

Í fyrsta lagi er verið að lögleiða reglu sem getur í engum tilvikum leitt til ákæru. Því er ekki hægt að halda því fram að vegið sé að sjálfstæði ákæruvaldsins.

Í öðru lagi er reglan sett í lög um meðferð opinberra mála og er ríkissaksóknara fyrst og fremst falið að taka ákvörðun um nýja rannsókn máls sem falla undir þær aðstæður sem eru skilgreindar í 4. mgr. 66. gr. laganna. Aðeins í þeim tilvikum sem ríkissaksóknari hafnar því að mál sé rannsakað vaknar málskotsréttur til dómsmrh. og ráðherra ætlað að meta málið í ljósi ríkra almanna- eða einkahagsmuna.

Í þriðja lagi er það skoðun mín að þá fyrst þegar sérlög eru sett um tiltekin mál er hægt að segja að vegið væri að sjálfstæði ákæruvaldsins, að tekið sé fram fyrir hendur ákæruvaldsins. Ég er því mótfallin því að setja sérlög um einstök mál í þessum efnum og get alveg séð fyrir mér af hvílíkum tilfinningaþunga og umróti slík frumvörp gætu verið lögð fram.

Sú aðferð sem hér er lögð til, að fela ákvörðun um nýja rannsókn málsins við þær aðstæður sem er lýst í 4. mgr. 66. gr. laganna fyrst og fremst í valdi ríkissaksóknara og við ákveðin tilvik og aðstæður sem í frv. greinir í vald dómsmrh., tel ég vera skynsamlega aðferð og geta tryggt meiri hlutlægni en sérlög gætu sem væru sett við aðstæður sem erfitt er að gæta hlutlægni.

Það sem vegur einnig stórt og einna þyngst varðandi afstöðu mína til þessa máls er réttaröryggi borgaranna og það sem kalla mætti vanhæfni ríkissaksóknara hvað varðar eigin mál. Ósk um nýja rannsókn máls á grundvelli 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála má í ákveðnum tilvikum túlka sem gagnrýni á vinnubrögð embættis ríkissaksóknara, að rannsókn hafi ekki verið nægilega ítarleg og að ekki hafi verið kallað eftir öllum gögnum málsins.

Minni hluti allshn. tekur undir þessi sjónarmið í áliti sínu þegar hann segir í niðurlagi nál., með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að líta fram hjá því að upp kunna að koma tilvik þar sem ríkissaksóknari, sem æðsti yfirmaður opinberra rannsókna, á erfitt um vik að ákvarða hvort mál skuli rannsakað þrátt fyrir að sök sé fyrnd, t.d. ef grunur leikur á að rannsakendur hafi komið sök á einstaklinga eða rannsókn tiltekins sakamáls öll verið í skötulíki."

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tiltók þetta sérstaklega hér áðan í ræðu sinni. Mér finnst þetta ágætlega orðað og mjög sterk rök fyrir því að sú breyting sem hér er lögð til á lögum um meðferð opinberra mála verði samþykkt. Hér er verið að tryggja betur réttaröryggi borgaranna. Réttaröryggi borgaranna á að taka fram yfir hugsanlega vörn ákæruvaldsins til að breiða yfir hugsanleg röng vinnubrögð, hugsanleg mistök, vanhæfni eða hugsanleg afglöp opinberra embættismanna. Þess vegna er heimild dómsmrh. til að taka ákvörðun ríkissaksóknara til endurskoðunar eingöngu bundin þeim tilvikum er ríkissaksóknari hefur hafnað beiðni þess sem hagsmuna á að gæta.

Öllum er það ljóst að um vandasama ákvörðun er að ræða þegar ákvörðun er tekin um að rannsaka mál að nýju, hvort sem hún er tekin af ríkissaksóknara eða dómsmrh. enda yrði hún eingöngu tekin ef um ríka almanna- eða einkahagsmuni væri að ræða.

Niðurstaða mín er því sú að þetta frv. eigi fyllilega rétt á sér. Það vegur ekki að sjálfstæði dómstólanna, eins og ég hef fært rök fyrir, og það er til þess fallið að auka réttaröryggi borgaranna sem við hv. alþingismenn eigum fyrst og fremst að standa vörð um.

[17:02]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé ekkert launungarmál að tilurð þessa frv. sé málarekstur nokkurra einstaklinga sem telja sig hafa verið órétti beitta við rannsókn, meðferð og úrlausn svokallaðra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Það kemur raunar skýrt fram í fylgiskjölum nál. á þskj. 1100, þ.e. með minnihlutaáliti hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, í bréfi ráðuneytisins til Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, en í niðurlagi þess segir, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn vill ráðuneytið greina yður frá því að dómsmálaráðherra hefur í hyggju að mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála þar sem lagt verður til að unnt verði að skjóta til ráðherra ákvörðun ríkissaksóknara skv. 4. mgr. 66. gr. Verði umrætt frumvarp að lögum mun ráðuneytið taka mál skjólstæðings yðar til meðferðar að eigin frumkvæði á grundvelli breyttra laga."

Það er augljóst af þessu og raunar fjölmiðlaumfjöllun um það mál að málarekstur örfárra einstaklinga sem telja að brotið hafi verið á rétti sínum í þessum tilteknu málum er kveikjan að þessu frv., ekki síður eftir að fyrir lá ákvörðun ríkissaksóknara þrátt fyrir auknar heimildir honum til handa.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að halda því mjög ákveðið til haga, af því að hæstv. dómsmrh. taldi ástæðu til að leggja hér lykkju á leið sína, og rifja upp að fyrir nokkrum missirum var samþykkt frv. þar sem ríkissaksóknara voru veittar auknar heimildir til að hefja sérstaka rannsókn þótt fyrning væri til staðar. Hann hefði með öðrum orðum getað tekið þetta tiltekna mál upp undir þeim nýbreyttu lögum, en gerði þó ekki. Í þessum sal var enginn ágreiningur um þær auknu heimildir honum til handa. Málið er því í eðli sínu alls

óskylt því, enda hefur helsta gagnrýnin verið á hvar þetta vald eigi að liggja, sem ég mun ræða hér ítarlegar á eftir. Það er rétt að halda meginatriðum rækilega aðskildum í þessu máli og það ætla ég að reyna að gera þó að stundum reynist það erfitt.

Ég staldraði hér við kveikjuna að þessum málarekstri. Ég hygg að þannig sé með flesta í þessum sal og samfélaginu öllu að á þeim 25 árum sem liðin eru frá þessum atburðum hafi margir á mínu reki og eldri fylgst með síendurtekinni umræðu um málið. Stundum hafa komið fram nýjar upplýsingar, heimildarkvikmyndir og fjölmiðlaumfjöllun af ýmsum toga kveikt, ef svo mætti segja, nýja elda og vakið upp nýjar spurningar. Um það er ekkert að segja og ef spurt yrði hér í *almennri skoðanakönnun hvort réttmætt væri að skoða alla* enda og kanta Guðmundar- og Geirfinnsmálsins upp á nýtt mundu 90% þjóðarinnar sennilega segja já. Fyrir liggur ljós vilji a.m.k. eins fórnarlambs í þessu máli sem hefur rakið það mál sem ég gerði að umtalsefni og vitnaði í því sambandi í bréf dómsmrn.

Herra forseti. Við skulum hins vegar stíga varlega til jarðar í þessu máli eins og öllum öðrum. Ég þykist þess fullviss að fórnarlömbin í þessu máli fagni því ekki endilega öll að enn og aftur eigi að kveikja elda, vekja upp gamlar spurningar og ýfa upp gömul sár sem sennilega gróa aldrei. Ég er ekki handviss um að öll þau fórnarlömb sem þar eiga svo sannarlega um sárt að binda — þá er ég ekki síst að vísa til þeirra sem að ósekju voru hnepptir í gæsluvarðhald um langt skeið, voru hreinsaðir af þeim ósanna áburði en hafa auðvitað aldrei losnað við þennan stimpil — fagni því sérstaklega að enn og aftur eigi að rifja upp og rekja nöfn þeirra og tengja enn og aftur að ósekju við þetta grafalvarlega sakamál sem margir telja að aldrei hafi verið til lykta leitt og muni aldrei verða.

Hér er auðvitað ekki einfalt mál á ferðinni. Ég byrjaði ræðu mína á þessum vangaveltum til að undirstrika að jafnvel þetta mál, sem ég hygg að mikill meiri hluti þjóðarinnar vilji að verði kannað á nýjan leik, er ekki yfir allan vafa hafið þegar menn skoða málin í kyrrð og friði. Ég er heldur ekki viss um það, en það er bara mín tilfinning og nær ekkert lengra, að eftir 25 ár takist að varpa fram nýjum upplýsingum sem leiði í ljós hinn stóra sannleik í málinu. Það er í sjálfu sér annað mál en við skulum samt vera viðbúin því, af því að hæstv. dómsmrh. hefur fyrir fram veitt einum málsaðila þessa máls fyrirheit um að sérstök rannsókn fari fram á þeim álitaefnum sem hann hefur vakið athygli á vegna málsins og það verði þá væntanlega fyrsta mál þessarar tegundar, að að þessu frv. samþykktu er ég ekki viss um að hann verði einn í för í því sambandi. Það er eins og mig reki minni til þess að fleiri aðilar hafi óskað eftir ýmsum sértækum athugunum á ýmsum tilteknum þáttum þessa máls. Ég fæ ekki séð að hæstv. dómsmrh. verði stætt á að hafna slíkri beiðni, komi hún fram, þegar hún hefur nú þegar, fyrir samþykkt þessa frv., gefið einum málsaðila fyrirheit um að skoðaðir verði sérstakir þættir þess.

Af samþykkt þessa frv. mun leiða, herra forseti, óumdeilanlega hygg ég, að viðamikil og heildstæð rannsókn hljóti að fara fram á öllum þáttum málsins, ekki eingöngu þætti þess aðila sem ritaði hinu háa ráðuneyti bréf og hefur gert nokkrum sinnum og er svarað þann 5. des. árið 2000. Þessu vildi ég vekja máls á.

Herra forseti. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu sem ég bendi á alvöru þessa máls. Fyrningar eru ekki til orðnar í íslenskum lögum að tilefnislausu, þar eru auðvitað vissar ástæður að baki. Það er heldur ekki að ástæðulausu sem ég og fleiri hv. þm. hafa goldið varhug við þeirri hættu að þröng pólitísk sérsjónarmið ráði ríkjum þegar kemur að heimild til rannsóknar af þeim toga sem hér um ræðir.

Við þekkjum dæmi þess, herra forseti, úr íslenskri stjórnmálasögu að öllum tiltækum meðulum hafi verið beitt. Við skulum ekki neita að horfast í augu við það. Ég er auðvitað ekki að vísa til hæstv. núv. dómsmrh. en hér á að veita einum handahafa framkvæmdarvaldsins, dómsmrh., altæka heimild til að meta í hvert og eitt skipti hvenær almannahagsmunir séu það ríkir að hans mati að fella beri úr gildi fyrri ákvörðun ríkissaksóknara og hefja sértæka rannsókn. Hins vegar er ekki víst að aðrir dómsmrh. hafi þá yfirsýn sem núv. hæstv. dómsmrh. væntanlega hefur og ég vona að hún hafi. Við megum ekki hugsa þetta mál í núinu. Við verðum ekki síður að huga að málinu upp á framtíðina, þ.e. hvernig með þetta vald verði farið.

Hér er því haldið fram og hver undirstrikar það á fætur öðrum að það beri að fara varlega með málskotsrétt af þessum toga. Um það er almenn sátt og almennt samkomulag á hinu háa Alþingi í dag. En stendur það í frv., sem verður væntanlega að lögum hér á næstu vikum, þegar þeir sem á eftir okkur koma eftir fimm, tíu ár eða tuttugu ár skoða þessa heimild? Það er algerlega á hendi þess ráðherra sem situr hverju sinni hvernig með verður farið.

Hér hefur verið dómsmrh. sem margar bækur hafa verið skrifaðar um, mjög umdeildur, pólitískt umdeildur, sem flokksbræður og -systur núv. dómsmrh. töldu að hefði farið offari í starfi sínu. Hann hafði einmitt þessa heimild sem breytt var nokkrum áratugum síðar. Þess vegna rifja ég það upp, herra forseti, að hin pólitíska saga segir okkur að fara varlega og vanda mjög vel verklagið og leikreglurnar sem vinna á eftir í þessu sambandi.

Ég vil hins vegar hnykkja á þeim þremur grundvallarþáttum sem ég nefndi hér í stuttu andsvari, sem ég tel kjarnaatriði þessa máls. Ég fæ ekki betur séð annað en að um það sé tiltölulega góð sátt að til verði málskotsréttur þrátt fyrir hinar auknu heimildir sem ríkissaksóknari hefur fengið hér með samþykktum lögum frá hinu háa Alþingi. Í öðru lagi er mikilvægt að þessum málskotsrétti verði beitt afskaplega varlega og í undantekningartilfellum. Í þriðja lagi þurfa hlutlægni, víðsýni, sanngirni og almannahagsmunir, svo ég gleymi nú ekki því hugtaki, að vera ráðandi þegar ákvarðanir af þessum toga eru teknar.

Þá er það hlutverk okkar, herra forseti, að koma þessum markmiðum saman í lagatexta þannig að nokkuð tryggt sé í núinu og framtíðinni að framkvæmd laganna verði eins og vilji Alþingis stendur til. Því vil ég staldra fyrst og síðast við þau skilyrði sem til staðar þurfa að vera og einkanlega þetta hugtak að almannahagsmunir kalli á það í frv. hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutans, að dómsmrh. meti það svo að almannahagsmunir krefjist þess og kalli á það að hann þurfi að fella úr gildi fyrri ákvörðun ríkissaksóknara að láta hefja sjálfstæða rannsókn.

Það er auðvitað meira en svo — stórt orð Hákot — að það *sé nokkur hér inni sem sé handhafi sannleikans*, þess sannleika að geta fullyrt hverjir eru almannahagsmunir og hverjir ekki. Um þetta deilum við gjarnan daglangt og höfum ýmis sjónarmið til þess hvenær almannahagsmunum er ógnað og hvenær er farið á svig við þá. Um það snýst í raun pólitík og hefur ævinlega gert, um mismunandi mat stjórnmála-

flokka og stjórnmálaafla og stjórnmálastefna á það hvernig almannahagsmunum verði best þjónað. Hér erum við, herra forseti, ekkert minna en að ræða grundvallaratriði stjórnmálanna. Af þeim ástæðum teljum við mjög mikilvægt að hæstv. dómsmrh. hverju sinni fái nauðsynlega breidd, pólitíska breidd að baki þeim ákvörðunum sem hún kann að taka í þessu stóra máli.

Hér var því varpað fram af hv. þm. Ástu Möller, ef ég man rétt, að á því væri enginn eðlismunur að hið háa Alþingi kæmi að þessum málum með staðfestingu sinni eða synjun á þáltill. um sértæka rannsókn sem kæmi frá hæstv. dómsmrh. og hinu að dómsmrh. tæki hana bara einn og sér. Enginn eðlismunur væri á þessu.

En auðvitað er á þessu algjör grundvallarmunur. Hv. þm. nefndi að í báðum tilvikum væri um pólitíska ákvörðun að ræða og vissulega er það svo. En í öðru tilvikinu er sú hætta fyrir hendi að ákvörðunin verði þröng flokkspólitísk og ekkert í þessum tillögutexta kemur í veg fyrir þá hættu, ekki eitt aukatekið atriði.

Hvað brtt. mína og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar varðar er tryggt að þröng flokkspólitísk sjónarmið og mat á almannahagsmunum eða málavöxtum hverju sinni komi aldrei til, það þurfi atbeina Alþingis, og væntanlega og vonandi í öllum tilvikum, þessum örfáu undantekningartilvikum, yrði um það nokkuð og þokkaleg sátt á hinu háa Alþingi. Kannski þó ekki.

Auðvitað er tilgangurinn sá, herra forseti, af því að við erum öll sammála um að hér sé um undantekningartilvik að ræða, sem þurfi að vanda mjög vel hverju sinni, þá erum við að lengja þessa leið. Við erum að lengja þetta ferli, gera það í fyrsta lagi opinbert með því að færa það inn í sali Alþingis, og í öðru lagi að hæstv. ráðherra sé gert hverju sinni að rökstyðja það fyrir fram kvitt og klárt hvaða sakarefni beri að rannsaka og einnig hitt hvernig beri að standa að þeirri rannsókn og hver eigi að gera það. Herra forseti. Ég ætla ekki hinu háa Alþingi það, eins og mér fannst bera á í áhyggjum nokkurra stjórnarþingmanna, að hér á hinu háa Alþingi ætli menn að gera út um hið umrædda mál og hér fari efnisumræða fram, djúp og endalaus, um hvað sé rétt og hvað sé satt í því efni sem ber að rannsaka. Ég ætla ekki hinu háa Alþingi það. En á þessu tvennu er auðvitað eðlismunur.

Ég vil líka rifja það upp, herra forseti, hvert er stjórnarskrárbundið hlutverk Alþingis. Jú, það er m.a. það að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Í því sambandi hafa mörg frumvörp verið flutt og ég hef m.a. verið í hópi þeirra þingmanna sem hafa flutt frumvörp í þá veru að styrkja mjög verulega eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu, m.a. með rannsóknarnefndum, m.a. með því að nefndir þingsins, sérstakar eða fastar, haldi fundi í heyranda hljóði og að með ýmsu móti sé þetta eitt af grundvallarhlutverkum Alþingis, eftirlit með framkvæmdarvaldinu, styrkt mjög til muna. Þessi málatilbúnaður okkar tekur dálítið mið af þessum málflutningi, því er ekkert að leyna. Við viljum að Alþingi, æðsta stofnun þjóðarinnar og ein af þremur stoðum ríkisvaldsins, þ.e. löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið komi að þessari stóru ákvörðun.

Ég vil, meðan ég man, spyrja hæstv. dómsmrh. hvað það sé í raun og sanni við þetta fyrirkomulag sem hún telji að hamli meðferð máls. Hvaða stóru gallar eru á því að hæstv. ráðherra komi með tillögu um þær fyrirrætlanir, sem verða væntanlega örfá tilfelli, ef marka má yfirlýsingar hans og raunar fleiri hv. þm.? Hvað er það sem gerir það að verkum að sú leið er svona erfið og slæm? Finnst hæstv. ráðherra verra að njóta atbeina Alþingis við ákvarðanir af þessum toga eða vill hæstv. ráðherra fremur hafa það, eins og manni finnst stundum, hjá framkvæmdarvaldinu að það fari sínu fram og svo geti venjulegir hv. þm. rexað og röflað að vild? Ég spyr: Er eitthvað sem mælir á móti því að hæstv. ráðherra leiti staðfestingar og heimildar Alþingis í þau örfáu skipti sem þarf að beita þessum sértæku úrræðum? Hvaða gallar eru á því fyrirkomulagi? Ég spyr.

Um það hefur verið nokkuð rætt að mikilvægt sé að varðveita sjálfstæði ríkissaksóknara og um það held ég að allir séu í orði kveðnu einnig sammála. Það er hins vegar þannig að ef úrskurður hans er ekki endanlegur og því fyrirkomulagi verður breytt þá verður sjálfstæði hans ekki eins mikið og áður. Um það þarf auðvitað ekkert að deila. Á hinn bóginn eru þingmenn yfirleitt, heyrist mér, nokkuð sammála um að nauðsyn brjóti lög, þ.e. að þessi málskotsréttur þurfi þrátt fyrir það að vera til staðar þótt það kunni ganga að einhverju leyti á svig við þetta sjálfstæði ríkissaksóknara.

En hvernig gerum við það með sársaukaminnstum hætti? Þá er það næsta verkefnið. Og við, tveir hv. þm., höfum reynt að gera það þannig að fyrirbyggja og tryggja að það þurfi viðurhlutamikinn undirbúning, það þurfi ítarlega og eðlilega meðferð á hinu háa Alþingi áður en sú stóra ákvörðun verður staðfest að gengið verði gegn ákvörðun ríkissaksóknara, fremur en að það verði einkaákvörðun hæstv. dómsmrh. hverju sinni, tekin bak við luktar dyr, væntanlega með embættismönnum sínum. Á þessu er auðvitað grundvallarmunur og alger eðlismunur.

Þriðja atriðið, sem er auðvitað ekki veigaminnst í þessu sambandi, að brtt. okkar hv. þm. gerir ráð fyrir almennri rannsókn. Í tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir áframhaldandi lögreglurannsókn. Á því er líka veigamikill munur. Engu að síður viljum við tryggja og gerum það hér í tillögutextunum og frumvarpstextunum að þessi rannsóknarnefnd, skipuð þremur valinkunnum mönnum — og vegna orða hæstv. dómsmrh. að það væri Alþingis að halda þessari rannsókn til haga og skipa þessa menn — þá er það alger misskilningur. Í tillögutextunum er sérstaklega tekið fram að hæstv. dómsmrh. leggi fram þetta upplegg allt í sinni þáltill. sem hljóti staðfestingu eða synjun Alþingis, þannig að forræði málsins er eftir sem áður á hendi hæstv. dómsmrh. En Alþingi fer yfir málið, hefur eftirlit með því að rétt sé að verki staðið, synjar eða staðfestir, samkvæmt þeim hugmyndum sem liggja að baki í stjórnarskrá lýðveldisins.

Herra forseti. Við skulum horfa alveg þráðbeint á það að enda þótt við á hinu háa Alþingi við meðferð þessa máls segjum það hvert við annað að þessari heimild verði að beita í algjörum undantekningartilvikum þá er ég handviss um — og ég bið hæstv. ráðherra núna að leggja við eyru — að skrifstofa hæstv. dómsmrh. mun fyllast af fólki næstu daga og vikur sem í hönd fara eftir samþykkt frv. af þessum toga. Hún mun fyllast af fólki sem telur sig hafa verið órétti beitt á árum áður, fyrir áratugum, eða að rannsóknin hafi verið með þeim hætti að viðkomandi hafi ekki notið réttlætis. Ég skal fullyrða það hér og nú að hæstv. dómsmrh. fær erindi af þessum toga, ekki talin á fingrum annarrar handar, ekki talin á fingrum beggja handa, heldur í tugavís. Auðvitað reynir á í því sambandi, auðvitað mun reyna á því sambandi.

Ég er nokkurn veginn fullviss um að fljótlega renni einmitt upp það ljós fyrir hæstv. dómsmrh. að kannski væri það nú eftir allt saman betra fyrir hæstv. ráðherra sjálfan

að fá stuðning og styrk frá hinu háa Alþingi við ákvarðanir sem hún kann að vilja taka í þá veruna. Ég er þess nokkurn veginn fullviss. Auðvitað kunna mál að vera þannig að þær ákvarðanir sem hæstv. ráðherra kann að taka í þessa veru verði umdeildar. Ég vakti máls á því í upphafi ræðu minnar, herra forseti, í þessum viðkvæmu Guðmundar- og Geirfinnsmálum, að þó að 90% þjóðarinnar vilji endurupptöku þeirra mála, þá er ég ekkert endilega viss um að allir aðilar málanna, sem eru sýknir allra saka sannanlega, vilji það endilega líka.

Það er ekkert augljóst í þessum málum sem hér um ræðir og við megum auðvitað gæta okkar á því, hv. alþingismenn, að gleyma okkur ekki í dægurþrasi dagsins. Ég sé að hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir er að ganga hér á dyr og ég vildi sérstaklega beina þessum orðum til hennar því að mér fannst þess gæta eilítið í umræðum um mjög svipað mál í gær þar sem við vorum að tala um glæpi og refsingu. Þetta kann að vera auðvelt í andartakinu af því að vindar blása þannig að auðveldast sé að láta undan því sem menn telja að almenningsálitið vilji hverju sinni, en þannig eiga hv. þm. auðvitað ekki að haga sér. Þeir eiga að reyna að horfa til allra átta og vera minnugir þess að lagasetning og ákvarðanir á hinu háa Alþingi munu hafa áhrif á alla. Ekki bara hina háværu, ekki bara þá sem ákveða fyrirsagnirnar í blöðunum, ekki bara þá sem velja viðmælendur hjá fréttastofunum, heldur á alla, háa og lága. Og ekki bara í augnablikinu heldur líka í framtíðinni.

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig vegna þess að umræðan fór dálítið í þennan farveg í gær. Sérstaklega er ég að fara yfir þetta hér, herra forseti, af því að hæstv. ráðherra gat ekki verið viðstaddur umræðuna og ég vildi ... (**Gripið fram í:** Í gær?) Gat ekki verið viðstaddur umræðuna í fyrradag og það gat hv. þm. Ásta Möller ekki heldur um þyngingu refsidóma í fíkniefnamálum. Var hennar saknað og hæstv. ráðherra sömuleiðis en það bar dálítið á því að menn ætluðu að skauta léttilega fram hjá alvöru málsins. Í þessari umræðu ber dálítið á því líka því mér heyrðist ekki betur en kjarni málsins í orðaskiptum stjórnarþingmanna og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar snúist um hvað hann sagði við 1. umr. málsins, að það sé orðið kjarnaatriðið í málinu. Það er auðvitað algert aukaatriði í málinu. Það sem máli skiptir er hvaða áhrif þessi lög hafa á samfélag okkar, á þá einstaklinga sem í því starfa og í því lifa og ekki bara í núinu heldur líka í framtíðinni. Þess vegna verðum við að gæta þess við lagasetningu að við horfum til þess hvernig framkvæmd þeirra verði háttað. Þess vegna hef ég dvalið eilítið við það, herra forseti, hvernig það geti þróast í fyrsta lagi í höndum hæstv. dómsmrh. og hvaða álitamál verða uppi þegar á hana reynir. Það er undir þeim formerkjum sem ég hef lagt á það áherslu. Það er ekki hennar vegna, hæstv. ráðherra, sem ég tel mjög mikilvægt að hún fái leiðbeiningar, stuðning eða andstöðu eftir efnum og ástæðum við þá ákvörðun sem hún hyggst taka í jafnveigaþungum málum og hér um ræðir. Ég segi veigaþungum af því að við erum öll sammála um að þetta hljóti að vera og eru vonandi algjör undantekningartilvik.

Herra forseti. Ég rifjaði upp að í pólitík fyrr og síðar hefðu menn notað ýmsar leiðir. Stundum hefur það komið fyrir í pólitískri orrahríð að menn hafa verið að kæra hver annan til lögreglunnar. Það hefur komið fyrir. Ég held að í flestum tilfellum hafi ríkissaksóknari eftir athugun málsins fellt slíkar ákærur niður. Ég man ekki eftir öðru, það kann þó að vera að mig misminni. Auðvitað er ekki hægt að útiloka að mjög flokkspólitískur dómsmálaráðherra vilji fara að vekja máls á einhverjum gömlum kærumálum af þessum toga og telji það vera sérstakt áhugamál af því að það henti í andartakinu vegna þess að vindarnir blása þannig og sjónvarpsstöðvarnar vilja það og fyrirsagnirnar eru svo góðar. Það getur vel hent. Við skulum því vanda okkur við þetta. Hvernig vöndum við það best? Eigum við ekki að trúa því, herra forseti, að Alþingi þjóðarinnar, við sem sitjum hér og erum kjörin til setu hér, séum það ankeri sem við eigum að treysta hvað best og mest á? Er það ekki kjarni málsins, herra forseti, að við höfum þá trú á okkur sjálfum, löggjafarvaldinu, að þegar sérstaklega ber að vanda til verka, eigi að kalla til atbeina Alþingis? Þegar eigi að hafa virkt eftirlit með framkvæmdarvaldinu, þá eigi Alþingi að koma þar að? Erum við ekki þeirrar skoðunar hvort sem menn eru í meiri hluta í núinu eða minni hluta? Ég rifja það upp, herra forseti, að það er ekki endilega þannig að það verði varanlegt. Þeir hlutir breytast líka.

Herra forseti. Mér hefur dvalist nokkuð við þetta mál og ég hef drepið á nokkur atriði þess. Ég get svo sem haft um það langt mál til viðbótar. Ég sé þó ekki ástæðu til þess. Mér hefur fundist og tel að við séum að ræða um þá skipan mála sem við teljum farsælasta og eðlilegasta í stjórnsýslu okkar að vissulega hefur okkur miðað vel á leið í því sambandi.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, því að ekki er mjög langt síðan að skil á milli ákæruvaldsins, á milli lögreglurannsóknar og t.d. héraðsdómara, voru ákaflega óglögg og það þurfti raunar erlenda úrskurðaraðila til til að hreyfa okkur áfram í því máli en við gerðum nauðsynlegar breytingar á því. Ég held að það séu rétt um það bil 12 ár síðan. Hæstv. dómsmrh. man það sennilega betur en ég. Ég held að það hafi verið í tíð hæstv. dómsmrh. Jóns Sigurðssonar sem gerðar voru verulegar endurbætur og betrumbætur á því. Ekki mundi nokkrum manni koma það til hugar þegar maður segir yngra fólki frá því að ekki séu nema 10 eða 12 ár frá því að þetta var meira og minna saman súrrað, rannsóknaraðilar og héraðsdómarar, og er horft á mann eins og maður sé kjáni. Það er auðvitað mjög mikilvægt að við vöndum okkur ef við ætlum að stíga þetta skref sem um margt er einstætt og við finnum ekki mörg fordæmi fyrir í öðrum löndum. Þau eru þó til en þá frekar í þá veru sem brtt. okkar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar gerir ráð fyrir en ég hygg að sú leið sem lögð er til af meiri hlutanum, raunar með atbeina hv. þm. Ögmundar Jónassonar, eigi sér ekki mörg fordæmi og ég bið um að fá að heyra þau ef þau eru til staðar. Ég held einmitt að það hafi verið Mannréttindadómstóllinn, gott ef ekki var, sem þurfti að ýta okkur úr vör 1988–1989. Ég held að ég muni það alveg rétt og það og væri auðvitað ekki góð latína ef við fengjum aðrar athugasemdir af ólíkum toga þó úr þeirri áttinni. En við skulum vanda verkið og ég held að okkar málefnalega nálgun, okkar þingmannanna í brtt. sem hér liggur frammi, sé í þá veru að við viljum gjarnan stíga þetta skref en afskaplega varlega og gera það þannig úr garði að menn viti nákvæmlega upp á hár á hvaða vegferð þeir eru. Þar verði engin göt skilin eftir sem þurfi að koma mönnum á óvart síðar meir í framkvæmdinni.

[17:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var heilmikil ræða hjá hv. þm. og hún var í eins konar umvöndunartón. Það er nú gott að fá leiðbeiningar hjá þingmanninum, t.d. þess efnis að ekki eigi að líta of mikið á forsíður blaðanna eða tala við fréttamenn. Ég held að engin ástæða sé til þess að hv. þm. þurfi að hafa áhyggjur af því í sambandi við þetta mál.

Hér er auðvitað um að ræða vandmeðfarið mál sem við þurfum að ræða á málefnalegan hátt. En hv. þm. beindi til mín spurningu varðandi þá brtt. sem hann ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni hefur lagt fram og spurði hver væri hættan af þessari málsmeðferð. Ég svaraði því til að hættan væri m.a. sú að málsmeðferðin hafi það í för með sér að fram fari efnisleg umræða um viðkomandi mál á hinu háa Alþingi í stað þess að sjálfstæður saksóknari fjalli um rannsókn málsins.

Staðreyndin er sú að hlutverk Alþingis er að setja almennar leikreglur fyrir samfélagið og stjórnsýsluna. Alþingi fer ekki með rannsókn mála. Alþingi á að setja almennar reglur um hvaða skilyrði eigi að vera fyrir því að opinber rannsókn fari fram en ekki að fjalla um efnisatriði tiltekinna sakamála. Hér er um að ræða gott dæmi um muninn á hlutverkum löggjafans og framkvæmdarvaldsins.

Ég vil undirstrika að hér er um að ræða mjög þröngt frávik og það eru aðeins afar sérstök mál sem koma til skoðunar og þau eru bundin sérstökum skilyrðum líka.

[17:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ástæða fyrir því að ég fór aðeins yfir áhrif almenningsálitsins, blaða- og fréttamanna á gang mála. Ástæðan var einfaldlega sú að það mál sem hér um ræðir og er kveikja alls þessa var að sumu leyti, því miður, til lykta leidd í slíkum blæstri. Sá sem hér stendur er ekki saklaus fremur en margur annar í þeim efnum, starfaði raunar sem blaðamaður á þeim tíma og man afskaplega vel hvernig almannarómur, blaðafréttir, kröfðust þess af rannsóknaraðilum að árangri yrði náð og ekki seinna en núna. Ég held að það sé ein skýringin á því að margt hafi kannski farið miður við rannsókn málsins, því miður. (Gripið fram í.) Ég var að vekja á því athygli að þess vegna verði hv. þm. að láta ekki slíkt ytra áreiti trufla dómgreind sína, hv. þm. Ásta Möller.

Varðandi ótta hæstv. dómsmrh. á því að með því að koma með mikilvæg mál sem þörf er á að rannsaka inn á Alþingi mundu menn missa sig í efnisumræðu um málin þá hygg ég að það yrði í algerum undantekningartilfellum og alls ekki í því máli sem hér um ræðir og er kveikja alls þessa. En það getur hins vegar verið að full þörf sé á því af því að ég sé hér í nál. meiri hluta allshn. að það er vísað sérstaklega til þess um hugsanleg brot í opinberu starfi. Auðvitað kann það að vera að Alþingi og alþingimenn vilji láta sig það varða og ræða það efnislega. Stundum getur vel verið að það sé ósköp eðlilegt. Ég er þess fullviss og sagði það áðan að verði sú leið ofan á sem stjórnarmeirihlutinn vill þá lokar það ekki fyrir það að hið háa Alþingi ræði málið utan dagskrár ef ekki vill betur.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á mál þingmanna í þessu máli langt á þriðju klukkustund og verð að segja að þegar maður veltir málinu fyrir sér og þeim rökum sem hér hafa verið flutt þá finnst mér að sú tillaga sem flutt hefur verið af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni sé í raun og veru mjög skynsamleg. Satt að segja skil ég ekki alveg hvers vegna hæstv. dómsmrh. vill ekki að Alþingi beri þessa sérstöku ábyrgð með honum við ákvörðun máls.

Meginniðurstaða varðandi svona dómsmál er auðvitað sú að við treystum dómum. Ég held að flestir Íslendingar treysti dómurum til þess að fella réttláta dóma. Ef ekki, þá er málum skotið til Hæstaréttar til enn frekari umfjöllunar og í flestum tilfellum treysta menn því að dómar Hæstaréttar séu réttir.

Það gætu komið upp slík tilvik eins og við fjöllum hér um. Þau eru ekkert mjög mörg, eitt á áratug eða eitt á 20 árum eða eitthvað slíkt, þar sem verið er að fjalla um mál sem dæmt hefur verið í, búið að vísa þeim til saksóknara um að fá að taka þau upp aftur og þá kæmi til þess að það kæmi beiðni til dómsmrh. um að úrskurður saksóknara um að hafna endurupptöku yrði felldur úr gildi. Mér finnst að það sem menn hafa rætt lengi dags í þessu efni sé í raun og veru bara það hvort dómsmrh. vilji bera þessa ábyrgð einn. Ég verð að segja fyrir mig svona almennt úr frá almennri skynsemi að ég skil ekki alveg hvers vegna dómsmrh. vill bera þessa ábyrgð ein og hvers vegna hún hafnar því að Alþingi beri þessa sérstöku ákvörðun með henni. Það kemst ekki alveg inn fyrir mína skel. Ég verð að viðurkenna það.

Ef ég væri í hlutverki dómsmrh. mundi ég vissulega miklu frekar vilja, þá sjaldan það kæmi fyrir að slík mál þyrfti að leggja upp, fá samþykki Alþingis um að rétt væri að breyta niðurstöðu saksóknara sem hefði neitað því að mál yrði skoðað á nýjan leik því að við erum að tala um mál sem eru fyrst búin að fara í gegnum héraðsdóm, síðan í gegnum Hæstarétt, eru síðan búin að liggja lengi í þagnargildi eða mismunandi miklu en er síðan óskað eftir endurupptöku á eftir að sök er fyrnd og saksóknari hafi hafnað því og þá komi til kasta dómsmálaráðherra hvort hann vilji nema þá ákvörðun úr gildi. Ég tel mjög eðlilegt þegar þannig er komið að framkvæmdarvaldið á að fara að breyta niðurstöðum dómstóla og taka mál upp að nýju til nýrrar skoðunar, þó ekki sé verið að fara fram á rannsókn til að fella dóm í málinu heldur eingöngu að kanna hvort niðurstaðan hafi verið rétt eða hvort ný rök hafi komið fram í málinu, þá fæ ég einfaldlega ekki skilið þau rök hæstv. dómsmrh. að vilja ekki, þá sjaldan þetta kemur upp, e.t.v. einu sinni á áratug, bera þessa ákvörðun undir þingið. Ég hefði talið að það væri málinu til bóta að standa þannig að málum og að það væri hæstv. ráðherra á hverjum tíma í raun og veru mikill styrkur að geta lagt málið fyrir þingið og fengið um það samþykki eða synjun og þá væri afgreiðsluferlinu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. sem við ræðum, endanlega lokið.

Ágreiningurinn milli hæstv. dómsmrh. og flutningsmanna tillögunnar, sem ég hef tekið undir að mér finnst skynsamleg, liggur fyrst og fremst í því hvort dómsmálaráðherra eigi að bera slíka ákvörðun einn, þá sjaldan slíkt mál kemur upp eða leggja það fyrir þingið. Ég vil lýsa skoðun minni á því að ég tel að sú málsmeðferð sem lögð er til í brtt. þeirra hv. þm. tveggja sé mjög skynsamleg. Ég fæ ekki alveg inn í minn þykka haus hvers vegna hæstv. dómsmrh. vill endilega fá að bera þessa ábyrgð ein.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra skipa, 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 496.

[17:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa.

Frv. þetta er byggt á tillögum nefndar sem ég skipaði í framhaldi af því að frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta varð ekki útrætt á síðasta þingi. Í skipunarbréfi nefndarinnar kom fram að henni væri ætlað að gera tillögur til ráðuneytisins um nýtt frv. og gera jafnframt tillögur um skipan þessara mála að því er áhafnir fiskiskipa varðar.

Í starfi sínu byggði nefndin á fyrrnefndu frv. sem ekki varð útrætt á síðasta þingi. Nefndin lagði til að gildissvið frv. yrði víkkað og það tæki til allra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu fiskiskipa.

Nefndin leggur til að gildissvið frv. verði víkkað og það taki til allra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa. Lagt er til að fiskiskip falli því undir frv. og að Ísland fullgildi alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum frá 1995. Í áliti sínu í vor lagði samgöngunefnd þingsins áherslu á að atvinnuréttindalög skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, nr. 112/1984 og 113/1984, yrðu tekin til heildarendurskoðunar með það að markmiði að setja heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa.

Frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa var dreift á Alþingi fyrir jól en ekki hefur verið mælt fyrir því fyrr en nú. Ástæða þess er m.a. að deilur hafa orðið um efni þess, um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum og tengja sjómannasamtökin málið að nokkru leyti kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum. En þess ber að geta að í fyrrnefndri nefnd sátu fulltrúar frá sjómannasamtökunum og samtökum útgerðarmanna auk annarra ágætra fulltrúa.

Í ráðuneytinu hafa verið haldnir óformlegir fundir með þeim aðilum sem að málinu koma eftir að frv. kom fram en ekki hefur fundist lausn sem ég tel ásættanlega. Með hliðsjón af þeirri stöðu sem er í kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum gæti afgreiðslu frv. óbreytts nú verið túlkuð sem stuðningur við sjónarmið eins aðila í þessari viðkvæmu deilu.

Þar sem deilan hefur ekki verið til lykta leidd hef ég ákveðið að skrifa samgn. Alþingis bréf sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hinn 1. desember sl. kynnti ég fyrir ríkisstjórn frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa. Frv. sem tók til allra skipa var dreift á Alþingi fyrir jól en hefur ekki verið mælt fyrir því. Ástæðan er m.a. sú að ákvæði frv. tengjast að nokkru leyti kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum. Í ráðuneytinu hafa verið óformlegir fundir með þeim aðilum sem að málinu koma en ekki hefur fundist viðunandi lausn.

Í dag mun ég mæla fyrir frv." — en bréfið er skrifað í dag — „og verður það væntanlega sent hv. samgn. til umfjöllunar. Með hliðsjón af þeirri stöðu sem nú er uppi í kjaradeilu sjómanna hef ég ákveðið að óska hér með eftir því við samgn. Alþingis að hún leggi til breytingar á frv. sem feli það í sér að ákvæði þessi um fiskiskip verði felld brott og það taki einungis til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa.

Mjög brýnt er orðið að ákvæði sem varða farþegaskip og flutningaskip taki gildi sem fyrst til þess að tryggja að Siglingastofnun Íslands geti, í samræmi við alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að, gefið út alþjóðleg skírteini til íslenskra sjómanna sem starfa á íslenskum skipum og skipum skráðum erlendis. Skip sem Íslendingar starfa á og eru í alþjóðlegum siglingum hafa að undanförnu lent í töfum af þessum sökum í hafnarríkiseftirliti erlendis og geta þau átt á hættu ef ekki verður bætt úr að verða kyrrsett í erlendum höfnum. Þetta kann jafnframt að leiða til þess að íslenskum sem erlendum útgerðum þessara skipa verði nauðugur einn kostur að ráða sjómenn frá öðrum ríkjum til starfa í stað íslenskra skipverja. Til að koma í veg fyrir að svo verði er nauðsynlegt að færa í íslenskan rétt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á farþegaskipum og flutningaskipum með samþykkt fyrrnefnds frv."

Megintilgangur frv. er að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa og breytt var í verulegum atriðum árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, sem er breytt með tilskipun 98/35/EB. Þær tilskipanir eru hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

Markmið frv. er að tryggja að íslenskir sjómannaskólar og menntun íslenskra sjómanna uppfylli alþjóðlegar kröfur með því að laga íslenska löggjöf að fyrrnefndri alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna og tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksþjálfun sjómanna. Með því á að tryggja að menntun og atvinnuskírteini íslenskra sjómanna verði viðurkennd alþjóðlega.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna var samþykkt á allsherjarþingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sumarið 1978. Hún öðlaðist gildi 28. apríl 1984 þegar hún hafði verið fullgilt af 25 ríkjum sem áttu meira en helming af samanlögðum kaupskipaflota heimsins. Samþykktin var fyrsta tilraun þjóða heims til að setja alþjóðlegar lágmarkskröfur um þjálfun og menntun áhafna kaupskipa. Hún er talin ein mikilvægasta alþjóðasamþykkt sem gerð hefur verið til að auka öryggi sjómanna.

Tilefni samþykktarinnar var í upphafi ekki síst að mikils misræmis hafði gætt um menntunar- og þjálfunarkröfur sjómanna á farþegaskipum og flutningaskipum í einstökum aðildarríkjum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Áður hafði hvert ríki sett eigin kröfur í þessum efnum og engir alþjóðastaðlar voru til um útgáfu atvinnuskírteina til handa skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum á farþegaskipum og flutningaskipum. Brýnt var því að samræma þessar kröfur til að auka öryggi skipa og áhafna.

Árið 1995 var ákveðið að gera grundvallarbreytingar á samþykktinni. Meginmál hennar var óbreytt en nýr viðauki var tekinn inn í stað þess gamla auk þess sem svokallaður STCW-kóði var tekinn inn í hana. Í meginmáli og viðauka eru lagalegar kröfur en þær eru nánar útlistaðar í bálknum. Hin endurskoðaða alþjóðasamþykkt var undirrituð 7. júlí 1995 af 71 aðildarríki, þar á meðal Íslandi, og tók gildi 1. febrúar 1997. Fram til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar þó gefa út og viðurkenna skírteini sem giltu fyrir þann dag og varða sjómenn sem hófu nám eða byrjuðu að safna siglingatíma fyrir 1. ágúst 1998. Í ársbyrjun 2002 eiga allir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á farþegaskipum og flutningaskipum að hafa fengið í hendur skírteini gefin út samkvæmt samþykktinni. Nýju skírteinin eiga að tryggja að lögmætir handhafar þeirra hafi þá þekkingu og hæfni sem kveðið er á um í samþykktinni. Önnur skírteini verða ekki viðurkennd og þar með er komið í veg fyrir að skipstjórnar- og vélstjórnarmenn gegni ábyrgðarstöðum um borð í farþegaskipum og flutningaskipum án löglegra skírteina.

Almennt hefur verið talið að menntun íslenskra sjómanna sé í samræmi við þær lágmarkskröfur sem samþykktin kveður á um enda hafa íslenskir stýrimenn og vélstjórar vandkvæða-

laust fengið atvinnuskírteini sín viðurkennd í öðrum löndum. Íslensku sjómannaskólarnir hafa lagað nám og námskrár sínar að samþykktinni. Engin bein úttekt hefur verið gerð af hálfu IMO á menntun sjómanna á Íslandi en í endurskoðuðu samþykktinni er kveðið á um að samningsaðilar skuli senda IMO gögn um framkvæmd hennar innan lands og hvernig menntun og þjálfun sé háttað.

Starfshópur á vegum samgrn. tók saman ítarleg gögn á ensku um framkvæmd menntunar- og þjálfunar sjómanna á Íslandi sem höfðu m.a. að geyma námskrá Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, gildandi atvinnuréttindalög og ýmsar reglugerðir því tengdar og voru þau gögn send til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í lok júlí 1998.

Í lok síðasta árs var haldinn í Lundúnum fundur siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Til umfjöllunar var m.a. áður nefndur hvítlisti yfir þau lönd sem að mati IMO standast kröfur samþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna. Á hvítlistanum eru 72 ríki, en 98 ríki sendu inn upplýsingar fyrir 1. ágúst 1998. Þess má geta að aðildarríki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru 135. Nú er orðið ljóst að nafn Íslands prýðir hvítlistann en það er afar mikilvægt vegna þess að það er skilyrði fyrir því að Siglingastofnun Íslands geti gefið út skírteini í samræmi við STCW-samþykktina frá 1995. Með því móti er tryggt að íslenskir farmenn halda vinnu sinni eða fái vinnu á kaupskipum sem sigla undir erlendum fána. Jafnframt þýðir þetta að íslensk kaupskip og skip í eigu íslenskra aðila munu ekki lenda í erfiðleikum í hafnarríkiseftirliti erlendis af þessum sökum. Rétt er að taka fram að ekki verður þó hægt að gefa út umrædd alþjóðaskírteini fyrr en breytingarnar frá 1995 á alþjóðasamþykktinni hafa verið teknar inn í íslenska löggjöf, m.a. í formi þessa frv.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til hv. samgn. og til 2. umr.

[18:00]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa sem hæstv. samgrh. hefur fylgt úr hlaði er efnislega mjög líkt frv. sem flutt var á síðasta þingi og við í samgn. höfðum lagt töluverða vinnu í og var komið hér til 2. umr. í hinu háa Alþingi þegar það var stoppað og því var, ef svo má að orði komast, kippt til baka vegna m.a. ágreinings um ákveðin atriði sem þar voru lögð til og komu m.a. fram í tillögum hv. samgn.

E.t.v. var mesti ágreiningurinn um nokkur atriði eins og svokölluð minnstu réttindi skipstjórnarmanna eða pungapróf eins og það er oft kallað. Ætlun samgn. þá var að færa þetta upp í 75 brúttótonn. En nú er gerð tillaga um að þetta verði 50 brúttótonn sem ég hygg eftir á að sé miklu nær lagi og sé eðlilegt að láta koma hér fram.

En hér hefur hæstv. samgrh. jafnframt lesið upp bréf sem hann hyggst senda samgn. Ég missti því miður af upphafi þess þar sem ég var að hlaupa á milli húsa. En í Morgunblaðinu í dag kemur efnislega fram sennilega það sem í þessu bréfi er, þ.e. beiðni til samgn. um að þessi kafli um sjómenn á fiskiskipum verði ekki felldur brott heldur frestað, ef ég hef heyrt rétt. Það er gert til þess að liðka fyrir því að þetta mikla mál komist í gegnum þingið, vegna þess að ég hygg að, eins og á síðasta þingi, ágreiningur sé um þennan kafla frv., en enginn sjáanlegur ágreiningur um önnur atriði, þ.e. um flutningaskip og þau mál sem fjalla um að samþykkja þessar alþjóðasamþykktir um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna sem, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh., eru til þess fallnar að taka út það mikla misræmi sem hefur gætt um menntunar- og þjálfunarkröfu sjómanna á farþegaskipum og flutningaskipum í einstökum aðildarríkjum IMO, eða Alþjóðasiglingamálastofnunar. Það er alveg hárrétt og mikilvægt að þetta sé gert. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál og sjálfsagt að það fari sem greiðasta leið hér í gegn eftir að búið er að fara í gegnum frv. í hv. samgn.

Hins vegar kemur mér á óvart að nú fyrst skuli mælt fyrir frv. hér á hinu háa Alþingi þó svo það hafi verið lagt fram um miðjan desember. Skýringin kann að vera þær miklu deilur sem hafa staðið um hluta þessa frv. eins og komið hefur fram hér, m.a. í óundirbúinni fsp. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur til samgrh., um þann kafla sem veldur miklum deilum milli fagfélaga sjómanna, Vélstjórafélagsins og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins og annarra, og þau orð sem komið hafa fram frá formanni Vélstjórafélagsins um að aldrei yrði skrifað undir kjarasamninga með þetta yfirvofandi eins og það liggur hér fyrir.

En það er sem sagt gott að það á að liðka fyrir þessu með bréfi, sem er dálítið sérstakt að skuli fylgja með þessu frv., frá hæstv. samgrh. til samgn. um að taka út eða fella brott fiskimannahlutann — ég held að ekki sé nú ætlunin að fella brott eins og Morgunblaðið segir í dag — fremur að fresta því að fjalla um þau atriði.

Herra forseti. Það þarf svo sem ekkert mikið að orðlengja um frv. sem hér er flutt eftir að það bréf sem hér hefur verið gert að umtalsefni var gert opinbert um það að fresta þeim þætti sem mestu deilurnar eru um.

Því ber að fagna að um mánaðamótin nóvember/desember á fundi sem haldinn var í Lundúnum hjá öryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, hafi verið fjallað um hvítlistann og því ber auðvitað að fagna að Ísland skuli nú prýða þennan hvítlista, sem er ákaflega mikilvægt til þess að uppfylla þau skilyrði sem þarna eru. Þetta er náttúrlega nauðsynlegt fyrir íslenska farmenn til þess að halda vinnu sinni eða fá vinnu á kaupskipum sem sigla undir erlendum fána og eru erlendis, í þeirri alþjóðavæðingu sem átt hefur sér stað, þar sem menn fara yfir öll landamæri í raun og veru, ef svo má að orði komast, og eru í vinnu út um allan heim. Það er ákaflega mikilvægt að þetta komi fram.

Það er sem sagt mikilvægt að við skulum vera komin á þennan hvítlista og er þá engin hætta á því að Íslendingar, eða íslenskir sjómenn, séu litnir hornauga hvað varðar störf þeirra annars staðar. Íslenskt menntakerfi er þannig stimplað fullnægjandi eins og það hefur náttúrlega alltaf verið og ekki er hægt að stöðva íslensk skip í erlendum höfnum vegna þessara mála, með öðrum orðum þarf ekki að skipa okkur á bekk með ýmsum vanþróuðum þjóðum sem eiga skip og annað sem hægt er að kyrrsetja í erlendum höfnum.

Herra forseti. Eins og ég sagði er svo sem ekki miklu við þetta að bæta eftir að aðaldeiluefnið er farið út. Ég sit í hv. samgn. eins og ég sagði áðan. Þar var mikið farið yfir þetta mál eins og það lá fyrir síðast og mikið um það rætt. Það var komið til 2. umr. þegar því var kippt út af borðinu og frestað. Hér er þetta sem sagt komið inn. Ýmsar lagfæringar og endurbætur hafa verið gerðar á þessu sem ekki er ástæða til þess að fara hér yfir. En mér sýnist að hér hafi verið unnið gott verk af hendi þeirrar nefndar sem fjallaði um þetta með því að setja þetta inn í einn lagabálk um áhafnir íslenskra skipa, þó svo ég hafi auðvitað fyrirvara um þau atriði sem

snerta mönnun skipa og þó sérstaklega fækkun í áhöfnum eins og hér er boðað.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja á þessu stigi. Það er sannarlega þörf á að taka það sem ekki er ágreiningur um helst með hraðferð í gegnum þingið til þess að koma því til samþykktar.

[18:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir er að hluta til framhald af vinnu og frv. sem var flutt hér á liðnu þingi um sama mál, en fékk þá ekki afgreiðslu.

Ég vil fyrst víkja að því sem hæstv. ráðherra greindi frá, að hann mundi senda hv. samgn. bréf þar sem hann óskaði eftir því að þetta frv. mundi núna í umfjöllun einungis ná til farþegaskipa og flutningaskipa en ekki fiskiskipa. Ég vildi aðeins heyra nánar hvernig það er hugsað. Er það hugsað þannig að kaflinn um fiskiskip verði algjörlega felldur brott úr umfjölluninni núna þannig að ekki sé ætlast til þess að nefndin fjalli neitt um þann kafla og hann verði bara felldur úr þessu frv., þ.e. fari svo eftir sem hæstv. ráðherra óskar þegar frv. kemur úr nefnd, þá verði sá kafli ekki inni í því frv.? Gildir þá líka sama um kaflann um varðskip og kaflann um skemmtibáta sem hæstv. ráðherra minntist ekki á og ýmis önnur skip? Það skiptir máli í þessari umfjöllun hvort bara eigi að fresta málinu eða hvort lagafrv. sjálft kom fram en þá séu þessir kaflar ekki þar inni. Mér finnst þægilegra að fá það strax alveg ljóst.

Ég tek að öðru leyti undir mikilvægi þess að þetta mál fái hér afgreiðslu eins og hæstv. ráðherra hefur greint frá.

Ég vildi aðeins koma með ábendingar og gera athugasemdir við 3. gr. frv. þar sem fjallað er um menntun og þjálfun. Þar er greint frá því að sjómannaskólar sem annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa skuli að lágmarki uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktarinnar, fiskiskipasamþykktarinnar og samnings um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar nám og kennslu. Og nám og kennsla í Sjómannaskólanum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Í frv. er Siglingamálastofnun almennt falið að fylgja eftir bæði faglegum kröfum og fylgja því eftir að skírteini uppfylli bæði innlend og alþjóðleg skilyrði og kröfur. Þarna stendur í 2. mgr. 3. gr.:

„Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla."

Mér fyndist vel athugandi að snúa þessu við eða hafa það öfugt, þ.e. að Siglingastofnun eða samgrn. bæri í raun ábyrgð á náminu í heild sinni og þá líka réttindunum og kröfunum eins og þarna er síðan gert ráð fyrir, en að fenginni umsögn og tillögu starfsgreinaráðs á vegum menntmrh. Það væri í eðlilegri takti við þá ábyrgð sem Siglingastofnun og samgrn. er falin við eftirlit og faglega þróun þessa náms.

Í 4. mgr. 3. gr. stendur:

„Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með að námskrár sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga."

Herra forseti. Nám og námskrá eru í sjálfu sér sami hluturinn. Þetta eru bara tvö nöfn á því sama eftir því hvar það er, en nám er tilgreint samkvæmt námskrá. Því væri miklu eðlilegra og hreinna að þarna væri bara einn aðili sem með eðlilegum hætti bæri ábyrgð á þessu að fenginni faglegri umsögn hins aðilans. Ég teldi að þetta væri miklu hreinna og eðlilegra því áfram í öllum greinum sem lúta að skírteinum og kröfum um réttindi, er það Siglingastofnun Íslands sem gefur út alþjóðleg skírteini og áritar samkvæmt lögum þessum. Og í síðustu málsgrein í 4. gr. stendur:

„Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini."

Og í 6. gr. stendur:

„Siglingastofnun Íslands viðurkennir erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktina ... " o.s.frv.

Það er því alls staðar í frv., sem ég tel alveg hárrétt, að Siglingstofnun og samgrn. hefur hina faglegu þekkingu til að bera til þess að taka á þessu máli og fylgja því eftir. Því er eðlilegt að hún beri ábyrgð á því heilt í gegn.

Ég mundi því leggja til að þetta yrði skoðað. Þetta er í sjálfu sér engin efnisbreyting á því sem hér er verið að fjalla um, heldur að ábyrgðin sé eðlileg, skýr út í gegn. Námskrá og nám eru bara tvö nöfn á því sama.

Herra forseti. Þetta mál fer til samgn. þar sem ég á sæti og verður þar til frekari umfjöllunar. Ég vildi koma þessu á framfæri, í fyrsta lagi spurningum um það hvernig hæstv. ráðherra líti á það hvaða stöðu aðrir kaflar um önnur skip eiga að hafa í frv., í meðferð nefndarinnar og vinnu hennar og hins vegar að gætt sé fullrar og eðlilegrar ábyrgðar og samræmis í eftirliti með menntun og menntunarkröfum og réttindum sem hér er verið að fjalla um.

[18:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi fá nánari skilning á í ræðu hv. þm. en hann sagði eitthvað á þá leið að eðlilegt væri að eftirlit með náminu og framkvæmd þess heyrði undir Siglingastofnun og samgrn. Á að skilja það svo að hv. þm. hafi tillögur í því efni að Stýrimannaskólinn eða Sjómannaskólinn í heild sinni, bæði Vélskólinn og Stýrimannaskólinn, færist undir samgrn.? Þá hafi samgrn. þar af leiðandi — sem ráðuneytið hefur auðvitað í gegnum Siglingastofnun — eftirlitsþátt með menntun og kröfur varðandi menntunina. Eða er hv. þm. að leggja til að skólinn heyri undir samgrn. en ekki undir menntmrn. og falli undir framhaldsskólalög eins og er í dag?

[18:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó það komi ekki beint inn á það hér þá teldi ég það í hæsta máta eðlilegt að þessi skóli heyrði undir samgrn. Þetta er sérskóli og fjallar um sérnám með beinni skírskotun. Það væri þess vegna eðlilegt.

Hins vegar er það ekki nauðsynlegt til að uppfylla þá ábyrgð og þær skyldur sem þarna er um að ræða, að menntmrh. getur borið á þeim rekstrarlega ábyrgð en alls staðar út í gegn í lögunum er Siglingastofnun hinn faglegi ábyrgðaraðili. Í þessari lagagrein er það hreinlega formsatriði þar sem sagt er að menntmrn. hafi eftirlit með námskrá sjómannaskóla og svona nokkuð. Það er hvort eð er undirstrikað að Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

Nám og námskrá er í rauninni aðeins sitthvort orðið yfir sama hlutinn, það er bara sett upp hvort frá sínu sjónarhorninu. En menntmrn. hefði getað haft umsagnarrétt og tryggt

þannig að námið fylgi hinni almennu menntaskipan. Ég tel því að þarna ætti að snúa við.

Þetta þarf ekki beint að koma að því að Sjómannaskólinn fari undir samgrn. Þetta getur vel staðið svona þess vegna þó ég teldi það í sjálfu sér vera hinn eðlilegasta hlut en ég ætla ekki að gera það að umtalsefni beint í umfjöllun um þessi lög.

[18:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hæstv. samgrh. hafi gefið þá yfirlýsingu sem hann gaf hér um að sá þáttur málsins sem mikill ágreiningur hefur verið um og sem snýr að fiskimönnum, stýrimönnum og vélstjórum á fiskiskipum verði tekinn út úr þessu frv. og að frv. þannig breytt fari þá sem allra fyrst í gegnum Alþingi. Ég vil líka vekja athygli á því að frv. var upprunalega samið þannig. Það var að mestu byggt á tillögu nefndar sem samgrh. skipaði og í framhaldi af frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Frv. var þannig hugsað upprunalega og ég vil lýsa ánægju minni með að hæstv. samgrh. taki það sem snýr að fiskimönnunum út því að full nauðsyn er á því að afgreiða sem fyrst þann þáttinn sem snýr að farmönnum og hæstv. ráðherra kom hér inn á og ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Það er varðandi útgáfu skírteina sem staðfesta að við uppfyllum öll skilyrði STCW-samþykktarinnar frá 1978 og endurskoðunar hennar frá 1995, ásamt reglugerðum Evrópusambandsins nr. 94/58/EB og síðan var henni breytt og er tilskipun 98/35/EB.

Ég held því að málið sé nú komið í þann farveg að það eigi ekki að þurfa að vera ágreiningur um það og að mjög fljótlegt ætti vera að ná sátt um að málið fari í gegn í þeim búningi. Ég vil auðvitað treysta því að í framhaldi þess máls að svo verði gert sem ráðherra lýsti að hann mundi óska eftir við samgn. að þá sé sátt um þann þátt málsins sem snýr að farmönnum og farþegaskipum. Og jafnframt að menn séu nokkuð vissir um að reynt verði að ná sátt um mönnunarmál fiskiskipanna ef þau koma einhvern tímann síðar til umfjöllunar. Ég held að mikilvægt sé að menn geri þær breytingar sem þarf að gera í sátt.

Ég ítreka að ég fagna framkominni yfirlýsingu hæstv. samgrh. og treysti því að sá þáttur sem snýr að fiskimönnunum og hefur valdið erfiðleikum við lausn þeirrar kjaradeilu sem nú stendur yfir og hefur staðið lengi, verði til þess að það liðki þar fyrir málum og jafnframt að samtök vélstjóra og skipstjórnarmanna geti treyst því framvegis að ef til kemur að gera þurfi breytingar þá muni menn leysa það í samstarfi við hæstv. samgrh. og samgrn. Þá held ég að málum sé vel komið.

[18:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður kom inn á og fagna því að hæstv. samgrh. skuli hafa tekið þann kafla út úr frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa sem snýr að fiskiskipum.

Vissulega er það svo þegar deilur eru jafnhatrammar og nú ber við í deilu fiskimanna og útgerðarmanna fiskiskipa þá er vissulega vandmeðfarið slíkt mál sem hér hefur verið lagt fram og snýr að mönnun fiskiskipa og þeim viðbrögðum sem samtök sjómanna hafa sýnt varðandi þau áform sem fyrirhuguð voru í þessu frv.

Hins vegar verð ég að segja að það er einnig mjög nauðsynlegt að þetta mál nái fram að ganga svo fljótt sem verða má og fyrir þinglok með tilvísan til þess sem hefur áður komið fram, bæði hjá hæstv. samgrh. og öðrum sem hafa hér talað um þau alþjóðaskírteini sem nauðsynlegt er að Íslendingar hafi undir höndum sem eru starfandi á kaupskipum erlendis. Þeir hafa oftar en ekki á liðnum mánuðum lent í vanda vegna eftirlitsaðila í erlendum höfnum sem hafa ekki að fullu sætt sig við þau skírteini sem íslenskir sjómenn hafa lagt fram vegna þeirra ákvæða, bæði um hina alþjóðasamþykkt STCW, varðandi það nám sem þeir hafa öðlast á Íslandi og er nú viðurkennt af Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

Einnig er fram undan mál sjómannamentunnarinnar á Íslandi og hefur aðeins verið komið hér inn á það. Fram undan eru líka ákvæði þessara alþjóðasamþykkta sem kveða svo á um að hásetar á kaupskipum skuli líka hafa gengið í gegnum ákveðna þjálfun og fengið skírteini til þess að þeir séu viðurkenndir gagnvart eftirlitsaðilum — þeirra aðila Port statement, sem er orðið svo, ef ég man rétt, að eftirlitsmenn siglingamálastofnunar hverrar þjóðar eigi a.m.k. að skoða eitt af hverjum tuttugu og fimm erlendu kaupskipum sem koma í höfn. Þá verða menn að hafa tilskilin skírteini og réttindi, svo ekki þurfi annaðhvort að skipta um áhöfn eða skipið stöðvað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sjómannaskóli Íslands, sem svo heitir og var hér til umræðu aðeins í gær, blandast inn í þessa umræðu. Kannski sló ég heldur í léttan dúr þegar ég var spurður að því hvaðan ég hefði þá nafngift að kalla skólann Sjómannaskóla Íslands, ég sagðist hafa lesið það í símaskránni. En auðvitað eru orð miklu alvarlegri en það því þetta stendur í blýhólknum sem lagður var að hornsteini Sjómannaskóla Íslands þegar þar var lögð inn svokölluð skýrsla um það hverjir væru þá í ríkisstjórn og hver var borgarstjóri o.s.frv. Skólinn hefur mikla nafngift og stendur undir væntingum og þarf auðvitað að búa sig undir að taka við miklu fleiri nemendum en nú er a.m.k.

Annar kapítuli í málinu er hins vegar áhyggjur manna almennt sem koma nálægt sjómannastéttinni. Í svari samgrh. við fyrirspurn minni um hvað þyrfti marga skipstjórnarlærða menn, þ.e. vélstjóra og stýrimenn, árlega til að halda við þeim flota sem er nú til á Íslandi, kemur fram að það þurfi að meðtalali 100 manns á ári úr hvorum skóla. En nú eru aðeins 50 nemendur í Stýrimannaskólanum og innan við 100 í Vélskólanum. Hér þarf því virkilega verk að vinna.

Þess vegna hefur mér verið mikið áhyggjuefni á umliðnum árum sú starfandi undanþágunefnd sem svo hefur heitið og hefur verið skipuð fulltrúum stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna og hvar ég tel, og það er álit mitt, að óhönduglega hafi farið með undanþáguveitingar á þeim bæ. Kannski er það orsökin fyrir því hve skólarnir eru illa sóttir.

Það kemur svo aftur annar kapítuli þar inn í sem kom fram í svari hæstv. menntmrh. í gær við fyrirspurn minni um hvernig væri skipting á milli námsgreina, annars vegar hinna bóklegu og hinna verklegu. Þar kemur í ljós að við erum á allt öðru róli en aðrar Norðurlandaþjóðir með yfir 70% ungmenna á Íslandi sem ganga hina bóklegu menntabraut en rétt rúmlega 20% ganga hina verklegu. Þar af eru rétt rúmlega 10% sem eru skráðir í iðnmenntun. Þetta er í öfugu hlutfalli við það sem er annars staðar á Norðurlöndunum. Þar fara fleiri í verkmenntaskólana og færri í hið bóklega nám. Hér er eitthvað alvarlegt á seyði sem við þurfum vissulega að taka á.

Eru Íslendingar að ala það upp í ungu fólki að það sé engin framtíð öðruvísi en að hafa setið á skólabekk fram

undir þrítugt? Erum við að ala það upp í ungu fólki að sjósókn eða verkkunnátta, verkmenntun, sé eitthvað sem eigi að forðast? Hér er vissulega verk að vinna og þarf að taka á. Ef svo heldur sem horfir verða ekki margir til að sinna því grundvallaratriði hjá okkur Íslendingum að stunda sjósókn og fiskveiðar sem hefur gefið okkur meginhluta erlendra gjaldeyristekna og hefur verið undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga og leitt okkur til þess sjálfstæðis sem við búum við nú.

Þess vegna er dálítið sérstakt þegar skoðað er hvernig eigi að fara með mál sem lúta að menntun sjómanna, hvernig tillögurnar eigi að berast til skólans. Hverjir eigi að vera eftirlitsaðilar með menntuninni? Þar koma til samgrn., Siglingastofnun og menntmrn.

Hvernig má vera að skóli eins og Sjómannaskóli Íslands er settur undir menntmrn. en ekki bændaskólarnir? Er einhver sem kann skýringar á því? Ég spyr: Ef við erum að gefa íslenskum ungmennum kost á framhaldsnámi úr hvaða skóla sem er, hvers vegna eru þá bændaskólarnir ekki inni í menntakerfinu og undir menntmrn.? Getur það kannski verið að við höfum valið ranga leið, að það sé röng stefna að hafa Sjómannaskólann undir menntmrn.? Hefði hann kannski frekar átt að vera undir samgrn.? Það styttir a.m.k. leiðina. Það er bein lína milli Siglingastofnunar og samgrn. og kæmi þá ekki til kasta menntmrn. í því sambandi.

Þetta er mál sem þarf skoðunar við með tilliti til framtíðarinnar, með tilliti til þess hvort við Íslendingar ætlum yfir höfuð að stunda sjósókn og sjávarútveg af þeim krafti sem við höfum gert fram að þessu.

Þess vegna fagna ég því og er þar á öndverðri skoðun við marga aðra fyrrum félaga mína til sjós að hér skuli vera tekið út úr því sem áður var undanþágunefnd, en sett þess í stað úrskurðarnefnd siglingamála, sem hafi endanlegt ákvörðunarvald á stjórnsýslustigi og verður hægt að skjóta til hennar ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum, svo sem um útgáfu skírteina, áritana, veitingu undanþágna og mönnun skipa.

Ekki er eðlilegt að þeir sem hafa menntað sig í Stýrimannaskólanum eða Vélskólanum skuli að afloknu prófi lenda í því að sitja í einhverri undanþágunefnd sem veitir öðrum heimild til að setjast í störf stýrimanns eða vélstjóra án þess að fara í skólann án þess að hafa lokið tilskyldu prófi. Eftir að hafa horft upp á þær undanþáguveitingar sem hafa verið í gegnum árin, þær skipta hundruðum, eru menn þá undrandi á því af hverju er ekki sótt meira í skólann en raun ber vitni?

Herra forseti. Ég sit í hv. samgn. þar sem þetta mál mun væntanlega koma til umfjöllunar. Ég mun leggja mig fram um það með vísan til þess sem ég sagði í upphafi, í ljósi þeirra vandræða sem margir Íslendingar eiga nú við að etja sem starfa á erlendum skipum, siglandi milli hafna erlendis. Þeir hafa margsinnis haft samband við mig og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Kristján Pálsson þar sem við höfum allir komið að sjósókn og þekkjum marga menn sem eru enn þá starfandi og hafa lent í þessum vanda.

Brýn nauðsyn er því á að hér verði gerð lagfæring á þessum hlutum og mun ég ekki láta mitt eftir liggja varðandi þetta mál. Ég fagna því að út úr þessu frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa skuli hafa verið tekin ákvæði sem varða fiskiskipin.

Ég held að í ljósi þess sem hefur gerst, þó útgerðin tali mjög um að tækniþróunin hafi orðið slík að það sé sjálfsagt og eðlilegt að fækka mönnum, þá hafi menn kannski lent í þeirri kórvillu að horfa eingöngu á vélar, aðalvélar skipsins, og segja: Það er samþjappað afl, minnkandi vélar, en um leið gleyma menn öllu því sem fylgir nú best útbúnu íslensku fiskiskipunum. Öllum þeim búnaði sem þarf t.d. til þess að reka fljótandi frystihús eins og nú eru á hafi úti með öllum tilheyrandi ljósavélum, frystivélum, færiböndum o.s.frv. Mikil vinna er lögð á herðar hvers einasta manns. Við stöndum frammi fyrir því að 18–22 manna áhöfn afkastar á við 70 manna frystihús. Það segir sig sjálft að það hlýtur að vera mikið álag á því fólki sem vinnur um borð í frystiskipunum auk þess sem er náttúrlega að gerast líka á öðrum skipum.

Þetta vilja útgerðarmenn ekki horfa á. Í aðra röndina er sagt: Aflinn á bak við hvern íslenskan fiskimann er á heimsmælikvarða, er það mesta sem þekkist og gerist. En á hinn bóginn er sagt: Já, nei, við þurfum að fækka. Menn eru því ekki alltaf sjálfum sér samkvæmir þegar rætt er um þessa hluti.

Hitt er annað mál, og það hefur nú þegar gerst, að á kaupskipunum voru ákvæði um fjölda, t.d. háseta. Á því voru gerðar breytingar af hálfu stéttarfélags háseta, Sjómannafélags Reykjavíkur, og gengið til móts við útgerðarmenn kaupskipa. Þar var samkomulag um að manna skipin eftir þörfum en auðvitað er öryggismönnun alltaf lágmark. Þar hefur orðið geysileg breyting og þróun og menn hafa lagað sig að því. Auðvitað kemur fljótlega í ljós hvort skip eru vanmönnuð eða ofmönnuð vegna þess að það liggur í hlutarins eðli að útgerðarmaður kaupskipa mun ekki manna skip sitt svo illa að það haldi ekki áætlun. Útgerðarmaður fiskiskips mun heldur ekki manna skipið þannig að það fiski ekki eðlilega vegna þess að það vanti fólk. Það er því ákveðin kórvilla í þessari hugsun um fækkun í áhöfn fiskiskipanna. Það þarf auðvitað að skoða.

Ógæfan er kannski sú að ekki er traust á milli þessara aðila. Ekki er traust á milli útgerðarmanna og sjómanna. Því þarf auðvitað að breyta. Það þarf að breyta þessum móral á milli sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar.

Ég vona að ekki verði gripið inn í þessa kjaradeilu og þeir leysi mál sín af kostgæfni og til heilla þannig að upp megi takast gott samstarf þessara aðila í milli. Það verður til góðs, ekki bara sjómannastéttinni heldur þjóðinni allri.

[18:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst í andsvari mínu taka undir orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um mikilvægi menntunarinnar og áhyggjur hans af stöðu og þróun þeirra mála, bæði hvað varðar störf á skipum sem og víða annars staðar í samfélaginu, sérstaklega hvað tæknigreinar varðar.

Ég verð á vissan hátt að taka undir spurningar hans um hvort vistun þessa náms sé á réttum stað. Hv. þm. minntist hér á búnaðarskólana, þeir hafi ekki farið undir menntmrn. Ég tel, af því að ég þekki þar til, að það hafi verið rétt ákvörðun af hálfu stjórnvalda, að búnaðarskólarnir færu ekki undir menntmrn. Það skiptir svo miklu máli í rekstri á slíkum skólum að þeir hafi bein og náin tengsl, skólinn og atvinnulífið og ekki bara atvinnulífið, heldur einstaklingarnir sem eru í atvinnulífinu, þ.e. að þau tengsl séu bein og náin þannig að hvor aðili viti nákvæmlega hvað hinn er að gera og fái að taka þátt í því.

Sveigjanleikinn, það að geta brugðist við, skiptir öllu máli í slíku námi og slíkri menntun. Því menntun til starfsnáms

miðar að því að gera viðkomandi að manni, að hann sé fær um að gera hlutina en ekki bara að tala um þá.

Ég tel að virkilega ástæða sé til þess að skoða stöðu verknáms og verklegs náms eins og það nám sem við ræðum hér um.

[18:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eiginlega er erfitt fyrir mig að koma upp í andsvar við hv. síðasta ræðumann. Hann var svo sammála mér.

Ég verð þó að segja að ég teldi að það væri af hinu góða og var aðeins að ýja að því áðan hversu nauðsynlegt það væri að sátt tækist og trúnaður og traust ríkti milli útgerðarmanna annars vegar og sjómanna hins vegar. Það mundi væntanlega leiða til þess að þessir aðilar setjast í skólanefnd Sjómannaskóla Íslands, takast á við þau mál sem þar blasa við, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, vöntun nema inn í skólann.

Við stöndum auðvitað frammi fyrir því að tíminn og umbreytingarnar og hin mikla ferð sem er nú á þjóðlífinu veldur því að eðlilegt væri að þessir aðilar settust í skólanefnd og fjölluðu um þetta mál og mundu laga menntunina að nútímanum og þeirri kröfu sem gerð er í dag til þekkingar sjómannsins. Sumir segja að það væri óalandi og óferjandi að hleypa útgerðarmönnum nálægt slíku og þeir mundu helst vilja leggja menntunina niður. Hér er náttúrlega talað út í loftið. Engin rök skynsamleg rök liggja að baki þessu.

Ég tel að það væri skynsemi í því að menn einbeittu sér að því að skoða þetta merkilega starf sem við þurfum að fá fleiri aðila að inn í skólann. Það þarf að skoða þetta, laga þessa menntun að núinu eins og sagt er á nútímaíslensku.

[18:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel má vera að sumum þyki þetta ekki koma þessu beint við sem við erum hér að fjalla um, þ.e. menntunin. En það gerir það einmitt alveg þráðbeint. Því náist ekki árangur í menntun þess fólks sem hér er verið að fjalla um og réttindum þess þá eru þessi lög ekki virk. Það er svo einfalt. Bakgrunnur þess lagafrv. sem við fjöllum hér um er hið grafalvarlega mál. Þess vegna er sérstök ástæða til að huga að því hvernig hér mætti gera úrbætur.

Í kynnum mínum af uppbyggingu á námi í samstarfi við atvinnulífið hef ég einmitt reynt að þeir sem búa yfir þeirri þekkingu sem við viljum ná og taka þátt í að byggja hana upp og meta hana vilja ekki endilega koma og ræða um námið, þeir vilja vera þátttakendur í kennslunni. Þess vegna höfum við gjarnan sent nemendur til þessara manna, samið við þá um að kenna þeim skilgreinda pakka. Þeir eru þá kennarar og prófdómarar samtímis og þannig verða þeir hluti af þessu menntunarkerfi en standa ekki fyrir utan það. Þetta tel ég afar mikilvægt.

Eins vil ég benda á að eitt lykilatriðið í uppbyggingu á menntun á verklegum greinum er að stundafjöldi sem fer í verkmenntun sé jafnt metinn til eininga í skólakerfinu og þær stundir sem varið er til bóklegs náms. Því fer fjarri að svo sé. Meðan svo er þá er erfitt að byggja upp trúnað í uppbyggingu verknáms. Verknám, verklegar æfingar og tími sem fer í verklegt nám verður að vera jafnmetinn þeim tíma sem fer í bóklegt nám til þess að sátt náist um það.

[18:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður ýjaði að það er nauðsynlegt, og okkur Íslendingum er nauðsynlegt, að leggja meira kapp á og meira upp úr því að ungt fólk fáist í verkmenntun, en á það skortir mjög.

Ég kom aðeins inn á undanþágumálin hér áðan. Hundruðum einstaklinga er veitt undanþága á hverju ári. Hafa menn hugleitt það að gott fiskiskip, fullbúið, kostar nú orðið yfir milljarð? Eitt stýrishús búið fullkomnum tækjum kostar 200-300 milljónir, búnaðurinn í vélina annað eins.

Ef ég sæki um undanþágu nú, hafandi ökuskírteini, og vildi fara að keyra mótorhjól og ætla að sækja um undanþágu til þess hjá lögreglunni, þá kemur það ekki til greina. Það kemur bara ekki til greina. Ég verð að setjast á skólabekk og taka minn tíma til þess að læra á mótorhjól. En hundruðum manna er veitt undanþága til þess að stýra skipi sem kostar á annan milljarð. Hvers konar lógík er þetta?

Ég vona svo sannarlega að þeir sem hafa verið andsnúnir mér, gegn afnámi undanþágu og aðkomu menntaðra skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna, verði nú sammála mér um að við skulum láta ríkisvaldið bera ábyrgð á því ef þeir ætla að veita einhverjum undanþágu til þess að sigla skipi sem kostar á annan milljarð, að maður tali ekki um mannslífin sem ógnað er með því að hleypa ómenntuðu fólki í skipstjórn, í brú eða niður í vél. Hér er tími til að taka á og það verður væntanlega gert. (**JB:** Þetta var bara gott.)

[18:47]

Útbýting þingskjala:

Akstur og hvíldartími ökumanna, 706. mál, fsp. GE, þskj. 1123.

Ábúðarlög, 709. mál, frv. landbn., þskj. 1136.

Staðfesting Kyoto-bókunarinnar, 710. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 1137.

[18:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir ýmislegt af því sem sagt hefur verið um þetta mál, m.a. fagna ég því að hæstv. samgrh. hefur dregið til baka III. kaflann, ekki vegna þess að ég sé ósammála honum heldur vegna þess að nauðsynlegt er að leysa þá erfiðu sjómannadeilu sem nú stendur yfir og er náttúrlega allsendis óásættanlegt að skuli ekki enn vera leyst. Þetta mál sem ég hef nú ekki talið að væri það stórt að það ætti að stranda á henni virðist þó vera akkillesarhæll. Og þar með er hann farinn. Ég ætla því rétt að vona að samninganefndarmenn taki þá til sinna ráða og ljúki þessari deilu. Það ætti varla neitt að vera því til trafala.

Herra forseti. Ég sé að búið er, samkvæmt þessu frv. eins og kemur fram í 9. gr., að lagfæra þá vankanta sem á frv. voru á síðasta þingi, þar sem hið svokallaða pungapróf var farið að teygja sig upp í yfir 70 brúttótonn. En það er hér fært úr 30 brúttórúmlestum upp í 50 brúttótonn, sem er þá í rauninni óbreytt ástand.

Svo er aftur annað mál með þessi blessuðu pungapróf. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræddi hér mikið um það hvers vegna undanþágur væru endalaust leyfðar til skipstjórnarmanna sem ekki hefðu næga menntun. Meðan verið er að veita mönnum þessi pungaprófsréttindi þá verður þetta alltaf svona. Það er ljóst að stór hluti fiskveiðiflotans er mannaður þeim sem hafa pungapróf.

Allir krókabátar undir 6 tonnum eru meira og minna mannaðir ómenntuðu fólki, enda ekki krafist meiri menntunar.

Krókabátarnir eru að taka við hlutverki vertíðarflotans og þess vegna er það niðurstaðan að Sjómannaskólinn er að tæmast því að á fraktskipunum sem hingað sigla eru að mestu leyti útlendingar sem hafa ekki þurft að ganga undir nein réttindapróf á Íslandi. Þetta er því miður raunin og við ætlum ekki að bera gæfu til þess að leiðrétta það þannig að vel fari.

Herra forseti. Ég vil bara að lokum segja að það hlýtur að vera eðlileg krafa hjá þeim sem reka hin stærri vertíðarskip að hægt sé að breyta mönnun. Það er ekki nein bábylja útgerðarmanna að tæknin hefur breyst mikið. Vélarnar hafa breyst mikið. Skipstjórnarmenn uppi í brú eru að stjórna vélinni um leið og þeir stjórna skipinu. Það þarf ekki að vera með vélstjóra á vakt við hliðina á þeim allan tímann. Mér finnst mjög eðlilegt að samræma þetta. Þess vegna hlýtur þetta að koma inn síðar. Það er mjög eðlileg krafa útgerðarmanna að reyna að minnka útgerðarkostnað en láta áhöfnina um leið njóta þess sem hefur verið til umræðu.

Það sem gerist með því er einfaldlega að við erum að tryggja frekar tilverurétt hinna svokölluðu verðtíðarskipa og sá afli sem hefur náðst inn á skipum í þeim stærðarflokki flytjist ekki smám saman í enn meira mæli en nú er til frystiskipanna.

Ég held að ekki sé hægt að stilla dæminu þannig upp að með því að breyta þessu séum við að torvelda aðsókn að Sjómannaskólanum. Ég held að það sé alveg öfugt. Ég hugsa að við mundum frekar tryggja að þessi útgerðarflokkur yrði rekinn áfram þannig að frekari þörf yrði á réttindamönnum en nú er.

Herra forseti. Varðandi undanþágurnar þá er ég alveg hjartanlega sammála því að undanþágurnar eins og þær hafa verið tíðkaðar á undanförnum árum hafa gengið út í algjörar öfgar. Það er löngu tímabært að reyna að leggja þær af. Ég lít svo á að með þessu frv. sé verið að gera það.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra foreti. Það er aðallega eitt atriði sem mér finnst þurfa að gera smá athugasemd við í málflutningi hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

Það er náttúrlega ekki alveg rétt, hv. þm., að allir smábátar séu bara mannaðir með þeim sem hafa 30 brúttórúmlesta réttindi. Margir eru með full réttindi á smábátaflotanum og það er auðvitað afleiðing þess að stærri skip hafa horfið úr mörgum byggðarlögum. Ég þekki það t.d. vestur á fjörðum að fullt af mönnum hafa full réttindi á öll fiskiskip, hvaða stærð sem er, sem stunda veiðar á 6 tonna bátum núna. Hitt er alveg rétt að auðvitað er ekki krafist meiri réttinda á smábátana en 30 brúttórúmlesta réttinda, eða svokallaðs pungaprófs sem því miður hefur svo oft verið notað, alveg eins og þingmaðurinn kom réttilega að til þess að veita undanþágur út á á stærri skip. Og það er atriði sem menn verða virkilega að skoða og hefur kannski verið of mikið praktíserað, þ.e. að veita mönnum miklu meiri réttindi út á það að þeir hafi réttindi í næstlægstu stöðu fyrir neðan eins og viðmiðunarreglurnar í undanþágunefndinni hafa verið.

Varðandi hins vegar mönnun skipanna, sem mig langar aðeins að víkja að líka og hv. þm. ræddi, þá virkar það í báðar áttir. Það er t.d. mjög algengt, þó krafan sé ekki sú að 2. stýrimaður skuli vera á skipum fyrr en þau eru komin yfir 300 lestir, þá er samt mjög algengt að útgerðarmenn manni með 2. stýrimanni skip undir 300 lestum.

[18:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson séum ekkert mjög ósammála í þessu. Auðvitað veit ég að fjöldinn allur af sjómönnum á þessum krókabátum hefur miklu meiri réttindi en punginn. En það er samt, eins og hv. þm. kom réttilega inn á. Á krafan ekki að vera þannig að ungir strákar sem útskrifast úr grunnskóla í dag geta komið þaðan út með sitt pungapróf og farið strax út á 6 tonna trillu sem gengur 30 mílur. Þeir eru komnir út á ballarhaf áður en maður veit af og leggja svo ... (**GAK:** Nei, þeir verða að fá ...) Ja, þeir þurfa einhverja mánuði. Þeir geta svo lagt sína línu og komið í land. Og þeir fara miklu hraðar heldur en þau skip sem við erum að krefjast menntunar á, tveggja til þriggja ára menntunar til þess að menn fái svo að sigla. Það er ekkert samræmi í þessu.

Það er í mínum huga vandamálið í dag á fiskveiðiflotanum hveð auðvelt er að komast með nánast enga menntun í að stjórna skipum sem hafa sömu afkastamöguleika og miklu stærri skip sem nú er verið að þrasa um hvort megi fækka um einn stýrimann á eða ekki. Það er ekkert samræmi í þessu.

Ástæðan fyrir því að Stýrimannaskólinn er að tæmast er náttúrlega sú að það þarf enga menntun á þessi litlu skip. Og það er hárrétt hjá hv. þm. að menn hafa einmitt verið að misnota þessi pungapróf til þess að ná sér í upp undir kannski 200 tonna skip. Ég kannast við það sjálfur. Ég sé ekki í sjálfu sér neina lausn á þessum vanda á næstunni. En eitt er víst, að menn þurfa að halda áfram að velta honum fyrir sér.

[18:58]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi það í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að menn töluðu saman og að einhver fækkun yrði á þessum skipum, nútíminn væri slíkur.

En athugum hvað verið er að tala um. Eru menn virkilega að tala um, eins og hv. ræðumaður kom inn á, að skipstjórnarmaðurinn í brúnni sé bæði að stýra skipi og stjórna vél? Og hann er kannski að hífa inn veiðarfæri á sama tíma. Þetta er því miður að gerast. Og svo eru menn undrandi á því að níundi hver sjómaður slasast. Hvernig í ósköpunum getur sá skipstjórnarmaður fylgst með sem er að stjórna skipi og vél og hífa inn veiðarfæri, allt í senn? Það er bara ekki hægt.

Á sama tíma og menn eru að tala um að fækka eigi í áhöfnum fiskiskipa, er slysatíðnin hvergi nokkurs staðar hjá neinni stétt jafnóhugnanleg og hjá íslenskum fiskimönnum. Og meira að segja keyrir um þverbak þegar litið er til annarra landa líka. Menn þurfa því alvarlega að athuga sinn gang.

Ég er ekki á móti fækkun. En hún þarf að vera af einhverri skynsemi. Menn þurfa að setjast niður, bæði útgerðarmenn og sjómenn, ef hægt er að koma því við. Ég veit og geri mér fulla grein fyrir því að frv. sem slíkt fækkar ekki í skólanum. En afnám undanþágunefndarinnar mun fjölga í skólunum. Ég er sannfærður um það, ef staðið verður að því eins og á og ætla skyldi með þessum lögum og við í samgn. munum auðvitað leggja áherslu á að undanþáguveitingarnar verði algjör undantekning, þær verði undantekning en ekki regla eins og verið hefur í allt of langan tíma.

[19:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson misskilji málið verulega. Það er þannig í dag og hefur verið svo lengi, t.d. á togurum, að skipstjórinn stjórnar hraðanum á skipinu með einu handfangi. Hann er að hífa troll og hlera og stjórna skipinu á sama tíma. Þannig hefur það verið í mörg ár. Hefði hv. þm. verið á togurum, bara fyrir 20 árum, þá hefði hann séð þetta. Það hefur ekki þurft neinn vélstjóra til að standa við hliðina á skipstjóranum eða stýrimanninum til að ná inn trollinu og stjórna skipinu og vélinni á sama tíma. Það var reyndar þannig í gamla daga að menn þurftu að hafa vélsíma til að hringja niður í vél svo að hægt væri að breyta hraðanum á aðalvélinni en það er náttúrlega liðin tíð.

Einmitt af þessum ástæðum er löngu tímabært að endurskoða mönnunina. En vegna þessara laga og tregðu stéttarfélaganna til að gera breytingar — þetta minnir dálítið á þrætuna í Bretlandi í prentiðnaðinum og víðar — þá missum við þennan flota frá okkur, hugsanlega bara út af svona atriðum. Á því græðir enginn.

Ég vona að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem hefur heilmikið um þessi mál að segja, skoði þetta betur, a.m.k. hvað mönnunina varðar. Þær breytingar geta ekki gert neitt annað en að hjálpa sjómannastéttinni.

[19:02]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þeim árum sem ég var formaður Sjómannafélags Reykjavíkur þá gerði ég það í ein sjö ár, frá 1980–1987, að ég fór ýmist sem háseti eða stýrimaður á kaupskip eða fiskiskip. Ég kynntist þessu mjög vel. Ég sá auðvitað að þar sem skipstjórinn var einn í brúnni var mönnum mjög hætt á þilfari. Þar sem sú regla gilti hins vegar að skipstjórinn kallaði bátsmanninn upp eða 2. stýrimann þá voru menn miklu öruggari. Þá var miklu meira öryggi á þilfari og slysatíðnin ekki sú sama. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Ég er ekki maður afturhalds né vil ég stuðla að því að einhver verktakafloti taki yfir sem verði þess valdandi að íslenska fiskiskipaflotanum verði lagt. Ég er ekki að tala um það. Ég er hins vegar að tala um að á þetta þarf að horfa af einhverri skynsemi, út frá því hvernig við getum fækkað slysum og tryggt öryggi um leið og mönnunarmál fiskiskipa eru í góðu jafnvægi. Það leiðir til öryggis og færri slysa. Ef þetta næst saman og gott samstarf tekst milli sjómanna og útgerðarmanna þá er ég ekki í nokkrum vafa um að menn finna einhverjar leiðir í þessu.

[19:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson séum ekki mjög ósammála í þessu. Auðvitað er það hárrétt hjá hv. þm. að það getur skapað einhverja hættu að sinna mörgu í einu. Það er nú samt orðið svo í þessum skipum að stjórntækin eru við hendina, menn hafa þetta nánast í fanginu, að stýra skipinu, stjórna vélinni og hífa inn trollið eða línuna. Því fylgir ekki eins mikil hætta, held ég, og hv. þm. heldur.

Að sjálfsögðu er meiningin sú að fækka um borð í skipunum af skynsemi. Það hefur hins vegar tekið allt of langan tíma að finna leiðir sem teljast skynsamlegar. Þar er engin lausn sjáanleg og náttúrlega mjög slæmt að þetta mönnunarmál hafi verið notað til að draga verkfall sjómanna á langinn, þ.e. notað sem átylla til þess að semja ekki. Það er einfaldlega til þess að drepa málinu enn frekar á dreif. Hverjum mun það koma í koll? Ég held að það komi vertíðarflotanum í koll og engum öðrum.

[19:05]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér hafa margir vísir skipstjórar og sjómenn komið og fjallað um þetta ágæta frv. og ég mun því ekki lengja umræðuna mikið.

Eins og fram hefur komið fjallar frv. um áhafnir íslenskra skipa. Ég sammála því sjónarmiði sem hér hefur komið fram, að verði það að lögum þá sé það fyrst og fremst til þess að stuðla að öryggi áhafna á íslenskum skipum. Eins og fram hefur komið er frv. byggt á tilskipunum Evrópusambandsins og alþjóðasamningum. Það fékk afskaplega ítarlega umfjöllun á síðasta þingi. Breytingar sem gerðar hafa verið á því eru allar til bóta í ljósi þeirra umræðna sem urðu hér á síðasta þingi. Ég held að því megi segja að frv. sé ekki til annars en að styrkja íslenskar áhafnir og ekki síst áhafnir íslenskra kaupskipa sem með frv. þessu, verði það að lögum, eiga greiðan aðgang að siglingum um heimsins höf.

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að dreginn hafi verið til baka III. kafli þessa frv. Ég tel það mjög hyggilegt í þeirri erfiðu stöðu sem nú er uppi í verkfalli sjómanna. Efni III. kaflans er einn af þeim þáttum sem beinlínis snerta þetta verkfall og ég fagna yfirlýsingu ráðherra um að draga þann kafla til baka.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem hér fór fram vil ég fara nokkrum orðum um gildi menntunar og stöðu sjómanna í íslenska menntakerfinu. Ég hygg að allir séu sammála um að menntun hefur fyrst og fremst það gildi að efla starfsfólk. Á hana má líta sem fjárfestingu, þar sem menntun á að leiða til þess að starfsfólk á einstökum sviðum verði betra og þar af leiðandi verðmætara. Í þessu tilviki leiðir menntun ekki síður til aukins öryggis.

Menn hafa gert að umræðuefni aðsókn í sjómannaskóla og stöðu sjómannanámsins í hinu íslenska skólakerfi. Menn hafa lýst yfir áhyggjum af minnkandi aðsókn í sjómannanám. Ég tek undir þær áhyggjur. Varpað hefur verið fram ýmsum skýringum á því hvers vegna dregið hafi úr aðsókninni. Á því eru örugglega margar skýringar en ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að ein skýringin á því að ungt fólk sækir ekki sjómannanám sé sú staðreynd að sjómannaskólar eru í raun sérskólar. Fyrir ungt fólk, jafnvel þótt það hafi áhuga á sjómennsku sem vissulega margir hafa, þá er það mjög stór ákvörðun að ákveða að fara t.d. í Stýrimannaskólann. Þar með tekur unga fólkið ákvörðun um að fara aðra leið en félagar þeirra sem flestir sækja hinn almenna framhaldsskóla. Félagslega er það afskaplega mikilvæg og erfið ákvörðun fyrir ungt fólk á þessum aldri. Hinn félagslegi þáttur skiptir afskaplega miklu máli þegar meginþorri félaganna heldur t.d. inn í fjölbrautaskóla í þeirri ákvörðun að slíta sig úr hópnum og jafnvel úr heimabyggð sinni til að sækja nám annars staðar.

Ég er sannfærður um það, og byggi það á reynslu minni af skólastarfi, að þetta sé ein skýringin á því að svo mikið hefur dregið úr aðsókn í þessa skóla sem raun ber vitni.

Jafnframt hef ég löngum gagnrýnt það að sjómennska, svo sem hásetanám, skuli ekki hafa verið til staðar í hinu almenna skólakerfi og þá í samstarfi framhaldsskólanna, mjög nánu og ítarlegu samstarfi hins almenna framhaldsskóla og atvinnugreinarinnar sjálfrar. Með því er í raun verið að senda þau skilaboð að jafnmikilvægt, erfitt og vandasamt starf og

t.d. að vera háseti á skipi sé í raun ekki mikils metið. Með því að taka slíkt nám formlega inn í skólakerfið væru send út þau skilaboð að hér sé um, ef þannig má orða, alvörustarf að ræða, sem það sannarlega er, sem krefst ákveðinnar menntunar. Það þarf sannarlega menntun til að geta stundað sjó, hvort sem það er í vélarrúmi, á dekki eða uppi í brú. Þar má auðvitað bæði kenna um stjórnvöldum í gegnum tíðina og ekki síður atvinnugreininni sjálfri.

Segja má að undanþágur séu af sama meiði, í framhaldi af umræðunni hér um undanþágur hjá hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson áðan. En þessar undanþágur gilda auðvitað ekki bara um sjómenn. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi hér verðmæti skipa, öryggi mannslífa o.s.frv. en það má líka spyrja hvað það þýði, þótt kannski sé ekki um öryggi eða mannslíf að tefla, þegar veittar eru undanþágur inn í skólakerfið, hvaða langtímaáhrif það hafi á börn. Ég kann ekki svarið við því. Þannig mætti áfram telja.

Undanþágur eru veittar mjög víða og enginn má skilja orð mín svo að ég mæli með þeim. Þar þurfa menn einfaldlega að taka ákvörðun um hvort þeir ætli að standa fast við þær menntakröfur sem gerðar eru sem meginreglu og taka afleiðingunum af því ef loka á fyrir undanþágur. Ég hef sjálfur verið þeirrar skoðunar að hyggilegt sé að gera það af öryggisástæðum og af virðingu fyrir því sem menntunin á að fela í sér, einmitt vegna þess að gildi menntunar felur í sér verðmætara starfsfólk, betra starfsfólk og þar af leiðandi verðmætara. Betra starfsfólk felur líka í sér öryggi.

Með þessu er ég í raun að leggja áherslu á gildi menntunar. Út á það gengur þetta frv. og ég fagna því. Ég legg áherslu á að ég tel að ætti að auka þátt menntunar fyrir sjómennsku í hinu almenna skólakerfi til þess að ungt fólk eigi meiri möguleika á henni án þess að slíta sig frá félögum sínum.

Ég ítreka jafnframt ánægju mína með það að III. kafla frv. skuli í raun hafa verið slegið á frest eða hann felldur úr.

[19:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður kom inn á þrá ungmenna eftir því að vera í heimabyggð sinni með félögum sínum. Sé litið til námsvals 16 ára nemenda sem skráðu sig til náms í framhaldsskóla haustið 1999 voru tæp 79% nemenda skráð í bóknám eða listnám. Rúm 21% skráðu sig í starfsnám og þar af tæp 7% í löggiltar iðngreinar. Málið er víðfemt. Stórkostlegur vandi blasir við íslenskum iðngreinum ef ekki verður gert eitthvað í málinu.

[19:14]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er víðfemt mál eins og hv. þm. sagði. Um það er ekki hægt að fjalla ítarlega í stuttu andsvari. Meginatriðið er þó að þegar ungt fólk stendur frammi fyrir því að velja sér námsbraut til ákveðinna starfa að loknu grunnskólanámi þá er óhætt að segja að atvinnulífið endurspeglast ekki í því námsframboði sem almennt er í framhaldsskólum. Þess vegna er ekki nema eðlilegt að meiri hlutinn velji sér þessar hefðbundnu bóknámsbrautir, einfaldlega vegna þess að atvinnulífið sést ekki í starfsgreinum framhaldsskólanna. Á því þarf að ráða bót. Fyrir því hef ég talað lengi, þar á meðal vantar nám í sjómennsku. Sama gildir um þjónustu, sem er mannfrekasta atvinnugreinin í landinu, en hennar verður almennt ekki vart í námsframboði framhaldsskólanna.

[19:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um að mönnum nýttist ekki námið í Sjómannaskólanum. Ég tel að það hafi breyst við upptöku áfangakerfisins m.a. í Stýrimannaskólanum. Þar eru menn að taka sömu áfanga og eru almennt í framhaldsskólum, þ.e. sömu áfangar eru notaðir. Það ætti að koma að fullum notum fyrir ungmenni ef þau vilja nýta sér áfangana í öðru námi en svo var ekki þegar skólinn var með bekkjakerfið. Þá nýttist það ekki.

[19:16]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg hárrétt athugað hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Áfangakerfið er líklega ein mesta bót sem unnin hefur verið á íslenska skólakerfinu. Það kom fyrir um 25 árum inn í framhaldsskólann og er ein mesta réttarbótin fyrir nemendur í framhaldsskólum eins og hv. þm. nefndi hér, að geta sótt almennar greinar heima í héraði og síðan flutt þær með sér milli skóla, sem ekki er hægt í bekkjakerfinu. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. að áfangakerfið leysir þennan vanda að hluta.

Það breytir hins vegar ekki því að hinar almennu starfsgreinar í samfélaginu sjást ekki. Það eru einfaldlega ekki til brautir fyrir þessar starfsgreinar í framhaldsskólakerfinu og eru þá ónefndir ýmsir lokaðir skólar á vegum hins opinbera, svo sem bankamannaskóli, brunamannaskóli, lögregluskóli, tollvarðaskóli og þar fram eftir götunum. Þetta vil ég sjá í hinu almenna skólakerfi.

[19:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um frv. og ágætar undirtektir við efni þess, m.a. þá ákvörðun mína að óska eftir því að hv. samgn. geri þær breytingar sem ég gerði grein fyrir, þ.e. að fella burt úr frv., og þá væntanlegri löggjöf að þessu sinni, þau ákvæði sem varða fiskiskipin.

Hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, fyrirspurnir um það hvort hv. samgn. ætti þá að fjalla um III. kafla frv. Ég tel að það sé óþarfi að nefndin eyði að þessu sinni tíma sínum í að fjalla um þau ákvæði. Við þurfum að taka þau upp út frá nýjum forsendum seinna. Aðalatriðið er að frv. nái fram að ganga hratt og vel þannig að þau ákvæði þess sem lúta að áhöfnum flutningaskipa og farþegaskipa fái gildi.

Ég má til með að fara örfáum orðum um menntun sjómanna, skipstjórnarmanna og vélstjóra, án þess að ég vilji skapa einhverja frekari umræðu um það. Tilefni til þess gefst á öðrum vettvangi. Ef fela ætti samgrn. málefni Stýrimannaskólans eða Vélskólans þá þyrfti náttúrlega að fjalla um það á réttum stað í löggjöfinni. Það er ekki verið að fjalla um það hér. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni að ég tel það fráleitt. Menntunin á að vera á vegum menntmrn., allt skólakerfið að mínu mati. Eftirlitið með siglingum, réttindum og því sem varðar kröfur sem siglingalöggjöfin setur tilheyrir hins vegar samgrn. eins og er. Ég vil bara að það komi fram þannig að hv. þm. fari ekki að eyða tíma sínum í samgn. í að velta því fyrir sér. Ég mun ekki flytja nein frv. sem færa menntun sjómannastéttarinnar á annan stað en í menntmrn. Ég tel eðlilegt að sú menntun sé í þeim skólum sem tilheyra viðkomandi starfsstétt. Ég vil bara undirstrika þetta þannig að það verði ekki misskilið.

[19:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins ein spurning sem ég vil ítreka og fá svar við. Hún varðar atvinnuréttindalög skipstjórnarmanna að því er varðar fiskimenn, hvort þau standi þá óbreytt. Ég hef lagt þann skilning í orð hæstv. samgrh. að fiskiskipahlutinn yrði felldur út og þá stæðu lögin bara eins og þau eru þar til annað yrði ákveðið.

[19:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svar mitt við spurningu hv. þm. er að tillaga mín og ósk til samgn. er að þau ákvæði sem snúa að fiskiskipum verði felld út úr frv. Það er sú beiðni sem ég hef sent til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 157. mál (reynsluskírteini). — Þskj. 157.

[19:22]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987. Ég get haft framsöguræðu mína stutta.

Hér er um að ræða endurflutning á máli sem hefur einu sinni áður verið flutt, fyrir nokkrum árum á 116. löggjafarþingi. Þá varð málið ekki útrætt. Það var þá flutt í tengslum við ákveðnar umræður um breytingu á umferðarlögum sem varðar einmitt það atriði sem frv. snertir, þ.e. útgáfu ökuskírteina og ýmislegt í því sambandi. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Frv. gengur út á að gera eina afar einfalda breytingu á einni grein umferðarlaganna, 51. gr., að í stað 1. og 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, að hluta með nýju efnisinnihaldi. Málið gengur út á að við upphaf ökumannsferils, þegar menn hafa fengið ökuréttindi á bifreið eða bifhjól við 17 ára aldur, komi sérstakt reynslutímabil, sex mánaða tímabil, og það ökuskírteini sem gildi á því tímabili kallist reynsluskírteini. Þetta reynsluskírteini væri háð þeim takmörkunum að veita einungis réttindi til að stjórna bifreið í viðurvist reyndari ökumanns. Segja má að þetta sé dálítið skylt því æfingatímabili sem með breytingu á umferðarlögum 1992 var heimilað að taka inn. Það tekur til ársins áður en ökuskírteini er gefið út, þ.e. til tímabilsins á milli 16 og 17 ára aldurs vilji menn fá ökuréttindi strax og þeir hafa aldur til.

Ástæðan fyrir því að þetta er reifað hér og flutt í frumvarpsformi er ósköp einföld, herra forseti, og er því miður áfram til staðar óbreytt frá því að þetta frv. var fyrst flutt. Ástæðan er hin gríðarlega háa slysatíðni yngsta aldurshópsins sem fær þessi réttindi. Í greinargerð með frv. fylgja ákveðnar upplýsingar unnar upp úr gagnabanka Umferðarráðs sem sýna svo ekki verður um villst að slysatíðnin er langmest hjá yngstu ökumönnunum. Þar má nefna að á árabilinu 1995–1999 eru að meðaltali 154 17 ára ökumenn sem koma við sögu í slysum á hverju ári. Í 18 ára aldurshópnum er talan dottin niður í 103 og síðan er meðaltalið 78 úr árgangi á milli 19 og 24 ára aldurs og 25 að meðaltali úr árgangi þegar aldur ökumanna er komin upp í 25–60 ára.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að þarna eru hlutföllin gríðarlega ólík og slysatíðnin, eins og reyndar er vel þekkt, gífurlega há hjá yngsta hópnum. Þær miklu mannfórnir sem því fylgja er erfitt að sætta sig við. Þess vegna leggjum við flutningsmenn til að tilhögun af þessu tagi verði tekin upp til þess að þrepaskipta, ef svo má orða það, frekar en nú er þessum réttindum þannig að þau séu takmörkuð í fyrstu og menn venjist því smátt og smátt að hafa þau mikilvægu en um leið afdrifaríku réttindi, eins og það getur orðið, að mega stjórna ökutæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 179. mál. — Þskj. 187.

[19:26]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er endurflutt þingmál. Hún hefur líklega þrisvar sinnum áður verið flutt en aldrei náð því að verða útrædd og er þó málið ekki flókið.

Málið gengur einfaldlega út á að ríkisstjórninni verði falið að kanna hvort skynsamlegt væri að færa undir eitt ráðuneyti öll málefni sem varða lífeyris-, almannatrygginga- og vinnumarkaðsmál þannig að til yrði trygginga-, vinnumarkaðs- og lífeyrismálaráðuneyti. Þannig mundu málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, málefni almannatrygginga, málefni sem varða félagslega framfærslu og vinnumarkaðsmál, þar með talið og ekki síst hlutir sem lúta að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra, færast öll saman á einn stað í Stjórnarráðinu. Eins og menn þekkja dreifast þau býsna víða og það er mat margra sem til þessara hluta þekkja að það hafi torveldað mjög þá nauðsynlegu endurskoðun og samræmingu á þessu sviði sem mikið hefur verið rætt um en lítið að því unnið.

Þarna koma ýmsir möguleikar til greina, t.d. að færa þessa málaflokka undir eitt af þeim ráðuneytum sem til staðar eru í dag og fara með mál á þessu sviði. Mörg rök hníga að því að það yrði félmrn. Eins mætti eftir atvikum stofna nýtt ráðuneyti sem drægi þessi verkefni og jafnvel fleiri til sín og gæti þá orðið einhvers konar trygginga- eða innanríkismálaráðuneyti að nokkru leyti.

Ég get ekki séð, herra forseti, að það standi mjög sterk rök gegn því að skoða þetta mál. Um það eitt er verið að ræða hér og það eitt er verið að fara fram á. Það má vera svolítið umhugsunarefni, herra forseti, að einföld þáltill. af þessu tagi, sem flutt hefur verið á fleiri en einu kjörtímabili og iðulega komist að miklu fyrr á starfstíma viðkomandi þings en nú, skuli ekki einu sinni fást hér afgreidd. Ef menn eru á móti því að þetta sé skoðað þá væri bara ágætt að fá það fram. Ég skal fullvissa menn um að ég er ekki að tala fyrir mig einan þó ég sé eini flutningsmaður þessa máls. Ég hef í gegnum tíðina rætt við fjölmarga sem að þessum verkefnum koma í ráðuneytum, hjá hagsmunasamtökum og óháða sérfræðinga á þessu sviði og flestum ber saman um að núverandi tilhögun mála sé langt frá því að vera skilvirk eða skynsamleg. Þar af leiðandi hlýtur að koma til álita að setja í gang skoðun á því. Hún gæti tengst þeirri uppstokkun á verkefnum innan Stjórnarráðsins sem oft er verið að ræða

um, t.d. endurskipulagningu málefna atvinnuveganna innan Stjórnarráðsins eða öðru í þeim dúr, ef mönnum sýnist svo. En þetta mætti líka skoða sem algerlega sjálfstætt mál. Einu gildir flutningsmann, allt og sumt sem ég hefði áhuga á er að farið yrði rækilega yfir þetta af til þess bærum aðilum.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn. Ég geri ráð fyrir að heppilegast væri að hún fjallaði um málið. Það heyrir að vísu undir fleiri en einn málaflokk en sennilega væri það best vistað þar. Hið sama gildir að sjálfsögðu um frv. sem ég mælti fyrir áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 181. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 190.

og

Húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 205.

[19:30]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Skattlagning húsaleigubóta á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar er gróft brot á grundvallarreglu skattaréttar í jafnræðisreglunni. Þetta er niðurstaða nefndar á vegum félmrn. sem falið var að meta reynsluna af húsaleigubótakerfinu. Og það er einmitt, efni þessa frv. sem ég flyt ásamt nokkrum hv. þm. Samfylkingarinnar, að afnema skattlagningu á húsaleigubótum.

Hverjir þurfa að búa við að húsaleigubætur eru skattlagðar á sama tíma og vaxtabætur eru ekki skattlagðar? Það er fólkið á leigumarkaðnum, tekjulægsta fólkið í þjóðfélaginu.

Í Reykjavík árið 1998, svo dæmi sé tekið, fengu 3.500 einstaklingar húsaleigubætur, nemar voru þriðjungur þeirra, einstæðir foreldrar tæp 29%, atvinnulausir rúm 10% og öryrkjar og ellilífeyrisþegar tæp 25%.

Á það vil ég einnig benda að um tiltölulega lága fjárhæð er að ræða fyrir ríkissjóð ef þessi leið verður farin. Útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta eru nú 4–5 milljarðar en útgjöld ríkis og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta eru 500–600 millj., sem er tífalt minna. Það mundi einungis kosta ríkissjóðs að hætta að skattleggja húsaleigubætur einhvers staðar á bilinu 100–150 millj. Það er nú allt og sumt.

En margsinnis, ár eftir ár, er búið að reyna að fá ríkisstjórnina til að fallast á þessa leið og ég fullyrði, herra forseti, að það er besta kjarabótin sem hægt er ná fram fyrir láglaunafólk að fara þessa leið vegna þess, herra forseti, að málið snýst ekki bara um skattlagningu húsaleigubóta. Barnabætur og námslán skerðast hjá þeim sem fá húsaleigubætur en ekki hjá þeim sem fá vaxtabætur. Húsaleigubætur bætast við tekjur viðkomandi og hafa því áhrif til lækkunar á barnabótum og hafa einnig áhrif á það að lækka námslán.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur valið þá leið og ákveðið sjálf að húsaleigubætur skuli teljast til tekna við útreikning námslána, sem vaxtabætur gera ekki. Húsaleigubætur koma því til frádráttar við útreikning námslána. Þannig má því segja að tekjulægstu námsmennirnir sem eru á leigumarkaðnum búi við skerðingu á námsláni, en betur settu námsmennirnir sem eiga sitt eigið húsnæði fá ekki á sig þá skerðingu. Þessi skerðing ein og sér getur auðveldlega samsvarað eins mánaðar námsláni hjá námsmanni. Og það sorglega í þessu er að stjórn lánasjóðsins gæti ákveðið það sjálf án atbeina þingsins að húsaleigubætur teldust ekki til tekna og þá mundu þær ekki skerða námslánin.

Herra forseti. Þetta sýnir okkur að hér er á ferðinni mikið réttlætismál enda má segja að flestir umsagnaraðilar sem hafa tjáð sig um þetta mál mæli eindregið með því að þetta frv. nái fram að ganga. Svo virðist vera, herra forseti, að hér á þingi séu það fyrst og fremst sjálfstæðismenn sem hafa staðið gegn málinu. Það eru því fyrst og fremst vinstri öflin í þjóðfélaginu sem þurfa að taka höndum saman í nýrri ríkisstjórn til þess að þetta mál nái fram að ganga. Ég held að það þurfi að fara þá leið til þess að þetta frv. verði að lögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa öllu fleiri orð um málið. Ég hef margsinnis rætt þetta hér í ræðustól og fært fyrir því fullnægjandi rök að það sé eðlilegt og sanngjarnt að fara þessa leið. Það eru enn meiri rök fyrir því nú en áður vegna þess að vextir á félagslegum íbúðum og leiguíbúðum hafa verið að hækka. Það þýðir auknar húsaleigubætur og því meiri skattlagningu á lágtekjufólk.

Ég vil líka segja í lokin að Leigjendasamtökin hafa barist mjög fyrir þessu brýna réttlætismáli og það er nú til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis.

Herra forseti. Enn og aftur leyfi ég mér að vona að málið fái eðlilega afgreiðslu á þinginu. Það er auðvitað eðlilegt að það fái að koma hér til kasta þingsins á nýjan leik eftir meðferð þess í nefnd.

Herra forseti. Ég er nú ekki alveg örugg á því í hvaða nefnd þetta á að fara. Það ætti sennilega að fara í efh.- og viðskn. Ég geri því tillögu um það. Þetta gæti líka átt heima í félmn. Hér er aðallega verið að breyta tekjuskattslögum þó að fylgifrv. snerti líka breytingar á Íbúðalánasjóði. En meginbreytingin er á skattalögum Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn. og vona, herra forseti, að það fái farsælan framgang í þeirri nefnd og komi aftur hér til atkvæðagreiðslu.

[19:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur er mikið réttlætismál eins og hv. flm. hefur gert grein fyrir.

Herra forseti. Ég tel þetta svo mikið réttlætismál að ástæða sé til þess að það fái afgreiðslu nú á þessu þingi, fyrir þinglok. Ég lýsi yfir miklum stuðningi við að málið fái góðan framgang, herra forseti.

[19:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem eingöngu í pontu til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við það mál sem hér er til umræðu. Ég tel að það sé til bóta og mun leitast við að styðja það eftir föngum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9 og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

---

114. FUNDUR

föstudaginn 27. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 580, nál. 1072 og 1100, brtt. 1134. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Áhafnir íslenskra skipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 496. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umferðarlög, frv., 157. mál, þskj. 157. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 179. mál, þskj. 187. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 181. mál, þskj. 190. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Húsaleigubætur, frv., 195. mál, þskj. 205. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), stjfrv., 448. mál, þskj. 1138. — 3. umr.
8. Samvinnufélög (innlánsdeildir), stjfrv., 449. mál, þskj. 1139. — 3. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 481. mál, þskj. 1140. — 3. umr.
10. Rafrænar undirskriftir, stjfrv., 524. mál, þskj. 1141. — 3. umr.
11. Fjarskipti, stjfrv., 193. mál, þskj. 203, brtt. 1124. — 3. umr.
12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376. — 3. umr.
13. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 369. mál, þskj. 585, nál. 1125. — 2. umr.
14. Hönnun, stjfrv., 505. mál, þskj. 792, nál. 1127, brtt. 1128. — 2. umr.
15. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 414. mál, þskj. 674, nál. 1135. — 2. umr.
16. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 630. mál, þskj. 1005. — 1. umr.
17. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
18. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
19. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — 1. umr.
20. Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, þáltill., 325. mál, þskj. 410. — Fyrri umr.
21. Vopnalög, frv., 326. mál, þskj. 411. — 1. umr.
22. Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frv., 349. mál, þskj. 497. — 1. umr.
23. Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, þáltill., 443. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Varðandi þinghaldið í dag vill forseti taka þetta fram: Atkvæðagreiðslur verða kl. 13.30 að loknu matarhléi. Fyrst verða tekin fyrir 7.–9. dagskrármál, því næst 16. mál, stjfrv. frá heilbrrh. Að öðru leyti verður röð dagskrármála fylgt.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Rafrænar undirskriftir, 524. mál, þskj. 1141.
Réttur unglinga til debetkorta, 493. mál, svar viðskrh., þskj. 1085.
Samvinnufélög (innlánsdeildir), 449. mál, þskj. 1139.
Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 448. mál, þskj. 1138.
Tekjuskattur og eignarskattur, 481. mál, þskj. 1140.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðvera stjórnarþingmanna.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir liggur prentuð dagskrá fyrir störf Alþingis í dag. Þar er gert ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla verði kl. 10.30, í byrjun þingfundar. Þeir sem grennsluðust fyrir um þetta hjá starfsmönnum þingsins í morgun, um hvort þetta mundi ekki standast, fengu þau svör að svo yrði.

Nú gerist það eina ferðina enn að þingmenn stjórnarandstöðunnar eru mættir til þings til að taka þátt í þingstörfum samkvæmt fyrir fram boðaðri dagskrá en heimtur stjórnarsinna eru afskaplega rýrar. Því hefur verið ákveðið, heyrum við frá hæstv. forseta þingsins, að atkvæðagreiðslu verði frestað vegna þess að stjórnarsinnar mæta ekki til þings. Jafnframt eru boðuð mjög umdeild þingmál og talað um að þau skuli ganga í gegnum þingið með afbrigðum.

Ég vil koma á framfæri mjög harðri gagnrýni við stjórn þingsins hvað þetta snertir. Mér finnst þetta ótæk vinnubrögð og ég geri kröfu um að á þessu verði breyting.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki hátt risið á meiri hlutanum, hinum mikla meiri hluta ríkisstjórnarinnar sem enn og aftur stendur þannig að málum að það verður að breyta út af löngu boðaðri dagskrá og þeim föstu venjum að greiða atkvæði um þau mál sem fyrir liggja og rædd hafa verið í byrjun funda á degi hverjum. Slíkt er orðið kæruleysið eða virðingarleysið hjá þessum mikla meiri hluta að hann nær ekki einu sinni að lemja hingað í húsið mannskap til að manna atkvæðagreiðslurnar dag eftir dag.

Hér voru greidd atkvæði um stjfrv., ég man ekki hvort það var í gær eða fyrradag. Þá voru 18 stjórnarþingmenn í húsi. Það vildi að vísu svo til að stjórnarandstæðingar sátu hjá en ella hefði frv. ríkisstjórnarinnar fallið á jöfnum atkvæðum, ef stjórnarandstæðingar hefðu greitt atkvæði á móti einni einustu grein þess. Samkvæmt fjarvistaskrá eru sex stjórnarþingmenn og þar af tveir ráðherrar fjarverandi en tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég óska eftir því, herra forseti, að fá upplýst hve margir stjórnarsinnar og hve margir stjórnarandstæðingar eru hér í húsinu á þessu augnabliki þannig að það liggi fyrir við hverja er að sakast í þessum efnum. Síðan, herra forseti, tekur náttúrlega steininn úr þegar við erum farin að frétta og farið að gefa það í skyn í fjölmiðlum, það sá ég í gærkvöldi, að sennilega verði þingið framlengt vegna þess að ríkisstjórnin þurfi að koma einhverjum gælumálum sínum í gegn. En ætti hún þá ekki að mæta í vinnuna sína, stjórnin og hennar lið, ef ætlunin er að troða þessum umdeildu málum í gegnum þingið á vordögum í staðinn fyrir að tefja fyrir störfunum með þessum endemis slóðaskap sem við verðum vitni að dag eftir dag? Þetta gengur ekki, herra forseti. Svona gera menn ekki, herra forseti. Nú þarf að gera eitthvað róttækt í málunum.

[10:35]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. vill forseti geta þess að samkvæmt því sem hann horfir á á skjánum eru í húsinu sex þingmenn stjórnarflokkanna og tíu þingmenn frá stjórnarandstöðunni.

Forseti vill geta þess að það var ákveðið í gær að þessi atkvæðagreiðsla yrði kl. 13.30. Það hefur greinilega misfarist eitthvað að tilkynna það.

Forseti vill einnig minna á að það hefur verið viðtekin venja mánuðum saman að greiða atkvæði kl. 13.30 á fimmtudögum og föstudögum þegar þingfundir hefjast kl. 10.30. Það hefur verið gert vegna þess að menn vilja gjarnan einnig greiða atkvæði um þau mál sem búið er að ræða fram til kl. 13.30 og er það gert í hagræðingarskyni. En það er sjálfsagt að taka þessar athugasemdir hv. þm. til umræðu á fundi forsn. næsta mánudag. Hins vegar er ekkert óvenjulegt við þann hátt sem hafður er á í dag.

[10:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að þingmenn viti nokkurn veginn hvernig hlutirnir eiga að ganga fyrir sig. Það höfðu komið skilaboð um að hér yrði atkvæðagreiðsla. Ég veit ekki hvaðan þau eru ættuð. Ef þau eru ekki frá þeim sem stjórna þinginu ber að athuga það betur. Ég held að það sé gott að það sé föst venja í gangi varðandi þetta. Ég hef ekkert út á það að setja að atkvæðagreiðslur séu hafðar reglulega kl. 13.30 þegar fundir hefjast kl. 10.30 en það þarf þá að liggja skýrt og klárt fyrir.

Hins vegar urðu menn ekkert hissa á því þó að atkvæðagreiðslu væri frestað í morgun. Í gær var það svo að stjórnarliðið hafði ekki nema eins atkvæðis meiri hluta í salnum og mátti engu muna. Hefði einhver ranglað hér inn af þeim sem voru fjarverandi af stjórnarandstöðunni þá hefðu mál fallið. Stjórnarliðar hafa náttúrlega ekki viljað bjóða upp á að atkvæðagreiðslur færu öðruvísi en þeir ætla. Það er furðulegt að með slíkan meiri hluta sem stjórnarsinnar hafa í þinginu skuli þeir lenda í þessum vandræðum. Ég átta mig ekki á því, ef tæpar stæði, hvernig þeir gætu rekið þinghaldið frá sinni hendi.

Ég held að lausnin á þessu sé sú að menn komi sér saman um að halda fast í þá reglu að hafa atkvæðagreiðslur á þessum tíma dags, kl. 13.30, og frá því verði ekki hvikað svo að ekki sé verið að rugla menn í ríminu með það og menn geti tekið þann tíma frá til þess að vera hér við atkvæðagreiðslur.

[10:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vegna þess að rétt skal vera rétt og það sem hér er sagt er skráð í þingtíðindi þá vil ég leiðrétta það sem fram kom í máli hæstv. forseta áðan, að aðeins 10 þingmenn stjórnarandstöðunnar væru í húsi samkvæmt skráningu. Svo kann að hafa verið skráð en þá er skráningu ábótavant því að þegar hann gaf þær upplýsingar voru hér í salnum 13 þingmenn stjórnarandstöðunnar og fleiri munu hafa verið í húsinu.

Stjórnarandstöðuþingmenn hafa í dag mætt til þings samkvæmt dagskrá sem prentuð var í morgun. Þá var gert ráð fyrir því að gengið yrði til atkvæðagreiðslu kl. 10.30. En vegna þess að þingmenn stjórnarliðsins mæta ekki til vinnu sinnar, mæta ekki til þings, þá er ákveðið að skjóta þessari atkvæðagreiðslu á frest. Þetta hefur gerst aftur og ítrekað og þetta eru vinnubrögð sem við sættum okkur ekki við. Við mótmælum þeim og óskum eftir því að stjórn þingsins taki þessi mál til alvarlegrar skoðunar.

[10:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Sá forseti sem hér stýrir fundi er ekki vanur að ljúga að þingmönnum. Fyrir framan mig er útprentun úr stimpilklukkunni við anddyrið þar sem menn eiga að stimpla sig inn þegar þeir koma í hús. Þegar ég gaf þessar upplýsingar áðan voru í húsinu 10 þingmenn stjórnarandstöðunnar. (**SvH:** En 13 í salnum.) Hafi þeir ekki stimplað sig inn, þá er það þeirra mál en ekki forseta. (Gripið fram í.) Ég ætla að biðja hv. þm., sem er þingflokksformaður, að brýna það fyrir sínum þingmönnum að stimpla sig inn þegar þeir mæta í húsið og hætta áburði á forseta þingsins.

Forseti vill endurtaka það sem hann sagði áðan, ef það hefur farið fram hjá hv. þm., að það hefur mánuðum saman verið venja að greiða atkvæði eftir hádegi á þeim dögum sem þingfundir hefjast að morgni. Það er gert til þess að hægt sé að greiða atkvæði um fleiri mál, t.d. málin sem eru rædd fram að hádegi. Þetta vita hv. þm. að hefur verið venja mánuðum saman og hefur ekki verið gert með öðrum hætti. Það er sjálfsagt að breyta því ef vilji er fyrir því í þinginu. Það verður rætt í forsn. á mánudaginn.

Hv. 13. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[10:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil koma þeirri leiðréttingu á framfæri að ég var ekki að væna hæstv. forseta þingsins um ósannindi, alls ekki. Ég sagði að hann væri að vitna í skráningu sem hlyti þá að vera ábótavant. Ég vildi aðeins koma þessari leiðréttingu á framfæri.

[10:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það þarf ekki að bæta miklu við það sem hér hefur verið sagt. Allt er það satt og rétt. Ég vil hins vegar minna á að fyrstu árin mín á þingi var það viðtekið að atkvæðagreiðslur væru af og til í dagsins önn. Þingmenn

voru mikið í húsinu, þeir fengu skilaboð með stuttum fyrirvara, voru á vinnustað sínum og mættu til atkvæðagreiðslu. Það hefur hins vegar þróast þannig að til hagræðingar hefur atkvæðagreiðslum verið safnað saman og ekki síst hefur það verið vegna skilnings á stöðu ráðherra. Sú röksemd hefur a.m.k. oft verið notuð að það sé auðveldara fyrir ráðherrana að atkvæðagreiðslur séu hafðar á ákveðnum tímum.

Ég tel að þau viðbrögð sem hv. þm. hafa sýnt þessa morgunstund eigi rætur í því hvernig mál hafa þróast, herra forseti. Það er fullkomlega óviðunandi að þegar umræður fara fram í þessum sal eru stjórnarliðar næstum aldrei viðstaddir. Ráðherrarnir koma hér þegar þeirra eigin mál eru til umræðu, skjótast hingað inn. Hins vegar þarf oft mikið fyrir því að hafa af hálfu þingmanna að fá þá til að vera viðstadda umræður um mál á þeirra málasviði.

Í gær gerðist það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, að verið var að setja hér mikilvæg lög frá Alþingi, samþykkt með 18 og 19 atkvæðum. Í ljósi þess hvernig talað hefur verið um meiri hluta, t.d. meiri hluta í Hæstarétti af hálfu þeirra sem hér ráða og stýra, er þetta fullkomlega óviðunandi og hvimleitt fyrir þá sem eru að störfum í þinginu, að stjórnarmeirihlutinn hegðar sér eins og hann eigi þingið og mætir bara þegar honum þóknast, þegar hann vantar stimplun Alþingis, eins og sumir segja, en ég vil helst ekki að nota það orð. Við verðum að breyta þessu. Við verðum að upphefja þingið og breyta um vinnubrögð. Þetta getur ekki gengið.

[10:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við þá umræðu sem hér hefur farið fram að bæta. Ég ætla ekki beinlínis að blanda mér í hana.

Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt en vekja máls á öðru sem varðar störf þingsins og dagskrá dagsins. Ég óska eftir aðgerðum hjá hæstv. forseta varðandi 12. dagskrármálið, almenn hegningarlög, sem varðar refsiþyngingu í fíkniefnamálum. Fyrir tveimur dögum fór fram umræða um störf þingsins og var lögð fram formleg beiðni þess efnis að allshn. tæki áðurnefnt mál til frekari athugunar milli 2. og 3. umr. Við þeirri eðlilegu ósk fengust frekar stríð viðbrögð en á hinn bóginn lýsti formaður allshn. því yfir að hún hygðist koma upplýsingum til nefndarmanna á nefndarfundi um stöðu mála í tiltekinni nefnd sem hefur með athugun þessara mála að gera.

Nú hefur hv. formaður allshn. ekki gert það. Samt sem áður er þetta mál á dagskrá. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að orð standi og það sem formaður allshn. lýsti yfir fyrir tveimur dögum gangi eftir áður en málið kemur til 3. umr. Verði ekki unnt að verða við því vil ég taka það skýrt og afdráttarlaust fram að hæstv. dómsmrh. var ekki viðstödd efnisumræðu málsins, 2. umr. máls og það hefur verið krafa mín að hún verði hér við umræðuna.

Ég vil líka láta þess getið að hér verður engin venjubundin 3. umr. um þetta mál. Fjölmörg efnisatriði hafa komið upp á síðan 2. umr. fór fram og hér verður margra klukkutíma umræða um málið. Ég vil láta það koma fram, ekki síst ef ekki verður staðið við þau fyrirheit sem gefin voru.

Ég vildi láta þetta koma fram og vænti þess að forseti muni beita áhrifum sínum til að taka þetta mál út af dagskrá í dag.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti mun ræða þetta mál við formann allshn.)

[10:45]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér þykir nokkuð merkilegt að menn skuli taka upp umræðu af þessu tagi núna, reyndar ekki í fyrsta skipti, því mjög mikið hefur verið kvartað yfir því að undanförnu af hálfu stjórnarandstöðunnar að stjórnarliðar mæti illa. Ég held hins vegar að ef það mál væri grannt skoðað mundi koma í ljós að það mætti bæta mætingu allra þingmanna á Alþingi. Mér finnst mjög einkennilegt að taka upp umræðuna með þessum hætti og ég held að það sé okkur ekki til sóma. Ég held að við eigum þá öll að sameinast um það ef okkur þykir mætingunni vera ábótavant að gera úrbætur og lagfæringar.

Það er þá kannski líka til marks um ákveðna málefnafátækt ef þetta á að vera aðalatriði í upphafi hvers þingfundar. Ef menn hafa ekkert annað til þess að ræða þykir mér það vera mjög merkilegt. En ég tek undir að það geti verið betri mæting. Mér finnst að við eigum að sameinast um að lagfæra þá hluti í stað þess að vera að karpa í upphafi hvers þingfundar út af slíkum málum. Þar að auki er alveg ljóst að það hefur oft verið iðkað að vera að telja upp nöfn þingmanna sem eru viðstaddir eða ekki viðstaddir. Menn geta auðvitað farið í það far en ég get ekki hugsað mér að taka þátt í slíkum vinnubrögðum.

[10:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það skal helst aldrei bregðast ef hér hefjast umræður um eitthvað sem varðar störf þingsins eða gagnrýnt er eitthvað sem að einhverju leyti beinist að meiri hlutanum að hv. 3. þm. Reykn., Sigríður Anna Þórðardóttir, komi þá í ræðustólinn og leggi gott til. Hún hvetur í öðru orðinu til samstöðu og menn eigi að sameinast um að auka vegsemd og virðingu þingsins en í hinu orðinu lætur hún að því liggja að þegar stjórnarandstæðingar gera að mínu mati fullkomlega eðlilegar athugasemdir við röskun á fyrir fram boðaðri dagskrá þingsins vegna mætingarleysis stjórnarliða, þá lætur hv. þm. að því liggja að þetta sé auðvitað til marks um málefnafátækt stjórnarandstöðunnar.

Hv. þm. er hins vegar svo vandur að virðingu sinni að hv. þm. getur ekki hugsað sér að gera athugasemdir á svona lágu plani, augljóslega svo miklu vandaðra eintak af þingmanni að vera en við hin, herra forseti. Mér finnst þetta ekki bæta andrúmsloftið sem hér er fyrir. Ég held að það væri miklu skynsamlegra að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður þingflokks Sjálfstfl., tæki til í eigin ranni og sæi til þess að ástundun þingmanna Sjálfstfl. og mæting, líka þeirra sem eru meira og minna í fullum störfum utan þings, væri þannig að hv. þm. gæti komið í ræðustólinn og hefði efni á því að vera með gagnrýni í okkar garð eins og hér var uppi höfð.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það, herra forseti, að æskilegra væri að menn gætu utan þingsalanna tekið á þessum málum með því að reyna í þingflokkum sínum að tryggja það að svipurinn á þinghaldinu væri ekki sá sem raun ber vitni hérna, því miður dag eftir dag. En það getur að því komið að mönnum ofbjóði svo að menn sjái sig knúna til að fara í ræðustólinn. Þá er betra að gera það að mínu mati en horfa upp á þetta halda áfram að versna eins og það hefur því miður óumdeilanlega verið að gera undanfarin ár.

[10:50]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég upplýsa að í umræðum fyrr í vikunni gaf ég skýrt til kynna að við mundum ekki taka þetta mál, hvort það eigi að auka refsiramma í fíkniefnabrotum úr 10 árum í 12, aftur inn í nefndina þar sem við teljum að það hafi verið farið vandlega yfir það. Engu að síður sagði ég að það væri sjálfsagt mál að upplýsa hver gangur mála væri í þeirri nefnd sem er á vegum dómsmrh. og er að kanna varnaðaráhrif og fleira tengt fíkniefnabrotum, líkamsárásarbrotum og kynferðisbrotum.

Það var aukafundur í allshn. á miðvikudaginn frá kl. sex til hálfellefu. Strax í upphafi fundar bað ég fulltrúa dómsmrn. að gera sérstaklega grein fyrir störfum nefndarinnar og það kom skýrlega fram í máli hans að nefndin er enn að störfum undir forustu Sigurðar Tómasar Magnússonar og kemur vonandi til með að skila af sér næsta haust. Þá getur þingið tekið þá skýrslu til umfjöllunar. Það verður ekki fyrr en næsta haust og það var upplýst hjá nefndinni á miðvikudaginn hvernig þau störf hafa gengið fyrir sig.

[10:51]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þar sem mjög hefur fjölgað í salnum frá því að fundur hófst vill forseti endurtaka það sem hann sagði í upphafi. Það er margra mánaða ef ekki ára venja að greiða atkvæði eftir hádegi á þeim dögum sem þingfundir hefjast að morgni. Vilji menn breyta því þá þarf að ræða það í forsætisnefnd og það verður gert á mánudaginn.

Ég vil líka ítreka að þetta var ákveðið í gær. Mér þykir það leitt ef þau skilaboð hafa ekki komist skammlaust til þingmanna. Forseti vill hins vegar taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á mætingar þingmanna. Það á jafnt við um stjórnarsinna sem stjórnarandstæðinga. Ég tek hins vegar ekki undir að það eigi við um alla þingmenn. Ákveðinn kjarni þingmanna mætir afskaplega vel og er til fyrirmyndar í þingstörfunum en það eru allt of margir þingmenn sem ekki mæta hér sem skyldi og beinir forseti því til formanna þingflokka að ræða það í sínum ranni. Það verður einnig rætt á fundi forsætisnefndar á mánudaginn.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), 3. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 1138.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög (innlánsdeildir), 3. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 1139.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 1140.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Dagskrá fundarins.

[10:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það eru svo sem engar beinar athugasemdir um fundarstjórn forseta. En mér þætti vænt um að fá að vita hvernig ætlunin er að fara í dagskrá dagsins. Ég sé að forseti tekur næst fyrir 18. mál. Ég var með ákveðna beiðni um að 12. mál yrði tekið út af dagskrá með rökstuddri beiðni en það væri ákaflega heppilegt að fá um það heildarlínur hvernig í þetta mál á að fara. Ég árétta enn og aftur beiðni mína til hæstv. forseta þess efnis að 12. dagskrármálið verði tekið út af dagskrá. Rétt skal vera rétt og ég skal gangast við því að ummæli um að þetta tiltekna mál hafi alls ekki verið nefnt á fundi allshn. voru ekki alveg laukrétt. Hins vegar var það með þeim hætti að formaður tiltekinnar nefndar ...

(**Forseti** (GuðjG): Umræðum um störf þingsins er lokið og þær verða ekki teknar upp undir fundarstjórn forseta.)

Ég er að ræða fundarstjórn forseta og er að velta því fyrir mér, herra forseti, hvernig með 12. mál verði farið, hvaða mál verði hér á dagskrá, hvenær þau verði á dagskrá, í hvaða röð, hvort 12. dagskrármálið verði yfirleitt rætt. Ég fór fram á það með beinum hætti, herra forseti, að það yrði tekið út af dagskrá. Forseti svaraði mér því að það yrði athugað og ég er að kalla eftir því. Hvar annars staðar á ég að ræða það ef ekki undir liðnum um fundarstjórn forseta?

[10:55]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Eins og forseti tilkynnti við upphaf fundar þá verða greidd atkvæði eftir hádegi um 1.–12. dagskrármál. Formaður allshn. hefur gert grein fyrir því máli sem hv. þm. beindi til hans og forseti sér ekki ástæðu til að breyta út af því að atkvæðagreiðslur um 1.–12. dagskrármál verða kl. hálftvö.

[10:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Ég vil þá að gefnu tilefni, herra forseti, af því að forseti virðist hafa hafnað beiðni minni um að taka þetta mál út af dagskrá þó að hún hafi verið fyllilega rökstudd, spyrja hæstv. forseta hvenær málið komi á dagskrá og biðja hæstv. forseta nú þegar að gera ráðstafanir til að hæstv. dómsmrh. verði viðstaddur umræðuna alla þá klukkutíma sem hún stendur og frá upphafi og gera ráðstafanir til þess strax. Hún var ekki viðstödd efnisumræðu við 2. umr. máls sem er lágmarkskrafa. Af þeim ástæðum er ég að spyrja um það hvenær hæstv. forseti væntir þess að sú umræða fari fram fyrst hann vill ekki verða við ósk minni um að taka þetta mál út af dagskrá.

[10:56]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Sú umræða fer fram eftir kl. hálftvö. Fyrst verða atkvæðagreiðslur um málin sem voru á undan 12. dagskrármáli og síðan verður 12. dagskrármál tekið á dagskrá og forseti mun koma þeim skilaboðum til hæstv. dómsmrh. að óskað sé eftir viðveru hans við þá umræðu.

Forseti sér að hv. 6. þm. Reykn. er að fara úr salnum, biður hann að snúa við. Það virðist erfitt að stoppa hann þegar hann er kominn á skrið. — Þarna kemur hv. þm. Forseti vill vegna fyrirspurnar hv. þm. áðan taka það fram að hann hefur sennilega ekki lesið dagskrána alveg rétt eða sér að þetta mál verður fyrr á dagskrá. Það verður fyrir hádegi. Þegar hafa borist boð frá hæstv. dómsmrh. að hann verði viðstaddur umræðuna.

Ávana- og fíkniefni, 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005.

[10:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum. Frv. þetta var samið í heilbr.- og trmrn. að tillögu starfshóps sem dómsmrh. skipaði vegna óvissu sem reis í kjölfar dóma þar sem sýknað hafði verið af ákærum þar sem refsiheimildir á þessu sviði þóttu ófullnægjandi. Efni eru flokkuð sem ávana- og fíkniefni samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Þeir samningar eru alþjóðasamningar um ávana- og fíkniefni frá 1961, með síðari breytingum, alþjóðasamningar um ávana- og fíkniefni frá 1971, ásamt viðaukum og alþjóðasamningur gegn ólöglegri verslun með ávana- og skynvilluefni frá 1988. Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna uppfærir lista ávana- og fíkniefna sem fylgja samningnum. Þegar ný efni koma upp sem ástæða þykir til að banna sem ávana- og fíkniefni hefur ekki verið unnt að gera það hér á landi nema breyting hafi verið gerð á alþjóðasamningum og þau tekin þar upp. Breytingar á samningnum geta hins vegar tekið langan tíma. Á meðan er ekki unnt að refsa fyrir sölu á meðferð efnanna. Þannig er hætta á því að löggjafinn sé ávallt skrefi á eftir. Sífellt koma upp ný ávana- og fíkniefni og ýmis afbrigði þeirra sem ekki eru tekin upp á lista með alþjóðasamningum en talið er brýnt að banna sem ávana- og fíkniefni. Því er lagt til að heimild ráðherra verði rýmkuð svo með reglugerð um ávana- og fíkniefni verði unnt að banna hvers konar afleiður, afbrigði þekktra ávana- og fíkniefna.

Þannig væri um að ræða regnhlífarákvæði sem tæki til allra nýrra afbrigða eða afleiðna ávana- og fíkniefna. Mjög mikilvægt er að geta gripið til fljótvirkra aðgerða og sporna við þeirri vá sem fíkniefni eru svo unnt sé að dómfella þá sem stunda fíkniefnasmygl og sölu.

Virðulegi forseti. Hér á undan hef ég reynt að skýra aðdraganda þess að ég legg fram þetta frv. til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni. Aðalatriðið er að hafa ákvæði laganna þannig að á hverjum tíma sé unnt að bregðast við nýjum fíkniefnum með viðeigandi hætti og geta dregið þá til saka sem hagnast á fíkniefnasölu. Ég tel því afar mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[11:00]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, sé lagt hér fram og geri okkur og löggjafanum þar með kleift að fella dóma og ákæra í þeim málum sem varða misferli fíkniefna sem ekki eru á listum yfir fíkniefni sem dómurum er stætt að dæma eftir í dag.

Ég vil jafnframt óska nýjum heilbr.- og trmrh. til hamingju með starfið. Þetta er fyrsta frv. sem hann leggur fram og mér finnst sérstaklega ánægjulegt að það skuli vera um þetta efni. Ég óska honum velfarnaðar í starfi.

Hér er upptalning á efnum sem eru ávana- og fíkniefni og lagt er til að bætist við alþjóðlega lista. Mig langar til þess að nota þetta tækifæri og benda á að inn á þennan lista vantar efni sem er jafnávanabindandi og heróín og kókaín og er flokkað samkvæmt alþjóðastöðlum í læknisfræðinni sem ávana- og fíkniefni en fæst ekki inn á þessa alþjóðlegu skilgreiningu á fíkniefnum enn þá. Þetta er efnið nikótín sem er mjög sterkt ávana- og fíkniefni. En því miður verða að líða einhver ár til viðbótar — ég ætla að vona að þau verði ekki mörg — þar til farið verður eftir nákvæmri skilgreiningu á því efni og það sett á réttan stað, þ.e. á þennan lista. En það verður víst ekki fyrr en menn treysta sér til þess að banna það efni og fara með það eins og ætti að gera.

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þetta frv. skuli komið fram og trúi því að það tefjist ekki inni í heilbr.- og trn.

[11:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. heilbr.- og trmrh. til hamingju með sitt fyrsta mál í þinginu og tek undir með þeim hv. þm. sem talaði hér á undan mér að það er ánægjulegt að það skuli vera svona gott mál sem kemur hér inn og mun koma til heilbr.- og trn. Hæstv. ráðherra vonaðist eftir því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi og ég get ekki séð að nokkuð sé því til fyrirstöðu að heilbr.- og trn. taki þetta mál til umfjöllunar og afgreiðslu fljótt og vel því að hér er verið að rýmka heimild ráðherra til að takmarka innflutning, vörslu og meðferð efna sem teljast til ávana- og fíkniefna. Málið er því mjög jákvætt.

Varðandi umræðuna um nikótínið og að það skuli ekki vera þarna inni þá má nefna að hv. heilbr.- og trn. er langt komin með að afgreiða þingmál til þess ætlað að hamla gegn notkun þess vímuefnis. Það er þingmál um tóbaksvarnir sem ég býst við að verði afgreitt nú í vor þannig að ég held að þessi þingmál sem varða ávana- og fíkniefni séu á góðri leið í þinginu og verði afgreidd fyrir vorið.

Til hamingju segi ég, herra forseti, við hæstv. ráðherra með sitt fyrsta mál og óska honum velfarnaðar í starfi.

[11:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim nefndarmönnum úr heilbr.- og trn. sem hafa talað hér fyrir góðar undirtektir við málið og hlýjar óskir í minn garð.

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að þetta frv. gengur ekki það langt að taka tóbakið inn á þennan lista. Hins vegar er mikilvægt mál til meðferðar í nefndinni, þ.e. frv. til laga um tóbaksvarnir, sem ég veit að nefndarmenn eru að vinna

að af mikilli alúð og samviskusemi. Ég tel að það muni verða til mikilla bóta þegar það nær fram að ganga.

Að öðru leyti ætla ég ekki bæta í þessa umræðu, en endurtek þakkir mínar fyrir undirtektir við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203, brtt. 1124.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það hefði verið hyggilegt hjá stjórnarliðinu að standa öðruvísi að þinglegri umfjöllun um þetta mál, a.m.k. á seinni stigum þess. Svo bar við í umræðum um störf þingsins fyrir um tveimur dögum að umfjöllun um þetta mál var þar tekin fyrir og sett var fram sú ósk að það gengi til nefndar milli 2. og 3. umr. Sú ósk var ágætlega rökstudd því fyrir lá að nefndinni höfðu ekki borist upplýsingar um nefndarstarf sem í gangi er í þessu sambandi og málið var að ýmsu leyti vanbúið til að fá endanlega afgreiðslu á þinginu. Þá gerðist sá fáheyrði atburður að formaður þingnefndarinnar, allshn., neitaði því með öllu að nefndin tæki málið aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. Þetta eru, herra forseti, í fyrsta lagi að mínu mati ákaflega óskynsamleg vinnubrögð út frá hagsmunum meiri hlutans á þinginu því að ef hægt er að hafa hérna sæmilegt andrúmsloft um hlutina frekar en gera þá með illu þá er ég þeirrar skoðunar að heppilegra sé að velja þá leið, herra forseti, að reyna að gera hlutina í góðu samkomulagi heldur en gera þá með illu. En það er svo furðulegt að svo virðist komið fyrir meiri hlutanum að hroki þeirra sem lengi hafa farið með völdin birtist m.a. í því að menn velja gjarnan leið átakanna, velja það að gera hlutina með illu jafnvel þó að til boða standi að hafa samkomulag um þá. Hvað hefur það upp á sig að hafna því að þingnefnd hittist eins og einu sinni og skoði mál stuttlega milli 2. og 3. umr.? Til hvers er það? Það er í fyrsta lagi til þess að koma óorði á störf þingsins, sýna því starfi lítilsvirðingu sem hér er unnið, að það hafi í sjálfu sér ekkert upp á sig að leggja vinnu í mál í meðförum þingsins ef hinn hái meiri hluti er búinn að ákveða að svona skuli hlutirnir vera. Það er í öðru lagi til þess að spilla öllu samstarfsandrúmslofti. Það liggur alveg fyrir. Og það er í þriðja lagi auðvitað ávísun á óvönduð vinnubrögð. Það er ekkert annað. Það er ávísun á óvönduð vinnubrögð að því skuli vera hafnað að nota þann möguleika að taka mál til frekari skoðunar í þingnefnd milli 2. og 3. umr.

Það er kannski rétt að rifja það aftur upp fyrir hv. þm., af því að ýmsir eru hér nú sem ekki voru á sínum tíma þátttakendur í þeirri umræðu þegar þinginu var breytt úr tveimur deildum í eina málstofu, að þá fóru fram mjög miklar umræður um það hvernig ætti að tryggja að sú breyting yrði ekki ávísun á óvandaðri vinnubrögð, að ekki fjölgi þeim tilvikum þar sem mönnum yfirsjáist vegna þess að málin fái ekki lengur skoðun í tveimur deildum og af tveimur þingnefndum og fari ekki í gegnum sex umræður heldur bara þrjár. Þá var þetta eitt af því sem var rætt, að þetta þyrfti auðvitað að hafa í huga þegar nefndarstörfin í einni málstofu væru skipulögð. Ég fullyrði að svardagar voru uppi um að það leiddi af sjálfu, ef óskir bærust um að þingnefnd tæki mál aftur til sín milli 2. og 3. umr., að þá yrði að sjálfsögðu orðið við því. Það væri að sjálfsögðu alveg eðlilegur hluti af því að vinna málin vandlega í einni málstofu og í þremur umræðum í staðinn fyrir tveimur deildum og í sex umræðum.

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög dapurlegt. Ég verð að segja það alveg eins og er. Mér finnst þetta mjög dapurlegt. Og ég held að menn séu komnir hér í miklar ógöngur og þeir geri engum gagn með þrjósku og stífni af þessu tagi. Vonandi er þetta vegna þess að menn hafi ekki hugsað hlutina í botn. Þegar menn fara betur yfir þetta og velta þessu fyrir sér þá hljóta þeir að sjá að þetta er óskynsamlegt. Þetta þjónar engum góðum tilgangi, ekki neinum. Það á almennt að eiga við um þingstörfin að menn reyni að hafa eins gott samkomulag um þau og hægt er en velji ekki að troða hlutunum áfram í illsku þegar annað stendur til boða.

Ég held að allshn. hafi ekki verið að fara fram á nema eins og einn fund þar sem þetta tiltekna atriði fengi að koma til skoðunar, þ.e. hvar nefndarstarfið væri á vegi statt og hvert væri samhengi þess við þennan fræga refsiramma sem hér á að þyngja nokkuð og herða í sambandi við fíkniefnin.

Síðan leyfi ég mér að spyrja, herra forseti: Hvar er hæstv. dómsmrh.? Því var sérstaklega lofað að hæstv. dómsmrh. yrði hér við umræðuna. Samt hefur forseti umræðuna ...

(**Forseti** (GuðjG): Samkvæmt ...)

Má ég aðeins halda áfram, herra forseti?

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. er að leggja spurningu fyrir hæstv. forseta. Hæstv. ráðherra er í húsinu.)

Er til of mikils mælst að hæstv. ráðherra hafist við í þingsalnum? Mig undrar líka, herra forseti, að forseti skuli eftir þær umræður sem á undan voru gengnar um þetta mál taka það hér fyrirvaralítið á dagskrá án þess að hæstv. ráðherra sé kominn í húsið. Ég gat ekki betur heyrt en að forseti ætlaði að slíta umræðunni vitandi þó mjög vel að þingmenn ætluðu að taka þátt í henni. En þeir voru ekki hérna í salnum á því augnabliki sem forseti setti málið fyrirvaralaust á dagskrá. Þetta er ekki til fyrirmyndar, herra forseti. Ég ætla að segja það alveg hreinskilnislega við virðulegan forseta, sem að öðru jöfnu er þó réttlátur í sinni fundarstjórn og vill vanda sig og það veit ég vel.

Varðandi þetta mál að öðru leyti, herra forseti, þá er ég ekki í hópi þeirra þingmanna sem mest hafa um það fjallað. Ég hef þó aðeins verið að skoða það síðustu tvo sólarhringana eða svo. Ég vil því láta álit mitt í ljós. Vera kann að ákveðin lagatæknileg eða réttarfarsleg rök séu fyrir því að refsiramminn varðandi fíkniefnaafbrot sé knappur. Það er þá fyrst og fremst vegna innbyrðis samanburðar, ekki vegna þess í sjálfu sér að hámarksrefsingin sé endilega of lítil heldur vegna þess að menn hafa verið að þyngja dóma vegna léttvægari brota og þar af leiðandi sé skalanum raskað innbyrðis, ef ég hef skilið þetta rétt. Það kunna út af fyrir sig að vera einhver slík rök fyrir því að þessu sé breytt.

Á hinn bóginn, herra forseti, er mjög mikilvægt að þessir hlutir séu skoðaðir mjög vandlega og ekki hrapað að því að trúa á að einhver tiltölulega lítil breyting sem varðar það að færa refsirammann upp varðandi brot á þessu sviði breyti í sjálfu sér nokkru um það hvaða tökum menn ná á þessum vandamálum. Ég get ekki annað sannfæringar minnar vegna en sagt að ég hef miklar efasemdir um þá tilfinningu sem mér finnst dálítið vera að skjóta upp kollinum, að vandann varðandi ofbeldisglæpi, fíkniefnaafbrot og annað því um líkt eigi bara að leysa með því að þyngja refsingarnar vegna þess að reynslan af því þar sem það hefur verið gert er ekki góð.

Það merkilega kemur í ljós að oft og tíðum virðist vera öfugt samhengi milli refsiþyngdar í einstökum löndum og þeirra vandamála sem þar er við að glíma. Oftrú á að það eitt að lengja fangelsisvist og þyngja refsingar vegna afbrota þegar í hlut á djúprætt, félagsleg vandamál af þessu tagi er því mjög hættuleg.

Ekki gengur Bandaríkjamönnum vel að glíma við ofbeldisglæpi og fíkniefnabrot. Þó eru þeir ein refsiglaðasta þjóð í heiminum, með sínar frægu dauðarefsingar og aftökur, jafnvel á ósakhæfu fólki og fólki sem fremur afbrotin áður en það er sjálfráða eða lögráða o.s.frv.

Íslendingar, sem hafa verið með einna vægastar refsingar, t.d. gagnvart ofbeldisglæpum og morðum, búa jafnframt að því að hér er glæpatíðnin einna lægst í heiminum. Þannig var það a.m.k. lengi. Ef maður lítur bara á það, svo einhver dæmi séu nefnd, þá eru það ekki rök fyrir því að lausnin á vandamálum af þessu tagi sé að einhverju leyti, ég tala nú ekki um alfarið, fólgin í að herða refsingar.

Ég vil gera mjög skýran greinarmun annars vegar á því sem kann að lúta að innbyrðis samræmi í þessum efnum, að það fari eftir viðurkenndum og eðlilegum skala, eftir því hve alvarleg brotin eru, hversu langt sé gengið í refsingum, og hins vegar á refsiþyngd sem slíkri, viðmiðum manna í þeim efnum til að ákveða lengd fangelsisvistar o.s.frv. og hverju hún á að skila.

Ég held að rætur meinsins liggi í grundvallaratriðum í öðru en virðingarleysi manna fyrir því að eitthvað sé bannað og þeir geti hlotið refsingu ef gegn því er brotið. Þegar um er að ræða vandamál sem liggja djúpt í rótum samfélagsins og tengjast ekki síst félagslegum þáttum þá er afar hættulegt að gefa sér að menn nái miklum árangri með því einu að líta á lagarammann og refsirammann.

Auðvitað veit ég að í gangi er ýmislegt annað sem menn eru að reyna að gera. Ég vil engu að síður, herra forseti, koma á framfæri varnaðarorðum mínum og fyrirvörum án þess að ég segi þar með að fyrir þeirri breytingu sem hér er verið að boða, sem er í sjálfu sér ekki stórvægileg, geti ekki verið rök. En hún hefði þurft og ætti að vera í betra samræmi við það sem menn hugsa sér að gera almennt, þ.e. sem lýtur að endurskoðun á ákvæðum hegningarlaga og almennum refsiákvæðum í réttarfari okkar. Því er ábótavant eins og hér hefur komið fram og því deili ég þeirri afstöðu með stjórnarandstöðunni að þetta mál sé mjög vanbúið til afgreiðslu.

Herra forseti. Þrátt fyrir allt er málið hér komið til 3. umr. Þó eru allmargir dagar eftir af þinghaldinu og því engin ástæða til að óttast um afdrif þessa máls þó umræðan sé núna keyrð fram með þeim hætti sem mér virðist því miður meiri hlutinn, virðulegur forseti, hæstv. ráðherra og formaður viðkomandi þingnefndar leggja áherslu á. Hver í ósköpunum ætlar að færa fram sannfærandi rök fyrir því að það breyti einhverju þó þetta mál yrði gert að lögum fyrir helgina fremur en á miðvikudag eða fimmtudag í næstu viku eða svo? Það er allt og sumt sem til þyrfti til að hægt væri að vinna málið eðlilega, að halda einn eða tvo fundi í allshn. og skoða málið.

Í raun, herra forseti, er það svo gjörsamlega ónýtur málflutningur sem meiri hlutinn hefur haft uppi og notað til að reyna að rökstyðja það að keyra þurfi þetta mál áfram að ég hygg að hann dæmi sig sjálfur. Í sjálfu sér þarf ekki frekari orð um hann.

Herra forseti. Ég læt þessar hugleiðingar nægja af minni hálfu, a.m.k. í bili, en áskil mér rétt til þess að taka frekar þátt í umræðunni síðar.

[11:19]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna athugasemda hv. þm. við störf forseta vill forseti taka fram að honum var kunnugt um að hæstv. dómsmrh. var að koma í húsið þegar umræðan hófst. Í öðru lagi vil ég taka fram að forseti getur ekki passað þingmenn eins og ungbörn. Þeir verða sjálfir að hafa rænu á að koma sér á mælendaskrá ef þeir vilja taka til máls.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja forseta vegna þessara orða hvort forseti líti ekki svo á að það sé ein af meginskyldum forseta og eitt af því sem forseti hljóti að hafa sérstaklega í huga í störfum sínum, að þingmenn fái að koma viðhorfum sínum á framfæri hér í umræðu. Liggur ekki þar með fyrir að ef forseta er kunnugt um að þingmenn ætli sér gagngert að taka þátt í umræðu um tiltekið mál, þá geri forseti það ógjarnan að haga fundarstjórninni þannig að þingmenn verði af rétti sínum til að taka þátt í umræðunum, vegna þess að þeir séu tilfallandi staddir utan þingsalarins? Lítur forseti ekki svo á að mikilvægt sé að öll sjónarmið fái að koma fram í umræðum um mál? Þegar fyrir liggur að um mál eru deildar meiningar og þingmenn ætla að nota rétt sinn til þess að ræða þau við 3. og síðustu umræðu, er þá ekki mikilvægt að forsetar reyni að haga fundarstjórninni þannig að sá réttur sem þingmenn hafa samkvæmt þingsköpunum, að tjá sig í tvígang í hverri umræðu um málið, verði ekki frá þeim tekinn?

Ég er undrandi á þessum orðum forseta. Við erum hér ekki að tala um eitthvert barnapíuhlutverk af hálfu forseta. Við ætlumst auðvitað til þess að forsetar reyni að standa þannig að fundarstjórn og skipulagningu þingstarfanna að réttur þingmanna fái að njóta sín.

[11:21]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að sjálfsögðu er forseti sammála hv. þm. um það að öll sjónarmið þurfi að koma fram en þingmenn verða auðvitað sjálfir að vera á verði og biðja um orðið þegar þeir vilja taka til máls. Það hefur gjarnan verið litið í gegnum fingur með það hér í forsetastól að menn fengju að skrá sig á mælendaskrá þó mál væru ekki komin á dagskrá. Það hafði enginn gert og enginn bað um orðið þegar forseti boðaði þetta mál ítrekað á dagskrá áðan. Mér finnst þetta frekar ósanngjörn gagnrýni.

[11:22]

Ásta Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú eru hlutirnir farnir að snúast við. Ég man ekki betur en að fyrir nokkrum mínútum hafi sami

þingmaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gert athugasemdir við að fólk væri ekki hér í salnum. Nú er hann farinn að verja það að fólk sé fyrir utan salinn. Það verður nú að vera eitthvert samræmi í málflutningi hv. þm.

[11:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að orðlengja þetta atriði málsins. En af því hæstv. forseti taldi sérstaka ástæðu til þess að gera það þá sé ég mig knúinn til þess.

Ég vakti máls á mikilvægi þess í morgun að þetta mál yrði tekið út af dagskrá. Þá var ekki hægt að verða við því. Ég spurði þá sérstaklega eftir því hvenær það kæmi á dagskrá þar sem ljóst er af vinnubrögðum hér að af ýmsum ástæðum er ekki farið niður dagskrána eins og venja er til heldur hoppað yfir í önnur mál neðar á dagskránni. Þess vegna spurði ég eftir því hvenær málið kæmi á dagskrá. Ég fékk það svar að það yrði sennilega fyrir hádegið. Ég lét þess getið að ég mundi taka þátt í þessari umræðu og væntanlega fleiri og hún yrði ítarleg. Ég þurfti að fara yfir Austurvöllinn að sækja gögn þegar hoppað var í þetta mál. Ég veit fyrir víst að hæstv. dómsmrh. var ekki kominn í hús þegar það var. Hún var ekki kominn í hús þegar málið var tekið á dagskrá. Það stefndi allt í að málið yrði afgreitt umræðulaust vegna þess að þingmönnum var ekki ljóst hvenær málið kæmi til umræðu, af því að það er ekki farið eftir dagskránni og erfitt að glöggva sig á því hvenær mál eru tekin fyrir. Þess vegna spurði ég eftir því.

Ég ætla svo sem ekki að gagnrýna einn eða neinn í þessu. Við skulum halda ró okkar og haga störfum okkar þannig að þeir sem vilja tala í málum geti það. Það liggur ekki alveg lífið á, sérstaklega ekki í því máli sem hér um ræðir. Ég hygg að við getum gefið okkur ráðrúm og tíma og það ætla ég að gera í ítarlegri ræðu hér á eftir. Hæstv. dómsmrh. gat ekki verið hér við 2. umr. máls, væntanlega af lögmætum ástæðum. Ég vænti þess að hún þurfi að leggja mikið til málanna og ræða þetta mál vandlega.

Undir þessum formerkjum hefði forseti getað áttað sig á því að það væri fyrir hrein og klár mistök ef málinu væri rennt í gegn umræðulaust, þ.e. í ljósi þeirrar atburðarásar sem ég hef rakið.

[11:25]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er einfaldlega ekki rétt að hér sé hoppað fram og aftur í dagskránni. Það er farið nákvæmlega eftir því sem forseti tilkynnti við upphaf fundar. Hefði hv. þm. verið viðstaddur þá hefði hann væntanlega heyrt að fyrst yrði tekið á dagskrá (Gripið fram í.) 16. dagskrármál en að öðru leyti yrði gengið eftir röð dagskrármála. Það hefur verið gert.

[11:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða hundur er hlaupinn í hæstv. forseta. Forseta var það sjálfum ekki nægilega ljóst þegar ég spurði eftir því hvenær málið kæmi á dagskrá. Hann svaraði því fyrst til að það yrði klukkan hálfþrjú í dag en þurfti síðan að leiðrétta sig og sækja mig niður í anddyri til að segja mér að hann hefði farið rangt með. Við skulum bara fara varlega í svona yfirlýsingar, hæstv. forseti. Það er fullkomlega ástæðulaust að einhver leiðindi séu hér í forsetastóli. Við skulum reyna að hafa á þann hátt, sem hér hefur sem betur fer verið á þessum vetri, að reyna að vinna að því saman að gera hlutina eins vel og kostur er. Ég vænti þess að hér sé aðeins um mistök að ræða og forseti hafi farið vitlausu megin fram úr í morgun.

(**Forseti** (GuðjG): Það hafa þá fleiri farið vitlausu megin fram úr í morgun. Ég tel að það sé engin happa og glappa stjórn á þessum fundi. Það var tilkynnt nákvæmlega við upphaf fundar hvernig farið yrði í málin. Forseti leiðrétti sig eftir að hv. þm. hafði spurt hvenær þetta mál yrði á dagskrá og tilkynnti honum að það yrði fyrir hádegi. Og kl. 11 hlýtur nú að teljast fyrir hádegi.)

[11:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að frv. sem hér er til umræðu er vel undirbúið. Í því sambandi má benda á fskj. I með frv. Þar er rakin öll íslensk dómaframkvæmd sem snertir þetta ákveðna ákvæði hegningarlaga, 173. gr. a. Það sést alveg greinilega af þeirri þróun, fyrst í dómi frá 1982 og fram á árið 2000, að dómar hafa verið að þyngjast og eru komnir upp í 9 ár. Þeir eru nánast komnir upp í hámark sem er núna 10 ár. Það þykir því full ástæða til að leggja til þá breyting að ramminn sé stækkaður þannig að hámarkið verði 12 ár.

Hins vegar er rétt að undirstrika það sem fram kemur í greinargerð með frv., að í sjálfu sér felur frv. það ekki í sér að dómar verði þyngri. Slík breyting mun hins vegar gefa dómurum færi á að geta tekið á málum ef upp koma mun alvarlegri mál en þegar hafa komið fram og þykir þó mörgum nóg um, t.d. heróínmál og annað slíkt. Í þeim tilfellum væru dómarar til þess bærir að taka betur á málum.

Víða í kerfinu er unnið að því að safna tölfræðilegum upplýsingum í refsiréttarmálum. Ég er alveg sammála hv. þm. um að breytingar sem þessar þurfi að undirbyggja mjög vel. Ég mun leggja ríka áherslu á að það verði gert enn frekar en verið hefur en ég tel að við megum ekki bíða með að gera þessar breytingar.

[11:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki mikið tilefni til athugasemda af minni hálfu. Ég er ekki viss um að við, ég og hæstv. dómsmrh., séum svo ósammála að öðru leyti en því sem varðar kringumstæður við afgreiðslu málsins. Þær eru því miður aðaldeiluefnið en ekki efni frv.

Ég er sammála því að taka beri mjög hart á alvarlegum afbrotum sem tengjast fíkniefnum, fyrst og fremst sölu og dreifingu þeirra. Ég er líka sammála því að í slíkum refsingum þurfi að vera ákveðið innbyrðis samræmi. Séu dómar orðnir jafnþungir og ramminn leyfir þá gæti það gerst, ef mjög alvarlegir atburðir yrðu, að upp kæmi ósamræmi vegna þess að refsiramminn dygði ekki til. Þá þyrfti auðvitað að skoða það. En það yrði að gera í samhengi við annað.

Það þarf líka að líta til þess, sem er mjög til umræðu í þjóðfélaginu um þessar mundir, að mjög alvarleg afbrot á ýmsum öðrum sviðum, ég nefni þar t.d. kynferðisafbrot og annað því um líkt, séu ekki í himinhrópandi ósamræmi við refsirammann, þ.e. dómar fyrir slík brot.

Hæstv. ráðherra nefndi réttilega að dómar hefðu verið að þyngjast vegna alvarlegra fíkniefnabrota. En er ekki staðreyndin engu að síður sú að sennilega hefur aldrei verið annað eins magn fíkniefna í gangi og einmitt núna? Sýnir fjölgun fíkniefnamála undanfarið ekki bara fram á, miðað við venjulegar viðmiðunarreglur, að sennilega sé magnið í umferð meira en nokkru sinni fyrr? Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja. Því miður bendir fæst, ef maður tekur

það bókstaflega og veltir fyrir sér samhengi hlutanna, til þess að þyngri dómar undanfarin missiri hafi skilað árangri og fælt menn frá því að reyna innflutning á þessum efnum eða sölu. Staðreyndin er sú að undanfarna mánuði hafa fleiri slík mál komið upp en nokkru sinni fyrr.

[11:30]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við séum alveg sammála um það, hv. þingmenn, að þetta eru mjög alvarleg mál og þjóðfélagslegt mein sem við verðum að taka á.

En þessi breyting hefur gerst á tiltölulega skömmum tíma. Ýmsar breytingar í heiminum, t.d. með falli Sovétríkjanna, gerðu það að verkum að landamæraeftirlit féll nánast niður á ýmsum stöðum þannig að fíkniefnin eiga miklu greiðari leið til Evrópu nú en áður. Og þetta er þróun sem er að gerast alls staðar í Evrópu. Og þess vegna erum við að sjá hér miklu stærri og alvarlegri brot á þessum sviðum.

Mér finnst rétt að minnast líka á að nýlega var gefin út skýrsla til íslenskra stjórnvalda um rannsókn á ítrekunartíðni afbrota. Í þeirri skýrslu kemur einmitt fram að það er svo sérstakt að í fíkniefnabrotunum þar sem menn hafa verið dæmdir í fangelsi þá er ekki sérstaklega há ítrekunartíðni. Þessi afbrot skera sig því úr ef við lítum á önnur afbrot sem fjallað er um í þessari skýrslu. Þetta er mjög athyglisvert og rennir auðvitað frekari stoðum undir það frv. sem við erum að ræða um hér. Ég taldi rétt að undirstrika þetta.

Hins vegar er alveg rétt að rætt hefur verið um önnur brot, eins og kynferðisbrot. Þar er lagaramminn mjög stór, t.d. í nauðgunarbrotum. Þar er lágmarksrefsing eitt ár og upp í sextán ár. Lágmarksrefsing felur í raun og veru í sér mjög skýr tilmæli til dómstóla um að dæma harða dóma. Það er því í raun miklu meira inngrip í refsiréttinn en stækka rammann upp á við. Rétt er að menn hafi það í huga.

Þau mál eru því miður erfið við að eiga eins og við vitum, út af sönnunarbyrði og öðru því um líku. En það er auðvitað rétt að skoða þessa hluti alla í samhengi.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að aðstæður hafa að ýmsu leyti breyst hvað varðar fíkniefnaviðskiptin í Evrópu. Almennt er viðurkennt að helstu farvegir fyrir þau séu úr austan- og suðaustanverðri Evrópu inn á svæðið. Þetta hefðu menn kannski átt að hafa í huga svolítið þegar þeir voru að velta því fyrir sér hversu skynsamlegt væri að Ísland gerðist aðili að Schengen-svæðinu. Það er ágætt að hæstv. dómsmrh. er a.m.k. meðvituð um það að mjög greiðar leiðir eru taldar vera fyrir fíkniefni úr suðri, suðaustri og austri inn á Schengen-svæðið svonefnda sem við Íslendingar erum nú orðnir landamæralausir hlutar af.

Varðandi athugun á dómum eða refsingum sem dæmdar hafa verið í fíkniefnamálum og spurningu um tíðni endurbrota þá kann svo að vera að hún sé ekki sérlega há miðað við ýmis önnur tilvik. Á hitt verður þó að a.m.k. að líta að fælingaráhrif refsinganna virðast ekki mjög mikil ef marka má stóraukna tíðni alvarlegra brota á þessu sviði. Það er nú venjan, ef ég kann eitthvað fyrir mér í þessum efnum — það eru nú engin ósköp að vísu. Ég algjör leikmaður í þessum efnum og ekki lærður í fræðunum — þá hef ég þó skilið það svo að menn væru öðrum þræði að hugsa sér eða hafa í huga fælingaráhrif strangra refsinga þegar slíkir hlutir væru stilltir af. Og þó menn reyni ekki endurtekið brot eftir að hafa hlotið refsingu í mjög ríkum mæli í þessu tilviki þá er hitt alla vega ljóst miðað við þróunina að undanförnu að fælingaráhrif þyngri refsinga hafa ekki verið þarna mjög mikil.

Það er svo að sjálfsögðu alveg rétt að menn verða að reyna að halda hér aðgreindri í umræðunni annars vegar dómavenjunum og hins vegar refsirammanum. Það er ljóst að dómavenjan, t.d. varðandi kynferðisbrotin, er miklu meira gagnrýnd en sjálfur refsiramminn. Það er mér alveg ljóst. En þetta hlýtur auðvitað allt að þurfa að skoðast í einhverju samhengi, herra forseti.

[11:35]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar svo að hann sé ekki efnislega ósammála frv. En það sem hann gerir athugasemdir við í ræðu sinni og var tilefni til umræðu í þinginu hér fyrir tveimur dögum síðan, varðar afgreiðslu málsins og vinnslu málsins. Ég held að það hafi nú verið upplýst nokkuð vel af hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formanni allshn., hvernig að því var staðið. Ég vil aðeins rekja það í nokkrum orðum.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kallaði í ræðu sinni við 1. umr. málsins eftir upplýsingum úr ákveðinni skýrslu. Það var gott og blessað. Síðan fór málið til nefndar. Þessi skýrsla var ekki nefnd á nafn þar af fulltrúa Samfylkingarinnar. (**Gripið fram í:** En ykkar?) Það var ekki heldur. Það er alveg rétt. Hins vegar upplýstist málið síðan á fundi í hv. allshn. nú í vikunni, á miðvikudagskvöldið. Þar var greint frá því í nokkrum orðum hver niðurstaðan var og engar athugasemdir voru gerðar við það hvorki frá fulltrúum Vinstri grænna né Samfylkingarinnar. Og niðurstaðan er sem sagt sú að þessi skýrsla liggur ekki fyrir. Það er nýfarið að vinna hana. Hún mun liggja fyrir í haust. En það liggja engar upplýsingar fyrir sem breyta neinu varðandi þetta mál núna. Hins vegar er þróun refsidóma varðandi fíkniefnamál rakin mjög ítarlega í greinargerð með frv. og það gaf okkur hv. þm. í allshn. nokkuð gott yfirlit yfir málið. Við töldum okkur því geta tekið ákvörðun í þessu máli samkvæmt bestu upplýsingum sem við höfðum í höndunum.

Þessi skýrsla liggur ekki fyrir. Efni hennar liggur ekki fyrir. Því er ekki hægt að draga neinar ályktarnir af henni. Ég geri engar athugasemdir við vinnslu málsins og ég vona að það sem hefur verið sagt hér upplýsi hv. þingmenn sem ekki eru í allshn. um hvernig málið hefur verið unnið.

[11:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tilhneigingu til að líta á málið með miklu einfaldari hætti en hv. þm. gerði í sínu andsvari. Það kemur fram ósk um að þingnefnd taki mál aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. frá mönnum í nefndinni. Að mínu mati á formaður nefndarinnar að verða við því. Það á í sjálfu sér ekki að skipta öllu máli hvernig þingmennirnir rökstyðja beiðni sína. Eigum við ekki að ætla að ef þingmenn telja ástæðu til þess að nefnd fari aftur yfir mál á fundi þá séu einhverjar ástæður fyrir hendi og menn séu ekki að gera slíkt bara að gamni sínu eða út í loftið. Eðlilegast væri ósköp einfaldlega að það væri vinnuregla hér, fortakslaus vinnuregla, að þá væri orðið við því. Ég tala nú ekki um þegar ekkert stendur í vegi fyrir því að það sé gert. Það eru engar þær kringumstæður uppi sem tengjast afgreiðslu málsins, hvorki tímapressa né annað, sem á að hindra að það sé gert, að allshn. á einum stuttum fundi taki málið aftur fyrir. Það

skýrist þá þar, á fundinum í nefndinni, hvernig hlutir eru vaxnir. Að sjálfsögðu getur meiri hlutinn þar að lokum ráðið niðurstöðunni og ákveðið að málið skuli tejast fullafgreitt í nefndinni og fari aftur til 3. umr.

Þegar svo bætist við að það var, eftir því sem ég fæ best séð, nokkuð vel rökstutt að nefndin hefði verið að fjalla um málið án þess að þetta nefndarstarf úti í þjóðfélaginu hefði komið þar inn í myndina þá fannst mér það nú vera miklu meira en fullnægjandi efnislegur rökstuðningur þar til viðbótar. Þó menn geti reynt að halda uppi málsvörnum hér fyrir þá skoðun sína að ósk minni hlutans hafi verið ástæðulaus þá er það auðvitað bara mat og skoðun einhverra þingmanna í meiri hlutanum, formanns nefndarinnar og þeirra sem ganga hér í lið með formanninum í vörninni. Það er alltaf álitamál hvort það eru fullnægjandi forsendur til þess að vísa frá óskum af þessu tagi að einhverjir tilteknir þingmenn hafi þá skoðun að það sé ekki nægilega vel rökstutt.

[11:39]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið upplýst hér að þessi skýrsla lá ekki fyrir. Það var ekki byrjað að vinna hana. Það lágu engar upplýsingar fyrir. Við töldum að við hefðum nægar upplýsingar í greinargerðinni til þess að byggja okkar mat á þróun refsidóma í þessu máli þannig að ég tel að það hafi engan tilgang að ræða þetta áfram á þeim nótum sem hefur verið gert.

Mér finnst málið vera alveg upplýst. Það er í eðlilegum farvegi og ekkert er því til fyrirstöðu að ljúka því. Við getum verið sammála eða ósammála um frv. Ég heyri á hv. þm. að við erum sammála, eða ég skil orð hans þannig að við séum sammála efnislega. Það á því ekki að deila hér um keisarans skegg.

[11:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir því sem ég veit best um þetta nefndarstarf þá er það sem sagt í gangi. Einhverjir starfsmenn á vegum nefndarinnar eru þar í vinnu. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að ekkert væri þessu til fyrirstöðu enda liggur hvort sem er í hlutarins eðli að þingnefnd hefur allan rétt til þess að kalla til sín upplýsingar um það mál, þess vegna ræða við starfsmennina og nefndarmennina t.d. um það hvernig starfinu verði hagað, hvað þingnefndin telji mikilvægt að leggja áherslu á o.s.frv.

Ég segi bara fyrir mitt leyti að mér finnst ekkert standa eftir af andstöðu forustumanna allshn. eða hæstv. ráðherra, þ.e. að hafna þessari ósk, annað en þrjóskan ein, það er ekkert annað en þrjóskan eftir, að beygja sig ekki, að viðurkenna ekki að það hafi verið óskynsamlegt að hafna þessari ósk. Það er algjörlega kristaltært í mínum huga.

Varðandi efni frv., bara til að ekki sé misskilningur uppi um það, þá hef ég ekki lýst yfir stuðningi við þetta frv. Ég áskil mér allan rétt til þess að skoða það betur í samhengi við ýmsa hluti. Fyrirvarinn sem ég lýsti hér lýtur almennt að því að ég vara við oftrú á að þyngingu refsinga gagnvart djúpréttum, félagslegum samfélagsmeinum af þessu tagi sé meiri háttar lausn eða allsherjarlausn í þessum efnum.

Mér er ljóst að frv. gengur ekki út á það í neinum veigamiklum atriðum og að það mun ekki segja dómstólunum fyrir verkum um þyngingu dóma. En það er meira svona hugarfarið sem að baki liggur sem ég vara við vegna þess að það er víða á kreiki í þjóðfélaginu, því miður leyfi ég mér að segja, að menn einfalda málin um of og telja að hægt sé að kveða niður vandamál af þessu tagi með því einu að þyngja refsingarnar.

[11:42]

Útbýting þingskjals:

Rafrænar undirskriftir, 524. mál, brtt. VE, þskj. 1142.

[11:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er að verða lenska hér í þessum sal af hálfu fulltrúa stjórnarmeirihlutans þegar þeir komast hér í rökþrot, stundum í flóknum málum, að þá segja þeir einfaldlega: „Ja, ég er bara þessarar skoðunar og hef rétt á því og þið eruð bara annarrar skoðunar og þið hafið líka rétt á því og meiri hlutinn ræður.“ Punktur og basta. Þannig reyna stjórnarliðar gjarnan að skauta fram hjá alvarlegum vanköntum á vinnslu mála, alvarlegum vanköntum í rökstuðningi við mál og stundum alvarlegum vanköntum í lagafræðilegum skilningi, þ.e. lögin standast einfaldlega ekki og standast engan veginn rök þegar nánar er skoðað.

Af þessum toga var andsvar hv. þm. Ástu Möller sem því miður gat ekki verið með okkur hér við 2. umr. máls, ítarlega umræðu máls, ekki frekar en aðrir fulltrúar Sjálfstfl. í allshn. né heldur fulltrúi Framsfl. Hvort þeir eru einn eða tveir man ég nú ekki. Þeir eru tveir og þeir hafa ekki sést hér enn.

Herra forseti. Ég hirði ekkert um umvöndunarorð hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns þingflokksins, um að það kunni að vera hér á ská og skjön að kalla eftir almennum þingmönnum til umræðunnar. Ég bara kalla eftir afstöðu Framsfl. til málsins og rökstuðningi Framsfl. til málsins. Það er nóg komið af því í þessum sal að sjálfstæðismenn sjái um tiltekin mál í þessum helmingaskiptum og framsóknarmenn um tiltekin mál og hinn flokkurinn sjáist aldrei og spili frítt. Ég bið því varaformann nefndarinnar og bið hæstv. forseta að athuga það með starfsmönnum þingsins hvort varaformaður nefndarinnar eða annar hvor fulltrúi Framsfl. geti ekki verið með okkur við þessa umræðu þannig að maður heyri viðhorf hans til málsins.

Það er nefnilega þannig í fjölmörgum málum í stjórnarsamstarfinu að það kraumar undir. Þó að stjórnarflokkarnir séu í orði kveðnu sammála um tiltekin mál þegar til kastanna kemur, þegar menn ýta á hnappana, þá er áherslumunur í fjölmörgum tilvikum. Nýjasta nýtt í þeim efnum er auðvitað Síminn sem við eigum eftir að ræða ítarlega eftir helgina þar sem Framsókn var enn og aftur beygð í duftið. Ég vænti þess að það heyrist a.m.k. einhver sjónarmið hjá Framsfl. og geng út frá því að þögn forseta sé með þeim hætti að hann gangi til þessara verka.

Ég sagði að hv. þm. Ásta Möller, sem verið hefur í tvö ár á hinu háa Alþingi, teldi verklag og vinnubrögð í þessu mál í hinu besta falli. Ég verð að segja, herra forseti, ég hef alvarlegar áhyggjur af því að nýir þingmenn eftir tveggja ára setu meti það svo að í jafngrafalvarlegu máli og hér um ræðir, að þingnefndin hafi unnið skelegglega og vandað sig í þessu verki. Til nefndarinnar voru kallaðir tveir aðilar, annars vegar skrifstofustjóri dómsmrn., starfsmaður hæstv. ráðherra sem væntanlega samdi frv., og hins vegar formaður Lögmannafélagsins sem mælti mjög eindregið gegn frv.

Herra forseti. Hafi það farið fram hjá nokkrum, og ég mun gera ítarlega grein fyrir því á eftir, hvað hefur síðan gerst í kjölfar 2. umr. máls. Þegar þjóðfélagsumræðan hefur farið af stað þá hefur til að mynda verið leitað svara hjá sérfræðingi í þessum málum sem heitir Erlendur Baldursson og vinnur

hjá Fangelsismálastofnun, var lengi hjá skilorðseftirliti ríkisins og þekkir þessi mál eins og fingurna á sér. Hvað segir hann? Honum finnst þetta óskynsamlegt og geldur varhug við þessari stefnu. Hefði ekki verið vit í því að kalla menn á borð við hann fyrir nefndina? Hefði ekki verið vit í því að kalla fyrir nefndina afbrotafræðing á borð við Hildigunni Ólafsdóttur og fara yfir þau álitamál sem eru uppi? Hefði ekki verið vit í því líka að kalla fyrir nefndina Sigurð Tómas Magnússon og skoða á hvaða vegferð og ferðalagi þessi nefnd væri? Það eru engin rök gagnvart mér því þetta mál er ekki í mínum huga þannig vaxið að það eigi að skiptast milli stjórnmálaflokka. Það eru engin rök gagnvart mér þó að hv. fulltrúi Samfylkingarinnar, annaðhvort þeirra eða bæði, hafi ekki óskað eftir þessari athugun. Málið er á forræði og ábyrgð meiri hluta stjórnarflokkanna. Ef menn ætla að vanda sig við vinnubrögðin hefðu menn auðvitað átt að vita af þessari till. til þál. — auðvitað veit hæstv. ráðherra það því að hún var formaður nefndarinnar á sínum tíma — og kalla til við eðlilega og venjulega meðferð málsins Sigurð Tómas Magnússon.

En, herra forseti, vita menn hver þessi Sigurður Tómas Magnússon er að öðru leyti en því að vera starfsmaður þessarar nefndar? Hann er formaður dómstólaráðs og dómstóláráð er einn af umsagnaraðilunum um þetta frv. Það er einn af umsagnaraðilum um þetta frv. og hefur miklar efasemdir um ágæti þess.

Herra forseti. Ég hef nefnt örfá dæmi um það fólk sem nefndin hefði átt að kalla fyrir og ræða málið við. Það er ekki fyrr en þá sem ég hygg að nýir og gamlir þingmenn geti með góðri samvisku sagt: Við vönduðum okkur við meðferð málsins, öll gögn eru komin í hús. Þá er það sem þingmenn geta fyrst og síðast látið samviskuna og hyggjuvitið ráða. En fyrr er þessi stjórnarskrárbundni réttur þingmanna, um að samviskan ráði, ekki fullgildur en að menn séu búnir að safna öllu í hús sem máli skiptir við meðferð málsins.

Þess vegna veldur það mér verulegum áhyggjum, herra forseti, og ég bið menn að gleyma sér ekki í því og vera hér allt of staffírugir í stjórnarmeirihluta vegna þess að þeir hafi meiri hluta á bak við sig og geti sagt og gert það sem þeim dettur í hug. Ég bið fólk að vanda sig, hv. þingmenn, þegar þeir ætla að halda því fram og trúa því sjálfir að vel hafi verið að verki staðið.

Ég hygg að það sé þannig, herra forseti, að hv. þm. á borð við Þorgerði K. Gunnarsdóttur, hv. þm. Ástu Möller og raunar fleiri stjórnarliða, viti og skynji í hjarta sínu, að það er flumbrugangur í þessu máli. Þeir viti það líka í hjarta sínu að það voru ekki skynsamleg viðbrögð við eðlilegri ósk eftir 2. umr. málsins, sem var mjög málefnaleg, að taka ekki málið inn í nefnd milli umræðna og reyna að fara yfir það og þétta þær röksemdir, ellegar veikja þær eftir efnum og ástæðum, sem að baki lágu. Meðal annars með því að kalla það fólk til skrafs og ráðagerða sem ég nefndi til sögunnar.

Ég hef á tilfinningunni að hæstv. ráðherra ráði allt of miklu hér um. Kapp hennar, þekkt hér fyrr og síðar, ráði of miklu um það hvernig vinnubrögðum er háttað í málinu. Því er nú verr og miður. Stundum er gott að vinna vel og hratt og ákveðið en í málum af þessum toga þar sem allir vita að lífið liggur ekki á, það er ekkert sem gerist í dag eða á morgun í þessum málaflokki sem gerir það að verkum að menn verði að ljúka þessu núna fyrir hádegi í dag.

Það var upplýst áðan, herra forseti, að sú nefnd, sem ég ætla að gera að umtalsefni á eftir, mundi ljúka störfum í haust. Ég spyr: Hvað er það í raun sem mælir á móti því að menn taki upp þráðinn í haust og einsetji sér það þá og nái um það samkomulagi að ljúka málinu og meðferð þess á einn eða annan veg fyrir áramót? Hvaða hætta er á ferð í þeim efnum? Ég beini þeirri spurningu sérstaklega til hæstv. dómsmrh.

Ég veit að hæstv. ráðherra er mjög kappsöm og finnst það kannski eitthvað niðurlægjandi að þurfa að bakka út úr málinu á síðustu stundu og verða við óskum stjórnarandstöðunnar. Allt er þetta spurning um það hver ræður ferð en ef menn horfa á málið eins og það er, sjá þá ekki allir að langskynsamlegast væri að standa svona að verki? Ég held, herra forseti, og vil trúa því að þegar fólk skoðar þessi mál með sanngirni sé það mér sammála um að þetta væru hin eðlilegu vinnubrögð. Það er ekkert veigalítið verkefni sem þessi nefnd hefur með höndum.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, af hverju það varð niðurstaðan á þinginu 1997 og 1998 að fara í þetta nefndastarf. Upphaf þess máls var það m.a. að hv. þm. á borð við Jóhönnu Sigurðardóttur og raunar miklu fleiri gerðu harða atlögu að því og voru með hugmyndir í þá veru að þyngja mjög verulega refsingar við tilteknum brotum. Ef ég man rétt voru það ekki síst glæpir gegn börnum. Eftir málefnalega umræðu hér, þá var samkomulag um það í nefndinni, undir forustu hv. þáv. þm. og núv. hæstv. ráðherra, Sólveigar Pétursdóttur, að það væru ekki góð vinnubrögð að menn tækju út tiltekna þætti og þyngdu refsirammann eða þrengdu eftir efnum og ástæðum algjörlega án tengsla við aðra þætti hegningarlaga. Það var að frumkvæði núv. hæstv. dómsmrh., þáv. formanns allshn., að menn náðu góðu samkomulagi um að kippa ekki út einstökum atriðum á borð við þetta án þess að hafa heildarmyndina skýra og klára. Ég bið hæstv. dómsmrh. að leiðrétta mig ef ég fer rangt með þessa lýsingu. Hún vann þar gott og mikið starf að því að leiða stundum ólík sjónarmið saman og að ná þessari lendingu um að undanfari stórra og mikilla breytinga á refsilöggjöfinni væri sá að menn vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera, það lægi fyrir fagleg athugun sem tæki á innri samræmingu, tölfræðin væri skýrð og gerð miklu betri en þá var og er enn. Ég mun spyrja nánar út í það á eftir.

Herra forseti. Öll umgjörð þessa máls, og nú er ég aðeins að tala um hana fyrst og síðast, er þannig vaxin að það liggur ekkert lífið á. Allt of mörgum spurningum er ósvarað í þessu máli enn þá til þess að menn geti komið hér og sagt: Þetta er allt í stakasta lagi, við erum búin að vinna þetta svo vel og ef einhver telur eitthvað óunnið í málinu verða menn auðvitað að láta hyggjuvitið ráða.

Þetta er dálítið þess efnis, herra forseti, að ekki er hægt að skauta fram hjá því. Það er ekki hægt að skauta fram hjá því. Þetta lyktar dálítið af sýndarmennsku. Það kom því miður upp hér við 2. umr. málsins af hálfu formanns nefndarinnar og raunar aftur í umræðunni um störf þingsins af hálfu hæstv. dómsmrh. að menn ætla að afgreiða umræðuna með þessum hætti: Við erum hinir hörðu baráttumenn gegn fíkniefnum, þið sem eruð að velta vöngum yfir ágæti þess að víkka refsirammann eruð deigir í baráttunni. Það er þessi svart-hvíta mynd sem menn missa sig í þegar öll rök vantar í málið. Ég frábið mér umræðu af þessum toga. Hún er ekki sæmandi hinu háa Alþingi og ekki þeim hv. þm. eða hæstv. ráðherrum sem taka þátt í henni. Enginn skal væna mig eða mína félaga í Samfylkingunni um það að vera deiga í baráttunni gegn fíkniefnum. Ég bið menn að gæta sín ef þeir

ætla að fara að feta þá slóð. Þá skulum við fara í umræðu um störf lögreglu til að mynda. Ég vil rifja það upp hverjir það voru sem tóku þann slag fyrst og síðast núna ítrekað að skapa fíkniefnalögreglunni þær aðstæður að hún gæti unnið verk sín. Eigum við kannski að fara í þá umræðu eða vilja menn fara í þetta hefðbundna dægurþras?

Herra forseti. Þegar fólk hugsar þessi mál og skoðar rök sem að baki liggja áttar það sig mjög fljótlega á því að þetta er ekkert mjög einfalt. Ég hef margsinnis hitt fólk og fékk raunar símhringingar og skeyti eftir 2. umr. máls þar sem fólk bregst fyrst við á þennan veg: Eruð þið eitthvað slappir gagnvart þessum glæpamönnum, þessum hvítflibbaglæpamönnum? Af hverju hafið þið þetta ekki 20 ár? Af hverju stingið þið ekki bara þessum glæpamönnum inn um eilífð alla? Þessi viðbrögð heyrum við þingmenn auðvitað meðal almennings. Þau eru út af fyrri sig skiljanleg. En þegar fólk hugsar nánar um hvaða áhrif slíkt gæti haft þá skynjar það auðvitað að refsigleði leysir engin vandamál í þessum efnum.

Af hverju erum við að setja fólk í fangelsi? Það eru ákveðin grundvallaratriði sem að baki því liggja. Við viljum setja okkur leikreglur og til að samfélagið geti gengið sæmilega fyrir sig verða menn að vera innan þeirra marka. Verði á þeim brotið þá er það sameiginleg krafa samfélagsins að við verði brugðist. Það eru nokkrar leiðir til þess. Við höfum valið að stinga mönnum bak við lás og slá en um leið að reyna að betra þá en með ýmsum hliðaraðgerðum og það er kannski rauði þráðurinn að betra þessa menn. Við erum líka að stinga þeim bak við lás sem fælingaráhrif þannig að menn forðist að brjóta lögin vegna þess að þeir fari í fangelsi og verða innilokaðir. Við erum líka að stinga mönnum í fangelsi til þess að verja saklausa borgara. Þetta eru þau fjögur grundvallaratriði sem að baki liggja. En það er ekkert mjög auðvelt að beita þeim og menn verða að vanda sig mjög vel við það. Ýmsar kenningar í þessum efnum hafa tekið miklum breytingum í tímans rás.

Ég sagði áðan að það vilji verða þannig í hita leiksins og þegar alvöruþrungin mál og alvörumál koma hér upp, að rödd götunnar, rödd fjölmiðla, er yfirleitt alltaf, a.m.k. fyrsta kastið, refsiglaðari en í ljós kemur þegar dómstólar kveða upp dóma sína. Það eru auðvitað undantekningar á því. Það er eðli mannsins að bregðast hart og fast við og hv. þm. eru auðvitað ekkert öðruvísi en aðrir. En þeir eiga hins vegar að vera öðruvísi en aðrir þegar kemur að því að þeir eiga að láta kalt höfuð en heitt hjarta ráða för og reyna að hafa tök á því að kalla allar upplýsingar til áður en mikilvægar og afdrifaríkar og alvarlegar ákvarðanir eru teknar.

Það er undir þeim formerkjum sem ég vil ræða þetta mál hér, herra forseti, en ekki hvort hæstv. ráðherra geti sagt það í erfiðri umræðu í sjónvarpi eða hvarvetna sem er á fundum eða annars staðar að hún hafi sýnt þessa hörku með því að víkka refsirammann. Það er ekki leið í því að ná árangri gegn fíkniefnunum. Það er engin leið og dugar afskaplega skammt þó að hæstv. ráðherra geti veifað því eitthvað tímabundið að þarna hafi hún heldur betur viljað sýna þeim í tvo heimana, þessum fíkniefnabarónum. Það skilar ekki miklu þegar til lengdar lætur.

Herra forseti. Ég mun nú snúa mér að efni málsins en ég verð að biðjast velvirðingar á því hve langt mál mitt er en ég tel mikilvægt að fara ítarlega yfir frv. Hæstv. ráðherra átti þess ekki kost að vera við 2. umr. málsins og því kann að vera að ég þurfi að endurtaka eitthvað af því sem ég nefndi við 2. umr. (**Dómsmrh.:** Ég hef lesið ræðu hv. þm.) Nú upplýsir hæstv. dómsmrh. það að hann hafi lesið ræður þingmanna. Ég vissi það náttúrlega fyrir en til að hnykkja á fáeinum atriðum þá gæti ég þyrfti að endurtaka örfá atriði.

Fyrst nefni ég til glæný atriði sem ég minntist áður á í framhjáhlaupi. Menn hafa gjarnan sagt nú í seinni tíð að fyrst að sú stjórnskipaða nefnd sem á að kanna sérstaklega afbrot og refsingar mundi ekki ljúka störfum fyrr en í haust þá væri ekki eftir neinu að slægjast hjá henni. Ég sá það í Fréttablaðinu í dag, þar sem m.a. er birt mynd af formanni allshn., en ég vænti þess að hún hafi lesið þessa frétt (**ÞKG:** Nei.) og raunar er hér líka lítil mynd af hv. af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, miklu minni heldur en af formanni allshn. Í fréttinni er fjallað um þetta tiltekna mál sem við ræðum hér og nú bið ég hæstv. ráðherra að leggja alveg sérstaklega við hlustir. Í greininni er vísað til rannsóknar sem hefur farið fram á þessu máli. Þar segir orðrétt undir fyrirsögninni Alvarlegar efasemdir um gagnsemi þyngri refsinga, með leyfi forseta:

„Frumvarp dómsmálaráðherra um að hækka hámarksfangelsisvist fyrir fíkniefnabrot úr tíu árum í tólf ár gengur gegn niðurstöðum rannsóknar" — nú bið ég hv. þingmenn að leggja við hlustir — „sem unnin var um áhrif mismunandi refsinga á ítrekunartíðni afbrota. Samkvæmt þeirri rannsókn sjást engin merki þess að þyngri refsingar dragi úr ítrekunartíðni en vísbendingar eru sagðar um hið gagnstæða.

Í skýrslu rannsakenda segir að ítrekunartíðni þeirra sem ljúka fangavist hérlendis sé mjög svipuð því sem tíðkast meðal annarra þjóða, þó sumar þeirrar beiti talsvert þyngri refsingum en Íslendingar. Þá segir að engin merki sjáist um að þyngri refsingar dragi úr ítrekunartíðni en að vísbendingar séu um hið gagnstæða. Því séu þyngri refsingar ekki líklegar til að draga úr líkum á ítrekun."

Ég spyr: Var hv. allshn. kunnugt um þessa rannsókn og fór hún yfir hana? (Gripið fram í.) Var hv. nefnd kunnugt um hana en fór ekki yfir hana? (**Gripið fram í:** Þetta er allt önnur rannsókn.) Þetta er allt önnur rannsókn. (**Gripið fram í:** Það er löngu búið að kynna hana.)

(**Forseti** (HBl)**:** Samræður eru mjög áhugaverðar en venjan er að þær fari fram í hliðarsölum.)

Ég hafði ekki frumkvæði að því, herra forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. að taka tillit til þess.)

Sá sem hér stendur hafði ekki frumkvæði að þessum samtölum. Það var áhugi hv. þm. úti í sal á að eiga við mig orðræðu og það er svo sem ágætt.

Herra forseti. Ég veit alveg að þessi athugun er ekki sú sem Sigurður Tómas Magnússon er að vinna að, það þarf enginn að segja mér það. En hvað sem öðru líður er þessi rannsókn fyrirliggjandi. Hæstv. ráðherra segir hér í frammíkalli, og raunar hv. þm. Ásta Möller líka, að þeim hafi verið fullkunnugt um þessa rannsókn. Ég spyr: Var farið yfir hana? Voru aðstandendur hennar kallaðir til við meðferð málsins? Nei. Hennar er hvergi getið í gögnum málsins, ekki með einu aukateknu orði. Var þessi rannsókn þá svona illa unnin eða hafði hún ekkert gildi fyrir efnisatriði málsins, nákvæm rannsókn á þeim atriðum sem verið er að fjalla um í málinu? Eru þetta enn önnur merki um hin góðu vinnubrögð? Ég spyr.

Síðan kemur til skjalanna í þessu fréttaviðtali að aðstoðarmaður hæstv. dómsmrh. virðist þekkja þessa rannsókn mætavel. Hann segist ekki telja að frv. stangist á við nið-

urstöður rannsóknarinnar. Nei, hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í kafla þar sem ítrekunartíðni er greind eftir afbrotum kemur í ljós að niðurstöður könnunarinnar eiga misvel við eftir því hvaða afbrot menn hafa framið. Það kemur í ljós að þær eiga síður við í fíkniefnabrotum."

Þá fer hins vegar blaðið á stúfana og spyr einn þeirra sem vann að rannsókninni, Kristrúnu Kristinsdóttur, hvort þetta sé rétt hjá aðstoðarmanni hæstv. dómsmrh. Nei, þetta var ekki rétt hjá honum. Kristrún Kritstinsdóttir lögfræðingur sem vann þessa rannsókn ásamt þremur öðrum segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður rannsóknarinnar taka til allra brota ... *Ítrekunartíðni í fíkniefnabrotum er lægri en til dæmis í auðgunarbrotum*, en það tengist meira eðli brotanna."

Dómsmrn. er greinilega á vitlausri leið í þessu máli og af þeirri ástæðu einni saman hefði auðvitað verið full ástæða fyrir nefndina sjálfa og þingið að fara í saumana á málinu.

Síðan er í þessari fréttaskýringu Fréttablaðsins farið yfir hluti sem við þekkjum og ég mun minnast á í örstuttu máli á eftir, umsögn laganefndar Lögmannafélagsins, umsögn dómstólaráðs, ríkissaksóknara. Að lyktum er hér stutt viðtal við málsvara minni hluta og meiri hluta í allshn.

Herra forseti. Það þarf ekki frekari vitnanna við. Sérfræðingar benda á að sú leið sem hér er lagt til að verði farin, sérstök leið í þessum tiltekna brotaflokki, veki a.m.k. upp spurningar og gagnrýni og verði sennilega til meiri skaða en hitt, hafi í besta falli engin áhrif og í versta falli áhrif til hins verra. Þyngri refsingar eru ekki taldar hafa áhrif á ítrekunartíðni og eins og Lögmannafélagið og fleiri sérfræðingar hafa komið inn á geta þær leitt til harðari heims og enn alvarlegri brota, þar sem hið innra samræmi raskist.

Það hefur komið fram í umræðunni, þannig að maður segi það bara hreint út, að til þess geti komið að þeir sem óttast að fá svo harða dóma hiki ekki við að fyrirkoma fólki, hugsanlegum vitnum, vegna þess að refsingar fyrir það verði svo litlu þyngri. Þessu hafa afbrotafræðingar og aðrir sérfræðingar velt fyrir sér, þessu innra samræmi sem gæta verður að og Lögmannafélagið kemur sérstaklega inn á.

Herra forseti. Hvað var það sem menn vildu rannsaka? Enn og aftur vil ég þakka hæstv. dómsmrh., fyrrverandi formanni allshn., fyrir það góða starf sem hún leiddi í þinginu 1997–1998, þegar hún sameinaði allshn. um að standa vísindalega og vel að verki við framgang mála af þessum toga með því að setja saman þáltill. um málið sem var samþykkt, samhljóða held ég. Ég held að það hafi verið algjörlega mótatkvæðalaust. Hæstv. ráðherra, páv. formaður nefndarinnar, man það eflaust betur en ég. Ég man ekki betur en hér hafi menn almennt fagnað niðurstöðunni og menn hafi horft til þess að þetta gæti verið góður grunnur fyrir framhaldið.

Hjá mér vakna þó nokkrar spurningar. Hæstv. ráðherra hefur setið í embætti í tvö ár. Mér skilst að þessi nefnd hafi hafið störf fyrir þremur mánuðum. Ég spyr: Hvað dvaldi orminn langa? Ég fékk þær upplýsingar hjá fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni að það væru um þrír eða fjórir mánuðir síðan nefndin hóf störf af einhverju viti. Ég verð væntanlega leiðréttur sé það rangt. Ég vona að það hafi verið fyrsta verk nýs dómsmrh. að fletta upp á sínu gamla máli og setja í gang vinnu við þetta verkefni. Ég hlýt að trúa því frekar en að það hafi tekið á þriðja ár en að vísu er þetta mjög viðamikið mál.

Herra forseti. Hér er m.a. kvartað undan því í mjög ítarlegri greinargerð og tillögutextanum sömuleiðis að tölfræðiupplýsingar um sakamál séu ekki aðgengilegar og þar á þurfi að gera bragarbót. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. um það atriði: Hefur það verið fært til betri vegar? Hefur verið komið upp gagnagrunni til að fá fram tölfræðiupplýsingar um þau mál sem hér eru til umræðu? Hefur því verið snúið til betri vegar frá því þessi þáltill. var samþykkt á sínum tíma?

Við höfum auðvitað heyrt af slíku átaki hvað Schengensamninginn varðar og flutning fólks milli landa. Það er vel. En hefur verið gert sérstakt átak í þessu, að tölfræðiupplýsingar um sakamál séu aðgengilegar fyrir fræðimenn og aðra til að gera rannsóknir og nauðsynlegar athuganir?

Herra forseti. Í áðurnefndri þál. er einnig kveðið á um að ástæða væri til að kanna hvernig staðið er að refsifullnustu. Þar er vakið máls á mjög mikilvægu máli sem hefur verið talsvert umrætt upp á síðkastið, þ.e. um fullnustu refsinganna, um það þegar tekin er ákvörðun um að veita mönnum reynslulausn. Menn þekkja dálítið umræðurnar um hver eigi að hafa umboð til þess að veita mönnum reynslulausn þegar dómstólar hafi kveðið upp úr með refsingu manna. Ákveðnir lögfræðingar hafa gagnrýnt að óeðlilegt sé að kontóristar og embættismenn hafi þau ráð í hendi sér. Það er auðvitað til ákveðinn lagarammi um þau efni en það fer talsvert eftir hegðun og betrun viðkomandi einstakings, viðkomandi fanga, hvenær hann fær reynslulausn, hvenær er hugsanlega hægt að grípa til samfélagsþjónustu o.s.frv.

Þetta er auðvitað hin hliðin á peningnum í þessari umræðu. Ég spyr því hæstv. dómsmrh., af því að hún telur mikilvægt að senda skýr skilaboð til þeirra sem komast í kast við lögin vegna fíkniefna: Hefur það verið sérstaklega skoðað hvort það hefði verið betri leið að beita reynslulausnum á annan hátt gagnvart þessum föngum en öðrum? Kom til greina að þessi helmings og þrír fjórðu regla ætti ekki að gilda gagnvart þeim? Mörgum finnst það ákaflega skrítið og almenningur veltir fyrir sér hvaða tilgangi það þjóni að kvarta yfir því að refsiramminn í fíkniefnabrotum sé nánast að springa, þessi tíu ár, en síðan fái menn lausn í stórum stíl eftir að hafa afplánað helming refsivistar. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn harðari refsingar?) Nei, ég er að velta upp ýmsum álitamálum sem gera það að verkum að þetta er ekki jafneinfalt og menn vilja vera láta. Þessi skilaboð eru ekki jafneinföld og menn vilja vera láta. Þetta snýst ekki bara um að breyta tölunni 10 í 12. Þetta snýst um eilítið meira en það. Það veit hæstv. dómsmrh. Og ég skil afskaplega vel að ráðherranum líði illa undir þessari efnislegu og málefnalegu umræðu, því rökin fyrir máli hennar vantar.

Ég er að velta þessu upp, herra forseti, af því að þetta er í greinargerð með þál. sem Sólveig Pétursdóttur, páv. formaður allshn. og hv. þm., fékk samþykkta á 122. löggjafarþingi. Þar er hvatt til að kanna alveg sérstaklega refsifullnustu í framkvæmd. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta: „Einnig væri ástæða til að kanna hvernig staðið er að refsifullnustu í framkvæmd og hvort auka megi varnaðaráhrif refsinga eftir því hvernig staðið er að fullnustu refsivistar innan fangelsa ... "

Það er undir þessum formerkjum sem ég er að ræða málið. Ég var að reyna að gera það með einföldum hætti þannig að allir mundu skilja, hvort það væri hugsanleg leið að senda skýr skilaboð til fíkniefnabaróna og annarra að þeir ættu ekki von á því að fá reynslulausn að hálfu. Það er það sem hv. páv. formaður allshn. Sólveig Pétursdóttir — Herra forseti. Ég

geri örstutt hlé á ræðu minni. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi þurft að fara í símann. En ég er einmitt í orðræðu — þarna er hún komin. Komi hún fagnandi. Það er erfitt að henda reiður á öllum hliðarsölum. (**LB:** Er svona mikil yfirferð á ráðherranum?)

Ég var að ræða hvort þetta atriði hafi verið skoðað sérstaklega í ráðuneytinu við samningu frv. af því á þetta bendir hv. þm., páv. formaður allshn., Sólveig Pétursdóttir, sérstaklega í sinni greinargerð, þ.e. hvort skoða beri fullnustuna sérstaklega.

Ég spyr því beint: Var þetta atriði skoðað sérstaklega, að beita sértækum aðgerðum gagnvart þessari tegund refsinga, fullnustunni, fremur en að eiga það á hættu að raska innra samræmi varðandi refsirammann? Ég spyr hæstv. ráðherra. Ég vænti þess að hún hafi íhugað þetta mál mjög alvarlega því að hún taldi fyrir þremur árum síðan gilda ástæðu til það láta skoða það alveg sérstaklega.

Síðan er líka getið um það hér að mikilvægt væri að gera samanburð við önnur Norðurlönd. Og eitthvað hefur nú áunnist í þeim málaflokki því ég held að það hafi verið svo í greinargerð með frv. að menn voru að reyna þennan samanburð og það er vel. Eitthvað hefur því gerst milli þess að þessi till. til þál. var samþykkt að frumkvæði hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur þar til hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir leit á það verkefni. Það hefur sem sagt eitthvað gerst. Menn hafa eitthvað skoðað refsilöggjöf annarra Norðurlanda. Og það er vel. Ég þakka alveg sérstaklega fyrir það. En önnur atriði eru hins vegar óathuguð enn þá, því er nú verr og miður, eftir því sem ég best veit. En ég vænti þess að í ítarlegri ræðu hér á eftir muni hæstv. ráðherra gera okkur glögga grein fyrir efnislegri stöðu málsins. Ég veit allt um hina formlegu stöðu þessarar nefndar. Ég þarf ekkert að heyra meira um það. Hún er ekki búin og verður ekki búin fyrr en í haust. En ég vil vita um hina efnislegu stöðu málsins, þau efnislegu atriði sem er að finna í greinargerð með þessari tillögu, í tillögugreininni sjálfri, þar sem bent er á ýmis atriði sem vísa þráðbeint inn í þá umræðu sem við eigum hér.

Síðan var óskað eftir því að rannsakað yrði hvort unnt sé yfirleitt að mæla hvort refsingar við tilgreindum brotum hafi þyngst almennt eða séu nú vægari en áður.

Herra forseti. Við fjölmörg önnur atriði í þessari greinargerð og þessari þál. væri full ástæða til að staldra hér. Ég vænti þess náttúrlega að allir hv. þm. sem sitja í allshn. hafi nú þegar lúslesið þessa þingsályktun Alþingis, þessa tillögu Alþingis sem samþykkt var hér 1998 og vakin var athygli á hér við 1. umr. og enn frekar við lok 2. umr. og þetta geri ég að því gefna tilefni að það vantaði dálítið í hópinn.

Herra forseti. Ég bað forseta að kanna hvort varaformaður allshn., þ.e. fulltrúar Framsfl. í allshn., hvort þeir væru nokkuð á staðnum. Niðurstaðan er greinilega sú að þeir hafi ekki verið hér. Ég var að kvarta yfir þessu af því ég taldi mikilvægt að Framsfl. kæmi með einhverju móti að þessari umræðu. Ég vildi bara halda því til haga. Ég trúi því að hæstv. forseti hafi kannað þetta.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseta er ljúft að láta kanna það.)

Ég held að sú könnun hafi farið fram áðan þannig ég vænti þess að ...

(**Forseti** (HBl)**:** Forseta er mjög ljúft að kynna sér málið.)

Ég þakka fyrir það.

Herra forseti. Þetta var um þessa tillögu. Það verður væntanlega upplýst hér betur á eftir fyrir okkur þingmönnum sem ekki sitjum í allshn. hvaða upplýsingar voru veittar á þessum fimm eða tíu mínútum um stöðu þessa nefndarstarfs. Þess var getið hér í ræðustóli að nefndarstarfinu lyki í haust. Væntanlega hefur eitthvað meira verið sagt. Eftir því sem ég best veit upplýsti starfsmaður ráðuneytisins um þetta en ekki formaður nefndarinnar eða starfsmenn nefndarinnar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri hér glögga grein fyrir starfi nefndarinnar fram að þessu, starfsmannahaldi þar, verklagi og vinnubrögðum og hvort nefndinni hafi verið gert sérstakt erindisbréf eða hvort sú ítarlega greinargerð sem fylgdi tillögunni á sínum tíma hafi verið látin nægja. Ég óska eftir því sérstaklega að ráðherrann geri okkur grein fyrir því. Væntanlega hefur það verið upplýst allt saman á þessum fimm mínútum í allshn. á miðvikudaginn. En ég sit ekki í henni þannig að ég verð að heyra það hér í þessum sal.

Ég vil nefna fleiri efnisatriði. Ég hygg að hv. þingmenn hafi lagt við hlustir, ég held það hafi verið á miðvikudaginn í kvöldfréttum, þegar talað var við Erlend Baldursson sem um langt árabil hefur unnið við þessi mál, fyrst við skilorðseftirlitið en nú hygg ég hann starfi við Fangelsismálastofnun. Hann sá engan plús í þessu máli. Hann talaði nánast mjög í samræmi við ábendingar sem komu fram í dómstólaráði. Hann talaði raunar eins og afbrotafræðingar hafa gert í málum af þessum toga. Þeir hafa bent á að þyngri refsingar geti leitt til harðari og skipulagðari brotastarfsemi. Afbrotafræðingar hafi bent á að það geti leitt til þess að brotamenn svífist einskis til að forðast að upp um þá verði komið eða til að komast hjá handtöku, að brotamenn vopnist, vitnum kunni að verða ógnað og lögreglu veitt viðnám við handtöku. Þekkja menn kennileitin? Þekkja hv. þingmenn kennileitin? Og telja hv. þm. að einmitt við þessar aðstæður séu réttu skilaboðin að herða enn refsingar og auka áhættuna á þessum þáttum?

Ég hef dálitla tilhneigingu til þess að taka mark á sérfræðingum. Ég gleypi ekkert allt hrátt sem þeir segja og vil reyna að vega og meta það. En í þessu sambandi hef ég mikla trú á t.d. þessum tiltekna manni sem ég veit vel að þekkir fangelsismál, fanga, refsivistina og áhrif hennar, eins og fingurna á sér. Ég hef tilhneigingu til þess að leggja við hlustir þegar maður á borð við Erlend Baldursson geldur varhug við þessu. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Bregður henni ekki dálítið í brún að heyra þessi varnaðarorð? Þessi maður er á hennar forræði og auðvitað eru hæg heimatökin að kalla eftir upplýsingum þaðan. Þessar upplýsingar eru mjög sláandi. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Finnst henni þetta ekki sláandi viðbrögð? Hefur hæstv. ráðherra ekki áhyggjur af þeim? Hefur nefndarfólk í allshn. ekki áhyggjur af því að þessi viðbrögð sérfræðinga komi nú á milli umræðna ofan á athugasemdir og áhyggjur sem lýst hefur verið hér í þessum sal? Ég held að svo hljóti að vera, herra forseti. Ég held að annað geti ekki verið. Ég vil ekki trúa því að menn séu svo staffírugir hér að þeir láti sem ekkert sé.

Herra forseti. Ég gleymdi að hnykkja á því og tel fulla ástæðu til þess að gera það, að mér er sagt að formaður nefndarinnar sem á að framkvæma þessa rannsókn á refsingum við afbrotum sé Sigurður Tómas Magnússon. Ég sagði líka að ég hefði séð einhvers staðar í einhverjum netmiðlinum um daginn það sem ég vissi ekki við 2. umr. máls, þ.e. að þessi sami ágæti maður er jafnframt formaður dómstólaráðs. Nú er það svo að dómstólaráð sendi umsögn inn til nefndarinnar við meðferð málsins.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm., og biður hann afsökunar á því að hér er gripið inn í, að hv. 16.

þm. Reykv., varaformaður allshn., Jónína Bjartmarz hefur fjarvistarleyfi í dag og hv. 12 þm. Reykv., Ólafur Örn Haraldsson, er erlendis og hefur því ekki tök á að koma.)

Þá er lítið við þessu að gera, herra forseti. Þá verður Framsfl. auðvitað stikkfrí í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Það er orðið venja frekar en undantekning hér og kemur mér svo sem ekkert á óvart. Ég þakka forseta fyrir þessa athugun.

Ég var að gera grein fyrir því að formaður þessarar rannsóknarnefndar er jafnframt formaður dómstólaráðs og dómstóláráð taldi sig knúið til þess að senda inn umsögn um þetta frv. þó að ráðið sjálft sé mjög meðvitað um að dómarar eigi ekki að reyna að hafa bein áhrif á löggjöf og lagasetningu hér og það er tekið sérstaklega fram, en þó eru að vísu nefnd undantekningartilfelli. Þeir telja sig hins vegar knúna til þess að gera alveg sérstakar athugasemdir við það sem er í raun burður þessa máls af hálfu stjórnarmeirihlutans, nefnilega það að refsiramminn samkvæmt 173. gr. a sé nánast að fullu nýttur í alvarlegustu fíkniefnabrotum. Það er bara einfaldlega ekki svo. Í tveimur málum hafa menn hrokkið upp í níu ár.

Eftir því sem mér skilst — ég get ekki skotið undir það tölfræði — hafa dómstólar enn þá svigrúm komi til þess að dæma þurfi upp í tíu ár því hægt er að dæma tengd afbrot samkvæmt öðrum ákvæðum hegningarlaga. Það er því miður þannig, herra forseti, eins og hv. þingmenn vita, að það er ekki eingöngu hið hreina og beina fíkniefnabrot sem um ræðir. Allt of oft er það því miður þannig líka að með fylgir peningaþvætti, með fylgja líkamsmeiðingar, auðgunarbrot og ógnanir við náungann. Saksóknari hefur því þau ráð í hendi sér, ef um mjög alvarleg mál er að ræða, að sækja þetta allt saman og dómstólar geta með öðrum orðum úrskurðað um hámarksrefsingu í fíkniefnamálum og síðan raunar um önnur afbrot líka. En þá verða þeir að veita afslátt, 50%, ef ég man rétt, af hámarksrefsingu.

Það er því bara ekki rétt, herra forseti, og verður að halda því mjög ákveðið til haga hér, að þessi refsirammi sé sprunginn. Það er ekki rétt. Menn verða að halda sig við staðreyndir máls hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og það er ekki bara af því ég segi það. Það vegna vegna þess að dómstóláráð, dómararnir sjálfir með formann nefndar hæstv. ráðherra í broddi fylkingar, gera alveg sérstakar athugasemdir við þá fullyrðingu ráðuneytisins og nú aftur allshn. Og Lögmannafélag Íslands, sem ég ætla nú að tala betur um hér á eftir, gerir það enn frekar.

Herra forseti. Grunnur málsins er gisinn. Hann er veikur. Hann er slappur svo ekki sé nú talað um aðra þætti máls.

Dómstóláráð með hv. formann þess og formann rannsóknarnefndar hæstv. dómsmrh. í broddi fylkingar, segir líka orðrétt, með leyfi forseta:

„Enda þótt þróunin hafi orðið sú á síðustu árum að sífellt alvarlegri fíkniefnabrot hafi komið til dómstóla og refsingar hafi þar af leiðandi orðið þyngri má alls ekki draga þá ályktun af því að dómarar vilji refsa enn harðar fyrir þessi brot og því verði að hækka refsihámarkið."

Dómarar eru ekkert að kalla eftir þessu frv. Til hvers er þá leikurinn gerður?

Það er auðvitað dómstólanna að ákvarða um það en dómstóláráð telur sig knúið til þess að koma þeim skilaboðum á framfæri til löggjafarþingsins að ekki sé ákall um það af þeirra hálfu að hækka refsirammann. Hvað er þá á ferðinni? Af hverju erum við að þessari umræðu hér? Þeir segja hér, herra forseti, dómarar og dómstóláráð, með leyfi forseta:

„Áður en ráðist er í að víkka refsirammann með því að hækka hámarksrefsingu þarf að ýmsu að hyggja, t.d. samræmi hámarksrefsingar í ákvæði því sem til umfjöllunar er og í öðrum refsiákvæðum."

Enn og aftur ábending um innra samræmi. Það eru dómstóláráð, það eru dómarar í þessu landi sem ætla að dæma eftir þessum lögum sem eru að koma þessum skilaboðum til okkar. Hvað þarf eiginlega til, herra forseti, þannig að rök nái í gegn ef ekki þetta? Hvað þarf eiginlega til?

Ég spyr hæstv. dómsmrh. af því ég er búinn að eiga orðastað við hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur, formann allshn., um þetta mál við 2. umr. málsins: Skiptir þetta engu máli að mati hæstv. dómsmrh.? Hún gat auðvitað ekki vitað um þessa afstöðu dómstóláráðsins áður en hún lagði frv. fram. En við meðferð málsins í nefnd kom þó þrátt fyrir allt þetta m.a. út úr því að dómarar sjá enga ástæðu fyrir þessu sem var eiginlega kjarnaatriði málsins og gerði það að verkum að menn fóru af stað í upphafi, þetta veiti dómurunum meira svigrúm til að dæma harðari refsingar. Þetta er allt eintómur misskilningur, herra forseti. Þetta mál virðist allt standa á brauðfótum. Ég spyr þráðbeint og óska eftir svari hér: Tekur hæstv. dómsmrh. ekki mark á dómstóláráði og ábendingum þess í þessum efnum?

Auðvitað benda dómarar á það að hækkun refsihámarks leiðir ekki eitt og sér til breytinga á viðmiðun dómstóla um refsihæð. Alþingi Íslendinga tekur ekki ákvörðun um einstakar refsingar. Það eru dómarar í landinu. Það er þrískipting ríkisvaldsins. Það er dómstóláráðið, herra forseti, hugsum okkur það, það er dómstóláráðið, þar sem formaður er jafnframt formaður rannsóknarnefndar hæstv. dómsmrh. sem sér sérstaka ástæðu til að leggja lykkju á leið sína til að segja hv. alþm. hvaða afleiðingar það geti haft ef menn missa sig í refsigleðinni. Það eru þeir, herra forseti, sem vekja á því athygli að þyngri refsingar geti leitt til harðari og skipulagðari brotastarfsemi.

Nú vænti ég þess ekki að þeir séu neinir sérstakir sérfræðingar einmitt í þeim efnum, hafa auðvitað verulegt inngrip reynslu sinnar vegna og þekkingar sinnar vegna. Þeir benda á þetta og eru að koma þeim skilaboðum til hv. alþm. Ég vil leggja við hlustir. Ég hlýt að trúa því að þegar menn skoða hug sinn, vilji menn og hv. þm. leggja við hlustir og taka mark á en stingi ekki höfðinu í sandinn.

Dómstóláráð hnykkir eðlilega á því hér, bæði í upphafi bréfs og lok bréfs, að það ætli sér að öðru leyti ekki að hafa áhrif á gang mála á hinu háa Alþingi enda beri því ekki að gera það. Það ber að virða. En skilaboðin, herra forseti, eru algjörlega kvitt og klár. Algjörlega skýr: Gætið ykkar. Nú er hv. Alþingi á vafasamri braut.

Hins vegar þarf Lögmannafélag Íslands ekkert að gæta sömu varkárni formsins vegna með því að skýra skilaboð sín gagnvart þessu álitaefni. Lögmannafélag Íslands er frjálst að skoðunum sínum og getur haft þær eins og það vill og það gerir það hikstalaust í þessu máli og telur þetta lagafrv. fullkomlega ástæðulaust og engin efni til þess að flytja það.

Ég man ekki betur, herra forseti, á árum áður þegar hæstv. dómsmrh. var formaður allshn. að oftar en ekki hafi hún einmitt tekið mikið mið og mark af Lögmannafélagi Íslands. Svo ég tali ekki um dómstóláráðið. Og hún hafi hér oftar en einu sinni, oftar en tvisvar og oftar en þrisvar, í framsöguræðu sinni með nefndarálitum, lagt á það mikla

áherslu að Lögmannafélag Íslands væri málinu sammála og dómstóláráð Íslands gerði ekki athugasemd við frv. Nú virðist það skipta minna máli. En Lögmannafélag Íslands eða laganefnd þess, þannig að öllu sé nú rétt til haga haldið, bendir einnig á þetta innra misræmi og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Enn er þó ekki svo komið að mati laganefndar, að farið sé að reyna efri mörk refsiramma 173. gr. a almennra hegningarlaga og alls ekki svo, að réttlæti að sá málaflokkur sé tekinn út sérstaklega og refsirammi þar hækkaður, í stað þess að ákvörðun um það bíði heildarendurskoðunar á refsirömmum einstakra brotaflokka."

Förum okkur hægt, segja þeir. Þessi fullyrðing hæstv. dómsmrh. í greinargerð með frv. sem er endurtekin í nál. meiri hlutans, um að refsiramminn sé sprunginn, er röng. Hún er einfaldlega röng, segir Lögmannafélag Íslands. Þeir ættu að vita það. Þeir vinna við þetta daginn út og inn. Þeir ættu að hafa einhverja smáinnsýn í það, þeir menn sem eru að vinna við þessi verkefni. Þeir segja einfaldlega fullyrðingar ráðuneytisins, fullyrðingar allshn. rangar. Það er ekki svo komið að þessi refsirammi sé sprunginn. Það er ekki svo komið að það þurfi að breyta sértækum aðgerðum til að víkka hann sérstaklega úr öllum takti við önnur viðurlög. Þeir segja það bara.

Getur það verið skýrara, herra forseti? Nei, það getur það ekki. Enginn skal ætla það að dómstóláráð Íslands eða Lögmannafélag Íslands gangi einhverra sérstakra erinda minni hlutans á hinu háa Alþingi. Hafi allt í einu gengið í Samfylkinguna bara til að klekkja á hæstv. dómsmrh. eða sjálfstæðismönnum í allshn. Nei, þeir eru að reyna að nálgast málið málefnalega og gera það af þekkingu, yfirsýn og víðsýni. Það er það sem við erum að reyna að gera líka við þessa umræðu. Það breytir engu, herra forseti, þó að hv. þm., jafnvel þótt þeir séu formenn tiltekinna nefnda, dæsi hér og þreytist á þessari orðræðu.

Ég vil segja það, herra forseti, að nefndarmenn meiri hlutans í allshn. hafa kallað yfir sig þessa yfirgripsmiklu umræðu. Á henni hefði vafalaust ekki verið þörf ef menn hefðu unnið heimavinnu sína almennilega. Það er af þeim ástæðum sem ég tel fulla ástæðu til að rekja þau grundvallaratriði sem eru til staðar.

Í 2. umr. málsins var því veifað ótt og títt að ríkissaksóknari hefði engar athugasemdir eða ábendingar fram að færa vegna lagafrumvarpsins að undanskildu því að undir þá ályktun er tekið að refsimörkin samkvæmt 173. gr. a hafi verið nýtt nánast að fullu í alvarlegustu fíkniefnabrotum.

Herra forseti. Er það ekki eðli máls samkvæmt að ríkissaksóknari, sem sækir gjarnan eftir hámarksrefsingu og teygir sig eins langt og nokkur kostur er, síðan er það auðvitað dómstóla og verjenda að vefengja það og síðan dómstóla að úrskurða, sé þessarar skoðunar? Mér finnst það eiginlega liggja í eðlinu. Að öðru leyti leggur hann enga sérstaka áherslu á málið.

Herra forseti. Mál af þessum toga mega ekki verða leidd til lykta. En ég get ekki látið hjá líða af því að ég ætlaði að fara að minnast á ríkissaksóknara að einmitt í fréttunum ekki fyrir margt löngu hafði einn starfsmanna hans, Kolbrún Sævarsdóttir, sem ég kann nú ekki deili á en ætli hún sé ekki aðstoðarríkissaksóknari eða starfsmaður hans í öllu falli, það á orði í viðtali við tímarit að hér væru fíkniefnadómar æðiþungir miðað við önnur Evrópulönd. Það var ekki að skilja á því viðtali að það væri sérstök eftirspurn hjá embættinu eftir því að refsiramminn víkkaði til þess að ríkissaksóknari gæti krafist hærri refsinga og lengri refsinga. Þessar raddir koma meira að segja innan úr herbúðum ríkissaksóknara og átti ég nú satt að segja ekki alveg von á því.

Herra forseti. Að lokum þetta: Hæstv. dómsmrh. sagðist hafa lúslesið ræðu mína og annarra hér við 2. umr. máls og dreg ég það ekki í efa eitt aukatekið andartak. Ég verð að játa að ég hafði ekki lúslesið ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur frá árinu 1998 þegar hún mælti fyrir þessari till. til þál. um rannsókn á refsingum við afbrotum. Ég þyrfti að gera það á eftir og ég ætla ekki að vitna í hana í þessari ræðu minni en áskil mér þó rétt á að gera það á eftir. Ég held það væri hins vegar hyggilegt fyrir hæstv. dómsmrh. sjálfa að líta aðeins yfir þá ræðu sína árið 1998 þar sem kveðið er á um mikilvægi þess að menn hafi heildarmyndina fyrir fram sig þegar viðkvæmar ákvarðanir af þessum toga eru teknar. Í þeim anda orðræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur frá árinu 1998, sem er mjög í anda þess sem ég er að segja hér, ætla ég að ljúka ræðu minni.

[12:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða hv. þm. kemur mér svo sem ekkert á óvart þar sem henni svipar mjög til þeirrar ræðu sem hann flutti við 2. umr. málsins. En það kemur þó nokkuð á óvart hversu mikið kapp hv. þm. leggur á að halda langar ræður um þetta frv. Þess vegna vil ég spyrja hann: Er hæstv. þm. á móti efni þessa frv.? Svar óskast.

Búið er að lýsa því oftar en einu sinni að þetta mál er vel unnið og fékk fullkomlega eðlilega skoðun í hv. allshn. Hv. formaður hennar hefur lýst því að þar hafi verið komið með viðbótarupplýsingar milli 2. og 3. umr. um málið enda er það bæði sjálfsagt og eðlilegt að slíkar upplýsingar séu veittar.

En ég vil vekja athygli á því að það lagaákvæði sem við erum að tala um að breyta kom inn í hegningarlögin árið 1974. Halda menn, hv. þingmenn, að það hafi ekkert breyst í þessu umhverfi í fíkniefnamálunum á þessum tíma, frá 1974? Við erum núna að tala um að hækka refsirammann frá 10 árum upp í 12 ár.

Mér finnst líka rétt að undirstrika að enginn af umsagnaraðilum leggst gegn þessu frv. nema Lögmannafélagið eða laganefnd þess og þó ekki allir sem eiga þar sæti. Þeir stinga meira að segja upp á þeim möguleika að setja lágmarksrefsingu í staðinn inn í frv. Það er miklu meira inngrip inn í refsiréttinn og leiðir væntanlega til enn harðari refsinga.

Ég vil líka fá að minnast á það vegna þess að hér var talað um frétt Fréttablaðsins í morgun að sú umfjöllun var nokkuð sérstök, því miður. Það er mikil einföldun á efni skýrslunnar að fullyrða að hún mæli gegn þessu frv. og því hefur enginn skýrsluhöfunda haldið fram. Ég vil bara undirstrika það, hv. þm.

[12:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Upp komst um strákinn Tuma. Hæstv. ráðherra sagðist hafa lúslesið ræðu mína við 2. umr. máls en kemur samt hér við 3. umr. og spyr hver sé afstaða þingmannsins til málsins. Ég held ég hafi sagt það einum 15 sinnum við 2. umr. máls að ég get ekki stutt þetta mál eins og það liggur hér fyrir. Það er bara svo. Því er augljóst mál að það vantar nú dálítið upp á að hæstv. ráðherra hafi fylgst með þessari umræðu og lesið hana eins og æskilegt væri.

Hver hefur mælt með þessu frv.? Hvar er þessi stuðningur? Hvaðan kemur hann? Kemur hann frá dómstóláráði?

Kemur hann frá Lögmannafélaginu? Kemur hann frá Erlendi Baldurssyni í Fangelsismálastofnun, stofnun ráðherrans? Kemur hann úr þessari rannsókn sem getið var um í Fréttablaðinu? Nei, þvert á móti. Allar þær tilvísanir sem ég vísaði hér til eru í þá veruna að menn vara við því að mál gangi fram með þessum hætti.

Herra forseti. Þess vegna spyr ég: Tekur hæstv. ráðherra núna ekkert mark lengur á lögmönnum á Íslandi? Tekur hæstv. ráðherra ekkert mark á dómstólaráði? Tekur hæstv. ráðherra ekkert mark á formanni þeirrar nefndar sem er að störfum, sem er jafnframt formaður dómstólaráðs? Tekur hæstv. ráðherra ekkert mark á þeim athugunum og rannsóknum sem fyrir liggja? Um þetta snýst málið.

Herra forseti. Það þarf ekki að undra hæstv. ráðherra að ég fari hér ítarlega yfir málið því það sem á hefur vantað í þessari umræðu allri er að hæstv. ráðherra reyni — ég bið ekki um meira, herra forseti — reyni a.m.k. að skjóta einhverjum stoðum undir þetta mál, kalli til einhver rök, kalli til einhverja sem styðja málið, bara einn utan þings, einhvern sem styður málið. Það mundi strax laga stöðuna hjá hæstv. ráðherra. Þetta þyrfti hún að gera í stað þess að standa hér í stappi við okkur. Það eru ekki bara við stjórnarandstæðingar sem erum gagnrýnir á málið. Nei, það eru allir aðrir sem hafa látið í sér heyra vegna þess. Það er ekki hægt að kenna mér um það.

[12:48]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel gott að það hefur komið fram að hv. þm. hefur upplýst það hér með að hann er á móti efni þessa frv. (Gripið fram í.) Hann er þá á móti því að stækka refsirammann í fíkniefnamálum.

Ég vil benda hv. þm. á það, ef honum finnst vanta einhver rök í þessu máli, að lesa nú greinargerðina með frv. þar sem rakinn er allur dómapraxís sem snertir brot á umræddu ákvæði sem þetta frv. fjallar um allt frá 1982, þó að ákvæðið raunar komi inn 1974, þar sem kemur alveg klárlega fram að það er verið að þyngja refsingar við þessum brotum vegna þess að þessi afbrot eru orðin miklu alvarlegri og þau eru komin núna, a.m.k. í tveimur dómum, upp í níu ára fangelsi, sem er nánast hámark á núverandi refsiramma. Það verður að skapa svigrúm til þess að dómarar geti tekið á því ef upp koma enn þá alvarlegri mál.

[12:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þarf ekki vitnanna við. Maður reynir hér að fara málefnalega yfir málið. Ég tók það sérstaklega fram og frábað mér að menn dyttu niður í þessa leðju, þ.e. að halda því fram að þeir sem fylgdu ekki dómsmrh. að málum í þessu væru deigir í baráttunni gegn fíkniefnum, en hún væri hinn harði andstæðingur. Þetta er ódýrt. Þetta er lélegt. Þetta er slappt.

Herra forseti. Í ræðu hv. þm., hæstv. dómsmrh., 1998 segir hún, með leyfi forseta:

„Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga."

Hún hefur breytt um skoðun frá því þá. Ja, tilgangurinn helgar meðalið. Hún er að fara með fíkniefnabaráttuna inn í ódýran farveg og ég tek ekki þátt í því. Ég vil berjast gegn fíkniefnum eins og hún. En ekki með ódýrum yfirboðum.

[12:50]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil skoða það frv. sem er hér til umfjöllunar í samhengi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað sér í áfengis- og fíkniefnamálum. Við höfum á undanförnum árum orðið vitni að ýmsum aðgerðum sem hafa verið settar af stað. Stofnað var áfengis- og vímuvarnaráð. Samhæfing á milli ráðuneyta var aukin. Tollgæsla hefur verið aukin, forvarnir auknar og lögreglan efld. Allt miðar þetta að því að koma í veg fyrir framboð á fíkniefnum hér á landi.

Einn þátturinn í þessu er að þyngja refsingar, þó ég geti ekki dregið úr mínum huga hvort það hafi verið hluti af þessu, en það er alveg augljóslega í samhengi. Mér hefur einmitt fundist Samfylkingin gefa þau skilaboð að þau væru tilbúin til að vinna að þessum málum eins og aðrir flokkar hér á þinginu og það hefur verið staðfest í máli hv. þm. Þess vegna kemur mér það mjög á óvart að Samfylkingin skuli vera mótfallin því að þyngja refsingar vegna fíkniefnabrota. Það er ekki eins og verið sé að þyngja þetta um helming úr tíu í 20 ár. Það er verið að þyngja þetta um tvö ár. Það er verið að tala um að gefa hrein og bein skilaboð, eins og í öllum öðrum aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur staðið að á undanförnum árum.

Ég er að velta fyrir mér hvort Samfylkingin sé mótfallin því að gefa þessi skýru skilaboð. Ég vil ekki ætla Samfylkingunni það að verja málstað fíkniefnasala. Ég vil alls ekki gera þeim það. Mér fyndist það alveg út úr kortinu og ætla ekki að gera það.

En ég vil bara fá að vita hvað valdi því að Samfylkingin vill ekki taka þátt í því með okkur að gefa þessi skýru skilaboð til fíkniefnasala, þ.e. að ef þeir gerist brotlegir þá muni það fela í sér hættu á þyngri refsingu.

Hér hefur verið nefnt að þyngingu refsinga sé ávísun á harðari heim og ég mun koma inn á það á eftir.

[12:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Ég vil ekki ætla Samfylkingunni það að hún vilji verja fíkniefnasala." Hvers lags er þetta eiginlega, herra forseti? Hvers lags er þetta? (**ÁMöl:** Ég sagði það.) Manni er gjörsamlega orðavant í þessu samhengi. Ég vil nú bara halda því til haga, því hv. þm. fór yfir sviðið í heild og breidd, áfengis- og fíkniefnabaráttuna og meðferðarúrræði og fræðslustarfið og annað því um líkt og þakkaði fyrir að við vildum vera í för með ríkisstjórninni, að ég veit ekki hver hefur átt mest frumkvæði að því hér í þessum þingsal aðrir en hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Ég veit ekki betur en það séu hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa hér með hverju frv. á fætur öðru verið að þétta raðirnar í þessum efnum yfirleitt og taka heildstætt á málum. En yfirleitt hefur ríkisstjórnin ekki henglast með.

Herra forseti. Það er ósköp augljóst og skiljanlegt að hv. þm. vilji auðvitað ekki ræða efni máls, en detta í það fúafen með hæstv. ráðherra að segja að þeir sem eru ekki með oss þeir eru á móti oss og þeir sem vilja ekki fara þá leið að hækka hér refsingar úr tíu árum í 12 ár sem viðurlög við fíkniefnabrotum, séu deigir í baráttunni gegn fíkniefnum.

Þetta er bara tóm þvæla. Það er búið að fara yfir þetta mál. Ég gerði það í klukkutíma hér áðan. Ég þarf greinilega annan eða tvo, til þess að þetta komist í gegn. Ég er að fara yfir málefnaleg rök málsins. Hefur þetta áhrif? Skiptir þetta máli? Er þörf á þessu? Um það snýst málið. Hvernig væri að tala um það en ekki eitthvað allt annað?

[12:54]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vakti athygli á þessu einmitt vegna þess að mér finnst afstaða Samfylkingarinnar vera stílbrot frá því sem hún hefur hingað til barist fyrir. Hún hefur verið samstiga stjórnarliðum í því að berjast gegn þessu. Þess vegna kemur mér mjög á óvart að hún vilji ekki vera með okkur í því að gefa þau skýru skilaboð til fíkniefnasala að framferði þeirra verði ekki liðið.

Og þegar verið er að tala um að þyngja refsinga feli í sér harðari brot þá erum við að tala um mun þyngri refsingar. Þá hefur verið talað um allt upp í 20 ár. Í Noregi er það í kringum 20 ár. Þar getur það hugsanlega haft þau áhrif, og rannsóknir hafa staðfest það, sem hv. þm. nefndi. En við erum ekki að tala um 20 ár. Við erum að tala um skýr skilaboð, þ.e. að fara úr tíu árum í 12 ár þannig að það sé í samhengi við það sem hingað til hefur verið gert af hendi ríkisstjórnarinnar. Þannig horfir þetta við mér og ég er undrandi.

[12:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur ekki verið samstiga ríkisstjórninni í þessum málum. Hún hefur verið langt á undan henni. Hún hefur verið langt á undan henni í baráttunni gegn fíkniefnum. Ég rifjaði það upp örstutt áðan hvernig við þyrftum að taka harðan slag við hæstv. dómsmrh. (**ÁMöl:** Af hverju þetta stílbrot?) um margrætt yfirvinnubann. Af hverju þetta stílbrot!

Herra forseti. Er þetta þá stílbrot hjá dómstólaráði? Er þetta þá stílbrot hjá Lögmannafélaginu? Er þetta þá stílbrot hjá Erlendi Baldurssyni? (Gripið fram í.) Er það stílbrot hjá öllum þeim sérfræðingum sem að málinu koma að gjalda varhug við því að þetta hafi ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Að þetta hafi í fyrsta lagi áhrif. Í öðru lagi vilja menn vita hvaða áhrif þetta hugsanlega hafi. Er það stílbrot að biðja um svör við því? Það er hins vegar algert stílbrot að vita ekki neitt um það. Og þannig er það því miður hjá hv. þm. Ástu Möller og stjórnarmeirihlutanum, að þetta mál hefur ekki verið hugsað til enda. Það er það eina sem við biðjum um.

Ef við fengjum hér fullgild rök fyrir því að þetta hefði áhrif, þetta virkaði, þá værum við örugglega fyrstir allra til þess að leggja þessu lið.

[12:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur einmitt verið hugsað til enda. Við skulum aðeins átta okkur á því um hvers konar brot við erum að ræða.

Allt samfélagið er sammála um að við ofbeldisbrotum eigi að beita hörðum refsingum. Hvað eru ofbeldisbrot? Ofbeldisbrot eru iðulega framin í brjálæði, eru skyndiviðbrögð. Það er ekki nein skipulögð starfsemi sem býr að baki ofbeldisbrota sem allir eru þó sammála um að svara eigi af mikilli hörku. Þannig brot eru oft framin í ölæði, undir áhrifum ávana- og fíkniefna o.s.frv.

En hvers konar brot erum við að tala um hér? Við erum ekki að tala um brot sem eru framin bara sisona af einhverju vanhugsuðu ráði. Við erum að tala um brot þar sem er einbeittur brotavilji, þ.e. skipulögð starfsemi á sér stað. Til eru menn sem gera það að atvinnu sinni að nýta sér veikleika þeirra sem minni máttar eru í þjóðfélaginu og nýta sér veikleika þeirra gagnvart fíkniefnum. Það er verið að fara inn í skólana.

Er að ástæðulausu verið að leggja fram frv. um breytingu á lögum frá árinu 1974? Heldur hv. þm. að Íslandi hafi ekki eitthvað breyst frá árinu 1974?

Hv. þm. var tíðrætt um orð Erlendar Baldurssonar hins ágæta starfsmanns Fangelsismálastofnunar. Ég vil því spyrja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson hvort hann sé sammála því að við megum ekki breyta refsilöggjöfinni vegna þess að hugsanlegt er að hún kalli þá á meiri kostnað og fleiri fanga inn í fangelsin? Að mínu mati er það hluti af okkar refsivörslukerfi að sjá til þess að nægilegt fjárframlag sé fyrir einmitt þessa þætti í refsivörslunni.

[12:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust að fara með staðróið fyrir mig um alvarleika þeirra glæpa sem hér um ræðir því ég er alveg jafnmeðvitaður um þá og hv. þm. og aðrir stjórnarliðar og vil taka þá mjög föstum tökum og sýna litla miskunn.

Það sem ég hef verið að reyna að leggja hér höfuðáherslu á er hvort tilgangurinn helgi meðalið og þessi aðgerð ein og sér hafi í raun þau áhrif sem til er ætlast, hafi fælingaráhrif og dragi úr þeirri tegund alvarlegra glæpa sem við erum að tala um. En þar vantar svörin. Mun þetta hafa þau áhrif sem ég tel að hæstv. dómsmrh. og stjórnarmeirihlutinn vonist til? Um það hef ég ekki verið fullkomlega sannfærður og hef vísað til sérfræðinga í því sambandi.

Herra forseti. Hvað Erlend Baldursson varðar þá hef ég aldrei sagt eitt aukatekið orð um að ég hafi einhverjar áhyggjur af því að fangelsin fyllist. Það er nú eitt verkefnið sem hæstv. dómsmrh. og raunar forveri hennar öllu heldur hefur verið að veltast með í ein tíu eða 15 ár, þ.e. að byggja nútímalegt fangelsi. Það gengur hægt. Aðallega var það forvera hennar sem miðaði hægt. En nóg um það. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að þessi reynslumikli maður lýsti bara sínum efasemdum um að þetta virkaði. Og það er einfaldlega það sem ég er að kasta hér upp. Mér duga ekkert þau svör að segja bara hér: „Víst." Ég tek mark á því fólki sem ég starfa með, hv. þingmönnum. En ég tek líka mið af þeim sérfræðingum sem vinna úti á akrinum og þekkja þetta þeim megin frá og hef þess vegna verið að rekja umsagnir þeirra hvers af öðrum, þar sem þeir gjalda varhug við þessu og vekja upp áleitnar spurningar. Um það snýst þetta mál fyrst og síðast, ekki um það hver er harður og hver er mjúkur.

[13:01]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sagt áður að mér finnst stundum eins og ég sé að berja höfðinu við steininn við að reyna að rökstyðja í fyrsta lagi hversu vel þetta mál er unnið af hálfu dómsmrn. og hv. allshn. og síðan röksemdum með málatilbúningi okkar.

En ég get í rauninni tekið undir það eitt og sér að það dugir ekki að hækka rammann úr 10 í 12 ár en það er hluti af því að berjast gegn fíkniefnavandanum. Við erum að tala um forvarnir. Við erum að tala um að tolleftirlitið sé í góðu lagi. Við erum að tala um að löggjafinn sitji ekki eftir.

Við verðum líka að þora að axla ábyrgð og taka þessa afstöðu. Þetta er hluti af heildarpakkanum.

[13:02]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Já, þetta er vissulega hluti af heildarpakkanum og álitamál sem ég ætla ekkert að víkjast undan að skoða. En ég verð að hafa fullvissu fyrir því að breytingin virki.

En, herra forseti. Halda hv. þm. að það virki þannig að ef þingið vill fá röksemdir fyrir ágæti þess að fara þessa leið sé það merki út í samfélagið að hér séu menn deigir í baráttunni? Það er fremur þannig, herra forseti, að fólk velti því fyrir sér þegar lofað er milljörðum á milljarða ofan en lítið sést í þá sem fólk segir: Eru pólitíkusarnir bara að blaðra sig frá málinu? Eru þeir bara að sýnast? Meina þeir ekki neitt? Fólk spyr þegar fíkniefnalögreglan segir: Við getum ekki unnið vinnu okkar. Þá segir fólk: Eru pólitíkusarnir ekkert að meina í málinu?

Þess vegna vara ég við hinum ódýru merkjagjöfum út í samfélagið á borð við þá sem hér er þegar annað fylgir ekki með. Það vantar heilmikið upp á að stjórnarmeirihlutinn standi sig í stykkinu í þessum efnum. Það vantar peninga. Nýleg dæmi í þá veruna styrkja það og styðja.

Þetta eitt og sér mun ekki bjarga Róm frá að brenna.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

17. og 18. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþykkt með 38 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1142. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 367. mál (opinber rannsókn). — Þskj. 580, nál. 1072 og 1100, brtt. 1134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Brtt. 1134 felld með 23:11 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, LB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að gerð verði bragarbót á þeirri tillögu eða því frv. sem liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi er komið í veg fyrir að hluti ákæruvalds sé færður til hæstv. dómsmrh. með þeirri hættu sem af því kann að hljótast. Í öðru lagi er lagt til að í tilvikum þar sem mál sem eru fyrnd eru endurupptekin sé ekki um að ræða beina lögreglurannsókn því það felur í sér ákveðinn sakaráburð. Því leggjum við til að hér sé opnað á að mál séu endurupptekin en um leið tryggt að slíkir vankantar á þeirri málsmeðferð séu ekki til staðar. Því segi ég já, virðulegi forseti.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tel þessa lagabreytingu vera til bóta. Hún er til þess fallin að styrkja þrískiptingu valdsins gagnstætt því sem haldið hefur verið fram. Ríkissaksóknari getur lögum samkvæmt ákveðið að verða við beiðni um rannsókn á máli sem fyrnt er. Hann getur líka neitað að verða við slíkri beiðni um rannsókn sem snertir hugsanlega embætti hans sjálfs eða forvera hans. Ef álitamál er hvort brot hafi átt sér stað í opinberu starfi við rannsókn á máli, t.d. hjá embætti ríkissaksóknara, þá er mjög mikilvægt að tekin verði af öll tvímæli um óhlutdrægni embættisins með því að hafa málskotsrétt til þriðja aðila. Það er mjög mikilvægt að slíkt geti gengið fyrir sig á auðveldan hátt eins og gert er ráð fyrir í þessum lagabreytingum.

[13:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin telur nauðsynlegt að unnt sé að taka upp mál á borð við Guðmundar- og Geirfinnsmálin þar sem verulegar, alvarlegar ábendingar hafa komið fram um að rannsókn eða meðferð máls hafi verið áfátt. Slíkur öryggisventill er nauðsynlegur til að unnt sé að fá hið sanna fram þegar réttarvörslukerfið lítur út fyrir að hafa brugðist.

Við ítrekum mikilvægi þess að veita slíka heimild, herra forseti, en við teljum óeðlilegt að fela dómsmrh. einum að meta þetta. Því munum við sitja hjá við meðferð málsins.

Brtt. í nál. 1072 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, KolH, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, JÁ, JóhS, LB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, KolH, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, JÁ, JóhS, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Áhafnir íslenskra skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 157. mál (reynsluskírteini). — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KPál, LB, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
1 þm. (HjÁ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 179. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 181. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 195. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samvinnufélög (rekstrarumgjörð), frh. 3. umr.

Stjfrv., 448. mál. — Þskj. 1138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1147).

Samvinnufélög (innlánsdeildir), frh. 3. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 1139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1148).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 481. mál (samvinnufélög). — Þskj. 1140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1149).

Rafrænar undirskriftir, 3. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 1141, brtt. 1142.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Brtt. 1142 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, KPál, LB, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1150).

Fjarskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 203, brtt. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Brtt. 1124 felld með 23:6 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÖJ.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, LB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, LMR, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Brtt. mín gengur út á að fella niður ákvæði í lögum sem kveður á um tilkynningarskyldu vegna hjóðritunar á símtölum.

Hæstv. samgrh. er að knýja fram lagabreytingar í gegnum þingið sem heimila fjármálastofnunum að taka upp á segulband viðtöl við viðskiptavini sína ef stofnunin hefur einhverju sinni lýst því yfir að slík vinnubrögð séu viðhöfð.

Og sama gildir um fjölmiðlana. Heimilt er að taka viðtöl við viðmælendur upp á segulband ef einhvern tímann hefur verið tilkynnt um slíkt.

En mega viðmælendurnir og viðskiptavinirnir hafa sama hátt á? Nei. Það er bannað með þeim lögum sem verið er að setja.

Einstaklingi sem vill taka upp á segulband viðtal við einhvern sem ofsækir hann í gegnum síma er meinað að gera það. En samkvæmt yfirlýsingu frá hæstv. samgrh. nægir að tilkynna það í eitt skipti fyrir öll.

Þetta er skrípaleikur. Þetta er skrípaleikur sem byggist á misskilningi, sem er sprottinn af rangri þýðingu á tilskipun frá Brussel.

Frv. samþ. með 28:4 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, LMR, LB, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÖJ.
6 þm. (GE, GAK, GÁS, JóhS, KolH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, EMS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, MF, ÓI, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1151).

Ávana- og fíkniefni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376.
[13:50]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Þetta mál hefur verið til meðferðar í hv. allshn. og hefur verið rætt hér í allan morgun og hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson farið afar ítarlega yfir málið.

Mig langar að segja nokkur orð um málið. Því miður var ég ekki viðstödd 2. umr. og gat því ekki tekið þátt í henni. En það eru ákveðnir þættir sem mig langar að koma að.

Fyrir það fyrsta er rétt að rifja upp að þingið synjaði því að ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þm. afsökunar, en ég sé ástæðu til að biðja hv. þm. sem ekki hafa orðið um að hafa það í huga að þeir hafa ekki orðið.)

Ég vil bara benda hv. þingmönnum á að hvíslast á.

Þetta mál hefur vakið mikla umræðu innan þingsins sem utan. Það hefði náttúrlega verið eðlilegasti hlutur í heimi að nefndin færi aðeins yfir málið aftur og fengi Sigurð Tómas Magnússon, sem er formaður þeirrar nefndar sem skipuð var á árinu 1997 eða 1998, til skrafs og ráðagerða. En það var hins vegar upplýst í upphafi aukafundar allshn. af embættismanni dómsmrn. að sú nefnd væri komin á gott skrið og væri Sigurður Tómas Magnússon í þessu núna eiginlega í fullu starfi eftir því sem mér skildist og jafnframt væri Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur að vinna með honum.

Þessi vinna er að sjálfsögðu algjörlega til fyrirmyndar. Það kom líka fram að þetta er vinna sem gengur tiltölulega hratt fyrir sig og mun vinnunni verða hraðað þannig að skýrslan ætti að vera tilbúin með haustinu.

Ég vil einnig taka undir það að þessi þáltill., sem var samþykkt þegar núv. hæstv. dómsmrh. var formaður allshn., er um margt algerlega til fyrirmyndar. Það er kannski sérstaklega út frá því að þessi vinna er að koma fram. Og er það vinnulag sem má temja sér í enn fleiri málum.

Þess vegna skilur maður ekki alveg af hverju ekki var beðið með niðurstöðu hennar og tillögur gerðar út frá þeim niðurstöðum, því að við getum þess í áliti minni hlutans að okkur finnist óeðlilegt að taka núna strax út einn refsirammann og hækka hann án þess að fyrir því liggi afar gild rök önnur en þau að inn á markaðinn sé að flæða mikið af hörðum efnum.

Hörð efni eru eða slíkir flokkar eru í rauninni þeir sömu hvort sem það er amfetamín, kókaín, heróín eða morfín. Þau efni eru öll þess eðlis að mjög þungir dómar hafa fallið í málum sem tengjast þeim og mundi heróín ekki vera neitt undanskilið þar, eða morfín. Það er því kannski ekki endilega það.

Ekki má heldur gleyma því að dómur er eitt og afplánun er annað. Og það er kannski það sem þarf líka að koma inn í umræðuna.

Það er þannig með þennan brotaflokk og þessi dópmál að það sem hefur kannski hvað mest áhrif varðandi þau mál er forvörnin. Það er forvörnin, samstarf tollvarða og lögreglu og allir þeir samverkandi þættir. Það er það sem er mikilvægast í þessum málaflokki. Og um það eru allir sammála. Á það þarf að leggja sem mesta áherslu, því að ef til vill hafa foreldrar og þeir sem hafa átt um sárt að binda í þessum málaflokki kannski um of einblínt á að refsingin væri aðalatriðið, en rétt er að það komi fram enn einu sinni að dómur er eitt og afplánun er annað. Þó að dæmt sé í átta ár er ekki þar með sagt að afplánun sé átta ár. Það er því spurning um að láta þetta hanga á einhvern annan hátt saman.

Meðal fræðimanna, afbrotafræðinga, félagsfræðinga og annarra, eru allir sammála um að hækkun á refsingum hefur afskaplega lítil fælingaráhrif fyrir þennan markað, afar, afar lítil, því miður. Meira að segja hafa verið að koma fram upplýsingar um að ákveðin áhættuþóknun er í því hjá dópsölum einmitt um það hversu háan dóm þeir gætu fengið og hversu margra ára viðskipti þeir gætu fengið og þar með hækkað efnin með tilliti til þess. Þetta er markaður sem er gjörsamlega neðan jarðar og er alveg með óheyrilegt magn af peningum og með óheyrilega útsmogna starfsemi og útsmognar áherslur á hvað dóp kostar og af hverju það kostar það sem það kostar. Það væri því mjög gagnlegt fyrir þingmenn að kynna sér það.

Ég hef setið í áfengis- og vímuvarnaráði og hafði mjög mikla ánægju af þeirri vinnu sem þar fer fram og þar er afar margt að gerast. Og ég vil enn leggja áherslu á forvarnir. Ég held að fælingaráhrifin verði engin, því miður, með þessari hækkun.

Við sjáum núna t.d. það sem er að gerast í samræmdu prófunum í 10. bekk, því allt byrjar þetta einhvers staðar. Einhvers staðar byrjar þessi vítahringur að skapast, hann byrjar auðvitað í áfengi og síðan byrja krakkar að fikta og svona gengur þetta koll af kolli og síðan er fólk orðið háð efnum og þá hringiðu þekkjum við öll. En eins og ég sagði áðan, fælingaráhrifin eru engin með hækkun.

Einnig hefur komið í ljós og á það var bent í hádegisfréttum og ég fékk það núna inn til mín, að verið er að kynna rannsókn sem nær yfir öll lönd Vestur-Evrópu og niðurstaða hennar er sú að refsing hefur engin áhrif á brotin. Alveg sama hversu refsiramminn er hár. Það hefur ekki fælingaráhrif, nema ef vera kynni — og mega hv. þm. nú geta í hvaða málaflokki. Það er auðvitað í kynferðisafbrotamálum og sérstaklega í sifjaspellsmálum. Því að um leið og það er viðurkennt að þau fyrnist t.d. ekki og með því að hækka refsirammann, þá er gagnvart þeim brotaflokki gríðarleg fælingaráhrif, í slíkum leyndardómsmálum. Því að um leið og þau fara að koma upp á yfirborðið, þá er auðvitað andskotinn laus. Þar virðist því vera um meiri fælingaráhrif að ræða en í mörgum öðrum málaflokkum.

En það er mjög athyglisvert að líta á niðurstöðu könnunarinnar. Það virðist ekki vera samhengi á milli hárra refsinga og þess hvort brot aukast eða ásetningur til brota. Það virðist ekki hafa áhrif, enda hefur það komið fram hér í máli manna að þynging dóma hafi ekki áhrif á það hversu margir eru í dópbransanum.

Það sem hefur einnig verið að gerast hér er það að við höfum verið að þyngja dóma, þ.e. léttari mál hafa verið að fá þyngri dóma en ella. Þar með er þröskuldurinn hækkaður. Og það er kannski þar sem þetta byrjar allt saman. Síðan má alltaf ræða það hvort tíu ár sé nægjanlegt eða ekki.

Ég vil hins vegar fara að nýta þá vinnuaðferð að við fáum ákveðnar úttektir og að við byggjum tillögur okkar á þeim. Það er hins vegar ekki vilji meiri hluta þingsins að fara þá leið þrátt fyrir að fyrir liggi þáltill. um það sem var samþykkt. En hún mun kannski gagnast okkur í öðrum brotaflokkum því að sú nefnd sem er að störfum mun kanna bæði kynferðisafbrotin og líkamsárásirnar. Kannski gagnast sú vinna okkur afar vel í þeim þungu málum líka og verður það okkur vonandi til framdráttar.

Sú vinna á kannski eftir að skila sér í röð frv. um þau mál og jafnvel einhverjar frekari breytingar á dómum í dópmálum. Við vitum það ekki enn þá.

Ég vil bara benda þingmönnum á að kynna sér aðeins þá skýrslu sem komin er fram um þróun afbrota og tengingu við refsingar, þ.e. um að það er afskaplega lítið samhengi þar á milli. Og í niðurstöðu þessarar rannsóknar er jafnframt bent á að í fangelsunum eigi að fara fram uppbyggilegt starf til að reyna að rjúfa þann vítahring sem síbrotamennska er.

Eins og fram hefur komið fannst okkur óeðlilegt að taka út einn refsiramma umfram annan. Við hefðum heldur viljað sjá heildstæða vinnu í gangi og skoða fleiri refsiramma. En það gengur ekki eftir að sinni. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð, herra forseti, um þetta mál.

[14:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vakti athygli á ýmsum atriðum sem ágætt er að fá inn í umræðuna. Ég er alveg sammála henni um að það þarf að huga mjög vel að forvörnum í tengslum við fíkniefnamálin en það er líka stefna ríkisstjórnarinnar. Lagt hefur verið mikið fé í þennan málaflokk. Það er lögð áhersla á að efla löggæsluna, fjölga mönnum þar, bæta menntun, efla tollgæslu og gera allt sem hægt er til þess að vinna gegn þessum vágesti, snúa við þessari óheillaþróun. Frv. er, eins og hér hefur áður verið minnst á, hluti af þessum pakka öllum, þ.e. að vinna gegn fíkniefnunum.

Ég kom sérstaklega upp vegna þess að hv. þm. nefndi það og sagði það sína skoðun og að fyrir því væru rök að fangelsi hefðu ekki áhrif á sakamenn í fíkniefnamálum. En það kemur einmitt fram í þessari skýrslu til íslenskra stjórnvalda um rannsókn á ítrekunartíðni afbrota að það er svo sérstakt með þennan málaflokk, fíkniefnamálin, að þar virðist ítrekunartíðni manna sem dæmdir í fangelsi vera fremur lág. Þar virðist refsingin hafa áhrif. Svo þurfum við líka að hugsa til þess að þegar menn eru dæmdir í fangelsi þá er það auðvitað refsing en það er líka hægt að nýta refsinguna til þess að gera

menn að betri mönnum og hjálpa þeim til að komast aftur út í samfélagið.

[14:03]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra nefndi forvarnastarfið. Ég vil endilega taka undir að það hefur verið afar farsælt. Ég vil bara minna núna á 10. bekkjar ferð með foreldrum. Nú er ungt fólk ekki lengur fullt í bænum. Einhvers staðar byrjar þetta. Það er því allt saman að skila sér og ekki hvað síst meðvitund foreldra.

Vel má vera að ítrekunartíðni sé lág en við skulum ekki gleyma því að við erum að fást við alveg ofboðslega klókt lið. Það kann líka að passa sig. Það fær líka nýja til þess að bera fyrir sig o.s.frv. þannig að við erum alltaf að sjá stærri og stærri hóp sem er sakfelldur en er þó kannski samt sem áður allt angi af sömu klíkunni. Það eru líka alveg gríðarleg klókindi í þessum geira. Fyrir því þurfum við ekki síst að vera vakandi núna og ekki hvað síst fyrir því að við erum líka að komast í þessi alþjóðlegu tengsl. Það sem er að skila sér best núna er samstarf löggæslunnar, bæði tollavarða og lögreglu. Það er líka ástæðan fyrir því að mjög mikið af dópi finnst. Það er búið að taka langan tíma að koma þessu samstarfi á, en núna er það líka að verða mjög farsælt og er að skila sér. En við megum ekki gleyma því að við erum að fást við alveg gríðarlega klókan hóp.

[14:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara segja að ég tek undir orð hv. þm. Ég tel að þau renni einmitt frekari stoðum undir frv. sem við erum að ræða, þ.e. að ástæða sé til þess að útvíkka refsirammann, full ástæða til þess.

[14:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að blanda mér í þessa umræðu og líta á þau sjónarmið sem menn hafa í huga þegar þeir ákvarða refsingu þeirra sem brjóta lögmál samfélagsins. Það hefur ekki komið nægilega skýrt fram nema lítillega í ágætri ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar fyrir hádegi.

Þau sjónarmið sem höfð eru í huga eru:

1. Hefnd.
2. Geymsla.
3. Fæling.
4. Betrun.

Hefndin var ríkjandi sjónarmið, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn, áður en kristinn siður var tekinn upp, bæði hér á landi og annars staðar. Dæmi um það er Gamla testamentið og Njála. Almennt hefur verið talið að hefndin eigi ekki að ríkja sem sjónarmið við refsingar en hún á sér þó enn þá fylgjendur og kemur upp öðru hverju.

Hin sjónarmiðin, þ.e. geymslan, það að geyma sakamanninn fyrir samfélaginu þannig að hann sé ekki að halda áfram að brjóta á samborgurum sínum, fælingin og betrunin eru sjónarmið sem enn eru í gildi og koma upp öðru hverju í ýmsum málum.

Refsingar hljóta að hafa mjög mismunandi áhrif eftir því um hvaða brot er að ræða, hvort það eru ástríðubrot sem eru framin í augnabliksæði, í ákveðinni geðveiki, hvort það eru þvingaðir glæpir eins og oft og tíðum er með eiturlyfjaglæpi, eða hvort það eru skipulagðir glæpir þar sem menn með köldum huga skipuleggja glæpi sem þeir vita nákvæmlega hvaða afleiðingar hafa og hvaða refsingar liggja við.

Varðandi mælikvarða og sjónarmið sem varða refsingar þá er það ákveðinn mælikvarði á siðferði og mannúð í hverju þjóðfélagi hvernig refsingar eru. Við erum ekkert mjög hrifin af fréttum þar sem verið er að höggva hendur af fólki og annað slíkt í refsingarskyni. Við teljum að við séum með nokkuð mikla mannúð og gott siðferði í sambandi við refsingar.

Við Íslendingar höfum notið þess að hafa eiginlega ekki kynnst eiturlyfjum fyrr en fyrir svona 15, 20 árum. Þetta var gjörsamlega óþekkt. Við þekktum að sjálfsögðu áfengissýkina og þá harmleiki sem hún veldur. En við vorum tiltölulega bláeyg gagnvart eiturlyfjum þar til þau helltust yfir okkur allt í einu. Og bæði refsingar og dómar bera þess merki að þetta hefur verið að þróast.

Ég nefni sem dæmi að e-töflur voru ekki bannaðar í upphafi. Menn áttuðu sig ekki á afleiðingum þeirra. Það sama á við um stera. Síðan uppgötva menn og finna út hvaða afleiðingar þessi lyf hafa og mörg efni, LSD t.d., og þau eru bönnuð. Og þá er allt í einu farið að refsa fyrir eitthvað sem ekki var refsivert áður. Og það er einmitt það sem ég held að þurfi að koma inn í þetta mál sem við ræðum hér að brotin eru að breytast. Ég vildi gjarnan að þeir sem eru á móti því að þyngja þennan ramma hugleiði eftirfarandi: Segjum að æðsti yfirmaður kókaínshrings í Kólumbíu væri tekinn á Keflavíkurflugvelli og það sannist á hann, hann sé með gögn með sér sem sanna að hann sé sekur og skipuleggi sölu eiturlyfja um allan heim og valdi ómældri þjáningu hjá hundruð þúsunda manna um allan heim. Þetta er glæpur sem við höfum bara aldrei séð. Og hvernig ætlum við að dæma þennan mann? Að hámarki í tíu ár? Hann mundi sennilega flýja til Íslands annars staðar frá ef hann vissi af því.

Ég held að þetta frv. þurfi að taka á þessu því við erum alltaf að horfast í augu við þyngri og þyngri mál. Því fer maður að spyrja sig þegar farið er að dæma menn til níu ára fangelsisvistar núna fyrir ákveðið brot: Hvað ætla menn að gera þegar kemur að miklu alvarlegri brotum og þegar næst í þá menn sem aldrei næst í, þá sem skipuleggja með köldu blóði allan innflutninginn? Það næst aldrei í þá vegna þess að alltaf eru einhver „saklaus" burðardýr tekin, rekin áfram af fíkninni, viljalaus, til þess að fremja glæpi. Þess vegna hefur fælingin eða lengd refsingar engin áhrif á það fólk sem er tekið, viljalaust og rekið áfram af fíkninni. Það gleymist alltaf í þessu máli sem og öðrum að þetta fólk hefur ekkert frjálsan vilja. Það er ofurselt fíkninni.

Það eru hinir sem skipuleggja glæpinn ofan frá, þeir sem skipuleggja iðnaðinn, sem ættu skilið langa refsingu og það eru þeir sem refsingin gæti hugsanlega fælt frá, hugsanlega.

Reyndar væri mjög áhugavert að menn litu á fíkniefnaiðnaðinn sem iðnað og sem atvinnugrein, herra forseti, að menn fari að líta á þetta sem atvinnugrein nákvæmlega eins og sjávarveg eða einhverja aðra atvinnugrein og átta sig á því við hvernig aðstæður þessi „atvinnugrein" býr. Hún býr við þær aðstæður að hafa afskaplega hátt verð sem haldið er uppi með lögum, með bönnum og refsingum. Verðið er beint fall af refsingum. Ímyndum okkur að allt í einu gæfi allur heimurinn eiturlyf frjáls. Verðið mundi lækka umtalsvert.

Hin gífurlega góða markaðssetning í þessari atvinnugrein sem felst í því að það er maður á mann, það er maður á mann á litlu börnin í grunnskólunum þar sem þeim eru gefin eiturlyf til þess að koma þeim á bragðið. Markaðssetningin er svona sterk vegna þess hve verðið er hátt, vegna þess hve bönnin eru mikil.

Ef menn fara að skoða þessa atvinnugrein sem atvinnugrein þá getur verið að menn mundu kannski bregðast öðruvísi við. En ég hygg að það verði að gerast yfir allan heiminn samtímis. Það mætti gjarnan skoða hvaða afleiðingar það hefði ef eiturlyf yrðu bönnuð og leyfð til skiptis, tvö, þrjú ár í senn því ekkert fer eins illa með neina atvinnugrein, og það þekkjum við Íslendingar í sjávarútvegi, og einmitt sveiflukennt verð.

Mér finnst ég þurfa að koma inn á þetta. Mér að finnst frv. sem við ræðum sé meira til að taka á þyngri glæpum, ekki til að auka refsingu við þeim glæpum sem hafa verið framdir hingað til. Þar á að gæta samræmis. En við erum alltaf að mæta þyngri og þyngri glæpum og hvað ætlum við að gera þegar við náum loksins í einhvern af höfuðpaurunum? Á þá að dæma hann eins og burðardýrið sem rekið er áfram að fíkninni og tekur á sig alla sökina af ótta? Af ótta við hefndir sem við trúum varla að séu til en því miður sjáum við aftur og aftur að raunverulegar hefndir tíðkast í þessari atvinnugrein.

Vegna þessa er ég hlynntur þessu frv. Ekki vegna þess að það þyngi refsingar við núverandi brotum, alls ekki, heldur ef við skyldum ná í miklu harðsvíraðri brotamenn sem skipuleggja allt saman. (**Gripið fram í:** Nægja þá 12 ár?) Nei, það er nefnilega góð spurning hvort 12 ár nægja. Ég er ekkert endilega viss um að þau dygðu til.

Svo er hérna mat fjmrn. sem ég ætla rétt aðeins að gera athugasemd við. Það gerir ráð fyrir því að þetta hafi ekki teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Auðvitað kann svo að vera eftir fimm eða sex ár þegar þyngingin fer að koma í ljós að fleiri verði í fangelsum þannig að það er ekki augljóst að frv. valdi engum kostnaði.

Ég held að sú umræða sem hér hefur átt sér stað hafi verið ágæt, en hún hefur farið í kross. Þeir sem hafa talað gegn þessu frv. hafa rætt um að þyngja dóma við svipuðum brotum og hafa verið framin. Hinir sem kalla á rýmri refsiramma reikna með því að við kunnum að upplýsa brot sem eru miklu alvarlegri en þau brot sem við höfum kynnst. Ég vil taka það fram að ég tel innflutning og skipulagða sölu á eiturlyfjum jafnvalvarlegt athæfi og morð. Það er nefnilega morð í pörtum.

[14:16]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Hér fer fram umræða um frv. um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem meginmarkmiðið er að hækka refsirammann úr tíu árum í 12 vegna fíkniefnabrota. Þó að í þessu frv. sé einnig fjallað um peningaþvætti þá hefur ekki verið fjallað mikið um það í umræðunni en það fellur væntanlega undir það sama. Hér hafa menn rætt um áhrif hertra refsinga og hvort þær nái því markmiði að stemma á einhvern hátt stigu við þessum brotum.

Í þessari umræðu hefur ýmislegt komið fram þó ýmislegt vanti. Umræða hefur dregið það mjög skýrt fram að frv. er mjög vanbúið. Lítil sem engin rannsókn hefur farið fram á því hvaða afleiðingar hertar refsingar kunni að hafa, a.m.k. ekki á vegum yfirvalda. Hins vegar liggja fyrir mjög margar rannsóknir um áhrif hertra refsinga á glæpi og þær ber allar að sama brunni. Hertar refsingar hafa lítil sem engin áhrif á brotastarfsemi yfir höfuð. Það er alveg sama til hvaða rannsókna er litið í þeim efnum, allt virðist bera að sama brunni.

Því hafa menn spurt í þessari umræðu: Af hverju er verið að hækka refsirammann úr tíu árum í 12? Hvaða markmiðum eru menn að reyna að ná? Að hverju er stefnt? Ég held að menn verði að hugleiða í þessu samhengi hver almenn markmið refsinga séu í samfélagi.

Í fyrsta lagi er markmiðið að vernda tiltekna samfélagslega hagsmuni eða einstaklingsbundna hagsmuni. Í refsingunni sjálfri hafa jafnan verið talin a.m.k. fjögur markmið og jafnvel fleiri, þ.e. hefnd samfélagsins fyrir að brotið hafi verið gegn reglum þess. Í öðru lagi að það takist að koma brotamanni til betri vegar á lífsleiðinni. Þriðja markmiðið er að samfélagið geymi þessa menn um stundarsakir og í fjórða lagi eru það margrædd varnaðar- eða fælingaráhrif sem reynt er að ná með því að setja í lög að brot við þeim varði tiltekinni refsingu.

En þá hljótum við að spyrja við þessa umræðu: Hvaða markmiðum er verið að reyna að ná með því að hækka refsingu úr tíu árum í 12? Eins og umræðan hér hefur þróast þá er það bara tvennt sem menn hafa sett fram sem rök, eða sem a.m.k. má skilja sem rök vegna þess að röksemdafærslan hefur vægast sagt verið heldur slök. Í fyrsta lagi er það hefndin og í öðru lagi geymslan. Ekkert annað í eðli refsinga og markmiðum þeirra hefur verið fært fram við þessa umræðu. Hér er ekki talað um að reyna að tryggja að út úr fangelsunum komi betri menn en inn í þau fóru og fyrir liggur að allar rannsóknir á varnaðaráhrifum leiða í ljós að hertar refsingar hafa lítil sem engin áhrif. Þá er aðeins tvennt eftir, þ.e. hefndin og geymslan.

Rökin sem helst hafa heyrst hér eru að dómar sem hafa fallið í alvarlegum málum séu farnir að nálgast tíu ára hámarkið. Það eru út af fyrir sig rök sem allt í lagi er að líta. En menn verða að hafa annað í huga. Það er sama við hvern er rætt og við hvern er talað sem þekkir eða tengist þessu umhverfi sem stundum er nefnt fíkniefnaheimurinn, að öllum ber saman um að harkan í því samfélagi hefur aukist til mikilla muna undanfarin fjögur til fimm ár. Það er líka fróðlegt að velta því fyrir sér hvenær dómar fóru að þyngjast verulega í þessum málum.

Í sjálfu sér er ekki hægt að nefna neinn einn tiltekinn dóm en oft er rætt um að dómur sem er kenndur við Hollending, frá því fyrir nokkrum árum, hafi valdið vatnaskilum í þessu samhengi. Án þess að ég sé að draga beinar ályktanir um tengsl þessara vatnaskila og þeirrar staðreyndar að harkan í þessari veröld hefur orðið miklu mun meiri undanfarin þrjú, fjögur ár þá eru þetta samt sem áður staðreyndir.

Ég vil líka nefna nokkuð sem veikir dálítið málflutning stjórnarliðsins hér á þingi, þ.e. þegar menn tala um nauðsyn þess að hækka refsingar úr tíu árum í 12, en einungis í 40% tilvika þar sem menn eru dæmdir til refsivistar eru þeir látnir sitja allan tímann. Einungis í 40% tilvika er það svo að menn eru látnir sitja allan tímann. Það eru ekki dómstólar sem ákveða þetta heldur stjórnvöld. Stjórnvöld taka ákvörðun um að stytta refsivist um helming eða að leyfa mönnum að yfirgefa refsivistina að genginni tveimur þriðju af tildæmdri refsivist.

Það er því vissulega spurning og ástæða til þess að varpa því upp hér hvort stjórnvöld hefðu ekki að einhverju leyti átt að byrja þar, ef það er viðhorf þeirra að eftir því sem menn sitja lengur inni þeim mun líklegra sé að árangur náist í baráttunni gegn þeim ósóma sem fíkniefnin eru. Það er því ekki mjög sannfærandi að hlaupa til og hafa það eitt vopn í vopnabúrinu að hækka refsirammann.

Sú staðreynd hefur verið nefnd í þessari umræðu að fjárframlög til þeirra sem er ætlað að halda uppi lögum og reglu í

samfélaginu, sérstaklega á þessu sviði, hafa verið ónóg. Það er líka til þess fallið að veikja það að hér sé á ferðinni einhver alvöru tilraun til þess að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er í þessum efnum. Það eru því enn frekari rök fyrir því að hér sé aðeins ætlunin að flagga svona í dagsins önn svo menn geti státað sig af því á mannamótum og í skálaræðum að þeir hafi haft áhuga á því að taka á í þessum málaflokki af einhverri alvöru. Þegar öll rök í þessu máli eru skoðuð er því fyrst og fremst að mínu viti um að ræða einhvers konar viðbrögð, einhvers konar tilraun án þess að nokkurt markmið eða rök séu fyrir henni. Það er einmitt þetta sem umræðan hefur dregið mjög skýrt fram á hinu háa Alþingi.

Það hefur komið mjög skýrt fram að kostirnir við að herða refsingar eru vandfundnir, það er alveg sama hvaða rannsókn er skoðuð er. Ein sú nýjasta var t.d. gerð í níu löndum Vestur-Evrópu. Ég vil vitna í grein sem rituð er á kreml.is. Höfundur hennar er Jón Þór Sturluson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í dag var kynnt ný rannsókn sem virðist í fljótu bragði vera sú besta sem hingað til hefur komið fram á þessu sviði. Í rannsókninni, sem Lars Westfelt við afbrotafræðistofnun Stokkhólmsháskóla hefur gert, er þróun glæpa og tengsl þeirra við refsilöggjöfina í 9 löndum í Vestur-Evrópu skoðuð. Rannsóknin nær til þróunartíðni ólíkra tegunda glæpa síðastliðin 50 ár í 9 löndum í Vestur-Evrópu, sem hafa valið mjög ólíkar leiðir í refsingum.

Niðurstaðan er afar afdráttarlaus, að lengd fangelsisrefsinga hafi engin marktæk áhrif á umfang eða eðli glæpa. Þróun glæpa er mjög svipuð í öllum löndunum 9 jafnvel þó að refsingar sé mjög ólíkar. Stórtækar breytingar á refsilöggjöfinni virðast heldur ekki hafa nein áhrif á glæpi."

Ekki aðeins þessi rannsókn heldur flestar rannsóknir eða allar sem hefur verið vitnað til í þessari umræðu hafa sýnt það eða þeirra niðurstaða er sú að hækkun refsinga hafi í raun engin áhrif.

Þess vegna hefur eftirfarandi spurningu verið velt upp í þessari umræðu: Hvað gengur mönnum til? Hvert er markmiðið? Ekki hefur tekist að draga það fram, enda hafa menn í sjálfu sér ekki önnur markmið en að slá sér á brjóst og reyna að koma sér upp einhvers konar minnismerki sem þeir geta vitnað til í hinni almennu umræðu og þá eru rökin að sjálfsögðu vandfundin.

Við skulum líka velta því fyrir okkur hvaða galla menn sjá við að þyngja refsingar í ljósi þess að hertar refsingar hafa engin áhrif á eðli eða tíðni glæpa. Það er alveg ljóst og þarf ekki langa orðræðu þar um að fáir koma út úr fangelsunum betri menn en þegar þeir fóru þar inn. Það markmið hefur klárlega ekki náðst. Það er líka augljóst, eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á áðan, að vitaskuld hlýst aukinn kostnaður af lengri fangelsisvist. Ég held að mjög gott hafi verið að taka þessa umræðu. Ég held að það sé mönnum mjög hollt að ræða um eðli refsinga, markmið þeirra og að hvaða árangri við stefnum með hertum refsingum og hvort við séum að ná þessum markmiðum. Umræðan hefur leitt í ljós að menn hafa ekki náð neinum árangri með hertum refsingum. Það er bara hinn harði veruleiki í þessu öllu saman, sama hvað skoðun menn hefðu viljað hafa á þessu öllu saman.

Þegar skoðuð er helsta röksemdin sem hér hefur verið færð fram, að vegna þess að þessi heimur er enn að harðna þá þurfi að vera mögulegt að dæma menn til lengri refsivistar af því að dómar eru komnir upp undir þakið, þá hljóta menn að spyrja líka: Á þetta bara við á þessu sviði? Er það einungis á þessu sviði að menn telja nauðsynlegt að hækka refsirammann af því að menn eru komnir upp í þakið?

Ekki er langt síðan dæmt var ævilangt fangelsi í morðmáli. Þar með eru menn komnir svo langt sem hægt er að því er varðar refsingar í slíkum málaflokki fyrir slíkt afbrot. Það er enginn að ræða í neinni alvöru um að dæma menn í margfalt ævilangt fangelsi eða kveða upp líflátsdóma. En með sömu röksemdafærslu og hér hefur heyrst fram ætti slíkt líka við í þessum málaflokki. Það sýnist mér augljóst úr því að fallinn er dómur þar sem ekki verður lengra komist. Þá hljóta menn að vera komnir upp undir þakið. Ef menn eru komnir upp undir þakið í morðmálum þá hlýtur, með sömu röksemdafærslu, að þurfa að koma hér á margföldu ævilöngu fangelsi. (**Gripið fram í:** Það er þekkt fyrirbrigði.) Vissulega. Menn hljóta þá að vera að ræða það á sömu forsendum en ég heyri engan tala um það, ekki einn einasta þingmann sem hér hefur tjáð sig. Þaðan af síður hvetja menn til þess að taka upp líflátsdóma.

Þau rök sem færð hafa verið fyrir þessu frv. halda að mínu viti engu, því miður. Ef það gagnaðist í baráttunni gegn fíkninefum þá væri það vel og þá mundum við vissulega styðja frv. Ég er hins vegar smeykur um að þetta sé einfaldlega flótti stjórnvalda frá veruleikanum, líkt það að lýsa yfir fíkniefnalausu Íslandi árið 2000, 2001, 2002 og árlega eitthvað fram í tímann.

Ég verð því miður að játa að ég fæ á tilfinninguna að stjórnvöld hafi að einhverju leyti gefist upp. Annars fengju menn ekki jafnódýrar hugmyndir og hér um ræðir. Ég lít svo á, virðulegi forseti, að menn setji þær ekki fram í öðrum tilgangi en þeim að koma sér upp einhvers konar minnismerki sem þeir geti vitnað til í ræðum á mannamótum án þess þó að þær miði að því að bæta samfélag okkar.

[14:32]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur talað lengi og oft í þessu máli. En þegar umræðan er farin að snúast um að ætla hæstv. dómsmrh. það að hún sé að reisa sér minnismerki með því máli sem hér er lagt fram þá er það alveg með ólíkindum. Þegar menn eru tala um að þessi tvö ár séu slík viðbót að það jaðri við siðleysi, hvað eiga þeir þá við? Hvað er fangelsisárið langt? Er það 12 mánuðir? Ekki nema í einstaka tilfelli. Ef fangar haga sér vel þá losna þeir fyrr út. Er það ekki hluti af málinu? Hér er sagt að það sé bara nær undantekningarlaust að þeir sem fara í fangelsi komi þaðan út aftur verri en þegar þeir fóru inn. Hvaða fullyrðingar eru þetta? Hvað hefur hv. þm. fyrir sér í því? Liggja fyrir ábyggilegar og óyggjandi upplýsingar um það? Hafa engir fangar komið út úr fangelsi betri menn, m.a. vegna þess að fangelsisárið er sjaldnast 12 mánuðir? Það ræðst m.a. af hegðun þeirra.

Ég verð að segja að þegar menn eru farnir að ætla að dómsmrh. eða aðrir sem nálægt þessu máli koma séu að reisa sér minnisvarða þá eru þeir komnir á hálan ís.

[14:34]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur ekki verið við þessa umræðu. Hann hefur ekki tekið þátt í þessari umræðu og hefur því kannski ekki, án þess að ég viti það nákvæmlega, hlýtt á menn fara lið fyrir lið yfir þá röksemdafærslu sem hér hefur verið sett fram. Þegar það hefur verið gert þá kemur á daginn að ekki stendur steinn yfir

steini. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvað gengur mönnum til? Hvað gengur mönnum til þegar engin rök eru haldbær fyrir þeim aðgerðum sem að er stefnt? Allar rannsóknir sem sýna fram á að markmiðunum verður ekki náð með þessari leið. Er þá nema von að menn spyrji hver markmiðin séu og hvað geri það að verkum að þessi leið er valin? Er nema von að ályktað sé að menn séu að reyna að reisa sér einhvers konar minnisvarða til að vitna til í skálaræðum á mannamótum þegar það á við?

Ég vil líka halda því til haga að ég sagði ekki að allir menn kæmu verri út úr fangelsum. Ég sagði að það lægi ekkert fyrir um það hvort menn kæmu þaðan betri og líklega væri erfitt að færa rök fyrir því.

Ég hef bent á annað, virðulegi forseti, í málflutningi mínum, þ.e. að stjórnvöld veita reynslulausn. Einungis 40% þeirra sem eru dæmdir í refsivist sitja allan þann tíma. Þess vegna velti ég því upp, ef menn telja að lengri fangelsisdvöl geri það á einhvern hátt að verkum að glæpum fækki, hvort ekki væri eðlilegra að stjórnvöld breyttu þessari framkvæmd hjá sér, þ.e. láta menn þá sitja lengur inni telji menn það markmið. Sú leið er hins vegar ekki talin æskilegust.

[14:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson veit jafn vel og ég hve vel er að okkur þingmönnum búið hvað það áhrærir að fylgjast með umræðum þó við séum ekki í þingsal. Ég hef fylgst nokkuð með þessu máli. Málflutningur hv. þm. hefur vakið athygli mína og undrun. Ég er sannfærður um að kjósendur hans, eins og kjósendur mínir, gera þá kröfu til dómsmrn. að tekið sé á þessu máli, svo ekki séu höfð sterkari orð um það. Það er allt of mikið um þessi vandamál í þjóðfélaginu og okkur ber skylda til að taka á þessu máli.

Ég er sannfærður um meiri möguleikar dómstólanna á að dæma þyngra séu sjálfsagðir og eðlilegir. Meira að segja er umhugsunarefni hvort ekki eigi frekar að bæta við heldur en hitt, t.d. hýðingu á almannafæri. Þessi málflutningur er með ólíkindum, að tvö ár í viðbót við það sem fyrir er skuli valda slíku umróti og slíkum langlokum hér í umræðunni. Því er jafnvel haldið fram að dómsmrh. sé að reisa sér minnisvarða og sagt að það sé til þess að hún geti stáð sig af þessu í veislum og lyft glasi í tilefni af því. Hvers konar kjaftæði er þetta eiginlega?

[14:38]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. má hafa þá sannfæringu sem hann vill og það er vel. (**GHall:** Til þess erum við hérna.) Já, það mætti sjást oftar í atkvæðagreiðslum. Hv. þm. má hafa þá sannfæringu sem hann vill. Það breytir hins vegar ekki því að allar þær rannsóknir sem hafa verið gerðar benda til þess að hækkun refsinga hafi ekkert með tíðni glæpa að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það breytir ekki því að hv. þm. megi hafa þá sannfæringu að hækkun refsinga muni breyta einhverju. Við því er ekkert að segja. Hann má hafa þessa sannfæringu en allar vísindarannsóknir benda til annars.

Mér fannst fróðlegt að hv. þm. hefur þó þann kjark að segja að hann vildi einnig taka upp hýðingar. Það er sennilega nýtt í umræðunni og má segja að hv. þm. sé kjarkmaður að koma með þá nýju hugmynd. Ég vil segja það sjálfur, virðulegi forseti, að ég tek ekki undir þær hugmyndir.

[14:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Margar ræður hafa verið haldnar í tilefni af því frv. sem hér er til 3. umr. um breytingu á hegningarlögum varðandi fíkniefnabrot. Í sjálfu sér er ágætt að hv. þm. hafi áhuga á þeim málaflokki. Við erum auðvitað öll að reyna að vinna gegn þessum vágesti í okkar þjóðfélagi. Þess vegna skil ég ekki hvað býr að baki hjá hv. þm. Samfylkingarinnar sem kappkosta að tefja þetta mál.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan að frv. væri vanbúið. Það hefur margoft verið sagt í umræðu um málið. Þessu vísa ég alfarið á bug. Frv. fylgir mjög skýr greinargerð. Í fylgiskjali er rakin öll dómaframkvæmd frá upphafi sem snertir þetta sérstaka ákvæði hegningarlaganna. Þetta ákvæði hegningarlaganna var sett inn í lögin 1974. Það blasir auðvitað við hvers konar breytingar hafa orðið í þessu umhverfi þennan langa tíma. Bara núna síðustu ár hefur þróunin verið mjög til hins verra eins og menn hafa séð mörg dæmi um.

Það er ljóst og kemur skýrt fram í greinargerðinni að refsingar hafa verið að þyngjast. Það er ekki að ófyrirsynju heldur er um að ræða miklu alvarlegri mál sem nú koma fyrir dómstóla. Því miður má búast við því að þau verði enn þá alvarlegri og þess vegna þurfa dómarar að vera í stakk búnir til að taka á þeim.

Það er líka tekið fram í greinargerð með frv. að það felst ekki í þessu frv., ef það verður að lögum, einhver sjálfkrafa refsiþynging. Það er auðvitað alltaf mat dómara hvernig þeir dæma í þessum málum og hvernig þeir nýta rammann.

Í dag eru í íslenskri löggjöf tvö ákvæði sem leggja viðurlög við meðferð og vörslu fíkniefna. Annars vegar er almennt ákvæði í lögum um ávana- og fíkniefni en hins vegar ákvæði í almennum hegningarlögum sem aðeins nær til hinna alvarlegri brota gegn fíkniefnalöggjöfinni. Fyrra ákvæðið segir til um sex ára hámarksrefsingu og því stendur ekki til að breyta en seinna ákvæðið segir til um fangelsisvist allt að 10 árum fyrir alvarlegustu brotin. Við erum einmitt að ræða um það hér.

Hugmyndin er auðvitað sú að víkka refsirammann þannig að svigrúm dómara aukist í þessum málum. Það gerir þeim kleift að leggja þyngri refsingar við alvarlegustu brotunum, t.d. þegar um er að ræða stórfelldan innflutning á hættulegum efnum eins og e-pillunni. Hins vegar þarf breytingin alls ekki að hafa í för með sér að allar refsingar í þessum málaflokki þyngist, enda stendur ekki til að breyta hinu almenna refsiákvæði í lögum um ávana- og fíkniefni. Þetta hefur margoft komið fram í umræðunni, hæstv. forseti.

Eins og ég sagði áðan ber að líta til þess að dómar hafa þyngst jafnt og þétt í fíkniefnamálum á síðustu árum og áratugum, enda hafa æ stærri mál verið upplýst og afar hættuleg efni hafa komið til skjalanna. Raunar er svo komið að dómar hafa komist í efstu mörk þess sem lög heimila, þ.e. allt að 10 ára fangelsi eins og sést á þeirri dómaframkvæmd sem rakin er í fylgiskjali með frv. Þessi dómaframkvæmd kallar að mínu mati á meira svigrúm fyrir dómstóla til þess að gera þeim kleift að láta hæfilega refsingu fylgja hverju broti og halda innbyrðis samræmi milli dóma í þessum málaflokki. Við verðum auðvitað að hafa það í huga í þessari umræðu að endanlegt mat á sök og refsingu í réttarkerfi okkar liggur hjá dómsvaldinu.

Það hefur verið mjög athyglisvert að kynnast því í sérstökum hópi sem stafar á vegum Evrópuráðsins, svokölluðum Pompidou-hópi sem ég beitti mér fyrir á síðasta ári að Ísland

gerðist aðili að, að sjá hvaða reynslu aðrar þjóðir hafa af fíkniefnamálum. Víða er reynslan mjög slæm og ég tel að af því eigum við að læra. Það jaðrar við að sumar þjóðir séu að gefast upp við að berjast gegn þessum vanda.

En það hefur verið samræmd stefna í þessum málaflokki á Norðurlöndum. Mig langar til þess að rifja aðeins upp þær áherslur. Á Norðurlöndum er megináherslan á að setja hömlur og að koma í veg fyrir framboð fíkniefna. Jafnframt er heilbrigðiskerfið ábyrgt gagnvart fíklunum. Þar er áhersla á að fíkniefni eru refsiverð. Þungar refsingar eru í fíkniefnamálum. Óhefðbundnar aðferðir lögreglu eins og svokallaðar „under cover"-aðferðir eru notaðar. Áhersla er lögð á alþjóðlega lögreglusamvinnu og tollgæslu. Við að minnka framboð efna er lögð áhersla á að hafa áhrif á viðhorf almennings til fíkniefna. Þetta er styrkt með því að hafa efnin ólögleg eða a.m.k. ekki þjóðfélagslega viðurkennd.

Þetta frv. sem við erum að tala um hér er auðvitað hluti af þessum heildarpakka. Það er brýn nauðsyn að við pössum upp á um leið alls konar aðra þætti eins og forvarnir og meðferðarúrræði og hugum sérstaklega að ungum afbrotamönnum í þessu sambandi. Ég hef lýst því yfir að ég stefni að því að reyna að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Þó að það sé fyrst og fremst hugsað fyrir gæsluvarðhaldsfanga þá sé ég fyrir mér að þar væri hægt að hafa móttöku og greiningu fyrir fanga og leggja meiri áherslu á að hjálpa þeim sem eiga við vandamál að stríða og hjálpa þeim þannig til að vera betri menn þegar þeir koma aftur út í samfélagið. Dómsmrn. er líka með sérstakan samning við Barnaverndarstofu sem tekur unga afbrotamenn til sín í sérstaka meðferð. Það er því verið að vinna að mjög mörgu í þessum málum. Ég hef líka lagt áherslu á að bæta skilorðseftirlit hjá Fangelsismálastofnun til þess að fylgjast betur með ungu fólki sem lendir í sakamálum.

En ég er sammála því sem sumir hv. þm. hafa rætt hér, að nauðsynlegt er að stunda rannsóknir í sakamálum og refsirétti almennt. Það er nauðsynlegt að hafa slík gögn undir höndum eins og tölfræðilegar upplýsingar þegar refsistefna er mótuð. En það er líka alveg jafnljóst að hegningarlögin eru mjög stór lagabálkur. Fjallað er um margar tegundir afbrota eðli málsins samkvæmt og ekki er hægt að fara út í heildarendurskoðun á þessum lagabálki á skömmum tíma. Það tekur langan tíma og í raun má segja að hegningarlögin séu stöðugt í endurskoðun. Sérstök refsiréttarnefnd sem starfar í dómsmrn. fylgist með þróun á þessu sviði. Við erum í mjög nánu samstarfi við hin Norðurlöndin og erum með sambærilega löggjöf og þau. Við erum því alltaf í stakk búin til þess að breyta þegar þarf.

Við höfum verið að gera ýmsar breytingar á hegningarlögunum, á ýmsum ákvæðum. Ég get nefnt nýlegt ákvæði sem virðist hafa reynst vel, þ.e. hið svokallaða nálgunarbann sem kom inn í lög í fyrra og er þegar farið að reyna á. Ég tel að það sé mjög þarft. Ég vil líka rifja upp að þegar ég var formaður allshn. var kaflinn um kynferðisbrotin endurskoðaður, árið 1992. Ég velti því nú fyrir mér hvar við stæðum í dag ef við hefðum ekki gert þær breytingar á þeim tíma. Árið 1998 voru gerðar breytingar t.d. á fyrningarfresti í kynferðisbrotum gagnvart börnum eins og nú er búið að vera að ræða um í fjölmiðlum þar sem miðað er við 14 ára aldur og fyrningarfresturinn lengdur í 15 ár.

Það er því alveg ljóst að löggjafarvaldið þarf að geta gripið inn í og gert breytingar í takt við þróun sem verður í þjóðfélaginu og þar sem verið er að kalla eftir breytingum. Ég tel að ekki sé eftir neinu að bíða í þessu máli hér. Við erum með ítarlegar upplýsingar. Við erum með dómaframkvæmd. Hér hefur verið minnst á sérstaka nefnd sem hefur verið að vinna samkvæmt þáltill. þar sem Sigurður Tómas Magnússon er formaður. Það er fimm manna nefnd sem starfar nú ötullega að því máli en það tekur allnokkurn tíma að vinna upp þessi gögn. Verkefnið er rannsókn á þróun á dómum vegna nokkurra tegunda alvarlegra afbrota. Þar er verið að vinna úttekt á þróun afbrota á síðari hluta aldarinnar með tilliti til fjölda mála, alvarleika brota, þyngdar viðurlaga og rökstuðnings í dómaforsendum.

En það er sambærilega úttekt að finna á fíkniefnabrotunum í greinargerðinni með frv. eins og ég sagði áðan. Þess vegna mælir ekkert í sjálfu sér með því að beðið verði eftir þessari skýrslu fram á haust. Nægar upplýsingar liggja fyrir.

Þar að auki er rétt að hafa í huga að víðar er safnað upplýsingum á þessu sviði. Ríkislögreglustjóri tekur saman ítarlegar upplýsingar um afbrot, þar með talin fíkniefnabrot, fer yfir fjölda brota, gerir grein fyrir magni efna sem gerð eru upptæk. Gerðar eru reglulegar markaðskannanir um verð og gæði efna í umferð. Fangelsismálastofnun heldur utan um tölfræði varðandi þau mál sem varða Fangelsismálastofnun og dómsmrn. hefur tekið saman dómaframkvæmd frá 1974 þegar umrætt ákvæði tók gildi.

Þá hefur líka verið minnst á almenn varnaðaráhrif refsinga. Það er rétt sem fram hefur komið hjá þingmönnum Samfylkingarinnar að margt bendir til þess að þyngri refsingar skili ekki alltaf tilætluðum árangri. Ég hygg að enginn mótmæli því. En þá verður að hafa í huga að afbrot og afbrotamenn eru afar ólíkir að gerð. Ég bendi t.d. á muninn á síbrotamanni sem stundar innbrot til þess að fjármagna fíkniefnaneyslu sína og svo hins vegar eiturlyfjasala sem skipuleggur sölu og innflutning á efninu. Í síðara tilvikinu er um að ræða þrautskipulagða afbrotastarfsemi þar sem afbrotamaður hlýtur beint eða óbeint að taka mið af mögulegum refsingum vegna athafna sinna.

Ég vil líka ítreka það að ég hef vitnað hér til nýlegrar skýrslu til íslenskra stjórnvalda um rannsókn á ítrekunartíðni afbrota þar sem fram kemur margt athyglisvert. Niðurstöður í skýrslunni sýna góðan árangur af stefnu íslenskra stjórnvalda. Við beitum almennt séð tiltölulega vægum viðurlögum en þó er ítrekunartíðni ekki meiri en meðal annarra landa. Sérstaklega var fjallað um samfélagsþjónustu sem úrræði í þessari skýrslu og kom það mjög vel út.

En við þurfum líka að undirstrika að áhrifin eru mismunandi eftir brotaflokkum. Þannig virðast þyngri refsingar hafa meiri áhrif á tíðni ítrekunar í fíkniefnabrotum en t.d. almennum auðgunarbrotum. Rannsóknin sýnir okkur því hvar þyngri refsingar gætu átt við og í hvaða málum þær væru síður líklegar að skila árangri.

Þessu til staðfestingar kemur fram í rannsókninni að ítrekunartíðni hjá þeim sem dæmdir eru til fangelsisrefsingar fyrir fíkniefnabrot er ekki há samanborið við þá sem dæmdir eru til fangelsisrefsingar fyrir annars konar brot. Þegar ítrekunartíðni meðal þeirra sem fá skilorðsbundinn dóm er hins vegar skoðuð snýst dæmið við því að þá er ítrekunartíðnin tiltölulega há hjá þeim sem hlutu dóm fyrir fíkniefnabrot. Fangelsisrefsing virðist því hafa meiri áhrif á þá sem fremja fíkniefnabrot en aðra. Þetta eru mjög athyglisverðar niðurstöður sem koma fram í þessari skýrslu.

Einnig hefur verið rætt nokkuð um reynslulausn fanga. Varðandi reynslulausn skal tekið fram að refsiföngum vegna

alvarlegra fíkniefnamála gefst almennt ekki kostur á reynslulausn fyrr en eftir afplánun á tveimur þriðja hluta refsingar og er reynslulausn því sett í hóp með hinum alvarlegustu brotum svo sem manndrápi og líkamsárásum.

Reglur um reynslulausn og hegðun fanga o.s.frv. hér á landi eru í samræmi við evrópskar fangelsisreglur og þær er auðvitað nauðsynlegt að hafa. Reglur um svokallaða fyrirmyndarganga og misrúmar reglur fyrir fanga til þess að hafa samband við umheiminn eru mikilvæg tæki til þess að halda uppi aga í fangelsum. Þetta er gulrót fyrir þá fanga sem sýna góða hegðun og samstarfsvilja við fangelsisyfirvöld. Ef menn bregðast traustinu missa þeir auðvitað fríðindin og annað hefur í raun ekki gerst í þessu máli. Það skiptir miklu máli að menn fái tækifæri til að sýna góða hegðun í fangelsi og að þeir fái umbun fyrir það. Það er mjög mikilvægt.

Þá hefur verið nefnt hér sérstaklega að það sé spurning um meira fjármagn í þennan málaflokk. Vissulega er það svo að þessi málaflokkur kallar á mikið fjármagn. En stjórnvöld hafa einmitt verið að bregðast við þessu ákalli og fíkniefnalöggæslan hefur verið að eflast mjög mikið. Ég held að það fari ekki fram hjá mönnum sem fylgjast með fréttum að lögreglan hefur staðið sig mjög vel í þessum málum. Framlög til fíkniefnalöggæslu hafa aukist verulega á undanförnum árum og mikill liðsauki bæst við fíkniefnalögregluna.

Nú nýlega á þessu ári voru ráðnir fimm lögreglumenn til fíkniefnalögreglunnar hjá lögreglunni í Reykjavík og einn í Hafnarfirði, en á fjárlögum síðasta árs voru fjárveitingar til fíkniefnalöggæslu hækkaðar um 50 millj. kr., þar af runnu 20 milljónir til lögreglustjórans í Reykjavík til ráðningar fimm lögreglumanna, sérstaklega til að sinna fíkniefnalöggæslu, einkum götueftirliti og forvarnastarfi. Þá runnu 12 milljónir til ráðningar sérstakra fíkniefnalögreglumanna í Kópavogi, á Selfossi og í Keflavík auk þess sem 12 milljónir voru veittar til tækjakaupa og fjölgunar fíkniefnahunda. Á þessu ári eru fjárveitingar aftur hækkaðar um 50 milljónir eins og hv. þingmenn þekkja.

Það er því alveg ljóst að stjórnvöld hafa staðið sig mjög vel í þessum málum og þá er ótalið það fjármagn sem hefur verið lagt til að koma upp fleiri heimilum, auka meðferðarúrræði og margt annað sem til þarf. Og það er alveg ljóst að þörfin er fyrir hendi.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að fara nokkuð yfir þetta mál út af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og ýmsum fullyrðingum sem fram hafa komið í þessari umræðu. Ég ítreka að ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Við erum að tala um unga fólkið okkar. Við erum að tala um menn sem stunda skipulega glæpastarfsemi með ásetning í huga og við þurfum að geta tekið á þeim málum. Við þurfum að gæta að samræmi í dómaframkvæmd. Við erum nú þegar nánast komin upp í hámarkið á refsirammanum sem er tíu ár. Þess vegna tel ég ekki bara eðlilegt og réttmætt heldur brýna nauðsyn á því að hækka þennan ramma upp í 12 ár. Ég vona svo sannarlega að við sjáum framgang þessa frv. mjög fljótlega á hinu háa Alþingi.

[14:59]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu sem hefur nú ekki verið mjög löng. Hún hefur þó leitt í ljós að allt þingið er sammála um það markmið sem að er stefnt, þ.e. að reyna að stemma stigu við fíkniefnaglæpum. Hins vegar hefur komið líka í ljós í umræðunni að stór hluti þingmanna hefur miklar efasemdir um þá leið sem hæstv. dómsmrh. ætlar að fara í þessu skyni.

Það er líka verðugt umhugsunarefni þegar hér á hinu háa Alþingi koma fram hugmyndir eins og þær sem hér eru, þar sem allar helstu vísindarannsóknir benda til að þessi leið skili engum árangri, enda hefur verið fróðlegt að hlýða á hæstv. dómsmrh. við lok ræðu hennar þar sem hún hefur verið á einhvers konar flótta frá eigin máli. Ekki er langt síðan að hæstv. ráðherra sagði á hinu háa Alþingi að nauðsyn væri á að þyngja refsingar úr tíu árum í 12 til að koma í veg fyrir að hingað kæmi heróin. Ég er ekki viss um að það skipti sköpum í þessari umræðu. En núna í lokaræðu sinni segir hæstv. dómsmrh. að þessi breyting þurfi ekki að verka til þess að þyngja refsingar. Það er því alveg deginum ljósara að umræðan hefur þó fært hæstv. dómsmrh. heim sanninn um að hún er líklega ekki á réttri leið. Það verður að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er ánægjulegt til þess að vita að umræðan skuli þó a.m.k. draga menn af rangri braut.

[15:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þessu andsvari hjá hv. þm. sem er sjálfur lögfræðingur að mennt eins og sú sem hér stendur. Hann veit auðvitað um þrískiptingu ríkisvaldsins og þó að löggjafarvaldið setji einhvern refsiramma í lög er það ekki þeirra að segja til um hversu þungir dómar eru. Það eru dómarar sem dæma. Þó að ég hafi þá skoðun að það ætti að þyngja dóma þá geri ég það ekki með því að veita atkvæði mitt frv. af þessu tagi. Ég bið menn að hafa það í huga, þannig að það sé alveg skýrt.

Ég fagna hins vegar því að mér sýnist að hv. þm. Samfylkingarinnar hafi kannski skipt um skoðun og séu komnir í hóp stjórnarliða sem vilja veita þessu máli góðan framgang á þinginu.

[15:02]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er gott að ráða í þetta andsvar. Hins vegar er rétt að upplýsa að sá er hér stendur og held ég allir þingmenn eru nokkuð vel upplýstir um að dómendur dæma í málum en ekki hæstv. dómsmrh.

Ég dró það fram í andsvari mínu að hæstv. ráðherra sagði fyrir nokkrum dögum að engan tíma mætti missa, að alls ekki mætti fresta þessu máli sökum þess að hingað gætu komið til landsins stórar sendingar af fíkniefnum og í því samhengi var heróín nefnt sérstaklega. Því velti ég því upp af hverju hæstv. dómsmrh. telur að þessi tiltekna breyting muni hafa svona stórkostleg áhrif ef hún muni ekki hafa nein áhrif að því er varðar þyngingu refsinga. Ég verð að játa það, virðulegi forseti, að ég hef bara verið að reyna að draga þetta saman og átta mig á því á hvaða vegferð hæstv. dómsmrh. er. En við ýmsu er að búast úr þessari átt. Einn hv. þm. Sjálfstfl. nefndi áðan að kannski til viðbótar væri rétt að taka upp hýðingar. Ég ítreka þá afstöðu mína, virðulegi forseti, að ég er þeim algerlega andvígur.

[15:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hallast eiginlega að þeirri skoðun að það sé sama hvaða rök ég komi með fyrir þessu máli, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sé ekki tilbúinn til að taka þeim, og þá verður bara að hafa það. Þá verður bara að hafa það, hv. þm. (Gripið fram í.) En ég er ekki til í að sitja undir því að farið

sé rangt með tilvitnun í mál mitt. Ég sagði áðan og vitnaði í skýrslu sem sýndi að þegar menn eru dæmdir í fangelsi fyrir fíkniefnabrot er ítrekunartíðni þeirra brotamanna lægri sem þýðir að það að þeir eru dæmdir í fangelsi og sitja þar inni hefur áhrif, það er fælingarmátturinn, hv. þm.

[15:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að hæstv. dómsmrh. skuli loks á lokasprettinum taka þátt í þessari umræðu og þá á ég við með málefnalegum hætti. Í raun og sanni var þessi ræða hæstv. ráðherra hennar fyrsta, að minni hyggju, málefnalega innlegg til þeirrar löngu og ítarlegu umræðu sem hér hefur farið fram. Því er nú verr og miður. Betur hefði verið að hæstv. ráðherra hefði flutt þessa ræðu fyrr í umræðunni þannig að menn hefðu getað reynt að nálgast þetta mál málefnalega sem hefur verið markmið mitt og fleiri hv. þm. stjórnarandstöðunnar allt frá byrjun.

Áhyggjur mínar hafa fyrst og síðast legið í því að hugsanlega væri verið að senda út skilaboð í orði kveðnu þess efnis að þetta væri mikilvægur þáttur í baráttunni gegn fíkniefnum en hættan væri sú að skilaboðin væru innihaldslaus og þau breyttu í raun engu þegar til kastanna kæmi og að betra væri bara að veifa röngu tré en öngvu. En þá er verr af stað farið en heima setið. Það hafa verið ábendingar okkar.

Ég beindi spurningu til hæstv. dómsmrh. sem ég heyrði hana ekki svara og hún er ósköp einföld: Veldur það ekki hæstv. ráðherra dálitlum heilabrotum og jafnvel áhyggjum, að dómstólaráð, Lögmannafélag Íslands og afbrotafræðingur við Fangelsismálastofnun skuli gjalda varhug við þessari stefnumörkun og benda á að hún geti snúist upp í andhverfu sína?

[15:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get glatt hv. þm. með því að ég hef ekki áhyggjur af þeim umsögnum sem fram hafa komið um þetta frv. vegna þess að allar nema ein lögðust ekki gegn frv. Það gerði aðeins Lögmannafélags Íslands, þ.e. laganefnd eða nokkrir aðilar sem sitja í laganefnd. Þeir voru ekki einu sinni allir sammála og þeir bentu á þann möguleika að ef þingið vildi fara út í það að þyngja refsingar í fíkniefnamálum þá ætti jafnvel frekar að setja lágmarksrefsingu í lögin. Það, hv. þm., er miklu meira inngrip í refsiréttinn en það að stækka rammann vegna þess að það setur dómurum ákveðnar skorður.

Aðeins á tveimur stöðum í hegningarlögum er gert ráð fyrir slíkum undantekningum eða fráviki frá meginreglunni, þ.e. lágmarksrefsingu, og það er í nauðgunarmálum, eitt ár, og í manndrápsmálum, fimm ár. Það er því undantekning frá meginreglunni. Þetta frv. er hluti af þeim pakka sem við höfum verið að ræða í lengri tíma á hinu háa Alþingi, þ.e. hvað við getum gert til þess að berjast betur gegn þessum vágesti, fíkniefnunum, og þetta frv. er mikilvægur þáttur í þeirri baráttu.

[15:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. gleðst einlæglega yfir því að eingöngu einn umsagnaraðila hafi mælt gegn frv. Hæstv. ráðherra lét þess ekki getið að ekki einn einasti umsagnaraðili mælti með því, ekki einn einasti. Dómstólaráð, eðli máls samkvæmt, tók ekki beina afstöðu til frv. en ítarleg umsögn þess segir allt sem segja þarf og það er búið að fara rækilega yfir það. Þar er goldið varhug við þessari stefnumörkun þannig að fram hjá því verður ekki horft.

Auðvitað skil ég það að hæstv. ráðherra sé dálítið órótt yfir þeirri staðreynd að formaður dómstólaráðs er einnig formaður þeirrar rannsóknarnefndar sem nú er að störfum og það er skiljanlegt. Á einum stað stendur, með leyfi herra forseta:

„.... er nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsóknum á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er. Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga."

Hvað var ég að lesa, herra forseti? Greinargerð allshn. undir forustu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Hvað hefur breyst frá 1998 í þessum efnum? Af hverju má ekki bíða haustsins og hafa allar tiltækar upplýsingar við höndina?

Ég sagði í fyrri ræðu minni að vel gæti farið svo að mér verði sýnt fram á að þessi breyting ein skilaði því markmiði sem að er stefnt og ekki dreg ég í efa vilja hæstv. ráðherra til þess og að hún trúi því einlæglega. En staðreyndir verða að tala sínu máli. Þess vegna var það beiðni mín og er enn að þessi mál verði tekin upp í heildstæðu samhengi við aðra brotaflokka og önnur ákvæði hegningarlaga.

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé óþarfi að fara að endurtaka margt það sem hefur verið sagt í þessari umræðu. Ég hef ítrekað skýrt frá því ásamt ýmsum öðrum hv. þm. að þetta mál er vel rökstutt. Fram hafa komið upplýsingar í þessu máli sem sýna fram á nauðsyn þess að breyta þessu lagaákvæði. Ég hef líka skýrt frá því að margvíslegar rannsóknir hafa farið fram og fara fram reglubundið. Tölfræðilegar upplýsingar koma fram við alls kyns rannsóknarvinnu sem fer fram í sakamálum. Ég hef ekki skipt um skoðun og er auðvitað alveg sammála þeim orðum sem komu fram í þeirri greinargerð sem hv. þm. las upp áðan, að það er nauðsynlegt. Við þurfum að hafa upplýsingar undir höndum til þess að móta refsistefnu og að því er unnið.

Þetta frv. þolir ekki bið. Það þarf að samþykkja nú á vorþingi. Ég heyri á hv. þm. að hann er líklega sammála efni þessa frv. Hann talar jafnvel um að hann þurfi að fá betri upplýsingar en gæti hugsanlega skipt um skoðun og samþykkt það í haust. Ég fagna þeim sinnaskiptum og treysti því að hann veiti okkur liðsinni til þess að frv. fái hér brautargengi.

[15:12]

Útbýting þingskjala:

„Íslenska ákvæði" Kyoto-bókunarinnar, 711. mál, fsp. KolH, þskj. 1143.

Kostnaður við ljósleiðaravæðingu landsins, 245. mál, svar samgrh., þskj. 1131.

Staða Íslands gagnvart rammasamningi um loftslagsbreytingar, 712. mál, fsp. KolH, þskj. 1144.

Tillögur vegsvæðanefndar, 713. mál, fsp. RG, þskj. 1145.

[15:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja þessa umræðu á langinn. Mig langar aðeins að segja örfá orð í lok hennar.

Hæstv. ráðherra hafði á orði að ætla mætti af orðaskiptum hennar við mig að sinnaskipti hafi orðið af minni hálfu í afstöðu til þessa máls. Það er fjarri lagi. Þvert á móti hef ég sannfærst í þeirri trú minni og skoðun að málið sé allt vanreifað þegar það kemur til kasta Alþingis og í þessari umræðu hefur verið leitt ítarlega í ljós hvað upp á vantar.

Ég átta mig hins vegar á þeim veruleika sem við blasir. Frv. verður gert að lögum á næstu dögum. Það er þingmeirihluti þar á baki. Þingflokkar stjórnarflokkanna hafa samþykkt það áður en það kemur til þings. Meiri hluti stjórnarliða hefur samþykkt það í allshn. enda þótt hér hafi framsóknarmenn eins og oft áður látið sig vanta í umræðunni og er þögn þeirra hrópandi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það gerist í mikilvægum alvörumálum á borð við það sem hér um ræðir að þeir láti sig vanta. Það er önnur saga.

Ég ætla ekki að fara yfir þær röksemdir sem hér hafa verið fram færðar. Þær hafa verið grundvallaðar á málefnum og við höfðum ekki heyrt um stóryrði á borð við þau að efasemdir okkar, spurningar og athugasemdir bæru þess merki að við værum deigir í baráttunni gegn fíkniefnum. Það vita menn auðvitað að er alrangt og ekki í neinu samræmi við reynslu mála og málflutning sem hér hefur verið uppi hafður í þessum málaflokki.

Ég vil taka það fram líka að ég hef ekki nokkrar efasemdir um að hæstv. ráðherra og hennar fólki gangi gott til og trúi því að þetta hafi í raun áhrif í þá veru sem til er ætlast, nefnilega að fæla einstaklinga frá því að fremja hina alvarlegu glæpi á þessum vettvangi. Það er skoðun þeirra þó að eðlilega hafi gengið illa að skjóta undir hana stoðum og rökum.

Ég sagði áðan og ég ætla að segja það aftur að áhyggjur mínar eru fyrst og síðast þær að út í frá muni þetta virka þannig að hið háa Alþingi sé að senda skilaboð út í samfélagið og þennan fíkniefnaheim um að nú verði tekið fastar á þessum hvítflibbaglæpamönnum þar sem brotavilji er skýr og alger, þessum sölumönnum dauðans, og að nú verði tekið á því. En ekkert, herra forseti, liggur fyrir í þeim efnum. Það er dómaframkvæmd sem ræður för í þeim efnum. Það er heldur ekkert í hendi sem segir okkur að þessi breyting ein og sér hafi nokkurn fælingarmátt innbyggðan í sjálfu sér. Ekkert er heldur fyrirliggjandi um að þessi breyting ein og sér geti ekki hugsanlega afskræmt innra samræmi í hegningarlögum og refsiviðurlögum almennt. Þessi göt í málflutningnum, þessi göt í undirbúningi málsins valda mér áhyggjum og verst af öllu í þessum alvarlega heimi, brotaheimi, er hið falska öryggi. Ég hef einmitt áhyggjur af þessum skilaboðum sem í orði kveðnu hljóma þannig að þetta muni breyta miklu í baráttunni gegn fíkniefnavandanum, og menn vilja trúa því. En svo gerist ekki nokkur skapaður hlutur. Það er verst af öllu að búa til einhvers konar falskar væntingar sem ekki er innstæða fyrir þegar allt kemur til alls. Það er verst af öllu og það er ástæða til þess að óttast að svo geti verið í ljósi þess sem hér hefur verið rætt.

Ég hef sagt það allan tímann, herra forseti, að ég get ekki og hef ekki samvisku minnar vegna, í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa og hafa verið ítrekaðar margsinnis, staðið að þessari breytingu. Ég vil hins vegar ekki standa gegn henni. Ég held að út af fyrir sig þurfi hún ekki að vera hættuleg eða hafa í öllu falli mjög bein neikvæð áhrif á baráttuna gegn fíkniefnum. Það hef ég aldrei sagt. En ég er hins vegar engan veginn viss um að hún hafi jákvæð áhrif í þessari baráttu. Ég vildi því láta það koma fram, af því að ég veit að þetta mál verður samþykkt, að ég mun ekki greiða atkvæði við afgreiðslu þess. Ég er satt að segja viðbúinn hinu versta en vona hið besta og meira er ekki hægt að gera þegar svona er í pottinn búið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 369. mál (yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 585, nál. 1125.

[15:18]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Ingimar Sigurðsson frá umhvrn., Sigurbjörgu Gísladóttur frá Hollustuvernd ríkisins, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Kristján Sigmundsson frá Halldóri Jónssyni ehf., Frank Pitt frá Pharmaco og dr. Þorkel Jóhannesson.

Þá bárust nefndinni ýmsar umsagnir um þetta mál.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að í því séu atriði sem ekki geti beðið heildarendurskoðunar laganna. Ýmist sé um að ræða nauðsynlegar breytingar vegna þess að ekki sé tekið á málum í lögum eða til að eyða réttaróvissu.

Nefndin leggur til, herra forseti, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fyrir. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Katrín Fjeldsted. Álitið er samþykkt einróma af nefndinni að öðru leyti. Undir það rita, fyrir utan þann sem hér stendur, hv. þm. Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Ólafía Ingólfsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hönnunarréttur, 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (heildarlög). — Þskj. 792, nál. 1127, brtt. 1128.

[15:20]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um hönnunarrétt ásamt brtt. frá hv. iðnn.

Nefndin hefur fjallað nokkuð ítarlega um málið og m.a. fengið á fund sinna góða gesti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnrn. og Borghildi Erlingsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Umsagnir voru að auki sendar til á annars tugs aðila en svör um málið bárust aðeins frá Landssambandi hugvitsmanna, Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og Samtökum iðnaðarins.

Þetta er nokkuð óvenjulegt frv. að því leytinu til að það byggir í raun á alþjóðlegum samþykktum úr þremur áttum. Í fyrsta lagi á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd hönnunar, nr. 98/71/EB, í annan stað á Genfarsamningnum frá 2. júlí 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Þá er í frv.

gert ráð fyrir að íslensk löggjöf á þessu sviði verði samræmd sams konar löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Segja má að við vinnslu málsins í hv. iðnn. hafi komið fram að Íslendingar hafa þegar innleitt efnislega nokkuð verulegan hluta af þeim alþjóðasamþykktum og lögum sem vísað er til. Þar af leiðandi eru breytingar á gildandi lögum ekki jafnmiklar og t.d. á Norðurlöndum þar sem er verið að vinna sambærilegt verk.

Helstu efnisbreytingar frv. eru þær að ekki er lengur gert ráð fyrir óskráðri hönnunarvernd og að unnt verður að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar hér á landi að því tilskildu að Ísland gerist aðili að áðurnefndum Genfarsamningi. Nefndin bendir á að þó svo að ákvæði núgildandi laga um óskráða hönnunarvernd falli brott samkvæmt frv. verði óskráð hugverk áfram varin samkvæmt ákvæðum höfundalaga og samkeppnislaga. Nefndin ítrekar jafnframt að frv. tekur eingöngu til vöru í efnislegum skilningi, þ.e. á ekki við hugverk eins og tölvubúnað enda eru slík verk vernduð með lögum um höfundarrétt.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu sem raktar eru á þskj.:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að talað verði um einkarétt á hönnun í stað einkaréttar til hönnunar. Sú breyting er málfarsleg en ekki efnisleg og er gerð í samráði við Íslenska málstöð.

Í öðru lagi leggur nefndin til orðalagsbreytingar, að bætt verði við orðunum „á sviði iðnaðar" í 54. og 60. gr. en heiti samningsins misritaðist við vinnslu frumvarpsins. Nefndin leggur jafnframt til orðalagsbreytingu á 60. gr. frv., að í stað þess að tilgreina þar að iðnrh. skuli birta auglýsingu á grundvelli laganna verði látið nægja að tilgreina „ráðherra" sem getur þá jafnt átt við utanrrn. sem iðnrn. og verði þá opnara eins og lagt er til.

Að lokum leggur nefndin til að heiti frv. verði breytt þannig að það verði að frv. til laga um hönnun í stað frv. til laga um hönnunarrétt. Þetta er til samræmis við heiti annarra laga á sviði hugverkaréttar. Svo mörg voru þau orð.

Undir nál. og brtt. rita allir fulltrúar hv. iðnn., þ.e., auk þess sem hér stendur, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Drífa Hjartardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Pétur H. Blöndal, Ólafía Ingólfsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Árni Ragnar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (aðild RALA að hlutafélögum). — Þskj. 674, nál. 1135.

[15:26]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbrn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, búfræðsluráði og Veiðimálastofnun.

Með þessu frv. er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbrh. að eiga aðild að og stofna rannsókna- og þróunarfyrirtæki, er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem vinni að því að þróa og hagnýta niðurstöður rannsóknastofnunarinnar, þ.e. RALA.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og allir nefndarmenn eru samþykkir því áliti; sá sem hér stendur, Sigríður Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara, Guðjón Guðmundsson, Þuríður Backman, einnig með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og hann er samþykkur þessu áliti en hv. þm. Jónína Bjartmarz var fjarverandi afgreiðslu þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 443. mál. — Þskj. 708.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

[15:28]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Hv. heilbr.- og trn. flytur málið og er ég framsögumaður í fjarveru formanns heilbr.- og trn., hv. þm. Jónínu Bjartmarz.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr."

2. gr. hljóðar svo:

„Á eftir orðunum „þjónustuhóps aldraðra" í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. þó 7. og 8. gr."

3. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð með frv. kemur fram að samkvæmt 4. tölul. 8. gr. laga um málefni aldraðra hefur þjónustuhópur aldraðra m.a. það hlutverk að meta vistunarþörf aldraðra. Sveitarstjórnir skipa þjónustuhópa aldraðra á hverjum stað. Samtök eldri borgara á hverju svæði tilnefna einn fulltrúa í hópinn

og tekur hann fullan þátt í verkefnum starfshópsins eins og þau eru skilgreind í 8. gr. laganna.

Því má bæta við að þessi breyting var gerð á lögunum á 125. löggjafarþingi þegar lög um málefni aldraðra voru til endurskoðunar og samþykkt á því þingi.

Þátttaka fulltrúa eldri borgara í vistunarmatinu hefur sætt nokkurri gagnrýni og hafa allmörg sveitarfélög gert athugasemd við þetta fyrirkomulag. Hefur sú gagnrýni einkum byggst á þeirri forsendu að vistunarmatið eigi eingöngu að byggjast á vinnu fólks með fagþekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu.

Við mat á vistunarþörf er stuðst við viðkvæmar persónuupplýsingar um félagslegar og heilsufarslegar aðstæður einstaklinga. Benda má á að skv. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga skulu einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafa aðgang að sjúkraskrám. Sömu sjónarmið eiga við þegar vistunarmat er framkvæmt. Vistunarmat felur í sér faglega greiningu á þörfum viðkomandi einstaklings og verður aðkoma fulltrúa aldraðra að þeirri vinnu vart talin nauðsynleg.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að vistunarmatið verði eingöngu í höndum fagfólks. Samtök aldraðra eiga eftir sem áður fulltrúa í þjónustuhópi aldraðra á hverjum stað en hann mun ekki taka þátt í að meta vistunarþörf aldraðra skv. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Við mótun þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram var haft samráð við fulltrúa Landssambands eldri borgara og kom fram af þeirra hálfu að þeir styddu þessar breytingu.

Til að tryggja faglega hæfni þjónustuhópsins enn frekar er lagt til að annar þeirra tveggja fulltrúa sem sveitarstjórn skipar án tilnefningar verði félagsráðgjafi eða hafi hliðstæða menntun.

Þess má geta að í Reykjavík er vistunarmatið ekki í höndum þjónustuhóps aldraðra heldur sinnir sérstakur matshópur þessu hlutverki, samanber reglugerð um vistunarmat. Matshópurinn er eingöngu skipaður fagfólki og er í reglugerð sérstaklega kveðið á um menntun þeirra sem sinna matinu. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að minni kröfur séu gerðar til þeirra sem sinna vistunarmati í öðrum sveitarfélögum.

Þar sem þetta frv. er flutt af heilbr.- og trn., geri ég ekki ráð fyrir að það fari til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald og forðagæsla o.fl., 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 298. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 336. [15:33]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. Hér er um að ræða endurflutning á frv. sem flutt hefur verið efnislega óbreytt eða nær óbreytt líklega eins og þrívegis áður.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Jónína Bjartmarz, Sigríður Jóhannesdóttir og Vilhjálmur Egilsson. Frv. flytja sem sagt, herra forseti, þingmenn úr öllum þingflokkum.

Þessu máli er ætlað að taka á því ófremdarástandi sem því miður ríkir enn á ákveðnum afmörkuðum svæðum meðfram þjóðvegum landsins og meginumferðaræðum og hefur satt best að segja því miður harla lítið gerst í þessum efnum núna undanfarin tíu ár eða svo.

Frv. er einfalt og felur í sér að við 5. gr. laganna um búfjárhald, forðagæslu o.fl. bætist ein málsgrein og orðist svo, með leyfi forseta:

„Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á þjóðvegum eða við þá. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. september 2002."

Herra forseti. Frv. felur með öðrum orðum í sér að komið yrði á almennri vörsluskyldu á stórgripum í landinu með þeim undantekningarmöguleikum þó sem eru fólgnir í upprekstri eða hagagöngu stórgripa þar sem því væri þannig fyrir komið að tryggt væri að ekki hlytist af því árekstrar við umferð, þjóðvegi eða aðrar meiri háttar umferðaræðar.

Herra forseti. Í langflestum sveitarfélögum landsins er það ástand, sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta sem almenna reglu, við lýði og það er vegna þess að meiri hluti sveitarstjórna í landinu sem á annað borð hefur tekið þessi mál fyrir hefur fyrirskipað slíka vörsluskyldu stórgripa. Ég held að án undantekninga sé slík vörsluskylda reglan í öllum stærri þéttbýlissveitarfélögum og einnig víða í sveitum landsins. En frá þessu eru undantekningar allmargar og það eru þær sem árlega valda árekstrum milli umferðar og stórgripa og það eru þær sem valda sífelldri umræðu um þessa árekstra og þau slys eða þá hættu sem þeim eru samfara.

Herra forseti. Ég tel að því miður að ekki séu líkur til þess að verulegar úrbætur verði á þessu ástandi enn um sinn a.m.k. nema gripið verði til þess að gera eigendum stórgripa skylt sem almenna reglu að hafa gripi sína í vörslu.

Þegar á þessum málum var tekið í kringum 1990 varð niðurstaðan sú eftir allmiklar umræður að láta á það reyna með því að styrkja heimildir sveitarfélaga til að setja í samþykktir sínar ákvæði m.a. um slíka vörsluskyldu hvort sveitarfélögin mundu þá ekki sjálf í framhaldinu taka á þessu þannig að fullnægjandi teldist. Það gerðu mjög mörg þeirra en ekki öll og því miður stöðvaðist sú þróun og það hefur jafnvel borið á hinu gagnstæða, að nokkur sveitarfélög hafi fellt úr gildi samþykktir sem áður voru komnar í gildi um slíka vörsluskyldu og þá væntanlega m.a. vegna þrýstings af því að dómar hafa gengið sem geta vísað í þá átt að líkur á því að sök sé skipt milli ökumanns eða bifreiðar annars vegar og eiganda stórgrips hins vegar aukist ef um vörsluskyldu sé að ræða í viðkomandi sveitarfélagi og vel að merkja eigandinn hafi gerst sekur um vanrækslu á þeirri vörsluskyldu.

Að öðru leyti, herra forseti, ætti þessi lagabreyting ekki að breyta í neinu þeim rétti sem gildir varðandi ábyrgð á tjónum eða slysum sem kunna að verða. Áfram ber ökumönnum að sjálfsögðu að aka með gát og víkja fyrir búfénaði sem verður á vegi þeirra. En hitt er auðvitað ljóst að ef vörsluskylda er reglan þá ber eigandunum jafnframt að framfylgja þeirri skyldu sinni eftir því sem hann fær því við komið. Gerist hann sekur um augljósa vanrækslu á því t.d. að sinna ekki

um það ef gripir sleppa úr haldi eða girðingar eru ónýtar þá færist ábyrgðin eðlilega að einhverju leyti yfir á hans herðar.

Síðan þetta var, um 1990, hafa þessi mál nánast árlega komið til umræðu og þar á meðal oft hér á þingi. Þetta frv. hefur verið flutt þrívegis áður eins og áður sagði og það hefur gengið til búnaðarþings og þar hefur verið talsvert um það fjallað. Um þessa aðferð hafa verið talsvert skiptar skoðanir, það skal fúslega viðurkennt, að gera þetta með þessum hætti. Menn hafa þar fært ýmislegt fram og vissulega hafa menn ákveðin rök fyrir sér í því að mörg álitamál tengjast þessu, eins og t.d. þau hvaða skyldur Vegagerð ríkisins á að axla í þessum efnum, hvaða fjármuni hún á að leggja af mörkum til þess að girða af þjóðvegi landsins þannig að búpeningur sé yfirleitt þar ekki til staðar, á vegum eða vegsvæðum, og hvernig koma á þeim hlutum fyrir sem snúa að bæði stofnkostnaði og síðan viðhaldi og eftirliti slíkra girðinga, hvert hlutverk aðila eins og Vegagerðar annars vegar, sveitarfélaga og landeigenda hins vegar er o.s.frv. Auðvitað eru þetta allt sjónarmið sem eiga rétt á sér inn í umræðuna.

Sömuleiðis hafa menn fært fram þau rök að þetta kunni að skapa mönnum falskt öryggi á vegunum, t.d. ef slík vörsluskylda væri komin á sem almenn regla í landslögum varðandi stórgripina. Vel að merkja og er rétt að leggja á það áherslu að hér er eingöngu verið að fjalla um þá. Þetta mál varðar alls ekki og kemur ekki sauðfé við, enda er þar um allt annað og stærra mál að ræða og mál sem liggur öðruvísi, enda líka ekki sama ástæða til að hafa af því stórfelldar áhyggjur hvað umferðaröryggi snertir í þeim skilningi að slys sem tengjast árekstrum sauðfjár og umferðar eru afar sjaldan jafnalvarleg og þegar stórgripir eiga hlut.

Herra forseti. En á hitt verður að horfa eins og það er að nú hafa menn búið við tiltölulega lítt breytt ástand í þessum efnum í um áratug eins og ég met ástandið og enn eru hlutirnir eingöngu á könnunarstigi eða nefndarstarfi og bólar lítt á aðgerðum. Það ber að vísu að taka það fram að í tengslum við, ef ég man rétt, enn eitt óhappið þar sem stórgripir urðu valdir að alvarlegu umferðaróhappi núna í haust þá blandaði hæstv. landbrh. sér í umræðuna nokkuð kjarkmikill eins og stundum svona í fyrstu umferð og taldi alveg einboðið að taka mjög fast á þessum málum. Síðan hef ég lítið af því heyrt.

Hér er þá lögð til að undangengnum ákveðnum aðlögunartíma sú aðgerð að taka þetta í lög sem almenna reglu þegar stórgripir eiga í hlut. Það breytir engu um nauðsyn þess að útkljá önnur álitamál sem þarna kunna að vera uppi eins og þetta með girðingarnar og að skoða annars vegar ákvæði girðingarlaga, ákvæði vegalaga og þá hluti sem breyst hafa í þessum efnum á undanförnum árum og að sjálfsögðu þarf að taka mið af.

Herra forseti. Aðeins til þess að rökstyðja þörfina fyrir því að eitthvað sé aðhafst í þessum efnum þá vísa ég mönnum á fylgigögn með frv. Ég hef árlega, líklega síðan 1993–1994, eða með reglubundnu millibili látið taka saman eða aflað mér gagna sem tekin hafa verið saman um árekstra við búfé á fyrstu árunum, þ.e. árunum 1993, 1994 og 1995 voru slík gögn ekki aðgengileg og ég hygg að það hafi verið í tengslum við flutning þessa frv. í fyrsta skipti sem í fyrsta sinn voru dregin saman gögn frá lögreglustjóraembættunum í landinu og þau birt með aðgengilegum hætti. Ég man að ég vann það að hluta til sjálfur á þessum tíma. Síðan hefur m.a. Hugi Hreiðarsson sem er áhugamaður um þessa hluti og hefur ritað blaðagreinar um þetta mál, í gegnum störf sín og áhuga birt mjög greinargóðar upplýsingar sem hann hefur unnið um þessi efni og við þær er að hluta til stuðst í hér fylgiskjölum og fyrst og fremst þá fskj. I með frv. þessu. En það sýnir, herra forseti, svo ekki verður um villst að að meðaltali á ári hverju á þessu árabili, frá segjum 1994 og til og með árinu 1999, eru árekstrar stórgripa, og þá fyrst og fremst hrossa, og umferðarinnar svona frá 25 á ári hverju og allt upp undir 50. Það eru sem sagt að meðatali svona tveir og upp í það að vera yfir fjórir slíkir árekstrar í mánuði hverjum og nú er það auðvitað eins og menn vita oft mjög alvarlegur atburður þegar stórgripur, hross eða naut, sem vegur nokkur hundruð kíló — þó ekki sé hann jafnmyndarlegur á fæti og hann Guttormur inni í húsdýragarði — en þá munar nú um minna þegar kannski 300–500 kg stórgripur sem stendur kyrr á vegi rekst á eða á hann rekst segjum lítill léttur fólksbíll sem er kannski ekki nema nokkur hundruðum kílóum þyngri en stórgripurinn segjum á 90–100 km hraða. En þannig geta atburðirnir gerst t.d. í brúnamyrkri á haustin þegar dökklitað hross óvænt stekkur upp á veginn eða birtist þar í lægð eða beygju eða annars staðar.

Ég hygg að margir hafi orðið fyrir því sem mikið hafa keyrt um á þjóðvegum landsins, eins og t.d. ræðumaður og örugglega fleiri hér inni því að þingmenn eru oft á ferð um landið, að oft hefur mátt litlu muna þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi.

Vissulega er það svo að óhöppin og slysin eru mun fleiri þegar kindur eiga í hlut en ef skoðað er hversu alvarleg þau eru þá kemur í ljós, og um það má sjá bæði í gagnabönkum Umferðarráðs og fleiri gögnum sem tekin hafa verið saman, í lögregluskýrslum og víðar, að mjög sjaldan er þá um alvarleg óhöpp að ræða, tjónið oftast óverulegt eða a.m.k. mun minna. Þó að þau tilvik séu fleiri eða frá því að vera um 70–80 á ári og allt upp í að vera talsvert á annað hundrað eða um 200 eins og þau voru á árinu 1999 er rétt að gera þennan greinarmun á.

Ef skoðaðar eru töflur á bls. 4 og 5 í frv. sjá menn að þessi óhöpp eru bundin við algerlega afmörkuð svæði. Þau eru mikið í Borgarfirði og víðar á Vesturlandi, þau eru í umdæmum lögreglunnar á Blönduósi og Sauðárkróki og einkum á það við um síðasttalda staðinn á fyrri hluta tímabilsins. Þar hefur greinilega tekist að taka nokkuð á málum á síðari hlutanum. Óhöpp eru á ákveðnum afmörkuðum svæðum á Austurlandi og síðan í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli og Selfossi. Þetta er vegna þess að í tilteknum sveitarfélögum innan þessara lögregluumdæma er lausaganga viðhöfð, lausaganga stórgripa er enn þá við lýði og þar með talið við og í kringum ógirta þjóðvegi landsins, ógirtan þjóðveg 1, þess vegna í næsta nágrenni höfuðborgarinnar eins og uppi í Borgarfirði eða á Suðurlandsundirlendinu.

Auðvitað er það, herra forseti, alger tímaskekkja, það þarf ekki að ræða það frekar, að slíkt skuli viðgangast og að ekki skuli hafa miðað meira áfram í því fyrir það fyrsta að girða af þessa vegi sem eru auðvitað hraðbrautir eins og það nálgast að geta talist á nútímamælikvarða, a.m.k. hvað umferðarhraðann varðar. Gæði veganna eru ekki alltaf til þess fallin að nota þá sem hraðbrautir en akstursbraðinn tekur því miður ekki alltaf mið af því. Hvernig sem á það er litið er þetta ástand í raun alveg óþolandi. Mér er það mikið undrunarefni hversu hægt hefur gengið að taka á þessu. Ég held að enginn hagnist á þessu ástandi.

Ég hef oft sagt það við vini mína í forustusveit bænda að þetta sé dæmi um mál sem bændastéttin sjálf á að hafa

forgöngu um að taka á og er allra síst gott fyrir landbúnaðinn, sveitirnar og bændur að þetta ástand vari svona. Nú veit ég vel að það er ekki ósk manna að svo sé ef menn kann að greina eitthvað á um það hverjir eigi aðallega að koma til sögunnar og leysa vandann. Pínulítið lyktar þetta af því að menn séu að kasta boltanum á milli sín og reyna að ýta útgjöldunum, sem því geta vissulega fylgt að einhverju leyti að taka á þessu, á milli sín. Bændur verja sig og reyna að ýta þessu meira yfir á Vegagerðina, sveitarfélög eða aðra aðila og öfugt. Vegagerðin hefur auðvitað barist gegn því af miklum dugnaði, það er mér vel kunnugt um, að fá þetta mál alfarið á sínar herðar. Þá eru það ekki síður áhyggjur Vegagerðarinnar af því að sitja uppi með viðhaldið á girðingum upp á mörg þúsund km meðfram þjóðvegum landsins sem menn hafa haft þar í huga en stofnkostnaðinn sjálfan.

Síðan held ég, herra forseti, að við eigum að spyrja: Eru það búskaparhættir sem við höfum mikla samúð með lengur að láta stórgripi vera í lausagöngu á láglendi og í nágrenni við þjóðvegi landsins? Nú er það augljóst mál, það kemur fram í þessum gögnum og liggur fyrir, að í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella er slíkt aflagt og stórgripir eru í vörslu, nautgripir nær alfarið. Það er þó svo merkilegt sem það er fáein tilvik um að nautgripir hafi verið að þvælast um, valdið slysum og jafnvel verið í lausagöngu. Þetta er nokkuð algengara með hross en langflestir bændur landsins, yfirgnæfandi meiri hluti bænda landsins býr ekki þannig í dag að stórgripir séu utan vörslu. Það eru aðeins nokkrar undantekningar bundnar við þau sveitarfélög þar sem þetta er leyft og vel að merkja er að sjálfsögðu ekki nema hluti bændanna í þeim sveitarfélögum þar sem lausaganga er heimil, þar sem þetta á við.

Herra forseti. Ég tel að ekki verði undan því vikist að aðhafast eitthvað í þessu máli. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að skoða allar hugmyndir um að taka á þessu að einhverju leyti með öðrum hætti en þeim sem hér er lagt til í frumvarpsformi en mér finnst það dapurlegt, ég verð að segja það alveg eins og er, eftir að hafa reynt að ýta þessu máli áfram og fá það tekið fyrir eða komið því eitthvað áfram í gegnum þingið, að sitja uppi með það að mæla fyrir þessu í fjórða sinn á nokkurra ára bili komið undir lok þinghaldsins á þessum vetri, því að þannig verða örlög margra þingmannamála hér að þeim er endalaust ýtt aftur fyrir ný og ný stjfrv., það er því oftar en ekki komið fram á græn grös þegar við loksins fáum að mæla fyrir málum jafnvel þó að við höfum flutt þau snemma þings og sitja svo uppi með það að málin séu svæfð út af og fái ekki einhverja umfjöllun. Þetta mál gengur að sjálfsögðu til landbn. þar sem viðkomandi lög eru á sviði landbúnaðarmála, heyra undir landbrh. og allt það. Ekki er ég að lýsa neinu vantrausti á þá ágætu þingnefnd en þar hefur þetta áður verið til umfjöllunar og lítið gerst. Hæstv. landbrh. hafa komið og farið og að mestu leyti setið við það sama.

Nú söknum við auðvitað kempunnar hæstv. landbrh., Guðna Ágústssonar, 2. þm. Suðurl., sem hafði eins og ég vitnaði til fyrr í máli mínu uppi nokkur sver orð um það að á þessu þyrfti að taka einhvern tíma fyrr á þessum vetri. Hefði verið gaman að heyra eitthvað frá hæstv. ráðherra um það hvar málin eru á vegi stödd og hvort einhvers sé að vænta á næstunni frá hæstv. ráðherra.

Hvað sem því líður, herra forseti, meðan ekkert annað gerist í þessum málum sem vekur manni vonir um að á þessu verði tekið mun ég halda áfram að þrjóskast hér við og flytja þetta mál og hver veit nema einn góðan veðurdag verði svo komið að menn sjái þann kost vænstan að samþykkja það.

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa máls og ég vil eingöngu koma í ræðustól til að lýsa því að ég tel að það sé orðið tímabært að taka á því máli að lausaganga stórgripa við þjóðvegi og miklar umferðaræðar að sumarlagi séu takmarkaðar og í raun og veru komið í veg fyrir að stórgripir séu við aðalumferðaræðar landsins.

Yfir sumartímann fer ferðamaðurinn víða um hálendi og jafnvel vegleysur. Það verður ekki við öllu gert en a.m.k. við aðalþjóðvegi landsins tel ég að standa þurfi þannig að verki að stórgripir séu ekki að þvælast við vegbrúnir og á vegum. Auðvitað sjást þessi dýr vel í bjartri sumarnóttinni en um leið og fer að skyggja nætur breytist það og getur valdið miklum slysum fyrir utan það að það er aldrei fyrir séð hvernig dýr haga sér við þjóðvegi jafnvel þó björt sé sumarnóttin. Eftir því sem fólki fjölgar sem aldrei hefur umgengist dýr og skynjar lítið hegðun þeirra eða umhverfi, því meiri hætta er á að menn aki þannig að þeir taki ekki beinlínis mið af því þó að stórgripahópar, t.d. hross séu við þjóðvegi og geti skyndilega breytt vegferð sinni frá því sem ökumaður ætlar. Ég held því að við séum komin þar að tryggja beri að stórgripir geti ekki verið á þjóðvegum landsins og eigendum dýranna og sveitarstjórnum beri að tryggja það með heldum girðingum. Ekki leggst ég gegn því að Vegagerðin komi þar að í samstarfi við eigendur en ég vonast til að þetta mál fái góða og efnislega umfjöllun í landbn. Ég á sæti þar sem áheyrnarfulltrúi og mun að sjálfsögðu reyna að fylgja málinu eftir þar.

[15:57]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar og stuðninginn. Ég vil aðeins útskýra hvernig ég sé framtíðina fyrir mér í þessum efnum sem svar við athugasemdum hv. þm. Ég sé hana í grófum dráttum þannig að í fyrsta lagi væri almenna reglan í landinu vörsluskylda á stórgripum. Í öðru lagi væru vegir girtir af beggja vegna út frá öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins og þjóðvegur 1, í aðalatriðum hringvegurinn og helstu leiðir út frá honum til Vestfjarða, norðausturleiðin og aðrar slíkar girtar af þannig að þar væri alls ekki um búpening að ræða.

Í þriðja lagi væri þetta þannig að þar sem sérstakar aðstæður væru fyrir hendi og menn yrðu kannski sammála um að varla væri efni til að eyða í og viðhalda girðingum meðfram þjóðvegum, segjum alla leiðina yfir Mývatns- og Möðrudalsöræfi á þjóðvegi 1, 150–200 km leið eða svo, þá keyrðu menn út af hinum afgirtu vegsvæðum og þar tækju við viðvörunarskilti þar sem umferðin væri vöruð við því að menn gætu átt von á búpeningi og þá e.t.v. fyrst og fremst sauðfé því að vörsluskylda væri á stórgripum um allt land. Þetta væri þá sambærilegt við það sem ég hygg að margir þekki af ferðum sínum erlendis. Þá kemur stundum á fáförnum slóðum, t.d. fjallvegum, að skiltum þar sem varað er við því að t.d. dádýr eða búpeningur geti orðið á vegi manns. Þetta þekkja ferðamenn jafnt innlendir sem erlendir og mundi ekki skapa nein vandamál. Slysin verða að langmestu leyti þar sem menn lenda óvænt í því, t.d. á láglendi, að mæta búpeningi uppi á vegi þar sem enginn á von á slíku. Einhvern veginn svona finnst mér að þessa framtíð mætti

teikna upp og vonandi verður það fyrr en síðar að þessi mál komist í skikkanlegt horf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 325. mál. — Þskj. 410.

[15:59]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz og Sigríður Jóhannesdóttir. Hér er sömuleiðis um að ræða þingmál sem hreyft hefur verið áður á hinu háa Alþingi.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fela ríkisstjórn að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af. Síðan er talið upp í allmörgum stafliðum að hvaða þáttum áætlunin ætti að miða sérstaklega og hvar ætti að reyna að takmarka eins og kostur er slíkt ofbeldisefni. Það er í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,

b. tölvuleikir, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,

c. ofbeldi á tölvunetum,

d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,

e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,

f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,

g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Í tillögunni er lagt til að þannig verði að þessu unnið að forsrh., þar sem málið varðar mörg ráðuneyti, skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem síðan yrði lögð fyrir Alþingi í formi þáltill., afgreidd hér og myndaði þar með grundvöll einhvers konar aðgerðaráætlunar eða framkvæmdaáætlunar á þessu sviði eins og þekkt er á fjölmörgum öðrum. Ég nefni sem dæmi manneldisáætlun, byggðaáætlun, umferðaráætlun o.s.frv. sem meðhöndlaðar eru nákvæmlega með þeim hætti að þær eru lagðar fyrir þingið í formi þáltill. og mynda til nokkurra ára í senn nokkurs konar aðgerða- eða framkvæmdaáætlun.

Menn geta spurt sig, herra forseti, að tvennu kannski í þessu sambandi. Það fyrra er: Er ástæða til að reyna að takmarka framboð ofbeldisefnis og ofbeldisathafnir sem hér um ræðir? Og síðan að hinu: Er eitthvað hægt að gera í málinu, er þetta eitthvað sem menn ráða yfir höfuð nokkurn skapaðan hlut við? Ég svara báðum spurningunum játandi. Það er að mínu mati svo að enginn vafi er á því að eitt af því sem er verulega háskalegt, herra forseti, og mikið umhugsunarefni í vestrænum samfélögum í dag og Ísland er þar því miður engin undantekning, er hið gríðarlega flæði alls konar ofbeldisefnis og ofbeldistengdra þátta sem steypast yfir okkur alls staðar í umhverfinu. Áreitið er svo gríðarlegt í þessum efnum í dag að þegar við hugsum bara til unglinga á viðkvæmu þroskaskeiði eða barna og förum aðeins yfir það í huga okkar hversu víða í hinu daglega umhverfi þau mæta slíkum hlutum fyllist maður í raun og veru skelfingu, herra forseti, eða það gerir ræðumaður a.m.k. Það má auðvitað draga þar upp ýmis dæmi eins og gert er í greinargerð með tillögunni.

Það sem verra er, herra forseti, að þeim þó takmörkuðu reglum sem við lýði eru og eiga að einhverju leyti að takmarka hversu mikið af slíku ofbeldisáreiti t.d. börn og unglingar verða fyrir er ekki nægjanlega vel framfylgt í fjölmörgum tilvikum.

Auðvitað er það svo að skiptar skoðanir eru um bein áhrif þess á börn og ungmenni og þess vegna allar mannverur að verða fyrir stanslausu áreiti af slíku efni og ótal kannanir í þeim efnum hafa sýnt býsna misvísandi niðurstöður. Það er sjálfsagt að viðurkenna það, enda ekki hægt um vik að sanna vísindalega eitt eða neitt í slíkum efnum. Það sem menn í besta falli geta gert með vönduðum rannsóknum og könnunum er að leiða líkur að hlutum og reyna að átta sig á því með félagslegum, ferlisfræðilegum og margs konar athugunum hvað sé líklegt að sé að gerast í þessum efnum. Þar hygg ég að óhætt sé að segja að þeirri skoðun vaxi býsna hratt fylgi nú um stundir að ein af orsökum þess að ýmiss konar ofbeldisvandamál og agavandamál og grófara ofbeldi en áður þekktist jafnvel meðal barna og ungmenna eigi sér rót í þessu mikla framboði og hinu mikla áreiti frá ofbeldisefni sem hellt er yfir okkur í dag. A.m.k. hafa kannanir sýnt það að þegar við bætast erfiðar félagslegar aðstæður, þá er alveg marktæk fylgni milli þess að þeim mun meira af ofbeldisefni sem viðkomandi er í tengslum við eða áreittur af, þeim mun líklegra er að sá hinn sami hneigist til ofbeldisfullrar hegðunar. Og jafnvel þó svo að menn verði ekki fyrir áhrifum í þeim mæli eða þeim skilningi að hjá þeim sjálfum brjótist út ofbeldisfull hegðun eða þeim hætti frekar til að fremja óhæfuverk, þá er ástæða til að hafa áhyggjur af andlegum áhrifum þess engu að síður, þó svo menn kunni að bera þann harm sinn í hljóði og glíma við það án vandamála út á við sem af því leiðir að umhverfið er jafnyfirfullt af slíkum hlutum og ljótleika eins og þarna er átt við.

Ég held líka, herra forseti, að menn ættu að varast að gera lítið úr þeirri mjög svo almennu tilhneigingu foreldra, sem ég held að sé mjög almenn og útbreidd, einfaldlega af því að mönnum er það einhvern veginn bara í brjóst borið að hlífa t.d. börnum sínum við ljótum atburðum, jafnvel þó svo að menn séu ekki uppteknir af því að eitthvert ljótt myndefni í sjónvarpi eða slys sem menn koma að eða þegar á að farga dýrum eða eitthvað því um líkt sé bannað eða reglur séu um það, þá gerist það ósjálfrátt að hugsandi fólk reynir að hlífa börnum og óhörðnuðum unglingum við því að þurfa að horfa upp á slíkt. Og það er væntanlega af einhverri ástæðu, herra forseti, sem náttúran hefur komið þessu svona fyrir eða siðmenningin hefur þá falið það í sér. Ég held að það sé vegna þess að það eru gömul inngróin sannindi hjá mannskepnunni að það sé óæskilegt að menn verði fyrir slíku.

En það er vissulega úr vöndu að ráða og það er ekki jafneinfalt og það var í árdaga á fyrri tíð að vernda börn og ungmenni fyrir slíku því að þetta áreiti er alls staðar á ferðinni og út um allt í þjóðfélaginu. Það er eiginlega leitun að

hlutum sem ekki tengjast meira og minna að einhverju leyti ofbeldi, stríðum, styrjöldum eða öðru slíku. Það er eiginlega sama hvar borið er niður í hinum markaðsvædda afþreyingariðnaði heimsins að hann er í ótrúlega miklum mæli, hvort sem í hlut eiga kvikmyndir, leikföng, tölvuleikir eða annað slíkt, grundvallaður á einhvers konar ofbeldi, styrjaldar- eða átakanálgun.

Eftir að hafa sagt þetta, herra forseti, og lýst þeirri sannfæringu minni sem ég vona að ég deili með mörgum að æskilegt sé að reyna að spyrna þarna eitthvað við fæti, þá ætla ég örstutt að ræða hitt atriðið: Er eitthvað hægt að gera í þessum efnum? Margir sem ég ræði þetta við eru út af fyrir sig alveg sammála mér um það að æskilegt væri að reyna eitthvað en hafa hins vegar kannski efasemdir uppi og spyrja spurninga eins og: Þýðir nokkuð að hugsa um þetta? Er þetta ekki bara eitthvað sem við ráðum ekkert við? Hellist þetta ekki yfir okkur í slíku magni í gegnum sjónvarpsstöðvar, kvikmyndahús, tölvuleiki, leikföng, bækur, blöð og tímarit o.s.frv. að það sé bara að æra óstöðugan að reyna að fást við það? Þeirri spurningu neita ég að beygja mig undir að þurfa að svara játandi. Ég trúi því ekki, ef vilji er til staðar, að ekki sé hægt að gera ýmislegt sem alla vega yrði þó frekar til bóta í þessum efnum og mér finnst líka að menn eigi að reyna að fara í gegnum lífið með einhverja meðvitund um þessa hluti og gera þó það litla sem þeir telja sig geta í þessum efnum.

Ég tel að verulega skorti á umræðu um og kynningu á mikilvægi þess t.d. hér á landi, bæði frá þessum sjónarhóli séð og líka frá almennu uppeldislegu sjónarmiði séð að hlutir eins og aldursmörk í sambandi við bannaðar kvikmyndir eða þess vegna reglur um útivistartíma eða aðrir slíkir hlutir séu virtir. Það er mjög mikið agaleysi í þeim efnum í gangi. Það þekkja t.d. allir þeir foreldrar sem eitthvað hafa reynt að standa í lappirnar sjálfir gagnvart slíkum hlutum, eins og maður hefur stundum orðað það, að helsti uppalandinn í landinu eru þessir „allir" því að svörin eru yfirleitt þau að allir fái að gera þetta eða hitt og þar með á ekki að þurfa að ræða það frekar. En ef þessir allir brotna niður í einingar og reynast vera foreldrarnir í landinu eða forráðamenn barna og unglinga og þeir tækju sig saman um að gera eitthvað í málinu, þá mundi maður ætla að það gæti haft umtalsverð áhrif.

Hér geta fjölmiðlarnir einnig haft mjög mikið að segja og aðrir þeir sem eru í lykilaðstöðu til að framfylgja t.d. þeim reglum sem á þó að heita að um þetta eigi að gilda. Ég verð að segja, herra forseti, að það fer ákaflega í taugarnar á mér þegar maður stendur jafnvel virðulega fjölmiðla, opinbera eða einkarekna, að því að nánast sýna því lítilsvirðingu að halda t.d. aðgreindu slíku efni frá dagskrárliðum þar sem þess má vænta að börn og unglingar horfi á í sjónvarpi. Hér eru t.d. í fylgiskjölum tekin dæmi af auglýsingum harðsvíraðra ofbeldismynda frá vídeóleigum sem var skellt yfir áhorfendur sjónvarpsstöðvanna á þeim tíma dags eða kvölds þegar vænta mátti þess að öll fjölskyldan sæti framan við sjónvarpsskjáinn svo eitt pínulítið dæmi sé nefnt.

Mér sýnist líka vera mikið kæruleysi í gangi varðandi það að hafa eftirlit með því að börn fái ekki leigðar bannaðar myndir á myndbandaleigum, og það er sambærilegt kæruleysi og viðgengst gagnvart því að selja börnum og unglingum tóbak í sjoppum þar sem kannanir hafa sýnt að allt upp í 70–80% af söluturnum á ákveðnum svæðinu í landinu þverbrjóta slíkar reglur. Og það má alveg upplýsa það hér og kemur reyndar fram í greinargerðinni að við tókum okkur saman nokkrir foreldrar og létum á það reyna hvort unglingar í okkar hverfi gætu fengið leigðar bannaðar myndbandsspólur. Það reyndist þeim óhuggulega auðvelt, oftast án nokkurra athugasemda en stundum með því einu að bera því við að verið væri að sækja myndina fyrir foreldra eða einhvern fullorðinn á heimilinu og þá var það talin fullgild ástæða fyrir því að láta krakka á grunnskólaaldri fá harðbannaða mynd í hendur.

Það eru auðvitað fleiri, herra forseti, sem ekki standa sig vel í þessum efnum og ég held að allir þurfi að reyna að leggja sitt lóð á vogarskálarnar en það er ekki góðs að vænta ef þeir sem menn ættu helst að geta sett traust sitt á í þessum efnum sem eru auðvitað yfirvöld í landinu, ábyrgir aðilar, stofnanir, fjölmiðlar og fyrirtæki sem ættu frekar að leggja metnað sinn í að ganga á undan með góðu fordæmi heldur en öfugt. Margt er merkilegt upp á að horfa í þeim efnum, herra forseti, hvernig t.d. sum af stærstu iðnfyrirtækjum landsins kjósa að láta ítrekað á það reyna hvort þau komist upp með að brjóta afdráttarlaust bann við því að auglýsa áfengi svo dæmi sé tekið.

Herra forseti. Ég vonast til að flutningur þessa máls verði a.m.k. til þess að ýta eitthvað við umræðum um þessi mál og þá er tilganginum að einhverju leyti náð. Helst hefði ég auðvitað viljað að menn tækju á sig rögg og tækju þetta mál alvarlega. Ég held að það sé, því miður liggur mér við að segja, fullt tilefni til að gera það og þó að við séum svo lánsöm að hafa kannski ekki fengið upp umræður um ofbeldisatburði af því tagi sem tröllríða fjölmiðlum í Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem morð og fjöldaaftökur á skólalóðum eru næstum að segja daglegt brauð, þá er því miður enginn vafi á því að sum einkenni eru hér sameiginleg ákveðinnar þróunar sem er neikvæð og í öfuga átt og við ættum að reyna að gera það sem í okkar valdi stendur til að sporna gegn slíku.

[16:15]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil ekki lengja umræðuna mjög þar sem langt er liðið á daginn en ég hlustaði á ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og vil taka undir margt af því sem þar kom fram. Ég tel fulla ástæðu til að skoða það sem hann leggur til og athuga leiðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði á ofbeldisefni.

Það er ljóst að við höfum skyldu til að vernda börn og unglinga. Það er of mikið áreiti í þjóðfélaginu í dag gagnvart börnum og unglingum. Ég held að Íslendingar hafi sýnt of mikið umburðarlyndi gagnvart því áreiti sem börnum er boðið upp á. Ég tek undir þau orð hv. þm. að hér sé ákveðið agaleysi í þessum málum.

Mín reynsla er að ef settar eru ákveðnar reglur varðandi börn og ef þær reglur eru skynsamlegar þá tekur fólk þær yfirleitt upp og er tilbúið að fara eftir þeim. Hins vegar þarf töluvert til þess að halda þeim á lofti. Margar af þessum reglum eru einfaldar, eins og fram kemur í greinargerð með þáltill. á bls. 3. Það er verið að tala um að setja strangari reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum og banna auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint á kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Málið snýst um fleiri svona atriði sem í raun er afar einfalt að fara eftir.

Þetta mál tengist því sem ég hef dálítið beitt mér fyrir að undanförnu, þ.e. varðandi börn og auglýsingar. Ég hef séð að það er aukið áreiti gagnvart börnum varðandi auglýsingar.

Börnum er boðið upp á auglýsingar sem eru ekki við þeirra hæfi. Þær eru birtar þeim á tíma sem börn eru vakandi og efni þeirra hentar ekki börnum. Ég hef kallað eftir því við hæstv. viðskrh. að settar verði ákveðnar stjórnvaldsreglur um börn og auglýsingar. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon deilir þeim áhuga með mér. Það kom einmitt fram, þegar við ræddum þau mál á sínum tíma í fyrirspurnatíma, að hv. þm. hafði beitt sér fyrir því þegar samkeppnislög voru sett að þar yrðu ákvæði varðandi börn og auglýsingar. Ég tók sérstaklega eftir því.

Mig langar í þessu sambandi að segja stutta sögu. Þegar ég var að vinna í þessum málum, börn og auglýsingar, þá hafði samband við mig gamall skólafélagi sem starfað hafði erlendis í 20 ár, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hann sagði, þegar hann kom heim með börn á aldrinum 8 og 10 ára, að honum hefði hreinlega verið verulega brugðið þegar hann kveikti á sjónvarpi og sagðist stöðugt þurfa að vera á varðbergi og slökkva á sjónvarpinu til þess að börnin sæju ekki þar eitthvað sem hann vildi alls ekki að þau sæju, bæði ofbeldi og kynlíf sem hann vildi alls ekki að börnin hefðu fyrir augunum dags daglega.

Ég kem upp til að taka undir þessa þáltill. og tel fulla ástæðu til þess að staldra við. Ef það þarf að samþykkja þessa þáltill. til þess þá er það hið besta mál. Ég styð þetta mál.

[16:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Till. til þál. um aðgerðir til þess að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis er sannarlega þörf tillaga. Ég held að það sé talsvert á sig leggjandi til þess að þáltill. af þessu tagi nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Eins og fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa talað er afar mikilvægt að löggjafinn beiti sér í að hafa áhrif á börn og unglinga og það umhverfi sem þau alast upp í.

Stór hluti þessa dags hefur farið í að ræða dóma yfir þeim sem brjóta af sér í fíkniefnamálum. Hugsanatengslin á milli þessara tveggja mála eru augljós. Unga fólkið sem elst upp í heiminum eins og hann er í dag fær ekki það atlæti sem tryggir að því sé haldið frá braut glæpa og fíkniefna. Uppeldismálin og atlæti barna og unglinga í uppvexti er grundvallaratriði í samfélagi okkar og tengist nánast öllum málum sem upp koma í samfélaginu. Því er það skylda löggjafans að taka af festu og ábyrgð á öllum þeim málum sem geta tryggt að ungviði þessarar þjóðar fái það atlæti í ásku sem geri fólk að nýtum þjóðfélagsþegnum.

Eitt af þeim atriðum í uppeldi og uppvexti barna sem skiptir máli að lögð sé rækt við er siðferði, siðferðishugsun og siðferðiskennd. Ef foreldrar, ungir foreldrar kannski sérstaklega, fá stuðning frá samfélaginu við að greina hluti á þann hátt að hægt sé að skoða siðferðið að baki því sem þjóðfélagið býður upp á þá væri þess að vænta að ungir foreldrar ættu auðveldara með að liðsinna börnum sínum og kenna þeim muninn á réttu og röngu, góðu og slæmu.

Hvað er hægt að gera? spyr hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Það er afar margt hægt að gera til þess að leggja uppalendum lið í uppeldi barna sinna. Þessi þáltill. gengur út á virkar aðgerðir í þeim efnum. Að mínu mati, herra forseti, er mikilvægt að sú hugmyndafræði sem liggur að baki þessari þáltill. hljóti góða umræðu, mikla og alvarlega umræðu löggjafans. Ég treysti því satt að segja að þetta mál fáist afgreitt úr nefnd vegna þess að það er sannarlega tímabært að hv. þm. fái tækifæri til að segja hug sinn um tillögu af þessu tagi. Ég er sannfærð um að fái hún brautargengi í nefnd og aftur hingað inn í þingsali þá komum við til með að geta afgreitt hér tímamótamál frá Alþingi sem gerir það að verkum að uppalendur í þessu landi eigi auðveldara með að innræta börnum sínum góða siði og gott siðferði sem gerir ungviðið að nýtari þjóðfélagsþegnum, hamingjusamari einstaklingum sem hvíla betur í sjálfum sér og geta lifað lífinu til gagns og ánægju.

[16:23]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil í fáeinum orðum þakka undirtektirnar við þessa tillögu og taka sérstaklega undir orð hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Ákaflega væri það nú gaman að þessi tillaga fengist allt í einu óvænt afgreidd frá þinginu. Það væri skemmtileg tilbreyting miðað við örlög hennar og margra annarra mála sem þingmenn hafa hreyft á undanförnum árum og allt of oft því miður sæta því að sofna að vori. Öfugt við það sem ætti að vera, þegar allt annað er að vakna til lífsins, þá sofna tillögurnar hér á þingi.

Ég vil taka undir það sem hv. 19. þm. Reykv., Ásta Möller, nefndi um þær reglur, oft einfaldar, sem hægt væri að setja. Það eru nefnd átta, níu dæmi um slíkar reglur, ef ég man rétt, í greinargerð. En það er auðvitað fjölmargt fleira sem mætti hugsa sér að slík aðgerðaáætlun tæki til. Ég er sannfærður um að ef breiður hópur fagfólks úr uppeldisstéttum og sérfræðingar settust sameiginlega yfir þetta verkefni þá yrði ótal margt tekið til skoðunar sem til greina kæmi að setja reglur um.

Vissulega er ég einnig sammála því sem hv. 19. þm. Reykv. nefndi, að þegar slíkar reglur liggja fyrir þá hafa þær áhrif. Jafnvel þó manni þyki talsvert kæruleysi í kringum þær og allt of algengt að þær séu ekki virtar þá fylgir þeim þó kannski drjúgur hluti þeirra sem í hlut eiga. Það er gott og hefur áhrif og er til gagns í sjálfu sér. Ég er alveg sannfærður um að ástandið væri miklu verra og fleiri börn og unglingar í reiðuleysi ef engar útivistarreglur væru. Erum við ekki sammála um það? Jú, ég hygg svo vera. Þó vitum við að það er í allt of miklum mæli ekki farið eftir þeim. Þá vaknar spurningin um það hvort við eigum að gefast upp vegna þeirra sem ekki framfylgja reglunum eða horfa á hitt, að þær hafa heilmikið gildi vegna þess fjölda sem þó fylgir þeim.

Við erum mikil skoðanasystkini í því, ég og hv. þm. Ásta Möller, að það sé mikilvægt að hafa reglur um auglýsingar til að verja börn og unglinga fyrir áreiti, innrætandi auglýsingum, og fyrir þeirri aðferð sem ber af og til á, að reyna að ná til foreldra í gegnum börnin með óprúttnum hætti í auglýsingum. Sjálfum finnst mér ónotalegt, jafnvel þó verið sé að auglýsa varning sem út af fyrir sig er ekki skaðlegur börnum, þegar auglýsingum er dengt inn í barnatíma eða allt í kringum þá o.s.frv. Mér finnst það óviðeigandi og mætti sannarlega taka fastar á þeim hlutum. Þar er við að styðjast greinar í samkeppnislögunum, 21. og 22. gr., sem komust inn í þau lög eftir talsverðar umræður um málið áður á þingi. Það mál komst svo langt að fyrrv. viðskrh., sem núna stýrir banka í Helsinki, lagði fram sérstakt frv. um að sett yrði heildstæð löggjöf um auglýsingamálefni og sérstaklega vernd barna og ungmenna fyrir skaðlegum áhrifum innrætandi auglýsinga. Það náði ekki fram að ganga.

Í framhaldi af þáltill. sem ræðumaður flutti um að sett yrðu lög um þetta efni varð niðurstaðan samkomulag um að taka þetta upp í samkeppnislögin árið 1993 og þar eru þessi ákvæði enn til staðar. Þau mætti vel hugsa sér að styrkja.

Það mætti líka hugsa sér að fara yfir framkvæmd þeirra og mér fyndist mjög vel koma til greina, vegna þess að auglýsingarnar eru býsna stór þáttur í þessum málum, að taka þann þátt inn í þessa tillögu með einhverjum hætti eða vinna þetta saman. Það mætti gera með ýmsu móti.

Hv. þm. bar saman stöðu Íslands og annarra landa í þessu máli. Ég get svo sem sagt svipaða sögu. Ég hef haft kynni af því hvernig þessum hlutum er háttað í Svíþjóð, eftir að hafa alið þar upp börn um skeið. Ég held að þar sé mun meira aðhald sýnt í þessum efnum. Þess er betur gætt að halda ofbeldisefni og bönnuðu efni algerlega aðgreindu, hafa það efni á þeim sýningartímum sem verulega minni líkur eru á að það komi fyrir augu barna o.s.frv.

Hér hefur á köflum verið ótrúlegt kæruleysi ríkjandi í þessum efnum, með þeirri undantekningu þó helst að ég hygg að oftast sé sæmilega skýrt varað við því í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna þegar ofbeldi, ljótar myndir frá átakasvæðum eða annað því um líkt kemur fyrir sjónir manna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en þakka undirtektirnar og bind auðvitað vonir við að tillagan fái a.m.k. vandaða umfjöllun í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vopnalög, 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 326. mál (skoteldar). — Þskj. 411. [16:28]

Flm. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16 frá 25. mars 1998. Flutningsmenn auk framsögumanns eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Katrín Fjeldsted.

Samkvæmt 1. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er með skoteldum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda. VI. kafli vopnalaga fjallar um meðferð skotelda. Þar er m.a. kveðið á um að sala eða afhending skotelda til barna yngri er 16 ára er bönnuð sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum og að öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára sé óheimil.

Í því frv. sem hér er til umfjöllunar er lagt til að aldursmark barna og unglinga sem heimilt er að selja flugelda og kveðið er á um í 32. gr. vopnalaga verði breytt og hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 18 ára. Heimilt er þó að selja börn um eldri en 15 ára skotelda til notkunar innan húss."

Í þessari breytingu felst einnig að það verði ekki lengur á valdi þeirra sem flytja inn skotelda að ákvarða hvaða aldurshópar megi kaupa vöruna eins og núgildandi lög gera ráð fyrir og framkvæmdin hefur verið hingað til. Gert er ráð fyrir að í reglugerð um skotelda sem hefur verið til endurskoðunar að undanförnu í dómsmrn., og liggja fyrir drög að, verði ákvörðun um flokkun skotelda og skilgreining á skoteldum sem ætlaðir eru til notkunar innan húss. Mér kunnugt um að svo er.

Ég vek þó athygli á að skoteldar eru í þessu sambandi samheiti yfir margar tegundir blysa, hvellsprengna, skotelda og skrautelda sem eiga í raun ekkert annað sameiginlegt en að eldfæri er notað til að kveikja í þeim. Það segir ekki til um magn púðurs eða aðra virkni skoteldsins. Þetta tek ég sérstaklega fram til að fyrirbyggja misskilning um hvað átt er við með þessu hugtaki í frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil geta þess að tveir hv. samþingmenn mínir hafa bent á að orða mætti þessa grein frv. aðeins skýrar þannig að seinni málsliður 32. gr. hljóði svo: Heimilt er þó að selja börnum eldri en 15 ára skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss.

Ég vil geta þess að íslenskufræðingar sem lásu yfir frv. gerðu ekki athugasemdir við orðalag greinarinnar en það er sjálfsagt að taka tillit til réttmætra athugasemda um orðalag þannig að greinin sé alveg skýr, og beini ég því til hv. allshn., sem ég mun leggja til að fái frv. til meðferðar, að hún skoði orðalag greinarinnar í ljósi þess.

Samkvæmt 33. gr. vopnalaga er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda og um sérstakt eftirlit í því skyni. Núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda, nr. 536/1988, er frá desember 1988 en samkvæmt svari dómsmrh. við fyrirspurn minni um skotelda á 125. löggjafarþingi og er birt sem fylgiskjal með frv. hefur reglugerðin verið til endurskoðunar um nokkurt skeið í ráðuneytinu og verður hún birt innan skamms.

Hér á landi hefur athygli og umræða um skotelda og slys af völdum þeirra að öllu jöfnu verið bundin við áramót, enda er almenn notkun og sala skotelda til almennings einungis heimil á tímabilinu 27. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum, nema með leyfi lögreglustjóra, samkvæmt núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda.

Í greinargerðinni liggja fyrir töluverðar upplýsingar varðandi sölu skotelda, bæði í greinargerðinni sjálfri og einnig í fylgiskjölum sem fylgja með frv., en þau fylgiskjöl eru svör dómsmrh. og heilbrrh. við fyrirspurnum mínum annars vegar um sölu og eftirlit með skoteldum til dómsmrh. og hins vegar um slys og tíðni slysa af völdum skotelda til heilbrrh. Ég vil reyna að stytta mál mitt eins og mögulegt er og vísa því til greinargerðarinnar og þeirra fylgiskjala til frekari lýsingar og röksemda fyrir því af hverju ég legg fram þetta frv. um breytingu á vopnalögum.

Ljóst er að í sölu skotelda hefur orðið gríðarleg aukning á undanförnum árum, bæði í innflutningi og framleiðslu og má segja að innflutningur á skoteldum hafi fjórfaldast á fimm ára tímabili frá 1995–1999. Má rekja það til þeirra tímamóta sem urðu um áramótin 1999/2000 og svo 2000/2001 en einnig má segja að almenn velmegun í landinu geri það að verkum að fólk telur sér fært að eyða meiri peningum í skotelda.

Slys af völdum skotelda hér á landi eru meiri en við getum unað við. Ég tók saman tölur úr erlendum rannsóknum, bæði frá Danmörku og Bretlandi og ýmsum öðrum stöðum. Þar kemur fram að tíðnin er verulega hærri hér á landi þrátt fyrir að byggt sé eingöngu á tölum um tíðni slysa á Reykjavíkursvæðinu því að upplýsingar um tíðni slysa úti á landi liggja ekki fyrir. Það sem einnig er athyglisvert í þessu sambandi er að það eru aðallega ungir drengir sem slasa sig vegna skotelda og það er einmitt sérstaklega þess vegna sem ég flyt þetta frv.

Í samantekt Landsbjargar t.d. varðandi undanfarin áramót kemur í ljós að á nýársnótt hafi að meðaltali um tíu manns leitað til slysadeildar Reykjavíkur vegna flugeldaslysa, en

um áramótin 1999/2000 þar sem töluvert meira magni skotelda var skotið upp en áður urðu slysin helmingi fleiri. Þar af voru 60% þeirra sem slösuðust 19 ára og yngri og um 40% þeirra sem slösuðust voru á aldrinum 10–14 ára. Ef við tökum síðan síðustu áramót, því að þetta frv. var lagt fram fyrir síðustu áramót, þá voru þau tiltölulega fá miðað við það sem við mátti búast en á móti má benda á að töluverð umræða varð í fjölmiðlum milli jóla og nýárs m.a. út af því frv. sem ég er að mæla fyrir nú og sem ég tel að hafi valdið því að fólk fór aðeins að velta fyrir sér þessum hlutum í meira mæli en áður og átta sig á því hve mikil hætta er á slysum sérstaklega hjá ungum börnum. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan í umræðu um ofbeldi vegna þáltill. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mælti fyrir, þá tel ég að þegar fólk fær einfaldar reglur til að fara eftir og ef þær eru skýrar og ljósar og fela í sér bein skilaboð, þá er fólk tilbúið til að fara eftir þeim og ég tel að það hafi gerst um síðustu áramót og það hafi vakið fólk til umhugsunar um hvaða hætta fælist í því að börn væru með skotelda milli handanna.

Á síðustu árum hefur verið töluvert um það að þessi mál hafi verið tekin til endurskoðunar í Evrópulöndum og það hefur verið gert ákveðið átak, lög endurskoðuð og nýjar reglugerðir settar. Helstu atriði sem hafa verið endurskoðuð á síðustu árum eru að aldursmörk þeirra sem selja má skotelda hafa verið hækkuð, skoteldar hafa verið flokkaðir, ákveðið hvaða skoteldar eru í hvaða flokki, hvaða flokkar skotelda eru ætlaðir til sölu til almennings og hverjir eingöngu til sýninga. Gerðar hafa verið auknar kröfur um öryggi, gæði og merkingu skotelda, t.d. magn púðurs í skoteldum sem má flytja inn. Settar hafa verið kröfur um prófun skotelda áður en þeir færu í sölu, svo og vottun sem viðurkennd er innan ESB á sama máta og rafvörur. Gerðar hafa verið kröfur til söluaðila varðandi sölu á varningnum, um aldur þeirra sem afgreiða og varðandi geymslu skotelda. Í nokkrum löndum Evrópu hafa aldursmörk við sölu á skoteldum verið endurskoðuð og ný reglugerð um öryggi skotelda tók gildi í Danmörku seint á síðasta ári. Þar er sala á skoteldum til barna undir 18 ára bönnuð en það er heimilt að selja og afhenda börnum eldri en 15 ára stjörnuljós og aðrar álíka vörur sem flokkast undir skotelda og eru yfirleitt til notkunar innan húss.

Í Noregi tók ný endurskoðuð reglugerð sama efnis gildi 1. júlí 1999 og þar er almennt miðað við 18 ára aldursmörk en 16 ára við minni háttar skotelda í flokki I sem er ætlaðir til notkunar innan húss. Í Bretlandi er almennt miðað við 18 ára aldur við sölu og afhendingu skotelda og tók sú breyting gildi með nýrri reglugerð sem sett var í árslok 1997. Segja má að í kjölfar þeirrar reglugerðar þar sem tekið var fastar á þessum málum snarfækkaði slysum af völdum skotelda og eru þó skoteldar ekki notaðir í jafnmiklum mæli og hér á landi.

Í lokin vil ég draga saman helstu atriði varðandi það frv. um breytingu á vopnalögum sem ég mæli nú fyrir. Þau eru að almenn notkun skotelda um áramót hér á landi er mikil, tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Eins og ég nefndi áðan eru 60% þeirra sem slasast undir 19 ára og 40% eru undir 14 ára aldri.

Aldursmörk á sölu á skoteldum til barna hér á landi eru mun lægri en í löndunum í kringum okkur en þar hafa þau verið hækkuð á undanförnum árum. Nauðsynlegt er að herða reglur um meðhöndlun skotelda, reglur um sölu á skoteldum, taka upp flokkun á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum.

Samkvæmt 32. gr. vopnalaga er leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri sé þess getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu ákvæði er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára, en það er í verkahring hans, þ.e. framleiðanda eða innflytjanda, að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Með þessu frv. er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda séu færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda til notkunar innan húss. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda sem væntanleg er innan tíðar setji fastari reglur um flokkun skotelda. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 32. gr. vopnalaga yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja til yngri aldurshópsins, heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Að lokum legg ég til að frv. þetta verði sent hv. allshn. til umfjöllunar að lokinni 1. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 682. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 1061.

[16:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að framlengja um 18 mánuði gildistíma bráðabirgðaákvæðis um frjálsan innflutning lifandi sjávardýra milli Íslands og Evrópska efnahagssvæðisins. Landbúnaðarráðuneytið hefur sótt um til Eftirlitsstofnunar EFTA að fá samþykkta viðbótarvernd, í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins þar um, gegn innflutningi á lifandi fiski frá stöðvum þar sem tilteknir fisksjúkdómar finnast. Þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um það hvort Ísland fái slíka viðbótarvernd samþykkta þykir rétt að leggja til að núgildandi bráðabirgðaákvæði verði framlengt frá 30. júní 2001 til 31. desember 2002.

Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., 1. umr.

Frv. GAK, 349. mál. — Þskj. 497.

[16:43]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir er í rauninni mjög einfalt í sniðum. Það kveður á um að eftir ákveðinn

starfsaldur eigi sjómenn rétt til þess að stunda takmarkaðar fiskveiðar tímabundið með þeirri takmörkun að stunda eingöngu handfæraveiðar á skipi undir ákveðinni stærð og til þess öðlist þeir rétt eftir að hafa starfað a.m.k. fimm ár til sjós.

2. gr. er um það að þeir menn sem starfað hafa átta ár til sjós eða lengur eigi örlítið víðtækari rétt og einnig að þeir sem hafa 25 ára starfsreynslu eigi þennan rétt sjálfkrafa.

Eingöngu er um það að ræða að rétturinn tilheyri viðkomandi manni og hann verði ekki framseldur til annarra eða nýttur af öðrum, þ.e. einstaklingsbundinn réttur manna til þess að stunda fiskveiðar sem byggist á rétti eða hefð þeirra sem hafa lagt þá atvinnugrein fyrir sig.

Að öðru leyti skýrir frv. sig algerlega sjálft. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:45.

---

115. FUNDUR

mánudaginn 30. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 313. mál, þskj. 376. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 369. mál, þskj. 585, nál. 1125. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Hönnunarréttur, stjfrv., 505. mál, þskj. 792, nál. 1127, brtt. 1128. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 414. mál, þskj. 674, nál. 1135. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, þáltill., 443. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frv., 298. mál, þskj. 336. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, þáltill., 325. mál, þskj. 410. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vopnalög, frv., 326. mál, þskj. 411. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frv., 349. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 367. mál, þskj. 1146. — 3. umr.
13. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr.
14. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026. — 1. umr.
15. Líftækniiðnaður, stjfrv., 649. mál, þskj. 1027. — 1. umr.
16. Iðntæknistofnun, stjfrv., 650. mál, þskj. 1028. — 1. umr.
17. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
18. Stjórn fiskveiða, frv., 678. mál, þskj. 1057. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Landssambandi lögreglumanna.

Árnaðaróskir til forsætisráðherra.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í dag eru tíu ár síðan Davíð Oddsson varð forsætisráðherra. Enginn hefur áður gegnt því embætti samfellt svo lengi. Ég vil nú í upphafi fundar óska honum til hamingju af því tilefni.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samningsmál lögreglumanna.

[15:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. Alþingi þyrfti að taka það til umræðu og skoðunar hvers vegna hópur lögreglumanna gekk að húsinu áðan. Þetta var ekki herferð dómsmrh. gegn glæpum, þetta voru ekki pappalöggur, þetta voru lögreglumenn af holdi og blóði. Þeir voru ekki að koma til þess að fagna tíu ára afmæli forsrh. í starfi. Þeir voru að koma hingað til þess að kvarta undan því að ekki hefur verið hægt að ná samningum um kjör þeirra. Í átta mánuði hefur staðið yfir samningaþjark um kjör lögreglumanna. Ekki er hægt að hrópa húrra fyrir þeim launum sem þeir hafa. Þeir eru of fáir og það fást ekki menn til starfa. Sífellt er verið að ráða afleysingamenn sem hafa ekki haft tækifæri til þjálfunar. Þessi mál eru í ólestri og er eðlilegt að lögreglumenn hafi komið hingað til að kvarta.

Ofbeldi er að aukast í þjóðfélaginu og viðvarandi skortur hefur verið á löggæslu. Kröfur um t.d. úrbætur í vegamálum eru jafnvel tengdar því að ekki hefur verið hægt að halda uppi eðlilegri löggæslu. Hvers vegna þarf að tvöfalda Reykjanesbraut? Ef menn héldu þar uppi almennilegri löggæslu og þar væri eðlilegur umferðarhraði, þá þyrfti kannski ekki að gera það. Svo er um fleiri mannvirki svo maður nefni dæmi.

Fíkniefnin hafa aldrei verið meira á ferðinni. Yfirlýsingar eru um það frá þeim til þekkja að þau séu bókstaflega orðinn faraldur. Á sama tíma tekst mönnum ekki að koma á eðlilegum samningum við lögreglumenn. Þeir hafa ekki verkfallsrétt og þess vegna er enn þá brýnna að yfirvöld nái við þá samningum á eðlilegan hátt. Ég hvet til þess að gengið verði í þessi mál sem allra fyrst. Samfylkingin hefur óskað eftir því að fram fari umræða um þetta mál á miðvikudaginn. Vonandi fæst þá tími með bæði ráðherra dómsmála og fjármála til að fara yfir þessi mál og gefa skýringar á því hvernig

á því stendur að ekki tekst að ná þessum samningum saman.

[15:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta er umhugsunarefni, ekki aðeins fyrir hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans, viðsemjanda lögreglumanna heldur einnig Alþingi sem á að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Það á að vera okkur öllum til umhugsunar að slík er orðin óánægja á meðal löggæslustétta með kjörin að Landssamband lögreglumanna sér ástæðu til að efna til skipulagðra mótmæla, sér ástæðu til að efna til auglýsingaherferðar í dagblöðum landsins þar sem spurt er hve lengi lögreglumenn haldi út á þeim kjörum sem þeim eru búin. Enda kemur fram í öðrum auglýsingum að byrjunarlaun lögreglumanna eru rúm 100 þús. kr.

En ástæða þess að rétt er að taka þessi mál til umræðu um störf Alþingis er m.a. sú að hér hafa verið sett lög um hvert skuli vera vinnuferlið við gerð kjarasamninga. Við höfum lögfest á Alþingi lög þess efnis sem lúta m.a. að viðræðuáætlunum. En hvaða lög ná yfir þá ósvífni sem framkvæmdarvaldið sýnir þeim stéttum sem hafa verið án kjarasamninga frá því 1. nóvember sl.? Þetta á við um lögreglumenn og þetta er ein ástæða þess að þeir efna til þeirra mótmæla sem við verðum nú vitni að. Þetta á að verða okkur öllum til umhugsunar, einnig á Alþingi og ekki síst hér.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem komu fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og nú síðast hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að full ástæða er til að þingið taki þessi mál til umfjöllunar núna á allra næstu dögum. Ekki bara vegna þess að ekki hafi verið staðið við viðræðuáætlun og í raun hafi engin viðræðuáætlun gilt frá síðustu áramótum heldur ekki síður vegna þess að viðbótartryggingar lögreglumanna renna út á miðnætti í kvöld. Þá verður þessi stétt opinberra starfsmanna einna verst tryggð í störfum ef við miðum við aðrar stéttir opinberra starfsmanna. Lögreglan hefur þess vegna m.a. hvatt félaga sína eða félaga innan lögreglusambandsins til að fara varlega og stofna ekki lífi sínu í tvísýnu í störfum sínum. Við verðum að hafa hér öfluga löggæslu. Við höfum oft hlýtt á hæstv. dómsmrh. lýsa markmiðum sem hún hefur sett varðandi löggæsluna í landinu en öllum þeim markmiðum hefur nú verið stefnt í tvísýnu með því að hunsa algjörlega lögreglumenn og þær kröfur sem þeir hafa sett fram og sýna störfum þeirra vanvirðingu.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er erfitt að fjalla beint um störf þingsins í tengslum við þetta mál. Hitt er annað mál að enn er ósamið við ýmsa hópa opinberra starfsmanna, reyndar því miður allt of marga hópa. Þó er það þannig að það er búið að semja við til að mynda stærsta félag opinberra starfsmanna, Starfsmannafélag ríkisstofnana, sem samþykkti samning sinn með yfir 70% atkvæða en þar er nú að finna helsta láglaunafólkið innan BSRB. Í morgun var samið við Félag háskólakennara og búið er að semja við nokkur félög Bandalags háskólamanna en því miður er ekki búið að ljúka þessum samningum. Það er rétt og það er miður.

En það er nú þannig að það þarf tvo til að ná samkomulagi, ekki bara einn, og í mörgum þessara samninga eru flókin atriði til umfjöllunar, eins og að því er varðar lögregluna. Þar er t.d. verið að fitja upp á nýjungum að því er varðar starfslok. Þar eru önnur eldri vandamál sem tengjast t.d. því viðmiðunarsamkomulagi sem lögreglumenn hafa og reyndar tollverðir einnig sem hefur reynst þeim erfitt í framkvæmd hin síðari ár.

Auðvitað má segja að félög opinberra starfsmanna hefðu e.t.v. getað flýtt fyrir þessu ferli með því að fela einum aðila samningsumboð fyrir það sem gæti verið miðlægt í svona samningum en fjalla sjálf um sérmálin. Það hefði t.d. mátt fela hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er jafnframt formaður BSRB, að semja miðlægt fyrir BSRB-félögin. Eins og hann talar hér þá má gera ráð fyrir að það hefði getað flýtt fyrir. Ég geri ráð fyrir því. En því er því miður ekki að heilsa en við munum að sjálfsögðu halda þessu verki ótrauð áfram hvað sem líður umræðum hér á Alþingi. Vonandi tekst innan tíðar að ljúka samningum, ekki bara við lögreglumenn heldur öll önnur félög opinberra starfsmanna því að sérstaða þeirra að þessu leyti til er ekki mikil. Það eru því miður miklu fleiri sem eiga eftir að ljúka samningum. Þó má gera sér vonir um að þetta gangi hraðar núna á næstunni.

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hér hefur verið vakið máls á kröfum lögreglumanna og þeim kjarasamningum sem fara nú fram milli þeirra og ríkisins. Mikilvægt er að samningar náist sem fyrst. Staða lögreglumanna er auðvitað sérstök að því leyti að þeir hafa lögum samkvæmt ekki verkfallsrétt. Hins vegar er vitaskuld ljóst að sterk rök eru fyrir þeirri sérstöðu.

Ég hef áður lýst því yfir að markmiðið til framtíðar eigi að vera að lækka starfslokaaldur lögreglumanna sem búa við óvenjulegt álag í störfum sínum. Hins vegar er ekki víst hversu mikið svigrúm sé til að ganga til slíkra breytinga að þessu sinni. Við megum heldur ekki gleyma því að almennur eftirlaunaaldur á Íslandi er með því hæsta sem þekkist, svo og langlífi, og skekkir það e.t.v. samanburð við önnur lönd hvað lögregluna varðar.

Þó er ljóst að ríkisvaldið hefur í þeim samningaviðræðum sem nú hafa farið fram stigið fyrstu skrefin í þessa átt og hreyft umræðu um lækkun starfslokaaldurs. Ég tel það fagnaðarefni. Í tilefni af þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið og í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar tel ég rétt að undirstrika að lögreglan í landinu hefur verið styrkt verulega á síðustu árum með auknum fjárveitingum, bættum fjarskipta- og tækjabúnaði og fjölgun lögreglumanna um allt að 10% á síðustu fimm árum. Má jafnframt nefna að Lögregluskóli ríkisins hefur verið efldur verulega og hafa að undanförnu brautskráðst mun fleiri úr skólanum en áður. Lögreglan hefur náð góðum árangri í störfum sínum. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum hv. þm.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel afar mikilvægt að samningar náist hið fyrsta og sátt náist um raunhæfar og sanngjarnar kjarabætur fyrir lögreglumenn. Ég trúi að unnið sé að því nú.

[15:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hópur lögreglumanna bankaði á dyr þinghússins fyrir nokkrum mínútum og að því leytinu til hefur það áhrif á störf þingsins og á heima undir þessari umræðu. Herra forseti. Það mátti ætla af viðbrögðum hæstv. ráðherra að þeir hefðu ekki orðið varir við þennan hóp manna enda þótt þeir hefðu tekið við bænarskjali úr höndum þeirra.

Þannig töluðu þeir og virtust ekki skynja eða skilja eðlilega kröfugerð þeirra eða stöðu lögreglumanna í landinu yfirleitt.

Það er öllum ljóst sem vilja vita að laun lögreglumanna í innanlandssamanburði, svo ekki sé talað um samanburði við kollega þeirra erlendis, eru smánarlaun og erfiðlega gengur að ná hæfu fólki í raðir lögreglunnar. Á hátíðarstundum og í umræðum um mikilvæg mál, glæpi og refsingu, ég tala ekki um fíkniefnamál í því samhengi, leggja menn mikið á lögregluna og tala um mikilvægi hennar. En staðreyndirnar tala sínu máli. Í heila átta mánuði hafa ekki náðst samningar við lögreglumenn, sem eru án verkfallsréttar. Hér koma hæstv. ráðherrar og tala almennt og algjörlega án þess að hafa nokkuð efnislegt til málanna að leggja. Ég hvet til þess, herra forseti, að Alþingi láti sig þetta mál varða. Ljóst er að framkvæmdarvaldið hefur ekki náð að halda utan um það með viðunandi hætti eins og fátækleg svör hæstv. ráðherra bera með sér. Það er mál að linni og mál til komið að staða lögreglumanna fái það vægi sem henni ber. Ef framkvæmdarvaldið dugir ekki til í því sambandi þá trúi ég að hið háa Alþingi sé tilbúið að rétta þar hjálparhönd. (**Sjútvrh.:** Á Alþingi að semja?)

[15:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði áðan í umræðum um störf þingsins að lögreglumenn væru svo langlífir, ég skildi það þannig, að þess vegna væri engin ástæða til að stytta starfsaldurinn hjá þeim, þeir gætu orðið svo gamlir. Mér finnst þetta eiginlega svolítið sérkennilegt og ekki mjög beysin rök í málinu.

En ég tel að það hafi ekkert komið fram hjá hæstv. ráðherrum sem bendir til að neitt sé að gerast í þessari deilu, því miður. Lögreglumenn hafa a.m.k. sjálfir haldið því fram á þessum síðustu dögum að ekkert væri að gerast. Ég tel að það sé full ástæða til þess frá hendi ríkisins að leggja meiri áherslu á að halda friðinn við þessa stétt en hefur verið gert. Mér finnst að eftir allar ræðurnar hjá hæstv. dómsmrh. um að það sé allt í lagi í þessari grein þá ætti það að vera metnaðarmál hjá hæstv. ráðherra að sjá til þess að það væri friður við lögregluna. Það er ekki friður við lögregluna núna. Það þarf að ná þeim friði og það þarf að gerast sem allra fyrst en til þess þurfa menn að leggja sig fram í samningum. Það hefur ekki verið gert. Ég hvet til þess að hæstv. ráðherrar taki á þessu máli á næstu dögum og gangi frá samningum við lögreglumenn sem allra fyrst.

[15:16]

Útbýting þingskjala:

Meðferð opinberra mála, 367. mál, þskj. 1146.

Sjálfstæði Seðlabanka Íslands, 425. mál, svar forsrh., þskj. 1132.

Skipan gjaldeyris- og peningamála, 426. mál, svar forsrh., þskj. 1133.

Tilhögun þingfundar.

[15:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um þinghald í dag skal þetta tekið fram: Fyrst fara fram atkvæðagreiðslur um 1.–11. dagskrármál. Að því loknu verða tekin fyrir 14.–16. dagskrármál, það er 1. umr. um þrjú stjórnarfrumvörp frá iðn.- og viðskrh. Að öðru leyti er fylgt hinni prentuðu dagskrá. Gert er ráð fyrir að þessum fundi ljúki klukkan hálfsjö.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (fíkniefnabrot). — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBjart, KF, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GÁ, GÖ, JónK, KHG, PP, SF, SJS, ÞBack) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mál þetta hefur verið vandlega skoðað og metið og í ljósi þess tel ég fullkomlega eðlilegt að þetta lagaákvæði almennra hegningarlaga frá árinu 1974 sé endurskoðað. Að víkka út refsirammann í fíkniefnabrotum er einn þáttur af mörgum í baráttunni gegn fíkniefnabrotum. Það er ljóst að þegar um jafnalvarlega og skipulagða brotastarfsemi er að ræða, þar sem menn með afar einbeittan brotavilja nýta sér markvisst veikleika fólks, einkum ungmenna, þá er mikilvægt að senda skýr skilaboð. Því segi ég já, herra forseti.

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjumst ekki gegn þessu frv. en sitjum hjá við afgreiðslu þess og ástæðan er þessi:

Fyrir þremur árum var samþykkt hér á Alþingi þáltill. sem á rót að rekja til tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti í þinginu um að fram fari ítarleg könnun á refsiramma í íslenskri hegningarlöggjöf, á hvern hátt hann væri nýttur, ekki aðeins með tilliti til fíkniefnabrota heldur til kynferðisbrota, ofbeldis gegn börnum og annarra glæpa.

Við hefðum talið eðlilegt að þessi skýrsla lægi fyrir áður en frv. af þessu tagi yrði samþykkt. Ég endurtek: Við erum ekki andvíg þessari lagabreytingu í sjálfu sér en teljum að hana hefði átt að skoða með tilliti til þeirrar rannsóknar sem ég hef vísað til.

[15:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan og bæta því við að í þeirri löngu umræðu sem fram fór kom á daginn að málið var algerlega vanbúið. Engar rannsóknir lágu að baki því frv. sem hér er verið að samþykkja og markmiðin voru mjög óljós. Niðurstaðan er einfaldlega sú að hér er aðeins verið að reyna að slá pólitískar keilur en ekki verið að leggja neitt fram sem er innlegg í baráttuna gegn þeim brotum sem hér um ræðir.

[15:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Glæpaheimur í tenglsum við fíkniefni er stöðugt að harðna og eiturlyfjaglæpirnir verða æ ógeðslegri enda vart hægt að hugsa sér verri glæp en þann sem felur í sér að leggja snörur fyrir ungt fólk með það beinlínis að markmiði að eyðileggja líf þess og framtíð. Í samræmi við það er eðlilegt að refsimörk séu aukin frá því sem nú er enda voru gildandi heimildir ákveðnar við allt aðrar aðstæður en þær sem nú ríkja. Því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1158).

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 369. mál (yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 585, nál. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Hönnunarréttur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (heildarlög). — Þskj. 792, nál. 1127, brtt. 1128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Brtt. 1128,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–53. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1128,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
55.–59. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1128,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1128,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (aðild RALA að hlutafélögum). — Þskj. 674, nál. 1135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBjart, KF, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GÁ, GÖ, JónK, KHG, PP, SF, SJS, ÞBack) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti átt aðild að öðrum fyrirtækjum af svipaðri tegund. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessi heimild, eins og aðrar ámóta, sé of víðtæk og of rúm og valdaframsal Alþingis til framkvæmdarvaldsins í þessum efnum sé of altækt. Samkvæmt orðanna hljóðan getur ráðherra og stjórn fyrirtækisins í raun lagt niður Rannsóknastofnun landbúnaðarins og sameinast öðrum fyrirtækjum án þess að Alþingi hefði nokkuð um það að segja. Það er sú nálgun að þessu viðfangsefni og þessu markmiði sem ég er ekki sáttur við og get því ekki greitt þessu atkvæði og sit hjá.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBjart, KF, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GHall, GÁ, GÖ, JónK, KHG, PP, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MS, MF, ÓI, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (BH, GÁ, GÖ, JónK, KHG, LB, PP, SF, SJS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Málefni aldraða, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Umferðaröryggi á Suðurlandsvegi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 443. mál. — Þskj. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Búfjárhald og forðagæsla o.fl., frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 298. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 325. mál. — Þskj. 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Vopnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁMöl o.fl., 326. mál (skoteldar). — Þskj. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttur til fiskveiða á eigin bát minni en 30 brl., frh. 1. umr.

Frv. GAK, 349. mál. — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 682. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 367. mál (opinber rannsókn). — Þskj. 1146.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JB, JBjart, KF, KolH, KPál, LMR, MS, ÓI, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ.

18 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GÁ, GÖ, JónK, KHG, PP, SF, SJS, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál fékk nokkuð mikla umræðu á hinu háa Alþingi og í þeirri umræðu lögðum við til og tókum undir það að heimilt væri að taka mál upp af þessum toga. Hins vegar teljum við algerlega fráleitt að hæstv. dómsmrh. sé fært ákæruvald með þeim hætti sem hér er ætlunin að gera. Það hefur verið dálítið fróðlegt að hlýða á það að rökin fyrir því séu þau að ráðherrar beri svo mikla ábyrgð að þeir segi af sér ef þeir misfara með það vald. Sagan greinir allt annað, virðulegi forseti. Við treystum ekki hæstv. dómsmrh. til að fara með þetta vald og því sitjum við hjá.

[15:32]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að ógna sjálfstæði ákæruvaldsins hér á landi. Miklu frekar er verið að efla réttarríkið enda er ekki um eiginlegar sakamálarannsóknir að ræða. Þetta mál stuðlar að því að sannleikurinn og réttlætið nái fram að ganga og því segi ég já, herra forseti.

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að slík kæruhugmynd sé fyrir hendi í svo sérstöku máli enda meginregla í stjórnarfari okkar hvort sem er í dómskerfinu eða hjá stjórnsýslunni að sérhver ákvörðun lúti endurskoðun æðra stjórnvalds eða æðri dómstóls sem tryggir auðvitað réttaröryggi borgaranna. Venjulega tekur ríkissaksóknari mál til meðferðar sem æðra stjórnvald eftir að rannsókn lögreglu er lokið. Í málum af þessum toga er hins vegar ákvörðun tekin af ríkissaksóknara á fyrsta stigi og er sú ákvörðun lokaákvörðun samkvæmt gildandi lögum. Því er þetta frv. lagt fram. Athuga verður að mál af þessum toga eru afar sérstæð og heyra til algerra undantekninga. Ég fagna því að þessu frv. er vel tekið á hinu háa Alþingi og segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1160).

Afbrigði um dagskrármál.

[15:34]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

17. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 47 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (atvinnurekstrarleyfi). — Þskj. 1026.

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, sbr. lög nr. 46/1996. Frv. er á þskj. 1026 og er 648. mál þingsins.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi hæstv. félmrh. um atvinnuréttindi útlendinga. Í gildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og í gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri er að finna ákvæði um atvinnurekstrarleyfi. Bæði frumvörpin gera ráð fyrir að sérstök atvinnurekstrarleyfi verði afnumin.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi hafa verið í lögum um erlenda fjárfestingu frá setningu laganna árið 1991.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um atvinnurekstrarleyfi verði fellt brott. Ástæður eru fyrst og fremst notkunarleysi en lítið hefur reynt á ákvæði þetta og hefur það jafnframt valdið nokkrum vanda í framkvæmd þar sem lítið er um viðmiðunarreglur sem er hins vegar að finna þegar kemur að útgáfu atvinnuleyfa. Þannig veita atvinnurekstrarleyfi í þeirri mynd sem þau eru í dag enga frekari möguleika á eftirliti umfram það sem útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa gerir.

Telja má víst að það sé til einföldunar á stjórnsýslu að fella niður sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi þannig að ákvæði um atvinnuleyfi, auk reglna um dvalarleyfi, gildi með sama hætti um sjálfstæða atvinnurekendur og almenna launþega. Enn fremur er rétt að hafa í huga að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er að finna reglur um rétt erlendra aðila til stofnunar hlutafélaga hér á landi en með þeim kröfum má segja að felist ákveðið eftirlit með stofnun slíks atvinnurekstrar. Niðurfelling atvinnurekstrarleyfa á auk þess ekki að hafa áhrif á eftirlit Útlendingaeftirlitsins þar sem erlendur aðili sem hyggst stofna til sjálfstæðs rekstrar verður eftir sem áður að uppfylla skilyrði laga um dvalarleyfi ásamt skilyrðum laga um atvinnuleyfi.

Með örfáum undantekningum gera innlend lög á sviði fjárfestinga- og atvinnurekstrar ráð fyrir því að erlendur aðili sem hefur fasta búsetu hér á landi skuli njóta sömu réttinda og innlendur aðili með fasta búsetu. Einnig er rétt að benda á að þróun tvíhliða og fjölþjóðlegra samninga á þessu sviði gengur í sömu átt. Hafa Íslendingar m.a. verið talsmenn þessa á alþjóðavettvangi. Það er í samræmi við þessar áherslur að erlendum aðilum verði veitt landskjararéttindi eins og afnám sérstaks atvinnurekstrarleyfis væri.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[15:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það litla frv. sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir hefur valdið mér pínulitlum heilabrotum. Verið er að leggja þetta til vegna notkunarleysis á því ákvæði sem þarna er verið að fella úr gildi og virðist vera aðalröksemdin fyrir frv.

Nú vil ég taka fram strax í upphafi að ég er ekki að setja mig á móti málinu en ég hvet hins vegar hv. nefndarmenn efh.- og viðskn. að velta málinu vandlega fyrir sér og reyna að átta sig á því hvaða áhrif þetta muni geta haft. Ég á von á því að það verði ekki endilega niðurstaðan að hætt verði við að flytja þetta frv. Hins vegar vil ég benda á að hægt er að láta sér detta í hug að þeir sem vilja að erlendir verkamenn fari að stunda atvinnu á Íslandi í gegnum einkahlutafélög sem eru stofnuð til að vinna eingöngu beint fyrir atvinnurekendur og létta þeirri kvöð og skyldu sem atvinnurekandi hefur gagnvart starfsmönnum sínum af þeim. Við gætum farið að sjá slík hlutafélög í miklum mæli. Það er hugsanlegt.

Ég held að ástæða sé til að velta því fyrir sér hvaða stöðu slík einkahlutafélög hefðu sem stofnuð væru eingöngu til þessa. Verkalýðsfélögin hér hafa verið að berjast gegn því að einstaklingar séu að vinna í verktöku fyrir atvinnurekendur á grunni sem þessum. Ég tel að með þessu sé verið að auðvelda þessa leið og það geti orðið til þess að atvinnurekendur á Íslandi fái verkafólk frá öðrum löndum til að stofna til svona fyrirtækja og vinna fyrir þá án þess að þeir hafi neinar aðrar skyldur gagnvart þessu verkafólki en þeir hafa í viðskiptum við einkahlutafélög á Íslandi.

Ég velti því t.d. fyrir mér hvaða stöðu slíkur einkarekstur hefur þegar harðnar á vinnumarkaðnum. Hefur slíkur einkarekstur kannski alveg jafna stöðu á við þá sem fyrir eru? Getur það verið að t.d. fjölskylduhlutafélag, sem er stofnað til þess að koma fjölskyldunni í vinnu á Íslandi, geti farið að stunda undirboð á þjónustu og vinnu á Íslandi undir merkjum slíkra hlutafélaga? Mér finnst nefnilega skýringin á því að þetta frv. er flutt, þ.e. vegna notkunarleysis á ákvæðinu sem hér er verið að leggja til að verði fellt brott, ekki nægileg. Hins vegar finnst mér hlutirnir smella saman ef það er haft í huga og ef áhrifin sem ég er að tala um yrðu eins og ég hef verið að nefna.

Ég vil endurtaka að menn þekkja að verkalýðsfélögin hafa verið að leggja áherslu á að reyna að vinna gegn verktöku verkafólks í atvinnulífinu með þeim hætti sem hefur ágerst á undanförnum árum og þetta hefur skapað vanda, bæði réttleysi þess fólks sem vinnur með þessum hætti og líka auðvitað að kjaravanda því að niðurboð á slíkri þjónustu eru auðvitað auðveld.

En hin vandamálin gætu fylgt þessu, þ.e. að verkafólk á Íslandi sem á að hafa réttindi sín tryggð á íslenskum vinnumarkaði — og ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hún telji að einkahlutafélög, sem eru stofnuð af útlendingum sem koma til landsins til að vinna hérna og bjóða þjónustu sína, með þessum hætti, hafi algjörlega sambærilega stöðu og muni standa jafnfætis verkafólki sem er að vinna á íslenskum vinnumarkaði, hvort þannig muni þetta verða í framtíðinni og hvort ástæða sé til að fara vandlega yfir það hvernig eigi þá að bregðast við því ef slík einkahlutafélög yrðu notuð með þeim hætti sem ég var að lýsa áðan, þ.e. að þau færu að bjóða þjónustu á miklu lægri gjöldum en tilefni eru til vegna gildandi kjarasamninga.

Þetta eru áhyggjur mínar, herra forseti, og ég beini því til hv. nefndarmanna að þeir velti þessu fyrir sér og skoði hvaða áhrif muni verða af þessari breytingu, hvaða þróun hún muni hafa í för með sér.

[15:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir að koma með þessar athyglisverðu ábendingar inn í umræðu um þetta mál sem virðist ekki mikið að vöxtum en athugasemdir hans og ábendingar eru vissulega réttmætar. Ég ætlaði ekki að blanda mér í umræðuna vegna þess að ég á von á því að hæstv. ráðherra muni svara því sem hér kom fram hjá hv. þm. en ekki bara sitja undir umræðunni og svara því ekki. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og þess vegna beið ég með athygli eftir því hverju ráðherra mundu svara og hver viðbrögð hennar yrðu. Ef lýsing hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á áhrifunum af þessu og afleiðingum sem þetta gæti haft í för með sér er rétt, þá er það vissulega alvarleg staða sem menn hljóta að velta fyrir sér.

Nú er það svo eins og við þekkjum og um það hafa komið fram svör hjá hæstv. viðskrh. við fyrirspurn þar að lútandi að einkahlutafélögum hefur fjölgað mjög á umliðnum árum. Því hefur verið haldið fram — og það er kannski til viðbótar því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson var með — að það fælist í því að stofna einkahlutafélög ákveðin skattaívilnun þannig að þeir sem það gerðu hefðu ákveðna möguleika til að flytja ákveðinn hluta af hagnaði sem þar myndast og greiða sér laun sem eru þá með lægra skatthlutfalli en almenn laun.

Það hefur vissulega verið ákveðið áhyggjuefni hjá verkalýðshreyfingunni eins og hv. þm. nefndi að sífellt færist í vöxt þessi svokallaði verktakaiðnaður, þar sem einstaklingar, sem í raun eru bara venjulegir launþegar, eru settir í þá stöðu að vera undir verktakafyrirkomulagi þannig að atvinnurekendur sleppi við að greiða ýmis gjöld sem þeir ella þyrftu að greiða ef viðkomandi starfsmaður væri launþegi. Þessi hætta virðist vera þarna fyrir hendi, að hægt sé að fara þessa leið og undirbjóða þá bæði í þjónustu og í launakjörum.

Þess vegna óska ég eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra blandi sér eilítið í umræðuna og að við fáum að heyra hvort hún hafi einhverjar áhyggjur af því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson setti fram. Ef ég skil þetta frv. rétt þá er þetta líka lagt fram samhliða frv. félmrh. um atvinnuréttindi útlendinga og það hlýtur þá að tengjast því með ákveðnum hætti. Mér sýnist því að nauðsynlegt sé við umfjöllun málsins í nefnd að nefndirnar þurfi að einhverju leyti að vinna saman að málinu og málið þurfi þá a.m.k. að fara til umsagnar í félmn.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í umræðuna en taldi ástæðu til þess af þeim orsökum sem ég hef nú greint frá.

[15:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér en hér er verið að fella niður litla grein sem fjallar um það hvernig eigi að taka til umfjöllunar þau leyfi eða þær umsóknir sem koma hingað um að stofna hér félög eða atvinnurekstur.

Þegar þessi mál voru til umfjöllunar fyrir nokkrum árum og hvort heimila ætti útlendum aðilum að fjárfesta í íslensku efnahagslífi, þá var það mjög til umræðu hvort til stæði að heimila og hvernig ætti að heimila fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegi. Þá var talið mjög hættulegt að leyfa slíkt þannig að það var gert einungis með mjög ströngum skilyrðum og þá með mjög miklu eftirliti þannig að það væri öruggt að enginn útlendingur gæti keypt hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum Íslendinga að neinu leyti.

Nú sé ég, herra forseti, að verið er að fella niður þetta svokallaða eftirlit og ég velti því fyrir mér og langar til að heyra það frá hæstv. ráðherra, ef ráðherrann getur svarað því svona óundirbúið, hversu mikil ásókn útlendinga er í að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Er einhver skoðun á því í gangi af hálfu ráðuneytisins að rýmka heimildir, þannig að útlendingar geti fjárfest í íslenskum sjávarútvegi í meira mæli og með hærri hlutföllum en eru í dag?

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, herra forseti. Ég vil reyndar taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um verktaka á íslenskum vinnumarkaði sem eru að færast á allt annað stig en menn hafa þekkt. Það er ekki einungis svo að hingað til lands komi útlendir verktakar sem taka að sér ýmis verkefni, t.d. verktöku í flugrekstri, eins og flugþjónar og flugfreyjur eru allt verktakar, heldur er einnig farið að tala um að ráða sjómenn í verktöku. Þetta er svo sem ekki beinlínis tengt þessu máli en þetta er eitt af því sem við sjáum að er að þróast smám saman út í leiðir sem menn höfðu ekki gert ráð fyrir en þyrfti væntanlega að hugsa eitthvað um hvernig haft yrði eftirlit með því að þessi verktaka hefur leitt það af sér að stór hluti af þeim hópi sem á að heita verktakar hefur ekki efni á að kaupa sér þær tryggingar sem þeir þurfa í rauninni að hafa til að geta verið verktakar. Þeir geta ekki tryggt lífeyri eða örorku eða eitt né neitt af því sem þykir alveg sjálfsagður hlutur á vinnumarkaðnum í dag.

[15:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að það þurfi að hafa áhyggjur af því máli sem var reifað af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. En að sjálfsögðu er mikilvægt að farið sé yfir það í nefnd eins og alltaf er. Eins og kom fram í máli mínu er hér um að ræða frv. sem er flutt í samhengi við annað frv. og hæstv. félmrh. flytur og varðar atvinnuréttindi útlendinga.

Ég tel að við séum að verulegu leyti bundin í sambandi við EES-samninginn hvað þetta varðar og þar séu þær línur lagðar sem við vinnum í sjálfu sér fyrst og fremst eftir. En eins og allir vita, og hv. síðasti ræðumaður nefndi, eru hins vegar ákveðnar undantekningar sem varða fjárfestingu í sjávarútvegi og að sjálfsögðu halda þær áfram og eru lögbundnar. Það er stefna ráðuneytisins að færa þau lög í betra form að því leyti til að nálgast efnið á jákvæðari hátt en er í núgildandi lögum. Hins vegar eru ekki uppi áform um að breyta því ákvæði sem varðar fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi.

Vegna spurningar hv. þm. um það hvort mikill þrýstingur sé á erlendra aðila þá er það nú þannig með þessi fyrirtæki að þau eru skráð á Verðbréfaþingi. Ákveðið ferli fer í gang ef þar er farið yfir þau mörk sem lög kveða á um að erlendur aðili megi eiga. Mér er ekki kunnugt um að þarna sé um gífurlegan þrýsting að ræða en ég býst nú við að hv. þm. sé ekki að tala fyrir því að þessu lagaákvæði verði breytt. Það kæmi mér mjög á óvart ef svo væri.

[15:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara því nægilega skýrt sem ég var í raun og veru að velta fyrir mér. Ég tók fram í upphafi að ég væri ekki að setja mig á móti þessu frv. sem slíku heldur að ég óskaði eftir því að menn skoðuðu þetta vandlega og óskaði eftir svörum ráðherra um

það hvort hann teldi að þessi áhrif gætu orðið eins og ég var að lýsa. Ég er ekkert viss um þetta en mér finnst samt að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að íslenskir atvinnurekendur mundu sjá sér færi á því, úr því verið er að létta þessum hömlum af, að fá erlenda verkamenn til starfa á Íslandi undir verktakaforminu. Ég sé í fljótu bragði ekki neitt sem kemur þá í veg fyrir að þannig verði.

Mér finnst satt að segja mjög áhugavert að velta því fyrir mér hvaða stöðu íslenskt verkafólk hefur í samkeppninni við slík fyrirtæki sem væru stofnuð af erlendum verkamönnum sem kæmu hingað. Við skulum segja að fjölskyldur erlends verkafólks sem kæmi hingað stofnuðu einkafyrirtæki og seldu þjónustu sína út á verði sem væri langt undir öllum töxtum sem gilda í slíkri vinnu á Íslandi. Hvaða stöðu hefðu menn gagnvart þessu fyrirtæki? Ég er ekki viss um að það væri svo þægilegt að gera mikið í málinu.

Það er þetta sem ég hef áhyggjur af og bið menn að velta vandlega fyrir sér þegar þeir skoða þetta, ekki endilega út frá því sjónarmiði að hætta við frv., heldur hvort það eigi að leita eftir einhverjum leiðum til að sjá til þess að samningar sem gilda hér almennt á vinnumarkaðnum haldi.

[15:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað þurfa samningar að halda. Auðvitað þarf að fara yfir þetta mál í hv. nefnd sem hv. þm. kom inn á. En ég hef ekki skýr svör við þeim spurningum sem hann lagði fram því að ég tel að frv. kveði nánast ekki á um þær hættur sem hann sér fyrir sér.

En það er best að fullyrða ekkert og best að biðja hv. nefnd að fara yfir þetta og ég þakka fyrir ábendinguna.

[15:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Það er eflaust rétt hjá ráðherranum að erfitt er að átta sig á því hvort útlendingar hafa áhuga á fjárfestingum í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem þetta er mikið á markaði. En ef útlendingar hefðu verulegan áhuga og vildu eignast stærri hluti þá mundi það strax koma í ljós. Ég hygg að það mundi strax koma til ráðuneytisins til skoðunar eða fyrirspurnar og þannig mundi vitneskjan hugsanlega koma. Ég skil þetta svo, herra forseti, að það sé enginn áhugi erlendra aðila á þessum fjárfestingum undir þeim kringumstæðum sem eru nú.

Varðandi það atriði að ég sé ekki að leggja til að breyta núgildandi ákvæðum í lögum um fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi þá ætla ég að minna hæstv. ráðherra á að ég var flutningsmaður að tillögu fyrir nokkrum árum um að heimila fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi þannig að þeir gætu átt 49%. Sú tillaga fékk ekki framgang eins og ýmsir muna hér inni.

Út af fyrir sig hefur sú skoðun mín ekkert breyst að ástæða sé til að rýmka heimildir svo útlendingar hafi möguleika á því að eignast hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjunum. Ég er ekki að boða það að ég ætli að leggja fram einhverja tillögu um það enda mundi ég væntanlega reyna að gera það í samráði við hæstv. iðnrh. sem fer með þau mál í þeirri ríkisstjórn sem ég styð. En mér fyndist og fannst þá og það var upplýst þegar við vorum að ræða þetta á sínum tíma að iðnrn. mundi skoða það hvernig mætti rýmka þessar heimildir. Þess vegna kom það mér nokkuð spánskt fyrir sjónir að það væri ekkert verið að skoða það að rýmka þessar heimildir fyrir útlendinga.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á ég að skilja hv. þm. svo að hann sé að tala fyrir þingflokk sjálfstæðismanna þegar hann heldur þessu fram? Þetta er a.m.k. stefna hans og ég hefði gjarnan viljað heyra það hvort hv. þm. er að tala fyrir þingflokkinn.

[16:00]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Ég held að hæstv. ráðherra hafi væntanlega skilið það sem ég var að segja. Ég sagði að ég hefði lagt það fram í þinginu fyrir nokkrum árum að fjárfestingar útlendinga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum mættu vera 49%. Ég lagði það frv. fram í eigin nafni og það voru fleiri sjálfstæðismenn á því frv. á sínum tíma. Við lögðum það ekki fram í nafni Sjálfstfl. enda hafa þingmenn Sjálfstfl. heimildir til að leggja fram frv. í eigin nafni.

Hér er ég einungis að spyrja fyrir mig persónulega og hef ekki rætt þetta sérstaklega innan þingflokks Sjálfstfl. En miðað við þann áhuga sem var á þessu máli tel ég enga ástæðu til að ætla annað en að einhver áhugi sé á því að rýmka þetta og það kemur þá væntanlega í ljós. Eins og ég sagði, hæstv. ráðherra, ef til þess kæmi að við legðum fram eitthvert frv., einhverjir þingmenn innan Sjálfstfl. eða ég persónulega, þá mundi ég láta hæstv. ráðherra vita af því þegar þar að kæmi.

[16:01]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst full ástæða til þess að vekja athygli á því, og þá rifja það upp fyrir þeim sem hafa gleymt eða ekki vita, að í vetur hefur farið fram umræða um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi og tók hæstv. utanrrh. m.a. þátt í þeirri umræðu. Hann gerði það eftir að hafa verið sérstaklega til þess kvaddur vegna þess að hann hafði gefið yfirlýsingar sem draga mátti þær ályktanir af að hann væri þess sérstaklega fýsandi að þau mál væru tekin upp.

Það kom í ljós í umræðunni að a.m.k. á þeim tíma, þetta var fyrri hluta vetrar, var ekkert markvisst starf í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar um endurskoðun þeirra reglna sem við búum við. Hins vegar kom skýrt fram að menn horfa auðvitað til þess að bæði er verðbréfaheimurinn að breytast með þeim hætti að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru komin á mun opnari markað með bréf sín en þau voru vegna NOREX-samstarfsins og einnig hitt að ýmislegt fleira getur kallað á þá og kallar auðvitað á það á hverjum tíma að þessir hlutir séu endurskoðaðir og séu í raun í sífelldri endurskoðun.

Umræðan í vetur spratt af því að við þingmenn jafnaðarmanna í Samfylkingunni erum og höfum verið með frv. þess efnis að sömu reglur giltu um allan fiskiðnað og það frv. er væntanlega til vinnslu í hv. efh.- og viðskn. En eins og menn þekkja gilda mismunandi reglur um möguleika útlendinga á þátttöku eftir því hvers lags vinnsla er. Ekki gildir það sama um reykingu og herslu og gildir um frystingu o.s.frv.

Það sem fyrir okkur vakti var að ein og sama regla gilti um allan fiskiðnað og að fiskiðnaður væri settur á sama bekk og annar iðnaður og ætti þess kost að sækja sér erlent áhættufé, ekki bara sem lánsfé, heldur líka sem hlutafé.

Mér fannst, herra forseti, fyrst að umræðan var komin út í þessa umfjöllun um fjárfestingar erlendra aðila, að rétt væri að rifja þetta upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Líftækniiðnaður, 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 1027. [16:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um líftækniiðnað sem er 649. mál þingsins á þskj. 1027.

Með frv. þessu er lagt til lögfestar verði reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði hér á landi. Frumvarpið er lagt fram í samræmi við þau fyrirmæli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum jarðu, að endurskoða skuli ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. jan. 2001 en samkvæmt tilvitnuðu ákvæði eru rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum óheimil án leyfis iðnrh.

Hins vegar er gengið lengra með þessu frv. Lagt er til að leyfi iðnrh. þurfi til hvers kyns rannsókna og nýtingar sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og felur í sér hagnýtar rannsóknir og hagnýta framleiðslu eða úrvinnslu á líftækniafurðum unnum úr örverum, plöntum og dýrum. Rétt er að taka fram að frumvarpið tekur ekki til lífsýna úr vefjum manna.

Ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kom inn í frumvarp til þeirra laga við meðferð þess á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998. Ákvæðið var m.a. rökstutt með því að brýna nauðsyn bæri til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu líffræðilegra verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tæki þó nokkurn tíma. Því væri lagt til að bætt yrði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum en sú aðferðafræði sem frumvarpið byggði á við rannsóknir og nýtingu félli vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum fælist.

Þó að rannsóknir og nýting örvera á hverasvæðum falli ágætlega að lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, verður ekki sagt að rannsóknir og hagnýting á ýmsum öðrum líffræðilegum erfðaauðlindum falli með sama hætti vel að ákvæðum laganna. Ákvæði laganna eru sniðin að þeim auðlindum sem finna má í jörðu. Þær líffræðilegu erfðaauðlindir sem unnið er með í líftækniiðnaði eru miklu fjölbreyttari og eiga m.a. uppruna sinna að rekja til dýra. Þess vegna er eðlilegt að frumvarp það sem hér er lagt fram taki til líftækniiðnaðarins í heild án tillits til þess hvar hinar líffræðilegu erfðaauðlindir eiga uppruna sinn.

Sú leið sem farin er í 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, að miða leyfisskyldu eingöngu við rannsóknir og nýtingu á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum, átti rætur að rekja til þess að rannsóknir á hveraörverum höfðu verið stundaðar á Iðntæknistofnun allt frá árinu 1985. Þær rannsóknir voru komnar nokkuð lengra en sams konar rannsóknir í líftækni með annað erfðaefni. Aðgangur vísindamanna hvaðanæva úr heiminum að jarðhitasvæðunum hafði verið óheftur með öllu og lítil vitneskja var til um hvar sýni hefðu verið tekin. Þó var vitað að afurðir örvera sem teknar höfðu verið á íslenskum jarðhitasvæðum voru verðmætar í alþjóðaviðskiptum án þess að nokkur arður af viðskiptunum félli Íslendingum í skaut.

Þróun líftækninnar hefur verið mjög ör hin síðari ár. Nýr hátækniiðnaður sem byggist á samtvinnun líftækni og upplýsingatækni er í miklum vexti um allan heim, m.a. hér á landi. Líftækniiðnaðurinn er orðinn þverfaglegur í þeim skilningi að ekki skiptir sérstöku máli hvaðan erfðaefnið er upprunnið. Af þessu leiðir að ekki er ástæða til að flokka líftækniiðnaðinn eftir hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu, t.d. að binda hann við sjávarútveg eða landbúnað.

Í frv. þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði. Leggja verður áherslu á nauðsyn þess að virkt eftirlit sé með líftækniiðnaðinum. Er frv. ætlað að bæta úr þeirri þörf. Það skal þó áréttað að frv. er ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækni, heldur er fyrst og fremst verið að mæla fyrir um stjórnsýsluþáttinn, þ.e. yfirstjórn og eftirlit iðnrh.

Í frv. er miðað við að iðnrn. fari með þann þátt sem snýr að nýtingu erfðaauðlinda en að umhvrn. hafi með höndum þá hlið sem snýr að verndun lífveranna eins og verið hefur. Þannig er ekki hróflað við gildandi fyrirkomulagi. Verður því um ákveðna verkaskiptingu milli stjórnvalda að ræða.

Þá skal bent á að í frv. er skilið á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Tekur frv. fyrst og fremst til hagnýtingarþáttarins, enda er stefnt að því að takmarka eins og unnt er frelsi vísindamanna til að stunda grunnrannsóknir.

Hafa verður í huga í sambandi við líftækniiðnað að auðlindin sem slík felst fyrst og fremst í þeirri framleiðslu sem verður til vegna þekkingar á viðeigandi lífrænni erfðaauðlind.

Það varðar því aðila miklu að þeir hafi leyfi lögum samkvæmt, t.d. um skiptingu þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda og einkaleyfisrannsóknir. Til að tryggja að erfðaauðlindirnar séu íslenskum þegnum til sem mestra hagsbóta er því nauðsynlegt að setja reglur um aðgang þeirra sem hyggjast rannska og nýta erfðaauðlindirnar sér til efnahagslegs ávinnings. Á þessu hefur þegar verið tekið til bráðabirgða fyrir örverur á jarðhitasvæðum en nauðsynlegt er að taka á þessu heildstætt fyrir allar erfðaauðlindir í náttúru Íslands.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á að meginefni þessa frv. felst í því að settar eru meginreglur um stjórnsýslu líftækniiðnaðarins. Hér er því verið að bæta úr brýnni þörf á reglum á þessu sviði en hins vegar er ekki verið að leggja til að lögfestar verði heildstæðar efnisreglur um líftækni.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:10]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 482. mál, nál. allshn., þskj. 1155.

Fjárskuldbindingar sveitarfélaga, 549. mál, svar félmrh., þskj. 1083.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 391. mál, nál. allshn., þskj. 1152; brtt. allshn., þskj. 1153.

Framsal sakamanna, 453. mál, nál. allshn., þskj. 1154.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 554. mál, nál. allshn., þskj. 1156.

[16:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur frammi lætur e.t.v. ekki svo mikið yfir sér í forminu en þegar grannt er skoðað er þetta eigi að síður frv. sem nær til mjög viðtæks sviðs. Eins og segir í frumvarpinu tekur það til atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og þegar maður skoðar hvernig það er skilgreint í 2. gr. frv. þá eru líffræðilegar erfðaauðlindir erfðaefni (DNA- og RNA-kjarnsýrur) sem finna má í hvers konar lífverum og veirum, öðrum en mönnum. Hér virðist því vera um að ræða frv. sem nær til mjög til viðtæks sviðs líftækninnar.

Herra forseti. Hægt er að spyrja mjög margra spurninga hvað þetta frv. varðar og einkum og sér í lagi lúta athugasemdir mínar að því að iðnrh. skuli í þessu frv. falið að fara með svo viðtækt vald og raunin er. Þegar maður skoðar frumvarpið og athugasemdirnar með því, þá virðist a.m.k. að mínu mati við fyrstu skoðun sem ýmislegt í þessu frv. eigi frekar heima undir hv. umhvrn. en það má vel vera að skýringar komi fram í hv. iðnn. við því, herra forseti.

Strax í 1. gr. frv. kemur strax í ljós að um er að ræða skörun við ýmis svið sem eru á vettvangi umhvrh., því í 2. mgr. 1. gr. segir:

„Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögum þessum gilda einnig lög um erfðabreyttar lífverur, náttúruverndarlög og önnur lög og reglugerðir sem varða rannsóknir og nýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum."

Það kemur líka fram í athugasemdum með frv., herra forseti, að því frumvarpi sem hér er lagt fram sé ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækni heldur sé í frumvarpinu fyrst og fremst mælt fyrir um stjórnsýslu á sviði líftækniiðnaðar. Brýnt þykir að mæla fyrir um að líftækniiðnaðurinn lúti eftirliti iðnaðarráðherra og sækja þurfi um viðeigandi leyfi til ráðherra. Í samræmi við þá skipan sem verið hefur er í frumvarpinu mælt fyrir um að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins.

Herra forseti. Ég velti þeirri spurningu upp og óska eftir því að hæstv. iðnrh. svari því hvers vegna ekki hefur verið farin sú leið að setja heildstæða löggjöf um líftækni, löggjöf sem byggði þá á samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika, frekar en að týna út úr því sem heyrir undir svið þess samnings hin ýmsu atriði og setja þau undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Herra forseti. Ég óttast að með þessu verklagi sé verið að bjóða upp á óæskilega skörun á milli ráðuneytanna sem gæti komið illa niður. En samkvæmt þessu frv., herra forseti, er það þannig að iðnrh. fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum á meðan hæstv. umhvrh. fer með yfirumsjón samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika. Þetta hlýtur að geta komið óþægilega niður, herra forseti.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því líka hvort henni sé kunnugt um það hvort önnur ríki, sem hafa sett löggjöf á grundvelli samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika, hafi farið ámóta leiðir eða hvort það hafi ekki verið svo að sett hafi verið heildstæð löggjöf sem nær til allra þátta.

Í 4. gr. frv. segir að iðnaðarráðherra veiti samkvæmt lögum þessum rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi en leitað skuli umsagnar umhverfisráðherra. Þarna er því greinilega verið að reyna að taka á þessari skörun. Í 4. gr. segir enn fremur að einnig skuli leita umsagnar umhverfisráðherra áður en nýtingarleyfi er veitt og að iðnaðarráðherra setji nánari reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem finna má á jarðhitasvæðum í samráði við umhverfisráðherra. Það er því greinilegt að þessi skörun hefur verið höfð í huga.

Herra forseti. Maður veltir því líka fyrir sér hvort iðnrn. hafi yfir þeim tækjum að ráða, hvort það búi yfir þeirri þekkingu sem þessi málaflokkur krefst þ.e. ef málaflokkurinn er tekinn undir iðnrn. á þennan hátt. Í 5. gr. frumvarpsins segir t.d. að ekki þurfi sérstakt leyfi samkvæmt lögum þessum til grunnrannsókna, annarra en á örverum á jarðhitasvæðum. En þeim sem stunda grunnrannsóknir sé þó ávallt skylt að tilkynna iðnaðarráðherra skriflega um rannsóknirnar. Ef ég skil þetta rétt þá snýr þessi grein að öllum rannsóknum á sviðinu í Háskóla Íslands og í öllum rannsóknastofum um allt land, þ.e. að iðnrh. þurfi í raun að halda utan um allar tilkynningar um grunnrannsóknir á þessu sviði sem eru í gangi.

Iðnrh. er ekki aðeins falin yfirumsjón með þessum málaflokki heldur fer hann samkvæmt 11. gr. frumvarpsins með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Og ef maður skoðar greinargerðina og það hvernig 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem er í raun forveri þessa frumvarps, þ.e. núgildandi lög, þá fer Náttúrufræðistofnun Íslands með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein. Einhvern veginn finnst manni nú fljótt á litið a.m.k., herra forseti, að innan þeirrar stofnunar eða annarra stofnana sem kunna að starfa á vettvangi umhvrh. sé sú þekking til staðar sem er nauðsynleg til þess að unnt sé að fara með eftirlit samkvæmt lögunum.

Reyndar segir líka í 11. gr. að iðnaðarráðherra geti með reglugerð falið öðrum aðilum að fara með eftirlitið í heild eða að hluta undir yfirumsjón hans. En þegar greinargerðin er skoðuð eða athugasemdirnar við 11. gr. þá er þetta þrengt verulega frá orðalagi greinarinnar því að þar segir:

„Í þessari frumvarpsgrein kemur fram að iðnaðarráðherra fer með eftirlit samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þó er ljóst að hér er um að ræða starfsemi þar sem ýmis önnur stjórnvöld fara með afmarkaða þætti starfseminnar, t.d. á sviði umhverfismála, en þessi grein raskar ekki því fyrirkomulagi. Í greininni er jafnframt ráð fyrir því gert að ráðherra geti falið öðrum stjórnvöldum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið að fara með hluta eftirlitsins undir yfirumsjón hans."

Þetta er ekki eins og textinn hljóðar í frv., herra forseti, heldur er þessi þrenging að þær stofnanir sem hæstv. iðnrh. getur falið að fara með þetta eftirlit eigi að heyra undir iðnrn.

Maður veltir því þess vegna fyrir sér, herra forseti, hvaða stofnanir hæstv. iðnrh. hafi helst í huga eða sjái fyrir sér að gætu farið með þetta eftirlit sem heyra undir iðnrn.

Gott væri að fá svar við því líka hvers vegna horfið sé frá því að taka þetta eftirlit úr höndum Náttúrufræðistofnunar og færa það undir einhverja aðra stofnun sem mundi heyra undir hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. nú við 1. umr. Ég geri ráð fyrir því að við fáum skýringar við ýmsu af því sem ég hef spurt um í meðferð hv. iðnn. En ég ítreka hér í lokin þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. iðnrh.:

Af hverju er ekki farin sú leið að setja heildstæða löggjöf um líftækni sem mundi þá heyra undir umhvrh.?

Þekkir hæstv. iðnrh. það hvernig aðrar þjóðir hafa farið með þennan þátt málsins?

Hverjum hefur hæstv. iðnrh. hugsað að fela eftirlit með þessum lögum? Hefur hún í huga einhverja ákveðna aðila hvað það varðar?

Eins og ég sagði áðan sé ég ekki fyrir mér í fljótu bragði að sú þekking sem til þarf að vera til þess að unnt sé að hafa eftirlit með allri þeirri starfsemi sem hér er kveðið á um, og hún er nokkuð viðamikil, sé til staðar í stofnunum sem heyra undir hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins að öðru leyti en því að fróðlegt væri að fá að heyra svör við þeim spurningum sem ég hef hér borið fram.

[16:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um líftækniiðnað. Vissulega er frv. ætlað að taka til nýrrar tækni og nýrra auðlinda og nýrra möguleika sem lúta að líffræðilegum auðlindum, líffræðilegum erfðaauðlindum og tækni, líftækni, og rannsóknum á þessum sviðum og jafnframt líka hagnýtum rannsóknum og rannóknarleyfum og nýtingarleyfum.

Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom inn á ræðu sinni get ég tekið undir það að hér er ætlunin að spanna býsna stórt svið án þess að það sé í rauninni gert með viðunandi hætti. Ætlunin er að spanna svið sem síðan virðist mér því ekki vera fylgt eftir í sjálfum frumvarpstextanum.

Ef við lítum aðeins á hvernig þetta er núna, þá koma fleiri en eitt ráðuneyti að þessum málum. Þau ráðuneyti sem hafa kannski mest afskipti haft af þessum líftæknimálum eru að ég hygg jafnvel landbrn. og sjútvrn. vegna þess að meginátherslan í líftækniiðnaði okkar eða atvinnustarfsemi sem byggir á líftækni hefur verið unnin á vegum þessara tveggja ráðuneyta. Þarna er m.a. minnst á erfðaauðlindirnar sem má skilgreina nokkuð vítt. Þær eru einmitt undirstaða þessara atvinnugreina. Þó svo að í frv. sé gert ráð fyrir því að beint hefðbundið kynbótastarf í landbúnaði sé undanþegið þá er ekkert til sem heitir hefðbundið kynbótastarf. Þar er í rauninni bara margbreytilegt líftækniferli á ferðinni og afar mikil einfeldni að ætla að afgreiða það í sjálfu sér með svo einföldum orðum. Ég vona að hæstv. ráðherra, sem þekkir til þessara mála, geri sér fyllilega grein fyrir því. Ég vil því benda á það að mér finnst þarna vera stokkið að vissu leyti út í poll, en ekki endilega vitað hvar landið er eða hvert skal svamla.

Ég vil t.d. velta því hér upp áður en farið er í vinnu á grundvelli þessa frv. að það verði hreinlega athugað formlega hvar verkefnin á vegum sjútvrn. og verkefnin á vegum landbrn. og stofnana þessara ráðuneyta skarast og hvar þau tengjast því að á þessi ráðuneyti og stofnanir þessa ráðuneyta er ekki minnst. A.m.k. hef ég ekki séð það, herra forseti, í þessu frv. Þó hafa þessi ráðuneyti og stofnanir hingað til borið meginhitann og þungann af því rannsóknar-, þróunar- og nýtingarstarfi sem hefur einmitt byggst á líftækniiðnaðinum. Ég tel alveg fráleitt að ekki sé minnst á það þannig að það verði þá skilgreindur hluti af heild í frv. til laga um líftækniiðnaðinn ef ætlunin er, sem væntanlega er, að þetta sé marktækt frv.

Ég vil líka velta því upp, herra forseti, að hér er lögð áhersla á forsjá iðnrn. í þessu máli og stofnana þess. Það er eiginlega rauði þráðurinn í gegnum þetta. Síðar er hér á dagskránni frv. til nýrra laga um Iðntæknistofnun. Er kannski hugmyndin, herra forseti, sem liggur á bak við þetta, að Iðntæknistofnun á vegum iðnrn. verði eins konar yfirrannsóknastofnun atvinnuveganna og taki yfir verkefni, bæði á vegum sjútvrn. og landbrn. og annarra rannsóknastofnana, sem tengjast þessu? Það liggur reyndar beint í orðanna hljóðan, þar sem þessi mál eiga öll að fara undir iðnrn. með þessum hætti og stofnanir þess, bæði þróun, rannsóknir og líka eftirlit. Vel má vera að þetta sé framtíðarsýn sem megi skoða. En það er mikil bjartsýni að ætla að leggja málið fram með svona einföldum hætti ef þetta er þá sú framtíðarsýn sem frv. ber augsýnilega með sér. Ég vildi minnast hér á þetta, herra forseti, því mér sýnist þetta vera augljóst.

Herra forseti. Ég tel líka að það eigi að setja heildstæða löggjöf um líftækniiðnaðinn sem taki á þessu og síðan megi þá deila ábyrgð á verkefnum út á ráðuneyti, eftir því hvernig því verður best fyrir komið, bæði með tilliti til þess hvar ábyrgðin er eðlilegust, hvar þekkingin er eðlilegust og er fyrir hendi o.s.frv.

Ég vil sérstaklega taka það fram, herra forseti, að mér sýnist að þetta séu hrá frumvarpsdrög sem lúta að þessum málaflokki, en nái ekki yfir hann á þann hátt sem ætlunin er í yfirskriftinni.

Ég bendi t.d. á af því ég þekki svo vel landbúnaðinn, landbúnaðarrannsóknir og landbúnaðarstarf, að það er að stórum hluta atvinnustarfsemi sem byggir á líftækni. Því þarf að fara ítarlega í gegnum það hvernig þessi verkefni eiga að skarast, þ.e. ábyrgð þeirra, rannsóknir og þróunarferill.

Með frv. einu og sér getum við ekki tekið það á okkur í fyrsta lagi að gjörbylta ríkjandi skipulagi og í öðru lagi fara út á mjög óskilgreindan veg um ábyrgð og eftirlit, þ.e. að þetta færist allt til iðnrn. eins og hér er lagt til.

Herra forseti. Þetta mál er í sjálfu sér afar mikið og merkilegt, en að mínu viti þarf það miklu ítarlegri umfjöllun og ítarlegri vinnu þannig að menn átti sig á því hvað hér er verið að vinna með og það nái að þroskast og verða tilbúið til þess að verða að lögum.

[16:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar mál sem ég get tekið undir að þarfnist mikillar skoðunar en um leið og ég segi það vil ég þó fagna fram komnu frv. þar sem er sannarlega tímabært að taka á þessum málum því að líftækniiðnaðurinn er á fleygiferð. Þetta er kannski einn af þessum sterku vaxtarsprotum hinna nýju vísinda og ég vona að við séum ekki höndum seinni að koma lögum yfir líftækniiðnaðinn og minni á það að í þessum iðnaði geta verið fólgin gífurleg verðmæti fyrir íslenskt samfélag, ég vil segja svo mikil verðmæti að við höfum kannski ekki forsendur til að sjá þau fyrir hér og nú. Mér þykir þess vegna afar mikilvægt að þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram til hæstv. iðnrh. verði svarað og þær eru í grunninn þessar:

Hvers vegna er ekki lögð hér fram heildstæð löggjöf um líftækniiðnaðinn?

Hver er ástæðan fyrir því að löggjöfin eða frv. er lagt fram með þessum hætti?

Ég tel okkur þurfa að heyra nánari skýringar á þessu því sannarlega er tímabært að fá að vita t.d. að hvaða leyti við erum að fjalla um atriði sem getið er um í samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika en eitt af verkefnum íslensku ríkisstjórnarinnar er að lögbinda hluti sem koma fram í þeim samningi. Sannarlega er þörf fyrir það að þingmenn verði upplýstir um það að hvaða leyti við erum hér að fjalla um mál sem sá samningur kveður á um og þá að hvaða leyti við erum að koma til móts við þann samning og að hvaða leyti ekki og hvað er það sem upp á vantar að skrefið sé stigið til fulls.

Af því að einkaleyfi hefur borið á góma þá erum við nú þegar, ef ég man rétt, búin að gefa út einhver einkaleyfi til rannsókna á hveraörverum. Ég vil meina, herra forseti, að þar hafi mögulega verið hálfgerð fljótfærni í gangi hjá okkur. Við þurfum að fá að skoða í þessu sambandi hvort við höfum samið frá okkur einhver réttindi og þá líka að skoða spurningar um það hvaða réttindi það eru þá sem við eigum enn og höfum enn yfir að ráða. Þeir sem ásælast kannski þau réttindi eru mögulega farnir að standa í röðum og banka upp á í iðnrn. og það kann, herra forseti, að vera einn af hvötunum fyrir því að þetta frv. er þó komið fram í dag.

En eins og ég segi, herra forseti, þá geri ég athugasemdir við að frv. skuli nánast einungis mæla fyrir um stjórnsýsluþátt málsins og hvet til þess að við fáum það yfirgripsmikla umfjöllun í nefnd um málið að það skili mögulega af sér heildstæðari löggjöf.

Ég vil einnig taka heils hugar undir þær ábendingar sem komu fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar og Bryndísar Hlöðversdóttur um forræði málsins því það er algerlega einboðið að umhvrn. hlýtur að eiga mjög sterka aðild að þessu máli. Að sjálfsögðu hlýtur að verða að bera þetta frv. mjög ítarlega saman við lög um náttúruvernd. Málefnin sem eru á forræði umhvrn., t.d. málefni samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika, koma það sterkt inn hér að ég set strax mjög stórt spurningarmerki við það að umhvrn. skuli ekki hafa meira vægi í því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil einnig minna á það að þingmannasamtökin GLOBE, sem talsvert margir þingmenn í þessum sal eiga aðild að, en þetta eru samtök þingmanna sem starfa að umhverfismálum í þjóðþingunum um allan heim, hafa gefið út leiðbeinandi reglur fyrir þingmenn um það hvernig nálgast skuli lagasetningu um líftækniiðnaðinn. Mér þykir afar mikilvægt að nefndin fái tækifæri til þess að fara gaumgæfilega yfir það sem önnur þjóðþing í okkar nágrannalöndum hafa verið að gera í þessum málaflokki því að mjög margt hefur verið unnið víða og eru menn jafnvel nú þegar farnir að reka sig á ákveðin mistök sem hafa verið gerð í lagasetningu annarra landa. Því ítreka ég það að hér verði farið það vel yfir málin að við reynum að draga lærdóm af því sem önnur lönd hafa gert. Þingmannasamtökin GLOBE hafa látið út gefa mjög yfirgripsmiklar og leiðbeinandi reglur um þau mál sem hér er verið að fjalla um og mér þykir mjög mikilvægt að öll slík mál komi upp á borðið við skoðun nefndar á þessu frv.

Þá er ég komin að lokaatriðinu í málflutningi mínum, herra forseti. Mér þykir ekki einboðið að þetta frv. verði einungis sent iðnn. til umfjöllunar. Mér þykir alveg sjálfsagt mál að það verði sent til umfjöllunar í umhvn. sömuleiðis og legg það til hér með að hv. iðnn. óski þó eftir í það minnsta yfirgripsmikilli umsögn frá umhvn. því það er nauðsynlegt að umhvn. fái að koma að málinu og fái að skoða það með sínum gleraugum.

[16:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta frv. svarar ekki öllum spurningum, svo sannarlega ekki. Ég vil hins vegar halda því fram að með því sé stigið ákveðið skref og með setningu laga í þeim dúr sem hér er gerð tillaga um séum við að stíga mjög mikilvægt skref í sambandi við líftækniiðnaðinn og séum að skipa honum sess í því þjóðfélagi sem hefur ekki verið gert fram að þessu og taka á stjórnsýsluþætti málsins.

Ég tek undir það að við eigum að draga lærdóm af því sem aðrar þjóðir hafa gert á þessu sviði. Mér ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða leiðir þar hafa verið farnar fyrst og fremst en tel sjálfsagt og eðlilegt að nefndin kynni sér það mál allt saman. Eins finnst mér ekki óeðlilegt að umhvn. fái þetta mál til umsagnar því að sjálfsögðu varðar þetta líka umhvrn. En framlagning á þessu frv. er í samvinnu við umhvrn. og ég veit ekki betur en að full sátt sé á milli ráðuneyta hvað varðar aðkomu að málinu.

Eins geri ég mér fulla grein fyrir því að aðrar atvinnugreinar koma þarna að líka og þá nefni ég sérstaklega landbúnað og sjávarútveg. Hins vegar er það nú þannig í stjórnsýslu okkar að einhvers staðar verða mál að vera vistuð númer eitt þó að önnur ráðuneyti komi að og ég held að það sé alveg hægt að færa rök fyrir því að málið eigi best heima í iðnrn. þegar á heildina er litið og tel þar vera heilmikla fagþekkingu sem nýtist. En ég ítreka að það eru fleiri ráðuneyti sem þurfa í raun að koma þarna að.

Ég tel að við þurfum í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. nú á þessu stigi, heldur sé þetta dæmigert mál sem þarf að vinna vel í nefnd og efast ég ekki um að hv. iðnn. muni vinna það verk vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðntæknistofnun, 1. umr.

Stjfrv., 650. mál (heildarlög). — Þskj. 1028.

[16:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. ráðherra. Ég mæli fyrir frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands, sem er 650. mál þingsins, á þskj. 1028.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði nokkrar breytingar á núgildandi lögum um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978. Vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á ytra umhverfi iðnaðarins á þeim 23 árum sem liðin eru frá gildistöku laganna er orðið tímabært að endurskoða þau og aðlaga að nýjum aðstæðum. Aðallega er um að ræða breytingar sem auðvelda stofnuninni að taka með virkari hætti þátt í frumstigum nýsköpunar atvinnulífsins og veita frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum þá nauðsynlegu þjónustu sem krafist er í tæknisamfélagi nútímans.

Stofnunin hefur þróast frá því að vera rannsóknastofnun fyrir hefðbundinn iðnað í stofnun með mun víðtækara hlutverk er lýtur að nýsköpun og þverfaglegri atvinnuþróun almennt.

Hagnýtar rannsóknir fyrir atvinnulífið hafa ætíð verið grundvöllur starfseminnar og mun hin vísinda- og tæknilega þekking sem þar er að finna áfram verða sú trausta þekkingarstoð sem ný starfsemi byggir á. Stofnunin vinnur að markmiðum sínum í samstarfi við fyrirtæki, félög og einstaklinga, vísinda- og rannsóknastofnanir og stjórnvöld.

Íslenskt atvinnulíf hefur breyst mikið á undanförnum árum og hefur Iðntæknistofnun Íslands leitast við að laga starfsemi sína að breyttu umhverfi til að þjónusta sem best þörfum þess. Mikilvægar breytingar urðu fyrir tveimur árum með tilkomu nýrrar þjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki undir heitinu „Impra“ og rekstur frumkvöðlaseturs þar sem frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum er veitt aðstaða og aðstoð við að fullþróa viðskiptahugmyndir sínar og koma þeim í markaðshæft form.

Þessu frv. er einkum ætlað að festa þetta nýja hlutverk Iðntæknistofnunar Íslands í sessi og gera það að einu af meginhlutverkum stofnunarinnar. Jafnframt er kveðið á um að þjónusta stofnunarinnar, leiðsögn hennar og þekkingarmiðlun, sé til hagsbóta fyrir allar atvinnugreinar enda fara mörkin á milli atvinnugreinanna hratt hverfandi með tilkomu nýrra þekkingarsviða.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu frestað.

Heimsókn forseta danska þingsins.

[16:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti danska Þjóðþingsins, Ivar Hansen, er staddur á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsetinn er staddur hér á landi í boði Alþingis.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta danska Þjóðþingsins og fylgdarlið velkomið í Alþingishúsið og vænti þess að för þeirra til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli Alþingis og Þjóðþingsins.

Ég vil biðja hv. þm. að votta hinum dönsku gestum og dönsku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Iðntæknistofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 650. mál (heildarlög). — Þskj. 1028.

[16:42]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Til þess að eyða öllum misskilningi þá er ég komin til þess að ræða um lagafrv. sem hæstv. iðnrh. var að mæla fyrir um Iðntæknistofnun Íslands.

Sú löggjöf sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir er í sjálfu sér ekki byltingarkennd, líti menn til þeirra laga sem í gildi eru, heldur er í rauninni verið að þróa gildandi löggjöf með tilliti til þess hvernig atvinnulífið hefur verið að breytast og verið að mæta þeirri þörf sem menn vita að er til staðar varðandi þátttöku í frumstigum nýsköpunar atvinnulífsins og einnig að sýna þann pólitíska vilja sem er fyrir hendi til að veita frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum þá nauðsynlegu þjónustu sem krafa er gerð um í nútímasamfélagi, í því tæknisamfélagi sem við búum í. Frv. gengur í sjálfu sér ekki lengra. Þetta er meginviðfangsefni þess. Í sjálfu sér má taka undir það sem hér kemur fram og nauðsyn þess að á þessu sviði sé brugðist við hvað varðar þróun atvinnulífsins eins og öðrum.

Rakið er í greinargerð frumvarpsins hvernig þessi löggjöf hefur þróast og hvernig starfsemi Iðntæknistofnunar greinist. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan um líftækniiðnaðinn er eðlilegt að rifja upp að auðvitað hafa líftæknirannsóknir og þar með það sem kallað hefur verið líftækniiðnaður — orðið iðnaður teygir sig nú orðið býsna víða — átt ákveðna vöggu hjá Iðntæknistofnun. Þar vil ég nefna fyrirtæki sem heitir Prokaria sem byrjaði eða þróaðist allt frá árinu 1985 í tengslum við Iðntæknistofnun og þróaði líftækniiðnað á sviði hitakærra örvera eða vann með hveraörverur. Auðvitað er það því þannig að þó svo að löggjöfin hafi kannski mátt lesast þannig að fyrst og fremst ætti Iðntæknistofnun að fást við hefðbundnar iðngreinar hefur stofnunin að sjálfsögðu teygt sig víðar eins og reynslan sýnir.

Jafnframt kemur fram í greinargerðinni að Iðntæknistofnun er með einum eða öðrum hætti að teygja anga sína víðar en bara á höfuðborgarsvæðinu eða í því húsi sem hér er henni merkt. Verið er að vinna að og það hafa verið stofnuð frumkvöðlasetur sem Iðntæknistofnun styður víðar um landið. Hér kemur fram að unnið sé að stofnsetningu frumkvöðlagarðs fyrir fyrirtæki á sviði efna- og líftækni.

Mér finnst þegar ég les þetta, herra forseti, að ég hafi heyrt hæstv. ráðherra segja, eða jafnvel að það komi fram í stefnumótun ráðherrans fyrir ráðuneytið á næstu árum, að slíkur garður á sviði efna- og líftækniiðnaðar ætti að vera á Akureyri. Það væri ágætt ef hæstv. ráðherra vildi þá greina örlítið frekar frá hugmyndum sínum um það hér. Ég minnist þess ekki að það hafi verið rætt hér í þinginu, en ég held að þetta komi fram í stefnumótun fyrir ráðuneytið eða í þeim áherslum sem ráðherrann hefur birt.

Það kemur hér fram um efni frumvarpsins að nýsköpun sé sérstakt áhersluatriði vegna þess að nýsköpun atvinnulífsins sé undirstaða efnahagslegra og félagslegra framfara í þjóðfélaginu. Við viljum gjarnan að það sé gert kleift eftir ýmsum leiðum að taka nýja tækni inn í okkar atvinnulíf, að hér verði til fyrirtæki sem takast á við og nýta þá tækni sem nýjust er og geta tekist á við breytingar í atvinnulífi okkar og þróað. Því viljum við að sjálfsögðu sjá þá hluti sem nefndir eru í þessu frv. hvað varðar hlut Iðntæknistofnunar varðandi þróun nýrrar tækni og hugmynda. En ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á till. til ál. sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þar viljum við að skoðað sé hvort ekki sé rétt að á Íslandi verði teknir upp stofnstyrkir sambærilegir þeim sem Evrópusambandið, Noregur og fleiri ríki, hafa tekið upp til þess að kalla til sín fyrirtæki sem búa yfir nýrri tækni til þess að aðstoða við breytingar í sínu atvinnulífi.

Það er alveg ljóst að við þurfum með ýmsum hætti að þróa okkar atvinnulíf og styrkja þá þróun sem við viljum sjá. Sannarlega væri eitt af því að við tækjum upp þá breytni að nýta stofnstyrki með sambærilegum hætti og aðrar þjóðir gera, þær þjóðir sem við að öðru leyti erum í samkeppni við.

Vitað er að fyrirtæki sem vilji var til að yrðu stofnsett á Íslandi enduðu annars staðar vegna þess að þar buðust þeim slíkir styrkir. Það er skoðun okkar og þeirra sem hafa farið yfir þessi mál að þarna sé um mun virkari aðgerð að ræða ef menn vilja hafa áhrif á þróun atvinnulífsins og ef menn vilja koma með skapandi hætti að þeim atvinnuháttabreytingum sem eru að eiga sér stað heldur en þær hugmyndir um skattaívilnanir eða slíkar breytingar sem jafnan er rætt um.

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á þessu í þessu samhengi vegna þess því að við þurfum að huga að því á ýmsum sviðum hvernig við komum að atvinnulífi okkar, hvernig við leggjum grunninn að þeirri efnahagslegu hagsæld sem við viljum sjá á Íslandi og hvernig við þá búum í haginn fyrir komandi kynslóðir. Ég lít svo á, herra forseti, að þetta frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands sé skref í þá átt. Auðvitað þarf að skoða betur það sem til nýbreytni horfir og það verður gert í hv. nefnd þar sem ég á sæti.

Ég vildi einnig bæta því við að það er sjálfsagt og eðlilegt og það er einnig á forræði hv. iðnn. að skoða hvort við eigum

ekki á breiðari grundvelli eða með enn fleiri leiðum að takast á við breytingar í atvinnulífinu og koma með skapandi hætti að því hvernig atvinnulíf okkar er að þróast og reyna þá að hafa þar áhrif á að hér verði til fyrirtæki sem vísa fram á veginn og við sjáum að eru að fást við eða takast á við atvinnugreinar nýrrar aldar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 1. umr.

Frv. landbn., 709. mál (mat á eignum). — Þskj. 1136. [16:51]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Hv. landbn. flytur þetta mál og er aðeins um að ræða leiðréttingu eða lagfæringu á lögunum vegna þess að tvenns konar viðmið eru í gangi um mat á eignum við ábúðarskipti, annars vegar að miða við raunvirði, hins vegar nývirði.

Meiningin var að fella að sjálfsögðu út fyrra viðmiðið, þ.e. raunvirði fyrir nývirði, en fyrir einhvers konar mistök eða gáleysi fór þetta ekki út. Því er tekinn af allur vafi með því að landbn. flytur þetta frv. um að fella brott 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sem fjallar um raunvirði.

Því mundi greinist orðast svo:

„Við mat á eignum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nývirði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á þeim endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna.

Aðrir þættir skulu ekki hafa áhrif á mat á endurbótum á eignum fráfarandi ábúanda."

Þannig mundi þetta þá orðast. Það er tillaga hv. landbn. að fyrra viðmiðið verði fellt brott. Og vegna þess að landbn. flytur þetta mál er ekki gerð tillaga um að vísa því til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK og KVM, 678. mál (frestun kvótasetningar smábáta). — Þskj. 1057.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

116. FUNDUR

miðvikudaginn 2. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Líftækniiðnaður, stjfrv., 649. mál, þskj. 1027. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Iðntæknistofnun, stjfrv., 650. mál, þskj. 1028. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórn fiskveiða, frv., 678. mál, þskj. 1057. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1129. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[10:00]

Útbýting þingskjala:

Afgreiðsla dýralyfja, 714. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1161.
Aukin útgjöld ríkissjóðs, 715. mál, fsp. JB, þskj. 1162.
NMT-farsímakerfið, 716. mál, fsp. SvanJ, þskj. 1163.
Nýgengi krabbameins á Suðurnesjum, 717. mál, fsp. SJóh, þskj. 1164.

Athugasemdir um störf þingsins.

Verðmyndun á grænmeti.

[10:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er sú að dregið hefur til tíðinda í máli sem hér hefur verið til umræðu síðustu vikur á hinu háa Alþingi, þ.e. máli sem tengist gríðarlega háu verði á grænmeti. Orsök þeirra umræðna hér, herra forseti, var skýrsla samkeppnisráðs sem, eins og menn muna, leiddi í ljós að þar var um að ræða ólögmætar samkeppnishömlur og ólöglegt samráð heildsala á grænmetismarkaði. Kvað svo rammt að þeirri háttsemi þeirra að samkeppnisráð talaði um samsæri gegn hagsmunum neytenda.

Í skýrslunni fólst og áfellisdómur yfir landbrn. sem samkeppnisráð sagði að hefði með umdeildri túlkun sinni á tollákvæðum laga skapað skjól fyrir grænmetisokur heildsalanna. Það er því alveg ljóst að landbrn. ber ákveðna siðferðilega ábyrgð á þessari þróun. Hæstv. landbrh. hefur fyrir sitt

leyti gengist við þeirri ábyrgð með því að lýsa því þráfaldlega yfir í þessum ræðustól að hann hygðist beita sér fyrir því að lækka það sem flokksbróðir hans, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, kallaði okurtolla á innfluttu grænmeti. Hæstv. ráðherra hefur margsinnis lýst því yfir að hann muni íhuga að lækka tolla. Hann skipaði á sínum tíma nefnd sem menn bjuggust við að mundi ekki skila af sér strax. Hún vélaði einmitt um verðlagningu á grænmeti.

Nú hefur þessi nefnd skilað áfangaskýrslu. Þar er m.a. lagt til, herra forseti, að tollar verði felldir niður á vörum sem eru ekki framleiddar hérlendis. Þetta á fyrst og fremst við vörur sem eru ekki í samkeppni við innlenda framleiðslu, þ.e. iceberg-kál, ýmsar tegundir lauka, kúrbít, eggaldin og fleira sem í dag ber um 30% toll og í mörgum tilfellum magntoll að auki.

Það var mat starfshópsins að skila þyrfti þessari áfangaskýrslu þar sem tollamálin krefjast lagabreytinga sem af hálfu hópsins er vonast til að verði samþykktar fyrir þinglok. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hyggst hann verða við tilmælum nefndarinnar sem hann setti á fót til að véla um verðlagningu á grænmeti?

[10:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er eðlilegt að þingmenn óski eftir því að ummæli starfshópsins og óskir hans verði ræddar. Það ríður á að hv. þm. fái að vita til hvaða aðgerða hæstv. landbrh. ætlar að grípa. Það er rétt að í þessu máli hvílir siðferðileg ábyrgð á herðum hæstv. landbrh..

Ríkisstjórnin hefur sett sér manneldismarkmið. Þau eru metnaðarfull en það er staðfest að eftir þeim hefur ekki verið farið. Það er sjálfsagt að hv. þm. fái að heyra hvers vegna manneldismarkmiðunum hefur ekki verið náð. Þau tengjast sannarlega þessum háu tollum á grænmeti. Þó verð lækki á grænmeti þá verður að tryggja að grænmeti verði áfram ræktað á Íslandi. Þingheimur hefur rétt á að fá að vita hvernig hæstv. ráðherra ætlar sér að tryggja slíkt, hvernig hann ætlar að hreyfa sig í þessu máli. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið. Þingheimur á rétt á að fá að vita hvernig hæstv. landbrh. ætlar að bregðast við vinnu starfshópsins.

[10:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni segja að allt er þetta mál á vinnslustigi. Tillögur liggja nú fyrir frá nefnd sem skipuð var til samráðs. Hins vegar vil ég segja við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ekki síst eftir að hafa lesið grein hans í DV, að ég er undrandi á Samfylkingunni að senda þann mann fram í þessa umræðu sem ekkert veit um málið og talar alls staðar eins og Jón sterki: „Sástu hvernig ég tók hann?“ Það er vart hægt að eiga orðastað við menn sem skrifa og tala eins og hv. þm.

Eitt er að tala, þar missa menn oft margt út úr sér. En að setjast yfir hugverk eins og skrifaða grein, þar geta menn vandað sig og skrifað af meiri þekkingu en fram hefur komið í málflutningi þessa hv. þm. Ég hef því lítinn áhuga á að eiga orðastað við hann um þessi mál og segi hér eins og Hallbjörn í Njálu: „Illt er að eiga þræl að einkavin.“ Þannig er málflutningur þessa hv. þm.

Ég vil segja þingheimi að ég vinn að því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að koma því til leiðar sem stendur í skipunarbréfi starfshóps sem ég skipaði, að framleiðslumöguleikar íslenskrar garðyrkju verði tryggðir og verð á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum til neytenda lækki. Þetta verður gert. Þessi vinna er í gangi og um hana mun nást samstaða.

Ég tel, hæstv. forseti, eðlilegra að ræða svo stór mál sem þessi undir öðrum lið í þinginu. Ég hef ekki þann tíma til að fara yfir málið sem ég þyrfti hér á tveimur mínútum. Ég er tilbúinn til umræðna og átaka við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég er undrandi á Samfylkingunni að nýta ekki þá til umræðunnar sem eitthvert vit hafa á alþjóðasamningum eða landbúnaðarmálum yfir höfuð.

[10:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég bið hæstv. landbrh. afsökunar á því að ég kem ekki hingað barinn eins og þræll í ræðustól. Ég tel að hæstv. landbrh. ætti aðeins að reyna að stilla skap sitt, kynna sér þessar tillögur og reyna einhverju sinni að koma fram með afstöðu. Ég skil að vísu vel að hæstv. landbrh. renni í skap vegna þess að hann hefur ekki enn getað tekið þetta mál þeim tökum sem vera ber. Hann hefur ekki enn þá getað staðið við þau orð sem hann hefur látið falla.

Herra forseti. Af því kristilega innræti sem ég hlaut í uppeldi mínu í kjördæmi hæstv. ráðherra þá fyrirgef ég honum þau orð sem hann lét falla. Ég óska hins vegar eftir því að hann ræði þetta mál málefnalega. Ég óska eftir því að hann svari þeim spurningum sem ég hef varpað til hans fyrir hönd íslenskra neytenda. Ég óska eftir því að hann skýri út hvernig stendur á því að hann verður ekki við þeim tilmælum sem koma frá þessari nefnd. Hæstv. landbrh. sagði: Ég ætla að bregðast við af snarræði. Þegar ég spurði hann úr þessum stóli: Hvers konar snarræði er það? Þá sagði hann: Ég ætla að bíða eftir nefndinni.

Nú hefur nefndin skilað af sér. Hvað gerir hæstv. ráðherra? Hann kemur hingað í ræðustól og verður sér til skammar vegna þess að hann hefur ekki unnið heimavinnu sína, kemur bara með köpuryrði og fer með skútyrðum að bræðrum sínum og vinum í hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég lýsi auðvitað furðu minni á framferði hæstv. landbrh. Hvað þarf hann langan tíma til þess að komast að niðurstöðu? Ætlar hann ekki að standa við þau loforð sem hann gaf íslenskum neytendum? Hæstv. landbrh. lýsti einu sinni háttalagi og hraða þess ráðuneytis sem hann stýrir svo að þar ynnu menn með hraða snigilsins.

Herra forseti. Mér sýnist sem hæstv. landbrh. hafi unnið enn eitt metið. Þar, undir hans stjórn, ferðast menn ekki með hraða snigilsins heldur á hraða steinvölunnar sem stendur alltaf kyrr.

[10:09]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég leyfi mér að undrast það mikla offors sem hæstv. landbrh. sýnir hér með viðbrögðum sínum úr ræðustóli. Hæstv. ráðherra rýkur upp í bræði yfir blaðagrein og yfir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli voga sér að spyrja hvort hann ætli sér að standa við stóru orðin sem hann hefur látið falla í þessu máli.

Herra forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að þingmenn spyrji hér um þetta mál. Þetta hefur verið eitt heitasta málið sem til umræðu hefur verið í þjóðfélaginu. Það liggur fyrir að þing kemur ekki aftur saman að loknum deginum í dag, þar sem aðeins málefni Landssímans verður til umfjöllunar, fyrr en að viku liðinni, miðvikudaginn 9. maí. Það er því fullkomlega eðlilegt að hv. þm. spyrji hvort hæstv. landbrh. ætli sér að standa við þær tillögur sem nefndin hefur lagt

fram. Nefndarstarfið liggur fyrir og það ætti að vera hægt, herra forseti, að svara þessari spurningu með mjög einföldum hætti, jafnvel með jái eða neii.

[10:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er allt annað að svara ljúfum tóni formanns þingflokks Samfylkingarinnar. Þar er ekki talað með stóryrðum eða hroka. Þar er talað af látleysi og í vinsemd.

Málið stendur þannig að nefndin sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og atvinnulífsins áttu þátt í hefur skilað af sér. Þær tillögur fara nú til lögskipaðrar ráðgjafarnefndar þar sem eru fulltrúar, ekki bara frá landbrn., heldur frá fjmrn. og viðskrn., sem lögum samkvæmt eru landbrh. til ráðgjafar í þessu máli. Þessi nefnd mun fjalla um það. Ég tel það skyldu mína að fara með þær tillögur inn í ríkisstjórn og kannski viðbótartillögur því að það er markmið þessarar ríkisstjórnar að reyna að ná árangri í að lækka verð á grænmeti.

Við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því að nú er að koma í ljós, það hefur m.a. komið fram í fjölmiðlum, að hækkun á grænmetisafurðum frá 1995 muni að mestu leyti stafa af því að smásöluverslunin hafi tekið meira í sinn hlut en áður. Málið er flókið en ég lofaði þingheimi að í fyllingu tímans, vonandi innan nokkurra daga, höfum við í ríkisstjórn og stjórnarflokkum náð samstöðu um þetta mál. Þá verður þinginu skýrt frá því á viðeigandi hátt. Þegar málefnalegir þingmenn eiga í hlut þá er gott að svara.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (atvinnurekstrarleyfi). — Þskj. 1026.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Líftækniiðnaður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 1027.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Iðntæknistofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 650. mál (heildarlög). — Þskj. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Ábúðarlög, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 709. mál (mat á eignum). — Þskj. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK og KVM, 678. mál (frestun kvótasetningar smábáta). — Þskj. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að þessi mál séu tekin á dagskrá. Ég mótmæli þeim vinnubrögðum að fara fram á atkvæðagreiðslu um afbrigði við því að þessi stóru mál sem hér eiga í hlut komi á dagskrá eftir að meira en mánuður er liðinn frá því að venjulegur frestur fyrir framlagningu þingmála rann út. Hér er ekki um smámál að ræða sem sést best á því að stjórnarflokkarnir þurftu sjálfir til þess nokkra mánuði að hnoða saman afstöðu sinni í málinu. Skýrsla einkavæðingarnefndar um Landssímann kom út í janúar en nú er upp runninn maímánuður og stjórnarflokkarnir þurftu mestallan þennan tíma til að koma sér saman um einhverja línu í málinu og ná samkomulagi um að leggja frv. þar að lútandi fram.

Þar af leiðandi, herra forseti, liggur í hlutarins eðli að það er hrein lítilsvirðing við Alþingi að fara fram á afbrigði við því að þessi stóru mál komist nú fyrst á dagskrá í maí þegar nokkir virkir dagar eru eftir af venjulegum fundatíma Alþingis. Ég spyr hæstv. forseta hvort forsetar hafi rætt það við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hvað standi í vegi þess að málið bíði haustsins. Ég fór fram á það í umræðum um störf þingsins fyrir nokkrum dögum að forsetar tækju það upp við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hvort Alþingi þyrfti að afhjúpa sig með slíkum vinnubrögðum, sem það auðvitað verða, að hroða þessum stóru og umdeildu málum í gegnum þingið á nokkrum sólarhringum. Það er ekki von til, herra forseti, að vel gangi og almennt sé borin virðing úti í þjóðfélaginu fyrir vinnubrögðum þingsins þegar menn leggja sig á borðið og berhátta sig líkt og í stefnir í þessu máli

Hverjum dettur í hug að halda því fram, herra forseti, að það séu sómasamleg vinnubrögð að ætla sér nokkra sólarhringa í að afgreiða þetta stóra mál? Ég beini því til virðulegs forseta að hafi forsetar þingsins ekki nú þegar rætt það við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar að þessum málum

verði frestað þá geri þeir það. Mér sýnist, herra forseti, augljóst að ef það verði ekki þá sé bara annað tveggja í stöðunni, að henda starfsáætlun Alþingis og láta eins og hún hafi aldrei verið til og sætta sig við að þingstörfin geti þess vegna staðið fram a Jónsmessu eða svo eða þá kyngja því að hér sé komið í gang færiband á tvöföldum hraða og bandstjórinn ýti nú á starthnappinn eftir nokkrar sekúndur.

[10:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég hef rætt þetta mál við hæstv. samgrh. Hugur hans stendur til þess að frv. verði að lögum. Ég hef jafnframt rætt það við formenn þingflokka að nauðsynlegt sé að taka þetta mál á dagskrá í dag.

6. og 7. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 38:18 atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KPál, MS, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS.

7 þm. (GÁS, GÖ, KHG, LMR, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:19]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði áðan hvað kæmi í veg fyrir að þetta mál verði látið bíða haustsins. Hæstv. forseti hefur tjáð þingheimi að það eina sem kemur í veg fyrir það sé einbeittur vilji hæstv. samgrh. Tæknilega er ekkert sem kemur í veg fyrir það, herra forseti.

Ég vísa til þess að formaður einkavæðingarnefndar hefur sagt í fjölmiðlum að það sé ekki hundrað í hættunni þótt sala Símans dragist fram á haustið. Ég er honum sammála um það. Þetta er eitt margbrotnasta málið sem komið hefur fyrir þingið á þessu ári. Til þess að sinna sínum stjórnarskrárbundnu skyldum þurfa þingmenn tíma til að brjóta það til mergjar. Til stendur að svipta þá tækifærinu til að vinna vinnuna með þeim hætti sem þeir hafa skrifað undir eiðstaf að þeir ætli sér að gera. Málið er það flókið að það tók þingflokk Framsfl. þrjár vikur, bara að afgreiða það út úr þingflokki sínum. Þannig er alveg ljóst að það er óðs manns æði að ætla þinginu að fara í gegnum málið á sex virkum þingdögum.

Herra forseti. Ég vísa til orða formanns einkavæðingarnefndar og það gerir þingflokkur Samfylkingarinnar sem greiðir atkvæði gegn því að afbrigði verði veitt.

[10:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að mér þóttu svör virðulegs forseta áðan við spurningu minni ekki mikil í roðinu. Svarið var: Samgrh. vill þetta. Lesist: Sjálfstfl. vill þetta.

Það vitum við út af fyrir sig, að þetta er mikið óskabarn og gæluverkefni Sjálfstfl. en það er ekki öflugur rökstuðningur fyrir því að eitthvað liggi sérstaklega fólgið í aðstæðum núna sem krefjist þess að þetta frv. verði að lögum nú í maí í staðinn fyrir að það meðhöndlist í haust eða þá að boðað verði til fundar Alþingis um það sérstaklega með einhverjum hætti.

Engin viðleitni hefur verið í þá átt að ræða við stjórnarandstöðuna um stöðu þessa máls. Hér er hinn vejulegi þjösnaskapur á ferðinni, að þegar stjórnarflokkarnir seint og um síðir hafa hnoðað saman einhverju sem heitir samkomulag sín í milli í umdeildu máli og tekið til þess nokkra mánuði þá er Alþingi einskis virt þegar að því kemur að troða málum hér í gegn. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti, og greiði atkvæði gegn því að þessi afbrigði verði veitt.

(**Forseti** (HBl)**:** Vegna ummæla hv. þm. þá voru svör mín kannski ekki mikil í roðinu en þau voru sannleikanum samkvæmt.)

Um fundarstjórn.

Bráðabirgðaákvæði í frv. um sölu Landssímans.

[10:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við lestur frv. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. rak ég augun í setningu á miðri bls. 3 í frv. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hér á landi er jafn aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu tryggður með ákvæðum fjarskiptalaga og nú einnig með ákvæði til bráðabirgða í frv. þessu ...“

Við skoðun á frv. gat ég hvergi séð neitt ákvæði til bráðabirgða í frv. Kannski er það misskilningur minn en ég hef ekki komið auga á það. Ég vildi gera athugasemd við málið eins og það liggur fyrir.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1129.

og

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130.

[10:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sölu á hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. og jafnframt frv. til laga um breytingu á fjarskiptalögum.

Salan á hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að halda beri áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru á samkeppnismarkaði. Með gildandi fjarskiptalögum sem ég beitti mér fyrir og tóku gildi 1. jan. 2000 voru sköpuð skilyrði fyrir raunverulegri samkeppni í fjarskiptum á Íslandi, samkeppni sem nú er orðin að veruleika. Þess vegna er ekki aðeins eðlilegt heldur beinlínis nauðsynlegt að ríkið hætti samkeppni við þá einstaklinga og fyrirtæki sem starfa á sama markaði.

Áform um einkavæðingu Landssíma Íslands eiga sér nokkurn aðdraganda. Símamálastofnanir víða um lönd hafa verið einkavæddar á undanförnum árum samhliða því að samkeppni á fjarskiptamarkaði hefur verið innleidd. Ástæðan er sú að ríkið hefur viljað draga sig út úr rekstri á samkeppnismarkaði. Auk þess hefur mönnum orðið ljóst

að með samkeppni á fjarskiptamarkaði þar sem fyrirtækin keppa um hylli neytenda má bæta þjónustuna og lækka verð á henni.

Við þessar nýju aðstæður hefur hlutverk stjórnvalda breyst mikið. Í stað þess að standa sjálf í rekstri símafyrirtækja er það nú hlutverk stjórnvalda að skapa þær aðstæður að samkeppni verði raunveruleg en jafnframt að tryggja aðgang allra landsmanna að nútímafjarskiptaþjónustu.

Með lögum nr. 103/1996 var stofnað hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Samkvæmt þeim verða hlutir í félaginu ekki seldir nema með samþykki Alþingis. Með því var tryggt að hlutum í fyrirtækinu yrði ekki ráðstafað nema að loknum nauðsynlegum undirbúningi. Af því tilefni og til þess að vanda allan undirbúning að sölu hlutafjár í Landssímanum fól ég framkvæmdanefnd um einkavæðingu að vinna tillögur um hvernig staðið skuli að sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. Sérstaklega var lagt fyrir nefndina að skoða eftirfarandi atriði er tengjast undirbúningi sölu:

1. Að tryggja starfsfólki kauprétt á hlutafé í fyrirtækinu með hliðsjón af sambærilegum tilvikum við sölu annarra ríkisfyrirtækja.

2. Að ákveðinn hluti verði seldur í almennri dreifðri sölu og þá sérstaklega símnotendum.

3. Að kanna kosti og galla þess að selja umtalsverðan hlut í fyrirtækinu til eins aðila.

4. Að meta hagkvæmni þeirra hugmynda sem fram hafa komið um að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem hið almenna fjarskiptanet.

Nefndin svaraði þessum spurningum með skýrslu sem gefin var út í lok janúar sl. Í skýrslunni var lagt til að salan færi fram í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga yrði almenningi, starfsmönnum og fjárfestum boðin 24% fyrirtækisins. Í öðrum áfanga yrði leitað eftir kjölfestufjárfesti í lokuðu útboði að loknu forvali. Sú sala næmi 25% hlutafjár með hugsanlegri 10% viðbót síðar. Í þriðja áfanga yrðu þau 51% sem eftir verða seld.

Við einkavæðingu ríkisfyrirtækja á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á sölu á hlutabréfum til starfsmanna. Mótuð hefur verið sérstök aðferðafræði sem einkavæðingarnefnd leggur til að lögð verði til grundvallar við sölu á hlutabréfum til starfsmanna Landssíma Íslands hf. Landssími Íslands hefur mikla markaðshlutdeild í fjarskiptaþjónustu hér á landi þótt eðlilega hafi hún farið minnkandi eftir að markaðurinn var opnaður fyrir samkeppni.

Markaðshlutdeild Símans er mismikil eftir þjónustugreinum. Hæst er hún í fastlínuþjónustu eða yfir 90%. Í farsímarekstri er markaðshlutdeildin 75% og lægri í gagnaflutningaþjónustu en á því sviði er örðugra um upplýsingar þar sem margir smærri aðilar starfa. Ef horft er til opinberra veltutalna helstu fyrirtækja á þessu sviði má ætla að heildarmarkaðshlutdeild Landssímans sé komin niður fyrir 85%. Þetta hlutfall fer sýnilega lækkandi samhliða því að nýir samkeppnisaðilar Símans fá aukinn styrk. Ný fyrirtæki hafa á mjög skömmum tíma náð að tryggja sér fótfestu á fjarskiptamarkaðnum og veita Símanum samkeppni, samkeppni sem stuðlar að betri frammistöðu Símans og þannig betri þjónustu við alla landsmenn.

Ég er þess fullviss að sá rammi sem fjarskiptalöggjöfin hefur búið fjarskiptamarkaðnum tryggir að samkeppnisaðilar Landssímans fái eðlilegt svigrúm til athafna, m.a. til að bjóða þjónustu á grunnkerfum Landssímans. Þessu til staðfestingar eru samningar Íslandssíma og Tals um aðgang að farsímakerfi Landssímans. Samningarnir eru til marks um að heilbrigðir viðskiptahættir þróast hratt á þessu sviði þannig að hagkvæmni og fjölbreytni fari vaxandi.

Þetta þýðir vissulega að markaðshlutdeild Landssímans mun minnka en þarf síður en svo að þýða að umsvifin minnki. Á það ber að líta að mörk fjarskiptaþjónustu og ýmissa annarra starfsgreina hafa orðið óskýrari síðustu árin. Því er spáð að sú þróun haldi áfram. Þannig eru þess glögg merki að símafyrirtæki sæki meira inn á vettvang afþreyingar, fjölmiðlunar og upplýsingatækni í sífellt víðari merkingu. Fjarþjónusta í tölvutækni fer vaxandi og símafyrirtæki hafa víðast haslað sér völl á því sviði. Sömu einkenni má sjá í íslenskum fjarskiptamarkaði og þau má greina í breyttum áherslum Landssímans. Þess er því að vænta að samhliða því að markaðshlutdeild félagsins minnkar í hefðbundinni fjarskiptaþjónustu auki það áherslur á önnur skyld svið, haldi uppi heilbrigðum vexti í starfsemi sinni og verði þannig verðmætara.

Afkoma af rekstri Landssíma Íslands hefur verið mjög góð síðustu árin. Á síðasta ári skilaði rekstrinn 6,6 milljörðum í rekstrarafgang fyrir afskriftir og fjármagnskostnað. Þetta eru liðlega 40% af tekjum. Er það hlutfall mjög gott í alþjóðlegum samanburði símafélaga og í ljósi þess að símgjöld á Íslandi eru með því lægsta sem þekkist. Samkeppnisyfirvöld lýstu þeirri afstöðu að félagið hafi verið vanmetið við breytingu á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag. Niðurstaða nefndar sem ég fól að endurskoða stofnefnahagsreikning félagsins í kjölfar ákvörðunar samkeppnisyfirvalda var sú að félagið skyldi greiða rétt um 5 milljarða í ríkissjóð. Hefur nú verið gengið frá því máli og fjárhæðin að fullu gjaldfærð í reikningum félagsins.

Sú ákvörðun að gjaldfæra þessar skuldbindingar að fullu á síðasta ári var ákvarðandi um niðurstöðutölur reikninga síðasta árs en hagnaður eftir skatta var 149 millj. Stefna félagsins nú er að hagnaður eftir skatta verði að meðaltali meira en 100 millj. á mánuði á yfirstandandi ári.

Í umræðunni um sölu Landssímans hefur því verið haldið fram að aðskilja beri grunnnetið frá annarri starfsemi fyrirtækisins. Ég óskaði sérstaklega eftir því við einkavæðingarnefnd að metin yrði hagkvæmni þess að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins svo sem hið almenna fjarskiptanet. Nefndin skoðaði bæði rekstrarlegar og tæknilegar forsendur slíkrar skiptingar og kallaði til ráðgjafar sérfræðinga á þessu sviði. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki sé ástæða til að skipta rekstri fyrirtækisins út frá sjónarmiðum um þjónustu, samkeppni eða vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar. Marghátttuð rök hafa verið færð gegn því að skipta Landssíma Íslands í tvö eða fleiri fyrirtæki vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar. Þessi tel ég vega hvað þyngst:

1. Langt fram eftir nýliðinni öld var lagaumhverfi fjarskiptafyrirtækja við það miðað að eitt ríkisfyrirtæki átti allt fjarskiptanetið og hafði einkarétt á öllum fjarskiptum. Símamálastofnanir nutu lögbundins einkaréttar en þurftu jafnframt að lúta ströngu aðhaldi með verðlagningu þjónustu og þjónustustigi. Þrátt fyrir að dregið hafi verið úr nauðsyn slíkra aðgerða eru í gildi ítarlegar reglur sem tryggja hagsmuni samkeppnisaðila og notenda fjarskiptaþjónustu, einkum ef samkeppni skortir. Staða þeirra gagnvart símanum er því lík hvort sem hún er veitt af fyrirtæki í einkaeign eða sérstakri símamálastofnun í eigu ríkisins.

2. Lög og reglur áskilja að þjónusta milli rekstrareininga Landssímans sé seld á sama verði og til annarra fjar-

skiptafyrirtækja. Upplýsinga- og reikningskerfi Landssímans gerir kleift að skilja að einstaka kostnaðarþætti þannig að verðlagning þeirra sé í samræmi við raun kostnað. Málsmeðferðarreglur fjarskiptalaga tryggja að samkeppnisaðilar Landssímans eiga lögvarða kröfu á því að þjónusta sem þeir kaupa sé seld á sama verði og því sem aðrar deildir Landssímans greiða fyrir sams konar þjónustu. Notendur og fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann greiða því ekki hærri gjöld fyrir fjarskiptaþjónustu en þeir mundu gera ef fyrirtækinu yrði skipt upp.

3. Í fjarskiptalögum er almennum notendum tryggður aðgangur að umtalsverðum flutningshraða á sama verði um allt land með svokallaðri alþjónustu. Auk þess hef ég heimildir til þess sem samgrh. að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Fjarskiptaþjónusta við skip í öryggisskyni er dæmi um slíka þjónustu.

Þessi þrjú atriði sýna glöggt að staða notenda og samkeppnisaðila er vel tryggð án tillits til þess hvort grunnnet og þjónusta verða skilin að eða ekki.

Þá er á það að líta að veruleg vandkvæði eru á að skipta fyrirtækinu. Tæknileg sjónarmið þess eru fyrst og fremst að erfitt er að skilja þjónustu grunnnetsins frá annarri þjónustu. Slíkur aðskilnaður krefst gífurlegrar fjárfestingar í stjórn og tengibúnaði sem hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir neytendur.

Þegar fjallað er um skiptingu fyrirtækisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim öru breytingum sem orðið hafa á þessum markaði á undanförnum missirum. Sem dæmi má nefna að samtök hugbúnaðarfyrirtækja töldu fyrir aðeins þremur árum að skipta bæri fyrirtækinu upp með þeim hætti að dreifikerfið yrði skilið eftir í sérstöku fyrirtæki. Formaður samtakanna hefur nú lýst því yfir að ekki sé lengur ástæða til þess. Fyrirtæki á fjarskiptamarkaðnum hafa tekið í sama streng. Til að taka saman þau meginatriði sem mæla gegn aðskilnaði grunnnets og þjónustu vil ég nefna eftirfarandi:

1. Samkeppni fer vaxandi í rekstri grunnneta í fjarskiptaþjónustu, eins og ég mun víkja nánar að síðar. Hafa ber í huga að grunnnet Landssímans er nú þegar í samkeppni við t.d. Línu.Net og Íslandssíma.

2. Slíkum aðskilnaði fylgja tæknileg vandkvæði eins og ég nefndi fyrr sem auka kostnað fyrir neytendur.

3. Aðskilnaður nets og þjónustu hefur enga sérstaða þýðingu þar sem fjarskiptalög mæla þegar fyrir um bókhaldslegan aðskilnað í rekstrarþáttum Landssímans.

4. Nefna má að ýmiss konar kvaðir hafa verið lagðar á Landssímann og gerðar eru miklar kröfur til þjónustu fyrirtækisins um allt land. Ef fyrirtækinu yrði skipt upp er hætt við að það yrði veikara og möguleikar þess til að veita öllum landsmönnum þjónustu yrðu skertir.

5. Lagalegt umhverfi tryggir samkeppnisaðilum Landssímans greiðan aðgang að grunnkerfinu á sama verði og Landssíminn.

6. Sala á fyrirtækinu án grunnnetsins mundi væntanlega draga úr líkum á því að kjölfestufjárfestar sýndu fyrirtækinu áhuga þar sem ákveðin óvissa yrði um mögulega þróun fyrirtækisins. Kjölfestufjárfestar eru að leita að viðskiptatækifærum og geta einungis metið fyrirtækið út frá þekktum stærðum og aðstæðum.

Af framansögðu er því ljóst að öll rök hníga í þá átt að Landssími Íslands verði ekki hlutaður í sundur. Ekki síst vegur hér þungt að hagsmunum hinna dreifðu byggða er best borgið með þjónustu öflugs fjarskiptafyrirtækis og eðlilegri samkeppni á þeim markaði án ríkisafskipta.

Þá vil ég sérstaklega nefna að gefnu tilefni að aðskilnaður kerfa í raforkudreifikerfinu og aðskilnaður kerfa í fjarskiptakerfinu eru ekki sambærilegir. Fjarskiptanetin eru margbreytilegri og flóknari en raforkudreifikerfin en grundvallaratriðið er þó að á fjarskiptamarkaðinum er nú þegar til staðar samkeppni í dreifingunni ólíkt því sem gerist í dreifingu á raforku. Þá er þess að geta að hvergi í Evrópu hefur sú leið verið farin að skilja sambærileg fyrirtæki í sundur og halda grunnkerfinu eftir í ríkisrekstri. Þrátt fyrir sölu ríkisins á hlutabréfum í eigu þess hafa stjórnvöld verulegra hagsmuna að gæta að því að félagið sé vel og örugglega rekið og í fullu samræmi við tilgang þess og markmið fjarskiptalaga. Landssíminn hefur byggt upp fullkomið fjarskiptakerfi og fjarskiptaþjónustu sem allir landsmenn eiga aðgang að samkvæmt gildandi fjarskiptalögum.

Í samgrn. hefur verið unnið markvisst að því að efla möguleika allra landsmanna á að njóta nútímalegrar fjarskiptaþjónustu á hagstæðu verði. Fyrst ber að nefna fjarskiptalögin sem tóku gildi þann 1. janúar 2000. Með þeim var komið á lagaumhverfi sem annars vegar auðveldar aðgang nýrra fyrirtækja að markaði og hins vegar allra landsmanna að gagnaflutningaþjónustu á forsendum alþjónustu en í 13. gr. fjarskiptalaga er það nýmæli að gagnaflutningaþjónusta með 128 kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins teljist til alþjónustu. Í leyfisbréfi Landssímans og í samkomulagi fyrirtækisins við samgrh. frá 16. mars sl. er tryggð stórfelld uppbygging ATM-gagnaflutninganetsins og ADSL-þjónustu auk þess sem framtíð NMT langdræga farsímakerfisins er tryggð.

Í kjölfar samkomulagsins kynnti Landssími Íslands hf. á síðasta hausti aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar fyrir þjónustu á sviði gagnaflutninga og til að ná fram markmiðum um aukna gagnaflutningaþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felst stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Landssíminn skuldbatt sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að 2 Mb/s samböndum yfir ATM-netið eða sambærilega þjónustu á verði sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingu út fyrir svæðið verði ekki umfram 17 þús. kr. á mánuði.

Fyrir liggur að nokkur halli verður á þessari þjónustu Símans í fyrstu en áætlanir félagsins miðast við það að þessi halli snúist í hagnað með vaxandi umferð um fjarskiptanetið. Til að tryggja að því marki verði náð og að þessi þjónusta veiki ekki rekstrarforsendur félagsins verður áfram unnið að hagræðingu í rekstri stofnlínuþjónustu. Þá er jafnframt við það miðað að öll önnur fjarskiptafyrirtæki hafi áfram aðstöðu til endursölu þessarar þjónustu líkt og verið hefur.

Auk þessara sértæku aðgerða stjórnvalda og fyrirtækisins til að jafna aðstöðumun notenda á fjarskiptaþjónustu hér á landi stuðlar aukin samkeppni ótvírætt að lægra verði á fjarskiptaþjónustu til almennings. Því ber að fagna vaxandi samkeppni um allt land þar sem ný fjarskiptafyrirtæki hafa ýmist hafið starfsemi eða hafa uppi áform um uppbyggingu nýrra fjarskiptaneta.

Uppbygging öflugra ljósleiðaraneta utan höfuðborgarsvæðisins virðist nú einnig vera orðinn hagkvæmur fjárfestingarkostur að mati annarra fyrirtækja en Landssímans.

Nýr ljósleiðari hefur þegar verið lagður austur fyrir fjall og til Vestmannaeyja á vegum Íslandssíma og Línu.Nets. Áform eru uppi um lagningu nýs ljósleiðara til Akureyrar og fjarskiptafyrirtækið Fjarski sem er í eigu Landsvirkjunar er að gera tilraunir með lagningu ljósleiðara í tengslum við dreifikerfi sitt sem nær um allt land. Fyrirtækið hefur þegar gert samninga við Rannsóknar- og háskólanet Íslands hf. um uppbyggingu ljósleiðaranets á landsvísu. Því er líklegt að önnur fyrirtæki muni veita Landssímanum samkeppni í netaðgangi um landið allt. Þá hafa Íslandssími og Lína.Net unnið að uppbyggingu á eigin neti.

Ljóst er að á næstu missirum fer í hönd tími mikilla breytinga í fjarskiptaþjónustu þar sem ný kynslóð farsíma mun að einhverju leyti leysa af hólmi þjónustu hjá almenna farsímanetinu og hefðbundna GSM-þjónustu. Mikilvægt er að almenna farsímanetið um allt land verði byggt upp með þetta fyrir augum.

Samhliða sölu Landssíma Íslands verður lögð áhersla á framtíðaruppbyggingu fjarskiptakerfisins. Vilji minn í þessu sambandi er skýr. Ég tel að leitað verði leiða til að styrkja svo sem unnt er bæði dreifikerfið og þjónustu um landið allt. Því hefur verið mótuð í samgrn. skýr stefna varðandi framtíð gagnaflutnings og fjarskiptaþjónustu sem m.a. kemur fram í fjarskiptalögunum.

Þá vil ég nefna að á síðasta ári var á vegum ráðuneytisins og svokallaðrar RUT-nefndar gerð skýrsla um stafrænt Ísland þar sem metin var bandvíddarþörf til og frá landinu. Niðurstaða hennar hefur haft þau áhrif að undirbúningur fjarskiptafyrirtækja að lagningu nýs ljósleiðara til Evrópu er kominn vel á veg. Þá hefur eins og ég hef þegar vikið að í ræðu minni verið gripið til ýmiss konar ráðstafana vegna sölu Landssímans sem hafa það að markmiði að bæta aðgang allra landsmanna án tillis til búsetu að nútímalegri gagnaflutnings- og fjarskiptaþjónustu. Samgrn. tekur einnig þátt í starfi á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið og í samstarfi við menntmrn. um hvernig koma megi á öflugum flutningsleiðum í upplýsingatækni til allra skóla í landinu. Að þessu er unnið.

Öflugar eftirlitsstofnanir eiga að tryggja að samkeppni geti þrifist um landið allt. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun hafa gert með sér samning um gagnkvæmt samráð í málum er varða samkeppnis- og fjarskiptalög. Einnig hafa ný lög verið sett um Póst- og fjarskiptastofnun sem hafa það að markmiði að efla heimildir stofnunarinnar gagnvart fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverða markaðshlutdeild. Eftirlitsstofnanir stjórnvalda geta því tryggt að eftir skilmálum leyfisbréfa sé farið. Fjarskiptafyrirtækin hafa gert með sér hagkvæma samtengingarsamninga, og samstarf um númeraflutning, forskeyti og aðgang að heimtaugum er með því besta sem þekkist.

Eins og ég hef rakið hefur rekstur fjarskiptafyrirtækja breyst í grundvallaratriðum á undanförnum árum. Kröfur um sveigjanleika fjarskiptafyrirtækjanna hafa jafnframt aukist verulega. Fyrirtæki sem hagnýta nýjustu tækni hafa komið fram á undanförnum mánuðum og gera auknar kröfur til aðlögunarhæfni Landssíma Íslands. Aðhald sem fylgir hæfilega dreifðu eignarhaldi Símans stuðlar því ótvírætt að hagkvæmri þróun íslensks fjarskiptamarkaðar.

Ég legg áherslu á að salan fari fram þegar aðstæður og almennt ástand í efnahagsmálum mælir með því. Ég hef heyrt ýmsa úr röðum stjórnarandstöðunnar lýsa efasemdum um sölu á hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. núna á þeim grundvelli að verðmæti félagsins hafi fallið. Rétt er að undirstrika í umræðunni að ekkert verðmat á Landssíma Íslands hefur enn farið fram vegna fyrirhugaðrar sölu. Hins vegar er rétt að mat markaða á verðmæti tæknifyrirtækja hefur breyst mjög mikið á tiltölulega stuttum tíma. Þannig hafa símafyrirtæki um allan heim lækkað umtalsvert frá því að þau voru metin hvað hæst í mars og apríl á sl. ári. Um þetta þarf ekki að deila. Um hitt virðast sérfræðingar nokkuð sammála að verðþróun hlutabréfa í tæknifyrirtækjum hafi á sl. ári endurspeglað meiri væntingar til vaxtar og framtíðarhagnaðar en fyrirtækin fái staðið undir. Fyrirtækin voru því í raun ofmetin. Þess er vart að vænta að hlutabréfamarkaðurinn komist á ný í þær hæðir sem hann var á sl. ári.

Ég tel heldur ekki sjálfsagt að harma, líkt og formaður Samfylkingarinnar, að hafa ekki nú þegar selt íslenskum almenningi hlut í Símanum á verði sem einungis hefði getað lækkað. Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínu út á sem hæstu verði á kostnað almennings sem kaupir þær í góðri trú. Það verð sem nú er á eignarhlutum í símafélögum gefur fjárfestum raunhæfa von um að fjárfesting í öflugum og vel reknum félögum geti skilað góðum arði. Þetta er mikilvæg forsenda vel heppnaðrar einkavæðingar með mikilli þátttöku alls almennings.

Ég ætla ekki að hafa hér uppi neinar getgátur um verðmæti Landssímans um þessar mundir. Að því mati vinna nú þrautreyndir og virtir sérfræðingar. Hitt veit ég að rekstrartölur Landssímans gefa mjög ákveðið til kynna að félagið standi sterkum fótum og komi vel út í samanburði við önnur evrópsk símafélög. Þá ber að hafa í huga að verðmæti Landssímans hlýtur einnig að taka mið af sterkri stöðu félagsins á hinum íslenska fjarskiptamarkaði.

Með einkavæðingu Landssímans má ná margþættum markmiðum. Aukið frjálsræði í viðskiptum hefur opnað augu íslenskra fjárfesta fyrir því að þeir eiga ekki síður möguleika á að festa fé sitt í atvinnurekstri í útlöndum. Því eru bornir saman fjárfestingarkostir hér heima sem erlendis. Ef þeir finnast ekki nægilega áhugaverðir hér á landi leitar féð úr landi. Við þær aðstæður er mikilvægt að ríkið beiti áhrifum sínum til að bjóða fram áhugaverða fjárfestingarkosti, kosti sem geti bæði laðað fram aukinn sparnað almennings með mikilli þátttöku í almennri sölu og gefið stofnfjárfestum nýtt tilefni til að festa fé sitt innan lands. Þannig má draga úr útstreymi til erlendra fjárfestinga. Kaup á hlut í Landssíma Íslands eru vel til þess fallin að mæta þessum sjónarmiðum. Því eru almenn efnahagsleg rök fyrir því að hraða sölu á hlut í Símanum eins og ríkisstjórnin stefnir að.

Að endingu minni ég á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er skýrt kveðið á um að tekjum af sölu ríkisfyrirtækja verði varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, til að fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum og til þess að efla upplýsingasamfélagið. Að því verður unnið svo fjarskiptin og upplýsingatæknin geti nýst atvinnulífi og einstaklingum um land allt.

Herra forseti. Ég mæli jafnframt fyrir frv. til laga um breytingu á fjarskiptalögum. Samkvæmt því er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til að setja skilyrði í leyfisbréf rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild um að eigendur ríki ekki efnahag leyfishafans eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum til þess

að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og samkvæmt leyfisbréfi fyrirtækisins.

Ljóst er að ríkir almanna- og öryggishagsmunir tengjast fjarskiptum. Með ákvæði af þessum toga er fyrir fram unnt að tryggja að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild framkvæmi nauðsynlegar fjárfestingar í grunnnetinu og öðrum fjarskiptakerfum í þeim tilgangi að þjóna dreifðari byggðum og leggja grunn að áframhaldandi nýsköpun í rekstri leyfishafans.

Á Landssímanum hvíla margs konar skyldur eins og ég hef þegar rakið í framsöguræðu minni vegna frv. til laga um sölu Símans. Þykir rétt að Póst- og fjarskiptastofnun setji í leyfisbréf skilyrði sem tryggi fyrir fram að ekki séu gerðar óvenjulegar ráðstafanir í rekstri félagsins sem stefni í verulega hættu möguleika rekstrarleyfishafans til að uppfylla skyldur sínar. Á hinn bóginn mundu allar venjulegar ráðstafanir falla utan við þetta sérstaka skilyrði. Við túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á skilyrðinu þyrfti því að leggja til grundvallar að hér er um að ræða undantekningarreglu sem skýra beri þröngri lögskýringu.

Póst- og fjarskiptastofnun er kleift að fylgja slíkum skilyrðum eftir í krafti eftirlitsúrræða á grundvelli 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Geta gróf brot varðað leyfissviptingu, rekstrarstöðvun og dagsektum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvörpunum tveimur sem ég hef mælt fyrir verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[10:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Noregi voru menn í fjórar vikur að ákveða sölu á norska símanum en tóku sér átta mánuði til að undirbúa söluna. Hér á landi voru menn eitt og hálft ár að taka ákvörðun um söluna en síðan taka þeir sér ekki nema sex vikur til að undirbúa hana. Þetta er ákaflega mikill flumbrugangur og tímapressan er gríðarleg.

Síminn átti í lok mars fyrsta fund með þeim fyrirtækjum sem áttu að vinna verðmat á honum, samhliða bankanum sem átti síðan að sjá um söluna. Síminn á skila lokaskýrslu sinni með öllum gögnum fyrir 5. maí.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að Síminn geti undir þessari gríðarlegu tímapressu skilað gögnum sínum í tæka tíð? Telur hann að gæði gagnanna verði nægilega mikil til þess að hægt sé hægt að vinna verkið eins og vera ber?

[10:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu stóð þannig að málum að hún bauð út þessa þjónustu sem verið er að leita eftir, þ.e. annars vegar mat á verðmæti fyrirtækisins og hins vegar umsjón með sölu á hlutabréfunum.

Það var samið við tvö mjög traust fyrirtæki, annars vegar PriceWaterhouse Cooper og hins vegar Búnaðarbanka Íslands. Bæði þessi fyrirtæki, Búnaðarbankinn og ráðgjafarfyrirtækið, hafa mikla og góða reynslu í slíkri vinnu og tengjast m.a. erlendum fyrirtækjum.

Ég átti í gær fund með fulltrúum beggja þessara fyrirtækja. Þar fékk ég staðfest að enginn fyrirvari er gerður við þann tíma sem til ráðstöfunar er. Ég hef því engar áhyggjur af því að ekki náist að vinna þetta eins og krafist er, að vinnan sé vönduð, örugg og traust.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði ekki hvort hæstv. ráðherra teldi að þessi tvö fyrirtæki hefðu nægan tíma til að sinna vinnu sinni vel. Ég spurði hins vegar hvort hann teldi að Síminn hefði tíma til að vinna gögnin nægilega hratt og nægilega vel. Hæstv. ráðherra kvaðst hafa talað við þessi tvö fyrirtæki en hann hefur greinilega ekki talað við Símann eða einkavæðingarnefndina sjálfa.

Mig langar þess vegna að upplýsa hæstv. ráðherra um að í síðustu viku var fundur í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar þar sem starfsmaður hennar, sem jafnframt er starfsmaður forsrn., sem hefur unnið með Símanum að undirbúningi þessara gagna, lét í ljós þá eindregnu skoðun að Síminn mundi vegna tímapressunnar ekki vera tilbúinn með gögnin í tíma. Jafnframt taldi hann að þau gögn væru ekki líkleg til þess að vera af þeim gæðum sem æskilegt væri til að fyrirtækin tvö gætu unnið sína vinnu.

Þetta sýnir flumbruganginn og pressuna á þessu, herra forseti. Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og þetta staðfestir það sem við þingmenn höfum sagt um að ríkisstjórnin gefur sér ekki þann tíma sem þarf í þetta flókna verkefni.

[10:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað fjarri lagi að ég hafi ekki átt fundi með fulltrúm Símans. (**ÖS:** Ekki í gær.) Jú, einmitt í gær. (Gripið fram í.) Ég átti marga fundi í gær. Ég get trúað hv. þm. fyrir því, m.a. með formanni stjórnar Landssímans og forstjóra Landssímans til þess að fara yfir öll þessi mál.

Ég tel mjög eðlilegt að einkavæðingarnefnd hotti á alla aðila sem að þessu máli koma og þurfa að vinna að því og geri þá kröfu að vel sé að öllu staðið. Ráðgjafarfyrirtækið og bankinn sem vinna að þessu máli hafa átt marga fundi með starfsmönnum Símans. Þeir staðfestu í gær það sem ég sagði eftir að hafa kynnt sér stöðu mála hjá Landssímanum. Ég er sannfærður um að þeir hefðu ekki gert það ef þeir hefðu óttast að ekki hafi verið unnið eins og þurft hefur. Þeir gerðu það ekki án þess að vera öruggir um að hafa allt í hendi sem þarf til að sinna verkefninu.

[10:55]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna sérstaklega frv. sem við erum að ræða í dag. Ég held að það hafi komið fram í ræðu hæstv. samgrh. hversu vel þetta mál er undirbúið. Það er að mínu mati afar vel rökstutt að hraða þurfi sölu á Landssímanum.

Mig langar hins vegar til að spyrja hæstv. samgrh. tveggja spurninga. Annars vegar varðandi kjölfestufjárfestana en að mínu mati er mikilvægt að við reynum að tryggja aðkomu erlendra kjölfestufjárfesta. Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. um hvað það sé í frv. sem laðar að þessa erlendu fjárfesta.

Síðan vildi ég spyrja út í þriðju kynslóðina. Eins og hæstv. samgrh. veit erum við ekki á einu máli um hvernig eigi að úthluta leyfunum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær af úthlutun leyfa vegna þriðju kynslóðar símanna verði.

[10:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjölfestufjárfestar sem kunna að hafa áhuga á að ná í þennan 25–35% hlut í Símanum hljóta auðvitað fyrst og fremst að huga að því að þetta sé góð og vænleg

fjárfesting. Út frá því sjónarhorni tel ég augljóst að símafyrirtæki, svo öflugt, bæði efnahagslega og tæknilega, með jafngott starfsfólk og öflugan búnað um allt land hljóti að vera mjög áhugavert fyrir kjölfestufjárfesta og ekki síst þar sem Íslendingar eru mjög áhugasamir um að nota síma.

Hvað varðar þriðju kynslóðina þá hefur allri þeirri tilveru á okkar hnetti seinkað þannig að ég geri ekki ráð fyrir því að á þessu þingi verði afgreidd lög sem heimili úthlutun á þriðju kynslóðinni.

[10:57]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að það verði nokkurn veginn ljóst hvenær úthlutun þessara leyfa muni eiga sér stað. Það getur skipt máli fyrir söluverðmæti fyrirtækisins hvort Landssíminn hefur leyfi til þriðju kynslóðar. Það getur aukið verðmæti þessa fyrirtækis nokkuð.

[10:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði frá því á fjarskiptaþingi að ég gerði ráð að aðferðin við úthlutun á leyfum vegna þriðju kynslóðarinnar mundi byggjast á útboði, ekki uppboði heldur útboði og þannig yrðu boðin út fjögur leyfi.

Það skiptir auðvitað miklu máli að Landssíminn hafi möguleika á slíku leyfi en ég óttast ekki að það ágæta fyrirtæki standi sig ekki í þeirri samkeppni þegar þar að kemur.

En það er mikil óvissa um þróun þessarar tækni, þriðju kynslóðar farsíma. Þess vegna held ég að skynsamlegt sé að fara sér hægt um sinn.

[10:59]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. samgrh., þar sem hann réttlætti það að selja grunnnetið með þjónustu Landssímans og skilja það ekki frá, þegar hann ræddi um hinar dreifðu byggðir og að hagsmunum þeirra væri best borgið án ríkisafskipta. Þá datt mér í hug að spyrja hæstv. samgrh. út í aðalfund Landssímans 1999, að mig minnir: Var ekki eitt aðalatriðið í ræðu hans á þeim fundi að beina því til stjórnar Landssímans, sem sagt ríkisafskipti, að drífa í að lækka gjaldskrá Landssímans gagnvart landsbyggðinni og fyrirtækjum á landsbyggðinni? Fyrir því hafði verið barist í mörg ár en hafði ekki tekist. Það tókst ekki fyrr en eftir ríkisafskiptin, þ.e. beina tilskipun hæstv. samgrh. til stjórnar Landssímans um að drífa í að lækka gjaldskrána.

[11:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Kristján L. Möller hafi áttað sig á því að ég talaði á þeim fundi sem hluthafi þessa fyrirtækis. Ég lít svo á að ég hafi þar fyrst og fremst verið að vekja athygli og leggja áherslu á að það væri skynsamlegt fyrir Landssímann og þá væntanlega skynsamlegt fyrir eiganda Landssímans að bæta þjónustuna úti um allt land og gera það þannig að umferðin yrði aukin um kerfi Landssímans með því að verðið yrði lækkað. Gagnaflutningaþjónustan var lækkuð niður í einn tíunda af því sem hún áður var þannig að þarna var verið að taka mikilvægar ákvarðanir.

En það er alveg ljóst að Síminn er kominn í samkeppni þannig að það þarf hvorki þingmenn í framtíðinni, held ég og er viss um það, né ráðherra til þess að gefa tilskipanir um þetta. Það verður samkeppni á þessum markaði og öll þróunin í fjarskiptatækninni er slík að það er engin trygging fólgin í því að ríkisrekstur eigi að bjarga því sem á að bjarga úti um landið.

[11:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið. Það þurfti sannarlega ríkisafskipti. Fulltrúi eigandans, handhafi eina hlutabréfsins, fulltrúi ríkisins þurfti að beita sér á aðalfundi fyrirtækisins til þess að fá þá lækkun sem menn höfðu bent á varðandi það óréttlæti og misrétti sem var milli landsbyggðarfyrirtækja og höfuðborgarfyrirtækja á þessu sviði. Munurinn milli landsbyggðar og höfuðborgar var fleiri hundruð prósent á þessum tíma.

En það þurfti þessa beinu tilskipun eins og í Rússlandi í gamla daga til að koma þessu á. Áralöng barátta náði ekki fram að ganga fyrr en eftir þetta þó að reyndar hafi tekið nokkra mánuði í viðbót, eða hálft ár eða meira eftir þennan aðalfund, til þess að ná þessari lækkun.

En ég vek athygli á því, herra forseti, að verðlagning milli landsbyggðarfyrirtækja og höfuðborgarfyrirtækja á þessu sviði gagnvart gagnaflutningi og leigulínum er enn þá mjög landsbyggðinni í óhag.

[11:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit eru gagnaflutningar upp í tveggja megabæta afkastagetu á sama verði innan allra svæða á landinu, eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni áðan.

Hins vegar þarf að átta sig á því að við erum náttúrlega komin í mjög breytt umhverfi. Fjarskiptalögin og samkeppnislög takmarka mjög inngrip stjórnmálamanna. Ég tala nú ekki um ef stjórnmálamenn ætla að fara að breyta ríkisfyrirtækjum sem eru á samkeppnismarkaði með tilfærslum þá er það ekki auðvelt verk. Hv. þingmenn og þar á meðal hv. þm. Kristján L. Möller verða að vita þetta og ef Samfylkingin hefur ekki upplýst þingmenn sína um að við lifum í nýju umhverfi þá er alveg nauðsynlegt að þingmenn átti sig á því einmitt núna þegar fram undan er samkeppni á fjarskiptamarkaði. Og ég vænti þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson geti tekið undir það með mér.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á það undir lokin að einmitt nú væru sterk efnahagsleg rök fyrir því að einkavæða Landssímann og þá fyrst og fremst þau að með því gæfist innlendum fjárfestum gott tækifæri á áhugaverðum fjárfestingarkosti innan lands í stað þess þá væntanlega að fara með fé sitt til útlanda.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er hér komin meginástæðan fyrir óðagotinu nú að ríkisstjórnin bindi einhverjar vonir við það að einkavæðing Landssímans næstu mánuði geti eitthvað dregið úr frjálsu falli krónunnar? Og er e.t.v. sama ástæða að einhverju leyti á bak við það markmið sem það er orðið í sjálfu sér að selja fjórðung og jafnvel 35% Landssímans til útlanda? Er sem sagt, herra forseti, verið að moka út fjölskyldusilfrinu til þess að reyna að treina veisluna á langinn?

[11:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Margir samverkandi þættir valda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sölu Símans. Í fyrsta lagi, eins og ég kom að í ræðu minni, þá eigum við ekki að standa í samkeppni við einkafyrirtæki á þessum markaði. Í annan

stað hljótum við að velja tíma til sölu sem er hagstæður og eðlilegur þegar litið er til verðs á þessum fyrirtækjum, og svo að hinu leytinu eigum við auðvitað ekki að selja nema salan hafi góð áhrif á hið almenna efnahagslega umhverfi.

Ég held því að hv. þm. geti verið mér sammála um að sala — og það bendir allt til þess — á hlut Símans núna hafi góð áhrif á efnhagslífið. Geta þá hv. þm. Vinstri grænna ekki bara verið sáttir við að við veljum þann tíma? Ég held að það geti ekki verið neitt verra að það fari saman.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var frekar ósannfærandi varnarræða. Mig grunar að ég hafi komið við snöggan blett í brjósti hæstv. ráðherra og ástæðan sé einmitt sú að þrátt fyrir alla óvissuna og vandræðaganginn í þessu máli og þrátt fyrir linnulausar deilur innan og milli stjórnarflokkanna um þetta mál hafi menn núna undir vorið verið farnir svo á taugum í sambandi við efnahagsmálin að það hafi nægt til þess að lemja þessa niðurstöðu í gegn, að nú skuli a.m.k. taka helminginn af silfrinu, 49% af Landssímanum, og reyna að framlengja veisluhöldin eitthvað með því í von um að krónan hangi kannski eitthvað frekar uppi og þess vegna sé óðagotið eins og raun ber vitni.

Staðreyndin er nefnilega sú að þróunin hefur nánast að öllu leyti undanfarna mánuði, eða segjum eitt til tvö missiri, mælt gegn því að flýta sér nú við breytingar á stöðu Landssímans. Óvissan sem hefur skapast að ýmsu leyti í fjarskiptamálum og margir aðrir þættir mæla frekar með hinu þannig að það er afar ósannfærandi málflutningur sem hér kom upp, að öðru leyti en þessu. Maður skilur kannski óðagotið ef þetta er ástæðan.

[11:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fjarri því að mikið óðagot sé í þessum áformum okkar um sölu. Við gerum ráð fyrir að selja í fyrstu 14% og síðan 10% af hlutafé Símans og loks 25% þannig að fyrstu áfangarnir verða upp í 49%. Þetta tekur því allt saman sinn tíma að sjálfsögðu. En það er fjarri öllu lagi að það sé eitt umfram allt annað sem veldur því að við viljum fá þessar heimildir til sölu núna.

Ég tók sérstaklega fram í framsögu minni áðan að auðvitað tökum við ákvarðanir um sölu á einstökum pörtum í Símanum í ljósi efnahagsumhverfisins og þess umhverfis sem markar verðið. Það verður ekkert óðagot viðhaft.

[11:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir prýðilega ræðu að mörgu leyti sem var efnisrík og skýrði í nokkuð snörpu máli öll hans viðhorf til þessa máls. Ég verð hins vegar að hryggja hann með því að ég er honum ósammála um margt, einkum að því er varðar þróun fjarskiptamarkaðarins og samkeppni á honum á næstu árum og ég er honum auðvitað allsendis ósammála um tímasetninguna og það hvernig hæstv. ráðherra talar um markaðinn í heild og breidd.

Ég verð hins vegar að segja að ég er dálítið hrifinn af þeirri snöfurlegu dómgreind sem birtist í því hjá hæstv. ráðherra að hann harðneitar því að menn séu hér með eitthvert óðagot eða flumbrugang þegar það liggur fyrir að það hefur tekið eitt og hálft ár að taka þessa ákvörðun. Síðan ætla menn að ráðast í framkvæmdina á sex vikum, gefa þinginu sex daga til þess að fara í þetta mál sem hæstv. ráðherra talar um að sé ákaflega flókið, yfirgripsmikið og stórtækt. Ég er honum sammála um það. En ef hæstv. ráðherra hefur snefil af virðingu fyrir sinni eigin dómgreind ætti hann ekki að taka svona til máls jafnvel þó að hann standi hér í höggorrustum við hv. þm. Vinstri grænna.

Ég vil áður, en ég ræði vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli og það sjálft í smáatriðum, lýsa í stuttu máli afstöðu okkar í Samfylkingunni til frv. Hún hefur reyndar komið fram oft áður, fyrst í þingskjali sem lagt var fram þegar árið 1997. Þá strax lögðu ákaflega margir þingmenn Samfylkingarinnar til að Landssímanum yrði skipt í tvö fyrirtæki. Við erum þeirrar skoðunar almennt að það fari vel á því að flytja samkeppnisrekstur úr höndum ríkisins yfir á markað og við leggjumst ekki gegn því að samkeppnisrekstur Símans verði seldur. Raunar teljum við að fremur hefði átt að selja hann áður en að ríkið varð eins konar ryksuga á markaðnum sem hefur á síðustu árum varið 2–3 milljörðum í gegnum Landssímann til þess að kaupa upp 35 önnur fyrirtæki á þessum markaði. Það er auðvitað óhæfa. Það er ekkert annað en ríkisvæðing. Menn hefðu frekar átt að selja samkeppnisreksturinn en að hafa í frammi ríkisvæðingu af þeim toga.

Við höfum hins vegar jafnan lagst alfarið gegn því að dreifikerfið verði selt vegna þess að við teljum að það veiti hinu einkavædda fyrirtæki yfirburðastöðu í krafti lögverndaðrar einokunar sem við getum alls ekki fellt okkur við. Við teljum líka að sala á dreifikerfinu komi í veg fyrir að uppbygging þess kerfis á landsbyggðinni verði með svipuðu sniði og í þéttbýlinu. Þar af leiðir erum við þeirrar skoðunar að þetta fyrirkomulag skerði stórlega möguleika landsbyggðarinnar til þess að þróa þekkingariðnað sinn með svipuðu móti og gerist hér í þéttbýlinu. Ályktunin sem við drögum af því, herra forseti, er sú að í reynd sé verið að dæma landsbyggðina úr leik hvað varðar þróun þekkingariðnaðar í framtíðinni.

Við höfum lengi vel ekki siglt einskipa í þessu máli, herra forseti. Hv. þm. Framsfl. hafa, ef eitthvað er, tekið dýpra í árinni og hér gæti ég varið löngum stundum til þess að lesa úr „samlede værker" hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem hefur með ákaflega hugvitssamlegum og elegant hætti fært bestu rökin fyrir þessu viðhorfi hér og ég bíð auðvitað eftir því í nokkru ofvæni að heyra hv. þm. Hjálmar Árnason skýra það á eftir hvers vegna hann hefur skipt um skoðun.

Herra forseti. Við teljum jafnframt að það þurfi að skoða ákaflega vel tímasetninguna á sölunni. Það er alveg ljóst að þessi sala er ákveðin án þess að nokkurt mat liggi fyrir á stöðu markaðarins, án þess að nokkurt mat liggi fyrir á því hvaða áhrif salan gæti haft á hlutabréfamarkaðinn í heild. Hæstv. samgrh. hefði nú haft gott af því að sitja með okkur í efh.- og viðskn. um daginn þegar við vorum þar að véla um sölu bankanna. Þar kom fram hjá hverjum sérfræðingnum á fætur öðrum að það væri mögulegt að sala þessara stóru ríkisfyrirtækja mundi kalla fram það sem einn sérfræðingur Landsbankans kallaði „sjokkeffekt" á hlutabréfamarkaði. Virðulegi forseti. Ég verð að leiðrétta sjálfan mig. Það var ekki sérfræðingur Landsbankans heldur fulltrúi Samtaka fjárfesta sem sagði þetta.

Vegna þess að hæstv. ráðherra kemur hérna eins og véfréttin í Delfí og bregður sér í gervi þess manns sem 120 þúsund Íslendingar vildu gjarnan eiga orðastað við í einrúmi

og lýsir því yfir að þess sé að vænta að hlutabréfamarkaðurinn nái aftur þeim hæðum sem hann féll úr fyrir skömmu þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað í ósköpunum kemur honum til þess að segja þetta? (Gripið fram í.) Það er ekkert sem bendir til þess, herra forseti. (Gripið fram í.) Og þegar við spurðum einmitt aðra galdramenn úr fjármálastofnunum á vegum ríkisins hvaða merki og teikn þeir sæju á lofti um að það yrði einhvers konar viðsnúningur sem gerði það að verkum að það væri hægt fyrir markaðinn að taka við þessu mikla magni hlutafjár þá sögðu þeir, m.a. sérfræðingar Landsbankans, að þeir sæju engin teikn á lofti um að hlutabréfamarkaðurinn væri að snúast við.

Ég vísa því öllu sem hæstv. ráðherra sagði um þetta efni til föðurhúsanna og það sýnir hvað hann er óviss og óstöðugur og reikull í sinni sök í þessu máli að hann talar hérna eins og barn um fjármál. Hann segir, herra forseti, að hann ætli sér að selja eftir stöðunni á markaði.

Hann væntir þess að hlutabréfamarkaðurinn nái aftur þeim hæðum sem hann náði áður en hann féll en hann segir samt að hann ætli sér að fara eftir tilteknum tímasetningum sem eru þannig að í næsta mánuði á að fara að selja hluta úr bankanum. Ég tók að vísu eftir því að hæstv. ráðherra virðist horfinn frá þeim áformum sem gefin eru upp um tímasetningu sölunnar vegna þess að fyrst ætti að selja 14% til almennings og síðan ætti að selja einhvern tíma seinna 10% með opinni útboðssölu. Í frv. segir hins vegar að þetta eigi að gera samhliða. En ég skil það svo að hæstv. samgrh. sé orðinn hræddur við markaðinn.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom hér og átti að hluta til kollgátuna á því af hverju menn leita svona fast eftir því að koma Símanum á markað. Það er auðvitað þannig að það er að sannast þessa dagana það sem stjórnarandstaðan hefur sagt að viðskiptahallinn er að leiða til þess að kominn er gríðarlegur þrýstingur á gengið, segja má að lítil tímasprengja sem um nokkra hríð hefur tifað í hagkerfinu hafi sprungið og gengið farið til þess sem býr í neðra. Til þess að styrkja almenna stöðu efnahagsmála er greinilega verið að reyna að selja fyrirtæki úr landi. En það er ekki bara það, herra forseti. Það er einfaldlega þannig að vildarvinir Sjálfstfl. bíða í röðum eftir því að fá að kaupa í Símanum, eftir því einmitt að komast í þessa opnu tilboðssölu, og hvenær er betra fyrir þá að komast í sjóðina, komast í handraðann en einmitt núna þegar verðið er svona lágt?

Herra forseti. Það segir, af því að hér gengur klerkur í salinn, í helgri bók: „Það sem þú gjörir, það gjör þú skjótt", og fyrst hæstv. ráðherra ætlaði sér á annað borð að selja þetta, átti hann auðvitað að gera það í fyrra. Hann átti að gera það fyrir tveim, þremur missirum. Þá hefði komið miklu meira í kassa ríkisins. Herra forseti. Ég fullyrði að seinagangur ríkisstjórnarinnar til að komast að niðurstöðu hafi verðfellt Landssímann um tugi milljarða. Í fyrra var hann metinn á 40–60 milljarða. Í blaði allra landsmanna, Morgunblaðinu, sá ég hins vegar talsvert hærri tölu en ég fullyrði að það sem fæst fyrir Símann verður miklu minna en þá verður líka miklu auðveldara fyrir ýmsa einkavini Sjálfstfl. að verða sér út um dágóðan hlut í Símanum. Þegar hann rýkur síðan upp, eins og hæstv. samgrh. segir að innan skamms muni markaðurinn aftur ná hæðum sínum, þýðir það einfaldlega að einkavinir Sjálfstfl. sem komast á jötuna muni sennilega tvöfalda hlut sinn og græða milljarða. Það kynni að vera að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hafi skjöplast þetta. Þetta er ein af þeim ástæðum sem þessir herrar eru að horfa til þegar þeir beita sér fyrir þessu.

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum fara yfir þær röksemdir sem liggja afstöðu Samfylkingarinnar til grundvallar, þ.e. hvað varðar það að við viljum skilja dreifikerfið frá samkeppnisrekstrinum. Það er í fyrsta lagi vegna þess að það er forsenda þess að landsbyggðin eigi kost á gagnaflutningum um síma og ljósleiðara á sömu gæðum og svipuðu verði og þéttbýlið. Ef dreifikerfið er einkavætt, þá er sá möguleiki einfaldlega úti og það þýðir einfaldlega að landsbyggðin verður afskipt, hún verður annars flokks í þekkingariðnaði framtíðarinnar sem er að kveðja dyra nánast sem við tölum þessi orð. Fari svo þá mun landsbyggðin, sem Framsfl. hefur verið svo umhugað um, óhjákvæmilega tapa í samkeppninni við þéttbýlið um fólkið og ég tel að hún muni dæmast til þess á einni til tveimur kynslóðum, e.t.v. skemmri tíma, að breytast í það að verða að fámennum verstöðvum sem hafi það hlutverk eitt að taka á móti túristum og afla hráefnis. Það er ekki það sem við viljum að verði hlutskipti landsbyggðarinnar.

Í öðru lagi teljum við líka að dreifikerfið þurfi að aðgreina frá öðrum rekstri Landssímans til þess að tryggja samkeppni á markaðnum sem Landssíminn starfar á. Rökin sem hæstv. samgrh. flutti áðan voru verstu rök sem ég hef heyrt gegn þessu. Ég gæti komið upp og tínt ýmis rök sem mæla gegn því sem við erum að velta fyrir okkur en ekki það sem hæstv. ráðherra sagði áðan.

Herra forseti. Við erum ekkert ein í þessu. Það vill svo til að á vegum Framsfl. og ráðuneyta hans starfaði sérstök nefnd sem fjallaði um ytri skilyrði hugbúnaðarins hér á landi og menn geta farið á heimasíðu iðnrn., sem ég hvet hæstv. samgrh. til að gera, og lesið skýrsluna sem liggur þar fyrir og hvað segir í skýrslunni? Þar segir að hinn raunverulega samkeppnisrekstur eigi að selja við fyrsta tækifæri. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Aftur á móti ætti að fara hægar í að einkavæða rekstur grunnkerfisins, mikilvægara er að halda áfram og ljúka uppbyggingu þess."

Síðan kemur bein tillaga sem liggur á heimasíðu hæstv. iðnrh.- og viðskrh., byggðamálaráðherrans. Hún hljóðar svo:

„Landssímanum hf. verði skipt í tvö sjálfstæð fyrirtæki. Annars vegar fyrirtæki sem á og rekur grunnkerfið, þ.e. dreifikerfið ásamt nauðsynlegum búnaði, og hins vegar fyrirtæki sem annast almenna síma- og fjarskiptaþjónustu."

Herra forseti. Stefna Samfylkingarinnar sem hæstv. samgrh. eyddi helft ræðu sinnar til að mæla gegn er að finna á heimasíðu ríkisstjórnarinnar sem kostaði að vísu 70 millj. að koma á laggir. (Gripið fram í.) Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gjörir. Hæstv. samgrh. veit ekki afstöðu hæstv. byggðamálaráðherra. Hv. þm. Hjálmar Árnason sem snýst eins og skopparakringla í þessu máli snýst svo ört að hann veit ekki einu sinni og hefur ekki tóm til þess að skilja hver er stefna byggðamálaráðherrans. Herra forseti. Af þessum verkum dæma menn sig sjálfir.

Mig langar líka, af því að hér eru enn nokkrir þingmenn Framsfl., að lesa meginákerslur hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir árin 2001–2003 sem er einmitt að finna á heimasíðunni sem hæstv. samgrh. hefur ekki gefið sér tóm til að lesa. Þar segir:

„Upplýsinga- og fjarskiptatækni mun gegna veigamiklu hlutverki fyrir þróun búsetu á landsbyggðinni. Hún mun bæði bera uppi nýja atvinnustarfsemi og vera veigamikill þáttur í því að jafna aðstöðu og lífskjör landsmanna."

Herra forseti. Auðvitað er alveg ljóst ef verðlag er ekki hið sama og ef þjónustan er ekki hin sama fellur þetta um sjálft sig þannig að hæstv. ráðherra verður að skýra með rökum fyrir okkur að verðlagið verði hið sama, að þjónustan verði hin sama. Hann hefur teflt fram tvenns konar rökum í ágætri ræðu sinni. Í fyrsta lagi segir hann að hann sé búinn að tryggja það að eftir sölu muni Landssíminn sjá til þess að landsbyggðin búi við viðunandi þjónustustig hvað varðar gagnaflutninga, og höfum það hugfast að þeir eru í dag helmingurinn af umferðinni í kerfinu og, hann sagði sjálfur, munu aukast hlutfallslega mikið á næstu árum. En hann segir að landsbyggðin búi við viðunandi þjónustustig og verð á gagnaflutningum hafi lækkað mjög verulega.

Herra forseti. Það kemur fram í frv. og ræðu hæstv. ráðherra að Landssíminn verði að uppfylla ákveðna kvöð um alþjónustu sem á að tryggja vissa lágmarksþjónustu til allra landsmanna. Þessi kvöð er þannig skilgreind að varðandi gagnaflutninga á hún að svara til þess að hægt sé að flytja sem svarar 128 kílóbit á sekúndu. Þetta er alger lágmarksþjónusta sem er ekki enn búið að koma á fót. En í skýrslu einkavæðingarnefndar, neðst á bls. 53, er hins vegar verið að segja frá möguleikunum, bara innanbæjarlína í þéttbýlinu. Þar kemur fram að innanbæjarlínur geti flutt 2.048 kílóbit á sekúndu. Með öðrum orðum það sem hæstv. ráðherra er að kasta eins og molum til landsbyggðarinnar, til strjálasta dreifbýlisins er $^{1}/_{16}$ af því sem hægt er að flytja með innanbæjarlínum.

Þar fyrir utan, herra forseti, þróast þessi tækni svo ört að kröfurnar sem menn gera í dag verða fallnar í kvöld og verða allt aðrar á morgun. Við skulum bara horfa til þróunarinnar síðustu sex ár.

Fyrir sex árum var mesti samskiptahraði á símalínum um lengri og styttri vegalengd 14,5 kílóbit á sekúndu. Núna er hann 128 eins og ég sagði áðan. Ég tel að innan fáeinna ára, örugglega færri en sex ára, verði flutningsgeta í dreifbýli upp á þetta magn gagnaflutninga álíka álitlegur kostur til að flytja gögn eins og moldarslóði er í dag fyrir almennar samgöngur. Svona þróast tæknin hratt. Með því að einkavæða dreifikerfið er skotið loku fyrir að það sé hægt nema ríkið grípi þá inn í með fjárframlagi að fylgja eftir kröfunum sem framvinda tækninnar setur óhjákvæmilega gagnvart landsbyggðinni.

Hæstv. ráðherra hrósar sér líka af því að hafa samið við einokunarrisann um að veita betri þjónustu en á að koma fram. Hann ætlar að sjá til þess að allt landið eigi kost á því að fá sítengingu en það kemur fram að aðeins 70–80% munu geta það. 20–30% munu ekki geta það og hvaða 20–30% eru það? Það er fólkið sem Framsfl. taldi sig kjörinn til þess að sinna. Það eru hagsmunir dreifðasta strjálbýlisins sem eru þarna bornir fyrir borð. Af hverju, herra forseti? Af hverju? Rökin sem hæstv. ráðherra flutti gegn því að skilja kerfið að voru ákaflega vond. Þau eru felld í hans eigin skýrslu vegna þess að honum láðist að geta helstu rakanna gegn því að skilja dreifikerfið að. Þau er að finna á bls. 84 í greinargerðinni með hans eigin frv. Þar segir að ef dreifikerfið yrði skilið frá samkeppnisrekstrinum yrði það baggi á ríkinu. Hvers vegna, herra forseti? Vegna þess að þá mundum við, þingmenn þjóðarinnar, þá mundi þjóðin sjálf, þeir sem vilja hag dreifbýlisins, óhjákvæmilega krefjast þess að uppbygging dreifikerfinsins á landsbyggðinni fylgdist að hvað varðar uppbygginguna í þéttbýlinu.

Herra forseti. Þegar þingmenn Framsfl. taka undir svona rök veit ég ekki lengur hvað er orðið um minningu Jónasar frá Hriflu, herra forseti, þess manns sem vildi efla samstarf alþýðunnar í bæjunum og alþýðunnar til sveita til þess að bæði gætu náð sama rétti. Herra forseti. Það er baggi, og það eru hv. þm. Framsfl. sem taka undir með frjálshyggjufíklunum í Sjálfstfl. að það sé baggi á ríkið ef það heldur áfram dreifikerfinu og þurfi að byggja það upp með sama hætti og dreifikerfið í þéttbýlinu. Þessi málflutningur dæmir sig sjálfur en hann er svo svakalegur að ef ég væri í sama ham og hæstv. landbrh. fyrr á þessum degi, mundi ég taka stórt upp í mig. Þetta er ekkert annað en hneyksli hvað varðar framkomu við dreifbýlið.

Herra forseti. Aðeins um þá staðhæfingu hæstv. ráðherra að verðlagið hafi þegar lækkað svo mikið að það sé orðið sambærilegt. Tökum t.d. verðlækkun á gagnaflutningum um leigulínur sem átti að vera allnokkur, ég man ekki hver hún var, í september árið 2000. Í hverju fólst hún? 60% verðlækkun til stórneytenda. Hverjir eru þeir? Ég held að það séu fyrst og fremst, kannski ekki einvörðungu, en fyrst og fremst einhverjar bókhaldslega afmarkaðar einingar innan Landssímans, 60% verðlækkun til sjálfs sín. Og fyrir fyrirtæki sem var staðsett ekki mjög víðs fjarri Reykjavík, eins og í Hafnarfirði, var lækkunin 30%. Hver er lækkunin til Ísafjarðar? Til Egilsstaða? 12%. Eruð þið ekki stoltir af ykkur, hv. þm. Framsfl.? Þetta er aldeilis jöfnuður gagnvart landsbygginni.

Herra forseti. Ég hef ekki tíma til að hrekja allt sem forstjóri Landssímans hefur sagt og talið fram sem rök gegn því að hægt sé að hafa verðlagninguna hina sömu. Ég vísa bara til þess hvernig menn hafa þetta í Noregi og Danmörku.

Varðandi síðan aðeins samkeppnisrökin, herra forseti. Nú er það einfaldlega þannig að önnur símafyrirtæki sem þurfa að kaupa aðgang að dreifikerfi Landssímans eiga viðskipti við eina deild þess, fjarskiptasamband Landssímans, sem sér um heildsöluna. Á sama tíma má heita að sömu menn séu líka að semja um aðgang hinna símafyrirtækjanna að dreifikerfinu. Þeir eru virkir í að selja aðgang að internetþjónustu Landssímans eða einhverri annarri þjónustu sem hann er að selja í samkeppni við markaðinn. Það er alltaf sá möguleiki uppi, herra forseti, að markaðsráðandi fyrirtæki, sem í þessu tilviki er Landssíminn, geti fylgst með áætlun keppinautanna í gegnum viðskipti þeirra við fyrirtækið. Þannig gæti það notið góðs af vitneskjunni óafvitandi eða vitandi. Efinn er a.m.k. alltaf fyrir hendi og meðan þetta er svona, er markaðurinn ekki gagnsær. Þess vegna er ekki hægt að fallast á þetta. Við skulum taka dæmi, herra forseti: Ef símafyrirtæki sem er að keppa við Landssíman pantar leigulínu í höfuðborginni þarf það að gefa upp, samkvæmt samningi sem gerður var í desember um aðgang að heimtaugum, nafn og kennitölu notanda 10 dögum áður en línan er komin í gagnið. Þær upplýsingar er auðvitað hægt að misnota í argvítugri samkeppni.

Tökum annað dæmi: Ef keppinautur Landssímans leigir nú gilda línu út á land, t.d. til Akureyrar eða til Vestmannaeyja, tekur upp í þrjá mánuði að afgreiða þessa línu. Það gefur augaleið að á þeim tíma gæti Landssíminn misnotað sér vitneskju sína um áform keppinautarins sem er hægt að lesa út úr pöntun hans á heildsöluviðskiptum og farið í sérstakt átak til að safna áskrifendum á þessum stað í samsvarandi þjónustu. Þetta gæti gerst, herra forseti. En meira máli skiptir þó svar við eftirfarandi spurningu: Hefur það gerst? Ég held að það hafi gerst. Annaðhvort eru tímasetningar hjá Landssímanum ákaflega tilviljanakenndar og það gæti verið um tilviljun að ræða, eða þetta hefur gerst. Efinn er fyrir

hendi og við þurfum að útrýma honum, herra forseti. Það er algerlega nauðsynlegt að skilja dreifikerfið frá öðrum rekstri Landssímans og ég mun í seinni ræðu minni í dag flytja miklu sterkari og yfirgripsmeiri rök gegn þeim sem hæstv. ráðherra tefldi á okkur í því efni.

[11:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði mjög út af mismælum mínum hér í ræðunni og taldi að ég hefði sagt að þess væri að vænta að hlutabréfamarkaðurinn kæmist á ný í þær hæðir sem var á sl. ári. Hið rétta er að ég sagði í ræðu minni og endurtók leiðréttinguna að ég teldi þess væri vart að vænta, það sagði ég í ræðu minni, að hlutabréfamarkaðurinn kæmist á ný í þær hæðir sem var á sl. ári, þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar næsta ræða verður flutt, sem hefur verið boðuð nú þegar.

Á hitt er að líta að hv. þm. sagði að Síminn hefði verið mun meira virði fyrir ári eða svo, 40–60 milljarðar. Og þá telur hann að við höfum gert reginfirru og mikla skyssu að hafa ekki selt almenningi í landinu hlutabréf í fyrirtækinu, kannski hverju einasta heimili á Íslandi hlutabréf í fyrirtæki sem var ofmetið. (**Gripið fram í:** Þú vildir það.) Hvar stæðum við frammi fyrir því fólki í dag?

Þess vegna tel ég að það hafi verið eðlilegt og skynsamlegt að fara að öllu með gát, undirbúa þetta mjög vel og vera ekki að selja þegar markaðurinn var að verðleggja fyrirtæki í ríkiseigu með óraunhæfum hætti. Ég tel því að mun skynsamlegra sé að ganga til sölunnar þegar verð er talið vera eðlilegt, í þessu tilviki verð á ríkisfyrirtæki.

[11:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrðist hæstv. samgrh. orða það svo í andsvari sínu að honum hefðu orðið á mismæli og hann hefði leiðrétt það. Ég verð bara að viðurkenna það fúslega að ég tók ekki eftir því að hann hefði leiðrétt það sem mismæli en tek það fyllilega til greina og lofa því að í seinni ræðu minni í dag mun ég ekki misbeita þessu mismæli.

Hitt er hins vegar alveg ljóst af máli hæstv. samgrh. að hann er mjög með böggum hildar yfir sínu eigin tímaskyni. Honum þykir það bersýnilega slæmt að hann missti af gullnu tækifæri til að fá út úr eigum ríkisins allmiklu meira en hann á nokkra von til að fá núna. Af umhyggju hans við hlutafjáreigendur í landinu þá held ég að hann þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því í sjálfu sér en ég vil rifja það upp sem stendur í samstarfssáttmála stjórnarflokkanna, að eitt af markmiðunum með einkavæðingu sé að fá sem mest fyrir þau fyrirtæki sem seld eru, herra forseti. Það skiptir miklu máli.

Hitt er svo annað mál að ég sé ekki umhyggjuna, sem hann nefnir hér, fyrir þeim hluta almennings sem vill festa fé sitt í hlutabréfum fyrirtækja eins og Landssímans speglast mjög í greinargerð með frv. Hvernig stendur á því að einungis á að selja, a.m.k. í fyrstu lotu, 14% til almennings? Nú er það svo að helmingur af fólkinu í landinu hefur verið að kaupa hlutabréf og sennilega hefur stór hluti af því tapað eitthvað á síðustu missirum. Ef einhver á að græða á þessu með þessari heimskulegu tímasetningu af hverju ekki að leyfa almenningi að græða? Af hverju að úthluta 10% eða 35% raunar, þegar fyrstu tveimur áföngum er lokið, til einhverra ríkisbubba og fjárfesta í samfélaginu? Af hverju má ekki almenningur fá möguleika á því að kaupa þetta allt þangað til kemur að seinni lotunni? Hvers vegna ekki? Ég spyr hæstv. ráðherra ef honum er svona umhugað um velferð hlutafjáreigenda.

[11:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að hv. þm. sé með böggum hildar yfir þessari yfirlýsingu sinni og fullyrðingum um það að við höfum verið að tapa miklum fjármunum sem m.a. almenningur í landinu hefði þurft að greiða.

En hvað varðar það að greiða með tapi á hlutafjáreign, svo ég bregðist við athugasemdum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, þá er á það að líta að hér er um mjög stórar fjárhæðir að ræða í sölu á hlutabréfum og það var mat einkavæðingarnefndarinnar að búast mætti við að almenningur í landinu mundi fjárfesta allverulega í hlutabréfum í slíku fyrirtæki og væntanlega dygðu u.þ.b. 14% til þess að uppfylla þær óskir.

En ekki er öll sagan sögð þó að seld séu 49%. Þá á eftir að selja 51% þannig að ég á von á því að almenningur eigi þess kost að leggja allverulega fjármuni í kaup á hlutabréfum þessa ágæta fyrirtækis.

[11:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ætti auðvitað að lesa betur þau áform sem hann hefur látið á þrykk út ganga. Það er ekki þannig að almenningur í landinu hefði tapað miklu eða grætt mikið hefði honum auðnast að fá að kaupa örlítinn hlut af fyrirtækinu í fyrra. Það kemur fram að almenningi eru ekki tryggð nema 14% af fyrirtækinu. Afgangurinn á að fara til fjárfesta innan lands og eftir atvikum erlendis.

Auðvitað er það þannig að verið er að tryggja ýmsum vildarvinum Sjálfstfl. í atvinnulífinu aðgang að því að kaupa þetta fyrirtæki. Þetta er gott fyrirtæki. Ég held að Landssíminn sé frábært fyrirtæki, ég held að hann hafi ákaflega sterka stöðu á markaði og ég held að tíminn muni leiða í ljós að hann verði miklu, miklu meira virði en fæst fyrir hann a.m.k. í fyrstu sölu núna. Og þá munu vildarvinir flokks hæstv. ráðherra að sjálfsögðu margfalda fjárfestingu sína.

Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur klúðrað þessu máli. Ríkisstjórnin hefði getað fengið 40–60 milljarða fyrir það í fyrra. Ef hún hefði þá selt með svipuðum aðferðum og hún hyggst núna, þ.e. mögulega að selja helminginn til útlanda, þá væri staða gengisins kannski öðruvísi í dag, viðskiptahallinn væri talsvert öðruvísi. En þá brast með einhverjum hætti þrótt til þess að taka ákvörðun af eða á. Og það er núna, þegar allt of seint er í þennan rass markaðarins gripið, sem menn fara af stað með sölu. Ég fæ enga skýringu á þessari tímasetningu aðra en þá að verið sé að hjálpa mönnum til að komast á lágu verði yfir drjúgan hlut í Landssímanum.

Var það ekki hæstv. ráðherra sem talaði aftur og aftur um það opinberlega fyrir u.þ.b. tveimur missirum að hann vildi selja? Hvers vegna brast hann þróttinn? Eða voru það einhverjar aðrar ástæður sem komu í veg fyrir að Landssíminn var seldur þá? Getur þá hæstv. ráðherra upplýst okkur hvaða ástæður það voru?

[11:37]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt sem kom fram í ræðu hv. þm. sem vert væri að ræða en það var fyrst og fremst eitt atriði sem fram kom í fyrri hluta ræðunnar sem mig langar að spyrja frekar út í og það var að hv. þm. færði sem rök fyrir

því að skilja ætti grunnnetið frá við þessa sölu að einokun Símans væri lögvernduð.

Ég spyr hv. þm.: Telur hann að í gildandi fjarskiptalögum og reglum um afnám einokunar ríkisins og um opnun samkeppni frá 1. jan. 1998 felist lögvernduð einokun Símans á þessu sviði?

[11:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Það stappar a.m.k. ákaflega nærri því, herra forseti. En ég verð að viðurkenna þar sem ég stend hér og hugsa þetta grennra að þá hefði ég kannski ekki átt að orða þetta nákvæmlega eins og ég gerði. En það er alveg ljóst að Síminn hefur yfirburðastöðu. Hann hefur einokun á þessum markaði og eins og ég gat um í síðasta hluta ræðu minnar held ég að það sé óhjákvæmilegt að hann deildi þeirri einokun með einhverjum hætti, herra forseti.

Að öðru leyti hefði ég kosið að hv. þm., af því að hann situr nú í stjórn Landssímans, hefði reynt að bæta um betur það sem hæstv. ráðherra sagði áðan og reynt að skýra út fyrir okkur af hverju í ósköpunum menn vilja ekki ráðast í það að skilja að dreifikerfið og samkeppnisreksturinn. Ég rifja það upp að sá maður sem hann réð sem forstjóra Landssímans hefur þráfaldlega sagt upp í opið geðið á þjóðinni að það sé tæknilega ókleift. Síðan hefur hv. þm. Magnús Stefánsson ráðið sérfræðing til að kanna þetta og sérfræðingurinn kemst einfaldlega að þeirri niðurstöðu að það sé tæknilega kleift. En hann orðar það svo að það sé ekki nauðsynlegt út frá ýmsum forsendum sem hann gefur sér.

Með öðrum orðum eru rökin fallin sem áður var haldið fram, m.a. til þess að berja Framsfl. til hlýðni. Og ætlar ekki hv. þm. að taka þessum forstjóra svolítið tak sem í þessu efni og einnig varðandi verðlagningu hefur verið að halda fram hlutum sem standast ekki próf raunveruleikans? Ætlar hv. þm. kannski líka að sitja undir því að forstjórinn eða einhverjir aðrir yfirmenn ráðist í það að kaupa stóra hluti núna í Símanum? Er það eðlilegt?

Ég segi þetta að gefnu tilefni vegna þess að að þessu leiða menn getum í fjölmiðlum morgunsins.

[11:40]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. skýri frekar þessa yfirlýsingu sína um að í gildi sé lögvernduð einokun Símans á þessum markaði varðandi grunnnetið. Ég vil skýra þetta frekar. Ég spyr hv. þm.: Telur hann að í fjarskiptalöggjöfinni, þar sem m.a. er kveðið á um alþjónustuna eins og hún er skýrð þar, um aðgang samkeppnisaðila að grunnnetinu, um reikisamninga, um samtengingar og fjölmörg fleiri ákvæði fjarskiptalaganna, telur hann enn þá að í þessu felist lögvernduð einokun Símans og þess vegna eigi að halda grunnnetinu eftir í eigu ríkisins?

Ég vona að hv. þm. geti skýrt þetta frekar.

[11:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég reyndi að útskýra í ræðu minni áðan, að tök Landssímans á dreifikerfinu veiti fyrirtækinu yfirburðastöðu sem er í reynd einokun. Og ég tel að frv. þetta, ef að lögum verður, tryggi þessa stöðu. Þannig er hægt að halda því fram að þarna verði áfram um að ræða lögverndaða einokun. Hvort hún sé hins vegar lögvernduð einokun í krafti fjarskiptalaga skal ég ekkert um segja, enda þekkir hv. þm. þau talsvert betur en ég.

En ég held því fram að hæstv. samgrh. sé að reyna að þröngva í gegn lögum sem tryggja einokun Símans vegna yfirráða fyrirtækisins á dreifikerfinu. Ég vona að þetta svari spurningum hv. þm. Honum tókst alla vega ekki að negla mig alveg jafnharkalega og hann ætlaði sér.

[11:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er ákaflega einfalt. Það er óvenjulega einfalt af svo þykkri bók að vera. Megingrein þess er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf." Punktur.

Öllu einfaldara, herra forseti, getur það nú ekki verið. Það er ekki bara verið að biðja um heimild til að selja þau 49% eignarhlutarins sem sagan segir að einhvers konar samkomulag stjórnarflokkanna, baktjaldasamkomulag stjórnarflokkanna gangi út á. Nei, selja allt hlutafé Landssímans eitt hundrað prósent.

Á mannamáli þýðir þetta, herra forseti, að Sjálfstfl. fær hér heimild til að einkavæða Landssímann með húð og hári, eins og hann leggur sig. Lögin, ef samþykkt verða, ganga út á það. Hvað verður svo með framhaldið er allt meira og minna í þoku, eins og ég hygg að menn hafi áttað sig á ef þeir hafa heyrt t.d. þokukenndar yfirlýsingar hæstv. utanrrh. sem hefur talað ýmist í mánuðum eða missirum um það sem síðar gerist.

Einkavæðingaröflin í Sjálfstfl., í kringum hann og á bak við hann eru að fá sitt fram. Og Framsfl. hefur samkvæmt bókinni og venju, eins og hún hefur þróast í samstarfi þessara flokka, lekið niður.

Herra forseti. Það er ástæða til við þessi tímamót að staldra aðeins við þegar enn eitt vígið er að falla fyrir markvissri sókn einkavæðingaraflanna í og í kringum Sjálfstfl. en þó reyndar og því miður með talsverðum hugmyndafræðilegum og aðgerðalegum stuðningi afla í fleiri stjórnmálaflokkum. Hlut Alþfl. sáluga og nú Framsfl. í þessu ferli þýðir ekki að gleyma. Það tjáir ekki að horfa fram hjá því að Alþfl. sálugi og Framsfl. eiga hér líka verulegan hlut að máli. Um einkavæðingarstefnuna sem slíka, um trúboðið sjálft eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir innan þeirra flokka og staðan þar ekki jafnsterk og hún er í og á bak við Sjálfstfl. en engu að síður hafa þessir tveir flokkar sl. áratug verið verkfæri Sjálfstfl. í veigamiklum mæli.

Herra forseti. Þessi hugmyndafræði, stundum kölluð nýfrjálshyggjan, sækir að verulegu leyti í smiðju sem kennd er í vestrænum stjórnmálum við þau skötuhjúin Ronald Reagan og frú Thatcher og hugmyndafræðilegir leiðtogar, ídeólogar eins og Friedman og Hayek eru oft nefndir til sögunnar. Hún reyndi að taka völdin á Íslandi 1979 með frægri leiftursókn. En það mislukkaðist. Þá komu menn til dyranna eins og þeir voru klæddir. Morgunblaðið lagði forsíðuna undir og það átti að taka þjóðfélagið með stormandi leiftursókn og hefja hér tilraunastarfsemi í anda nýfrjálshyggjunnar, breyta Íslandi í eitt stykki tilraunabúr svipað og gert var á Nýja-Sjálandi á svipuðum tíma með nákvæmlega sömu hugmyndafræði að leiðarljósi. En þetta heppnaðist ekki. Mönnum voru nokkuð mislagðar hendur í áróðrinum. Það tókst að fletta ofan af þessu og einkavæðingarnýfrjálshyggjumarkaðshyggjuöflin, stuttbuxnadeild Sjálfstfl., Eimreiðarhópurinn og allt þetta gengi, hvað það nú var kallað, varð að bíta í það súra epli að fá ekki völdin í þjóðfélaginu á silfurfati eins og þeir höfðu vonast til árið 1979. Og í hönd fór tímabil, í raun 12 ár, þar

sem tekist var á um þessi áform. Þau voru undirliggjandi. Þau voru með. Þau höfðu áhrif á árunum 1983–1987. En þau voru ekki ráðandi. Þau voru ekki siglingaljósin sem slík eins og þau hafa hins vegar verið síðan 1991.

Og nú, herra forseti, er enn eitt vígið að falla og þau eru ekki mörg eftir því að samtímis því að þetta gríðarlega mikilvæga almenningsþjónustufyrirtæki með einokunaraðstöðu í landinu í veigamiklum mæli á lífsnauðsynlegri þjónustu fyrir landsmenn á að einkavæða þá hefur sömu öflum heppnast að komast inn fyrir girðingarnar, bæði í heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu og þar er nú tilraunastarfsemi í gangi með einkarekið hjúkrunarheimili og Hafnfirðingar hafa tekið að sér fyrir hönd nýfrjálshyggjunnar að breyta einu hverfi í því bæjarfélagi og börnunum sem þar koma til með að ganga í grunnskóla á næstu árum í tilraunabú og þetta láta menn sér lynda.

Herra forseti. Það er ástæða til að draga upp þessi tímamót þegar Landssíminn er á einkavæðingarskurðborðinu. Öflin sem á bak við liggja geta vel við unað. Sjálfstfl., nýfrjálshyggjuöflin þar á bak við, geta vel unað við sinn árangur. Að hluta til hefur þetta heppnast með breyttri aðferðafræði í stað leiftursóknarinnar þar sem taka átti völdin fyrir opnum tjöldum í þjóðfélaginu 1979 hefur komið skref-fyrir-skref-aðferð og það hefur komið aðferð vinnuhjúanna, þ.e. að láta meðreiðarsveinana um verkin í veigamiklum mæli. En hugmyndafræðin er nýfrjálshyggjunnar, þjónar pólitískum markmiðum hægri aflanna, fjármagnseigendanna og þeirra sem gera sér góðan mat úr því að sýsla með hlutina í einkavæðingarferlinu því það er ekki ókeypis frekar en gerð heimasíðna og annað slíkt. Það væri gaman að taka það saman einhvern tíma við tækifæri, herra forseti, hverjir og hve mikið ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa haft upp úr krafsinu sem starfsmenn einkavæðingartrúboðsins, sem verkamenn í þeim víngarði Drottins að afhenda fjármagnsöflum í landinu eigur almennings.

Herra forseti. Mig undrar ræðuhöldin hér áðan um spurninguna um það hvort almenningur gæti keypt einhvern hlut í Landssímanum á aðeins meira eða minna verði. En er það ekki almenningur sem er að selja? Er það ekki almenningur sem á að kaupa af sjálfum sér þegar almenningsþjónustufyrirtæki í 100% eigu ríkisins fyrir hönd þjóðarinnar á í hlut? Eru menn kannski búnir að gleyma því? Það er ekki, hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson eða Sjálfstfl. sem á Landssímann og ekki heldur ekki Valhöll. Landssíminn er ekki enn með kennitölu þar þó að menn hegði sér eins og hann sé það og hafi gert um langt skeið.

Fjármagnseigendur í landinu eru ekki að kaupa þetta í góðgerðarskyni. Þeir eru ekki að kaupa af hugsjónaástæðum. Það eru hins vegar seljendurnir sem selja af hugsjónaástæðum og þá skiptir verðið ekki máli í öllum atriðum frá þeirra hlið og það kom skýrt fram í ræðunni hér áðan. Umsýsluiðnaðurinn er auðvitað umfangsmikill í trúboðinu fyrir því að þetta beri að gera og það var komið í hann hungurhljóð í fyrrahaust og það er hungurhljóð í þeirra eyrum nú því að það er að verða lítið eftir af veislufóngum hins thatcheríska góðæris sem með ærinni misskipingu hefur ríkt á Íslandi undanfarin ár. Og nú vantar þá meira silfur og þá er farið djúpt í skúffurnar og Landssíminn tekinn, ekki Pósturinn. Af hverju skyldu þeir ekki hafa byrjað á Póstinum? Hvers vegna einkavæða þeir ekki frekar Póstinn? Ég býst við að flestir væru sammála um það t.d. frá sjónarhóli möguleika landsmanna, almennings og atvinnulífs, ég tala nú ekki um landsbyggðarinnar til þess að vera fullgildir þátttakendur í upplýsinga- og hátæknisamfélagi framtíðarinnar og nútímans þess vegna, þá væri minni áhætta tekin með því að einkavæða Póstinn. En það er ekki, nei. Getur það verið vegna þess að gróðaöflin í landinu hafa miklu minni áhuga á Póstinum? Hann er ekki eins góð mjólkurkýr. Hann er ekki með jafnverðmæta þjónustu, nánast einkaverndaða af einokunaraðstæðum, efnislegum einokunaraðstæðum eins og á hlut í þessu tilviki.

Ég tel, herra forseti, og það er afstaða Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að einkavæðing Landssíma Íslands hf. við þær aðstæður sem hér eru á Íslandi hvað sem öðru líður séu fráleitar þó ekkert annað kæmi til en það að reynslan af því að reka öflugt opinbert fyrirtæki sem hefur bolmagn til þess að fjárfesta og sjá landsmönnum fyrir nútímalegri fjarskiptaþjónustu er góð. Hún er það góð að við höfum haft hér fjarskipti og verið þátttakendur í þeirri þróun á undanförnum árum þannig að við höfum verið í fremstu röð. Samtímis því hefur fyrirtækið skilað ágætum arði í ríkissjóð í talsvert á annan áratug frá því að slíkar greiðslur hófust, er nánast skuldlaust og er prýðilega sett hvað eiginfjárstöðu og alla getu snertir til þess að halda þessari þróun áfram. Hvers vegna þá, herra forseti, að breyta því sem hefur gefist nokkuð vel? Það má auðvitað segja ýmislegt um fyrirtækið Póst og síma sáluga og síðan Landssímann og Póstinn. Menn hafa að sjálfsögðu gert ýmis mistök þar og það mætti skoða ýmislegt úr þeirri sögu. En lítum fram hjá því og spyrjum okkur að því: Hvernig hefur það í það heila tekið gefist okkur Íslendingum að gera þetta í gegnum opinbert öflugt fyrirtæki af þessu tagi? Svarið hlýtur að vera: Vel. Hver viti borinn maður sem eitthvað kynnir sér þessa hluti sér að það er ekki slæm niðurstaða fyrir fámenna þjóð í stóru og strjálbýlu landi að búa við það góða þjónustu á þó ekki hærra verði en raun ber vitni. Það verða því ekki sótt rök í þessar breytingar þangað og ekkert annað sérstakt knýr okkur til þess að gera þessa breytingu. Engar ytri aðstæður, engar lögþvinganir, engir alþjóðasamningar knýja okkur til þess. Að fullgiltum þeim skilyrðum um bókhaldslegan aðskilnað, einokunarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi og fleiri slíkum hlutum, þá getum við, ef okkur sýnist svo, haldið þessu áfram a.m.k. enn um skeið þó ekki væri nema svo að menn settu sér þau markmið að beita næstu fimm árin af fullum krafti getu Landssímans til þess að halda áfram uppbyggingu dreifikerfisins, efla gagnaflutningsmöguleikana út um land, tengja alla þéttbýlisstaði ljósleiðaranum o.s.frv. Þá gætu menn gert það.

Þau verkefni sem þarna eru fram undan mæla náttúrlega öll með því, herra forseti, að gera þetta ekki. Vandamálin sem menn sjá tengjast einmitt því að fara út í breytingarnar og þá koma til sögunnar hlutir sem einhvern tíma hefðu þótt saga til næsta bæjar í plöggum frá Sjálfstfl., þ.e. að þá verði farið út í millifærslukerfi með töku jöfnunargjalda og styrkjum vegna þess að menn viðurkenna að hlutar þjónustunnar munu ekki bera sig á efnahagslegum forsendum. Þá verður slíkt nauðsynlegt og þá er Sjálfstfl. allt í einu til í það af því að það þjónar markmiðinu mikla og stóra og heilaga um að einkavæða einkavæðingarinnar vegna.

Það er í þriðja lagi, herra forseti, mikil óvissa uppi í fjarskiptamálum. Hún er það m.a. vegna þess að það er margt á huldu með möguleika ýmiss konar nýrrar tækni á komandi árum. Hið hörmulega snautlega svar sem ég fékk, herra forseti, frá hæstv. samgrh. eftir margra mánaða töf við sundurliðuðum og nákvæmum spurningum um kostnað

við ljósleiðaravæðingu landsins hefur þó eitt sem mark er á takandi í sér fólgið og það er að viðurkennd er þessi óvissa og það er líka sagt að ekki sé líklegt að svokölluð þriðja kynslóð farsíma eða aðrir þráðlausir gagnaflutningamöguleikar af því tagi muni leysa breiðband eða ljósleiðara af hólmi á komandi árum. Þetta, herra forseti, er sama niðurstaða og norrænn starfshópur komst að fyrir um ári síðan eftir að hafa skoðað sama atriði nákvæmlega og það er ágætt að þarna fara saman niðurstöður sérfræðinga Landssímans eða samgrn. og þessa norræna starfshóps sem m.a. hafði aðgang að ekki ómerkari sérfræðingum en helstu ráðgjöfum bæði Nokia og Ericsson á þessu sviði. Ég er sama sinnis að sjálfsögðu hafandi nokkuð reynt að skoða þessi mál. Ég held að ekki sé í sjónmáli þróun sem líkleg er til að breyta í grundvallaratriðum aðstöðu okkar hvað snertir hið mikla magn flutninga upplýsinga á stafrænu formi eða rafrænu á allra næstu árum. Ergo: Í aðalatriðum verður staðan óbreytt hvað þetta snertir nema á höfuðborgarsvæðinu og e.t.v. á Akureyri og nágrenni. Það segir okkur heilmikið um það inn í hvaða samhengi er verið að afhenda þetta einkavædda fyrirtæki. Það eru ótal endar lausir í þessu máli. Það liggur fyrir.

Herra forseti. Reynsla annarra þjóða í fimmta lagi, hvar er hún hér á blaði? Fór hæstv. samgrh. til Nýja-Sjálands? Hefur hann ferðast um sveitir þess lands og hefur hann skoðað t.d. hversu vel það hefur gefist Nýsjálendingum að ríða á vaðið, vera tilraunadýr í þessu eins og fleiru og selja sín fjarskiptafyrirtæki í aðalatriðum til Ameríku? Ætli sé almenn og útbreidd ánægja í þessu mikla dreifbýlisþjóðfélagi, landbúnaðarþjóðfélagi sem Nýja-Sjáland er? Ég hygg ekki, þar sem mörg hundruð útibú bæði síma og pósts hafa lokað og þjónustan hefur stórversnað á landsbyggðinni og landsmenn ráða nú nánast engu um framtíðarþróun fjarskiptamála sinna af því að þær ákvarðanir eru teknar í Washington D.C. nema það væri kannski New York. Þannig er nú það.

Tímapunkturinn sem hér er valinn er líka mikið umhugsunarefni og ég vísa til þeirrar umræðu sem þegar hefur farið fram um það. Það markmið, herra forseti, að selja undirstöðufjarskiptafyrirtæki landsmanna úr landi er athyglisvert. Það eru líka tímamót sem verðskulda að farið sé yfir söguna þegar Framsfl. lætur sig hafa það að ganga svoleiðis í vatnið fyrir Sjálfstfl. og einkavæðingaröflin þar að hann setur fram frv. þar sem það er orðið að markmiði í sjálfu sér að selja *fjórðung Landssímans úr landi, búa til Stóra norræna á nýjan* leik fyrir Íslendinga. Og ekki dugar það einu sinni því að það má taka 10% í viðbót frá fyrir erlenda aðila. Það er teiknað inn í þetta mál að einhver stór erlendur fjarskiptarisi skuli fá 25% af Landssímanum og opnað er fyrir möguleika á að semja við hann um 10% í viðbót. Það þýða 35% ef mín stærðfræði dugar mér, sem sagt ráðandi hlutur, algjörlega ráðandi hlutur í þessu fyrirtæki með einokunaraðstöðu hér *í landinu á þessu sviði, eignarhlutur sem nægir til þess að* stöðva breytingar á samþykktum o.s.frv. ef þessu fer svona fram.

Nei, herra forseti. Ég held að menn hefðu átt að skoða ýmislegt betur og vaða ekki áfram blindaðir af þessu trúboði sem á ekkert skylt við íslenskan veruleika og íslenskar aðstæður. Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem ætla að taka svona stóra og afdrifaríka ákvörðun og ég tala nú ekki um skerða möguleika okkar þjóðkjörinna fulltrúa til þess að hafa eðlilegan aðgang að málinu. Það er hneyksli, herra forseti, að samgrh. þjösnast áfram með þetta mál. Stjórnarandstaðan er ekki virt viðlits. Málið kemur hér inn á síðustu dögum þingsins og það liggur í málinu að það á að setja færibandið í gang og rúlla því í gegn á nokkrum sólarhringum. Það er skömm að þessu, herra forseti, og ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem standa svona að málum. Ég ætla mér það að vera á dögum eftir eins og 10–15 ár og fari svo illa sem ég óttast að fari í framhaldi af þessu brölti þá ætla ég mér að geta átt orðastað um það við þá menn sem bera ábyrgð á því. Þeir eru ekki að hugsa að mínu mati númer eitt, tvö og þrjú um hagsmuni almennings í landinu, um stöðu landsbyggðarinnar eða möguleika hennar t.d. til þess að vera á jafnræðisgrundvelli þátttakendur í þróun samfélagsins á komandi árum. Það er algjörlega borðleggjandi að áhættan liggur á þá hlið að þar verði menn út undan fyrir utan það, herra forseti, að lokum, að mér finnst það vera afbökun lýðræðisins þegar menn jafnruddalega, leyfi ég mér að segja, eins og þessi ríkisstjórn er að gera, rífa í sundur samstöðu um mikilvæga þætti samfélagsgerðarinnar eins og almenningsþjónustan er, taka sér það vald í krafti meiri hluta að afhenda burtu mjólkurkýr, verðmætar eignir samfélagsins og lyfta ekki litla fingri, reyna ekki að ná einhverri samstöðu í þjóðfélaginu um slík mál. Það á að nálgast þá hluti eins og viðfangsefni af því tagi sem menn reyna a.m.k. að skoða hvort eitthvert samkomulag sé hægt að hafa um áður en þeir beita valdi sínu eins og núverandi ríkisstjórn gerir. Það mætti halda að hún sé komin að þeirri niðurstöðu að valdið sé hennar að eilífu, hún hafi þegið það frá guði og það sé nákvæmlega sama hvernig hún fari með það.

[12:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti hér mikla harmatölu og þá sérstaklega vegna þess að ekki væri lengur sú tíð sem var á árunum 1979 og næstu árum þar á eftir í stjórnarfari á Íslandi.

Ég held að allir sem fylgjast með stjórnmálum í okkar ágæta landi fagni því alveg sérstaklega að þeirri tíð lauk og upp rann tími sem hefur fært okkur Íslendinga fram í efnahagslegu tillit til þeirrar stöðu að eftir er tekið um víða veröld. Ég held að það sé ekki trúverðugt hjá hv. þm. að vitna til þeirrar tíðar sérstaklega.

Hann undraðist að ég sem samgrh. og minn flokkur værum tilbúin til þess að standa að einhverju jöfnunargjaldakerfi. Ég vil nú bara minna á það að samkvæmt fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun er gert ráð fyrir því og ein kannski merkasta staðreyndin um það er að við höfum lagt til kostnað vegna svokallaðrar strandstöðvaþjónustu sem er þjónusta við fiskiskipaflotann við strendur landsins, sem af augljósum ástæðum öryggishagsmuna verður ekki verðlögð sérstaklega til þeirra sem þurfa að njóta þeirrar þjónustu. Þess vegna tökum við það út fyrir og greiðum beint úr ríkissjóði. Ég tel að það sé nauðsynlegt að minnast *á þetta vegna orða hv. þm.*

Auðvitað verðum við hins vegar fyrst og fremst að átta okkur á því að hér eru fleiri fyrirtæki í landinu sem keppa á þessum fjarskiptamarkaði og okkur er ekki fært og ekki heimilt að mismuna þeim.

[12:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. samgrh. er undir áhrifum af afmælishátíðahöldunum, trúarhátíðinni miklu sem hér var haldin um helgina í tilefni af tíu ára valdatíð Davíðs Oddssonar. Hún var í trúarhátíðarstíl öll sú mærð sem þar

var flutt og auðvitað rógurinn um allt sem aðrir hafa nokkurn tíma gert á undan. En munurinn á stjórnarfarinu á þeim árum og því sem nú er var m.a. sá að þá var vilji til þess að beita stjórntækjum ríkisins og opinberum fyrirtækjum og stofnunum, m.a. almenningsþjónustustofnunum eins og Pósti og síma, í þágu jöfnunar þegna þjóðfélagsins. Þannig var það t.d. með Póst og síma að þegar sá sem hér talar kom í samgrn. var verðmunur á langlínusamtölum annars vegar og innanbæjarsímtölum hins vegar 1:8. Þegar ég fór þaðan hygg ég að hann hafi verið 1:3 og sú stefna hafi verið mótuð að gera landið allt að einu gjaldsvæði. Þetta var hægt að gera og var einfalt vegna þess að um var að ræða eitt öflugt, opinbert almenningsþjónustufyrirtæki. Það sem ég er að leggja áherslu á hér, burt séð frá því hvort ég nefni einhver ártöl, er að það er hægt að beita þeim með þeim hætti og það hefur verið gert áfram að ýmsu leyti. Þegar þau eru hins vegar einkavædd missa menn þessi tæki úr höndunum og þá fara menn út í brambolt af því tagi sem núverandi fjarskiptalög og þetta frv. vísar til með jöfnunargjöld o.s.frv. Ég er að sjálfsögðu ekki andvígur því að þeim verði beitt og það er skárra en ekki þegar svo er komið að það er búið að einkavæða. En það sem ég er að benda á er að til eru aðrir möguleikar.

Að sjálfsögðu mátti gera ýmsar breytingar á Landssímanum og skoða einstaka þætti rekstrar hans án þess að fórna sjálfu grundvallarfyrirkomulaginu, að opinbert fyrirtæki ætti dreifikerfið og væri með almenna þjónustu á þessu sviði. Ég hefði ekkert grátið það óskaplega þó að menn hefðu skoðað t.d. GSM-hlutann eða eitthvað því um líkt þar sem raunveruleg samkeppni er þegar orðin til staðar. Það er allt annað en það sem við erum að tala um hér.

[12:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnar til þeirrar tíðar sem ég nefndi áðan þegar m.a. var mismunandi verð á símgjöldum eftir því hvort hringt var innan bæjar eða milli landshluta og hv. þm. segir að í hans tíð sem samgrh. hafi sú stefna verið mótuð að jafna þennan kostnað. En það var ekki gert. (Gripið fram í.) Það er aðalatriðið. Það var ekki gert. Það var mikill mismunur á verði á símgjöldum úti á landi og hér í þéttbýlinu. Það er staðreynd málsins.

Í dag er lögum samkvæmt skylt að alþjónusta sé á sambærilegu verði. Hvað þýðir það? Það þýðir að símakostnaður er alls staðar sá hinn sami. Og ekki nóg með það heldur gagnaflutningur innan alþjónustu einnig, eins og ég hef margsinnis farið hér yfir. Hv. þm. ætti því ekki að hreykja sér af því að hann hafi staðið fyrir úrbótum í símamálum hvað varðar verðlagningu. Við gætum talað langt mál um það.

Hins vegar er viðfangsefnið það í dag að þróunin hefur orðið sú að gagnaflutningar eru mikilsverður þáttur í atvinnulífinu og mikilsverður þáttur í því sem almenningur vill hafa aðgang að og við höfum staðið fyrir því að lækka þennan kostnað mjög mikið og fjarskiptafrv. gera ráð fyrir ýmsum möguleikum í þeim efnum og á því hef ég vakið sérstaka athygli.

En ég held að það sé ekki mjög skynsamlegt fyrir þingmenn stjórnarandstöðunnar að rifja upp þá tíð þegar landsbyggðin þurfti að greiða miklu hærri símgjöld en nú. Það er liðin tíð. (Gripið fram í.)

[12:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leiðinlegt að ekki skuli vera hægt að ræða þessa hluti við samgrh. út frá dæmum, og þó að það sæki í brunn reynslunnar, án þess að ráðherra snúist hér allur við og neiti að viðurkenna staðreyndir. Ég ætlaði þessari umræðu ekkert út í neinn meting um það hvaða ráðherrar á hverjum tíma hefðu lagt þetta eða hitt af mörkum. Ég tók bara dæmi um það hvernig hefði mátt beita þessu fyrirtæki, og hefur verið gert á undanförnu alllöngu árabili, til þess að ná þó þeirri jöfnun sem er til staðar í dag og þar hafa fleiri en einn og fleiri en tveir átt hlut að máli. Mér finnst bara að menn eigi að horfa á þetta eins og það liggur fyrir. Það þarf ekki að rífast um staðreyndir sem eru tiltækar í gögnum.

Hins vegar er í grundvallaratriðum valið milli þeirra leiða sem við erum hér að ræða, að menn tryggi þessa jöfnun þangað til aðstæður hafa skapast til þess að ekki þurfi yfir höfuð að hafa af því neinar áhyggjur, sem e.t.v. gerist einhvern tíma í framtíðinni í krafti tæknibreytinga og gjörbreyttra möguleika til fjarskipta og gagnaflutninga, e.t.v. um gervihnetti eða guð má vita hvað. En það er ekki til staðar í dag. Við erum með gögn í höndunum sem sýna að það er ekki líklegt til að breytast í grundvallaratriðum á næstu árum, einhverjum nokkrum næstu árum, og um það eru flestir helstu tæknisérfræðingar sammála. Út frá þessum aðstæðum finnst mér að við eigum að reyna að ræða þetta. Það tjóir ekki að fara í hnút eins og hæstv. samgrh. hefur gert þegar reynt er að rökræða við hann um t.d. þessa þætti málsins.

Herra forseti. Það liggur algjörlega í augum uppi, a.m.k. í þessu máli — þó að menn geti sjálfsagt reynt að deila um flest — að það er algjört óðs manns æði að taka sér ekki mjög góðan tíma í að skoða það vandlega. Þess vegna endurtek ég það að lokum í seinna svari mínu: Það er reginhneyksli að ætla Alþingi að þröngva þessu í gegn á örfáum dögum og það er algjört lágmark að þetta mál fái skoðun í sumar, þess vegna í milliþinganefnd, sem ég er viss um að góð samstaða gæti orðið um að skipa, og að menn taki þá aftur til við það næsta haust.

[12:12]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér fer fram umræða um afskaplega mikið og merkilegt mál. Ég verð nú að segja, herra forseti, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með málflutning hjá hv. tveimur síðustu ræðumönnum, þ.e. talsmönnum Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, (Gripið fram í.) annars vegar vegna þess tilfinningalega hita og æsings sem virtist hlaupa einkum í síðarnefnda talsmanninn en ekki síður varð ég fyrir vonbrigðum með þá röksemdafærslu sem fram kom í ræðum manna. Á það ekki síst við um ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Mér létti hins vegar við þá yfirlýsingu hv. þm. að hann mundi koma aftur í ræðustól og flytja þau rök sem mér fannst vanta í ræðu hans.

Ég tel að ýmsar einkunnir og upphrópanir sem fram komu hjá hv. þingmönnum, eins og einatt vill gerast, séu þeim ekki til sóma heldur einkennist þær nokkuð af útúrsnúningi, mönnum eru gerðar upp hugsanir og þeir taka vægast sagt afskaplega stórt upp í sig hvað þetta varðar eins og þeirra er siður, en það tel ég þeim ekki til sóma og alls ekki málefnalegt.

Hvað varðar rökin hins vegar þá kom afstaða hv. þm. Steingríms Sigfússonar fyrir hönd þingmanna Vinstri grænna í rauninni ekki á óvart. Þeir eru einfaldlega mótfallnir sölu

ríkisfyrirtækja og það er ákveðin afstaða en aftur á móti fannst mér halla nokkuð á röksemdafærsluna.

Hvað varðar rök hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá lýsti hv. þm. því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að það væri einkum þrennt sem ylli því að sá flokkur legðist gegn því að dreifikerfið yrði selt með. Það var í fyrsta lagi áhrifin sem það hefði á landsbyggðina, í öðru lagi að samkeppni yrði afskaplega takmörkuð, ef þá nokkur, og í þriðja lagi að það mundi tefja fyrir þróun.

Herra forseti. Þetta olli mér nokkrum vonbrigðum, ekki síst í ljósi þess sem m.a. kemur fram í afskaplega málefnalegri og ítarlegri skýrslu sem fylgir frv. þar sem m.a. er vitnað til — og mér finnst menn nú hafa skautað heldur létt fram hjá — gildandi fjarskiptalaga sem hv. Alþingi samþykkti hér liðið vor og hafa mjög skýrlega sannað gildi sitt, ég hygg með öllum greiddum atkvæðum, um jöfnunargjald vegna þjónustu sem er verið að veita. Þá má benda á hvaða áhrif hæstv. samgrh. hefur og hvert valdsvið hans er samkvæmt fjarskiptalögunum, m.a. um að setja ýmis skilyrði inn í rekstrarleyfi og þannig má áfram telja.

Hvað varðar samkeppnina þarf ekki annað en vísa í viðtöl sem birt hafa verið við forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Aðstæður hafa breyst einmitt eftir að fjarskiptalögin voru sett. Menn minnast ugglaust þess stríðs sem var á milli Landssímans og Tals svo eitt fyrirtæki sé tekið sem dæmi en það var fyrir gildistöku laga um fjarskipti. Í dag ganga þau samskipti afskaplega eðlilega, enda tryggja fjarskiptalögin aðgengi allra fyrirtækja inn á hið margumrædda net.

Herra forseti. Mér fannst vera farið heldur léttvægt með rök í málefnum hv. þingmanna og vænti þess að a.m.k. í síðari ræðu sem hér hefur verið boðuð af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni verði þar bætt úr og hlakka ég mjög til.

Herra forseti. Þá hlýtur spurningin í þessu máli að vera sú: Á að selja Landssímann? Á að selja þetta mæta fyrirtæki? Ef svarið við þeirri spurningu er jákvætt, þá er spurningin með hvaða hætti væri best að gera það og hvaða hluti ætti að selja og hvernig. Ef við víkjum fyrst að þeirri spurningu hvort eigi að selja, þá tek ég undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá hæstv. ráðherra. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þróunin á fjarskiptamarkaði er og hefur verið einstaklega ör eins og reyndar hefur verið vísað til og fram kemur í ágætri umsögn og skýrslu með frv. Líklega munu þau fyrirtæki vera orðin vel á annan tug sem eru að hasla sér völl á fjarskiptamarkaðinum. Með öðrum orðum, það er komin afskaplega hörð samkeppni inn á þennan mikilvæga markað. Sú samkeppni hefur m.a. leitt til þess að kostnaður við að notfæra sér þessa fjarskiptaþjónustu er með því allra lægsta sem þekkist í veröldinni. Séu súlurit skoðuð sem eru birt í títtnefndri skýrslu kemur fram að verðið fer að lækka þegar samkeppnin hefst fyrir alvöru upp úr 1990. Með öðrum orðum, samkeppnin og tækniframfarir hafa leitt til þess að verð til neytenda á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í veröldinni. Hér er vel á annan tug fyrirtækja, ef ekki fleiri, sem eru að hasla sér völl í þessu og gildir það jafnt um símaþjónustu, gagnaflutninga og í rauninni fjarskipti í þess orðs víðustu merkingu.

Það hefur ávallt verið stefna Framsfl. að þegar samkeppni er komin út í atvinnulífið, þá eigi hið opinbera að draga sig út úr þeim rekstri og það er á þeirri forsendu sem Framsfl. hefur fallist á þessa sölu og meira en fallist á hana, styður hana heils hugar. Það er komin samkeppni á þessu sviði og þess vegna er eðlilegt að selja rétt eins og ég hygg að það hvarfli ekki að neinum að halda hér úti bæjarútgerð eða ríkisútgerð lengur.

Hins vegar ber að vanda söluna, herra forseti, og þar hafa menn sett ákveðin skilyrði eins og fram kemur m.a. í bókun og samkomulagi á milli stjórnarflokkana varðandi söluna. Þau meginatriði sem hafa þarf í huga eru í fyrsta lagi að þar sé eðlileg samkeppni, að öll þau fyrirtæki sem ætla að hasla sér völl á þessu sviði eigi aðgang að grunnnetinu og að landsmenn allir sem og fyrirtæki í landinu eigi aðgang að þessu neti.

Þá þarf enn fremur, sem er þriðja atriðið, herra forseti, að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Hér er um mikil verðmæti að ræða sem er þörf fyrir, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, til að bæta stöðu ríkissjóðs, til að fara í samgöngumál og þar fram eftir götunum. Að þessari spurningu svaraði hvort eigi að selja og svarið er já. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hemja skap sitt og leyfa mér að ljúka ræðu minni og leggja þá frekar við hlustir með hvaða hætti og hvað á að selja. Spurningin er: Á að selja Landssímann í einu lagi eða á að selja hann í bútum?

Í skýrslunni kemur m.a. fram að Landssíminn á í um það bil 39 fyrirtækjum. Á að selja þann hluta, á að selja GSM-þáttinn sérstaklega, NMT-þáttinn sérstaklega eða breiðbandið? Og þannig má áfram telja. Hér er um fjölmarga rekstrarþætti að ræða.

Ekki hefur komið fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hvaða þættir það eru sem hann vill selja fyrst hann lýsir sig þó þeirrar skoðunar að suma þætti megi selja. En ég vísa til bls. 17–20 í umræddri skýrslu þar sem talið er upp í hvaða fyrirtækjum Landssíminn á hlut í. Eru menn að ræða um að selja stofnlínuna með? Eru menn að ræða um það að selja notendalínur með eða skilja þetta allt saman eftir sem og það örbylgju... (**ÖS:** ... menn eru að tala um það.) Ég ítreka, herra forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson á erfitt með að hafa hemil á orðum sínum og bið ég herra forseta um að setja ofan í við hv. þm. svo ég fái lokið ræðu minni.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er rétt ábending hjá hv. 10. þm. Reykn. að hann hefur orðið og forseti væntir þess að hv. þm. leyfi honum að tala í friði og fari frekar í andsvar við ræðu hans þegar henni lýkur.)

Ég fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur náð stjórn á skapi sínu og mun ég þá halda áfram máli mínu.

Ég var þar kominn að víkja að því að hér er um marga þætti að ræða. Þetta eru fjölmargir þættir og grundvallarspurningin er þessi: Á netið að fylgja með og hvernig skilgreina menn netið? Ég hjó eftir því að ekki einu orði vék hv. þm. Össur Skarphéðinsson né heldur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að því hvernig þeir skilgreindu netið. Eru menn að tala um stofnnetið? Eru menn að tala um notendalínur? Eru menn að tala um örbylgjusambandið sem fylgir þessu eða eingöngu hluta af þessu? (**ÖS:** Lestu skýrsluna.)

Herra forseti. Viðkvæmasti þátturinn í þessu er stofnbandið og kemur fram að sem sjálfstæð eining er það afskaplega dýr þáttur í rekstri og afskaplega flókinn. Fram kemur og er m.a. vitnað til sérfræðinga sem að störfum þessarar ágætu skýrslu komu, sérfræðinga frá Háskóla Íslands, sem benda á að flutningskerfið, dreifikerfi Landssímans sé flókið samspil margra þátta. Með því, og ég legg áherslu á það, herra forseti, að aðskilja netið frá öðrum þáttum þeirrar þjónustu sem Landssíminn veitir sé verið að taka mikla áhættu af tæknilegum ástæðum og ég legg áherslu á það, herra forseti,

af tæknilegum ástæðum. Ég tel mikilvægt að horfa á það mat sem tæknilegir sérfræðingar, ég er ekki að tala um rekstrarlegt mat heldur tæknilegt mat sem sérfræðingar leggja á það, að með því að skilja netið, dreifikerfið, frá öðrum þáttum í rekstri Landssímans sé verið að taka þá áhættu að erfiðara verði að fylgjast með þeirri öru þróun sem á sér stað. Þetta tel ég vera einn mikilvægasta þáttinn þegar menn eru að fjalla um það hvort netið eigi að fylgja með eða ekki. Menn geta mikið deilt um hin rekstrarlega þátt í þessu en það eru þær tæknilegu forsendur sem ég tel að skipti sköpum.

Það hlýtur einnig, herra forseti, að segja okkur eitthvað að alls staðar í nágrannalöndum okkar þar sem ríkisvaldið hefur dregið sig út úr slíkum rekstri, þá hefur reksturinn verið seldur í einu lagi. Og ég hygg, herra forseti, að á bak við þá ávörðun ríkja Evrópu og heimsins búi einmitt þessar tæknilegu ástæður sem hér var vísað til.

Það væri afskaplega erfitt og alvarlegt mál fyrir okkur sem þjóð ef við sætum uppi með kerfi eitt sér og einangrað sem við höfum komið í einhverjar tæknilegar blindgötur og næðum ekki að þróa það í samræmi við þá þróun sem á sér stað almennt í markaðinum og í heiminum og er afskaplega ör. Með öðrum orðum, það tæknilega mat að skilja netið eitt og sér frá öðrum þáttum getur sett þjónustuna í uppnám og það tel ég vega afskaplega þungt. En í röksemdafærslu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar vék hann ekki einu orði að þeim tæknilegu þáttum sem sérfræðingar hafa lýst yfir að skipti máli. (**ÖS:** Vitleysa.)

Niðurstaðan af því er sú, herra forseti, að skynsamlegt sé að selja fyrirtækið í einu lagi en við þá sölu þurfi hins vegar að tryggja ákveðin grundvallaratriði. Hver eru þessi grundvallaratriði? Þau nefndi ég reyndar í upphafi ræðu minnar, herra forseti. Grundvallaratriðin eru þau að samkeppnisskilyrði séu til staðar og þegar við tölum um samkeppnisskilyrði þá er um það að ræða að þau fyrirtæki sem eru á samskiptamarkaði geti komist inn á netið.

Ég hef rætt m.a. við forsvarsmenn helstu samkeppnisaðila Landssímans og þeir hafa tjáð mér að eftir að fjarskiptalög voru sett séu engin vandræði við að komast inn á netið og það samstarf gangi mjög eðlilega fyrir sig. Sem dæmi má taka í sambandi við GSM-kerfið að fyrirtækið Tal hf. hefur ekki nema mjög takmarkaða útbreiðslu, er með mjög takmarkaðar dreifistöðvar sem eru aðallega bundnar við þéttbýlisstaði, einkum suðvestanlands en notendur Tals og viðskiptavinir Tals hafa aðgang að því fyrirtæki í gegnum dreifikerfi Landssímans og samningar hafa orðið á milli þessara tveggja fyrirtækja á grundvelli fjarskiptalaga. Fjarskiptalögin sem eru ákveðinn grundvöllur tryggja að þessi jafni aðgangur fyrirtækja sem skapar eðlilegt og heilbrigt samkeppnisumhverfi sé til staðar á grundvelli fjarskiptalaga.

Hins vegar er mjög mikilvægt að landsmenn allir eigi aðgang að þessu neti á sem allra jöfnustu verði. Ég hef þegar vitnað til þess hvernig verð hefur lækkað síðan 1990 eftir að samkeppni á fjarskiptamarkaði hófst í rauninni. Það er rétt að vitna til þess að t.d. í farsímaþjónustunni er sama verð um allt land og ég vitna til þess sem segir m.a. á bls. 81 í skýrslunni um innleiðingu á stafrænu fyrirkomulagi, m.a. svokölluðu ATM-kerfi sem hefur miklu meiri möguleika, tekur miklu fleira í einu, þar skapast þær tæknilegu forsendur sem gera það mun auðveldara að hafa sama verð á öllum sviðum þjónustunnar.

Ég vil einnig, herra forseti, minnast á það sem segir í skýrslu einkavæðingarnefndar þar sem athygli er vakin á því, ef ég man rétt á bls. 30, að við sölu á Landssímanum verði skoðað hvort ekki sé hyggilegt og eðlilegt að taka upp tímafaktorinn, þ.e. magnið, í staðinn fyrir kílómetra sem grunneiningu við verðlagninguna. Með því móti — og ég tel að það sé liður í samkomulagi stjórnarflokkanna um þetta — er einmitt verið að jafna þennan mun fyrir landið allt og það hygg ég að sé bæði markmið fjarskiptalaga og það er liður í samkomulagi stjórnarflokkanna að gera landið að einu svæði eins og þegar er reyndar búið að gera á ákveðnum sviðum.

Ég vil nefna eitt enn, herra forseti, varðandi þau atriði sem þarf að tryggja. Það er jafn aðgangur fyrirtækja, jafn aðgangur allra landsmanna og að geta fylgst með þeirri þróun sem er á fjarskiptamarkaðinum sem er mjög mikið grundvallaratriði. Að því hef ég vikið, herra forseti. En það þarf einnig eins og hefur komið fram í umræðunni að tryggja þau verðmæti sem felast í Landssímanum. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði og alþjóðavæðing. Nú þegar er fjöldinn allur af Íslendingum sem er í viðskiptum við erlend símafyrirtæki, ganga með símakort frá erlendum símafyrirtækjum og þessari tækni hefur fleygt fram bara á síðustu tíu árum. Og ef menn horfa næstu tíu ár fram í tímann hvað sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir, þá er enn til umæðu þessi svokölluðu „low orbit", þ.e. að fjarskipti í gegnum lágfleygt gervitunglakerfi sem eykur enn frekar á þessa alþjóðavæðingu og þá geta menn spurt: Hvaða áhrif mun slíkt hafa á verðmæti Landssímans og það net sem liggur þar í jörðu? Með hvaða hætti ætla menn síðan að tryggja þennan jafna aðgang samkeppni, þróunin o.s.frv.?

Þá vil ég að lokum, herra forseti, vitna til laga um fjarskipti sem ég tel vera mikilvægasta grunninn að því máli sem hér er til umræðu og hefur komið fram í verki m.a. með nýlega samþykktum lögum um verðjöfnunargjald vegna alþjónustunnar og fór í gegnum þingið á grundvelli fjarskiptalaga þar sem markmiðið var að gera landið að einu gjaldsvæði.

Ég vil jafnframt, herra forseti, vekja mikla athygli á því sem þar skiptir mestu máli, það eru reikisamningar á milli fyrirtækja sem eru þegar komnir á og ég hef nokkuð vikið að. Og þá verða menn jafnframt að hafa í huga það gífurlega vald sem ráðherra er falið samkvæmt fjarskiptalögunum, að geta sett skilyrði fyrir rekstrarleyfi einstakra fyrirtækja.

Þá vek ég athygli á því að til þess að samkeppnin geti orðið sem eðlilegust hefur Landssímanum verið gert að aðgreina einstaka þætti þannig að þeir þættir sem hann hagnast mest á, væntanlega GSM-þátturinn, séu ekki notaðir til þess að skekkja samkeppnina við netið. Þessu hefur þegar verið komið á og þar meira að segja, samkvæmt staðlinum ISDN 2002, er sönnunarbyrðin Landssímans þegar Landssíminn er að setja upp verðskrána. Þá þarf Landssíminn að rökstyðja hvernig hann byggir verðskrána upp. Þetta tel ég mikilvægt.

Þá vil ég vekja athygli á því sem kemur m.a. fram í bókun og samþykkt á milli stjórnarflokkanna en liður í því samkomulagi sem var gert á milli stjórnarflokkanna var að efla þessar tvær mikilvægu stofnanir, Samkeppnisstofnun og Fjarskiptastofnun, til að fylgjast með þróuninni í því samkeppnisumhverfi sem menn eru að skapa hér á fjarskiptamarkaðnum.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að leggja áherslu á að staðan í dreifikerfinu er ekki góð í dag í eigu ríkisfyrirtækisins. Ýmsir landshlutar hafa orðið út undan og markmiðið og liður í samkomulaginu er einmitt að nota hluta söluhagnaðarins til að ljúka lagningu netsins og skapa þar með

forsendurnar fyrir að stíga enn frekari skref til jöfnunar á gjaldi og aðgangi landsmanna að þessu.

Herra forseti. Ég sé að tími minn er að renna út. Mestu máli skiptir að skapa öruggt samkeppnisumhverfi. Hér er ætlunin að selja í þrepum og er rétt að leggja áherslu á það. Það er að tryggja þá þætti sem ég taldi upp og nota til þess þau verkfæri sem þar eru til og verja fénu síðan skynsamlega í þágu þjóðarinnar og til þess að ljúka uppbyggingu á dreifikerfi Landssímans.

[12:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem tíminn er knappur ætla ég að fara beint í aðalatriði þessa máls.

Fyrir u.þ.b. ári eða svo flutti hv. þm. ræðu í umræðu hér um endurmat á verðmæti Landssímans en þar sagði svo, með leyfi forseta:

„Landssíminn er ráðandi á íslenskum fjarskiptamarkaði og drottnar yfir nýjum fyrirtækjum sem reyna að hasla sér völl á þessu sviði. Verði hann seldur í einu lagi er einfaldlega verið að koma á Microsoft-ástandi á Íslandi. Ég vara við því."

Í ræðu sem hv. þm. flutti hér áðan var hann einmitt og nákvæmlega að mæla fyrir þeirri leið sem hann varaði við fyrir ári. Þá höfðu umrædd fjarskiptalög löngu tekið gildi og því breyta þau ekki neinu í þessari forsendu.

Því spyr ég hv. þm.: Hvernig stendur á því að hann hefur í raun og veru hent öllum samkeppnissjónarmiðum og kastað þeim fyrir róða en þess í stað mælt máli sínu bót á einhverjum tækniforsendum?

[12:34]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þann sóma sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sýnir mér með því að varðveita ræður mínar.

Grundvallaratriði í þessu og það sem ég varaði við og vara að sjálfsögðu við á hvaða sviði sem er er að svokallað Microsoft-ástand skapist. Það má ekki skapast á neinu sviði. Við heyrum það t.d. af matvælasviðinu hvernig staðan er þar og hefur komið hér ítrekað til umræðu.

Það sem hefur gerst að undanförnu og ég reyndi að draga fram hér er að búið er að aðgreina ákveðna þætti í rekstrinum. Það liggur fyrir að þetta Microsoft-ástand er ekkert til staðar af því samkeppnisaðilarnir eiga frjálsan aðgang að netinu. Það sem hefur gerst er að ég hef reynt að kynna mér málið hjá sérfræðingum, hjá samkeppnisaðilum. Þetta er einfaldlega niðurstaðan, þ.e. að sú hætta sem ég óttaðist er ekki til staðar.

Þar að auki vísa ég til þess sem ég sagði um gildi Samkeppnisstofnunar og Fjarskiptastofnunar til að fylgjast með þessum þáttum.

[12:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekkert í lagaumhverfinu hefur breyst frá því að hv. þm. gaf út þessa yfirlýsingu til dagsins í dag.

Af því hv. þm. vitnaði til Microsoft-ástands er rétt að halda því til haga að bandarísku samkeppnislögin, bandarísku eftirlitsaðilarnir, eru miklum mun þróaðri, þroskaðri, hafa betri möguleika á því að vinna samkeppni framgang en nokkurn tímann hér. Af því þetta Microsoft-ástand verður til í því lagaumhverfi og við erum að tala hér um allt annað og veikara lagaumhverfi spyr ég: Hvernig í veröldinni getur hv. þm. sett allt sitt traust á það að löggjöf okkar sem er um margt veik takist það sem bandarísku löggjöfinni tókst ekki?

[12:36]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hefur gerst frá því að fjarskiptalögin voru sett er að samkeppnisaðilar á fjarskiptamarkaði á Íslandi hafa lagað sig að þeim lögum. Þeir hafa beygt sig undir þau lög og efni þeirra laga, m.a. það vald sem hæstv. ráðherra, samgrh. hverju sinni, hefur til að setja ákveðin skilyrði í starfsleyfið. Það er nákvæmlega það sem hefur gerst að samkeppnisfyrirtækin hafa lagað sig að þessum lögum. Sá þáttur, sem er í rauninni til umræðu og er forsenda fyrir hugsanlegu Microsoft-ástandi, er að einn aðili einoki dreifinguna. Sú staða er ekki til staðar í dag vegna þess að þessi samkeppnisfyrirtæki hafa reynslu af því, eins og dæmið sem ég tók um Tal hf. hér áðan, að þau komast einfaldlega inn á þetta net.

Síðan vil ég vekja athygli á því að samkeppnislög voru styrkt hér og um það er rætt að fjölga starfsfólki hjá Samkeppnisstofnun, m.a. sérfræðingum á sviði fjarskiptasviðsins, svo þeir geti fylgst með þessu samkeppnisumhverfi.

[12:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. 27. apríl 2000 sagði hv. þm. Hjálmar Árnason að með sölu Landssímans í einu lagi væri einfaldlega verið að koma á Microsoft-ástandi á Íslandi.

Þann 15. desember sl. sagði hv. þm. hins vegar í blaðagrein í Morgunblaðinu: „Sala Landssímans í einu lagi er eðlileg viðbrögð við breyttri tækni og umhverfi á sviði fjarskipta."

Það voru tæpir átta mánuðir sem tók hv. þm. að snarsnúast svona í málinu.

Helstu rök eru þau að Framsfl. hefur uppgötvað fjarskiptalögin. Þau voru sett 1999. Er það venjan hjá Framsókn að það taki svona eitt til eitt og hálft ár að átta sig á því að lög hafi verið sett í landinu? Eru það þó lög sem Framsfl. stendur að að setja sem ríkisstjórnarflokkur.

Ég vil svo spyrja hv. þm. að lokum hvort hann, hv. þm. eða Framsfl., hafi hugleitt að setja ekki á svið þetta leikrit. Gera bara eins og krakkarnir og segja heiðarlega og viðurkenna: Ég gefst upp. Þar með mundi hann sleppa við að flytja hallærisræður eins og þá sem við heyrðum hér áðan.

[12:39]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Einkunnagjöf hv. þm. er í samræmi við málflutning hans oft í þingsal og er auðvitað honum sjálfum og þingi til skammar. En ég held að rétt sé að vekja athygli hv. þm. á því að framfarir í fjarskiptum eru alveg gífurlega hraðar og sennilega hraðari en rúmast hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. En það er nákvæmlega það sem gerst hefur á einu ári ef hv. þm. skoðaði hvað hefur gerst á fjarskiptasviðinu á einu ári hvað þá á fimm árum en það eru ótrúlegar framfarir.

Af því hv. þm. nefndi það að hér væri verið að fara í samstarf við útlendinga þá er það svo að á fjarskiptasviðinu er sennilega alþjóðlegasta umhverfið. Hvort sem hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni líkar betur eða verr þá er tæknin orðin það ör og það fullkomin að menn loka sig ekki af einangraðir norður í Dumbshafi þó að þeir fegnir vildu.

Menn hafa skoðað þetta í mínum flokki sem og í öðrum flokkum, sumum a.m.k., og taka afstöðu miðað við þá þróun sem hefur átt sér stað á tæknisviðinu og þá þróun sem á sér stað úti í atvinnulífinu. Það skiptir kannski mestu máli.

[12:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. Hjálmari Árnasyni svíði nokkuð sárt að hér sé með beinum tilvitnunum í orð hans sjálfs á Alþingi í ræðum eða í blaðagreinum sýnt fram á þann algera viðsnúning sem þarna hefur farið fram hjá Framsfl. sem var langt fram eftir síðasta ári og fram undir síðustu mánuði andvígur því að einkavæða Landssímann með grunnnetinu en sneri síðan við blaðinu, eða gafst öllu heldur upp í málinu. Þær staðreyndir liggja á borðinu.

Ég hefði talið að Framsfl. hefði komið skár út úr því, það er bara mat mitt, að viðurkenna að hann hafi gefist upp en að setja á þau óskaplegu leikrit sem hér er reynt að færa fram og málsvörn af því tagi að allt í einu hafi Framsfl. uppgötvað fjarskiptalögin, og/eða hitt að pólitík Framsfl. stjórnist af tækniframförum og hann skipti um skoðun þegar einhver ný uppgötvun kemur fram í dagsljósið á tæknisviðinu. Þá hverfur Framsfl. frá hefðbundinni stefnu sinni, t.d. því að það geti verið háskalegt fyrir landsbyggðina að einkavæða almenningsþjónustu fyrirtækja af tagi Landssímans.

[12:41]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki svo að mig svíði orð hv. þm. Ég hef hins vegar mjög gaman af þeim orðum sem hann hefur einatt í ræðustól.

Ég vil þó leiðrétta aðeins í málflutningi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að Framsfl. hefur aldrei ályktað um það að selja ætti grunnnetið eitt og sér eða saman. Hann hefur ekki ályktað um það. Það er leiðrétting. Hins vegar hafa einstakir þingmenn, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, lýst skoðunum sínum. Það sem hefur breyst, hv. þm., er að umhverfið, veruleikinn hér hefur breyst. Það eru komin fjarskiptalög. Fyrirtækin á fjarskiptamarkaði hafa lagað sig að því. Fyrirtækin á fjarskiptamarkaðnum telja sig eiga greiðan aðgang að því dreifikerfi sem Landssími Íslands á og rekur og sjá engin vandamál. Með öðrum orðum er þetta samkeppnisumhverfi til staðar.

En ég vil vekja athygli á því að hv. þm. hefur ekki fært ein einustu rök fyrir því af hverju eigi ekki að selja og hvaða rök eru fyrir því að lögbinda einokun eins fyrirtækis á dreifikerfi Landssímans. Því hefur ekki verið svarað.

[12:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan að hraði framfara í fjarskiptum væri mikill. Það kann að vera rétt en hann er samt ekki jafnmikill í fjarskiptunum og hraðinn er á skoðanaskiptum hv. þm.

Herra forseti. Ég vil mælast til þess við hv. þm. að hafa aðgát í nærveru sálar og biðja menn um að húðstrýkja ekki hv. þm. eins og búið er að gera hér í dag. Við verðum að virða honum það til vorkunnar að það kann að vera langt í gagnaflutningakerfinu hjá honum en eins og bent hefur verið á, hefur hann uppgötvað að sett voru lög um fjarskipti hér áður fyrr. Þau lög, sem voru í gildi þegar hv. þm. var með yfirlýsingar sínar, notar hann núna til þess að skipta algjörlega um skoðun.

Hver var það sem sagði, herra forseti: „Fákeppni er einfaldlega talin geta drepið í dróma alla eðlilega þróun og skapað hinu drottnandi fyrirtæki hættulega einokunaraðstöðu er bitni endanlega á veskjum neytenda.“

Hver var það sem sagði: „Of stórt og ráðandi fyrirtæki er einfaldlega talið hafa skaðleg áhrif á þróun markaðar og beinlínis geta unnið gegn hagsmunum neytenda til lengri tíma litið.“

Svo kemur þessi hv. þm. og stendur hér á hóli drambsins og fellur beint á bólakaf í dýið. Og ekki í fyrsta skiptið.

[12:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara upphafsorðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þau dæma sig sjálf.

Hins vegar er það rétt og um það erum við sennilega sammála, að hér eru komin fjarskiptalög, en það sem hefur breyst og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sennilega ekki fylgst með, er að fyrirtækin í landinu hafa lagað sig að þessu og eru búsna sátt við það samkeppnisumhverfi sem hér hefur skapast.

Ég vil bæta því við, hv. þm., að ég lýsti því yfir og ég mun gera það ef fákeppni er til staðar þá lýsi ég áhyggjum mínum. En það hefur margsinnis komið fram í ræðum hér, þó hv. þm. virðist einhvern veginn hafa misst af því, að sú fákeppni er ekki til staðar eftir að fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði lögðu sig að fjarskiptalögunum og eiga greiðan aðgang að því neti sem hér er kannski oftast til umræðu. Fákeppnin er ekki til staðar og það var eðlilegt að menn horfi á þann veruleika en séu ekki með útúrsnúninga eins og mér finnst koma nokkuð fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

[12:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki séð aðra eins útreið á nokkrum þingmanni síðan hér um árið þegar sami hv. þm. var tekinn í karphúsið af þingheimi. Þá skipti hann um skoðun varðandi smábáta. Ég vorkenni hv. þm. en hann kallar þetta sjálfur yfir sig. Hann kemur hér og gefur þingmönnum einkunnir og fór háðuglegum orðum um ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, enda situr hann hérna kafrjóður af sneypuför sinni.

Herra forseti. Hv. þm. kemur líka með rangar staðæfingar. Hann segir að forvígismenn fjarskiptafyrirtækjanna séu ánægðir með þetta. Má ég vísa í Eyþór Arnalds sem hefur sagt að það eigi að skilja grunnnetið frá og skapa um það sérstakt fyrirtæki. Má ég benda honum á það? Má ég benda honum á grein Arnar Orrasonar í Morgunblaðinu 14. febrúar, en hann er framkvæmdastjóri fjarskiptasviðs Íslandssíma? Hann bendir á hið sama. Má ég svo benda hv. þm. á niðurlagið í þeim kafla skýrslu einkavæðingarnefndar sem fjallar um þetta? Þar er sagt beinum orðum að þetta sé allt tæknilega kleift.

Allt það sem hv. þm. segir hér er bara tómt bull. Ég ætla ekki að segja að hann eigi að skammast sín en hann ætti nú eiginlega að fara heim til sín og ekki láta sjá sig í nokkra daga eftir svona ræður.

[12:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Það væri gaman að prenta út þessar einkunnir hv. þm. sem honum lætur nokkuð vel að koma frá sér en eru honum ekki til sóma og ekki mjög málefnalegar.

Hann víkur ekki að því sem hér er kannski grundvallaratriði, þ.e. hvort fákeppni sé á þessum markaði. Hann vék ekki einu einasta orði að því heldur notar hér orð sem óþarfi er að endurtaka. Hann víkur ekki að þessu grundvallaratriði, að fákeppnisaðstaða er ekki til staðar. Að því víkur hann ekki heldur er farið út í þessa frægu útúrsnúninga, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er svo þekktur fyrir, hvort sem ég á í hlut eða aðrir þingmenn.

Það kom fram í ræðu hans gagnvart hæstv. samgrh. Hv. þm. hefur einatt komið hér og sett sig á háan stall. Það er hvorki honum né þinginu til sóma að tala með þeim hætti. Ég vona að í síðari ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar verði rætt með rökum um þetta mál fremur en með útúrsnúningum. (**ÖS:** Bera af mér sakir, herra forseti.)

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[12:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þær sakir sem ég æski að fá að bera af mér eru tvenns konar.

Hv. þm. sagði undir lok ræðu sinnar að ég hefði vikið með skútyrðum að hæstv. samgrh. í morgun. Má ég rifja upp hvernig ég hóf ræðu mína. Ég hrósaði hæstv. samgrh. fyrir efnismikla, prýðilega ræðu, sem hefði skýrt viðhorf hans mjög vel. Ég tók hins vegar fram að ég væri ósammála á sumu í máli hans og tilteknum athugasemdum hans væri ég algjörlega ósammála.

Þannig að það er einfaldlega rangt sem hv. þm., í þessu taugalosti sem svífur á hann í þeirri orrahríð sem hann kallar sjálfur yfir sig, heldur fram varðandi það sem ég sagði um hæstv. samgrh. Ræða hans, eins og ég sagði, var þvert á móti alveg prýðileg og efnisrík. Ég notaði þessi orð.

Síðan segir hæstv. ráðherra ... hv. þm. á ég við — ég vona samt að hann verði ráðherra einhvern tímann, allir eiga skilið einhverja uppreisn, sérstaklega eftir svona dag — en hv. þm. sagði að ég hefði engum orðum eytt að því að það ríkti fákeppni á markaðnum. Herra forseti. Talsvert drjúgur hluti ræðu minnar hér í morgun fjallaði einmitt um það. Ég nefndi sérstaklega tvö dæmi um það, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú þykir forseta hv. þm. vera kominn út fyrir efnið, að bera af sér sakir. Nú er hann kominn í efnislega umræðu og andsvar við hv. þm. og það gengur ekki.)

Ég er að gera það, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það eru margir hv. þingmenn sem bíða eftir að fá að veita andsvar og komast ekki að. Ef hv. þm. telur sig þurfa að bera af sér sakir þá skal hann gera það en ekki fara út í efnislega umræðu.)

Ég tek þessar athugasemdir hæstv. forseta alvarlega og skal ekki lengja mál mitt. Ég var hér að bera af mér þá sök að ég hefði ekki í ræðu minni reifað það að ég teldi ríkja fákeppni á markaðnum. Ég gerði það, herra forseti, og það eru þær sakir sem ég er að bera af mér. Ég tiltók tvö dæmi og ef forseti æskir, þá get ég rakið þau aftur til þess að fríska upp á minni hans. En ég ætla ekki að gera það.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti þakkar hv. þm. gott boð og ekki síður fyrir að ljúka máli sínu.)

[12:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst af ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar að hnífurinn gengur ekki á milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna nú orðið hvað varðar sölu Landssíma Íslands.

Ég vil spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason: Hversu lengi heldur hann að samkeppnisballið gangi? Við höfum reynsluna. Að vísu var þar um sérleyfi að ræða. Sérleyfið var tekið af í flugi og menn dönsuðu samkeppnisdans og hrósuðu því hversu mikið verðið fór niður. En staðan er þannig núna að eftir örfá missiri er nánast búið að éta upp eigið fé tveggja félaga og dreifbýlið, landsbyggðin, stendur uppi með afleiðinguna, þ.e. óheyrilega há flugfargjöld út á land, t.d. hátt í 18 þús. kr. til Akureyrar þannig að færri og færri nota þjónustuna.

Eftir örfá misseri, hver verður staðan þá, í hugum framsóknarmanna, hvað varðar þjónustu við landsbyggðina ef við förum í þennan harða samkeppnisslag?

[12:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hversu lengi samkeppnin varir, því er auðvitað ekki hægt að svara. En ég vil enn og aftur vitna í fjarskiptalögin þar sem ráðherra er ætlað gífurlega mikið hlutverk. Ég vil líka vitna til þess sem hér hefur verið í umræðunni, laga sem fóru í gegnum þingið fyrir skömmu, um jöfnunargjald. Ég vil líka vitna til þess sem fram hefur komið um hlutverk Samkeppnisstofnunar og Fjarskiptastofnunar, þ.e. að fylgjast með. Ráðherra mun fylgjast með þessu og þá mun þingið væntanlega fylgjast með þessu. Jöfnunargjaldið og hlutverk Fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar hljóta að gegna miklu hlutverki.

Ég deili hins vegar áhyggjum hv. þm. af þróun í fargjöldum í innanlandsflugi. Ég deili því með hv. þm. Þar tel ég hins vegar um öðruvísi aðstæður að ræða.

[12:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að um nákvæmlega sömu aðstæður sé að ræða. Þetta er lítið samfélag og málið snýst um þjónustu við landið allt, stoðkerfi sem er mjög mikilvægt á Íslandi, í fámenni og stóru landi.

Við erum þegar farin að upplifa að svokallaðir samkeppnisaðilar Landssímans eru farnir að tapa fé. Eru menn svo einfaldir hér í þessum sölum að þeir haldi í raun og veru að við komum ekki til með að borga brúsann á nákvæmlega sama hátt, þegar til lengri tíma er litið, og gerst hefur í fluginu? Auðvitað borgum við. Í svo litlu landi er kannski verið að fjárfesta í tvöfaldri, þrefaldri flutningsgetu, miðað við það sem þjóðin þarf á að halda. Innan örfárra missira byrjar landinn að borga brúsann. Hvað segir hv. þm. um þessar áhyggjur?

[12:53]

Hjálmar Árnason *(andsvar)***:**

Ég hef ekki sömu áhyggjur og hv. þm. hvað þetta varðar. Ég er heldur ekki sammála því að líkja eigi þessu við flugið. Ég deili þó með honum áhyggjunum af fluginu, eins og ég nefndi áðan. Ef menn ætla að jafna aðstöðuna hvað flugið varðar þá erum við að tala um beina ríkisstyrki til þess. Það er þá umræða sem á eftir að fara fram.

Ég vek hins vegar athygli á því að tækniþróunin hefur m.a. leitt til þess að fjölmörg smærri fyrirtæki, sem eru ekki að leggja í neinn verulegan kostnað, eru að hasla sér völl á ýmsum þáttum fjarskipta. Þau eru hvorki mannfrek né fjárfrek og það byggir einfaldlega á því sem reynt hefur verið að draga hér fram, að tæknin á þessu sviði er svo ótrúlega ör. Það er hún sem leiðir til hinnar hörðu samkeppni.

Auðvitað eru það landsmenn sem borga eins og í allri þjónustu. Við erum að borga fyrir þjónustuna í dag en verðið er með því lægsta sem þekkist í veröldinni. Ég tel því ekki ástæðu til að óttast þetta og minni enn á hlutverk Fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.

[12:55]

Útbýting þingskjals:

Loðnukvóti, 690. mál, svar sjútvrh., þskj. 1087.

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir hið háa Alþingi og óskar eftir heimild þess til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Í umræðunni í morgun fannst mér farast fyrir að halda nákvæmlega þeirri staðreynd til haga, að það er verið að leita eftir heimild Alþingis til að selja allt hlutafé í Landssíma Íslands. Þó að áætlanir kveði á um að gera það með ákveðnum hætti þá er Alþingi ekki að binda ríkisstjórnina á neinn hátt til að fylgja þeim áætlunum. Menn verða að halda því til haga í þessari umræðu að hér er einungis farið fram á heimild Alþingis til þess að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands.

Öllum sem þekkja til þessa máls má vera ljóst að mikil verðmæti eru falin í Landssíma Íslands, sem betur fer. Hér er óskað eftir að fá að selja þau verðmæti. Þegar slíkar óskir eru bornar upp á hinu háa Alþingi er eðlilegt að menn velti því fyrir sér, eins og menn hafa reynt að gera í morgun: Á starfsemi eins og sú sem Landssími Íslands rekur að vera í höndum einkaaðila eða í höndum ríkisins?

Sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að eftir að opnað var á samkeppnisrekstur á þessu sviði sé óþarft og að mörgu leyti fráleitt, að mörgu leyti ekki á neinn hátt í samræmi við hagsmuni ríkisvaldsins, að reka fyrirtæki í beinni samkeppni. Sagan kennir okkur að oftar en ekki hafa fyrirtæki í eigu ríkisins á þessu sviði farið halloka. Einnig gæti farið svo að þau miklu verðmæti sem nú eru í Landssímanum mundu að einhverju leyti brenna upp, yrði sá þáttur rekstrarins sem nú er á samkeppnissviði áfram í eigu ríkisvaldsins.

Við í Samfylkingunni höfum því sett fram þá skoðun og erum um hana einhuga, að selja eigi þá starfsemi sem er á samkeppnissviði. En um leið höfum við sagt að varhugavert sé að selja það sem ekki er á samkeppnissviði. Því höfum við lagt til að grunnnetið verði undanskilið.

Af hverju leggjum við til að grunnnetið verði undanskilið? Fyrst og fremst gerum við það vegna þess að þar sem er fákeppni og einokun er mjög varhugavert að hafa hana í höndum einkaaðila. Sagan kennir okkur líka að einkarekin einokun er að mörgu leyti verri en ríkisrekin einokun. Þar búa önnur sjónarmið og aðrir hvatar að baki en í ríkisrekstri. Í þessari umræðu er fráleitt, virðulegi forseti, að halda því fram að einhver samkeppni sé þar sem grunnnetið er.

Vissulega eru uppi áform um lagningu ljósleiðara og þeir hafa verið lagðir hér og þar. Þannig má segja að á heildsölustiginu, ef svo má að orði komast, sé samkeppni hugsanleg á einhverjum tilteknum afmörkuðum svæðum, til að mynda hér í Reykjavík. Á Suðurlandi hefur verið lagður ljósleiðari og út í Vestmannaeyjar. Í greinargerð frv. og í skýrslu nefndar kemur fram að uppi séu hugmyndir um að leggja slíkan streng til Akureyrar.

Þetta breytir bara engu, virðulegi forseti. Almenningur ætti að njóta góðs og einhvers hagnaðar af þessari samkeppni, þ.e. í bættri þjónustu og lægra verði. Hins vegar er allur almenningur tengdur í svokölluðu heimtaugakerfi. Það er engin samkeppni í að veita almenningi þá þjónustu. Allir sem ætla að veita almenningi þjónustu þurfa að fara í gegnum kerfi Landssímans. Það er einfaldlega kjarni þessa máls. Allir sem ætla að ná til almennings þurfa að ná samningum við Landssíma Íslands. Það er hinn harði veruleiki.

Að einhverju leyti mætti líkja þessu við að tiltekin verslun hefði einkarétt eða einkaleyfi til að selja einhverja vöru og menn gætu ekki selt almenningi vöruna nema fara á færibönd viðkomandi verslunar. Það sjá allir í hendi sér að þetta er fráleitt. Í ræðu eins hv. þm. í morgun var því meira að segja haldið fram að það væri engin fákeppni á þessu sviði. Hæstv. ráðherra sagði þó í ræðu í morgun, sem að mörgu leyti var ágæt, að þetta tiltekna fyrirtæki væri með um 85% af allri veltu á þessum markaði. Það þýðir að hún hafi lækkað um 10% á einu ári eða svo, miðað við þær upplýsingar sem við fengum í fyrra. Ekki ætla ég að rengja þær tölur en 85% hlutdeild af tilteknum markaði er langt yfir þeim mörkum þegar verið er að tala um fákeppni og einokun. Það er vitaskuld fráleitt að beita þeirri röksemdafærslu að það sé í lagi að selja þetta í einu lagi af því að það sé engin fákeppni. Það er langt frá því að vera í samræmi við raunveruleikann.

Við stöndum frammi fyrir því að með sölu fyrirtækis sem hefur jafnóheyrilega sterka stöðu erum við um leið að ákveða hvernig við ætlum að haga markaðnum til frambúðar. Í hvaða umhverfi ætlum við að láta þessa grein þróast? Það sem skiptir öllu í þessu er hvernig við ætlum að láta hana þróast.

Miðað við þær hugmyndir sem hér eru uppi þá er öll nálgun við almenning í gegnum þessar taugar, í gegnum svokallaðar heimtaugar, sem eru algerlega í eigu Landssímans. Það er ekki raunhæft að önnur fyrirtæki sem ætla að hasla sér völl á þessum markaði fari að grafa skurði til að komast í öll hús. Í þeirri stöðu sem nú er uppi er fráleitt að ímynda sér að sá möguleiki sé raunhæfur. Þess vegna er sú staða uppi að fyrirtækið, sem hér er verið að óska heimildar Alþingis til að selja, hefur einokunaraðgang að öllum heimilum í landinu. Hugsanlega er einhvers staðar búið að leggja einhverja ljósleiðara en það er svo lítið að það tekur því vart að nefna það.

Þá spyrja menn: En er þá eitthvað annað á leiðinni? Getur þá eitthvað annað leyst þessa tækni af, til að mynda að fara um loftið? Í dag er ekkert sem bendir til þess. Það er ekki hægt að leggja upp í þessa ferð á þeirri forsendu að einhvern tímann, í óvissri framtíð komi upp sú staða, með þessar einkalínur til alls almennings í landinu, að hægt verði að tala um það í alvöru að samkeppni verði á þessu sviði. Þar fyrir utan hafa menn bent á að með aukinni tækni í endabúnaði geti líftími þessa kopars, þ.e. úr götu og inn í hús, orðið um 10–20 ár í viðbót, með svokallaðri ADSL-tækni og annars konar tækni sem fundin hefur verið upp til að nýta þennan kopar betur og lengur. Það breytir þó ekki hinu, að sá sem kaupir hlutaféð, ráðandi hlut í Landssímanum, hefur einkaaðgang að hverju einasta heimili í landinu. Það er staðreynd sem við komust ekki fram hjá. Allir sem ætla að veita notendaþjónustu þurfa að ná samningum við þetta tiltekna fyrirtæki. Það er þessi markaðsgerð sem við munum viðhalda ef fyrirtækið verður selt í einu lagi.

Ég held, virðulegi forseti, að það gæti reynst okkur afdrifaríkt í þeirri öru þróun sem nú á sér stað á sviði hugbúnaðargerðar, að í hvert skipti sem menn hafa þróað nýja þjónustu að veita almenningi þá sé eina leiðin í gegnum Landssíma Íslands. Það sama fyrirtæki hefur líka fest sig í sessi á öðrum sviðum. Í umræðum í morgun kom fram að það hefur reyndar átt sér stað einvers konar ríkisvæðing á þessum markaði. Landssími Íslands hefur verið að kaupa upp tugi annarra fyrirtækja á þessum markaði, þ.e. einkafyrirtæki sem hafa verið stofnuð hafa verið keypt upp af ríkinu. Þau hafa verið keypt upp í þeim skilningi að hlutaféð hefur verið keypt eða ráðandi hlutur. Menn hafa a.m.k. tryggt sér stjórnarsetu í þeim tilvikum. Því má segja að Landssíminn hafi keypt sig til verulegra áhrifa í mjög mörgum fyrirtækjum á þessu sviði. Þess vegna er Landssími Íslands ekkert bundinn við það eitt að reka þessi grunnnet eða talsímaþjónustu. Hann er í miklu fjölbreytilegri rekstri.

Þegar fyrirtæki í svo fjölbreytilegum rekstri hefur þessa stöðu þá hlýtur það að hugsa um sinn hag þegar það veitir öðrum aðgang að kerfi sínu. Sennilega vita allir í þessum sal að það var þrautin þyngri að ná samningum við þetta fyrirtæki þegar fleiri fyrirtæki þurftu að komast inn á netið. Þess vegna undrast ég mjög að menn séu ekki tilbúnir að ræða málið af meiri ábyrgð og festu en gert hefur verið í morgun. Það hefur komið fram að það er tæknilega mögulegt að gera þetta. Í því ljósi og þeirrar umræðu allrar er vert að rifja upp og nefna sérstaklega að það er rétt rúmur mánuður síðan gerður var einhvers konar samningur milli ríkisins og Símans, þar sem þeim átta þráðum í ljósleiðurunum sem liggja um allt landið var skipt upp. Það þótti ekkert tiltökumál. Þar af fær Síminn fimm þræði og ríkið þrjá, sem á þá að nota í tengslum við veru varnarliðsins hér á landi. Það þarf því ekki að fara um það mörgum orðum að það er tæknilega mögulegt og skynsamlegt fyrir þessa atvinnugrein að skipta þessu upp. Það er skynsamlegt fyrir þróunina á þessu sviði að skipta þessu upp. Ef sagan hefur kennt okkur eitthvað þá hefur hún kennt okkur að mjög fátt þrífst og dafnar í skugga einokunarfyrirtækja.

Virðulegi forseti. Menn hafa talað um það við þessa umræðu að leiðin til að forðast hættuna sé aukin „löggæsla", þ.e. að leiðin fram hjá misnotkun á einokunarstöðu sé sú að efla Samkeppnisstofnun og efla Póst- og fjarskiptastofnun. Ég ætla að lýsa því yfir að mér finnst það góðra gjalda vert. En það breytir ekki hinu, að þegar við komum okkur upp markaði af þeirri gerð sem við höfum haft — það á ekki að breyta honum — þá grípa svona stofnanir aðeins inn í eftir á. Við erum að búa til þessa hættu en ætlum síðan að láta þessar stofnanir, sem einhvers konar löggæslu á þessu sviði, tryggja það að staðan verði ekki misnotuð.

Ég nefndi það í andsvari áðan af því að títtnefnt Microsoft-ástand kom upp í umræðunni í morgun að það ástand skapaðist þar sem eftirlitsaðili samkeppni og fjarskipta er þar að mörgu leyti miklu þroskaðri og miklu öflugri en hér. Lögin, lagaumhverfið sem þau búa við, á sér miklu sterkari rætur, miklu lengri sögu og miklu öflugra eftirlit en hér er.

Þess vegna hljótum við að spyrja: Af hverju telja menn það mögulegt eða líklegt að það takist hér sem tókst ekki þar með þessum aðferðum? Þetta hlýtur að vera ein grundvallarspurningin í þessari umræðu: Af hverju telja menn að það takist hér sem tókst ekki þar þar sem hefðin og sagan, reynslan, þekkingin og fjármagnið er miklum mun meira á þessu sviði en hjá okkur?

Þá vil ég einnig nefna, virðulegi forseti, að hv. þm. hafa nefnt það sérstaklega að annar stjórnarflokkurinn hafi fallist á þessa leið gegn því að tilteknir þættir væru styrktir. Má í því samhengi nefna einmitt Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun. En ekki hefur verið fjallað neitt frekar um hvernig það verði gert, hvernig því eftirliti verði háttað og hvernig það verði tryggt — eða reynt að tryggja það því ég er mjög efins um að það sé hægt að tryggja það — að menn muni ekki misnota sér þá stöðu sem þeir eru augljóslega í.

Við megum ekki gleyma því í þessari umræðu að það erum við hér sem setjum þær almennu leikreglur sem munu skipta mestu í því hvernig gerð þessa markaðar verður og um leið hvernig þróun á hugbúnaðarsviði hér á landi verður til frambúðar. Þess vegna er það mjög alvarleg og getur orðið afdrifarík ákvörðun ef við ákveðum að gera þetta á þann hátt að færa það tiltekna fyrirtæki, sem hefur einokunaraðstöðu í dag, sem er kannski ekkert óeðlilegt því fyrirtækið hefur verið eitt á þessum markaði síðan 1906 eða svo, ef ég man þetta rétt. Í skjóli þeirrar aðstöðu hefur fyrirtækið komið sér upp gríðarlega sterkri stöðu og að sjálfsögðu ber að fagna því. Þess vegna er um að ræða mikil verðmæti og þess vegna skiptir miklu máli hvernig þetta verður gert.

Að undanskildum samkeppnisrökunum hafa menn líka fært fram rökin um hver verði þá þróun eða hverjir verða möguleikar fámennra byggða til að taka þátt í þeirri byltingu eða breytingu eða þróun á fjarskiptamarkaði í þessu ljósi. Það þarf engan snilling til að sjá það að þeir sem kaupa og þeir sem munu ráða þessu fyrirtæki munu reyna að reka það með hagnaði. Það er einfaldlega þannig. Jafnvel þó við setjum í löggjöf einhver ákvæði þess efnis að greiða skuli eitthvert jöfnunargjald til þess að tryggja þessa þjónustu þá mun hún aldrei verða sú sama og sá hvati sem býr að baki þegar menn eru að reyna að ná sér í aðstöðu til að skapa sér hagnað. Menn nálgast þetta á mjög mismunandi hátt. Annars vegar ef það er kvöð á einhverju fyrirtæki að koma upp einhverri þjónustu og hins vegar að menn sjái í því hvata til að koma þjónustu sinni á framfæri til að fá hagnað af henni sem er út af fyrir sig heilbrigt og eðlilegt. En það að ætla að gera þetta með þessum hætti gerir það að verkum að ég óttast mjög að fyrirtæki og fólk á landsbyggðinni muni ekki hafa sömu möguleika og þeir sem búa annars staðar.

Kannski verður alltaf erfitt að samræma þetta eðli málsins samkvæmt, að fyrirtæki starfi frekar þar sem þéttbýlið er. En það breytir ekki hinu að lagaákvæði og kvaðir þess efnis að þurfa að halda uppi tiltekinni þjónustu, sem er kannski lítill sem enginn áhugi á, verður hvorki fugl né fiskur. Ég sé að tíma mínum er senn að ljúka en eins og ég hef farið yfir í máli mínu óttast ég það mjög að ætla að selja grunnnetið sem hefur m.a. yfirburðastöðu að því er varðar ljósleiðarann sem lagður var, að því er varðar þá einokun að hafa aðgang að hverju einasta heimili í landinu. Ég óttast að þetta geri það að verkum að þróun hugbúnaðariðnaðarins hér á landi muni ekki verða jafnör og ella væri og geri það einnig að verkum að þetta ástand muni mismuna mjög byggðum hér í landinu.

[13:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. vil ég undirstrika að þræðirnir þrír af átta sem eru á vegum NATO eru ekki tengdir inn í símstöðvakerfið og eru algerlega aðskildir frá hinu almenna fjarskiptakerfi. Það er því ekki hægt að líkja því við kerfið að öðru leyti.

Hv. þm. talaði mjög mikið um einokun. Þarna kemur einmitt að grundvallaratriði. Það er engin einokun á ferðinni. Hv. þm. á að þekkja það að skv. 20. gr. fjarskiptalaganna er skylda markaðsráðandi fyrirtækis að hleypa að heimtaug. Það eru sérstök ákvæði þar um þannig að það er fjarri lagi að tala um einokun í því sambandi. Þetta er einmitt eitt af grundvallaratriðunum í því að koma á samkeppni. Hin fjarskiptafyrirtækin, sem eru í samkeppni við Símann, hafa lögvarinn rétt til að komast inn á heimtaugina hjá hverju einasta heimili í landinu. Eins og hv. þm. nefndi réttilega munu þau ekki grafa upp heim að hverju einasta húsi í landinu vegna kostnaðar.

Ég vil vekja athygli á því að Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. bauð út þjónustu sína og það var Fjarski, sem er í eigu Landsvirkjunar, sem bauð lægst og er kominn í viðskipti þannig að í gagnaflutningunum er samkeppni. Landssíminn réð ekki við Fjarska í þessu tilviki og þess vegna var það að háskólanetið, fræðslu- og háskólanetið, er í viðskiptum við það fyrirtæki.

[13:53]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi þessa þræði aðeins sem dæmi um að það er alls ekkert tæknilega ómögulegt eins og lengi var haldið fram í umræðunni að skipta upp grunnnetinu frá annarri þjónustu. Ég tók sem dæmi þegar menn geta meira að segja skipt upp innan grunnnetsins. Þetta var aðeins nefnt sem dæmi.

Ég held að hæstv. ráðherra hafi einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði: „Fyrirtæki hafa lögvarinn rétt til þess að komast inn á heimtaug.“ Það er ekki hægt að bera það saman, virðulegi forseti, að einhver hafi lögvarinn rétt og hins vegar að sá réttur sé eitthvað sem menn þurfa að vinna út frá að því er varðar hagsmuni fyrirtækisins. Það sem ég var að segja áðan er það að fyrirtækið getur haft þá hagsmuni að það hafi af því hagsmuni að hleypa ekki inn nema með afarskilyrðum inn á þessa þræði. Þá hafa menn verulegar tekjur af kopar sem liggur í jörð inn í hvert einasta hús, kopar sem hefur löngu verið afskrifaður, þess vegna eru menn að hafa af þessu verulegar og miklar tekjur, en fyrirtækið hefur ekki endilega hagsmuni af að hleypa inn á þetta. Þetta er nákvæmlega kjarninn í því þegar ég spurði hæstv. ráðherra áðan og kannski er rétt að ég spyrji hann aftur hér og nú: Af hverju telur ríkisstjórnin eða meiri hlutinn á hinu háa Alþingi, því hér hefur a.m.k. enginn af þingmönnum meiri hlutans lagst gegn þessu, að sú leið sem hér er ætlunin að fara, sem felst í því að einhvers konar „löggæsla“ tryggi að menn misnoti ekki þessa einokunaraðstöðu þegar mönnum hefur ekki tekist þetta í Bandaríkjunum, með miklu meiri þekkingu, miklu meiri sögulegan bakgrunn og miklu meiri hefð fyrir þessu? Af hverju telja menn að þetta sé hægt hér þegar sýnt er að það var ekki hægt þar?

[13:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. verði að upplýsa betur hvað það er sem var ekki hægt í Bandaríkjunum. Þar er náttúrlega bullandi samkeppni á markaði, við þekkjum það, og stóru risarnir hafa orðið að sæta því að á þeim hafi verið tekið þar. Það er nákvæmlega það sama sem við getum gert á grundvelli okkar fjarskiptalaga. Ef einn aðili er mjög stór á markaðnum þá getur Póst- og fjarskiptastofnun, á grundvelli fjarskiptalaganna, beitt sínum leiðum til þess að skakka leikinn.

Það er alveg ljóst að það er ekki einokunaraðstaða sem Landssímanum hefur verið sköpuð með fjarskiptalögunum, bæði vegna þess að það er réttur annarra fyrirtækja gagnvart markaðsráðandi aðilum að komast inn á heimtaugina og komast inn á netið. Þetta er því atriði sem skiptir mjög miklu máli og þarf að undirstrika alveg sérstaklega.

Hv. þm. sagði að ekki væri tæknilega ómögulegt að aðskilja netið. Það er alveg rétt. Enginn hefur neitað því. En ég hef fært fyrir því rök og undirstrika að það er mjög kostnaðarsamt. Það er mjög óhagkvæmt tæknilega að skilja netið frá símstöðvakerfinu og tölvukerfum símafyrirtækjanna. Þess vegna var það niðurstaða sérfræðinga, sem fóru yfir þetta fyrir hönd einkavæðingarnefndarinnar, að það væri mjög óhagkvæmt og mundi kosta neytendur mjög mikið að fara að búa til nýtt kerfi utan um grunnkerfið til að aðgreina það frá öðrum þáttum Símans. Niðurstaða okkar var því ótvírætt sú að til þess að við byggjum upp hagkvæmt fjarskiptakerfi, hagkvæmt símakerfi, þá er þetta leiðin.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom nokkuð oft fram í umræðunni í morgun að þegar menn voru að vitna til Bandaríkjanna þá voru menn að vitna í það sem hefur verið kallað hér Micosoft-ástand. Það hefur gengið mjög erfiðlega að bregðast við því. Þess vegna sagði ég: Hvers vegna skyldi okkur takast það hér sem hefur ekki tekist almennilega þar með þessari leið?

En af því að hæstv. ráðherra nefndi að hér væri ekki um að ræða einokun og fjarskiptalögin væru staðfesting þess þá verður að halda því til haga að fjarskiptalögin eru viðbrögð við því ástandi sem hér ríkir, viðbrögð við þeirri einokunaraðstöðu sem eitt tiltekið fyrirtæki er í. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Þess vegna þarf að setja sérstaka löggjöf til þess að heimila mönnum að komast inn á heimtaugina. Það er til staðar einokun á þessu sviði. Hins vegar er löggjöfin einhvers konar viðbrögð. Menn mega ekki rugla þessu saman, virðulegi forseti.

Það er það sem ég er að segja. Við eigum ekki að hafa löggjöfina með þessum hætti, heldur eigum við að hafa markaðsgerðina þannig að við þurfum ekki að vera í svona viðbragðalöggjöf. Þess vegna höfum við lagt til að skilja grunnnetið frá. Þá þurfum við ekki að grípa til aðgerða af þessum toga af því að þetta tiltekna fyrirtæki er í miklu víðfeðmari starfsemi en þeirri einni að reka grunnnetið. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég fór ágætlega yfir það í ræðu minni áðan að ekkert fyrirtæki er með línu inn í hvert einasta hús í landinu. Þess vegna hefur ekkert fyrirtæki þá einokunaraðstöðu sem það fyrirtæki hefur sem hæstv. samgrh. óskar nú heimildar fyrir að selja allt hlutaféð í. Þetta eru grundvallaratriði, virðulegi forseti, sem hafa verður í huga í þessari umræðu.

[14:00]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill í tilefni af því að tvisvar frá því þessi þingfundur hófst í morgun hafa hringt farsímar í þingsalnum koma með þau eindregnu tilmæli eins og oft áður að þingmenn hafi ekki með sér farsíma inn í þingsalinn þannig að þeir hringi hér og trufli þingfund. Forseti óskar eftir því að farsímarnir séu helst skildir eftir niðri í fatahengi en alls ekki að komið sé með þá í þingsalinn. Þetta hefur gerst tvisvar og við þurfum þráfaldlega að minna á þetta.

[14:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum í dag er rökrétt framhald af þeirri þróun sem hefur átt sér stað í fjarskiptamálum hér á landi allt frá miðjum 10. áratugnum. Það var á þeim tíma sem umræðan hófst fyrir alvöru um þær breytingar sem við höfum núna búið við á síðustu árum. Samkeppnisumhverfið sem verið hefur í fjarskiptamálunum hefur haft það í för með sér að verð á þjónustu fjarskiptafyrirtækja hefur lækkað og hér hefur orðið til gríðarlega mikil samkeppni.

Auðvitað er dálítið freistandi að rifja upp þær umræður sem áttu sér stað, sérstaklega á árinu 1996. Ég fullyrði að við fljótlegan yfirlestur þeirra þá er mjög margt af þeim hryllingssögum og heimsendaspádómum, sem voru þá hafðir uppi ef áform hæstv. ríkisstjórnar gengju eftir, ótrúlega fjarstæðukennt að lesa núna í ljósi þess sem síðar hefur gerst.

Þá voru menn t.d. að ræða um það í fullri alvöru að formbreytingin úr Póst- og símamálastofnun í Póst og síma hf. mundi hafa eitthvað skelfilegt í för með sér. Menn voru í fullri alvöru að tala um að það væri sennilega besta niðurstaðan, sérstaklega hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar, að hafa sjálfseignarstofnun sem héldi utan um fjarskiptaþjónustuna í landinu og póstþjónustuna í landinu.

Ég ætla af tillitssemi við mína góðu félaga í þinginu að rifja þetta mál ekki lengra upp en bendi þeim sem eru áhugasamir á að lesa þær umræður. Þær hafa a.m.k. skemmtigildi þegar litið er til baka.

Þær skipulagsbreytingar sem við vorum að gera voru auðvitað nauðsynlegar. Þær voru að endurspegla þá þróun sem var að eiga sér stað í fjarskiptaumhverfinu í löndunum í kringum okkur, endurspegla þær tilskipanir sem Evrópusambandið hafði sett fram í þessum efnum o.s.frv. Það sem skipti miklu máli í þessu sambandi var tvennt. Annars vegar að ganga þannig frá fjarskiptalöggjöfinni að hún tryggði sem mesta og besta samkeppni, aðgang fyrirtækja að grunnnetinu og enn fremur að það fyrirtæki, sem hafði verið burðarásinn í fjarskiptamálum hér á landi, þ.e. Póstur og sími sem síðar varð Landssíminn hf., hefði öll þau tækifæri og öll þau tök sem væru til staðar í nútímasamkeppnisþjóðfélagi til að láta til sín taka.

Þess vegna var það svo að gerðar voru margar atlögur að því að koma í veg fyrir það að Landssíminn gæti haslað sér völl á nýjum sviðum. Menn vildu að Landssíminn dagaði uppi sem einhvers konar nátttröll sem sinnti fyrst og fremst talsímaþjónustu og gerði fátt annað nýtt. En sem betur fer tókst ekkert af þessu, ekki síst vegna árvekni og harðfylgni hæstv. samgrh. sem sá að ef Landssíminn ætti að verða barn úr brók, yrði hann að vera fyrirtæki sem gæti tekið þátt í samkeppninni á öllum sviðum, þar á meðal interneti og öllu því sem síðar hefur komið á daginn að var hárrétt. Enda er það þannig að talsímaþjónusta venjulegra fjarskiptafyrirtækja fer minnkandi en ýmislegt annað í þessu sambandi hefur verið að byggjast upp og er auðvitað að verða burðarásinn meira og minna í þessum símafyrirtækjum úti um allan heim.

Hér hefur verið talað um að ónógur undirbúningur sé að þeirri ákvörðun að selja hlutabréf í Landssímanum. Ég minni á í þessu sambandi að stefnumótunarvinna að þessum málum hófst á árinu 1997 og nú er að líða á árið 2001. Stefnumótunin birtist í afar athyglisverðu riti sem kom út fyrri hluta ársins 1998 og var unnin af valinkunnum sómamönnum eins og Frosta Bergssyni, Eyþóri Arnalds, Ólafi Jóhanni Ólafssyni, Þorsteini Þorsteinssyni og Guðjóni Má Guðjónssyni í OZ sem sýndu auðvitað fram á mikilvægi þess að við reyndum að líberalísera markaðinn, auðvelda aðganginn að samkeppninni og gera fyrirtækjunum sem mest kleift að taka þátt í samkeppninni.

Það er fráleitt eins og hér var haldið fram að fjarskiptalögin í dag væru einhver viðbrögð. Þau voru fyrst og fremst meðvituð stefnumótun um að efla samkeppni. Við skulum ekki gleyma því að fyrir daga þessara fjarskiptalaga var hér alger einokun. Þá var ein stofnun sem sá um öll þessi mál. Nú er þetta alveg gjörbreytt. Í máli hæstv. samgrh. kom fram að aðrir en Landssíminn hefðu núna 15% af markaðnum sem er gríðarleg breyting bara frá árinu á undan. Komið hefur fram og kemur m.a. fram í fylgiskjölum með frv. að bara fyrirtæki eins og Tal hf. er komið með hér um bil þriðjung af markaðnum í GSM-símum sem er náttúrlega engin smábreyting og smáárangur á örlitlum tíma og er farið að vera dekkandi yfir allt landið og sama er auðvitað að gerast í talsímaþjónustunni. Þess vegna eru rökin fyrir því að einkavæða fyrirtækið himinhrópandi og öllum augljós. Að vísu var oft tekist á um það í þessum þingsal fyrir nokkrum áratugum hvort ríkið ætti, almennt talað, að vera beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Sú umræða hefur náttúrlega að mestu leyti hljóðnað en að vísu hafa vinstri grænir tekið af okkur ómakið og haldið uppi þessum gömlu sjónarmiðum og er út af fyrir sig ágætt að þau séu til staðar einhvers staðar í þjóðfélaginu en í meginatriðum eru menn samt sem áður þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að fyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði séu í eigu einstaklinga, samtaka og félaga þeirra. Þannig er þetta auðvitað að fyrirtækin eru fyrst og fremst rekin af einstaklingum og félögum í eigu einstaklinga í meginatriðum.

Í þessum símamálum og fjarskiptamálum eru fjarskiptafyrirtækin í mikilli samkeppni. Gríðarlega mörg fyrirtæki taka þátt í því að bjóða þjónustu á þessu sviði og þarf ekki annað en að skoða þessi fylgiskjöl til að sjá að mörg, stór og öflug fyrirtæki taka þátt í því að bjóða fram þjónustu sína í þessum efnum. Þess vegna er eðlilegt og væri úr takti við allt annað í þjóðfélagi okkar ef við tækjum ekki af skarið um að selja þetta fjarskiptafyrirtæki, að ríkið ætlaði að eiga þetta fjarskiptafyrirtæki á sama tíma og ýmis önnur fjarskiptafyrirtæki væru að keppa við ríkisfyrirtæki á þessum sviðum með óeðlilegum hætti. Fyrir utan að allir vita að það eru að verða mjög óljós skil á milli þess sem við köllum fjarskipti og þess sem við köllum t.d. fjölmiðlun eða tölvusamskipti eða annað þess háttar. Þess vegna er augljóst mál þegar fram í sækir að það er ólíðandi að ríkið sé að reka helsta fyrirtækið á þessu sviði.

Samkeppni sem okkur tókst að innleiða með fjarskiptalöggjöfinni hefur leitt til þess ásamt öðru að símataxtar hafa verið að lækka mjög. Möguleikar fólks til að njóta símaþjónustu jafnvel frá öðrum löndum hafa líka orðið til þess. Allt er þetta í rétta átt og sýnir okkur að til lengri tíma litið er samkeppni líkleg til að leiða af sér lækkun verðs enda er það almenn krafa í þjóðfélagi okkar að samkeppni sé sem víðast til staðar og það sé helsta vörnin fyrir neytendurna í landinu.

Það er líka eftirtektarvert að fyrirtæki, sem átt hafa samskipti við Landssímann, ljúka upp einum munni um að eftir að Landssíminn kom inn í þetta samkeppnisumhverfi, hafi viðmót fyrirtækisins breyst, viljinn til að sýna og leiða af sér góða þjónustu hafi gjörbreyst. Ekki þarf annað en ræða við stóra notendur Símans svo dæmi sé tekið, eða okkur smáa notendur Símans, sem þurfum á daglegri þjónustu hans að halda, að við verðum auðvitað vör við að fyrirtækið hef-

ur verið að bæta þjónustu sína á alla lund. Það álit sem Landssíminn hafði, sem stirðbusaleg ríkisstofnun sem sinnti þjónustunni illa og seint, hefur sem óðast verið að fara af fyrirtækinu.

Vegna þess að rökin fyrir því að einkavæða þetta fyrirtæki eru svo augljós er ekkert óeðlilegt að umræðan snúist kannski frekar um aðferðafræðina, hvað eigi að ganga langt í þessum efnum og hvernig menn eigi að standa að þessari einkavæðingu, og það sem mér hefur heyrst vera helsta röksemdin í þeim efnum er að menn segja: Einkavæðum allt nema eitthvað sem kallað er grunnnetið, einkavæðum allt nema grunnnetið.

Við sem stöndum að þessu frv., fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, erum annarrar skoðunar. Fyrir því eru að mínu mati mjög mörg rök. Ég ætla aðeins að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara yfir þau rök.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að í reglum Evrópusambandsins er hvergi gert ráð fyrir því að um sé að ræða aðskilnað grunnnetsins og þjónustunnar. Evrópusambandið gengur ekki út frá því í grundvallaratriðum að þessi aðferð sé viðhöfð heldur hafa þeir gert ráð fyrir því að aðgangur að þessu neti sé tryggður með öðrum hætti, því sem menn kalla Open Network Provision, ONP, opinn aðgangur að grunnnetinu, og það er sú leið sem við höfum verið að fara. Við höfum bæði í fjarskiptalöggjöfinni frá 1997 og seinni útgáfunni á árinu 1999 verið að reyna að opna þessa leið og gera hana sem greiðasta fyrir alla. Þetta er auðvitað rökrétt vegna þess að þetta er sú leið sem aðrar þjóðir hafa farið með góðum árangri.

Þegar við skoðum listann yfir þau fjarskiptafyrirtæki erlendis sem hafa verið einkavædd og þessi listi kemur hérna fram, gríðarlega langur listi, þá blasir við að engu þessara fyrirtækja hefur verið skipt upp með þeim hætti sem Samfylkingin hefur lagt til. Þetta er alveg ný hugmynd sem hvergi hefur verið reynd og við vitum ekki til hvers hún muni leiða. A.m.k. mun hún leiða til mikillar óvissu af því að við vitum ekki hvað hún hefur í för með sér.

Menn hafa talað um að hér hafi ekki orðið til samkeppni, ekki sé til samkeppni nema fara þá leið að ríkið eigi grunninn. Þetta er algerlega rangt. Þeir sem tala svona og þeir sem tala um að það að skilja ekki grunnnetið frá Símanum áður en hann er seldur leiði síðan til einhverrar ógæfu fyrir landsbyggðina verða auðvitað að geta sagt að þeir kunni slíkar hryllingssögur frá öðrum löndum. Það hljóta að vera til miklar sögur, t.d. frá Bretlandi, um að fyrirtækin fái ekki aðgang, geti ekki nýtt sér aðganginn að grunnnetinu, eða í öðrum löndum. Er það sú mynd sem við fáum ef við lesum um t.d. fjarskiptamarkaðinn í dag að það sé engin samkeppni á fjarskiptamarkaði t.d. í Evrópu (Gripið fram í.) eða annars staðar? Öðru nær. Þar er blóðug samkeppni. Menn standa þar í miklu stríði um notendur og reynslan er sú, ég kynnti mér það t.d. síðasta haust í Bretlandi, að almenningur tekur mjög virkan þátt í þeirri samkeppni. Menn skipta á milli símafélaga og halda símanúmerum sínum, og það gera fyrirtæki alveg sérstaklega þannig að fyrirtækjunum á fjarskiptamarkaðnum er ljóst að ef þau standa sig ekki, missa þau kúnna sína. Svo tala menn eins og það fyrirkomulag sem við erum að taka upp eftir öllum löndum sem við þekkjum til, leiði til þess að ekki verði samkeppni. Hafa menn ekki skoðað neitt í kringum sig? Hafa menn ekki reynt að læra af reynslunni? Við höfum verið að reyna það og við höfum komist að þessari niðurstöðu.

Það er líka þannig, eins og menn hafa bent á, að ekki er víst að ríkisfyrirtæki um grunnnetið væri mjög kvikt í því að bregðast við óskum markaðarins hverju sinni. Það er auðvitað einn af þeim þáttum sem hefur gert það að verkum og gerði það t.d. að verkum að sá sérfræðingahópur sem ég var að vitna til, sem var m.a. skipaður fólki sem starfaði í þessum fjarskiptaiðnaði, óttaðist að þetta ríkisapparat yrði svo seint til, yrði svo hægfara að það stæði því fyrir þrifum að byggja upp fjarskiptaiðnaðinn í landinu.

Síðan hafa menn rætt um hina tæknilegu annmarka. Auðvitað eru mjög margir tæknilegir annmarkar á því að leysa þetta í sundur eins og lagt hefur verið til.

Hæstv. samgrh. benti á kostnaðinn sem yrði þessu samfara en við skulum líka vekja athygli á öðru og spyrja: Hvað eiga menn við nákvæmlega þegar þeir segja að taka eigi grunnnetið frá? Hvað er grunnnetið? Það hugtak er ekki útskýrt, t.d. hérna í skránni yfir orðskýringar í fjarskiptalögunum. Við skulum velta fyrir okkur hvað menn eiga við. Menn tala um ljósleiðara, ljósleiðari er grunnnet. Er það það sem menn eiga við og ekkert annað? Eiga menn þá t.d. ekki við Cantat-sæsímastrenginn, er hann grunnnet? Er hann ljósleiðari? Á hann að vera í ríkisapparatinu? Á hann að vera í ríkisútgerðarfélaginu Símanum hf.? Á þessi sæsímastrengur að vera þar? Á hann kannski að vera sér? Eða hvað með símstöðvarnar, þjónustustöðvarnar úti um landið? Eru þær þá ekki hluti af grunnnetinu? Eiga þær þá að vera með? Ég spyr þá, virðulegi forseti: Hvað á að selja? (**ÖJ:** Hvernig er NATO-strengurinn ...?) Húsið hérna? Er það, virðulegi forseti, það sem menn eiga við? Er það NATO-strengurinn? Þá eiga menn að segja það, að það eigi að undanskilja NATO-strenginn en við ætlum að selja sæsímastrenginn og menn eiga að tala ... (Gripið fram í.) Hv. þm. er búinn að biðja um orðið og hann hlýtur að geta svarað þessu. Ég bið hv. þm. um að útskýra þetta nákvæmlega fyrir okkur þannig að við vitum þetta.

Í þessu sambandi er líka stundum talað um þjóðvegakerfi og ljósleiðara. Það er ekki rétt. Það er ekki eðlilegur samanburður einfaldlega vegna þess að til eru aðrar leiðir til þess að koma þeim boðum áfram sem við köllum fjarskipti.

Menn hafa vonandi tekið eftir því að verið er að byggja upp öflugt fjarskiptafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem ætlar að fara aðrar leiðir. Það ætlar m.a. bjóða upp á þjónustu í gegnum rafmagnsstrengina. Þarna er komin bein samkeppni á sviði grunnnets við grunnnetið sem Landssíminn á. Ég vek athygli á því að það er líka til aðferð svo sem eins og örbylgjusendingar sem eru reyndar notaðar í dag þar sem ekki er um að ræða aðgang að ljósleiðaranum. Við sjáum því að grunnnetið eitt og sér er í eðli sínu í samkeppni við aðra flutningsmöguleika á sviði fjarskipta. Það er því að mínu mati algerlega órökrétt að tala um að undanskilja grunnnetið í því skyni að treysta hér samkeppni vegna þess að möguleikarnir til samkeppni eru sannarlega til staðar þó að aðgangurinn að ljósleiðaranum og því öllu saman sé auðvitað lykilatriði og þess vegna er gengið út frá því og þess vegna er það tryggt í núgildandi fjarskiptalögum og hefur sérstaklega verið styrkt á síðustu tveimur árum að menn hafi aðgang að þessu kerfi. Eins og hæstv. samgrh. undirstrikaði greinilega áðan þá er t.d. í 20. gr. laganna tryggður aðgangur bæði í gegnum sjálft dreifikerfið og eins sem snýr að tengilínunum inn í húsin.

Virðulegi forseti. Ég tel það þess vegna allt á misskilningi byggt þegar talað er um að halda eigi eftir grunnnetinu. Ég held að sú skoðun standist ekki frekari athugun.

Á síðustu árum höfum við farið þá leið til að tryggja tiltekna þjónustu að setja um það áskilnað inn í fjarskiptalögin. Við höfum með öðrum orðum búið leikreglurnar til á markaðnum og í fjarskiptalögunum, ekki þannig að við höldum eftir einhverju apparati í eigu ríkisins eða undir stjórn þess. Við höfum einfaldlega sagt: Leikreglurnar eru svona. Herrar mínir og frúr sem ætlið að vinna á þessum markaði, þið spilið eftir þessum leikreglum. Þannig höfum við gert þetta.

Við tókum t.d. um það ákvörðun á árunum 1996–1997 að þá skyldi landið gert að einu gjaldsvæði. Þá voru uppi hugmyndir, hjá þeim framsýnu mönnum sem þá voru í stjórnarandstöðunni, um að setja þetta inn í sérlög um Landssíma Íslands eða Póst- og símamálastofnunina. (**Gripið fram í:** Var hann ekki í ríkisstjórn?) Hv. þm. var ekki í ríkisstjórn. Hann var í hópi þeirra framsýnu manna sem vildu hafa sérlög um eitt fyrirtæki, að með slíkum lögum um þetta tiltekna fyrirtæki ætti að tryggja eina gjaldskrá fyrir landið. Hann sá ekki fyrir þá miklu samkeppni sem varð í símamálum. Niðurstaðan varð sú að Alþingi gerði það með öðrum hætti. Alþingi ákvað að áskilnaður um þetta skyldi settur inn í fjarskiptalöggjöfina í samræmi við hugmyndir manna um þá alþjónustu sem þyrfti að vera til staðar í okkar dreifbýla þjóðfélagi.

Við erum auðvitað að gera þetta núna. Við segjum: Við ætlum að selja þetta fyrirtæki, Landssímann, sem veitir alls konar þjónustu og á fullt af eignum, símstöðvar, ljósleiðara, hús og híbýli o.s.frv. Síðan ætlum við að selja þetta en sjá til þess að þjónustan sem við viljum að veitt sé á þessu sviði í þjóðfélagi okkar sé tryggð með fjarskiptalöggjöfinni. Þannig er þetta auðvitað á flestum sviðum. Við setjum ekki lög um einstök fyrirtæki. Við reynum fremur að skilgreina þjónustuna og segja síðan hvernig við viljum að henni sé sinnt.

Þetta hefur líka átt sér stað með því sem menn kalla reikisamninga, sem gera það að verkum að fyrirtæki, t.d. Tal og Íslandssími, hafa farið inn á þjónustunet Landssímans og átt þess kost, t.d. Íslandssími, að bjóða talsímaþjónustu um allt land. Tal er líka komið með þjónustu á GSM-sviðinu um allt land, svo langt sem dreifingin nær.

Síðan eru vitanlega til ýmis úrræði til að tryggja það sem við getum kallað félagsleg markmið, sem ég veit að mjög mörg okkar eru sammála um, t.d. að tryggja aðgang allra landsmanna að þjónustu Landssímans og fjarskiptafyrirtækjanna. Auðvitað viljum við tryggja að almenningur eigi valkosti í þessum efnum. Það gerum við, eins og ég hef margoft sagt í þessari umræðu, með því að tryggja það í gegnum fjarskiptalöggjöfina. Auðvitað eru til alls konar jöfnunarúrræði sem lögin tryggja og eins úrræði í markaðskerfi okkar af hálfu einstakra fyrirtækja sem vilja veita almenna þjónustu. Í fyrsta lagi er innan hvers fyrirtækis um að ræða ákveðna jöfnun milli einstakra rekstrarþátta. Að vísu verður að fara svolítið varlega vegna þess að sumir þeirra þátta sem Landssíminn sér um eru einokunarþættir í eðli sínu, eru þættir sem Landssíminn einn sér um. Það verður að gæta þess að þar leki ekki mikið á milli og fyrir því er reynt að sjá. Engu að síður eru í hverju fyrirtæki ýmsir jöfnunarþættir. Það þekkjum við bara í almennum rekstri. Morgunblaðið kostar jafnmikið á Kópaskeri og í Kópavogi o.s.frv.

Í öðru lagi er um að ræða, eins og gert er ráð fyrir í 15. gr. fjarskiptalaganna, sérstakt jöfnunargjald sem ætlað er að standa undir tiltekinni þjónustu sem við viljum veita. Ég get í því sambandi nefnt Neyðarlínuna sem er gott dæmi um slíka þjónustu.

Í þriðja lagi getum við líka gert það með þeim hætti, sem er út af fyrir sig ekki fjarri þeirri hugsun sem liggur að baki því að ríkissjóður eigi að eiga eitt stykki gagnaflutningakerfi, að ríkissjóður leggi hreinlega til þjónustunnar ákveðið fé eins og við gerum á mörgum sviðum í þjóðfélaginu. Við höldum t.d. úti sjúkraflugi og alls konar þjónustu með þessum hætti sem ekki verður rekin öðruvísi en okkur dettur samt ekki í hug að reka ríkisflugfélag til að sjá um það. Við segjum einfaldlega: Reynum að semja um það við þá sem vinna á þessum markaði og kunna til verka um að þeir annist þessa þjónustu fyrir eðlilegt gjald, annaðhvort með jöfnunargjaldi eða hreinlega beinu framlagi.

Virðulegi forseti. Tími minn er brátt á þrotum. Ég hef á mikilli hraðferð reynt að fara yfir þetta merkilega mál sem verður vonandi að lögum fyrir vorið.

Ég held því fram að hér sé um að ræða rökrétt framhald í samræmi við þá stefnumótun sem unnið hefur verið eftir á síðustu árum. Hæstv. samgrh. hefur fylgt því starfi eftir með þessu góða frv.

[14:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór mikinn og átti erfitt með að hemja ánægju sína og aðdáun (**Gripið fram í:** Og að stoppa.) og að stoppa. Hann sá þó ástæðu til þess að senda öðrum ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum almennt hina köldu kveðju sjálfstæðismanna kveðju. Hann sagði að ein ástæðan fyrir einkavæðingu og sölu Landssímans væri að hann hefði verið stirðbusaleg ríkisstofnun eins og þær væru gjarnan. Er þetta kveðja hv. þm. til ríkisstofnana, að það eigi að selja þær til að breyta „lúkkinu“ á þeim, eins og Íslandspóstur gerði og lenti í því fyrir jólin að sitja uppi með fólk sem ekki kunni að sortera póst, (**Gripið fram í:** Árás á verkalýðinn?) með því að losa sig við fólk sem var fullorðið og eldra og kunni til verka? Eru þetta rökin, að ríkisstofnanir séu svo stirðbusalegar? Ég mótmæli því. Ég tel að ef svo er þá valdi því eitthvað annað í umgjörð og starfsramma þeirra. Ég frábið mér fyrir hönd ríkisstofnana almennt að þetta séu rök fyrir því að þær þurfi að einkavæða.

Í öðru lagi, herra forseti: Hefur hv. þm. hugleitt hvort þetta frv., ef samþykkt verður, verði til bóta fyrir íbúa Vestfjarða? Hvernig verður samkeppnin á Vestfjörðum, norður um Strandir? Þær verða ábyggilega í biðröðum, fjarskiptastofnanirnar sem vilja komast þar inn. Hefur hv. þm. hugleitt þetta eða er hann gersamlega bundinn við miðborg suðvesturhornsins?

[14:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ímynd Landssímans hefði verið þannig að þar væri fremur stirðbusaleg ríkisstofnun. Ég held að ég hafi þar ekki sett fram neinn nýjan sannleika. Er þetta ekki það sem kom fram, t.d. í öllum könnunum á ímynd fyrirtækja, til að mynda í Frjálsri verslun? Landssíminn skoraði ekki mjög mörg mörk í slíkum könnunum. Þetta var ekki eitthvað sem ég var að finna upp. Það er fremur ómerkilegur útúrsnúningur manns sem kominn er algerlega í rökþrot að halda því fram að ég hafi verið að ráðast á starfsmenn Póst- og símamálastofnunar. Öðru nær. Ég sagði einfaldlega að þannig hefði þessi ímynd verið. Ég sagði einnig að fyrirtækið hefði verið í mikilli sókn, m.a.

vegna þess að samkeppnin hefði gert það að verkum að fyrirtækið hafi orðið að breytast.

Menn hljóta að hafa tekið eftir því að Landssíminn hefur t.d. opnað sölubúðir fyrir þjónustu sína úti um landið sem ekki voru til staðar áður. Þær voru ekki til staðar áður. Það var meiri háttar mál ef menn ætluðu að kaupa símtæki hér áður og fyrr. Þetta hefur auðvitað breyst vegna þess að samkeppnin er til staðar. Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, þó að ég viti að afturhaldssjónarmiðin vaði uppi hjá vinstri grænum, að hv. þm. ætli að verða sérstakur talsmaður einokunar gegn samkeppni. Eða er það lærdómurinn sem hv. þm. hefur dregið af umræðum síðustu vikna, að einokun sé betri en samkeppni? Ég trúi því varla.

Hv. þm. spurði líka hvort ég teldi að þetta yrði til bóta fyrir landsbyggðina. Já, ég er alveg sannfærður um að þetta verður til bóta fyrir landsbyggðina. Ég held að aukin samkeppni á þessu sviði verði til bóta fyrir landsbyggðina og það sé vel hægt að tryggja ákveðna grunnþjónustu. Hv. þm. spurði, og hlakkaði í honum, hvort ég héldi að menn mundu bíða í biðröðum, þ.e. þjónustufyrirtæki á fjarskiptasviðinu, til að veita Vestfirðingum þjónustu. Ég geri ráð fyrir því, já. Ég geri ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtækin muni nýta þá möguleika sem þau hafa til að flytja þjónustu sína eftir grunnnetinu með þeim aðgangi sem lögin heimila og sinni íbúum Vestfjarða ekkert síður en öðrum á landinu, alveg eins og gerist þar sem samkeppnin er, eins og gerst hefur t.d. á sviði GSM-símans og núna síðast talsímaþjónustunnar með samkeppni frá Íslandssíma.

[14:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er makalaust, herra forseti, en því miður ruglar hv. þm. saman staðreyndum og áttar sig ekki á því hvar hann er staddur í veröldinni. Ef hann kallar það afturhald að vera með fæturna á jörðinni en svífa ekki hátt yfir raunveruleikanum þá má það heita hvað sem er.

Varðandi það að Landssíminn hafi ekki staðið sig í stykkinu þá vil ég benda hv. þm. á að símgjöld hér eru, eins og fram hefur komið í umræðunum, með því lægsta sem gerist í samanburði við nágrannalönd okkar, þrátt fyrir mjög erfiðar landfræðilegar aðstæður. Þó hann færi í alla samkeppni í Bretlandi, eins og hv. þm. kom inn á, þá mundi hann ekki finna þar símgjöld sem komast nálægt gjaldskránni okkar, að því er ég best veit. Það er því afar ósanngjarnt að segja að Landssíminn hafi ekki staðið sig hvað þetta varðar.

Mér er til efs um að hv. þv. væri sáttur, herra forseti, ef þetta þróaðist eins og flugið eða eins og blöðin, að það yrði bara samkeppni einhvern ákveðinn tíma og síðan ríkti hér bara eitt fyrirtæki. Hvernig verður þetta þá? Hefur hv. þm. hugleitt það? Eftir að búið er að selja fyrirtækið þá ræður í sjálfu sér enginn ferð.

Þegar við verðum komin inn í eitt fákeppniseinkafyrirtæki, eins og nú stefnir í, verður hv. þm. sáttur við það?

[14:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er dálítill vandi á höndum enda lætur hv. þm. sig ekki muna um það í andsvörum sínum að gera mér sífellt upp skoðanir. Hann gerir mér upp skoðanir og ræðst síðan á þær skoðanir.

Virðulegi forseti. Á ég að verja það sem hv. þm. er að ráðast á, sem ég hef ekki sagt? Eða á ég að reyna að útskýra það sem ég vildi sagt hafa?

Ég ætla að segja hv. þm. að ég hef aldrei haldið því fram að Landssíminn hafi staðið sig illa. Þvert á móti getur hann lesið gamla ræðu mína frá árinu 1996–1997 þar sem ég vakti athygli á því að Póst- og símamálastofnun hefði að mörgu leyti staðið sig ágætlega í að lækka taxta og staðið sig prýðilega. En það sem hefur gerst síðan er að hér hefur samkeppni eflst og Landssíminn, eins og önnur símafyrirtæki, hefur lækkað taxta sína, t.d. á GSM-sviðinu þar sem gjaldskráin hefur lækkað gríðarlega eins og ég veit að hv. þm. er kunnugt.

Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að reyna að halda því fram að ég hafi reynt að gera hlut Landssímans verri eða viljað níða af honum skóinn á einhvern hátt.

Ég tel að fyrirtækið hafi að mörgu leyti staðið sig prýðilega. Þar hefur verið byggt upp tæknilega mjög fullkomið fyrirtæki. Það kemur fram í gögnunum. Hins vegar hafði það mjög gott af því og var til hagsbóta fyrir fyrirtækið að það fékk samkeppni. Ég efast um að gamla Póst- og símamálastofnunin hefði getað staðist þessa samkeppni í óbreyttu formi.

Varðandi annað sem hv. þm. talaði um í þessu efni þá vil ég bara vísa í ræðu mína.

[14:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í yfirgripsmikilli ræðu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar var eitt atriði sem ég vildi minnast á. Hann talaði um að samkeppni hefði lækkað verð. Það á sannarlega við um vissa þætti þjónustunnar en ekki alla.

Við skulum rifja það upp þegar Landssíminn lét reikna út hvað heimtaugagjaldið ætti að hækka við að önnur fyrirtæki fengju að kaupa aðganginn. Áður fyrr var fastagjaldið í kringum 500 kr. en er núna 1.111 kr. Þar var farið eftir útreikningum Landssímans á kostnaði af margafskrifuðum koparlínum sem vafalaust voru að megninu til lagðar fyrir 30–40 árum. Niðurstaðan varð þessi: Stórhækkun á þessum gjöldum sem kom sérstaklega illa við aldraða og öryrkja og reyndar notendur alla. Hæstv. samgrh. kvaðst ekki undrast viðbrögð við hækkun gjaldsins og var ekkert hissa á hörðum viðbrögðum við þessari stórhækkun. Þetta gerir Landssíminn hins vegar vegna þess að hann hefur afnot af þessu stofnlínukerfi og grunnnetinu og getur þannig reiknað þetta upp til að selja öðrum sem veita fyrirtækinu samkeppni. Þetta er einokun og ekkert annað.

Það eru þessi atriði sem ég vildi gera athugasemdir við, herra forseti, og spyrja hv. þm.: Viljum við kalla þetta yfir okkur? Væri ekki betra að halda grunnnetinu sér þannig að allir fái aðgang að því að kaupa þar þjónustu í stað þess að einn aðili á samkeppnismarkaði verðleggi þessa þjónustu og stórhækki hana um á annað hundrað prósent vegna þess aðrir eiga að fá að veita þessa þjónustu? Ég er auðvitað sammála því að öll fjarskiptafyrirtæki eigi þar aðgang, ekki ætlum við að láta öll fjarskiptafyrirtæki í landinu fara að grafa línur um landið þvers og kruss.

[14:31]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að verða dálítið sérkennilegt hlutskipti sem manni er ætlað, að reyna að leiða hv. þm. Samfylkingarinnar inn í hin helgu vé Evrópusambandsins og taka þá í aukatíma um hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig þar.

Á vegum Evrópusambandsins gilda tilskipanir sem gera ráð fyrir að sú þjónusta sem veitt er, m.a. á grunnnetinu, skuli

veitt á grundvelli kostnaðar. Við erum óvart háðir þessu og verðum að vinna í samræmi við það. Það er t.d. gert ráð fyrir því að verð þjónustunnar sem menn kaupa af Landssímanum í þessum efnum skuli endurspegla kostnaðinn af því að veita þessa þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun, sem er óháð, sjálfstæð eftirlitsstofnun — úrskurðum hennar verður ekki vísað til hæstv. samgrh. né annarra yfirvalda heldur einungis til dómstóla — komst að þeirri niðurstöðu að þetta skyldi gjaldið vera, að það endurspeglaði kostnaðinn af því að veita þessa þjónustu. Um þetta snýst málið.

Hins vegar hefur Landssíminn jafnframt þessu verið að lækka gjöld sín að mörgu leyti eins og önnur fjarskiptafyrirtæki. Það stafar af samkeppninni. Mér finnst að hv. þm. skuldi okkur, eftir þessa ræðu, skýringar á því hvort afstaða hans, þ.e. lærdómurinn sem hann dregur af þessu eina tilviki sem hann nefndi, sé að betra sé fyrir okkur að hafa einokun en samkeppni. Það er þá alveg nýtt í þessari þjóðfélagsumræðu.

[14:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. í röksemdafátækt sinni að sumu leyti hafa snúið út úr máli mínu. Hann vitnaði réttilega í tilskipun Evrópusambandsins sem Póst- og fjarskiptastofnun fór eftir. Ég er sammála því verklagi.

Póst- og fjarskiptastofnun fékk hins vegar til sín útreikninga frá Landssímanum. Þar með voru teknar margafskrifaðar koparlínur sem liggja að hverju heimili. Ef niðurstaðan er að kostnaðurinn við þær eigi að vera 1.111 kr. á mánuði á hvern notanda, þá er ég ósammála því. Landssíminn gat, áður en hann þurfti að selja samkeppnisaðilum aðgang, selt þjónustuna á 500 kr. Hvað gerði það að verkum að kostnaðurinn jókst allt í einu um 600 kr.? Landssíminn er aðeins að nota sér markaðsyfirburði sína til að hækka verðið til að selja samkeppnisaðilum sínum á hærra verði. Af hverju var hægt að selja þjónustuna á 500 kr. áður en þessi tilskipun kom til? Af hverju þarf þetta að kosta 1.111 kr. núna?

Hv. þm. nefndi að Póst- og fjarskiptastofnun ætti að vera eftirlitsaðili, gæta markaðarins og þess að ekki sé okrað á samkeppnisaðilunum. Mismunurinn sem Póst- og fjarskiptastofnunin fékk út úr þessu voru heilar 43 kr. Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti 1.068 kr. á meðan Landssíminn vildi fá 1.111 kr.

Ég vek fyrst og fremst athygli á þessu, herra forseti: Landssíminn gat, áður en samkeppnin kom til, haft fastagjaldið til okkar allra á rúmar 500 kr. Eftir að það þurfti að leyfa öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að kerfinu þá fór verðið allt í einu upp í rúmar 1.100 kr., hækkaði um vel á annað hundrað prósent í einu vetfangi.

Ég er að tala um þetta og bið um að ekki verði snúið út úr því. Ég er sammála því hvernig þetta er gert en ég er ósammála því, svo að það komi skýrt fram, að Landssíminn leggi gögn sín þannig fram að hann nái að okra á samkeppnisaðilunum.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Næstsíðasta setning hv. þm. gerði það að verkum að ég var nærri því hættur við að koma hér í andsvar. Hv. þm. sagði: Ég er sammála því hvernig þetta er gert, ég vil bara ekki að Landssíminn leggi fram útreikningana.

Hvernig á þetta að vera hægt öðruvísi? Verður ekki það fyrirtæki sem um er vélað að leggja fram útreikninga sína til þess að menn geti sannreynt hvort þeir séu réttir eða rangir? Er það þá ekki gert þannig að Póst- og fjarskiptastofnun yfirfari þetta með sérfræðingum sínum? Þetta er sú stofnun sem hefur mest vit á þessu í okkar þjóðfélagi. Við getum ekki gert ráð fyrir því að aðrir geti farið betur í forsendur verðsins en einmitt Póst- og fjarskiptastofnun.

Við skulum aðeins reyna að fylgja þessu eftir rökrétt. Við skulum ímynda okkur að staðan sé sú sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja, að ríkið eigi grunnnetið, að það selji fyrirækið og ríkið eigi ekki símafyrirtæki en eigi þetta grunnnet. Hvernig mundi það gerast nákvæmlega? Yrði þetta ekki gert nákvæmlega svona? Yrði ekki þetta ríkisfyrirtæki, sem ætti grunnnetið og þessar heimtaugar, að leggja fram útreikninga fyrir heimtaugargjaldinu? Yrði það ekki að fara eftir tilskipunum Evrópusambandsins og vinna innan þeirra reglna sem EES-svæðið gefur okkur? Yrði það ekki þess vegna að hlíta þeirri niðurstöðu sem Póst- og fjarskiptastofnun kæmist að? Vitaskuld, virðulegi forseti.

Með öðrum orðum, sú aðferð sem hv. þm. er hér að leggja til varðandi sölu Landssímans mundi engu breyta um þetta tilvik. Hv. þm. yrði bara í nákvæmlega sömu stöðu. Ríkisfyrirtækið, sem í dag heitir Landssíminn, ætti grunnnetið og mundi leggja fram útreikninga sína. Póst- og fjarskiptastofnun mundi yfirfara þá og komast að þeirri niðurstöðu að þar væri 46 kr. mismunur og lækka gjaldið sem því svaraði. Hv. þm. hefur gagnrýnt tiltekið ástand en lagt fram lausn sem breytir engu.

[14:37]

Útbýting þingskjals:

Samningaviðræður ríkisins við sjúkraliða, 718. mál, fsp. SJóh, þskj. 1165.

[14:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., er ekki margar lagagreinar. Greinar þess eru þrjár og allar stuttorðar. Engu að síður fela þær í sér mikil tímamót í ráðstöfun á einni mikilvægustu almannaþjónustu landsmanna.

Í grg. með frv. er því lýst að þegar Landssímanum var breytt í hlutafélag hafi jafnframt verið ákveðið að ekki skyldi ráðstafa hlutunum í hlutafélaginu nema með því, eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta, að tryggt væri „að hlutum yrði ekki ráðstafað nema að loknum nauðsynlegum og vönduðum undirbúningi".

Herra forseti. Þessi undirbúningur er svo vandlegur og unninn af svo mikilli fyrirhyggju að hér á Alþingi, á síðustu dögum þessa þings verður að leyfa að málið sé tekið fyrir með sérstökum undanþágum. Þetta er öll fyrirhyggjan, þetta er nú dæmi um hin vandvirknislegu vinnubrögð, að leggja frv. fram á síðustu dögum þings og leita afbrigða til að koma málinu á einhverri tímametshraðferð í gegnum þingið án þess að það fái þar eðlilega þinglega umfjöllun. Ég gagnrýni þetta, herra forseti, eins og reyndar hefur verið gert áður í dag.

Fjarskiptaþjónusta, grunnfjarskiptaþjónusta er hluti af mikilvægustu almannaþjónustu okkar. Í svo stóru og dreifbýlu landi er fjarskiptaþjónustan grundvöllur þess að hér geti þróast samkeppnishæft samfélag hvar sem er á landinu, að jafnt aðgengi og öruggt sé að fjarskiptaþjónustu hvar sem er. Þróun fjarskiptaþjónustunnar og þeirra möguleika sem hún býður upp á, jafnt í aðgengi, bæði tæknilega og kostnaðarlega, er forsenda þess að einstaklingar og samfélög séu samkeppnishæf og þar þarf að ríkja jöfnuður. Maður

skyldi því ætla þegar kemur að málefnum Landssímans þá ætti ekki að koma til umræðu að setja þessa grunnþjónustu á almennan markað, selja hana hæstbjóðanda, þess vegna á hvaða heimshorn sem er. Maður hefði fremur búist við að stjórnvöld mundu standa vörð um fyrirtækið sem einn máttarstólpa íslensks samfélags.

Því miður stendur nú til, herra forseti, að einkvæða eitt stærsta vígi almannaþjónustunnar og almannaöryggisins, eitt af því sem sameinað hefur okkur sem þjóð að eiga jafnt aðgengi að og allir landsmenn hafa getað haft þar afskipti. Þetta fyrirtæki á að selja og stefna þessum málum í óvissu.

Ef við lítum á stöðuna í dag þá hefur það komið fram að þrátt fyrir að miklir sigrar hafi unnist í að koma á fjarskiptaþjónustu víða um land þá fer því fjarri að á sé kominn á jöfnuður. Eins og komið var inn á í umræðum fyrr í dag þurfti hæstv. samgrh., sem fer með hlutabréfin í Landssímanum hf., að byrsta sig og setja húskörlum sínum þar lífsreglur á síðasta aðalfundi fyrirtækisins. Hann þurfti beinlínis að skikka þá sem eigandi, handhafi hlutabréfsins, og gera þeim ljóst að þetta væri meginhlutverk þeirra, að koma á jafnri, öruggri og góðri þjónustu varðandi fjarskipti og gagnaflutning um allt land. Hann harmaði þá hve litlu hefði verið áorkað í þeim efnum. Viðbrögð framkvæmdastjóra þessa ágæta fyrirtækis voru þau að hann sæi ekki fram á að í náinni framtíð yrði það hægt. Þannig er staðan í dag.

Hvernig halda menn að staðan verði þegar búið verður að selja fyrirtækið og við höfum ekki einu sinni þessa möguleika til að koma stefnu landsmanna, stefnu okkar allra, á framfæri gagnvart þessari þjónustu? Enginn skyldi láta sér detta í hug að þjónustan batni við að fyrirtækið verði selt, við að fjarskiptamarkaðurinn verði allur kominn á uppboðsmarkað.

Það er bara staðreynd að samkeppnin beinist að því að ná í rjómann, hún liggur í því að fleyta rjómann af markaðinum, fleyta rjómann af viðskiptunum. Í því er jú arðurinn og gróðinn fólginn. Þar mun samkeppnin fara fram. Það má vel vera að sú samkeppni sem hv. þm. hafa nefnt í ræðum sínum sé komin í gang á afmörkuðu svæði hér á suðvesturhorninu, það má vel vera.

Herra forseti. Eigum við þá að upplifa þá skilgreiningu að ekki búi ein þjóð í landinu heldur tvær eða þrjár þjóðir? Það sé í fyrsta lagi suðvesturhornið með sitt samkeppnissvæði, síðan kæmi annað samkeppnissvæði og síðan kannski það þriðja? Erum við farin að flokka þjóðina Íslendinga í hópa, í þjóðflokka? Það virðist svo vera á þessum sviðum sem öðrum.

Vísað hefur verið til þess að með lögum um fjarskipti eigi að tryggja að jafnt aðgengi verði að slíkri þjónustu um allt land, þ.e. að grunnþjónustunni. Með skilgreiningu á alþjónustu sé hægt að krefjast þess að fyrirtæki sinni alþjónustu. Það er gott og vel. Það er þó viðleitni í rétta átt að skilgreina alþjónustu fari svo hrapallega sem hér horfir að þessi almannaþjónusta verði seld á uppboði.

Herra forseti. Með skilgreiningu á alþjónustunni og ef hún verður virk og farið verður að beita þeim kröfum, þá erum við að viðurkenna að ekki búi ein þjóð í þessu landi heldur fólk sem hefur misjafnt aðgengi að þeirri almannaþjónustu sem við teljum grundvöll þess að mynda eina þjóð.

Ef fjarskiptaaðili sem rekur fjarskipti segist ekki hafa efni á að reka alþjónustu, hann vanti svo og svo mikið upp á til að geta rekið slíka alþjónustu, þá getur hann sótt um að fá til þess fjárstuðning. Hann verður að rökstyðja þann fjárstuðning, hann verður að rökstyðja kostnaðinn og hann verður að rökstyðja ástæðuna fyrir því að hann geti ekki rekið þá alþjónustu á þeim kjörum sem krafist er. Í greinargerðinni um alþjónustu segir, með leyfi forseta, í 9. gr.:

„Þegar rekstrarleyfishafi, sem hefur verið gert að veita alþjónustu samanber 5. og 6. gr., telur að einhverjir þættir þjónustunnar verði ekki reknir nema með tapi eða séu óarðbærir, t.d. í ákveðnum landshlutum eða með tilliti til sérstakra notendahópa getur hann krafist þess af Póst- og fjarskiptastofnun að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þætti alþjónustunnar."

Þetta lítur afskaplega vel út á pappírnum. Við munum tryggja það að ef einhverjir landshlutar telja sig ekki geta eða einhver vill ekki rækja starfsemina í einhverjum landshlutum, þá reynum við bara að meta það til fjár, hvað það kostar o.s.frv. En ímyndum okkur umræðuna sem færi í gang. Ímyndum okkur þá umræðu sem færi í gang þegar íbúar viðkomandi landshluta mundu upplifa að farið væri að karpa á Alþingi, karpa á milli ráðuneyta, stofnana, einkafyrirtækja og eftirlitsaðila um t.d. hvað búseta þessa fólks kostaði mikil vandræði. Hvernig kostnaðurinn yrði metinn við búsetu fólks í viðkomandi landshlutum, því að aðilinn verður að rökstyðja það. Hann verður að rökstyðja hvers vegna hann þarf aukið fjármagn til þess að halda uppi slíkri þjónustu og það fer náttúrlega ekki hjá því að það þurfi að ræða það. Það þarf að velta því fyrir sér hvernig með skuli fara. Og það fólk sem hélt að það væri Íslendingar til jafns við aðra, það væri jafnmikilvægir þjóðfélagsþegnar og allir aðrir þegnar í þjóðfélaginu, upplifði karp og deilur um hvað tilvera þess og búseta kostaði mikið í þessu tilviki og hvað hugsanlega væri hægt að komast af með að leggja þarna til þannig að hæfilega sómasamlegt væri að mati þeirra sem fjarstaddir eru.

Ég tel því, herra forseti, að með því að fara inn á slíka braut með svo mikilvæga almannaþjónustu eins og hér er, séum við í rauninni að ganga gegn íslensku samfélagi sem einni þjóð. Það er mjög mikilvægt að hafa bílaverkstæði og slík þjónustufyrirtæki, við gerum okkur alveg grein fyrir því. En við getum þó frekar sætt okkur við að ræða þurfi möguleika á rekstri bílaverkstæða hér og þar um landið. En þá grundvallaralmannaþjónustu sem mun ráða því hvort einstaklingar eða samfélag, landshlutar eða einstakir bæir eða byggðarlög yrðu samkeppnishæf á öðrum sviðum, megum við ekki setja á uppboðsmarkað. Umræðan sem af því skapast leiðir einmitt til þess að menn fara að velta fyrir sér hversu mikil vandræði skapast og hversu mikið búsetan hér og þar kosti. Það er dapurleg nálgun, herra forseti, á þeirri mikilvægu þjónustu sem hér um ræðir.

Herra forseti. Maður veltir fyrir sér hvers vegna liggi svona ofboðslega á þessari sölu núna? Jafnframt er upplýst að í sjálfu sér sé sú þjónusta sem í gangi er góð, verðin séu í sjálfu sér vel samkeppnisfær og það er meira að segja þannig að þetta fyrirtæki skilar góðum arði og við stöndum líka frammi fyrir því að við viljum gera enn meiri kröfur til þess. Hvað er það þá sem rekur á eftir því að selja það? Jú, hugsanlega er það bág staða ríkissjóðs. Sú staðreynd kemur fram að það er skilyrt að ákveðinn hluti í fyrirtækinu skuli fara á markað erlendis, ekki hér innan lands. Það skilyrði virðist vera sett. Það virðist vera markmiðið að sú staða er orðin í gjaldeyrismálum að taka verður fram bestu mjólkurkýrnar úr fjósinu, þær sem seljanlegastar eru og reyna að koma þeim út á erlendan markað til þess að ná erlendu fjármagni inn í landið til að mæta eyðslu bæði af hálfu stjórnvalda og af

hálfu þjóðfélagsins. Ef þetta ætti að renna til fjárfestingar gegndi öðru máli. Nei, þetta er til þess að reyna að rétta af ranga efnahagsstefnu. Þá vitum við það, við seljum ekki tvisvar þannig að þetta er skammgóður vermir í sjálfu sér að selja með þessum hætti.

Herra forseti. Í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar nefndi hann og tæpti á allmörgum bókunum, fyrirvörum og sérstökum samningum á milli stjórnarflokkanna um málið. Mér finnst, herra forseti, nauðsynlegt að við fáum á borðið lista yfir allar þessar sérbókanir Framsfl. um málið og þessa sérsamninga eða samþykktir sem eru gerðar á milli flokkanna og ekki koma fram í frv. til laga því að þar virtist vera eitthvað og eitthvað sem þeir framsóknarmenn fengu bókað sér til afsökunar að ganga til liðs við þetta mál. Ég óska eftir því að slíkar bókanir og þessir sérsamningar framsóknarmanna komi fram.

Hvers virði eru slíkar bókanir og slíkar áherslur? Við upplifðum í umræðum áðan að einmitt framsóknarmenn hafa skipt um skoðun býsna hratt varðandi þetta mál og eiga sjálfsagt eftir að gera það nokkrum sinnum enn.

Ég leyfi mér, herra forseti, t.d. að vitna í viðtal við hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson í Ríkisútvarpinu 26. apríl sl. en þar segir, með leyfi forseta:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.: Við munum hins vegar á næstu mánuðum eða missirum ekki selja meiri hlutann í fyrirtækinu. Ég held að það sé skynsamlegt að byrja heldur smátt og sjá síðan hvernig þetta gengur."

Þetta sjónarmið ítrekar hann svo áfram síðar í viðtalinu að það standi ekki til á næstu mánuðum eða missirum að selja meiri hlutann.

Í ljósi allra þeirra skoðanaskipta hjá Framsfl. þá leyfir maður sér náttúrlega að forvitnast um hve mikið er að marka þessa yfirlýsingu. En, herra forseti, sé að marka hana, því væri þá ekki nóg að við værum nú að tala um sölu á 48% eða 49% úr því að ekki er ætlunin að selja meiri hlutann á næstu mánuðum eða missirum. Við getum þá tekið það fyrir á næsta þingi þegar það þætti tímabært þannig að við værum núna ekki að fjalla um annað en það sem stjórnarflokkarnir virðast vera búnir að koma sér saman um. Það væru miklu eðlilegri vinnubrögð og ég auglýsi eftir því, herra forseti, hvort það væri ekki miklu skynsamlegra þannig að Framsfl. þyrfti ekki að snúast svona. Við gætum þá gert það formlega með lagasetningu.

Herra forseti. Það hefur ítrekað verið vitnað til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefði það hlutverk að fylgjast með þessu nýja fyrirtæki. Hér fylgir með í frv. starfsleyfi fyrir Landssímann eða þetta nýja fyrirtæki. Ég leyfi mér að spyrja: Í 3. gr. stendur: „Bregðist leyfishafi skyldu sinni að fullnægja ákvæðum leyfisins eða ef ekki er framfylgt kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um umbætur til úrbóta getur stofnunin afturkallað leyfið að undangengnum hæfilegum viðvörunarfresti."

Afturkallað leyfið? Hvernig ætlum við að framkvæma það? Þetta er grundvöllur almannaþjónustu í landinu og það er búið að selja fyrirtækið. Hvernig eigum við að geta afturkallað leyfið? Hvar stöndum við þá? Getum við innkallað fyrirtækið þá? Ekki vil ég láta þessa þjónustu verða að engu, loka bara, ef leyfið yrði afturkallað. Getum við þá bara kallað þetta allt til baka eða hvað?

Herra forseti. Ég leyfi mér einnig að benda á hvernig Póst- og fjarskiptastofnun hefur t.d. tekið á gagnvart Íslandspósti. Þar liggur núna fyrir bréf, beiðni eða óbein kæra eða ósk um að Póst- og fjarskiptastofnun taki út þá aðstöðu sem Íslandspóstur er að fá í Skagafirði þar sem hann er að leigja burt og loka pósthúsunum. Þetta bréf var lagt fram til Póst- og fjarskiptastofnunar í byrjun mars og það hefur enn ekki verið lyft litla fingri í að svara því (Forseti hringir.) bréfi eða athuga hvernig staðan er, herra forseti. Mér finnst þurfa mikið til að líkur séu á að þær (Forseti hringir.) eftirlitsstofnanir sem við höfum geti sinnt þessu hlutverki sínu, herra forseti.

[14:59]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt sérkennilegt sem kom fram í ræðu hv. þm. og ég vil aðeins tæpa á því sem kom fram í upphafinu þar sem hann vildi meina að því er ég skildi best að þetta mál snerist um að flokka þjóðina í mismunandi þjóðfélagshópa og væntanlega eftir aðgengi að fjarskiptum. Síðast talaði hann um að ákvæði fjarskiptalaga væru til þess fallin að koma í veg fyrir flokkun þjóðarinnar. Mér fannst þingmaðurinn hlaupa þarna í nokkra hringi.

Ljóst er að mismunandi kostnaður er við þessa þjónustu eins og ég held að menn hljóti að gera sér grein fyrir. Fjarskiptalögin eru til þess fallin að jafna þetta út og tryggja að allir landsmenn hljóti aðgang að þjónustunni, ekki síst í dreifbýlinu. Ég held að ágætt væri ef hv. þm. væri tilbúinn að segja okkur með hvaða hætti öðrum hann vill tryggja þessa jöfnu aðstöðu notendanna og með það í huga þá að í gildi eru alþjóðlegar reglur um þessi mál, tilskipanir o.fl. Ég held að nauðsynlegt sé að hv. þm. lýsi því hvernig hann vill sjá þessa hluti.

Ég vil einnig benda á að hv. þm. hefur á öðrum sviðum talið að samfélagið eigi að standa straum af kostnaði við ýmsa samfélagsþjónustu á landsbyggðinni. Þar telur hann eðlilegt að ríkið komi að með fjárframlögum en telur það hins vegar ekki í þessu máli. Þarna er náttúrlega um að ræða hreinan tvískinnung í málflutningi vinstri grænna eins og þeir eru reyndar þekktir fyrir.

[15:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. finnst greinilega allt í lagi að flokka þjóðina og ber fyrir sig einhverjum alþjóðlegum stöðlum í því sambandi.

Ég legg áherslu á að Ísland sé allt eitt þjónustusvæði og þegar um alþjónustu er að ræða eigi ekki að vera að velta fyrir sér hvort þjónustan sé dýrari á Þórshöfn á Langanesi eða á Kópavogshálsinum. Það er sama fólkið, sömu Íslendingarnir, sem búa þar og þjónustan sem á að veita á landsvísu eigi að flokkast sem slík og það sé óheimilt að flokka hana eftir landsvæðum eða öðru slíku. Það eru sömu Íslendingarnir hvort sem þeir búa á Snæfellsnesi eða í Kópavogi.

[15:01]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki alveg nálgun hv. þm. Hann vill að Ísland sé eitt þjónustusvæði og það er einfaldlega þannig samkvæmt öllu því sem við erum að ræða hér, og að ekki eigi að velta fyrir sér kostnaði, allir eigi að njóta þjónustunnar á sama verði, ef ég skil málflutninginn rétt.

Í þessum frv. og reyndar gildandi lögum og alþjóðasamþykktum sem við vinnum eftir eru hlutirnir einfaldlega með þessum hætti. Ég átta mig ekki, því miður, á því hvert hv.

þm. er að fara í sínu máli og tel að það beri einfaldlega vitni um málefnafátækt.

[15:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að framsóknarmenn eigi eftir að skipta um skoðun aftur.

En málið er svo einfalt, ef hv. þm. hefur lesið lögin, að hægt er að ríkisstyrkja þá hluta þjónustunnar sem fyrirtæki geta sýnt fram á að séu óarðbær, m.a. eftir landfræðilegum ástæðum eða öðrum slíkum. Þá verður fyrirtækið að sýna fram á að þessi þjónusta, símaþjónusta, sem er allt í lagi að veita hér og ber sig hér á höfuðborgarsvæðinu eða einhvers staðar, sé því miður of dýr landfræðilega séð þegar komið er hvort heldur á Snæfellsnes eða austur á Langanes, og þá þurfum við ríkisstyrki til þess. Ég hefði alveg eins getað sagt: Við þurfum jafnmikinn ríkisstyrk til að halda uppi þeirri þjónustu sem er í boði hér og þar. Það eigi ekki að heimila að flokka fólk með þessum hætti varðandi þessa þjónustu.

Það er þetta sem ég vildi leggja áherslu á, herra forseti. Allir eiga að vera jafnir gagnvart þessari þjónustu og umræðunni og skilgreiningunni á henni.

[Fundarhlé. — 15:03]

[16:03]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Þetta mál er margþætt og margslungið og hægt að halda langar ræður um það en ég ætla að leitast við að afmarka mig við nokkra þætti málsins.

Í upphafi held ég að rétt sé að rifja örlítið upp þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði þó ekki sé litið lengra aftur en til ársins 1995 þegar Alþingi fjallaði hér um og setti lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Á þeim tíma hefur Ísland innleitt alþjóðasamþykktir og tilskipanir sem m.a. fólu í sér að 1. jan. 1998 var einkaréttur ríkisins til fjarskipta afnuminn og opnað var fyrir samkeppni í fjarskiptum. Þetta var grundvallarbreyting á starfsumhverfi fjarskipta hér á landi og miðaði fyrst og fremst að því að innleiða samkeppni í þágu neytenda.

Aukinn sveigjanleiki með opinni samkeppni bæði innan lands og á alþjóðlegum vettvangi, tækniþróun og auknar kröfur neytenda kalla á að fjarskiptafyrirtækin geti brugðist við nýjum og síbreytilegum aðstæðum og áherslum á fjarskiptamarkaðnum. Eins og dæmin sýna og við þekkjum er þróun á sviði fjarskipta mjög hröð og hefur margt breyst á því sviði á allra síðustu missirum og árum. Fjarskiptarekstur í samkeppnisumhverfi með þeim lögmálum sem gilda um rekstur og stjórnun slíkra fyrirtækja er til þess fallinn að kalla fram nýjar leiðir og hagkvæmari tæknilausnir, allt í þágu neytenda. Allt þetta tel ég rök fyrir því að opna þurfi eignaraðild að Landssímanum og fjölga eigendum fyrirtækisins.

Eftir að opnað var fyrir samkeppni í fjarskiptum hafa ný fyrirtæki verið stofnuð og haslað sér völl á fjarskiptamarkaði. Þar með hefur starfsemi á sviði fjarskipta aukist mikið með fjölgun þekkingar- og tæknistarfa og hefur sú þróun á allra síðustu missirum og árum skapað nýja vídd í atvinnustarfsemi í landinu. Ég endurtek að ég tel að allar þessar breytingar á tiltölulega fáum árum kalli á það að breyting verði á eignarhaldi á Landssímanum, eins og frv. sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir.

Með ríkið sem eina eiganda Landssímans eru til staðar pólitísk tök á fyrirtækinu sem eru að mörgu leyti óheppilegt fyrirkomulag í samkeppnisumhverfi. Það gerir m.a. stjórnendum Landssímans erfitt um vik. Þeir eru oft eins og á milli steins og sleggju, milli stjórnvalda og pólitískra hagsmuna annars vegar og samkeppnisaðila og hins frjálsa markaðar hins vegar. Þetta kallar í mínum huga á breytt eignarhald á fyrirtækinu og þar gildir einu hvort um er að ræða grunnnetið svokallað eða aðra hluta fyrirtækisins sem starfa meira á samkeppnissviði. Afstaða þingmanna Samfylkingarinnar til þessa atriðis kemur mér örlítið á óvart, hæstv. forseti. Ég hef staðið í þeirri trú að Samfylkingin hafi með málflutningi sínum mælst til að dregið yrði úr ríkisafskiptum og ríkiseinokun á ýmsum sviðum. Ég hefði haldið að Samfylkingin væri tilbúin að fallast á þau rök í þessu máli.

Almennt virðist mikill meiri hluti fyrir því í þjóðfélaginu, samkvæmt því sem fram hefur komið, að ríkið selji öðrum eignarhluta í Landssímanum. Hins vegar hefur verið ágreiningur um það hvort selja eigi fyrirtækið í einu lagi eða skilja hið svokallaða grunnnet frá við söluna og ríkið eigi það alfarið. Umræðan um hið svonefnda grunnnet hefur verið nokkuð óskilgreind að mínu mati. Ég kalla eftir því í þessari umræðu að þeir sem hafa talað fyrir því að halda grunnnetinu eftir við þessa sölu geri nánar grein fyrir því hvað átt er við með hugtakinu „grunnnet". Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi fram og stjórnarandstaðan skýri nákvæmlega hvaða hluta fjarskiptakerfisins í heild sinni átt er við þegar menn tala um grunnnet og að það eigi að halda því eftir í eigu ríkisins. Ég kalla eftir þessu, hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt vegna málefnalegrar umræðu um málið að þetta komi fram.

Niðurstaðan í frv. sem hér er til umræðu lýsir sameiginlegri afstöðu stjórnarflokkanna og gerir ráð fyrir því að selja fyrirtækið í einu lagi eins og það er samsett í dag. Í úttekt sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu lét gera og birtist í skýrslu nefndarinnar um einkavæðingu og sölu hlutabréfa í Landssímanum koma fram ítarleg rök fyrir því að ekki er lagt til að grunnkerfinu verði haldið eftir í eigu ríkisins. Þessi afstaða byggist m.a. á rekstrarlegum rökum og ekki síður tæknilegum rökum, þ.e. að ekki sé ástæða til að skipta fyrirtækinu upp með þessum hætti út frá sjónarmiðum um þjónustu, samkeppni eða vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar fyrirtækisins.

Tæknilegu rökin gegn því að skilja grunnnetið frá við sölu fyrirtækisins eru m.a. að erfitt sé að skilja þjónustu grunnnetsins frá annarri þjónustu fyrirtækisins og ef slíkur aðskilnaður eigi að fara fram kalli það á fjárfestingar í stjórn og tengibúnaði sem mundi þýða mjög aukinn kostnað fyrir neytendur. Þetta hefur, herra forseti, margoft komið fram í þessari umræðu. Þó er rétt að taka fram að auðvitað er tæknilega mögulegt að skilja grunnnetið frá. Hins vegar er bent á hina óhagstæðu þætti þess, að það mundi hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir neytendur o.s.frv. Ég vísa þar í rök sem koma fram í skýrslu einkavæðingarnefndar.

Þau rök hafa verið sett fram fyrir því að ríkið eigi grunnnetið að það tryggi betur eðlilegan aðgang samkeppnisaðila Landssímans að fjarskiptanetinu. Þessi rök eiga vart við þar sem gildandi fjarskiptalög kveða á um slíkan aðgang. Einnig má benda á að fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann eru þegar byrjuð að leggja og byggja upp sín fjarskiptanet ásamt því að rafstrengir eru nýttir til gagna-

flutninga og áform eru um að auka við það. Fjarskipti eiga sér einnig stað með örbylgjum.

Það að grunnnetið sé í eigu fjarskiptafyrirtækis sem starfar í samkeppnisrekstri og er knúið áfram við framþróun og innleiðingu nýjustu tækni í samkeppni við innlend og erlend fjarskiptafyrirtæki hlýtur að tryggja að fjarskiptanetið verði í stöðugri uppbyggingu sem tryggir bestu gæði á hverjum tíma. Ef grunnnetið væri alfarið í eigu ríkisins væri að mínu mati ekki hægt að halda því fram fyrir fram að uppbygging og gæði netsins yrðu meiri en ef það yrði í eigu Landssímans áfram. Að öllu samanlögðu má því færa rök fyrir því að það sé í þágu neytenda og landsmanna allra að grunnnetið verði í eigu Landssímans en ekki skilið frá fyrirtækinu og alfarið eign ríkisins.

Meginforsenda þess að allir landsmenn hafi aðgang að fjarskiptanetinu með sambærilegum gæðum og verði er að löggjöf um fjarskipti séu þannig úr garði gerð að slíkt verði tryggt. Í raun og veru gildir þar einu hvort Síminn er í eigu ríkisins eða ekki. Einnig þurfa þær eftirlitsstofnanir sem starfa á þessu sviði, bæði Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun, að vera virkar og sinna hlutverki sínu gagnvart öllum aðilum á fjarskiptamarkaði.

Herra forseti. Fjarskiptalöggjöfin sem í gildi er og var lögfest hér 1999 leggur að mínu mati grunninn að því að það er framkvæmanlegt að selja fyrirtækið. Ég verð að segja að eftir að hafa hlustað á umræðuna í dag finnst mér að sumir hv. þm. séu ekki með það á hreinu hvað felst í þessum lögum. Ég ætla að stikla hér á nokkrum atriðum sem skipta verulegu máli í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi ber að nefna skylduna til að veita alþjónustu og skilgreininguna á alþjónustu. Skilgreiningu alþjónustu var breytt við setningu áðurnefndra laga. Áður náði alþjónusta eingöngu yfir talsímaþjónustu en með núgildandi lögum nær alþjónusta einnig yfir gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu sem notuð er til að tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins. Í mínum huga skiptir þetta atriði verulega miklu máli. Það á að tryggja að landsmenn alls staðar á landinu geti tengst fjarskiptanetinu með sambærilegum gæðum um allt land.

Í lögunum um fjarskipti er einnig um að ræða ákvæði um jöfnunargjald til að bera uppi þjónustu á óhagkvæmum svæðum. Hér hafa menn m.a. talað um að ekki sé heppilegt og eðlilegt að skipta landinu upp í slík svæði. Við verðum hins vegar að lifa í þeim veruleika og átta okkur á þeim staðreyndum sem gilda í dag og ég tel að ákvæðin um jöfnunargjaldið séu mjög mikilvæg að þessu leyti. Ákvæði laganna kveða einnig á um opinn aðgang samkeppnisaðila að fjarskiptanetinu. Þar með er samkeppni á þessu sviði virk, þ.e. samkeppnisaðilar Landssímans, sem hefur eignarhaldið á fjarskiptanetinu, eiga samkvæmt lögunum að hafa aðgang að þessu neti. Þetta er einnig mjög mikilvægt atriði varðandi þetta mál.

Hægt væri að tína hér til, herra forseti, fleiri atriði laganna, svo sem varðandi aðgang að leigulínum, aðgang að heimtaugum og reikisamningum varðandi farsímaþjónustuna. Rétt er að benda á að nýlega tóku gildi samningar milli Landssímans og Tals, sem eru þau fyrirtæki sem fram undir þetta, skulum við segja, hafa veitt farsímaþjónustu og GSM-þjónustu — að vísu er Íslandssími tekinn til við að veita þá þjónustu núna. Ákvæði laganna tryggja það og hafa gert það að verkum að þessir aðilar hafa gert samninga um aðgang að fjarskiptanetunum þannig að þeir notendur sem eiga viðskipti við Tal geta gert það þar sem Landssíminn er með samband. Einnig þetta tryggir samkeppnina og aðgang neytenda að fjarskiptanetinu.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að tína fleira til úr þessum lögum. Ég vildi nefna nokkur atriði til stuðnings við eða sem rök fyrir því að grunnnetið, sem menn tala um, verði selt með fyrirtækinu. Í mínum huga, eins og ég hef áður sagt, skapa fjarskiptalögin grundvöll þess að það sé framkvæmanlegt.

Í þessari umræðu hefur stjórnarandstæðingum verið tíðrætt um afstöðu framsóknarmanna. Það er rétt sem fram hefur komið að einstakir flokksmenn og þingmenn hafa lýst skoðunum sínum á fyrri stigum málsins um að ríkið eigi að halda grunnnetinu eftir. Hins vegar liggur hér fyrir frv. þar sem Framsfl. stendur fullkomlega að því eftir nána skoðun á þessu máli. Það ber að taka það fram að flokkurinn sem slíkur hefur ekki mótað sérstaka afstöðu eða stefnu um það hvernig á að framkvæma sölu fyrirtækisins. Það birtist hins vegar í því frv. sem hér liggur fyrir og ber að túlka það á þann hátt.

Við meðferð málsins í þingflokki framsóknarmanna var samþykkt að málið næði fram að ganga og yrði lagt fram á hinu háa Alþingi með ákveðnum, kannski er ekki rétt að segja fyrirvörum, en þannig að tekið verði tillit til tiltekinna atriða. Þar á meðal er að stjórnarflokkarnir móti sameiginlega framtíðarstefnu um uppbyggingu fjarskiptakerfisins um allt land þannig að landsmenn eigi aðgang að sem sambærilegastri þjónustu fyrir sama verð og tryggt verði fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda í þessu skyni. Þarna leggja framsóknarmenn áherslu á það, sem er reyndar kveðið á um í fjarskiptalögum, að allir landsmenn eigi aðgang að fjarskiptanetinu um allt land á sambærilegu verði. Í öðru lagi að stjórnarflokkarnir gangi frá samkomulagi um áfangaskiptingu sölu fyrirtækisins, sérstaklega með tilliti til þess hvenær meiri hluti fyrirtækisins skuli seldur. Einnig kemur fram að stjórnarflokkarnir geri með sér samkomulag um ráðstöfun söluandvirðis ríkisfyrirtækja og í þessu tilviki Landssímans. Og loks að eftirlitsstofnanir ríkisins á þessum sviðum, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun, verði styrktar til að vera virkari í því að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Herra forseti. Ég dreg þetta fram í tilefni af þeirri umræðu sem hefur farið fram í dag og til að skýra nánar afstöðu þingflokks framsóknarmanna í málinu.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu en svona rétt í lokin vil ég segja það að ég mun að sjálfsögðu taka þátt í umfjöllun þessa máls í hv. samgn. Ég vil enda mál mitt á því að leggja áherslu á tvö grundvallaratriði sem ég tel að skipti verulega miklu máli. Það er í fyrsta lagi hið breytta rekstrarumhverfi og almenna starfsumhverfi fjarskipta, bæði innan lands og á alþjóðlegum vettvangi, sem kom m.a. fram í reglum sem voru innleiddar 1. jan. 1998 þegar afnuminn var einkaréttur ríkisins í fjarskiptum og opnað fyrir samkeppni á þessu sviði. Ég met það svo að í framhaldi af þessari þróun og þessum breytingum kalli staða mála í rauninni eftir því að eignarhaldi Landssímans verði breytt.

Í öðru lagi tel ég að gildandi fjarskiptalög séu grundvallaratriði varðandi þetta mál og þau ákvæði sem þar eru, sem ég hef stiklað á stóru yfir, feli það í sér og miði að því að auka samkeppni og allt er það í þágu neytenda. Þessi löggjöf skapar að mínu mati grundvöll þess að framkvæmanlegt sé að selja hlut í Landssímanum.

Eins og ég segi mun ég koma nánar að þessu máli í umfjöllun í samgn. og hef því lokið máli mínu í bili.

[16:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson flutti ágæta ræðu og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Hins vegar vil ég taka skýrt fram að ég held að það sé ekki rétt nálgun að setja kvaðir í fjarskiptalög og síðan einhvers konar tegund af lögreglu til að fylgja þessu eftir í ljósi þess að við erum með fyrirtæki sem hefur, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra í morgun, 85% hlutdeild í þeim tekjum sem verða til á þessu sviði. Það er einmitt þetta sem ég held að sé einfaldlega röng nálgun, að hafa fyrirtæki af þessari stærðargráðu, viðurkenna það, og í framhaldi af því einhvers konar viðbrögð sem eru í kvöðum í fjarskiptalögum og vera með einhvers konar aukalöggæslu í formi Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar. Ég held að þetta sé röng nálgun að verkefninu.

Hv. þm. nefndi í ræðu sinni að tölvubyltingin, ef svo má að orði komast, hafi skapað nýja vídd í atvinnustarfsemi í landinu, það hafi nánast orðið til ný tegund eða ný atvinnugrein hafi þróast undanfarin ár. Það er einmitt kjarni málsins í þessari umræðu og sem lýtur að þeirri spurningu: Hvernig mun þessari nýju grein vegna í því umhverfi sem hér er verið að skapa? Þetta finnst mér vera grundvallarspurning vegna þess að ég er ósammála því að fara inn í þetta á þessari forsendu að vera með risafyrirtæki á þessu sviði, viðurkenna það, reyna síðan að bregðast við með því að setja kvaðir í fjarskiptalög og setja síðan Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun sem sérstaka eftirlitsaðila. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að nær hefði verið að skipta fyrirtækinu upp og þá hefðum við fengið aðra markaðsgerð. En ég vil beina þessari spurningu einmitt til hv. þm.

[16:21]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með fjarskiptalögum og ákvæðum um eftirlitsstofnanir á sviði fjarskipta er verið að setja leikreglur um þessa atvinnugrein. Það eru leikreglur um ýmsar atvinnugreinar, t.d. á viðskiptasviði o.fl., og auðvitað er fyllilega eðlilegt og rökrétt að setja slíkar leikreglur um þetta svið, ekki síst eftir þær breytingar sem urðu t.d. 1. jan. 1998 þegar innleidd var samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að slíkar leikreglur séu settar í því tilefni.

Fjarskiptalöggjöfin sem er í gildi í dag er í raun og veru rammi sem er settur utan um samkeppni á þessu sviði. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt að ég tel að fjarskiptalöggjöfin skapi forsendur og grundvöll fyrir því að farið sé út í þá framkvæmd sem hér er lagt til, þ.e. að einkavæða Landssímann á samkeppnismarkaði.

[16:22]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt hárrétt hjá hv. þm. að fjarskiptalögin eru fyrst og fremst almennar leikreglur og eiga að vera það. En þrátt fyrir að við séum nokkuð sammála um þennan veruleika þá komumst við hvor að sinni niðurstöðu, drögum við hvor sína ályktun. Það er einmitt í fjarskiptalögum sem hefur þurft að setja sérákvæði um stöðu markaðsráðandi fyrirtækja, um aðkomu annarra að netum, um aðkomu annarra að heimtaugum o.s.frv. af því að það er eiginlega einhvers konar niðurstaða að viðurkenna þessa stöðu og nota fjarskiptalögin í stað þess að nota það sem almennar leikreglur sem viðbrögð við þessari stöðu að hluta. Það eru kvaðir á fyrirtækinu í fjarskiptalögum og því er ég einmitt að halda fram að sé röng nálgun. Ég held að það hefði verið miklu betra að vaxtarbroddar fengju að þróast og þroskast í því umhverfi, að það séu þessi stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða, það verður að halda því til haga, að því yrði skipt upp í stað þess að afhenda einu tilteknu fyrirtæki þá sérstöðu stöðu að hafa t.d. einokun eða eiga tengingar inn í hvert einasta hús í landinu.

Það er alveg ljóst að ekki verður veitt nein notendaþjónusta nema það verði gert í samráði eða samstarfi við þetta fyrirtæki. Það er það sem er verið að gagnrýna hér að í stað þess að fara þá leið að skipta þessu upp, þá er því fyrirtæki sem hefur mjög margbreytilega starfsemi einnig ætlað að sjá um þetta en settar á það einhvers konar kvaðir sem reynslan sýnir að er mjög erfitt að framfylgja.

[16:24]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sagt að ég tel að fjarskiptalöggjöfin tryggi það sem menn hafa áhyggjur af í þessu máli, þ.e. að Landssíminn starfi hér með einhverja einokunaraðstöðu. Hvort sem það er gert af þessu tilefni eða einhverju öðru þá er staðreyndin sú að ákvæði laganna tryggir þetta og mér heyrist við reyndar vera sammála um það, ég og hv. þm.

Í öðru lagi vil ég segja að vaxtarbroddar á sviði fjarskipta hafa aldeilis verið að þróast og þroskast. Samkeppnisaðilar Landssímans, sem hafa sprottið upp á síðustu kannski tveimur árum, hafa aldeilis verið að auka markaðshlutdeild sína á ýmsum sviðum fjarskipta, ekki bara á GSM-sviðinu heldur ýmsum öðrum sviðum. Það sýnir okkur auðvitað að þessi innleiðing samkeppninnar hefur gert það að verkum að mikill vöxtur hefur orðið á þessu sviði og skapað fleiri störf í þekkingariðnaði. Ég tel að með frekari einkavæðingu Landssímans muni þessi þróun halda áfram og vaxa enn frekar.

[16:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg makalaust að fylgjast með málflutningi framsóknarmanna í þessu máli og þau sinnaskipti sem eru orðin þar á bæ. Nú er einkavæðing eftir hugsun sjálfstæðismanna efst á blaði.

Ég vil spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson: Í ræðu hans kom fram að með einkavæðingunni yrði frekar fylgst með þróuninni. Þetta er þvert ofan í allt sem fram hefur komið í skýrslum og úttektum á íslenskum fjarskiptamarkaði. Ég veit ekki betur en að við séum með eitt hagstæðasta verð á þjónustunni og við erum eitt tölvuvæddasta og internetvæddasta samfélag í heimi. Í máli hv. þm. var eins og hann teldi að þróunin mundi stöðvast hjá Landssíma Íslands ef hann yrði ekki einkavæddur. Þetta er náttúrlega þvílíkt bull að það hálfa væri nóg.

Við höfum staðið okkur mjög vel og ég vil að þingmaðurinn geri grein fyrir því af hverju hann telur að einkavæðing sé nauðsynleg á þessum forsendum til að fylgjast með þróuninni og framförum. Höfum við ekki gert það af myndarskap í gegnum þetta fyrirtæki í svo mörg ár? Ekki sakar að minnast líka á verðið í þessu sambandi sem er talið eitt það hagstæðasta í heimi.

[16:27]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það bera vitni um málefnafátækt vinstri grænna að bera það á borð að aðrir hv. þingmenn fari með bull. Ég leyfi mér að mótmæla því að svo sé og hvet menn til að ræða þessi mál málefnalegar.

Ég hef aldrei haldið því fram að framþróun Landssímans stöðvist ef hann er ekki einkavæddur. Það er ekki rétt. Það hefur hvergi komið fram í máli mínu að svo sé og ég mótmæli því þeirri ályktun sem hv. þm. dregur af málflutningi mínum hér.

En að öðru leyti eru vinstri grænir mjög uppteknir af því að ræða um framsóknarmenn. Til að eyða óvissunni get ég sagt hv. þm. að ég hef ekkert breytt um skoðun í þessu máli persónulega, svo að það komi nú hér fram. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það eigi að ganga þessa götu eins og lagt er til hér.

[16:28]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram hjá okkur í umræðunni og í umræðu um þessi mál hér í þinginu áður að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ekki selja Landssímann. Við viljum halda honum sem ríkisfyrirtæki þannig að það sé alveg klárt.

En ég gat ekki betur heyrt af málflutningi þingmannsins áðan en að hann legði mjög mikla áherslu á framtíðina, þróunina, nýja tækni o.s.frv., og það var sett í samhengi við nauðsynina á því að einkavæða fyrirtækið. Þetta var mjög klárt. Við skulum fá útskrift af þessari ræðu seinna og vita hvort ég hef nokkuð misskilið það.

Þetta eru röksemdir sem færðar eru fram nánast af öllum sem tala fyrir málinu þrátt fyrir að málin standi þannig að þetta er fyrirtæki sem hefur staðið sig mjög vel, stenst allan samanburð á heimsvísu hvað gæði og hvað verð varðar. Mér kemur satt að segja á óvart að framsóknarmenn, menn sem hafa kennt sig við samvinnu, skuli á þessu sviði fara inn á einkavæðingarvagninn með sjálfstæðismönnum eins og á svo mörgum öðrum sviðum, sérstaklega í ljósi þess að þetta er fyrirtæki sem hefur gert mjög vel í gegnum árin þó að auðvitað megi alltaf gera betur eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, svo sem eins og í þjónustu við dreifbýlið.

Svo vil ég spyrja hv. þm. hvort honum finnist eitthvað að því sem samvinnumaður að jöfnunin sé tekin í gegnum rekstur á einu af stoðkerfum samfélagsins á þennan hátt í staðinn fyrir að leggja upp með þá hugmyndafræði sem er nú uppi í Framsfl. að þeir megi éta það sem úti frýs þar sem ekki borgar sig að vera á markaði og það eigi síðan að jafna með framlögum í gegnum ríkissjóð. Þetta er alveg ný stefna hvað varðar uppbyggingu á stoðkerfum landsins. Það má þá kannski fara út í aðra hluti í framhaldi af því hvort sem við tökum heilbrigðisþjónustuna eða skólamálin o.s.frv. En í huga okkar er símaþjónustan stoðkerfisþjónusta. Þess vegna viljum við ekki einkavæða hana og viljum að ríkið standi í þeim rekstri og viljum stunda jöfnuð á þjónustunni í gegnum það fyrirtæki.

[16:30]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt fjarskiptalögum er gert ráð fyrir því að jöfnun komi í gegnum rekstur með ákveðnu jöfnunargjaldi. Það er þannig alveg skýrt. Ég er hins vegar klár á því að afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er alveg skýr í málinu. Þeir vilja ekki selja. Ég meðtek það eins og það er. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að gera neinar athugasemdir við það.

Ég legg áherslu á það sem ég hef sagt, að samkeppnin er drifkraftur þróunar og uppbyggingar. Við höfum séð það á þeim árum sem liðin eru frá því að samkeppnin var innleidd á fjarskiptasviði. Ég held að menn hljóti að geta verið sammála um þessar staðreyndir, að samkeppnin sem hér hefur mótast, er að mótast og verður vonandi sem mest á þessu sviði, er drifkrafturinn í framþróun og uppbyggingu á fjarskiptasviði.

[16:31]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessum tveimur frv. sem hér eru lögð fram. Ég lýsi yfir mikilli ánægju minni með þá vinnu sem hæstv. samgrh. hefur lagt í þau. Mér finnst sú gagnrýni minni hlutans að málið hafi ekki verið vel unnið bæði óskýr og úr takti við raunveruleikann.

Undirbúningur fyrir þetta mál hefur verið mjög langur. Ég minni á ferð þingmanna með samgn. fyrir fimm árum til Norðurlanda að frumkvæði þáv. samgrh. Halldórs Blöndals þar sem skoðuð voru símafyrirtæki, bæði í Danmörku og í Noregi. Sú ferð var fyrst og fremst farin til að við gætum lært af því hvernig aðrar þjóðir hefðu skipt upp þessum fyrirtækjum og gert að hlutafélögum, eins og þáv. samgrh. Halldór Blöndal stefndi að að gera hér á landi.

Erlendis hefur þróunin á þessu sviði verið mun hraðari en hér. Í Danmörku og í Noregi, sérstaklega í Noregi, fóru menn fljótlegri leiðir og buðu fyrirtækin út á mörkuðum, t.d. í Bandaríkjunum. Samkvæmt þeim sem við töluðum við úti í Danmörku reyndist það mjög vel og verðið sem fékkst var gríðarlegt.

Kostir þess að við bjóðum þetta út finnast mér nokkuð augljósir. Það losnar t.d. heilmikið fé við að selja þetta fyrirtæki sem nýta má til uppbyggingar og niðurgreiðslu skulda sem að sjálfsögðu er markmið með sölu fyrirtækja í eigu ríkisins.

Í öðru lagi losnar fyrirtækið náttúrlega úr viðjum ríkisforsjár sem eru því augljóslega til trafala. Í umræðum um þetta mál hafa margoft komið fram þau sjónarmið að til að ná verulega góðum tökum á nútímarekstri þurfi frjálsræði þar sem fjölþætt eignaraðild er grunneiningin. Ég tel því mjög eðlilegt að við förum sömu leið og reynum að nýta okkur þá reynslu sem erlendis hefur fengist í þessum málum.

Erlendis hefur vöxtur og viðgangur þessara fyrirtækja verið mikill. Við að hlutafjárvæða og selja aðgang að þeim hafa skapast möguleikar sem ríkisfyrirtæki höfðu ekki, þ.e. að tengjast öðrum fyrirtækjum í öðrum löndum. Eins hefur þróunin verið hraðari en ella hefði orðið.

Ég álít, herra forseti, að með þessari breytingu muni þjónusta við neytendur batna og þeir muni sjá það fljótlega, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í frv. að þjónustan aukist samfara breytingunni. Við sjáum það t.d. í athugasemd við 2. gr. frv. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssímanum. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að tryggja að markmiðum stjórnvalda um aðgang allra landsmanna að nútímafjarskiptaþjónustu verði náð hefur samgönguráðherra gert samkomulag við Landssíma Íslands hf. um að Landssímanum verði gert skylt að veita tiltekna fjarskiptaþjónustu umfram það sem mælt er fyrir um í fjarskiptalögum, reglugerð um alþjónustu og rekstrarleyfi Landssímans. Í samkomulaginu skuldbindur Landssíminn sig til að byggja upp ATM-þjónustu og ADSL-

gagnaflutningsþjónustu á talsímanetinu umfram það sem heimilt er að krefjast af fyrirtækinu samkvæmt gildandi lögum.“

Hér segir svo, með leyfi forseta, til viðbótar:

„Verð skal vera það sama um allt land fyrir tengingu innan sama svæðis.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samkomulaginu áformar Landssími Íslands einnig að uppbygging á svonefndri ADSL-þjónustu í öllum stærri þéttbýliskjörnum muni fara fram á næstu tveimur árum nái framangreind þjónusta, eða önnur jafngild þjónusta, til 75–80% þjóðarinnar.“

Til þess að menn átti sig á því hver munurinn er á ISDN- og ADSL-þjónustu þá er hraðinn á gagnaflutningum nærri 10 þúsund sinnum meiri með svokallaðri ADSL-þjónustu en í ISDN-tengingu, sem flestallir þingmenn keyptu sér fyrir um tveimur árum. Ég held að menn geti út frá því áttað sig á því hve örar breytingarnar eru. Þessa þjónustu á að veita um allt land. Hana á að tryggja með ákveðnum hætti og að sjálfsögðu hlýtur það að koma landsbyggðinni jafnmikið að gagni og þéttbýlinu eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég held, herra forseti, að menn geti eytt öllum efasemdum um að grunnnetið hefði þurft að fylgja með þessari sölu. Eina leiðin til þess að tryggja þjónustuna er að þetta sé á sömu hendi. Ég hef aldrei áttað mig á gagnrýni minni hlutans á Alþingi á þessa sölu, þ.e. á þeirri forsendu að ef grunnnetið fylgi fyrirtækinu þá sé síður tryggt að landsbyggðin fái eðlilega þjónustu. Ég hef í raun aldrei fengið neina skýringu á því hvers vegna þetta á að vera svo hættulegt ... (Gripið fram í.) Ég hef oft heyrt þær ræður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég hef líka sagt það í þessum ræðustól að það að skilja grunnnetið eftir og selja Símann án þess væri eins og að selja vélarlausan bíl. (**Gripið fram í:** Eru hinir allir vélarlausir?)

Ég held að þegar menn eru að hugsa um að selja alvörufyrirtæki, eins og Síminn er, þá geti þeir ekki gert ráð fyrir því að sú sala skili nokkru, ætli þeir að brytja fyrirtækið niður og selja í pörtum en ætlast samt sem áður til þess að þjónustan sé sú sama og áður. Það er nánast útilokað. Eftir því sem sundurgreiningin verður meiri þeim mun erfiðara verður að skikka aðila til þess að halda uppi þjónustu.

Með þessari sölu, herra forseti, er tryggð ákveðin dreifing eignaraðildar en að samt séu nokkuð sterkir grunnaðilar. Segja má að með því að tryggja starfsmönnum ákveðna aðild verði starfsmenn tryggari með sinn hlut, þ.e. með beinni aðild að rekstri fyrirtækisins. Eftirlitið með fyrirtækinu er í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar og annarra eftirlitsaðila samkvæmt lögum. Ég held að það sé full ástæða til að treysta því að eftirlitið verði tryggt. Eins og ég las upp áðan þá er tryggt með þessu frv., ef að lögum verður, að landið allt muni njóta þjónustunnar. Að mínu áliti munum við um leið tryggja og bæta þjónustu við landsbyggðina en ekki öfugt.

Ég verð því að lýsa yfir furðu minni á þeirri gagnrýni, sérstaklega frá vinstri grænum sem hafa, að mér finnst, látið vaðið á súðum og haldið því fram, að verið sé að draga úr styrk landsbyggðarinnar og þjónustu við hana með frv. Þar er talað þvert á staðreyndir. Ég veit ekki af hverju vinstri grænir hafa komist upp með slíkan málflutning og ég tel alveg tímabært að fara að reyna að leiðrétta slíkar rangfærslur.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mikið lengra mál. Ég álít að fyrir ríkissjóð og þjóðina sé þetta mjög mikilvægt mál. Ég tel að það komi til með að styrkja krónuna þegar þessi sala hefur náð fram að ganga. Ég tel að fyrirtækið styrkist einnig við að fá til samstarfs við sig erlenda eignaraðila. Ég lít svo á að það sé mjög mikilvægt. Við erum um leið að skapa ný fjárfestingartækifæri bæði fyrir Íslendinga og aðra sem eru mjög mikilvæg. Við sem fylgjumst með hlutabréfamarkaðnum á Íslandi sjáum að hann er vægast sagt mjög veikur í dag. Það er áhyggjuefni og tækifærið til að koma nýju lífi í þann markað með slíku útboði er að sjálfsögðu kærkomið.

Ég vona að útboðið njóti trausts. Ég held að fyrirtækið hafi sem slíkt sýnt að það er mjög vel uppbyggt. Það er kannski það eina sem mér fannst rétt í ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar áðan. Fyrirtækið er traust, gott og mjög söluhæft. Það er að sjálfsögðu ástæðan fyrir því að til stendur að setja þetta fyrirtæki á markað. Það er mjög söluhæft. Þess vegna á það að geta gengið á erlendum mörkuðum sem innlendum.

Ég get tekið undir það að þessi sala hefði gjarnan mátt vera fyrr á ferðinni. Það náðist ekki en auðvitað er heilmikið til í því hjá hæstv. ráðherra að það hefði verið leiðinlegt, ef fyrirtækið hefði verið selt þegar verð á hlutabréfum voru í skýjunum, ef svo má að orði komast, að standa frammi fyrir því að menn hefðu keypt fyrirtæki sem hefði fallið mikið í verði. Ég er samt ekki viss um að það hefði gerst með Símann, að hann hefði lækkað svo mjög í verði. (Gripið fram í.) Ég hef ekki hugmynd um hlutafélagaskrána í Thermo Plus, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég tel því ekki saman að jafna enda lít ég svo á að Síminn sé eitt traustasta fyrirtæki sem Íslendingar eiga. Ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson er að jafna því við Thermo Plus þá veit ég ekki hvar hv. þm. er í umræðunni. Ég held að hv. þm. sé í rauninni ekki hér á landi ef hann er farinn að jafna þessu tvennu saman. Ef þetta er eitthvert grín þá getur hv. þm. leiðrétt það hér á eftir en mér finnst þetta mjög ábyrgðarlaust.

Ég vil að endingu lýsa yfir miklum áhuga mínum á því að þetta mál nái fram að ganga og vonast til að það gerist sem fyrst.

[16:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist alls ekki skilja þau rök sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa fært fram fyrir því að hafa dreifikerfið í aðskildu félagi. Það vill svo til að ákaflega margir deila þessum viðhorfum Samfylkingarinnar. T.d. er til félag sem heitir Félag netverja sem var undir forustu Eyþórs Arnalds sem til skamms tíma var tilvonandi borgarstjóraefni sjálfstæðismanna í Reykjavík en er það nú sennilega ekki alveg þessa stundina. Þeir netverjar hafa sent frá sér ályktun. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þar sem til stendur að selja Landssíma Íslands vill Félag netverja koma á framfæri áhyggjum og efasemdum vegna hugmynda um sölu grunnnetsins sem hluta af Landssímanum.

Hugmyndin ber vott um skilningsleysi á hagsmunum allra aðila sem málið varðar. Þær tillögur sem fram hafa komið geta því tæpast orðið niðurstaða þessa máls.“

Herra forseti. Svipað kemur fram í skýrslu sem er að finna á heimasíðu iðnrn., skýrslu um ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðarins, þannig að það eru ýmsir fleiri en bara Samfylkingin sem hafa þessa skoðun, herra forseti.

[16:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson minntist á nauðsyn þess að selja Landssímann núna til að fá gjaldeyri inn í

landið og styrkja stöðu krónunnar. Þá held ég, herra forseti, að hv. þm. verði heldur betur að byrja að hlaupa og hann verði að hlaupa og hlaupa ef hann ætlar að ná í skottið á gengisfellingunni sem núna ríður yfir akkúrat í þessum töluðu orðum. Væri ekki nær að við værum uppteknir af að ræða frv. um hvernig við ættum að styrkja útflutningsatvinnuvegina, styrkja atvinnugreinarnar í landinu í staðinn fyrir að vera að berjast fyrir frv. sem skerðir samkeppnisstöðu stórra hluta þjóðarinnar og stórra hluta landsins í þeim erfiðleikum sem við núna virðumst standa frammi fyrir í efnahagsmálum?

Mér skilst að dollarinn hafi farið yfir 100 kr. einmitt núna fyrir 10 mínútum og ekki er vitað hvar hann ætlar að stoppa. (**Gripið fram í:** 102.) 102 og hann að verða kominn í 103, og við erum hér að ræða frv. sem er að skerða samkeppnisstöðu Íslands.

[16:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dæmalaust að hlusta á þetta. Skerðir það samkeppnisstöðu þjóðarinnar að selja hlutabréf í Símanum? Þetta er alveg dæmigert fyrir málflutning vinstri grænna að slá fram einhverjum svona staðhæfingum án nokkurrar röksemdafærslu og svo eiga menn bara að reyna að geta í eyðurnar. Það er ekkert sem styður þennan málflutning hv. þm. Ef hv. þm. á við að verið sé að draga úr mætti landsbyggðarinnar þá er það misskilningur. Það er verið að auka t.d. gagnaflutningsmöguleika símakerfisins tíuþúsundfalt í sumum tilvikum. Það er einmitt það sem gerir samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar sterkari, það er að tengjast inn á höfuðborgarsvæðið, tengjast út í heim, að vera samkeppnishæf. Það er akkúrat það sem svona fyrirtæki gerir.

Að halda því síðan fram að verið sé að skerða samkeppnisstöðuna og stórskaða þjóðina er svo mikið kjaftæði að það er alveg með ólíkindum.

[16:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þótti alltaf heldur ill staða að vera búinn að koma sér í það klandur að telja að besta lausnin til næsta dags væri að selja bestu kúna sína, snemmbæra kú í hárri nyt, leiða hana út til þess að bjarga sér fyrir horn til næsta dags. Það er ekki mikil framsýni í því og það er í rauninni megininntak og tilgangur sölu Landssímans sem hér er á ferðinni og hefur komið fram í umræðunni.

Það er alveg ljóst að samkeppnisstaða stórs hluta landsins skerðist. Jöfnunaraðgerðir eiga að koma í gegnum ríkissjóð en ekki gegnum rekstur þessara fyrirtækja og við erum að fara niður á allt aðra og nýja pólitíska sýn þar sem nokkrum einstaka fyrirtækjum verður afhent leyfi til þess að hirða gróðann, hirða rjómann af bestu viðskiptunum en síðan á hitt að koma í gegnum ríkissjóð með tilheyrandi niðurlægingartali.

[16:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á þessum síðustu orðum hjá hv. þm. en ég held að það sé mikill reginmisskilningur að verið sé að selja bestu kúna. Það er ekkert verið að selja hana. Við höfum þetta fyrirtæki áfram í landinu. Það er eins og verið sé að færa þetta allt saman í burtu frá Íslandi og henda því eitthvert út í heim. Það er alger misskilningur. Þessi kýr verður áfram til að mjólka og við fáum tekjur í formi skatta af þessu fyrirtæki sem við gerðum áður í formi arðs eða bara einfaldlega með því að taka það út úr rekstrinum og í því felst sáralítill munur. Við teljum okkur samt sem áður, herra forseti, sjá fram á það að með því að auka frjálsræði þessa fyrirtækis gætu tekjur þess aukist enn meir og tekjur þjóðarinnar því vaxið enn af starfseminni. Þess vegna held ég að hv. þm. ætti að skoða það betur. Þessi mjólkurkýr verður hér áfram og mun þjóna þjóðinni.

[16:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp vegna þess að hv. þm. Kristján Pálsson vísaði í málflutning minn áðan en staðreyndin er sú að ég hef ekki flutt ræðu mína enn. Ég hef að vísu komið hér upp tvisvar í andsvörum í dag en ég held að hv. þm. Kristján Pálsson átti sig fullvel á því eins og ég átta mig á því hvernig pólitík hans er. Ég held að það sé ósköp einfalt að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum halda ríkisrekstri á þessu fyrirtæki, það er mjög einfalt, og það er ekkert að komast auðveldlega frá hlutunum. Það er bara eins og hlutirnir hafa verið og við teljum að það hafi verið farsæl lausn. Þess vegna spyr ég hv. þm. að því hvort hann geti ekki virt þá skoðun okkar og þá pólitík frá okkar hálfu að við viljum halda þessu í opinberum rekstri á sama hátt og ég verð að virða skoðanir hans á því að hlutirnir eigi að fara í einkavæðingarfasa. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hann vill það þó ég sé ósammála hv. þm.

[16:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg virt þá skoðun að vinstri grænir vilji hafa Símann sem ríkisfyrirtæki. Það er alveg gild skoðun í mínum huga. Ég er algerlega ósammála henni að sjálfsögðu. Þó svo að hv. þm. hafi ekki haldið hér beina ræðu, þá hefur hann verið í andsvörum og sagt skoðanir sínar á þessu máli, m.a. með þeim orðum að ríkisreksturinn hafi skilað það miklu í því formi sem hann er í að það sé ástæðulaust að breyta neitt í þeim efnum. Þess vegna finnst mér að hv. þm. hafi lýst skoðun sinni og hann hafi lýst því hvers vegna.

Ég hef líka heyrt það frá vinstri grænum, sérstaklega hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að þetta mál hafi verið illa undirbúið og hér hafi menn rasað um ráð fram og þetta sé mál sem ekki sé tilbúið til umræðu. Ég vil líka mótmæla því. Þetta mál er mjög vel undirbúið og hefur verið í vinnslu í fimm ár.

[16:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Ég vil, virðulegi forseti, spyrja hv. þm. Kristján Pálsson hvað hann haldi að muni gerast á þessum markaði núna þegar samkeppnin er í fullum gangi og okkur berast fréttir um að gríðarlegar fjárfestingar séu umfram það sem nokkur þörf er fyrir. Auðvitað leiðir það til þess, svo ég svari spurningunni að hálfu leyti, að það kemur niður á notendunum fyrr eða síðar. Við höfum á öðrum sviðum, hv. þm., upplifað það að í svona litlu hagkerfi hafa menn hleypt samkeppninni frjálsri og það hefur að vísu verið ball um nokkurra mánaða eða missira skeið eins og t.d. í fluginu. Það er alveg rétt. Menn voru himinlifandi yfir lágum fargjöldum út um allt land í samkeppninni en uppskáru það að samkeppnin var svo hörð á svo litlum markaði að menn eyðilögðu eigið fé tveggja fyrirtækja, bara sem dæmi.

Hvar heldur hv. þm. að þetta lendi? Lendir þetta ekki í einu stóru fyrirtæki þegar upp verður staðið og menn fara

að gera upp reikninginn. Þá er ég að tala um sýn til tveggja, þriggja, fjögurra ára.

[16:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get náttúrlega ekki spáð um það hvar þetta lendir. Fyrir það fyrsta er verið að selja núna 49% af fyrirtækinu. Ég get alveg séð fyrir mér að símafyrirtæki á Íslandi verði aldrei mörg. Þetta er svo lítill markaður. Eins og við vitum er þetta ekki nema um 300 þús. manna samfélag og að reka mörg fyrirtæki af einhverri verulegri stærðargráðu í slíku fámenni er bara óraunhæft.

Ég lít svo á að samkeppnin eigi alveg eins að geta komið að utan. Öll þessi litlu fyrirtæki sem núna eru að reyna að hasla sér völl geta aldrei orðið stór. Þau geta gert sig gildandi á ákveðnum þröngum sviðum og þannig veitt samkeppni í einhverjum smærri einingum en að þau verði svo stór að þau geti farið að ógna eitthvað eða farið að veita verulega samkeppni í víðasta skilningi þess orðs, ég held að það sé ekki hægt.

[16:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er á annarri skoðun en Samfylkingin í því að við viljum undanskilja grunnnetið en hann færði fram einhver sterkustu rök sem hafa verið viðhöfð hér í dag fyrir því hvers vegna ástæða væri til að undanskilja grunnnetið. Hann sagði nefnilega að ef grunnnetið væri tekið undan Landssímanum, þá væri það eins og ætla að selja vélarlausan bíl. Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að hinir hafa þá enga vél í bílum sínum. Þeir þurfa að ýta. Eini aðilinn sem hefur vél í bílnum er þá Síminn og hv. þm. virðist telja að það sé bara ágætissamkeppnisumhverfi að þeir ýti bílum sínum sem eiga að keppa við Símann en hann hafi hina öflugu vél og eins og hann lýsti fyrirtækinu, gífurlega sterku fyrirtæki á markanum. Hann sagði líka að þau yrðu aldrei mörg. Auðvitað verða þau aldrei mörg ef samkeppnisumhverfið verður með þeim hætti að aðrir aðilar hafa ekki vél í bílum sínum.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. svari því hvers konar samkeppnisumhverfi hann er að lýsa.

[16:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er enginn spámaður og hef ekki gefið mig út fyrir það að spá fyrir um hvernig markaðurinn muni þróast. Fyrst hv. þm. spyr mig, þá get ég séð það sem er að gerast í dag. Það eru töluvert öflugir aðilar að setja hér upp símafyrirtæki og þá sérstaklega á GSM-markaðnum og þau hafa náð miklum árangri á því sviði.

Eins og ég sagði áðan sé ég ekki fyrir mér að annað fyrirtæki komi í þeirri stærðargráðu sem Síminn er. Það er nánast útilokað. Og að eiga eitt slíkt fyrirtæki í okkar litla landi eru náttúrlega ákveðin forréttindi, að eiga svona öflugt fyrirtæki sem getur gefið sig út um allan heim í samkeppni og í samstarfi. Ég lít svo á að við eigum að nýta okkur þann möguleika. Þess vegna fyndist mér það grátlegt ef menn lentu í þeirri stöðu að fara að kljúfa þetta fyrirtæki upp í einhverjar einingar þannig að það væri einskis nýtt.

[17:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna kom það nefnilega. Hv. þm. er ánægður með að eitt fyrirtæki verði öflugt á þessum markaði. Önnur fyrirtæki komi ekki til með að standa undir nafni. Það eigi hins vegar að fóðra samkeppnina á því að til verði erlend fyrirtæki. Eiga þau að þjónusta íslenskan markað hvað varðar Símann? Markaðurinn er ekki kominn á það stig enn þá að svo geti orðið.

Síðan langar mig til þess, hæstv. forseti, að spyrja hv. þm. vegna þess að hann nefndi áðan að það að fara að selja Símann núna kæmi kannski lífi í markaðinn. Síðan hvenær fór það að verða aðferðin til að koma lífi í markað þar sem offramboð er á einhverju að bæta við framboðið? Meira framboð inn á markaðinn núna virðist ekki líklegt til að gera ástandið betra. Það er miklu meira en nóg af alls konar framboðum núna á markaðnum enda falla öll bréf í verði. Mun það ekki bara þýða að önnur bréf og verðmæti muni falla enn þá meira í verði ef farið er að bæta inn bæði bönkum og Símanum líka?

[17:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekkert athugavert við það þó að erlend fyrirtæki mundu þjóna á íslenskum markaði. Aftur á móti lít ég svo á að Landssíminn, þetta íslenska fyrirtæki sem er alíslenskt í dag verði ekkert alíslenskt eftir að sala á þessum hlut hefst. Það er augljóst mál að við höfum áhuga á því að erlendir aðilar kaupi hlut í Landssímanum og þar með er það orðið að hluta til í eigu erlendra aðila. Ég á ekki von á því að það fyrirtæki muni hætta að þjóna okkur Íslendingum á sama hátt og það hefur gert. Ef eitthvað er þá á ég von á því að sú þjónusta sem þar hefur farið fram til þessa eigi að geta batnað, ekki vegna þess að starfsfólkið breytist heldur vegna þess að fyrirtækið sem slíkt hefur miklu opnari möguleika til þess að taka þátt í samkeppni og aðlaga sig og læra og taka þátt í störfum annars staðar í heiminum.

Öðrum atriðum hef ég ekki tíma, herra forseti, til þess að svara.

[17:02]

Útbýting þingskjals:

Raforkulög, 719. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1167.

[17:02]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem fer hér fram um frv. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands má segja að í stórum dráttum sé aðallega tekist á um tvennt, í fyrsta lagi um þá stefnu ríkisstjórnarinnar að selja Landssímann, það hvort eigi að selja Landssímann eða halda honum áfram í eigu ríkisins, og í öðru lagi um það hvað eigi að selja, hvort eigi að selja Landssímann allan eða undanskilja grunnnetið en auk þess hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt mjög í þessum sal hvað þetta mál ber brátt að.

Vegna þess síðastnefnda sem nokkrir hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa gert að umtalsefni að málið beri brátt að, þá finnst mér ástæða til að vekja athygli á þeim langa aðdraganda sem er að framlagningu þessa frv. og ætla ég þó ekki lengra en um tvö ár aftur í tímann. En þá þegar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 1999 segir að halda beri áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila. Þar fellur Landssíminn sannarlega og óumdeilt undir. Ég held að okkur greini ekki á um það.

Í stefnuyfirlýsingunni segir jafnframt að hafinn skuli undirbúningur á sölu fyrirtækisins og við hana skuli þess gætt að tryggja góða þjónustu við byggðir landsins á sem hagstæðustu verði og virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þetta er það sem stefnt er að sem markmiðum við sölu Landssímans.

En í stefnuyfirlýsingunni frá því í maí 1999 kveður líka á um að tekjunum skuli varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs til að fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum og til að efla upplýsingasamfélagið. Það hefur legið fyrir í tvö ár að selja Landssímann, hver markmiðin með sölunni séu og hvernig andvirði Landssímans skuli varið.

Skýrsla einkavæðingarnefndar, bæði ítarleg og vel unnin, kom út fyrir rúmum tveimur mánuðum með tillögum um hvernig staðið skuli að sölunni ásamt greinargerð um stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði, um hina víðtæku og fjölbreyttu þjónustu sem Landssíminn veitir og greinargerð um lagalegt umhverfi á fjarskiptamarkaði og loks voru þar reifuð sjónarmið varðandi skiptingu fyrirtækisins. Þessa ágætu og ítarlegu skýrslu einkavæðingarnefndar hafa þingmenn þó haft heila tvo mánuði til að kynna sér. En þessi skýrsla er einmitt uppistaðan í athugasemdunum með frv. sem menn hafa keppst við að gagnrýna hversu seint er fram komið.

Frv. sjálft felur fyrst og fremst í sér heimild til handa ríkisstjórninni til að selja Landssímann auk ákvæðis sem kveður á um skuldbindingu Landssímans við sölu fyrirtækisins og með þessu ákvæði er lögð sérstök áhersla á þær skyldur sem hvíla á fyrirtækinu, sem hvíla á Landssímanum til að veita landinu öllu þjónustu, til að veita þjónustu um allt land.

Ég ætla að víkja aðeins að því hvernig gengið hefur verið frá því að tryggja sambærilega þjónustu um land allt, jafnan aðgang allra landsmanna og jafnt verð og hvernig það verður gert án þess að undanskilja grunnnetið við sölu Landssímans. En meginspurningin er kannski sú hvers vegna eigi að vera að selja fyrirtækið. Svar mitt er einfaldlega að það sé nauðsynlegt vegna breyttra og nýrra forsendna á fjarskiptamarkaði með því breytta rekstrarumhverfi sem nýju fjarskiptalögin lögðu grunninn að og, gleymum því ekki, byggði m.a. á tilskipun EES. Með því var komið á samkeppni á fjarskiptamarkaði fyrst og fremst í þágu neytenda en samanburður á verði á fjarskiptaþjónustu hér og t.d. í hinum OECD-ríkjunum sýnir að við hér á Íslandi höfum lengi búið við mjög lágt verð á fjarskiptaþjónustu. Með tilkomu samkeppninnar á þessum markaði hafa viðskiptasjónarmið ráðið verðlagningu á fjarskiptaþjónustu og þróunin hér eins og víða annars staðar hefur orðið sú að verð hérlendis hefur enn lækkað. Samkeppnin hefur orðið til þess að þrýsta verðinu niður jafnt í símtölum í almenna talsímakerfinu innan lands í símtölum til útlanda og líka verði á GSM-þjónustunni og verð á gagnaflutningsþjónustu hefur líka lækkað. Það eru þar með veigamestu rökin fyrir því að selja Landssímann að ríkið hefur ekki lengur því hlutverki að gegna í fjarskiptaþjónustu sem það hafði og því ber þá að draga sig út úr þeirri þjónustu, vissulega að fullnægðri þeirri skyldu sinni að tryggja að landsmenn njóti jafnræðis, bæði jafnræðis í aðgangi að fjarskiptakerfinu og jafnræðis um verð. En andvirði fyrirtækisins tel ég eðlilegt að nýtist ríkinu til að sinna þeim verkefnum og skyldum sem áfram er nauðsynlegt að ríkisvaldið standi að og þar sem ríkið hefur áfram skyldum og hlutverki að gegna.

Þetta eru veigamestu rökin fyrir því að selja Landssímann að ógleymdu því nauðsynlega aðhaldi sem dreifð eignaraðild er líklegri til að stuðla að fyrir hagkvæmar og nýjar tæknilausnir. Loks ber að hafa í huga að nýju fyrirtækin á fjarskiptamarkaði sem gera jafnt og þétt auknar kröfur til Landssímans um aðlögunarhæfni og þjónustu gera þessa kröfu líka. Á milli þessara aðila má ætla að það sé fyrst og fremst þjóðhagslega hagkvæmt og komi notendum best að það ríki fullt traust.

Herra forseti. Landssíminn, markaðsráðandi aðili á fjarskiptamarkaði, sá sem á og rekur stærstan hluta grunnnetsins, ber þá ótvíræðu skyldu samkvæmt fjarskiptalögum að veita samkeppnisaðilum, að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang m.a. að grunnnetinu, að veita þeim aðgang á sama verði og Landssíminn sjálfur greiðir fyrir aðganginn að þeim hluta rekstrarins. Bókhald og reikningskerfi Landssímans gerir kleift að skilja að einstaka kostnaðarþætti þannig að verðlagning þeirra byggi á raunkostnaði og á Landssímanum hvíli sú ótvíræða lögboðna skylda að selja samkeppnisaðilum þjónustu á sama verði og hún er seld á milli rekstrareininga í fyrirtækinu sjálfu. Það er einmitt vegna þessa þar sem ekki er nauðsynlegt að skipta upp fyrirtækinu til að tryggja öðrum fjarskiptafyrirtækjum, samkeppnisaðilunum, aðgang að grunnnetinu á sama verði. Þessu sjónarmiði eru m.a. samtök hugbúnaðarfyrirtækja sammála. Þau voru fyrir tveimur árum andvíg því að Landssíminn yrði seldur í heilu lagi en í dag eru þau ekki mótfallinn og segja að það skipti engu máli og þau benda á að þær forsendur sem þau settu fram fyrir afstöðu sinni 1998 eigi ekki lengur við. Hitt tel ég þó líka að sé allrar athygli vert tengt umræðunni um aðskilnað grunnnetsins frá öðrum rekstri Landssímans, og sýnir okkur kannski glöggvast hvað tækninni fleygir fram á fjarskiptasviðinu, að uppbygging ljósleiðaraneta utan höfuðborgarsvæðisins virðist, ef ætla má, vera mun hagkvæmari kostur en talið var til skamms tíma. Þannig hefur bæði verið lagður ljósleiðari um Suðurland og til Vestmannaeyja og Landsvirkjun eða réttara sagt fyrirtæki í eigu Landsvirkjunar er með áform um lagningu ljósleiðara tengt dreifikerfi sínu um land allt. Vegna þessa er fyrirsjáanlegt að þrátt fyrir aðganginn að grunnneti Landssímans munu önnur fyrirtæki líka á þessu sviði hvað grunnnetið varðar veita fyrirtækinu samkeppni.

Því er gjarnan haldið fram í umræðunni að hagsmunir landsbyggðarinnar verði ekki tryggðir við sölu Landssímans og að þeir hagsmunir verði bornir fyrir borð ef grunnnetinu verði ekki haldið eftir. Statt og stöðugt er látið í það skína og sagt berum orðum að með því að selja grunnnetið með séu stjórnarflokkarnir ekki að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar við þessa sölu. Ég held því fram að það sé einfaldlega rangt. Það sem samkeppnina skortir skiptir í sjálfu sér litlu máli fyrir hagsmuni notenda, hvort fjarskiptaþjónusta er veitt af fyrirtæki í ríkiseign eða hvort hún er veitt af fyrirtæki í einkarekstri. Grunnnet í fjarskiptaþjónustu í ríkiseign tryggir í sjálfu sér ekki jafnræði gagnvart fjarskiptaþjónustu og til að tryggja þau markmið að landsmenn búi við jafnan aðgang og jafnt verð er heldur engin þörf á því að halda grunnnetinu eftir vegna þess að til þess eru aðrar leiðri bæði betri og færari.

Það sem ég tel að skipti máli við að tryggja þetta jafnræði er fyrst og fremst pólitísk stefnumótun og lögfesting reglna til að tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu þar sem samkeppnina skortir og virkt eftirlit. Að hluta til hafa slík úrræði verið nýtt og það er unnið að slíku og önnur úrræði eru jafnframt fyrir hendi. Staðan á fjarskiptamarkaði á Íslandi í dag er sú að um land allt er sama verðið á hefðbundnum talsíma. Það er sama verð á ISDN-þjónustu, það er sama verð á ADSL-þjónustu, á ATM-þjónustu og svo NMT- og GSM-farsímakerfinu. Verð á leigulínum, sem var til skamms tíma mun hærra úti á landi og byggir þó á vegalengd og afkastagetu, hefur líka stórlækkað á síðustu missirum. En með fjarskiptalögunum frá 1999 voru lögfest ákvæði sem tryggja

fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn og þar kveðið bæði á um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu sem hafi það markmið að tryggja sanngjörn kjör á fjarskiptaþjónustu þar sem viðskiptasjónarmið eru ekki líkleg til að ráða ferðinni og ráða verðinu á þjónustunni.

En annað sem hefur þegar verið hafist handa við til að auka enn jafnræði í verðlagningu og útbreiðslu á gagnaflutningsþjónustu er auk nýrrar gjaldskrár Landssímans sem tók gildi í septembermánuði sl. nýtt átak um uppbyggingu dreifikerfisins. Sú framkvæmd byggir á stefnumótun og ósk hæstv. samgrh. og ákvörðun stjórnar Landssímans frá því í september 2000 sem fyrirtækið er samkvæmt samkomulagi við hæstv. ráðherra skuldbundið til að efna. Í öllum áætlunum fyrirtækisins er gert ráð fyrir þessu samkomulagi og efndum samkvæmt því og þessar áætlanir liggja auk annars til grundvallar við mat á verðmæti þess. En þær skuldbindingar sem þetta samkomulag gerir ráð fyrir ganga mun lengra og leggja víðtækari og dýrari kvaðir á Landssímann en þær skyldur sem fyrirtækinu eru lagðar samkvæmt fjarskiptalögum og samkvæmt leyfisbréfi fyrirtækisins. Samkvæmt þessu samkomulagi er Landssíminn m.a. skuldbundinn til innan fimm ára að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að tveggja megabita samböndum yfir ATM-netið eða sambærilega þjónustu á verði sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæðið eru þeir skuldbundnir til að verði ekki meiri en 17 þúsund kr. á mánuði. En þessi kostnaður ATM-kerfisins er á leigulínum sem keyptar eru af grunnnetinu. Landssíminn er líka samkvæmt þessu samkomulagi skuldbundinn til að bjóða háhraðagagnaflutningsþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, svokallaða ADSL-tengingu á öllum stærri þéttbýlisstöðum, og munu 75–80% landsmanna eiga kost á þeirri þjónustu innan tveggja ára.

Að þessu fengnu og efndum samkvæmt þessu samkomulagi stendur sú spurning að mínu mati út af borðinu hvað þurfi að gera frekar en þetta til að tryggja landsmönnum öllum jafnan aðgang og verð fyrir fjarskiptaþjónustu. Það er einmitt það sem bókun þingflokks framsóknarmanna gengur út á og samkomulag stjórnarflokkanna að tryggja enn frekar uppbyggingu dreifikerfisins svo að allir landsmenn eigi aðgang að sem sambærilegastri þjónustu fyrir sama verð. Það sem vantar enn upp á jafnræðið væri þá að upphefja þessar 17 þúsund kr. eða muninn sem er á því að tengjast innan svæðis og á milli svæða og jafnvel að setja markið svo hátt gagnvart ADSL-þjónustunni að hún nái til meira en 75–80% landsmanna. Það mun víst vera mjög erfitt að leggja mat á það hvað þetta gæti kostað og byggir vissulega bæði á kröfum sem gerðar verða bæði til útbreiðslu og gæða en menn hafa giskað á að árlega gæti þessi uppbygging kostað eitthvað í kringum 200 eða 250 millj.

Herra forseti. Að lokum þetta. Til þess að fylgja eftir leikreglum sem fjarskiptalögin setja og ætlað er að tryggja samkeppnina á fjarskiptamarkaði, þá verður jafnframt — og það er annað sem bókun þingflokks Framsfl. gengur út á — að efla eftirlitsstofnanir ríkisins, bæði Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun og fyrir því er ráð gert.

[17:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú liggur ljóst fyrir og hefur komið skýrt fram, m.a. í þessari umræðu, að þetta mál hefur verið Framsfl. mjög erfitt. Ýmsir þingmenn Framsfl. hafa þurft að skipta um skoðun miðað við það sem þeir hafa áður sagt. Það liggur fyrir að framsóknarmenn gerðu ákveðna bókun með fjórum skilyrðum til þess að geta gengið að málinu eins og það liggur fyrir þinginu.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hv. þm. um samkomulagið, þessa fjóra töluliði samkomulags sem gert hefur verið við sjálfstæðismenn: Liggur fyrir að samstarfsaðilinn gangi að þeim skilyrðum sem framsóknarmenn hafa sett fram í bókun sinni?

Í 1. tölul. bókunarinnar er talað um að móta sameiginlega framtíðarstefnu um uppbyggingu fjarskiptakerfisins um allt land þannig að landsmenn eigi aðgang að sem sambærilegastri þjónustu og tryggt verði fjármagn til framkvæmda í því skyni. Hvað eru menn að tala um? Hvað er verið að tala um mikið fjármagn í þessu efni? Liggur fyrir samkomulag um að í það verði veitt fjármagn?

Í annan stað er talað um að stjórnarflokkarnir geri með sér samkomulag um ráðstöfun á söluandvirði ríkisfyrirtækja. Þetta er svolítið sérkennileg bókun, líkt og verið sé að skipta á milli sín góssinu af sölu Símans. Hvað er átt við þegar talað er um að stjórnarflokkarnir geri með sér samkomulag um ráðstöfun á söluandvirði ríkisfyrirtækja?

Í lokin, varðandi það að efla og styrkja eftirlitsstofnanir, þá er ég einkum með Samkeppnisstofnun í huga: Hvað er átt við þegar talað er um að styrkja Samkeppnisstofnun? Er verið að treysta lagasetninguna á bak við stofnunina eða er verið að tala um að setja meira fjármagn í Samkeppnisstofnun? Ef svo er, liggur þá fyrir samkomulag um fjármagnið sem renna á til að efla Samkeppnisstofnun?

[17:19]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlýtur að vekja athygli að hver stjórnarandstöðuþingmaðurinn á fætur öðrum virðist í þessu máli, um sölu hlutafjár í Landssíma Íslands, hafa mestar áhyggjur af því að það hafi verið erfitt framsóknarmönnum að fjalla um þetta mál. Ég vil bara taka af allan vafa með að það er full samstaða innan Framsfl. í þessu máli. Ákveðnir þingmenn tóku um lengri eða skemmri tíma, kannski án þess að þekkja tæknina, þá afstöðu að hagsmunum landsbyggðar væri betur borgið með því að halda ljósleiðaranum eftir, eins og margir taka nú til orða. En meðan samtök hugbúnaðarfyrirtækja og tæknimenn skipta um skoðun á tveimur árum þá er ekki skrýtið að ótæknimenntaðir framsóknarmenn sjái líka ljósið í þeim efnum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallar hér um bókun þingflokks Framsfl. sem fylgdi samþykki þingflokksins á frv. því sem hér er til umræðu. Ég held að þessi bókun skýri sig að mestu leyti sjálf. Hún bíður nánari útfærslu stjórnarflokkanna, þ.e. fyrirvari um að ákveðin atriði verði nánar útfærð.

Varðandi það sem hv. þm. spurði sérstaklega um, hvað fælist í því að efla og styrkja eftirlitsstofnanir, þá hlýtur að felast í því annars vegar að leggja meira fjármagn til þessara stofnana til að gera þeim kleift að sinna því víðtækara eftirliti sem þær hljóta að þurfa að inna af hendi með þeim frekari kvöðum sem á þær verða lagðar með þeirri breytingu sem felst í sölu Landssímans.

[17:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk alls ekki fullnægjandi svör við því sem ég spurði um. Í fyrsta lagi spurði ég einfaldlega um hvort samkomulag væri á milli flokkanna um að tekið yrði á

þessum fjórum þáttum sem hér eru nefndir. Eða er þetta bara einhliða bókun framsóknarmanna?

Í annan stað skýrir bókunin sig ekki sjálf. Í henni segir ekkert um hversu mikið fjármagn eigi að leggja í þetta, hvorki að því er varðar 1. tölul. í bókuninni sem ég vænti að hv. þm. þekki, um framkvæmdirnar, né hve mikið fjármagn eigi að setja í eftirlitsstofnanir. Ekki er síður mikilvægt að fá svar við því hvaða samkomulag hér er verið að tala um varðandi söluandvirðið. Ég bið um skýrari svör við þeim spurningum ef hv. þm. hefur þau á takteinum.

[17:22]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að, ráðstöfun á söluandvirði Landssímans, þá liggur það í grófum dráttum fyrir í stjórnarsáttmálanum hvernig því skuli varið. Í þessari bókun frá þingflokki Framsfl. er það áréttað að nánar verði kveðið á um það og gengið frá því á milli flokkanna en gert er í stjórnarsáttmálanum.

Hins vegar liggur ljóst fyrir að þegar frv. var afgreitt úr þingflokki Framsfl. þá fylgdi þeirri afgreiðslu sú bókun sem þingmaðurinn hefur nú undir höndum með þessum fjórum liðum sem Framsfl. fyrir sitt leyti lagði áherslu á, að samfara því að sala hlutafjár í Landssímanum færi fram yrði nánar gengið frá þessum fjórum atriðum milli stjórnarflokkanna án þess að verðmiði væri settur á hvert og eitt þeirra. Ég lít þannig á að á milli stjórnarflokkanna sé samkomulag um að fjalla nánar sín á milli um þessi fjögur atriði.

[17:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz sagði hún að allt þetta mál hefði legið ljóst fyrir hjá ríkisstjórnarflokkunum frá upphafi. Hún sagði að rekja mætti rót þess til stefnuyfirlýsingar sem gefin var fyrir margt löngu og því sé það óþarfa uppþot í stjórnarandstöðunni að gera því skóna að þinginu sé ekki ætlaður neinn tími til að fjalla um málið.

Hins vegar hefur komið fram að það tók um þrjár vikur eða svo fyrir þingflokk framsóknarmanna að afgreiða þetta mál. Hann afgreiddi það síðan með bókun sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir áðan. Bókunin segir óskaplega lítið og ekkert um það hvort nokkuð annað sé á bak við hana en vilji þingflokks framsóknarmanna.

Ég ætla þó ekki að gera þetta að aðalumræðuefni hér. Fyrst og fremst vildi ég segja þetta: Hv. þm. talaði um að samkeppnin á þessu sviði hefði leitt af sér lægra verð, betri þjónustu o.s.frv. Um þetta erum við algerlega sammála. Hins vegar erum við ósammála um markaðsgerðina, þ.e. þá aðferð sem hér á að beita sem gerir það að verkum að á markaðnum verður yfirburðafyrirtæki sem hefur völd og áhrif á öllum sviðum á móti mörgum litlum fyrirtækjum. Við erum þeirrar skoðunar að þetta sé ekki til þess fallið að tryggja að við náum samkeppnismarkmiðum.

Mér fannst vanta í ordræðu hv. þm. skoðun hennar á því hvort hin leiðin hefði ekki gert það að verkum að við næðum þessum samkeppnismarkmiðum. Reyndar fannst mér sjálfum í lok ræðu hv. þm. að hún hefði ákveðnar efasemdir um leiðina sem farin er í frv. en hefði þó fallist á hana, væntanlega í ljósi áðurnefndrar bókunar. Eitthvað hefur í það minnsta gert það að verkum en hún féllst á hana.

[17:25]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur ekki á óvart að ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson séum hjartanlega sammála um margt sem varðar sölu Landssímans og einkavæðinguna sem slíka. Ég neita því ekki að það hvort selja eigi grunnnetið eða ekki er nokkuð sem ég hef velt vandlega fyrir mér. Því hafa helst valdið efasemdir manna um að hægt sé að tryggja jafnan aðgang og jafnt verð til allra landsmanna með því að selja það í stað þess að halda því eftir í ríkiseign.

Það liggur fyrir í þeirri ágætu skýrslu sem er meginuppistaðan í því frv. sem hér er til umræðu að það er tæknilega framkvæmanlegt að skilja grunnnetið frá fyrirtækinu. Menn hafa hins vegar varað við því að það gæti orðið óskaplega dýrt. Ég ætla ekki að fara út í að skilgreina hvað grunnnetið er. Hér hafa menn reynt að einfalda það og í því sambandi eingöngu talað um ljósleiðarann, sem er náttúrlega til þess fallið að valda tómum misskilningi.

Niðurstaða mín er sú að það sé ekki þörf á að halda grunnnetinu eftir. Með fjarskiptalögunum og þeim kvöðum sem lagðar eru á Landssímann með alþjónustu og annað tel ég hægt að tryggja þessi markmið jafnhliða sölunni, að tryggja jafnræði þrátt fyrir að við seljum grunnnetið. Ég veit ekki til annars en að mikil ánægja hafi verið meðal annarra fjarskiptafyrirtækja á markaði síðustu missirin með samskiptin við Landssímann og full sátt sé með þá samninga sem þar hafa náðst. Ég tek fram að þau fyrirtæki kaupa þjónustuna að grunnnetinu á sama verði og aðrar rekstrareiningar Landssímans.

[17:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz gerði í ræðu sinni mikið úr bókunum og fyrirvörum framsóknarmanna. Nú liggur ljóst fyrir að dýr væri Hafliði allur í þessu samhengi. Allir stjórnarþingmenn hafa gert mikið úr hinni hröðu þróun í fjarskiptamálum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. Jónínu Bjartmarz hvort það sé ekki skammgóður vermir að losa um fjármagn til að gera tæknilegar ráðstafanir núna en horfa ekki til framtíðarinnar hvað varðar þjónustu við landið allt. Þetta snýst ekki bara um okkur landsmenn vegna þess að við erum mikið ferðamannaland. Það er bráðnauðsynlegt vegna þeirra stóru atvinnugreinar að öllu landinu sé þjónað. Það var talað um 150 manns. Það eru til stórir hreppar með víðfeðmum landsvæðum þar sem búa bara örfáir tugir.

Við verðum náttúrlega að fá svör við þessum spurningum. Það er m.a. þess vegna sem við höfum lagst gegn frv. Við viljum að þetta sé rekið á vegum ríkisins til þess að þjóna pólitískt eins og við höfum haft ágæta reynslu af.

Síðan langar mig, virðulegi forseti, að heyra um framtíðarsýn þingmannsins á grunni þeirrar ákvörðunar sem hún hefur tekið um einkavæðingu Landssímans. Til hvers leiðir einkavæðingin? Hvað líður á löngu þangað til við höfum bara eitt stórt fyrirtæki á grunni Landssímans sem verður þá einkarekið einokunarfyrirtæki? Telur þingmaðurinn að það sé góð lausn fyrir Ísland? Telur þingmaðurinn t.d. að það verði góð lausn fyrir dreifbýlið? Hvernig heldur þingmaðurinn að dreifbýlinu verði þjónað á grunni slíks fyrirtækis ef sú sýn er uppi? Þóknast hv. þm. sú hugsun að það verði metið á fjárlögum hvers árs hvort það eigi að vera símaþjónusta í hinum dreifðu byggðum og strjálbýlu dölum landsins?

[17:30]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég þurfi að láta það bíða betri tíma að gera hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni grein fyrir framtíðarsýn minni í fjarskiptamálum. Ég held að ég nái því ekki á þeim skamma tíma sem hér er til ráðstöfunar.

Hins vegar varðandi ríkisreksturinn, og það hefur verið ágæt lausn í sjálfu sér, þá held ég að ég þurfi ekki að rifja það upp með hv. þm. hve fólk á landsbyggðinni hefur til margra ára kvartað yfir því að þeir sætu ekki við sama borð og fólk á höfuðborgarsvæðinu hefur setið. Markvisst hefur verið unnið að því af hálfu Landssíma Íslands að hluta til með því samkomulagi sem ég greindi frá í ræðu minni að Landssíminn hefði gert við samgrh. að bæta bæði aðgang og lækka það verð sem landsbyggðin hefur búið við og það fellur vissulega að þeim markmiðum og þeim takmörkum sem Framsfl. hefur sett sér varðandi þessa sölu. Markmiðið er í sjálfu sér að tryggja aðgang og tryggja jafnt verð fyrir landsmenn á landinu öllu. Ég get ekki séð annað en að með þeim framkvæmdum sem standa nú til séum við enn frekar að tryggja að hægt sé að jafna þetta verð. En ég vil aðeins fá að benda á að það er uppbygging í fjarskiptakerfinu sem ríður á að sé kláruð sem fyrst vegna þess að skorturinn á dreifikerfinu úti á landi veldur því að verðið þar er mun dýrara. Um leið og uppbyggingunni er lokið þarf þjónustan á landsbyggðinni ekki að vera dýrari en á höfuðborgarsvæðinu.

[17:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt vegna þeirrar hröðu þróunar sem er í þessum málaflokki sem uppbyggingunni verður aldrei lokið. Þess vegna er málið svo eldfimt. Þetta er stöðug þróun og menn sjá ekki einu sinni fyrir hvað muni gerast á allra næstu missirum. Það er þess vegna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur viljað og vill beita sér fyrir því að fyrirtækið sé áfram og verði áfram í ríkiseign og það hefur margoft komið fram í dag. En ég vil spyrja hv. þm. að því sem samvinnumann og jafnaðarmann í Framsfl. hvað hv. þm. flokki undir sem stoðkerfi landsins. Hvar mun Framsfl. enda í þessum efnum? Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði flokkum símaþjónustuna og fjarskiptaþjónustuna undir stoðkerfi landsins. Við viljum ekki einkavæða stoðkerfi landsins.

Verður Framsfl. til að ríða á einkavæðingarbylgju gagnvart heilsugæslu, gagnvart sjúkrahúsum, gagnvart elliheimilum og öldrunarþjónustu, gagnvart menntuninni? Hvar á að enda? Þetta eru allt stoðkerfisdæmi sem við erum algerlega andvíg að einkavæða. Af því að þetta er uppi á borði hér væri gaman að fá skoðun þingmannsins á því hvar eigi að enda. Hvað er stoðkerfi?

[17:33]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég ekki leggja að jöfnu sjúkrahúsrekstur, elliheimili og menntakerfi við fjarskiptaþjónustu og sé ekki nokkur rök til og minni á að fjarskiptaþjónustan hefur þá sérstöðu gagnvart öðru sem hann nefndi og flokkar til stoðkerfis eða velferðarþjónustu að það skilar okkur verulegum hagnaði en á ekki stærsta hlutann í útgjöldum ríkisins eins og er t.d. með heilsugæsluna.

Mig langar að minna hv. þm. á að þrátt fyrir ríkiseignina, sem við höfum búið við á síðustu árum á þessu stærsta fjarskiptafyrirtæki landsins, þá hefur landsbyggðin ekki búið við sömu kjör og fólk á höfuðborgarsvæðinu þótt unnið hafi verið að því hörðum höndum af hálfu Landssímans og ríkisstjórnarinnar að bæta þar um. Ég sé fyrir mér og það kemur fram í þessari bókun Framsfl. að með ráðstöfunum sem gerðar verða samfara þessari sölu verði brugðist við því að jafnt og þétt verði hægt að byggja upp þetta fjarskiptakerfi og taka á þeim nýjungum sem tæknin ber á borð á hverjum tíma.

[17:35]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur flutt frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. sem við stjórnarandstæðingar höfum heyrt af og fylgst með undanfarið. Hér hefur verið farið yfir það mál og þann vandræðagang sem verið hefur í stjórnarliðinu við þetta mál þannig að okkur stjórnarandstæðingum verður ekki kennt um það hversu seint málið kemur fram. Það hefur tekið nokkra mánuði hjá stjórnarflokkunum að reyna að finna einhvern flöt á því að leggja þetta fram. Fram hefur komið að málið var stopp hjá framsóknarmönnum í upp undir einn mánuð. Þess vegna er það mikil óvirðing við hið háa Alþingi að leggja frv. fram svo seint sem raun ber vitni og ætla Alþingi að klára það á 5–6 dögum. Það eru ekki vinnubrögð sem mér finnst til sóma fyrir hið háa Alþingi. Reyndar er með ólíkindum með ýmis önnur frv. sem eru að detta inn á borð okkar núna sem á að keyra í gegn á aðeins nokkrum dögum sem eftir eru. Betra hefði verið að þetta hefði komið fyrr að þinginu og samgn. hefði gefist góður tími til að fara í gegnum málið vegna þess að sennilega verður þörf á því í samgn. að kalla til sín fjölmarga aðila og heyra í þeim hvað varðar þessa sölu og kannski sérstaklega þann aðskilnað sem við höfum verið að tala um og að selja ekki frá okkur grunnnetið. Þá vænti ég þess að hæstv. samgrh. sé sama sinnis og ég að ekki er nóg að kalla eingöngu til fulltrúa höfuðborgarsvæðisins í því efni. Það þarf að fá aðila utan af landi, sem þetta brennur mikið á, aðila sem eru að reyna að byggja upp fyrirtæki sín þar en hafa mætt ýmsum hraðahindrunum hæstv. ríkisstjórnar og ýmsum hraðahindrunum Landssímans hvað það varðar.

Hæstv. samgrh. minntist á það í frumflutningi sínum á þessu máli í morgun og ræddi um stöðu efnahagsmála og hvort rétt væri að selja þetta þegar staðan í efnahagsmálum væri betri en hún er í dag. Herra forseti. Við Íslendingar vorum, vil ég segja, að njóta þess vafasama heiðurs að í dag var gengi íslensku krónunnar að falla um 5–6% miðað við dollar. Hvaða áhrif þetta hefur á efnahagslífið væri hægt að hafa langt mál um hér. Ég held að þetta séu ein mestu tíðindi sem við erum að fá. Ég hefði haldið að við ættum frekar að ræða efnahagsmál í dag en sölu Landssímans. Það væri meiri þörf á því. Það væri þörf á því að hæstv. forsrh. væri í salnum til að ræða þessi mál nú á 10 ára afmæli hans sem forsrh. Ég get ekki séð að hægt sé að hreykja sér af miklum afrekum í efnahagsmálum um þessar mundir.

Hann gat jafnframt um að salan til einstaklinga hér á landi væri til að auka sparnað almennings. Ég er ekki svo viss um það, herra forseti, að almenningur eigi svo mikið eftir til þess að kaupa hlutabréf í Landssímanum á næstunni, því er nú verr og miður. Sennilega væri þörf á því að það væri hægt og það hefur komið fram að það gæti vel verið að í því leyndist töluverð hagnaðarvon og miðað við vaxtastefnuna eins og hún hefur verið undanfarið þar sem allt er verið að pína og efnahagslífið er farið að hökta á hraða snigilsins.

Ég vildi aðeins nefna þetta vegna þess að þetta bar hér á góma en til að fyrirbyggja allan misskilning leggjumst við alls ekki gegn sölu á samkeppnishluta Landssímans og það hefur komið fram í ræðum þingmanna Samfylkingarinnar. Við leggjumst hins vegar gegn sölu á gagnaflutningskerfinu, grunnnetinu, og það hefur verið skýrt mjög vel af þeim sem hér hafa talað og ég ætla að koma aðeins betur að því á eftir.

Í þessu frv. er líka sala á 25% hlut til stórs aðila og jafnvel erlendis. Ég ætla að segja það hér og nú að ég ætla rétt að vona að okkur takist að selja þennan hlut og þá þess vegna sem allra fyrst til erlends aðila því ekki veitir af innstreymi gjaldeyris til landsins um þessar mundir. Það gæti kannski orðið til þess að fara með krónuna eitthvað aðeins niður á við og bæta gengið eins og það hefur verið miðað við það sem ég hef verið að segja hér áðan að dollarinn skuli vera kominn upp í 103 kr. í lok dags og menn gátu nánast fylgst með því frá klukkutíma til klukkutíma hvernig krónurnar fóru þar. Sannarlega væri þörf á því en ég minni jafnframt á að hæstv. ríkisstjórn getur ekki treyst á það sem stóran lið í efnahagsstefnu sinni að selja allar eigur okkar til útlanda vegna þess að þær eigur verða ekki seldar aftur.

Það hefur komið fram varðandi grunnnetið, sem við höfum verið að fjalla um og viljum að sé undanskilið í þessu, og það kemur fram í fylgigögnum með frv. frá nefndinni sem hefur fjallað um málið og þeim sérfræðingum sem um það fjölluðu, að það er hægt tæknilega og rekstrarlega að aðskilja það frá sölunni. Við teljum að ríkið, eins og segir í samningnum um ljósleiðarapörin þrjú af átta sem NATO á, geti haldið sérstöku fyrirtæki utan um þetta atriði til að hafa þann möguleika að ríkið stjórni því hverjum er seldur aðgangur að því og að allir aðilar á þessum markaði geti að sjálfsögðu keypt þessa þjónustu og tryggt sé að engar samkeppnishindranir séu í þeirri sölu, hvorki hvað varðar verð né tíma sem það tekur að skaffa þeim aðilum þá þjónustu sem þeir vilja, en við höfum heyrt af því að ýmsar aðferðir eru notaðar til þess að draga þá aðila sem þurfa að fá línur og þjónustu frá Landssímanum á langinn og svo furðulegt sem það nú er sé Landssíminn stundum búinn að hafa samband við þá aðila og bjóða þeim þá þjónustu sem hinn aðilinn hefur ætlað að bjóða þeim.

Ég sagði, í stuttu andsvari í morgun við hæstv. samgrh., að það hefði þurft tilskipun að ofan frá hæstv. samgrh. á aðalfundi Landssímans til að breyta gjaldskrá Landssímans í þá veru að fyrirtæki á landsbyggðinni ættu einhvern smárekstrargrundvöll hvað varðar leigu á 1 og 2 megabæta leigulínu, og það er ekki tími til þess núna, herra forseti, á þeim 20 mínútum sem ég hef til þess að fara í gegnum þetta. En munurinn var hrikalegur. Hann hefur verið leiðréttur að hluta til en alls ekki að öllu leyti. Enn þá er miklu ódýrara fyrir fyrirtæki sem er stutt frá apparatinu í Reykjavík að leigja sér 1 og 2 megabæta leigulínu en fyrirtæki t.d. vestur á Ísafirði eða austur á Egilsstöðum. Það munar miklu. Þetta lækkaði mest á stuttum leiðum.

Þegar ég segi að það eigi að halda grunnnetinu frá og stjórnarsinnar hafa verið að andmæla því að það sé erfitt að gera það og í áliti sérfræðinga í þessari skýrslu kemur fram að það verði baggi á ríkissjóði að reka þetta. Ég vil aðeins minna á að þetta er nú þegar aðgreint í bókhaldi Landssímans eftir skipun frá Póst- og fjarskiptastofnun. Þannig er hægt að skilgreina mjög vel hvað tilheyrir grunnnetinu og hvað ekki. Í því sambandi má líka nefna og minna á samninginn sem gerður var við NATO um þau þrjú ljósleiðarapör af átta sem hér er fjallað um. Það var auðvelt og er auðvelt að koma þeim samningi á, bæði hvað varðar þjónustuskyldu, endurgjald fyrir þræðina og þetta allt saman og því skyldi það ekki vera hægt fyrir aðra þætti í grunnnetinu, enda eins og ég segi hefur það ekki verið hrakið hér, hvorki af stjórnarsinnum né öðrum að ekki séu tæknilegar forsendur til að gera þessa þætti. Þeir eru fyrir hendi.

Eitt í viðbót, herra forseti, sem mælir með því að grunnnetinu sé haldið aðskildu í fyrirtæki sem ríkið á og leigir öllum þeim sem vilja fá afnot af, það er til að koma í veg fyrir þá, við skulum segja, þjóðhagslegu vitleysu sem felst í því að hvert einasta fyrirtæki er farið að leggja ljósleiðara hingað og þangað, annaðhvort um höfuðborgarsvæðið eða Reykjavík, á Suðurlandi eða leggja strengi norður o.s.frv. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að ætla að gera þetta þannig að öll fyrirtæki vilji frekar leggja í þann mikla kostnað eins og því er samfara að leggja ljósleiðara þess vegna norður í land eða þess vegna austur á land, austur á Egilsstaði, lengstu leið sem hægt er að fara, frekar en standa í því stappi að ná viðskiptum við Landssímann til að nota það sem hér á að nota. Enda er það líka svo að þegar þessi atriði eru höfð í huga og sú þjónusta sem við krefjumst af þessu í dag, þá er eiginlega sama hvaða reglur eru lagðar undir núna í fjarskiptageiranum, sem eru sjálfsagðar kröfur dagsins í dag. Það er nefnilega svo vegna örrar tækniþróunar að það sem menn segjast vera búnir að uppfylla og þau atriði sem við viljum að þeir uppfylli getur verið orðið úrelt eftir eitt ár og hvaða tryggingu höfum við fyrir því að nýir eigendur Landssímans geti ekki bara andmælt nýjum kröfum frá Póst- og fjarskiptastofnun þegar tækninni fleygir fram, geti þess vegna farið í mál við ríkið og unnið það mál jafnvel vegna þess að þeir telja sig vera búna að uppfylla þau skilyrði sem við setjum en tækniþróunin er slík að hún er margfalt meiri en við gerum okkur í raun grein fyrir og sjáum fyrir um þannig að þessir þættir geta stórbreyst á næstu mánuðum og næstu árum.

Herra forseti. Hér hefur dálítið verið rætt um þann viðsnúning sem hefur orðið hjá framsóknarmönnum gagnvart grunnnetinu. Þeir hafa boðað það í allan vetur og það höfum við séð á heimasíðu iðnrn., hjá byggðamálaráðherra, þar sem fjallað er um þessi atriði, en svo virðist vera að Framsfl. hafi hreinlega látið undan og gefist upp fyrir stóra bróður sínum Sjálfstfl. eins og í svo mörgum öðrum málefnum. Hæstv. félmrh. var svo hreinskilinn að hann komst þannig að orði í svæðisútvarpi Norðurlands að Framsókn hefði bara hreinlega gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Það getur vel verið að það sé svo í þessu máli einnig, því að á heimasíðu iðnrn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þar sem þjónustusalan er hinn raunverulegi samkeppnisrekstur er litið svo á að þennan hluta Landssímans hf. eigi við fyrsta tækifæri að selja (einkavæða). Aftur á móti ætti að fara hægar í að einkavæða rekstur grunnkerfisins, mikilvægara er að halda áfram og ljúka uppbyggingu þess."

Síðan er sett fram tillaga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landssímanum hf. verði skipt í tvö sjálfstæð fyrirtæki. Annars vegar fyrirtæki sem á og rekur grunnkerfið, þ.e. dreifikerfið ásamt nauðsynlegum búnaði, og hins vegar fyrirtæki sem annast almenna síma- og fjarskiptaþjónustu."

Þetta er eins og talað út úr mínu hjarta. Hvað hefur svo breyst? Jú, ég held að það eitt hafi breyst að Sjálfstfl., sem er

mjög umhugað um að selja þetta allt saman sem allra fyrst, að þar bíði ýmsir við skulum segja vildarvinir Sjálfstfl. eftir að fá að kaupa sem allra fyrst meðan gengið er lágt. En hvað hefur breyst hjá framsóknarmönnum?

Hér hefur verið vitnað í það, herra forseti, hvað hv. þm. Hjálmar Árnason hefur sagt í þessum efnum og rætt um Microsoft-ástand og fleira sem gæti skapast. Ég minni á að hann er varaformaður samgn. Nei, herra forseti. Greinilegt er að Framsfl. hefur gefist upp í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum í þessu stjórnarsamstarfi og lúffar frekar en láta steyta á og halda því sem þeir hafa áður sagt og reyna að standa vörð gagnvart landsbyggðinni.

Ég óttast það, herra forseti, allra mest að með sölu á þessu öllu saman, þar með talið grunnnetinu, verði möguleikar landsbyggðarinnar stórskertir. Ég óttast að þegar farið verður að gera meiri kröfur til Landssímans, aðrir aðilar verði búnir að eignast 49%, þar á meðal þessir ráðandi hluthafar, þá verði gerðar allt aðrar kröfur þannig að við munum sjá ýmislegt enn þá verr en hefur verið hingað til í starfsemi Landssímans gagnvart landsbyggðinni og nægir þar að nefna það sem ég var að tala um áðan, langa baráttu fyrirtækja á landsbyggðinni fyrir lækkun á leigulínum sem tók allt of langan tíma t.d. eins og bara breytingar á því hvernig þetta er verðlagt. Nágrannaþjóðir okkar nota loftlínulengd en ekki línulengd þar sem lagt er fyrir hvern fjörð. Danir hafa hámark 75 km loftlínu. Við erum ekki með nein hámörk. Á þetta hefur verið bent við Landssímann en ekkert hefur verið gert. Gera menn sér grein fyrir því að línulengd vestur á Ísafjörð eru tæpir 500 km meðan loftlínan er 200 km? Það eru ótal mörg atriði sem ekki hefur tekist að koma fram við Landssímann sem ríkisfyrirtæki í breytingarátt til hagsbóta fyrir lítil fyrirtæki sem eru að hasla sér völl á landsbyggðinni, sem eru að reyna að byggja upp aðra atvinnustarfsemi vegna þeirra atvinnuháttabreytinga sem átt hafa sér stað undanfarin ár, en þessum fyrirtækjum er gert það ókleift og þau standa ekki jafnfætis fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu hvað rekstrarskilyrði varðar.

Eitt í viðbót, herra forseti. Við vitum að Landssíminn gefur sig út fyrir að vera vel rekið fyrirtæki og ég ætla ekki að draga dul á það sem hér hefur komið fram, ég held að Landssíminn sé ákaflega vel rekið fyrirtæki í raun og veru. En það hefur ekki hagsmuni allra landsmanna í heiðri, engan veginn miðað við það sem ég hef verið að taka sem dæmi um. Ég þekki að það hefur tekið fyrirtæki sem hefur óskað eftir leigulínu eða öðru slíku mjög langan tíma að fá slíkt. Og það sem ég var að nefna áðan, sem er dálítið furðulegt, er að í millitíðinni skuli söluaðilar frá Landssímanum koma og hitta akkúrat á það fyrirtæki sem vildi skipta við fyrirtæki á landsbyggðinni og bjóða þá þjónustu sem hinn aðilinn hefur verið að biðja um og bjóða.

Herra forseti. Ræðutími minn í þessari 1. umr. er senn á enda. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns. Ég er hlynntur sölu Landssímans, samkeppnishluta Landssímans. Ég er hins vegar alfarið á móti því sem hér hefur komið fram, sem varð niðurstaða stjórnarflokkanna um að selja þetta allt, þar á meðal grunnnetið, grunnkerfið, vegna þess sem ég hef lýst hér gagnvart landsbyggðinni. Það er sannarlega hætta á ferðum hvað það varðar. Þjónustan hefur ekki verið allt of góð hingað til hjá Landssímanum gagnvart landsbyggðinni. Það hefur tekið langan tíma að fá hluti. Ég óttast að það muni ekki skána heldur versna við einkavæðinguna og söluna á sjálfu grunnnetinu.

[17:54]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller lýsti afstöðu Samfylkingar í málinu. Ég vil leyfa mér að kalla eftir því sem ég hef áður gert í þessari umræðu en ekki hefur fengist svar við: Hvernig skilgreinir Samfylkingin hugtakið grunnnet? Hvað er það nákvæmlega sem Samfylkingin vill ekki selja? Ég held að það sé grundvallaratriði að það komi fram í umræðunni hvað átt er við þegar talað er um að halda grunnnetinu eftir í eigu ríkisins, hvað eiga menn við?

Hv. þm. eins og fleiri í stjórnarandstöðunni hefur miklar áhyggjur af framsóknarmönnum í þessu máli. Ég get fullvissað hann um að hann þarf þess ekki. Hann heldur því fram að Framsókn hafi gleymt landsbyggðinni. Við þingmenn Framsfl. höfum farið yfir það hvernig við höfum lagt áherslu á það að öllum sé tryggður aðgangur að fjarskiptanetinu á sambærilegu verði og það kemur m.a. fram í afstöðu þingflokksins þannig að ég vísa þeirri fullyrðingu til föðurhúsanna.

Síðan vil ég segja það einnig, herra forseti, að ég vona og veit reyndar að hv. þm. sem á sæti í samgn. mun fara ofan í málið með okkur efnislega og ég vona að hann sjái að hann lýsti miklum misskilningi þegar hann talaði um leigulínur, lengd þeirra og vegalendir, þar sem hann, eins og ég skildi hann, talaði um að aðilar á Ísafirði þyrftu að greiða leigulínu allt frá Reykjavík til Ísafjarðar, yfir 500 km. Þetta er ekki rétt og ég veit að við munum fara saman yfir þetta í nefndinni og þingmaðurinn mun væntanlega sjá þar á hverju misskilningurinn er byggður.

[17:55]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Magnúsar Stefánssonar. Hann biður mig um að skilgreina grunnnetið, hvað við eigum við. Ég er búinn að heyra þetta einu sinni áður hjá honum. Ég geri mér ekki almennilega grein fyrir því hvort einhver vafi sé á því hvað grunnnetið er. Er ekki ljóst að grunnnetið eru jarðsímalagnirnar, sama hvort þær eru ljósleiðari eða gamlar löngu afskrifaðar koparlínur? Eru það ekki jarðstöðvarnar sem eru vítt og breitt um landið, sama hvort þær tilheyra gervihnattadiskum eða örbylgjusendum? Það eru sæstrengir sem liggja yfir suma firði á Íslandi í staðinn fyrir að fara fyrir þá. Það eru tengigrindur sem eru í því sem við kölluðum í gamla daga símstöðvum. Það eru ekki símstöðvar sem slíkar heldur tengigrindur þar sem þetta kemur inn og það er ljósleiðarafjölsími, endabúnaður.

Ég held, herra forseti, að það sé ekkert erfitt að skilgreina þennan búnað. Hann er skilgreindur eins og hv. þm. veit, stjórnarmaður í Landssímanum. Hann er skilgreindur í bókhaldinu og hann er skilgreindur í samningnum um ljósleiðarapörin hjá NATO og þess vegna hljótum við að geta þetta líka. En í stuttu máli, herra forseti, þetta er grunnnetið.

Herra forseti. Rétt að lokum, það var ekki ég sem sagði það fyrst að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni. Ég tók það skýrt fram og það ber að virða að það var hæstv. félmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Páll Pétursson, sem sagði í útvarpsviðtali að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hæstv. félmrh.

[17:57]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það mjög mikilvægt að það komi fram hjá hv. þm. hvað hann á við þegar hann skilgreinir grunnnetið. Það er bara gott eitt um það að segja. Ég hef aldrei lýst skoðunum mínum á því hvað er grunnnet og hef ekki farið yfir það í þessari umræðu. Ég tel mikilvægt eins og ég hef sagt að Samfylkingin komi því á hreint hvað átt er við með grunnnetinu sem hún vill ekki selja og hv. þm. hefur farið yfir það, skilgreiningu sína á því og ég þakka honum að sjálfsögðu fyrir að það kom fram í þessari umræðu sem ég tel mjög mikilvægt að það geri.

En sem sagt, Samfylkingin vill ekki selja grunnnetið en samkeppnisreksturinn vilja þeir selja og þar með starfsfólk Símans.

[17:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður með að ég gat komið hv. þm. Magnúsi Stefánssyni í skilning um hvernig við samfylkingarfólk skilgreinum hvað grunnnetið er. Ég skildi reyndar ekki síðustu orð hans um það að við værum sammála því að selja starfsfólk Landssímans.

Ég ætla ekkert að fara inn á það en ég vil minna á að ég er alveg hjartanlega sammála honum ef hann hefur átt við það að skoðun mín er sú að ein mesta auðlind Landssímans er sennilega starfsfólk hans sama hvort það er forstjóri, stjórnarformaður eða hinir og þessir sem fara og leggja línur. (Gripið fram í.) Landssíminn á mikla auðlind fólgna í því. Að því leytinu kannski er það alveg sjálfsagt að starfsmenn Landssímans í dag — það er alltaf erfitt að spekúlera í því hvað á að gera við þá sem eru hættir — eigi að fá einhvern sérstakan forgang á að kaupa hlut.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, vegna andsvars hv. þm. Ég held að það hafi komið skýrt fram. Hann á kannski eftir að koma aftur í ræðustól en mig langar þá að snúa spurningunni við og spyrja framsóknarmenn hvað þeir eigi við með grunnnetinu. Það er spurning hvort þeir hafa uppgötvað grunnnetið eitthvað öðruvísi en þeir gerðu fyrir hálfu eða einu ári þegar þeir voru harðir á því að selja ekki grunnnetið með. Ég veit ekki hvað hefur breytt þeirri afstöðu nema ef vera kynni linkind, þeir hafi látið undan, látið troða þessu ofan í sig eins og ýmsu öðru í þessu stjórnarsamstarfi. Ég get ekki séð annað. Ég get ekki ímyndað mér að framsóknarmenn hafi fyrst núna verið að átta sig á því hvað grunnnetið væri. Þeir hafa talað í dag um að þeir hafi áttað sig á því að komin væru fjarskiptalög, sem reyndar voru sett 1999.

Herra forseti. Ég vil rétt í lokin ítreka það sem ég sagði áðan. Það var ekki ég sem sagði að Framsókn hefði gleymt landsbyggðinni. Það eru orð hæstv. félmrh.

[18:00]

Útbýting þingskjala:

EES-samstarfið, 720. mál, fsp. RG, þskj. 1168.

Eingreiðslur tekjutryggingar, 562. mál, svar heilbrrh., þskj. 1166.

Raforkuver, 722. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1170.

Stytt landleið milli Reykjavíkur og Akureyrar, 721. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 1169.

[18:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og aðrir stjórnarandstæðingar sem hér hafa talað vil ég byrja á að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessu máli. Hér er tekið á dagskrá eitt af stærstu málum þessa þings, þegar fimm eða sex þingfundardagar eru eftir á starfsáætlun þingsins og er ekki annað að heyra á stjórnarliðum en að til þess sé ætlast að frv. fái afgreiðslu á þinginu.

Herra forseti. Það er yfirgengilegt að þetta skuli eiga sér stað, að framkvæmdarvaldið vaði yfir löggjafarsamkunduna á skítugum skónum hvað eftir annað og ætlist til að stór mál séu keyrð hér í gegn á skömmum tíma. Við hljótum að ætlast til að forsn. taki þessi vinnubrögð til umfjöllunar á fundum sínum. Þetta gengur ekki, ekki síst þegar við bætist að ekkert sérstakt hefur komið fram í umræðunni sem rök fyrir að flýta afgreiðslu frv.

Hv. 7. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, nefndi meira að segja í framsöguræðu sinni að formaður einkavæðingarnefndar hefði haft orð á því að það væri ekkert sem kallaði sérstaklega á að afgreiða málið nú og það gæti þess vegna beðið til haustsins.

Hlutabréfamarkaðurinn er í þeirri stöðu núna að það er vart hægt að ætlast til að hér fari fram sala á þessu fyrirtæki sem skili því að ríkið og almenningur fái hámarksverð fyrir þessa miklu eign sína og maður veltir fyrir sér af hverju þurfi að pressa málið í gegnum þingið nú.

Afstaða Framsfl. í þessu máli hefur vissulega vakið athygli í þessari umræðu og reyndar áður í aðdraganda þess að málið var lagt fram hér á þingi. Það er ljóst að framsóknarmenn, a.m.k. margir hverjir, hafa verið mjög tregir til að fallast á þá leið sem hér er lögð til. Það er greinilegt að enn eina ferðina hafa sjálfstæðismenn náð sínu fram gegn vilja framsóknarmanna. Það sést gleggst á þeirri bókun sem hér hefur aðeins verið farið yfir að þetta mál hefur verið erfitt mörgum framsóknarmanninum. Ég ætla að víkja nánar að þessari bókun síðar.

Ég held það sé alveg ljóst, miðað við umræðuna sem hér hefur farið fram, að það er þrenns konar afstaða uppi að því er þetta mál varðar. Stjórnarflokkarnir styðja, eins og frv. ber með sér, að heimilt verði að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands. Vinstri grænir virðast alfarið á móti því að selja nokkuð í Landssíma Íslands og Samfylkingin hefur markað þá stefnu að heimila sölu á Landssímanum en undanskilja grunnnetið. Þetta liggur alveg skýrt fyrir.

Ég vil aðeins koma inn á þau skilyrði sem framsóknarmenn hafa sett fyrir sölunni. Þeir hafa fullyrt að samstaða sé um það milli stjórnarflokkanna að þessi skilyrði nái fram að ganga. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. um þessi skilyrði vegna þess að þau eru afar mikilvæg. Þau kosta töluverða peninga og sum eru allsérkennileg.

Í þessari bókun stendur í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Stjórnarflokkarnir móti sameiginlega framtíðarstefnu um uppbyggingu fjarskiptakerfisins um allt land þannig að landsmenn eigi aðgang að sem sambærilegastri þjónustu fyrir sama verð. Tryggt verði fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda í þessu skyni."

Ég spyr: Hvað er verið að tala um nákvæmlega? Veit hæstv. samgrh. það? Getur hann skýrt það betur en hér hefur komið fram og hvað kostar þessi fyrsti töluliður?

Í öðrum tölulið segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarflokkarnir gangi frá samkomulagi um áfangaskiptingu sölunnar, sérstaklega með tilliti til þess hvenær meiri hluti fyrirtækisins skuli seldur."

Ég vil spyrja samgrh.: Er þessi bókun gerð eftir að þessi áfangaskipting kemur fram, eins og fram kemur í frv., t.d. á bls. 14 þar sem lýst er þessum þremur áföngum? Er það

samkomulagið sem stjórnarflokkarnir eru sammála um eða á eftir að semja um einhverja allt aðra áfanga? Ég vil spyrja að því er varðar þennan annan lið: Getur verið að við fjöllum um málið út frá áföngum sem eru í settir fram í frv. en þeir séu þegar upp verður staðið eitthvað allt annað sem stjórnarflokkarnir ná samkomulagi um?

Í þriðja lagi stendur í bókun þingflokks framsóknarmanna:

„Stjórnarflokkarnir gera með sér samkomulag um ráðstöfun söluandvirðis ríkisfyrirtækja."

Það hefur verið vitnað til stefnu ríkisstjórnarinnar að því er varðar, að mér skilst, ráðstöfun á tekjum af sölu á ríkisfyrirtækjum sem eru að greiða niður skuldir ríkissjóðs, fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum eða efla upplýsingasamfélagið. Er það þetta þrennt sem um er rætt í þessum lið bókunarinnar eða er það eitthvað annað? Er það svo, herra forseti, að hluta af þeim tekjum sem fást af þessari sölu eigi að verja t.d. til sérstakra verkefna í samgöngumálum? Það eru ekki margar vikur síðan við fjölluðum um niðurskurð eða frestun á vegaframkvæmdum í tengslum við fjárlög. Má vænta þess, herra forseti, miðað við það sem hér er sett fram um ráðstöfun á þessum tekjum, að einhverjum hluta af andvirðinu verði varið til þess að draga til baka þá frestun sem samgrh. mælti fyrir við fjárlagaafgreiðsluna?

Ég tel afar mikilvægt að þingheimur fái skýrari upplýsingar um hvernig eigi að verja andvirðinu af þessari sölu. Málið er nefnilega, herra forseti, að þegar Alþingi hefur afgreitt frá sér þessa heimild þá er málið úr höndum Alþingis, ef ég skil það rétt. Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands án þess að nokkrir fyrirvarar séu settir fram. Út af fyrir sig veltir maður því fyrir sér hvort eðlilegt sé að Alþingi afsali sér með þessum hætti öllum afskiptum af þessu máli og hvort eðlilegra hefði verið að áfangaskipta heimild Alþingis til samgrh. að því er þessa sölu varðar.

Í fjórða lið bókunarinnar, svo ég ljúki henni af, herra forseti, þá segir:

„Eftirlitsstofnanir ríkissins á þeim sviðum sem hér um ræðir verði styrktar."

Framsóknarmenn hafa sérstaklega talað um Samkeppnisstofnun í því samhengi, herra forseti, að þar þurfi að bæta við, ef ég skil þá rétt. Þeir eru ekki að tala um lagabreytingu heldur um að fjölga þurfi sérfræðingum á fjarskiptasviði hjá Samkeppnisstofnun.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Verður það gert? Hefur verið fallist á það af hálfu sjálfstæðismanna að efla Samkeppnisstofnun og fjölga sérfræðingum vegna málsins sem við ræðum hér?

Mér finnst það afar mikilvægt við 1. umr., sérstaklega þar sem þinginu er ætlaður svo knappur tími til að afgreiða málið, að fá fram skýrari línur að því er þessa þætti varðar. En þessi fjögur skilyrði sem framsóknarmenn hafa greinilega sett fyrir afstöðu sinni til frv. sýna okkur ljóslega hvað málið hefur verið þeim erfitt.

Eins og ég nefndi áðan er stefna Samfylkingarinnar skýr, þ.e. að selja fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Við höfum dregið línuna hér að því er varðar grunnnetið og við drögum línuna líka skýrt við velferðarkerfið. Það kemur ekki til greina að einkavæða í heilbrigðis-, mennta- og félagslega kerfinu, svo það sé skýrt. Við viljum að þar eigi allir að hafa aðgang óháð efnahag.

Nú vil ég spyrja hæstv. samgrh., af því að hér hefur það t.d. komið fram hjá samgrh. að Landssíminn hafi núna 85% af markaðshlutdeildinni: Með því fyrirkomulagi sem hér er verið að leggja til, að selja allt eins og það leggur sig og undanskilja ekki grunnnetið, er þá ekki raunverulega verið að viðhalda markaðsráðandi stöðu Landssímans? Getur hæstv. samgrh. fullyrt að með þeirri leið sem hann mælir fyrir sé markaðsráðandi stöðu Landssímans ekki viðhaldið?

Í því sambandi vil ég spyrja: Hefur hæstv. ráðherra leitað, t.d. til Samkeppnisstofnunar, eftir áliti á því? Væri ekki eðlilegt að Samkeppnisstofnun segði álit sitt á sölunni áður en Alþingi gefur framkvæmdarvaldinu svo stóra heimild, að selja Símann eins og hann leggur sig? Ég held að það væri ákaflega mikilvægt að fá það fram við umræðuna hvort það hafi verið gert og ef ekki, hvort ráðherrann telji þá ekki eðlilegt að leita til Samkeppnisstofnunar áður en málið fer frá þinginu.

Verðið á þessu fyrirtæki hefur verið til umræðu. Ef ég skildi ráðherrann rétt — hann mælti fyrir frv. í allskýru máli — þá hélt hann því fram að salan mundi fara fram þegar eðlilegar aðstæður væru á markaðnum til sölunnar. Ef málinu er þannig háttað, er þá ekki nokkuð ljóst, herra forseti, og ég spyr samgrh. að því, að gera megi ráð fyrir að ekkert verði selt á þessu ári? Er ekki staðan á hlutabréfamarkaðnum og í efnahagslífinu með þeim hætti að ekki sé skynsamlegt að ráðast í sölu, sérstaklega ef ná á því markmiði ríkisstjórnarinnar að fá hámarksverð fyrir þessa ríkiseign?

Hlutabréf á markaði hafa verið að lækka um tugi prósentna á umliðnum missirum og gengi þeirra er örugglega í sögulegu lágmarki. Það er ekkert sérstakt sem bendir til að hlutabréfamarkaðurinn sé á uppleið. Gengið hefur fallið með þvílíkum ósköpum, við erum sennilega að tala um yfir 20% frá næstsíðustu áramótum. Einungis á þessum degi um einhver 6%, þannig að það væru þá helst erlendir fjárfestar sem græddu á að kaupa hlut í fyrirtækinu. Það er líka ansi erfitt, herra forseti, að fara út í að veita þessa heimild áður en nokkuð liggur fyrir um verðmat á þessu fyrirtæki. Hæstv. ráðherra kom inn á það í máli sínu að ekkert lægi fyrir um það. Þar sem ráðgjafarfyrirtæki er að meta þessa eign almennings þá spyr ég hæstv. ráðherra: Mun verðmat liggja fyrir áður en málið verður afgreitt frá þinginu eða hvenær er þess að vænta að það geti legið fyrir?

Í dag hefur verið rætt um að verulegt verðfall hafi orðið á þessari eign. Menn tala um að það séu kannski rúmlega 20 milljarðar núna sem megi vænta miðað við stöðuna á hlutafjármarkaði að hægt sé að fá fyrir þessa eign en menn voru að tala um 40–60 milljarða og allt upp í 80 milljarða ef ég man rétt fyrir einu og hálfu ári.

Ég er með upplýsingar frá Verðbréfaþingi þar sem Verðbréfaþing var spurt um það hvað megi áætla að komi fram af nýju hlutafé á árinu 2001 og 2002. Við erum ekki bara að tala þar um Landssímann, við erum líka að tala um sölu á bönkunum. Þar kemur fram að vegna Landssímans áætlar Verðbréfaþing að 7 milljarðar komi inn á þessu ári og þeir reikna með svipaðri fjárhæð á þessu ári: „... svipuð fjárhæð fer til erlendra fjárfesta á árinu ..." Ef það gengur eftir sem þeir eru að tala um þá eru þeir að tala um 14 milljarða á þessu ári. Síðan nefna þeir árið 2002 og segja að varðandi Landssímann megi ætla að nýtt hlutafjárútboð komi upp á 10 milljarða. Samtals er því hér verið að tala um einhverja 24 milljarða og þar af 14 milljarða á þessu ári.

Ég spyr hæstv. samgrh.: Kannast hæstv. samgrh. við þær tölur sem ég nefndi? Kannast hæstv. fjmrh. við þær? Sér hann nokkuð fyrir sér sem bendir til þess að það sé raunhæft,

ef menn ætla að fá eðlilegt verð fyrir Landssímann, að hægt sé að selja þá á þessu ári samhliða því að bankarnir eiga líka að fara í sölu?

Er það ekki bara svo, herra forseti, að það liggi svona mikið á að selja af því stjórnarflokkarnir, og þá einkum Sjálfstfl., eru að fara í sína hefðbundnu einkavinavæðingu? Að einhverjir vildarvinir bíði eftir því að geta farið að kaupa Landssímann? Og að áföngunum sé skipt miðað við það sem fyrrverandi viðskrh. orðaði þegar hann var óbreyttur þingmaður árið 1993 þegar var verið að ræða um sölu á bönkunum, að verið væri að brytja þá niður í passlega stóra bita, þannig að þeir pössuðu í ginið á Kolkrabbanum? Er það ekki það sem hæstv. ráðherra er að gera varðandi þá áfangaskiptingu sem hér er sett fram?

Herra forseti. Ég held að afar mikilvægt sé að fá svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra og ekki síst varðandi matið á fyrirtækinu.

Ég spyr líka hæstv. samgrh.: Telur hann ekki eðlilegt að áður en fram fari sala á Landsbankanum að samþykki Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar liggi fyrir á því að rétt sé og eðlilegt að fara með bankann í sölu miðað við það að sú staða sé þó uppi á markaðnum að fyrir hann fáist eðlilegt verð? Væri það ekki réttur farvegur í málinu?

Af því ég sé að fyrri ræðutíma mínum er að ljúka þá vil ég í lokin spyrja um starfsmennina. Hefur verið haft samráð við starfsmennina um þessa sölu? Verður einhver breyting á þeirra högum við söluna? Telur ráðherra að hægt sé að halda þannig á sölunni að starfsmannavelta muni ráða, en ekki verði farið út í hagræðingu sem muni t.d. bitna á starfsmönnum, að þeim verði sagt upp? Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir að þannig verði haldið á sölunni að það verði sett sem eitt af skilyrðunum?

Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Telur ráðherrann ekki rétt og eðlilegt að starfsmenn hafi fulltrúa í stjórn fyrirtækisins? Er það þannig nú? Ég spyr um það. Ég minnist þess ekki að svo sé. Ég held að það séu aðallega alþingismenn þarna í stjórn og tveir þeirra hafa talað á þessum degi. Ég verð að segja það, herra forseti, að manni finnst hálfankannalegt að alþingismenn sitji í stjórn þessa fyrirtækis og séu svo að fjalla um sölu og sölufyrirkomulag á þessu í þingsölum.

Ég spyr, herra forseti, hér í lokin af því tíma mínum er að ljúka: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að starfsmenn fái fulltrúa í stjórn þessa fyrirtækis? Síðan ítreka ég þær nokkuð mörgu spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra og vona að hann svari þeim áður en umræðunni lýkur.

[18:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru fleiri spurningarnar sem hv. þm. lagði fyrir mig en svo að ég geti svarað þeim í stuttu andsvari.

En fyrst vegna fyrirspurnar um bókun þingflokks Framsfl. þá vil ég almennt segja um þá fyrirspurn frá hv. þm. að enginn ágreiningur er milli stjórnarflokkanna um þau atriði kom fram í þeirri bókun. Flest af þeim atriðum sem þar koma fram er að finna í ræðu minni þegar ég mælti fyrir frumvarpinu fyrr á þessum degi þannig að flokkarnir eru samstiga í því sem þar kemur fram.

Hvað það kostar sem þar er nefnt þá hefur ekki verið lagt neitt mat á það en það er alveg ljóst að það er fyrst og fremst kostnaður sem fyrirtækið þarf að leggja út á fullkomlega viðskiptalegum forsendum, að byggja upp fjarskiptakerfið o.s.frv., þannig að ekki er verið að tala um beinan útlagðan kostnað úr ríkissjóði. Hins vegar er það alveg ljóst að við þurfum að vinna að því að leiðir finnist til þess að tryggja sem best sambærilegt verð um landið og að því er unnið.

Hv. þm. spurði hvort verið væri að viðhalda markaðsráðandi stöðu Landssímans. Það er nú fjarri því. Við erum að opna þennan markað á grundvelli fjarskiptalaganna. Við erum að koma á samkeppni. Eins og hér hefur verið bent á margsinnis í dag er Síminn nú þegar kominn í þá samkeppni þannig að það er alls ekki verið að skapa neitt markaðsráðandi stöðu.

[18:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þá liggur það fyrir að það er samkomulag milli flokkanna um að fara í málið með þeim hætti eins og liggur fyrir í þessari bókun. Mér finnst þá, herra forseti, að við í stjórnarandstöðunni eigum nokkra kröfu á því að fá skýrar fram hvað bókunin felur í sér. Ég hef sérstakan hug á að ráðherra tali eilítið skýrar um það sem hann fór reyndar ekki inn á, sem er þriðji töluliðurinn í bókuninni, sem fjallar um ráðstöfun á sölundvirði ríkisfyrirtækja, þ.e. þessu fyrirtæki. Það skiptir nokkru máli í þeirri stöðu sem efnahagsmálin eru núna, t.d. hvernig verja á þessu fjármagni. Það hafa aðallega verið nefndar þrjár leiðir og ég spyr um það:

Ef það liggur ekki fyrir núna, er hæstv. ráðherrann tilbúinn að beita sér fyrir því að það liggi þá fyrir hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum áður en Alþingi afgreiðir þetta mál?

Ráðherra hlýtur að hafa skilning á því að stjórnarandstaðan vilji fá upplýsingar um það þegar verið er að veita slíka heimild, hvernig eigi að ráðstafa andvirðinu af sölunni á þessu fyrirtæki sem skiptir einhverjum tugum milljarða og ég spyr um það.

Af því að ég er að spyrja ráðherrann um hvort hann geti beitt sér fyrir ákveðnum upplýsingum áður en málið verður afgreitt þá spyr ég hann líka um verðmatið á fyrirtækinu: Er hann tilbúinn eða getur hann svarað því núna í þessu andsvari eða vill hann bíða með það, hvort upplýsingar um verðmatið geti legið fyrir áður en málið verður afgreitt frá Alþingi?

[18:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðustu spurningu hv. þm. þá get ég ekki staðfest að fyrir muni liggja verðmat á fyrirtækinu áður en frumvarpið verður afgreitt frá þinginu. Verið er að vinna í því máli og eins og ég sagði fyrr í dag er það mjög flókin og viðamikil vinna. Við erum fyrst og fremst að leita eftir þessari almennu heimild til þess að selja þennan hlut og ekki er hægt að gera þá kröfu út af fyrir sig að við getum sagt fyrir um hvert verðið verður því að hluta til verður þarna um að ræða uppboðsmarkað á hlutabréfum þannig að það er úr vöndu að ráða hvað það varðar.

Um það atriði hvernig eigi að ráðstafa söluandvirði þá er um það að segja í fyrsta lagi að það kemur skýrt fram bæði í stjórnarsáttmálanum og í greinargerðinni með frumvarpinu að við gerum ráð fyrir að ráðstafa fjármunum vegna sölu ríkiseigna til þessara þriggja þátta: Til lækkunar skulda, til sérstakra samgönguverkefna og til upplýsingasamfélagsins, verkefna vegna þess. Að öðru leyti afgreiðum við ríkisútgjöld og framlög í fjárlögum hverju sinni. Það er því algerlega útilokað að gera kröfu til þess að hér verði afgreidd fjárlög samhliða því að heimila sölu þessa fyrirtækis. Það er því

ekki hægt að gefa neinar yfirlýsingar um það hvert þessir fjármunir renna. Um það tökum við ákvörðun þegar þar að kemur, þegar fjárlög verða afgreidd.

[18:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn er að fara fram á það að hér verði afgreidd fjárlög samhliða þessu frumvarpi að því er þessa þrjá þætti varðar. En ég spyr þá um hvort það sé réttur skilningur hjá mér á orðum ráðherrans að það liggi þegar fyrir að tekjunum verði varið til þeirra þriggja þátta sem ráðherrann nefndi? Ekki einhvern einn af þeim eða tvo, heldur verði tekjunum varið til þessara þriggja þátta, þ.e. að hluta til verði þeim varið til að greiða niður skuldir, að hluta til til að fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum og að hluta til til að efla upplýsingasamfélagið. Ráðherrann kinkar kolli þannig að það er þá til samþykkis um að tekjunum verði varið til þeirra þriggja þátta sem ég nefndi (**Samgrh.:** Að því er stefnt.) — Að því er stefnt.

Ég spyr um það, herra forseti: Hefur verið leitað álits miðað við þá stöðu sem við erum í í efnahagsmálum um ráðstöfun á þessu andvirði með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur lýst hjá Seðlabanka og hjá Þjóðhagsstofnun? Ef svo er, hvert er þá mat Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka á því að ráðstafa andvirðinu svo skiptir kannski tugum milljarða í þá þrjá þætti sem hér hafa verið nefndir? Ég spyr um það vegna þess að Alþingi mun auðvitað leita eftir því ef það hefur ekki verið gert hjá þeim stofnunum sem fara með eða eiga að veita ráðgjöf í efnahagsmálum hvort skynsamlegt sé að verja fjármagninu miðað við þær aðstæður sem við erum í til þeirra þriggja þátta sem hæstv. ráðherra nefndi.

[18:30]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum í dag er mikilvægt mál og hefur lengi staðið til að kæmi fram á hinu háa Alþingi. Þótt það komi nú með skömmum fyrirvara og hafi orðið að veita afbrigði frá þingsköpum til að taka það til umræðu þá hefur legið fyrir þegar á þessu ári, allt frá janúarmánuði sl. að það mundi koma fram, en allt frá byrjun þessa kjörtímabils hefur legið fyrir hver er vilji og ætlan ríkisstjórnar í þessu máli. Engum hefur því þurft að koma á óvart að þetta frv. yrði til umræðu fyrir þinglok.

Það skiptir miklu máli í þessu efni, herra forseti, að sú þróun mála Landssímans, að færa hann með sölu hlutafjár til einkaaðila, er einungis eðlilegur þáttur í því að upplýsingasamfélagið fái að þróast á Íslandi eins og í grannlöndum okkar því svo mikið hefur aukist notkun á fjarskiptakerfum eftir að tókst að tengja tölvubúnað við fjarskiptakerfi að ekki er hægt að líkja við annað en sprengingu. Það er hins vegar hinn eini og sanni grundvöllur upplýsingasamfélagsins að geta flutt upplýsingar, hvers konar gögn á milli notenda fjarskiptakerfa með þeim hraða sem þau nútímakerfi búa yfir og geta boðið upp á.

Það er alveg ljóst að einokunarfyrirtæki, ríkisfyrirtæki, eru ekki best búin til að taka þátt í slíku starfi þar sem stöðugt þarf að eiga samskipti við samkeppnisfyrirtæki yfir öll landamæri, hvort sem þau eru yfir höf eða fjöll, fyrir utan það að nú þegar hafa sprottið upp samkeppnisfyrirtæki sem hasla sér völl eftir eðlilegum leikreglum sem skapaðar hafa verið í fjarskiptalögum.

Það skiptir þó miklu máli, herra forseti, hvernig til tekst að jafna með þessu möguleika allra íbúa landsins eins og ítrekað hefur verið bent á í þessari umræðu, ekki aðeins í dag heldur fyrr, að víða um landið eru smá og dreifð byggðarlög sem stunda mikilvæga starfsemi. Raunar er það svo að öll sú starfsemi sem þar er stunduð, hvort sem er landbúnaður, ferðaþjónusta eða raunar opinber þjónusta og allt þar á milli, á jafnvel og ekki síður undir því að fjarskiptaþjónusta sé hröð, góð og við sama verði og annars staðar, en í stærri sveitarfélögum þar sem er kannski skemmra á milli.

Í því samhengi vil ég sérstaklega óska þess að hæstv. samgrh. upplýsi fyrir lok umræðunnar hvernig öllum landsmönnum, hvar sem þeir búa, verði tryggður jafntryggur aðgangur að meginflutningsneti Landssíma Íslands hf. til fjarskipta með hefðbundnum símtölum og gagnaflutningum. Hvernig þeim verði tryggt jafnt verð á fjarskiptaþjónustu um meginflutningsnetið og hvernig verður tryggður jafn kostnaður við að tengjast því.

Þetta þrennt hefur verið mjög vakandi í umræðunni, ekki aðeins okkar stjórnmálamanna, heldur almennings. Og þetta eru eðlilegar spurningar hjá þeim sem eru fjarstaddir þegar ákvarðanir verða teknar um mál eins og þetta.

Það er gríðarlega mikilvægt, herra forseti, að Ísland standi við skuldbindingar um samskipti og mótun samkeppnismarkaðar sem það hefur þegar samið um við grannríkin og hefur raunar gefið borgurum sínum vilyrði fyrir og er það kannski enn þá veigameira.

En það skiptir öllu máli að við eigum jafnfrjálsan aðgang, allir Íslendingar, hvort sem við viljum starfa í smáum eða stórum fyrirtækjum, smáum eða stórum sveitarfélögum, að samskiptum okkar á milli og við önnur lönd. Ég hef áður nefnt að það skiptir gríðarlega miklu máli að í fjarskiptaþjónustu nútímans felst feiknarlega mikil samþætting áður ólíkrar starfsemi með tilkomu internetsins og tölvusamskiptanna. Það er gríðarlega mikilvægt að þessar tvær greinar geti átt samleið áfram og séu hvor tveggja byggðar á sambærilegum forsendum. Þar skiptir máli að þær starfi báðar í samkeppni því að aðrar greinar snerta þær sífellt fleiri. Það er eðli upplýsingasamfélagsins.

Nokkrum sinnum hefur verið nefnt í umræðunni og ekki síst eftir því sem lengra hefur dregist að málið kæmi fram, að ákvarðanir lægju fyrir um það hvaða áhrif það kunni að hafa á íslenska fjármálamarkaðinn. Ég verð að viðurkenna að ég er þeirrar skoðunar að þó að segja megi að hlutabréfaverð á markaði okkar sem og í öðrum löndum hafi farið nokkuð lækkandi að undanförnu, þá er það samt sem áður svo að á íslenskum fjármálamarkaði er þörf fyrir fleiri og fjölbreyttari verkefni, fyrir fé fjárfesta, ekki síst fyrir fé þeirra sem fara með vaxandi sparnað landsmanna, því hann er vissulega vaxandi, ekki síst vegna vel vaxandi og góðrar starfsemi lífeyrissjóðanna sem eru stækkandi.

Það verður ekki ráðið með samþykkt þessa frv. hvernig fjármunum verður varið. Það mun ráðast á fjárlögum á hverjum tíma. Ekkert um það er að finna í þessu frv. nema þær upplýsingar sem áður hafa komið fram um hvernig ætlað er að verja þessu fé.

Ég vil líka viðurkenna sérstaklega það sjónarmið mitt, herra forseti, og vil endurtaka það við þetta tækifæri, að ég tel ekki eiginlegt hlutverk ríkisins eða ríkisvaldsins að vasast í samkeppnisstarfsemi. Það er hlutverk þess að sjá til þess að samkeppnisaðilar og viðskiptavinir þeirra eigist við eftir almennum leikreglum og þær eru skapaðar með lögum sem er hlutverk ríkisvaldsins að framfylgja.

Menn hafa mikið rætt hvort ástæða sé til að undanskilja einhvern hluta af flutningsneti fyrirtækisins við þessa sölu. Það verður að viðurkennast, það liggur mjög skýrt fyrir að tæknilega er það að líkindum óframkvæmanlegt. Og þó ekki væri nema þess vegna væri rétt að leita leiða til þess að komast hjá því. Hins vegar er ljóst að vart er um að ræða mikla þörf til þess vegna þess hversu tryggilega er frágengið í lögum um fjarskipti að allir aðilar á þessum markaði, allir notendur hvar sem þeir eiga viðskipti fá jafnan flutning um allt netið. Þannig skil ég lögin og ég vænti þess að svar hæstv. samgrh. síðar muni staðfesta þetta.

Þess verður þó að geta að eftir því hvernig menn hafa rætt þetta efni, talað um grunnnet, er næsta ljóst að þeir eru afar fáir að tala um sama hlutinn. Enginn virðist vera sammála skilgreiningu nefndar um einkavæðingu og afskaplega fáir eru nákvæmlega sammála um það hvað þeir eiga við.

Í þingsölum hafa í dag komið fram nokkrar skýringar í máli manna. Engin af þeim er nákvæmlega í samræmi við það sem fram kemur í skýrslunni sem er fylgiskjal með þessu frv., engin þeirra.

Það verður þó að viðurkennast, herra forseti, að í þessu máli og í þessari umræðu hefur komið fram eins og oft áður að vinstri menn, sem samt sem áður eru skoðanabræður þeirra þar sem þeir hafa komist að og leggja mjög mikið upp úr að setja lög um alla hluti, vildu víða þar sem þeir fengu að ráða koma á, ekki aðeins lögríki heldur lögregluríki, þeir treysta samt sem áður ekki lögum. Þeir treysta engu nema handaflinu. Það eru þeirra áhyggjur í þessu máli eins og mörgum öðrum sem hafa verið byggð á sömu hugmyndum, að færa starfsemi til einkaaðila og bjóða henni að starfa við samkeppni.

Menn hafa í orðum sínum til þess að vara við þessu máli líkt því við Microsoft-málið í Bandaríkjunum. Ég verð að viðurkenna að ég tel þau gjörólík. Microsoft hafði engum flutningsnetum yfir að ráða, aðeins hugbúnað.

Menn hafa líkt landsháttum á Íslandi við landshætti í Danmörku eða önnur ríki þar sem vegalengdir á milli byggðarlaga eru allt aðrar, þéttbýlisstaðir öðruvísi, skemmra á milli byggða og nánast ekki sambærilegt hvað það varðar.

En mér finnst þó skipta máli, herra forseti, í þessu eins og í fleiri greinum að ef menn hafa áhyggjur af því að það leiði til einokunar eða fákeppni verður einokun ekki að úrræði til þess að tryggja samkeppni. Það verður aðeins gert með samkeppni og almennum traustum leikreglum, eðlilegu eftirliti og þá þar með sæmilega burðugum eftirlitsstofnunum.

[18:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í beinu framhaldi af ræðu þess hv. þm. sem talaði á undan mér og orðaði það svo að hann teldi að ríkið ætti ekki að vera að vasast í samkeppnisrekstri þá held ég að við í Samfylkingunni og hv. þm. séum nokkurn veginn sammála um það enda erum við þá að tala um rekstur sem hægt er að hafa af hagnað. Við erum ekki að tala um rekstur eins og í heilbrigðisþjónustunni þar sem á ákveðnum sviðum er komin á samkeppni en hún er öll undir því fororði að ríkið borgar. Þar erum við að tala um aðra hluti. Ef við erum að tala um fyrirtæki sem hægt er að hafa af hagnað, þá erum við sammála því að hlutverk ríkisins hlýtur að vera annað.

Það er nákvæmlega eftir þessum brautum, herra forseti, sem Samfylkingin hefur hugsað sig inn í þá niðurstöðu sem hún kynnir hér sem skoðun sína, þ.e. að það sé eðlilegt og við styðjum það að þeir hlutar Landssímans sem eru í samkeppni séu seldir. Kannski hefði, herra forseti, átt að selja þá fyrir löngu. Kannski hefði verið eðlilegt að komast hjá þeim núningi sem hefur verið á milli Landssímans annars vegar og hins vegar þeirra fyrirtækja sem hafa verið að reyna að hasla sér völl hér á markaðnum ef Landssíminn hefði haft sömu heimildir til að selja frá sér samkeppnisrekstur, eins og hann virðist hafa haft til að ríkisvæða allan þann fjölda fyrirtækja sem Síminn hefur verið að kaupa eða kaupa hlut í á undanförnum árum.

Það liggur þá væntanlega nokkuð skýrt fyrir hver skoðun okkar er. Hún hefur verið margskýrð í dag. En að sama skapi liggur ljóst fyrir að við teljum ekki að það eigi að selja þá hluta fyrirtækisins sem eru ekki í samkeppni og þar með vil ég nefna grunnnetið.

Hv. þm. Magnús Stefánsson, sem hefur verið nokkuð í andsvörum í dag og er kannski einhvers staðar í húsinu, stjórnarmaður í Landssímanum hf., hefur kallað mjög eftir skilgreiningu á því hvað grunnnetið væri. Hv. þm. hefur væntanlega sjálfur, af því að hann gegnir þessum mörgu hlutverkum og hefur auk þess sem framsóknarmaður væntanlega átt aðild að mótun þeirrar stefnu Framsfl. sem var að skilja bæri grunnnetið frá og selja sérstaklega eða hafa í öðru félagi, haft þessa skilgreiningu nokkuð á hraðbergi og hefur væntanlega vitað að slíka skilgreiningu er að finna í skýrslu einkavæðingarnefndar.

Í því plaggi sem menn hafa lagt til grundvallar í umræðunni, sem er þá ekki bara frv. sem er eins og menn vita einungis þrjár greinar og greinargerðin ekki sérlega ítarleg, heldur er bókin að uppistöðu til skýrsla einkavæðingarnefndar. Þar hefur þessi skilgreining auðvitað legið fyrir.

Ég hef reyndar lesið aðrar skilgreiningar, eftir aðra aðila, á því hvað grunnnetið sé, m.a. þá skilgreiningu að grunnnetið væri sá hluti netkerfis Landssímans sem byggður hefur verið upp á undanförnum áratugum samkvæmt hefðbundnum aðferðum og ætlað sem flutningskerfi annarra þjónustukerfa. Þá hefur verið talað um ljósleiðarahringinn kringum Ísland, SDH-fjölrásakerfið sem tengist ljósleiðaranum í símstöðvarhúsum og koparheimtaugakerfið, þ.e. þetta kerfi sem myndar leigulínukerfið sem 19. gr. fjarskiptalaganna fjallar um.

Mér finnst það hins vegar ekki vera stórmál nákvæmlega á þessari stundu hvernig menn skilgreina. Skilgreiningin liggur nokkurn veginn fyrir. Það getur líka, sem menn átta sig ekki á núna, verið samkomulagsatriði. Það sem er númer eitt, herra forseti, er að menn taki ákvörðun um að samkeppnisvæða þetta umhverfi. Að samkeppnisvæða fjarskiptaumhverfið á Íslandi.

Í fjarskiptalögum segir að það sé höfuðmarkmið þeirra laga að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það hefur líka komið fram að eitt af markmiðum einkavæðingar sé að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Þess vegna, herra forseti, er dálítið sérkennilegt að þegar menn ráðast í að selja Landssímann skuli menn gera það með þeim hætti að vilja viðhalda markaðsráðandi stöðu þess fyrirtækis á fjarskiptamarkaði hér. Markmiðið er sem sagt ekki lengur að auka samkeppni heldur að viðhalda markaðsráðandi stöðu. Í ljósi þess hve mikilvægt það er að hér sé samkeppni á fjarskiptamarkaði og í ljósi þess hve menn treysta mjög á hana sem lausn í flestum þeim vanda og svar við flestum þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram þá er þetta sýnu merkilegra. Menn tala nefnilega eins og það sé samkeppni á fjarskiptamarkaði

um allt land. Svo er ekki og það vita menn um leið og þeir fara aðeins að hugsa út í þessi mál.

Um tíma héldu menn því fram að af tæknilegum ástæðum væri ekki hægt að skilja grunnnetið frá öðrum rekstri Landssímans. Það er komið í ljós og lá kannski alltaf fyrir gagnvart þeim sem betur eða meira vissu að sú var aldrei raunin, enda kemur fram á bls. 84 í skýrslu einkavæðingarnefndar að skoðun nefndarinnar sé sú að ekki sé nauðsynlegt að skilja grunnnetið frá öðrum rekstri áður en til sölu kemur. Rökin sem þar eru færð fram eru að félag í eigu ríkisins, sem hefði það hlutverk að sjá um rekstur grunnnetsins, hefði ekki nægan hvata til tæknilegrar uppbyggingar og þróunar til að geta sinnt hlutverki sínu.

Þetta er svolítið sérkennilegt, herra forseti, vegna þess að væntanlega yrði slíkt fyrirtæki fyrir miklum þrýstingi frá þeim fyrirtækjum sem þurfa að nýta sér grunnnetið. Spurningin er hvort reginmunur yrði á grunnnetinu ef það þróaðist í sérstöku fyrirtæki, öðru en Landssímanum hf. Ég hef ekki látið sannfærast um að svo sé enda hafa fáir reynt að réttlæta það.

Það kemur jafnframt fram að fyrirtæki sem þetta gæti orðið baggi á ríkissjóði. Það yrði væntanlega baggi á ríkissjóði vegna þess að uppi yrðu kröfur um að þetta fyrirtæki veitti góða þjónustu og fylgdist með tækninni. En miðað við þau fyrirheit sem fyrir liggja í samkomulagi Símans og stjórnvalda, þ.e. samgrh., til fimm ára um ákveðna verðstöðvun á tiltekinni tækni eftir að ATM-tækni hefur verið komið á og menn geta farið að nýta sér ADSL-tengingar — þetta á allt að vera orðið svo ljómandi gott á næstu tveimur árum — þá sýnist mér að menn ætli ekki bara að gefa afslátt af raunverulegum kostnaði — þvert á það sem okkur hefur ítrekað verið sagt að mætti ekki — heldur sýnist mér að í fyrirheitum sem hér liggja fyrir um hvernig hinum dreifðari byggðum landsins verði þjónað þá séu menn alltaf að tala um ríkisstyrki af einhverju tagi. Menn eru alltaf að tala um að með einhverjum hætti þurfi að setja skattfé í þessa þjónustu til að hér geti verið sá jöfnuður og sú tæknilega uppbygging sem kallað verði eftir.

Ég held því, herra forseti, að munurinn felist ekki í þessu. Mér sýnist að það sem hér skiptir máli sé sú niðurstaða einkavæðingarnefndar sem fram kemur á bls. 84 og nú vitna ég beint:

„Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að slíkt sé ekki hagkvæmt enda kynni þess háttar fyrirkomulag að hafa áhrif á heildarverðmæti fyrirtækisins ...“

Þar erum við náttúrlega komin að kjarna málsins. Þetta snýst ekki um að samkeppnisvæða. Landssíminn á áfram að vera markaðsráðandi fyrirtæki. Á þeim forsendum að það að skipta fyrirtækinu upp kynni að hafa áhrif á heildarverðmæti þess þá fórna menn samkeppnismarkmiðunum.

Svo maður haldi áfram að rekja þennan þráð, t.d. út frá því sem hæstv. ráðherra sagði hér í dag, þá stangast þetta einnig á við það sem hann sagði, þ.e. að ríkissjóður gæti ekki staðið í spákaupmennsku. Hann átti þar við athugasemdir þingmanna um að heppilegra hefði verið að selja fyrirtækið á öðrum tímum en núna miðað við það sem menn telja sig geta fengið fyrir það. Samt sem áður þykjast menn hafa komist að þessari niðurstöðu, að þess háttar fyrirkomulag kynni að hafa áhrif á heildarverðmæti fyrirtækisins. Það er ljóst að þar ræður mögulegt verð og umhyggja fyrir stöðu Landssímans í samkeppni við önnur fyrirtæki en ekki samkeppnisforsendur á fjarskiptamarkaði.

Fleira gerir það að verkum að maður trúir því ekki alveg að hæstv. ráðherra sé fjarri þeirri hugsun að velta fyrir sér verðinu og sé í obbolítilli spákaupmennsku, t.d. sú ákvörðun hans að birta þá niðurstöðu sína að fara ekki í uppboð á leyfum til þriðju kynslóðar farsíma. Það kemur fram að sú ákvörðun er talin hafa áhrif á verðmæti fyrirtækisins. Það er að sönnu rétt að slík ákvörðun getur haft áhrif á verðmæti fyrirtækisins. Ef ráðherrann ætlar að afhenda leyfin við einhverju verði sem ekki er markaðsverð þá má reikna með að það endurspeglist í verði fyrirtækisins. Væntanlega gæti þá ríkið tekið virði þriðju kynslóðar leyfisins inn í gegnum kaupverðið eða bara látið það eiga sig að innheimta nokkuð fyrir það. Mér heyrist líka að rökin fyrir því séu að ef menn borgi sannvirði fyrir leyfið þá hljóti það að koma niður á þjónustu, sem er reyndar ekki niðurstaða ýmissa þeirra sem hafa skoðað þessi mál sem segja að það komi niður á hagnaði hlutabréfaeigendanna. En ekki ætla ég að taka það mál upp hér, vegna þess að það er sérstakt mál og það tæki of langan tíma.

Herra forseti. Mér hefur fundist að mest ástæða væri til þess í þessari umræðu að ræða um mikilvægi þess að hafa samkeppni á þessum markaði. Það er alveg ljóst að það er ákveðin hætta á að Landssíminn, hið stóra markaðsráðandi fyrirtæki sem hefur haft heila öld til að koma sér fyrir á markaðnum, mun ekki njóta þess trausts sem þarf til að önnur fyrirtæki finni sig í þeirri samkeppni sem við viljum sjá.

Við vitum af þeim núningi sem verið hefur á milli Landssímans og annarra fyrirtækja á samkeppnismarkaði þar sem hið stóra markaðsráðandi fyrirtæki hefur beitt sér. Við vitum líka að menn gera sér grein fyrir þessari samkeppnishættu. Mikið af því sem fjallað er um í skýrslu einkavæðingarnefndar og fram kemur hér í máli stjórnarliða snýst um að reyna að afsanna það sem sagt er um þessa hættu, reyna að útskýra og greina hvernig hægt sé að minnka hana og þá vantrú eða tortryggni sem óhjákvæmilega ríkir gagnvart því að stóra fyrirtækið sé það fyrirtæki sem rekur grunnnetið og þarf að veita öðrum aðgang.

Það kemur fram að innan Símans er verið að setja upp múra, m.a. með því að starfsmenn undirriti trúnaðaryfirlýsingu í deildum sem hafa aðgang að uppgjörs- og umferðarupplýsingum um keppinauta, eða kaup þeirra á stofnlínukerfum. Menn eru alveg meðvitaðir um þetta. Þeir ætla samt að viðhalda hinni markaðsráðandi stöðu. Það er ansi hætt við því, herra forseti, að þarna séu menn að koma á fyrirkomulagi sem viðhaldi þeirri tortryggni að Síminn sinni sjálfum sér betur en öðrum fyrirtækjum, tortryggni sem skapast af því að eitt fyrirtæki hafi upplýsingar um hvað önnur eru að hugsa, jafnvel þó menn undirriti trúnaðaryfirlýsingar. Tortryggnin er til staðar og, herra forseti, þetta er samkeppnishamlandi.

Á borð okkar þingmanna var í dag dreift frv. til raforkulaga, mikilli bók sem lýtur að því að umbreyta gjörsamlega öllu því umhverfi sem raforkufyrirtækin í landinu hafa búið við. Hún gjörbreytir því umhverfi svo gjörsamlega að menn tala um að það verði allt önnur veröld. Hluti af því, herra forseti, er samkeppni sem á að innleiða á þann markað. Til þess að sú samkeppni geti verið sannfærandi þá telja menn nauðsynlegt að flutningskerfið sé sjálfstæður lög- og skattaðili og megi ekki stunda aðra starfsemi en nauðsynleg er til að það geti rækt skyldur sínar samkvæmt þessum lögum. Þetta segir í 8. gr. Til frekari skýringar, herra forseti, segir í 8. gr.:

„Þess er krafist að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Í því ljósi er gerð krafa um að viðkomandi aðili stundi enga aðra starfsemi en nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu."

Og hvert er hlutverkið? Jú, hlutverkið er að sjá um dreifingu orkunnar. Ekki að afla orkunnar, ekki að vinna orkuna og ekki að selja hana í smásölu, heldur bara dreifa.

Herra forseti. Ég held að það sé varla hægt að lýsa betur tillögum Samfylkingarinnar í þessu máli en gert er í 8. gr. frv. til raforkulaga. Það er merkilegt að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarþingmenn sem hafa talað hér í dag skuli á sama tíma og þeir samþykkja að leggja þetta frv. fyrir Alþingi, þar sem svo skýrt er hvernig menn sjá forsendur samkeppninnar fyrir sér, en mæla því bót í leiðinni að markaðsráðandi fyrirtæki, Landssíminn hf., verði selt með dreifikerfinu. Þar gildir öðru máli og þar þurfa menn ekki að hafa áhyggjur af samkeppninni.

Ég hef hlustað á ræður sem hér hafa verið haldnar um það hversu mikilvæg fjarskiptalögin og þau úrræði sem Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun eiga að hafa til að sjá til þess að jafnræðis sé gætt á markaðnum. En, herra forseti, það mun ekki nægja, vegna þess að eins og ég sagði áðan ríkir ákveðin tortryggni sem mun ekki breytast þó svo menn bendi á þau úrræði sem Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun hafa.

Ljóst er að fyrirtækin á markaðnum hafa ekki alltaf verið sátt við framgöngu Landssímans hf. Það hefur líka komið fram að Félag íslenskra netverja, sem stundum hefur haft áhrif til til lækkunar á verði og breytinga varðandi gjald á geisladiska nýverið eins og menn muna, leggst gegn sölu grunnnetsins með Landssímanum. Það kemur fram í ályktun þessara aðila frá því í febrúar sl. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í þessa ályktun:

„Þar sem til stendur að selja Landssíma Íslands vill Félag netverja koma á framfæri áhyggjum og efasemdum vegna hugmynda um sölu grunnnetsins sem hluta af Landssímanum.

Hugmyndin ber vott um skilningsleysi á hagsmunum allra aðila sem málið varðar. Þær tillögur sem fram hafa komið geta því tæpast orðið niðurstaða þessa máls."

Síðar segir:

„Við viljum ekki sérstaka, afmarkaða fyrirgreiðslu, heldur viðskiptaumhverfi sem gefur möguleika á sem mestri grósku á þessu sviði."

Herra forseti. Það kemur fram í þessari ályktun að þessi hópur fólks, fólks sem hefur verið hvað virkast við að þróa nýjar hugmyndir og innleiða, hefur ekki síður áhyggjur af stöðu Landssímans en annarra fyrirtækja ef af þessari niðurstöðu yrði.

[19:00]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Hv. síðasti ræðumaður, Svanfríður Jónasdóttir, vitnaði líka til frv. sem hefur verið dreift hér í dag, frv. til raforkulaga. Og það er kannski ástæða til að ég hefji mál mitt þar. Þar eru lagðar til mjög miklar og grundvallarbreytingar á því hvernig staðið er að dreifingu á raforku í landinu og má að mörgu leyti setja samasemmerki á milli þess sem hv. þingmenn margir hverjir hafa talað hér um, að dreifikerfi Landssímans eigi að vera sjálfstætt, en samkeppnishlutinn eigi að vera jafn að aðgangi á dreifikerfið.

En frv. til raforkulaga, og ég vil gera það að mínu máli, er byggt á tilskipun frá Evrópusambandinu sem er til orðin vegna þess að í Evrópu er allt önnur staða en á Íslandi varðandi raforkumál. Evrópusambandslöndin standa frammi fyrir því að þar er framleitt í sjálfstæðum einingum miklu meira en Evrópusambandsríkin þurfa á að halda, þannig að Evrópusambandstilskipunin er í grundvallaratriðum viðleitni sambandsins til þess að gíra saman raforkukerfi svæðanna, landanna, þannig að það megi framkalla sparnað.

Eins og í svo mörgu öðru gilda allt önnur sjónarmið fyrir þetta afmarkaða svæði Íslands í þessu tilliti og ég vil setja samasemmerki á milli raforkuframleiðslunnar og að vissu leyti Símans í því sambandi. Hvað varðar raforkuna erum við með algjörlega sjálfstætt raforkukerfi. Og það hefur komið margsinnis í ljós í umræðum hvað varðar okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við undruðumst að ríkisstjórnin skyldi ekki fara fram á sérbókun eða sérundanþágu fyrir Íslendinga til þess að þurfa ekki að fara í þessar breytingar.

Núna kemur í ljós að mati margra í raforkugeiranum að þetta mun einvörðungu leiða til óhagræðis þannig að raforkuflutningur og þar með raforkuverð á Íslandi mun verða töluvert dýrara en það er núna. En um það frv. til laga sem við erum að fjalla um núna, frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., vil ég í byrjun koma örstutt inn á vinnubrögðin við málið.

Mér er sem þingmanni algjörlega misboðið að þetta skuli vera keyrt í gegnum þingið á þann hátt sem raun ber vitni. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa haft margar vikur til að fara ofan í þessi mál og semja sín á milli en síðan er ætlast til þess að við stjórnarandstöðuþingmenn skautum í gegnum þessa 1. umr. hér á einum degi. Þetta er miklu stærra mál en svo að það þurfi ekki að ræðast í þaula, enda kemur fram, og það er ekkert launungarmál, að ríkisstjórnarflokkarnir þurftu langan tíma til þess að koma sér saman um það hvernig ætti að standa að málum. Eins og kunnugt er hefur niðurstaðan orðið sú að vilji sjálfstæðismanna ræður, Landssíminn verður seldur í einu lagi þó svo að það hafi komið fram hjá mörgum þingmönnum framsóknarmanna að þeir vildu ekki fara þá leið, sérstaklega með þá hugsjón að leiðarljósi að tryggja stöðu landsbyggðarinnar.

Frá sjónarhóli okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum við megináherslu á að ekki verði einkavætt það sem við köllum og ég held að í flestum öðrum löndum sé kallað stoðkerfi landsins, „infra struktur", þar sem öllum er þjónað. Það verði sameiginlegur ríkis- eða sveitarfélagarekstur á þeim þætti þjónustu sem á að gagnast landsmönnum öllum á jafnréttisgrundvelli.

Það þarf kannski ekki að fjölyrða um það hvers konar þjónusta þetta er. Þetta eru stoðkerfi landsins, svo sem fjarskipti, heilsugæsla, öldrunarþjónusta, þjónusta póstsins, sjúkrahúsin, skólarnir o.s.frv. Og ef við förum inn á sveitarstjórnarstigið, þá er það þjónusta eins og heitt og kalt vatn o.s.frv. og margs konar þjónusta sem sveitarfélögin veita. Þetta er stoðkerfisrekstur sem við leggjumst alfarið gegn að verði einkavæddur. Þess vegna leggjumst við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gegn því að Landssími Íslands verði einkavæddur.

Það er nú ekki svo að Landssími Íslands sé eitthvert vandræðabarn. Hann skilar stórum tekjuafgangi, í sumum árum upp í 2 milljarða og menn eru að tala um að selja hann fyrir einhverja tugi milljarða. Hér er því um stóra mjólkurkú að

ræða þannig að málið er þess eðlis að það hefði þurft lengri tíma til að ræða það á hinu háa Alþingi, minni mál hafa nú tekið lengri tíma.

Það er á allra vitorði og það viðurkenna allir hér í umræðunni að Landssími Íslands hefur fyrir margra hluta sakir verið fyrirmyndarfyrirtæki, skilað arði til ríkisins, en það sem menn tala mest um í umræðunni er að líta til framtíðar, það séu svo miklar breytingar fram undan. En Landssími Íslands hefur farið í gegnum allar þessar breytingar og allir eru sammála um það. Meira að segja þó að við séum með samanburð við útlönd þá þjónar Landssími Íslands Íslendingum mjög vel tæknilega. Verðsamanburður er okkur mjög hagstæður. Hér er mjög ódýrt að hringja.

Ef talað er um samkeppnismarkað þar sem önnur fyrirtæki koma inn, þá er ekki hægt annað en líta til lengri tíma þegar við tölum um hversu gott það er fyrir landið að hleypa samkeppni af stað. Stundum er það þannig í landi sem er 103.000 km að stærð og telur 280.000 sálir að að líta verður á þá sérstöðu.

Við höfum farið í gegnum einkavæðingu getum við sagt, eða hleypt samkeppninni lausri inn á þjónustuþætti við allt landið þar sem menn hafa verið með fyrirtæki sem hafa starfað í skjóli sérleyfa. Það hefur leitt af sér mjög erfiða hluti í vissum tilvikum, t.d. varðandi flugið, sem er í stórhættu um þessar mundir, þar eru mjög miklir erfiðleikar eins og menn vita. Þjónusta við landsbyggðina í kjölfar einkavæðingarinnar, þar sem menn héldu ball eða veislu um nokkurra missira skeið, fögnuðu ódýru verði á meðan fyrirtækin hlóðu upp skuldum og afleiðingin gat ekki orðið nema ein: Einhver varð að vera undir, einhver sat eftir og þó er sá sem sat eftir, Flugfélag Íslands, í mjög erfiðri fjárhagsstöðu. Og hvað leiðir það síðan af sér? Frá heimabyggð minni er málum þannig komið að fjöldi fólks er farinn að velja þá leið að keyra frekar en að fljúga, vegna þess að í kjölfar þessarar erfiðu fjárhagsstöðu vegna óeðlilegrar samkeppni var fjárhagsstaða fyrirtækjanna bara þannig að verðmiðar voru settir upp úr öllu valdi. Og til hvers leiðir það? Í fyrsta lagi leiðir það til fækkunar farþega og minnkunar á þjónustu. Það er þetta sem er svo erfitt fyrir okkur, þ.e. að útskýra fyrir mönnum að einkavæðing í stoðkerfi af því tagi sem við erum að fara út í hérna hentar ekki landi eins og Íslandi. Það þarf sérleyfi á sumum sviðum. Og það þarf ríkisrekstur á sumum sviðum ef við ætlum að byggja þetta land allt. Þannig horfir málið við okkur. Og þess vegna viljum við halda fyrirtækinu í því formi sem það er.

Með löggjöf eins og hefur verið sett um samkeppni og varðandi stöðu Landssíma Íslands er öðrum fyrirtækjum gert kleift að komast inn á þessar línur og þjóna landsmönnum eins og öllum er kunnugt um, það er því ekki það sem vakir fyrir ríkisstjórninni.

Ég hef grun um að úti á markaðnum sjái menn að ekki er hægt að vera með öll þessi fyrirtæki í símaþjónustu þegar til lengri tíma er litið, enda eru þau sum farin að safna skuldum. Í mínum huga er það meginhyggjuefni þegar ég lít til næstu missira, við skulum gefa þessu tvö, tvö og hálft ár, þá erum við komin í þá stöðu að markaðurinn sjái sér ekki fært annað en að samruni þessara fyrirtækja verði, Landssímans og þeirra fyrirtækja sem eru á svokölluðum frjálsum markaði hér. Þá er að mínu mati miklu verr af staðið en heima setið. Ég tel að þetta gæti reynst landsbyggðinni og þjónustunni við landið í heild sinni mjög erfiður biti. Og sú hugsun sem kemur nú fram, bæði í varnaglabókunum framsóknarmanna, ég vil nú skrifa þetta fyrst og fremst á þá því það hefur aldrei verið neitt launungarmál að Sjálfstfl. vildi selja fyrirtækið, sú hugsun að losa peninga til að gera þjónustuna betri í núinu, eða kannski á allra næstu mánuðum, virkar bara ekki vegna þess að eins og fram hefur komið í máli manna er þróunin svo ör að ekki þarf að líta nema til næstu tveggja, þriggja, fjögurra ára, þá getur fjárfesting upp á hundruð milljóna króna til þess að styrkja byggðirnar og möguleika þeirra verið fé sem nýtist ekki neitt. Og þá erum við komin með einkafyrirtæki sem telur sig ekki hafa nokkrum skyldum að gegna gagnvart dreifbýlinu. En þá er hugsunin þessi hjá stjórninni, þar með framsóknarmönnum, að koma eigi upp styrktarkerfi þeirra sem búa í hinum strjálu byggðum. Það er ákaflega vond tilhugsun. Það er ákaflega vond tilhugsun að inn á fjárlög þingsins þurfi að koma framlög til að þjóna með þessum hætti, með fjarskiptum, að þjóna þurfi kannski stórum hlutum landsins og að borga þurfi einkafyrirtækinu fyrir að þjóna því. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði skrifum ekki upp á slík vinnubrögð. Við viljum ekki hleypa einkaaðilum inn á þau svið sem eiga að vera þjónusta fyrir okkur öll á sambærilegum kjörum með sambærilegum aðgangi. Það er grundvallaratriði. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ekki sett okkur á móti því að einhver verksmiðja í eigu ríkisins væri seld. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um stoðkerfið. Málið snýst um það sem er okkur öllum nauðsynlegt til að geta lifað og hrærst í þessu landi, hvort sem við erum að tala um einkaaðila eða fyrirtækin sem eru í hinum dreifðu byggðum. Þetta er algjör forsenda þess að hægt sé að byggja landið eins og fram hefur komið í ræðum margra hér í dag. Það er algjör forsenda þess í dag að hafa aðgang að interneti, að hafa aðgang að símaþjónustu ef menn ætla að stunda viðskipti eða setja upp fyrirtæki, þó svo að þau séu á gömlum merg, engin nýtískufyrirtæki eins og hér hefur komið fram, einhver hugbúnaðarfyrirtæki. Öll fyrirtæki landsins þurfa á því að halda í dag að nota þessa þjónustu og þess vegna skilgreinum við hana sem stoðkerfisþjónustu. Það er meginmálið.

Ég hef áður skilgreint framtíðarsýn mína í svipuðum dúr og hún var gagnvart fluginu. Ég gerði mér alltaf grein fyrir því að það að bjóða flug milli Akureyrar og Reykjavíkur á sex þúsund kall væri ekki raunhæft. En samkeppnin er hörð. Og annar aðilinn vill drepa hinn, þó svo það séu bara tveir sem eru í keppninni. Hvað þá þrír eða fjórir eða fimm. Þannig virkar samkeppnin. Samkeppni í svona litlu landi, þar sem eru svona fáir sem þarf að þjóna, vill oft leiða til þess að við uppskerum eftir því. Það eru allt önnur lögmál sem gilda fyrir milljónaþjóðir, milljónaþjóðir á meginlandinu, og við erum alltaf að taka upp þeirra takta. Það er ekki rétt fyrir Ísland varðandi stoðkerfismál. Það er ekki rétt hugsun. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ekki lagst gegn því að venjuleg viðskipti séu rekin á þeim viðskiptagrunni sem menn eru sammála um, en ekki stoðkerfismál. Það er grundvallaratriði.

Eins og ég var að lýsa gekk ballið í fluginu í nokkur missiri. Annar dúkkaði undir, hinn var með mjög slæma eiginfjárstöðu. Verð miðanna rýkur upp úr öllu valdi. Leggurinn á Akureyri er orðinn eins dýr og fyrir fólk á höfuðborgarsvæðinu að fara til útlanda. Þetta er uppskera sem ég vil ekki sjá. Þetta getur orðið staðan innan örfárra missira. Mér finnst menn ekki hafa haft neina tilburði til þess að horfa fram í tímann og sjá til hvers þetta leiðir. Einkavæðing skal það vera hvernig sem útreiðin verður.

Ég ber virðingu fyrir þeim sem segja sem svo, þó að það sé ekki sagt oft hér úr þessum ræðustóli: Við viljum kerfisbreytingu til einkavæðingar og markaðshyggju og það verður bara að hafa sinn gang hver fórnarkostnaðurinn verður. Þetta segja menn. Þetta segja margir sjálfstæðismenn, íhaldsmenn, í tveggja manna tali. Það er hugsun þeirra að fórnarkostnaðurinn sé svo og svo mikill við að umbreyta og umbylta samfélaginu, frá jafnaðarmennsku, félagshyggju, yfir í hart markaðsvætt samfélag. Þeir sem ekki borga sig mega éta það sem úti frýs. Engir tilburðir til þess að hafa yfirsýn eða heildarmetnað yfir það hvernig land okkar á að virka, markaðurinn skal ráða.

Það eru þessi sjónarmið sem við leggjum til grundvallar, virðulegi forseti, þegar við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði boðum að við munum greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. Okkur hugnast ekki aðferðin og við munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

Við viljum ekki markaðsvæðingu Landssímans. Við teljum að við höfum fært mörg rök fyrir því að það eigi ekki að gera það. Raunar þarf ég kannski ekki að mæla fyrir helstu rökunum vegna þess að allir stjórnarsinnar — allir sem hafa talað í dag hafa rómað fyrirtækið. Allir. Vel rekið. Mjög vel tæknivætt. Gefur arð. Ódýrt. Hvernig stendur þá á því að það þarf að selja fyrirtæki sem þannig er statt? Kannski væri maður til viðræðu um það ef við værum með fyrirtæki sem væri gjörsamlega á afturfótunum með alla þjónustu sína. Illa rekið. Þyrfti framlög úr ríkissjóði. Kostaði mikið o.s.frv. En það er nú öðru nær. Er það ekki þannig, virðulegi forseti, að það er verið að selja mjólkurkýrnar, og hefur verið gert um nokkurt skeið, til að gera ríkisrekstrinn fallegri um stund? En það virkar ekki til lengdar að selja fjölskyldusilfrið. Ég fullyrði að sá glæsilegi áratugur sem menn voru að stilla upp og róma við afmæli hæstv. forsrh. byggir ekki á glæsilegri stjórnsýslu. Hann byggir á því að samfélagið var þannig statt að hér voru til gríðarlegar eignir sem menn hafa hamast við að selja til þess að rétta af stöðu ríkissjóðs.

En þetta ball tekur enda. Hvar ætla menn að enda? Hvar ætla menn að enda veisluna? Að vísu er ýmislegt til að selja enn þá. Það eru tveir bankar sem er hægt að selja. Það er hægt að selja Landssímann. En ætla menn að staldra við þar? Hvenær ætla menn að taka á því hvernig á að heyja hina eiginlegu stjórnsýslu í landinu með þeim hugsjónum sem við höfum um það hvernig við ætlum að lifa hér? Eða ætla menn bara að halda ballinu áfram og fara í að selja sjúkrahúsin? Og selja skólana? Og selja ráðhúsin? Og selja hitaveitur sveitarfélaganna? Og selja kaldavatnsveiturnar? Það er hægt að halda svona balli áfram enn um sinn. En þessi dans er aðeins stiginn vegna þess að samfélagið Ísland var auðugt. Á samfélagslegum grunni voru rekin mikil og stór fyrirtæki sem er verið að selja. Við erum andvíg svona ráðahag og sérstaklega á þessum grunni varðandi stoðkerfismálin. Við erum andvíg því og munum greiða atkvæði á móti því. Þetta eru meginröksemdafærslurnar. Pólitík byggist á hugsjón. Pólitík byggist ekki á því að menn komi upp og segi: Hvort fáum við 30 eða 32 milljarða? Á að selja núna? Verður markaðurinn þannig að það eru 4 milljörðum meira eftir tvo mánuði o.s.frv.? Það er ekki málið. Í prinsippmálum verða menn að taka afstöðu í meginatriðum hvernig á að reka þetta samfélag. Það er ekki gert með þessum hætti.

[19:19]

Útbýting þingskjala:

Frestun vegaframkvæmda, 724. mál, fsp. JóhS, þskj. 1172.

Geðdeildir Landspítala – háskólasjúkrahúss, 723. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1171.

[19:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Landssíminn hefur á undanförnum árum fengið samkeppni frá öðrum símafyrirtækjum og sú samkeppni mun fara vaxandi á næstu árum. Sú tíð er að mínu viti liðin að Landssíminn fái ráðið markaðnum og verði til notenda. Ég held að eins og mál hafa þróast varðandi símatækni og samskipti þá sé komin upp sú staða að það verði að teljast eðlilegt að velta því upp, sem hér er lagt til í frumvarpi, að selja Landssímann.

Ég verð að segja að ég hafði löngum áhyggjur af því að ekki yrði nægilega tryggt að landsmenn allir hefðu aðgengi að sambærilegri þjónustu á öllum sviðum varðandi nýja tækni og því sem auðvitað allir vilja að þeim verði tryggt, sambærilegum aðgangi við það sem best gerist hér á suðvesturhorni landsins. Ég er hins vegar kominn á þá skoðun að í fjarskiptalögum sé nægileg trygging fyrir því að hér verði hægt að halda uppi virkri samkeppni. Fyrirtækjum á þessum vettvangi hefur fjölgað á undanförnum árum og mun vafalaust fara fjölgandi. Mér sýnist líka í reglum og leyfisbréfi til Landssímans tryggt að aðrir notendur, önnur fyrirtæki, eigi aðgang að grunnneti og línum Landssímans og geti þannig tryggt virka samkeppni á sambærilegu verði. Þetta held ég að sé í raun og veru meginmál þegar við erum að ræða hvort sú stund sé nú upp runnin að eðlilegt sé að selja þjónustu þar sem samkeppni hefur risið við hliðina á þjónustu sem hefur verið veitt hér af einu fyrirtæki áratugum saman.

Menn geta svo velt þessum verðmætum fyrir sér út af fyrir sig upp og niður og auðvitað má spyrja þeirrar spurningar til upplýsingar t.d., það kann að vera að það hafi komið fram fyrr í dag, en ég ætla samt að leyfa mér að spyrja að því svona til upplýsingar hvert verðmæti fyrirtækisins hafi verið, t.d. 1. jan. 2000, og hvaða fjárhæðum verðmætisbreytingin nemi þá, ef hæstv. samgrh. vildi svara því síðar, þ.e. á hvaða verði fyrirtækið var metið 1. jan. 2000 og hvaða verðmætisbreyting er talin þar á milli þess sem það er talið að verðmæti í dag.

Ég tel hins vegar að verðmæti Landssímans á komandi árum muni ekki vaxa. Ég held að aukin samkeppni muni frekar verða til þess að verðmæti fyrirtækisins muni eitthvað rýrna, nema því aðeins að fyrirtækið sýni þá í framtíðinni miklu betri þjónustu og þá jafnframt ódýrari þjónustu en þau fyrirtæki sem eru nú á markaðnum. Þó að fyrirtækið sé gott og hafi staðið sig vel og hafi haft hæfu starfsfólki á að skipa, sem hefur unnið vel á undanförnum árum er ekkert sem segir að ný fyrirtæki, sem eru að skipuleggja sig á þessu sviði og koma inn á þennan markað, geti ekki náð að auka markaðshlutdeild sína. Þó svo tæknin kalli ævinlega á meiri notkun og meiri sölu varðandi þá þjónustu sem fyrirtæki á þessu sviði veita þarf aukningin samt að verða mjög mikil, held ég, svo að fyrirtæki í virkri samkeppni eins og upp er komin á þessum markaði og mun aukast geti haldið verðgildi sínu. Það verður þá a.m.k. að standa sig betur en önnur sambærileg fyrirtæki.

Ýmsar tryggingar eru fyrir því að Landssíminn skuli veita öðrum fyrirtækjum eðlilegar reglur, eðlilega þjónustu. Það eru málsmeðferðarreglur fjarskiptalaga sem tryggja að samkeppnisaðilar Landssímans eiga lögvarða kröfu á því að þjónusta sem þeir kaupa sé seld á sama verði og því sem aðrar deildir Landssímans greiða fyrir sams konar þjónustu. „Notendur og fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann greiða því ekki hærri gjöld fyrir fjarskiptaþjónustu en þeir mundu gera ef fyrirtækinu yrði skipt upp.“ Þetta segir m.a. á bls. 6 í fylgiskjali með frumvarpinu. Síðan er í leyfisbréfum, sem gerð er grein fyrir aftar í fylgiskjölum með frumvarpinu, tekið fram hvaða skyldur Landssíminn þarf að uppfylla. Hins vegar má sjá á bls. 20 að þegar litið er á skiptingu rekstrartekna Landssímans þá kemur langmestur hluti tekna hans úr tveimur þáttum. Þeir koma úr talsímaþjónustunni og farsímaþjónustunni. Þetta er einmitt á sama vettvangi og þau fyrirtæki hafa verið að hasla sér völl sem eru komin í samkeppni við Landssímann og þau fara eðlilega beint inn á það svið sem gefa mestu tekjurnar, þ.e. inn á talsímaþjónustuna og inn á farsímaþjónustuna. Þar er vísasti vegurinn að ná í tekjur, enda eru tekjur Landssímans langmestar af þessum tveimur þáttum og þar mun samkeppnin verða mikil. Landssíminn mun ekki komast upp með það á komandi árum að hafa þar dýrari þjónustu en samkeppnisaðilar þannig að niðurstaða mín af skoðun á frumvarpinu og þeim rökum sem þar fylgja með er sú í raun og veru, að ég tel að þeim tímapunkti sé náð að breyta Landssímanum í fyrirtæki í einkaeigu úr því að vera fyrirtæki sem ríkið á. Ég tel að sá tími sé nú upprunninn og það sé eðlilegt að stíga þar einhver skref.

Menn geta svo velt því fyrir sér hvort nú sé einmitt rétti tíminn til sölu og þá hversu mikils hluta eða hvort bíða eigi einhvern tíma. Um það er ég ekki dómbær. Ég er ekki neinn markaðsfræðingur að þessu leyti.

Ég vil hins vegar segja það sem sjónarmið mitt, og ég byggi það á því sem ég sagði áðan, að ég mundi vara fólk við að vænta þess að með kaupum á hlutabréfum í Landssímanum væri það komið með í hendur einhvern verulegan gullmola. Það eru bara hugleiðingar mínar að telja að það þurfi ekkert endilega að vera svo. Það ræðst auðvitað af því hversu virka samkeppni önnur fyrirtæki munu veita Landssímanum og þá að Landssíminn standi sig mjög vel í þeirri samkeppni. Þó að þetta geti verið góður fjárfestingarkostur þá held ég að hollt væri fyrir alla að hugsa þetta þá eins og langtímafjárfestingu en ekki eitthvað sem menn ætluðu að fara inn í með svipuðu hugarfari og þegar þeir voru að kaupa í deCode þar sem menn væru að skuldsetja sig og fjölskyldur sínar fyrir verulegum fjárhæðum til að kaupa í fyrirtækinu.

Með ákvæðum um alþjónustu sem hér kemur fram að fyrirtækinu er skylt að veita þá tel ég líka að það ætti að vera tryggt að fyrirtæki ættu jafnan aðgang að grunnnetinu og landsmenn allir jafnan aðgang að þjónustu á sambærilegu verði.

Símakostnaður landsmanna í samanburði við erlend fyrirtæki hefur verið lágur og ég tel vafalaust að hann geti haldið þeirri stöðu sinni áfram. Fyrirtækið hefur samt sem áður haft mikinn og góðan hagnað og er búið að hafa það nokkuð lengi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Fyrr á þessum fundi var tilkynnt um matarhlé klukkan hálfátta þannig að forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann sé kominn að lokum ræðu sinnar eða ætli að halda henni áfram eftir matarhlé.)

Herra forseti. Ég á mjög stutt eftir af ræðu minni þannig að ég ætla ekki að teygja lopann mikið yfir þessu. Niðurstaða mín og okkar í Frjálslynda flokknum er sú að ekki sé óeðlilegt að fara núna út í það að einkavæða fyrirtækið. Við erum hins vegar ekkert endilega vissir um að sala á þessu vori sé eitthvað sem sé endilega heppilegt þó að við séum engir sérfræðingar á því sviði. En við treystum því auðvitað að þegar ríkið ákveður að selja sína hluti þá horfi það til þess að það sé að tryggja eðlilegt verð fyrir fyrirtækið en jafnframt þá líka að tryggja það að í sölunni felist engar þær væntingar að menn telji sig vera að kaupa gullmola sem ekki reynist vera.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:32]

Um fundarstjórn.

Utandagskrárumræða um gengisþróun.

[20:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki annað en komið hingað og fundið að við hæstv. forseta vegna þess að ég óskaði eftir því fyrir tveimur og hálfum tíma að fá að ræða við hæstv. forsrh. um þá stöðu sem komin er upp varðandi gengi íslensku krónunnar. Hæstv. forseti synjaði mér hins vegar um þá umræðu.

Samkvæmt þingsköpum á almennur þingmaður rétt á að fá slíka umræðu með eins til tveggja tíma fyrirvara. Ég kom til hæstv. forseta og bað um umræðu þegar klukkan var hálf sex og óskaði eftir því að hér yrði settur fundur klukkan átta til þess að ég gæti rætt við hæstv. forsrh. En eins og ég hef sagt, hæstv. forseti synjaði mér þess.

Mér finnst það auðvitað með ólíkindum þegar staðan er þannig að við stöndum frammi fyrir því að, ja dagurinn í dag var einhver blóðugasti dagurinn sem hefur komið upp í sögu íslensku krónunnar frá því menn hættu að fella gengið með því gamla lagi sem tíðkaðist allt fram til júní 1993. Í dag féll gengi krónunnar um 6%. Það bætist við hartnær 11% fall frá áramótum. Það hefur komið fram í fjölmiðlum í dag og í kvöld að íslenska krónan hefur frá áramótum fallið um u.þ.b. 16%. Sérfræðingar sem talað er við í fjölmiðlum kvöldsins kalla þetta gengishrun.

Herra forseti. Það var einnig nauðsynlegt að ræða þetta hér við hæstv. forsrh., ekki síst vegna þess að komið hafa fram skýringar af hálfu stjórnarliða á því hvað veldur hruni gengisins. M.a. er talað um sjómannaverkfallið. Og ég dreg það ekki í efa, eitthvað hefur sjómannaverkfallið með þetta mál að gera.

En það er líka þannig, herra forseti, að ákveðin óvissa er um framtíð íslensks sjávarútvegs vegna þess að út úr sjútvrn. hafa hriplekið tíðindi um það að fyrir dyrum standi að skera verulega niður aflaheimildir á næsta ári. Undir þennan sögusveim hefur jafnvel verið tekið af hv. ...

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. er nú kominn langt út fyrir efnið sem er fundarstjórn forseta. Ég vil biðja hv. þm. að reyna að halda sig við það.)

Herra forseti. Ég get með vissum hætti fallist á að þetta er rétt hjá hæstv. forseta, en ég er hérna að skýra út fyrir hæstv.

forseta hvernig standi á því að ég tel að það sé ákaflega nauðsynlegt að ræða þetta mál í dag.

Hver er ástæðan fyrir því að ég óska eftir með svona tiltölulega skömmum fyrirvara að fá að ræða þetta hér í kvöld? Ástæðan er einföld. Hún er sú að það verður ekkert þinghald á morgun. Þingið fer heim að loknum þeim fundi sem nú er hafinn og kemur ekki saman aftur fyrr en á miðvikudaginn í næstu viku. Það þykir mér auðvitað vera fulllangur tími til þess að ræða þetta, ekki síst þegar horft er til þess, herra forseti, að þeir sérfræðingar sem talað er við í fjölmiðlum dagsins lýsa því blákalt yfir að allar líkur séu á því að þessu hruni sé ekki lokið.

Við hefðum þess vegna þurft, herra forseti, að fá heimild hæstv. forseta til þess að ræða við hæstv. forsrh. um það hvaða augum hann lítur þessa stöðu. Hvort hann telji t.d. nauðsynlegt að Seðlabankinn grípi inn í með einhverjum aðgerðum. Og til hvers hann telji að þetta kunni að leiða varðandi verðbólguþróun í landinu.

Það er þetta, herra forseti, sem ég teldi að við hefðum þurft að ræða við hæstv. forsrh. og ég tel það nokkuð ámælisvert af hæstv. forseta að synja stjórnarandstöðunni umræðu um þetta.

[20:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna ummæla hv. þm. vil ég taka fram að í 50. gr. þingskapa segir:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst."

[20:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að fyrir tveim dögum óskaði ég eftir því að eitt fyrsta mál hér á dagskrá yrði utandagskrárumræða einmitt um efnahagsmál, verðbólgumarkmið og gengismál í ljósi þeirrar stöðu sem þá var þegar komin fram og fyrirsjáanlegt að mundi versna. Þau svör sem ég fékk frá skrifstofu Alþingis voru að útilokað væri að fá þetta mál rætt hér í dag og því væri hafnað að þetta væri tekið til umræðu í dag.

Nú hefur farið svo í dag að það er algjört met í gengissigi og flótta fjármagns úr landinu. Þetta er svo alvarlegt, herra forseti, að efnahag okkar stendur verulega ógn af. Og þetta gerist þvert ofan í yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. hefur gefið, bæði á aðalfundi Seðlabankans nýverið og eins hér í sölum Alþingis. Því það er engin lausn að breyta um áherslur í peningastjórnun, úr gengismarkmiðum í verðbólgumarkmið ef því er síðan ekkert fylgt eftir og öllu leyft að ganga lausu.

Herra forseti. Af því að við höfum verið að ræða hér hugsanlega sölu Landssímans í dag, þar sem átti að leggja megináherslu á að selja hann úr landi, þá hefur bara það eitt, gengissigið og gengisfallið í dag rýrt hugsanlegt söluverð hans um milljónir ef ekki tugmilljónir króna, bara í dag, herra forseti. Það hefði því fyllilega verið ástæða til að hæstv. forsrh. væri hér og gerði Alþingi grein fyrir því hvað er að gerast í peningamálum þjóðarinnar, í efnahagsmálunum.

Ég óska því eftir að við munum halda áfram þingi á morgun, herra forseti, því þetta er svo alvarleg staða sem er uppi í efnahagsmálum, gengismálum og verðbólgumálum að full ástæða er til að þingfundur verði haldinn hér á morgun og þetta mál tekið fyrir og rætt og þingið fái skýringar á því til hverra aðgerða á að grípa, hver staða málsins er. Þetta er svo alvarlegt mál að við þurfum að taka öll höndum saman um að koma í veg fyrir að hér verði stórslys í efnahagsmálum.

[20:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er rétt hjá hv. þm. að fyrir lá beiðni hans um utandagskrárumræðu, en ég leit svo á að ekki væri rétt að hafa utandagskrárumræður á þessum degi þar sem boðað hafði verið til fundarins sérstaklega til að ræða þau frv. sem hér eru á dagskrá og synjaði þess vegna um utandagskrárumræður í dag. Þetta er rétt með farið hjá hv. þm. en ég minni á hinn bóginn á að nokkrar umræður urðu um störf þingsins í upphafi fundar eins og þingsköp gera ráð fyrir.

[20:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afskaplega alvarlegt mál sem við stöndum frammi fyrir. Við erum að ljúka hér þingdögum og í hönd fer nefndavika. Við erum með þingsköp sem gera okkur ekki unnt að bregðast við með þeim hætti sem mjög mikilvægt er þegar atburðir af þeim toga sem nú er ljóst að hafa skollið yfir í dag gerast.

Það er hárrétt hjá forseta að beiðni um hálftíma utandagskrárumræðu þegar mikilvæg mál ber að þarf að bera upp við forseta áður en þingfundur hefst. Og við hljótum að þurfa að skoða það með hvaða hætti er hægt að bregðast við eftir að fundur hefst þegar stórir atburðir gerast.

Herra forseti. Ég hef ekki áhuga á að bregðast því að halda mig við fundarstjórn forseta en ég hlýt þó að nefna það að fyrir um áratug þegar var 10% gengisfelling hjá Svíum, þá urðu afleiðingarnar gífurlegar vegna þess að allir fjárfestar drógu sig út úr landinu. Hjá okkur varð yfir 10% gengissig í fyrra og nú erum við að horfa á 6% sig, hrun eða fall í dag og þá er gengisfall orðið um 15% á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Þetta er svo alvarlegt að ég skil ekki hvernig við eigum bara að fara til fundarvinnu á morgun og láta eins og ekkert hafi í skorist hér á Alþingi vegna þess að Alþingi er líka gagnrýnt fyrir það að vera að tala um aðra hluti en þá sem mikilvægastir eru á stundum. Og það er það sem brennur á okkur núna á þessari kvöldstund, herra forseti.

[20:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég er satt að segja mjög undrandi á því að hæstv. forseti skuli ekki reyna að leita að svigrúmi til að koma á þeim fundi sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur óskað eftir og fá fram þær umræður sem hann hefur kallað eftir við hæstv. forsrh. þegar uppi eru svona alvarlegir atburðir og aðstæður í þjóðfélaginu eins og við höfum orðið vitni að.

Hrunið á genginu núna á þessum degi, 6–7% og frá áramótum um 16%, er auðvitað mjög alvarlegt og getur haft mjög alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir verðbólguna og getur raunverulega haft svo hrikalegar afleiðingar að varla er hægt að sjá það fyrir.

Herra forseti. Það er atkvæðagreiðsla á eftir og ég vænti þess að hæstv. forsrh. mæti hér í hús. Ég spyr því: Er ekki hægt, herra forseti, að reyna að veita það svigrúm sem hér er verið að kalla eftir? Og ef það gengur ekki eftir, þá sé ég að í fyrramálið er svigrúm samkvæmt fundatöflu hjá nefndunum

kl. 10 að hafa slíkan fund ef vilji væri til þess hjá hæstv. forseta að beita sér fyrir því. Nefndafundir byrja ekki fyrr en kl. 11 í fyrramálið, þannig að ég óska nú eindregið eftir því að hæstv. forseti kalli saman fund með formönnum þingflokka og athugi hvort ekki sé hægt að fá það svigrúm í fyrramálið til að hafa þær umræður sem verið er að kalla eftir að verði á þessum degi. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta.

[20:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel það miður að hæstv. forseti skuli ekki hafa getað fallist á það að svo alvarlegar aðstæður hafi verið að skapast í efnahagsmálum og gengismálum að ástæða væri til þess af hálfu forseta að greiða fyrir því að hér gætu orðið skoðanaskipti um þau mál.

Það hefur komið fram að hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingar – græns framboðs í fjárlaganefnd, óskaði fyrir tveimur dögum eftir utandagskrárumræðu um einmitt þá stöðu sem þegar blasti við í þessum efnum, áframhaldandi mikið gengissig, vaxandi verðbólgu og versnandi horfur í efnahagsmálum almennt. Og síðan þá hafa hlutirnir ekkert gert annað en að versna og dagurinn í dag hlýtur að teljast sá svartasti í þessum efnum í mjög langan tíma.

Við slíkar aðstæður, herra forseti, tel ég að forseti eigi að ganga í lið með þingmönnum og þinginu og reyna að sjá til þess að þingið geti orðið vettvangur skoðanaskipta um þessi mál.

Það er nú einu sinni svo, herra forseti, sem ég veit að ég þarf ekki að rifja upp fyrir hæstv. forseta, þingreyndum manninum, að fyrir utan það að vera löggjafarsamkoma er Alþingi mikilvægasti vettvangur pólitískra skoðanaskipta í landinu. Hér eiga menn kost á því að ræðast við um þjóðmálin, stjórn og stjórnarandstaða, forustumenn stjórnmálaflokka og þingflokka og það er annað og mjög mikilvægt hlutverk löggjafarsamkomu í lýðræðisríkjum þar sem menn hafa tiltekið málfrelsi og tiltekin réttindi.

Herra forseti. Þegar slíkar aðstæður skapast eins og í dag, þá finnst mér menn eigi ekki að reyra sig fasta í einhverjar löngu settar tímatöflur eða dagskrár sem gengið hafi verið frá. Og eðlilegast hefði verið að hæstv. forseti hefði hlutast til um það að utandagskrárumræða sú sem hv. þm. Jón Bjarnason hafði beðið um kæmist á.

Hefði svo ólíklega viljað til að hæstv. forsrh. hefði viljað sýna þinginu þann sóma að gefa hér yfirlýsingu um efnahagsmál vegna þeirra alvarlegu aðstæðna sem skapast hafa, þá hefðu allir fallist á að hann hefði haft fyrsta orðið í þeirri umræðu og verið eðlilegt. En við eigum auðvitað ekki slíku að venjast heldur frekar hinu að þurfa að draga hæstv. ráðherra hér til umræðna, sem er miður. Við aðstæður af þessu tagi hefði það verið að mínu mati mjög við hæfi að forsrh. hefði gefið yfirlýsingu hér á Alþingi og gefið mönnum kost á því að ræða við sig þessa alvarlegu stöðu. Það hefðu verið viðbrögð sem hefðu verkað yfirvegað og til þess fallin frekar en hitt að efla trú manna á því að menn tækju hlutina alvarlega og væru að leita einhverra lausna.

Ég vona því að virðulegur forseti skoði þessa hluti og hugleiði þá ósk hv. þm. Jóns Bjarnasonar að leyfa þessa umræðu á morgun.

[20:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær kröfur sem menn hafa gert um að þessi mál komist til umræðu hér í þinginu. Mér finnst það satt að segja með ólíkindum að hæstv. forsrh. telji það ekki skyldu sína að mæta hér og gefa skýrslu. Það virðist vera að allar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um hvernig eigi að stjórna þessum hlutum séu að hrynja saman. Það er búið að vera gengishrun. Gengið hefur fallið um 27,5% á sextán mánuðum, með vaxandi hraða, 6% í dag. Það hefði nú einhvern tímann verið talið til tíðinda það sem hefur verið að gerast í efnahagsmálum.

Og hæstv. forsrh. ætti auðvitað að mæta hér og útskýra fyrir þingheimi hvernig stendur á því að hlutirnir eru svona. Höfðu galdramennirnir ekki rétt fyrir sér, eða hvað? Var aldrei óhætt að keyra þær götur sem búið er að gera? Var ekki óhætt að halda uppi viðskiptahalla allan þennan tíma? Halda menn virkilega að aðalástæðan fyrir þessu sé sjómannaverkfallið? Það kemur ekki til mála. Það er ekki farið að hafa áhrif á útflutning nema að mjög litlu leyti, ef nokkuð. Ástæðan er auðvitað sú að eftirspurnin eftir gjaldeyri hefur breyst. Og það er ekkert sem bendir til þess að það sé að snúast til baka. Ofan á þetta kemur greinileg vantrú á íslenskt efnahagslíf og bætir um betur. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn þurfi nú aldeilis að taka til í sínum ranni og fara yfir hlutina. Hún var að gefast upp um daginn á stefnunni sinni þegar ákveðið var að breyta stefnu Seðlabankans og ...

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. fer nú örlítið yfir strikið. Það er verið að tala um fundarstjórn forseta.)

Já, hæstv. forseti. Ég er eins og aðrir hér sem hafa komið í þennan stól að reyna að útskýra það hvaða þungu rök það eru sem er hægt að færa fram fyrir því að hér fari fram efnahagsumræða. Ég vil alveg sérstaklega gera kröfu um það að hæstv. forsrh. geri þinginu grein fyrir stöðu mála og hvað eigi næst að draga upp úr hattinum til að bjarga málum hér á landi, ellegar hljóti menn að fara að hugsa um það í alvöru hvort þeir eru færir um að stjórna efnahagsmálum á Íslandi.

[20:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil ítrekað vekja athygli á því að frá því að ný peningastefna var sett, bara fyrir rúmum mánuði, hefur gengið fallið um tæp 12%, og bara í þessari viku var gjaldeyrisútstreymi úr landinu um 50 milljarðar króna.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. að láta a.m.k. svo sem hann sé að tala um fundarstjórn forseta. Þessar umræður hjá hv. þingmönnum voru hreinar efnahagslegar umræður.)

Herra forseti. Já, því miður þá koma þessir peningar alls staðar inn, hvar sem maður er. Og líka í umræðu um störf forseta.

Ég vil ítreka að ég tel fulla ástæðu til að hæstv. forsrh. komi og ræði stöðu peningamálanna, því fundarhald hér, í þeirri stöðu sem við erum nú í peningamálum, er svo sem ekki til mikils ef þetta heldur áfram á sama og verri veg eins og nú gengur.

Ég ítreka því ósk mína, hæstv. forseti, að beiðni mín um utandagskrárumræðu um stöðu gengismála, um stöðu verðbólgu og um stöðu efnahagsmála, verði tekin fyrir eigi síðar en á morgun.

[20:19]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þar sem það lá fyrir að hæstv. forseti hafði synjað um að hér yrðu utandagskrárumræður með hinu hefðbundna sniði, þá fór ég þá leið að óska eftir því að fá að gera athugasemd um störf þingsins til þess að get rætt þetta við hæstv. forsrh. Tilefnið er augljóst. Ég hafði hér fyrir nokkrum

vikum átt orðastað við hæstv. forsrh. og greint honum frá áhyggjum Samfylkingarinnar um þróun efnahagsmála. Ég hafði þá jafnframt greint honum frá því að ég teldi að tiltekin atburðarrás sem væri hafin í efnahagslífinu mundi geta leitt til þess sem við höfum séð gerast í dag.

Nú vildi ég fá að ræða við hæstv. forsrh. um það hvaða augum hann lítur þessa þróun og jafnframt hvaða ráð hann sér helst til að reyna að stemma stigu við þessari þróun.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál efnislega, herra forseti. En það er alveg ljóst hvað hefði gerst ef við værum stödd, ekki í byrjun maí heldur á miðju sumri. Þá hefði stjórnarandstaðan og sennilega einhverjir stjórnarþingmenn líka talið fulla ástæðu til þess að þingið yrði kvatt saman til að ræða þessa alvarlegu stöðu.

Nú blasir hins vegar við að hæstv. forseti synjar okkur umræðunnar á þessu kvöldi og hann ætlar að senda þingið í nefndaviku, senda þingið í reynd burt úr þessum sölum um heillar viku skeið á meðan þessi válega staða er uppi. Hverjir eru það sem eiga að ræða þessa þróun mála ef ekki hv. þm., kjörnir fulltrúar þjóðarinnar? Til hverra er horft á augnablikum eins og þessum? Til þingmanna, til umræðna hér, skoðanaskipta og í kjölfar þeirra til aðgerða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Við vitum hins vegar, herra forseti, að ríkisstjórnin virðist vera ráðalaus. Ég gæti bent á ýmis dæmi því til staðfestu. Mér sýnist því ekki vanþörf á því að hæstv. ríkisstjórn fengi nokkrar ráðleggingar frá þingheimi. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að sá sem hefur haft rangt fyrir sér um þróun efnahagsmála er hæstv. ríkisstjórn. Sá sem hafði rétt fyrir sér er stjórnarandstaðan. Ef menn vilja læra eitthvað af reynslunni, ættu þeir að fara að hlusta á okkur. Allt það sem við höfum sagt hefur gengið eftir.

Herra forseti. Hér eru uppi ákveðnar hugmyndir sem hafa komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í umræðunni. Ég óskaði eftir því að fá að gera athugasemd um stöðu þessara mála. Ég óska eftir því, herra forseti, að sú bón mín verði íhuguð af hálfu forseta. Mér er kunnugt um að hæstv. forsrh. kemur í hús til atkvæðagreiðslu á eftir, hann hefur a.m.k. lögbundna skyldu til þess. Hvað er það sem kemur í veg fyrir að hægt sé að taka þetta mál þá til umræðu með þeim hætti sem ég óskaði eftir?

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1129.

og

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130.

[20:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil í umfjöllun um frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. víkja enn frekar að því skriflega leyfi sem gert er ráð fyrir að Landssíma Íslands sé veitt en þar stendur: „Póst- og fjarskiptastofnun veitir hér með Landssíma Íslands hf. leyfi til að reka fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet eins og það er nánar ákvarðað í leyfi þessu ...“ Ég vil gera þar að umtalsefni nokkur atriði.

Í 3. gr. stendur:

„Bregðist leyfishafi skyldu sinni að fullnægja ákvæðum leyfisins eða ef ekki er framfylgt kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um umbætur til úrbóta getur stofnunin afturkallað leyfið að undangengnum hæfilegum viðvörunarfresti.“

Ég óska eftir að vita hjá hæstv. samgrh.: Hvernig er ætlunin að beita þessu ákvæði þegar þjónustan er í höndum þessa fyrirtækis, búið er að selja fyrirtækið, þannig að það er enginn sem kemst að því með slíkar kröfur, og hvaða þýðingu hefur þá að afturkalla leyfið? Er þá ætlunin að loka fyrir þjónustuna? Hvernig á að gera svona lagað virkt? Eða getur hæstv. samgrh. bara innkallað fyrirtækið?

Það gengur að beita slíku ákvæði á einhver minni háttar atvinnurekstrarfyrirtæki sem skipta minna máli en á heilu stóru almenningsþjónustuapparati eins og Landssíminn mundi verða, sé ég ekki hvernig þetta væri virkt.

Í 5. gr. eru raktir þættir sem leyfið nær til, talsímaþjónusta, telexþjónusta o.s.frv. og þar stendur, herra forseti:

„Leyfishafi skal leitast við að veita þjónustu um allt land ef eftirspurn réttlætir og þjónustan er arðbær á landsvísu.“

Hvað þarf nú frekar vitnanna við? Leyfishafi skal leitast við en honum er ekkert skylt, hann skuli aðeins leitast við að veita þjónustu um allt land ef eftirspurn réttlætir og þjónustan er arðbær á landsvísu. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er arðurinn sem á að vera númer eitt og á að ráða þjónustunni.

Ég vil líka benda á 22. gr., herra forseti. Þar stendur:

„Leyfið er ekki framseljanlegt. Þó skal leyfishafa heimilt að framselja hluta af leyfinu eða leyfið í heild til dótturfélaga sem eru að öllu leyti“ — að öllu leyti — „í eigu leyfishafa.“

Sá sem er eftirlitsaðilinn með þessu öllu er Póst- og fjarskiptastofnun, hún getur afturkallað leyfið ef leyfishafi stendur sig ekki í skilum, hún á sem sagt að sinna eftirlitshlutverkinu.

Herra forseti. Víkjum nú að öðru starfsleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt. Hún hefur líka veitt Íslandspósti hf. starfsleyfi. Þó svo Íslandspóstur hf. sé reyndar algerlega í eigu ríkisins er samt starfað þar samkvæmt sérstöku leyfisbréfi og í því leyfisbréfi eru líka tilgreind réttindi og skyldur. Þar stendur, með leyfi forseta, í 12. gr. varðandi Íslandspóst:

„Leyfishafa er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu. Leyfishafa er þó heimilt að fela dótturfyrirtæki rekstur póstþjónustu að nokkru eða öllu leyti en slík ráðstöfun leysir leyfishafa að engu undan skyldu sinni samkvæmt leyfi þessu.“

Þarna er líka sagt nákvæmlega, herra forseti, að viðkomandi fyrirtæki er óheimilt að framselja þessi leyfi. En hvernig hefur Póst- og fjarskiptstofnun fylgt þessu eftir? Ítrekað hefur verið bent á það í umræðunni að þessi nýju lög, fjarskiptalög og lög um Póst- og fjarskiptastofnun, geri þetta umhverfi svo óruggt, óruggt eftirlit og órugg lög og allt svoleiðis nokkuð, þannig að þetta sé allt í góðu lagi.

Tökum dæmi eins og við stóðum frammi fyrir þegar pósturinn var að loka pósthúsum í Skagafirði. Þá sendi hópur Skagfirðinga bréf, undirskriftalista bæði til Íslandspósts, til samgrh., til Póst- og fjarskiptastofnunar, með athugasemdum um það hvort þetta uppfyllti lög og reglur. Sveitarstjórn Skagafjarðar sendi bréf, sendi kæru til Póst- og fjarskiptastofnunar um að þetta yrði athugað, yrði athugað hvort

Íslandspóstur hefði leyfi til þess að framselja póstþjónustuna til annars aðila. Hvað hefur gerst? Þetta bréf var sent 14. mars sl. Ekki hefur heyrst hósti eða stuna frá Póst- og fjarskiptastofnun í þessu máli. Þannig er þetta nú virkt í dag.

Hverju megum við þá búast við gagnvart fyrirtæki sem verður algerlega búið að selja burt og engin tök er hægt að hafa á? En varðandi Íslandspóst eigum við þó fyrirtækið, þá á ríkið fyrirtækið og getur beitt það þeim kostum sem eigandi. En hæstv. samgrh. er yfirmaður bæði Íslandspósts og Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ég vil því draga þetta fram þegar verið er að ræða um hversu gott eftirlitskerfið er að þarna er þetta nú bara svona. Þó að það sé í höndum núv. hæstv. samgrh. að fylgja eftir, Póst- og fjarskiptastofnun og Íslandspóstur hf., er samt ekki hægt að framfylgja þessu eftirliti. Þegar þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskaði eftir því við Íslandspóst að hann gæfi upp hvernig hann hefði samið við aðra aðila, hvort hann hefði framselt leyfið, þá var ekki hægt að svara því á grundvelli einhverra reglna sem þar voru tilgreindar. Svona er nú þetta eftirlit, herra forseti, í reynd sem við erum hér að fara út í.

Ég vildi draga þetta fram hér, herra forseti, af því að það hefur ítrekað verið dregið fram í umræðunni hvað þetta væri öruggt og gott eftirlit.

Eitt er líka eftir í þessu, herra forseti, alveg eins og í Póstinum. Það er eftir að skilgreina þjónustustigið. Það er eftir að skilgreina gæði þeirrar þjónustu sem á að bjóða, sem eiga að vera í fjarskiptaþjónustunni, og það á Póst- og fjarskiptastofnun væntanlega að gera. Þetta er allt saman eftir. Það er afar hættulegt að sleppa þessu úr hendi okkar, úr hendi ríkisins, áður en allar þessar kröfur eru skilgreindar. Í umræðunni hefur komið fram reginmunur á því hvernig litið er á þessa þjónustu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á þetta sem grunnalmannaþjónustu, ákveðin grunnþjónusta í fjarskiptum er grundvöllur fyrir almenna samkeppnishæfni fólks, einstaklinga, fyrirtækja og byggðarlaga, og á því að flokkast sem almannaþjónusta en ekki einhver afmarkaður hreinn fyrirtækjarekstur eins og sumir hafa viljað líta á. Einstök atriði, einstakir þættir í þessari starfsemi gætu svo sem verið það, en grunnfjarskiptaþjónustan er grunnalmannaþjónusta og á ekki að vera hluti af einhverjum almennum, venjulegum fyrirtækjarekstri sem lýtur þeim uppboðslögmálum. Þarna er verulegur munur á. Ég get svo sem skilið að þingmenn Sjálfstfl. og Sjálfstfl. séu þessarar skoðunar en ég hélt að félagshyggjuandinn sem var einu sinni grundvöllur Framsfl., ætti kannski einhver ítök þar enn. En því miður, herra forseti, virðist það líka verið borin von.

Af sérstöku tilefni af ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar í dag, þar sem hann talaði um nauðsyn þess að hlutafélagavæða Landssímann og selja hann, það hafi verið nauðsynlegt til þess að losa hann út úr stirðbusahætti og því hve ríkið er svifaseint sem háir ríkisfyrirtækjum þá sagði ég í andsvari að þetta væri ekki siðlegt og ekki boðlegt gagnvart því fólki sem þarna hefði unnið um árabil. Ég þekki það til að einmitt því fólki, sem vann við að byggja upp Landssíma Íslands, byggja upp fjarskiptakerfið um land allt, var meira að segja sagt í kjarasamningum, það þekki ég til og veit, að halda aftur af sér, það væri að taka þátt í að byggja upp almannaþjónustu, það væri að taka þátt í að byggja upp þjónustu um allt land. Þetta væri það sem verið væri að gera. En nú er þessu fólki sagt að það hafi verið stirðbusalegt og verið fyrirtækinu til trafala.

Ég harma svona lagað og tel að það eigi ekki að gera þetta, herra forseti.

[20:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í umræður hér vegna ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um póstþjónustuna, við geymum það til betri tíma. En vegna þess að hv. þm. notaði það til samanburðar til að gera athugasemdir við það að eftirlit með rekstri fjarskiptafyrirtækjanna væri ekki til staðar á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar og að engar reglur hefðu verið settar, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því að á bls. 98 í frv. er prentað upp leyfisbréf Landssíma Íslands sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út. Þar eru skilgreindar þær skyldur sem fólgnar eru í leyfisbréfinu vegna starfsemi Símans og það er að sjálfsögðu í samræmi við og til viðbótar við þær skyldur sem eru lögum samkvæmt. Þetta fyrirtæki, Síminn, eins og önnur símafyrirtæki, þarf að starfa á grundvelli og innan þess ramma sem starfsleyfisbréfið felur í sér. Á bls. 98 er gerð grein fyrir einmitt þessum atriðum.

[20:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég sagt að engar reglur væru, ég tel mig reyndar ekki hafa sagt það en taldi mig hafa sagt gæðakröfur og skilgreindar gæðakröfur til þeirra þátta, hafi ég sagt reglur þá eru vissulega þarna reglur á ferðinni og ákveðnar gæðakröfur. En fjarri því að þær séu til fullnustu. Ég man nú ekki þennan texta svo utan að, herra forseti. Mig minnir t.d. að á einum stað standi að varðandi almenningssíma og símklefa og annað því um líkt vítt og breitt um landið, þá skuli Póst- og fjarskiptastofnun setja um það reglur hvar þeir skuli vera. Og aðrar slíkar gæðakröfur hef ég ekki rekist á t.d. varðandi viðbragðsflýti við bilunum, við slíku eftirliti og öðru sem hlýtur náttúrlega að skipta dreifbýlið meginmáli. Því að út um land hafa einmitt verið alveg fram til þessa viðgerðaraðilar í startholunum til þess að grípa inn, en því hefur svolítið hrakað upp á síðkastið. Ég minnist þessara tveggja atriða, herra forseti, þar sem ætlast er til að komi skilgreindar gæðakröfur inn.

[20:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hendir æði oft þegar menn eru rökþrota að þeir grípi til gamalkunnugs úrræðis sem er að snúa út úr. Og hv. þm. Jón Bjarnason er nákvæmlega í þeirri stöðu. Hann er rökþrota í málinu og þá grípur hann til þess ráðs að snúa út úr með mjög ómerkilegum hætti. Ekki bara einu sinni, heldur tvisvar á einu síðdegi, þegar hann lætur að því liggja að í máli mínu hafi falist á einhvern hátt lítilsvirðing gagnvart því góða starfsfólki sem vann hjá Póst- og símamálastofnun, síðar Pósti og síma. Það er ekkert í málflutningi mínum sem gefur honum tilefni til að tala með þeim hætti sem hann gerði. Ekki neitt. Enda kom það greinilega fram í andsvari mínu hér áðan.

Það sem ég var einfaldlega að segja var að ég vakti athygli á því að ímynd fyrirtækisins hefði verið með þeim hætti sem ég sagði áðan, það var ekki með einu orði verið að halla á neitt starfsfólk. Ég var einfaldlega að segja frá þessu. Og ég var að segja að samkeppnin sem stofnunin og fyrirtækið hefði síðan orðið að mæta hefði aukið þjónustuhæfni fyrirtækisins. Það er um það að ræða að sama starfsfólk í mjög

mörgum og flestum tilvikum hefur verið að störfum hjá bæði stofnuninni og fyrirtækinu og ekkert sem gefur þess vegna tilefni til að snúa þannig út úr orðum mínum að lítilsvirðing hafi falist á nokkurn hátt í þeim eða ég hafi verið að sneiða að starfskröftum þessa fólks.

Ég vakti einnig athygli á því hérna fyrr í dag að ég hefði í ræðum þegar við vorum að fjalla um þetta mál á Alþingi á sínum tíma, formbreytinguna á Pósti og síma, farið lofsamlegum orðum um þann árangur sem stofnunin hafði náð, t.d. í lækkun símakostnaðar. Mér er því alveg óskiljanlegt hvernig hv. þm. reynir ítrekað að snúa út úr orðum mínum og leggja mér bókstaflega orð í munn og hugsun í það sem ég var hér að segja.

[20:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra það sem mér skilst á tón hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að hann sjái kannski eftir því að hafa farið svona harkalega með málið.

En það duldist engum þegar hv. þm. var að færa rök fyrir sölu Landssímans að ein rökin voru þau að ríkisfyrirtæki væru svifasein og stirðbusaleg og væru með slæma ímynd. Ég veit ekki á hvers konar vinnustað hv. þm. hefur unnið eða þekkir ef ímynd fyrirtækisins er ekki fólgin í því fólki sem þar vinnur. A.m.k. er það klárt í mínum huga og öllum að ímynd fyrirtækis er náttúrlega ímynd starfsfólksins.

Ég vil frekar telja að það hafi verið ákveðin rökþrot þótt ég skildi það nú ekki þannig, ég skildi þetta hreinlega sem meiningu hv. þm. að ein rökin fyrir því að betra væri að selja fyrirtækið væru þau að þá fengi það svo miklu betri ímynd og þá væri það ekki eins svifaseint o.s.frv.

Ég vil ítreka það að ímynd fyrirtækisins er starfsfólkið sem þar vinnur og starfsfólk Landssímans hefur skilað einmitt afar góðu starfi að mínu mati í að byggja upp fjarskiptanet í erfiðu landi á undanförnum árum og áratugum og það væri síst að færa það sem rök fyrir því að selja þetta fyrirtæki.

[20:40]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur um að það hefur mjög margt verið vel gert af hálfu Póst- og símamálastofnunar og Pósts og síma. Við vitum að það tókst afar vel í uppbyggingu tæknilegra hliða þessa fyrirtækis og fyrirtækið veitti góða þjónustu á mjög fínu verði. Um það er enginn ágreiningur. Og það starfsfólk sem hefur unnið hjá þessari stofnun og fyrirtæki á auðvitað þakkir skildar fyrir framlag sitt í þeim efnum.

Auðvitað er það ekki þannig að þó að verið sé að gagnrýna eitthvað í ímynd fyrirtækisins eða í fari fyrirtækisins og ég rakti það að í skoðanakönnunum hefði það komið fram, þá er það ekki árás á starfsfólkið. Það er ekki árás á starfsfólk, t.d. stórmarkaða þó að verið sé að gagnrýna þá eins og hefur verið gert upp á síðkastið. Það sem við höfum verið að segja er að það er fyrirtækinu til góða að það hafi öll þau tök sem hægt er að veita því í samkeppnisþjóðfélagi nútímans, t.d. með því að gera það að hlutafélagi á sínum tíma, t.d. með því að selja hlutabréf. Það gerir það að verkum að fyrirtækið getur t.d. verið viðbragðsfljótara.

Það kom greinilega fram hér þegar við vorum á sínum tíma að formbreyta Póst- og símamálastofnun að það stæði þeirri stofnun fyrir þrifum að hún þyrfti sífellt að leita heimilda Alþingis fyrir hinum minnstu viðvikum sem fyrirtækið þurfti að standa í, fjárfestingum o.s.frv. Þetta var ein ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að farið var út í það að formbreyta þeirri stofnun. Um það var ekki ágreiningur.

Það er þetta sem ég var að víkja að hérna fyrr í ræðu minni í dag, en alls ekki því að það fælist í því einhver áfellisdómur yfir starfsfólkinu, nema síður sé, því það kom greinilega fram, bæði í mínu máli og eins í fyrri umræðum um þetta mál að fyrirtækið eða stofnunin hafði á margan hátt náð góðum árangri. Við vorum hins vegar að sigla inn í nýja tíma, nýtt umhverfi og þá þurfti þessi stofnun, þetta fyrirtæki, á öllu sínu að halda til þess að halda velli í þeirri grimmilegu samkeppni sem er orðin að veruleika í fjarskiptageiranum í dag.

[20:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að hafa komið hér upp í andsvar til þess að tækifæri gæfist einmitt til þess að draga þetta alveg skýrt fram hér af minni hálfu og fyrir það fólk sem hefur unnið gott starf hjá Landssíma Íslands og Pósti og síma á sínum tíma. Það er nokkuð víst að það fólk, hið almenna fólk sem þar vann, hefur ekki verið sérstaklega hátt launað, þannig að það í sjálfu sér hefur ekki sligað eða verið til byrði fyrir fyrirtækið, heldur hefur fólk unnið þessu fyrirtæki vel og lagt sitt af mörkum, þó svo að nú sjái það fram á miklar eignir sem renna til annarra hluta. Þetta fólk hélt og leit á sig vera að vinna að almannaþjónustu og byggja hana upp.

Það er því fyllilega ástæða til að ítreka það að einmitt þetta starfsfólk, það er því að þakka að við búum við þessa stöðu í fjarskiptum, er núna að velta fyrir sér hversu mörgum tugum milljarða virði þetta fyrirtæki er. Það hefði verið miklu nær að finna rekstrarform eða laga rekstrarform þessa fyrirtækis, ef nauðsyn krefur, að einhverjum nýjum kröfum í rekstri ríkisfyrirtækja, sem ég tel þó ekki þurfa í megindráttum. Aðalatriðið er að hafa hugarfarið, hafa trú á því sem verið er að gera og hafa trú á því að ríkinu beri skylda til að sinna almannaþjónustu og standa myndarlega að því framvegis eins og hingað til varðandi fjarskiptaþjónustu við landsmenn.

[20:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það væri margt sem tilefni væri til að koma inn á hér við lok eða undir lok þessarar umræðu sem staðið hefur í allan dag, um einkavæðingu Landssíma Íslands hf. Ég hef í stuttri ræðu ekki tíma til að drepa á nema nokkur atriði.

Í fyrsta lagi ætla ég að nefna það hvernig hæstv. samgrh. hefur fjallað hér í dag um þá samkeppni sem komin er til sögunnar á þessum markaði og hefur aftur og aftur í máli hæstv. ráðherra og fleiri talsmanna stjórnarliðsins, svo ég tali nú ekki um framsóknarmennina sem hafa uppgötvað samkeppnina allt í einu ekki síður en fjarskiptalögin, verið útgangspunkturinn að nú sé þetta allt í lagi, því það sé komin á samkeppni. Jahá. Það er nefnilega það.

Í hverju felst hún? Jú, að fyrirtækið, sem hafði áður 100% markaðshlutdeild, hefur látið undan síga á sumum sviðum þjónustunnar niður í 85–90%. Hefur samt áfram einokun á sumum sviðum og yfirgnæfandi markaðshlutdeild á öðrum. Það á eina almenna dreifikerfið sem tekur til alls landsins og svokallaðir samkeppnisaðilar þess eru í veigamiklum atriðum háðir Landssímanum til að geta starfrækt þjónustu sína. Vel að merkja á grundvelli þeirra heimilda sem lög skapa þeim.

Hversu raunhæf er svo þessi samkeppni ef búið verður að einkavæða Landssíma Íslands? Er jafnræði með aðilunum? Hvernig verða efnahagslegir burðir þeirra? Hvernig er afkoma þeirra í dag? Er það ekki þannig að litlu aðilarnir eru að tapa peningum, eru að éta upp eigið fé sitt á sama tíma og stóri risinn græðir á tá og fingri? Er það þá samkvæmt skilningi hæstv. samgrh. raunveruleg samkeppni sem ríkir í dag?

Hæstv. ráðherra gekk meira að segja svo langt að tala um að hér væri ekki um fákeppnismarkað að ræða. Ég hef aldrei heyrt að 85% og upp í 100% markaðshlutdeild teljist ekki fákeppni. Það er í fyrsta skipti í umræðum um samkeppnismál og viðskiptalöggjöf sem ég heyri slíkt. Fákeppni á markaði er gjarnan talið það ef einn aðili nær t.d. meira en 30–35%, að maður tali nú ekki um ósköpin helmingi viðskipta eða þaðan af meira.

Þetta minnir mig á köflum, herra forseti, pínulítið á umræðuna sem varð um samkeppni í olíuverslun sem væri að skella á á Íslandi. Það væri nefnilega að koma erlent olíufélag, nánar tiltekið kanadískt ef ég man rétt, það hét nú ekki Ewing oil en sennilega Erwing oil, og það væri að skella á svo mikil erlend samkeppni að hér yrði heldur fjör á markaði. Ef ég man rétt var þetta fyrirtæki um skeið eitthvað að míga utan í einhverjar lóðir hér í Reykjavík. Það greip um sig þvílík hræðsla hjá þeim þremur olíufélögum landsins sem fyrir voru, að tvö af þremur rugluðu saman reytunum í verulegum mæli, stofnuðu sameiginlegt dreifingarfyrirtæki o.s.frv. Niðurstaðan varð sú að ekki bólar enn á hinu erlenda olíufélagi en fákeppnin á innanlandsmarkaði jókst. Það var nú uppskeran úr þeirri miklu umræðu sem varð um hina væntanlegu samkeppni í olíudreifingu.

Það skyldi þó aldrei fara svo að við ættum eftir að sitja uppi með svipað ástand á fjarskiptamarkaði, algera fákeppni, þar sem einn markaðsráðandi risi ræður lögum og lofum? Er þá betra að hann sé í höndum erlendra einkaaðila? Sé að hluta til undir forræði amerísks heimsrisa á sviði fjarskiptamála?

Ég set mikla fyrirvara við þetta samkeppnistal. Þó það eigi að heita svo að einhverjir litlir aðilar, veikburða aðilar, leyfi ég mér að kalla það, með fullri virðingu fyrir þeim, séu aðeins komnir inn á markaðinn og hafi náð til sín pínulítilli sneið af kökunni, í góðæri þegar markaðurinn hefur verið að þenjast út, segir það ákaflega lítið um það hvernig aðstæður kynnu að verða hér eftir ár, hálft ár, tvö ár, við allt aðrar aðstæður, kannski þrengingar í þessum viðskiptum þar sem einn aðili hefur auðvitað algjöra yfirburði. Það er ljóst.

Í öðru lagi verð ég að segja, herra forseti, að ég skildi ummæli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar mjög á sömu lund og fleiri þingmenn hafa gert í umræðunni. — Menn haldast illa við í salnum, herra forseti, það er ekki vegna þess að ég vildi ekki gjarnan að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson heyrði orð mín, að ég segi þau nú. En það er einfaldlega af því ég hef orðið núna og hef ekki aðrar aðstæður til þess. — Mér fundust þetta kuldaleg ummæli um starfsmenn og stjórnendur Pósts og síma á árunum áður en það fyrirtæki var gert að hlutafélagi. Ég skildi þau þannig, sem heldur neikvæð og ekki hlýleg í garð þess ágæta fólks og á ég þá ekki síður við stjórnendurna en hið mæta starfsfólk sem þetta fyrirtæki hafði þá og hefur í veigamiklum mæli enn. Að vísu hefur eitthvað verið skipt út á efstu hæðinni eins og gengur því það er gjarnan gert þegar menn komast í valdastólana, að koma þar sínum mönnum að.

Um háðuglega útreið Framsfl. í umræðunni á þessum drottins degi þarf ekki að hafa mörg orð, það hefur algjörlega afgreitt sig sjálft, herra forseti, og læt ég þar staðar numið að ræða um Framsókn að þessu sinni.

Að síðustu, herra forseti, væri gaman að vita hvort hæstv. forsrh. væri kominn í hús, því það hefur flogið fyrir orðrómur um að hæstv. forsrh. hyggist ætla að koma hér og greiða atkvæði. Þá væri gaman að heyra frá hæstv. forsrh., yfirmanni efnahagsmála, hvort hann deilir sjónarmiðum með hæstv. samgrh. um ágæti þess að einkavæða Landssímann einmitt núna og þá að verulegu leyti til útlanda.

Á þessum degi sem við erum að ræða þessi mál, einhverjum svartasta degi í gjaldeyrisviðskiptum á Íslandi sem sögur fara af, a.m.k. eftir að menn hættu að fella gengið með handafli í stórum stíl, og það hvort hinar raunverulegu ástæður fyrir óðagotinu sem við upplifum nú og birtist m.a. í því að ætla að troða þessu stóra máli í gegnum þingið á örfáum virkum dögum, eigi sér rót í þeirri taugaveiklun sem er augljóslega skollin á núna eftir afmælið, þegar veislunni lýkur. Þá kemur allt í einu í ljós að sviðsmyndin er hrunin, hún var úr pappa, stífuð af með fúaspýtum á bak við og leit ágætlega út rétt á meðan hún tolldi uppi séð á framhlið en ekki eins glæsileg baka til þegar hún er hrunin.

Þá er spurningin, herra forseti, eru það gáfuleg viðbrögð, að fara í óðagoti í að selja ráðandi hlut í mikilvægu almenningsþjónustufyrirtæki eins og Landssímanum og það með þeim hætti sem hér á að gera, þar á meðal í veigamiklum mæli til útlanda, sem gæti vel sótt sér rök í það að hungrið í gjaldeyri til að halda hlutunum gangandi, er orðið svo gíðarlegt, vegna þess að það þarf að fjármagna viðskiptahallann, það þarf að greiða af erlendum lánum og vaxandi vaxtabyrði af vaxandi skuldastabba með gjaldeyri. Gjaldeyrisútstreymið í þessari viku einni saman, herra forseti, er um 50 milljarðar kr. Þá fer ýmislegt að skiljast betur og í samhengi, herra forseti.

Ræðumenn á undan mér hafa komið inn á það að markaðsvæðing, einkavæðing Landssímans, þjónustufyrirtækisins Landssímans, sem ég hygg að landsmenn hafi almennt verið sammála um að líta á sem þjónustustofnun fram á síðustu ár, ekki sem eiginlegt fyrirtæki sem ætti að hafa það markmið númer eitt, tvö og þrjú að græða peninga og vera á hlutabréfamarkaði. Nei, sem þjónustustofnun, sem hefði það hlutverk að sjá landsmönnum fyrir góðum og greiðum fjarskiptum, helst sem ódýrustum, nútímalegustum og bestum.

En nýja hugmyndafræðin hafnar þessu. Hún hafnar því að það sé fólkið sem eigi að vera í fyrirrúmi, fólkið sem á að njóta þjónustunnar. Það er fjármagnið, það er hagnaðarvonin, það er reksturinn, en ekki þjónustan sem er útgangspunkturinn.

Og sjálfstæðismaðurinn sem núverandi yfirmenn Landssímans sóttu til að setjast þar á forstjórastól lýsti þessu einmitt ágætlega fyrir um ári eða einu og hálfu ári að nú væri markmið Landssímans númer eitt að græða peninga.

Þá erum við að fá einnig á þessu sviði það markaðsvædda þjóðfélag, herra forseti, sem ýtir þjónustu og almannahagsmunum til hliðar, setur þá í annað, þriðja, fjórða sæti, ef það man þá yfirleitt eftir þeim, en gróðann, hagnaðarvon eigendanna, allt eins þó þeir séu orðnir erlendir aðilar, sem muni draga arðinn til sín út úr landinu á komandi árum og áratugum, í fyrsta sæti.

Danska ALIAS ameríska símafyrirtækið, ef það fær á góðum kjörum 25 eða 35% hlut í Landssímanum, ætlar að

ráða því sjálft hvað það gerir við arðinn, sinn hlut af þeirri sex milljarða fjármunamyndun sem hefur verið í fyrirtækinu Landssíminn hf. nú upp á síðkastið. Það ætlar sér örugglega ekki að gefa hann til góðgerðarstarfsemi á Íslandi. Þetta fyrirtæki er ekki í þannig bisness, það ætlar að ráðstafa honum að eigin vild.

Þá munu menn auðvitað átta sig á því að það eru fleiri hliðar á þessum peningi en sú ein sem talsmenn málsins hafa reynt að halda fram á þessum degi. Ég spái því miður, herra forseti, að lítil gæfa muni hljótast af þessu brölti.

[20:54]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að óhjákvæmilegt sé að rifja upp hvernig á því stóð að gengið var í það að breyta Landssímanum í hlutafélag á sínum tíma. Ég var raunar þeirrar skoðunar að rétt væri að gera það þegar á árinu 1992 en sú stefna mín náðist ekki fram. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt var Alþýðuflokkurinn á þeim tíma andvígur því að breyta Landssímanum í hlutafélag, á þeim tíma sem hann var í stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. Þarf ekki að fjölyrða um þau mál. Ástæðan var auðvitað sú að við Íslendingar vorum orðnir hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði. Það lagði á okkur þær skyldur að við yrðum að vera við því búin að opna fyrir frjálsa samkeppni á fjarskiptamarkaði eigi síðar en 1. jan. 1998. Ég var þá þeirrar skoðunar að við hefðum betur verið fyrr á ferðinni með því að breyta Landssímanum í hlutafélag til þess að hann hefði verið betur undir þá samkeppni búinn.

Ég var raunar líka þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að breyta Landssímanum í hlutafélag vegna þess að opinberar stofnanir eru seinar í svifum og er ég fullkomlega sammála 1. þm. Vestf. Einari K. Guðfinnssyni í þeim efnum.

Þannig fer það fram hjá opinberum stofnunum að öll fjárfesting verður að vera ákveðin í fjárlögum. Það háttaði svo til um B-hluta fyrirtæki að þau áttu að vera búin að skila inn fjárlagatillögum sínum rétt fyrir mitt ár áður en fjárlög gengju í gildi. Þetta voru allt of hæg og sein viðbrögð miðað við þann mikla hraða sem kominn var í fjarskiptaheiminum þegar komið var fram á síðasta áratug, ég tala ekki um þegar komið var fram yfir miðjan síðasta áratug, þannig að af þeim sökum var þetta orðið óhjákvæmilegt.

Í annan stað hygg ég — ég fullyrði að ýmsir starfsmenn Landssímans voru raunar þeirrar skoðunar, ekkert síður en ég — að óhjákvæmilegt væri að fara í hlutafjárvæðingu símans.

Í öðru lagi kom það fram þegar verið var að ræða við erlend símafyrirtæki að þau voru hikandi við að eiga jafnnáin samskipti og áður við íslenska símann, eftir að þau höfðu verið einkavædd, en Síminn var enn þá stofnun. Þetta sjónarmið kom mjög skýrlega fram á þeim fundum sem póst- og símamálstjóri átti með hinum erlendu kollegum sínum, að viðhorfið breyttist að þessu leyti með þróuninni. Þannig að líka af þeim ástæðum var óhjákvæmilegt fyrir okkur að breyta símanum í hlutafélag.

Í þriðja lagi vil ég minna á að Samkeppnisstofnun var mjög, ég vil segja óskammfeilin í mörgum kröfum sínum til Símans á þeim tíma, eins og úrskurðir hennar bera vitni um og engu líkara en hún leggði Símann í einelti. Allt varð þetta til þess að óhjákvæmilegt var að minni hyggju að flýta fyrir hlutafjárvæðingu Símans og einkavæðingu hans.

Þetta kom líka fram í sambandi við ljósleiðarann. Settar voru mjög strangar hömlur fyrir því hvernig Síminn mætti reyna að koma umferð inn á ljósleiðarann sem varð augsýnilega til þess að tefja fyrir ljósleiðaravæðingunni, líka vegna þess að þær sjónvarpsstöðvar sem hér réðu markaðnum, höfðu takmarkaðan áhuga á því að gera ljósleiðarann virkan af því það hefði auðvitað valdið því að önnur fyrirtæki sem höfðu áhuga á því að fara inn á sjónvarpsmarkaðinn höfðu þá opnari leið en ella.

Ég skal ekki vera langorður um þessi mál, herra forseti, en ég tel óhjákvæmilegt að það komi fram af því ég deili skoðunum með hv. 1. þm. Vestf. og skildi fullkomlega hvað fyrir honum vakti áðan að ekki lágu illar hvatir til starfsfólks Símans á bak við það að við vildum breyta Símanum í hlutafélag. Þvert á móti var óhjákvæmilegt að gera það vegna þess að við vorum hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði og enginn vafi á því að ýmsir þingmenn, þó ekki séu í Sjálfstfl., deila þeim skoðunum með mér, hvort sem það hefur komið fram í umræðunum eða ekki.

[21:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú líkar mér við forseta. Hv. þm. Halldór Blöndal tók upp þráðinn þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skildi við hann, um hinn svifaseina Póst og síma. Mikið er gert úr því hversu stofnunin hafi verið svifasein og ósjálfstæð. Menn tala um að það hafi þvælst fyrir henni að þurfa að fá fjárfestingarramma sinn afgreiddan í fjárlögum o.s.frv.

Hér er verið að gera úlfalda úr mýflugu og notast við hin hefðbundnu rök gegn ríkisrekstri til að koma á hann óorði, veikja hann þannig að hann sé auðveldara fórnarlamb einkavæðingarinnar, sem er markmiðið. Markmiðið er ekki þessi málflutningur eða þessi ræðuhöld. Þau eru bara aðferðin til að ná hinu fram. Þetta er gamalkunnur leikur og ekki mjög stórmannlegur. Þetta beinist auðvitað öðrum þræði að starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækisins við þær aðstæður sem þeir sinntu verkum sínum.

Staðreyndin er sú að Póstur og sími var mjög sjálfstæð stofnun og ekki nema ákveðinn rammi sem kom inn í forsendur fjárlagafrv. hverju sinni. Ég kannast ekki við að Pósti og síma hafi verið sagt fyrir í einstökum verkefnum um fjárfestingar sínar eða annað því um líkt. Honum hefur þá verið stjórnað óðruvísi af öðrum samgrh. en samkvæmt því sem ég þekki til.

Varðandi samkeppnisþættina var búið að gera það sem gera þurfti, tryggja bókhaldslegan og fjárhagslegan aðskilnað einkaleyfisbundinnar starfsemi og samkeppnisstarfsemi. Hins vegar hefði auðvitað verið hægt að gera stofnunina sjálfstæða með ýmsum öðrum aðferðum.

Breyting í hlutafélag hefði verið sök sér ef menn hefðu ekki óttast það sem nú er komið á daginn, að hún væri fyrst og fremst aðdragandi einkavæðingar. Það voru uppi svardagar um að það stæði ekki til. Eigum við að rifja þá upp frá 1996, eitt hlutabréf, úr stáli þannig að menn sæju að það ætti ekki að selja út úr fyrirtækinu? Hvar eru þeir svardagar nú? Það stóð ekki til að standa við þá lengi. Nú er það allt að koma á daginn sem olli m.a. fyrirvörum manna við að samþykkja breytingu þessa fyrirtækis í hlutafélag.

[21:02]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Það er rétt, herra forseti, hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að fyrir mér vakti að einkavæða Landssímann. Ég lýsti því yfir í blaðaviðtali þegar á haustdögum 1992 og hvarf aldrei frá

þeirri skoðun minni. Ég lét líka í ljós þá skoðun mína að ég teldi heppilegt að mjög náið samstarf yrði milli íslenska símans og erlendra símafyrirtækja og að erlend símafyrirtæki fjárfestu í íslenskum símafyrirtækjum.

Ég rökstuddi það m.a. með því að ég óttaðist að síminn mundi lækka í verði ef svo færi og það mundi seinka fyrir þróuninni ef Landssímanum yrði ekki breytt í hlutafélag. Það kom líka á daginn að aldrei þessu vant vorum við örlítið á eftir Finnum og ýmsum öðrum í sambandi við ljósleiðarann, af því að síminn hafði ekki tök á að fjárfesta jafnmikið og nauðsynlegt var til að við gætum haldið okkar hlut og orðið framar öðrum þjóðum á þeim vettvangi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að Landssíminn var mjög sjálfráða um það hvernig hann hagaði sínum fjárfestingum. Þó kom að því í vissum tilvikum að ýtt var á hann. Ég minni t.d. á ljósleiðarann, þegar gengið var til samstarfs við varnarliðið um að hefja hér ljósleiðaravæðinguna. Ég minni á það þegar tekin var ákvörðun um það að jafna símakostnað og ég minni á að þingmenn dreifbýlisins hafa um áratugi talað um að verðskrá Landssímans væri ósanngjörn.

[21:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Tíminn leyfir ekki að fara yfir allar mótsagnirnar sem birst hafa í ræðuhöldum stjórnarsinna í dag. Annars vegar reynt að mæra fyrirtækið Póst og síma, hrósa því fyrir góðan árangur og talað um hversu vel það hafi staðið sig í að byggja upp nútímalega fjarskiptaþjónustu á góðum kjörum. Hins vegar þarf, pólitíkunnar vegna, að koma með ræðuhöld um hversu þetta fyrirkomulag hafi verið óheppilegt, svifaseint, fyrirtækið ósjálfstætt og allt saman verið erfitt og vont. Samt var árangurinn svona góður. Þetta er ekki mótsögn, er það? Nei, nei. Svona hefur vaðallinn haldið áfram í dag og niðurstaðan auðvitað ósköp einföld. Tilgangurinn helgar meðalið. Einkavæðingin er aðalatriðið. Það skal þjóna trúnni. Setja hana ofar öllu öðru. Veruleikanum, íslenskum aðstæðum, reynslunni og því sem við okkur blasir í öllum kringumstæðum málsins er ýtt til hliðar af því menn hafa gefið sér niðurstöðuna fyrir fram.

Ég endurtek: Ég held það verði ekki sótt nein rök í það fyrirkomulag sem við bjuggum við á þessum árum, þegar hvað mest umbylting varð í fjarskiptum og tækni, miklu meiri en sú sem nú er í gangi. NMT-kerfið, GSM-kerfið, ljósleiðarinn og allt sem honum tengist voru miklu meiri bylting en sú afkastagetuaukning sem nú er aðallega um að ræða. Menn gera að mínu mati allt of mikið úr því sem einhverri eðlisbreytingu. Þetta er fyrst og fremst spurning um meiri gæði og aukin afköst.

Alla þessa hluti gat Póstur og sími ráðist í þannig að við vorum í fremstu röð. Við vorum farsímavæddasta þjóð heimsins eða númer tvö, bæði í GSM-kerfi og NMT-kerfið. Ekki var Pósti og síma meinað að gerast eignaraðili að nýjum sæstrengjum o.s.frv. Þannig verða engin rök sótt í að þetta fyrirkomulag hafi gefist illa og verið fyrirtækinu fjötur um fót. Það er bara ekki þannig.

[21:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessarar 1. umr. og ég þakka hv. þm. ágætar umræður og málefnalegar.

Hér er auðvitað um stórt mál að ræða og við því að búast að menn hefðu sitthvað um það að segja við þessa umræðu. Nú gengur málið væntanlega til nefndar en áður en umræðunni lýkur vil ég koma inn á nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að svara og fara aðeins yfir, af því sem þingmenn hafa komið inn á og beint þá til mín í formi fyrirspurna.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gat þess réttilega, ég er alveg sammála honum um það, að eftir að opnað var á samkeppni í fjarskiptum var ófært að Síminn væri í ríkiseigu á þessum samkeppnismarkaði. Þá kemur einmitt að atriði sem ég undirstrikaði nokkuð rækilega við umræðuna í dag, m.a. í andsvörum. Aðstaða markaðsráðandi fyrirtækis er auðvitað mjög sterk. Okkur var það vel ljóst og ég minnist þess að í umræðum um fjarskiptalöggjöfina kom það m.a. fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar, þá sérstaklega Samfylkingarinnar, að ganga þyrfti þannig frá málum og búa svo um hnúta að eftirlitsstofnunin, Póst- og fjarskiptastofnun, hefði sterka stöðu til að sinna hlutverki sínu og gæta þess að samkeppni á þessum opna fjarskiptamarkaði væri eðlileg.

Við höfum rætt það, m.a. hér í dag, að sjá þyrfti til þess að eftirlitsstofnanirnar væru efldar og ég vonast eftir stuðningi hv. þingmanna í því.

Eitt af þeim atriðum sem fjarskiptalögin gera ráð fyrir og við ræddum mjög mikið þegar þau voru til meðferðar og í dag einnig, er að til þess tryggja samkeppni á þessum markaði og koma í veg fyrir algjör markaðsyfirráð eins fyrirtækis eru t.d. ákvæðið í 20. gr. fjarskiptalaganna um opinn aðgang að heimtaug og síðan önnur ákvæði um opinn aðgang að neti og reikisamningaákvæði hvað varðar farsímana. Þessi atriði gera það að verkum að það getur komist á samkeppni. Ef þetta væri ekki í fjarskiptalögunum og Póst- og fjarskiptastofnun hefði ekki skilyrði til þess að hafa eftirlit með þessum hlutum með þeim aðferðum sem stofnunin hefur, þá auðvitað væri ekki um neina samkeppni að ræða. Ef þessi ákvæði væru ekki til staðar þá skildi ég ræðu eins og ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hérna áðan. Þá væri fákeppni. Hér væri raunveruleg fákeppni ef þessi úrræði væru ekki til staðar.

Við þessar aðstæður hefur okkur Íslendingum hins vegar tekist að búa svo um hnútana að ný fyrirtæki koma inn á markaðinn. Það er aðdáunarvert hvernig bæði Tali og Íslandssíma hefur tekist að komast inn á þennan markað og hasla sér völl. Sama má segja um Línu.Net og fyrirtækið Fjarska, sem væntanlega mun sinna á gagnaflutningaþættinum.

Ég met það svo að við höfum staðið býsna vel að þessu og hér eigi að vera hægt að sinna starfsemi af þessu tagi á grundvelli þeirra fjarskiptalaga sem við höfum. Auðvitað þurfa þau eins og önnur löggjöf endurskoðun en þau eru tiltölulega ný, tóku gildi 1. janúar árið 2000. Ég tel því ekki ástæðu til að gera ráð fyrir miklum breytingum umfram þær breytingar sem ég mælti fyrir hér í dag.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vakti athygli á samningnum um NATO-þræðina. Það er mjög mikilvægt að hv. þm. átti sig á að þessir þrír strengir af átta í ljósleiðaranum sem þjóna varnarliðinu eru að sjálfsögðu ekki tengdir inn á hið almenna fjarskiptakerfi. Um þá þræði gilda samningar milli ríkisins og Símans. Ríkið hefur skuldbundið sig til þess tryggja þjónustu og Síminn hefur undirritað þann samning eins og fram kemur í greinargerðinni með frv.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi sérstaklega nefna í framhaldi af því sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar upp nokkrar fyrirspurnir. Mér tókst að svara þeim að nokkru í andsvari. Ég

vakti m.a. athygli á því að það sem kom fram í framsöguræðu minni og féll að því sem kom fram í bókun framsóknarmanna.

Hv. þm. spurði hvort leitað hefði verið álits Samkeppnisstofnunar um söluna. Það hefur ekki verið gert en hins vegar hefur verið lagt á ráðin um að styrkja eftirlitsþáttinn með sérstöku samkomulagi Samkeppnisstofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar sem er mjög merkilegt, þar sem þessar tvær stofnanir leggja á ráðin um að takast á við þetta mikilvæga verkefni, að tryggja samkeppnina á markaðnum og sjá til þess að farið sé eftir reglum. Þessar stofnanir þurfa að fá til þess tilstyrk.

Hv. þm. spurði hvort nokkrar líkur væru til að selt yrði í ár vegna stöðunnar á hlutabréfamarkaði. Eins og fram kom í framsöguræðu minni gerum við ráð fyrir því. Ég hef hins vegar sagt það skýrt að við verðum auðvitað, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um sölu, að gá vítt um og meta stöðuna. Ég svaraði því jafnframt í andsvari að ekkert lægi fyrir um verðmat. Það er verið að vinna að því og ekki væri hægt að segja neitt um það á þessu stigi.

Hv. þm. vakti athygli á pappírum sem hún hafði undir höndum frá Verðbréfaþingi, þar sem Verðabréfaþingið er að leggja á ráðin um hvað kunni að verða til sölu á þessum markaði af bréfum Símans. Það er algerlega á ábyrgð þeirra aðila, þannig að þær tölur sem voru nefndar, mig minnir 14 og 10 milljarðar hvort árið, eru fjárhæðir sem eru á engan hátt á vegum samgrn. og er hugarsmíð þeirra sem sett hafa á blað.

Spurningin um hvort leitað verði umsagnar Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar, þá liggur ekkert fyrir um það. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu þegar kemur að því að taka afstöðu til sölu á grundvelli tillagna ráðgjafanna leita sinna ráða til að undirbyggja þær ákvarðanir sem best, en það liggur ekki neitt fyrir um það að leitað verði til sérstakra stofnana þar um. En auðvitað þarf að fara mjög vandlega yfir það mál allt saman þegar þar að kemur.

Hvort hagsmunir starfsmanna verði tryggðir, þá er nú gott til þess að vita að ekki hefur heyrst annað en að starfsfólk sé ánægt með þessi áform og forsvarsmenn starfsmannafélagsins hafa lýst jákvæðri afstöðu til sölu fyrirtækisins. Ég held hins vegar að ekki sé á þessu stigi hægt að ganga til þess að tryggja starfsfólki eitthvað umfram það sem fyrirtækið tryggir því í dag. Þetta er fyrirtæki sem er sóst eftir að vinna fyrir, Landssími Íslands hf., og ég held að það sé langbesta tryggingin sem starfsfólkið hefur að vinna hjá slíkum vinnuveitanda.

Hvað varðar spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að starfsfólk fái fulltrúa í stjórn, þá tel ég að engin ástæða sé til þess. Eigendur hlutafélaga kjósa að sjálfsögðu sína fulltrúa í stjórn og það er þá á valdi þeirra sem fara með þá hluti hvernig því er háttað. Ég tel því að engin ástæða sé til þess að segja meira um það að svo komnu máli.

Hv. þm. Árni Ragnar Árnason spurðist fyrir um það hvernig ætti að tryggja jafnan aðgang að símakerfinu og að gagnaflutningum um landið allt.

Eins og ég hef farið yfir í dag, m.a. í framsöguræðu minni, þá höfum við í fjarskiptalögunum sett mjög skýr ákvæði um aðgang á grundvelli alþjónustunnar, þ.e. sambærilegt verð á öllu landinu hvað varðar símaþjónustuna og gagnflutninga, eins og ég hef margsagt, eftir ISDN-tengingunum. Þar er sama verð og það er partur af alþjónustunni. GSM símaþjónustan er á sama verði um allt landið.

Í grg. og gögnum með frv. er gerð grein fyrir þeim samningi sem gerður hefur verið á milli Símans og samgrn. sem felur í sér miklar breytingar og lækkun á verði gagnaflutninga og að sama verð er, eins og ég hef gert grein fyrir, samkvæmt þeim samningi á gagnaflutningum innan hvers svæðis og síðan er gert ráð fyrir föstu viðbótarverði á mánuði, 17.000 kr. þegar línur eru á milli svæða.

Þetta er eins og ég hef komið að áður mikil breyting og mikil bót fyrir notendur þessara gagnaflutninga. Síðan vakti ég athygli á útboði sem rannsóknar- og skólastofnanir stóðu fyrir um mjög öfluga flutningsmöguleika um landið á grundvelli samnings við Fjarska.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi nefna vegna fyrirspurnar hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar.

En áfram verður að sjálfsögðu unnið að því að tryggja þessa framþróun sem best til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

Herra forseti. Ég hef farið yfir þau atriði sem ég hef ekki haft færi á að svara í andsvörum hér fyrr í dag, en vil bara að lokum fyrir það fyrsta þakka þingmönnum fyrir, eins og ég sagði áðan, ágætar umræður í dag. Það er ástæða til að þakka þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi þessa máls, það hefur verið heilmikil vinna og margt ógert að sjálfsögðu enn. En ég vona svo sannarlega að það takist að ljúka þessu máli þannig að það liggi klárt fyrir hvernig staðið verður að sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Um fundarstjórn.

Utandagskrárumræða um gengisþróun.

[21:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason bar hér fram ósk áðan til hæstv. forseta um að þeirri utandagskrárumræðu um stöðuna í efnahagsmálum, gengismálum og hvað varðar verðbólguhorfur sem hv. þm. bað um fyrir tveimur dögum yrði fyrir komið hér á þingfundi á morgun.

Með hliðsjón af því alvarlega ástandi sem uppi er og skapast hefur, ekki síst í dag í þessum efnum, vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort ekki sé hægt að haga þannig fundahaldi á morgun að það megi koma hér við, þó ekki væri nema hálftíma utandagskrárumræðu, minna má það nú varla vera eins og ástandið er, um stöðuna í efnahagsmálum þar sem hæstv. forsrh. gæti orðið til svara.

[21:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hugmynd forseta er ekki sú að efna til fundar á morgun heldur að nefndastörf geti gengið fyrir sig eins og ákveðið hafði verið.

Fundi slitið kl. 21:25.

117. FUNDUR

miðvikudaginn 9. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Stjórnsýsla á varnarsvæðinu á Miðnesheiði og Keflavíkurflugvelli, fsp. KPál, 703. mál, þskj. 1119.

Til utanríkisráðherra:

2. EES-samstarfið, fsp. RG, 720. mál, þskj. 1168.

Til fjármálaráðherra:

3. Þjóðlendur, fsp. JB, 689. mál, þskj. 1068.

4. Reikningsskil og bókhald fyrirtækja, fsp. KLM, 691. mál, þskj. 1070.

Til umhverfisráðherra:

5. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, fsp. HBl, 556. mál, þskj. 862.

6. Stóriðja í Hvalfirði, fsp. JÁ og ÞSveinb, 559. mál, þskj. 865.

Til félagsmálaráðherra:

7. Úrbætur í málefnum fatlaðra, fsp. MF, 605. mál, þskj. 975.

8. Atvinnuleysisbætur, fsp. ÖJ, 700. mál, þskj. 1116.

9. Tilraunaverkefnið „Atvinna með stuðningi", fsp. ÖJ, 701. mál, þskj. 1117.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda, fsp. MF, 606. mál, þskj. 976.

11. Hátæknisjúkrahús, fsp. RG, 608. mál, þskj. 978.

Til dómsmálaráðherra:

12. Lagaheimild til að skylda sakborninga til dvalar á meðferðarstofnun, fsp. MF, 617. mál, þskj. 989.

Til sjávarútvegsráðherra:

13. Skólaskip fyrir grunnskólanemendur, fsp. KPál, 696. mál, þskj. 1112.

14. Erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, fsp., 698. mál, þskj. 1114.

15. Verndun íslenskra búfjárkynja, fsp., 660. mál, þskj. 1038.

16. Tilraunastöðin að Keldum, fsp., 662. mál, þskj. 1040.

17. Tillögur vegsvæðanefndar, fsp. RG, 713. mál, þskj. 1145.

Til menntamálaráðherra:

18. Framhaldsskólanám fyrir þroskahefta, fsp. ÖJ, 702. mál, þskj. 1118.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.

Tilkynning um breytingu á embættum fastanefnda.

[10:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning, dagsett 2. maí 2001, svohljóðandi:

„Á fundi fjárln. í dag var Ólafur Örn Haraldsson kjörinn formaður fjárln."

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 553. mál, nál. allshn., þskj. 1181.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, 643. mál, nál. utanrmn., þskj. 1183.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), 638. mál, nál. utanrmn., þskj. 1188.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), 642. mál, nál. utanrmn., þskj. 1189.

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, 658. mál, nál. utanrmn., þskj. 1192.

Greiðslur bóta til þolenda afbrota, 725. mál, frv. GE o.fl., þskj. 1180.

Hafrannsóknastofnunin, 424. mál, svar sjútvrh., þskj. 1157.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 19. mál, nál. allshn., þskj. 1176.

Hjúskaparlög, 410. mál, nál. allshn., þskj. 1175.

Húsaleigubætur, 625. mál, nál. félmn., þskj. 1185.

Hönnun, 505. mál, þskj. 1159.

Landhelgisgæsla Íslands, 673. mál, nál. allshn., þskj. 1174.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, 628. mál, nál. allshn., þskj. 1173.

Nýgengi krabbameins á Suðurnesjum, 717. mál, svar heilbrrh., þskj. 1179.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, 626. mál, nál. félmn., þskj. 1186.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, 656. mál, nál. utanrmn., þskj. 1190.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, 657. mál, nál. utanrmn., þskj. 1191.

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, 644. mál, nál. utanrmn., þskj. 1182.

Skipulags- og byggingarlög, 726. mál, frv. umhvn., þskj. 1184.

Tilkynning um dagskrá.

[10:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Á síðari fundi í dag kl. 13.30 fer fram umræða utan dagskrár um efnahagsmál og gengisþróun krónunnar. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason en hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, verður til andsvara.

Stjórnsýsla á varnarsvæðinu á Miðnesheiði og Keflavíkurflugvelli.

Fsp. KPál, 703. mál. — Þskj. 1119.

[10:07]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Keflavíkurflugvöllur og Leifsstöð gegna vaxandi hlutverki í okkar daglega lífi og borgaraleg umferð um hann vex stöðugt. Starfsemi þar verður einnig flóknari og það nýjasta þar er Schengen-samningurinn með tilheyrandi stækkun og auknu eftirliti. Flutningur innanlandsflugsins til

Keflavíkurflugvallar var fyrir nokkru settur á dagskrá með atkvæðagreiðslu.

Öll starfsemi á Keflavíkurflugvelli er á svonefndum varnarsvæðum sem ætluð eru fyrir starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þó varnarliðið sé ekki með neina starfsemi á þeim hluta varnarsvæðanna þar sem borgaralegt flug og borgaraleg starfsemi er þá er öll stjórnsýsla þar í höndum utanrrh. Þetta hefur leitt til þess að starfsemi sem er tengd umsvifum við millilandaflugið og Leifsstöð, en heyrir undir aðra ráðherra, hefur verið staðsett annars staðar en við Leifsstöð. Í því sambandi má nefna starfsemi tengda Schengen-samningnum eins og SIRENE-eftirlitskerfið sem heyrir undir dómsmrh. og er staðsett hjá ríkislögreglustjóra.

Hið sama getur einnig átt við um innanlandsflugið sem heyrir undir samgrh. en heyrði undir utanrrh. ef starfsemin yrði færð inn á varnarsvæðin á Keflavíkurflugvelli.

Rekstur tveggja sýslumannsembætta nánast hlið við hlið er einnig kapítuli út af fyrir sig þar sem sýslumaðurinn í Keflavík heyrir undir dómsmrh. en sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heyrir undir utanrrh. Hluti af rekstri sýslumannsins á Keflavíkurvelli heyrir þó undir ríkislögreglustjóra sem heyrir svo aftur undir dómsmrh. Þessi rekstur, þó flókinn sé, gengur ágætlega og er ekkert yfir þeim ágætu embættismönnum að kvarta enda þar valinn maður í hverju rúmi. Ég tel þó, herra forseti, að þetta fyrirkomulag hamli eðlilegri uppbyggingu á opinberri starfsemi á Suðurnesjum.

Sú hugmynd hefur heyrst að byggja stjórnsýsluhús utan varnarsvæðanna, t.d. efst í Reykjanesbæ næst flugvellinum sem hýsti alla þá opinberu starfsemi sem eðlileg þykir á þessu svæði. Þá skipti ekki máli undir hvaða ráðuneyti viðkomandi stjórnsýsla heyrði. Þá væri einnig mögulegt að sameina sýslumannsembættin í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli í eitt embætti.

Auðvitað verða allar aðgerðir í þessum efnum að vera í góðri sátt við varnarliðið. Á þeim bæ hefur ekki skort á samstarfsvilja ef hagsmunir Suðurnesjamanna eru annars vegar og það samrýmist varnarsamstarfi ríkjanna.

Af þessum ástæðum hef ég lagt fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem hljóðar svo, herra forseti:

1. Telur ráðherra mögulegt að stjórnsýsla sem nú heyrir undir tvö ráðuneyti geti gert það áfram þótt starfsemin færist inn á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli, t.d. ef innanlandsflug flyst til Keflavíkurflugvallar?

2. Telur ráðherra ástæðu til vegna Schengen-samningsins og aukinna umsvifa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að skoða sameiningu sýslumannsembættanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli?

3. Er að mati ráðherra ástæða til að viðhalda því fyrirkomulagi að öll stjórnsýsla í kringum almenna starfsemi á varnasvæðum á Miðnesheiði heyri undir utanríkisráðuneytið þótt hún tengist ekki beint varnarliðinu?

[10:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., var skýr lagaheimild veitt fyrir því að utanrrh. færi með alla opinbera stjórnsýslu á varnarsvæðum. Með lögum heyra málaflokkar sem falla að öllu jöfnu undir aðra ráðherra, undir utanrrh. þegar varnarsvæðin eiga í hlut. Stjórnsýsla utanrrh. á varnarsvæðunum tekur bæði til borgaralegrar og hernaðarlegrar starfsemi.

Í 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, segir:

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar.

Þar segir í 10. tölul. 14. gr. um verksvið utanrrh. að hann fari með framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvamál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu, sbr. lög nr. 106 frá 17. desember 1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. Þetta ákvæði segir að utanrrh. fari með stjórnsýsluvaldið innan þeirrar landfræðilegu afmörkunar sem varnarsvæðin eru.

Frá upphafi varnarsamstarfsins hefur verið litið svo á að öll stjórnsýsla á varnarsvæðunum, hverju nafni sem nefnist, sé í höndum utanrrn. Er það sá skilningur sem byggt hefur verið á í gegnum tíðina og sú túlkun sem almennt samstarf hefur verið um innan íslenska Stjórnarráðsins. Hæstiréttur staðfesti þessa túlkun með dómi hinn 22. mars sl. í máli nr. 368/2000.

Svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar. Keflavíkurflugvöllur er staðsettur innan varnarsvæðis á Miðnesheiði. Flugmálum á Keflavíkurflugvelli er í dag háttað þannig að skv. 10. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, fer utanrrh. með flugmál innan markaða svæðanna, sbr. lög nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. Innanlandsflug sem gert er út frá Reykjavíkurflugvelli heyrir undir samgrh., skv. 3. tölul. 11. gr. sömu reglugerðar. Flytjist sú starfsemi sem nú fer fram á Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar mun hún að óbreyttum lögum heyra undir utanrrh. Málefni flugvalla utan höfuðborgarsvæðisins mundu þá heyra undir samgrh. enda eru slíkir flugvellir ekki á varnarsvæðum.

Rétt þykir að benda á að sú stefna hefur verið mörkuð af yfirvöldum flugmála og borgaryfirvöldum að Reykjavíkurflugvöllur sé áfram þar sem hann er nú a.m.k. til ársins 2016 og unnið er að endurbótum á honum af hálfu þessara aðila. Það verður því ekki séð að innanlandsflug flytjist til Keflavíkurflugvallar í bráð.

Ekkert virðist mæla með því að gera breytingu á lögum með það fyrir augum að tvö eða fleiri ráðuneyti fari með stjórnsýsluna á varnarsvæðunum. Þvert á móti er margt sem styður það að skipan málefna stjórnsýslunnar verði áfram með sama hætti og gerst hefur hingað til.

Um 2. tölul. fyrirspurnarinnar vil ég segja þetta: Hugmyndir um sameiningu sýslumannsembættanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli eru ekki nýjar af nálinni. Á árinu 1992 var hugað að kostnaði við að sameina þessi embætti í sparnaðarskyni. Ríkisendurskoðun fór ofan í kjölinn á því og komst að þeirri niðurstöðu að fjárhagslegur ávinningur af sameiningu embætta væri lítill. Forræði utanrrh. yfir löggæslu og yfirstjórn á varnarsvæðunum verður af ýmsum ástæðum ekki breytt meðan erlent herlið er í varnarstöðinni í Keflavík. Ef til sameiningar embættanna kæmi yrði nýtt embætti af þeim ástæðum að falla undir yfirstjórn utanrrh. Vald til setningar stjórnvaldsfyrirmæla yrði í höndum viðkomandi ráðuneyta, þ.e. dómsmrn. og fjmrn. en utanrrh. mundi setja sérreglur gagnvart varnarliðinu. Hefur þetta fyrirkomulag gilt hingað til og hefur nánast aldrei komið upp faglegur ágreiningur milli ráðuneyta um þessa framkvæmd.

Þess má geta að frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra árið 1998 hefur öll fagleg umgjörð lögreglunnar í landinu

styrkst mjög og vinnubrögð verið samræmd, þar með talið hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu og aukin umsvif sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli kalla út af fyrir sig ekki á endurskoðun á lögsagnarumdæmum sýslumanna á Suðurnesjum. Enginn faglegur ágreiningur hefur risið milli utanrrn. og dómsmrn. í þessum efnum. Ráðuneytin eru sammála um framkvæmd mála vegna Schengen-samstarfsins og hefur samstarf þeirra gengið afar vel.

Um þriðja tölul. fyrirspurnarinnar. Utanrrh. hefur farið með stjórnsýsluvaldið á varnarsvæðunum um hálfrar aldar skeið. Í utanrrh. liggur þar af leiðandi fyrir mikil fagleg þekking á málefnum varnarsvæðanna og varnarliðsins í víðtækum skilningi. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt lagt mikla áherslu á að varnarliðið hafi samskipti við aðeins eitt stjórnvald hér á landi og sé tengiliður þess við önnur íslensk stjórnvöld. Varnarliðið hefur verið samstiga íslenskum stjórnvöldum í þessum efnum. Varnarsamstarfið hefur alla tíð byggst á þessu sjónarmiði og hefur rík samstaða um það verið innan íslenska stjórnkerfisins.

Óhjákvæmilegt er að öll stjórnsýsla á varnarsvæðum heyri undir einn og sama ráðherra. Á varnarsvæðunum fer fram bæði borgaraleg og hernaðarleg starfsemi. Í framkvæmd eru tengsl á milli þessara tveggja þátta. Sem dæmi má nefna að starfsemi verktaka tengist með beinum hætti starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og eru í sameiginlegum notum varnarliðsins og flugfélaga sem sinna borgaralegu flugi. Vegna nálægðar varnarliðsins við borgaralega starfsemi á varnarsvæðum er talið afar mikilvægt að ávallt sé tekið tillit til sjónarmiða varnarliðsins og skipan þeirra mála. Yrði stjórnsýsluvaldi á varnarsvæðunum skipt á milli fagráðuneyta mundi þekking á málefnum varnarsvæðanna og varnarliðsins dreifast svo mjög að yfirsýn yfir þennan málaflokk yrði ekki lengur til staðar. Afar langan tíma þarf til að byggja upp viðlíka þekkingu í hinum ýmsu ráðuneytum.

Einnig ber að benda á að mannaskipti hjá varnarliðinu eru mjög tíð. Varnarliðsmenn dvelja hér að jafnaði stuttan tíma, 2–3 ár og öðlast ekki á svo skömmum tíma svo góða yfirsýn yfir íslenskt stjórnkerfi að þeir geti auðveldlega fetað sig um það. Það einfaldar því mjög alla framkvæmd og úrlausn mála, stórra og smárra, að varnarliðið hafi aðeins samskipti við eitt stjórnvald. Breyting á því mundi leiða til flóknari samskiptaleiða og draga mjög úr skilvirkni og samræmi við úrlausnir mála.

[10:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég náði ekki alveg þessu síðasta hjá hæstv. forsrh. Hann var farinn að lesa nokkuð hratt.

Hv. þm. Kristján Pálsson hreyfir hér máli sem oft áður hefur borið á góma og það er sú fráleita skipan mála að eitt mikilvægasta samgöngumannvirki landsins, Flugstöð Leifs Eiríkssonar við Keflavíkurflugvöll, skuli heyra undir utanrrh. en ekki samgrh. Þetta er tímaskekkja og arfleifð frá þeirri tíð að allt var hér klæðskerasaumað utan um það pukur sem einkenndi samskiptin við erlenda hersetu.

Það sem er furðulegast er að stimamýktin við hinn erlenda her skuli enn þann dag í dag vera slík að svona augljósum atriðum sé ekki kippt í liðinn. Það sem þarna á að gera er að afmarka varnarsvæðið þannig að flugstöðin sé utan þess. Þá geta menn haft þetta eins og þeir vilja að öðru leyti. Byggingin er hvort sem er að mestu leyti utan flugvallargirðingarinnar. Það er fráleitt í öllu tilliti að færa fyrir því rök að þetta sé einhver nauðsyn vegna samskipta við herinn. Hitt blasir við að það er mjög umhendis að skipta samgöngumannvirkjum landsins þannig upp að sum þeirra heyri undir utanrrh. og önnur undir samgrh.

[10:17]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Að sjálfsögðu er hér um mjög flókið mál að ræða. Ég viðurkenni það fyrstur manna. Ég vil ekki á nokkurn hátt með þessu vekja eitthvert uppnám gagnvart varnarliðinu. Ég hef margoft átt góð samskipti við varnarliðið um breytingar innan varnarsvæðanna sem hafa leitt til þess að stjórnsýsla og starfsemi á Suðurnesjum hefur getað blómstrað. Nefni ég þar t.d. Helguvík, en hafnarsamlagið og hafnarstjórnin á Suðurnesjum og í Reykjanesbæ fékk afnot af Helguvíkurhöfn undir borgaralega höfn. Það var gert í góðu samráði við varnarliðið vegna brýnnar nauðsynjar á þeim tíma. Hægt er að benda á margt annað sem hefur farið vel í samstarfi þessara tveggja aðila.

Ég tek þetta hér upp vegna þess að ég sé að ákveðið vandamál er að koma opinberri stjórnsýslu fyrir á Suðurnesjum út af því hvernig þessu er fyrir komið. Þess vegna getur sú hugmynd gengið út af fyrir sig í frekari vinnslu að setja upp eitt ákveðið stjórnsýsluhús þannig að umráðin og samskiptin við varnarliðið verði ávallt í höndum utanrrh. Ég tek fram að mjög mikilvægt er að ekki sé verið að skipta því sem snýr að varnarliðinu. En það sem snýr að borgaralegri starfsemi er í gíslingu. Ég vona, herra forseti, að þetta mál verði tekið til skoðunar af hæstv. forsrh., utanrrh. og dómsmrh. sem fyrst.

[10:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Núverandi skipulag í þessum efnum er ekkert hugsað sem sérstök stimamýkt við varnarliðið heldur til þess eins að gera þessi samskipti sem eru okkur á ýmsa lund framandi, sem þægilegust, skilvirkust og gegnsæjust, og ekki hefur verið sýnt fram á að breytingar á núverandi fyrirkomulagi mundu reynast til bóta. Skörun hluta yrði það mikil að líklegra er að aðkoma fleiri ráðuneyta að stjórnkerfinu á Keflavíkurflugvelli, jafnvel að því sem snýr að borgaralegum þáttum, yrði til þess fallin að gera stjórnkerfið óskilvirkara og óljósara og takmarkatilfellin fleiri. Það er meginregla að vera ekki að breyta því sem vel reynist nema menn séu sannfærðir um að breytingarnar séu til bóta. Það erum við ekki sannfærðir um og þess vegna verður þessu ekki breytt.

EES-samstarfið.

Fsp. RG, 720. mál. — Þskj. 1168.

[10:21]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Spurning mín beinist að vaxandi áhrifaleysi Íslands í EES-samstarfinu og meintum þekkingarskorti innan Evrópusambandsins á samningnum. Ég varð mjög ánægð að sjá að hæstv. forsrh. er hér og var að vona að hann gæfi sér tíma til að vera viðstaddur þessa umræðu og þessa fyrirspurn.

Þegar EES-samningurinn var gerður reyndist hann vítamínsprauta inn í íslenskt atvinnulíf og í því að snúa efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar til betri vegar eftir erfitt samdráttarskeið þó að ekki nytu eldanna þeir sem kveiktu þá. Fyrrv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson lagði áherslu á að samningurinn væri ekki endanlegur heldur lifandi samningur þar sem réttur okkar og þátttaka efldi hann, en halda yrði uppi stöðugri baráttu fyrir mikilvægi hans. Það felst því, herra forseti, mikil þversögn í yfirlýsingum hæstv. forsrh. sem talar eins og að samningurinn sem skrifað var undir, verði ávallt í sömu stöðu.

Utanrrh. hefur lýst áhyggjum vegna vaxandi tregðu Evrópusambandsins til að heimila EFTA-fulltrúunum að taka þátt í mótun reglna sem gilda eiga fyrir allt EES-svæðið og fólk sem starfað hefur á þessum vettvangi og getur tjáð sig óhindrað um stöðuna segir samninginn hafa veikst, að upphaflegir hagsmunir Evrópusambandsins af EES-samningum séu ekki lengur þeir sömu, valdahlutföll hafi breyst innbyrðis með nýjum sáttmálum og stofnunum og staða EFTA-ríkjanna hafi veikst, EES-samningurinn veiti engan rétt til upplýsinga og samráðs þegar frumvarp hefur verið lagt fyrir hina eiginlegu löggjafa, ráðherraráðið og þingið, og þekkingarskorts gæti hjá aðildarríkjunum um rétt EES-landanna, enda rík tilhneiging til að halda EFTA-löndunum utan við stefnumótunina, borið hafi á því að fulltrúum Íslands hafi verið meinaður aðgangur að nefndum Evrópusambandsins sem þeir tóku áður þátt í á grundvelli EES-samningsins, og það höfum við reyndar rætt á Alþingi.

Því vekur furðu, herra forseti, að forsrh. Davíð Oddsson noti ekki tækifærið þegar hann hittir Romano Prodi, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, til að taka upp við hann aukið áhrifaleysi okkar á vettvangi bandalagsins. Þess í stað stuggar hann við utanrrh. með yfirlýsingum um traustan samning sem virki vel, að við Íslendingar hefðum ekki ákvörðunarvald í málum sem aldrei stóð til að við hefðum og menn megi ekki rugla því saman við einhvern veikleika EES-samningsins, kostir EES-samningsins víkkist út við stækkun Evrópusambandsins, hafi samningurinn verið góður sé stækkun tvöföldun á jákvæðum þáttum. Um það bil orðrétt svona eru yfirlýsingar hæstv. forsrh. eftir heimsóknina til Prodis.

Herra forseti. Miðað við þá umræðu sem farið hefur fram í fjölmiðlum, miðað við þessa fyrirspurn, þá er ég afskaplega undrandi á því að hæstv. forsrh. skuli ganga hér úr sal.

En spurning mín er: Hvernig snýr utanrrh. sér að úrbótum í þessari stöðu miðað við þær spurningar sem ég hef borið fram?

[10:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Árangursrík framkvæmd EES-samningsins í heild er helsta forsenda íslenskra áhrifa í EES-samstarfinu. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi leitast við að standa vörð um framkvæmd samningsins og lagt áherslu á að um gagnkvæma hagsmuni samningsaðila sé að ræða. Þetta endurspeglast m.a. í víðtækri þátttöku íslenskra sendierindreka og sérfræðinga í starfi nefnda og stofnana sem falla undir samninginn þar sem hinir íslensku fulltrúar hafa beitt sér mjög í þeim málum sem augljóslega varða hagsmuni Íslands, t.d. í fiskimjölsmálinu.

Íslensk stjórnvöld hafa einnig lagt áherslu á að upphaflegt pólitískt markmið EES og stofnanakerfi samningsins sé að fullu virt. Þetta á ekki síst við um hlutverk og valdsvið sameiginlegra stofnana. Hefur stundum orðið vart við vilja til að sniðganga Eftirlitsstofnunina í einstökum málum, hvort heldur vegna tilrauna til hagnýtrar einföldunar eða jafnvel vegna tregðu til að viðurkenna stöðu stofnunarinnar. Í þessu efni hafa íslensk stjórnvöld reynt að sýna ýtrustu árvekni.

Þegar kemur að formlegum og óformlegum fundum ráðherra og embættismanna með kollegum frá öðrum aðildarríkjum EES eru öll viðeigandi tilefni notuð af Íslands hálfu til að fjalla um stöðu og framkvæmd EES-samningsins eða einstök mál sem falla undir hann. Með því er athygli vakin á samningnum sjálfum og þeim skuldbindingum sem í honum felast og þætti Íslands í framkvæmd samningsins. Þetta er einn þáttur til að viðhalda og tryggja áhrif Íslands í EES-samstarfinu.

Umræður hér á landi um stöðu EES-samningsins og áhrif Íslands á hann á undanförnum missirum eru m.a. afleiðing af stöðugu sjálfsgagnrýnu mati sem jafnframt er til þess fallið að gera þá sem taka þátt í þessu samstarfi betur meðvitaða um þá veikleika sem eru fyrir hendi og sem gerir okkur betur kleift að taka á þeim.

Frá íslenskum sjónarhóli er EES-samningurinn óvenjumikilvægur og því nauðsynlegt að standa vörð um hann með því að benda á hugsanlega misbresti í framkvæmdinni. Þá er ónefnd nauðsyn þess að skoða framkvæmdina í víðara samhengi samskipta Íslands við ESB. Sem dæmi um þetta má nefna Evrópuskýrsluna á liðnu ári og nýlega ákvörðun utanríkisráðherra Íslands og Noregs að fá embættismönnum það verkefni að greina helstu vandamálin við framkvæmd EES-samningsins og að undirbúa frekari skoðanaskipti ráðherranna um þetta efni á komandi sumri.

Varðandi aðra spurninguna vil ég segja að það er ekki beinlínis í verkahring utanrrh. Íslands að gefa Evrópusambandinu ábendingar um tilhögun starfsþjálfunar eða upplýsingamiðlunar á meðal starfsmanna þess. Á hinn bóginn er því ekki að leyna að almenn þekking á EES-samningnum innan ESB virðist fara minnkandi. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Þar má fyrst nefna eðlilegar tilfærslur starfsmanna þannig að þeir sem komu að samningsgerðinni í upphafi eru ekki lengur til staðar. Í öðru lagi var samningurinn gerður við ólíkar aðstæður þar sem fimm EES/EFTA-ríki voru á leið inn í ESB en eftir stóðu þrjú smærri ríki sem gjalda að vissu leyti velgengninnar í framkvæmd samningsins. Í þriðja lagi hefur færst aukinn hraði í samrunaferli ESB á undanförnum árum og stækkunarferlið tekur stöðugt meiri tíma og orku sem hefur áhrif á þessi mál.

Af ofangreindum ástæðum hefur orðið vart við tilhneigingu á meðal sumra starfsmanna ESB til að horfa fram hjá þeirri sérstöðu sem EFTA/EES-ríkin hafa sem þátttakendur í innri markaðnum og setja þau í flokk með öðrum svonefndum þriðju ríkjum, sem hafa flest takmarkaðri aðgang að ESB. Þar við bætist að EES-samningurinn á sér enga hliðstæðu í sögu ESB og margir starfsmenn þess eru óvanir því fyrirkomulagi sem samningurinn felur í sér. Af Íslands hálfu er ekkert tækifæri látið ónotað til að vekja athygli á sérstöðu samningsins og vísa á bug skilgreiningum um að hér sé um þriðju ríki að ræða. Íslensk stjórnvöld hafa eftir atvikum stuðlað að og stutt kynningu á EES-samningnum í heild eða einstökum þáttum hans fyrir starfsmönnum ESB og sendierindrekum aðildarríkja þess. Má nefna sem dæmi að fyrir frumkvæði íslenskra stjórnvalda hafa verið haldin á vegum EFTA námskeið í Brussel um EES-samninginn, ætl-

uð starfsmönnum ESB og starfsmönnum aðildarríkja ESB, sem hafa verið afskaplega vel heppnuð.

Loks má geta þess að Ísland hefur lagt til innan EFTA að í tengslum við fundi nefnda vegna fríverslunarsamninga samtakanna við þriðju ríki verði haldnar ráðstefnur um EES-samninginn og hagsmuni EFTA-ríkjanna sem vonandi skilar sér í aukinni þekkingu innan ESB um samninginn þegar þessi ríki gerast aðilar.

Að mati utanrrn. er e.t.v. of djúpt í árinni tekið að segja að umrætt þekkingarleysi ógni íslenskum hagsmunum í samstarfinu. Það breytir því ekki að fjöldi embættismanna kynnist daglegri framkvæmd EES-samningsins í störfum sínum og þeir draga eðlilega ályktanir af vinnuumhverfi sínu á hverjum tíma.

[10:30]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu og tek undir gagnrýni hennar á þá mynd sem við blasir hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi EES-samningsins.

Þjóðin fær vægast sagt misvísandi skilaboð, herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur tekið undir áhyggjur þeirra fjölmörgu sem telja áhrif Íslands í EES-samstarfinu fara þverrandi og vill undirbúa viðbrögð við því ef sú þróun heldur áfram. Hæstv. forsrh. fer hins vegar í víking til Brussel til að leita sér vopna fyrir þeirri skoðun sinni að allt sé í stakasta lagi varðandi framtíð EES-samningsins.

Herra forseti. Við fáum gerólík skilaboð varðandi það hvað ríkisstjórnin hyggist gera í þessum efnum og þess vegna hljótum við að spyrja:

Hver er stefna ríkisstjórnar Íslands varðandi framtíð EES-samningsins?

Við því tel ég ekki hafa komið fram nægilega viðhlítandi svör þótt það sé fyllilega ljóst af minni hálfu, herra forseti, hver vilji hæstv. utanrrh. er í þessum efnum en því miður hafa skilaboðin frá hæstv. forsrh. verið í aðra átt.

[10:31]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir áhyggjur vegna þeirrar misvísunar sem er á milli stjórnarflokkanna um þessi mál. Það er ósköp eðlilegt að þetta sé að fara í þennan farveg vegna þess að þegar EES-samningurinn var gerður voru átta aðildarlönd EFTA-megin en eru aðeins orðin þrjú eftir. Það er því meira mál að halda utan um þetta en kannski sýnist. En það er fyllsta ástæða til þeirrar spurninga sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur spurt hér.

Eins og ég sagði áðan áttu Ísland og hin EFTA-löndin í upphafi góða aðkomu að málum. Þetta þekki ég í gegnum setu í EFTA-nefndinni. Við áttum góða aðkomu að málum sem varða samskipti á flestum sviðum sem samningurinn um EES tekur til. En staðan er orðin sú að Noregi og Íslandi er nánast vísað frá umfjöllun í sumum málum, t.d. sjávarútvegsmálum, eins og fram hefur komið.

Þess vegna tel ég fyllstu ástæðu til að skerpa á þessum málum og þakka fyrirspurnina.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sú árátta mannanna er einkennileg að taka umsvifalaust að reyna að umskrifa söguna, jafnvel svo gott sem samtímasöguna, sjálfum sér og viðhorfum sínum í hag. Nú halda aðdáendur Evrópusambandsins hér á landi því blákalt fram að allt jákvætt sem hér hefur gerst í efnahagsmálum og lagasetningu sé EES-samningnum að þakka, alveg eins þó að það komi þeim samningi ekkert við. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrv. utanrrh., er a.m.k. kominn í tölu hálfguða í hugum þessa fólks, ef ekki meira.

Það er líka mjög undarleg, herra forseti, sú árátta ákveðinna stjórnmálamanna að klifa sífellt á því að núverandi grundvöllur samskipta Íslands við Evrópusambandið sé að veikjast. Sjaldnast eru þó nefnd dæmi eða efnisleg atriði því til rökstuðnings.

Hverra hagsmunum þjónar það? Hvað ætla menn að vinna með slíku tali? Ef eitthvað er að fara úrskeiðis í þessum samskiptum er þá ekki viðfangsefnið að reyna að lagfæra það en lýsa því ekki stanslaust yfir að við séum í veikri stöðu, að púðrið hjá okkur sé allt blautt, að við höfum enga samningsstöðu og þetta sé allt svona óskaplega erfitt og vandasamt?

Þó svo væri, væri það væntanlega ekki mjög skynsamleg aðferð upp á samningsstöðuna að setja á linnulaus ræðuhöld um slíkt, herra forseti. Þetta skýrir sig nokkuð sjálft.

[10:34]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það stendur upp á þá aðila sem halda því fram að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið valdi *því í eðli sínu að miklir samskiptaerfiðleikar séu komnir upp* milli Evrópusambandsins og EFTA/EES-ríkjanna að nefna dæmi — ekki síst þegar því er haldið fram að íslenskum hagsmunum sé ógnað í þessu samstarfi.

Eins og skýrsla hæstv. utanrrh. hefur varpað skýru ljósi á þá gengur þetta samstarf ágætlega og ekki er hægt að benda á nein dæmi um meiri háttar erfiðleika sem hafi komið upp í þessu samstarfi. Ég hygg að þingmönnum ætti að vera ljóst að þegar vitnað er í vandamál í sambandi við nefnd sem fjallaði um sjávarútvegsmál þá hafði það vandamál bókstaflega ekkert með veikingu EES-samningsins að gera.

Ég vil geta þess að oft er talað um að það hafi veikt EES-samninginn hvernig aðkoma okkar að málum er, sem sagt á fyrri stigum málsins en ekki þegar þau eru komin fyrir ráðherraráðið. Þetta var ljóst frá upphafi og þær aðstæður hafa ekki breyst.

Einnig er ljóst að þau lönd sem gengu úr EFTA inn í ESB höfðu ákveðið það fyrir fram því þegar samningurinn var gerður þá vissu allir það. Hér er því enn eina ferðina verið að lýsa aðstæðum sem voru löngu ljósar þegar samningurinn var gerður.

[10:36]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. fórst vel úr hendi að svara óþægilegum spurningum með tilliti til þess hvernig forsrh. hefur komið fram í umræðunni um EES-samninginn, meinta veikleika hans og áhrifaleysi okkar, og yfirlýsingar hans um að allt sé í stakasta lagi.

Varðandi innskot hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar ætla *ég segja þetta um að umskrifa söguna: Ég geri ekkert* með það þó að hann sé svekktur út í Jón Baldvin Hannibalsson og það hvernig hann leiddi þessa vinnu. Hann var á móti samningnum þá en gerir sér grein fyrir því núna að samningurinn hefur verið undirstaða þeirrar velsældar sem menn hafa í raun og veru verið að státa af á liðnum árum.

Ég þekki undirbúninginn að EES-samningnum, var þá varaformaður utanrmn., þekki veikleika hans og styrkleika.

Herra forseti, vegna athugasemda sem hér koma fram vísa ég til umsagna fulltrúa atvinnulífsins, ASÍ, Samtaka iðnaðarins, blaðagreinar fyrrverandi starfsmanns um það hvenær góður samningur verður vondur samningur og þeirra spurninga sem hefur verið velt upp um það hvað við getum gert til að bæta stöðu EES-samningsins og bið menn að lesa þær spurningar sem ég hef lagt fyrir utanrrh. áður en þeir fara að gera mér upp einhverjar meiningar. Þessi álit eru í fullu samhengi við þær spurningar sem Evrópunefnd Framsfl. hefur velt upp í nefndaráliti sínu og sem er rétt að gera. Við eigum að velta upp álitamálum, við eigum að tryggja að meðan við ætlum að búa við þennan samning sé hann eins góður og unnt er, að lifa með honum, að byggja hann upp. Hann verður að vera lifandi, það verður að endurnýja hann, hann er ekki eitthvað sem var búið til og stendur eilíflega. Það kom fram í upphafi og það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Þess vegna eru þessar spurningar bornar fram til utanrrh. hvernig hann hafi beitt sér. Hann hefur gert það að hluta til, herra forseti. Hann kemur með upplýsingar um að hann hefur leitað eftir því að tekið verði á sumum þeirra mála sem ég er að spyrja um. Að öðru leyti stendur hann nokkuð máttvana gagnvart þróun sem er að verða. Það má aldrei verða þannig að við séum svo hrædd við það sjálf að eitthvað sem við höfum í höndum og er hugsanlega að veikjast veikist vegna umræðunnar, að við þorum ekki að taka hana.

Það er nóg að hér þori menn ekki að ræða kosti og galla hugsanlegrar Evrópusambandsaðildar, það er verra ef þeir þora ekki að ræða hugsanlega kosti eða veikleika EES-samningsins. Þetta segi ég, herra forseti, manneskja sem hefur aldrei talað fyrir inngöngu í Evrópusambandið þannig að menn komi nú ekki upp og geri mér upp þær skoðanir líka. — En það getur verið að eftir skoðun á því eigi ég eftir að rétta upp hönd með því engu að síður.

[10:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er eins með EES-samninginn og öll önnur mannanna verk að hann hefur sína kosti og sína galla. Ég ætla ekki að halda því fram að hann sé í sjálfu sér aðalvandamálið í þessu sambandi. Aðalvandamálið er það að það vald sem var áður hjá framkvæmdastjórninni — en það er framkvæmdastjórnin sem við eigum samskipti við í okkar daglega starfi — hefur verið fært að hluta til til ráðherranefndarinnar og Evrópuþingsins þar sem við eigum tiltölulega lítinn aðgang og við erum að reyna að bregðast við eftir því sem við getum. Það er því staðreynd að ýmislegt sem er verið að ákveða er ákveðið undir áhrifum þessara aðila án þess að við tökum beinan þátt í því.

Þetta eru ákveðnar staðreyndir sem blasa við. Vel má vera að menn geti sætt sig við það ástand til langrar frambúðar sem getur valdið verulegum erfiðleikum fyrir Ísland í framtíðinni. Með því er ég ekki að segja að þetta hafi valdið okkur verulegum erfiðleikum fram til þessa. Mikilvægt er að menn ræði þessa stöðu eins og hún er og geri sér alveg grein fyrir því.

Utanrrn. hefur fyrir sitt leyti reynt eftir því sem kostur er að styrkja framkvæmd EES-samningsins og leita eftir því að við komumst inn á samstarfssvið sem við eigum ekki aðild að, en þeim samstarfssviðum fer mjög fjölgandi því að Evrópusambandið hefur ákveðið samstarf í ýmsum málum sem var ekki fyrir hendi þegar EES-samningurinn var gerður. Þetta á við um Schengen, sem við höfum fengið aðild að, þetta á við um öryggis- og varnarmál, sem við höfum lagt mikið verk í að eiga meiri aðild að. Ég gæti haldið áfram að tala um samstarfssvið sem við höfum ekki aðgang að en höfum getað samið okkur að, a.m.k. í þeim tveimur afmörkuðum málum sem ég nefndi áðan.

Þjóðlendur.

Fsp. JB, 689. mál. — Þskj. 1068.

[10:42]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Markmið laganna um þjóðlendur, eins og ég hef skilið þau, var að ákvarða svæði miðhálendisins sem skyldi flokkast sem þjóðlenda eða almenningar utan eignarlanda. Þar sem árekstrar væru um eignarhald á landi skyldi leita samkomulags eða útkljá með dómi eftir ferli sem lögin settu.

Framkvæmdin á þessum lögum virðist koma nánast öllum í opna skjöldu. Í stað þess að skilgreina það land sem æskilegt er eða eðlilegt að verði þjóðlenda eða almenningar setur ríkið fram kröfur til lands sem nær frá hálendi til sjávar, eins og raunin er í Austur-Skaftafellssýslu. Í stað skilgreininga á landsvæðum snýst málið um lagagildi fornhelgra eignarréttinda. Eigi þjóðlendukröfurnar að snúast um slíkar lagakröfur ber að taka allt landið fyrir en ekki bara einstakar bújarðir bænda.

Það getur verið sjónarmið út af fyrir sig að ríkið eigi allt land og búsetan og landnotin, hvort heldur í dreifbýli eða þéttbýli, séu einungis lögvarinn afnotaréttur en þá skal jafnt yfir alla ganga.

Miklar deilur spunnust þegar fjmrh. lýsti kröfum til lands í Árnessýslu. Þá féllu orð í Ríkisútvarpinu 13. mars 2000 hjá hæstv. landbrh., með leyfi forseta:

„... að nefndin fari offari í kröfum sínum og fjmrh. hafi gengið lengra í kröfum sínum en þjóðlendulögin gefa tilefni til."

Ég gæti vitnað í hæstv. ráðherra eins og Halldór Ásgrímsson og hæstv. ráðherra Pál Pétursson og fleiri þingmenn sem lýst hafa sömu skoðun opinberlega en ekkert sýnilegt aðhafst.

En látum svo vera að þessi kröfugerð hafi komið fram á einu svæði, hefði þá ekki verið rétt að bíða úrskurðar óbyggðanefndar áður en lengra yrði haldið? En, herra forseti, birting þess úrskurðar dregst og dregst og er hann ókominn enn. En ríkisstjórnin beið ekki þessa úrskurðar heldur lagði fram í vetur kröfur á hendur Austur-Skaftfellingum þar sem beitt var sama offorsi og yfirgangi. Fjöldi manns ver nú miklum fjármunum og vinnu í að safna lögskýringargögnum, lesa forn rit og máð skjöl, því að þinglýst landamerki og eignarhöld skipta þar litlu. Herra forseti, hefur ríkið og íbúar landsins ekki eitthvað annað með tímann og fjármuni að gera?

Nú síðast, 28. apríl sl., var boðað að kröfugerðarnefnd fjmrh. legði fram landakröfu sína gagnvart Vestur-Skaftfellingum og Rangæingum sem verða vafalaust í sama dúr.

Herra forseti. Því leyfi ég mér að beina eftirtöldum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh.:

1. Hvenær er að vænta úrskurðar óbyggðanefndar um mörk þjóðlendna í Árnessýslu?

2. Kemur til greina að fresta nú þegar frekari kröfugerð á öðrum landsvæðum uns sá úrskurður liggur fyrir í ljósi þeirrar miklu óánægju sem orðið hefur vart með vinnubrögð og kröfugerð ráðuneytisins við ákvörðun þjóðlendna?

3. Kemur til greina að endurskoða frá grunni vinnubrögð við framkvæmd laga um þjóðlendur og móta nýjar verklagsreglur fyrir kröfugerð ríkisins til þjóðlendna sem væru nær anda laganna?

4. Kemur til greina að ráðherra afturkalli kröfurnar sem hann hefur sett fram gagnvart landeigendum í Austur-Skaftafellssýslu og vinni þær upp á nýtt ef úrskurður óbyggðanefndar í Árnessýslu verður mjög fjarri þeirri kröfugerð sem hann setti fram í upphafi?

Herra forseti. Þessi spurning gildir einnig um þær kröfur sem hugsanlega hafa verið settar fram gagnvart Vestur-Skaftfellingum og Rangæingum.

[10:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Aðeins til upprifjunar vil ég nefna það að lögin um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta tóku gildi samkvæmt ákvörðun Alþingis 1. júlí 1998. Skv. 2. gr. laganna fer forsrh. með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.

Samkvæmt 11. gr. laganna fer fjmrh. með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Í þessu fyrirsvari felst að fjmrh. setur fram kröfur vegna þjóðlendnanna og á sama hátt setja viðkomandi landeigendur eða aðrir hagsmunaaðilar fram kröfur fyrir sína hönd sbr. 10. gr. laganna.

Til þess að úrskurða um mörk eignarlanda og þjóðlendna var með lögunum sett á laggirnar sérstök nefnd, óbyggðanefnd. Samkvæmt 7. gr. laganna er hlutverk óbyggðanefndar:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Að því er varðar fyrstu spurningu hv. þm. þá er spurt hvenær sé að vænta úrskurðar óbyggðanefndar um mörk þjóðlendna í Árnessýslu. Ég hygg að hv. þm. hljóti að vita að þessari spurningu get ég ekki svarað. Óbyggðanefnd heyrir ekki undir fjmrh. Hún er sjálfstæð úrskurðarnefnd sem starfar á ábyrgð forsrh., en skv. 18. gr. þjóðlendulaganna skal hún birta úrskurði fyrir þeim aðilum sem lýst hafa kröfum og þeim sem úrskurðað er að eigi réttindi á viðkomandi svæði. Jafnframt skal úrdráttur úr úrskurðum nefndarinnar birtur í Lögbirtingablaðinu ásamt uppdrætti.

Í lögunum er ekki kveðið á um úrskurðarfresti nefndarinnar og gilda því almennar reglur um málshraða í þeim efnum. Ekki liggja fyrir formlegar upplýsingar frá óbyggðanefnd um hvenær úrskurða sé að vænta í Árnessýslu. Hins vegar kemur fram á heimasíðu nefndarinnar að gert sé ráð fyrir að fyrstu úrskurðir verði kveðnir upp fyrri hluta ársins.

Önnur spurning hv. þm. lýtur að því hvort til greina komi að fresta nú þegar frekari kröfugerð á öðrum landsvæðum uns þessi úrskurður liggur fyrir. Ég held að þingmanninum hljóti líka að vera kunnugt og liggja í augum uppi að yfir því höfum við í fjmrn. ekkert vald. Það er nefndarinnar sjálfrar að taka ákvörðun um hvaða svæði hún hyggst taka til meðferðar. Vísa ég þar til 10. gr. laganna. Þegar nefndin hefur ákveðið að taka svæði til meðferðar tilkynnir hún fjármálaráðherra ákvörðun sína og skal veita minnst þriggja en mest sex mánaða frest til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Að því loknu er öðrum þeim sem hafa hagsmuna að gæta veittur sambærilegur frestur til að lýsa kröfum sínum. Síðan er það óbyggðanefndin sem úrskurðar í málinu á grundvelli þeirra gagna sem aðilar málsins hafa lagt fram til stuðnings kröfum sínum eða á grundvelli sjálfstæðra rannsókna.

Eins og kom fram í máli þingmannsins hafa kröfur verið settar fram í Árnessýslu af hálfu þeirra aðila sem telja sig þar hafa hagsmuna að gæta og aðilar málsins hafa flutt þetta mál fyrir óbyggðanefndinni og jafnframt farið þar í vettvangsrannsóknir. Fjmrh. hefur einnig lýst kröfum í Austur-Skaftafellssýslu og nú fyrir tæpum hálfum mánuði var einnig gengið frá kröfum varðandi Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu í samræmi við tilkynningu óbyggðanefndar þar að lútandi. Ég geri ráð fyrir því að nefndin birti upplýsingar um þá kröfugerð í Lögbirtingablaðinu innan tíðar.

Þess vegna er alveg ljóst að það er ekki á forræði fjmrn. að taka ákvörðun um það hvaða svæði verði tekin til meðferðar hjá óbyggðanefnd eða taka ákvörðun um það hvort málum verði frestað með þeim hætti sem fyrirspyrjandi spurði um. Þess vegna er líka fráleitt hjá honum að halda því fram að ríkisstjórnin hafi með einhverjum sérstökum ákvörðunum ákveðið að leggja fram sérstakar kröfur áður en úrskurður kæmi fram. Þetta er algjörlega fráleitt og kemur bara upp um það að hv. þm. hefur ekki kynnt sér efnisatriði þessara laga.

Síðan er spurt hvort til greina komi að endurskoða frá grunni vinnubrögð við framkvæmd laga um þjóðlendur og móta nýjar verklagsreglur.

Það eru engin fyrirmæli í þjóðlendulögunum um það hvernig haga skuli kröfugerð enda fjalla lögin hvorki um efnisrétt né sönnunarreglur varðandi eignarrétt. Kröfugerð ríkisins er hagað þannig að sem best samrýmist þeim dómafordæmum og fræðikenningum sem þekkt eru varðandi eignarhald á þeim landsvæðum sem um er að tefla. Enn fremur er að sjálfsögðu leitast við að gæta samræmis í kröfugerð varðandi einstök kröfusvæði.

Löggjafarvaldið, Alþingi, hefur tekið ákvörðun um málsmeðferðarreglur varðandi ákvörðun marka þjóðlendna og eignarlanda. Vera má að lögin hafi hreyft við óvissuatriðum sem legið hafa niðri um skeið en hlutu þó að koma upp fyrr eða síðar. Þjóðlendulögin hafa hins vegar ekki hreyft við þeim efnisrétti eða reglum um sönnunarbyrði sem giltu fyrir gildistöku þeirra.

Síðasta spurningin snýst um það hvort til greina komi að afturkalla kröfur sem þegar hafa komið fram varðandi Austur-Skaftafellssýslu og varðandi þá væntanlega líka Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu ef úrskurður óbyggðanefndar verður fjarri þeirri kröfugerð sem ríkið hefur sett fram.

Þessari spurningu er að sjálfsögðu ekki hægt að svara. Auðvitað verður fyrst að taka afstöðu til þess hvernig menn bregðast við kröfunum að því er varðar Árnessýslu. En auðvitað munu menn taka ríkt tillit til þeirra grundvallarsjónarmiða sem fram koma í úrskurði óbyggðanefndarinnar og þá er að sjálfsögðu ekki hægt að útiloka að sú kröfugerð sem nú hefur verið lögð fram verði tekin upp að nýju. Ég vil undirstrika það.

[10:50]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svörum hæstv. fjmrh. að óbyggðanefnd ákveður hvaða svæði skuli taka til meðferðar. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um forgangsröðun. Ég spyr vegna þess að manni finnst varðandi kröfugerð ríkisins að þau svæði hefðu átt að hafa forgang þar sem mestu hagsmunir voru í húfi. Og það er í mínum huga engin spurning að það eru svæðin í kringum höfuðborgarsvæðið sem langmest brennur á. Hér er á allra síðustu vikum verið að hleypa af stað t.d. samkeppni í orkuvinnslu, nú síðast með stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja með samvinnu við Hafnfirðinga. Þess vegna hlýtur það að liggja í augum uppi að einmitt hér í kringum þetta svæði, höfuðborgarsvæðið, liggja mestu hagsmunirnir.

Það hlýtur að vera svo að hæstv. fjmrh. og óbyggðarnefndarmenn tali saman og að hæstv. fjmrh. geti haft einhver áhrif á það hvaða svæði eru tekin til meðferðar, þ.e. hvaða tillögur óbyggðanefndin gerir, í staðinn fyrir að vinna er hafin á stórum landsvæðum þar sem bændur búa dreift og eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér.

[10:52]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Sú stétt manna á Íslandi sem hefur orðið fyrir hvað mestum skerðingum hvað varðar kjör og ýmsa aðra aðstöðu til lífsviðurværis er bændur. Ég held að öllum sé ljóst að engin stétt hefur þurft að leggja eins mikið á sig og bændastéttin.

Það sem ég vil vekja athygli á og segja í sambandi við þetta mál sem við erum að ræða, þjóðlendurnar, er að mikilvægt er að réttindi bænda til hlunninda og til að afla sér aukinna tekna með því t.d. að koma sér upp litlum virkjunum eða einhverju öðru því líku verði ekki skert.

Eignarrétturinn er sá réttur sem Íslendingar virða mjög vel og okkur ber að gæta þess í þessu máli að hann sé ekki fyrir borð borinn.

[10:53]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Það kom svo sem ekki á óvart að hæstv. fjmrh. yrði hvumpinn við að svara þessum spurningum og vísaði á að stór hluti þeirra ætti að heyra undir hæstv. forsrh. en ekki hann sjálfan. En ég vil bara benda hæstv. ráðherra á að stjórnvaldsábyrgðin er sameiginleg og það ætti ekki að vera langt á milli ráðuneyta forsætis og fjármála í þessu efni. Því er ekki stórmannlegt að bera sig undan því að svara fyrir hönd forsrh. síns. En ég hefði svo sem getað óskað eftir því að forsrh. yrði viðstaddur úr því að þetta er honum svona erfitt mál. (**Fjmrh.:** Þetta er bara rugl.)

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að málefni þjóðlendna, (**Gripið fram í:** Málinu lokið.) óbyggðanefnd heyrir undir forsrh. (**Fjmrh.:** Óbyggðanefndirnar starfa sjálfstætt. Skilur þingmaðurinn það ekki?)

Hæstv. fjmrh. grípur hérna inn í. Í 2. gr. laganna stendur: „Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum."

Forsrh. skipar líka óbyggðanefnd og þó óbyggðanefnd starfi samkvæmt ákveðnum lögum þá starfar hún á ábyrgð forsrh. (**Fjmrh.:** Nei.)

Hins vegar er hlutverk fjmrh., herra forseti, að setja fram þessar kröfur. Og mér finnst alveg ótækt í svona stórmáli, máli sem hefur valdið jafnmiklum deilum og við nú höfum upplifað, að ekki sé leitað eftir friðsamlegri framgöngu heldur strax settar fram þannig kröfur í upphafi og unnið með þeim hætti að til verulegs ósættis er aflað.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna í frásögn úr Morgunblaðinu af orðum hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar á fundi á Höfn í Hornafirði:

„„Við sem vorum að setja þessi lög gerðum okkur ekki grein fyrir því að mörkin yrðu dregin svona, að Skeiðarársandur yrði innan þjóðlendumarka," sagði Halldór og kvaðst skilja sárindi fólks ..."

Ég get vitnað ítrekað í það að hæstvirtir samráðherrar fjmrh. botna ekkert í þessari framgöngu.

[10:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er misskilningur að ég sé hvumpinn yfir því að svara hér fyrirspurnum sem til mín er beint. Ég er bara hvumpinn yfir því ef menn skilja ekki það mál sem þeir eru að spyrja um eða þau lög sem þeir eru að vitna í.

Ég hef margþurft að útskýra það hér fyrir hv. þm. að óbyggðanefndin starfar sjálfstætt. Og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson segir: „Ja, geturðu ekki talað við þjóðlendunefndina og beðið hana um að taka fyrst eitthvað annað svæði en það sem hún hefur ákveðið?" Nei, það er ekki hægt. Nefndin ræður sér sjálf í þessu efni. Það er hún sem setur okkur skilyrði og skilmála og gefur okkur tímafresti, en ekki öfugt, og ákveður hvaða svæði á að taka fyrir. Þannig eru nú bara lögin eins og þau voru samþykkt á hinu háa Alþingi.

Tilgangur laganna var að fá botn í gamlan ágreining um það hvar almenningseign endar og hvar einkaeign tekur við að því er varðar land á Íslandi. Og það á ekki bara við um miðhálendið. Það getur átt við um önnur landsvæði þar sem slík óvissa er fyrir hendi. Og þá snýst þetta um það að aðilar reyni að sanna eignarrétt sinn og menn láti reyna á kröfur sínar fyrir þessari nefnd sem síðan mun kveða upp úrskurði sem menn geta þá eftir atvikum, ef þeir kjósa, áfrýjað til dómstóla eins og eðlilegt er hér á landi ef þeir eru ekki ánægðir með þá úrskurði. Og þann rétt á bæði ríkið sem kröfuaðili fyrir hönd eigenda þjóðlendnanna, þ.e. almennings í landinu, og svo þeir landeigendur sem þarna eiga hugsanlega hlut að máli.

Þessi lög voru auðvitað samþykkt til þess að koma í veg fyrir framtíðarágreining. Við vitum alveg hvernig þetta hefur verið hér í gegnum árin og aldirnar með landamerkjadeilur og ágreining um það hver á hvað að því er varðar land á Íslandi. Hugmyndin með þessum lögum var auðvitað sú að reyna að binda enda á það í eitt skipti fyrir öll. Og það er rétt hjá hv. þm. Karli V. Matthíassyni að eignarréttinn í landinu ber að virða. En það verður að túlka það þannig að menn verði að geta fært sönnur á eignarrétt sinn og um það snýst þetta mál. Þetta gengur út á það að ef menn geta ekki sannað eignarrétt sinn til lands, ef enginn á landið, þá kemur almenningur og ríkið þar til skjalanna.

Reikningsskil og bókhald fyrirtækja.

Fsp. KLM, 691. mál. — Þskj. 1070.

[10:58]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Verðbólgureikningsskil sem notuð eru við uppgjör fyrirtækja hér á landi tíðkast hvergi í nálægum löndum sem við berum okkur saman við. Fram hefur komið

hjá stjórnendum fjölmargra íslenskra fyrirtækja að afnám verðbólgureikningsskilanna sem við höfum haft undanfarin 20 ár sé eitt aðalhagsmunamál þeirra um þessar mundir.

Fram hefur komið hjá fyrrverandi stjórnarformanni Verðbréfaþings Íslands, Tryggva Pálssyni, að eitt aðalmarkmið aðildar Verðbréfaþings að NOREX-samstarfinu hafi m.a. verið að greiða fyrir viðskiptum erlendra aðila með innlend verðbréf en einnig hefur komið fram að eitt af þeim atriðum sem torvelda slík viðskipti sé einmitt umrædd verðbreytingarfærsla í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja. Hún er erlendum fjárfestum og greiningaraðilum mjög framandi og kallar á frekari útskýringar og aukna vinnu sem dregur úr áhuga erlendra fjárfesta á viðskiptum með innlend verðbréf.

Þess má geta að svokallað reikningsskilaráð hefur í tvígang lagt það til við fjmrn. að horfið verði frá verðbólgureikningsskilum í uppgjörum fyrirtækja. Þess vegna er fyrsta spurning mín eftirfarandi:

Er ráðherra hlynntur því að horfið verði frá verðbólgureikningsskilum í uppgjöri fyrirtækja?

Önnur spurning mín til hæstv. fjmrh. er þessi:

Er ráðherra hlynntur því að íslensk fyrirtæki geti gefið út hlutabréf í erlendri mynt og skráð þau á Verðbréfaþingi Íslands?

Um þetta er spurt vegna þess að fram hefur komið að ýmsir stjórnendur stærri fyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands en eru með mestallar tekjur sínar og gjöld erlendis, telja að þetta sé vænlegur kostur sem þeir vilja gjarnan hafa möguleika á.

Herra forseti. Það eru augljósir hagsmunir íslenskra fyrirtækja í mikilli alþjóðlegri starfsemi, sem helst vilja halda því til streitu að hafa áfram heimilisfang sitt hér á landi þó að starfsemin sé að mestu erlendis og tekjur þeirra og gjöld að stærstum hluta frá útlöndum, eins og ég hef áður sagt. Það eru því hagsmunir þessara fyrirtækja að geta gert rekstur sinn upp í erlendri mynt, t.d. í dölum eða evrum. Þetta atriði mun því auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og ekki veitir af. Síðasta spurningin til hæstv. fjmrh. er um þetta atriði og hljóðar svo:

Er hæstv. ráðherra hlynntur því að íslensk fyrirtæki sem hafa umfangsmikil viðskipti erlendis geti valið um að færa bókhald og semja ársreikning sinn í erlendri mynt eingöngu?

Herra forseti. Síðan þessi fyrirspurn var lögð fram, fyrir 3–4 vikum, hefur margt gerst á íslenskum markaði, t.d. mikil gengislækkun. Varðandi verðbreytingarfærsluna þá er það auðvitað hárrétt að fyrir henni voru ákveðin rök. Með henni fengust nákvæmari reikningsskil og á tímum mikillar verðbólgu hefur þetta gefið betri mynd af afkomu fyrirtækjanna. Þess vegna er það því miður svo, miðað við stöðuna í dag þar sem gengið hefur fallið um 20% frá áramótum miðað við dollar og verðbólgan er aftur komin á skrið, að þessi hluti spurningar minnar, sem var sjálfsögð fyrir 3–4 vikum, er nánast úreldur í dag.

[11:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. hreyfi hér mikilvægum málefnum sem reyndar er verið að vinna að á vegum fjmrn. og ríkisstjórnarinnar. Verðbólgureikningsskilin voru tekin upp á árunum fyrir 1980 af illri nauðsyn, vegna þess hversu mjög verðbólgan á Íslandi skekkti ársreikninga fyrirtækja og sýndi ranga mynd af raunverulegri rekstrarstöðu og stöðu eigna í lok árs.

Ég vil taka það fram strax að ég er hlynntur því að stefnt verði að því að afnema verðbólgureikningsskilin í uppgjöri fyrirtækja. Þegar verðbólga er lítil er einfaldlega ekki sama þörf á slíkum leiðréttingum og þegar verðbólgustigið er hátt. Við þær aðstæður sem skapast hafa hér á landi á undanförnum árum er þetta því raunhæf spurning sem hv. þm. ber hér fram og reyndar margir aðrir við önnur tækifæri. Það er mikilvægt að hafa hliðstæðar reikningsskilareglur fyrir íslensk fyrirtæki og gilda í helstu samkeppnislöndum okkar.

Eins og ég sagði hefur mál þetta verið til skoðunar í fjmrn. Þar er starfandi nefnd sem mun skila áliti um málið innan skamms. Ljóst er að afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum hefur í för með sér talsverðar breytingar á tekjum ríkissjóðs og skattbyrði fyrirtækjanna. Tilfærslur yrðu á skattbyrði fyrirtækjanna, þar sem fyrirtæki með verðbólgutekjufærslu mundu væntanlega fá lægri skatt en fyrirtæki með gjaldfærslu mundu fá hærri skatt. Þá verða væntanlega einhverjar tilfærslur á skattbyrði milli atvinnugreina. Einnig er ljóst að við afnám verðbólguleiðréttinga þyrfti að gera umfangsmiklar breytingar á mörgum ákvæðum laganna um tekjuskatt og eignarskatt, líklega á um það bil 22 greinum laganna.

Áður en unnt er að taka ákvörðun um þetta mál er hins vegar nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir öllum afleiðingum þess á fyrirtækin og ríkissjóð. Þar sem lögaðilum hefur verið gert að skila stöðluðu skattframtali með ítarlegum upplýsingum um rekstur og efnahag á undanförnum tveimur árum er unnt að fá meiri og áreiðanlegri upplýsingar til að byggja á en áður. Nú er verið að vinna úr þessum upplýsingum. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir verða til staðar forsendur til að taka ákvörðun í málinu.

Önnur spurningin lýtur að því hvort íslensk fyrirtæki geti gefið út hlutabréf í erlendri mynt og skráð þau á Verðbréfaþingi Íslands og hvort ég sé hlynntur því. Ég vil fyrst taka það fram að hvorki hlutafélagalögin né málefni Verðbréfaþingsins heyra undir fjmrn.

Almennt má þó nefna að eftir því sem best er vitað skrá einstakar kauphallir í heiminum yfirleitt hlutabréf í aðeins einni mynt, þ.e. þess ríkis sem kauphallirnar starfa í. Hlutabréf ýmissa alþjóðafyrirtækja eru skráð í kauphöllum í fleiri ríkjum en einu. Viðskiptin fara þá fram í mynt hvers og eins viðkomandi ríkja. Þótt íslensk fyrirtæki muni að uppfylltum skilyrðum, samanber það sem hér kemur fram síðar varðandi heimild til þess, færa bókhald og gera upp í erlendri mynt leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að rök standi til að viðkomandi fyrirtæki geti gefið út hlutabréf í erlendri mynt og skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Í þessu sambandi má benda á að einstök fyrirtæki kynnu að hafa valið mismunandi bókhalds- og uppgjörsmynt en gætu síðan gefið út hlutabréf í viðkomandi mynt og skráð á Verðbréfaþinginu. Yrði fjöldi þeirra mynta sem þar yrði í notkun væntanlega meiri en dæmi eru um annars staðar. Í því fælist þá einnig að á íslenska fjárfesta, sem viðskipti ættu með hlutabréf slíkra hlutafélaga, tæki að leggjast kostnaður vegna gjaldeyrisyfirfærslna sem ekki er um að ræða sem stendur. Þrátt fyrir þetta tel ég fyllstu ástæðu til að þeir sem um þetta eiga að fjalla skoði málið nánar.

Þriðja spurningin lýtur að því hvort ég sé hlynntur því að íslensk fyrirtæki sem stunda umfangsmikil viðskipti erlendis geti valið um að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt eingöngu. Um þetta hefur orðið nokkur umræða í landinu undanfarin missiri. Þegar hafa verið sett ákvæði um notkun á erlendum gjaldmiðli við bókhald og reikningsskil í

lögum um alþjóðleg viðskiptafélög. Samkvæmt því ákvæði getur fjmrh. heimilað félagi sem starfar samkvæmt lögunum um þau að færa bókhald sitt og reikningsskil í tiltekinni erlendri mynt í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Enn fremur eru í nokkrum samningum sem Ísland hefur gert við erlend félög sem starfa á Íslandi ákvæði um reikningshald í viðkomandi erlendum myntum. Samkvæmt íslenskum lögum er ekkert sem bannar fyrirtækjum að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli samhliða eða jafnhliða íslenskum krónum hvort sem það er gert með því að færa bókhaldið samhliða í erlendum gjaldmiðli eða ársreikningurinn er umreiknaður í viðkomandi gjaldmiðil eftir á, en ákveðinn kostnaður er því samfara og óhagræði að vera með hvort tveggja. Umræðan um erlendan gjaldmiðil í íslensku bókhaldi og ársreikningum hlýtur því að snúast um að hann komi í stað íslensku krónunnar. Þau fyrirtæki sem helst telja sig hafa hag af því eru væntanlega þau fyrirtæki sem eru í beinni samkeppni við erlend félög og hafa viðskiptahagsmuna að gæta á alþjóðlegum viðskipta- og fjármálamörkuðum.

Ég vil bæta því við að færsla viðskipta í evru eða öðrum erlendum gjaldmiðli í bókhaldi íslenskra fyrirtækja mundi væntanlega auðvelda fjárhagslegan samanburð við erlend fyrirtæki. Gengisfellingar hafa víðtæk áhrif á ársreikninga íslenskra fyrirtækja vegna þess að þau eru mörg hver fjármögnuð með erlendu fjármagni og fá tekjur og greiða gjöld í erlendum gjaldmiðli. Vegna breytinga á gengi getur afkoman orðið sveiflukennd og rekstrarafkoma óstöðug milli ára.

Ég mun ljúka við þetta svar, herra forseti, þegar ég fæ tækifæri til að koma upp í annað sinn.

[11:07]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem hann veitti við spurningum mínum. Ég geri mér grein fyrir að þær eru töluvert veigamiklar og erfitt að gera þeim skil á þeim stutta tíma sem hæstv. ráðherra og okkur þingmönnum er úthlutað í fyrirspurnatímum.

Ég fagna þeim svörum hæstv. ráðherra og þá sérstaklega hvað varðar verðbólgureikningsskilin. Þegar fyrirspurnin var lögð fram höfðu menn búið við lága verðbólgu um nokkurt skeið, eins og ég sagði áðan. Menn töldu þá að tími væri kominn til að gera slíkar breytingar, enda hafa bæði nefndin sem hæstv. ráðherra vitnaði í og Félag löggiltra endurskoðenda fjallað um þessi mál, tekið þau upp á arma sína og lagt þetta til vegna þess að verðbólga hafði verið lág í tiltölulega langan tíma.

Í framhaldi af því vildi ég bæta við einni spurningu, ef hæstv. fjmrh. hefði tíma til að svara því á eftir: Telur hæstv. fjmrh. að nýlegar breytingar á gengi íslensku krónunnar og síðustu tvær verðbólgumælingar sem sýnt hafa 13–15% verðbólgu og 6–7% verðbólgu á ársgrundvelli, gengisfall íslensku krónunnar og þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað, 20% gengisfelling á dollar miðað við íslenska krónu frá áramótum sem er mikið, bendi til þess að verðbólgan sé aftur að fara á skrið? Þarf kannski að seinka þessum áformum vegna þess að, eins og við ræddum áðan og hæstv. ráðherra gat um, þetta fyrirkomulag gaf miklu betri mynd af afkomu fyrirtækjanna meðan verðbólga var mikil.

Hæstv. forseti. Tími minn er á þrotum en ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra og vona að efnahagsmálin muni þróast í þá veru að við getum tekið verðbólgureikningsskilin út sem allra fyrst.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að gera því skóna að verðlagshræringar að undanförnu þurfi að hafa nokkur áhrif á það sem hér er til umræðu og hefur verið í undirbúningi. Við gerum ráð fyrir því að þar séu skammtímahreyfingar á ferðinni.

Ég vil bæta því við svar mitt við síðustu spurningu hv. þm. að með því að heimila fyrirtækjum að velja erlendan gjaldmiðil til notkunar í bókhaldi má ætla að sveiflur í afkomu fyrirtækja milli ára minnki og geti þannig aukið áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum og búið til umhverfi sem gerir fjölþjóðlegum fyrirtækjum kleift að hafa meginstarfsstöð hérlendis. Meginreglan um færslu bókhalds hlýtur hins vegar að vera sú, eins og verið hefur, að bókhaldið sé fært í okkar gjaldmiðli. Í langflestum fyrirtækjum er engin þörf fyrir annað. Viðskipti innan lands fara fram í íslenskum krónum og afkoma fyrirtækjanna er mæld í íslenskum krónum. Hins vegar er rétt að kanna vel hvort ekki sé rétt að koma til móts við þau fyrirtæki sem telja sér hag í því vegna viðskipta erlendis og heimila þeim að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa opnað fyrir slíkar heimildir. Skoða þarf mjög vel hvaða skilyrði þarf að setja áður en heimildin yrði veitt. Væntanlega þarf að setja skilyrði um umsvif viðskipta og starfsemi erlendis, hvort viðkomandi fyrirtæki er með dótturfyrirtæki erlendis eða er dótturfyrirtæki erlends aðila. Fleiri skilyrði þarf hugsanlega að setja.

Verði fyrirtækjum veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli þarf einnig að taka afstöðu til þess hvernig ákvarða skuli skattstofna, álagningu og uppgjör skatta og aðrar skyldubundnar upplýsingar til skattyfirvalda. Ef skattauppgjör á sér stað í erlendum gjaldmiðli þarf jafnframt að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi greiðslu skatta og opinberra gjalda í erlendri mynt. Ljóst er að gengisáhætta verður til við slíkt fyrirkomulag. Þá kallar uppgjör í erlendum gjaldmiðli væntanlega á brottfall verðbreytingarfærslunnar og endurmat eigna eins og við ræddum hér áðan.

Danmörk, Svíþjóð og Bretland sem eru utan Myntbandalags Evrópu hafa breytt löggjöf um reikningshald í þá átt að heimila notkun evrunnar eða annarra erlendra gjaldmiðla, svo og Noregur sem er utan ESB. Þetta mál er til skoðunar í nefnd sem ég hef skipað til að endurskoða lög um ársreikninga eins og ég gat um. Gera má ráð fyrir að endanlegar tillögur frá henni liggi fyrir nú í haust.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Fsp. HBl, 556. mál. — Þskj. 862.

[11:12]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég flyt fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn:

1. Eru uppi áform um að flytja rekstur Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn norður í Mývatnssveit, sbr. lög nr. 36/1974?

2. Hversu margir starfsmenn auk forstöðumanns hafa verið í fullri vinnu við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn sl. fimm ár?

Ástæðan fyrir síðari fyrirspurninni er sú að þær fréttir fóru á kreik í vetur að þrír starfsmenn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn væru búsettir á Norðurlandi. Mér leikur forvitni á að vita hvort rétt er að svo sé og þá hvort þeir búi í Mývatnssveit eða hvort þeir séu búsettir einhvers staðar annars staðar á Norðurlandi. Ég er ekki að ræða um hlutastörf eða verktaka. Ég á að sjálfsögðu við starfsmenn í fullu starfi.

Ég spyr einnig hvort rekstur náttúrurannsóknastöðvarinnar verði fluttur norður. Ástæðan fyrir þeirri fyrirspurn er að sjálfsögðu sú að samkvæmt hæstaréttardómi var óheimilt að staðsetja m.a. Siglingastofnun í Kópavogi. Hún skyldi vera í Reykjavík þar sem annað hafði ekki verið fram tekið. Í þessu tilviki er skýrt fram tekið að náttúrurannsóknastöðin eigi að vera við Mývatn. Ég lít svo á að óhjákvæmilegt sé að þar sé regluleg starfsemi árið um kring.

Ég vil minna á að þegar mælt var fyrir náttúrurannsóknastöðinni á sínum tíma á Alþingi kom fram, bæði í málflutningi ráðherra og eins einstakra þingmanna, að þeir byggjust við því að umsvif náttúrurannsóknastöðvarinnar gætu orðið til framdráttar fyrir Mývatnssveit. Búist var við því að þar yrðu námskeið og annað fyrir ferðamenn og nemendur sem þangað vildu sækja. Menn sáu það jafnframt fyrir sér að náttúrurannsóknastöðin mundi beita sér fyrir hagnýtum rannsóknum sem mundu nýtast bændum og öðrum sem búa í Mývatnssveit. Á þetta hefur skort.

Mér er að vísu sagt að forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar hafi flust þangað í síðasta eða þarsíðasta mánuði. Þá er svo komið í fyrsta skipti að útsvarstekjur fara að renna til Skútustaðahrepps frá starfsemi náttúrurannsóknastöðvarinnar og er það vel.

[11:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Rannsóknastöðin hefur aðsetur og er rekin á Skútustöðum við Mývatn. Í húsakynnum hennar í gamla prestsseturshúsinu á Skútustöðum fer fram fjölbreytt rannsóknarstarfsemi, einkum í vistfræði. Er hún í höndum sérfræðinga frá ýmsum rannsóknastofnunum og háskólum auk þess sem háskólanemar í náttúrufræði fá þjálfun þar. Einnig hafa kennaranemar frá Kennaraháskóla Íslands, framhaldsskólanemar frá Norður- og Austurlandi og grunnskólanemar í Skútustaðahreppi, Húsavík og Stórutjörnum fengið fræðslu og þjálfun í náttúrufræðum hjá stöðinni.

Rannsóknastöðin útvegar vísindamönnum frá innlendum og erlendum rannsóknastofnunum aðstöðu og er nokkur hluti rannsókna við stöðina í þeirra höndum. Hafa a.m.k. 11 framhaldsnemar skrifað meistara- og doktorsritgerðir um vistfræði Mývatns og núna eru fimm meistaranemar að vinna að rannsóknum á vatninu eða með slík verkefni í undirbúningi og auk þess tveir líffræðinemar sem vinna að verkefnum um uppeldisskilyrði lax og silungs í Laxá í Aðaldal. Þessir vísindamenn eru styrktir af sínum rannsóknastofnunum og háskólum og ber stöðin lítinn kostnað af starfi þeirra.

Rannsóknastöðin hefur staðið fyrir tveimur alþjóðlegum ráðstefnum í Mývatnssveit og næsta sunnudag verður haldin alþjóðleg ráðstefna á Skútustöðum um vötn á norðurslóðum en þó mest um Mývatn og þátttakendur verða þar um 60 manns.

Rannsóknir á vettvangi fara einkum fram um sumartímann enda er lífríkið að miklu leyti í dvala á veturna. Úrvinnsla gagna fer fram yfir vetrarmánuðina á ýmsum rannsóknastofnunum auk rannsóknastöðvarinnar, einkum við Háskóla Íslands þar sem hópur sérfræðinga á vegum háskólans starfar saman að úrvinnslunni og á Veiðimálastofnun. Samstarfssamningur er í gildi á milli þessara stofnana, eins milli rannsóknastöðvarinnar og Hólaskóla. Umhvrn. hefur ekki til vinnslu hugmyndir um breytingar á rekstri stöðvarinnar í Skútustaðahreppi.

Varðandi seinni fyrirspurnina, virðulegi forseti, er því til að svara að rannsóknastöðin hefur undanfarin ár haft einn fastan starfsmann, Árna Einarsson vatnalíffræðing og er hann jafnframt forstöðumaður. Vinnur hann að rannsóknum á fuglum, fiskum, átustofnum, vatnagróðri og kísilgúr. Hann er búsettur við Mývatn. Aðrir starfsmenn eru ráðnir tímabundið í sérstök verkefni, oftast nokkra mánuði í senn. Oftast eru það framhaldsnemar í náttúrufræðum en sem stendur stunda tveir meistaraprófsnemar í raunvísindum rannsóknir hjá stöðinni.

[11:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þá upptalningu sem kom fram í svari hæstv. umhvrh. og sú upptalning á þessum metnaðarfullu verkefnum sem unnin hafa verið undir forsvari stöðvarinnar er náttúrlega hin glæsilegasta og ætti að sýna þeim sem í vafa hafa verið um gildi þess starfs sem unnið er hjá náttúrurannsóknastöðinni, að hér er af metnaði haldið á málum.

Ég vil bara ítreka það að þær rannsóknir sem taldar hafa verið upp í máli hæstv. umhvrh. eru rannsóknir á heimsmælikvarða sem vitnað er til í erlendum vísindatímaritum og hefur slíkt rekið á mínar fjörur oftar en einu sinni. Og ég vil fagna þeim orðum sem hv. þm. Halldór Blöndal lét falla áðan um að hann sjái fyrir sér að það sé og verði metnaðarfullt starf hjá rannsóknastöðinni árið um kring, starfsemi sem sveitarfélaginu sé til framdráttar, og ég tel að listi umhvrh. hafi sýnt að slíkt starf er unnið þarna.

[11:19]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom mér ekki á óvart að fulltrúi Vinstri grænna skyldi sérstaklega fagna því að náttúrurannsóknastöðin eigi ekki að vera starfrækt í Mývatnssveit. Það er í samræmi við afstöðu þess flokks fyrr og síðar til þeirrar stofnunar. (**KolH:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur. Það má lesa yfir ræðu hv. þm. og er augljóst hvað þar stendur.

Ég hlýt að lýsa yfir vonbrigðum yfir því að hæstv. ráðherra skyldi ekki koma að efni þeirrar fyrirspurnar sem ég bar fram sem var það hvort rekstur náttúrurannsóknastöðvarinnar yrði fluttur í Mývatnssveit. Auðvitað hef ég vitað og það hafa allir vitað að menn hafa haft í seli þar en það er hins vegar ekki um það að ræða að náttúrurannsóknastöðin hafi verið rekin í Mývatnssveit eins og ákveðið var með lögunum á sínum tíma. Það kemur m.a. fram í öllum samskiptum stöðvarinnar við heimamenn, enda hefur það hvað eftir annað komið í ljós að viss tortryggni hefur ríkt þar á meðal af því að forstöðumaður náttúrurannsóknastöðvarinnar hefur ekki verið búsettur í Mývatnssveit og ekki lifað með Mývetningum og þess vegna ekki skilið til fulls þau sjónarmið sem þar hafa verið.

Það er líka öldungis ljóst að við það hefur ekki verið staðið að starfsmaður náttúruverndarstöðvarinnar hafi komið að hagnýtum rannsóknum fyrir Mývetninga eins og það mál var hugsað á sínum tíma af þeim mönnum sem mæltu fyrir frv. svo um þetta var rætt.

Hitt er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að fyrir einum eða tveimur mánuðum flutti forstöðumaðurinn heimilisfang sitt í Mývatnssveit. Ég hafði ekki tækifæri til að koma þar við síðast þegar ég var þar á leið en ég á brátt leið um Mývatnssveit og þá mun ég að sjálfsögðu koma við hjá honum og sjá hvernig hann hefur búið um sig. En úrvinnsla úr rannsóknum við Mývatn hefur ekki verið þar fyrir norðan. Það er kjarni málsins og ég vil spyrja um það hvort breyting verði á því.

[11:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði í upphafi eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar af hálfu umhvrn. varðandi rannsóknastöðina. Hún er rekin í Mývatnssveit. Ég tel að það sé ekki réttmætt sem hér kemur fram að forstöðumaður hennar hafi ekki skilið sjónarmið heimamanna. Ég tel að hann hafi reynt að standa sig afburða vel í vísindastörfum sínum og rekstri stöðvarinnar og hann er búsettur í Mývatnssveit og hefur tekið þátt í því lífi sem þar fer fram.

Varðandi þá gagnrýni sem hér kemur fram að ekki séu stundaðar hagnýtar rannsóknir í Mývatni, þá er það ekki alls kostar svo. Það eru hagnýtar rannsóknir og ég get nefnt sem dæmi t.d. vöktunina á silungsstofninum sem er atriði sem skiptir bændur í Mývatnssveit verulegu máli eins og fyrirspyrjandi þekkir. Síðan má ekki gleyma einu og það er kannski rótin að þessari umræðu um stöðina og þeim deilum sem hafa orðið um Mývatn almennt, þ.e. er Kísiliðjan. Náttúrurannsóknastöðin hefur dregist inn í þær deilur sem kannski er eðlilegt að vissu leyti. Það takast á náttúrusjónarmið og iðnaðarsjónarmið þar en vegna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn hafa orðið til gífurlega mikil gögn og þau gögn eru m.a. notuð í umhverfismati sem hefur nýlega farið fram á Kísiliðjunni og hafa þau verið hagnýtt með ýmsu móti má segja til þess að komast að niðurstöðu í umhverfismatinu. Þannig að ef Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hefði ekki verið til, þá hefðu menn ekki getað skoðað eins vel lífríki vatnsins til að geta byggt á niðurstöðu varðandi Kísiliðjuna. Ég tel því að menn ættu að vera nokkuð þokkalega sáttir með þessa stöðu og reyna að styrkja Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn með öllum hætti vegna þess að þar hefur forstöðumaður og aðrir reynt að standa sig mjög vel.

Stóriðja í Hvalfirði.

Fsp. JÁ og ÞSveinb, 559. mál. — Þskj. 865.

[11:23]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég ber fram þrjár spurningar til hæstv. umhvrh.:

1. Hve mikið mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast við fyrirhugaða stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði?

2. Er þörf á mótvægisaðgerðum eða kaupum á mengunarkvóta af þeim sökum til að hægt sé að fylgja öðrum ríkjum í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda?

3. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að Norðuráli verði gert að bera kostnað af hugsanlegum mótvægisaðgerðum eða kaupum á mengunarkvóta náist alþjóðasamkomulag um tilteknar mótvægisaðgerðir og framseljanlega mengunarkvóta?

Ætlun mín með þessum spurningum, hæstv. forseti, er að reyna að leiða fram hver stefna stjórnvalda er í umhverfismálum og þátttöku í því að leysa úr vandamálum á alheimsvísu og hvernig ríkisstjórnin ætlar að vinna að þessum málum í tengslum við þá stóriðju sem er fyrirhuguð hér í landinu. Fyrir liggur nú þegar að frá því að Kyoto-bókunin var gerð á sínum tíma hefur verið ákveðið og reyndar er búið að margfalda framleiðslu áls í landinu. Hugmyndirnar um viðbót hvað þá framleiðslu varðar eru svo stórkostlegar að við erum líklega að tala um að fara, frá því að bókunin var gerð á sínum tíma, úr um 130 þús. tonna framleiðslu á áli upp í um 500–600 þús. tonna framleiðslu. Þetta hlýtur að kalla á svör við þeim spurningum sem ég legg hér fram. Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að tryggja það að þau geti leiðst með öðrum þjóðum heimsins út úr mengunarþokunni sem grúfir yfir þessari jarðkúlu og verði þá ekki viðskila við þann hóp sem ætlar að taka ábyrgð í framtíðinni á því að þjóðir heimsins geti búið með sjálfbærum hætti á jörðinni?

Ég vonast til að í svörum hæstv. ráðherra komi skýrt fram hvernig menn ætla að leiða saman þessar fyrirætlanir og það að geta verið með öðrum þjóðum í því stórkostlega verkefni sem er að ná tökum á mengun á jörðinni.

[11:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hve mikið mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast við fyrirhugaða stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði? Hér er væntanlega átt við þær fyrirætlanir fyrirtækisins að auka framleiðslugetuna úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn. Slík aukning mun leiða til aukningar á losun koldíoxíðs frá Íslandi um 136 þús. tonn. Auk þess mun losun flúorkolefna aukast en erfiðara er að segja fyrir um þá aukningu vegna þess hve tækni- og vinnsluaðferðir hafa mikil áhrif á hana.

Sé gert ráð fyrir því að losun flúorkolefna frá stækkun álvers Norðuráls verði svipuð á hverja framleiðslueiningu og frá núverandi starfsemi má gera ráð fyrir því að aukning í losun flúorkolefna leiði til innan við 25 þús. tonn í koldíoxíðígildum talið.

Í öðru lagi er spurt um þörf á mótvægisaðgerðum eða kaupum á losunarheimildum. Hér verður að gera greinarmun á losun koldíoxíðs annars vegar og flúorkolefna hins vegar. Þau drög að niðurstöðum um útfærslu Kyoto-bókunarinnar gagnvart Íslandi sem liggja fyrir aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins til afgreiðslu gera ráð fyrir því að losun koldíoxíðs frá stóriðjuverum falli utan losunarmarka bókunarinnar á fyrsta tímabili hennar 2008–2012. Tekið skal fram að hámark eða þak er á þessu ákvæði við 1,6 millj. tonna á því tímabili. Fari heildarlosun nýrra stóriðjuvera fram úr þessum mörkum þarf að afla viðbótarlosunarheimilda eða binda kolefnið vegna þess.

Flúorkolefni sem losna við álframleiðslu falla hins vegar ekki undir sérákvæðið eins og það liggur nú fyrir heldur utan þess. Þessi efni hafa langvarandi gróðurhúsaáhrif. Mun meiri möguleikar eru á að takmarka losun flúorkolefna en losun koldíoxíðs miðað við núverandi tækni. Þar sem sömu reglur gilda um losun flúorkolefna og aðra losun frá landinu bera fyrirtækin fulla ábyrgð á þeirri losun og ber að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda henni í lágmarki.

Að lokum er spurt hvort ráðherra ætli að beita sér fyrir því að Norðuráli verði gert að bera kostnað af hugsanlegum mótvægisaðgerðum eða öflun losunarheimilda. Ljóst er að losun koldíoxíðs fellur undir umrætt sérákvæði og innan

þaksins en flúorkolefnin ekki. Það þarf því að leita leiða til að taka á losun þessara efna eins og gera verður í öðrum geirum, svo sem samgöngum og sjávarútvegi. Það er því ekki óeðlilegt að stóriðjufyrirtækin t.d. afli sér losunarheimilda eða kosti samsvarandi bindingu kolefnis vegna losunar flúorkolefna frá framleiðslu sinni. Tekið verður á þessum þáttum í samningum við fyrirtækin.

[11:29]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er hins vegar ekki alveg nógu ánægður með svarið við annarri spurningunni. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að gera svolítið nákvæmar grein fyrir hvað hún átti við með því svari, hvort hún telji að engin hætta sé á því að það verði erfitt að fylgjast með öðrum þjóðum í sambandi við aukningu á gróðurhúsalofttegundum ef ekki verður hægt að gera það með þeim hætti sem hér er nefnt, þ.e. með einhvers konar mengunarkvótum og öðru slíku miðað við þær stórkostlegu fyrirætlanir um aukningu sem fram undan eru í framleiðslu á áli ef það yrði niðurstaðan.

Mig langar síðan til að segja að ég er ánægður með að heyra að í samningunum við Norðurál og önnur fyrirtæki sem eiga hlut að máli verði tekið á því hvað varðar þennan útblástur að hluta til, en ég endurtek að ég tel að það þurfi að koma skýrar fram að það verði að öllu leyti á ábyrgð þeirra framleiðenda sem hér eru í stóriðju að taka á hvað varðar aukningu á mengun sem fjallað er um í Kyoto-bókuninni og verður innifalin í því samkomulagi sem vonandi verður að veruleika milli þeirra þjóða sem þarna eiga hlut að máli. Þetta finnst mér skipta miklu máli og ég held að menn megi alls ekki ganga frá samningum um viðbætur í stóriðju öðruvísi en að hafa þær tryggingar sem ég er að tala um. Ég held að þurfi að fá mjög greinargóða skýrslu og svör um þessi efni þegar samningar liggja fyrir.

[11:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort erfitt verði að fylgja öðrum þjóðum eftir, því að fari allt eins og stjórnvöld hafa í hyggju muni álframleiðslan aukast með þeim hætti sem hér var dregið fram upp í 500–600 þús. tonn eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Það verður ekki erfitt svo framarlega sem sérákvæði Íslands verður samþykkt. Sérákvæðið gengur út á það að allt sem kemur inn eftir 1990, sú aukna álframleiðsla verður utan skuldbindinga Íslands, þessarar 10% tölu sem við fengum í aukningu í Kyoto. Sérákvæðið tekur því á þessu.

Búið er að reikna út hvað þetta sérákvæði þarf að rúma til að við getum farið í þessa framleiðslu. Það þarf að rúma 1,6 millj. tonna í koldíoxíðígildum en utan við þá tölu eru flúorkolefnisefnin, eins og komið var inn á í svarinu áðan. Það er því spurning hvernig tekið verður á þeim efnum af því að þau rúmast ekki innan sérákvæðisins. Eins og ég fjallaði um áðan í svari mínu verður tekið á því í samningum við fyrirtækin. Sérákvæði Íslands tryggir að Ísland getur tekið þátt í loftslagsmálunum á vettvangi Kyoto-bókunarinnar, verði hún samþykkt sem ég vona, með öðrum þjóðum. En við ættum afskaplega erfitt með það ef sérákvæðið væri ekki inni. Þetta hafa þjóðir heims sýnt skilning á og áttað sig á að við erum það lítið hagkerfi að ein framkvæmd hér sveiflar svo hátt upp losun okkar í prósentum talið og þess vegna er sérákvæðið komið á lokastig í sambandi við þessa samninga.

Úrbætur í málefnum fatlaðra.

Fsp. MF, 605. mál. — Þskj. 975.

[11:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. 4. júní 1996 var samþykkt á Alþingi þál. sem ég lagði fram haustið áður. Samkvæmt samþykkt Alþingis var félmrh. falið að skipa starfshóp sem kanna ætti möguleika fatlaðra í þjóðfélaginu til orlofs eða sumardvalar til að njóta tómstundaiðkunar til lista- og menningarlífs. Jafnframt var félmrh. falið að koma með tillögur til úrbóta þar sem þess væri þörf til að tryggja að jafnrétti ríkti í þjóðfélaginu hvað þessa þætti snertir.

Rúmum tveimur árum eftir að Alþingi samþykkti ályktunina, 24. september 1998, skipaði hæstv. félmrh. loks starfshópinn undir forustu Margrétar Margeirsdóttur, þáv. deildarstjóra í félmrn. En auk hennar voru í starfshópnum fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, skrifstofu málefna fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp.

Í október 1999, ári síðar, skilaði starfshópurinn skýrslu til ráðherra. Skýrsla þessi er vel unnin og niðurstöður hennar ásamt tillögum til úrbóta taka til nánast allra þátta þjóðfélagsins. Af lestri hennar er ljóst að þrátt fyrir að mikil uppbygging hafi verið á félagslegri þjónustu fyrir fatlaða á síðustu tveimur áratugum, þá er víða pottur brotinn. Hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög þurfa að standa mun betur að verki ef tryggja á möguleika fatlaðra til að njóta tómstunda, menningar og íþróttastarfs eða hafa möguleika til orlofsdvalar eða ferðalaga til jafns á við aðra.

Í skýrslunni er bent á fjölmörg atriði þar sem nauðsynlegra úrbóta er þörf, t.d. að skortur er á liðveislu fyrir þau börn og unglinga sem vilja taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi, skortur er á liðveislu fyrir þá sem vilja dvelja í orlofshúsum, ferðast innan lands eða erlendis, að aðgengi að félags- og íþróttamiðstöðvum er víða ábótavant, almenningssamgangnakerfið þarf að bæta þannig að fatlaðir geti notið þess, möguleikar fatlaðra til að taka þátt í starfi kirkjunnar eru takmarkaðir. Aðgangur er víða slæmur, jafnvel útilokaður, á bókasöfnum, leikhúsum eða öðrum stöðum þar sem um listviðburði er að ræða. Möguleikar fatlaðra til listsköpunar eru ófullnægjandi.

Þetta eru aðeins fá þeirra verkefna sem talin eru upp í skýrslu starfshópsins þar sem gerðar eru tillögur til úrbóta.

Nú eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á löggjöf er varðar fatlaða og þjónustu við þá auk þess sem fyrirhugað er að flytja þennan málaflokk alfarið til sveitarfélaganna. Af frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga verður ekki séð að tekið hafi verið tillit til margra þeirra athugasemda sem fram koma í skýrslunni og því hlýtur sú spurning að vakna hvort tekið hafi verið tillit til þessara niðurstaðna eða tillagna til úrbóta þegar viðræður fóru fram við sveitarfélögin um yfirtöku málaflokksins og þá hvort heildarkostnaður við þær úrbætur sem nauðsynlegt er að framkvæma liggur fyrir. Því spyr ég:

1. Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim fjölmörgu ábendingum og tillögum um úrbætur í málefnum fatlaðra sem fram koma í skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytis og skilað í október 1999?

2. Voru niðurstöður starfshópsins og tillögur kynntar fulltrúum sveitarfélaganna vegna fyrirhugaðrar yfirtöku sveitarfélaga á þessum málaflokki?

3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við þær úrbætur sem lagðar eru til í skýrslu starfshópsins? Var tekið tillit til þess kostnaðar við útreikninga á fjárþörf við fyrirhugaða yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra? Ef ekki, hvernig hyggst ráðherra tryggja að tillögum starfshópsins verði fylgt eftir?

[11:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Félmrn. sendi skýrsluna öllum ráðuneytum sem tillögurnar beindust að og var vakin sérstök athygli á því hvar í skýrslunni tillögur til viðkomandi ráðuneyta væri að finna. Þessi ráðuneyti voru menntmrn., dóms- og kirkjumrn. og samgrn. Menntmrn. svaraði um hæl og vakti athygli á samantekt um aðgengi fatlaðra að menningarstofnunum sem unnin var á vegum ráðuneytisins á árinu 1999. Samgrn. sendi skýrsluna til Ferðamálaráðs Íslands og Vegagerðarinnar til umfjöllunar. Vegagerðin sendi greinargerð um möguleika hreyfihamlaðra til að nýta sér ferjur og hópferðabifreiðar. Tillögur sem beindust að dómsmrn. snerust um möguleika fatlaðra til að taka þátt í kirkjulegu starfi. Þetta er svarið við fyrstu spurningunni.

Við 2. og 3. spurningu er því til að svara að mikilvægt er að taka það strax fram að niðurstöður starfshópsins beinast aðeins að litlu leyti að verkefnum sem heyra undir félmrn. Mörg verkefnanna eru hluti af daglegum skyldum stofnana sem ber að veita öllum landsmönnum þjónustu. Tillögur starfshópsins voru því ekki sérstaklega kynntar fulltrúum sveitarfélaganna í tengslum við undirbúning þess að sveitarfélögin tækju að sér þjónustu við fatlaða, enda snúast þær að miklu leyti um aðra þjónustu en þá sem heyrir undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra.

Félmrn. hefur gert ítarlegt kostnaðarmat vegna nýs frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta kostnaðarmat var unnið af sérstakri nefnd með aðilum frá fjmrn. og eins frá sveitarfélögunum auk félmrn. Þetta kostnaðarmat tekur annars vegar til áætlaðs kostnaðar vegna þjónustu við fatlaða, bæði þeirra sem fá þjónustu í dag svo og þeirra sem eru á biðlistum, og hins vegar er áætlaður sá kostnaður sem felst í nýjum skyldum vegna endurskoðunar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Tekið var tillit til þess við kostnaðarmatið að langveik börn og fjölskyldur þeirra skuli eiga sama rétt til þjónustunnar og fötluð börn. Þetta kostnaðarmat hefur verið kynnt sveitarfélögunum.

Niðurstöður starfshópsis um tómstundir fatlaðra og þátttöku í menningarstarfsemi ná yfir mun fleiri svið en hið nýja frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga fjallar um. Hins vegar er rétt að geta þess að nokkur atriði sem lögð eru til í skýrslunni eru betur tryggð í hinu nýja frv. en í gildandi lögum og er tekið tillit til þess kostnaðar í fyrrgreindu mati. Sem dæmi um það er aðstoð til þeirra sem á þurfa að halda til að sækja tómstundastarf við hæfi og ríkari áhersla er lögð á fræðslu og leiðbeiningar sem á að standa þeim til boða sem veita liðveislu og heimaþjónustu.

Hvað varðar tillögur sem snúa að öðrum sviðum en undir félmrn. heyra getur ráðuneytið einungis hvatt til þess að tillögurnar séu teknar til athugunar hjá þeim aðilum sem þær beinast að og var það m.a. tilgangurinn með því að kynna skýrsluna öðrum ráðuneytum á sl. ári. Ég tel eðlilegt að koma skýrslunni betur á framfæri við hlutaðeigandi aðila, þar með talin sveitarfélög. Í skýrslunni er að finna ýmsar tillögur sem þau gætu stuðst við hvað varðar bætta þjónustu án þess að þar sé eingöngu um að ræða atriði sem heyra undir gildandi lög um málefni fatlaðra.

[11:41]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þó að það sé vissulega rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þarna er um að ræða tillögur um úrbætur sem falla undir mun fleiri ráðuneyti en félmrn. og það sé kannski lítið annað að gera en að senda skýrsluna til viðkomandi ráðuneyta, þ.e. dóms- og kirkjumrn., menntmrn. og samgrn., þá er það samt sem áður þannig að málefni fatlaðra falla undir félmrn. og það hlýtur að vera á ábyrgð hæstv. félmrh. að fylgja ítarlega eftir þeim tillögum sem fram koma í þeirri skýrslu sem skilað var í október 1999.

Mér sýnist við lestur skýrslunnar að þarna sé um að ræða kostnað sem getur numið hundruð millj. kr. ef farið er í allar þær úrbætur sem lagðar eru til í skýrslunni. Það kom mér því verulega á óvart að hún skyldi ekki vera höfð til hliðsjónar í viðræðum við sveitarfélögin um yfirfærsluna á þessum málaflokki yfir til sveitarfélaganna. Það kom mér verulega á óvart, ekki síst í ljósi þess að mig minnir að hæstv. ráðherra hafi hér úr ræðustól lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að hafa slíka skýrslu, láta vinna hana og gera úttekt áður en viðræðum við sveitarfélögin lyki þannig að skoða mætti hver staðan væri.

Skýrslan kom mér á óvart. Ég hélt satt að segja að við værum mun betur á vegi stödd en raun ber vitni og það eru ótrúlegustu atriði sem koma fram í henni þar sem fatlaðir búa alls ekki við sama rétt og við hin til að njóta þess sem þjóðfélagið býður upp á. Það hlýtur að vera verkefni hæstv. félmrh. fyrst og fremst að fylgja þeim tillögum eftir sem þarna eru og að það liggi algerlega fyrir áður en málaflokkurinn er fluttur yfir til sveitarfélaganna hver sá kostnaður er sem hlýst af því að farið er í þessar úrbætur.

[11:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það liggur fyrir hvaða kostnaður leggst á sveitarfélögin með félagsþjónustufrv. og það frv. er m.a. samið í ljósi þess að þessi skýrsla er til. Hnykkt er á ýmsum atriðum í félagsþjónustufrv. sem getið er um í skýrslunni og það er betur tryggt þar.

Þá vil ég einnig geta þess að fylgifrv. er með félagsþjónustufrv., þ.e. frv. til laga um réttindagæslu fatlaðra sem á að tryggja og reka á eftir því að staðið sé að þessum málum með fullnægjandi hætti.

Við leituðum eftir því við fjárlagaskrifstofu fjmrn. að fá kostnaðarmat á tillögum í skýrslunni en fjárlagaskrifstofan treysti sér ekki til að gera það og segir í bréfi frá henni, með leyfi forseta:

„Vandamálið við að kostnaðarmeta skýrsluna er fyrst og fremst fólgið í því að skilgreina og meta afmarkaðar tillögur. Ekki er komið auga á að lagt sé til að ríkið taki upp ný verkefni. Skyldurnar eru fyrir hendi, t.d. sbr. 7. gr. laga um málefni fatlaðra. Víða er lagt til að þjónusta sé aukin en það er erfitt að meta það af skýrslunni í hve miklum mæli sú þjónustuaukning eigi að vera. Mér sýnist að sú aukning eigi að vera að mestu leyti á sviði sveitarstjórnarmála sem við kostnaðarmetum ekki. Enn fremur er mjög erfitt að meta af texta skýrslunnar hvort lagt sé til að ríkissjóður taki þátt í kostnaði verkefna þeirra sem talin eru upp í skýrslunni.“

Atvinnuleysisbætur.

Fsp. ÖJ, 700. mál. — Þskj. 1116.

[11:46]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Fyrir nokkru bárust mér spurnir af því að þroskaheftri konu hefði verið neitað um atvinnuleysisbætur þar sem hún uppfyllti ekki það ákvæði laga um atvinnuleysisbætur að geta unnið öll almenn störf. Í 2. gr. laga um atvinnuleysisbætur er skilgreint hverjir hafi rétt til atvinnuleysisbóta, hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja. Í 6. málslið þessarar greinar segir að þeir þurfi að vera reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa.

Nú er það stór spurning hver er fær um slíkt, hvort það eigi við um allt það fólk sem talið er vel vinnufært þó. Ég leyfi mér að efast um að svo sé. En hvað sem því líður þá hafði þessi kona sem ég nefndi í upphafi unnið í tæpt ár hjá fyrirtæki einu en verið sagt upp vegna skipulagsbreytinga. Þá hafði hún ráðið sig á stofnun, elliheimili, en verið sagt upp eftir þrjá til fjóra daga þar sem hún réð ekki við starfið. Á þeim grundvelli var henni síðan meinað um atvinnuleysisbætur því að þetta þótti staðfesta að hún væri ekki fær um að sinna öllum almennum störfum.

Heimilislæknir konunnar hafði gefið út vottorð um að hún gæti sinnt einföldum og léttum störfum. En það dugði ekki. Var því ákveðið að kæra þessa niðurstöðu til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta sem fyrir sitt leyti frestaði afgreiðslu þessa máls samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Landssamtökunum Þroskahjálp, en þau aðstoðuðu konuna við þessi kærumál. Samtökin hafa tjáð mér líka að óskað hafi verið eftir umsögn frá trúnaðarlækni sem að sögn Þroskahjálpar er gigtarlæknir og áhöld um hvernig hann er fær um að gefa skýrslu um það hverjir möguleikar greindarskertrar konu eru á atvinnumarkaði. Hvað sem því líður þá er þessi kona nú komin í vinnu og hefur skilað inn vottorði um að störf hennar gangi vel á nýjum starfsvettvangi.

Þetta hefur orðið mér tilefni til að beina fyrirspurn til hæstv. félmrh. um hversu algengt þetta sé. Spurning mín er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hve mörgum var synjað um atvinnuleysisbætur árið 2000 vegna þess að þeir uppfylltu ekki þau ákvæði laga um atvinnuleysisbætur að geta unnið öll almenn störf?"

[11:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja frá því að okkur í félmrn. hefur ekki unnist tími til þess að hafa svarið eins ítarlegt og spurning hv. fyrirspyrjanda hljóðar nákvæmlega. Ég hef ekki upplýsingar um hve mörgum hefur verið neitað en ég er með skrá yfir hve margir hafa kært. Og ég ætla að greina hér frá því.

Frá árinu 1999 til septemberloka árið 2000 hafa samtals 62 kært. 44 úrskurðir voru staðfestir en 18 felldir úr gildi. Þetta er betur brotið niður í þeirri skrá sem ég hef. Umsækjandi sagði starfi sínu lausu án gildra ástæðna í 12 tilfellum. Umsækjandi hafnaði tilboði um vinnu sem hann gat fengið fyrir milligöngu vinnumiðlunar í 23 tilfellum og reyndar í sjö tilfellum til viðbótar út árið 2000, þ.e. í 30 tilvikum á þessum tveimur árum. Í átta tilfellum sinnti umsækjandi ekki starfsleit sinni með virkum hætti. Umsækjandi uppfyllti ekki almenn skilyrði bótaréttar vegna þess að hann hafði ekki áunnið sér bótarétt eða var óvinnufær í sjö tilfellum. Í fimm tilfellum var viðkomandi umsækjandi aðili að rekstri og önnur tilfelli voru sjö. Þetta eru þau 62 tilfelli sem kærð voru á þessu tímabili og 18 af þessum 62 fengu réttingu sinna mála hjá úrskurðarnefnd félagsþjónustu.

Herra forseti. Ef hv. fyrirspyrjandi óskar eftir mun ég geta látið vinna nákvæmara svar með því að taka það saman á öllum vinnumiðlununum hve oft fólki hafi verið synjað. En ekki er víst að ég geti svarað því fyrir þinglok í vor.

[11:52]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og fagna því að hann skuli vilja láta fara fram úttekt á þessu máli. Mér finnst ekki öllu máli skipta hvaða daga eða hvaða vikur sú úttekt er gerð. Öllu skiptir að hún sé gerð og athygli vakin á þessu máli. Enda þótt þessar upplýsingar væru ekki tæmandi, eins og fram kom hjá hæstv. félmrh., þakka ég fyrir svör hans sem voru um margt mjög upplýsandi.

Það sem mér fannst mjög upplýsandi er í fyrsta lagi hve margir hafa þó kært, þ.e. 62. En hitt finnst mér kannski skipta mestu máli og vera umhugsunarefni fyrir úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, að í 18 tilvikum skuli úrskurðir þeirra hafa verið felldir úr gildi. Þetta finnst mér hið upplýsandi við svar hæstv. félmrh. og ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni og sérstaklega þeim sem starfa í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbótanna vegna þess að þetta bendir til þess að réttur fatlaðra er ekki virtur sem skyldi.

Ég ítreka þakkir mínar við svar hæstv. félmrh. og tel æskilegt að á þessu fari fram frekari könnun.

[11:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rétt er að halda því til haga, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði réttilega, að viðkomandi kona sem neitað var um atvinnuleysisbætur fékk starf sem hún er ánægð með. Vonandi er það í flestum tilfellum sem þannig rætist úr.

Starfsfólk á vinnumiðlunum vinnur vandasamt starf og það er náttúrlega viss freisting fyrir þá sem eru að leita eftir atvinnuleysisbótum að fara í einhverjum tilfellum á fremstu nöf. Mér finnst ekkert óeðlilegt þó að úrskurðarnefnd komist í nokkrum tilfellum að því að mál hafi ekki verið réttilega meðhöndluð hjá starfsfólkinu á vinnumiðlununum. Ég tel að þetta skipulag sem tekið var upp, og m.a. hv. fyrirspyrjandi lagði vinnu í að koma á á sínum tíma, hafi reynst vel og orðið til mikillar hjálpar fyrir fólk við að finna vinnu og jafnframt auðvitað til að sjá til þess að atvinnuleysibætur væru ekki misnotaðar.

Tilraunaverkefnið „Atvinna með stuðningi".

Fsp. ÖJ, 701. mál. — Þskj. 1117.

[11:56]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er reyndar nátengd fyrri fyrirspurn minni því að hún lýtur að atvinnumöguleikum fatlaðra. Mig langar til að vitna í skrif Halldórs Gunnarssonar, formanns Landssamtakanna Þroskahjálpar, þar sem hann skilgreinir verkefnið. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Á síðasta ári opnaðist nýr möguleiki upp á hálfa gátt, atvinna með stuðningi. Hugmyndin að baki henni er snjöll og

afar einföld eins og önnur tær snilld: Einstaklingur með skerta starfsgetu fær nauðsynlegan stuðning til vinnu á venjulegum vinnustað. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík reið hér á vaðið með tilraunaverkefni í samvinnu við Styrktarfélag vangefinna undir stjórn Árna Más Björnssonar. Reynslan af þessu verkefni og mikil eftirspurn sýnir að leggja þarf enn meira í atvinnu með stuðningi enda kostirnir ótvíræðir hvernig sem á málið er litið. Fatlaði einstaklingurinn vinnur í eðlilegu starfsumhverfi innan um ófatlaða þar sem menn blanda geði hverjir við aðra og reynslan sýnir að slík samskipan hefur afar góð áhrif á starfsandann. Verkefni við hæfi eru þegar til, aðeins þarf að leita þau uppi. Þótt fleira starfsfólk þurfi til stuðnings til að byrja með má leiða líkur að því að þetta sé fjárhagslega hagkvæmt: Ekki þarf að leggja í stofn- og rekstrarkostnað verndaðs vinnustaðar, markaðsstarf vegna framleiðslu sparast, fjárhagsleg áhætta er engin og ríkið þarf minna að borga í bætur. Fatlaðir fá þess í stað tækifæri til að skapa verðmæti fyrir þjóðarbúið."

Þetta sagði í skrifum Halldórs Gunnarssonar, formanns Landssamtakanna Þroskahjálpar. Hann vitnar einnig í Ottó B. Arnar, varaformann Átaks, sem hafði komist svo að orði, með leyfi forseta:

„Það skiptir okkur sem erum fötluð svo miklu máli að hafa vinnu eins og aðrir en vegna þess að við erum fötluð þurfum við að berjast fyrir því sem öðrum þykir sjálfsagt. Því miður búum við sem fyrr við óréttlæti í þessum efnum í þessu landi. Ég bið ykkur sem eruð fötluð eða með þroskahömlun og hafið misst vinnu að gefast ekki upp því að það er sama og láta yfirbugast."

Fyrirspurn mín er þessi, með leyfi forseta:

„Hver hefur verið árangur tilraunaverkefnisins „Atvinna með stuðningi" og hvaða áform eru uppi um framtíð þess?"

[11:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á vegum svæðisskrifstofu Reykjaness var fyrir tíu árum tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á atvinnu með stuðningi. Það var kallað þá, held ég, atvinna með liðveislu. Fyrir tveimur árum síðan fór í gang tilraunaverkefni hjá svæðisskrifstofu Reykjavíkur í samvinnu við Styrktarfélag vangefinna og Vinnumálastofnun og það hófst í mars 1999. Svæðisskrifstofan á Reykjanesi hefur verið í samstarfi við m.a. Kópavogsbæ um þessa nýbreytni. Hjá svæðisskrifstofunni í Reykjavík hafa þrír starfsmenn unnið við þetta verkefni í tveimur og hálfu stöðugildi. Einu stöðugildi er varið til þess á Reykjanesi.

Í desember sl. voru 118 þjónustunotendur svæðisskrifstofu Reykjaness á almennum vinnumarkaði. Þar af voru 63 í atvinnu með stuðningi. Í Reykjavík höfðu 56 manns tekið þátt í þessu tilraunaverkefni á fyrsta ári þess, þ.e. frá mars 1999 til apríl 2000. Kostnaður við það var 5 millj. hjá svæðisskrifstofu Reykjavíkur og 1 millj. hjá Styrktarfélagi vangefinna.

Helstu einkenni þessarar atvinnu eru þátttaka og þjálfun á almennum vinnumarkaði. Atvinna með stuðningi fer fram á venjulegum vinnustöðum og almennum vinnumarkaði og þjálfun sömuleiðis. Markmiðið er að þeir fái sömu laun og aðrir starfsmenn, fatlaðir fái laun í samræmi við framleiðni og gæði. Allir þættir tengdir atvinnu með liðveislu eru einstaklingsmiðaðir. Engin fyrirframkrafa er gerð um að hæft fólk sé ráðið í starfið. Þjálfunin fer fram á vinnustaðnum svo ekki er vitað fyrir fram hver vinnugetan er. Veittur er langtímastuðningur, aðstoð við að leysa starfið af hendi, við ferðir til og frá vinnustað, við félagsleg samskipti á vinnustað, aðstoð við að annast fjármál og fleira sem tengist hverjum einum. Stuðningurinn er veittur svo lengi sem viðkomandi þarf á honum að halda og hann skal vera sveigjanlegur svo unnt sé að draga úr honum eða auka hann eftir þörf einstaklingsins.

Eins og sést á þessari upptalningu byggist atvinna með stuðningi á víðtækri aðstoð við hinn fatlaða á almennum vinnumarkaði ásamt leiðbeiningum til samstarfsfólks hans og vinnuveitanda eftir því sem þörf er á hverju sinni. Fólkið vinnur við ýmis störf svo sem í leikskólum, við verslun, lagerstörf, eldhússtörf, á sjúkrahúsi, margs konar iðnaðarstörf, við skóla, ritvinnslustörf o.fl. Ákveðinn hópur þeirra sem hafa fengið atvinnu með stuðningi er ráðinn til starfa samkvæmt samningum Tryggingastofnunar ríkisins, svokölluðum öryrkjasamningum. Þessu fólki hefur farnast vel í starfi.

Almennt held ég að við getum sagt að atvinna með stuðningi hafi reynst þessu fólki afar vel. Báðar svæðisskrifstofurnar hyggjast halda þessu starfi áfram. Ekki hefur verið veitt sérstakt fjármagn á fjárlögum til þessa starfs heldur hefur ráðstöfunarfé svæðisskrifstofanna til atvinnumála verið látin renna til verkefnisins.

Vinnumálastofnun telur að þessi aðferð sé mjög áhugavert úrræði jafnt fyrir fatlaða sem ófatlaða sem eiga undir högg að sækja á almennum vinnumarkaði. Í því ljósi styrkir stofnunin verkefnið hjá svæðisskrifstofu Reykjavíkur á árinu 2000 um 2 millj. Vinnumálastofnun rekur sérstaka deild sem vinnur að atvinnumálum fatlaðra og er hún staðsett í vinnumiðlun á höfuðborgarsvæðinu. Þessi deild hefur einnig náð ágætum árangri í að útvega störf fyrir fatlaða undanfarin ár. Ljóst er að atvinna með stuðningi getur nýst öðrum en fötluðum sem eru í erfiðleikum með að fóta sig á vinnumarkaðinum.

Í frv. til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er lagt til að atvinnumál fatlaðra fari til Vinnumálastofnunar líkt og önnur atvinnumál. Ef frv. verður að lögum munu atvinnumál fatlaðra ekki verða aðskilin frá atvinnumálum annarra. Þetta er í fylgifrv. um atvinnumál fatlaðra sem til skoðunar er í hv. félmn.

Gera má ráð fyrir því að Vinnumálastofnun taki að sér þetta verkefni, atvinnu með stuðningi, og bjóði fleirum en fötluðum þátttöku. Starfsmenn stofnunarinnar hafa lagt sig fram um að kynna sér atvinnu með stuðningi, bæði hér á landi og erlendis og þar sem ekki er enn ljóst hvert verður endanlegt atvinnuumfang atvinnumála fatlaðra sem heyra munu undir Vinnumálastofnun hefur stofnunin eðlilega haldið nokkuð að sér höndum hvað varðar skipulag á þessari væntanlegu þjónustu við fatlaða.

Rétt er að segja frá því hér einnig að Evrópusambandið hefur ákveðið að árið 2003 verði tileinkað fötluðum og við í félmrn. höfum ákveðið að taka þátt í aðgerðum í tilefni af þessu ári, 2003, undir kjörorðinu „Vinnumarkaður fyrir alla".

[12:04]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að taka þátt í sameiginlegu átaki undir heitinu „Vinnumarkaður fyrir alla". Ég vil taka þátt í átakinu árið 2001 um vinnumarkað fyrir alla núna og ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Hann rakti sögu þessara mála og umfang starfseminnar á Reykjanesi og Reykjavík einkum og sér í lagi.

Það sem er mikilvægt í máli hans er að hann staðhæfir að reynslan af þessu átaki hafi verið mjög góð. Þess vegna er spurning mín sú hvort hann telji nóg að gert. Reyndar sagði hann að Vinnumálastofnun mundi eflaust skoða þau mál. Mér er t.d. tjáð af hálfu þeirra sem sinna þessu verkefni í Reykjavík að þar hafi 28 einstaklingar farið út á vinnumarkað. Starfmenn í tveimur og hálfu stöðugildi sinna þessu verkefni. Það eru um 10 manns á hvern einstakling og má ekki vera meira að því er mér er sagt til þess að sómasamlega og vel sé að verki staðið.

Ég vil hvetja til þess að hæstv. félmrh. fylgist grannt með því að Vinnumálastofnun og aðrir þeir aðilar sem eiga að fjármagna þetta verkefni geri það og að aukið verði við það framlag sem til þessarar starfsemi er ætlað. Ljóst er að fólki sem þarf aðstoð af þessu tagi mun fjölga á vinnumarkaði og mikilvægt að sú aðstoð komi til sögunnar strax og fólk kemur út úr skólakerfinu. Ég tel því sýnt að hér þurfi að leggja heldur betur í en þakka fyrir það sem er þó vel gert í þessum efnum.

[12:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki lítill árangur að 200 manns í Reykjavík og á Reykjanesi séu í störfum vegna þessarar stefnu eða þessarar aðferðafræði. Mér er tjáð af mönnum sem vit hafa á að hægt sé að gera verulega betur en gert hefur verið, það gefur augaleið, þetta er einungis bundið við tvö kjördæmi eða tvö svæði, tvær svæðisskrifstofur. Það er hægt að færa þetta út með skipulegri hætti um allt land. Að vísu er í gangi starfsemi víða um land og við höfum t.d. veitt fyrirtækjum viðurkenningu fyrir að ráða til sín fatlaða starfsmenn í talsverðum mæli. En þetta er starfsemi sem hefur lukkast vel og sjálfsagt er að halda áfram. Vinnumálastofnun mun beita sér í þessu máli þegar þar að kemur, þegar þetta verkefni er formlega komið til hennar.

Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda.

Fsp. MF, 606. mál. — Þskj. 976.

[12:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir rúmum tveimur árum spurði ég þáv. heilbr.- og trmrh. hvort almannatryggingakerfið tæki þátt í ferðakostnaði foreldra ungra fíkniefnaneytenda sem dveldu á meðferðarheimilum fjarri heimabyggð. Ef ekki, hvort fyrirhugaðar væru breytingar á reglugerðinni sem tryggðu að foreldrar þessara ungu sjúklinga hefðu sömu réttindi hvað þetta varðar og foreldrar þeirra barna og unglinga sem ættu við annars konar erfið veikindi að stríða. Í svari ráðherrans kom fram að ekki væri gert ráð fyrir í reglum að endurgreiðslur vegna ferðakostnaðar ættu við vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu. Skilyrt væri að endurgreiðslan einskorðaðist við skilgreindan alvarlegan sjúkdóm eins og hæstv. ráðherra orðaði það.

Flestir ungir fíkniefnaneytendur væru í meðferð utan heilbrigðisstofnana á heimilum á vegum Barnaverndarstofu sem heyrir undir félmrn. Endurgreiðsla næði því ekki til foreldra ungra fíkniefnaneytenda. Ráðherrann sagði jafnframt í svari sínu að þessar reglur væru í endurskoðun og mikilvægt væri að samræma þær reglur sem giltu í þessum efnum innan heilbrigðisþjónustunnar og félagsmálaþjónustunnar.

Viðurkennt er að þeir sem neyta fíkniefna eiga við erfiðan sjúkdóm að stríða. Innan heilbrigðiskerfisins eru reknar viðurkenndar heilbrigðisstofnanir sem taka á þessum alvarlega sjúkdómi. En þegar um börn eða unglinga er að ræða er staðan önnur. Þau fá meðferð á heimilum sem heyra undir félmrn. og virðist svo vera að sjúkdómur þeirra njóti ekki fullrar viðurkenningar heilbrigðisyfirvalda eða almannatrygginga eins og fram kom í svari ráðherra 1999. Mér sýnist að svo sé enn ef litið er til réttinda þessara ungu sjúklinga og foreldra þeirra.

Flestir ungir fíkniefnaneytendur sem eru í meðferð vegna veikinda sinna dvelja fjarri heimabyggð. Þó er vitað að nauðsynlegt er fyrir þessa einstaklinga og aðstandendur þeirra að fjölskyldunni sé allri gert kleift að taka þátt í meðferðarstarfinu. Það getur hins vegar reynst foreldrum fjárhagslega erfitt þegar um löng ferðalög er að ræða og gistikostnaður bætist jafnvel við annan ferðakostnað. Það er löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarlegan sjúkdóm að ræða sem ætti í öllum tilvikum ótvírætt að falla undir heilbrigðiskerfið. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. um leið og ég býð hann velkominn til starfa:

1. Er meðferðarstarf fyrir unga fíkniefnaneytendur sem fram fer á heimilum á vegum Barnaverndarstofu skilgreint sem sjúkdómsmeðferð? Ef ekki, hver er ástæða þess?

2. Hver er áætlaður heildarferðakostnaður foreldra eða aðstandenda við þátttöku þeirra í meðferðarstarfi á heimilum fyrir unga fíkniefnaneytendur?

3. Hvaða reglur gilda um þátttöku almannatryggingakerfisins í ferðakostnaði foreldra eða aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda sem eru á meðferðarheimilum fjarri heimabyggð? Ef um hlutdeild almannatrygginga er að ræða í þessum kostnaði, hver er hún? Ef ekki, hver er ástæða þess, og mun ráðherra beita sér fyrir breytingum í þá veru?

[12:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagði fram þrjár spurningar um meðferðarstörf og ferðakostnað aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda á þskj. 976 og hún hefur gert grein fyrir því um hvað þær eru og hvernig þær hljóða.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda skal tekið fram í upphafi að spurningar þessar eiga vart við á sviði heilbrrh. því að eins og kunnugt er heyrir öll starfsemi Barnaverndarstofu og þá um leið unglinga á meðferðarstofnunum hennar undir félmrn. sem getur betur svarað til um hvaða aðferðum er beitt á þessum stofnunum. Stofnanir Barnaverndarstofu eru ekki heilbrigðisstofnanir heldur má áætla að þar séu vandamál unglinganna skilgreind sem félagsleg vandamál og það uppbyggjandi starf sem þar fer fram í þeirra þágu fari fram á þeim nótum. Þessi meðferð er í flestum tilfellum framhaldsmeðferð eftir afeitrun ef hennar er þörf. Ungir fíkniefnaneytendur sem fá meðferð hjá heilbriðiskerfinu eru oftar sendir á Vog hjá SÁÁ og er það fyrst í stað um skammtímaafeitrun að ræða. Síðan fá þeir meðferð sína utan heilbrigðisstofnana og það einna helst á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu víðs vegar um land. Þessum meðferðum fer fjölgandi.

Þessu ferli má að mörgu leyti líkja við meðferðarferli áfengissjúklinga nema hvað sá aðili sem sér um æskulýðsmál í stjórnkerfinu, félmrn. og stofnanir þess, sjá um félagsmála-

þátt meðferðarinnar gagnvart unglingum. Heilbrigðisstarfsfólk er ekki á launaskrá hjá Barnaverndarstofu og það starfar ekki á meðferðarstofnunum hennar en þjónustusamningur hefur verið gerður við barna- og unglingageðdeildina um heimsóknartíma, sérstaklega við heimili Barnaverndarstofu að Stuðlum. Þess má geta að meðferðarheimili Barnaverndarstofu taka við unglingum með margvísleg vandamál og er leitast við að aðlaga meðferðina mismunandi félagslegum þroska ungmennanna.

Spurningar 2 og 3 eru sömu spurningar og þingmaðurinn lagði fyrir hæstv. heilbrrh. á þskj. 180 á haustþingi 1998 og var þeim svarað þar eins og fram kom í framsögu hv. þm. Heilbr.- og trmrn. hefur ekki stjórnskipulegt vald yfir þessum meðferðarstofnunum. Það hefur ekki upplýsingar um ferðir einstaklinga sem eru að fara í eða koma úr meðferð og ekki um ferðir foreldra eða aðstandenda sem taka þátt í meðferðinni. Engar reglur eru í gildi um þátttöku almannatryggingakerfisins í ferðakostnaði aðila á vegum félmrn. Hér er eins og áður segir um skilgreinda félagslega meðferð að ræða án þess að heilbrigðisstarfsfólk komi við sögu en ferðakostnaðarreglur almannatrygginga taka til sjúklinga á ferð til eða frá heilbrigðisstofnunum eða til frekari læknismeðferðar samkvæmt tilvísun læknis. Hér er ekki um það að ræða.

Þingmaðurinn spyr um það að lokum hvort heilbrrh. muni beita sér fyrir breytingu á þessu starfssviði. Það segir sig eiginlega sjálft að frumkvæði í þeim efnum verður að koma frá þeim sem fjallar um þann málaflokk. Hins vegar er heilbrrh. og heilbrrn. ætíð tilbúið til viðræðu um það sem verða má til bóta varðandi þennan viðkvæma málaflokk.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Enn og aftur kemur í ljós að það er í raun og veru ákveðinn tvískinnungur sem felst í viðurkenningu heilbrigðiskerfisins á því að áfengis- og fíkniefnaneysla sé sjúkdómur. Eins og kom fram í framsögu minni er um sjúkdóm að ræða þegar fullorðnir einstaklingar sækja sér meðferð á heilbrigðisstofnun sem fellur undir heilbrrn. Hins vegar er annað uppi á teningnum þegar um er að ræða barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum og verður mjög alvarlega veikt, og það er staðreynd sem verður að fara að horfa til mun skýrar en gert hefur verið að það er um alvarleg veikindi að ræða. Barnið fær hins vegar meðferð sína á heimili sem fellur undir félmrn., Barnaverndarstofu, og þá er ekki tekið þátt í ferðakostnaði fjölskyldu þessa unga sjúklings ef fjölskyldan vill taka þátt í meðferðinni. Menn leggja áherslu á mikilvægi þess að fjölskyldan sé þátttakandi í meðferðarstarfi. Verið er að setja upp meðferðarheimili vítt og breitt um landið en það er þannig að flest þeirra ungmenna sem hafa ánetjast fíkniefnum eru á höfuðborgarsvæðinu enda býr hér stærsti hluti þjóðarinnar. Þessir einstaklingar fara í meðferð langt frá heimabyggð sinni.

Árið 1999 sagði þáv. hæstv. heilbrrh. að það væri löngu orðið tímabært að samræma reglur sem giltu varðandi þennan málaflokk innan heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustunnar. Ég vil því skora á nýjan hæstv. heilbr.- og trmrh. sem kemur ferskur til starfa að hann fari í endurskoðun á þessum reglum og samræmingu þannig að foreldrar þessara ungu sjúklinga búi ekki við allt aðrar aðstæður en foreldrar annarra ungra sjúklinga eða annarra barna sem eiga við erfiða sjúkdóma að stríða.

[12:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það getur verið þarft að fara yfir verkaskiptingu heilbrn. og félmrn. Eins og dæmin sanna varðandi þennan málaflokk eru þar óskýrar markalínur á milli í mörgum greinum. Þó að það standi sem ég sagði í fyrsta svari mínu, að félmrh. eigi að hafa frumkvæði í þessum málaflokki, þá er ekki langt á milli okkar hæstv. félmrh. Að sjálfsögðu munum við ræða það sem betur má fara í þessum efnum.

Ég get lýst því yfir hér að ég hef áhuga á að fara yfir þá málaflokka ráðuneytanna sem skarast og skoða hvað betur má fara í þeim efnum og hvar verkaskiptingin gæti verið skýrari. Ég hef í raun ekki meiru við það að bæta á þessu stigi en skírskota til svars míns við fyrirspurn hv. þm. í þessu efni.

Hátæknisjúkrahús.

Fsp. RG, 608. mál. — Þskj. 978.

[12:19]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Út af því sem fram kom hjá hæstv. heilbrrh. má ég til með að nefna að fyrir nokkrum missirum var samþykkt tillaga um nefnd sem skoða átti skörun verkefna milli félags- og heilbrigðissviða. Nefndin hóf störf og sú sem hér stendur var kosin í hana. Það hentaði hins vegar hæstv. forsrh. að setja nefndina af og bendi hæstv. heilbrrh. á það.

Ég ber fram spurningu til hæstv. heilbrrh. um hátæknisjúkrahús. Eiginlega er hún þríþætt:

Eru uppi áform um að byggja hátæknisjúkrahús hérlendis? Hefur farið fram athugun á því hvar slíkt sjúkrahús yrði reist ef af yrði? Kemur til greina að hafa slíkt hátæknisjúkrahús í landi Vífilsstaða?

Á Alþingi hefur ekki farið fram mikil umræða um langtímamarkmið varðandi sjúkrahúsbyggingar. Bygging barnaspítala var ótrúlega lengi í umræðunni þar til hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hleypti því máli af stokkunum þegar hann var heilbrrh. Enn er langt þar til fullbúinn barnaspítali getur tekið á móti börnum. Samkvæmt fréttum eftir að fyrirspurn mín var lögð fram — ég verð auðvitað að geta þess að þessi fyrirspurn er arfur frá fyrrv. heilbrrh. — eru stjórnendur Landspítalans ásamt erlendum ráðgjöfum að skoða framtíð spítalans og hvort þróa eigi meginstarfsemi á annarri hvorri lóðanna við Hringbraut eða í Fossvogi eða byggja nýjan spítala frá grunni, t.d. í landi Vífilsstaða.

Tilefni fyrirspurnar minnar er bréf sem bæjarstjórn Garðabæjar sendi heilbrrh. í desember sl. og hafði enn ekki verið svarað þegar fyrirspurn mín var lögð fram. Í því bréfi hvetur bæjarstjórn Garðabæjar ríkisstjórn og heilbrigðisyfirvöld til að kanna hvort fýsilegt sé að byggja hátæknisjúkrahús í landi Vífilsstaða. Bendir bæjarstjórnin á ýmis rök fyrir ágæti þess, svo sem umtalsvert landrými, greiðar umferðarleiðir að svæðinu og þróun skipulags höfuðborgarsvæðisins sem geri land Vífilsstaða mjög miðsvæðis en gengið er út frá því að hátæknisjúkrahús eigi að vera miðsvæðis í þéttbýlinu. Annars vegar eru þessar spurningar vangaveltur um aðgerðir á næstu árum hjá spítalanum. Hins vegar spyr ég hvenær verði unnt að mæta breyttum tímum. Væntanlega kemur að

því að vinnutækni, breyttar kröfur og nýjungar kalli. Ég hlýt að spyrja: Hverju er spáð um breytingar í þessum efnum?

Það verður áhugavert að heyra viðbrögð hins nýja ráðherra. Ég nota tækifærið og óska honum heilla í starfi við þessi fyrstu skoðanaskipti við hann. Spurningin er: Munum við byggja á því sem fyrir er, bæta við og endurskipuleggja eða verður stefnt að byggingu hátæknisjúkrahúss og þá hvenær?

[12:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um byggingu hátæknisjúkrahúss. Fyrirspurnin er um hvort uppi séu áform um að byggja hátæknisjúkrahús hérlendis, hvort farið hafi fram athugun á því hvar slíkt sjúkrahús yrði reist ef af yrði, og hvort til greina kæmi að hafa það í landi Vífilsstaða.

Áætlanir um byggingu hátæknisjúkrahúss liggja ekki fyrir en uppbygging á slíkri stofnun er eðli málsins samkvæmt verkefni sem aldrei tekur enda. Forveri minn lýsti því yfir á fundi Læknafélagsins ekki alls fyrir löngu að það væri verðugt verkefni núverandi ríkisstjórnar að taka ákvörðun um að byggja nýjan spítala. Ég er sama sinnis. Hátæknispítali er hins vegar fyrst og fremst þjónusta sem þar er veitt en ekki byggingin sjálf.

Með sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur í Landspítala – háskólasjúkrahús var lagður hornsteinn að einu hátæknisjúkrahúsi á höfuðborgarsvæðinu. Sú mikla vinna sem farið hefur fram við sameiningu og samþættingu á þjónustu þessara tveggja stóru stofnana miðar að því að veita betri þjónustu á hagkvæman hátt. Sú vinna er í fullum gangi. Jafnframt henni er skyggnst til framtíðar í húsnæðismálum, hvort og þá hvar verði að bæta við húsnæði til skamms tíma en jafnframt hvort og þá hvar skuli koma þjónustu stofnunarinnar fyrir á einu svæði.

Nýr hátæknispítali sem byggður yrði frá grunni á einum stað er gríðarleg framkvæmd og kostnaðarsöm. Samkvæmt nýlegu mati danskra sérfræðinga telja þeir ekki þörf fyrir nýtt hús. Hins vegar er afar brýnt að móta stefnu til langs tíma í því hvernig byggt verður upp á landspítalalóðinni eða í Fossvoginum. Það var raunar eitt af því fyrsta sem ég ræddi um við forstjóra og stjórnarformann Landspítala – háskólasjúkrahúss þegar ég tók við embætti heilbrrh. Það er skynsamlegt að skoða allar leiðir í þeirri stöðu, eins og nú er gert á vettvangi stjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss, og velta fyrir sér þeim kostum sem blasa við. Fyrir liggja úttektir og álit en ég hyggst setja niður vinnuhóp ráðuneytis og sjúkrahússins til að fara yfir kostina.

Virðulegi forseti. Við skulum ekki gleyma því í þessari umræðu að jafnframt sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hefur starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verið styrkt markvisst á umliðnum árum með það að markmiði að þar sé rekin hátæknisjúkrahúsþjónusta á afmörkuðum sviðum og þjóni einkum Norður- og Austurlandi. Með ákvörðun um Akureyri sem miðstöð sjúkraflugs á landsbyggðinni, opnun nýrrar barnadeildar, uppbyggingu og aðstoð á kaupum á tækjum hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verið eflt til að sinna betur landsbyggðinni.

Önnur sjúkrahús á landsbyggðinni hafa einnig aukið starfsemi sína á afmörkuðum sviðum til hagsbóta fyrir íbúa viðkomandi svæða og landið í heild.

Virðulegi forseti. Þar sem fyrirspurn hv. þm. fjallar aðallega um höfuðborgarsvæðið, um framtíðaruppbyggingu og skipulag þeirrar heilbrigðisþjónustu sem nú og í framtíðinni verður veitt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, vil ég leggja áherslu á að það er ekki staðsetningin eða húsið sem skiptir mestu þegar við ræðum um hátæknisjúkrahús. Þar skiptir mestu þjónustan sem veitt er og sá staðfasti vilji okkar að veita hérlendis þjónustu sem er sambærileg þeirri sem veitt er hjá þeim þjóðum sem við miðum okkur við. Hvort það verður gert í einu húsi eða fleirum ræðst af því sem hagkvæmast er fyrir veikt fólk.

[12:26]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sérstaklega fyrir að hafa vakið máls á þessu atriði. Það hefur óneitanlega komið til umræðu, sérstaklega framtíð þess lands og spítalans sem við eigum á Vífilsstöðum, þess góða spítala í Garðabæ.

Vissulega er rétt að horfa til framtíðar og huga vel að öllum kostum sem kunna að bjóðast. Mér fannst ég greina í orðum ráðherrans áðan fremur neikvætt viðhorf til þess að byggja upp frekari sjúkrahússtarfsemi á Vífilsstöðum. Mig langar að fá skýrari svör hvað það varðar og ég hvet hæstv. ráðherra til að huga vel að öllum kostum, þar með Vífilsstöðum, þegar litið er til framtíðar. Ég vil ítreka að það er mjög áhugaverður kostur að byggja þar upp þessa hátæknistarfsemi.

[12:27]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn og svör ráðherra. Hann lét það koma fram að það eru ekki byggingarnar einar sér heldur starfsemin sem þar fer fram sem mestu skiptir.

Nú er verið að endurskipuleggja þetta stóra og mikla sjúkrahús, Landspítala – háskólasjúkrahús. Ég vona að í þeirri endurskipulagningu verði tekið tillit til þess að víða um land eru starfsmenn og stofnanir sem geta bætt við sig vinnu, hafa þekkingu til þess auk þess sem þörf er á aukinni þjónustu á landsbyggðinni. Æskilegt væri að það yrði sett í forgang fremur en að láta undan þrýstingi og horfa eingöngu á byggingarnar sem slíkar. En auðvitað verður líka að búa starfseminni gott húsnæði.

[12:28]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þátttöku þingmanna í þessari umræðu. Ég árétta sérstaklega að auðvitað er ég að tala um þjónustu. Við vitum það öll að tillögur Ementor, ráðgjafarfyrirtækis sem Landspítalinn hefur leitað til, eru annars vegar skammtímalausnir, þar sem litið er á það sem fyrir er, og hins vegar er horft til ársins 2020. Það þarf mjög snemma að huga að því sem hugsanlega tekur við þannig að menn fari rétt í hlutina.

Ég hef sjálf ekki tekið neina afstöðu til þess hvort byggja eigi hátæknisjúkrahús, hvar eða hvenær. En í Garðabæ hafa heyrst hugmyndir um hátæknigarð við Urriðavatn, eins konar þekkingargarð, í landi sem er reyndar í eigu Oddfellowreglunnar. Þau mál eru á byrjunarreit en hugmyndir hafa vaknað um hátæknisvæði við Vífilsstaðavatn þar sem ýmis hátæknistarfsemi gæti tengst hátæknisjúkrahúsi. Ég held að það sé alveg ljóst að hvar sem það yrði byggt þá yrði erfitt að koma því fyrir í einhverjum bitum og trúlega ekki starfsemi af því tagi sem menn mundu velja staðsetningu úti á landi. Það er reyndar gert sums staðar. Þá eru sjúklingar fluttir með þyrlum á þau svæði.

Uppbyggingin tekur aldrei enda, það er rétt. Við eigum að halda uppi góðri þjónustu. Fyrirspurn mín byggist hins vegar á því að við ráðum ekki við margt í einu. Það hefur mikið verið lagt í sjúkrahúsin sem fyrir eru en þau eru börn síns tíma. Þess vegna þarf að huga mjög snemma að því hvert skuli stefna. Til hve langs tíma á að byggja á því sem fyrir er? Hvaða verkefni eru færð til sjúkrahúsa úti á landi sem geta tekið við verkefnum? Hvenær er eðlilegt að fara að huga að undirbúningi hátæknisjúkrahúss?

[12:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram varðandi þessa umræðu að framtíðarathuganir á þessum málum eru í raun tvenns konar. Fyrst er að líta yfir sviðið næstu ár. En ég tel að þörf sé á því að sá vinnuhópur sem ég hyggst skipa líti yfir miklu lengri tíma og fari yfir þá kosti sem fyrir hendi eru. Þeir eru m.a. að starfsemin verði byggð upp með svipuðum hætti og núna er, á tveimur stöðum með breyttu skipulagi, þar sem einhverjir þjónustuþættir yrðu fluttir á milli húsa eða að meginþungi uppbyggingarinnar verði á næstu árum annaðhvort á landspítalalóð eða í Fossvogi en áfram yrði nýttur húsakostur á báðum stöðum. Einnig er fyrir hendi sá kostur að byggja upp á öðrum staðnum og leggja af sjúkrahúsþjónustu á hinum. Þess má geta að landrými er fyrir hendi til stækkunar bæði í Fossvogi og við Hringbraut. Við Hringbraut er húsnæði nú um helmingi meira en í Fossvogi.

Það mætti byggja upp hátæknisjúkrahús frá grunni á nýjum stað en það er framtíðarmál. Í því sambandi hefur landið sem Landspítalinn á við Vífilsstaði komið til umræðu en einnig hefur landsvæði á Keldnaholti verið nefnt til sögunnar í því sambandi.

Ég tel að ráðuneytið verði að koma að þessum málum á þessu stigi og að vinnan þurfi að verða tvenns konar, þ.e. að fara yfir það sem við höfum í höndunum núna í þeim skipulagsbreytingum sem þurfa að fara fram og einnig líta yfir málið til lengri framtíðar. Mér finnst það mikil nauðsyn því að bygging nýs hátæknisjúkrahúss er áratugastefnumörkun.

[12:33]

Útbýting þingskjala:

Afgreiðsla S-merktra lyfja, 727. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1198.

Íslenskir ríkisborgarar erlendis, 729. mál, fsp. SJS, þskj. 1200.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, 483. mál, nál. samgn., þskj. 1197.

Lögskráning sjómanna, 635. mál, nál. samgn., þskj. 1196.

Starfsemi kaupskrárnefndar, 730. mál, fsp. SJS, þskj. 1201.

Styrking Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, 728. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1199.

Lagaheimild til að skylda sakborninga til dvalar á meðferðarstofnun.

Fsp. MF, 617. mál. — Þskj. 989.

[12:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er staðreynd að á undanförnum árum hefur þeim unglingum fjölgað sem brotið hafa af sér þannig að mál þeirra hafa endað hjá dómstólum. Þetta er m.a. afleiðing aukinnar fíkniefnaneyslu ungmenna.

Í nokkrum tilvikum er um að ræða það alvarleg afbrot að ekki verður komist hjá fangelsisdómi. Mín skoðun er sú að þrátt fyrir ýmsar úrbætur í fangelsismálum á síðustu árum sé langt í frá að um sé að ræða bestu hugsanlegar aðstæður fyrir unglinga sem brotið hafa af sér, oftar en ekki í tengslum við vímuefnanotkun. Oft má rekja ógæfu þeirra til erfiðrar barnæsku. Hér er því um veika einstaklinga að ræða sem þyrftu þá aðhlynningu og hjálp sem litlir möguleikar eru á að veita í fangelsum landsins.

Það er því af hinu góða að samkvæmt lögum er heimilt að beita öðrum refsiúrræðum en fangelsun og í flestum tilvikum er það gert. Eins og sjá má í skýrslu Fangelsismálastofnunar er ákvörðun eða fullnustu refsingar í flestum tilvikum frestað. Það er þó bundið ákveðnum skilyrðum svo sem að viðkomandi brjóti ekki af sér á meðan á frestun stendur. En samkvæmt lögum er einnig heimilt að beita öðrum skilyrðum sem m.a. er ætlað að stuðla að því að sá sem gerst hefur brotlegur við lög bæti sig á skilorðstímanum. Þessar nokkuð víðtæku heimildir eru mikilvægar þegar horft er til unglinga sem brotið hafa af sér. Þær eru hins vegar algjörlega gagnslausar ef ekki er hægt að fylgja þeim eftir þegar dómstólar hafa ákveðið að þeim skuli beitt.

Ein slík heimild er í 4. tölulið 57. gr. almennra hegningarlaga. Þar er kveðið á um að skikka megi þann sem brotið hefur af sér til dvalar á meðferðarstofnun eða hæli, eins og það er orðað í lögunum, í tiltekinn tíma, allt að 18 mánuðum, ef venja þarf hann eða hana af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að einu ári.

Í erindi sem Ingibjörg Benediktsdóttir, nýskipaður hæstaréttardómari, hélt fyrir u.þ.b. ári á málþingi um unga afbrotamenn kom fram að þessari heimild hefði afar sjaldan verið beitt af dómstólum, fyrst og fremst vegna þess að ef sakhæfur unglingur sem brotið hefur af sér er skikkaður til dvalar á sjúkrastofnun eða meðferðarheimili er engin trygging fyrir því að laust pláss á slíkum stofnunum sé fyrir hendi. Því er dómstólum gert erfitt um vik að nýta heimildina.

Í erindi Ingibjargar kom fram að á árunum 1994–1998 hafi þessu úrræði aðeins verið beitt tvisvar sinnum þegar um var að ræða unga afbrotamenn. Það er alvarleg staðreynd að í sumum tilvikum er ekki einungis um það að ræða að erfitt getur reynst að fylgja eftir ákvörðun dómstóla þegar sérstökum skilyrðum er beitt við frestun á ákvörðun eða fullnustu refsingar heldur getur aðstöðuleysi beinlínis komið í veg fyrir að úrræði eins og það að skikka unga afbrotamenn í meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu sé notað af dómstólum. Því spyr ég:

Hversu oft á árunum 1995–2000 hafa dómstólar beitt ákvæði 4. tölul. 57. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að heimilt sé að skylda sakborning til dvalar á meðferðarstofnun í allt að 18 mánuði vegna áfengis- og deyfilyfjanotkunar, og hve oft hafa átt í hlut sakborningar 18 ára og yngri?

[12:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn en með henni er hreyft mjög mikilvægu málefni sem hefur verið til umfjöllunar í dómsmrn. um nokkra hríð. Ég vil geta þess að gripið hefur verið til ýmissa úrræða til að sporna við afbrotum ungmenna án þess að ég ætli að rekja þau í einstökum atriðum. Í þessu sambandi vil ég einnig vísa til

skýrslu samstarfsnefndar ráðuneyta um unga afbrotamenn frá því í maí 1999.

Á því tímabili sem fyrirspurnin lýtur að hafa dómstólar í sex skipti beitt umræddri heimild til að binda refsidóm því skilyrði að dómþoli dvelji á meðferðarheimili. Í þremur þessara tilvika hafa átt í hlut sakborningar yngri en 18 ára. Ég ætla í stuttu máli að gera grein fyrir þessum dómum vegna þess að ég held að þeir skýri málið nokkuð vel.

Í fyrsta dóminum, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. apríl 1996, var um að ræða mann á fimmtugsaldri sem sakfelldur var fyrir að aka bifreið í nokkur skipti sviptur ökurétti. Ákærði átti langan sakaferil að baki en með brotunum rauf hann skilorð reynslulausnar sem hann hafði hlotið. Í málinu lá fyrir vottorð geðlæknis sem lagði til að meðferð kæmi í stað refsingar til að losa ákærða undan vímuefnafíkn og meðhöndla andleg veikindi hans. Með hliðsjón af þessu var refsing ákærða ákveðin fangelsi í átta mánuði. Hún var m.a. bundin því skilyrði að ákærði færi til sex mánaða dvalar á geðsjúkrahúsi og dveldist að því loknu í tólf mánuði á vernduðu heimili. Hafði dómarinn gengið úr skugga um að slík meðferð stóð ákærða til boða.

Í öðrum dóminum, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjaness þann 18. nóvember 1997, var um að ræða 21 árs mann sem sakfelldur var fyrir eignaspjöll með því að hafa lagt eld að bifreið. Ákærði hafði áður verið dæmdur fyrir íkveikju og með broti sínu rauf hann skilorð reynslulausnar. Í málinu lágu fyrir gögn sérfræðinga um áfengisfíkn ákærða og um andleg veikindi hans. Refsing ákærða var ákveðin fangelsi í 13 mánuði, þar af tíu skilorðsbundnir. Meðal skilyrða var að ákærði dveldist allt að einu ári á viðeigandi hæli ef það yrði að mati umsjónaraðila talið nauðsynlegt.

Þriðji dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. nóvember 1998. Í því máli var ákærði sakfelldur fyrir óvenju mörg brot gegn hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, en brot þessi voru að mestu leyti framin þegar ákærði var 17 ára. Ákærði átti við áfengisvanda að stríða og persónuleikaröskun. Með brotum þessum rauf ákærði skilorð eldri dóms. Refsing ákærða var ákveðin skilorðsbundið fangelsi í 15 mánuði. Var frestun fullnustu refsingar m.a. bundin því skilorði að ákærði gengist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, allt að sex vikum, til að venja hann af notkun áfengis eða deyfilyfja. Í málinu lá fyrir að yfirlæknir SÁÁ var reiðubúinn að hafa yfirumsjón með meðferð ákærða.

Fjórði dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. mars 1999. Í því máli var 23 ára maður sakfelldur fyrir að aka tvívegis sviptur ökurétti. Ákærði hafði að baki nokkurn sakaferil vegna brota á umferðarlögum og áfengislögum og með broti sínu rauf ákærði skilorð fyrri dóms. Í málinu lá fyrir mat geðlæknis á áfengisvanda ákærða og þunglyndi hans. Refsing ákærða var ákveðin fangelsi í sex mánuði og var frestun fullnustu refsingar m.a. bundin því skilorði að ákærði færi í áfengismeðferð og stundaði síðan framhaldsmeðferð og meðferð við þunglyndi.

Fimmti dómurinn er frá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. maí 1999. Í því máli var um að ræða dreng sem á aldursbilinu 16–17 ára hafði gerst sekur um kynferðisbrot gegn ungum stúlkubörnum. Í málinu lágu fyrir ítarlegar upplýsingar um andlegan vanþroska ákærða. Með hliðsjón af því og ungum aldri ákærða var refsing ákveðin skilorðsbundið fangelsi í átta mánuði en frestun fullnustu refsingar var m.a. bundin því skilorði að ákærði gengist undir sálfræðimeðferð á skilorðstímanum.

Sjötti dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 4. febrúar árið 2000. Þar var ungur drengur sakfelldur fyrir að hafa framið kynferðisbrot gegn barnungri systur sinni þegar hann var 15 ára. Drengurinn hafði búið við mjög erfiðar heimilisaðstæður og átti við mikinn vanda að stríða. Frestað var að ákveða refsingu ákærða en skilorð var m.a. bundið því að ákærði gengist undir sálfræðimeðferð á skilorðstíma og dveldist eftir ákvörðun barnaverndaryfirvalda í allt að eitt ár á meðferðarheimili.

Ég taldi rétt að gera grein fyrir þessum dómum þar sem ákvörðun eða fullnusta refsinga var bundin því skilyrði að dómþoli gengist undir vistun á meðferðarstofnun. Vissulega hafa dómstólar ekki beitt þessari heimild í ríkum mæli og því má e.t.v. halda fram að ástæða sé til að grípa til hennar oftar. Á hinn bóginn verður að hafa hugfast að frumforsenda þess að meðferð skili árangri er að sá sem í hlut á gangist sjálfviljugur undir meðferð og hlíti henni. Þvinguð meðferð er ekki til þess fallin að skila árangri og því væri með öllu ástæðulaust fyrir dómstóla að beita þessari heimild í beinni andstöðu við þann sem í hlut á. Einnig er nauðsynlegt þegar þessu úrræði er beitt að fyrir liggi að dómfellda standi meðferð til boða sem líkleg er til að skila árangri. Það virðist hafa verið raunin í þeim málum sem ég hef hér rakið.

Ég mun koma að fleiri atriðum, herra forseti, í seinni ræðu minni.

[12:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka þessa fyrirspurn og svar ráðherrans. Ég verð að viðurkenna að það kemur mér á óvart. Ég býst við að ég hafi átt von á að fleiri tilfelli ungra neytenda ættu þarna í hlut. Það hlýtur að vera mjög brýnt og afskaplega þýðingarmikið að við leitum allra leiða til þess, þegar ungt fólk á í hlut, að kalla eftir meðferð af öllu tagi og hjálpa fólki á rétta braut.

Þá vakna spurningar um hvort hugsanlegt sé að okkur vanti úrræði í þessum tilfellum. Ráðherrann nefnir að mikilvægt sé að einstaklingur fari sjálfviljugur í meðferð. En það hlýtur að vera að flestir kjósi fremur meðferð en t.d. fangelsi og þetta hlýtur að þykja nokkuð vænlegur kostur þegar í óefni er komið.

Ég vil sérstaklega þakka að ráðherra skyldi fara svo ítarlega yfir þetta og ber fram þessar spurningar.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hennar. Þau voru nokkuð á þá lund sem ég átti von á, þ.e. að ekki eru mörg ungmenni skikkuð á skilorðstíma til að fara í meðferð. Það er í samræmi við það sem kom fram í erindi Ingibjargar Benediktsdóttur sem flutt var á ráðstefnu um sakhæf börn. Erindið heitir reyndar: Staða sakhæfra barna á aldrinum 15–18 ára sem sakborninga — meðferð og möguleg refsiúrræði. Þar segir hún mjög skýrt að vandinn sé sá að dómstólar leysa ekki fíkniefnavanda unglinga með því að beita þessari heimild, þ.e. þeirri heimild sem spurningin fjallar um, ef ljóst er að ekki er fyrir hendi pláss á sjúkrastofnunum og vilji er ekki fyrir hendi hjá stjórnvöldum til að leysa þann vanda.

Hún tekur einnig fram að vissulega mætti beita auknum þrýstingi af hálfu dómstóla á stjórnvöld til þess að fleiri meðferðarúrræði væru til staðar með því að beita oftar þessu

ákvæði, en hins vegar sé það ekki rétt því að ef settar eru heimildir í lögin um mismunandi refsiúrræði þá á auðvitað að vera hægt að fylgja þeim eftir.

Það er því miður þannig að þegar beitt er sértækum ákvæðum á fullnustutíma þá eru ekki alltaf aðstæður til þess að fylgja eftir. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan eru menn m.a. dæmdir til að gangast undir meðferð hjá sálfræðingi á meðan á skilorði stendur.

Það væri hins vegar fróðlegt að velta því fyrir sér hvort það væri brot á skilorði að ef einstaklingur mætti ekki í tíma hjá sálfræðingi þá yrði hann sviptur frelsi. Og hver á að líta eftir því? Hvernig við getum framfylgt þeim lögum sem eru í gildi er auðvitað spurning sem við hljótum að velta fyrir okkur hverju sinni og finna bestu leiðirnar.

[12:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég ítreka þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa við þessu mikilvæga máli og þeim hv. þm. sem kom að þessu einnig.

Málefni ungra afbrotamanna þurfa að vera til viðvarandi athugunar og beita verður öllum tiltækum ráðum til að sporna við því að ungt fólk leiðist út á braut afbrota.

Eins og ég vék að í fyrri ræðu minni hafa dómstólar ekki í ríkum mæli beitt heimild til að binda skilorðsdóma við meðferð á stofnun en þessu úrræði er þó beitt og það er mat mitt að vel komi til álita að beita því í enn ríkari mæli og fyrir því mun ég beita mér af fremsta megni. Ég vil þó taka fram að vitanlega eiga dómstólar lokaorð í þessum efnum.

Ég tel fulla ástæðu til að ætla að dómstólar til framtíðar litið muni beita þessu úrræði oftar, enda hefur þróunin orðið sú að nú standa fleiri og betri úrræði til boða en áður var. Þótt umræddri heimild til að binda refsingu á skilorði um meðferð hafi ekki verið beitt í ríkum mæli, vil ég geta þess að meðferðarúrræði nýtast ungum afbrotamönnum einnig með öðrum hætti.

Um nokkurra ára skeið hefur verið í gildi samkomulag milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um að ungir afbrotamenn sem dæmdir eru í óskilorðsbundna refsingu taki refsingu sína út með dvöl á meðferðarstofnun fyrir ungmenni sem eiga í vanda vegna eigin hegðunar. Með þessu er verið að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að ungir afbrotamenn dvelji í fangelsum, enda getur slík vistun verið mjög óheppileg. Er ótvírætt að önnur og vægari úrræði eru mun vænlegri til árangurs með velferð þessara barna í huga og því ber að beita slíkum úrræðum eftir því sem frekast er unnt.

Þegar það reynist á hinn bóginn óhjákvæmilegt að ungmenni taki refsingu sína út í fangelsi er mjög mikilvægt að standa að fullnustu þannig að hún verði ungmenni ekki til skaða. Í því sambandi sé ég fyrir mér nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu sem geti haft mikilvægu hlutverki að gegna, svo sem varðandi greiningu, þannig að unnt sé að koma til móts við mismunandi þarfir fanga.

Þá vil ég að lokum geta þess að ég hef beitt mér fyrir því að skilorðseftirlit verði eflt og þar hefur verið bætt við starfskrafti. Skilorðseftirlit gegnir mikilvægu hlutverki. Og ef vel tekst til getur það verið skjólstæðingi til aðstoðar ef eitthvað bjátar á og jafnvel getur það komi í veg fyrir að hlutirnir fari á verri veg ef nógu fljótt er gripið inn í.

Skólaskip fyrir grunnskólanemendur.

Fsp. KPál, 696. mál. — Þskj. 1112.

[12:49]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Rekstur skólaskips hefur verið draumur margra unnenda sjómennskunnar, þeirra á meðal hæstv. núverandi utanrrh. sem lét byggja sérstakt skólaskip fyrir tæpum 20 árum. Fleiri áhugamenn um skólaskip og rekstur slíks skips eru hér á hinu háa Alþingi, m.a. sá sem hér stendur.

Sérstakur samningur var gerður fyrir þremur árum við Hafrannsóknastofnun um að hafrannsóknaskipið Dröfn yrði rekið sem skólaskip hluta úr ári. Þetta fyrirkomulag hefur tekist afskaplega vel, enda færustu vísindamenn landsins þar um borð sem hafa uppfrætt ungt fólk um lífið í sjónum og hvernig veiðarfæri eru notuð.

Mikil óvissa hefur verið um þennan rekstur eftir að tveggja ára reynslutíma lauk í fyrra og sveitarfélögin hafa hafnað þátttöku í rekstrinum. Í mínum huga væri það meiri háttar uppgjöf ef rekstri skips sem þjónaði grunnskólum landsins um innsýn í þennan mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar yrði hætt. Sú skoðun mín hefur reyndar lengi verið og margra hér inni. Því er mjög mikilvægt að slíkum rekstri verði haldið áfram og nauðsynlegt fjármagn fengið svo ungmenni fái tækifæri til að kynnast þessum atvinnuvegi beint í ferðum með slíku skipi.

Til að draga þetta mikilvæga og ég mundi segja ánægjulega mál fram í dagsljósið hér á hinu háa Alþingi, þá ákvað ég að leggja fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. Ég veit að skólafólk bíður eftir því að fá að vita hvað verður um rekstrinn á næsta ári og hvernig honum verði háttað. Það verður að segjast eins og er að ekki hefur borið mikið á því meðal sveitarstjórnarmanna að mikilvægi þessa máls hafi komist til þeirra, en ég vona að hægt verði að ná slíkum áhuga upp með umræðu.

Ég hef af þessum ástæðum, herra forseti, lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh., sem hljóðar svo:

1. Hve margir nemendur hafa farið með skólaskipinu Dröfn meðan það hefur þjónað sem slíkt?

2. Frá hve mörgum grunnskólum koma þessir nemendur og hve mörgum sveitarfélögum?

3. Hver hafa viðbrögð nemenda og kennara verið við ferðum skólaskipsins?

4. Hvernig hefur kennsla farið fram um borð í bátnum?

5. Hvernig hyggst ráðherra haga rekstri skólaskips í framtíðinni?

[12:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Skólaskipið Dröfn er tilraunaverkefni sem sjútvrn., Hafrannsóknastofnun og Fiskifélag Íslands standa að. Efnt var til þess á Ári hafsins árið 1998 og skyldi flestum íslenskum ungmennum í elstu bekkjum grunnskóla gefast tækifæri til að kynnast sjómennsku og rannsóknum er tengjast hafinu. Nefndin sem lagði til að farið yrði í tilraunaverkefni lagði til að það skyldi vera tímabundið af hendi ríkisvaldsins og þótti eðlilegt að leitað yrði eftir þátttöku sveitarfélaganna sem reka grunnskólana í landinu í verkefninu.

Að skólaskipsverkefninu er staðið með myndarlegum hætti. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands hafa haft

umsjón með framkvæmd þess og var rannsóknaskipið Dröfn RE-35, 150 tonna stálskip leigt í verkefnið í 60 daga á ári, en skipið er rekið af Hafrannsóknastofnuninni. Líffræðingur frá Hafrannsóknastofnuninni er um borð og fræðir nemendur um hafrannsóknir og þær lífverur sem veiðast.

Á þeim þremur skólaárum sem skipið hefur starfað sem skólaskip hafa hátt í sex þúsund nemendur farið í fræðsluferðir með skólaskipinu. Nemendur koma úr rúmlega 50 skólum landsins frá næstum 20 sveitarfélögum.

Viðbrögð við þessu nýja skólaskipsverkefni hafa verið á einn veg, mikil og almenn ánægja með það, bæði nemenda og kennara. Spurn eftir að komast í ferðir hefur verið miklu meiri en hægt hefur verið að anna.

Það er samdóma álit þeirra sem að því hafa komið að mjög vel hafi tekist til. Og þó að sumir nemenda hafi fundið fyrir sjóveiki, eða fundist fiskvinnslan um borð heldur ógeðfelld hafa allir nemendur farið reynslunni ríkari frá borði.

Hver ferð með skólaskipinu tekur um þrjár klukkustundir. Farnar eru tvær ferðir á dag og er fjöldi nemenda oftast á bilinu 12–17. Tekið er á móti nemendum á þilfari skipsins og fer stýrimaður yfir öll helstu björgunartæki. Í matsal skipsins fá nemendur fræðslu um hafið í kringum Ísland, 200 mílna efnahagslögsöguna og tilgang hennar, ásamt því að ræða mikilvægi hafsins sem auðlindar og umgengni um hana.

Lögð var áhersla á haf- og fiskirannsóknir og mikilvægi þeirra og nemendum sýnd stutt myndbönd um rannsóknir á þorski. Spjallað var við nemendur um lífverur sjávar og rædd hugtök, svo sem hrygning, hængur, seiði, lirfa og veiðistofn. Síðan eru veiðarfæri og veiðiaðferðir kynntar. Skoðað er í krabbagildrur, síðan er botnvarpa sett út, einstakir hlutar hennar útskýrðir og hugtök sem notuð eru í því sambandi.

Nemendum þykir mikið til koma allur hamagangurinn og lætin. Á meðan togað er safnast nemendur fyrir í matsalnum og eru þeim sýnd myndbönd með neðansjávarmyndum þar sem vel sést hvernig botnvarpan dregst eftir botninum og veiðir og hvernig fiskar lenda í vörpunni.

Rétt fyrir hífingu safnast nemendur fyrir í brú skipsins og þar segir skipstjórinn þeim frá stjórntækjum og hlutverki þeirra. Þar koma fyrir framandi orðasambönd eins og stjórnborði og bakborði, baujur og gírakompás og spinnast þá skemmtilegar umræður.

Nemendurnir rifja líka upp og setja það sem þau læra í skólanum í samhengi við þessa umræðu. Til að mynda reyna þau að reikna hraða skipsins, mílur á klukkustund yfir í kílómetra á klukkustund og heimfæra stefnu skipsins á gráðubogann sinn.

Þegar botnvarpan er hífð er aflinn skoðaður og nemendur látnir spreyta sig á að þekkja fisktegundir. Fiskarnir eru krufnir og meltingarvegurinn, hjartað og taugakerfið skoðað og innihaldið greint. Þegar búið er að gera helstu líffræðilegu athuganir á fiskinum er nemendum kennt að gera að aflanum og ganga frá honum. Og þegar í land er komið fá allir sem vilja að taka heim með sér þá fiska sem þeir höfðu gert að og flakað.

Verkefnisstjórn hefur umsjón með skólaskipsverkefninu. Hún fékk það tvíþætta verkefni að kanna áhuga á rekstri svona fræðsluskips annars vegar, en einnig að freista þess að fá sveitarfélögin sem reka grunnskólann til að koma að fjármögnum rekstrar þess. Kostnaður við skólaskipið hefur verið um 11 millj. á ári undanfarin þrjú ár.

Verkefnisstjórn þykir sýnt að mikill áhugi er á skólaskipi meðal skólafólks og eldri árganga grunnskólabarna. Þrátt fyrir umtalsverða umfjöllun um skólaskipið í fjölmiðlum hefur þessi áhugi og ánægja með þá fræðslu sem þar fer fram hvorki skilað sér til sveitarstjórnarmanna, aðstandenda skólastarfsins, skólabarna, né annarra sem láta fjárveitingar sveitarfélaga til sín taka. Í stuttu máli má segja að allir vilji hafa skólaskip en enginn taka þátt í að borga fyrir það.

Verkefnisstjórn hefur gert tvær atrennur að því að virkja sveitarstjórnendur til þátttöku í rekstri skólaskipsins. Samband íslenskra sveitarfélaga hafnaði formlega 18. ágúst sl. að styrkja verkefnið og telur heldur ekki mögulegt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki þátt í fjármögnun þess.

Að þessu svari fengnu var öllum sveitarfélögum í landinu sent erindi í gegnum svæðisbundin samtök sveitarfélaga. Heimtur voru ekki góðar og meiri hluti þeirra sveitarfélaga sem svöruðu höfnuðu því að vera með. Þó lýstu innan við tíu sveitarfélög, flest lítil, sig reiðubúin til þátttöku.

Ljóst virðist því vera að sveitarfélögin muni ekki koma að verkefninu í sameiningu og erfitt er að sjá hvernig hægt er að koma því saman að reka skipið einungis fyrir börn úr þeim sveitarfélögum sem hafa lýst vilja til að koma að rekstri þess. Fyrir liggur að tilraunatími verkefnisins er liðinn og verður því að óbreyttu hætt um næstu áramót. Sjútvrn. og Alþingi hlupu um síðustu áramót undir bagga og tryggðu rekstur skipsins í ár í viðbót.

Herra forseti. Sjútvrn. telur verkefnið mikilvægt og vill þess vegna áfram leggja fram helming af núverandi kostnaði við rekstur þess og hefur svigrúm til þess innan síns ramma. En til þess að rekstur skipsins sé tryggður þarf að koma til jafnhá upphæð til viðbótar, herra forseti.

[12:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir mjög skýr og greinargóð svör. Mér fannst einnig þessi lýsing á starfinu um borð og því sem verið er að kynna fyrir ungmennum mjög góð og sönn lýsing hjá hæstv. ráðherra, þannig að ég er mjög ánægður með það hvernig þetta hefur verið borið fram hér í þinginu.

Ég er einnig mjög ánægður með að hæstv. ráðherra lýsir yfir vilja ráðuneytisins til þess að leggja sitt af mörkum til að þessi rekstur megi halda áfram, þó svo við eigum við ákveðin vandamál að etja gagnvart sveitarfélögunum. Og ég tek undir að mjög erfitt er að sjá hvernig hægt verði með óbreyttum rekstri — ef sveitarfélög vilja ekki vera með — að útiloka skólabörn frá þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnirnar sýna engan vilja til þátttöku. Það er því augljóst að þetta verður trúlega að vera meira og minna í höndum ríkisins um tíma, en það má nú reyna eina atlögu enn við sveitarfélögin og vita hvort ekki sé hægt að auka skilning á þessu mjög mikilvæga verkefni.

Ég held, herra forseti, að þegar kemur að því að fá fjármagn til að mæta þeim helmingi sem hæstv. sjútvrh. er tilbúinn til að leggja fram, þá komi til kasta Alþingis. Ég á ekki von á öðru en að á Alþingi sé meiri hluti fyrir því að halda þessum rekstri áfram fyrst hæstv. sjútvrh. fyrir sitt leyti tekur svo vel í að gera það.

Út af dagskrá voru tekin 14.–18. mál.

Fundi slitið kl. 13:00.

118. FUNDUR

miðvikudaginn 9. maí,
að loknum 117. fundi.

Dagskrá:

1. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 369. mál, þskj. 585. — 3. umr.

2. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 414. mál, þskj. 674. — 3. umr.

3. Hönnun, stjfrv., 505. mál, þskj. 1159. — 3. umr.

4. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 641, nál. 1152, brtt. 1153. — 2. umr.

5. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724, nál. 1154. — 2. umr.

6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 482. mál, þskj. 768, nál. 1155. — 2. umr.

7. Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 554. mál, þskj. 860, nál. 1156. — 2. umr.

8. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[Fundarhlé. — 13:00]

Tilkynning um breytingu á embættum fastanefnda.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa svohljóðandi tilkynningar, dagsettar 8. maí 2001:

„Á fundi utanrmn. 3. maí sl., var Magnús Stefánsson kjörinn varaformaður utanrmn.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Og: „Á fundi félmn. 3. maí sl. var Magnús Stefánsson kjörinn varaformaður félmn."

Umræður utan dagskrár.

Efnahagsmál og gengisþróun krónunnar.

[13:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hygg að mörgum muni hafa þótt nokkuð bratt farið þegar ríkisstjórnin ákvað á sama deginum, 29. mars sl., að fella burt vikmörk krónunnar, taka upp verðbólgumarkmið við stýringu peningamála, lækka vexti og afhenda Seðlabankanum frelsi til að stýra peningamálum innan gefinna markmiða sem ríkisstjórnin ákvað.

Krónan hefur verið á lækkunarferli í tæpt ár og hefur misst 10–15% af verðgildi sínu frá því verðbólgumarkmiðið var tekið upp. Á undanförnum 12 mánuðum hefur gengi krónunnar lækkað um 20–30%. Ef gengislækkun síðustu viku gengur ekki öll til baka er nær öruggt að verðbólga fari yfir það 6% hámark sem ríkisstjórnin hefur sett fyrir verðbólgumarkmið á þessu ári, sé tekið mið af spá Seðlabankans frá 26. apríl sl.

Nú er það svo að Seðlabankinn hefur aðeins haft sjálfstæði í um tvo mánuði. Núverandi ástand er að mestu leyti hægt að rekja til þess er gerðist þegar bankinn laut beinni stjórn frá forsrn. Seðlabankinn hefur fá stjórntæki til ráðstöfunar til að halda niðri verðbólgu fyrir utan vaxtahækkanir og sölu á gjaldeyri. Þessum stjórntækjum hefur verið beitt til hins ýtrasta á síðustu missirum. Vextir hér eru mjög háir og geta vart hækkað án þess að skapa hættu á fjármálakreppu og gjaldþrotum. Krafan er um að þeir lækki.

Því er spurt: Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að halda verðbólgu innan þeirra marka sem stjórnvöld hafa sjálf sett? Hærri verðbólga rýrir ekki aðeins kaupmátt almennings heldur hækka skuldir heimilanna sem eru flestar verðtryggðar. Verðhækkanir ráðast ekki aðeins af þeirri peningamálstefnu sem Seðlabankinn fylgir heldur skipta aðgerðir ríkisvaldsins miklu máli. Það er þekkt staðreynd að erfitt er að ná verðbólgunni niður ef hún nær sér á strik. Í sjálfu sér er lofsvert að hvetja þjóðina með bjartsýni og góðum væntingum en þar þarf líka að stilla í hóf og halda sig nærri raunveruleikanum.

Viðskiptahallinn hefur verið geigvænlegur síðustu ár. Hann var 44 milljarðar árið 1999 en um 70 milljarðar árið 2000, eða um 10% af þjóðarframleiðslu. Hallinn er líklega þrefalt meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Uppsafnaður viðskiptahalli síðustu 3–4 ára nemur um 160 milljörðum kr., þ.e. nálægt fjórðungi af landsframleiðslu, og gengistap síðasta árs vegna þeirra erlendu skulda sem teknar voru til að fjármagna hann nemur um 50 milljörðum kr. Þessi halli hefur sett mikinn þrýsting á krónuna og er því stór áhrifavaldur þeirra verðhækkana sem nú eru að koma fram. Langvarandi viðskiptahalli, fjármagnaður með erlendum lánum þýðir einnig að umsvif þjónustu og verslunar vaxa langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu og útflutningstekjum gefur tilefni til. Þetta hefur einkum átt sér stað á suðvesturhorninu.

Það breytir litlu fyrir stöðu þjóðarbúsins í heild hvort það er ríkissjóður, einstaklingar eða fyrirtæki sem hafa stofnað til þessara erlendu skulda og bera ábyrgð á viðskiptahallanum. Íslenskar fjármálastofnanir, íslensk fyrirtæki, íslensk heimili og íslenskt atvinnulíf er í ábyrgð þegar kemur að skuldadögunum, enda verðum við ræki lega vör við það þessa dagana.

Tímabundnar erlendar lántökur og skuldsetning er réttlætanleg þegar átak er gert til að byggja upp og treysta grunnstoðir þjóðfélagsins, svo sem hækka almennt menntunarstig, styrkja almannaþjónustu og önnur stoðkerfi atvinnulífsins. En sá viðskiptahalli er hættulegur sem stafar af aukinni neyslu eða óráðsíu, fjárfestingum í falskri atvinnuuppbyggingu eða leiðir til mikilla búferlaflutninga og þjóðfélagsumróts. Stefna stjórnvalda í peningamálum, atvinnumálum, byggðamálum og velferðarmálum hefur búið þann farveg sem við föllum nú eftir.

Herra forseti. Um helmingur útflutningstekna okkar koma frá sjávarútvegi. Eitt af loforðum beggja ríkisstjórnarflokkanna fyrir kosningar var endurskoðun stefnunnar í fiskveiðimálum. Friður og sátt, verndun og sjálfbær nýting sjávarfangs er ein af forsendum hagsældar og búsetu þjóðarinnar í landinu öllu. Hvað líður þessari endurskoðun sem lofað var? Á þessum vettvangi ríkir engin sátt og langvinnar kjaradeilur skaða nú hagi allra landsmanna. Samningur við vélstjóra í nótt er þó ljóstýra.

Herra forseti. Það er dapurlegt til að vita að lausatök ríkisstjórnarinnar í peningamálum og rangar áherslur í efnahags-

og atvinnumálum verði vatn á myllu þeirra sem vilja selja fullveldi þjóðarinnar og sjá Ísland sem allra fyrst sem eitt af löndum Evrópusambandsins. Fjármögnun daglegs lífs með erlendum lántökum við núverandi aðstæður brenglar allt gildismat þjóðarinnar og leiðir hana á fullkomnar villigötur. Að óbreyttu er hættan sú að hér þróist hagkerfi efnahags- og atvinnulífs sem verður háð viðskiptahallanum og ræður illa við að snúa af þeirri braut.

Herra forseti. Er aðgerða að vænta af hálfu ríkisstjórnarinnar sem muni rétta af þessa stefnu þjóðarskútunnar?

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi miðvikudagur og miðvikudagurinn fyrir viku segja heilmikla sögu. Á þeim fyrra miðvikudegi, þegar menn höfðu í upphafi fundar tækifæri til að ræða málin, ræddu menn af miklu kappi og áfergju um agúrkur eins og menn muna. Seinna um daginn komu fréttir um að gengið hefði fallið um 6% frá deginum áður. Það varð mikið uppþot og gauragangur hér í húsinu. Talað var um að það ætti að fara að senda þingið, eins og það er orðað, í vinnuviku, nefndaviku. Talað var um að þetta væri blóðugasti dagurinn í efnahagslífi Íslendinga. Og ekki nóg með það heldur sagði hv. síðasti ræðumaður við það tækifæri að hér væri allt að hruni komið vegna þessa atburðar.

Nú hefur þessi 6% gengisfelling öll gengið til baka. Eins og gengið stendur í dag er öll 6% gengisfellingin gengin til baka. Blóðið er sem sagt runnið í æðarnar aftur. Stundum er sagt að erfitt sé að koma tannkremi inn í tannkremstúpu, sem út úr henni er komið, en það hefur líka þótt erfitt að koma í æðar blóði sem úr þeim hefur runnið.

En svona var gauragangurinn þá. Hér var allt komið á heljarþröm. Við sögðum, einhverjir, að menn ættu að halda ró sinni, enda væri bersýnilegt að þetta væri gengislækkun sem ekki ætti rót að rekja til efnahagslegra staðreynda. En það kom maður í sjónvarpsþátt og sagði: „Ég hef verið sakaður um að segja að sprengja mundi springa, nú er hún sprungin.“ Ég mundi nú ekki betur en sprengjan væri þá að springa í sjötta sinn. Það man ég frá mínum gamlárskvöldum að sprengjur sem sprungu sex sinnum voru ekki sprengjur, það voru púðurkerlingar. Þegar maður hugsar til púðurkerlingarinnar þá verður nú stutt í púðurkarlinn.

Sprengjan var sem sagt að springa endanlega. En nú er hún sem sagt afsprungin, væntanlega, fyrst hún sprakk við þessa 6% gengislækkun sem er öll gengin til baka í dag. Síðast þegar fréttist var hún öll gengin til baka. Auðvitað má vel vera að þetta sveiflist eitthvað til í dag, það getur vel verið. Ég hef ekki hugmynd um það og við sjáum það klukkan fjögur. (Gripið fram í.) Við sjáum það klukkan fjögur. En frá því á miðvikudaginn, þegar ósiðlegt þótti að senda þingið, eins og það var orðað, í vinnuviku án þess þess að grípa til aðgerða þá hefur hinn hræðilegi atburður allur gengið til baka. Þetta segir manni að fara eigi varlega í hin stóru orð og miklu upphlaup. Menn mega ekki fá þann stimpil á sig að þeir séu eingöngu upphlaupsmenn sem lifa fyrir upphlaupin. Menn mega ekki tala mjög óvarlega, m.a. út frá efnahagslegum ástæðum. Þessi saga sannar okkur það svo ekki sé meira sagt.

Hér var nefnt að Seðlabankinn hefði talið að ef allt gengi fram eins og bankinn mæti það yrði verðbólgan innan settra markmiða, innan viðmiðunarmarka. Hv. málshefjandi sagði hér áðan að ef þessi 6% gengislækkun gengi ekki til baka þá yrði hún ekki innan viðmiðunarmarka. Þau hafa nú gengið til baka í dag, aðeins viku síðar. Menn fundu að það var rangt hjá stjórnarandstöðunni að gengislækkunin ætti rót í efnahagslegum staðreyndum á Íslandi. Það er þýðingarmikið að menn átti sig á því að breytingarnar sem þarna urðu áttu sér ekki rót í efnahagslegum staðreyndum á Íslandi.

Það var mjög fróðlegt að sömu aðilar og höfðu kallað eftir því að Seðlabankinn fengi aukið sjálfstæði og fagnað því heimtuðu örfáum vikum síðar að gripið yrði til aðgerða upp á gamla mátann af hálfu ríkisins, ekki bankans. Það var nú allur stöðugleikinn. Það var eiginlega meira flökt í stjórnmálamönnum en í genginu og er þá mikið sagt.

Reyndar er eiginlega þýðingarmeira að minna flökt sé í stjórnmálamönnum. Það gerir minna til þótt flökt sé í genginu til og frá eins og fyrirkomulagið. Því var komið á fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar í góðri sátt við stjórnarandstöðuna að því er maður hélt. En þeir hurfu frá því á örfáum dögum með sama hætti og leiðtogi Samfylkingarinnar sem sagði fyrir átta mánuðum að það ætti að bregðast við þenslunni með því að hækka skatta. Hann kemur nú og leggur til að skattar verði lækkaðir, átta mánuðum síðar. Það er ekki hald í einu eða neinu heldur hlaupið frá, þar er flökt, ekki um 6% heldur um 60% í stefnu, frá því að stórhækka skatta í að lækka þá. Þannig er ekki hægt að haga sér í efnahagsmálum.

Ríkisstjórnin mun fylgja fast fram þeirri stefnu sem hún hefur fylgt. Hún mun sýna aðgæslu og gætni eins og hún hefur gert. En hún mun líka halda ró sinni. Það er meginviðfangsefni stjórnmálamanna að halda ró sinni þó að eitthvað smávegis dynji á, rétt eins og skipstjóri á skútu. Sá skipstjóri sem stykki fyrir borð við minnsta goluþyt, ef ölduhæðin er komin í tvo metra, yrði ekki lengur skipstjóri á bátnum.

[13:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það væri óskandi að hæstv. forsrh. yxi einhvern tímann upp úr sandkassanum og einhvern tímann væri hægt að fá að ræða við hann efnahagsmál án þess að hann sendi skútyrði eða hnefafylli af sandi í andlit allra þeirra sem vilja ræða við hann um það sem á bjátar.

Ef menn lesa t.d. greinargerðir fjármálastofnana sem birtar eru á heimasíðum þeirra í dag kemur í ljós að menn óttast mjög að vaxandi verðbólga fari að bíta fast í afkomu fyrirtækjanna þegar líður fram á þetta ár. Þá er hætta á því að vegna aukins fjármagnskostnaðar, vegna hækkandi launakostnaðar, neyðist fyrirtækin til að velta þessum verðhækkunum áfram út í verðlagið. Það er hættan sem við ættum að ræða hér í dag. Hæstv. forsrh. ætti að ræða það hér í dag í staðinn fyrir að senda skútyrði að hverjum einasta manni sem hefur vogað sér að benda á það sama og allir sérfræðingar, innlendir og erlendir hafa gert.

Herra forseti. Það er gúrú hæstv. forsrh., seðlabankastjóri, sem segir í Morgunblaðinu, að aðlögunin sé harkalegri en vonast hafi verið eftir. Þá er spurningin: Getum við gripið inn í atburðarásina og náð mjúkri lendingu sem væri öllum til hagsbóta, ekki síst venjulegu launafólki? Það er ekki hægt með vaxtalækkunum vegna gengisþróunarinnar og það liggur líka fyrir hjá Seðlabankanum. Þá er spurning, herra forseti, hvort hægt sé að fara þá leið sem ég hef talað fyrir, að menn grípi til skattalækkana eða skattaívilnana fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ég tel reyndar líka, herra forseti, að grípa eigi til skattalækkana fyrir fólkið í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að lýsa samhliða yfir afnámi

skatta á félagslega aðstoð, afnámi skatta á húsaleigubætur og samhliða stíga skref í þá átt að draga úr skattlagningu á þann hluta lífeyrisgreiðslna sem má líta á sem fjármagnstekjur.

Þá held ég, ef þetta væri hluti af almennum skattabreytingum, að ég mundi fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að þegar á þessu vorþingi yrði ráðist í breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja. Það er verið að segja að það þurfi jákvæðar fréttir. Yrðu það ekki jákvæðar fréttir? Ég held það, herra forseti, en þá þýðir ekki að koma hér eins og hæstv. forsrh. og vilja ekki ræða þetta málefnalega.

[13:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Efnahagsmál eru snúin mál og langt frá því að vera einföld, enda margir samverkandi þættir sem þar eru að verki. Það er þó alveg ljóst, herra forseti, að flestir efnahagssérfræðingar sem hafa tjáð sig um efnahagsástandið telja eitt brýnasta úrlausnarefnið að efla hér stöðugleika með því að auka erlent fjármagn í íslensku efnahagslífi, annaðhvort með fjárfestingum eða gjaldeyrisöflun frá atvinnuvegum.

Þá er eðlilegt að menn spyrji: Hvar er hægt að nálgast slíkt fjármagn? Ef við lítum á eina höfuðatvinnugrein okkar, sjávarútveginn, þá er ljóst að eins og staðan er þar núna er ekki að vænta mikillar aukningar í gjaldeyrisöflun á því sviði. Hvað með aðrar greinar, svo sem ferðaþjónustu, lyfjaframleiðslu, kvikmyndagerð og aðrar sprotagreinar sem upp hafa komið? Efnahagssérfræðingar segja að hver slík grein vegi afskaplega lítið á heildina litið. Hitt er annað mál, herra forseti, að flestir efnahagssérfræðingar eru sammála um að skjótvirkasta aðgerðin sé að nýta vistvæna orkugjafa okkar Íslendinga, m.a. til stóriðju og fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi.

Herra forseti. Þrátt fyrir þessa efnahagsstefnu hefur ítrekað komið fram að hv. þm. Vinstri grænna eru ósammála þessu mati allra efnahagssérfræðinga sem hafa tjáð sig um málið. Því er eðlilegt að spyrja, í ljósi þess uggs sem hv. málshefjandi sýndi hér, hvort orðið hafi breyting á atvinnustefnu hv. þm. Vinstri grænna. Þeir hafa augljóslega lagst eindregið gegn allri nýtingu vistvænna orkugjafa til stóriðju, gegn erlendri fjárfestingu og þannig má áfram telja. Þeir hafa með öðrum orðum lagst gegn þeim ráðum sem flestir efnahagssérfræðingar mæla með. Ég spyr því hvort hér hafi orðið stefnubreyting hjá vinstri grænum eða hvort þeir séu enn við sama heygarðshornið í trássi við alla helstu efnahagssérfræðinga þjóðarinnar.

[13:46]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hvað ætli hafi orðið af hinni fjálgu umræðu um stöðugleikann sem uppi var höfð fyrir síðustu kosningar og stjórnarflokkarnir háðu kosningabaráttu sína á, ásamt með sáttum í fiskveiðistjórnarmálum? Hvað ætli hafi orðið um þessi loforð eða skattabreytingar o.s.frv.?

Það er eðlilegt að hæstv. forsrh. sé órótt nú þegar þeir hafa misst tökin á gengismálum t.d. Þeir hafa ekki gert tilraun til þess að ná tökum á hinum ógnarlega viðskiptahalla. Hvert er vopnið sem ríkisstjórn í landi hefur til þess aðallega að berjast gegn slíkum vágesti? Vopnið sem ríkisstjórn hefur er fjárlög.

Ár eftir ár hefur verið á það bent að beita þurfi fjárlögum gegn þenslunni í þjóðfélaginu, ár eftir ár. En allt hefur komið fyrir ekki. Því hefur ekki verið ansað. Fjárlög síðast hækkuðu um á milli 13 og 14%, meðan verðbólgan var þó ekki nema innan við 5%. Það er haldið áfram að kynda þenslubálið með öllum hætti eins og menn sjá af þessu.

Hvers vegna skyldi ríkisstjórnin undir þessari glæsilegu aðferð hafa ákveðið að lækka gengið? Hún réð ekkert lengur við það. Hvers vegna ekki? Hvernig er komið fyrir sjávarútveginum, aðalútflutningsatvinnuvegi okkar? Nærri öll fyrirtæki gera upp með stórkostlegu tapi þrátt fyrir hið fræga og glæsilega fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við.

Staðreyndin er sú að það er hrollvekja fram undan, því miður, í íslensku peninga- og fjármálalífi og það er orðið of seint að bregðast við af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Hrollvekja blasir við með haustinu.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held ég kjósi að svara hv. þm. Hjálmari Árnasyni ritaraefni við betra tækifæri. En þá skal ekki standa á því.

Broslegt var að heyra tilraunir hæstv. forsrh. hér áðan til að gera út á það að krónan hafi nú heldur braggast á nýjan leik í tvo daga, eftir 6% fall á einum degi í síðustu viku, 12% frá áramótum og yfir 20% á ári eða svo. Öll skilaboð sem nú koma úr íslenska hagkerfinu hvað varðar viðskiptahalla, verðlagsþróun, gengismál og vaxtamál eru skilaboð um óstöðugleika, óvissu og viðsjár.

En hæstv. forsrh. er enn við sama heyrgarðshornið. Hann tekur ekki mark á neinu slíku, skiptir um efnahagsráðgjafa eftir þörfum og setur upp ný og ný sólgleraugu, eins þótt hellirigni.

Það var líka athyglisvert að heyra og hefur verið í umræðum undanfarna daga, að hæstv. forsrh. ber nú allt í einu enga ábyrgð á stjórn efnahagsmála. Maðurinn sem mörg undanfarin ár hefur persónugert góðærið við sjálfan sig, hefur eignað sér það persónulega, er nú laus allra mála og vandinn er Seðlabankans. Þjóðhagsstofnun átti að slá af af því að hún sagði satt um hagstjórnarmistök og birti óhagstæðar spár.

Og nú er alveg greinilega komin í gang markviss undirbúningur undir það að hafa blóraböggulinn tilbúinn ef illa fer. Það er ekki ríkisstjórnin, ekki ráðherra efnahagsmála, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. Ónei. Það er Seðlabankinn. Þetta er hausverkur hans ef menn skyldu nú vera að keyra út af sporinu.

Og nú er spurningin, herra forseti: Er þannig komið þjóðmálaumræðunni á Íslandi að við í stjórnarandstöðunni og fjölmiðlarnir látum hæstv. forsrh. komast upp með að hafa þetta svona, eigna sér góðærið á meðan það stóð, en bera enga ábyrgð á því þegar harðnar á dalnum, þegar það bankar að dyrum?

[13:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur á máli málshefjanda hér en að hann væri gagnrýninn á það að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hefðu í sameiningu tekið ákvarðanir um það hér í lok mars að gjörbreyta gengisskipulaginu. Og að mikið hefði verið færst í fang með að hverfa frá vikmörkunum, taka upp verðbólgumarkmið, auka sjálfstæði bankans og lækka vextina. Ber að skilja það svo að hv. þm. og flokkur hans sé á móti þessum aðgerðum? Ber að skilja það svo að þeir hafi t.d. verið á móti vaxtalækkuninni eða auknu sjálfstæði Seðlabankans?

Menn verða bara að skilja að það kerfi sem nú var tekið upp býður upp á meiri sveiflur en áður voru, býður upp á það að markaðurinn bregðist of sterklega við válegum tíðindum

eða góðum tíðindum. Og það er nákvæmlega það sem hér hefur verið að gerast.

Það er ekki vafi á því að sjómannaverkfallið hefur haft áhrif á gengisþróunina. Það er ekki vafi á því að skorturinn á gjaldeyri sem orsakast af þessu verkfalli var farinn að hafa áhrif þegar það hafði staðið í mánuð. Dapurleg tíðindi af því tagi hafa auðvitað áhrif á þennan markað. Menn verða að skilja að umhverfið er breytt. Menn eiga ekki að rjúka upp til handa og fóta út af slíkum tíðindum eins og menn gátu gert hér áður fyrr.

Í grundvallaratriðum er hagkerfi okkar í góðu lagi. Og í grundvallaratriðum er efnahagsleg staða okkar mjög sterk. Allar matsstofnanir sem hafa lagt á þetta mat nýlega eru sammála um það og þau fyrirtæki sem hafa atvinnu af því að gefa lánshæfiseinkunnir. Staða okkar er mjög sterk. Og það er ekki vafi á því, þó nú verði minni hagvöxtur í ár en verið hefur undanfarin ár, að engar sérstakar líkur eru á því að lendingin verði eitthvað miklu harðari en við höfum gert ráð fyrir. Þessi hugtakanotkun um mjúka lendingu eða harða lendingu er úrelt. Það sem ná þarf hér er snertilending þar sem við náum ... (Gripið fram í.) Já, hlæðu bara hv. þm. Þetta er allt mjög hlægilegt sem hér hefur komið fram — þar sem við náum aftur hagvextinum sem við höfðum hér fyrir nokkrum árum, náum efnahagslífinu hér á nýtt flug með aukinni stöðugu og öflugu atvinnulífi.

[13:53]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ábyggilega rétt hjá hæstv. forsrh. að það er mikilvægt að halda ró sinni. Það er alveg ábyggilegt að það er einnig rétt hjá hæstv. fjmrh. að við þurfum að ná snertilendingu. Og það er líka mikilvægt ábyggilega í snertilendingu að halda ró sinni í lendingunni og á leiðinni til lendingar.

Það er einnig athyglisvert, herra forseti, hversu mikið ber á milli þeirra talsmanna ríkisstjórnarinnar sem hér hafa talað og seðlabankastjóra þegar hann fjallar um ástandið. Með leyfi forseta, segir Birgir Ísleifur Gunnarsson, í viðtali við Morgunblaðið laugardaginn var m.a.:

„Ljóst má vera að óhóflegur viðskiptahalli grefur til lengdar undan genginu ... og getur þar með sett verðstöðugleika í hættu."

Herra forseti. Það gengur ekki að talsmenn ríkisstjórnarinnar horfi fram hjá þeirri staðreynd að hætta er á því að verðstöðugleikinn sé að hverfa. Það þarf því að grípa til aðgerða. Það þarf að gefa skilaboð til markaðins sem hann skilur. Það virðist því miður vera þannig að markaðurinn hafi að hluta til a.m.k. misst trú á hagstjórninni og það er alvarlegur hlutur. En við skulum halda ró okkar.

Það er fleira í þessu viðtali við seðlabankastjóra. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Nýsett verðbólgumarkmið bankans mun þó nást að lokum þrátt fyrir tímabundinn verðbólgukúf og harkalegri aðlögun en vonast var eftir."

Herra forseti. Spurningin er: Er harkalegri aðlögun það sama og hæstv. fjmrh. kallar snertilendingu eða er munur á merkingu orða?

Herra forseti. Því miður hefur andvaraleysi gagnvart viðskiptahalla, þenslu og verðbólgu einkennt þá ríkisstjórn sem við nú höfum. Því er spurning hvort andvaraleysi eða afneitun hæstv. forsrh. sé ekki okkar helsta efnahagsvandamál í dag?

[13:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. 5. þm. Norðurl. v. um gengislækkun krónunnar. Þó telja margir hagfræðingar að hér sé um tímabundið ástand að ræða og við höfum óneitanlega orðið vör við það hér á Íslandi undanfarna daga. Ég tek líka undir áhyggjur hv. þm. af viðskiptahalla sem er verulegt áhyggjuefni fyrir íslenska þjóð. En við megum ekki gleyma því að við leysum ekki þessi vandamál með upphlaupum sem þessum hér í þingsal.

Við hljótum líka að velta fyrir okkur lausnum í þessum málum. Og við hljótum líka að velta fyrir okkur hvað sé til ráða?

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort sinnaskipti hafi orðið hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessum efnum. Vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð og hv. þm. auka erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi? Hvað með fiskeldi? Ég veit að hv. þm. er fyrrverandi skólameistari á Hólum. Þeir á Hólum eru sérfræðingar í fiskeldi. Hvað með stóriðju sem talin er geta aukið útflutningstekjur þjóðarinnar? Hafa orðið sinnaskipti hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? Hvernig vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð auka útflutningstekjur íslensku þjóðarinnar?

Þetta eru spurningar sem mér finnst full ástæða til að hv. þm. svari. Heldur hv. þm. því virkilega fram, eins og mér hefur stundum fundist á þessari ágætu hreyfingu, að tíminn standi kyrr, við búum hér á eylandi og ekkert sé að gerast? Eða lifir hann enn þá í þeim draumaheimi eins og sumir félagar hans, að við getum lifað á fjallagrösum og hundasúru á Íslandi?

[13:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér finnst þingmenn Framsfl. hv. standa sig mjög vel við að framfylgja stefnu síðasta þings Framsfl. Þeir falla hins vegar á prófinu í málefnalegri umræðu.

Það er alveg rétt sem fram kom í þeirra máli að VG, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur varað við stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar. Það höfum við gert á forsendum umhverfismála, en einnig efnahagsmála. Við höfum varað við því að Landsvirkjun og ríkisstjórnin steypi þjóðinni í skuldir vegna óskynsamlegra áforma af þessu tagi.

Herra forseti. Engum dylst að miklar blikur eru á lofti í efnahagsmálum og brýnt er að okkur takist að eyða þeirri óvissu sem nú ríkir í efnahagslífinu. Á einu ári hefur gengi krónunnar fallið um á milli 20 og 30 prósent.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans er raungengi krónunnar núna komið niður í það sama og hún var á árinu 1984, skömmu eftir eina umdeildustu gengisfellingu sem ég man eftir alla vega, þegar ríkisstjórnin reyndi að hafa umsamdar launahækkanir af fólki eftir langt og strangt verkfall það haust. Það er nefnilega þetta sem gerist þegar gengið fellur. Þá hækka aðföngin, verðbólgan fer í gang. Þumalputtareglan var alla vega sú að það mætti reikna með kjararýrnun sem næmi helmingi af gengisfallinu. Við skulum vona að þetta gerist ekki. Við þurfum að grípa til ráðstafana sem sporna gegn því að verðlagið spinnist upp á við.

Ríkisstjórnin segist búa yfir staðfestu. Það var eiginlega það eina sem kom fram í máli hæstv. forsrh., þ.e. sá ásetningur að halda ró sinni. Jafnvel þótt viðskiptahallinn sé núna kominn í 70 milljarða, meiri en hann hefur nokkurn tímann verið, þótt skuldir þjóðarinnar séu hærri en þær nokkru

sinni hafa verið, þá ætlar hæstv. ráðherra að búa áfram við staðfestu.

Ég saknaði bara eins, að hann léki fyrir okkur á fiðlu. Við höfum ágætt fordæmi um slíkt við svipaðar aðstæður úr fornum sögum.

[14:00]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Sú gengislækkun sem varð sl. miðvikudag var sannarlega mikil og óvænt og fyrir henni voru ekki efnahagslegar forsendur enda er þessi gengislækkun að ganga til baka. Þau viðskipti sem urðu þennan dag voru langt út úr korti miðað við það sem eðlilegt er og þarf vegna viðskipta með vöru og þjónustu og eðlilegra fjármagnshreyfinga.

Ég tel að markaðsaðilar muni læra af því sem gerðist þennan dag og að gengisbreytingarnar muni ganga til baka hægt og rólega. Að mínu mati er ekki óeðlilegt að búast við því að gengið muni sveiflast á bilinu 125–130 miðað við gengisvísitöluna.

Verkefni okkar er og hlýtur að vera að efla atvinnulífið til lengri tíma. Það bætir lífskjörin og styrkir gengið. Þess vegna verður athyglisvert að fylgjast með því hvernig málshefjandi og aðrir stjórnarandstæðingar muni bregðast við helstu aðgerðum sem þarf að gera til þess að efla atvinnulífið.

Ég nefni stóriðjuna.

Ég nefni lækkun á tekjuskatti fyrirtækja og eignarskatti.

Ég nefni einkavæðingu og eflingu bankakerfisins.

Ég nefni aðgerðir til þess að auka fjárfestingar erlendra aðila.

Ég nefni aðgerðir til þess að auka hagræðingu í sjávarútvegi.

Ég nefni ýmsar nýjungar í atvinnulífinu eins og starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar og því sem slíku fylgir.

Ég hef trú á því að stjórnarandstaðan muni ekki standa sig jafn vel í því að styðja framfarirnar og hún er tilbúin til þess að koma upp og vera með úrtölur þegar sveiflur verða á gengi krónunnar.

[14:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að í því umhverfi peningamála sem er nú mun gengið auðveldlega sveiflast. En ef litið er til síðustu mánaða hefur það verið á niðurleið. Þó það hafi tekið stökk upp og niður er það á niðurleið. Því miður eru ekki neinar sérstakar efnahagslegar forsendur nú sem gefa okkur sérstaklega styrk til þess að það fari upp. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því.

Ég vakti í máli mínu athygli á viðskiptahallanum. Það verður ekkert umflúið að horfa á alvarleika hans.

Ég vakti líka athygli á, herra forseti, þeirri hættu að hér skapist og þróist hagkerfi, efnahagslíf og atvinnulíf sem byggist og nærist á viðskiptahallanum, alveg eins og við bjuggum við atvinnulíf og nærðumst á verðbólgu fyrir nokkrum árum. Það er alvarlegt því það skekkir ekki einungis uppbyggingu atvinnulífs til lengri tíma heldur brenglar allt gildismat okkar og veldur m.a. þeirri miklu byggðaröskun sem við stöndum nú frammi fyrir og höfum upplifað á seinni árum. Það er mjög alvarlegt þegar efnahagslífið er rekið með þeim hætti að það skapar hættu á brenglun á gildismati. Þetta er hið alvarlega til langs tíma.

Herra forseti. Ég vakti líka athygli á mikilvægi sjávarútvegsins fyrir atvinnulíf okkar og ég vakti athygli á því að eitt af meginloforðum ríkisstjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar var einmitt endurskoðun fiskveiðistjórnarstefnunnar og að skapa meiri sátt um varðveislu og nýtingu þessarar auðlindar. Þetta er áfram brýnt en ekkert hefur gerst í þessum málum.

Herra forseti. Sjálfsagt er að líta á hlutina björtum augum og efnahagslíf þjóðarinnar stendur sem betur fer sterkt. En það er engin ástæða til þess samt að vera að veikja það. Okkur ber frekar að styrkja það og slá á betri veg því sem við sjáum að miður er að fara.

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta hefur verið góð og fróðleg umræða. Neró var meiri hæfileikamaður en ég hélt fyrst hann gat leikið á hljóðfæri sem var fundið upp 1500 árum eftir dauða hans en þeim karli voru víst allir vegir færir.

Það er líka ánægjulegt að menn skuli hér í alvöru ræða um að stöðugleikinn sé horfinn ef verðbólgan fari úr 3% í 5%. Óskaplega held ég að þeim sem voru á undan okkur í þessum sal fyrir 10 til 15 árum finnist það merkileg umræða að það sé stöðugleiki að verðbólgan sé 3%, en að allt sé farið fjandans til ef hún sé 5%.

Það eru gleðileg umskipti sem orðið hafa í efnahagsmálum landsins og ég skal gjarnan taka hluta af því til mín, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, eins og ég vil gjarnan áfram taka til mín hluta af þeim þætti sem ég kann að eiga í því að efnahagsmál á Íslandi standa afar sterkt.

Nú er svo komið að samið hefur verið í einum þætti í verkfalli sjómanna. Það gefur von til þess að því verkfalli fari að linna, sem betur fer, ekki vonum fyrr, og að sá þátturinn fari að skapa auð inn í íslenskt atvinnulíf sem við þurfum svo mjög á að halda.

Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm., fann að því að ég væri að fara yfir fortíð hans. Ég var ekki að fara í þá fortíð sem við hefðum getað farið í, við hlífum honum við því öllu saman. Þetta var ekki nema vika. Það hlýtur að vera óhætt að ræða um viku fortíð þó maður sleppi þessu á Þjóðviljanum og því öllu saman í gamla daga. En viku fortíð hlýtur maður að mega ræða eða a.m.k. það sem var sagt í þætti á sunnudaginn var. (Gripið fram í.) Sunnudagurinn var, er það kannski líka handan við mörkin að nefna það sem sagt var þá? Það gæti tekið margar fjólur frá hv. þm. Best að sleppa honum við það fyrst honum finnst það miður.

En þetta er þannig núna að gengislækkun um 6% hefur gengið öll til baka eins og er. En ég tek undir með öðrum hv. þm. sem segja: Við skulum búast við einhverju flökti í krónunni eins og staðan er. Ég geri þó ráð fyrir að krónan eigi frekar eftir að styrkjast en hitt þegar fara að berast hinar jákvæðari fréttir.

Við skulum gæta okkar á því að fara ekki í neinn vandræðagang eins og gerðist til að mynda með eitt olíufélagið sem hækkaði verð á olíu á þriggja daga fresti þó við vitum að þegar olían lækkar tekur einn og hálfan mánuð að fá slíka olíu lækkaða hér.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 369. mál (yfirstjórn, gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 585.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1206).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 414. mál (aðild RALA að hlutafélögum). — Þskj. 674.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KHG, KPál, MS, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG, ÖS.
12 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RG, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1207).

Hönnun, 3. umr.

Stjfrv., 505. mál (heildarlög). — Þskj. 1159.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, VS, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1208).

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 641, nál. 1152, brtt. 1153. [14:09]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Með frv. er lagt til að lögfest verði nauðsynleg ákvæði til að yfirvöldum og dómstólum hér á landi verði unnt að framkvæma ákvæði Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn frá 17. júlí 1998 í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. hafa skrifað: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Hjálmar Jónsson og Guðrún Ögmundsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1153,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1153,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1153,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
5.–11. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Framsal sakamanna, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (Schengen-samstarfið). — Þskj. 724, nál. 1154. [14:13]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Í frv. er að finna nauðsynlegar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum vegna þátttöku Íslands í Schengen- samstarfinu.

Breytingarnar lúta annars vegar að gagnkvæmri réttaraðstoð við sendingu og afhendingu málsskjala í sakamálum og hins vegar réttarstöðu embættismanna frá öðrum ríkjum með tilliti til refsiverðra verknaða sem beinast að þeim eða þeir fremja sjálfir.

Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 482. mál (starfsmenn Sameinuðu þjóðanna). — Þskj. 768, nál. 1155.

[14:14]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 1155, en þar segir m.a.:

Með frv. er lögð til breyting á almennum hegningarlögum vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, sem gerður var í New York 9. des. 1994, og mælir allshn. með því að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað „11“ í 1. gr. komi: 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Brtt. í nál. 1155 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 2. umr.

Stjfrv., 554. mál (skilnaðarmál o.fl.). — Þskj. 860, nál. 1156.

[14:16]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. á þskj. 1156. Þar segir m.a.:

Með frv. er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var 6. febrúar 2001 um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Ástæður breytinganna eru annars vegar að samræma norrænan sifjarétt og hins vegar að viðhalda norrænni réttareiningu á þessu sviði.

Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

[14:18]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Þegar við vorum að ræða þetta mál síðast í hv. Alþingi óskaði ég eftir því að hæstv. viðskrh. yrði viðstödd. Umræðunni var þá frestað þar sem iðn.- og viðskrh. gat ekki verið viðstödd og ég vil þess vegna ítreka hvort ég geti ekki haldið áfram ræðu minni þar sem ég hvarf frá henni að viðstaddri hæstv. iðnrh.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er von á því að hæstv. iðnrh. gangi í húsið. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi tök á að víkja að einhverjum þáttum málsins án þess að iðnrh. sé við. Hún er gagnkunnug málinu og getur kannski getið í eyðurnar.)

Herra forseti. Í trausti þess að hæstv. iðnrh. muni birtast hér mun ég fara yfir fyrri hluta ræðu minnar og ræða um þau atriði sem ég hafði áður nefnt og stikla þar á stóru og vona að þegar ég verð búinn að rifja upp það sem ég áður sagði verði hæstv. iðnrh. viðstödd það sem eftir er umræðunnar.

Herra forseti. Ég var búinn að ræða um það að sala sveitarfélaganna á Vestfjörðum væri nauðvörn og að sú hlutafélagavæðing sem við erum nú að framkvæma sé eingöngu í afgreiðslu hér til þess að koma fram sölu á hlut sveitarfélaganna í orkubúinu. Ég var einnig búinn að ræða um það, herra forseti, að slík breyting, sem gerð er grein fyrir í grg. með frv., væri ætluð til þess að sveitarfélögin á Vestfjörðum gætu farið að borga skuldir í félagslega íbúðakerfinu. Þetta var ég búinn að nefna, hæstv. forseti, í ræðu minni.

Ég var einnig búinn að greina frá því í ræðunni að ég teldi að enginn sveitarstjórnarmaður á Vestfjörðum hefði látið að því liggja við síðustu sveitarstjórnarkosningar að það væri stefna hans eða framboðs hans að selja orkubúið til þess að greiða fjármagnsskuldir í félagslega íbúðakerfinu. Þessi orð lét ég falla m.a. vegna þess að þau orð höfðu verið viðhöfð í umræðunni að umrædd breyting væri ætluð til þess að sveitarfélögin á Vestfjörðum gætu, eins og kemur fram í grg. frv., selt eignarhlut sinn og farið að greiða niður skuldir til ríkisins í félagslega íbúðakerfinu, að það hefði ekki verið að vilja heimamanna. Sá vilji var a.m.k. ekki kynntur í síðustu sveitarstjórnarkosningum og ég minnist þess ekki að hafa heyrt hans getið fyrr en verulega var liðið á þetta kjörtímabil sveitarstjórna sem nú er eftir rúmt ár af.

Ég veit því ekki til þess að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hafi sótt umboð til kjósenda sinna í þá veru að það væri þeirra göfugasta markmið á kjörtímabilinu að selja eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Þvert á móti held ég að sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn hafi frekar látið að því liggja að orkubúið væri ein af undirstöðunum og gott fyrirtæki til að byggja á frekari atvinnusköpun á Vestfjörðum. Ég mótmæli því að salan á orkubúinu sem fyrirhuguð er sem afleiðing af hlutafélagavæðingu orkubúsins sé sérstakt áhugamál Vestfirðinga, ég held að svo sé alls ekki. Það gæti verið og er sennilega núna orðið sérstakt áhugamál nokkurra sveitarstjórnarmanna, en margir held ég að hafi takmarkaðan áhuga á því að þurfa að fara þá leið sem hefur verið sett upp fyrir þá með þessu frv.

Niðurstaðan af þessum vangaveltum mínum í fyrri kafla ræðu minnar var því sú að íbúar Vestfjarða, kosningabærir

menn og konur, hafi ekki veitt sveitarstjórnarmönnum umboð í síðustu sveitarstjórnarkosningum til að selja Orkubú Vestfjarða. Því hafi verið óðruvísi farið og þar af leiðandi sé ekki um almennan vilja íbúanna að ræða.

Síðan vék ég að því í ræðu minni að Vestfirðingar væru teknir sértökum að þessu leyti og ætluð sérstök aðferð við að taka á sig skuldir vegna fólksfækkunar í félagslega íbúðakerfinu og að á vandamálinu, sem væri vissulega þekkt annars staðar á landinu, meira að segja vel þekkt því miður, væri ekki tekið heildstætt heldur væri verið að setja sérstaka löggjöf um sölu á orkubúinu, breytingu á því í hlutafélag og *síðan sölu, eins og kemur fram í grg., til þess að á* Vestfjörðum mætti taka sérstaka aðferð við afgreiðslu félagslegra skulda. Ég vakti athygli á því að taka ætti þetta sérstökum tökum á Vestfjörðum en ekki annars staðar á landinu. Þessu væri ég algjörlega ósammála og teldi að þessi vandi væri víða fyrir hendi á öðrum stöðum á landinu og á þessum vanda ætti að taka heildstætt varðandi lausn en ekki að ákveða það að eina sameiginlega eign sveitarfélaganna á Vestfjörðum, orkubúið, skyldi gert að sérstakri söluvöru í þessu sambandi og að þeir peningar færu þá hringferð frá ríkinu og aftur inn til ríkisins í gegnum félagslega íbúðakerfið.

Og nú er ég kominn þangað í ræðu minni, herra forseti, þar sem ég hefði gjarnan viljað að hæstv. iðnrh. gæti verið viðstaddur.

(**Forseti** (HBl)**:** Fundinum er frestað í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 14:26]

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.)**:**

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju minni með að hæstv. iðnrh. skuli geta verið hérna viðstaddur smástund. Ég mun ekki gera kröfu til þess að hún sitji hér í allan dag meðan ég tala en vildi beina til hennar nokkrum hugleiðingum eða vil a.m.k. að hún hlusti á þær þannig að hún væri svo fær um að gefa komment á það síðar ef tilefni er til.

Fyrir liggur að á Vestfjörðum, á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða, eru a.m.k. tveir mjög vænlegir virkjunarkostir. Annar er tengdur Glámuhálendinu og hefur það verið kölluð þakrennuvirkjun. Hinn virkjunarkosturinn sem einnig hefur verið talinn mjög áhugaverður er í Strandasýslu, norðarlega nokkuð, *norður í Ófeigsfirði. Báðir þessir virkjunarkostir* þykja nokkuð vænlegir til orkuöflunar og talið er að þar megi tryggja nokkuð góðan vatnsbúskap og nokkuð örugga og jafna framleiðslu.

Í Hvalfirði er álfyrirtæki sem heitir Norðurál. Það mun vera svo og liggur ljóst fyrir að hæstv. iðnrh. stóð í viðræðum við það fyrirtæki fyrir ekki löngu um það hvernig hægt væri að afla því fyrirtæki orku. Síðast í morgun, herra forseti, var ég á fundi þar sem ég heyrði forsvarsmenn fyrirtækisins Norðuráls segja frá því hvaða orku þá vantaði og í hvaða áföngum. Ég hlýddi einnig þar á mál forstjóra Landsvirkjunar um það hvaða möguleika þeir sæju á því að afla slíkrar orku.

Á orkuveitusvæði Vestfjarða þarf að kaupa talsvert mikla orku vegna þess að á Vestfjöðrum er ekki framleidd næg orka fyrir fjórðunginn. Fyrir liggur líka að til stendur uppbygging í mörgum landshlutum. Til stendur álversuppbygging á Austurlandi og orkuöflun fyrir það uppi á hálendinu austan lands og fyrir dyrum standa orkuframkvæmdir sunnan lands.

Þess vegna er það spurning mín til hæstv. iðnrh. hvort megi hugleiða hvort taka mætti til virkjunar þá tvo allvænlegu orkukosti sem fyrir liggur að eru fyrir hendi í Vestfirðingafjórðungi. Ég spyr einnig: Er nokkuð sérstakt því til fyrirstöðu að t.d. hlutur ríkisins eða hálfur hlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða yrði seldur fyrirtæki eins og *Norðuráli ef þeir fengjust til að fjármagna það og koma að* því og í stað þess að orkan yrði flutt að hluta til frá Suðurlandi í gegnum byggðalínu eða vesturlínu til Vestfjarða þá yrði til, innan ekki margra ára, nægt afl á Vestfjörðum úr vestfirskum virkjunum fyrir Vestfirðinga þannig að það afl sem núna fer vestur yrði þá til ráðstöfunar inn í orkuþörf m.a. álvers Norðuráls í Hvalfirði?

Þetta var sú spurning og sú hugmynd sem ég vildi varpa fram í þessari umræðu. Fyrir liggur að atvinnuuppbygging á Vestfjörðum að þessu leyti yrði afar jákvæð fyrir þann landshluta og það væri virkileg vítamínsprauta fyrir atvinnulíf og uppbyggingu í fjórðungnum ef þar kæmu til framkvæmdir sem tengdust virkjun þeirra mögleika sem Vestfirðingar eru taldir eiga í allþokkalegum virkjunarkostum. Þar með gætu landsmenn e.t.v. séð fram á að ekki væri bara verið að virkja á Suðurlandi, byggja upp á Vesturlandi, byggja upp á Austfjörðum og flytja mikið af verkefnum norður í land til Akureyrar heldur væri líka möguleiki á því að framkvæma eitthvað norður á Vestfjörðum sem væri jákvætt fyrir þróun byggðar og atvinnulífs. Þar fyrir utan, með því að standa svona að málum, væru menn kannski lausir úr því leiðinda*hjólfari sem frv. sem við ræðum byggir á, þ.e. því að ríkið* kaupi upp eignarhluti sveitarfélaganna á Vestfjörðum í orkubúinu til þess að greiða uppsafnaðan vanda af tómum íbúðum í félagslega íbúðakerfinu á Vestfjörðum. Ef þetta reyndist hægt væri þar af leiðandi kannski í raun verið að velta upp þeim möguleika að gera á Vestfjörðum fyrir Vestfirðingum eitthvað svipað og gert var í Mývatnssveit, í kjördæmi hæstv. iðnrh., þar sem hlutur ríkisins í Kísiliðjunni var seldur og fjármagnið notað til uppbyggingar í viðkomandi landshluta.

Það er svolítið bjartara yfir þeirri hugsun, hæstv. iðnrh., en þeirri vegleysu sem Vestfirðingum er boðið upp á í þessu frv. um Orkubú Vestfjarða, sem er í raun og veru bara hringferð peninganna, annars vegar frá ríkinu í gegnum kaup á orkubúinu og hins vegar aftur úr orkubússölunni í gegnum sveitarsjóðina til baka inn í greiðslu í félagslega íbúðakerfinu.

Ég hef sagt það áður í ræðum *mínum um orkubúið* að mér finnst það ömurlegt hlutskipti sem Vestfirðingum er boðið upp á við þessa sérmeðferð. Ég vil ekki sjá þá tekna út fyrir sviga sérstaklega í félagslega íbúðakerfinu þannig að þeim sé gert að selja eignir sínar til þess að standa að þeirri hringferð peninganna sem birtist í greinargerð með frv. um Orkubú Vestfjarða.

Um daginn var hér rætt frv. um sölu ríkisins á eignarhlut í Orkuveitu Suðurnesja. Þar var auðvitað farið allt öðruvísi að en í þessu frv. þar sem um var talað að jafnvel þeir fjármunir sem kæmu úr þeirri sölu nýttust í því kjördæmi, t.d. við tvöföldun Reykjanesbrautar. Allt að einu, hvar sem maður ber niður í þeim umræðum sem orðið hafa á hv. Alþingi á undanförnum vikum og mánuðum um breytingar á orkufyrirtækjum, þá er alveg ljóst að frv. um Orkubú Vestfjarða ber allt annan svip. Í því falin allt önnur aðferð en tíðkuð er annars staðar á landinu.

Ég ítreka að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum sögðu íbúum Vestfjarða aldrei í síðustu sveitarstjórnarkosningum

að til stæði að selja Orkubú Vestfjarða og það væri þeirra mesta baráttumál eða stefnumál á kjörtímabilinu. Það var þeim ekki sagt og þeir kusu ekki um það.

Það hefur verið sagt við mig að ég ætlaði mér stórt, að standa í vegi fyrir því að sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum tækist að selja orkubúið. Það kann vel að vera. Ég er hins vegar sannfærður um að menn eiga að reyna að fylgja því eftir sem þeir hafa verið kosnir til og staðið fyrir í kosningabaráttu og að það var ekki hlutverk vestfirskra sveitarstjórnarmanna að ganga til þessa leiks. Þar eru þeir að bregðast vestfirskum íbúum. Ef verið er að taka fram fyrir hendurnar á þeim í einhverju með því að reyna að koma í veg fyrir að þeir hlutir gerist sem koma fram í greinargerð frv. þá mun ég bara fylgja sannfæringu minni í því eins og ég hef svarið að gera og mun ekki fylgja neinu öðru.

Ég segi enn og aftur að ég er andvígur þeirri leið sem sett er upp í frv. Í sjálfu sér er ég ekki andvígur því að breyta fyrirtækinu Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag, ef það væri markmiðið, til þess að gefa fyrirtækinu rýmri kosti til að takast á við fjárfestingar og uppbyggingu t.d. í öðrum fyrirtækjum í viðkomandi landshluta sem er starfssvæði fyrirtækisins.

Síðan við ræddum málið hér síðast hefur frv. til raforkulaga verið lagt fram á Alþingi. Þar er boðað m.a. að eðlilegt sé að skipt verði upp þeim möguleikum og verkefnum sem orkufyrirtæki í landinu annast í dag, að dreifingarþættinum t.d. og framleiðsluþættinum verði skipt upp eða lagningu dreifilína og öðru slíku. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. iðnrh. hvort ekki væri ráð að láta frv. um Orkubú Vestfjarða bíða haustsins og að mönnum yrði þá gefinn kostur á því að finna útfærslu sem væri e.t.v. einhver málamiðlun þess sem í frv. stendur, þ.e. að ríkið kaupi hlutina af sveitarfélögunum, eins og fyrirtækið er nú, og þess sem ný raforkulög fela í sér varðandi skipulag, eignarhald og starfsemi fyrirtækja á þessu sviði raforkuöflunar og dreifingar. Ég held að það sé ráðlegt að velta því fyrir sér.

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram brtt. við þetta frv. Hún byggir á því að þrátt fyrir að samþykkt verði að stofna hlutafélag um Orkubú Vestfjarða þá verði á tímabilinu 1. júní 2001 til 1. júní 2004 óheimilt að selja eignarhluta í Orkubúi Vestfjarða. Þetta hef ég lagt til sem brtt. við þetta frv. um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og það er ekkert launungarmál að ég legg það fram hér í þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir það slys sem mér finnst að felist í frv. Ég vonast til þess að menn skilji að sú framsetning sem í því felst að setja inn ákvæði um að mönnum sé ekki heimilt að selja hluti sína í ákveðinn tíma eftir að fyrirtækinu hefur verið breytt í hlutafélag geti orðið til þess að mál þróist með öðrum og betri hætti fyrir íbúa á Vestfjörðum en mér finnst að þeim séu settir í því frv. sem við ræðum nú.

Í þessari brtt. felst reyndar ekki stórkostleg breyting frá núverandi ástandi. Þetta er sameignarfélag með takmörkun á ráðstöfun eignarhluta þess. Þessi brtt. felur þannig ekki í sér mikla breytingu frá núverandi ástandi. Hún felur hins vegar í sér breytingu frá frv., þ.e. að sala eins og sú sem gert er ráð fyrir í frv. geti ekki átt sé stað á næstu þremur árum.

Hins vegar kann að vera, með tilliti til frv. til raforkulaga sem mér skilst að muni verða vísað til 2. umr. og bíða síðan haustsins, möguleiki á að útfæra þessa tillögu og gera hana svolítið öðruvísi úr garði en ég sé ekki ástæðu til þess nú. Ef tillagan verður felld, sem ég vil síður, mun ég skoða það að leggja fram tillögu við 3. umr. sem nálgast mundi þau sjónarmið sem m.a. er lýst í frv. til raforkulaga, um að hægt sé að skipta eignarhluta í fyrirtækjum upp milli framleiðslu, sölu og dreifingar.

Ég verð að ítreka að mér finnst vegið að Vestfirðingum með frv. sem hér er til umræðu, sérstaklega þar sem fram kemur í greinargerð þess að það sé beinlínis flutt til að gera sveitarfélögunum á Vestfjörðum kleift að takast á við fjárhagsvanda sinn. Þar kemur fram að aðaltilgangur frv. sé að þegar það hefur verið samþykkt muni sveitarfélögin eiga kost á að selja sinn hlut eftir þeim verðmætisviðmiðum sem sett hafa verið upp í samningsdrögum milli sveitarstjórnarmanna. Ég hefði viljað sjá þessari hugsun í frv. og greinargerð þess algjörlega snúið við, að ríkið mundi selja eitthvað af sínum hlut og þeir fjármunir sem kæmu fyrir hlut ríkisins yrðu þá notaðir til þess að aðstoða sveitarfélögin á Vestfjörðum. Það fé yrði notað til uppbyggingar með sama hætti og raunar hefur verið gert með lagasetningum hér á Alþingi, m.a. varðandi Kísiliðjuna eins og ég vék að hér áður í máli mínu.

Herra forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem ég hef haldið hér uppi langar mig undir lok hennar að vitna í leiðaraskrif vestfirsks dagblaðs, Bæjarins besta sem gefið er út á Ísafirði. Ég tók þar af handahófi fjórar ritstjórnargreinar um þetta mál. Sú fyrsta var skrifuð 2. nóv. 2000. Þar segir undir fyrirsögninni Stöndum vörð um rétt okkar, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum þurfa ekki lengur að velkjast í vafa. Ljóstýran, sem kviknaði á haustdögum og benti til að loks nú eftir áralangan þyrnirósarsvefn væru stjórnvöld vöknuð og höggvið yrði á vandann í félagslega íbúðakerfinu í eitt skipti fyrir öll, er slokknuð. Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, ætlar að láta kné fylgja kviði: Ríkið býðst til að kaupa eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða með því skilyrði að verulegum hluta söluverðsins verði varið til greiðslu á skuldum sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð. Til þessa gjörnings nýtur félagsmálaráðherra dyggilegs stuðnings samráðherra sinna í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Breyting á Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag er mál út af fyrir sig, sem sjálfsagt er að skoða með opnu hugarfari og leggja hlutlaust mat á kosti og galla. Sala orkubúsins er síðan annað og seinni tíma mál. Hvort hluthafar kjósa að selja bréf sín að breytingu lokinni, ef af verður, er mál hvers og eins. Á annan veg verður ekki með lýðræðislegum og frjálsum hætti staðið að breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins og sölu, ef mönnum býður svo við að horfa.

Kaupskylduákvæði félagslegu íbúðanna hefur reynst sveitarfélögum víðar en á Vestfjörðum þungur baggi. Hvernig verður vandi þessara sveitarfélaga leystur? Hvaða eignir verða þau neydd til að framselja ríkinu til að grynna á skuldum sínum við Íbúðalánasjóð? Hvað ef engar áhugaverðar eignir í augum ríkisvaldsins eru til staðar? Já, hvað þá, ráðherra?"

Hvað þá, herra ráðherra, er spurt í þessum leiðara. Síðan segir, herra forseti, að fráleitt sé að blanda saman sölu á Orkubúi Vestfjarða og skuldum sveitarfélaga við Íbúðalánasjóð:

„Sala Orkubús Vestfjarða og skuldir sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð eru tvö mál, sem fráleitt er að blanda saman. Og það er satt að segja óhugnanlegt að hugsa til þess, eftir að vestfirsk sveitarfélög hafa fengið þá umsögn frá virtu endurskoðunarfyrirtæki að þau hafi verið vel rekin síðasta áratuginn, þegar á heildina er litið og rekstur þeirra hafi

skilað meiri framlegð á íbúa en rekstur annarra sveitarfélaga í landinu að meðaltali, að þá skuli þeim stillt upp við vegg og settir slíkir afarkostir til að standa ríkinu skil á vanskilum í íbúðalánakerfi, þar sem viðurkennt er að vitlaust var gefið í upphafi og þingmenn sáu ekki fyrir afleiðingar laganna sem sveitarfélögin sitja nú uppi með.

Vonandi bera vestfirskir sveitarstjórnarmenn gæfu til standa vörð um réttinn til frjálsra ákvarðana um framtíð Orkubús Vestfjarða, óháð fjárhagsvanda sveitarfélaganna, sem öllum er ljóst að er mikill um þessar mundir."

Þetta var leiðari frá 2. nóv. árið 2000, herra forseti. Ég held að hann lýsi ákaflega vel viðhorfum hins almenna Vestfirðings til þessa máls og reyndar margra sveitarstjórnarmanna. Ég þykist viss um að það eru ekki allir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum sem ganga glaðir til þessa leiks.

Herra forseti. Mig langar að vitna í annan leiðara til að varpa frekara ljósi á viðhorf Vestfirðinga til þessa máls. Geri ég nú eigi lengur kröfu til þess að hæstv. iðnrh. sé í salnum. (**Iðnrh.:** Jú, ég hlusta á hvert einasta orð.) Þessi leiðari Bæjarins besta birtist undir fyrirsögninni Hitamál og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af viðbrögðum lesenda BB við spurningu blaðsins: Ertu sátt(ur) við að ríkið taki orkubúið upp í skuldir? — er deginum ljósara að Vestfirðingar eru nær á einu máli í afstöðu sinni: Níu af hverjum tíu eru andsnúnir því sem um var spurt. Mönnum er heitt í hamsi.

Á þessum vettvangi hafa sveitarstjórnarmenn verið brýndir til að standa vörð um réttinn til frjálsra ákvarðana um framtíð Orkubús Vestfjarða og gangast ekki undir þá fyrirætlan stjórnvalda að neyða þá að samningaborði með gylliboðum til þess eins að létta um stundarsakir skuldabyrði sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð.

Það var löngu vitað að fráleit ákvæði um kaupskyldu á íbúðum í félagslega kerfinu mundu sliga sveitarfélög um land allt fjárhagslega. Þrátt fyrir eftirleitan sveitarstjórna og margvíslegar ábendingar hefur ríkisvaldið komið sér hjá að taka á vandanum líkt og því kæmi málið ekkert við. Hér væri eingöngu óráðsíu og græðgi heimamanna um að kenna. Vandinn hefur því vaxið óheftur með ári hverju.

Eindregin afstaða heimamanna í orkubúsmálinu verður ekki skilgreind á annan veg en sem áskorun til sveitarstjórnarmanna" — herra forseti, sem áskorun til sveitarstjórnarmanna — „um að láta ekki deigan síga gagnvart yfirgangi ríkisvaldsins. Uppstokkun á leiguíbúðakerfinu verða ríki og samtök sveitarfélaga að semja um sín í milli á sanngjarnan og eðlilegan hátt. Fáist sá aðili sem ber ábyrgð á lagasetningunni ekki að samningaborði með annað í farteskinu en nú er boðið, heldur vandinn áfram að vaxa með hraða snjóboltans. Það væru enn skelfilegri mistök en við höfum þrátt fyrir allt orðið vitni að til þessa."

Þetta er sá hluti leiðarans sem fjallar um þetta orkubúsmál, herra forseti. Ef eitthvað er þá taka menn heldur stífar til orða varðandi þetta mál og andmæla því sem að er stefnt með frv. sem við ræðum.

Í enn einum leiðaranum segir undir fyrirsögninni „Það skal aldrei verða", með leyfi forseta:

„Svo mælti Þórarinn Eldjárn, skáld og rithöfundur, aðspurður um hvernig honum litist á hugmyndina um að Svarfaðardalur legðist í eyði, utan þess að íbúar hinna fjölmörgu sveitaþorpa sem mynduðu borgríkið á suðvesturhorni landsins, eftir að búið væri að útrýma landsbyggðinni, nytu þar sumardvalar til afstressunar." — Borgarbúar gætu þar notið sumardvalar til afstressunar í kjördæmi hæstv. iðnrh. (**SvanJ:** Heima hjá mér.) Já, einnig heima hjá hv. þm. Ekki ber ég á móti því að vafalaust má njóta þar afstressunar.

„Það var mikill þungi í orðum skáldsins. Það er líka mikill þungi í umræðunni vestra um hugsanlega nauðungarsölu á Orkubúi Vestfjarða" — takið eftir því að talað er um nauðungarsölu hæstv. iðnrh. — „til lúkningar skuldum vestfirskra sveitarfélaga við Íbúðalánasjóð. Og skyldi engan undra.

Nú liggja spilin á borðinu. Afstaða ríkisstjórnar Íslands. Staðfest af ráðuneytisstjórum þriggja ráðuneyta í bréfi frá 7. þessa mánaðar til allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þar segir: „Gagnvart þeim sveitarfélögum sem glíma við fjárhagsvanda vegna skuldastöðu sveitarsjóða og vanda vegna innlausna á félagslegum íbúðum, verður áskilið að fyrir liggi skuldbindandi aðgerðaáætlun til lausnar á vanda hvers sveitarfélags fyrir sig. Til grundvallar verða lagðar tillögur sem settar eru fram í áfangaskýrslu um félagslegar íbúðir á Vestfjörðum frá júní 2000. Þar er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem þurfa að lækka verð félagslegra íbúða í sveitarfélaginu geri það með framlagi úr sveitarsjóðum í samstarfi við varasjóð."

Gleggri geta skilaboðin ekki verið. Sveitarfélögunum er ætlað að koma félagslegu íbúðunum niður í söluhæft verð með niðurgreiðslu úr eigin sjóðum í „samstarfi við varasjóð", hvað svo sem það merkir á mannamáli ef á reyndi og eftir krónunum kynni að verða leitað. Um hitt þarf ekki að villast: Uppsöfnuðum vanda skulu sveitarfélögin standa undir ein og óstudd með sölu eigna. Ríkisvaldið viðurkennir ekki handvömm löggjafans í meingölluðum lögum. Þar við situr.

Þessi afdráttarlausu skilaboð ríkisstjórnarinnar til Vestfirðinga eru gerð heyrinkunn samtímis því að stjórnvöld sjá engin önnur ráð til að bæta versnandi hag sveitarfélaga víðast hvar, vegna yfirtöku verkefna frá ríkinu án þess að gefin fyrirheit um tekjustofna til verkefnanna væru efnd, en að hækka útsvarið á sífellt fækkandi gjaldendum. Sýnist mörgum því létt verk að guma af tekjuafgangi ríkissjóðs og sukki sveitarfélaganna.

En spurt skal: Hver er afstaða þingmanna Vestfirðinga til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar, að neyða Vestfirðinga til að selja orkubúið til greiðslu skulda við Íbúðalánasjóð? BB stendur þingmönnunum opið, nú sem endranær. Vestfirðingar ætlast til að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum."

Ég tel að ég hafi gert mjög skilmerkilega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, bæði hér á hv. Alþingi og einnig í skrifum mínum í viðkomandi blað.

Ég ætla að vitna í einn leiðara enn, herra forseti, og skal þá hætta upplestri úr leiðurum hins virðulega blaðs Bæjarins besta sem gefið er út á Vestfjörðum. Þessi leiðari birtist undir fyrirsögninni Oft var þörf en nú er nauðsyn, með leyfi forseta:

„Af frumvarpi fjárhagsáætlunar fyrir Ísafjarðarbæ, sem lagt var fram á bæjarstjórnarfundi í síðustu viku, er ljóst að bæjaryfirvöldum er mikill vandi á höndum. Við búum við svo þröngan kost að velta þarf hverri krónu fyrir sér áður en látin er af hendi."

Síðan er talað um tekjur bæjarsjóðs og skuldastöðu bæjarfélagsins. Því næst segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármál sveitarfélaga á Vestfjörðum hafa verið í brennidepli að undanförnu. Ekki hvað síst vegna þeirra fyrirætlana stjórnvalda að neyða sveitarstjórnarmenn að söluborðinu með orkubúið til að grynnka á skuldum sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð. Þessi gjörningur hefur mætt almennri, harðri

andstöðu íbúanna, sem með margvíslegum rökum hafa bent á að um tvö óskyld mál er að ræða. Annars vegar sölu orkubúsins, ef mönnum sýnist svo síðar meir, hins vegar uppsafnaðan margra ára vanda vegna íbúðalánakerfis, sem stjórnvöld hafa skotið sér undan að taka á; stjórnmálalegs afkvæmis, sem í ljós kom að hafði litla möguleika á því að skila tilætluðu hlutverki vegna galla, sem lagasmiðirnir sáu ekki fyrir, en sveitarfélögin sitja nú uppi með."

Þannig hljóðar meginefni þessa leiðara, herra forseti, en niðurlagið er á þessa leið:

„Þegar við bætist að gjaldendum fækkar, einstaklingum og áður þróttmiklum sjávarútvegsfyrirtækjum, þarf engan að undra þótt þröngt sé í búi og vandi á höndum. En það réttlætir ekki aðförina og kröfuna um nauðungarsölu orkubúsins. Við öllu þessu eiga íbúar Ísafjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum aðeins eitt svar: Samstaða — órjúfandi samstaða."

Ég tel mig hafa gert nægjanlega grein fyrir því að ekki sé mikill vilji, vægast sagt lítill eða enginn, meðal íbúa Vestfjarða til að selja Orkubú Vestfjarða. Þar af leiðandi tel ég algjörlega ofmælt að salan á Orkubúi Vestfjarða, sem er beinn fylgifiskur þessa frv. sem við nú ræðum, sé vilji íbúanna. Ég er þeirrar skoðunar að sveitarstjórnarmönnum hafi verið stillt upp við vegg í þessu máli eins og rækilega hefur komið fram, m.a. í áður tilvitnuðum leiðurum blaðsins Bæjarins besta á Ísafirði.

Ég held að ég þurfi ekki, herra forseti, að segja fleira því til staðfestingar að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum ræddu ekki málið fyrir sveitarstjórnarkosningar og eru með sölu orkubúsins að koma á bak íbúum á Vestfjörðum. Þetta var ekki baráttumál þeirra. Þeir kynntu það ekki fyrir íbúunum og kynntu það ekki í kosningunum. Það sem þeir ætla að undirgangast er ábyggilega ekki að vilja þeirra allra þó að ég viti að sumir þeirra hafi áhuga á að selja orkubúið.

Herra forseti. Ég mun kannski taka til máls um þetta mál síðar. Það er að vísu ýmislegt fleira sem ég vildi ræða hérna. En af því að ég gerði sérstaka kröfu til þess að hæstv. iðnrh. yrði viðstödd og kæmi inn í þessa umræðu þá ætla ég að þessu sinni ekki að halda lengri ræðu um þetta mál. Ég tel að ég hafi lýst skoðunum mínum á málinu mjög skýrt. Ég hef einnig gert grein fyrir brtt. sem ég hef flutt um að sett verði takmörkun á sölu eignarhluta í orkubúinu. Ég hef einnig lýst því að ég teldi óviðunandi að Vestfirðingar fengju sérstaka meðferð varðandi uppsafnaðar skuldir í félagslega íbúðakerfinu sem til eru víða annars staðar á landinu af nákvæmlega sömu orsökum og á Vestfjörðum.

Ég hef talað um að þetta væri ekki góð heildarstefnumótun varðandi orkumál á landinu eins og þau hafa verið afgreidd hér í vetur. Ég tel að standa mætti mun betur að byggðamálum á Vestfjörðum en með því að breyta orkubúinu í hlutafélag til þess eins að selja eignir þess og losa Vestfirðinga við að eiga eitt sameiginlegt orkufyrirtæki. Mér finnst það ekki göfugur málstaður að berjast fyrir á hv. Alþingi, að standa þannig að varðandi Vestfirði sem vissulega þurfa á því að halda að þar sé ýtt undir atvinnulíf og atvinnusókn. Þess í stað er ætlunin að losa Vestfirðinga við þær eignir sem þeir ráða yfir.

[15:07]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að veita andsvar við ræðu sem flutt var fyrir hálfum mánuði. Skýringin er sú að hv. þm. flutti fyrri hluta ræðu sinnar 26. apríl. Hann hafði þar rangt eftir mér og þess vegna bað ég um andsvar sem ég fæ að veita núna þegar hv. þm. hefur lokið flutningi ræðunnar.

Hv. þm. sagðist hafa það beint eftir mér að frv. væri flutt að frumkvæði allra Vestfirðinga, allra heimamanna, eins og hann orðaði það. Þetta er rangt og ég skil ekki hvers vegna hv. þm. er með svona málflutning.

Það sem ég sagði var, og má lesa hér í útskrift af ræðu minni, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga ... Frumvarpið sjálft er byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum."

Það er auðvitað himinn og haf á milli þess hvort menn segja að frv. sé flutt að frumkvæði fjórðungssambandsins og hins að það sé að frumkvæði allra heimamanna á Vestfjörðum. Ég vona að hv. þm. leiðrétti þetta.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að þetta væri ekki vilji Vestfirðinga heldur væru menn settir í þá stöðu að verða að selja. Ég spyr: Hver er að setja þá í þessa stöðu? Ég las það á milli línanna að það væri þetta vonda ríkisvald. Mér finnst afar ósanngjarnt að láta að því liggja að ríkið sé að pína þetta fram. Ríkið er að þessu vegna óskar sveitarfélaganna, Fjórðungssambands Vestfirðinga. Hér er ekki verið að ákveða neina sölu heldur er eingöngu ákveðið að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag. Það verður svo hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það vill selja hlut sinn eða ekki.

Fyrir hálfum mánuði sagði hv. þm. að ríkið ætti frekar að selja sinn hlut í fyrirtækinu. Ég get út af fyrir sig alveg verið sammála því. Veit hv. þm. um einhvern sem vill kaupa þetta? Hann vísar í sölu á Hitaveitu Suðurnesja, ég býst við að ríkið væri alveg tilbúið til þess að selja.

Hv. þm. sagði áðan að það hefði verið eitthvert ákvæði um það varðandi söluna á Hitaveitu Suðurnesja að andvirðinu yrði varið til tvöföldunar Reykjanesbrautar. Þetta er alrangt. Það getur vel verið að einhver hafi sagt þetta í umræðu hér á þinginu en það er ekki stafkrókur um þetta í neinu þingmáli.

Í síðasta lagi vil ég ítreka það sem ég sagði við umræðuna fyrir hálfum mánuði. Þetta frv. er flutt að ósk sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum, fulltrúa allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Alþingismenn eiga ekki að hafa vit fyrir þeim. Það væri forræðishyggja.

[15:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég gert hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni upp orð þá er ég meira en fús til að draga það til baka. Ég stend hins vegar við orð mín um þann búning sem frv. hefur verið fært í og ætla að vitna til þess, herra forseti, en þar stendur:

„Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom fram sú hugmynd að ríkissjóður keypti hlut þeirra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða sem það vildu ..."

Síðar segir: „Í ljósi framangreinds var það niðurstaða eigenda að æskilegt væri að breyta rekstrarformi fyrirtækisins, ..." — M.a. til þess að geta selt það síðar.

Jafnframt segir í frv.: „Því gerðu sameigendur Orkubús Vestfjarða 7. febrúar sl. með sér samkomulag um breytt rekstrarform fyrirtækisins í kjölfar þess að viðkomandi sveitarstjórnir samþykktu slíka breytingu."

Það hefur greinilega komið fram að til stendur að selja hluti sveitarfélaganna í orkubúinu til þess að takast á við

ákveðinn fjárhagsvanda. Það gengur enginn Vestfirðingur að því gruflandi að þannig er málið til komið. Þá aðgerð sem á eftir fylgir og fjallað er um í grg. þessa frv. tel ég í andstöðu við vilja meginþorra Vestfirðinga.

[15:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins í nál. meiri hluta iðnn. sem skýrir afstöðu okkar til þessa frv. Það segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1999 þar sem óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um kaup á meiri hluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Frumvarpið sjálft er byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Við það að Orkubúi Vestfjarða er breytt í hlutafélag verður hverju sveitarfélagi heimilt að selja sinn hlut í því og liggur fyrir að íslenska ríkið mun ganga til viðræðna við sveitarfélögin um kaup ríkisins á hlut þeirra í félaginu og gera skuldbindandi kauptilboð. Það verður síðan hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það selur hlut sinn eða hefur hann áfram í eigu sinni. Eignarhlutföll sveitarfélaganna eru byggð á íbúatölu hvers sveitarfélags 1. desember 2000 eins og kveðið er á um í lögum.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum um hvort selja skuli ríkinu hlut hvers þeirra um sig til þess að sporna við fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á að frumvarpið eitt og sér taki einungis til breytts rekstrarforms Orkubús Vestfjarða, en að fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé í raun annað mál, og leggur áherslu á að með frumvarpinu sé ekki verið að taka ákvörðun um sölu heldur að skapa aðstæður og lagalegt umhverfi til þess að af sölu geti orðið."

Þetta kom einnig skýrt fram í máli meiri hlutans í iðnn. þegar málið var þar til umræðu. Fyrst og fremst er verið að gera orkubúið að hlutafélagi og síðan er hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það spilar úr sínu í framhaldinu.

[15:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um hvað stendur í nál. meiri hlutans. Ég hef haldið því fram við þessa umræðu að þetta mál hafi verið sett í þennan búning til þess að sala á hlut sveitarfélaganna í orkubúinu gæti farið fram. Ég trúi því ekki að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafi ekki heyrt að salan tengist vanda sveitarfélaganna í félagslega íbúðakerfinu. Það liggur alveg ljóst fyrir hver tilgangurinn er með frv. Hann er sá að Vestfirðingar selji þessa eign sína til að greiða skuldir í félagslega íbúðakerfinu. Við það eru Vestfirðingar almennt mjög ósáttir. Sá sem hér stendur er því algjörlega andvígur þó að hann sé ekki andvígur því að breyta félaginu í hlutafélag.

Ef það er kallað að hafa vit fyrir einhverjum að fylgja sannfæringu sinni þá verður bara að hafa það. Ég mun fylgja sannfæringu minni í þessu máli.

[15:17]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er í þeirri stöðu eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson að hafa beðið um andsvar fyrir alllöngu þegar umræðu um þetta mál var frestað.

Mér finnst að það þurfi að koma skýrt fram í umræðunni að ég sagði líka í ræðu minni að þessi málatilbúnaður væri ekki að mínu skapi. Ég vil því spyrja hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hvort hann telji að Vestfirðingar geri sér almennt grein fyrir því að þessi málatilbúnaður byggir á yfirverði samkvæmt þessum samningi og það er það sem fer mjög illa í mig. Það að vera með málatilbúnað og samkomulag af þessu tagi getur ekki leitt til annars en að þessum kostnaði verði velt yfir á neytendur á Vestfjörðum og það sem verra er með sameiningu eða a.m.k. samvinnu Rariks og Orkubús Vestfjarða. Og að þessi fyrirtæki þurfi að kljást við þann vanda að vera með félagslega kerfið í gangi, þá hlýtur það að lenda á viðskiptavinum þar, þ.e. á orkuveitusvæði Rariks og gamla orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða. Það kom mjög skýrt fram í umræðunni að í þeim pakka sem settur var saman væru menn að leika sér með tölur sem geta ekki annað en gefið útslag í auknu orkuverði. Það er þess vegna sem ég spurði í ræðu minni, og vil gjarnan fá viðbrögð hv. þm. við því, hvort menn geri sér grein fyrir þessu og hvort hv. þm. sé sama sinnis eða hafi sama skilning og ég í þessum efnum.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom greinilega fram á fundi sem haldinn var síðasta haust á Ísafirði um málefni orkubúsins að Vestfirðingar gerðu sér mætavel grein fyrir því að þeir gætu þurft að greiða hærra orkuverð og svo gæti orðið til þess að halda fyrirtækinu í eignarböndum Vestfirðinga. Þeir gerðu sér auðvitað jafnframt grein fyrir því að væri fyrirtækið verðlagt á yfirverði og selt til annarra, fyrst til ríkisins og síðan kannski frá ríkinu til Rariks, þá yrði það kaupverð sett inn í rekstrarreikning viðkomandi fyrirtækis og neytendurnir mundu borga til baka smátt og smátt þann kostnað sem fyrirtækið hefur. Það liggur alveg ljóst fyrir þannig að kaupverðið hvert sem það verður, hvort sem það er yfirverð eða ekki yfirverð, mun auðvitað smátt og smátt verða tekið til baka af þeim sem ætla að selja þjónustuna. Hvort sem það verður áfram Orkubú Vestfjarða í eignarformi ríkisins eða hvort það verður eftir sameiningu við Rarik, þá verður sá kostnaður, fjármagnskostnaður og eignarkostnaður, auðvitað tekinn til baka með því að orkan er seld og tekjurnar teknar inn þannig.

[15:18]

Útbýting þingskjala:

Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, 103. mál, nál. iðnn., þskj. 1204.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 522. mál, brtt. MF og ÖS, þskj. 1195.

Orkusjóður, 15. mál, nál. iðnn., þskj. 1202.

Tilraunir með brennsluhvata, 555. mál, nál. iðnn., þskj. 1205.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, 17. mál, nál. iðnn., þskj. 1203.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er dálítið einkennilegt að standa hér og vera í því hlutverki, miðað við ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að vinna gegn hagsmunum Vestfjarða sem ég tel mig alls ekki vera að gera með því að leggja þetta frv. fram. Allt málið, allur undirbúningur er unninn í samvinnu við Vestfirðinga og reyndar að beiðni þeirra að taka á þessu máli þannig að ég get ekki annað, hæstv. forseti, en vísað á bug þeim ásökunum hv. þm. sem mér fannst koma fram í minn garð, að vegið væri að Vestfirðingum í málinu.

Hvað varðar orkumálin og orkuöflun, og jafnvel fannst mér hv. þm. ýja að því að fyrirtækið Norðurál keypti hluta í orkubúinu, þá finnst mér sú hugmynd í raun stangast á við þá brtt. sem hv. þm. hefur lagt fram, sem gengur út á það að ekki megi selja neitt fyrr en 2004, því að eins og hv. þm. veit eflaust er það svo að það fyrirtæki sem hér var nefnt þarf að fá afhenta orkuna á því ári til þess að áætlanir geti staðist um stækkun um 90 þúsund tonn.

Um virkjunarkosti á Vestfjörðum að öðru leyti ætla ég ekki að hafa mörg orð vegna þess að þau mál eru einfaldlega ekki komin það langt að þau séu alveg á döfinni núna en auðvitað vonumst við öll til þess að þar séu nothæfir og álitlegir virkjunarkostir.

Um brtt. almennt vil ég segja að ég efast um að hún standist ákvæði stjórnarskrár um sjálfstæði sveitarfélaga því að með henni mundi valdið vera tekið af sveitarfélögunum um að selja hugsanlega hlut sinn í orkubúinu eftir að frv. væri orðið að lögum, enda heyrðist mér hv. þm. vera svolítið að slá af í sambandi við þá tillögu. Hann boðaði það a.m.k. að flytja hugsanlega aðra tillögu, að þessari tillögu fallinni, sem við verðum að sjá til hvað verður um, en þetta var misskilningur í máli hans.

Ég held að í öllum aðalatriðum sé þetta mál skýrt í hugum þingmanna. Ég tel að hv. þm. sé að einhverju leyti að fiska í gruggugu vatni þegar hann heldur slíka ræðu eins og hann gerði hér. Auðvitað má lesa upp úr leiðurum blaða, þau geta verið hápólitísk og haft aðra stefnu en stjórnvöld og ég held að ekkert sé nema gott um það að segja.

En mér finnst að málið horfi þannig við að við séum að verða við óskum Vestfirðinga og í samvinnu við þá, samvinnu við sveitarfélögin um að leggja fram frv. sem menn eru sjálfsagt mjög misánægðir með eins og oft er, en engu að síður var samhljóða álit þeirra aðila sem að málinu komu að rétt væri að leggja þetta frv. fram, fá félaginu breytt í hlutafélag þannig að hvert sveitarfélag geti þá tekið sjálfstæða ákvörðun um hvort það vilji selja hlut sinn í félaginu eða ekki.

Þetta er málið í hnotskurn. Það er engan veginn svo að þessu hafi verið þvingað upp á einn eða neinn. Þetta er flutt í samvinnu við þá aðila sem eiga í þessu fyrirtæki.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get lítið gert við því þó að hæstv. iðnrh. telji að ég sé að fiska í gruggugu vatni. Ég veit eiginlega ekki við hvað hún á í því sambandi. Mér er það bara ekki ljóst en hún getur vonandi skýrt það út í svari við andsvari mínu. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. iðnrh.: Telur hæstv. iðnrh. koma til greina að málum sé snúið við með þeim hætti að ríkið selji sinn hlut ef þær aðstæður sköpuðust að einhver kaupandi fyndist að slíkum hlut? Telur hæstv. iðnrh. að það megi ýta undir það og leggja því lið að virkjanir á Vestfjörðum séu inni í myndinni varðandi virkjanir á landsvísu sem m.a. hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu um aukna orkuþörf fyrir stóriðju?

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það almennt stefna ríkisstjórnarinnar að selja í sínum fyrirtækjum og því væri það ekki á skjön við þá stefnu, sannarlega ekki, að ríkið seldi sinn hlut í Orkubúi Vestfjarða. En miðað við það hvernig þetta mál hefur þróast þá sé ég ekki að það leysi þau mál sem frv., verði það að lögum, á að leysa. Ég veit ekki um hvern hv. þm. talar eða hefur í huga þegar hann talar um að hugsanlega geti kaupandi fundist að þessum hlut því að sannleikurinn er sá að mat á fyrirtækinu er hátt og því tel ég ekki miklar líkur á að það mundi ganga upp en ég vil ekki hafna neinu fyrir fram.

Þegar hv. þm. talar um að virkjanir á Vestfjörðum séu inni í þeirri mynd sem nú er til umræðu í tengslum við stóriðjuframkvæmdir og þá sérstaklega í Hvalfirði, þá óttast ég að undirbúningur á Vestfjörðum sé það skammt á veg kominn að hann geti ekki komið til álita nú í sambandi við þær framkvæmdir sem uppi eru áform um við fyrirtækið Norðurál vegna þess að þær byggjast á því að stækkunin geti komið til framkvæmda árið 2004. Og eins og hv. þm. veit liggur fyrir frv. í þinginu sem kveður á um frelsi í vinnslu orku þannig að þar með er það opið fyrir hverjum sem er sem uppfyllir ákveðin skilyrði að fara í virkjunarframkvæmdir.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði frá því í ræðu minni að ég hefði hlustað á erindi í morgun m.a. frá forsvarsmönnum Norðuráls og forstjóra Landsvirkjunar. Ég gat ekki betur heyrt þar en að menn væru að tala um að síðasti hluti stækkunar hjá Norðuráli í Hvalfirði væri árið 2006. Hæstv. iðnrh. sagði áðan að árið 2004 ætti því að vera lokið. Mér er því spurn hvort það hafi verið rangt hjá forustumönnum álversins og eins hjá forstjóra Landsvirkjunar að tala á þeim nótum að síðasti hluti stækkunar álvers í Hvalfirði yrði árið 2006. Eins er mér heldur ekki ljóst hvort það er svona miklu lengur verið að reisa orkuver á Vestfjörðum en á Suðurlandi. Ég fæ ekki alveg samhengi í þetta svar hæstv. iðnrh.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég tala um árið 2004 þá er ég að tala um 90 þús. tonna áfanga sem áform eru uppi um að bætist við þann 90 þús. tonna áfanga eða 30 plús 60 sem tekinn verður í notkun í sumar. Ég sé það ekki fyrir mér að virkjanir á Vestfjörðum geti komið til greina í sambandi við þennan áfanga. Síðan hefur fyrirtækið uppi áform um að stækka enn meira og hvað þá gerist er algerlega óljóst og ekki ástæða til að fara mjög djúpt í þá umræðu núna vegna þess að þá verðum við líka komin inn í nýtt umhverfi raforkumála og ríkið hefur þá miklu minni afskipti af þessum málum öllum en í dag. Það er því best að útiloka ekkert í sambandi við áfanga sem kemur á eftir þeim sem nú er til umræðu. Vissulega væri það ánægjulegt ef virkjunarframkvæmdir og virkjunarkostir á Vestfjörðum væru þá komnir inn í umræðuna meira en nú er.

[15:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra lét nokkuð að því liggja að ósk um hlutafélagsvæðingu orkubúsins og hugsanlega sölu þess væri komin frá sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Það er að einhverju leyti rétt ef ég má vitna til ummæla hæstv. félmrh. í Morgunblaðinu 21. mars árið 2000, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Páll Pétursson félagsmálaráðherra sagði að umræða um hugsanleg kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða væri til komin vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Sveitarfélögin ættu flest við mjög alvarlegan vanda að stríða. Staða Vesturbyggðar væri mjög

alvarleg og Ísafjörður og Bolungarvík stæðu einnig frammi fyrir miklum fjárhagsvanda."

Og áfram, með leyfi forseta:

„Páll sagði að vandi sveitarfélaganna vegna félagslegs húsnæðis væri til sérstakrar skoðunar í félagsmálaráðuneytinu, en það væri þó ljóst að ef ríkið keypti hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða mundu möguleikar þeirra til að standa í skilum á lánum sem hvíldu á félagslegu íbúðunum batna verulega."

Herra forseti. Það er alveg ljóst hvernig þetta mál fer í stað. Í dagblaðinu Degi 21. október 2000 er viðtal við hæstv. fjmrh. þar sem kveður við sama tón. Ég held því að miklu hreinna sé að segja það bara hreint út með hvaða hætti þetta er til komið. Þetta sé vegna þess að ríkið er ekki reiðubúið til að koma til móts við fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum vegna félagslega íbúðakerfisins með öðrum hætti en þessum.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vitnaði fyrst og fremst í aðra ráðherra en þann sem hér stendur en engu að síður þekki ég málið og veit það að fjárhagslegir erfiðleikar ákveðinna sveitarfélaga spila þarna inn í. Hv. þm. talaði einungis um félagslega kerfið. Hins vegar er meiningin, ef af því verður að sveitarfélög selji, að taka fyrst og fremst á almennum rekstrarvanda en að litlu leyti á vanda sem er til kominn vegna félagslega kerfisins. Rétt er að halda því til haga að það er fyrst og fremst verið að tala um almennan rekstrarvanda hjá ákveðnum sveitarfélögum sem ég ætla ekki að fara frekar út í enda er ég ekki með neinar tölur um það og þetta hefur ekki verið til umfjöllunar í iðnrn., einungis frv. eins og það liggur fyrir, þ.e. að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Það er það sem snýr að ráðuneyti mínu.

[15:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að félagslega íbúðakerfið snertir ekki beint ráðuneyti hennar en það undirstrikar að þetta mál er nefnilega á vegum miklu fleiri ráðuneyta. Ég get vitnað í ummæli hæstv. fjmrh. sem víkur nákvæmlega að því sama, með leyfi forseta, í Degi 21. okt. 2000:

„Það er ekkert launungarmál að á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að því að taka sérstaklega á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum en þau málefni tengjast Orkubúi Vestfjarða og ganga út á það að ríkið kaupi hlut sveitarfélaganna í orkubúinu sem mundi verða til þess að þau gætu grynnkað verulega á skuldum sínum."

Það sem vert er að gera sér grein fyrir, herra forseti, er það að fjárhagsvandi sveitarfélaganna, hvort sem hann er til kominn vegna félagslega íbúðakerfisins, vegna kolrangrar fiskveiðistjórnarstefnu eða annarra aðgerða sem hafa haft áhrif á það að íbúar Vestfjarða geta ekki staðið undir lögboðnum skyldum sínum og standa uppi með fjárhagsvanda *vegna rangrar áherslu í byggðamálum*, þá er þetta ekki slitið í sundur í öllum aðdraganda málsins. Ef þessi fjárhagsvandi hefði ekki komið til, herra forseti, þá sýnist mér einboðið að þetta mál væri ekki uppi á borði með þeim hætti sem það er. Ég held að það sé miklu hreinlegra, herra forseti, að hæstv. ráðherra viðurkenni það og við mundum síðan ræða hvernig við ættum að taka á þeim fjárhagsvanda sem þarna er sem er að stórum hluta á sameiginlegri ábyrgð allrar þjóðarinnar, hluti af þeirri stefnu sem við höfum fylgt á síðustu árum.

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara örstutt. Auðvitað er það viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga að taka á sínum málum en ekki viðfangsefni okkar sem hér sitjum. Þessu vil ég halda til haga vegna þess að mér finnst stundum sem sumir hv. þm. tali nánast eins og sveitarfélögin hafi ekki ákveðið sjálfstæði. Hins vegar snýst það mál sem hér er til umræðu um að skapa sveitarfélögum ákveðna möguleika telji þau það rétt. Ekkert gerist án ákvörðunar viðkomandi sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi þannig að ekki er verið að þvinga neinu upp á viðkomandi sveitarfélög. Þau eiga þennan möguleika ef þetta frv. verður að lögum og svo skulum við bara sjá til hvernig mál þróast.

[15:35]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég kem til að gera grein fyrir fyrirvara sem ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem erum fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. iðnn., höfum gert við það meirihlutaálit sem liggur fyrir. En fyrst, herra forseti, vík ég að meirihlutaálitinu sjálfu og þar með meginniðurstöðu iðnn. Þar kemur fram að því frv. sem hér er fjallað um er ætlað að heimila stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða og í því eigi ríkið 40% hlut. Sérstök löggjöf er um þetta fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, af því að það er ekki eins og ýmis önnur orkufyrirtæki í eigu sveitarfélaga eingöngu í þeirra eigu heldur í sameign sveitarfélaga og ríkis.

Ljóst er að við það að Orkubúi Vestfjarða er breytt í hlutafélag verður hverju sveitarfélagi heimilt að selja hlut sinn. Það liggur jafnframt fyrir og er um það samkomulag að íslenska ríkið muni ganga til viðræðna við sveitarfélögin um kaup á hlut þeirra í félaginu og jafnframt að gert verði skuldbindandi kauptilboð. Endurtekið er í nefndarálitinu, herra forseti, að síðan verði hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það selur hlut sinn eða hefur hann áfram í sinni eigu.

Það kemur jafnframt fram hér, og undir það skrifum við hv. þm. *Bryndís Hlöðversdóttir, að meiri hlutinn líti svo á að* frv. eitt og sér taki einungis til breytts rekstrarforms Orkubús Vestfjarða en að fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé í raun annað mál. Lögð er áhersla á það, herra forseti, að með frv. sé ekki verið að taka ákvörðun um sölu sveitarfélaganna á sínum hlut, heldur sé verið að skapa þær aðstæður og það lagalega umhverfi sem þarf að vera ef eitthvert sveitarfélag kýs að selja hlut sinn. Við þetta höfum við enga fyrirvara í sjálfu sér, herra forseti. Fyrirvari okkar lýtur miklu fremur að því kaupverði sem rætt hefur verið um, því mati sem liggur fyrir og þeim bakgrunni sem málið hvílir í rauninni á og hvernig þeim bakgrunni er, má segja, þvælt inn í umræðuna um þessa formbreytingu á fyrirtækinu Orkubúi Vestfjarða.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan að það væri einungis á forræði ráðuneytis hennar að gera þessa breytingu á fyrirtækinu. Hins vegar er í frv. sjálfu vikið að fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Þar segir í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður fulltrúa stjórnvalda og sveitarfélaga á Vestfjörðum um lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum kom fram sú

hugmynd að ríkissjóður keypti hlut þeirra sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða sem það vildu til að gera þeim kleift að grynnka á skuldum sínum. Í 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga, nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, segir hins vegar að eignarhlutföllum verði ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda og engum sameignarfélaga verði heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

Í ljósi framangreinds var það niðurstaða eigenda að æskilegt væri að breyta rekstrarformi fyrirtækisins, enda yrði tryggt að það nyti óbreyttrar stöðu þar til breytingar yrðu gerðar á skipulagi raforkumála. Töldu sameigendur að slík breyting á rekstrarformi fyrirtækisins samræmdist betur þeim breytingum sem verða á næstunni og gerði sveitarfélögum á Vestfjörðum betur kleift að selja hluti sína í orkubúinu. Því gerðu sameigendur Orkubús Vestfjarða 7. febrúar sl. með sér samkomulag um breytt rekstrarform fyrirtækisins í kjölfar þess að viðkomandi sveitarstjórnir samþykktu slíka breytingu."

Herra forseti. Málið er hér kannski í hnotskurn og eins og ég gat um lýtur fyrirvari okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í rauninni að því hvernig fjárhagsvandanum er þvælt inn í umfjöllun um þá formbreytingu sem hér á sér stað á þessu fyrirtæki. En það er kannski einmitt sá bakgrunnur sem hefur orðið mönnum helst að umtalsefni í þinginu og veldur því að menn leggjast gegn formbreytingu fyrirtækisins á þeim forsendum hvernig til málsins virðist hafa verið stofnað.

Ljóst er að menn eru misgírugir að selja þessar eignir og fyrir liggur að sveitarfélögin eru ekki öll sammála um að þau þurfi á því að halda að selja eignir sínar í þessu fyrirtæki til að mæta öðrum þeim kröfum sem á þau standa. Það mun væntanlega koma í ljós hvernig þau bregðast við þeim möguleikum sem þau fá vissulega verði þetta frv. að lögum. Möguleikar þeirra eru þá annars vegar þeir að vinna úr skuldastöðu sinni og aðstæðum við óbreytt ástand, þ.e. þau eiga áfram hlutinn í orkubúinu, ellegar selja hlut sinn og ganga þá til þess að flokka skuldir sínar og greiða það sem þeim þykir heppilegast að greiða.

Ég ætla ekki að koma sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum sérstaklega til varnar í ræðu minni þó að mig satt að segja blóðlangi til þess á köflum. Ég er sjálf gamall sveitarstjórnarmaður eins og fleiri í þessum sal og ég held að við sem höfum unnið á vettvangi sveitarstjórnanna séum fullkomlega meðvituð um þá ábyrgð sem því fylgir að taka ákvörðun sem sveitarstjórnarmaður, hvort sem það er ákvörðun um skuldsetningu eða með hvaða hætti skuldir verða aftur greiddar, hvort það er gert með sölu eigna eða með auknum gjöldum á íbúana. Aðrar leiðir eru ekki færar í þeim efnum. Menn geta þrengt að þjónustu en það er auðveldara um að tala en í að komast þegar sveitarfélögin eiga í hlut eins og menn þekkja sem hafa reynt að takast á við slíka hluti. Nei, ég held að sveitarstjórnir á Vestfjörðum séu eins og sveitarstjórnir annars staðar í landinu fullfærar um það að meta stöðu mála og takast á við bæði það hvernig þau verja skatttekjum eða ráðstafa eignum sínum til þess að laga til fyrir sér og sínum íbúum.

Af því að menn hafa talað um að salan á orkubúinu hafi ekki verið kosningamál þá er ekkert útséð um það hvort salan á orkubúinu verður kosningamál vegna þess að ef það samkomulag sem hér liggur fyrir milli ríkisins og sveitarfélaganna er skoðað, kemur í ljós að sveitarfélögin hafa tíma, þau hafa ráðrúm til að taka ákvörðun um það hvort þau taka hinu bindandi kauptilboði ríkisins allt fram til 1. júlí árið 2002. Þá verður búið að kjósa nýja sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi þannig að það er mjög einfalt fyrir íbúana, ef þeir vilja, að hafa áhrif á það hver niðurstaðan verður í sveitarfélaginu. Ef íbúarnir eru að meiri hluta algjörlega andsnúnir því að hlutur sveitarfélagsins í orkubúinu sé seldur og andvirðið sé þá notað til þess að laga til í skuldastöðu sveitarfélagsins en vilja að það sé gert með einhverjum öðrum hætti, þá hafa þeir tækifæri til að láta það í ljós í sveitarstjórnarkosningum sem eru vorið 2002. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum þarf að vera búið að halda fundi í sveitarstjórn löngu áður en þessi dagsetning, 1. júlí, kemur. Það er því alveg ljóst, herra forseti, að vilji menn gera málið að kosningamáli, sem það ugglaust verður einhvers staðar, þá gerist það vorið 2002 og þá geta íbúarnir sent skýr skilaboð um það hvort þeir vilji að hlutur þeirra verði seldur eða ekki, þ.e. á þessu bindandi kauptilboði. Ef menn nýta sér það ekki þá stendur það væntanlega opið af því að félagið verður orðið hlutafélag að sveitarfélögin selji hlut sinn síðar ef þeim svo býður við að horfa en þá mun þetta bindandi kauptilboð auðvitað ekki standa og þá spurning við hvaða verði menn selja hlut sinn.

Mér fannst nauðsynlegt, herra forseti, að þetta kæmi fram og einnig það að við lítum svo á, og ég vil undirstrika það, að þó svo fyrirtækinu sé breytt í hlutafélag þá er fyrst og fremst verið að gera þeim sveitarfélögum sem svo kjósa kleift að selja sinn hlut og nýta þessa eign sem þau eiga með öðrum hætti en hingað til og að þau hafi um það sjálfstæði og sjálfræði. Samkvæmt stjórnarskrá er sveitarfélögunum ætlað býsna mikið sjálfstæði. Þau hafa stjórnarskrárvarið sjálfstæði þannig að þau verða ekki neydd til þess að selja sinn hlut né heldur verða þau neydd til þess að ljúka tilteknum skuldum fram yfir aðrar. Þau hafa stjórnarskrárvarið sjálfstæði til ákvarðana sinna og það var heldur skerpt á því sjálfstæði við stjórnarskrárbreytinguna 1995. Þetta stjórnarskrárvarða sjálfstæði horfir auðvitað í tvær áttir. Það horfir til þess að þeir fulltrúar sem kjörnir eru í sveitarstjórn hafa býsna mikið sjálfstæði um þá ákvarðanatöku sem á sér stað í sveitarstjórninni um málefni sveitarfélagsins en þeir bera líka mikla ábyrgð vegna þess að sjálfstæði fylgir ábyrgð. Ég held að velflestir sveitarstjórnarmenn geri sér vel grein fyrir þeirri ábyrgð sem á herðum þeirra hvílir og að þess vegna hafi sú umræða hafist að rétt væri a.m.k. að búa til þann möguleika að sveitarfélögin á Vestfjörðum ættu þann kost að geta selt sinn hlut í orkubúinu ef þeim sýndist að vænlegra væri að fara þá leið til þess að takast á við skuldastöðu sína en að gera það með auknum álögum á íbúana.

Herra forseti. Ég ætla aftur að hverfa að þeim fyrirvara sem við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir settum og lýtur að því mati, þeirri niðurstöðu, að fyrirtækið sé virt á 4,6 milljarða. Ekki hefur komið nægilega fram hvernig sú niðurstaða er fengin. Við viljum hafa allan fyrirvara á því að við skrifum undir það að fjármunum ríkissjóðs sé þannig varið að ekki sé hægt að fullvissa sig um að þar sé allt hugsað til enda og menn séu þá að gera það úr peningunum sem unnt er á hverjum tíma. Vera kann að fulltrúar ríkisins telji að það sé slíkur fengur að því að kaupa þessa hluti að verjandi sé að verðið sé þetta. Það kann líka að vera að þeir hafi rétt fyrir sér sem telja að með þessu sé með einhverjum hætti verið að fá þetta fyrirtæki á einhverjum lotterímarkaði. Mér finnst samt, herra forseti, fleira benda til þess að fyrirtækið sé á yfirverði. Það hefur aftur og aftur komið fram í umræðunni, kom fram ítrekað við 1. umr. málsins, að menn töldu að

svo væri og við því komu ekki svör frá hæstv. iðnrh. Hins vegar kom fram í máli hennar áðan að hér væri um að ræða hátt mat, eins og hún orðaði það, hátt mat, þannig að það er nokkuð ljóst, herra forseti, að full ástæða er til þess að vera með fyrirvara gagnvart þessu mati. Það er nákvæmlega þar sem fyrirvari okkar liggur.

Hér hefur verið að talað um skuldastöðu sveitarfélaga og félagslega íbúðakerfið. Lesið var upp hvað hæstv. félmrh. sagði um málið fyrir rúmu ári síðan þegar hann hafði kynnt sér að því er virtist sérstaklega stöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum varðandi félagslega íbúðakerfið og hafði fullvissað sig um að hún væri afar slæm. Vegna þess vil ég láta það koma fram hér að við í Samfylkingunni höfum talið að ef menn ætla að takast á við þann vanda sem mjög víða ríkir í sveitarfélögunum vegna fólksfækkunar og þá hvernig þau í kjölfar þess standa uppi með ónotðar íbúðir, þá á að gera það almennt. Þá eiga menn að horfa til þess vanda sem vanda landsins alls, sem hann sannarlega er, en ekki nota aðferðir eins og menn hafa látið að liggja að væri hugsanlega verið að nota hér við það verðmat sem samkomulag hefur orðið um á þessu fyrirtæki, enda kom fram í máli hæstv. iðnrh. fyrr í dag að hún taldi að menn væru ekkert endilega að horfa til félagslega íbúðakerfisins. Ef til vill hafa sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum komið þeim skilaboðum nægjanlega á framfæri þannig að menn hafa áttað sig á því að sveitarstjórnarmenn meta það ekki svo að skuldavandi þeirra sé félagslega íbúðakerfið vegna þess að ef það er viðurkennt fyrir það fyrsta að það sé prívatvandi sveitarfélagsins, sem ég samþykki ekki, þá eru þau lán líklega hagstæðustu lánin viðkomandi sveitarfélags. Ef menn ætla að selja hlut sinn í fyrirtækinu og laga til í sinni skuldastöðu þá er spá mín sú að sveitarstjórnarmenn muni kjósa að leysa önnur veðbönd áður en þeir fara í félagslega húsnæðiskerfið. Þó að málið kunni að hafa átt sitt upphaf hjá hæstv. félmrh. og viðræðuaðilum hans þar vestra, fulltrúum sveitarstjórna sem áttu í sérstökum vandræðum að þeim fannst vegna félagslega íbúðakerfisins og skuldsetningar sveitarfélagsins vegna þess, þá er spá mín sú að ef vestfirsk sveitarfélög kjósa að selja hlut sinn, muni þau velta því vandlega fyrir sér hvernig þeim fjármunum sem þau þá fá til ráðstöfunar verði best ráðstafað. Og ég undirstrika það, herra forseti, að um það hafa þau sjálfdæmi. Það er ekki ríkisvaldsins að segja sveitarfélögunum að þau eigi að nýta þessa fjármuni til að borga þessa skuld frekar en hina. Það liggur einfaldlega þannig að sveitarfélögin hafa stjórnarskrárvarið sjálfstæði og það er ákvörðunarvald þeirra sveitarstjórnarmanna sem hafa tekið að sér að axla þá ábyrgð að ákveða hvernig þessir fjármunir verða nýttir.

Herra forseti. Ég ætla líka að ítreka það að þetta mál verður kosningamál í næstu sveitarstjórnarkosningum ef menn vilja af því að tilboð ríkisins mun standa fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar og ég á von á því að ef Vestfirðingar, aðrir en þá sveitarstjórnarmenn sem gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og vilja fá þann möguleika að geta selt þennan hlut, eru sannfærðir um að það sé óhappaverk að selja hlutinn þá munu þau skilaboð ná til sveitarstjórnarmanna og þeirra sem fara í framboð fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Ég treysti þá íbúunum og sveitarstjórnarmönnum til þess að gera það úr þessum möguleikum sem talið er best fyrir sveitarfélögin og íbúana á Vestfjörðum.

Herra forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar styðjum því það að sveitarfélögin á Vestfjörðum fái þennan möguleika, að þau fái þann möguleika að geta selt hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða. Við gerum okkur grein fyrir sjálfstæði þeirra og við vitum að sveitarstjórnarmenn bera mikla ábyrgð og þeir munu væntanlega velta því alvarlega fyrir sér í ljósi stöðunnar heima fyrir hvort þeir taka ákvörðun um sölu. Við vitum líka að þeir átta sig á því að næstu sveitarstjórnarkosningar munu alla vega einhvers staðar snúast um þessi mál.

Herra forseti. Ég held að ég hafi komið fyrirvara okkar hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur ágætlega á framfæri og vænti þess að sveitarstjórnarmenn taki á þessu máli af þeirri ábyrgð sem ég þykist vita að þeir skynji varðandi bæði framtíð sveitarfélaganna og fjárhagslega stöðu þeirra hvers um sig.

[15:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur var tíðrætt um sjálfstæði sveitarfélaganna í þessu máli og sjálfstæði þeirra til að ráðstafa eignum sínum. Ég gæti tekið undir það ef satt væri. En ég vil vekja athygli á þeirri bókun eða þeirri undirskrift eða því bréfi sem undirritað var af æðstu yfirmönnum fjmrn., iðnrn. og félmnrn. samtímis að skrifað var undir beiðnina um að Orkubúi Vestfjarða yrði breytt í hlutafélag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Staðfesting vegna hugsanlegra kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða.

Með vísan til 9. gr. í samkomulagi sameignarfélags Orkubús Vestfjarða, dags. 7. febrúar 2001, og til bréfa iðnrn. og viðskrn., dags. 7. nóvember 2000, til sveitarfélaga á Vestfjörðum staðfestist hér með að ríkisvaldið mun í kjölfar stofnunar hlutafélags um Orkubú Vestfjarða gera öllum sameigendum sínum í Orkubúi Vestfjarða kauptilboð í eignarhlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða. Í samningnum um kaup á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hf. mun ríkisvaldið ganga út frá að heildarverðmæti Orkubús Vestfjarða hf. séu 4,6 milljarðar kr. enda verði söluverðmætinu varið til þess að greiða niður skuldir viðkomandi sveitarfélaga og til lausnar bráðavanda viðkomandi sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu í samræmi við það sem rætt hefur verið."

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á að þessi yfirlýsing er afhent aðilum um leið og þeir skrifa undir þetta þannig að öllum er ljóst að hér er ekki um neitt frelsi að ræða til að ráðstafa þessum eignum á því verði sem ríkisvaldið er þarna að bjóða.

[15:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að benda hv. þm. á að hvorki í lagatextanum sjálfum né því samkomulagi sem fylgir í greinargerð frv. kemur áskilnaður af þessu tagi fram. Hafi hann á einhverju stigi málsins verið í pappírum sem gengu frá ráðuneytum og þá á milli ráðuneytisstjóra, ráðherra og einstakra sveitarstjórnarmanna, hefur það hvorki endurspeglast í frv. né því samkomulagi sem þar er. Þess vegna er það mitt mat og það ekki bara mitt mat, ég held að málið liggi þannig, að ef sveitarfélögin svo kjósa þá sé það algerlega þeirra vilji hvort þau selja og hvernig þau verja andvirði þess hlutar sem þau selja í Orkubúi Vestfjarða.

Herra forseti. Af því að hv. þm. beinir þessari fyrirspurn til mín þá langar mig að beina fyrirspurn til hans sem lýtur að sjálfstæði sveitarfélaganna. Telur hv. þm. að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum fái ekki axlað þá ábyrgð sem þeir tóku

að sér við síðustu sveitarstjórnarkosningar? Og telur hann ekki að ákvörðun af því tagi að taka þátt í að undirbúa það að Orkubúi Vestfjarða verði breytt í hlutafélag sé í rauninni samboðin þeim, að þeir rísi ekki undir þeirri ábyrgð?

[15:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum sem víða annars staðar axla þá ábyrgð sem þeir ráða við. En þeir eru ekki þarna einir á ferð, það eru miklu fleiri. Ríkisvaldið hefur líka mikil áhrif á það hvernig þeim tekst að axla þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig og ríkisvaldið spilar þar náttúrlega afar stórt hlutverk.

Eins og við vitum hefur þróunin orðið sú víða um land að svigrúm sveitarstjórnarmanna til þess að gera það sem þá langar til og telja nauðsynlegt að gera fyrir íbúa sína hefur ekki verið mikið einmitt vegna skertra tekna og þröngrar stöðu sem ríkisvaldið hefur búið þeim. Því miður er þetta svona.

Herra forseti. Ég verð að segja að miðað við það sterka framkvæmdarvald sem býr í ráðuneytunum okkar og þá þröngu fjárhagsstöðu sem mörg þessara sveitarfélaga eru í og hefur verið tíunduð og ekki dregin í efa og er að mörgu leyti komin til meira að segja af samfélagslegum og pólitískum toga í byggða- og atvinnumálum eins og hv. þm. kom inn á, þá hef ég enga trú á öðru en að þau muni fylgja eftir þessari yfirlýsingu sem þau krefjast að sé lögð fram um leið og þessi samningur er undirritaður. Því miður, herra forseti, held ég að sú krafa sé býsna sterk sem sett var fram af hálfu ráðuneytanna við undirskrift á þessum samningi 7. febrúar sl. og muni standa sem krafa á sveitarfélögin ef þau hugsa sér að hreyfa sig varðandi sölu á þessu. Því miður, herra forseti.

[16:00]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að sveitarfélögin í landinu hafa undanfarin ár búið við afar erfiðar aðstæður af ýmsum ástæðum. Ég hef í félagi við pólitíska samherja mína á hv. Alþingi oft tekið það til umræðu hvernig sú ríkisstjórn sem ræður nú hefur í rauninni farið með sveitarfélögin í landinu, hvernig fjárhagur þeirra hefur verið rýrður og möguleikar til tekna, hvernig aðstæður þeirra hafa á ýmsan hátt verið gerðar erfiðari en þær gætu verið ef hér væri rekin öflug byggðastefna, ef ríkisstjórnin væri tilbúin til að viðurkenna að öflug sveitarfélög eru lykillinn að öflugri byggðastefnu.

Hins vegar breytir það ekki hinu að sveitarstjórnarmenn hafa og bera mikla ábyrgð vegna sjálfstæðis sveitarfélaganna. Þeir verða að axla þá ábyrgð og liður í því er að taka ákvarðanir eins og þær sem sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum gera þegar þeir gera samkomulag við ríkið um að þessu fyrirtæki sé breytt í hlutafélag. Það er síðan líka ákvörðun þeirra og liður í sjálfstæði þeirra hvort þeir kjósa að selja eða ekki. Það held ég að verði að liggja algerlega fyrir.

Hitt er síðan líka staðreynd, sem ég held að við verðum að hafa í huga, að ef sveitarfélög fara mjög illa fjárhagslega þá kann að koma til þeirrar stöðu að þau lendi í því sem hefur verið kallað „gjörgæsla félagsmálaráðuneytisins". Það er, herra forseti, hlutur sem ég held að engir íbúar neins sveitarfélags vilji sjálfum sér til handa. Það er þrautalending og auðvitað vilja allir sveitarstjórnarmenn sem axla þá ábyrgð sem þeim hefur verið falin leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Það er eitt af því sem íbúar sveitarfélaganna á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu þar sem illa hefur árað horfa til og vilja ekki þurfa að standa frammi fyrir.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:03]

[17:59]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 685. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1219.

Lífeyrissjóður bænda, 684. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1218.

Seðlabanki Íslands, 675. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1214; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1215.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1225.

Tollalög, 683. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1216; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1217.

Vextir og verðtrygging, 566. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1211.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 567. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1212.

Virðisaukaskattur, 686. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1220.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 669. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1213.

Um fundarstjórn.

Nefndarfundir á þingfundatíma.

[18:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að núna kl. 19, eftir eina klukkustund, hefur verið boðað til fundar í menntmn. þingsins með ítarlegri dagskrá, fimm dagskrárliðir, gestir boðaðir á fund. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um áform hæstv. forseta um fund þingsins í kvöld hvor kosturinn verði valinn að fresta þingfundi eða fresta fundi menntmn.

[18:01]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti þakkar hv. 13. þm. Reykv. fyrir ábendinguna. Þess var áður getið að þingfundur stæði til kl. 19 eða svo. Þá verður honum slitið.

[18:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Þá vil ég vekja athygli á því að boðað hefur verið til þingfundar í fyrramálið kl. 10 en jafnframt hefur verið boðað til fundar í samgn. þingsins kl. 10, á sama tíma. Fjórir dagskrárliðir eru á dagskrá. Fjalla á um frumvörp sem eru yfirgripsmikil og gestir hafa verið boðaðir á fund nefndarinnar. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvor kosturinn verður valinn, að fresta þingfundi eða fundi samgn.

[18:03]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti mun kanna þetta mál.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

[18:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég lýsti yfir við 1. umr. að ég væri mjög hlynntur þessu frv. um að breyta Orkubúi Vestfjarða og sameignarfélagi í hlutafélag og ég er það enn þá. Sameignarfyrirkomulagið er úrelt fyrir utan það að eignarhlutirnir breytast eftir íbúafjölda þannig að þegar fækkað í sveitarfélagi, þá minnkaði eignarhluti í þessu ágæta fyrirtæki þegar síst skyldi.

Ég benti jafnframt á að undanþágur þær sem er að finna í 4. gr. eru óþarfar. Það er hægt að koma því þannig fyrir að ekki þurfi að beita þessum undanþágum og síðan benti ég einnig á að undanþágur eru frá skattskyldu sem mér finnst vera óeðlilegt. Mér finnst að orkufyrirtæki geti greitt skatta og skyldur nákvæmlega eins og önnur fyrirtæki og ekki síður fær um það heldur en t.d. gamalt fólk sem á fasteignir.

Herra forseti. Í greinargerð kemur fram að meiningin sé að sveitarfélögin, einhver þeirra, selji hlut sinn í þessu nýja hlutafélagi til að grynnka á skuldum. Í umræðum hefur komið fram að þetta er vegna skuldsetningar sveitarfélaganna vegna bygginga á félagslegum íbúðum.

Við 1. umr. sagði ég, herra forseti, að sveitarfélögin gætu selt félagið hverjum sem væri en þá var mér ekki ljóst að verið væri að tala um að selja fyrirtækið á 4,6 milljarða og ég taldi jafnvel að það væri réttlátt og skynsamlegt verð, eigið fé er 4 milljarðar og það virðist vera gott verð. En í upplýsingum til hv. iðnn., þar sem ég á sæti, kom fram að verðmatið er miklu lægra. Við erum ekki að tala um eðlilega sölu, við erum að tala um styrkveitingu. Þá horfir málið töluvert öðruvísi við, a.m.k. gagnvart mér.

Vandræði sveitarfélaga á Vestfjörðum eru af ýmsum ástæðum. Þau voru sum hver mjög kræf í því að byggja félagslegar íbúðir þegar það var á döfinni til þess að fá atvinnu í sveitarfélögin, þ.e. glannalegar fjárfestingar í félagslegu íbúðarhúsnæði. Önnur hafa lent í því að íbúum hefur fækkað sem þau gátu ekki gert ráð fyrir þegar þau gerðu áætlanir um að byggja félagslegar íbúðir. Svo gerist það þegar fólki er boðið upp á að kaupa íbúð með félagslegum kjörum, með miklum niðurgreiðslum á vöxtum, þ.e. miklu ódýrara húsnæði en gengur og gerist, þá vill einstaklingurinn að sjálfsögðu taka þann kost og alveg sérstaklega þar sem hann þurfti ekki að bera neina ábyrgð á fjárfestingunni vegna endurkaupaákvæða, sem segja að sveitarfélagið verði að kaupa af honum íbúðina ef hann óskaði eftir því. Allt hefur þetta leitt til þess að mikið var byggt af slíku húsnæði og það lenti að sjálfsögðu svo á sveitarfélögunum.

Sú leið sem hér er farin að nota Orkubú Vestfjarða sem dulbúinn styrk til að leysa þennan vanda sveitarfélaganna er afskaplega slæm. Í fyrsta lagi er, eins og bent hefur verið á, sá vandi víðar en bara á Vestfjörðum með þessar félagslegu íbúðir. Mörg sveitarfélög víða um land, á Norðurlandi og Austfjörðum, hafa farið út í félagslegar byggingar án þess að áætlanir hafi staðist um að koma þeim út og vandi þeirra er ekki leystur.

Annar ókostur við þessa leið er sá að Orkubú Vestfjarða í eigu ríkisins verður alltaf metið of hátt þannig að arðsemi þess fyrirtækis verður ætíð mjög lág og það verður mjög erfitt að selja þetta hlutafélag einhvern tíma seinna þannig að það mun verða áfram í eigu ríkisins. Þessi kostur er því mjög slæmur fyrir utan það að þessi styrkur kemur ekki fram sem styrkur gagnvart t.d. íbúum á svæðinu.

Mér finnst, herra forseti, að leysa þurfi vandamál vegna félagslegra íbúða t.d. með því að núvirða allar skuldir miðað við markaðsvexti. Þetta eru lán með 1% vöxtum og þau mætti núvirða miðað við markaðsvexti, 5–6% vexti, og mundu skuldirnar lækka um helming gróft séð, og það mundi hugsanlega laga stöðu fjöldamargra sveitarfélaga og þetta mætti gera almennt þannig að allir sem eiga svona íbúð, hvort sem það eru einstaklingar eða sveitarfélög, fengju lækkun á félagslegu skuldunum og íbúðin losnaði þar með út úr kerfinu og yrði bara eins og hver önnur íbúð. Þetta mætti gera því búið er að gera ráð fyrir því í Íbúðalánasjóði að þessar eignir Íbúðalánasjóðs séu ekki mikils virði. Ef þetta dugar ekki til þá verða menn að sjálfsögðu að grípa á vanda þeirra sveitarfélaga sem þá standa eftir og geta ekki leyst sinn vanda sjálf með því að veita þeim beina styrki, herra forseti, þannig að það komi greinilega fram hvað menn eru að gera. En gæta þarf að því að sum sveitarfélög sýndu ábyrgðartilfinningu og fóru ekki út í svona byggingar á meðan önnur voru ábyrgðarlausari og byggðu og eru að súpa seyðið af því núna. Það er því alltaf spurning um hvort eigi að verðlauna þann sem ekki sýnir fyrirhyggju og ábyrgð. Því miður er allt of mikið gert af því.

En varðandi fyrirtækið Orkubú Vestfjarða þá mundi ég hreinlega leggja til að það yrði gert að hlutafélagi. Og ef sveitarfélögum sýndist svo gætu þau selt það og ég hygg að ef nýir aðilar kæmu þarna inn gæti það orðið sú lyftistöng fyrir Vestfirði sem fyrirtækið á að geta verið. Ég held nefnilega að á Vestfjörðum séu möguleikar sem menn hafa kannski ekki endilega komið auga á sem felast í því að nota það að þarna er mjög mikið fall af vötnum uppi á fjöllunum, 600 metra fall. Það mætti nota þessi vötn sem rafgeyma og flytja orku til og frá Vestfjörðum í stað þess að byggja uppistöðulón um allt landið. Þetta mætti gera og mundi sjálfsagt gerast ef fyrirtækið yrði selt á markaði með þeim einkarétti sem það hefur til virkjunar á Vestfjörðum og þá mundu örugglega einhverjir sniðugir aðilar sjá ýmsa nýja fleti á rekstri þessa fyrirtækis sem að sjálfsögðu gerir það verðmætara. En ég er, herra forseti, mjög efins um að búa til dulbúna styrki með þeim hætti sem hér er lagt til.

[18:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst og fremst ein fullyrðing sem mér fannst hafa komið fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals sem ég vil gera athugasemd við. Hún var sú að menn hefðu farið út í að byggja félagslegar íbúðir af lítilli forsjá og þau sveitarfélög sem við erum að ræða um, sem eru vestfirsk sveitarfélög, hafi þá e.t.v. sum hver eins og hann sagði sýnt ábyrgðarleysi eða hefðu verið ábyrgðarlaus í byggingu félagslegra íbúða.

Það vill þannig til, hv. þm., að þegar þessar félagslegu íbúðir voru byggðar var atvinnulíf í talsverðri uppsveiflu og ég hygg að eingöngu hafi verið byggðar íbúðir sem urðu síðan fullsetnar eftir að þær voru byggðar. Hins vegar hefur löggjöfin um stjórn fiskveiða orðið til þess að atvinnutækifærum á Vestfjörðum hefur verulega fækkað. Komið hefur fram í skýrslu, m.a. skýrslu Byggðastofnunar, að veruleg fækkun hefur orðið, nánast sama fækkun á störfum og íbúum, t.d. í Ísafjarðarbæ. Ég held að það sé kannski ekki hægt

að skrifa þetta á sveitarfélögin þó að ég ætli ekki að fullyrða það alveg, að hvergi hafi verið byggt um of en ég hygg þó að víðast hvar, eftir því sem ég þekki til, hafi menn verið að byggja samkvæmt þeirri þörf sem var til staðar á þeim tíma.

[18:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt reglunum um félagslegar íbúðir áttu menn að kanna þörfina og ég reikna með því að mörg sveitarfélög hafi gert það. Hins vegar heyrði maður af því og fékk það reyndar staðfest, þó ekki á Vestfjörðum, að menn hefðu farið út í svona íbúðabyggingar hreinlega með það að markmiði að fá til sín starfsmenn í sveitarfélagið við að byggja íbúðir, enda orðaði ég þessa fullyrðingu mjög varlega gagnvart sveitarfélögum á Vestfjörðum og sagði að sum „kynnu" að hafa farið út í glannalegar fjárfestingar með þetta markmið. En hitt nefndi ég líka að umtalsverð fækkun íbúa hefði orðið þannig að áætlanir um þörf fyrir íbúðir hefðu allar riðlast.

[18:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hins vegar annað atriði sem hv. þm. vék að og það er um að félagslegar íbúðir verði settar á markað á því virði sem þær raunverulega eru. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er þingmanninum nokkuð sammála um það að sá sem á skuldir, í þessu tilfelli ríkið, hlýtur að tapa og að eignir verða ekki seldar á meira virði en þær eru.

[18:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega algengur misskilningur að halda að ef veð dugar ekki fyrir skuld þá falli skuldin niður. Svo er ekki. Veðið er til tryggingar skuldinni en skuldarinn skuldar skuldina eftir sem áður þó að veðið sé algerlega verðlaust.

[18:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margt af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á hef ég einnig bent á í framsöguræðu minni og umfjöllun um málið en mér þykir miður að hann skuli þá ætla að styðja frv. sem stjórnarmeirihlutamaður. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki beitt sér fyrir því hjá stjórnarmeirihlutanum að málefni sveitarfélaganna verði tekin almennt fyrir, skuldastaða þeirra varðandi félagslega íbúðakerfið, það verði ekki hnýtt í þessa sölu. Það er greinilegt að langflestum þingmönnum sem fjalla um þetta mál og hafa efasemdir líkar þessi málatilbúnaður verst. Ég sagði í framsöguræðu minni, og er þar af leiðandi alveg samstiga hv. þm., að ég teldi eðlilegra að vandamál t.d. varðandi félagslega íbúðakerfið yrði leyst með beinum framlögum ríkisins. Mörg sveitarfélög hafa lent í því algerlega ófyrirséð að missa stóran hluta íbúanna frá sér. Ég tek sem dæmi kjördæmi mitt. Hverjum hefði dottið í hug fyrir 10–15 árum að í sveitarfélaginu Hrísey, þar sem var blómleg útgerð, yrði nánast í einu vetfangi lögð niður öll atvinnustarfsemi sem skapaði forsendur fyrir ákvarðanatöku um uppbyggingu? Hverjum hefði dottið í hug að á einu ári mundi slíkt sveitarfélag í kjölfar uppstokkunar í atvinnurekstri og fráflutnings stærsta fyrirtækisins missa frá sér 17% íbúanna? Þetta er algjörlega ófyrirséð og verður ekki skrifað á þá íbúa sem sitja eftir í sveitarfélaginu. Það er þess vegna sem ég tala um að fá heildstæða lausn og er þess vegna samstiga, eins og ég sagði hv. þm., að leysa það mál sér. Síðan koma bollaleggingarnar um hlutafélagavæðingu sér.

[18:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað atriði hvort ég styðji frv. eða styðji málið. Frv. sjálft er mjög gott, allar greinarnar eru góðar, ég styð það heils hugar. Þegar kemur hins vegar að afgreiðslu fjárlaga, þar sem á að fara að greiða út þetta verð, ef það er rétt og við það verði staðið, þá kann að vera að ég hefði fyrirvara um að samþykkja greiðslurnar ef þær eru of háar.

[18:18]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þá spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég tel að málflutningur hans hafi verið þess eðlis að hv. þm. átti sig fyllilega á málatilbúnaðinum. Það er alveg öruggt að ef menn hefðu ekki komist niður á þessa lausn með að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna á þennan hátt þá værum við e.t.v. ekki í þeirri stöðu að fjalla um þetta frv. Frv. sem slíkt í öðru samhengi getur verið ásættanlegt fyrir hv. þm. þar sem hann er mikill hlutafélagavæðingarmaður. En ég spyr hv. þm. hvort hann hafi ekki efasemdir um að styðja frv. þegar öllum er ljóst hvernig málatilbúnaðurinn er og hver ástæðan er fyrir því að verið er að fara í þessa hluti einmitt núna á þessum tímapunkti vegna þess að afleiðingarnar koma ekki fram fyrr en á næstu missirum og árum þar sem þær koma fram í verðmæti fyrirtækisins og sennilega orkuverði og ekki bara á Vestfjörðum heldur annars staðar í hinum dreifðu byggðum.

[18:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um þá styð ég frv. um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Hið háa Alþingi samþykkti nýlega sambærilegt frv. um Hitaveitu Suðurnesja og ég studdi það líka með nákvæmlega sömu rökum. Ég held að sú mikla samkeppni sem að er stefnt í orkugeiranum muni leiða til þess að sífellt fleiri fyrirtæki óska eftir breytingu í hlutafélag. Ég er hlynntur þeirri þróun þannig að ég get ekki verið á móti þessu frv. þó að það kunni að vera eitthvað á bak við það sem ekki er tekin afstaða til enn þá. Ég mun þá taka afstöðu til þess þegar þar að kemur.

[18:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. Pétri H. Blöndal sé kunnugt um aðdraganda og feril þessa máls. Hann liggur víða fyrir og hefur verið gerð ítarlega grein fyrir hér. Þar sem hv. þm. segist bæði styðja ríkisstjórnina og styðja það að hún samþykki þetta frv. og beiti Vestfirðinga áfram ofríki þá vil ég spyrja hvað honum finnist um þá bókun sem fulltrúar ríkisvaldsins, framkvæmdarvaldsins, létu fylgja þegar þeir skrifuðu undir ályktun um að hlutafélagavæða fyrirtækið á eigendafundi Orkubús Vestfjarða 7. febrúar 2001, með leyfi forseta:

„Með vísan til 9. gr. í samkomulagi sameignarfélags Orkubús Vestfjarða, dags. 7. febrúar 2001, og til bréfa iðn.- og viðskrn., dags. 7. nóvember 2000, til sveitarfélaga á Vestfjörðum staðfestist hér með að ríkisvaldið mun í kjölfar stofnunar hlutafélags um Orkubú Vestfjarða gera öllum sameigendum sínum í Orkubúi Vestfjarða kauptilboð í eignarhlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða hf. Í samningnum um

kaup á eignarhlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða hf. mun ríkisvaldið ganga út frá því að heildarverðmæti Orkubús Vestfjarða hf. sé 4,6 milljarðar kr., enda verði söluverðmætinu varið til að greiða niður skuldir viðkomandi sveitarfélaga og til lausnar bráðavanda viðkomandi sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu í samræmi við það sem rætt hefur verið."

Þetta er undirritað af ráðuneytisstjórum þriggja ráðuneyta í fylgiskjali þegar verið er að ganga frá þessum samningi, þessum þvingunaraðgerðum gagnvart Vestfirðingum. Hvað finnst hv. þm. um svona bókun sem hluta af svona aðgerð, svona ferli sem þarna er og styður hann þetta, herra forseti?

[18:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki heyrt af þessari bókun fyrr og hún kemur mér dálítið í opna skjöldu. Ég styð frv. eftir sem áður vegna þess að verið er að breyta sameignarfélagi í hlutafélag og ég held að það sé jákvætt. Síðan kann ég að hafa athugasemdir við þá framkvæmd ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. las hér upp. Það er einu sinni þannig að ríkisstjórnin gerir marga hluti og maður styður sumt og sumt ekki. Maður styður ríkisstjórnina í heild sinni ef hún gerir meira gott en slæmt. Þannig er það nú. Það er alltaf eitthvað í ríkisstjórninni, þetta er samsteypustjórn, það er mjög margt í ríkisstjórninni sem ég hef athugasemdir við, herra forseti, og styð ekki. Ég hef meira að segja greitt atkvæði gegn stjfrv. nokkrum sinnum við lítinn fögnuð stjórnarandstöðunnar sem vill endilega reka mig inn í flokksaga. En þegar ég styð ríkisstjórn þá er það vegna þess að ég tel að hún sé að gera miklu meira gott en hún gerir slæmt.

[18:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur á óvart að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi ekki vitað af þessari bókun. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Mun hann í ljósi þessarar bókunar og þess ferils sem þetta mál hefur verið í beita sér gegn því innan þingflokks Sjálfstfl. að þetta frv. um hlutafélagavæðingu Orkubús Vestfjarða verði samþykkt fyrr en það sé alveg ljóst að því fylgi ekki nauðakröfur sem eru alveg borðleggjandi og liggja fyrir hendi nú við afgreiðslu málsins? Mun hann, herra forseti, beita sér þá gegn því innan flokks síns að verið sé að fara með þessum afarkostum að Vestfirðingum?

[18:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu beita mér gegn þessari bókun og þessari framkvæmd. Ég hef þegar bent á aðrar lausnir og vonast til að geta unnið þeim brautargengi þannig að húsnæðisvandi sveitarfélaga almennt verði leystur á annan hátt en með slíkum duldum styrkjum eins og ég gat um. Ég mun því að sjálfsögðu beita mér gegn þeirri bókun sem hv. þm. las upp úr.

[18:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í upphafi máls míns um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða langar mig til að forvitnast um það við hæstv. forseta hvort hæstv. félmrh. sé í húsinu. Ég hefði áhuga á því að beina til hans spurningum þar sem þetta mál snýr svo mjög ákveðið að félagslega íbúðakerfinu, búsetu og atvinnumálum á Vestfjörðum.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill tilkynna að hæstv. félmrh. er ekki í húsinu en mun kanna um ferðir ráðherra.)

Ég þakka, herra forseti. Ef þessari umræðu verður frestað er hugsanlegt að bíða með þær spurningar til hæstv. félmrh. ef sú staða er uppi.

Herra forseti. Í þessari umræðu um Orkubú Vestfjarða um að breyta því í hlutafélag hefur verið stiklað á ýmsu varðandi aðdraganda þessa máls. Í Morgunblaðinu 21. mars árið 2000 er svohljóðandi fyrirsögn, með leyfi hæstv. forseta: Viðræður um kaup ríkisins á Orkubúi Vestfjarða að hefjast. Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Viðræður hefjast fljótlega milli stjórnvalda og sveitarfélaganna á Vestfjörðum um hugsanleg kaup Rafmagnsveitu ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Bókfært eigið fé orkubúsins er rúmir fjórir milljarðar, en í skýrslu sem Kaupþing hefur gert er komist að þeirri niðurstöðu að raunverð sé heldur lægra.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra sagði að umræða um hugsanleg kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða væri til komin vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Sveitarfélögin ættu flest við mjög alvarlegan vanda að stríða. Staða Vesturbyggðar væri mjög alvarleg og Ísafjörður og Bolungarvík stæðu einnig frammi fyrir miklum fjárhagsvanda.

Páll sagði að ástæður þessa vanda væru ýmsar. Fólki hefði fækkað á Vestfjörðum. Mörg sveitarfélög hefðu orðið fyrir áföllum í atvinnumálum sem hefðu leitt til þess að skuldir hefðu fallið á sveitarsjóðina. Þá ætti félagslega húsnæðiskerfið mikinn þátt í því hvernig komið væri fjárhag sveitarfélaganna. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hefðu orðið að innleysa 140 íbúðir á reiknuðu verði í samræmi við lagaskyldu. Útistandandi skuldir sveitarfélaganna vegna þessa væru um 1,8 milljarðar króna. Tekist hefði að breyta nokkrum þessara íbúða í leiguíbúðir, en nú stæðu um 70 íbúðir í eigu sveitarfélaganna á Vestfjörðum auðar.

Páll sagði að vandi sveitarfélaganna vegna félagslegs húsnæðis væri til sérstakrar skoðunar í félagsmálaráðuneytinu, en það væri þó ljóst að ef ríkið keypti hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða mundu möguleikar þeirra til að standa í skilum á lánum sem hvíldu á félagslegu íbúðunum batna verulega. Hann sagði að í sumum sveitarfélögum væru lán sem hvíldu á íbúðunum í vanskilum. Það ætti þó ekki við um Bolungarvík þar sem öll lán væru í skilum þrátt fyrir að sveitarfélagið ætti margar félagslegar íbúðir."

Herra forseti. Ég les þetta hér í upphafi til að það sé alveg ljóst hvernig þessi umræða fór af stað. Hér hefur verið togast á um það hvernig hún hófst, hvort sveitarfélögin hefðu farið fram á þetta, Fjórðungssamband Vestfjarða, ríkið eða ráðuneytið. Í ljósi þeirrar stöðu sem ég hef aðeins drepið á er ljóst að það skiptir í rauninni ekki meginmáli. Aðalmálið er að sveitarfélögin á Vestfjörðum standa frammi fyrir miklum fjárhagslegum vanda af sértækum ástæðum, vanda sem tengist ekki orkubúskapnum eða þeim atvinnurekstri sem byggir á orkuöflun og orkudreifingu heldur byggir á hreint óskyldri starfsemi. Það hefur meira að segja komið fram, herra forseti, að Orkubú Vestfjarða skaffar byggðum sínum rafmagn á lægra verði en t.d. Rafmagnsveitur ríkisins gera á dreifisvæðum sínum þannig að ekki er þar til að dreifa ástæðu þess að gengið er að orkubúinu til þess að létta á vanda Vestfirðinga, fjarri því.

Það er líka vert að gera sér grein fyrir því, herra forseti, að þjónusta orkubúsins í þessum erfiða landsfjórðungi hefur

eftir atvikum einmitt verið mjög góð þannig að ekki er heldur sú ástæða fyrir hendi til þess að ganga að Vestfirðingum og reyna að taka af þeim orkubúið. Nei, ástæðan er vandi sem er til komin vegna byggða- og búseturöskunar, er til kominn vegna stefnu eða stefnubreytingar og áherslubreytingar stjórnvalda í atvinnumálum, í byggðamálum. Þannig liggur málið. Þar liggur meginmeinsemd þessa máls.

Það kom tímabil á Vestfjörðum og víða út um dreifðar byggðir landsins að uppgangur var og bjartsýni og skortur var á húsnæði og atvinnufyrirtækjum. Og að sjálfsögðu brugðust sveitarfélög, íbúarnir, við með því að reyna að leysa þar úr og koma til móts við þarfirnar. Sveitarfélögin á Vestfjörðum bjuggu ekki til félagslega íbúðakerfið. Það held ég að öllum verði að vera ljóst. Félagslega íbúðakerfið á sínum tíma var hluti af opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum, opinberri stefnu sem fleiri aðilar komu að, ekki bara ríkið heldur sveitarfélögin, verkalýðshreyfingin, önnur samtök atvinnulífsins og lífeyrissjóðirnir. Sameiginlegt átak, sameiginlegt verkefni, fjölmargra stórra aðila og sterkra í landinu stóð að baki félagslega íbúðakerfinu.

Herra forseti. Meira að segja þurfti, að ég best veit, ekki aðeins að gera nákvæma greiningu á þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi stöðum, viðkomandi sveitarfélögum eða viðkomandi svæðum, heldur þurfti hver afgreiðsla að fá staðfestingu frá opinberum aðilum í Reykjavík. Það var því ekki eins og um sjálfkrafa og sjálfvirkt útrennsli á byggingarleyfum til íbúða á Vestfjörðum væri að ræða, fjarri því. En að sjálfsögðu stóðu sveitarfélög á Vestfjörðum frammi fyrir nákvæmlega sömu kröfum frá íbúum sínum og öll önnur sveitarfélög um að leysa íbúðavandann á hverjum tíma.

Það var síðan ekki sveitarfélögunum á Vestfjörðum að kenna að byggðastefnan brást. Kannski gætu sveitarfélögin á Vestfjörðum lögsótt ríkisvaldið fyrir að hafa ekki staðið við þá byggðastefnu sem Alþingi hafði samþykkt og framkvæmdarvaldinu var falið að útfæra því undanfarin ár höfum við búið við samþykktar byggðaáætlanir sem framkvæmdarvaldinu hefur verið falið að fylgja eftir. Ef þegnar þessa lands eiga að taka mark á — sem þeir eiga að gera — samþykktum og gerðum Alþingis þá stóð ekki í þeim byggðaáætlunum að íbúum ætti að fækka í dreifbýli landsins. Nei, herra forseti. Samkvæmt þeirri byggðaáætlun sem samþykkt var og ætlað var íbúar landsins treystu og tækju mark á, þá átti að fjölga í hinum dreifðu byggðum landsins. Samkvæmt slíkum skilyrðum og forsendum er alltaf þörf fyrir íbúðir, alltaf þörf fyrir atvinnutækifæri.

Herra forseti. Því er það afar ósanngjarnt sem hér hefur verið látið að liggja, að vandi félagslega íbúðakerfisins sé að einhverju leyti sjálfskaparvíti Vestfirðinga. Það er afar rangt að láta að því liggja. (**Gripið fram í:** Hver gerir það?) Það hefur verið gert, hv. þm. Sagt hefur verið að þeir hafi gengið langt í glannalegum fjárfestingum í íbúðarhúsnæði, jafnvel án heimilda. En þeir voru aðeins virkir þátttakendur í að byggja upp blómlegt Ísland.

Síðan þegar þessar byggðaáætlanir standast ekki, þegar atvinna er ekki örugg, þegar atvinnutækifærin, nýting auðlindanna, flyst frá byggðunum til annarra svæða á landinu þá standa íbúar þessara byggða uppi ráðalausir. Þeir héldu að verið væri að fylgja eftir byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar en standa svo frammi fyrir því að eitthvað allt annað gerist. Fólk býr auðvitað ekki nema þar sem það hefur trygga atvinnu og þjónusta er góð. Þjónustan er víða góð í þessum byggðarlögum en atvinnan og atvinnuöryggið hefur látið undan síga. Eðlilega flytur fólk þangað sem það fær atvinnu, að sjálfsögðu. Þessar íbúðir voru byggðar til að mæta þörfum viðkomandi íbúa viðkomandi sveitarfélaga á sínum tíma við þær aðstæður sem þeim hafði verið lofað í byggðaáætlunum ríkisstjórnarinnar um fjölgun íbúa á landsbyggðinni og eflingu atvinnulífs. Þeim hafði líka verið lofað þessu í sambandi við lögin um stjórn fiskveiða. En lögin um stjórn fiskveiða áttu einmitt að tryggja og efla atvinnu úti um byggðir landsins. Þessu var þeim öllu lofað. En sveitarfélögin sem tóku þátt í þessu sem hluta af sameiginlegri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum hafa náttúrlega engin tök á að bregðast við vandanum. Þau hafa ekki safnað þeim sjóðum enda er ekki ætlast til þess að þau safni sjóðum þegar þau eru í rauninni bara að gera það sem ætlast er til af þeim sem ábyrgum sveitarfélögum gagnvart þegnum sínum. Því standa þau uppi með það að íbúðirnar tæmast og fjárskuldbindingarnar lenda fyrst á þeim. Og hversu sanngjarnt sem það er þá var því svo fyrir komið að allir þeir aðilar sem áttu hlutdeild að sáttmálanum um félagsíbúðakerfið voru svo lagnir við að koma því þannig fyrir að ábyrgðin féll fyrst á sveitarfélögin. Og, herra forseti, það er bundið í lögum, lögum sem Alþingi hefur sett en ekki sveitarfélögin. Þau axla bara ábyrgðina. Því er þetta svo ósanngjarnt.

Og svo nú þegar staðið er frammi fyrir þeirri staðreynd að fjárskuldbindingarnar vegna félagslega íbúðakerfisins eru að sliga sveitarfélögin þannig að þau eiga í erfiðleikum með að standa undir lögboðinni þjónustu, eiga í erfiðleikum með að veita íbúum sínum félagslegt öryggi og þjónustu sem ætlast er til af þeim, og þau leita síðan til ríkisvaldsins, þess aðila sem átti hlutdeild í þessu og hafði lagt fram þá stefnumörkun í byggðamálum sem sveitarfélögin treystu á, og spyrja: „Hvernig eigum við nú að bregðast við?“ Þá eru svörin: „Þetta er ekki okkar mál. Þetta er algerlega ykkar mál.“

Staðan heldur svo áfram að versna og sveitarfélögin sum hver sem eiga í mestu erfiðleikunum koma aftur til ríkisvaldsins og spyrja: „Hvað eigum við nú að gera?“ Þá fer ríkisvaldið að athuga hvað sé hægt að gera. „Við skulum sjá. Eiga þessi sveitarfélög eitthvað sem væri kannski hægt að taka af þeim upp í þessar skuldir? Jú, Orkubú Vestfjarða.“ Þegar sveitarfélögin koma svo og bera upp sinn vanda sem er sameiginlegur vandi þeirra stjórnvalda, og erfiðleika sem eru til komnir vegna stefnu stjórnvalda þá segja þau: „Jú, við skulum ræða við ykkur um orkubúið. Það er alveg sjálfsagt. Við skulum fara í ykkar bestu fjós og leita að ykkar bestu mjólkurkúm og sjá hvað við getum þá gert í þessum skuldamálum.“

Þetta er upphaf viðræðna um kaup ríkisins á Orkubúi Vestfjarða sem hefur síðan farið í það ferli sem við erum nú að upplifa, eins og ég rakti hér, herra forseti, í upphafi máls míns með því að vitna í viðtal við hæstv. félmrh.

Síðan heitir það í allri umræðu að hugmyndin sé komin frá Vestfirðingum sjálfum. Já, hugmyndin er komin þannig frá Vestfirðingum sjálfum. En það er fróðlegt að vita hvað er verið að gera varðandi félagslegu íbúðirnar, hvað þar er verið að vinna til að koma til móts við ekki bara sveitarfélög á Vestfjörðum heldur sveitarfélög um allt land.

Í Morgunblaðinu föstudaginn 27. október er gerð grein fyrir framhaldinu í ítarlegri grein sem Helgi Bjarnason, ágætur fréttamaður og dálkahöfundur hjá Morgunblaðinu, vann um stöðu orkubúsins. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þær umræður sem nú fara fram um framtíð Orkubús Vestfjarða eiga sér nokkurra ára aðdraganda. Svo virðist sem sveitarfélögin hafi ekki litið á hlut sinn í orkubúinu sem eign, eins og sést á ákvæðum um fljótandi eignaraðild. Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir að þetta hafi byrjað að breytast við sameiningar sveitarfélaga. Þegar Ísafjarðarbær varð til með sameiningu margra sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum hafi eignarhluturinn komið til umræðu vegna þess að ríkisstuðningur sem þau fengu til einhverra viðfangsefna hafi verið skertur vegna eignar þeirra í orkubúinu. Eftir það hafi sveitarstjórnarmenn farið að líta á orkubúið sem eign."

Herra forseti. Fólk leit á þetta sem félagslega sameign. Það leit á þetta sem hluta í uppbyggingu á almannaþjónustu í fjórðungnum. Það leit á þetta sem grunnstoðþátt fyrir búsetu, fyrir uppbyggingu atvinnulífs. Það leit ekki á þetta sem einhverjar eignir sem gætu gengið kaupum og sölum, eignir þar sem menn velti sérstaklega fyrir sér einhverjum hámarksarði eða arðkröfum til þess fjármagns sem sett var í það, sem það gæti skilað til eigenda sinna. Nei, íbúarnir litu á þetta fyrst og fremst sem þjónustustofnun, þjónustufyrirtæki til að styðja við byggð, til að styðja við búsetu og til þess að styðja við atvinnulíf á svæðinu. Þeir höfðu ekki einu sinni eignfært þetta því að maður eignfærir ekki það sem maður telur vera hluta af sjálfum sér og þannig litu íbúar Vestfjarða á.

Síðan, með leyfi forseta, er fjallað áfram um hvað gerist:

„Síðar tók bæjarstjórn Vesturbyggðar af skarið og óskaði eftir sölu á eignarhlut sínum í orkubúinu en bæjarfélagið hefur sem kunnugt er átt í miklum fjárhagserfiðleikum á undanförnum árum. Jón Gunnar Stefánsson bæjarstjóri segir að sala eigna sé eina leiðin til að leysa fjárhagsvanda Vesturbyggðar."

Það er alveg skýrt. Það er ekki verið að leita að einhverjum hagkvæmari kosti í rekstri orkubúsins. Nei, það hefur verið þrengt svo að sveitarfélögunum að þau verða að fara að leita að sínum bestu gripum, sínum dýrustu gripum til þess að leggja upp með til að greiða skuldir sem eru til komnar vegna allt annarra og óskyldra hluta.

Í umfjöllun Helga Bjarnasonar er einmitt lögð áhersla á að gjaldskrá orkubúsins er einhver sú lægsta í landinu. Það selur t.d. rafmagn til almennings á 20% lægra verði en Rarik að sögn orkubússtjórans og fyrirtæki geta fengið rafmagn á allt að 30% lægra verði en fyrirtæki á orkuveitusvæði Rariks.

Getum við hugsað okkur nokkra betri stöðu fyrir eitt samfélag með svo mikilvægt þjónustufyrirtæki, almannaþjónustufyrirtæki sem getur veitt íbúum sínum og fyrirtækjum við erfiðar aðstæður í búsetu, við erfiðar aðstæður í atvinnulífi, orku á mun lægra verði en ýmsir aðrir þurfa að gera?

Herra forseti. Þessi rekstur getur því ekki verið ástæðan fyrir því að brýnt sé að taka orkubúið af Vestfirðingum upp í skuldir. Það hefur alltaf legið fyrir í umræðunni eftir að hún fór í gang og ég vitna þar aftur til ágætrar umfjöllunar Helga Bjarnasonar í Morgunblaðinu föstudaginn 27. okt. árið 2000, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að ríkið setur sveitarfélögunum skilyrði um ráðstöfun á hluta söluandvirðisins. Þorgeir Örlygsson, *ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu*, staðfestir að rætt hafi verið um að kaupverðinu yrði ráðstafað með tilteknum hætti, til þess að greiða ákveðnar skuldir, en segist ekki geta tjáð sig nánar um það. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins er í þessu sambandi meðal annars verið að ræða um skuldajöfnun vanskila sem sum sveitarfélögin á Vestfjörðum eiga við Íbúðalánasjóð vegna félagslega íbúðakerfisins. Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóri á Patreksfirði, segir að fjórðungur af hugsanlegu söluandvirði hlutabréfa Vesturbyggðar fari til að greiða vanskil í félagslega íbúðakerfinu."

Og áfram, með leyfi forseta, því að þetta er svo ágæt umfjöllun sem þessi ágæti blaðamaður vann fyrir Morgunblaðið:

„Margir sveitarstjórnarmenn vilja alls ekki blanda sölu á eignarhlut sínum í Orkubúi Vestfjarða saman við lausn á þeim ógöngum sem þeir hafa ratað í ..." — Ógöngum, þeir eru þegar farnir að taka á sig skuldina. Það er búið að innprenta Vestfirðingum að það sé þeim að kenna þær ógöngur sem hann segir að þeir hafi ratað í. Vissulega rötuðu þeir í ógöngur en hvaða ástand þrengdi þeim út í þessar ógöngur? Það var stefna ríkisisins og ríkisstjórnarinnar í byggðamálum sem gerði það og það að aðrir aðilar sem stóðu að félagsíbúðakerfinu hlupu undan, virðast hafa hlaupið undan böggum þegar á bjátaði en bera samt þarna fulla ábyrgð. — „Þór Örn Jónsson, sveitarstjóri á Hólmavík, segist vilja fá hreinar línur í félagslega íbúðakerfið áður en afstaða verður tekin til kauptilboðs ríkisins í orkubúið. Vekur hann athygli á að félagslega íbúðakerfið sé ekki vandi Vestfirðinga einna, heldur sveitarfélaga um allt land og ríkið þurfi að koma að lausn þess á landsvísu."

Herra forseti. Liggur sú lausn á landsvísu fyrir? Áður en við afgreiðum frv. um hlutafélagavæðingu Orkubús Vestfjarða, sem er ætlað sem liður í að ríkið geti keypt ákveðna hluti þar af sveitarfélögunum sem eiga í mestu erfiðleikum til þess að standa straum af skuldbindingum í félagslega íbúðakerfinu, þá finnst mér að það eigi að liggja fyrir heildstæð stefna, heildstæð lausn, heildstæðar úrlausnir á vanda félagslega íbúðakerfisins hjá öllum sveitarfélögum á landinu. Ég hygg, herra forseti, að sveitarfélögin séu farin að átta sig á því að byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar, samþykkt hér á Alþingi og falin framkvæmdarvaldinu til þess að koma í framkvæmd, mun ekkert standast. Hún hefur ekki staðist undanfarin ár og það eru engir tilburðir í þá veruna í dag að hún standist á næstu mánuðum eða árum.

Í stað þess sem þar var lofað, að íbúum á landsbyggðinni mundi víða fjölga mun það fara á hinn veginn að óbreyttri stefnu í byggðamálum eins og verið hefur. Sveitarfélög víða um land standa í auknum erfiðleikum vegna stöðu félagslega íbúðakerfisins. Þess vegna ber, herra forseti, að taka heildstætt á þeim málum og kynna þar heildstæðari úrlausnir áður en Alþingi samþykkir þvingunaraðgerðir gagnvart Vestfirðingum vegna þessa máls.

Lokaorð Helga Bjarnasonar í þessari ágætu umfjöllun í Morgunblaðinu, herra forseti, 27. okt. árið 2000, eru:

„Það háa verð sem sveitarfélögunum virðist standa til boða, yfirverð eins og sumir kjósa að nefna það, verður samkvæmt heimildum Morgunblaðsins að skoða í ljósi þeirra skilyrða" — ljósi þeirra skilyrða, herra forseti, leyfi ég mér að ítreka — „sem sveitarfélögunum verða sett um ráðstöfun söluandvirðis hlutabréfanna. Þannig er því haldið fram að ríkið sé að greiða fyrir lausn á vanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum vegna félagslega íbúðakerfisins með því að bjóðast *til þess að greiða yfirverð fyrir bréfin í Orkubúi Vestfjarða*. Ekki hugnast öllum þessi blanda enda virðist afstaða sumra sveitarstjórnarmanna til sölu á orkubúinu ráðast af afstöðu þeirra til þess vanda sem félagslega íbúðakerfið hefur skapað þeim."

Herra forseti. Ítrekað í allri umfjöllun um Orkubú Vestfjarða er verið að fjalla um vanda félagslega íbúðakerfisins en ekki þann vanda sem Vestfirðingar standa frammi fyrir við rekstur orkubúsins. Ég vil vekja athygli á því. Verið er að fjalla um vanda félagslega íbúðakerfisins og skuldir sveitarfélaganna vegna skuldbindinga þeirra vegna og vegna þess að byggðastefna ríkisstjórnarinnar hefur brugðist. En Orkubú Vestfjarða getur samt útvegað íbúum sínum og stutt þá með því að veita þeim rafmagn, einstaklingum og fyrirtækjum, á hagstæðara verði en víða annars staðar á landinu. Þá þykir ástæða til að stíla inn á stolt Vestfirðinga til að leysa skömm byggðastefnu ríkisstjórnarinnar í skipbroti hennar.

Herra forseti. Víða er hægt að vitna til þar sem vegið hefur verið að sjálfsvirðingu íbúa og sveitarfélaga á Vestfjörðum í þessum aðdraganda. Í stað þess að koma beint að málinu og taka á fjárhagslegum vanda þeirra, viðurkenna að þetta er sameiginlegt mál, þetta er sameiginleg skuld, þetta er sameiginlegt viðfangsefni sem við eigum að takast á við og ætti bara þess vegna að afgreiða með eingreiðslum eða greiðslum beint til þess að losa sveitarfélögin úr þessum klafa, þá er áfram verið að hjakka í það og sagt: Við ræðum ekki lausn, við ræðum ekki leiðir í ykkar mikla fjárhagsvanda fyrr en þetta hefur gengið í gegn.

Ég leyfi mér að vitna í viðtal Helga Bjarnasonar 23. nóv. árið 2000 við Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóra Vesturbyggðar, sem barist hefur í því að reka sitt ágæta sveitarfélag við mjög erfiðar aðstæður en ávallt verið settur upp við þann vegg að sala á Orkubúi Vestfjarða væri það fyrsta sem þar yrði að gerast til að koma að málum þar. Fyrirsögnin er: Komnir á endastöð, með leyfi forseta:

„Jón Gunnar Stefánsson bæjarstjóri þarf að nýta alla sína reynslu og þekkingu við rekstur Vesturbyggðar sem er eitt af verst stöddu sveitarfélögum landsins. Hann hefur bundið vonir við að salan á Orkubúi Vestfjarða geti leyst vandann en segir Helga Bjarnasyni að til þess að byggðin geti staðist þurfi íbúar svæðisins einnig að fá frjálsari aðgang að fiskimiðunum."

Hann segir að það muni ekkert verða nóg í sjálfu sér og engin framtíðarlausn fyrir þetta byggðarlag þó svo að takist að taka af þeim orkubúið og létta skuldir þeirra þannig. Nei, það er í sjálfu sér engin lausn, herra forseti. Það er engin lausn á framtíðarvonum og væntingum íbúa þessa sveitarfélags sem vilja eiga aðgang að náttúruauðlindunum fyrir ströndum sínum til að byggja þar upp blómlegt og sterkt atvinnulíf. Það er engin lausn.

Þess vegna er enn dapurlegra, herra forseti, að ætla að ganga að Orkubúi Vestfjarða, taka það með þeim hætti til að létta á skuldum, létta á vanda þessara sveitarfélaga án þess að taka á framtíðaratvinnumöguleikum þeirra. Orkubúið verður ekki selt nema einu sinni, það gera allir þessir aðilar sér ljóst. Þess vegna er ítrekað hér, herra forseti, að það þarf að breyta um stefnu. Vestfirðingar verða að eiga forgangsrétt til náttúruauðlindanna meðfram ströndum landsins, þeir verða að geta nýtt sér þær til að byggja upp blómlegt og öruggt atvinnulíf. Orkubúið verður bara selt einu sinni, og ef það verður, sem við vonum náttúrlega að verði ekki, hvað eigum við þá að selja næst þegar við stöndum frammi fyrir þeim vanda, herra forseti? Þetta er málið í hnotskurn.

Ég leyfi mér að vitna áfram, herra forseti, í orð bæjarstjóra Vesturbyggðar, ekki síst vegna þess að ítrekað hefur komið fram í umræðunni að Vesturbyggð hafi verið fyrsta byggðin sem var knúin til að óska eftir því að leitað yrði heimildar til þess að það mætti selja orkubúið. Til að lýsa því betur, með leyfi forseta, vil ég vitna áfram í viðtal við ágætan bæjarstjóra Vesturbyggðar: Komnir á endastöð:

„Bæjarsjóður Vesturbyggðar sem nær yfir Patreksfjörð, Bíldudal og sveitirnar í Vestur-Barðastrandarsýslu er djúpt sokkinn í skuldafenið eftir áföll vegna atvinnulífs og eyðslu umfram tekjur fyrr á árum."

Já, það skal aldeilis velta þeim upp úr því. Er það sanngjarnt? Er það sanngjarnt að væna sveitarfélögin um einhverja óráðsíu eins og þarna er verið að drótta að? Auðvitað verða sveitarfélögin að að reyna af fremsta megni að standa undir þeirri lögboðnu þjónustu sem þeim er falin. Þegar tekjurnar hrökkva ekki til, herra forseti, hvað verður sveitarfélagið að gera? Auðvitað verður það að taka lán. Það að reyna að standa á bak við grunnþarfir íbúa sinna er kölluð eyðsla.

Herra forseti. Dapurlegt er að fylgjast með þessari umfjöllun, hvernig stöðugt í þessum aðdraganda öllum er verið að tala á vissan hátt niður til Vestfirðinga og segja: Þetta er vandinn sem þið bjugguð til. Ég mótmæli því, herra forseti. Þetta er vandinn sem stefna ríkisstjórnarinnar bjó til og henni ber að hafa frumkvæði til að leysa — ekki á þann hátt að reyna að taka eignir af íbúunum eða fólkinu sem þarna er heldur að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og gjörðum sínum og afleiðingum þeirra.

Með leyfi forseta:

„Eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar var Jón Gunnar Stefánsson, sem verið hafði bæjarstjóri í Grindavík í sextán ár, ráðinn bæjarstjóri. Hlutverk hans var að reyna að ná tökum á rekstrinum. Virðist það hafa tekist. Þannig var bæjarsjóður með jákvæðan rekstur á síðasta ári, útgjöldin námu 75% af tekjum. Jón Gunnar segir að í ár hefði mátt búast við svipuðum árangri ef ekki hefði komið til verulegra afskrifta krafna sem koma til lækkunar á tekjum sveitarsjóðs á þessu ári."

Og síðan, herra forseti:

„Þetta hefur gengið, með skilningi íbúanna. Við höfum ekkert getað gert fyrir þá og umhverfi okkar," segir þessi ágæti bæjarstjóri. „Við erum komnir á endastöð og förum hvergi á stjá því við getum ekki efnt til útgjalda og skulda sem fyrir fram er vitað að ekki verður hægt að greiða. Það eina sem við getum gert er að reyna að standa skil á rekstrarkostnaði, öll uppbygging verður að bíða betri tíðar."

Herra forseti. Hann lýsir þessu afar hreinskilningslega. Íbúarnir sýna fullan skilning.

En hverjir eru það sem sýna ekki skilning, herra forseti? Þeir sem sýna ekki skilning hér eru ríkisstjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir sýna ekki skilning. Þeir geta ekki hugsað sér að koma beint að málunum. Nei, þeir segja: Þetta er vandi ykkar.

Þegar búið er að setja þá svo rækilega upp við vegg, eins og ég hef verið að lýsa, herra forseti, með tilvitnunum í ummæli þessa ágæta sveitarstjóra sem vinnur starf sitt af elju og prýði ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill láta þess getið að í upphafi þessa fundar var talað um að við mundum ljúka þingfundi um klukkan sjö þar sem nefndarfundir eru að hefjast. Á hv. þm. eftir langa ræðu?)

Herra forseti. Já, ég á eftir verulegan hluta af ræðu minni. Ég hef fyrst verið að fjalla mjög ítarlega um aðdraganda þessa máls og síðan á ég eftir að fjalla enn ítarlegar um hann á seinni stigum og svo um frv. sjálft og tengd atriði þannig

ef það er vilji forseta að fundinum verði frestað og ég fresti mínu máli þá fellst ég á það.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Við frestum þá umræðu.)

[19:06]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 732. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1232.

Almenn hegningarlög, 482. mál, þskj. 1210.

Aukatekjur ríkissjóðs, 687. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1221.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 639. mál, nál. utanrmn., þskj. 1233.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 641. mál, nál. utanrmn., þskj. 1235.

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), 640. mál, nál. utanrmn., þskj. 1234.

Framhaldsskólar, 653. mál, nál. menntmn., þskj. 1227.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 391. mál, þskj. 1209.

Grunnskólar, 667. mál, nál. menntmn., þskj. 1229.

Ríkisútvarpið, 413. mál, nál. menntmn., þskj. 1230.

Skráning og mat fasteigna, 688. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1222.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1193; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1194.

Suðurlandsskógar, 589. mál, nál. landbn., þskj. 1228.

Tollalög, 731. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1231.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 567. mál, brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1224.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 591. mál, nál. menntmn., þskj. 1226.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

119. FUNDUR

fimmtudaginn 10. maí,
kl. 12.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 1209. — 3. umr.

2. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724. — 3. umr.

3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 482. mál, þskj. 1210. — 3. umr.

4. Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 554. mál, þskj. 860. — 3. umr.

5. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817, nál. 1089, 1193 og 1225, brtt. 1194. — 2. umr.

6. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 818, nál. 1090, brtt. 1091 og 1195. — 2. umr.

7. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873, nál. 1212 og 1223, brtt. 1224. — 2. umr.

8. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215. — 2. umr.

9. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.

10. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047, nál. 1213. — 2. umr.

11. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1062, nál. 1216, brtt. 1217. — 2. umr.

12. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1063, nál. 1218. — 2. umr.

13. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1064, nál. 1219. — 2. umr.

14. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.

15. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066, nál. 1221. — 2. umr.

16. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067, nál. 1222. — 2. umr.

17. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15, nál. 1202. — 2. umr.

18. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 1203. — Síðari umr.

19. Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun, þáltill., 103. mál, þskj. 103, nál. 1204. — Síðari umr.

20. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861, nál. 1205. — Síðari umr.

21. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665, nál. 1175. — 2. umr.

22. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 553. mál, þskj. 859, nál. 1181. — 2. umr.

23. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003, nál. 1173. — 2. umr.

24. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051, nál. 1174. — 2. umr.

25. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19, nál. 1176. — Síðari umr.

26. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236. — 2. umr.

27. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001, nál. 1186. — 2. umr.

28. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012, nál. 1196. — 2. umr.

29. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769, nál. 1197. — Síðari umr.

30. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 638. mál, þskj. 1015, nál. 1188. — Síðari umr.

31. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 642. mál, þskj. 1019, nál. 1189. — Síðari umr.

32. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta, stjtill., 643. mál, þskj. 1020, nál. 1183. — Síðari umr.

33. Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, stjtill., 644. mál, þskj. 1021, nál. 1182. — Síðari umr.

34. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, stjtill., 656. mál, þskj. 1034, nál. 1190. — Síðari umr.

35. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, stjtill., 657. mál, þskj. 1035, nál. 1191. — Síðari umr.

36. Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, stjtill., 658. mál, þskj. 1036, nál. 1192. — Síðari umr.

37. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 639. mál, þskj. 1016, nál. 1233. — Síðari umr.

38. Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 640. mál, þskj. 1017, nál. 1234. — Síðari umr.

39. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 641. mál, þskj. 1018, nál. 1235. — Síðari umr.

40. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668, nál. 1230. — 2. umr.

41. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934, nál. 1226. — 2. umr.

42. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031, nál. 1227. — 2. umr.

43. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045, nál. 1229. — 2. umr.

44. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 2. umr.

45. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932, nál. 1228. — 2. umr.

46. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 2. umr.

47. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[12:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 13.30 fer fram umræða utan dagskrár um nýjar hugmyndir um skipan og starfshætti Rannsóknarráðs Íslands. Málshefjandi er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir en hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara.

[12:30]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001, 733. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 1239.

Húsaleigubætur, 625. mál, brtt. ÁRJ og GÖ, þskj. 1236.

Leikskólar, 652. mál, nál. menntmn., þskj. 1243.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2000, 734. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1240.

Útsendir starfsmenn, 573. mál, nál. félmn., þskj. 1237; brtt. félmn., þskj. 1238.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 567. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1223.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, nál. 1089, 1193 og 1225, brtt. 1194.

[12:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið á allnokkrum fundum, sendi það til umsagnar margra aðila og fékk ýmsa þeirra á fund sinn. Þessa er alls getið í nál. á þskj. 1089.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heimild verði veitt til að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hlutur ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. er rúm 68%, en í kringum 72,5% í Búnaðarbanka Íslands hf.

Þetta mál hefur verið allmjög í umræðunni og við því hefur verið búist um nokkurn tíma að það kæmi fram á þinginu og yrði afgreitt. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu vinnur um þessar mundir að undirbúningi tillagna um fyrirkomulag á sölu bankanna tveggja og mun væntanlega halda áfram þeim störfum af fullum krafti eftir að mál þetta hefur verið afgreitt frá þinginu. Í vinnu framkvæmdanefndar mun væntanlega verða tekin afstaða til áfangaskiptingar og tímasetningar sölunnar, um fyrirkomulag útboðsins, hvort almennt útboð verði viðhaft eða hvort salan verði dreifð og slík atriði sem máli skipta. Enn fremur verður framkvæmdanefndin væntanlega taka afstöðu til þess hvort bankarnir verða seldir samhliða eða hvort annar verður seldur á undan hinum.

Enn fremur hlýtur einnig að koma til skoðunar með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum vikum, hvort ekki sé rétt að auka í leiðinni við eigið fé, bæði Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Ég tel að það væri skynsamlegt sem liður í þessu einkavæðingarferli að eigið fé bankanna í heild væri aukið. Á síðustu mánuðum hefur eiginfjárhlutfall þeirra væntanlega lækkað eitthvað í kjölfar gengisbreytinganna sem orðið hafa. Ég tel því að það væri afar skynsamlegt að eigið fé þeirra væri aukið á sama tíma og verið er að selja hlutafé í bönkunum þannig að þeir gætu báðir styrkst og verið þess vegna betur í stakk búnir til að þjóna viðskiptavinum sínum.

[12:35]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spyr hv. þm.: Var hann að tjá skoðanir meiri hluta efh.- og viðskn., var hann að tjá skoðanir síns sjálfs eða var hann að einhverju leyti að eigin áliti að endurspegla umræður í efh.- og viðskn. þegar hann taldi að það kæmi sterklega til greina að auka eigið fé bankanna við einkavæðinguna? Ég spyr vegna þess að ég tók þátt í störfum nefndarinnar meðan á þessu stóð og ég varð ekki var við að starf nefndarinnar beindist að nokkru leyti að þessu.

Ég vísa til þess, herra forseti, að jafnvel þó að einhver rök kynnu að vera fyrir þessu miðað við þá stöðu sem ríkisstjórnin er núna að koma efnahagnum í þá hafa menn brennt sig á þessu í fortíðinni. Þetta er eitt af því sem er að bestu manna yfirsýn ein meginorsök þenslunnar sem varð í efnahagslífi

landsmanna og undirrót verðbólgunnar sem er nú að fara af stað.

[12:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa að ég tók mjög skýrt fram að þetta væri skoðun mín og var ekki komið upp í starfi nefndarinnar þegar það fór fram að ég teldi skynsamlegt að huga að því að auka við eigið fé í Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Það eru nokkuð aðrar aðstæður frá því að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var settur á fót og þegar verið var að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélög. Á þeim tíma var spurning um hvort eigið fé t.d. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins væri of mikið, hvort ekki hefði verið rétt að minnka það meira í meðförum þingsins en um einn milljarð eins og raun varð á. Það var verið að velta því fyrir sér á þeim tíma að minnka það jafnvel um 3 milljarða í staðinn fyrir einn miðað við frv. sem fyrir lá. Einnig í sambandi við Búnaðarbankann voru menn að velta því fyrir sér í þinginu að heimilt væri að selja þá þegar allt að 35% af hlutafé ríkisins í Búnaðarbankanum þannig að bankinn færi ekki á þeim tíma í að stækka efnahagsreikning sinn. Nú held ég einfaldlega að staðan sé önnur og að skynsamlegt sé að huga að því að þessir bankar auki eigið fé sitt í ljósi þess sem gerst hefur. Hagkerfið er orðið allmiklu stærra en það var á þeim tíma þegar FBA var settur í gang og þegar Búnaðarbankinn var gerður að hlutafélagi og bæði til að þjóna þessu stærra hagkerfi og eins til að geta tekist á við þær breytingar sem verða þegar gengi krónunnar verður frjálst þá hygg ég að skynsamlegt væri að þessir bankar yrðu öflugri en þeir eru í dag.

[12:38]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. kom hingað í ræðustól áðan og sagðist vera að mæla fyrir áliti efh.- og viðskn. Ég kom í stólinn til að spyrja út í þetta tiltekna atriði. Ég heyrði ekki þegar hann nefndi þetta. Það skiptir ekki miklu máli. Hér er um að ræða gríðarlega áhrifamikið atriði sem hv. þm. er að reifa. Mér fyndist allt í lagi, áður en menn steypa sér út í umræður um það í tengslum við einkavæðingu bankanna, að nefndin fengi e.t.v. að vera með í þeim umræðum sem fara fram um það. Bersýnilega hafa átt sér stað einhverjar viðræður um þetta að baki einhverra tjalda sem við höfum ekki enn svipt opnum. En, herra forseti, ég mælist til þess þegar við erum að ræða þá vinnu sem fór fram í efh.- og viðskn. og þó að ég hafi að öðru leyti engar athugasemdir við það að hv. þm. hafi einhverjar prívatskoðanir á þessum málum, þá hefur venjan verið sú að framsögumenn greina frá því sem fram fór í nefndinni og áliti meiri hlutans en ekki prívatskoðunum sjálfs síns eða einhverra manna úti í bæ.

[12:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið var við að það væri neinn sérstakur staðall um framsöguræður formanna nefnda. Ég gerði grein fyrir því sem kemur fram í nál. Síðan bætti ég við skoðunum mínum um þetta mál og ég tel að það sé alveg í samræmi við það sem tíðkast í framsöguræðum. Ég hélt reyndar að það væri þannig á hinu háa Alþingi að frekar væri ætlast til þess að þingmenn segðu skoðanir sínar en að þeir pakki þeim niður.

[12:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í þessari framsögu minni sem verður stutt mun ég aðeins stikla á stóru og gera grein fyrir helstu áherslum í afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessa máls en mun síðan fara ítarlegar yfir málið í ræðum síðar í dag. Það er löngu vitað um áhuga fjármálamanna á því að einkavæða ríkisbankana og reyndar aðrar eignir ríkisins. Það hefur líka verið ljóst að síðustu tíu ár hafa setið ríkisstjórnir undir forsæti Sjálfstfl. sem hafa verið mjög hallar undir sjónarmið af þessu tagi. Hins vegar hafa raunveruleg áform sjaldnast verið opinberuð fyrr en að afloknum kosningum og má ætla að ástæðan sé sú að andstaðan gegn einkavæðingunni er mjög mikil á meðal þjóðarinnar. Þetta skýrir án efa þá aðferðafræði sem hefur verið beitt við einkavæðinguna á bönkunum sem öðrum eignum þjóðarinnar. Í nál. frá 2. minni hluta efh.- og viðskn., sem ég skrifa undir, er saga þessa máls rakin ítarlega og sýnt hvernig menn hafa fetað sig áfram í þessu ferli.

Ljóst er að þrýstingur einkaaðila að fá eignir ríkisins á markað og fá þær seldar, helst sem fyrst, hefur vaxið í seinni tíð því að þessar eignir hafa hríðfallið í verði. Þetta er einmitt ein ástæðan fyrir því að menn hafa varað mjög eindregið við því af hálfu stjórnarandstöðunnar að fara hratt í sakirnar í þessum efnum. Að þessu leyti er stjórnarandstaðan sameinuð. Við höfum hins vegar ekki verið á einu máli, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn, um áherslur varðandi einkavæðinguna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að á Íslandi væri starfandi öflugur þjóðbanki. Við teljum mörg rök mæla með því að svo sé og höfum sagt að til álita kæmi að skoða möguleika á sameiningu ríkisbankanna tveggja, þeirra banka sem ríkið á meirihlutaeign í.

Ástæðan fyrir að mikilvægt kann að vera fyrir íslenskt efnahagslíf að hafa öflugan þjóðbanka er að sporna gegn varasömum afleiðingum þeirrar miklu samþjöppunar á valdi og peningum sem nú stefnir í í íslensku efnahagslífi. Líklegt má heita að sömu aðilar og komist hafa yfir miklar eignir í atvinnulífinu nái einnig tökum á fjármálakerfinu. Hætt er við því að eignist þessir aðilar bankanna kæmu þeir til með að lána sjálfum sér fé úr hirslum þeirra og þar með væri boðið heim hættunni á misbeitingu þessara mikilvægu undirstöðustofnana í efnahagslífi þjóðarinnar.

Hverjar hafa þá verið tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Í fyrsta lagi að hér verði starfræktur öflugur þjóðbanki líkt og gerist í sumum öðrum löndum og tíðkaðist fyrr á tíð. Í Noregi á ríkið t.d. drjúgan hlut í Den norske Bank og er athyglisvert að ríkið þar eignaðist drjúgan hlut í bankakerfinu í tengslum við bankakrísuna sem þar reið yfir fyrir um áratug. Þá gerðist það að ríkið varð að hlaupa undir bagga með gríðarmiklu fjármagni, um 500 milljörðum kr., til að bjarga bankakerfinu frá algeru hruni eða koma í veg fyrir verstu áföllin í efnahagslífinu. Við þetta eignaðist ríkið hlut í bankakerfinu og við erum þeirrar skoðunar að þeir sem bera raunverulega ábyrgð með þessum hætti eigi einnig að hafa stjórnunarlegt vald eða möguleika til að hafa völdin á hendi auk þeirra ástæðna sem ég rakti áðan, að koma í veg fyrir einokun á markaði. Út á það gengur reyndar tillaga sem við höfum flutt um dreifða eignaraðild. Þetta er eins konar

varatillaga. Við gerum okkur grein fyrir því að meiri hluti er fyrir því á Alþingi að einkavæða og selja þessar mikilvægu fjármálastofnanir. Þess vegna lögðum við fram frv. á Alþingi fyrir allnokkru um dreifða eignaraðild bankanna.

Þetta var gert með það í huga að sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs yrðu ofurliði borin og ráðist í sölu fjármálastofnana sem verið hafa í almannaeign. Í greinargerð með því frv. segir, með leyfi forseta:

„Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar."

Síðan gerum við grein fyrir þeim tillögum sem settar eru fram í þessu frv. Þegar það var rætt á Alþingi fékk það góðan hljómgrunn. Undir sjónarmið okkar tók m.a. hæstv. forsrh. og ýmsir hv. þm. Ég minnist þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal tók undir þessi sjónarmið, að þau yrðu a.m.k. könnuð, hvernig unnt yrði að tryggja dreifða eignaraðild. En svo fór þegar málið kom í efh.- og viðskrn. að þar var það látið sofna svefninum langa og þunga, enda höfðu sterkir aðilar í fjármálalífi þá sagt sitt um það frv., þ.e. að þeir vildu ekki að það næði fram að ganga.

Ég ætla á þessu stigi ekki að fara nánar í þessi mál. Ég mun gera það mun ítarlegar þegar ég kem inn í umræðuna síðar í dag en þetta eru þau sjónarmið sem við höfum lagt áherslu á í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum lagst gegn þessari einkavæðingu og varað við því að hún leiði til þess að völd og peningar, fjármagn safnist á fáar hendur í landinu og gegn því viljum við sporna og höfum lagt fram tillögur þess efnis.

[12:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef einmitt lagt áherslu á það varðandi dreifða eignaraðild að það sé afskaplega erfitt að koma henni á og auðvelt að komast fram hjá henni.

En ég vildi gjarnan koma inn á annað í ræðu hv. þm. Hann sagði að aðilar sem ættu banka mundu misnota fé hans, misnota aðstöðu sína og lána sjálfum sér, væntanlega þá með lægri vöxtum eða með góðum kjörum.

Það er greinilegt að hv. þm. áttar sig ekki almennilega á því hvað það þýðir að eiga sjálfur hlut í banka. Þá vill maður nefnilega fá arð af sínu hlutafé, því fé hefur verið lagt fram og hlutaféð verið keypt dýrum dómum. Þetta er manns eigið fé sem er fjárfest í bankanum. Því dytti manni ekki í hug að lána hvorki sjálfum sér né öðrum á ódýrari kjörum, þ.e. skerða hag bankans og minnka hagnað hans og minnka þar með eigið fé, þ.e. með því að lána sjálfum sér eða öðrum ódýrara fé. Þetta er aftur á móti hægt þegar menn sýsla með annarra manna fé, þegar menn eru með ríkisbanka sem hv. þm. leggur til. Þá er hægt að lána sjálfum sér og öðrum fé með góðum kjörum. Þetta var einmitt gert í stórum stíl einu sinni þegar ríkið átti bankana og áður en þeir voru hlutafjárvæddir. Þetta var einmitt það sem gagnrýnt var hvað mest, þ.e. að bankarnir voru misnotaðir af því að þeir sem fóru með þá, alþingismenn í bankaráðum og pólitískt kjörnir stjórnendur, áttu ekki féð og höfðu því ekki hag af því sem eigendur bankanna. Almenningur átti féð, ríkið. En stjórnendurnir gátu haft hag af því með því að veita sjálfum sér ódýr lán.

[12:51]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er málflutningur sem við erum orðin vel kunnug á Alþingi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur margoft sagt okkur að hagur bankanna hafi vænkast mjög í seinni tíð eftir að þeir voru gerðir að hlutafélögum og rakti hagnað þeirra og hagsæld þar innan veggja til breytts rekstrarforms.

Herra forseti. Nú hefur það gerst að markaðsverðmæti bankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans, hefur rýrnað um 5 milljarða kr. frá því í ársbyrjun eða um 11%. Engin breyting hefur orðið á rekstrarformi. Hins vegar hafa orðið breytingar á aðstæðum í efnahagslífinu og í þjóðfélaginu þannig að ég vísa þessum einfeldningslegu alhæfingum sem nú koma frá hv. þm., og við höfum reyndar heyrt oft áður, algerlega á bug.

[12:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel má vera að hv. þm. þyki ég vera einfeldningslegur og hafa einfeldningslegar skoðanir en ég leyfi mér samt sem áður að hafa þær og ég er ekki vanur að leggja svona mat á gáfnafar eða hæfileika annars fólks.

En hann svaraði ekki spurningunni. Hann vill fá ríkisbanka eins og var í eina tíð þar sem stjórnendur hafa ekki hag af því að bankinn hagnist vegna þess að um er að ræða almannafé. En þeir gætu haft hag af því að lána fé ódýrt og það var einmitt það sem hv. þm. sagði að mundi gerast þegar menn væru með eigið fé. Hann snýr hlutunum við. Þegar menn eiga bankann sjálfir þá vilja þeir fá hagnað af honum og þá lána þeir út eins dýrt og þeir geta og helst til óskyldra aðila því þá græða þeir mest. Hv. þm. er að rugla saman við þá stöðu sem var hér í eina tíð þegar bankarnir voru ríkisbankar og fé þeirra var misnotað til útlána, pólitískra útlána sem bankarnir hafa tapað óhemju fé á. (**ÖJ:** Gætu það ekki hafa verið sjálfstæðismenn sem stjórnuðu því?)

[12:53]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lítur svo á að menn láti stjórnast annaðhvort af eigingirni eða græðgi, ágirnd, nema öllu þessu í senn og þess vegna sé engum treystandi öðrum en þeim sem hagnast sjálfur og persónulega. Nú erum við sem störfum á Alþingi öll starfandi á vegum opinberra aðila, ríkisins og okkur er ætlað að smíða lög sem koma þjóðinni og þjóðfélaginu vel. Það gerum við hvort sem við högnumst á því persónulega eða ekki. Ég held að fæstir séu að hugsa hlutina á þann veg. Ég held að þeir sem starfa hjá hinu opinbera — ætli það sé ekki mismunandi fólk eins og gengur gerist í samfélaginu almennt — og eigum við ekki að ætla að fólk, hvort sem það starfar í einkabönkum eða ríkisbönkum, hugsi á þessa vegu.

Hins vegar er það staðreynd að í þjóðfélaginu er að eiga sér stað mikil samþjöppun á peningum og valdi. (**PHB:** Það eru lífeyrissjóðirnir.) Það er að gerast í vörudreifingu þar sem hún er komin 70% í hendur eins fyrirtækis í smásöluverslun svo dæmi sé tekið og það getur vel hent að sömu aðilar og eru að ná undirtökum í efnahagslífinu almennt nái einnig undirtökum í þessum fjármálastofnunum sem eru þjónustufyrirtæki við þetta sama atvinnulíf. Við viljum sporna gegn þessari þróun. Út á það gengur málflutningur okkar og út

á það ganga tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við erum því fylgjandi að þar sem samkeppni eigi við sé hún virk og við viljum að sjálfsögðu örva hana. Út á það ganga okkar tillögur.

[12:55]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að auðvitað skiptir miklu máli að okkur takist einhvern veginn að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir að tilteknir valdamiklir aðilar í efnahagslífi landsmanna nái ofurtökum á bönkunum. Hv. þm. hefur lagt fram ákveðna tillögu ásamt sínum flokki í því efni.

Nú láðist hv. þm. að vísu að geta þess að við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt áliti Eftirlitsstofnunar EFTA er það aðferð sem ekki samrýmist þeim tilskipunum sem gengið hafa út frá Brussel og okkur ber öllum að lúta í þökk og auðmýkt. Þess vegna höfum við í Samfylkingunni lagt fram tillögu sem miðar að hinu sama en fer aðra leið. Hún felst í því að takmarka atkvæðisrétt hluthafa við tiltekið magn.

Herra forseti. Þó að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi haft ákaflega skamma framsögu og stutta viðdvöl í ræðustóli þá gæti ég fundið að ákaflega mörgu við hv. þm. Það kom mér spánskt fyrir sjónir að heyra það hjá formanni efh.- og viðskn. að einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar ynni núna að því að komast að niðurstöðu um hvernig ætti að haga sölu bankanna. Ég er ekki að finna að því að sá undirbúningur sé í gangi. En annaðhvort veit hv. þm. Vilhjálmur Egilsson eitthvað sem ég veit ekki eftir setu mína undir hans stjórn í nefndinni þar sem um þetta var fjallað eða að einkavæðingarnefndinni hefur gefið efh.- og viðskn. villandi upplýsingar.

Herra forseti. Ég spurði sérstaklega eftir því þegar fulltrúi einkavæðingarnefndar kom til fundar við nefndina hvort nokkrar hugmyndir lægju fyrir um hvernig ætti að haga sölu bankanna vegna þess að ég taldi það skipta máli fyrir þau viðhorf sem ég er fulltrúi fyrir að slík vitneskja lægi fyrir. Jón Sveinsson, fulltrúi einkavæðingarnefndar, sem kom til fundarins fullyrti að engar slíkar áætlanir væru til og að engin slík vinna væri farin af stað, einkavæðingarnefndin mundi ekki byrja á því fyrr en búið væri að samþykkja frv.

Herra forseti. Gaf einkavæðingarnefnd okkur rangar upplýsingar eða fór þessi vinna af stað eftir að nefndin lauk vinnu sinni við þetta tiltekna frv.? Í öllu falli finnst mér að það hefði átt að láta efh.- og viðskn. vita af þessu. Það skiptir verulega miklu máli hvernig menn standa að þessu. Ég vísa t.d. til þeirra áætlana sem eru uppi um sölu á Landssímanum sem ég tel að séu ekki í takt við markaðinn og séu rangar jafnvel frá sjónarhóli þeirra sem styðja þá einkavæðingu heils hugar.

Herra forseti. Mig langar líka aðeins að reifa aðfinnslur mínar við hv. þm. Vilhjálm Egilsson áðan þegar ég spurði hvort hann mælti fyrir hönd nefndarinnar eða meiri hluta eða bara sjálfs síns þegar hann flutti hér ákveðna hugmynd um að auka við eigið fé bankanna. Hv. þm. hefur auðvitað fullt málfrelsi og getur komið hingað og sagt það sem hann vill. Þarna er hins vegar um að ræða mikilvægt atriði sem skiptir máli fyrir okkur að hafa inni í þessari umræðu vegna þess að það tengist þróun efnahagsmála hér á landi.

Ég er þeirrar skoðunar og deili þeirri skoðun með öðrum aðalbankastjóra Íslandsbanka-FBA og fleiri áhrifamönnum í forustulífi efnahagsmála hér á landi að sú aðferð sem menn beittu við fyrstu lotu einkavæðingarinnar þar sem menn í reynd juku eigið fé bankanna sé að meginhluta til eða stærsta orsökin fyrir þeirri óheillaþróun sem hefur orðið hér varðandi þensluna í efnahagslífinu. En jafnvel það skipti ekki heldur máli. Hv. þm. má auðvitað flytja sínar privatskoðanir ef hann vill. Það er hins vegar þannig að þetta eru ekki hans privatskoðanir. Þessar skoðanir gefur að líta í ályktun sem Verslunarráð samþykkti og sendi frá sér í gær. Og mér finnst það, herra forseti, óviðkunnanlegt með fullri virðingu fyrir málfrelsi hv. þm. að hann komi hingað sem formaður hv. efh.- og viðskn. Alþingis en noti tækifærið í framsögu sinni til þess að koma að einhverjum privatsjónarmiðum Verslunarráðs. Það er í andstöðu við það sem mér finnst að eigi a.m.k. að vera lágmarksvirðing Alþingis.

Þessi ræðustóll, herra forseti, á ekki að vera eitthvert púlt fyrir sérskoðanir Verslunarráðs, jafnvel þó hægt sé að færa fyrir þeim sterk rök. Ef menn ætla að auka eigið fé bankanna og gera það í tengslum við einkavæðinguna eins og hv. þm. segir þá verður þingheimur að fá að ræða það. Hvers vegna? Vegna þess að það er ákaflega mikilvægt atriði í þessari umræðu. Ég bið hv. þm. forláts ef ég geng of nærri virðingu Verslunarráðs í þessu máli en það er lágmarkskurteisi að þeir sem taka þátt í að véla um frv. eins og þetta í efh.- og viðskn. geri það á jafnréttisgrundvelli, jafnvel við þá sem kunna að tala sem fulltrúar Verslunarráðsins. Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt atriði sem tengist þessu.

Herra forseti. Það hefur áður komið fram í umræðum í þinginu að við í Samfylkingunni erum þeirrar skoðunar að samkeppnisrekstur eigi betur heima á markaði en í höndum ríkisins. Við eðlilegar aðstæður þar sem stjórnfesta ríkir, þar sem leikreglur eru skýrar og ríkið sér um sterkt eftirlit er jákvætt að flytja slíkan rekstur frá ríkinu og yfir á markað.

Við höfum hins vegar lagt fram, eins og ég skýrði frá í umræðum fyrir nokkrum vikum, ákveðnar forsendur sem við teljum að uppfylla þurfi til að verjanlegt sé að ráðast í sölu ríkiseigna. Þær eru í fyrsta lagi að tryggt verði að eignaraðild verði það dreifð að salan geti aldrei leitt til fákeppni eða skaðlegrar samþjöppunar á markaði. Í öðru lagi þarf líka að haga sölunni þannig að hagsmunir starfsmanna séu jafnan eins vel tryggðir og aðstæður leyfa. Í þriðja lagi þarf að haga tímasetningum þannig að hægt sé að uppfylla það skilyrði sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum, og við styðjum það, að þegar eignir ríkisins eru seldar þurfi ríkið að leitast við að hámarka andvirðið sem fæst við söluna.

Herra forseti. Eftir rannsókn málsins í efh.- og viðskn. erum við í Samfylkingunni þeirrar skoðunar að frv. um sölu ríkisbankanna uppfylli ekkert af þessum skilyrðum. Við teljum að þetta frv. sé illa undirbúið. Það einkennist að flumbrugangi og er miklu frekar í ætt við blinda trú á einkavæðingu fremur en efnahagslega og markaðslega nauðsyn.

Við höfum lagt fram á sérstöku þingskjali nokkuð róttækar breytingar á þessu frv. um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum. Þær breytingar sem við höfum lagt til eru:

Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin fái einungis heimild til að selja hlutafé sitt í öðrum bankanum, Búnaðarbankanum.

Í öðru lagi að reynt verði að tryggja dreifða eignaraðild, m.a. með því að 10% af hlutafé bankans verði skipt jafnt meðal íslenskra ríkisborgara, að sönnu með tilteknum kvöðum sem koma fram í tillögu okkar.

Í þriðja lagi leggjum við til að starfsöryggi starfsmanna verði tryggt með því að eðlileg velta starfsmanna verði

höfð í fyrirrúmi við þá hagræðingu sem þarf mögulega að ráðast í og jafnframt að starfsmönnum verði boðið upp á endurmenntun og starfsþjálfun.

Við leggjum líka til, í anda þeirrar stefnu sem jafnaðarmenn fylgja hvarvetna í atvinnulýðræði, að þetta tækifæri verði notað til að tryggja að starfsmenn fái fulltrúa í stjórn bankanna með fullum réttindum.

Í fimmta lagi, eins og fram kemur síðar í ræðu minni, höfum við miklar efasemdir um að rétt sé staðið að því að selja bankana núna miðað við stöðu markaðarins. Við leggjum þess vegna til, með sérstakri brtt., að salan á hlutafé í bankanum verði ekki hafin fyrr en fyrir liggur staðfesting Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans á því að aðstæður á markaði séu slíkar að verjanlegt sé frá sjónarhóli skattborgaranna að ráðast í þessa sölu.

Nú er það svo, herra forseti, ef ég mætti ráðleggja hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni eða hæstv. forsrh., sem kíkti í gátt, um það hvernig ætti að standa að sölu þeirra ríkisfyrirtækja sem menn eru að ráðast í núna, þá er ég auðvitað þeirrar skoðunar að staða markaðarins sé þannig að menn ættu í reynd að bíða með að selja bankana og láta nægja að selja Landssímann. Hvers vegna? Vegna þess að ég held að ef menn eru þeirrar skoðunar að selja eigi samkeppnisrekstur Landssímans þá sé heppilegast fyrir markaðinn í dag og þau efnahagslegu markmið sem hafa stundum heyrst frá hv. þm. stjórnarliðsins í því efni, væri best að ná þannig. Ég held sem sagt að markaðssetning bankanna við aðstæðurnar núna kunni að vinna gegn þeim markmiðum sem hv. þm. vildu ná með einkavæðingunni.

Eins og ég sagði, herra forseti, finnst mér, eftir að hafa skoðað þetta mál og lesið þetta frv., tekið þátt í umræðum og spurt í þaula þá fulltrúa ýmissa stofnana sem komu til fundar við efh.- og viðskn., að salan sem fyrirhuguð er í þessu frv. á eignarhlut ríkisins sé algerlega óundirbúin af hálfu stjórnvalda. Mér þótti, við rannsókn málsins undir dyggri forustu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, sem í ljós kæmi að ólíklegt væri að ýmsar lykilforsendur sem ríkisstjórnin hefur sjálf sett varðandi einkavæðingu ríkisfyrirtækja yrðu uppfylltar. Þar nefni ég t.d. viðleitni og staðhæfingar hv. þm. stjórnarliðsins um að einkavæðingin mundi ýta undir hagvöxt. Ég vísa sérstaklega til staðhæfingar sem koma fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem birt er með frv. þar sem greint er frá alþjóðlegum rannsóknum sem náðu ekki að sýna fram á ótvíræð tengsl eða jákvæða fylgni milli hagvaxtar og einkavæðingar. Það hlýtur að skipta máli ef það er eitt af markmiðunum.

Í öðru lagi er alveg ljóst að rannsókn málsins leiddi í ljós að það er ákaflega ólíklegt að það takist að uppfylla það skilyrði sem ríkisstjórnin setti í stjórnarsáttmálanum um að það ætti að hámarka andvirði ríkiseigna við sölu. Ég held að það sé algerlega útilokað að miðað við þróun markaðarins í dag sé hægt að fá gott verð fyrir þessar stofnanir.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi störf einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar. Af því tilefni finnst mér rétt að rifja upp ýmislegt sem kom fram í samtölum nefndarinnar við fulltrúa hennar. Það var ákaflega athyglisvert. Í svari við spurningum okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar kom fram að engar athuganir hefðu farið fram á því hvaða áhrif salan á bönkunum kynni að hafa á hlutabréfamarkaðinn sem er ákaflega veikburða um þessar mundir. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að sem við stöndum hér og tölum, þ.e. þessa dagana fer fram rannsókn á öðru þingmáli í hv. samgn. sem varðar sölu Landssímans. Þar hefur komið fram hjá fulltrúum fjármálastofnana að það kunni að vera óráðlegt, miðað við stöðu hlutafjármarkaðarins í dag, að láta bankana á markað vegna þess að það kynni að þeirra mati að trufla sölu Landssímans.

Fulltrúi einkavæðingarnefndar staðfesti líka að engin drög væru að áætlunum um lykilatriði sem tengjast sölunni, um aðferðir við söluna, um tímasetningar og mögulegar áfangaskiptingar eða hvort selt yrði úr einum eða báðum bönkunum samtímis. Það kom líka fram hjá þessum fulltrúa að ekki yrði hægt að taka þessar ákvarðanir fyrr en stjórnvöld hefðu í höndum úttekt sérfræðifyrirtækis á því hvaða áhrif salan kynni að hafa á þennan markað. Einkavæðingarnefnd mundi samkvæmt því ekki ráðast í neina vinnu sem tengdist undirbúningi málsins fyrr en slík úttekt lægi fyrir. Ég spurði hann sjálfur að því hvað það mundi taka langan tíma og svar hans var að það gæti tekið allt upp í ársfjórðung, þ.e. þrjá mánuði. Miðað við þessar upplýsingar sýnist mér ljóst að talsvert langur tími geti liðið þangað til hægt verður að ráðast í sölu á bönkunum.

Ég nefni þetta sérstaklega, herra forseti, vegna þess að væri vilji fyrir hendi, ef menn stjórnuðust af vilja til að vinna vel en ekki af blindri trú á einkavæðingu, þá hefði ríkisstjórnin prýðilegt tóm til að vinna þetta mál betur. Ég nefni þá ekki síst atriði sem oft eru Samfylkingunni ákaflega hugleikin, þ.e. samráð við starfsfólk. Það samráð hefur ekkert verið. Þá kynnu menn líka að velta fyrir sér hvort ekki væri hægt að velja tímasetningar sem væru heppilegri, m.a. til að skattborgarar fengju um síðir miklu meira fyrir hlut sinn í bönkunum en líklegt er miðað við aðstæður í dag.

Ég hjó eftir því að hv. framsögumaður meiri hlutans gat þess sérstaklega að ekki væri ljóst í þessari stöðu hvort selt yrði úr báðum bönkunum sérstaklega. Mig langar því að spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson: Er honum kunnugt um einhverja meinbugi á því að hlutir yrðu seldir samhliða bæði úr Búnaðarbanka og Landsbanka?

Herra forseti. Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um það sem ég kalla rangar tímasetningar við þessa færslu á bönkunum yfir til markaðarins úr höndum ríkisins. Nú vil ég vísa til þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því síðla í maí 1999 er þetta atriði gert sérstaklega að umræðuefni og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Nú er ljóst að samkvæmt frv. á að selja bankana frá tímanum sem líður frá því að þingi lýkur þangað til kjörtímabilið er úti. Það er með öðrum orðum ákveðið að á þessu tímabili á að selja þá, burt séð frá því hvort markaðirnir eru reiðubúnir að taka við öllu þessu magni hlutabréfa. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þessi tímasetning á sölu beggja ríkisbankanna, því að það er verið að tala um það, er lítt skiljanleg í ljósi þeirrar stöðu sem ríkir á mörkuðunum. Ég held að það sé voðalega erfitt að tryggja gott verð fyrir bankana miðað við þá fyrirsjáanlegu þróun sem þar er.

Ég gæti auðvitað farið út í langvinna umræðu, herra forseti, um efnahagsmál almennt. Ég læt mér nægja að segja að hlutabréfamarkaðurinn endurspeglar alltaf trúna á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Við höfum séð ríkisstjórnina glutra niður góðærinu, glutra niður gjaldmiðlinum og glutra niður því sjálfstrausti sem hafði rutt sér til rúms á markaðnum. Við sjáum að viðskiptahallinn er enn gríðarlegur. Enn er þrýstingur á gengi krónunnar og við vitum ekki hvernig þau

mál þróast þegar líður fram um þetta ár. Hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti því með ákaflega grafískum hætti í gær. Ég læt mér nægja að vísa til þess reynda þingskörungs um þau mál. Þetta er auðvitað endurspeglun á markaðnum. Þessi staða endurspeglast á markaðnum. Við sjáum að hann hefur í reynd hrunið. Frá því í febrúar í fyrra hefur úrvalsvísitalan lækkað um 55–60%. Þá er ég að vísu að taka frá þeim punkti er hún reis hæst. Það virðist ekkert lát á því, herra forseti, eða er það svo? Er eitthvert lát á því? Það vildi svo til að í efh.- og viðskn. höfðum við tækifæri til að spyrja þá sem vafalaust hafa miklu betri þekkingu á því en við þingmenn. Þar var m.a. fulltrúi Landsbankans. Hann var spurður að því hvort bankinn vissi um einhverjar vísbendingar sem bentu til þess að markaðurinn tæki við sér á þessu ári. Svar þessa vísa manns var neitandi.

Það er einfaldlega þannig að ekkert bendir til þess að hlutabréfamarkaðurinn fari að rísa aftur, ekkert nema auðvitað óskhyggja hv. þm. stjórnarliðsins og vonandi að hún dugi til að toga markaðinn upp. En það er staðreynd að kaupmáttur markaðarins núna er ákaflega slakur. Samt sem áður áformar ríkið að demba á hann hlutabréfum sínum, bæði í bönkunum og líka í Landssímanum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta gæti ýtt undir frekari lækkun á markaðnum. Þetta gæti augljóslega líka rýrt möguleika einkafyrirtækja til að afla sér fjár á markaðnum.

Í fyrsta lagi er ljóst að mikið framboð bréfa getur leitt til almennrar lækkunar á hlutabréfamarkaði. Ekki er líklegt að mikið nýtt fjármagn komi inn á markaðinn til að mæta auknu framboði. Ef menn ætla að fara þá leið, festa fé sitt í þessum bönkum eða Landssímanum, þá þurfa þeir að losa það einhvers staðar annars staðar, a.m.k. innlendir fjárfestar.

Herra forseti. Mér þykir rétt að geta þess að á fund efh.- og viðskn. kom m.a. fulltrúi fjárfesta. Ég man ekki alveg hvað þau samtök heita en hann mætti þar sem fulltrúi fjárfesta. Þegar við inntum hann eftir afstöðu hans til þessa atriðis þá sagði sá vísi maður að ef ekki fengjust erlendir fjárfestar til þess að kaupa bankana eða kaupa stóra hluti í bönkunum þá gæti sala þeirra haft það sem hann kallar „shock effect" á markaðinn. Fleiri hafa tekið undir þetta eða orðað hlutina svipað.

Í öðru lagi, herra forseti, vísa ég til þess að Þjóðhagsstofnun varar í reynd við því í greinargerð sem fylgir með frv. að það mikla framboð sem salan á bönkunum felur í sér gæti, til skamms tíma a.m.k., gert öðrum fyrirtækjum erfiðara um vik að afla fjár. Til þess að styðja mál sitt benti Þjóðhagsstofnun á að andvirði mögulegs framboðs bréfa í bönkunum gæti losað 32 milljarða. Það var á þeim tíma sem greinargerðin var sett saman. Nú væri þetta í hæsta lagi 25–28 milljarðar miðað við gengið á markaðnum í dag. Þessari tölu stilla þeir andspænis þeim 35 milljörðum sem á fyrstu tíu mánuðum ársins voru boðnir í hlutafjárútboðum innlendra félaga og reyndar líka erlendra félaga sem bent var að innlendum fjárfestum þannig að verðmæti hlutarins sem ríkið er að fara að setja á markað er verulegt hlutfall af því hlutafé sem er boðið á innlendum markaði.

Það má rifja það upp til samanburðar að heildarsöluvirði eignarhluta ríkisins í FBA, Búnaðarbankanum og Landsbankanum seint á árinu 1999 var ekki nema 15 milljarðar. Markaðsvirði eignarhluta ríkisins í bönkunum og Landssímanum gæti numið allt að þrefaldri þeirri upphæð, kannski fjórfaldri þannig að ég held því fram, herra forseti, að tímasetning ríkisstjórnarinnar, miðað við þá stöðu sem er núna uppi á markaðnum, sé líkleg til þess að skemma fyrir möguleikum einkafyrirtækja til að verða sér úti um fjármagn á markaðnum. Hún gæti líka leitt til frekari lækkunar hlutabréfa á markaði. Ég er sannfærður um að sala af því karpi og offorsi sem ríkisstjórnin virðist hafa einsett sér í þessu máli gæti leitt til þess að skattborgarar fengju miklu minna andvirði fyrir hlut sinn í bönkunum en ef menn færu í þetta með meiri forsjá.

Herra forseti. Við höfum sagt, eins og ég kynnti við 1. umr., að rétt sé að stíga ákaflega gætilega til jarðar við sölu bankanna. Við höfum þess vegna lagt til að ríkisstjórninni verði að þessu sinni aðeins heimilað að selja annan bankann og við höfum sagt að í ljósi reynslunnar af því eigi að taka ákvarðanir um sölu hins bankans síðar. Efnahagslegu rökin fyrir þessari tillögu eru mörg. Ef við skoðum þann möguleika að bankarnir verði seldir í einu, eins og var a.m.k. farið af stað með í upphafi, þá er líklegt að mati margra fróðra manna á markaðnum að helstu innlendu fjárfestarnir, lífeyrissjóðirnir, muni einbeita sér einungis að öðrum bankanum. Það gæti komið þeim banka sem eftir situr í óheppilega stöðu. Verðgildi hans gæti þá minnkað fljótlega eftir útboð. Það gæti jafnvel minnkað strax í útboði.

Herra forseti. Í öðru lagi hafa margir hv. þingmanna talið brýnt að fá stóra erlenda fjárfesta inn í fyrirtækin sem ríkið ætlar að selja og miðað við þá stöðu sem búið er að koma efnahagslífinu í er alveg ljóst að það er eitt af þeim bjargráðum sem ríkisstjórnin veltir fyrir sér. Ég held hins vegar að það kynni að vera ákaflega erfitt að fá erlenda kjölfestufjárfesta inn í íslenska banka. En ef menn ætla sér það þá tel ég að miklu ráðlegra væri að fara af stað með annan bankann og kanna undirtektir erlendra kjölfestufjárfesta og læra í framhaldi af þeirri reynslu.

Herra forseti. Ég nefndi áðan að mér þætti sárt að sjá þann skort á samráði við starfsfólk sem hefur einkennt þetta mál. Ég ætla að leyfa mér að taka nokkrar mínútur til þess að fara aðeins yfir það mál. Við fundum það af samtölum okkar við fulltrúa bankastarfsmanna sem komu til fundar við efh.- og viðskn. að tillitsleysi stjórnvalda og ekki síst hæstv. viðskrh. gagnvart starfsmönnum hefur komið af stað mikilli ólgu meðal starfsmanna. Það létu a.m.k. formaður Sambands bankamanna og formenn starfsmannafélaga bankans uppi á fundi með nefndinni. Þetta er auðvitað það sama og við sáum á síðasta ári þegar sameina átti bankana og allir muna hvers konar brotlending það var. Þá birtist þetta tillitsleysi gagnvart starfsmönnum í því að þeir máttu þola þá lítilsvirðingu að lesa um áform og stöðu þess máls dag hvern í fjölmiðlum án þess að haft væri fyrir því að ræða við þá. Þess vegna hefði verið gaman að hafa hæstv. viðskrh. til þess að ræða þetta, ræða þær upplýsingar og þær lýsingar sem komu fram hjá fulltrúum starfsmanna á fundum efh.- og viðskn. og bera það saman við það sem hún sagði við 1. umr. málsins. Þá lýsti hún samskiptum sínum við starfsmennina þannig að hún hefði margkallað þá til fundar við sig og hún væri þakklát fyrir það góða samstarf sem hún hefði átt við þá. Herra forseti. Það kom fram á fundum nefndarinnar að það samstarf var nánast ekki neitt.

Við í Samfylkingunni leggjum mikla áherslu á að starfsmennirnir fái að hafa áhrif á bankann. Hvarvetna í Vestur-Evrópu og reyndar vestan hafs líka eru stjórnunarhættir af þeim toga að ryðja sér til rúms. Þetta er alsiða á Norðurlöndunum þar sem alls staðar eru starfsmenn með fulltrúa með fullgild réttindi nema á einu Norðurlandanna, í Finn-

landi, í stjórnum bankanna. Samráð við starfsmenn þegar breytingar eru í aðsigi er þar regla fremur en undantekning. Ég vísa til þess, herra forseti, að í Svíþjóð er núna í deiglu að sameina tvo stóra banka sem hafa samtals yfir 35 þúsund starfsmenn. Gert er ráð fyrir því að fækka þar starfsmönnum um 2.000 á þremur árum. Þar taka menn hins vegar þá afstöðu að láta allar slíkar hagræðingar ná fram að ganga í gegnum eðlilega starfsmannaveltu. Alls staðar á Norðurlöndunum er þetta orðin viðtekin regla sem starfsmannafélögin þurfa ekki einu sinni að hafa fyrir að knýja í gegn. Reynslan sýnir einfaldlega að þetta er farsælast fyrir viðkomandi bankastofnanir. Þess vegna höfum við lagt til, herra forseti, í sérstöku bráðabirgðaákvæði í breytingartillögum okkar að þegar menn ráðast mögulega í hagræðingar sem fylgja einkavæðingunni þá verði tryggt að það verði gert í gegnum eðlilega starfsmannaveltu. Þessi afstaða okkar byggist ekki síst á jafnréttisreglu Samfylkingarinnar.

Fram kom í umsögn fulltrúa starfsmanna á fundi nefndarinnar að reynslan væri sú að þeir sem lenda fyrst og fremst í uppsögnum eru eldri starfsmenn, 45–60 ára og það vil svo til að 90% þeirra eru konur. Flestar þeirra hafa gert bankastarfið að ævistarfi. Þær hafa langan starfsaldur. Þær eru sérhæfðar og við vitum líka að sérhæfðir einstaklingar á þessum aldri ganga ekki svo auðveldlega inn í nýja vinnu. Reynslan sýnir þess vegna, því miður, að þegar konur á aldrinum 50–60 ára missa vinnuna eftir að hafa starfað í sömu atvinnugrein alla sína vinnuævi þá jafngildir það í reynd útskrift úr atvinnulífinu yfir á félagslegar bætur. Við viljum ekki taka þátt í slíku, herra forseti, og þess vegna leggjum við mikla áherslu á þetta atriði.

Eitt af því sem við teljum að sé nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að ráðast í einkavæðingu af því tagi sem hér liggur fyrir er að það sé alveg skýrt að eignaraðild sé tryggð og það sé ljóst að komið verði í veg fyrir samþjöppun sem geti leitt til fákeppni eða jafnvel hálfgildings einokunar á markaði. Við höfum undanfarið séð það gerast á síðustu missirum í öðrum geirum viðskiptalífsins. Þá vísa ég til smásöluverslunarinnar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umræðuefni og nú hefur ríkisstjórnin sjálf lýst markmiðum sínum í þessu efni. Það gerði hæstv. forsrh. ítrekað í viðtölum við fjölmiðla árið 1998 þegar hann sagði í viðtali við Morgunblaðið 8. ágúst að þó það væri í tísku að tala um kjölfestufjárfesta þá teldi hann að það væri alveg nóg að hafa eignarhluti á bilinu 3–8%. Hann taldi ákaflega óæskilegt að einn aðili eða skyldir aðilar gætu náð þeirri stöðu að vera með t.d. 30%. Hann taldi reyndar sjálfur að æskilegasta hámarksstærðin væri 2–3% og lét þess getið að eignaraðilar með slíkan eignarhlut gætu haft veruleg áhrif á reksturinn. Það var sjónarmið hæstv. forsrh. þá að einmitt eignarhlutir af þessu tagi væru líklegastir til þess að knýja á um arðsemissjónarmið.

Nú er það þannig, herra forseti, að þegar maður les síðan þetta frv. þá kemur hvergi fram minnsta viðleitni til að tryggja dreifða eignaraðild. Það er hvergi rætt í frv. eða greinargerð. Það er að vísu þannig að annað frv. sem við ræðum á eftir og fjallar um breytingar á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, felur í sér að sönnu virðingarverða viðleitni til þess að auka eftirlit og reyna að koma í veg fyrir þetta. En það tryggir ekki dreifða eignaraðild og það kemur ekki í veg fyrir skaðlega samþjöppun. Því mætti kannski spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvað valdi því að hinnar miklu áherslu hæstv. forsrh. á þetta árið 1998 sér hvergi stað í þessu frv. Það er hálfóheppilegt, herra forseti, þegar flökt er á stefnu manna í svona mikilvægum málum.

Við höfum ekki lagt fram sérstaka tillögu við þetta frv. til þess að reyna að sporna við þessu. Við höfum hins vegar lagt fram breytingartillögu við það frv. sem ég nefndi áðan, sem tryggir að enginn einn aðili eða tengdir geti farið með meira en 15% af heildaratkvæðamagni á hluthafafundum. Þetta er ein af fjórum aðferðum, herra forseti, sem eru reifaðar í greinargerð sem Þórólfur Jónsson, lögmaður hjá Logos-lögmannsþjónustunni, gerði fyrir viðskrn. og er birt með greinargerð frv.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum farið yfir sjónarmið Samfylkingarinnar í þessu máli. Við teljum að vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í málinu séu ekki nægilega góð, þau séu ekki nægilega ígrunduð. Við teljum að tímasetningarnar séu rangar. Við viljum hins vegar greiða fyrir því að annar bankinn verði settur á markað og menn læri síðan af reynslunni af því að selja hann þegar kemur að því að taka ákvarðanir um hinn bankann. En við leggjum mikla áherslu á það, herra forseti, að tekið verði miklu ríkara tillit til starfsmanna fyrirtækjanna og jafnframt að gripið verði til aðgerða eins og þeirra sem ég var að lýsa hérna áðan sem er a.m.k. viðleitni til þess að koma í veg fyrir skaðlega samþjöppun.

[13:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. fyrir störf hans í efh.- og viðskn. að þessu máli og lýsa því yfir að ég tel að hann verði ávallt velkominn til starfa í nefndinni og vonast eftir að sjá hann oftar (Gripið fram í.) í störfum nefndarinnar. Ég tel að einkavæðingarnefnd hafi skýrt efh.- og viðskn. frá störfum sínum af bestu samvisku. Þar kom m.a. fram að nefndin taldi æskilegt að þeim málum sem Búnaðarbankinn hefur átt við opinbera aðila verði lokið áður en hafið yrði að selja hlutabréf úr Búnaðarbankanum en að öðru leyti var ekkert því til fyrirstöðu að fara að selja úr Landsbankanum. Það er eðlilegt að nefndin fari ekki að gera tillögur um miklar tímasetningar og annað fyrr en heimild liggur fyrir frá Alþingi um að selja hlutabréfin.

Ég veit að hv. þm. á eftir gefa mér ágætar leiðbeiningar við betra tækifæri á því hvaða skoðanir þingmenn mega flytja hér úr ræðustóli og hvaða skoðanir þingmönnum leyfist líka að færa til samtaka í atvinnulífi eða í þjóðlífinu yfirleitt. Ég veit að hv. þm. á eftir að gefa mér mörg góð ráð í því sambandi.

Það er eðli hlutabréfamarkaða að ágreiningur er um það hvort verð sé að hækka eða verð sé að lækka. Viðskipti eiga sér ekki stað nema þessi grundvallarágreiningur sé til staðar. Þess vegna held ég að ræður hv. þingmanns um hvernig markaður eigi eftir að þróast séu nú kannski ekkert meira virði í sjálfu sér en margra annarra sérfræðinga sem tjá sig um þau mál. En ég mundi nú halda hins vegar að það að auka eigið fé í bönkunum á sama tíma og þessi einkavæðing gengur í gildi verði frekar til þess að efla trú manna á þessi fyrirtæki og styrkja þau og hækka verðið á hlutabréfum í þeim frá því sem annars mundi vera.

[13:30]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að hún er jafnan reiðubúin að gefa hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni góð ráð í efnahagsmálum. Mér sýnist ekki vanþörf

á því varðandi þetta tiltekna atriði, sérstaklega varðandi það sem hann sagði um hlutabréfamarkaðinn. Hv. þm. orðaði það svo að ágreiningur væri um það hvort bréf væru að hækka eða lækka og það byggi til markað. Það er að vísu alveg hárrétt. Ég held aftur á móti að það sé ekki ágreiningur um í hvaða átt hlutabréfamarkaðurinn hefur þróast á síðustu tólf mánuðum. Fall upp á 58%, er ekki hægt að skilgreina það sem hrun, herra forseti?

Að öðru leyti má hv. þm. ekki fyrtast við mig þó ég finni að því að hann komi sem fulltrúi efh.- og viðskn., framsögumaður meiri hlutans, og flytji okkur boðskap Verslunarráðs. Mér er alveg sama þótt hv. þm. flytji boðskap Verslunarráðs við önnur tækifæri en mér finnst óviðkunnanlegt að nánast það eina sem hann hefur til málanna að leggja í framsöguræðu sinni sé að flytja okkur nýjasta boðskap úr því musteri sem heitir Verslunarráð. Ég kann bara ekki við það, herra forseti.

Mér er sama þó hv. þm. flytji skoðanir nefndarinnar og sínar eigin skoðanir en um svo mikilvægt atriði, eins það að auka eigið fé bankanna með öllum þeim afleiðingum sem það kann að hafa, finnst mér heldur sem verið sé að seilast um hurð til lokunnar þegar hv. þm. kemur og dembir þessu fram, eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni og gleymir að geta þess hver er upphafslind þessara hugmyndar. Hún er ekki Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstfl. eða hæstv. ríkisstjórn; hún heitir Verslunarráð. Það á bara ekki heima í svona framsögu.

[13:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. enn og aftur fyrir leiðbeiningar hans um hvaða skoðunum megi koma á framfæri í ræðustól á Alþingi. Mér finnst þær athyglisverðar og veit að fleiri þingmenn munu taka sér þetta til fyrirmyndar.

Jafnframt var athyglisvert þegar hv. þm. fór að velta fyrir sér framtíðarverði á hlutabréfum og verðþróun á þeim síðustu 12 mánuði. Eins og hv. þm. veit þá spáir fólk, þegar það kaupir og selur hlutabréf, frekar í það hvernig verðið þróist fram í tímann heldur en aftur í tímann. Það er alla vega það sem flestir hafa til viðmiðunar. Það væri þó gott ef hv. þm. gæti bent mér á hvenær menn ættu að taka ákvarðanir um kaup og sölu hlutabréfa út frá verðinu fyrir fimm árum eða tíu árum og hugsa ekki til framtíðarinnar í þeim efnum. Ég veit að aðrir hv. þm., sem finnst það hið mesta skemmtiefni að velta þessu fyrir sér, munu líka geta sýnt mér þessi fræði í ræðustól hér á eftir.

Varðandi starfsfólkið þá hlýtur það náttúrlega að vera hlutverk stjórnenda þessara fyrirtækja að stýra þeim þannig að sem mest náist út úr starfsfólkinu, sem mestur árangur af störfum þess. Þar með talið er að sýna nærgætni í sambandi við uppsagnir og þær breytingar sem verða þegar bankarnir ganga í gegnum þær. Ég veit ekki til annars en að sú nærgætni sé til staðar hjá stjórnendum bankanna og þeir hugsi um hag starfsfólksins. Þessir bankar eru að sjálfsögðu mikil þekkingarfyrirtæki sem standa og falla með því hvernig starfsfólkinu tekst til í störfum sínum.

[13:34]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson má ekki gera úr mér skoðanalöggu þó að ég segi að mér þyki óviðkunnanlegt að í framsögu hans fyrir áliti meiri hluta efh.- og viðskn. þá flytji hann í raun aðeins einn boðskap, þ.e. ályktun frá Verslunarráði í gær. Ef hv. þm. telur það nauðsynlegt, til þess að virða málfrelsi hér í þessum sal, að taka frá sérstakan tíma til að hann geti lagt fyrir þingið tilskipanir Verslunarráðs þá er ég reiðubúinn að íhuga það ef það léttir honum lund og lífið.

Að því er varðar hlutabréfamarkaðinn þá hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að öllum líkindum meira vit á honum heldur en ég og kannski meira en flestir þingmenn í salnum, ef frá eru taldir nokkrir, hv. þm. Pétur Blöndal og kannski einhverjir fleiri.

Ríkisstjórnin sjálf hefur sett sér ákveðna forsendu. Hún er þessi: Ríkiseigur á að selja til þess að ná sem mestu út úr þeim. Ég spyr nú: Er það í anda þess og í anda almennrar skynsemi eða bara í anda hv. þingmanns Vilhjálms Egilssonar að tímasetja söluna þegar markaðurinn hefur gengið í gegnum mestu lækkanir sögunnar?

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Nýjar hugmyndir um skipan og starfshætti Rannsóknarráðs Íslands.

[13:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er vægt til orða tekið að segja að vísindasamfélagið á Íslandi hafi verið sem steini lostið eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. menntmrh. á ársfundi Rannís í síðasta mánuði. Nokkuð góð sátt hefur ríkt um störf Rannís frá því lögin voru sett 1994. Samkvæmt þeim lögum er Rannsóknarráð Íslands sjálfstæð stofnun sem hefur ítarlega skilgreint hlutverk: að vera til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda og tækni og gera árlega tillögur um útdeilingu framlaga úr ríkissjóði til vísinda og tæknimála, móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins; annast kynningu á rannsóknarstarfsemi, mat á árangri rannsóknarstarfs og samvinnu við hliðstæðar stofnanir erlendis; beita sér fyrir, í samráði við rannsóknastofnanir og atvinnulíf, áætlunum um rannsóknir og þróun og skila árlega skýrslu til menntmrh.

Þetta starf hefur verið unnið í gegnum fagráð þannig að margir hafa komið að því. Fagráðin gera m.a. stefnumótandi tillögur um mál sem varða verksvið þeirra hvers um sig. Að þessu starfi hafa fjölmargir vísindamenn komið og fyrirkomulagið hefur reynst gegnsætt, lýðræðislegt og opið, eins og vera ber. Þess vegna hefur ríkt góð sátt um starfið undanfarið þó að vandinn hafi vissulega verið mikill, fyrst og fremst vegna viðvarandi fjársveltis.

Í stjórnartíð hæstv. menntmrh. hefur verðgildi þess fjár sem varið hefur verið til rannsókna snarrýrnað, þrátt fyrir fjálglegar yfirlýsingar ráðherrans hæstv. um gildi vísindarannsókna fyrir framþróun og hagvöxt í landinu. Þær yfirlýsingar get ég þó heils hugar tekið undir. En þetta var greinilega meira lýðræði en gott þótti að dómi hæstv. ríkisstjórnar. Nú hefur verið ákveðið að hverfa aftur til fortíðar og gera Rannsóknarráð að ráðherrabatteríi, svo hið pólitíska vald hafi nú alla þræði í hendi sér.

Gert er ráð fyrir að skipa ráðið sjö ráðherrum. Hvers eiga þeir ráðherrar að gjalda sem ekki fá að vera með? Þetta ráðherrarannsóknarráð á að hittast tvisvar á ári undir

formennsku forsrh. Það er fremur kómískt, eftir það sem á undan er gengið, að hugsa sér fyrrnefnda ráðherra, stillt upp í rannsóknarráð með þessum hætti, vinna faglega vinnu í starfshópi, eða hvað?

Það er heldur ekki hægt að neita því að þegar jafnmikill skortur er á rannsóknarfé og hér hefur verið við lýði þá opnar þetta leiðir fyrir pólitískt pot við úthlutanir rannsóknarfjár. Einnig er það athyglisvert að í þessu ferli er hvergi gert ráð fyrir aðkomu Alþingis.

Eitt af því sem vekur athygli í þessum hugmyndum er að styrkjum verði aðeins úthlutað til einstaklinga og fyrirtækja en ekki stofnana. Þessi aðferð hlýtur að teljast ópraktísk og getur hugsanlega átt við um þróunar- og nýsköpunarstyrki en varla um fé til vísindarannsókna. Lögformlegur viðtakandi á slíkum styrk, til starfsmanns fyrirtækis eða stofnunar, hlýtur að vera prókúruhafinn sem svo er ábyrgur fyrir ráðstöfun hans. Styrkir á móti frá Evrópusambandinu eru hins vegar mestan part veittir til stofnana. Hvert er ráðherrann að fara með því að leggja til slíkar breytingar?

Síðast en ekki síst undrast ég að ríkisstjórnin, sem virðist vera fljót að dæma stofnanir af sem hún telur ekki nógu þægar pólitískt, virðist áforma að breyta skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands í eins konar þjónustu- og úttektareiningu eða eyðublaðalager. Þetta virðist fyrst og fremst þjóna því markmiði að stytta leiðina milli hins pólitíska valds og úthlutana á rannsóknarfé en síður marka leiðina til úthlutana sem byggðar eru á faglegu og gagnsæju mati.

Að gefnu tilefni spyr ég: Hvar er áætlað að hin faglega stefnumótun fari fram varðandi úthlutun á rannsóknarfé? Er það á áðurnefndum ráðherrafundum, herra forseti?

Fyrir þessa umræðu lagði ég fram spurningar á sérstöku blaði til hæstv. menntmrh. sem ég vænti að hann muni svara hér.

[13:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta var einkennileg ræða og byggð á miklum misskilningi. Greinilegt er að hv. ræðumaður hefur ekki kynnt sér þær tillögur sem ég hef sett fram um þetta efni eða hvernig að þeirri tillögugerð hefur verið staðið.

Á árinu 1999 bar að endurskoða lög um Rannsóknarráð Íslands. Þá sendi menntmrn. út bréf til allra sem komu að því að tilnefna menn til setu í ráðinu og mæltist til þess að þeir segðu álit sitt á því hvort tilefni væri til að breyta einhverju í lögum ráðsins. Var gefinn frestur til umsagnar til 15. mars árið 2000. Síðan var unnið úr umsögnum innan ráðuneytisins og hugað að tillögum til lagabreytinga. Við tillögugerðina var tekið mið af reynslu annarra þjóða og sérstaklega staðnæmst við það sem hefur verið að gerast í Finnlandi. Á síðasta áratug juku Íslendingar og Finnar framlag til rannsókna og þróunar mest af Norðurlandaþjóðunum og var raunaukningin 10% hér á landi og 9% í Finnlandi, 6% í Danmörku og Svíþjóð, en 3% í Noregi. Árið 1999 vörðum við Íslendingar 2,25% af landsframleiðslu, eða um 14 milljörðum kr., til rannsókna og þróunar og vorum í 6. sæti á heimsmælikvarða næst á eftir Þýskalandi. Þetta svarar nú fullyrðingum hv. ræðumanns um þróun útgjalda til rannsókna hér á landi. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að þessi þróun ræður miklu um hinn mikla hagvöxt sem hér hefur verið undanfarin ár.

Með hliðsjón af þessu taldi ég skynsamlegt að við endurskoðun laganna um Rannsóknarráð yrði sett fram hugmynd um að skapa rannsóknum og þróun hærri sess við almenna stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Reifaði ég leiðir að því marki á fundi með Rannsóknarráði Íslands, þ.e. forustufólki í vísindasamfélaginu, sl. haust og fékk þar skýrar ábendingar um að halda áfram að þróa hugmyndir mínar í þessu efni. Ég kynnti þær síðan á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands hinn 9. apríl sl. og þá ræðu er unnt að lesa og kynna sér, m.a. á netinu. Ég hvet sérstaklega hv. fyrirspyrjanda, upphafsmann þessarar umræðu, til að gera það svo ekki vefjist fyrir henni þau atriði sem þar er um að ræða.

Megintillaga mín er tvíþætt:

1. Að stefnumótun í vísindum og tækni verði í höndunum á gjörbreyttu Rannsóknarráði Íslands sem starfi undir formennsku forsrh., með þátttöku ráðherra, vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs.

2. Að undir þessu stefnumótandi Rannsóknarráði Íslands starfi tvær stjórnarnefndir, önnur á vegum menntmrn. og hin iðnrn. Þessar nefndir úthluti styrkjum og veiti lán á grundvelli umsókna.

Eins og hér hefur komið fram, hafði ég samráð við vísindasamfélagið áður en ég kynnti hugmynd mína. Með henni er ég að auka hlut rannsókna og þróunar enn frekar við mótun efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar. Nú hefur Rannsóknarráð tilnefnt þrjá fulltrúa af sinni hálfu til samstarfs við menntmrn. vegna þessa verks sem unnið er að að færa í frumvarpsbúning.

Þingmaðurinn veltir því fyrir sér hvort sú ákvörðun að úthluta styrkjum til einstaklinga og fyrirtækja en ekki stofnana geti staðist við íslenskar aðstæður. Ég hef átt þess kost undanfarna daga að taka þátt í mörgum fundum um þetta mál og ræða við marga aðila. Þeir hafa haldið því fram, talsmenn stofnana, að nú sé ekki verið að veita styrki til stofnana heldur til einstaklinga sem starfa innan þeirra. Ég vil leggja áherslu á það í tillögum mínum að sami mælikvarði sé notaður og sömu kröfur gerðar til vísindalegrar færni manna og frágangs á rannsóknarniðurstöðum þegar veittir eru styrkir, án tillits til þess hvar vísindamennirnir starfa.

Þá er vikið að því hvort það eigi að kollvarpa úthlutunarkerfinu með þessum tillögum. Það stendur alls ekki til. Það er fyrst og fremst verið að ræða um að færa stefnumótunina í það horf sem tillögurnar gera ráð fyrir. Ef í ljós kemur, í þeirri vinnu sem nú fer fram, að menn séu almennt sáttir um það kerfi sem ríkir við úthlutun á einstökum styrkjum þá er ekki markmiðið að kollvarpa því kerfi. Það þarf hins vegar að vera gegnsætt og á það lagður sami mælikvarði og lagður er á störf vísindamanna, hvaðan sem þeir koma.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Gagnrýni eða tortryggni vaknar þegar ráðherrar taka til við að breyta og að sínu eigin mati betrumbæta umhverfi sem tiltekin grein hefur átt að venjast. Í þessu tilviki erum við að tala um það umhverfi sem samfélag vísinda og tækni hefur átt að venjast og er að sjálfsögðu afar eðlilegt að það hrikti eitthvað í stoðunum. Ráðherrar verða að taka því með reisn og líta á þá gagnrýni sem upp kemur sem tækifæri til enn frekari framfara. Satt að segja hlýtur markmið stjórnmálamanna og vísindasamfélagsins á endanum að vera eitt og hið sama, þ.e. að tryggja stöðu rannsókna og efla þær svo sem verða má. Um þetta markmið er ekki deilt. En nú skoðum við leiðirnar að þessu marki. Rætt er um fjármagn og rætt er um aukningu á fjármagi. Hæstv. ráðherra nefnir að á árinu 1999 höfum við Íslendingar aukið fjármagn um 10% til rannsókna, en Finnar um 15% og að við höfum staðið okkur

vel í því tilliti. Þar með er ekki öll sagan sögð því Finnar hafa aukið fjármagn sitt til rannsókna um 15% á ári í mörg ár. (Gripið fram í.) En ráðherrann verður að viðurkenna að þýðing fjármunanna vegur afar þungt í þessu tilviki.

Það eru gömul sannindi að stefna stjórnvalda í málefnum mennta- og menningar verður þegar öllu er á botninn hvolft best lesin út frá fjármagni því sem sett er í málaflokkinn. Í þeim hugmyndum sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fram er að mínu mati afar hæpið að reiða sig svo mjög á aðkomu atvinnulífs, svo ég tali ekki um aðkomu atvinnufjárfesta, því hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni sem var vitnað til í máli framsögumanns og flutt var á ársfundi Rannsóknarráðsins eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Aðrir þættir rannsókna- og þróunarstarfs mundu hvíla á herðum einkaaðila eða sjóða, sem veita fé til nýsköpunar, vöruþróunar og áhættufjárfestinga. Þar er lagt til að starfi sjóður, sem styrki frumkvöðla við nýsköpun og vöruþróun hvers konar. Reynslan hefur sýnt að vaxandi þörf er á stuðningi sem brúar bilið frá því að grunnrannsókn er lokið og þar til áhættufjárfestar koma beint til sögunnar."

Þessa áherslu gagnrýni ég.

[13:48]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Eðlilegt er að við tökum til umfjöllunar þær hugmyndir sem hæstv. menntmrh. reifaði á aðalfundi Rannsóknarráðs Íslands nú fyrir skömmu. Hæstv. ráðherra hefur gert hér tilraun til þess að skýra þær nokkuð nánar en fram kom þó í nokkuð ítarlegri ræðu ráðherrans á títtnefndum aðalfundi.

Tillögurnar taka hins vegar mjög mið af hinum gömlu tillögum um hið gamla form Rannsóknarráðs Íslands. Þar sátu að vísu ekki ráðherrar heldur alþingismenn og síðan 15 vísindamenn en undir forsæti hæstv. menntmrh. Þessu var breytt árið 1994 í tíð þáverandi menntmrh., Ólafs G. Einarssonar. Það var einmitt einkenni þessa ráðs að það fundaði tvisvar á ári en var í raun og veru óvirkt. Það hafði hins vegar framkvæmdanefnd sem sinnti þeim störfum sem sinna þurfti. Það skortir því, herra forseti, nokkuð á rök hæstv. menntmrh. hví hann fer nú aftur í hið gamla far.

Hæstv. menntmrh. minntist á Finna. Það er eðlilegt, vegna þess að Finnar hafa ráðherranefnd svipaða og hæstv. ráðherra er að gera tillögu um en aðstæður Finna eru um margt ólíkar okkar. Ráðherranefnd Finnanna mótar stefnu í vísindum og tækni en þeir hafa jafnframt finnska akademíu sem hefur fjögur rannsóknarráð og einnig nokkra sjóði sem veita styrki til rannsókna og þróunar. Þeir hafa vissulega náð árangri og eðlilegt er að við horfum til þeirra. Við verðum að sjálfsögðu að miða við aðstæður þeirra og horfa til okkar eigin og reyna síðan að komast að niðurstöðu.

En það sem skiptir auðvitað mestu máli í því að móta framtíðarstefnuna er það að menn leiti leiða til þess að auka fjárveitingar. Það er staðreynd máls að því miður hefur orðið rýrnun í sjóðum Rannsóknarráðs Íslands að raungildi síðustu átta ár á meðan Finnar hafa tryggt aukið fjármagn nú um alllangt skeið. Meðal annars þess vegna hafa þeir auðvitað náð meiri árangri en við.

Herra forseti. Hins vegar er ljóst, og að lokum er rétt að vitna til hæstv. menntmrh., því að hann vill hafa það að leiðarljósi við þessi mál, og eðlilegt að taka undir það, að við Íslendingar munum ekki halda stöðu okkar í fremstu röð þjóða nema rannsóknir og þróun fái þann háa sess sem þeim ber við gerð þjóðhagsáætlana.

[13:53]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Við lifum á spennandi tímum. Ný öld er gengin í garð. Nýr tími að taka við með breyttum viðhorfum og öðruvísi viðfangsefnum.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu menntunar og vísinda í landinu og m.a. hefur verið sett ný löggjöf um öll skólastig. Það skiptir auðvitað sköpum fyrir stöðu okkar Íslendinga í samfélagi þjóðanna hvernig staðið er að verki í þessum málaflokki. Við erum í harðri samkeppni við aðrar þjóðir á öllum sviðum. Í þeirri glímu er góð menntun best til árangurs.

Það eru að verða grundvallarbreytingar á atvinnulífi Íslendinga þar sem hagvöxt má í vaxandi mæli rekja til þekkingar fremur en náttúrulegra auðlinda. Við eigum hiklaust að setja metnað okkar í að skara fram úr á þeim sviðum sem við þekkjum best, jafnframt því að hasla okkur völl í nýjum greinum eins og við höfum verið að gera í hátæknigreinum og upplýsingatækni. Ný fyrirtæki á þeim sviðum hafa gefið ungum íslenskum vísindamönnum tækifæri til að starfa hér heima. Nú er svo komið að það vantar fleira vísinda- og tæknimenntað fólk til vinnu hér á landi.

Þetta sýnir í hnotskurn hvernig alþjóðavæðingin, sem nú gengur yfir, hefur leitt til þess að viðhorf og viðfangsefni vísinda og tækni breytast hratt hér eins og annars staðar. Háskólarnir eru nú að vinna að því að efla rannsóknanám og það er gott. Brýnasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að auka frelsi í rannsóknum, að atvinnulífið komi þar öflugar að verki og ríkið leggi fyrst og fremst áherslu á að efla grunnrannóknir og menntun.

Áðan kom fram í máli hæstv. menntmrh. að heildarumfang rannsókna hér á Íslandi er með því mesta sem þekkist innan OECD. Þar erum við nú í 6. sæti árið 1999 og færum okkur úr því 13. frá 1997. Það er því alveg ljóst að það er rangt sem hefur verið staðhæft hér að í þessum efnum sé slaklega að verki staðið. Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að við erum á réttri leið.

[13:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að það ber að endurskoða lög um Rannsóknarráð Íslands og þá er mikilvægt að þau séu endurskoðuð með tilliti til breyttra aðstæðna, nútímans og horft til framtíðar og mikilvægt að sú vinna fari í gang.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er oft gamansamur og í tillögu hæstv. ráðherra er lagt til að stjórn Rannsóknarráðs Íslands sé bætt, formennskan fari til forsrh. og auk þess sitji í Rannsóknarráði menntmrh., iðnrh., sjútvrh., landbrh., umhvrh. og fjmrh. ásamt fulltrúum vísindamanna og atvinnulífs.

Nú er það svo, herra forseti, að nú þegar eru fulltrúar vísindamanna og atvinnulífs í stjórn Rannsóknarráðs. En því miður eru þar engir ráðherrar. En ég spyr: Hvers á utanrrh. að gjalda? Í eflingu vísindastarfs og rannsókna er aukið samstarf við útlönd. Við erum þátttakendur þar í mörgum stórum rannsóknarverkefnum og mér finnst afar mikilvægt, herra forseti, að hann komi hér að. Ég spyr hvers vegna hann er ekki þarna.

Ég spyr líka, herra forseti, af því að hér var minnst á aðkomu þingsins og fyrir hönd forseta þingsins er ég móðgaður að hann skuli ekki vera tilnefndur í ráðið. Ég legg því til, herra forseti, að þetta verði allt endurskoðað frá grunni

þannig að að því verði staðið með fullri reisn þegar farið er af stað á þessum vettvangi.

[13:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sjálfsagt má halda því fram að á köflum geti hæstv. menntmrh. verið gamansamur en ég verð að játa að ég tók ekkert sérstaklega eftir því í þeirri ræðu sem hann flutti áðan. Hins vegar getur vel verið að grínið hafi birst í því að hæstv. ráðherra talaði um að núverandi fyrirkomulag hefði eiginlega verið hornsteinn í þeim mikla hagvexti sem við höfðum búið við undanfarin ár. Þó er ætlunin að breyta því fyrirkomulagi sem virðist hafa verið hornsteinn að þeim hagvexti sem hefur ríkt hér undanfarin ár eins og hæstv. ráðherra komst að orði.

Hins vegar hafa þeir hv. þm. stjórnarliðsins sem hér hafa talað, t.d. hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, flutt hér hinar ágætustu ræður og ég held ég geti tekið undir nánast allt sem hún sagði, en enginn vill segja okkur hvað hæstv. ráðherrar eiga að gera í þessu starfi. Ég verð að taka undir að ég veit ekki til þess að þessir hæstv. ráðherrar hafi verið mótandi á vísinda- og tæknisviðinu í gegnum tíðina. Ekki hafa þeir stundað rannsóknir sjálfir. Ég átta mig ekki á því, virðulegi forseti, hvaða erindi þeir eiga nákvæmlega í þetta, nema ef vera kynni, eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir orðaði það í upphafsræðu sinni, að verið sé að stytta leiðina frá úthlutununum til pólitíkusanna. (**SAÞ:** Þetta er útúrsnúningur.) Kannski er þetta kjarni málsins.

Annað sem skiptir líka máli, af því að hæstv. forsrh. hefur sí og æ talað um það að í stjórnartíð hans hafi verið ætlunin að minnka völd stjórnmálamanna. Nú á að breyta Rannsóknarráðinu með þeim hætti sem hér er lagt til og þar komi inn sjö ráðherrar sem skipta máli. Satt best að segja minnir þetta mig dálítið á Mjallhvíti og dvergana sjö.

[13:58]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég spyr mig að því í raun og veru í hvaða veröld málshefjandi hrærist. Hún hrærist a.m.k. ekki í íslenskum veruleika. (**Gripið fram í:** Nú?) Ljóst er að það hefur orðið gjörbreyting til hins betra á rannsóknarstarfsemi á Íslandi á liðnum áratug og það á ekki síst við um tengsl atvinnulífs við rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Heildarumfang rannsókna hefur nú samfellt í 15 ár vaxið að meðaltali um 12,5% á ári og er með því mesta sem gerist innan OECD-ríkjanna. Íslendingar voru í 13. sæti árið 1997 en skipa árið 1999 6. sætið. Það ár var varið til rannsókna og þróunar 14 milljörðum kr. en þetta framlag nam um 4 milljörðum 1990.

Fagleg umfjöllun um umsóknir um rannsóknarstyrki er í mjög traustum farvegi. Tekist hefur að mestu að brúa þá gjá sem var á milli rannsóknar- og þróunarstarfs annars vegar og markaðarins hins vegar og má segja að Nýsköpunarsjóður hafi átt verulegan þátt í því.

Skilyrði til nýsköpunar hafa nú gjörbreyst til hins betra á örfáum árum og Íslendingar standa nú framarlega með hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu sem varið er til frumfjárfestingar í þróun. Mig minnir að þetta hafi verið um 0,7% 1987, það er núna 2,25%.

Við stöndum okkur vel á ýmsum þekkingarsviðum og þessi þekkingarsvið hafa lagt mikið af mörkum til að efla íslenskt efnahagslíf og á sú þróun þó eftir að skila enn meiru í framtíðinni.

Það sem enn háir rannsóknarumhverfi á Íslandi er hins vegar of veikt samband milli framkvæmdarvalds og rannsóknargeira og það gerir það örðugt að beina kröftum samfélagsins, stjórnvalda og atvinnulífs og vísindasamfélags, í öflugan farveg. Það vekur athygli mína að þeir sem hafa hér vitnað t.d. til Finna skuli ekki gera sér grein fyrir því og vita ekki af því hve náið samstarf var þar milli stjórnmálaaflanna og rannsóknargeirans sem er í raun veru lykillinn að því hversu vel hefur gengið.

[14:00]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur einhvern veginn farið fram hjá hæstv. málsvörum Sjálfstfl. í þessari umræðu um hvað hún fjallar. Ég er ekki að tala um heildarfjármagn til rannsókna á Íslandi. Ég er að tala um þá vísindastyrki sem Rannís hefur veitt á undanförnum árum. Það er til umfjöllunar í dag en ekki aukið fjármagn til háskólans, ekki það sem fyrirtæki hafa aukið við í fjárútlátum til vísindarannsókna og það sem fengist hefur erlendis til íslenskra vísindarannsókna. Ég mun fjalla um það á öðrum vettvangi.

Hér hefur mjög verið vísað til skipulags Finna í þessum málum en gleymst hefur að geta þess að auk þessa sjóðs sem við vorum hér að fjalla um hafa Finnar finnsku akademíuna sem hefur fjögur rannsóknarráð á sínum snærum, hvorki meira né minna. Það virðist hafa dottið fyrir borð í þeim samanburði sem hér hefur verið gerður. Eins gleymdist að reikna með því gríðarlega fjármagni sem Finnar tóku ákvörðun um að verja til rannsóknar og þróunar og hafa aukið markvisst núna um langt skeið um 15% á ári.

Það vekur furðu að íslensk stjórnvöld ætla nú að fara að fóstra vísindasamfélagið undir pilsfaldi ráðherra og ríkisstjórnar eins og hér er ráðgert og því verið hrósað af talsmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Tómasi Inga Olrich meðal annarra. Þessar hugmyndir minna um margt á það sem einu sinni var kallað ráðstjórnarskipulag sem t.d. var ástundað í Sovétríkjunum sálugu og skýtur skökku við ef hæstv. menntmrh. ætlar að taka upp aflóga hugmyndafræði frá Kreml.

Ég vona að umræðan verði til þess að hugmyndir ráðherrans verði teknar til endurskoðunar. Í þeim er vissulega eitt og annað nýtilegt þó annað virðist ekki vísa fram á veginn. Það sem fyrst og fremst virðist vanta eru þó hugmyndir um aukið fjármagn frá ríkinu inn í þennan geira. Stærsti vandinn er of lítið ráðstöfunarfé rannsóknarsjóðanna og skipulagsbreytingar leysa ekki þann vanda einar og sér.

[14:02]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það má kannski velta fyrir sér, eftir þessar umræður og þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á hugmyndir mínar, að það sé engin furða að ýmsir vísindamenn velti fyrir sér hvort skynsamlegt sé að hafa meiri stjórnmálaítök í þessu starfi en nú eru. Ómálaefnalegri rök og ómálefnalegri málflutning en þann sem hér hefur komið fram hef ég sjaldan heyrt. Það að leggja að jöfnu þá breytingu sem ég legg til hér við gamalt rannsóknarráð sem starfaði samkvæmt allt öðrum aðferðum en við erum að tala um hérna sýnir að hv. þingmenn hafa ekki einu sinni kynnt sér þetta mál áður en þeir taka þátt í þessari umræðu.

Annars vegar er hér um að ræða stefnumótandi aðila sem nær saman meginþráðum á þessu mikilvæga sviði og hins vegar stjórnarnefndina, sem hægt er að bera saman við akademíuna í Finnlandi, sem menn telja að sé til fyrirmyndar.

Málflutningur hv. þm. ber allur vott um að þingmenn hafi ekki lagt sig fram um að kynna sér málið eða borið saman við það sem best hefur verið talið vænlegt í öðrum löndum til að ná þeim árangri sem að er stefnt.

Ég hef oft haft orð á því að ræður hv. þm. Jóns Bjarnasonar séu þær einkennilegustu hér í þingsalnum og það sannaðist hér enn. Þetta er grafalvarlegt mál sem hér er til umræðu. Með því að gera það að gamanmáli eins og hv. þm. gerði er þessum málstað öllum sýnd mikil óvirðing. Hér er verið að leggja á ráðin um hvernig eigi að styrkja forsendur fyrir rannsóknum og þróun í þjóðfélaginu, sem hafa stuðlað að eflingu hagvaxtar og styrkt innviði þjóðfélagsins á undanförnum árum. Þessar hugmyndir hafa almennt hlotið góðar viðtökur í vísindasamfélaginu en þar hef ég sótt fundi og rætt um þetta mál. Með þeim skipum við þessari starfsemi þann sess sem henni ber í þjóðfélaginu.

Ef menn líta á tillögur frá OECD um hvernig eigi að þróa vísindasamfélag á Íslandi þá er þetta ein af megintillögunum sem þar er lögð fram til, að Íslendingar standi sig enn betur á þessu sviði. Ég vona að þingmenn bregði ekki fæti fyrir það þegar frv. um málið kemur hér fyrir þingið, vonandi næsta haust.

[14:05]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 542. mál, nál. félmn., þskj. 1245; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1246; brtt. GÖ og ÁRJ, þskj. 1247.

Atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál, nál. félmn., þskj. 1241; brtt. félmn., þskj. 1242; brtt. ÁRJ og GÖ, þskj. 1248.

Seðlabanki Íslands, 675. mál, brtt. ÖS o.fl., þskj. 1244.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, nál. 1089, 1193 og 1225, brtt. 1194.

[14:06]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég vænti þess að afstaða mín til einkavæðingar hafi ekki farið fram hjá neinum. Raunar hafa báðir þingmenn Frjálslynda flokksins markað sér jákvæða afstöðu til að stuðla að einkavæðingu. En afstaða okkar til þess arna er ekki skilmálalaus.

Ég verð að segja það, herra forseti, að það er með ólíkindum að ráðherra þessara mála, bankamála, skuli ekki sjá sér fært að vera viðstaddur umræðuna og láti við það sitja að til andsvara sé sérstakur fulltrúi illmúruðustu einkahagsmunaklíku landsins, Verslunarráðs Íslands.

Ég er ekki að veitast persónulega að hv. þm. Vilhjálmi Einarssyni þegar ég segi að það mundi hvergi í víðri veröld tíðkast að slíkur fulltrúi sæti á löggjafarsamkundunni sem formaður efh.- og viðskn. Hann er ágætur maður af sjálfum sér og ég bið menn að rugla því ekki saman við þessa gagnrýni af minni hálfu.

Sá sem hér stendur hefur sér í lagi goldið varhug við því sem bryddað hefur á hastarlega, þ.e. einkavinavæðingunni svokölluðu. Eitt frægasta dæmið sem við höfum um einkavinavæðinguna var þegar ríkið gaf Síldarverksmiðju ríkisins, SR-mjöl, og með henni marga milljarða kr. Mér hefur þótt brydda á þessu og ég sé ekki betur en nú bryddi hastarlega á þessu. Það hlýtur að kalla á endurskoðun afstöðu minnar til þess að veita núverandi valdhöfum umboð til þess að selja ríkiseignir. Skilmálarnir sem ég hef sett fram í þessu sambandi eru vitanlega að sem hæst og best verð fáist fyrir þessar eignir almennings.

Í öðru lagi þarf að hafa nákvæmt samráð við starfsmenn þessara fyrirtækja vegna þess að einkavæðing bankanna fer aldrei bærilega úr hendi nema að fá allt starfsfólkið með í leik. Það kemur fram í umræðunum og hefur komið fram í efh.- og viðskn. að því fer fjarri að ráðamenn hafi haft samráð við starfsfólkið eða fulltrúa þess sem neinu nemur.

Einn af skilmálum okkar í Frjálslynda flokknum hefur verið að eignaraðild yrði dreifð. Ég dreg enga dul á að hámarkseignaraðild eins aðila mætti ekki vera hærri en 4%. Aðrir hafa nefnt 2–3% og er það út af fyrir sig sjónarmið sem ég hef ekkert við að athuga. Þakið sem ég mundi vilja setja er við 4%.

Hvað veldur því aðallega að ég hlýt að lýsa yfir breyttri afstöðu til umboðsins sem hér er farið fram á, þótt það skíni svo sem í gegnum allan málflutninginn? Í framsögu fyrir heimild til sölu Landssímans sagði fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson, orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínum út á sem hæstu verði á kostnað almennings sem kaupir þær í góðri trú.“

Hvað merkir þetta? Hvers fulltrúi er sá sem hér talar? Er það fulltrúi eigendanna, seljendanna sem er allur almenningur í landinu? Ó nei, þetta er fulltrúi kaupendanna sem þarna talar. Hverjir eiga það nú helst að vera? Hvað sagði einn augnaþjónninn í háskólanum á dögunum, forstöðumaður hagfræðideildar? Sagði hann ekki að nú vantaði í þjóðfélaginu nýjar fréttir, fréttir sem efldu hug og dug almennings? Fréttir um að nú væru útlendingar að koma að kaupa bankana og Landssíma Íslands? Það er fulltrúi þessara væntanlegu kaupanda sem ríkisstjórnin vill vera.

Ég mun aldrei veita henni umboð til þess að fara með sölu þessara eigna, þessara eigna alls almennings, af því að það er ljóst með hvaða hætti hún ætlar að standa að því. Hverjir mundu sitja í fyrirrúmi vegna þessarar sölu?

Hér hefur mörgum orðum verið farið um núverandi stöðu markaðarins. Framsögumaður meiri hluta efnahagsnefndar lét í það skína að það væri kannski ekki mikið að marka fortíðina í þeim sökum. Við höfum reyndar ekki á öðru að byggja en staðreyndum fortíðar þegar við hugsum til framtíðar. Ýmis teikn má þó taka með í dæmið um þróun markaðar á hverjum tíma. Hins vegar er ekkert sem bendir til þess að markaður sé á uppleið eða öllu heldur hættur að falla, hlutabréfamarkaðurinn.

Hafa menn t.d. fylgst með genginu á einu traustasta fyrirtæki í landinu, Eimskipafélagi Íslands? Það hef ég gert. Gengi þess sló í 14 fyrir einu og hálfu ári, í janúarmánuði. En nú, nú hefur það slegið niður í 5. Hafa menn fylgst með því hvernig t.d. Búnaðarbanki Íslands hefur stórtapað á hlutabréfaeign sinni? Þetta er því miður staðreynd. Að vísu gaf verðlagið á hlutabréfamarkaði einhverjar væntingar sem áttu sér ekki neina stoð í raunveruleikanum, nýbreytnin réði töluverðu um þá miklu græðgi sem þeir sýndu í kaupum á hlutabréfum. Þeir voru reyndar spanaðir upp af öllum þessum sölumönnum, eins og síðast kom fram í ósköpunum sem

gengu á, þegar menn voru narraðir til þess að fjárfesta í ýmsum fyrirtækjum. Ég nefni deCode sem dæmi.

Ég sé enga ástæðu til að fara út í einstök smáatriði í þessu máli. Afstaða mín til sölu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands mótast af því viðhorfi ríkisstjórnarinnar sem ég vitnaði hér til þegar flutt var framsaga fyrir heimild til þess að selja Landssíma Íslands.

Það liggur ljóst fyrir að verðmæti þessara eigna hefur fallið gífurlega. Mér er spurn: Mundi einhverjum einkaaðila sem ætti þessi fyrirtæki koma til lifandi hugar að hefja nú sölu á þeim, eins og nú standa sakir á markaði? Auðvitað engum. Þeir sem eru með það í huga að væntanlegir kaupendur fái bankana á sem bestum kjörum vilja auðvitað koma þessu í lóg hið allra fyrsta.

Ég á, herra forseti, ekki orð í eigu minni til þess að lýsa fyrirlitningu minni á þeirri afstöðu sem saklaus Stykkishólmari lét hér í ljós, af því að hann veit ekki betur en þetta sé afstaða allrar ríkisstjórnarinnar.

Og það hlýtur að vera, svo örlagaríkt er þetta mál og undirstöðuþáttur í því sem stendur til að gera um verðmætustu eignir almennings eins og til að mynda Landssíma Íslands sem malað hefur gull og á eftir að mala gull.

Þetta er þess vegna eins og sakir standa afstaða þingmanna Frjálslynda flokksins. Þeir veita að þessu óbreyttu ekkert umboð til þess að ríkisvaldið, sem þessa afstöðu hefur, fái að selja þessi fyrirtæki.

En ég vík því aftur að forseta að það er auðvitað út í hött að halda umræðu áfram um sölu þessara fyrirtækja, bankanna, án þess að bankamálaráðherrann sjái ástæðu til þess að vera viðstaddur þá umræðu. Ég hefði viljað spyrja hæstv. bankamálaráðherra að því hvort hún, sem ég geng út frá, sé sammála þessu áliti og þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar sem kom fram í orðum hæstv. samgrh. En hér eru auðir bekkir, alauðir ráðherrabekkir, þegar verið er að tala um stærstu og mikilvægustu fjármálaatriði sem við höfum staðið frammi fyrir lengi. Þetta sýnir auðvitað þá virðingu eða hitt þó heldur sem framkvæmdarvaldið ber orðið fyrir löggjafarvaldinu.

Þetta ber glöggt vitni um það forað sem ríkir í röðum ríkisstjórnarmanna gagnvart sjálfri löggjafarsamkundunni og hefur margsinnis komið fram á undanförnum mánuðum og missirum sem vikið verður að þegar ástæða er til við umræður um skiptingu þessa valds eins og það er orðið í þjóðfélaginu, þar sem menn böðlast áfram í krafti valds síns og hegða sér eins og þeir sem öllu ráða og þurfa ekki að bera neitt undir aðra. Þetta hlýtur hið háa Alþingi, sem ætti að ráða mestu um framgang mála, að taka til sérstakrar athugunar.

Hér er framferði þessara hæstv. ríkisstjórnarmanna eins og berserkir væru að ganga um garða.

[14:18]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna athugasemdar hv. þm. vill forseti geta þess að send hafa verið skilaboð í viðskrn. um að óskað sé eftir viðveru hæstv. ráðherra við umræðuna.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að um væri að ræða einkavinavæðingu og það hafa svo sem fleiri hv. stjórnarandstöðuþingmenn gert líka.

Þegar Búnaðarbankinn var seldur og Landsbankinn á sínum tíma keyptu fleiri tugir þúsunda manna í þessum bönkum. Sumir reyndar í umboði annarra, en eftir sitja fleiri tugir þúsunda hluthafa.

Er nokkuð slæmt að eiga svona marga einkavini? Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm.: Er nokkuð slæmt að eiga svona marga einkavini? Og getur ekki verið að það verði enn þá fleiri einkavinir þegar restin af bönkunum verður seld?

Síðan krafðist hv. þm. þess að ráðherra væri við umræðuna og þetta hefur komið fyrir nokkrum sinnum við 2. umr. Við 2. umr. er verið að ræða um niðurstöðu nefndar þingsins og það er Alþingi sem er að taka afstöðu til mála. Málið er komið úr höndum ráðherrans sem flytur málið. Hann flytur málið við 1. umr. Þá er hægt að krefjast nærveru ráðherrans. En eftir að málið er komið til 2. umr. er það á forræði þingsins. Ég skil ekkert í hv. stjórnarandstöðuþingmönnum að vera að stöðugt að krefjast og heimta fulltrúa framkvæmdarvaldsins þegar Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkundan, er að fjalla um mál.

[14:19]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er raunar fágætt að hlusta á þvílíkt rugl eins og hv. þm. Pétur Blöndal hafði hér uppi. Að ráðherra sé allt óviðkomandi um málsmeðferð þýðingarmestu mála eftir að hann hefur skilað af sér framsögu í 1. umferð málsins er ótrúleg skoðun. Að sjálfsögðu eiga ráðherrar að vakta svo þýðingarmikil mál og vera viðbúnir til andsvara meðan á umræðum stendur. Og þingmenn eiga reyndar kröfu á því.

Um einkavinafjöldann sem hv. þm. talaði um, þá vil ég spyrja í móti þar sem upp er komin þessi einlæga ósk um erlenda aðild, kaup erlendra aðila að bönkunum og Landssímanum: Á hann von á því að fjöldi smárra einstaklinga drífi að frá útlöndum til þess að kaupa sér hluti? Smáhlutur var seldur og að vísu tókst að beina því aðeins inn á starfsmenn bankans, en eins og nú standa sakir hefur almenningur engin tök á því að ná því sem nokkru máli skiptir af eignaraðild að þessum fyrirtækjum. Það er því miður og þess vegna er það líka vandasamt verk ef á að gæta dreifðrar eignaraðildar að hefja nú atlögu að sölu fyrirtækjanna.

[14:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef reynt í málflutningi mínum að gefa fólki ekki einkunnir en verð fyrir því aftur og aftur að hv. þingmenn gefa mér einkunnir og var sagt hér áðan að ég væri að segja rugl. Það getur vel verið að hv. þm. finnist það en hann gæti þá af tillitssemi við mig látið það ósagt að ég sé að segja rugl. Og fyrr í umræðunni var talað um að ég væri með einfeldningslegar skoðanir. Ég vildi gjarnan að þingmenn væru dálítið varkárir í því að gefa hver öðrum einkunnir með þessum hætti.

En varðandi einkavinavæðinguna og erlenda aðila, þá var það ekki ég sem talaði um einkavinavæðingu. Ég tel ekki að þetta sé einkavinavæðing. Það er bara verið að selja fólki hlut ríkisins á markaði. Og þeir sem vilja geta keypt og hinir látið það vera. Þetta hefur ekkert með vini eða einkavini að gera. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er hv. þm. sem tók það orð í munn sér og talaði um einkavinavæðingu. Það gerði ég ekki. Og ef við seljum til erlends aðila, þá reikna ég ekkert með því að hann sé einkavinur hvorki ríkisstjórnarinnar né Íslands yfirleitt, en að hann sé að kaupa í þessum fyrirtækjum af því hann telji það hagkvæmt fyrir sjálfan sig og hann ætli sér að hagnast á því. Þetta hefur ekkert með vini eða vinskap eða eitthvað slíkt að gera. Þetta er nefnilega selt á markaði, herra forseti. Það er munurinn frá því sem áður var og þess vegna eru menn ekkert að gera neitt fyrir neinn.

Sá sem kaupir lætur góða peninga í staðinn fyrir eignirnar sem hann fær.

[14:23]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig munar ekkert um að biðja hv. þm. velvirðingar á því ef ég hef kveðið of fast að orði um málflutning hans.

En hvað um þá afstöðu handhafa valdsins sem ætlar að selja þessi fyrirtæki? Þá afstöðu sem kemur glöggt fram í því að hann ber hag kaupendanna fyrir brjósti fyrst og fremst en ekki hag umbjóðenda sinna, almennings í landinu. Hvað um það?

Er þá ekki komið að því sem er orðið mjög sérkennilegt í mínum gamla flokki, sem er afstaðan til hins frjálsa markaðar? Þar sem allir eiga að keppa á jafnréttisgrundvelli eins og t.d. í sjávarútvegsmálum, þá er auðlindin tekin fyrst og úthlutað gefins til örfárra útvalinna en síðan eiga menn víst að keppa eins og þetta sé frjáls markaður. Og frelsið á þessum markaði verður þannig, ef á að halda þann veg á málum eins og fram kemur í orðræðum ráðamanna, ég held að ýmsum muni þykja þröngt fyrir sínum dyrum.

Og enn má minna á, sem fram kom hér, að láðst hefur og það virt að vettugi að hafa nauðsynlegt samráð við þann mikla fjölda starfsmanna sem vinnur í þessum stofnunum og hefur gert um árabil.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú er svo komið í þessum einkavæðingarleiðangri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í bankamálum að hér er farið fram á heimild til að selja afganginn af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Og það er gert þó ekki fleiri árum eftir að þetta ferli hófst en raun ber vitni með hlutafélagavæðingu bankanna.

Það er ástæða til, herra forseti, að rifja aðeins upp hvaða orð voru þá uppi höfð. Hvaða svardagar voru þá uppi hafðir? Hvaða veganesti fylgdi þeim frv. inn á hið háa Alþingi, t.d. í greinargerð með frv. þar sem formbreytingin var á ferðinni? En það var þannig, herra forseti, að í þeim frv. sem voru hér á ferðinni á Alþingi veturinn 1996–1997, ef minni mitt svíkur ekki, var tekið fram í greinargerð og það var afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnar að ekki stæði til að selja með beinum hætti eignarhlut í bönkunum fyrstu fjögur árin eftir að þeim yrði breytt í hlutafélag. Það hefði samkvæmt orðanna hljóðan átt að þýða að nú á þessu ári væru menn e.t.v. með til umfjöllunar fyrstu beiðnir um beina sölu á einhverjum eignarhlutum í hinum hlutafélagavæddu bönkum. Þetta veit ég að menn muna vel.

Ég veit líka að síðan hafa verið haldnar margar ræður um að aðstæður hafi breyst og að þessi orð hafi aldrei átt að standa. En ég er nú af gamla skólanum má sjálfsagt segja, herra forseti, hvað það varðar að mér finnst það mikill ábyrgðarhlutur ef menn umgangast hluti af þessu tagi með þeim hætti að fyrirvaralausar yfirlýsingar í greinargerð með stjórnarfrv. séu einskis virði. Og menn komi svo þess vegna fáeinum missirum síðar og segi: Það stóð aldrei til að gera neitt með þetta, þetta var bara í plati.

Þetta, herra forseti, hefur gerst aftur og aftur í einkavæðingaraðgerðum hæstv. ríkisstjórnar. Það sama var uppi á teningnum þegar Landssími Íslands hf. varð til eða öllu heldur þegar Póstur og sími eins og hann hét, ríkisstofnunin, var gerð að hlutafélagi á sínum tíma. Þá sór þáv. samgrh. og sárt við lagði að ekki stæði til að hrófla við eignarhlut ríkisins, þetta væri eingöngu formbreyting. Síðan reyndist sú yfirlýsing auðvitað einskis virði og það voru aldrei neinar meiningar á bak við það að standa við hana.

Í næstu umferð var farið fram á heimildir til þess að selja, að vísu bara lítinn eignarhlut í bönkunum, 15% ef ég man rétt, og þá voru í þeim frv. og samþykktum ríkisstjórnarinnar sem því tengdust miklir svardagar um að að þessu yrði staðið þannig að tryggt yrði dreift eignarhald í bönkunum. Og þá höfðu menn á þeim tíma, hæstv. forsrh., þáv. hæstv. viðskrh. og fleiri slíkir snillingar, miklar áhyggjur af hættunni á samþjöppun í fjármálakerfinu. Og færðu fyrir því mikil rök að það mætti aldrei verða að forræði eða sterkur ráðandi hlutur í þessum mikilvægu fjármálastofnunum kæmist á hendur fárra eða eins aðila. Því yrði að varna og ég veit að menn muna vangaveltur um hvernig að því yrði best staðið og svardagana um að þetta yrði að tryggja.

Það átti m.a. að tryggja, og var út af fyrir sig gert má segja, í frumsölu bréfanna með því í fyrsta lagi að bjóða þau almenningi til kaups í dreifðri sölu og að öðru leyti standa þannig að því að takmörk voru á því hvað hver og einn gat keypt. Sömu tilburðir voru uppi þegar fyrri hluti af eign ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins var seldur.

Þá var að vísu strax bent á það, þar á meðal af þeim sem hér talar, að það stoðaði lítið að vera með slíka leikræna tilburði þegar um frumsölu bréfanna væri að ræða ef engin viðleitni væri í þá átt að hindra samþjöppun eignarhaldsins á eftirmarkaði. Af því spunnust miklar umræður, m.a. um hvort ástæða væri til að setja beinlínis í löggjöf ákvæði sem takmörkuðu hámarkseign einstakra aðila. Ég var og er þeirrar skoðunar að ef menn meina eitthvað með tali sínu um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild og hindra ráðandi stöðu einstakra aðila þá verði að sjálfsögðu að fylgja þessu eftir með slíkum aðgerðum. En nú ber svo við, herra forseti, að alveg eins og svardagarnir, yfirlýsingar í greinargerðum stjórnarfrumvarpa á sínum tíma eru allt í einu fyrirheitin um að tryggja dreifða eignaraðild að engu orðin. Þau eru gufuð upp. Þau eru ekki lengur með í farteskinu þegar ríkisstjórnin gerir samþykktir eða leggur fram stjórnarfrumvörp um að selja afganginn af þessum stofnunum. Þau markmið hafa fallið fyrir borð. Það er ekki minnst á þetta núna. Til dæmis er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 búið að þynna þetta allt út og núna fer lítið fyrir umræðum um þetta þegar verið er að fara fram á heimild til að selja afganginn. Þvert á móti, herra forseti, er það boðað að það geti verið æskilegt markmið að láta jafnvel einn eða fáa aðila vera það sem er kallað á fínu máli kjölfestufjárfestar. Þá er allt í einu engin ástæða til að hafa áhyggjur af því að kjölfestufjárfestirinn geti kannski í krafti tiltölulega takmarkaðrar eignaraðildar á móti mjög dreifðri eignaraðild annarra meira og minna ráðið ferðinni. En það er gamalkunnug formúla að menn geta náð forræði yfir fyrirtækjum í krafti tiltölulega lítils eignarhlutar ef þeir eiga hann á móti mörgum smáum hluthöfum sem eiga kannski óhægt um vik að sameinast. Þetta er vel þekkt dæmi.

Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, af því að svo vel vill til að hæstv. viðskrh. er komin til umræðunnar: Hvar eru núna áhyggjur manna af samþjöppun varðandi eignarhald fjármálastofnana? Hvenær varð sú kúvending í afstöðu ríkisstjórnarinnar, t.d. hæstv. forsrh., að nú sér þess hvergi stað í þessum áformum að menn ætli að hafa af þessu í sjálfu sér neinar áhyggjur? Það má í þeim efnum, herra forseti, vísa t.d. til þess að hér urðu og hafa á tveimur þingum orðið talsverðar umræður um frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi

Jónassyni sem gerir ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að hámarkseign einstakra aðila í slíkum fjármálastofnunum, slíkum undirstöðufjármálastofnunum hvað varðar bankaþjónustu eða fjármálaþjónustu við almenning, geti mest orðið 8%. Menn geta rætt um hvort það sé of hátt og hvar þau mörk ættu að liggja eins og ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Sverrir Hermannsson, gerði í máli sínu og nefndi töluna 3–4% ef ég tók rétt eftir. En svona er nú komið, herra forseti. Svo ætlast menn til þess að tekið sé mark á fyrirheitum, yfirlýsingum og öðru af þeim toga sem menn nota til að lokka menn til stuðnings við einkavæðingaráform af þessu tagi þegar aftur og aftur kemur í ljós að aldrei var ætlunin að gera neitt með þetta. Þetta var eingöngu sett á blað, inn í frumvörp eða ræður til að róa menn niður og það var væntanlega vegna þess að svonefnd einkavinavæðing, afhending opinberra eigna til einkaaðila á gjafakjörum, hefur náttúrlega ekki öðlast miklar vinsældir með þjóðinni enda hafa menn horft upp á ýmislegt í því sambandi eins og kunnugt er. Þá átta menn sig á því að kannski er hyggilegt að róa menn niður með slíkum yfirlýsingum rétt á meðan verið er að reyna ná frumvörpunum í gegn. En svo er náttúrlega auðvelt að finna sér tylliástæðu til að segja að nú eigi þetta ekki við eins og tylliástæðan um að bönkunum hafi vegnað svo vel að ekki þurfi að hafa neinar áhyggjur af þessu. Það megi sleppa þessu öllu saman með fjögur árin, henda því bara og rjúka í að selja þá með húð og hári. Það sama, herra forseti, er nú að gerast með svardagana um dreifðu eignaraðildina. Þegar ríkisstjórnin sér í land, þegar einkavæðingaröflin í Sjálfstfl. sjá í land, draumalandið, fyrirheitna landið er komið upp fyrir sjóndeildarhringinn, að koma þessu öllu saman úr eigu almennings og vinnumennirnir standa sig vel, hvort sem þeir voru Alþýðuflokkurinn í gær eða eru Framsóknarflokkurinn í dag og á morgun, og Sjálfstæðisflokkurinn getur vel við unað, þarf ekki einu sinni að óhreinka hendurnar sjálfur á verkunum, hefur til þess vikalipurt fólk, þá má gleyma þessu með dreifða eignaraðild. Hvað stendur í þessu stjórnarfrv., herra forseti, frv. frá sömu ríkisstjórn sem hafði uppi svardagana um dreifða eignaraðild, frv. sem við skulum ætla að hæstv. forsrh. styðji? Það stendur hér á bls. 4, aftast í greinargerð með frv.:

„Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum.“ Kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum, sem var bannorð, mátti ekki vegna hættunnar á ítökum ráðandi hlutar einstakra aðila þegar ræðuhöldin og svardagarnir voru uppi fyrir nokkrum mánuðum svo að segja um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild. Svo er að vísu bætt við: „Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis í bönkunum.“ En það er ekki gert að skilyrði. Samkvæmt orðanna hljóðan kemur líka til greina að velja eða finna einhvern einn eða mögulega tvo eða þrjá stóra eignaraðila, kjölfestufjárfesta til að kaupa þennan hlut. Herra forseti. Hér stangast náttúrlega svoleiðis eitt á við annað að það er með ólíkindum. (Gripið fram í.) Nei, það finnst hæstv. viðskrh. ekki. Það eru nú ekki áhyggjurnar á þeim bænum. Hæstv. núv. viðskrh. hefur sennilega verið upptekin við eitthvað annað þegar hæstv. fyrrv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, og hæstv. forsrh. ræddu um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild og rædd voru fram og til baka möguleg úrræði til að koma í veg fyrir að einstakir aðilar yrðu of stórir og fyrirferðarmiklir í eignarhaldinu.

Það er kostulegt, herra forseti, að upplifa það ofan í þá umræðu sem hér hefur verið, um skýrslur og álit, þar sem nákvæmlega umræðan samþjöppun og hættan á fákeppni á íslenskum markaði, hvort heldur það eru fjármálastofnanir, verslanir eða aðrir slíkir aðilar, hefur verið mjög hávær undanfarna mánuði og menn telja sig sjá afleiðingarnar, hætturnar sem því eru samfara, þá er ríkisstjórnin búin að slaka þessu öllu fyrir borð. Það er væntanlega vegna þess, herra forseti, að menn meintu aldrei neitt með þessu. Þetta var aldrei til neins annars en að slá ryki í augu manna og róa þá niður, reyna að draga úr því að menn hefðu áhyggjur af þessu og til þess að koma málinu áfram. Þegar menn sjá í land þá er þessu öll hent. Engar ráðstafanir eru til í lögum til að tryggja dreifða eignaraðild og nú eru ekki einu sinni lengur uppi tilburðir í sjálfri frumsölunni, nema þá að mjög litlu leyti, að hafa hana dreifða. Þetta, herra forseti, er dapurlegt og efh.- og viðskn. kemur að sjálfsögðu ekki frá sér frv. sem hefur hér ítrekað verið flutt um að setja í lög ákvæði sem setji þak á hámarkseign einstakra aðila í slíkum stofnunum. Undir vaskri forustu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns Verslunarráðs, hefur efh.- og viðskn. samt ekki komið því máli frá sér. Ekki á einn eða neinn hátt. Hefðu menn þó þegið að það væri a.m.k. afgreitt með einhverjum hætti, þess vegna þá í breyttu formi ef einhver vilji væri til slíks, en hann er ósköp einfaldlega ekki til staðar.

Herra forseti. Það er líka merkilegt að mjög hljótt er um afleiðingar þeirra breytinga í fjármálakerfinu í landinu sem menn hafa verið að gera á undanförnum árum. Að vísu vantar ekki órökstuddar fullyrðingar um að hlutafélagavæðingin hafi verið hin mesta blessun og menn eru svo barnalegir að halda því fram að t.d. það góða ár í afkomu bankanna skömmu eftir að þessi töfrastafir bættust aftan við nafnið þeirra hafi allt verið hlutafélagavæðingunni að þakka. Það hafi allt verið þessum töfrastöfum, hf., aftan við nöfnin á Landsbankanum og Búnaðarbankanum að þakka að þeir bjuggu við góða afkomu í einhver ár, tvö, þrjú ár. Var ástandið þá svona skelfilegt og óráðsían og ábyrgðarleysið svona rosalegt árin áður en þeir voru gerðir að hlutafélögum? Var það það sem er verið að segja? Já. Auðvitað er verið að rægja stjórnendur og starfsmenn þessara stofnana árin áður en þeim var breytt í hlutafélög. Menn hafa m.a. heyrt hv. þm. Pétur Blöndal fílósófera um það hvernig menn fari út í að lána algjörlega á skjön við alla arðsemi og allt annað af því að þeir séu ekki að lána eigið fé eins og hann kallar það. Af því að ef menn séu opinberir starfsmenn og starfi hjá ríkisfyrirtæki hljóti þeir alltaf að vera svo óábyrgir, gæti ekki hagsmuna fyrirtækisins eða stofnunarinnar og allt þetta. Nú hefur að vísu heldur sljákkað í mönnum í bili því að af einhverjum undarlegum ástæðum hafa töfrastafirnir ekki sama mátt í ár og þeir höfðu þar áður og nú hefur afkoman allt í einu snarversnað. Þó hefur bönkunum ekki verið breytt aftur í ríkisfyrirtæki, ekki er skýringin sú. Þeir eru áfram þessi fínu hlutafélög sem tóku til við að rokgræða um leið og þeir voru gerðir að slíkum. Þá hljóta einhverjar aðrar og utanaðkomandi ástæður að hafa komið til sögunnar, er það ekki? Því að ekki brotna nú lögmálin um hið sjálfgefna ágæti þess að reksturinn sé alltaf í fyrsta flokks lagi bara ef menn eru með hlutafélög.

Hér tala menn stundum, herra forseti, eins og að aldrei séu gerð mistök í einkarekstri, eins og að aldrei hafi nokkur skúta orðið gjaldþrota sem hafi haft stafina hf. fyrir aftan. Það er dálítið sérkennilegt, herra forseti, að heyra menn, sem ættu að vera sæmilega að sér t.d. um bankakreppurnar sem

gengu yfir hlutafélagabanka ekkert síður en aðra, og kannski aðallega þá, láta eins og slíkt hafi aldrei gerst þegar þeir sjást ekki fyrir í rógi sínum um allt sem rekið er á félagslegum grunni. Því miður á kannski eftir að reyna á það, herra forseti, í vaxandi mæli á næstu missirum hvaða mátt töfrastafirnir hf. hafa þegar kemur að því að tryggja sjálfkrafa góða afkomu banka á næstunni.

Það sem ég ætla að gera aðeins að umtalsefni í tengslum við þetta frv., herra forseti, er líka annað og það lýtur að aðgangi atvinnulífsins að bankaþjónustu eins og hún hefur verið að breytast í gegnum þær breytingar sem menn hafa gert og tengjast sérstaklega einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða og banka. Það er nefnilega þannig að furðuhljótt er um þá hlið mála, a.m.k. hér í þingsölum og ég hef t.d. ekki heyrt hæstv. viðskrh. hafa miklar áhyggjur af því, en ég heyri marga sem eru að berjast í því að reyna að byggja upp atvinnurekstur eða halda honum á floti hafa miklar áhyggjur af því, sérstaklega á landsbyggðinni. Ég þekki marga menn í sjávarútvegi sem sakna nú vinar í stað þar sem var Fiskveiðasjóður. Ég þekki sögur af margri þrautagöngunni sem menn í ágætlega reknum fyrirtækjum hafa mátt ganga undanfarna mánuði og missiri, t.d. bæði úr iðnaði og sjávarútvegi, vegna þess að búið er að einkavæða fjárfestingarlánasjóðina sem voru áður stofnanir til þess að tryggja grunnfjármögnun uppbyggingar og fjárfestinga í þessum atvinnugreinum. Þetta átti allt að vera svo voðalega fínt. Það átti allt að fara inn í bankana og það átti þar með að vera sjálfgefin sæla. Þannig hafa menn talað hér. En hafa menn farið einn hring um landsbyggðina og rætt t.d. við forsvarsmenn í sjávarútvegsfyrirtækjum og iðnfyrirtækjum á landsbyggðinni um það hvernig þeim gangi að fá ósköp eðlilega undirstöðufjármögnun fjárfestinga að svo miklu leyti sem menn eru yfir höfuð að reyna slíkt um þessar mundir úti á landi? Þá spái ég því að menn kynntust annarri hlið á málunum. Segjum bara að fyrirtæki ætli að byggja bát og það býður fyrsta veðrétt í bátnum. Þetta er góð eign, seljanleg og færanleg þannig að ekki er nokkur vandi að ganga að veðinu og gera úr því verðmæti ef á þarf að halda. Meðan Fiskveiðasjóður var við sögu lánaði hann í grunninn sjálfkrafa 60% til slíkrar uppbyggingar að uppfylltum eðlilegum skilyrðum. Það þurfti engar þrautagöngur, menn þurftu ekki að ganga svipugöng, menn þurftu ekki að slíta sundur buxunum á hnjánum til að fá þessa fyrirgreiðslu. Þetta var fjárfestingarlánasjóður atvinnugreinarinnar, hafði það hlutverk að stuðla að uppbyggingu í greininni og gera það með greiðum og skilvirkum hætti og þetta þjónaði vel á uppbyggingarárum í atvinnugreininni.

Hver er staðan í dag? Geta menn bankað upp á hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins-Íslandsbanka hf. og gengið að einhverri slíkri fyrirgreiðslu vísri? Nei, ónei. Það er oftar en ekki sem menn segja þar á bæ: „Ja, við höfum engan sérstakan áhuga á þessu. Þetta eru litlar tölur. Við erum aðallega í stóru viðskiptunum. Við viljum helst kaupa svona fyrirtæki fyrir milljarða. Okkur finnst það skemmtilegast." Telur Landsbankinn sig hafa einhverjum sérstökum skyldum að gegna í þessum efnum lengur? Nei, jafnvel ekki þó að um viðskiptavini viðkomandi banka sé að ræða. Þetta er því endalaus þrautaganga alveg sérstaklega ef menn eru utan póstnúmers eitthundrað og eitthvað að fá undirstöðufjármögnun til slíkrar uppbyggingar í dag af því að menn eru búnir að leggja niður fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, búnir að einkavæða þetta allt saman samkvæmt nýjustu tísku og þessum fínu fræðikenningum. Og nú telur enginn sig hafa neinar skyldur í þeim efnum að sjá mönnum fyrir eðlilegri þjónustu á þessu sviði, sérstaklega ekki ef þeir búa úti á landi. Það er fyrirhöfn og vesen að standa í því að eiga viðskipti þangað og veðin eru náttúrlega ekki eins trygg o.s.frv. og þá bara láta menn það eiga sig. Það er miklu meira gaman og meira spennandi að kaupa matvörumarkaði og selja þá aftur o.s.frv.

Iðnaðurinn er í nákvæmlega sömu stöðu, sérstaklega smærri iðnfyrirtæki út um land. Þau kvarta mjög undan því að þau fái enga fyrirgreiðslu, sérstaklega ekki t.d. ef á að fjárfesta í húsnæði eða öðru slíku. Þá segja menn í bönkunum í dag, fínu einkavæddu bönkunum: „Húsnæði úti á landi, nei, við komum ekki nálægt því. Farðu og talaðu við einhvern annan. Farðu og talaðu við Byggðastofnun." Svo er málunum hent í Byggðastofnun. Þannig er þetta. Ég þykist vita að hæstv. viðskrh. sé vel kunnugt um ýmis vandamál af þessu tagi. En ég sé ekki að það sé mikill bilbugur á hæstv. ráðherra að halda áfram í þessum efnum.

Nú kemur sjálfsagt í andsvar, örugglega ekki í fyrsta og eina skiptið í dag, hv. þm. Pétur Blöndal og segir að þetta eigi nákvæmlega að vera svona, hitt hafi verið svo spillt og ómögulegt, að hafa fjárfestingarlánasjóði og banka í eigu ríkisins sem töldu sig öðrum þræði hafa skyldum að gegna við íslenskt atvinnulíf, reyna að stuðla að uppbyggingu og framþróun í þeim greinum sem þeir voru sérstaklega að sinna viðskiptum við. Það er auðvitað hægt að setja á þær ræður. En þá verða menn líka að vera tilbúnir til að taka afleiðingunum af því að keyra hlutina áfram á þeirri braut sem menn eru að gera hér. Ekki vantar fjármagnið í verslunarhallirnar hérna. Það gekk tiltölulega fljótt og vel fyrir sig þó að einhver sé kannski með böggum hildar í augnablikinu að fjármagna hektarana í Smáralind í Kópavoginum. Slagaði það ekki í tug milljarða sem þar var sullað saman í stór lán? Þá var áhuginn fyrir hendi hjá þessum aðilum. En ekki þegar kemur að litla manninum sem er að baksa við einhverja iðnaðarstarfsemi eða reka útgerð út um landið. Og þó að það væri hér í Reykjavík þá hugsa ég að margir gætu sagt svipaða sögu.

Það væri gaman að velta því fyrir sér hvernig landbúnaðurinn væri á sig kominn í dag ef mönnum hefðu tekist það sem margir ætluðu sér, að fara sömu leið með stofnlánadeild landbúnaðarins. Hvernig ætli einstökum bændum gengju núna leiðangrarnir til bankastjóranna til að fá úrlausn mála ef stofnlánadeildin hefði verið gleypt inn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins-Íslandsbanka hf., eða þó það hefði verið Landsbankinn eða Búnaðarbankinn? Nei, þar er þó enn við lýði kerfi þar sem menn eru að reyna að hafa ákveðnar grundvallarreglur sem gera mönnum uppbyggingu í greininni mögulega jafnvel þó að arðsemiskröfunar séu ekki þær sömu og menn geta sett sér hér þegar verið er að fjármagna vídeóleigur, verslunarhallir eða hvað það nú er sem mest er í tísku að lána í.

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ég tek þá stórfelldu áhættu að vera talinn alveg óskaplega gamaldags að tala svona. En það verður þá bara að hafa það því að þetta eru hlutirnir eins og þeir koma mér fyrir sjónir. Ég hef grundvallarefasemdir um að það verði til mikils ágætis fyrir framtíðina í landinu að gera þannig breytingar í fjármálakerfinu að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eiga orðið í syngjandi vandræðum með að fá eðlilega fyrirgreiðslu, jafnvel í dagsdaglegum rekstri, svo ég tali ekki um einhverri uppbyggingu. Og það eru engin viðmið lengur í þeim efnum

að reyna að stuðla að því að hlutir sem horfa til uppbyggingar og verðmætaaukningar í undirstöðugreinunum, að það eigi að púkka upp á það sérstaklega nema jafnvel síður sé. Ég hef því ekki séð, herra forseti, að þessu leyti a.m.k., hvað sem menn geta haldið ræður um allt hitt, að þetta hafi orðið mönnum til mikilla bóta. Var þá kerfið svo mislukkað að alveg sérstök ástæða væri til að breyta því? Var Fiskveiðasjóður Íslands svo illa rekinn, hafði hann tapað svo miklum peningum að alveg sérstök ástæða væri til að slá hann af vegna þess að svo mikil óráðsía væri í svona opinberum sjóði? Var það tilfellið? Eigum við kannski eftir að fá að heyra hv. þm. Pétur Blöndal koma hérna upp og segja það? Það má þá minna hann á það fyrir fram að Fiskveiðasjóður lagði nú til obbann af eigin fé þessa fína banka sem úr honum varð. Hann var ekki verr staddur en svo. Hann var ekki verr staddur en svo að hann gat flest ár ævi sinnar endurgreitt mönnum hluta af lántökukostnaðinum vegna þess að afkoma hans var það góð. Það er svo sem ekkert óskaplega merkilegt vegna þess að þetta var öflugur sjóður með fyrsta veðrétt í fjárfestingum sínum og yfirleitt sæmilega vel tryggður með sinn hag. En tilvist hans skipti sköpum fyrir menn í því að geta ráðist í fjárfestingar af því tagi sem hann studdi og bar að gera, þ.e. nýsmíðar og viðgerðir á fiskiskipum, uppbyggingu fiskiðnaðarins, kaup fiskvinnsluvéla o.s.frv. Nú er það endalaus barningur að ná eðlilegri fjármögnun á slíka hluti, a.m.k. á meðan bönkunum, hinum fínu einkavæddu bönkum stendur til boða að lána í eitthvað annað arðsamara. Þá gera þeir það auðvitað og svelta hina á meðan. Það væri gaman að heyra hæstv. viðskrh. einhvern tíma við tækifæri fara yfir það hvernig hæstv. ráðherra sér fyrir sér að fyrir þessum hlutum verði séð. Eða telur hæstv. ráðherra að þetta sé í góðu lagi eins og þetta er í dag, t.d. aðgangur atvinnulífsins á landsbyggðinni að fjármagni til grunnfjárfestinga hvort sem er sjávarútvegur, iðnaður eða þjónusta?

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum haft þá afstöðu, eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem mælti fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn., að skynsamlegt væri í öllu tilliti að tryggja að hér yrði a.m.k. til einn öflugur innlendur banki, þjóðbanki sem við höfum stundum kallað svo. Hann gætum við kallað kjölfestuna, einhvers konar kjölfestu í því fjármálastofnunarkerfi sem hér væri til. Allt í fína lagi með það þó að einkabanki eða einkabankar séu þá líka að keppa við hann og mjög gjarnan vildi ég sjá þar öfluga sparisjóðakeðju vera á sviðinu þannig að þetta gæti samanstaðið af þrem, fjórum slíkum einingum.

En hvers vegna gæti það haft gildi, herra forseti, að hafa slíkan banka? Jú. Það er af mörgum ástæðum, m.a. af þeim ástæðum að þessi banki gæti axlað skyldur og verið til staðar ef sú þróun yrði í viðskiptalegu tilliti hjá öðrum aðilum að þeir sérhæfðu sig og veldu sér afmörkuð svið á markaðnum til að byggja sín viðskipti á, sem auðvitað er upp að vissu marki í dag. Sparisjóðirnir eru miklu meira þjónustu- og viðskiptabankar almennings og þá kannski smáfyrirtækja heldur en annað. Þessi banki gæti líka og ætti líka að vera það öflugur að hann hefði burði til að sinna stærstu fyrirtækjum landsins. Margt fleira mætti nefna í þeim efnum. Hann væri öflug innlend fjármálastofnun með þá þekkingu og burði sem þangað væri að sækja. Þetta gætum við kallað einhvers konar norska leið að þessu leyti í bankamálunum. Og hann væri auðvitað ákveðin kjölfesta á óvissutímum, umrótstímum og væri þá til staðar í öllu falli til að sinna viðskiptum jafnvel þó að á ýmsu gengi hjá einhverjum öðrum.

Herra forseti. Það er auðvitað fróðlegt í þessu sambandi að minna aftur á bankakreppuna sem reið yfir Vesturlönd og mörg Norðurlanda í kringum 1990 og það sem þá gerðist. Þá höfðu einkabankar og nýlega einkavæddir bankar í sumum tilvikum farið þannig að ráði sínu að þeir sigldu meira og minna í strand og þurftu á stórfelldri aðstoð ríkisins að halda til þess að fara ekki á hausinn. Nú er það auðvitað svo samkvæmt markaðslögmálum að þeir hefðu átt að fara á hausinn og það hlýtur hv. þm. Pétur H. Blöndal að viðurkenna, að það hefðu verið mistök að bjarga þeim, eða hvað? Því ef lögmálin ríkja eiga þau væntanlega að ríkja almennt og einkabankar hljóta þá að eiga að hafa vit fyrir sér og sjá fótum sínum forráð. En auðvitað láta menn ekki undirstöðufjármálastofnanir í einu landi fara á hausinn. Það gera menn ósköp einfaldlega ekki vegna þess að herkostnaðurinn sem því yrði samfara yrði allt of mikill. Því hleypur ríkið til og mokar í þá peningum til að halda þeim á löppunum velflestum eða a.m.k. þeim mikilvægustu eins og dæmin sanna. Auðvitað er það þá orðinn pilsfaldakapítalismi og ekkert annað sem í þessu er fólginn. Einkavæðingin á þessum stofnunum er þá einnig í því skjóli að menn mundu koma þeim til aðstoðar og munu ef á þarf að halda. Er það ekki? Sjálfsagt þykir mönnum fínt að vita af því, hafa það fyrir aftan sig, að Landsbankinn hf. verði ekkert látinn fara á hausinn þó að hann kunni að lenda í erfiðleikum einhvern tíma á komandi tímum, þá muni ríkið koma þar til aðstoðar.

Ég hygg að reynslan af þessum árum hafi t.d. valdið því að menn hafa í Noregi ákveðið að fara sér frekar hægt í þeim efnum að rjúka til og einkavæða alla bankana aftur þó að þar standi að vísu til einhverjar breytingar núna á t.d. eignarhlut ríkisins í Den norske Bank. Þó svo að menn gerðu þetta í Noregi eða annars staðar og þó svo það sé almenn regla sem menn segja í fylgiskjölum að bankar og slíkar fjármálastofnanir séu algerlega einkareknar, að vísu með undantekningum, Þýskaland, Austurríki og kannski nokkur lönd, þá breytir það engu því að við erum á Alþingi Íslendinga, herra forseti. Við erum að tala um íslenskar aðstæður og m.a. síðustu dagar ættu að kenna mönnum það að hinn svokallaði íslenski fjármálaheimur er lítill tebolli og það þarf oft ekki mikla golu til að talsverður öldugangur fari að verða ofan í þeim tebolla. Það gætu verið fullkomlega réttmætar og vel rökstuddar ástæður fyrir því að fara að einhverju leyti aðra leið hér en þá sem valin er hjá milljónaþjóðum á miklu þróaðri mörkuðum en hér er til að dreifa.

Ég ætla því að leyfa mér, herra forseti, að kalla það glannaskap að vaða áfram með þeim hætti sem ríkisstjórnin er að gera. Maður hefði haldið að nóg hefði verið þá að selja t.d. annan ríkisbankann með þeim hætti sem hérna er verið að óska eftir heimild til að gera.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræddi áðan, og ég ætla að koma aðeins inn á það, herra forseti, aðstæður á markaðnum sem eru fyrir hendi núna þegar þessi fyrirhugaða sala er í undirbúningi. Og einhver orðaskipti áttu hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v., um það mál. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að það kynni að verða þröngt í búi, þröngt fyrir dyrum hjá smáfuglunum ef bæði Landsbankanum og Búnaðarbankanum yrði skellt á markað á næstu mánuðum og Landssímanum í viðbót að einhverjum verulegum hluta þannig að hér yrðu tugir milljarða settir á markað á sama tíma. Ég hygg að það sé rétt að þá yrði kannski ekki mikið

eftir. (Gripið fram í.) Já, og þá er eftir að sjá hverjir kaupa og hver eftirspurnin verður. En segjum að þetta verði reynt. Þá held ég að það hljóti a.m.k. að mega álykta að ekki verði mikið eftir af lausum peningum handa öðrum sem kynnu að vilja sækja sér eitthvert hlutafé í fyrirtæki sín á markaði á næstu missirum.

En mér fannst eitt gleymast í umræðunni og það eru stóru áformin sem ég veit að hæstv. viðskrh., sem jafnframt er iðnrh., ber mjög fyrir brjósti og það er að sækja tugi milljarða á innlendum hlutabréfamarkaði í stóriðju. Eru menn nokkuð að gleyma því? Svo eru líka draumar um að miklir fjármunir komi frá innlendum aðilum í formi áhættufjár í þátttöku í fjárfestingu í erlendri stóriðju á móti útlendingum, sem ætla að vísu aðallega að leggja sitt fram í formi þekkingar og ýmiss konar þjónustu, minnst í peningum, og er gamalkunnug formúla, vel þekkt af samskiptum við Elkem-Spigerverket á Grundartanga. (**Viðskrh.:** Þetta eru allt ... fyrirtæki.) Ekki voru það mín orð, hæstv. iðnrh., en þetta mega vera orð hæstv. ráðherra. Þá fer maður að velta því fyrir sér hvort þetta sé allt saman þaulhugsað og yfirvegað hjá ríkisstjórninni. Að ætla að selja bankana, taka allmarga milljarða ef ekki milljarðatugi fyrir það, að ætla að selja drjúgan hlut í Landssímanum, taka mikið fé þannig inn, kannski eitthvað af þessu frá útlöndum að vísu ef einhver útlendingur finnst sem vill vera svo vinsamlegur að kaupa og fá svo kannski 10 milljarða eða svo frá innlendum aðilum í mikla áhættufjárfestingu, t.d. í álver á Reyðarfirði. Hverjir eru nú líklegir til þess að vera með peningana undir koddanum tilbúna í þetta allt saman? (Gripið fram í.) Er þá ekki líka hugsanlegt að einhver fari að velta því fyrir sér að það verði að lokum hægt að gera þarna góð kaup því að ef þetta verður eins og stundum áður að tilgangurinn helgi meðalið þá eru menn væntanlega alveg tilbúnir til þess að selja þetta á hálfvirði. Það var einu sinni fjármálaráðherra hér með þjóðinni sem var svo mikill einkavæðingarsinni að hann hafði uppi vangaveltur um það, kvartaði að vísu stundum undan því að þetta væri ekki nákvæmlega eftir honum haft, að það væri svo mikilvægt að einkavæða ákveðið ríkisfyrirtæki að það gæti vel verið réttlætanlegt að selja það á hálfvirði af því að tilgangurinn helgaði meðalið. Einkavæðingin var aðalatriðið, að þjóna trúarbrögðunum, ekki endilega verðmætið sem fékkst fyrir sameiginlegar eignir þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Auðvitað er það alveg dásamlegt þegar menn eru alltaf uppi með þessa væntumþykju fyrir almenningi sem á að fara að selja þessa hluti en gleyma því eða sleppa því að það er almenningur sem er líka að selja því að það er ríkið fyrir hönd almennings í landinu sem á þessi fyrirtæki.

Ég hefði gaman af því, herra forseti, að heyra hæstv. viðsk.- og iðnrh. og ekki væri nú verra hæstv. forsrh. sem fór með efnahagsmál a.m.k. til skamms tíma — það kann að vera að hann hafi sagt af sér embætti sem slíkur nú þegar heldur hefur farið að dökkna í álinn og dökkna útlitið og mér skilst að Seðlabankinn sé orðinn ráðherra efnahagsmála í landinu, a.m.k. er verið að undirbúa það að hægt sé að kenna honum um ef illa fer — að heyra þessa hæstv. ráðherra fara aðeins yfir þetta landslag með okkur. Hvernig sér hæstv. viðskrh. fyrir sér að innlent fjármagn verði til staðar til að kaupa restina af Landsbankanum, restina af Búnaðarbankanum, drjúgan hlut í Landssímanum og fjármagna á móti útlendingum stærstu fjárfestingar Íslandssögunnar í stóriðju? Hvernig sjá menn þetta fyrir sér? Hvar eru þessir peningar og hvaða áhrif er líklegt að þetta hafi á markaðinn o.s.frv.? Mér finnst þetta, herra forseti, vera gjörsamlega eins og menn gangi um með hreinu óráði. Sá aðili sem hefur eitthvað verið að reyna að átta sig á því hvaða aðstæður væru uppi að þessu leyti er Seðlabankinn, samanber fskj. I með frv. Þar segir m.a., með leyfi forseta, og það er svar við þeirri spurningu hvort heppilegt sé miðað við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum að ríkið selji eign í bönkunum og hver yrðu þjóðhagsleg áhrif slíkrar sölu og Seðlabankinn segir um þetta atriði m.a.:

„Eins og fram kemur hér á eftir eru áhrif sölu á eignarhlut ríkisins í bankakerfinu á innlenda eftirspurn óviss og geta brugðið til beggja átta“ — ég vissi ekki að það væru bara tvær áttir en þær eru það greinilega í þessu sambandi — „eftir því hvernig að sölunni er staðið. Seðlabankinn varar því sterklega við því að líta á sölu þessara eignarhluta sem lið í eftirspurnarstjórnun. Því er mjög varasamt að nota slíka sölu til að fresta nauðsynlegum hagstjórnaraðgerðum á öðrum sviðum.“

Þetta eru nú dálitlar pillur, held ég. Er ekki Seðlabankinn á sinn diplómatíska hátt að reyna að senda skilaboð? Hann er að segja, eins og ég hef tilhneigingu til að túlka það, að ekki eigi að rjúka til og selja afganginn af eignum ríkisins til að framlengja veisluna og nota það sem aðferð til að takast ekki á við hin raunverulegu efnahags- og hagstjórnarvandamál. Kaupum okkur ekki tíma með því að selja Landsbankann og Búnaðarbankann og Landssímann og restina af fjölskyldusilfrinu og fljótum áfram sofandi að feigðarósi í þessum efnum. Tökumst á við hin raunverulegu hagstjórnar- og efnahagsvandamál. Áfram heldur Seðlabankinn:

„Hér varðar mestu hvort líklegt sé að einkavæðing bankanna muni stuðla að minna eða meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en nú þegar er fyrir hendi.“

Meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en nú þegar er fyrir hendi. Það er eins gott að hæstv. forsrh. hefur ekki lesið þennan texta því að hann væri örugglega búinn að leggja til að Seðlabankinn yrði lagður niður ef hann hefði tekið eftir því að í áliti frá Seðlabankanum er tekið svona djúpt í árinni, samanber heiftina sem braust út þegar Þjóðhagsstofnun leyfði sér að draga athyglina að hagstjórnarmistökum aftur í fortíðinni.

Svo segir:

„Þar sem þessi áhrif eru óviss er ekki hægt að fullyrða að neitt í núverandi stöðu mæli sérstaklega með eða móti sölu.“

Ekki er hægt að fullyrða að neitt í núverandi stöðu mæli sérstaklega með eða móti sölu. Þetta er nú mikil speki, mikil latína. Seðlabankinn treystir sér, á mannamáli sagt, ekki til þess að mæla með sölu. Hann sér ekki nein rök umfram þau sem út af fyrir sig mæla gegn henni að mæla með sölu því annars hefði hann væntanlega sagt að það væri einmitt skynsamlegt að drífa þennan hlut út á markaðinn núna. Það gerir hann ekki.

Svo segir:

„Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir“ — og aftur gengur Seðlabankinn býsna langt og tekur bara verulega áhættu af því að honum verði hótað niðurlagningu ef að líkum lætur — „og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi.“

Þetta er stórmerkilegur texti, herra forseti, vegna þess að það er tiplað svoleiðis á tánum þarna í kringum hlutina. En eitthvað er Seðlabankinn samt að reyna að segja okkur með þessu, tel ég vera. Er það ekki það að vegna óvissunnar og

þess að ómögulegt sé að meta hvaða áhrif þetta hafi og það sé svo mikið ójafnvægi og ástandið sé svo viðkvæmt um þessar mundir þurfi að fara alveg sérstaklega varlega? Eru menn að því? Nei, það er vísað á einhverja einkavæðingarnefnd. Það er einhver einkavæðingarnefnd sem virðist vera komin með völdin í landinu sem á bara að svara þessu og það er vísað á hana. Það sé ekkert hægt að segja neitt um tímasetningar eða hvernig í þetta verði farið af því að það sé einkavæðingarnefndin sem ráði því. (**Gripið fram í:** Sem seldi SR-mjöl.) Það er sama nefndin og seldi SR-mjöl. Það er alveg rétt. Þetta eru reyndir menn og hafa notið mikils trúnaðar hjá ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar, sömu menn í einkavæðingarnefnd. Eitt af fyrstu verkefnum þeirra var hin glæsilega einkavæðing SR-mjöls.

Herra forseti. Mér finnst þetta ekki benda til þess að þetta sé allt mjög vandlega yfirvegað og hluti af einhverri þaulhugsaðri og yfirvegaðri aðferðafræði enda virðist efnahagsstjórnin í landinu spiluð af fingrum fram dag frá degi. Það er þannig. Það er með miklum ólíkindum hvernig t.d. þeir hlutir hafa birst okkur í gegnum innkomu hæstv. forsrh. af og til í þau mál. Gaman væri að vita hvað Seðlabankinn eða þess vegna einhver önnur stofnun, til þess sæmilega bær stofnun, hefði sagt ef hún hefði fengið allan pakkann, ef hún hefði verið beðin að meta áhrifin af því að selja líka Landssímann og reyna líka að afla fjár í þau stórfelldu stóriðjuáform sem á að gera að hluta til innan lands o.s.frv. og ég kom inn á áðan.

Um framgöngu þessarar ríkisstjórnar og ríkisstjórna undanfarin missiri í bankamálum mætti auðvitað margt segja. Það hefur verið skrautlegt, satt best að segja, að fylgjast með því hvernig það hefur borið að, allt frá því menn lögðu upp í þennan leiðangur fyrir einum fjórum árum. Einu sinn kom upp sú bóla um mitt sumar að selja Wallenbergunum sænsku drjúgan hlut af Landsbankanum. Svo var hætt við það af einhverjum ástæðum. Hér brosa menn í salnum sem kunna að hafa verið þar einhvers staðar nálægt vettvangi. Síðan kom núv. hæstv. viðskrh. og sá ljósið í því einu að sameina bankana með stórbrotnum aðferðum, kom sér í stríð við bankaráð og yfirmenn Búnaðarbankans og ætlaði að þjösnast þar áfram og skipta um áhöfn og guð má vita hvað og var svo barin niður með það allt saman af Samkeppnisstofnun sem úrskurðaði það andstætt samkeppnislögum að fara út í þá samþjöppun. Í kjölfar þess skipbrots er þessu hent inn svona: „Seljum bara restina af þessu í hvelli, bara út með þetta."

Herra forseti. Þetta kalla ég útsöluhugsunarhátt. Þetta er ekkert annað. Það liggur algjörlega fyrir að það er ekkert annað en útsöluhugsunarháttur í þessum efnum. Örvæntingin er það mikil í stjórnarliðinu, item náttúrlega trúin sem rekur það áfram á einkavæðinguna einkavæðingarinnar vegna, að menn gefa það í raun frá sér að viðhalda einhverjum prinsippum í þessu sambandi eins og um dreifða eignaraðild eða því að selja þetta þó ekki nema við aðstæður þegar nokkurn veginn fullt verð fæst fyrir eignir almennings og annað í þeim dúr. Auðvitað vitum við, herra forseti, að óvissan í efnahagsmálunum hefur leikið menn þannig að þar er bara skollin á algjör taugaveiklun og nauðhyggja. Þetta lýsir sér t.d. vel í hinum örvæntingarfulla söng á meiri erlenda fjárfestingu og erlenda stóriðju. Menn emja og veina á fundum Verslunarráðsins og annars staðar þar sem þessir hlutir eru á dagskrá: „Meiri erlenda stóriðju strax hvað sem það kostar." Nú stendur svo illa á að Landsvirkjun er búin að telja sjálfri sér og öðrum trú um það að hún geti hvergi virkjað í landinu nema með því að sökkva Þjórsárverum og þá segja menn að það verði að hafa það af því að það standi bara einmitt þannig á núna að við verðum að fá þessa erlendu peninga inn í landið til að lappa upp á krónuna og halda hérna uppi ... (**Gripið fram í:** Og góðar fréttir.) Og góðar fréttir, sérstaklega bara góðar fréttir. — En því miður standi svo óheppilega á að það er fljótlegast að fara í að sökkva Þjórsáverum og þá verður að gera það. Svona nauðhyggjuörvæntingartaugaveiklunarsöngur er þetta orðinn, herra forseti. (Gripið fram í.) Já, menn segja það í orði kveðnu. Hæstv. menntmrh. var ekki rólegur í ræðupúlti rétt áðan. Hann hefur gleymt heilræðum forsrh. um að menn eigi að vera rólegir. Og þeir eru ekki rólegir hjá Verslunarráðinu. Ég las langan óskalista þaðan um erlendar fjárfestingar og meiri einkavæðingu og meira eldsneyti á bálið. (Gripið fram í.) Meira eldsneyti á bálið því það má fyrir enga muni slokkna. Þess vegna ber þetta svona að okkur, herra forseti, að það er allt á fartinni og það á að henda út þessum eignum almennings sem byggst hafa upp í gegnum þjónustu við almenning í landinu og stofnanir sem almenningur á, þjónustustofnanir.

Mér verður stundum hugsað til þess ágæta listamanns Sigmunds sem teiknar góðar myndir í Morgunblaðið og oft segja meira en langar ræður eða langar greinar. Hann teiknaði einhvern tímann karl og kerlingu sem stóðu fyrir dyrum úti og hlógu sig máttlaus af nýjustu firrunni sem hafði komið frá ráðamönnum. Ég held að það hafi verið karlinn sem hafði orð fyrir þeim hjónum og sagði sem svo: „Ja, allan fjandann láta þeir sér detta í hug. Nú ætla þeir að fara að selja okkur okkar eigin banka." Og það var þegar einkavæðing Landsbankans var á dagskrá í fyrsta sinn. Karlinum þótti það skrýtin speki að nú ætti að fara að selja almenningi sinn eigin banka. Lái honum hver sem vill þó að hann hugsaði þannig.

Herra forseti. Um þessa stöðu á markaðnum er kannski ekki mikið meira að segja. Þó eru eitt eða tvö atriði áhugaverð í því sambandi í viðbót, t.d. náttúrlega salan úr landi. Hún er angi af örvæntingunni, taugaveikluninni og hausthljóðinu sem er komið í góðærisvindinn. Það er orðið markmið sem alltaf fylgir með einhvers staðar í farteskinu hvort heldur það er Landsbankinn eða viðskiptabankanir að reyna að koma sem mestu af þessu úr landi. Ég spái því að einhvern tíma hefði stuðningsmönnum Framsfl. þótt það merkileg örlög að sjá flokkinn sinn þannig kominn á þessum herrans tímum að hann stæði að því alveg hiklaust og möglunarlaust að setja það í plögg af þessu tagi að það væri alveg sérstakt markmið í sjálfu sér að koma eignarhaldi á undirstöðustofnunum eins og Landssímanum eða fyrrum ríkisviðskiptabönkum í hendur útlendingum. Ekki að það geti ekki verið ágætt að eiga viðskipti við þá. Ekki er ég að lasta það að samstarf við útlendinga í atvinnumálum og þátttaka yfir landamæri fram og til baka í atvinnulegu tilliti er auðvitað hluti af veruleika dagsins í dag. En það er samt ekki hægt annað, herra forseti, en aðeins gamna sér við það og velta því upp að þetta eru óneitanlega viss tímamót þegar það er orðið þannig að menn segja ekki bara sem svo að ef einhverjir vilja koma og kaupa, þá það, nei, heldur er það beinlínis markmið í sjálfu sér að selja þetta út frekar en að selja Íslendingum. Það hlýtur að vera það sem átt er við þegar talað er sérstaklega um nauðsyn þess að reyna að finna einhverja útlendinga til þess að kaupa í bönkunum eða Landssímanum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., var hér líka með merkilegar hugleiðingar. Ég náði kannski

ekki alveg öllu sem hv. þm. var að tala þar um en mér skilst að það hafi gengið í þá átt — var það ekki, herra forseti? — að vel kæmi til álita að auka eigið fé bankanna áður en meira væri selt í þeim. (**Gripið fram í:** Betra.) Það væri betra. Hvers vegna skyldi það nú vera, herra forseti? Það er svolítið óvenjulegt ef maður ætlar að fara að selja eitthvað og fá fyrir það peninga, að maður byrji á því að setja í það meiri peninga. Hvað ætli gangi hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni til? Getur verið að hann sé óbeint að viðurkenna að ekki sé víst að þetta sé sérstaklega góð söluvara eða eftirspurnin mjög mikil eða að framtíðin, hin næsta framtíð sem við okkur blasir, sé svo óviss að það muni verða eftirspurn eftir því að styrkja bankana áður en skútan heldur út á þann ólgusjó sem fram undan er þannig að menn séu þó alla vega róaðir gagnvart því að þá reki ekki upp á sker alveg í bráð, það verði örlítið borð fyrir báru hjá þeim? Er það kannski veruleikinn þegar menn skyggnast um og meta aðstæður á íslenska fjármálamarkaðnum að þá séu þær bara mjög ótryggar og staða bankanna ekki síst í því sambandi býsna tæp og þá sé þrautalendingin þessi, förum í ríkissjóð, sækjum svolítið af seðlum í ríkissjóð og styrkjum eiginfjárstöðu bankanna þannig að þeir þyki fýsilegri kostur og að líklegra sé að þeir nái a.m.k. að halda sjó einhver missiri inn í framtíðina og það sé nú hin raunverulega ástæða fyrir því að menn eru að láta sér detta þetta í hug? (**VE:** Ekki eftir að þeir fengju úr ríkissjóði.) Nú, nú. Hvaðan eiga þeir þá að koma? Á að fara í enn einn leiðangurinn og sækja þessa lausu peninga til að byrja á því að styrkja eigið fé bankanna áður en þetta heldur áfram? Ég ætla að vona að hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og skoðanabræðrum hans detti ekki í hug að hægt sé að nota sömu krónuna oft í þessu sambandi, þ.e. ekki nema menn hafi fundið upp nýja aðferð í þeim efnum, einhverja nýja gullgerðarvél til að búa til margar krónur úr hverri krónu.

Herra forseti. Það skyldi nú ekki vera svo að ofan á allt það sem hér hefur áður verið rakið bætist það að undirliggjandi séu í þjóðfélaginu býsna miklar áhyggjur yfir því að fram undan séu mjög viðsjárverðir tímar, jafnvel þannig að fjármálakreppa kunni að leynast handan við hornið, alla vega ef illa fer. Og er þá skynsamlega að verki staðið að öllu leyti, herra forseti, yfir höfuð? Er það nú? Væri þá ekki betra að reyna að halda ró sinni, eins og sagt er, og standa ekki í æfingum af þessu tagi sem m.a. Seðlabankinn viðurkennir að sé eiginlega ekki nokkur leið að meta hvaða áhrif muni hafa og gefur allt eins boltann upp með að gæti bara orðið til þess að gera illt verra ef svo ber undir.

Herra forseti. Ég hef síðan oft sagt það að ef menn hefðu nálgast þetta mál, t.d. þessa uppstokkun fjármálastofnana sem hér hefur staðið yfir sl. hálfan áratug eða svo út frá einhverri heildarstefnumótun, út frá einhverjum markmiðum sem menn hefðu þá sett sér fyrir fram um það að þeir vildu sjá tiltekna þróun eða tiltekna stöðu vera fyrir hendi í þessum efnum eins og t.d. þá að það væri með einhverjum fullnægjandi hætti séð fyrir fjárfestingarlánaþörf atvinnulífsins þannig að það tæki mið af íslenskum aðstæðum og íslenskum veruleika, ef menn hefðu sagt sem svo að þeir ætluðu að einkavæða ýmsa þætti á þessum markaði en ætluðu að halda einum öflugum innlendum þjóðbanka sem kjölfestu á þessu sviði, a.m.k. til einhverra ára litið og hefðu einkavætt þá eða selt afganginn, þá hefði það verið eitthvað sem hægt væri að ganga út frá og horfa á sem slíkt, vera sammála eða ósammála eftir atvikum. En þetta hefur ekki verið þannig. Þetta hafa verið tilviljanakenndar og handahófskenndar vendingar eins og sú saga sem ég hef nú rakið ber vitni um þar sem menn hafa skipt um áherslur í miðri á. Einn daginn á að sameina bankana. Annan daginn á alls ekki að gera það. Einn daginn á ekkert að selja næstu fjögur árin og sú yfirlýsing er ekki orðin köld þegar allt í einu á að rjúka til að selja allt o.s.frv., sem segir manni það að þetta hefur verið tætingsleg og handahófskennd nálgun þar sem engin heildarstefnumörkun um skynsamlega uppstokkun á fjármálasviðinu í landinu var höfð að leiðarljósi. Auðvitað veit ég að við þessu eiga menn þau svör að hinn óskeikuli markaður eigi bara að sjá um þetta, hann hafi alltaf rétt fyrir sér, hann geri þetta best og auðvitað eru menn lausir allra mála ef þeir trúa þessu bara og vakna á morgnana og sofna á kvöldin alsælir í þeirri vissu að svona sé þetta. Þá er stutt yfir í afskiptaleysistefnuna, „laissez-faire", að þetta fari allt einhvern veginn. Kannski vilja menn nálgast þetta þannig.

Það síðasta sem ég ætla að nefna, herra forseti, eða kannski taka undir af því að það hefur komið fram í fyrri ræðum, er það hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin og meiri hlutinn hefur komið fram í þessum efnum endurtekið og ítrekað við starfsmenn. Það hefur verið leiðinlegt upp á það að horfa. Þeir hafa nánast einskis verið virtir. Við þá hefur oftast nær ekki verið talað. Þeir hafa frétt af vangaveltum og jafnvel fyrirætlunum stjórnvalda í fjölmiðlum um þetta eða hitt og það er auðvitað ekki notalegt fyrir starfsfólk að búa við slíkt og í raun til háborinnar skammar af því að það er engin ástæða til þess. Það kostar ekki mikið þó að ekki sé meira að gert en að eiga reglubundið fundi með forsvarsmönnum starfsfólks og upplýsa þá um gang mála. Auðvitað hefði mönnum verið í lófa lagið að gefa út yfirlýsingu, ganga frá því fyrir fram t.d., að hvaða breytingar sem þarna kynnu að verða þá mundi ríkið beita áhrifum sínum til þess og stjórnendur bankanna að ekki kæmi t.d. til uppsagna í tengslum við þessar breytingar, segjum fyrstu þrjú árin eða fjögur eins og menn hafa gert þetta sums staðar erlendis þar sem starfsfólk hefur ósköp einfaldlega stuðlað að slíkum breytingum í öruggri vissu þess að engum yrði sagt upp vinnu og að reynt yrði að leysa vanda hvers og eins í þeim efnum.

Það er dálítið dapurlegt, herra forseti, að þurfa að viðurkenna það að jafnvel einkaaðilar sem hafa gengið í gegnum breytingar af þessu tagi með sín fyrirtæki, samruna við aðra eða annað slíkt, hafa oftar en ekki einmitt gert þetta sem ekki er nokkur leið að toga út úr ríkisvaldinu þegar það á í hlut. (Gripið fram í.) Það er dapurlegt. Hvað er því til fyrirstöðu að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin t.d. taki grundvallarákvörðun um það að hvað sem verði með bankana, hvort sem þeir verða sameinaðir eða einkavæddir í einhverjum áföngum, þá sé fyrir fram ákveðið að ekki verði gripið til uppsagna heldur verði reynt að leysa mál hvers og eins með því að gera við þá starfslokasamninga, finna þeim aðra vinnu eða hafa þá við störf í stofnununum næstu árin. Þetta er auðvitað hægt að gera og hefur víða verið gert, herra forseti, með ágætum árangri. Það er dapurlegt en kannski einmitt lýsandi fyrir viðhorfin hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að ekki hefur verið nokkuð leið að toga neitt af því tagi upp úr ríkisstjórn Íslands í tengslum við þessar breytingar í bankakerfinu og oftar en ekki hafa starfsmenn mátt búa við vangaveltur um örlög sín í fjölmiðlum. Það er auðvitað til háborinnar skammar, herra forseti.

[15:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti hér ágæta ræðu, svona miðað við þá heimsmynd sem hann trúir á. Þar sem mín heimsmynd og hans heimsmynd eru afskaplega ólíkar og hafa lítið sameiginlegt þá hef ég mjög margt að athuga við það sem hann sagði.

Hann sagði t.d. að ég hefði verið að rægja starfsmenn með því að segja að reksturinn hefði verið slæmur hingað til. Það hef ég aldrei sagt enda hafði starfsfólkið ekkert með útlán að gera nema kannski æðstu starfsmenn. Það er kerfið sjálft, þ.e. að pólitískir stjórnarmenn og stjórn skuli hafa átt að veita fé í ákveðnar framkvæmdir jafnvel þó að þær hafi verið mjög vitlausar. Áttu að bjarga fyrirtækjum sem vegna lélegs rekstrar voru komin í þrot í staðinn fyrir að taka á rekstrinum, það er þetta sem ég gagnrýndi. Þetta hefur ekkert með starfsfólkið að gera. Það hefur sinnt sínu starfi örugglega jafn vel og ekki síður en margir aðrir.

Hv. þm. sagði líka að mistök væru líka í einkarekstri. Að sjálfsögðu verða mistök í einkarekstri. En þá gjalda menn með því að tapa eign sinni. Það er einmitt munurinn á ríkisrekstri og einkarekstri að fyrir mistök í einkarekstri gjalda menn með því að tapa en í opinberum rekstri gerist ekki neitt. Hann heldur bara áfram. Gott dæmi er einmitt bankakreppan í Noregi sem hv. þm. hefur margoft bent á. Hvað gerðist þar með eignir þeirra sem áttu í bönkunum? Þeir hreinlega töpuðu þeim. Það var það gjald sem þeir borguðu fyrir mistökin sem þeir gerðu og það er einmitt lýsandi fyrir einkavæðingu og gildi hennar að því fylgir ábyrgð. Geri menn mistök þá borga þeir fyrir. Það gerist ekki í opinberum rekstri.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fer nú alltaf þannig að ég lendi í vandræðum þá sjaldan ég reyni að eiga rökræður við menn um trúarbrögð eða á í rökræðum trúarbragðalegs eðlis og mér fer næstum því svipað þegar ég reyni að ræða þessa hluti, einkarekstur/ríkisrekstur við hv. þm. Pétur Blöndal. Mér finnst þetta jaðra við að vera trúarbragðakennt, þessi einföldum veruleikans sem birtist í því að það sé bara lögmál að þetta sé svona. Í einkarekstri fari menn alltaf vel með af því að þá eigi þeir sjálfir hættu á að tapa einhverju en í ríkisrekstri sé það bara aftengt. Það skipti engu máli hvernig menn standi að málum þar.

Er það nú veruleikinn? Ætli það sé ekki þannig að margir sem hafa staðið fyrir opinberum rekstri hafi mátt sæta ábyrgð af ýmsum toga? Og ætli það sé ekki líka öfugt að margir sem eru í forsvari fyrir einkafyrirtækjum eða hlutafélögum séu þar að leika sér með annarra manna fé? Eða hver er munurinn á þeirri eign almennings í þessu tilliti sem áður var að eiga Landsbankann í gegnum ríkissjóð og því að nú eiga tugir þúsunda almennings örlítil hlutabréf í þessum fyrirtækjum? Heldur hv. þm. að stjórnendur þeirra séu dag hvern að gera þarna greinarmun á? Það er ekki þannig að bara með því að setja stafina hf. fyrir aftan séu stjórnendur viðkomandi fyrirtækja farnir að eiga eigin fjármuni undir. Þeir eiga oftar en ekki eina einustu krónu í fyrirtækjunum sem þeir stjórna og eigendurnir geta verið þeim í raun og veru alveg jafnfjarlægir og þeir voru í gegnum ríkissjóð. Þessi einföldun gengur því ekki upp. Kannski má reyna að færa rök fyrir því að þessi nálægð sé til staðar þegar um er að ræða einstakling sem á sjálfur það fyrirtæki sem hann stjórnar. Þá er hann auðvitað með eigin fjármuni undir í beinum skilningi en ekki þegar um stór almenningshlutafélög með mjög dreifðri eignaraðild er að ræða. Það er bara ekki þannig.

[15:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þetta er trúarbragðakennt, en ég segi ekki á hvorn veginn. Það gæti alveg eins verið út frá trú á ríkisvæðingu, trú á að ríkið geti bjargað öllum hlutum, trúin á að menn geti stjórnað ofan frá. Það skyldi þó ekki vera. Ég bendi á að ef forstjóri í einkafyrirtæki gerir mistök, í stóru hlutafélagi með þúsundum hluthafa, þá er það hluthafafundur sem ákveður um örlög hans. Gengi á bréfunum lækkar og þá verða hluthafarnir mjög órólegir. Þetta veit framkvæmdastjórinn. Slík tæki, slíka svipu hafa menn ekki í opinberum rekstri.

Hv. þm. kom inn á fleira í ræðu sinni og spurði hvernig menn ætluðu að fjármagna þetta. Hvernig getur markaðurinn tekið við allri þessari miklu einkavæðingu? Þá vil ég benda hv. þm. á að snúa sér til flokksbróður síns, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem er sennilega eini þingmaðurinn sem er alvörukapítalisti, situr í stjórn lífeyrissjóðs. Þaðan munu peningarnir væntanlega koma. Ríkissjóður hefur frá áramótum dælt milljörðum inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að borga upp lífeyrisskuldbindingar sem vaxa enn hraðar en ríkið dælir inn í hann. Það skyldi ekki vera að sá sjóður gæti keypt eitthvað af þessu fyrirtæki?

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er enginn sérstakur aðdáandi ríkisrekstrar og hef enga oftrú á honum. Mér er vel ljóst að þar eru oft gerð mistök og um það má margt segja. Ég hafna því hins vegar algjörlega að alhæfa eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það þarf ekki annað en að skoða veruleikann smástund til að átta sig á því að þetta er ekki svona. Það er líka mjög margt vel gert í opinberum eða félagslegum rekstri. Það hafa verið byggð upp glæsileg fyrirtæki sem alfarið hafa verið rekin á félagslegum grunni. Útgerðarfélag Akureyringa, það eftirsótta og vel rekna fyrirtæki sem markaðurinn slóst um eins og kunnugt er, var algjörlega félagslega rekið fram undir síðustu ár.

Ég tel að enginn geti haldið því fram að Búnaðarbankinn hafi verið illa rekið fyrirtæki. Hann hefur ekki þurft á aðstoð að halda. Hann hefur ekki staðið sig lakast í sambandi við útlánatöp eða annað slíkt. Einhverjir mundu kannski segja að hann hafi stundum verið dálítið harðdrægur í viðskiptum og hafi gætt hagsmuna sinna fullfast stundum. Það er ekki sæmandi að vera með málflutning af þessu tagi. Ég nenni ekki að láta tala svona um samviskusama og vandaða opinbera starfsmenn, hvort sem þeir eru stjórnendur eða annars staðar í þessum fyrirtækjum. Þetta á ekki við frekar en ástæða er til að vera með einhvern sambærilegan söng eða barlóm yfir einkareknum fyrirtækjum. Ég held að þessi lögmál séu ekki eins og hv. þm. trúir. Veruleikinn er sjaldan eins einfaldur og menn vilja reyna að hafa hann.

Varðandi fjárfestingarnar þá er auðvelt að reikna út hvað lífeyrissjóðirnir í landinu geta lagt af mörkum í þessum efnum, m.a. vegna þess að það er takmarkað hve mikla áhættu þeir mega taka í hverri einstakri grein og í hverju fyrirtæki. Ég er ekki viss um að það sé borð fyrir báru hjá þeim, t.d. til að kaupa meira í bönkunum.

[15:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í umfjöllun efh.- og viðskn. að aukið framboð hlutabréfa á markaði vegna sölu hlutafjár ríkisins í ríkisbönkunum og Símanum mundi fyllilega rúmast á hlutabréfamarkaðnum með tilliti til þess sem á honum er fyrir og sett hefur verið á markað á undanförnum árum. Það þarf ekki að óttast að markaðurinn stútfyllist af þeim ástæðum. Ég treysti því líka að þegar innlendir fjárfestar hafa af stórhug ákveðið að taka þátt í uppbyggingu stóriðju á Reyðarfirði með þátttöku í Reyðaráli þá muni hv. þm. styðja það af myndarskap og greiða fyrir því að það geti orðið að veruleika.

Varðandi ummæli og tilvitnanir hv. þm. í umfjöllun Seðlabankans um eftirspurnarstjórn þá snýst einkavæðing ríkisbankanna ekki bara um að stýra eftirspurn heldur líka um að byggja upp sterkari banka og sterkari fjármagnsmarkað á Íslandi. Ég vil vekja athygli á því, ekki síst í ljósi umfjöllunar hv. þm. um útlán og útlánatregðu bankanna, að í fyrra jók Landsbankinn útlán sín úr 131 milljarði í 169 milljarða. Búnaðarbankinn jók útlán sín úr 81 milljarði í 109 milljarða. Í framhaldi af stofnun FBA stórjók bankinn einmitt útlán sín miðað við það sem hafði áður verið. Það gerðist líka þegar Búnaðarbankinn var gerður að hlutafélagi og breytingarnar þar. Þar stórjukust útlán. Ég hef velt því fyrir mér hvort það gæti verið skynsamlegt til lengri tíma að bankarnir ykju eigið fé sitt til að geta fjármagnað stærra hagkerfi, eins og þeir hafa verið að gera á undanförnum árum.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan heyra meira af þessum upplýsingum sem fram komu í efh.- og viðskn. um að hlutabréfamarkaðurinn eða íslenski fjármálamarkaðurinn rúmi hvort tveggja og allt í senn, sölu á Landsbankanum og Búnaðarbankanum, drjúgum hlut í Landssímanum og síðan verði áfram ráðrúm fyrir innlenda fjárfesta til að leggja stórfé í erlenda stóriðju á næstu missirum. Hvaða sérfræðingar upplýstu þetta í efh.- og viðskn.? Það hefur væntanlega ekki verið Seðlabankinn. Í umfjöllun Seðlabankans kemur þetta hvergi fram. Þvert á móti er jafnvel varað við hinu gagnstæða. Ég vil fá að heyra nöfn sérfræðinganna. Hvaða sérfræðingar voru þetta? Var þetta kannski einkavæðingarnefndin? Eða var þetta hinn leynilegi efnahagsráðgjafi forsrh., sem enginn veit hver er, ef hann er þá til? Hverjir voru þetta? Hvaða sérfræðingar gáfu þessar upplýsingar?

Varðandi útlánaþensluna, sem auðvitað er vitað að varð í bönkunum, þá skiptir náttúrlega máli í hvað útlánin fara. Ég kannast t.d. ekki við að forsvarsmenn í atvinnulífinu á landinu hafi orðið varir við að léttara væri að fá fjármagnsfyrirgreiðslu til atvinnurekstrar síns. Þvert á móti. Hér má ekki leggja að jöfnu fjármögnun á viðskiptahallanum, eyðslunni og þenslunni t.d. á fasteignamarkaði hér með byggingu verslunarhallanna annars vegar og svo þörf undirstöðuatvinnuveganna og framleiðsluatvinnuveganna fyrir fjármagnsfyrirgreiðslu til fjárfestinga o.s.frv.

[15:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í ársskýrslum Landsbankans og Búnaðarbankans í hvað þessir bankar hafa lánað eftir atvinnugreinum. Hlutfallslega, t.d. í Landsbankanum, hafa útlán til sjávarútvegs dregist saman en í krónutölu hafa þau vaxið. Útlán til annarra atvinnuvega hafa haldist nokkurn veginn söm þó útlán til verslunar hafi að vísu aukist. Ég reikna með að hluti þeirrar útlánaaukningar sem m.a. hefur farið til verslunar á undanförnum árum hafi gengið til uppbyggingar myndarlegra verslunarmiðstöðvar á Akureyri. Þar hefur a.m.k. verið rætt um mikla þenslu í byggingariðnaði á síðustu árum.

Í þessu sambandi skiptir mestu máli að einkavæðing sjóðanna og Búnaðarbankans á sínum tíma leiddi til mikillar aukningar útlána sem runnu fyrst og fremst til atvinnulífsins. Svo kemur hv. þm. og segir: Bankarnir eru lokaðir. Að sjálfsögðu er eitthvað til í því. Bankarnir hafa ekki haft getu til að stækka efnahagsreikninga sína vegna þess að eiginfjárhlutföllin eru komin það mikið niður. Þegar ég fer að velta því fyrir mér til lengri tíma, sem lið í þessu einkavæðingarferli, að auka við eigið fé Búnaðarbankans og Landsbankans, þá er það gert tortryggilegt. Ég tel hið besta mál að það mundi gerast þannig að bankarnir gætu öðlast styrk til að takast á við uppbyggingu í atvinnulífinu í framtíðinni. Þeir gætu þar með fylgt þeirri stækkun hagkerfisins sem vonandi fylgir stóriðjuframkvæmdum vegna Norðuráls og Reyðaráls.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að eitt að því sem menn telja að hafi verið gert rangt á sínum tíma í tengslum við einkavæðingu bankanna hafi verið sú aðferð að einkavæða í gegnum að auka eigið fé þeirra. Það ýtti undir útlánaþensluna sem varð auðvitað of mikil og menn hafa gagnrýnt. Það liggur fyrir og segir ekki neina sérstaka sögu um innbyrðis aðstöðu manna í atvinnurekstri hvað þetta varðar, á landsbyggðinni, á höfuðborgarsvæðinu eða þá flokkað eftir atvinnugreinum.

Ég vísaði fyrst og fremst til þeirrar reynslu sem ég hef af samtölum við fjölmarga forsvarsmenn í atvinnulífinu, sérstaklega úti um landið. Þar segja menn unnvörpum þessa sömu sögu. Þeir telja stöðu sína allt aðra og verri en í fyrra kerfi sem menn hafa svo mjög haft á hornum sér eins og kunnugt er, en ekki má á milli sjá hvor gleðst meira yfir þessum breytingum öllum, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson eða hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Ég vil ekki gera hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni upp skoðanir. Það geta verið rök fyrir því sem hv. þm. segir um efnahagsreikning bankanna. Það er vissulega ljóst að eiginfjárhlutfall þeirra hefur farið lækkandi. Það er auðvitað ekki gott en ég hefði þó talið að frekar en að rjúka til og setja meira fé inn í bankana áður en þeir yrðu einkavæddir hefðu menn átt að styrkja eigið fé Seðlabankans. Þar er ég þó sammála hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Eða var Verslunarráðið með það á sínum lista á dögunum? Ég held að kannski væri mikilvægast, eins og staðan er í dag, að styrkja Seðlabankann til að ráða betur við hlutverk sitt, sem ég óttast að verði ákaflega erfitt á næstu mánuðum og missirum. Þannig ætti frekar að aga bankana til að halda sjó og standa ekki í þeim æfingum sem þeir hafa gert á undanfarið. Bankarnir verða auðvitað sjálfir að horfast í augu við að þeir hafa farið glannalega að ýmsu leyti. Þeir eru að vísu og því miður ekki einir um það.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í upphafi máls míns finnst mér ástæða til að minna á að við 1. umr. um frv. þetta kallaði ég mjög eindregið eftir því að hæstv. viðskrh. beitti sér fyrir því að skýrsla, sem Samfylkingin hefur óskað eftir um úttekt á stjórnunar- og eignatengslum á fjármálamarkaði og í atvinnulífinu, yrði tilbúin og lögð fyrir þingið áður en málið færi til 2. umr. Mér finnst ástæða til að rifja þetta upp í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í efh.- og viðskn. um þetta mál og umræðu sem fram fór við 1. umr. um þetta frv.

Rauði þráðurinn, herra forseti, í málflutningi stjórnarandstöðunnar í umræðunni er að hún varar við samþjöppun á fjármálamarkaðnum. Menn lýsa áhyggjum sínum af áhrifunum af sölu á bankanna á markaðsráðandi stöðu í bankakerfinu og af samþjöppun fjármálalegs valds.

Herra forseti. Það var fyllilega eðlilegt að óska eftir því að þessi skýrsla lægi fyrir. Það hefur þessi umræða leitt í ljós. Efni hennar er rauði þráðurinn í umræðunni. Nú erum við komin til 2. umr. með þetta mál. Samkvæmt tímaáætlun þingsins lifa aðeins örfáir dagar af þessu þingi. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari skýrslu? Megum við eiga von á því að fá hana áður en þetta mál gengur til 3. umr.? Hæstv. ráðherra lofaði að beita sér fyrir því fyrir 1. umr. málsins að flýta niðurstöðunni hjá Samkeppnisstofnun, sem er að vinna þessa skýrslu, þannig að við fengjum hana til umfjöllunar.

Fyrsta spurning mín til hæstv. ráðherra er þess vegna: Hvenær getur þessi skýrsla legið fyrir? Ég tel hana mikilvægt innlegg í umræðuna sem hér fer fram og ekki bara í þetta mál. Stjórnarflokkarnir eru með mikil einkavæðingaráform ekki bara að því er varðar bankana heldur líka Landssímann.

Mér fannst mjög sérkennilegt að hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v., skyldi segja hér rétt áðan að þeir sem hefðu komið á fund nefndarinnar hefðu upplýst að áformuð sala á Landssímanum og bönkunum mundi fyllilega rúmast á markaðnum. Þingmaðurinn er með öðrum orðum að segja að sala á bönkunum og Landssímanum muni ekki hafa óæskileg áhrif á markaðinn. Ég skrifaði hjá mér ýmislegt sem þessir aðilar sögðu. Ég get ekki fundið það í mínu safni að þeir hafi sagt þetta. Þvert á móti tel ég að þeir hafi sagt allt annað, t.d. Seðlabankinn. Þar á bæ töldu menn að gæta yrði vel að því að útfærslan ýtti ekki undir ójafnvægi á markaðnum, að salan gæti haft a.m.k. tímabundin verðbólguáhrif og áhrifin á fjármálamarkaðinn væru í reynd mjög óviss. Reyndar þarf ekki annað, herra forseti, en að fletta upp í ítarlegri greinargerð með þessu frv., þar sem Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun setja fram álit sitt á því hvaða áhrif salan á báðum þessum bönkum gæti haft. Ég mun rifja það upp síðar í máli mínu.

Ástæða er til þess að rifja upp, við 2. umr. þessa máls, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 um sölu á bönkunum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir:

„Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum.“

Ég hygg að töluvert langt sé í land, miðað við stöðuna á markaðnum þar sem hlutabréfamarkaðurinn er í sögulegu lágmarki og markaðsverð á bönkunum er ekki hátt, að þessi stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga, verði bankarnir seldir við núverandi aðstæður. Heyrst hefur að stefnt sé að því að selja bæði bankana og Landssímann fyrir lok þessa kjörtímabils. Þar er ekkert smáræði af nýju hlutafé sem kæmi á markaðinn miðað við þá stöðu. Þegar Verðbréfaþing er spurt um hve miklu megi búast við af nýju hlutafé á markað á þessu ári, t.d. borið saman við síðasta ár, þá nefna þeir að framboð á nýju hlutafé á markaðnum muni tvöfaldast á þessu ári miðað við áform um sölu á Landssímanum og bönkunum. Nýtt hlutafjárútboð var á liðnu ári um 16 milljarðar kr. en samkvæmt því sem þeir hafa sett fram, og fara þeir mjög varlega í áætlunum sínum um nýtt hlutafé að því er varðar bankana og Landssímann, er engu að síður um að ræða tvöföldun á þessu ári. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu, þ.e. að þjóðin fái ekki hámarksverð fyrir þessar verðmætu eignir sínar, bankana og Landssímann, miðað við stöðu markaðarins núna og þá lægð sem hann er í.

Ástæða er til að ætla, miðað við hvernig hér á að halda á málum, að salan gæti ýtt undir samþjöppun og fákeppni á markaðnum og markaðsráðandi stöðu fámenns hóps. Það er líka ástæða til að óttast að áhrifin á hlutabréfamarkaðinn almennt verði óæskileg, af því að setja svo mikið af nýju hlutafé á markaðinn. Það gæti m.a. haft þau áhrif að lækka gengi þeirra hlutabréfa sem fyrir eru á markaðnum.

Stefnuyfirlýsing Samfylkingarinnar í þessu máli er alveg skýr, herra forseti, og almennt að því er varðar sölu ríkiseigna. Við viljum selja fyrirtæki í samkeppnisrekstri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um leikreglur á markaðnum og að neytendasjónarmið og almannahagsmunir ráði ferðinni fyrst og fremst. Við viljum einnig að þjóðin fái hámarksverð fyrir eignir sínar, að staða starfsmanna sé tryggð og stjórnvöld nýti þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn ráða yfir þegar þau selja ríkiseignir. Mér virðist svo ekki vera hjá þessari ríkisstjórn. Það er vaninn þegar ríkisstjórnin kemur hingað inn á þingið með áform um að selja ríkiseignir, að lítið sem ekkert samráð er haft við starfsmenn.

Ég held að afstaðan til þeirra áforma sem hér liggja fyrir frá stjórnmálaflokkum sé þrenns konar. Stjórnarflokkarnir vilja selja bankana og það á næstu tveimur árum. Vinstri grænir vilja ekki selja bankana. Afstaða Samfylkingarinnar er sú sem formaður hennar hefur lýst hér og ég hef drepið á. Við teljum að selja eigi fyrirtæki í samkeppnisrekstri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og að því er þetta mál varðar teljum við að aðeins eigi að ganga til þess á Alþingi að veita heimild til sölu á öðrum bankanum. Það geta verið skiptar skoðanir um hvorn bankann eigi að selja, Landsbankann, hluta úr honum í þessari umferð, eða Búnaðarbankann. Niðurstaða Samfylkingarinnar er að rétt sé að veita heimild til sölu á Búnaðarbankanum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Herra forseti. Ég lét taka saman fyrir mig stöðuna að því er varðar Landsbankann og Búnaðarbankann og gengið á þessum bönkum á undanförnum mánuðum og missirum. Í ljós kom að í ársbyrjun 2000 var markaðsverð Landsbankans 29,6 milljarðar en Búnaðarbankans 20,7 milljarðar. Við erum því að tala 50 milljarða markaðsverð á bönkunum í ársbyrjun 2000. Í ársbyrjun 2001 var markaðsverð á þeim töluvert lægra, eða um 43 milljarðar kr. Nú er markaðsvirðið 16,4 milljarðar á Búnaðarbankanum og 20,5 milljarðar á Landsbankanum, eða um 36 milljarðar. Við erum því að tala um að á 14 til 16 mánuðum hafi markaðsgengi bankanna lækkað um 13 til 14 milljarða kr. Það er spurning hvort skyn-

samlegt sé að veita ríkisstjórninni, eins og hér er gert ráð fyrir, algjörlega opna heimild til sölu á þessum bönkum eða hvort ekki eigi að fara hægar í sakirnar eins og Samfylkingin leggur til.

Herra forseti. Mér finnst tímasetning sölunnar stillt inn á að stórir og sterkir fjármagnseigendur græði frekar á sölunni en eigendurnir, þ.e. þjóðin. Ég verð stöðugt meira undrandi, eftir því sem líður á þetta kjörtímabil og samstarf þessara flokka, á því hvernig Framsfl. eltir Sjálfstfl. í blindni í þessari einkavæðingu. Ég veit satt að segja ekki hvað hefur komið fyrir Framsfl. (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. ráðherra tekur undir með mér. Henni stendur ekki á sama hvernig komið er fyrir Framsfl. að því er varðar (Gripið fram í.) einkavæðinguna. Ég veit ekki hver teymir hæstv. viðskrh. í þessu. Hæstv. ráðherra getur haft ýmislegt um það að segja (**VE:** Það er mikil umhyggja fyrir velferð Framsfl. í þessum þingsal.) að ekki sé farið svo hratt í þessa einkavinavæðingu. Hvað sagði hv. þm.? (**VE:** Það er mikil umhyggja fyrir velferð Framsfl. í þessum þingsal.)

Herra forseti. Ekki held ég að þingmaðurinn fari með rétt mál er hann segir að þetta sé umhyggja fyrir Framsfl. Ég hef ekki fundið það í samstarfi þessara aðila að Sjálfstfl. beri sérstaka umhyggju fyrir Framsfl. Þvert á móti. (**Viðskrh.:** Stjórnarandstaðan bætir þetta upp.) Sú var tíðin, og eru nú ekki mörg ár síðan, að framsóknarþingmenn voru mikið í sölunum þegar rætt var um hlutafélagavæðingu á ríkisfyrirtækjum. Þeir komu oft í ræðustól og töluðu hátt og mikið um að Sjálfstfl., þá með Alþfl. í stjórn, gengi allt of langt í einkavæðingunni. Þeir töluðu um að verið væri að brytja niður dýrmæt og verðmæt ríkisfyrirtæki þannig að þau pössuðu í ginið á kolkrabbanum. Þetta var þeirra frasi á þeim tíma. Nú eru þeir algjörlega gengnir í björg með íhaldinu að því er varðar einkavæðinguna.

Herra forseti. Af því að mér er ekki illa við framsóknarmenn þá vil ég vara þá við þróun mála. Ef gengið er svo langt í þessum efnum að það leiði til markaðsráðandi stöðu og samþjöppunar á markaðnum þá gætum við eins, telji menn ríkiseinokun á ákveðnu sviði, lent í einkaeinokun hjá einkaaðilum, farið úr ríkiseinokun í einkaeinokun. Ekki er það nú betra. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Stendur ekki það sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þ.e. áform hennar um að selja báða bankana á þessu kjörtímabili? Þá snýst málið um að salan á þeim fari fram á næstu tveimur árum.

Í umfjöllun efh.- og viðskn. um þetta mál voru fulltrúar bankanna m.a. spurðir hvort þeir sæju vísbendingar um að hlutabréfamarkaðurinn væri á uppleið. Þeir sáu þær ekki. Ég held að íslenski fjármálamarkaðurinn, eins og hann stendur núna, sé ekki vel í stakk búinn til þess að bæta við sig á stuttum tíma stórri gusu af nýjum hlutabréfum og nýju hlutafé. Það gæti leitt til þess sem sumir óttast, að ef menn fari ekki varlega þá stöndum við frammi fyrir einhvers konar fjármála- eða gjaldeyriskreppu, sem við höfum aðeins fengið smjörþefinn af á síðustu dögum. Menn hljóta því að fara varlega í þessum efnum.

Mér finnst mjög sérstakt, herra forseti, þegar farið er út í svo mikla einkavæðingu, að ekki liggi fyrir stefnumótun eða markmið um framtíðarþróun á fjármálamarkaði og tímasetningar í áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu stórra ríkisfyrirtækja. Ég spyr því ráðherrann: Liggur fyrir einhver stefnumótum eða markmið um framtíðarþróun á fjármálamarkaði og telur ráðherrann ekki eðlilegt að slíkt liggi fyrir?

Formaður Samfylkingarinnar benti á það í umræðunni í dag sem kemur reyndar fram í áliti 1. minni hluta, en hann vitnaði til upplýsinga sem fram komu á fundi efh.- og viðskn. frá fulltrúa einkavæðingarnefndar. Þar upplýsti fulltrúi einkavæðingarnefndar að engar athuganir hefðu farið fram á því hvaða áhrif salan á bönkunum kynni að hafa á hlutabréfamarkaðinn sem um þessar mundir er ákaflega veikburða. Hann staðfesti að engin drög að áætlun lægju fyrir um lykilatriði sölu, svo sem um aðferð, tímasetningar, mögulegar áfangaskiptingar eða hvort selt yrði úr einum eða báðum bönkunum samtímis. Það er ekki gæfulegt, herra forseti, fyrir þingheim að vera boðið upp á þetta, að veita bara heimild í einni eða tveimur línum í þessu frv. fyrir sölu á báðum bönkunum án þess að nokkuð liggi fyrir af því sem ég hef verið að telja upp.

Fulltrúi einkavæðingarnefndar upplýsti jafnframt að ákvarðanir um þessa þætti yrði ekki hægt að taka fyrr en stjórnvöld hefðu í höndum úttekt sérfræðifyrirtækis á áhrifum sölunnar á verðbréfamarkaðinn. Ég spyr: Er á döfinni að fara í úttekt sérfræðifyrirtækis á því hvaða áhrif salan gæti haft á verðbréfamarkaðinn? Hæstv. ráðherra hlýtur að vita eitthvað um það. Hvaða sérfræðifyrirtæki er verið að tala um að geri úttekt á því hvaða áhrif salan gæti haft á verðbréfamarkaðinn? Miðað við stöðuna sem uppi er núna, herra forseti, þegar Alþingi á að veita þessa heimild þá teljum við í Samfylkingunni brýnt að samþykkja þá brtt. okkar, eina af nokkrum, um að leita skuli umsagnar og staðfestingar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka áður en salan fer fram. Ég tel það nauðsynlegan varnagla á þessu, en spyr: Hvaða áform eru um þetta sérfræðifyrirtæki?

Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara að ákveðnar markaðsaðstæður geti valdið því að ávinningur af einkavæðingunni verði lítill eða áhrifin jafnvel neikvæð. Mér finnst það varnaðarorð sem við hljótum að taka mark á. Þeir segja að ekki sé sjálfgefið að aukin hagkvæmni í rekstri einkavæddra fyrirtækja skili sér í jákvæðum þjóðhagslegum áhrifum. Jafnframt hefur komið fram hjá Þjóðhagsstofnun að erfiðleikum sé bundið að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif einkavæðingar með áreiðanlegum hætti og því ekki hægt að fullyrða að einkavæðing valdi auknum hagvexti og minna atvinnuleysi. Þar er a.m.k. vart eingöngu um áhrif einkavæðingarinnar að ræða.

Aðvörunarorð komu líka frá Seðlabanka í fylgiskjali með frv., með leyfi forseta:

„Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi."

Þetta gengur þvert á það sem formaður efh.- og viðskn. fullyrti hér, að þeir sem hefðu komið á fund nefndarinnar segðu að salan rúmaðist fyllilega á markaðnum.

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að rifja það upp hér, þar sem við ræðum hættu á samþjöppun á fjármála- og bankamálamarkaði, að ekki þarf annað en að fletta greinargerð frv., en þar er litið til þess hvernig samþjöppunarhlutfallið er í bankakerfinu hjá hinum ýmsu þjóðum. Þar eru 12 þjóðir nefndar og farið yfir samþjöppunarhlutfallið hjá tveimur stærstu bönkunum og síðan fimm stærstu bönkunum. Herra forseti. Samþjöppunarhlutfallið er svo hátt á Íslandi í bankakerfinu að við skipum annað sætið þegar litið er til tveggja

stærstu aðilanna að því er varðar samþjöppunarhlutfall. Þegar litið er til fimm stærstu aðilanna erum við í þriðja sæti af 12 þjóðum. Samþjöppun og fákeppni er alveg gífurlega mikil hér. Engan þarf því að undra þó að við sem skipum stjórnarandstöðuna séum á varðbergi að því er varðar þessa sölu.

Ég vil koma inn á nokkuð sem tengist brtt. sem við flytjum, þ.e. samráð við starfsmenn. Herra forseti. Það er vægast sagt mjög dapurlegt í þessu máli og hvernig að því er staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Fulltrúi Sambands íslenskra bankamanna og félag starfsmanna í Landsbanka og Starfsmannafélag Búnaðarbankans hafa sent frá sér umsögn um þetta mál sem er mjög lýsandi fyrir það hvernig stjórnarflokkarnir hafa staðið að málum. Við í Samfylkingunni höfum lagt áherslu á að meðákvörðunarréttur starfsmanna við stjórn bankanna kæmi til vegna þess að mikilvægt er að reynsla starfsmanna sé nýtt og fái ákveðinn sess í stjórn bankanna. Ég tel, herra forseti, að það sé ekki bara nauðsynlegt út af starfsmönnunum heldur tel ég að það styrki bankana og veiti þeim ákveðinn trúverðugleika. Mér finnst alveg rétt að það komi fram að t.d. bankastjóri Búnaðarbankans, Árni Tómasson, var sammála þessu sjónarmiði í umfjöllun um þennan þátt málsins í nefndinni. Hann taldi æskilegt að starfsmenn ættu sæti í stjórn bankans. Á Norðurlöndunum öllum, herra forseti, taka starfsmenn þátt í stjórnum bankakerfisins. Þegar við höfum leitað eftir afstöðu stjórnarflokkanna til þessa máls hafa þeir ekki afskrifað að þetta sé eðlileg og rétt stefna en hafa flúið í það skjól að ákvæði um meðákvörðunarrétt starfsmanna í stjórn fyrirtækja þurfi að setja í annarri löggjöf. Það þyrfti því að setja slíkt ákvæði í almennri löggjöf, væntanlega í hlutabréfalöggjöfinni.

Herra forseti. Ég vil upplýsa að í Noregi var meðákvörðunaréttur að því er varðar bankana ákveðinn í gegnum bankalöggjöfina en ekki hlutafélagalöggjöfina. Vissulega kemur ekkert í veg fyrir að hægt sé að fara sömu leið í frv. sem við ræðum hér, líkt og Samfylkingin leggur til. Það sem við leggjum þar til er raunverulega tvíþætt.

Annars vegar að við sölu á hlutafé ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og hagræðingu sem henni fylgir skuli ráðherra beita sér fyrir því að eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi.

Herra forseti. Ég spyr hvort hæstv. ráðherra hafi skoðað það mál nánar síðan við ræddum þetta við 1. umr. Hefur ráðherrann rætt við starfsmenn frá því að við ræddum málið við 1. umr.? Hefur hæstv. ráðherra kallað fulltrúa starfsfólks á sinn fund til þess að ræða þessa sölu? Ég bið um að hæstv. ráðherra rifji upp afstöðu sína til þess að starfsmannaveltan ráði ferðinni og verði höfð í fyrirrúmi eins og víða tíðkast í þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við. Þessi leið hefur t.d. verið farin víða á Norðurlöndum þar sem sala á ríkisbönkum og samruni í bankakerfinu hefur orðið. Þar hefur þá starfsmannavelta verið látin ráða ferðinni með mjög góðum árangri, herra forseti, en það setjum við fram í tillögu okkar. Ég spyr ráðherrann um það því það lögðu fulltrúar starfsmanna mikla áherslu á. Það kemur fram í skriflegri umsögn þeirra og kom líka fram þegar þeir mættu á fund efh.- og viðskn. — að ráðherra skuli jafnframt beita sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu. Þetta er brtt. sem við leggjum fram og mikil áhersla er lögð á.

Sú hagræðing sem menn hafa beitt sér fyrir í bankakerfinu hefur helst komið fram í uppsögnum starfsfólks. Á undanförnum árum hefur fólki í almennum bankastörfum fækkað mjög og 90% þeirra sem hafa misst störf sín í þeirri hagræðingu sem átt hefur sér stað í bankakerfinu eru konur.

Herra forseti. Það er athyglisvert að lesa í frv. þau kostnaðarhlutföll sem sett eru þar fram og hafa orðið hjá þessum bönkum og stærstu sparisjóðum á árunum 1995–2000. Rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum voru lægri á árum áður en þau eru nú hjá ýmsum af þeim bankastofnunum sem hér eru taldar til og munar þar töluvert miklu. Hagræðingin hefur sem sagt fyrst og fremst bitnað á starfsfólki og ekkert kemur til með að segja, herra forseti, að ef hagræðing yrði af sölu í bankakerfinu núna þá komi það ekki til með að bitna á starfsfólkinu.

Herra forseti. Ég ætla aðeins að fá að lesa yfir nokkur atriði í umsögn frá Sambandi íslenskra bankamanna, Félagi starfsmanna Landsbankans og Starfsmannafélagi Búnaðarbankans. Undir þá umsögn skrifa Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Jón Ágúst Sigurðsson. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í umsögn okkar um frumvarpið leggjum við, hér á eftir, annars vegar áherslu á hlut og afdrif starfsmanna vegna sölu hlutabréfanna og hins vegar er lögð áhersla á óbreytt lagaumhverfi að því er varðar réttarstöðu starfsmanna við gerð kjarasamninga og verkfallsrétt.

Það vekur athygli okkar hversu litla umfjöllun er að finna um hlut starfsmanna í annars ítarlegum athugasemdum um lagafrumvarpið. Aðeins í athugasemdum Þjóðhagsstofnunar um frumvarpið er drepið á hlut starfsmanna og varað við að fækkun starfsmanna geti leitt til röskunar á vinnumarkaðinum.

SÍB, FSLÍ og SBÍ eru þeirrar skoðunar að huga þurfi vel að málefnum starfsmanna áður en til þess kemur að bankarnir fari úr höndum ríkisins þar sem gera má ráð fyrir að þær breytingar og hagræðingar sem í kjölfarið fylgi komi fyrst og fremst niður á starfsmönnum. Það er reynsla annarra, m.a á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum, að eldri starfsmönnum sé fyrst og fremst fórnað þegar í gang fara hagræðingar vegna einkavæðingar og því miður er eldri konum fyrst sagt upp störfum, en þær eru mjög margar í bönkunum tveimur.

Þessum starfsmönnum, sem hafa lengi og af mikilli hollustu starfað við þjónustugreinar eins og bankastörf er hættast við að lenda til langs tíma á atvinnuleysisskrá. Við þessari hættu viljum við sérstaklega vara núverandi meirihlutaeigendur Landsbanka og Búnaðarbanka.

Nauðsynlegt er að grípa til ráðstafana sem gagnast starfsmönnum bankanna áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu, en nokkurn fyrirvara þarf til að hægt sé að koma þeim ráðstöfunum í kring.

Þannig mætti fara svipaðar leiðir og notaðar eru á hinum Norðurlöndunum, m.a. með því að bjóða þeim starfsmönnum sem eru á aldrinum 40 til 50 ára að fara til náms í eitt til tvö ár á launum og að þeir starfsmenn sem orðnir eru 55 til 65 ára fái rýmri heimildir til að láta af störfum á eðlilegum eftirlaunum.

Þannig er mælst til þess að við einkavæðingu bankanna verði norsku aðferðinni beitt en hún hefur reynst vel, en þar er eðlileg starfsmannavelta smám saman látin draga úr áhrifum minnkandi mannaflaþarfar, en ekki gripið til uppsagna. Höfuðáhersla er lögð á að starfsmennirnir séu vel undir það búnir að mæta breytingum þegar að þeim kemur.

SÍB, FSLÍ og SBÍ leggja áherslu á að nú er verið að stíga stór skref með stóra vinnustaði, sem byggja fyrst og fremst á þeirri auðlind sem felst í þekkingu og hæfni starfsmannanna. Við treystum því að fyrirhugaðar breytingar verði gerðar með samþykki starfsmanna og í góðri samvinnu við þá og kjörna fulltrúa þeirra."

Herra forseti. Ég vil svo vísa til þess sem segir í lok þessa bréfs:

„SÍB lítur svo á að það lagaumhverfi sem verið hefur til staðar hjá starfsmönnum hlutafélagabankanna sé í fullu gildi þrátt fyrir að ríkið selji hluti sína í bönkunum.

Rétt er að benda hér á að á Norðurlöndunum öllum nema Íslandi eiga starfsmenn fulltrúa í stjórnum hlutafélagabanka."

Herra forseti. Hérna kemur það fram svart á hvítu að á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi eiga starfsmenn fulltrúa í stjórnum hlutafélagabanka.

„Þessi sterki nútímalegi meðákvörðunarréttur er tryggður með lögum í hverju landi. Í Noregi, þar sem ríkið á enn stóran eignarhluta í bönkunum (m.a. 60% í Den norske Bank) og markaðurinn því að flestu leyti líkur okkar, er þessi réttur starfsmanna til að tilnefna menn í stjórn banka tryggður í 3. kafla í lögum bæði um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði (Lov om forretningsbanker 3 kapittel og Lov om sparebanker 3 kapittel). Það er og hefur lengi verið krafa SÍB og allra aðildarfélaga þess að starfsmenn fái að velja mann úr sínum röðum til setu í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þrátt fyrir að ekki sé verið nú að breyta lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er þessari kröfu enn og aftur komið á framfæri við Alþingi."

Ég taldi ástæðu til að vekja athygli á þessari umsögn, sérstaklega þar sem hæstv. ráðherra er viðstödd þessa umræðu. Mér er ekki kunnugt hvort hún hafi farið yfir þessa umsögn bankamanna og spyr hana, eftir að hún hefur hlýtt á hvað þeir hafa að segja, hvort hún telji ekki, hafi hún ekki þegar gert það, ærið tilefni til að kalla fulltrúa þeirra á sinn fund og ræða við þá um það sem þeir hafa fram að færa í þessu efni. Enn og aftur vil ég undirstrika að ég er ekki að tala um að gera starfsmönnunum neinn greiða heldur fyrst og fremst að ríkisstjórnin hafi vit á að nýta sér við þessa breytingu þá reynslu og þekkingu sem starfsmenn búa yfir. Ég held að það hljóti að gagnast bankanum vel og styrkja hann ef reynsla þeirra er nýtt.

Ég vildi fjalla um tvennt í viðbót áður en ég lýk máli mínu, herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um fyrra atriðið, þ.e. eiginfjárstöðuna í bankakerfinu sem nokkuð hefur verið rædd í dag. Það er alveg ljóst og hefur margoft komið fram þegar við höfum fjallað um bankakerfið almennt að menn hafa áhyggjur af eiginfjárstöðu bankanna. Fjármálaeftirlitið hefur mikið um það rætt og skrifað að full ástæða sé til að hafa verulegar áhyggjur af eiginfjárstöðu bankanna. Í greinargerð frv. ráðherrans sjálfs segir, með leyfi forseta:

„Rýrnandi eiginfjárstaða er áhyggjuefni í rekstri íslenskra banka og sparisjóða. Í árslok 1995 var eiginfjárhlutfallið í heild eins og það er skilgreint í lögum 12,7% en í lok júní 2000 var hlutfallið komið í 9,4%. Í lok júní sl. var eiginfjárhlutfall Landsbankans 8,7% og Búnaðarbankans 9,8%. Án víkjandi lána var hlutfallið lækkað úr 11,7% í 6,6% fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði á sama tímabili. Hlutfallið þannig reiknað var fyrir Landsbankann 5,7% og fyrir Búnaðarbankann 6,5% í lok júní sl."

Herra forseti. Mér finnast þetta mjög alvarlegar tölur. Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir því að fá heimild til þess að geta beitt í eftirliti sínu þessu stýritæki meira varðandi eiginfjárhlutfall og geta meira að segja haft það mismunandi eftir eðli lánastofnana.

Hér hefur verið nefnt, t.d. af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, að æskilegt sé að styrkja eiginfjárstöðu. Út af fyrir sig er það rétt. En menn hafa verið að ræða það hér og því vil ég beina þessari spurningu til hæstv. ráðherra: Hvaða leiðir telur hún að eigi að fara núna í að styrkja eiginfjárstöðu bankanna ef það á að fara að selja þá? Er hætta á að það eigi að styrkja eiginfjárstöðuna með almannafé áður en sala fer fram? Er það eitthvað á borðinu eða vakir fyrir ríkisstjórninni að styrkja eiginfjárstöðuna og setja meira fé úr ríkissjóði inn í bankakerfið áður en til sölunnar kemur?

Hjá fulltrúa annars bankans kom fram að hann taldi að svo gæti farið að útlánatöp ættu eftir að vaxa. Herra forseti. Mér finnst það vel geta verið í myndinni að útlánatöp í bankakerfinu færu vaxandi á næstu missirum. Ég held ekki sé hægt að bæta miklu við þanþolið á skuldum heimilanna enda hafa þær tvöfaldast á sl. tveimur eða þremur árum. Skuldirnar eru milli 600 og 700 milljarðar og eru orðnar 163% af ráðstöfunarfé heimilanna. Auðvitað eru gífurlegar skuldir hjá atvinnurekstrinum líka. Ef það er að hægja hér á öllu í efnahagslífinu og með tilheyrandi verðbólgu og samdrætti í kaupmætti fólks er viðbúið að útlánatöpin fari vaxandi. Um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar yfir tillögurnar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur kynnt hér og þingmenn Samfylkingarinnar flytja. Ég vil þó vekja athygli á einni mikilvægri tillögu um að þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði skuli eingöngu skipaður einn bankastjóri við Búnaðarbanka Íslands og að sú niðurstaða eða sú ákvörðun, ef þingið samþykkir hana, taki gildi á næsta hluthafafundi eftir gildistöku laganna. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt, þ.e. að menn vindi sér í að gera þarna bragarbót á eins og gert var í Landsbankanum á sínum tíma. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort nokkuð mæli fremur með því að hafa þrjá bankastjóra við Búnaðarbankann en bara einn við Landsbankann. (**Viðskrh.:** Þeir eru tveir núna.) Já, það er rétt hjá ráðherra þeir eru tveir núna. Telur ráðherrann ekki eðlilegt að stefna að því að það verði bara einn bankastjóri við bankann? Er ekki rétt að nota tækifærið og gera það á næsta hluthafafundi eins og hér er lagt til?

Herra forseti. Í lokin vil ég segja að það hefur kannski ekki mikið verið rætt en ég veit að efnahagsstofnanir í landinu hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig ráðstafa eigi andvirði bankanna ef af þessari sölu verður. Verið er að tala um nokkuð mikla fjármuni þó að markaðsvirði bankanna hafi lækkað verulega. Í augnablikinu er kannski um að ræða 30–35 milljarða kr. miðað við báða bankana. Hæstv. ráðherra sagði við 1. umr. málsins — ég held að það hafi verið í þessu máli frekar en í Landssímamálinu — að hún teldi að hluta af andvirði bankanna ætti að verja til byggðamála. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ráðstöfun á andvirði af sölu bankanna? Liggur eitthvað fyrir um það? Hefur hæstv. ráðherra fylgi við það í ríkisstjórninni að verja ákveðnum hluta af söluandvirði bankanna til byggðamála? Og hvað er þá verið að tala um stóran hlut af þessu söluandvirði? Við vitum hvað sérfræðingar í efnahagsstofnunum þjóðarinnar segja um þetta. Þeir telja að miðað við aðstæður sem nú eru í efnahagsbúskapnum sé ekki

skynsamlegt að setja þetta fjármagn í eyðslu í þjóðfélaginu, jafnvel þótt það sé til mikilvægra hluta eins og byggðamála eða annarra þjóðþrifamála. Þeir hafa bent á það. Ég man að það kom m.a. fram hjá Hagfræðistofnun Háskólans. Ég er nú ekki með þá umsögn hér. En þeir töldu að ráðstafa ætti þessu fjármagni til að greiða niður skuldir. Svipuð sjónarmið eru uppi hjá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun, þ.e. um að fjármagnið verði sett í geymslu hjá Seðlabankanum. Ég spyr um þetta. Það er mikilvægt að þingið viti eitthvað meira um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þegar verið er að veita slíka heimild. Hvernig á að ráðstafa andvirði bankanna? Hafa menn eitthvað nýtt fram að færa varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar og hefur eitthvað skýrst varðandi afstöðu ráðherrans í því efni?

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar en hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég vænti að fá svör við áður en þessari umræðu lýkur.

[16:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að sú skoðun mín komi fram að líti maður á stærð íslenska hlutabréfamarkaðarins og til þess hve hann mundi stækka mikið við sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Búnaðarbankanum, Landsbankanum og Landssímanum á næstu tveimur árum, þá tel ég að það mundi ekki valda neinum vandræðum. Ég bendi á að við sölu ríkisbankanna á sínum tíma hefði auðveldlega verið hægt að selja allt hlutafé ríkissjóðs í báðum bönkunum. Slík var eftirspurn almennings á þeim tíma eftir hlutabréfum. Ég tel að ekki muni verða neinn vandi að selja þessa banka.

Varðandi Landssímann þá tel ég að það mundi tvímælalaust styrkja hlutabréfamarkaðinn sem slíkan að fá fyrirtæki af þeirri stærðargráðu og í þeirri atvinnugrein inn á markaðinn. Ég bendi líka á að Landsbankinn jók hlutafé sitt í fyrra um 5% og fékk dótturfyrirtæki First Union Bank sem eignaraðila að 4% hlut í bankanum.

Ég vil líka vekja athygli á því að hv. þm. ræðir hér um að fá eigi sem hæst verð fyrir bankana. Markaðurinn metur að sjálfsögðu verðmæti bankanna á hverjum tíma og því finnst mér það skjóta dálítið skökku við að ein af breytingartillögum Samfylkingarinnar er að áður en sala á hlutafé ríkissjóðs hefjist skuli deila 10% af hlutafé jafnt milli allra íslenskra ríkisborgara og að óheimilt verði að selja hlutabréf sem útdeilt er með þessum hætti fyrr en að þremur árum liðnum. Þetta finnst mér ekki koma heim og saman við það að fá eigi sem hæst verð fyrir bankana.

[16:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að tala um að þjóðin eigi að fá sem mest fyrir bankana. Við erum að tala um að ákveðnum hluta af andvirði bankanna, 10% í þessu tilviki, því hlutafé verði jafnað á milli allra íslenskra ríkisborgara þannig að þjóðin hafi þá sjálf ákveðinn ávinning af sölu á þessum bönkum beint í sinn vasa. Hins vegar gerum við ráð fyrir ákveðnum eignarhaldstíma af því við erum hrædd við þær aðstæður sem nú eru á markaði.

Hv. þm. nefnir að á sínum tíma hefði verið hægt að selja miklu meira hlutafé úr bönkunum en það var fyrir tveimur eða þremur árum ef ég man rétt. Fyrir það fyrsta voru allt aðrar aðstæður uppi á þeim tíma en eru nákvæmlega í dag á markaðnum. Ég spyr hv. þm.: Taldi hann það vera skynsamlega ákvörðun á sínum tíma? Er hv. þm. ekki að tala um þegar hlutafé var aukið í bönkunum og sala fór fram á því? Telur hv. þm. að þetta hafi verið skynsamleg ráðstöfun á sínum tíma? Margir hafa sett það fram, m.a. efnahagsstofnanir, að þetta aukna hlutafjárútboð í bankakerfinu á sínum tíma fyrir tveimur eða þremur árum hafi átt mikinn þátt í útlánaþenslu og þeim efnahagslegu afleiðingum sem við erum að sjá og höfum verið að sjá á síðustu missirum og ég held að það sé alveg hárrétt. Við erum því alveg örugglega ekki að tala um sama hlutinn. Mér finnst mjög sérkennilegt, miðað við þá umræðu sem við höfum gengið í gegnum í efh.- og viðskn., þær aðvaranir sem hafa komið fram hjá Þjóðhagsstofnun, þær aðvaranir sem hafa komið fram frá Seðlabanka, að formaður efh.- og viðskn. telji allt í lagi að setja allt það fjármagn sem kemur úr sölu á Landssímanum, Búnaðarbankanum og Landsbankanum út á markað á næstu tveimur árum nema hv. þm. telji að það verði svo lítið sem við fáum hvort sem er fyrir bankana að það geri ekki neitt til.

[16:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að sala á hlutum í bönkum færi fé út á markaðinn. Það er þveröfugt. Sala ríkissjóðs á hlutum í bönkunum og Landssímanum tekur fé af markaðnum og færir inn í ríkissjóð. Svo er spurning hvað ríkissjóður gerir við það fé, hvort ríkissjóður borgar skuldir eða hvað.

Ég tel að einkavæðing bankanna á sínum tíma hafi verið afar skynsamleg og hafi styrkt bankana sem fyrirtæki. Ég get hins vegar alveg tekið undir að það var spurning um hvort ætti að taka meira út úr Fjárfestingarbanka atvinnulífsins af eigin fé hans en gert var. Ég hefði alveg getað hugsað mér að teknir hefðu verið 3 milljarðar í staðinn fyrir 1 milljarð í meðförum þingsins. Ég taldi líka að það gæti verið skynsamlegt þegar Búnaðarbankinn var gerður að hlutafélagi að þá hefði strax verið veitt heimild til að selja úr hlutafé ríkisins sem þá var þannig að hann þarf ekki að stækka efnahagsreikning sinn eða bjóða út nýtt hlutafé. Það var ekki niðurstaðan. Engu að síður held ég að þessi aðgerð sem slík hafi verið mjög jákvæð og í rauninni heppileg fyrir atvinnulífið líka.

Við heyrðum hv. þm. Steingrím J. Sigfússon ræða um það ástand sem væri þegar bankarnir gætu ekki lánað út fé sem er staðan núna vegna þess að eiginfjárhlutföllin eru komin svo langt niður. Ég tel að það væri afar óheppilegt ef ríkið sem eigandi að þessum fyrirtækjum, ríkisbönkunum, stæði í vegi fyrir því að þeir sem fyrirtæki gætu farið út á markaðinn og náð sér í meira eigið fé. Þess vegna tel ég mjög skynsamlegt að huga að því að í söluferlinu sé líka veitt svigrúm til að auka eigið fé bankanna þannig að þeir geti tekist á við hlutverk sitt og styrkist og geti þjónað betur viðskiptavinum sínum og að íslenska hagkerfið geti stækkað í leiðinni.

[16:33]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég set ekki alla einkavæðingu undir sama hatt. Ég legg ekki að jöfnu sölu á bönkum annars vegar og hins vegar einkavæðingu innan velferðarþjónustunnar. Mér finnst það alvarlegur hlutur þegar grunnskólar eru boðnir út og skólamenntun á skólaskyldualdri gerð að markaðsvöru

eða þegar öldrunarþjónustan er sett á markað eins og ríkisstjórnin er þegar farin að gera. Hún gerði samning við fyrirtækið Securitas og Íslenska aðalverktaka um að reka elliheimili. Mér finnst það líka alvarlegur hlutur þegar eftirlitsstarfsemi sem á að vera í opinberum höndum er sett á markað eins og ríkisstjórnin gerði gagnvart rafmagnseftirlitinu í landinu. Þetta finnst mér allt saman slæmt og alvarlegt og *mikilvægt að snúið verði til baka af þessari braut*, sú starfsemi sem hefur þegar verið einkavædd verði aftur sett í almannahendur.

Við erum hins vegar að ræða um sölu á bönkum, á fjármálastofnunum, og ég ítreka að ég set þetta ekki undir sama hatt. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það væri til góðs að í landinu væri starfandi öflugur þjóðbanki. Ég er ekki þar með að segja að ríkisvaldið ætti að hafa stranga stýringu á því hvernig hann starfar. Meira að segja finnst mér ríkisvaldið hafa haft of mikla stýringu á ríkisbönkunum, Landsbankanum og Búnaðarbankanum, í seinni tíð. Má þar taka dæmi um það t.d. þegar ríkisbönkunum var gert að kaupa út bandaríska áhættufjárfesta sem fjárfest höfðu í deCode út fyrir 6.000 millj. kr. Fyrir 6 milljarða kr. keyptu þeir út bandaríska áhættufjárfesta. Þetta kemur m.a. í skýrslu frá hæstv. iðnrh. um framkvæmd þál. um stefnu í byggðamálum. Þessi skýrsla var nýlega kynnt í þinginu. Þar kemur þetta fram.

Þar kemur líka fram að keyptur hafi verið, ætli það hafi ekki verið Landsbankinn, hlutur í Íslandssíma fyrir einn milljarð, 1.000 millj. kr. Ég beindi á sínum tíma fyrirspurnum til hæstv. bankamálaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um þessi efni og þá fyrst og fremst um hlut Landsbankans í kaupum eða í samvinnu við Íslandssíma. Ég fékk engin svör, ekki nokkur einustu svör. Samsvarandi spurningum hefur verið beint til hæstv. ráðherra um kaupin í Íslenskri erfðagreiningu eða deCode þegar amerísku áhættufjárfestarnir voru keyptir út. Það voru opinberir aðilar sem gerðu þetta og fróðlegt væri að fá að vita það áður en hæstv. bankamálaráðherra sleppir algerlega hendi sinni af bönkunum hvort þetta hafi verið samkvæmt fyrirskipun ráðherrans eða ríkisstjórnarinnar eða hvernig þetta hafi verið gert. Nú hristir hæstv. ráðherra höfuðið. En ætlar hann að láta svo lítið að upplýsa þingið um það fyrst um þetta er spurt vegna þess að þetta eru stofnanir á forræði ríkisstjórnarinnar og hæstv. bankamálaráðherra? Ég óska eftir því að fá upplýsingar um þetta og hér við þessa umræðu.

Við ræðum það hér að selja hlut ríkisins í þessum bönkum og áður en ég skil alveg við þennan inngang minn, þennan formála, þá vil ég segja hvers vegna ég tel heppilegt að hér sé rekinn þjóðbanki, hér sé rekinn banki á vegum hins opinbera í eigu þjóðarinnar. Það er vegna þess að ég held að það tryggi þjóðinni betri þjónustu, það tryggi betri þjónustu við landsmenn. Eitt af því sem stefnt er að núna samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu bankanna er svokölluð hagræðing sem er fínt orð fyrir fækkun starfsmanna og fækkun útibúa og væntanlega þá helst og fyrst á landsbyggðinni í fámennum byggðarlögum á sama hátt og menn hafa verið að hagræða í öðrum stofnunum sem hafa verið hlutafélagavæddar, núna síðast á alræmdan hátt hjá Íslandspósti. Þar hafa verið dregin saman seglin. Útibúum hefur verið lokað. Fólki hefur verið sagt upp störfum. Dregið hefur verið úr þjónustu. En ríkisstjórnin gengur fram fyrir skjöldu og segir: „Við gerum þetta fyrst og fremst til að bæta þjónustuna. Við erum að bæta þjónustuna.“ Við erum væntanlega að bæta þjónustuna í Varmahlíð og Skagafirði með því að loka útibúinu og segja starfsfólki upp. Þetta felur þessi margrómaða hagræðing í sér, þ.e. að auka hámarksarðsemi á kostnað þeirrar þjónustu sem borgar sig ekki, sem dregur úr arðseminni. Ég held að það sé til góðs að þjóðbanki, banki í eigu þjóðarinnar starfaði samkvæmt þjónustumarkmiðum í bland, að veita landsmönnum öllum þjónustu hvar sem þeir búa í fjölmennum og fámennum byggðarlögum. Ég held að *það sé líka til góðs fyrir atvinnulífið, og eins mótsagnakennt* og það kann að hljóma, þá mun það stuðla að aukinni virkni í samkeppni.

Sú hætta er nefnilega fyrir hendi að eignarhald bankanna færist á mjög fáar hendur líkt og er að gerast í öðrum greinum atvinnulífsins. Í smásöluverslun er samþjöppunin komin upp í 70%. Sami aðilinn er að dreifa 70% af vörunni. Gæti það hent að þeir sömu aðilar muni ná tökum á fjármálastofnunum? Mun það leiða til aukinnar samkeppni í þjóðfélaginu? Ég held ekki.

Hvernig er eignarhaldi bankanna háttað núna? Ríkið á í Landsbankanum 68,29%. Það er eignarhlutur ríkisins. Síðan koma miklu smærri eigendur, Philadelphia International Equities, Inc., ég veit ekki hvort það er sá banki sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi First Union Bank, eða hvað? Er það sami aðilinn? (**VE:** Dótturfyrirtæki.) Eða dótturfyrirtæki hans, Philadelphia International Equities, Inc. Svo er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Síðan kemur LB-Holding Ltd. og síðan Landsbanki Íslands sem á þarna í sjálfum sér heil 1,69%. Síðan kemur Kaupthing Luxembourg S.A. með 1,30%, VÍB, Kaupþing hf. Þetta er orðið mjög fjölbreytt flóra þótt hún sé öll meira og minna á einni hendi. Þetta er eignarhaldið núna og síðan er fjöldi annarra eigenda smárra. Þannig er það enn þá. Við vorum með tillögur um það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og lögðum fram frv. þess eðlis að ef farið yrði á annað borð út á þá braut að selja hlut ríkisins í bönkunum þá yrði tryggð dreifð eignaraðild til að koma í veg fyrir þessa samþjöppun á valdi og fjármagni í þjóðfélaginu. Í frv. okkar er gerð tillaga um að hlutur hvers og eins verði ekki meiri en 8%. Í frv. segir, með leyfi forseta.

„Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka.“

Frv. fékk ágætar umræður á sínum tíma þegar það var lagt fram. Allir eða margir tóku undir. Síðan eru menn búnir að finna það út að heilög ritning, Biblían í Brussel, bannar þetta. Verslunarráðið bannar þetta líka og stærstu bisnessaðilar í landinu eru ekkert hrifnir af þessu þannig að menn eru búnir að *setja þetta til hliðar. Fyrst Sjálfstfl. er búinn* að setja það til hliðar þá gerir Framsfl. að sjálfsögðu slíkt og hið sama. Hann er náttúrlega bara orðin skúffa í Sjálfstfl.

Munið þið hann Guðna? Skyldu ekki allir muna hann Guðna Ágústsson, hæstv. núv. landbrh.? Hann átti einu sinni sæti í bankaráði Búnaðarbankans. Ég man hve ég dáðist að því hve vel hann stóð í fæturna gagnvart kröfu Sjálfstfl. um einkavæðingu. Hann streittist lengi vel á móti. Hann hélt uppi þeim sjónarmiðum sem þá — ég er að tala um löngu liðna tíð, árin 1995 og 1996 — voru nokkuð sterk í Framsfl., þ.e. að það ætti að standa vörð um félagslega þjónustu. Það þótti ekki ófínt þá að tala vel um almannaeignir. Hann vildi standa í fæturna fyrir þessi sjónarmið og var andvígur því að bankarnir yrðu einkavæddir og seldir. Þessar raddir eru löngu löngu hljóðnaðar innan Framsfl. Á nýafstöðnu þingi flokksins var ekki talað um að breyta þessari stefnu. Nei, þar

var talað um að nú skyldu allir fá það veganesti út í samfélagið að skjóta föstum skotum á alla þá sem gagnrýndu Framsfl. fyrir að hafa kúvent í þessum málum. Það var veganestið. Þessi söngur er farinn að hljóma í þingsölum, gerði það í gær og hefur gert það síðustu daga í fjölmiðlum. Samruna Framsfl. við Sjálfstfl. er tekið á þennan hátt.

Þetta er sem sagt eignarhaldið í bönkunum núna. Í Búnaðarbankanum á ríkið heldur stærri hlut, 72,56%. Síðan kemur Kaupþing hf. með 7,88% eign og síðan koma smærri aðilar. Stefna okkar og hugmyndir um dreifða eignaraðild, ef farið yrði út í söluna, hafa ekki náð fram að ganga, því miður.

En hvernig gerðist þetta? Hvernig hefur það gerst á hálfum áratug að þær raddir sem voru áður sterkar innan Framsfl. og mjög skeleggar hafa nú þagnað? Hvernig hefur þetta gerst? Hvernig hefur þessi ferill verið?

Í nál. 2. minni hluta, sem ég skrifa undir, er þessi sögulegi aðdragandi málsins rakinn. Við munum að í þessu tilviki, á nákvæmlega sama hátt og gerðist með Símann, er byrjað á því að segja: Það stendur ekki til að einkavæða. Það stendur ekki til að selja. Við erum aðeins að tala um breytt rekstrarform. Yfirlýsingar af þessum toga voru viðhafðar þegar fyrst voru viðraðar hugmyndir um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstfl. og Framsfl. árið 1995.

Þegar frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann var lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþinginu, 1996–1997, þá segir eftirfarandi, með leyfi forseta, í greinargerð með frv. og nú skulum við hlusta:

„Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi."

Litlu síðar er áréttað í greinargerðinni að bankarnir verði áfram í eigu ríkisins. Nú vitna ég aftur í greinargerðina, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis." — Nú byrjar þetta. — „Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Nú erum við farin að feta okkur yfir í einhvers konar söluhugmyndir. En ekkert á að selja. Í frv. var hins vegar opnað á annan möguleika. Hver skyldi sá möguleiki hafa verið? Jú, heimilað er að auka hlutafé bankans og fara með það á markað. Sem sagt, hér hafði sú snilldarlega aðferðafræði verið fundin upp að setja bann við því að selja ríkisbankana án samþykkis Alþingis en hins vegar gat ráðherra gripið til þess ráðs að styrkja eiginfjárstöðu þeirra með aukningu hlutafjár. Kveðið var á um þetta í umræddu lagafrv. Þess vegna kom sú staða upp þegar lagt var fyrir Alþingi frv. um heimild til að selja 15% hlut ríkisins í bönkunum tveimur, þ.e. Landsbanka og Búnaðarbanka, að þá átti ríkið aðeins 85% í hvorum banka. Hér var sem sagt kynnt frv. þar sem bann var lagt við sölunni og því aðeins yrði seldur hlutur í bönkunum að Alþingi hefði áður samþykkt það. Þegar síðan kom að því að taka þetta til afgreiðslu á Alþingi þá átti ríkið ekki lengur nema 85% hlut í bönkunum. Þarna hafði verið farin bakdyraleiðin.

Síðan erum við komin lengra fram í tímann og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir, með leyfi forseta:

„Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Þegar hér er komið við sögu er að taka til starfa ný ríkisstjórn, önnur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Búið er að koma hluta bankanna á markað til nýrra eigenda án þess að Alþingi hafi heimilað það nema með óbeinum hætti, með aukningu hlutafjár. Nú eru menn sem sagt komnir hingað í sögunni, að það á að selja. Lagt er upp með það að breyta rekstrarformi, það sé svo hagstætt að reka banka í þessu formi og síðan eru menn smám saman að feta sig út á þessa braut.

Hvers vegna vill ríkisstjórnin selja bankana? Ástæður fyrir þeirri ákvörðun að selja bankana hafa verið færðar í margvíslegan búning. Þannig sagði í greinargerð með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, sem lagt var fram á síðasta þingi, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn."

Hér er lýst pólitískri stefnu. Að sjálfsögðu er reynt að leiða rök að því að það sé til mikilla hagsbóta að fylgja þeirri stefnu og selja ríkisbankana og að til lengri tíma þjóni það markaðsviðskiptum. Til skemmri tíma sé á það að líta að salan færi ríkissjóði tekjur en jafnframt hefur því sjónarmiði nokkuð verið haldið á lofti að þegar þenslumerkja gætir í efnahagslífinu sé sala á ríkiseignum til þess fallin að draga úr þenslunni því að þannig sé bundið fjármagn sem að öðrum kosti færi til neyslu. Þetta eru þau rök sem sett hafa verið fram. Það er alveg rétt og ég skal taka undir að viss eru rök fyrir því að selja eignir sem á annað borð á að selja á þenslutímum fremur en á öðrum tímum til þess að binda fjármagnið þannig að það er alveg rétt. Ég er hins vegar að gagnrýna að þetta skuli gert og minni á annað sem fram kom í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ég vitnaði til, að tryggt skuli að ríkið fái hámarksverð, og kem ég að því síðar, hámarksverð, vegna þess að það er aldeilis ekki svo að hámarksverð sé að fá fyrir þessar stofnanir nú um stundir.

Hin pólitísku rök fyrir því að einkavæða bankana ber að sjálfsögðu að taka alvarlega. Í greinargerð með áðurnefndu frv. er velsæld bankanna rakin til þess að þeir voru gerðir

að hlutafélögum. Við heyrðum þessi sjónarmið uppi, t.d. af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan. En í fyrrnefndri greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur manna um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna er góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar."

Hér kemur fram það sjónarmið að hagsæld bankanna verði rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum fyrir fáeinum árum en ekki til hins að á undanförnum árum hefur betur aflast en dæmi eru um í Íslandssögunni. Þá er ég að vísa til undangenginna ára. Markaðir fyrir afurðir okkar hafa verið hagstæðir og ytri skilyrði ákjósanleg og í þessu ástandi hafa bankarnir að sjálfsögðu notið góðs af. Fyrirtæki hafa verið aflögufær og þannig hefur dregið úr afskriftum og arðsemi fjár hefur verið mikil.

Nú eru þessi skilyrði hins vegar að breytast og miklar efasemdir eru um að innstæða hafi verið fyrir þessari þenslu og að þessi „velsæld" hafi verið minni en menn höfðu vonast eða undirstöðurnar ótraustari. Nú eru þessi skilyrði sem sagt að breytast og sá grunnur sem góð afkoma bankanna hvíldi á er mun ótraustari en að undanförnu. Í greinargerð með því frv. sem hér er til umræðu segir engu að síður, með leyfi forseta:

„Frá því að hlutafélög tóku yfir rekstur ríkisviðskiptabankanna hér á landi árið 1998 hefur komið í ljós að áhyggjur um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár hafa verið ástæðulausar. Rekstur bankanna hefur gengið betur en búist var við og bönkunum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði. Kjör bankanna á erlendum lánamörkuðum hafa einnig verið góð. Engin ástæða þykir því til að draga sölu bankanna af þessum sökum."

Í umræðu um ríkisbankana hefur því verið haldið mjög á lofti að fyrr á árum hafi menn verið óábyrgir með afbrigðum. Menn hafi lánað til áhættusamrar útgerðar, fyrirtækja vítt og breitt um landið og þurft að súpa seyðið af afleiðingum slíkra lánveitinga þegar kreppt hefur að í efnahagslífinu. Ég tel að það sé varasamt að fordæma allar slíkar lánveitingar til stuðnings atvinnulífi og þótt vissulega sé eðlilegt að lánastofnanir sýni ábyrgð í lánveitingum og láni að jafnaði aðeins þeim sem öruggt má heita að geti endurgoldið skuldir sínar þá kann það stundum að vera landsmönnum til góðs að lánastofnanir láti ekki stjórnast af ágóðavoninni einni heldur sýni einnig félagslega ábyrgð á ögurstundu þegar kreppir að *í atvinnulífi byggðarlaga jafnvel þótt einhver óvissa fylgi slíku.* Pólitísk stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er hins vegar þrengri en svo að hún rúmi slíka samfélagssýn.

Stjórnarfyrirkomulag ríkisbankanna hefur verið með þeim hætti að reynt hefur verið að tryggja að sjónarmið úr sem flestum áttum í samfélaginu komist þar að og hefur það verið gert með því að kjósa í bankaráð ríkisbankanna hér á Alþingi. Með hlutafélagsvæðingunni var þetta fyrir bí og tilnefningarvaldið fært undir viðskrh. einan. Þegar bankarnir hafa verið seldir að fullu eins og ríkisstjórnin hefur áform um í fyllingu tímans koma stjórnendur allir úr heimi fjármálanna með það sjónarhorn á tilveruna sem þar er við lýði. Ég leyfi mér að fullyrða að þeir muni allir eða flestir koma úr einum og sama stjórnmálaflokknum, þ.e. hinum sameinaða Sjálfstæðisflokki – Framsókn, þeir muni allir koma úr sama geiranum. Mér finnst það hafa verið afturför þegar stofnanir, bankar eða fyrirtæki á borð við Landssímann hafa verið gerð að hlutafélögum hvað þetta snertir. Landssíminn starfar í krafti eins hlutabréfs sem er á vegum ráðherrans og hann getur skýlt sér á bak við hlutafélagslögin gagnvart Alþingi þegar spurninga er spurt. Þá hefur hann neitað að svara í krafti slíkra laga. Ég veit ekki í krafti hvaða laga það er sem hæstv. núv. bankamálaráðherra neitar að upplýsa Alþingi um þætti sem ráðherrann hefur verið spurður um eða hvort ráðherrann hefur eitthvað að fela, ég veit ekki hvernig á því stendur. Ég hef beint mörgum spurningum til hæstv. ráðherra sem ég hef aldrei fengið nokkur einustu svör við. Ég nefni t.d. milljarðinn í Íslandssíma, ég ítreka spurningarnar um ameríska áhættufjárfestana sem ríkisbankarnir keyptu út fyrir 6.000 millj. kr. Og ég hef spurt um aðra þætti sem að vissulega snerta bankana, t.d. yfirlýsingar bankastjóra Landsbankans um aflandsvæðin og ævintýrin á Guernsey í Ermarsundi, skattaparadísinni Guernsey sem Landsbankinn er farinn að gera út á. Því var lýst yfir af hálfu bankastjórans á sínum tíma í blaðaviðtali, skilningi á því að bankaleyndin, svo ég vitni í það viðtal sem birtist í Morgunblaðinu 6. janúar árið 2000. Þar segir bankastjórinn, með leyfi forseta:

„Bankaleyndin er mikilvæg af mörgum ástæðum. Hún er til dæmis mikilvæg þeim sem vilja halda fjárfestingum sínum og öðrum ákvörðunum fyrir sjálfa sig. Við þekkjum það á Íslandi að margir einstaklingar vilja ekki að aðrir viti eitt eða neitt um þeirra stærri mál, af eðlilegum ástæðum."

Það er bankastjóri ríkisbanka sem talar svona. Það er ekki allt gott sem gerist hjá ríkisbönkum, fjarri því. En mér finnst að Alþingi eigi að fá umræðu um svona hluti og þegar spurningum er beint til hæstv. bankamálaráðherra þá geti hann ekki alltaf skotið sér hjá því að svara. Á sama hátt og hæstv. ráðherra hefur verið illfáanlegur til að ræða ævintýrin með Verslunarráðinu, tilraunaverkefnið sem viðskrn. og Verslunarráðið reka á kostnað skattgreiðenda fyrir 45 millj. á fáeinum árum til að reyna að finna út með hvaða hætti hægt sé að lokka fyrirtæki til landsins á lægri sköttum. Þau þurfi ekki að borga 30% tekjuskatt eins og fyrirtæki þurfa yfirleitt að gera heldur 5% og sleppi auk þess við ýmis gjöld. Þetta eru viðskrn. og Verslunarráðið að dunda sér við og búin að vera að því í nokkur ár. Þetta stríðir gegn ábendingum OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sem varar Íslendinga við því að reyna að skríða undir siðferðisþröskuldinn með þessum hætti. Hæstv. bankamálaráðherra lét einhvern tímann svo lítið að ýja aðeins að þessu þegar margoft var búið að óska eftir upplýsingum um þetta. Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra segði eða gæfi í skyn að hér værum við inni á *gráu svæði. Það væri fróðlegt í tengslum við þessa fjármála-* og bankamálaumræðu að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvort hann telur okkur enn inni á þessu gráa svæði og hvort við ætlum að halda enn lengra inn á það svæði.

Því er iðulega haldið mjög á loft af fylgismönnum einkavæðingar bankanna að hlutur hins opinbera í rekstri fjármálastofnana standi samkeppni á þeim markaði fyrir þrifum. Sú ríkisstjórn sem nú ber fram frv. um sölu Landsbankans og Búnaðarbankans hefur ekki séð ástæðu til að styðja hugmyndir um að lögfesta hámarkseignarhlut einstakra aðila í

viðskiptabönkum og sparisjóðum, og vísa ég þá í frv. sem við fluttum, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, um dreifða eignaraðild. Bent skal á að samþjöppun eignarhalds í íslensku atvinnulífi hefur verið mikil að undanförnu og hafa menn nýleg dæmi fyrir sér um það til hvers slík samþjöppun getur leitt. Ekkert er því til fyrirstöðu að nákvæmlega sama þróun eigi sér stað á fjármálamarkaði. Þá liggur í augum uppi að fjársterkustu aðilarnir sem fyrir eru í atvinnulífinu verða í bestri aðstöðu til að eignast umræddа banka. Ef svo fer að sömu aðilar hafa ekki aðeins ráðandi stöðu á sviði framleiðslu og verslunar heldur einnig innan bankakerfisins sem útvega verður fjármagn til atvinnulífsins er augljóst að þar verður ekki um að ræða samkeppni sem rís undir nafni.

Í umræðunni um sölu á ríkisbönkunum er ítrekað haft á orði að ríkið eigi ekki að vera að rekast í því sem einkaaðilar geta stundað, reyndar er gengið lengra og fullyrt að einstaklingar geti starfað á hagkvæmari máta en stofnanir sem lúta almannastjórn. Sagan sýnir á hinn bóginn að varasamt er að alhæfa í þessu efni. Hitt er þó vitað að þegar einkabankar hafa lent í kröggum eins og gerðist víða um lönd á 9. áratug síðustu aldar, t.d. í Kanada, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Noregi, þá hefur ríkið hlaupið undir bagga því að þar var það mat manna að ellegar hefði blasað við efnahagslegt hrun. Þannig veitti norska ríkið um 500 milljörðum til að endurreisa banka sem höfðu verið einkavæddir en síðan hrunið. Sú spurning vaknaði í kjölfarið hvort ekki væri eðlilegt að fulltrúar þess almannavalds sem kemur til aðstoðar á ögurstundu ættu einnig rétt á að hafa hönd í bagga þegar betur gengur. Þetta er það sem gerðist. Því að vitanlega er það svo þegar bankakerfið hrynur þá hrynur samfélagið allt, þá hrynur allt efnahagskerfið og almannavaldið verður að grípa í taumana. Þetta hefur alls staðar verið gert og var gert alls staðar í þeim ríkjum sem ég vísaði til. Það var gert í Kanada, það var gert í Svíþjóð og það var gert í Noregi. Og það mundi að sjálfsögðu verða gert hér á landi einnig. Það yrði reynt að afstýra því að kerfið hryndi. Afleiðingin varð t.d. sú í Noregi að þar á ríkið enn drjúgan eignarhlut í fjármálakerfinu, í bankakerfinu. Núna er rætt um það að ríkið losi sig að verulegu leyti út úr þessum eignum, það er rétt — og nú heyrðist eitthvert hljóð úr stóli hæstv. bankamála- og viðskrh. Þetta er náttúrlega sú stefna sem fylgt er vegna þess að menn telja sig vera að gera það sem aðrir eru að gera. Þetta er hin dæmigerða hóphyggja. Menn telja að þeir séu að feta í fótspor annarra og röksemdirnar eða rökleysan sem hefur verið á borð borin er að allir hinir séu að gera þetta. Það eru allir að einkavæða. Við hljótum að gera það líka. Það eru allir að gera þetta og þess vegna hlýtur Framsókn að gera það. Framsókn er svo nútímalegur flokkur. Hann hlýtur að einkavæða eins og allir hinir. Og það er alveg rétt að þetta er sú bylgja sem fer yfir allan heiminn núna. Þessi markaðshyggja og einkavæðingarbylgja. Hún hefur verið ofan á, hún hefur verið ráðandi og þess vegna hefur þurft einstaklinga og stjórnmálaflokka sem halda dómgreind sinni og þora að standa í fæturna. Enda fær þetta hljómgrunn, ekki aðeins hér á landi heldur víðs vegar um heiminn, þessi öfl og þessi sjónarmið eru að styrkjast og hin eru smám saman á undanhaldi, ekki síst þau og ekki síst þeir flokkar sem hafa boðið sig fram í nafni annarrar stefnu en þeir síðan framkvæma. Og það á við um Framsfl. og þess vegna gerist hann sár mjög þegar á þetta er bent. Það er skiljanlegt.

Í grg. með frv. ríkisstjórnarinnar segir að við sölu hlutabréfanna verði tekið mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Nú er ljóst að Alþingi verður að fá upplýsingar um það hvað hér er nákvæmlega átt við og ég auglýsi eftir þeim upplýsingum.

Í grg. er vitnað til þess að hlutur ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka hafi verið metinn á 30 milljarða kr. í byrjun janúar sl. Þá var markaðsvirði Búnaðarbankans 19,7 milljarðar kr. en Landsbankans 23,6 milljarðar kr. eða samtals 43,3 milljarðar kr. Nú er markaðsvirði Búnaðarbankans talið 16,9 milljarðar kr. en markaðsvirði Landsbankans 21,4 milljarðar kr. eða 38,3 milljarðar. Þarna munar 5 milljörðum sem þeir hafa lækkað að verðgildi að því er talið er, eftir því sem fram kemur í þeim upplýsingum sem reiddar hafa verið á borð fyrir okkur.

Þar af leiðandi er hlutur ríkisins í Landsbankanum nú 14,6 milljarðar kr., 68,29% eignarhluti, en hluturinn í Búnaðarbankanum er nú 12,3 milljarðar kr., þ.e. 72,56%. Samanlagt markaðsvirði þeirra hlutabréfa sem hér um ræðir er því um 26,9 milljarðar kr. og vísa ég þá í hlut ríkisins.

Sú staðreynd að markaðsverðmæti bankanna tveggja hefur rýrnað um 5 milljarða kr., um 11% frá því í ársbyrjun, sýnir svo ekki verður um villst til hvaða aðstæðna rétt er að rekja góða afkomu bankanna á síðustu árum. Hlutafélagsformið er enn til staðar en samt hefur verðið sem fengist hefur fyrir bankana hríðfallið á fáeinum mánuðum. Samhengi þess við aðstæður í íslensku efnahagslífi upp á síðkastið er augljóst. Jafnaugljóst er samband góðrar afkomu bankanna á síðustu árum og þenslunnar sem ríkt hefur hér á landi til þessa. Vandséð er hvernig ríkisstjórnin hyggst láta þessa sölu nú ríma við stefnuyfirlýsingu sína þar sem segir að þess verði gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum. Þar vísa ég í yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Við þurfum að sjálfsögðu fá upplýsingar um það hvenær og hvernig stendur til að selja. Eins og fram kemur í gögnum sem ég hef vitnað í hér að framan þá er óvissan óbærileg. Það var okkur sagt og ég tek undir það. Á því var hamrað með fyrri frumvörpum þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat um hlutafélagavæðingu og síðan sölu, að óvissuástandið væri óbærilegt og skaðlegt þessum stofnunum. Ef við samþykkjum þetta frv. þá vil ég fá að vita hvenær á að selja og hvernig verði að því staðið. Er til of mikils mælst að óska eftir þeim upplýsingum? Ég veit ekki hvort hv. formaður efh.- og viðskn. ætlar að svara þessu en hæstv. bankamálaráðherra verður að sjálfsögðu að svara einnig. Hver er hin pólitíska stefnumörkun ríkisstjórnarinnar hvað þetta snertir?

Allt bendir til þess að frv. verði samþykkt vegna þess að gefin hefur verið út skipun um að það verði gert. Þess er krafist. Sjálfstfl. krefst þess að haldið verði áfram að einkavæða og þá vitum við af reynslunni að það verður gert. Það verður engin fyrirstaða í Framsfl. Hann gerir bara það sem honum er sagt að gera í öllum þessum einkavæðingaráformum. Fari svo að frv. verði samþykkt þá vil ég taka undir það sem fram kom áðan hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem vísaði í umsagnir Sambands íslenskra bankamanna og starfsmannafélaga Landbankans og Búnaðarbankans. Starfsmannafélögin veittu umsögn um þetta frv. og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félögin SÍB, FSLÍ og SBÍ hafa fram til þessa ekki reynt að standa í vegi fyrir að Landsbanki og Búnaðarbanki verði gerðir að hlutafélögum og síðan einkavæddir. Hins vegar hafa þau gert miklar kröfur til þess að vel sé staðið að öllum breytingum og við hverja breytingu sé sérstaklega tekið tillit

til þess að innan Landsbanka og Búnaðarbanka vinna um tvö þúsund starfsmenn."

Litlu síðar er vikið að réttarstöðu starfsmanna við þessar breytingar:

„SÍB, FSLÍ og SBÍ eru þeirrar skoðunar að huga þurfi vel að *málefnum starfsmanna* áður en til þess kemur að bankarnir fari úr höndum ríkisins þar sem gera má ráð fyrir að þær breytingar og hagræðingar sem í kjölfarið fylgi komi fyrst og fremst niður á starfsmönnum. Það er reynsla annarra, m.a á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum, að eldri *starfsmönnum sé fyrst og fremst fórnað þegar í gang* fara hagræðingar vegna einkavæðingar og því miður er eldri konum fyrst sagt upp störfum, en þær eru mjög margar í bönkunum tveimur."

Því næst er farið nánar í einstaka efnisþætti kjarasamninga sem ég ætla ekki að vitna í. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði það prýðilega hér áðan. Ég get þó ekki látið hjá líða að vitna í tvær klásúlur, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að grípa til ráðstafana sem gagnast starfsmönnum bankanna áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu, en nokkurn fyrirvara þarf til að hægt sé að koma þeim ráðstöfunum í kring.

Þannig mætti fara svipaðar leiðir og notaðar eru á hinum Norðurlöndunum, m.a. með því að bjóða þeim starfsmönnum sem eru á aldrinum 40 til 50 ára að fara til náms í eitt til tvö ár á launum og að þeir starfsmenn sem orðnir eru 55 til 65 ára fái rýmri heimildir til að láta af störfum á eðlilegum eftirlaunum.

Þannig er mælst til þess að við einkavæðingu bankanna verði norsku aðferðinni beitt en hún hefur reynst vel, en þar er eðlileg starfsmannavelta smám saman látin draga úr áhrifum minnkandi mannaflaþarfar, en ekki gripið til uppsagna. Höfuðáhersla er lögð á að starfsmennirnir séu vel undir það búnir að mæta breytingum þegar að þeim kemur."

Síðan er haldið áfram.

Stundum lenda fyrirtæki og stofnanir í efnahagslegum og fjárhagslegum þrengingum. Þá er gripið til þess að segja upp fólki. Þetta gerist því miður og stundum er það óhjákvæmilegt. Þá er mjög mikilvægt að reynt sé að beita þeirri vinnuaðferð. Í þessu tilviki er ekki um þrengingar að tefla. Við erum ekki að tala um stofnanir á heljarþröm, alls ekki. Við erum að tala um stofnanir sem ætla að ráðast í hagræðingu, sem byggist væntanlega á að þær fækki útibúum og reyni að samræma starfsemi. Það er ekki vegna þess að fyrirtækin eigi í fjárhagslegum þrengingum, síður en svo. Arðurinn er geysilegur. Það skiptir hundruðum og þúsundum milljóna sem þessar stofnanir eru að taka inn í arð.

Nú á að færa reksturinn í nýtt form. Það á að fara yfir í nýtt form. Það á að reka þessa fjármálastarfsemi í auknum mæli á grundvelli arðsemiskrafna og láta þjónustumarkmiðin víkja. Um þetta snýst hinn pólitíska barátta. Við sem höfum talað fyrir því að hér verði rekinn öflugur þjóðbanki erum ekki að tala fyrir strangri pólitískri stýringu á fjármálastofnunum, alls ekki. Við erum að leggja áherslu á að með öflugum þjóðbanka verði betur tryggð þjónusta við landsmenn alla og þegar upp er staðið verði tryggð aukin og meiri fjölbreytni og samkeppni í atvinnulífinu. Þetta eru þau sjónarmið sem við höfum lagt áherslu á.

[17:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ræða hv. þm. sanni betur en flest annað að bankarnir eiga ekki að vera í eigu ríkisins. Mig langaði að taka það fram fyrst af öllu. Hann telur, ég skildi ræðu hans a.m.k. þannig, að nánast allar ákvarðanir sem teknar eru í ríkisbönkunum skuli ræddar á hv. Alþingi. Hann talar um að breyting hafi orðið eftir að bönkunum var breytt í hlutafélög og ráðherra fékk það hlutverk að kjósa í bankaráð í stað hv. Alþingis áður. Hv. þm. segir að ráðherra skýli sér á bak við hlutafélagalög. Það að ráðherra fari að lögum kallar hv. þm. að skýla sér á bak við lögin. Þetta er mjög sérkennilega orðað af hv. alþingismanni.

Hann ræddi í lokin um þennan margnefnda ríkisbanka sem hann telur afar mikilvægan. Þar á samt alls ekki að ríkja ströng pólitísk stjórn. Nei, en hins vegar á bankinn að þjóna öllum landsmönnum betur. Hvar á að taka ákvörðun um að viðkomandi banki þjóni öllum landsmönnum betur ef það á ekki að vera pólitísk ákvörðun?

Að síðustu gerir hv. þm. sér ekki grein fyrr því að ein ákvörðun var sú að breyta bönkunum í hlutafélög. Önnur ákvörðun er sú að selja þá. Það er sú ákvörðun sem þetta frv. fjallar um.

[17:26]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá pólitísku ákvörðun að þjóna öllum landsmönnum, hvort sem þeir búa í dreifðum byggðum eða í þéttbýli, á vissulega að ræða hér á Alþingi. Þegar ég tala um að hið opinbera eigi ekki að stýra bönkunum á strangan hátt þá er ég að tala um lánveitingar almennt.

Hæstv. ráðherra leggur mér þau orð í munn að ég hafi sagt að allar ákvarðanir bankanna, eða þann skilning leggur hæstv. ráðherra í orð mín, ætti að ræða á Alþingi. Þá var ég að tala um pólitískar ákvarðanir. Ég var að inna hæstv. ráðherra eftir pólitískum afskiptum. Ég vísaði í tiltekið mál. Ég vísaði í það þegar íslensku ríkisbankarnir keyptu ameríska áhættufjárfesta út fyrir 6 milljarða kr. Ég vil vita um hlut ríkisins og ríkisstjórnarinnar í því.

Ég hef einnig spurt hæstv. ráðherra um atriði sem lýtur að pólitík og nefndi í því sambandi Íslandssíma, milljarðafjárfestingu þar. Ég spurði um þetta. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra finnst það einhver helgispjöll að ræða um þessa bisnessþætti á Alþingi, hvernig við notum sameiginleg verðmæti þjóðarinnar. Það er eins og menn fremji helgispjöll með því að ræða um efnahagslífið og afskipti ríkisins af því. Eru það einhver helgispjöll? Ég bara spyr.

Að lokum: Ég mun koma að því í seinna svari hvernig ríkisstjórnin hefur ítrekað skýlt sér á bak við lög.

[17:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bara felli mig ekki við þetta orðalag, að skýla sér á bak við lög. (Gripið fram í.) Ég er undrandi á að hv. þm. skuli taka svona til orða. Annaðhvort fer maður að lögum eða ekki. Það er í raun fyrir neðan allar hellur að hv. þm. skuli taka sér þessi orð í munn.

Þegar hv. þm. spyr hvort ríkisstjórnin taki ákvarðanir um bankana, kaup og kannski lánveitingar, hver veit hvað, þá er það reyndar svo að samkvæmt hlutafélagalögum hefur ríkisstjórnin ekki heimild til þess þó svo hún vildi. Yfir þessum

félögum eru stjórnir sem bera ábyrgð og taka ákvarðanir. Í raun hefur ráðherra ekki mikið vald til að hafa afskipti af þessum stofnunum og þessum félögum á milli aðalfunda. Hins vegar er það hlutverk ráðherra að kjósa bankaráð í viðkomandi félögum. Það eru nú öll afskiptin.

Mér virðist hv. þm. í mikilli vörn í málflutningi sínum. Hann getur ekki rökstutt, að mínu mati, hvers vegna til ætti að vera ríkisbanki, ekki síst eftir að hann hefur gefið þá yfirlýsingu að það eigi ekki að stjórna honum pólitískt.

[17:30]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta finnst mér bara vera hreinir útúrsnúningar. Ég var að skilgreina á hvern hátt ég teldi að stýra ætti þessum stofnunum pólitískt sem þjónustustofnunum fyrir landsmenn. En ég fékk náttúrlega engin svör fremur en fyrri daginn.

Mér finnst að pólitískar ákvarðanir varðandi bankana og fjármálakerfið eigi að ræða hér. Ég hefði t.d. áhuga á að vita hvort ríkisstjórnin hafi beint því til bankanna að hafa milligöngu um fjárfestingar í virkjanamálum núna, hvort einhverjar viðræður fari fram og hvort hæstv. ráðherra sé kunnugt um að slíkar viðræður fari fram. Ég hefði áhuga á að fá upplýsingar um slíkt. Slíkt á að vera uppi á borði, ekki niðri í skúffum eða bak við tjöld. Bak við þau tjöld hafa stjórnvöld getað skýlt sér í krafti hlutafélagalaga. Það er staðreynd. Vegna þess að oft er það svo að stjórnvöldum er í lófa lagið að reiða fram upplýsingar og miklu meiri upplýsingar en þau hafa verið reiðubúin að gera. Við höfðum dæmi um þetta um Landssímann á sínum tíma en í skjóli hlutafélagalaganna hefur Alþingi verið meinað um upplýsingar. Það er ekkert í hlutafélagalögunum sem bannar að upplýsingar séu reiddar fram. En í skjóli þeirra er hægt að koma sér hjá því að reiða fram upplýsingar. Og það er í þessu samhengi sem ég tala um að nýta sér lög til að komast hjá því að veita umbeðnar upplýsingar og það er ekkert óeðlilegt við þetta orðalag nema síður sé.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég hef gert grein fyrir því með hvaða hætti ég tel að almannavaldið eigi að beita áhrifum sínum landsmönnum og atvinnulífi til hagsbóta.

[17:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af umræðu hv. þm. um hvenær og hvernig skuli staðið að sölu bréfanna, þá tel ég að sá framgangsmáti sem hafður er á sé mjög eðlilegur. Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun að selja bankana. Það mundi líta afspyrnuilla út fyrir alla aðila ef einkavæðingarnefnd hefði komið fram með tillögu eða hugmyndir um nákvæmlega hvernig, hvenær og hverjum ætti að selja bankana áður en þetta lægi fyrir. Þá mundu aðilar á markaðnum vera búnir að setja sig í stellingar, gera samninga kannski út og suður og Alþingi stæði frammi fyrir gerðum hlut. Eðlilegasta leiðin er sú að Alþingi taki þá pólitísku ákvörðun að selja hlutafé í bönkunum og síðan sé það á ábyrgð framkvæmdarvaldsins, á ábyrgð ráðherrans og framkvæmdanefndar um einkavæðingu að sjá svo til að salan fari fram með þeim hætti að okkur verði sem mest úr peningunum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði, þá fannst mér eiginlega af lestri hans að með því að fara í gegnum allar þær greinargerðir sem legið hafa fyrir í þessum málum væri hann farinn að verða þokkalega sáttur við þessa einkavæðingu í það heila tekið. Hann taldi að vísu að það þyrfti ríkisbanka til þess að veita betri þjónustu og auka samkeppni og fjölbreytni í atvinnulífinu. En þó fyrst og fremst að hagræðing og hagsmunir viðskiptavinanna væru í fyrirrúmi. Það er nákvæmlega á þeim forsendum sem einkabanki starfar að hagsmunir viðskiptavina séu í fyrirrúmi og hvernig eigi sem best að uppfylla þarfir þeirra og gera það með sem hagkvæmustum hætti. Það er hlutverk einkabanka og það er ágætt, það er orðið hlutverk ríkisviðskiptabankanna líka og ríkið hefur þess vegna enga sérstaka köllun til þess að eiga fé í bönkum.

[17:35]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef óskað eftir upplýsingum um hvernig menn ætli að bera sig að við þessa sölu, hvenær eigi að selja og hvernig. Ég hef sett fram rök fyrir því að þetta skipti okkur máli í efnahagslegu tilliti og eðlilegt sé að þessar upplýsingar komi hingað inn vegna þeirrar umræðu. Síðan vitnaði ég í röksemdir sem fram hafa komið frá ríkisstjórninni sjálfri um að ekki megi vera óvissa. Þetta er að finna í greinargerðum í fyrri frumvörpum varðandi eignarhaldið. Ég var einvörðungu að vitna í röksemdir sem ríkisstjórnin sjálf hefur sett fram.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson telur mig þokkalega sáttan við einkavæðingu. Eitthvað er heyrnin bágborin finnst mér. Ég sagði að vísu í upphafi að ég setti ekki undir sama hatt einkavæðingu velferðarþjónustu og fjármálastofnana, það geri ég ekki. Ég set ekki samasemmerki þar á milli nema síður sé. Ég hef hins vegar talað um mikilvægi þess að halda uppi góðri þjónustu við landsmenn og tryggja fjölbreytni og samkeppni í atvinnulífinu, ekki bara hér á þéttbýlissvæðinu heldur um land allt. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að þannig starfi einmitt einkabankar. Já, það kunna þeir að gera. Þeir vilja að sjálfsögðu þjóna viðskiptavinum sínum. En þegar arðsemissjónarmiðin eru alls ráðandi og þjónustusjónarmiðin eru látin víkja fyrir þeim, þá getur það hent að fámenn byggðarlög verði út undan, þetta er staðreynd, og að sjónarmið sem hafa verið í heiðri höfð í samfélagi okkar til þessa um að styrkja samfélagið verði látin víkja.

[17:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rekstur ríkisbanka er engin trygging fyrir því að fámenn byggðarlög verði ekki út undan. Það sem skiptir hins vegar máli í þessu sambandi er að bankastarfsemi hefur í eðli sínu verið að breytast. Fólk hefur viljað fá þjónustu í því formi að geta átt rafræn samskipti við bankana og það hefur þýtt þarfir fyrir annars konar starfsfólk eða annars konar störf fyrst og fremst en unnin hafa verið í bönkunum hingað til. Og banki sem vill þjóna þörfum viðskiptavinanna með hagkvæmum hætti hefur t.d. þurft að breytast mjög mikið af þessum ástæðum. Þetta kallar að sjálfsögðu á ákveðnar breytingar á starfsmannahaldi og mundi auðvitað fyrst og fremst kalla á að stíft endurmenntunarprógramm væri í gangi í bönkunum til þess að fólk gæti sem mest færst úr störfum og fylgt þeirri þróun sem verður í bankaumhverfinu. Það er kannski ekki í öllum tilvikum mögulegt. En góð starfsmannastefna í viðkomandi banka hlýtur að sjálfsögðu að byggja á því að það fólk sem í bankanum starfar geti haldið

áfram að þjóna viðskiptavinunum með breyttum aðferðum. Það gildir algerlega jafnt hvort sem banki er einkabanki eða ríkisbanki hvort fólk nær árangri.

Að lokum vil ég aðeins segja að ef maður lítur í reikninga bankanna um hlutabréf sem eru á veltubók í bönkunum hvort sem það eru skráð eða óskráð bréf, eignir bankanna í fjárfestingarhlutabréfum, þá er ekkert óeðlilegt þar að finna. Veltuhlutabréf t.d. Landsbankans eru samtals 3,6 milljarðar. Á Verðbréfaþingi Íslands 2,3 og önnur skráð hlutabréf eru upp á 1.240 millj. Ég sé ekki að neitt óeðlilegt sé að finna í þessum tölum eða veltubókarviðskiptum sem t.d. hafa verið gerð hjá Landsbanka Íslands.

[17:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði ekki alveg þessu síðasta. Þetta var einhver hraðsoðin endurskoðunarvinna sem hér var verið að greina frá. Ég veit ekki hvort verið var að vísa í það sem ég var að auglýsa eftir: Upplýsingum varðandi Íslenska erfðagreiningu, deCode og Íslandssíma, eða hvað þetta eiginlega var.

En hitt vil ég segja að þegar forstjóri Landssímans, fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, tók þar við stjórnartaumum og hélt sinn fyrsta fund með starfsmönnum Landssímans — þetta var viðhafnarfundur í Þjóðleikhúsinu — þá sagði hann: Hér eftir mun þessari stofnun stýrt samkvæmt arðsemiskröfum. Arðsemiskrafan og arðsemissjónarmið verða höfð að leiðarljósi.

Hann nefndi meira að segja einhverja prósentu, gott ef það var ekki 15%. Það er grundvallarmunur á að stýra starfsemi með þetta sjónarmið að leiðarljósi annars vegar og hinu að hafa þjónustumarkmið í fyrirrúmi. Á þessu er grundvallarmunur. Þessi sjónarmið eru nú víkjandi einnig innan annarrar stofnunar nátengdri Landssímanum sem einnig hefur verið gerð að hlutafélagi þó að hún hafi ekki verið seld, það er Pósturinn, Íslandspóstur sem upp á síðkastið hefur verið að loka útibúum í Skagafirði, í Varmahlíð, og víðs vegar um landið. Mörg útibú, gott ef það eru ekki tugir útibúa með uppsögnum starfsmanna vegna þessara arðsemissjónarmiða. Á þessu er grundvallarmunur. Það er grundvallarmunur á þessu.

Ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum að tala fyrir þessum þjónustumarkmiðum, þessum þjónustusjónarmiðum sem við teljum gagnast þjóðinni betur og þegar upp er staðið einnig efnahags- og viðskiptalífi þjóðarinnar.

[17:42]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 687. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1252.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna fundahalda, 438. mál, svar fjmrh., þskj. 1251.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), 619. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1249; nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1250.

[17:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er komið að þeirri stóru stund að menn ræða um sölu ríkisbankanna. Það hefur reyndar verið í umræðunni býsna lengi og í dag er búið að lýsa því vel hvernig ákvörðun um að breyta bönkunum í hlutafélög kom á undan og síðan í kjölfarið það sem hér er verið að fást við.

Reyndar brast þetta nokkuð skyndilega á. Það gerðist nefnilega þannig að eftir að búið var að fjalla um þá ætlan ríkisstjórnarinnar að sameina þessa ríkisbanka áður en þeir færu á markaðinn og þegar sú stefna hafði beðið skipbrot, þá kom yfirlýsing um að bankarnir yrðu seldir snarlega og tekin yrði ákvörðun um það beint í kjölfarið. Ríkisstjórnin virtist ekki einu sinni þurfa á fundahöldum að halda til að taka þá ákvörðun því að a.m.k. um leið og almenningur vissi um þá niðurstöðu að ekki væri hægt að sameina bankana, þá komu þau svör frá ráðamönnum að þeir skyldu á markaðinn strax í vetur. Um það er verið að ræða.

Nú er eitthvað til sem heitir einkavæðingarnefnd. Hún leikur stórt hlutverk í því sem á að fara fram hér. Ég verð því miður að segja að ferill þeirrar nefndar er þannig — ég get ekki tekið þau orð mín aftur — að þeim sem þar eru enn þá og stóðu t.d. að einkavæðingu SR-mjöls, sölu á því fyrirtæki, treysti ég ekki fyrir húshorn með hf. upp á vasann. Það er með endemum að enginn skuli hafa þurft að gjalda fyrir það með neinum hætti, enginn af ráðamönnum sem tóku ákvarðanir í því efni, um hvernig þar var farið með sameiginlegar eignir þjóðarinnar. Ég ætla þó að vona að það verði dæmi sem hefur nægilega oft verið minnt á til að menn hagi sér ekki þannig.

Samt er ástæða til að velta þessum hlutum fyrir sér eftir orð hæstv. samgrh. sem gerð voru að umtalsefni fyrr í dag þar sem hann setti mjög skýrt hagsmuni þeirra sem mundu kaupa hlutabréf í bönkunum langtum ofar hagsmunum þjóðarinnar sem slíkrar sem seljanda þessara eigna. Satt að segja afar var sérkennilegt að þannig skyldi talað og að mínu viti a.m.k. nokkuð góð afsökun fyrir því að ýmsir þingmenn hafa talað um að hér væri að einhverju leyti á ferðinni hugsanleg einkavinavæðing. Mér finnst mega afsaka það orðalag með því að vitna til þeirrar afstöðu sem kom fram í orðum hæstv. samgrh. á dögunum.

Mig langar fyrst að reyna að svara spurningunni um það hvort ríkið eigi að eiga banka. Samfylkingin hefur svarað því og sagt að á því sé ekki þörf, hægt sé að mynda eðlilegan samkeppnisrekstur á þessu sviði og þess vegna sé ekki ástæða til að ríkið eigi banka. Þetta er þó ekki einhlítt svar. Í löndunum í kringum okkur og hér á landi hafa menn auðvitað komið að þessum bankarekstri. Ég efast um að nokkur þori að segja í þessum ræðustól á hv. Alþingi að það muni aldrei verða gert aftur þó að bankarnir verði seldir. Allar ríkisstjórnir telja sig þurfa að bera ábyrgð á fjármálakerfi landsins þegar í nauðirnar rekur.

Í þessu sambandi langar mig að vitna til þess sem stendur í greinargerð Seðlabankans sem fylgir þessu frv. Þar er minnt á fjármálakreppu sem varð í löndunum í kringum okkur fyrir stuttu og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Danmörk slapp við fjármálakreppu á þessum árum m.a. vegna lengri reynslu af óheftri samkeppni og strangri afstöðu stjórnvalda um að aðstoða ekki banka sem komast í vanda. Bankar á Íslandi sluppu einnig við þessar hremmingar þrátt fyrir að hafa þurft að afskrifa verulegar upphæðir af töpuðum útlánum og verið reknir með tapi árin 1992 og 1993. Margar samvirkandi skýringar eru á því hvers vegna ekki varð fjármála- og gjaldeyriskreppa á Íslandi eins og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi."

Nú kemur það sem ég vil vekja sérstaklega athygli hv. þingmanna á:

„Má í því sambandi nefna að fjármagnsflutningar milli landa voru ekki frjálsir á Íslandi og útlendingar áttu ekki íslensk verðbréf til að selja."

Nú hefur þetta breyst á Íslandi og þessu umhverfi er verið að breyta með því að selja bankana. Eftir að búið er að selja þá er það sem Seðlabankinn telur sem fyrstu skýringu á því að fjármálakreppan reið ekki yfir á Íslandi ekki lengur til staðar, þ.e. fjármagnsflutningar milli landa voru ekki frjálsir og útlendingar áttu ekki erlend verðbréf til að selja.

Þetta segir okkur að að mati Seðlabankans verður verulega meiri hætta á ferðum þegar reynir á í fjármálakerfi landsins eftir að búið er að selja bankana og búið er að opna hagkerfið eins og hér hefur verið gert. Hvort tveggja er þá orðið, að bæði er búið að opna fyrir fjármagnsflutninga til og frá landinu og, það sem menn virðast þrá einna mest á þeim markaði, opna fyrir möguleika til að lokka erlenda aðila til að kaupa bréf á Íslandi. Það gæti þess vegna í framtíðinni verið aukin ástæða til að halda að hið opinbera þurfi að grípa til aðgerða til hjálpar fjármálastofnunum.

Reyndar bendir fleira til þess að svo getið farið. Smám saman hefur komið í ljós að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og peningamálstefnan hefur beðið skipbrot. Það að halda uppi gengi krónunnar með háum vöxtum og ýmsum aðgerðum Seðlabankans, árum saman eins og gert var hér og hefur verið gert hér, er ekki lengur gert. Að vísu eru vextirnir mjög háir enn þá en því verið lýst yfir með afdrifaríkum hætti að þessi stefna sé ekki lengur það sem ríkisstjórnin fylgir. Seðlabankinn er byrjaður að lækka vexti og hefur ekki lengur það yfirlýsta markmið að hann ætli að verja gengi krónunnar. Sú stefna hefur í raun og veru beðið skipbrot og menn hafa hvarflað frá henni.

Hvað felst í þessari niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar? Jú, veisluföngin eru í raun á þrotum. Hvað skal þá taka til bragðs? Með því að aftengja þá stefnu sem gilt hefur undanfarin ár hefur það gerst að menn hafa farið að flytja fjármuni úr landi aftur sem þeir fluttu til Íslands í formi erlendra lána. Það gerist einfaldlega vegna þessa að sú yfirlýsing að gengi krónunnar verði ekki varið og að vextir verði lækkaðir gerir það að verkum að grundvöllurinn sem verið hefur fyrir innflutningi erlends fjármagns síðustu ár er ekki lengur fyrir hendi. Þar af leiðandi hafa menn farið að greiða þessi lán upp, selja bréfin sín á Íslandi, sem veldur lækkun á hlutabréfamarkaði, og greiða upp erlendu skuldirnar. Það hefur verið að gerast og er aðalástæðan fyrir stöðunni sem er nú á markaðnum.

Hæstv. ríkisstjórn telur að nú sé sú hætta á ferðum að hér verði ekki nægur gjaldeyrir til staðar í framhaldinu. Þess vegna á að selja Landssímann og bankana núna þó að verðið sé ekki mjög hátt. Að líkindum mun verðið lækka enn þá á öðrum bréfum á markaðnum ef mjög djarft verður boðið af bréfum í Landsbankanum, í Búnaðarbankanum og í Landssímanum sem rætt er um þessa dagana á hv. Alþingi að selja.

Ég tel að ríkisstjórnin taki hér ranga ákvörðun. Það hefur verið lifað hátt og menn þurfa að horfast í augu við að hér hefur myndast ástand sem er ekki bara óæskilegt, heldur ástand sem fjármálakerfið í landinu getur ekki borið uppi til lengdar. Það er verið að eyða miklu meira en þjóðfélagið aflar.

Ég tel að ríkisstjórnin ætli að brúa bilið við núverandi ástand og sjái þetta fyrir sér svona: Við erum að lenda í miklum vanda næstu mánuðina og missirin. Við verðum að selja eigur ríkisins til að halda uppi nægilegu gjaldeyrisframboði þangað til við fáum nýjar gjaldeyrisuppsprettur í gang vegna stækkunar Norðuráls og vegna virkjananna fyrir austan. Þess vegna eru menn tilbúnir til að selja eigur ríkisins og halda veislunni áfram.

En hvað gerist með þessu? Með þessu er ekki tekið á vandanum sem er undirliggjandi, viðskiptahallanum sem malar undan undirstöðum fjármálalífsins á Íslandi. Menn halda áfram og geta staðið uppi með það eftir þetta stórvirkjanatímabil sem menn setja allt sitt traust á að viðskiptahalli hafi varað allan tímann og að yfir þjóðina ríði ástand sem er ekki hægt að kalla annað en kreppu. Þenslutímabilið sem fylgir framkvæmdunum sem er starað hér á, ef ekki verður tekið harkalega á málum, mun valda því sem ég er að lýsa. Áframhaldandi viðskiptahalli verður allan tímann. Ef mönnum tekst ekki að finna einhverja enn þá stórkostlegri framkvæmdir til að taka við af þeim sem nú er stefnt í mun þjóðin einfaldlega lenda í stórkostlegri kreppu eftir þetta tímabil.

Ekki er endalaust hægt að stækka efnahaginn með vaxandi hraða. Hv. þm. Pétur H. Blöndal brosir að þessum vangaveltum mínum. En ég er á þeirri skoðun að það sé veruleg hætta á ferðum. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn þurfi að hugsa sig mjög vel um. Þó það verði sárt fyrir þjóðina og ríkisstjórnina þá tel ég að við verðum að hugsa, horfa fram hjá því að hægt sé að halda uppi því ástandi sem verið hefur áfram, því þenslutímabili sem menn sjá fyrir sér að verði ef af þessum stórkostlegu framkvæmdum verður, og sjá til þess að ekki verði viðskiptahalli á Íslandi yfir þetta tímabil. Það virðist þó ekki vera hugmyndin þessa daga. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að ríkisstjórnin ætli að takast með ábyrgð á við þetta verkefni sem er sannarlega stórt.

Ég held að það sé ekki síst ríkisstjórnin sem þurfi á einhverju róandi að halda. Hæstv. forsrh. hefur haft það við orð að menn eigi að halda ró sinni. Hann var í umræðum fyrir nokkrum dögum og tókst snilldarlega að tala um síðustu sex prósentin af gengisfellingu krónunnar sem hefur fallið í gengi um milli 20 og 30% á sl. 16 mánuðum. Gengisfallið hefur auðvitað sannfært menn um að efnahagsstefnan sem rekin var gekk ekki upp og olli því að ríkisstjórnin gafst endanlega upp fyrir því að það þyrfti að leyfa gengisfellingu krónunnar að ganga yfir og Seðlabankinn var ekki lengur notaður til þess að halda uppi háum vöxtum og gengi.

Ég ætla ekki að spá um hvert framhaldið verður að öðru leyti en því að það er nokkuð augljóst að gengi krónunnar hefur á tveggja ára tímabili, þ.e. á árunum 2000 og 2001, fallið um í kringum a.m.k. 20%, það er alveg ljóst. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér og hefur sannfært fjárfesta, sem hafa verið að flytja peninga inn til landsins, um að ekki sé glóra í því. Þeir hafa tekið til við að flytja peningana út aftur.

Traustið sem búið var að byggja á fölskum forsendum á undanförnum árum, handa þeim sem staðið hafa í þessum viðskiptum, er horfið. Ég hef ekki trú á því að það verði byggt upp á næstunni. Kannski eru síendurtekin orð hv. þm. Vilhjálms Egilssonar í dag um að stækka þurfi efnahag bankanna merki um að hann telji að eitthvað þurfi að koma í staðinn fyrir peningana sem hafa verið fluttir inn með þeim hætti sem ég hef talað um.

Ég kemst ekki hjá því að nefna dreifðu eignaraðildina, einfaldlega vegna þess að hæstv. forsrh. var mikill talsmaður dreifðrar eignaraðildar þar til vitlausir menn, að hans mati,

keyptu banka sem var seldur hér á sínum tíma. Ég hélt satt að segja að hann væri ekki sá maður sem flökti svo frá stefnu sinni, eins og hann hefur þó gert í þessu máli, að við sæjum í þessu frv., sem er næstum því broslegt ef alvara málsins væri ekki mikil, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um sölu fyrirtækja í eigu ríkisins verður lögð áhersla á sölu til almennings og tilboðssölu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun gera tillögur til viðskiptaráðherra um fyrirkomulag sölu til almennings og tilboðssölu."

Þarna er verið að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar og þetta sé í samræmi við hana. Svo kemur næsta málsgrein. Þá er ekki verið að vísa með sama hætti til stefnu ríkisstjórnarinnar, heldur er sagt:

„Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis í bönkunum."

Þarna er talað um fjármálafyrirtæki í eintölu og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra staðfesti að það sé þá meiningin að selja einu fyrirtæki, erlendu, þessa eignarhluti í bönkunum þannig að a.m.k. sé á ljósu hvað er þarna átt við.

En það er ekki þess vegna sem ég var að vísa til þessara hluta heldur vegna þessa tals um dreifða eignaraðild sem er allt í einu fokið út í veður og vind. Í því sambandi voru menn að tala um óeðlileg ítök og í framhaldi af því spunnust umræður um hvernig ætti að hefta þessi óeðlilegu ítök hugsanlegra eigenda í fjármálafyrirtækjum. Hæstv. forsrh. hefur greinilega gefist upp á málinu en þó er eitt mál hér til afgreiðslu á hv. Alþingi um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálastofnunum. Þeim hugmyndum er ætlað að koma í veg fyrir að einhverjir eigendur í fjármálastofnunum geti orðið of valdamiklir og nýtt sér völd sín til á einhvern óeðlilegan máta.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að ég reyndi að spyrja hana um það fyrir nokkrum dögum. Hér er nefnilega líka til afgreiðslu annað frv. sem er um viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er gert ráð fyrir því að þeir sem ráða ríkjum innan sparisjóðanna haldi áfram að gera það og geti ráðið fjármálstofnunum gjörsamlega í krafti afar lítils eignarhalds í bönkunum, þ.e. sparisjóðum.

Ég spyr: Hvernig getur Alþingi afgreitt frá sér mál af þessu tagi sem eiga við samkynja stofnanir? Ekki er mikill munur á sparisjóðsbanka og þeim stofnunum sem hér er um að ræða. Í öðru tilfellinu eiga að gilda strangar reglur um að ef menn eigi ákveðið mörg prósent í viðkomandi banka þá skuli taka af þeim atkvæðisréttinn. Á sama tíma er verið að fjalla um málefni sparisjóðanna þar sem menn geta farið með allt eignarhaldið þó að þeir eigi nánast ekkert í sparisjóðunum. Ég tel að hv. Alþingi geti ekki boðið upp á lausnir af þessu tagi og það verði að vera eitthvert samræmi á milli þess sem þarna er gert.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst hæstv. ráðherra það ganga að mál séu afgreidd með þessum hætti á ábyrgð hennar? Telur hún að það muni yfirleitt nokkurn tímann standast, ef þeir sem yrðu nú eignaraðilar að stórum hlut í einhverjum bönkum, færu að kæra á grundvelli jafnræðissjónarmiða? Þeir gætu kært það að þeir fengju ekki að nýta eignarhlut sinn til áhrifa í bankanum sínum en við hliðina á þeim væri sparisjóðabanki þar sem sætu tveir menn sem réðu öllu saman þó þeir eigi ekki nema 2–3%? Þetta er ekki boðleg niðurstaða. Ég held að menn ættu að hugsa þau mál öll betur.

Ég tel reyndar að menn hafi hlaupið til allt of hratt til að afgreiða málefni sparisjóðanna.

Ég dreg þetta upp vegna þess að ég gerði tilraun til að spyrja hæstv. ráðherra um þetta um daginn. Mig langar til að fá svör við því hvort henni finnist þetta nú boðleg niðurstaða.

Ég gleymdi að tala um stóru aðilana, sem gert er ráð fyrir að geti keypt í bönkunum, svokallaða kjölfestufjárfesta, ballestin sem er nú allt í lagi að hafa í bönkunum en máttu ekki vera nema 3–4% fyrir stuttu síðan og eiga helst að vera erlendir. Ég gleymdi að nefna þetta vegna þess að mér finnst ástæða til að vekja sérstaka athygli á hringsnúningi hæstv. forsrh. í þessu máli.

Ég hlýt að þurfa að spyrja hæstv. ráðherra varðandi nálaraugað sem kjölfestufjárfestarnir fara í gegnum, hvort fyrir fram verði gefið út að þeir fái að nýta sér eignaraðild sína sem kjölfestufjárfestar í bönkunum að fullu til atkvæðis í bönkunum. Verður það fyrir fram gefið út að þessi ákvæði verði ekki látin gilda um þá? Eða er það kannski þannig að eingöngu verði rætt við einstaka aðila erlendis en ekki reynt að selja bankana með neinni samkeppni erlendra aðila um að fá eignarhlut í þeim?

Ég ætla ekki að halda neina langlokuræðu um þetta mál. Ég tel ekki ástæðu til að halda að menn ætli ekki að klára það. Við í Samfylkingunni höfum ekki lagst gegn því að þessi samkeppnisrekstur yrði seldur í framtíðinni. Hins vegar vil ég sérstaklega vara menn við því að halda að ábyrgð hins opinbera á fjármálastarfsemi í landinu sé þar með lokið. Ég tel í raun ástæðu til að halda að hún verði meiri í nánustu framtíð en hún hefur verið. Sú tilraun sem er að fara fram á Íslandi, að reka þetta agnarsmáa hagkerfi með opnum fjármagnsflutningum og opið gagnvart þessum stóru hagkerfum sem eru hér í kring. Að mínu viti er það tilraun sem er engan veginn víst að takist.

Síðustu missiri gefa reyndar vísbendingu um að það muni verða erfitt. Sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur rekið hefur a.m.k. ekki staðist. Það er auðvitað augljóst öllum að ef mönnum tekst ekki að reka fjármálakerfi hérna þannig að iðnaðurinn og þessar nýju atvinnugreinar sem hafa verið að spretta upp á Íslandi geti fengið sambærilega stöðu hvað varðar fjármálaþjónustu, vexti og gengismál, eins og eru í löndunum í kringum okkur, þá munu Íslendingar þurfa að horfast í augu við, annaðhvort að taka skrefin til baka, sem hafa verið tekin hér til frjálsræðis, eða þeir verði að skoða möguleikann á að taka upp annan gjaldmiðil.

Því miður virðist ýmislegt benda til þess að menn muni ekki hafa langan tíma til að velta þessum málum fyrir sér. Ég ætla svo að lokum að segja að ég kvíði töluvert þeim missirum og árum sem fram undan eru. Ef þær gífurlegu framkvæmdir sem stefnt er að fara af stað og ef þeir sem stjórna þessu landi verða ekki ábyrgari í efnahagsstjórn sinni en verið hefur þá munu þau ár sem á eftir koma, þessu stórvirkjanatímabili sem er nú stefnt að, geta orðið hættuleg. Þau geta orðið þjóðinni mjög hættuleg í efnahagslegu tilliti og þess vegna er ábyrgð þeirra sem eru nú við stjórnvölinn mikil. Þeir verða bókstaflega að horfast í augu við að þeir verða að taka á viðskiptahallanum, ekki vegna þess að það sé ekki nægilegur gjaldeyrir til staðar.

Það virðist vera það eina sem menn hafa horft til á undanförnum missirum, að nógur gjaldeyrir hafi verið til staðar og þess vegna hafi þetta verið allt í lagi. En þetta hefur ekki verið í lagi. Viðskiptahallinn hefur verið miklu meiri en ásættanlegt er. Verði ekki tekið á þessu þá munu menn horfa

fram á vonda daga eftir stórvirkjanatímabilið sem stefnt er að.

[18:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans. Það er sjálfsögðu stór stund fyrir þá sem trúa á þá aðgerð og ég er þar í hópi.

Til hvers er einkavæðingin? Hér hefur verið rætt dálítið um það í dag. Einkavæðing er náttúrlega ekki annað en sala á eignum. Þar er ríkið í raun að skiptast á eignum, lætur af hendi ákveðið fyrirtæki og fær í staðinn peninga sem það getur notað, ýmist til að að kaupa aðrar eignir, til að greiða niður skuldir, til framkvæmda eða til að auka þjónustu og bæta velferðarkerfið.

Meginmarkmið með sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu þar með er að auka samkeppni á markaðnum vegna þess að fyrirtæki sem eru ekki í ríkiseigu þarf að standa sig á eigin forsendum. Það getur ekki alltaf hlaupið í skjól hjá ríkinu. Þetta er meginmarkmiðið.

Meginmarkmiðið er ekki að auka afgang ríkissjóðs. Það er aukamarkmið. Meginmarkmiðið er heldur ekki að greiða niður erlendar skuldir eða fá inn erlendan gjaldeyri, það er ekki meginmarkmið en gæti verið aukamarkmið. Meginmarkmiðið er að auka samkeppni, sem er gott fyrir neytendur, sparifjáreigendur, skuldara og þá aðila sem þurfa ráðgjöf og greiðsluþjónustu bankanna og nota hana. Þetta er meginmarkmiðið.

Þeir sem vilja einkavæðingu og þar með aukna samkeppni horfa upp á að einkavæðingin hefur varla undan, þvílík er ríkisvæðingin. Það sem Landsvirkjun, opinbert fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, ríkisins og Akureyrarbæjar, fjárfestir á hverju ári er meira en það sem við höfum verið að einkavæða. Landsvirkjun fjárfestir um tugi milljarða á ári. Það er ríkisvæðing og einkavæðingin hefur vart undan. Ég vil benda á þetta til að hugga þá sem sjá ofsjónum yfir því að við séum að fara of geyst í einkavæðinguna. Jafnframt er þetta frekar dapurt fyrir hina sem hafa sett sér að markmiði að einkavæða sem mest.

Herra forseti. Það hefur verið nefnt að markaður sé núna í lágmarki og það sé ekki góð stund til að selja. Það má færa rök fyrir því ef menn horfa á eignina sem meginmarkmið, þ.e. að ríkið fái gott verð fyrir eign sína. Það þarf að sjálfsögðu að hafa í huga. En fleira kemur inn í það dæmi. Það er heldur ekki gott að selja ríkiseignir á mjög háu verði, alla vega ekki til almennings. Sums staðar erlendis þar sem menn hafa verið að einkavæða, sérstaklega fjarskiptafyrirtæki, hefur komið fyrir að almenningur hafi keypt fyrirtæki á afskaplega háu verði og verðið síðan hrunið. Og þá sitja margir uppi brenndir af þeirri reynslu. Það er ekki endilega gott, þó gott sé fyrir ríkið að fá gott verð fyrir eignir sínar, að almenningur brenni sig á því að hafa keypt á of háu verði.

Ég held að markaðurinn sé núna í þvílíku lágmarki að það geti ekki verið annað en gott að kaupa. En að sjálfsögðu er jafnvægi þarna á. Markaðurinn segir ekki annað en það á hvaða verði menn eru tilbúnir til að kaupa. Markaðurinn gefur í raun alltaf rétt verð.

Verð ríkisfyrirtækja endurspeglar oft þá möguleika sem menn sjá til hagræðingar í fyrirtækjunum. Oft hefur hagræðingin setið á hakanum í ríkisfyrirtækjum. Það er hægt að hagræða mikið og það gefur hátt verð á þessum fyrirtækjum, þar sem menn vænta að geta hagrætt í framtíðinni. Og þetta hefur einmitt komið í ljós með Landsbankann og Búnaðarbankann og FBA þegar þeir voru seldir, að þeir voru seldir á töluvert góðu verði fyrir ríkissjóð vegna þess að menn sáu möguleika til hagræðingar sem síðan hefur komið í ljós að var til staðar.

Herra forseti. Margir hafa spurt: Hver getur keypt? Hver mun kaupa? Það gætu náttúrlega orðið erlendir aðilar. En ég sé annan aðila sem gæti keypt. Það er nefnilega svo að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hafa vaxið ótrúlega mikið á síðustu þremur, fjórum árum. Ég hef reyndar varað við því og gerði það áður en aðlögunarsamningar ríkisstarfsmanna voru teknir upp. Skuldbinding ríkissjóðs gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefur vaxið um 70, 80 eða 90 milljarða á þremur eða fjórum árum. Ég hugsa að skuldbindingin hafi jafnvel vaxið um 100 milljarða. Bara grunnskólakennarasamningurinn kostaði ríkissjóð 23 milljarða í auknum skuldbindingum. Einn kjarasamningur. Þar fór Landsbankinn. Framhaldsskólakennarasamningurinn kostaði 5 milljarða o.s.frv. Þannig mætti lengi telja.

Ég hygg að ríkið muni þurfa að borga stórar fúlgur inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er reyndar byrjað á því, er að borga milljarða núna frá áramótum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, þar á meðal hv. þm. Ögmundur Jónasson sem situr þar í stjórn og því miður er ekki viðstaddur umræðuna, mun þurfa að ráðstafa þessum peningum, þessum lífeyrisskuldbindingum, aukningu á lífeyrisskuldbindingum ríkisins, sem núna hellist inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hvað geta þeir gert við þetta annað en kaupa ríkisfyrirtækin sem ríkið er að selja?

Það sem gerist er að ríkið selur ríkisfyrirtækin, fær greiðslu úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem það greiðir þangað inn eða hefur greitt þangað inn. Peningarnir fara í hring. Þá kemur í ljós að það eru ríkisstarfsmenn sem eiga þessi fyrirtæki. Skuldbinding ríkisins sem er ógreidd enn þá hleypur á langt yfir 100 milljörðum. Mig minnir að það séu 170 milljarðar sem ríkið á ógreitt til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er nú bara Landssíminn eins og hann leggur sig, Landsbankinn og Búnaðarbankinn og þyrfti sennilega að selja slatta í viðbót til þess að eiga fyrir aukningunni, ógreiddri lífeyrisskuldbindingu starfsmanna ríkisins. Og gengur nú hv. þm. Ögmundur Jónasson í salinn, en ég einmitt benti á að hann mun sennilega ráðstafa þessum peningum að mestu leyti sem ríkissjóður er að borga núna inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Milljarða frá áramótum og á eftir að borga miklu fleiri milljarða til þess að mæta lífeyrisskuldbindingum. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, hv. þm. Ögmundur Jónasson, mun væntanlega nota þá peninga til að fjárfesta í ríkisfyrirtækjunum sem verið er að selja.

Peningarnir fara því í hring og í ljós kemur að opinberir starfsmenn eiga þessi fyrirtæki, ekki landslýður, ekki landsmenn. Ógreidd skuldbinding ríkisins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er nefnilega meiri en verðmæti Landssímans, Landsbankans og Búnaðarbankans. Þetta er dálítið merkilegt.

Svo tala menn um samþjöppun valds. Það skyldi nú ekki vera að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og þar með talinn hv. þm. Ögmundur Jónasson muni tilnefna næstu bankaráðsmenn í þessum banka. Það er samþjöppun valdsins sem hv. þm. hefur verið að berjast á móti. Það skyldi nú ekki vera að hann sjálfur sé þessi samþjöppun sem um er að ræða.

En hvað um það. Eftir einkavæðinguna verður gerð krafa um arðsemi. Reyndar þyrfti þá að breyta reglum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins því það er svo merkilegt með þann sjóð að það skiptir engu máli hvaða vexti hann fær vegna þess að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum. Því þyrfti að breyta þannig að sjóðurinn verði ábyrgur. Þetta á reyndar bara við um B-deildina. A-deildin er farin að verða ábyrgari. Þá verður væntanlega farið að gera kröfu um arðsemi fjár í þessum banka sem og öðrum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég fagna þeirri einkavæðingu sem hér á að eiga sér stað og vona að fleiri fylgi á eftir. Ég nefni þar sérstaklega til sögunnar Landsvirkjun.

[18:23]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein örstutt leiðrétting hér í upphafi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, báðar deildir, starfa samkvæmt almennri löggjöf um lífeyrissjóði hvað ráðstöfun fjármuna snertir. Þar eru sömu reglur og gilda um lífeyrissjóðina almennt, að þeim ber að leita eftir hámarksarðsemi en þó að því tilskildu að hún sé traust. Um þetta eru ákvæði í almennri löggjöf sem gilda um lífeyrissjóðina og gilda um alla lífeyrissjóðina.

Hitt er alveg rétt að það sem er að gerast í landinu er geysileg samþjöppun á peningum í lífeyrissjóðum landsmanna. Við höfum farið inn á þá braut að styrkja lífeyrissjóðakerfið. Í stað þess að treysta á almannatryggingar til framtíðar, er treyst á sjóðsmyndun. Ég vakti m.a. athygli á þessu 1. maí, á baráttudegi verkalýðsins, og hverjar skyldur þetta legði á lífeyrissjóðina, hvernig þeir ráðstöfuðu peningum sínum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þeir hafa til ráðstöfunar og til fjárfestingar mjög mikla fjármuni. Það skiptir máli hvernig þar er á haldið. Að stjórn þessara lífeyrissjóða koma síðan verkalýðshreyfingin og atvinnurekendasamtökin. Þar er mjög dreifð ábyrgð en þó ekki dreifðari en sú eignaraðild sem við búum við hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum sem eru í eigu þjóðarinnar, þar sem hver einasti einstaklingur á hlut að máli, allir Íslendingar.

Það sem við erum að ræða hér er frv. sem gerir ráð fyrir því að þrengja þetta eignaform, færa það úr hendi þjóðarinnar í færri hendur.

[18:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að lífeyrissjóðirnir yrðu að ná fram hámarksarðsemi fjár og það er rétt og satt. Það er í lögum. Ég ætla að vona að hann búist við því að þessar stofnanir muni skila góðri arðsemi í framtíðinni. Ég vænti þess og að verðið sem hann er tilbúinn til að borga fyrir þessar stofnanir endurspegli væntingar hans um arðsemi.

Síðan kom hv. þm. að allt öðrum hlut, þ.e. samþjöppun valds, og ólýðræðislegu kjöri í stjórnir lífeyrissjóðanna. Það er annar kapítuli. Hv. þm. hefur ekki verið kosinn af sjóðsfélögum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að gegna stjórnarstöðu sinni. Hann er kjörinn á fundi hjá verkalýðsfélagi opinberra starfsmanna þar sem fólk er skyldað með lögum til að borga félagsgjaldið. Hvort sem það vill vera í því stéttarfélagi eða ekki. Með lögum eru menn skyldaðir til að borga þar inn, sem er eins konar skattlagning. Ég hef bent á að það sé jafnvel hugsanlega andstætt stjórnarskránni sem bannar framsal á skattlagningu. Fólk er skyldað til að vera í þessu stéttarfélagi. Það er skyldað til að borga í lífeyrissjóðinn. Síðan tilnefnir þetta stéttarfélag, sem er misvel uppbyggt lýðræðislega, fulltrúa sína í stjórnina og stjórnin ráðstafar þessum peningum. Þetta er mikil samþjöppun valds. Hv. þm. nefndi það sjálfur, mjög mikil samþjöppun valds, sem hann hefur í skjóli annarra manna fjár.

[18:27]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engin ný tíðindi að hv. þm. Pétur H. Blöndal tali fyrir því að menn stýri fjármálalífi, fjármálastofnunum og sjóðum í krafti eignarhalds á peningum. Það er ekkert nýtt. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum talað fyrir öðrum sjónarmiðum, að fulltrúar mismunandi viðhorfa og hópa í samfélaginu komi að þessum stjórnum. Það er hægt að fara ýmsar leiðir til að tryggja slíka aðkomu. Ein leið sem við höfum tíðkað er að Alþingi kjósi í stjórnir stofnana, þar á meðal var sá háttur hafður á varðandi ríkisbankana til skamms tíma.

Hins vegar langar mig til að upplýsa hv. þm. Pétur H. Blöndal um eitt. Þegar þessi lög um lífeyrissjóðina komu til afgreiðslu á Alþingi greiddi ég atkvæði gegn ákvæðinu um hámarksarðsemi. Ég greiddi atkvæði gegn því. Ég held ég hafi nú verið einn um það. Hver skyldi hafa verið ástæðan fyrir því? Skyldi hún hafa verið sú að ég sé andvígur því að lífeyrissjóðirnir ávaxti sitt pund? Nei. Skyldi ég vera andvígur því að þeir geri það bara nokkuð vel? Nei. Ég hef hins vegar varað við því að þjóðfélagið og fjármálalífið sér í lagi sé skipulagt þannig að þessi krafa ein sé höfð að leiðarljósi. Það getur hent, ef keyrt er á þessa stefnu um of, að efnahagskerfið og þar með þjóðfélagið allt sporðreisist.

Ég held að við séum þegar komin inn á mjög hálar brautir varðandi ávöxtun á fjármagni í samfélagi okkar. Mér finnst það að skoða ávöxtunarkröfuna eina og hafa hámarksarðsemissjónarmiðin ein að leiðarljósi í hæsta máta mjög varasamt. Ég tel að það eigi við um lífeyrissjóði sem aðra sjóði.

[18:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að fólk ætti að stýra fjármagni í krafti eignarhalds, eða þannig skildi ég það. (**Gripið fram í:** Ég var að vísa í hv. þm. Pétur H. Blöndal.) Nú, já. Þá skil ég það. Já það er mín skoðun. Hv. þm. vill þá stýra fjármagni burt séð frá eignarhaldinu. (Gripið fram í.) Hann vill stýra annarra manna fjármagni. Það er náttúrlega draumurinn að geta stýrt annarra manna fjármagni. Þannig eru lífeyrissjóðirnir uppbyggðir að sjóðfélagarnir, hinn almenni sjóðfélagi (Gripið fram í.) sem á lífeyrissjóðinn hefur því miður afskaplega lítið með ráðstöfun þess fjár að gera. Hann kemur yfirleitt ekki að kjöri stjórnar lífeyrissjóðsins. Hann má mæta á einhverja ársfundi. Það er nánast gert lítið úr honum. Hann má mæta á ársfundi en má ekki kjósa stjórn. Þessu þurfum við að sjálfsögðu að breyta. Sjóðfélagar verða að fá koma að því að ráða hvernig þessu fjármagni er ráðstafað, hvernig það er ávaxtað og í hvað það er sett. Þar geta bæði siðferðilegar spurningar og annað slíkt komið upp.

Mér finnst því einmitt hárrétt sem hv. þm. sagði, að hann stýri samþjöppuðu valdi í stjórn lífeyrissjóðsins í krafti annarra manna fjár. (**ÖJ:** Sagði ég það?)

[18:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði fjálglega um arðsemina og sagði að hún væri eina driffjöðurin. Hér er

um að ræða fyrirtæki sem ber heitið Búnaðarbankinn og var tengdur landbúnaðinum á sínum tíma og Landsbankinn sem tengdur var öllum landsmönnum. Ég leyfi mér að spyrja: Er ekki ástæða til að setja neins staðar í lög um þessar stofnanir að þeir eigi að bera þjónustuskyldu og á þeim hvíli þjónustukvöð? Við erum þó að myndast við að setja slíkar kvaðir á Landssímann. Það er myndast til við það í lögum um fjarskipti með ákvæðum um alþjónustu. Það er viðleitni til þess. En bankaþjónustan er líka hluti almannaþjónustu. Er hv. þm. eindregið þeirrar skoðunar að arðsemiskrafan ein eigi að ráða, arður fjármagnseigenda sem geta verið hvar sem er og þurfa ekki einu sinni að vera hérlendis? Þeir geta verið fjarri meðan arðsemiskrafan á að tryggja að þessi þjónusta sé veitt. Af hverju erum við þá t.d. að setja þessi lög um alþjónustu varðandi fjarskipti, svo veik sem þau eru?

[18:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég sé enga ástæðu til að setja lög um þjónustukvöð á fyrirtæki sem hafa það sem meginmarkmið starfsemi sinnar að veita þjónustu. Markmið bankanna er að veita viðskiptavinum sínum fjármálaþjónustu. Það er markmið þeirra. Ég sé ekki að þurfi að setja þá kvöð á að menn sinni sínum markmiðum.

Banki sem ekki stendur sig í að veita þjónustu dagar bara uppi. Það er svo einfalt. Þá er spurningin um hvort hann veitir nægilega dreifða þjónustu. Ef einhver veitir ekki þjónustu í einhverju þorpi úti á landi þá er þar tækifæri fyrir samkeppnisaðilann að koma inn. Það er svo einfalt.

Ég sé enga ástæðu til að hafa þjónustukvöð vegna þess að hlutverk þessarar stofnana er að veita þjónustu. Þær þurfa að veita góða þjónustu og hún þarf að vera algild. Banki græðir á því að veita góða þjónustu.

[18:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var ekki alveg viss um að bankarnir mundu sjá sér hag í að veita góða þjónustu um allt land. Góð þjónusta á þessu sviði er einmitt forsenda fyrir samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja hvar sem er á landinu. Hv. þm. gerir sér kannski ekki nægilega grein fyrir því. Í ræðu minni hér á eftir mun ég gera grein fyrir því að ekki einu sinni allir flytjendur þessa frumvarps telja slíka ráðstöfun tryggja þjónustu um allt land.

Ég vil líka spyrja: Þeim rökum hefur verið beitt mjög sterklega að það þurfi að selja vegna þess að það vanti fjármagn til að rétta af viðskiptahallann, helst að selja hann úr landi til að rétta af viðskiptahallann. Telur hv. þm. að við getum selt bankann oftar en einu sinni? Telur hann gild rök fyrir því að selja bestu eignir sínar, arðbærustu eignirnar, til að rétta af hallarekstur vegna rangra fjárfestinga? Telur hann það vera rök í málinu, boðleg rök? Ætti ekki frekar að ræða um breytta stefnu í efnahags- og atvinnumálum þannig að við fengjum ekki þetta ástand hér? Telur hann það rök í málinu að velja þurfi seljanlegustu eignirnar til að ná í peninga til að rétta af, t.d. viðskiptahallann sem rætt hefur verið um síðustu dagana?

[18:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi rök hafa nú aðallega komið frá hv. stjórnarandstöðunni. (**JB:** Nei, nei.) Það er ekkert meginmarkmið með sölu þessara banka að rétta af viðskiptahallann. Það gæti svo sem komið sér vel en þess gerist ekki þörf vegna þess að viðskiptahallinn er ekki fjármagnaður með ríkisábyrgð eins og áður fyrr. Hann er fjármagnaður með ábyrgðum einstaklinga og fyrirtækja þeirra og réttir sig af sjálfur. Þegar menn skulda nægilega mikið — ég held að við séum komnir á þann tímapunkt núna — þá geta þeir ekki tekið fleiri lán. Nú eru þeir að borga niður skuldir. Enda hefur komið í ljós að frá áramótum hefur vöruskiptajöfnuðurinn verið nokkurn veginn í járnum, ef frá eru talin óvenjuleg flugvélakaup á þeim tíma.

Viðskiptahallinn réttir sig af að sjálfu sér vegna þess að bak við hann er ekki endalaus opinber ábyrgð. Það er mikill munur frá því sem áður var. Auðvitað verður erfitt fyrir fólk að borga niður þá gengdarlausu eyðslu sumra Íslendinga, ekki allra, undanfarið. Það er langt í frá að allir hafi eytt um efni fram. Það getur vel verið að menn geti ekki fjárfest næstu tvö, þrjú eða fimm árin jafnvel. Það kemur þannig fram að viðskiptahallinn og vöruskiptahallinn lagast. Þetta er nefnilega meginmunurinn frá því sem áður var.

Ég held að það séu ekki rök fyrir að selja þennan banka, eingöngu að rétta af viðskiptahallann. Fyrir því eru önnur rök.

[18:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Ég mun koma inn á nokkur atriði varðandi þetta lagafrv. og þá lagaumgjörð sem þessum peningamálum er búin.

Í fyrsta lagi langar mig að fá upplýsingar. Ég fagna því að hæstv. viðskrh. er hér til staðar og getur veitt mér upplýsingar um þær reglur sem gilda hjá bankastofnunum eins og þeim sem við fjöllum hér um, Búnaðarbanka, Landsbanka og slíkar bankastofnanir, um hvernig þær megi fjárfesta, eiga hlut í öðrum fyrirtækjum, fjárfesta í áhætturekstri og öðrum fyrirtækjum en sjálfum sér.

Síðan vildi ég, herra forseti, ef hæstv. viðskrh. gæti líka frætt mig um það, fá upplýsingar um hvort til séu reglur sem banni fyrirtækjum í samkeppnisrekstri að kaupa hlut í banka.

Í þriðja lagi, herra forseti. Ef fyrirtæki má eiga hlut í banka og banki má eiga hlut í fyrirtæki, eru þá til reglur sem takmarka eða banna að banki eigi viðskipti við eða sé þjónustustofnun fyrirtækis sem á hlut í bankanum?

Ég spyr vegna þess að mig langar til að fá vitneskju um þetta og hvernig þetta er í öðrum löndum. Eftir því sem ég veit best ríkja í Bandaríkjunum afar ströng lög hvað þetta varðar. Þar er skýrt kveðið á um, að ég held og hæstv. viðskrh. getur þá leiðrétt mig fari ég villur vegar, að bankastofnanir megi ekki fjárfesta í öðrum fyrirtækjum. Ef fyrirtæki eiga hlut í banka þá mega þau ekki eiga innbyrðis viðskipti.

Ég tel afar mikilvægt að við höfum á hreinu viðskiptaumhverfi bankanna. Ég minnist umræðu í fréttum frá því fyrir ári eða einu og hálfu ári, umræðu frá Þýskalandi um að bankar hefðu hömlulaust leyfi til að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum, fjárfesta í áhættufyrirtækjum og jafnframt standa í viðskiptum við þau. Viðkomandi fyrirtæki gat svo fjárfest í bankanum eða öðru fyrirtæki bankans og þau fyrirtæki aftur fjárfest í banka og fyrirtæki. Þar var sem sagt hægt að búa til endalausa keðju, endalausa fléttu þar sem hver átti hlut í öðrum. Í þessari umfjöllun er einmitt rakið að þessi flétta, þessir möguleikar á slíkum viðskiptaháttum í Þýskalandi, stæði í veginum fyrir framförum og eðlilegum hagvexti, stæði í vegi fyrir því að atvinnulífið gæti þróast

eðlilega. Allt var orðið svo samtvinnað. Þess vegna var reynt að finna leiðir til að bankarnir kæmust úr slíkum rekstri og gætu helgað sig bankastarfseminni einni.

Ég tel, herra forseti, afar mikilvægt að fá upplýsingar um hvaða umhverfi bönkunum verður búið hér á landi. Ég leyni ekki þeirri skoðun minni að bankar séu mikilvægar þjónustustofnanir fyrir atvinnulífið, fyrir fyrirtækin, fyrir einstaklinga. Ég tel mikilvægt að peningastofnanir sem slíkar taki ákvarðanir algjörlega hlutlaust og þurfi ekki að taka það tillit viðskiptalegra hagsmuna eða tengsla við önnur fyrirtæki í annarri starfsemi. Ég tel að þess vegna eigi bankar að halda sig eingöngu við sína starfsemi og þeim eigi að vera óheimilt að fjárfesta í áhættufyrirtækjum. Jafnframt væri þeim óheimilt að vera þjónustubanki fyrir fyrirtæki sem þeir eru í eignarlegum tengslum við. Þetta vil ég fá á hreint, herra forseti, því ég tel þetta afar mikilvægt.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um hlutverk bankastofnana, hlutverk peningastofnana. Og hér hefur verið rætt og um það verið skiptar skoðanir hvort bankar séu fyrirtæki sem eigi aðeins að hugsa um arð til eigenda sinna eða hvort þeir eigi jafnframt að vera þjónustustofnanir sem eiga að stuðla að samkeppnishæfu umhverfi í kringum sig, eiga að veita þjónustu til að aðrar greinar atvinnulífs og einstaklingar geti búið við samkeppnishæft umhverfi. Um þetta er deilt. Um þetta eru skiptar skoðanir, þeirra sem vilja líta á þetta frá félagslegu sjónarmiði og hinna sem vilja líta á þetta eingöngu út frá sjónarmiði arðsemi fjárins og arðsemi peninganna eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur ítarlega gert grein fyrir í dag.

Í þessu ljósi er afar fróðlegt að kíkja aðeins í orð ýmissa hv. þingmanna sem hafa einmitt verið að leggja áherslu á að það væri svo mikilvægt að ná fjármagni með sölu ríkisbankanna til þess að byggja upp nýja lánastofnun sem gæti þjónað fólkinu úti á landi.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í viðtal við hæstv. viðskrh. í Morgunblaðinu 14. mars árið 2001. Eðlilega hefur hæstv. ráðherra áhyggjur af stöðu byggðamála, eðlilega. Það hefur nú ekki gengið svo björgulega og hún er jú ráðherra byggðamála. Þar hefur ekkert gengið og heldur á aftur á bak. Eðlilega hefur hún áhyggjur af því. Því er ósköp eðlilegt að hæstv. ráðherra segi í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Valgerður Sverrisdóttir segir að auka þurfi fjárveitingar til byggðamála og uppbyggingar atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og til greina komi að nýta hluta af söluhagnaði ríkisins vegna sölu á hlutafé ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbankanum í þessum efnum.

Valgerður lét þessi orð falla við umræðu um sölu á hlutafé ríkisins í bönkunum tveimur á Alþingi í gær. Segist hún ekki hafa mótað þessar hugmyndir en ljóst sé að auka þurfi fjármagn til byggðamála og þar með talin sé Byggðastofnun. Hún bendir á að jafnframt hafi verið nefnt að stórauka þurfi lánaþátt Byggðastofnunar, en það sé annað mál."

„Að stórauka þurfi lánaþátt Byggðastofnunar." Hvað þýðir þetta? Jú, Búnaðarbankinn og Landsbankinn eða bankarnir sem byggðir hafa verið upp til að þjónusta landið vítt og breitt, atvinnulífið vítt og breitt í landinu, hafa kannski ekki gert það neitt vel, en þeim er algjörlega vantreyst til þess að gera það áfram. Þess vegna þarf að stofna nýjan banka sem á að þjóna landsbyggðini. Og hann á að heita Byggðabankinn eða eitthvað þess háttar eins og orð virðast vilja lúta að. (**HBl:** Eða Hólabanki?) Já, eða Hólabanki. Og þá væri hann alvörubanki eins og var hér áður fyrr því Hólastóll var jú banki allra landsmanna, a.m.k. Norðlendinga þar sem stór hluti þjóðarinnar bjó á þeim tíma. Biskupsstólarnir gegndu þá einmitt bankahlutverki. Þangað var safnað auði. Þangað var safnað mat í harðærum sem síðan var deilt út.

Herra forseti. Ég mátti til með að koma þessu að eftir gott inngrip hæstv. forseta, hv. þm. Halldórs Blöndals.

En skýtur þetta ekki skökku við í þessari umræðu, þ.e. að alltaf þegar á að einkavæða fyrirtæki þá þurfi að gera eitthvað annað til þess að bjarga þjónustunni sem það var ábyrgt fyrir?

Ég vil líka, herra forseti, vitna í viðtal við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem jafnframt er stjórnarformaður Byggðastofnunar, um sama efni. Þar er hann sömu skoðunar og hæstv. ráðherrann, að lánsfé og lánsmöguleika skorti úti um landsbyggðina og lætur hann að því liggja að bankarnir hafi ekki staðið sig vel og þeim sé alls ekki treystandi til þess að sinna þessu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppni í útlánum á bankamarkaði er lítil úti á landi en mikil á höfuðborgarsvæðinu, segir Kristinn og þetta eykur þrýstinginn á Byggðastofnun."

Og áfram, með leyfi forseta:

„Kristinn vill auka getu Byggðastofnunar til að lána. Meðal annars verði stofnunin látin njóta þess þegar ríkisbankarnir verða seldir."

Svo er, með leyfi forseta, vitnað í beint hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, stjórnarformann Byggðastofnunar:

„Ég tel að það eigi að hugleiða það að hluti af söluandvirði bankanna renni inn í Byggðastofnun sem höfuðstóll, sem verði bakhjarl fyrir lánveitingar."

Hvað er verið að gera þarna annað en að búa til nýjan banka, búa til nýjan banka sem á að þjóna því hlutverki sem við ætluðumst til að þessir bankar gerðu, Búnaðarbankinn og Landsbankinn? Og hafi þeir ekki gert það sómasamlega hingað til þá væri fyllilega ástæða fyrir meiri hluta eigenda bankans á hluthafafundi að ræða það, þ.e. hafi þeir ekki staðið sig í þeirri þjónustu sem af þeim var vænst. Og svo á að búa til nýjan banka, Byggðastofnun, Byggðabankann. (**HBl:** Hann er nú kominn í Skagafjörðinn.)

Já. Hv. þm. Halldór Blöndal grípur mjög skemmtilega fram í. En hvenær megum við Skagfirðingar þá eiga von á því eða óttast það að þessi nýi banki sem þeir ætla að byggja upp — ég mundi taka heils hugar undir það eða vilja skoða það, þegar út í slíka vitleysu er komið, að selja bankana, að taka þá á móti fénu og setja það í banka í Skagafirði. Það væri kannski smárétting á kúrsnum í þeirri vitleysu sem á ferðinni er. En hvenær ættum við þá á hættu að sá banki yrði bara seldur frá okkur? (**HBl:** Það er búið að leggja niður fjárhúsin á Hólum og einhvers staðar verður féð að vera.)

Já, það er hörmulegt og það er líka búið að leggja þar niður stöðu fjárhirðisins sem var ríkisfjárhirðir á Hólum og það segir einkum sögu þess hvernig einmitt er staðið að góðri og traustri starfsemi úti á landi og ég óttast að það sama muni gerast með Byggðastofnunina og Byggðastofnunarbankann. Gert var ráð fyrir því þegar hann fluttist til Sauðárkróks og því hafði verið lýst yfir að hið fyrsta sem þessi nýi banki, væntanlegi banki mundi gera, væri að kaupa sér húsnæði, festa sig í sessi, eignast hús. En hvað gerist? Nei, þegar til kastanna kom átti þessi nýi væntanlegi banki, sem á að byggjast upp á fé úr þessum bönkum, að fara í leiguhúsnæði því framtíðin var svo ótrygg. Skýringin getur ekki verið önnur.

Herra forseti. Við höfum banka sem eru með þjónustustofnanir vítt og breitt um landið þar sem mikil staðbundin þekking er á atvinnulífi, á menningarlífi, þjóðlífi og þær eru hluti af því samfélagi þar sem þær eru staðsettar. En samt kemur stjórnarformaður Byggðastofnunar fram og óttast að með sölu bankanna muni þessi þjónusta ekki batna, hún muni ekki styrkjast og því sé nauðsynlegt að taka þetta fé og leggja það í nýjan banka sem hafi þetta hlutverk sem við héldum að þessum bönkum væri ætlað. Við trúðum því meira að segja að sparisjóðunum sé líka ætlað þetta hlutverk. En í frv. sem verður rætt hér síðar í kvöld er einmitt verið að gera tillögu um að svo geti farið að þeir hafi ekki heldur það hlutverk.

Herra forseti. Ég tel því að við séum hér á kolrangri braut. Við tökum alltaf einn bút í efnahagslífi þjóðarinnar og veltum honum upp í staðinn fyrir að horfa á hagsmunina heildstætt. Við eigum að horfa á hagsmunina heildstætt en ekki með svona bútasaumi og verða síðan alltaf að koma eftir á og reyna að bæta úr þar sem miður hefur farið.

Herra forseti. Það er þessi þjónustukvöð, þessi þjónustukrafa, þessi tilgangur með að reka banka og bankaþjónustu sem ég vil hér ítreka sjónarmið mín á. Þetta eru þjónustustofnanir sem eiga að stunda þjónustu og skapa samkeppnishæft umhverfi fyrir fyrirtæki, fyrir stofnanir og fyrir einstaklinga hvar sem er á landinu, en eiga ekki alfarið að vera til þess að skaffa einungis eigendum sínum arð fyrir það fjármagn sem þeir hafa lagt í þær eða með einhverjum hætti komist yfir og þessi skammtímagróðasjónarmið þar sem hver hugsar í sínum ævitíma eiga væntanlega ekki að vera hin eina driffjöður.

Herra forseti. Ég ítreka það hér að dapurlegt er til þess að vita ef við erum segja það hér að við þurfum að selja bankana okkar, bankana sem hafa byggt upp þjónustu, byggt upp útibú víðs vegar um landið, og leggja síðan andvirðið í nýjan banka til að taka upp þá þjónustu sem þessir bankar skilja þá eftir, fylla upp í þau skörð sem þessir bankar munu skilja eftir sig í þjónustu við landið allt hvarvetna þar sem byggð er. Það er dapurlegt til þess að vita að sú stefna skuli vera hér uppi að þessi umræða skuli vera vera nauðsynleg.

[Fundarhlé. — 18:57]

[19:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér viðamikið mál sem tekist hefur verið á um árum saman í íslensku samfélagi. Ekki er útséð um þau átök. Mér finnst lítil reisn yfir framlagi stjórnarliða við þessa umræðu, þ.e. þátttöku þeirra og virkni. Ég tel að þar mætti bæta úr. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh., sem ég veit að er í húsinu, sé í það minnsta viðstödd umræðuna. Einnig hefur staðið vaktina hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. sem um málið hefur vélað. Ég held að heppilegast sé að ég bíði með að hefja ræðu mína þar til annað hvort þeirra eða bæði verða hér á staðnum. Mér liggur svo sem ekkert á og get beðið hér.

(**Forseti** (ÍGP): Vegna orða hv. þm. hefur forseti þegar í látið sækja hæstv. viðskrh. sem er hér í húsi. Forseti mun athuga með ferðir hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, en hann mun vera hér skammt undan.)

Jafnvel þótt hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri fjarri góðu gamni þá teldi ég lágmark að hér væri a.m.k. fulltrúi Sjálfstfl. í viðkomandi nefnd. Ég gæti fellt mig við það.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun láta kalla út fulltrúa sjálfstæðismanna í viðkomandi nefnd.)

Herra forseti. Mér finnst dálítill kliður í salnum, en það kannski lagast fljótt. Ég get svo sem staðið hér en ég býð upp á að forseti geri hlé á þessum fundi í tvær, þrjár mínútur þar til ráðherrann má vera að því að koma til fundarins.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti gerir hlé á þessum fundi í fimm mínútur.)

[Fundarhlé. — 20:03]

[20:13]

Guðmundur Árni Stefánsson (frh.):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir atbeina hans, kraft og atorku við að ná hæstv. ráðherra hér til fundarins. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þó að korter sé ekki langur tími og hæstv. ráðherra hafi vafalaust góðar skýringar á seinkun sinni þá er þetta að mínu áliti dæmigert fyrir það hvernig framkvæmdarvaldið lítur á þessa stofnun, sem hreina og klára afgreiðslustofnun, stimpilpúða, sem eigi að bregðast við þegar kallið kemur.

Umræðan í dag hefur verið í þeim dúr. Ég vil draga það sérstaklega fram að hæstv. ráðherra hefur komið hér í andsvör nokkrum sinnum og formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, hefur staðið vaktina. Þar með er það upptalið, innlegg stjórnarliða til þessa stóra og veigamikla máls. Þetta er innlegg þingmanna Framsfl. og Sjálfstfl., 38 þingmanna og ráðherra, til þessa stóra máls sem um hefur verið deilt og tekist á um árum saman.

Ég hef í seinni tíð velt fyrir mér á hvaða vegferð þessi stofnun er í þessu samhengi, ekki síst í tengslum við efnisatriði málsins sem við ræðum nú. Ekki síst af þeim ástæðum hef ég hægt og bítandi orðið tregari en ella til að framselja vald til þessa svokallaða framkvæmdarvalds, til ráðherra sem á hátíðisdögum vinna í umboði okkar og okkur ber samkvæmt stjórnarskrá að hafa eftirlit með. Á því hefur ekki verið vanþörf.

Ég segi það fullum fetum, herra forseti, og það skulu vera upphafsorð mín um efni þessa máls, að ég á afskaplega bágt með að treysta núverandi ráðherrum, núverandi ríkisstjórn, fyrir jafnmikilvægum stofnunum í efnahagslífi þjóðarinnar. Sporin hræða.

Herra forseti. Ég átti satt að segja von á að við 2. umr. þessa máls mundu fulltrúar Framsfl., samflokksmenn hæstv. ráðherra, gera rækilega grein fyrir stefnubreytingunni sem sannarlega felst í þeirri málsmeðferð sem frv. gerir ráð fyrir. Ég átti von á að þeir gerðu skilmerkilega grein fyrir því af hverju þeim þætti sjálfsagt og eðlilegt að afsetja bankana og selja. Ég bjóst við að heyra þá lýsa afstöðu sinni til samfélagsþjónustunnar, samspils hennar við atvinnulífið almennt og þjónustu á vettvangi einkaaðila hins vegar. Staðreyndin er auðvitað sú að Framsfl. hefur hneigst mjög til hægri áttar og eru allir þingmenn flokksins sem einn í því. Þar er engin undantekning á ferð, enginn Guðni Ágústsson, hæstv. núv. landbrh. sem setti á gömlum og góðum dögum hnefann í borðið og talaði um menn á svörtuloftum, varaði við því að menn seldu verðmæti ríkisins einhvern veginn, til hvers sem er og fyrir hvaða verð sem er.

Nú er Guðni auðvitað kominn í ráðherraskjól og þegir þunnu hljóði, segir ekki múkk. Hann vísar væntanlega til þess að þetta mál sé ekki á forræði hans sem landbrh. Satt að segja átti maður þó von á að í þessum 12 manna þingflokki slægi félagshyggjuhjartað enn í einhverjum, einhverjum sem

a.m.k. hefði eilítið aðrar áherslur. Ég bjóst við að einhver framsóknarmanna mundi standa vörð um einhverja þá þætti sem Framsfl. vakti máls á á árum áður og tala um mikilvægi þess að þessi aðgerð leiddi ekki til fákeppni heldur efnahagslýðræðis. Ég bjóst við að einhver þeirra mundi hvetja til að þessi aðgerð leiddi til að minnkandi vaxtamunur yrði fyrir fólkið í landinu, ekki síst í dreifðari byggðum, tæki vel í að með sölunni yrði tryggt atvinnulýðræði og starfsmannamálin yrðu í góðu lagi. En ekki einn einasti maður segir aukatekið orð. Við því var ekki að búast að hæstv. ráðherra tæki undir slíkar hugmyndir, sem eru mjög veigamiklar í þessari umræðu. Ég kem nánar að því hér á eftir.

Herra forseti. Þetta er til marks um niðurlægingu Framsfl. Eftir sex ára vist hjá íhaldinu er undirlægjuhátturinn orðinn slíkur að þeir bera það ekki við, ekki eitt andartak, að halda til haga sérmálum sínum í málinu, sérstökum áherslum sínum. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, forustumaður Verslunarráðs, talar fyrir þá alla. Þetta er auðvitað vandamál Framsfl. og ég ætti svo sem ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Hins vegar er óhjákvæmilegt að draga þennan veruleika fram. Svona hefur þetta gengið fyrir sig, ekki bara í þessu máli heldur í hverju málinu á fætur öðru.

Það er auðvitað dálítið nöturlegt til þess að hugsa (Gripið fram í.) og á það að horfa að það er Framsfl. sem ber þetta mál fyrir hið háa Alþingi. Af því hæstv. ráðherra varð óróleg og var með frammíkall í þá veru að Alþfl. hafi forðum daga einnig verið í samstarfi með Sjálfstfl. þá vil ég minna sama hæstv. ráðherra á að Alþfl., þrátt fyrir stanslausan þrýsting íhaldsins í þá veruna að setja bankana á markað, neitaði Alþfl. því. Því var bara hreinlega neitað. Þarna er skilur á milli feigs og ófeigs. Þarna er munurinn á jafnaðarmönnum annars vegar og þessum línudönsurum, þessum fimu línudönsurum hins vegar.

Ég rakst á alveg dásamlega frétt á visir.is í dag sem sagði okkur frá því á hvaða ferðalagi hæstv. ráðherra var í morgun og fram undir hádegi. Hún kom seint til fundarins. Hún var að kenna nemendum í MA, í eigin kjördæmi, línudans. Í fréttinni segir hér, með leyfi forseta:

„Valgerður" — þ.e. hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir — „er annálaður línudansari og það leyndi sér ekki að hún náði mjög vel til nemendanna sem léku eftir henni listirnar vel og lengi. Samkvæmt upplýsingum frá MA var mikil þátttaka í dansinum og góður rómur gerður að fimi ráðherrans."

Mér fannst þetta eiga býsna vel við hér, þessi línudans Framsfl. og fimi hennar við að falla nánast í einu öllu að hugmyndafræði íhaldsins. Hér er íhaldið auðvitað að fagna sigri, sigri fyrir trúarbrögð íhaldsmanna. Því hafa íhaldsmenn, a.m.k. hægri hluti þeirra, aldrei leynt að það að einkavæða nánast velflestar stofnanir ríkisins eru trúarbrögð í augum þeirra. Í 10 ár, allt frá fyrsta degi þess að þeir komust að í ríkisstjórn og raunar löngu fyrr, hafa þeir talað um að selja bankana. Það eru þessi trúarbrögð, tröllatrú á markaðnum og lausnum hans sem hafa ævinlega orðið til þess að ég staldraði við. Ég mun koma að því rétt á eftir hvaða augum við jafnaðarmenn lítum þetta samspil félagsþjónustunnar og lausna markaðarins, þar eru engin trúarbrögð á ferð. Þar er köld raunhyggja sem á að ráða för og heitt hjarta.

Það er gott að hæstv. ráðherra er glatt í sinni eftir línudansinn í morgun. Hún heldur honum áfram. Framsfl. dansar á línu íhaldsins og er auðvitað við það að detta í hverju málinu á fætur öðru. Framsfl. er búinn að svíkja hér trekk í trekk, á yfirstandandi kjörtímabili og hinu síðasta líka, loforð sem hann gaf kjósendum. Man einhver til þess, herra forseti, að Framsfl. hafi farið fram í síðustu kosningum með það markmið að selja bankana eða selja Landssímann? Hélt hæstv. núv. viðskrh. langar og miklar ræður á Húsavík eða á Akureyri í þá veruna að það yrði hennar fyrsta verk og markmið að selja bankana? Bjuggust kjósendur hennar við því að hún gæti vart hamið sig hér í þingsal á lokaspretti þessa ætlunarverks? Nei, auðvitað var það ekki þannig. Auðvitað var það ekki þannig. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig fari ég rangt með en eins og fyrri daginn var Framsfl. með allt önnur áform. Hann sóttist eftir allt öðru. Ég skil það ósköp vel að hæstv. ráðherra og framsóknarmönnum sé órótt undir ræðu minni. Ég hef á því skilning en sannleikann verður að segja þó að hann sé stundum sár og erfitt á að hlusta.

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls er býsna sérkennilegur. Ég hef stundum velt því fyrir mér varðandi hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur hvaða tilgangi allt þetta írafár og allar þessar aðgerðir ráðherrans, misheppnaðar flestar að vísu, í aðdraganda máls, t.d. við stjórnarskipan í bankaráð o.s.frv., þ.e. hvaða tilgangi allt það sjónarspil þjónaði.

Menn fylgdust með því í fréttum fyrir nokkrum mánuðum þegar hæstv. ráðherra lamdist við að setja yfir nýjan bankastjóra í Búnaðarbankanum. Henni tókst það ekki, var stopp. Síðan fylgdust menn með henni lemjast í því fyrir opnum tjöldum að skipta út Pétri og Páli í bankaráði Búnaðarbankans. Í ljósi þess að nú gengur það væntanlega fram sem ráðherrann leggur til, að þessi banki verði seldur á næstu missirum — og miðað við reynsluna má sennilega telja það í mánuðum — væri fróðlegt að vita, herra forseti: Til hvers var allt þetta írafár og allt þetta fjaðrafok út af bankaráði sem er deyjandi? Til hvers að skipta um ráðherra þegar markaðurinn á að ráða þessu og taka ákvarðanir um það á næstu mánuðum? (**Viðskrh.:** Ráðherra?) Markaðurinn, sagði ég. Ráðherra vildi skipta um bankastjóra fyrir nokkrum mánuðum. Gjörbylta öðrum ríkisbankanum. Ég spyr af því að ég skil það ekki. Þess vegna spyr ég bara þráðbeint: Hver var tilgangurinn með því öllu í þessu samhengi? Samhengið er mér ekki ljóst en kannski er einhver djúphygli þarna undirliggjandi sem ráðherra getur sagt mér frá.

Á sama tíma og ráðherrann er að undirbúa markaðssetningu bankans og koma honum í hendur þeirra sem best geta stjórnað honum að hennar áliti, þ.e. markaðarins, þá var ráðherrann fram á síðustu stundu að reyna að setja niður mann og annan í stjórn bankans. Maður skildi satt að segja ekki allt það fjaðrafok og dinglumdangl. Hæstv. ráðherra gerir okkur sennilega grein fyrir því að þetta hafi verið markviss undirbúningur að því máli sem hér er til umræðu. Ég veit það ekki. Þetta dreg ég hér fram þótt ég sjái ekki samhengið, til að undirstrika lausatökin, fumið og fátið hjá hæstv. viðskrh. í kringum þessi bankamál. Fyrir tveimur mánuðum var hún í stappi við samstarfsflokkinn og stjórnarformann Búnaðarbankans, fyrrverandi þingmann, yfir því að hann léti ekki að stjórn. Honum var vísað á dyr og upp hófst mikið makk og samningar milli stjórnarflokkanna. Það gekk svo langt að brjóta varð heiðursmannasamkomulag við stjórnarandstöðuna til að tryggja eitthvað sem mér er ekki kunnugt um.

Maður veltir þessu fyrir sér. Þarna virðist ekkert efnislegt samhengi á milli. Engu að síður vekur þetta sjónarspil ótta og spurninguna: Er hæstv. ráðherra og þessari ríkisstjórn

treystandi fyrir því að fá opna heimild hjá Alþingi til að setja þessi verðmæti þjóðarinnar á markað einhvern veginn? Mitt svar er nei. Það er hreinlega nei. Sporin hræða í þeim efnum.

Þó fyrri ræðumenn hafi farið mjög ítarlega yfir málið og samflokksmenn mínir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson gert það prýðilega þá vil ég gjarnan fá við hrein og ærleg svör hjá hæstv. ráðherra við nokkrum spurningum sem lúta að grundvallaratriðum.

Í fyrsta lagi: Finnst hæstv. ráðherra það engu máli skipta hvort starfsmenn fái þátttökurétt í stjórnum hlutafélaga? Er þetta hugtak atvinnulýðræði, sem ég hef heyrt marga framsóknarmenn tala um á hátíðlegum stundum, bara notað á hátíðlegum stundum? Er Framsfl. andvígur þeirri stefnumörkun og þeirri hugmyndafræði okkar jafnaðarmanna og félagshyggjufólks að atvinnulýðræði verði virt? Er það þess vegna sem ekkert er um það að finna hér í frumvarpinu? Er það þess vegna sem hugmyndum í þá veru hefur verið tekið jafnilla og raun ber vitni? Ég spyr.

Ég spyr líka hvort ráðherranum finnist það ekki dálítið óþægilegt innst inni, jafnmikil verðmæti og hér um ræðir, að hlutabréfamarkaðurinn er svo veikur sem raun ber vitni. Hefði ráðherrann ekki kosið að fá heimild til sölu þessara verðmætu fyrirtækja í eigu þjóðarinnar þegar efnahagsástandið væri betra?

Ég spyr í þriðja lagi: Hefur hæstv. ráðherra fullvissu fyrir því og er það þess vegna sem hún leggur þetta mál fram, að þessi aðgerð bæti þjónustu við einstaklinga og fyrirtækja, dragi úr vaxtamun til einstaklinga og fyrirtæki, sem er auðvitað lykilatriði í allri umræðunni og málið snýst um, þ.e. að íslenska bankakerfið verði þannig úr garði gert, að það þurfi ekki að taka til sín jafnmikinn vaxtamun og við höfum búið við allt of lengi?

Vafalaust eru margar skýringar á því sem ég ætla ekki að fara nákvæmlega í. En það hlýtur engu að síður að verða krafa íslenskra neytenda, hvort sem þeir eru úr atvinnulífi eða einstaklingar, þá hljóta þeir að kalla eftir að tilkostnaðurinn lækki og þörfin fyrir þennan gífurlega vaxtamun, hvort sem hún er raunveruleg eða tilbúin, og þjónustugjöld bankanna lækki. Hefur ráðherrann sannfæringu fyrir því að það dragi úr því með sölu þessara tveggja banka á næstu mánuðum?

Hefur ráðherrann kannski ótta af því eins og ég að þeir aðilar sem munu festa peninga í þessum bönkum, muni eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur margsinnis hamrað á, heimta skerf sinn til baka hratt og ákveðið, þ.e. þeir muni heimta sinn arð af þessari fjárfestingu mjög hratt og ákveðið? Þá verður auðvitað ekki því til að dreifa að neytendur og notendur njóti góðs af. Ég er býsna hræddur um að einhver bið verði eftir því.

Hefur ráðherrann sannfæringu fyrir því að hið fyrrnefnda gangi eftir, að notendur muni njóta góðs af? Þá er ég að tala um í nánustu framtíð ekki síður en til lengri tíma litið. Ekki þýðir að afgreiða mig með því að einhvern tímann og einhvern tímann hljóti þetta að lagast og njótendur og viðskiptamenn íslenska bankakerfisins njóti svipaðra kjara og gerist og gengur í nágrannalöndum okkar sem hefur ekki verið.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra að því, af því hún er þrátt fyrir allt úr Framsfl., sem á rætur í samvinnuhreyfingunni og kallar sig félagshyggjuflokk á hátíðlegum stundum: Hefur hún engar áhyggjur af því að hinu svonefnda efnahagslýðræði sé hætta búin, þ.e. okkar litla hagkerfi sé orðið það samansúrrað og í höndum svo örfárra aðila að efnahagslýðræðinu sé hætta búin? Hefur hæstv. ráðherra engar áhyggjur af því?

Ég trúi ekki öðru en hún hafi það þegar hún skoðar hug sinn. Veruleikinn blasir auðvitað við. Við höfum ákveðna reynslu af því. Við þekkjum það í ákveðnum greinum íslensks atvinnulífs, þjónustugreinum, sem hér er búið að fara mjög rækilega yfir þannig að þessi hætta er auðvitað enn frekar til staðar í okkar litla efnahagskerfi en í efnahagskerfi stærri þjóða heimsins. Því þurfum við enn frekar að vera á varðbergi.

Þetta eru samviskuspurningar til hæstv. ráðherra eftir allítarlega yfirferð hjá mér rétt áðan varðandi þá umpólun og umbreytingu sem orðið hefur á Framsfl. Ég gerði það fyrir þessa umræðu að ég fletti hreinlega upp í stefnuskrá flokksins, bara til þess að kanna hvort hún hefði nokkuð breyst, hvort ég hefði misst nokkuð úr. En það reyndist ekki vera. Allt var með kyrrum kjörum á þeim bænum og öll þessi hugtök voru þar sannarlega til staðar. Félagshyggja, fólkið í landinu og allt þetta sem menn þekkja þegar Framsfl. mætir rétt fyrir kosningar. Ég kannaði þetta aftur, herra forseti. Ég þorði ekki annað. Allt er þetta á vísum stað og þess vegna hlýt ég að ætla svo að einhvers staðar leynist nú taug sem titri í þessa veruna. Það er undir þeim formerkjum sem ég beini þessum samviskuspurningum til hæstv. ráðherra og bið hana að svara eins ærlega og af bestu samvisku og henni er nokkur kostur og hún hefur leyfi til.

Ég tók líka eftir því, herra forseti, að í orðræðu fyrr í dag í andsvörum við hv. þm. Ögmund Jónasson kvartaði hæstv. ráðherra mjög yfir því að þingmenn væru að láta sig það varða hvernig efnahagslífið gengi fram og að þingmenn væru að velta því fyrir sér hvernig bankarnir væru reknir. Og þingmenn væru að velta því fyrir sér hvernig vaxtastigið væri í landinu. Þetta væri bara ekki þeirra mál. Nei, nei, þetta þyrfti náttúrlega að vera í höndum sérfræðinga. Það væri því ekki seinna vænna en koma þessum viðfangsefnum hér úr þinginu. Þannig var þetta í grófum dráttum. Ég fer auðvitað ekki orðrétt með þetta en ég lagði mjög rækilega við hlustir og þetta var innihald ræðu hæstv. ráðherra sem kvað mjög fast að og taldi það óþarfa afskiptasemi af hv. þm. að vera að hafa áhyggjur af þessu.

Ég deili hins vegar áhyggjum með hv. þm. Ögmundi Jónassyni í þá veruna. Ég vil segja hæstv. ráðherra það að ég mun ekki hætta að hafa áhyggjur af gangverki efnahagskerfisins á Íslandi, hvernig fjármálastofnanir beita valdi sínu, hvernig þær haga þjónustu sinni og á hvaða kjörum hún er. Ef við þingmenn og hið háa Alþingi ætlum að hætta að fylgjast með því þá er nú lítið eftir. Þá hafa menn ekki miklu öðru að sinna að mínu áliti.

Nei, herra forseti, hæstv. ráðherra þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því. Hún má vita að það verður gjörla fylgst með því.

Hins vegar er í þessu samhengi eftirtektarvert — skylt er skeggið hökunni — að þessi talandi hæstv. ráðherra í þessa veruna er mjög í ætt við það sem gerst hefur á síðustu missirum og árum, með hlutafélagavæðingunni fyrst og síðan einkavinavæðingunni. Hlutafélagavæðingin var nefnilega dálítið meira og annað en undirbúningur undir sölu. Því við hv. þm. áttuðum okkur fljótlega á því að um leið og háeffið var sett aftan við þessi fyrirtæki, þá var skrúfað fyrir allar upplýsingar til hins háa Alþingis. Og hv. alþm. var einfaldlega sagt það: „Þið þurfið að sækja ykkar upplýsingar eins og hver annar.“ Og vísað í upplýsingalögin, eins gæfuleg

og þau nú eru, sem auðvitað er alger firra að áliti mínu því stjórnarskráin setur á okkur þá skyldu að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, hvort heldur framkvæmdarvaldið hafi sett hf. fyrir aftan sig eður ei.

Í því samhengi, herra forseti, hef ég flutt þrjú eða fjögur ár í röð frv. til laga um breytingar á hlutafélagalögum annars vegar og þingsköpum hins vegar, til að breyta þessari ósvinnu og ég mun halda því áfram svo lengi sem ríkissjóður á helming í einhverjum þeim hlutafélögum — er ekki búinn að losa sig við þau — til að tryggja að stjórnarskráin sé hér í gildi þannig að menn misnoti ekki eða gangi á svig við hana og læsi öllum dyrum hvað varðar eðlilegt upplýsingaflæði til alþingismanna.

Auðvitað verður það líka þannig, herra forseti, að hæstv. ráðherra í gegnum þó það eftirlitskerfi sem menn hafa orðið ásáttir um að setja á með þessu fjármálakerfi sem við viljum sannarlega breyta og bæta, en engu að síður er til staðar og núv. ríkisstjórn gengst við. Í gegnum það mun ég sem þingmaður, og raunar miklu fleiri veit ég, rukka hæstv. ráðherra um gang mála. Ef hæstv. viðskrh. heldur að hún þurfi ekki að ræða efnahags- og viðskiptamál við hið háa Alþingi þá fer hún vill vegar. Ef hún heldur það líka, hæstv. ráðherra, að þar með hætti menn að tala um Framsfl. og félagshyggjuna þá fer hæstv. ráðherra líka vill vegar.

Ég rifja það líka upp, herra forseti, um leið og ég leit í stefnuskrá Framsfl., þá fletti ég upp orðræðum þegar hlutafélagavæðingin gekk í gegn 1997 og þó að stjórnarmeirihlutinn hafi verið ásáttur um að láta það mál fram ganga, þá verð ég að segja alveg eins og er, herra forseti, það var eilítið meiri mannsbragur á þeim framsóknarmönnum í þá tíð. Það bar þó örlítið á því í þeim umræðum að þeir slægju varnagla, þeir veltu því efnislega fyrir sér hvaða áhrif hlutafélagavæðingin og síðan sala hlutabréfa hefði á markað, hefði á lýðræði, hefði á kjör fólks, með öðrum orðum, þeir reyndu að hafa sjálfstæðar skoðanir. Enda voru þeir þá aðeins búnir að vera í tvö ár í samstarfi með Sjálfstfl. Á þessu ber ekki lengur. Þetta er liðin tíð. Þetta er búið mál. Nú er það hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem stýrir för þó að forminu til sé það hæstv. ráðherra sem beri málið hingað inn.

Herra forseti. Menn hafa eðlilega rætt um hversu skynsamlegt það er að leggja það á hlutabréfamarkað sem stendur afskaplega höllum fæti nú um stundir, að setja inn á hann 26–27 milljarða, 26, 30 eða hvað það nú verður með þessari bankasölu, 30, 35, 40 milljarða í sölu Landssíma, þ.e. hvort mönnum finnist það virkilega skynsamlegt að leggja það á þennan markað á sama tíma.

Ég er satt að segja dálítið undrandi á því að maður eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson skuli reyna að mæla því bót af því við vitum að auðvitað er samkeppni um fjármagn. Það eru mörg fyrirtæki í landinu önnur en í eigu ríkissjóðs, sem eru að sækjast eftir fjárfestum, sækjast eftir nýju fjármagni. Ég er satt að segja dálítið undrandi á því að þegar við erum í ákveðinni efnahagsdýfu og menn kalli eftir vítamínsprautu gagnvart atvinnulífinu þá sé það talið skynsamlegast fyrir ríkissjóð að sækja inn á þennan markað og soga til sín fjármuni frá fjárfestum sem mundu ella og væntanlega leggja peningana sína í annars konar fjárfestingu.

Ég spyr hv. þm. Vilhjálm Egilsson: Finnst honum það mjög skynsamlegt við þessar aðstæður að ríkissjóður sé í samkeppni um þessa fjárfesta, einmitt á þessum tíma? Kemur það heim og saman við það þegar hann og flokksbræður hans eru að ræða um mikilvægi þess að létta álögum af atvinnulífinu, því það þurfi svigrúm og ráðrúm til að komst út úr þessari dýfu efnahagslífsins sem ég vona að verði ekki langvinn? Meira að segja gengur hv. þm. lengra og talar um að það þurfi að hækka eigið fé þessara banka. Það þurfi meiri peninga frá fjárfestum en eiginlegt kaupverð bankanna verði.

Finnst hv. þm. það mjög skynsamlegt að ríkissjóður fari í þessa myljandi samkeppni við atvinnulífið, um fjárfestingarfé í landinu sem ég hygg, að sé af skornum skammti? Ég hygg ekkert að það sé, það er bara af skornum skammti. Það er annað í þessu samhengi, herra forseti, sem gerir það að verkum að það ber að sýna varkárni og varúð í þessum efnum.

Hlutabréfamarkaður og frjáls viðskipti á þeim vettvangi er nýjabrum á Íslandi. Íslendingar hafa að sumu leyti tekið býsna vel við sér og það er gott. Ekki ætla ég að deila á mikilvægi að almenningur láti sig varða að atvinnulífið gangi vel fyrir sig og einhverjir fjármunir séu til ráðstöfunar og leggi þá jafnvel sparifé sitt inn í slíka uppbyggingu. En auðvitað er ekki hægt að ræða þá hluti undir þessum formerkjum öðruvísi en að nefna að gífurleg vonbrigði hafa verið með ýmsa þætti þess máls. Það er ekkert launungarmál að margt það fólk sem taldi sig vera að gera rétt og gott með því að leggja fjármuni inn í hlutabréfamarkaðinn, kaupa þar hlutabréf, las um það í fjölmiðlum og sá það í sjónvarpi, heyrði landsfeðurna tala um að það væri fundið fé hjá stórgróðafyrirtæki að leggja sparifé inn í atvinnulífið, sérstaklega þó í eitt fyrirtæki sem allir vita hvert er. En svo kemur auðvitað á daginn að þetta er áhættubisness og margir horfa framan í þann veruleika núna.

Ég óttast og tel mig hafa rökstuddan grun um að það verði ekkert mjög auðvelt, ef vilji er til þess yfirleitt, að fá almenning til þess, ef eitthvert sparifé er til, að leggja af sínu sparifé til að kaupa hlut í þessum bönkum. Ég held að ýmsir hafi brennt sig á því og kannski var ástæðan sú að of bratt var farið. Það hefur stundum verið hér lenska á okkar eylandi að það er annaðhvort í ökkla eða eyra og í þessu samhengi varð hér til einhver vísir að hlutabréfamarkaði nánast á nokkrum mánuðum, eða kannski er eðlilegra að segja á nokkrum missirum í mesta lagi.

Ég hefði talið skynsamlegra að þessi markaður, sem er auðvitað mjög þunnt smurður, fengi ráðrúm og svigrúm til þess að slíta barnsskónum og jafna sig áður en ríkissjóður gengi hér fram með miklu offorsi og dældi fjárfestingarkostum inn á hann í tugmilljarða vís, einhvers staðar í kringum 60–70 milljarða. Mér finnst þetta ekki mjög skynsamlegt. Ég spyr því enn og aftur hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort félagar hans t.d. í Verslunarráði hafi ekki sett á hann síma og spurt um hvort það væri mjög skynsamlegt að ríkissjóður væri í þessari samkeppni um krónurnar og aurana sem til ráðstöfunar eru í fjárfestingu af þessum toga. Ég hef a.m.k. miklar efasemdir um það.

Í gær ræddu þingmenn um gengismál utan dagskrár og fór hæstv. forsrh. mikinn um það að allt hefði þetta nú gengið til baka og þetta svokallaða flökt í genginu hefði meira og minna verið tímabundið vandamál sem læknaðist af sjálfu sér.

Ég tók ekki þátt í þessari umræðu. En ég saknaði þess dálítið að lítið kom fram í henni um að vegna þessa svokallaða flökts í genginu og hvað sem því líður þá birtist það í þeim veruleika gagnvart hinum almenna borgara í landinu að hann borgar meira fyrir þá þjónustu sem hann kaupir. Ég

gef ekkert fyrir sýndarsprikl olíufélaganna einhver dægur. En varðandi t.d. matvöruverð og ferðalög þá birtist þetta á hverjum einasta degi nú, 5, 6, 7%. Og er furða þó að launafólk í landinu, eins og verkafólk í mínum heimabæ, Hafnarfirði, segi við sig á slíkum stundum þegar það á að reyna að loka samningum með einhverjum þremur eða fjórum prósentum, að slíkt sé alger firra og algerlega fráleitt því hér er verðlag á hraðri uppleið. Ég velti því fyrir mér hvort þessi aðgerð muni sérstaklega verða til þess að auka þennan stöðugleika. Ég dreg það mjög í efa. Í fyrsta lagi held ég að hún verði hvorki til þess að auka stöðugleikann og draga úr þeirri bólgu verðs sem til staðar er og það af síður verður hún sú vítamínsprauta fyrir atvinnulífið í landinu sem menn hafa nú mestar áhyggjur af þessa stundina og þessi dægrin, sumpart af eðlilegum ástæðum. En menn nota auðvitað ekki þessa peninga tvisvar. Ekki í þessu tilfelli. Og menn selja ekki heldur tvisvar. Það vil ég minna á, herra forseti, að þetta er aðgerð sem ekki verður tekin aftur. Þetta er ákvörðun sem menn endurmeta ekki að tveimur eða þremur árum liðnum. Það er af þeim ástæðum sem er svo nauðsynlegt að stíga hér varlega til jarðar og að menn sjái fram fyrir sig, viti hverjar afleiðingar þessara gjörða verða í lengd og bráð.

Það er kannski að nefna snöru í hengds manns húsi, ég veit það ekki, en kannski fær allt stjórnarliðið í heild og breidd gæsahúð eða hroll öllu heldur þegar Þjóðhagsstofnun er nefnd. En ég spyr hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort hann taki ekki í einu eða neinu mark á viðvörunum Þjóðhagsstofnunar í þessa veru um að óskynsamlegt sé að markaðssetja þessi verðmæti þjóðarinnar á þessum tíma. Er svarið e.t.v. að það eigi að leggja hana niður um áramót? Ég hugsa að ég biðji um efnislegt svar við þessu. Er Þjóðhagsstofnun á rangri leið í þessu eins og öðru þegar hún segir eitthvað sem passar ekki alveg við það sem stjórnarherrarnir með forsrh. í broddi fylkingar vilja halda fram? Er þetta enn önnur dellan hjá Þjóðhagsstofnun? Og er svarið bara það að við skulum leggja hana niður um áramót?

Herra forseti. Ég hef nú tæpt á örfáum atriðum í þessu máli og gæti svo sem farið miklum mun ítarlegar í ýmis þau atriði sem ég hef hér mjög haldið til haga einmitt við aðstæður sem þessar. Menn tala hér til að mynda mjög laust finnst mér um réttindi starfsfólks og mér finnst það afskaplega létt í vasa þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talar um að hann trúi því að nýir stjórnendur bankans muni fara af nærgætni með starfsfólkið. Hér liggur fyrir tölfræðilega að langstærstur hluti starfsfólksins eru konur. Það liggur líka fyrir að ákveðinn hluti þeirra eru traustir, gamlir starfsmenn sem hafa verið þar um langan tíma. Menn þekkja það auðvitað og vita og þurfa ekkert að láta öðruvísi að við aðstæður sem þessar er reynslan sú annars staðar, og raunar hér heima líka, að þar er fyrst borið niður. Menn hafa auðvitað bent á Íslandspóst í því samhengi.

Hafa menn engar áhyggjur af því, ekki síst í efnahagslægð, að erfiðara en ella geti nú verið fyrir þetta fólk að fá atvinnu við hæfi? Það er kannski ástæðulaust að vera að spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson að þessu. Hann segir að markaðurinn bara reddi því. Hann trúir því. En mig langar hins vegar að spyrja framsóknarmenn, félagshyggjuflokkinn Framsfl. ... (**Gripið fram í:** Félags hvað?) Félagshyggjuflokkinn, það stóð í stefnuskránni sem ég var að lesa áðan, flokkur félagshyggju og samvinnuhreyfingar, samvinnu og félagshyggju — hvort hæstv. ráðherra hafi ekki áhyggjur af kynsystrum sínum sem gætu lent á götunni og þyrftu að leita sér vinnu á nýjum stað eftir áralanga þjónustu við þessar bankastofnanir. Hefur hæstv. ráðherra engar áhyggjur af því eða hefur hún þegar sett í gang vinnu við það að bjóða upp á ný og betri störf? Því eins og ég sagði er reynslan auðvitað ólygnust í þessu sambandi og það liggur í augum uppi að þeir sem ætla að hámarka sína fjárfestingu ekki seinna en á morgun munu auðvitað ekki eira neinu þegar til kastanna kemur.

Herra forseti. Ég og við samfylkingarmenn og jafnaðarmenn, viljum nota markaðinn þar sem hann er nýtilegur til þess að lækka verð á þjónustu og bæta hana. Við viljum hins vegar gera það með varúð og gætni. Við gerum það ekki að okkar trúarbrögðum. Ekkert er algilt í þessu sambandi, hvorki til eða frá. Þess vegna teljum við að allra lengst verði gengið á þessu stigi máls með því að heimila með skilyrðum að setja minni bankann á markað, með skilyrðum, eftir að Seðlabanki og þessi stofnun sem ekki má nefna hér í þessum sölum, Þjóðhagsstofnun, er búin að leggja það mat hvort skynsamlegt sé að setja bréfin á sölu eður ei.

Í því samhengi er náttúrlega dásamlegt að heyra stjórnarliða ræða um þann þátt málsins. Þegar það hentar á að selja bréfin þegar verðið hvað hæst því þá græðir eigandinn. En svo hentaði það til að mynda hjá hæstv. samgrh. um daginn að líka væri heppilegt að selja þegar verðið væri lágt því þá gætu fleiri keypt og talaði hann þá um almenna borgara og almenning. Þetta rekst auðvitað hvað á annars horn í þessu samhengi. En svona er málflutningurinn. Tilgangur helgar einfaldlega meðalið. Þetta skal í gegn. Menn ætla að selja. Íhaldið er búið að hafa þetta á stefnuskrá í tíu ár og ekki er seinna vænna að ljúka verkefninu, klára málið. Menn vita það auðvitað af langri reynslu líka eftir samstarf við Framsfl. að hann lúffar þegar til kastanna kemur, hann gefur eftir. Það hefur tekið þá fjögur ár frá því þeir fengu hlutafélagavæðinguna í gegn að fá þá til að selja og framkvæmdin sjálf mun sennilega taka nokkra mánuði. Það er sem ég sjái næstu kosningar renna upp þegar hæstv. ráðherra og einn forustumaður Framsfl., Valgerður Sverrisdóttir, kemur heim í hérað og telur sér það helst til tekna að hafa selt Landsbankann og Búnaðarbankann fyrir slikk og að hafa staðið að því að selja Landssíma Íslands að meðtöldu dreifikerfinu, að meðtöldu þjóðvegakerfinu, fyrir slikk sömuleiðis. (Gripið fram í.) Það verða dásamlegar ræður sem verða haldnar þá þegar hæstv. ráðherra kemur og hælir sér af því að Framsfl. hafi komið þessu í gegnum ríkisstjórnina undir sínu forsæti. Auðvitað verður það ekki. Þetta verða endalausar afsakanir og vandræðagangur. En það verða vandamál Framsfl. en ekki mín.

Að lyktum þetta, herra forseti. Þetta mál er allt vanbúið og það er nánast móðgun við hið háa Alþingi að við ætlum að taka það hér inn með þessum hætti. Ég sagði það í upphafi ræðu minnar. Það var áður en hv. þm. Vilhjámur Egilsson kom hér, formaður efh.- og viðskn. Hann hefur einn setið hér vaktina af hálfu Sjálfstfl. Hann hefur hér einn reynt að ræða málið málefnalega. Hann hefur hér einn reynt að færa einhver rök fyrir þeim málatilbúnaði sem hér hefur verið hafður uppi. Að öðru leyti hefur Sjálfstfl. ekki sést hér í þessum sölum. (**Gripið fram í:** Pétur?) Ja, Pétur H. Blöndal, ég tel hann ekki með því að hann segir það mjög gjarnan hér að hann sé ekki hluti af þessum flokki og að hann tali alls ekki fyrir hönd hans. Hann er því „exclusive" í þessu samhengi. Og af hálfu framsóknarmanna, sem er auðvitað orðin venja frekar en undantekning, náðist hæstv. ráðherra loksins til fundarins hér um tvöleytið og síðan korter yfir átta

í kvöld og hefur komið í nokkur andsvör. Þetta segir það um þann málstað sem hér er varinn að samviskan er ekki góð. En þetta sýnir líka, herra forseti, og það skulu vera lokaorð mín að þessu sinni, enn og aftur það virðingarleysi sem er til staðar gagnvart þessari stofnun og er að verða algerlega óþolandi. Ég ætla ekki að skamma hæstv. ráðherrana. Það er kannski mannlegt eðli að þeir gangi eins langt og þeir geta til þess að draga að sér völd. En fyrirgefðu orðbragðið, herra forseti, aumingjagangurinn hér í almennum stjórnarliðum, þingmönnum, að láta það yfir sig ganga hér í hverju málinu á fætur öðru að vera stimpilpúði framkvæmdarvaldsins, að afgreiða hér mál með hraði, verða niðursoðnir í þingflokkunum og láta síðan málið renna í gegn þrautalaust. Það er orðið nöturlegt að fylgjast með stjórnarliðinu í þessu samhengi, það er nöturlegt, þessum 28 stjórnarliðum sem, eða eru þeir 26, sem ekki eru ráðherrar. En það þýðir víst ekkert að skammast hér við hv. þingmenn, herra forseti, því að þessir 26 eru ekki hér. Þeir eru ekkert hér. Hér eru tveir hv. þm. stjórnarliða, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hinir eru auðvitað ekkert hér. (**BH:** Ísólfur.) Ég vil nú ekki gleyma hæstv. forseta í þessu samhengi. Ég hef tröllatrú á því að hann komi inn í þessa umræðu þó síðar verði. Hann var vaskur hér í utandagskrárumræðu um gengis- og efnahagsmálin í gær og þarf örugglega að bæta einhverju við í því samhengi. Ég bíð þess að hann leggi hér orð í belg.

Þetta er að verða venja fremur en undantekning og segir heilmikið um þessa stofnun og það virðingarleysi sem allt of margir þingmenn sýna henni sem slíkri, en er auðvitað vörumerki þessarar ríkisstjórnar, þessarar helmingaskiptastjórnar íhalds og Framsóknar, þ.e. geðleysi og dugleysi þar sem ráðherravaldið er algert. Og auðvitað er það þannig að sumir ráðherrar ráða meiru en aðrir. Og þess vegna, herra forseti, hef ég þrátt fyrir allt eilitla samúð með hæstv. viðskrh. fyrir það hlutskipti að þurfa að reyna að verja þetta hér.

[21:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er að sjálfsögðu stoltur yfir því að vera í þessu stjórnarliði sem sýnir svo mikla samstöðu og er ekki að tefja framgang þarfra stjórnarfrumvarpa með málæði. Það á ekki síst við um þetta mál sem er afar vel undirbúið og vandað og mikið þarfamál, enda hefur verið mikið eftir því kallað af hálfu atvinnulífsins og eins hafa þær opinberu stofnanir sem um þetta hafa fjallað rætt um nauðsyn þess að einkavæðing gengi fram, þar á meðal bæði Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn, sem hafa talið að einkavæðing í fjármálakerfinu væri heppileg fyrir allra hluta sakir. Sama hefur komið fram frá erlendum stofnunum.

Tímasetningin er ágæt. (**Gripið fram í:** Verslunarráðið.) Ég gleymdi ekki Verslunarráðinu, ég talaði um samtök í atvinnulífinu. Varðandi tímasetninguna þá tel ég að hún sé alveg ágæt. Ef við lítum á hlutabréfaveltu á Verðbréfaþingi Íslands, þá er hún 58 milljarðar á árinu 2000, 42 milljarðar árið 1999, þar af til viðbótar fjárfestu íslenskir aðilar erlendis í hlutabréfum árið 2000 fyrir 58 milljarða. Til viðbótar við það voru beinar fjárfestingar Íslendinga erlendis nettó 15 milljarðar. Við Íslendingar eigum 183 milljarða í eign í hlutabréfum erlendis. Fyrir utan allt það sem er í hlutabréfaeign á skráðum bréfum á Verðbréfaþingi Íslands og fyrir utan það sem er í óskráðum bréfum. Ef litið er á þessar tölur gefur augaleið að mikið rými er fyrir hlutabréf í góðum fyrirtækjum og í rauninni sækist markaðurinn eftir því að til staðar séu á íslenska markaðnum framboð af hlutabréfum í traustum og góðum fyrirtækjum sem ég tel að báðir bankarnir séu, og mundu eflast enn þá meira ef það væri liður í því einkavæðingarferli, að auka við hlutafé í bönkunum.

[21:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að það sé borð fyrir báru þegar hlutabréfamarkaðurinn og fjárfestingar á honum eru annars vegar og nefnir tölur því til sannindamerkis, 58 milljarðar ef ég hef tekið rétt eftir. Ég efast ekki um þær tölur eitt einasta andartak.

En ef þessir tveir bankar og Landssíminn fara á þennan markað, þá sé ég ekki betur en þeir éti upp alla fjárfestingu innan lands, verði hún í einhverju svipuðu samhengi á árinu 2001, þ.e. á 12 mánaða tímabili, og var hér allt árið 2000. Og það verði ekkert afgangs handa hinu almenna atvinnulífi.

Það var í því samhengi sem ég var að spyrja, því ég vænti þess að einhverjar fjárfestingar haldi áfram að renna út úr landinu, og ég gef mér að það hlutfall haldi. Og ég spyr þá: Hvað er eftir?

Herra forseti. Þingmaðurinn talar um að málið sé undirbúið og vandað. Það er svo vandað, herra forseti, að það getur enginn svarað því fyrir fullt og fast hvernig á að selja eða hvenær á að selja. Menn vita það eitt að verðið er lágt. Og ég ætla að vona að hv. þm. sé mér þá sammála um að líkur séu til þess að verðið verði talsvert lægra en það var hér fyrir einhverjum missirum. Og í því samhengi hvort skynsamlegt sé þá fyrir eigandann að setja öll bréfin á markað.

Mér fannst hv. þm. satt að segja undirstrika þær áhyggjur mínar sem ég lýsti í langri og ítarlegri ræðu. En hinu get ég seint verið hv. þingmanni sammála um að málið sé vandað. Hins vegar hefur það verið hér á ferðinni lengi og hefur lengi verið í hugum margra fóstbræðra hans og viljinn er til staðar. Hann hef ég aldrei dregið í efa.

[21:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins rifja það upp fyrir hv. þm. að meiningin er að tekin séu tvö ár í það að selja hlut ríkisins í viðskiptabönkunum og eins í Landssímanum. Ef maður ber það saman við ársveltuna í fyrra t.d. á Verðbréfaþinginu, 58 milljarða, og eins kaup Íslendinga í hlutabréfum erlendis í fyrra sem voru 58 milljarðar líka, 116 milljarðar samtals, þá liggur alveg í augum uppi að það er pláss fyrir þetta framboð á hlutabréfamarkaðnum.

Annað sem skiptir máli er að með því að þessi fyrirtæki fari á markað og verði hluti af markaðnum, þá er að sjálfsögðu verið að styrkja markaðinn sem slíkan, svo maður tali nú ekki um ef þær aðgerðir aðrar sem þarf að gera til að efla atvinnulífið, t.d. að gera nýjan samning um stóriðju og slíka hluti, ef þetta kemur allt til framkvæmda og allt gerist á sama tíma, þá er þörf fyrir stærra bankakerfi og þá hef ég trú á því að hlutabréfamarkaðurinn fari að þokast upp á við aftur. Ef sölunni er dreift á þennan tíma hygg ég að ríkissjóður muni fá ágætisverð fyrir bankana þegar upp verður staðið.

Það mundi líka þýða að ef hagkerfið eflist og bankarnir fá líka tækifæri til að fylgja þessari eflingu hagkerfisins með því að auka eigið fé þeirra og gefa þeim kost á að taka þátt í að lána til atvinnulífsins í þessu stærra hagkerfi, þá þarf

heldur ekki að óttast um hag starfsmanna bankanna vegna þess að það verður næg atvinna fyrir þá. Mér hefur sýnst að bankarnir hugsi mjög vel um starfsfólk sitt og ekki síst ef tækifæri væri til þess fyrir bankana að vaxa og dafna til að styðja við hagkerfið, þá væri það allt í lagi.

[21:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú býsna hraðsoðið. Hv. þm. var kominn á háflug þarna með köflum.

Aðeins til þess að ná snertilendingu í þessu samhengi. 58 milljarðar voru þetta innan lands og 42 milljarðar ... (**VE:** 58 erlendis.) Já 58 milljarðar erlendis. Ég hef heyrt hv. þm. tala í þá veru að hann telji mikilvægt að íslenskir fjárfestar dreifi dálítið áhættunni og það sé ekkert óskynsamlegt að eiga fjárfestingar erlendis og menn hafa talað um það í því samhengi við gengið að það sé einmitt styrkur í því að Íslendingar eigi eignir erlendis. Ég er alveg sammála því þannig ég vænti þess að hv. þm. eigi ekki við að úr því dragi stórkostlega. Við skulum því skilja það frá og halda okkur við þessa 58 milljarða og jafnvel gefa okkur að það taki bæði þessi tvö ár sem ráðgert er að salan fari fram. Engu að síður erum við að tala um það að með því að afsetja þessi þrjú fyrirtæki, þessi þjóðarfyrirtæki þrjú, bankana tvo og Landssíma Íslands, erum við að tala um fjárfestingu á sjötta tug milljarða hið lægsta, vonandi og væntanlega. Þannig að meira en helmingur af innlendri fjárfestingu í íslenskt atvinnulíf er farinn.

Af því hv. þm. drap hér í hringferð sinni á stóriðju í því samhengi, þá man ég ekki betur en menn hafi til að mynda verið að vænta þess að draga hér að íslenska fjárfesta varðandi stóriðju á Reyðarfirði. Og að íslenskir fjárfestar kæmu einmitt að fjármögnun í því samhengi, ekki með því að taka lán í bönkum, heldur með því að leggja fé inn í það. Mér sýnist orðið býsna lítið ráðrúm eftir fyrir íslenska fjárfesta. Það ráðrúm fer minnkandi. Við skulum ekki gleyma því að nú er komið að skuldadögum hjá mörgu fólki, skuldir heimilanna aukast. Þess er því tæplegast að vænta að hinn almenni borgari komi með stórar fjárhæðir inn í hlutabréfamarkaðinn eins og hann þó hefur gert á síðustu árum á tímum góðæris. Gætum okkar á því.

[21:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að beina spurningu til hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar.

Nú hefur Samfylkingin lagt fram brtt. við það frv. sem við ræðum, annars vegar að heimila eingöngu sölu á Búnaðarbankanum og hins vegar um að 10% af hlutafé verði dreift jafnt til landsmanna og með takmörkun á framsali. Og einnig í sambandi við hagsmuni starfsfólks, að gengið verði hægt um gleðinnar dyr að segja starfsfólki upp og fólk fái eðlilega aðlögun ef af því yrði að Búnaðarbankinn yrði settur á markað.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel þessar tillögur skynsamlegar og held að það væri afar skynsamlegt að vera nú ekki að ætla sér meira en það að setja þá Búnaðarbankann á markað ef menn ætla að gera eitthvað í því, þó að ég telji að nú sé málum þannig komið að menn ættu að fresta þessu máli alfarið um stund.

En spurningin sem ég vil leggja fyrir hv. þm. er þessi: Ef svo skyldi fara að þessar skynsamlegu tillögur Samfylkingarinnar yrðu felldar af stjórnarliðum, má þá ætla sem svo að þar með muni Samfylkingin leggjast gegn því að sala á Búnaðarbankanum verði heimiluð?

[21:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. í fyrsta lagi fyrir að fara mjög rækilega yfir höfuðatriði í stefnumörkun Samfylkingarinnar og þeim brtt. sem hún mun fara fram með.

Mér dettur ekki í hug eitt andartak að hér verði breytt út af viðtekinni venju og að stjórnarliðar til að mynda í hópi flokkssystkina hæstv. ráðherra láti samvisku sína ráða og láti félagshyggjutaugina vera ráðandi í afstöðu til þessa máls. Þó að ég vilji trúa því að í hópi framsóknarþingmanna séu menn sem séu einmitt mjög sammála þeim áherslum sem er að finna í þessum brtt. og jafnvel hef ég heyrt hæstv. ráðherra, að vísu hér á árum áður, tala mjög í þessa veru, og ég trúi því að hún hafi skilning á þessu.

Hins vegar á maður aldrei að ræða þessi mál í viðtengingarhætti, hvað gerist ef. En ég sagði það hér hikstalaust í ræðu minni að að fenginni reynslu gæti ég ekki treyst þessu fólki, þessari ríkisstjórn, þessum stjórnarmeirihluta, fyrir þeirri forsjá að fara með verðmæti upp á 30 milljarða kr., í fyrsta lagi verðmæti og þessa mikilvægu grundvallarþjónustu í íslensku efnahagslífi eins og því dytti í hug. Að því gæti ég ekki staðið. Því ætla ég að svara algerlega hreinskilnislega.

[21:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, sem er langreyndur hér í þingsölum, og ég verð að segja það að mat hans á athöfnum og hugsanagangi Framsfl. hlýtur að vera eitthvað sem jafnlítt reyndur maður í þingsölum og ég hlýt að taka mið af. Ég verð að viðurkenna að mér finnst orð þingmannsins um hugsanlega framgöngu Framsfl. í þessu máli mjög sennileg.

[21:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engu við málið að bæta, nema hnykkja einfaldlega á því að þetta mál er hér borið inn á ábyrgð meiri hluta þingsins, á ábyrgð Framsfl. og Sjálfstfl. Ef þeir vilja ekki hlýða á málefnalegar og skynsamlegar ábendingar og ráðleggingar, sem er m.a. að finna í ítarlegum og skýrum brtt. okkar, þá sé ég ekki annað en að þeir verði að bera ábyrgð á þessu máli einir og sér og uppskera þá í samræmi við það í næstu kosningum. Það styttist í þær, herra forseti. Það er það eina góða í þessu máli.

[21:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er eðlilegt að hún hafi tekið nokkurn tíma, þetta er stórt mál sem hér er til umfjöllunar. En ég varð nú fyrir örlitlum vonbrigðum með ræðu síðasta hv. ræðumanns. Mér fannst hann vera dálítið persónulegur og mér fannst hann ekki tala í anda þess flokks sem ég hafði reiknað með að væri frjálslyndur jafnaðarmannaflokkur. Mér fannst hann vera meira í líkingu við þann flokk sem hefur verið kenndur við vinstri, kallaður Vinstri grænir, hann var dálítið langt frá því að vera frjálslyndur í sínu tali, fannst mér. En við skulum láta það vera.

Þegar hv. þm. talaði um stefnu Framsfl., sem hann hafði greinilega kynnt sér býsna vel, þá ætla ég að nefna það að eftir að við héldum flokksþing okkar síðast, þá var ég svo heppin

í einn eftirmiðdaginn að heyra á tal manna í útvarpi sem voru jafnaðarmenn og þeir fullyrtu það að Framsfl. hefði náð því að verða frjálslyndur miðjuflokkur sem Samfylkingin hefði ætlað sér. Ég heyrði á þessum ungu jafnaðarmönnum að þeir voru nokkuð hrifnir af stefnu Framsfl. og samþykktum frá þessu flokksþingi sem þá var nýliðið. (Gripið fram í.) Ég ætlaði bara rétt að minna hv. þm. á þetta.

En síðan er það með málið eins og það liggur fyrir, að selja bankana hvorn í sínu lagi. Þá finnst mér einhvern veginn eins og það hafi einmitt verið stefna Samfylkingarinnar fyrir öfráum vikum að vilja selja bankana hvorn í sínu lagi þegar áform voru uppi um að sameina bankana og selja svo. Þess vegna kemur mér það svolítið á óvart að hv. þm. og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar skuli ekki aðhyllast þessa stefnu sem núna er mjög í stíl við það sem þeir lögðu til fyrir áramótin.

Mér finnst það mjög spennandi umræðuefni sem nokkuð hefur verið rætt hér um, að starfsmenn fái þátttöku í stjórn. Ég sé það alveg fyrir mér að við Íslendingar munum taka þá umræðu. Við erum skemmra á veg komin hvað þetta varðar en t.d. aðrar Norðurlandaþjóðir og þess vegna tel ég mjög líklegt að þetta sé umræðuefni sem við þurfum að taka upp líka, en ég tel ekki ástæðu til að setja ákvæði þessa efnis inn í það frv. sem hér er til umfjöllunar, heldur þurfum við að líta á þetta, eins og áður hefur verið sagt, á breiðum grundvelli.

Svo er það með hlutabréfamarkaðinn sem er veikur og hvenær er rétt að selja. Hver veit hvenær markaðurinn er í hámarki og hvenær best verð fæst fyrir banka og önnur fyrirtæki sem eru á markaði? Hver er tilbúinn að segja til um það? Ekki treysti ég mér til þess, enda væri ég örugglega í allt öðru starfi ef ég hefði þá eiginleika til að bera að átta mig á hvernig markaðurinn þróast. Við getum því miður ekkert sagt til um það í dag og þess vegna getum við ekki sagt nákvæmlega til um það hvernig við förum í þessa sölu. Málið snýst um að fá heimild til að selja og síðan verður að taka mið af markaðnum og eins og oft hefur komið fram verður þetta unnið í samvinnu við einkavæðingarnefnd og því er náttúrlega ákveðin óvissa uppi um það nákvæmlega hvernig verður farið í söluna.

Ég get ekkert fullyrt um það hvað þessi breyting mun hafa í för með sér, af því hv. þm. spurði um það hvort ég væri fullviss um að þessi aðgerð mundi bæta þjónustu t.d. Það eina sem ég veit er að hvort sem af þessari sölu verður eða ekki, þá er mikil hagræðing fram undan í þessum geira og samkeppnin vex. Þar að auki er mikið af þessari þjónustu nú þegar komin á netið og það er ekki nokkur vafi á því að þeirri þróun er ekki lokið, hún mun halda áfram. Ég hef hins vegar mikla trú á því að með því að hagræða á þessum markaði sé hægt að draga úr vaxtamun og það er nú eitt af markmiðum þessa máls.

Í sambandi við það sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hún spurði um skýrsluna margumtöluðu, um stjórnunar- og eignatengsl, sem er alveg að líta dagsins ljós. Ég býst við að það geti orðið í næstu viku þess vegna. Eins og ég hafði sagt og stend við kemur hún fram áður en þing fer heim í vor. Það var það sem ég sagði þegar um þetta var beðið upphaflega og við það verður staðið.

Hér var minnst á að lítið sem ekkert hafi verið talað við starfsmenn. Það er rétt að framlagning þessa frv. var ekki nákvæmlega borin undir starfsmenn. Hins vegar var ég í miklum viðræðum við fulltrúa starfsmanna í tengslum við hugsanlega sameiningu bankanna og þá komu fulltrúar þeirra á fjóra formlega fundi í ráðuneytinu og þá lá það fyrir að ef ekki yrði af sameiningu yrði þessi leið farin. Enda var málið þannig vaxið, eins og hér hefur verið rifjað upp, að strax og samkeppnisráð gerði kunnugt sitt álit var haldinn ríkisstjórnarfundur þar sem tekin var ákvörðun um að leggja fram frv. á nýju ári um sölu bankanna. Aðalástæðan er sennilega sú að þetta frv., verði það að lögum, breytir ekkert réttarstöðu starfsmanna og þess vegna er engin sérstök ástæða til að bera það svo mjög undir þá. Það gerir það ekki. Og frv. var heldur ekki borið undir forsvarsmenn bankanna.

Hv. þm. nefndi það hvort ekki hefði verið rétt að taka af skarið með einn bankastjóra. Ég get alveg verið sammála honum um að mér finnst það í sjálfu sér ekki óskynsamlegt, en ég taldi ekki ástæðu til að hafa afskipti af því máli þar sem bankarnir eru u.þ.b. að verða söluvara og þá er það nýrra eigenda að taka af skarið í sambandi við það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði nokkuð mörg orð um að það væri verið að koma óhreint fram, eins og ég skildi hann, miðað við það að ekki hafi verið meiningin að selja bankana þegar ákveðið var að breyta þeim í hlutafélög þegar það frv. var hér til umfjöllunar. Ég tel að þetta sé ekki alveg rétt, vegna þess að það kom fram þá að ein ákvörðunin væri sú að breyta forminu og síðan væri önnur ákvörðun sem líka þyrfti að koma fyrir Alþingi ef ákveðið væri að leggja til að bankarnir yrðu seldir. Það lá því alltaf fyrir, a.m.k. í mínum huga að það yrði næsta skref og annað skref. Hins vegar var það þannig að þessi aðlögun tók styttri tíma en reiknað hafði verið með og þess vegna eru mál kannski þau sem raun ber vitni að þetta frv. er komið núna fram og ég tel að það sé alveg á réttum tíma.

Hv. þm. talaði um það að sú sem hér stendur hefði sennilega ekki miklar áhyggjur af því að landsbyggðin fengi ekki þá fyrirgreiðslu sem hún hefði fengið áður og þar fram eftir götunum og fyrirtæki almennt á landsbyggðinni, bæði sjávarútvegsfyrirtæki og iðnfyrirtæki og allt hvað eina, fengju ekki fyrirgreiðslu í bankakerfinu. Ég ætla þá að segja frá því að ég sendi bréf til viðskiptabankanna í mars á síðasta ári og spurði eftir þessu og, með leyfi forseta, segir m.a. í bréfi mínu:

„Er því gjarnan haldið fram að það sé bæði erfiðara og kostnaðarsamara fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni að fá lán vegna landfræðilegrar staðsetningar þeirra til þeirrar fjárfestingar sem lánað er til. Mér er jafnframt kunnugt um að þessu sjónarmiði hafði mjög verið haldið á lofti þegar unnið var að endurskoðun laga um Byggðastofnun sl. haust, en þá var m.a. tekið til umfjöllunar hvort rétt væri að leggja niður lánastarfsemi stofnunarinnar. Það var ekki gert, m.a. af framangreindum ástæðum og í raun má segja að ýmsir landsbyggðarmenn leggi áherslu á að efla lánastarfsemi Byggðastofnunar verulega umfram það sem nú er."

Bankarnir svöruðu þessu og miðað við þau svör, sem ég ætla ekki að lesa upp hér, halda þeir því allir fram að þessi mál séu ekki með þeim hætti sem ýjað er að í bréfi mínu og bera sig nokkuð vel. Ég skal hins vegar taka það fram og taka undir það með hv. þm. að ég verð mjög vör við þær kvartanir að bankarnir sinni ekki fyrirtækjum landsbyggðarinnar nægilega vel. En ég held að rétt sé að hafa það í huga að almennt hafa bankarnir upp síðkastið verið að draga úr lánveitingum og á það að sjálfsögðu alveg eins við um fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu.

Hv. þm. talar um frv. það sem liggur hér frammi af hálfu Vinstri grænna, um 8% mörkin, og velti ég því fyrir mér

hvernig hann hugsar það mál, vegna þess að ESA hefur gert þessar athugasemdir og við getum ekki annað en horfst í augu við það að við getum ekki sett þessar takmarkanir í lög sem Norðmenn gerðu og eru nú til athugunar hjá ESA. Ég veit ekki hvort hv. þm. telur að við eigum þá að segja okkur úr Evrópska efnahagssvæðinu eða hvernig við eigum að ná því fram sem hann telur að hefði verið æskilegra í þessu sambandi, þ.e. setja mörk um það hversu stóran hlut hver og einn má eiga í fjármálafyrirtæki. Ég tel að sú leið sé einfaldlega ekki fær og þá þýði ekkert að vera að tala um hana.

Fyrirspurnir komu fram frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni um hvort reglur giltu um það hvort bankastofnanir mættu eiga hlut í öðrum fyrirtækjum. Ég kannast ekki við að svo sé. Og a.m.k. eru áreiðanlega ekki til reglur sem banna fyrirtækjum í samkeppnisrekstri að kaupa hlut í banka eins og hann spurði um einnig. Það held ég sé alveg óhætt að fullyrða.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta mál. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég tel að við séum að stíga rétt skref með því að selja þessar fjármálastofnanir sem ríkið á stóran meiri hluta í. Hvernig farið verður nákvæmlega í þá sölu liggur ekki fyrir á þessari stundu og það veit ég að hv. þingmenn skilja vegna þess að það hlýtur að þurfa taka mið af ástandi á markaðnum. Hins vegar er ekkert launungarmál að stefnan er sú að selja bankana á kjörtímabilinu og að hafist verði handa við þá sölu á þessu ári.

[21:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að leggja hér orð í belg öðruvísi en í andsvörum.

Fyrst virtist mér að hæstv. ráðherra misskildi eilítið þá stefnumörkun sem allir ræðumenn Samfylkingarinnar hafa talað fyrir. Samfylkingin var sannarlega á móti því að renna bönkunum saman og taldi það óskynsamlegt, nákvæmlega á sama grundvelli og það var úrskurðað ólögmætt af Samkeppnisstofnun.

Þess vegna er sú stefnumörkun Samfylkingarinnar eins og hún liggur fyrir í brtt., að selja eingöngu annan bankann að uppfylltum tilteknum skilyrðum, alveg í réttu samhengi við það. Um það þarf hæstv. ráðherra ekkert að velta vöngum öllu frekar. Þar er algerlega rétt og klárt samhengi á milli.

Í öðru lagi þetta. Mér þótti vænt um að hæstv. ráðherra tók undir hugmyndir í þá veru að atvinnulýðræði og þátttaka starfsmanna í stjórnum og ráðum í atvinnulífinu væri eitthvað sem koma skyldi. En það yrði bara einhvern tíma seinna. Ég kalla eftir því hvort ráðherrann hafi í hyggju að hafa frumkvæði að því í ráðuneyti sínu að breyta hlutafélagalögum í þá veru og hvenær það verður.

Á hinn bóginn hefði það verið heppilegt tækifæri einmitt núna af því menn hafa þá hefð í þeim stofnunum sem þarna um ræðir, sem einkaaðilar og ríkið hafa átt sameiginlega, að fulltrúi starfsmanna hefur átt þar sæti í stjórn, að vísu með takmörkuðum réttindum ef ég veit rétt. Þannig að þarna var tækifæri og er tækifæri enn þá ef brtt. okkar verður samþykkt.

Að lyktum þetta. Það er dálítið létt í vasa, herra forseti, þó að ég skilji það ósköp vel, að hæstv. ráðherra getur ekki frekar en nokkur annar fullyrt um það að vaxtamunur minnki, þjónustan batni og gott verð fáist. Það er auðvitað eðlileg krafa þegar verið er að tala fyrir jafnstóru og veigamiklu máli og hér um ræðir og fá samþykki löggjafarsamkundunnar, að ... (Forseti hringir.) og það er þess vegna sem málið er ekki boðlegt.

[21:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sannfærð um það að hv. þm. hefði ekki talið rétt að koma með mál inn í þingið í hvert sinn sem ákveðið væri að selja hlut í ríkisbönkunum. Þetta hlýtur að þurfa að fara fram með því formi að ríkisstjórnin fái heimild til að selja hlut ríkisins í bönkunum og síðan fari það eftir aðstæðum, eftir aðstæðum á markaði m.a., hvernig farið er í verkið. Ég held að hv. þm. með alla þá reynslu sem hann hefur hljóti að geta verið sammála mér um þetta.

En þegar hann segir að ekki sé ósamræmi í málflutningi Samfylkingarinnar í sambandi við þetta þá er ég ósammála honum um það vegna þess að fyrir örfáum mánuðum var því haldið fram af hálfu Samfylkingarinnar að það væri rétt að selja bankana hvorn í sínu lagi. Og um það er ég er að biðja með þessu frv., að ríkisstjórnin fái að selja bankana hvorn í sínu lagi. (Gripið fram í.)

Þegar ákveðið var að fá Samkeppnisstofnun til þess að fara yfir það og gefa út álit um það hvort það stæðist ákvæði samkeppnislaga að sameina bankana þá var það líka alveg í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar. Ég held því að hv. þingmenn séu alltaf að reyna að finna einhvern ágreining í þessu máli sem er einfaldlega ekki til staðar.

[21:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort málskilningur sé annar í Eyjafirði en í Hafnarfirði. En hér er um það að tefla að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn vill selja bankana báða á sama tíma (**Viðskrh.:** Hvorn í sínu lagi.) en hvorn í sínu lagi sannarlega. Það sem Samfylkingin vill gera er að heimila að selja Búnaðarbankann með mjög ströngum skilyrðum, og þar skilur á milli. Og skilyrðin eru þau að hvernig og með hvaða hætti það er gert fari í gegnum síur á borð við hlutlægar sérfræðistofnanir okkar, á borð við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands, en að pólitískur rétttrúnaður ráði þar ekki för.

Herra forseti. Ég spyr því að lokum: Sér hæstv. ráðherra þó það langt fram í tímann að hún muni leggja til 10% eða 15%, eða hve stór hluti, verður á næstu vikum settur á markað? Hún hlýtur þó að geta svarað okkur því. Verður það innan viku eða við skulum segja innan tveggja mánaða? Hversu stór hluti verður settur á markað? Hún hlýtur þó að vita það.

[21:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á nú erfitt með að svara þessu nákvæmlega. Þó vil ég segja að ég reikna alveg með því að farið verði út í einhverja sölu í sumar. Ég held að ekki sé hægt að hafa það miklu nákvæmara.

[21:34]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. kveinkaði sér hér undan málefnalegri gagnrýni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og sagði að við yrðum að skilja að Framsfl. væri framsækinn flokkur og frjálslyndur. Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra:

Í hverju birtist frjálslyndi Framsfl.? Í að loka pósthúsum á landsbyggðinni og segja þar upp starfsfólki? Að einkavæða elliheimilin í landinu? Að einkavæða barnaskóla í Hafnarfirði?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í því að aflétta álögum á hlutabréfagróða?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í því að skerða barnabætur?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í að ganga erinda stóriðjuhagsmuna á kostnað almennings í landinu?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í að brjóta stjórnarskrá á öryrkjum og hafa af þeim réttmætar bætur?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í því að lækka skattleysismörk og íþyngja sérstaklega lágtekjufólki á Íslandi?

Birtist frjálslyndi Framsfl. í því að standa gegn öllum tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um endurreisn velferðarkerfisins, standa gegn öllum tillögum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um endurreisn í atvinnumálum, um byggðaþing, sem hæstv. byggðamálaráðherra þáv. lagðist sérstaklega og hart gegn hér í þingsölum? Birtist frjálslyndi Framsfl. á þennan hátt?

Framsfl. er lítill, hræddur flokkur, sem á sér þá hugsjón eina að sýnast framfarasinnaður og frjálslyndur og þóknast íhaldinu í landinu.

[21:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra upplýsir að skýrslan um stjórnunar- og eignatengsl verði lögð fyrir þingið í næstu viku. Þá er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt, og ég spyr um álit hæstv. ráðherra á því, að 3. umr. fari ekki fram fyrr en þessi skýrsla liggur fyrir, vegna þess að ég tel hana vera mikilvægt innlegg inn í þriðju og lokaumræðu þessa máls.

Hæstv. ráðherra vék ekki aukateknu orði að því hvernig ætti að ráðstafa andvirði bankanna. Ég spyr ráðherrann um það.

Ráðherrann nefndi að ráðstafa ætti hluta af þessu til byggðamála, síðast þegar við ræddum þessi mál. Hefur nokkuð breyst í því? Er ráðherrann enn þá sama sinnis og liggja fyrir einhverjar frekari ákvarðanir um það?

Í þriðja lagi er alveg ljóst að Framsfl. ætlar ekki að hafa fólk í fyrirrúmi þegar kemur að því að ræða um starfsmenn bankanna. Hér liggur fyrir í umsögn frá forsvarsmönnum starfsmanna, að þeir segja að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana sem gagnist starfsmönnum bankanna áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu, en nokkurn fyrirvara þarf til að koma þeim ráðstöfunum í kring. Þar er m.a. nefnt að óskað er eftir því að ráðherrann beiti sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu.

Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta. Er hún tilbúin að kalla til sín starfsmennina og ræða þær tillögur sem þeir hafa lagt hér fyrir efh.- og viðskn. í þessu máli? Er ráðherrann tilbúin að ræða við starfsmenn bankanna um meðákvörðunarrétt þeirra í stjórn bankanna þannig að þeir fái aðgang að stjórnum bankanna, rétt eins og gert var t.d. í Noregi? Þar var bankalöggjöfinni breytt en ekki hlutafélagalöggjöfinni. Ég spyr ráðherrann um það. Þetta er mjög brýnt mál sem ég tel að það þurfi að fara í áður en bankarnir verða seldir og ég spyr ráðherrann um það.

[21:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. gera óþarflega mikið úr tengslum þessarar skýrslu við frv. sem hér er til umfjöllunar þannig að ég sé ekki að ástæða sé til þess, þó að vel geti farið svo að möguleiki sé á því að bíða með 3. umr. þangað til þessi skýrsla er komin fram. Ég sé ekki þessi tengsl sem hv. þm. talar um að séu svo augljós að ástæða sé til þess að bíða eftir skýrslunni. En ég veit að hv. þm. hefur mikinn áhuga á að sjá hvað hún inniheldur.

Hvað varðar andvirði sölu bankanna þá hefur verið talað um upplýsingasamfélagið m.a., afmarkaða þætti samgöngumála og þá sérstaklega jarðgangagerð og byggðamál o.fl. Hins vegar legg ég líka mikla áherslu á að þetta fjármagn verði að einhverju leyti notað til þess að lækka skuldir. Ekki er nokkur vafi á því að það verður ekki vandasamt að koma þessu fjármagni þannig fyrir að það gagnist samfélaginu. Það er eitt sem er alveg öruggt.

Að fólk sé ekki í fyrirrúmi eins og hv. þm. hélt fram þá er nú í sambandi við þetta mál, eins og ég held að allir skilji, að ekki er hægt að selja þessi fyrirtæki með skilyrðum. Eins og kom fram í máli mínu áðan þá breytist staða starfsfólks ekki við það að ríkið selji sinn hlut í þessum fyrirtækjum. Ég held því að þetta sé á einhverjum misskilningi byggt hjá hv. þm. (Forseti hringir.)

Ég var búin að svara í sambandi við atvinnulýðræðið. Mér finnst það mjög spennandi umræða og er tilbúin til þess að taka þátt í henni hér eftir sem hingað til. En ég tel ekki ástæðu til þess að setja inn í frumvarpið ákvæði þess efnis nú sem stendur.

[21:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er samhengi milli þessarar skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl og málsins sem við ræðum eða hefur hæstv. ráðherra ekki hlustað á þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag, þar sem fram hafa komið verulegar áhyggjur hjá þingmönnum um fákeppni og markaðsráðandi stöðu í banka- og fjármálakerfinu? Auðvitað er það innlegg inn í þessa umræðu.

Varðandi starfsfólkið þá var ég að lesa hérna að starfsfólkið er að óska eftir því að ráðherra leiti samráðs við það og tali við það áður en bankarnir verða seldir. Ég er að spyrja hreinlega um það hvort ráðherrann sé tilbúin að beita sér fyrir því að ræða við starfsfólkið eins og það óskar eftir. Það óskar eftir því, og kom því á framfæri við efh.- og viðskn., að áður en bankarnir yrðu seldir yrðu þau mál skoðuð sem ég hef verið að lesa hér upp. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin að beita sér fyrir því án allra skuldbindinga að fara í þessi samtöl og samráð við starfsfólkið.

Í lokin þetta: Megum við treysta því að hæstv. viðskrh. beiti sér fyrir því að (Forseti hringir.) leitað verði álits hjá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun áður en bankarnir verða seldir, leitað umsagnar um það hvort það sé í lagi út af stöðunni á markaðnum?

[21:42]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur einkavæðingarnefnd mikið hlutverk í sambandi

við sölu bankanna og hún vinnur samkvæmt ákveðnum reglum. Ég held því að hv. þm. þurfi ekkert að skipa neitt fyrir um það við hverja er talað. Það er mál sem einkavæðingarnefnd er áreiðanlega fullfær um að meta eins og hefur verið gert fram að þessu.

Að sjálfsögðu er ég tilbúin að tala við starfsmenn bankanna hvenær sem er. En ég hefði talið eðlilegra að ekki kæmi beiðni um það í gegnum þingnefnd, heldur fengi ég (**JóhS:** Ráðherrann á að hafa frumkvæði að því.) bein skilaboð um það. En eins og hefur komið hér fram ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal.)

Eins og komið hefur hér fram átti ég mjög góð samskipti við fulltrúa starfsmanna í tengslum við hugsanlega sameiningu bankanna og ég er tilbúin að taka þær viðræður upp hvenær sem er.

[21:43]

Útbýting þingskjala:

Ávana- og fíkniefni, 630. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1256.

Tóbaksvarnir, 345. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1253; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1254.

[21:43]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil lýsa áhyggjum yfir þessum afskaplega rýru svörum sem koma frá ríkisstjórninni. Hæstv. bankamálaráðherra, viðskrh., segir að sér finnist umræðan um starfsmannamál sérstaklega spennandi og hún sé reiðubúin að taka þátt í slíkri umræðu, en sé ekki tilbúin að koma á neinn hátt til móts við starfsmenn sem hafa óskað eftir tilteknum ráðstöfunum nú, áður en þetta frv. er fest í lög. Hæstv. ráðherra er ekki reiðubúin til þess. Henni finnst þetta hins vegar afskaplega skemmtilegt umræðuefni, starfsmannamál.

Sala bankanna hefur ekki nokkur áhrif á stöðu starfsmanna, segir hæstv. ráðherra. En er ekki verið að tíunda það í greinargerð með frv. að með sölu bankanna sé stuðlað að miklum breytingum í starfsumhverfi bankanna, hagræðingu sem svo er kölluð, sem á mannamáli þýðir uppsagnir starfsmanna, fækkun í starfsliði? Það er út á þetta sem ábendingar starfsmanna ganga m.a., hvernig þar skuli staðið að verki, hvernig starfsöryggi fólks verði tryggt sem best. Út á það ganga ábendingar starfsfólks.

Mér finnst hæstv. ráðherra skulda þinginu skýrari svör. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maílok árið 1999, þar sem vikið er sérstaklega að sölu bankanna, segir að þeir verði aðeins seldir fái ríkið hámarksverð fyrir eign sína.

Nú hefur komið fram að þessi eign ríkisins hefur rýrnað um 11% frá áramótum, um 5 milljarða kr., um 5.000 millj. kr. og enginn veit hver framvindan verður á næstu missirum. En ríkisstjórnin er hins vegar og engu að síður reiðubúin að skuldbinda sig til þess að selja bankana á kjörtímabilinu, að selja bankana á næstu tveimur árum. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Og það er alveg óháð því hvernig verðlagið þróast. Ætla menn þá ekki að virða þessa yfirlýsingu sem gefin hefur verið að tryggt skuli hámarksverð fyrir bankana? Mér finnst að við þurfum að fá á þessu skýringu. Hæstv. ráðherra segir síðan að menn verði að skilja að ekki sé hægt að skýra frá því hvenær gengið verði frá þessum kaupum og vísar m.a. í því sambandi í þessar verðlagsforsendur. En ég man ekki betur en að í þeim gögnum sem hafa verið tíunduð, og ég hef m.a. gert að umræðuefni í dag, sé talað um að það sé afar slæmt fyrir bankana að búa við óvissu í þessu efni, í nákvæmlega þessu efni. Það er tíundað á öðrum stöðum í gögnum ríkisstjórninnar þannig að hér er að finna ýmsar mótsagnir.

Síðan ætla ég ekki að reyna að særa fram svör frá hæstv. bankamálaráðherra um þau efni önnur sem ég vék að. Það er nánast eins og helgispjöll ef spurt er um afskipti ríkisbankanna af stórpólitískum málum í efnahagslífinu. Ég vék að því að ríkisbankarnir hefðu keypt áhættubréf fyrir 6.000 millj. kr., þeir hefðu leyst út ameríska áhættufjárfesta sem höfðu keypt í fyrirtækinu deCode og það var spurt út í þetta á sínum tíma. Það var spurt út í 1.000 millj. kr. fjárfestingu Landsbankans í Tali. Við leyfðum okkur að óska eftir upplýsingum um þetta. Það er nánast eins og helgispjöll, eins og okkur komi ekkert við að ræða hér um efnahagsmál, slíkt eigi ekki heima á Alþingi. Mér finnst það. Mér finnst alveg óhætt að ræða þessa hluti og sjálfsagður hlutur. Það er líka sjálfsagður hlutur að ræða með hvaða hætti bankarnir eru hugsanlega að fjárfesta í stóriðju. Þetta er pólitík líka. Þetta eru stjórnmál, pólitík. Það er ekkert athugavert við það að slík mál komi hér til umræðu og fullkomlega eðlilegt.

Við höfum lagt fram tillögur okkar og gert grein fyrir sjónarmiðum okkar. Við teljum mikilvægt að í landinu sé rekinn þjóðbanki, öflugur banki sem tryggi þjónustu við landsmenn alla og við höfum fært fyrir því rök að með því fyrirkomulagi sé einnig tryggt að fjölbreytni og samkeppni geti dafnað og þrifist í íslensku atvinnulífi.

[21:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. hefði í ræðum sínum í dag tæmt pokann en það er greinilegt að hann á ýmislegt eftir ósagt.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að þegar ríkið tók hluthafa með sér í bankana þá var ríkið að gera það á þeim forsendum að bankarnir ættu fyllilega að rekast á viðskiptalegum forsendum og þar með að rekstur þeirra ætti að skila þessum hluthöfum arði alveg eins og ríkið ætlaði sjálft að hafa arð af þeim hlutabréfum eða þeim hlut sem bundinn var í bönkunum. Þegar ríkið selur síðan afganginn af eign sinni í hlutabréfum þá verður því engin breyting hvað snertir áform ríkisins um að reka bankana í hagnaðarskyni og bankarnir búa við nákvæmlega sömu hagræðingarkröfu eftir sem áður. Reyndar hefur það verið yfirlýst stefna margra ríkisstjórna að bankana skyldi reka í viðskiptaskyni. Það er ekki eins og það sé eitthvað nýtt. Það var löngu áður en bönkunum var breytt í hlutafélög að menn komu hér og sögðu, og það var stefna hvers ráðherrans á fætur öðrum, líklega eina tvo áratugi, að bankarnir ættu að rekast á viðskiptalegum forsendum. Og það hefur verið hagræðing í ríkisbönkunum löngu áður en þeim var breytt í hlutafélög. Fólki var sagt upp í ríkisbönkunum löngu áður en þeim var breytt í hlutafélög. En ég hef trú á því að ef þetta nær fram að ganga núna og bankarnir fá að eflast og atvinnulífið fær að eflast, þá verði fólki ekki sagt upp í bönkunum heldur ráðið nýtt fólk til starfa í bönkunum og það væri ánægjulegt ef vinstri grænir mundu þá hætta að þvælast fyrir framfaramálum í efnahagslífinu heldur færu að taka undir þau.

[21:51]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur ekki á okkur að taka undir framfaramál í efnahagslífinu. En við vörum hins vegar við fljótræði og því sem horfir aftur í tímann eins og það sem hv. þm. hefur verið að tala fyrir að undanförnu. Bankar eru í senn viðskiptastofnanir og þjónustustofnanir. Þeir eru þetta í senn. Að sjálfsögðu eru bankar reknir með það að markmiði að skila hagnaði og lána einvörðungu til þeirra sem eru borgunarmenn fyrir því fé sem þeir taka að láni, að sjálfsögðu. (**PHB:** Ekkert félagslegt?) „Ekkert félagslegt", segir talsmaður Sjálfstfl. og Framsfl. með mikilli fyrirlitningu. Það er það sem við viljum tryggja. Við viljum tryggja hina félagslegu þætti í þjónustustarfsemi fjármálalífsins, að þeir þjóni landsmönnum öllum, ekki einvörðungu þeim sem búa í þéttbýli heldur einnig hinum sem búa í dreifbýli, að hið sama gerist ekki í fjármálakerfinu og er að gerast í fjarskipta- og póstþjónustukerfinu þar sem verið er að loka pósthúsum víða á landsbyggðinni, segja upp fólki og rýra þjónustuna stórlega vegna þess að arðsemissjónarmiðin ein eru látin ráða för.

Við erum ekki að gera lítið úr arðsemissjónarmiðum, síður en svo. En við viljum líka gera mikið úr þjónustustarfseminni og þjónustusjónarmiðum. Út á það gengur málflutningur okkar og út á það ganga tillögur okkar.

[21:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi. Ég verð að segja að þegar hv. þm. kemur upp og talar um þjónustu og að það sé hlutverk bankanna að veita þjónustu og það eigi ekki að gera það á arðsemisforsendum þá finnst mér alltaf liggja undir í þessari umræðu hjá hv. þm. að það sé ekki hægt að veita landsbyggðinni þjónustu nema með tapi. Ég verð bara að viðurkenna að ég hef þá skoðun og ég hef þá trú að hægt sé að veita landsbyggðarfólki þjónustu og græða á því. Mín hugsun er sú gagnvart landsbyggðinni að þar sé það blómlegt atvinnulíf og blómlegt mannlíf að enginn þurfi að skammast sín eða biðja neinnar afsökunar á því í sínum rekstri að veita þar þjónustu um leið og að hún geti verið hagkvæm eins og hver önnur þjónusta og hvar sem þar er í þjóðfélaginu. Það er eins og eitthvert samasemmerki sé á því að veita þjónustu úti á landsbyggðinni og tapa. Ég spyr: Heldur hv. þm. að öll þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu skili hagnaði? Ég held aldeilis ekki. Og heldur hv. þm. að öll þjónustufyrirtæki sem starfa úti á landsbyggðinni séu að tapa? Ég held aldeilis ekki heldur. Ég tel að það sé einboðið að banki sem ætlar sér að starfa um allt land veiti að sjálfsögðu öllum landsmönnum þjónustu og reyni að gera það á hagkvæman hátt.

[21:55]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að vitna í virðulegan þingmann, Kristin H. Gunnarsson, í viðtali 11. mars sl. við ríkissjónvarpið, og nú vitna ég, með leyfi forseta:

„Samkeppni í útlánum á bankamarkaði er lítil úti á landi en mikil á höfuðborgarsvæðinu, segir Kristinn, og þetta eykur þrýstinginn á Byggðastofnun."

Um að gera hvað? Um að koma á fót einhvers konar lánastarfsemi til að fylla það skarð sem hann óttast að verði fyrir hendi þegar dregur saman hjá ríkisbönkunum.

Ég efast ekkert um það að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og félagar geti grætt á landsbyggðarmönnum eins og öðrum. Ég hef engar efasemdir um að hægt er að gera það. Ef við hins vegar skoðun útibúakort landsins, ef við skoðum annars vegar ríkisbankana og hins vegar aðra banka, Íslandsbanka t.d., þá held ég að við munum sjá að Íslandsbanki er með tiltölulega fá útibú á landsbyggðinni á meðan ríkisbankarnir eru með útibú um landið allt. Að hluta til er skýringin sú, að því er ég held, að önnur sjónarmið hafa verið ríkjandi hjá þessum stofnunum. Ég held að sú sé raunin.

Ég er einfaldlega að benda á reynsluna. Ég er að vísa í pósthúsin sem verið er að loka í litlum byggðarlögum, í smæstu byggðarlögunum vegna þess að þau eru ekki talin þjóna þeirri arðsemiskröfu sem gerð er. Þetta er bara staðreynd. Við skulum ekki gera lítið úr staðreyndum, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 2. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 818, nál. 1090, brtt. 1091 og 1195.

[21:57]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Málið var tekið fyrir í nefndinni, sent til umsagnar allmargra aðila og nokkrir þeirra komu á fund nefndarinnar. Frá því er greint í nefndaráliti á þskj. 1090.

Nefndin stendur öll að þeim brtt. sem ég mun mæla fyrir en undir nefndarálitið rita hins vegar þrír nefndarmenn með fyrirvara, þeir hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson og verður væntanlega gerð grein fyrir fyrirvörum þeirra á eftir.

Þær brtt. sem nefndin hefur orðið sammála um koma fram á þskj. 1091. Þær eru í fimm liðum og allmörgum undirliðum vegna þess að frv. er byggt þannig upp að þar er fyrst kafli um breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, síðan sambærilegur kafli um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum, og að síðustu er í IV. kafla frv. sambærilegur kafli um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi. Brtt. eru því kannski einfaldari en virðist við fyrstu sýn þar sem þær eru allsambærilegar við þessa þrjá kafla sem ég gat um. Í 1. lið brtt. er breyting við 1. gr. frv. og í a-lið þessarar brtt. er gert ráð fyrir því að breyta í 1. málsl. 3. efnismgr. þannig að hann orðist með jákvæðum hætti og verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram."

Þetta er kannski ein helsta breytingin sem kemur fram í frv., að þeir sem vilja eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum þurfa að fá leyfi til þess fyrir fram en ekki tilkynna um það eftir á og síðan skorið úr um það hvort það geti gengið upp eða ekki.

Í b-lið 1. tölul. brtt. er gert ráð fyrir að niður falli krafa um að kennitala fylgi skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins.

Það er gert vegna þess að erlendir aðilar hafa ekki kennitölu á Íslandi nema sækja um það sérstaklega.

Í c-lið er gerð breyting þar sem krafa er gerð um að umsækjandi geri grein fyrir áformum sínum um breytingar á verkefnum viðskiptabanka en ekki almennt um markmið umsækjenda með eignarhaldi eins og er í frv.

Í d-lið er gerð krafa um að umsækjandi skýri frá reynslu sinni af fjármálastarfsemi í stað þess að í frv. er talað um þekkingu á atvinnusögu umsækjanda.

11. tölul. 4. efnismgr. 1. gr. frv. á að falla brott samkvæmt e-lið 1. liðs þessari tillögu. Þar er fjallað um fyrri afskipti stjórnvalda sem falið er eftirlit með einstaklingum og lögaðilum að umsækjanda sem geti haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins.

Í f-lið er tilvísun sem tekin er upp í g-lið. Þar er umorðun á 13. tölul. sem fjallar um aðrar upplýsingar, þ.e. gert er ráð fyrir því að upplýsingarnar sem óskað er eftir þurfi að skipta máli við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Í h-lið 1. tölul. brtt. er breyting á 5. efnismgr. 1. gr. frv. og lagt til að komi nýr liður, svohljóðandi:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda.“

Með öðrum orðum á ekki að krefja umsækjanda um upplýsingar sem þegar liggja fyrir á borðum Fjármálaeftirlitsins.

Í i-lið er gerð tillaga um breytingu á 6. efnismgr. 1. gr. frv., að hún orðist þannig:

„Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabanka og skal gæta meðalhófs við það mat.“

Hér er með öðrum orðum ítrekað að meðalhófs skuli gætt í samræmi við almenna stjórnsýslu.

Í j-lið er gert ráð fyrir því að sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í k-lið er gert ráð fyrir að nýr málsl. bætist við 11. efnismgr. 1. gr. Þar segir að sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Sambærilegar breytingar eru lagðar til á III. kafla eins og áður er getið en hann fjallar um lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Þá eru enn fremur lagðar til breytingar við 10. gr. sem er í IV. kafla laganna sem er um vátryggingastarfsemi. Það eru svipaðar breytingar.

Öll nefndin stendur að þessum brtt., virðulegi forseti, en auk þess munu þeir nefndarmenn sem skrifuðu undir með fyrirvara, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson væntanlega gera grein fyrir fyrirvörum sínum.

[22:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum er afar mikilvægt mál samhliða því sem við höfum verið að ræða í allan dag, þ.e. sölu á viðskiptabönkunum.

Með þessu frv. er gerð virðingarverð tilraun til að Fjármálaeftirlitið fái tæki, lagastoð og lagaheimildir, til að hafa eftirlit með virkum eignarhluta. Í frv. er miðað við að virkur eignarhluti eigi við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Herra forseti. Eins og hv. þm. hafa talað um fyrr í dag þá er það stjórnarandstöðunni mikið áhyggjuefni að hætta sé á að fákeppni muni ríkja á þessum markaði þegar öllu bankakerfinu sem verið hefur í ríkiseign er hleypt út í sölu. Menn óttast að leikreglurnar komi ekki í veg fyrir að hætta verði á að einstaka aðilar komist í markaðsráðandi stöðu í bankakerfinu.

Herra forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að það væri afar óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, og andstætt þörfum viðskiptavina og almennra neytenda ef hér væri markaðsráðandi aðili, með meiri hluta eða virkan eignarhlut, í bankakerfinu. Nóg er nú samt, herra forseti. Það er allt of mikið um fákeppni í ýmsum atvinnugreinum í þjóðfélaginu og of algengt að aðilar í atvinnulífinu og tengdir aðilar búi yfir markaðsráðandi stöðu. Í því sambandi getum við nefnt flutningastarfsemi, olíufélög, matvælamarkaðinn eins og við þekkjum. Við það að hleypa bönkunum í sölu eins og hér á að gera er hætta á að það sama komi upp, að einn aðili eða tengdir aðilar geti komist yfir markaðsráðandi hlut í bankakerfinu.

Ljóst er að frv. sem við ræðum er mikilvægur þáttur í að hamla gegn þeirri hættu. Í því er ítarleg greinargerð og ber að þakka hæstv. ráðherra fyrir að lögð hafi verið í það nokkur vinna af hálfu viðskrn. að fara yfir kosti og galla á dreifðri eignaraðild á fjármálafyrirtækjum. Ráðuneytið fól Þórólfi Jónssyni hjá LOGOS lögmannsþjónustu sf. að taka saman skýrslu um álitaefni sem efh.- og viðskn. hefur glímt við. Nefndar eru fjórar meginleiðir. Sú leið sem hæstv. ráðherra hefur valið er að Fjármálaeftirlitið geti haft eftirlit með virkum eignarhluta. Síðan eru tillögur um að setja takmörkun á eignarhluta eins og gert hefur verið í nokkrum löndum. Þriðja leiðin er takmörkun á atkvæðisrétti, svo dæmi sé tekið um helstu leiðir sem hér eru nefndar.

Herra forseti. Formaður efh.- og viðskn. hefur gert grein fyrir þeirri brtt. sem efh.- og viðskn. flytur. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Margrét Frímannsdóttir skrifa undir þetta álit með fyrirvara. Breytingartillögur efh.- og viðskn. eru flestar hverjar tæknilegs eðlis en þær sem hafa efnislegt innihald finnst mér frekar til þess að veikja frv. heldur en hitt. Sumar breytingarnar eru reyndar óskiljanlegar, t.d. er mikilvægasta málsgreinin í 1. gr. miklu afdráttarlausrari í frv. ráðherrans þar sem segir:

„Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.“

En í tillögum efh.- og viðskn. segir:

„Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.“

Í frv. er síðan gert ráð fyrir að þeir sem hyggist eignast stóran eignarhluta í viðskiptabönkum skuli beina skriflegri umsögn til Fjármálaeftirlitsins og umsögninni skuli fylgja upplýsingar um 11 tiltekin atriði sem talin eru upp í frv. Ég skil ekki af hverju fella á út kröfu um að fram komi kennitala umsækjanda svo dæmi sé tekið. Fleira má nefna í þessari upptalningu sem mér finnst heldur til þess að veikja málið en hitt.

Ég minni á ábendingu frá Fjármálaeftirlitinu sem mér sýnist að nefndin hafi ekki tekið upp. Ég vitna til þess sem segir í umsögn Fjármálaeftirlitsins, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins:

1. Í frumvarpinu er kveðið á um hvernig með skuli fara ef aðili eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki án þess að hafa sótt um leyfi til Fjármálaeftirlitsins eða eftir að hafa fengið synjun fyrir umsókn sinni. Meginréttaráhrifin eru þau að atkvæðisréttur fellur niður fyrir þann hluta sem er umfram leyfileg mörk. Fjármálaeftirlitinu er gert að tilkynna viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Fjármálaeftirlitið er þeirrar skoðunar að í framkvæmd geti reynst nokkuð erfitt að hafa eftirlit með því að aðilar eignist ekki virka eignarhluti án heimildar. Þrátt fyrir reglubundna upplýsingagjöf af hálfu fjármálafyrirtækjanna og áskilnað um umsókn þess sem eignast vill virkan eignarhlut, er sú hætta fyrir hendi að eftir að kaup á eignarhlutanum eigi sér stað og áður en Fjármálaeftirlitið fær vitneskju um kaupin hafi hluthafafundur verið haldinn þar sem atkvæðisrétti samkvæmt virka eignarhlutanum hefur verið beitt eða jafnvel að virki eignarhluturinn hafi verið seldur áfram til þriðja aðila. Spurning vaknar því um réttaráhrif þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið áður en samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir og jafnframt ákvarðana sem teknar eru eftir að tilkynning Fjármálaeftirlitsins um niðurfellingu atkvæðisréttar hefur verið send fjármálafyrirtækinu. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ákvarðanir sem teknar eru eftir að tilkynning Fjármáleftirlitsins berst geta verið ógildanlegar samkvæmt 96. gr. laga um hlutafélög. Rétt er að geta þess að samkvæmt þessu ákvæði er heimild til að leita slíkrar ógildingar á ákvörðun bundin við hluthafa, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra. Því er hæpið að Fjármálaeftirlitið geti beitt því ákvæði. Telja verður að kveða verði á um það með skýrum hætti í lögum að ákvörðun svo tekin sé ógild eða a.m.k. að Fjármálaeftirlitið geti haft frumkvæði að slíkri ógildingu."

Herra forseti. Ég hef getið um veikleika sem Fjármálaeftirlitið sér á þessu frv. og sá ástæðu til þess að vekja athygli á en efh.- og viðskn. hefur ekki tekið til greina.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Össur Skarphéðinsson hafa flutt brtt. við frv. sem ég tel mjög til bóta og mundi styrkja frv. mjög og þann tilgang sem þar býr að baki, þ.e. að hafa leikreglur á markaðnum þannig að síður sé hætta á að upp geti komið fákeppnisstaða eða markaðsráðandi ítök eins aðila eða tengdra í bankakerfinu. Brtt. sem þau flytja og ég mæli fyrir í fjarveru Margrétar Frímannsdóttur hljóðar upp á að á eftir 3. efnismgr. 1. gr. frv. komi ný málsgrein sem orðist svo:

„Eigendur virkra eignarhluta, sbr. 3. mgr., geta að hámarki farið með 15% atkvæðisréttar í viðskiptabanka. Atkvæðisrétt vegna hlutdeildar eiganda virks eignarhlutar sem er umfram 15% getur eigandi ekki nýtt sér á hluthafafundum."

Við 5. gr. Efnismgr. orðist svo:

„Um skyldu hluthafa lánastofnana til að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa eða aukningar á virkum eignarhlutum gilda ákvæði 12. og 13. gr. laga um verð bréfaviðskipti, nr. 13/1996."

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Ákvæði 4. efnismgr. 1. gr. haggar ekki atkvæðisrétti þeirra hluthafa í viðskiptabönkum sem fara með meiri atkvæðisrétt en 15% við gildistöku laganna."

Herra forseti. Ég tel að þetta ákvæði veiti frv., þegar að lögum verður, miklu ríkara innihald og að Fjármálaeftirlitið hafi miklu meiri tök á að hafa eftirlit með því að ekki myndist markaðsráðandi staða í bankakerfinu.

Ef við lítum til greinargerðar frv. á bls. 23 þá er þar yfirlit yfir stærstu hluthafana nú í bankakerfinu, en sú brtt. sem ég hef hér lýst nær til takmörkunar á atkvæðisrétti að því er varðar viðskiptabankana, þ.e. Landsbanka, Búnaðarbanka og Íslandsbanka-FBA. Má t.d. nefna, af því að miðað er við eignarhlutann 15%, að þá mundi þetta vera nálægt því sem stærsti eignaraðilinn er nú með hjá Íslandsbanka-FBA. Nú er eignarhlutur ríkisins í Landsbanka 68% og í Búnaðarbanka yfir 70%, en eins og kemur fram í þessari brtt. er á því tekið í svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Ákvæði 4. efnismgr. 1. gr. haggar ekki atkvæðisrétti þeirra hluthafa í viðskiptabönkum sem fara með meiri atkvæðisrétt en 15% við gildistöku laganna."

Þetta hefur því ekki áhrif í Landsbanka og Búnaðarbanka meðan ríkið á þar meiri hluta eða yfir þessum mörkum.

Sú leið sem ég hef verið að lýsa er einn af þeim kostum sem talinn er æskilegur til að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum og kemur fram í greinargerð Þórólfs Jónssonar sem ég hef lýst, en hún er birt sem fylgiskjal með frv. eins og ég nefndi áður. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með löggjöf um dreift eignarhald á fjármálastofnunum yrði að því stefnt að koma í veg fyrir að einstakir aðilar næðu of miklum ítökum í fjármálastofnunum og tryggja með því sjálfstæði bankakerfisins gagnvart efnahagslífinu. Hefur því verið haldið fram að of mikil ítök einstakra aðila í fjármálafyrirtækjum geti skaðað hagsmuni viðskiptavina og annarra hluthafa."

En í lögum um sparisjóði er ákvæði sem lýtur að hámarksatkvæðisrétti stofnfjáreigenda sparisjóða og er þar miðað við 15%.

Það er einmitt ástæða til þess að vekja athygli á því varðandi sparisjóðina á bls. 26 í greinargerð að þar er þessu sérákvæði um sparisjóðina lýst. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um sparisjóði gilda sérsjónarmið því hámarksatkvæðisréttur einstakra stofnfjáreigenda er takmarkaður samkvæmt 35. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996, sem hljóðar svo: „Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 98. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn."

Engar takmarkanir eru á því hvað stofnfjáreigendur sparisjóða mega eiga mikið stofnfé. Hins vegar leiðir af 35. gr. laganna að hver og einn stofnfjáreigandi getur aldrei farið með meira en 5% atkvæðisréttar á fundum stofnfjáreigenda.

Ákvæðið hefur því ekki bein áhrif á hversu mikið stofnfé stofnfjáraðilum er unnt að eignast í sparisjóðum en takmarkar hins vegar þann atkvæðisrétt sem þeir geta farið með."

Herra forseti. Ég hef lýst þessari tillögu. Ég vil nefna það að nokkur ríki hafa farið þá leið að takmarka eignarhald á hlutafé jafnhliða takmörkun á atkvæðisrétti. Þar má nefna Noreg, Ítalíu, Spán, Kanada og Bandaríkin, en þessi ríki hafa farið þá leið að takmarka jafnframt eignarhluta á hlutafé.

Það er athyglisvert að í skýrslu Þórólfs Jónssonar kemur fram að ekkert ríki láti nú nægja að takmarka aðeins eignarhald á atkvæðisrétti og hann segir orðrétt í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Það er nokkuð sérstakt þegar haft er í huga að með því mætti draga úr líkunum á því að einstakir aðilar næðu of

miklum áhrifum í fjármálafyrirtækjum, án þess að hömlur væru lagðar við því að áhugasamir fjárfestar, sem ekki sættust eftir stjórnunaráhrifum, legðu fé í viðkomandi fyrirtæki."

Mér finnst einmitt þessi lýsing Þórólfs lýsa því mjög vel að þetta er fær leið sem út af fyrir sig er líka æskilegt að fara samhliða þeirri leið sem er í frv. um eftirlit með 10% virkum eignarhluta og geta þessi ákvæði, bæði um 10% virka eignarhlutann og eftirlit með honum og þær takmarkanir eða skorður sem hér eru settar við atkvæðisréttinum, mjög vel gengið saman.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir þetta mál. Ég vil þó nefna að forsrh. í þessari ríkisstjórn hefur talað mjög um — eða gerði það a.m.k. á meðan við vorum að ræða hlutafélagavæðingu á bönkunum og takmarkaða sölu úr þeim — þá ræddi forsrh. opinberlega um að væri rétt að setja takmarkanir á eignarhluta. Hann fór þar miklu neðar en við erum að ræða hér. Hann ræddi um að rétt væri að setja takmarkanir á eignarhluta við 3–8%. Hér látum við nægja að miða við 15% og teljum ekki rétt að fara hærra. Það er þó nokkuð stór eignarhluti sem getur tryggt ákveðna kjölfestu fjárfesta sem menn eru að kalla eftir. En um leið, þegar þessi girðing er reist, setur hún því líka ákveðnar skorður að einn aðili eða tengdir aðilar geti eignast stóran hluta í bankakerfinu sem fylgir atkvæðisréttur og þar með vald til ákvarðanatöku í viðkomandi banka.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja. Ég fylgi þessari tillögu úr hlaði og vænti þess að þingmenn skoði jákvætt þá leið sem hér er mælt fyrir vegna þess að ég tel að þetta nægi ekki, þ.e. eins og þetta er sett fram í frv. hæstv. viðskrh. sem við í Samfylkingunni fylgjum en teljum ekki nóg að gert með þeirri leið. Þess vegna hefur þessi tillaga komið fram nú við 2. umr. um að setja skorður á atkvæðisrétt í viðskiptabönkunum.

[22:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram í tengslum við umræðu sem fram hefur farið um dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum en lögð hefur verið áhersla á að tryggja sem dreifðasta eignaraðild að þeim fyrirtækjum sem ríkissjóður selur í hendur einkaaðila. Hverjir hafa lagt áherslu á þetta? Jú, það er ekki síst Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Við höfum lagt fram frv. á Alþingi sem felur í sér tryggingu fyrir slíku. Samfylkingin hefur ekki lagt áherslu á að finna leiðir til að ná fram þessu markmiði og í orði kveðnu hafa ýmsir tekið undir þessi sjónarmið. Hæstv. forsrh. gerði það m.a. á sínum tíma. En síðan reyndist ekki mikil innstæða fyrir þeim áhuga og það frv. sem við lögðum fram, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ég, um dreifða eignaraðild dagaði uppi í efh.- og viðskn. þingsins og hafði þá reyndar verið fordæmt af ýmsum aðilum í viðskiptum sem er lítið um það gefið að tryggja dreifða eignaraðild.

Þetta frv. sem hér er til umræðu gengur í rauninni ekki út að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum. Með frv. er hins vegar stefnt að því að auka eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum svokallaðra virkra eignarhluta í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögunum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði falið að kanna hæfi allra þeirra einstaklinga og lögaðila sem hafa í hyggju að eignast virka eignarhluti í þessum stofnunum hvort sem það eru lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða vátryggingafélög.

Þetta frv. nær til eignarhalds í viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum svo sem áður segir. Eignarhald á stórum hlutum verður hér eftir háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær til svonefndra virkra eignarhluta en í lögum hefur með því hugtaki verið átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Það viðmið sem við höfðum í okkar frv. á sínum tíma um dreifða eignaraðild var 8% hlutur.

Hvernig skal farið með þá aðila sem hyggjast komast yfir 10% hlut í stofnunum? Jú, þeir skulu sæta eftirliti. Það er nokkuð matskennt, enda gagnrýndu það margir á þeim forsendum. Ef um lögaðila er að ræða skulu eigendurnir eða lögaðilinn sjálfur, síðan stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóri og þeir einstaklingar og lögaðilar sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum ganga í gegnum nálarauga Fjármálaeftirlitsins. Þar skal skoðuð fjárhagsstaða umsækjenda, þekking og reynsla, hvort eignarhald umsækjenda skapi hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði, stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í, hvort ætla megi að eignarhald umsækjenda muni torvelda eftirlitið með hlutaðeigandi viðskiptabanka o.s.frv., hvort umsækjandi hafi gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgiskjölum, refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn. Hér er vitnað í 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um til hvers eftirlitið skuli taka.

Á það hefur verið bent að 10% eignarhlutur í fjármálastofnunum sé svo hátt hlutfall að það mundi ekki taka til annarra aðila væntanlega en þeirra allra stærstu, lífeyrissjóða. Hér fyrr í dag við umræðu um einkavæðingu ríkisbankanna vísaði ég í fylgigögn með frv. þar sem er að finna skrá um núverandi eigendur Landsbankans og Búnaðarbankans, en stærstu eigendur fyrir utan ríkið voru allir með, ef ég man rétt, innan við 5–6% þannig að við erum hér að tala um að stórir eignaraðilar sæti eftirliti af þessu tagi.

Ég hef skrifað undir nefndarálit efh.- og viðskn. og styð þetta frv. í öllum megindráttum. Ég hef haft ákveðnar efasemdir um þá þróun sem er að verða í þjóðfélag okkar. Við markaðsvæðum starfsemi sem áður var á vegum opinberra aðila, í sífellt ríkari mæli markaðsvæðum við þessa starfsemi, en í staðinn blásum við upp eftirlitsbákn, eftirlitsnefndir og setjum lög og reglugerðir sem þær eiga að starfa samkvæmt til að hafa eftirlit með samfélaginu. Þannig var Landssíminn gerður að hlutafélagi en jafnframt var búin til eftirlitsstofnun með fyrirtækinu. Þetta er að gerast á öllum sviðum og þetta er sá iðnaður og sú starfsemi sem dafnar mest nú um stundir í þjóðfélagi okkar og reyndar víðar á Vesturlöndum þar sem svipuð þróun á sér stað.

Ég hef ákveðnar efasemdir um hversu góð og æskileg þessi þróun er. Ég set spurningarmerki við hið óhlutlæga og matskennda sem er að finna í þessum reglum og þessari eftirlitsstarfsemi eins og er að finna í ýmsum samsvarandi stofnunum og samsvarandi reglugerðarverki. En þar sem okkar frv. hefur ekki náð fram að ganga, hefur ekki fengið hljómgrunn hjá meiri hluta Alþingis, þá tel ég þó skömminni skárra fyrir eigendur þessara mikilvægu stofnana, fjármálastofnana landsins, að einhverjar tryggingar séu fyrir hendi af hálfu landsmanna og notenda þjónustunnar. Ég hef þó þessa

fyrirvara og áðurnefndar spurningar vakna í mínum huga við þessa þróun. En ég mun þegar á heildina er litið engu að síður styðja þetta frv.

[22:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að freista þess enn einu sinni að fá svör við spurningum sem ég hef ítrekað borið fram til hæstv. viðskrh. Til vonar og vara beini ég spurningunni líka til hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gæti hlustað á mig, hæstv. forseti, þá þætti mér mjög vænt um það svo að ég þurfi ekki að endurtaka orð mín.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja þingmenn í hliðarsal að gefa hljóð.)

Hv. formaður efh.- og viðskn. er mættur í þingsalinn. Ég hef ítrekað borið fram spurningar til hæstv. viðskrh. Hér eru á ferðinni tvö þingmál sem mér finnst illa geta gengið saman. Ég get ekki séð að eðlilegt sé að hv. Alþingi afgreiði málin með þeim hætti sem til er ætlast.

Annars vegar er hér til umræðu frv. til breytinga á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Það gerir ráð fyrir að hægt sé að beita ýmsum aðferðum við að velja úr þá sem mega eignast stóra eignarhluti í fjármálafyrirtækjum, setja skilyrði og jafnvel hömlur á atkvæðisrétt þeirra og yfirráð í fyrirtækjunum sem um er að ræða.

Í hinu frv. — ég óska eftir að verða leiðréttur ef ég fer rangt með — er ekki gert ráð fyrir að sparisjóðirnir lúti þessum reglum. Í þingmálinu sem ég er að vísa til, um breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, er gert ráð fyrir að sparisjóðir geti orðið að hlutafélögum. Eftir að þeir eru orðnir að hlutafélögum geta fjárfestar keypt yfirráð í sparisjóðunum með því að eignast tiltölulega lítinn hlut í þeim. Ég get ekki fengið heim og saman að það gangi upp að setja ströng skilyrði fyrir eignarhlut í viðskiptabönkunum en láta síðan óátalið að menn geti keypt lítinn hlut í sparisjóðunum og ráði þeim alfarið í krafti þess litla eignarhlutar. Almennt séð finnst mér að hv. Alþingi hefði átt að taka sér drjúgum lengri tíma til að velta fyrir sér þeirri niðurstöðu sem hér er kominn hvað varðar sparisjóðna.

Ég vildi vekja athygli á þessu enn einu sinni og freista þess að fá fram svör og rökstuðning fyrir því að hvort tveggja geti gengið sem reglur á fjármálamarkaðnum. Sannarlega er um hliðstæðar fjármálastofnanir að ræða og málið snýst ekki bara um sparisjóði. Menn eru líka að tala um tryggingafélög svo dæmi sé tekið. Mér finnst satt að segja að hv. Alþingi geti illa sent frá sér þessi tvö mál sama daginn og látið svo mismunandi reglur gilda um sambærilegar stofnanir.

[22:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af spurningum hv. þm. þá vil ég fyrst vekja athygli þingmannsins á því að viðskiptabankar, þeir sem starfa nú, eru allmiklu stærri en einstakir sparisjóðir. Þar er því algerlega ólíku saman að jafna.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli hv. þm. á því að í frv., sem væntanlega kemur á dagskrá síðar í kvöld, þar sem breytt er ákvæðum laga um sparisjóði, segir að sparisjóðir sem breytt er í hlutafélag skuli breyta samþykktum og haga málum þannig að einstökum hluthöfum sé aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% heildaratkvæða vegna sparisjóðs. Í samþykktum væri heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun sem er stofnuð geti sem slík farið með meira en 5%, enda er það eðli málsins samkvæmt náttúrulegt í ljósi stærðar viðkomandi sjálfseignarstofnunar að hún fari með meira, en í sparisjóðnum sjálfum geti hver einstakur aðili ekki farið með meira en 5%.

Það gildir einfaldlega annað um sparisjóði en viðskiptabanka vegna stærðarinnar, vegna þess hve starfsemi sparisjóðanna er svæðisbundin og vegna sögu þeirra. Ég held að þessi ákvæði, þar sem talað er um virkan eignarhlut og þýðingu virks eignarhlutar fyrir starfsemi banka- og fjármálakerfisins í heild, hafi allt aðra og meiri merkingu þegar viðskiptabankar eiga í hlut og eigi síður við um sparisjóðina.

[22:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. tókst ekki að sannfæra mig. Í fyrsta lagi geta sparisjóðir stækkað. Sumir þeirra eru orðnir býsna myndarlegir. Þeir geta sameinast og orðið sambærilegir við ýmsa banka sem við munum að hafa verið starfræktir. Ég tel að jafnvel þó að um einhvern stærðarmun sé að ræða þá sé illa boðlegt að láta mismunandi reglur gilda hvað þetta varðar þegar um er að ræða sambærilegar stofnanir. Tryggingafélög sem hér eiga í hlut eru væntanlega ekki öll svo afskaplega stór. Þau eiga samt að falla undir þessar reglur.

Ég tel að það síðasta sem hv. þm. nefndi sem rök í málinu sé það sem stendur í veginum, þ.e. sagan. Sparisjóðirnir urðu einfaldlega til með ákveðnu fyrirkomulagi og menn sitja uppi með það. Hins vegar á að hlaupa til á miklum hraða og gefa þeim möguleika á að verða að hlutafélögum með þeim eindæmum sem ráð er fyrir gert, að menn geti í krafti þess að eiga 1–2% í sparisjóðnum haft fullkomin yfirráð í þeim og ráðið hverjir verða valdir til að stjórna sjálfseignarstofnuninni og ráða öllu í viðkomandi fyrirtæki.

Hv. þm. veit að þetta er svona. Þær reglur sem hér er verið að tala um, annars vegar fyrir sparisjóði og hins vegar fyrir viðskiptabanka, eru aldeilis engan veginn sambærilegar.

[22:41]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. tekur réttilega fram að viðskiptabankar og sparisjóðir starfi á sama markaði. Að því leyti er starfsemi þeirra sambærileg. Uppbygging sparisjóðanna annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar hefur verið ólík. Í sjálfu sér breytist ekkert hjá sparisjóðunum að því leyti að þeir hafa hingað til getað verið undir stjórn fárra aðila sem hafa ekki bara ráðið því hverjir yrðu stofnfjáreigendur heldur hafa líka fáir aðilar forustu fyrir uppbyggingu sjóðanna. Það er athyglisvert að þeir aðilar, sem hafa í mörgum tilfellum ekki verið svo rosalega margir, hafa með starfsemi sinni byggt upp býsna öflug fyrirtæki án þess að hafa meira tilkall til eigin fjár eða afraksturs af starfseminni en sem nemur þeim stofnhlut sem þeir lögðu til í upphafi.

Ég verð að segja að ég tel ekki neina sérstaka ástæðu til að refsa þessum einstaklingum fyrir þann dugnað og framsýni sem þeir hafa sýnt í rekstri þessara fyrirtækja.

[22:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn þykja mér rýrna rökin. Það er verið að setja takmarkandi reglur fyrir aðrar lánastofnanir. Væntanlega gæti hún átt við aðrar lánastofnanir líka, ræðan sem hv. þm. var að flytja um að menn hafi staðið sig bærilega og þess vegna væri óþarft að setja þeim einhverjar hömlur. Hv.

þm. nefndi að ekkert breyttist og þess vegna væri hægt að treysta mönnum áfram.

Málið er einfaldlega að það er verið að setja nýjar reglur. Það liggur fyrir að menn geta selt þessar stofnanir með því að selja örfá prósent. Menn telja ástæðu til að hafa strangt eftirlit með því hvernig farið sé með eignarhald á stórum lánastofnunum. Varðandi smærri sambærilegar stofnanir finnst hv. þm. það fráleitt og vantraust á þá sem stjórna þar að láta sér detta í hug að láta svipaðar reglur gilda um þær.

Ég verð að segja að ég hef ekki sannfærst. Ég endurtek að ég tel að ástæða sé fyrir hv. Alþingi til að gefa sér betri tíma og fara yfir þessar hugmyndir um breytingar á sparisjóðunum og hvernig skuli fylgja þeim inn í framtíðina. Ég er ekki að segja það í neikvæðri merkingu. Ég vil gjarnan að menn leiti leiða sem hjálpað geti til við að búa til eðlilegar stofnanir. Það er ekki eðlilegt að menn hafi með þessum hætti yfirráð yfir miklu eigin fé í krafti þess að eiga örlítinn eignarhlut í þessum fjármálafyrirtækjum, eins og staðfest yrði með þeim reglum sem þarna eru settar fram.

[22:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala mikið um þetta mál. Ég hélt langa ræðu um það við 1. umr. og hafði eiginlega allt á móti því. Ég gat þess þá að 2% hlutur gæti gert menn allsráðandi í fyrirtæki. Ég nefni t.d. Eimskipafélag Íslands þar sem 2% hlutur er allsráðandi. Hins vegar er mögulegt að 16% hlutur sé algerlega áhrifalaus og dugi ekki til að koma manni að í fimm manna stjórn. Reglurnar geta verið mjög mismunandi eftir því hvernig dreifingu hlutafjár er háttað.

Ég spurði líka hvað gerðist ef menn eignast óvart meiri hlut. Segjum að einhver aðili eigi beinan hlut í bankanum upp á 8% og svo eigi hann óbeinan hlut í gegnum eitthvert fyrirtæki upp á 1% og það fyrirtæki sem hann á óbeinan hlut í gegnum eykur hlut sinn í bankanum án hans tilverknaðar. Hann hefur ekkert með það að gera. Og þá eignast hann aukinn hlut í bankanum án þess að hafa gert nokkurn skapaðan hlut. Og ef hann tekur ekki eftir þessu getur hann lent í því að Fjármálaeftirlitið skipi honum að selja hlutinn í refsingarskyni og setji meira að segja dagsektir á það ef hann er ekki búinn að selja þetta í hvelli. Maður getur jafnvel ímyndað sér að í einhverri valdabaráttu í efnahagslífinu gætu menn farið að nota svona lagað. En það er nú kannski fulllangsótt.

Svo geta menn náttúrlega eignast hlut í gegnum erfðir. Við skulum ímynda okkur afskaplega klára konu sem hefur gert það gott í atvinnulífinu og á stóran hlut í einhverjum banka. Hún er gift ljóshærðum, fallegum og dálítið heimskum manni. (Gripið fram í.) Já, hann er dálítið heimskur. Svo fellur hún frá. Og ljóshærði, heimski maðurinn sem hefur ekki hundsvit á verðbréfaviðskiptum, eignast þarna stóran hlut í þessum banka. Samkvæmt þessum lögum má hann ekki eigan þennan hlut. Hann verður að selja hann í hvelli hvað sem það kostar.

Ég hef aldrei nokkurn tímann heyrt að settar séu kröfur um að eigandi fyrirtækis sé hæfur til að eiga hlut. Hér stendur:

„Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðskiptabankans."

Eins og ég nefndi við 1. umr. þá getur barn náttúrlega líka erft hlut án þess að hafa hundsvit á verðbréfaviðskiptum og neyðist þá til að selja hlutinn hvað sem það kostar. Og það getur vel verið að gengið sé afskaplega slæmt þegar forráðamaðurinn fellur frá, t.d. akkúrat núna.

En það sem kannski er athyglisverðast við þetta er að við erum eiginlega að fjalla um tómt mengi ef við eigum við einstaklinga. Hverjir eiga stóra hluti á Íslandi? Það eru lífeyrissjóðirnir. Og hvar er nú hv. þm. Ögmundur Jónasson? Ég frétti núna rétt áðan að er orðinn formaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. (**Gripið fram í:** Nú?) Hann er því ekki bara óbreyttur stjórnarmaður, heldur er hann er eiginlega samþjöppun valdsins í einni persónu, samþjöppun þessa mikla valds í einni persónu. Lífeyrissjóðirnir eiga umtalsverðan hlut í þessum fyrirtækjum og nú þarf að leggja mat á það hvort þessir lífeyrissjóðir séu hæfir og allir þeirra stjórnarmenn til þess að eiga hlut í þessum bönkum. Og ef þær breytingar verða samþykktar sem búið er að gera hérna með tillögum hv. efh.- og viðskn. þá þarf t.d. að vita hvort viðkomandi hafi reynslu af fjármálastarfsemi. Og þá þarf Fjármálaeftirlitið að leggja mat á það hvort hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi reynslu af verðbréfaviðskiptum. Ég veit reyndar að hann á eitt hlutabréf. (**JóhS:** Hvað ertu alltaf að ráðast á Ögmund?) Ja, þetta er bara svona eitt dæmi um hvað þetta kemur ankannalega út, því að umræðan gekk út á allt annað. Umræðan sem er hvatinn að þessu frv. gekk út á allt annað. Það var ef einhverjir ljótir einstaklingar væru að eignast hlut en ekki lífeyrissjóðir.

Ég hafði eiginlega mestar áhyggjur af og hef enn þá miklar áhyggjur af erlendum aðilum sem mundu t.d. vilja kaupa hlut í þessum bönkum, sem við margir hverjir leggjum áherslu á að gerist til þess að fá inn erlenda þekkingu í bankaviðskiptum. Segjum að City Bank ætlaði að kaupa 25% hlut í Landsbankanum hf. Það er á allan máta mjög jákvætt að mínu mati. En þá þurfa forstjórar og stjórnarmenn í City Bank einhvers staðar úti í heimi að sæta því að verðbréfaeftirlitið á Íslandi, Fjármálaeftirlitið á Íslandi, fari að leggja mat á það hvort þeir hafi vit á verðbréfaviðskiptum.

Halda menn virkilega að þessir menn séu tilbúnir til þess að láta einhverja embættismenn á Íslandi leggja mat á hæfi sitt til þess að eignast hlut í einhverjum banka sem er pínulítill í þeirra augum? Þeir láta það bara vera.

Segjum að City Bank keypti nú hlut í Landsbankanum, einhvern hlut, og svo gerist það að hann á hlut í einhverjum banka í Japan og sá banki kaupir hlut í Landsbankanum líka og þar með aukist hluturinn og þeir gleyma að tilkynna þetta, þessa óbeinu aukningu á eignarhaldi og fara yfir einhver mörk, þá er þeim skipað að viðlögðum dagsektum að selja hlut sinn. Ég er hræddur um að þegar þessir menn lesa þessar reglur, ef þeir komast einhvern tímann í gegnum þær allar án þess að hætta við að kaupa, muni þeir ekki hafa stóran áhuga. Ég hef dálitlar áhyggjur af þessu, þ.e. að þetta muni takmarka það að við getum selt þessa banka til erlendra aðila, jafnvel þó að hv. efh.- og viðskn. hafi bætt við að gæta eigi meðalhófs við mat. Ég hugsa að það dugi ekki til.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, herra forseti. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

[22:51]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig satt að segja ekki vel á ræðu hv. þm. hér áðan. Það er eins og hann hafi byrjað á að lesa frv. og séð fyrirsögnina og síðan orðið eitthvað svo vondur í skapinu að það hafi allt runnið saman, bæði texti frv. og að maður tali nú ekki um brtt. nefndarinnar.

Aðalatriðið í störfum nefndarinnar þegar hún fjallaði um þetta mál var að velta því fyrir sér hvernig reglur um þessi atriði hér á landi gætu orðið sambærilegar við það sem tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar og sérstaklega þeim sem hafa byggt upp alþjóðlegar fjármálastofnanir og alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar. Þá vísa ég t.d. til Bretlands eða Lúxemborgar. M.a. var stuðst sérstaklega við reynslu þeirra íslensku aðila sem hafa gengið í gegnum það að sækja um starfsleyfi og fá samþykktan virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í Lúxemborg eða Bretlandi.

Því væri athyglisvert ef hv. þm. gæti skýrt það út hvernig þessum stöðum, t.d. Lúxemborg eða London, hefur tekist að byggja upp þessar miklu alþjóðlegu fjármálamiðstöðvar þrátt fyrir það að búa við töluvert strangari löggjöf en verið er að tala um hér.

[22:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að útskýra hvernig Lúxemborg fer að því að byggja upp sitt veldi. En mér skilst að þær reglur séu mjög frjálslegar og frjálslyndar, án þess að hafa kynnt mér reglur um þetta eignarhald sérstaklega. Það verð ég að viðurkenna. (Gripið fram í.) En ég sé bara ekki þörfina á þessum reglum. Hana skil ég ekki. Ég sé ekki hvernig einhver embættismaður getur lagt mat á það hvort einhver ein persóna eða lögaðili sé hæfur til að eiga hlut. Hvernig getur maður lagt mat á það að einhver sé hæfur til að eiga eignarhlut? Hvenær eru menn ekki hæfir til að eiga eignarhlut? Og hvað mega menn ekki eiga? Ég skil bara ekki til hvers menn eru með þetta.

[22:53]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að það kemur algjörlega fram í 1. gr. frv. þar sem upptalning er á því hvað eigi að leggja fram og eins eru hér algjörlega skýr atriði um það hvað eigi að leggja til grundvallar. Stór hluti af ræðu hv. þm. áðan var bara alveg gjörsamlega óþarfur vegna þess að í brtt. frá efh.- og viðskn. kemur fram að:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 4. mgr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef umsækjandi lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt sé að afla sambærilegra upplýsinga frá fjármálaeftirliti heimaríkis umsækjanda."

Skriffinnskan er því í algjöru lágmarki, sérstaklega fyrir erlenda aðila sem hyggjast koma og eignast virkan eignarhlut í íslensku fjármálafyrirtæki, ekki síst ef viðkomandi starfar sem fjármálafyrirtæki á erlendri grund og heyrir undir erlent fjármálaeftirlit.

[22:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er svo að erlendir aðilar þurfi ekki að hlíta þessum reglum, og innlendir aðilar, þ.e. einstaklingar, eru ekki nægilega sterkir og stórir til að eiga þennan hlut til hvers er þá verið að setja lögin? Þeir aðilar sem falla undir lögin eru lífeyrissjóðir og þeir sæta nú aldeilis eftirliti frá Fjármálaeftirlitinu. Ég reikna með því að þeir verði allir dæmdir hæfir til að eiga hlut, nema hvað? Til hvers eru þá lögin?

Ég sé ekki einn einasta mann, persónu, í augsýn sem gæti eignast yfir 10% hlut í Landsbankanum. Þar fyrir utan, ef hann gerði það, mundi ég ráðleggja honum beint frá því að setja allar sínar eigur í einn banka. (**Gripið fram í:** Hvað með Jón Ólafsson?) Hann gæti ekkert eignast 2.000 millj. til þess að kaupa 10% í Landsbankanum. (Gripið fram í.) Ég mundi ráðleggja manni frá því. Ég held að þetta lagafrv. sé um tómt mengi. Það er um ekki neitt.

Ef það nær ekki til útlendinga af því þeir hlíta reglum heima hjá sér, ef það nær ekki til Íslendinga af því lífeyrissjóðirnir falla undir eftirlitið hvort sem er, þá ... (**VE:** Er þingmaðurinn á móti þessu af fagurfræðilegum ástæðum eða vegna þess að hann telur að þetta ...?) Ég tel þetta vera óþarfa eftirlit með einstaklingum.

[22:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kom hingað í pontu fyrst og fremst til að gera játningu og færa fram mjög einlægar þakkir. Játningin er sú að það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég er hlutabréfaeigandi. Upphæð bréfsins er 200 kr. í Landsbanka Íslands. Gefandi er hv. þm. Pétur H. Blöndal sem kvaðst vera orðinn þreyttur á því að hlusta á mál mitt og gagnrýni á hlutabréfaeigendur og vildi gera mig einn af þeim þannig að ég yrði í þeirra hópi. Ég ætla að færa honum síðbúnar þakkir fyrir þessa gjöf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 873, nál. 1212 og 1223, brtt. 1224.

[22:57]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni höfum óskað eftir fundi með forseta þingsins til að ræða framvinduna. Þingið hefur verið að störfum frá því klukkan átta í morgun. Einhverjar þingnefndir kunna að hafa hafið störf klukkan sjö. Þegar hafa verið boðaðir fundir í nefndum klukkan átta, klukkan sjö í einni nefnd, samgn. sem gerist mjög afkastasöm núna undir undir þinglokin. Við viljum óska eftir fundi um framvinduna í kvöld og óskum eftir því að hlé verði gert á þingfundinum þar til niðurstaða hefur fengist.

[Fundarhlé. — 22:59]

[23:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Frv. þetta fjallar um möguleika sparisjóðanna til að breyta rekstrarformi sínu úr því sem það er í dag í hlutafélag.

Nefndin sendi þetta til umsagnar og fékk nokkra aðila til fundar við sig, sem getið er um á þskj. 1212.

Í umfjöllun nefndarinnar var að sjálfsögðu rætt um málið fram og til baka og meiri hluti nefndarinnar gerir þá tillögu að í 3. gr. frv. verði því bætt við að fara þurfi eftir skilyrðum um úthlutun til menningar- og líknarmála. Þetta er sett í því skyni að hnykkja á að það sé alveg klárt að ekki sé hægt að taka fé út úr sjálfseignarstofnun sem á við sparisjóði, hlut, nema til menningar- og líknarmála og það sé skilyrði fyrir því að sjálfseignarstofnunin njóti skattfrelsis á tekjuskatti og eignarskatti.

Allmikið var rætt um skattlagningu sjálfseignarstofnunar sem á hlut í sparisjóði. Í störfum nefndarinnar kom skýrt fram að fjármagnstekjuskattur mundi falla á slíka sjálfseignarstofnun, þ.e. sá arður sem slík sjálfseignarstofnun fær, t.d. af eignarhlut sínum í sparisjóði, yrði skattskyldur í fjármagnstekjuskatti þótt stofnunin sem slík sé undanþegin tekju- og eignarskatti.

Það hefur orðið að samkomulagi að ákveðið atriði sem tengist þessari skattlagningu muni koma til umfjöllunar í nefndinni milli 2. og 3. umr. og það verður boðað til fundar í nefndinni þar sem málið verður á dagskrá á milli 2. og 3. umr. þar sem fjallað verður sérstaklega um það tæknilega atriði sem snýr fyrst og fremst að því hvernig mat eða hvort þurfi að taka sérstaklega til skoðunar á nýjan leik mat á stofnverði hlutabréfa.

Ég tel einboðið að Alþingi afgreiði þetta mál. Þetta er mikið framfaramál fyrir sparisjóðina. Ég tel að það skipti miklu máli að sparisjóðirnir hafi möguleika til að taka þátt í þeirri samkeppni sem á sér stað á íslenskum fjármálamarkaði. Sparisjóðirnir hafa í gegnum tíðina gegnt mikilvægu hlutverki hver á sínum stað. Þeir hafa lagt mikið af mörkum til uppbyggingar atvinnulífi og þjónustu við einstaklinga á starfssvæði sínu. Hlutverk þeirra varðandi þjónustu við atvinnulífið hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum eftir að Sparisjóðabankinn var stofnaður og sparisjóðirnir tóku að hafa með sér samstarf. Þá hafa þeir aukið mjög getu sína til að þjóna atvinnulífinu.

Ég tel að efling sparisjóðanna sé stór og mikilvægur hluti í eflingu íslenska fjármálakerfisins yfirleitt. Hörmulegt væri til þess að vita ef löggjafinn veitti ekki sparisjóðunum nægilegt svigrúm til þess að þróast og breytast þannig að sparisjóðirnir geti tekið áfram öflugan þátt í uppbyggingu á íslensku atvinnulífi, íslensku þjóðfélagi og íslensku fjármálakerfi.

[23:08]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. en minni hlutann skipar ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir.

Við í minni hlutanum styðjum að sparisjóðunum sé veitt heimild til þess að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag og erum því hlynnt en mikilvægt er að sparisjóðirnir hafi þennan möguleika samfara þeim miklu breytingum sem hafa orðið á fjármálamarkaðnum.

Engu að síður teljum við að komið hafi fram í meðferð málsins og umfjöllun hér á þingi nokkrir ágallar á frv. sem við sjáum ástæðu til þess að freista hér í umræðunni að reyna að ná samstöðu um að lagfæra.

Þeir lúta eignarhaldi á sparisjóðunum þegar þeim verður breytt í hlutafélag og eftirliti með sjálfseignarstofnunum sem sparisjóður þarf að stofna við breytingu í hlutafélag. Einnig gerir 1. minni hluti athugasemdir við að ekki skuli vera skilgreint í lögum hvert stofnverð hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda á að vera og að ekki skuli vera ljóst hvert stofnverð hlutabréfa í eigu sjálfseignarstofnunar verður. Þetta teljum við mikilvægt að verði lagfært og hefur t.d. ríkisskattstjóri gert alvarlegar athugasemdir við þetta.

En þeir þættir sem ég hér hef nefnt að því er varðar skattalega meðferð á stofnverði hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda, og hvert verði stofnverð hlutabréfa í eigu sjálfseignarstofnunar, eru þeir þættir sem eru óháðir þeim ágreiningi sem var uppi um hvort skattleggja ætti almennt í gegnum tekjuskatt og eignarskatt, sjálfseignarstofnanir. Þetta þarf að lagfæra alveg óháð því og það eru þeir þættir sem ég hef óskað eftir að nefndin skoði milli 2. og 3. umr. og ég heyrði að formaður nefndarinnar gat um í framsögu sinni.

Við gagnrýnum líka að sjálfseignarstofnanir skuli vera undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti. Slíkt hefur fordæmisgildi og vekur upp spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu annarra sambærilegra félaga sem greiða þurfa skatt af tekjum sínum og eignum og hefur ríkisskattstjóri líka gagnrýnt þetta mjög í umsögn sinni.

Jafnframt teljum við í minni hlutanum eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlitsskyldu með sjálfseignarstofnunum sem stofnaðar verða ef sparisjóði er breytt í hlutafélag enda gengur meginhluti af eigin fé sparisjóðanna til sjálfseignarstofnana við þá breytingu.

Minni hluti hefur gagnrýnt út frá viðskiptalegu sjónarmiði og almannahagsmunum að núverandi stofnfjáreigendur muni fá mikil völd í krafti tiltölulega lítils eignarhluta. Framlög stofnfjáreigenda voru í árslok 1999 um 1.500 millj. kr. af samanlögðu 10,6 milljarða kr. eigin fé sparisjóðanna eða um 14%. Hlutfall stofnfjáreigenda í nokkrum stórum sparisjóðum er innan við 1% en á milli 20 og 30% í nokkrum öðrum. Fram hefur komið opinberlega að áætlað heildarmarkaðsvirði sparisjóðanna sé rúmir 19 milljarðar króna.

Stofnfjáreigendur fara með æðsta vald í málefnum sparisjóðanna og koma fram sem eigendur þeirra í krafti stofnfjárins. Frumvarpið felur í sér að við hlutafélagavæðingu sparisjóðs fái stofnfjáreigendur hlutabréf sem samsvarar núverandi verðmæti eignar þeirra í sparisjóðnum. Annað af hlutafénu rennur til sjálfseignarstofnunar sem sparisjóðurinn skal gangast fyrir stofnun á við breytinguna.

Í stjórn fulltrúaráðs sjálfseignarstofnunarinnar eiga sæti allir sem voru stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði þegar honum var breytt í hlutafélag. Þeir kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar, en hún er sett á fót um þann hluta eigin fjár sem ekki er í eigu stofnfjáreigendanna. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu en gert er ráð fyrir að fulltrúaráðs menn séu ekki undir 30.

Ekki síst var gagnrýnt hvernig valið er þegar fjölga á í fulltrúaráðinu og hvað er gert af fámennum hópi sem hefur vald yfir gífurlegu fjármagni sem þeir eru ekki nema að litlu leyti eigendur að.

Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar verður að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Þannig virðist að því stefnt að breyta meginmarkmiði og tilgangi sparisjóða frá því sem þeir voru í upphafi stofnaðir til og óttast ýmsir að það verði á kostnað menningar og líknarmála í landinu.

Í því sambandi er rétt að vekja athygli á athyglisverðri grein sem var í Morgunblaðinu sl. laugardag, sem var skrifuð af löggiltum endurskoðanda, Gunnlaugi Kristinssyni, þar sem hann gagnrýnir mjög þau áform sem eru uppi um hvernig standa á að þessari breytingu og hvað hún hefur í för með sér. Hann óttaðist einmitt að sú breyting sem hér á að gera geti orðið á kostnað menningar- og líknarmála í landinu. Hann er þar með ákveðna lausn sem er mjög athyglisverð og hefði þurft að skoða nánar í nefnd ef tími hefði verið til þess. Ég ætla að vitna í lokaorð í þessari grein hjá Gunnlaugi Kristinssyni, herra forseti, en þar er hann einmitt að vitna í þessar fámennisstjórnir sem hafa þarna mikil völd í krafti lítils eiginfjármagns sem þeir eiga. Þar segir:

„Lausnin á þessu máli er ekki flókin. Til þess þurfa menn þó að láta af þeim breyskleika sem í ásókn í völd og gróða felst. Að undanförnu hefur mikill áhugi verið á hlutafjárútboðum góðra félaga, sem flestir sparisjóðirnir vissulega eru. Það ætti því ekki að vera vandkvæðum bundið að selja hluti sjálfseignarstofnana í sparisjóðunum. Sölu hlutafjárins mætti framkvæma á einhverju tímabili, t.d. 5–10 árum, til að skapa ekki hugsanlegt offramboð og til að veita sparisjóðunum svigrúm til öflunar nýs eigin fjár. Fjármunirnir yrðu síðan eyrnamerktir ákveðnum samtökum eða settir í sjóði sem í öllu væru ótengdir sparisjóðunum fjárhagslega með það eina markmið að styðja við menningar- og líknarsamtök í landinu. Að stjórnum kæmu síðan aðilar sem hagsmuna hefðu að gæta svo og aðrir sem tryggt gætu farsæla nýtingu fjárins. Með þessu móti mundi hlutafélagavæðing sparisjóðanna verða fullkomnuð, félög í dreifðri eignaraðild þar sem eignarrétturinn væri skýr. Traust staða sparisjóðanna yrði því tryggð um ókomna tíð. Að auki væri hinum göfuga tilgangi sparisjóðanna gömlu að fullu náð."

Þetta eru í stuttu máli hugmyndir þessa löggilta endurskoðanda um hvernig varðveita megi það markmið sem sparisjóðirnir höfðu, einn megintilgang þess að þeir voru stofnaðir, að styðja við bakið á menningar- og líknarsamtökum. Margir óttast að það muni glatast við þá breytingu sem hér er til umræðu, að breyta sparisjóðunum yfir í hlutafélög. En það er hraði á öllum málum í þinginu. Góðar hugmyndir sem upp koma fást vart ræddar eða athugaðar í nefndum þingsins. Þetta er ein þeirra hugmynda sem gjalda fyrir hraðann á nefndastörfunum.

Sparisjóðirnir hafa varið nokkru fjármagni til menningar- og líknarmála, misjafnlega eftir sparisjóðum en örugglega meira á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangurinn hefur verið að greiða fyrir viðskiptum á starfssvæði sparisjóðanna og stuðla að uppbyggingu og fjárhagslegu sjálfstæði byggðarlagsins. Það markmið hefur gengið framar því að hámarka arð eigendanna. Við breytingu sparisjóðanna í hlutafélög má hins vegar ætla að arðsemi eigenda verði meginmarkmiðið.

Í frv. kemur fram að nokkrir sparisjóðir hafi selt stofnfjárbréf *með góðum árangri á undanförnum árum*. Ekki er hægt að útiloka að ástæða eftirspurnarinnar eftir þeim stofnfjárbréfum sé von fjárfestanna um að hagnast á hugsanlegri breytingu sparisjóðanna í hlutafélög. Það er athyglisvert sem ríkisskattstjóri segir um tilgang hlutafélagavæðingarinnar í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Markmið með eignasöfnun sjálfseignarstofnunar þessarar er hins vegar að styrkja stöðu hlutafélagsins og tryggja hagsmuni eigenda þess, sem jafnframt eru þeir sem ráða sjálfseignarstofnuninni."

Herra forseti. Í ljósi framangreinds flytur minni hlutinn brtt. við frv. sem miðar að því að fjölga nýjum stofnfjáreigendum og opna hóp stofnfjáreigenda tiltekinn tíma fyrir almenningi áður en sparisjóði er breytt í hlutafélag. Sú tillaga kemur fram í 1. tölul. brtt. sem *ég* flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við a-lið 3. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Sparisjóður sem hyggst breyta sér í hlutafélag samkvæmt 1. mgr. skal hafa að lágmarki tvöfaldan fjölda stofnfjáreigenda eins og þeir voru við gildistöku laganna, en þó aldrei færri en sem nemur 2% af íbúatölu þess sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn hefur höfuðstöðvar sínar. Þessum fjölda stofnfjáreigenda er m.a. hægt að ná fram með almennu útboði til almennings á starfssvæði sparisjóðsins sem standi eigi skemur en sex mánuði."

Ég tel að það verði að teljast mun lýðræðislegra fyrirkomulag, herra forseti, og í meira samræmi við hlutafélagalöggjöfina sem ætlunin er að laga sparisjóðina að, að fjölga í hópi þeirra sem með valdið fara í stað þess að setja vald og mikla fjármuni í hendur stofnfjáreigenda sem oft á tíðum eru mjög fáir og framlag þeirra ekki eru í neinu samræmi við það vald og þá ábyrgð sem þeir hafa yfir gríðarlegum fjármunum sem ekki eru þeirra eigin.

Veltir maður fyrir sér áhrifum hlutafélagavæðingar sparisjóðanna þá er óljóst hve margir sparisjóðir munu nýta sér ákvæði frv. um hlutafélagavæðingu. Í greinargerð með frv. kemur fram að af reynslu nágrannalandanna megi draga þá ályktun að þeir verði ekki margir hér á landi. Þar er vísað til smæðar margra sparisjóðanna og erfiðleika þeirra við að bjóða út hlutabréf sem gangi kaupum og sölum á markaði. Þó er vikið er að því í greinargerð að ákvæði frv. gætu flýtt fyrir sameiningu sparisjóða og sameinaðir sparisjóðir síðan breytt rekstrarformi sínu í hlutafélag.

Í efh.- og viðskn. var rætt um aðra leið en hlutafélagaleiðina, þ.e. að gera sparisjóðunum kleift að bjóða upp á markaðshæf bréf í sérstakri deild, svokallaðri B-deild. B-deildar bréf byggjast á því að stofna sérstakan eiginfjársjóð sem *fjármagnaður er með sölu stofnfjárhluta sem aukinn* arðsréttur fylgir og þeim hluta gæti líka fylgt aukinn atkvæðisréttur. Þetta er ein af þeim leiðum rædd var við 1. umr. málsins. Ég minnist þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði fyrir því að þessi leið yrði skoðuð í nefndinni. Ég beitti mér fyrir því að það yrði gert. Í fylgiskjali minni hlutans koma fram nokkrar spurningar sem ég lagði fyrir Fjármálaeftirlitið og ráðuneytið, m.a. um það sem lýtur að þessum B-deildar bréfum.

Skemmst er frá því að segja að þessi leið fékk ekki miklar undirtektir hjá þeim sem leitað var til, m.a. fulltrúa sparisjóðanna sem komu á fundinn. Ætla mátti að þessi leið gæti gagnast minni sparisjóðunum en fulltrúar sparisjóðanna sem mættu á fund efh.- og viðskn. mæltu ekki með henni, ekki einu sinni sem valkvæðri leið í frv. á móti hlutafélagaleiðinni. Þeir töldu að slík bréf gætu ruglað markaðinn. Varðandi þessa leið vísa ég til þeirra röksemda sem fram koma í svörum ráðuneytisins í fylgiskjali með nál. minni hlutans. Þessi hugmynd var sem sagt skoðuð í nefndinni.

Næst vík ég að skattalegri meðferð á stofnfjárbréfum og sjálfseignarstofnunum sem stofnaðar yrðu um leið og sparisjóðunum yrði breytt í hlutafélög. Ríkisskattstjóri gerði mjög alvarlegar athugasemdir í umsögn sinni við frv. við að skilgreiningu vantaði á skattalegri meðferð á stofnverði hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda og stofnverði hlutabréfa í hendi sjálfseignarstofnunar. Einnig gagnrýnir ríkisskattstjóri að gert sé ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir séu samkvæmt frv. undanþegnar tekju- og eignarskatti.

Um skattskyldu stofnfjáreigenda segir ríkisskattstjóri orðrétt í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Við síðari sölu á hlutabréfunum myndast skattskyldur söluhagnaður í hendi seljenda, sem mismunur á söluverði bréfanna og stofnverði þeirra í hans hendi. Ekkert segir í frumvarpinu um það hvernig stofnverð bréfanna skuli ákveðið."

Síðar segir ríkisskattstjóri:

„Eðlilegt væri að fjárhæð endurmetinnar stofnfjáreignar miðað við árslok 1996 myndaði stofnverð til útreiknings á söluhagnaði. Þannig væri í reynd lögð til sams konar regla og gildir um hlutabréf."

Um skattskyldu sjálfseignarstofnunar segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni:

„Ákvæði lagafrumvarpsins um sjálfseignarstofnunina uppfylla ekki skilyrði tekjuskattslaganna til skattfrelsis vegna starfa í þágu almannaheilla. Í fyrsta lagi er megintilgangur starfseminnar ekki almannaheill heldur fjáröflun og eignamyndun. Það skal á það bent í þessu samhengi að í úrskurðaframkvæmd hefur ákvæðið þetta verið túlkað fremur þröngt, þ.e. að ekki sé heimil nein ráðstöfun hagnaðar til uppbyggingu eigin fjár sjálfseignarstofnunarinnar umfram þarfir starfsemi viðkomandi stofnunar, heldur beri að ráðstafa öllum hagnaði til hinna skilgreindu almenningsheillamarkmiða. Markmið með eignasöfnun sjálfseignarstofnunar þessarar er hins vegar að styrkja stöðu hlutafélagsins og tryggja hagsmuni eigenda þess, sem jafnframt eru þeir sem ráða sjálfseignarstofnuninni.

Í öðru lagi má nefna að svæðisbundin menningar og líknarstarfsemi hefur ekki verið talin nægileg til skattfrelsis á grundvelli 5. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 heldur þurfi skírskotun til almannaheilla að vera almennari. Í þriðja lagi er skattfrelsi af þessum ástæðum ekki ótímabundið en ákveðist frá ári til árs og því háð því skilyrði að öllum hagnaði af starfseminni ár hvert sé ráðstafað í þeim tilgangi sem skattfrelsið helgast af. Á það skal og sérstaklega bent að þeir lögaðilar sem skattfrjálsir eru samkvæmt 5. tölul. 4. gr. eru engu að síður framtalsskyldir samkvæmt 91. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þannig er í reynd gengið út frá því að það komi til sjálfstæðrar skoðunar hverju sinni hvort skilyrðum skattfrelsisins er fullnægt."

Herra forseti. Segja má að undir sjónarmið ríkisskattstjóra sé tekið í greinargerð með frv. þar sem rækilega er undirstrikað að sjálfseignarstofnanir þær sem stofnaðar verða við breytingu sparisjóðs í hlutafélög muni allar eða nær allar í upphafi starfseminnar uppfylla skilyrði 3. gr. laga um sjálfseignarstofnanir, þar sem kveðið er á um hvað telst sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Loks segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni:

„Ákvæði frumvarpsins um skattfrelsi þessara sjálfseignarstofnana er því samanber framangreint andstæð grundvallarreglum laga um tekjuskatt og eignarskatt um skattskyldu og mun skattfrelsi þeirra því verða til að skapa misræmi í samanburði við stofnanir sem njóta skattfrelsis vegna starfa í almannaþágu og í samanburði við þær stofnanir og félög sem atvinnurekstur stunda og skattskyldar eru samkvæmt almennum ákvæðum skattalaganna. Sjálfseignarstofnanir þessar eru í raun ekki annað en eignarhaldsfélag og skattfrelsi þeirra hlýtur að vekja upp spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu annarra slíkra félaga sem greiða þurfa skatt af tekjum sínum og eignum auk þess sem fyrrum stofnfjáreigendur sækja sem eigendur hlutafélagssparisjóðs fjármálalegt áhrifavald í eignir sem þeir ekki eiga en er í vörslu sjálfseignarstofnunar sem þeir stjórna. Skattfrelsi þetta verður sérstaklega vafasamt í ljósi þess að óhjákvæmilegt virðist að með tímanum verði nokkur hluti af eignum sjálfseignarstofnunarinnar bundinn í öðru en hlutafé í sparisjóðnum og tekjur sjálfseignarstofnunar af þeim ekkert tengdar starfsemi sparisjóðsins.

Engin rök eru færð í greinargerð með frumvarpinu fyrir skattfrelsi þessara sjálfseignarstofnana umfram önnur félög sem stunda atvinnu, þar með talið sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Með hliðsjón af því að skattfrelsi þetta stríðir á móti meginreglum skattalaga um þetta efni og er slæmt fordæmi sem auk þess vekur upp spurningar um jafnræði og samkeppnisaðstöðu telur ríkisskattstjóri mjög varasamt að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að gera þessar stofnanir skattfrjálsar, og leggur eindregið til að síðasti málsliður í b-lið 3. gr. frumvarpsins verði felldur úr því."

Ríkisskattstjóri vísar hér til sérstaks ákvæðis sem hefur verið sett í frv. um að sjálfseignarstofnanir sem koma skal á fót samkvæmt frv. skuli vera undanþegnar tekju- og eignarskatti.

Í greinargerð með frv. er á margan hátt tekið undir það sem fram kemur í áliti ríkisskattstjóra, m.a. að megintilgangur með starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar er ekki almannaheill heldur fjáröflun og eignamyndun. Má þar t.d. nefna að fram kemur í frv. að andvirði greidds arðs til sjálfseignarstofnunar sé hægt að ráðstafa á þrjá vegu. Í fyrsta lagi sé hægt að endurfjárfesta með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði. Í öðru lagi að ávaxta laust fé, t.d. í innlánum eða markaðsverðbréfum. Í þriðja lagi gæti hún ráðstafað andvirði móttekins arðs til menningar- og líknarmála.

Einnig er nefnt sem almenn leiðbeining um endurfjárfestingu í frv. að eðlilegt sé að sjálfseignarstofnunin fjárfesti í auðseljanlegum eignum, svo sem sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í skuldabréfum og hlutabréfum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði.

Herra forseti. Í samræmi við álit ríkisskattstjóra flytjum við í minni hlutanum brtt. þar sem við tökum upp sjónarmið og tillögur sem fram koma í áliti ríkisskattstjóra. En þar er jafnframt lagt til að sé hagnaði ráðstafað til menningar- og líknarmála innan ársins verði sá hluti hagnaðarins ekki skattskyldur. Það er afar mikilvægt. Það er reyndar ekki tillaga ríkisskattstjóra heldur tillaga okkar jafnframt því að við tókum upp tillögur hans. Auk þess að fylgja ábendingum ríkisskattstjóra er einnig lagt til að sá hluti af hagnaði innan árs sem varið er til menningar- og líknarmála verði undanþeginn tekju- og eignarskatti. Við teljum það afar mikilvægt til að halda í þann þátt í starfi sparisjóðanna sem hefur verið mikilvægur ekki síst fyrir dreifbýlli byggðarlög.

Loks flytur minni hlutinn brtt. um að sjálfseignarstofnanir sem stofnað verði til í tengslum við hlutafélagavæðingu á sparisjóði verði eftirlitsskyldar hjá Fjármálaeftirlitinu líkt og aðrar fjármálastofnanir. Minni hlutinn telur slíkt eðlilegt í ljósi þess að sjálfseignarstofnun er í raun eignarhaldsfélag sem á meginhlutann í sparisjóðnum við stofnun og eignast allt það hlutafé sparisjóðsins sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til.

Að óbreyttu verður einungis um að ræða að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með hæfi sjálfseignarstofnunar til að fara með hlut í sparisjóði sé eignarhlutur sjálfseignarstofnunar virkur í skilningi laganna. Minni hlutinn flytur því brtt. þess efnis að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi sjálfseignarstofnunar, sem er eðlilegt þar sem stærsti hluti efnahagsreiknings sjálfseignarstofnunarinnar er hlutafjáreign hennar í sparisjóðnum.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir brtt. minni hluta efh.- og viðskn., sett fram rök fyrir þeim og greint frá sjónarmiðum okkar varðandi frv. sem hér er til umræðu. Að þessum brtt. samþykktum, sem settar eru fram á sérstöku þingskjali,

styður minni hlutinn frv. en verði þær felldar vísar minni hlutinn allri ábyrgð á málinu á hendur meiri hlutanum.

[23:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég lýsti nokkuð ítarlega viðhorfum mínum til þessa máls við 1. umr. og hef í sjálfu sér ekki ýkja miklu við það að bæta og þarf þar af leiðandi ekki að halda langa tölu.

Í máli mínu kom skýrt fram að það væri að sjálfsögðu ekki ástæða til að leggjast gegn því að stofnfjáreigendur í þeim sparisjóðum sem það kysu, að vandlega athuguðu máli og með lýðræðislega tekinni ákvörðun aukins meiri hluta atkvæða á fundi, að breyta stofnun sinni í hlutafélag, fengju til þess heimildir. Sú afstaða mín er að sjálfsögðu óbreytt og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Það breytir ekki hinu að ýmis álitamál koma við sögu þegar slíkar breytingar eru á dagskrá. Ég óskaði sérstaklega eftir því að það yrði kannað hvort ekki væri mögulegt að hafa þann möguleika jafnframt opinn að sparisjóðir gætu gert tilteknar breytingar á starfsemi sinni og sótt sér aukið fjármagn með fleiri leiðum, svo sem eins og þeim að gefa út sérstök B-deildar skírteini eða bréf, sem lytu settum reglum og væru hins vegar ekki venjuleg framseljanleg hlutabréf á markaði, sambærilegar leiðir og farnar hafa verið í Noregi og víðar.

Mér urðu nokkur vonbrigði að sjá að þetta hefur ekki hlotið náð fyrir augum ráðuneytis eða fleiri manna. Ég kaupi ekki alveg þau rök jafnvel þó það sé skoðun viðskrn. að þetta væri ekki vænlegur kostur fyrir sparisjóðina. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hver hefur umboð til að tala fyrir þá alla, þá kaupi ég ekki alveg að þar með sé eitthvað að því í sjálfu sér, þar með sé slæmt að þessi möguleiki væri fyrir hendi, ef einhverjir vildu láta á það reyna, hvort þeir gætu þannig styrkt stöðu sína, en án þess að breyta sér í hlutafélag. Þetta gæti t.d. helgast af því að menn í ákveðnum sparisjóði í tilteknu byggðarlagi, sem væri mjög annt um að varðveita sjálfstæði fjármálastofnunar sinnar, standa vörð um hana, vildu láta á það reyna t.d. hvort væri stuðningur við það á heimamarkaði í því formi að stofnunin gæti sótt sér aukið eigið fé á slíkum grundvelli.

Það kann vel að vera að það sé ríkjandi skoðun meðal þeirra talsmanna sparisjóða sem komu á fund nefndarinnar. Ég veit vel að það er svo meðal forsvarsmanna stærri sparisjóðanna að þetta sé ekki eins vænlegur kostur og fara út í hreina breytingu yfir í hlutafélög. Þá er það nýtt fyrir mér ef þessi leið á ekki líka ákveðinn hljómgrunn, sú sem ég hef mælt fyrir, það væri a.m.k. líka mögulegt, því ég hef átt samtöl við marga forsvarsmenn sparisjóða á umliðnum mánuðum og missirum sem hafa verið að velta þessum málum fyrir sér og einmitt verið talsvert uppteknir af því að bera saman ólíkar leiðir sem farnar hafa verið, t.d. í nágrannalöndunum og reynsluna af því, annars vegar í Danmörku svo dæmi sé tekið og hins vegar í Noregi.

Ég hef ekki sannfærst um að það hafi gert nokkurn skapaðan hlut til að leyfa þessum möguleika að vera þarna fyrir hendi. Ef menn telja það flókið, þá held ég að menn hafi séð annað eins í lagasetningu og að settar væru um það reglur að menn gætu farið hvora leiðina sem þeir vildu.

En það er kannski sú oftrú manna á það að hlutafélög og hlutafélagavæðing sé það eina sem gildi í heiminum sem veldur því að menn eru ekki til viðtals um það að svo mikið sem leyfa öðrum möguleikum að standa opnum.

Þó er þetta allt gert undir þeim formerkjum að mikilvægt sé að virða sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði sparisjóðanna og leyfa þeim að ráða málum sínum sjálfum. Ég er auðvitað talsmaður og stuðningsmaður þess og sé þar af leiðandi ekki hvernig það samrýmist svo hinu að ekki mætti þá líka verið opið fyrir þá að gera þetta.

Ég er trúaður á að einhverjir af miðlungs stórum sparisjóðum eða minni sparisjóðunum hefðu jafnvel byrjað á því að láta reyna á slíka leið áður en þeir hefðu tekið það skref að fara út í hlutafélagavæðingu, einfaldlega vegna þess að ég veit að um það eru skiptar skoðanir og verulegir fyrirvarar á því víða hjá mönnum. Þetta hefur verið rætt á aðalfundum margra sparisjóða á undanförnum vikum og mér er vel kunnugt að víða hefur andinn verið sá að menn hyggjast ekki, a.m.k. að svo stöddu, fara út í að gera breytingar á sparisjóðum sínum, sjá ekki sérstaka ástæðu til þess, enda hefur þeim yfirleitt vegnað vel, hafa aukið markaðshlutdeild sína og styrkt verulega eiginfjárstöðu sína á undanförnum árum, eins og kemur reyndar fram í fylgiskjölum málsins.

Herra forseti. Eins og ég sagði áður við 1. umr. velti ég upp ýmsum álitamálum sem þessu væru tengd. Það var reyndar svolítið fjaðrafok út af því og ég fékk allmiklar gusur af andsvörum á mig, þar á meðal frá þingmönnum Samfylkingarinnar, sem töldu undarlegt að ég skyldi ekki telja einboðið að styðja þetta frv. Ég rifjaði þetta upp vegna þess að nú sé ég það sem er hið besta mál, að fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. hafa greinilega lagt vinnu í að skoða þetta frv. og flytja við það allmiklar breytingartillögur. Þeir telja frumvarpið það gallað að ef ekki náist fram á því þessar lagfæringar, ef ég skildi framsögumanninn rétt, þá vísi þeir allri ábyrgð á hendur stjórnarinnar og afgreiðslu málsins.

Það hefur þá verið þannig eins og ég taldi að það væri ástæða til að skoða ýmislegt í þessu máli og það væri kannski ekki eins einboðið og rakið að styðja það fyrirvaralaust og menn vildu vera láta, sumir hverjir, hér við 1. umr. málsins þegar þeir gerðu miklar athugasemdir við þá ræðu sem ég hafði flutt. Það eru þau álitamál sem ég hafði þar tínt til sögunnar.

En þetta er allt gott og blessað, herra forseti, og ég hygg að um það sé í sjálfu sér ekki djúptækur ágreiningur að ef þetta er það sem forsvarsmenn sparisjóðanna vilja þá sé rétt að þeir fái til þess heimildir. Við verðum einfaldlega að vona að þær heimildir verði skynsamlega nýttar. Ég leyni því a.m.k. ekki að ósk mín er sú að sparisjóðirnir, helst allir eða sem allra flestir, verði áfram sparisjóðir og ég vildi ógjarnan sjá þá þróun sem varð því miður t.d. að hluta til í Danmörku, að stærstu sparisjóðirnir, burðarásarnir í sparisjóðakeðjunni þar, runnu mjög fljótt inn í aðra banka og hurfu af sjónarsviðinu og eftir stóð þessi ágæta keðja sparisjóða þar, veikari en áður.

Ég held nefnilega að það sé mjög gott, það sé mjög þarft og hollt fyrir bankakerfið og fjármálastofnanirnar hér, að þessi valkostur sé til staðar og sé á því formi sem hann er. Hann sé þjónustusækinn, almenningsþjónustustofnun og sinni sérstaklega þörfum almennings og minni fyrirtækja og veiti stærri bönkum aðhald og keppi við þá í þeim efnum. Það held ég að sé ákaflega hollt og gott, a.m.k. tvímælalaust í þágu hagsmuna hins almenna neytenda í þessum efnum.

Ég leyfi mér því að láta þá ósk mína í ljósi að þó svo

að einhverjir af sparisjóðunum og þá væntanlega þeir stærri fari þá leið að stofna hlutafélög og auka eigið fé sitt með því að sækja sér nýtt fé á markaði, þá verði ekki í kjölfarið sú þróun að þeir hverfi af sjónarsviðinu og renni inn í aðra banka. Það held ég væri ósköp einfaldlega ekki góð þróun á þessum litla markaði þar sem samkeppnin er takmörkuð eins og allir vita og hefur heldur þróast í þá átt á undanförnum árum með fækkun eininga o.s.frv.

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það er aðeins atriði sem hefur verið rætt hér og er gert sérstaklega að umfjöllunarefni í nál. minni hluta efh.- og viðskn. og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi áðan.

Það sem ég er ekki endilega sammála hv. þm. er um stöðu núverandi stofnfjáreigenda í þessum sparisjóðum. Ég er ekkert endilega sammála því að það sé á einhvern hátt óeðlilegt eða þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til að minnka vægi þess hóps þegar e.t.v. verða teknar á næstu missirum eða árum ákvarðanir um framtíð þeirra stofnana sem þarna eru vegna þess að hverjir eru í sjálfu sér bærari til að gera það en það bakland sem þessir sparisjóðir hafa átt og þeir sem hafa staðið vörð um þær og byggt þær upp?

Ég gef ekki mikið fyrir vangaveltur um að þarna sé á ferðinni einhver óeðlileg ítök þessa hóps í fjármálalegu valdi sem þeir ekki eigi. Það finnst mér vera eigendahugsun sem ekki eigi erindi inn í umræður um sjálfseignarstofnun eins og sparisjóðirnir eru auðvitað. Fyrir mér hafa það aldrei verið neinar fréttir. Af því menn eru dálítið í því að upplýsa hlutabréfaeign sína þá held ég að rétt sé að upplýsa að sá sem hér talar er vissulega eigandi að stofnfjárbréfi í sparisjóði.

Ég held að það hafi ekki verið neitt leyndarmál fyrir þeim sem þannig háttar til um að þetta væru sjálfseignarstofnanir. Litið hefur verið á þetta í raun og veru sem félagslegt hlutverk þeirra sem hafa komið að þessum stofnunum, að vera hið félagslega bakland þeirra í viðkomandi byggðarlögum. Ég held að flestir hafi verið ánægðir með það og viljað leggja sitt af mörkum til þess að byggja þarna upp öflugar og myndarlegar stofnanir sem veittu góða þjónustu og hefðu þetta eðli, að eiga sig sjálfar og ráðstafa arði af starfseminni, að svo miklu leyti sem hann félli til, til að byggja upp stofnunina, efla hana og styrkja, gera hana betur í stakk búna til að veita góða þjónustu og það eina sem umfram væri væri það sem rynni til líknarmála og menningarstarfsemi. Þannig hefur þetta verið rekið. Ég sé ekki mikið að því. Ég sé ekki stórfelldar hættur í því að þeir hópar sem þannig hafa staðið á bak við stofnanirnar séu þá jafnframt þeir sem taka eðli málsins samkvæmt ákvarðanir um hvort þær verða reknar áfram í óbreyttu formi eða einhverjar breytingar gerðar.

Vissulega er þetta mismunandi eftir aðstæðum. Það er alveg hárrétt að í sumum sparisjóðunum eru stofnfjáreigendur mjög fáir. Í undantekningartilvikum eins og þegar sveitarfélög eru þar, eins og í tilviki a.m.k. eins sparisjóðs, þá er staðan auðvitað önnur.

En ég held að menn verði og eigi fyrst og fremst að horfa á þetta grundvallareðli sparisjóðanna og blanda því ekkert saman við spurninguna um það t.d. hvort einhverjir fáeinir einstaklingar ráði miklu fjármálalegu valdi í hlutafélagi eða stofnun af því tagi sem er bara allt annað mál. Menn eru sér þess væntanlega meðvitaðir að þeir eru ekkert að fara með sitt eigið fé eða ráðstafa því, þetta er stofnun á þessum grunni og hvað sem menn segja, þá held ég að því verði ekki á móti mælt að margar ágætar stofnanir hafa þjónað vel hlutverki sínu þó að þetta hafi verið rekstrarformið.

Ég vona að ég æsi ekki upp langar ræður um fé án hirðis og annað því um líkt, sem gæti auðvitað viljað til, vegna þess að hér er meðal annarra í salnum hv. 10. þm. Reykv. Það var ekki ætlun mín með þessum orðum, heldur fyrst og fremst það að vegna þess að það hefur komið upp í umræðunni að lýsa þeim viðhorfum af minni hálfu, að ég sé þetta í sjálfu sér ekki sem neitt sérstakt vandamál þó að ákvarðanirnar verði teknar á þeim grunni sem frv. gerir ráð fyrir því ég er ekkert endilega viss um að aðrir séu til þess bærir eða það sé endilega eðlilegra að aðrir kæmu að því.

Maður getur alveg séð fyrir sér ýmis vandamál sem sköpuðust líka af því ef skyndilega ætti að tvöfalda fjölda stofnfjáreigenda og það væri gert gagngert í aðdraganda þess að síðan ætti að taka ákvörðun um hvort sparisjóðnum yrði breytt í hlutafé. Gæti þá ekki sá hópurinn sem það vildi einmitt drifið í því að safna nýjum félögum til þess að valda slíka ákvörðun? Er það þá þannig sem menn telja eðlilegt að hún yrði tekin? Er það lýðræðislegra, félagslega séð eða hvernig sem menn vilja nálgast það, en að hafa þetta í höndum þeirra sem fram að þessu hafa gætt hagsmuna sparisjóðanna og gert það bara ágætlega, held ég?

[23:45]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nefna tvennt. Í fyrsta lagi það sem hv. þm. kom inn á að nokkrir eða einhverjir þingmenn Samfylkingarinnar hefðu við 1. umr. gert athugasemdir við málflutning þingmannsins og það væri til marks um að þingmaðurinn — sem nú fór úr ræðustól — hefði haft rétt fyrir sér að minni hlutinn, sem hér stendur, hefði flutt mikið af brtt. Þá vil ég vekja athygli þingmannsins á því að þær brtt. sem ég hef flutt, eða flestar hverjar, lúta að allt öðru heldur en um var rætt í 1. umr., þær lúta aðallega að skattalegri meðferð á framlagi stofnfjáreigenda og því um líku eins og ég fór yfir hér áðan, og ég tel að Fjármálaeftirlitið eigi að hafa eftirlit með sjálfseignarstofnunum, sem alls ekkert var farið inn á í 1. umr.

Ein breytingin lýtur jú að því sem ég heyri að hv. þm. er mér ekki sammála um, það er að taka á og breyta því sem ég hef kallað mikil völd í krafti lítils eignarhluta, um það erum við ekki sammála.

En ég kom fyrst og fremst í ræðustól til þess að láta hv. þingmann vita af því að ég hefði rækilega passað upp á sjónarmið hans í nefndinni að því er varðar þessi B-deildar bréf, þó að ég sé ekkert endilega sammála þeim. Og ég vil upplýsa að fulltrúi Sambands íslenskra sparisjóða kom á fund nefndarinnar og sparisjóðsstjórinn hjá SPRON og þeir voru beinlínis spurðir að því hvort þeir teldu að þetta ákvæði sem hv. þm. nefnir um B-deildar bréfin ætti að vera valkvætt. Ekki að það ætti að koma í staðinn fyrir hlutafélagabreytinguna, heldur að það ætti að vera valkvætt. Og þeir sögðu báðir að það ætti ekki að vera og mæltu gegn því að það yrði.

Hér er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sparisjóða um að þetta frv. njóti víðtæks stuðnings sparisjóðanna. Ég leitaði eftir því á þeim stutta tíma sem nefndin hafði, við ritara nefndarinnar að hún leitaði til nokkurra sparisjóða þar sem þeim var boðið upp á það úti á landi að koma með umsagnir ef þeir vildu um þetta mál og þeir neituðu því.

Þessu var því vel haldið til haga og það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að þingmaðurinn flytji sjálfur þetta ákvæði og láti reyna á það hér í atkvæðagreiðslu.

[23:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þingmanninum að sönnu þakklátur fyrir að hafa haldið svona vel til haga sjónarmiðum mínum í starfi efh.- og viðskn. Og mér láðist að geta þess í ræðu minni, það ætlaði ég mér nú reyndar að gera.

Í öðru lagi kemur það mér heldur ekkert á óvart að talsmenn Sambands sparisjóða og sparisjóðsstjóri SPRON, sem eru væntanlega sömu menn og sátu í nefndinni sem samdi þetta lagafrv., hafi ekki verið sérstakir talsmenn þessarar aðferðar, mér er vel kunnugt um viðhorf þeirra ágætu manna í þeim efnum. Og þá er þetta bara einfaldlega þannig að um þetta eru mismunandi skoðanir og við það situr.

Ég ætla ekki að gera þetta að neinu sérstöku stórmáli hér, en mér þykir vænt um að þetta var þó a.m.k. eitthvað skoðað svo það færi ekki algjörlega óathugað fram hjá mönnum í nefndarstarfinu að þessi möguleiki kæmi til greina, vegna þess að hann getur varla verið alvitlaus úr því hann hefur verið notaður sums staðar í öðrum löndum og gefist þar ágætlega. Það kann vel að vera að menn telji hann ekki henta mönnum á Íslandi á þessum tímum, en a.m.k. er þetta svona og þetta hafa menn gert með ágætum árangri sums staðar annars staðar.

Reyndar er ágætt að muna eftir því að víða um lönd eru sparisjóðir stór hluti af almennri viðskiptabankaþjónustu og reknir sem hreinir og klárir sparisjóðir og engin hlutafélög og hafa þeir ekki lent í neinum sérstökum vandamálum. Þeir hafa mjög umtalsverða markaðshlutdeild í löndum eins og Þýskalandi, Spáni og víðar og gengur bara bærilega.

Um brtt. hv. þingmanns, þá er það alveg rétt að þær lúta mestan part að tæknilegum atriðum sem eru önnur en þau sem voru aðallega til umræðu við 1. umr. málsins. Mig minnir þó að ég hafi nefnt að það væru líka álitamál sem gætu lotið að skattalegri meðferð þessara hluta sem þyrfti að skoða, ég man það þó ekki fyrir víst, enda skiptir það nú ekki öllu máli.

En ég held að ekki sé tilefni til frekari svara af minni hálfu í þessu sambandi.

[23:49]

Útbýting þingskjals:

Hjúskaparlög, 410. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1258.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. og 8.–47. mál.

Fundi slitið kl. 23:51.

---

120. FUNDUR

föstudaginn 11. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817, nál. 1089, 1193 og 1225, brtt. 1194. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 818, nál. 1090, brtt. 1091 og 1195. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 873, nál. 1212 og 1223, brtt. 1224. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjfrv., 391. mál, þskj. 1209. — 3. umr.

5. Framsal sakamanna, stjfrv., 453. mál, þskj. 724. — 3. umr.

6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 482. mál, þskj. 1210. — 3. umr.

7. Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, stjfrv., 554. mál, þskj. 860. — 3. umr.

8. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 638. mál, þskj. 1015, nál. 1188. — Síðari umr.

9. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 642. mál, þskj. 1019, nál. 1189. — Síðari umr.

10. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), stjtill., 643. mál, þskj. 1020, nál. 1183. — Síðari umr.

11. Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, stjtill., 644. mál, þskj. 1021, nál. 1182. — Síðari umr.

12. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, stjtill., 657. mál, þskj. 1035, nál. 1191. — Síðari umr.

13. Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, stjtill., 658. mál, þskj. 1036, nál. 1192. — Síðari umr.

14. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 639. mál, þskj. 1016, nál. 1233. — Síðari umr.

15. Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 640. mál, þskj. 1017, nál. 1234. — Síðari umr.

16. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), stjtill., 641. mál, þskj. 1018, nál. 1235. — Síðari umr.

17. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, stjtill., 656. mál, þskj. 1034, nál. 1190. — Síðari umr.

18. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665, nál. 1175, brtt. 1258. — 2. umr.

19. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 553. mál, þskj. 859, nál. 1181. — 2. umr.

20. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003, nál. 1173. — 2. umr.

21. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051, nál. 1174. — 2. umr.

22. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 19. mál, þskj. 19, nál. 1176. — Síðari umr.

23. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047, nál. 1213. — 2. umr.
24. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1062, nál. 1216, brtt. 1217. — 2. umr.
25. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1063, nál. 1218. — 2. umr.
26. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1064, nál. 1219. — 2. umr.
27. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.
28. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066, nál. 1221 og 1252. — 2. umr.
29. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067, nál. 1222. — 2. umr.
30. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934, nál. 1226. — 2. umr.
31. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031, nál. 1227. — 2. umr.
32. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030, nál. 1243. — 2. umr.
33. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045, nál. 1229. — 2. umr.
34. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668, nál. 1230. — 2. umr.
35. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 2. umr.
36. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 630. mál, þskj. 1005, nál. 1256. — 2. umr.
37. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236. — 2. umr.
38. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001, nál. 1186. — 2. umr.
39. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.
40. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012, nál. 1196. — 2. umr.
41. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769, nál. 1197. — Síðari umr.
42. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15, nál. 1202. — 2. umr.
43. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 1203. — Síðari umr.
44. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861, nál. 1205. — Síðari umr.
45. Raforkulög, stjfrv., 719. mál, þskj. 1167. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
46. Raforkuver, stjfrv., 722. mál, þskj. 1170. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
47. Tollalög, stjfrv., 731. mál, þskj. 1231. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
48. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 732. mál, þskj. 1232. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
49. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244. — 2. umr.
50. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:00]

Útbýting þingskjala:
Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 235. mál, nál. menntmn., þskj. 1257.
Tóbaksvarnir, 345. mál, brtt. ÁRJ og ÞBack, þskj. 1259.

Tilhögun þingfundar.

[10:00]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):
Atkvæðagreiðslur verða klukkan hálftvö að loknu hádegishléi, en hlé verður gert milli klukkan hálfeitt og hálftvö. Að loknum atkvæðagreiðslum verður settur nýr fundur og þess freistað að ljúka afgreiðslu nokkurra mála. Ekki er áformaður kvöldfundur, en þingfundur gæti staðið fram í kvöldmatartímann. Líklegt er að atkvæðagreiðslur um vísun mála til nefnda þurfi að fara fram síðdegis eða við fundarlok.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 1209.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framsal sakamanna, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (Schengen-samstarfið). — Þskj. 724.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 482. mál (starfsmenn Sameinuðu þjóðanna). — Þskj. 1210.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, 3. umr.

Stjfrv., 554. mál (skilnaðarmál o.fl.). — Þskj. 860.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 638. mál. — Þskj. 1015, nál. 1188.

[10:02]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss og Ungverjalandi og um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

[10:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Um þau EES-mál og tilskipanir sem verið er að staðfesta hér og eru á dagskrá í dag er ekki ágreiningur og nefndin afgreiðir þau mál samhljóða úr nefnd. Því tel ég ekki ástæðu til að hafa neina umræðu um þau frekar en komið hefur fram í máli formanns nefndarinnar.

Ég ætla að nota tækifærið í upphafi, áður en við afgreiðum eða förum yfir þessar EES-gerðir, og nefna það að við höfum verið dugleg að taka EES-gerðir og samninga fyrir í utanrmn. og allmargir þeirra eru á dagskrá í dag og enn eiga eftir að koma á dagskrá mál eins og um INMARSAT-gervitunglakerfið. En það sem ég vil vekja athygli á hér í upphafi umræðu um utanríkismálin er að við höfum farið yfir eitt mál í utanrmn., 654. mál, og það er mál þar sem við fullgildum Árósasamning um aðgang að upplýsingum um þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Því nefni ég það hér, herra forseti, í umræðu um fyrsta málið í utanríkismálum að allt það sem fjallað er um í þessum samningi er komið í lög á Íslandi, nema réttur félagasamtaka til að fá þennan aðgang að upplýsingum í umhverfismálum. Ég hef óskað eftir því við formann nefndarinnar að við ljúkum störfum og afgreiðum þetta mál. Mér hefur fundist að vinsamleg viðbrögð væru við því hjá formanni nefndarinnar auk þess sem við eigum eftir að fjalla um það hvort við tökum og skoðum einhver þingmannamál, m.a. viðskiptabannið á Írak.

Ég nefni þetta hér vegna þess að aðgangur félagasamtaka að upplýsingum um umhverfismál er sjóðheitt pólitískt mál, ekki síst núna og miðað við hvað nefndin hefur verið öflug og dugleg að afgreiða alþjóðasamningana sem fyrir liggja í utanrmn., þá legg ég á þetta mikla áherslu og óska eftir því að þrýst verði á að þetta mál verði afgreitt.

Herra forseti. Að öðru leyti mun ég ekki taka til máls í þeim EES-málum sem koma hér á dagskrá.

[10:06]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa að mér finnst að þær umræður sem hér hafa farið fram af hálfu hv. síðasta ræðumanns eigi frekar heima í nefndinni. Ég hef sjálfur tekið því vel að halda aukafundi í nefndinni og koma þar að málum sem óskað er að tekin verði til umfjöllunar.

Að því er varðar það mál sem hér hefur verið nefnt sérstaklega þá er það enn óljóst hvernig það verður afgreitt. Það kemur fram á frekari fundum nefndarinnar.

[10:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að þetta sé rétt ábending hjá formanni nefndarinnar og hef ég að sjálfsögðu íhugað það. Þess vegna nefndi ég þetta í inngangi umræðu um utanríkismálin en fór ekki upp um störf þingsins.

En ég get alveg upplýst það að ég er afskaplega hrædd um að ekki eigi að afgreiða þetta mál. Fjallað var um það á jákvæðum nótum í utanrmn. þar til menn áttuðu sig á því að það gæti þurft að lögleiða rétt félagasamtaka til þessara upplýsinga. Ekki voru höfð mörg orð um það þegar við afgreiddum önnur mál úr nefndinni að þetta yrði eftir og ekki upplýst fyrr en við fyrirspurn mína.

Ég er því auðvitað svolítið að misnota aðstöðu mína með því taka þetta mál upp undir fyrsta utanríkismálinu sem við ræðum í dag en ég valdi það þó, herra forseti, af því að ég sé ekki ástæðu til að koma upp í hinum málunum. Svo munum við ræða þetta í nefndinni. En ég er auðvitað að óska liðsinnis forseta í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 642. mál. — Þskj. 1019, nál. 1189.

[10:08]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn en hann fjallar um fjarskiptaþjónustu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um opinn aðgang að heimtaugum.

Ákvörðunin kallar á breytingar á fjarskiptalögum hér á landi en reglugerðin hefur það að markmiði að efla framboð og samkeppni fyrir alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal breiðbandsmargmiðlun og háhraða internet.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 643. mál. — Þskj. 1020, nál. 1183.

[10:09]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn en hann fjallar um fjarskiptaþjónustu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að

fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnar um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93 Evrópusambandsins um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið þær viðmiðanir sem hafa ber í huga við mat á aðilum sem teljast bærir til að meta hvort undirritunarbúnaður telst öruggur samkvæmt tilskipun um rafrænar undirskriftir. Lög um rafrænar undirskriftir voru samþykkt frá Alþingi í apríl sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, síðari umr.

Stjtill., 644. mál. — Þskj. 1021, nál. 1182.

[10:10]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um samþykkt ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja sambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum.

Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur nefndin kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem hefur verið til meðferðar í allsherjarnefnd. Þær breytingar lúta annars vegar að gagnkvæmri réttaraðstoð við sendingu og afhendingu málsskjala í sakamálum og hins vegar að réttarstöðu embættismanna frá öðrum ríkjum með tilliti til refsiverðra verknaða sem beinast að þeim eða þeir fremja sjálfir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

[10:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ritað undir nál. utanrmn. með fyrirvara í þessu máli. Skýringin er sú að þetta mál er bein afleiðing af þeirri ákvörðun að gera Ísland að aðila að eða hluta af Schengen-samstarfinu svonefnda. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að staða Íslands í þessu tilviki er sú að á okkur hvílir sú skylda að taka upp og koma í framkvæmd þessari ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins.

Ég held að ástæða sé til þess, herra forseti, að vekja athygli á þeirri mjög svo sérstöku stöðu sem Ísland og Noregur eru í í þessu sambandi, í kjölfar þeirrar ákvörðunar að Ísland og Noregur séu aðilar að Schengen-samstarfinu, án þess að vera aðildarríki að Evrópusambandinu eins og kunnugt er.

Um þann þátt málsins fékkst ekki mikil umræða hér, herra forseti, um hinn stjórnskipulega og fullveldislega þátt í því máli. En það voru auðvitað mikil tímamót þegar sú ákvörðun var tekin að Ísland og Noregur yrðu áfram aðilar að Schengen-samstarfinu eftir að búið var að ákveða að innlima samstarfið og stofnanirnar í Evrópusambandið. En það var gert eins og kunnugt er með Amsterdam-breytingum á Evrópusáttmálanum og samstarfinu.

Nú er það svo, herra forseti, að efni þessarar ákvörðunar, þ.e. að koma í framkvæmd gagnkvæmri réttaraðstoð í sakamálum, er ekki tilefni til andstöðu, nema síður sé. Í sjálfu sér er það hið ágætasta milliríkjasamstarf og ekki nema gott um það að segja.

En ég á erfitt með að samþykkja fyrirvaralaust að Ísland sé í þeirri stöðu sem raun ber vitni og hér er ólíku saman að jafna, þeirri aðstöðu sem Ísland er í og önnur EFTA-ríki á grundvelli EES-samningsins, þar sem er þó um svonefnt tveggja stoða kerfi að ræða og samskiptin byggja á þeim grunni en þetta er ekki svo þegar Schengen-samstarfið á í hlut og Schengen-stofnanirnar, sem hafa nú verið innlimaðar í Evrópusambandið. Og það er Evrópusambandið sjálft og ráðherraráð Evrópusambandsins sem tekur ákvarðanir sem síðan eru skuldbindandi fyrir Ísland og Noreg.

Þetta sjá menn, herra forseti, þó ekki sé meira að gert en lesa upphaf 2. tölul. athugasemda við þáltill. þessa, en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna hvílir sú skylda á Íslandi og Noregi að samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum við Brussel-samninginn."

Með Brussel-samningnum er átt við seinni samninginn af tveimur sem gildir um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu, þ.e. sá samningur sem gerður var eftir að ákveðið var að innlima Schengen-stofnanirnar og samstarfsrammann inn í Evrópusambandið, þá þurfti að breyta þeim eldri samningi sem fyrir lá og kenndur er við Lúxemborg og var gerður á meðan Schengen-samstarfið var sjálfstætt milliríkjasamstarf og óviðkomandi Evrópusambandinu sem slíku.

Herra forseti. Fengnir voru lögfræðingar, sem eru oftast sömu lögfræðingarnir, til þess að finna út úr því að þetta væri allt í lagi í sambandi við stjórnarskrána. Ég man nú ekki hvort notað var svipað orðalag og um EES á sínum tíma, að ramminn þyldi þá sveigju sem þetta setti á stjórnarskrána. Menn bjuggu sér til ákaflega sérstakt orðalag á sínum tíma til að réttlæta að þetta væri nú allt í lagi gagnvart stjórnarskránni.

Ég átti alltaf voðalega erfitt með að sjá að það fyrirkomulag sem sjálfkrafa yrði til við að Schengen-samstarfið og stofnanirnar yrðu innlimaðar í Evrópusambandið sjálft væri ekki enn þá erfiðara viðfangs hvað þetta varðar. Mér finnst orðalagið sem hér er sett á blað og er örugglega rétt, nákvæmlega rétt, að svona ber að orða þetta, gefa vísbendingar um að staða Íslands sé ekki mjög burðug að þessu leyti til. Auðvitað má segja að menn gætu tekið á sig rögg og orðið svo kjarkaðir hér að hafna einfaldlega tillögum af þessu tagi með þeim afleiðingum sem því yrðu samfara og yrði þá sennilega stutt saga Íslands innan samstarfsins eftir það.

En höfundar greinargerðarinnar hafa a.m.k. ekkert verið að mylja þetta með sér ef svo má að orði komast og orða þetta nákvæmlega svona, að það hvíli sú skylda á Íslandi

og Noregi að samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta þessum samningum. Hvernig eru þær teknar? Jú, þær eru teknar af ráðherraráði Evrópuasambandsins, en þar sitjum við ekki á fundum og þar höfum við ekki atkvæðisrétt eins og kunnugt er.

Herra forseti. Þetta vildi ég draga fram og þetta veldur því að ég hef fyrirvara á. En vegna þess að efni þessa máls er í sjálfu sér jákvætt og þetta er gerður hlutur sem afstaða mín til liggur fyrir, þá ætla ég ekki að leggjast gegn afgreiðslu málsins. En þetta vildi ég segja.

Ég minni síðan á að margt er ekki komið fram enn í sambandi við það hversu skynsamleg sú ákvörðun var að Ísland gerðist aðili að Schengen-samstarfinu. Margur er ógreiddur reikningurinn enn þá, herra forseti, aðgöngumiðinn er nú að reynast ærið dýr eins og ég hygg að ríkisbókhaldið muni bera með sér á þessu ári og hinum næstu.

[10:19]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi athugasemdir hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þá hygg ég að lýsing hans á aðstæðum öllum í sambandi við þá breytingu sem hér er verið að gera sé rétt, enda er hún byggð á athugasemdum við þáltill. Hins vegar er rétt að geta þess að Noregur og Ísland og Liechtenstein hafa aðkomu að ákvarðanatökunni, þó að ákvarðanirnar séu teknar af ráðherraráðinu og ljóst að Íslendingar og Norðmenn hafa ekki aðkomu að ráðherraráðinu.

Það breytir því ekki að Íslendingar hafa sjálfstæðan ákvörðunarrétt um það hvort þeir sætti sig við þær ákvarðanir sem teknar eru. En á meðan við erum þátttakendur í þessu samstarfi, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, þá hvílir þessi skylda á Íslendingum, það er alveg hárrétt. Ef aðstæður þróast þannig að upp koma mál af því tagi að Íslendingar geti ekki sætt sig við, þá geta þeir gengið út úr samstarfinu.

[10:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að Íslendingum er tryggð með þessum samningum aðild að undirbúningsstarfi og samstarfi sem fer fram innan stofnanahluta og þess kerfis sem sjálft Schengen-samstarfið ber í sér. Og auðvitað reiknar maður með því að yfirleitt komi ekki til breytinga á því nema það sé undirbúið á þeim vettvangi. Það er þó ekkert sjálfgefið í þeim efnum. Valdið liggur hjá ráðherraráði Evrópusambandsins.

Á þeim vettvangi geta menn væntanlega, ef svo ber undir, tekið þar upp hluti og ákveðið að gera þar breytingar og þá erum við ekki miklir þátttakendur eða aðilar að því ef svo bæri undir að menn t.d. tækju beint upp í ráðherraráðinu atriði sem vörðuðu þetta samstarf og þau yrðu þar til lykta leidd. En auðvitað munum við sjá hvernig það þróast á komandi árum.

Varðandi það að við getum hér neitað eða synjað að staðfesta slíkar ákvarðanir, þá er það að sjálfsögðu fræðilega rétt. Á nákvæmlega sama hátt og það er fræðilega rétt þegar einstakar gerðir sem kalla á afgreiðslu á grundvelli EES-samstarfsins koma til afgreiðslu.

Ég vek hins vegar athygli á því að í vaxandi mæli er umfjöllun um þetta á þeim nótum að það sé eingöngu fræðilegur möguleiki. Meira að segja hæstv. utanrrh. hefur nánast orðað það svo að það sé eingöngu fræðilegur möguleiki og í raun og veru praktískt óhugsandi að menn geri það vegna þess að afleiðingarnar yrðu slíkar.

Ég minni á þá umræðu sem varð hér á landi, og hæstv. utanrrh. ekki síst var aðili að, um þann möguleika að Norðmenn beittu synjunarvaldi gagnvart tilteknum tilskipunum frá Evrópusambandinu um aukaefni í matvælum. Hæstv. utanrrh. Íslendinga talaði þannig um það mál að það væri í raun og veru algerlega fráleitt að Norðmenn létu sér detta það í hug. Í reynd er þetta því eingöngu á pappírnum, bara fræðilegur möguleiki í hugum margra sem um þetta fjalla.

[10:23]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ómögulega tekið undir það að þarna sé eingöngu um fræðilegan möguleika að ræða. Hins vegar er ljóst að menn verða þá að taka tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Það verða þá að vera afar ríkar og brýnar ástæður til að menn stígi slíkt skref ef miklir hagsmunir eru í húfi. Síðan getum við rætt það á öðrum vettvangi hvort það séu meiri hagsmunir sem eru í húfi innan EES-samningsins eða innan þess samkomulags sem við höfum gert við ESB um Schengen-samkomulagið.

[10:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt og við erum sjálfsagt sammála um að veigamiklir hlutir eru á ferð þegar um er að ræða er allt EES-samstarfið. Það er út af fyrir sig skiljanlegt að menn velti því upp að menn þurfi að meta og vega saman hagsmuni og velja þá meiri fyrir minni þegar í hlut eiga einhverjar ákvarðanir sem gætu sett allt það samstarf í uppnám eins og sumir hafa viljað vera láta að yrði, að því yrði illa tekið og mönnum yrði hegnt fyrir það almennt í samstarfinu ef þeir gerðust svo sverir að nota þann rétt sinn að synja einhverrar staðfestingar.

En sá er munur á hér að það var ekkert sem knúði Ísland sérstaklega til þess að gerast þátttakandi í Schengen-samstarfinu og það var einangrað mál sem slíkt. Okkur var selt það með því fororði að með því væri norræna vegabréfasambandinu bjargað. En síðan kemur nú í ljós að það verður mikilvægara að hafa með sér vegabréf á öllum ferðum erlendis og þar með talið innan Norðurlandanna en nokkurn tíma fyrr eftir þetta samstarf.

Það sem hér hefði verið miklu heppilegri lausn fyrir Ísland og auðvitað hin Norðurlöndin, ef svo vel hefði tekist til að um það hefði skapast samstaða, var að gera frekar samstarfssamning um þátttöku í þeim hlutum þessa samstarfs sem heppilegt var fyrir öll lönd Evrópu að vera þátttakendur í, t.d. einhverja hluta af upplýsingasamstarfinu með svipuðum hætti og Bretar og Írar hafa valið að gera en losna við það að vera þátttakendur í hinu Evrópusambandsbundna eða innlimaða Schengen-samstarfi sem nú er orðið, m.a. með þeim stjórnskipulegu áhrifum sem aðstæður okkar gagnvart því að fjalla um einstakar ákvarðanir af því tagi sem hér eru á ferðinni og er væntanlega sú fyrsta sem reynir á og er viðbót við Brussel-samningana og er þess vegna í raun og veru prinsipp-afgreiðsla eða tímamótaafgreiðsla við fyrstu breytinguna af þessu tagi sem ráðherraráð Evrópusambandsins ákveður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, síðari umr.

Stjtill., 657. mál. — Þskj. 1035, nál. 1191.

[10:26]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001.

Í samningnum er líkt og í samningi aðila á síðasta ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2001/2002 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, síðari umr.

Stjtill., 658. mál. — Þskj. 1036, nál. 1192.

[10:27]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um aðild að Genfarsamningi um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar. Genfarsamningurinn gerir íbúum í aðildarríkjum hans kleift að sækja um alþjóðlega skráningu hönnunar beint til Alþjóðahugverkastofnunarinnar eða hjá einkaleyfaskrifstofu hvers ríkis.

Hið alþjóðlega skráningarkerfi gerir umsækjanda um skráningu hönnunar mögulegt að öðlast vernd í tilteknum fjölda ríkja með því að leggja inn eina umsókn, á einu tungumáli, gegn greiðslu tilskilins gjalds.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 639. mál. — Þskj. 1016, nál. 1233.

[10:28]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja.

Á fundum nefndarinnar kom fram að tilskipunin fjallar eingöngu um að tryggja að tjónþoli geti snúið sér til aðila í heimalandi sínu með kröfu um bætur fyrir tjón sem ökutæki, sem vátryggt er og skráð í öðru aðildarríki, hefur valdið í öðru aðildarríki en því sem tjónþoli býr í. Tilskipunin fjallar hins vegar hvorki um þann efnislega rétt sem tjónþoli kann að eiga til bóta né um tjónauppgjörið sjálft og innihald þess.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 1017, nál. 1234.

[10:30]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn.

Með þessari tillögu er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskipunin fjallar um rafeyrisfyrirtæki og mælir fyrir um að slík fyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir. Það felur það í sér að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), síðari umr.

Stjtill., 641. mál. — Þskj. 1018, nál. 1235.

[10:31]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

Með tillöguninni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, síðari umr.

Stjtill., 656. mál. — Þskj. 1034, nál. 1190.

[10:32]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Á fundi aðila í október á síðasta ári náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

[10:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ritað undir nál. um þessa tillögu en með fyrirvara. Eins og kom fram í máli formanns nefndarinnar hafa fjögur lönd unnið þennan samning og e.t.v. eru ekki mjög miklir möguleikar fyrir Ísland til að breyta öðruvísi ef Rússar, Evrópusambandið og Færeyjar leggjast á eitt um að fara aðra leið en við hefðum kosið eða í því tilfelli að við hefðum viljað fara sömu leið og ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem lagði til að heildarafli nú yrði 753 þús. lestir fyrir árið 2001 og það var í samræmi við þá aflareglu sem samþykkt var að vinna eftir á fundi árið 1999. Niðurstaðan varð sú að hin löndin þrjú lögðu til og náðu samkomulagi um að heildaraflinn yrði 850 þús. lestir, sem er meira en lagt var til. Ástæða þess að ég er með fyrirvara við þetta mál er m.a. þessi.

Formaður Samfylkingarinnar kom með athugasemdir við þetta við fyrri umr. um málið. Þá rifjaði hann upp að menn voru ekki fyllilega sáttir við skiptinguna sem niðurstaða varð um á sínum tíma, m.a. að Norðmenn hefðu þá fengið of stóran hluta úr stofninum miðað við afstöðu okkar og jafnframt að Norðmenn hafi stundað smásíldardráp á fjörðum í Noregi sem talið er að hafi átt mjög stóran hlut í að þessi stofn hrundi á sínum tíma, en ekki veiðar Íslendinga á fullorðinni, kynþroska síld. Þess vegna er talið mikilvægt fyrir Ísland að farið sé eftir ráðgjöf ICES og ekki veitt meira vegna þess að það hljóti að vera markmið okkar Íslendinga að halda veiði niðri þannig að stofninn verði stór, því að þá aukast líkurnar á því að hann sæki aftur inn á íslenskt hafsvæði. Það mundi gefa okkur ný tækifæri í krafti ákveðinnar endurskoðunarreglu sem var á sínum tíma samþykkt í þessu máli.

Þetta eru þær athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri með fyrirvara mínum. Ég geri mér grein fyrir því að það hefði ekki mikinn tilgang að gera fólk okkar afturreka þegar samningi er lokið á þennan hátt. Fyrst og fremst vildi ég setja fyrirvara við afgreiðslu mína til að minna á þessi atriði og gera þessar athugasemdir við afgreiðslu málsins.

[10:36]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nefndarálitinu var fyrirvara hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur ekki getið enda kom hann ekki fram á fundi nefndarinnar og heldur ekki þegar álitið var sent út til nefndarmanna. Ég vil aðeins að þetta komi fram.

[10:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirvari minn kom skýrt fram í nefndinni og um leið og ég sá nefndarálitið prentað hafði ég samband við nefndarritara og bað um leiðréttingu og nefndarritarinn kannaðist við fyrirvara minn. Viðbrögð formannsins eru skiljanleg. En fyrirvari minn var alveg klár.

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er um að ræða árlega framlengingu, má segja, á samningum Íslands, Noregs, Færeyja, Evrópusambandsins og Rússlands um nýtingu og veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Það er orðinn sjálfgefinn hlutur, að því er virðist, að menn framlengi þessa samninga sem þó voru gerðir með fyrirheitum um endurskoðun og viðleitni til að lagfæra stöðu Íslands í byrjun. Við vorum margir sem spáðum því að þetta mundi reynast nokkuð bindandi þegar frá liði og nú eru ekki einu sinni, að því er virðist, neinar umræður uppi um að breyta þessum samningum og samskiptum. Vissulega má segja að það sem valdi mönnum vonbrigðum í þeim efnum og þyngi fyrir fæti sé sú staðreynd að norsk-íslenski síldarstofninn hefur ekki byggst upp eins og menn bundu vonir við að hann væri að gera á þessum árum og því miður stefnir í frekari niðurskurð á veiðum á næstu árum. Það gerir að sjálfsögðu erfitt um vik við að breyta skiptahlutföllum, sérstaklega í tilviki Íslands þar sem stofninn hefur ekki aukið göngur sínar að marki á íslensk hafsvæði eins og menn bundu vonir við að hann mundi gera þegar stofninn stækkaði og hlutfall stórsíldar eða fullorðinnar síldar yrði meira í stofninum.

Ég var þeirrar skoðunar á sínum tíma að það væri ekki góð niðurstaða fyrir Ísland að fá nokkuð undir 20% af skiptingu þessa stofns sem á árum áður var fyrst og fremst nýttur af Íslendingum og Norðmönnum. Veiði Íslendinga, þ.e. hlutdeild Íslendinga, var um langt árabil á milli 30–40% af stofninum. Stofninn dvaldi innan íslenskrar lögsögu eða á íslenskum hafsvæðum stóran hluta úr árinu, jafnvel meira en hálft árið. Veiðar á stórsíld voru að uppistöðu á íslensku svæði. Norðmenn voru hins vegar drýgri við að veiða smásíldina inni á fjörðum sem væntanlega átti stærstan þátt í því að stofninn hrundi svo harkalega sem raun bar vitni.

Það er ekki aðeins skiptahlutfallið sem horfa þarf á í þessum efnum, herra forseti, og þessi 17, 18% eða hvað það nú er sem Ísland fær í sinn hlut, heldur líka aðstaða manna til að veiða það magn sem þeir þó fá. Staðan er þannig að Íslendingar mega, af sínum kvóta í ár, upp á 132 þús. lestir, aðeins veiða 5.900 lestir innan norsku lögsögunnar. Nú stendur svo á, herra forseti, að það er sjómannaverkfall og ef ekki leysist úr því fljótlega gætu farið að verða áhöld um hversu vel gengur að ná veiðheimildum Íslendinga á Íslandsmiðum. Auðvitað eru veiðimöguleikar innan færeysku lögsögunnar, í sjálfri síldarsmugunni og við Jan Mayen. Það er reyndar tíundað hér sem sérstakt ágæti þessara samninga að íslensk skip hafi ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen. Það höfðu íslensk skip sjálfkrafa á grundvelli Jan Mayen-samningsins svonefnda frá 1976 og þurfti ekki þetta samkomulag til. Ef svo illa færi að göngur síldarinnar hingað í vesturátt inn á íslenskt hafsvæði, í færeysku lögsöguna eða síldarsmuguna, yrðu endasleppar þá gæti sú staða skapast að Íslendingar ættu óveiddan verulegan hluta kvóta síns síðsumars. Þá erum við bundnir af því að fá einungis að taka 5.900 lesta kvóta innan norsku lögsögunnar á sama tíma og norsk skip mega veiða allt að 94.200 lestir í íslenskri lögsögu eða nálægt fimmtungi síns kvóta. Þetta eru ekki sanngjörn skipti og er eitt af þeim atriðum sem ég taldi að samist hefði óhönduglega um fyrir Íslands hönd. Þess vegna

hef ég, herra forseti, haft fyrirvara á stuðningi við árlegt samkomulag þessara aðila og mun væntanlega gera áfram og binda við það vonir að einhvern tíma skapist á nýjan leik þær aðstæður að hægt verði að breyta þessum samningum og gera hlutdeild Íslendinga í þeim betri.

Hinu er að sjálfsögðu ekki að leyna að mikilvægt var að ná tökum á veiðum úr þessum stofni og koma á samkomulagi sem tryggði nauðsynlega fiskveiðistjórn og verndunaraðgerðir. Það er kannski það skásta sem menn geta sagt þessari niðurstöðu til málsbóta að það er þó í rétta átt þótt menn hafi því miður ekki staðið að fullu við að framfylgja aflareglu og draga saman veiðar eins og ráðgjöf vísindamanna kveður á um til að möguleikar skapist á því að stofninn byggist upp á nýjan leik.

Þegar norsk-íslenski síldarstofninn var upp á sitt besta var hann einn stærsti fiskstofn heimsins. Veiðar úr honum sköpuðu gríðarleg verðmæti í Noregi, Íslandi, Færeyjum og víðar. Auðvitað hljótum við að binda vonir við að þær aðstæður geti skapast á nýjan leik að veiðar úr þessum stofni geti farið vel á aðra milljón tonna og að stofninn sjálfur komist í sögulega og fulla stærð, einhvers staðar á bilinu 2,5–3 millj. tonna. Þá ætti hlutdeild Íslendinga með réttu að geta numið allmörgum hundruðum þúsunda tonna á ári. Ef um semdist þannig að menn mættu veiða tiltölulega frjálst í lögsögu hvers annars og taka veiðina þegar fiskurinn væri sem verðmætastur, sérstaklega með hliðsjón af möguleikum til manneldisvinnslu, þá gætu verið fólgnir í nýtingu þessa stofns gríðarlegir verðmætasköpunarmöguleikar í framtíðinni. Það er kannski ekki mörgu hliðstæðu til að dreifa á hafsvæði okkar nema bara þorskinum. Lauslega reiknað má að lágmarki þrefalda til fimmfalda verðmæti aflans með því að vinna hann til manneldis í stað þess að setja hann í bræðslu. Þá geta reikningsglöggir menn áttað sig á því að hér gæti verið stórt á stykkinu ef þessi framtíðarsýn gengi eftir og fengi að rætast. Til þess að svo verði er að sjálfsögðu mikilvægt að menn stundi veiðarnar af ábyrgð og það er kannski það sem helst er þessu samkomulagi til málsbóta að það skapar vissa möguleika til þess. En með hitt bakka ég ekki, herra forseti, að hlutur Íslands í þessu eins og nú stendur er rýr bæði hvað varðar skiptahlutfallið og aðgang okkar að veiðunum á hafsvæðinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 665, nál. 1175, brtt. 1258.

[10:45]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. allshn. á þskj. 1175 um frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, sem snýr m.a. og í meginatriðum að könnun hjónavígsluskilyrða.

Með frv. er lagt til að einungis borgaralegir vígslumenn, þ.e. sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra, annist könnun hjónavígsluskilyrða þegar annað hjónaefna eða bæði eru erlendir ríkisborgarar. Könnun hjónavígsluskilyrða felst í að leysa úr því hvort fullnægt er lagaskilyrðum til að stofna til hjúskapar. Fram kemur í athugasemdum með frv. að töluverð vinna felist oft í athugun á lagaatriðum þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara og nokkur þekking á alþjóðlegum einkamálarétti sé þá nauðsynleg. Nefndin telur hins vegar að slík þekking þurfi frekar að vera til staðar þegar annað hjónaefna eða bæði, óháð ríkisfangi þeirra, eiga ekki lögheimili í hér á landi þar sem Hagstofa Íslands geymir nauðsynleg gögn til könnunar hjónavígsluskilyrða.

Herra forseti. Í meginatriðum var það álit nefndarinnar að meginreglan við könnun hjónavígsluskilyrða skyldi vera sú að þegar einstaklingar, hvort sem það eru útlendingar eða Íslendingar, eiga lögheimili hér á landi þá gildi um það sömu reglur, þ.e. að þeir einstaklingar, Íslendingar sem útlendingar, sem eiga ekki lögheimili hér á landi, þurfa að gangast undir þessa könnun sem sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra annast.

Þykir nefndinni því rétt að borgaralegir vígslumenn, sem eru löglærðir, annist könnunina þegar annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili á landinu en löggiltir hjónavígslumenn annist hana í öðrum tilvikum.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

„1. Í stað orðanna „eru erlendir ríkisborgarar“ í a-lið 2. gr. komi: eiga ekki lögheimili hér á landi.

2. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.“

Einnig vil ég mæla fyrir brtt. á þskj. 1258. Við frekari skoðun nefndarinnar kom í ljós að í rauninni gilda ákveðnar sérreglur um þá námsmenn íslenska sem hefja nám á Norðurlöndunum og í samræmi við Norðurlandasamninginn legg ég til eftirfarandi brtt.:

„Við 2. gr. Við bætist nýr liður er verði c-liður, svohljóðandi:

c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859, nál. 1181.

[10:48]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Með frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um hvernig standa skuli að birtingu EES-gerða um leið og skapað er ótvírætt hagræði við innleiðingu þeirra. Lagt er til að ekki þurfi við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til innleiðingar EES-reglna, að birta þær í öllum tilvikum í heild sinni í B-deildinni heldur nægi að vísa til birtingar þeirra í EES-viðbætinum. Með frumvarpinu er verið að festa í sessi núverandi framkvæmd.

Nefndin telur rétt að ítreka mikilvægi þess að tilvísunin í EES-viðbætinn sé skýr og ótvíræð þannig að ekki verði

um villst hvar viðkomandi gerð er að finna. Til að tryggja réttaröryggi almennings þurfi aðgengi að gerðunum því að vera auðvelt. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að EES-viðbætirinn sé nú gefinn út á netinu og að nýlegar kannanir sýni að um 80% landsmanna á aldrinum 16–75 ára hafi aðgang að netinu. Netaðgangur almennings á opinberum stöðum, svo sem á bókasöfnum eða á skrifstofum sýslumanna, er því nauðsynlegur að mati nefndarinnar.

Nefndin telur jafnframt rétt að geta þess að ákvæði sem lúta að birtingu laga og stjórnvaldaerinda geta ekki haft afturvirk áhrif og því teljast EES-gerðir ekki ótvírætt birtar fyrr en eftir samþykkt frumvarpsins.

Við tókum þessa setningu sérstaklega inn í nefndaráliti vegna athugasemda við 3. gr. frv. til að leggja áherslu á það viðhorf nefndarinnar að birting EES-gerða í EES-viðbætinum við stjórnartíðindi EB og eftir atvikum í C-deild Stjórnartíðinda teljist þá ótvírætt fullnægjandi með tilliti til atvika sem gerast eftir gildistöku frv.

Þá vill nefndin ítreka að þörf á heildarendurskoðun laganna hefur ekki minnkað með tilkomu þessa frumvarps.

Í athugasemdum með frumvarpinu greinir að umfang gerðanna sé 5.605 blaðsíður auk 3.753 blaðsíðna viðauka og því ljóst að frumvarpið er til þess fallið að auka skilvirkni við innleiðingu gerðanna og að kostnaður við það mun minnka.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, 2. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003, nál. 1173.

[10:51]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allshn. á þskj. 1173 í máli 628.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi samþykki með $^2/_3$ atkvæða að mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður verði breytt í samræmi við samkomulag Reykjavíkur og Mosfellsbæjar frá 28. febrúar 2001.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051, nál. 1174.

[10:52]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði niður ákvæði laganna um að við smíði varðskips og í tilteknum tilvikum við viðhald þess sé ekki skylt að láta fara fram útboð á verkinu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við þetta ákvæði núgildandi laga og er frumvarpið lagt fram í kjölfar samkomulags við stofnunina.

Mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[10:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og alþjóð er kunnugt fóru fram miklar umræður um það á sínum tíma hvort Íslendingar ættu að gerast aðilar að EES-samkomulaginu. Núna að undanförnu hefur verið mikill söngur um það að Íslendingar megi rekja velsæld sína og hagsæld til þessa samkomulags. (**ÖS:** Rétt, rétt.) Um þetta hef ég meira en litlar efasemdir.

Við vildum mörg fara aðrar leiðir til að tryggja hagsmuni Íslendinga, ná tvíhliða samkomulagi við Evrópusambandið um ýmsa þætti sem við teldum vera til hagsbóta. Það sjónarmið varð hins vegar ekki ofan á.

Eitt af því sem við vöruðum við var valdaafsalið, að Íslendingar mundu þrengja að sér í lýðræðislegum efnum. Ég tel það til góðs að bjóða út verkefni í mjög mörgum tilvikum. Þá er það heppileg leið til þess að ná niður verðlagi og gefa mismunandi fyrirtækjum kost á því að bjóða í verkefni á vegum hins opinbera, sveitarfélaga og ríkis. (Gripið fram í.) Ég er að tala um útboð á opinberum framkvæmdum, en eins og við vitum er skylt samkvæmt EES-samkomulaginu að bjóða verkefni sem fara yfir tiltekna fjárhæð út á gjörvöllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í mörgum tilfellum er þetta ágætt. En mér finnst mikilvægt að bæði sveitarfélög og ríki taki ákvörðun í hverju tilviki um þá leið sem talin er heppilegust.

Nú er það svo með smíði eða samsetningu á varðskipi að Íslendingar vildu styrkja skipasmíðaiðnað á Íslandi og láta þessa framkvæmd fara þar fram. Menn vildu beina þessari framkvæmd til Akureyrar. En nú var úr vöndu að ráða. Menn höfðu skuldbundið sig samkvæmt margrómuðu EES-samkomulagi til að bjóða verkið út á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þá lögðust menn í miklar pælingar um það hvernig væri hægt að koma sér hjá þessum skuldbindingum, hvernig væri hægt að fara á bak við skuldbindingarnar. Til voru kallaðir sérfræðingar úr ráðuneytum og nefndir. Allshn. Alþingis lagðist yfir það hvort unnt væri að breyta lögum sem styrkti stöðu okkar í þessu efni. Það varð að lokum ofan á. Í lög var sett eftirfarandi klásúla, með leyfi forseta:

„Við smíði varðskips er eigi skylt að láta fara fram útboð og er heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast.“

Þannig hljómaði klásúlan sem var sett í lög.

En að sjálfsögðu var fundið að þessu. Útsendarar hins Evrópska efnahagssvæðis komu strax á vettvang, vöruðu allshn. við þessu og sögðu að þetta stæðist ekki hinn Evrópska efnahagssamning. Menn vitnuðu þá til Danmerkur og sögðu að þar hefðu menn komist upp með að láta smíði herskipa fara fram á þeirri forsendu að um hernaðarleyndarmál væri að ræða. Þá var lagst yfir þetta. Varðskip, eru ekki einhver hernaðarleyndarmál þar á ferðinni? Klippurnar, jú. Klippurnar gætu verið hernaðarleyndarmál sem réttlættu það að við færum með þetta verkefni til Íslands og til Akureyrar. Á þessum forsendum var þetta rætt, hvernig sem sagt menn

gætu komið sér hjá því að standa við þær skuldbindingar sem þeir höfðu gefið.

Ég var hins vegar því fylgjandi allan tímann að smíðin færi fram á Íslandi og þess vegna á Akureyri, að þetta verkefni færi til Íslands og til þess að styrkja skipasmíðar á Íslandi. Ég var allan tímann fylgjandi því. Einmitt þetta skýrir afstöðu okkar á sínum tíma til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Við vildum ekki binda hendur okkar. Jafnvel þótt við værum fylgjandi því að fara útboðsleið í mörgum ef ekki flestum tilvikum af þessu tagi þá vildum við ekki skerða lýðræðislegt forræði okkar í málum af þessu tagi. Út á það gekk málið. Mér finnst alltaf hálflítilmannlegt að þegar gerðir eru samningar sem henta ekki þá reyni menn að skjóta sér á hjá því að standa við gerðan samning. Mér finnst þetta óskaplega vesælt. En því miður er það að koma fram í hverju málinu á fætur öðru hvernig þetta samkomulag hefur þrengt að okkur. Mér finnast hlægilegar þessar umræður sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum, einhver upphafning á þessu samkomulagi þar sem menn eru að rekja þá hagsæld sem hér hefur skapast á undanförnum árum vegna mikils metafla og hagstæðra skilyrða á mörkuðum erlendis, jafnvel menn sem kenna sig við jafnaðarmennsku, til markaðsvæðingar samfélagsins og þeirrar nauðungar sem þetta samkomulag hefur lagt á íslenskt þjóðfélag. Þetta er hlægilegur málflutningur og á ekki við nokkur einustu rök að styðjast. Hagsæld Íslendinga má rekja til mikilla aflabragða, til mjög hagstæðra skilyrða á mörkuðum erlendis. En því miður er það nú að koma í ljós sem við mörg höfum varað lengi við að innstæðan á bak við þessa velsæld er ekki eins traust og maður vildi óska. Hún byggir á þenslu og mikilli lántöku sem er því miður ástæða til að óttast að ekki sé innstæða fyrir.

Ég ítreka það sjónarmið mitt að ég er því eindregið fylgjandi að styrkja innlendan skipaiðnað. Ég er því eindregið fylgjandi og hef alla tíð verið að smíði og samsetning þessa varðskips fari fram á Íslandi. Það er mjög mikilvægt að styðja þessa atvinnugrein og efla hana. En ég vildi bara vekja athygli á þeim hráskinnaleik sem á sér stað og birtist með átakanlegum hætti í þessari frumvarpsmynd.

[11:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þá hagsæld sem hefur ríkt hér á síðustu árum sé ekki hægt að rekja til aðgerða núv. ríkisstjórnar. Það er líka rétt hjá hv. þm. að þenslan sem hefur komið upp í hagkerfinu er núna komin á þau mörk að menn tala hér um lendingar af ýmsu tagi. Það er líka rétt hjá honum að þetta hefur m.a. leitt til þess að menn þurfa að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana í efnahagslífinu eins og að vaða í stóriðju á ýmsum landshornum, fyrst og fremst á þeim röksemdum að það þurfi að gera til þess að bjarga efnahagslífinu. Ég tek undir með honum að það er ansi stökkt nú um stundir.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að aflabrögð og góð staða á mörkuðum á stóran þátt í því hvernig tókst til hér að ná upp góðæri sem núv. ríkisstjórn hefur glutrað niður. En af hverju var staðan svona góð á mörkuðum? Af hverju höfum við getað nýtt okkur markaðina eins og við höfum gert á síðustu árum? Hvar hafa vaxtarbroddarnir verið?

Þeir hafa í sjávarútveginum á fiskmörkuðum erlendis fyrst og fremst verið í krafti þeirra tollaniðurfellinga sem náðust með EES-samningnum. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Ég er þeirrar skoðunar að hv. þm. hafi gersamlega rangt fyrir sér um það að EES-samningurinn hafi ekki leitt til aukinnar velsældar. Hitt er annað mál að hv. þm. hefur fyllsta rétt til þess að vera þessarar skoðunar. En hann verður þá að etja rökum sínum saman við þá sem hafa teflt á hann staðreyndum. Hverjir eru þeir? Það eru nú ekki bara þeir jafnaðarmenn sem hann nefndi hérna. Ég gæti t.d. bent honum á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem ég veit að hv. þm. þekkir vel, og líka nýlega skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Þar kemur fram að grundvöllurinn að núverandi hagsæld í landinu var EES-samningurinn. Ef hv. þm. er annarrar skoðunar þá finnst mér að hann hafi fyllsta rétt til þess að hafa þá skoðun en hann verður að tefla rökum gegn þeim staðreyndum sem þar koma fram. Það hefur hann ekki gert.

[11:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef oftar en einu sinni, ég hef mörgum sinnum, teflt þessum röksemdum fram. Það sem einkennir núna efnhagsþróunina í heiminum og samskipti ríkja sérstaklega er samræming á sviði skatta og tolla. Þetta gerist á ýmsum forsendum og ýmsum sviðum, að sönnu innan Evrópusambandsins en einnig á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fleiri samtaka. Þetta er þróun sem er að eiga sér stað, að heimurinn er smám saman að verða einsleitari að þessu leyti. Það er að gerast.

Það sem hins vegar hangir á spýtunni gagnvart Evrópusambandinu er annað og miklu meira vegna þess að þar eru menn að skapa sér nýtt ríki með gagnkvæmum skuldbindingum innbyrðis á milli þeirra þjóða sem mynda þetta nýja ríki. Það sem ég er að finna að eru þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist og birtast m.a. í þessu frv. og þeirri umræðu sem ég vakti í tengslum við það.

Við vildum mörg fara aðrar leiðir til þess að ná þessari tollasamræmingu. Við erum að sjálfsögðu ekki andvíg því að samræma tolla og skapa okkur eðlilegt og gott tollaumhverfi fyrir okkar vörur. Að sjálfsögðu erum við ekki andvíg því. Við erum því fylgjandi. En við vildum gera það í tvíhliða samningum og erum því reyndar fylgjandi að þegar fram líða stundir, þ.e. þá viljum við freista þess að þróa þennan samning yfir í slíkan vettvang og losa okkur undan þeim fjötrum sem Evrópusambandið setur á okkur í sívaxandi mæli. Hér var verið að ræða áðan frv. sem undanskilur okkur þeirri kvöð að birta á prenti tilskipanir og reglur Evrópusambandsins sem við höfum undirgengist. Það er meira að segja orðið of dýrt að prenta lögin sem eiga að gilda í þessu landi.

[11:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerir sér grein fyrir því, eins og kom fram í máli hans, að allir alþjóðlegir samningar fela í sér gagnkvæmar skuldbindingar. Og af sjálfu leiðir þá að allir alþjóðlegir samningar fela líka í sér einhvers konar afsal á völdum og fullveldi.

Jafnvel þó að hv. þm. hefði getað farið þá leið sem hann og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafa talað fyrir af talsverðri mælsku og jafnvel rökum á stundum og náð tvíhliða samningi þá hefði það eigi að síður leitt til þess að þeir hefðu þurft að takast á herðar einhvers konar gagnkvæmar skuldbindingar. Við getum ekki úr þessum ræðustól reynt að spá í það hverjar þær hefðu verið. En það er mikill barnaskapur að halda því fram að það hefði verið hægt að ná tvíhliða

samningum við Evrópusambandið sem hefðu ekki falið í sér með einhverjum hætti einhvers konar afsal á fullveldi og á völdum. Allir samningar sem við gerum bera það í sér. Þeir samningar sem hv. þingmenn hafa nú lofað, ýmsir norrænir samningar, aðild okkar að t.d. Sameinuðu þjóðunum, fela allir í sér einhvers konar afsal á fullveldi. Það sem hv. þm. á auðvitað við er að það afsal sem átti sér stað með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu hafi verið óásættanlegt og miðað við þá heimsmynd sem hv. þm. hefur margoft tjáð hér skil ég það mætavel.

Ég held hins vegar að það sem hv. þm. er að tala um varðandi þetta tiltekna atriði, þ.e. skipasmíðar, að þá feli það í sér að við erum aðilar að samningum og þurfum að gangast undir ákveðið ok. Hv. þm. kemur hérna frekar heilagur í framan og segir: „Ja, ef við erum aðilar að samningnum þá eigum við auðvitað að standast allar skuldbindingar hans." En það er ekkert að því, finnst mér, þó að við reynum að túlka samning okkur í hag, þó að við reynum að túlka tiltekin ákvæði með þeim hætti að það gæti gagnast t.d. skipaiðnaði á Akureyri.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið gert í þessu tiltekna atriði. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ekki túlkað ákvæði í samningnum á þann hátt sem hefði getað fallið undir skuldbindingar okkar en gagnast okkur mun betur.

Ég segi hér amen eftir efninu.

[11:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef alla tíð viljað túlka þá samninga sem við gerum okkur í hag, að sjálfsögðu. Og ég hef viljað og hef stutt það að við reyndum í þessu tilviki að túlka samninginn okkur í hag. Ég er hins vegar að vekja athygli á þeim þversögnum sem er að finna í málflutningi manna varðandi þetta efni.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég tel að EES-samningurinn hafi verið óásættanlegur fyrir Íslendinga og þrengt mjög að okkur í lýðræðislegu tilliti. Ég er að vekja athygli á þeirri ranghugsun sem mér finnst hafa komið fram í túlkunum manna og tengingu annars vegar á milli efnahagslegrar velsældar undangengin ár og hins vegar þessa samnings sem hefur verið þrengjandi og ekki fært okkur þá velsæld sem menn vilja vera láta nema síður væri. Þessi samningur hefur þrengt að okkur.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þegar menn semja þá undirgangast þeir iðulega vissar kvaðir. Ég auglýsi eftir því að Alþingi og þjóðin, fjölmiðlar og við öll leggjum okkur eftir því að fylgjast með því sem er að gerast á alþjóðavettvangi og þá nefni ég sérstaklega Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þar eru að eiga sér stað samningaviðræður sem eru mjög mikið á bak við tjöldin. Við þurfum að svipta þarna hulunni frá því að þar eru á ferðinni samningar sem gætu bundið hendur okkar verulega ef við gáum ekki að. Um þetta fer núna fram vaxandi umræða í heiminum og það er mjög mikilvægt að þeir sem vilja standa vörð um lýðræðið og koma í veg fyrir að markaðsöflin nái tökum á samfélögum okkar standi þessa vakt. Það finnst mér menn því miður ekki hafa gerst varðandi EES-samninginn á sínum tíma og þróunina þar á bæ.

[11:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar fyrst að nefna það að ég tek eftir því í nefndarálitinu að nefndin hefur fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmrn. og fengið umsagnir frá Landhelgisgæslu Íslands, Ríkiskaupum og Lögmannafélagi Íslands. Nefndin hefur ekki talið ástæðu til þess að ræða við t.d. forráðamenn skipaiðnaðarins í landinu í þessu samhengi. Ég bara vonast til þess að það hafi þá verið vegna þess að menn hafi hugsað sér að skoða málið frekar síðar, þ.e. hvernig væri hægt að taka á málum hvað varðar skipasmíðarnar hér.

Það er því miður orðið of seint að koma í veg fyrir að vandræði muni ríða yfir þá grein. Eftir að menn tóku á málum hér á árið 1993 eða þar um bil — menn muna kannski að skipasmíðastöðvar í landinu fóru nánast allar á höfuðið og voru endurreistar — þá hefur farið í sama farið og þessi iðnaður er allur á fallanda fæti hér á landi. Ég veit ekki til þess að eitt né neitt sé verið að gera til þess að reisa hann við.

Þegar það er hins vegar rætt hvaða áhrif EES-samningurinn hefur á skipasmíðarnar þá er það kannski umhugsunarefni einmitt með tilliti til þess hvernig fór í sumar þegar viðhald og endurbætur á varðskipunum voru boðnar út. Menn eru að tala hér um EES-samninginn. En hverjir voru það sem fóru með sigur af hólmi í því að fá þessi verkefni? Það var ekki EES-land. Það voru Pólverjar. Ég veit ekki til þess að þeir séu aðilar að EES-samningnum. Ég spyr: Hvernig stendur á því að EES-samningurinn er allt í einu orðinn vopn í höndum þeirra sem eru utan EES-svæðisins? Ég segi þess vegna að menn hljóta að þurfa að fara yfir málin hér. Á það að vera þannig að þær reglur sem við semjum um við EES-ríkin verði vopn í höndunum á Kínverjum, Pólverjum eða þess vegna hverjum sem er? Mér finnst það ekki. Ég held að menn þurfi að fara vandlega yfir það hvort þarna hafi verið staðið rétt að málum, fyrir nú utan það að í því máli brugðust íslensk stjórnvöld. Þeir reikningar sem ég hef séð um það hverjir voru raunverulega lægstir í þessu tilboði voru það vafasamir og það valt á það smáum upphæðum að það mátti fullkomlega halda því fram að íslensku tilboðin væru betri. En það var nú samt niðurstaða stjórnvalda að taka pólsku tilboðunum.

Og því miður hef ég fengið þá skýringu helsta, með því að leita eftir skýringu á þessum málum hjá mönnum sem til þekkja, að ástæðurnar fyrir því geti verið ýmsar, m.a. þær að hið launahvetjandi dagprísakerfi sem opinberir starfsmenn hafa ef þeir ferðast á vegum þeirra stofnana sem þeir vinna hjá, geti haft áhrif á hvaða tilboðum er tekið. Einn þeirra sem ég talaði við um þetta mál hélt því fram að á sínum tíma þegar deilur stóðu um það hvort gera ætti við varðskip norður á Akureyri eða suður í Hafnarfirði hafi niðurstaðan orðið sú að fara með varðskipið til Akureyrar vegna þess að starfsmenn Landhelgisgæslunnar og eftirlitsaðilarnir, sem höfðu sannarlega áhrif á niðurstöðuna, hefðu fengið dagpeninga fyrir norðan en ekki í Hafnarfirði. Og þannig hagaði líka til í því tilfelli þegar verið var að velja á milli pólska og íslenska tilboðsins að þeir hefðu ekki fengið dagpeninga í Hafnarfirðinum. Ég ætla nú ekki að taka ábyrgð á að rétt sé að þetta hafi verið ástæðan fyrir þessu. Hins vegar hljóp þetta á það smáum upphæðum, og ýmsir aðilar lögðu hér fram útreikninga sem voru íslensku tilboðunum í hag, að ég taldi afar vafasamt að taka pólska tilboðinu, fyrir utan þetta stóra spurningarmerki: Hvernig er það eiginlega, þurfum við að láta samninga okkar um EES-samninginn valda því að við missum góð verkefni úr landi til einhverra allt annarra þjóða en eiga aðild að þeim samningi? Ég vildi koma þessu á framfæri á hv. Alþingi vegna þess sem hér er að gerast.

Menn eru að gefast upp. Ég er svo sem ekkert að segja að það sé einhver önnur leið fær en að gefast upp með þessa leið sem þarna var meiningin að fara, a.m.k. er greinilegt að það er ekki einu sinni smuga í málinu fyrir Íslendinga samkvæmt því frv. sem hér er lagt fyrir, með leyfi forseta:

„Eftir nánari athugun og viðræður hefur orðið að samkomulagi að leggja til að umrædd breyting verði felld brott ...

Það er gjörsamlega horfið frá þessum fyrirætlunum um að undanskilja þessi verkefni og hér eru ekki send nein skilaboð inn í hv. Alþingi um það hvort einhver önnur ráð séu til skoðunar og hvort það eigi virkilega að fara þannig í þessu tilfelli líka, að ef Pólverjar eða Kínverjar verði með betra tilboð þá muni EES-samningurinn verða notaður til að lemja okkur til þess að semja við þá þó að við hefðum sjálfir næstlægsta tilboðið. Það fyndist mér illa farið.

[11:17]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt út af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Varðandi meðferð málsins í hv. allshn. þá er alveg ljóst að samstaða var um það í nefndinni að fara þá leið sem var valin hér og nefndarmönnum þótti ekki ástæða til þess að leita til annarra en síðan var leitað til, þar á meðal hv. fulltrúum Samfylkingarinnar.

Það er svo allt annað mál að mínu mati hvernig hægt er að efla og styrkja skipaiðnaðinn í landinu. Ég vil þó taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat um áðan, að þegar við undirgöngumst alþjóðlega samninga þá fylgja þeim líka ákveðnar skyldur. Þar á meðal er þetta sem hefur komið fram, að við þurfum að fara þá leið sem nú er verið að fara.

En út af öðrum orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í tengslum við opinbera starfsmenn þá fannst mér hann vera að draga fram einhverjar annarlegar hvatir hjá opinberum starfsmönnum við að fara þessa leið. Aðrir í salnum ættu kannski að verja opinbera starfsmenn hvað þetta varðar en mér finnst fulllangt gengið að ýja að því að opinberir starfsmenn hafi tekið þessu eða hinu tilboðinu út af því að dagpeningar voru með í spilinu. Mér finnst það fullankannalegt.

[11:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta um dagpeningana var eina skýringin sem ég fékk á þessum tveimur málum sem ég nefndi þegar ég fór að inna menn eftir því af hverju þessum tilboðum hefði verið tekið, að það hefði ráðið úrslitum vegna þess hversu mjótt var á munum í þessum tilboðum. Hins vegar er ekki hægt og ég ætla ekki að halda því fram að þetta sé einhver heilagur sannleikur eða pottþétt niðurstaða.

Ég vil líka segja að enda þótt þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni hafi ekki gert athugasemdir við að horfið væri frá þessu máli, sem virðist nú einboðið að menn þurfi að hverfa frá, þá segir það ekki neitt um það að maður geti ekki gert athugasemdir við það og spurt eftir því hverjir hafi verið kallaðir á fund nefndarinnar. Ég tel fulla ástæðu til að það komi fram hvað stjórnvöld ætla sér í framhaldinu, af því að nú er þessi leið lokuð. Ég held að það hafi ekki verið vegna þess að við hefðum ekki getað boðið út t.d. viðhald varðskipanna bara á EES-svæðinu ef við hefðum viljað. Stjórnvöld tóku einfaldlega þá ákvörðun að hafa útboðið víðtækara en svo. Það hefði verið hægt að hafa það á EES-svæðinu. Við þurfum ekkert að ganga lengra. En það var ekki aftur tekið eftir að búið var að taka ákvörðun um að hafa það opið. Menn þyrftu að velta því fyrir sér hvort það gæti þá verið leiðin að menn hefðu fyrirvara hvað þetta varðar þannig að EES-samningurinn verði, eins og ég sagði áðan, ekki vopn í höndunum á einhverjum allt öðrum en eiga aðild að honum.

[11:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef í reynd á þessu stigi litlu við að bæta frá því sem kom fram í mínu máli áðan annað en að ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að við eigum að láta reyna á það í þessu tilviki sem öðrum að túlkun okkar á samningnum þjóni íslenskum hagsmunum. Þess vegna er ég andvígur því að við samþykkjum það frv. sem hér liggur fyrir. Við eigum að halda þessu ákvæði inni í okkar lögum og láta þá á það reyna ef menn vilja draga okkur fyrir dóm Evrópusambandsins til þess að hnekkja íslenskum hagsmunum. Ég er því fylgjandi að við styrkjum og eflum skipasmíðar á Íslandi og að sjálfsögðu eigum við að túlka alla þá samninga sem við höfum undirgengist á alþjóðavísu með þetta í huga.

[11:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála nálgun hv. þm. Ögmundar Jónassonar að því leyti að ég tel að við eigum í vaxandi mæli að láta reyna á það hvað felst í óljósum skilmálum sem við höfum gengist undir.

Ég ætla að taka dæmi af frv. sem hv. þm. hefur flutt með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og e.t.v. öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og varðar lögbindingu á hámarkshlut í fjármálastofnunum. Hv. þm. hafa flutt hér frv. sem miðar að því að koma í veg fyrir óhóflega samþjöppun og fákeppni. Mér finnst hugmyndin sem hv. þm. hafa sett fram í því frv. mjög jákvæð og ég er að verulegu leyti fylgjandi þeirri nálgun, eins og kom fram í ræðu minni í gær um bankamálin.

Samfylkingin hefur kosið að fara svipaða leið en samt aðra, m.a. vegna þess að við tókum mið af því að fram hefur komið yfirlýsing frá ESA sem gefur til kynna að sú aðferð sem birtist í frv. hv. þingmanna kynni að fara í bága við þær skuldbindingar sem við höfum. Eftir því sem ég hef hugsað þetta mál betur, vegna þess að mér líst vel á leiðina sem kemur fram í frv. hv. þingmanna, þá hef ég eiginlega komist að þeirri niðurstöðu að auðvitað eigum við sem höfum gerst aðilar að samkomulagi eins og þessu að láta á það reyna hvort jafnvel þessi eftirlitsstofnun kunni að hafa rangt fyrir sér, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að þarna sé um talsvert mikilvægt mál að ræða.

Eins kann að vera rétt hjá hv. þm. að það eigi að láta reyna þarna á ákveðna hluti sem tengjast þessu tiltekna máli sem við erum að ræða hér. Ég held samt að hv. þm. hafi reitt til höggs að rangri pólitískri keilu þegar hann var að kenna samningnum um EES um niðurstöðu þessa máls. Ég tel að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi skýrt það mætavel. Vera kann að sá samningur hafi knúið okkur til þess að fara í útboð á Evrópska efnahagssvæðinu. En það voru íslensk stjórnvöld sem tóku þá ákvörðun að útboðið skyldi vera víðtækara og þegar upp var staðið er niðurstaðan sú að við tókum tilboði frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þar fyrir utan er ég líka þeirrar skoðunar, og byggi það á röksemdum sem komu fram hjá forsvarsmönnum í íslenskum skipaiðnaði, að við höfum líka verið of lin í túlkun okkar

á ákvæðum um það hvernig ætti að haga útboðinu. Ég tel að það hefði verið með ýmsum hætti, eins og forsvarsmenn iðnaðarins bentu á, hægt að haga útboðinu þannig að meiri líkur hefðu verið á því að innlendir aðilar fengju verkið heldur en fólust í þeirri útboðsaðferð sem var viðhöfð. Ég byggi þetta á fullyrðingum sem komu fram hjá forsvarsmönnum í þessari iðngrein. Þess vegna tek ég undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það er auðvitað nokkuð umhendis að menn skuli vera að fjalla um svona mál í allshn. án þess að kalla á þessa menn til þess að fá upplýsingar þeirra. Ég held að þetta skipti ákaflega miklu máli, ég tala nú ekki um þegar íslenska ríkið þarf e.t.v. síðar að fara í einhver svipuð verkefni.

Mér finnst hins vegar nokkuð fróðlegt og gaman að eiga orðastað við hv. þm. um eðli alþjóðlegra samninga vegna þess að mér finnst gæta nokkuð djúprar þverstæðu í þeim röksemdum sem hv. þm. flytur stundum hér í þessum sal. Hann leggst gegn alþjóðavæðingunni sem hefur í för með sér miklu auknara markaðsfrelsi sem ég tel, ef rétt er á málum haldið, að geti leitt til aukinnar velferðar. Það er m.a. ástæðan fyrir því að hv. þm. geldur varhug við aukinni alþjóðavæðingu eða aukinni hnattvæðingu og oft og tíðum virðist mér sem sá varhugur sé ástæðan fyrir því að hv. þm. er ekki bara á móti Evrópska efnahagssvæðinu og aðild okkar þar heldur líka mögulega að framtíðaraðild okkar að Evrópusambandinu sjálfu.

Samt hefur að hv. þm. í þessum sal m.a. álasað Evrópusambandinu fyrir að reisa tollmúra í kringum sig — ég man ekki betur en ég hafi tekið þátt í umræðum með hv. þm. um það — sem geri það að verkum að ýmis ríki, t.d. þróunarríki, eiga mjög erfitt með að koma sínum vörum á framfæri þar. Ég man ekki betur en að hv. þingmenn Vinstri grænna hafi m.a. notað þetta sem röksemd gegn Evrópusambandinu. Út af fyrir sig er nokkuð til í þessu. Ég tel að þetta sé ákveðinn ljóður á ráði Evrópusambandsins en um leið, ef menn tefla fram þessari röksemd, eru þeir líka að fallast á að aukið frelsi á markaðnum gæti leitt til aukinnar velferðar, sér í lagi hjá þeim þjóðum sem eiga erfitt uppdráttar og sökum aðstæðna heima fyrir geta framleitt vörur sem hægt er að selja við lægra verði á mörkuðum t.d. í Evrópu en heimaframleiðslan getur. Þetta er ein af þeim þverstæðum sem við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur í umræðum um þessi mál.

Ég er sammála hv. þm. um að það sem er að gerast innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er þess eðlis að það þarf að fylgjast ákaflega vel með því. En ég er þeirrar skoðunar, og það er grundvallarafstaða, að aukið frelsi í viðskiptum, ef rétt er á málum haldið, getur leitt og mun leiða til aukinnar velferðar.

Ég held til að mynda, þó að ég sé nú kominn langt út frá efninu, að þær hugmyndir sem eru uppi núna um að búa til sérstakt markaðsbandalag allra Ameríkuríkja muni gagnast ríkjum Suður-Ameríku nokkuð vel. Ég tel að það skipti miklu máli fyrir þau ríki að eiga greiðari aðgang að markaði stóra nágrannans í norðri. Allt um það, herra forseti.

Við höfum þessa umræðu með því að tala um afsal á fullveldi og gagnkvæmar samningsskuldbindingar. Ég er þeirrar skoðunar að jafnvel þó að stefna Vinstri grænna yrði ofan á og okkur tækist, sem ég held reyndar að sé tæknilega ókleift, að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið þá mundi það eigi að síður alltaf fela í sér einhvers konar afsal á fullveldi okkar. Við mundum alltaf þurfa að takast á herðar einhvers konar skuldbindingar sem mundu fela það í sér að við mundum ekki ráða okkar ráðum algerlega sjálf og það er langt síðan við höfum gert það. Við höfum undirgengist marga alþjóðlega sáttmála sem hv. þm. hefur ábyggilega fylgt og hefur fært þeim félagsmönnum sem hann hefur eytt obbanum af starfsævi sinni til þess að berjast fyrir, opinberum starfsmönnum, margvísleg réttindi. Nú er ég ekki bara að tala um hinar félagslegu tilskipanir frá EES heldur hvers kyns borgaraleg réttindi sem við njótum á erlendri grundu vegna aðildar að hinum norrænu sáttmálum, t.d. að mannréttindasáttmálum. Má ég minna hv. þm. á að hann hélt sínar mælskustu og fimustu ræður í þessum sölum fyrr á þessu ári sem fjölluðu um málefni öryrkja þar sem beinlínis var verið að dæma í Hæstarétti að því er við töldum þá á grundvelli alþjóðlegra sáttmála. Þátttaka okkar og afsal á fullveldi okkar, því að auðvitað fólst líka í þessu ákveðið afsal á fullveldi, felur því líka í sér ákaflega jákvæða hluti.

En mætti ég, ef við værum ekki í 2. umr., e.t.v. leyfa mér þann munað að spyrja hv. þm. af því að hann telur með réttu að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu feli í sér fullveldisafsal: Hefur hann skoðað hvað aðild okkar, full aðild að Evrópusambandinu mundi fela í sér? Telur hann t.d. að ef Íslendingar gengju í Evrópusambandið mundi það leiða til aukins afsals á fullveldi? Ég hef skoðað það í mínu eigin hugskoti og ég er þeirrar skoðunar að innganga Íslands í Evrópusambandið mundi ekki leiða til meira fullveldisafsals en þegar hefur átt sér stað með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

[11:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þessa grundvallarspurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi til mín um fulla aðild að Evrópusambandinu annars vegar eða áframhaldandi aðild að EES þá skoða ég það mál í ljósi líklegrar framtíðarþróunar. Við þurfum að taka afstöðu til þess hvort við viljum gerast aðilar að evrópsku stórríki eða hvort við viljum þróa samninginn um EES í átt til tvíhliða samkomulags. Það er sú þróun sem ég vildi sjá og tel þjóna hagsmunum okkar.

Ég er mjög hlynntur alþjóðlegum samskiptum og alþjóðlegu samstarfi. Ég er mjög hlynntur slíku samstarfi og vil að sem flestir taki þátt í slíku samstarfi á alþjóðavísu. Ég tel hins vegar að Evrópusamstarfið leiði til ákveðinnar einangrunarhyggju, það samstarf er of þröngt. Um jarðarkringluna leika miklir straumar og tekist er á um hver farvegurinn skuli vera fyrir slíka strauma.

Það sjónarmið sem hafa verið ofan á í seinni tíð í alþjóðlegu samstarfi er markaðshyggja og þess vegna hafa menn tengt alþjóðavæðinguna við markaðshyggju. Á alþjóðavæðingunni eru einnig jákvæðar hliðar. Internetið og aukin samskipti fólks í millum finnst mér vera gott.

En ég vil gera greinarmun á því sem er að gerast t.d. í samræmingu á tollum. Það gerðum við innan EFTA á sínum tíma án þess að undirgangast aðrar og miklar skuldbindingar sem ná inn í þjóðarlíkama okkar eins og gerist í EES. Ég vil gera greinarmun á þessu annars vegar og hins vegar hinum miklu skuldbindingum sem verða með valdaafsalinu.

[11:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að þeir sem vilja ganga svo langt að Ísland verði fullgildur aðili að Evrópusambandinu séu í reynd að lýsa því yfir að þeir vilji verða partur af evrópsku stórríki. Ég held ekki að Evrópusambandið sé á

þessari federalísku leið, ég held ekki að verið sé að búa til eitt evrópskt stórríki.

Hins vegar get ég sagt hv. þm. að ég skynja í því hugtaki ákveðna innri fegurð, þ.e. hinu evrópska stórríki. Ég hugsa að ef ég ætti heima úti í Evrópu og væri fæddur Þjóðverji eða Frakki mundi ég a.m.k. laðast nokkuð til fylgis við það. Hvers vegna? Vegna þess að við megum ekki gleyma því að forsendurnar fyrir afstöðu manna í Evrópu eru talsvert aðrar en okkar. Hvað er það sem Evrópusambandið hefur fært ríkjunum í Evrópu? Frið og öryggi. Þetta eru þjóðir sem öldum saman hafa borist á banaspjótum, unnið bræðravíg hver á annarri öldum saman. Og hugsunin á bak við Evrópusambandið, sem við Íslendingar skynjum miklu síður en þessar þjóðir, er einmitt öryggishugsunin, þ.e. hugsunin um að ná friði. Þetta held ég að sé hluti af hinu innra rökgengi Evrópusambandsins fyrir þann sem á heima í Evrópu.

Við á Íslandi lítum hins vegar alltaf á og tökum afstöðu eftir allt öðrum hlutum, eftir smærri hlutum e.t.v. en sem varða allt okkar daglega líf, þ.e. tollar og afkoma. En góðu heilli hefur Evrópusamstarfið færst úr því sem það var á dögum EFTA frá því að vera bara hugsun um tolla og niðurfellingu tolla yfir á æðra svið eins og baráttu fyrir auknum borgaralegum og félagslegum réttindum. Hv. þm. hefur tekið þátt í því að bæta kjör íslensks almennings með baráttu sinni hér á landi. Ég hef tekið þátt í því með því að berjast fyrir aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Og ég tel að mér og skoðanabræðrum og -systrum mínum hafi ekki orðið minna ágengt en hv. þm. í þeim efnum.

[11:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem á við á einum stað kann ekki að eiga við á öðrum stað. Þetta eru ein sannindi sem ég vildi leggja áherslu á.

Ég tek alveg undir það að ein og mjög jákvæð hlið er á þessum Evrópusamruna þ.e. að hann hefur gert Evrópu friðvænlegri og ég skil þau sjónarmið sem þar eru uppi. Hins vegar er annað og meira að gerast núna vegna þess að svo hefur verið að þegar tiltölulega einsleitar þjóðir koma saman og mynda samkomulag sín í milli, eins og gerst hefur í Evrópu, með auknum samruna í átt til stórríkis, vil ég meina, þá eru þjóðirnar að undirgangast skilmála á borð við þá að afsala sér valdi til að taka lán á vegum ríkissjóðanna, afsala sér valdi gagnvart verðlagsþróun og vaxtastefnu og fela hinum nýja seðlabanka Evrópu refsivald gagnvart sjálfum sér, fari þær út af línunni. Og hverjar eru þær þjóðir sem eru líklegastar til að standast ekki þessar skuldbindingar þegar fram líða stundir, þegar gefur á í efnahagslífinu? Það eru hinar fátækari þjóðir sem eru nú að koma inn í Evrópusambandið.

Þegar hinn evrópski seðlabanki fer að beita refsivendinum gagnvart þessum þjóðum þá vil ég spyrja hv. þm.: Telur hann þetta líklegt til að stuðla að hinum háleitu markmiðum um aukinn frið og góð og friðsamleg samskipti þjóða? Ég held ekki. Og þetta eru veikleikar Evrópusambandsins, þ.e. að það byggir fyrst og fremst og í allt of ríkum mæli á kaldri markaðshyggjunni.

[11:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst eiginlega að þjóðirnar í þessum ríkjum séu búnar að svara þessari spurningu fyrir mig. Þær telja að þeim sé akkur í því að verða fullgildur þátttakandi í þessu stóra markaðssvæði af tveimur ástæðum. Af öryggissjónarmiðinu, sem við höfum rætt um og erum nánast sammála um, og hins vegar líka vegna þess að staðan í þessum ríkjum er þannig að þær telja að viðkomandi íbúar geti framleitt vöru með minni tilkostnaði en íbúar hinna ríkjanna sem fyrir eru, þessara gömlu, ríku ríkja, og selt á markaði þar. Það geti þess vegna lyft atvinnustigi og velferð í viðkomandi ríkjum. Það er þar sem þeir eru á eftir og að því leyti til tel ég að svarið sé játandi, að það muni verða þessum ríkjum til hagsbóta.

Hins vegar vil ég einnig benda hv. þm. á að smáu þjóðarbrotin í Evrópu finna styrk í heild stærðarinnar. Katalónar og Baskar vilja vera í Evrópusambandinu vegna þess að þeir fá aukið sjálfræði og aukna virðingu fyrir tungu sinni. Evrópusambandið hefur nánast bjargað gelískunni í Írlandi. Ef Evrópusambandið hefði verið til fyrir hundrað árum væri núna lifandi tungumálið sem menn töluðu í Skotlandi en er meira og minna glatað í dag.

Grundvallarspurningin sem við þyrftum að svara, og ég varpaði fram til hv. þm. áðan, er þessi — og ég fellst fyllilega á það að við höfum afsalað okkur fullveldi við það að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu — en spurningin er þessi: Mundum við afsala okkur meira fullveldi með því að gerast aðilar að Evrópusambandinu? Ég held ekki. Ég held að við mundum endurheimta svolítið af því fullveldi sem við höfum tapað vegna þess að við fáum að láta rödd okkar heyrast og við mundum hafa svolítil áhrif þar innan sem við höfum ekki í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19, nál. 1176.

[11:40]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, á þskj. 1176.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga og í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá er gert ráð fyrir fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga.

Umsagnir sem nefndinni hafa borist um málið eru mjög jákvæðar. Nefndin telur að umfjöllun lokinni að nauðsynlegt sé að mótuð verði opinber stefna í málefnum barna og ungmenna þar sem slík stefna muni stuðla að auknum hag og velferð þeirra. Þá telur nefndin að heildarstefna þar að lútandi sé ein af forsendum þess að hægt verði að tryggja öllum börnum og ungmennum jafnan rétt auk þess sem hún muni tryggja enn frekar að hagsmuna þeirra verði gætt á öllum sviðum þjóðlífsins.

Hér er með öðrum orðum, herra forseti, verið að hreyfa við mjög merku og góðu máli að frumkvæði hv. þingmanna Jóhönnu Sigurðardóttur, Drífu Hjartardóttur, Guðjóns A.

Kristjánssonar, Ólafs Arnar Haraldssonar, Rannveigar Guðmundsdóttur og Ögmundar Jónassonar.

Það er jafnframt mat nefndarinnar að mikilvægt sé að tryggja börnum og ungmennum heilbrigð skilyrði til uppvaxtar og þroska og stefnumótun af þessu tagi sé hluti af því. Þá sé rétt að benda á að tillagan er í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tók gildi hér á landi 27. nóvember 1992.

Þá ítrekar nefndin nauðsyn þess að í fyrirhuguðu starfi verði tekið tillit til aðstæðna, þarfa og sjónarmiða barna og ungmenna. Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað „2001“ í 3. mgr. tillögugreinarinnar komi: 2002.

[11:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér aðallega í ræðustól til að þakka allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og þá breiðu samstöðu sem náðst hefur um það, að gengið verði til þess verks af hálfu ríkisstjórnarinnar að móta heildarstefnu í málefnum barna og unglinga. Ég beitti mér fyrir því ásamt meðflutningsmönnum mínum, Drífu Hjartardóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni, Ólafi Erni Haraldssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ögmundi Jónassyni, að þetta mál yrði flutt. Það var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga en það fær farsælar lyktir nú á þessu þingi.

Ég tel afar mikilvægt að farið verði í þessa stefnumótun. Hér er um að ræða stjórntæki sem stjórnvöld fá í hendur þegar þessi stefnumótun hefur verið unnin. Hún gefur möguleika á að fara í skipulega forgangsröðun að því er varðar aðgerðir í málefnum barna og unglinga. Og það sem er mikilvægt í tillögunni er að á grundvelli stefnumótunar, sem fram fer í samráði við aðila sem verða í þeirri nefnd sem skipuð verður þegar tillagan verður samþykkt, verður gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þar með talin félagasamtök unglinga og það er afar mikilvægt einmitt að unglingarnir fái sjálfir að koma að þessari stefnumótun.

Þessi leið hefur fyrir löngu verið farin hjá hinum Norðurlandaþjóðunum með mjög góðum og farsælum árangri. Ég vil geta þess að umboðsmaður barna hefur allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna vakið athygli á því hve brýnt er að móta skýra opinbera heildarstefnu í málefnum unglinga og að aðgerðir verði samræmdar af hálfu stjórnvalda á ýmsum sviðum sem snerta hagi þeirra. Enda er gert ráð fyrir því í tillögunni að skipuð verði nefnd með aðild forsrn., félmrn., heilbrn.- og trmrn., dómsmrn., menntmrn., umhvrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Það lýsir einmitt hversu víðtækt sviðið er að málefni barna og unglinga snerta mörg ráðuneyti og hve brýnt er að fara í heildarsamræmingu, stefnumótun og forgangsröðun, og gera í framhaldi af því framkvæmdaáætlun í samráði við þá aðila sem ég nefndi.

Herra forseti. Nefndin hefur gert tillögu um eina breytingu á upphaflegu tillögunni. Hún er sú að þessi áætlun verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2002 þannig að framkvæmdaáætlunin sem gerð verður á grundvelli stefnumótunarinnar, þegar hún liggur fyrir, verði lögð fyrir Alþingi, sem ég tel afar mikilvægt, til að Alþingi fái að fjalla um málið, þ.e. eftir rúmlega ár eða svo.

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir til allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, ekki síst formanni nefndarinnar sem hefur beitt sér fyrir framgangi málsins. Það er alltaf ánægjulegt þegar breið þverpólitísk samstaða myndast um svona mikilvæg mál sem eru til hagsbóta fyrir börn og unglinga í þessu landi.

[11:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að allshn. hafi afgreitt þessa tillögu og að stjórnmálaflokkar hafi með því sameinast um það á Alþingi að móta heildarstefnu í málefnum barna og unglinga. Þetta er mikilvægt mál og Alþingi til sóma að hafa frumkvæði að því gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég vil þó gera að umtalsefni að í greinargerð með tillögunni um heildarstefnumörkun er vísað í annað þingmál, þáltill. um réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég hef verið 1. flm. að þeirri tillögu á allmörgum þingum. Það er vísað til hennar í greinargerðinni, enda er hún á sinn hátt þáttur í að gera verulegar úrbætur í málefnum barna. Sú tillaga var um að farið yrði yfir barnasáttmálann og kannað hvað í honum væri að finna sem ekki væri þegar komið í íslensk lög. Ljóst var að sá þáttur gat fallið inn í heildarstefnumótunina út af fyrir sig. En það var líka hugsanlegt, af því að búið var að flytja það mál mjög oft, að það næðist fram þó að menn mundu ekki vilja sameinast um að fara í þessa heildarstefnumörkun. Því hefur það verið afstaða okkar að halda þessum málum báðum áfram til streitu.

Ég gleðst yfir því, herra forseti, að í nál. segir að rétt sé að benda á að tillagan sé í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tók gildi hér 27. nóv. 1992. Ég skil það þannig að í tillögu og nál. allshn. felist að fara eigi yfir barnasáttmálann samhliða þessari heildarstefnumörkun og tryggt að niðurstaðan verði í samræmi við hann.

Ég kem hér upp til að fá það staðfest hjá formanni allshn. að ég hafi skilið álitið rétt, að í því felist að samhliða heildarstefnumörkun þá verði jafnframt farið yfir barnasáttmálann og tryggt, þar sem við höfum fullgilt hann, að ákvæði hans komist til framkvæmda í íslenskum lögum. Ég er mjög ánægð með að allshn. skuli hafa afgreitt þetta mál.

[11:50]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég tek undir orð annarra hv. þm. um ágæti þessarar þáltill. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga á Íslandi. Það er eðlilegt að þessi tillaga komi fram vegna þess að það hefur verið mikil umræða um hag barna og um að þau eigi oft undir högg að sækja. Rætt hefur verið um einmanaleika hjá börnum og að þau hafi ekki nógu mikil samskipti við foreldra sína, að tengsl foreldra og barna séu ekki nógu góð vegna þess að foreldrarnir vinni mikið og þurfi að leggja mikið á sig til að halda heimili.

Það er líka ágætt að hafa í huga, þegar kemur að því að undirbúa og vinna málið, að menn séu samstiga og að ekki verði komið á fót mörgum stofnunum eða batteríum, ef svo má að orði komast, sem vinna eigi að málefnum barna. Ef við tökum t.d. börn sem eiga við geðræn vandamál að stríða eða andlega erfiðleika sem farið er með til sálfræðings og annarra sérfræðinga þá er hætta á að of margir komi að málinu. Fyrst er farið með barnið til sálfræðings, þá til geðlæknis og svo til annarra aðila og það þarf að fara á milli margra stofnana. Að þessu þarf að huga í sambandi við þessi

mál, að málið verði ekki þvælt of mikið, taki of langan tíma og svo margir komi að því að úr verði ein stór þvæla.

Það er nauðsynlegt að hafa ákveðna og markvissa stefnu í málefnum barna, að fólk sé meðvitað og kunnugt stefnunni í uppeldismálum á Íslandi. Hvaða stefnu viljum við hafa í sambandi við aðgengi barna að alls konar tölvuleikjum, sjónvarpsefni, kvikmyndum og annarri afþreyingu sem getur verið varasöm? Þetta ber einnig að hafa í huga.

Þetta er gott mál og ágætt að í greinargerðinni er talað um stöðu útivinnandi foreldra veikra barna, hvað þau hafa lítinn tíma og frí frá vinnu vegna veikinda barna sinna. Ég vona einnig að mikið tillit verði tekið til þess í allri þessari umræðu. Veikum börnum er nauðsynlegt að hafa foreldra sína nálægt sér.

[11:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þetta þingmál. Hér er um að ræða þáltill. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var 1. flm. að en auk hennar komu að málinu eða voru flutningsmenn þingmenn úr öllum flokkum hér á Alþingi og var ég einn flutningsmanna þáltill.

Þáltill. gengur út á að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunarinnar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni er vitnað í ýmsar alþjóðlegar skýrslur, norrænar skýrslur og skýrslur sem unnar eru á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur m.a. fram að opinbert framlag, stuðningur til uppeldismála og mála sem tengjast börnum og uppeldisskilyrðum þeirra, er rýrari hér á landi en annars staðar. Hvers virði nefndarstarf á sviði sem þessu er er náttúrlega erfitt að gera sér fulla grein fyrir en ég tel mjög brýnt að varpa kastljósinu á þennan málaflokk með það fyrir augum að bæta stöðu barna.

Ég þakka allsherjarnefndarmönnum, hv. þingmönnum og sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur, fyrir að samfylkja um þetta brýna hagsmunamál fyrir íslensk börn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047, nál. 1213.

[11:56]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum. Nefndin fjallaði um þetta mál og sendi það til umsagnar. Þess er getið á þskj. 1213.

Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Öll nefndin stendur að því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1062, nál. 1216, brtt. 1217.

[11:58]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á tollalögum.

Mál þetta snýst um að hægt sé að fella niður tolla frá tilteknum ríkjum. Þau ríki eru í hópi fátækustu þróunarríkja í heiminum. Þetta er liður í alþjóðlegri viðleitni til að bæta stöðu þessara ríkja.

Nefndin gerir tillögu til breytingar á frv. í tveimur liðum. Aðallega felst breytingin í því að búinn verði til viðauki við lögin þar sem þessi ríki séu talin upp. Með þessari breytingu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1063, nál. 1218.

[11:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn vegna frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og sent það til umsagnaraðila sem getið er á þskj. 1218.

Nefndin gerir smávægilegar tillögur um breytingar á málinu. Þær eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og ganga út á að innheimtan sem á að koma til í Lífeyrissjóði bænda verði skilvirkari og skýrari en gert er ráð fyrir í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1064, nál. 1219.

[12:00]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent það til umsagnar og kallað ýmsa aðila á sinn fund sem getið er á þskj. 1219.

Nefndin stendur öll að tillögu til breytingar á frv. sem gengur út á það að eyða tortryggni sem upp gæti komið þegar sannreynt er hvort fyrirtæki uppfylli þær kröfur sem þarf til að mega senda ársreikninga sína inn á samandregnu formi.

Allir nefndarmenn skrifa undir nál. en fyrirvarar eru frá tveim hv. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

[12:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. um breyting á lögum um ársreikninga, með síðari breytingum, með fyrirvara, ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Markmið

frv. er að setja fullnægjandi lagastoð fyrir starfrækslu ársreikningaskrár, stofnun sem fengið er það hlutverk að taka á móti, geyma og hafa til birtingar fyrir almenning ársreikninga skilaskyldra félaga og hafa eftirlit með því að ársreikningar þessara félaga séu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Fram kom hjá umsagnaraðila sem mætti á fund nefndarinnar að hann teldi að þarna væri gengið mun lengra í að skylda aðila til birtingar á ársreikningum en væri almennt á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin fór yfir það og ræddi töluvert um það og varð það niðurstaða hennar að svo væri ekki. Meiri hluti nefndarinnar taldi engu að síður ástæðu til að einfalda 11. gr. og fella úr henni ákveðin ákvæði sem ég er ekki sátt við, en 11. gr. felur það í sér að ársreikningaskrá skuli gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Og síðan segir:

„Í því skyni að sannreyna hvort félög uppfylli ákvæði laganna um stærðarmörk til að mega skila samandregnum ársreikningum og samstæðureikningum hefur ársreikningaskrá heimild til að fá aðgang að eftirfarandi upplýsingum hjá ríkisskattstjóra:" — Og það eru þeir þrír töluliðir sem nefndir eru í 11. gr. sem meiri hluti nefndarmanna, aðrir en þeir sem skrifa undir með fyrirvara, vildu að felldir yrðu út. Í fyrsta lagi að skila eigi upplýsingum um veltufjárhæðir úr virðisaukaskattskrám eða heildarveltu samkvæmt ársreikningi eða skattframtali, í öðru lagi samtölu eigna samkvæmt eignarhlið ársreiknings eða skattframtali og í þriðja lagi fjölda starfsmanna samkvæmt uppgjöri til staðgreiðslu.

Ég tel enga sérstaka ástæðu til að fella þetta hér út. Ég tel að við eigum að setja þau ákvæði inn í lög sem nauðsynlegar eru fyrir skattyfirvöld til að sinna þessu verkefni sem þeim er fengið varðandi þessar ársreikningaskrár. Í umsögn frá ríkisskattstjóra kemur fram að þjónusta við almenning sem felst í því að veita aðgang að skilaskyldum gögnum og upplýsingum úr þeim hefur farið vaxandi og ég vil ekkert gera sem torveldar það að skattyfirvöld geti sinnt þessu hlutverki eins vel og kostur er. Því mun ég sitja hjá við þessa brtt. sem fram kemur á þskj. 1219 en að öðru leyti munum við, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og ég, styðja þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1065, nál. 1220.

[12:05]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt.

Nefndin sendi málið til umsagnar nokkurra aðila og ræddi það og leggur til breytingu á frv. í ljósi þeirra umræðna sem fram fóru. Breytingin er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og gengur út á það að sú skilgreining sem er í frv. á svokölluðum EURO2-aflvélum verði opnari og fylgi þeim staðli sem gildir hjá Evrópusambandinu á hverjum tíma.

Með þessari breytingu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

[12:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það mál sem hér er flutt er vissulega til bóta og mun gagnast mjög til að endurnýja hópferðabifreiðaflota landsmanna en það er heimilt samkvæmt þessu frv. að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, $^2/_3$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða tímabilið 1. sept. 2000 til 31. des. 2003.

Ég held að þetta mál sé mjög gott og muni styrkja það að við endurnýjum hópferðabifreiðaflotann sem er ekki síst til þess að tryggja öryggi farþega. Ég hefði viljað sjá í þessu að nefndin hefði einnig skoðað að heimildin tæki til almenningsvagna en það er ekki gert því að í 1. gr. frv. er kveðið á um það að heimildin taki ekki til almenningsvagna.

Athugasemd kom frá Félagi hópferðaleyfishafa um að stjórn félagsins sjái einn veigamikinn annmarka og hann sé sá að endurgreiðslan skuli miðast við 1. sept. 2000 og hvöttu þeir til þess að miða við 1. janúar hvort heldur er árið 2000 eða árið 2001. Árið 2000 er að sjálfsögðu betra fyrir þá rekstraraðila sem hafa verið að endurnýja hópferðabíla sína og sjá nú fram á verulega lækkun á þessum sömu bílum. Síðan segir að veruleg óánægja sé hjá þessum aðilum innan Félags hópferðaleyfishafa ef miðað verði við 1. september og telur stjórn félagsins eðlilegast að jafnþýðingarmikið mál taki gildi frá og með áramótum.

Satt að segja, herra forseti, stóð ég í þeirri meiningu að efh.- og viðskn. hefði tekið upp þessa brtt. og það hefði átt að miða þetta við 1. jan. 2000 í staðinn fyrir 1. sept. 2000 eins og er í frv. sjálfu. Það átti að kanna hvort um væri að ræða marga aðila sem hefðu endurnýjað hópferðabíla á þessu tímabili. Ég fékk aldrei neinar fregnir af því og ég spyr hv. formann nefndarinnar um ástæður fyrir því að þessi breyting kom ekki fram, vegna þess að þegar við skildum við málið í efh.- og viðskn. taldi ég að brtt. kæmi þar sem gildistaka þessa ákvæðis mundi miðast við 1. jan. 2000. Ég vil gjarnan fá skýringu á því og mun þá auðvitað hugsa um það við 3. umr. hvort ástæða sé til að flytja brtt. í þessa veru vegna þess að ég tel eðlilegt að skoða það ef ekki eru þeim mun fleiri bifreiðir sem hér er um að ræða.

[12:10]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að taka fram í framhaldi af ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þetta mál var rætt og farið var yfir þetta með fulltrúum fjmrn. og hef ég einnig rætt þetta mál við fjmrh. Af hans hálfu og fulltrúa ráðuneytisins kom fram að þetta var mjög meðvituð ákvörðun af þeirra hálfu í ljósi þeirra bifreiða sem þarna eiga í hlut og ekki var samstaða við fjmrn. og ráðherra að flytja dagsetninguna til.

[12:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði nú talið í ljósi þeirrar niðurstöðu sem varð í viðræðum formanns og fjmrn. um þetta mál að formaðurinn hefði átt að kynna efh.- og viðskn. þá niðurstöðu vegna þess að við stöndum í þeirri meiningu þegar málið er afgreitt úr nefnd að þessari dagsetningu verði breytt úr 1. sept. 2000 í 1. jan. árið 2000.

Ég vil spyrja hv. formann um skýringu á því. Hv. formaður segir að þetta sé meðvituð ákvörðun hjá fjmrn. en hver er skýringin á því? Við kölluðum eftir því að fá upplýsingar um hvort um margar hópferðabifreiðar væri að ræða á þessu tímabili vegna þess að við þurfum auðvitað að skoða það út frá jafnræðissjónarmiði líka. Ég geri mér grein fyrir því að einhvers staðar þarf að byrja, en mér fannst þau sjónarmið sem Félag hópferðaleyfishafa setur fram það góð og gild að ástæða væri til að taka það fyllilega til athugunar að flytja brtt.

Ég spyr: Er ástæðan sú að hér sé um svo marga aðila að ræða? Hver er ástæðan? Og ég áskil mér þá allan rétt fyrst málið er svo komið að flytja brtt. við málið og bið um, eftir að ég hef fengið skýringu formanns nefndarinnar á þessari afstöðu, að málinu verði ekki lokað þannig að mér gefist svigrúm til að flytja brtt. núna við 2. umr. málsins.

[12:12]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt ef það hefur farið fram hjá hv. þm. í starfi nefndarinnar að tekin var ákvörðun um það að breyta ekki dagsetningunni, sú ákvörðun var tekin í samráði við fulltrúa fjmrn. sem voru þá á fundinum. Ein af röksemdunum sem fram komu fyrir því að nota þessa dagsetningu, 1. september, var sú að þessi dagsetning markaði lok ferðamannavertíðar og eðlilegt væri að miða við þann tímapunkt, upphaf og lok ferðamannavertíðar varðandi ... (**JóhS:** Eru þetta margar bifreiðar?) Ég hef sjálfur ekki upplýsingar um það nákvæmlega hversu margar bifreiðar gætu bæst við ef dagsetning væri færð fram en þær munu vera allnokkrar. Ég ræddi þetta mál við fjmrh. eftir að málið var komið inn í þingið og eftir að nefndarstörfum var lokið, og hugmyndir um breytingar á þessu máli og þá taldi hann ekki rétt að gera það þannig að ekki hefur náðst samstaða við hann um þá breytingu.

Hvað verður skal ég ekki segja en það er velkomið að þetta mál bíði og geti þess vegna farið inn í nefndina aftur milli 2. og 3. umr. ef það mundi eitthvað liðka til hjá hv. þm. að komast að málinu aftur í nefnd.

[12:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, aðgerð sem byggir mjög á öryggis- og umhverfissjónarmiðum og miðar að því að auðvelda rekstraraðilum hópferðabifreiða og sérleyfishöfum að endurnýja hópferðabifreiðaflota sinn. Mér finnst það sanngirnismál að skoða gildistöku miðað við 1. jan. 2000 í staðinn fyrir 1. sept. 2000.

Ég minnist þess ekki að þetta hafi verið afgreitt á þennan hátt á fundi efh.- og viðskn. heldur var skilið við málið þannig að fulltrúar ráðuneytisins ætluðu að kanna hvað hér væri um margar bifreiðar að ræða og ef þetta hefði ekki mikinn kostnað í för með sér þá fannst mér vera jákvæður andi í garð þess í nefndinni að skoða þetta.

Herra forseti. Ég hef um tvo kosti að velja. Annars vegar að óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þannig að mér auðnist tækifæri til þess, ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og þeim aðilum í nefndinni sem það styðja, að flytja hér brtt. við frv., sem þýddi að leita þyrfti afbrigða fyrir henni áður en þetta mál yrði tekið til atkvæðagreiðslu. Ég get vel fallist á þá leið og óska eftir því að málið verði milli 2. og 3. umræðu aftur tekið fyrir í nefnd þannig að svigrúm gefist til að flytja þessa breytingu. Ég met það svo að það væri málinu fremur til framdráttar ef hægt væri að ná samstöðu um þetta í efh.- og viðskn., frekar en að tillagan yrði felld við 2. umræðu málsins.

[12:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kemur í greinargerð og þau orð sem hér hafa fallið í umræðunni, að hópferðabifreiðafloti landsmanna er orðinn býsna gamall. Endurnýjun á þeim bifreiðum er ekki næg. Það skiptir miklu máli að hópferðabifreiðar hér á landi séu samkeppnishæfar. Hópferðaleyfishafar, þeir sem hafa boðið upp á hópferðir og fólksflutninga, víða um land eru ekki of sælir sem stendur. Skipulagðir fólksflutningar á bílum eiga undir högg að sækja.

Ég held að mikilvægt væri að þær breytingar sem hér eru lagðar til, að lækka gjöld á innflutningi til endurnýjunar á þessum flota, gætu komið til framkvæmda sem fyrst. Breytingarnar gætu styrkt greinina. Ég tek undir óskir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þetta verði endurskoðað og frekari rök færð fyrir flutningi gildistöku frv. aftur fyrir aðalvertíð þessarar atvinnugreinar. Við þurfum að vita hvað er í húfi, hversu marga eigendur þetta snertir o.s.frv.?

Enn fremur er þetta bundið við bifreiðir sem skráðar eru 18 manna. Ég vil spyrja hvort einhverjir lendi þarna á milli, 9 og 18 manna bifreiðir sem séu í vandræðum. Við höfum upp undir níu manna leigubíla að mig minnir. Til eru fólksflutningabílar þarna á milli. Þeir eru einmitt mikið notaðir í ferðaþjónustu hjá minni fyrirtækjum. Einstaklingar og lítil fyrirtæki með sérhæfða ferðaþjónustu notast oft við bíla af þessari stærð. Ég vil aðeins forvitnast um hver sé staða þeirra bíla sem þarna lenda á milli.

[12:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna spurninga hv. þm. vil ég taka fram að mál þetta er komið til vegna óska samtaka ferðaþjónustunnar og samtaka þeirra sem reka hópferðabifreiðar. Segja má að sá flokkur sem fellur þarna utan við séu bílar sem eru 12–18 manna. Í nefndinni var rætt um hvort ástæða væri til að láta hið sama gilda um þá. Niðurstaðan varð sú að bíða með það, enda var ekki lögð á það nein áhersla af rekstraraðilum hópferðabifreiðanna að þeir bílar væru teknir með. Ég reikna með að ástæðan sé sú að reksturinn á þeim bílum hafi gengið betur en á þeim stærri. Því hefur þótt betra að byrja á stærri bifreiðunum og sjá hvort endurnýjunin þar gæti orðið með eðlilegum hætti en það er fyrst og fremst hún sem verið hefur vandamál.

[12:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þau svörin. Þau skýrðu stöðu mála. Ég tel ástæðu til að kanna hvaða hagsmunir eru í húfi, hvaða aðilar gera út bifreiðar á bilinu 12–18 manna eins og hv. þm. minntist á að lendi þarna á milli. Hvaða máli mundi skipta ef þeir fengju einnig að vera með eða áttu þeir einhverja aðkomu að málinu? Ég óska þess, virðulegi forseti, fari málið aftur til umfjöllunar í nefnd, að þetta atriði verði skoðað.

Ég sat fund í efh.- og viðskn. þegar þetta var rætt eftir 1. umr. Þá var einmitt verið að velta fyrir sér hvar stærðarmörkin ættu að vera. Mér finnst eðlilegt að fyrir liggi gleggri greinargerð um hvers vegna þessir bílar, 12–18 manna, í hópferðaflutningum fá þá ekki að vera með. Ég legg áherslu

á það, herra forseti, að ég tel að skoða eigi vandlega hvort þeir megi ekki fylgja með og fá þá leiðréttingu sem þarna er verið að gera. Leigubílarnir fá niðurfellda gjöldin en þarna er einhver fjöldi bíla í skipulegum hópferðum sem lendir utan við. Ég teldi ástæðu til að þetta yrði skoðað, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1066, nál. 1221 og 1252.

[12:23]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Mál þetta var rætt í nefndinni og var sent til umsagnar. Ýmsir komu á fund nefndarinnar svo sem getið er um á þskj. 1221.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til eina breytingu sem er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og eins til skýringar á því sem stendur í frv. um aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli. Þar er að sjálfsögðu átt við aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar.

Þetta gengur annars vegar út á að hreinsa upp þar sem gjöld hafa verið lögð á með reglugerð en samkvæmt stjórnarskrárákvæðum þarf að vera skýr lagaheimild fyrir gjaldtöku. Hins vegar er verið að samræma gjaldtöku vegna útlendinga sem óska eftir vegabréfsáritun til Íslands og þar með til annarra landa innan Schengen-svæðisins.

Þetta er í stórum dráttum efni frv., hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir breytingunni sem meiri hluti nefndarinnar leggur til auk þess að frv. þetta verði samþykkt með þeirri breytingu.

[12:25]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1252.

Efh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í þeim lögum er kveðið á um innheimtu ýmiss konar gjalda sem renna í ríkissjóð.

Með breytingunum, sem lagðar eru til í frv., er verið að lögfesta ýmsar gjaldtökuheimildir fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem áður mátti finna í reglugerð. Þá er lagt til að lögfestar verði heimildir til gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir sem byggjast á reglum Schengen-samstarfsins. Einnig er tillaga um að öryrkjar greiði sama gjald og aldraðir fyrir útgáfu vegabréfa.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. leggjast ekki gegn því að ákveðið gjald sé tekið fyrir þá þjónustu sem veitt er af ríkinu. Samfylkingin telur hins vegar eðlilegra að slík gjöld endurspegli þann kostnað sem ríkið ber vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni.

Ef lög um aukatekjur ríkissjóðs eru skoðuð má draga verulega í efa að þær upphæðir sem finna má í einstökum greinum laganna endurspegli sanngjarnt gjald fyrir veitta þjónustu. Hjá fulltrúa fjmrn. kom einnig fram að engin slík skoðun hefði farið fram á þeirri gjaldtöku sem lögin um aukatekjur ríkissjóðs fela í sér né heldur á þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á lögunum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar átelja harðlega að ekki skuli hafa farið fram endurskoðun á lögum um aukatekjur ríkissjóðs til að kanna hvort þær tekjur sem þar er gert ráð fyrir að renni í ríkissjóð endurspegli þann kostnað sem ríkið verður fyrir vegna veittrar þjónustu. Ekki síst er þetta ámælisvert í ljósi þess að 8. maí 1993 var afgreidd frá Alþingi þingsályktun frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þar sem ríkisstjórninni var falið að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs. Í ályktuninni, sem samþykkt var og greinargerð sem með henni fylgdi, segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er."

Í grg. með þessari tillögu sagði, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og er því endurflutt.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni."

Átta ár, virðulegi forseti, eru liðin frá því að Alþingi samþykkti þessa ályktun án þess að ríkisstjórnin hafi sinnt því

hlutverki sem henni er ætlað, þ.e. að taka lög um aukatekjur ríkissjóðs til gagngerrar endurskoðunar.

Frá því að þingsályktunin var samþykkt hafa verið lagðar til breytingar á lögunum, lögð til ný gjaldtaka, án þess að ljóst sé hvort hún er í takt við þann sannanlega kostnað sem fellur til þegar þjónustan er veitt. Engin slík sundurliðun fylgdi þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á lögunum.

Samfylkingin átelur þessi óvönduðu vinnubrögð harðlega og mun því sitja hjá við af greiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Lögin um aukatekjur ríkissjóðs eru ekki ný af nálinni og áður hafa verið gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við það hvernig staðið er að útreikningi einstakra liða í lögunum um aukatekjur ríkissjóðs sem eru síðan 1991. Ítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að fara yfir lögin í heild sinni og skoða hvað liggur að baki þeim upphæðum sem ákvarðaðar eru ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar á þessari truflun en gert var ráð fyrir því að fresta þessum fundi klukkan hálfeitt. Því vill forseti spyrja hvort langt sé liðið á ræðu hv. þm. eða hvað?)

Það fer alveg eftir því hvort þingmaðurinn talar í sig hita eða ekki.

(**Forseti** (GÁS)**:** Já, forseti hefur á tilfinningunni að í það stefni óðfluga og gerir það því að tillögu sinni, ef hv. þm. gerir ekki athugasemdir við, að hún fresti ræðu sinni og taki upp þráðinn þar sem frá var horfið eftir hádegishlé og eftir atkvæðagreiðslur. Fjórir hv. þm. eða þar um um bil eru á mælendaskrá þannig að málið verður sýnilega tekið hér upp aftur. Forseti leggur þetta eiginlega í dóm hv. þm.)

Þingmaðurinn samþykkir það. Það er gott að fá sér að borða áður en næsti kafli hefst.

Umræðu frestað.

[12:32]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 623. mál, nál. félmn., þskj. 1265; brtt. ÁRJ og GÖ, þskj. 1266.

Leigubifreiðar, 633. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1260; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1261.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 735. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1264.

[Fundarhlé. — 12:32]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 708. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1268.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1267.

Skráning og mat fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1067, nál. 1222.

[13:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna. Málið hefur verið sent til umsagnar nokkurra aðila og nefndin fjallaði um það.

Nefndin stendur saman að tillögu til breytinga á frv. sem getið er á þskj. 1222, um að skráðu mati fasteigna skuli breytt í Landskrá fasteigna í samræmi við tilgreinda stuðla og skal það talið fasteignamatsverð frá 31. desember til jafnlengdar næsta árs nema sérstakt endurmat komi til.

Undir þetta rita allir nefndarmenn. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara en öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Umræðu frestað.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, nál. 1089, 1193 og 1225, brtt. 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Brtt. 1194,1 felld með 31:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JB, KolH, LMR, ÓÖH, SF, StB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til róttækar breytingar á frv. um sölu eignarhluta ríkisins í bönkunum. Meginbreytingarnar eru að lagt er til að ríkisstjórnin fái einungis heimild til að selja hlutafé sitt í Búnaðarbankanum. Dreifð eignaraðild verði tryggð með því að 10% af hlutafé bankans verði skipt jafnt milli íslenskra ríkisborgara með tilteknum kvöðum. Starfsöryggi starfsmanna verði tryggt með því að eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi við hagræðingu innan bankans og starfsfólki boðið upp á endurmenntun og starfsþjálfun. Sömuleiðis er lagt til að starfsmenn fái stjórn með fullum réttindum.

Þetta eru brtt. okkar. Ég segi já við þessari tillögu en verði tillögur okkar felldar þá munum við sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

[13:34]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þá fyrst að uppi voru áform um að breyta bönkunum í hlutafélög var skýrt tekið fram sem stefnuskráratriði að þeir skyldu seldir dreifðri sölu þannig að eignaraðildin yrði dreifð og enginn réði meiru en um 2–3%. Frá þessu hefur alveg verið horfið eins og sjá má af þeim skjölum sem hér liggja fyrir til afgreiðslu.

Einnig var gefin yfirlýsing um að samráð yrði haft við starfsfólk. Það er undirstöðuatriði þegar svo róttæk breyting fer fram á fyrirtækjunum sem raun ber vitni. Við þetta hefur ekki verið staðið.

Einnig eru uppi áform um að hverfa frá þeirri stefnu að seld verði hlutabréf í þessum félögum við hæsta mögulegu

verði. Kaupandinn er látinn sitja í fyrirrúmi eins og sjá mátti á yfirlýsingu samgrh. er hann flutti mál sitt varðandi Landssímann. Þeir sem þannig ætla að standa að verki geta ekki fengið umboð til þess frá þeim sem hér stendur og mun hann greiða atkvæði gegn þessu frv., enda þótt hann hafi marglýst því yfir að hann sé fylgjandi einkavæðingu bankanna í sjálfu sér.

Brtt. 1194,2.a felld með 37:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þessi grein felur það í sér að bankarnir verði einkavæddir. Þótt Samfylkingin vilji fara aðrar leiðir en ríkisstjórnin og vissulega hyggilegri að mínum dómi þá erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði því algerlega andvíg að svipta almenning, Íslendinga, þessum eignum sínum eins og hér er lagt til. Einkavæðingin felur í sér þrengingu á eignarhaldi. Mér finnst þessi hugmynd sem áður hefur verið hreyft bæði af hv. þm. Pétri H. Blöndal og Boris Jeltsín Rússlandsforseta, um að láta hvert mannsbarn fá hlutabréf til eignar í almenningsstofnunum sem eru einkavæddar, ekki vera fýsilegar. Þær reyndust illa í Rússlandi. Við leggjum áherslu á að sú leið verði farin að þessir væntanlegu hlutabréfaeigendur fá einfaldlega að halda hlut sínum óskertum og í sameiningu. Það hefur gefið ágæta raun.

Brtt. 1194,2.b felld með 37:15 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við teljum rangt að selja hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka, nánast hvernig sem á málin er litið. Bankar eru í senn fjármála- og þjónustustofnanir fyrir fyrirtæki og almenning. Við teljum brýnt að tryggja kjölfestu í fjármálalífinu með öflugum þjóðbanka. Með því er tryggð þjónusta við alla landsmenn í dreifbýli jafnt sem þéttbýli og komið í veg fyrir að saman þjappist vald og fjármagn með einokunareignarhaldi á fjármálastofnunum í landinu á sama hátt og gerst hefur annars staðar í efnahagslífinu. Slíkt fyrirkomulag tryggir auk þess þjónustu við alla landsmenn og stuðlar að fjölbreytni og samkeppni í atvinnurekstri. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að hér sé starfræktur öflugur þjóðbanki sem þjóni landsmönnum öllum.

Ríkisbankarnir hafa fallið um 11% í verði frá áramótum eða um 5 milljarða. Þetta er því ekki rétti tíminn til sölu ef menn á annað borð ætla að fara út á þá hálu braut. Það viðurkenna allir. Hins vegar er ríkisstjórnin að skuldbinda sig með yfirlýsingum til að selja þessar gullkýr þjóðarinnar á næstu tveimur árum, væntanlega án tillits til verðlags á markaðstorgi bankanna. Þetta brýtur gegn stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um hámarksverð en látum það vera. Við erum vön því að ríkisstjórnin brjóti eigin loforð og fyrirheit. Verra er að stefna hennar stríðir bæði gegn hagsmunum þjóðarinnar og heilbrigðri skynsemi.

Brtt. 1194,3 kölluð aftur.

2. gr. samþ. með 30:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 818, nál. 1090, brtt. 1091 og 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Brtt. 1091,1.a samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,1 felld með 31:17 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
3 þm. (ÁRJ*, GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GuðjG, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mikilvægt er að við sölu á ríkisbönkunum verði spornað við markaðsráðandi ítökum og fákeppni með takmörkun á atkvæðisrétti og tryggt að enginn einn aðili eða tengdir geti farið með meira en 15% af heildaratkvæðamagni á hluthafafundum. Út á það gengur þessi tillaga og ég segi já.

Brtt. 1091,1.b–k samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: PHB.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,2 felld með 31:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KHG, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
11 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
13 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,2 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,3 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,5 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

13 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KF, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

11.–12. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,3 kölluð aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 873, nál. 1212 og 1223, brtt. 1224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að heimila sparisjóðum að stofna séreignarsjóði sem munu fara með meginþungann af eignarhaldi í sparisjóðunum án þess að neinn eigi þá. Þeir stofnfjáreigendur sem á degi hlutafjárvæðingar eru stofnfjáreigendur munu um aldur og ævi ráða þessum sjóði jafnvel þótt þeir eigi ekkert í sparisjóðnum, hafi selt hlut sinn. Þarna fer saman að sá sem á og fer með stærstan hluta af valdinu á það ekki. Til hvers leiðir það eða getur leitt? Að sjálfsögðu til þess að hann reynir að ná sínum hagsmunum fram óðruvísi en með hámarksarðsemi. Þetta gengur þvert á það frv. sem menn voru að samþykkja áðan til að reyna að koma í veg fyrir samþjöppun á valdi. Ég greiði atkvæði gegn þessu.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., 1. efnismgr., samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, PHB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, DO, GE, GÁS, GunnB, HjálmJ, ÍGP, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi málsgrein fjallar um það að starfandi sparisjóðum verður veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Þingmenn Samfylkingarinnar eru

því hlynntir enda er mikilvægt að sparisjóðirnir hafi þennan möguleika samfara miklum breytingum sem orðið hafa á fjármálamarkaðnum. Hins vegar eru verulegir annmarkar á aðferðinni og útfærslunni við þessa breytingu sem fram koma í seinni mgr. 3. gr. og við munum því sitja hjá við þær málsgreinar. En við flytjum sérstaka brtt. sem kemur til atkvæðagreiðslu síðar á þessum fundi og felur einmitt í sér það sem við höfum gagnrýnt út frá viðskiptalegum sjónarmiðum og almannahagsmunum að núverandi stofnfjáreigendur fá mikil völd í krafti tiltölulega lítils eignarhluta. Um það flytjum við brtt., ásamt fleirum síðar á þessum fundi, sem lúta skattalegri meðferð að því er varðar framlög stofnfjáreigenda og fleiri atriði að því er varðar skattalega meðferð. Ég segi já.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs munum ekki leggjast gegn því að stofnfjáreigendur í sparisjóðum geti með $^2/_3$ hlutum greiddra atkvæða tekið ákvörðun um að breyta stofnununum í hlutafélög. Hins vegar eru ágallar á þessu frv. og afstaða okkar er sú að betur þyrfti að búa um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sparisjóðanna þannig t.d. að mönnum stæðu fleiri kostir til boða til þess að afla sparisjóðunum nýs fjár en þeir einir að breyta þeim í hlutafélög. Sú afstaða fékk ekki hljómgrunn og með vísan til þess og þeirra ágalla sem eru á þessu máli munum við sitja hjá við þessar efnisgreinar frv.

Brtt. 1224,1 felld með 30:12 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, RG, SJóh.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KF, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, PP, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1224,2 felld með 32:17 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessari tillögu er verið að fella brott það ákvæði í frv. sem lýtur að því að sjálfseignarstofnanir verði undanþegnar tekju- og eignarskatti sem ríkisskattstjóri hefur m.a. gagnrýnt verulega. Í staðinn er sett inn ákvæði um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi sjálfseignarstofnana samkvæmt þessum lögum sem er auðvitað eðlilegt vegna þess að ef þetta er ekki samþykkt þá mun Fjármálaeftirlitið verða undanþegið því að hafa eftirlit með þessum sjálfseignarstofnum sem munu fá mikið af eigin fé sparisjóðanna til umráða. Þess vegna er þetta eðlileg tillaga og ég segi já við henni.

Brtt. í nál. 1212 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1224,3 kölluð aftur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4.–7. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

13 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 1209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁRJ, DO, GE, GunnB, HjálmJ, JóhS, JBjart, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1276).

Framsal sakamanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (Schengen-samstarfið). — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BH, DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1277).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 482. mál (starfsmenn Sameinuðu þjóðanna). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 554. mál (skilnaðarmál o.fl.). — Þskj. 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (DO, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1279).

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 638. mál. — Þskj. 1015, nál. 1188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PP, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1283).

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 642. mál. — Þskj. 1019, nál. 1189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (DO, EKG, GE, GÁS, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1284).

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn (fjarskiptaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 643. mál. — Þskj. 1020, nál. 1183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (DO, GE, GÁ, GunnB, HjálmJ, JónK, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, RG, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1285).

Samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 644. mál. — Þskj. 1021, nál. 1182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
4 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, BH, DO, EKG, GE, GÁS, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1286).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2001, frh. síðari umr.

Stjtill., 657. mál. — Þskj. 1035, nál. 1191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁMöl, DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, PP, RG, SF, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1287).

Genfarsamningur um skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, frh. síðari umr.

Stjtill., 658. mál. — Þskj. 1036, nál. 1192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÁRJ*) greiddi ekki atkv.
13 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, JóhS, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (BH, DO, EKG, GE, GÖ, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, MS, ÓÖH, SJóh, SF, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1288).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 639. mál. — Þskj. 1016, nál. 1233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1289).

Breytingar á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 640. mál. — Þskj. 1017, nál. 1234.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1290).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), frh. síðari umr.

Stjtill., 641. mál. — Þskj. 1018, nál. 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (DO, EKG, GE, GÁ, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1291).

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2001, frh. síðari umr.

Stjtill., 656. mál. — Þskj. 1034, nál. 1190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BH, DO, EKG, GE, GÖ, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1292).

Hjúskaparlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 665, nál. 1175, brtt. 1258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 1175 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1258 samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1175 (ný 4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859, nál. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
3 þm. (ÁSJ, JB, SJS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003, nál. 1173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051, nál. 1174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
1. gr. samþ. með 40:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LB, MS, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
15 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, JÁ, KVM, KolH, KLM, LMR, MF, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að nema á brott grein sem fest var í lög árið 1998 og átti að tryggja að Íslendingar gætu sjálfir ráðið því hvar þeir smíðuðu sín eigin skip, í þessu tilviki varðskip, enda fjallar þetta um Landhelgisgæsluna.

Allar götur síðan hefur ESA-dómstóllinn, rannsóknarréttur Evrópusambandsins, haft í hótunum við Íslendinga og hótað að kæra þá ef þeir færu ekki að vilja dómstólsins og næmu þetta ákvæði á brott úr lögum. Ég er því andvígur að láta undan þessum þrýstingi og að láta undan þessum hótunum og hefði talið það lágmarkskröfu að ríkisstjórnin fyrir hönd íslensks skipaiðnaðar léti reyna, fyrir þessum dómstóli sem hún illu heilli hefur samið yfir þjóðina, á rétt Íslendinga í þessu efni til að styrkja og efla íslenskan skipaiðnað.

2. gr. samþ. með 43:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack.
nei: ÁSJ.
1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.
16 þm. (DO, EKG, GE, GÁ, GunnB, HjálmJ, JóhS, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, frh. síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19, nál. 1176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Brtt. í nál. 1176 samþ. með 50 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PP, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1294).

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047, nál. 1213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1062, nál. 1216, brtt. 1217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

Brtt. 1217,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1217,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1063, nál. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Brtt. í nál. 1218 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. og ákv. til brb. I og II samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1064, nál. 1219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

17 þm. (DO, EKG, GE, GAK, GunnB, HjálmJ, JB, KVM, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–10. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1219 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
13 þm. (DO, EKG, GE, GunnB, HjálmJ, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, PHB, SF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1065, nál. 1220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
Brtt. í nál. 1220 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
46.–48. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 50 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar.

Raforkuver, 1. umr.

Stjfrv., 722. mál (stækkun Nesjavallavirkjunar). — Þskj. 1170.

[14:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver. Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimildar fyrir stækkun Nesjavallavirkjunar. Þann 16. júní 1997 veitti þáv. iðnaðarráðherra Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu með allt að 60 MW afli.

Undanfarið hefur Orkuveita Reykjavíkur undirbúið stækkun raforkuvers á Nesjavöllum. Í gildandi lögum um raforkuver er að finna heimild til stækkunar orkuversins um 16 MW. Rannsóknir Orkuveitu Reykjavíkur hafa leitt í ljós að hagstæðast er að reisa þriðju 30 MW vélasamstæðuna. Í ljósi þessa lét fyrirtækið framkvæma mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar raforkuversins úr 76 í 90 MW.

Með úrskurði dagsettum 5. jan. 2001 féllst skipulagsstjóri á framkvæmdina. Í umsögn Orkustofnunar um stækkun raforkuvers á Nesjavöllum, sem er fylgiskjal með frv., kemur fram að þörf er á því að auka orkugetu raforkukerfisins með þriðju vélinni á Nesjavöllum. Þá segir að umrædd stækkun sé hagkvæm og nánast eini kosturinn til að mæta umræddri orkuþörf. Þá er það niðurstaða rannsókna rannsóknarsviðs Orkustofnunar að jarðhitageymir Nesjavalla þoli vel að raforkuframleiðsla þar verði aukin í 90 MW. Er talið að jarðhiti geti staðið undir 90 MW raforkuframleiðslu í a.m.k. 30 ár.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[14:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni inn í þingið enn eitt málið sem er keyrt með ógnarhraða þó svo að við gerum okkur grein fyrir því að það hafi verið unnin undirbúningsvinna varðandi stækkun orkuversins á Nesjavöllum úr 60 MW upp í 90 MW. Ég tel ekki ástæðu til þess nú við 1. umr. að gera alvarlegar athugasemdir því við höfum ekki séð hvað hangir á spýtunni í þessu máli. En ég vil gera alvarlegar athugasemdir við það að hér komi inn mál með klukkutíma fyrirvara, stórmál þar sem á hangir að framleiða á orku til að fóðra stóriðju í Hvalfirði. Það er eitt með öllu hér. Mér finnst að við getum ekki unnið á þennan hátt. Hér er e.t.v. einnig við Reykjavíkurborg að sakast en hv. Alþingi getur ekki látið bjóða sér að hér séu tekin inn stórmál með örfárra klukkutíma fyrirvara og á hangir að það á að fara að selja raforku í stórum stíl til stóriðju. Ég vil að þetta komi fram við 1. umr.

Ég geri ráð fyrir að við fáum góðan tíma til að ræða þessi mál í nefnd, málinu verður vísað til nefndar. Ég geri alvarlegar athugasemdir við þessa aðkomu og það hast sem er á öllum málum í sambandi við þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 731. mál (grænmetistegundir). — Þskj. 1231.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, en það mál hefur verið tekið á dagskrá í dag með afbrigðum eins og kunnugt er.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tollalögum og viðauka IVB með lögunum. Breytingar þessar, ef samþykktar verða, munu veita landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn til landsins á lægri tollum en nú er eða algerlega án tolla.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagi 6. gr. A í lögunum verði breytt til að taka af öll tvímæli um að landbúnaðarráðherra geti lækkað eða fellt niður magn- og/eða verðtoll samkvæmt tollskrá um þau prósentustig sem tilgreind eru í ákvæðinu en fram að þessu hefur framkvæmdin verið sú að magn- og verðtollar hafa verið lækkaðir um sama hlutfall hverju sinni. Með þessari breytingu verður til dæmis unnt að lækka verðtoll um 25% en fella magntollinn alveg niður.

Breytingar þær sem eru lagðar til á viðauka IVB við tollalög eru þær að heildartollkvótar á grænmeti sem landbúnaðarráðherra hefur til úthlutunar eru auknir auk þess sem bætt er inn nýjum vörulið, 0708, ertur og belgaldin. Miðað er við að heildartollkvótar í tonnum nemi ríflegu heildarmagni árlegs innflutnings í viðkomandi vöruliðum samkvæmt innflutningstölum á grænmeti fyrir árin 1999 og 2000.

Tilgangur þessa frv. um breytingar á tollalögum er að sjálfsögðu sá að stuðla að lækkun á grænmetisverði til neytenda hér á landi. Það hefur komið fram af hálfu landbrh. að verði frv. að lögum muni hann beita heimildinni til þess að lækka tolla á grænmeti sem er ekki framleitt hér á landi en í framhaldi af því verði unnið að frekari greiningu á verðmyndun á grænmeti og þeim fjölmörgu þáttum sem að þeim málum lúta.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. á þessu stigi málsins en vænti þess að málið fái góða umfjöllun í efh.- og viðskn. sem ég legg til að þessu máli verði vísað til. Auk þess væri eðlilegt að landbn. fengi einnig aðstöðu til að líta á málið. Því er nefnilega þannig háttað að þessum þætti í tollalögum er þannig fyrir komið að enda þótt tollalög heyri undir fjmrn. er framkvæmd þessa þáttar hjá landbrh. og því eðlilegt að landbn. komi einnig að því að skoða frv. eins og reyndar var þegar þessum ákvæðum var komið fyrir í lögum fyrir nokkrum árum.

Virðulegur forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

[14:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að það frv. sem hér liggur fyrir er með endemum óskýrt. Ákaflega erfitt er að átta sig á hvað er nákvæmlega verið að leggja til með því. Ég átel þessi vinnubrögð, herra forseti. Ég tel að það hefði verið miklu betur fallið til að greiða fyrir umræðunni að menn gætu beinlínis lesið út úr frv. hvaða tegundir það eru sem verið er að veita hæstv. landbrh. heimild til að fella niður tolla af eða lækka.

Ég kem þó aðallega upp, herra forseti, til að henda á lofti lítinn bolta sem hæstv. fjmrh. varpaði upp. Hann sagði að hér væri hann að mæla fyrir frv. sem heimilaði landbrh. breytingar á ákvörðun tolla. Herra forseti. Er það ekki talsvert umhendis að það skuli vera hæstv. landbrh. eða landbrn. sem fer með framkvæmd á þessari grein tollalaganna? Ég spyr hæstv. fjmrn.: Telur hann ekki tíma til kominn, jafnvel þó við vindum okkur ekki í það á þessu vorþingi, en e.t.v. síðar, að breyta þessu þannig að framkvæmdin verði einfaldlega hjá viðskrn., sem er ráðuneyti neytendamála, eða hjá fjmrn.?

[14:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað má gagnrýna uppsetningu þessa frv. eins og kannski allra annarra frv. en frv. dregur auðvitað dám af því hvernig tollalögin og viðaukinn við þau eru sett upp. Í sjálfu sér má segja að hvorki frv. né tollalögin séu að þessu leyti til neinn sérstakur barnaleikur við að fást, ég skal viðurkenna það. Hins vegar held ég að ef menn rýna í þetta þá sjái þeir hvað þarna hangir á spýtunni. Verið er að fjölga þeim tegundum sem eru taldar upp í þeim viðauka þar sem eru heildartollkvótar í tonnum taldir og þeir eru rúmir eins og ég sagði áðan. Síðan er í 1. gr. verið að auka svigrúm viðkomandi ráðherra til að breyta verð- og magntollum án þess að þeir þurfi alltaf að fylgjast að eins og nú er.

Hins vegar að því er varðar síðara atriðið í andsvari hv. þm. þá er hér hreyft spurningu sem var mikið rædd á sínum tíma þegar ákveðið var að fara þessa leið. Auðvitað er óvenjulegt að í lögum sem heyra undir einn tiltekinn ráðherra skuli öðrum ráðherra vera falin framkvæmdin. Það er vissulega óvenjulegt. Það varð hins vegar niðurstaða manna í ríkisstjórn á árunum 1991–1995 að þetta væri eðlilegt með tilliti til þess hvers eðlis þetta mál væri og með tilliti til þess að hér er jafnframt verið að svara og fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum um viðskipti með landbúnaðarafurðir innan vébanda GATT-samkomulagsins. Þó að hér sé óvenjuleg verkaskipting og kannski ekki hefðbundin þá er ekki fyrirhugað að gera neinar breytingar á henni, a.m.k. ekki á næstunni. Það yrði þá alveg sjálfstætt mál og ótengt þeirri breytingu sem verið er að leggja til efnislega í þessu frv.

[14:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Ég skal ekki reyna að elta hann uppi með hvaða 30 eða 40 tegundir grænmetis og ávaxta það eru sem á að fara að lækka tolla á eða jafnvel afnema. Ég fagna því hins vegar að hæstv. fjmrh. hefur fullan skilning á að það er dálítið sérkennileg staða uppi. Við erum með merkileg lög sem heyra undir tiltekið ráðuneyti en jafnframt er öðru ráðuneyti falin framkvæmd þessara laga. Það er óeðlilegt, herra forseti. Það er bastarður í lagasetningu.

Ég var hins vegar á vettvangi þegar þessi ráðstöfun var samþykkt og er ekki alveg sammála söguskýringu hæstv. fjmrh., að það hafi verið gott samkomulag um að hafa það þannig. Það var vont samkomulag um það. Rétt er að segja þá sögu eins og hún var. Þetta var hreinn þjösnaskapur af hálfu þeirra ráðherra sem þá fóru með embætti landbrn. og þetta var vond málamiðlun sem við höfum séð í ljósi reynslunnar að hefði betur verið látin niður falla á þeim tíma sem hún var gerð. Ég held að þetta mál sé ákaflega óhagkvæmt fyrir neytendur. Ég held að það sé einmitt þetta fyrirkomulag þar sem landbrn. hefur þetta með höndum sem hefur átt talsverða sök á því að verðlag á grænmeti hefur orðið eins og raun ber vitni.

Ég vísa til þess, herra forseti, að það er einmitt sagt í skýrslu Samkeppnisstofnunar að það sé í skjóli einhliða túlkunar landbrn. sem tilteknum fyrirtækjum á heildsölumarkaði með grænmeti og ávexti tókst að koma upp því sem Samkeppnisráð kallaði „samsæri gegn hagsmunum neytenda“. Það hefur leitt til óhóflegs verðlags á grænmeti.

[14:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. átti sæti í ríkisstjórninni á þeim tíma þegar þetta fyrirkomulag var ákveðið og var nær vettvangi en ég var á þeim tíma. Ég sagði að vísu ekki að það hefði verið gott samkomulag um þetta. Ég sagði að niðurstaðan hefði orðið á þennan veg. En ef það var einhver þjösnaskapur í þessu máli þá var það væntanlega á milli þeirra tveggja ráðherra sem gegndu þessum embættum á þeim tíma og eitthvað rámar mig í það. Eigi að síður varð þetta niðurstaðan og henni hafa menn unað mjög bærilega síðan. Eins og ég segi stendur ekkert sérstaklega til að gera neinar breytingar á því og það yrði þá óháð þessu frv.

Hitt er annað mál að ástæðan fyrir því að þessu er svona fyrir komið er náttúrlega sú að hér er um að ræða tollamál og tollalög heyra undir fjmrn. Óeðlilegt hefði verið að setja sérstök lög um þessi tollamál. Ég held að það sé fyllilega í samræmi við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina að fara þessa leið og er auðvitað innanlands- og einkamál okkar hér á Íslandi hvernig þessum málum er fyrir komið að því er varðar verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands.

Hins vegar held ég að málið sem hér er verið að flytja sé efnislega þarft og gott og ég fagna því að hv. þm. er ánægður með innihald þess. Verið er að auka svigrúm til að lækka tolla og þar með verð á tilteknum grænmetistegundum og vonandi leiðir það til þess að neytendur verða almennt sáttari við verðlagningu á þessari vöru. Hins vegar er það líka rétt sem fram kom í máli hv. þm. að miklu fleiri atriði skipta máli í þessu en bara tollarnir. Þar verða menn að horfa til dreifingaraðila sem versla með þessa vöru, bæði í heildsölu og smásölu. Þó svo að þetta eina mál verði vonandi til að stuðla að verðlækkun þá verða fleiri að leggja sitt af mörkum í því efni eins og kunnugt er.

[14:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir nokkru var gerð breyting á 40. gr. stjórnarskrárinnar þess efnis, eins og þar segir, með leyfi herra forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Síðan hafa menn verið að gera ýmsa lagahreinsun til að taka út ýmis lög sem hafa heimilað skattlagningu eða gjaldtöku án laga. Spurning mín til hæstv. fjmrh. er sú hvort verið geti að þetta frv., ef að lögum verður, sem felur það í hendur eins manns, sem er reyndar hæstv. landbrh., að ákvarða um skatta á landbúnaðarvörur, taka þá af eða setja þá á, fái staðist í ljósi þessarar breytingar á stjórnarskránni og hvort ekki sé ástæða til að skoða þetta frv. og athuga hvort það standist stjórnarskrána.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft grundvallaratriði af hálfu hv. þm. Mörg hver munum við þegar stjórnarskránni var breytt árið 1995 og þrengt að valdi ráðherra til að breyta skattlagningu eða sköttum án þess að Alþingi kæmi þar beint að. Við höfum lauslega látið líta á þennan þátt í undirbúningi málsins vegna þess að auðvitað er mikilvægt að þessi ákvæði standist þetta stjórnarskrárákvæði. Fljótt á litið bendir allt til þess að þetta standist vegna þess að hér eru ekki opnar og rúmar heimildir heldur er hér um að ræða mjög þröngt svigrúm sem Alþingi ákvarðar hvert sé á ákveðnum tímum og á ákveðnum vörutegundum og í ákveðnum mæli. Ég mundi því ekki vera að mæla fyrir þessu frv. ef ég, sem beitti mér nú fyrir þessum stjórnarskrárákvæðum á sínum tíma, teldi ekki að þetta stæðist. En auðvitað er alveg sjálfsagt að ganga vel og rækilega úr skugga um þetta atriði áður en frv. verður afgreitt frá Alþingi því ekki viljum við verða ber að því að (**SJS:** Hvort væri það landbrh. eða fjmrh. sem bryti stjórnarskrána?) fara ekki að þessum merku ákvæðum (**ÖJ:** Báðir?) sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni. En ég legg til að þingmenn Vinstri grænna, sem eru að hafa þetta mál í flimtingum, fletti líka upp í lögbókum og kanni þetta sér og sérstaklega með ráðgjöfum sínum hvað hér er á ferðinni, sérstaklega hv. formaður BSRB sem hér stendur og er að grípa fram í að vanda og venju sinni samkvæmt. (Gripið fram í.) Hann ætti að skoða það með hagsmuni umbjóðenda sinna fyrir augum til þess að þetta mál geti náð fram að ganga, svo nauðsynlegt sem það er í stöðunni.

[14:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það sem hann sagði um að þetta hafi verið skoðað og að menn séu að skoða þetta. Hins vegar hlýt ég að gera athugasemd við það að hæstv. landbrh., sem eins og aðrir hæstv. fagráðherrar hefur litið á það sem hlutverk sitt að gæta fags síns, þ.e. hæstv. landbrh. gætir hagsmuna landbúnaðarins, eigi að ákvarða um tollvernd til handa landbúnaðinum og jafnvel til handa nýjum greinum. Ég hef stundum sagt að ég þakka fyrir meðan einhverjum bónda dettur ekki í huga að rækta banana því þá gæti ég ekki lengur keypt banana því þeir mundu kosta 5.000 kr. kílóið.

[14:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. landbrh. er a.m.k. í salnum og væntanlega reiðubúinn og vígbúinn til þess að ræða örlítið grænmetismálin sem við höfum reyndar rætt talsvert á síðustu vikum. Það eru ýmsar spurningar sem ég vildi varpa til hæstv. ráðherra. Eins og hæstv. fjmrh. sagði er frekar umhendis að ræða þetta mál vegna þess að því er þannig fyrir komið í lagarammanum að það er hæstv. fjmrh. sem lögin heyra undir en hæstv. landbrh. sem framkvæmdir þau. Þetta gerir það að verkum að maður þarf eiginlega að eiga orðastað við hæstv. landbrh. í gegnum og með umsjón og fyrir atbeina og kannski undir forustu hæstv. fjmrh. En það sem ég vildi byrja á að spyrja hæstv. landbrh. um er þetta: Hvað felst í þessu frv. í reynd? Hvernig hyggst hann beita sér fyrir framkvæmd þessa frv. ef að lögum verður sem við gerum öll ráð fyrir að verði?

Tildrög frv. eru sérstök. Þau eru þannig að samkeppnisráð sendir frá sér skýrslu, í skýrslunni kemur fram að tilteknir aðilar, sem hafa u.þ.b. 90% af heildsölu á grænmeti á innanlandsmarkaðnum, hafa komið sér upp því sem samkeppnisráð kallaði ólögmætar samkeppnishömlur, ólöglegt samráð sem samkeppnisráð sagði beinlínis hreint út að væri samsæri gegn hagsmunum neytenda. Af hverju varðar málið hæstv. landbrh.? Vegna þess að hann stýrir landbrn. og sök þess eru töluverð í þessu máli. Hví segi ég það? Vegna þess að það kemur fram í rannsókn samkeppnisráðs á þessu máli að landbrn. hefur framkvæmt ákvæði tolla um innflutning á grænmeti með þeim hætti að í skjóli þess þróaðist þetta ólöglega verðsamráð og þar með er ljóst að landbrn. ber mikla siðferðilega skuld í málinu. Jafnframt er ljóst að samkeppnisráð er þeirrar skoðunar að einhliða túlkun ráðuneytisins framleiðendum og heildsölum í vil hafi leitt til þess að hagsmunir neytenda hafa verið bornir fyrir borð. Það kemur líka fram í skýrslunni, sem hæstv. landbrh. verður loksins að svara fyrir, að í einhverjum tilvikum hafi þeir sem fóru með þetta ólöglega samráð og beittu sér fyrir því beitt persónulegum þrýstingi sínum á ráðuneytið til þess að hagræða gildistöku tollkvóta og jafnvel upphæð þeirra. Það kemur fram í skýrslunni að álykta megi af ýmsum ummælum í gögnum sem komu fram við húsleit samkeppnisráðs að í einhverjum tilvikum hafi þetta tekist. Ég spyr því hæstv. landbrh. hvort hann hafi gert reka að því í ráðuneyti sínu að það komi ekki fyrir aftur að einhverjir óprúttnir aðilar geti beitt persónulegum þrýstingi sér til persónulegs ábata í gegnum ráðuneytið. Ég spyr líka hæstv. landbrh.: Er honum kunnugt um hvaða tilvik þetta eru? Hefur hæstv. landbrh. látið fara fram sérstaka rannsókn á því hverjir það voru sem áttu þarna í hlut í ráðuneytinu? Hefur hann ákveðið að grípa til einhverra ráða til þess að tryggja þetta? Ég óttast ekki að hæstv. ráðherra svari þessu ekki vel og enn síður óttast ég það að hann grípi ekki til ráða tiltölulega hratt því maðurinn er þekktur að snarræði eins og fram hefur komið í yfirlýsingum hans sjálfs um eigin hraða í fjölmiðlum, herra forseti.

Ég vildi líka varpa annarri spurningu til hæstv. landbrh. því að hann hefur með nokkrum rétti gripið til snarpra varna fyrir innlenda framleiðendur og ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er fyrst og fremst að beina spjótum mínum að heildsölunum og smásölunum eftir atvikum. Fram hefur komið, herra forseti, og kemur reyndar fram í nýrri skýrslu frá Samkeppnisstofnun, eða ég les skýrsluna þannig, að það sé ákaflega ólíklegt að framleiðendurnir hafi haft mikinn hag af þessu sjálfir. Það er auðvitað skelfilegt þegar maður horfir á þessa miklu hækkun á verðlagi grænmetis frá árunum 1995–2000 að einu mennirnir í öllu ferlinu frá framleiðslu og til sölu, þ.e. sem hafa ekki neinn hag af hækkununum, eru framleiðendurnir. Það er ákaflega merkilegt, herra forseti, en það er eigi að síður staðreynd. En hæstv. landbrh. greip til varna fyrir sína menn, ef svo má að orði komast, og sagði í DV 6. apríl sl. að hann væri að fá Samkeppnisstofnun sem hlutlausan aðila til að sundurgreina verðlagningu. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. vegna þess að ég hef ekkert meira heyrt af þessari rannsókn: Er það svo að hæstv. landbrh. sé með einhverja sérstaka úttekt á verðlagningu á grænmeti í gangi í gegnum Samkeppnisstofnun? Átti hæstv. ráðherra kannski við þá skýrslu sem ríkisstjórnin eða hæstv. viðskrh. fól Samkeppnisstofnun að vinna fyrir ári og kom í síðustu viku? Er það sú skýrsla? Það getur vart verið vegna þess að ég hef lesið þá skýrslu og þar kemur ákaflega lítið fram varðandi þetta. Það sem þar kemur fram ruglar þessa mynd frekar vegna þess að þó að það komi fram að álagning smásöluverslunar hafi hækkað grunsamlega mikið á ákaflega mörgum vörutegundum þá kemur hins vegar fram að þarna eru einhverjar vomur á Samkeppnisstofnun að segja ótvírætt að smásöluverslunin hafi hækkað álagningu sína verulega á grænmeti. Það kemur fram að vísbendingar séu um hækkun, ekki einu sinni um verulega hækkun. Niðurstaða mín er því sú að annaðhvort verðum við að bíða eftir frekari greiningu Samkeppnisstofnunar, sem hæstv. ráðherra hefur þá beðið um, ellegar að málið er enn flóknara en ég taldi. Því að ef það er virkilega svo að smásöluverslunin eigi ekki sök á þessu þá eru sökudólgarnir bara tveir, þ.e. heildsalarnir og auðvitað ríkið í krafti þess ráðuneytis sem hæstv. landbrh. stýrir fyrir okkar hönd.

Herra forseti. Það ber vel í veiði að hæstv. heilbrrh. kemur hingað í salinn. Ég veit að hann kemur hingað til að taka þátt í umræðunum vegna þess að málið varðar hann. Hann er nefnilega ráðherra forvarna. Hvað er það sem manneldisráð, sem er ein þeim stofnunum sem segja má að sé nokkurs konar aukabúgrein hjá hæstv. heilbrrh., hefur sagt að séu styrkustu forvarnirnar varðandi heilsufar Íslendinga? Það er aukin neysla á grænmeti. Hvernig hefur það þróast, herra forseti? Frá því að Framsfl. tók við landbrn. 1995 hefur neysla á grænmeti staðið í stað. Hún hefur ekkert aukist. Hún er í dag ekki nema u.þ.b. helmingurinn af því sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hvetur til og mælir með og ef við horfum á okkur og næstu lönd sem við berum okkur oft saman við kemur í ljós að Finnar borða u.þ.b. 45% meira grænmeti en við, Svíar 55% meira en við og ég held að Norðmenn borði u.þ.b. 62% meira grænmeti en við. Nú er það að vísu svo að hæstv. landbrh. hefur stundum talað þannig að ætla mætti að hann teldi það til sérstakra manndómsverka að hafa komist til manns án þess að borða mikið af grænmeti. Ég er viss um að hæstv. landbrh. hefur borðað mikið af feitum mat og þess vegna býr hann vel að þeirri undirstöðufæðu sem gerir okkur öllum kleift að hugsa og starfa því að fita er, eins og við auðvitað vitum, undirstaða þess að taugakerfið og heilinn þróist vel. Ég dreg enga dul á það að ég tel að þessir hlutar af anatómíu hæstv. landbrh. hafi þróast bærilega vel í áranna rás. Eigi að síður tel ég að þó að hæstv. landbrh. hafi komist bærilega til manns án þess að borða mikið af grænmeti þá eigi menn að hafa valfrelsi í þessum efnum. Það eru sumir sem líta svo á að fleira sé matur en bara feitt ket og smér. Ef menn vilja fá að borða grænmeti eiga þeir að fá gera það. Það er einfaldlega þannig að ég tek undir með manneldisráði sem fyrir hönd ríkisins hefur hvatt til þess að Íslendingar neyti meira grænmetis. En það er einfaldlega þannig að grænmetisneysla hefur verið lúxus. Það hefur verið lúxus sem er fyrst og fremst hægt að líta á að gæti verið dagleg fæða manna og kvenna eins og okkar sem höfum þingmannslaun til að moða úr svo að ég tali ekki um ráðherralaun. Þetta, herra forseti, er alvarlegt mál. Það er alvarlegt mál þegar hollustufæði eins og þetta er verðlagt með þeim hætti að almenningur í landinu getur ekki leyft sér þann munað að borða það reglulega. Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrrh.: Hvað finnst honum um þetta? Er hann ekki þeirrar skoðunar að það sé ákaflega nauðsynlegt frá sjónarhóli heilbrigðis og jákvæðs næringarnáms að menn vindi sér í að lækka tolla á þessari hollustu? Ég er viss um að hann mun taka þátt í umræðunni og taka undir þetta.

Herra forseti. Hvað erum við þá að ræða um nákvæmlega núna? Við erum að ræða um, eins og ég skil þetta frv., að hæstv. landbrh. fái heimild til að lækka tolla á tilteknum vörum og ég hlýt að spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða vörur eru þetta? Í öðru lagi: Getur hann staðfest að hann muni nýta þessa heimild með þeim hætti sem er að finna í tillögum grænmetishópsins sem hann kom sjálfur á fót? Samkvæmt áfangatillögum þess hóps er lagt til að það verði ekki bara lækkaðir heldur felldir niður allir tollar af grænmetisvarningi sem er ekki framleiddur innan lands. Ég get vel fallist á að það sé gott fyrsta skref. Ég hefði talið að maður sem hrósar sér af því að bregðast jafnan við af snarræði, a.m.k. þegar hann talar í fjölmiðlum, hefði tekið miklu stærra skref í fyrsta stökki sínu og þá hefðu menn verið tilbúnir til þess, a.m.k. við sem unnum hollustunni, að standa upp og klappa fyrir hæstv. ráðherra og jafnvel klappa honum, en ég get hins vegar fallist á að hér sé um að ræða jákvætt fyrsta skref en það verði þá að liggja algjörlega skýrt fyrir, herra forseti, í fyrsta lagi hvaða flokkar grænmetis þetta eru og í öðru lagi hvort hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir því að nýta heimildina til fulls þegar í stað. Það var loforðið sem í reynd lá í þeim orðum hæstv. ráðherra að hann mundi fara að áfangatillögum þessarar nefndar.

Herra forseti. Ég vil líka nota tækifærið til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að sú heimild sem hann fær til að breyta tollum á blómum sé fullnægjandi til þess að hann geti orðið við þeim tilmælum sem honum bárust frá samkeppnisráði fyrir tveimur árum en þá var þeim tilmælum beint til hæstv. ráðherra að hann reyndi að afnema þær hömlur sem voru á innflutningi blóma. Það eru tvö ár liðin, herra forseti, og hæstv. ráðherra fékk ákaflega harðar ávítur frá Samkeppnisstofnun varðandi þetta tiltekna mál sem er tveimur árum eldra en það mál sem varð tilefni þessa. Hann gerði nákvæmlega ekki neitt með það mál, herra forseti. Ég spyr hann: Telur hann að heimildin sem hann fær hérna sé nægileg til að hann geti brugðist rétt við þeim ábendingum? Í öðru lagi: Ætlar hann sér að gera það?

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég

hef beint fjórum spurningum til hæstv. ráðherra og vænti þess að hann svari þeim eftir þeirri miklu getu sem guð gaf honum í árdaga að ég nú ekki tali um uppeldið á feitu keti sunnan lands.

[14:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að ég býst við að tala síðar í umræðunni þá ætla ég ekki að taka stór atriði fyrir í fyrstu atrennu við hv. þm. En eitt er víst að hann er snillingur sjónhverfinganna og útúrsnúninganna og hefur látið sitt lið ganga mjög hart að mér í fjölmiðlum við að reyna að segja þjóðinni að ég sé á móti grænmeti, ítrekar þá skoðun að ég hafi sagt að ég hafi komist sæmilega til manns án þess að hafa borðað mikið grænmeti á æskuárum. Þarna er útúrsnúningi hv. þm. rétt lýst.

Í sjónvarpsþætti þar sem ég sat fyrir svörum kom sú spurning upp hvers vegna það væri að Íslendingar borðuðu minna grænmeti en aðrar Norðurlandaþjóðir. Þá veltu menn vöngum og spekúleruðu hvers vegna svo væri. Þá datt þeim sem hér stendur það í hug að það væri nú svo, sem það er, að jafnvel fram undir 1960–1970 voru margar mikilvægar tegundir af grænmeti ekki algengar á borðum Íslendinga þannig að við sem erum fædd fyrir miðja síðustu öld, ef svo má segja, vorum ekki mjög mikið með grænmeti á borðum. Þetta getur skapað neysluvenjur sem hafa síðan staðið með þessum hætti og verið skýring á því að það fólk á Íslandi sem er fimmtugt og eldra vandist ekki þessari neyslu í æsku. Nú er þetta allt öðruvísi. Börn á Íslandi byrja að borða grænmeti ung. Ég býst við að í fyllingu tímans þegar sú kynslóð sem nú er komin yfir miðjan aldur verður gengin verðum við komin í sömu stöðu og hinar þjóðirnar. Ég vek athygli á því að þetta sagði ég í sjónvarpsþætti en þetta hefur hv. þm. fjasað um og flumbrað með í fjölmiðlum til þess að reyna að snúa út úr málflutningi mínum. En það var þetta sem ég sagði, hv. þm., og vil leiðrétta. Hér er verið að ganga þá leið sem hv. þm. bað um, að sem fyrst yrði farið að tillögum grænmetisnefndar og hér er auðvitað verið að fella niður tolla af einum 30 tegundum, sumar þeirra snerta íslenska framleiðslu en megnið af þeim ekki. Við erum því að bregðast við þeim tillögum.

[15:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum gæta þess í þessari umræðu að fara ekki á taugum. Hæstv. landbrh. má ekki fara á taugum yfir því þó að einhverjir kunni kannski að fara að honum með kerskni og stundum flími. Sjálfur er hæstv. landbrh. snillingur og jafnvel fremstur manna í því að draga góðlátlegt dár að fólki og fara með spaugsyrðum. Hafi ég sært hæstv. landbrh. með því að segja að hann hafi komist til manns og miklist jafnvel af því án þess að borða mikið af grænmeti þá þykir mér það miður. Ef það er honum einhver hugarfró get ég upplýst hann um það að hið sama gildir um þann sem hér stendur. Ég er af þessari kynslóð líka og má heita að ég hafi hvorki séð tómata né ýmsa framandi garðávexti fyrr en ég var kominn vel til manns, og ég hóf ekki reglubundna neyslu á þeim fyrr en ég var kominn á fullorðinsár. Kannski er það skýringin á því hvernig við erum báðir.

[15:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gerist hér eins og oft áður að rökræðan leiðir gott af sér og svo er með hv. þm. eins og klárinn að það er mikilvægt að hafa beislið upp í honum og vera staddur þar sem hann er í rökræðum. Ég þakka honum fyrir þessi ummæli og nú finn ég að við verðum samherjar á ný. (Gripið fram í.) Við höfum hlotið svipað uppeldi í æsku og þá veit hv. þm. það sem ég var að ýja að áðan að það er verið að snúa út úr ummælum mínum. Það var einmitt þetta sem ég var að tala um.

Ég er talsmaður þess að fólk borði meira af grænmeti og styð það heils hugar. Við eigum frábærlega gott grænmeti og heimurinn á það í rauninni. Ég hygg að við Íslendingar séum sammála því að okkar fólk í þessari grein hefur staðið sig mjög vel og menn vilja auðvitað sjá lækkað verð á því grænmeti — og sé ég að glaðnar yfir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér við dyrnar — þannig að kannski erum við þrátt fyrir allt samherjar. Hér er um að ræða tollamál sem er fyrsta skref á mikilvægri leið, þ.e. að reyna að bregðast við ákveðinni gagnrýni og ýmsu sem hefur komið upp á. Ég vil þó segja hér um málflutning hv. þm. áðan að það sem mér finnst hafa komið mjög fram í rannsóknarblaðamennsku Morgunblaðsins, sem hefur verið mjög góð, er að smásalan ber þungar byrðar í þeirri hækkun sem orðið hefur frá 1995. Það á ekki bara við grænmetið. Það á ekki síður við um ávexti sem hvergi eru tollaðir af hálfu stjórnvalda. Fram hafa komið merkilegar tölur í Morgunblaðinu, í þeirri rannsóknarblaðamennsku, síðustu dagana að mér hefur fundist. En ég hygg að fyrir liggi að bændur hafa ekki fengið hærra verð og þeirra milliliður hefur haldið sig á svipuðum stað. En hækkunin virðist liggja meira í smásölunni.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem skiptir e.t.v. máli, fyrir utan þau smáatriði sem varða uppeldi okkar tveggja, er að hæstv. landbrh. hefur svarað spurningu sem ég varpaði til hans. Ég spurði hann: Mun hann nýta sér þessa heimild til fulls? Og hæstv. ráðherra kom hingað og sagði að hann mundi nýta sér heimildina, ekki til þess að lækka heldur fella niður tollana á þessum tilteknu 30 tegundum grænmetis. Það er mikilvæg yfirlýsing.

Ég spurði síðan hæstv. landbrh. og vænti þess að hann svari því hér á eftir í umræðunni, hvort hann hefði beitt sér fyrir sérstakri úttekt á verðmyndun á tilteknum tegundum grænmetis. Tilefni spurningar minnar var í fyrsta lagi að hann sagði þetta í DV 6. apríl sl. og í öðru lagi að niðurstaðan sem kemur úr þessari könnun Samkeppnisstofnunar, sem birt var fyrir helgi, rímar ekki alveg við ýmsar þær upplýsingar sem komið hafa fram í fjölmiðlum. Ég tel þess vegna að nauðsynlegt sé að gera mjög rækilega úttekt á þessu máli til þess að það liggi algjörlega fyrir hvar þessi mikla verðhækkun hefur orðið á milli áranna 1995 og 2000. Hér er um ræða miklar hækkanir og komið hefur í ljós að á þessu tímabili hefur önnur matvara hækkað um u.þ.b. 17% meðan grænmeti hefur hækkað um ríflega 30%. Ef grænmeti hefði einungis hækkað um sama hlutfall og önnur matvæli hefðu íslenskir neytendur á þessum tíma greitt 2 milljörðum minna. Þá hefði verðbólgan minnkað minna sem nemur því að skuldir landsmanna væru um einum milljarði minni í dag.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér um breyting á tollalögum og hæstv. fjmrh. mælti fyrir snýst aðallega um landbúnaðarmál og verðlag á grænmeti eins og rækilega hefur komið fram í umræðunni.

Reyndar var nokkuð athyglisvert að heyra hversu feginn og kampakátur hæstv. fjmrh. var gagnvart öllum þeim athugasemdum sem hér var velt upp í andsvörum og greinilegt að hæstv. fjmrh. leiddist það ekkert sérstaklega þótt dregin væri athygli að þeirri óvenjulegu stjórnsýslu sem að þessu leyti er við lýði, þ.e. að tollamálin heyra undir hæstv. fjmrh. og hann mælir hér fyrir frumvörpum um breytingar á þeim lögum, en málið varðar hins vegar fyrst og fremst framkvæmd sem er á hendi landbrh. og mætti út af fyrir sig margt um það segja. Það á sér allt saman langan sögulegan bakgrunn sem ýmsir þekkja.

Herra forseti. Þetta frv. er til komið í framhaldi af því umróti sem varð í kjölfar skýrslu Samkeppnisstofnunar um verðlag og viðskiptahætti í grænmetisversluninni hér. Þá gengu menn í hita leiksins snöfurmannlega fram, m.a. hæstv. landbrh. sem hafði stór orð uppi um nauðsyn þess að taka þarna hressilega til hendi, að því er manni skildist nánast samstundis. Síðan fór þetta í hægagang. Ég segi nú ekki að þetta hafi lent niður á hraða snigilsins og alls ekki steinvölunnar. En ég hygg að ef þetta hefði verið reiðtúr þá hefði verið hægt að lýsa þessu sem ferðalagi á hægu tölti í mesta lagi. Það tók allmargar vikur að hnoðast á þessu í starfshópi og lætur nærri að segja megi að fæðst hafi lítil mús þegar fjallið loksins tók jóðsóttina.

Þegar rætt er um verðlag á grænmeti þá hafa að sjálfsögðu margir samverkandi þættir þar áhrif á. Þar má náttúrlega í fyrsta lagi nefna það sem sérstaklega var til umfjöllunar í skýrslu Samkeppnisstofnunar, þ.e. viðskiptahætti heildsala sem versla með grænmeti, þeirra sem selja innlenda framleiðslu og/eða flytja grænmeti inn. Þetta eru í aðalatriðum sömu aðilarnir og ekki nema þrír sem eitthvað kveður að, ef ég man rétt. Þarna er vissulega einn þátturinn á ferðinni sem hefur umtalsverð áhrif, hvernig staðið er að málum í þessu efni, þ.e. millistigið á milli framleiðendanna sjálfra og smásöluverslunarinnar, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda framleiðendur. Viðskiptahættir þarna hafa mikil áhrif og þar hefur sannarlega reynst vera pottur brotinn. Ég held að enginn deili um það að þarna hafi verið pottur brotinn og menn hafi fært sig heldur hressilega upp á skaftið í því að taka til sín hagnað í skjóli einokunar eða fákeppnisaðstöðu. Deilan stendur frekar um það hversu gróflega menn hafi nýtt sér aðstöðu sína í þessum efnum og hversu alvarleg brot á góðum viðskiptaháttum og samkeppnislögum það hafi verið.

En það er fleira sem kemur til, herra forseti. Í öðru lagi má nefna og ekki síst álagningu smásöluaðilanna og þá tekur nú kannski ekki endilega miklu skárra við því að þar hefur líka orðið gífurleg samþjöppun og ljóst er að verðlagningin ræðst að verulegu leyti af þeirri aðstöðu sem nokkrar stórar keðjur í smásöluverslun eru í hvað varðar annars vegar innkaupin frá sínum birgjum og hins vegar þau tröllatök sem þeir hafa á smásölumarkaðnum í gegnum það að ráða hilluplássinu í verslununum og ráða þar með lífi og dauða framleiðenda eða söluaðila með því einu að ákveða hvort þeir fái að selja vöru sína í þeirra verslunum eða ekki. Það skyldi nú ekki koma á daginn að þarna væri ekki síður ástæða til að fara rækilega yfir hlutina og þarna væri að leita drjúgs hluta skýringa á því hversu gríðarlega hátt verð á ýmsu grænmeti hefur farið á Íslandi á undanförnum missirum því að á daginn kemur nefnilega, þegar það er borið saman, að í sumum tilvikum stendur verðið á innfluttu grænmeti sem alls ekki er framleitt hér ekkert síður upp úr að teknu tilliti til tolla heldur en því innlenda. Þetta hygg ég að hafi m.a. verið að koma í ljós í nýlegri verðkönnun sem gerð var, að vísu ekki mjög viðamikilli, þar sem borið var saman verð á grænmeti og ávöxtum hér á landi, í Danmörku og víðar. Ekki er þar við innlenda framleiðendur eða þann hluta heildsöluverslunarinnar sem flytur vöruna frá innlendum framleiðendum til smásölustigsins að sakast þegar í hlut eiga ávextir sem alls ekki vaxa hér. Þetta er því annar meginþáttur málsins, herra forseti.

Í þriðja lagi þýðir auðvitað ekki að taka þetta úr samhengi við það að aðstæður til framleiðslu hér eru sérstæðar. Það eru væntanlega engin ný sannindi fyrir menn að þeir geti þurft að búast við því að hér séu aðstæður þannig að framleiðslukostnaður að breyttu breytanda verði eitthvað meiri og til viðbótar kemur lítill markaður, ákaflega lítill ef við berum hann saman við þó ekki sé nema nágrannalöndin, hin Norðurlöndin. Allt hlýtur þetta að vera hluti af því sem þarna þarf að skoða ef menn vilja fá fram raunhæfa og sanngjarna mynd af ástandinu og ræða þetta eins og þetta kemur efnislega fyrir, fremur en að fara upp á háu nóturnar og mála dekkstu litina sem þeir finna í pússi sínu á vegginn. Á móti kemur svo að gæði framleiðslunnar eru almennt viðurkennd mikil hér o.s.frv.

Fjórði þátturinn í þessu, og það er það sem hér á við, er að sjálfsögðu spurning um pólitíska ákvörðun eða niðurstöðu, eru tollarnir. Annars vegar eru tollar sem lagðir eru á innflutt grænmeti og þá það grænmeti sem alls ekki er hér á markaði og alls ekki er framleitt hér og hins vegar tollarnir og tollverndin sem innlend framleiðsla nýtur og birtist í háum tollum sem lagðir eru á samkeppnisvöruna þann tíma ársins sem innlenda framleiðslan er á markaði eða fullnægir eftirspurn á innlendum markaði. Menn þekkja að það varð niðurstaðan á sínum tíma þegar Íslendingar gerðust aðilar að GATT að sú vernd sem innlend framleiðsla áður naut í skjóli hreinna innflutningsbanna var færð yfir í þessa tollvernd. Það var niðurstaða þeirra samninga. Hér er sá þáttur á ferðinni og það er spurning um pólitískar ákvarðanir hvernig menn vilja hafa það. Vilja menn víkja í grundvallaratriðum frá þeirri niðurstöðu sem þá varð, taka afleiðingunum af því eða gera eitthvað til mótvægis í því sambandi?

Sá þáttur málsins, herra forseti, sem þetta frv. fjallar um er í raun og veru aðeins hliðargrein á þessum meiði. Hér er eingöngu verið að tala um tolla eða tollaleysi grænmetistegunda sem í aðalatriðum eru ekki framleiddar hér. Það er að sjálfsögðu algjörlega hrein pólitísk ákvörðun hvort menn vilja fella þá tolla niður og leggja þannig eitthvað af mörkum til að lækka verð þessa vöruflokks og þá í gegnum þær tilteknu tegundir sem í hlut eiga því til annars tekur þetta ekki. Ég vil segja strax fyrir mitt leyti að ég tel einboðið að gera það við þessar aðstæður og þó fyrr hefði verið. Ég sé ekki að það eigi í raun og veru að vera neinum til armæðu eða vandræða nema þá ræflinum ríkissjóði sem missir einhverjar örlitlar tekjur en þær eru hreint smámál í þessu sambandi. Þetta leggur vissulega pínulítið af mörkum til þess að sá vöruflokkur sem slíkur í heild sinni, ef við segjum að meðaltali, lækkar eitthvað í verði en tiltölulega mjög lítið. Grænmetis- og ávaxtainnkaupakarfa fjölskyldunnar í heild mun að sjálfsögðu ekki lækka um stórar upphæðir þó að þessar breytingar nái fram að ganga. Ýmsir munu sjálfsagt segja að hér sé tiltölulega lítið að gert og tæpast í samræmi við væntingar sem stórkarlalegar yfirlýsingar t.d. hæstv. landbrh. í hita leiksins hér á dögunum, gátu gefið fyrirheit um. Ég fæ það best séð, herra forseti, að aðrir þætt-

ir málsins séu algjörlega óútkljáðir. Þessum litla titti hafa menn landað og er sennilega undir stærðarmörkum og væri víðast hvar bara sleppt aftur í ána. Annað er óútkljáð. Ég heyrði a.m.k. ekki hæstv. ráðherra eða þá hæstv. ráðherra sem hér hafa tekið þátt í umræðunum í sjálfu sér úttala sig neitt um aðra þætti málsins. Það hefði verið mjög fróðlegt að heyra hvað ríkisstjórnin er að öðru leyti að hugsa sér í þessu sambandi. Þá kemur sú spurning hvað menn ætla að gera gagnvart verðlagningu innlendu framleiðslunnar og innfluttu samkeppnisvörunnar þann hluta ársins sem hún er hér á markaði. Ef menn draga úr þeirri vernd sem innlenda framleiðslan nýtur í formi tolla þá hefur það að sjálfsögðu áhrif á samkeppnisstöðu þeirrar framleiðslu, það er augljóst mál. Sérstaklega er það algjörlega ljóst ef innflutt framleiðsla kæmi inn án nokkurra tolla á þeim tímum ársins þegar hún er alódýrust, þegar offramleiðsla er á markaði í Evrópu þá yrði verð á þessari vöru mjög lágt hér. Það tekur mjög djúpa dýfu ákveðinn hluta ársins á mörkuðum á meginlandi Evrópu þegar mest umframframleiðsla er á ferðinni og menn afsetja vöru nánast á gjafverði, jafnvel verulega undir meðaltalskostnaðarverði ársins en betra er að fá eitthvað fyrir vöruna en ekki neitt og menn losna þá í öllu falli við tilkostnað og vandræði sem því eru samfara að farga henni sjálfir. En það neyðast evrópskir bændur til að gera í talsverðum mæli í góðum árum þegar framleiðslan fer hvað mest fram úr eftirspurn.

Þetta þurfa menn að ræða, herra forseti, alveg eins og það liggur fyrir. Mér finnst heldur ómerkilegt að reyna að nálgast þessa hluti öðruvísi en þeir ósköp einfaldlega liggja fyrir og blasa við öllum sem vilja kynna sér málið. Geri menn þetta, dragi umtalsvert úr verndinni, þá verða menn að gera annað tveggja, að sætta sig við afleiðingarnar fyrir innlendu framleiðsluna og/eða grípa til einhverra aðgerða henni til stuðnings á móti. Bæta samkeppnisskilyrði hennar þannig að hún eigi sér einhverja lífsvon. Þar hafa menn nefnt hluti eins og þá að lækka raforkuverð til innlendu grænmetis- og garðyrkjuframleiðslunnar og það er að sjálfsögðu hið besta mál að gera það. Og það er auðvitað til skammar að þessi, við getum sagt, litli vísir að grænni stóriðju sem við eigum í formi grænmetisframleiðslunnar og þá einkum og sér í lagi í gróðurhúsunum í þessu tilliti, skuli t.d. ekki fá raforkuverð á svipuðum kjörum og þessi erlenda sorabræðsla sem við landsmenn niðurgreiðum rafmagnið til með okkar peningum. En því er ekki að heilsa. Þótt ekkert annað kæmi til en bara slíkur samanburður og slíkar grundvallarástæður ætti innlenda garðyrkjan auðvitað að eiga kost á raforkuverði á eitthvað svipuðum kjörum. Það bara, því miður, herra forseti, breytir allt of litlu. Það er eingöngu hluti framleiðslunnar sem er með einhvern kostnað sem nokkru nemur í formi raforkuverðs og lýsing og önnur raforka vegur ekki þungt þegar þetta er tekið saman í heildina. Það er því oft mikið ofmat á ferðinni á þeim þætti að samkeppnisskilyrðum innlendrar grænmetisframleiðslu almennt verði gjörbreytt bara með því einu að lækka rafmagnið eitthvað til hennar. Sá þáttur vegur ósköp einfaldlega allt of lítið til þess.

Þá hlytu að þurfa að koma til einhverjar aðrar aðgerðir og þær eru vissulega ýmsar mögulegar sem gætu lotið að því að reyna að gera öll aðföng til slíkrar framleiðslu sem ódýrust og styðja við bakið á henni af ýmsum öðrum ástæðum. Fyrir því eru fullnægjandi rök að mínu mati. Og sá sem hér stendur er ekkert feiminn við að tala fyrir því að innlend gæðaframleiðsla á þessu sviði yrði þá studd með tiltækum og leyfilegum ráðum sem auðvitað þarf að fara rækilega yfir hver eru. Og hver eru þau rök? Jú, þau eru í fyrsta lagi manneldislegs eðlis. Enginn vafi er á að það þarf að reyna að lækka þessa vöru og hún þarf að vera í boði af miklum gæðum og á viðráðanlegu verði.

Í öðru lagi er auðvitað æskilegt eða hvað, má enn þá tala þannig um hlutina að æskilegt sé að þetta sé innlend framleiðsla, og sú verðmætasköpun, þekking, atvinna, og annað sem henni tengist hér í landinu sé til staðar? Ekki léttist róðurinn í byggðamálum ef menn rústa niður garðyrkjunni. Ég sé ekki að það þjóni göfugum tilgangi nema þá að færa þá fórn eins og fleiri á altari ofurtrúar og ástar sinnar á markaðnum, heimsmarkaðnum, hinum hnattvædda markaði, að þetta sé bara eins og náttúrulögmál, eins og norðanvindurinn og verði að hafa sinn gang eins og sagt er í Grikklandi. Ég er ekki þeirrar skoðunar og er ekkert feiminn við að mæla fyrir því að þessi grein innlends landbúnaðar fengi stuðning rétt eins og sumar aðrar gera og rétt eins og gert er nánast alls staðar á byggðu bóli. Með sárafáum undantekningum er landbúnaður alls heimsins styrktur með ýmsum hætti vegna þess að þar koma til bæði manneldisleg rök, fæðuöryggi þjóða, byggðarleg rök o.s.frv.

Við erum ekki í þeirri aðstöðu hér á Íslandi að búa við svo hagstæð framleiðsluskilyrði að við getum reiknað með því að þessi grein okkar spjari sig án nokkurs stuðnings í samkeppni við þrælniðurgreiddan landbúnað nágrannalandanna. Það getum við gert í fiskveiðum okkar og það eru til þjóðir sem þurfa að gera slíkt hið sama í sínum landbúnaði eins og Nýsjálendingar af því að þeir hafa ekki úr öðrum atvinnugreinum að flytja verðmæti til að greiða hann niður eða styðja hann, en við erum í annarri aðstöðu og búum við önnur skilyrði hér.

Herra forseti. Ég hefði því gjarnan viljað heyra einhverjar fréttir af stöðu málsins í almennu samhengi og vita að eitthvað meira væri að gerast í þeim efnum heldur en þetta lítilræði í raun og veru sem hér er á ferðinni, sem þegar upp er staðið mun ekki teljast sæta miklum tíðindum og má segja að sé sjálfsagður hlutur og það minnsta sem menn gætu gert til að sýna viðleitni í kjölfar þess sem á dagskrá hefur verið í þessum efnum að undanförnu. En ég ætla að vona að einhver vinna sé einhvers staðar lötrandi á þessum vegum, hvort sem hún fer á hægu tölti, með hraða snigilsins eða liggur kyrr eins og steinvalan. Vonandi verður eitthvað af þessu að frétta innan tíðar, herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki efni til annars en að hleypa þessu máli áfram og stuðla að framgangi þess því að um það gildir eins og fleira af svipuðum toga að það litla sem er er þó heldur til bóta.

[15:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði er ég þeirrar skoðunar að þetta sé jákvætt fyrsta skref. Það kann að vera lítið en við megum ekki gleyma því að hæstv. landbrh. lýsti því sem ákvörðun sinni að fara að tillögum þessarar grænmetisnefndar. Nú áskil ég mér fullan rétt til að vera ósammála niðurstöðum hennar þegar þær koma að lokum. En ég er sammála þessu fyrsta skrefi. Það á að byrja á því að afnema alla tolla á grænmetistegundum sem ekki eru framleiddar innan lands.

Í annan stað hefur umræðan, ekki síst á hinu háa Alþingi, orðið til þess að þeir ósvífnu viðskiptajöfrar sem hafa vélað með grænmeti, ekki síst í smásöluverslun, hafa lækkað álagningu hjá sér. Það sem við sjáum núna í framhaldi af

umræðunni sem hefur orðið hér og í fjölmiðlum er gríðarleg lækkun á tilteknum grænmetistegundum og það er mjög af hinu góða. Þess vegna get ég beðið fram á haustið þegar næsta skref verður stigið, þ.e. þá mun afgangurinn af tillögum nefndarinnar koma samkvæmt því sem hún segir í greinargerðinni sem er á heimasíðu ráðuneytisins. Ég ætla hins vegar, eins og ég sagði, að áskilja mér allan rétt til að vera ósammála þeim ef þær eru þess eðlis.

Síðan vil ég segja að ég er ekki sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um samkeppnismöguleika innlendu framleiðslunnar. Mér fannst hann tala af fullmiklu vonleysi um stöðu hennar. Hv. þm. nefndi að hún hefði umfram annað mikil gæði. Ég er sammála því. Það hlýtur auðvitað að bæta samkeppnisstöðuna. Í annan stað má ekki horfa fram hjá fjarlægðarverndinni sem hv. þm. gleymdi að geta um en það er ígildi 7–10% munar á verði. Þar eru því líka komin skilyrði sem hjálpa innlendu framleiðslunni. Þessu til viðbótar held ég líka að nefna megi ýmislegt annað eins og rafmagnsverðið, jafnvel þótt hv. þm. segi að það skipti ekki sköpum en það munar auðvitað um það ef það er svo að rafmagn til þessarar framleiðslu sé fjórum sinnum dýrara en í ýmsum samkeppnislöndum.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt og ég ætla ekki að gera lítið úr því að það er auðvitað með ólíkindum að þetta orkuríka land sem Ísland er og með þá miklu möguleika til að framleiða ódýra orku skuli þurfa að okra á atvinnugrein af þessu tagi en þar er garðyrkjan náttúrlega á sama báti og annar almennur iðnaður sem borgar hér fáránlega hátt raforkuverð borið saman við það sem ætti að þurfa. Ef við tökum framleiðslukostnað á fullafskrifuðum vatnsaflsvirkjunum eins og Soginu eða Laxárvirkjun eða öðrum slíkum, þá blasir það gjörsamlega við að slíkum kaupendum ætti að vera hægt að afhenda þessa orku á margfalt lægra verði og ástæðan fyrir því að það er ekki gert er ósköp einföld, að þó að innlendi notendamarkaðurinn kaupi verulegan minni hluta raforkunnar borgar hann $^2/_3$ af verðinu sem Landsvirkjun fær fyrir hana. Þannig eru bara einfaldlega hlutföllin. Erlenda stóriðjan, þessi fína sem menn vilja endilega auka, hirðir mikinn meiri hluta orkunnar en borgar verulegan minni hluta teknanna. Þannig liggur það fyrir.

Fjarlægðarverndin er vissulega til staðar en ég óttast þó að hún standi lítið fyrir a.m.k. erlendri samkeppni á þeim tíma ársins þegar verðin taka mesta dýfu á markaði í Evrópu. Menn verða náttúrlega að hafa í huga hversu gríðarlega ólíku er saman að jafna, þeim stærðarhlutföllum og aðstæðum öllum sem þar eru í gríðarlegri magnframleiðslu með öflug dreifikerfi o.s.frv.

Ég held að það sem ætti að skoða sérstaklega í þessu, ef ég læt það eftir mér að segja eitthvað um það, væri hvernig mögulega mætti beita tollverndinni eða tollákvörðunum á axlartímabilunum þar sem innlenda og erlenda framleiðslan skarast en taka síðan þá tolla niður eða jafnvel út á þeim *tíma ársins þar sem engri innlendri framleiðslu væri til að* dreifa. Þar með gætu menn þó að það þýddi að vísu dálitlar verðsveiflur innan ársins í heildina tekið og að meðaltali náð árangri í að lækka verð án þess að innlenda framleiðslan væri sett í þá aðstöðu að eiga ekki möguleika gagnvart innflutningi.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að auðvitað er ekki hægt að leiða þessi mál til lykta öðruvísi en svo að við verðum að horfa til þeirra sem hafa afkomu sína af því að framleiða grænmeti á Íslandi. Ég taldi hins vegar að frá árinu 1995 til þessa dags hefðu menn átt að nota tímann til að gera þetta t.d. með því að lækka tollana hægt á þessum tíma, eins og ég taldi sem ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem gekk frá þessum samningi að væri ætlunin. Það hefði átt að gefa þeim svigrúm með ýmsu öðru til að búa sig undir samkeppnina.

Ég vil taka fram í tilefni af orðum hv. þm. að ég er honum ekki sammála um að halda eigi uppi varanlegum beinum framleiðslustuðningi. Ég er til í að velta fyrir mér þessu með rafmagnskostnaðinn, eins og ég nefndi áðan. Jafnframt held ég líka að eitt af því sem menn ættu að skoða væri einhvers konar tímabundnar fjárfestingaívilnanir. Þess vegna hreinir styrkir í upphafi til að gefa framleiðendum möguleika á að festa sig í sessi. Ég vek eftirtekt á því að í skjóli þess samráðs sem átti sér stað á markaðnum til skamms tíma og samkeppnisráð gerði að umtalsefni, þá var m.a. lagt blátt bann við aukinni hagræðingu í framleiðslunni sem fólst t.d. í auknum fjárfestingum í framleiðslutækjum. Það var hið fræga glerstopp-samkomulag þar sem mönnum var beinlínis bannað að auka framleiðslu sína og þar með að gera tilraun til þess að lækka verð. Þetta mun breytast þegar búið er að svipta burt þessu skjóli sem túlkun tollaákvæðanna hefur til þessa veitt þeim einokunarseggjum sem ráða heildsölumarkaðnum og því miður hafa haft nokkur tök á framleiðslunni líka.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það ekki svo að nokkur óski sér að þurfa að beita framleiðslustyrkjum eða opinberum stuðningi. Það er náttúrlega búið að koma miklu óorði á allt slíkt. Stuðningur af því tagi er engu að síður staðreynd og í margvíslegu formi víða í kringum okkur. Það vill stundum fara svo að við Íslendingar gerumst kaþólskari en páfinn í ýmsum efnum. Við höfum t.d., eins og hér kom fram fyrr í dag, rústað algjörlega skipasmíðaiðnaði okkar af því að við höfum hvorki þorað að beita þeim úrræðum sem við höfðum möguleg til að stýra verkefnum inn í landið og þaðan af síður þorðum við að beita sambærilegum styrkjum, stuðningi eða vaxtaniðurgreiðslum og nágrannaþjóðir okkar, t.d. Norðmenn, (**Gripið fram í:** Jón Sig.) sem hirtu af okkur verkefnin í stórum stíl fyrir vikið. Hér er nefndur í salnum fyrrv. viðskrh. sem hafði beinlínis þá lífsskoðun að það ætti alls ekki að standa í þessu hér innan lands, menn ættu að njóta góðs af niðurgreiðslunum í gegnum það að flytja skipin inn í landið.

Varðandi grænmetið þá held ég, og er ekki í nokkrum vafa um það, að ákveðin innlend framleiðsla yrði hér við lýði þó að þessu væri í sjálfu sér öllu sleppt lausu. Ég óttast þó mjög að það yrði eingöngu takmarkaður hluti markaðarins og fyrst og fremst þeir sem ekki þyrftu að horfa eins mikið í verð vörunnar sem gætu, mér liggur við að segja, látið það eftir sér að kaupa innlenda framleiðslu í krafti þess að hún er hágæðavara, holl og góð. Ég vil gjarnan sjá að þetta geti verið almenn framleiðsla fyrir alla landsmenn á viðráðanlegu verði og kjörum en gæðum hennar haldið eftir sem áður. Mér fyndist líka stórkostleg eftirsjá að því kraftaverki, sem það í raun er og hefur verið að þróast hér og er næstum

því einstakt á heimsvísu, að framleiða vöru jafnvel allt árið í gróðurhúsum með lýsingu og súrefnisgjöf. Ég hvet þá sem hafa ekki þegar reynt það að fara og heimsækja Hverageröi um hávetur á björtu frostkvöldi og upplifa það að tína þar rósir.

[15:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mig langar að segja nokkur orð við 1. umr. um frv. til laga um breyting á tollalögum sem hæstv. fjmrh. leggur fram en hæstv. landbrh. fer með málaflokkinn og hefur gert til margra ára. Það hefur orðið nokkur umræða um hvort það sé eðlilegt fyrirkomulag. Hugsanlega verður það athugað í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og ég ætla í sjálfu sér ekki að gera neinar athugasemdir við það.

Við fjöllum hér um að lækkaðir verði tollar á innfluttu grænmeti og ávöxtum, lifandi eða afskornum blómum og plöntum og mismunandi verðlagningu, þ.e. að ekki fari endilega saman lækkun á verði, verðstýring, og magntollar. Þetta er af hinu góða. Ég tel að samkvæmt skuldbindingum GATT-samningsins verðum við að flytja inn ákveðið magn af landbúnaðarvörum sem eru tilgreindar samkvæmt tollnúmerum.

Við erum að fjalla um vöruflokka sem ekki eru framleiddir hér á landi en frá því að þessi samningur var gerður hefðum við smám saman átt að lækka þessa tolla. Við höfum ekki unnið að því eins og til stóð í upphafi en ég vil gera greinarmun á tollum á grænmeti, ávexti og blóm sem ekki eru ræktuð hér á landi og vörum sem eru ræktaðar hér á landi. Ef við viljum að hér verði áfram blómleg atvinnustarfsemi garðyrkjubænda, hvort heldur þeir framleiða garðávexti eða eru með framleiðslu í gróðurhúsum, verðum við að standa þannig að að þeir séu a.m.k. samkeppnishæfir við bændur innan Evrópusambandsins og annars staðar í heiminum. Víðast hvar fá bændur einhvers konar framleiðslustyrki með mismunandi móti.

Hér hefur töluvert verið talað um að koma eigi til móts við þá sem sem rækta í gróðurhúsum með því að selja þeim rafmagn á lægra verði en þeir fá í dag. Undir það tek ég. Það er mikilvægt að þeir fái raforku á stóriðjutaxta. Þetta getur orðið stóriðja. En ekki rækta allir bændur grænmeti í gróðurhúsum. Kartöflubændur og ýmsir garðyrkjubændur rækta ekki í gróðurhúsum. Þeirra staða yrði mjög veik fengju þeir ekki einhvers konar stuðning, beina styrki eða framleiðslustyrki, ef láta ætti undan þeirri kröfu að allir tollar af ávöxtum og grænmeti yrðu felldir niður. Ég er hrædd um, herra forseti, að þá mundum við missa marga bændur úr þessari framleiðslu og ekki njóta afurða þeirra sem yfirleitt er gæðavara.

Við höfum hér á landi ákveðna manneldisstefnu. Við eigum að hvetja til þess að fólk borði meira af grænmeti og ávöxtum. Að því verðum við að stefna. Verð á ýmsum grænmetistegundum hefur verið — það er í raun ástæða þess að við tökum þetta frv. til afgreiðslu — óheyrilega hátt, sérstaklega papriku. Í umræðunni hefur þetta verið kallað paprikustríð og Samkeppnisstofnun var falið að skoða verðmyndunina. Verðmyndun á innfluttu grænmeti samanstendur af tollum, heildsöluálagningu og smásöluálagningu.

Ég er þakklát fyrir vinnu Samkeppnisstofnunar og svokallaðrar grænmetisnefndar því að í ljós hefur komið að bændur hafa ekki fengið þær hækkanir á grænmeti sem neytendur hafa orðið að greiða. Þeir hafa varla haldið í við verðhækkanir. Álagningin hefur verið hjá heildsölunni og smásölunni fyrir utan það að tollar hafa ekki lækkað á innfluttri vöru eins og þeir áttu að gera. Ég bíð þess vegna eftir að fá endanlega niðurstöðu grænmetisnefndarinnar og tillögur hennar. Þetta frv. er spor í rétta átt en við þurfum að sjá heildarmyndina, þ.e. hvernig við getum uppfyllt manneldisstefnu okkar en jafnframt styrkt íslenska bændur til að framleiða áfram grænmeti og blóm án þess að veikja stöðu þeirra. Við þurfum að sjá þetta í heild. Íslenskir bændur verða að sitja við sama borð og aðrir.

Varðandi verðmyndunina má nefna verð á grænmeti og ávöxtum úti á landsbyggðinni. Til viðbótar álagningu heildsala og smásala leggst þar á mikill flutningskostnaður. Það finnum við þegar við kaupum sambærilega vöru úti í hinum dreifðu byggðum. Þar er enn hærra verðlag en hér á höfuðborgarsvæðinu. Við skulum skoða það samhliða líka.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að tefja þetta mál frekar. Þetta er lítið spor í rétta átt og ég vona að það fái góðar undirtektir á þessu þingi.

[15:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hátt verð á grænmeti á landsbyggðinni er enn frekari hvati til að draga úr innflutningstollum til þess að örva samkeppni og lækka verð til neytenda. Ef við ætlum að reyna að lækka verð til neytenda á landsbyggðinni þá held ég að við gerðum það best með þessum aðferðum. Það er ákaflega erfitt, miðað við það hvernig markaðurinn er samansettur, að sjá fyrir sér að hægt sé að lækka verðið svo einhverju nemi ef áfram á að halda uppi óbreyttri stöðu innlendu framleiðendanna, eins og mér fannst hv. þm. ganga út frá.

Það er einfaldlega svo að 90% heildsölumarkaðarins eru í höndum tveggja og eftir atvikum þriggja aðila. Það þýðir einfaldlega að ekki er hægt að komast hjá einokunartilburðum nema til komi ný samkeppni. Hvaðan kemur hún? Hún getur bara komið frá útlöndum. Til þess að svo verði þarf að vera mögulegt að flytja inn grænmeti. Hvernig gerum við það? Með því að afnema þessa tolla eða lækka þá. Ég vil helst afnema þá.

Ef hv. þm., sem hefur getið sér gott orð á hinu háa Alþingi fyrir framgöngu sína á sviði forvarna og jákvæðrar manneldisstefnu, ætlar að vera sjálfri sér samkvæm og ýta undir neyslu á þeirri hollustufæðu sem framleidd er, hvernig ætlar hún að gera það öðruvísi en að reyna að lækka verðið? Hvernig ætlar hún að lækka verðið ef ekki með því að afnema þessa tolla og örva samkeppnina?

[15:44]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski að taka úr einum vasa og setja í annan en ég held að við stöndum frammi fyrir því að velja, þegar við erum að tala um íslenska framleiðslu, á milli þess að hafa áfram verndartolla eða, ætlum við að afnema þá, að bændur fái framlög í staðinn. Það má kalla það bein framlög. Með hvaða hætti sá styrkur yrði er ég ekki tilbúinn að segja til um núna. Við getum bara kallað það beina framleiðslustyrki.

Bændur verða að geta staðið jafnfætis þeim sem flytja inn afurðir sínar. Grænmetið er að mestu flutt inn frá Evrópu og eins og hér hefur komið fram fer verðið á því niður úr öllu þegar framleiðslan er hvað mest í nágrannalöndum okkar. Það er dýrara fyrir erlenda framleiðendur að farga vörunni en selja hana á mjög lágu verði. Íslenskir framleiðendur

geta aldrei mætt þeirri samkeppni vegna þess að hér eru framleiðsluskilyrði erfiðari.

Hvað fákeppnina varðar þá tek ég undir að það sem átti að verða allra meina bót, hagræðing og vörn hins íslenska neytanda, þ.e. stórmarkaðir sem nú eru orðnir risafyrirtæki og fákeppni sem enginn ræður orðið við, heldur ekki niðri verði í landinu heldur sýnir sig að þau fyrirtæki geta haldið verðlagi háu.

[15:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki bæði hægt að auka neyslu á hollustunni sem felst í grænmetisvarningnum og lækka verð með þeim aðferðum sem hv. þm. er að tala um. Hv. þm. er í reynd að tala um að afnema tollana — Er það ekki? — en greiða þá framleiðendum það sem þeir missa við það. Er það leiðin sem hv. þm. er að tala um?

Ég hef sagt það hérna áður að ég tel að það sé ákaflega neikvæð aðferð að fara þá leið að taka upp beinan framleiðslustuðning. Það er það sem mér fannst hv. þm. vera að reifa hérna og ég er ekki sammála þeirri aðferð. Mér finnst það líka nokkuð umhendis því að neytendur hafa þurft að borga tveimur milljörðum meira en þeim ber miðað við önnur matvæli sem hafa frá 1995 til ársins 2000 hækkað um 17% meðan grænmeti hækkar um 34%. Það hefur leitt til þess að við höfum þurft að greiða miklu meira og skuldir okkar hafa líka aukist. Og eigum við líka núna, ef það á að afnema tollana, að taka það á okkur með því að borga hærri skatta? Mér finnst það ekki vera sanngjarnt gagnvart neytendum. Ef þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru á því að taka eigi upp beinan framleiðslustuðning þá langar mig til þess að spyrja þá hvort þeir hafi kannað hvort það sé gerlegt samkvæmt þeim alþjóðlegu samningum sem við erum aðilar að.

[15:47]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki tekið það upp í sína málefnaskrá að það eigi að greiða íslenskum garðyrkjubændum beina framleiðslustyrki og það er einfaldlega vegna þess að í dag búa þeir við verndartolla sem hafa varið þá gegn óhóflegum innflutningi á vöru sem væri þá undir markaðsverði.

Hitt er aftur annað mál að ef þessir verndartollar verða teknir af þá verður einhvern veginn að styðja bændur svo þeir geti verið samkeppnishæfir. Erlendir bændur eru studdir á ýmsan hátt og við verðum að gera það sama hér. Beinir framleiðslustyrkir eða ekki, það verður bara að skoða. En þeir verða að fá einhvern annan stuðning ef verndartollana á að afnema.

Það óhóflega verð sem við íslenskir neytendur höfum greitt fyrir grænmeti og ávexti hefur ekki runnið í vasa bænda, íslenskra framleiðenda. Það hefur runnið til annarra, heildsalanna og smásalanna en ekki til bændastéttarinnar. Á því þarf að taka með öðrum hætti.

[15:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hversu málefnalega þessi umræða fer af stað og hversu vel menn í rauninni taka þessu frv. og því markmiði sem því fylgir. Maður finnur samt sem áður að menn gera á annan veginn lítið úr því og þá hugsar maður til þess að þeir eru fáir vinir ríkissjóðs. Auðvitað er það svo að annan daginn skammast stjórnarandstaðan yfir því að allt sé að fara yfir um á klárnum, verðbólgan að vaxa og hæstv. fjmrh. standi sig ekki nógu vel. En þarna eru þó 100 millj. sem ríkið er að gefa eftir í tollum, spái ég, 70–100 millj. á einum 30 tegundum þannig að hér er verið að tala um heilmikla upphæð, við skulum segja 70–100 millj.

Hins vegar hafa aðrir viljað ganga lengra. Hér hafa komið fram ýmsar spurningar og menn velta framtíð garðyrkjunnar fyrir sér í þessari umræðu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fyrstur með sína ræðu og spurði hvað væri verið að lækka. Eins og ég sagði einhvers staðar þá er þetta flóknara mál en menn ætluðu. Það þurfti lagabreytingar til til þess að ná þessu fram. Þetta er skorðað í lögum og framkvæmdin öll. Og ég vil segja hér þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræðst hart að landbrn. og landbrh. og telur að menn hafi haft þetta í hendi sér, þá hygg ég að það hafi verið svo í minni tíð og ég hygg að það hafi verið svo í tíð fyrirrennara míns að ekkert í þessu hefur verið gert út í loftið og að öllum ákvörðunum hefur komið lögbundin ráðgjafarnefnd sem hefur verið til leiðbeiningar um hvað skuli gera. Hún er skipuð fulltrúa úr landbrn., fulltrúa úr fjmrn. og fulltrúa úr viðskrn. þannig að þessir aðilar hafa komið að þessu máli öll þau ár, verið landbrh. til ráðgjafar og eftir þeim ákvörðunum hefur verið farið. Hv. þm. hélt því fram í einhverri umræðu að þessi nefnd hefði verið slegin af en hún er lögum samkvæmt starfandi, er mjög mikilvæg og hefur unnið sitt starf vel.

Hv. þm. spurði mig að því hvað liði þeirri fyrirspurn sem ég hef lagt fyrir Samkeppnisstofnun og ég verð auðvitað að segja að ég harma það að í hita leiksins líklega þarna þegar þetta skellur á, í byrjun apríl, þá skrifaði ég bréf sem frægt var, til þess að biðja um að tekið yrði út hvað væri hvers, hvað bóndinn væri að fá af paprikunni í sinn hlut, hvað heildsalinn væri að fá, hvað smásalinn væri að fá, hvað ríkið væri að taka og að greina þetta auðvitað allt saman. Ég hef ekki enn fengið svar frá Samkeppnisstofnun við þessu litla bréfi. Ég auðvitað vonast eftir því á degi hverjum og tel mjög mikilvægt að fá það.

Ég hafna því að landbrn., eins og hv. þm. fullyrðir, hafi staðið fyrir hálfgerðu samsæri og í skjóli þess hafi aðilar getað hagað sér eins og þeir gerðu. (**ÖS:** Samkeppnisráð segir það.) Já. Samkeppnisráð ýjar að því og segir það. En það þarf ekki allt að vera rétt sem þeir segja. Það kann líka að vera að einhverjir hafi sofnað á verðinum. Hverjir fara með verðlagseftirlit í landinu? Hverjir fara með það? Sofnuðu þeir á verðinum? Hvar voru Neytendasamtökin þennan tíma? Af hverju þarf Morgunblaðið að taka að sér verðlagseftirlit á Íslandi? Það kemst að raun um það, eins og ég rakti hér áðan, að það hefur ekki bara verið ofurálagning á grænmeti til neytandans heldur á alls konar ávöxtum upp í 300–400% stundum, jarðarberjum og fleiri tegundum. Af hverju hefur þetta verið? Ég spyr. Það eru einhverjir lögbundnir aðilar sem eiga að fylgjast með því að menn geri rétta hluti. Ég hafna því að það hafi verið í skjóli þessara tolla sem hafa verið nokkuð skýrir og síðan meira að segja markaðir þannig að þeir *falla af á þessum vörum sem við framleiðum, stóran* hluta af árinu, frá 1. nóvember til 15. mars eins og frægt er. Auðvitað er það svo að í EES-samningunum var sú ákvörðun tekin að gefa hér eftir tolla á grænmeti, taka landbúnaðarvörur inn í það í staðinn fyrir fisk. Það gerðist í tíð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að þetta varð niðurstaðan.

Ég tel að farið hafi verið eftir heimildum laganna og það sé mjög mikilvægt að við séum að ganga þá leið að

breyta lögum í dag eða ræða það hér og gerum það á næstu dögum. Eftir þessa lagabreytingu verður unnt að gera ýmsar breytingar sem felast í þessu frv. sem gerir þetta bæði sveigjanlegra og fellir niður tolla af einum 30 tegundum. Þær eru auðvitað margar, laukar og káltegundir, jöklasalat, kúrbítur, jarðartískotta og fleira og fleira er í þeim pakka. Svo verður sveigjanlegra kerfi á öðrum sviðum þannig að hér eru menn að reyna að búa sér til nýtt og öðruvísi stjórnkerfi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að hér væri að fæðast lítil mús. En þó er þetta skref í rétta átt viðurkenna allir og ég giska á að þetta geti verið 70–100 millj. Á það er giskað. En málið er bara flóknara. Mér þykir vænt um þau störf sem hér eru unnin í landinu á þessu sviði og íslenska garðyrkju og veit að neytandanum þykir það líka þannig að við verðum að fara varlega. Þetta er ekkert einfalt mál. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir. Alþjóðasamningar eru dálítið flóknir og okkur leyfist ekki hvað sem er í stuðningi því að við höfum undirskrifað GATT og við erum á ferð í WTO-samningum og beinn stuðningur getur verið flókinn. Við vitum að evrópskur landbúnaður er mjög styrktur, enda fara yfir 50% af fjárlögum Evrópusambandsins í að styrkja og niðurgreiða landbúnaðarafurðir. En við erum þarna komin inn í ferli sem varð til í kringum þessa samninga og getum ekki vikist undan því. Við höfum ekki verið kærðir og erum taldir framfylgja þeim eins og við gerðum þá þannig að þar erum við í góðum málum. En við verðum að vanda okkur í framhaldinu og gera ekki neitt rangt.

Ég skipaði þessa ágætu grænmetisnefnd. Ég gerði það ekkert út í loftið. Þar komu menn að frá Bændasamtökunum og garðyrkjubændum, atvinnulífinu. Ég taldi mjög mikilvægt að frá fjöldahreyfingum verkalýðsins eins og BSRB og ASÍ kæmu fulltrúar. Þeir komu þar að af heilum hug og það sögðu foringjar þeirra hreyfinga að þeir litu á það sem mikilvægt verkefni að lækka verð á grænmeti en um leið að reyna að styrkja og efla íslenska garðyrkju. Þeir skiluðu mér áfangatillögum og ég vil lýsa því hér yfir að ég hef rætt það í ríkisstjórn og við þá aðila sem ég skipaði þessa nefnd, að þeir starfi áfram.

Ef ég fer yfir áfangatillögurnar þá voru þær í nokkrum köflum.

1. Tollar á afurðir innan VII. kafla tollskrár sem ekki eru framleiddir hér á landi verði felldir niður, jafnframt að heimilt verði að leyfa fjórðungslækkanir á verðtolli og magntolli, hvorum fyrir sig. Ráðgjafarnefnd sem starfar samkvæmt 75. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum verði falið að fjalla um og meta þá breytingu er af kann að hljótast samanber ákvæði áðurnefndrar lagagreinar. Í því sambandi verði nefndinni falið að gera drög að lagafrv. í samræmmi við tillögugerðina.

2. Starfshópurinn vinni greiningu á verðmyndun afurða garð- og gróðurhúsa á framleiðslustigi, heildsölustigi og á smásölustigi. Þá verði gerður eftir því sem unnt er samanburður á þessum kostnaði milli Íslands og tveggja Norðurlanda, þ.e. Danmerkur og Noregs.

3. Starfshópurinn kanni möguleika á og taki afstöðu til þess að taka upp greiðslur til framleiðenda út á og/eða veita fjármuni til:

a. rekstrarföng,
b. framleiðslueiningar,
c. afurðaeiningar,
d. framlaga til rannsókna og þróunar,
e. greiðslu á byggðastyrkjum, þ.e. að yfir það verði farið.

4. Starfshópurinn kanni möguleika á að draga úr skattlagningu á framleiðslu og/eða afurðir til að ná fram lækkun á verði til neytenda.

5. Starfshópurinn leggi mat á hver sé þörf á tollum á innfluttar afurðir garð- og gróðurhúsa að teknu tilliti til áðurnefndra atriða þannig að tryggja megi framleiðslumöguleika gróðurhúsaafurða og garðávaxta samanber erindisbréf. Jafnframt verði metin samkeppnisstaða garðyrkju í samanburði við aðra matvælaframleiðslu.

6. Starfshópurinn kanni möguleika á að efla samkeppni á mörkuðum með verðkönnunum og virkari upplýsingagjöf en verið hefur.

Þetta er svona það sem er gert og ég tel mjög mikilvægt að starfshópurinn fylgi því eftir sem ógert er í málinu. Ég fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur lýsti því yfir úr þessum stól að hann er tiltölulega rólegur yfir þeirri aðgerð sem nú er verið að gera því að hann sé þegar farinn að sjá lækkun á grænmeti og meiri samkeppni og þess vegna sé hann tilbúinn að bíða einhvern tíma þar til þessar tillögur sem eru flókið mál líti dagsins ljós.

Hér hafa hv. þm. verið að fara yfir ýmsar leiðir í þessu efni. Ég vil segja að lýsing er engin allsherjarlausn því að sem betur fer vex hér grænmeti undir sól og regni og jarðhitinn er sterkt afl í kringum það. Raforkan skiptir þó máli og við þurfum að huga að því. En við þurfum líka, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, að hugsa um aðföngin til þessa atvinnuvegar og hvort hægt sé að lækka aðföng og rekstrarkostnað þannig að verðið lækki. Auðvitað geta menn svo metið ýmsa aðra þætti hvað þessa hollustuvöru varðar. Þetta er verk sem ég vona og veit að heldur áfram og í fyllingu tímans og sem fyrst muni þessi nefnd ljúka störfum og skila tillögum sínum inn á mitt borð. Ég vildi að það kæmi fram við þessa umræðu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að við værum oft kaþólskari en páfinn. Það er rétt. Við höfum oft tekið skyndiákvarðanir. Ég hygg að hv. þm. hafi verið að minnast þess þegar hann gerði sauðfjársamning 1990. Íslendingar, einir allra þjóða í GATT-samningunum, tóku ákvörðun um að allar útflutningsuppbætur á Íslandi yrðu felldar niður meðan Evrópa heldur enn í samkeppninni uppi ríkulegum útflutningsbótum fyrir sína bændur. Þetta var kannski ákvörðun sem var kaþólskari en hjá páfanum, þ.e. að taka þetta í skyndingu 1990 af íslenskum bændum bara með einu pennastriki. Um mjög mikla fjármuni var að ræða og þetta skapaði mikla kreppu í þeirri atvinnugrein sem sauðfjárræktin er. En sem betur fer er hún nú að þróast á ný á réttan hátt og reisa sig til mikillar sóknar samanber ágæta veislu sem ég sat hjá meistarakokkum á Flúðum núna eitt kvöldið þar sem menn borðuðu lystilega gott lambakjöt og áttu glaða stund með fólki þar sem þeir voru að kynna þessar afurðir og hvað hægt væri að gera úr þeim.

Ég hafði gaman af því hversu vel grænmetisbændum var tekið í Reykjavík á degi verkalýðsins. Þeir voru staddir í borginni með afurðir sínar, hittu fólkið, gáfu því afurðir, færðu þeim þennan fallega bækling þar sem þeir minntu á störf sín og sendu launafólki og neytendum hátíðarkveðjur á baráttudegi verkalýðsins og fóru síðan yfir sína stöðu. Þeir telja að 500 manns starfi við framleiðsluna og um 1.000 störf í tengdri þjónustu eða að samtals um 1.500 störf séu í kringum þennan glæsilega atvinnuveg. Sumir hafa reyndar haldið því fram að í fyllingu tímans, ef við stöndum rétt að

þessum atvinnuvegi, geti hann orðið magnaður útflutningsatvinnuvegur.

Svo er að mörgu að hyggja. Hér t.d. á þessari fallegu síðu er góður pistill eftir Svein Aðalsteinsson skólameistara Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Hann vekur máls á ýmsu hvað íslenska grænmetið varðar og mismun á því og innfluttu grænmeti. Hann veltir fyrir sér hvort við þurfum að taka upp siðferðisvottun. Erlendis tíðkast margs konar ómanneskjuleg meðferð á verkafólki sem vinnur í stórum verksmiðjum við grænmetisframleiðslu, bæði barnaþrælkun og svört atvinnustarfsemi fólks úr þriðja heiminum. Í Suður-Evrópu er verið að greiða fólki um 8.000 kr. í laun fyrir 60 stunda vinnuviku og aðbúnaður þessa sama verkafólks er langt fyrir neðan það sem má teljast mönnum bjóðandi. Í Afríku og Asíu stunda stórfyrirtæki grænmetisframleiðslu þar sem börn og þrælar vinna að uppskerunni. Þá færist í vöxt í Evrópu að flytja inn gengi verkafólks úr austantjaldslöndum sem kemur til landanna undir yfirskyni ferðamennsku og vinnur í um hálfan mánuð á hverjum stað fyrir lúsarlaun. Í þessari sömu framleiðslu er plöntulyfjanotkun oft mjög mikil en við framleiðslu hér á landi er hún nær óþekkt í dag.

Sveinn sagði enn fremur að siðferðisvottun af þessu tagi þekktist annars staðar á Norðurlöndunum og vafamál er að sumt af því ódýra grænmeti sem flutt er inn hér á landi stæðist slíka vottun þannig að auðvitað er um margt að hugsa. Ég kom til Kína og frétti hvaða laun þeir borga, 12 þús. kr. á ári til verkamannsins og eru að setja upp þessa gríðarlega stóru verksmiðju. Sé ég nú að það glaðnar yfir hv. þm. Pétri H. Blöndal því að hann sér í hillingum að þetta sé leiðin eða hann svarar því auðvitað á eftir. Ekki ætla ég að væna hann um það í sjálfu sér. En ég veit þó eitt að hann hefur það fram yfir margra aðra hér að hann er vinur ríkissjóðs og hefur sýnt það hér oftar en ekki í þessum umræðum.

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri ágætu umræðu sem hér fer fram um þetta mál og tel þetta auðvitað það sem við gátum, ég vil segja í skyndingu, gert því að þetta er lækkun til neytenda á mikilvægum vörum sem getur numið á ársgrundvelli 70–100 millj. Leiða verður leitað til þess að horfa með háu ljósunum fram í tímann til þess að finna leiðir til að lækka verð á grænmeti um leið og við reynum að styrkja okkar frábæru grænmetisframleiðslu til þess að standast samkeppni og sjá ekki síst þær vörur lækka í verði.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. talaði eins og það væri einhver hugarburður eða tilbúningur hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar að landbrn. ætti nokkra sök á því hvernig málum var komið á heildsölumarkaði fyrir grænmeti þegar samkeppnisráð gaf út sína skýrslu. Það er auðvitað alrangt, herra forseti. Það eina sem ég hef t.d. sagt er ekkert annað en það sem hægt er að lesa beint úr skýrslu samkeppnisráðs. Ráðið segir t.d. nánast hreint út að framkvæmd ráðuneytisins á tollaákvæðum hafi auðveldað þeim fyrirtækjum sem gerðust sek um hið ólöglega samráð að halda því uppi til þess að ná sér í aukinn hagnað. Þetta kemur skýrt fram í skýrslu samkeppnisráðs.

Samkeppnisráð segir líka hreint út að það telji að markmið GATT/Úrúgvæ samningsins um að draga úr viðskiptahömlum til að örva milliríkjaviðskipti og auka valfrelsi neytenda hafi ekki verið haft að leiðarljósi við framkvæmd landbrn. á ákvæðum um álagningu tolla á innflutt grænmeti. Samkeppnisráð segir líka í skýrslu sinni að einstakir heildsalar á markaði hafi freistað þess að nota persónuleg ítök sín í gegnum landbrn. til þess að hagræða málum sér í vil og ekki er hægt að skilja skýrsluna öðruvísi en svo að í sumum tilvikum hafi það tekist, herra forseti.

Að öðru leyti vil ég segja að það er gott hjá hæstv. landbrh. að koma og beita sér fyrir breytingum. En eru upptök breytinganna hjá honum? Nei.

Í skýrslu samkeppnisráðs kemur líka fram að í september í fyrra hafi hann verið spurður í bréfi hvort hann hygðist beita sér fyrir breytingum, hvort einhverjar breytingar væru fyrirhugaðar. Svarið er nei. Það er þrýstingur Alþingis og þrýstingur Neytendasamtakanna, þrýstingur fjölmiðlanna sem gerir það að verkum að hann er nauðbeygður til að fara í þessar breytingar. Ástæðan fyrir því að við erum með þetta frv. núna er ekki sú að hann vildi taka þessar breytingar fyrir núna, heldur sú að grænmetisnefndin ákvað að skila áfangatillögum til þess að þingið gæti tekið þetta fyrir. Hann átti ekki frumkvæði að því.

[16:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt lykilatriði er að segja satt og fara ekki með rangt mál. Ég svaraði fyrr úr þessum ræðustól um það sem segir í skýrslu samkeppnisráðs, að landbrn. hafi verið spurt hvort til stæði að lækka verð á grænmeti og að svarið hafi verið nei. Sá sem hér er var ekki spurður. En það hefur verið rætt á milli stjórnarflokkanna og við höfðum þegar sett í gang nefndir sem voru farnar að starfa því við ætluðum sannarlega að vera komnir fyrr á leiðarenda í þessu máli þannig að hvað sem hv. þm. hamrar á þessu hjá samkeppnisráði, þá var málið með þessum hætti. Það var vilji til þess og það var verið að skoða það mál í vetur, hvaða leiðir væru til bæði af lögbundinni nefnd og samráði í ríkisstjórn. En við vorum ekki komnir lengra en þetta þegar þessir hlutir gerðust. Minn ráðuneytismaður hefur því kannski ekki vitað betur. Ég veit ekki hver var spurður en hann hefur kannski ekki vitað það þegar hann svaraði þessari spurningu samkeppnisráðs.

Ýmsir hlutir eru fluttir inn með alls konar skilyrðum, bjór og brennivín o.fl. og ég veit ekki hvað gerist í skjóli þess. Það eru margir vöruflokkar fluttir inn með alls konar skilyrðum þannig að það gerist alltaf eitthvað í skjóli þess. En ég vil spyrja hv. þm. hvort honum finnist kannski ekki að einhvers staðar hafi brugðist frekar eitthvert verðlagseftirlit. Mér finnst að Samkeppnisstofnun hafi síðar komist að þeirri niðurstöðu þegar stóra skýrslan kom út að þar væri kannski þyngri sök, þar lægi kannski meiri sannleikur um hvers vegna verð hefði þróast þannig frá 1995–2001 að smásalan hefði hækkað sig skart.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra spyr mig hvar ábyrgðin á verðmynduninni liggi, hvar ábyrgðin liggi á því að verðlag á grænmeti er svo hátt sem raun ber vitni, hvar ábyrgðin liggi á því að það er með rangingum búið að hafa af íslenskum neytendum sem svarar tveimur milljörðum og skuldir þeirra hækka um 1 milljarð að auki vegna þessarar háttsemi.

Ábyrgðin liggur á þremur stöðum. Hún liggur hjá smásölunum sem í krafti samþjöppunar, sem nánast er orðin að einokun, hafa hrammsað til sín mun meira en þeim er siðferðilega útdeilt.

Í öðru lagi liggur ábyrgðin hjá heildsölunum sem hafa haft með sér ólöglegt samráð sem er ekkert annað að dómi samkeppnisráðs en samsæri gegn hagsmunum neytenda.

Í þriðja lagi liggur ábyrgðin hjá landbrn.

Það er alveg ljóst að í skjóli þeirrar túlkunar sem landbrn. hefur haft á tollákvæðum þá tókst heildsölunum að stunda þessa háttsemi sína. Er það ég sem held þessu fram? Já. En í hvaða krafti? Í krafti þess sem segir í skýrslu samkeppnisráðs. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir í reynd að ég fari með rangt mál þegar ég vísa í tiltekið bréf, svar frá hæstv. ráðherra í september. Má ég, herra forseti, lesa upp úr fréttatilkynningu sem er dagsett 3. apríl 2001 og ber yfirskriftina Álit samkeppnisráðs um samkeppnishamlandi ákvæði í lögum og reglum um innflutning á grænmeti. Þar segir, með leyfi forseta:

„.... í svari landbúnaðarráðuneytisins við fyrirspurn frá Samkeppnisstofnun frá því í september sl. kom fram að ekki sé vitað til þess að fyrirhugaðar væru breytingar á núverandi tollafyrirkomulagi."

Hver er spurður? Landbrn. Hver svarar? Landbrn. Hver er í forsvari fyrir landbrn. og ber ábyrgð á öllu sem þaðan gengur út? Því getur hæstv. landbrh. svarað.

[16:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nenni nú ekki að standa hér í einhverjum tittlingaskít og slíkum umræðum við hv. þm. því að ég er búinn að svara þessu. Auðvitað svaraði einhver starfsmaður minn og ég er ekkert að skorast undan þeirri ábyrgð. Ég er þó að segja frá því og hef sagt frá því hér fyrr að það var vinna í gangi í ríkisstjórn til að leita leiða til þess að lækka verð á grænmeti og þeirri vinnu var ekki lokið.

Hvað síðan varðar ýmis önnur atriði t.d. verðhækkanir, þá hefur það komið fram að samþjöppunin í smásölunni og stóru keðjurnar minna mig meira og meira á bröndótta köttinn heima á Brúnastöðum þegar ég var strákur, hvernig kettir taka mýsnar í hramminn, því að lýsingar Morgunblaðsins og úttektir Agnesar Bragadóttur voru, ég vil segja, alvarleg áminning til löggjafans um í hvaða stöðu við værum komnir og hvernig litlir framleiðendur þyrðu ekki einu sinni að tjá sig af því að þeim var hent út af markaðnum ef þeir sögðu frá sinni stöðu. Það var alvarleg áminning. Ég man að kötturinn lék sér að músinni í sólskininu, sleppti henni stundum en beit svo af henni hausinn fyrir rest. Ég sé að stórar keðjur vilja fá svo og svo mikinn afslátt hjá heildsölunni á hverjum tíma kannski 20–40%. Þeir segja frá því í fjölmiðlum að þeim finnist það sjálfsagt stærðar sinnar vegna. En skila þeir því síðan til neytenda? Það er því miður að koma í ljós að það gera þeir ekki.

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég valdi að fara í andsvar við hæstv. landbrh. í staðinn fyrir að bera af mér sakir því að eftir því sem ég skildi hæstv. ráðherra var hann að tala um 12 þús. kr. árslaun í Kína og sagði að það væri staða sem ég yrði ekki óhress með.

Mannkynið býr við afskaplega mismunandi lífskjör. Ég er engan veginn ánægður með að fólk sé með 12 þús. kr. árslaun í Kína. Hins vegar getur verið betra fyrir fólk í Kína að hafa 12 þús. kr. árslaun en hafa engin laun og vera atvinnulaust eins og það var hér áður.

Ég vil benda hæstv. landbrh. á að fötin sem hann gengur í eru mjög sennilega ofin og saumuð í Kína eða öðru láglaunasvæði í heiminum. Öll föt okkar og mikið af þeim neysluvörum sem við notum eru einmitt búin til og framleidd af fólki með fáránlega lág laun. Þannig nýtum við þessi lágu laun og það er hluti af velsæld okkar á Íslandi að nýta lágu launin þannig.

Hins vegar er það, eins og ég gat um, alls ekki til hagsbóta fyrir þetta fólk í þessum vanþróuðu löndum að hafa enga vinnu. Ég hygg því að þessi vinna sé til bóta og þegar fram líða stundir muni eftirspurnin eftir vinnuafli á þessum stöðum, nákvæmlega eins og gerðist í Japan, leiða til þess að þessi laun muni hækka. En þá þurfum við líka og þar með talinn hæstv. landbrh. að borga fötin okkar fullu verði. (**Gripið fram í:** ... vefa þau sjálfur.)

[16:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér kom það á óvart að mín föt eru líklega framleidd í Skotlandi. Hv. þm. Pétur Blöndal þurfti ekkert að bera af sér sakir. Hann viðraði hér sínar lífsskoðanir sem á margan hátt eru heilbrigðar og góðar. Ég held að það sé rétt sem hann segir og mér hefur fundist alla tíð að frumþarfir mannsins eru auðvitað að borða. Það er ein af frumþörfunum. Það þurfa allir menn og það snýst auðvitað um verðlag og hvernig það þróast. Hins vegar finn ég að hann styður mig heils hugar í því að vera gegn þeirri nauðhyggju sem núna fer víða að misnota verkafólk og jafnvel barnaþrælkun hvort sem það er við fatasaum eða matvælaframleiðslu þannig að það er mikilvægt að ná utan um það atriði.

[16:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar barist fyrir auknu frelsi í atvinnulífinu, lækkun skatta og álögum á fyrirtæki og hún vill bæta stöðu neytenda með sölu ríkisfyrirtækja og aukinni samkeppni og hækka launin og þau hafa hækkað sem aldrei fyrr. Allt er þetta gert til þess að bæta kjör Íslendinga og íslensks alþýðufólks. Og ég er, herra forseti, mjög hlynntur þessu. Ég vil að Íslendingar hafi mjög góð laun. En það þarf líka að skoða útgjaldaliðina, herra forseti. Þegar kemur að landbúnaðarvörum greiðum við Íslendingar hæsta verð í öllum heiminum, liggur við, og það bítur í lífskjörin, herra forseti. Hæstv. landbrh. skyldi skoða hvernig stendur á því að landbúnaðarvörur eru svona óskaplega dýrar ef hann hefur svo mikinn áhuga á lífskjörum íslensku þjóðarinnar.

[16:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég veit rétt, hygg ég að í neyslu fjölskyldunnar vegi landbúnaðarvara ekki nema u.þ.b. 8% núorðið og hefur það farið lækkandi miðað við annan kostnað. En hv. þm. má þó aldrei gleyma því að þegar við skoðum verð á landbúnaðarvörum hér og í mörgum nálægum löndum, á Norðurlöndum t.d., þá erum við ekkert langt frá því verðlagi. Hinu skulum við halda fram hér að auðvitað erum við að framleiða miklar úrvalsafurðir, einhverja mestu gæðavöru heimsins og þess vegna eru þær kannski á hærra verði.

Svo er það þetta hjá þessari litlu þjóð sem er fámenn að hér virðast allir hlutir vera dýrari en annars staðar þegar farið er að reikna það út. En í raun hefur þessi þjóð það mjög gott. Auðvitað þurfum við að leita allra leiða til þess að lækka verð á matvælum. Þar skattar ríkið líka matvælin og hækkar verð. Við verðum líka að viðurkenna að þegar farið er út að borða á Íslandi þá stingur kannski annað meira í stúf, hv.

þm., og það er hve rauðvínið sem við drekkum með steikinni er dýrt á Íslandi en ódýrara annars staðar. Og hvaða hönd heldur þar um? Hvaða hönd stjórnar verðlaginu þar? Það er hv. þm. og flokkurinn hans og minn.

[16:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg óhætt að segja að skýrsla Samkeppnisstofnunar sem afhjúpaði kannski mesta samsæri gegn neytendum sem við höfum séð í langan tíma hafi opnað ormagryfju sem þarf að hreinsa til í og það er hlutverk okkar á þingi að standa þannig að málum að hægt sé að taka þannig á því að við búum við eðlilega verðlagningu á þessari mikilvægu neysluvöru, grænmeti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þó hér sé vissulega verið að stíga skref í þá átt þá er auðvitað fjarri lagi að kröfu neytenda sé svarað með þessu frv.

Ég vil vekja athygli á því að það var sennilega á haustdögum í fyrra að fram kom skýrsla á hv. Alþingi sem þingmenn Samfylkingarinnar höfðu kallað eftir með beiðni til hæstv. landbrh. um að hann gæfi Alþingi skýrslu um þróun á verði grænmetis, en tilefni þeirrar skýrslubeiðni var einmitt að leiða í ljós hvaða leiðir væru færar til að lækka verð á grænmeti og auka samkeppni í greininni til að tryggja betur hag neytenda. Því var m.a. lýst í þessari skýrslubeiðni sem við fengum fyrir góðu ári síðan að mikil fákeppni og einokun ásamt gífurlega háum innflutnings- og magntollum hafi haldið uppi háu verði á grænmeti. Í skýrslunni kom og fram að ríkissjóður hefði á árunum 1995–1999 haft um 547 millj. í tekjur vegna verndartolla á grænmeti. Skýrsla þessi, sem því miður var ekki rædd á þinginu en hefði auðvitað verið full ástæða til að gera, lýsti bágri stöðu garðyrkjubænda, miklum kostnaði milliliða í grænmetisverðinu, háu raforkuverði til ylræktar, lítilli grænmetisneyslu Íslendinga og gífurlega háu grænmetisverði vegna verndartolla. Það kom einmitt fram í þeirri skýrslu að frá ágúst til nóvemberloka 1999, á aðeins þremur mánuðum, hafði grænmeti hækkað um 17–30% umfram aðrar neysluvörur. Í skýrslunni var spurt mjög afdráttarlaust þeirrar spurningar hvort ekki mætti ætla að mikil fákeppni, einokun og markaðsráðandi staða á grænmetismarkaðnum ríkti. En því var til að svara að það væri í athugun hjá Samkeppnisstofnun og væri að vænta niðurstöðu þaðan mjög fljótlega og ástæða þess skýrslan var ekki rædd var kannski að eftir þeirri skýrslu var beðið, en hún kom aldrei fram á því þingi eins og allir þekkja og kom ekki fram fyrr en núna fyrir nokkru síðan.

Ég held að það sé afar mikilvægt þegar við ræðum þetta mál að fara inn í aðra þætti sem er mikilvægt að taka á. Þó að þetta frv. gangi aðeins skamma leið þá þarf raunverulega að taka á fjórum veigamiklum þáttum í þessu máli. Það er fyrst og fremst það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur kannski rætt hvað mest, þ.e. að taka á því sem fram kemur í þessari skýrslu um að 90% af heildsölu á grænmeti hafi í för með sér ólöglegt samráð og samkeppnishömlur og samsæri gegn neytendum. Eins og hér hefur komið fram eru litlir framleiðendur raunverulega undir hælnum á þessum fáu, stóru fákeppnisaðilum sem einoka þennan markað þannig að þar þarf fyrst og fremst að taka á fyrir utan það að afnema þessa tolla og höft, verndartolla sem við erum hér að tala um og magntollana og lækka skatta og síðan að tryggja stöðu og samkeppnishæfni garðyrkjubænda. Ég held að við þurfum að gera það. En mér hugnast að vísu ekki sú styrkjaleið sem hér er verið að nefna og tel að ýmislegt annað gæti komið þar til.

Af því að við erum að tala hér um tollana þá hafa verið hér á flökti ýmsar tölur um hvað þetta í raunverulega þýðir til neytenda, hvað ríkissjóður er að skila miklu til baka af þessum tollum að því er varðar grænmetið. Hæstv. landbrh. hefur hér nefnt tölur allt upp í 100 millj. En laugardaginn 5. maí tjáir hann sig í fjölmiðli um þetta mál. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan. Þá talaði hæstv. landbrh. um að verið væri að lækka tolla eða fella alveg niður tolla á 30–40 tegundum grænmetis þegar frv. yrði orðið að lögum og hæstv. ráðherra segir að tollalækkunin mundi leiða til þess að tekjur ríkissjóðs af tollum á grænmeti lækkuðu um 60–70 millj. Mér finnst verulegu máli skipta fyrir neytendur hvort við erum að tala um 60–70 millj. eða 100 millj. Nóg hefur verið haft af þeim. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur nefnt hér töluna 2 milljarða sem hefur verið okrað á þeim sem neyta grænmetis.

Það er hárrétt sem hér kemur fram að mjög mikilvægt er að hæstv. landbrh. beiti til hins ýtrasta þeirri heimild sem hann mun fá frá þinginu. En hvað erum við að tala um mikið, herra forseti? Hvor talan er réttari, talan sem hæstv. ráðherra nefndi fyrir síðustu helgi, þ.e. 60–70 millj., eða þær 100 millj. sem hann nefnir í ræðustól nú? Á því er verulegur munur. Það hefur verið nefnt að heildartollatekjur ríkisins séu um 150 millj. á ársgrundvelli. Nú væri gott að enn auðveldara væri að átta sig á hvað sé verið að afnema eða fella mikið niður af þessum tollum. Ég vitnaði í upphafi máls míns í skýrslu sem kom fram á síðasta þingi. Þar koma fram tölur um heildarinnflutning á fersku grænmeti í tonnum talið. Talað er um fjögur ár, þ.e. 1995, 1996, 1997 og 1998. Að meðaltali eru það um 5.000 tonn á ári sem heildarinnflutningur á fersku grænmeti hefur verið. Hvað gætum við verið að tala um mikið, herra forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra að því, í tonnum talið? Hæstv. ráðherra hefur nefnt það í krónum talið hvað verið sé að lækka tollana mikið. Hann hefur nefnt hér tvær mismunandi tölur eins og ég hef bent á. Hvað gætum við verið að tala um? Við erum að tala um 30 tegundir af grænmeti. En hvað gætum við verið að tala um þegar við tölum um þetta í innfluttu magni, t.d. í tonnum talið? Þar eru þekktar stærðir og ráðherrann hefur greint frá því um hvaða grænmetistegundir hér sé að ræða þannig að ég mun kalla eftir því í efh.- og viðskn. sem ég á sæti í og mun fá þetta mál til skoðunar hvað við erum að tala um mikið í því sambandi og spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti greint frá því hér við þessa umræðu.

Það hefur komið fram opinberlega að hér sé um að ræða nokkrar tegundir sem eru algengar og ráðherrann hefur nefnt, en einnig er talað um að hér sé um að ræða mjög sjaldgæfar tegundir sem lítið eru notaðar og þá mun það ekki skila sér mikið til neytenda. Það er því afar mikilvægt að það komist vel til skila hvað við erum að tala um í þessu sambandi.

Mig langar að nefna eitt, herra forseti, af því að hæstv. ráðherra hefur komið inn á það að hann telji afar mikilvægt í þeim aðgerðum sem væntanlega eru fram undan, og ég verð auðvitað að treysta því að hæstv. ráðherra vinni hratt og vel í þessu efni, að fara þurfi ofan í verðmyndunina á grænmeti, hve mikið framleiðendurnir fái og hve mikið milliliðirnir fái. Hæstv. ráðherra nefnir að hann hafi kallað eftir því hjá Samkeppnisstofnun að hún upplýsi um það, og ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hann ganga eftir því að efh.- og viðskn. fái þessar upplýsingar núna við afgreiðslu málsins?

Telur hæstv. ráðherra, af því að hann hefur verið að búast við þessu á síðustu dögum, að við getum vænst þess að fá þetta við umfjöllun málsins í efh.- og viðskn.?

Ég held nefnilega og það er enginn sem heldur öðru fram, að það séu ekki framleiðendurnir eða garðyrkjubændurnir sem hafa verið að hagnast á þessu okri á neytendum. Það hefur skýlaust komið fram að þetta eru fyrst og fremst milliliðirnir. Þess vegna var m.a. kallað eftir því í einni af spurningunum sem fram komu í þessari skýrslu um grænmetismálin sem lögð var fyrir Alþingi í fyrra og ráðherrann svaraði, hvort hann teldi ekki eðlilegt að fara þá leið sem farin hefur verið t.d. með góðum árangri í Frakklandi, að skilaverð til garðyrkjubænda kæmi fram í verðmerkingum grænmetis í verslunum. Þá sæju neytendur svart á hvítu hve mikið grænmetisbændurnir sjálfir fengju í sinn hlut af því verði sem þeir borga fyrir grænmetið í versluninni og helst þyrfti auðvitað að koma fram hvernig verðmyndunin skiptist á þeim vörum sem fólk er að kaupa í versluninni. Ráðherra svaraði þá þessari spurningu orðrétt, með leyfi forseta:

„Ráðherra er ekki tilbúinn að beita sér fyrir því að á verðmiða grænmetis í verslunum verði skylda til að skrá skilaverð til garðyrkjubænda. Ef það væri gert yrði það afar flókið og ruglingslegt kerfi, t.d. er oft bæði innlent og erlent grænmeti á markaðnum á sama tíma, þá eru dreifiaðilar grænmetis mismunandi. Stundum versla smásölufyrirtæki beint við framleiðendur og stundum við heildsölu- eða dreifingarfyrirtæki. Af þessu má ljóst vera að ekki er einfalt mál að skrá skilaverð til garðyrkjubænda og það gert hefði umtalsverðan kostnað í för með sér, bæði fyrir framleiðendur og neytendur."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann ekki tilbúinn til að endurskoða þessa afstöðu sína? Þarf þetta að vera svo flókið sem hæstv. ráðherra lýsir í skýrslu sinni? Ég held að ekkert sé eins mikilvægt og aðhald neytenda sjálfra á verðmyndun á vöru og þjónustu, og slíkar upplýsingar sem neytendur fengju held ég að mundu skila sér vel í þeirri herferð sem ég vona að hér sé hafin þar sem stjórnvöld og neytendur bindast samráði um að taka á þessu máli af festu þannig að það skili sér með eðlilegum hætti til neytenda. Um þetta spyr ég.

Ég vil einnig vísa til þess að í þessari skýrslu kemur það fram sem hér hefur verið rætt í umræðunni, þ.e. raforkuverð til ylræktar á Íslandi samanborið við önnur lönd. Gífurlegur munur er á þeim tölum sem þar koma fram, en hér segir að vorið 1998 hafi landbrn. gert í samvinnu við Samband garðyrkjubænda ítarlegan samanburð á raforkuverði til lýsingar í Noregi, Kanada og Íslandi og niðurstaðan varð sú að í Noregi og Kanada var greitt mun lægra raforkuverð til lýsingar en hér á landi og munar þar verulegu. Ég hygg að við séum að tala um, sýnist mér, a.m.k. þrefalt hærra verð hér á landi en í þessum löndum og í þeirri úttekt sem þarna fór fram.

Ég nefni líka, herra forseti, af því að hér hefur verið um það rætt og að vonum, að það gífurlega háa verð sem verið hefur á grænmeti hér á landi hafi raunverulega gengið gegn manneldisstefnu stjórnvalda. Þessar tölur sem birtast hér í skýrslu ráðherrans segja svart á hvítu að grænmetisneysla hafi staðið í stað frá árinu 1995, ekkert aukist. Samt er það svo að ég hygg að æ fleiri séu að breyta neyslu sinni verulega og auki neyslu á grænmeti. Við þekkjum það að sífellt fleiri eru að gerast grænmetisætur og neyta ekki kjöts en fara út í grænmeti, en við erum samt að sjá, herra forseti, að það er óbreytt neysla frá 1995. Hér koma fram mjög athyglisverðar tölur sem eru upplýsingar frá FAO fyrir árin 1992–1994. Þær eru að vísu nokkuð gamlar en þær sýna að neysla í 20–25 löndum sem ég er með fyrir framan mig, er í kílóum talið á íbúa á ári frá 62 kg upp í 229 kg. En hvað erum við með hér á landi? Við erum með rétt um 40 kg á árinu 1998 og í þessum samanburðartölum voru það 44 kg á móti því að það land sem er með lægstu neysluna er með 62 kg og allt upp í 229 kg. Á Norðurlöndum almennt er þessi neysla minni en þessar tölur gefa til kynna. Í Svíþjóð eru það 63 kg á árinu 1998 á hvern íbúa en hér á landi er það langlægst eða um 46 kg. Við þurfum því virkilega að taka okkur á í þessu efni, herra forseti, og því þurfa markmið okkar að vera þau að gera það á þann hátt sem nú er í umræðunni og hér hefur verið ítrekað, herra forseti, þ.e. að taka á verðmyndunarmálinu, uppræta þá fákeppni og einokun sem hér ríkir, afnema þessa verndartolla og óeðlilega skattlagningu á grænmeti og síðan að reyna að styrkja samkeppnisstöðu grænmetisbænda.

Ég vil líka spyrja, herra forseti, af því að ég var að tala um verðmyndunina, þá talaði ég um skilaverð til garðyrkjubænda og verðmerkingu á grænmeti, að ASÍ hefur lagt áherslu á — ég hygg að það sé í þessari nefnd eða er ekki svo að ASÍ eigi þar fulltrúa? — að önnur tillagan komi til framkvæmda þegar í stað, þ.e. að samkeppni á mörkuðum verði efld með verðkönnunum og virkari upplýsingagjöf en verið hefur. Nú má það hafa farið fram hjá mér en ég skil það svo að ASÍ hafi viljað taka það upp samhliða því skrefi sem við erum að stíga með þessu frv. Og hvað er þá að frétta af því? Ef það hefur farið fram hjá mér, þá biðst ég velvirðingar á því, en ég held að það væri mikilvægt að fá það fram. Það kemur heim og saman við þær leiðir sem ég er að tala fyrir að við förum í þessu máli.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að tefja þessa umræðu frekar. Við bíðum auðvitað eftir því með óþreyju hvenær næsti áfangi kemur. Er þetta það sem við munum sjá núna á þessu sumri, að þetta sé það eina raunverulega sem muni koma fram? Verður það þá ekki fyrr en á haustdögum sem næsti áfangi kemur eða hvernig hefur þetta verið nákvæmlega kortlagt?

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að ganga fljótt og vel í þetta verk. Komið hafa fram tölur sem segja okkur að ekki er hægt að bíða lengi eftir aðgerðum í þessu efni. Síðast kom fram í fréttum að hótel á Íslandi sem er í alþjóðlegri hótelkeðju greiðir, herra forseti, 75% hærra verð fyrir grænmeti og ávexti en hótel á öðrum stöðum í heiminum. Auðvitað hlýtur þetta að koma niður á ferðaþjónustu okkar þegar svo er. Og þetta er ekkert lítið sem kemur fram í verðinu sem ferðamenn og auðvitað Íslendingar þurfa að greiða fyrir grænmeti.

Herra forseti. Ég á sæti eins og ég sagði í efh.- og viðskn. sem mun fjalla um málið. Ég hef lagt spurningar fyrir ráðherrann sem lúta að því hvað megi vænta að þetta sé mikið magn í tonnum talið sem verndartollar verða lækkaðir eða felldir niður. Ég hef spurt hann um misræmi í tölum sem ráðherrann hefur sett fram hér og í blaðaviðtali eða viðtali við fjölmiðla nýverið. Ég hef spurt hann um verðmerkingar í verslunum og ég hef spurt hæstv. ráðherra um það sem ASÍ hefur lagt áherslu á að gert verði þegar í stað, þ.e. að samkeppni á mörkuðum verði efld með verðkönnunum og virkari upplýsingagjöf en verið hefur og vænti ég þess að hæstv. ráðherra svari þessu við umræðuna en að öðru leyti vil ég segja það að ég mun auðvitað greiða fyrir því að þetta mál fái hraða og góða meðferð og umfjöllun í efh.- og

viðskn. en mun auðvitað kalla eftir þeim upplýsingum sem þarf til þess að nefndin geti afgreitt málið fljótt og vel og ég veit að hæstv. ráðherra mun liðsinna okkur í nefndinni að fá fram þær upplýsingar sem við þurfum á að halda.

[16:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samfylkingin er merkilegur flokkur sem er í mótun og ég heyri að þeir sem tala við þessa umræðu, hv. þm. og foringi Samfylkingarinnar, eru þeirrar skoðunar að tollarnir eigi bara að fara í burt. Það er þó sú vörn sem er samkvæmt alþjóðasamningum og er viðurkennd á alþjóðavísu. Ég hef að vísu talað um að lækka tolla og hér er verið að stuðla að því. Ég spyr hv. þm.: Er samstaða um það í Samfylkingunni? Eru alþýðubandalagsmennirnir sem þarna fóru inn orðnir að þessum krötum einnig?

Hvað varðar síðan hitt sem hv. þm. spyr um, þá sakna ég þess auðvitað að Samkeppnisstofnun skuli ekki enn hafa skilað mér þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana um verðmyndunina. Ég mun ganga eftir því að þeim svörum verði skilað nú strax eftir helgina og ég vona að það geti komið nefndinni að gagni, því að það eru orðnar æðimargar vikur síðan ég skrifaði þetta bréf.

Hvað varðar verðmerkingar í búðum, skilaverð til grænmetisbænda eða að flokka það algerlega niður, þá get ég alveg viðurkennt eftir þessa úttekt og umfjöllun að þó að það sé flókið mál og kannski dýrt þá hneigist ég til þeirrar áttar að huga að því. Ég hef að vísu ekkert vald á því sjálfur, ég tek það ekki fyrir. Það verður auðvitað löggjafinn að gera og þeir sem fara með samkeppnismál í landinu. En ég fer að halda að það verði hollt miðað við þá úttekt sem Morgunblaðið hefur gert á þessum málum að fara þá leið.

Grænmetisneysla stendur í stað frá 1995. Ég kann engar skýringar á því. Ég hef þó rakið hér ýmsar skýringar á því af hverju við borðum minna grænmeti en aðrir. Við erum að sumu leyti öðruvísi hvort sem það er veðráttan í landinu eða venjurnar sem þar ráða. Svo höfum við kannski tekið upp mjög óholla matarsiði. Unga fólkið borðar mikið af ýmsu úr hveiti og það hefur kannski breytt neysluvenjum líka og dregið úr grænmetisneyslu.

[16:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna því að hæstv. ráðherra tekur því vel að beita sér fyrir því að verðmyndun komi fram á grænmeti, þ.e. sérstaklega skilaverð til grænmetisbænda, að það skili sér í verðmerkingum á grænmeti í verslunum og ég vænti þess að hæstv. ráðherra muni þá fylgja því eftir. Ég held að það sé mjög góð leið til að veita aðhald, ekki síst millilíðunum sem við höfum verið að ræða um að hafi sérstaklega valdið þessu mikla okri á grænmetinu.

Varðandi það hve langt Samfylkingin vill ganga, þá viljum við ganga eins langt og hægt er til þess að afnema tolla og höft og verndartolla á grænmeti, og ég segi eins langt og hægt er en ég tók það mjög skýrt fram, herra forseti, í máli mínu að ég vil tryggja stöðu og samkeppnishæfni garðyrkjubænda. Það er fyrst og fremst ... (**Landbrh.:** Hvernig?) Ég nefndi eina leið. Ég veit að hún gengur ekki mjög langt. Ég nefndi raforkuverðið. Ég nefndi það sem eina leið í þessu efni en fyrst og fremst hljótum við að taka á millilíðunum í þessu efni. Það er fyrst og fremst þar sem veruleg brotalöm hefur komið fram.

En hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri meginspurningu sem ég lagði fyrir hann. Það er það misræmi sem fram hefur komið í tölum sem ráðherrann hefur nefnt, 100 millj. í dag en fyrir 3–4 dögum ekki nema 60–70 millj. sem mundu skila sér í lækkun á tollum. Ég spurði því hæstv. ráðherra hvort hann gæti greint okkur frá því hvað þetta muni vera ef við mælum þetta í tonnum talið. Þegar heildarinnflutningur á fersku grænmeti hefur á hverju ári á undanförnum árum verið um 5.000 tonn, þá mundum við kannski sjá betur hvað hér er nákvæmlega verið tala um ef ráðherra getur nefnt tölu í þeirri stærð sem ég nefni, þ.e. í tonnum talið en ekki hvað þetta muni skila sér í lækkun á verndartollunum.

[16:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil kannski ekki flækja mig um of í föstum tölum af því að þær liggja ekki alveg ljósar fyrir, en menn voru að giska á 50–70 millj. Aðrir hafa verið að tala um að þetta hefði þýðingu upp á 70–100 millj. Ég ætla ekki að fullyrða alveg um hvað þetta verður. Það verður reynslan að skera úr um. En einhvers staðar á þessu bili verður þessi upphæð sem lækkun tollanna þýðir. (**JóhS:** En magnið?) Ég þori ekki að fara með það hér hvað magnið er og hef ekki nákvæmar tölur um það. En þetta er heilmikil breyting.

Hvað varðar raforkuverðið sem hv. þm. staglast dálítið mikið á, *ég á ekki að segja staglast heldur ræðir dálítið mikið* um og fleiri hafa gert, þá hefur það auðvitað ekki allt að segja en það hefur mikið að segja. Það var ákveðið á ríkisstjórnarfundi að ekki síst iðnrh. í samráði við landbrh. og þessi ráðuneyti setjist yfir þá stöðu með Rarik og Landsvirkjun til að athuga hvort ónotuð orka sé til staðar sem hægt er að selja miklu ódýrari, gerð yrði ítrekuð tilraun til að leita að ódýru rafmagni til að beina inn í þessa grein. — Ég sé að hv. þm. Hjálmar Árnason er mættur. Þá koma manni í hug vísindin og framtíðin og þessi mikla tilraun sem nú fer fram í Hveragerði um að búa til ódýra raforku á nýjan máta þannig að margt er á döfinni í þeim efnum.

Verðmyndun á grænmeti, hvernig hún fer fram og hvernig eigi að verðmerkja í búðum, þá verður mér æ meir hugsað til orða hv. þm. í þeim efnum þegar maður sér að þeir stóru gera kröfur um afslætti hjá heildsölunum. Það kemur fram hjá Samkeppnisstofnun að heildsalarnir og litlu birgjarnir og litlu framleiðendurnir eru eins og mús undir fjalaketti, þeir virðast eiga erfitt líf og þetta er undarleg staða. Þess vegna tel ég það þess virði að efh.- og viðskn. fari yfir þá stöðu og hv. þm. mun áreiðanlega beita sér fyrir því.

[16:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. ráðherra fullyrti töluvert í umræðunni áðan þegar hann var að tala um að þetta mundi skila sér í tollalækkunum sem næmu allt upp í 100 millj. Mér heyrist að hann sé að draga í land þannig að það er nokkuð óljóst hvernig þetta skilar sér til neytenda. Ég mun því ganga eftir því í nefndarstörfunum og bið hæstv. ráðherra um að undirbúa það þannig að efh.- og viðskn. geti þá fengið slíkar tölur um hvað mikið við erum að tala varðandi heildarinnflutninginn sem tollar mundu þá verða lækkaðir, sem eru um 5.000 tonn á ári.

Ég spurði hæstv. ráðherra líka um það sem ASÍ hefur lagt áherslu á að komi líka í þessum sama áfanga, en hæstv. ráðherra hefur ekki svarað, þ.e. að samkeppni verði efld í mörkuðum með verðkönnunum og virkari upplýsingagjöf en verið hefur.

Ef hæstv. ráðherra getur svarað þessu áður en umræðunni lýkur, þá væri það ágætt. Að öðru leyti mun ég reyna að greiða fyrir þessu máli í efh.- og viðskn.

[16:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á tollalögum. Við fyrstu sýn er þetta frv. nánast óskiljanlegt og mjög ógagnsætt. Í fyrirspurn til hæstv. fjmrh. las ég upp úr 40. gr. stjórnarskrárinnar og ég ætla að endurtaka það, með leyfi forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Ef grg. með frv. er lesin þá stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Breytingar þessar veita landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn á lægri tollum eða án tolla."

Síðar stendur:

„Með þessari breytingu verður til dæmis unnt að lækka verðtoll um 25% en magntoll um 75% eða fella þá alveg niður."

Og enn stendur:

„Samkvæmt frumvarpinu fær landbúnaðarráðherra aukið svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti tollar verða felldir niður og fer tekjutap ríkissjóðs eftir því að hve miklu leyti hann nýtir það svigrúm."

Herra forseti. Ég fæ ekki séð hvernig það fer saman við ákvæði stjórnarskrárinnar, sem ég las hérna áðan, að hæstv. landbrh. geti spilað á tollkerfið eins og á hljóðfæri, hækkað og lækkað tolla, fellt þá niður o.s.frv. Ég vil því að hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til skoðunar skoði þetta sérstaklega, hvort öll þessi framkvæmd fái yfirleitt staðist í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni.

Herra forseti. Þegar ég var í sveit hefði engum dottið í hug og þótti stórmerkilegt að menn mundu einhvern tíma á Íslandi framleiða sveppi og kalla það landbúnaðarframleiðslu. Þá voru þetta bara kallaðar gorkúlur en nú er þetta orðin mjög verðmæt framleiðsla, reyndar bara einn framleiðandi og þessi eini framleiðandi nýtur tollverndar. Ég er dálítill aðdáandi sveppa og þeir kostuðu alltaf um 600 kr. og nú eru þeir komnir í 650 kr. Reyndar í gær, kannski í ljósi umræðunnar, fann ég sveppi á 550 kr. og keypti náttúrlega nokkra.

Annað grænmeti eins og paprika og því um líkt var ekki framleitt á Íslandi. Síðan taka sig til einhverjir framtakssamir menn og hefja framleiðslu á þessu grænmeti og heimta verndartolla. Ný framleiðsla fer sem sagt gang og menn heimta strax verndartolla til að hækka verð á þessari vöru innfluttri erlendis frá. Enda sagði hæstv. landbrh. að það væri honum að meinalausu og mjög eðlilegt að þær vörur sem íslenskir bændur framleiddu ekki nytu ekki tollverndar, þar er tollur felldur niður. Það sem hæstv. landbrh. er að segja er að á meðan engum bónda dettur í hug að framleiða grænmeti, þá fá neytendur þetta grænmeti ódýrt. En um leið og einhverjum bónda dettur í hug að framleiða grænmetið, þá skulu neytendur fá að borga það dýrum dómum.

Skyldi þetta auka velvild neytenda í garð bænda? Það stórefa ég.

Herra forseti. Það er slæmt að hæstv. landbrh. fer úr salnum. Herra forseti. Landbúnaðurinn er vernduð atvinnugrein og þar af leiðandi sjúk. Þegar menn búa við svo mikla verndun eins og landbúnaðurinn hefur búið við í áratugi þá hverfur öll ábyrgð af rekstri. Þeir sem reka fyrirtækin illa, reka bú sín illa, þeim er bjargað og menn komast upp með að fara út í framkvæmdir sem engan veginn borga sig. Þetta kerfi er jafnvont fyrir bændur og fyrir neytendur.

Núna þegar menn komast að því að það er dýrt að framleiða grænmeti á Íslandi þá kemur krafan um að lækka raforkuverðið. Í einhverju rómantísku augnabliki segja menn að þetta sé græna stóriðjan en þetta er að sjálfsögðu ekki græn stóriðja vegna þess að þessi starfsemi er dreifð um allt land og þeir aðilar, grænmetisbændur, kaupa ekki rafmagnið á einu bretti. Þeir eru fjöldamargir og það kostar heilmikið að selja þeim rafmagn. Hæstv. landbrh. sagði að grænmetið yxi undir íslenskri sól og regni. Það er bara ekki rétt. Það er ekkert regn inni í þessum gróðurhúsum, ekki nema úr slöngum og sólin kemur í gegnum gler. (**Landbrh.:** Hvaða sól?) Það getur vel verið að það sé sól en það er búið að taka heilmikið af geislum úr henni.

Sú hugljómun að endurtaka aftur og aftur að íslensk landbúnaðarframleiðsla sé góð, gæðavara, verður ekkert sannari fyrir það þó að menn segi það oft. Ég minni á súpuketið sem er selt niðursagað eins og spýtur í verslunum. Það er engin gæðavara, herra forseti, enda eru bændur í afskaplega litlum tengslum við neytendur út af allri þeirri verndun sem atvinnugreinin nýtur. Ég fullyrði, herra forseti, að bændur væru betur settir í frjálsu kerfi en án.

Nýjasta útspilið eru niðurgreiðslur, fella niður tolla og niðurgreiða. Ég hélt að menn hefðu fengið nóg af þeirri reynslu sem niðurgreiðslurnar veittu Íslendingum svo þeir mundu ekki þora að nefna það næstu áratugina en samt er það nefnt nú þegar. Svo gerist það merkilega að einhverjir aðilar stofna kjötmjölsverksmiðju, sem er mjög gott framtak. Þeir lenda í þeim hremmingum að bannað er að flytja inn kjötmjöl víðast hvar og þeir geta ekki flutt út vöru sína og þá er heimtað að ríkissjóður hjálpi. Í mig hafa hringt af þessu tilefni þó nokkuð margir aðilar í atvinnurekstri, sem eru í hugbúnaði og ýmsum atvinnugreinum, og hafa lent í svipuðum hremmingum, sumir hverjir eru við gjaldþrot eða stefna í gjaldþrot. Þeir vilja líka fá styrk, að sjálfsögðu.

Af hverju skyldi fyrirtæki sem af tilviljun tengist landbúnaði fá styrk? Þeir menn sem stofnuðu þetta fyrirtæki verða bara að taka áföllum sínum eins og annar atvinnurekstur.

Herra forseti. Fyrir tæpum tveimur árum bað ég hv. efh.- og viðskn., sem ég sat þá í, að kanna af hverju ég væri hættur að kaupa grænmeti. Einn nefndarmaður svaraði mér strax og sagði að ég væri orðinn svo níðskur, en það held ég að hafi ekki verið reyndin. Ég held nefnilega að grænmeti sé orðið of dýrt og ég vil nefna sem dæmi: Í gærkvöldi ætlaði ég að kaupa mér papriku. Mér þykir paprika mjög góð. Rauð paprika kostaði í gærkvöldi 850 kr. Síðan keypti ég eina rauðgula á 800 kr. Svo keypti ég nokkra sveppi á 550 kr. Ég fann þá á sérstöku tilboði. Nú er staðan sú að þessi gulrauða paprika mín er mér mjög hugleikin og ég er að hugsa um að gefa henni nafn af því að staðan er orðin sú að grænmetið er orðið svo dýrt að maður verður eiginlega að fara að skíra hvern ávöxt. Sveppirnir, þessir fimm, ég veit ekki hvort ég á að gefa þeim nafn en það liggur við, þeir eru svo dýrir. Þetta er alveg með ólíkindum allt saman. Það eina sem maður getur keypt nú orðið er laukur, hann kostar 70 kr. kg og hefur gert lengi. Hæstv. landbrh. sagði að honum þætti vænt um störfin. Það skal sko halda þessu kerfi af því að honum þykir vænt um störfin þó að störfin skili ekki nokkrum sköpuðum hlut fyrir þjóðarbúið. Það skiptir engu og veldur því að fólk

hefur ekki lengur efni á að kaupa grænmeti sem gengur þvert á allar manneldisstefnur.

Herra forseti. Ég vil að hæstv. landbrh. gefi atvinnugreininni ákveðið merki. Hann ætti að spila á hljóðfærið, ætti að fella niður tolla á þremur árum. Hann ætti að segja: Á þremur árum skuluð þið, elskurnar mínar, lifa við það kerfi að hætta að njóta tollverndar. Þá þurfa menn að standa sig og þá gæti komið upp sú staða að menn gætu farið að flytja út því að það er tómt mál að tala um það, herra forseti, sem hæstv. landbrh. er að tala um að hægt væri að flytja út grænmeti sem nýtur tollverndar. Það er tómt mál að tala um nema menn séu búnir að aðlagast því að vera án verndar. Þá geta þeir starfað á alþjóðlegum markaði nema þá náttúrlega að *fara út í það að vera með útflutningsbætur eins og menn hafa* stundað með afskaplega slæmum árangri í öðrum greinum landbúnaðar.

Nei, herra forseti. Ég held að hæstv. landbrh. ætti að hætta að hugsa um bændur svo sem eins og eina kvöldstund og hugsa þá um neytendur.

[17:00]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að fá að heyra skoðun hv. þm. Péturs H. Blöndals á stöðu íslenskra garðyrkjubænda og hvort hann telji það einhvers virði að hér séu íslenskir bændur yfirleitt og af því að við erum að tala um garðyrkjubændur núna: Telur hann það einhvers virði fyrir íslenska þjóð og efnahagslíf að hér séu starfandi garðyrkjubændur? Telur hann að þeir séu í aðstöðu til að fara í samkeppni við innfluttar vörur vegna legu landsins, erfiðari skilyrði og það að landbúnaðarframleiðsla er niðurgreidd með ýmsu móti erlendis?

[17:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig hvort það væri þess virði að hafa hér bændur. Að sjálfsögðu vil ég hafa bændur. Ég vil hafa bændur sem eru stoltir, frjálsir og standast samkeppni. Til þess þurfa þeir að kynnast markaði og hafa frelsi, sem þeir hafa ekki í dag. Allt okkar landbúnaðarkerfi gengur út að taka af mönnum frumkvæði og frelsi. Það hefur komið bændum mjög í koll, enda eru fáar stéttir í landinu með eins lág laun, sérstaklega sauðfjárbændur sem hafa verið verndaðir hvað mest.

Hvort hér eru garðyrkjubændur er önnur saga. Efalaust eru til ýmsar tegundir grænmetis, rófur, kál og annað slíkt, sem bændur gætu framleitt hér ódýrar en annars staðar, jafnvel blóm. Hins vegar er líka til grænmeti sem hreinlega borgar sig ekki að rækta á Íslandi vegna legu landsins. Það er fráleitt að ætla sér að að breyta legu landsins með því að byggja upp eitthvert verndartollakerfi.

Mér þætti fráleitt ef íslenskir bændur ætluðu t.d. að fara að framleiða banana eða appelsínur sem þeir gætu efalaust. Það er fráleitt. Það er ekki sama hvað bændur gera. Það er einmitt það sem hv. þm. þarf að skoða sérstaklega. Það brýtur niður atvinnugreinina að vernda hana til að gera hvaða vitleysu sem er.

[17:03]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslenskir bændur eru stoltir af framleiðslu sinni og mega vera það. En það er ekki nóg. Það er heldur ekki nóg að hafa frelsi ef maður keppir ekki á jafnréttisgrundvelli. Það er auðvelt að flytja hingað inn til landsins vörur, jafnvel undir kostnaðarverði. Grænmeti getum við aldrei ræktað jafnódýrt og þar sem hlýrra loftslag er og sprettan betri. Hér eru erfiðari skilyrði og blóm ræktum við ekki nema með rafmagni eða kyndingu. Er það gert á jafnréttisgrundvelli ef íslenskir garðyrkjubændur þurfa að nota rafmagn til framleiðslunnar meðan sólin og veðurfarið dugar erlendis? Ég get ekki séð að frelsið eitt og sér dugi og því þarf annað að koma til. Því vil ég spyrja: Hvað annað en frelsið á að duga til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra grænmetisbænda?

[17:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði í raun hvort ég væri til í að flytja Ísland eitthvað suður á bóginn, breyta aðstæðum þannig að hér væri sól og íslenskir bændur gætu keppt við grænmeti sem ræktað er undir sól við meiri hita. Þetta gengur að sjálfsögðu ekki og þetta er fáránlegt. Það er fáránlegt að hafa það sem markmið að keppa við vöru sem framleidd er við allt önnur skilyrði.

Við Íslendingar eigum að gera það sem við getum gert vel og ekkert annað. Við eigum ekki að stefna að því að framleiða eitthvað sem ekki er hagkvæmt að framleiða hér af því að það er ódýrara að gera það erlendis. En hins vegar skulum við skoða mjög vel erlendar niðurgreiðslur. Ég er alveg sammála því að við þurfum að bregðast við því og veita tollvernd eða niðurgreiða vörur innan lands í samræmi við það sem gerist erlendis. En innlendar niðurgreiðslur eru miklu meiri en gengur og gerist víða um heim ef við tökum beingreiðslur til bænda inn í dæmið.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur á köflum verið mjög málefnaleg og upplýsandi um stöðu grænmetisframleiðslu, grænmetisinnflutnings og þetta mál almennt.

Herra forseti. Það sem ég vildi sagt hafa í upphafi máls míns er að upplýsingar í máli hæstv. landbrh. virðast gefa til kynna að kannski þurfi menn ekki að verja jafnmiklum fjárhæðum til stuðnings við innlenda framleiðendur og nauðsynlegt hefur verið talið. Hæstv. landbrh. greindi frá því að þær aðgerðir sem hann hyggst grípa til í framhaldi af samþykkt þess frv. sem hér liggur fyrir muni kosta ríkissjóð fast að 100 millj. Það liggur jafnframt fyrir að heildartekjur ríkissjóðs vegna innflutningstolla á grænmeti eru um það bil 140–160 millj. kr. Það sem út af stendur, sem er vernd vegna hinnar innlendu framleiðslu, er ekki nema 40–60 millj. kr. Þá erum við að tala um allt aðrar upphæðir en áður.

Varla ætlast hæstv. landbrh. eða hv. þm. Vinstri grænna til þess, ef menn fara þá leið að afnema með öllu innflutningstollana, að framleiðendum verði bætt upp nema í hæsta lagi það sem tengist innlendu framleiðslunni. Varla ætlast þeir þrír hv. þm. sem hér hafa talað í dag og eru allir í salnum til að menn fari að greiða niður innlenda framleiðslu sem nemur tekjum ríkissjóðs af innflutningstollum af tegundum sem ekki eru framleiddar í landinu. Það væri óðs manns æði, herra forseti. Ég tel að samkvæmt þessu séu menn að tala um vernd sem væri ígildi 40–60 millj. Hér byggi ég á tölum hæstv. landbrh. Þá er dæmið allt öðruvísi en það leit út áður.

Það kann að vera, herra forseti, að hæstv. landbrh. hafi gefið upp rangar tölur. Ég hygg varla. Hann hefur sagt að sú aðgerð sem liggur fyrir í dag muni kosta fast að 100 millj. kr. og hún varðar einungis grænmeti sem ekki er framleitt innan lands. (Gripið fram í.) Það er nánast það.

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem upp hófst milli hæstv. landbrh. og hv. þm. Péturs H. Blöndals um verð á landbúnaðarframleiðslu innan lands og erlendis þá þótti mér sem hæstv. landbrh. hefði ekki alveg kynnt sér muninn á því. Hann setti fram ákveðna staðhæfingu en mig langar til þess að greina frá þeim mikla mun sem þar er á, herra forseti. Ég styðst þar við skýrslu Samkeppnisstofnunar sem hæstv. landbrh. kallaði fyrr í dag stóru skýrsluna.

Í skýrslunni kemur fram að t.d. nautakjöt er 40–50% dýrara í Reykjavík en í viðmiðunarborgunum í nágrannalöndunum, svínakjöt 30–70% dýrara, kjúklingakjöt 70–130%, grænmeti 40–170%, ostur og smjör 15–20%, brauðostur að vísu 50% dýrari, mjólk 10–30% dýrari og rjóminn fast að 100% dýrari. Það er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að verðlag á íslenskri landbúnaðarframleiðslu sem neytendur kaupa í smásölu hér í Reykjavík og á Íslandi sé sambærilegt við það sem er erlendis. Eftir því sem hv. þm. Þuríður Backman upplýsti fyrr í dag er munurinn stundum verulegur á Reykjavík og dreifbýlinu þannig að ekki skánar myndin við það, herra forseti.

Ég vildi líka leyfa mér, herra forseti, að lesa upp úr blaði sem hæstv. ráðherra hefur notað sem haldreipi sitt í dag. Hæstv. landbrh. hefur margítrekað gripið til þess að vísa í Morgunblaðið. Það er rétt hjá honum að Morgunblaðið hefur staðið sig ákaflega vel við að upplýsa stöðuna á markaðnum. Morgunblaðið hefur í reynd sýnt rannsóknarblaðamennsku sem enginn íslenskur fjölmiðill hefur áður gert. Með vissum hætti má segja að það hafi svipt hulunni af stöðunni á markaðnum með talsvert gleggri hætti en er að finna í skýrslu Samkeppnisstofnunar frá því í síðustu viku.

Hvað sagði Morgunblaðið um skýrsluna sem hæstv. landbrh. vill ekki ræða mikið í dag og helst láta liggja milli hluta, a.m.k. tiltekin ummæli sem þar eru? Í leiðara Morgunblaðsins sem nýlega birtist er fjallað um þau fyrirtæki sem fóru fram með ólögmætri háttsemi á markaðnum. Þar segir um landbrn., með leyfi forseta:

„Ráðuneytið virðist aldrei hafa spurt neinna spurninga um framferði þeirra eða gripið til aðgerða til að auka samkeppni á grænmetismarkaðnum, heldur látið hagsmunaaðila nota sig að vild til að viðhalda tollverndinni og skýla þeim þannig fyrir heilbrigðri samkeppni."

Hvað segir hæstv. landbrh. um þessa einkunn stóru mömmu, Moggans? Einhver hefði sagt að þetta væri áfellisdómur yfir hæstv. landbrh. og því ráðuneyti sem hann stýrir að hagsmunaaðilar notfæri sér að vild tollverndina og hún skýli þeim fyrir heilbrigðri samkeppni. Þetta er mikill áfellisdómur, herra forseti.

Við umræðuna í dag höfum við nokkrum sinnum drepið á það hvernig aðstoða ætti innlenda framleiðendur við að fóta sig í samkeppninni. Ég tel, herra forseti, að við höfum tapað talsverðum tíma. Við hefðum átt að byrja strax árið 1995. Þá hefðum við átt að fylgja GATT/Úrúgvæ-samninginn með því að lækka hægt og bítandi innflutningstollana og knýja þar með innlendu framleiðendurna til að takast á við samkeppnina smám saman. Ég er þeirrar skoðunar að þeir hafi margt með sér.

Ég hef fyrr í umræðunni nefnt fjarlægðarverndina sem mér er sagt að sé ígildi 7–10% kostnaðarins við vöruna. Hv. þm. Vinstri grænna hafa réttilega bent á að innlenda framleiðslan sé að öllum líkindum snöggt um betri en sú erlenda. Þess hlýtur að sjálfsögðu að sjá stað í samkeppninni. Menn hljóta að vera reiðubúnari til að borga eitthvað og jafnvel töluvert meira fyrir framleiðslu sem er hollari og betri en innfluttar vörur. Það hjálpar þeim líka í samkeppninni. Ég er sannfærður um að ef komið væri á samkeppnisumhverfi þá mundu hinir dugmiklu íslensku framleiðendur fóta sig í þeirri samkeppni. Efalítið mundu einhverjir missa fótanna og einhverjir þeirra hætta framleiðslu. En þannig eru leikreglurnar einfaldlega á markaðnum. Ég tel, herra forseti, eigi að síður að við ættum að reyna að fikra okkur niður úr þeim háu tollum sem eru í dag og afnema þá að fullu að lokum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi tiltekna leið sem mér fannst nokkuð góð. Jafnframt hefur verið rætt um annars konar stuðning. Ég t.d. varpa því fram að menn ættu að velta fyrir sér hvort hægt væri að aðstoða innlenda framleiðendur með einhvers konar tímabundnum fjárfestingarstyrkjum í upphafi. Það mundi hjálpa þeim til að ráðast í hagræðingu og kaup á framleiðslutækjum sem mundu leiða til þess að þeir gætu framleitt meira magn á minna verði. Ef markaðurinn virkar þá ætti það að leiða til þess að þeir gætu selt framleiðsluna við lægra verði.

Samkvæmt lögmálum markaðarins mundi það gerast sem ég og hv. þm. Þuríður Backman viljum bæði. Neyslan á þessari hollustuvöru mundi aukast. Það er einfaldlega það sem þarf að gerast. Mér finnst að hv. þm. Vinstri grænna hafi ekki skýrt hvernig þeir vilja annars vegar ýta undir aukna neyslu á þessari hollustu og hins vegar draga úr tollverndinni. Hvernig ætla þeir að gera það? Ég spurði hvort hv. þm. Þuríður Backman væri fylgjandi beinum framleiðslustuðningi og hún sagði ærlega að það hefði hennar flokkur ekki rætt enn þá.

Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða framleiðslustuðningur og hvers konar framleiðslustuðningur er heimill samkvæmt þeim alþjóðlegu samningum sem við erum aðilar að? Það skiptir miklu máli að það liggi fyrir skilningur á því í umræðunni.

[17:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar síðustu spurningu, þá er það hárrétt hjá hv. þm. að það skiptir mjög miklu máli samkvæmt alþjóðasamningum hvernig stuðningi við megum beita, hvort framleiðslustuðningur kemur til greina vegna alþjóðasamninga o.s.frv. Það er eitt af þeim atriðum sem eru miklu flóknari en sá sem hér talar taldi í upphafi máls síns og þarf að fara vel yfir.

Hvað tölurnar varðar, hvort það eru 50, 70 eða 100 millj., þá eru sérfræðingar að tala um þær upphæðir, þeir sem hafa verið að meta þetta. Ég ætla ekkert að fullyrða um það. Ég sagði í fyrstu 50–70, hér áðan 70–100 og það er ljóst að tollar á þessum vörum eru upp í 170. Þetta hefur áhrif, en hér er verið að tala bæði um 30% tolla af öllu því sem við ekki framleiðum, það fellur niður, og síðan að auka magntolla og búa til sveigjanlegra kerfi. En þetta hefur heilmikið að segja.

Mér finnst mjög mikilvægt að vita heildarafstöðu Samfylkingarinnar til málsins. Það væri t.d. mjög fróðlegt við 2. umr. að gá hvort samstaða sé um þær skoðanir Samfylkingarinnar sem hafa komið fram í dag, tollana burt, og gera þetta eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur talað og eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur talað. Það væri mjög gagnlegt að varaformaður Samfylkingarinnar yrði við 2. umr. til að heyra skoðanir hennar til þessara mála. En ég spyr hv. þm.: Er alger samstaða í Samfylkingunni á bak við skoðanir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, foringja Samfylkingarinnar? Er Samfylkingin samhuga að baki honum í skoðunum

með þeirri tillögugerð sem hann hefur hér, að tollarnir skuli fara án þess að málið sé skoðað, en þeir eru kannski það sem best stenst í sambandi við alþjóðasamningana?

[17:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið við spurningum hæstv. landbrh. er já. Það er fullkomin samstaða um þær aðferðir sem ég hef verið að reifa í dag, þ.e. að taka niður þessa tolla á tilteknu tímabili og reyna að grípa til einhvers konar aðgerða sem gætu leitt til þess að innlendir framleiðendur næðu að fóta sig í samkeppninni. Ég hef reifað tvær, þrjár, fjórar aðferðir til þess.

Ég viðurkenni hins vegar fúslega, herra forseti, að ég er ekki algerlega heima í því hvað er leyfilegt samkvæmt alþjóðlegum samningum. Ég geri mér ekki algerlega grein fyrir því hvað þeir grænu eða gulu styrkir sem heimilir eru samkvæmt GATT/Úrúgvæ-samningnum gætu haft í för með sér ef við færum í einhvers konar styrkingu á innlendu framleiðslunni. En hver á að vita það, herra forseti? Það er hæstv. landbrh.

Ég hef spurt hæstv. landbrh. tveggja spurninga sem varða tæknilega útfærslu á þessum hlutum. Hver á að vita það ef ekki ráðherrann sem kemur hingað til að tala faglega um málið sem hann veitir faglega forustu? Það er að sjálfsögðu hæstv. ráðherra. Ég hef spurt hann: Hversu miklu mun ríkið tapa í tekjum við samþykkt þessa frv. ef hann nýtir sér að fullu þær heimildir sem í því eru? En því hefur hann lýst yfir að hann muni gera. Getur verið að hæstv. ráðherra hafi ekki hugmynd um það? Getur það líka verið, eins og mér fannst á máli hæstv. landbrh., að hann hefði ekki hugmynd um það sjálfur hvernig hægt væri að beita stuðningsaðgerðum gagnvart innlendu framleiðslunni þannig að þær væru ekki í andstöðu við alþjóðlega samninga? Hver hefur talað hæst um möguleikana á því? Það er hæstv. ráðherra. Getur svo verið að hann komi hingað og viti ekki haus né sporð á því sem hann er að tala um? Ég á bágt með að trúa því, herra forseti. En lengi skal manninn reyna.

[17:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málflutningur hv. þm. og foringja Samfylkingarinnar er náttúrlega með eindæmum. Útúrsnúningar, smámunasemi og hálfgerð villimennska í þessari umræðu. Það er náttúrlega ófært að eiga rökræður við menn sem tala eins og hv. þm. Hann er foringi þessa aumingja flokks sem hann styður.

Það liggur fyrir að hv. þm. virðist ekki einu sinni vita um það að allar þær afurðir sem hér er verið að tala um eru án allra tolla frá 1. nóvember til 15. mars. (**ÖS:** Ég veit allt um það.) Það er gott að heyra. Þá glittir í einhverja glóru, hæstv. forseti. Hv. þm. hefur hugmynd um að þetta er svona. Mér heyrðist hann ekki hafa það í ræðustólnum áðan.

Síðan hef ég margsagt hér að það er lögskipuð nefnd samkvæmt lögum frá Alþingi sem hefur það hlutverk að vera landbrh. til ráðgjafar. Hún mun gera tillögur til mín um hvernig að þessum málum verður staðið. Það er vilji stjórnarflokkanna til að standa vörð um íslenska grænmetisframleiðslu. Ég er eiginlega rökþrota í þessu við hv. þm. því að það er engin leið að hemja hann. Það er engin leið að ná honum í þessum ræðustól þannig að hægt sé að tala við hann eins og maður við mann því að hann kemur alltaf úr allt annarri átt. Þess vegna eiga tillögur ráðgjafarnefndarinnar eftir að koma fram. Hvað leggur ráðgjafarnefndin til? Hvaða þýðingu hefur það á hvort um er að ræða 50, 70 eða 100 millj.? Í þessu er sveigjanlegt kerfi og miklu meira frelsi til að fella niður tolla og lækka þá á öðru. Ég ætla að vona að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lesi heimastílinn sinn betur en hann hefur gert í dag.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill mælast til þess almennt séð að talað sé af fullri virðingu um alla þá þingflokka sem sitja hið háa Alþingi.)

[17:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni látum okkur í léttu rúmi liggja skort hæstv. landbrh. á almennri kurteisi og venjulegum mannasiðum. Hann hefur oft áður orðið sér til skammar úr þessum stóli, herra forseti. Hann kann ekki mannasiði og þegar hann er rökþrota, herra forseti, grípur hann til þess að ausa fúkyrðum yfir þingheim, m.a. þá sem eiga við hann málefnalegar rökræður.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum reynt að eiga málefnalegar rökræður við hæstv. landbrh. Þá kemur hann hér og kallar menn aumingja. Mér kemur ekki til hugar að beita slíku orðbragði við hæstv. landbrh. Ég kann að hugsa sitthvað, en ég ber virðingu fyrir honum og þeim skoðunum sem hann hefur þó að sú virðing sé ekki endurgoldin af hans hálfu gagnvart nokkrum þeim sem kýs að eiga við hann orðaskipti um málaflokk sem honum er trúað til þess að veita forustu fyrir en veit ekkert um. Það sem hæstv. landbrh. skortir er ekki bara virðing fyrir andstæðingum sínum heldur líka fyrir landbúnaðinum í landinu. Hæstv. landbrh. kemur hingað og hann stendur á gati. Hæstv. ráðherra fellur á prófinu. Hann veit ekki grundvallaratriði í því máli sem verið er að tala um við hann.

Hæstv. landbrh. er spurður einnar einfaldrar spurningar. Hann hefur leitt inn í þessa umræðu möguleikann á beinum stuðningi við innlenda framleiðslu. Við vitum það báðir, ég og hæstv. landbrh., að ákveðin takmörk eru á því samkvæmt þeim alþjóðlegu samningum sem við erum aðilar að. Og ég spyr hæstv. ráðherra sem fagráðherra: Hvað getum við leyft okkur í beinum framleiðslustuðningi við innlenda framleiðslu? Hann kemur hingað og hann veit það ekki. Hæstv. ráðherra hefur ekki lært heima. Svo kemur hann og atyrðir aðra þingmenn fyrir að geta ekki lesið heimastíla. Herra forseti. Ég kem ekki með neinn heimastíl. Ég kem bara með almenna vitneskju. Ég læri heima og það ætti hæstv. landbrh. að sjá sóma sinn í að gera en koma ekki hér eins og skólastrákur og standa á gati, vita ekki hvað hann er að tala um.

[17:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ef það er þörf á að tala af virðingu um stjórnmálaflokkana, þá held ég að banka mætti í kollinn þegar menn tala eins og hv. þm. gerir hér. (**ÖS:** Þú kallaðir mig aumingja.) Aumingja. Ég nefndi ekki aumingja á nafn, tengdi það ekki nafni hv. þingmanna. (**ÖS:** Þú gerðir það víst.) Ég nefndi ekki aumingja á nafn. Ég sagði aumingja Samfylkingin. (**ÖS:** Þetta er þér til skammar.) Ég nefndi ekki aumingja á nafn. Það var þín fullyrðing. Hins vegar blöskrar mér málflutningur hv. þm. og get ekki annað en gert athugasemdir við hann og geri kröfu um að einhver annar úr Samfylkingunni verði hér. Ég talaði um að varaformaðurinn sem hefur þó eitthvert vit á grænmetismálum og landbúnaðarmálum verði við næstu umræðu um þessi mál því að

sérfræði þessa hv. þm. er með þeim hætti að ekki er hægt að hlusta á þetta bull.

Hvað varðar alþjóðasamningana vil ég segja að svörin frá Brussel eru kannski líka lengi á leiðinni, ekkert síður en úr landbrn. (Gripið fram í.) Já. Þetta er ekkert einfalt mál. Og það liggur fyrir að í stuðningi við íslenskan landbúnað erum við kannski komnir upp undir þakið. Hvað eigum við mikið gert? Þetta eru spurningar sem ég hef rætt við mína menn um að finna út úr og fara yfir ef til beins stuðnings, framleiðslustyrkja, ætti að koma.

Ég las það fyrr í dag að hér hafi verið skipuð svokölluð grænmetisnefnd þar sem eru aðilar atvinnulífsins, bænda, verkalýðshreyfingarinnar o.s.frv. sem fjalla um þessi mál, og þeir ætla að skoða þetta enn þá frekar núna. Hv. þm. var svo prúður fyrri part dagsins að hann sagðist vera sáttur við það sem hér væri að gerast og skyldi glaður bíða þeirrar niðurstöðu. En síðan ærist hann í lok dagsins og þá er allt ómögulegt. Þetta er enginn málflutningur og engin leið að búa við þau gífuryrði sem hv. þm. hefur tamið sér sem að auki heitir nú orðið stjórnmálaforingi. Ég harma það að menn geti ekki talað með meiri ró og meiri þekkingu í þessari umræðu.

Það kann vel að vera að það veki umhugsun að ég geti ekki svarað því hér hvort þetta þýðir í niðurfellingu tolla 50, 70 eða 100 millj. En þarna greinir menn á og það á eftir að koma í ljós eins og ég sagði áðan hvaða tillögur þeir aðilar gera sem alltaf koma að þessum málum með landbrh. og leggja málið upp í hendur hans. Þá á ég við fulltrúa fjmrh., viðskrh. og landbrh. sem þarna koma að.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hér fyrr í dag og allar þær málefnalegu umræður sem hér hafa verið í dag og helst gleyma því offorsi og stælum sem hann viðhafði í seinni ræðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki, frítekjumark o.fl.). — Þskj. 1232.

[17:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

Eins og þingheimur veit snýst þetta frv. um að bæta kjör þeirra sem minnstar tekjur hafa í samfélaginu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var ákveðið að endurskoða almannatryggingakerfið og lögð sérstök áhersla á að bæta kjör þeirra sem hafa lægstar tekjur. Til að undirbúa það var skipuð nefnd árið 1999 sem var fyrirskipað að hraða störfum sínum í janúar sl. í tengslum við afgreiðslu laga til að bregðast við dómi Hæstaréttar í svokölluðu öryrkjamáli.

Nefndin hefur skilað áliti og er frv. þetta nú flutt á vorþingi til þess að unnt verði að koma kjarabótum til hinna verst stöddu í hópi aldraða og öryrkja sem fyrst.

Efnisatriðum þeirra breytinga sem um ræðir í frv. má skipta í eftirfarandi meginþætti:

1. Bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

2. Jafna kjör hjóna og einhleypra lífeyrisþega.

3. Draga úr áhrifum atvinnutekna öryrkja á bætur þeirra og hvetja þá til atvinnuþátttöku eftir aðstæðum og efnum.

Munur á bótarétti einstaklinga annars vegar og hjóna og sambýlisfólks hins vegar í núverandi kerfi er að mínu mati of mikill. Því hefur verið haldið fram að það hvetji til að búa einn og auki á einangrun. Bætur tveggja einstaklinga sem hafa viljað halda heimili saman lækka í núverandi kerfi svo mikið við slíka heimilisstofnun að sumir hverfa frá. Nú er þess freistað að koma í veg fyrir þessi áhrif.

Það hefur lengi verið baráttumál öryrkja að draga úr tengingu bóta við atvinnutekjur. Með þessum tillögum breytist skerðingarhlutfall bóta vegna atvinnutekna öryrkja að því er varðar tekjutryggingu og heimilisuppbót úr 45% í 27%. Með þessu eru bættir möguleikar öryrkja til að auka tekjur sínar með því að vinna. Þetta er einnig hugsað til að draga úr einangrun öryrkja sem ekki hafa farið út á vinnumarkaðinn en hafa getu til að stunda vinnu í einhverjum mæli.

Virðulegi forseti. Einstök efnisatriði frv. eru sem hér segir:

Í 1. gr. frv. er 10. gr. laga um almannatryggingar breytt þannig að tekjur öryrkja af atvinnu eru metnar af 60% við útreikning af tekjutryggingu í stað 100% samkvæmt núgildandi lögum. Með þessari breytingu hækka bætur til öryrkja sem hafa tekjur af atvinnu mjög verulega. Þá er þeim öryrkjum sem geta unnið ívilnað sérstaklega vegna aukinna tekna af atvinnu. Er það í samræmi við áherslur samtaka öryrkja á undanförnum árum.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að hér er um grundvallarstefnubreytingu að ræða sem helgast auðvitað af því að öryrkjar eru á vinnualdri. Einhverjir eru að koma sér upp heimili og sjá fyrir börnum. Fólk á þessum aldri á almennt þess kost að auka tekjur sínar með aukinni vinnu en með þessum breytingum njóta öryrkjar betur þeirra möguleika sem felast í auknum tekjumöguleikum með aukinni vinnu eftir getu og aðstæðum hvers og eins.

Í 2. gr. frv. er hluti af 3. mgr. 11. gr. laga um almannatryggingar felldur brott. Í mgr. er kveðið á að grunnlífeyrir hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar nemi 90% af grunnlífeyri einhleypings. Frv. gerir ráð fyrir að grunnlífeyrir hjóna hækki úr 90% af grunnlífeyri í 100%.

Sá hluti 3. mgr. sem fjallar um búsetuskilyrði er óbreyttur en hann er fluttur í 1. mgr. 11. gr. laganna. Í 3. gr. frv. er tveimur nýjum málsgreinum sem fjalla um tekjutryggingarauka bætt við 17. gr. laga um almannatryggingar. Tekjutryggingarauki er nýr bótaflokkur í almannatryggingum og kemur í stað sérstakrar heimilisuppbótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Í samræmi við þessa breytingu eru ákvæði um sérstaka heimilisuppbót felld brott úr lögum um félagslega aðstoð. Þar að auki er ekki lengur gert ráð fyrir því að um heimildarbætur sé að ræða, þ.e. bætur sem byggjast á mati á aðstæðum viðkomandi einstaklings hverju sinni heldur sé um að ræða skyldu til að greiða tekjutryggingarauka að uppfylltum lögbundnum skilyrðum.

Samkvæmt frv. eiga allir lífeyrisþegar, jafnt ellilífeyrisþegar sem örorkulífeyrisþegar, rétt á tekjutryggingarauka óháð hjúskaparstöðu og heimilisaðstæðum öðrum. Þá er dregið verulega úr skerðingu tekjutryggingarauka vegna tekna frá því sem nú gildir um sérstaka heimilisuppbót þannig að einungis 67% tekna koma til skerðingar tekjutryggingarauka en allar tekjur, þ.e. 100%, koma nú til skerðingar sérstakrar heimilisuppbótar.

Réttur til tekjutryggingarauka verður samkvæmt frv. óháður hjúskaparstöðu lífeyrisþegans eða hvort hann heldur heimili með öðrum einstaklingi en sérstök heimilisuppbót er eingöngu greidd einstaklingum sem eru einir um heimilisrekstur.

Síðast en ekki síst er lagt til að fjárhæð tekjutryggingarauka sem áður var sérstök heimilisuppbót verði hækkuð um tæplega 90% eða úr 7.409 kr. í 14.062 kr. og þeir aldraðir og öryrkjar sem halda heimili með öðrum, t.d. maka sínum eða systkini eiga rétt á 10.548 kr. í stað þess að samkvæmt núgildandi reglum eiga þeir engan rétt til þessa bótaflokks.

Frv. fylgja drög að tveimur reglugerðum. Fyrri reglugerðin hækkar lífeyri og tekjumörk hjá elli- og sjómannalífeyrisþegum. Einnig fellir hún brott sérstök tekjumörk hjá ellilífeyrisþegum vegna tekna úr lífeyrissjóðum og hækkar almenna frítekjumarkið sem því nemur.

Síðari reglugerðin felur í sér hækkun á tekjumörkum frekari uppbótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð úr 105.347 kr. í 112 þús. kr. til þess að hækkun bóta í frv. minnki ekki rétt til frekari uppbótar.

Frv. fylgir einnig sem fylgiskjal álit vinnuhóps um endurskoðun almannatrygginga og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóði en frv. er ætlað að koma þeim tillögum sem þar greinir til framkvæmda. Áætluð útgjöld vegna þessa frv. eru um 1.350 millj. kr. á ári.

Virðulegi forseti. Ég tel raunhæft með góðri samvinnu við hv. Alþingi að koma þeim úrbótum sem frv. kveður á um til framkvæmda frá og með 1. júlí nk. Með því tel ég að hv. Alþingin geti haft nauðsynlegan tíma til að fjalla um efnisatriði málsins og Tryggingastofnun ríkisins hafi svigrúm til að geta greitt réttargreiðslur hinn 1. júlí nk. Þetta hefur í för með sér viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð að fjárhæð 675 millj. kr. á þessu ári.

Ég vil taka sérstaklega fram að nefndin sem undirbjó þessa tillögu hafði samráð við samtök aldraðra, öryrkja og verkalýðshreyfinguna áður en þær voru frágengnar. Auk þess kallaði ég fulltrúa aldraðra og öryrkja til sérstaks fundar til að fara yfir efnisatriði málsins áður en það var kynnt. Ég hef fullan skilning á því að forustumenn þessara samtaka munu halda áfram að vinna að kjarabótum fyrir skjólstæðinga sína. Þó að talsmenn þessara hópa hafi tekið tillögunum fálega vona ég að við getum verið sammála um að hér er um jákvætt skref að ræða fyrir þá sem verst eru settir. Ásakanir um hugmyndafræði fátækrahjálpar falla marklausar. Það frv. sem hér er lagt fram er dæmi um að framfylgja hugmyndafræði og stefnu sem byggir á frumkvæði og sjálfstæði en einnig samhjálp, dæmi um stöðugleika en líka markvissa stefnu til að auka félagslegan jöfnuð í samfélaginu.

Ríkisstjórnin er með frv. þessu að framfylgja stefnu sinni að flytja aðstoð ríkisins í meira mæli til þeirra sem mest þurfa á henni að halda, viðhalda og efla sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna án þess að búa til flókið skattheimtukerfi með enn flóknara endurgreiðslukerfi eins og sumir fræðimenn hafa talið að gæti leyst öll vandamál.

Með frv. kemur ríkisstjórnin til móts við ýmis af þeim sjónarmiðum sem samtök öryrkja hafa haldið á lofti á undanförnum mánuðum og missirum.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur ríkt góðæri í íslensku samfélagi. Það hefur komið fram í kjörum almennings, yfirborgunum og launaskriði á ákveðnum sviðum atvinnulífsins og ákveðnum landsvæðum. Ekki má gleyma að á þessum tíma hefur ríkið náð samkomulagi við starfsfólk sitt um að færa yfirvinnu og yfirborganir inn í taxtalaun. Í lögum um almannatryggingar er hækkun bóta tengd fjárlagaafgreiðslunni og bætur tengdar launaþróun á almennum markaði. Á síðustu sex árum hafa bætur gert talsvert betur en að fylgja umsömdum launum á almennum vinnumarkaði. Bótagreiðslur hafa gert betur en að fylgja launavísitölu hins almenna markaðar. Lágmarksgreiðslur almannatrygginga hafa gert gott betur en það og þá eru ekki meðtaldar hundruð millj. kr. sem varið hefur verið til sértækra aðgerða fyrir aldraða öryrkja. Hér verða menn því að gera sér grein fyrir tölum og staðreyndum. Þeim hefur m.a. verið varið til að hækka frítekjumörk í þeim tilgangi að draga úr áhrifum tekna maka á örorkubætur.

Forustumenn aldraðra og öryrkja hafa að undanförnu haldið því fram að bæði innlendir og erlendir fræðimenn telji íslenska ráðamenn vera á rangri leið. Það hefur á undanförnum missirum verið ítrekað vitnað til skýrslu Stefáns Ólafssonar, Íslenska leiðin. Stefán Ólafsson prófessor, sem stundum er vitnað til, hefur reynt að greina þann vanda sem við er að etja í almannatryggingakerfinu og snýr að öldruðum. Hann bendir á að ójöfnuður í röðum ellilífeyrisþega sé meiri hér en annars staðar á Norðurlöndum og skýrir það með mismunandi atvinnutekjum, lífeyrisréttindum og eignatekjum eins og ég hef vakið athygli á og það kemur fram í skýrslu endurskoðunarnefndarinnar.

Hann bendir líka á að óánægjan í röðum ellilífeyrisþega sé að mestu leyti sprottin af þessum mismun. Stefán Ólafsson prófessor segir svo í úttekt sinni, með leyfi forseta:

„Þegar fjallað er um aðstæður og úrræði vegna lífskjara eldri borgara er því nauðsynlegt að taka tillit til þessa munar á aðstæðum og möguleikum sem eru innan hóps eldri borgara hér á landi."

Það er nákvæmlega þetta sem ríkisstjórnin er að gera nú. Það er nákvæmlega þetta sem fyrrv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir hafði í huga þegar hún lagði fyrir ríkisstjórn í vetur að endurskoðunarvinnunni yrði hraðað og það er þetta sem ríkisstjórnin hafði í huga þegar mesti þunginn var lagður á að beina aðgerðum að þeim sem verst eru settir í samfélaginu.

Þær aðgerðir sem felast í þessu frv. og reglugerðum sem þar eru kynntar falla eins og áður segir að þessu markmiði og eru einmitt miðaðar við að koma þeim sem verst eru settir í hópi lífeyrisþega til góða. En jafnframt því er dregið úr áhrifum atvinnutekna öryrkja og staða hjónafólks er sérstaklega bætt. Þessar aðgerðir eru efndir á þeim fyrirheitum sem gefin voru hér á Alþingi við umfjöllun um öryrkjalögin svokölluðu í janúar sl. og síðar í mars en ég geri mér ljósa grein fyrir að í þeim felst enginn stóri sannleikur eða endanleg lausn. Þessi mál verða að vera í stöðugri endurskoðun og úrbætum verður trúlega seint lokið.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[17:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Forsvarsmenn öryrkja héldu því fram þegar þær aðgerðir voru kynntar, sem hæstv. heilbrrh. hefur nú mælt fyrir, að það vantaði 8.500 kr. á mánuði í lífeyrisgreiðslur til að þær fylgdu launaþróun í samræmi við lög sem sett voru 1. janúar 1998. Forsvarsmenn öryrkja héldu því líka fram að þrátt fyrir slíkar aðgerðir þegar þær yrðu orðnar að lögum, þá vantaði enn 2.000 kr. á mánuði upp á lífeyrisgreiðslur til að þær héldu í við launaþróun eins og lögin

frá 1998 kvæðu á um. Þetta er í samræmi við það sem ég hef haldið fram á hv. Alþingi og innti fyrrv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur, eftir rétt áður en hún yfirgaf ráðherrastól sinn og hún lofaði að kanna það í ráðuneytinu hvað væri hæft í því að lífeyrisgreiðslur hefðu ekki fylgt launavísitölu.

Stjórnarandstaðan hélt því fram 1998 þegar þessi lög voru sett og vitnaði þar í orð forsrh. þegar hann mælti fyrir frv. að það ákvæði sem samþykkt var á þeim tíma bæri að túlka svo að miða ætti við launavísitölu. Nú spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann hafi látið kanna að þessa fjárhæð vanti upp á að lífeyrisgreiðslur haldi í við það sem lög frá 1. janúar 1998 kveða á um. Og einnig hvort hann geti þá staðfest þessar tölur sem Öryrkjabandalagið hefur haldið fram í tengslum við þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra er hér að kynna.

[17:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í áliti þeirrar nefndar sem skilaði skýrslu um þessi mál núna er fjallað um þetta á bls. 19 í skýrslunni og þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í þeirri uppsveiflu sem þjóðarbúið hefur notið undanfarin ár hefur kaupmáttur launa vaxið hröðum skrefum. Mannekla á ýmsum sviðum hefur leitt til umtalsverðs launaskriðs, þ.e. hækkunar launa umfram hækkun samningsbundinna kauptaxta. Þá hefur verið gerð grundvallarbreyting á kjaramálum opinberra starfsmanna. Þessir þættir hafa haft í för með sér að launavísitalan í heild hefur hækkað umfram taxta og kaupmáttur launa hefur batnað á undanförnum fimm árum um rúm 20%. Vegna fyrrnefndrar skipulagsbreytingar í kjaramálum opinberra starfsmanna er eðlilegra að miða við almenna markaðinn en þar hefur kaupmáttur vaxið um rúm 15% á sama tíma. Kaupmáttur bóta hefur haldið í við kaupmátt á almennum vinnumarkaði og raunar hefur kaupmáttur tryggðra lágmarkstekna aukist ívið meira."

Miðað við þessa viðmiðun hafa bætur haldið í við laun á almennum vinnumarkaði. En þetta er atriði sem deilt er um og menn túlka á mismunandi hátt og eru ekki sammála um. En þetta er skilningur okkar á þessu máli og ég vildi láta það koma fram.

[17:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér heyrist af þessum svörum að ríkisstjórn og hæstv. ráðherra séu að hlaupa undan þeirri túlkun og þeim skilningi sem var á ákvæðum þeirra laga sem voru samþykkt 1. jan. 1998. Ég vil vitna í það sem hæstv. forsrh. sagði þegar frv. sem ég vitna til frá 1. jan. 1998 var til umræðu. Þá sagði hann:

„Þannig er lagt til að ákvörðun bótanna taki mið af almennri þróun launa á fjárlagaárinu og leggi þá sömu forsendur og fjárlagafrv. því til grundvallar en jafnframt er lagt til að bótaþegum verði veitt trygging fyrir því að fjárhæð þeirra geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um ef laun skyldu þróast með öðrum hætti en verðlag."

Stjórnarandstaðan undirstrikaði þá skilning sinn á frv. og ummælum forsrh. Þá kom fram í nál., með leyfi forseta:

„Þá kom fram yfirlýsing forsrh. í umræðunni. Er það tæpast hægt að túlka öðruvísi en orðalag 9. gr. frv. beri að skilja svo að bætur almannatrygginga skuli beinlínis fylgja launavísitölu."

Það er alveg greinilegt að það er misjafn skilningur sem menn leggja í ákvæði þessara laga. Ég gat ekki betur heyrt á forsvarsmönnum Öryrkjabandalagsins en þeir íhuguðu að láta reyna á ákvæði þessara laga fyrir dómstólum. Þess vegna er afar mikilvægt núna við umræðuna um þetta mál og við meðferð málsins í heilbr.- og trn. að úr því fáist skorið hvað er rétt í þessu efni. Þarna er um verulegar fjárhæðir að tefla sem öryrkjar og aldraðir telja sig hafa verið hlunnfarna um. Það er alveg ljóst að launavísitalan hefur þróast með allt öðrum hætti en lífeyrisgreiðslurnar hafa fylgt og það er eins og vilji brenna við hjá þessari ríkisstjórn á síðustu fimm árum að lífeyrisgreiðslurnar og hækkun á þeim hefur ávallt verið miðuð við það sem lægst hefur gefið lífeyrisþegum hverju sinni.

[17:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undirstrika þann skilning sem ég hef þegar gert grein fyrir um þetta atriði. Hitt er svo annað mál að auðvitað verður fjallað um þetta bæði í heilbr.- og trn. og í framhaldinu því fjallað um hina almennu launaþróun og hina almennu hækkun á bótum með tengslum við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Hér er því um sértækar aðgerðir að ræða sem eru stílaðar inn á ákveðna hópa sem hafa minnst í þjóðfélaginu en eins og þingheimur veit er fjallað um hina almennu launaþróun við fjárlagagerð hverju sinni. En eins og ég sagði hefur þetta verið túlkað misjafnlega, almenn launaþróun og laun á almennum vinnumarkaði, en ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt í þessu sambandi að miða við laun á almennum vinnumarkaði. Það er túlkun mín á málinu.

[17:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð sem er afrakstur niðurstaðna nefndar sem sett var á laggirnar af hæstv. ríkisstjórn til að endurskoða almannatryggingarnar og til þess að bæta kjör lífeyrisþega sem verstu kjörin hafa auk þess sem nefndinni var uppálagt að einfalda almannatryggingakerfið.

Ég verð að segja í upphafi að vissulega er verið að fara fetið. Hér eru tilögur sem eru í áttina. Þarna er verið að setja rúman milljarð inn í tryggingakerfið en eins og hæstv. ráðherra sagði í kynningu á skýrslu nefndarinnar væri hér fyrsta skrefið á ferðinni. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðherra að hann kom ekki inn á það hver yrðu næstu skrefin og hvenær þau yrðu tekin.

Eins og við vitum er staða lífeyrisþega, þeirra verst settu, mjög bág og ekki hefur verið staðið við lög sem gilda um almannatryggingar, þ.e. upphæðir lífeyristrygginga almannatrygginga hafa ekki fylgt launaþróun.

Eins og kom fram í skoðanaskiptum í andsvari á undan ræðu minni eru ekki allir á sama máli um það en ég tel að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi fært ágæt rök fyrir því að hæstv. forsrh. lýsti því yfir 1998 að bætur skyldu fylgja launaþróun og það væri miðað við launavísitölu. Nú er það svo að lífeyrisþega, öryrkja sem býr einn, vantar um 2.000 kr. á mánuði upp á með þessum breytingum, sem vissulega eru til hagsbóta miðað við lífeyriskerfið í dag, ef það hefði verið fylgt launavísitölunni frá því 1998.

Það sem er að gerast hér er að það er verið að gera almannatryggingakerfið enn þá flóknara sem átti að verða einfaldara. Almannatryggingakerfið er eins og stagbætt flík eins og við vitum en gerðar hafa verið tugir eða hundruð breytinga á tryggingakerfinu undanfarin 30 ár án þess að

horfa á það í heild. Enn er verið að bæta, enn er verið að lappa upp á kerfið og koma inn enn fleiri reglum sem gerir kerfið mun flóknara, gerir lífeyrisþegunum enn erfiðara að fylgjast með rétti sínum.

Ég hefði talið og bjóst raunar við því að gerðar yrðu fleiri breytingar sem einfölduðu kerfið. Ég bendi t.d. á að kerfið hefði mátt einfalda með því að skerðingarhlutföll gagnvart grunnlífeyri ellilífeyris og grunnlífeyri öryrkja væru samræmd. Þarna eru annars vegar 30% skerðingarhlutföll hjá öldruðum og 25% hjá öryrkjum sem gerir að verkum að þegar öryrki verður 67 ára fara að bíta á hann mjög brattar skerðingar strax í grunnlífeyri.

Áður en ég held lengra í máli mínu um frv., sem er að flestu leyti til bóta eins og ég sagði, langar mig að koma aðeins inn á kynningu hæstv. ráðherra ef hann er að hlusta sem ég vonast til að hann geri, herra forseti.

Í vikunni var kynning á skýrslu nefndarinnar og því hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera til að bæta hag hinna verst settu, bæta hag lífeyrisþega og var farið yfir það rækilega á blaðamannafundum og í fjölmiðlum.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég sakna ýmissa þeirra hluta sem voru tíndir til á þessum fundum. Mig langar til að vitna í mál hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu í vikunni þar sem var umfjöllun um þessa kynningu. Þar sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Mestu máli skiptir að hér eru bætt kjör þeirra sem verst eru settir og einnig er dregið úr skerðingu til öryrkja vegna atvinnutekna þar sem 40% tekna þeirra eru teknar til hliðar áður en til skerðingar kemur."

Þetta sagði hæstv. ráðherra þegar hann kynnti tillögurnar. En þegar maður skoðar frv. kemur í ljós að þessi regla, þar sem 40% teknanna eru teknar til hliðar, gildir alls ekki um allar bætur öryrkjans. Hún gildir aðeins um tvo bótaflokka af fimm sem greiðslur til öryrkja samanstanda af. Það eru aðeins tveir sem þessi regla gildir um að 40% eru tekin til hliðar. Það eru tekjutryggingin og heimilisuppbótin. En þetta gildir ekki um grunnlífeyrinn sem er fyrsti bótaflokkurinn og þetta gildir ekki um tekjutryggingaraukann og þetta gildir ekki um uppbæturnar. Þó að tekjumörkin á uppbótunum séu hækkuð upp gildir þessi regla ekki nema bara um hluta af örorkugreiðslunum. Þetta kom mér á óvart eftir að hafa hlustað á kynningarnar frá hæstv. ráðherra og lesið umfjöllun um það í blöðum. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hann gefur í skyn í kynningum að hér sé verið að koma til móts við fólk með því að taka 40% tekna frá algerlega þegar til skerðingar kemur en síðan gildir þetta bara um tvo bótaflokka?

Það er eitt annað sem ég hefði líka viljað spyrja hæstv. ráðherra um sem hann kynnti og kom fram í kynningunum á tillögunum frá nefndinni og ég sé að eru í skýrslunni en koma ekki fram í frv. Það eru ákvæðin um sveigjanleg starfslok. Það var kynnt og ég fagnaði því og ég fagna því. Ég er mjög hlynnt því að við komum á sveigjanlegum starfslokum. Þess vegna sakna ég þess að ekki skuli koma fram í frv. hjá hæstv. ráðherra ákvæði um sveigjanlegu starfslokin. A.m.k. eru þau ekki í frv. eða ég hef ekki fundið þau. Þar er gert ráð fyrir að menn geti frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs með því að bæturnar hækki. Þetta ákvæði var í lögunum 1991 en var þá afnumið og það að geta frestað lífeyri hef ég talið vera til bóta.

Auðvitað þarf að gera fleira en þetta til að koma á sveigjanlegum starfslokum eins og ég hef áður fjallað um úr þessum ræðustóli en ég hefði gjarnan viljað sjá þetta. E.t.v. er það svo, herra forseti, að þetta komi í næsta skrefi hjá hæstv. ráðherra. Ég vænti þess.

Ég fagna því einnig sem ég tel til bóta að verið er að taka sérstöku heimilisuppbótina út sem heimildarbótaflokk og verið er að setja inn nýjan bótaflokk sem er tekjutryggingarauki sem er ekki lengur heimildarbótaflokkur og ég tel það af hinu góða. Það er hækkun á ferðinni og það er verið að auka jafnræði með einstaklingum og sambúðarfólki. Tel ég það fullkomlega eðlilegt og hvarflar að manni þegar maður sér þetta að einhverjir í stjórnarliðinu hafi verið með óbragð í munninum eftir hvernig farið var í lagasetningu í kjölfar öryrkjadómsins því að þar var ljóslega kveðið á um að óheimilt væri að tengja tekjutryggingu við tekjur maka. Hér er sem sagt verið að afnema tekjutengingu eða það er hægt að segja tengingu við það að maður eigi maka með því að afnema 90%-regluna í grunnlífeyrinum sem ég tel vissulega vera skref fram á við og hefði mátt vera löngu komið fram. Það er ekki eðlilegt þó svo margir telji ódýrara að búa tveir í heimili að fólk sem er í sambúð eða í hjónabandi búi við þessar skerðingar. Það er rétt, og ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði áðan þegar hann mælti fyrir málinu, að þær skerðingarreglur í almannatryggingunum sem hafa beinst gegn sambúð, gegn fjölskyldumyndun eru óþolandi og það á að minnka þær. Það er einmitt verið að gera það hér og ég tel það jákvætt skref.

Aftur á móti skil ég vel vonbrigði lífeyrisþega þegar þeir sáu þetta frv. Þó svo að kynningin hafi virkað á þann veg að verið væri að gera meira en mér virðist vera gert í frv. er það auðvitað svo að vissulega var búið að vekja miklar væntingar þegar menn töluðu um að það ætti að fara að bæta kjörin hjá lífeyrisþegum í kjölfar öryrkjadómsins og menn biðu óþreyjufullir eftir að kæmi um miðjan apríl eftir frv. sem er reyndar að koma fram núna mánuði síðar og vissulega bjuggust menn við því að e.t.v. yrði gert meira.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þó að það fari 1.350 millj. inn í málaflokkinn, sem er vissulega jákvætt, þá eru þeir lífeyrisþegar sem þarna fá kjarabætur að borga skatta vegna þess að skattleysismörkin hafa ekkert hreyfst. Þetta hefur verið að gerast frá því fyrir um það bil ári. Þá hófst t.d. skattlagning á öryrkja sem fengu engar greiðslur úr almannatryggingunum og þeir borga til baka inn í kerfið rúm 70 þús. kr. á ári sem fara til baka í ríkiskassann þannig að eitthvað af þessum peningum fer til baka til hins opinbera. Kannski má gera ráð fyrir ef maður slær á þetta að þá sé það um 1 milljarður sem í rauninni fer til þess hóps sem verst stendur á meðan þeir borga skatta af sínum lágu greiðslum úr almannatryggingunum. E.t.v. er þetta aðeins hærri greiðsla en 70 þúsund á ári ef eingreiðslurnar eru teknar inn í.

Það má líka geta þess að tveir öryrkjar sem búa saman fá í dag að með þessu um 120 þús. kr. á meðan tveir einstaklingar sem eru atvinnulausir fá 137 þús. kr. hvor. Þeir fá mun hærri greiðslu en öryrkjarnir þannig að það hefði kannski aðeins mátt líta til þess. En ég geri ráð fyrir að þarna verði menn með frekari skref sem hæstv. ráðherra á eftir að svara nánar um því að ég geri ráð fyrir að það standi sem hæstv. ráðherra sagði í fjölmiðlum að þetta væri aðeins fyrsta skrefið og vissulega væri ástæða til að fá það fram hér hvenær næstu skref verða tekin.

Ég minntist á það hvernig tekjutengingarnar til öryrkjanna verða minnkaðar. Það tel ég vissulega til bóta og þó að það séu aðeins tveir bótaflokkar sem eru þarna á ferðinni

því eftir því sem mér sýnist á frv. og segir eitthvað um í athugasemdum með lagafrv. er þetta bara tekjutryggingin og heimilisuppbótin þá má kannski segja að það sé stærri hluti greiðslnanna en hinir bótaflokkarnir sem falla ekki undir þessa reglu.

Síðan hefði ég gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra út í 3. gr. í frv. um breytinguna á almannatryggingalögunum en þar er talað um tekjur lífeyrisþega í 2. og 3. mgr. eins og þær eru skilgreindar í 10. gr., sbr. 10. mgr. Nú er það svo að í 10. gr. eru ekki tíu mgr. þannig að ég átta mig ekki alveg á hvað er verið að fara þarna og velti fyrir mér hvort þarna sé átt við 10. mgr. 17. gr. sem er málsgrein um tekjutrygginguna.

Ég velti því líka fyrir mér að laun hafa verið að hækka eins og við þekkjum um 6,9% á almennum markaði en almannatryggingabætur hafa aðeins hækkað um 4%. Hvers vegna var ekki hægt að gera það nú þegar átti að létta hag lífeyrisþeganna að hækka greiðslurnar um sömu prósentu og laun á almennum vinnumarkaði? Þetta er spurning sem ég varpa til hæstv. ráðherra um þessa hluti. Aftur á móti er verið að hækka frítekjumörk og samræma og ég fagna því vissulega og tel það jákvætt því að það hefur verið mjög flækt í almannatryggingarnar öll þessi mismunandi frítekjumörk eftir því hvaðan tekjurnar komu. Þar er sem sagt verið að breyta og einfalda, a.m.k. í þeim hluta almannatrygginganna. En ég er enn þá persónulega frekar ósátt við hver munurinn er á öryrkjanum og ellilífeyrisþeganum og er þá að líta til öryrkjans sem nær því að vera 67 ára, hvernig hann lækkar í greiðslum við það eitt að ná 67 ára aldri. Ég hefði talið að a.m.k. hefði verið full ástæða til að horfa til þess. Þetta er ekki stór hópur. Það er ekki mjög kostnaðarsamt að taka á því sérstaklega því að eins og kerfið er í dag og einnig eftir að þetta frv. verður orðið að lögum, þá fer þessi hópur frekar illa út úr því. Við skulum segja að öryrkinn sem er á vinnumarkaði muni fara í ellilífeyrisskerðinguna um leið og hann nær 67 ára aldri og þá eru ekki þessi 40% tekna hans tekin til hliðar gagnvart tekjutryggingunni og heimilisuppbótinni. Sömuleiðis er upphæð tekjutryggingarinnar til ellilífeyrisþeganna lægri. Þetta eru ekki háar upphæðir sem munar um. Það hefði mátt skipta því og samræma þannig að þessi hópur lenti ekki í því eins og hann hefur reyndar gert eins og tryggingakerfið hefur verið undanfarið. Það er a.m.k. ekki tekið sérstaklega á því hér og núna þegar sérstaklega er verið að minnka vinnuletjandi þætti tryggingakerfisins sem er vissulega jákvætt því að það hefur verið vandi tryggingakerfis okkar að það hefur verið vinnuletjandi. Dregið hefur úr því að fólk fari út í atvinnulífið vegna þess hve tekjutengingarnar hafa verið miklar, þá er ekki tekið á því gagnvart ellilífeyrisþegum eða öryrkjunum sem verða ellilífeyrisþegar.

Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hver verða raunveruleg útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar breytinga. Hér er talað um það og hæstv. ráðherra kom fram með það í ræðu sinni að það væri 1 milljarður 350 millj. eins og ég nefndi áðan en eins og ég kom inn á eru lífeyrisþegar að greiða skatt af þessum upphæðum og því væri fróðlegt að fá upplýsingar um hver raunveruleg útgjöld ríkissjóðs eru vegna þessara breytinga þegar upp er staðið.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég kalla eftir tillögunum um sveigjanlegu starfslokin sem ég sé ekki í frv. og sömuleiðis hvort áform séu uppi um að taka 40% af tekjum öryrkjanna alveg út úr öllum tekjutengingum eins og hæstv. ráðherra sagði í kynningunni í fjölmiðlum og í Morgunblaðsumfjölluninni sem ég vitnaði í. Ef það eru áform uppi um það, hvenær má búast við því að þær breytingar komi og hvenær eru næstu skref væntanleg í kjarabótum fyrir þennan hóp?

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. ráðherra muni svara þessum spurningum og ég mun koma upp aftur í síðari ræðutíma mínum ef ástæða er til.

[18:09]

Útbýting þingskjala:

Áhafnir íslenskra skipa, 348. mál, nál. samgn., þskj. 1269.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 602. mál, nál. umhvn., þskj. 1280.

Lax- og silungsveiði, 389. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1271; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1272.

Orkulög, 736. mál, frv. iðnn., þskj. 1275.

Umferðarlög, 672. mál, nál. allshn., þskj. 1301.

[18:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði varðandi ræðu hv. þm. sem ég vil koma inn í umræðuna núna í andsvari og þakka henni fyrir málefnalega ræðu. Það er varðandi sveigjanleg starfslok og ákvæði sem er í skýrslu nefndarinnar um það. Frekari tryggingafræðilegir útreikningar þurfa að fara fram varðandi þau og ég hyggst flytja um það efni frv. á haustþingi. Málið var einfaldlega ekki tilbúið á þessum skamma tíma til að leggja það fyrir á vorþingi en ég hyggst bæta úr því.

Varðandi svo kynninguna á málinu er frv. flutt í beinu framhaldi af tillögum skýrslunnar og það er í samræmi við hana. Það kann að vera að það megi lesa út úr þessari kynningu eitthvað hliðstætt og hv. þm. gerði en það ber að lesa út úr þessu nákvæmlega það sem er í skýrslunni. Hins vegar vil ég taka fram að ekki er verið að blekkja neinn með þessari kynningu því að það var búið að kynna fulltrúum aldraða og öryrkja skýrsluna áður en þessi blaðamannafundur var og fundað sérstaklega með þeim um það þannig að ég hef ekki komið að neinu leyti aftan að þeim í þessu máli. Þeim var kunnugt um öll efnisatriði varðandi þetta. Ég vil taka það fram.

Varðandi ummæli um næstu skref þá vil ég skoða nákvæmlega hvernig má halda áfram endurskoðun almannatryggingalaga og mun koma að því aftur í seinna andsvari.

[18:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og fagna því að tillögur komi á haustþingi um sveigjanleg starfslok. Ég mundi gjarnan inna hæstv. ráðherra eftir því, herra forseti, hvenær sveigjanleg starfslok eru ráðgerð og hvort það komi frekari breytingar til að auðvelda fólki sveigjanleg starfslok. Það þarf að gera breytingar á fleiri lögum ef raunveruleg sveigjanleg starfslok eiga að vera möguleg, m.a. í sambandi við lög um opinbera starfsmenn og ýmis fleiri lög. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé ráðgert samhliða þessari lagabreytingu.

Sömuleiðis varðandi það sem hann sagði um kynninguna og að það var a.m.k. nokkuð misvísandi hvernig sett var þar fram varðandi atvinnutekjur öryrkjanna, hvernig þær væru settar til hliðar, þá las ég þetta beint upp úr Morgunblaðinu. Það segir að tekin séu 40% og síðan eru skerðingarnar sem eru ekki gagnvart frv. Þegar menn lesa og hlusta á þessar

kynningar og fæstir með þessa skýrslu voru a.m.k. komnar þarna fram misvísandi upplýsingar. En ég sé það þegar maður fer að lesa skýrsluna að þarna er aðeins gert ráð fyrir skerðingu á tveimur bótaflokkum af mörgum.

En hver verða næstu skref? Verða fleiri skref tekin en sveigjanlegu starfslokin á haustþinginu? Er hæstv. ráðherra með áform uppi um víðtækari breytingar og kjarabætur fyrir þennan hóp?

[18:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það fram varðandi þetta að ég mun fara yfir það á næstu vikum hvernig verður staðið að frekari endurskoðun almannatryggingalaga. Þessi endurskoðun hefur staðið yfir svo lengi sem ég man. Ég held að hún hafi staðið yfir í ein 10–15 ár með einhverjum hléum sem ég hirði ekki um að rekja hér. Margar leiðir koma til greina til að taka út einhver ákveðin atriði ef á að halda áfram þessari heildarendurskoðun sem ég er ekki tilbúinn að segja til um á þessari stundu en ég tel nauðsynlegt að halda þessu verki áfram.

Mér þykir leitt ef eitthvað annað hefur verið lesið út úr ummælum mínum en stóð í skýrslunni. Ég gerði mér far um það að kynna þetta lykilfólki sem að mínu mati þyrfti að fjalla um þetta áður en kom til blaðamannafundarins. Ég vona að ef misskilningur hefur átt sér stað hafi hann ekki komið að sök.

Að öðru leyti mun ég koma að öðrum atriðum í ræðu hv. þm. síðar.

[18:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra minntist á kynninguna sem ég gerði nokkuð að umtalsefni í ræðu minni áðan og ég vil hæla hæstv. ráðherra fyrir að hann skyldi kynna skýrsluna og áform sín fyrir hagsmunahópum og öðrum þeim sem hann taldi að þyrfti að kynna hana fyrir áður en hún fór í fjölmiðla (**Gripið fram í:** Og stjórnarandstöðunni líka.) og stjórnarandstöðunni líka, þ.e. þingflokksformönnum. Ég tel það jákvætt og ég vil hæla honum fyrir það.

Hæstv. ráðherra segir í andsvari að hann muni vinna áfram að endurskoðun almannatryggingalaga. Ég fagna því. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að almannatryggingalögin, sem eru að grunni frá 1971, hafa verið endurskoðuð nánast frá því að þau voru sett með einhverjum hléum og með misjöfnum árangri og litlum yfirleitt. Ég spyr hæstv. ráðherra: Verður þar sama nefndin á ferðinni eða munu fleiri koma að því? Ég minnist þess að eitt sinn var hér á ferðinni önnur almannatryggingalagaendurskoðun þar sem stjórnarandstaðan og hagsmunaaðilar áttu t.d. aðild að og ég spyr hvort sami háttur verði hafður á eða hvort fleiri komi þar að. Ég ætla ekki að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni leggja sig fram um að einfalda kerfið. Ég bara bið hann um það lengstra orða að koma því þannig fyrir að hægt verði að einfalda þetta kerfi. Bara með þessari lagabreytingu verður orðið ansi erfitt fyrir mjög marga og jafnvel flesta að túlka, kynna og framkvæma þessa löggjöf eins og hún er orðin, flókin, toguð og teygð eins og almannatryggingalögin eru því miður orðin og lagast ekki við þetta.

[18:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur kynnt frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Mig langar til að geta þess í upphafi að nokkur nýlunda er að hæstv. ráðherra kynnti hagsmunaaðilum og stjórnarandstöðunni frv. áður en hann kynnti það fyrir blaðamönnum og það finnst mér virðingarvert. Ég vona að það verði öðrum ráðherrum til eftirbreytni því að ég efast ekki um að hæstv. heilbrrh. muni halda þeirri vinnureglu áfram enda er svo stutt síðan hann var sjálfur óbreyttur þingmaður. Herra forseti, ég treysti því þó svo hann heyri ekki til mín, að hann viti hug okkar til þess hve mikils við mátum að hann fór þessa leið.

En nokkur orð um frv. Það er rétt sem hér hefur komið fram að viðbrögð Morgunblaðsins eftir þessa kynningu eru auðvitað viðbrögð ákveðinna blaðamanna en mig langar, hæstv. forseti, til að lesa stutta tilvitnun í orð hæstv. ráðherra, Jóns Kristjánssonar, í Morgunblaðinu frá 9. maí, með leyfi forseta:

„Mestu máli skiptir að hér eru bætt kjör þeirra sem verst eru settir og einnig er dregið úr skerðingu til öryrkja vegna atvinnutekna, þar sem 40% tekna þeirra eru teknar til hliðar áður en til skerðingar kemur. Þetta hefur verið áhersluatriði af þeirra hálfu og er að mínum dómi afar mikilvægt. Það þýðir að tekjur öryrkja verða ekki skertar þó að þeir fari út á vinnumarkaðinn eftir getu og aðstæðum hverju sinni."

Herra forseti. Þetta frv. er viðbrögð við svokölluðum hæstaréttardómi, öryrkjadómi, sem var kveðinn upp í janúarmánuði. Við þeim dómi var brugðist með breytingu á lögum og nú var í rauninni verið að ganga skrefinu lengra en þá var gert og draga úr þeim mismun sem er á milli bóta þeirra sem búa einir og þeirra sem eru í sambúð. Þetta er skref í þá átt.

Eftir að þau lög voru sett var það kynnt að endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni yrði hraðað til að bæta enn frekar kjör öryrkja og taka tillit til bóta ellilífeyrisþega. Einhvern veginn liggur það í loftinu að sú kjarabót sem hér er kynnt hafi orðið þó nokkrum vonbrigði svo ekki sé meira sagt, sérstaklega þegar fréttatilkynning eins og þessi sem ég var að lesa upp er síðan ekki rétt, þar sem maður gæti túlkað það þannig að 40% tekna, sem sé allra tekna öryrkja, væru teknar til hliðar. Þetta er því misvísandi. Ég er ekki undrandi á því að bæði ellilífeyrisþegar og öryrkjar hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með þetta frv.

Lagt er til að sérstök heimilisuppbót verði kölluð tekjutryggingarauki og það er ágætismál ef hægt er að einfalda þessa löggjöf. Dregið er úr skerðingu. Skerðing tekjutryggingaraukans lækkar úr 100% niður í 60%. En þegar maður les þetta vel er eingöngu verið að tala um tekjutryggingu og heimilisuppbót. Það er ekki verið að tala um allar bætur.

Við munum örugglega ræða þetta betur og fara vel yfir frv. í heilbr.- og trn. því að það er kannski ekki eins einfalt og það lítur út fyrir að vera þegar maður les það við fyrstu yfirferð. Þetta er ekki langt frv. og ekki flóknar breytingar að sjá en trúlega þarf maður að skoða þetta nokkuð vel til að átta sig á því hvaða bætur þetta eru í raun því að almannatryggingakerfið er eins og margstöguð flík og erfitt að skoða þetta í samhengi við annað.

Einnig eru uppi deilur um það við hvað á að miða þegar við erum að tala um hvort bætur hafi haldið verðgildi sínu, hvort bætur almannatrygginga hafi hækkað eins og laun á almennum vinnumarkaði. Um þetta getum við lengi deilt en fram hefur komið mjög mikil gagnrýni á að grunnlífeyrir hafi ekki hækkað, að þar hafi ekki orðið raunhækkun eins og í almennri launaþróun. Þetta tel ég að hv. heilbr.- og trn. verði að skoða mjög gaumgæfilega og hafa þetta á hreinu

því að það er mismunandi túlkun á því hvar við stöndum varðandi þær bætur sem hér er verið að leggja til.

Útgjöldin eru áætluð um 1.350 millj. á ári en af þeirri upphæð mun ríkið fá til baka einhverjar skatttekjur. Við vitum ekki enn hversu háar þær verða, við höfum ekki enn þá fengið þá útreikninga, þannig að þetta eru ekki heildarútgjöld. En kannski þessi upphæð segi okkur enn frekar hvað í raun elli- og örorkulífeyrisþegar hafa dregist aftur úr, ég tala nú ekki um ef ekki hefur orðið raunhækkun á grunnlífeyri. Ég legg því áherslu á að við þurfum að hraða heildarendurskoðun og þó að búið sé að horfa á þetta í 10–15 ár, þá verður að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er núna og reyna að einfalda almannatryggingakerfið. Það er mjög flókið og það verður flóknara eftir þessa löggjöf. Það er alveg ljóst varðandi þessar bætur.

Ég vil taka fram að þetta er jákvætt skref. Það er ekki eins stórt eins og ég vænti eftir þá umræðu sem við áttum hér eftir áramótin en ég vænti þess að þetta mál verði skoðað mjög gaumgæfilega í heilbr.- og trn. og við verðum að gefa okkur tíma til að fara vel yfir það þrátt fyrir að tíminn til loka þingsins sé knappur, þá verðum við að reyna að átta okkur á því hvaða bætur þetta eru í raun.

[18:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur kynningarmálin borið á góma og ljóst er að í orð mín hefur verið lagður sá skilningur að hér verði allar bætur öryrkja undir. Gefin var út fréttatilkynning til fjölmiðla sem er skrifleg og ég er með hér í höndunum þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Lagt er til að til skerðingar á tekjutryggingu öryrkja komi aðeins 60% atvinnutekna þeirra. Er þetta gert m.a. til að örva öryrkja til atvinnuþátttöku."

Þarna er þetta svart á hvítu en ég harma það ef einhver hefur misskilið orðalag mitt í þessu efni. Hér er átt við tekjutrygginguna og það er þá ljóst hvað hið rétta er í þessu máli, enda fjallaði skýrslan um það og frv. var flutt í beinu framhaldi af því. En eins og ég sagði, þeir forustumenn sem þarna áttu hlut að máli höfðu þær upplýsingar í höndunum skriflegar þannig að þetta átti ekki að fara á milli mála.

[18:28]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þarna hefur verið nokkur ónákvæmni, kannski í töluðum orðum og fréttamenn jafnvel tekið þau upp og flutt þau þannig. Þetta stendur auðvitað skýrt í frv. en ég vil taka fram að það er heldur ekki allt í frv. sem kemur fram í skýrslunni eins og t.d. sveigjanleg starfslok og eins varðandi frítekjumarkið. Sveigjanleg starfslok eiga eftir að koma síðar í haust, eins og hæstv. ráðherra sagði, og frítekjumarkið með reglugerð þannig að þetta mun líka rugla fólk svolítið í ríminu.

[18:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með tilliti til aðstæðna hér og þess að um 1. umr. þessa máls er að ræða, þá ætla ég ekki að hafa uppi langa tölu. Ég get vísað til þess sem kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman og ætla aðeins að bæta þar lítillega við og hnykkja á nokkrum atriðum.

Það fyrsta sem ég hlýt að segja er það að því miður eru niðurstöður starfshópsins og það frv. sem er hér á borðum í talsverðum mæli vonbrigði þó innihaldið sé jákvætt svo langt sem það nær að langmestu leyti. Það er auðvitað ósköp einfaldlega vegna þess að umtalsverðar væntingar voru bundnar við það starf í ljósi þeirra fyrirheita sem gefin hafa verið að undanförnu um að í vændum væru hvort tveggja í senn verulegar raunhækkanir grunnbóta tryggingakerfisins til aldraða og öryrkja og hins vegar heildstæð endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni og uppstokkun þeirrar löggjafar sem er eins og kunnugt er að stofni til mjög gömul og stagbætt en því miður held ég að verði að segja að hvorugt gangi eftir þannig að hægt sé að segja að það standi undir nafni.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að endalaust má deila um viðmiðanir og upphæðir. Menn geta sjálfsagt deilt fram og til baka og seint fengið hina einu sönnu eða réttu niðurstöðu í það hvernig þessir hópar hafi komið út miðað við þróun á vinnumarkaði, almenna launaþróun, þróun meðallauna eða hvort við tölum um þróun lægstu launa sem er næst því að endurspegla þá viðmiðunarhópa sem bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur voru áður miðaðar við. Ég held að eingöngu vönduð úttekt sem tekur til lengri tíma og mælir þetta þannig að val á upphafs- og endapunktum skipti litlu máli, því sé eytt út með því að taka löng viðmiðunartímabil, geti í raun og veru skorið endanlega úr um það. Kannski verður það ekki fyrr en eitthvað líður frá þessum tíma sem við stöndum á í dag sem við sjáum nákvæmlega í raun hvernig þeir hópar sem fengið hafa allan framfærslueyri sinn úr tryggingakerfinu hafa í raun komið út borið saman við þróun á launamarkaði.

Ég held þó að því verði tæpast á móti mælt að frekar hallar á þá en hitt, sérstaklega ef við tökum inn í myndina þær tilraunir sem gerðar hafa verið í almennum kjarasamningum til að lyfta lægstu launum á undanförnum missirum. Að mörgu leyti er það sú viðmiðun sem eðlilegast er að taka, bæði vegna þess að það var sá viðmiðunarhópur sem tryggingabæturnar og atvinnuleysisbæturnar fylgdu áður og svo auðvitað einfaldlega vegna hins að það er næst því að vera samanburðahæft í skilningnum raunveruleg afkoma, raunveruleg laun. Því miður þekkjast enn svo smánarlega lág laun hér á vinnumarkaði að þau eru ekki nema litlu hærri en fullar tryggingabætur, t.d. einhleypings, og það var þetta sem menn voru að reyna á árunum að láta fylgjast að.

Síðan er það, herra forseti, sem kannski skiptir mestu máli, og menn ættu að geta sparað langar ræður og horft ósköp einfaldlega á það, um hvaða raunupphæðir við erum að tala og hver er kaupmáttur þeirra fjárhæða sem menn fá út úr tryggingakerfinu. Hver er afkoma einhleyps ellilífeyrisþega eða einhleyps örorkulífeyrisþega sem hefur ekkert annað sér til framfærslu en tekjur úr tryggingakerfinu, liðlega 72 eða 73 þús. kr. eins og þar stendur í dag? Hver er hún? Það er það sem máli skiptir að lokum en ekki samanburðurinn. Með mælingu á því í ljósi framfærslukostnaðar þegar við horfum til húsaleigu, vöruverðs, matvælaverðs og annarra þátta, sem heldur betur hafa hækkað upp á síðkastið, þá er það veruleikinn sem blasir við þessu fólki að reyna að draga fram lífið á þessum upphæðum og er örugglega engin of sæll af, enda þekkjum við örugglega öll einhvers staðar í umhverfi okkar, kringum okkur, í fjölskyldum okkar eða kunningjahópi einhverja sem búa einmitt við slíkar aðstæður.

Í þessu frv. eru að sjálfsögðu hlutir, herra forseti, sem eru tvímælalaust til mikilla bóta. Með hækkuninni á þessum bótum svo langt sem hún nær er auðvitað of skammt gengið því að þetta mun væntanlega tæpast duga til að hífa upp þessa hópa þannig að þeir verði í grófum dráttum

jafnsettir og þeir voru fyrir nokkrum árum borið saman við aðra hópa. Og líka þær kerfisbreytingar sem gerðar eru. Þá vil ég sérstaklega nefna að það að draga á úr þeirri beinu skerðingu atvinnutekna á bætur sem áður var við lýði t.d. hjá öryrkjunum, að færa skerðingarhlutfallið úr þeim 100% sem þetta var gagnvart endaþáttum bótanna eins og sérstöku heimilisuppbótinni er að sjálfsögðu til bóta. Þar eru að vísu hlutir sem þarf að skoða betur og þó að þetta líti ágætlega út á öllum þessum línuritum og gröfum held ég að ástæða sé til að fara sæmilega yfir það, jafnvel fyrir þá sem hafa lengi glímt við að skilja völundarhús jaðaráhrifa í skattkerfi og tryggingakerfi og hvernig þeir þættir spila saman.

Áfram stendur það líka og verður ekki hrakið, herra forseti, að íslenska almannatryggingakerfið er mjög lágtekjumiðað. Það er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Auðvitað er mér vel ljóst að menn deila stundum um hvort það sé einmitt þannig sem það eigi að vera. Sumir færa fyrir því rök að þetta eigi eingöngu að vera öryggisnet undir botninum hjá þeim sem allra lakast eru settir og ekki eigi að hugsa það sem almennara jöfnunartæki og víðfeðmara eins og gert er í skandinavíska velferðarkerfinu þar sem talsvert önnur viðmið eru lögð til grundvallar. Íslenska kerfið hefur lengi verið mun lágtekjumiðaðra. Því verður ekki á móti mælt. Það er þannig skyldara kannski því sem hefur verið í Finnlandi eða í Norður-Ameríku en skandinavíska módelinu svo vísað sé til þess.

Til viðbótar þessu hafa flestar grunnupphæðir verið og eru flestar grunnupphæðir einfaldlega lægri en þær eru í löndunum í kringum okkur, t.d. í Danmörku. Þar er allverulegt bil á kjörum aldraða og örykja sem hafa fullar greiðslur úr tryggingakerfinu hér og þar.

Nú geta menn sagt að það sé vissulega þannig að lægstu dagvinnulaun á Íslandi séu lægri en þau eru í Danmörku og það er rétt. En ráðstöfunartekjur heimila eru það ekki að neinu marki og það er vegna þess að launasamsetningin er önnur hér, vinnuvikan er lengri og yfirvinna stærri þáttur í launatekjum almennings en gerist þar þannig að þegar við berum saman hópa aldraða og öryrkja annars vegar og tökum tillit til ráðstöfunartekna eða heildartekna launamanna á Íslandi, þá er þarna mun meira bil á milli en er í nágrannalöndunum. Það er staðreynd.

Með öðrum orðum er það hér við lýði að þeir sem fá tekjur sínar úr tryggingakerfinu taka mið af lægstu dagvinnulaunum, sem eru sem betur fer afar fáir á hér, og allur þorri almennings hefur mun meiri ráðstöfunartekjur gegnum langa vinnuviku, yfirvinnu o.s.frv.

Þetta, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að minna á til þess að taka menn svolítið niður á jörðina gagnvart því að hér séu að gerast einhver stórtíðindi í formi þess að hækka verulega rauntekjur eða afkomu þessara hópa.

Herra forseti. Einnig verður að líta til margra annarra þátta og er ekkert komið inn á það í þessu frv. þar sem ekki einu sinni allt sem starfshópurinn skilaði er á ferðinni heldur aðeins hluti af því sem valinn hefur verið út. Þar þarf líka að líta til annarra þátta sem skipta máli í sambandi við afkomu og lífskjör þessara hópa, eins og framfærslukostnaðarins, eins og annarra hluta þess stuðnings sem menn fá. Ég nefni þar hluti eins og bílastyrki, lyfjakostnað, ferðakostnað vegna veitinga og margt annað sem varðar umtalsverðan fjölda í þessum hópum mjög miklu. Þetta þarf líka að skoða. Það er ekki nóg að einblína á upphæðir grunnbótanna svo mikilvægar sem þær eru, heldur þarf að líta til þess hvaða kostnað þær eiga að dekka og hvaða aðrar þarfir þessir einstaklingar hafa og hvernig þeim er mætt, bæði í skilningnum þjónusta og kostnaður.

Það þarf líka, herra forseti, að halda áfram þeirri vinnu sem ég batt vonir við að yrði samhliða þessari endurskoðun almannatryggingakerfisins, að fara yfir samspil tryggingganna, lífeyrisréttindanna, skattkerfisins og annarra þátta sem hanga þarna á spýtunni. Þeirri vinnu er að mínu mati ekki lokið og það er ekki teiknuð í sjálfu sér inn í framtíðina nein sú leið sem ég skrifa upp á í þessu efni. Það sem ég fann við fljótan yfirlestur í skýrslu starfshópsins eru einfaldlega nokkrar setningar um að lífeyrissjóðakerfið muni á komandi árum í æ ríkari mæli yfirtaka hlutverk tryggingakerfisins. Það er auðvitað ekki mikil speki að vegna skerðingar tryggingagreiðslna á grundvelli lífeyrisgreiðlna dragi úr greiðslum ríkisins eftir því sem lífeyrisréttindi byggjast upp. En hvernig verður sú skerðing útfærð og hvert verður samspil hennar við skattkerfið? Hver verða frítekjumörkin? Hver verða skattleysismörkin? Það er þetta sem mun ráða úrslitum um lífskjör þessa hóps á komandi árum og áratugum. Í tilviki öryrkjanna er þetta ekki einu sinni rétt vegna þess að stór hluti þeirra er alls ekki að mynda nein lífeyrisréttindi. Gleymum ekki þeim býsna stóra hluta öryrkja sem leggur annaðhvort af stað frá byrjun með mjög óveruleg eða engin lífeyrisréttindi og verður þar af leiðandi áfram algerlega háður því um afkomu sína sem kemur út úr tryggingakerfinu. Það er því miður viss tálsýn, herra forseti, sem er dregin upp með því að vísa í vaxandi lífeyrisréttindi og uppbyggingu lífeyrissjóðanna með þeim hætti sem er að mínu mati gert á vissan hátt í skýrslu starfshópsins með þeim fyrirvara þó, herra forseti, að ég áskil mér rétt til þess að lesa það betur. Þetta er nokkur doðrantur og við höfum ekki haft langan tíma til þess að gera það.

Af hverju, herra forseti, er þetta mikilvægt? Jú, það er fyrst og síðast vegna lífsskilyrða þessara hópa í samfélaginu, það er það. En þetta er gríðarlega stórt mál í mörgu öðru samhengi. Það sem Íslendingar þurfa að fara að átta sig á þó seint sé er að við erum að byrja að horfast í augu við breytta aldurssamsetningu í samfélaginu og aldraðir eru hér í ört vaxandi mæli að verða miklu stærri þátttakendur í samfélaginu sem neytendur þjónustu og sem fullgildir gerendur með hækkandi lífaldri og vaxandi fjölda á þessu aldursskeiði skipta þeir sífellt meira máli. Þeir skipta máli í þeim samfélögum þar sem þeir búa. Sums staðar er það þannig að hlutfall aldraðra er að verða mjög hátt hlutfall af íbúum viðkomandi sveitarfélaga. Það er af ýmsum ástæðum sem menn velja sér sum sveitarfélög umfram önnur þar sem þeim finnst huggulegt að eyða ævikvöldinu. Þar erum við ekki að tala um fáein ár. Við erum kannski að tala um fullfrískt fólk sem lætur af störfum og á fram undan 10–20 ára búsetu í fullu fjöri í viðkomandi sveitarfélagi. Ef þetta er orðinn kannski fjórði eða þriðji partur af íbúunum skiptir ekki litlu máli hver lífsskilyrði þessa hóps eru og hvaða kaupgetu hann hefur. Þetta eru hlutir sem heyrast allt of sjaldan nefndir í umræðum og það er af efnahagslegum ástæðum og samfélagslegum ástæðum af þessum toga sem er líka mjög mikilvægt að átta sig á því. Er það ekki skynsamlegt, bæði réttlátt og sanngjarnt, en líka út frá sjónarmiðum um jöfnuð í samfélaginu að þessir hópar geti verið fullgildir þátttakendur í því í öllu tilliti að bæta kjör þeirra? Ég held að svarið sé tvímælalaust jú því að þá og því aðeins getur þetta fólk, hvort sem það eru öryrkjar eða aldraðir, verið fullgildur þátttakendur í því

samfélagi sem það byggir að það hafi eðlilegan kaupmátt, það geti veitt sér svipaða hluti, a.m.k. í einhverjum mæli, og aðrir geta gert í formi neyslu, í formi þess að kaupa þjónustu o.s.frv. Þetta, herra forseti, þurfa menn virkilega að fara að skoða.

Ég veit ekki hvort menn eru meiri eða minni sérfræðingar í líffræðilegum atriðum af þessu tagi og könnunum á því hvernig aldurspíramídinn er að breytast. Það væri ágætt að geta brugðið upp línuritum við svona aðstæður, herra forseti, í þinginu til að útskýra mál sitt. En það mætti þá reyna það með höndunum að líkja aðeins eftir pýramídanum eins og hann hefur verið. Hann hefur verið brattur og sveigst út að neðan, en hann er í leiðinni yfir á að sveigjast út að ofan. Það er það sem er að gerast. Þetta er það sama og menn þekkja frá öðrum löndum, en það er ákveðin tímatöf í kerfinu hjá okkur vegna þess að fæðingartala er hér enn lág en lífaldur hefur hækkað og heilsa þessara hópa batnað. Þar af leiðandi þróast efri hluti píramídans með svipuðum hætti hjá okkur og hann gerir í nágrannalöndunum.

Eitt enn að lokum, herra forseti, um þessar almennu hugleiðingar í tengslum við frv. og það er að við þurfum að átta okkur á að við erum enn á ákveðnu umbreytingaskeiði í þessum efnum. Það er býsna langt í land að jafnvægi skapist sem menn eru að gera skóna að að muni sjálfkrafa leysa tryggingakerfið að verulegu leyti af hólmi á Íslandi og í staðinn komi þá lífeyrisréttindi almennings í gegnum samábyrga uppsöfnunarsjóði. En það eru því miður enn þá um 25 ár í að það kerfi komist í fullt jafnvægi. Það tekur mjög langan tíma. Það tekur um það bil 25 ár. Það var því miður, það er kannski ekki rétt að segja því miður, ekki fyrr en um 1970 sem þetta lagði af stað og ekki fyrr en mun seinna sem sú regla varð almenn að allir tóku að greiða í lífeyrissjóði og enn seinna sem menn tóku að greiða af öllum launum. Þess vegna er lengra en menn kynnu að halda í að uppsöfnun réttinda í lífeyrissjóðunum verði lokið, þeir séu komnir í fullt jafnvægi og réttindin til útgreiðslna á hverjum tíma séu í fullu samræmi við inngreiðslurnar plús ávöxtun af því fé sem þar er inni. Það eru a.m.k. gróft áætlað eða reiknað 15–25, 20–30 ár þangað til það verður. Á meðan við bíðum þess verður að útfæra með einhverjum sanngjörnum og réttlátum hætti samspil tryggingakerfisins og lífeyrisréttindanna og annarra þátta þannig að þessir hópar búi við sambærileg lífskjör. Síðan ítreka ég enn og minni á að ekki má gleyma þeim sem því miður vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum komast aldrei út á vinnumarkaðinn og eins og þeim hlutum er fyrir komið í dag mynda þar af leiðandi engin lífeyrisréttindi og eru algerlega háðir þessu kerfi um afkomu sína alla tíð.

Það hefur oft hvarflað að mér að í raun og veru þyrfti að búa þannig um hlutina að þeir hópar yrðu teknir inn í sama kerfið og aðrir í þeim skilningi að fyrir þá yrðu mynduð lífeyrisréttindi með greiðslum gegnum tryggingakerfið þannig að þegar þeir kæmu á eftirlaunaaldur yrðu þeir jafnsettir öðrum óháð aðstæðum sínum á vinnualdri. Það væri a.m.k. ein aðferð sem kæmi sterklega til skoðunar að viðhafa til að ná þessum árangri og gera alla jafnsetta í þessum efnum.

Herra forseti. Þetta læt ég þá nægja um frv. Það er nauðsynlegt að hv. þingnefnd geri hvað hún getur til að skoða ýmis álitamál sem þar eru á ferðinni á þeim skamma tíma sem verður væntanlega þar til stefnu því að að sjálfsögðu vill enginn leggja stein í götu þess að þetta nái fram að ganga og þær úrbætur sem eru fólgnar í frv., of litlar að vísu, því miður, nái fram að ganga, en engu að síður væri æskilegt að nefndin gæti farið ofan í saumana á hlutum. Síðan þarf að líta þannig á, herra forseti, og ég vona að hæstv. ráðherra sé sama sinnis og það hef ég reyndar heyrt hann segja ef ég hef tekið rétt eftir, að hér sé ekki um neinn endapunkt að ræða heldur eingöngu skref á miklu lengri vegferð sem við þurfum að taka til að skapa þeim þjóðfélagsþegnum sem hér eiga hagsmuna að gæta betri lífskjör og almenn skilyrði en þeir búa við í dag.

[18:49]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Við hljótum öll að fagna því frv. sem hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir. Málefnasamningur ríkisstjórnarinnar kvað á um að almannatryggingakerfið skyldi endurskoðað með sérstakri hliðsjón af samspili þess í skattkerfi og lífeyrissjóðakerfi með það að markmiði að umfang og kostnaður stjórnsýslu verði sem minnstur og framkvæmd í samræmi til hagsbóta fyrir bótaþega. Meginákersla í endurskoðun skyldi lögð á að bæta kjör aldraða og öryrkja sem hafa lægstar tekjur.

Þessi vinna hefur staðið óslitið frá hausti 1999 en einnig er ljóst og staðfest í skýrslu nefndarinnar sem er fskj. með frv. að öryrkjadómurinn sem féll í desember sl. hafði töluverð áhrif á störf og áherslur nefndarinnar og þá niðurstöðu í málinu sem fram kemur í frv.

Ég fagna því sérstaklega að það náðist að ljúka undirbúningi frv. fyrir sumarið og þær hækkanir bóta sem frv. hefur í för með sér komi til framkvæmda nú um mitt ár. Í því felst töluverð kjarabót fyrir viðkomandi lífeyrisþega og ber sérstaklega að vekja athygli á því.

Frv. staðfestir og festir í sessi það grundvallarviðhorf í velferðarmálum sem fylgt hefur verið á undanförnum áratugum og reyndar frá upphafi almannatryggingakerfisins en það er að leggja áherslu á stuðning við þá sem eru í þörf fyrir aðstoð.

Ég hef rætt það áður í þessum ræðustól að ég hef áhyggjur af þeim viðhorfum sem haldið hefur verið á lofti á síðustu mánuðum en það er að skilgreina tilgang og markmið almannatryggingakerfisins út frá réttindum en ekki þörf. Þau viðhorf eru alger kúvending á áherslum í velferðarkerfinu frá því sem áður var. Komi slík stefna til framkvæmda mundi hún leiða til aukinna bóta til þeirra sem hafa úr meiru að spila sem hlýtur að þýða að því minna er til skiptanna handa þeim sem meira þurfa á aðstoð samfélagsins að halda vegna fátæktar, veikinda og örorku. Þessi stefna felur í sér að réttur til bóta er hinn sami hjá öllum sem uppfylla skilyrði til lífeyris eins og hann er skilgreindur á hverjum tíma. Rétturinn til tiltekinnar upphæðar lífeyris yrði hinn sami hjá öllum burtséð frá öðrum tekjum, svo sem atvinnutekjum, tekjum úr lífeyrissjóði og fjármagnstekjum. Þetta þýddi að meira fjármagn þarf til velferðarkerfisins. Því er dreift á fleiri aðila og hver og einn ber minna úr býtum. Þetta er í andstöðu við grundvallarviðhorf sem stjórnarskrá landsins lýsir, en þar segir, með leyfi forseta:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Kerfi sem er byggt á sömu réttindum til allra, burt séð frá öðrum tekjum, er óhemju dýrt.

Í skýrslu nefndarinnar sem er fskj. með frv. kemur fram að hver þúsund kr. hækkun á lífeyri til hvers einstaks lífeyrisþega þýðir 450 millj. kr. hækkun til málaflokksins. Heildarlífeyrir til aldraða og öryrkja á árinu 1999 var um

20 milljarðar kr. Væri þeirri upphæð dreift jafnt á alla lífeyrisþega, bæði elli- og örorkulífeyrisþega sem voru samtals 33.500 það ár eða árið 1999, eru um 600 þús. kr. á hvern mann á ári eða um 50 þús. kr. á mánuði.

Hverjar þúsund kr. til viðbótar þýða 450 millj. kr. Til að ná lágmarkstekjum um 80 þús. kr. sem frv. tryggir þeim sem engar aðrar tekjur hafa, þeim einstaklingum og hjónum, þyrfti 13,5 milljarða til viðbótar þeim 20 sem nú fara í málaflokkinn eða nær 70% hækkun og þá er eingöngu miðað við þá sem voru lífeyrisþegar á árinu 1999. Slíkt fyrirkomulag mundi þýða tilsvarandi skattahækkanir og frekari tilfærslu á fé á milli kynslóða. Ég tel ekki nokkurn vafa á því að við viljum fremur nota það fé sem við ætlum til velferðarmála til þeirra sem þarfnast stuðnings. Til þess er samtryggingin hugsuð. Um þetta grundvallarviðhorf tel ég vera víðtæka sátt í samfélaginu.

Á undanförnum árum höfum við byggt upp skyldubundið lífeyriskerfi sem við getum verið hreykin af. Með hverju árinu styrkist þetta kerfi og innan tíðar verður það meginstoð og þungamiðja lífeyris landsmanna og er það vel. Vegna umræðunnar hér á undan hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni hefur verið talað um að þetta gæti orðið um 15 ár fram í tímann, það er ekki svo langt sem 25–30 ár eins og þingmaðurinn taldi í ræðu sinni.

Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur stóðu að baki uppbyggingu almennu lífeyriskerfanna og geta verið stolt af því framtaki enda felst í því heilbrigð hugsun og hluti af sjálfstæðisvitund einstaklinga að hver og einn sem er þess umkominn hafi í ævistarfi sínu lagt fé til hliðar til að tryggja sjálfstæði í ellinni. Það er ekki og á ekki að vera hlutverk ríkisins að taka að sér allsherjarframfærsluskyldu til allra einstaklinga sem hafa náð tilskildum aldri eða eru öryrkjar. Sú hugsun er röng. Samtryggingin felst í að aðstoða þá sem af einhverjum ástæðum hafa ekki myndað rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðum sem tryggir þeim nægilegt fjármagn til framfærslu. Í því felst öryggisnetið og um það hefur verið samstaða allt fram á síðustu ár. Ég vara við stefnubreytingu í þessari grundvallarhugsun.

Í kjölfar öryrkjadómsins voru gerðar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem færði þeim hjónum eða sambúðaraðilum sem hafa bestu tekjurnar auknar tekjur. Í grundvallaratriðum var ég sammála þeim breytingum sem þá voru gerðar þar sem þær studdu sérstaklega við aukið sjálfstæði kvenna sem eru lífeyrisþegar. Hins vegar þótti mér og fleirum miður að kjör hinna verst settu voru ekki bætt í það skiptið. Því er sérstök ástæða til að fagna því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég fagna því sérstaklega að ákvörðun var tekin um að taka það til umfjöllunar og afgreiðslu í þinginu nú þegar á vorþingi. Í því felst ríkur vilji ríkisstjórnarinnar að ná þeim markmiðum, sem stefnt var að í stjórnarsamstarfinu, að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Sá vilji birtist skýrt í frv. og ýmis áhersluatriði fulltrúa aldraðra og öryrkja koma þar fram enda var haft samráð við þá um mótun frv. og sérstakt tillit tekið til óska þeirra um forgangsatriði þótt að sjálfsögðu beri heilbrrh. ábyrgð á útfærslu þeirra hugmynda. Hér er sérstaklega átt við það skynsamlega ákvæði að atvinnutekjur öryrkja leiði ekki til skerðingar á bótum í sama mæli og áður. Þetta ákvæði hvetur öryrkja sem á annað borð hefur starfsorku til vinnu til að afla sér atvinnutekna og um leið stuðlar það að aukinni virkni hans í samfélaginu án þess hann þurfi að sæta því að bætur hans í almannatryggingakerfinu skerðist óeðlilega mikið.

Einnig vil ég sérstaklega nefna að munur á réttindum einstaklinga og hjóna er minnkaður og kemur það m.a. fram í því að kjör hjóna, sem hafa engar aðrar tekjur en úr almannatryggingakerfinu, hækka um 25,7% þegar það frv. sem hér er til umfjöllunar verður að lögum. Hæstv. heilbrrh. hefur annars gert markmiðum frv. ágæt skil og hvernig þeim markmiðum verður náð og mun ég ekki frekar fjalla um það.

Virðulegi forseti. Hér hefur á stuttum tíma verulega aukið fjármagn verið veitt til almannatryggingakerfisins til að standa undir lífeyrisgreiðslum. Á þriðja milljarð kr. hefur verið aukið í kerfið á stuttum tíma sem þýðir hátt í 2 milljarða kr. á ársgrundvelli sem er um 7% aukning í kerfið á einu ári. Eins og hefur komið fram í umræðunni er þessu aukna fjármagni vel varið. Það eykur réttlæti í kerfinu eykur kaupmátt þeirra sem fá lífeyri og styður í auknum mæli við sjálfstæði þeirra sem þurfa að fá stuðning frá samfélaginu.

[18:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti hugsað mér við aðrar aðstæður að halda langa ræðu til þess að mótmæla þeirri hugmyndafræði sem felst í málflutningi hv. þm., en ég hef ekki tíma til þess eða aðstæður nú. Ég ætla sérstaklega þó að mótmæla einu og það er að það hafi verið samstaða á bak við einhverja lágtekju- eða fátæktarhjálparhugsun í almannatryggingakerfinu á Íslandi í gegnum tíðina. Svo er ekki. Staðreyndin er sú að þar hefur þróunin verið í öfuga átt að undanförnu. Hv. þm. ætti að þekkja t.d. að ellilífeyrir á Íslandi hóf göngu sína sem ótekjutengdur grunnlífeyrir. Þar á ofan kom svo til viðbótar tekjutengd tekjutrygging o.s.frv. En með óhóflegum tekjutengingum sem enduðu og náðu hápunkti sínum í því að allt var orðið tekjutengt núna seint á 10. áratugnum, þar með talið barnabætur að fullu, grunnlífeyrir elli- og örorkubóta o.s.frv., þá voru menn komnir svo langt út í þetta fen að nú eru menn aðeins að byrja að snúa ofan af því. Í hvaða átt? Í þessu frv. m.a. sem hv. þm. fagnar allt til skandinavísku hugsunarinnar að það eigi að vera einhver ákveðinn grunnur og menn eigi að geta bætt eitthvað aðstæður sínar án þess að tryggingabæturnar hverfi þar að fullu á móti. Þegar hv. þm. t.d. fagnar því að nú geti öryrkjar unnið og bætt stöðu sína að $^{6}/_{10}$ með þeim breytingum sem hér er verið að gera, þá er verið að fara í þá átt sem hv. þm. talar svo gegn. Það er nefnilega þannig. Hugmyndafræðin sem þarna er á ferðinni er vel þekkt í uppbyggingu tryggingakerfa í heiminum, stundum kennd við Nýja-Sjáland, stundum Ameríku, stundum kölluð rómanskt kerfi og byggir í raun og veru á þeirri fátæktarhjálparhugsun að það eigi eingöngu að bjarga mönnum upp að einhverjum lágmarks framfærslu- eða þurftarmörkum og þar eigi kerfið að enda. Ef það dugir svo ekki til eigi kirkjan að sjá mönnum fyrir súpu o.s.frv.

Það er dapurlegt, herra forseti, að heyra svona ræður á Norðurlöndum á þessum árum.

[18:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég á við með að samstaða hafi verið um þetta kerfi er að við erum sammála um að kerfið eigi að koma til móts við þá sem mest þurfa. Ég held að við getum verið sammála um það. Ef hv. þm. hefur skilið það á annan máta en ég hef sagt þá er það miður.

Hins vegar verð ég líka að benda á, einmitt vegna ummæla hv. þm. í ræðu hans fyrr í dag, að hann nefndi að bætur hér á landi væru lakari en t.d. á Norðurlöndum. Ég fór mjög

ítarlega í gegnum það í umræðunni í janúar að í skýrslu frá NOSOSKO og hjá sérfræðingum sem komu til okkar á fund kom fram að þeir einstaklingar sem þurfa algerlega að reiða sig á bætur úr almannatryggingakerfinu eru betur settir þegar saman er talið hér á landi, bæði einstaklingar og hjón. Við fórum mjög ítarlega í gegnum þá umræðu.

Hins vegar varðandi það atriði sem snýr að skipulagi kerfisins þá hafa þær hugmyndir verið uppi að allir eigi að hafa sama rétt og allir eigi að fá sömu upphæð frá almannatryggingakerfi, algjörlega burt séð frá öðrum tekjum. Ég er ekki sammála því kerfi og ég get ekki ímyndað mér að hv. þm. séu sammála því kerfi. Síðan hefur hugmyndin verið sú að skattkerfið ætti að jafna þetta út. Ég rakti í ræðu minni hvílíks fjármagns þetta krefst. Ég tel ekki að við séum tilbúin til að fara þessa leið og ég tel að hún sé ekki réttlát leið. Við eigum fyrst og fremst að nota almannatryggingakerfið til að koma til móts við þá sem þurfa á stuðningi að halda og eftir því sem tímar líða að láta lífeyriskerfið verða meginstoðina eins og við höfum rætt um.

[19:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. virðist ekki fást til að taka inn í myndina er að það er óravegur á milli annars vegar þess að nálgast þetta út frá þeim sjónarhóli að tryggingakerfið eigi eingöngu að lyfta þeim upp sem eru allra verst settir og hinum að segja að allir eigi að fá það sama algjörlega óháð aðstæðum. Þarna er himinn og haf á milli og það er um það sem þetta snýst í raun og veru. Skandinavíska módelið er ekki þannig að allir fái það sama en það er miklu almennara hvað varðar ákveðin grunnréttindi.

Það er ljóst og við erum öll sammála um að þeir sem eru verst settir þurfa á mestum stuðningi að halda. Það er ekki verið að deila um það hér. En það er verið að deila um hvort þar eigi að láta staðar numið, það eigi að bjarga þeim upp í einhver nauðþurftarmörk og síðan ekkert meira en það og hafa þá öll réttindi, grunnlífeyri eða örorkubætur, tekjutengd eða skert þar fyrir ofan þó það sé með einhverjum frítekjumörkum upp á 120 þúsund eins og er í dag.

Það eru mjög veigamikil sanngirnisrök, félagsleg rök, pólitísk rök fyrir því að til lengri tíma litið sé betra að hafa hið samábyrga velferðarkerfi þannig að það taki með mjög almennum hætti að hluta til til allra þeirra hópa sem undir það heyra, þannig að öryrkjar, þannig að aldraðir og aðrir hafi tiltekin grunnréttindi í gegnum kerfið. Síðan getur skattkerfið komið þar á móti til jöfnunar. Hver er útkoman úr því? Jú, hún er sú að það t.d. sýnir sig að annars staðar á Norðurlöndunum er líklega betri sátt um það kerfi en nokkurs staðar annars staðar fyrirfinnst í heiminum. Velmegunin er almennari, fátækt er sjaldgæfari og það eru færri útlagar úr samfélaginu en líklega finnast á nokkru byggðu bóli. Það er ekki tilviljun að kannanir sýna að hlutfallsleg fátækt er meiri á Íslandi og í Finnlandi en annars staðar á Norðurlöndunum.

[19:04]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. varðandi fátækt hér á landi eins og kannanir hafa sýnt. Það hefur verið sýnt fram á að fátækt er hér í ríkari mæli en annars staðar. Það er alveg rétt. Þess vegna er verið að leggja sérstaka áherslu á að bæta kjör þeirra sem verst hafa kjörin og ég tel það vera rétta stefnu.

Hins vegar hafa kannanir líka sýnt að fátækt fer minnkandi hér á landi. Hvað er það sem hefur gert það að verkum? Jú, það er lífeyriskerfið sem m.a. verkalýðshreyfingin hefur staðið að. Lífeyriskerfið hófst á almenna markaðnum 1974. Það er að styrkjast. Gerðar hafa verið ákveðnar breytingar á ramma lífeyrissjóðanna sem gerir það að verkum að þeir eru enn styrkari í dag en þeir voru fyrir nokkrum árum. Aðilar í þessu þjóðfélagi hafa því tekið ákvarðanir til þess einmitt að styrkja þetta kerfi svo að það verði þess megnugt að standa undir góðum kjörum fólks þegar það kemur á þann aldur sem það fer á ellilífeyri. Fyrir utan það hjálpar það einnig öryrkjum. En það er einnig rétt sem kom fram í máli hv. þm. varðandi öryrkjana að stór hópur þeirra hefur ekki rétt í lífeyriskerfinu vegna þess að þeir hafa verið öryrkjar alla ævi og þann hóp þarf sérstaklega að skoða. Sú leið sem hv. þm. nefndi áðan varðandi sérstakt iðgjald þeim til handa finnst mér vera atriði sem er verðugt að skoða til að tryggja þeim ákveðin réttindi þegar til lengri tíma er litið.

Við vitum að þetta mál er margflókið en ég hef lýst skoðunum mínum varðandi grundvallarhugmyndir mínar í þessum efnum og mér er alveg ljóst að þetta er ekki bara svart og hvítt. Það eru ákveðin millistig þar á milli líka.

[19:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. kallar á langa ræðu í þinginu en ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu og ætla að koma með athugasemdir í andsvari.

Ég verð að mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að frv. ríkisstjórnarinnar í kjölfar öryrkjadómsins væri til að auka sjálfstæði kvenna. Það getur vel verið að það hafi verið eitthvað í áttina en við skulum gera okkur grein fyrir því að næstum því allir sem lenda í þeim skerðingarreglum sem gilda enn um maka eru konur. Það eru 98% eða næstum alfarið konur sem verða fyrir þeim skerðingum sem ríkisstjórnin heldur enn við lýði í sambandi við tekjutrygginguna.

Varðandi það að ríkið eigi að framfæra alla sem komast yfir ákveðinn aldur þá hefur enginn verið að halda því fram. Þess vegna erum við með tekjutengingar gagnvart eigin tekjum einstaklinga og það er sátt um það. Þær hafa verið of miklar en það er leiðin sem við verðum að fara og ætlum að fara til að enginn þurfi að búa við fátækt, til að enginn þurfi að búa við örbirgð þó að hann verði gamall og geti ekki séð sér farborða og eigi lítinn rétt annars staðar.

Hv. þm. talaði um það í ræðu sinni að verið væri að veita aukið fjármagn til almannatryggingganna. Ég verð að segja að þó að hér sé verið að setja rúman milljarð inn í tryggingakerfið er það staðreynd að ekki hefur verið staðið við þau lög sem gilda um þennan hóp þar sem er ákvæðið um að upphæðir almannatryggingabótanna skuli fylgja launaþróun. Ekki hefur verið staðið við það og með þessari viðbót er enn þá sá verst setti með tvö þúsund kr. lægri bætur en ef almennri launaþróun hefði verið fylgt.

Að síðustu: Það er bull, herra forseti, það er bull að þeir sem eru verst settir á Íslandi, þ.e. öryrkjarnir eða lífeyrisþegarnir, séu betur settir hér en á Norðurlöndunum. Við getum farið út í langa umræðu um það. Ég er með allar tölurnar á hreinu og menn geta borið saman upphæðirnar.

[19:08]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla heldur ekki að lengja umræðuna. Við fórum í gegnum þetta mál, varðandi kjör og

samanburð á kjörum lífeyrisþega á Norðurlöndum, í janúar og ég gerði mér svo sem engar vonir um að ég mundi ná að sannfæra hv. þm. nú frekar en þá. En ég fann mig hins vegar knúna til þess að benda á það vegna þeirrar fullyrðingar sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan.

Varðandi það atriði að kjör lífeyrisþega hafi ekki fylgt launaþróun þá kom það mjög vel fram í máli hæstv. heilbrrh. áðan að kjör lífeyrisþega hafa fylgt launaþróun á almenna markaðnum og það kemur m.a. fram í því línuriti sem fylgir í skýrslu sem er fskj. með frv. Það mætti þá segja mér að með þeim bótum sem eru nú til viðbótar nái kjör lífeyrisþega að fylgja launaþróun og vel það á almenna markaðnum því að ég heyrði áðan sagt að það væri 6 þús. kr. munur sem ætti þá að vera 2 þús. kr. munur út frá þeim forsendum sem hv. þm. gefur sér. Þetta segir mér að kjörin hafa náð núna að vera fyrir ofan línu um almenna launaþróun á almenna markaðnum.

[19:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna umræðu um hvort bæturnar hafi fylgt launaþróuninni þá hafa þær ekki fylgt launavísitölunni sem er sú viðmiðunartala sem við eigum að bera okkur saman við. Ég legg til við hv. formann heilbr.- og trn., sem mun taka málið fyrir strax á morgun, að við köllum eftir því og við skulum fara yfir það í nefndinni hvort þetta hafi fylgt launaþróun, hvort upphæðir almannatryggingabóta hafi fylgt launavísitölunni.

Vegna umræðunnar um stöðu lífeyrisþega á Norðurlöndum og á Íslandi og að halda því fram að t.d. öryrki sem engar aðrar bætur hefur en almannatryggingarnar sé betur settur á Íslandi en á Norðurlöndum, þá ætla ég að nefna tölurnar. Í dag er sá öryrki með 73 þús. kr. Hann hækkar upp í 80 þús. kr. með þessari ráðstöfun sem er vissulega til bóta. Í Noregi er hann með 140 þús. kr. íslenskar — það eru tölur frá því fyrir ári, ég geri nú ráð fyrir að það hafi hækkað — og í Danmörku 130 þús. kr. og það eru líka tölur frá því í fyrra. Og leggi nú hv. þm. saman og dragi frá og hvor er nú betur settur, íslenski öryrkinn með 80 þús. kr. eftir þessa hækkun eða lífeyrisþeginn á Norðurlöndunum með hátt á annað hundrað þús. kr. Og það eru bara grunnupphæðirnar sem hann á rétt á. Þetta fengum við upplýsingar um í nefndinni og við erum með tölur um það og allar upphæðir.

Reyndar má geta þess, herra forseti, að fulltrúarnir frá heilbrrn. sem sendu okkur þessar upplýsingar sendu okkur tölurnar um ellilífeyrisþegana en ekki öryrkjana þegar þeir sendu okkur upphæðirnar. En örorkutölurnar eru í NOSOSKO-bókinni og það er enginn vandi að verða sér úti um þær.

[19:13]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við ættum að fara yfir þessar tölur á morgun en ég treysti mjög vel þeim upplýsingum sem komu frá fulltrúum heilbrrn. Þetta eru fulltrúar sem eru fulltrúar okkar í þessari norrænu nefnd, NOSOSKO-nefndinni, þar sem þeir leitast við að bera saman sambærilegar tölur þó það heiti mismunandi nöfnum á milli landa. Þar kom alveg skýrt fram að íslenskir lífeyrisþegar sem þurftu alfarið að reiða sig á stuðning almannatryggingakerfisins komu betur út — ekki miklu betur en betur en aðrir. Við skulum hætta þessari þrætubókarlist hérna. Við náum ekki niðurstöðu í málum í þessum stól heldur verðum við að skoða þetta með tölurnar fyrir framan okkur. Ég er alveg tilbúin að gera það eina ferðina enn. Við gerðum það í janúar. En ég á ekki von á því að ná sameiginlegri niðurstöðu með hv. þm. því að hún kemur yfirleitt með aðrar tölur en opinberar tölur frá einhverjum, gripið einhvers staðar frá, því miður.

[19:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur verið um þetta mál og málefnaleg skoðanaskipti um þetta mál sem er flókið og mikið að vöxtum. Ég treysti hv. heilbr.- og trn. til að fara yfir það mál og þau atriði sem hér hafa komið fram. Það eru örfá atriði sem ég vildi bæta við í lokin.

Hér hefur verið rætt nokkuð um einföldun kerfisins. Nefndin sem skilaði skýrslunni góðu fékk þau fyrirmæli að flýta störfum og koma kjarabótum til þeirra sem verst voru settir. Þetta fór ekki í öllum tilfellum saman við einföldun kerfisins. Sú vinna þarf því að halda áfram. Það er ljóst að þessi markmið rákust í sumum tilfellum á. Því er þörf á að setjast núna niður og fara yfir það með hvaða hætti endurskoðun almannatryggingalaganna verður haldið áfram, eins og ég sagði áðan. Og af því að talað er um skref í þessu og skrefatalning mikil þá get ég sagt að mitt næsta skref verður að gera mér grein fyrir því hvernig hægt er að halda þessari endurskoðun áfram á virkan hátt en það er ekki einfalt mál. Ég endurtek að þessi endurskoðun hefur verið í gangi í áraraðir.

Varðandi tæknilegt mál um orðalag í 10. gr. þá sýnist mér skilningur hv. 15. þm. Reykv. réttur á því að í 3. mgr. frv. er fyrst vísað til 10. gr. laga um almannatryggingar og næst á eftir er vísað til 10. mgr. en það á við 10. mgr. 17. gr. Ég tel að þessi skilningur sé réttur.

Einnig hefur verið rætt nokkuð um sveigjanleg starfslok. Það hefur verið almenn umræða um sveigjanleg starfslok og verið er að skoða það í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar en sú tillaga sem sú nefnd gerir getur að mínu mati staðið sjálfstætt þó að skoða verði málið í samhengi og láta fara fram útreikninga varðandi þetta. Almennar umræður og ákvarðanataka um sveigjanleg starfslok tengjast að sjálfsögðu aðilum vinnumarkaðarins. Ég get því ekki fullyrt hvenær þeirri vinnu lýkur en ég tel að þessi efnisþáttur geti staðið sjálfstætt þannig að ekki þurfi að koma í veg fyrir það að flytja frv. á haustdögum um þetta atriði.

Varðandi hækkun frítekjumarka þá er fjallað um þau í drögum að reglugerð og hún mun taka gildi á sama tíma og frv. ef það verður samþykkt á hv. Alþingi, sem ég vona.

Hér hefur verið drepið á stórmál eins og áhrif lífeyrisréttinda á tekjur aldraða og í hvaða mæli lífeyrissjóðakerfið getur tekið við af bótakerfi almannatrygginga. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu en ég tel að nokkuð öðru máli gildi um aldraða en öryrkja í þessu sambandi. Lífeyriskerfið getur aldrei tekið yfir bætur þeirra í sama mæli eins og bætur aldraða en ég ætla ekki að fara í umræður um þetta stóra mál að þessu sinni.

Hvert endanlegt uppgjör verður í þessu efni, hvað ríkið tekur inn í skatttekjum af þessari upphæð sem hér er lögð til almannatryggingakerfisins, þá hafa skattaleg áhrif af þessum tillögum ekki verið reiknuð út eða hvað ríkið tekur inn af þessu og hvað sveitarfélögin taka inn. Slíkir útreikningar liggja ekki fyrir þannig að á þessu stigi hef ég ekki upplýsingar um það en ljóst er að með öllum þeim upphæðum sem hafa verið lagðar í almannatryggingakerfið núna á tveimur

árum þá er það veruleg aukning á ríkisútgjöldum jafnvel þó að skattaleg áhrif séu þar einhver.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir málefnalega umræðu um málið og ég veit að nefndin mun fara af kostgæfni yfir það og vil þakka að það var tekið fyrir með þessum stutta fyrirvara. Ég vona að við getum afgreitt þetta fyrir þinglokin því að þetta er til mikilla bóta eins og hér hefur réttilega komið fram í umræðunni.

[19:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa yfirferð þar sem hann svaraði nokkrum af þeim spurningum sem komu fram í umræðunni. Fyrst vildi ég óska eftir því að okkur verði sendar upplýsingar um hvaða skattaleg áhrif eru af þessari breytingu, þ.e. hvernig endanleg útgjöld ríkissjóðs verða vegna þessara breytinga. Sömuleiðis hefði ég gjarnan viljað fá einhver svör frá hæstv. ráðherra um hvort hann hyggist taka á þeim hópi öryrkja sem verða ellilífeyrisþegar vegna þeirra breytinga sem verða á kjörum þeirra bara við það eitt. Við vitum alveg að öryrki sem verður gamall mun ekki þurfa minni framfærslu en áður eftir að hann er orðinn 67 ára, þannig að ég kalla aðeins eftir því. Við það að verða 67 ára er meiri skerðing gagnvart grunnlífeyri og hætt er að taka tillit til þessara 40% tekna hans, ef hann er þá á vinnumarkaði, þær eru ekki teknar út fyrir vegna heimilisuppbótar og tekjutryggingar lengur, þannig að ég hefði gjarnan viljað heyra það ef hæstv. ráðherra hefur eitthvað velt því fyrir sér hvort einhvern veginn sé hægt að taka á þeim þætti í almannatryggingunum.

[19:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þennan afmarkaða þátt, um öryrkja sem verða ellilífeyrisþegar, þá tel ég þörf á í samræmi við áframhaldandi endurskoðun almannatryggingalaganna að ræða þetta atriði. Þetta gæti líka komið til umræðu í framhaldinu þegar rætt er um sveigjanleg starfslok. Hins vegar er ekkert ákveðið um þetta og ég get ekki sagt um það á þessari stundu hvernig þeirri umræðu lyktar. Ég hef fullan vilja á því að fara yfir þetta flókna svið og tel þetta vera eitt af þeim atriðum sem við þurfum að skoða en ég hef ekki niðurstöðu á því á þessari stundu eins og gefur að skilja. Hér erum við að taka afmarkaða þætti út úr og flytja um það frv. og samkomulagið um það tekur til þeirra atriða sem í skýrslunni og frv. eru, en eins og ég sagði áðan þurfum við að vinna í þessum málum áfram.

[19:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt annað atriði sem ég hefði gjarnan viljað fá svar við ef einhver svör eru við því áður en við ljúkum þessari umræðu, sem er um það bil að ljúka. Það er svar við þeirri spurningu minni sem ég varpaði fram í ræðunni um hvernig hann hyggst vinna að áframhaldandi endurskoðun, hvort það verði sama nefndin, sami hópurinn sem muni vinna að þessu áfram eða hvort hann muni taka einhverja hagsmunaaðila eða einhverja fleiri inn í þá vinnu.

[19:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði það hér í umræðunni áðan að það þyrfti að skoða þau mál hvort teknir yrðu einhverjir afmarkaðir þættir í almannatryggingakerfinu eða hvort endurskoðunin héldi áfram um almannatryggingakerfið í heild. Ég vil hafa um þetta sem víðtækast samráð, ég vil vinna þannig, en niðurstaða af þessu liggur ekki fyrir á þessari stundu. Ég þarf að fá ráðrúm til þess að fara yfir það mál og gera um það tillögur á sínum tíma hvernig að því verður staðið þannig að ég vil ekki gefa út yfirlýsingar á þessari stundu um það en fá ráðrúm til þess að skoða það mál betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 722. mál (stækkun Nesjavallavirkjunar). — Þskj. 1170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 731. mál (grænmetistegundir). — Þskj. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki, frítekjumark o.fl.). — Þskj. 1232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

[19:31]

Útbýting þingskjala:

Áhafnir íslenskra skipa, 348. mál, brtt. samgn., þskj. 1270.

Erfðaefnisskrá lögreglu, 616. mál, nál. allshn., þskj. 1299; brtt. allshn., þskj. 1300.

Út af dagskrá voru tekin 30.–45. og 49.–50. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

121. FUNDUR

laugardaginn 12. maí,
kl. 5.30 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um lög á verkfall sjómanna.

[17:29]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að við erum kvödd saman til að verða vitni að því að hér er verið að dreifa frv. til laga sem á að binda endi á verkfall sjómanna. Við höfum áður spáð því að þetta yrði það sem útgerðarmenn hafa verið að bíða eftir, það sem þeir vilja og hafa allaf getað gengið að sem vísu. Ég verð að segja, herra forseti, að ég mótmæli fyrir hönd Samfylkingarinnar, fyrir hönd okkar allra í þinginu mótmæli ég þessum vinnubrögðum. Þetta eru vinnubrögð sem ekki er við unandi, herra forseti, og það er alveg skelfilegt til þess að vita að ríkisstjórnin skuli grípa til þeirra án þess að hafa nokkurt samráð við stjórnarandstöðuna. Menn eru jafnvel gripnir upp úr sundlaugum í borginni til að geta mætt til þingfundar og verið vitni að þessum ósköpum. Hvernig stendur á þessu, herra forseti? Hvar eru þeir sem eru ábyrgir fyrir þessu? Hvar eru þeir? Er það kannski svo að í liði stjórnarinnar eru menn líka ósammála um þetta?

Herra forseti. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Mér finnst þetta fráleitt. Mér finnst þetta vanvirða við þingið.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja virðulegan forseta fyrst: Er virkilega rétt að til standi hér á eftir að dreifa frv. um lög á verkfall sjómanna án þess að svo mikið sem þingmenn, stjórnarandstaðan, sé vöruð við því að það standi til? Mér er ekki kunnugt um að með boðun þessa þingfundar hafi fylgt nein skilaboð um að slíkt væri í vændum. Það er hrein óhæfa, herra forseti, í vinnubrögðum og framkomu við okkur þingmenn.

Ég sé mig knúinn til þess að mótmæla þessum vinnubrögðum mjög harkalega, hvað varðar bæði þetta sem lýtur að lágmarkskurteisi og mannasiðum í samskiptum innan þingsins og svo hinu sem snýr að efni þessa máls.

Þetta er ákaflega óskynsamlega og ógæfulega að verki staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er ólýðræðislegt. Þeir frestir sem byggðir eru inn í þingsköpin hvað varðar framlagningu mála og bil milli umræðna og annað því um líkt, herra forseti, eru það ekki að ástæðulausu. Þeir eru einmitt til þess að ekki sé hægt í skjóli nætur eða myrkurs að smygla góssi í gegnum þingið heldur hafi menn eðlilegan aðgang að málum, eðlilegan tíma til þess að kynna sér þau og þar fram eftir götunum. Ég mótmæli því þessum vinnubrögðum mjög harðlega, herra forseti, og spái því að það verði þeim til lítillar sæmdar og lítillar gæfu sem ætla að vinna málum sínum brautargengi með þessum hætti. Auðvitað sannar þetta það sem því miður hefur legið í loftinu, að útvegsmenn gætu gengið að því vísu þegar þeim hentaði að ríkisstjórnin mundi skera þá niður úr snörunni, enn einu sinni brjóta á rétti sjómanna, verkfallsrétti og samningsrétti með þeim hætti sem nú virðist vera í vændum, herra forseti.

Ég mótmæli þessu og tel þetta dapran dag í sögu þingræðis og lýðræðis á Íslandi.

[17:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að undanfarna daga hafa útgerðarmenn verið að herða róðurinn í áróðursstríði sínu gegn sjómönnum. Talsmenn þeirra hafa komið fram í fjölmiðlum og haft þar í hótunum við sjómenn.

Því er vissulega ekki að neita að menn hafa óttast að þess kynni að vera skammt að bíða að ríkisstjórnin skæri húsbændur sína í LÍÚ niður úr þeirri snöru sem þeir hafa komið sér í með óbilgirni sinni. Við höfðum fallist á að hér yrði svokallaður útbýtingarfundur í dag. En, herra forseti, það hvarflaði ekki að nokkrum manni að hann yrði nýttur á eins ósvífinn hátt og raun ber hér vitni.

Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum og mótmæla því sem til stendur að gera gagnvart íslensku sjómannastéttinni.

[17:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég held að rétt sé áður en lengra er haldið þessum ræðum að hæstv. forseti svari því hvort það sé ekki rétt sem spurst hefur að hér eigi að fara að dreifa frv. til laga um að stöðva verkfall sjómanna. Ég vil taka undir það með þeim sem hér hafa talað að ef það er rétt þá undrast ég þau vinnubrögð og ég undrast mjög að það skuli vera gert með þessum hætti því að eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði frá áðan þá var á fundi formanna þingflokka fyrir helgi fallist á að útbýtingarfundur yrði í dag, en þess var í engu getið að dreifa ætti frv. um lög á sjómenn.

Herra forseti. Áður en við höfum stóru orðin fleiri vil ég spyrja hæstv. forseta og óska eftir að hann svari því hvort rétt sé að til standi að býta út frv. til þess að stöðva verkfall sjómanna.

[17:35]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Til að ég geti talað hér þá óska ég hér með þess að hæstv. forseti svari spurningunni sem lögð var fyrir *hann rétt áðan. Ég lít svo á að þögn forseta boði að hér eigi* að leggja fram frv. til laga um afnám verkfalls á sjómenn. Ég get ekki skilið annað en þögn hans tákni það og mér finnst það vera nokkuð í anda þess sem sagt hefur verið hér að ríkisstjórnin muni leggja fram frv. til laga um bann á verkfall sjómanna.

Nú eru útvegsmenn farnir að óttast um sinn hag því senn líður að því, herra forseti, að kvótaárinu ljúki og þeir verða að fara að nýta þann tíma sem þeir þurfa til þess að veiða þann fisk sem þeir hafa heimild til að veiða á þessu ári. Nú er fyrst farið að reyna á útvegsmenn. Nú er fyrst farið að reyna á það hvort þeir hafa einhvern áhuga fyrir því að semja við sjómenn. Þess vegna er það mikið tjón og mjög alvarlegt mál ef hæstv. ríkisstjórn Íslands ætlar að leggja fram frv. til laga um verkfall á sjómenn og ég mótmæli því ef svo verður.

[17:37]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er afar erfitt að ræða um það frv. sem liggur þó í loftinu að eigi að fara að dreifa meðan forseti fæst ekki til þess að samþykkja eða synja þeim spurningum sem hér hafa verið fram bornar. Það að ekki er búið að dreifa frv. og að fundir virðast enn standa í fundarherbergjum stjórnarþingmanna bendir til þess að málið sé e.t.v. ekki eins einfalt og hæstv. ríkisstjórn virðist hafa haldið þegar hún lét það leka út að það ætti að fara að setja lög á sjómenn vegna þess, herra forseti, að það fór ekkert fram hjá okkur sem vissum að hér átti að vera útbýtingarfundur þegar fréttir núna kl. fimm hermdu að það ætti að fara að setja lög á sjómenn. Það er ekki tilviljun að fréttamenn eru komnir með þær fregnir til þess að greina þjóðinni frá. Menn hljóta að standa í forundran og spyrja hvað sé hér að gerast, einfaldlega vegna þess að miðað við þær takmörkuðu fréttir sem þó komu, virðist vera um aðra eins konar frestun að ræða. Mönnum er gefinn tími.

Það var reynt áður, herra forseti. Mönnum var gefinn tími. Og hvaða niðurstöðu gaf það? Jú, það gaf þá niðurstöðu að mati hlutaðeigenda, að mati deilenda, að það dró deiluna heldur á langinn. Það gerði hana heldur dýpri og verri en verið hafði. Þessi vinnubrögð, herra forseti, eru því algjörlega forkastanleg og við hljótum að mótmæla því að Alþingi sé notað aftur og aftur til þess beinlínis að koma í veg fyrir það að þeir sem eiga að gera samninga á frjálsum markaði geti gert það, því það er það sem verið er að gera með sífelldum afskiptum sem leiða það eitt af sér að þessir aðilar munu aldrei geta náð samningi vegna afskipta Alþingis. Það er hörmulegt, herra forseti.

[17:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fer fram á að forseti svari spurningum sem þingmenn leggja fyrir hann og veiti upplýsingar um stöðu málsins. Nóg er nú samt þó að virðulegur forseti þingsins sýni okkur þingmönnum hér ekki þá dæmalausu óvirðingu að virða okkur ekki einu sinni svars. Getur forseti engar upplýsingar veitt um stöðu þessa máls? Er það rétt að í undirbúningi sé að dreifa frv. um lög á sjómenn? Ef það er ekki rétt þá er ekki síður mikilvægt að sú vitneskja komi fram því að það er náttúrlega mikill skaði skeður með þessum orðrómi einum saman sem farinn er á flot. Ekki er hann líklegur til þess að auðvelda mönnum samskiptin í samningaviðræðum ef það yrði ofan á að ekki yrðu sett lög á allra næstu dögum.

Fyrst og síðast, herra forseti, gengur það auðvitað ekki að forseti hegði sér þannig við fundarstjórnina að hann virði þingmenn ekki svars þegar spurt er um einföld atriði sem fullkomlega eðlilegt er að menn óski uplýsinga um af hálfu forseta. Ég minnist þess varla að forsetar hafi áður, alla vega ekki í minni tíð hér sem er rúmlega 18 ár orðin, við sambærilegar aðstæður hegða sér eins og forseti hefði misst málið og hefur það nú ekki háð sérstaklega þeim hv. þm. sem skipar það embætti nú um stundir að vera virðulegur forseti Alþingis að geta ekki komið fyrir sig orði ef svo ber undir.

Herra forseti. Ég fer fram á það að forseti sýni okkur ekki þetta virðingarleysi og svari þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram og mun mótmæla því harðlega og við önnur tækifæri ef forseti gerir það ekki.

[17:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég held að tímabært sé að hæstv. forseti svari þeim spurningum sem hafa komið hér fram og ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum við störf þingsins sem birtust nú kl. 16.45 í dag þegar hv. heilbr.- og trn. var við störf að fjalla um almannatryggingafrv. það sem mjög lá á af hálfu ríkisstjórnarinnar að fá afgreitt. Þá var fundur heilbr.- og trn. skyndilega stöðvaður og stjórnarliðarnir allir kallaðir út og gestir þeir sem komnir voru á fund nefndarinnar sendir heim. Það er engin framkoma af hálfu þingsins gagnvart þeim gestum sem koma hér til að ræða áríðandi þingmál að stjórnarliðarnir séu síðan kallaðir út, gestir sendir heim og síðan er ekki hægt að fá svör við því hvað sé á ferðinni. Það er fullkomin ókurteisi við þingheim, við almenning og við þá gesti sem voru á fundi heilbr.- og trn.

Ég mótmæli svona vinnubrögðum og finnst þau ekki sæmandi þinginu. Ég kalla eftir svörum frá hæstv. forseta, bæði vegna þessarar framkomu og vinnubrögðum þingnefndarinnar og sömuleiðis þeirra vinnubragða sem eru viðhöfð hér í þinginu.

[17:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið boðað til þingfundar og Alþingi verið kvatt til starfa. Ég vil vekja athygli á því að vinnudeila sjómanna og útvegsmanna er búin að standa mjög lengi og það er alvarlegt að ekki skuli nú þegar hafa náðst samningar á milli þessara aðila þannig að hjól þessarar atvinnugreinar geti farið að snúast á ný með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Spurst hefur út í tengslum við þennan boðaða fund að þar ætti að útbýta frv. til laga um að stöðva þetta verkfall á fiskiskipaflotanum. Ég vil því óska eftir því áður en þessum fundi verður slitið að hæstv. sjútvrh. verði boðaður hingað á fundinn til þess að gera grein fyrir stöðunni í sjávarútvegsmálunum, gera grein fyrir stöðunni í samningamálum milli sjómanna og útvegsmanna þannig að hann geti bæði upplýst þingheim og þjóðina alla um stöðuna í þessu máli, svo alvarlegt sem það er. Ég krefst þess, herra forseti, að áður en þessum fundi verði slitið verði hæstv. sjútvrh. boðaður á fundinn, en sé það ekki hægt verði að loknum þessum fundi boðað til nýs fundar þegar í stað þar sem hæstv. sjútvrh. verði krafinn um að mæta og gera þingi og þjóð grein fyrir stöðunni í sjávarútvegsmálum og samningamálum útgerðarmanna og sjómanna.

[17:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við sem þekkjum þann hv. þm. sem nú gegnir embætti hæstv. forseta vitum að hann er gamansamur maður. Ég ímynda mér að hann hafi haft nokkuð gaman að þessu gríni sem hér hefur staðið yfir núna í 15–20 mínútur.

Við höfum komið hingað nokkrir þingmenn til þess að vera viðstaddir útbýtingarfund og okkur var gert viðvart um þann fund af hálfu þingsins, a.m.k. þeim sem hér stendur þannig að það var alveg ljóst að eitthvað stóð til.

Nú sé ég það hins vegar, herra forseti, að fyrst hæstv. forseti getur ekki kveðið upp úr með það hvort hér eigi að dreifa frv. til laga sem á að binda endi á verkfall sjómanna þá hlýtur það að stafa af einhverju öðru en meintri gamansemi hæstv. forseta. Getur verið að hæstv. forseti geti ekki svarað þessari spurningu vegna þess að hann viti ekki svarið? Getur verið að stjórnarliðið sé svo klofið í deilum um þetta frv. að ekki hafi tekist að ná niðurstöðu í liði stjórnarinnar? Er það

kannski það? Gæti verið að einhverjir hv. þm. stjórnarliðsins hafi tekið mark á yfirlýsingu hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. um að ekki stæði til að setja lög á sjómenn? Getur verið að menn hafi metið orð þeirra manna þannig að þeir vilji ekki slíta í sundur trúverðugleika þeirra núna?

Ég held að það hljóti að vera það, herra forseti, sem veldur því að nú standa yfir fundir í liði stjórnarinnar þar sem menn eru bersýnilega að deila um þetta. Menn eru ekki á eitt sáttir um hvort að ganga eigi á bak orða hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh.

Ég vil því biðja hæstv. forseta að upplýsa hvort hann hyggist fresta fundinum og þá hversu lengi og hvort hann geti í millitíðinni gert reka að því að verða sér úti um vitneskju sem gæti e.t.v. bundið endi á þennan farsa sem hæstv. forseti á nokkrun þátt í, ekki síður en aðrir úr liði stjórnarinnar. Hann gæti þá kannski upplýst okkur um hvað á að gera á þessum fundi.

[Fundarhlé. — 17:47]

Um fundarstjórn.

Vinnubrögð við fundarboðun.

[18:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir vanþóknun minni á þeim vinnubrögðum sem við höfum orðið vitni að á hinu háa Alþingi. Ég vil fordæma þá vanvirðingu sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar, lýðræðislega kjörnum fulltrúum á þessari samkundu, hefur verið sýnd hér í dag. Ég ætla ekki að fara, herra forseti, í þessari umræðu út í efni þess frv. sem nú hefur verið dreift enda er ég hér komin til þess að fjalla um fundarstjórn forseta.

Herra forseti. Hér gerist það að boðað til útbýtingarfundar, látið vita af því að útbýtingarfundur eigi að eiga sér stað. En fyrir því eru engin fordæmi, herra forseti, eftir því sem mér skilst, a.m.k. ekki í sögu þeirra elstu manna sem hér muna á hinu háa Alþingi, að útbýtingarfundur sé notaður nánast í skjóli nætur til þess að dreifa óvæntu og umdeildu frv. á borð við það sem hér er á borðum hv. þingmanna. Ég vil fordæma þessi vinnubrögð, herra forseti.

Auðvitað hefði verið eðlilegra, ef þetta var það sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forseti taldi rétt að gera, að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu a.m.k. verið látnir vita. Það var alls ekki gert og ekki var á einn eða neinn hátt látið að því liggja að hér stæði til annað en að dreifa, eins og venjan er um útbýtingarfundi, málum sem eru ekki óvænt eða pólitískt umdeild. Hér er á ferðinni algjört einsdæmi eftir því sem mér skilst. Það þarf þá a.m.k. að leita langt aftur til þess að menn muni slíka framkomu við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og við þessa löggjafarsamkundu, herra forseti.

Síðan gerist það að þeir þingmenn sem áttuðu sig á því hvað hér stæði til koma og spyrja hæstv. forseta Alþingis margsinnis út í það hvað standi til. Hæstv. forseti svarar ekki spurningum hv. þingmanna. Ítrekað kemur það fyrir að hann er spurður og hann svarar ekki spurningum hv. þingmanna heldur frestar fundi án þess að svara spurningum um hvað hér standi til.

Herra forseti. Það sem hér birtist í dag var löggjafarsamkunda í gíslingu framkvæmdarvaldsins og mér þykir mjög miður að hafa orðið vitni að því. Þessum fundi er frestað á meðan stjórnarflokkarnir sitja yfir því, þingflokkar stjórnarinnar, hvort þeir ætli að samþykkja þetta umdeilda frv. fyrir sína hönd. Á meðan erum við látin bíða hér án þess að fyrir liggi svör við því hvað standi til.

Herra forseti. Ég vil enn og aftur lýsa yfir vanvirðingu minni á því sem hér gerðist og mér þykir mjög miður að hafa orðið vitni að því.

[18:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir klukkutíma var boðað til útbýtingarfundar án þess að nokkru þingskjali væri útbýtt. Hæstv. forseti svaraði engu þegar þingmenn spurðu hann hvað stæði fyrir dyrum. Sú spurning hefur vaknað í mínum huga hvort stjórn þingsins og þá sérstaklega hæstv. forseta Alþingis hafi verið kunnugt um það í gær, þegar um það var rætt að boðað yrði til útbýtingarfundar í dag, hvað til stæði að gera. Mér finnst það mjög ámælisvert og óafsakanlegt ef hæstv. forseti hefur haft vitneskju um þetta án þess að gera formönnum þingflokkanna grein fyrir því hvað til stæði.

Núna þegar verkfall sjómanna er byrjað að bíta þá hlýðir ríkisstjórnin húsbændum sínum í LÍÚ og sker þá niður úr snörunni. En ég vil spyrja hvort menn haldi að sjómenn geri sér leik að því að boða til verkfalls, hvort þeir geri sér leik að því að leggja niður vinnu. Það gera þeir ekki. Verkfall þeirra hefur það að sjálfsögðu í för með sér að þeir og fjölskyldur þeirra eru tekjulausar og svo hefur verið um nokkurra vikna skeið. Þetta er spellvirki sem ríkisstjórnin er að vinna á íslenskum sjómönnum (Forseti hringir.) og því mótmæli ég (Forseti hringir.) og ég mótmæli þeim vinnubrögðum (Forseti hringir.) sem viðhöfð eru og m.a. af hálfu hæstv. forseta Alþingis. (Forseti hringir.) Ég mótmæli því. (Forseti hringir.)

[18:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill biðja hv. þingmann um að halda sig við þingsköp og ræða fundarstjórn forseta þegar hún er til umræðu. Samkvæmt þingsköpum eru 20 mínútur í upphafi fundar til að ræða störf þingsins og sú venja hefur skapast að undir þeim lið sé hægt að víkja að öðrum málum.

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að virða þingsköp. (**ÖJ:** Alltaf, líka hæstvirtan forseta.)

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þykir nú vænt um að heyra að hæstv. forseti hefur fengið málið því það var eins og það væri frá honum tekið hér fyrr á þessum fundi þegar hæstv. forseti svaraði ekki spurningum sem þingmenn báru fyrir hann. Hæstv. forseti sýndi þingmönnum með því einstakt virðingarleysi við stjórn þingsins, við fundarstjórn sína, og henni mótmæli ég. Þetta var slök fundarstjórn af hálfu hæstv. forseta og ég geri alvarlegar athugasemdir við hana.

Herra forseti. Ég mótmæli í öðru lagi þeim leiðindavinnubrögðum sem hæstv. forseti lætur hér viðgangast eða stendur fyrir eftir atvikum, hvernig það eigi að orðast. Ég mótmæli þeirri mannréttindaskerðingu sem hér á að læða inn á dagskrá Alþingis á þennan hátt í þessu frv. gagnvart sjómönnum og að það eigi að svipta þá með þessum aðferðum samnings- og verkfallsrétti og setja á þá lög, að því er virðist við fljóta athugun á þessu frv., með einstaklega

fantalegum hætti. Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að hér er ekki verið að dreifa einföldu frv. um stöðvun verkfalls sjómanna. Hér er verið að dreifa bandormi sem á að breyta mörgum lögum á sviði sjávarútvegsmála, fella úr gildi heil lög, t.d. um Kvótaþing. Þetta plagg hefur því ekki orðið til á nokkrum mínútum, herra forseti. Og það afhjúpar algjörlega framkomuna við þingmenn og þingið að við fáum hér í hendur frv. sem greinilega hefur tekið langan tíma að semja og samt átti að vinna að þessu með þessum hætti, að læða því hér inn á útbýtingarfundi án þess að aðvara þingmenn um það. Ég sé það á hæstv. forseta að hann er ekki stoltur af þessum vinnubrögðum. Það er kannski von að hann sé þögull og e.t.v. fer best á því að hæstv. forseti sé þögull við þessar aðstæður því hvað ætti hann svo sem að segja, virðulegur forsetinn, þegar menn standa frammi fyrir vinnubrögðum af þessu tagi?

Ég hlýt líka að harma mjög það sem hæstv. sjútvrh. lætur hafa sig í eða gerir hér eða stendur fyrir. Þetta er ekki gæfulega fram gengið hjá einum hæstv. ráðherra, nýlega komnum í það embætti. Hann er ekki að sá til farsældar í störfum sínum (Forseti hringir.) með vinnubrögðum af þessu tagi.

Herra forseti. Ég mótmæli þessu öllu saman, þessari óvenjulegu og fráleitu fundarstjórn og framkomu við þingið. Ég held að stjórnarandstaðan neyðist til þess að endurskoða verulega samskipti sín við virðulegan forseta þegar við megum ítrekað sæta hlutum af þessu tagi þegar harðnar á dalnum. Þá kemur í ljós hverjir ráða hér lögum og lofum um þinghaldið. Ég hlýt að taka undir það að þetta er heldur dapurlegt dæmi þess hvernig Alþingi Íslendinga er í gíslingu framkvæmdarvaldsins og störfum þess er hagað eftir því sem aðilum úti í bæ virðist henta.

[18:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í 36. gr. þingskapa er skýrt kveðið á um það að eigi megi, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru a.m.k. tvær nætur frá því er því var útbýtt. Ekki er gert ráð fyrir því að umræður um þetta frv. hefjist fyrr en á mánudag og er því fyllilega unnið samkvæmt þingsköpum. Það hefur aldrei, svo forseta sé kunnugt, í sögu þingsins komið upp sú staða að forseti eigi að vera til svara um það hvaða frumvörp séu lögð fram hverju sinni fyrir hönd ríkisstjórnar eða einstakra þingmanna. Forseti kannast því ekki við að kröfur til hans um slíkt styðjist við þinghefð eða þingsögu.

[18:41]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. situr nú í sal Alþingis og er það mjög gleðilegt að hann skuli finna sig knúinn til þess að mæta á fund um útbýtingu þingskjala og sýnir þinginu það mikla virðingu. Hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála skaut því að mér áðan að ég væri ekki með bindi. Það er rétt. Ég hef tekið eftir því líka. En ég reiknaði heldur ekki með því að ég þyrfti að koma hér til þessa fundar og var ekki þannig klæddur þegar ég var að störfum í hæstv. heilbr.- og trn.

En nú hefur sannleikurinn komið í ljós. Spurningum hefur verið svarað með gjörðum starfsmanna þingsins. Búið er að dreifa hér frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira. Þá vitum við til hvers þessi fundur var haldinn. Svo virðist, herra forseti, sem ríkisstjórnin hafi vitað til hvers fundurinn þessi átti að verða en ekki forsetinn sjálfur. Kannski hefur herra forseti reiknað með því að dreifa ætti allt öðrum skjölum á þessum fundi en þeim sem nú er verið að dreifa og e.t.v. á eftir að dreifa mörgum þingskjölum á þessum fundi svo að hægt sé að taka mál fyrir á næsta mánudegi.

En það gleður mig að heyra að herra forseti skuli ekki hafa haft nokkra einustu hugmynd um það að leggja ætti þetta frv. fram.

[18:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að það hefur þrásinnis komið fyrir samkvæmt hans minni að fundur hafi verið boðaður til þess að hægt sé að útbýta stjórnarfrumvarpi.

[18:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka skýrt fram að boðað var til þingflokksfunda í stjórnarflokkunum með mjög skömmum fyrirvara. Mér þykir miður að stjórnarandstaðan sé hér að gera því skóna að forseti Alþingis hafi vitað um það með löngum fyrirvara að staðið hafi til að dreifa þingmáli. Það er nú bara einu sinni þannig að stundum er verið að taka ákvarðanir mjög hratt. Ég þarf ekkert að fjölyrða um það. Það þekkjum við. Ekki var beðið um að boðað sé til fundar í stjórnarflokkunum fyrr en um þrjúleytið og þá vissum við ekki hvað til stóð. Því er alveg ljóst að hlutirnir gerast hratt og ég vildi koma upp í ræðustól til þess að lýsa því. Ég veit ekki til þess að nokkurs staðar hafi verið búið að taka ákvörðun um að leggja þetta frv. fram fyrr en sjútvrh. kom á fund til okkar með frv. í höndunum.

[18:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég verð að taka undir með þeim sem telja að fundarstjórn hæstv. forseta sé nokkuð ámælisverð. Mér finnst að það tjói lítt fyrir hæstv. forseta að vísa til hinna formlegu fundarskapa til að verja gerðir sínar. Nú er það svo að við högum okkar störfum í þinginu samkvæmt ýmsum hefðum sem ekki eru allar skráðar í hin formlegu fundarsköp. Meira að segja ávarpsorðin sem við þurfum öll að beita þegar við ávörpum hvert annað eða hæstv. forseta, um þau er ekkert sagt í þingsköpum. Hér hafa þróast ákveðnar hefðir. Grundvallarstefið í þessum hefðum er ákveðinn trúnaður milli forsetadæmisins og þingmanna.

Það skiptir ákaflega miklu máli að trúnaðartraust sé á milli hæstv. forseta, þess þingmanns sem gegnir því embætti hverju sinni, formanna þingflokka og þingmanna yfirleitt, hvort heldur þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Mér þykir miklu skipta að hæstv. forseti svari spurningu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til hans áðan. Þetta var ákaflega einföld spurning. Hún var svona: Vissi hæstv. forseti í gær, þegar hann átti fund með formönnum þingflokka, að á þeim útbýtingarfundi sem nú hefur verið boðað til stæði til að dreifa frv. sem hér hefur nú verið dreift? Það skiptir öllu máli. Ef það er svo að hæstv. forseti hafi leynt stjórnarandstöðuna því sem til stóð þá á hann ekki skilið vott af trúnaði af okkar hálfu eða samstarfsvilja.

Það mál sem hér er lagt fyrir er þess eðlis að með því teljum við í stjórnarandstöðunni að ráðist sé á grundvallarmannréttindi. Það verður nokkuð erfitt fyrir okkur að kyngja því ef í ljós kemur að hæstv. forseti hafi vitað hvað til stóð þegar hann átti þennan fund með hv. formönnum þingflokka. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að gera því skóna að hæstv. forseti hafi vitað þetta en spurningin hefur komið fram. Meðan henni er ekki svarað, játandi eða neitandi, þá

er efinn sem ríkir óþægilegur og hann mun setja mark sitt á samskipti hæstv. forseta og þingflokkanna.

Hér hefur komið fram, m.a. frá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, formanni þingflokks Sjálfstfl. að menn hafi ekki vitað hvað til stóð. Heyr á endemi. Meira að segja þættir í útvarpinu, dægurlagaþættir, eru rofnir til þess að greina frá því fyrr í dag að það standi til að setja lög á sjómenn. Svo kemur hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir heilög í framan og heldur því fram að enginn hafi vitað af þessu. Það skiptir mig ekki máli en það skiptir mig nokkru máli, upp á það samstarf sem ég þarf að eiga við hæstv. forseta, að hann svari spurningunni sem hv. þm. Ögmundur Jónasson varpaði til hans. Vissi hann af þessu?

Í annan stað, herra forseti, hefðu það verið almennir mannasiðir að stjórnarandstaðan hefði verið látin vita af þessu þegar í stað er forseti fékk af þessu að vita.

[18:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni er rétt að taka fram að ég skýrði frá því í gær að ef ég sæi ástæðu til eða tilefni gæfist til þá yrði útbýtingarfundur í dag.

[18:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég væri sennilega að segja ósatt ef ég segði að sú uppákoma sem hér hefur orðið kæmi mér á óvart. Þannig hefur stjórnarandstaðan oft hegðað sér að undanförnu, af fullkomnu ábyrgðarleysi og ekkert skeytt um þingsköpin.

Staðreynd málsins er einfaldlega sú að hér er verið að dreifa stjfrv. sem ekki er beðið um að verði tekið á dagskrá eða til umræðu. Það er einfaldlega verið að dreifa því og einfaldlega verið að fylgja þeim reglum þingskapanna að málum skuli hafa verið dreift tveimur nóttum áður en þau eru tekin til umræðu. Verið er að uppfylla þau skilyrði þingskapanna að þingmenn hafi tækifæri til að sjá og kynna sér málin með nægjanlega góðum fyrirvara til þess að þeir geti undirbúið þátttöku sína í umræðum um þingmálin. Það er verið að dreifa máli tveimur nóttum áður en það er tekið á dagskrá. (**Gripið fram í:** Var vitað um það?) Fundir eru boðaðir og menn vita um útbýtingarfundi. Það er búið að segja frá þeim og þeir sem vilja fylgjast með þingstörfunum geta fylgst með því sem verið er að útbýta á fundunum.

Varðandi það hvort forseti hafi vitað að beðið yrði um að þessu máli yrði dreift á þingfundi í dag, hvort hann hafi vitað um það í gær, þá gat hann einfaldlega ekki vitað um það í gær. Ég hafði ekki tekið ákvörðun um það í gær. Ég tók ekki ákvörðun um að leggja fram þetta frv., eða fara þess á leit við þingflokkana að þeir samþykktu að ég legði það fram sem stjfrv., fyrr en í dag, fyrr en ég hafði átt viðræður við þá aðila sem standa í þeirri deilu sem um er rætt. Ákvörðunin var tekin milli kl. tvö og þrjú í dag. Þar af leiðandi var ekki hægt að boða þingflokkana til fundar fyrr en kl. þrjú og ekki hægt að biðja um að útbýtingarfundur yrði og boða starfsmenn fyrr en um þrjúleytið í dag.

Þetta eru staðreyndir þessa máls. Það er auðvitað glöggskyggni af hálfu hv. þm. að átta sig á því að þetta mál er ekki algerlega óundirbúið, enda væri það ábyrgðarleysi af hálfu sjútvrh., hvaða sjútvrh. sem er, eftir sex vikna verkfall sjómanna að hafa ekki nokkra hugmynd um hvernig hann mundi standa að lagasetningu ef til kæmi að þess þyrfti. Þess vegna held ég að þær umræður sem hér hafa farið fram hafi verið í hæsta máta ómaklegar gagnvart hæstv. forseta. Varðandi það að ræða efnisatriðin þá legg ég til að við gerum það á mánudaginn, þegar liðnar eru tvær nætur frá því að frv. var dreift á hv. Alþingi.

[18:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hafi þessar umræður á einhvern hátt verið ómaklegar í garð hæstv. forseta þá er það vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur komið illa fram við hæstv. forseta og ekki upplýst hann um það hvað væri að gerast. Þetta var einhver allra skrautlegasta málsvörn sem ég hef lengi heyrt, þegar hæstv. sjútvrh., sem er ítrekað á undanförnum dögum búinn að undirstrika vilja sinn til þess að deiluaðilar leysi málin sjálfir, kemur hér og segir að auðvitað hafi hann ekki þorað annað en láta undirbúa lagasetningu. Hún er nokkuð vel undirbúin. Eins og ég vakti athygli á áðan, þá er þetta bandormur sem gerir viðamiklar breytingar á mörgum lögum á sviði sjávarútvegs. Það hefur meira að segja unnist tími til þess síðan síðdegis í dag að fá umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. þannig að hér hefur verið vel að verki staðið. Það er ekkert smáræði sem þeir afkasta núna. Þarna er ekki hraði snigilsins.

Nei, herra forseti, vegna þeirra orða sem hæstv. forseti lét falla og vitnaði í þingsköp um þingtæknileg atriði og fresti, þá erum við ekki að ræða um þá hluti. Við erum að ræða um samskiptavenjur. Við erum að ræða um mannasiði og við erum að ræða um stórpólitískt mál. Þessi umræða snýst ekki um tæknilegt mál. Hún snýst um þá mannasiði að stjórnarandstaðan frétti það ekki síðust allra að grípa eigi til afdrifaríkra aðgerða af því tagi að setja lög eftir þessa löngu og erfiðu deilu.

Þegar verkfalli sjómanna var frestað í vetur þá voru þó viðhafðir þeir lágmarksmannasiðir að kalla í forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna snemma þann dag. Við fengum nokkurra klukkustunda frest til að skoða málið áður en gert var heyrinkunnugt hvað í vændum væri. Þá var a.m.k. sýnd einhver viðleitni en það sjá auðvitað allir þau vinnubrögð sem hér eru á borð borin.

Herra forseti. Ég ítreka mótmæli mín við því hvernig allt þetta ber að. Ég harma að hæstv. forseti skuli vera þátttakandi í þessu með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að, gengisfelli sjálfan sig með því að svara ekki einu sinni spurningum og sýni ekki viðleitni í þá átt að sýna þingmönnum þá virðingu að svara þeim. Ef hæstv. forseti hefði fyrr á fundinum sagt að hann hefði því miður ekki upplýsingar til að geta svarað spurningunum þá hefði það verið svar í sjálfu sér, ekki beysið að vísu en þó einhver viðleitni til að gera grein fyrir stöðu mála. En hæstv. forseti sat sem dumbur væri og virti menn ekki þeirrar virðingar að svara spurningum þeirra. Ég man aldrei eftir því að forseti á Alþingi hafi staðið þannig að málum.

[18:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni vil ég taka fram að ég kannast ekki við að sú venja hafi tíðkast á undanförnum áratugum að forseti hafi milligöngu milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu um þingmál áður en þau eru lögð fram á þinginu.

[18:55]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. undrast málflutning stjórnarandstöðunnar og segir að þingmenn geti bara mætt hér, spurst fyrir og fylgst með hverju sé dreift á fundinum. Það fór kannski fram hjá honum að meðan hann sat á fundi í

þingflokki sínum reyndu stjórnarandstöðuþingmenn ítrekað að fá svör við því hverju ætti að útbýta, eins og fram hefur komið, án þess að við því fengjust viðhlítandi svör.

Hæstv. forseti svaraði því til áðan að fordæmi væru fyrir því að stjfrv. væri útbýtt á útbýtingarfundi. Það hefur enginn mótmælt því að fyrir því séu fordæmi, herra forseti. Það sem ekki eru fordæmi fyrir — ég vil þá biðja hæstv. forseta um að nefna mér slíkt dæmi ef hann man það en þeir sem ég hef talað við um þetta og hafa langt minni á þessari ágætu hv. samkomu hér minnast þess ekki — er að umdeildum eða óvæntum málum sé dreift á útbýtingarfundi. Á það minntist ég áðan og lýsti yfir vanþóknun minni á því.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. forseti hafi ekki vitað um hvað til stóð hér. Ég verð samt að segja að ég undrast það ef hæstv. forseti heimilar útbýtingarfund og skipuleggur án þess að hann viti hverju standi til að dreifa á þeim útbýtingarfundi. Ég verð að segja, herra forseti, að ég hefði haldið að þingstörfin væru betur skipulögð en svo að hæstv. forseti boðaði til útbýtingarfundar án þess að vita hverju ætti að dreifa á honum.

Ég sé að það vill svo vel til að hér er verið að dreifa einhverju öðru, ég veit ekki hvort það tengist þessu sama þingmáli, en herra forseti, er það svo að boðað sé til útbýtingarfunda án þess að nokkur maður viti hvað til standi? Ég verð að segja að mér heyrðist á hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur að enginn í ríkisstjórnarþingflokkunum hafi vitað hvað til stæði. Hæstv. forseti virðist ekki vita hvað til stóð að útbýta á þessum útbýtingarfundi.

Herra forseti. Hver vissi hvað til stóð á þessum útbýtingarfundi?

[18:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef verið mjög ósáttur við stjórn hæstv. forseta Alþingis á þessum fundi og framgöngu hans í þessu máli, sérstaklega fyrir að svara ekki þeim spurningum sem til hans er beint. Hins vegar finnst mér mikilvægt að nú skuli hafa verið upplýst að hæstv. forseta Alþingis hafi ekki verið kunnugt um það í gær að til stæði að dreifa á þessum fundi frv. um bann við verkfalli sjómanna. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægt upp á samskipti við hæstv. forseta í framtíðinni, að það hafi fengist staðfest.

En það er ríkisstjórnin sem hér hefur látið heyra í sér undir þessum lið um störf Alþingis. Hæstv. sjútvrh. kallar það uppákomu þegar alþingismenn gera athugasemdir við þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi, þegar dreift er á laugardegi, án vitundar stjórnarandstöðu, frv. um bann við verkfalli sjómanna, frv. sem kippir grundvellinum undan kjarabaráttu sjómanna sem hafa staðið í löngu og ströngu verkfalli og orðið fyrir miklum búsifjum af þeim sökum. Þetta er spellvirki gegn íslenskum sjómönnum. Það ber að harma en þeirri umræðu sem hér er hafin um þessi mál er ekki lokið.

[18:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að þessu frv. var útbýtt um leið og Alþingi barst það með lögformlegum hætti.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:59]

Útbýting þingskjala:

Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1307.

Lögskráning sjómanna, 635. mál, brtt. HjÁ o.fl., þskj. 1304.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 627. mál, nál. allshn., þskj. 1302.

Tollalög, 683. mál, þskj. 1295.

Virðisaukaskattur, 686. mál, þskj. 1298.

[19:00]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. forseti hafa orðið fyrir ómaklegri ádeilu í dag og sömuleiðis hæstv. sjútvrh., sem mér þætti hafa brugðist sinni skyldu ef hann ekki hefði haft tilbúið frv. (**ÖS:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) Já, um fundarstjórn forseta, vissulega. Ef hann hefði ekki haft frv. tilbúið þá hefði hann brugðist skyldu sinni. Þetta verkfall brast ekki á í gær, það hefur staðið lengi.

Ég held nefnilega að við séum að ræða um öfuga röð. Vegna þess að það var útbýtingarfundur í dag og vegna þess að menn vildu ekki þurfa að fá afbrigði á mánudaginn þá tók hæstv. sjútvrh., eftir að hafa kannað stöðuna út í hörgul, ákvörðun klukkan þrjú í dag um að nýta þennan útbýtingarfund sem var löngu ákveðinn. Þannig hygg ég að málsmeðferðin hafi verið en ekki öfugt.

Varðandi það að fjölmiðlar hafi verið að ræða, eins og hér hefur komið fram, um að frv. yrði lagt fram, þá hafa þeir rætt um það í vikur, enda hafa sjómenn eða fulltrúar sjómanna haft fjöregg þjóðarinnar í höndum sér. Þeir hafa í höndum sér að eyðileggja markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir um allan heim. Þetta hefur verið rætt hér áður undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég get því alveg eins rætt þetta og fulltrúar sjómanna hafa (**Gripið fram í:** Hættu þessu maður.) fjöregg þjóðarinnar í hendi sér og þjóðin hefur ekki um annað talað. (**Gripið fram í:** Hættu þessu.)

[19:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að menn hafa talað um þetta frv. og stundum frjálslega. Má vera að fundarstjórn mín hafi ekki verið nógu hvöss.

[19:02]

Karl V. Matthíasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú stendur yfir útbýtingarfundur sem hófst í raun klukkan hálfsex en svo var honum skyndilega frestað. Herra forseti, nú eru þjónar þingsins á fleygiferð að útbýta skjölum. Það hefði kannski verið betra eða skynsamlegra, af því að hv. þm. Pétur Blöndal talaði hér um verðmæti o.s.frv., og tímanum betur varið ef þeir hefðu tekið til starfa strax klukkan hálfsex. En skyndilega var gert hlé á þessum útbýtingarfundi og engu dreift. Ég dreg þá ályktun, herra forseti, að það hafi alls ekki verið ætlunin, með fullri virðingu, að dreifa þeim skjölum sem nú er verið að dreifa. Enda las hæstv. forseti upp, þegar hann var að lýsa hvaða skjölum hefði verið dreift, að fyrsta skjalið sem væri dreift væri frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira.

Það er því alveg ljóst að það átti aðeins að dreifa einu skjali á þessum fundi. Það var frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira. Frumvörpin sem verið er að dreifa núna eru spenvolg eins og nýmjólk, nýkomin úr ljósritunarvélinni. Það er hitapera í ljósritunarvélinni sem orsakar að blöðin

hitna og ef þau hitna of mikið þá kviknar í þeim. En nú er ég að tala um störf forseta og má ekki vera með fræðslu um þetta. En þetta er alvarlegt, að þetta mál skuli bera svona að. Mér finnst það mjög ólýðræðislegt að svona skuli staðið að verki. Ég vona heils hugar, herra forseti, að ályktanir mínar um að þú hafir ekki vitað hvað átti að gera á þessum fundi hafi réttar.

(**Forseti** (HBl)**:** Þingmönnum ber að segja herra forseti.)

Afsakið, herra forseti.

[19:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni, ræðu hv. þm., þá er það svo um útbýtingarfundi og hefur jafnan verið að þá er útbýtt þingskjölum sem ekki hafa verið tilbúin á síðasta reglulega fundi. Þess vegna eru þessir fundir kallaðir útbýtingarfundir og þessi þingskjöl eru þess vegna ný af nálinni.

[19:05]

Útbýting þingskjals:

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 627. mál, brtt. allshn., þskj. 1303.

[19:05]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég hef talað áður í þessari umræðu og hef reynt að hlíta þeim fyrirmælum þingskapa og hæstv. forseta að halda mig við efnið, sem er fundarstjórn forseta. Hún er sannarlega að verða æ aðfinnsluverðari.

Hæstv. forseta ber að stjórna þessum fundi af réttlæti og deila út fundartíma og fundarstjórn sinni jafnt á alla, hvort heldur þeir eru úr stjórnarliðinu eða stjórnarandstöðunni. Ég verð að segja, herra forseti, að fundarstjórn hæstv. forseta á þessum fundi hefur ekki borið merki um það.

Hér kemur einn tiltekinn þingmaður, hv. þm. Pétur H. Blöndal, og úthellir svívirðingum yfir heila starfsstétt sem hefur engan fulltrúa hér. Hæstv. forseti, þrumur eins og finngálkn í stólnum, gerir enga tilraun til að halda hv. þm., sem er stjórnarliði, við efnið.

Hér koma aðrir þingmenn, t.d. hv. þm. Ögmundur Jónasson sem má þola að vera þráfaldlega truflaður í ræðu sinni, þá er herra forseti reiðubúinn með hamarinn á björllunni og lemur hana eins og skopparakringlu.

Herra forseti. Það er ekki hægt að una því að réttlæti forseta sé svo skakkt og illa útdeilt á þessum fundi. Ég tel að þetta sé stórlega ámælisvert og vil finna að því við herra forseta. Ég tel að hann verði að reyna, miklu betur en hann hefur gert á þessum fundi, að aga fundinn og stjórna, án tillits til þess hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu en það hefur hann ekki gert á þessum fundi.

[19:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ljúft að taka þær ábendingar til greina að vera í framtíðinni strangari í mati mínu á því hvort hv. þm. halda sig þröngt við að ræða fundarstjórn forseta.

Fundi slitið kl. 19:09.

122. FUNDUR

mánudaginn 14. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kjaramál fiskimanna og fleira, stjfrv., 737. mál, þskj. 1307. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 553. mál, þskj. 859. — 3. umr.
3. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 665 (með áorðn. breyt. á þskj. 1175, 1258). — 3. umr.
4. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051. — 3. umr.
5. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003. — 3. umr.
6. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1296. — 3. umr.
7. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1295. — 3. umr.
8. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1129, nál. 1267. — 2. umr.
9. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130, nál. 1268. — 2. umr.
10. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244. — 2. umr.
11. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.
12. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934, nál. 1226. — 2. umr.
13. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031, nál. 1227. — 2. umr.
14. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030, nál. 1243. — 2. umr.
15. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045, nál. 1229. — 2. umr.
16. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668, nál. 1230. — 2. umr.
17. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 2. umr.
18. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 630. mál, þskj. 1005, nál. 1256. — 2. umr.
19. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236. — 2. umr.
20. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001, nál. 1186. — 2. umr.
21. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.
22. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012, nál. 1196, brtt. 1304. — 2. umr.
23. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15, nál. 1202. — 2. umr.
24. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 1203. — Síðari umr.
25. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861, nál. 1205. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:01]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 685. mál, þskj. 1297.
Lífeyrissjóður bænda, 684. mál, þskj. 1296.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinnubrögð við fundarboð.

[10:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Um kl. 16.30 sl. laugardag bárust mér þau boð þar sem ég var staddur vestur á Ísafirði að boðað væri til áríðandi fundar í Alþingi vegna útbýtingar nýrra þingskjala. Ekki lágu fyrir upplýsingar hjá starfsmönnum þingsins um hvaða mál væri að ræða en á sama tíma og þeim sem hér stendur voru ekki veittar upplýsingar um hvað stæði til voru fréttir komnar inn á visir.is um að verið væri að leggja fram frv. á Alþingi sem bannaði aðgerðir sjómanna til þess að knýja fram þolanlegan kjarasamning milli deiluaðila.

Herra forseti. Svona vinnubrögð hjá forseta þingsins finnst mér óþolandi. Þau sýna í raun þá lítilsvirðingu að sjálfsagt sé að láta málefni leka til fréttamanna á sama tíma og þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar er neitað um upplýsingar. Ætlar hæstv. forseti að halda því fram við þjóð sína að hann hafi ekki vitað í upphafi fundar hvað væri að gerast eða var það samherjahjartað í forsetanum sem var svo skemmt að hann mátti ekki mæla og sat í ræðustól steinþegjandi og vildi ekki greina frá málum?

Herra forseti. Í sjónvarpinu vestur á fjörðum var mikill leiðindasvipur á hæstv. virðulegum forseta Alþingis í vinnunni hér í stólnum enda sjálfsagt fundist að þingmenn væru með óþarfauppsteit. Þeim kæmi málið ekki við.

Herra forseti. Ég mótmæli vinnubrögðum þínum sl. laugardag. Vel má vera ljóst að ríkisstjórnin og framkvæmdarvaldið ráða öllu í hv. Alþingi.

[10:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég segja hv. þm. að þingflokksformönnum var sagt frá því á föstudag að hér gæti komið til útbýtingarfundar á laugardegi svo að hv. þm. átti að vera það kunnugt. Ef hann hefði kosið að vera mættur á þeim fundi hefði hann átt að haga ferðum sínum með öðrum hætti.

Í annan stað hlýt ég að vísa á bug öðru því sem hv. þm. sagði.

[10:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil furða mig á þessu undarlega upphlaupi, bæði sem varð fyrir tveimur dögum og svo eins þessu. Ég veit ekki hvað hefur komið yfir hv. þingmenn. Þetta var venjulegur útbýtingarfundur. Það er algerlega óþekkt í þingsögunni að menn geri kröfu til þess að lagðar séu hömlur á frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna varðandi útbýtingu skjala. Hvenær hefur það gerst að stjórnarandstaðan hafi tilkynnt ríkisstjórninni hvaða skjölum þeir ætla að útbýta? Hvenær hefur það gerst í sögunni? Og vera að halda því að fréttamönnum, og því miður féll einstaka fréttamaður í þessa kjánalegu gildru, að þarna hafi einhverjir atburðir gerst þegar máli er dreift með tveggja daga fyrirvara áður en umræða hefst. Þegar svona mál koma upp er vaninn sá að málum sé dreift strax, umræðan hafin og reynt að flýta afgreiðslu mála. Auðvitað deila menn um það en í slíkum málum reyna menn að flýta afgreiðslu málanna. En þá er það gert að stórmáli að forseti heimili útbýtingu og telja jafnvel að hann hafi átt að koma í veg fyrir útbýtingu.

Hv. þm. sem síðast talaði sagði að það hefði verið gríðarlega mikilvægur fundur þar sem þessum skjölum var útbýtt.

Hér hefur verið útbýtt mjög stórum frv. og ekki nokkur maður í salnum nema forseti, mjög stórum frv. Þetta veit allur þingheimur. Af hverju er verið að reyna að varpa þessu ryki í augu íbúa landsins? Til hvers? Hvað gengur mönnum til? Það er sjálfsagt að ræða um efni máls en hvernig leyfa menn sér slíka vitleysu að gera þetta tortryggilegt?

[10:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Á laugardaginn gagnrýndi ég og reyndar fleiri hv. þm. Samfylkingarinnar harðlega þá framkomu sem stjórnarandstaðan varð fyrir þennan dag því að á útbýtingarfundinum var lagt fram mjög umdeilt frv. og það var óvænt það skyldi lagt fram, herra forseti.

Það er rétt sem hæstv. forseti sagði áðan. Formönnum þingflokka var sagt frá því að til stæði að hafa útbýtingarfund en þeim var ekki sagt frá því að leggja ætti fram þetta umdeilda, óvænta mál sem raun varð á. Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að einhver hafi ætlað að leggja einhverjar hömlur á það að hæstv. forseti legði fram mál til útbýtingar. Enginn er að tala um það, herra forseti. Þetta eru útúrsnúningar. Það sem verið er að tala um hér er sjálfsögð kurteisi. Þetta er spurning um vinnubrögð, herra forseti, og það er sjálfsögð kurteisi við hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þeir séu látnir vita af því þegar um er að ræða hefðbundinn útbýtingarfund, að það eigi að leggja fram umdeilt óvænt frv. eins og raun varð á í þetta sinn. Það eru útúrsnúningar að halda því fram að þessi málflutningur og þessi hávaði á laugardaginn hafi snúist um að einhverjum hafi dottið í hug að banna hæstv. forseta að leggja fram skjöl til útbýtingar.

[10:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég sagði áður. Hér var haldinn útbýtingarfundur. Útbýtingarfundir eru haldnir til þess að hægt sé að dreifa þingskjölum eins og ég hélt að hv. þingmönnum væri kunnugt.

Í annan stað vil ég segja að engin dæmi eru um það í þingsögunni svo mér sé kunnugt að forseti Alþingis eigi að vera milliliður á milli þingmanna og ríkisstjórnar um það hvaða þingskjölum sé dreift áður en þau hafa verið lögð fyrir Alþingi, ekkert fordæmi fyrir því í þingsögunni.

[10:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég get því miður ekki sagt að mér komi á óvart það ábyrgðarleysi sem fram kemur í máli hæstv. forsrh. Íslands í þessu máli. Hann talar um upphlaup á Alþingi yfir venjulegum útbýtingarfundi. Á þessum fundi var dreift lagafrv. sem á að banna verkfall íslenskra sjómanna.

Ég hef þegar gert athugasemd við framvindu málsins undir liðnum um störf þingsins og ég ítreka þá eindregnu gagnrýni sem kom fram á laugardag.

Við þetta vil ég bæta að á sama tíma og þingfundur stóð yfir var heilbr.- og trn. þingsins að störfum. Hún hafði boðað til sín fjölda gesta. Það var úr vöndu að ráða fyrir hv. formann þeirrar nefndar og hefði ég ekki mælt með því að þeir góðu gestir yrðu sendir á braut. Hins vegar er ámælisvert af stjórn þingsins og af hálfu hæstv. forseta þingsins að boða til þingfundar á sama tíma og þingnefndin sat að störfum.

Ég sat sjálfur upphaf nefndarfundarins en varð að hverfa á braut af þessum sökum. Við þetta vil ég gera mjög alvarlega athugasemd.

[10:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmenn á að sú nýbreytni var tekin upp að hafa sérstaka útbýtingarfundi til þess að þingmönnum gæfist kostur á því í tíma að kynna sér þingskjöl og mál sem lögð eru fyrir þingið en ekki þyrfti að leita sérstakra afbrigða af því að of skammur tími væri liðinn síðan þingskjali var dreift. Það er þess vegna í þágu hv. þm. að þeim berist þingskjöl í tíma. Ég man ekki eftir því áður að gagnrýni hafi komið fram um að þingmenn hafi fengið þingskjöl of fljótt í hendur.

[10:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Á tímum eins og þessum, ekki síst þegar við erum með nefndadaga og nefndasyrpu undir, hefur verið greitt fyrir því að hægt sé að dreifa nefndarálitum og breytingartillögum á sérstökum útbýtingarfundum. Þingmenn hafa ekki mætt á slíka fundi vegna þess að samkomulag hefur verið um að þetta væri hagræðingaratriði. Við höfum vitað hvað var að koma fyrir á þessum fundum og ég minni á, herra forseti, að 1. apríl með framlagningu nýrra þingmála er löngu liðinn. Þess vegna held ég því fram, herra forseti, að ekki sé fordæmi fyrir útbýtingu eins og átti sér stað á laugardaginn viku fyrir þinglok.

Það sem hér er að gerast er mjög ámælisvert. Í fyrsta lagi, herra forseti, snýr þetta að samskiptum stjórnarmeirihlutans við stjórnarandstöðuna og opinberar virðingarleysi stjórnarmeirihlutans við stjórnarandstöðuna.

Í öðru lagi, herra forseti, sem er miklu alvarlegra að mínu mati, þá snýst þetta um vinnubrögð forseta Alþingis gagnvart þinginu, gagnvart þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar sérstaklega. Hæstv. forseti þarf að fara að gera upp við sig hvort hann er forseti Alþingis eða hvort hann ætlar að vera forseti stjórnarmeirihlutans. Svo einfalt er það.

Herra forseti. Ég man ekki á þingsetu minni nokkurt sambærilegt dæmi og ætla að halda því fram að svona geri menn ekki.

[10:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu gefna tilefni vil ég taka fram að formenn þingflokka báðu ekki um fund með forseta Alþingis á laugardaginn. Það gat þess vegna ekki til þess komið að þeir bæru persónulega upp neinar óskir til forseta varðandi þetta sérstaka mál. Þess vegna get ég ekki skilið hvað hv. þm. á við með því að ég hafi með einhverjum hætti brotið samkomulag eða þann samstarfsvilja sem ég hef viljað sýna gagnvart stjórnarandstöðunni.

[10:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það fór vel á því að hæstv. forsrh. blandaði sér í umræður um störf þingsins áðan. Hann er greinilega í stuði, hæstv. forsrh., og minnir helst á performansinn vorið 1992 þegar hann rak þingið heim í fússi og reiðikasti og páv. forseti sat síst hýrari á svipinn í stólnum en sá sem hér situr nú gerði á laugardaginn var.

Hæstv. forsrh. lagði þetta að jöfnu við tæknilega útbýtingu nefndarálita í samkomulagsmáli eða annað því um líkt sem hér gerðist á laugardaginn. Svo er auðvitað ekki. Hér er um stórpólitískt mál að ræða.

Öllum er ljóst að sú óvænta frétt um að lög yrðu sett á sjómenn var sprengja inn í þinghaldið og raskar öllum þeim áformum sem áður hafði verið unnið eftir. Hvað þýðir

það, herra forseti, sem hér hefur reynt að halda uppi heldur aumlegri vörn fyrir það hvernig staðið var að málum á laugardaginn? Jú, það þýðir náttúrlega fyrir það fyrsta að það er eðlilegt að menn vilji ræða þessi tíðindi. Útbýtingarfundur er venjulegur fundur í Alþingi Íslendinga, settur, og það stofnast til þeirra réttinda sem þingmenn hafa samkvæmt þingsköpum, t.d. þau réttindi að ræða í stundarþriðjung í upphafi fundar um störf þingsins. Hvernig eiga þingmenn, fjarstaddir, sem hafa ekki hugmynd um þau pólitísku tíðindi sem eru að verða að nýta sér þennan rétt ef þeir hafa ekki ástæðu til að ætla annað en hér sé um tæknilega útbýtingu á nokkrum samkomulagsþingskjölum að ræða? Það þarf ekki frekari röksemdafærslu fyrir því, herra forseti, hversu óheiðarlegt það er gagnvart þingmönnum að leyna þá því sem til stendur og svipta þá þar með réttindum, svipta þeim möguleikum að mótmæla og nota málfrelsi sitt og þinglegan lögbundinn lögvarinn rétt sinn. Það er um það sem þetta snýst, herra forseti. Samskipti hér, virðingu þó að við séum ósammála um efni mála, að (Forseti hringir.) við brjótum ekki leikreglurnar hvort gagnvart öðru. Við tökum ekki rétt af þingmönnum og þeir fái notað hann eins og þingsköpin leyfa þeim. Ég átta mig á því að hæstv. forseti hlýtur að sjá að ...

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. veit að það er komið rautt ljós en hann er vanur því.)

Klukkan var allan tímann biluð, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Þá hlýt ég að biðjast afsökunar en ekki var hún biluð hjá mér en ég tek það til greina en ég vil biðja hv. þm. að stytta mál sitt.)

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, ef ræðutíminn er búinn. En ég held, herra forseti, að það þurfi í sjálfu sér ekki frekari rök fyrir því. Hér gerðust svo fráleitir atburðir að það þarf í sjálfu sér ekki að rökstyðja það mikið frekar. Það talar fyrir sig sjálft, þessi fautaskapur í vinnubrögðum. Það er alltaf sama sagan þegar ríkisstjórnin á um tvo kosti að velja, að gera hlutina með góðu eða illu að þá velur hún seinni kostinn.

[10:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að það er ekki rétt hjá þingmanninum að á útbýtingarfundum sé einungis útdeilt nefndarálitum í samkomulagsmálum. Forseti veit að hv. þm. man mörg dæmi þess að t.d., svo maður haldi sig við nefndir, hefur verið útdeilt nefndarálitum í stórum og mjög umdeildum málum á útbýtingarfundum.

[10:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er sammála síðasta hv. ræðumanni að þessi uppákoma fyrir helgina var fáránleg og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eiga bara að viðurkenna að þetta voru mistök, þetta upphlaup hjá þeim þar. Og að vera að gefa til kynna að menn geti valið um það hvaða mál forseti eigi að láta þingmenn vita um, þá höfum við öll mismunandi skoðanir á því hvaða mál eru mikilvægust. Þetta var venjulegur útbýtingarfundur og laut öllum þeim lögmálum. Meira að segja var það svo að það gefur mönnum tvo daga, tveggja daga fyrirvara til að ræða þetta mál, sem er algjör nýjung gagnvart máli af þessu tagi. Þetta upphlaup af hálfu stjórnarandstöðunnar á laugardaginn var því með ólíkindum. Þeir eiga bara að viðurkenna það og fara síðan í hörkuumræður um efni þessa máls. Það er fullt tilefni til þess. En þeir eiga að hætta því að eyða tímanum í þetta fáránlega upphlaup.

(**SJS:** Hafðu ekki áhyggjur af því, forsætisráðherra.)

[10:17]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég furða mig á ómaklegum árásum stjórnarandstöðunnar á forseta Alþingis. Hér var haldinn útbýtingarfundur sl. laugardag. Það var algjörlega farið að öllum leikreglum þingsins af hálfu forseta. Hann hefur lýst því hér sjálfur að hann sé ekki milligöngumaður á milli framkvæmdarvaldsins og stjórnarandstöðunnar og það er mjög eðlileg yfirlýsing af hálfu forseta.

Mér fannst þessi útbýtingarfundur á laugardaginn ekki í neinu frábrugðinn venjulegum útbýtingarfundum í öðru en því sem stjórnarandstaðan hefur sérstaklega verið að gagnrýna, þ.e. að þar var útbýtt þingskjali um stórt mál og það er auðvitað ekkert óvanalegt að það sé gert á útbýtingarfundi. Mér fannst þessi uppákoma hér á laugardaginn vera stjórnarandstöðunni til skammar. Mér fannst óviðurkvæmilegt hvernig ráðist var á forseta. Mér fannst óviðurkvæmilegt hvernig hrópað var að þingmönnum sem tóku til máls. Ég held því að menn ættu nú að líta í eigin barm og skoða hvort þar hafi verið í öllu farið að leikreglum.

[10:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni og vegna yfirlýsinga hæstv. forsrh. áðan um að hér kæmi fram gagnrýni á að þingmenn fengju þingskjöl í hendur, þá erum við ekki að gagnrýna að hafa fengið þingskjöl í hendur. Við erum að gagnrýna að hafa ekki fengið vitneskju um hvað til stæði að gera til þess að tryggt væri að við fengjum þessi þingskjöl í hendur. Það sem gerðist hér þennan laugardag var að þingmenn stjórnarflokkanna voru boðaðir til fundar í þinghúsinu til þess að gera þeim grein fyrir frv. og hvað til stæði að gera. Stjórnarandstaðan fréttir þetta hins vegar á skotspónum og í fjölmiðlum.

Varðandi hlut hæstv. forseta þá vil ég beina þeirri spurningu til hans hvort hann telji ekki ástæðu til þess að svara því úr forsetastóli þegar beint er til hans spurningum sem lúta að starfi hans, stjórn þingfundar og störfum þingsins. Og ég spyr hvort hæstv. forseti þingsins ætli ekki að svara þeirri gagnrýni sem ég setti hér fram áðan og ábendingum og spurningum um að samhliða hafi farið fram þingfundur og starf í nefndum. Ég óska eftir svörum um þetta.

Ég ætla hins vegar ekki að gera að umræðuefni upphlaup hæstv. forsrh. hér áðan en minna hann á eigin ráðleggingar, að mönnum sé hollt að reyna að halda ró sinni.

[10:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni skal forseti svara þeim fyrirspurnum sem til hans var beint. Vilji forseta stendur ekki til þess að nefndarfundir séu samtímis þingfundum. Af þeim sökum vill forseti minna á að þingfundi var frestað í síðustu viku frá því sem áætlað hafði verið til þess að hægt væri að halda fund í samgn., eins og hv. 13. þm. Reykv. er kunnugt.

Í annan stað hlýtur forseti að ítreka það sem hann hefur þrásinnis sagt, að forseti getur ekki gefið þingheimi upplýsingar um mál sem ekki hafa verið lögð fyrir þingið. Ef ríkisstjórn hefur ekki lagt stjórnarfrv. fyrir Alþingi getur forseti af eðlilegum ástæðum ekki gefið þingheimi neinar upplýsingar um slíkt stjórnarfrv. enda er það ekki til fyrr en það hefur verið lagt fyrir þingið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:23]

1. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 34:22 atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ArnbS, EMS, GHall, GÖ, ÓÖH, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Skyndileg ákvörðun um að setja lög á sjómenn er fyrir það fyrsta stórpólitískt mál og mikið deilumál, þess held ég að allir hafi mátt vænta. Í öðru lagi er ljóst að þetta raskar öllum þeim áformum sem hér var unnið eftir og tengdust áformum um að ljúka störfum þingsins nú á föstudaginn kemur. Af þessum sökum einum þarf náttúrlega ekki að rökstyðja það frekar hversu fautaleg framkoma ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. forsrh. og forseta þingsins var í garð stjórnarandstöðunnar að, að því er virðist, leyna hana vísvitandi upplýsingum um hvað í vændum var sl. laugardag. Það er með öðrum orðum, herra forseti, ekki óskað eftir samstarfi við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Það er algjörlega kristaltært. Þvert á móti er valin sú leið að gera þetta með eins illu og nokkur kostur er.

Ríkisstjórnin verður þá auðvitað að sitja uppi með það að hún velur sér þau vinnubrögð að vilja gera hlutina með valdi og ofbeldi og eins illu og henni er nokkur kostur og best er að hún fái að súpa seyðið af því. Ég greiði atkvæði gegn því, herra forseti, að standa svona að málum.

[10:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni teljum að með því frv. sem hér liggur frammi sé ríkisstjórnin að ganga einhliða hagsmuna útgerðamanna. Við getum ekki sætt okkur við það. Við teljum líka að 3. gr. þessa frv. brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Við getum ekki sætt okkur við það. Þess vegna synjum við afbrigðanna fyrir okkar leyti.

Kjaramál fiskimanna og fleira, 1. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1307.

[10:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þingflokkur Frjálslynda flokksins fer fram á að ræðutími um stjórnarfrv., 737. mál, þskj. 1307, við 1. umræðu verði tvöfaldur, sbr. 55. gr. þingskapa. Hér er um svo mikilvægt mál að ræða að því verða ekki gerð fullnægjandi skil með venjulegum ræðutíma.

Virðingarfyllst,
f.h. þingflokks Frjálslynda flokksins,
Margrét K. Sverrisdóttir."

Síðasti málsliður 4. mgr. 55. gr. þingskapa er svohljóðandi:

„Hver þingflokkur á rétt á að fá ræðutíma samkvæmt þessari málsgrein lengdan, allt að tvöföldum tíma, ef fyrir liggur rökstudd beiðni þar að lútandi áður en frumvarp er tekið til umræðu."

Verður við þessari beiðni orðið.

[10:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira.

Því miður er nauðsynlegt að mæla fyrir þessu frv. Eftir sex vikna sjómannaverkfall, lengsta verkfall sjómanna í 20 ár og sennilegast, að því er mér er tjáð, lengsta allsherjarverkfall sjómanna í sögunni er engin von um að leysast muni úr verkfallinu. Þrátt fyrir að hluti deiluaðila hafi náð samkomulagi tjá aðrir deiluaðilar mér að engin von sé um að samkomulag náist á þeim tíma sem getur talist ásættanlegur miðað við lengd verkfallsins sem þegar er orðin. Og það er staðfest af orðum sáttasemjara að staðan í deilunni sé nú sú versta sem verið hefur.

Ljóst er að þetta verkfall hefur haft gríðarleg áhrif á þjóðlífið allt. Það er farið að hafa veruleg áhrif á heimilin í landinu, á fjárhag heimilanna í landinu. Það hefur gríðarleg áhrif á landsbyggðina, sérstaklega hinar veikari byggðir sem byggja á sjávarútvegi. Það hefur áhrif á fiskverkafólkið sem ekki hefur hráefni til vinnslu og er farið að fara á atvinnuleysisskrá. Þetta hefur veruleg áhrif á markaðsstarf fyrirtækja okkar á erlendri grundu og mikið er í hættu þar sem mikið starf hefur verið unnið á undanförnum árum og mikil verðmæti eru fólgin í því. Verkfallið hefur auk þess stórkostleg áhrif á útflutningstekjur þjóðarinnar sem dragast að sjálfsögðu verulega saman því að um er að ræða atvinnugrein sem skilar á milli 40 og 50% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Þar af leiðandi hefur þetta áhrif á stöðu krónunnar, á gengið, eins og menn hafa séð og þar með á efnahagsmál okkar allra.

Í þessu umhverfi og þessu ljósi er nauðsyn á því að flytja þetta frv. Ég hefði heldur kosið að það hefði ekki verið gert og aðilar hefðu náð saman og leyst deiluna í heild. En því miður var verkfallið orðið of langt og það var deiluaðilum ljóst frá upphafi að þeir hefðu ekki óendanlegan tíma til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli.

Efnisatriði frv. eru á þann veg að í 1. gr. frv. er bundinn endir á verkföll og verkbönn í atvinnugreininni.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að hafi deiluaðilar ekki náð saman fyrir 1. júní nk. tilnefni Hæstiréttur þrjá menn í gerðardóm sem skuli fjalla um þau atriði kjaramála fiskimanna sem deilt hefur verið um.

Í 3. gr. er síðan gerð grein fyrir þeim atriðum sem gerðardómur þarf að hafa til hliðsjónar. Nauðsynlegt er að slík atriði séu tiltekin í frv. til þess að gerðardómur hafi eitthvað til þess að byggja á í upphafi starfs síns og væri frv. og lagasetningin gölluð ef ekki væri gert ráð fyrir því.

Í frv. gert ráð fyrir að Kvótaþing verði lagt niður og er það í samræmi við óskir þeirra deiluaðila sem náð hafa samkomulagi og samið í deilunni. Jafnframt er í III. kafla frv. gert ráð fyrir breytingum sem af því leiða á lög um stjórn fiskveiða. Í IV. kafla eru breytingar á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna til þess að styrkja Verðlagsstofuna í því að fylgja eftir þeim

atriðum samningsins sem þar að lúta. Önnur atriði frv. eru síðan afleidd af þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að verulega miklu máli skiptir að fiskiskipaflotinn komist aftur af stað til þess að hann geti farið að nýta fyrir þjóðarbúið þær tímabundnu veiðar sem fram undan eru, bæði hvað varðar karfa á Reykjaneshrygg og norsk-íslensku síldina og yrði stór skaði af því ef ekki tækist að nýta þessar afurðir til að styrkja stöðu efnahagslífsins. Því skiptir máli að Alþingi hraði störfum sínum við þetta frv. því að þó að um sé að ræða sérstaklega mikilvægt mál þá er hvorki þetta mál né önnur tengd því ókunnug þingmönnum og því ætti að vera hægt að hraða störfum nefnda og þingsins til að hægt sé að afgreiða málið sem fyrst og flotinn komist af stað. Það skiptir miklu máli fyrir þjóðarbúið að þingheimur allur sýni ábyrgð hvað þetta varðar.

Að lokinni 1. umr. legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

[10:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Atburðarásin er næsta hröð í því máli sem hér er verið að ræða og er nauðsynlegt að afstaða hæstv. sjútvrh. liggi fyrir í svo mikilvægu máli. Við vitum að núna ræða sjómenn, sem eiga að sæta lögum ef þetta frv. verður samþykkt, þann möguleika að fresta verkfalli sínu. Ástæðan er ákaflega einföld. Tiltekin grein í þessu frv. gerir það að verkum að ráða má af því að beinlínis sé verið að efna til launalækkunar hjá tilteknum hópum sjómanna. Af þessum sökum velta þeir því fyrir sér og sitja nú á rökstólum og reifa þann möguleika að fresta verkfalli. Því ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Ef sjómenn taka ákvörðun á þessum degi um að fresta verkfalli sínu er þá ekki alveg ljóst að hæstv. sjútvrh. mun draga frv. til baka?

[10:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig engar athugasemdir við það að Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið ljúki verkfallinu með því að aflýsa því. Þá er megintilgangi frv. náð um að verkfallinu ljúki og flotinn geti farið aftur af stað. Ég geri því engar athugasemdir við það. Verði það gert eru þau ákvæði frv. er lúta að því að aflýsa verkfallinu óþörf en eftir stendur þá verkbann útvegsmanna og aflýsi þeir ekki verkbanninu, þá þyrfti að koma til lagasetningar til að enda verkbannið. Mér sýnist á þeirri stöðu sem þá væri komin upp að ekki væri heldur ástæða til gerðardóms. Hins vegar eru önnur atriði í frv. er varða Kvótaþingið og Verðlagsstofu og eru í beinu samhengi við þann samning sem þegar hefur náðst á þessu kjarasviði. Ég sæi enga ástæðu til þess að draga þau atriði til baka þótt verkfallinu væri aflýst. En varðandi þá hættu að um launalækkun væri að ræða í þessu tilfelli þá get ég ekki séð annað en gerðardómur hafi fullt svigrúm til þess að taka tillit til slíkra þátta í úrskurði sínum.

[10:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur mjög verið til baga í þessari deilu hversu loðin svör hæstv. sjútvrh. og forsrh. hafa verið. Hér kem ég og spyr einfaldrar spurningar: Ef sjómenn kjósa að fresta verkfallinu til að freista þess að ná samningum enn einu sinni við útgerðarmenn verður frv. þá dregið til baka? Það kemur í ljós að hæstv. sjútvrh. er ekki reiðubúinn til þess að svara því játandi. Getur verið að hæstv. sjútvrh., fyrir hönd útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar, ætli sér samt sem áður að knýja í gegn lög sem banna sjómönnum að ganga til frjálsra samninga í fjögur og hálft ár? Er það það sem vakir fyrir þessum herrum?

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki alltaf átt svona erfitt með að skilja það sem ég segi en ef hv. þm. hugsar um það sem ég sagði þá sagði ég að þeir þættir er varða verkfallið og gerðardóminn varðandi sjómennina munu augljóslega ekki þurfa að ganga fram en það væru aðrir þættir í frv. sem ekki beinlínis tengjast vinnudeilunni og síðan úrlausn annarra aðila sem ekki þarf að draga til baka þó að verkfallinu yrði aflýst. Ef hann er sérstaklega að hugsa um verkfallið og gerðardóminn þá eru svör mín alveg skýr. Jafnvel þótt einhverjir hv. þingmenn séu talsvert æstir í þessu máli ættu þeir að skilja það.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo í þessu frv. að gerðardómnum, ef til kemur, er gert að taka mið af samningi vélstjóra, ekki aðeins hvað varðar efnisatriði heldur líka tímalengd. Sá samningur gildir í fjögur og hálft ár. Verði þetta frv. að lögum gengur það frá mörgum stórum deilumálum og álitamálum á sviði sjávarútvegs sem hafa einmitt verið undir í starfi svonefndrar endurskoðunarnefndar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort það sé þá í rauninni ætlun hans í framhaldinu að blása það starf meira og minna af ef svo fer að lögfestur verður, ekki bara þessi kjaralega umgjörð sjávarútvegsins í næstum hálfan áratug, heldur líka gengið frá mörgum grundvallaratriðum sem varða viðskipti með veiðiheimildir, verðlagningu afla og annað því um líkt. Er þá ekki í rauninni sjálfhætt með það starf? Er það þjóðarsáttin sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að innsigla að lokum um sjávarútvegsmál sem er á ferðinni í þessu frv.?

Ég held að óhjákvæmilegt sé að hæstv. sjútvrh., annaðhvort í svörum hér nú eða síðar í umræðunni og þá helst sem fyrst, skýri þetta samhengi mála því það þarf ekki að skoða frv. lengi til að sjá að þar eru veigamikil efnisatriði á ferð sem menn hafa einmitt og ekki hvað síst bundið vonir við að yrði tekið á í endurskoðunarnefndinni og í breytingum á sjávarútvegsmálum.

Hitt vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. um, og í raun og veru mótmæla, að hæstv. ráðherra gerðist svo ósvífinn að setja hér þrýsting á menn um það að ekki er nú nóg hvernig þetta frv. er fram komið, herra forseti, heldur á líka helst að skammta mönnum tíma til að fjalla um það hér á þinginu. Því að hæstv. ráðherra lét að því liggja að menn bæru mikla ábyrgð ef þeir leyfðu sér að ræða þetta mál eitthvað að ráði og rúlluðu því ekki hér í gegn því að það mundi tefja fyrir því að flotinn kæmist á sjó. Er það sem sagt eindregin afstaða hæstv. sjútvrh. að menn eigi að neita sér um að lögvarinn rétt sinn til að ræða þetta mál eða hvert var hæstv. sjútvrh. að fara?

[10:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er á algjörum villigötum í þeim ályktunum sem hann dregur af því sem hér hefur komið fram og því sem er í frv. Þau atriði er hann nefndi varðandi endurskoðunina, að hún er í engu samhengi við þetta í þeim stóru málum sem þar er sérstaklega verið að ræða. Auðvitað

verður að halda áfram að vinna starf að löggjöf um fiskveiðistjórn þótt endurskoðunin sé í gangi. Ekki er hægt að láta allt saman vera nákvæmlega í þeim föstu skorðum endalaust meðan við bíðum eftir endurskoðuninni.

En það sem ég hef nánast alltaf sagt um Kvótaþingið er að það tengist meira kjaradeilum en annað er endurskoðunina varðar og breytingar á því yrðu að gerast í samhengi við kjaramálin og það er að gerast núna. Endurskoðunin mun síðan halda áfram í þeim stóru málum sem þar skipta mestu máli. Til þess að hv. þm. sé ekki að gefa mönnum sterkari vonir um sátt í þeim málum þá hef ég aldrei talað um þjóðarsátt í því efni, ég hef talað um að reynt yrði að ná víðtækari sátt en verið hefur um það stóra og mikla mál sem deilt hefur verið um. Ég hef aldrei talað um þjóðarsátt og mér þykir það mjög miður ef hann er að reyna að koma því inn í umræðunni að það sé eitthvað sem ég hafi sagt og sé eitthvert markmið. Það er ekki hægt að ná því í svo miklu deilumáli, það vitum við öll sem hér erum inni og auðvitað miklu fleiri.

Það sem ég sagði hins vegar um vinnubrögð þingsins og þá ábyrgð sem því fylgir að tefja málið stendur og eins þingreyndur maður og hv. þm. er á að skilja það fullkomlega að hægt er að vinna mál hratt þó að menn komi sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega í málum sem eru ekki ný af nálinni — ég veit ekki hve oft við höfum rætt þessi mál hér í vetur og fyrr og unnið að svipuðum málum og svipaðri löggjöf og er nú verið að fjalla um.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. sjútvrh. hafi átt að láta vera að vera uppi með orð af því tagi sem hann gerði hér varðandi vinnubrögð þingsins og setja prýsting á menn. Nóg er nú samt, herra forseti.

Ég skil það líka mjög vel að hæstv. sjútvrh. sé að verða viðkvæmur fyrir orðinu þjóðarsátt þó að ég viti svo sem ekki hver er munurinn á víðtækri sátt og þjóðarsátt, en það blæs ekki beinlínis byrlega, er það, fyrir hæstv. ríkisstjórn að sætta þjóðina eða sjómannastéttina við framgöngu sína í sjávarútvegsmálum. Kjörtímabilið er hálfnað, logandi deilur við sjómannastéttina og allt upp í loft hvað varðar grundvallarstefnu á þessu sviði. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur ítrekað notað endurskoðunarnefndina sem rök fyrir því að fresta breytingum í sjávarútvegsmálum og framlengja tímabundið ástand. Dæmi: Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Dæmi: Kvótasetning meðafla hjá krókabátum. Er það þá ekki orðið í mótsögn við þetta að ætla nú að ganga, jafnvel í fjögur og hálft ár, með þessu frá veigamiklum atriðum sem menn héldu auðvitað að ættu að verða þarna undir? Hæstv. ráðherra ætti því ekki að verða hissa á því að þessu samhengi sé velt upp. Það er enginn misskilningur.

[10:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð yfirleitt ekki hissa á einu eða neinu sem hv. þm. segir. En í þessum efnum verðum við að skoða hvert mál út af fyrir sig og það samhengi sem það er í og hvaða forsögu það hefur. Það var ég að reyna að útskýra varðandi þau atriði sem koma fram í þessu frv. Önnur atriði verða skoðuð í öðru samhengi og á öðrum tíma.

[10:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég skil frv. rétt sem hér er rætt og orð hæstv. sjútvrh. þá kemur sennilega til þess að þó svo að sjómenn fresti verkfalli yrðu samt sett lög sem skulu ná yfir alla sem þau taka til og þau skulu byggð á því samkomulagi sem 169 sjómenn af 6.000 hafa samþykkt. Hvað er það? 3–4% af starfandi íslenskum sjómönnum og fiskimönnum. Það er sem sagt búið að lýsa því yfir af hæstv. ráðherra að gerðar skuli ákveðnar aðgerðir í samræmi við vilja þessara 169 manna. Í fyrsta lagi er frv. náttúrlega byggt upp á því að taka mið af gildistíma til fjögurra og hálfs árs, taka mið af því að launalækkun verði hjá ákveðnum fjölda sjómanna í flotanum og taka síðan mið af því varðandi lagasetningar í öðrum atriðum jafnvel þó að sjómenn frestuðu verkfallinu. Þetta finnst mér alveg furðuleg yfirlýsing.

[10:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki mjög miklu að svara miðað við það sem hv. þm. sagði en þar sem hann talaði um frestun á verkfallinu þá verður verkfalli ekki frestað nema báðir deiluaðilar komi sér saman um það. Hins vegar þarf að aflýsa verkfallinu ef annar deiluaðili ætlar að gera það einhliða. Það er nauðsynlegt að við notum rétt hugtök í umræðunni til þess að það skiljist sem við erum að segja. Ef hv. þm. hafa verið að tala um frestun þegar ég hef verið að tala um að aflýsa hafa þeir þar af leiðandi ekki skilið það sem ég hef sagt vegna þess að þeir eru ekki klárir á þeim hugtökum sem um er að ræða.

Það sem ég var að segja hér áðan í fyrra svari mínu og er aftur svar mitt er að ef sjómenn aflýsa verkfallinu þá þarf auðvitað ekki að setja nein lög á verkfallið. Þá er verkfallinu lokið og flotinn getur farið á sjó aftur.

[10:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom þá á daginn. Ráðherra var algjörlega ljóst og hafði vissu fyrir því að frestun verkfalls með samkomulagi aðila var ekki til staðar. Hæstv. ráðherra var það ljóst enda eru lögin sem hér á að setja að ósk útgerðarmanna, með ráðleggingum útgerðarmanna og leiðbeiningum útgerðarmanna hér niðri í þingflokksherbergjum. Það er greinilegt hvernig að þessum málum er staðið. Auðvitað vilja stórútgerðarmenn ekki fá fram neina frestun. Það var akkúrat það sem ráðherrann var að upplýsa, að lægi fyrir.

[10:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur enginn aðili í þessari deilu, þá daga sem þessi mál hafa verið til umræðu, nefnt frestun sem möguleika í stöðunni. Þvert á móti hafa fulltrúar sjómanna og farmanna talað um að aflýsa verkfallinu. Þeir hafa ekki talað um að fresta því. Ég hef ekki heyrt þá nefna að þeir hafi talað um það við útvegsmenn að þeir vildu fresta verkfallinu. Hafi svo verið hefði kannski verið ágætt fyrir þá að láta vita af því. Sé það hugsunin þá gæti það auðvitað breytt stöðunni að einhverju leyti. Ef það gerist tökum við á því þegar það kemur upp. Hins vegar er algjörlega óþarft fyrir hv. þm. að reyna að leiða umræðuna á einhverjar villigötur með því að tala um hluti sem ekki hafa verið í umræðunni, hvorki í dag né síðustu daga.

[10:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér stóðu í morgun talsverðar umræður um það hvernig þetta mál hafi borið fyrir þingið. Ég tók ekki þátt í þeim umræðum en ætla að leyfa mér að ræða það aðeins í upphafi máls míns.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að með því háttalagi sem hv. þm. stjórnarliðsins höfðu í frammi í því máli þá hafi í reynd verið reynt að koma aftan að stjórnarandstöðunni. Ég er þeirrar skoðunar að með því hafi verið brotnar ákveðnar hefðir. Við högum störfum okkar í þinginu bæði eftir þingsköpum og ákveðnum óskráðum reglum sem á hafa komist. Það er einfaldlega þannig að ákveðin tillitssemi og ákveðin kurteisi hefur verið í samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu í gegnum árin. Því er haldið fram að með þessum útbýtingarfundi hafi verið brotið í blað. Ég skal ekki segja hvort hægt sé að taka svo djúpt í árinni, herra forseti. En það er einfaldlega þannig að einstakir útvarpsþættir voru rofnir löngu áður en boðað var hér til fundar til að tilkynna að fyrir dyrum stæði að leggja fram frv. síðar þann dag á Alþingi Íslendinga þar sem leggja ætti til að sjómannaverkfallinu yrði aflýst með lögum.

Það liggur líka fyrir, herra forseti, að hér var talsverður fjöldi stjórnarliða og stjórnarandstæðinga að störfum í nefndum þingsins. Fundum þeirra nefnda var slitið til þess að hægt væri að kalla stjórnarþingmenn til fundar við forustumenn sinna flokka til að ræða þessi mál. Með öðrum orðum: Vitneskjan um hvað til stóð var á almannavitorði í stjórnarliðinu tiltölulega snemma dags, a.m.k. um þrjú- fjögurleytið, á meðan þess var vendilega gætt að stjórnarandstaðan fengi engan þata af málinu.

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að svona hefði þetta alltaf verið. Það hefði aldrei verið þannig að stjórnarandstöðunni væri gert viðvart þegar dreifa ætti mikilvægum málum á svokölluðum útbýtingarfundum. Þetta er rangt, herra forseti.

Ég vil af þessu tilefni rifja upp að ég var sjálfur í stjórnarliði og stýrði sjútvn. í forföllum Matthíasar Bjarnasonar, þáv. formanns sjútvn., árið 1991. Þá voru gerðar ákaflega umdeildar breytingar á hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Þá tilkynnti ég, sem starfandi formaður sjútvn. í upphafi fundar í sjútvn., til þess að sjútvn. hefði af því pata, að þegar þeim fundi loknum mundum við gera reka að því að búa til nál. og dreifa því á sérstökum útbýtingarfundi. Við létum sem sagt stjórnarandstöðuna vita af þessu, þar á meðal þáv. hv. þm. Halldór Ásgrímsson, þáv. varaformann Framsfl. og núv. oddvita þess flokks og varaforsætisráðherra. Þannig liggur alveg fyrir að a.m.k. í þessu dæmi, þegar um er að ræða ákaflega umdeild mál, hefur stjórnarandstöðunni verið gert viðvart til þess að hún gæti ráðið sínum ráðum og notfært sér réttinn sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði að umræðuefni áðan. Þingmenn hafa nefnilega rétt til þess í upphafi fundar að láta í ljósi skoðanir sínar á vinnubrögðum sem kunna að vera umdeild, á þingmálum sem kunna að vera umdeild. Sá réttur er tekinn af þeim ef þeir vita ekki hvað til stendur. Þetta tel ég ámælisvert, herra forseti.

Ég vil líka, þótt hv. þm. Halldór Blöndal sé ekki staddur í forsetastóli sem stendur, taka fram, í tilefni orðaskipta milli mín og hans sem urðu hér á laugardaginn, að ég spurði hann þá hvort hann hefði vitað deginum fyrr að til stæði að útbýta þessu frv. á útbýtingarfundinum. Ég tók það skýrt fram að ef það væri niðurstaða mín og Samfylkingarinnar að svo hefði verið og hæstv. forseti hefði þess vegna í raun verið að blekkja þingmenn stjórnarandstöðunnar þá mundum við endurskoða samstarf okkar við hann. Hæstv. forseti svaraði ekki þessari spurningu. Hins vegar lýsti hæstv. sjútvrh. því yfir síðar í þeirri umræðu, þegar ég átti ekki kost á að taka þátt í henni, að það hefði verið ómögulegt fyrir hæstv. forseta að gera sér grein fyrir því á þeim tímapunkti að þetta stæði til. Ég vil af þessu tilefni lýsa því yfir að ég tek þessar útskýringar góðar og gildar. Mér þótti tilefni til að láta þetta koma fram hér, herra forseti.

Hæstv. sjútvrh. hefur, eins og áður þegar þetta mál hefur komið til umræðu, talað mikið um nauðsyn þess að slíta verkfallinu vegna þess að það væri farið að bíta. Verkfallið væri farið að hafa áhrif á efnahag landsmanna og fyrirtækjanna í landinu og á landsbyggðina. Það má því spyrja hæstv. sjútvrh.: Út á hvað heldur hann að verkföll gangi? Þau ganga út á að vinnandi fólk í landinu beitir þeim eina rétti, því eina afli sem það hefur, til að taka á vinnuveitandanum, stórútgerðinni í þessu tilviki, og ná fram rétti sínum, til þess að ná fram kjarabótum. Það blasir við, eins og hér hefur margsinnis verið rakið í umræðunum um þetta mál, að sjómönnum hefur árum saman verið meinað að ná rétti sínum. Hvers vegna? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur ávallt verið reiðubúin til að setja lög á deilur útgerðarmönnum til hagsbóta.

Auðvitað er það þannig að þegar menn fara í verkfall þá hefur það áhrif. Það er þess vegna, hæstv. sjútvrh., sem menn fara í verkfall. Það er þess vegna sem þeir beita rétti sínum til að láta vinnuafl sitt ekki lengur falt. Hins vegar er það þannig, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. hefði átt að hugsa sinn gang fyrr ef það er þetta sem hann hafði svona miklar áhyggjur af. Hverjir ætli hafi haft mest áhrif á það hvernig þetta verkfall hefur þróast? Hverjir hafa verið með ábyrgðarlausar yfirlýsingar út og suður, alveg frá því verkfallið hófst í mars?

Hverjir lögðu fram frv. með ákaflega ábyrgðarlausum og ótímabærum hætti til að fresta verkfalli? Það var hæstv. stjórnarlið, hæstv. sjútvrh. með atbeina hæstv. forsrh. Þá lá fyrir, samkvæmt yfirlýsingu hæstv. forsrh., að samningar væru í þann mund að nást og hæstv. forsrh. ætlaði auðvitað að ná sér í ljómann af því að leysa deiluna og slá sér upp með því að leggja fram þetta ábyrgðarlausa frv. sem þá var sett fyrir þingið. Hverjar urðu afleiðingar þess, herra forseti? Það hlupu allir í keng og allir hrukku til baka. Útgerðarmenn jafnt og sjómenn fóru í kuðung og það var ekki hægt að ljúka samningunum. Formaður sjómannafélagsins á Eyjafjarðarsvæðinu lýsti því yfir margsinnis að þetta frv. og frestunin hefði eyðilagt feril samninganna. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir að hafa með inngripi sínu, með íhlutun sinni í samningaviðræðurnar, eyðilagt þá samninga sem hæstv. forsrh. sagði í þessum sal að væru í þann mund að nást. Það er ekki hægt að túlka orð hæstv. forsrh. á þeim tímapunkti öðruvísi en svo að hefðu menn fengið að vera afskiptalausir, fengið að láta samningana ganga sinn gang og tala áfram saman í friði, þá væri ekkert verkfall í dag. Ábyrgðin á þessu er ríkisstjórnarinnar. Þeir tveir menn sem mesta ábyrgð bera eru hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh.

Hvernig hefur deilunni undið fram síðan? Þegar erfið deila eins og þessi, með þá forsögu sem hún hefur, er í gangi þá ber mönnum að halda aftur af sér og þegja. Hverjir voru með stöðugar yfirlýsingar um samningaviðræðurnar? Var það stjórnarandstaðan? Nei, það var hæstv. forsrh., en þó fyrst og fremst hæstv. sjútvrh. Aftur og aftur stigu þeir fram á völlinn og gáfu yfirlýsingar. Jafnan voru yfirlýsingarnar það loðnar að ekki var hægt að skilja þær öðruvísi en svo að leiðinni væri haldið opinni fyrir útgerðarmenn, möguleikanum á að setja lög til að slíta deiluna.

Hvernig halda menn að það gangi fyrir stétt eins og sjómenn sem hefur verið lamin af ríkisvaldinu og útgerðar-

mönnum árum saman að ná samningum við þessar aðstæður? Útgerðarmenn geta nánast híað á þá og sagt: Reynið þið bara að semja, reynið þið bara að koma með tillögur. Við vitum að þegar á bjátar kemur ríkisvaldið með frv. til þess að slíta þessu. Nákvæmlega það gerðist í þetta skiptið og ég lýsi ábyrgð á hendur hæstv. ráðherrum fyrir að málið skuli komið í þennan hnút. Ábyrgðarlausar yfirlýsingar þeirra hafa sett málið í þessa stöðu. Það er ákaflega nauðsynlegt, herra forseti, að menn hafi það á hreinu við upphaf þessarar umræðu.

Frv. sem hér liggur fyrir er óvanalegt að því leyti til að þar á ekki að fresta verkfalli og ekki að banna það tímabundið heldur á beinlínis að ganga frá samningum við ákveðnar stéttir með lögum. Því er nánast lýst yfir að samningurinn sem vélstjórar gerðu eigi að vera fyrirmynd þeirrar niðurstöðu sem gerðardómur á að komast að. Ég hef skoðað þau frv. og lög sem sett hafa verið á deilur sjómanna. Ég minnist þess ekki að hafa nokkru sinni séð svo fast að orði kveðið sem nú er gert. Kannski liggur skýringin á því í því sem hér kom fram áðan í andsvörum hæstv. sjútvrh. við þann sem hér stendur og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Samkvæmt því á beinlínis, hvað sem tautar og raular, að knýja sjómenn til að taka við einhvers konar kjaradómi gerðardóms, kjaraniðurstöðu gerðardóms og láta þá una því í fjögur og hálft ár.

Til stendur að svipta sjómenn, sem við höfum stundum kallað undirstöðugrein samfélagsins, réttinum til frjálsra samninga í fjögur og hálft ár. Mergur málsins var nákvæmlega sá sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson dró út úr hæstv. sjútvrh. áðan. Hvað gerist ef sjómenn vilja fresta? Það kom í ljós að hæstv. sjútvrh. vissi að jafnvel þó að sjómenn vildu fresta verkfalli og hleypa skipum á haf út til veiða þá mundu útgerðarmenn ekki fallast á það. Þess vegna yrðu þessi lög samt sem áður fram að ganga.

Herra forseti. Í þessu birtist samstarf stórútgerðarinnar í landinu og hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er tangarsóknin sem ríkisstjórnin annars vegar og stórútgerðin í landinu hafa beitt gegn sjómannastéttinni. Svo furða menn sig á þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem tilheyra stjórnmálahreyfingum sem hafa áratugum saman og jafnvel í heila öld barist fyrir frelsi vinnandi fólks til að beita þessum rétti sínum, og undrast að við skulum ekki kokgleypa þetta, með öngli, sökku og línu, öllu saman í einum bita.

Herra forseti. Það er svo ótrúlegt að hlusta á málflutning hæstv. ráðherra að ég á eiginlega engin orð. Fyrst hafa þeir hleypt þessu máli í fullkominn hnút og klúðrað því frá upphafi til enda. Þeir bera mesta ábyrgð á stöðu málsins í dag. Þegar þeir koma svo með lög þar sem blasir við, eftir þær umræður sem farið hafa fram, að þeir eru nánast hlekkjaðir saman, ríkisstjórnin og stórútgerðin í landinu, þá undrast þeir að við skulum ekki standa upp og klappa fyrir þeim.

Herra forseti. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að lesa lögin sem sett voru um bann við verkfalli og verkbanni á Herjólfi 13. mars 1993. Ég hvet hæstv. ráðherra líka til að lesa lögin sem samþykkt voru um stöðvun verkfalls á 117. löggjafarþingi, árið 1994 að mig minnir. Hann ætti að bera þau lög saman við það frv. sem hér liggur fyrir. Í ljós kemur að á því er verulegur munur. 3. gr. í frv. sem hér liggur fyrir gengur miklu lengra en þær klásúlur sem er að finna í fyrrgreindum lögum. Það er mergur málsins. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í 3. gr. frv. sem við ræðum hér sé ekki bara sneitt að félagafrelsi í landinu. Mér sýnist gengið hættulega nærri því að brjóta ákvæði stjórnarskrár varðandi félagafrelsi.

Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki bara fengið gula spjaldið heldur líka það rauða frá Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna laga af þessu tagi. Mig langar, herra forseti, að vísa til þess að lög um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi voru kærð, af hálfu þeirra sem sættu þeim lögum, til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún fjallaði um það mál og niðurstaða hennar var sú að orðalag laganna hafi ekki veitt gerðardómnum sem settur var í málið neinn sveigjanleika til túlkunar. Reyndar er það svo að í úrskurðum sínum viðurkenndi gerðardómurinn þetta sjálfur. Hann benti á að þetta tiltekna ákvæði hafi takmarkað mjög frelsi hans til að leysa málið. Síðan segir í niðurstöðunni að nefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem reifar þetta mál og ræðir, að þetta takmarki rétt stéttarfélaga til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur. Síðan segir hún að slíkt sé brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til almennra kjarasamninga.

Niðurstaðan eftir lagasetninguna 1993 er þessi, með leyfi forseta, og nú vísa ég beint í niðurstöðu nefndarinnar hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni:

„Nefndin biður því ríkisstjórnina að forðast í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lagasetningu."

Við ættum að hafa lært af þessari reynslu, herra forseti. Okkur þingmönnum sem samþykktum þessi lög er ljóst að í því tilviki fór hið háa Alþingi á svig við reglur og sáttmála. Ég spyr, herra forseti: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin leggur núna fram frv. sem gengur lengra og er miklu þrengra en þau lög sem fengu þessa hraklegu útreið?

Við höfum oft, herra forseti, setið tæpt á sakamannabekknum hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við verðum rassskellt fyrir þetta frv., verði það að lögum. Ég vildi hins vegar í tilefni af þessum orðum mínum inna hæstv. forseta eftir því hvort ekki væri hægt að fá hæstv. vinnumálaráðherra, Pál Pétursson, í salinn. Er hann í húsi, herra forseti?

(**Forseti** (ÍGP): Forseti mun gera tilraun til þess að sækja hæstv. félmrh. í salinn. Ég sé samkvæmt tölvunni að hann er hér í húsinu.)

Herra forseti. Mér þætti vænt um að hæstv. forseti gerði reka að því að fá hæstv. vinnumálaráðherra hingað til fundarins. Mér finnst reyndar sjálfum að hæstv. ráðherra ætti að sjá sóma sinn í að vera viðstaddur þessa umræðu, ekki síst vegna þess að það hefur komið fram í ræðum fyrr í dag, m.a. í ræðu minni við atkvæðaskýringu fyrr í dag, að talið er að með þessu frv. yrðu brotnir alþjóðlegir sáttmálar og sömuleiðis farið hættulega nærri ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að fá hæstv. félmrh. í salinn.)

Mér þykir vænt um það, herra forseti.

Mér finnst tími til kominn að þingmenn velti fyrir sér ábyrgð sinni og skyldum í málinu sem við erum að ræða. Hvað er í reynd undirrótin að þessum vinnudeilum? Að sjálfsögðu eru það deilur um kvótakerfið og þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Þetta er mál sem við höfum margsinnis rætt. Hér hafa meira að segja verið sett lög sem áttu að koma í veg fyrir að sjómenn væru píndir af útgerðarmönnum til að taka þátt í kaupum á kvóta og það hefur ekki tekist þannig að viðunandi sé.

En nú er hæstv. félmrh. genginn í salinn. Ég þakka honum fyrir það en spurningin sem mig langaði að varpa fram og fá svar hæstv. félmrh. við er þessi: Telur hæstv. ráðherra að 3. gr. frv. sé í fullkomnu samræmi við ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi? Telur hann líklegt, miðað við söguna, að hún muni ganga átölulaust af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar? Telur hann ekki að hér sé gengið á svig við alþjóðlega sáttmála og reglur? Ég tek það fram, herra forseti, að ég æski þess ekki endilega að hæstv. ráðherra veiti mér svar nú þegar en áður en þessari umræðu lýkur vildi ég gjarnan fá svör við þessu.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira, eins og það heitir — tiltölulega látlaus titill — sem þegar hefur reyndar orðið tilefni til skoðanaskipta um vinnubrögð ríkisstjórnar og meiri hluta hér á Alþingi og fundarstjórn forseta. Ég ætla ekki að bæta miklu við það. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns og vísa til þess sem áður var fram komið.

Ég leyfi mér þó að segja, vegna þess að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. 3. þm. Reykn., Sigríður Anna Þórðardóttir, kemur oft upp og leggur gott til þegar rætt er um þingstörfin og annað því um líkt, að reglan er ævinlega sú að hún reynir að finna ágreiningsfleti, sprungur til að reka í fleyga og sár til að klóra í ef hún mögulega getur. Hún taldi það hafa verið hreint gjörsamlega til skammar að þingmenn stjórnarandstöðunnar töldu sér misboðið laugardaginn var og mótmælti því. Hún taldi að þeir hefðu orðið þinginu til skammar. Það var helst á hv. þm. að heyra.

En framkoma ríkisstjórnarinnar og forseta þingsins hefur væntanlega verið til sóma. Var það ekki, herra forseti? Er þá ekki þar með rétt að gagnálykta að það hafi verið til sérstakrar fyrirmyndar hvernig menn ætluðu að standa að málinu á laugardag, að halda leyndum upplýsingum um stórpólitískt mál, um sprengju sem átti að henda hér inn í þingstörfin á síðustu sólarhringunum sem þingið átti að starfa og hafa m.a. upp úr krafsinu að réttur væri af þingmönnum tekinn til að mótmæla, réttur sem menn hafa samkvæmt þingsköpunum? Nákvæmlega það hefði gerst, herra forseti, hefðu engir þingmenn stjórnarandstöðunnar verið hér í þingsalnum á laugardaginn var. Ekki þarf að fara um það fleiri orðum að menn hefðu orðið af því tækifæri sem settur fundur í Alþingi býður upp á, að ræða um vinnubrögð, störf þingsins, fundarstjórn forseta og annað í þeim dúr.

Sjálfsagt finnst mönnum þetta allt í lagi og jafnvel bara til sóma. Það getur vel verið að menn séu þeirrar skoðunar að menn séu til vandræða þegar þeir nýta sér rétt af þessu tagi. Oft fær maður það á tilfinninguna, herra forseti, að núverandi meiri hluti og þeir sem völdin hafa séu svo megnaðir af þeirri hugsun að völdin séu þeirra einna, að þeir líti á málflutning stjórnarandstöðunnar sem truflun á hinum eðlilega framgangi valdsins. Allt sem snýr að rétti minni hlutans og möguleika hans til að láta álit sitt í ljós er til leiðinda og vandræða. Það skín alls staðar í gegn, hvort sem í hlut á hæstv. forsrh., formaður þingflokks Sjálfstfl. eða, því miður, sjálfur forseti þingsins eins og hann kom fram í þessu máli.

Það er ljóst, herra forseti, að ríkisstjórnin undir forustu hæstv. sjútvrh. er gjörsamlega búin að klúðra þessum málum. Ófarir hæstv. sjútvrh. í þessum málum í vetur og ríkisstjórnarinnar eru slíkar að það er leitun að öðru eins. Eru menn þó auðvitað ýmsu vanir, því miður, vegna þess að erfiðlega hefur gengið á undanförnum árum og má segja undanfarinn áratug að leysa mál útgerðar og sjómanna. Þar kemur að sjálfsögðu til að um mjög sérstakar aðstæður er að ræða. Þar kemur annars vegar til hlutaskiptakerfið og hins vegar hið mikla návígi sem sjómenn eru í, hvað varðar kjör sín, við lög um stjórn fiskveiða og alla sjávarútvegsstefnuna. Það gerir að verkum að sjómenn hafa á undanförnum árum ekki getað samið um kjör sín í formi einfaldra samninga um krónur og aura eða prósentur eins og stéttir venjulegra launamanna sem fyrst og fremst semja um upphæðir í krónum. Málin eru flóknari í þessu tilviki og það hljóta allir að þurfa að viðurkenna.

Þetta samspil hefur leitt til þess að menn hafa setið uppi með hörð átök og inngrip löggjafans eða meiri hlutans hér. Þróunin hefur orðið sú að það er sama við hvern er talað sem til þekkir, allir upplifa það þannig að útgerðarmenn hafi jafnan getað treyst á að þegar harðnar á dalnum sé þeim komið til bjargar og flotinn sendur aftur til veiða með lögum. Af þeim sökum efast menn mjög um raunverulegan vilja útvegsmanna til að axla ábyrgð af samningum við viðsemjendur sína. Það er mjög dapurlegt ástand og mjög dapurleg sambúð einnar atvinnurekendastéttar við starfsmenn sína, að ná aldrei að gera við þá kjarasamninga á eðlilegum nótum.

Það sem ríkisstjórnin gerði líka sl. vetur eru augljóslega reginmistök. Flestir sem ég hef talað við úr röðum sjómanna um helgina eru þeirrar skoðunar að hefði ríkisstjórnin ekki frestað verkfalli í vetur væri þessi deila búin með samningum. Það voru afdrifarík mistök að grípa þá inn í af tveimur ástæðum. Þá var orðinn talsverður þrýstingur og komin hreyfing á málin. Má ég minna á, herra forseti, yfirlýsingar ráðherra sjálfra um það, svo kostulegt sem það er, sem rök fyrir því að fresta verkfallinu að það væri kominn skriður á samningaviðræður. Er þá ekki eðlilegt að álykta að ef menn hefðu ekki frestað þá hefði sá skriður leitt til þess að menn hefðu samið? Í dag eru flestir þeirrar skoðunar.

Þetta voru líka mistök, herra forseti, vegna þess að þetta gaf tóninn um að ríkisstjórnin væri þarna til staðar með lögin sín ef útvegsmenn þyrftu á að halda. Allan tímann síðan hefur það legið í loftinu að þetta væri bara spurning um tíma, hvenær ríkisstjórnin kæmi og skæri útvegsmenn niður úr snörunni, á forsendum sem þeim hentar, forsendum sem eru eitur í beinum þeirra sjómannasamtaka sem ekki gátu sætt sig við niðurstöðu á þeim nótum sem naumur meiri hluti vélstjóra samþykkti um helgina.

Í öðru lagi, herra forseti, eru það efnisatriði þessa frv., þessa bandorms, sem gera mikið meira en að setja bara niður verkfallið sem slíkt. Þetta er ekki frestunaraðgerð. Þetta er ekki lögfesting sáttatillögu eða einhvers grundvallar sem aðilar deilunnar hafa sjálfir unnið og verið komnir langt áleiðis með. Nei, þetta er ekki svoleiðis. Þetta er lögfesting á samningi í ákveðnum skilningi sem liggur fyrir að er algjörlega óaðgengilegur fyrir þann hluta sjómanna, yfirgnæfandi meiri hluta sjómannastéttarinnar sem er ekki búinn að semja. Það liggur alveg fyrir. Hér er óvenjuharkalega og fantalega gengið fram gagnvart þeim sem enn þá eiga í deilu tekið einhliða á málum.

Gerðardómnum eru lagðar upp forsendur. Hann fær ekki að vinna hlutlaust að sínum úrlausnarefnum — nei, ónei, látum það nú vera þó það væri þá gert — heldur er hér settur gerðardómur sem á að gera miklu meira en ákveða laun í venjulegum skilningi, kauptryggingu eða því um líkt. Svo litið sé í 2. gr., herra forseti, á gerðardómurinn sem

svo er fjallað um í síðari mgr. 2. gr. að ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr., þ.e. Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandinu:

„Atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila."

Gerðardómurinn á að fara inn í það efnislega að skilgreina þennan grunn verðmyndunarinnar. Það er býsna flókið mál. Það þarf að leita að góðum sérfræðingum sem hafa eitthvert vit á sjávarútvegi, hvernig hlutirnir ganga þar fyrir sig. Þetta er ekki bara spurning um krónur og aura. Þetta er spurning um allt það ferli sem ræður verðmyndun á fiski og síðan hefur áhrif á kjör sjómanna í gegnum hlutaskiptakerfið.

En gerðardómurinn á að vera meira. Þetta þurfa að vera algerir sérfræðingar í öllu sem fram fer um borð í fiskiskipum því hann á í b-lið að ákveða atriði sem varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptastjórn. Gerðardómurinn á að fara ofan í það sem allir vita að eru gríðarlega vandasöm mál og hafa verið ásteytingarsteinn og legið í loftinu núna undanfarin mörg missiri að þyrfti einhvern veginn að leiða til lykta en er hægara sagt en gert og varðar mikla hagsmuni.

Kauptrygging og launaliðir, látum það nú vera því það er kannski það sem menn mundu halda undir venjulegum kringumstæðum að gerðardómur í kjaradeilu ætti að fást við, kauptryggingu og launalið. En það er bara eitt af mörgum atriðum sem þessi gerðardómur þarf að fara ofan í. Hann á að fara ofan í slysatryggingu, helgarfrí fiskimanna á netaveiðum, atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og, g-liður: önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál. Hann á sem sagt meira og minna að hafa þetta allt undir, þessi gerðardómur.

Látum það nú vera eins og áður var sagt. Segjum að menn sæju enga aðra lausn í sjónmáli. Auðvitað hefði verið hugsanleg niðurstaða að menn hefðu samið um gerðardóm. Það hefur verið gert. En dettur einhverjum í hug að sjómenn hefðu einhvern tímann skrifað upp á að sá gerðardómur skyldi þvingaður til þess að ganga út frá hlutum í úrskurði sínum sem þeim eru algjörlega andstæðir? En það er það sem hér er gert.

Í 3. gr., herra forseti, kemur fram að gerðardómurinn skuli við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum „taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á."

Með öðrum orðum, herra forseti, á gerðardómurinn að vera bundinn meira og minna því það er erfitt að túlka þetta orðalag örðuvísi en svo að gerðardómurinn sé meira og minna bundinn af samningi sem vélstjórar hafa gert, naumur meiri hluti þeirra samþykkt, 160 manns eða eitthvað nálægt því, sem eru fáein prósent af sjómannastéttinni í landinu og í mjög harðri andstöðu við hina því að forsvarsmenn sjómannasamtakanna og Farmanna- og fiskimannasambandsins hafa lýst því yfir að þetta sé algjörlega óaðgengilegt fyrir þá. Ætlar svo hæstv. sjútvrh. að reyna að halda því fram að það sé með sanngjörnum hætti gengið frá þeim grundvelli sem gerðardómurinn á að starfa samkvæmt að skipa honum að ganga út frá þessu?

Svo getum við auðvitað, herra forseti, farið aðeins yfir þennan samning Vélstjórafélagsins sem út af fyrir sig er bara eins og hann er og best að hver og einn taki afstöðu til hans. Ég er engin sérfræðingur í því að lesa út úr honum. En ég sé þó strax að í 2. gr. þess samnings er komið inn á mönnunarákvæðin sem eru náttúrlega eitt af stóru málunum og þannig ákvæði að það liggur alveg fyrir að þeirri niðurstöðu hafa sjómenn og farmenn marghafnað. Þar er í raun og veru í aðalatriðum gengið að kröfum útvegsmanna eins og þeir settu þær fram í byrjun um að a.m.k. helmingurinn af öllu sem sparast við fækkun í áhöfn komi beint til þeirra. Það er gengið frá því hér. Það er þá ekki um mikið að semja lengur. Það er þá ekki mikil þörf fyrir þennan gerðardóm ef þetta er frágengið þannig á grundvelli kröfugerðar útvegsmanna. Það er í aðalatriðum þannig sem þetta er.

En hér segir, með leyfi forseta, í þessum breytingum á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands — og þá er ég að tala um tölulið 2.2:

„Séu sett um borð ný tæki, búnaður eða eigi sér stað hagræðing sem hefur í för með sér vinnusparnað sem leiðir til að færri menn geti sinnt skipsstörfum og um það er skriflegt samkomulag milli áhafnar og útgerðar að færri menn séu á skipi en kveðið er á um í kjarasamningi þessum þar sem ástæður eru tilgreindar, skal hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar skiptast að hálfu milli þeirra sem á skipinu eru í réttu hlutfalli við skiptahlutfall þeirra. Hinn helmingurinn skal ganga óskertur til útgerðarinnar."

Hinn helmingurinn skal ganga óskertur til útgerðarinnar. Er það ekki búin að vera krafa útgerðarinnar lengi? Ég man ekki betur. Þeir hafa sennilega ekki haft hugmyndaflug til þess að fara fram á meira og fá 75%. Ætli sjútvrh. hefði ekki bara skellt því inn ef þeir hefðu áttað sig á því í LÍÚ? Þeir ættu að heimta $^3/_4$ en ekki bara helminginn af ávinningnum. En hæstv. sjútvrh. varð ekki flökurt af að setja inn sem forsendur gerðardómsins að hann skyldi ganga þarna út frá kröfum LÍÚ.

Síðan er í tölul. 2.1 stórkostlegt atriði sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson segir mér að þýði að ef kokkurinn veikist og það er farið út án þess að hann sé um borð, þá fái útgerðin hluta af hlutnum þó hinir í áhöfninni taki á sig vinnuna og eldi matinn. Nei, þá skal útgerðin samt græða á því að kokkurinn er veikur í landi. (Gripið fram í.) Ég held það sé rétt að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson útskýri þetta aðeins betur fyrir okkur enda manna færastur til þess. En mér þótti þetta kostulegt og ég vitna hér til þess sem hann sagði mér lauslega áðan um þetta kostulega atriði.

Hitt, herra forseti, sem varðar forsendur gerðardómsins og þessa dæmalausu 3. gr. og ég ætla að koma inn á, er það að gerðardómurinn, og það finnst mér vera algjörlega til að bíta höfuðið af skömminni, því ætlaði ég ekki að trúa þegar ég las það, á ekki aðeins að taka mið af eða vera bundinn af samningi vélstjóra, þessara 160 vélstjóra, hvað varðar efnisatriði heldur líka tímalengdinni. Það segir hér, herra forseti, í síðustu mgr. 3. gr. svohljóðandi:

„Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara" — ég hélt það hefði verið nóg frá því úrskurðinn fellur — „og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001."

Úrskurðurinn verður sem sagt afturvirkur aftur að gildistöku þessara laga. Einhvern tímann þótti það ekki góð latína að vera með mikið af svona afturvirkum ákvæðum. (Gripið fram í.) Já, ef úrskurðurinn þýðir svo lækkun launa verður sú

launalækkun afturvirk. En það hefur flogið fyrir að í sumum tilvikum munu menn lækka í launum út á þennan samning Vélstjórafélagsins.

„Hann [þ.e. gerðardómurinn] skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og hafa í því sambandi hliðsjón af gildistíma samnings um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands."

Þetta þýðir að gerðardómurinn er ekki aðeins bundinn efnislega af vélstjórasamningnum heldur líka hvað tímalengdina varðar, fjögur og hálft ár. Hvað þýðir það á mannamáli, herra forseti? Það á að svipta sjómenn samnings- og verkfallsrétti, taka af þeim þessi mannréttindi í næstum hálfan áratug. Þá má eiginlega leggja samtök þeirra niður á meðan. Er það ekki, herra forseti? Það er lítið með það að gera fyrir eina stétt að reyna að skipuleggja sig og reka samtök ef menn ætla að fara þannig að þessum helga rétti að hann sé af mönnum tekinn í næstum hálfan áratug með lögum.

Þarna, herra forseti, er farið svo gróflega offari gagnvart öllu sem getur talist verjandi, réttlætanlegt eða sanngjarnt í þessum efnum að ég veit ekki hvernig í ósköpunum menn ætla að standa fyrir því. Til hvers er vísað þegar af mönnum eru tekin stjórnarskrárvarin og lögvarin réttindi? Til hvers þarf að vísa til þess að það standist, herra forseti? Jú, þjóðarheillar, það sé þjóðarvá fyrir dyrum og þess vegna verði löggjafinn að upphefja þessi réttindi. Það sé réttlætanlegt vegna þess að svo mikið sé í húfi.

Gott og vel. Segjum að menn verði þeirrar skoðunar að þetta hafi verið í algjörum hnút og þvílíkir þjóðarhagsmunir að veði að réttlætanlegt geti verið að fara inn í þessa deilu og setja hana með einhverjum hætti niður. En ætlar einhver í þessum sal að reyna að halda því fram að menn sjái það fjögur og hálft ár fram í tímann að sjómenn megi ekki hafa samningsrétt? Ætlar hæstv. sjútvrh. að koma upp og rökstyðja það á árinu 2005 verði það áfram nauðsynlegt að lög upphefji samnings- og verkfallsrétt sjómanna? Það er það sem hér er verið að tala um. Ætlar hæstv. sjútvrh. að mæta fyrir dómstólum þessa lands eða annarra og réttlæta að það hafi verið óumflýjanlegt að hafa þetta nákvæmlega svona?

Gagnvart stjórnarskránni og landslögum er hér um að ræða mjög helg réttindi, félagafrelsi, verkfalls- og samningsrétt sem er settur rammi fyrir í stjórnarskránni og síðan í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, vinnumarkaðsaðgerðir og fleiri hluti, plús það að Ísland er aðili að a.m.k. tveimur viðamiklum alþjóðasamþykktum þar sem þessi réttur er varinn og við höfum þjóðréttarlega skuldbundið okkur til að virða hann. Þetta eru samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1987 og 1998.

Ég, herra forseti, spái því að menn séu ekki búnir að sjá fyrir endann á hvernig þetta kunni að fara, verði þessi ósköp einhvern tímann að lögum og fari menn síðan út í það, sem ég held að menn hljóti þá að gera, að láta reyna á þetta fyrir dómi. Hér er verið að ganga svo miklu lengra. Ég man aldrei eftir tímalengd sem er neitt í nágrenni við þetta. Eða ætlar hæstv. sjútvrh. að koma upp og upplýsa okkur um fordæmin, upplýsa okkur um fordæmin?

Samningur Vélstjórafélagsins er einhver lengsti samningur sem ég man eftir. Ég man ekki oft eftir því að hafa heyrt talað um samning sem er næstum hálfur áratugur. Ég sé að hristir hausinn úti í sal fyrrum formaður í verslunarmannafélagi ef ég man rétt, hv. þm. Sverrir Hermannsson. Hann var verkalýðsleiðtogi á hinni öldinni og þekkir til þessara hluta og man heldur ekki fordæmi þess eða alla vega ekki mörg. (**SvH:** Og starfaði undir gerðardómi.) Og starfaði undir gerðardómi í næstum hálfan áratug. Er náttúrlega með hreinum ólíkindum, herra forseti, að menn skuli láta sér detta þvílíkt í hug.

Þetta eru atriði, herra forseti, sem ég ætla ekki tímans vegna að fara rækilegar ofan í. En það hlýtur að þurfa að gera. Það hlýtur þingnefnd að þurfa að gera, að kalla til sín sérfræðinga á sviði samningsréttar og stjórnsýsluréttar og fara yfir okkar þjóðréttarlegu skuldbindingar í þessum efnum, því það er náttúrlega lítil huggun þó hæstv. ríkisstjórn yrði með allt niður um sig einhvern tímann á næstu missirum eftir málaferli. Auðvitað á að reyna að afstýra því að menn fari út í hreina óhæfu hvað lagasetningu af þessu tagi snertir.

Oft eru þessir hlutir umdeilanlegir og getur sýnst sitt hverjum. Þá er það spurning um að þetta fari það hófsamlega fram og ekki með þvílíku offorsi að slíkt sé á engan hátt verjanlegt eða réttlætanlegt. Það sýnist mér vera gert hér, herra forseti.

Þá ætla ég lítillega að nefna, herra forseti, að þetta frv. er óvenjulegt að því leyti sem inngrip í kjaradeilur því að hér er ekki bara verið að setja niður deiluna með einfaldasta mögulegum hætti, hér er ekki með einföldum hætti til skamms tíma verið að setja þessa deilu niður með því að frysta ástandið eða fresta eða lögfesta sáttatillögu eða annað því um líkt. Nei, hér eru í fyrra laginu á ferðinni þau dæmalausu gerðardómsákvæði sem ég hef hér farið yfir en að hinu leytinu er þetta frv. sem breytir einum, tvennum, þrennum, fernum lögum á sviði sjávarútvegs. Í II. kafla eiga að falla úr gildi lög um Kvótaþing, sem eru hluti af núverandi kjaraumgjörð sjómanna, því þau eru þannig til komin að þau voru sett í tengslum við lausn síðustu kjaradeilu. Einnig að því leyti er einhliða hent út hlutum sem var verið að reyna að koma á til þess að sætta menn við hlutina síðast.

Hér er í öðru lagi talsverð breyting á lögum um stjórn fiskveiða, lögum nr. 38/1990, og þar eru sömuleiðis á ferðinni, herra forseti, ákvæði sem ... Ég vildi gjarnan að hæstv. sjútvrh. hlustaði og ræddi ekki við aðstoðarmann sinn sem er ekki venjan að hafa langt inni í þingsölum, vel að merkja. Hann er ekki kjörinn enn á Alþingi, þessi ungi maður, þó hugur hans standi eflaust til þess. Ég vildi að hæstv. ráðherra færi aðeins yfir með okkur ákvæði 6. gr. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. stjórn Fiskistofu. Hvað er Fiskistofa? Jú, Fiskistofa er opinber stjórnsýslustofnun á sviði sjávarútvegs og hefur fyrst og fremst hlutverk hvað varðar stjórn fiskveiða og eftirlit með þáttum þar. Hún er í raun og veru eftirlitsstofnun, nánast löggæslustofnun. Er þá mjög gáfulegt að draga hana inn í hluti sem hér á að fara að gera með 6. gr., að láta hana vera einhvers konar lögreglu í sambandi við kvótaviðskipti? Halda menn að það muni auka tiltrú sjómanna á Fiskistofu og því sem hún er að gera ella? Ég hef miklar efasemdir um að þarna sé gæfulega að verki staðið, að færa inn til Fiskistofu þetta hlutverk um viðskipti með aflaheimildir og nánast lögregluhlutverk á því sviði.

Svo er í 2. mgr., herra forseti, vandinn leystur með þessum venjulega hætti að ráðherra skal með reglugerð ákveða með hvaða formi tilkynningar um Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera og fleira í þeim dúr. Ekki er ég viss um að það þyki heldur mjög góð latína.

Þarna eru breytingar á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndina. Hún er nú ekki slegin af. Við verðum sjálfsagt að þakka fyrir að þeim skyldi ekki detta í

hug að slá hana af. (**Gripið fram í:** Styrkt, styrkt.) Styrkt eitthvað, já. Enda verður væntanlega ekki vanþörf á að hún geti sinnt hlutverki sínu þegar búið er að slá af Kvótaþingið og ganga frá málum eins og stefnir í, samanber þær formúlur um viðmiðunarverð á fiski í viðskiptum aðila sem samningur Vélstjórafélagsins gengur út á.

Síðan er reyndar verið að breyta enn fleiri lögum, herra forseti, þó smávægilegt megi telja og samkvæmt venju er slatti af ákvæðum til bráðabirgða þannig að þetta sé allt saman fullkomnað, þannig að bandormurinn sé fullkomnaður. Breyting er í einu slengi á einum fimm, sex lögum og slunkur af ákvæðum til bráðabirgða svo þetta sé allt saman í réttu horfi. Verður gaman að vita hvað þau eru orðin mörg, ef allt væri talið, ákvæðin til bráðabirgða í lögunum um stjórn fiskveiða og öðrum tengdum lögum. Þau skipta einhverjum tugum, herra forseti, og segir sína sögu um þann bútasaum og þau ósköp sem gengið hafa yfir í þeim málum á undanförnum árum.

Herra forseti. Um mönnun flotans mætti margt segja. Það fór í þessari kjaradeilu eins og stundum áður að þegar útvegsmönnum var farið að leiðast þófið komu gömlu góðu fréttirnar um háa, háa skipstjórahlutinn. Þá var farið og sótt dæmi um það sem allra mesti aflaskipstjórinn hefði á fengið mesta aflaskipi flotans sem er með mestu aflaverðmætin, ef hann hefði verið hvern einasta dag ársins eða svo gott sem á sjó. Svo var reiknaður út hásetahluturinn og þessu slengt í fréttirnar til þess að sýna fólki þvílíkur hátekjulýður þetta væri sem væri með þessa heimtufrekju, svona svipað og gert var í öryrkjamálinu í vetur. Þá var farið í að sýna mönnum fram á hvílík heimtufrekja þetta væri í öryrkjunum. Þetta væri hátekjulið meira og minna. Gift meira og minna forstjórum. Það ætti ekki að vera að hafa samúð með slíku liði og þeim væri ekki of gott að væru sett á þá lög.

Svipað er þetta núna með sjómennina. Reidd voru fram dæmin um allra hæstu aflahlutina á metskipum flotans og þau reiknuð til ársins eins og menn slepptu engum einasta degi, engum einasta túr. Þetta er auðvitað notað til þess að segja mönnum að hér væri hátekjustétt á ferð sem þyrfti ekki að vorkenna.

Nú vitum við auðvitað að þetta er ekki svo. Í fyrsta lagi eru menn ekki hvern einasta túr á sjó og skárra væri það nú. Eða er einhver hér sem langar sérstaklega í það hlutskipti að vera frá fjölskyldu sinni úti á sjó kannski 300, 320 daga á ári, dag og nótt, mánuð í senn? Nei, ég geri ekki ráð fyrir því. Ætli mönnum sé þá of gott að vera annan mánuðinn heima á móti? Þá lækkar þetta um helming eða svo gott sem.

Svo eru ekki öll skipin metaflaskip. Ætli sé ekki slatti af sjómönnum að berjast um á kvótalitlum eða jafnvel kvótalausum skipum og hafa einhvern mismun á leiguverði og söluverði í hlut? Það gengur upp og ofan á veiðunum eins og við vitum.

Ætli það sé ekki þannig líka, herra forseti, að það sem væri meiri ástæða til að hafa áhyggjur af um þessar mundir á Íslandi en háum launum sjómanna væri skortur á sjómönnum? Það væri t.d. sú staðreynd að það er engin aðsókn að Sjómannaskólanum. Segir það ekki einhverja sögu um að menn séu a.m.k. ekki ofhaldnir af launum sem leggja þetta fyrir sig úr því það höfðar ekki meira en raun ber vitni til ungs fólks að sækja sér menntun og hasla sér völl í þessari grein enda gætir þeirrar tilhneigingar í talsverðum mæli að erlendur mannskapur sé að koma inn á flotann? Þeir eru að verða þó nokkrir, t.d. vélstjórarnir, af því það fást ekki menn á Íslandi. Ekki eru það sérstök rök fyrir því að það sé vandamál í sjálfu sér að launakjörin séu of góð eða réttindakjör og annað því um líkt og er auðvitað fjarri lagi.

Staðreyndin er sú að hér á í hlut eitthvert hættulegasta og erfiðasta starf sem unnið er í landinu og eru ærin rök fyrir því að búa þessari stétt góð kjör og betri en þau eru í dag og standa betur að ýmsum hlutum sem lúta að þeirra réttindamálum, lífeyrisréttinum og öðru slíku. Það stendur m.a. skammarlega upp á stjórnvöld í þeim efnum sem hafa aldrei efnt loforð sín um að gera Lífeyrissjóði sjómanna kleift að axla byrðarnar af sextíu ára lífeyristökualdri, svo dæmi sé tekið. Það er ekki hærra risið á framgöngu íslenskra stjórnvalda þegar kemur að ýmsum réttinda- og kjaramálum sjómanna en svo að það er um hreinar og klárar vanefndir að ræða á ákveðnum hlutum sem rætt hefur verið um.

Ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, og læt það koma fram, að ég tel til skammar að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gengið þannig frá málum að sjómannsstarfið hér á landi sé skilgreint það sem kallað er hættulegt starf og hefur gildi í ýmsu réttindalegu tilliti og er alþjóðlega viðurkennt hugtak, sambærilegt við — ja, við getum sagt námagröft eða annað því um líkt sem þekkt er erlendis. Þá leiðir af sjálfu ef menn legðu þessa skilgreiningu til grundvallar að staða sjómanna mundi breytast í ýmsu tilliti þegar verið væri að ganga frá tryggingamálum, slysatryggingum, lífeyrisréttindum, bótum og öðru síku, því út frá þessu er m.a. gengið þegar þeir hlutir eru ákvarðaðir.

Er ekki ástæða, herra forseti, að gera þetta? Svarið er jú. Því miður. Þó ekkert annað kæmi til en að slysatíðni er ein sú mesta enn þá sem þekkist hjá nokkurri atvinnugrein meðal sjómanna, því miður, þó þar hafi sumpart miðað í rétta átt á undanförnum árum.

Herra forseti. Aðeins undir lokin um andrúmsloftið í kringum sjávarútvegsmál hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra sem hefur nú haft tvö ár sem nýr maður til þess að ná árangri í þeim efnum. Forveri hans er nú kallaður til annarra starfa, mun verma sendiherrastólinn í London, og sjálfsagt orðinn uppgefinn, karlinn. Hæstv. fyrrv. sjútvrh. náði ekki miklum árangri í því að sætta menn, hvorki við sjávarútvegsstefnuna né að vera milligöngumaður um að ná landi í samskiptum útvegsmanna og sjómanna.

Nú kom nýr vöndur og einhverjir hafa sjálfsagt bundið vonir við að hann mundi sópa betur. Og ekki vantaði yfirlýsingarnar fyrir síðustu kosningar um að nú væri það alveg sérstakt markmið stjórnarflokkanna að ná víðtækri sátt. Er það ekki, hæstv. ráðherra, (**Sjútvrh.:** Víðtækari.) Víðtækari sátt — þetta er orðið mjög fyrirvarakennt núna — víðtækari sátt um sjávarútvegsmál. Tvö ár liðin og hver er niðurstaðan? Hún er sú að allt sem heitir eitthvert samkomulag um heildstæða endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar er úti í hafsauga. Það hefur dregist og dregist og dregist og er verið að ýta því áfram. Nú er talað um 31. ágúst og þá komi kannski eitthvað út úr nefndinni og samskiptin við sjómenn ganga eins og raun ber vitni.

Ég held því fram, herra forseti, að þessi lög, ef þau eru sett svona, hljóti að hafa veruleg áhrif á það andrúmsloft sem þá verður eftir og lýtur að endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar í einhverju víðtækara samhengi m.a. vegna þess að kjaramál sjómannastéttarinnar eru svo gjörsamlega samofin við það fyrirkomulag sem fyrir hendi er hvað varðar verðalagningu aflans, hvað varðar viðskipti með veiðiréttinn ef þau eru leyfð o.s.frv. Ég er hræddur að ráðherra komist ekki langt

með hluti sem hann er sjálfur búinn að ákveða að negla niður í lög í fjögur og hálft ár eða niðurstöðu gerðardóms sem er lögvarinn.

Það verður líka, herra forseti, væntanlega ekki til þess að skapa mikla sátt um sjávarútvegsmálin ef þingið lýkur störfum án þess að taka á spurningunni um kvótasetningu meðafla hjá krókabátum. Því var frestað í fyrra með sérstökum rökum, sérstakri vísan til þess að endurskoðunarnefndin væri að störfum og hún ætti að fara yfir þetta eins og annað.

Hæstv. ráðherra er gjörsamlega að ómerkja sjálfan sig ef hann gerir ekki a.m.k. það sama aftur úr því endurskoðunarnefndin hefur ekki lokið störfum og þegar tímabundið fyrirkomulag varðandi stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum var framlengt í fyrra með vísan til þess að endurskoðunarnefndin væri að störfum. Hæstv. ráðherra hefur haft endurskoðunarnefndina eins og hálfgerða ruslakistu og vísað í hana óútkljáðum málum, frestað því að taka nokkrar ákvarðanir um hluti sem uppi eru. En það á greinilega ekki við nema þegar það hentar.

Af hverju hafði hæstv. ráðherra ekki gildistíma þessa frumvarps þannig að það skyldi falla úr gildi t.d. sex mánuðum eftir að endurskoðunarnefndin hafði lokið störfum þannig að menn væru einnig óbundnir af þessu? Það á sem sagt ekki að leyfa sjómönnum að semja í því nýja umhverfi sem til kann að verða í sjávarútvegi eftir að lögin hafa verið endurskoðuð.

Nei, herra forseti. Það er alveg sama hvernig á það er litið. Þetta er eins ógæfuleg framganga og nokkuð getur verið. Illindin verða alveg sérstök í þessum samskiptum á komandi mánuðum ef þessu verður þröngvað hér fram.

Því miður verður að segjast eins og er, herra forseti, að angi þess máls teygir sig inn í samtök sjómanna. Þar skildu því miður leiðir. Það er dapurlegt. Maður hafði bundið vonir við að sjómannastéttin í heild sinni næði að halda hópinn og þannig hefði staða hennar verið sterkari. Út af fyrir sig breytir engu um þó einn hópur og það fámennur hafi valið aðra leið. Það hafa vélstjórar að sjálfsögðu rétt til að gera. En samningsréttur sjómanna og farmanna er til staðar áfram. Ég held að hæstv. ráðherra, herra forseti, ætti að gá að því að það stendur hvergi neitt í lögum um að hann takmarkist af ákvörðunum einhverra annarra aðila af þessu tagi. Það er bara ekki þannig. Þetta eru mannréttindi. Það eru mannréttindi þeirra sem hafa ekkert nema vinnu sína til að selja að þeir megi bindast samtökum og knýja á um lausn kjaramála sinna.

Svo kemur hæstv. ráðherra hér og segir að verkfallið sé farið að hafa svo mikil áhrif að ekki sé hægt að leyfa því að halda áfram. Einmitt þegar kannski einhver von er til þess að viðsemjendur sjómanna færu að finna hitann í haldinu eru sett lög af því verkfallið er farið að hafa áhrif og þá verður að stoppa það. Ég held að hæstv. ráðherra þyrfti að fara á skóla og læra um hvað þetta snýst. Verkfallið hefur líka áhrif á sjómenn vegna þess að þeir færa fórnir og eru launalausir í landi, herra forseti, þannig að það verkar á báðar hliðar.

Herra forseti. Að síðustu aðeins um vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. er greinilega búinn að gera sitt hér í dag. Hann spýttist í ræðustólinn tvisvar til að leggja gott orð inn varðandi störf þingsins og hvarf svo á braut og skilur sjútvrh. sinn einan eftir í súpunni hér, ef svo má að orði komast.

Það sem hefur gerst á þessum sólarhringum frá því á laugardagsmorgun er alveg dæmigert fyrir vinnubrögð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, alveg dæmigert. Þegar á á að herða eru þau nákvæmlega svona. Nakið valdið brýst fram og þannig á köflum að manni finnst gert í því að undirstrika hverjir hafi valdið og við hverja þurfi ekki að tala, eins og stjórnarandstöðuna. Og að það sé til einhver staðar í hugarfylgsnum þessara manna að minni hluti eigi sér einhvern rétt, það fær maður ekki séð. Það nær jafnvel upp í forsetastólinn, herra forseti, að minni hlutinn á Alþingi sé eitthvað sem ekki skipti neinu máli og þurfi neitt að hugsa um og geri ekkert til þó á honum sé brotinn réttur. Að þessu leyti eru því sjómenn og þingmenn þeir sem minni hlutann skipa lagðir að jöfnu.

Nei, herra forseti, þetta er ákaflega ógæfuleg framganga. Ég vona að þessi lög verði aldrei sett. Helst vildi ég auðvitað sjá þann manndóm hér á Alþingi að þessu frumvarpi yrði hent eða það fellt hér. En í öðru lagi kann að fara svo að sjómenn velji þann kost til að komast undan þessum ólögum að aflýsa verkfallinu sjálfir og þá væru það þvílík fádæmi ef ríkisstjórnin héldi áfram að nudda með þetta frv. að engu tali tekur og ég treysti því að svo verði ekki.

[11:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst í máli mínu gera að umræðuefni atriði er varða þá málsmeðferð sem var uppi á laugardaginn var. Þannig hagaði til að ég var staddur vestur á fjörðum. Ég hygg að það megi teljast frekar góð venja þegar verið er að koma inn með mál sem eru langt á eftir þeim hefðum og venjum sem skrifuð eru í þingsköpin um framlagningu mála, að láta menn í stjórnarandstöðunni vita af því með einhverjum stuttum fyrirvara.

Það gerði a.m.k. hæstv. heilbrrh. fyrir örfáum dögum þegar hann boðaði þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar á sérstakan fund nokkrum klukkustundum áður en hann hugðist leggja fram frv. um lagfæringu, þó í smáu væri, á kjörum öryrkja og ellilífeyrisþega. Það var sérstaklega tekið fram í umræðu í þinginu að mönnum fyndist til fyrirmyndar að stjórnarandstaðan væri þó upplýst um mál sem væri að koma inn í þingið. Það var ekki gert í því máli sem við nú ræðum um að setja lög á kjaradeilur sjómanna og útgerðarmanna. Þess vegna kom það flatt upp á þingmenn þegar það fréttist að hér stæði til að leggja fram lagafrv. um að aflýsa löglega boðuðum aðgerðum sjómanna til að ná fram áherslum til leiðréttingar á sínum kjörum. Málið var þannig vaxið að þrátt fyrir að hringt væri í hv. Alþingi og spurst fyrir um hvort slíkt væri á döfinni þá var ekki hægt að fá það upplýst. En á sama tíma var málið í fréttum, komið á fréttavef Vísis, og síðan náttúrlega í fréttir útvarpsins klukkan fimm, reyndar svo afbakað þar að það mátti helst ráða af frásögn Ríkisútvarpsins að sennilega mundi líða um það bil klukkutími þar til flotinn gæti rokið af stað á sjó. Það var sem betur fer leiðrétt. Ég kom athugasemdum við þá frétt á framfæri og fékk það leiðrétt.

Mér finnst þetta mjög einkennilegt. Okkur þingflokksformönnum var sagt að til stæði að halda stuttan útbýtingarfund á laugardegi og ég held ég muni það rétt, þeir geta þá leiðrétt það eða staðfest aðrir þingflokksformenn, að nefnt hafi verið að til stæði að leggja fram nokkur skjöl sem mundu örugglega koma út úr nefndastarfi eða væri verið að vinna í nefndum. Okkur var alls ekki ljóst að það ætti að standa svo að málum sem raun varð og stjórnarandstöðunni var greinilega ekki trúað fyrir því, ekki einu sinni í trúnaði með örstuttum fyrirvara, að til stæði að leggja slíkt skjal hér fram. En það þótti sjálfsagt að leka því í fjölmiðla löngu áður

en hægt var að upplýsa þá sem starfa í þinginu hvort slíkt mál væri á leiðinni eða ekki. Þetta finnst mér slæmt, slæm vinnubrögð. Öllum er ljóst að stjórnarandstaðan er andvíg því máli sem hér er til umræðu og engum var það betur ljóst en forustumönnum stjórnarflokkanna þannig að það þurfti ekkert að koma á óvart þó menn mundu bregðast við.

Herra forseti. Ef ég vík svo að efnisumræðu þessa máls þá eru þar fjölmörg atriði sem mér finnst þurfa að ræða. Með aðgerðum ríkisvaldsins hefur tekist að sundra sjómannasamtökunum og sá kjarasamningur sem vitnað er til og lagður til grundvallar því frumvarpi sem hér er verið að ræða um kjaramál fiskimanna, er afleiðing þess að stjórnvöldum og útgerðarmönnum tókst að kljúfa samstöðu sjómanna, kjúfa það verklag sem útgerðarmenn óskuðu sérstaklega eftir að viðhaft yrði í kjaradeilunni, þ.e. að sjómannasamtökin kæmu sameinuð til þessara viðræðna og það væri hægt að ræða við sjómannasamtökin sameiginlega. Ég veit ekki betur en sjómannasamtökin hafi sammælst um að þannig skyldi unnið í þessari kjaradeilu að menn stæðu saman að því að leysa hana og færu í gegnum hana sameiginlega. Það var ekki síst að ósk útgerðarmanna sem það vinnulag var tekið upp.

Ríkisstjórnin tók sér það hins vegar fyrir hendur fljótlega eftir að verkfall hófst þann 16. mars sl. að setja lög á deiluna og taka í raun kraftinn úr deilunni, þ.e. þann kraft sem þarf til í kjaradeilum þannig að þrýstingur myndist á útgerðarmenn og þá auðvitað líka sjómannamegin. En það var staðan sem var uppi þegar verkfallið var boðað þann 16. mars sl.

Jafnframt var ljóst að viðræður milli sjómanna og útvegsmanna, rétt áður en boðað verkfall skall á 16. mars, voru á talsverðri ferð, alla vega mátu sjómenn það svo að það væri að þokast í rétta átt. Þegar hins vegar nánast strax í kjölfarið á aðgerðum sjómanna var gripið til þess ráðs af hendi ríkisvaldsins að fresta því verkfalli til 1. apríl var þrýstingurinn tekinn úr deilunni.

Það er dálítið einkennilegt að hlusta síðan á orð hæstv. sjútvrh. talandi um að deilan hafi dregist á langinn, að deilan hafi dregist á langinn. Hverjir urðu til þess að deilan dróst á langinn? Þeir sem tóku þrýstinginn úr deilunni þegar hún var hafin. Þeir urðu til þess að deilan dróst á langinn. Það finnst mér liggja alveg ljóst fyrir. Menn voru sendir út á sjó aftur á miðnætti, að kvöldi þess 19. eftir að hafa verið í landi frá 16. Í sumum tilfellum voru sjómenn ekki einu sinni búnir að ná löglegum frídögum sínum því útgerðin vissi auðvitað af þessari dagsetningu og það hafði verið keyrt á veiðar af fullum krafti vikurnar á undan og sumir sjómenn áttu inni fleiri frídaga en þessa þrjá eða fjóra sem náðist að gefa því ákvæðið um boðun verkfalla er það að skip hætti veiðum og haldi til hafnar þegar verkfall hefst, þ.e. á miðnætti þann 16. mars og þá átti á mörgum skipum eftir að ganga frá þeim afla sem hafði veiðst fram að þeim tíma, þrífa skipin, m.a. frystiskipin, og gera þau klár til að liggja í höfnum einhverja daga eða vikur ef svo vildi verkast.

Þar af leiðandi kom upp sú staða þegar ríkisstjórnin tók sér það til verka að rífa niður aðgerðir sjómanna til þess að knýja á um samninga að sumir sjómenn voru jafnvel ekki búnir að ná hafnarfríi sínu. Menn voru kannski sendir út á sjó jafnvel með frystan afla um borð í skipum sínum til að fylla á og nota dagana fram að 1. apríl sem var sú dagsetning sem ríkisstjórnin ákvað að skyldi vera á þessum frestunartíma.

Niðurstaðan af þessu var sú að þeir sjómenn, fiskimenn í þessu tilviki, sem voru búnir að stunda veiðar af miklum krafti með litlum hléum vikurnar á undan voru aftur sendir út á sjó án þess jafnvel að hafa náð að taka út alla frídaga sína eða landa upp úr öllum skipunum og þrýstingurinn á viðsemjendur sem verkfallinu var ætlað að mynda féll niður.

Þannig voru aðgerðir stjórnvalda í þessu máli í upphafi þessarar kjaradeilu, þegar sjómenn gripu loks til verkfallsvopnsins eftir að hafa verið með lausa kjarasamninga í rúmt ár. Það er ekki hægt að áfellast stétt sem árum saman hefur verið kjarasamningalaus fyrir að grípa til aðgerða, eftir að hafa verið með lausa kjarasamninga í á annað ár. Undir þeim kringumstæðum er ekki hægt að áfellast menn fyrir að beita verkfallsvopninu. Menn beita verkfallsvopninu sem er réttur launþegasamtaka, lýðræðislegur réttur, varinn í stjórnarskrá og í mannréttindasáttmálum, til að ná fram leiðréttingu á kjörum sínum.

Það liggur fyrir að sjómannastéttin í þessu landi hefur verið samningslaus árum saman á undanförnum árum og hefur þar af leiðandi ekki notið sambærilegra launabreytinga og samið hefur verið um við margar aðrar stéttir.

Eitt hefur lengi verið deilt um í þessari kjaradeilu. Ég minnist þess að strax á árinu 1989 var reist sú krafa að fundinn skyldi grundvöllur frjálsrar verðmyndunar sem tryggði að verð ferskfisks tæki mið af verðmyndun á fiskmörkuðum. Þessi krafa hefur verið sett fram í kjarabaráttu sjómanna á annan áratug og enn hefur ekki verið gengið að henni. Skyldi það mál hafa verið leyst með þeim kjarasamningi sem þetta frv. á að miða við, kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands sem tók sér fyrir hendur að stía sjómönnum í sundur, semja við Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök atvinnulífsins, gera nýjan kjarasamning og bera hann undir atkvæði? Sá samningur var samþykktur með 163 atkvæðum held ég, frekar en 169, af félagsmönnum. Aðeins lítið brot félagsmanna tók þátt í atkvæðagreiðslunni og enn minna hlutfall samþykkti samninginn. Um 10% starfandi félagsmanna Vélstjórafélagsins samþykktu samninginn. Í samningnum er enn á ný tekist á um verðmyndunarmálin. Mér sýnast þær viðmiðanir sem þar eru settar inn, sem eiga að binda menn til næstu fjögurra og hálfs árs, óásættanlegur grundvöllur fyrir verðmyndun á ferskfiski.

Það er afar merkilegt að Íslendingar geti ekki farið sambærilegar leiðir og löndin í kringum okkur. Það er ekki eins og löndin í kringum okkur hafi ekki náð árangri í verðmætasköpun sinni með því að láta fiskmarkaðinn sjá um verðmyndunina. Það hafa Færeyingar gert fyrir nokkrum árum og Danir nýlega. Upplýst hefur verið að í Færeyjum hafa menn náð verulegum verðmætisauka fyrir færeyskt samfélag og fyrir sjávarútveginn þar.

Hér á landi taka útgerðarmenn sér fyrir hendur að reyna að berja niður fiskverð, berja niður það verð sem þeir eiga að fá fyrir afurðir sínar. Þeir gera út til fiskveiða og standa í stórkostlegum deilum áratugum saman um að berja niður verðið sem þeir eiga að fá fyrir afurðir sínar. Þetta er alveg stórkostleg og furðuleg staða og segir okkur að Landssamband íslenskra útgerðarmanna er ekki samband útgerðarmanna sem slíkra, heldur samband stórútgerðarmanna sem hafa hagsmuni fiskvinnslunnar í annarri hönd og hagsmuni kvótans í hinni og ákveða verðið sem greitt skal, þannig að þeir geti skammtað sjálfum sér arðinn. Um það stendur þessi slagur. Útgerðin vill geta ráðið því hvaða verð á að greiða til sjómanna og hvaða verð útgerðin sjálf reiknar til sín.

Í frv. segir í a-lið 2. gr. um að gerðardómur skuli ákveða „atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum“ — verð til viðmiðunar fyrir hlutaskipti. Það er

ætlunin, (**Gripið fram í:** Þetta er nýtt hugtak.) að búa til verð til viðmiðunar fyrir hlutaskipti. Það er eitthvert annað verð í gangi en það þarf að búa til sérstakt verð til viðmiðunar fyrir hlutaskipti.

Kjarasamningar sjómanna eru þannig upp byggðir, og rétt að upplýsa það í þessari umræðu, að áður en gert er upp við sjómenn eru 20% tekin frá í sérstaka kostnaðarhlutdeild af brúttóverði aflans, þ.e. 20% eru tekin frá í sérstaka kostnaðarhlutdeild sem eingöngu rennur til útgerðarinnar.

Það hefur verið orðað svo, m.a. af hv. þingmönnum stjórnarflokkanna, að aðalmeinsemd kjarasamninga sjómanna væri að fjármagnið fengi engan hlut, þ.e. fjármagn útgerðarinnar í dæminu fengi engan hlut. Kostnaðarhlutdeildin var á sínum tíma sett inn, að vísu í óþökk sjómannasamtakanna, að útgerðin fengi sérstakt fjármagn beint af fiskverðinu, af aflaverðmætinu áður en kæmi til hlutaskipta sjómanna, til að standa straum af fjármagnskostnaði útgerðarinnar, stofnfjársjóðnum gamla sem var inni í Fiskveiðasjóði, tryggingasjóði fiskiskipa og fleiri kostnaðarliðum sem tengdust skipaeign útgerðarmanna.

Fjármagninu var sem sagt tryggður hlutur, 20% hlutur, áður en fundinn er hlutur sjómanna. Nú er verið að setja inn í kjarasamning á nýjan leik, þess vegna er þetta slæmur samningur sem á er byggt í lagafrumvarpinu, sérstakt viðmiðunarverð þar sem útgerðin búi til verðgrundvöll sinn. Hvað á þessi verðgrundvöllur að gera? Hann á eingöngu að nota til að finna út hlut sjómanna.

Sennilega er þarna nýmæli á ferðinni og því ekki nema von að mönnum bregði nokkuð við þegar málið er sett upp með þessum hætti. Í raun er verið að segja: Það á að vera til fyrirkomulag sem tryggir að í gangi sé sérstakt verð sem útgerðinni er þóknanlegt þannig að hún geti haldið eftir mismun þess sem eðlilegt væri ef tekið er mið af markaðsverði. Hægt væri að orða það þannig að hér sé á ferðinni viðbót við kostnaðarhlutdeildina, kölluð því virðulega nafni „viðmiðunarverð hlutaskipta".

Það er ekkert skrýtið, þegar menn sjá þetta og síðan þær tengingar sem búnar eru til að menn séu ekkert mjög hressir með samning Vélstjórafélags Íslands, og að ekki fleiri en 163 menn hafi þar fengist til að samþykkja samninginn. Það þarf enginn að undrast að svo fáir hafi fengist til að samþykkja hann. Fleiri atriði í þessum samningi og í frv. sem hér er til umræðu finnast mér efnislega óásættanleg með öllu. Ég er auk þess ósáttur við að ríkisstjórnin skuli yfirleitt leggja þetta frv. fram.

Ég hef í stuttu máli rakið hvernig ríkisstjórnin tók allan þrýsting úr þessari deilu í upphafi. Hvað var það næsta sem ríkisstjórnin gerði? Það tók nokkur ár að koma því á áður en það komst til framkvæmda, að taka upp sérstakt fæðingarorlof þorsksins, sem í nokkur ár hefur yfirleitt staðið í aprílmánuði. Um það hafði verið rætt fyrr í vetur við sjómannasamtökin og LÍÚ að fæðingarorlof þorsksins skyldi á þessu ári standa frá 1. apríl og fram í miðjan mánuðinn. Sjútvrh. tók sér fyrir hendur að láta fæðingarorlofið á þessu ári ekki koma til framkvæmda. Það var markviss aðgerð til að auðvelda þeim sem gætu róið, annaðhvort á skipum þar sem áhöfn átti skipið eða þá smábátaflotanum, að vera enn virkari við hráefnisöflun meðan á verkfalli sjómanna stæði. Hverjir breyttu afstöðu sinni í þessu máli, sem sennilega varð til þess að sjútvrh. tók þessa ákvörðun? Jú, það var LÍÚ. Auðvitað var það LÍÚ sem fékk því ráðið að menn breyttu þeirri hefðbundnu aðferð til að tryggja sérstakt fæðingarorlof fyrir þorskinn á ákveðnum svæðum við landið. Það þurfti á því að halda af því sjómenn höfðu boðað til aðgerða sem áttu að knýja fram þrýsting til þess að hann leiddi til kjarasamnings. Bæði frestun verkfallsins 19. mars og síðan þessi aðgerð urðu til að þrýstingurinn á að ná samningum varð minni.

Verkfallsaðgerðum er ætlað að mynda þrýsting. Verkföll eru boðuð til að búa til þrýsting. Verkfallsaðgerðir hljóta, hæstv. forseti, að hafa áhrif á fleiri atvinnugreinar og fleiri starfsstéttir, viðtækari áhrif og ekki bara á þá sem að deilunni standa, í þessu tilfelli sjómenn annars vegar og Landssamband íslenskra útvegsmanna hins vegar.

Það er einfaldlega eðli verkfalla að mynda þrýsting víða í þjóðfélaginu til að þrýsta á um að niðurstaða náist og það er réttur launþeganna að mega leggja niður störf til þess að knýja á um þann félagslega rétt að stéttarsamtök og stéttarfélög skuli semja um kjör manna.

Í þeirri deilu sem nú stendur er ríkisstjórnin að brjóta þennan rétt í annað sinn og er það nú nýmæli að tvisvar sinnum í sömu deilunni er sett lög á aðgerðir launþega til þess að ná viðunandi sátt í starfskjör sín.

Nánast á hverjum einasta degi síðan þetta verkfall hófst hafa komið einhvers konar meldingar í fjölmiðlum um að til stæði að setja lög á þessa deilu, menn væru að ræða það hér og þar úti í bæ og stjórnarþingmenn hefðu sagt að það drægi til þess að setja lög á þessa deilu, sjútvrh. sagði snemma að menn hefðu ekki endanlausan tíma í þessari deilu og þannig koll af kolli. Og ævinlega hefur það verið svo að sjómenn hafa verið látnir vita að þeirra friður til þess að ljúka þessari deilu með því að knýja fram kjarasamninga væri takmarkaður.

Það eru auðvitað viðsemjandinn, Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem hefur getað treyst á að þannig mundu málin þróast, það væri eins víst eins og sólin kemur upp í austri að draga mundi til þess að ríkisstjórnin legði fram lög til að skera útgerðarmenn niður úr þessari snöru án þess að þeir þyrftu að ganga til samninga sem teldust ásættanlegir af hendi sjómannasamtakanna.

Þegar menn fara í kjaradeilu þá búast þeir aldrei við að ná öllu. Það er þannig líka í þessari deilu að menn hafa ekki búist við því að ná öllum sínum málum í höfn enda held ég að sjómenn hafi sýnt í verki að þeir vildu mjög gjarnan takmarka skaða sem gæti orðið í þjóðfélaginu og koma málum þannig fyrir að hægt væri að ræða þau án þess að m.a. fiskvinnslufólk yrði fyrir verulegum skaða.

Hvernig gerðu menn það? Hvernig lögðu menn upp með þá lausn? Jú, þeir gerðu það þannig að öll samtök sjómanna buðu fram sérstaka sáttaleið í janúar sl. Hún var þannig að sjómannasamtökin buðust til þess að samið yrði um þrjú atriði og þetta yrði skammtímasamningur sem mundi gilda til 31. desember á þessu ári, árinu 2001, og það sem þyrfti að nást samkomulag um við Landssamband íslenskra útvegsmanna til þess að ná fram þessari frestun um tæpt ár og ræða þá alvarlegri ágreiningsmál. Það voru laun, það voru einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup, hlífðarfatapeningar, fæðispeningar og önnur sík atriði, viðbótarframlag í lífeyrissparnaði og breyting á slysatryggingum félagsmanna Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sjómannasambandsins og Vélstjórafélagsins.

Undir þetta tilboð, sem var gert í janúar og afhent útgerðarmönnum, skrifuðu öll samtök sjómanna og allir forustumenn þeirra. Síðan yrði tíminn notaður til þess að taka á

þeim erfiðu deilum sem ég m.a. vék að varðandi fiskverðið og varðandi þá kröfu útgerðarmanna að það skyldi lækka hluti sjómanna sem þeir svo náðu fram í þessum sérstaka samningi við Vélstjórafélagið. Þau erfiðu mál átti sem sagt að ræða í tólf mánuði, nánast allt þetta ár. Ef samningurinn hefði komist á hinn 23. janúar hefðu menn haft allt þetta ár til þess að ræða þessi mál og ríkisstjórnin hefði ekki þurft að fresta verkfallinu og byggja það á því að það ætti að bjarga verðmætum á loðnuvertíð og koma núna með lagasetningu sem eigi að tryggja að stórútgerðin geti veitt karfann sinn og síldina í Smugunni, því allt snýst þetta um hagsmuni stórútgerðarinnar, allt saman, málið eins og það leggur sig.

Nei, það varð aldeilis ekki að menn tækju þessu tilboði fagnandi. Útgerðarmenn blésu það út af borðinu, töldu enga ástæðu til þess að málið yrði sett í þennan farveg, þann sérstaka farveg að semja um þrjú atriði og öll önnur atriði skyldu sett í sérstaka vinnu. Og boðið var upp á heilt ár til að leysa það, enda væri þá komið á sérstöku vinnufyrirkomulagi þar sem menn héldu áfram við að vinna að því að leysa þessi mál. Nei, nei, þetta var auðvitað blásið út af borðinu.

Útgerðarmenn tóku sér fyrir hendur að svipast um og athuga hvort ekki mætti koma óorði á forustumenn sjómanna og kjúfa samstöðu þeirra. Það vinnufyrirkomulag þeirra hefur jafnvel gengið svo langt að útgerðarmenn hafa á síðustu dögum verið að lýsa ákveðna forustumenn sjómannasamtakanna óhæfa til samningsgerðar og jafnvel sagt að þeir hefðu engan vilja og það væri þeim sérstaklega persónulega að kenna að ekkert gengi að leysa þessa deilu. Það er eins og forustumennirnir fái bara öllu ráðið.

Nei, þeir fá ekki öllu ráðið. Þeir hafa samninganefndir á bak við sig. Kannski missterkar samninganefndir eða samninganefndir með missterkar meiningar. Eigi að síður getur enginn forustumaður leyft sér að tala algjörlega í blóra við sína samninganefnd. Það er alla vega hlutur sem ég þekki ekki að menn hafi komist upp með.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem rétt er að draga fram í þessari umræðu, að sjómannasamtökin voru búin að bjóða fram sérstaka sáttaleið til að koma í veg fyrir að verkföll skyllu á, enda næðu menn þá saman um ákveðin grunnatriði sem vörðuðu kaup og kjör en settu erfiðustu málin eins og fiskverðsmálin og kröfur útgerðarmanna um lækkun hlutaskipta til sjómanna í sérstakt ferli.

Það þótti útgerðarmönnum ekki ásættanlegt. Hins vegar tókst þeim að búa til þann samning sem þetta frv. er byggt á og setja þar inn atriði eins og t.d. þau að þegar breyting verður í áhöfnum skipa skuli hlutur manna lækka. Dæmið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði til áðan að ég hefði verið að benda sér á um það að ef kokkurinn veiktist og tíu menn færu á sjó þá skyldi útgerðin fá $^1/_4$ af kaupi kokksins, er alveg rétt.

Í kjarasamningum sjómanna, 1. gr. þeirra allra held ég — ég er reyndar með samning Farmanna- og fiskimannasambandsins í höndunum, segir, með leyfi forseta:

„1. Kafli. Almenn og sameiginleg ákvæði.

a) Hlutaskipti

1.01 Hlutir.

Útgerðarmaður tryggir“ — í þessu tilfelli — „yfirmönnum hlut úr aflanum.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru í veiðiferð.“

Svo segir í kjarasamningnum.

Í samningi Vélstjórafélagsins sem lagður er til grundvallar í þessu frv. bætist ný grein við þessa upphafsgrein, gr. 1.01. Hún hljóðar svona, með leyfi forseta:

„2.1. Séu færri menn á skipi en samkvæmt skiptakjaraákvæðum kjarasamningsins skiptast $^3/_4$ af aflahlut þess eða þeirra sem á vantar á milli skipverja í réttu hlutfalli við skiptahlut hvers og eins en $^1/_4$ rennur til útgerðarinnar.“

Þarna er miðað við skiptatöfluna eins og hún er í samningnum. Þetta dæmi sem ég tók um kokkinn er einfaldlega til þess að sýna fram á hvernig þessi útfærsla er hugsuð. Þess vegna er hún óásættanleg. Ég skil ekkert í því hvernig mönnum datt í hug að setja þetta ákvæði inn í kjarasamning, ég verð að segja það alveg eins og er, að það skuli sjálfkrafa gerast þegar menn taka að sér verk annars manns sem hverfur úr áhöfninni að $^1/_4$ af hlutnum renni þá til útgerðarinnar.

Ég verð að segja eins og er að ég hefði getað skilið það ef þessu ákvæði væri breytt í þá veru að hlutur viðkomandi manns skiptist á milli áhafnarinnar og að þetta ákvæði um að eigi skuli skipta á fleiri menn en eru í veiðiferð breyttist því þá hefði hlutur kokksins í þessu tilviki, 1,25 — flestir matsveinar eru á einum og kvart hlut — verið fundinn út og skipt á áhafnarmeðlimi. Það held ég að hefði kannski verið ásættanlegt. En að útgerðin skuli sérstaklega hagnast á því ef aðrir menn vinna störf matsveinsins, eða yfirleitt annarra manna, fæ ég ekki skilið.

Ég sé að farið er að saxast á tíma minn. Það var ekki vanþörf á því að ég óskaði eftir lengri ræðutíma. Ég mun koma betur að þessum málum í síðari ræðu minni í dag. En það er m.a. (Forseti hringir.) þetta atriði sem ég tel að megi ekki koma inn því það getur knúið fram launalækkun. Það er lítill sómi að því hjá okkur þingmönnum að setja lög um að lækka menn í launum.

[12:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þegar stjórnvöld neyddust til að grípa inn í deilu sjómanna og útgerðarmanna í mars sl. var það harðlega gagnrýnt m.a. af talsmönnum útgerðarmanna og sjómanna og því haldið fram að samningar hafi þá verið komnir nálægt lokastigi. Ástæða þeirrar lagasetningar á sínum tíma var sú, sem greint var frá á hv. Alþingi, að mikilvægt væri að þau verðmæti sem fælust í loðnunni syntu ekki hjá og að mikilvægt væri fyrir þjóðarbúið að ná þeim verðmætum.

Þessi ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar var gagnrýnd mjög harkalega og því haldið mjög hátt á loft að málið hefði verið nánast á lokastigi þegar gripið var til þeirrar lagasetningar sem ég nefndi. Því var með öðrum orðum haldið fram að stjórnvöld hafi truflað samninga á lokastigi.

Herra forseti. Nú er liðið hátt á annan mánuð frá því þetta lögbann var sett á og verkfalli frestað til 1. apríl. Haldnir hafa verið yfir 60 fundir milli deiluaðila og enn er allt pinnfast. Þá má geta þess að samningar hafa í raun verið lausir frá 15. febr. árið 2000 og eftir því sem fram hefur komið hafa margir fundir verið haldnir til að ná samningum. Það er alveg ljóst að enn er allt pinnfast og af því er mjög auðvelt að draga einfalda ályktun. Málið var ekki á lokastigi í apríl á þessu ári. Það sem er verra, herra forseti, er að málið virðist í fastari hnút en nokkru sinni fyrr, að því er virðist óleysanlegum.

Þá er eðlilegt að menn spyrji, herra forseti: Hvað er til ráða? Vert er að hafa í huga að við erum að fjalla um atvinnugrein sem byggist á takmarkaðri auðlind, sjávarútveginum og fiskinum í sjónum. Segja má að útgerðarmönnm og sjó-

mönnum hafi verið trúað fyrir því að annast þessa auðlind og draga verðmæti úr henni að landi.

Það má með sanni segja að báðir deiluaðilar, því sjaldan veldur einn þá tveir deila, hafi að nokkru leyti brugðist því trausti og þeim trúnaði sem þeim hefur verið sýndur til að annast og rækja þessa auðlind. Að mörgu leyti mætti segja að þeir haldi í gíslingu þeirri miklu verðmætasköpun sem fylgir sjávarútvegi sem er ein meginstoðin í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar. Að því leyti, herra forseti, má segja að þeir hafi brugðist.

Það er sannarlega ekkert einkamál þessara tveggja deiluaðila að halda málinu og verðmætasköpun þjóðarbúsins í gíslingu. Það hefur víðtæk áhrif á allt efnahagslíf íslensku þjóðarinnar og segja má að efnahagslífið sé um þessar mundir í uppnámi vegna þess harða hnúts sem kominn er á viðræður þessara aðila. Þetta er farið að skaða þjóðfélag okkar og hefur skaðvænleg áhrif á markaði. Þetta hefur skaðvænleg áhrif á fyrirtækin í landinu og heimilin eru í uppnámi hvað fjármálin varðar. Birgðir fiskvinnslustöðva eru búnar. Þær hafa þegar verið seldar. Verðmætasköpunin er með öðrum orðum í algjöru lágmarki.

Ástandið hefur tvímælalaust þau áhrif á efnahagslíf okkar að það ýtir undir þann vágest sem verðbólgan er og skapar glundroða og uppnám í efnahagslífi fyrir fyrirtæki og heimilin í landinu. Þess vegna, herra forseti, væri algjört ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda að láta sem ekkert væri. Það væri ábyrgðarleysi að steypa íslensku þjóðinni í efnahagslegan glundroða. Stjórnvöldum ber skylda til að grípa inn í þegar svo mikið er í húfi sem raun ber vitni. Með sama hætti tel ég það ábyrgðarleysi af hv. stjórnarandstöðu að greiða atkvæði gegn því að mál sem þetta, jafnalvarlegt mál og hér um ræðir, skuli sett á dagskrá.

Herra forseti. Hvert er inngrip stjórnvalda með því frv. sem hér er um að ræða? Í rauninni er ekki um annað að ræða en að höggva á það sem kalla má óleysanlegan hnút. Það er einmitt skylda stjórnvalda. Í því felst að útgerðarmönnum og sjómönnum er ætlað að sinna því sem þeir hafa tekið að sér, að hefja veiðar og sækja verðmæti í sjóinn til að styrkja stoðir íslensks efnahagslífs.

Það er ekki verið að taka af mönnum samningsrétt því að í frv. kemur skýrt fram að deiluaðilum er gefið svigrúm til 1. júlí til að ná samkomulagi. Takist það ekki, verði hnúturinn enn óleystur 1. júlí, eftir einn og hálfan mánuð, er ætlunin að vísa málinu til gerðardóms sem má segja, herra forseti, að séu eðlileg viðbrögð þar sem um svo mikla hagsmuni fyrir þjóðfélagið í heild sinni er að tefla. Sé málið enn óleyst allt frá 15. febr. árið 2001 er eðlilegt að þriðji aðili komi inn til að kveða upp úrskurð sinn. (**Gripið fram í:** 1. júní, herra forseti.) Já, afsakið mismælin, og ég þakka glöggum hv. þm. sem leiðrétta mig. Það er 1. júní.

Herra forseti. Ég tel að fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna hafi að mörgu leyti brugðist því trausti sem þjóðin hefur sýnt þeim. Með kergju sinni og stífni á báða bóga ógna þeir efnahag íslensku þjóðarinnar. Það er skylda stjórnvalda við slíkar aðstæður að grípa inn í til að renna stoðum undir efnahagslíf íslensku þjóðarinnar og setja ekki fyrirtækin í landinu í uppnám og setja ekki heimilin í landinu í uppnám, eins og sannarlega yrði ef ekkert yrði að gert.

Við þá sem eiga í deilunum finnst mér rétt að segja: Sýnið ábyrgð í verki og semjið fyrir 1. júní.

[12:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög merkileg ræða. Hér kom talsmaður Framsfl. og hvatti hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnina til dáða í baráttunni gegn sjómönnum og réttlætti að þeir yrðu sviptir samningsrétti. Ég held að enginn maður velkist í vafa um að þessi kjaradeila er mjög alvarleg. Hún kemur þjóðfélaginu öllu við. En það er meira en að segja það að svipta íslenskt launafólk þeim rétti sem það býr við í lýðræðisþjóðfélagi.

Hv. þm. Hjálmar Árnason segir að ekki standi til að taka af mönnum samningsrétt vegna þess að þeir hafi frest til mánaðamóta til að reyna að ná samkomulagi. Síðan hefur hann útlistað það á hvern hátt gerðardómi er gert að starfa. Hann á að starfa á forsendum samnings sem þegar hefur verið gerður og tekur til fjögurra og hálfs árs. Þegar frv. er lesið og skoðað kemur að sjálfsögðu í ljós að stétt sjómanna, íslenskir sjómenn, eru sviptir samningsréttinum.

Ég vildi hins vegar spyrja hv. þm. sérstaklega: Er samhengi á milli inngripsins í marsmánuði, sem hv. þm. réttlætti einnig, og hins að kjaradeilan hefur dregist á langinn? Hefur þetta inngrip ekki einmitt orðið til að lengja þessa kjaradeilu, einfaldlega vegna þess að útvegsmenn gátu gengið að því sem vísu að ríkisstjórnin mundi skera þá niður úr snörunni eins og hún hyggst núna gera, að sjálfsögðu með dyggum stuðningi þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl.?

[12:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi komið fram, m.a. í fjölmiðlum, að bæði fulltrúar sjómanna sem og fulltrúar útgerðarmanna lýsa óánægju sinni með að málið skuli komið í þennan farveg. Ég held ég verði að leiðrétta hv. þm. í því að hér sé verið að ráðast gegn sjómönnum. Það kemur fram, eins og ég nefndi áðan, í máli fulltrúa beggja deiluaðila að þeir eru ósáttir við að ríkisstjórnin skuli grípa inn í.

Ég ítreka, herra forseti, að samningar hafa verið lausir frá 1. febr. árið 2000. Það hafa verið haldnir fjölmargir fundir til að reyna að ná sáttum og báðir aðilar virðast fastir í sínu fari, ekki tilbúnir að gefa eftir og mætast einhvers staðar á miðri leið.

Með öðrum orðum tel ég að þessir fulltrúar deiluaðila hafi sýnt það í verki að þeir valdi því ekki að fara með það mikilvæga umboð sem þjóðin hefur veitt þeim, til að sækja þessa takmörkuðu auðlind.

Þetta snýst ekki einungis um deilur á milli sjómanna og útgerðarmanna heldur um efnahagslíf íslensku þjóðarinnar. Þess vegna hafa stjórnvöld ákveðið að grípa inn í. Það væri ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að gera það ekki, vegna þess hversu miklir hagsmunir eru í húfi, ekki síst hagsmunir heimila og fyrirtækja, jafnt heimila sjómanna sem allra annarra landsmanna. Það er ábyrgð stjórnvalda að treysta þessar efnahagsstoðir og láta ekki efnahagslífið komast í uppnám.

Ég þykist vita að hv. andmælandi sé mér sammála, enda fulltrúi margra alþýðumanna í landinu í samtökum sínum.

[12:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast það alvarlegar yfirlýsingar sem hér er verið að gefa úr ræðustól á Alþingi. Hér er því haldið fram að íslenskir sjómenn séu ekki verðir þess að njóta lýðræðislegra réttinda, þeim sé ekki treystandi til að fara með lýðræðisleg réttindi og að ríkisstjórnin geti af þeim

sökum, vegna þess að það er hennar mat, svipt þá þessum réttindum. Því er haldið fram að það eigi að vera á forræði ríkisstjórnarinnar að svipta launafólk réttindum sem það býr við í lýðræðissamfélagi. Sé ríkisstjórnin óánægð með framgöngu sjómanna í kjaradeilu þá er hægt að svipta þá verkfallsréttinum.

Er þetta stefna Framsfl. gagnvart launafólki? Eða gildir hún aðeins gagnvart íslenskum sjómönnum? Gildir þetta gagnvart launafólki almennt? Er þetta stefnan um að hafa fólk í fyrirrúmi, að sé það mat stjórnvalda að kunni það ekki með lýðræðislegan rétt sinn að fara þá sé bara eitt að gera, að svipta fólk þeim réttindum?

Mér finnast þetta merkileg tíðindi. Mér finnst undarlegt að menn skuli leyfa sér að láta þetta út úr sér.

[12:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefnir einungis sjómenn í þessu sambandi. Það hefur ítrekað komið fram að hér er um það að ræða að taka mjög alvarlegt mál úr höndum beggja deiluaðila, úr höndum fulltrúa sjómanna og fulltrúa útgerðarmanna. Hvers vegna? Það er vegna þess að þeir hafa haldið þannig á málum, fulltrúar þeirra, að málið er komið í það sem virðist vera óleysanlegur hnútur. Þar er ekki um einkamál fulltrúa þessara tveggja hópa að ræða. Þetta er mál sem varðar alla þjóðina. Þetta er mál sem snertir heimilin í landinu, sem mér finnst hv. þm. líta fram hjá. Það er skylda stjórnvalda að horfa til þess hvaða efnahagslegar afleiðingar langvarandi verkfall hefði. Haft hefur verið eftir einum fulltrúa sjómanna að menn mundu halda áfram deilum þessum þar til færi að grána í fjöll í haust. Þá má spyrja: Hvernig væri efnahagsástand íslensku þjóðarinnar þá? (Gripið fram í.) Hvar væri hinn lýðræðislegi réttur þegar allt væri komið í kalda kol?

Það er lýðræðisleg ábyrgð, hv. þm., stjórnvalda að koma í veg fyrir efnahagslegan glundroða. Ég trúi því ekki, þó að hv. þm. sé mikill baráttumaður, að hann líti fram hjá þeim grundvallaratriðum að halda uppi efnahagslegum stöðugleika sem er grundvöllur þess að hafa fólk í fyrirrúmi, að horfa á heildardæmið. Ég trúi því ekki að hv. þm. líti fram hjá því mikilvæga atriði og vilji sigla inn í efnahagslegt öngþveiti.

[12:44]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að varpa nokkrum spurningum til hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Í fyrsta lagi um tilboðið sem sjómannasamtökin gerðu LÍÚ-forustunni í janúar sl., um að setja málin í ákveðinn farveg og vinna síðan úr þeim erfiðustu málum sem eftir væru: Ber að skilja orð hv. þm. svo að honum finnist að tilboðið sem sjómannasamtökin gerðu sameiginlega hafi verið einskis virði og sjálfsagt sé að útgerðarmenn hunsi það og síðan sé það skylda stjórnvalda að setja lög á kjaradeilu sjómanna, ekki einu sinni heldur tvisvar?

Er hægt að halda því fram með svona tilboð í höndunum, sem var líka sýnt stjórnvöldum, að menn hafi ekki reynt að búa til farveg um að taka á þremur afmörkuðum atriðum, launabreytingum, slysatryggingum, lífeyrismálum og öllu öðru í langtímavinnu á öllu árinu? Er hægt að halda því fram að stéttirnar hafi ekki lagt sig fram um að koma í veg fyrir að við stefndum inn í þetta verkfall? Nei, bara alls ekki.

Ég verð að gera athugasemdir við hvernig menn tala um skyldur stjórnvalda til að berja annan aðilann alltaf niður.

[12:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til þeirra atriða sem sjómenn og útgerðarmenn hafa verið að deila um. Ég hygg að ágætt sé að hafa í huga að sjaldan veldur einn þá tveir deila. Ég efa ekki að báðir aðilar telji sig hafa lagt sig alla fram um að ná samningum. En aðalatriðið í þessu er að þeir hafa ekki náð saman. Þar stendur hnífurinn í knúnni. Deiluaðilar hafa ekki náð saman síðan 1. febr. árið 2000 og það stendur svo pinnfast að ríkissáttasemjari treystir sér ekki einu sinni að því er virðist til að leggja fram miðlunartillögur. Við getum ekki, hv. þm., horft á þær ógnvænlegu afleiðingar sem langvarandi verkfall hefði fyrir þjóðarbúið. Við getum ekki horft á það og látið sem ekkert sé.

En ég tek ekki efnislega afstöðu til innihaldsins. Kjarninn í málinu er sá að deiluaðilar hafa ekki náð saman. Ekkert bendir til þess að þeir muni ná saman að óbreyttu. Það er þess vegna eðlilegt og meira en eðlilegt, það er skylda stjórnvalda að grípa inn í og höggva á þann gordíonshnút sem hefur verið hnýttur.

[12:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kennarar voru í tveggja og hálfs mánaðar verkfalli, var það ekki? Nú efa ég ekki að hv. þm. þekki vel til kjara kennara. Ekki ætla ég að draga í efa að þeir séu að sinna mikilvægum störfum í þjóðfélagi okkar. (Gripið fram í.) Jú, jú, hv. þm. Kristján Pálsson, sem betur fer fengu krakkarnir vinnu í einhvern tíma. En ég hygg samt að þetta hafi raskað talsvert miklu í högum margra í þjóðfélaginu.

En það er ekki aðalmál hvort við berum okkur saman við tímalengd í þessu verkfallinu eða hinu. En mér er spurn þegar hv. þm. talar um að mönnum sé trúað fyrir nýtingu aflans í sjónum. Það er einfaldlega þannig að það eru útgerðarmenn sem fá aflaúthlutunina og hafa kvótann hjá sér og hafa, ef ég man rétt úr umræðum í fjölmiðlum í þessari deilu, m.a. látið í ljós að það mætti veiða aflann á öðrum tímum árs, það væri ekki algjör pressa á því að leysa þessa deilu þó hún sé komin upp núna varðandi úthafskarfann og síldina. Ég spyr þess vegna hv. þm.: Er það meining hans sem hann var að tjá hérna eða á ég að skilja það svo að hann telji að þessa varanlega úthlutun á aflaheimildum til útgerðarmanna eigi að leggja niður? Er það það sem hann var að segja?

[12:49]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að kennaraverkfallið var afskaplega alvarlegt eins og verkföll eru alltaf og áhrif þess eru ómælanleg.

En það er þó kannski sá munurinn á kennaraverkfalli og því sem um ræðir hér að karfinn á Reykjaneshrygg eða loðnan á sínum tíma verða ekki kölluð til veiða á laugardögum eða í styttra páskafrí eða styttra sumarfrí eins og menn reyndu að leysa þá kennsludaga sem féllu niður. Það er munurinn að hér er um verðmæti að ræða sem gefa sig á afmörkuðum tíma og ekki aftur. (Gripið fram í.) Þess vegna er reginmunur þar á.

Þá er líka vert að hafa annað í huga. Er það ekki rétt munað að síðast þegar miðlunartillaga var lögð fram byggði hún m.a. efnislega á því sem útgerðarmenn höfðu fellt en það var sú miðlunartillaga sem lögð var fram? Þess vegna skýtur það nokkuð skökku við þegar hv. stjórnarandstæðingar koma

hver á fætur öðrum og tala um að hér sé verið að þjónka útgerðarmönnum o.s.frv. Ég held að þetta dæmi sýni m.a. að það er ekki alveg rétt með farið. Það segir e.t.v. sína sögu líka að útgerðarmenn virðast vera nokkuð ósáttir við þann farveg sem málið er komið í.

En horfum ekki fram hjá því meginatriði sem er hin efnahagslega ábyrgð, það er ábyrgðin gagnvart þegnum landsins og efnahagslegri undirstöðu sem hlýtur að vera meginatriði í málinu.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:30]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við ræðum hér um frv. um stöðvun verkfalls sjómanna, frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira. Það eru liðnir tveir mánuðir frá því að síðast var gripið inn í verkfall sjómanna með tímabundinni frestun. Ég studdi þá gjörð á þeim tíma. Það var þó með heilmiklum efasemdum. Ég trúði því samt að það gæti létt á pressunni á samningsaðilum ef verkfallinu yrði frestað um tíma. Ég er svo sem ekki frá því að eitthvert gagn hafi verið af þeirri frestun. Ég held að þar hafi menn notað tímann en auðvitað hefur ýmislegt verið leitt í ljós síðan sem veldur manni efasemdum.

Frændur mínir og fyrrverandi skipsfélagar á Vestfjörðum voru mér lítt þakklátir fyrir að hafa stutt frestun verkfallsins á sínum tíma og spöruðu ekki að láta mig heyra það að sjómannasið eins og gengur og gerist. Þess vegna hef ég verið mjög efins. Mér hafa leiðst þau miklu inngrip sem orðið hafa í deilur sjómanna og útgerðarmanna á umliðnum árum.

Einhver orðaði það svo, þegar síðasta var gripið inn í, að það væri ekki nema eitt skot í byssunni og yrði ekki hægt að hleypa af nema því eina skoti, sem hleypt var af fyrir tveimur mánuðum. Nú hefur þessi byssa verið endurhlaðin. Það hryggir mig að sú staða skuli komin upp, að það hafi þurft og að útvegsmenn og sjómenn skuli ekki hafa getað samið á þeim sex vikum sem liðnar eru síðan verkfall skall á að nýju. Ég segi það sem sjómaður og vegna þess að ég ber heilmikla virðingu fyrir samtökum sjómanna og samtökum útgerðarmanna að það er með ólíkindum að ekki skuli takast á öllum þessum vikum að ná samkomulagi um kjör þessara aðila, miðað við allt það sem er í húfi. Það er mjög mikið í húfi og allir gera sér grein fyrir því. Það virðist einfaldlega orðinn algjör trúnaðarbrestur á milli forsvarsmanna sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar. Þar að auki er kominn upp klofningur í röðum sjómanna þar sem samtök sjómanna og vélstjóra eru komin hvor í sinn hópinn og ekki að sjá að gróa muni um heilt þar á næstunni.

Mér hefur reyndar fundist, herra forseti, ótrúlega lítill vilji til samninga á undanförnum vikum. Deiluaðilar hafa sent hvor öðrum tóninn í fjölmiðlum nánast á hverjum degi og látið frá sér fara ummæli sem mér finnast ekki eiga við þegar mönnum er ætlað að ná sáttum og samningum. Eftir þessa miklu yfirlýsingagleði held ég að meiri hluti þjóðarinnar trúi því ekki að hægt sé að bíða lengur eftir því að þessir aðilar nái samningum, því er nú verr og miður, og þess vegna verði skotið að ríða af í annað sinn. Þjóðin getur ekki liðið að menn leiki sér með fjöreggið með þeim hætti sem gert er og efnahagur þjóðarinnar settur í stórhættu út af, við skulum segja, umkomuleysi þeirra aðila sem um þessi mál eiga að fjalla.

Með þetta í huga hef ég fyrir mitt leyti samþykkt að þetta frv. verði lagt fram. Frv. er að mörgu leyti mjög sérstakt. Það tekur annars vegar á því að samningar gætu hugsanlega tekist milli þessara aðila á næstu tveimur vikum en ef það tekst ekki er kjaradómur settur upp. Hann mun sjá til þess að einhver niðurstaða náist á einum mánuði eftir það. Þar með eru samningar sem sá kjaradómur ákveður lögbundnir í fjögur og hálft ár. Þetta er harkalegt inngrip í deilu sem kemur til með að breyta mjög miklu, að ég hygg, í framtíðinni fyrir samtök sjómanna og samtök útgerðarmanna.

Þessi lög taka að mörgu leyti einnig fast á því hvað eigi að semja um og hvernig eigi að taka á ýmsu, t.d. varðandi viðmiðanir hlutaskipta á þorski, ýsu og karfa, í a-lið 2. gr. frv. Í b-lið 2. gr. frv. er tekið inn atriði varðandi fjölda í áhöfn, sem er eitt helsta deilumálið. Þá er og tekin fyrir kauptrygging launaliða og slysatrygging o.s.frv. Öll þessi atriði hafa lengi verið til umræðu og menn deilt um þau. Einnig eru talin upp önnur minni atriði, sem ég tel, t.d. afmörkun helgarfría fiskimanna á netaveiðum og viðbótarlífeyrissparnaður. Síðan er talað um önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál. Öll þessi atriði hafa samkvæmt fréttum verið til umræðu. Ekkert af þeim hefur þó, held ég, verið erfiðara en mönnunarmálið.

Í frv. er talað um að gera kjaradómssamninginn með þeim hætti að farið sé sem næst samningi vélstjóra við Samtök atvinnulífsins fyrir nokkrum dögum. Ég heyri á sjómönnum að þeir ásaka okkur stjórnarþingmenn fyrir að hlaupa þarna eftir óskum útgerðarmanna, að það sé viðtekin venja stjórnarinnar og stjórnarflokkanna að hlaupa eftir öllu því sem útgerðarmenn biðja um en sinna engu því sem snýr að sjómönnum sjálfum. Mér finnst ómaklegt hvernig menn orða þá gagnrýni sína, alla vega í mín eyru. Mér finnst ósanngjarnt að okkur sé sífellt núið um nasir að vera að svíkja sjómenn. Menn þurfa ekki að hugsa lengra en aftur til ársins 1998, þegar sett voru lög í þinginu til að stöðva enn eina deilu sjómanna og útgerðarmanna, en þá kom frá þinginu lögfesting á sáttatillögu sáttasemjara milli deiluaðila á þeim tíma. Sú sáttatillaga fór í atkvæðagreiðslu. Sjómenn samþykktu hana, með semingi eftir því sem mér er sagt, en aftur á móti felldu útgerðarmenn þessa sömu tillögu. Tillagan var síðan lögð fyrir þingið lítið breytt og hún samþykkt á hinu háa Alþingi, þ.e. sá samningur sem sjómenn höfðu samþykkt var samþykktur en óskir LÍÚ-manna gjörsamlega hunsaðar. Að tala um að við séum að hlaupa eftir útgerðarmönnum er í mínum huga úr lausu lofti gripið. En auðvitað þarf að taka tillit til beggja aðila þegar kemur að því að semja því að báðir þurfa að vinna eftir þessum samningum.

Sú deila sem núna stendur og mér er sagt að standi fastast í mönnum er um svokölluð mönnunaratriði, að í fyrsta lagi eigi ekki að vera hægt að fækka í áhöfn óðruvísi en um það verði skriflegt samkomulag sem báðir aðilar hafi undirritað og ávinningurinn skiptist jafnt á milli tveggja aðila. Ef ekki næst samkomulag um þetta er gert ráð fyrir því að 75% af því sem vinnst við fækkun áhafnar renni til sjómannanna sjálfra en 25% renni til útgerðar. Þetta hafa sjómenn sagt að sé algjörlega óásættanlegt. Það má vel vera að ekki sé hægt að sætta sig við það af þeirra hálfu. Ég hef samt sem áður aldrei séð að hægt væri að ná samkomulagi um mönnun nema báðir gæfu eitthvað eftir af sínum kröfum. Auðvitað verður útgerðin að fá eitthvað, og þá sjómenn um leið, fyrir aukna fjárfestingu í tækjum og búnaði sem leiðir til að hægt sé að fækka í áhöfn. Mér finnst merkilegt að ekki skuli vera

hægt að ná með einhverju móti samkomulagi um þetta atriði sem báðir aðilar gætu unað sæmilega við.

Mér er sagt, herra forseti, að sumir forustumenn sjómanna vilji einfaldlega ekki láta á þetta reyna fyrir framan umbjóðendur sína. Það getur vel verið að það sé rétt. Ég veit ekkert um það. Aftur á móti sé ég að deilan er á byrjunarreit. Ég hef í raun miklar áhyggjur af því hvað muni gerast næst. Ef sjómenn og útgerðarmenn ná ekki samkomulagi á næstu tveimur vikum verða settir á þá samningar fyrir næsta fjögur og hálft árið. Hvað verður þá um samtök sjómanna og útgerðarmanna? Ég get ekki séð annað en að þá sé búið að rústa þessum samtökum algjörlega og þau hafi gert það sjálf. Mér sýnist, verði þetta þannig, að þá hljóti útgerðarmenn að huga að því að manna skip sín með sama hætti og gert er með flugvélar, þar sem allir eru ráðnir um borð með verktakasamningum. Útgerðarmaðurinn er þá ekki lengur í LÍÚ og sjómennirnir ekki lengur í sjómannasamtökum. Þá yrði einfaldlega gerður hlutaskiptasamningur milli útgerðarmannsins og sjómannsins og þar með þarf ekki milligöngu neinna samtaka. Þetta er gert víða í heiminum og af hverju skyldi það ekki vera hægt hjá sjómönnum á Íslandi?

Það hljóta alla vega að renna á menn tvær grímur þegar þeir horfa upp á að margar vikur líði án þess að menn geti náð samningum. Sum af þessum samtökum, t.d. Sjómannasamtök Íslands, hafa ekki getað gert samning í tíu ár. Það er augljóst að þar vantar gríðarlega mikið upp á þann eiginleika að geta yfirleitt náð samningum. Það er engin ástæða til að ætla að það breytist neitt á næstunni. Menn hljóta að velta fyrir sér nýjum leiðum til að ná samningum milli útgerðarinnar og þeirra sem vinna um borð. Það þarf kannski engan millilið, ekkert LÍÚ og engin sjómannasamtök. Ef þau reynast ekki vandanum vaxin og ná ekki saman samningum þá hlýtur að þurfa að leita annarra leiða.

Það mundi þýða einfaldlega að þeir sem sjá um þessi mál í dag verða að taka pokann sinn. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin er ekkert að semja, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Aftur á móti eru sjómenn og útgerðarmenn að reyna að ná samkomulagi og það eru þeir sem yrðu að taka pokann sinn. (**ÖS:** Hver rústaði samningunum?) Samningarnir hafa einfaldlega verið í höndum þeirra aðila sem eiga að vinna eftir þeim, LÍÚ og sjómanna. Engir aðrir hafa skipt sér af þessu, ekki nokkrir. (**Gripið fram í:** Alþingismenn.) Ráðherrar og þingmenn hafa forðast að vera með yfirlýsingar um þetta mál og sjútvrh. hefur margoft lýst því yfir að inngrip af hans hálfu væri alls ekki á döfinni. (Gripið fram í.) Síðan er hægt að reyna svo á langlundargeð manna að ekki sé annað hægt en að grípa til einhverra aðgerða og í þessu tilfelli var þetta nauðvörn.

Herra forseti. Í þessu frv. er ýmislegt fleira athyglisvert en að minni hyggju ánægjulegra, en það er að lagt er niður svokallað Kvótaþing. Ég hafði mikinn ímugust á þessu Kvótaþingi á sínum tíma og fannst um algjört óþarfa skriffinnskubákn að ræða sem væri verið að setja upp nánast til þess að koma í veg fyrir að menn gætu skipst á aflaheimildum með þægilegum hætti. Þetta var sett inn á sínum tíma, 1998, einmitt þegar verið var að leysa sjómannadeiluna þá og ég er mjög ánægður með að það sé tekið út nú.

Herra forseti. Ég ítreka að ég er mjög ósáttur við að þessi deila sjómanna og útgerðarmanna skuli vera komin í þann hnút í dag að grípa þurfi enn eina ferðina til lagasetningar. *Ég hefði ekki trúað því að óreyndu að svo mundi fara.* Ég á þá von heitasta, herra forseti, að á næstu tveimur vikum nái sjómannaforustan og LÍÚ samningum og sýni að þeir séu traustsins verðir.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mundi í sporum hv. þm. Kristjáns Pálssonar frekar fela mig í skúmaskotum en að koma hingað með málflutning af þessu tagi, að koma hingað og halda því fram að frv. sem hér liggur fyrir rústi þessum samtökum, þ.e. samtökum sjómanna, í öðru orðinu og halda því síðan fram að þau hafi veitt sér þetta banasár með eigin hendi, það er hneyksli, herra forseti.

Hvers hönd heldur á hnífnum? Meðal annars sú hin sama hönd og styður á hnappinn, hægri hönd hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Það er hann sem hefur lýst því yfir í þessari ræðu að hann ætli að greiða þessum skelfilegu ólögum atkvæði sitt.

Herra forseti. Er ekki hér í rauninni um að ræða tangarsókn á sjómannasamtökin? Tangarsókn hverra? Annars vegar ríkisstjórnarinnar sem ræðst að þeim á annan vænginn og hins vegar útgerðarmanna. Það hefur komið fram í yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. fyrr í dag að hann veit vel til þess að jafnvel þótt sjómenn mundu taka þá ákvörðun að fresta verkfalli mundi það ekki duga vegna þess að hann hefur það á hreinu að útgerðarmenn mundu ekki gera það.

Þar með er alveg ljóst, herra forseti, að þarna er um að ræða tangarsókn hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar á annan kantinn og hins vegar útgerðarmanna á hinn vænginn. Ég veit að þó að hæstv. sjútvrh. klaki eins og dúfa í eyru hv. þm. Kristjáns Pálssonar þá dugar það skammt. Þetta er einfaldlega staðreyndin, herra forseti. Þegar hv. þm. kemur hingað og kveinkar sér undan því að verið sé að tala um að það sé verið að svíkja sjómenn hlýtur hann að skilja að þetta eru fullkomin svik við sjómenn. Einn af þeim sem tekur þátt í svikunum er fyrrverandi sjómaður og það er hv. þm. Kristján Pálsson.

[13:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fer mikinn. Það er ekki nema von að honum liggi eitthvað á hjarta. Ég vil byrja á því að segja að ég heyrði ekki að hæstv. sjútvrh. hefði nokkurn tíma haft orð á því að LÍÚ mundi ekki taka við neinni frestun. Ég heyrði hann ekki segja það. Ég hygg að hv. þm. ætti að kynna sér það betur.

Ég hef sem fyrrverandi sjómaður og útgerðarmaður miklar áhyggjur af því að samtök þessara aðila komi til með að bíða mikinn álitshnekki ef ekki næst saman milli þeirra á næstu tveimur vikum. Ég er mjög hræddur um það. Það verða þá fjögur og hálft ár í að þessir aðilar komi að samningaborðinu aftur og ég geri fastlega ráð fyrir því að útgerðarmenn hugsi sér að finna einhverjar aðrar leiðir, sem eru þá einfaldari í allri vinnslu, en hafa verið farnar fram að þessu.

Ég sakna þess ef sjómannasamtökin væru ekki hér og gætu haldið utan um málin með sjómönnum sínum. (**SJS:** Já!) Ég mundi sakna þess. (**ÖS:** Það er bara svona, já.) En ég lít svo á að það sé alfarið undir sjómannasamtökunum sjálfum komið hvernig þau haga sínum verkum. Það kemur alltaf að því að lokum ef menn ná ekki sáttum að það hlýtur að þurfa að grípa inn í með einhverju móti. Og hver er bær til þess annar en Alþingi og ríkisstjórn? Enginn.

Þetta er því að sjálfsögðu neyðarbrauð, algjört neyðarbrauð.

[13:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver bakaði þetta neyðarbrauð? Það var hæstv. ríkisstjórn.

Þegar hv. þm. kemur hingað í tvígang og segir að sjómannasamtökin hafi ekki reynst vandanum vaxin gleymir hann þessu: Ríkisstjórnin hefur ekki sparað yfirlýsingarnar. Allt frá því að þessi deila hófst hafa þeir verið með munninn opinn í fjölmiðlum við hvaða tækifæri sem þeir hafa getað. Og alltaf, herra forseti, hafa þeir skilið þannig við málin að það hefur ekki verið hægt að skilja þá öðruvísi en svo að ef í svokallað óefni stefndi mundu þeir grípa inn í með lagasetningu. Hvernig er hægt, hv. þm. Kristján Pálsson, fyrir sjómannasamtökin að reyna að ná samningum við útvegsmenn þegar þeir hafa nánast yfirlýsingar um að ef í óefni stefni muni þeir verða skornir niður úr snörunni með lagasetningu eins og við erum að verða vitni að hér í dag? Við slíkar aðstæður er ekki hægt að semja þannig að hv. þm. ætti að spara sér stóru orðin í garð sjómannasamtakanna.

[13:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðhef nákvæmlega jafnstór orð í garð Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég geri engan mun á þeim samtökum. Þessir aðilar tveir þurfa að ná samkomulagi, ekki bara sjómannasamtökin.

Varðandi ríkisstjórnina og yfirlýsingar frá henni þá hef ég ekki orðið var við þær yfirlýsingar að sífellt sé verið að tuða á því að það eigi að setja lög. Ég hef heyrt allt annað, þ.e. það að ekki verði gripið inn í þessa deilu. Mér hefur heyrst hæstv. sjútvrh. lýsa því margoft yfir að það stæði ekki til. Ég held að stór hluti þjóðarinnar hafi einmitt velt því fyrir sér hvers vegna var ekki búið að grípa inn í þetta miklu fyrr. Það er fjöregg þjóðarinnar sem er í húfi. Hvað getur ein ríkisstjórn beðið lengi þegar slíkt fjöregg er haft að leiksoppi?

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hendir að mönnum verður það á að skjóta eins og í aðra löppina á sér í stuttum ræðum. En það er sjaldgæft að heyra menn skjóta undan sér báða fæturna í stuttri ræðu og tveimur svörum við andsvörum eins og hv. þm. gerði áðan. Hann var í fullkominni mótsögn við sjálfan sig aftur og aftur þegar hann var annars vegar að lýsa nauðsyn þess að sjómenn og útvegsmenn leystu sín mál sjálfir í samningum og hins vegar að það hefði ekki verið verjandi að leyfa þeim að klára það. Hvernig eiga sjómenn að ná samningum ef þeir fá aldrei frið til þess? Það eru ævinlega komin lög á loft. Þetta er annað frv. á þessum vetri sem grípur inn í þessa deilu. Samt hrósar hv. þm. stjórnvöldum fyrir að hafa setið sérstaklega á sér og verið með kjarnyrtar yfirlýsingar um að þeir mundu ekki blanda sér í deiluna. Það er mjög trúverðugt þegar við erum hér einmitt að ræða annað frv. frá hæstv. ríkisstjórn á þessum vetri sem grípur inn í málin.

Herra forseti. Auðvitað eru þessar ræður þingmanna Sjálfstfl. og stjórnarliða, sem hafa verið að gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum og fylgi við sjávarsíðuna á undanförnum missirum, svo aumkunarverðar að það er eiginlega ekki hægt annað en hafa samúð með þeim, blessuðum mönnunum, að þeir skuli leggja það á sig að flytja þessar ræður. Svo sér maður að sumir sem mikið hafa talað fyrir málstað sjómanna gegnum tíðina hafa ekki þor í það og eru fjarverandi.

Hv. þm. viðurkenndi að dálítið harkalegt væri að taka samningsréttinn af sjómönnum í fjögur og hálft ár og í raun væru þeir að leggja sín samtök niður og rústa þau. En er það ekki ríkisstjórnin og meiri hluti hennar sem ætlar að taka samningsrétt af sjómönnum í fjögur og hálft ár? Sjómannasamtökin sjálf báðu ekki um það. Það er auðvitað ekki hægt að stilla hlutunum svona upp.

Svo koma menn, innan salar og utan, og læða því út að sjómenn hafi ekki getað samið í heil tíu ár og jafnvel einstakir forustumenn þar hafi aldrei náð að klára kjarasamninga. (Forseti hringir.) Þetta höfum við verið að heyra að undanförnu, herra forseti. Það er ómaklegur málflutningur að gera lítið úr forustumönnum sjómanna með þessum hætti.

[13:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf jafngaman að hlusta á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Varðandi það að menn hafi skotið sig í fótinn þá heyrist mér nú hv. þm. gera það sjálfur. Hann skýtur því á loft hvað eftir annað að ríkisstjórnin hafi með yfirlýsingum sínum eyðilagt fyrir samningum sjómanna og útvegsmanna. Ég hef ekki heyrt hv. þm. benda á eitt einasta tilvik þar sem hægt er að staðfæra þessi skot hv. þm. Ekkert hefur komið fram sem ég hef heyrt sem bendir til þess að ríkisstjórnin hafi eyðilagt þessa möguleika. Og að þeir hafi ekki fengið frið. Hvað þarf sá friður að vera langur svo að samningar geti náðst?

Herra forseti. Mér finnst að þegar þingmenn koma fram eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þá gangi það oft hjá hv. þm. út á það að reyna að gera lítið úr andstæðingum sínum og segja að skotið sé í báðar lappirnar, að menn séu talandi sitt á hvað og viti ekkert hvað þeir eru að segja. Staðreyndin er sú, hvað sem segja má um samtök sjómanna og útgerðarmanna sem ég vil segja að séu mjög brýn og góð samtök, að þeim hefur ekki tekist að semja. Það er enginn tilbúningur að það hefur ekki tekist í tíu ár. Það er staðreynd að þeim hefur ekki tekist það og þeim sem stjórna þeim samtökum í dag, sjómannasamtökum Íslands, hefur aldrei tekist að koma einum einasta samningi í gegn á meðan viðkomandi forustumaður hefur verið við stjórn.

Það er sorglegt til þess að vita (**ÖJ:** Hann er ekki til andsvara hér.) að það skuli gerast (**ÖJ:** Þú ert að ráðast á fjarstaddan mann.) að heildarsamtök sjómanna eins og þessi geti ekki náð samningum fyrir umbjóðendur sína í áratug eða meira. (Gripið fram í.)

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg einstaklega ómaklegur og ómerkilegur málflutningur, en það er gott að hann skuli koma fram í ræðu hv. þm. Sjálfstfl., Kristjáns Pálssonar, því að það er þetta sem þingmenn stjórnarliðsins og forustumenn eru að segja hérna á göngunum og á götunni og eru að hringja í menn til þess að biðja þá að hlýða ekki kalli frá forustu sinni og félögum. Það er ágætt að fá hérna fram hvernig íhaldið, pólitíkin er að reyna að grafa í sundur samtök sjómanna til þess að veikja þá enn meir og koma þeim enn frekar á knén.

Og talandi svo um það að ríkisstjórnin sé heilög og með allt sitt á þurru. Hún frestaði deilunni með lögum þegar loksins var að komast skriður á viðræður fyrr í vetur — að eigin sögn — og svo þekkjum við framhaldið. Og að ætla

að halda því fram að sjómenn hafi þar með fengið að beita samtakamætti sínum í friði til þess að knýja á um lausna þessara mála er svo fráleitt að það tekur engu tali. Jafnvel hv. þm. Kristján Pálsson ætti ekki að reyna að segja það og er þá mikið sagt.

[13:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef eitthvað grefur undan og dregur úr mætti samtaka sjómanna og vilja þeirra til þess að reyna að ná samningum þá eru það yfirlýsingar stjórnarandstöðunnar og yfirlýsingar hv. þingmanna eins og Steingríms J. Sigfússonar, sífelldar æsingaræður til þess að fá menn til að vera sem lengst í verkfalli, vera sem grimmastir og berja sem oftast í borðið og semja helst aldrei. Slíkar yfirlýsingar skipta kannski líka máli. Ég held að hv. þingmenn í minni hlutanum eigi líka að átta sig á því að stundum er hlustað á þá. Ég held að það sé kannski of mikið hlustað á hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni (Gripið fram í.) sem tala eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Það er hreint með ólíkindum að hlusta á þetta.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði að þetta væru mjög hörð inngrip sem verið væri að leggja fram í frumvarpsformi af ríkisstjórninni. Búið væri að rústa þessum samtökum, samtökum sjómanna og það þyrfti þá bara engin samtök eftir fjögur ár.

Nú er þetta frv. sem við erum að ræða byggt á kjarasamningi sem á að gilda í fjögur og hálft ár. Sjómannasamtökin sem ósamið eiga og frv. snýr að hafa lýst því yfir að þessi langi samningstími væri algjörlega óásættanlegur. Á sama tíma og hv. þm. telur að þessi fjögur ár muni rústa samtökum sjómanna, hvaða kosti eiga þeir þá, hv. þm.? Herra forseti. Þeir eiga bara tvo kosti. Annars vegar að skrifa upp á það að vera með einhvern samning bundinn í fjögur og hálft ár eða taka við lögunum héðan. Er það ekki það sem verið er að bjóða mönnum upp á? Var LÍÚ tilbúið að vinna einhvern veginn öðruvísi að þessum málum, var LÍÚ tilbúið að samþykkja í vetur, í janúar, að taka fyrir þrjú meginatriði og fresta restinni og vinna í því? Nei, ég held nú ekki. Það er búið að setja mönnum þessa afarkosti. Og þingmaðurinn talar um að þessir afarkostir muni rústa samtökum sjómanna. Hvernig eiga menn að taka við því? Eiga þeir að skrifa upp á það? Eða eiga þeir að taka við því með lögum? Er það það sem þingmaðurinn er að meina?

[14:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að sjómannasamtökin og LÍÚ hafi hálfan mánuð til þess að ná samningum áður en gerðardómur tekur til starfa. Ég er ekki að segja að hægt sé að ná fram miklum breytingum frá því sem búið er að semja um við vélstjóra. Ég veit ekkert um það. Ég hef samt sem áður heyrt að hægt væri að taka á ýmsum ákvæðum. Ég sé grundvallarmun á því hvort samtökin gera frjálsa samninga, ég kalla það frjálsa samninga sem menn geta gert á næstu tveimur vikum og náð þannig sameiginlegri niðurstöðu heldur en sitja uppi með einhvern gerðardóm eftir einn og hálfan mánuð og þurfa að vinna undir honum í fjögur og hálft ár. Það er mín persónulega skoðun að mér fyndist það alger niðurlæging fyrir þessa aðila að þurfa að sitja undir slíku. (**ÖJ:** Af hálfu hverra?) (**Gripið fram í:** Þú ert að bara styðja gerðardóminn.)

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þm. að halda ró sinni því að hv. 4. þm. þarf að veita andsvar öðru sinni.)

[14:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta svar hafi ekki skýrt það sem ég spurði um. Ég sagði að ég sæi ekki annað en að sjómenn ættu aðeins tvo kosti í stöðunni eins og málið væri upp sett. LÍÚ hefur neitað að breyta út frá samkomulagi vélstjóranna og ríkisstjórnin ætlar að festa það sem grundvöll í gerðardómi í lagafrv. Hvort tveggja er binding ef eftir gengur upp á fjögur og hálft ár. Og þingmaðurinn telur, sem ég held að megi kannski velta fyrir sér sem afleiðingu, að þá væri hálfpartinn búið að rústa samtök sjómanna. Ætlar þingmaðurinn að standa að því?

[14:04]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig ekki vera að standa að því að rústa samtökum sjómanna. Ég er að vara sjómannasamtökin við. Mér finnst full ástæða til að maður segi hug sinn sem fyrrverandi aðili að þessum samtökum. Hvaða skoðun maður hefur á því þegar svona hlutir gerast eins og eru að gerast hér. Þetta er mjög alvarlegt mál. Og við erum, held ég, öll sammála um að þjóðin þolir ekki að vera í svona verkfalli öllu lengur. Það er bara útilokað. Það vissu sjómenn alveg ágætlega fyrir og forustumenn þeirra. En þeir tóku kannski of mikla áhættu og drógu þetta of lengi. Ég segi: Það eru enn þá tvær vikur til stefnu og ég bið þá sem stjórna samningamálunum fyrir þessa aðila að reyna að ná sáttum. Ef það tekst er ég sannfærður um að þessi samtök eiga að geta lifað góðu lífi en ef ekki, þá getur farið illa.

[14:05]

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 634. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1273; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1274.

Háspennulínur í jörðu, 596. mál, svar iðnrh., þskj. 1187.

Hjúskaparlög, 410. mál, þskj. 1293.

Raforkuver, 722. mál, brtt. iðnn., þskj. 1306.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál, brtt. 1. minni hluta samgn., þskj. 1314.

Tóbaksvarnir, 345. mál, brtt. ÞBack og ÁRJ, þskj. 1310.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 567. mál, þskj. 1282.

[14:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi hefur, bæði í dag og eins síðasta laugardag, farið mjög ítarlega yfir og mótmælt harðlega þeim vinnubrögðum sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar mættu í tengslum við framlagningu þess máls sem hér liggur fyrir og ég ætla í sjálfu sér ekki að gera frekar að umtalsefni, þ.e. meðferð málsins hingað til á hinu háa Alþingi, en einbeita mér frekar að efnisatriðum frv. og aðdraganda þeirra laga sem hér á að setja.

Rétt er að rifja það upp áður en vikið er frekar að efnisatriðum frv. að hæstv. ríkisstjórn hefur freklega hlutast til um málefni samningsaðila í þessari deilu. Gerði það síðast með framlagningu frv. þegar aðeins tæpir þrír sólarhringar voru liðnir frá því að verkfall hófst. Þegar því var frestað með lögum frá Alþingi einmitt á þeim tíma, herra forseti, þegar margir í hópi samningamanna töldu að skriður væri að komast á viðræður þá lagði hæstv. ríkisstjórn fram frv. til þess að fresta verkfalli um tvær vikur. Ég tel, herra forseti,

að það hafi verið þá sem kannski stærsti skaðinn var skeður á milli samningsaðila því þá var mjög, má segja, dreginn krafturinn úr mönnum og skemmdi þessi frestun að mínu mati tvímælalaust fyrir möguleikum manna til að ná samningum þar á eftir. Þannig að hæstv. ríkisstjórn er ekki að koma að þessu máli fyrst núna með framlagningu þessa frv. og ég tel rétt að ítreka það hér.

Það frv. sem hér liggur fyrir felur ekki aðeins eftirfarandi í sér, eins og fram kemur í 1. gr.:

„Verkfall aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. og 3. gr." — heldur er einnig kveðið á um eins og komið hefur fram að gerðardómur skuli vera settur upp í málinu hafi aðilar skv. 1. gr. ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001. Og það ákvæði frv. sem ég tel vera hvað alvarlegast og er ekki í nokkrum vafa um, herra forseti, að stangist á við fjölda alþjóðasamþykkta, félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og fleiri ákvæði sem ég mun rekja hér síðar, er 3. gr. frv. sem kveður á um hvernig gerðardómurinn skuli í rauninni taka ákvörðun sína. Það er að mínu mati mjög frekleg íhlutun í félagafrelsið. Ekki bara það að gripið sé inn í deilur samningsaðila með þeim hætti að setja gerðardóm með lögum heldur það að gerðardómurinn er ekki frjáls að því að komast að niðurstöðu og það er hlutur sem skiptir mjög miklu máli. Stjórnvöld eru með öðrum orðum að segja gerðardómi fyrir fram til um það hvernig hann eigi að leysa þessa deilu. Það stenst að mínu mati ekki þau lög og samninga sem heimila þó í vissum undantekningartilvikum að slíkar ráðstafanir séu gerðar að setja gerðardóm jafnvel þó að einhver mundi segja að þessar forsendur væru fyrir hendi.

Í 3. gr. skal gerðardómur við ákvörðun sína í fyrsta lagi taka mið af samningi um breytingar á þessum tiltekna kjarasamningi sem hér hefur margsinnis verið nefndur og ekki aðeins það, heldur skal hann líka ákveða gildistíma ákvarðana sinn og hafa í því sambandi hliðsjón af gildistíma þessa sama samnings sem er hvorki meira né minna en fjögur og hálft ár.

Herra forseti. Sá þáttur málsins, hversu langur gildistími þessarar íhlutunar mundi verða, tel ég einnig vera mjög ótvírætt brot á alþjóðasamþykktum og öðrum ákvæðum um félagafrelsi sem ég mun rekja hér á eftir. Það er ekki aðeins að ég lýsi yfir vanþóknun minni á því að stjórnvöld skuli grípa inn í deiluna með þeim hætti sem hér er gert, heldur ekki síður, herra forseti, hvernig það er gert. Það tel ég algjörlega óverjandi, herra forseti.

Þau ákvæði sem við erum að tala um að kunni að vera brotin og ég er ekki í nokkrum vafa um að eru brotin, eru ákvæði um svokallað félagafrelsi. Félagafrelsið er verndað í 74. gr. stjórnarskrárinnar og þar er kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og sett eru sérstök skilyrði fyrir því hvernig starfsemi félags verði stöðvuð. Meðal annars er talað um það í stjórnarskránni að menn hafi rétt til þess að stofna stéttarfélög og vera aðilar að stéttarfélögum. Frá árinu 1995, þegar það ákvæði var sett inn í stjórnarskrá, hefur þetta félagafrelsisákvæði ef eitthvað er verið styrkt verulega frá því sem var áður fyrr, þar sem sérstaklega er vikið að stéttarfélögum og stjórnmálafélögum.

Í alþjóðlegum mannréttindasamningum er félaga- og fundafrelsið verndað í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, 21. og 22. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Rétturinn til að stofna stéttarfélög er síðan að auki sérstaklega verndaður í 8. gr. samnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og í 5. og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Við erum því að tala um slíka samninga hér. Það er sem sagt fjöldi alþjóðlegra samninga sem ég tel að a.m.k. 3. gr. brjóti alveg klárlega í þessu frv. Að auki er rétt að nefna samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 87 og 98, sem fjalla m.a. um félagafrelsi og koma mjög oft til umræðu í tengslum við það og er gjarnan tekið mið af þeim samþykktum þegar Mannréttindadómstóll Evrópu er að fjalla um hvort brotið sé á þessum ákvæðum mannréttindasáttmálans.

Félagafrelsi má síðan greina í tvo þætti, annars vegar jákvætt félagafrelsi og hins vegar neikvætt. Með neikvæða félagafrelsinu eigum við við réttinn til að standa utan félaga en jákvæða félagafrelsið, sem þetta frv. mundi tengjast, varðar rétt einstaklingsins til að ganga í eða stofna félög. Í jákvæðu félagafrelsi felst réttur einstaklinga til að hafa með sér félög í því markmiði að vernda sameiginlega hagsmuni sína og leggja rækt við sameiginleg markmið hvort sem er af efnahagslegum, faglegum, pólitískum, tómstundalegum, menningarlegum eða af öðrum toga. Verndin felst í að hindra opinber stjórnvöld í að hafa hamlandi áhrif á stofnun eða starfsemi slíkra samtaka.

Í raun er það oftast svo þegar fjallað er um hugsanleg brot stjórnvalda á félagafrelsisákvæðum að við erum að tala um réttinn til þess að fá að nota eiginlega slík samtök og að þau fái að starfa eðlilega án íhlutunar stjórnvalda.

Síðan er það þannig, herra forseti, varðandi félagafrelsið að inngrip stjórnvalda í þetta félagafrelsi þarf að vera á mjög miklum takmörkunum reist. Það er mjög afmarkað í mannréttindasáttmálum hvenær stjórnvöldum sé heimilt að grípa inn í þetta svokallaða félagafrelsi. Og hvernig það megi gera og hvenær, í hvaða tilvikum, er nánar rakið í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti."

Það er því mjög klárlega dregið fram í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hvenær stjórnvöldum geti verið heimilt að grípa inn í deilur af þessu tagi.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur auk þess sagt að við túlkun á þýðingu og sviði þessa ákvæðis verði að taka tillit til túlkunar hinna tveggja aðalsamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á þessu sviði, þ.e. samþykkta nr. 87 og 98 sem hér voru nefndar áðan. Mannréttindasáttmálinn fylgir því í raun þeim túlkunum sem hafa verið notaðar í tengslum við þessar tvær greinar í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Það er líka viðurkennd lagatúlkun á þessu sviði að til þess að hægt sé að víkja frá þessu félagafrelsi þegar verið er að skoða þessar undantekningar þá beri að túlka þær þröngt þannig að ekki er ætlast til að þetta sé gert nema í miklum neyðartilvikum.

Herra forseti. Síðan má spyrja sig að því hvort þau atvik séu uppi í samfélaginu í dag að stjórnvöldum sé heimilt í andstöðu við þessar meginreglur stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra samninga að grípa inn í þá deilu sem hér er uppi. Er það nauðsynlegt í því lýðfrjálsa þjóðfélagi sem við búum við í dag að grípa inn í þessa deilu? Er það nauðsynlegt vegna öryggis almennings eða ríkis? Er það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir óspektir eða glæpi? Er það nauðsynlegt til verndar heilbrigði eða siðgæði eða til verndar réttindum eða frelsi annarra? Ég held ekki, herra forseti, að svo sé.

Þegar við skoðum frv. sjálft og þær röksemdir sem hæstv. ríkisstjórn hefur fyrir framlagningu þess þá er einna helst að finna þessa réttlætingu hér, herra forseti:

„Vinnustöðvunin hefur nú þegar valdið miklum skaða fyrir atvinnulíf landsmanna, nýtingu auðlinda sjávar, útflutningshagsmuni og fleiri þætti. Áhrif hennar eru hvað alvarlegust fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og sveitarfélög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, en að auki hefur hún þegar haft áhrif langt út fyrir þá hagsmuni sem samningsaðilar fjalla um. Skýr merki eru um neikvæð áhrif vinnustöðvunarinnar á efnahagslífið og ef ekkert er að gert mun hún valda óbætanlegu tjóni fyrir þjóðarbúið í heild. Hér eru því ríkir almannahagsmunir í húfi og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem áframhaldandi stöðvun fiskiskipaflotans mundi annars valda."

Þarna höfum við rökstuðninginn, herra forseti, og hann er með öðrum orðum efnahagslegar ástæður, þ.e. fjármunir eru að tapast. En má ekki með sömu rökum, herra forseti, halda því fram að öll verkföll heimiluðu þetta, að allar verkfallsaðgerðir gætu fallið undir þetta, kannski í mismiklum mæli?

Er það ekki svo, herra forseti, að ef við viðurkenndum að efnahagslegar forsendur á borð við þær sem hér er fjallað um væru nægileg ástæða fyrir stjórnvöld til þess að grípa inn í verkfallsaðgerðir þá væri verkfallsrétturinn einskis virði, herra forseti, vegna þess að auðvitað tapast alltaf ákveðin verðmæti í verkföllum? Þau eru viðurkennd sem neyðarbrauð og neyðarúrræði í baráttu launafólks fyrir bættum kjörum og það tapast alltaf verðmæti. Ef við viðurkennum að það séu nægileg rök, herra forseti, þá held ég að við getum eins lagt niður verkfallsréttinn nú þegar.

Herra forseti. Líka má velta því fyrir sér að við höfum séð verkföll standa vikum saman. Minnist ég síðast verkfalls framhaldsskólakennara fyrir ekki svo löngu síðan sem stóð mjög lengi. Ég man eftir fjölda verkfalla í gegnum tíðina sem hafa staðið lengi og ekki hefur verið litið svo á að ástæða væri til að grípa inn í. Þarna er því greinilega ákveðið mat lagt til og ég tel að við það mat sé mjög mikilvægt að túlka það mjög þröngt hvenær stjórnvöld grípa inn í slíka deilu. Ég get ekki séð það, herra forseti, að nægileg rök séu fyrir því í þessu tilviki að grípa inn í deiluna jafnvel þótt staðan hafi vissulega verið alvarleg. En hún hefði kannski ekki verið eins alvarleg í dag ef stjórnvöld hefðu látið vera að grípa inn í deiluna á viðkvæmu stigi eins og gert var í upphafi verkfallsins.

Herra forseti. Ég vil aðeins rifja upp í þessu samhengi, og þá sérstaklega þegar ég er að velta upp þessu mati, hvenær eðlilegt sé að grípa inn í deilu og hvenær það sé heimilt annars vegar og hins vegar hversu langt slík inngrip megi ganga. Það skiptir ekki síður máli, herra forseti. Margoft hefur verið fjallað um það á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og víðar þar sem fjallað er um þessi mál að ekki aðeins skuli túlka það þröngt hvenær megi grípa inn í heldur er ekki síður mikilvægt að inngripið sé eins lítið og nái eins skammt og mögulegt er. Það er ekki síst þar, herra forseti, sem ég tel að í tengslum við þessa margumræddu 3. gr. sé hæstv. ríkisstjórn að ganga mun lengra en henni getur nokkurn tíma verið heimilt samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem ég nefndi áðan.

Í þessu sambandi ætla ég að rifja upp tilvik sem hafa verið kærð til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og varða lög á verkföll. Fyrra tilvikið sem ég vildi nefna er kæra Alþýðusambands Íslands frá 14. júní 1988. Þá voru sett lög á verkföll og vísað var til ákveðinna, eigum við ekki að segja, langvarandi vandamála í efnahagslífi þjóðarinnar sem þyrfti að reyna að ná tökum á sem ríkisstjórnin beitti fyrir sig í þeirri lagasetningu. Ég ætla ekki að líkja saman því ástandi sem var hér í aðdraganda þjóðarsáttarinnar í efnahagslífinu og því ástandi sem ríkir nú þannig að hafi ríkisstjórnum einhvern tíma verið heimilt að vísa til efnahagsástands þá er kannski svolítill munur á þá og nú. Alþýðusambandið kærði þessa lagasetningu til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar komst að ákveðinni niðurstöðu í því máli. Í túlkuninni þar er mjög fróðlegt að skoða hvernig þeir túlkar rétt til frjálsra samninga. Þeir segja m.a., með leyfi forseta:

„Rétturinn til frjálsra samninga við atvinnurekendur hvað varðar launakjör er ómissandi þáttur af félagafrelsi og ættu verkalýðsfélög að hafa rétt til, með samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða öðrum löglegum hætti, að leitast við að bæta lífs- og atvinnuskilyrði þeirra sem verkalýðsfélögin eru fulltrúar fyrir. Stjórnvöld ættu að forðast nokkur afskipti sem hamla á móti þessum rétti eða hindra löglega beitingu hans. Slíkar hömlur mætti telja brot á þeirri reglu að launafólk og atvinnurekendur hafi rétt til að skipuleggja starfsemi sína og móta starfsáætlanir sínar."

Þeir segja líka, með leyfi forseta:

„Bæði nefndin um félagafrelsi og sérfræðinganefndin um framkvæmd samþykkta og tillagna hafa viðurkennt að nokkrar takmarkanir megi setja á frelsi aðila vinnumarkaðarins ef brýna efnahagslega nauðsyn þjóðar beri til. Slíkar hömlur skyldi aðeins setja í undantekingartilvikum og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er án þess að þær standi lengur en í eðlilegan tíma og ætti jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lífskjör launafólks."

Herra forseti. Ég held að þessi þáttur sé mjög mikilvægur og nákvæmlega þessi túlkun, að þeir segja með öðrum orðum að ef heimilt gæti verið vegna efnahagslegra forsendna, sem ber að túlka mjög þröngt, er það alveg klárt að slíka heimild ber aðeins að nota í eins skamman tíma og mögulegt er. Þar er alveg klárt, herra forseti, að menn eru ekki að tala um bindingu í fjögur og hálft ár eins og gert er ráð fyrir hér í þessu máli. Þetta gengur út yfir öll mörk, herra forseti.

Það var síðan niðurstaða nefndarinnar varðandi þessi lög árið 1988 að á heildina litið hafi borið brýna þjóðarnauðsyn til að setja slíkar hömlur. Það var með tilvísan til þess að efnahagsástand þjóðarinnar á þeim tíma hafi verið svo bágborið að nauðsynlegt hafi verið að grípa inn í. Það er líka

sagt að þær takmarkanir hafi verið settar á þessum tíma að því marki sem nauðsynlegt var. Þá minnir mig að það hafi verið að setja gerðardóm til þess að semja í u.þ.b. árstíma minnir mig. Og þá skiptir máli að þær hafi aðeins verið í gildi um eðlilegan tíma og það er það sem nefndin byggir mjög niðurstöðu sína á og er í raun algerlega í andstöðu við það sem við erum að tala um hér.

Síðan þá hafa fleiri lög verið sett á vinnudeilur. Ég vil nefna eitt dæmi til viðbótar. Sett voru lög á deilu manna sem störfuðu hjá Herjólfi. Þau lög voru sett á 116. löggjafarþingi 1992–1993. Það voru tiltölulega einföld lög þar sem 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfi, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt."

Síðan var kveðið á um að tiltekin félög sem ekki hefðu samið hefðu frest í skamman tíma til þess að komast að samkomulagi. Það er svipað fyrirkomulag og hér er gert ráð fyrir. En síðan skyldi setja gerðardóm ef ekki hefði náðst samkomulag. En gerðardómnum eru settar ákveðnar hömlur í 3. gr. þeirra laga. Þær eru þó ekkert í líkingu við það sem þessum ágæta gerðardómi í þessu frv. er fyrirskipað. Gerðardómurinn í Herjólfsdeilunni skyldi við ákvörðun vinnutilhögunar, kaups og kjara samkvæmt þeim lögum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Ekki var nú meiri binding ákveðin þar í lögunum. Eigi að síður, herra forseti, taldi félagafrelsisnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að þarna hefði gerðardómnum verið settar of miklar skorður í sínum störfum og það er þó ekkert í líkingu við það, herra forseti, sem við erum að sjá í þessu frv.

Í þessari deilu kemst félagafrelsisnefndin að þeirri niðurstöðu að nefndin viðurkenni eins og sérfræðinganefndin um beitingu alþjóðasamþykkta og tilmæla að svo kunni að fara í samningaviðræðum að stjórnvöld verði réttlætt í því að loknum langvinnum og árangurslausum samningaviðræðum að grípa í taumana þegar augljóst er orðið að ekki reynist unnt að koma viðræðunum úr sjálfheldu án afskipta þeirra. Þetta er það sama og var í fyrri kærunni, þ.e. það er alltaf tekið fram að þau tilvik geti verið uppi að réttlætanlegt sé að það beri að grípa inn í, en það beri að túlka mjög þröngt. Síðan segir, með leyfi forseta, í niðurstöðu nefndarinnar:

„Nefndin hefur auk þess áhyggjur af því að í 3. gr. laganna er ákvæði þess efnis að gerðardómurinn skuli við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Ríkisstjórnin segir að þetta ákvæði hafi verið sett í lögin í samræmi við þjóðarsáttarsamningana frá 1990 en með þeim náðist víðtæk samstaða á Íslandi um markvissar aðgerðir til að sigrast á þrálátri verðbólgu sem hafði þjakað efnhagslíf Íslands í marga áratugi. Nefndin gefur einnig gaum að því að Hæstiréttur tilnefndi gerðardómsmennina þrjá. Nefndin kemst hins vegar ekki hjá því að veita því athygli að orðalag ákvæðisins veitir gerðardómnum ekki neinn sveigjanleika til túlkunar."

Herra forseti. Eigi að síður er þetta ákvæði í lögunum um Herjólfsdeiluna mun rýmra og mun minna takmarkandi fyrir gerðardóminn en það sem við erum að tala um í dag.

Gerðardómurinn sjálfur viðurkennir þetta þar eð hann bendir á í úrskurði sínum að þetta ákvæði takmarki mjög frelsi hans til að leysa málið því að prinsippið, herra forseti, er í rauninni það að ef menn viðurkenna að rétturinn sé fyrir hendi til að grípa inn í og til að setja gerðardóm í deilu þá er það meginhugsunin, herra forseti, að sá gerðardómur eigi að vera frjáls að því hvernig hann leysir þá deilu. Þessu verður hæstv. ríkisstjórn Íslands að átta sig á. Hún er ekkert hafin yfir þá alþjóðasamninga sem við erum skuldbundin af, stjórnarskrána eða önnur ákvæði sem hafa komið þessu svona fyrir. Og það er ekki okkar hér að ákveða það jafnvel þó að okkur væri heimilt að grípa inn í þessa deilu, sem ég leyfi mér að efast stórlega um, það er bara ekki í okkar valdi að ákveða hvernig þessi gerðardómur kemst að niðurstöðu ætli ríkisstjórnin að fela honum að leysa þessa deilu. Það er ekki hennar að segja honum fyrir verkum með það. Ekki frekar en að það er ekki hæstv. ríkisstjórnar að segja t.d. dómstólum fyrir verkum, hvernig þeir komist að niðurstöðu. (**SvH:** Það er nú það sem þeir hafa tekið að sér samt.) Það er nú það sem þeir hafa tekið að sér, kallar hv. þm. fram í, og margt til í því.

Einnig er sagt í niðurstöðu félagafrelsisnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar varðandi Herjólfsmálið, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi minnir nefndin ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila er nauðsynlegt að hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og að niðurstaða gerðardóms skuli ekki fyrir fram ákveðin með lögum. Af þessum ástæðum telur nefndin að lögin eins og þeim er beitt gegn stéttarfélagi sem átti ekki beina aðild að umræddri deilu sé íhlutun sem takmarkar rétt stéttarfélaga til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur en slíkt er brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til almennra kjarasamninga. Nefndin biður því ríkisstjórnina að forðast í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lagasetningu."

Herra forseti. Vakin var athygli á þessum tilmælum félagafrelsisnefndar ILO hér í morgun af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að ítreka það að hæstv. ríkisstjórn sé minnt á þessi tilmæli félagafrelsisnefndar ILO, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem eru ekki eldri en frá 1995, ég held að niðurstaðan hafi fengist þá. Og í kjölfar þessarar umfjöllunar eru tilmæli nefndarinnar þau að hún vekur athygli kærenda og ríkisstjórnarinnar á þeirri meginreglu að jafnt atvinnurekendur sem og stéttarfélög skuli ganga til samninga í góðri trú og leggja sig fram um að ná samningi og að viðunandi samskipti aðila vinnumarkaðarins verði fyrst og fremst háð afstöðu aðila hvors til annars og gagnkvæmu trausti.

Í öðru lagi minnir nefndin ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila er nauðsynlegt að hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og niðurstaða gerðardóms skuli ekki fyrir fram ákveðin með lagaákvæðum og síðan segir í þriðja lagi að að teknu tilliti til þess að lögin á Herjólfsdeiluna, eins og þeim er beitt gegn stéttarfélagi sem átti ekki beina aðild að umræddri deilu, sé íhlutun sem takmarkar rétt stéttarfélaga til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur en slíkt er brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til almennra kjarasamninga. Og nefndin fer þess á leit við ríkisstjórnina að hún forðist í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lögum.

Herra forseti. Ég hef rakið nokkur tilvik sem ég tel renna stoðum undir þá kenningu mína að þessi lagasetning eins og hún er úr garði gerð, sama hvernig á hana er litið, geti ekki staðist alþjóðasamninga, félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

sem Ísland er bundið af og vísa þar til 74. gr. stjórnarskrárinnar, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98, og það má reyndar rekja fleiri ákvæði eins og ég gerði fyrr í máli mínu, m.a. í félagsmálasáttmála Evrópu og í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og í samningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Það er að mínu mati algjörlega augljóst að 3. gr. eins langt og hún nær, jafnvel þó að fallist yrði á að inngripið hafi verið heimilt, varðandi gildistíma og það hvernig hún í raun og veru bindur — við getum sett þetta þannig upp að 163 menn í Vélstjórafélaginu hafa samþykkt kjarasamning sem á að binda 6 þúsund manna hóp. Það segir sig sjálft, herra forseti, og ekki aðeins á þessi litli hópur manna að binda 6 þúsund manna hóp sem er í öðrum stéttarfélögum og í öðrum stéttarfélagasamböndum heldur á þessi binding að vara í fjögur og hálft ár. Það er því alveg augljóst af minni hálfu, herra forseti, að þessi íhlutun nær allt of langt jafnvel þó svo að einhver mundi telja hana heimila. Eins og ég hef rakið í máli mínu gengur þessi íhlutun lengra en brýna nauðsyn ber til, hún getur ekki fallið undir undantekningarákvæði 11. gr. mannréttindasáttmálans sem gæti heimilað slíka íhlutun, gildistíminn er lengri en nauðsyn ber til og síðast en ekki síst er gerðardómurinn ekki frjáls að niðurstöðu sinni, sem ég tel ekki standast þessi sömu ákvæði. Ég held að mjög mikilvægt sé að hið háa Alþingi hafi það í huga þegar við erum að fjalla um þetta mál hér hvaða eftirmála slík lagasetning gæti haft í för með sér.

Herra forseti. Ég rakti tilmæli félagafrelsisnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er ekki svo ýkja gömul, nokkurra ára gömul, en eigi að síður gengur ríkisstjórnin mun lengra í þessu frv. Það má kannski draga þá ályktun, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn taki ekki mikið mark á slíkum tilmælum frá alþjóðlegum stofnunum eða öðrum sem fjalla um þessi mál. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að við gerum það, herra forseti, og að við berum virðingu fyrir þeim alþjóðlegu samþykktum sem við höfum skuldbundið okkur til að hlíta og ég vil a.m.k. velta því upp hvaða þýðingu það mundi hafa fyrir Ísland og fyrir hróður íslenskra stjórnvalda út á við ef kæra mundi koma í kjölfar þessarar lagasetningar og fara fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina eða jafnvel Mannréttindadómstól Evrópu og hún færi á þann veg sem ég mundi spá að hún gerði, ef 3. gr. fer óbreytt í gegn á hinu háa Alþingi. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, herra forseti, að sú niðurstaða mundi verða okkur til lítils sóma, og tel mjög mikilvægt að við höfum það í huga þó að það sé ekki okkar hér að taka ákvörðun um það hvort slík lagasetning yrði kærð, það eru væntanlega sjómannasamtökin sem velta því fyrir sér hvort þau vilji gera það. En, herra forseti, skömmin yrði stjórnvalda og Alþingis að samþykkja svo mikla íhlutun í félagafrelsi og frjálsan samningsrétt sem þetta frv. ber með sér og ég ætla rétt að vona, herra forseti, að við berum gæfu til þess að koma í veg fyrir að það verði gert.

[14:38]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur verkfall sjómanna staðið í sex vikur og stjórnarmeirihlutinn hefur misst þolinmæðina. Það er forkastanlegt hvernig unnið er að málum á hinu háa Alþingi. Ég frétti af útbýtingarfundinum svokallaða úti á flugvelli á laugardagseftirmiðdag, engir tilburðir voru til að ná í þingmenn til að gefa þeim kost á að vera viðstaddir og tjá sig um málin, pukur og laumugangur og ekkert samráð var haft við stjórnarandstöðuna. Það er, virðulegi forseti, eins og hæstv. ríkisstjórn sé komin í þá stöðu að hún telji sig vera stjórnarbatterí fyrir verktakafyrirtæki úti í bæ en ekki samfélagið Ísland. Þetta eru vinnubrögð sem við getum engan veginn sætt okkur við og þau ber að fordæma og við getum ekki stutt frv. sem hefur aðkomu með þeim hætti.

Á laugardaginn bárust þær fréttir af viðtölum að það var mat mjög margra þá að núna væri fyrst farið að herða að mönnum og nú væri að koma grundvöllur fyrir samningum. Sumir voru að nefna tvo til þrjá daga, að ekki væri meira eftir í málinu. En þá er rokið til og komið með lög á sjómenn eina ferðina enn og hér er um stóralvarlegt mál að ræða. Við gerum okkur öll grein fyrir því að þrýstingurinn er gríðarlegur í samfélaginu. Þrýstingurinn er líka frá sjómönnum vegna stöðu þeirra, staða sjómanna er nefnilega í grunninn mjög döpur og verkfallssjóðir fjölskyldnanna sem bjóða upp á 15–20 þús. kr. á viku í verkfalli er auðvitað engan veginn nægjanlegt þannig að í röðum sjómanna er farið að sverfa að líka. Við gerum okkur fulla grein fyrir þessu og það eru ekki bara sjómennirnir í verstöðvunum heldur er það náttúrlega fiskvinnslufólkið sem þrýstir á menn, fer inn á hinar mórölsku taugar og gerir það að verkum að margir eru sáttir við það, heyrir maður, að ríkisvaldið grípi inn í og setji lög á sjómenn. Þetta heyrir maður úr röðum sjómanna, og það er fyrst og fremst þessi umgjörð sem er svo hörð og nöturleg fyrir sjómenn, fyrir samstöðuna til þess að heyja verkfall síðustu dagana þegar í raun og veru er komið að því að ná fram kjarabótum, ná fram réttindum, þá guggna menn á því, margir hverjir.

Staða sjómanna fyrir íslenska samfélagið er nefnilega stóralvarlegt mál. Á undanförnum árum hefur grunnkaup og kjör með lagainngripi algjörlega legið í láginni, smánarleg kjör sem sjómönnum er þannig boðið upp á beint, og síðan miðað við aðra í samfélaginu er þessi stétt þannig sett að öll mál eru upp í vindinn, slysatryggingamál, eftirlaunamál, frí-in. Þetta eru atriði sem gera það að verkum að fyrirsjáanlegt er að atgervisflótti verður úr stéttinni á allra næstu árum. Við höfum upplýsingar um að ungu fólki finnst ekki fýsilegra að fara í sjómennskuna en svo að nemendum fækkar stöðugt í Stýrimannaskólanum og í Vélskólanum líka, sem er tvímælalaust vísbending um það að ungu fólki hugnast ekki að fara í greinina. Það er náttúrlega vegna þess að það fólk sem gæti hugsað sér að fara í sjómennskuna lítur á afkomu og aðstöðu þeirra manna sem eru í sjómennskunni í dag og þá líta menn mjög mikið á eftirlaunamálin, réttindamálin, slysatrygginar og þess háttar þar sem hægt er að segja fjölmargar hræðilegar sögur af því hvernig málum er komið.

Í sjómennskunni hefur líka orðið gríðarleg breyting hvað varðar breytingu á fyrirtækjasamsetningunni í landinu. Menn upplifa atvinnuöryggi í allt öðrum dúr núna en fyrir 10, 15 árum. Mönnum er kastað á milli skipa, kastað á milli verstöðva og þetta hefur gríðarlegar afleiðingar á sjómennina og stöðu þeirra. Óöryggið er miklu meira en áður var og þetta þarf að koma inn í þennan kjarapakka.

Virðulegi forseti. Þess vegna er greinin í heild sinni þannig sett núna að íslenska samfélagið hefur ekki efni á öðru en að taka þetta verkfall og láta það taka þann tíma sem þarf til að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir greinina til framtíðar. Við náum engu með þessari lagasetningu núna. Það verður status quo sem gerir það að verkum að við uppskerum það sem til er sáð. Fækkun verður í Sjómannaskólanum áfram, menn sjá sér ekki hag í því að fara inn í þessa grein og það kemur

samfélaginu öllu í koll til lengri tíma litið og er raunar farið að gera það vegna þess að vöntun er í sumum starfsstéttum þar sem menn þurfa að vera með góða og mikla menntun.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að líða það að hæstv. ríkisstjórn komi fram með frv. sem bersýnilega gengur þvert á allar alþjóðasamþykktir um réttindi manna til að vera í félagasamtökum, grunnrétt manna til að heyja verkfall og ná fram réttindum sínum þannig. Ég sé ekki betur en að þetta frv. sé svo gallað og samsetningin á því sé þess eðlis að hæstv. ríkisstjórn með hæstv. ráðherra, sem fer með málaflokkinn, muni lenda á sakamannabekk hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni ef þetta verður látið ganga eftir eins og það er sett upp. Það er nú ekki gott til afspurnar að við á hinu háa Alþingi skulum ekki geta vandað betur til verka en svo að við stöndum að samþykkt frumvarpa sem bersýnilega brjóta í bága og eru í trássi við það sem samþykkt hefur verið á alþjóðagrundvelli.

Virðulegi forseti. Eins og málum er stillt upp með því að stofnaður verði gerðardómur ef ekki verður samið, þá erum við að gera þetta til það langs tíma að við erum að taka völdin af og raunar veikja sjómannasamtökin og náttúrlega líka samtök útgerðarmanna, LÍÚ, og það er fáránleg staða líka. Auðvitað mun staðan vera þannig að innan LÍÚ hafa menn meiri áhuga á því að slíkt sé gert heldur en innan sjómannasamtakanna. En það er í mínum huga alveg augljóst að ef þessu fer fram sem horfir, að hér verði binding til fjögurra og hálfs árs, þá munum við uppskera minni menntun sjómanna til framtíðar litið, flótta úr greininni og minni fagþekkingu, en við Íslendingar höfum státað okkur af því að vera í fremstu röð meðal þjóða í sambandi við fagþekkingu. Og það er staða sem við getum ekki liðið og þess vegna var það svo nauðsynlegt að hafa þolinmæði, halda ró sinni sennilega í 3–5 daga í viðbót vegna þess að verkfallið er farið að bíta. Þó svo að við gerum okkur grein fyrir því að staða sjómannsfjölskyldnanna er slæm, þær hafa ekki nema 15–20 þúsund á mánuði úr verkfallssjóði, þó að við gerum okkur grein fyrir því að staðan hjá sveitarfélögunum í sjávarplássunum er erfið, þó að við gerum okkur grein fyrir því að staða fiskverkafólks sé erfið um stundarsakir meðan þetta ríður yfir, þá var það svo nauðsynlegt að í þetta eina skipti gætum við borið gæfu til þess að láta reyna á samninga milli aðila á eðlilegum nótum.

Virðulegi forseti. Ég er andvígur þessu frv. eins og ég hef sagt. Það hefur verið farið efnislega yfir frv. af öðrum hv. ræðumönnum þannig að ég sé ekki ástæðu til að gera það, en ég hef miklar áhyggjur af stöðu sjómannastéttarinnar ef þetta á að ganga fram á þennan hátt. Það er mál sem við erum ekki búin að bíta úr nálinni með, eins og ég segi, og þetta er til stórtjóns til lengri tíma litið.

[14:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu og fyrir hana spunnust töluverðar orðræður um tildrög þess að frv. var deilt hér út á sérstökum útbýtingarfundi. Við í stjórnarandstöðunni lýstum vonbrigðum okkar með að við fengum ekki að vita af þessu, þetta var gert í skjóli mikillar leyndar.

Og nú langar mig til þess að spyrja hv. þm., vegna þess að hann er líka einn af hæstv. forsetum þessa þings: Var það virkilega svo að forsetar stjórnarandstöðunnar voru líka leyndir því hvað stóð til að gera? Ég spyr, herra forseti, vegna þess að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lýsti því hér yfir í ræðu sinni áðan að hann hefði verið staddur á flugvelli þegar til hans náðist og honum greint frá því að hér ætti að fara fram útbýtingarfundur. Var það þá þannig að ákvörðunin um þennan fund var einvörðungu tekin af hæstv. forseta Halldóri Blöndal en aðrir forsetar fengu ekki að vita hvað til stóð?

[14:50]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu minni að ég var staddur á flugvelli já, þegar mér var gerð grein fyrir því, ég hringdi hér inn í þingið og fékk upplýsingar um að það yrði útbýtingarfundur en hins vegar vissi ég ekki hvað stóð til að gera, hverju stóð til að dreifa.

Það er náttúrlega þannig að þegar um svona stórt mál er að ræða, mál af þessari stærðargráðu, þá átti auðvitað að kalla saman a.m.k. formenn þingflokkanna og kynna þeim málið fyrir útbýtingarfund og hvað til stæði að gera, og það er það sem menn hafa harðlega gagnrýnt varðandi málið. En ég var sem sagt staddur á flugvellinum og fékk reyndar góðar upplýsingar á flugvellinum vegna þess að þar voru samningamenn bæði útvegsmanna og sjómanna og þaðan hef ég þær upplýsingar eða þá tilfinningu að með því að halda þolinmæðinni í 3–5 daga í viðbót hefðu samningar náðst.

En ég held að við séum öll sammála um það hér að varðandi þennan útbýtingarfund í miklu hasti, þá vissu menn almennt ekki hvað átti að gera á þeim fundi eða hverju átti að dreifa.

[14:51]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna ummæla hv. þm. um útbýtingarfund á laugardag er rétt að endurtaka það sem forseti þingsins sagði hér við upphaf þingfundar að það var tilkynnt um það á föstudegi að búast mætti við útbýtingarfundi á laugardegi og hann var með hefðbundnum hætti.

[14:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Út af þessu síðasta sem hæstv. forseti sagði þá held ég því hiklaust fram að sá útbýtingarfundur hafi ekki verið með hefðbundnum hætti.

(**Forseti** (GuðjG): Það er rangt.)

Á þeim fundi var verið að dreifa málgagni sem þingmenn höfðu enga hugmynd um að yrði dreift. Mjög mikilvægt mál var á ferðinni og ég veit ekki betur en að þingið og forsetadæmið hér á þinginu hafi hingað til séð til þess að þingmenn vissu af slíkum málum. Meira að segja á áætlunum, vikuáætlunum er talað um mál, svona helstu mál sem eru til meðferðar á þinginu fram í tímann, og ég man ekki eftir því þennan tíma sem ég hef verið hér að útbýtingarfundir hafi verið notaðir með þeim hætti sem hér er um að ræða, að mjög umdeildu máli hafi verið dreift og ekki hafi verið látið vita af því að það ætti að dreifa því. Á meðan annað kemur ekki skýrt fram og er sannað þá held ég mig við það að þarna hafi verið rangt að verki staðið og reyndar geri ég það, hvort sem menn finna dæmi um þetta eða ekki, vegna þess að það er mjög óeðlilegt að svona mikilvægt mál fái ekki þá bestu kynningu sem mögulegt er.

En auðvitað er ástæðan sú að með mikilli skyndingu voru þingmenn stjórnarflokkanna kallaðir saman til að gera þeim grein fyrir því að þeir ættu að styðja þetta mál. Og eins og venjulega brugðust þeir jákvætt við og hafa lagt það á sig að greiða fyrir því að málið færi til afgreiðslu í þinginu því

að þeir bregðast nú yfirleitt ekki þeim boðum sem þeim eru send.

En það er ekki eins og Alþingi Íslendinga standi núna í fyrsta skipti frammi fyrir því að sett séu lög á sjómenn. Þess vegna er ástæða til að velta því svolítið fyrir sér hvernig standi á þessu. Eru þessar stéttir, sjómenn og útvegsmenn, af einhverjum ástæðum ófærar um að leysa sín mál? Eru þetta menn sem kunna ekki til verka, er þetta fólk sem ætti að vera í einhverju öðru en að vera í forsvari fyrir sín samtök? Nei, það er ekki þannig og ég lýsi ekki yfir neinu vantrausti á neinn af þeim sem eiga aðild að þessari deilu, hvorki sjómenn né útvegsmenn.

En ástæður fyrir því að þessir aðilar ná ekki saman í samningum eru hér inni á Alþingi og þær ástæður eru þrjár. Í fyrsta lagi eru þau miklu átök milli útvegsmanna og sjómanna nánast jafngömul kvótakerfinu. Það var ekki fyrr en eftir að eignarhaldið á kvótanum var farið að hafa þau áhrif sem það hefur haft sem misklíðina milli sjómanna og útgerðarmanna var ekki hægt að leysa með þokkalegum hætti. Áður gátu menn leyst sín mál. Það er ástæða til að menn skoði þetta vandlega og ástæða til að gagnrýna fjölmiðla fyrir það þar sem þeir hafa kastað ábyrgðinni bókstaflega á viðsemjendurna, með margs konar hætti í viðtölum við útvegsmenn og sjómenn. Ekki hefur verið dregin athygli að hlut Alþingis í þessu máli sem hefur búið til þetta vandamál með því að gera útgerðarmenn að eigendum kvótans og gera þeim kleift að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum með ýmsum hætti og út af því hefur stór hluti af þessari misklíð verið til margra, margra ára.

En svo eru það verðlagsmálin. Þau eiga líka rætur hér í Alþingi. Hér hafa menn ekki viljað taka á því að skilið verði á milli veiða og vinnslu á þann hátt að atvinnurekstur í sjávarútvegi búi við sams konar umhverfi og gerist annars staðar í þjóðfélaginu. Að menn geti ekki verið að verðleggja hráefnið til sín á einhverju allt öðru verði en markaðurinn segir til um. Á þessu hafa menn ekki viljað taka á hv. Alþingi. Þetta er hin stóra ástæðan fyrir því að sjómenn og útvegsmenn hafa ekki getað náð samningum.

Og þriðja ástæðan er sú að þegar menn fóru að grípa inn í deilurnar hvað eftir annað — þá varð hún til — mátti alltaf og má alltaf búast við inngripum frá hv. Alþingi. Það er ekki hægt að semja öðruvísi en að búast alltaf við inngripum frá hv. Alþingi. Þetta eru þær þrjár ástæður sem valda því að ekki er hægt að semja í friði um þessi mál og ekki hefur tekist að leysa þau.

Ég hélt á tímabili að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að þreyja þorrann og góuna og láta menn klára eina samninga, en það var nú ekki aldeilis að það yrði. Og þá kem ég aftur að því hvernig lokin ber að og það eru sömu ræturnar sem hægt er að vísa til. Hverjir voru það sem sömdu við útvegsmenn? Það voru forsvarsmenn Vélstjórafélagsins og Helgi Laxdal í broddi fylkingar, sá eini af forustumönnum sjómanna sem hefur opinberlega stutt kvótakerfið allan tímann. Það kann að vera tilviljun en mér finnst svo ekki vera í gegnum tíðina. Og það hefur verið þannig allan tímann að átökin um þetta kerfi hafa kristallast í samningum sjómanna og útvegsmanna og munu auðvitað gera það áfram á meðan menn leysa ekki vandamálin hér á hv. Alþingi.

Ég ætla að benda mönnum á að það er ekkert smávegis sem er á ferðinni. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá því 26. sept. í fyrra kemur fram hver munurinn er á heildaraflaverðmæti þorsks, ýsu, ufsa og karfa miðað við að allur fiskur færi á markað. Fram kemur að sá munur var 3,5 milljarðar árið 1995 en hefur verið að vaxa og er orðinn 6,5 milljarðar á árinu 1999. Ekki þarf að undra þó að átök séu á milli útvegsmanna og sjómanna þegar svona hagar til, þegar bara það sem fellur milli skips og bryggju getur verið mismunur upp á þetta. Menn verða auðvitað að hafa það í huga að menn vita svo sem ekki hvert markaðsverð yrði ef allur fiskur færi á markað. En það er a.m.k. klárt að þarna eru á ferðinni gífurlegar upphæðir sem eru í rauninni í andstöðu við alla samninga sjómanna við útvegsmenn þar sem það liggur fyrir alveg skýrt og klárt að það á að fá hæsta verð fyrir afurðirnar og að sjómenn eiga að fá skipti úr hæsta verði. Það hafa útvegsmenn skrifað undir, það liggur fyrir skýrt og klárt. Og skyldi einhvern undra þó að vandræði séu að eiga við þetta?

Svo er hitt málið að ævinlega hafa sumir útgerðarmenn, ekki allir en ýmsir, haft þau ráð síðan kvótakerfið var tekið upp að láta sjómenn með ýmsum ráðum taka þátt í því að fjármagna veiðiheimildir sem þeir kaupa eða leigja til sín. Þessu hefur ekki heldur verið tekið á.

Þess vegna er alveg með ólíkindum að hlusta á hæstv. sjútvrh. og fleiri forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar vera nánast að senda viðsemjendunum sem eiga hlut að þessari deilu hnúturnar. Að þeir hafi ekki getað klárað mál sín, í staðinn fyrir að líta í eigin barm og velta því fyrir sér hvernig væri hægt að leysa og liðka fyrir þessum málum.

Á undanförnum árum hafa menn gripið til ýmissa ráða sem hafa öll verið miðuð við að viðhalda þessu ástandi með einhverjum hætti og hafa þess vegna mistekist. Auðvitað mun aldrei neitt annað duga en að það komi fram markaðsverð á fiski sem verði til með eðlilegum hætti í viðskiptum milli aðila og sjómenn fái skipti út úr því markaðsverði og að veiðiheimildir gangi til útgerða þannig að allt sé þar uppi á borðum.

Auðvitað verða hlutirnir að gerast þannig en hér á hv. Alþingi hefur verið samstaða í þessum hópi um að verja þetta umdeilda og óeðlilega eignafyrirkomulag þar sem útgerðarmenn hafa ígildi eignar í höndum sínum á auðlind þjóðarinnar. Mér er nær að halda, vegna þess að þetta mál hefur ekki mikinn stuðning úti í þjóðfélaginu, að varla muni vera hægt að finna í 63 manna hópi meiri stuðning við þetta fyrirkomulag nema helst á aðalfundum LÍÚ því að menn hafa verið svo trausti rýrðir hvað þetta varðar að þjóðin hefur alltaf verið meira og minna á móti þessu fyrirkomulagi. En á Alþingi hafa menn alltaf haft meiri hluta fyrir því að halda því áfram.

Menn virðast ekki láta sér detta í hug að líta í eigin barm og velta því fyrir sér hvort það sé í takt við eðlilega lýðræðishugsun að reka þetta fyrirkomulag ofan í kokið á þjóðinni ár eftir ár.

Þá kemur að spurningunni: Gátu þessir aðilar leyst sín mál núna? Það er skoðun mín að þeir hefðu getað það ef stjórnvöld hefðu ákveðið það og staðið við að láta málið í friði. Hvers vegna lá mönnum allt í einu svona óskaplega á? Um leið og fyrsti samningurinn er orðinn til þá er byrjað að tala um að setja lög. Áttu menn ekki að fá einhverja daga til að melta það sem hafði gerst í samningunum til að reyna nú að leysa sín mál? Nei, nei, það var strax farið að tala um að nú væri tíminn orðinn stuttur og nú yrðu menn að fara að taka á málum með lagasetningu. Og ekki leið á löngu þangað til lögin birtust.

Ef hæstv. ríkisstjórn hefði staðið í lappirnar og hæstv. ráðherra hefði lýst því yfir að það kæmi ekki til greina, nú

lægi fyrir einn samningur og hinir tveir hlytu að geta komið, þá hefðu aðilar kannski sest í alvöru yfir að klára þetta. En það var ekki mikil alvara í málinu. Það var enginn áhugi á að klára málið frá hendi útvegsmanna. Það kom skýrt fram. Þeir hafa engan áhuga á því að fresta þessu verkfalli núna til að freista þess að ná samkomulagi við þá sem eftir eru í deilunni. Það hefur komið hér fram. Þeir hafa engan áhuga á því. Það segir sína sögu um það að þeir vilja bara fá þessa lagasetningu.

Síðan er það með algjörum ólíkindum hvernig menn ætla að standa að þessu á hv. Alþingi. Fjögurra og hálfs árs samningar skulu verða búnir til með gerðardómi. Hv. þingmenn, sem voru að fá úrskurð Kjaradóms í launamálum sínum fyrir nokkrum dögum og fá hann árlega, ætla að setja gerðardóm á sjómenn sem á að duga í fjögur og hálft ár. Það er fínt.

Menn koma jafnvel upp í ræðustól í hv. Alþingi og segja að þessi ferill allur sé að rústa samtök sjómanna en eru samt tilbúnir að standa að því sjálfir, ætla að keyra þetta í gegn.

Þetta er náttúrlega algjörlega óboðlegt. Því miður er ekki hægt að brosa að neinu sem er hér á ferðinni. Ég held að það sé algjört lágmark að hv. þm. hugsi sig um og taki út úr frv. þau fyrirmæli sem eru þarna inni um það hvernig gerðardómurinn eigi að vinna og leyfi honum að vinna í friði ef hann verður til. Sæmast væri mönnum að draga þetta þingmál til baka eins og skot og þingið ætti auðvitað að senda þau skilaboð: Setjist að samningaborði og klárið mál ykkar. En það verður nú ekki gert, það er auðséð. En út úr þessu frv. hljóta menn að taka fyrirmæli af þessu tagi. Það er gjörsamlega fráleitt að hafa þetta svona.

Það getur vel verið að þeir sem eru orðnir vanir að setja lög á kjaradeilu sjómanna séu orðnir þreyttir á því, séu ánægðastir með það að geta haft þetta nógu langt í einu, það er þá sjaldnar sem þarf að berja þetta niður. Er það þannig sem menn hugsa í sölum Alþingis? Ekki er mikil virðing borin fyrir þeim leikreglum sem eru hafðar yfirleitt í lýðræðisríkjum þar sem menn virða samningsrétt og gefa gefa mönnum frið til þess að nýta sér lágmarksmannréttindi sín.

Í sölum Alþingis ættu menn að hafa augun opin fyrir því hvernig Alþingi ber ábyrgð á þessari deilu. En hér er verið að berja sjómenn með lagasetningu sem er meira og minna til komin vegna þess að menn hafa ekki unnið vinnuna sína um borð í þessu skipi.

Þetta eru auðvitað bolabrögð sem eru ólíðandi. Mér finnst að hv. alþm. þyrftu að halda ró sinni svolitla stund og hugsa sig um hvernig væri hægt að komast frá þessari vitleysu.

Það er ekki björt framtíð þessarar atvinnugreinar hvað samskiptin varðar milli þeirra sem vinna í henni eins og hér er orðið ofan á og búið að vera undanfarin ár. Alþingismenn bera auðvitað alfarið ábyrgð á því. Það mál sem hefur verið nefnt fyrr í umræðunni, þ.e. endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða þar sem ætti að taka á og sætta þjóðina með einhverjum hætti við það hvernig þeim málum verði stjórnað í framtíðinni, hlýtur að vera dregið inn í umræðuna vegna þess að uppruni vandans er þar að stórum hluta til. Það er annað af tveimur stærstu málunum sem er á bak við deiluna. En það bólar ekki á því að menn ætli þar að taka á af neinni ábyrgð. Nefndin, þessi svokallaða nefnd sem endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða, er ekki að gera nokkurn skapaðan hlut. Mér er kunnugt um það. Ég á sæti í þeirri nefnd. Ég hef ekki verið plagaður af því að vinna í þeirri nefnd síðan ég tók þar sæti. (**SvH:** Segðu okkur eitthvað frá því. Hvernig er það?) Ég get sagt ykkur að frá því að ég tók við sæti af Sighvati Björgvinssyni eftir áramótin í vetur hafa verið haldnir tveir fundir í nefndinni. (**SvH:** Já.) Tveir fundir, strangir fundir. Þeir voru strax í upphafi eftir að ég tók sæti. En þeir voru svo erfiðir að síðan hafa engir fundir verið haldnir. (**Gripið fram í:** Það er hraði snigilsins, Sverrir.) Ég held að enginn snigill mundi viðurkenna að þetta væri sá hraði sem hann færi á því þetta er algjör kyrrstaða. (**SvH:** Hefurðu beðið um fund í nefndinni?) Hæstv. forseti. Ég hef spurt eftir því hvort það eigi að fara að halda fund í nefndinni. Ég hef spurt eftir því hvað hafi verið að gerast í þeim málum sem nefndin á að fást við. Og svörin hafa verið ákaflega óljós og loðin.

En ég vil taka það fram til að sannleikanum sé haldið til haga að ég hef verið boðaður á nokkra fundi í nefndinni en jafnóðum verið afboðaður og boðaður nýr fundur og frestað og afboðað aftur. (**SvH:** Nú, það er þá dálítið um að vera.) Já, hæstv. forseti, það er töluvert um að vera, virðist vera, en það, sem er um að vera fer ekki fram á fundum í nefndinni.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með að við skulum standa í þeim sporum sem við stöndum hér í, þar sem við erum að ræða um að setja lög á sjómenn. Ég verð að segja alveg eins og er að í jafnumdeildu máli og þessu, þegar hv. stjórnarþingmenn virðast vera búnir að samþykkja það vegna tillögu hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar, að troða ofan í kokið á sjómönnum, aðilum Sjómannasambandsins og aðilum Farmanna- og fiskimannasambandsins, samningi sem gerður hefur verið við einn aðila, þ.e. Vélstjórafélagið, sem viðmið við þann samning eða þau kjör sem gerðardómur eigi að ákvarða hinum hluta sjómannastéttanna finnst mér vera fyrir neðan allar hellur. Ég tel að í meðferð þingnefndarinnar og þá í framhaldi af meðferð málsins í hv. Alþingi, hljóti menn að hvarfla frá þessu. Það komi bara ekki annað til greina. Menn eru ekki bara að kalla yfir sig að hafa tekið félagsleg réttindi af sjómannastéttinni eins og hún leggur sig í fjögur og hálft ár heldur eru menn að kalla yfir sig dóma í máli erlendis frá þar sem menn hafa svo sem ýmsa fjöruna sopið áður. En ætla menn aldrei að læra af þessu? Ætlar hv. Alþingi alltaf að vaða fram ef hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar dettur eitthvað í hug og samþykkja sífellt frá þeim tillögur þó að þær séu með þeim hætti sem við sjáum hér sem virðist, a.m.k. við fyrstu sýn og ef sanngirni er höfð í brjósti manna, mjög óeðlilegt að verði látnar ganga yfir sjómenn.

Ég held þess vegna að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem bera einhverja virðingu fyrir Alþingi og starfi sínu þar hljóti að velta þessu máli betur fyrir sér og setja mönnum þá það að ganga þannig frá að það sé a.m.k. hægt fyrir sjómenn að taka við niðurstöðu gerðardómsins með einhverri reisn, að það sé skilið eftir handa þeim einhver mannleg reisn út úr þessu samningaferli.

Eða er það þannig að hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi vilja bara fá sjómannastéttina gjörsamlega upp á móti Alþingi og upp á móti þeirri niðurstöðu sem kemur út úr þessum gerðardómi? Enginn veit hvað það getur haft í för með sér. Það má lengi brýna deigt járn svo bíti. Það er ekki eins og verið sé að setja í fyrsta skipti lög á sjómenn.

Eina sem virðist hafa bitið á hv. alþingismenn og hv. ríkisstjórn er sú gagnrýni sem kom fram í vetur þegar síðasta tilraunin var gerð hér og lamið í gegn lagafrv. sem gekk út á það að menn töldu upp öll þau tilbrigði að lögum á sjómenn sem hefðu verið sett á undanförnum árum. Þetta virðist hafa

haft þau áhrif að nú lengja menn bara í því svo þeir þurfi ekki að gera þetta eins oft. Það eru fjögur og hálft ár núna. Hvers vegna ekki tíu ár? Af hverju ekki að klára þetta bara þannig að menn þurfi ekkert að vera að standa í þessu nema einu sinni þann tíma sem þeir sitja á Alþingi? Hver eru rökin fyrir þessu? Jú, að í vélstjórasamningnum hafi gildistíminn verið fjögur og hálft ár.

Það eru ekki merkileg rök þegar á að grípa til lagasetningar á hv. Alþingi að miða við einhverja samninga sem hafa verið gerðir og samþykktir af 160–170 mönnum í einni atvinnugrein þar sem eru 6.000 manns. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað gjörsamlega ótækt.

Ég ætla svo sem ekki að hafa ræðu mína miklu lengri í þetta skiptið. Mér finnst afar dapurlegt að þurfa að halda svona ræðu hér eins og ég taldi mig knúinn til að gera. En ég held að hv. alþm., sem bera á þessu ábyrgð, hljóti að verða að koma til umræðunnar og útskýra fyrir hv. Alþingi og þjóðinni, sem fylgist auðvitað með þessu, úr því þeir telja sig nú knúna til að standa að þessari lagasetningu, af hverju þeir þurfa að gera þetta svo naglalega sem hér er gert. Hvers vegna eru menn ekki tilbúnir til þess að reyna að gera þetta þannig að allir aðilar geti unað við þetta þannig að þeir haldi sæmilega virðingu sinni?

Þetta skulu nú vera lokaorð mín núna, hæstv. forseti.

[15:17]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Mér var að berast í hendur bréf sem á erindi hingað og raunar til alþingismanna allra og sér í lagi til alþingismanna Reykjavíkurkjördæmis. Það er áskorun sem LÍÚ hefur tekið að sér að koma á framfæri við okkur. Með leyfi forseta, les ég þetta upp:

„Áskorun frá almennum félagsfundi í Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, sem skorar á Alþingi og þingmenn Reykjavíkur að hvika hvergi frá þeim lögum sem sett hafa verið um kvótasetningu smábáta. Fundurinn hvetur þingmenn Reykjavíkur til að láta ekki undan óbilgjörnum kröfum smábátaeigenda. Annað stríðir gegn réttlætisvitund okkar sem í greininni störfum."

Robespierre hinn franski, stórtækasti morðingi sögunnar, sem sendi tugþúsundir landsmanna sinna undir fallöxina, var af því kunnur að enda ræður sínar á því að tala um dyggðina. Hérna er það réttlætiskenndin sem er á oddinum. Nema hvað. Þegar smábátaeigendur vilja bjarga lífi sínu og heilla landshlutanna þá neitar réttlætiskennd þessara herra að viðurkenna lífshagsmunabaráttu þeirra.

Ég var ekki viss um að þetta kæmist, herra forseti, inn í þingtíðindin með öðrum hætti en ég læsi þetta upp hér.

Leidd hafa verið að því skýr rök að það lagafrv. eða þau lög sem til stendur að setja hér, muni e.t.v. brjóta í bága við alþjóðalög, sem við erum bundin af. Og jafnvel stjórnarskrána. En menn skulu ekki gera sér háar vonir um að því verði skeytt þótt það brjóti í bága við stjórnarskrána.

Hvaða dæmi höfum við um viðbrögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forsrh. sérstaklega? Þegar þannig hefur staðið á eins og stóð á vegna öryrkjadómsins þá voru sett ný lög. Það var ekki í fyrsta skipti sem sett voru ný lög. Það voru líka sett ný lög vegna kvótadómsins frá 31. des. 1998. Því verður auðvitað haldið áfram.

Menn hafa rætt um vinnubrögð á hinu háa Alþingi. Ég þóttist sæmilega þingvanur frá fyrri og nýrri tíð en ég kannast ekkert við þau vinnubrögð sem hér voru höfð í frammi. Það hefur aldrei hent mig fyrr að hlusta á það að fundur væri boðaður í Alþingi án þess ég væri látinn um það vita og þurfa að heyra það í útvarpsfréttum.

Auðvitað er það hrein markleysa hvernig að vinnubrögðum er staðið. Verst þykir mér að gamall fóstbróðir minn, Halldór Blöndal, skuli ekki sitja í forsetastóli því ég á erindi við hann. Mér virðist hann nefnilega hafa numið hið sama og Þorgeir Hávarsson nam af móðurknjám, að góður drengur léti aldrei af sér spurjast að hann kysi frið ef ófriður væri í boði. (Gripið fram í.)

Hér er ekki reynt að ná neinu samkomulagi. Hér eru menn ekkert að vinna saman. Hér kjósa menn ófriðinn og þá er að taka þeirri áskorun. Þá er að taka þeirri áskorun. Þeir skeyta ekki einu sinni um að fara með siðferðilegum aðferðum fram í hegðan sinni. Lagabrotin virðast blasa við og það er alveg sjálfsagt og öruggt mál að ákvæði sem að þessu lúta verða elt uppi með lögsókn. Þeim verður ekki hlíft, þessum herrum, sem haga sér þannig.

Þegar menn hafa verið að tala um að samningar kynnu að takast milli sjómanna og viðsemjenda þeirra þá hefur sá sem hér stendur aldrei lagt minnsta trúnað á það. Af hverju ekki? Hverjar eru staðreyndir síðustu 12–14 ára eða svo? Er það rétt hjá mér að þann tíma hafi sjómenn verið samningslausir í meira en sex ár? Hverjum dettur það í lifandi hug að LÍÚ-fósarnir fari að semja nú á þessum hálfa mánuði til 1. júní, sem á að gefa þeim þennan málamyndafrest, vitandi hvaða lög taka gildi þá? Hvers konar barnaskapur er þetta? Hvers vegna er verið að bjóða fullorðnum mönnum upp á þetta? Það er eins og þau séu að umgangast fávita eða óvita.

Ríkisvaldið hefur ævinlega dregið útvegsmenn að landi, ekki nóg með að setja lög um fiskveiðistjórn þar sem örfáum fósum er gefinn lunginn úr íslenskum auðæfum. Heldur hafa þeir ævinlega gripið, hér um bil ævinlega, fram í samninga, frjálsa samninga sjómanna og viðsemjenda þeirra. Það vissu LÍÚ-mennirnir allan tímann að mundi gerast. Þeim datt aldrei í hug að semja. Það var ekki fyrr en fóstbróðir, handbendi og attaníoss formanns Framsfl. var kallaður á vettvang, framsóknarmaður, formaður vélstjóra, til að gera þann málamyndasamning og hrinda málunum þannig af stað.

Þetta gera sér allir sjómenn ljóst og sömdu þannig að nú á að festa þann samning í lög.

Það er þyngra en tárum taki að lesa sig í gegnum þessi ólög sem menn eru hér að fara að setja þar sem í handjárn er verið að setja heila stétt.

Því hefur verið haldið fram, það kann að vera rétt, þótt ég leggi engan trúnað á það, að menn hafi verið á samningabuxum í marsmánuði þegar gripið var inn í deiluna með frestun verkfallsins vegna loðnukvikindanna sem verðlítil voru orðin. Ég lagði aldrei trúnað á það af því sem það blasir við að útvegsmenn mundu aldrei semja með ríkisvaldið á bak við sig sem þeir vissu, þrátt fyrir allar yfirlýsingar, að mundi koma til skjalanna þegar á þyrfti að halda.

Það er svo önnur saga og lengri sem ég ætla ekki að hafa hér uppi, spurningin um í hvaða stöðu útvegsmenn eru til þess að semja yfirleitt. Því hefur verið gaukað að mér að útvegsmenn þyrftu helst á því að halda núna að fá verulegar kjarabætur frá sjómönnum því nú gera þeir upp fyrirtæki sín eftir að hafa starfað undir besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi með bullandi halla.

Hver eru aðaldeilumálin sem eru uppi svo ég nefni málið um fiskverðsmyndun? Þeir sem gera út skip sín og kaupa aflann sjálfir, þeir gera upp við skipverja sína á nærri helmingi

lægra verði en aðrir fá, sem selja á frjálsum markaði eða þessum 60% sem var verið að tala um í sjávarauðlindaþættinum í útvarpinu áðan. Var það ekki framsóknarvélstjórinn sem samdi um að einn fimmti af því skyldi nást nú í samningum hans? Einn fimmti.

Með þessum lögum, ef lög skyldi kalla, þessum ólögum er verið að setja á gerðardóm. Og hvernig er það gert? Það er gert með þeim hætti að setja gerðardómnum fyrir hver niðurstaða hans og úrskurðir skuli vera. Það á að taka mið af þeim dæmalausa framsóknarsamningi sem gerður hefur verið. Hvaða menn taka að sér gerðardómsstörf þar sem til er ætlast af þeim að þeir hafi eingöngu leyfi til að ljósrita samning Helga Laxdals?

Ég hef starfað í gerðardómi og mér er fullkunnugt um hvernig tilurð þeirra verður. Gerðardómur á að kveða upp úrskurð sinn og hann gerir það eftir að aðilar máls hafa flutt sitt mál fyrir honum og gefið skýringar, eftir að hann og gerðardómsmenn hafa kynnt sér ítarlega alla málavexti. Gjarnan er það svo í þriggja manna dómi til að mynda, að aðilar hafa hver sinn fulltrúa og svo oddamann til úrskurða. Hér eru að vísu fleiri sem eiga hlut að máli því nú eru sjómenn alveg klofnir í herðar niður. En að setja gerðardómi þannig fyrir er alveg óþekkt fyrirbrigði fram að þessu.

Hv. síðasti ræðumaður, Jóhann Ársælsson, vék margsinnis að því hvort menn ætluðu virkilega ekki að ná áttum. Hvort menn ætluðu virkilega að setja slík ólög. Að minnsta kosti í orði kveðnu batt hann einhverja von við að þeir mundu ekki gera það. Á hverju byggir hann þá von, að ég ekki segi trú, sem hann getur ekki haft á þessu? Það stendur sannfæring allra sem fylgst hafa með valdhroka þessarar ríkisstjórnar til þess að engu verði í þessu breytt. Að þeir muni binda þá í nærri hálfan áratug, sjómenn.

Við höfum fylgst með því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur umgengist lög og dóma. Menn hafa ótalmörg dæmi. Þeir hafa gengið á skítugum skónum yfir niðurstöður og dóma Hæstaréttar. Það hafa þeir gert oftar en einu sinni. Þeir hafa sett lög sem gengu þvert á þá dóma. Hvar er ein þjóð stödd ef þannig á þetta að ganga til, ef valdhafarnir skeyta ekki um skömm né heiður, en brjóta sjálfir það lagakerfi og dómstólakerfi sem er undirstaða þess að lýðræði og þingræði fái lifað hér og dafnað?

Auðvitað er hastarlegt til þess að vita að þessir fósar skuli hafa heilu þingflokkana eins og hunda í bandi sem mjamta aldrei kjafti hvernig sem að þeim er vikið. Og þeir eru dregnir eins og fé til slátrunar í hvert eitt skipti.

En mér er spurn og þessa spurningu hef ég aldrei lagt fyrir lengst af minni ævi og síst í sporum löggjafa: Hvar lendir það ef þannig hafast höfðingjarnir að? Skyldu ekki hinir ætla að þeim leyfist að hafa lög að engu? Að ég tali ekki um ólög sem hér eru til umræðu?

Sjómenn og samtök þeirra eiga líf samtakanna sinna að verja og nauðsyn er líka talin brjóta lög.

Það kann að vera of seint fyrir þá að búast um nú til að brjóta þessi ólög á bak aftur. En koma tímar og koma ráð. Ef ég ætti að ráðleggja þeim eitthvað, fulltrúi á löggjafarsamkundunni, mundi ég segja við þá: Búist um rammlega og veljið ykkur daginn að ganga í land allir sem einn þegar verst stendur á fyrir þessum fósum. Menn hafa vikið sér að mér, fleiri en einn og fleiri en tveir, heilu sendinefndirnar hafa gengið á minn fund og spurt: Eigum við ekki að brjóta kvótalögin, eigum við ekki að sækja sjó eins og hugur okkar stendur til, eins og nauðsyn raunar ber til, til þess að við megum bjarga afkomu okkar og byggðarlögum? Ég hef aldrei treyst mér til annars en að svara því með einu móti, að ég gæti ekki annað en mælt gegn því. En nú er nóg komið, nú er alveg nóg komið. Hvers vegna skyldi ég fara að virða einhvers lagasetningu eins og þessa hér? Hvers vegna í ósköpunum skyldi ég gera það? Og allt er þetta, um frest til að gera frjálsa samninga, fram sett af hreinu yfirvarpi og hræsni til að villa um fyrir mönnum. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. sérstaklega kemur helst aldrei til skjalanna eins og hann er klæddur heldur með tómu yfirvarpi, falsi, hræsni og blekkingum eða beinum lygum.

Það er ekkert hægt að kveða of fast að orði um þessa kóna, hæstvirta. Það væri maklegt nú á síðustu dögum þingsins að við lengdum þessa umræðu ærlega með því að bera fram vantraust á hæstv. ríkisstjórn vegna þessa máls og ótal annarra mála eins og að þeim hefur verið unnið. Gegn þessu frv. verða allir heiðarlegir menn að snúast af fullri einurð og fullri hörku og reyna að vekja þjóðina til vitundar um hvað er hér á ferðinni í umgengni við lög og í viðskiptum við löggjafarsamkunduna sjálfa sem á að fara með æðsta valdið. Auðvitað vinnum við engan lokasigur á þessum berserkjum eins og þeir ganga um garða nema með atfylgi kjósandans. Þeir þurfa einu sinni ærlega að hitta sjálfa sig fyrir, þessir herramenn. Ég, satt að segja, treysti íslenskum sjómönnum einna best til þess að sýna þeim í þá heima.

[15:33]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Mikil sýndarmennska hefur átt sér stað við þessa umræðu. Á sviðið hafa komið engilþvegnir menn, til að mynda hv. þm. Jóhann Ársælsson og háttvirtur, fyrrum virtur, þingmaður Sverrir Hermannsson sem hefur lifað tímana tvenna og talað tungunum tveim á langri tíð á hv. Alþingi. Tunga hv. þm. hefur á þeim áratugum sem hann hefur átt sæti á Alþingi farið marga hringi eins og hver annar vindhani og er ekki til eftirbreytni. Að ráðast á þingmenn og brigsla þeim um beinar lygar og hræsni ætti síst að koma úr munni hv. þm. Sverris Hermannssonar því hann hefur ekki efni á því. Það er sorglegt að hlusta á mætan mann eins og Sverri Hermannsson koma hér með kvöldvökuspjall í máli sem þessu og reyna að slá sig til riddara á kostnað annarra. Það er sorglegt að velja sér þann kostinn sem hv. þm. hefur valið.

Hvað er hv. þm. að ráðast á réttlætiskennd útvegsmanna frekar en annarra manna sem vinna í þessu landi? Ætli hv. þm. hitti ekki sjálfan sig fyrir sem fyrrverandi útvegsmann og stórkapítalista? Rétt væri að huga að speglinum um leið og menn gefa frá sér tístið. Það er óboðlegt, í umræðum um mál eins og hér er til umræðu, að koma fram með málflutning sem hæfir best á flóamarkaði. (**ÖJ:** Þú hefur verið að hefja málið upp.) Haf þú hljótt um þig, hv. þm., og hafðu einu sinni vit á því að loka á þér þverrifunni. (**ÖJ:** Mjög málefnalegt.) Það er nefnilega nákvæmlega þannig að menn halda alltaf að þeir komist upp með það í þessum þingsal að gjamma fram í fyrir öðrum endalaust en það má aldrei svara þeim í sömu mynt. Þetta er hluti af þeirri sýndarmennsku sem hér á sér stað, hjá þeim þingmönnum sem svona láta og eru frægir fyrir það. Mánuð eftir mánuð, ár eftir ár hafa þeir stundað slíkt frammítíst. (**Gripið fram í:** Sumir koma aldrei.)

Það er líka ástæða til að benda á að hv. þingmenn, til að mynda sá sem hér grípur fram í, Ögmundur Jónasson, eru gjarnir á að koma hér í þingið og vera þá búinn að semja við fréttamenn um að hlusta á mál sitt og hverfa síðan út í bæ

til að sinna störfum sem hann er að vinna þar. (**ÖJ:** Þetta er ósatt.) Gott að fá svar.

Það er nú svo að sumt af þessari umræðu fer inn á svið sem því miður má flokka undir gömlu landlausu kommana, sem eru að reyna tala sig inn á nýtt land. Þeir tala um lýðræðið eins og það sé einhver nýr sannleikur. Þeir hafa verið landlausir síðan Sovét hrundi, til að mynda hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er skemmtilegt að sjá koma inn í salinn. Nú nota ég takta hv. þm. sem hefur gjarnan orð á því þegar menn koma inn í þingsalinn, að nú séu þeir loksins mættir. (**SJS:** Ég ætla nú ekki að missa af svona veislu.)

Darraðardansinn í þessu máli byrjaði við upphaf þingfundar í fyrradag þegar menn héldu því fram að það væri slík ósvinna og svívirðing að menn skyldu ekki hafa verið látnir vita fyrir fram hvað ætti að segja þeim. Er það einhver nýr taktur að segja verði mönnum fyrir fram það sem maður ætlar að segja þeim? Þetta er einkennilegur málflutningur. Þarna voru þeir loksins í samhljóma takti, formenn Samfylkingarinnar og græningjanna sem hafa þó keppst við það allhastarlega um nokkurt skeið að vera hvor á undan hinum í darraðardansinn. Loksins hljómaði með þeim bræðrunum og það var ánægjulegt og hlýlegt.

Það er neyðarbrauð að ganga til lagasetningar í kjaramálum. Það er engin spurning að það er neyðarbrauð. Í raun get ég tekið undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það er ömurlegt að þurfa að koma að slíkri lagasetningu. En sjómenn kunna að bregðast við og skilja að það þarf að ganga til verka. (**SJS:** Að sjómannasið.) — Ég bíð bara, herra forseti, þar til þeir hafa lokið máli sínu í salnum, þessir taugaveikluðu sem þar sitja. Hlær nú kýrin, sagði bóndinn, og nú hefur hún lokið hlátrinum.

Það er engin spurning að grípa verður til aðgerða þegar komið er fram á ystu nöf. Það er engin spurning að þar sem forsvarsmenn sjómanna og útvegsmanna hafa ekki borið gæfu til þess að ná heildarsamningum þá verður að grípa í taumana. Úti í Evrópu eru kynslóðir sem búið hafa við það ástand að þekkja ekkert annað en atvinnuleysi. Í okkar landi eru til forsvarsmenn verkalýðsfélaga sem búa við þá ógæfu að hafa aldrei náð samningum. Í þeim efnum er engum einum um að kenna. Jafnvel þó að allt að áratugur líði þá er engum einum um að kenna. Málið er uppsafnað og flókið og það verður að segja hverja sögu eins og hún er.

Það eru atriði í kjaramálunum sem hér hefur verið fjallað um og er verið að véla um sem nánast er ekki hægt að ætlast til að menn nái samkomulagi um. Það er alveg sama hvort nefnd eru verðmyndunarmál, mönnunarmál og jafnvel önnur atriði, málið er í algjörri sjálfheldu. Það er ekki nóg með það heldur er málstaður deiluaðila kominn í sjálfheldu, beggja megin borðsins, og það eru meiri hagsmunir en minni að hætta ekki jafnvægi og öryggi samfélags okkar í meiri óvissu en orðið er. Þess vegna má segja á ósköp einföldu sjómannamáli að kannski er verið að sækja þetta mál inn í brimgarðinn og bjarga mönnum frá frekari voða. (**SJS:** Ert þú slysavarnafélagið?) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skal ekki hlæja að slíkum málum eða flimtra með þau eins og hann er vanur í sínu tunguflæði. Fiskimiðin við Ísland eru auðlind. Ef hægt væri að virkja tunguflæðið í hv. þm. væri það líka auðlind en það er ekki virkjanlegt vegna þess að það er ekki brúklegt og ekki boðlegt. (**ÖJ:** Þetta varpar alveg nýju ljósi á málið.)

Við búum við óáran í samningamálum. Við búum líka við pólitískar afturgöngur á Íslandi, gömlu, góðu kommana sem vakna upp og hlæja veikum hlátri músarhugans og er nú ekki mjög hrifandi á að hlýða. (**SJS:** Það er lítið hjartað í þér.)

Það kann að vel að vera að sá er hér stendur hafi lítið hjarta en hann hefur þó hjarta sem slær, hjarta sem hefur tilfinningu fyrir fólki. Sjómenn hafa alla tíð verið mínir menn. Það vita þeir sem þekkja mig. Enginn skyldi leyfa sér að halda öðru fram. Enginn. (Gripið fram í.) Nú er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að gjamma hér í áttunda sinn og minnir enn einu sinni á það þegar hv. þm. Guðni Ágústsson ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti hefur sýnt talsvert umburðarlyndi hvað varðar frammíköll undir ræðu hv. þm. Einnig hefur forseti sýnt talsvert umburðarlyndi vegna orðfæris ræðumanna. Forseti vill biðja hv. þm. að reyna ekki frekar á þolrif forseta.)

Það er mikið atriði að ganga til þeirra verka sem geta hugsanlega skapað nýjan grundvöll í framtíðinni fyrir samningamál sjómanna. Menn hafa haft á orði fyrr í dag að það væri léttvægt að tala um sex vikna verkfall hjá sjómannastéttinni þegar ekki hefði verið keyrt fastar í verkfalli kennara. Það er bara ekkert líku saman að jafna vegna þess að lýðræði okkar er greitt með starfi sjómanna. Það er greitt með starfi sjómanna og því sem þeir færa á land til að vinna úr verðmæti sem skapar lýðræði fyrir íslenska þjóð. Ef sjómenn okkar geta ekki stundað vinnu sína þá gengur dæmið einfaldlega ekki upp. Þá geta menn bara flutt til Danmerkur eins og til stóð forðum, að flytja alla á heiðarnar þar. Metnaður sumra þingmanna í þessari umræðu nær ekki lengra en að núa salti í sárin því auðvitað er það sár sem blasir við þegar menn sitja uppi með lagasetningu sem þessa. Það segir sig sjálft.

Nokkuð hefur verið klifað á því ákvæði frv. að hafa eigi til hliðsjónar í gerðardómi samninga sem vélstjórar hafa gert við útvegsmenn. Hæstarétti eða gerðardómi er ekki sett fyrir hvernig á að vinna mál. Hann á að hafa ákveðin atriði til viðmiðunar og skoðunar og auk þessa atriðis sem hér hefur verið nefnt hefur hann alla almenna þróun í kjaramálum á sínu blaði. Þessum þætti hefur því verið ofgert að mínu mati. Menn hafa bent á þetta en það er almenn regla að benda ávallt á síðustu kjarasamninga þegar gengið er til slíks verklags.

Mikilvægt er að mjög verði vandað til verksins sem er ætlað að vinna með framlagningu þessa frv. Kannski mun það auðvelda þeim samningamönnum sjómanna sem hafa ekki getað náð samningum árum saman að ganga til verka í eðlilegri samningagerð þar sem hægt er ætlast til að þeir nái samningum. Ég ítreka að mat mitt á stöðunni eins og hún hefur verið er að ekki hafi verið hægt að ætlast til þess. Því er komið sem komið er. Sjómenn skilja það að mínu mati manna best að það þarf að gera sjóklárt og slugsa ekki með tæki og búnað. Þeir skilja það manna best að hlutirnir verða að ganga fyrir sig og með þá vitneskju er kannski eilítið léttara að ganga til þess verks að stuðla að lagasetningu á þennan hátt. Engu að síður er það ekki mjög skemmtilegt.

Ástæða er til að hvetja til að menn skoði almenn viðhorf og almenn sjónarmið. Við erum lítil þjóð í landi sem er frekar dýrt að búa í. Við höfum það betra en flestar þjóðir í heiminum. Ef hlutir fara úrskeiðis hjá okkur þá gerist það hratt. Allir vita að verkfall sjómanna í einhverja mánuði ruggar ekki Reykjavík. Það gerir það ekki, ekki frekar en verkfall sjómanna mundi gera í Noregi í heild. En verkfall sjómanna, verkfall útgerðarmanna, verkfall þeirra sem standa beggja vegna borðsins í fiskveiðunum ruggar landsbyggðinni sérstaklega. Það ruggar fólki sem á í engin hús að venda og býr

við aðstæður sem eru mjög afmarkaðar og klárar. Þeir sem verja hag sjómanna og tala máli þeirra hljóta að taka tillit til þess að það er alveg klárt að það er ekki vilji sjómanna að auka óhamingju fólks sem býr við sjávarsíðuna. Það þori ég að fullyrða. Það er ekki vilji sjómanna að standa í slíku.

Sjómenn eru að öllu jöfnu liprari en aðrir til að leysa mál. Þeir búa við harðaðri aðstæður en dekurdýrin sem þekkja ekkert annað orðið en opinbera embættismennsku eins og komið hefur fram í máli sumra hv. þm.

Þegar sorg knýr á dyr af tilbúnum ástæðum á heimilum landsins vegna þess að sjómenn og útgerðarmenn, farmenn, fiskimenn og vélstjórar, sem við köllum venjulega einu nafni sjómannastéttin, hafa ekki borið gæfu til að ná samningum sem eru grundvöllur þess að fólk geti unnið vinnu sína, lifað lífi sínu, átt til hnífs og skeiðar, klætt börn sín og hegðað sér nokkurn veginn eðlilega, þá er nauðsynlegt að grípa í taumana. Um það snýst þessi lagasetning, ekkert annað.

Í upphafsræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í dag var aðalvandinn sá að ekki væri komið rétt fram við stjórnarandstöðuna. Þetta mál snýst um að það eru ekki rétt vinnubrögð gagnvart stjórnarandstöðunni, sagði hv. þm. Stjórnarandstaðan og stjórnarsinnar eru smáatriði í þessu dæmi. Þetta snýst um íslenskt þjóðfélag, snýst um að hjólin í þjóðfélagi okkar geti snúist, við getum unnið úr verðmætum okkar og aflað þeirra. Þar eru sjómenn og sjómannastéttin lykilatriði. Það er kannski þess vegna sem við krefjumst meira af þeim en öðrum. En það eru lykilatriðin og síðan verður að vinna úr aflanum eins vel og hægt er út frá málatilbúnaðinum í frv. sem er hér til umræðu.

[15:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég kom til þings átti ég von á að stjórnarliðar væru nokkuð beygðir yfir því sem fram undan var. En þeir hafa í samtölum verið sem bergnumdir í sannfæringu sinni við að réttlæta lagasetninguna sem hér á að fara fram. Þingmanninum sem var að ljúka máli sínu var nokkuð niðri fyrir. Ég er að velta fyrir mér hvernig eigi að túlka það. Ég hélt eitt augnablik, sem ég átti von á, að hann væri beygður yfir því sem ætti að fara að gera en ræða hans bar ekki vitni um það.

Herra forseti. Þetta mál, allt frá laugardeginum og í allri framvindu sinni, snýst um þrennt: Lýðræði, virðingu og valdbeitingu. Þingmaðurinn nefndi að lýðræði hefði verið búið til af sjómönnum. Þeim er þá illa launað, bæði með skorti á virðingu og þeirri valdbeitingu sem hér fer fram. Hér hefur verið rætt um félagafrelsi og frjálsan rétt til að semja. Það er ekkert gert með það. Ég bendi á virðingarleysi gagnvart starfsstétt og rétti hennar til að semja, virðingu fyrir alþingismönnum, vinnufélögum á hv. Alþingi sem þingmenn gera heldur ekkert við, og valdbeitinguna.

Það er umhugsunarefni að LÍÚ skákar í skjóli valdsins í samskiptum sínum við sjómenn. Það á eftir að koma betur fram í ræðum þingmanna. Ég spyr hv. þm. hvernig honum fyndist að reyna að semja ávallt með lagasetningu yfir höfði sér. Finnst honum í lagi að binda það í lög til margra ára sem er hér sett fram í 3. gr. og tenginguna við samning vélstjóra sem eru í allt annarri stöðu en hásetar á bátunum?

[15:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ömurlegt ef hv. þm. þorir ekki að koma í andsvör og standa fyrir máli sínu. Ég vona að sem flestir sjómenn hafi hlýtt á hv. þm. Árna Johnsen tala til þeirra. Hann segist vera mikill vinur sjómanna um leið og hann talar fyrir því að sett verði lög á verkfall þeirra gegn vilja sjómanna.

Hv. þm. sagði að samningarnir væru þess eðlis að ekki væri hægt að semja eða að mjög illsemjanlegt væri. Engu að síður leyfir hann sér að rægja forustumenn sjómanna á sömu forsendum að þeir nái ekki samningum. Spurning mín til hv. þm. er þessi: Finnst honum þetta sæmandi?

[15:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við urðum vitni að því að hv. þm. Árni Johnsen flutti eina af sínum rómuðu ræðum. Svo tók það á þingmanninn að hann treystir sér ekki til þess að svara spurningum sem fyrir hann eru lagðar.

Ég ætlaði að spyrja hv. þm. á svipuðum nótum og síðasti ræðumaður gerði reyndar, í ljósi þess að hv. þm. mærði sjómannastéttina mjög, a.m.k. í öðru hverju orði og tíundaði mikilvægt framlag hennar til þjóðarbúsins, jafnvel svo að lýðræðið í landinu hvíldi á þeirri verðmætasköpun sem sjómenn væru undirstaðan undir og má til sanns vegar færa. En þá er spurningin: Í ljósi hinnar miklu virðingar og ástar hv. þm. á sjómannastéttinni, ber þá ekki að virða sjómenn og mannréttindi þeirra í samræmi við þetta?

Er það í samræmi við aðdáun hv. þm. Árna Johnsens á sjómannastéttinni að ætla að standa að lagasetningu sem sviptir hana helgum mannréttindum í fjögur og hálft ár, samningsréttinum? Eða hvernig ætlar hv. þm. Árni Johnsen að greiða atkvæði? Eigum við kannski að reyna að skilja ræðu hans á þá lund að þau stórtíðindi séu í vændum að stjórnarþingmaðurinn Árni Johnsen ætli að greiða atkvæði gegn frv.? Þá væri frekar mögulegt að fá einhvern botn í vaðalinn sem var fluttur hér áðan af hv. þm., sérstaklega mærðarkaflana um sjómannastéttina, ef hann ætlar að taka á sig rögg og greiða atkvæði gegn frv. Það væri fróðlegt að fá að vita það. Auðvitað ber hv. þm. engin skylda til að upplýsa um hvernig hann muni greiða atkvæði en í ljósi umræðna og þess hvernig hann blandaði sér í þær væri þó fróðlegt að vita það, líka til þess að auðvelda okkur skilning á ræðu hans.

[16:00]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að ég tel að lýðræðið sé greitt fyrst og fremst með þeim verðmætum sem sjómenn og fiskvinnslufólk standa að í samfélagi okkar. Við skulum ekki gleyma hlut fiskvinnslukvennanna sem vinna líklega erfiðara starf en sjómennirnir sjálfir þó að það sé annars eðlis.

Full ástæða er til að virða rétt sjómanna en sjómenn vita manna best að þegar í óefni er komið, þegar ólagið ríður yfir, þá verður að bregðast við. Þeir sem lenda inni í brimgarðinum þurfa að komast út úr honum. Verkfall sjómanna í sex vikur og engar vísbendingar um lausn mála á næstu vikum eða mánuðum gerir ekkert annað en mola undan samfélagi okkar og þegar er farið að mola í byggðum landsins. Það molar ekki í Reykjavík eins og ég sagði, en farið er að mola í byggðum landsins. Við verðum og höfum skyldu til að bregðast við þegar svo er komið. Þannig er tíminn útrunninn og að mínu mati þó fyrr hefði verið og virði ég þó fullkomlega rétt sjómanna. En þegar ekki er hægt að benda á nein atriði til lausnar, hvorki af sjómönnum, sáttasemjurum né öðrum aðilum sem koma að málinu, þá verður að bregðast

við. Þetta er eina leiðin sem íslenskt samfélag getur gert í þeim efnum til að við verðum okkur ekki til skammar sem þjóð og forsvarar fyrir íslenska þjóð því það er spurning um sjálfstæði Íslands að við höldum reisn þjóðarinnar og virðingu og höldum samfélaginu gangandi.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Svei mér þá ef hv. þm. náði ekki að koma einu nýju hugtaki inn í þingsöguna áðan. Hann lítur á sjálfan sig sem forsvara. Hann telur sig vera einhvers konar forsvara í þessum efnum. Auðvitað er enginn botn í því að annars vegar setja á þessar ræður eins og nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. hafa reynt að gera hér og mæra sjómannastéttina og lýsa yfir ást sinni og aðdáun á henni, tíunda það að þeir hafi sjálfir verið á sjó eins og hv. þm. Kristján Pálsson, séu alveg með þetta sérstaklega í æðunum eins og hv. þm. Árni Johnsen, en ætla síðan engu að síður að standa að þessari lagasetningu í andstöðu við sjómenn.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði að sjómenn vissu manna best að þegar komið væri í óefni og þegar komið væri inn í brimgarðinn o.s.frv. með miklu líkingamáli, þá yrði að grípa til einhverra ráða. Sjómenn hafa ekki beðið um þessi lög. Þeir eru á móti þeim og ef hv. þm. hefur þessa trú á dómgreind sjómanna og virðir þá eins og hann segir í öðru orðinu, af hverju treystir hann þá ekki þeim sjálfum til að meta hvernig þeir fara með verkfallsrétt sinn? Það er það sem þeir hafa verið að reyna að gera.

[16:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bý við þær takmarkanir að ég veit ekki allt eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem veit alltaf allt hvenær sem er og hvar sem er. Ég er kannski einn af þessum venjulegu Íslendingum sem hef almennt brjóstvit og út frá því tala ég. Meira hef ég ekki upp á að bjóða í þeim efnum og ég vona að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon virði mér það til vorkunnar að vera eins og venjulegt fólk.

Sjómenn vita vel að þegar í óefni er komið þá þarf að grípa í taumana. Í þessu tilviki er það íslenska ríkisstjórnin sem er karlinn í brúnni sem þarf að grípa í taumana. Íslenska ríkisstjórnin þarf að grípa í taumana vegna þess að komið er í óefni og tíminn er útrunninn.

[16:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. Árni Johnsen skuldi okkur ákveðnar skýringar í þessum sal. Hann sagði í ræðu sinni að hann teldi að varla væri hægt að ætlast til þess að sjómenn næðu samningum um sum þau atriði sem þeir væru að reyna að semja um sem hann m.a. nefndi ef ég man rétt fiskverð og eitthvað fleira.

Mér finnst að hv. þm. skuldi okkur nákvæma skýringu á því hvers vegna hann lítur svo á að sjómenn séu ekki bærir til þess að ná samningum í þessari stöðu. Spurningin er þessi: Er það vegna kvótakerfisins? Er það vegna kvótabrasksins eða er það krafa LÍÚ um arð af hverju kílói fisks sem þeir geta skammtað sjálfum sér, af hverju kvótakílói sem kemur í veg fyrir að sjómenn geti yfirleitt náð samningum í þessari kjaradeilu? Er það eitthvað af þessum atriðum sem ég spurði um eða er það eitthvað annað sem kom ekki fram í ræðu hv. þm. sem veldur því að hann leggur það mat á að það sé ekki á valdi sjómanna að ná samningum í þessari kjaradeilu? Ef það er svo, þá hljótum við að spyrja okkur í hv. Alþingi: Hverju eigum við að breyta í lögum svo að eðlilegir kjarasamningar megi komast á milli stétta í þessu starfsumhverfi?

[16:07]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að öll þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður vék að eigi hér einhvern þátt og líklega fleiri atriði einnig. Það er auðvitað þannig að uppsafnaður vandi þeirra mörgu ára sem ekki hafa náðst samningar hefur gert málið mjög margslungið og hagsmunir hafa alltaf verið að aukast meira og meira til ýmissa átta í þessum efnum, hvort sem það er hjá sjómönnum eða útgerðarmönnum. Samflot stéttarfélaga sjómanna, samtaka sjómanna um árabil sem eru nú rofin hafa á margan hátt speglað að menn vildu reyna að ná þarna einhverri leið í heild en sá möguleiki var brotinn niður og öll fordæmi fyrri samninga og uppstokkunar eins og hefur átt sér stað í þessari samningalotu sem nú hefur verið hafi verið á þá leið að út frá þeim póstum hefur verið gengið hjá þeim sem fyrst samdi, a.m.k. að einhverju leyti.

En þó er það mat mitt að vandi gerðardóms sé óvenjumikill í þessari stöðu vegna þess að ekki er samræmi á milli margra þátta í réttindum og kjaramálum, annars vegar vélstjóra, farmanna og fiskimanna og síst sjómanna, sem hafa á margan hátt setið eftir í dæminu miðað við þá þrjá aðila sem ég nefni.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Finnst hv. þm. þá ásættanlegt að gera málin þannig úr garði í hv. Alþingi að framtíðin sem þessari stétt er boðið upp á sé skuldbinding í fjögur og hálft ár við hluti sem hún er algerlega ósátt við, bæði eins og kjarasamning vélstjóranna og þess að tekið sé mið af honum í gerðardómnum, m.a. með tilliti til samningstímans eins og kemur fram í greinargerð með frv.? Er þetta ásættanlegur málatilbúnaður?

[16:10]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarasamningur vélstjóra er aðeins einn af útgangspunktum sem gerðardómi er ætlað að miða við og enginn getur sagt það enn þá að niðurstaða kjaradóms verði ekki eitthvað sem aðilum málsins muni líka og þeir verða tiltölulega sáttir við. Maður reiknar aldrei með í kjaramálum og kjarasamningum að allir séu sáttir. En það er trú mín að með þessari uppsetningu frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur gert sé mjög faglega að verki staðið. Safnað er saman öllum þáttum sem eru mjög erfiðir í þessu máli sem engin lausn er til á og engin í sjónmáli. Það er trú mín að það muni láta gott af sér leiða og skapi nýja möguleika í samningum sjómannastéttanna í framtíðinni.

[16:11]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé að fara aðeins í aðdraganda þessa máls í upphafi ræðu minnar og þá í rauninni í tvíþættum tilgangi, bæði til að fara yfir þann tíma sem sjómenn hafa meira og minna verið samningslausir og einnig aðdraganda þess að við erum nú að takast á við frv. sem á að binda enda á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Menn hafa nokkuð rætt það í dag hvaða starfsumhverfi sjómönnum er boðið upp á og velt vöngum yfir því hvenær sjómannadeilan byrjaði. Sjómenn sjálfir hafa talað um að hún ætti um þessar mundir 10 ára afmæli vegna þess að árið 1991 hafi þess verið farið að gæta að sjómenn væru látnir

taka þátt í kvótakaupum. Ég held, herra forseti, að við eigum að fara aðeins aftar. Ég held að við eigum að fara aftur til þess tíma þegar fiskverð var gefið frjálst vegna þess að fram til þess tíma þurftu sjómenn í sjálfu sér ekki að hafa miklar áhyggjur af því hvernig þess kvóta var aflað sem veiddur var vegna þess að fiskverðið var ákvarðað af verðlagsráði eins og menn þekkja, oftast með atkvæði oddamanns. Menn náðu ekki samkomulagi heldur var tekin ákvörðun sem ríkið bar síðan ábyrgð á í sjálfu sér varðandi það hvert framhaldið yrði, hvert fiskverðið væri og þessi ákvörðun var síðan það sem lagði grundvöllinn að efnahagsstjórninni næstu mánuði á eftir.

Þegar það hafði gerst, herra forseti, að fiskverðið var gefið frjálst og var ekki lengur ákvarðað af nefnd, þá höfðu skapast allt önnur skilyrði hér. Þar með var það ákvæði kjarasamnings og laga um það að útgerðarmaður skyldi ávallt leita hæsta gangverðs fyrir þann afla sem hans skip aflaði orðið visst. Herra forseti. Þá hlutu auðvitað að skapast ákveðnar deilur vegna þess að á sama tíma og þetta gerist taka fiskmarkaðir til starfa og þar með er orðið til þetta viðmið sem gefur mönnum hugmyndir um hvert hæsta gangverð er. Þegar sjómenn horfðu til þess að annars vegar var verið að selja afla á fiskmarkaði við verði sem sannanlega var þá markaðsverð og hins vegar það sem þeir voru að fá í sinn hlut ef um það var að ræða að skipið var að selja til eigin vinnslu, þá hlutu menn að fara að horfa til þess hvernig þetta verð myndaðist. Hvernig myndaðist verðið þar sem menn voru ýmist að selja skyldum aðila yfir beinum viðskiptum?

Þannig var upphaf þessarar sjómannadeilu, herra forseti, sem enn er í gangi vegna þess að enn hafa útvegsmenn ekki fengist til að samþykkja að markaðurinn eigi að ráða fiskverði. Enn er verið að leita leiða fram hjá því, enn er verið að búa til nefndir, enn er verið að búa til aðferðir, enn er verið að búa til skálkaskjól fyrir það sem menn hafa oft og einatt kallað kvótabrask, sem það verður þegar farið er að brjóta á sjómönnum. Þetta er hluti aðdraganda þeirrar deilu sem enn stendur og mér sýnist ætla að taka heldur óvænta og vonda stefnu verði þetta frv. að lögum óbreytt.

Herra forseti. Á þessu tíu ára tímabili hafa sjómenn margsinnis farið í verkföll og reynt að ná samningum og verðlagsmálin hafa verið stærsta málið á öllum tímum. Þegar menn koma hér og tala um að e.t.v. sé ekki hægt að ætlast til þess að sjómenn og útvegsmenn, eða þeir sem sitja við borðið, ráði við þá deilu sem stendur yfir þá hljóta menn að eiga við að starfsumhverfið sé þannig. Alþingi hefur ekki verið tilbúið til að takast á við breytingar á þessu starfsumhverfi, það þekkjum við jafnaðarmenn sem höfum lagt fram tillögur um að allur afli yrði seldur yfir fiskmarkaði og höfum tekið þátt í tillöguflutningi þess efnis að fjárhagslegur aðskilnaður eigi sér stað á milli veiða og vinnslu. Þau mál hafa ekki hlotið mikinn hljómgrunn á Alþingi, herra forseti, a.m.k. ekki hjá þeim sem mynda ríkisstjórnarmeirihlutann.

Ég vil líka, herra forseti, vegna þess að ég var hér á laugardaginn þegar útbýtingarfundur var boðaður, láta í ljósi óánægju með hvernig staðið var að málum. Og ekki bara óánægju. Ég vil, herra forseti, fara fram á að okkur þingmönnum og sjómönnum verði ekki oftar sýnd sú lítilsvirðing sem þar kom fram.

Hér var boðað til útbýtingarfundar sem eins margoft hefur komið fram er hefðbundinn til að dreifa málum sem stjórnarandstaðan og stjórnin vita þá jafnan bæði um hvernig eru vaxin. Ef um er að ræða nefndarálit eða breytingartillögur þá er það jafnan ljóst í nefnd hvernig þau mál eru vaxin. En ég held, herra forseti, að engum hafi komið til hugar að ríkisstjórnin kæmi inn þegjandi og hljóðalaust, með mál, nýtt þingmál löngu eftir að frestur var liðinn og þar að auki mál sem ljóst var að þingmenn stjórnarandstöðunnar töldu mjög mikilvægt að fá að vita um hvort væru í farvatninu eður ei. Það mátti hæstv. sjútvrh. vera ljóst og allri ríkisstjórninni vegna fyrri umræðna um þessi mál á hinu háa Alþingi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom upp í andsvari í dag og gerði ágætlega grein fyrir viðhorfi sínu, sem ég geri að mínu, til þess hvernig staðið var að þessum útbýtingarfundi og þess sem þar fór fram. Ég hef ekki þá reynslu að ég treysti mér til að segja að það hafi verið einsdæmi en ég er viss um að fá dæmi finnast um það að menn hafi á þessum tíma, þegar komið er fram undir þinglok og löngu eftir að allir frestir eru liðnir, læðst inn í þingið þegjandi og hljóðalaust með mál af þessari stærðargráðu.

Hér hefur, herra forseti, verið rætt nokkuð um vilja og viljaleysi sjómanna og útvegsmanna til samninga. Menn hafa talað um að útvegsmenn hafi í sjálfu sér aldrei þurft að sýna neinn vilja vegna þess að þeir hafi ávallt getað treyst því að þeir héldu þessu samningsumhverfi sem þeir vilja hafa og þess vegna hafi samningsvilji þeirra ávallt tekið mið af því að á endanum tæki Alþingi í taumana.

Þá hafa menn litið til þess hvort sama viljaleysi hafi verið hjá sjómönnum. Ég vil fara aðeins yfir það, herra forseti, vegna þess að mér hefur fundist það býsna áberandi í umræðunni í dag að menn haldi því fram að sjómenn beri ábyrgð á því hvernig komið er. Ég ætla að hafna því. Þetta er í rauninni fráleitt og einungis til þess gert, af þeim sem þannig tala, að taka þátt í því með útvegsmönnum að gera einstöku forustumenn sjómanna tortryggilega. Ég minni á að í janúar voru öll samtök sjómanna sammála um að gera útvegsmönnum það tilboð að gerður yrði samningur um þau atriði sem við getum kallað hefðbundin og klassísk kjarasamningsatriði en að stóru ágreiningsmálin, verðmyndunarmálið og mönnunarmálin, yrðu sett í ákveðinn farveg í eitt ár og menn leituðust við að leysa þau þar. Þessu tilboði var hafnað af hálfu útvegsmanna. Menn geta svo velt því fyrir sér hverjir sýndu samningsvilja.

Herra forseti. Mér er kunnugt um að þegar sjómönnum var ljóst að þeim stóð ekki annað til boða og mundi ekki standa annað til boða en kjarasamningur sá er þá hafði verið gerður af hálfu LÍÚ eða samtaka atvinnulífsins við vélstjóra, þá fóru þeir fram á eða buðust til að gera þann samning að sínum með breytingum sem væru nær þeim kröfum sem samtök þeirra höfðu sett fram, t.d. breytingum á mönnunarmálum þar sem sjómenn vildu eðlilega koma í veg fyrir að sú regla sem smíðuð er inn í vélstjórasamninginn hefði þau áhrif sem hún mun hafa á samninga sjómanna ef hún er óbreytt gagnvart þeim. Farmanna- og fiskimannasambandið segir að þar sé um að ræða kjararýrnun upp á 14%, sjómannasamtökin upp á 12%. Auðvitað vildu menn slá varnagla gagnvart slíkum launalækkunum í samningnum.

Sjómenn vildu líka fá ákveðin ákvæði inn varðandi viðbótarlífeyrissparnaðinn, að þar væri ekki bara farið eftir kauptryggingu — það er geysilegur munur á kauptryggingum aðila — heldur væri um ákveðna upphæð að ræða og jafnræði með aðilum þegar kæmi að viðbótarlífeyrissparnaði. Menn vildu láta skoða slysatryggingar með öðrum hætti og uppsagnarfrest. Þetta voru, herra forseti, ef ég hef skilið málið rétt, allt atriði sem einstakir útvegsmenn voru áður

búnir að lýsa yfir vilja til að taka inn í kjarasamninginn. En þegar þeir höfðu vélstjórasamninginn í hendi og þau ákvæði sem þar eru höfðu þeir auðvitað engan áhuga á að standa við það sem þeir höfðu áður sagt í prívatviðtölum. Auðvitað ekki, herra forseti. Það var búið að búa til þetta fína umhverfi fyrir þá áfram.

Hvernig dettur mönnum í hug að bjóða upp á það í því frv. sem hér liggur fyrir að gerður verði kjarasamningur næsta hálfa mánuðinn? Það er ekki aðeins að menn hafi vélstjórasamninginn inni í þessu frv. — ég er með útgáfuna sem ég eignaðist á laugardaginn en ekki frv. eins og það lítur út núna í hinni snotru útgáfu þingsins — herra forseti, það kemur ekki nokkrum manni til hugar að hægt sé að gera kjarasamning undir þessum kringumstæðum. Í frv. er ekki aðeins gengið út frá vélstjórasamningnum sem útvegsmenn stóðu stífir á gagnvart sjómönnum. Hér inni eru fleiri ákvæði sem útvegsmenn eru væntanlega tiltölulega hamingjusamir með. Hvernig ætti þeim þá að detta í hug að fara að gera kjarasamning við sjómenn um eitthvað annað?

Það er svo mikið hneyksli, herra forseti, að hafa þetta í frv., að láta sér detta það í hug, og slík háðung að þetta hlýtur að vera eitt af því sem stingur hvað mest í augun og gerir sjómönnum hvað erfiðast fyrir að horfa á þetta plagg. Svo koma menn hér og segja, t.d. hv. þm. Kristján Pálsson: Menn hafa hálfan mánuð til að semja, ef þeir vilja. Um hvað eiga þeir að semja, herra forseti?

Það er búið að sníða sjómönnum afar þröngan stakk, jafnvel þrengri en þann sem vélstjórarnir voru tilbúnir að fara í. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér, herra forseti, hvaða munur er á starfsaðstæðum vélstjóra annars vegar og hins vegar sjómanna í Farmanna- og fiskimannasambandinu og Sjómannasambandi Íslands. Ég ætla ekki að fara yfir það hér en það vita það allir sem vilja að þarna er nokkur munur á. Eða þekkja menn til þess að algengt sé að stýrimenn eða óbreyttir hásetar séu með verktakasamninga við útgerðirnar? Þekkja menn til þess? Af hverju halda menn að það hafi verið jafnlítill áhugi á kjarasamningi vélstjóra og raun ber vitni? Ætli það hafi ekki verið 15 eða 16% starfandi vélstjóra sem samþykktu þennan samning, þessir 163 sem nú hafa lagt línuna algerlega, fyrir alla sjómenn í landinu ef vilji ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga.

Herra forseti. Ég hef ekki tíma til að fara í þetta. Ég ætla að fara í önnur mál hér en þetta skiptir auðvitað máli þegar horft er til kjarasamnings vélstjóra sem lagður er til grundvallar og hins vegar aðstæðna annarra samtaka sjómanna en skýrir að hluta að leiðir gat skilið eftir að hæstv. samgrh. hafði fallist á að mönnunarákvæðin færu út úr því frv. sem hér lá fyrir. Sú sem hér stendur var reyndar ítrekað búin að fara fram á að það yrði gert. Eins og við sjáum liggur hér fyrir málið um áhafnir íslenskra fiskiskipa, eins og það kemur frá hv. samgn., eftir að búið er að taka mönnunarkafla fiskiskipanna út.

Herra forseti. Þetta þingmál er sem sé tvíþætt. Annars vegar eru gerðardómsákvæði, ákvæði sem sett eru inn til að taka á þeim samtökum sjómanna sem ekki hafa samið. Hins vegar eru sett inn ákvæði sem að því er virðist eiga að bakka upp kjarasamning vélstjóra og munu þá í raun taka til kjarasamninga vélstjóra hvort sem sjómenn kjósa að aflýsa verkfalli eða ekki. En hæstv. sjútvrh. sagði fyrr í dag að þótt sjómenn aflýsi þá séu ákveðin ákvæði í þessu frv. sem áfram mundu verða til staðar í frv. sem lagt yrði fram samhliða. Til að tryggja að samningur vélstjóra geti virkað eins og hann á að virka þá þarf að breyta t.d. lögunum um Verðlagsstofu skiptaverðs og fleira.

Það sem mig langar til þess að nefna, herra forseti, næst í máli mínu eru einmitt ákvæðin sem snúa að gerðardómnum. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fór ágætlega yfir það í dag hvaða möguleika íslensk stjórnvöld eiga til að grípa inn í kjaradeilur aðila á frjálsum markaði, hvaða möguleika stjórnvöld eiga á hverjum tíma til að skipta sér af félögum sem hér hafa starfsréttindi, bæði samkvæmt íslensku stjórnarskránni og lögum og vegna ákvæða sem við erum bundin af í alþjóðlegum samningum. Hv. þm. tilgreindi hvaða starfsréttindi, hvaða starfsreglur og starfsumhverfi þau eiga rétt á að starfa við.

Hv. þm. fór yfir það sem gæti réttlætt að stjórnvöld gripu inn í kjaraviðræður eða hefðu bein afskipti af því sem er að gerast milli samningsaðila. Eftir að hafa farið mjög vandlega yfir málið var niðurstaða hennar sú að þó að helstu réttlætingarrök hæstv. ríkisstjórnar fyrir frv. séu að efnahagslegu áhrifin séu einhver þá nægir það ekki. Ef stjórnvöld ætluðu með beinum hætti að hafa áhrif á það sem viðsemjendur eru að gera þá yrði alltaf að túlka það mjög þröngt.

Herra forseti. En það var ekki bara að túlka yrði mjög þröngt það mat hvenær eða undir hvaða kringumstæðum stjórnvöld gætu farið að skipta sér af deilu, heldur kom það líka fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að ef menn kjósa að setja lög sem innibera það að gerðardómur takist á við deiluna, þá mega menn ekki setja gerðardómi þær skorður sem settar eru í því frv. sem liggur fyrir.

Herra forseti. Vegna þess að mér finnst þetta vera mikilvægt atriði og hæstv. félmrh. er í salnum óska ég eftir því að hann komi hér á eftir og segi álit sitt og svari spurningum mínum varðandi þetta atriði. Ég vil, herra forseti, rétt fara yfir þau skilaboð sem íslensk stjórnvöld hafa áður fengið vegna afskipta af kjarasamningum. Ég vil í fyrsta lagi, herra forseti, nefna svokallað Herjólfsmál. Þar fóru stjórnvöld inn og nefndin, félagafrelsisnefnd ILO, leit til þess að umrædd deila, Herjólfsdeila, hafi verið komin í sjálfheldu. Í því tilfelli voru deiluaðilum veittir tveir mánuðir í viðbót til að ná samkomulagi með samningaviðræðum. Úr því varð ekki og þá var skipaður gerðardómur. ILO-nefndin gaf því gaum að Hæstiréttur tilnefndi gerðardómsmennina þrjá. Og nú vitna ég beint, með leyfi forseta:

„Nefndin komst ekki hjá því að veita því athygli að orðalag ákvæðisins veitti gerðardómnum ekki neinn sveigjanleika til túlkunar. Gerðardómurinn sjálfur viðurkennir þetta þar eð hann bendir á í úrskurði sínum að þetta ákvæði takmarki mjög frelsi hans til að leysa málið. Í þessu sambandi minnir nefndin ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila sé nauðsynlegt að hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og að niðurstaða gerðardóms skuli ekki fyrir fram ákveðin með lögum."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin biður því ríkisstjórnina að forðast í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lagasetningu."

Herra forseti. Þetta Herjólfsmál er frá árinu 1993. Hér er hins vegar annað mál frá 1998 þar sem við fáum líka skilaboð af því að íslensk stjórnvöld höfðu haft afskipti af kjarasamningum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar gefur nefndin gaum að því að upphaflega var lögunum aðeins ætlað að gilda í 11 mánuði en sá tími var styttur síðan." — Hér eru menn að tala um fjögur og hálft ár.

„Að kauphækkanir samkvæmt 1. gr. laganna voru mjög svipaðar þeim sem þegar hafði verið samið um með frjálsum kjarasamningum og með lögunum hafði verið unnið markvisst að því að hafa hömlur á verðlagi og í sumum tilvikum vöxtum.

Nefndin tekur engu að síður undir það sjónarmið sóknaraðila að endurtekin beiting laga til að breyta gildandi kjarasamningum eða til að hafa stjórn á efni samninga í framtíðinni grefur undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum. Félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að það sé lítið gagn að því að styðja eða ganga í samtök sem hafa þann megintilgang að vera fulltrúi fyrir félaga sína í kjarasamningum við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur það úr gildi hvað eftir annað."

Herra forseti. Það sem mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. um er í fyrsta lagi: Telur hann að þær orðsendingar sem íslensk ríkisstjórn fær í Herjólfsmálinu þar sem nefndin biður ríkisstjórnina að forðast í framtíðinni að grípa til slíkra íhlutana með lagasetningu, og þar er verið að fjalla um gerðardóm og hvernig honum er sett fyrir með lögum, telur hæstv. félmrh. að það ákvæði sem er hér í frv. sem hæstv. ríkisstjórn virðist hafa samþykkt að lagt væri fyrir Alþingi, mundi standast sambærilega skoðun og það ákvæði fékk sem hér er til skoðunar í svokölluðu Herjólfsmáli? Þar var, ég vil endurtaka það, gengið mun skemur en gert er í þessu frv. Telur hæstv. félmrh. að íslensk stjórnvöld geti staðið á þessu ákvæði?

Í öðru lagi. Hver er skoðun hæstv. félmrh. á þeirri niðurstöðu nefndarinnar að ítrekuð afskipti ýri tiltrú manna á gildi þess að vera í verkalýðsfélögum? Hér hefur því verið haldið fram m.a. af hv. þm. Kristjáni Pálssyni stjórnarþingmanni, sem ætlar að styðja þetta frv., að það sem hér er að gerast sé hluti af niðurbroti á þeim samtökum sem sjómenn hafa myndað með sér. Er hæstv. félmrh. sammála því að ítrekuð afskipti ríkisstjórnarinnar og það tvisvar, bara af þessari deilu, séu liður í því að brjóta niður samtök sjómanna? Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, að hæstv. félmrh., sem er vinnumarkaðs- og vinnumálaráðherra, komi hér og segi Alþingi hver viðhorf hans eru til þeirra ákvæða sem ætlunin er að lögbinda varðandi gerðardóminn vegna þess að ég fæ ekki betur séð og þeir aðrir sem hér hafa talað og gert þetta atriði að umtalsefni, og vísa ég þá aftur í orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, en verið sé að ganga lengra en áður hefur verið gert í því að binda menn við kjarasamning sem aðrir hafa gert og að binda menn til lengri tíma en áður hefur þekkst. Menn velta því fyrir sér hvað hafi orðið um þau skilaboð sem ILO-nefndin sendi ríkisstjórninni að ef menn fyndu þann flöt að gerlegt væri að fara inn í viðræður samningsaðila, að aðgerðir væru þá eins takmarkaðar og mögulegt væri. En hér er ítrekað, herra forseti, tekið fram að ákvarðanir gerðardómsins skuli hafa hliðsjón af gildistíma samnings um breytingar á kjarasamningi milli samtaka atvinnulífsins og Vélstjórafélags Íslands, þ.e. fjögur og hálft ár. Þetta er síðan aftur ítrekað í greinargerðinni, herra forseti.

Það er alveg ljóst hvað menn ætla sér hér. Það er verið að senda gerðardómnum ákveðin skilaboð um hvað hann eigi að gera. Hann á að horfa á vélstjórasamninginn, ekki bara að efni heldur líka varðandi tímalengd þess samnings. Ég ítreka því, herra forseti, fyrirspurn mína til hæstv. félmrh. um hvort hann telji að þetta ákvæði mundi standast sambærilega skoðun hjá Vinnumálastofnuninni og það ákvæði sem íslensk stjórnvöld fengu skammir í hattinn fyrir varðandi Herjólfsmálið. Getur þetta staðist, hæstv. félmrh.?

Ég ætla þá aðeins, herra forseti, að fara yfir þau efnisatriði sem vikið er að í 2. gr. frv., að gerðardómurinn eigi að fara inn í. Í a-lið, þetta eru liðir frá a–g, er talað um að gerðardómur eigi að ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna: „a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila." Verð til viðmiðunar, herra forseti. Við þetta hljótum við að staldra og við hljótum að velta því fyrir okkur, herra forseti, hvort hér sé komið algerlega nýtt hugtak í það lagaumhverfi sem sjómenn eiga að búa við. Þeir eru núna með í kjarasamningum sínum ákvæði, eins og ég gat um áðan, þar sem segir að útgerðarmaður skuli tryggja skipverjum hæsta gangverð. Um það hefur styrinn staðið, herra forseti, af því að menn vita að í mörgum tilfellum eru útgerðarmenn ekki að tryggja sjómönnum hæsta gangverð en lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs ganga eigi að síður út frá því að viðleitnin sé í þá átt að verið sé að tryggja sjómönnum hæsta gangverð og menn séu sameiginlega að leita leiða til þess með ákveðnum skilgreiningum.

Hins vegar virðist hér vera gengið lengra. Búið er til alveg nýtt hugtak, verð til viðmiðunar. Hvað merkir það, herra forseti? Hvert á það eftir að leiða okkur? Nú vitum við að þær breytingar sem gerðar eru á þessu starfsumhverfi hafa oft og einatt skipt öðru og miklu meira máli og stundum allt öðru heldur en löggjafinn ætlaðist til þegar þær voru settar. Minn ótti og grunur er sá, herra forseti, að hér séum við að lögleiða nokkuð sem eigi eftir að leiða menn annað og lengra en e.t.v. er hugsunin þegar ákvæðið var sett, eða er það kannski hugsunin? Ég fjallaði áðan um að það væri ákvörðun um frjálst fiskverð og síðan stofnun fiskmarkaða sem í rauninni væri rótin að þeirri deilu sem sjómenn eiga enn í við útvegsmenn, þ.e. það frelsi sem varð hér og markaðsvæðing í umhverfinu er undirrótin því að útvegsmenn hafa ekki verið tilbúnir til að umgangast það frelsi markaðarins sem þar er á ferðinni.

Hér er hins vegar e.t.v. verið að loka hringnum, herra forseti, með því að búa til nýtt verðlagsráðsverð, verð til viðmiðunar. Og það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni eftir þær ræður sem við höfum hlýtt á og eigum eftir að heyra í kvöld ef spá mín er rétt — mér skilst að hv. þm. Pétur Blöndal sé á mælendaskrá — að verið sé að búa til aðferð til þess að kapítalið fái stærri hlut, þ.e. þeir sem áður hafa selt á fiskmarkaði, það verði freisting fyrir þá að fara að nota verð til viðmiðunar sem eins og menn þekkja á að reiknast út úr meðalverði í beinum viðskiptum um það hvernig meðalverð í beinum viðskiptum nálgast vegið meðaltal fiskmarkaða og meðalverð í beinum viðskiptum. Þetta hljómar ekki vel skiljanlegt þegar það er lesið svona en formúlan er til og þegar hún er komin, herra forseti, þá er það spurningin hvort við erum komin með nýtt verðlagsráðsverð og hvernig þetta muni virka áfram. Ég held að það sé mjög mikilvægt að því sé svarað og að hæstv. sjútvrh. geri betur grein fyrir því hvað hann er að leggja fyrir hv. Alþingi.

Mér fannst satt að segja framsöguræða hæstv. ráðherra í morgun vera alveg ótrúlega efnisrýr. Það var nánast að hæstv. ráðherra henti þessu frv. framan í þingið og tók aðeins á því sem hann vildi meina að væri efnahagsleg nauðsyn en öðru voru tæpast gerð skil. Það er þó verið að lögfesta ákveðin atriði ef vilji hæstv. ráðherra gengur fram og mér finnst að við, ekki síst þeir þingmenn sem eiga að takast á við málið í þingnefnd, eigum rétt á því að fá aðeins meiri

skýringar en hæstv. ráðherra gaf þegar hann reifaði málið og flutti framsögu sína.

Í frv. eru líka ákvæði þess efnis að taka eigi Kvótaþingið af. Kvótaþing verður ekki lengur til. Um leið og þessi lög taka gildi, ef þetta frv. verður að lögum, þá er Kvótaþingið fokið. En ég minnist þess ekki, herra forseti, að hæstv. ráðherra hafi nefnt Kvótaþingið einu orði í framsöguræðu sinni. A.m.k. kom enginn rökstuðningur fyrir því af hverju það ætti að fylgja með í þessum pakka.

Ég sé að hæstv. ráðherra er að ganga í salinn þannig að það er kannski von til þess að hann fari aðeins betur yfir málið og útskýri fyrir okkur hvað verð til viðmiðunar í a-lið 2. mgr. 1. gr. getur þýtt og í öðru lagi að hann fari svolítið betur yfir efnisatriði þessa frv. vegna þess að efnisatriði frv. eru ekki bara gerðardómurinn, eru ekki bara þau efnisatriði sem hér eru í 2. gr. frv. Það er fleira, m.a. þetta að Kvótaþingið er slegið af.

Nú veit ég mætavel að Kvótaþingið er hluti af því starfsumhverfi sem sjómenn búa við núna. Það byggir á lögum sem hér voru sett árið 1998. Um það hefur staðið styr. Útvegsmenn hafa verið ákafir fylgjendur þess að Kvótaþingið væri tekið af og undir það hafa ýmsir tekið vegna þess að menn voru ýmsir fyrir fram nokkuð vissir um að þarna væri verið að búa til fyrirkomulag sem e.t.v. væri ekki það æskilegasta. En eigi að síður er ekki óeðlilegt að menn kalli eftir því að hér séu sett fram rök fyrir því að það sé tekið út bara sisvona.

Herra forseti. Sjómönnum finnst eðlilega erfitt að þurfa að horfast í augu við það að hér séu sett á þá lög eftir að þeim finnst sjálfum að þeir séu búnir að teygja sig býsna langt í þá átt að ná samningum við útvegsmenn. Þá vísa ég til þess sem ég fór yfir í upphafi máls míns varðandi það hvaða í rauninni tilboð eða vilja sjómenn sýndu eftir að þeim varð ljóst að þeim stæði aldrei til boða annað en sá rammi sem vélstjórar voru búnir að leggja.

Rétt til að fara yfir þær samningsaðstæður sem þessum aðilum hafa verið búnar, herra forseti, þá vil ég víkja að þessu tíu ára afmæli aftur sem ég gerði að umræðuefni í upphafi ræðu minnar. Sjómenn hafa verið með lausa samninga órúlega oft og ótrúlega lengi í senn á undanförnum áratug. Málið og deilan hefur snúist um verðlagsmálin. Hún hefur snúist um það að sjómenn gætu setið við sama borð, að þeir sætu allir við það sama borð að markaðurinn ákveði verðið fyrir þann afla sem þeir koma með að landi. En menn hafa verið að fara ýmsar leiðir, sumir mundu segja krókaleiðir, til þess í rauninni að komast hjá því að það yrði. Gagnrýnin hefur eðlilega staðið á það, herra forseti, að hér býr stór hluti sjómannastéttarinnar við það að útgerðin sem þeir starfa hjá er í raun að selja sjálfri sér aflann. Það eru viðskipti á milli skyldra aðila eins og tekið er fram í frv. Enn er verið að takast á við viðskipti á milli skyldra aðila. Það væri fróðlegt, herra forseti, og ég hef hugsað mér að kalla eftir því í hv. sjútvn., að við fáum lista yfir þessa skyldu aðila. Ég held að það sé gott að hafa það til hliðsjónar hverjir séu þessir skyldu aðilar sem í rauninni hafa ráðið hér gangi mála meira og minna allan síðasta áratug hvað varðar samningsmöguleika sjómanna og útvegsmanna vegna þess að eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom inn á áðan er það svo að þegar útvegsmenn eru að semja þá bera þeir kápuna jafnan á báðum öxlum því að þar má segja að fiskvinnslan sé að semja ekki síður en útgerðin og kannski þó öllu fremur. Eða hvernig má það vera að útvegsmenn og sjómenn sem í fljótu bragði virðist að ættu að hafa nákvæmlega sömu hagsmuni í því að fá sem hæst verð fyrir aflann skuli sitja og þrefa um fiskverð rétt eins og um væri að ræða samninga við fiskvinnsluna í landinu. Þetta hefur ýmsum fundist erfitt að skilja, herra forseti, og skyldi engan undra því þetta er í rauninni óskiljanlegt öðrum en þeim sem áttar sig á þessu tvíeðli hluta LÍÚ, þess hluta þar sem um er að ræða hina skyldu aðila.

Það hefur verið nefnt bæði nú og fyrr að frændur okkar Færeyingar hafa kosið að fara aðra leið. Færeysku sjómannasamtökin sáu aumur á félögum sínum á Íslandi þegar kjaradeila sjómanna og útgerðarmanna var komin í hnút og sendu bæði sjómannasamtökunum og forsrh. bréf þar sem þau greindu frá því hver reynslan væri af því að breyta til og láta allan afla fara um fiskmarkað og, herra forseti, við gátum ekki séð annað en það væri mjög til eftirbreytni og ætti að skoðast. Það er spurning hvort það verður ekki að vera hlutverk Alþingis að takast nú á við það að breyta þessu starfsumhverfi þannig að sjómenn og útvegsmenn geti samið um það sem við getum kallað hefðbundin kjarasamningsatriði vegna þess að starfsumhverfi þeirra sé þá orðið eðlilegt, eðlilegt í þeim skilningi að Alþingi sé búið að vinna sitt verk.

[16:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér finnst við hæfi að hæstv. félmrh. sé viðstaddur þessa umræðu og undirbúi sig undir málflutninginn hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni þegar þetta makalausa frv. kemur þar til umræðu því að það er ekki nokkur einasti vafi á því að þetta mál verður kært þangað.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir rakti í ítarlegu máli mjög vel hvernig þetta stæðist ekki alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa gert.

Í þingræðum hafa menn fjallað um aðdraganda þessa máls á ítarlegan hátt og ætla ég ekki að endurtaka það hér, hvorki samskiptin innan þingsins á milli stjórnar þingsins og stjórnarandstöðunnar né samskiptamátann sem ríkisstjórnin hefur haft gagnvart stjórnarandstöðunni og það fullkomna virðingarleysi sem hún hefur sýnt henni í þessu máli. Ég ætla að víkja strax að efnisatriðum þessa máls.

Enginn deilir um það að hálfs annars mánaðar verkfall á íslenska fiskiskipaflotanum er alvarlegt hvernig sem á það mál er litið. Það er alvarlegt fyrir þjóðarbúið og það er alvarlegt fyrir sjómenn og fjölskyldur sjómanna. Hér geta menn litið í eigin barm og skoðað hvað það þýðir fyrir þá og fjölskyldufjárhaginn þegar þeir verða af tekjum í hálfan annan mánuð. Við þetta hafa íslenskir sjómenn þurft að búa í sex vikur, tekjuleysi. Þeir hafa átt innhlaup í verkfallssjóði, ekki mjög burðuga verifallssjóði. Þaðan hafa þeir verið að fá 15–20 þús. kr. á mánuði. Það ríður því mjög á fyrir þá sérstaklega, og hefur alla tíð legið ljóst fyrir, að ná niðurstöðu í þetta mál, í þessa harðvítugu deilu sem allra fyrst.

Hvers vegna gripu sjómenn til verkfallsvopnsins í marsmánuði sl.? Þeir höfðu þá verið án samninga í á annað ár, 13 eða 14 mánuði og þeir óttuðust að hið sama væri að endurtaka sig og gerst hefur á liðnum hálfum öðrum áratug, en frá árinu 1987 hafa sjómenn verið án samninga í sex og hálft ár. Og þeir óttuðust að útvegsmenn ætluðu að leika sama leikinn aftur, að engin alvara væri þar að baki, að þeir vildu ekki semja. Sjómönnum var fullljóst að í samningunum var teflt fram ýmsum málum sem torvelt yrði að ná samkomulagi

um, um verðmyndunarkerfi og um mönnunarákvæði í samningum og ýmis önnur slík mál. Mönnum var ljóst að þetta yrði erfitt viðfangs og þess vegna var sett fram sú tillaga í upphafi þessa árs að menn freistuðu þess að ná bráðabirgðasamkomulagi sem skyldi gilda út þetta ár. Hvað var það sem menn vildu semja um? Hvað var það sem samtök sjómanna lögðu áherslu á að reynt yrði að ná bráðabirgðasamkomulagi um í skammtímasamningi?

Í fyrsta lagi vildu þeir taka á tekjutryggingu sjómanna, þ.e. lágmarkslaunum sem þeir hefðu, þeirri fjárhæð sem þeim væri tryggð í mánuði hverjum óháð því sem aflaðist. Hver skyldi vera tekjutrygging háseta á skipi? Hún er 86 þús. kr. Þeir vildu fá hana færða upp í 120 þús. Finnst mönnum það hátt? Það finnst mér ekki.

Hvað var það annað sem þeir vildu ræða í skammtímasamningum? Þeir vildu ræða ýmis öryggismál og hlífðarfatnað. Þeir vildu einnig taka á slysatryggingum sjómanna þannig að þeir yrðu ekki að sýna fram á hver væri valdur að slysinu, hver bæri ábyrgð á því til þess að þeim bæri réttmæt greiðsla vegna slyssins. Þetta vildu sjómenn ræða í skammtímasamningi.

Þeir vildu líka ræða lífeyrismál. Þeir vildu semja um samsvarandi greiðslur sjómönnum til handa og aðrar stéttir hafa verið að semja um. Er þetta ósanngjarnt? Er þetta óeðlilegt? Nei, það finnst mér ekki. Þeir vildu einnig ræða lífeyrismálin almennt. Er sérstök ástæða til að ræða lífeyrismál sjómanna sérstaklega? Já, einfaldlega vegna þess að Lífeyrissjóður sjómanna hefur verið eins konar viðlagasjóður útgerðarinnar. Skyldu menn gera sér grein fyrir því að 40% af öllu því fjármagni sem rennur út úr lífeyrissjóði sjómanna er vegna slysa. Það eru örorkugreiðslur. Þetta er miklu hærra hlutfall en þekkist í nokkrum öðrum lífeyrissjóði. Af þessum sökum hefur Lífeyrissjóður sjómanna aftur og ítrekað skert lífeyriskjör sjómanna sem komnir eru á eftirlaun. Þetta er staðreynd. Þessi mál öll vildu sjómenn ræða í skammtímasamningi.

Útgerðin var ekki reiðubúin að gera þetta. Hún var ekki reiðubúin að setjast af neinni alvöru að samningaborði. Hver skyldi meginskýringin vera á því? Meginskýringuna er dagsdaglega að finna í þessum sætum mér til sitt hvorrar handar, ríkisstjórn Íslands, vegna þess að hún er vön að hlýða kalli og skipunum húsbænda sinna í LÍÚ, skera þá niður úr snörunni þegar á þarf að halda og það gerði hún svo sannarlega.

Þegar verkfall sjómanna hafði staðið í þrjá sólarhringa í marsmánuði komu lögin um frestun, fyrst til 1. apríl. Þá skall verkfall á að sönnu og hefur núna staðið fram í miðjan maímánuð. Þá aftur er látið til skarar skríða. Hvers vegna? Hvers vegna núna? Vegna þess að fyrir liggur kjarasamningur sem hugnast LÍÚ. Núna liggur hann fyrir. Hvað er þá gert? Þá eru sett lög sem banna verkfall sjómanna og málið jafnframt sett í þann farveg að þeim skuli sköpuð sömu kjör, sambærilegur samningur eða sambærilegur kjararammi, kjaraumgerð, því að um samning verður ekki að ræða, og vélstjórar hafa þegar samið um. Um það snýst þetta mál og vil ég nú beina fyrirspurn til hæstv. forseta þingsins. Er það misskilningur af minni hálfu að til hafi staðið að kalla saman þingflokka kl. 5 og fundir þingflokka stæðu á milli 5 og 6?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er ekki misskilningur. Gert hefur verið gert ráð fyrir þingflokksfundum kl. 5. En það er stefnt að því að nú verði blásið til þingflokksfunda og forseti spyr hv. þm. hvort hann vilji gera hlé á máli sínu eða hvort hann sé kominn að lokum ræðu sinnar.)

Ég er langt frá því að vera kominn að lokum ræðu minnar. Ég skal gera hlé á minni ræðu til kl. 6.

[Fundarhlé. — 17:03]

[18:02]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 732. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1315.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, 276. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1319; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1320.

Hjúskaparlög, 410. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1312.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, 243. mál, nál. sjútvn., þskj. 1321.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 682. mál, nál. sjútvn., þskj. 1322.

Útlendingar, 344. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1317; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1318.

Veiting ríkisborgararéttar, 738. mál, frv. allshn., þskj. 1311.

[18:03]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forseta Alþingis er verið að dreifa á borð þingmanna þinggögnum, nefndarálitum og nýjum þingmálum en öll slík mál hafa verið látin víkja fyrir því máli einu sem ríkisstjórnin hefur nú sett í forgang, frv. til laga um kjaramál fiskimanna o.fl.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum en þeim mun meira að innihaldi. Í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um bann við verkfalli Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Í 2. gr. frv. segir að þrátt fyrir þetta bann sé aðilum heimilt að freista þess að ná kjarasamningum fyrir 1. júní nk. Náist það ekki, komist samningsaðilar ekki að niðurstöðu fyrir þennan tíma segir löggjafinn hvað skuli gert. Hæstiréttur Íslands skal skipa kjaradóm, gerðardóm kallar hann það, en kjaradóm í þeim skilningi að kveða upp úr um það hver kjör sjómönnum og farmönnum skuli búin.

Sá gerðardómur sem Hæstiréttur skipar skal taka á eftirfarandi atriðum: Hann skal kveða upp úr um atriði sem tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum í þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila. Hann skal taka á atriðum sem varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör. Hann skal taka á atriðum er varða kauptryggingu og launaliði samninga. Hann skal taka á atriðum er varða slysatryggingu. Hann skal taka á atriðum er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum. Hann skal taka á atriðum er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna. Hann skal taka á öðrum atriðum sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál. Hann fær sjálfdæmi um allt sem lýtur að kjörum íslenskra sjómanna. Þriggja manna nefnd sem Hæstiréttur Íslands skipar á að fá sjálfdæmi um kjör íslenskra sjómanna en ekki alveg vegna þess að þessum gerðardómi eru settar ákveðnar skorður. Honum er sagt á hvern hátt og á hvaða forsendum hann á að komast að niðurstöðu. Hann á að byggja niðurstöðu sína á nýgerðum kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands við LÍÚ.

Með öðrum orðum er verið að lögfesta kjarasamning vélstjóra fyrir alla íslensku sjómannastéttina og menn staðhæfa, menn hafa staðhæft úr röðum sjómanna að þessi samningur, verði hann settur yfir, muni leiða til stórfelldrar kjararýrn-

unar fyrir stóra hópa, kjararýrnunar sem nemur í sumum tilvikum mörg hundruð þús. kr. á ári.

„Gerðardómurinn", segir, með leyfi forseta, í 3. gr., „skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 ..." — Síðar í greininni er vikið að gildistímanum. Niðurstaða gerðardóms, niðurstaða fulltrúa Hæstaréttar Íslands á að gilda í $4\,^1/_2$ ár, í tæpan hálfan áratug. Það væri mjög fróðlegt að heyra hæstv. félmrh. lýsa því fyrir Alþingi og fyrir alþjóð hvernig hann ætlar að halda á málum í vörninni við Alþjóðavinnumálastofnunina, ILO, eða aðrar þær stofnanir sem munu vafalaust þurfa að fjalla um þetta frv. vegna þess að án nokkurs vafa brýtur það í bága við alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Á því leikur enginn vafi.

Ég rakti áðan hvað hefði vakað fyrir sjómannasamtökunum í upphafi árs. Það væri að ná skammtímasamningi sem gilti fram í desember um þau atriði sem menn töldu brýnust, tekjutryggingu sjómanna sem er 86 þús. kr. á mánuði fyrir háseta, slysatryggingar sem eru algerlega óaðgengilegar. Sjómaður þarf að sýna fram á hver ber ábyrgð á slysi sem hann verður fyrir til þess að honum beri réttmætar greiðslur. Taka ætti á lífeyrismálum, að sjómenn fái samsvarandi greiðslur og aðrar stéttir hafa samið um, flestar stéttir í landinu, að tekið verði á lífeyrismálum þeirra í heild sinni. Ég gat um það að úr Lífeyrissjóði sjómanna fara 40% allra þeirra peninga sem þaðan renna í slysabætur eða örorkubætur, sem er miklu hærra hlutfall en í nokkrum öðrum sjóði og er ein meginástæðan fyrir því að lífeyrissjóðsstjórnin hefur skert lífeyriskjör sjómanna. Nú hristir hv. þm. Pétur H. Blöndal höfuðið. Það væri fróðlegt að heyra hann útlista fyrir okkur hverjar ástæður eru þar að baki, en þetta mun vera ein forsenda þess að þetta hefur gerst. Ef það er misskilningur hjá mér, sem ég held að sé ekki, væri fróðlegt að heyra útlistanir hv. þm. sem jafnframt er tryggingastærðfræðingur. Gegn öllum þessum kröfum stóðu útgerðarmenn fast vitandi að þeir gætu reiknað með því að ríkisstjórnin mundi hlýða húsbændum sínum í LÍÚ og setja á lög af því tagi sem við erum að ræða núna.

Það sem ég velti svolítið fyrir mér er hvort ríkisstjórnin hafi grundað hvort hún kæmist upp með þetta gagnvart alþjóðlegum stofnunum og alþjóðlegum skuldbindingum sem við eigum aðild að og væri fróðlegt að heyra hæstv. félmrh. skýra okkur frá þessu. Ég vil líka spyrja þá sem eru ábyrgir fyrir þessum lögum og m.a. annarra orða langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til forseta þingsins hvar hæstv. sjútvrh. er niður kominn, hvort hann ætlar ekki að vera viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ef hv. þm. vill fá svar við því veit forseti ekki hvort ráðherrann ætlar að vera viðstaddur eða ekki. Hann er í húsinu en það er sjálfsagt að senda honum skilaboð ef hv. þm. óskar þess.)

Ég óska eftir því.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þá sendi ég honum skilaboð.)

Hæstv. sjútvrh. hefur látið svo lítið að heiðra Alþingi með nærveru sinni meðan rædd eru lög sem banna verkföll íslenskra sjómanna, verkfall sem staðið hefur í sex vikur og valdið kannski fyrst og fremst íslenskum sjómönnum miklum búsifjum. Það er alvarlegur hlutur þegar þannig er kippt grundvellinum undan kjarabaráttu sjómanna. Auðvelt er að færa rök fyrir því að þeir hafi orðið fyrir óbætanlegu tjóni og þá er ég að horfa til sjómanna og fjölskyldna þeirra. Maður veltir því fyrir sér hvort ríkisstjórnin hafi íhugað hvernig hún ætlaði að axla ábyrgð sína gagnvart þeim, gagnvart þeim mönnum sem sáu sig knúna til að leggja niður störf til þess að þrýsta á um kjarabætur, á hvern hátt ríkisstjórnin ætlar að axla ábyrgð sína gagnvart þessum mönnum.

Sú spurning sem ég vildi einnig beina til hæstv. sjútvrh. er þessi: Hefur ríkisstjórnin látið fara fram könnun á því hvort það lagafrv. sem hér liggur fyrir þinginu standist alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga? Margir þingmenn hafa komið og fært lagaleg rök fyrir því að þessi lög standist ekki skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, t.d. á grundvelli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO. Auk þess hefur verið vitnað í aðra samninga og aðrar skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist.

Þetta er virðingin og alvaran sem ríkisstjórnin sýnir Alþingi, að menn eru í spjalli, þeir nenna ekki einu sinni að hlusta á umræður, þeir nenna ekki að hlusta á spurningar sem beint er til þeirra. Ég var að beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort fram hefði farið athugun á því áður en þessu frv. var slengt framan í þingið hvort það stæðist alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist. Hér voru færð fram mjög ítarleg rök, m.a. í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að svo væri ekki, að það stæðist ekki þessar skuldbindingar. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvernig hann svarar þessum röksemdum. Var látin fara fram athugun á þessu? Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. og ítreka hana: Hafa sérfræðingar félmrn. kannað þau mál til hlítar, hvort þau standist skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist? Hverju svarar hæstv. sjútvrh. þeim staðhæfingum sem fram hafa komið frá hendi sjómanna að þeir mundu verða fyrir umtalsverðum kjaraskerðingum verði vélstjórasamningnum þröngvað upp á þá eins og til stendur að gera með þessu frv.? Hverju svarar hæstv. sjútvrh.? Og þingið. Maður skyldi ætla að jafnvel stjórnarsinnar, þingmenn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal sem á eftir að tjá sig um þetta mál og mun gera það á eftir, muni vilja vita hver svörin eru við slíkum spurningum.

Ég á erfitt með að trúa því að jafnvel þingmenn sem fylgja þessari ríkisstjórn að málum og hafa látið hafa sig til ýmissa verka, m.a. að brjóta stjórnarskrá Íslands á öryrkjum, muni vísvitandi samþykkja lög sem skerða kjör íslenskra sjómanna.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þm. að virða að það er einn fundur í gangi í einu í þingsalnum og að þingmenn fari þá í hliðarsal ef þeir þurfa að spjalla saman.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þetta. Þetta voru hæstv. sjútvrh. og formaður þingflokks Sjálfstfl. sem er mikið mál að ræða og spjalla um hlutina en mega ekki vera að því að hlusta á umræðu sem fram fer um lög sem eiga að banna verkfall íslenskra sjómanna, sem eiga að skerða samningsfrelsi íslenskra sjómanna og banna það verkfall sem hefur nú staðið í hálfan annan mánuð. Ég ætlast til þess að áður en þessari umræðu lýkur svari hæstv. sjútvrh. því hvernig hann ætli að axla ábyrgð ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður að ítreka að það er óskað eftir að það sé einn fundur í gangi í salnum í einu. Þeir hv. þm. sem sitja í horni salarins verða að víkja í hliðarsal ef þeir geta ekki setið á sér á meðan hv. þm. heldur ræðu sína.)

... hvernig hann ætli að axla ábyrgð gagnvart sjómönnum sem staðið hafa í verkfalli í hálfan annan mánuð tekjulausir

til að knýja á um niðurstöðu í kjaraviðræðum sem er allt önnur en sú sem ríkisstjórnin ætlar síðan að lögþvinga upp á þá. Hvernig ætlar hæstv. sjútvrh. og hvernig ætlar ríkisstjórnin að axla fjárhagslega ábyrgð gagnvart þessu fólki? Ég óska eftir að fá svör við því. Svo að ég endurtaki spurningar mínar: Hvernig svarar hæstv. sjútvrh. ásökunum sem fram hafa komið og fullyrðingum um að þeir samningar eða sú kjaraumgerð sem á að búa íslenskum sjómönnum muni leiða til kjararýrnunar hjá stórum hópum þeirra? Hvernig svarar hæstv. sjútvrh. þessum fullyrðingum? Ég endurtek að ég trúi ekki öðru en jafnvel stjórnarþingmenn vilji fá að vita svör við þessum spurningum.

Í þriðja lagi ítreka ég fyrri spurningar mínar um lögmæti þessa gernings. Við vitum að hann er siðlaus en hvað um lögmætið?

Það hefur verið ömurlegt að hlusta á umræðurnar í dag af hálfu stjórnarþingmanna, á sjálfsvorkunnarvælið þegar verið er að ganga til þessa verks, staðhæfandi að þeir séu sérstakir vinir sjómanna. Hér hafa þeir komið hver á fætur öðrum og lýst því yfir um leið og þeir réttlæta þennan gjörning í óþökk sjómanna og samtaka þeirra.

[18:24]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar ég fyrst heyrði af því að fyrirhugað væri að setja lög á verkfall sjómanna var ég mjög mikið á móti því. Það hafði verið rætt þegar verkfallinu var frestað að í þessari byssu væri bara ein kúla. En menn bentu á að í fyrsta lagi er sú staða uppi að þing er að ljúka störfum þannig að ekki er hægt að setja bráðabirgðalög fyrr en að góðum tíma liðnum. Þá er sjómannadagur í vændum sem gerir það að verkum að menn geta ekki farið í veiðitúra á fjarlæg mið. Allt þetta olli því að ég féllst á þau rök að nauðsyn bæri til að fresta verkfallinu því að sjálfsögðu getum við ekki horft á það aðgerðalaus í mjög langan tíma að ekki verði samið.

Herra forseti. Mín fyrsta reynsla sem barn af verkföllum var allsherjarverkföll sem voru þá mikið í tísku með miklu ofbeldi. Á sama tíma og manni var kennt að maður ætti ekki að beita ofbeldi las maður um leyfilegt ofbeldi í blöðum. Ég man eftir því sérstaklega að fólk var rifið út úr bílum og mjólk var hellt niður fyrir því við Elliðaárbrúna. Barnafólk hafði farið austur í sveitir til að ná í mjólk handa börnunum sínum. Allt þetta mátti. En maður varð hugsandi sem barn: Af hverju mátti beita ofbeldi þarna refsingalaust en ekki annars staðar?

Verkföll nú til dags byggjast aðallega á ofbeldi, herra forseti, sem er þó bannað við aðrar aðstæður. Þeir sem eru í verkföllum virðast margir hverjir stíla upp á að valda sem mestu tjóni þriðja aðila, ekki hver öðrum heldur þriðja aðila og þeir sem valda mestu tjóni fá hæstu launin. Ég nefni flugumferðarstjóra sem hóta því að Ísland missi allt flugstjórnarsvæðið sem mundi kosta íslenska þjóð og þá sömuleiðis milljarða á ári.

Það virðist oft vera þannig og maður upplifir það þannig að þeim sem eru í verkföllum er alveg sama jafnvel þó þeir sagi greinina sem þeir sjálfir sitja á. Þeir beita ofbeldi. Þetta er reynsla mín. En láglaunafólk, verkamenn sem geta ekki valdið þriðja aðila jafnmiklu tjóni njóta einskis af slíkri verkfallsbaráttu. Ég hugsa að það þurfi virkilega að fara að skoða það, herra forseti, hvort ekki sé rétt að endurskoða verkfallsréttinn, a.m.k. að menn beri ábyrgð gagnvart þriðja aðila. Það virðist vera sett undir sama flokk í löggjöfinni, verkföll, jarðskjálftar og eldgos þó að verkföllin séu af manna völdum og þeir aðilar sem til þeirra stofna ættu að bera ábyrgð gagnvart þriðja aðila.

Hver borgar brúsann hér? Að sjálfsögðu er það fyrst og fremst fiskverkafólk sem missir vinnuna eða fer á dagvinnu og lækkar mikið í launum. Hverjir aðrir? Fjöldi verktaka sem þjónusta útgerðina og frystihúsin sjá eflaust fram á gjaldþrot í kjölfar verkfalls. Svo er það þjóðin sjálf sem á auðlindina sem þessum aðilum, sem eru að deila báðir tveir því það eru tveir sem eiga í þessari deilu, er falin umsjón með. Hún sér fram á að missa af markaði. Hún sér fram á að gengið hrapi. Þjóðin horfir á.

Að sjálfsögðu getum við ekki horft á slíka stöðu mjög lengi, herra forseti. Við höfum horft á hana núna í sex vikur frá því að verkfalli var frestað en áður hafði það staðið í nokkra daga þannig að kominn er sá tími að ég held að við verðum að grípa inn í þó að okkur sé það óljúft. Mér er það alveg sérstaklega óljúft að grípa inn í þessa deilu. (**ÖJ:** Af hverju gerir þú það þá?)

Herra forseti. Hvers vegna gengur svona illa að semja hjá sjómönnum? Hefur einhver velt því fyrir sér? Hvernig stendur á því að sú stétt og atvinnurekendur eiga svona erfitt með að semja? Ég hugsa að það sé vegna þess að þeir búa við hlutaskipti sem er afskaplega snjöll aðferð, aldagömul aðferð við að skipta ágóðanum af veiðinni. Þá fékk skipið ákveðinn hlut, árabáturinn, herra forseti, fékk ákveðinn hlut og áhöfnin annan.

Síðan gerist það að menn fara að smíða miklu stærri og dýrari skip og miklu meira fjármagn þarf. Menn fara ýmsar leiðir, láta áhöfnina taka þátt í olíukostnaði eins og talað er um o.s.frv., og hlutaskiptin breytast. En í grundvallaratriðum eru hlutaskiptin þau sömu á skipi sem kostar 150 millj. með 10 manns um borð, þ.e. um 15 millj. á mann, og skipi sem kostar 2 milljarða með 30 manns um borð þar sem hvert pláss kostar um 40–50 millj. Þetta er vandinn og um þetta gengur svo illa að semja vegna þess að hlutaskiptin eru nánast þau sömu. Ekki er tekið tillit til þeirrar fjárfestingar sem er í skipunum.

Menn hafa leyst þennan vanda á ýmsan hátt, t.d. með því að stilla saman útgerð og fiskvinnslu og borga lægra verð, herra forseti. Þannig fær fjármagnið sinn hlut.

Síðan kemur annað inn í þetta sem er sala á veiðiheimildum sem ruglar allt dæmið. Sum skip hafa veiðiheimildir, önnur ekki og þó að menn horfist kannski ekki í augu við þann veruleika taka sjómenn þátt í kaupum útgerðarinnar á kvóta, hvort sem það er opinbert eða ekki.

Mér finnst að bæði útgerðarmenn og sjómenn séu með ákveðna glansmynd, þeir eru með einhverja ímynd. Þetta er eins og tölvuleikur. Þeir horfa ekki á raunveruleikann. Raunveruleikinn er sá að munur er á trillu og skipi með fullkomna verksmiðju í lestinni sem kostar 2.000 millj., og munur er á skipi sem er með kvóta og skipi sem er kvótalaust. Þetta er hinn nakti raunveruleiki og menn eru með alls konar tilfæringar til að plata sjálfan sig með því að hafa lægra verð og með því að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Það er eins og venjuleg skynsemi hafi yfirgefið svæðið.

Ég ætla að nefna eitt dæmi varðandi útgerðirnar. Hvernig stendur á því að útgerðir selja ekki frá sér allar veiðiheimildir upp á 100 kr. kg af þorski? Þeir ná aldrei þeim hagnaði af því að veiða fiskinn. Hvernig stendur á því að þeir gera það ekki? Hvar er skynsemin? Af hverju halda menn uppi einhverju gerviverði á kvótanum en selja ekki allir? Þá mundi verðið lækka. Þetta er til gagnrýni á útgerðina. (Gripið fram í.)

Einmitt. Þeir selja ekki allan aflann. Þeir plata sjálfa sig og það er gert með vitund sjómanna að þeir selja ekki allan afla á markaði og þannig eru menn að búa til einhverja glansmynd í staðinn fyrir að horfast í augu við hvernig raunveruleikinn er.

Síðan kemur annað dæmi og ég skil ekki í mönnum að þeir skuli ekki skammast sín fyrir að hafa svona reglu. Þegar fækkað er í áhöfn vex kostnaður útgerðarinnar. Fyrst þegar ég sá þetta hélt ég að það hefði verið einhver prentvilla og menn mundu rjúka upp til handa og fóta og laga þetta. En það er alveg sama. Það gengur ekki. Eðlileg skynsemi virðist hafa yfirgefið svæðið, bæði varðandi sjómenn og útgerðarmenn.

Afleiðingin af því að fjármagnið fær ekki hlut í hlutaskiptunum er það að í fáum stéttum er eins mikill launamunur. Það eru til sjómenn sem eru með um milljón á mánuði og því miður er það þannig að almenningur fær yfirleitt að heyra af því. Svo eru til aðrir sjómenn sem eru með miklu, miklu lakari laun. Sumir fara niður á kauptryggingu öðru hverju. Þeir eru að basla í afla- og gæftaleysi. Blöðin eru ekki full af þeim fréttum. Ekki er verið að segja frá þeim sjómönnum sem koma kannski með sáralitlar tekjur heim.

Að mínu mati er þetta vegna þess að menn horfa ekki á þá fjárfestingu og það fjármagn sem bundið er í útgerðinni og mér finnst að menn eigi að taka á því. Þegar menn hafa horfst í augu við raunveruleikann geta menn farið að semja, þá verða ekki þau vandræði eins og hafa verið hingað til og þá verða sjómenn ekki með lausa samninga svo árum skiptir.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi var ég á móti því að grípa strax inn í dæmið. Ég var á móti því að fresta þessu verkfalli eða banna það. En ég féllst á þau rök að vegna þeirra aðstæðna að þingið er að hætta og út af sjómannadeginum og ýmsum öðrum ástæðum hef ég fallist á það vegna þess að ég get ekki horft upp á að verkfallið haldi áfram fram í júní eða fram í júlí.

[18:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa menn rakið aðdragandann að þessum deilum, hvernig sjómenn reyndu í upphafi árs að ná skammtímasamningi um hækkaða tekjutryggingu sem nú er 86 þús. kr., um bættar slysatryggingar sem að dómi flestra sanngjarnra manna ef ekki allra eru mjög ósanngjarnar og um lífeyrisgreiðslur samsvarandi þeim sem aðrar stéttir hafa samið um. Gegn þessu stóðu útvegsmenn. Þess vegna var gripið til verkfallsvopnsins. Það var ástæðan.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur og segir: Verkföll byggja á ofbeldi. Það er rétt. Í þessu tilviki byggja þau á ofbeldi þeirra sem staðið hafa gegn réttmætum kröfum sjómanna. En hvað vill hv. þm. gera? Hann vill kippa grundvellinum undan kjarabaráttu sjómanna og banna verkfall þeirra, nauðvörnina. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Péturs H. Blöndals, fulltrúa Sjálfstfl. við þessa umræðu: Vill hv. þm. láta banna öll verkföll?

[18:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að öll verkföll byggðu á ofbeldi heldur byggja sum á ofbeldi gagnvart þriðja aðila, ekki gagnvart þeim aðilum sem eiga í kjarabaráttu heldur eru notaðir þriðju aðilar. Eins og þegar framhaldsskólakennarar fóru í verkfall, þá voru nemendur notaðir sem eru ekki aðilar að deilunni. Þegar háskólakennarar hóta að fara í verkfall velja þeir prófтímann hjá nemendum sem voru ekkert aðilar að deilunni. Það er það sem ég átti við með ofbeldi gagnvart þriðja aðila.

Varðandi það að kippa grundvelli undan kjarabaráttu sjómanna, þá erum við einnig að banna verkbönn sem er kjarabarátta útgerðarmanna gagnvart sjómönnum þannig að þetta er hvort tveggja.

Herra forseti. Ég tel að menn eigi að snúa sér að því að horfast í augu við raunveruleikann eins og ég gat um og leysa hann með hlut fjármagnsins í útgerðinni. Þá mundi hitt leysast af sjálfu sér. Þá færi allur afli á markað að sjálfsögðu og menn mundu báðir skipta með sér hagræðinu af fækkun í áhöfn.

[18:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að engum finnist eftirsóknarvert að fara í verkfall. Ég held að engum finnist eftirsóknarvert að verða af tekjum. Ég held að engum sjómanni finnist eftirsóknarvert að vera tekjulaus í hálfan annan mánuð. En þetta er nauðvörn sem menn hafa gripið til. Og verkfallsvopnið er eins konar öryggisventill í lýðræðisþjóðfélagi sem stéttir og þjóðfélagshópar geta gripið til ef þær eru beittar ranglæti.

Nú hefur það verið upplýst að hv. þm. finnst eðlilegt að banna verkföll sjómanna og hann hefur bætt kennurum í púkkið. Það er líka eðlilegt að banna verkföll kennara. Gætum við fengið upplýsingar um fleiri stéttir frá hv. þm. Pétri H. Blöndal, fulltrúa Sjálfstfl. við þessa umræðu?

[18:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi þetta síðasta. Ég er ekki fulltrúi Sjálfstfl. frekar en endranær. Ég er fulltrúi sjálfs míns hér á Alþingi og þó að hv. þm. tali alltaf um Vinstri græna sem eina persónu og eina sál er það ekki svo í Sjálfstfl. (**HBl:** En þetta er kannski þingmaður Sjálfstfl.) Já, ég er að sjálfsögðu þingmaður Sjálfstfl. og styð hann í velflestum góðum málum.

Varðandi það hvort ég vilji banna verkföll. Já, ég vil fara að skoða virkilega hvort verkföll gegni því hlutverki sem þau upprunalega gerðu, að þau séu neyðarbrauð fólks sem á við bágar aðstæður að etja og er að berjast fyrir réttindum sínum. Þau eru núna orðin barátta hátekjumanna fyrir enn meiri tekjum. (**ÖJ:** Sem eru svona 100 þús. kr. á mánuði?)

[18:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég skil ekki alveg þá sýn sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er alltaf að draga hér upp. Hann segir alltaf að fjármagnið hafi ekki hlut í hlutaskiptakerfi sem sjómenn búa við og að dýr skip, slík fjárfesting, fái engan hlut. Ef dýrt skip er keypt til landsins og segjum að þetta sé toppfrystiskip og að fiska eigi fyrir 1 milljarð, þá fær fjármagnð hvorki meira né minna en 200 millj. í hlut. Fyrstu 200 millj. af þessum 1 milljarði, ef skipið fiskar fyrir milljarð, fara í hlut fjármagnsins. Næstu 100 millj. fara í olíuna. 300 millj. fara frá áður en kemur til hlutaskipta sjómanna. Þegar þangað er komið, að 700 millj. eru eftir af þessu mikla aflaverðmæti dýra skipsins, þá fara sjómenn að reikna sinn hlut sem er yfirleitt um 28–30% úr 70%, úr 700 millj. sem eftir voru. Þannig er það nú, hv. þm.

Ég tek undir að hlutaskiptakerfið er snjallt hlutakerfi og mikill vilji hefur verið hjá sjómönnum að viðhalda því. Þess vegna buðu þeir fram þessa sátt í janúar, að semja um þrjú

tiltekin atriði og fresta öðrum erfiðum málum eða leysa þau á þessu ári fram til 31. desember. Því var hafnað og síðan beittu þeir verkfallsvopninu og þá á að setja lög. Þetta eru vinnubrögðin sem verið er að framkvæma.

[18:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um að fjármagnið hefði fengið aukinn hlut, en það er jafnt fyrir öll skip. Skip sem kostar 150 millj. er með nánast sömu hlutaskipti og skip sem kostar 2.000 millj. og hlýtur hver maður að sjá að skip sem kostar 2.000 millj. og er afskaplega fullkomið og afskaplega stórvirkt veiðitæki þarf að greiða vexti af þessum 2.000 millj., það þarf að afskrifa það í allt öðrum mæli en skip sem kostar 150 millj. og er orðið gamalt. Enda eru sjómenn á þessum dýru skipum með óskaplega há laun miðað við þá sjómenn sem eru á ódýru skipunum og sem ekki geta veitt eins mikið. Þetta held ég að menn þurfi að fara að horfast í augu við og breyta þannig að fjármagnið fái ekki alltaf sama hlut, alveg sama hvort skipið er dýrt eða ódýrt.

[18:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að síðasta hugmynd sem hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi um gæti verið til umræðu varðandi dýr skip að því gefnu að verðmyndunarþættir allir saman væru í lagi og menn seldu aflann á því verði sem hægt er að fá fyrir hann, en útgerðarmenn væru ekki að berjast við það alla tíð, ár og síð að tryggja að þeir geti haft nógu lágt fiskverð svo þeir geti stungið einhverju undan fram hjá eðlilegum kaupsamningum og eðlilegum kjörum. En þá yrðu þeir jafnframt að semja um það að á eldri skipum sem búið er að afskrifa væri annar kostnaðarhlutur en 20% dreginn frá skiptum. Það hlyti þá að vera sanngirni ef menn ætla að ræða það.

Færeyingar fóru þá leið að semja um sérstakan frádrátt til útgerðar af dýrum skipum fyrstu 4–5 árin, en síðan breyttist það. Hér hefur aldrei verið hægt að ræða neinar svona skynsemistillögur við útgerðarmenn.

[18:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. erum hjartanlega sammála í þessu. Ég gagnrýndi nefnilega útgerðina fyrir að vera með eitthvert gerviverð á aflanum en það er vegna þess að þeir fá ekki að afskrifa sín geysilega dýru skip á réttan hátt. Auðvitað ættu menn að fara að horfa til þess hve mikið fé er bundið í viðkomandi skipi, hve það er arðbært og hve það er öflugt veiðitæki.

[18:45]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals langar mig til að fá fram svör við því hvort hann telji rétt að afnema verkfallsréttinn, ekki bara hjá sjómönnum heldur hjá öðrum stéttum líka. Það hlýtur það sama að ganga yfir alla í landinu. Nú þegar hafa fjölmargar stéttir í raun og veru ekki verkfallsrétt. Það eru stéttir sem sinna heilbrigðismálum og öryggismálum og verða að lúta því að hafa ekki þennan rétt. En hvernig eiga þá sjómenn og aðrir sem ná ekki fram kröfum á launatöxtum og í þessu tilfelli varðandi sjómenn um skiptahlutfall að ná fram réttarbótum ef ekki nást samningar, ef ekki er tekið undir kröfur þeirra, ef samningar eru lausir um lengri tíma eins og hjá sjómönnum núna? Til hvaða ráða geta þeir gripið til að ná frjálsum samningum ef þeir eiga ekki að hafa verkfallsrétt?

[18:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög góð spurning. Stærsta verkalýðsfélag landsins, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, hefur farið inn á þá braut að gefa út raunverulega greidd laun. Þar á bæ eru launataxtar nánast ekki lengur til. Þar semur hver fyrir sig með hliðsjón af þeim launum sem greidd eru í þjóðfélaginu, markaðslaunum. Þetta geta sjómenn gert líka enda held ég að þeir geri það í reynd, að þau skip sem lélegast afla fái ekki sjómenn öðruvísi en með því að gera eitthvað sérstaklega fyrir þá.

Það er þekkt, að ég held hjá vélstjórum, að þar sem skortur er á starfsfólki eru menn að borga umfram það sem kjarasamningar segja. Ég held að menn ættu virkilega að skoða verkfallsréttinn í heild sinni og alveg sérstaklega þá reglu að menn skuli ekki vera ábyrgir fyrir því ofbeldi sem þeir valda þriðja aðila sem er ekki aðili að deilunni. Þeir bera enga ábyrgð. T.d. ef flugmenn fara í verkfall eða flugfélag setur verkbann þá eiga farþegarnir enga kröfu á neitt eins og í venjulegu tilfelli ef ferðin bregst. Þessu er líkt við jarðskjálfta og eldgos og annað eins en þetta er samt af manna völdum.

[18:48]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það komu ekki skýr svör við fyrirspurninni en ef ég skil hv. þm. rétt, að hann vísi til þeirra aðferða sem tíðkast nú hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, finnst mér liggja í orðum hans að hreinlega megi leggja niður allt sem heita samninganefndir og þetta eigi þá að vera á höndum hvers einstaklings sem beri þá fulla ábyrgð á því að fylgjast með kjörum sambærilegra stétta í landinu og hver og einn eigi að semja fyrir sig.

Ég er hrædd um það, herra forseti, að ef þetta á að verða sú leið sem við eigum að feta í framtíðinni þá sitji stórir hópar eftir og það ekki á einhverjum meðallaunum heldur á mjög lágum launum.

[18:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig að þeim hópum manna sem hafa lægst laun í þjóðfélagi er att út í verkföll fyrst. Svo koma allir hinir á eftir, hátekjufólkið, og heimta enn þá hærri laun. Þannig virkar þetta í reynd. Ég held að menn þurfi að fara að skoða hvort þetta sé það sem við viljum, að það séu hátekjumennirnir eða þeir sem valda mestu tjóni með verkfalli sínu einhverjum þriðja aðila sem eigi að hafa hæstu launin í þjóðfélaginu. Ég hef grun um að verkfallsrétturinn sé farinn að slá til baka. Hann veldur ekki bara þriðja aðila tjóni heldur líka fjórða aðila, þ.e. þjóðinni allri, með því að þjóðin tapi mörkuðum og með því að gengið fari á flökt.

[18:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér erum við að ræða um frv. sem er ekki orðið að lögum, þ.e. frv. sem er ætlað að verða að lögum en Alþingi hefur á valdi sínu að breyta. Þetta frv. fjallar um gerðardóm sem er skipaður þremur mönnum völdum af Hæstarétti og gerðardómur hefur eðli málsins samkvæmt sjálfstæði. Hann er óháður og honum er ætlað að ákvarða kjör þeirra sjómanna sem lögin koma til með að taka til.

3. gr. frv. ber að skoða vandlega með tilliti til þess hvort hún haldi gagnvart alþjóðasamningum. Ég hef verið spurður að því í þessari umræðu hvort ég telji að þetta frv. brjóti í

bága við stjórnarskrána varðandi félagafrelsi. Það tel ég að sé mjög ólíklegt að gæti orðið niðurstaðan.

Ég hef líka verið spurður um hvort hér væri um brot á alþjóðaskuldbindingum að ræða og ég vonast eftir því að svo verði gengið frá því í þinginu að lögfesting þess brjóti ekki í bága við þær alþjóðaskuldbindingar sem við erum aðilar að.

Ég tel að leiða megi afar sterkar líkur að því að heimilt sé að setja lög á þessa kjaradeilu. Ég vitna til niðurstöðu sérfræðinganefndar ILO sem hefur aðeins borið á góma í dag út af lagasetningu á kjaradeilu sjómanna 1998 þegar lögfest var miðlunartillaga sem sjómenn höfðu samþykkt en útgerðarmenn felldu. Þá hljóðaði niðurstaða eða hluti af niðurstöðu sérfræðinganefndarinnar þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin álítur að lögin hafi vísað til almenns kjarasamnings sem hafi verið laus til endurskoðunar í nær 13 mánuði, að þau hefðu verið sett að loknum nær tveggja mánaða verkfallsaðgerðum þótt hlé væri gert á og það hefði verið að loknum langdregnum og hörðum samningaviðræðum deiluaðila, m.a. að tilhlutan ríkissáttasemjara. Allar líkur voru á því að verkfallið mundi standa lengi og hafa alvarlegar afleiðingar fyrir efnahag landsins og atvinnu manna í fiskvinnslu.

Við slíkar aðstæður telur nefndin að íhlutun í almenna kjarasamninga með samþykkt laga um kjarasamninga sjómanna, nr. 10/1998, hinn 27. mars 1998, hafi ekki verið brot á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., sbr. 31. gr. félagsmálasáttmálans. Hún er þeirrar skoðunar að íhlutunin falli innan valdsviðs ríkisstjórnar Íslands þegar um er að ræða til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa við sérstakar aðstæður í lýðræðisríki til að vernda rétt og frelsi annarra og í almannaþágu. Við mat sitt hefur nefndin haft hliðsjón af þeirri staðreynd að almennur kjarasamningur var framlengdur til 15. febr. 2000 sem hún telur að kunni að vera réttlætanlegt við slíkar aðstæður, einkum vegna þess að samningar höfðu þá verið lausir til endurskoðunar í verulega langan tíma án þess að aðilar næðu árangri."

Ég tel að því ástandi sem þarna er lýst megi jafna til þess ástands sem er í þjóðfélaginu núna. Hér er um verulega harða kjaradeilu að ræða, hún hefur staðið lengi og ég tel engan vafa að réttlætanlegt sé að setja lög til þess að ljúka kjaradeilunni, þ.e. setja lög um gerðardóm og að ljúka þannig kjaradeilunni.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði mig hvort ég liti svo á að hér væri um árás á samtök sjómanna að ræða. Ég tel að flutningur þessa frv. sé ekki liður í því og engan veginn liður í því að brjóta niður samtök sjómanna eða samtök útvegsmanna því að lögin taka líka til þeirra. Það er ekki eins og hér sé eingöngu verið að setja lög á sjómenn. Það er líka verið að setja lög á útvegsmenn.

Herjólfsmálið er hins vegar ekki fyllilega sambærilegt við þetta mál. Herjólfsmálið var að vissu leyti öðruvísi. Þar var um að ræða að það var ekki einungis að yfirmenn væru í verkfalli, það voru ekki bara þeir sem voru í verkfalli. Gerðardómurinn tók ekki bara á þeim sem verkfallið höfðu boðað heldur líka á félagsmönnum í Jötni og þar var kjörum þeirra breytt og þeirra kjör rýrð í gerðardómi. Um það tilvik segir í ILO-skýrslu frá þeim tíma:

„Í niðurstöðu sinni vísaði gerðardómurinn hins vegar til 3. gr. laga nr. 15/1993 þar sem segir að þegar gerðardómurinn ákveður kaup og kjör samkvæmt lögum skuli hann hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Dómurinn var þeirrar skoðunar að yfirvinnugreiðslur þær sem undirmenn höfðu fengið í tólf ár væru umfram það sem almennt gilti á kaupskipum og skyldu því felldar niður. ASÍ telur að úrskurður gerðardómsins lækki laun undirmanna um 10% og valdi því verulegri skerðingu á kaupi og kjörum undirmanna. ASÍ mótmælti meðferð málsins þar sem laun félaga eins stéttarfélags voru lækkuð í því skyni að leysa deilu atvinnurekenda og annars stéttarfélags. Auk þess sagði gerðardómurinn í niðurstöðu sinni að rekja mætti deiluna að miklu leyti til innri ágreinings milli stéttarfélaga, einkum hvað snerti launahlutföll. ASÍ er þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk stéttarfélaga að komast að samkomulagi sín á milli um launahlutföll."

Þetta mál nú er ekki sambærilegt við Herjólfsmálið á sínum tíma. Menn hafa haft á orði tekjutap sjómanna og víst er það mikið, en menn hafa ekki fjölyrt eins um tekjutap fiskverkafólks sem er verulega sárt og fiskverkafólk þolir miklu verr kjaradeiluna en sjómennirnir því að sjómennirnir eru sem betur fer yfirleitt betur launaðir en fiskverkafólkið. Síðan er tekjutap þjóðarbúsins sem allir sjá og réttlætir að gripið sé inn í deiluna eins og hér er gert.

Við í félmrn. höfum í dag athugað þetta mál vandlega hvað lagasetninguna varðar og ég vænti þess að niðurstaða lagasetningarinnar og gerðardómsins verði þannig að það verði auðvelt að verja það á alþjóðavettvangi. Ég heiti hv. sjútvn. liðsinni okkar í ráðuneytinu ef nefndin kynni að leita eftir því við frágang frv.

[18:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að tekjutap fiskverkafólks er tilfinnanlegt og það er mjög alvarlegt. Það er ámælisvert og í hæsta máta gagnrýnisvert að útvegsmenn skuli hafa sett þessa deilu í þann hnút að það skuli bitna þannig á láglaunafólki.

Hæstv. félmrh. sagði að hér værum við að fjalla um frv. en ekki lög og frv. mætti breyta. Nú er það reynsla okkar á Alþingi að það hefur ekki alltaf reynst auðvelt að breyta stjfrv. Ég spyr: Var ekki samkomulag á milli stjórnarflokkanna um hvernig þetta frv. skyldi líta út áður en það var lagt fram á Alþingi?

Hæstv. félmrh. upplýsti að málin hefðu verið til skoðunar í félmrn. í dag. Voru þessi mál ekki skoðuð áður en þau voru lögð fram á þinginu? Reyndar báru svör hæstv. ráðherra það með sér að svo hefði ekki verið: „Ég tel það ekki brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum. Ég vona að það brjóti ekki gegn alþjóðlegum skuldbindingum." Ég lýsi furðu á þessu ábyrgðarleysi.

[19:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að vera hér lengur en aðrir þingmenn og ég þekki æðimörg dæmi þess að mál hafa tekið breytingum í starfi þingsins. Ég tel það ekki nema sjálfsagðan hlut. Ég hef lengst af minni þingsetu verið óbreyttur þingmaður eða formaður í þingflokki og oftast nær í stjórnaraðstöðu vel að merkja. En ég átti í nefndum þátt í því að breyta fjöldamörgum stjfrv.

Þetta mál var ekki skoðað í félmrn. fyrr en í dag af eðlilegum ástæðum þar sem það var ekki ákveðið fyrr en á laugardag að frv. færi fram. Við vorum ekki með í undirbúningi málsins og á laugardaginn var ráðuneytið lokað og ég hafði ekki aðgang að starfsfólki þar.

[19:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var gefin hápólitísk yfirlýsing um að ekki hafi verið samráð milli stjórnarflokkanna um þessa löggjöf. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. félmrh., sem er gæslumaður vinnuréttar og samningsréttar innan framkvæmdarvaldsins, hvort hann hafi ekki af því áhyggjur að hér sé sett fram frv. og reynt að þvinga í gegn lög sem stríða gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga, hvort hann hafi ekki af þessu áhyggjur og hvernig hann getur forsvarað það að nú fyrst í dag skuli fara fram athugun á þessu máli í félmrn. Ég lýsi furðu á þessum vinnubrögðum og því ábyrgðarleysi sem hér kemur fram.

[19:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu var haft samráð á milli stjórnarflokkanna og ég átti þátt í því að frv. var lagt fram. En ég mundi hafa áhyggjur ef lög yrðu afgreidd héðan úr þinginu sem ekki stæðust alþjóðasamninga.

[19:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið afar athyglisvert að heyra hvernig hæstv. félmrh. kýs að orða svör sín við spurningum svo sem eins og þannig að hann vonist til þess að þingið gangi þannig frá málinu að það verði í lagi gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum, þjóðréttarsamningum sem við höfum undirgengist um að virða friðhelgi samningsréttar og verkfallsréttar. Sömuleiðis lá í orðum hæstv. ráðherra að nauðsynlegt væri að félmn. Alþingis fengi frv. til sín til að skoða þessi atriði og hann hét stuðningi ráðuneytisins við það að félmn. færi yfir þessa þætti málsins. Þetta eru mjög mikilvægar yfirlýsingar og ég treysti því að ekki komi til álita að kasta þannig til höndum við afgreiðslu málsins eftir þessar yfirlýsingar félmrh. að ofan í þessa þætti verði farið rækilega, ofan í saumana á því hvort þetta standist svona eins og frv. er fram sett úr því að ráðuneytið hafði ekki áður haft aðstöðu til að skoða það og þá sérstaklega þetta atriði um að festa gerðina í fjögur og hálft ár.

[19:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og hv. þingmenn hafi aldrei komið að afgreiðslu þingmála. Auðvitað verða frv. ekki að lögum fyrr en búið er að ganga frá þeim við 3. umr. Ég veit ekkert um hver verður heldur niðurstaða þess gerðardóms sem Hæstiréttur kann að tilnefna. En að sjálfsögðu reynum við að ganga þannig frá málum að þessi lagasetning standist.

[19:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. þarf ekki að kenna þingmönnum, a.m.k. ekki þeim sem hér talar, að það þurfi þrjár umræður til þess að frumvörp verði að lögum. Ég hef hins vegar stundum á tilfinningunni að hæstv. forsrh. hefði gott af námskeiði hjá félmrh. því hann hegðar sér yfirleitt eins og hans ákvarðanir séu orðnar þar með lög í landinu um leið og honum hefur dottið eitthvað í hug eða hann ákveður eitthvað. Það er ekki svo sem betur fer. Og þingið hefur auðvitað ekki bara möguleika til að breyta hlutum, það hefur þá skyldu að vanda vinnubrögð og laga það sem bersýnilega er ekki í lagi þegar þingmál koma hér og ber að með þeim hætti sem raun ber vitni.

Ég held að ekki þurfi í sjálfu sér að orðlengja um þetta frekar. Það er búið að gefa um það hér mjög merka yfirlýsingu af hæstv. félmrh. að það verði að fara rækilega ofan í saumana á þeim þáttum málsins er snúa að samningsréttinum og skuldbindingum okkar gagnvart honum og að félmn. þingsins þurfi að taka málið til sín til að skoða það sérstaklega með stuðningi ráðuneytisins. Það verður þá að sjálfsögðu gert.

[19:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál fer að sjálfsögðu til hv. sjútvn., ekki til félmn. Ég var að bjóða fram aðstoð okkar í ráðuneytinu ef hv. sjútvn. vildi nýta hana.

[19:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. félmrh. fyrr í dag hvaða meðferð hann héldi að frv., ef að lögum verður, fengi hjá nefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ef það yrði samþykkt óbreytt eða eins og það liggur fyrir. Þá vitnaði ég, herra forseti, í Herjólfsmálið sem hæstv. ráðherra vitnaði í líka og sagði að ekki væri líku saman að jafna. En telur ekki ráðherrann að rétt sé að skoða þó það sem nefndin sagði og nú vitna ég beint:

„Nefndin kemst hins vegar ekki hjá að veita því athygli að orðalag ákvæðis veitir gerðardómnum ekki neinn sveigjanleika til túlkunar. Gerðardómurinn sjálfur viðurkennir þetta þar eð hann bendir á það í úrskurði sínum að þetta ákvæði takmarki mjög frelsi hans til þess að leysa málið."

Svo segir að nefndin sé með ábendingar um að niðurstaða gerðardóms skuli ekki fyrir fram ákveðin með lögum og að nefndin minni ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila sé nauðsynlegt að (Forseti hringir.) hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og að niðurstaða gerðardóms skuli ekki fyrir fram ákveðin með lagaákvæðum.

[19:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef komið auga á tilvitnaða grein í nefndarniðurstöðunni sem hv. þm. var að segja frá. En það er ekki hægt að líkja þessum málum alveg saman. Ég sagði áðan líka að að sjálfsögðu, eðli málsins samkvæmt, væri gerðardómur óháður. Gerðardómurinn hefur frelsi. Við erum ekki að ákveða hvaða kaup sjómenn eiga að hafa.

[19:09]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að ég og hæstv. félmrh. séum með sama frv. undir höndum, en þar er bæði í 2. og 3. gr. ótrúlega nákvæm lýsing á því hvað gerðardómurinn á að taka til reifunar og til úrlausnar þegar þar að kemur ef þetta verður að lögum.

Ef hæstv. félmrh. er með annað frv. en ég er fróðlegt að fá það fram. En ef við erum með sama frv., telur þá ekki hæstv. félmrh. að það sé búið að gefa gerðardómnum býsna nákvæma forskrift að því bæði hvaða efnisinnihald eigi að vera í niðurstöðu hans og til hve langs tíma? Í því frv. sem ég hef undir höndum er á a.m.k. tveimur stöðum ef ekki þremur tiltekið að tímalengdin skuli taka viðmið í kjarasamningi vélstjóra og LÍÚ fjögur og hálft ár.

[19:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei fullyrt að þetta frv. yrði óbreytt að lögum. Ég treysti hv. sjútvn. prýðilega til þess að meðhöndla þetta mál. Ég hef einmitt verið að bjóða fram aðstoð við að leiða tiltekin atriði í frv. til farsælla lykta. Ég held að við séum með sama frv.

[19:10]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hæstv. félmrh. sagði að Herjólfsmálið væri ekki sambærilegt þá vil ég byrja á að segja að það er fullkomlega sambærilegt varðandi túlkun á því hversu langt megi ganga í slíku inngripi og hversu miklar hömlur eru settar á frelsi gerðardómsins. Það var það sem var fyrst og fremst dregið hér fram í umræðunni og þetta er fullkomlega sambærilegt.

Hæstv. ráðherra sagði skilyrði fyrir hendi fyrir því að setja lög. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi velt fyrir sér og hvort félmrn. hafi skoðað hvort ákvæði umræddrar 3. gr. standist alþjóðasáttmála vegna þess að gerðardómurinn er ekki frjáls að því hvernig hann leysir deiluna og vegna þess hversu afgerandi bindingin er við samning vélstjóra og vegna þess hversu langur gildistíminn er. Það voru þessi þrjú atriði sem ég nefndi sérstaklega í ræðu minni og vildi gjarnan fá svar við því frá hæstv. félmrh. hvort hann telji þessi ákvæði standast alþjóðasamninga og hvort það hafi verið skoðað sérstaklega í ráðuneytinu. Ég verð að segja, herra forseti, að þessi umræða vekur mann enn og aftur til umhugsunar um löggjafarundirbúning á hinu háa Alþingi þegar við erum enn og aftur að fjalla um svona hluti þegar frv. er komið fyrir Alþingi.

[19:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekkert fullyrða um að 3. gr. sé skotheld eins og hún er. Ég vil að hún verði athuguð vandlega með tilliti til alþjóðasamninga og annarra hluta. Ég treysti því að lögin komi til með að líta þannig út að það verði hægt og auðvelt að verja þau.

[19:12]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var í sjálfu sér, vil ég meina, ákveðin viðurkenning á því a.m.k. að hæstv. félmrh. væri ekki viss um að þessi grein stæðist eins og hún er. Mér þykir það mikilvæg yfirlýsing þó ég hefði gjarnan viljað heyra eitthvað skýrar um hvort það væri búið að skoða þetta í félmrn. því að ég veit að þar innan borðs eru þeir menn sem hvað færastir eru á þessu sviði og þekkja best til þess hvernig félagafrelsisákvæði stjórnarskrár og alþjóðasamninga virka. Ég spyr hæstv. ráðherra að því enn og aftur hvort þetta hafi verið skoðað í dag í ráðuneytinu.

[19:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum að sjálfsögðu litið á þetta og rætt það og leitað leiðbeininga í úrskurðum frá ILO í dag. Þessi skoðun er ekki endanleg. Við vitum ekki enn þá hvernig orðalagið verður þegar nefndin hefur fjallað um málið. Ég vonast eftir því, eins og ég hef margtekið fram, að málið verði ekki afgreitt úr hv. sjútvn. öðruvísi en þetta frv. standist.

[19:14]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ummæli hæstv. félmrh. áðan gefa til kynna að búast megi við breytingu á því frv. sem hér hefur verið lagt fram til laga um kjaramál fiskimanna o.fl. og er það vel ef svo verður gert.

Einn af hornsteinum lýðræðisins er að fólk megi segja það sem því býr í brjósti, að fólk megi segja skoðanir sínar án þess að þurfa að óttast um sig eða sína. Við Íslendingar höfum verið stoltir af því að búa í landi undanfarin ár sem leyfir þetta. Það eru nefnilega mjög mörg lönd í veröldinni og margar þjóðir og margt fólk sem býr við það að geta ekki sagt það sem það langar til að segja. En til þess að þetta fólk geti öðlast frelsi tjáningarinnar þá grípur það til ákveðinna aðgerða. Verkfallsvopnið er eitt þeirra og það er alltaf samtakamáttur fólksins sem kemur því áfram og gerir samfélögin betri. Þess vegna urðum við frjáls þjóð, vegna þess að það var samtakamáttur meðal okkar Íslendinga.

Ef við skoðum sögu síðustu aldar, íslenska sögu, þá sjáum við að hún einkennist af mikilli baráttu sérstaklega á fyrri hluta aldarinnar. Það voru mikil verkfallsátök og það voru jafnvel slagsmál á bryggjum. Allt var þetta gert til þess að knýja á um bætt kjör og bætta aðstöðu, aukna menntun, aukið öryggi í heilbrigðismálum og svona get ég lengi talið. Baráttan hefur borið árangur.

Nú eru sjómenn í verkfalli og sjómenn eru að berjast fyrir því að fá í grundvallaratriðum markaðsverð fyrir fiskinn sem þeir veiða. Það kom fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að það væri gamalreynd aðferð að hafa hlutaskipti og það er rétt. Menn fóru á vertíð og áður en krónan varð til þá var fiskurinn gjaldmiðillinn hjá þeim og þeir komu heim með skreið í staðinn fyrir spesíur, krónur eða einhvern annan gjaldmiðil. Þetta er í raun svona enn í dag nema að sá sem gerir út skipið hann fær aflann í raun og veru til ráðstöfunar í mörgum tilvikum og ákveður að mörgu leyti verðið. Það má spyrja hvort það hafi aldrei verið rætt um það í öllum þessum samningaviðræðum hvort sjómenn gætu þá ekki bara tekið sína fiska sjálfir og ráðið yfir þeim fiskum sem eru þeirra hlutur og þeir farið þá með sína fiska á markað og selt og gefið jafnvel einhverjum í soðið. Hvað mundu útvegsmenn segja við þessu?

Það hefur verið talað um það hér líka að verkföll bitni á þriðja aðila. Öll verkföll hljóta að gera það. Ég veit ekki um neitt verkfall sem bitnar ekki á þriðja aðila. Sem betur fer eru stéttir landsins flestar það mikilvægar að þær skipta máli fyrir fleiri en þá sem í þeim eru. Ef verkafólk, fiskverkafólk, fer allt í verkfall þá bitnar það auðvitað á allri þjóðinni. Það verður mjög erfitt fyrir alla þjóðina ef allt fiskverkafólk fer í verkfall. Ég man eftir því að fyrir fáum árum fór fiskverkafólk á Vestfjörðum í mjög hatrammt og erfitt verkfall þar sem verið var að berjast fyrir 100 þús. kr. í lágmarkslaun og það hefur ekki náðst enn. Ég vona að baráttan hjá því fólki haldi áfram og gangi betur og þetta fólk fái meiri stuðning og samstöðu hjá þeim sem lýstu því yfir áðan að hækka ætti laun þess fólks meira heldur en er.

Tap sjómanna á þessu verkfalli hefur auðvitað verið mjög mikið. Skipin hafa ekki róið, eðlilega. Hluturinn er því enginn og sjómenn sem aðrir eru með sínar skuldbindingar, sínar fjölskyldur, búa í sínum húsum sem þeir skulda af og svo er margt annað og auðvitað bitnar það hart á þeim þó að sumir þeirra kunni að vera tekjuhærri en margir aðrir. Það er ekkert grín þegar menn fara í verkfall.

Tap útgerðarinnar er líka mikið, segja margir. En ég spyr og kannski getur einhver frætt mig um það. Í verkföllum sjómanna undanfarin ár þegar lög hafa verið sett á þau, hversu mikið hefur útgerðin tapað á því? Þá má spyrja t.d.: Hafa útgerðirnar ekki náð að veiða þann kvóta sem þær fengu úthlutað þau ár sem þessi verkföll voru? Hversu miklum kvóta töpuðu útgerðirnar í þessum verkföllum? Hversu miklu hreinlega misstu þær af vegna þess að verkfall stóð yfir eða náðist kvótinn allur upp? Munu mörg útgerðarfélög á Íslandi ekki ná því að veiða þann kvóta sem þeim hefur verið úthlutað á því fiskveiðiári sem lýkur núna nk. 1. september? Svo geta menn spurt í framhaldi af því: Verður tjón þeirra meira, eða sjómannanna?

Kannski var ekkert farið að reyna á útgerðina í þessari baráttu vegna þess að enn var tími til þess að veiða þann kvóta sem úthlutaður var fyrir þetta fiskveiðiár. Þetta þarf að athuga vel.

Í umræðunni hefur einnig verið talað um að verið sé að setja lög á útvegsmenn með banni við verkbanni. Hvaða útvegsmenn hafa harmað það að þetta frv. er fram komið? Hvaða útvegsmenn hafa harmað það að í frv. kemur fram grein sem leggur bann við verkbanni þeirra? Ekki hef ég heyrt um það enn. En kannski hafa þeir ekki tekið við sér enn þá.

Herra forseti. Þingmenn fengu í hendur og sendar til sín upplýsingar um hvaða áhrif það hefði ef samningurinn sem var gerður á milli Landssambands ísl. útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands væri látinn hafa áhrif á samning sjómanna. Ef gerðardómur tekur mið af frv. eða þeirri gerð sem á að láta yfir sjómenn dynja, eins og sagt er fyrir um í frv., þá kemur í ljós samkvæmt þessari töflu, herra forseti, að hásetar og áhöfn á litlum ísfisktogurum muni lækka í launum. Þar sem laun breytast til lækkunar á skip með tíu manna áhöfn, sem er raunmönnun, munu launin lækka um 14,39%. Þetta er á litlum ísfisktogurum. Á litlu frystitogurunum mun það vera minna reyndar, þ.e. 5,53%. Það er ekki góð latína þegar hæstv. ríkisstjórn grípur inn í kjaradeilurnar með þessum hætti og stuðlar að því að laun sjómanna lækki í þeim tilvikum sem ég nefndi áðan.

Herra forseti. Eitt langar mig til að tala um sem ég hef ekki vikið að, en aðrir hv. þm. hafa gert. Nú er nefnd að störfum sem á að endurskoða lög nr. 38/1999, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú nefnd virðist vera lömuð eins og hún hafi verið bitin af könguló. Er ekki skrýtið og furðulegt að verið sé að að leggja fram frv. til laga um kjaramál fiskimanna o.fl. af hæstv. ríkisstjórn sem getur undið svona frv. fram úr erminni eins og ekkert sé ...

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill láta þess getið að gert var ráð fyrir matarhléi milli kl. 19.30 til 20.00. Á hv. þm. langt eftir af ræðu sinni?)

Ég mælist til þess að við tökum þá matarhlé. Þó sagt sé að maðurinn lifi ekki á brauði einu saman þá verðum við samt að ...

(**Forseti** (ÍGP): Það er hárrétt hjá hv. þm. Við munum gera matarhlé til kl. 20.00)

[Fundarhlé. — 19:31]

[19:59]

Karl V. Matthíasson (frh.):

Herra forseti. Ég talaði um að nú væri nefnd að störfum sem hefði það hlutverk að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Þessi nefnd hefur ekki skilað neinu áliti og eru þó næstum tvö ár liðin síðan hún tók til starfa. Ég var að nefna það áðan fyrir matarhlé að hæstv. ríkisstjórn hefði getað í einu vetfangi hrist fram úr erminni frv. til laga um kjaramál fiskimanna o.fl.

Það er vægast sagt furðuleg ósamkvæmni í þessu. Ein ástæðan fyrir því að svo illa gengur að semja milli sjómanna og útvegsmanna er einmitt hvernig lögin um stjórn fiskveiða eru núna. Það er ekki sátt í landinu um hvernig stjórn fiskveiða skuli háttað. Mörgum finnst algerlega út í hött að þeir sem fái veiðiheimildir til úthlutunar skuli geta leigt þær öðrum eða jafnvel selt þær öðrum. Reyndar hefur þetta fyrirkomulag skapað það, herra forseti, að íslensk útgerð og íslenskur sjávarútvegur er kominn í gríðarlegar skuldir og gríðarleg vandræði. Ef grannt er skoðað og varla grannt þá sjáum við að eins og lögin um stjórn fiskveiða virka í dag þá hafa þau verið útgerðinni böl. Eða er það ekki böl heillar atvinnugreinar sem á að vera undirstöðugrein samfélagsins eða a.m.k. burðarás samfélagsins að skuldir hennar skuli stöðugt aukast?

Hvað er til ráða annað en fara að drífa í því að nefndin skili áliti um stjórn fiskveiða og því verði breytt þannig að skuldir útgerðarinnar muni minnka, að aðstaða útgerðarinnar verði þannig að skuldirnar minnki en aukist ekki?

Íslenska þjóðin byggir afkomu sína eins og margoft hefur komið fram á fiskveiðum og það verður að ríkja friður í þessum málum en það gerir það ekki núna. Ekki mun ástandið batna við að ríkisstjórnin leggur fram þetta frv. til laga um kjaramál fiskimanna o.fl. sem banna verkfall sjómanna og verkbann útgerðarmanna sem hafa reyndar ekki lýst óánægju sinni yfir því banni. Þetta á að gilda í fjögur ár. Það er alveg ótrúlegt að svona skuli vera hægt að gera og það hlýtur að vera rétt sem hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar, 9. þm. Reykv. Bryndís Hlöðversdóttir, sagði í ræðu sinni að 3. gr. frv. stangist á við ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur.

Ég fékk það á tilfinninguna, herra forseti, að ekki sé algerlega einhugur milli ráðherranna í ríkisstjórninni um frv. Mér fannst á hæstv. félmrh. eða það mátti skilja það að hann byggist ekkert síður við því að 3. gr. dytti út eða fengi einhverja breytingu enda er verið að setja gerðardómi svo mikið fyrir í þessari grein, hendur hans eru bundnar og það að þetta skuli eiga að gilda í fjögur ár er náttúrlega með endemum. Það verður örugglega komin ný ríkisstjórn eftir þennan tíma enda verður þessi ríkisstjórn hámark í tvö ár enn, það er kosið eftir tvö ár.

Sjómannsstarfið hefst í raun og veru með kveðjustund. Sjómaðurinn sem heldur til hafs kveður fólkið sitt og allir óska honum góðs, að sjóferðin gangi vel og það er alltaf ákveðin tilfinning þegar maður kemur um borð í skip sem er að hefja túrinn. Menn vona alltaf að það gangi vel og menn vona að ekki verði mikil bræla og allt eftir þessu.

En hvernig mun sjómönnum líða þegar þeir leggja frá bryggju ef þetta frv. verður að lögum? Hvaða tilfinningu munu sjómenn bera í brjósti sér eftir þá umræðu sem hér hefur verið og það sem hefur verið sagt um þá? Tekjuháir og jafnvel látið að því liggja að þeir eigi ekkert að fara í verkfall af því að þeir hafi hvort sem er svo háar tekjur og þeir séu farnir að hafa áhrif áhrif á þriðja aðila. Reyndar var aldrei nefnt að þeir hefðu áhrif á annan aðila. Kannski var það aðeins farið að bíta á annan aðila og þá náttúrlega er lagt fram frv. til laga. Kannski beit verkfallið bara á sjómennina og þriðja aðila en ekki á annan aðila, útgerðarmenn, af því

að þeir hugsa kannski með sér að þeir nái því að veiða þann kvóta sem útgerðinni hefur verið úthlutað. Þess vegna segi ég að það hafi í raun og veru ekki verið farið að reyna neitt alvarlega á milli þessara tveggja aðila, fyrsta og annars aðila. Það er íhugunarefni.

Í raun og veru væri rétt hjá hæstv. ríkisstjórn að draga þetta frv. til baka. Þá gætu þingstörfin tekið á sig eðlilegri blæ og rólegri og þingið gæti sinnt þeim málum sem fyrir því lá og liggur áður en þetta frv. kom til eins og sprengja inn í þingstarfið.

Hvernig líður sjómönnum þegar þeir fara um borð í skipin þegar lögin hafa tekið gildi? Það skulum við hugsa alvarlega um. Hve oft hafa verið sett lög á verkfall sjómanna aftur og aftur og um leið og farið er að þrengja aðeins að svokölluðum öðrum aðila, útvegsmönnum, þá er hlaupið upp til handa og fóta og lagt fram frv. til að bjarga málunum. Þetta er ekki rétt. Væri ekki nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að leggja fram frv. til laga sem bannar sjómönnum fyrir fullt og allt að fara í verkfall? Væri það ekki miklu einlægara og heiðarlegra en vera sífellt að leggja fram frv. til laga um frestun verkfalls þegar til verkfalla er komið? Ég held að þeir ættu að hugsa um það, hæstv. ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn Íslands, hvort ekki væri miklu heiðarlegra að gera það en vera alltaf að þessu og að stofna til svona stöðu hvað eftir annað.

Munu sjómenn fara í verkfall eftir fjögur ár? Hvað halda menn? Hvernig svara menn því með sjálfu sér? Það má reikna með því að ... (**Gripið fram í:** Í hljóði.) Já, þeir verða að svara því í hljóði, a.m.k. þeir sem styðja ríkisstjórnina. (Gripið fram í.) Með sjálfum sér, já. Hvernig vilja menn sjá það fyrir sér eftir fjögur ár þó að það sé vandi að sjá svo langt fram í tímann? Mun verða búið að setja ný lög um stjórn fiskveiða? Það er ekki að sjá af þessu frv. og af því að það er lagt fram að menn geri ráð fyrir því að endurskoðunarnefndin verði búin að skila af sér þá.

Herra forseti. Ég vona að 3. gr. frv. verði felld niður í það minnsta. Það er lýðræði í landinu og við virðum það og ríkisstjórnin leggur frv. fyrir Alþingi og það lítur út fyrir að meiri hluti Alþingis ætli að samþykkja þetta frv. en ég hvet hæstv. ríkisstjórn og þingmenn til að fella út 3. gr., a.m.k. þá liði hennar sem lúta að því að gerðardómur skuli taka mið af samningi sem gerður var núna milli samtaka atvinnulífsins og aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands. Ég held að menn hljóti að hugsa mjög alvarlega um það.

[20:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hafði orð á því að hlaupið væri upp til handa og fóta núna vegna þess að útgerðin hefði beðið um það. Ég velti því fyrir mér hvers vegna hv. þm. segir þetta og hvað hann hefur fyrir sér í því að verið sé að hlaupa eftir útgerðinni í þessu máli. Útgerðin er búin að semja við vélstjóra. Það er ljóst að þar hefur náðst niðurstaða.

Árið 1998 voru samþykkt á Alþingi lög sem voru sniðin eftir sáttatillögu sem sáttasemjari ríkisins hafði þá lagt fyrir deiluaðila. Í atkvæðagreiðslu samþykktu sjómenn þessa miðlunartillögu en Landssamband ísl. útvegsmanna felldi tillöguna. Þessi tillaga var síðan samþykkt hér á Alþingi nánast óbreytt eða lítið breytt og það var auðsjáanlega ekki verið að hlaupa eftir vilja útgerðarmanna í því tilliti eða á þeim tíma. Ég hef ekki séð það núna að það sé verið að hlaupa sérstaklega eftir einhverjum óskum útgerðarmanna.

Þess vegna langar mig til að vita, herra forseti, (Gripið fram í.) hvenær ósk frá Landssambandi ísl. útvegsmanna kom fram um að ríkisstjórnin setti lög og hvort það hafi í raun einhvern tíma heyrst frá ríkisstjórninni eða hún hafi lýst því yfir að hún ætlaði að gera þetta.

[20:17]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar við höfum hlustað á fréttir eða horft á fréttir og séð viðtöl við útvegsmenn þá hefur sífellt komið fram hjá þeim að alls ekkert gangi og enginn viðræðuflötur sé í samningaviðræðunum sem stæðu yfir. Ég hef skilið framkomu þeirra í fjölmiðlum þannig að í raun sé ekkert hægt að gera annað en setja lög á þetta verkfall því allt sé algerlega í hnút.

[20:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Segir hv. þm. að það hafi komið fram í framkomu ráðherranna, eða hverra? Það er svo margt sagt í fréttum. Ég minnist þess ekki að ráðherrar í ríkisstjórn eða einstakir þingmenn stjórnarinnar hafi lýst því yfir að það ætti að setja lög á sjómenn vegna þess að útgerðarmenn hefðu beðið um það. Ég hef heldur ekki heyrt það frá neinum þessara aðila að þeir hafi lýst því yfir að þeir vildu yfirleitt setja lög á þessa deilu. Það hefur þvert á móti komið margítrekað fram að menn vildu ekki setja lög á þessa deilu heldur leyfa mönnum að kljást við hana eins og kostur er.

Niðurstaðan er sú að eftir sex vikna verkfall er ekki sýnileg nein lausn í málinu. Spurningin er þá: Hvað hefði hv. þm. viljað gefa langan frest? Hefði hv. þm. viljað gefa deiluaðilum tvo mánuði í viðbót eða einn mánuð í viðbót? Hvað átti að ganga langt í þessum samningaumleitunum þegar það er sýnilega ekki að semjast á næstunni?

Ég held að allir þeir sem eru að velta þessu máli fyrir sér skilji og skynji að efnahagslíf þjóðarinnar þolir ekki að einn helsti atvinnuvegur þjóðarinnar sé stöðvaður mánuðum saman. Þess vegna neyðast menn bara af illri nauðsyn til þess að setja lög. Ég held að enginn í þingliði sjálfstæðismanna alla vega fagni því að þurfa að setja lög sem þessi. Það er neyðarbrauð og í mínum huga er sorglegt að þurfa að standa í því.

[20:20]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt. Það er auðvitað vart hægt að horfa upp á það að sjómenn séu í verkfalli mánuðum saman. Það er alveg ljóst mál. Hins vegar hefur verkfallið staðið í sex vikur og það sem ég hef bent á í mínu máli hér, er að það er kannski ekkert farið að reyna svo sérstaklega mikið á útvegsmenn. (**KPál:** Eftir einn og hálfan mánuð.) Eftir einn og hálfan mánuð já, vegna þess að útvegsmenn hafa ákveðinn tíma til þess að veiða ákveðið magn af fiski. Það er kvótakerfið sem gildir og það er náttúrlega vandamálið. Það þarf að breyta lögunum um stjórn fiskveiða þannig að umhverfið verði þannig að hægt sé að semja. Það er ekki hægt núna eins og þetta er núna og þetta er klemma. (**KPál:** Þú vilt hætta með kvótakerfið. Ertu að meina það?) Ég er að tala m.a. um það. Annars er erfitt að svara þegar gripið er svona fram í. Það sem ég er að segja er að lögin um stjórn fiskveiða eru óskapnaður og hafa skapað gífurleg vandræði og stórkostlegar skuldir hjá útgerðinni því eftir að þau voru sett á hafa skuldir útgerðarinnar stóraukist og eru orðnar vandamál í íslensku efnahagslífi. Ég held að menn ættu frekar að snúa sér að því að setja ný lög um stjórn fiskveiða

heldur en að setja lög á sjómenn núna alveg strax.

[20:22]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gengur enginn til þess með bros á vör að setja lög á sjómannadeiluna. Það er öllum ljóst. En hver er staða málsins í dag? Í Morgunblaðinu í gær er sagt frá árangurslausum samningafundi á laugardaginn. Þar segir að útlitið sé mjög dökkt, það hafi ekki batnað á neinn hátt. Þetta er erfiðara en nokkru sinni fyrr, sagði Þórir Einarsson sáttasemjari í samtali við Morgunblaðið. Verkfall sjómanna hefur nú staðið í sex vikur og er það lengsta til þessa.

Þetta er staðan. Nú vil ég spyrja hv. þm. sem ég veit að er sanngjarn maður og velviljaður og kemur úr byggðarlagi sem byggir nánast allt sitt á því sem kemur úr sjónum. Ef hv. þm. er að hlusta, þá vil ég gjarnan spyrja hann: Hvað finnst honum um stöðu fiskverkafólksins í byggðarlaginu hans og í kjördæminu hans og um allt land? Hefur hann ekki áhyggjur af stöðu þess? Hefur hann ekki áhyggjur af stöðu þess erlenda verkafólks sem mælir göturnar dag eftir dag og viku eftir viku? Hefur hann ekki áhyggjur af þeim fjölmörgu þjónustufyrirtækjum og einstaklingum sem hafa afkomu sína af því að þjónusta flotann og fiskvinnsluna? Þetta fólk getur ekki geymt kvóta sinn og tekið hann þegar verkfallið leysist. Þetta fólk er að tapa verulegum tekjum og á mjög bágt þessa daga. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. sjái það vandamál.

Ég spyr hann líka hvort hann hafi ekki áhyggjur af fiskmörkuðum okkar erlendis, ef við getum ekki útvegað fisk upp í sölusamninga viku eftir viku og mánuð eftir mánuð? Ég spyr hann enn fremur hvort hann hafi ekki áhyggjur af efnahagslífi þjóðarinnar og stöðu krónunnar þegar útflutningurinn hrapar og er nánast enginn viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Eigum við í þessari stöðu, hv. þm., kannski að bíða í sex vikur enn eftir að mönnum þóknist að semja? Ef hv. formaður Samfylkingarinnar hættir nú að leggja hv. þm. orð í eyra, ég veit að hann er einfær um að svara þessu, Össur minn, þá þætti mér vænt um að fá svör við þessu því ég veit að hv. þm. hefur taugar til allra þessara aðila og þeirrar alvarlegu stöðu sem við erum í og hann vill ekki að verkfallið verði áfram í sex vikur. En það er ekkert sem bendir til neins annars samkvæmt þeim fréttum sem við höfum hér fyrir framan okkur.

[20:24]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hef ég áhyggjur af því þegar fiskverkafólk hvort sem það býr í Grundarfirði eða vestur á fjörðum er verkefnalaust vegna verkfalla. En kaupin ganga þannig og gerast þannig að það er ekki hægt að koma málum áfram oft og tíðum nema grípa til verkfalla. Mér verður hugsað til verkakvenna sem komu vestan af fjörðum fyrir nokkrum árum til Grundarfjarðar. Þær voru í kjarabaráttu og launabaráttu. Þær voru að berjast fyrir því að fá 100 þús. kr. á mánuði í laun. Það hefur ekki náðst. Ég gleðst yfir því að hv. þm. Guðjón Guðmundsson skuli sýna því skilning líka hvað kjör verkamanna eru bág. Það er mjög slæmt þegar staðan er svona og það er mjög slæmt þegar verkfall er. En hvað eiga menn að gera til að knýja fram bætur og knýja fram réttlæti í málum sínum?

[20:26]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 732. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 1324.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 1316.

[20:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira. Frv. felur í sér að bundinn skuli endir með lögum á verkfall aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandsins auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands ísl. útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum í Alþýðusambandi Vestfjarða eins og nánar er tilgreint í 1. gr. frv.

Í 2. gr. frv. segir:

„Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm. Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:"

Í greininni eru síðan talin upp þau atriði sem varða hvað mestu. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég aðeins að fara yfir þau atriði sem gerðardómur á að taka til og síðan hvernig þessum kjaradómi er sagt fyrir um hvernig hann á að vinna. Dómurinn skal ákveða um:

a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila,

b. atriði er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör,

c. atriði er varða kauptryggingu og launaliði,

d. atriði er varða slysatryggingu,

e. atriði er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum,

f. atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og

g. önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál.

Herra forseti. Þarna er ekki minnst á eitt grundvallaratriði sem einmitt oft er tekið með og mikilvægt er í kjarasamningum, í samningum um kaup og kjör og er hluti af þeim. Það er menntun og sú umgjörð menntunar sem hver starfsstétt býr við. Ég held að það sé fyllilega ástæða til þess, herra forseti, að hafa áhyggjur af því hver staða menntunar í sjómanna- og fiskimannastéttinni er og af þeim áherslum sem stjórnvöld hafa í þeim þætti.

Hæstv. forseti. Ég hefði gjarnan viljað skiptast á nokkrum orðum við hæstv. menntmrh. um áherslur hans í menntun og hvernig hann hefði komið þeim að í þessu frv. Hvernig barðist hæstv. menntmrh. fyrir baráttumálum sínum sem hann ber ábyrgð á, þ.e. sjónarmiðum menntunar og endurmenntunar og öðrum slíkum atriðum heillar starfsstéttar?

(**Forseti** (ÍGP): Forseta er ekki kunnugt um á hvern hátt hæstv. menntmrh. kom að þessu máli.)

Ég þakka hæstv. forseta og leyfi mér að koma því á framfæri að hæstv. menntmrh. setji sig inn í menntunarmál sjómanna, setji sig inn í öll þau menntunarmál sem lúta að einmitt þessari starfsstétt og það hefði fyllilega verið ástæða til þegar verið er að setja ramma í kjaraumgjörð, í starfsumgjörð á heilli stétt, að það hefði átt að vera nefnt. En ég hef lesið þetta í gegn nokkrum sinnum, herra forseti, og hef ekki séð það. Þetta er í sjálfu sér hluti af þeirri umgjörð. Það hefði verið mjög eðlilegt að í þeim samningum sem standa yfir og ég tala ekki um þegar á að fara að setja málin í gerðardóm að þá væri þar jafnframt tekið tillit til þess og settar fram kröfur og óskir, ekki bara af hálfu sjómanna heldur af

hálfu ríkisvaldsins, um að þar væri kveðið á um að setja inn myndarlega fjárupphæð til menntunar, endurmenntunar og hvernig mætti auðvelda sjómönnum og öðrum sem að þessu vinna, fiskvinnslufólki og öðrum, aðgengi að menntun.

Ég ítreka að ég tel að hæstv. menntmrh. ætti að huga að sínum þætti og ábyrgð í umgjörð þessa máls, umgjörð kjara heillar starfsstéttar.

Síðan, með leyfi forseta, er áfram í 3. gr. kveðið á um hvernig gerðardómurinn skuli starfa. Mér finnst helst skorta á, herra forseti, ef sami tónn ætti að vera í gegnum frv. að þá hefði átt að nefna með nöfnum hvaða menn ættu að fara í gerðardóminn. Það hefði verið miklu eðlilegra svo þetta lægi allt meira og minna ljóst fyrir því að í 3. gr. er sagt hvað gerðardómurinn eigi að gera og hvernig úrskurður hans skal vera. Honum er uppálagt að fara eftir þeim kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á.

Þarna er beinlínis mælt svo fyrir að gerðardómurinn eigi ekkert að vera að slugsa við að spekúlera í neinum atriðum, hann á bara að taka þennan samning og skipta kannski um nöfn í honum en að öðru leyti virðist hann eiga að gilda.

Þetta gildir einnig um gildistökutímann. Engin ástæða er til annars, það sparar prentun og annað því um líkt að nota þennan kjarasamning sem nokkur hópur vélstjóra hefur samþykkt og láta hann verða algildan fyrir allar þessar starfsstéttir. Það er líka hagræði í því að láta hann gilda í sama tíma og sá samningur.

Mér sýnist þetta því verða býsna einfalt og ódýrt verk hjá væntanlegum gerðardómi, ef hann verður skipaður, og greinilega útgjaldalítið fyrir ríkissjóð.

Ég set út á það, herra forseti, og tel að ætti að athuga það hvort ekki væri verulegt hagræði í því að það kæmi inn ákvæði í 2. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar hann dóminn saman.“ — Það væri miklu þægilegra að vera með nöfn á þessu þannig að ekki þurfi ekki að vera neitt að streða í þessu sérstaklega. Þá er þetta svona í stíl.

Hins vegar er leitt að heyra að hæstv. félmrh. hefur látið að því liggja að ekki væri alveg víst að þessi grein stæðist vinnurétt og alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar eiga aðild að varðandi félagsleg réttindi einstaklinga og félaga og vinnurétt o.s.frv. Hæstv. ráðherra hafði ekki gefist tóm til fyrr en í dag að skoða hvort þetta lagafrv. sem verið væri að setja fram hefði nokkra lagastoð eða ekki. Og er það nokkuð seint gripið ef farið er í það eftir að frv. er komið fram að *athuga hvort meginþættir frv. eigi sér þá lagastoð.*

En hæstv. félmrh. er gætinn maður og ég hygg að hann muni styðja hæstv. sjútvrh. til betri vegar í þessu og benda honum á agnúa sem kunna að vera á þessum greinum áður en þetta verður að lögum. Og betra að það hefði verið athugað fyrr.

En hvers vegna, herra forseti, eru þessar kjaradeilur *til* komnar? Upplýst hefur verið að sjómannastéttin hefur æ ofan í æ mátt búa við að sett væru lög á kjarasamninga hennar og hefur hún verið samningslaus nú í líklega u.þ.b. sex ár.

Þess vegna er við hæfi að rifja það upp að starfskjör sjómanna eru bara hluti af þeim þætti sem lýtur að sjávarútvegi og vinnslu sjávarfangs hér á landi. Öllum er kunnugt um þá deilu, þá ósátt sem ríkir um sjávarútvegsstefnuna hér á landi. Það var því ekki að ástæðulausu að fyrir síðustu alþingiskosningar lýstu bæði formaður Sjálfstfl., hæstv. núv. forsrh., og einnig formaður Framsfl., hæstv. núv. utanrrh., því fjálglega yfir á flokksþingum sínum, í aðdraganda og undirbúningi kosninganna, að það yrði að leggja vinnu í það og væri afar mikilvægt að endurskoða stefnuna um stjórn fiskveiða og ná fram sátt hjá þjóðinni um þá stefnu. Við munum öll þessi kosningaloforð. Við munum þau öll. Þetta átti að vera hið fyrsta sem ríkisstjórnin ætlaði að grípa til eða sem þessir venjulegu formenn flokka sinna þá sem urðu síðan ráðherrar ætluðu að grípa til (Gripið fram í.) ef þeir kæmust til valda.

Einn meginkafli í stjórnarsáttmálanum, sem þessir ágætu formenn flokka sinna gerðu, var um það að lög um stjórn fiskveiða skyldu endurskoðuð.

Ég leyfi mér að vitna, herra forseti, í Morgunblaðið laugardaginn 29. maí 1999 þar sem verið er að vitna í stefnuyfirlýsingar og áherslur nýrrar ríkisstjórnar:

„Vinna á að sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnun og forsætisráðherra er spurður hvernig því verði háttað: „Áætlanir okkar um fiskveiðistjórnun draga mjög dám af þeim ræðum sem formenn stjórnarflokkanna fluttu hvor um sig á landsfundum sínum, annars vegar að viðhalda því sem menn telja farsælt og hafa skilað árangri fyrir þjóðina í heild en jafnframt er undirstrikuð nauðsyn þess að ganga í þá endurskoðun sem lög um stjórn fiskveiða mæla fyrir um að í skyldi farið í framhaldi af dómi Hæstaréttar. Það skýrir vilja ríkisstjórnarinnar til að takast á við þetta verkefni sem margir telja að hægt sé að finna lausn á án þess að hafa bent á það.“ Með nefnd sem skipa á strax til að endurskoða lögin segir Davíð Oddsson þessi fyrirmæli laganna undirstrikuð. Þá er í fyrsta sinn sett inn í sáttmála flokkanna ákvæði um að greinin taki í auknum mæli þátt í kostnaði við eftirlit, þjónustu og hvers kyns rannóknir í þágu hennar eftir því sem afkoma hennar leyfir.“

Ekki fer á milli mála, herra forseti, að hæstv. forsrh., *sem þá er nýskipaður eða nýr, er afar hugleikin sú ábyrgð* hans sem hann hafði þá lýst yfir áður á landsfundi sínum í aðdraganda kosninga að væri eitt brýnasta málið til að takast á við.

Þegar vitnað er í hæstv. utanrrh. í þessum sama undirbúningi að ríkisstjórn í kynningu á stjórnarsáttmálanum, í Morgunblaðinu 29. maí 1999, þá stendur með fyrirsögn, með leyfi forseta,:

„Árangur í sjávarútvegsmálum innan árs. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum verður skipuð nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Halldór sagðist telja mikilvægt að þessi nefnd starfaði hratt en störfum hennar hefði ekki verið settur neinn tímafrestur.“ — Síðan kemur, herra forseti: — „Ég gæti vel hugsað mér að sjá einhvern árangur af slíku starfi innan eins árs,“ sagði hann.“

Þetta er sem sagt sagt 29. maí 1999. Hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. er umhugað um starfið og áfram segir í *fréttinni, með leyfi forseta:*

„Um hugsanlega niðurstöðu af starfi nefndarinnar sagði Halldór: „Þetta er margslungið mál og inn í það kemur m.a. tekjuskiptingin í sjávarútveginum.““ — Inn í það kemur tekjuskiptingin í sjávarútveginum, og er það ekki það, herra forseti, sem við erum að ræða hér? Erum við ekki að ræða tekjuskiptinguna í sjávarútveginum? Einmitt. Auðvitað er

tekjuskiptingin hluti af þeirri endurskoðun sem var lofað við myndun ríkisstjórnarinnar í maí 1999.

Og áfram, með leyfi forseta, segir formaður Framsfl.:

„Ég ætla ekki að spá fyrir um það, en það kemur fram að það eigi að miða að því að sjávarútvegur sé sem öflugastur og þar með byggðirnar. Byggðirnar þurfa á öflugum sjávarútvegi að halda, en það eru margir sem átta sig ekki nægilega vel á hve mikil áhrif breyttar aðstæður hafa haft á sjávarútveginn, þ.e. opnara hagkerfi og sú staðreynd að við jöfnum ekki lengur sveiflur í sjávarútvegi með gengisbreytingum," — með gengisbreytingum, þetta var fagurlega sagt — „heldur þurfa fyrirtækin að hafa möguleika á að aðlagast breyttum aðstæðum og geta hagrætt til að lifa af samdrátt."

Herra forseti. Í yfirlýsingum beggja formanna ríkisstjórnarflokkanna, í upphafi ríkisstjórnarferils þeirrar sem nú situr, leggja þeir báðir áherslu á að endurskoðun fiskveiðistjórnarstefnunnar sé mikilvæg til að ná sátt um skiptingu verðmætanna, um það hvað hver skuli hafa í sinn hlut úr þessum atvinnuvegi.

Það er ljóst að þetta var klárt í upphafi. Hefur nokkuð breyst? Nei, herra forseti, ekkert hefur breyst annað en að endurskoðunarnefndin sem skipuð var og hafði þetta veigamikla hlutverk, hefur engu skilað. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. vonaðist til að það yrði innan árs. Nú eru að verða tvö ár síðan þessi nefnd var skipuð. Hún átti að hraða vinnu sinni og hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. vænti þess að hún mundi skila einhverju innan árs. Síðan fréttum við í umræðum á Alþingi í dag að þessi nefnd, sem hefur svo mikilvægt hlutverk, hafi einungis komið til tveggja stuttra funda á þessu ári. Hins vegar hefur mjög oft verið boðað til funda en þeim jafnharðan verið frestað eða aflýst. Nefndin sem átti að hafa það hlutverk að taka á endurskoðun á stjórn fiskveiða, þar á meðal kjörum, starfs- og kjararamma þeirra sem að greininni starfa, útgerðarmanna, sjómanna eða fiskvinnslufólks. Það liggur því beinast við að lýsa allri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum, Framsfl. og Sjálfstfl., á því hvernig staðan er í fiskveiðimálum og kjaramálum sjómanna.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom hér og minntist á stöðu fiskvinnslufólks. Hann spurði hv. þm. Karl Matthíasson hvort hann hefði ekki áhyggjur af stöðu fiskvinnslufólks. Auðvitað höfum við miklar áhyggjur af stöðu fiskvinnslufólks. En hvers vegna er staða fiskvinnslufólks með þeim hætti sem raun ber vitni? Hvers vegna er svo mikið óöryggi í atvinnu þeirra, um það hvort aflinn kemur að landi hjá þeim, um það hvort þeirra fiskvinnsla fái fiskinn eða ekki og hver ræður þeirri stefnu? Jú, þetta er hluti af fiskveiðistjórnarstefnunni.

Hafi menn áhyggjur, sem er eðlilegt, af kjörum og stöðu fiskvinnslufólks þá eiga þeir að snúa sér að því sem þessu fólki var lofað í síðustu kosningum, að það yrði forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að endurskoða þau lög sem m.a. eru ábyrg fyrir því að þetta fólk býr við hvað minnst atvinnuöryggi á Íslandi.

Það hefði verið nær að ríkisstjórnin spýtti í lófana, eigi hún eitthvað til að spýta í þá, og tæki á endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna. Þá stæðum við trúlega ekki í þeirri stöðu sem við erum í hér í dag, að ræða um að setja þurfi lög á verkfall og verkbann í sjávarútveginum. Þá væri meira á hreinu varðandi þessa atvinnugrein hvort sem við hefðum öll verið sátt við þá niðurstöðu eða ekki, þá vissum við þó hvernig umgjörð hennar ætti að vera til næstu ára. En nú er allt í sömu óvissunni, herra forseti. Ætlunin virðist að gera ekki neitt í þessari endurskoðun á stjórn fiskveiða.

Við minnumst síðasta flokksþings Framsfl., herra forseti. Þar töluðu menn af miklum ákafa, baráttuhug og krafti. Þar var lögð fram skýrsla sem allir bjuggust við að mundi hleypa Framsfl. í uppnám, jafnvel kljúfa hann. (**Gripið fram í:** Hvar var þetta?) Þetta var á flokksþingi Framsfl. Það var meira að segja svo að flokksþingið gleymdi um tíma að skammast út í Vinstri græna. Það gleymdist þó ekki alveg.

Niðurstaðan varð sú, þessi fína snertilending, (Gripið fram í.) að skipa nefnd valinkunnra framsóknarmanna undir forustu valinkunnasta framsóknarmannsins af öllum — sá hefur ekki fundist enn. Hún skyldi síðan endurskoða stefnu Framsfl. í fiskveiðimálum og fresturinn sem henni var gefinn var ekki skýrt tilgreindur en þó var þess vænst að hún mundi skila af sér á haustdögum. Hvort það var á næstu haustdögum eða þar næstu er álitamál. Þessi nefnd átti að vera verklagsnefnd fyrir annan ríkisstjórnarflokkinn en hún hefur, að því er best er vitað, ekki enn tekið til starfa. (**Gripið fram í:** Það vantar formann.) Það vantar formann. Hvort sem hann hefur verið ráðinn eða ekki þá er nefndin ekki virk. (Gripið fram í.) Þetta er mikið vandamál, það vilja sjálfsagt allir vera formenn.

Þetta er umgjörð fiskveiðistjórnarinnar hér á landi. Meðan ekkert gerist á þessum vettvangi er þess heldur ekki að vænta að þeir sem starfa að atvinnugreininni viti hvernig þeir eiga að ráða fram úr óvissunni. Þegar hv. þm. ræða um óöryggi og erfiða stöðu fiskvinnslufólks þá er það alveg hárrétt. En þeim hv. þm. væri nær að leggjast á árar og róa í sínum eigin flokksmönnum og krefjast þess að því sem var lofað fyrir síðustu kosningar, áfram var lofað við gerð stjórnarsáttmálans og æ ofan í æ á fyrstu mánuðum ríkisstjórnarinnar sem nú situr, að þetta skyldi verða áhersluverkefni þeirra, að endurskoða fiskveiðistjórnarstefnuna með tilliti til allra þeirra þátta sem ég hef vitnað til úr stefnu þeirra.

Nú er það svo, herra forseti, að fyrir Alþingi liggja góð frv. og tillögur til að bæta þessa umgjörð. Hefði verið vilji hjá hv. meiri hluta Alþingis til þess að taka á málunum þá hefði hann samþykkt þær tillögur sem hafa verið fluttar af flokkum í minni hluta á Alþingi, af Frjálslynda flokknum, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og af þingflokki Samfylkingarinnar. Hér liggja fyrir tillögur sem miða að því að taka á málum og rétta af það sem verulega hefur farið úrskeiðis. Hefði það verið gert, ef þarna væri slegið saman, þá værum við ekki í jafnslæmri stöðu í dag.

Svo geta hv. þm. komið hér, skammast og sagt: Ja, hvað á að gera? Það er allt komið í óefni. Við verðum að setja lög, það er allt komið í óefni. Jú, vissulega. Svo lengi má draga að gera hreint fyrir sínum dyrum að í óefni stefni. Þá grípa menn til næsta kostsins, valdbeitingar.

Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, sem flutt var snemma á sl. hausti. Flutningsmenn eru: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sverrir Hermannsson, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Í tillögunni er ítarlega rakið, bæði hvernig skuli vinna að málinu við endurskoðun og skapa nýjan grundvöll fiskveiðistjórnar. Þar er líka gerð ítarleg grein fyrir tillögum sem til úrbóta gætu orðið. Þessi þáltill. hefur legið hér inni á Alþingi án þess að fá afgreiðslu í nefnd. Ég er viss um það, herra forseti, að ef það sem þarna er lagt til hefði verið nýtt og

því komið í verk þá stæðum við ekki frammi fyrir því að setja lög á verkfall sjómanna og verkbann í sjávarútvegi. Þá stæðum við frammi fyrir því að unnið væri að því að tryggja grunninn og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks víða um land. En því var ekki að heilsa. Nei, það einhvern veginn hentaði ríkisstjórninni og þeim hagsmunahópum sem að henni standa betur að láta fljóta að feigðarósi.

Hér liggur líka fyrir tillaga frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Karli V. Matthíassyni, sem fleiri hv. þm. lýstu yfir stuðningi við, um að meðan lögin um stjórn fiskveiða hafi ekki verið endurskoðuð þá verði núverandi skipan á veiðum krókabáta samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, framlengd um eitt ár. Því verði tilhögun veiða þessara báta á fiskveiðiárunum 2001–2002 hin sama og á fiskveiðiárinu 2000–2001.

Það er nefnilega ótækt að lofa nauðsynlegri endurskoðun á stjórn fiskveiða og standa síðan ekki við neitt. Hver og einn þáttur í þessari heildarumgjörð kemst í uppnám ef ráðist er á hvern fyrir sig. Það verður að taka á þessu með heildstæðum hætti, eins og ríkisstjórnin lofaði í upphafi síns ferils, sem mætti nú reyndar fara að taka enda, því fyrr því betra.

Það hafa einnig, herra forseti, verið fluttar tillögur um hvernig mætti tryggja að fiskvinnslan ætti öruggari aðgang að þeim fiski sem kemur á land og fyrir það yrði tekið að fiskur væri fluttur í gámum úr landi án þess að komast á markað hélendis, án þess að fiskvinnsla á Íslandi hafi möguleika til að bjóða í þann fisk. Skyldi ekki vera nær, fyrir hv. þm. sem eðlilega hafa áhyggjur af atvinnuöryggi og rekstri fiskvinnslunar, að taka á þessu máli, þó ekki væri nema banna að fiskur sé fluttur út í gámum óunninn án þess að íslenskri fiskvinnlu hafi gefist tök á að bjóða í hann? Það væri skref í rétta átt en því hefur ekki verið að heilsa. Þvert á móti var gert auðveldara að flytja óunninn fisk úr landi og forða því að fiskvinnslan hugsanlega keypti hann.

Eitt af baráttumálum sjómanna, herra forseti, eru lífeyrismál. Ákveðinn hluti sjómannastéttarinnar býr við léleg lífeyrisréttindi. Sjómenn starfa í hættulegu starfsumhverfi. Það hefur sýnt sig að slys, tafir vegna slysa og jafnvel örkumla, eru tíðari í þessari stétt en nánast nokkurri annarri starfsstétt, hér á landi.

Það er líka alveg ljóst að ekki er svo auðvelt hjá fiskimönnum að stunda þessa atvinnu allt til sjötugs eins og getur gengið í mörgum öðrum stéttum. Það gefur augaleið að fólk verður að hverfa fyrr úr þessari atvinnugrein en mörgum öðrum. Því er dapurlegt til þess að vita að lífeyrissjóðsmál þessa fólks skuli vera í svo miklu uppnámi og svo miklu óöryggi sem raun ber vitni. Það ætti varla að þurfa að ræða það sem hluta af kjarasamningi að kippa þessu máli í lag. Það ætti að vera sjálfsagt af hálfu Alþingis að hafa eigið frumkvæði að því að leggja Lífeyrissjóði sjómanna til það fjármagn sem þyrfti til að standa undir þeim eðlilegu skuldbindingum og til að geta skapað sjóðfélögum eðlilegt öryggi eins og aðrar stéttir búa við. Þetta ætti ekki að þurfa að vera að ræða. En því miður verður að setja þetta fram sem kjarakröfu.

Á Alþingi liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, flm. Guðjón A. Kristjánsson, sem leggur til að að frumkvæði Alþingis verði tekið á lífeyrissjóðsmálum sjómanna og Lífeyrissjóði sjómanna gert fært að standa undir þeim framtíðarskuldbindingum sem eðlilegt og nauðsynlegt er. En, herra forseti, meiri hluti Alþingis sér enga ástæðu til að taka þetta mál neitt sérstaklega fyrir eða gefa því flýtimeðferð þó það hefði kannski aðeins verið gott mál inn í umræðuna og létt umræðuna um kjaramálin, um stöðu og starfskjör þessarar stéttar. Nei, nei. Þó hvert tækifærið af öðru sé lagt upp í hendur þingsins er meiri hluti Alþingis samtaka um að koma í veg fyrir að það nái fram að ganga og vilja heldur lenda í þeirri stöðu að allir fórni höndum og komið sé allt í vanda og allt komið í þrot og segi: Hvað eigum við að gera? Við höfum engin önnur úrræði en að setja lög. Ekki bara fyrstu lögin heldur önnur lögin sem eru sett á þessa kjaradeilu og liggur við að líti svo út að ríkisstjórnin geti bara afgreitt þessi lög með reglulegu millibili á færibandi, annaðhvort að eigin ósk eða annarra sem bera hugsanlega þær óskir upp við hana.

Herra forseti. Það er dapurlegt að við skulum láta svo gerast í þessum meginatvinnuvegi þjóðarinnar að láta allt ganga í undandrætti með réttarbætur gagnvart þessari starfsstétt á Alþingi að allt gangi í undandrætti hér um endurskoðun á stjórn fiskveiða sem nánast allir eða mikill meiri hluti Íslendinga — ég er fullviss um það — telur brýna nauðsyn á að séu gerðar endurbætur á og breytt þó við getum deilt um hversu mikið eða í hvaða átt. Þessari aðgerð var lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Henni var lofað í aðdraganda kosninganna, henni var lofað sem einni fyrstu aðgerð sem þessir flokkar mundu grípa til og gangast fyrir ef þeir kæmust til valda og því miður, herra forseti, komust þeir til valda.

Í ríkisstjórnarsáttmála sínum settu þeir þetta samt sem meginmarkmið sitt að fylgja eftir. En því miður, herra forseti, virðist ekkert vera að gerast á þessum vettvangi. Það þjónar einhvern veginn betur einhverjum hagsmunum — ég vona þó ekki, a.m.k. þjónar það ekki hagsmunum þjóðarinnar — að láta þetta dragast og dragast og gera ekkert og standa síðan frammi fyrir því að allt er komið í hnút og þá koma menn hér og segja: Ja, nú er illt í efni, þjóðarskútan er að fara á hausinn, hún er að sigla á blindsker og allt í volli og nú höfum við það eina úrræði að setja lög. Herra forseti. Þetta er dapurlegt.

[21:05]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef mál mitt á því að taka undir þá gagnrýni sem borin var fram í morgun í fyrstu ræðum, rétt eftir tíu, á framgang þessa máls, hvernig það bar að. Þetta er í fyrsta skipti síðan ég kom til þings 1991 sem svo alvarlegt deilumál hefur borið þannig að.

Herra forseti. Sjómenn hafa á síðustu fjórtán árum í reynd verið með lausa samninga í sex og hálft ár. Þeir hafa núna verið samningslausir í rúmt ár. Á undanförnum árum höfum við séð allar kjaradeilur þeirra enda á sama veg, þann veg að hæstv. ríkisstjórn hefur komið og sett lög á deiluna. Hæstv. ríkisstjórn virðist hafa gengið erinda útvegsmanna aftur og aftur. Það má spyrja: Hvernig ætlast menn til þess að hægt sé að setja niður deilur með frjálsum samningum ef það liggur fyrir, herra forseti, að annar deiluaðilinn geti treyst á að deilunni verði lokið með lögum eða lagasetningu?

Virðulegi forseti. Það frv. til laga sem hefur verið í umræðu á Alþingi í dag, frv. til laga um kjaramál fiskimanna o.fl., er með þeim hætti að það á að setja gerðardóm til þess verks að 14 dögum liðnum að leysa deilu milli sjómanna og útvegsmanna sem hafa ekki þegar gert samkomulag á grundvelli kjarasamnings vélstjóra. Herra forseti. Sá kjarasamningur felur í sér, samkvæmt þeim gögnum sem við höfum fengið í dag, launalækkun fyrir ákveðinn hóp sjómanna sem nemur 4–14,39% eftir því sem við höfum í upplýsingum frá forsvarsmönnum sjómanna. Bara á þeirri

forsendu, ef þetta ákvæði verður ekki lagfært, mun ég án nokkurs vafa greiða atkvæði gegn þessu frv.

Sá sem hér stendur var til sjós samtals í fjögur og hálft ár. Það er langt síðan það var. Ég viðurkenni að ég þekki ekki þær aðstæður sem sjómenn vinna við í dag af eigin raun. En ég er sannfærður um að orsök alls þess sem hér er rætt um í dag á rót sína að rekja til rangrar framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfis sem við höfum búið við og deilt hefur verið um frá lögfestingardegi þess og raunar löngu áður en það var lögfest.

Herra forseti. Þau vinnubrögð að kasta fiski, þau vinnubrögð að þvinga sjómenn til þátttöku í kvótakaupum, þau vinnubrögð að kasta sjómönnum í land af skipum um leið og veiddur er helmingurinn af afla viðkomandi skips, er m.a. orsökin fyrir því hvernig staðan er í dag. Herra forseti. Braskið og brottkastið er bölið sem allt of margir hafa verið þjakaðir af á meðan þetta kerfi hefur gilt. Ég tel að verðmyndunarmálin verði í krísu á meðan óbreytt lög um fiskveiðistjórn eru í gildi og framkvæmd þeirra. Þar fyrir utan tel ég að unnt væri að semja um önnur þau atriði sem deilt er um ef það væri með öðrum hætti sem ég var að rekja.

Mér er ljóst að fjölmörg fyrirtæki eiga orðið í vanda. Það kreppir óhugnanlega að hjá því fólki sem á atvinnu sína og afkomu undir því að afli berist á land af þeim skipum sem deilan tekur til.

Hér voru fluttar margar góðar ræður í dag en því miður voru tvær ræður þannig að mínu mati að þar hefði mátt sleppa a.m.k. þeim hnjóðsyrðum og þeim leiðindaorðum sem þar voru notuð. Þar var m.a. talað um að Reykjavík og Reykvíkingar vissu ekki af þessum málum.

Ég skal taka undir að það er kannski rétt að það verður minna vart við þessi mál í Reykjavík en á landsbyggðinni. En ég minni á að hópur fólks í Reykjavík situr heima vegna verkfallsins auk sjómannanna sjálfra og því skyldu menn ekki segja að hér verði enginn var við neitt. Þeir sem halda þessu fram ættu að hitta fiskverkafólk í Reykjavík og hér í nágrenni og kynna sér viðhorf þess.

Það má líka, herra forseti, spyrja í þessari umræðu um hvað líði tillögum endurskoðunarnefndar á fiskveiðistjórnarlögunum. Hvaða tillögur hafa stjórnarliðar lagt fram til að koma á víðtækri sátt um stjórn fiskveiða, eins og lofað var fyrir síðustu kosningar? Ætlar hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir breytingum á lögunum? Ég segi það að ef lífsmark væri með þessari nefnd, ef vilji væri hjá stjórnarliðinu til einhverra breytinga sem lúta að grundvallaratriðum í þeirri kjaradeilu sem við ræðum um gæti það haft víðtæk áhrif á kjör sjómanna með jákvæðum formerkjum og einnig á stöðu sjávarbyggðanna á fámennari stöðum landsins.

Virðulegi forseti. 3. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir er ófær. Hún er gjörsamlega ófær og hún er sett inn í frumvarpið af svo mikilli vanþekkingu og flumbrugangi að það er gjörsamlega ólíðanlegt. Viðmiðun við ótækan samning sem ég var að lýsa rétt áðan, samning Vélstjórafélagsins, sem gerir ráð fyrir lækkun launakjara sem nemur 14,39%, er einn sá grundvöllur sem á að vera til lagasetningarinnar eða gerðardóms. Þetta verður að hverfa út. Þessu hljóta stjórnarliðar, þó að blindir séu og trúir sínum flokkum, að átta sig á og að verður að hverfa út. Það verður líka að hverfa út, herra forseti, ákvæðið um 54 mánaða samning. Það ákvæði verður líka að hverfa út úr þessum drögum. Það hefði kannski mátt orða þetta á þann máta að miða við aðra kjarasamninga og miða við tímalengd annarra kjarasamninga.

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu velt fyrir mér hugmynd um kjaradóm, um kjaranefnd og það hefur hvarflað að mér á síðustu dögum að það yrði að leggja fram einhvers konar slíkar tillögur. En að mínu mati hefði það orðið að gerast á þann hátt að það væri samþykkt fullkomlega af hálfu beggja deiluaðila.

Herra forseti. Ég hef mjög margt um þessi mál að segja. Ég gæti verið allan þann tíma sem mér er heimilaður í ræðustól. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar þetta mál vegna þess að talsmenn Samfylkingarinnar hafa komið að grundvallaratriðum þessa máls slag í slag og þess vegna liggur skýr vilji fyrir af okkar hálfu um það hvernig við munum taka á málinu, herra forseti.

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en að umræðurnar sem hér hafa staðið í allan dag um þetta mál hafi dregið ýmislegt athyglisvert fram. Hér hafa komið í pontu nokkrir talsmenn stjórnarliðsins, þar á meðal tveir ef ekki þrír hv. þm. Sjálfstfl. og flutt stórbrotnar ræður um virðingu sína og aðdáun á sjómannastéttinni, um mikilvægi sjómennskunnar og sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúið og um leið nauðsyn þess að setja lög á sjómenn, taka af þeim samnings- og verkfallsrétt og berja þá niður eftir að þeir hafa háð langa kjaradeilu.

Vert væri, herra forseti, að gera ofurlitla úttekt á þessum málflutningi og fara aðeins yfir það hvernig þessir þingmenn gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum og fylgi við sjávarsíðuna. Þeir ætlast auðvitað til að þeir séu kosnir unnvörpum þegar kemur að kosningum en í reynd styðja þeir, að því er virðist án þess að verða sérlega óglatt, aðgerðir af því tagi sem hér standa til, að taka verkfalls- og samningsrétt af sjómannastéttinni í tæpan hálfan áratug, sem eru auðvitað þvílík fádæmi að það er leitun að öðru eins á byggðu bóli.

Það var líka athyglisvert, herra forseti, sem hér kom fram þegar hæstv. félmrh. sté í pontu. Hann lýsti miklum efasemdum, ef ég leyfi mér að orða það svo, eða gaf a.m.k. í skyn að hann hefði verulegar efasemdir um að frv., eins og það liggur fyrir, stæðist. Hann taldi að í því væru atriði sem nauðsynlegt væri að skoða og þingið þyrfti að ganga þannig frá málinu að það yrði í lagi. Hæstv. ráðherra lýsti því jafnframt yfir að félmrn., sem fer með vinnumarkaðsmál og á að gæta þess að staðið sé við lög, stjórnarskrárlög og alþjóðlegar skuldbindingar, hefði ekki skoðað þetta mál fyrr en í dag en Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafði haft tíma til að veita umsögn um það strax á laugardaginn var. Þetta eru merkileg vinnubrögð.

Hvernig í ósköpunum stóð á því, úr því að hæstv. sjútvrh. hefur upplýst að hann hafi ekki þorað annað en að hafa frv. tilbúið, jafnvel talið ábyrgðarleysi að eiga ekki alltaf á lager nokkur frv. um lög á helstu stéttir ef á þyrfti að halda þannig að það þurfi ekki að bíða eftir þeim nema bara til að ljósrita þau, að félmrn. og sérfræðingar á sviði vinnuréttar voru ekki búnir að fara yfir málið? Nei, hér er eitthvað mjög skrýtið á ferðinni, herra forseti, sem segir sína sögu um vinnubrögð í þessari ríkisstjórn.

Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar er ekki að koma að þessari deilu í fyrsta sinn. Það voru sett lög á sjómenn í mars og verkfalli frestað. Það blasir náttúrlega við hverjum manni að það var mikið óheillaspor. Mjög sennilega hefur það orðið þess valdandi að menn eru nú komnir í þá stöðu sem raun ber vitni. Flestir

sem ég hef talað við hafa metið stöðuna þannig að ef menn hefðu fengið frið, undir vaxandi þrýstingi í marsmánuði sl., til að leysa sín mál þá hefðu menn gert það. Útvegsmenn hefðu þá kannski loksins farið að hugsa sinn gang og sýna raunverulegan samningsvilja. Það er ekki hægt að segja að þeir hafi gert það. Maður spyr sig náttúrlega: Var nokkur ástæða til þess af þeirra hálfu, þegar þeir hafa þetta á bak við sig sem þeir geta alltaf reitt sig á, að ríkisstjórnin komi þeim til hjálpar og setji lög?

Það ómerkilegasta, herra forseti, sem hefur komið fram í umræðunni í dag — það fullyrði ég alveg hiklaust — eru tilraunir ákveðinna þingmanna til að gera lítið úr forustu sjómanna. Það er langt síðan ég hef heyrt jafnómerkilegan málflutning og þann sem kom fram í máli nokkurra þingmanna Sjálfstfl., að það væri alveg sérstaklega tortryggilegt að sjómenn og forustumenn sjómanna skyldu ekki hafa náð að gera kjarasamninga fyrir þeirra hönd í heil tíu ár. Það var nánast persónugreint, að einstakir forustumenn hefðu aldrei náð í sinni formannstíð að skrifa undir kjarasamninga. Ætli við vitum ekki um hvern þeir eru að tala? Menn höfðu samt ekki kjark í sér til að nafngreina manninn, hv. þm. Árni Johnsen eða hv. þm. Kristján Pálsson. Þeir fóru í kringum grautarskálina þegar kom að því að nafngreina þá sem þeir voru að ata auri úr ræðustóli.

En hverjir hafa farið með landstjórnina, herra forseti, þessi sömu tíu ár? Við hverja hefur verið að eiga? Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., og ríkisstjórnir hans. Það eru þær sem hafa endurtekið sett lög á sjómenn og þeir þar af leiðandi ekki, einmitt þessi sömu tíu ár sem verið var að halda upp á á kostnað þjóðarinnar um daginn, valdatíma Davíðs Oddssonar, haft tök á að klára sín mál. Þeir hafa aldrei fengið frið til þess. Menn sem núna tilheyra stjórnarliðinu töldu, svo seint sem á árinu 1998, þetta mikla óhæfu sem þá varð, að sjómenn skyldu ekki fá að klára sín mál. Það væri fróðlegt, herra forseti, að vita hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem nú er í Framsfl. það ég best veit, gott ef ekki formaður þingflokksins þar, kannast við orð sín hér frá því í mars 1998. Hann fór þá hörðum orðum um þær fyrirætlanir ríkisstjórnar að setja þá lög á sjómenn. Hann hafði þá, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fullan skilning á því að verkföll hafa í eðli sínu áhrif.

Þá rauk ríkisstjórn til og setti lög á sjómenn með þeim rökum að verkfallið hefði áhrif. Það var ekki hægt að láta þetta verkfall standa því að það hafði áhrif á fiskvinnsluna, hún fékk ekki hráefni. Þess vegna þótti þörf á að setja lög á sjómenn. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu að í raun væri ríkisstjórnin þar með að segja að sjómenn ættu ekki að hafa samnings- og verkfallsrétt, af því að ef þeir beittu verkfallsvopninu hefði það áhrif. Ég hef aldrei heyrt að það sé mikið gagn að verkfallsvopni nema það hafi einhver áhrif. Menn fara í verkfall í þeim tilgangi að þrýsta á um kröfur sínar, með þeim eina hætti sem menn geta, þ.e. að beita samstöðu sinni og leggja niður vinnu.

Tal manna hér um að það séu eitthvað sérstakar eða afbrigðilegar aðstæður uppi að þessu leyti hittir sjálft sig fyrir. Annaðhvort hafa stéttir þennan rétt eða þær hafa hann ekki. Menn hafa víðast hvar á byggðu bóli komist að þeirri niðurstöðu að ákveðnir hlutir í samfélaginu séu þannig að óumflýjanlegt sé að ganga öðruvísi frá kjara- og starfsréttindamálum stétta sem þar vinna, á lykilpóstum í samfélaginu getum við sagt. En hvað gera menn þá í staðinn? Þá ganga menn frá því að óháður úrskurðaraðili, eins og Kjaradómur eða einhver slíkur, tryggi að viðkomandi stéttir fái mannsæmandi kjör þó að þær hafi ekki verkfallsréttinn. Það er þannig sem við gerum þetta í siðuðum samfélögum. Við skilgreinum hvaða stéttir það eru, oft fámennar stéttir sem sitja á einhverjum lykilpóstum samfélagsins, sem eru í þannig aðstöðu að verkfallsvopnið gengur í raun og veru ekki upp, það mundi snúast í höndum þeirra og jafnvel verða þeim stéttum sjálfum fyrir verstu. Ástæðurnar kunna líka að varða rekstur grundvallarþátta í samfélaginu, öryggisgæslu, löggæslu og lágmarkssjúkraþjónustu. Við verðum að ganga einhvern veginn þannig frá því að sú starfsemi lamist ekki. En þá tryggjum við þessum stéttum í staðinn einhvern annan umbúnað um kjaramál sín þannig að þær séu sæmilega settar.

Það hefur ekki verið gert gagnvart sjómönnum. Þeir hafa þennan rétt óskertan og ótakmarkaðan, nema af þeim stjórnvöldum sem taka hann af þeim aftur og aftur. Það er óheiðarlegt að láta heita svo að sjómenn eigi að semja um kjör sín sjálfir og hafi til þess full réttindi en virða svo aldrei þann rétt eins og þetta hefur gengið. Það kemur úr hörðustu átt þegar stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar, sem aftur og aftur hafa upphafið þennan rétt sjómanna, ráðast að forustumönnum sjómanna fyrir að hafa ekki gert samninga á þeim árum sem þeir hafa ekki fengið frið til þess. Það var reynt í dag að gera lítið úr tilteknum kjörnum trúnaðarmönnum sjómannaforustunnar með þessum aðferðum. Það var lágkúrulegt, herra forseti, og er maður þó ýmsu vanur af þeim hv. þm. sem þarna dömluðu árunum.

Herra forseti. Um þetta allt mætti margt segja en tíminn leyfir ekki að gera því skil eins og vert og skylt væri. Ég vísa varðandi einstök efnisatriði málsins til þess sem ég sagði í fyrri minni ræðu í dag. Ég vil þó taka fram um 3. gr. frv. og hin dæmalausu ákvæði hennar sem hafa verið mönnum mikið umfjöllunarefni, sem er skiljanleg því að þar náttúrlega er farið þvílíku offari, að ég hygg að hæstv. ríkisstjórnin sjálf sé að átta sig á því að hún er þar komin út í mitt fenið. Ég spái því að að endingu muni hún sjá sér þann kost vænstan að skera sjálfa sig niður úr snörunni og breyta þessum ákvæðum.

Ákvæði 3. gr. eru þó ekki það versta í þessu frv. Það skal enginn taka orð mín þannig. Það versta er gjörningurinn sjálfur og allt þetta sjónarspil sem sett hefur verið á fót í kringum málið, með inngripunum í marsmánuði og öllum tilraununum á bak við tjöldin undanfarna daga og vikur til að sundra samstöðu sjómanna o.s.frv. Þessa hluti þekkja þeir sem til þekkja á bak við tjöldin og vita til hvers er vísað. Með markvissum hætti hefur undanfarnar vikur verið reynt að rótast í þessum málum og spilla samstöðu sjómanna með ýmsum vægast sagt hæpnum aðferðum. Þannig hafa menn reynt að þvinga fram þróun í þessari deilu sem átti fyrst og fremst að gagnast öðrum aðilanum, þeim sem stjórnvöld hafa hlaupið undir bagga með. Þar af leiðandi er sama hvernig á málið er litið, hvort sem það er umgjörðin sem sköpuð hefur verið, eða réttara sagt ekki sköpuð til að þessir aðilar gætu á hlutlausum grundvelli tekist á um sín mál. Inngrip stjórnvalda og framkomu á allan hátt ber að sama brunni, réttindi sjómannanna og staða þeirra eru víkjandi í öllum tilvikum.

Það er auðvitað ekki von, herra forseti, að byrlega blási í greininni og vel gangi að manna skip og fá ungt fólk til þess að afla sér menntunar á þessu sviði og binda vonir við bjarta framtíð sem starfandi sjómenn í landinu þegar kjarabarátta þeirra hefur gengið þannig fyrir sig. Ungt fólk á framhalds-

skólaaldri, um tvítugt, man ekki annað frá því að það fór að muna eftir sér en að öll kjaramál sjómanna hafi gengið til með þessum ósköpum. Í 18 ár hefur þjóðin verið rifin í sundur í deilum um kvótakerfið og þá hluti. Þannig er að verða liðinn þriðjungur, fjórði partur af mannsaldri frá því að þær deilur hófust og sú kynslóð sem vaxið hefur upp á þeim tíma man ekki annað en logandi deilur um undirstöðumálefni þessarar greinar, fiskveiðistjórnina, sjávarútvegsstefnuna og kjaramál þeirra stétta sem þarna starfa, að viðbættum ýmsum öðrum þáttum sem einnig hafa virkað neikvætt, t.d. staðan í sjávarbyggðunum og sú röskun sem þar hefur orðið.

Herra forseti. Þetta er ekki sérlega gæfulegt. Ég verð að segja að það er heldur dapurlegt þegar maður er, mér liggur við að segja kominn á gamals aldur í pólitík, búinn að taka þátt í umræðum um þessi mál hér í tæpa tvo áratugi að hafa aldrei fengið að upplifa aðra tíma en þá að með reglubundnu millibili, annað hvort ár eða svo að meðaltali, hafi verið hörð átök um lög á sjómannatéttina eða aðra hópa og árlegar deilur um stjórnkerfi fiskveiða, dómsmál, brot á stjórnarskrá o.s.frv. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig. Það er ekki gaman eða gæfulegt fyrir þjóð sem enn lifir á sjávarútvegi, a.m.k. muna menn eftir því að sjávárútvegurinn sé mikilvægur þegar rökstyðja þarf að setja þurfi lög á sjómenn. (**Gripið fram í:** Ekki þessi ríkisstjórn.)

Jú, þessi stjórn mundi allt í einu eftir því á laugardaginn var að sjávarútegurinn væri mikilvægur. Hv. þm. Árni Johnsen mundi svo eftir því í dag, eftir hádegi. Hann var þá mikill vinur sjómanna og stærði sig mjög af því hvað hjarta hans slægi með þeim.

Herra forseti. Ég held að ég fari að láta þessu lokið að sinni. Best er að sjá hverju fram vindur í málinu. Mín skoðun er sú að það eigi bara að henda þessu frv., það sé hrein óhæfa og að allt sé betra en að setja þessi lög. Ég tel að allt annað væri betra fyrir alla aðila málsins. Ég held að það sé miklu betra fyrir sjómenn að reyna með öðrum ráðum að ná árangri í kjarabaráttu sinni fremur en þurfa að sæta þeim ósköpum, eftir langar og erfiðar verkfallsaðgerðir, að fá þetta í hausinn og breytti svo sem litlu þó að einhverjar lagfæringar yrðu gerðar á frv. Ég tel sjálfan gjörninginn eins og hann liggur fyrir óhæfu í öllu tilliti.

Herra forseti. Það er heldur ekki um það að ræða eins og málin stóðu að neinn grundvöllur væri til lagasetningar sem hefði sanngjarnar efnislegar stoðir. Það er ekki þannig. Menn hafa auðvitað stundum orðið að sætta sig við að fullreynt og þrautreynt hafi verið að ekki náðust endanlega saman hlutir. En þá var efnislegur grunnur til þess að taka einhvern veginn á deilunni vegna þess að fyrir lá sáttatillaga sem lítið vantaði upp á að væri samþykkt eða annað í þeim dúr. Með sanngjörnum og eðlilegum hætti var þá kannski verjanlegt að grípa inn í gagnvart þeim þáttum sem út af stóðu, afgreiða einhver hliðarmál, ganga frá þeim með lögum o.s.frv., eins og við þekkjum.

En það er engu slíku til að dreifa hér og það er ekki einu sinni reynt. Það var ekki reynt. Það var bara valið að leggja fram þetta frv. og setja gerðardómnum forsendur til að vinna eftir, sem fyrir fram var ljóst að voru algjörlega í óþökk annars aðilans en á forsendum sem hinn aðilinn var búinn að skrifa undir, þ.e. útvegsmenn. Þeir eru búnir að skrifa undir þessar forsendur í gegnum að gera samninginn við Vélstjórafélagið. Þetta er því eins ósanngjarnt og eins hlutdrægt og nokkur kostur er. Það afhjúpar alveg gjörsamlega ríkisstjórnina, með hverjum hún stendur í málinu. Hún er svo gjörsamlega nakin eins og keisarinn á nýju fötunum forðum að það hálfa væri nóg og er nú ekki fríð sjón.

[21:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Umræðan sem fram hefur farið í dag um frv. ríkisstjórnarinnar um kjaramál fiskimanna og fleira, eins og það heitir fínu nafni, hefur verið fróðleg fyrir margra hluta sakir. Fróðlegt hefur verið að fylgjast með því hverjir hafa þagað og hverjir hafa talað. Af hálfu Sjálfstfl. auk hæstv. sjútvrh. hafa þrír hv. þingmenn talað. Talsmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu voru auk hæstv. sjútvrh., hv. þingmenn Árni Johnsen, Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal. Það var mjög fróðlegt að hlýða á málflutning þeirra.

Tveir hinir fyrrnefndu, hv. þingmenn Árni Johnsen og Kristján Pálsson, kváðust miklir vinir sjómanna. Þeir lýstu því fjálglega fyrir þingheimi hve vænt þeim þætti um sjómenn. Nú þyrfti hins vegar að hafa vit fyrir þessum sömu sjómönnum sem þeim þykir svo vænt um, svipta þá verkfallsrétti, taka af þeim samningsrétt í hálfan áratug og þröngva yfir þá lögum sem að öllum líkindum mundu skerða kjör tiltekinna hópa um mörg hundruð þúsund krónur á ári hverju. Þessir góðu vinir sjómanna sögðu að þetta væri nauðsynlegt og sjómenn mundu skilja þetta afar vel. Þetta leyfa hv. þingmenn sér að segja þrátt fyrir mótmæli sjómanna hvaðanæva að af landinu.

Þriðji talsmaður Sjálfstfl., Pétur H. Blöndal, sagðist ekki vera sérstakur vinur sjómanna, alla vega hafði hann ekki sérstaklega orð á því. Hann rakti hins vegar fyrir okkur sögu verkfalla á Íslandi, hvernig þau hefðu þróast, hvernig sú saga hefði þróast á undangengnum árum og áratugum. Hv. þm. minntist þess að þegar hann var í barnæsku þá hefði verið hellt niður úr mjólkurflösku uppi á Ártúnshöfða og síðan hefði ranglætið verið að vinda upp á sig þar til við værum nú stödd með þetta hryllilega verkfall sjómanna. Verkföll eru vond, sagði hv. þm., og okkur ber að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að leggja bann við verkföllum. Hann var inntur nánar eftir þessu í þingsalnum og spurður hvort hann væri að halda því fram fyrir hönd síns flokks að banna ætti verkföll. Hv. þm. afneitaði flokknum í skyndi en byrjaði hins vegar að telja upp þær stéttir sem nauðsynlegt væri að svipta samningsréttinum og verkfallsréttinum. Það voru auk sjómanna, kennarar og fleiri hópar, hálaunaaðallinn á Íslandi. Það ber að svipta hann samningsréttinum.

Þetta voru talsmenn Sjálfstfl. við þessa umræðu. En auk þeirra talaði fyrir þessu mannréttindabrotafrumvarpi hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen. Ég beindi nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra og ekki aðeins hans heldur einnig til hæstv. félmrh. Ég spurði hvort það hefði verið kannað í félmrn. hvort þetta frv. stæðist þær skuldbindingar sem Íslendingar hefðu undirgengist á alþjóðavettvangi og vísaði þar sérstaklega til vinnumálastofnunarinnar ILO.

Hæstv. félmrh. upplýsti við umræðuna að fyrst í dag hefði farið fram slík athugun, niðurstaðan lægi ekki fyrir, en ráðherrann sagðist telja að svo væri ekki og vona að svo væri ekki. Ég spyr: Hvers konar vinnubrögð eru þetta, að leggja fyrir þingið frv. sem bannar verkföll og ekki nóg með það, sviptir heila stétt, íslensku sjómannastéttina, samningsrétti í hálfan áratug, að koma hingað með frv. sem stríðir gegn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist? Því er a.m.k. haldið fram og færð hafa verið mjög skilmerkileg rök fyrir því hér í þingsalnum. Síðan er það

upplýst að málið hafi ekki einu sinni verið kannað af hálfu þeirra sem eiga að standa vörð um þessi réttindi, þ.e. félmrn. Það er fyrst í dag sem þessi mál eru tekin til skoðunar þar. Þetta voru fróðlegar upplýsingar sem fram komu í máli hæstv. félmrh.

En ég spurði hæstv. sjútvrh. fleiri spurninga. Ég vona að hann sé ekki horfinn af vettvangi. Ég vona að hæstv. sjútvrh. sé ekki horfinn af vettvangi vegna þess að ég er að minna hann á að ég spurði fleiri spurninga. Ég spurði hvernig ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. ætluðu að axla ábyrgð gagnvart því fólki, sjómönnum sem hafa verið í verkfalli í sex vikur án launa, sem nú hefur fengið ríkisstjórnarrýtinginn í bakið. Þegar verkfall sjómanna var að byrja að bíta og einhver líkindi voru til þess að samningar mundu nást, að útgerðarmenn mundu láta undan réttlátum kröfum sjómanna, þá lætur ríkisstjórnin höggið ríða. Ég spyr: Hvernig ætla ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. að axla ábyrgð gagnvart þessu fólki?

Ég rifjaði það upp hér fyrr við umræðuna í dag á hve ótrúlega óbilgjarnan hátt útvegsmenn hafa komið fram í þessari kjaradeilu. Í upphafi árs vildu sjómenn ná skammtímasamningum um tekjutryggingu, sem nú liggur í 86 þús. kr. fyrir háseta, um slysatryggingar og um lífeyrisgreiðslur sambærilegar við það sem aðrar stéttir fá og hafa samið um. Öllu þessu var hafnað af útvegsmönnum. En núna þegar ríkisstjórnin sér færi á að þröngva upp á sjómannastéttina samningum sem byggja á samningum Vélstjórafélagsins og eru í óþökk sambands sjómanna og farmanna og fiskimanna þá er höggið látið ríða. Nú á að freista þess að binda menn í þessa samninga í hálfan áratug.

Þingmenn hafa fjallað um það í ræðum að svívirðilegasti hluti þessara laga sé 3. gr. sem tengir samninga sjómanna og farmanna og fiskimanna, þ.e. Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, við vélstjórasamninginn og ég tek undir það. Ég legg jafnframt áherslu á að lagafrv. í heild sinni, sem sviptir sjómenn samningsrétti, er algerlega óásættanlegt. Ríkisstjórninni ber að sjá sóma sinn í að draga þetta frv. til baka þegar í stað og biðja íslenska sjómenn afsökunar á framferði sínu.

[21:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í morgun var ég þar kominn að ég var að fara yfir þau atriði sem vitnað er til í frv. og byggð eru á samningi Vélstjórafélags Íslands. Ætli ekki sé rétt að ég haldi því áfram nokkra stund til nánari upplýsingar um það hvernig málið er vaxið?

Það er svo sem ekki undarlegt þó Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands geti með engu móti sætt sig við að vera tengd við samning Vélstjórafélags Íslands því hann er í sumum atriðum, ég ætla bara að leyfa mér að segja það, hrein afglöp.

Ég vann sjálfur við slíka samningagerð frá árinu 1975 og fram á árið 1999 og tel mig þekkja þessa samninga nokkuð vel. Ég held að ég hafi aldrei séð grein í kjarasamningi sem menn hafa skrifað undir og fengið síðan samþykkta hjá félagsmönnum sínum, að vísu fáum, broti félagsmanna, um beina launalækkun áhafna á fiskiskipum, beina launalækkun. En þannig er ákvæðið í samningi vélstjóra sem er merkt 2.1., um áhrif fækkunar í áhöfn o.s.frv. Það er bara rétt að rekja hvernig það kemur út í raunverulegum dæmum svo menn séu ekki að tala neina tæpitungu um hvað er að tefla.

Á skipi eru t.d. tíu menn í áhöfn og sennilega hefur svo verið í tvo áratugi ef ekki lengur þó að í kjarasamningnum hafi staðið að mannafjöldi samkvæmt samningi skyldi vera 15. Raunmönnunin hefur verið tíu manns árum og áratugum saman. En þessi samningur kemur þannig út að sjómenn á viðkomandi skipi, þar sem tíu menn hafa starfað árum saman, lækka um 14% í launum, 14,39%. Ef tekið er dæmi af einni veiðiferð þar sem brúttóaflaverðmæti eru 3,5 milljónir þá er niðurstaðan sú að úr þeirri veiðiferð, „fyrir Laxdælu" — þessi sérstaki samningur sem er með þessum ósköpum hefur verið kallaður „Laxdæla", — hafði skipstjóri 155 þús. kr. í hlut úr veiðiferð þar sem brúttóaflaverðmæti var 3,5 milljónir með tíu mönnum. Eftir „Laxdælu" hefur viðkomandi skipstjóri 133 þús. kr. í hlut. Hann lækkar um 22.400 kr. tæpar, eða 14,39%. Svona gengur þetta niður allan tignarstigann og þegar komið er að hásetanum, sem hefur helmingi minna en skipstjórinn, einn hásetahlut, þá lækkar hann úr 77.700 kr. í 66.500 kr., um 11.200 kr., einnig um 14,39% út á þessa grein nr. 2.1. í samningnum.

Er að undra þó menn taki ekki við svona tilfærslu og fagni henni? Engan þarf að undra það. Mér er nær að halda að menn hafi bara ekkert vitað hvað þeir voru að skrifa undir þegar þetta var sett inn í samninginn og undirskrifað. Það er ekki eins og hér sé verið að tala um einhver nýmæli. Þetta eru kjör sem stéttin hefur búið við áratugum saman. Það á sem sagt að fara að miða við fjölda sjómanna í áhöfn sem er búinn að standa í kjarasamningnum áratugum saman og lækka hlut áhafnarinnar út á það en ekki út á þá raunmönnun sem skipið hefur verið gert út með undanfarin ár eða áratugi.

Það er auðvitað svolítið misjafnt eftir veiðigreinum hvernig þetta kemur út í samningnum. Dæmið sem ég tók var af litlum ísfiskstogara sem landar ferskfiski. Ef við skoðum hins vegar minni frystitogara þá er skerðingin í launum upp á 5,5%. Þar eiga að vera 20 menn samkvæmt launatöflu en hafa verið 17 árum saman. Þar gerast hlutirnir þannig að ef aflaverðmæti er 15 millj. kr. þá lækkar skipstjórahluturinn úr 456 þús. kr. í 431 þús. kr. eða um 25 þús. kr. og hásetinn lækkar um 12.600 kr. Ef við færum þetta yfir á tíu veiðiferðir og segjum að skipið fiski fyrir 150 milljónir á ári þá lækkar hásetinn um 126 þús. kr. á ársgrundvelli. Er nema von að menn séu ekki par hrifnir þegar fara á að nauðga þeim yfir á svona viðmið eins og eru í kjarasamningi vélstjóra? Mér er nær að halda að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað þeir voru að skrifa upp á, svei mér þá.

Frv. ríkisstjórnarinnar, eins og það er sett fram, byggist á að telja upp þessi atriði í kjarasamningnum. Í fyrsta lagi er í a-lið 2. mgr. 2. gr. frv. vitnað til 1. gr. í samningi vélstjóranna, um atriði er tengjast verðmyndun, og ég var búinn að ræða um í dag, sem nú er kallað viðmiðunarverð hlutaskipta sem er alveg ný fiskverðsviðmiðun. Í b-lið 2. mgr. 2. gr. frv. segir að taka skuli mið af atriðum er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör. Það var það sem ég var að fara yfir áðan. Það er nú ekki mikil reisn yfir því að taka málið upp með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn gerir.

Síðan er vikið að fleiri atriðum og þau talin upp. Talað er um kauptryggingu og launaliði, um slysatrygginguna sem er að hluta til tekin af óskiptu og um afmörkun á helgarfríum. Síðan kemur að lífeyrissjóðnum, að lífeyrisréttindum, því að sjómenn voga sér að setja fram kröfur um að þeir skyldu fá í viðbótarlífeyri sams konar útfærslu og aðrir landsmenn í kjarasamningum sínum. Nei, það gekk auðvitað ekki eftir og í kjarasamningi vélstjóra er viðmiðið tekið af kauptryggingu en ekki heildarlaunum sjómanna.

Sjómenn hafa afar slæma reynslu af þessu viðmiði varðandi kauptrygginguna. Þetta var nefnilega gert þegar lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1970. Þá var viðmiðið kauptrygging. Það varð til þess að fyrstu tíu árin sem sjómenn greiddu í lífeyrissjóð þá öðluðust þeir nánast engin réttindi í lífeyrissjóðnum því þeir voru ævinlega að greiða af svo lágu kaupi. Það var ekki fyrr en í verkfalli 1985, sem beinlínis var háð til þess að ná lífeyrissjóðsgreiðslum af öllum launum, að samið var um að sjómenn skyldu fá greiðslur í lífeyrissjóð af öllum launum sínum. Það var gert í áföngum á tveimur árum, þ.e. af 50% launanna 1985, af 75% launanna 1986 og af 100% launanna 1987. Það hefði verið nær að setja einhver slík viðmiðunarákvæði inn í þennan samning en byrja ekki á nýjan leik að fara í viðmið við kauptrygginguna og eiga svo eftir að slást um það í framtíðinni að breyta því. Það er ekki að undra þó að þau sjómannasamtök sem ekki eru búin að skrifa undir samning séu óhress með að vera tengd við þessa gjörð.

Síðan er auðvitað kapítuli út af fyrir sig að ævinlega skuli sett lög á kjaradeilur sjómanna. Mér finnst óásættanlegt að ævinlega þegar sjómenn reyna að ná fram kjarasamningi og grípa til þess ráðs að boða til verkfalls til að knýja á um gerð kjarasamnings, þá skuli því frá fyrsta degi velt upp að nú þurfi að fara að setja lög á þetta því þarna séu mikil verðmæti í húfi, þetta hafi áhrif á þjóðfélagið, þetta dragi úr umsetningu í þjóðfélaginu og hafi áhrif á atvinnu. Ég vil bara ítreka að mér finnst enn ein lagasetningin á aðgerðir sjómanna til að ná fram réttlátum samningum algjörlega óásættanleg.

Sjómenn hafa stundum verið sakaðir um að hafa farið ógætilega með verkfallsvopnið. Kannski mætti ætla að þeir hefðu gert það miðað við að lagasetning er alltaf notuð til að drepa niður aðgerðir þeirra. En það er bara ekki svo. Þannig eru málin ekki vaxin, herra forseti.

Fyrir fáum mánuðum buðu sjómenn fram sérstaka sátt í þessari kjaradeilu sem nú á að setja lög á. Hvernig var þessi sátt sem var boðin fram í janúar? Hún var þannig að samið skyldi um þrjú atriði, um launaliði, viðbótarframlög í lífeyrissparnaði og um breytingu á slysatryggingu félagsmanna sjómannasamtakanna. Undir þetta skrifuðu öll sjómannasamtökin. Þegar þetta er lagt fram í janúar eru sjómenn búnir að vera samningslausir í eitt ár. Með þessu fylgdi að önnur erfið deilumál, t.d. fiskverðsmyndun og mannafækkunarákvæði, skyldu sett til hliðar meðan gengið væri frá þessum skammtímasamningi út þetta ár þannig að það sem eftir lifði ársins, í ellefu mánuði, hefðu menn haft tíma til að semja um þau atriði sem út af stæðu í kjaradeilunni. Samningurinn gilti sem sagt út þetta ár.

Þetta buðu sjómannasamtökin þrátt fyrir að kjarasamningar hefðu verið lausir í ár. Til að reyna að komast hjá verkfallsátökum buðu menn fram þessa sátt. Hver hafnaði henni? LÍÚ. Það var auðvitað LÍÚ sem hafnaði slíkri sátt. Mér finnst þurfa að draga það fram í þessari umræðu að sjómannasamtökin hafa virkilega lagt sig fram um að reyna að koma í veg fyrir að þurfa að fara eina ferðina enn út í verkfallsaðgerðir, þrátt fyrir að þeir væru búnir að vera með lausa samninga svo lengi að það væri farið að telja að ári. Vilji þeirra til að leysa þessa deilu án verkfalla hefur því legið fyrir alla tíð.

Ég held að greinin sem ég vitnaði til í kjarasamningi vélstjóra um þá launalækkun sem ég fór hér yfir, sé í raun lýsandi dæmi um hvers vegna aldrei náðist að gera kjarasamning við þessi samtök. Landssamband ísl. útvegsmanna ætlaði sér að ná fram launalækkun á sjómannastéttina. Það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun af þessu máli. Það var meining þeirra að ná fram launalækkun. Þeir bjuggu hana í þann búning að þeir væru með sanngirnismál í höndunum, þ.e. að með nýrri tækni um borð í skipum þá yrði mönnun að taka breytingum með þeim hætti að þeir fengju eitthvað fyrir fjárfestingu sína í nýrri tækni. Sá liður er hér í grein 2.2.2. í kjarasamningi vélstjóra, um hina nýju tækni, hæstv. forseti.

Þar bjóða menn upp á að verði fækkun frá þeirri raunmönnun sem er í dag þá verði hlutnum skipt til helminga á milli útgerðar og sjómanna, þ.e. frá þeirri raunmönnun sem er í dag. Ég hygg að sjómannasamtökin gætu kannski nálgast þá útfærslu ef hinn kaflinn væri ekki þar á undan varðandi þetta atriði. Ef miðað væri við raunmönnun eins og hún hefur reynst vera á undanförnum árum þá mætti skoða útfærsluna þegar kæmi til ný tækni og ný hagræðing. En það fyllir mælinn að byrja á að setja inn í samninginn að menn skuli fyrst taka við launalækkun og síðan sérstöku ákvæði til viðbótar þegar bætt verði um betur með nýrri tækni.

Ég held að rétt sé að vekja athygli á því að hæstv. ríkisstjórn Sjálfstfl. hefur áður fengið viðvaranir um það, m.a. frá Alþjóðavinnumálastofnuninni, að henni væri ekki alveg frjálst að setja hvað sem er í lög varðandi kjaramál fólks. Það er kveðið á um ákveðin lágmarksréttindi í mannréttindasáttmála Evrópu. Í 11. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu segir, með leyfi forseta:

„1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla."

Stjórnarliðar hafa haldið því fram að þessi lög eigi að setja vegna almannaheilla. Ég held að kjaradeilan eins og hún hefur þróast og inngrip stjórnvalda í hana, fyrst með lögum sem tóku gildi á miðnætti 19. mars og giltu til 1. apríl og síðan öðrum aðgerðum sem hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir, m.a. að aflýsa svokölluðu hrygningarstoppi þorsksins, svokölluðu fæðingarorlofi eins og við höfum nú kallað það venjulega, allar þessar aðgerðir hafi dregið kraftinn úr löglega boðuðum aðgerðum sjómannasamtakanna. Ég tel að ríkisstjórnin beri mikla ábyrgð á að deilan hefur dregist á langinn, vegna inngripa hennar í þessa deilu í upphafi þegar virkilega var pressa og þrýstingur á deiluaðila. Sú ákvörðun hæstv. sjútvrh. að þau skip sem voru við róðra og stunduðu fiskveiðar þyrftu ekki að hlíta hinu árlega stoppi til verndar hrygningu þorsksins hleypti einnig illu blóði í samningamenn í þessari deilu.

Mín niðurstaða af öllum þessum hugleiðingum er sú að ríkisstjórnin beri mikla ábyrgð á því hvernig þessi deila hefur þróast. Ég tel að það frv. sem hér er lagt fram af sjútvrh. og ríkisstjórninni, um kjaramál fiskimanna og fleira, sé óásættanlegur gjörningur. Ég er andvígur því að þannig sé staðið að málum. Ég tel að sjómenn hafi í gegnum tíðina sýnt mikla ábyrgð í kjaramálum sínum. Það sést best á því að þeir hafa verið samningslausir árum saman án þess að beita verkfallsvopninu.

[22:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir mjög málefnalegar umræður í dag, langar og strangar en athyglisverðar umræður.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon komst þannig að orði að verstur væri gjörningurinn. Ég verð að viðurkenna að það fer mjög nærri því að lýsa því sem mér býr í brjósti við að þurfa að leggja fram þetta frv. Það er langt frá því að mér þyki gott eða æskilegt að þurfa að leggja fram frv. í þessa veru. Eigi að síður er það nauðsynlegt á þeim forsendum sem ég rakti í framsöguræðu minni. Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson réttilega fór með er það vegna almannaheilla. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði mig að því hvernig *ég mundi axla ábyrgð mína. Ég axla ábyrgð mína á þeim* forsendum, ég ber ábyrgð gagnvart heildinni, ekki gagnvart einstökum hópum heldur gagnvart heildinni.

Það sem hæst hefur borið í umræðunni er lögmæti aðgerðanna. Hv. þm. hafa sumir hverjir efast um að löglegt væri að grípa inn í kjaradeilur á þennan hátt með lögum. Þegar við endurskoðuðum stjórnarskrána síðast, árið 1994, var m.a. fjallað um samningsréttinn í þeim greinum sem þar var verið að fjalla um, í 75. gr. Og í framsöguerindi nefndarinnar sem um málið fjallaði um brtt. sem hún lagði fram við þessa grein kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er jafnframt rétt að taka fram að það er skilningur nefndarinnar að þetta ákvæði tryggi það að löggjafinn hafi síðasta orðið ef honum býður svo við að horfa gagnvart kjarasamningum, þ.e. þeir eru að sjálfsögðu frjálsir en löggjafinn er æðri eins og verið hefur. Það er rétt að undirstrika að í þessu frv. eru samningar eins og kjarasamningar ekki lagðir að jöfnu við löggjöfina. Ef sú staða kemur upp, sem hefur komið upp og reyndar margoft, að samningsaðilar geta ekki leyst sín mál með frjálsum hætti og málefni séu komin í þá klípu og það óefni að ekki sé unnt að leysa þau á grundvelli frjálsra samninga þá hefur löggjafinn eftir sem áður sömu völd og sömu möguleika og hann hefur í dag til að grípa þar inn í."

Þetta er útlistun á því hvað felst í þessari grein stjórnarskrárinnar. Það vill þannig til að í tilefni af lagasetningu vegna vinnudeilu sjómanna og útvegsmanna 1998 var málinu skotið til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Vinnumála*stofnunin komst að sömu niðurstöðu, að það væri lögmætt* að grípa inn í deiluna og tiltók m.a. að deilan hefði staðið lengi, deiluaðilar hefðu haft tækifæri til að leysa deiluna og að miklir almannahagsmunir væru í húfi. Það sama á við eins og nú stendur.

Annað atriði hefur borið mjög hátt, þ.e. umræða um lögmæti þess hvernig frumvarpið er útfært. Mjög margir hv. þm. hafa tekið undir athugasemdir og gagnrýni sjómanna á 3. gr. þar sem fram koma leiðbeiningar til gerðardóms um hvað skuli haft til hliðsjónar þegar gerðardómur vinnur að því að leysa úr deilunni. Það skal viðurkennt að vegna eðlis gerðardóms er umdeilanlegt hversu ítarlegar leiðbeiningar skal setja í lög um hvað gerðardómur skuli hafa til hliðsjónar. Það má vel vera að of langt hafi verið gengið í þessu efni hvað frv. varðar.

Ég vil því fara þess á leit, sérstaklega vegna gagnrýni sjómanna, að hv. sjútvn. fari yfir það í störfum sínum hvort sé nauðsynlegt að ganga svo langt og hafa svo ítarlegar leiðbeiningar til gerðardómsins, hvort rétt sé að breyta því og hvort nefndin telji rétt að flytja brtt. við frv. þar að lútandi. Ég vona að nefndin taki vel á þessari beiðni minni. Ef nefndin þarf á stuðningi eða aðstoð að halda þá býð ég hana fram af hálfu ráðuneytisins.

[22:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði að honum þætti þetta frv. hvorki gott né æskilegt að fá það fram. Nú er ríkisstjórninni í sjálfsvald sett hvað hún gerir. Maður skyldi ætla að hún gerði það eitt sem hún telur æskilegt miðað við aðstæður. Hún telur æskilegt, rétt og réttlætanlegt að setja lög á sjómenn, lög sem svipta þá samningsrétti í hálfan áratug.

Hæstv. sjútvrh. svaraði spurningu minni um hvernig hann ætlaði að axla ábyrgð gagnvart *því fólki sem nú væri að fá* ríkisstjórnarrýtinginn í bakið. Hæstv. ráðherra segir að hann axli ekki ábyrgð gagnvart einstökum hópum heldur gagnvart heildinni, gagnvart íslensku þjóðinni í heild sinni. Við höfum hins vegar haldið því fram að ríkisstjórnin sé ekki að axla ábyrgð sína gagnvart íslensku þjóðinni heldur að fara að fyrirmælum húsbænda sinna í Landssambandi ísl. útvegsmanna og skera þá niður úr þeirri snöru sem þeir sjálfir hafa komið sér í með ótrúlegri óbilgirni og þvergirðingshætti gagnvart íslenskum sjómönnum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig skýrir hann þann mun sem fram kom í málflutningi hans annars vegar og hæstv. félmrh. hins vegar, sem greinilega hafði ekki fengið frv. í hendur til að yfirfara það fyrr en í dag? Það er fyrst í dag sem sérfræðingar félmrn. fá ráðrúm til að kanna hvort málið standist alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist. Er ágreiningur um þetta efni í ríkisstjórninni? Ég óska eftir svörum.

[22:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt sem hv. þm. heldur fram, að með frv. séu deiluaðilar sviptir samningsrétti í fjögur og hálft ár. Það er gerðardómsins að ákveða hversu lengi samningurinn á að gilda og frv. gefur ekki fyrirmæli um hvað hann á að ákveða í þeim efnum. Það er eðli málsins samkvæmt eðli gerðardóma.

Mér þykir afskaplega leiðinlegt að heyra borið á borð enn einu sinni að eftir tvöfalt lengra verkfall sjómanna en *verið hefur síðustu 20 árin og að mér er sagt lengsta alls*herjarverkfall sjómanna í sögunni skuli því enn haldið fram að gengið sé erinda útvegsmanna. Stjórnvöld hafa leitast við að veita deiluaðilum eins mikið svigrúm til að leysa deiluna og frekast hefur verið unnt án þess að ganga erinda eins eða neins nema þjóðarinnar í því sem hún gerir.

Varðandi það er hv. þm. nefnir og spyr um, hvort það sé ósætti í ríkisstjórninni, þá er ekki ósætti í ríkisstjórninni um þetta efni. Fumvarpið er að sjálfsögðu unnið í sjútvrn. Þar hafa lögfræðingar unnið að því og ég treysti því að þeir hafi unnið að því þannig að það standist alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Hvorki ég sjálfur, starfsmenn ráðuneytisins, hv. þm. né aðrir hafa einkarétt á að hafa rétt fyrir sér. Séu einhvers staðar atriði sem eru talin vera röng verða þau leiðrétt. Þess vegna erum við með fleiri en eina umræðu um mál á hv. Alþingi, þess vegna erum við að vísa málunum til nefndar, til þess að farið sé yfir þau þar. Ef einhverju þarf að breyta til þess að málin séu í eins góðu horfi og við viljum hafa þau er sjálfsagt að það verði gert.

[22:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég ítreka, herra forseti, að í máli hæstv. félmrh. við umræðuna í kvöld kom fram að hann teldi nauðsynlegt að fara yfir frv., sérstaklega með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Þannig skildi ég ummæli hans. Það

er fyrst í dag að ráðuneyti hans hefur gefist ráðrúm til að fara í saumana á þessum málum. Af þeim sökum dreg ég þá ályktun að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki verið fyllilega samstiga í þessu máli og lái mér hver sem vill.

Hæstv. sjútvrh. segir í svari sínu að það sé ekki verið að dæma yfir sjómannastéttina samninga eða lög í tæpan hálfan áratug. Í lagafrv. sem hér er til umræðu segir m.a., með leyfi forseta:

„Hann skal ákveða" — hér er vísað í gerðardóminn — „gildistíma ákvarðana sinna og hafa í því sambandi hliðsjón af gildistíma samnings um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001."

Hver skyldi vera gildistími þess samnings? Eru það ekki fjögur og hálft ár? Hér segir, svo ekki er um að villast, að þröngva eigi upp á íslenska sjómenn samningum eða öllu heldur ákvörðunum sem gilda eigi í tæpan hálfan áratug. Hverju svarar hæstv. ráðherra þessu?

[22:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi held ég að það hljóti að vera misskilningur hjá hv. þm. þegar hann telur að ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna eða milli ráðherranna í þessu efni. Eins og ég hef áður sagt: Ef menn telja eitthvað athugunar vert í frv. þá skoðar nefndin það auðvitað.

Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan, að frv. tiltekur ekki hversu langur samningurinn á að vera. Það er gerðardóms að gera það eðli málsins samkvæmt. Því er ástæðulaust að gera því skóna fyrir fram hver niðurstaða gerðardómsins mun verða.

[22:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum sannar að enn er í gangi í sjútvrn. sjálfsafgreiðsla til Landssambands ísl. útvegsmanna. Einungis þannig er hægt að skýra þetta umdeilda ákvæði í 3. gr. frv. Það er alveg ljóst að þar er verið að tímasetja niðurstöðu gerðardóms fimm ár fram í tímann. Það er líka alveg ljóst að það er brot á alþjóðlegum skuldbindingum.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. sjútvrh. að koma hingað og lesa upp úr einhverri ræðu sem hæstv. núv. fjmrh. flutti árið 1995 til að skýra breytingar á stjórnarskránni. Það vill svo til að á þessum vetri höfum við tekið lengstan tíma í að ræða þá niðurstöðu Hæstaréttar að það beri að fara eftir reglum alþjóðlegra samninga sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til þess að fylgja. Það er það sem skiptir máli í þessu samhengi. Þess vegna getur hann ekki skotið sér undan því að hafa sett í frv. ákvæði sem stenst ekki alþjóðlega sáttmála, stenst t.d. ekki mannréttindasáttmálann og stenst ekki þær reglur sem Alþjóðavinnumálastofnunin fylgir.

Þegar hæstv. félmrh. var spurður að því í dag hvort hann teldi þetta í samræmi við þessa sáttmála og þessar reglur svaraði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég hef líka verið spurður um hvort hér væri um brot á alþjóðaskuldbindingum að ræða og ég vonast eftir því að svo verði gengið frá því í þinginu að lögfesting þess brjóti ekki í bága við þær alþjóðaskuldbindingar sem við erum aðilar að."

Herra forseti. Hæstv. félmrh. er það mætavel ljóst að hin flaustursiegu vinnubrögð sjútvrn. hafa leitt til þess að við borð lá að í gegnum þingið yrði þröngvað frv. sem felur í sér brot á alþjóðlegum sáttmálum. Þetta er einungis dæmi um þá sjálfsafgreiðslu sem íslenskir útvegsmenn hafa enn þá í gegnum sjútvrn. Það er í þágu hagsmuna þeirra að fá þessa niðurstöðu til fimm ára því að þá verða þeir lausir við sjómenn í hálfan áratug.

[22:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemst mjög einkennilega að orði þegar hann segir að útvegsmenn hafi enn þá sjálfsafgreiðslu í sjútvrn. (**ÖS:** Er það kannski nýmæli?) — Enn þá. Það hlýtur að þýða að í hans huga hafi það verið svo áður. Það getur vel verið að hann hafi meiri reynslu af þessu en ég því árið 1994 sat hann í ríkisstjórn sem lagði fram frv. á Alþingi, sem var samþykkt, um að setja lög á verkföll sjómanna eftir tólf daga. Í dag hefur verkfall sjómanna staðið í 42 daga, 30 dögum lengur. Þeir hafa fengið 30 daga meira svigrúm og 30 dögum meiri þolinmæði en hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýndi þegar hann sat í ríkisstjórn.

[22:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þriðjungur ræðunnar sem hæstv. félmrh. flutti í dag var til að skýra muninn á þeirri lagasetningu og lagasetningunni sem er hér í bígerð. Ég ætla ekki að eyða máli mínu frekar í það, herra forseti.

En hæstv. sjútvrh. segir að orðfæri mitt sé undarlegt. Hvað sagði hæstv. sjútvrh. sjálfur um þetta umdeilda ákvæði? Hann sagði hérna áðan að vel gæti verið að gengið hafi verið of langt. Hann sagði líka að hann yrði að viðurkenna að ákvæðið væri umdeilanlegt.

Herra forseti. Það er ekki hægt að óska eftir því að einn ráðherra gangi lengra í því að viðurkenna að honum hafi ekki bara orðið fótaskortur hér í ræðustólnum heldur líka á tungunni þegar hann fól undirmönnum sínum að semja frv. Það er ekki hægt að fá frekari viðurkenningu á því en í orðum hæstv. sjútvrh. Hann gerir sér grein fyrir því, væntanlega eftir samræður við sinn góða kollega, hæstv. félmrh., að þarna urðu þeim einfaldlega á mistök í óðagotinu og viðleitni sinni til að þóknast útgerðarmönnum.

Hverjum á Íslandi gæti það verið þóknanlegt að binda niðurstöðu gerðardóms í málefnum sjómanna til fimm ára? Ekki þinginu, ekki sjútvrn., ekki einu sinni ríkisstjórninni, bara íslenskum úterðarmönnum. Hver hefur verið bandingi þeirra í þessu máli, eins og fram kemur í þessu frv. og fram kemur í þeim jákvæðu leiðbeiningum sem hæstv. félmrh. veitir kollega sínum? Bandinginn er auðvitað hæstv. sjútvrh.

Þegar ég segi „enn þá", þá vísa ég til þess að hæstv. sjútvrh. hefur líka raðað í kvótanefndina með þeim hætti að niðurstaðan verði útgerðarmönnum þóknanleg. Þá vísa ég líka til þess að Sjálfstfl. hefur alltaf séð til þess að allar niðurstöður sem varða sjávarútvegsmál, kvótakerfi og verðmyndun á fiski væru í þágu útgerðarmanna.

[22:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það orkar allt tvímælis þá gjört er. Ég held að það sé rétt að við dæmum löggjöfina þegar hún er endanlega frágengin, þegar við erum búin að fara yfir hana af bestu samvisku hér í þinginu og sjáum þá hvort hún er ekki þannig úr garði gerð að hún leiði til árangurs í að leysa úr þeirri alvarlegu kjaradeilu sem hér hefur verið í gangi.

[22:23]

Útbýting þingskjala:

Leigubifreiðar, 633. mál, brtt. ÁJ, þskj. 1325.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:25]

Frv. vísað til 2. umr. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, JóhS, JBjart, KLM, MF, SvH, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við erum að sjálfsögðu ekki reiðubúin að veita þessu makalausa frv. brautargengi hér í þinginu. Ástæðan fyrir því að við greiðum ekki atkvæði gegn því að málið gangi til nefndar heldur sitjum hjá við atkvæðagreiðsluna er sú ein að með þeim hætti er tryggt að samtök sjómanna, Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið, fái aðkomu að þessu máli.

Nú verður fylgst með því á hvern hátt tekið verður tillit til þeirra sjónarmiða sem þessi samtök og fulltrúar þeirra koma fram með í sjútvn. og væntanlega einnig í hæstv. félmn. sem hlýtur að fá þetta mál einnig til umfjöllunar.

[22:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er komið að því að þetta umdeilda mál sem hér hefur verið rætt í allan dag fari til nefndar. Ég vil taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni, við í stjórnarandstöðunni höfum mótmælt mjög harðlega aðkomu alls þessa máls, hvernig það er lagt fyrir þingið. Ástæðan fyrir því að við greiðum ekki atkvæði gegn því að málið fari til nefndar er einungis sú að við teljum tímabært að rætt verði við sjómannasamtökin um framhald málsins í sjútvn. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 22:26]

[02:00]

Útbýting þingskjals:

Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1327.

Út af dagskrá voru tekin 2.–25. mál.

Fundi slitið kl. 02:01.

---

123. FUNDUR

þriðjudaginn 15. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kjaramál fiskimanna og fleira, stjfrv., 737. mál, þskj. 1307, nál. 1327 og 1330. — 2. umr.
2. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 553. mál, þskj. 859. — 3. umr.
3. Hjúskaparlög, stjfrv., 410. mál, þskj. 1293, brtt. 1312. — 3. umr.
4. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 673. mál, þskj. 1051. — 3. umr.
5. Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, stjfrv., 628. mál, þskj. 1003. — 3. umr.
6. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 684. mál, þskj. 1296. — 3. umr.
7. Tollalög, stjfrv., 683. mál, þskj. 1295. — 3. umr.
8. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1129, nál. 1267, 1313 og 1316, brtt. 1314. — 2. umr.
9. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130, nál. 1268. — 2. umr.
10. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244. — 2. umr.
11. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.
12. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934, nál. 1226. — 2. umr.
13. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031, nál. 1227. — 2. umr.
14. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030, nál. 1243. — 2. umr.
15. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045, nál. 1229. — 2. umr.
16. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668, nál. 1230. — 2. umr.
17. Málefni aldraða, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 2. umr.
18. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 630. mál, þskj. 1005, nál. 1256. — 2. umr.
19. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236. — 2. umr.
20. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001, nál. 1186. — 2. umr.
21. Útsendir starfsmenn, stjfrv., 573. mál, þskj. 885, nál. 1237, brtt. 1238. — 2. umr.
22. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1012, nál. 1196, brtt. 1304. — 2. umr.
23. Orkusjóður, frv., 15. mál, þskj. 15, nál. 1202. — 2. umr.
24. Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, þáltill., 17. mál, þskj. 17, nál. 1203. — Síðari umr.
25. Tilraunir með brennsluhvata, þáltill., 555. mál, þskj. 861, nál. 1205. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., Páll Magnússon framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn."

Páll Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 2001–2004, 327. mál, nál. samgn., þskj. 1326.

Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1330.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um kjaramál fiskimanna.

[10:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fundar gera athugasemdir við aðkomu og meðferð þess máls sem hér er fyrst á dagskránni, frv. sem var ætlað að stöðva verkfall sjómanna. Um leið vek ég athygli á því, herra forseti, hversu löggjafarundirbúningi er í raun ábótavant á hinu háa Alþingi.

Hér gerðist það í gær að frv. var lagt fyrir Alþingi um að stöðva verkfall sjómanna og um tilteknar hliðaraðgerðir samfara því. Sú sem hér stendur og fleiri vöktu máls á því við 1. umr. málsins að öll líkindi væru á því að frv., a.m.k. örugglega 3. gr. frv., bryti í bága við stjórnarskrá og alþjóðlega samninga auk samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi.

Hæstv. ráðherrar félagsmála og sjávarútvegsmála viðurkenna það í raun við 1. umr. málsins að svo geti verið og lýsa því yfir að þeir vilji beita sér fyrir breytingum á 3. gr. frv. Hæstv. félmrh. orðaði það svo að hann teldi mikilvægt að fram færi ítarleg og fagleg skoðun á þessum þætti málsins.

Við meðferð málsins í hv. sjútvn. gerist það hins vegar að fulltrúi frá félmrn. kemur og fer yfir málið. En það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ekki fór fram sú ítarlega faglega úttekt sem menn höfðu rætt um við 1. umr. málsins. Í raun og veru varð fátt um svör við þessa yfirferð.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í sjútvn. fóru fram á að kallaður yrði fyrir fundinn fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands eða öðrum sem hefði ítarlega þekkingu á þessum samþykktum og túlkun þeirra. En því var hafnað, a.m.k. á þessu stigi.

Herra forseti. Það er ekki sæmandi hv. Alþingi að frv. sé í þessum búningi þegar þau koma til meðferðar á hinu háa Alþingi. Ég vil gera við þetta alvarlegar athugasemdir og hvetja um leið hæstv. forseta til þess að beita sér fyrir því að löggjafarundirbúningur sé vandaðri en þetta ber vitni um, herra forseti.

[10:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við umræðuna í gær kom fram í máli hæstv. félmrh. að fyrst í gær hefðu sérfræðingar félmrn. komið að þessu máli og sannast sagna hafði ég ekki ímyndunarafl til að ætla annað en hv. félmn. Alþingis yrði kölluð saman til að gaumgæfa þetta mál. Það hefur ekki verið gert. Öllum óskum stjórnarandstöðunnar um nánari skoðun á málinu hefur verið hafnað.

Nú er tilefnið ærið, bann við verkfalli sjómanna og sviptíng á samningsrétti þeirra um langan tíma. Það kann að hljóma mótsagnakennt að hvetja til faglegra vinnubragða í mannréttindabroti því ekki leikur vafi á því að verið er að brjóta mannréttindi á sjómönnum.

Á hitt er að líta að með þessari lagasetningu eru miklar líkur á að Íslendingar séu að brjóta alþjóðlegar skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist. Það er lágmarkskrafa að Alþingi gefist tóm til að fara rækilega í saumana á þessum málum, kalla til sögunnar alla þá sérfræðinga sem völ er á til að fara yfir þetta mál. Herra forseti. Mér finnst ótækt að taka þetta mál hér til umræðu áður en sú vinna og sú athugun hefur farið fram.

[10:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vegna orða hv. þm. þá er það algild þingvenja að taka mál til umræðu þegar nefndarálit hafa borist.

[10:07]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Strax að lokinni umræðu í gær fór fram efnisleg umræða um þetta mál í hv. sjútvn. Þá voru kallaðir til fundar við nefndina fulltrúar allra þeirra sem málið beinlínis varðar, þ.e. fulltrúar hagsmunasamtakanna og LÍÚ. Eftir að beiðni barst um það í upphafi fundar að kallaðir væru til aðilar til þess að ræða um 3. gr. frv. sérstaklega var brugðist þannig við því af hálfu formanns nefndarinnar að kalla fyrir nefndina fulltrúa félmrn. Þess vegna er það mjög undarlegt að tala um að vinnubrögðum sé ábótavant við vinnslu málsins í þinginu þegar brugðist er vel við ósk af þessu taginu og niðustaðan er sú að gerð er heilmikil efnisleg breyting á þessari umdeildustu grein frv.

Ég tel einmitt til marks um sjálfstæð vinnubrögð þingsins og góð vinnubrögð þess að farið er í að skoða málið, m.a. eftir umræðu sem fram fór hér í gær og eftir umræðu sem fór fram innan nefndarinnar og eftir athugasemdir sem komu fram í viðræðum við fulltrúa sjómannasamtakanna. Þá er brugðist þannig við af hálfu meiri hluta sjútvn. að leggja fram brtt. sem gjörbreytir 3. gr. frv. eins og menn geta lesið um í þingskjölum sem dreift var strax að lokinni nefndarvinnunni í gærkvöldi. Ég mótmæli því harðlega að vinnubrögðum hafi á einhvern hátt verið ábótavant í nefndinni. Við unnum þessi mál eðlilega og skiluðum nefndaráliti og efnislegri brtt. um þann þátt frv. sem mestum deilum olli í gær.

[10:09]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að hæpið sé að kalla það eðlileg vinnubrögð þegar hv. sjútvn. er kölluð saman til að vinna yfir blánóttina og undir svo mikilli tímapressu að þegar nefndarmenn mættu þá var þegar búið að setja niður til hverra yrði kallað. Þó svo að við sem skipum minni hluta nefndarinnar teldum ærna ástæðu til að kalla fleiri inn þá fékkst það ekki. Þetta kalla ég ekki eðlileg vinnubrögð, herra forseti, og ég

veit að þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð. Hraðinn var slíkur á málinu að ekki fékkst sú skoðun á því sem vissulega þarf.

Herra forseti. Það hefði þurft að skoða fleiri atriði en þessa 3. gr. vegna þess að hér er verið að breyta starfsumhverfi í sjávarútvegi án þess að það fái þó þá umfjöllun og skoðun sem við hefðum talið eðlilega.

Eftir umræðuna í gær, eftir að gagnrýni hafði komið fram og eftir að bæði hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. höfðu sagt að þeir vildu að nefndin framkvæmdi gagnrýna og vandaða skoðun á málinu átti ég satt að segja von á öðru, enda mættum við fulltrúar minni hlutans nestuð til þessa fundar. Við vorum búin að velta vöngum yfir því hverja væri rétt að kalla til svo skoðun málsins mætti verða sem vönduðust og best. En því var öllu hafnað, herra forseti, nema, eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar, að til var kallaður fulltrúi úr félmn. Ég verð að segja, herra forseti, að miðað við það hve viljugur hæstv. félmrh. var til þess í gær að nefndin fengi allan þann liðsstyrk sem hún þyrfti úr félmrn. þá þótti mér þetta framlag heldur rýrt. Við óskuðum eftir frekari skoðun. En hún fékkst ekki.

[10:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta umrædda frv. var skoðað vandlega í gærdag í félmrn., bæði af starfsmönnum ráðuneytisins og eins af starfsmanni okkar sem staðsettur er úti í Brussel. Niðurstaðan varð sú að það orðalag sem er í brtt. meiri hluta nefndarinnar standist. Sá fulltrúi ráðuneytisins sem kom á fund hv. sjútvn. er prýðilegur lögfræðingur og kunnur vinnurétti.

Frv. var samið á laugardaginn var. Þá var starfsfólk félmrn. í frii. Sama gilti á sunnudag. Ég ónáða ekki starfsmennina í helgarleyfum sínum nema tilneyddur, enda vissi ég að (Gripið fram í.) nægur tími gæfist til að skoða þetta mál þegar fólkið kæmi til vinnu á mánudag, eins og raunin varð. Ég tel að frv., í þeim búningi sem útlit er fyrir að það fái, standist og kvíði því ekki að þurfa að svara fyrir það í Genf.

[10:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við afgreiðslu þessa máls. Við héldum fundi, eins og fram hefur komið hjá mörgum, langt fram á nótt til að fara í gegnum álitamál og í mínum huga er alveg klárt að þrátt fyrir þær breytingar sem meiri hlutinn gerir á 3. gr. frv. þá erum við þar á mjög hálum ís hvað varðar alþjóðasamninga. Af þessari lagasetningu verða eftirmálar klárlega í mínum huga.

Ég skil það þannig, af þeim upplýsingum sem fram komu í gær, að hefðum við viljað setja lög á sjómenn þá hefði átt að setja lög á framlengingu á því ástandi sem er í dag. En frv. er þannig sett upp að það gefur tóninn fyrir breytingar á kjörum sjómanna eins og öllum er kunnugt á hinu háa Alþingi. Það er klárt að við hefðum þurft miklu lengri tíma til að fara yfir þessi mál, fá fleiri að málum, sérstaklega hvað varðar réttindamál og alþjóðaskuldbindingar sem við hefðum skrifað undir. Ég sé ekki annað en þetta upplegg sem er lagt fram hér af hálfu meiri hlutans muni leiða af sér málaferli og hafa gríðarlega eftirmála. Þessu mótmæli ég. Við þurftum miklu lengri tíma. Við þurfum fleiri sérfræðinga. Um það var beðið. En ekki er hægt að verða við því um miðja nótt. Það gefur augaleið.

[10:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þrátt fyrir nefndavinnuna í nótt tel ég að við séum að taka til umræðu mál sem er enn þannig í pottinn búið að það stangist á við viðmið sem eðlilegt væri að hafa, ætli menn að ræða frv. eins og þetta.

Herra forseti. Ég bendi á að í 2. gr. frv. eru ákvæði sem hvergi finnast nema í samningi Vélstjórafélagsins. Þau orð sem þar standa finnast hvergi í kjarasamningum annars staðar en í nýjum samningi Vélstjórafélagsins þannig að það fer ekkert á milli mála að menn eru enn við sama heygarðshornið.

[10:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Mér finnst að hér hafi verið ómaklega vegið að starfsmanni félmrn. sem kallaður var til hv. sjútvn. í gær. Óskað hafði verið eftir því af sjútvn. að starfsmaður félmrn. kæmi til að svara þeirri spurningu hvort frv. bryti í bága við alþjóðasamninga. Starfsmaðurinn kom og svaraði því afskaplega skýrt og byggði það á athugunum sínum í ráðuneytinu og samstarfi við fulltrúa Íslendinga í Brussel, sem eru gjörkunnugir þessum málum. Svarið var afskaplega skýrt. Frv. brýtur ekki í bága við alþjóðasamninga. Mér finnst ómaklega vegið að starfsmanni ráðuneytisins sem svaraði þessum þætti, þeim sem um var spurt, afskaplega skýrt. Þetta brýtur ekki í bága við alþjóðasamninga.

Ég tel að formaður nefndarinnar hafi haldið eðlilega á málinu. Kallaðir voru til þeir hagsmunaaðilar sem málið snýr að og svör við hinum félagslega þætti sem hér hefur verið til umræðu eru afskaplega skýr þannig að málið er að því leyti í eðlilegum farvegi. Meiri hluti nefndarinnar tekur mið af þeim faglegu ábendingum sem fram hafa komið og kynnir álit sitt á þeim grundvelli. Málið er þannig í eðlilegum farvegi og formaður nefndarinnar hefur stýrt því farsællega.

[10:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar nefndin kom til starfa í gærkvöldi var henni ætlaður tími til tólf frá því klukkan hálfellefu. Á þeim tíma átti að fara yfir þessi mál. Nefndinni var neitað um að fá á sinn fund hagsmunaaðila til að ræða um ágreiningsatriði í frv. Þegar hér er verið að tala um að ágætlega hafi verið staðið að málum og nægur tími, eins og hæstv. félmrh. sagði, til að vinna að þessu máli, þá er það svo fáránlegt sem mest getur verið. Það gafst enginn tími til að fara yfir atriði eins og, svo ég nefni það sem dæmi, að taka eigi af Kvótaþingið. Ekki var hægt að fá menn í nefndinni til viðræðna um það. Það kom fram að einungis einn aðili hafði farið fram á að það yrði sett inn í löggjöfina. LÍÚ hafði fengið það fram, að beðið yrði um það frá hendi Vélstjórafélagsins og LÍÚ. Aðrir aðilar komust ekki að eða að ekki var hægt að fá þá til að tala við nefndina um þetta atriði. Þetta eru auðvitað gjörsamlega forkastanleg vinnubrögð sem hér fara fram. Mér finnst það dálítið bratt hjá hv. þm. stjórnarinnar að hreykja sér af því að vel sé staðið að málum þegar það eina sem hefur gerst hér er að þeir hafa tekið út atriði sem augljóslega gátu ekki staðist og hefðu verið rekin ofan í kokið á stjórnvöldum á Íslandi. (**Gripið fram í:** Þeir gera ekki meiri kröfur en þetta.) Það eru einu kröfurnar sem eru gerðar til málsins af hendi stjórnarliða.

Ég tel að menn hefðu átt að hugsa sig betur um. Þeir höfðu til þess nægan tíma. Það hefur staðið býsna lengi þetta verkfall og menn hefðu getað verið búnir að hugsa þessi mál betur úr því að þeir hugsuðu sér að láta fara fram umræðu um að taka þennan rétt af sjómönnum eins og hér stendur til. Mér finnst að hv. þm. þurfi, í umræðunni hér á eftir, að fara vel yfir það með okkur úr stjórnarandstöðunni hvort vel er að málum staðið.

[10:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg furðulegt að talað sé um að frv. hafi ekki fengið nægilega eðlilega skoðun þegar það liggur fyrir að sá efnisþáttur frv. sem gagnrýndur var hvað harkalegast fékk sérstaka umfjöllun í starfi hv. sjútvn. sem leiddi til þess að gerð var efnisleg breyting á frv. Er það ekki til marks um að menn hafi farið af fullri alvöru í það mál, að fara ofan í þann efnisþátt sem mestum deilum hafði valdið í frv. sjálfu? Það er auðvitað augljóst mál að unnið var efnislega að þessu máli.

Það er alveg rétt að hér í gærkveldi kom prýðilegur fulltrúi frá félmrn. og ræddi málin. En við skulum heldur ekki gleyma því að það voru aðrir fulltrúar sem við hljótum líka að hlusta eftir, þ.e. fulltrúar vinnumarkaðarins, sjómenn og útvegsmenn, sem einnig höfðu skoðun á þessu máli. Þetta mál var auðvitað skoðað frá mörgum hliðum. Bæði frá hinu faglega, lögfræðilega sjónarhorni sem lögfræðingur félmrn. setti fram en einnig frá sjónarhorni þeirra sem við eiga að búa.

Mér finnst menn gera heldur lítið úr því að við ræddum þessi mál langtímum saman við þessa aðila í gærkvöldi. Menn gera heldur lítið úr því þegar talað er um að síðan hafi málið ekki verið almennilega rætt í nefndinni. Þetta er fráleitt.

Menn tala um að við hefðum þurft miklu lengri tíma. Ég spyr: Hversu langan tíma telja menn að nota eigi í þetta mál hér í þinginu? Hversu lengi átti þetta verkfall að standa sem allir eru sammála um að er farið að hafa mjög alvarleg áhrif í þjóðfélaginu?

Því er einnig haldið fram að ekki hafi verið hugað að öðrum þáttum eins og t.d. Kvótaþinginu. Ég bendi á, virðulegi forseti, að það mál var tekið til sérstakrar umfjöllunar af hálfu sjútvn. á sínum tíma þegar skýrsla um það mál var lögð fyrir Alþingi. Geta þingmenn ekki treyst sjálfum sér til að taka ákvörðun á grundvelli eigin þekkingar? Þarf sífellt að leiða menn í gegnum alla hluti af hálfu sérfræðinga alveg fram á síðustu stundu? Geta þingmenn ekki byggt á þeirri reynslu sem þeir sjálfir hafa aflað sér?

[10:21]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þetta voru skrýtin lokaorð hjá hv. þm., að það væri óþarfi að kalla til sérfræðinga vegna þess að menn ættu bara að treysta á sjálfa sig. (Gripið fram í.) Stundum þurfa hv. þm. á aðstoð að halda og mér sýndist ekki vanþörf á því, herra forseti, í þessu tiltekna máli, að menn fengju aðstoð við að greiða úr því hvort stjórnarskrá og alþjóðasamningar væru brotnir við meðferð þessa máls.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að frv. hefði verið samið á laugardaginn í miklum flýti og þá hefðu starfsmenn Stjórnarráðsins verið í fríi. Ég vil bara segja, herra forseti, að ef menn ætla að skella á lögum á skömmum tíma um svo alvarleg mál sem ígrip í vinnudeilur eru þá eiga þeir að sjálfsögðu, herra forseti, að undirbúa þau þannig að þau standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Það er það sem þessi umræða snýst um. Það er með öllu óásættanlegt að þetta skuli ekki hafa verið gert. Þessa vinnu átti að vinna í skjóli nætur undir þeim mikla þrýstingi sem menn vita að er hér í þinglok á þessum tíma árs.

Herra forseti. Ég vil bara segja enn og aftur: Þessi vinnubrögð eru fullkomlega óásættanleg og breytir engu þar um þótt tekið hafi verið tillit til margra þeirra ábendinga sem fram komu í nefndinni. Þessi faglega skoðun fór ekki fram og hið alvarlegasta er að hún átti sér ekki stað áður en frv. var lagt fyrir hið háa Alþingi.

Kjaramál fiskimanna og fleira, 2. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1307, nál. 1327 og 1330.

[10:23]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1327 ásamt brtt. sem með fylgir.

Nefndin fjallaði um málið á fundi strax eftir að þingfundi lauk í gær og fékk á sinn fund þá Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson, Guðjón Ármann Einarsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá átti nefndin símafund með Pétri Sigurðssyni, forseta Alþýðusambands Vestfjarða.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, auk verkbanna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna gagnvart aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, er hófst 16. mars sl.

Verkfallinu var frestað með lögum eins og kunnugt er, frá 19. mars sl. til 1. apríl sl., enda höfðu menn vonast til að á þeim tíma tækist að ná samningum og ýmsar yfirlýsingar sem gengu m.a. í sjútvn. á þeim tíma gáfu sterklega til kynna að svo gæti verið. Sama gilti um verkbann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með 16. mars sl. Vinnustöðvun hófst þá aftur og hafði staðið óslitið í á sjöttu viku þegar vélstjórar og útgerðarmenn undirrituðu kjarasamning 9. maí sl.

Samningar hafa verið lausir frá 15. febrúar 2000. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa samningsaðilar ekki náð árangri sem er því miður eins og allir vita farið að hafa ýmsar alvarlegar afleiðingar.

Ljóst er að út af fyrir sig hefur verið gríðarlega mikill tími til þess að ná samningum. Það var álit þeirra aðila sem komu fyrir nefndina í gær að út af fyrir sig væri tíminn ærinn til að ná samningum. Það þyrfti hins vegar að taka erfiðar ákvarðanir og ég ætla ekki að setja mig í sérstakt dómarasæti þar um.

Frv. gerir ráð fyrir að samningsaðilum verði hins vegar gefinn frestur til 1. júní nk. til að ljúka samningum. Hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma er lagt til að gerðardómi þriggja manna, sem tilnefndir verði af Hæstarétti, verði falið að taka ákvarðanir varðandi kjaramál félaga í áðurnefndum félögum.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að breytingar verði gerðar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, auk þess sem lög nr. 11/1998, um Kvótaþing, falli úr gildi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því sem segir í nál., með leyfi forseta:

„Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að sú tilhögun að gerðardómurinn skuli taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands hafi mætt mikilli andstöðu."

Það kom reyndar líka fram í þeirri umræðu sem fór fram í gær eins og þegar hefur verið vikið að í þeirri umræðu sem fór fram um störf þingsins og fundarstjórn forseta.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til þá breytingu að gerðardómur skuli í störfum sínum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, að teknu tilliti til sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr. frv., þ.e. aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, LÍÚ og Alþýðusambands Vestfjarða.

Þá leggur meiri hlutinn til að við ákvarðanir um niðurstöðu gerðardómsins þá geti, ég endurtek, þá geti, gerðardómurinn haft til hliðsjónar gildistíma skyldra kjarasamninga.

Hér er auðvitað um umtalsverða breytingu að ræða frá 3. gr. frv. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að vikið er frá því að hafa beina og bókstaflega skírskotun í nýgerðan samning LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands og í stað þess er orðalagið eins og ég mun gera grein fyrir hér á eftir.

Það hefur líka verið talsvert rætt um 2. gr. frv. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því að í 2. gr. frv. er ekki heldur vikið með neinum beinum hætti að samningum sem gerðir hafa verið á undanförnum árum, það er eingöngu verið að telja upp atriði sem gerðardómur skuli taka afstöðu til. Það er hins vegar býsna opið. Það eru að vísu tiltekin þarna allnokkur atriði frá a- til f-liðar. Síðan er enn fremur tiltekinn g-liðurinn, þar sem segir: „önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál." Með öðrum orðum: Þó um sé að ræða nokkra leiðsögn að því leytinu að af hálfu löggjafans er fitjað upp á því sem gerðardómurinn skuli fjalla að nokkru leyti þá er þetta enn fremur opið. Það er ekkert óeðlilegt af hálfu löggjafans að reynt sé að tiltaka efnisatriði sem þurfa að vera í kjarasamningi sjómanna og útvegsmanna til að það verði fullburðugt plagg til að vinna eftir af hálfu þeirra sem þurfa við svo að búa, þ.e. sjómanna og útvegsmanna, sem þurfa að starfa eftir þeim ákvæðum sem gerðardómurinn kemst að niðurstöðu um.

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem meiri hluti sjútvn. leggur fram er svohljóðandi, með leyfi forseta.:

„Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga."

Undir þetta nál. rita Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarson og Árni R. Árnason.

[10:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður sjútvn. gerðist svo borubrattur í umræðum um störf þingsins áðan að hrósa sér sérstaklega af því og hæla sér af þeim vinnubrögðum að flókið og erfitt frv. af þessu tagi hefði verið skoðað í fáeinar klukkustundir á næturfundi. Er þá væntanlega verið að færa rök fyrir því að það sé almennt fullnægjandi umfjöllun um stór frv. að þingnefndir hafi þau undir í tvo, þrjá klukkutíma eina nótt. Það var sérkennilegt að heyra þann málflutning áðan, herra forseti.

Það kom fram í ræðu hv. formaður sjútvn. að sjómenn hefðu verið án samninga síðan snemma árs 2000. Síðan bætti formaður sjútvn. við: „og það er því ljóst að mikill tími hefur verið til þess að ná samningum í þessari deilu". En þá kemur spurningin: Dregur hv. formaður sjútvn. engar ályktanir af því að sjómenn höfðu árangurslaust í heilt ár reynt að koma hreyfingu á hlutina áður en þeir gripu til aðgerða? Þarf ekki að hafa þetta í huga þegar réttmæti þess að banna verkfall sjómanna er metið? Þeir höfðu áður verið samningslausir í heilt ár og höfðu engum árangri náð gagnvart viðsemjendum sínum við að koma hreyfingu á hlutina. Fróðlegt væri að heyra hvernig hv. formaður sjútvn. metur þetta. Er ekki óhjákvæmilegt að skilja þetta sem viljaleysi af hálfu viðsemjenda sjómanna og verða ekki aðgerðir þeirra að skoðast í því ljósi? Er ekki inngrip ríkisstjórnarinnar þeim mun alvarlegra sem þetta liggur fyrir, að menn höfðu að þessu leyti verið réttlausir í meira en ár áður en þeir, seinþreyttir til vandræða, fóru út í aðgerðir og þá eru þær truflaðar, ekki einu sinni heldur í tvígang, með lagasetningu af hálfu ríkisstjórnarinnar?

[10:32]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að ég vakti athygli á því hversu lengi það ástand hefur varað að sjómenn hafa verið samningslausir. Það er alveg rétt eins og ég rakti áðan að samningaumleitanir hafa staðið yfir mjög lengi. Hv. þm. spyr mig hvort það sé ekki til marks um viljaleysi útvegsmanna. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan ætla ég ekki að setja mig í það dómarasæti að kenna öðrum hvorum aðilanum um. Staðreyndin er sú að menn náðu ekki saman og þær aðstæður voru uppi, sem komu mjög glögglega fram í öllum fjölmiðlaviðtölum fyrir helgina, að menn voru ekkert að nálgast í þessum efnum. Þess vegna er sú staða auðvitað uppi sem raun ber vitni.

Ég get ekki fallist á að inngrip ríkisvaldsins að þessu leyti hafi verið til þess fallið að trufla þetta mál vegna þess einfaldlega að verkfallið hefur staðið miklu lengur en við höfum dæmi um varðandi verkfall sjómanna, a.m.k. á liðnum áratugum svo langt sem ég man aftur. Ekki er rétt að halda því fram að afskiptasemi ríkisvaldsins að þessu leyti hafi hafi komið í veg fyrir að menn næðu saman. Það kom fram og hefur komið fram ótal sinnum af hálfu samningsaðila að út af fyrir sig hafi menn verið farnir að þekkja mjög vel sjónarmið hvors annars. Menn þekktu mjög vel hvað bar

þarna í milli. Það skorti hins vegar á að menn næðu saman um samningsniðurstöðu. Ég ætla mér ekki að áfellast menn í þeim efnum. Það er ljóst að hér var um að ræða mjög erfið úrlausnarefni, sérstaklega fiskverðsmálið og mönnunarmálin, og menn náðu einfaldlega ekki saman um þau.

[10:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur talsmanna ríkisstjórnarinnar í öllu þessu máli er eins og gatasigti. Nú er því hampað mjög að enginn árangur hafi verið að nást í deilunni og þetta hafi allt verið úti í hafsauga. Þegar lögin í mars voru réttlætt var hið gagnstæða upp á teningnum. Muna menn það? Þá komu talsmenn sömu ríkisstjórnar, sama meiri hluta, og sögðu: Það er kominn svo góður gangur í viðræðurnar að nú er rétt að fresta verkfallinu. Þetta ætti að klárast innan skamms tíma og við veiðum loðnuna á meðan. Algjörlega 180 gráðu öfug röksemdafærsla. Þá sögðu menn staffírugir að góður gangur væri kominn í viðræðurnar, þetta væri komið á góðan skrið og, jafnfráleitlega vitlaust og það var, að þá væri rétt að grípa inn í og fresta verkfallinu í stað þess að leyfa mönnum að útkljá deiluna. Ég spái því, herra forseti, að öll þessi aðkoma ríkisstjórnarinnar, sem velur sér nálgun eftir hentugleikum í þessum efnum, eins og sést af þessum tveimur dæmum, muni fá harðan áfellisdóm ef, sem manni heyrist reyndar vera líklegt, þessi máli fara fyrir dómstóla og framganga ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar í þessu öllu verður metin þar. Þá kemur þetta allt til skoðunar, þ.e. hversu lengi sjómenn höfðu verið án samninga, fyrra inngrip ríkisstjórnarinnar og rökin sem fyrir því voru færð og svo aftur hvernig hún snýr hlutunum við og kýs að réttlæta lagasetningu nú undir algjörlega öfugum formerkjum. Þetta er ekki boðlegur málflutningur, herra forseti, og er þeim til lítils sóma sem standa fyrir honum.

[10:36]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég hef reynt að meta samningslíkur, bæði í mars og núna, þá geri ég það að sjálfsögðu á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef aflað mér í sjútvn. Alþingis við heimsóknir þeirra samningsaðila sem hafa komið á fund nefndarinnar. Það var mat manna í mars, auðvitað ekki einróma mat en mat margra samningsaðila sem komu á fund okkar, að efnislegar forsendur væru til þess að ætla það að hægt væri að ljúka samningum á þessum tíma eða þar um bil. Þess vegna var það svo að ég hélt því fram á þeim tíma og held því fram enn að á grundvelli þessara upplýsinga hafi verið ástæða fyrir okkur á Alþingi og aðra til að ætla það að samningar kynnu að nást á þessu tímabili. Því miður gerðist það ekki. Síðan geta menn velt vöngum yfir ástæðunni fyrir því. Hv. þm. getur t.d. reynt að halda því fram sem hann hefur reynt að gera að það hafi á einhvern hátt verið afskipti ríkisvaldsins sem hafi komið í veg fyrir það. Ég er ósammála því.

Það er hins vegar mat manna, og þarf ekki annað en að fletta í blöðunum fyrir helgina til þess að sjá að það var mat samningsaðila sjálfra á föstudag og laugardag að þeir væru ekkert að nálgast, þetta mál væri komið í harðan hnút og kenndu menn þar um ýmsum ástæðum, m.a. samningnum milli Vélstjórafélagsins og LÍÚ. Við skulum ekki setja okkur í dómarasæti í þessu erfiða máli gagnvart samningsaðilunum, aðalatriðið er að þetta var hið kalda mat manna á þessum tíma. Það var á grundvelli þessa mats, eins og hefur margoft komið fram í umræðunni og kom líka fram þegar mælt var fyrir þessu máli sem ríkisstjórnin ákvað að leggja fram það frv. sem við ræðum hér nú.

[10:38]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að íslensk ríkisstjórn hefur ítrekað fengið þau skilaboð frá ILO að nauðsynlegt væri að gerðardómur væri sjálfstæður og niðurstaðan ekki fyrir fram ákveðin með lagaákvæðum. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm., formann sjútvn., hvort hann telji að með a-lið 2. gr., þar sem fjallað er um verð til viðmiðunar, hugtak sem finnst einungis í nýgerðum kjarasamningi vélstjóra, sé verið að ákveða niðurstöðu fyrir fram með lagaákvæði. Sömuleiðis með síðasta málslið í breytingartillögu hv. meiri hluta sjútvn. þar sem segir varðandi gildistíma þeirra kjaraákvæða sem gerðardómur á að komast að fyrir hönd annarra sjómanna, að hann geti í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga. Hvað finnst hv. þm. um þau tvö atriði miðað við þær sendingar sem íslensk ríkisstjórn hefur áður fengið frá ILO varðandi það ekki eigi að skrifa niðurstöðuna fyrir fram inn í lagaákvæði?

[10:40]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir. Þetta er eitt af þeim efnisatriðum sem við fjölluðum um á hinum ágæta nefndarfundi sjútvn. í gærkvöldi. Við veltum einmitt mjög fyrir okkur efnisþáttum 2. gr. og þess vegna kom ég aðeins að því í ræðu minni áðan um efnisatriði þeirrar greinar. Niðurstaða okkar í meiri hlutanum var að ekki væri tilefni til að gera frekari breytingar á 2. gr. Við töldum eðlilegt að þessi leiðsögn væri búin til án þess að verið væri að binda hendur gerðardómsins um of. Ég vek í því sambandi m.a. athygli á g-lið 2. gr. sem heldur þessum þætti talsvert opnum. Það var mat okkar að þetta væri nægilegt svigrúm sem gerðardómurinn hefði til að uppfylla þetta ákvæði. Það er sannarlega rétt hjá hv. þm. að gera þarf kröfu til að gerðardómurinn njóti sjálfstæðis.

Varðandi breytingartillöguna þá er hún á sömu lund. Ég vek athygli á því að þar er talað um að gerðardómurinn geti haft til hliðsjónar gildistíma annarra skyldra kjarasamninga. Þarna er ekki verið að skylda gerðardóminn í neinum efnum. Það er eingöngu orðað með þeim hætti sem ég las upp hér. Ég tel hins vegar að ef vikið hefði verið nánar að því í nál. eða í framsöguræðu hvaða samninga við værum að tala um, ef við hefðum farið í að skilgreina nánar hugtakið skyldir kjarasamningar, þá hefðum við væntanlega verið komin út á mun hálli ís. Þess vegna er eðlilegast að þessu máli sé haldið opnu fyrir gerðardóminn til að meta, enda er mikilvægt, eins og hv. þm. vék að, að gerðardómurinn hafi sjálfstæði.

[10:42]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram eðlilegt að þingmenn hafi áhyggjur af því hvernig sú löggjöf er úr garði gerð sem menn ætla að ganga frá á hinu háa Alþingi. Ítrekað hefur komið fram að sú löggjöf sem héðan fer er allt of oft óvönduð, er ekki nógu nákvæm eða fagleg. Það er því

eins gott, herra forseti, að stjórnarandstaða sé á tánum ef stjórnarliðar eru oft ekki gagnrýnni en raun ber vitni.

Herra forseti. Ég vil víkja að öðru atriði málsins sem ég tel æskilegt að kalla fram skoðun hv. formanns sjútvn. á nú þegar við upphaf 2. umr. Hér segir að frv. geri ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 1. júní til þess að reyna kjarasamninga. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu á fundi nefndarinnar í nótt vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar hvaða líkur hann telji á að þessi frestur, þessi hálfi mánuður, dugi mönnum til að ná kjarasamningum eða telur hann að frv. sem hér er verið að vinna með og verður væntanlega lögfest frá Alþingi og breytir starfsaðstæðum, ekki bara vélstjóra samkvæmt samningi þeirra heldur allra sjómanna, sé líklegt til þess að liðka fyrir samningum eins og staða mála er í dag?

[10:44]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað þessari spurningu nema á grundvelli almennra vangaveltna. Auðvitað er ljóst, eins og ég hef sagt hér áður, að það var mat samningsaðilanna um helgina að menn væru ekki komnir að neinni niðurstöðu varðandi þessa samninga og þess vegna liggur þetta frv. fyrir. Hins vegar kom líka fram í máli manna í gær að út af fyrir sig væri það ekki tímaskorturinn sem hamlaði því að þeir næðu saman heldur aðrir erfiðir þættir sem taka þyrfti ákvörðun um. Út af fyrir sig væri hægt að taka ákvörðun um á þeim tíma sem menn hefðu fyrir höndum en hins vegar væri örðugt að komast að niðurstöðunni. Þess vegna er svar mitt við þessari spurningu hv. þm.: Já, í sjálfu sér er hægt að ná niðurstöðu milli samningsaðila um þetta mál á grundvelli þess tíma sem menn hafa. Menn geta náð samningsniðurstöðu á hálfum mánuði ef svo ber undir. Hins vegar gera aðrir þættir það að verkum að þetta mál er snúið og þess vegna vil ég ekki á þessu stigi fullyrða um hvort það takist. Ég nefndi áðan að þetta eru tvö ákaflega flókin, snúin og gömul deilumál sem hafa verið uppi milli aðila. Ég þekki það sjálfur sem gamall samninganefndarmaður að það er hægara um að tala en í að komast að fá niðurstöðu um svona mál. Ég ítreka hins vegar enn og aftur að ég tel að tími sé til staðar ef menn koma sér niður á að ræða þessi mál til hlítar.

[10:46]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira. Það er 737. mál þingsins og er frá minni hluta sjútvn.

Herra forseti. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að enn einu sinni skuli sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna og nú í annað skipti í þessari lotu sjómanna við að reyna að ná kjarasamningi með því að beita verkfallsvopninu. Eins og hér hefur komið fram, herra forseti, greip ríkisstjórnin inn í deiluna 19. mars sl. eftir að verkfall hafði staðið í þrjá sólarhringa og frestaði því til 1. apríl. Þetta var gert þrátt fyrir að talið væri að gangur væri að komast í viðræðurnar og deiluaðilar hefðu mótmælt því að löggjafinn gripi inn í. — Og hér segjum við í minni hlutanum, herra forseti: „þrátt fyrir að talið væri". Ríkisstjórnin sagði á þeim tíma að það væri réttlætanlegt vegna þess, en okkar mat er það að þarna hafi menn hent sandi í gangvirkið og það hafi aldrei almennilega komist af stað aftur. — Afleiðingar þessara afskipta urðu til að spilla fyrir samningsmöguleikum eins og stjórnarandstaðan varaði við þegar frestunarlögin voru sett. Nú sex vikum síðar standa menn svo frammi fyrir afleiðingum fyrri inngripa: samningar hafa ekki tekist.

Herra forseti. Þegar við nefnum fyrri inngrip, þá erum við ekki bara að tala um frestunarlögin frá því í mars. Við erum auðvitað að tala um hin sífelldu inngrip ríkisvaldsins í kjaraviðræður sjómanna og útvegsmanna, inngrip sem hafa, herra forseti, grafið undan möguleikum þessara aðila til að ná kjarasamningi. Þess vegna er ábyrgð ríkisvaldsins stór þegar kemur að því hver beri ábyrgð á því að þessir aðilar hafi ekki náð saman. Hún er ekki bara stór vegna þess að Alþingi hefur ekki borið gæfu til að leysa þau mál sem hefðu í rauninni snúið að löggjafarsamkomunni, heldur ekki síður vegna þeirra inngripa sem sífelld hafa verið og hafa orðið til þess að menn hafa e.t.v. ekki skynjað ábyrgð sína til fullnustu sakir þess að þeir máttu alltaf eiga von á því að gripið yrði inn í þá og þegar sá árangur færi að nást að eitthvað færi að hreyfast.

Með þeirri lagasetningu sem hér er verið að takast á við er verkfall sjómanna bannað og þeir þannig sviptir rétti sínum til að beita þeim vopnum sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd sem hluti af mannréttindum. Eins og hér kom fram í morgun gafst nefndinni afar takmarkaður tími til starfa og minni hlutanum var neitað um að kalla hagsmunaaðila á fund nefndarinnar til að fá álit þeirra á málinu. Með frumvarpinu er gerðardómi falið að ákvarða kjör sjómanna. Í 2. gr. frv. eru talin upp þau atriði sem gerðardómur á að taka ákvörðun um. Minni hlutinn telur að afar hæpnar forsendur séu fyrir því að lögfesta þau atriði sem gerðardómur á að takast á við og varða munu kjör sjómanna. Það er hluti okkar gagnrýni, herra forseti. Við gagnrýnum það að menn skuli ekki treysta gerðardómi til að taka sjálfur og óbundinn ákvarðanir um hvaða atriði það séu sem þurfi þá að setja yfir sjómenn með þeim dómi. Hins vegar gagnrýnum við líka efnislega það sem þarna er á ferðinni. Við gagnrýnum efnislega einkum a-lið 1. mgr. 2. gr. þar sem gerðardómi er falið að ákveða, og nú vitna ég beint, með leyfi forseta, „atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila". Hér er, herra forseti, vísað í atriði sem einungis er að finna í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, og skýrari geta lagafyrirmælin vart verið. Hér er hins vegar einnig um það að ræða að verið er að gera efnisbreytingu á innihaldi kjarasamninga. Við bendum á það, herra forseti, að samkvæmt kjarasamningum sjómanna, grein 1.26, skal útgerðarmaður tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn. Minni hlutinn telur að svokallað „verð til viðmiðunar" sé fráhvarf frá þessari grein kjarasamningsins og varar við lögfestingu þessa ákvæðis. Afleiðing þessa kann að verða sú að til verði eins konar nýtt „landssambandsverð" og að þeir aðilar sem hingað til hafa lagt fiskinn á markað kjósi þá frekar að nýta sér hið nýja „landssambandsverð" til uppgjörs á aflahlut sjómanna. Ef svo fer er það stórt skref aftur á bak á sama tíma og talið er eðlilegt að samkeppni og markaður ráði verði á öðrum sviðum atvinnulífsins. Nær hefði verið að ríkisstjórnin lýsti því yfir að stefnt væri að aðskilnaði veiða og vinnslu og að allur afli yrði verðlagður á markaði. Þannig væri stærsta deilumál sjómanna og útvegsmanna leyst og forsendur skapaðar fyrir eðlilegum samskiptum þessara aðila.

Er ég þá komin að hinu stóra atriðinu sem sérstaklega var tekið til umfjöllunar en það vekur auðvitað sérstaka at-

hygli eða eftirtekt að ríkisstjórninni skuli hafi legið svo á að koma lögum yfir sjómenn að hún gaf sér ekki tíma til að gaumgæfa hvort það frv. sem lagt var fyrir Alþingi, á einstæðum útbýtingarfundi sl. laugardag, samrýmdist ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum sem Ísland er aðili að, eins og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Herra forseti. Við fengum býsna greinargóðar lýsingar á því fyrr í morgun hvernig að málinu var staðið en samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh. var frv. samið með miklum hraði á laugardaginn og málið þótti ekki mikilvægara en svo að hæstv. félmrh. vildi ekki kalla til sérfræðinga sína þannig að þeir höfðu ekki aðstæður til að skoða málið fyrr en í gær. Þetta er, herra forseti, hinn vandaði undirbúningur þingmáls sem er til þess gert að taka ekki bara á deilu sjómanna heldur að hluta að breyta starfsumhverfi þeirra til langrar framtíðar.

Herra forseti. Við hljótum að átelja þessi vinnubrögð. Það er forkastanlegt ef atburðarásin hefur verið með þeim hætti sem hæstv. félmrh. lýsti og sérfræðingar ekki kallaðir til umsagnar um það sem hæstv. ríkisstjórn var að gera fyrr en þá í gær og síðan fékkst ekki meiri skoðun á þessu umdeilda atriði í hv. nefnd í nótt en hér hefur verið lýst.

En það rann upp fyrir hæstv. ríkisstjórn við 1. umr. málsins í gær að líklega hefði hún gengið út fyrir öll mörk í frv. Í tilraun til að forðast frekari ákúrur af hálfu ILO, og til að eiga síður á hættu að verða uppvís að því að brjóta frekar af sér gagnvart öðrum samningum sem Ísland er bundið af, hefur ríkisstjórnin hlutast til um að meiri hlutinn geri breytingar á 3. gr. frv. Það er sú brtt. sem hv. formaður sjútvn. kynnti hér áðan. Þar hafa nú verið teknar út viðmiðanir gagnvart efni og tímalengd vélstjórasamningsins. Þannig telur ríkisstjórnin að hún hafi skorið sig niður úr þeirri snörunni. Eftir stendur þá meginefni frv. sem er gróf íhlutun í kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna. Því hefur minni hlutinn mótmælt harðlega.

Minni hlutinn vill vekja athygli á því að fram kom í viðræðum nefndarinnar við Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, að útvegsmenn gætu samþykkt frestun á verkfalli sjómanna til að ljúka mætti samningum með eðlilegum hætti. Í ljósi þess má ætla að ekki sé fullreynt hvort unnt væri að ná samningum milli deiluaðila fengju þeir tóm til þess.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið skrifa auk þeirrar sem hér stendur Jóhann Ársælsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir og minni hluti sjútvn. harmar að hafi ekki fengið betri skoðun, því að sannarlega hefði verið þörf á því, er í rauninni tvíþætt. Annars vegar er um að ræða ákvæði sem snúa beint að þeim samtökum sjómanna sem ósamið eiga, ákvæði sem fjalla um gerðardóm og hvaða viðmið sá gerðardómur á að hafa í ákvörðunum sínum varðandi kjör Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hins vegar er hér um að ræða ákvæði sem eru til komin vegna samnings Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Það, herra forseti, eru atriði sem lúta að kjaraumhverfi allra sjómanna. Þar voru vélstjórar sannarlega að semja fyrir alla sjómenn vegna þess að um er að ræða atriði sem eru hluti af því lagaumhverfi sem sjómannastéttin býr við nú, hluti af því sem kom inn með lögum 1998 þegar Alþingi hafði síðast bein afskipti af kjarasamningum sjómanna.

Hér er t.d. um að ræða niðurfellingu á lögum um Kvótaþing og það kom fram í viðræðum nefndarinnar við samtök sjómanna í nótt að bæði Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið leggjast eindregið gegn því að starfsumhverfi þeirra skuli vera breytt einhliða með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það kom jafnframt fram, herra forseti, að þessi breyting er komin inn fyrir ósk Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna þess að þeir náðu samkomulagi um það við Vélstjórafélagið að sett væri ákvæði inn í þann kjarasamning um að farið yrði þess á leit við ríkisstjórnina að hún setti ákvæði sem þetta inn í frv. Þannig vitum við, herra forseti, hvernig það er ættað. Og menn geta rétt ímyndað sér — af því að við áttum orðastað hér, ég og hv. formaður sjútvn., um hvaða möguleikar væru á því að samningar næðust næsta hálfa mánuðinn á milli þeirra aðila sem ósamið eiga eftir að búið er að breyta starfsumhverfinu með þeim hætti sem hér stendur til að gera — í hvaða stöðu sjómenn eru til þess að gera kjarasamning þegar byrjað er á því með lagaákvæðum að breyta samningsumhverfi þeirra hinum aðilanum til hagsbóta, ef má orða það þannig eða að vilja hans, og síðan koma menn hér og segja að þeir hafi tóm til þess að semja til 1. júní.

Herra forseti. Hér er um hreinan og beinan dónaskap að ræða vegna þess að ljóst er að miðað við það hvernig þetta frv. er úr garði gert og hvaða ákvæði þar eru inni, þá væri það nánast kraftaverk og það þyrfti eitthvað meira en lítið að gerast til að samningar næðust á þessum hálfa mánuði. En jafnframt því að lögin um Kvótaþing eru felld niður eru gerðar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða til þess að Fiskistofa geti tekið við einhverjum þeim hlutverkum sem áður voru Kvótaþings. Jafnframt eru gerðar breytingar á lögunum um Verðlagsstofu skiptaverðs og um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, ákvæði sem eru til þess fallin að falla að kjarasamningi vélstjóra og Landssambands íslenskra útvegsmanna, en þar er akkúrat verið að fjalla um þessi viðmið varðandi verðlagningu sem minni hluti sjútvn. hefur áður gert að umræðuefni. Þannig eru þau ákvæði lögfest í lögin um Verðlagsstofu skiptaverðs.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að enginn friður verður um þau lög sem um kjaraumhverfi sjómanna munu gilda verði þetta frv. að lögum. Öll nálgun málsins er slík að menn hljóta að hafa það sterklega á tilfinningunni að valtað sé yfir félög og hagsmuni. Bæði sjómenn og minni hlutinn hér á Alþingi hafa upplifað það svo að á ferðinni sé óvenjumikið virðingarleysi, virðingarleysi gagnvart sjómönnum, virðingarleysi gagnvart þeim sem þurfa að starfa í því umhverfi sem Alþingi hefur búið íslenskum sjómönnum.

Herra forseti. Þetta frv. bætir svo sannarlega ekki úr vegna þess að þó að við tækjum frá ákvæði, þó að sjómenn frestuðu eða aflýstu verkfallinu og við tækjum frá þau atriði sem lúta að gerðardómi þá standa þó eftir þau ákvæði sem lúta að breytingum á starfsumhverfinu, breytingum eins og þeim varðandi Kvótaþingið, lögin um stjórn fiskveiða, og Verðlagsstofuna, breytingar sem verið er að gera á starfsumhverfi Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins alveg án tillits til þess við hvaða kjarasamning þeir munu síðar búa.

Herra forseti. Ef þessir aðilar kjósa að aflýsa verkfalli og búa áfram við sinn gamla kjarasamning þá geta menn velt því fyrir sér hvort þess er einhver kostur ef þetta frv. verður að lögum vegna þess að hér er verið að taka af hluta af því umhverfi sem sá kjarasamningur hvílir á þannig að menn geta alveg velt því fyrir sér hvort það var og er raunhæft að

menn aflýsi verkfalli miðað við þær aðstæður sem mönnum eru búnar með þeim atriðum sem eru í þessu frv.

Herra forseti. Þetta er kannski eitt af því sem nefndin hefði þurft að fá tíma til að gaumgæfa vegna þess að ýmsar hliðar eru á þessum málum sem eðlilegt er að skoða. Jafnframt því, herra forseti, hefði nefndin gjarnan viljað skoða hvort hið nýja fyrirkomulag um verð til viðmiðunar samrýmist þeirri samkeppni sem menn telja eðlilegt að sé í atvinnulífinu. Hér eru reglulega tekin til umfjöllunar atriði sem snúa að grænmetismarkaðnum þar sem verð til viðmiðunar er ekki það sem Samkeppnisstofnun telur æskilegast. Við hefðum gjarnan viljað heyra álit Samkeppnisstofnunar á þessu nýja ákvæði í starfsumhverfi sjómanna og útvegsmanna, þessu verði til viðmiðunar sem víkur eins og ég gat um áðan frá ákvæðum kjarasamninga sjómanna sem segja til um það að útvegsmaður eða útgerðarmaður verði að leita hæsta gangverðs fyrir þann afla sem skip kemur með að landi. Í frv. eru því ótal atriði sem við hefðum sannarlega viljað fá að skoða en var hafnað að væru skoðuð og er það miður vegna þess að það er allt of algengt þegar hv. Alþingi fjallar um starfsumhverfi sjávarútvegsins að mál séu keyrð í gegn lítt skoðuð á miklum hraða og síðan eru menn ýmist að laga til fyrir sér eftir á eða sitja uppi með kerfi sem er óþarflega flókið, óþarflega snúið fyrir þá sem eiga við að búa. Mér finnst það ótrúlegt virðingarleysi í rauninni, ekki bara við sjómannastéttina og þá útvegsmenn, heldur í raun við þá atvinnugrein sem menn vilja á tyllidögum tildra upp sem undirstöðuatvinnugrein, að henni skuli vera gert að búa við vinnubrögð af þessu tagi af hálfu hins háa Alþingis. Við erum hér að breyta starfsumhverfinu og menn eiga að taka sér tíma í að skoða það.

Fulltrúar meiri hluta sjútvn. telja að þetta hafi allt verið í eðlilegum farvegi. Þeir telja líka að skýr svör hafi fengist. Það kann að vera þeirra mat að þetta sé eðlilegur farvegur og þau svör sem fengist hafa, eins og t.d. um þau atriði sem við teljum mikinn vafa leika á um að standist algerlega skuldbindingar, að komið hafi skýr svör um það að svo væri ekki. Það er auðvitað mat. Okkar mat er allt annað. Við teljum að þetta mál sé alls ekki í eðlilegum farvegi og við teljum að þau svör sem við höfum fengið hafi verið ágæt svo langt sem þau náðu en öllum spurningum hafi hreint ekki verið svarað.

Herra forseti. Hér hafa orðið nokkur tíðindi. Hér liggur fyrir yfirlýsing frá Sjómannasambandi Íslands. Með leyfi forseta vil ég lesa þessa yfirlýsingu:

„Yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, er hér með aflýst. Ákvörðun þessi er byggð á þeirri forsendu að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna og fleira sem sviptir sjómenn samnings- og verkfallsrétti.

Verði frumvarp þetta að lögum munu félagsmenn aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands verða sviptir grundvallarmannréttindum, sem þeim eru tryggð í íslenskum lögum, stjórnarskrá lýðveldisins og alþjóðlegum sáttmálum, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að hlíta. Félagsmenn aðildarfélaga sambandsins og stéttarfélög þeirra yrðu með þessu jafnframt svipt rétti til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um kjarasamningsbundin réttindi sín.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir verulegri kjaraskerðingu sjómanna auk þess sem mælt er fyrir um afnám gildandi laga, sem beinlínis er ætlað að tryggja réttindi félagsmanna aðildarfélaga sambandsins.

Með hliðsjón af ofangreindu og í því skyni að varna því að umrædd lög verði samþykkt á Alþingi Íslendinga, er yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, aflýst."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Þá er það mitt mat að það sé rétt að hæstv. sjútvrh. komi í sal Alþingis og geri þinginu grein fyrir hver viðbrögð hans eru við þessari yfirlýsingu Sjómannasambandsins. Það kom fram í máli hans í gær þegar eftir því var leitað hver viðbrögð ríkisstjórnarinnar yrðu ef sjómenn aflýstu verkfalli. Ég held að full ástæða sé til þess að hæstv. sjútvrh. komi hér og ítreki það sem þá kom fram þannig að ekki fari á milli mála hverjar lyktir og framhald þessa máls eiga að verða á hinu háa Alþingi. Í gær sagði hæstv. ráðherra að honum sýndist á þeirri stöðu sem þá væri upp komin, þ.e. ef sjómenn aflýstu, að þá væri heldur ekki ástæða til gerðardóms en hins vegar væru önnur atriði í frv. er varða Kvótaþingið og Verðlagsstofu sem væru í beinu samhengi við þann samning sem þegar hefur náðst á þessu kjarasviði. Það kom fram hjá honum að hann sæi þá enga ástæðu til þess að draga þau atriði til baka þó að verkfallinu væri aflýst.

Herra forseti. Þetta held ég að við hljótum að verða að ræða vegna þess að þegar sjómenn hafa aflýst verkfalli þá eru þeir í rauninni að segja við hæstv. ríkisstjórn og Alþingi að þeir ætli sér að búa við sinn gamla kjarasamning. Og það er þá óhæfa, herra forseti, að Alþingi sé að afnema ákvæði sem eru hluti af þeim samningi sem Sjómannasamtökin byggja kjarasamning sinn á. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. komi hér og eigi orðastað við þingmenn um þetta mál og segi okkur hver viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru. Er hæstv. sjútvrh. í húsinu?

(**Forseti** (HBl): Hæstv. sjútvrh. er í húsinu.)

Hafa verið gerðar ráðstafanir til að ...

(**Forseti** (HBl): Starfsmenn þingsins heyrðu orð hv. þm. og forseti telur að þeir hafi skilið við hvað hv. þm. átti.)

Herra forseti. Fyrst hæstv. sjútvrh. er kominn í salinn er rétt að beina til hans þeim fyrirspurnum og spurningum sem hér hafa verið reifaðar í framhaldi af því að yfirlýsing hefur borist frá Sjómannasambandi Íslands, yfirlýsing um að þeir hafi aflýst verkfalli sínu. Í því sambandi hljótum við að kalla eftir viðbrögðum hæstv. sjútvrh. Í gær svaraði hann fyrirspurnum hv. þm. um þetta efni á þann veg að ef það yrði, þá yrðu þau ákvæði er varða gerðardóm kölluð til baka, en vildi halda til streitu öðrum þeim ákvæðum samningsins sem lúta að kjaraumhverfi og nýjum kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands. Nú er ljóst að þau ákvæði eru hluti af því sem undirbyggir hinn gamla kjarasamning Sjómannasambandsins þannig að ef hæstv. ráðherra og ríkisstjórn heldur fast við að breyta þeim lögum sem eru hluti af því starfsumhverfi þá eru menn að breyta starfsumhverfi sjómanna án þess þó að þeir eigi í kjaradeilu eða hafi með öðrum hætti kallað eftir því að inngrip væru í starfsumhverfi þeirra og kjaraumhverfi.

Herra forseti. Ég held að mjög mikilvægt sé að hæstv. ráðherra fari nákvæmlega yfir það hvernig hann sér þessa atburðarás fyrir sér nú á næstunni. Hver eru viðbrögð hans? Telur hann að fært sé að grípa inn í kjarasamning Sjómannasambandsins eins og frv. sem hér liggur fyrir gerir sannarlega ef þeir ætla sér að búa áfram við sinn gamla kjarasamning? Telur hann að réttlætanlegt sé að þá sé þeim ákvæðum breytt

með lögum frá Alþingi sem undirbyggja og eru hluti af þeim kjarasamningi? Eða hver verða viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við þeirri stöðu sem upp er komin?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál öllu lengra að sinni. Ég tel að mikilvægast sé að við fáum að heyra viðbrögð hæstv. sjútvrh., enda á ég alla möguleika á því að koma aftur inn í umræðuna og veit að fleiri hv. þm. vilja þá gjarnan líka leita eftir viðbrögðum hæstv. ráðherra við öðrum áleitnum spurningum er varða það nýja ástand sem hér er uppi.

[11:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svaraði nákvæmlega þessari spurningu í gær, ef hv. þm. fylgdist með umræðunum þá sem hún vafalaust hefur gert en rekur ekki minni til. Ef aflýst er verkfalli, þá er ekki lengur neitt verkfall til þess að setja lög á og þar af leiðandi þarf að breyta frv. í samræmi við það og þeir aðilar ganga þá inn í sinn gamla kjarasamning. Þar af leiðandi verður enginn gerðardómur settur á þá aðila þar sem þeir hafa samning til þess að starfa eftir.

Hvað hins vegar varðar breytingar á Kvótaþingi og á Verðlagsstofu, þá mun ég ekki leggja til breytingar á þeim ákvæðum. Það hefur auðvitað mikið verið fjallað um þessi atriði og þau hafa verið sett upp í tengslum við kjarasamninga. En nú hafa verið gerðir aðrir og nýrri kjarasamningar sem lúta að þessum atriðum einnig. Í ljósi þess að ég hef eiginlega aldrei heyrt forustumenn sjómanna gangast við því að Kvótaþingið hafi komið til vegna þess að þeir hafi beðið um það eða það sé á einhvern hátt í líkingu við það sem þeir hafa viljað, þá sé ég enga ástæðu til að halda því við þegar beinlínis er óskað eftir því vegna annarra kjarasamninga að það detti út. Og ef við skoðum þetta líka í því ljósi sem það mál hefur verið sett í vegna þeirrar skýrslu sem unnin var vegna lagaákvæða um Kvótaþing og áhrif þess og þeirri umræðu sem um það hefur verið, þá sé ég ekki ástæðu til þess að leggja til breytingar á þeim ákvæðum frv. er varða Kvótaþingið og þaðan af síður þeim ákvæðum sem varða Verðlagsstofuna því að ég held að hvernig sem á það er litið þá styrkist staða Verðalagsstofunnar sem slíkrar til þess að ná þeim markmiðum sem ég held að allir hafa ætlað henni að ná.

[11:16]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. „Og ganga inn í sinn gamla kjarasamning", sagði hæstv. sjútvrh. En ef það frv. sem hér liggur fyrir verður að lögum óbreytt, þ.e. þau efnisatriði sem snúa að kjarasamningi Vélstjórafélagsins, þá eru sjómenn ekki að ganga inn í sinn gamla samning vegna þess að búið verður að breyta honum.

Hvað svo sem mönnum kann að hafa fundist um þau atriði sem voru lögfest með lögum hér 1998 þegar lög voru síðast sett á kjaradeilu sjómanna, þá liggur það nú samt fyrir að hugmyndin að Kvótaþingi/Verðlagsstofu voru hugmyndir sem komu frá nefnd ráðuneytisstjóra og þetta var það illskásta sem sjómenn áttu í þeirri stöðu sem þá var uppi. Og ef menn eru að ganga inn í sinn gamla kjarasamning þá er þetta væntanlega áfram það illskásta sem þeir hafa við að búa í bili. Þess vegna er það fráleitt að mönnum verði gert að búa við breytt ástand og nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. skoði það frv. sem hér liggur fyrir með það fyrir augum að menn geti búið við sinn gamla samning fyrst þeir svo kjósa. En hér er ekki verið að leggja drög að slíku.

[11:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta vefst eitthvað fyrir hv. þm. því að hún er auðvitað sér vel meðvituð um það hvernig að þessu var staðið og hver afstaða manna hefur verið til Kvótaþings. Því held ég að hv. þm. skilji vel þá afstöðu sem ég hef til málsins þó að það þjóni auðvitað tilgangi stjórnarandstöðunnar að færa þetta í einhvern búning til að halda þessari umræðu hér gangandi. Við yfirlýsingar sjómannanna verður þetta mál allt miklu umfangsminna og áhrifaminna þar sem þeir hafa sjálfir ákveðið að enda verkfallið. Markmiðið með því sem við höfum verið að gera hér er auðvitað að binda enda á verkfallið. Og ef þeir vilja gera það á þennan hátt og telji sig vera betur í stakk búna til þess að leysa deilumál sín þannig þá er það bara vel og ég óska þeim alls hins besta við það að leysa úr deilumáli sínu við útvegsmenn.

[11:19]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég þreytist seint í rauninni að verða hissa á hinu háa Alþingi, á þeirri lítilsvirðingu sem mönnum og málefnum eru hér sýnd. Hér kemur hæstv. sjútvrh. og lætur að því liggja að menn séu að fjalla um þau mál sem hér eru til umræðu til að halda umræðu gangandi. Er það til að halda umræðu gangandi að menn kalla eftir viðhorfum hæstv. sjútvrh. þegar fyrir liggur að Sjómannasambandið er búið að aflýsa verkfalli og menn vilja fá svör við áleitnum spurningum vegna þess að eftir sem áður stendur til að breyta starfsumhverfi þeirra? Er það til að halda umræðu gangandi að hér skuli vera kallað eftir því að komið sé fram við aðila af virðingu? Svo biður hæstv. ráðherra um skilning á skoðunum sínum á Kvótaþingi, um skilning á því að hann vilji þar fara eftir því sem LÍÚ óskar eftir.

Ef hæstv. ráðherra hefði verið viðstaddur hér í morgun þegar menn voru að fara yfir nefndarálit og verið var að greina frá því hvað fram kom á fundum sjútvn. í nótt sem leið þá hefði honum orðið ljóst að það er ekki vilji sjómanna að Kvótaþingið fari út. Þeir eru á móti því vegna þess að þetta er það illskásta sem þeir hafa í stöðunni þó svo að vélstjórar hafi samþykkt það að útvegsmenn fengju þessa ósk sína uppfyllta í því frv. sem hér liggur fyrir.

Þetta var búið að koma fram, herra forseti, og þessu verðum við að halda til haga vegna þess að það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra ætlar sér að brjóta á sjómönnum með því að breyta starfsumhverfi þeirra með þeim hætti sem hér liggur fyrir, enda þótt þeir ætli að aflýsa verkfalli og kjósi því að starfa áfram eftir sínum gamla kjarasamningi.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. taki á þeim málum af meiri alvöru sem hann á að fást hér við.

[11:22]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil taka fram í þessu sambandi. Í fyrsta lagi til að fyrirbyggja allan misskilning sem kann að hafa komið fram þá er það að sjálfsögðu þannig að gerðardómurinn getur tekið tillit til samninga Landssambands ísl. útvegsmanna og Vélstjórafélagsins eins og annarra samninga. Það er ljóst. Ef við lesum

nefndarálit meiri hluta sjútvn. þá er samningur Vélstjórafélagsins og LÍÚ hluti af þeim samningum sem vísað er til. En vitaskuld er gerðardómurinn ekki bundinn af tilteknum samningum.

Í öðru lagi vildi ég líka taka það fram vegna þeirra tíðinda sem hafa spurst inn í þingið að að sjálfsögðu mun sjútvn. koma saman milli 2. og 3. umr. til að fjalla um þá stöðu sem upp er komin. Reyndar hafði ég gert ráð fyrir því, og kom það fram í starfi nefndarinnar í nótt, að gert væri ráð fyrir því að kalla nefndina saman til þess að fara yfir málin, a.m.k. ef efni stæðu til þess eftir þessa umræðu og það er augljóst að svo verður.

[11:24]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil kalla eftir því við hv. formann sjútvn. hvort honum finnist ekki ástæða til að kalla nefndina saman fyrr, hvort ekki væri ástæða til að þeim umræðum sem nú standa á hinu háa Alþingi yrði frestað meðan menn væru að átta sig á nýrri stöðu, fara yfir hana og skoða hvort ekki væri ástæða til að fara í frekari breytingar á því frv. sem fyrir Alþingi liggur.

Herra forseti. Ég held að það sé fásinna að halda áfram að ræða þetta frv. vegna þess að það er alveg ljóst að á því verður að gera heilmiklar breytingar áður en meiri hlutinn á Alþingi getur gert það að lögum sem hann á endanum kýs eða telur að rétt sé í þeirri stöðu sem hann horfir til hér.

[11:25]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rjúfa þessa umræðu. Það er margt sem þarf að koma fram í umræðunni og einnig er ljóst að staðan er ekki alveg ljós. Fyrir liggur þessi yfirlýsing frá Sjómannasambandi Íslands.

Einnig kom fram í fréttum í morgun að eitt af stærstu sjómannafélögum landsins, aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, Sjómannafélag Eyjafjarðar, mundi ekki verða aðili að því og mundi afturkalla samningsuppboð sitt til Sjómannasambandsins og mundi þess vegna ekki standa að þessari ákvörðun ef hún yrði tekin af hálfu Sjómannasambandsins.

Mér er heldur ekki ljóst hver staðan er varðandi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þannig að ég held að það væri ekki heppilegt að nefndin kæmi saman fyrr en málið væri orðið ljósara og þeirri umræðu sem þarf að fara fram um frv. yrði lokið. Þá sæi maður stöðuna betur og heyrði betur þau sjónarmið sem þyrftu að koma fram af hálfu einstakra þingmanna í þessu máli.

[11:26]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni sjútvn. er allt þetta umhverfi í uppnámi getum við í raun orðað það. Ljóst er að þessi aðför ríkisstjórnarinnar að sjómannasamtökunum sem felst í því að ætla að setja lög á deiluna og gerðardóm yfir sjómenn hefur valdið því að menn eru að taka ákvarðanir sem geta haft mikil áhrif. Mér finnst spurning, herra forseti, hvort ekki sé ástæða til að fresta þessum fundi á meðan menn fara yfir málin. Þó svo hv. formaður sjútvn. vilji ekki líta til þess að nefndin skoði þetta umhverfi þá held ég að full ástæða væri til að menn litu til þess hvort þessari umræðu yrði haldið áfram og þá í hvaða formi vegna þess að ljóst er að það frv. sem hér liggur fyrir er allt annað frv. en það sem hér ætti að vera ef menn horfa af raunsæi til þess umhverfis sem orðið er hvað varðar sjómenn og þær aðstæður sem þeim hafa verið búnar.

Herra forseti. Ég óska eftir því að gert verði hlé á þessum fundi á meðan menn fara yfir stöðu mála og meta hvernig væri rétt að halda þessari umræðu áfram.

[11:27]

Útbýting þingskjala:

Meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis, 739. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1323.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 332. mál, nál. menntmn., þskj. 1329.

[11:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil mælast til þess í ljósi þess sem hér hefur borið við að umræðunni verði frestað a.m.k. til kl. hálftvö þannig að mönnum gæfist aðeins tóm til að skoða þá stöðu sem upp er komin. Mér leikur t.d. forvitni á að vita hvort Alþýðusamband Vestfjarða er sömu skoðunar og Sjómannasambandið. Ég held að það sé rétt að gefa þingmönnum örlítinn tíma til að fá aðeins skýrari línur í þau mál og legg þess vegna til við hæstv. forseta að næsta mál verði rætt fram til kl. eitt þegar væntanlega verður gefið matarhlé og menn taki þá aftur til við þessa umræðu kl. hálftvö ef ástæða þykir til að fara þá í umræðuna óbreytta.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég mælist til þess sama, að umræðunni verði nú frestað, a.m.k. verði gert hlé á fundinum eða umræðunni frestað þannig að menn fái tækifæri til að meta stöðuna í nýju ljósi.

Nú liggur hér fyrir samkvæmt yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. og var reyndar staðfest í gær að þeir aðilar sem ekki verða í verkfalli þegar lögin eða frv. verður afgreitt verða að sjálfsögðu ekki settir undir lögin þannig að af sjálfu leiðir að gera þarf breytingar á því frv. sem nú liggur fyrir. Það er langeðlilegast, herra forseti, með tilliti til vandaðra vinnubragða að þær brtt. komi núna fram á meðan 2. umr. stendur þannig að hægt verði að greiða atkvæði um þær og ganga þannig frá frv. við lok 2. umr. að það sé í sem endanlegustum búningi. Það getur varla nokkur maður mælt með því að það sé til fyrirmyndar í vinnubrögðum að geyma að gera grundvallarbreytingar á málinu þangað til við 3. umr. þegar samkvæmt venju er eingöngu greitt atkvæði um frv. í heild. Efnisbreytingar af þessu tagi og frumvörpin grein fyrir grein eru til umfjöllunar við 2. umr. Þegar liggur orðið fyrir að gera þarf umtalsverðar breytingar á 1. gr. frv. og e.t.v. fleiri greinum þá er langeðlilegast að sjútvn. komi saman á nýjan leik, skili framhaldsnefndaráliti eða framhaldsnefndarálitum og ný brtt. komi fram þar sem tekið verður mið af þeim aðstæðum sem þá verða uppi í málinu.

Þetta segir sig eiginlega alveg sjálft, herra forseti, þannig að ég trúi ekki öðru en virðulegur forseti, sjútvrh. og formaður sjútvn. átti sig á því að þetta eru hin einu eðlilegu

vinnubrögð og þar af leiðandi eðlilegast að umræðunni verði nú frestað, enda held ég, herra forseti, að nóg annað liggi fyrir þessum fundi sem hægt er að nota tímann til að ræða á meðan.

[11:31]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram um að þessu máli verði frestað. Þingflokkarnir þurfa líka að fá tækifæri til að ráðgast um þau mál sem upp eru komin. Svo er ástæða til að muna eftir því að fleiri aðilar eru að þessari deilu. Það er t.d. ekki enn orðið ljóst hvort Farmanna- og fiskimannasambandið muni aflýsa verkfalli. Ef það mundi gerast væri hér komin upp staða þar sem verkfall gæti orðið úr sögunni ef atvinnurekendur aflýstu verkbanni og þar með stæði Alþingi ekki frammi fyrir því að verkfall væri í gangi eða öllu heldur stöðvun á fiskiskipaflotanum. Mér finnst mikilvægt að menn átti sig á því hvernig málin muni líta út í heild. Það er ekki hægt að gera eins og sakir standa.

Síðan finnst mér að það væri málinu til framdráttar að það lægi eitthvað skýrar fyrir hvernig hæstv. sjútvrh. vill láta þetta þingmál líta út, þær breytingar sem hann vill að settar verði fram. Tillögur hans í gær voru mjög almennt orðaðar og ef menn eiga að geta fengist almennilega við þetta mál, þá þarf að koma skýrt fram hvað menn ætlast fyrir í þessu efni.

Ég tek undir það að sjútvn. verði gefið tækifæri til að setjast yfir málið en tek jafnframt fram að ekki er hægt að vinna það til enda fyrr en ljóst verður hvort aðrir aðilar muni líka aflýsa verkfalli.

[11:33]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Tillaga mín er ósköp einföld. Ég geri þá tillögu að hlé verði gert á þessum fundi og formenn þingflokka komi til fundar með hæstv. forseta Alþingis til að ræða þá stöðu sem upp er komin.

Umræðu frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 3. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 1293, brtt. 1312.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, 3. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1296.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1295.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 2. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934, nál. 1226.

[11:35]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Frumvarpið miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/42/EB um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi. Tilskipunin var samþykkt í júní 1999 og á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2001.

Með samþykkt þessarar nýju tilskipunar eru margar eldri tilskipanir felldar úr gildi og ákvæði þeirra sameinuð í þessari einu tilskipun. Kerfi tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum er með þessu einfaldað verulega. Flest ákvæði tilskipunarinnar eru þegar

í gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákveðinn hópur fólks sem hefur menntun og starfsþjálfun á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til var þó þannig settur að hann hafði engan viðurkenndan rétt til að fá menntun sína og starfsþjálfun viðurkennda. Í tilskipuninni eru sett ákvæði sem bæta úr þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Menntmn. er einróma í áliti sínu.

[11:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. formaður menntmn., Sigríður Anna Þórðardóttir, sagði var eining um þetta mál í hv. menntmn. Við fórum mjög vel yfir málið og það var sannfæring okkar að með því að samþykkja þessa tilskipun værum við að breyta málum mjög til bóta. Þarna er um að ræða gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum og kerfið er einfaldað verulega með þessum lagfæringum.

Flest ákvæði sem þarna er um að ræða eru þegar í gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins en það er þó ákveðinn hópur fólks sem fær menntun og starfsþjálfun viðurkennda gegnum þetta frv. sem ekki hafði kost á því áður.

Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið til 2. umr. og mæli með því að það verði samþykkt.

[11:38]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við þessa málsmeðferð í þinginu. Hér kom fram ósk áðan um að hlé yrði gert á þingfundi og sú staða metin sem nú er komin upp. Ekki hefur verið orðið við þessari beiðni minni. Þess í stað hafa verið hafnar umræður um aðskiljanleg mál án þess að fólki hafi gefist ráðrúm til að íhuga málin. Nefndarmenn sem komið hafa að viðkomandi málum eru sumir hverjir á skrifstofum sínum, vissu ekki að til stæði að taka þessi mál til umfjöllunar nú. Ég vil því mótmæla þessum vinnubrögðum. Þetta er algerlega óásættanlegt. Ég ítreka kröfu mína og ósk um að hlé verði gert á þessum fundi á meðan rætt er um framhald þingstarfa. Það er óásættanlegt að fara fram með þessum hætti, algerlega óásættanlegt. Ég ítreka því þá ósk mína við stjórn þingsins að hlé verði gert á þessum fundi á meðan formenn þingflokka koma saman til að ræða um þinghaldið.

[11:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. þm. óskaði eftir því fyrir nokkrum mínútum að gert yrði hlé á fundinum vegna fundar þingflokksformanna en forseta hefur ekki borist boð um að sá fundur hafi verið boðaður. Verði hann boðaður verður að sjálfsögðu gert hlé á fundinum. Hér er eingöngu verið að ræða mál sem koma úr nefndum og eru ágreiningslaus í nefndunum. Ekki eru tekin fyrir helstu deilumálin á dagskránni í dag.

[11:40]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er rangt að hér hafi einvörðungu verið tekin upp mál sem eru ágreiningslaus. Það er rangt. Hér var t.d. tekin til 3. umr. mál Landhelgisgæslu Íslands, mál sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagst gegn og greiddi atkvæði gegn í þinginu, en það fjallar um að íslenska ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis er ekki reiðubúinn að láta á það reyna fyrir ESA-dómstólnum hvort íslenskur skipaiðnaður geti fengið það verkefni að smíða og setja saman varðskip hér á landi. Við greiddum atkvæði gegn þessu. Það er ágreiningur um þetta mál.

Það er ágreiningur um fleiri mál sem þegar hafa verið tekin til umfjöllunar, t.d. um birtingu tilskipana EES. Ég sagt hjá við þá atkvæðagreiðslu. Ég er andvígur því frv. Það er því rangt að hér hafi einvörðungu verið tekin til umfjöllunar mál sem ekki er ágreiningur um og ég ítreka þá ósk mína og þá kröfu að hlé verði gert á þessum fundi og formenn þingflokka komi saman til að ræða þinghaldið. Ég óska eftir því að hlé verði gert á þessum fundi meðan slíkur fundur fer fram.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hefur þegar tilkynnt að ef þingflokksformannafundur verður boðaður, þá verði gert hlé á fundinum, fyrr ekki. Hv. þm. var í salnum þegar þetta tiltekna mál, um Landhelgisgæslu Íslands, var rætt áðan þannig að hann gat að sjálfsögðu tekið til máls ef hann hafði áhuga.)

Ég var að mótmæla því að það væri ágreiningslaust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031, nál. 1227.

[11:42]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum, frá menntmn.

Frumvarpið er flutt í tengslum við lausn kjaradeilu Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs í janúar sl.

Þann 8. janúar sl. gaf menntamálaráðherra út tvær endurskoðaðar reglugerðir um starfsemi framhaldsskóla, um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001, og um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 6/2001. Endurskoðun þessara reglugerða var hluti af lausn kjaradeilu fyrrnefndra aðila. Fyrri reglugerðin fól í sér veigamiklar breytingar á innra skipulagi framhaldsskóla. Mikilvæg ákvæði um vinnutíma, skiptingu starfa og ábyrgð eru nú skilgreind í reglugerð í stað kjarasamnings áður. Í samræmi við framangreindar breytingar er með frumvarpinu lagt til að starfsheitið deildarstjóri verði fellt niður í lögum um framhaldsskóla.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[11:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. þetta kemur úr menntmn. og er mælt með því af öllum nefndarmönnum að það verði samþykkt. Þetta frv. er flutt í tengslum við lausn kjaradeilu framhaldsskólakennara fyrr í vetur en í byrjun janúar voru gefnar út tvær reglugerðir. Þessar reglugerðir voru um starfslið og skipulag framhaldsskóla annars vegar og um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga hins vegar. En endurskoðun þessara reglugerða var hluti af lausn kjaradeilunnar eins og áður hefur verið drepið á.

Í þessum reglugerðum fólst mikilsverð breyting á innra skipulagi framhaldsskóla. Þar voru mikilvæg ákvæði um vinnutíma, skiptingu starfa og ábyrgð nú skilgreind í reglugerð í stað kjarasamnings áður. Þess vegna þótti nauðsynlegt að breyta lögum þannig að starfsheitið deildarstjóri væri fellt

úr lögum en samsvarandi ákvæði væru í staðinn í reglugerð. Eins og ég sagði áðan er það ágreiningslaust innan nefndarinnar að mæla með því að þetta frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Beiðni um fundarhlé.

[11:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Forseti spyr hvort athugasemdir séu við það að ekki verði gert hlé á fundinum og tekin mál iðnn. á meðan formenn þingflokka koma til fundar. Ég óska eftir því að hlé verði gert á fundinum meðan sá fundur fer fram.

[11:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég hefði talið æskilegra að á meðan slíkur samráðsfundur ætti sér stað verði gert stutt hlé á fundinum frekar en að taka mál til umræðu sem eru frá iðnn. Sú sem hér stendur er m.a. fulltrúi í iðnn., bara svo að dæmi sé tekið. Ég mundi gjarnan vilja vera viðstödd þá umræðu og ég legg því til að við gerum stutt hlé á fundinum.

[11:47]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil segja af þessu tilefni að mér kemur mjög mikið á óvart að ekki skuli vera hægt að halda stuttan fund með þingflokksformönnum og forseta Alþingis án þess að nauðsynlegt sé að gera hlé á fundum Alþingis. Það hefur verið altítt að slíkt hefur verið gert og ekki fundið að. Engin slík vandamál hafa verið uppi í fundarhaldinu í dag að ástæða sé til að krefjast þess að hlé sé gert á fundinum. Ég vildi benda hv. stjórnarandstæðingum á að ég varð við því greiðlega, það var sjálfsagt mál, að fresta um sinn umræðunni um fyrsta dagskrármálið. Ég vil biðja hv. þingmenn að sýna samstarfsvilja með því að við hittumst nú og eðlileg þingstörf geti haldið áfram á meðan eins og menn hafa gert í þessum sal og þessu húsi ef menn vilja vinna saman samstarfsfúsir og af einlægni.

[Fundarhlé. — 11:48]

Kjaramál fiskimanna og fleira, frh. 2. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1307, nál. 1327 og 1330.

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Nokkur tíðindi hafa orðið í þessu máli eins og greint var frá áður en fundi var frestað. Svo bar við, alla vega skildi ég málið þannig, að eftir að ég hafði farið fram á það við forseta að málið yrði tekið út af dagskrá þá varð forseti við því og tók til við önnur mál. Tillaga mín var um að fundurinn frestaði þessu mál til kl. hálftvö, að loknu matarhléi, svo okkur gæfist ráðrúm til að meta þau tíðindi sem fram komu í yfirlýsingu Sjómannasambandsins sem aflýsir verkfalli sínu.

Nú er hins vegar, samkvæmt ákvörðun forseta þingsins, tekið til við að ræða þetta mál aftur í þeirri stöðu sem það er, eins óljóst og það er í frv. og í brtt. í ljósi yfirlýsingar sem Sjómannasambandið gaf nýverið um að aflýsa verkfallinu.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst svolítið snúið að ræða málið í þessu samhengi, um frv. sem tekur á því að banna verkfall aðila sem tekið hafa ákvörðun um að aflýsa verkfallsaðgerðum, beinlínis í þeim tilgangi að komast hjá því að þurfa að una því sem í lagafrv. ríkisstjórnarinnar birtist og fara frekar yfir á sinn gamla kjarasamning. Í þessari stöðu, herra forseti, held ég að ekki verði hjá því komist að rekja þetta mál allskilmerkilega. Ég hef hugsað mér að gera það eins og málum er komið.

Ég vék að því við umræðuna í gær hversu mikið langlundargeð samtök sjómanna hefðu sýnt í kjaramálum sínum með því að vera í raun kjarasamningslausir í mánuði og jafnvel ár án þess að grípa til aðgerða. Ég hygg að aðrar stéttir hafi ekki sýnt slíkt langlundargeð í sama mæli og sjómenn. Þeir hafa að vísu oft þurft að grípa til verkfallsvopnsins en þeir hafa ævinlega gripið til þess þegar samningar þeirra hafa verið fallnir úr gildi og verið lausir mánuðum og jafnvel árum saman.

Sú umræða sem stundum hefur verið í þjóðfélaginu um að sjómenn væru alltaf í verkföllum hefur mér fundist afar ósanngjörn. Engin stétt hér á landi, ég get fullyrt það, hefur jafnlengi verið samningslaus, án kjarasamnings og eingöngu unnið eftir eldri kjarasamningum á síðustu árum. Það er hefð fyrir því að þegar kjarasamningur fellur úr gildi, þegar gildistími hans er liðinn, þá er unnið eftir gamla samningnum. Í því tilviki hafa menn setið eftir með það að fá ekki fram kaupbreytingu. Þessu hafa sjómannasamtökin oft og tíðum unað mánuðum saman áður en þau hafa gripið til þess að mynda þrýsting á að gerður væri kjarasamningur um starfskjör með því að afla sér verkfallsheimilda og beita þeim. Sú staða sem við erum í, að ræða frv. ríkisstjórnarinnar um lög á kjaradeilu sjómanna, að hluta til á samtök sem þegar hafa aflýst verkfalli, er afar einkennileg, herra forseti.

Mér finnst að eins og málum er komið sé rétt að rekja aðdraganda deilunnar sem undanfarið hefur staðið. Sjómannasamtökin hafa í raun búið við meginágreiningsatriði þessarar deilu í áratug eða meira. Í skýrslum Farmanna- og fiskimannasambandsins allt frá árinu 1988 má finna tilvitnanir í umræður um hvernig fiskverð mundi þróast í frjálsum samningum eftir að verðlagsráðið gamla hætti að virka. Það verður ábyggilega fróðlegt fyrir þingheim þegar ég fer að rekja niðurstöður skýrslu Farmanna- og fiskimannasambandsins síðar í dag og bera saman við það hvernig málin hafa þróast. Ég hugsa að menn hafi gott af að fá að heyra það. Það er rétt að fara djúpt í málið við þessa umræðu og varpa ljósi á söguna í kjaramálum sjómanna og kjarabaráttu þeirra í gegnum árin.

Ég held þó að réttast sé að byrja örlítið nær okkur í tíma og varpa ljósi á það sem ég vil kalla viljaleysi útgerðarmanna til að koma málum í einhvern þann farveg að ná megi samningum.

Þegar sjómannasamtökin höfðu verið með lausa samninga í ár, í janúar sl., buðu þau upp á sérstakan kjarasamning þar sem sett yrðu til hliðar erfiðustu atriðin, þau atriði sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., nefndi hér í framsöguræðu, að fiskverðsmál og mönnunarmál væru erfið mál sem hann þekkti sem gamalreyndur samningamaður. Hann sagði að það væri mjög erfitt að takast á um þessi mál. Sjómenn gerðu sér auðvitað mætavel ljóst eftir 10 ára baráttu að þetta væru erfiðustu málin. Það var auðvitað ekki

kappsmál sjómannasamtakanna að stefna inn í eitthvert stórkostlegt verkfall ef hægt væri að komast hjá því með öðrum leiðum.

Þetta held ég að sé rétt að ítreka, herra forseti: Það var ekki stefna sjómannasamtakanna að fara í stórkostleg verkfallsátök ef hægt hefði verið að komast hjá því. Sjómannasamtökin settust niður sameiginlega, Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands og hugðust finna leið til að koma á einhverju samkomulagi um erfiðustu atriðin, einnig samkvæmt skilgreiningu stjórnarþingmanna, þ.e. mönnunarmálin og verðlagsmálin. Lagt var til að þau yrðu lögð til hliðar. Sjómannasamtökin gerðu þetta. Þau lögðu fram tilboð í janúar sl., undirritað 19. janúar 2001 sem beinlínis var ætlað að koma í veg fyrir verkfallsátök. Ríkisstjórnin hefur nú sett met með því að grípa tvisvar inn í sömu kjaradeiluna með lagasetningu.

Sjómannasamtökin fóru fram á að samið yrði um þrjú grunnatriði í bráðabirgðasamningnum sem þau buðu upp á til að komast hjá verkfallsátökum. Hvaða atriði voru það? Jú, það voru almennar kaupbreytingar á einstökum kaupliðum: á kauptryggingu, hlífðarfatapeningum, fæðispeningum og tímakaupi. Kröfurnar varðandi launaliðinn til að ná þessum skammtímasamningi, sem þeir voru að bjóða upp á svo ræða mætti stóru málin í friði án verkfalls, voru um lagfæringar á ákveðnum liðum sem ég taldi upp. Mér sýnist að hugmyndir sjómannasamtakanna í janúar hafi ekki verið allfjarri því sem útgerðarmenn settu síðan í „Laxdælu" varðandi breytingar á kauptryggingu.

Það er hins vegar rétt að geta þess, herra forseti, að kauptrygging sjómanna kemur sem betur fer ekki oft til greiðslu. Kauptrygging sjómanna ber sem betur fer ekki oft uppi árslaun sjómanna þó að það komi fyrir. Ég held að ég muni það rétt að almennt, sé litið er yfir sjómannastéttina í heild sinni, séu yfir 90% af greiðslum til sjómanna byggðar á hlutaskiptum en innan við 10% af kauptryggingu eða öðrum kaupliðum. Það er því alveg ljóst hvar greiðslurnar sem útgerðin reiðir af hendi og tekjur sjómanna liggja, þær liggja að stærstum hluta í hlutaskiptum, í gegnum fiskverð, verðlagsmálin svokölluðu.

Verðlagsmálin, sem varða 90% af launum sjómanna, buðust sjómenn til, í þessu tilboði í janúar, að leggja til hliðar og setja í sérstakan farveg starfshóps sem ynni á gildistíma þessa kjarasamnings með það að markmiði að í október yrðu lagðar fram tillögur frá þeim starfshópi um verðlagsmálin annars vegar og um mönnunarmálin hins vegar. Aðalágreiningsefnin hefðu þannig verið sett í fagvinnu til að reyna að finna á þeim flöt, m.a. til þess að koma þeim málum í eðlilegan og betri farveg og einnig til að menn gerðu ekki slík mistök sem gerð voru í hinni svokölluðu „Laxdælu", þar sem menn sitja uppi með undirskrifaðan samning sem hefur í för með sér lækkun á kaupi sjómanna, lækkun á aflahlut þeirra. Eftir þeim upplýsingum sem við fengum í nefndarstarfi í nótt þá var mönnum ekki ljóst í hvaða lækkun stefndi með undirskrift þessa samnings. Ég held ég fari rétt með að viðurkennt hafi verið fyrir okkur að þarna hafi orðið ákveðin mistök sem menn vildu gjarnan reyna að leiðrétta. Það liggur svo sem ekkert fyrir um að það takist. Sennilega tekst mönnum það alls ekki miðað við skilning manna á þessum mistökum. Sá skilningur virðist allt annar hjá forustumanni Vélstjórafélagsins en forustumönnum hinna sjómannasamtakanna. Hin sjómannasamtökin lýstu því yfir að þessi gjörð hefði áhrif til launalækkunar í öllum kjarasamningum nema á frystiskipum. Ég held að ég hafi alveg örugglega tekið rétt eftir því að svo væri nema á stærstu frystiskipunum. Alls staðar annars staðar virkar mannafækkunin til verulegrar lækkunar, mismunandi mikillar, en sennilega mest upp á 15%.

Ætli þeim sjómönnum sem eru nú á þeim skipum sem eiga að taka við 15% kjaraskerðingu finnist ekki nóg um? Segjum að þetta séu sjómenn með meðallaun. Hásetinn hafi 2,5–3 millj. á ári og ef hann hefur 3 millj. á ári þá er verið að lækka laun hans um 450 þús. Það er ekki snyrtilegra en það.

Mér er sem ég sæi aðrar starfsstéttir, herra forseti, taka slíkum rassskellingum þegjandi og hljóðalaust. Ég verð að segja að ég furða mig nokkuð á því að stjórnarmeirihlutinn skuli ætla í tillögum sínum, eins og þær birtust hér, að byggja á slíku. Ég held að þetta sé einsdæmi. Ég held að það sé einsdæmi að menn ætli að hengja sig við samning þar sem maður sem hefur 3 millj. í árslaun á að lækka í launum um 450 þús. Ég held að ég hafi aldrei heyrt það áður að það þætti góður kjarasamningur, hvað þá að reyna að hengja það sem viðmið fyrir aðrar stéttir eins og verið er að gera á hv. Alþingi.

Annað atriðið sem sjómenn buðu fram í sáttatilboði sínu í janúar, þegar búið var að telja upp þessa kaupliði sem vega þó sáralítið í kostnaði útgerðar vegna þess að kaupliðirnir vega eins og ég sagði áður innan við 10% í greiddu kaupi en aflahluturinn sennilega yfir 90%, var sá hluti sem vegur innan við 10% í kaupgreiðslu þeirra á ársgrundvelli sem þeir lenda í þessu tilboði en leggja til hliðar í sérstaka gerð eða sérstakan starfshóp þann hlutann sem vegur 90% í tekjum þeirra. Það hefði auðvitað þýtt að lagfæring á því hefði dregist alla vega fram yfir október því að starfshópurinn átti ekki að skila af sér fyrr og þá, herra forseti, hefðu sjómenn verið samningslausir að því er varðar hlutaskipti sem byggð eru á fiskverðinu í rúmlega hálft annað ár, 18–19 mánuði. Það var öll frekjan sem sjómenn fóru fram á, að bjóða það fram að í hlutaskiptum þeirra mundi ekki koma fram hækkun vegna fiskverðsútfærslu og mönnunarmála fyrr en eftir október á þessu ári. Og þó svo starfshópurinn hefði skilað af sér í október þá er ekki þar með sagt að menn væru búnir að lenda því sameiginlega inn í kjarasamning fyrr en kannski undir áramót. Líklegasta niðurstaðan úr þessu sáttatilboði sjómanna er því að þeir hefðu verið að bjóða fram engar hækkanir á aflahlut sínum, sem er 90% af kaupi þeirra, í tæp tvö ár, herra forseti.

Vita menn einhver dæmi þess að aðrar stéttir hafi boðið slíkt fram? Minnist forseti þess að hafa heyrt að einhverjar aðrar stéttir hafi boðið fram slíkan vilja til samnings, að bjóða fram óbreytt kjör í 90% vægi í kaupliðum sínum til þess að nást mætti sátt án verkfalls eftir að vera búnir að vera samningslausir í heilt ár? Ég held ekki, herra forseti. Þetta er stéttin sem rassskellt er aftur og aftur með lagasetningum í hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég ætla mér að fara mjög gaumgæfilega yfir það hvernig farið hefur verið með sjómannasamtökin í samningumn þeirra og lagasetningum á undanförnum árum og þó að ég sé að fara yfir það sem gerst hefur á þessu ári og því síðasta, þá er örugglega af mörgu að taka í þeirri sögu.

Næsta atriðið sem var í þessu tilboði sjómanna, þessu sáttatilboði þeirra til að koma í veg fyrir allan skaða í þjóðfélaginu sem af hugsanlegum verkföllum gæti hlotist á þessu ári, var um lífeyrismál, um lífeyrissparnað. Ég held að rétt sé að hafa svolítinn aðdraganda að umræðunni um lífeyris-

mál sjómanna. Lífeyrismál sjómanna eins og margra annarra launþega komu í raun og veru í framkvæmd upp úr 1970 þegar sett voru lög um að landsmenn skyldu fara að greiða í lífeyrissjóði. Að því er sjómenn varðar var fyrirkomulagið þannig sem búið var til að útgerðin féllst á að greiða í lífeyrissjóð fyrir sjómenn af hluta kauptryggingarinnar, herra forseti. Og ég vil vekja athygli á því að kauptrygging sjómanna hefur yfirleitt verið mjög lág í gegnum árin. Sem dæmi um það má vitna til þess að kauptrygging sjómanna, háseta um þessar mundir, er sennilega um 86 þús. kr. Þannig er nú málið vaxið, herra forseti. — Nú berst einhver kliður af götunni inn í salinn, herra forseti. (**KVM:** Þetta er ekki frá mér.) Það er ekki frá hv. þm. Karli V. Matthíassyni, enda þingmaðurinn yfirleitt með mjög rólegt og yfirvegað yfirbragð.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti getur nú þaggað niður klið í salnum en ekki á götum úti þannig að ég bið hv. þm. að hækka þá örlítið róminn og yfirgnæfa þennan klið sem ég held reyndar að sé horfinn.)

(**JB:** Það eru sjómenn að mótmæla.)

Herra forseti. Ég mun reyna að halda áfram ræðu minni. Mér kemur það svo sem ekki á óvart þó að sjómannastéttin komi að þessu húsi og mótmæli. Ef einhver hefur haft tilefni til þess að koma að þessu húsi og sýna mótmæli þá er það sjómannastéttin. Ég verð að segja það eftir að hafa starfað sem forustumaður fyrir sjómannasamtök í mörg ár að ég hef oft furðað mig á langlundargeði sjómanna. Þess vegna hef ég verið að rekja það í ræðu minni hve langt sjómenn hafa í raun og veru teygt sig í því að reyna að halda frið um kjaramál. En hins vegar er það héðan frá Alþingi sem lagaboð hefur komið sem yfirleitt hefur orðið til þess að ósætti hefur orðið við sjómannastéttina, í langflestum tilvikum. Og þar eru svo sem ein lög sem líka er hægt að gera að umræðuefni síðar í dag, lögin um stjórn fiskveiða, sem hafa ekki haft hvað minnst áhrif á að ósætti er við sjómannasamtökin um grunn undir kjarasamning þeirra.

Ég var þar kominn í máli mínu, herra forseti, að byrja að fjalla um lífeyrismál og nefndi að lífeyrismálin hefðu að því er sjómenn varðaði hafist á því að farið var að greiða í lífeyrissjóð af hálfri kauptryggingunni upp úr 1970. Þannig var það í nokkur ár, herra forseti, að sjómenn, fiskimenn, eignuðust mun minni lífeyrisréttindi en aðrar stéttir í þjóðfélaginu og sem viðmið getum við vitnað til þess að kauptrygging háseta er í dag 86 þús. kr. Ef þessi regla væri í gildi í dag væru sjómenn að greiða í lífeyrissjóð af 43 þús. kr. og eignast þá réttindi í samræmi við það. Þeir væru sem sagt mjög neðarlega í því að ávinna sér réttindi og væru í raun og veru í sömu stöðu og öryrkjar að þessu leyti ef þetta viðmið hefði gilt enn þá og væri í gildi í dag. En það gilti í nokkur ár og varð til þess að á þeim árum sem það var í gildi eignuðust sjómenn sáralítil lífeyrisréttindi.

Síðan var þetta örlítið lagfært. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, herra forseti, en ég hygg að það hafi verið á árunum 1974 eða 1975 sem farið var að greiða í lífeyrissjóð sjómanna af allri kauptryggingunni. Það var samþykkt fyrir aðeins 25 árum að greitt skyldi af allri kauptryggingu sjómanna sem eins og ég hef upplýst vegur innan við 10% í greiddu kaupi þeirra. Það var viðmiðið sem menn bjuggu við. Þannig þróuðust lífeyrismál sjómanna fram undir 1980.

Á árunum frá 1976 og fram yfir 1980 voru tímar hinna gjöfulu félagsmálapakka sem þá voru viðhafðir í þjóðfélaginu, að þegar stéttarfélög og stéttarsambönd gerðu kjarasamninga fylgdu með einhvers konar félagsmálapakkar, bygging húsnæðis fyrir láglaunafólk, greiðslur til bygginga orlofsheimila og ýmislegt fleira sem tengdist slíkum félagsmálapökkum. Sjómenn fengu jafnan lítið af þeim félagsmálapökkum. Því var það — vegna þess hvernig starf sjómannsins var vaxið, þ.e. starf sem reynir mikið á menn, menn þurfa að leggja mikið fram af líkamshreysti sinni — að sjómannasamtökin fóru að gera kröfu um það fyrir 1980 að sjómenn þyrftu að eiga rétt á því að geta hafið töku lífeyris fyrr en aðrar starfsstéttir vegna þess að starfsævi þeirra margra hverra byði ekki upp á það og ævistarfslengd þeirra væri ekki sambærileg og annarra stétta vegna álagsins. Fyrir þessu fékkst nokkur skilningur og var farið að ræða það hvernig mætti koma því fyrir að sjómenn gætu hafið töku lífeyris fyrr en aðrir launþegar. Það var svo á árinu 1981 sem sjómannasamtökin og þáverandi stjórnvöld gerðu með sér samkomulag um að gerð skyldi lagabreyting á Alþingi að ósk sjómannasamtakanna. Sú lagabreyting skyldi fela í sér að sjómenn ættu rétt á að hefja lífeyristöku frá 60 ára aldri að þeim skilyrðum uppfylltum að þeir hefðu starfað 25 ár til sjós, herra forseti, þannig að þetta var beinlínis tengt við starfsaldur þeirra og þar af leiðandi því álagi sem sjómannsstarfinu fylgir. Þannig var það nú, herra forseti.

Þetta endaði með því að ákvæðið var sett inn í löggjöf og sú löggjöf frá 1981, um réttindi sjómanna í lífeyrissjóði og réttindi til að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri, var samþykkt í hv. Alþingi með öllum greiddum atkvæðum. Allir alþingismenn voru sammála því að eðlilegt væri að sjómenn ættu þennan rétt og að ríkisvaldið mundi stuðla að því og að þessi innkoma í lög væri sambærileg við ýmsa aðra félagsmálapakka, væri útfærð að þessu leyti varðandi sjómenn en væri útfærð að öðru leyti gagnvart mörgum öðrum stéttum eins og hefði verið gert á undanförnum árum eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni.

Sjómenn litu svo á að þar sem lögin hefðu verið sett í hv. Alþingi með samkomulagi og samþykki allra hv. þm. þá mundu viðkomandi stjórnvöld finna á því lausn að fé rynni þá inn í Lífeyrissjóð sjómanna til að styrkja lífeyrissjóðinn til að standa við þessar skuldbindingar eða þá að sett yrði á fót sérstök greiðslumiðlun til að tryggja þann kostnað sem af þessu hlytist. Þetta fékkst því miður ekki í gegn. En á tímum hinna skipulögðu gengisfellinga sem áttu sér oft stað á þessum árum — það er öðruvísi en nú er þegar gengisfellingar gerast bara af sjálfu sér, aðallega einhvers staðar frá, ná að vísu kannski svipaðri prósentutölu 10, 15, 20% í lækkuðu gengi en eru ekki skipulagðar og ákveðnar eins og þær voru á þessum árum — en þegar þetta var, eftir 1980, þá urðu stundum til svokallaðir gengismunarsjóðir. Það kom fyrir, herra forseti, að úr þeim gengismunarsjóðum, sem teknir voru til hliðar, fengu sjómannasamtökin stundum inn í lífeyrissjóð sinn örlitlar greiðslur, svona eins og viðurkenningarvott á því að ávallt hefði verið vilji Alþingis að standa við þessar skuldbindingar varðandi 60 ára regluna og þetta væri viðurkenningarvottur í þá veru að þannig yrði málum fyrir komið og menn mundu smátt og smátt finna þessu betri farveg.

Sjómenn tóku þessu auðvitað fagnandi og töldu að þetta væri vísir að því að þrátt fyrir allt væri vilji stjórnvalda að tryggja að 60 ára reglan gæti haldið gildi sínu og menn gætu hafið töku lífeyris frá 60 ára aldri óskert enda væru þeir orðnir slitnir og búnir að starfa 25 ár til sjós eða lengur. Niðurstaðan af þessu ákvæði sem sett var inn í lögin var

samt sú fyrir rest að þegar gengið var á fund hvers fjmrh. á fætur öðrum í hverri ríkisstjórninni á fætur annarri frá öllum stjórnmálaflokkum sem voru þá starfandi í landinu þá endaði það með því að svörin voru þau: Það hefur aldrei staðið til að ríkissjóður legði fram fé til að standa við þessar skuldbindingar Lífeyrissjóðs sjómanna. Það voru bara sett lög sem kváðu á um þetta en fjárveitinguna á bak við vantaði. Þetta varð til þess smátt og smátt að í Lífeyrissjóði sjómanna safnaðist upp skuld því að menn héldu áfram í góðri trú að greiða út lífeyri til þeirra sjómanna sem áttu rétt á því eftir 25 ára starf miðað við 60 ára aldur óskert.

Margur sjómaðurinn sem var búinn að starfa lengi til sjós naut þessarar reglu. Menn hafa því setið uppi með það, herra forseti, að Lífeyrissjóður sjómanna, sjómennirnir sjálfir sem eru í sjóðnum hafa orðið að bera þennan kostnað, þessar vanefndir ríkisvaldsins á hverjum tíma á því sem sjómenn telja að hafi fylgt þessari lagasetningu frá Alþingi 1981.

Sá fjmrh. sem situr nú í ríkisstjórn, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, er sá síðasti af fjármálaráðherrum undanfarinna ríkisstjórna sem hefur m.a. neitað þessari beiðni þrátt fyrir að sjómannasamtökin hefðu lagt upp með það hvernig hægt væri að fjármagna þá uppsöfnuðu skuld sem er í Lífeyrissjóði sjómanna og var á síðasta ári metin upp á 1,6 milljarða kr., sennilega nær 1,7 milljarða kr., hvernig mætti greiða hana inn í sjóðinn á nokkrum árum. Sjómenn höfðu á árum áður bent á ýmsar leiðir til að láta peninga renna úr því sem þeir töldu að þeir ættu sameiginlega með stjórnvöldum inn í þennan sjóð, lífeyrissjóðina, Lífeyrissjóð sjómanna og aðra lífeyrissjóði víða um land sem höfðu sjómenn innan vébanda sinna. Hvaða leiðir skyldu sjómenn hafa bent á?

Það síðasta sem þeir bentu á í því sambandi var þegar Fiskveiðasjóður Íslands var lagður niður og stofnaður var Fjárfestingarbanki atvinnulífsins. Sjómenn höfðu af óskiptum afla greitt inn í stofnfjársjóð fiskiskipa hjá Fiskveiðasjóði Íslands í fjölda ára, áratugi og smátt og smátt hafði Fiskveiðasjóður Íslands eflst. Hann átti mikið eigið fé. Mig minnir að það hafi verið yfir 6 milljarðar kr., herra forseti, þegar Fiskveiðasjóður var lagður niður. Sjómenn töldu að úr því að ríkið væri að stofna til þess að steypa þessum sjóðum saman í einn banka sem síðar yrði seldur, þá væri ekki úr vegi að eitthvað af þeim fjármunum sem sjómenn töldu sig eiga, m.a. í Fiskveiðasjóði — það hafði verið stofnað til hans á móti útgerðarmönnum — rynni inn í Lífeyrissjóð sjómanna til að mæta þeirri skuld sem þar hafði safnast upp. Það var ekki eins og þessi skuld væri eitthvað sem skipti ekki máli. Þessi skuld hjá Lífeyrissjóði sjómanna hefur á síðustu árum orðið til að skerða kjör annarra lífeyrisþega og á hv. Alþingi hafa verið sett lög um að skerða rétt annarra lífeyrisþega í lífeyrissjóðum, sérstaklega í Lífeyrissjóði sjómanna, vegna þess að tryggingafræðingar hafa sagt: Það er uppsafnaður vandi í sjóðnum og samkvæmt nýjum lögum um lífeyrissjóði sem sett voru á Alþingi á árinu 1997, þá bar lífeyrissjóðum að gera ráðstafanir til að lífeyrissjóðirnir ættu fyrir skuldbindingum sínum. Það urðu þeir að tryggja. Stjórnum lífeyrissjóðanna var beinlínis uppálagt að gera ráðstafanir í sjóðum sínum til að sýna fram á að í framtíðinni ættu lífeyrissjóðirnir fyrir skuldbindingum sínum. Lífeyrissjóðir sjómanna stóðu frammi fyrir þessu ákveði eins og aðrir lífeyrirssjóðir, almennir lífeyrissjóðir, þannig að menn sátu bara uppi með að þurfa að takast á við þetta. Það varð til þess að 60 ára reglan var gerð þannig úr garði að nú kostar hún jafnmikið fyrir áttræðan mann ef annar byrjar að taka lífeyri 65 ára og hinn sextugur, að þegar báðir eru áttræðir hafa þeir tekið sömu peningaupphæð út úr lífeyrissjóðnum. Þetta var gert þannig að sá sem byrjaði sextugur var skertur 0,4% á mánuði, samanlagt um 24%. Sá sem byrjaði sextugur og ætlaði að nýta sér þessa reglu sem sett var í lög árið 1981, fékk 24% lægri greiðslu út úr lífeyrissjóði sínum en sá sem byrjaði 65 ára. Báðir áttu samt að vera komnir á svipaðan stað með úttekt á heildarupphæð út úr lífeyrissjóði þegar þeir næðu áttræðisaldri ef þannig verkaðist til þannig að sjómaðurinn sem hóf töku lífeyris 60 ára, tók lífeyri sinn skertan. Þrátt fyrir þessa aðgerð situr enn þá eftir óbætt 60 ára reglan upp á yfir 1,6 milljarða kr. Eins og ég gat um áður var síðasti fjmrh. sem neitaði því að leiðrétta þetta hæstv. núv. fjmrh. Geir H. Haarde. Þar á undan höfðu allir forverar hans neitað þessari bón í öllum ríkisstjórnum og tók ég þátt í því að ganga á fund þeirra allra frá 1983 til að reyna að fá þennan skaða bættan með einhverjum hætti þannig að ekki þyrfti að koma til skerðing á lífeyrisréttindum sjómanna. En með þetta hafa menn setið.

Það var svo ákvörðun sjómannasamtaka eða réttara sagt stjórnar lífeyrissjóðsins að fara í mál við ríkið út af þessum fjármunum. Ekki er mér kunnugt um það, herra forseti, hvar þau mál eru nákvæmlega stödd nú en hygg þó að það sé á næstu mánuðum sem málið verði dómtekið. Fróðlegt verður að sjá hvernig dómstólar dæma í þessu máli. Það breytir ekki því að lífeyrir sjómanna hefur verið skertur af þessum sökum og sá félagsmálapakki sem menn töldu að löggjafarvaldið væri að færa mönnum árið 1981 var bara svik og prettir. Það var ekkert á bak við hann. Engin fjármögnun fylgdi honum. Það voru lög um það að menn skyldu borga þetta sjálfir. Á sama tíma og aðrar stéttir fengu félagsmálapakka sem greiddir voru með ýmsum hætti, oftast nær fjármagnaðir af fjárlögum, þá varð niðurstaðan þessi: Sjómenn skyldu bera félagsmálapakka sína sem byrði. Það voru hin göfugu lok þessara efnda, herra forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú hyggst forseti gera hálftíma matarhlé og biður hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á ef hann er ekki kominn að lokum ræðu sinnar.)

Það stendur ágætlega á, herra forseti.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda, leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Reykn., Ágúst Einarsson prófessor, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Bryndís Hlöðversdóttir,
formaður þingflokks Samfylkingarinnar."

Ágúst Einarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Kjaramál fiskimanna og fleira, frh. 2. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1307, nál. 1327 og 1330.

[13:30]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Herra forseti. Ég var kominn að lífeyrisréttindum sjómanna í fyrri hluta ræðu minnar og fjallaði um þau með tilliti til þess að sjómannasamtökin höfðu í þessari kjaradeilu reynt að koma í veg fyrir að hún endaði með verkfalli. Ég fór yfir það að í janúar sl. lögðu sjómannasamtökin sameiginlega fram tillögur sem hefðu, hefðu þau mætt einhverri sanngirni frá viðsemjendum sínum, átt að geta orðið til að forða verkföllum á þessu ári. Tilboðið var, eins og menn muna kannski eftir, formlega lagt fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna sl. janúar, þ.e. fyrir Samtök atvinnulífsins fyrir þeirra hönd.

Svo ég rifji það aðeins upp þá tók tilboðið til þriggja atriða. Þar á meðal launabreytinga, einstakra kaupliða og kauptryggingar, tímakaups og fleira, hlífðarfatapeninga og fæðispeninga, þ.e. launaliða sem vega að jafnaði innan við 10% í árslaunum sjómanna. Eins og allir vita eru árslaun fiskimanna að langstærstum hluta byggð upp á aflahlut, sem betur fer, og kemur sjaldan til kauptryggingargreiðslu. Yfir 90% af árstekjum sjómanna koma að öllu jöfnu af aflahlut. Á mörgum skipum, sem betur fer, er aldrei greitt annað en aflahlutur árum saman. Aflahluturinn er því ráðandi þáttur í tekjum sjómanna. Aflahluturinn byggir á fiskverðinu, því bruttóverðmæti sem kemur inn á skipið. Ég mun síðar fara yfir það sem dregið er frá bruttóverðmæti til að finna aflahlutinn.

Ég var þar staddur í ræðu minni, herra forseti, að ég var búinn nefna annan lið þessa tilboðs sjómannasamtakanna sem var beinlínis sett fram til að koma í veg fyrir að menn enduðu í verkfallsátökum á þessu ári. Ég var kominn að þriðja meginatriðinu í sáttatilboði þeirra, sem laut að lífeyrissparnaði, viðbótarframlögum í lífeyrissparnaði og lífeyrismálum.

Ég fór yfir það hvernig réttindi sjómanna höfðu myndast í lífeyrismálum í gegnum tíðina frá því Íslendingar fóru almennt að greiða í lífeyrissjóði upp úr 1970. Ég rakti hvernig réttindi sjómanna mynduðust í lífeyrissjóðum, hvaða viðmið höfðu verið notuð til að greiða inn í lífeyrissjóði þeirra, sem var lengst framan af kauptryggingunni, hálfri fyrst og síðan af allri kauptryggingu, en heil kauptrygging háseta í dag nemur 86 þús. kr. á mánuði. Það er það sem sjómaður fær í sinn hlut ef ekki er aflahlutur um borð í skipinu. Þætti engum mikið að fá 86 þús. kr. greiðslu fyrir að vera úti á sjó kannski 24–26 daga í mánuði. Almenna reglan um frítíma sjómanna, sem ég mun auðvitað ræða hér síðar í ræðu minni og koma að hvernig hefur þróast, eru fjórir sólarhringar í frí á mánuði.

Ég gerði grein fyrir því, hæstv. forseti, að sjómönnum var færður félagsmálapakki árið 1981 sem átti sér ekkert bakland, félagsmálapakki upp á að þeir mættu hefja töku lífeyris sextugir en það skilyrði fylgdi að þeir yrðu að hafa starfað 25 ár til sjós til að eiga rétt á lífeyri frá sextíu ára aldri. Þetta var félagsmálapakki, settur í lög á hv. Alþingi og samþykktur af öllum þingmönnum sem þá voru í þessum sal. Allir voru sammála því að eðlilegt og sjálfsagt væri að ríkisvaldið legði þetta til kjara sjómanna að þessu leyti, að þeir ættu rétt á lífeyri frá 60 ára aldri enda hefðu þeir þá starfað 25 ár til sjós.

Þetta rakti ég í máli mínu áðan og einnig þá sorgarsögu, herra forseti, að fjármögnun á bak við þann lífeyrisrétt sem Alþingi tók ákvörðun um að færa sjómönnum árið 1981 var engin. Ákvæðið varð til þess að smátt og smátt safnaðist upp skuld í Lífeyrissjóði sjómanna. Eftir að almenn lög um lífeyrissjóð voru sett árið 1997, sem kváðu á um það að lífeyrissjóðir ættu fyrir skuldbindingum sínum, neyddist stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna til að vega og meta stöðu sjóðsins sem varð til þess að lífeyrisréttindi manna voru skert vegna þess uppsafnaða vanda sem fylgt hafði 60 ára reglunni án þess að fjármögnun fylgdi, þrátt fyrir að lögin sem til þess leiddu væru samþykkt samhljóða á hv. Alþingi. Þetta hef ég áður fjallað um, herra forseti.

Ég nefndi einnig að meðan ég starfaði að félagsmálum sjómanna, frá 1975 og fram á árið 1999, þá gekk ég á fund allra fjmrh., í hverri ríkisstjórninni á fætur annarri á þessu tímabili, til þess að reyna að fá vilyrði fyrir því að færa fjármagn inn í lífeyrissjóði sjómanna sem næmi skuldbindingunni sem sett hafði verið í lög og sjómenn höfðu vissulega nýtt sér. Ég greindi frá því að núverandi hæstv. fjmrh. Geir Haarde hefði einnig neitað þessum óskum sem sjómannasamtökin hafa sett fram í gegnum árin. Málið stendur þannig að nú standa yfir málaferli gegn ríkinu vegna þess að inn í Lífeyrissjóð sjómanna er talið vanta 1,7 milljarða kr.

Í þessari sáttatillögu frá því í janúar eru menn hins vegar að tala um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar. Sem betur fer hefur skilningur á því vaxið á undanförnum árum að gott og sjálfsagt sé að fólk safnaði lífeyrisinneign til elliáranna. Þess vegna hafa verið tekin inn í fjölda kjarasamninga ákvæði um svokallaðan viðbótarlífeyrissparnað, sem er umfram það 10% sem mönnum er skylt að greiða í almenna lífeyrissjóði. En þeir lífeyrissjóðir eru sameignarsjóðir eins og menn vita, svokallaðir samhjálparsjóðir og launþeginn greiðir þar 4% og atvinnurekandinn 6%.

Um þetta var fjallað í 3. gr. þessa sáttatilboðs sem ætlað var að koma í veg fyrir verkföll sjómanna á þessu ári. Þar sagði að sjómenn vildu að inn í kjarasamning þeirra kæmi viðbót, sambærileg grein í alla kjarasamninga hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu og Vélstjórafélaginu, um greiðslur í lífeyrissjóð. Gert var ráð fyrir að þar yrði ekki farið inn á þá gömlu braut að byrja að greiða viðbótarsparnað í lífeyrissjóði af kauptryggingu eins og gert var 1970, reyndar af hálfri eins og ég hef áður rakið, heldur yrði viðmiðunin kaupgreiðsla til sjómanna, aflahlutur sjómanna. Það er ekki að ástæðulausu að sjómenn hafa sett þetta þannig fram, því af hinu fyrirkomulaginu hafa þeir haft afar slæma reynslu.

Eins og ég gat um þá hafði áður verið tekið mið af kauptryggingu sem varð til þess að þegar menn fóru að skoða inneign sína í lífeyrissjóði upp úr 1980, hvaða lífeyri menn hefðu rétt á, kom í ljós að sjómenn á bátaflotanum sem höfðu greitt í lífeyrissjóð í tíu ár — þessu var öðruvísi hagað á stóru togurunum, þar sem menn greiddu í lífeyrissjóð af öllum launum frá 1958 — höfðu nánast ekki öðlast nein lífeyrisréttindi og sátu einfaldlega uppi með það að lífeyrisréttur þeirra var ákaflega rýr. Þegar ég tók við forustu í Farmanna- og fiskimannasambandinu 1983 og fór að kafa betur ofan í lífeyrismálin sá ég að ekki var um nema tvennt að ræða, annaðhvort næðu menn fram leiðréttingum, að greitt

yrði í lífeyrissjóð af öllum launum fiskimanna eða þá að þessu yrði hent og ekkert með það gert.

Niðurstaðan varð sú að á árinu 1984 mótuðu menn þá kröfu að barist yrði fyrir því í kjarasamningum sjómanna að tryggja að greitt yrði í lífeyrissjóð af öllum launum. Menn fóru í slag með lífeyriskröfuna 1985. Þá hafðist í gegn að tekið skyldi upp það fyrirkomulag að greitt yrði í lífeyrissjóði sjómanna miðað við heildarlaun en til að létta útgerðinni aðlögunina var það gert í áföngum frá árinu 1985 og fram á árið 1987. Það byrjaði þannig að í stað kauptryggingarinnar þá greiddu menn í lífeyrissjóð af hálfum launum sínum árið 1985, af 75% aflahlutarins árið 1986 og af öllum launum árið 1987. Þannig náðu menn loks þeim áfanga að sjómenn fóru að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum sínum.

Þessa atburðarás rek ég vegna þess að í sáttatilboði sjómanna frá því í janúar, sem var beinlínis sett fram til að koma í veg fyrir að hér hæfust verkföll, var sett fram krafa um viðbótarlífeyrissparnað. Sjómenn settu eðlilega fram kröfur um að við þá yrði samið eins og aðrar stéttir, að viðbótarlífeyrissparnaðurinn yrði miðaður við greiðslur af öllum launum.

Frv. sem við ræðum núna miðar beinlínis við svokallaðan „Laxdælu-samning". Hvað innifelur sá samningur í sér varðandi lífeyrissparnaðinn? Jú, hann innifelur að miða skuli lífeyrissparnaðinn við kauptryggingu. Menn eru sem sagt komnir á sama stað, varðandi viðbótarlífeyrissparnaðinn, og þeir hófu leikinn upp úr 1970, að miða enn á ný við kauptrygginguna. Kauptrygging hásetans er eins og ég sagði 86 þús. kr. og þó hún hækki um 30% þá verður það engin stórkostleg upphæð. Ætli það fari ekki nálægt 110 þús. kr. Það mundi vera grunnurinn sem borgað yrði af í þennan viðbótarsparnað á sama tíma og aðrir kjarasamningar í landinu sem gerðir hafa verið fyrir aðra launþega miða við heildarlaun þeirra. Það verður ekki af þeim tekið að þeir eru lagnir við að finna gamla drauga. Þeir beita draugaganginum til að finna sér viðmiðun til að halda niðri kjörum og réttindum sjómanna. Þess vegna er ekki nema eðlilegt að menn séu ósáttir við frv. og þær viðmiðanir sem eru beinlínis taldar upp í 2. gr. þess.

Þetta var þriðja atriðið í tilboði sjómanna og kemur á eftir kaupliðakröfunni í þessu sáttatilboði frá því í janúar sem ég ítreka, herra forseti, að var sett fram til að koma í veg fyrir verkföll sjómanna á þessu ári. Þá er ég kominn að fjórðu og síðustu greininni í þessu sáttatilboði en sáttatilboðið sem sjómenn lögðu fram var aðeins í fjórum liðum. Í fyrsta lagi um samningstímann, þ.e. út þetta ár. Í öðru lagi um launin. Í þriðja lagi um viðbótarlífeyrissparnaðinn, sem ég var að fara hér yfir og allan aðdraganda í kringum lífeyrismál sjómanna. Í fjórða lagi um slysatryggingu. Fleiri voru kröfur sjómannasamtakanna ekki í þessu sáttatilboði sem var ætlað að tryggja vinnufrið á þessu ári og koma vinnu við málið í ákveðinn farveg, til ákveðins starfshóps sem var lagt til í fyrstu grein að tæki til við erfiðustu málin, fyrst og fremst fiskverðsmálin og mönnunarmálin en jafnframt fleiri þætti.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður sjútvn., nefndi það í morgun að einmitt þau mál væru erfiðust, verðlagsmálin og mönnunarmálin og þau hefðu lengi verið það. Stjórnarliðar eru þannig ekki ósammála því að þetta séu erfiðustu málin. Þar af leiðandi eru þeir sammála því sem sjómannasamtökin lögðu fram í janúar í tilboði sínu. Þeir eru sammála því vinnulagi sem lagt var upp með af sjómannasamtökunum í sáttatilboði þeirra, þ.e. að vinna þessi erfiðu mál á öðrum vettvangi og ekki undir pressu. Hvað voru sjómenn að bjóða? Þeir voru að bjóða slíkt vinnulag í upphafi þessa árs, eftir að hafa verið kjarasamningslausir í tæpt ár. Þá buðu þeir fram sáttarhönd og kváðust mundu sætta sig við að vera með lausan kjarasamning að því er varðaði fiskverðsmyndun, grundvöll skiptaverðsins og mönnunarmál, ekki bara í ár heldur nánast út þetta ár. Starfshópurinn átti ekki að ljúka vinnu sinni fyrr en í október og samningurinn ekki að renna út fyrr en 31. desember. Menn hefðu svo sem haft einhverja mánuði eftir að starfshópurinn skilaði af sér til að ná samkomulagi.

Í þessu sáttatilboði voru sjómenn ekki að fara fram á annað en almennar kaupbreytingar á kaupliðum þeirra. Að samið yrði við þá um viðbótarlífeyrissparnað eins og aðrar stéttir og á sama grunni, ekki fundin einhver ný viðmiðun aftan úr grárri forneskju. Síðan yrði tekið á slysatryggingamálum sjómanna og þeir losnuðu við þá kvöð að þurfa alltaf að leita uppi sökudólg til að eiga rétt á bótum.

Sjómennirnir fyrir utan Alþingishúsið áðan sögðu söguna af kokknum sem var að elda þegar báturinn valt hressilega. Sjómanninum skrikaði fótur, hann datt og slasaðist en þá dæmdi Hæstiréttur að hann ætti ekki rétt á bótum vegna þess að hann hefði mátt vita að honum gæti skrikað fótur. Svona fyrirkomulag vilja sjómenn eðlilega ekki hafa og gera þess vegna kröfu um að slysatryggingar þeirra verði með þeim hætti að þeir séu almennt tryggðir fyrir slysum um borð í skipum, tryggðir fyrir slysum á sínum vinnustað. Það hlýtur að teljast eðlileg krafa.

Ég held að það sé ekki vanþörf á þessu tali mínu um sáttatilboð sjómanna svo að stjórnarliðar skilji hvað þeir eru að fást við og hvað þeir gera með því að lögfesta þetta frv., þrátt fyrir að þeir séu sammála um að erfið mál standi út af. Það voru akkúrat þessi erfiðu mál sem sjómenn buðust til að leggja til hliðar og setja í sérstakan starfshóp þannig að á þessu ári mætti haldast vinnufriður, að koma á skammtímasamningi út þetta ár svo taka mætti á þessum erfiðu málum.

Maður vonaðist til að Samtök atvinnulífsins og Landssamband ísl. útvegsmanna sæju að í þessu tilboði sjómannasamtakanna frá því í janúar fólst mikill sáttavilji, vilji til þess að koma í veg fyrir átök og verkfallsaðgerðir. Maður hefði haldið að þeir teygðu sig langt til að koma til móts við þessi atriði og koma þar með á föstu vinnulagi til að taka á erfiðustu málunum. Nei, það varð ekki niðurstaðan hjá LÍÚ og Samtökum atvinnulífsins, af því varð allt önnur niðurstaða.

Með leyfi, herra forseti, langar mig að lesa upp svarið sem sjómannasamtökin fengu við þessu sáttatilboði sínu í janúar sem, ef það hefði verið samþykkt, hefði orðið til þess að koma í veg fyrir verkfallsátök. Hvernig var þetta svar LÍÚ? Það er fróðlegt að lesa það í ljósi umfjöllunarinnar um þetta mál. Það er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Svar Samtaka atvinnulífsins og Landssambands íslenskra útvegsmanna við tilboði FFSÍ, SSÍ og VSFÍ f.h. aðildarfélaga sinna dags. 19. 1. 2001.

Kauptrygging, tímakaup, hlífðarfatapeningar, fæðispeningar og sektarupphæð.

Þessir liðir hækki á sambærilegan hátt og umsamdar hækkanir á milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, þ.e." — takið eftir — „um 7% frá gildistöku samnings," — ekki 30% eins og sett var inn núna heldur um 7% frá gildistöku samnings — „um 3% 1. janúar 2002 og um 2,25%

1. janúar 2003. Þetta á ekki við um sektarákvæði í kjarasamningum" — sem venjulega hafa fylgt þessum hækkunum — „sem skulu falla niður."

Í svarbréfi LÍÚ var krafa um að sektarákvæði kjarasamninga félli niður. Menn áttu sem sagt ekki að hafa nein ráð til þess að bregaðst við brotum á kjarasamningnum. Það átti að fella sektarákvæðin niður. Það var krafa LÍÚ. Ég held að það sé rétt að menn hugleiði það, sérstaklega fulltrúar í sjútvn. sem í nótt hlustuðu á orð Friðriks Arngrímssonar, framkvæmdastjóra LÍÚ, um að það hefði með engum hætti verið gengið nægjanlega langt á móti kröfum LÍÚ. Hann sagði mikið hafa vantað á að kröfum LÍÚ væri fullnægt. Það er ekki skrýtið þegar maður les þetta bréf.

Næsti liður sem ég ætla að lesa, herra forseti, er svohljóðandi:

„Útvegsmenn eru reiðubúnir til að ræða við stéttarfélög sjómanna um að hækka kauptryggingu umfram það sem greinir í grein 1.1. enda lækki hlutur samsvarandi." Hér er átt við aflahlut.

Ég fór yfir það í ræðu minni fyrr í morgun að aflahluturinn er yfirleitt yfir 90% af hinum raunverulegu launum sjómanna. Sem betur fer eru menn sjaldan á kauptryggingu. Þetta skal samt sett í þetta samhengi, að ef kauptrygging breytist, sem vegur sem betur fer sáralítinn hlut af heildarárslaunum sjómanna þó hún sé nauðsynleg sem lágmarksgrunnur og sé í raun og veru allt of lág sem slík, þá skal tekið til við að lækka hlutaskiptin. Þetta var inni í svari Samtaka atvinnulífsins og Landssamtaka ísl. útvegsmanna sem dagsett er 23. janúar 2001 og undirskrifað af Friðriki Arngrímssyni.

Þriðji liður í svari útgerðarmanna var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útvegsmenn eru tilbúnir að vinna að því á samningstímanum að koma á launakerfi með föstum launum auk ábata í núverandi hlutaskiptakerfi, auk ábata í stað núverandi hlutaskiptakerfis."

Þetta eru svörin sem sjómenn fengu til baka við tilboði sínu varðandi launaliðina.

Þá komum við að lífeyrissjóðnum, sem var annar liðurinn í sáttatilboði sjómanna til þess að koma í veg fyrir að verkföll sjómanna á þessu ári. Það var svona, með leyfi forseta:

„Ef og þegar fallið verður frá hlutaskiptakerfi" — takið eftir, ef og þegar fallið verður frá hlutaskiptakerfi sem byggir á yfir 90% af tekjum sjómanna — „og tekið upp sambærilegt launakerfi og hjá flestum öðrum launþegum en sjómönnum eru útvegsmenn tilbúnir til að ræða lífeyrissjóðsframlög með svipuðum hætti og samið hefur verið um hjá sambærilegum stéttum."

Þetta var uppistaðan í svarinu við kröfu sjómanna í lífeyrismálum. Síðan segir:

„Við óbreytt hlutaskiptakerfi er ekki unnt að bera lífeyrissjóðsframlög annarra atvinnurekenda við lífeyrissjóðsframlag útvegsmanna enda hafa sjómenn hlut úr aflaverðmæti en aðrir launþegar hafa ekki fastákveðinn hluta af tekjum atvinnurekanda."

Þannig var svarið varðandi þetta.

Þá komum við að tryggingunum, sem einnig var fjallað um í sáttatilboði sjómannasamtakanna og svar útvegsmanna er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útvegsmenn eru reiðubúnir til að setja á stofn starfshóp með fulltrúum sjómanna þar sem tekið verði saman yfirlit yfir slysatryggingar sjómanna og greiðslur til þeirra vegna slysa. Jafnframt verði réttindi sjómanna borin saman við réttindi annarra launþega en útvegsmenn telja að réttindi þeirra séu betri en almennt er."

Útvegsmenn telja að réttindi þeirra séu betri en almennt er. Síðan segir:

„Þá verði kostnaður af aukinn vátryggingavernd sjómanna metinn. Starfshópurinn skal taka til starfa strax og ljúka störfum fyrir 15. febrúar 2001. Í framhaldi af niðurstöðum starfshópsins og áður en nýr kjarasamningur tekur gildi, skulu aðilarnir fjalla um slysatryggingar sjómanna."

Næst segir hér:

„Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Vísað er til meðfylgjandi samantektar um tillögur til breytinga." Þar er vísað til samantektar sem fylgdi með.

Gildistími nýs samnings var samkvæmt svörum LÍÚ við sáttatilboði sjómanna til þriggja ára.

Sáttatilboðið lögðu sjómannasamtökin fram eftir að hafa verið með lausan kjarasamning í tæpt ár og án þess að hafa beitt verkfallsvopninu á þeim tíma. Ég rakti það í ræðu minni fyrir hádegi að sennilega eru sjómannasamtökin seinþreyttust allra samtaka í þessu landi til að beita verkfallsvopninu. Þau hafa lengst allra samtaka í landinu á undanförnum árum verið með lausa kjarasamninga og það hafa liðið mánuðir og jafnvel ár áður en sjómenn hafa gripið til þess að beita verkfallsvopninu til að knýja fram niðurstöðu. Sjómenn verða því ekki sakaðir um það að hafa rifið verkfallsvopnið upp samdægurs og kjarasamningur fellur úr gildi. Þeir verða ekki sakaðir um það.

Hins vegar má finna aðrar stéttir á Íslandi sem hafa gert það. Sjómenn eru á hinn bóginn sú stétt manna sem hvað oftast hefur orðið fyrir því að fá á sig lagasetningu til að binda niður kjör þeirra og stoppa aðgerðir þeirra til að ná fram leiðréttingu og menn eru enn þá að berjast við það sem hafið var og kemur fram í skýrslu Farmannasambandsins frá árinu 1988 þar sem talað var um frjálst fiskverð og hvernig það ætti að myndast. Ég mun kannski síðar í dag, herra forseti, lesa nokkra kafla úr þessari skýrslu ef mér býður svo við að horfa. Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að kunna þessa sögu. Hér æða menn alltaf á yfirborðstillögunni og halda að það sem er akkúrat í dag hafi aldrei skeð áður og ekkert í sögu kjarabaráttu sjómanna eigi rétt á sér. Hægt sé að berja þá út í horn í hverju málinu á fætur öðru með lagasetningu. Þetta tel ég algerlega óviðunandi og tekur þó fyrst steininn úr á þessu ári þegar sett eru tvisvar sinnum lög á sama verkfall. Það hefur ekki borið við áður, held ég. Það er sennilega nýmæli. Þeim fer fram í þeim hæfileikum sínum að stöðva verkfallsaðgerðir sjómanna með lagasetningu.

Herra forseti. Er hægt að saka stétt um ábyrgðarleysi við beitingu á neyðarvopni sínu sem hefur haft þann aðdraganda sem ég hef verið að draga fram í máli mínu síðan í morgun? Að sætta sig fyrst við að kjarasamningar falli úr gildi, séu lausir án kaupbreytinga mánuðum og árum saman, bjóða síðan fram sérstakt sáttatilboð sem felur í sér að þeir ætla að taka það á sig að vera með mörg atriði ófrágengin í næstum tvö ár og þegar slíkt sáttatilboð er lagt fram, þá er því hafnað bara einn, tveir og þrír og gerð krafa um að hlutaskipti skulu lækkuð, hlutaskipti skulu lögð af og annað eftir því. Ég tel að svar Samtaka atvinnulífsins og LÍÚ í janúar sl. við sáttatilboði sjómanna sé lítilsvirðing. Það er lítilsvirðing hvernig þessi samtök atvinnurekenda brugðust við tilmælum sjómanna. Að koma í veg fyrir að hér á landi mynduðust verkfallsátök á þessu ári og setja málin í ákveðinn

farveg, að setja málin til starfshóps sem fjallaði um erfiðustu málin og við erum ekki einu sinni ósammála um það í hv. Alþingi hver eru erfiðustu málin. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður sjútvn., lýsti því yfir í morgun hver hann teldi erfiðustu málin og ég er honum sammála um það. Verðmyndunarmál og mönnunarmál hafa í gegnum tíðina verið erfið mál. Það var einmitt um þau mál sem sjómenn buðust til að mynda starfshóp til að takast á við að leysa. En á þá sáttarhönd sló LÍÚ, enda jafnan haft vissu fyrir því að hringja mætti í stjórnarliða til að fá lög. Það er það sem menn hafa tekið sér fyrir hendur — lög á verkfall sjómanna og aftur lög — núna í tvígang á þessa deilu. Það er ekki nema von, herra forseti, að illa gangi að lagfæra kjaramál sjómanna þegar menn eiga við að búa það sem hér er.

Lengi framan af í þessari deilu stóðu samtök sjómanna saman eins og sáttatilboðið frá því í janúar ber með sér. Útgerðarmenn höfðu hins vegar iðulega kvartað undan því að ekki væri semjandi við sjómenn vegna þess að þeir næðust ekki saman að samningaborðinu, það þyrfti að ræða við samtökin hvor í sínu lagi, þetta væri alveg óþolandi, það yrði að ná þessum mönnum saman. Sjómannasamtökin brugðust við því og fóru sameiginleg til þessarar samningagerðar, gerðu sameiginlega þetta sáttatilboð. Því var hafnað eins og ég er búinn að greina frá. En viti menn. Þegar búið var að ræða við sjómannasamtökin sameiginlega, þá kom allt í einu upp sú staða í röðum útgerðarmanna að það væri ekki hægt að ræða við þessa menn sameiginlega, það yrði að hafa þá aðskilda. Annað væri ekki boðlegt. Tíndar hafa verið til alls konar ástæður fyrir því. Menn hafa sagt að Sævar væri svo vondur í skapinu að það væri ekki hægt að tala við hann. Menn hafa sagt að Grétar Mar hefði einhverra annarlegra hagsmuna að gæta og hefði allt aðrar skoðanir á kvótakerfinu en útgerðarmenn. Skyldi ekki meiri hluti þjóðarinnar hafa allt aðrar skoðanir á kvótakerfinu en útgerðarmenn? Er þá meiri hluti þjóðarinnar, af því að hann er á annarri skoðun en LÍÚ, einhver sérstök vandræðabörn sem ekki er hægt að tala við? Þau rekast ekki í hópi, eða hvað?

Skilgreining LÍÚ á því hvað eru vandamál í þjóðfélaginu er nefnilega allt önnur en skilgreining hins almenna Íslendings á því hvað er vandamál í þjóðfélaginu. Svör LÍÚ við sáttatilboði sjómannasamtakanna bera það með sér að forustumenn LÍÚ hafa myndað sér allt annað siðferðismat og allt aðra lífsskoðun en þorri Íslendinga. Lífsgildi þeirra og lífssýn fær brautargengi í lagasetningu á Alþingi. Meiri hlutinn tryggir að lífssýn þeirra og lífsskoðun á sýn landsins og fólkins skuli fylgt eftir með lagasetningu, ekki bara í þessu máli heldur í fjöldamörgum öðrum málum. Það gæti vel farið svo að einhvern tíma síðar í kvöld færi ég að ræða stjórn fiskveiða undir þessum lið að því er varðar kjaramál sjómanna því að þau skipta ekki litlu máli í því sambandi.

Frv. sem hér er til umræðu byggir á því að það tókst að kljúfa sjómannasamtökin, það tókst að koma mönnum út úr því sameiginlega fari sem þeir höfðu verið í. Með áróðri, hótunum og hvíslingum tókst mönnum koma sér upp kvislingum. Niðurstaðan af þeirri vinnu endaði með því að menn bjuggu til kjarasamning sem í almennri umræðu meðal sjómanna er kallaður „Laxdæla".

Gerð var grein fyrir þessum kjarasamningi í hv. sjútvn. í nótt af forustumanni Vélstjórafélagsins sem er samningsaðili LÍÚ í þessum samningum. Ég held að ég sé ekki að fara neitt með rangt mál þó að það hafi skýrlega komið fram í viðtölum að eftir á að hyggja hafi forustumaður Vélstjórafélagsins séð að í kjarasamningnum, hinni svokölluðu „Laxdælu", eru mörg slæm skref, skref sem menn ættu helst ekki að þurfa að feta en eru í raun og veru að hluta til ætlað að feta með stuðningi ríkisstjórnar og lagasetningu á Alþingi.

Ákvæði í þeim samningi eins og ákvæðið um að færri menn séu á skipi en samkvæmt skiptaákvæðum kjarasamningsins þýðir að kjararýrnun verður hjá sumum sjómönnum upp á 14–15%. Háseti sem hefur í árslaun 3 millj. kr. á samkvæmt kjarasamningi Vélstjórafélagsins á sumum skipunum í flotanum, þekktum dæmum sem hægt er að sýna fram á, að lækka um 450 þús. kr. á ári, þ.e. 15%. Hlutur hans á að fara úr 3 millj. kr. niður í 2.550 þús. kr. Það er árangurinn af mannafækkunarákvæðinu sem merkt er 2.1 í þessum kjarasamningi. Áhrifin eru minni sums staðar annars staðar, 5%. Það var upplýst að þessi áhrif væru meiri en menn hefðu gert ráð fyrir í samninganefnd vélstjóranna og jafnframt var upplýst af forustumönnum Sjómannasambandsins sem kom mér reyndar á óvart af því að talið var af formanni Vélstjórafélagsins að þetta næði til fárra skipa og væru afmörkuð dæmi, en formaður Sjómannasambandsins telur að miðað við fyrri útreikninga hafi þetta einhver áhrif í öllum kjarasamningum, mismunandi mikil. Það er illt að standa uppi með það eftir að hafa sýnt biðlund í heilt ár með lausa kjarasamninga og boðið síðan fram sáttatilboð til að koma í veg fyrir að hér hæfust verkföll, enda síðan í verkfallsaðgerðum til þess að knýja fram lausn á kjarasamningi, að standa þá uppi með það að niðurstaðan af því að einn forustumaður sjómanna tók sig út úr og ákvað að búa til snöggan kjarasamning skuli vera sú að það þýði launalækkun hjá meginþorra sjómanna. Það er illt hlutskipti. Ég kannast ekki við það úr kjarasamningssögu fiskimannanna að það hafi áður gerst í kjarasamningum að menn hafi samið um launalækkun. Þetta held ég að sé afar slæmt fordæmi, enda viðurkenndi formaður Vélstjórafélagsins að þetta væri slæmt, þetta væru mistök. Það þyrfti að leiðrétta þetta og jafnvel væri vilji fyrir því að leiðrétta þetta.

Gott og vel. Málið skánar auðvitað ef menn ná að leiðrétta mistök. En það er bara fleira í þessum samningi. Varðandi lífeyrissjóðinn, viðbótargreiðslurnar í viðbótarsparnaðinum er komin viðmiðun við kauptryggingu sem er skref sem ég tel að sjómannasamtökin hefðu alls ekki átt að stíga. Það hefði verið betra að semja um áfangahækkanir af öllu kaupi heldur en byrja á að finna gömlu viðmiðunina sem menn voru að berjast við að ná út úr kjarasamningi. Gömlu viðmiðunina, gömlu kauptrygginguna sem á fyrstu árum lífeyrissjóðsins frá 1970–1980 gaf sjómönnum engan lífeyrisrétt, nánast engan vegna þess hve litlar greiðslur voru inn í sjóðinn. Þarna held ég að hefði ekki átt að byrja og ég held að nær hefði verið að nota annað viðmið.

Síðan er útfærslan á fiskverðinu kapítuli út af fyrir sig og hverng að því er staðið. Og hvað segir um það í frv. því sem við erum hér að ræða? Jú, í 2. gr. segir um það atriði, með leyfi forseta:

„Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm. Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:"

Eins og ég gat um áðan eru þar enn nefnd samtök sem eru búin að aflýsa verkfalli og við erum samt að ræða frv. eins og það liggur hér fyrir.

Síðan segir að því er fiskverð varðar:

„Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:

a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila."

Skyldi vera tilviljun að þetta er orðað svona eða skyldi þetta orðalag koma einhvers staðar frá? Jú, það kemur nefnilega úr samningi Vélstjórafélagsins. Þangað er þetta hugtak sótt sem hér er að fæðast um viðmiðunarverð til hlutaskipta. Ekki brúttóverð, ekki skiptaverð, nei, viðmiðunarverð til hlutaskipta, ný útfærsla inn í kjarasamning sjómanna.

Dettur mér þá í hug að víkja að orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals þegar hann talar stundum um það hér í þessum ræðustól að fjármagnið fái ekki hlut, (**PHB:** Nægan.) nægan hlut, rétt skal vera rétt. Nú er það þannig að í kjarasamningum fiskimanna fær fjármagnið 20% beint út úr brúttóverði. Af hverjum 100 kr. sem aflast á skip fá útgerðarmenn beint til sín í hlut í fjármagninu, í hlut fyrir fjármagnið 20% í beina kostnaðarhlutdeild. Það er hlutur fjármagnsins í kjarasamningnum. Síðan kemur næsti hlutur sem dreginn er frá áður en laun sjómanna eru fundin, sem er hlutur olíukostnaðarins, hlutur þess að hægt sé að sigla skipinu. Hann er 10%. Þá eru tekin 10% frá áður en kemur til hlutaskipta í sérstakan olíukostnað útgerðarinnar. Og eru þá farin 30% af innkomunni.

Þá höfum við hingað til verið komnir að nokkru sem kallað hefur verið skiptaverð og úr skiptaverðinu hafa sjómenn fengið hlut. Þeir hafa samkvæmt kjarasamningum okkar oftast nær verið á bilinu 28% og upp í 33% eftir veiðiaðferðum eða gerðum skipa, sem sjómenn hafa fengið í sinn hlut af 70%, af skiptaverðinu. Það hefur verið kaup þeirra. Eins og ég gat um áður hefur aflahluturinn sem betur fer oftast nær dekkað langmestan hluta launa sjómanna og vægi aflahlutarins sennilega yfir 90% í launum sjómanna, fiskimanna almennt, en aðrir kaupliðir eins og tímakaup, kauptrygging og slippfararkaup, fatapeningar — ef hægt er að kalla það kaup, það er náttúrlega greiðsla á fatnaði sem menn eru að nota og varla hægt að kalla það kaup — hafa verið innan við 10%.

En í þessum samningi fæðist ný hugsun varðandi sérstakt viðmiðunarverð til hlutaskipta. Er þetta eitthvað sem útgerðarmenn sáu sér sérstakan akkur í að koma inn í samninginn? Það væri e.t.v. hægt að fara að prjóna t.d. fjármagnshlutinn eitthvað við það að færa niður viðmiðunarverðið til hlutaskipta. Kann að vera, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að kviknað hafi á einhverri peru hjá útgerðarmönnum við leiðbeiningar hv. þm. um að sér fyndist að fjármagnið fengi ekki nægan hlut?

Ég tel að þarna sé illa farið ef menn fara að búa sér til enn eina nýja viðmiðun, verð til viðmiðunar í hlutaskiptum. Skyldi það eftir einhver ár vera orðið annað en skiptaverðið, t.d. 60%, að viðmiðunarverðið væri 60% og þá legðu menn skiptaverðinu fyrir róða í staðinn? Ég óttast að þannig geti verið í pottinn búið, að menn séu að koma nýrri hugsun inn í kjarasamning sjómanna sem útgerðarmenn hyggist feta sig eftir við að ná niður kaupi sjómanna því að forustumaður útgerðarmanna sagði í nótt að kröfum þeirra í kjarasamningi, jafnvel gagnvart vélstjórunum, hefði engan veginn verið fullnægt, þar vantaði mikið á. Þeir ætluðu sér að fá meira, miklu meira, eins og upplýsingarnar sem birtust í svari þeirra við sáttatilboði sjómanna bera glöggt með sér. Það er kannski ekki að undra, herra forseti, þó að víða leynist orðalag sem menn þurfi að vara sig á.

Í 2. gr. er einnig atriði b., er varðar þau áhrif sem breytingar í fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör. Síðan eru talin upp fleiri atriði, þau eru öll talin upp í samningi „Laxdælu". Þar af leiðandi liggur það fyrir því miður að þrátt fyrir breytinguna á 3. gr. er enn þá verið að vitna í grunninn í þetta plagg, kjarasamning Vélstjórafélags Íslands sem sjómenn hafa kallað „Laxdælu" og lýst almennt yfir lítilli ánægju með. Sem forustumaður Vélstjórafélagsins hefur einnig lýst yfir að væru í verulegir gallar sem þyrftu lagfæringar við. Það er auðvitað gott þegar menn sjá að þeim hafa orðið á mistök og eru tilbúnir að leiðrétta þau en það er hins vegar alvarlegt þegar Alþingi Íslendinga ætlar að festa gallana við aðrar stéttir. Það er mjög alvarlegur hlutur.

Það sem við ræðum hér er að við ætlum að lögfesta aðgerð sem byggir á því að gerður var sérstakur kjarasamningur við eitt samband sjómanna sem klauf sig út úr þeirri samstöðu sem hafði verið með mönnum. Það er auðvitað illt út af fyrir sig þegar slíkt er komið upp.

Síðan hafa verið rædd hér atriði og voru rædd í nótt í hv. sjútvn. sem fjalla um mannréttindi fólks, réttindi fólks til að gera kjarasamning og hvort slík gjörð sem hér á að fara að lögfesta stæðist þær alþjóðasamþykktir og alþjóðasamninga sem við höfum samþykkt fyrir okkar hönd. Reynt var að fullvissa okkur um það að sá texti sem var á blöðum og var kominn inn í brtt. meiri hluta sjútvn. dygði sennilega til þess að ekki yrði um málsókn að ræða á hendur stjórnvöldum. En 3. gr. hafði frá því að frv. var fyrst lagt fram verið breytt á svofelldan hátt, og les ég nú upp úr nál. meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga."

Ætli skyldleikinn birtist nú ekki þarna í 2. gr. sem ég var að vitna til? Það held ég að hljóti að vera.

Undir þetta nál. skrifa fimm þingmenn stjórnarflokkanna, Einar K. Guðfinnsson, Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson og Árni Ragnar Árnason. Þetta var sem sagt niðurstaða þessa meiri hluta, að orðalagið eins og það er nú í 3. gr. dygði til þess að stjórnvöld á Íslandi fengju þó aldrei nema létta áminningu um það að þau hefðu nú kannski farið örlítið á svig við lögin, á svig við alþjóðasamninga.

Ég verð hins vegar að segja og ítreka þá skoðun mína að í 2. gr. eru svo skýrt talin upp þau viðmið sem hvergi er að finna annars staðar en í „Laxdælu" að gerðardómur getur varla velkst í vafa með það að við þann samning er átt enda mun hann hvergi í samningi finna orðalagið „verð til viðmiðunar í hlutaskiptum" en í þeim samningi, að ég hygg. Það mál er þannig vaxið að með þessu lagafrv. er ætlað að koma málum í þann farveg að sjómenn almennt á landinu þurfi að una því að kjarasamningurinn sem nefndur hefur verið „Laxdæla" verður yfir þá færður.

En hvað stendur þá upp úr í raun og veru eftir allar þessar vangaveltur mínar? Ég hygg að það standi upp úr að LÍÚ hafði aldrei nokkurn minnsta vilja til þess að lenda

þessu máli. Ef þeir hefðu haft vilja til þess þá held ég að þeir hefðu teygt sig langt í janúar við að búa til sáttaleið sem byggðist á þessum þremur atriðum sem í sáttatilboðinu fólust og hefðu þannig komið í veg fyrir það að hér hæfust verkfallsátök 16. mars sem ríkisstjórnin aflýsti að vísu strax 19. mars og ætlar svo síðan að fara að aflýsa aftur nú. Þeir sáu sér ekki hag í því, mennirnir sem eiga atvinnutækin sáu sér ekki hag í því að tryggja að hér yrði starfsfriður allt þetta ár án verkfallsátaka. Nei, þeir völdu hina leiðina, þeir völdu þá leið að svara mönnum nánast með skætingi eins og að krefjast þess að þegar hlutaskiptakerfið væri aflagt þá gætu menn farið að ræða þetta eða ræða hitt. Þannig er viðhorfið sem sjómannasamtökin hafa fengið.

Það er niðurstaða mín að það sé Landssamband ísl. útvegsmanna sem séð hafi til þess með viðbrögðum sínum í þessari deilu allri og reyndar í fyrri deilum einnig, mörgum hverjum, að hér hafa sjómenn, seinþreyttir til verkfalla, orðið að grípa til þess að hefja verkföll og láta það á sér og sínum bitna að berjast fyrir kjörum sínum með því að taka sjálfa sig af kaupi. En eins og ég gat um áður hafa þeir verið langþreyttir til þess og hafa ekki gripið til þess ráðs í neinni skyndingu.

Sjómannasambandið gaf út sérstaka yfirlýsingu sem farið var yfir í morgun. Ég ætla að lesa hana aftur, herra forseti:

„Yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, er hér með aflýst. Ákvörðun þessi er byggð á þeirri forsendu að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna og fleira sem sviptir sjómenn samnings- og verkfallsrétti.

Verði frumvarp þetta að lögum munu félagsmenn aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands verða sviptir grundvallarmannréttindum, sem þeim eru tryggð í íslenskum lögum, stjórnarskrá lýðveldisins og alþjóðlegum sáttmálum, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að hlíta. Félagsmenn aðildarfélaga sambandsins og stéttarfélög þeirra yrðu með þessu jafnframt svipt rétti til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um kjarasamningsbundin réttindi sín.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir verulegri kjaraskerðingu sjómanna auk þess sem mælt er fyrir um afnám gildandi laga, sem beinlínis er ætlað að tryggja réttindi félagsmanna aðildarfélaga sambandsins.

Með hliðsjón af ofangreindu og í því skyni að varna því að umrædd lög verði samþykkt á Alþingi Íslendinga, er yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, aflýst."

Formaður samtakanna, Sævar Gunnarsson, skrifar undir þessa yfirlýsingu.

Það er svo sem ekki að undra að menn hafi í neyð sinni valið þennan kost frekar en að sitja uppi með það að þurfa kannski að una kjaraskerðingu í kjölfar lagasetningarinnar sem hér um ræðir.

Herra forseti. Ég hef í höndunum dæmi um lítinn ísfisktogara þar sem ekki er tekið tillit til raunmönnunar, um hvernig það muni breytast miðað við þann kjarasamning sem sjómenn hafa hér í þessum texta kallað fyrir og eftir „Laxdælu". Þannig er að almenna kjarabreytingin á öllum stöðugildum frá skipstjóra niður í háseta er 14,39%. Hlutur úr veiðiferð þar sem aflaverðmæti er 3,5 millj. kr. lækkar úr því að vera 77.700 kr. á háseta niður í 66.500 kr. á háseta, eða um 11.200 kr. tæpar.

Það er ekki nema von að menn velji þann kostinn, jafnvel eftir að hafa verið með lausa kjarasamninga talsvert á annað ár, að aflýsa verkfalli sínu í von um að þeir megi með þeirri aðgerð komast undan lagasetningu á löglegar og réttmætar aðgerðir sjómanna. Ég ætla að endurtaka, herra forseti, að ég held að í annan tíma hafi ekki verið gerður kjarasamningur upp á slíkar launalækkanir sem hér er tekið dæmi, hvað þá að samið hafi verið um almenna launalækkun fyrir langmestan hluta starfandi sjómanna, eins og fram kom í máli forustumanna sjómanna í nótt.

Deilan um fiskverðið hefur löngum snúist um að hér á landi voru stofnaðir uppboðsmarkaðir fyrir fisk. Fiskur fór að seljast hér í frjálsum viðskiptum á uppboðsmörkuðum þar sem verðið réðst af framboði og eftirspurn, þ.e. opnum og eðilegum viðskiptaháttum. Sjómenn hafa lengi sóst eftir því að verð á uppboðsmörkuðunum yrði notað í verðmiðun þeirra. Þó þeir hafi vissulega talið að réttast væri, og ég er þeim sammála um það, að fiskur yrði almennt verðlagður samkvæmt fiskmarkaði þá hafa þeir samt verið tilbúnir til að hann hafi í það minnsta viðmið af fiskmarkaðsverði. Sjómannasamtökin hafa sett þá kröfu fram á undanförnum árum, að þannig væri verðmyndun afla hér á landi eðlilega fyrir komið. Þetta er reyndar sama aðferðin og notuð er í flestum löndum í kringum okkur og hefur gefist ágætlega. Þessari aðferð var komið á í Danmörku á síðasta ári og Færeyingar tóku upp þessa verðmyndunaraðferð alfarið á fiskafla sínum fyrir nokkrum árum. Það hefur gefist vel. Þetta er einnig sú aðferð sem menn telja almennt eðlilega í viðskiptum, að viðskiptin fari fram fyrir opnum tjöldum og menn séu jafnir í þeim viðskiptum.

Þessi aðferð ætti að eiga upp á pallborðið hjá forustumönnum í Sjálfstfl., hún ætti í raun og veru að flísfalla við þeirra hugsun, væri einhver minnsti vilji hjá þeim til að fylgja eftir sumum af þeim stefnumálum og áherslum sem flokkurinn telur sig hafa staðið fyrir á undanförnum árum, þ.e. að markaðurinn ráði verðmyndun svo að halda megi uppi virkri og eðlilegri samkeppni og eðlilegum viðskiptaháttum. Þess vegna hefði maður haldið að Sjálfstfl. og forustumenn hans mundu taka slíkri framsetningu fagnandi og feta þá braut með Sjómannasamtökunum að fiskverð hér innan lands myndaðist á almennum uppboðsmörkuðum. Það væri jákvætt skref að setja löggjöf um að verð í viðskiptum milli manna, vilji þeir kaupa eigin fisk eins og sagt er, skuli a.m.k. hafa viðmiðun í fiskmarkaðsverði. Nei, það er ekki raunin.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum birtist, eftir landsfund Sjálfstfl., stefnumótunarplagg. Þar sagði m.a. eitthvað á þá leið að stefnt skyldi að því að allur fiskur tæki verðmyndun á markaði. Ég hugsa að hv. þm. Pétur H. Blöndal muni þetta með mér, við erum álíka langminnugir, hugsa ég. Kannski að hv. þm. Katrín Fjeldsted muni þetta líka. Seinni árin hef ég hins vegar tekið eftir því að þessi upptalning er ekki lengur inni í stefnumálum Sjálftsfl. Hún hefur sennilega dottið til hliðar, a.m.k. verið sett ofan í skúffu tímabundið, alla vega fram að næstu kosningum. Kannski væri þetta gott kosningamál fyrir menn að draga upp, svipað eins og sáttatilboðin í stjórn fiskveiða sem rædd voru í gær og sagt frá því að í sérstakri sáttanefnd hefðu aðallega verið haldnir fáir fundir. Það hefði oft verið boðað til þeirra en þeim hefði jafnoft verið aflýst. Samkvæmt þessu hafa fáir fundir verið boðaðir í þessari svokölluðu sáttanefnd, sem var jú eitt af kosningaloforðum Sjálfstfl. í síðustu kosningum varðandi

hið stóra deilumál, stjórn fiskveiða, sem vissulega tengist kjaramálum sjómanna. Ágætistækifæri mun gefast til að fara yfir það við þessa umræðu seinna í dag og í kvöld.

Ég var hins vegar að ræða hér um eðlilega, opna viðskiptahætti við verðmyndun. Ég verð að segja að ég sé að hjá öðrum þjóðum hefur slíkt fyrirkomulag leitt af sér góða hluti, aukin verðmæti, betri umgengni um auðlindina og aukna veltu í þjóðfélögum. Þannig hefur það t.d. verið í Færeyjum, afkoma sjávarútvegsins hefur orðið betri og skuldasöfnun útgerðarinnar minnkað. Ekki væri vanþörf á því hér á landi eftir að „blessað" kvótakerfið var tekið hér upp og mönnum tókst að safna skemmtilegum skuldum út á kvótabraskið, skuldum sem vaxa án þess að nokkur hafi hugmynd um það og birtast annað slagið í því að skuldir útgerðar hækka um 30–40 milljarða á örfárra ára fresti. Skyldi ekki vera að það væri akkur í því fyrir íslenska útgerð að fá sem hæst verð fyrir aflann og að teknir yrðu upp eðlilegir og sjálfstæðir viðskiptahættir varðandi fiskverð? Jú, maður skyldi ætla það.

Út frá samkeppnissjónarmiðum skyldi maður líka ætla að eðlilegt væri að skilja á milli fiskveiða og vinnslu, að fiskveiðifyrirtækin skyldu rekin undir annarri kennitölu en fiskvinnslufyrirtækin, jafnvel þó að eigendur væru þeir sömu. Þar væri sérstakt og aðskilið bókhald og hluthafarnir yrðu þá að gera kröfu til arðsemi beggja megin, jafnvel þó að það væru sömu hluthafarnir sem ættu bæði fyrirtækin. Það mundi kannski hjálpa mönnum við að átta sig á því að tekjur útgerðarinnar koma í gegnum fiskverð.

Það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál útgerðar og sjómanna í eðlilegu þjóðfélagi að halda uppi háu fiskverði, góðu og háu fiskverði, auðvitað að því gefnu að kaupendur treysti sér til að kaupa á því verði. Auðvitað þarf vinnslan að geta staðið undir sér líka en við höfum dæmi um það hér á landi að hægt hefur verið að reka fiskvinnslu árum saman með því að kaupa nánast allt sitt hráefni á fiskmörkuðum. Nokkur fyrirtæki hér á landi hafa staðið sig frábærlega í að kaupa allan afla á fiskmörkuðum. Ég tel að slíkt fyrirkomulag mundi bæta eðlilega viðskiptahætti hér á landi, tryggja betur hag útgerðarinnar og reyndar einnig hag sjómanna. Það mundi auka almenn verðmæti úr sjávaraflanum og almennt verða til góðs fyrir íslenskt þjóðfélag þegar upp væri staðið. Maður skyldi því halda að það væri einnig kappsmál Sjálfstfl. að taka hér upp frjálsa verðmyndun á fiski.

Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan hlýtur að vera sú, miðað við hvernig Sjálfstfl. hefur tekið á þessum málum á undanförnum árum, að sjálfstæðismenn leggjast ævinlega á sveif með útgerðarmönnum og hjálpa þeim að skammta sér lægra fiskverð en þeir gætu fengið, eins einkennilegt og það er nú að menn sem veiða fisk skuli ekki vilja fá fyrir hann hæsta verð. Útgerðarmönnum er hjálpað við að binda það fyrirkomulag niður að hér á landi sé fiskverði útgerðanna handstýrt, m.a. til að halda niðri kaupi sjómanna og útgerðarmennirnir geti þá skammtað sér það sem afgangs er í arð fyrir auðlindina, í arð fyrir kíló af syndandi fiski.

Það skyldi þó ekki vera að meinið í allri þessari deilu sé að þeir sem fengið hafa handhöfn og eignarhald á aflanum syndandi í sjónum ætli sér sérstakt verð fyrir slíkt vald, að hafa aflann óveiddan á sinni hendi? Það skyldi þó ekki vera þess vegna að mönnum er svo í mun að ná fram lágu viðmiðunarverði, lágu viðmiðunarverði hlutaskipta — takið eftir að ég nefni hið nýja viðmið kjarasamninga. Er ætlunin að útgerðarmenn geti farið að reikna sér arð af kílóunum í sjónum og sagt við sjálfa sig: Hvað eigum við að fá til okkar af þessum arði, einir og sér? Ætli það sé ekki hluti af þessu máli?

Herra forseti. Ég held að það væri fróðlegt að fara í langa umræðu um verðmyndun á fiskafla og hvers vegna í ósköpunum menn standa í illvígum deilum frekar en að láta fiskmarkaðinn sjá um verðmyndunina, ekki bara á þessu ári heldur árum saman, áratugum saman. Það er óskiljanlegt að Sjálfstfl., flokkur sem kallar sig flokk frjálsrar samkeppni, skuli berjast fyrir því að halda þessu fyrirkomulagi óbreyttu.

Það er vitnað til annarra ákvæða í kjarasamningi Vélstjórafélagsins í þessu frv., t.d. um, eins einkennilegt og það er nú er, afmörkun helgarfría á netaveiðum fiskimanna. Það er sérstaklega talið upp í þessu kjaramálafrv. að skoða þurfi afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum. Það er alveg sérstakt mál fyrir Alþingi að koma að því og taka það atriði með.

Miðað við þessa upptalningu er ég hissa á að menn skuli ekki hafa sett inn í frv. að skoða þyrfti sérstaklega hversu mikinn frítíma sjómenn hafa í kjarasamningi sínum. Eins og ég hef vikið að hér áður þá hafa sjómenn að meðaltali um fjóra frídaga í mánuði, það er lágmarksréttur þeirra. Á sumum veiðum eru helgarfrí og hafa verið lengi. Ég held að það hafi ekki verið mjög miklar deilur um þessi helgarfrí. En hér er allt í einu sett inn í lagatexta að það sé sérstakt vandamál sem menn skuli velta sérstaklega fyrir sér, helgarfrí sjómanna á netaveiðum og afmörkun þess. Já, það er alveg sérstakt hvað menn taka sér fyrir hendur að kveða á um í lagafrumvörpum.

Auðvitað er meginatriði þessa máls, það sem er algjörlega óásættanlegt í því, að verið er að taka verkfallsréttinn af sjómönnum. Ég ætla að víkja aðeins að því, herra forseti, hvernig staðið hefur verið að málum eftir að boðað var til verkfallsaðgerða. Það liðu þrír sólarhringar frá því að verkfall skall á 16. mars þar til komið var fyrir Alþingi frv. um að aflýsa verkfalli sjómanna. Síðan var sæst á að setja því takmörk, að því skyldi frestað til 1. apríl. Það var talið mikið kappsmál að setja þau lög á þeim tímapunkti.

Ég lít svo á að með þeirri lagasetningu hafi verið um algjört skemmdarverk að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar á þróun kjaradeilunnar. Telja má að það hafi beinlínis orðið til þess að kjaradeilan hefur dregist svo á langinn eins og raunin hefur orðið. Ef kjaradeilan hefði haldið áfram frá því að verkfall hófst 16. mars þá hefði a.m.k. verið fullur þrýstingur í deilunni fyrstu daga þess. Það hefði kannski getað leitt til þess að menn hefðu náð samkomulagi á þeim dögum, meðan þrýstingurinn var sem mestur.

Eftir að kjaradeilan hófst að nýju 1. apríl var búið að taka þann þrýsting burtu sem var í verkfallinu frá 16. mars. Þannig var alveg ljóst, ekki síst með tilliti til þess að sjómenn höfðu verið keyrðir hart mánuðina og vikurnar á undan til veiða, enda vitað að það gæti dregið til verkfallsaðgerða, að þegar þeir voru sendir aftur út á sjó eftir fjóra daga og kæmu aftur inn í verkfallsaðgerðir 1. apríl þá væri enginn svakalegur samningsvilji. Þar fyrir utan verða öll inngrip í slíka kjaradeilu ævinlega til þess að upp kemur hnútur á viðræðurnar, sem mismunandi erfitt er að leysa. Það þekkja allir sem tekið hafa þátt í gerð kjarasamninga að slík inngrip valda því að það gengur frekar aftur á bak í einhverja daga en áfram. Það varð auðvitað raunin af þessu inngripi.

Núna er gripið í annað sinn inn í þessa kjaradeilu, herra forseti, og það er út af fyrir sig nýmæli, að tvisvar skuli

sett lög á sömu kjaradeiluna. Ég sagði fyrr í ræðu minni að mönnum færi fram, þ.e. stjórnarliðum, í lagasetningum á sjómenn. Ég tel að þegar verkfallið var sett á í mars hafi verið kominn nokkur gangur í þá deilu. Því var auðvitað mótmælt að gripið væri inn í kjaradeiluna á þeim tímapunkti. Auðvitað mótmæltu deiluaðilar því. Nú standa menn hins vegar, eftir sex vikur, frammi fyrir afleiðingum þessara inngripa, þ.e. þeim að samningar hafa ekki enn komist á. Afleiðingarnar eru einnig þær að samstaða sjómanna hefur verið brotin upp með tilheyrandi trúnaðarbresti á milli sjómannasamtakanna og jafnframt eru ákvæði í kjarasamningi „Laxdælu" sem eru algjörlega óásættanleg. Sjómannasamtökin voru búin að bjóðast til að miðað yrði við svokallaða raunmönnun, að raunmönnun yrði skoðuð eins og hún hefði verið á skipunum undanfarin ár og vinna sig út frá því. Hefði mönnum enn fækkað frá því sem þar var gert ráð fyrir þá hefði staðan breyst á milli sjómanna og útgerðar, einkum ef slík fækkun stafaði af nýrri tækni og aukinni vinnuhagræðingu um borð í skipunum og sýna mætti fram á það. Um það atriði í „Laxdælu" er sennilega ekki mikill ágreiningur. En um hitt atriðið, að ef mönnum fækki um borð í veiðiskipi þá skuli útgerðin fá hlut, eru menn mjög ósáttir, enda er verið að tala um fyrirkomulag sem verið hefur til fjölda ára.

Dæmið um matsveininn sem veikist og áhöfnin tekur að sér að vinna verkin hans er þannig að af 1,25 hásetahlut matsveinsins fær útgerðin 1/4 þó að áhöfnin taki að sér eldamennskuna, sjái til þess að veiðiferðin gangi fyrir sig og bæti á sig vinnunni, þá fær útgerðin 1/4 og áhöfnin 3/4. Þannig er það fyrirkomulag. Auðvitað hefði þurft að skoða þessi mál miklu betur og vinna þetta miklu betur en þessi útfærsla ber með sér, enda er það viðurkennt af þeim mönnum sem komu að þessari samningagerð að því miður hefðu verið gerð mistök í henni. Þannig er nú það, hæstv. forseti. Menn sitja uppi með frv. sem að hluta til er byggt á atriðum sem þeir sem gerðu samninginn hafa lýst yfir að væru mistök.

Sett voru lög um kjaramál sjómanna á árinu 1998. Þá komu m.a. inn ákvæði um Kvótaþing, Verðlagsstofu skiptaverðs og nánari ákvæði um úrskurðarnefnd. Þessi ákvæði voru lögfest hér á hv. Alþingi. Þeim ákvæðum var ætlað að draga úr deilum milli sjómanna og útgerðarmanna, m.a. um fiskverð og hvernig fiskverð myndaðist og til að koma í veg fyrir svokallaða kvótaþátttöku sjómanna. Það verður að segjast að þrátt fyrir að þessu hafi verið komið á þá eru menn enn á sama stað og enn er deilt um þessi atriði. Ég hef heyrt forustumenn sjómanna tala um að þeim fyndist í aðra röndina að þegar lög hafi verið sett til að ná ákveðnum markmiðum sem þó nást ekki þá standi það frekar upp á Alþingi að lagfæra slíkt en hitt, að gera það verra. Það sem menn óttast núna er að það sem nú stendur til verði til þess að ástandið í verðlagsmálum batni ekki heldur versni. Það er auðvitað óásættanlegt. Mér finnst að sjómenn hafi nokkuð til síns máls varðandi það að þegar lög sem Alþingi setur virka ekki þá beri frekar að lagfæra þau svo þau nái markmiðum sínum fremur en að snúið sé frá og sett á lög sem eru beinlínis í andstöðu við það sem áður var stefnt að með lögum árið 1998. Meðal annars þess vegna eru sjómannasamtökin ekki hrifin af þeim breytingum sem í frv. felast.

Herra forseti. Ég er að velta því fyrir mér að fara að ljúka máli mínu að þessu sinni og leyfa fleiri sjónarmiðum en ég hef gert að umtalsefni að komast að. Ég vonast hins vegar til, þar sem fyrir liggur að Sjómannasambandið hefur aflýst verkfalli sínu, að stjórnarliðar taki sér það fyrir hendur að skoða hvort ekki þurfi að endurskoða algjörlega frv. sem við erum hér að ræða, ekki eingöngu út frá yfirlýsingu Sjómannasambandsins heldur t.d. einnig út frá því sem fram hefur komið um Alþýðusamband Vestfjarða, sem mér var tjáð í morgun af mönnum vestur á fjörðum að hefði aldrei boðað til neinna verkfallsaðgerða. Það kann hins vegar að vera að staðan sé sú að verkbann LÍÚ verði þess valdandi og knýi það fram að lagasetningin nái til Alþýðusambands Vestfjarða. Það kann að vera, ég er ekki nógu lögfróður til að átta mig á því. Hitt er hins vegar alveg ljóst, að menn þurfa að skoða frv. alveg upp á nýtt í ljósi nýrra upplýsinga um að Sjómannasambandið hafi aflýst verkfalli.

Það væri náttúrlega eftir öllu öðru og eftir þeim litla samningsvilja sem LÍÚ hefur sýnt í allri þessari deilu ef þannig yrði í pottinn búið að yfirlýst verkbann LÍÚ yrði til þess að það yrðu jafnvel sett lög á menn sem ekki eru í verkfalli. Þá væru menn náttúrlega búnir að ná miklum árangri í að láta stjórnarflokkana þjóna markmiðum Landssambands íslenskra útvegsmanna með sérstöku afbrigði lagasetningar á Alþingi, herra forseti.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, kærlega fyrir yfirgripsmikla og ítarlega ræðu sem var um margt mjög upplýsandi. Mig langaði eingöngu til að spyrja hv. þm. um eitt í ljósi þess að hann hefur um árabil og raunar áratuga skeið verið í forustusveit sjómanna og síðan Farmanna- og fiskimannasambandsins og enn fremur lengstan hluta þess tíma einnig verið í forustusveit Sjálfstfl. á þeim tíma þar til um síðustu kosningar. Í ljósi yfirgripsmikillar þekkingar hans á innviðum beggja þessara samtaka og þess umhverfis sem við hrærumst í og erum hér að ræða lítur hann þannig á að Sjálfstfl. hafi breyst mjög í tímans rás og kannski á síðustu missirum og árum í þá veru að sýna meiri harðdrægni og miskunnarleysi og skilningsleysi á kjörum sjómanna og ekki síður í samskiptum við samtök sjómanna og verkalýðshreyfingarinnar almennt? Mér þætti fróðlegt að heyra viðhorf hv. þm. til þessara mála.

Ég hef þá tilfinningu að afstaða Sjálfstfl., þessa flokks allra stétta sem hann kallar sig á hátíðastundum, hafi breyst mjög í þessa veru og vísa m.a. til mjög harkalegrar ræðu hv. þm. Árna Johnsens og fleiri í þessu sambandi. Er Sjálfstfl. ekki raunverulega að koma núna út úr skápnum sem harður flokkur útgerðarmanna og atvinnurekenda á Íslandi og það sé hjóm eitt og hlægilegt, satt að segja, að hann reyni að sveipa um sig skikkju flokks allra stétta?

[15:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svara þessari fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar með mikilli ánægju. Ég er sammála honum í þeirri greiningu að Sjálfstfl. hefur breyst á undanförnum árum. Hann hefur breyst í hagsmunagæsluflokk fjármagnseigenda í landinu, hagsmunagæsluflokk útgerðarmanna. Hann hefur ýtt hagsmunum launþega til hliðar. Þannig held ég að Sjálfstfl. hafi breyst, það er sýn mín á flokkinn í dag.

Reyndar var það svo að meðan ég var í Sjálfstfl. var ég alltaf á öndverðum meiði við Sjálfstfl. varðandi kvótakerfi fiskveiða og stjórnkerfi fiskveiðanna. (Gripið fram í.) Ég sé að þeir gleðjast hér, fyrrverandi félagar mínir, og ég fagna því að hjarta þeirra getur enn þá glaðst í þessum sal.

Þeim spurningum sem hv. þm. bar hér fram er því einfaldlega hægt að svara með jái. Þetta hefur því miður verið þróun og vegferð Sjálfstfl. á síðustu árum.

[15:06]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þá hreinskilni og þann kjark sem hann sýnir hér þegar hann viðurkennir að tími hans í Sjálfstfl. hafi sumpart verið mistök og einnig hitt að ég tek auðvitað mikið mark á því þegar maður á borð við hv. 4. þm. Vestf. kemur hér og segir okkur hvernig háttað er til á stjórnarheimilinu, þ.e. í herbúðum stærsta stjórnmálaflokks landsins, Sjálfstfl. Ég er auðvitað ekki eins dómbær um það og hann, hafandi verið harður andstæðingur þessa flokks alla tíð og ekki síst nú. En þegar hv. 4. þm. Vestf. segir það hreint út að af eigin kynnum hafi hann skynjað það og skilið að Sjálfstfl. sé kominn út úr skápnum, sé ekki lengur flokkur allra stétta heldur hagsmunagæslusamband atvinnurekenda og útgerðarmanna, bið ég hv. þm. Guðmund Hallvarðsson sérstaklega að leggja við eyru.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki mörgum orðum við þetta að bæta öðrum en þeim að beina því til launþega að þeir endurskoði afstöðu sína til stuðnings við núverandi ríkisstjórn.

[15:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil á sama hátt og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir merka og góða yfirferð, ekki síst varðandi lífeyrissjóðsmál sjómanna. Kannski hefði farið betur á því að hv. stjórnarþingmenn sem ætla að styðja þetta frv. hefðu verið í salnum og hlýtt á þennan akademíska fyrirlestur hv. þm. en því miður voru þeir fáir.

Ég og hv. þm. vorum saman á fundi í nótt þar sem farið var yfir þetta frv. til laga og mig langar að spyrja hann um mat hans á afstöðu Sjómannasambandsins varðandi aflýsinguna á verkfallinu. Er það ekki vegna þess að það er kalt mat Sjómannasambandsins að frv. leiði til kjaraskerðingar, gerðardómnum séu gefnar línur í frv. þannig að þeir hafi metið það þannig að betra væri að aflýsa verkfalli í von um að halda málum í því horfi sem þau eru núna í staðinn fyrir að upplifa og standa frammi fyrir kjaraskerðingu með þessu frv.?

[15:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi komið greinilega fram í máli forustumanna Sjómannasambandsins í nótt að þeir teldu betra af kannski tvennu illu að þurfa að búa við sinn gamla kjarasamning en að þurfa að una því að fá yfir sig það sem „Laxdæla“ átti að færa þeim og þau lög sem eru byggð á því. Ég er því sammála þingmanninum um þann skilning að þannig túlkuðu forustumenn Sjómannasambandsins þetta að það gæti orðið sú staða að það væri skárra fyrir þá sem þeir hafa svo metið þannig að þeir vilja aflýsa verkfallinu, að vera á sínum gamla samningi.

[15:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annað atriði. Rætt hefur verið um alþjóðlegar skuldbindingar okkar hvað varðar rétt stéttarfélaga og vinnudeilur, samninga sem við höfum skrifað undir. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti verið sammála mér í þeirri túlkun að þær leiðbeinandi línur sem eru gefnar í frv. til gerðardómsins, sem leiðir e.t.v. til svipaðrar niðurstöðu og vélstjórar hafa samið um, að við munum ekki að hans mati lenda í vandræðum, málaferlum og jafnvel dómum í kjölfar á þessu frv., ef það verður að lögum.

[15:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að 2. gr. í þessu frv. vísi það skýrt til ákveðins kjarasamnings og mæli það skýrt fyrir um hvað gerðardómurinn skuli gera, gerðardómurinn skal ákveða og það segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal gerðardómurinn ákveða eftirfarandi um kjaramál fiskimanna í þeim samtökum sem nefnd eru í 1. gr.:“ — Síðan kemur atriðaupptalning sem er öll byggð á kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands. Þarna eru gefin afar stíf fyrirmæli um það hvernig gerðardómurinn á að vinna. Ég held að það sé misráðið þegar menn setja upp gerðardóma að svo stíf fyrirmæli skuli sett inn.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Stundum er sagt að verkin sýni merkin og ýmis fleiri góð orðatiltæki eru um það höfð að það eigi að dæma menn af verkum sínum en kannski síður af hinu sem þeir segja því að ekki reynast alltaf miklar innstæður á bak við það hjá sumum sem vantar ekki að taki sér hátíðleg orð í munn en gera svo kannski eitthvað allt annað. Ég held að þetta sé ágætt dæmi sem við höfum hérna í höndunum um að verkin sýni merkin, og þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar, eins og það var lagt fram hér fyrst á þingi, eigi eftir að verða lengi í minnum haft. Ég held að það eigi eftir að verða lengi í minnum haft að ein ríkisstjórn í landinu, stjórnarflokkar, meiri hluti, heimilaði framlagningu málsins án fyrirvara. Menn létu sig hafa það að standa að framlagningu stjórnarfrv. sem átti að svipta fjölmenna stétt í landinu samnings- og verkfallsrétti í næstum hálfan áratug, hengja hana utan á samning sem aðrir höfðu gert, fámennur hópur annarra launamanna hafði gert og vitað var fyrir fram að var ákaflega andstæður þeim sem við áttu að búa eða undir áttu að færast með þessum gerðardómsákvæðum. Þetta frv. verður kannski fyrst og fremst verðmætt þegar frá líður sem safngripur, sem sýniseintak yfir það hvað mönnum getur dottið í hug þegar hugarfarið er eins og raun ber vitni hjá hæstv. ríkisstjórn.

Fjögur og hálft ár áttu það að vera sem sjómenn áttu að vera bundnir af niðurstöðu gerðardómsins þó að honum væri gert að vinna samkvæmt forsendum sem forustumenn viðkomandi stéttarfélaga, Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins, höfðu lýst sig algerlega andvíga.

Það er fróðlegt, herra forseti, að velta því fyrir sér vegna þess sem ég sagði um að verkin sýni merkin og það sé kannski meira mark á því takandi hvernig menn birtist í gegnum gjörðir sínar en endilega fögrum fyrirheitum eins og „fólk í fyrirrúmi“ eða „stétt með stétt“. Þetta eru kunnugleg slagorð, er það ekki, sem tengjast báðum stjórnarflokkunum?

Fyrir hverja er þessi ríkisstjórn og hverjum hefur hún þjónað? Hverjir geta með réttu talið sig hafa verið í skjóli af henni? Það eru ekki sjómenn, það er a.m.k. alveg á hreinu. Það var ekki á þeim að heyra utan við Alþingishúsið áðan að þeir teldu sig eiga góðu að mæta hjá ríkisstjórninni, einstökum stjórnarþingmönnum eða hæstv. ráðherra.

Hvernig hefur sambúð þessarar ríkisstjórnar verið við til dæmis öryrkja? Hvernig hefur það gengið fyrir sig? Þeir hafa mátt sæta því að ríkisstjórnin hefur af fádæma hörku

þvælt málum þeirra fyrir dómstólum, dómstig af dómstigi, gjörtöpuðum málstað. Þegar hún svo loksins er dæmd af Hæstarétti þá fer hún að eins og raun ber vitni, með ósköpum og dregur allar æðstu valdastofnanir landsins niður í svaðið með sér, þar með talið forustuna hér á þingi og Hæstarétt, til þess eins að hafa af öryrkjum að hluta það sem þeim hafði áður verið dæmt í Hæstarétti.

Eigum við að taka aldraða? Hefur þessari ríkisstjórn verið sérstaklega annt um hagsmuni þeirra? Hvernig hefur sambúðin verið þar? Hvernig hafa samskipti forustumanna aldraðra verið við þessa ríkisstjórn? Jú, þau hafa verið með sama sniði. Þar hafa gengið á víxl mjög harðar ásakanir og þeir hafa ítrekað mátt efna til fjöldafunda á undanförnum árum til þess að mótmæla kjörum sínum og krefjast réttar af ríkisstjórninni.

Við gætum tekið námsmenn sem telja sig sömuleiðis ekki hafa verið ofhaldna af samskiptum við þessa ríkisstjórn. Við gætum tekið íbúa landsbyggðarinnar almennt sem hafa sætt ótrúlegu tómlæti af hálfu þessarar ríkisstjórnar þó að byggðarlögin vítt og breitt eigi í miklum erfiðleikum, búi við fólksfækkun, tekjumissi o.s.frv. Sveitarfélögin á landsbyggðinni hafa sömuleiðis verið í miklum erfiðleikum. Varla hrósa þau hástöfum sambúðinni við þessa ríkisstjórn eða ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar.

Hins vegar man ég ekki eftir því, herra forseti, að hlutabréfaeigendur hafi boðað til mótmæla á Austurvelli. Ég man ekki eftir því. Ég hef bara satt best að segja ekki heyrt nokkurt einasta múkk úr þeirri átt. Væntanlega er sú þögn til marks um það að þeir uni ágætlega sínum hag eða fjármagnseigendur. Enda mega þeir vel við una. Hlutabréfaeigendum var t.d. gefin ein af stærri gjöfum Íslandssögunnar þegar skattskil af söluhagnaði hlutabréfa voru færð niður úr venjulegum prósentum og niður í 10% eins og um arð af fjármagnstekjum væri að ræða. Fjármagnseigendur una almennt prýðilega við sinn hlut, þeir sem enn eru eftir í landinu. Að vísu hafa margir tekið til fótanna að undanförnu og róið á önnur mið.

Auðvitað er það þannig að þegar upp er staðið þá er það þar sem hjarta ríkisstjórnarinnar slær. Væntumþykjan er öll þá hliðina. Það er mikill misskilningur og algjör ómagaorð þegar einstakir þingmenn stjórnarliðsins koma og ætla, jafnviðeigandi og það nú er, að tjá aðdáun sína, ást og virðingu á sjómannastéttinni, eins og hér gerðist í umræðunum í gær. Um leið og kemur að hinum raunverulegu hagsmunum sem stjórnarflokkarnir eru að verja þá vantar ekki viljann til verka. Þá er gripið til lagasetningarinnar eins og við sjáum m.a. í þessu frv.

Reyndar, herra forseti, væri líka gaman að velta fyrir sér hvaða framtíðarsýn ráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa nú um stundir. Hæstv. utanrrh. mátti vera að því að koma við á ársfundi Útflutningsráðs núna fyrir skemmstu. Þar hafði hann þá dapurlegu framtíðarsýn fram að færa að hér yrði allt í eymd og volæði ef ekki kæmi til stóraukin erlend stóriðja. Það yrði að reyna að fá útlendinga hingað með fabrikkur og gefa þeim rafmagnið, eða svo gott sem, því annars yrði hér eymd og volæði. Þetta var einkunnin sem hæstv. utanrrh. gaf undirstöðum þess efnahags- og atvinnulífs sem núna er í landinu, að þar væri bara dauði og djöfull fram undan, svo ég noti mín orð um það, ef ekki kæmi þessi erlenda stóriðja.

Það skyldi nú ekki vera svo að sjómenn væru í þessu máli öðrum þræði fórnarlömb þess að ríkisstjórnin er að fara á taugum. Hún er að fara á taugum út af efnahagsástandinu og er svo sem skiljanlegt því að þrátt fyrir tilraunir til að halda gengi krónunnar uppi með handafli síðustu daga, sem hafa birst í því að fá stóra aðila til þess að flytja fjármagn til landsins, þá gengur ekki betur en raun ber vitni. Þrátt fyrir allt handaflið, sem menn hafa auðvitað í gegnum tröllatök sín á fjármálastofnunum og stórum fyrirtækjum í landinu, þá gengur það ekki betur, í þeim svokallaða tebolla sem menn kalla gjaldeyrismarkað á Íslandi. Fróðlegt væri að fara yfir það hversu margir stunda viðskipti á honum. Millibankamarkaður, þetta hljómar voðalega fínt eins og hér séu tugir banka sem versli á þessum markaði og mörg hundruð manns sem þarna kaupi og selji. En það er nú öðruvísi. Þetta er ekki stærri heimur en svo að fjármagnstilfærslur einstakra stórfyrirtækja eða lífeyrissjóða geta haft veruleg áhrif á gengi krónunnar, a.m.k. í nokkra daga í senn. Það hafa menn reynt að gera hér að undanförnu, að halda þessu meira og minna uppi með handafli.

Taugaveiklunin hefur farið vaxandi og einhvers staðar hefur einhver sprungið á laugardaginn var. Þá var ýtt á hnappinn, ljósritunarvélarnar settar í gang og frv., sem legið hafði í skúffu sjútvrh., var fjölfaldað í hvínandi hvelli og því dreift hér eins og frægt varð.

Frv. þetta var ekki betri smíði en svo, herra forseti, að nú hafa sjálfir aðstandendur þess, meiri hlutinn á Alþingi, viðurkennt að það var ónýtt. Það var óbrúklegt og ekki nokkur leið að forsvara að afgreiða það eins og það var lagt fram. Hver er það þá sem hefur orðið sér til skammar, herra forseti? Hæstv. forsrh. var það borubrattur í umræðum um störf þingsins að hann taldi að stjórnarandstaðan hefði orðið sér sérstaklega til skammar með því að andæfa þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið uppi höfð.

Má ég spyrja, herra forseti, eru þeir á braut gengnir og burtkallaðir, sjútvrh. og forsrh. og aðrir slíkir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar sem eðlilegt væri að væru til staðar við umræðuna?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Út af þessum orðum hv. þm. skal þess getið að sjútvrh. er hér í húsinu.)

En hæstv. forsrh.?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Hann er því miður ekki í húsinu.)

Nei, hæstv. forsrh. hefur þetta gjarnan þannig þegar hann er í stuði. Hann lítur við í þinginu og hreytir úr sér, gusar ónotum í stjórnarandstöðuna, skætingi af því tagi sem við sættum hér í gær, að það væri alveg sérstaklega skammarlegt hvernig stjórnarandstaðan hefði leyft sér að mótmæla vinnubrögðum og kvarta undan því hvernig að málum hefði verið staðið. En hæstv. forsrh. skammast sín sennilega ekki fyrir eigið frv. eða ríkisstjórnar sinnar sem þeir urðu að viðurkenna hér undir kvöldið í gær að væri náttúrlega gjörsamlega óbrúklegt. Ríkisstjórnin sá sér þann kost vænstan, meiri hluti hennar í gærkvöldi og í nótt, að fara með dálkinn á loft og skera sjálfan sig niður úr snörunni og henda út úr 3. gr. því ljótasta sem þar var, sem hefði augljóslega leitt til þess að ríkisstjórnin hefði koltapað í málaferlum um hversu langt var gengið í að hafa af sjómönnum samningsrétt og verkfallsrétt. Ég held að það hefði orðið leitun að þeim lögfræðingi sem hefði treyst sér til að verja skerðingu mannréttinda fjölmennrar stéttar í tæpan hálfan áratug eins og til stóð.

Það er því miður þannig, herra forseti, að meiri hluti sjútvn. skammaðist sín þó ekki nóg og hefur gengið þannig frá brtt. að hún er líka óbrúkleg. Í henni er eitt eitrað orð, herra forseti, sem á að henda út, þ.e. orðið „skyldra“ í síðasta málslið seinni málsgreinar brtt. Þar segir með öðrum

orðum, herra forseti, um gerðardóminn fræga að ákvarðanir hans skuli vera bindandi o.s.frv. frá gildistöku laganna og hann skuli hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. „Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga."

Annarra skyldra kjarasamninga. Til hvers er verið að vísa með þessu orði? Hvað eru skyldir kjarasamningar, þeim sem hér á í hlut, þ.e. einhver rammi um kjör sjómanna? Það er ansi hætt við því að mönnum detti fyrst í hug eini kjarasamningurinn sem í dag liggur fyrir við hluta sjómannastéttarinnar, samningur vélstjóra. Þannig er verið að reyna að smygla þessu inn áfram, dulbúnu með þessu orðalagi. Eða hvað vakir fyrir mönnum og af hverju er verið að setja inn þetta orðskrípi þarna, „skyldra", í þessu samhengi?

Nei, það er greinilegt að það á að reyna að halda þarna inni eins miklum neglingum og menn þora, þrátt fyrir að meiri hlutinn hafi viðurkennt að þetta gangi engan veginn eins og þetta var.

Það hefur síðan borið til, herra forseti, að Sjómannasamband Íslands, sem eru heildarsamtök sjómanna og með yfirgnæfandi meiri hluta fiskimanna í sjómannastétt á Íslandi innanborðs, hefur aflýst verkfallinu. Þar með er ljóst að stærsti einstaki hópurinn er kominn úr myndinni og þetta frv. verður að taka breytingum í samræmi við það. Auðvitað er þá langeðlilegast að henda frv. og þó fyrr hefði verið. Það *átti náttúrlega aldrei að koma fram í þeirri mynd sem það* var. Í öllu falli er ljóst að út úr frv. hljóta að fara öll ákvæði sem lúta að félagsmönnum Sjómannasambands Íslands.

Það er auðvitað óeðlilegt annað, í ljósi þess að sjómenn munu væntanlega taka kjör samkvæmt síðastgildandi samningi sem að vísu er runninn út fyrir meira en ári — sjómenn höfðu verið samningslausir í meira en ár þegar þeir fóru í verkfall — en reynt sé að raska sem allra minnst því kjaralega umhverfi sem sjómenn bjuggu við þegar þessi kjör þeirra voru ákveðin á sínum tíma. Þar með talið eiga þá auðvitað líka að fara út ákvæði um breytingu á Kvótaþingi og öðrum slíku sem voru hluti af kjaraumgjörðinni þegar frá henni var gengið, þó það bæri að vísu að með þeim hætti sem allir þekkja.

Hv. sjútvn. hefur því ærin tilefni til þess að setjast yfir þetta mál á nýjan leik. Það liggur fyrir að hún mun gera það. En ég fer eindregið fram á það, herra forseti, að menn athugi á nýjan leik orðalag þeirrar mislukkuðu brtt. sem var lögð fram í nótt. Hún þarf hvort sem er að kallast aftur. Ég geri ráð fyrir því að gáfulegast væri að afgreiða í einum pakka breytingarnar á frv. við 3. umr. Þá ætti að mínu mati að láta líta vandlega á það hvort orðalagið samkvæmt brtt. sé ekki jafnóskynsamlegt og í upphaflegu ákvæði frv. vegna þess að þarna er reynt að ganga í sömu átt, þó að það sé ekki sagt jafnberum orðum og áður var gert að taka eigi mið af samningi Vélstjórafélagsins.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta er eingöngu svona orðað í því tilviki sem gerðardómurinn á að ákveða gildistíma úrskurða sinna. Þegar um er að ræða hin efnislegu viðmið gerðardómsins þá er eingöngu talað um að hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafi verið á undanförnum mánuðum. Þar er ekki talað sérstaklega um eitthvað sem heita „skyldir kjarasamningar". Það væri nú fróðlegt að hv. formaður sjútvn., Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Vestfirðinga, færi aðeins yfir þessa ættfræði kjarasamninganna fyrir okkur. Hvers konar frændsemi er þarna verið að tala um, þessi skyldleiki tiltekinna kjarasamninga? Ég vil gjarnan fá skýringar á þessu. Mér er alvara. Það skiptir máli þegar menn eru að lögfesta texta af þessu tagi að þar sé ekki þoka og reykur. Hvað er verið að segja þarna nákvæmlega?

Hvers konar skyldleiki er þetta? Til hvers er verið að vísa? Eru t.d. kjarasamningar lækna algjörlega óskyldir en kjarasamningar iðnverkamanna eitthvað skyldir, er það frændsemi? Er vélstjórasamningurinn kannski bræðra- eða systrasamningur? Það verður að vera einhver merking í þessu, herra forseti, ef það á að hafa eitthvað upp á sig að setja svona á blað, nema menn séu gagngert að reyna að véla um málin, læða þessu inn svo að síðar meir sé hægt að nota það sem tátyllu fyrir einhvers konar pólitískan úrskurð. Hvað er hér á ferðinni?

Ég óska eftir því að hv. formaður sjútvn. skýri þessa hluti og að þetta verði gert skýrt. Ekki er það gert í nál. eða með lögskýringargögnum þannig að það er auðvitað algjörlega óþolandi að vera að búa sér til atriði af þessu tagi sem síðan er hægt að rífast um og hártoga. Fyrst og fremst á þetta orð auðvitað að fara út og í raun ættu allar þessar viðmiðanir að fara út. Þær eru allar saman hneyksli. Ef menn ætla að setja gerðardóm, hlutlaust skipaðan gerðardóm í það að kveða niður kjaradeilu þá á engar forsendur að leggja honum til af þessu tagi. Hann á að fá að vinna sitt verk algjörlega óbundinn af nokkrum þvingunarskilyrðum sem yfir hann eru settar með þessum hætti. Það á að vera hans og hans sjálfs að meta í hvaða samhengi hann setur sinn úrskurð, við hvað hann miðar, hvort heldur er um efnisinnihald, tímalengd eða annað því um líkt. Það er bara áframhald á sömu valdhyggjunni, nauðhyggjunni, að ríkisstjórnin ætli sér samt að ráða í aðalatriðum hvernig þetta verður neglt niður.

Herra forseti. Öll þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar eru náttúrlega stórkostlega ámælisverð. Ég held að langt sé síðan að menn hafa farið með vald sitt á þann hátt sem ríkisstjórnin hefur gert nú í vetur í samskiptum við sjómenn. Það er sjaldgæft, herra forseti, að stétt sem á í kjaradeilum sæti því á einum og sama vetrinum, svo gott sem í sama mánuðinum að fá tvisvar sinnum lög yfir sig eins og nú er í bígerð. Tvisvar sinnum ætlar ríkisstjórnin að grípa inn í þessa deilu með lagaíhlutun, fyrst í mars og svo aftur núna í maí. Það segir allt sem segja þarf um það virðingarleysi sem menn sýna því að frjálsir aðilar með samningsrétt og verkfallsrétt eigi að hafa frið til þess að leysa sín mál, ábyrgðin verði að vera á þeirra herðum þótt mikil sé og menn hlíti þeim leikreglum sem þeir þannig setja sér. Þessi ríkisstjórn hefur greinilega engan áhuga á að gera það.

Það er mjög líklegt, herra forseti, eða manni finnst ekki ólíklegt að einhverjir verði til þess að láta reyna á lögmæti þessa gjörnings, ef af verður, og að í þeim efnum verði þá farin svipuð leið og Öryrkjabandalag Íslands fór fyrir hönd félagsmanna sinna, eða þá einhver einstaklingur eða hópur einstaklinga sem hér á í hlut, að menn láti reyna á lögmæti þeirrar aðgerðar að svipta menn þessum réttindum í svo ríkum mæli sem raun ber vitni og svo lengi, eins og kann að verða niðurstaðan. Þá er afar líklegt að málssókn byggist á sömu forsendum og gerði í öryrkjamálinu svonefnda, þ.e. nýsettum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og önnur mannréttindi, með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Það er alls ekki ólíklegt að lögskýringarnar eða túlkunin verði þá með svipuðum hætti, að þessi afdráttarlausu mannréttindaákvæði eru komin í nýtt samhengi. Túlkunin var sú að lesa bæri stjórnarskrárákvæðin í samhengi við hina alþjóðlegu réttar-

þróun og þá þær alþjóðlegu þjóðréttarlegu skuldbindingar sem við höfum undirgengist og það gæti leitt mann inn á það spor að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar yrðu túlkuð með hliðsjón af þeim ákvæðum samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem Ísland hefur undirgengist. Og þá fer nú að harðna á dalnum, óttast ég, fyrir hæstv. ríkisstjórn og maður fer að velta því fyrir sér eins og maður hefur stundum áður gert hvort þeir hafi beinlínis gaman af því, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og félagar, að vera dæmdir á nokkurra mánaða fresti fyrir mannréttindabrot. Ég er algjörlega viss um það, það er ekki efi í mínum huga að ef frv. hefði gengið fram óbreytt þá hefði ríkisstjórn Íslands skíttapað máli á öllum dómstigum í ljósi þess hvernig menn eru farnir að túlka réttinn að þessu leyti. Ef fyrir hefði legið gerðardómur sem hefði vísað í lögin til rökstuðnings því að láta gerðina standa í fjögur og hálft ár þá er ekki minnsti vafi í mínum huga um að það heila móverk hefði allt saman verið dæmt ólöglegt.

Ég tel verulegar líkur á að svo verði gert jafnt þótt menn geri þessar breytingar sem sumpart horfa til nokkurra lagfæringa en eru þó tortryggilegar og gerðar mjög tortryggilegar, m.a. með því orðalagi sem ég vék að í síðasta málslið 2. mgr. brtt.

Herra forseti. Að síðustu er mér svo nokkuð ofarlega í huga hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur tekist, má segja upp að vissu marki, og/eða þeim öflum sem hún er hér í bandalagi við að sundra að hluta til samstöðu sjómanna. Því miður verður að horfast í augu við að sjómannasamtökunum, þessum þrennu heildarsamtökum sem lögðu af stað í samfloti í þessa löngu og erfiðu deilu og héldu hópinn lengi vel, hefur ekki auðnast, þau hafa ekki borið gæfu til þess að standa saman allt til enda. Það er mjög miður og ég ætla að leyfa mér að segja það hér að ég harma það. Ég tel það mikla ógæfu fyrir sjómenn. Ég ætla auðvitað ekki að öðru leyti að blanda mér í það sem þar gerðist. Þeirra er að bera ábyrgð og svara fyrir sem þar eru í forsvari og þannig hlýtur það að vera. En við hljótum þó, og ég a.m.k. ætla mér að leyfa mér það, að hafa á því skoðun að þetta hafi ekki verið heppilegt. Það geri ég sem verkalýðssinni og sem stuðningsmaður þess að sjómenn eins og aðrar stéttir í landinu geti beitt samtakamætti sínum til þess að knýja fram eðlilega niðurstöðu um kaup og kjör. Það hefur ekki tekist sem skyldi, því miður, og enginn vafi er á því að það er hluti af því í hversu ógæfulegum farvegi málin eru nú komin.

Herra forseti. Það ónotalega í því sambandi er sú tilfinning að stjórnvöld og/eða bandamenn þeirra hafi sameiginlega gert út á það að reyna að veikja samstöðu sjómanna og eigi sinn hlut að máli gagnvart því að ekki tókst að halda hópinn. Það er því miður það sem maður hefur mjög ónotalega á tilfinningunni, og heyrir frá mörgum sem þekkja til bak við tjöldin og innan búðar í þessum herbúðum, að hrært hafi verið í sjómannasamtökunum og einstökum forustumönnum þar, svo vægt sé nú til orða tekið, og allt gert sem hægt var af hálfu samtaka útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar til að reyna að hafa þar áhrif á menn og koma því til leiðar að barátta sjómanna veiktist í gegnum það að þeir næðu ekki að halda hópinn allt til enda í þessari orrustu. Það er auðvitað mjög dapurlegt.

Þetta minnir mann á Thatcher-tímann þegar það var auðvitað markviss og þaulskipulögð úthugsuð stefna ríkisstjórnar frú Margrétar Thatcher — og hún er sögð eiga aðdáendur í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og það ekki valdalausa einstaklinga þar á bæ — að mola verkalýðshreyfinguna m.a. með því að reyna að sundra henni og taka einstakar stéttir fyrir og halda á því sýnikennslu hvernig þeim væri refsað og þeim látið blæða út þess vegna í endalausum og vonlausum verkföllum af því að gefin var sú dagskipun að það kæmi ekki til greina að semja við þá. Frægasta dæmið er að sjálfsögðu verkfall kolanámumanna sem stóð talsvert á annað ár og allir vita að á bak við var frú Thatcher með sitt lið og lagði hlutina þannig fyrir að þetta skyldi verða mönnum víti til varnaðar, að nú yrði mönnum sýnt í tvo heimana og það skyldi aldrei koma til greina að gera neina samninga við þessa menn heldur skyldu þeir brotnir á bak aftur öðrum til viðvörunar. Maður spyr sig auðvitað að því hvort að einhverju leyti sé sami þankagangurinn hér á ferðinni, þ.e. að beinlínis sé verið að gera í því að sundra samstöðu sjómanna og veikja baráttu þeirra með ýmsum aðferðum. Herra forseti. Ég læt það eftir mér að tjá hér hugrenningar mínar í þá átt ósköp einfaldlega vegna þess sem maður hefur á tilfinningunni og hefur heyrt og er altalað reyndar meðal þeirra sem til þekkja.

Herra forseti. Að síðustu ætla ég að nefna það að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður sjútvn., hélt hér uppi, sem út af fyrir sig er skiljanlegt og maður á kannski að virða honum til vorkunnar að reyna að gera, vörnum fyrir vinnubrögð sjútvn. í þessu máli. Ég ætla bara að nefna það þingsins vegna og upp á framhaldið, ekkert endilega það sem á eftir að gerast í umræðum um þetta mál eða vinnu að því heldur svona til þess að menn fari ekki að festa sjálfa sig í rökfræðilegum ógöngum, hroðalegum rökfræðilegum ógöngum, að stjórnmálafræðimenntaður maður eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem er nokkuð þingreyndur maður reynir að halda því fram að það séu vönduð og ítarleg vinnubrögð að taka fyrir frv. af þessu tagi, bandorm sem breytir einum fimm lögum, fellir úr gildi lög um Kvótaþing, grípur inn á samningsrétt, er í samhengi við stjórnarskrárákvæði, alþjóðlega þjóðréttarsamninga og þar fram eftir götunum, rétt fyrir miðnætti og fjalla um það í tvo, þrjá klukkutíma eða hvað það nú var á næturfundi og þar með búið, að þetta séu fullnægjandi og vönduð vinnubrögð. Ég ætla að vona að hv. þm. reyni ekki oftar að halda þá ræðu. Það er miklu gáfulegra að segja sem svo að því miður hafi aðstæðurnar verið þannig og bla, bla, bla að menn urðu að hraða vinnu við málið. Það var ekki hægt að senda það út til umsagnar. Það var ekki hægt að kalla til nálægt því alla sem óskað var eftir. Það var ekki hægt að senda félmn. vinnuréttarþættina til umsagnar o.s.frv.

Er hv. þm. nokkuð að reyna að halda því fram að það séu almennt talað fullnægjandi vinnubrögð hér að stórir og viðamiklir frumvarpsbálkar séu teknir fyrir í tvo, þrjá klukkutíma og síðan hent hér inn í þingið aftur til afgreiðslu? Ég vona ekki. Við skulum því bara hlífa okkur við því að ræða málin á þeim nótum. Það er miklu skárri málsvörn, ef ég má leyfa mér að stinga upp á því við hv. þm., að vísa til þeirra aðstæðna sem hafi þvingað fram þessi vinnubrögð af hálfu meiri hluta sjútvn. en ekki það að þeir telji þau vönduð eða fullnægjandi o.s.frv. Það held ég að við ættum ekki að segja svona fordæmisins vegna gagnvart öðrum málum og vinnu hér almennt.

[15:43]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. spurði mig um skilning minn á setningunni, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá leggur meiri hlutinn til að við ákvarðanir um gildistíma geti gerðardómurinn haft til hliðsjónar gildistíma annarra skyldra kjarasamninga."

Mér er ljúft að endurtaka það sem ég sagði í umræðum um þetta í morgun. Ég vakti athygli á því og sagði að að sjálfsögðu þýddi þetta það að gerðardómurinn gæti tekið tillit til samninga Vélstjórafélagsins og LÍÚ. Það gefur augaleið. Og sá samningur sem þar um ræðir er vitaskuld hluti af þeim samningum sem hafa verið gerðir upp á síðkastið og er þess vegna ákveðin leiðsögn í þessu máli. En gerðardómurinn er ekki bundinn af þessum samningi eða neinum einstökum samningum og út á það gengur þessi brtt. Það er því auðvitað ekki svo. Hv. þm. var öðrum þræði að gagnrýna það að verið væri að leggja of mikla leiðsögn fyrir kjaradóminn en um leið að kalla eftir nánari útskýringu á þessari setningu. Í því felst auðvitað mótsögn. Um leið og við erum að breyta frv. á þann veg sem ég var hér að fara yfir og breyta orðalagi frv. þá er ekki um leið hægt að setja niður nákvæma útlistun á því umfram þetta sem hér hefur verið sagt og ég hafði þegar sagt í þessari umræðu.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. um að leggjast ekki í útúrsnúninga. Að sjálfsögðu er engin mótsögn í því að spyrjast fyrir um hvaða skilningur sé lagður í orðalag, eigi það að standa svona. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef menn eru að setja gerðardóm þá eigi ekki að gefa honum nein fyrirmæli af þessu tagi yfir höfuð. Það er nú einu sinni hugsunin, að það sé hlutlaus gerð sem sé kveðin upp en það er byrjað að hnika því til með því að gefa honum forsendur sem geta verið umdeilanlegar og ágreiningur verið um, ég tala nú ekki um ef það liggur fyrir.

Það sem ég spurði um, herra forseti, var ekki í nokkurri mótsögn við það sem ég sagði að öðru leyti. Ég var að spyrjast fyrir um hvaða skilning ætti að leggja í þessi orð ef þau ættu að standa þarna inni. Ég er hins vegar andvígur þeim og tel að þau eigi að fara út.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég harma hvernig hv. þm. leggur þessa hluti upp vegna þess að það er verið að reyna að smygla í gegnum þetta orðalag þeim anda frumvarpsins sem áður var hafnað með því að vísa með óbeinum hætti, væntanlega fyrst og fremst í samning vélstjóra. Segjum að Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga geri annan samning sem sé að langmestu leyti hliðstæður vélstjórasamningnum og kannski eitt félag í viðbót. Væru það þá ekki orðnir skyldusamningarnir, fleirtalan komin?

Þá erum við nánast komnir á byrjunarreit og gerðardómurinn kominn með upplegg sem stýrir honum að verulegu leyti í þann farveg að ljósrita vélstjórasamninginn ofan í afganginn af sjómönnum.

Það er skollaleikur, hv. þm. Þetta orðalag á auðvitað að fara út og ég trúi ekki öðru en það hverfi úr brtt. meiri hlutans við 3. umr.

[15:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er orðin þó nokkuð löng og á sjálfsagt eftir að lengjast eitthvað samt. Ýmislegt hefur gerst frá því í umræðunni um málið í gær og er vert að velta aðeins fyrir sér því sem hefur breyst.

Í fyrsta lagi hefur það breyst að stjórnarliðið, ríkisstjórnin, hefur hrakist til baka með naglalegustu ákvæðin sem voru þarna inni og orkuðu mest tvímælis. En sú grundvallargjörð sem er á bak við þetta mál er auðvitað öll hin sama eftir sem áður. Hér á með lagasetningu að grípa inn í samningaferli milli sjómanna og útvegsmanna.

Þá breytingu sem gerð var á frv. í meðförum nefndarinnar ber að mínu viti að skilja þannig að ekki séu fyrirmæli til gerðardómsins um að taka tillit til einhverra ákveðinna samninga. Það hlýtur að verða fullkomlega á ábyrgð gerðardómsins að fara nákvæmlega yfir það. Varðandi orðalagið, sem hv. formaður sjútvn. og hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddu um, tek ég undir að heppilegra væri ef menn sameinuðust um að gera á því breytingu og taka út allar hugsanlegar viðmiðanir við aðra samninga. Það á auðvitað að vera fullkomlega á færi gerðardómsins að taka afstöðu til þess sem miða á við til að ná skynsamlegri niðurstöðu.

Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að tala um það sem var hér inni um þann langa gildistíma samningsins sem til stóð. Ég tel að það liggi í augum uppi að verði kveðið úr um kjaramál með gerðardómi þá komi það ekki til greina til svo langs tíma. Eðlilegast væri að það yrði gert til eins árs og ekki lengur. Aðilar fengju þar með tækifæri til að skipa sínum málum með eðlilegum hætti.

Þessu til stuðnings hafa bæst við þau rök að nú hefur Sjómannasamband Íslands aflýst verkfalli sínu. Það liggur þess vegna fyrir, vegna þeirra yfirlýsinga sem hér hafa komið fram frá hæstv. sjútvrh. og reyndar fleiri aðilum stjórnarliðsins, að Sjómannasambandið verður ekki undir þeim lögum sem hér á setja. Það þýðir auðvitað að sjómenn og útvegsmenn, Sjómannasamband Íslands og útvegsmenn, þurfa að fara í nýjar samningaviðræður. Enginn veit hver niðurstaðan verður af þeim samningum. Þeir sem þurfa að hlíta þeim niðurstöðum sem gerðardómur kemur til með að kveða upp mega ekki vera bundnir árum saman án þess að fá tækifæri til að endurskoða sín mál eftir að Sjómannasambandið hefur náð samningum við útvegsmenn. Ég held að allt mæli gegn því að gerðardómur geti nokkurn tímann komist að niðurstöðu um samning fyrir sjómenn til svo langs tíma.

Yfirlýsing Sjómannasambands Íslands, sem ég nefndi hér áðan, barst um hádegisbilið meðan umræður um málið stóðu yfir. Eftir að hún lá fyrir var ljóst að breyta þyrfti frv. sem hér er til meðferðar. Það hlýtur að verða gert í umfjöllun nefndarinnar á eftir, að 2. umr. lokinni.

Það kom líka fram að hluti félagsmanna í Sjómannasambandi Íslands, þ.e. félagar í Sjómannafélagi Eyjafjarðar, fylgja ekki þessari yfirlýsingu. Ef að líkum lætur mun hæstv. ríkisstjórn og þeir stjórnarliðar sem vinna fyrir hana hér á hv. Alþingi komast að þeirri niðurstöðu að fella eigi út úr 1. gr. frv. nafnið „Sjómannasamband Íslands" og setja þar í staðinn „Sjómannafélag Eyjafjarðar". Nú er ég ekki spámaður um þetta. Það kann að vera að þeir hjá Sjómannafélagi Eyjafjarðar og útvegsmenn í Eyjafirði treysti sér til að semja án þess að vera settir undir gerðardóm. Það hljóta að berast um það fréttir inn á fund háttvirtrar nefndar hér á eftir.

Þegar þessi yfirlýsingin frá Sjómannasambandi Íslands lá fyrir vaknaði samstundis spurningin um hvort Farmanna- og fiskimannasambandið mundi fara sömu leið. Það liggur nú fyrir að Farmanna- og fiskimannasambandið ætlar ekki að aflýsa verkfalli sínu. Þar með heldur verkfall áfram á fiskiskipaflotanum á meðan þessi mál eru til umfjöllunar á hv. Alþingi. Hefði Farmanna- og fiskimannasambandið tekið sömu ákvörðun og Sjómannasambandið, þá hefði hið eina sem hefði stöðvað flotann verið verkbann LÍÚ.

En svona hagar málum ekki til því Farmanna- og fiskimannasambandið ákvað að gera ekki eins og Sjómannasambandið. Þá sitjum við uppi með það að þetta frv. hér, ásamt samningi Vélstjórafélagsins og því að Sjómannasamband Íslands hefur aflýst verkfalli sínu, verður til þess að í gildi verða þrenns konar samningar við sjómenn. Þar verður þessi nýi samningur Vélstjórafélagsins, einnig niðurstaða gerðardóms um kjör félaga í Farmanna- og fiskimannasambandinu og til viðbótar eru aðilar í Sjómannasambandi Íslands áfram á sínum gömlu kjörum þangað til samningar nást. Þetta er orðið æðiundarlegt fyrirkomulag á kjörum sjómanna og sýnir í hnotskurn í hversu miklar ógöngur öll þessi mál eru komin.

Mér hefur borist í hendur yfirlýsing frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hana upp. Hún hefur fyrisögnina „Mótmæli“:

„Fundur haldinn í samninganefnd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. maí 2001 mótmælir harðlega fyrirliggjandi frumvarpi til laga um kjaramál fiskimanna. Fundurinn lýsir yfir að ekki standi til að aflýsa yfirstandandi verkfalli fyrr en samningur við samtök útvegsmanna hefur tekist. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að draga til baka lagafrumvarpið og veita samningsaðilum svigrúm til að ljúka deilunni með samningi. Ef ekki er orðið við þessari ósk skorar samninganefndin á Alþingi Íslendinga að hafna lagafrumvarpinu. Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi lýsir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda.“

Þessi afstaða er skýr og klár. Ég veit ekki betur en afstaða ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða hér sé líka skýr og klár. Þeir ætla sér að ná þessu máli fram eins og það liggur fyrir, með þeirri breytingu sem ég nefndi hér áðan, að Sjómannasambandið verði tekið út úr þessu frv. en það gildi þá um aðra aðila.

Ég fór yfir það í ræðu minni í gær hvers vegna þessi málefni komust í þennan farveg. Ég minni á það, áður en lengra er haldið, að hér á Alþingi Íslendinga hafa menn skotið sér undan þeirri skyldu sinni að taka á verðlagsmálunum, kljúfa sundur veiðar og vinnslu og koma á eðlilegu starfsumhverfi í þessari atvinnugrein eins og í öðrum atvinnugreinum.

Stjórnvöldum þótti við hæfi, og það var ekki gagnrýnt í þjóðfélaginu, að gera Landssíma Íslands það skylt að taka GSM-símakerfið út úr almenna kerfinu hjá sér og gera það upp sérstaklega til að tryggja það sem kallað var eðlilegt samkeppnisumhverfi í fjarskiptum. Það var ekkert óeðlilegt við þá ákvörðun. En þegar menn velta fyrir sér fyrirkomulaginu hvað varðar útgerð og fiskvinnslu á Íslandi þá komast sömu stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að það sé í góðu lagi og að útgerðarmenn sem reka líka fiskvinnslu eigi áfram að fá að semja við sjálfa sig um verð. Þó er að vísu um að ræða breytingu á þessu atriði í hugmyndum sem hér liggja fyrir í þessu frv. og í samningi Vélstjórafélagsins við útvegsmenn.

Ég ætla einmitt að ræða dálítið um þennan samning. Ég tel að þetta sé þríhliða samningur, hæstv. forseti. Hann hafi orðið þannig til að fram hafi farið þríhliða viðræður milli Vélstjórafélags Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar. Ég ætla að reyna að rökstyðja það. Mér finnst satt að segja ekki erfitt að sýna fram á að svo hafi verið.

Ef menn lesa samning þann sem gerður var á milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands þá er í 6. gr. talað um lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna en þar stendur:

„Aðilar skulu fara þess á leit við stjórnvöld að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna:

Aðgangur samningsaðila að upplýsingum um misræmismál verði opnaður.

Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd vinni að samningsmarkmiðum. Í þeim fisktegundum sem í 1. gr. greinir miði úrskurðarnefnd við samningsmarkmiðin á hverjum tíma.“

Þetta er tekið upp í frv. ríkisstjórnarinnar. Síðan er haldið áfram í 6. gr. samnings Vélstjórafélagsins, með leyfi forseta:

„Tillaga að breytingu á 1. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna: 2. mgr. 1. gr. orðist þannig: „Hafi samtök útvegsmanna og sjómanna gert með sér samkomulag um tiltekin markmið um verðlagningu á fiski á gildistíma kjarasamnings, skal Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla, stuðla að því með störfum sínum og úrskurðum að þau markmið nái fram að ganga.““

Og hvað gerist? Þessi tillaga er lögð fram nákvæmlega orðrétt á Alþingi Íslendinga í lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Algjörlega orðrétt. Halda menn virkilega að ekki hafi verið einhver aðili frá ríkisstjórninni staddur við samningaborðið úr því að hægt var að orða greinarnar nákvæmlega þannig að síðar mætti leggja þær fram óbreyttar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar?

Sama er að segja um ákvæðið um Kvótaþing. Þar verða aðilar sammála um að beina því til ríkisstjórnarinnar að Kvótaþing verði afnumið. Þess er farið á leit við stjórnvöld að lögunum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að skilyrði fyrir staðfestingu á flutningi á aflamarki frá skipum verði að upplýsingar um verð aflamarksins verði skráð. Allt kemur þetta fram í frv. ríkisstjórnarinnar. Halda menn virkilega að hægt sé að gera heilan kjarasamning þar sem alls konar verkefni eru færð til Alþingis án þess að þriðji aðili hafi komið að málum? Hvað er þá athugavert við það? Það er það sem ég ætla að halda áfram að rökstyðja.

Það sem er athugavert við þetta er að stjórnvöld ganga til samninga með þríhliða viðræðum við einn aðila að kjaradeilu til að kljúfa í sundur samtök sjómanna og til að ná fram þeim göfugu markmiðum sínum að verja hið umdeilda fyrirkomulag sem gildir sem hefur valdið öllum þeim vanda sem við hefur verið að etja í samningamálum sjómanna til margra ára. Þarna var búinn til fleygur til að reka á milli þessara aðila og það hefur örugglega verið vilji stjórnvalda allan tímann og ásetningur þeirra með því að taka þátt í þessum þríhliða viðræðum við Vélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna til að fara svo með lagasetninguna beint inn á Alþingi. Auðvitað liggur þetta allt í augum uppi.

Í þessum samningum hefur verið gengið frá því að þarna skyldu menn líka miða við fjögur og hálft ár eins og var meiningin en er búið að draga til baka núna. Til að binda þetta almennilega svolítinn tíma og hafa frið. Hafa frið fyrir sjómönnum og útvegsmönnum einhvern tíma að ekki stæðu yfir deilur á milli þeirra.

Ég tel að þessi vinnubrögð séu forkastanleg. Ég tel að í þessum samningi við Vélstjórafélagið og því lagafrumvarpi sem liggur fyrir, séu verulega hættuleg atriði sem menn geti ekki séð fyrir endann á í sambandi við verð á fiski.

Á fundi nefndarinnar þar sem forustumaður Vélstjórafélagsins mætti til að útskýra fyrir nefndarmönnum samninginn þá verð ég að segja fyrir mig og meðganga það í ræðustól á hv. Alþingi, að mér tókst ekki að skilja hvernig þetta verðlag ætti að þróast. Ég er sannfærður um að þeir sem gerðu samninginn geta ekki með neinu móti fullyrt hvernig verðlagið muni þróast.

Það er t.d. þannig að ekki er gert ráð fyrir því í samningnum að breytingar verði á fiskverði fyrr en eftir ár. Ekki nema Verðlagsstofa skiptaverðs hafi af því frumkvæði að gera breytingar. Gengi íslensku krónunnar hefur verið á býsna miklum hraða undanfarið. Einu sjómennirnir sem hafa gengistryggð laun eru þeir sem eru á frystitogurum. Aðrir sjómenn þurfa að búa við það verð sem fæst á mörkuðum innan lands.

Það er það flókinn ferill að því viðmiðunarverði sem er verið að búa til í þessum samningi Vélstjórafélagsins að enginn getur fullyrt um þróun þess, hvaða breytingar verði á framboði á fiskmörkuðunum. Ég held að mikil ástæða sé til að hafa af því áhyggjur að hér geti verið að myndast landssambandsverð eða einhvers konar verð sem er hægt að líkja við landssambandsverðið gamla.

Við spurðum einmitt fulltrúa sjómanna, sem voru á þessum fundi með okkur í nótt, um þetta. Þeir svöruðu því til að þeir teldu að þetta mundi verða viðmiðunarverð og veruleg hætta væri á því að ýmsir aðilar sem hefðu sótt sér verðviðmiðanir á markaðinn á undanförnum árum mundu taka þetta verð upp.

En eins og ég nefndi í ræðu minni í gær hefur það komið fram í gögnum frá Þjóðhagsstofnun að mismunurinn á milli þess verðs sem er á mörkuðunum og þess verðs sem kemur úr beinum viðskiptum á milli aðila hefur verið að vaxa verulega. Það var þannig að 1995 var mismunurinn upp á 3,5 milljarða en á árinu 1999 var mismunurinn kominn upp í 6,5 milljarða. Það er því ekki lítið sem menn eru að takast á um þegar tekist er á um hvað eigi að koma til skipta.

Annað kom fram í viðræðum við þessa aðila í nótt sem var mjög athyglisvert. Bæði fulltrúi LÍÚ og fulltrúar sem voru þarna á fundi hjá nefndinni frá sjómönnum sögðu frá því að menn væru að semja um fiskverð á fiskiskipum, tengt mönnunarbreytingum, þannig að þegar fækkað væri í áhöfn væri líka breytt verðinu á fiskinum. Það er nefnilega þannig þó það standi í samningum að útgerðarmönnum sé skylt að leita hæsta verðs fyrir afurðirnar, fyrir hráefnið sem kemur úr sjónum, að þá ganga kaupin samt svona fyrir sig á eyrinni. Það er verið að búa til þetta verð og það getur breyst við hvað sem er.

Auðvitað er langur vegur frá því að þarna sé að skila sér það verð sem gert er ráð fyrir í samningum sjómanna og útvegsmanna, þ.e. að útgerðarmaður leiti eftir hæsta verði. Auðvitað mun aldrei nást niðurstaða í málið fyrr en stjórnvöld koma á fyrirkomulagi sem gerir mönnum skylt að skilja á milli veiða og vinnslu. Það mun auðvitað aldrei gerast fyrr.

Þetta er það verkefni Alþingis, sem það hefur svikist um árum saman að koma frá sér og klára sem ég tel að menn eigi ekki að ýta lengur á undan sér. Hér liggja reyndar fyrir tillögur í hv. Alþingi um að tekið verði á málinu. Ég held það væri hollt að menn settust yfir þær tillögur og reyndu að afgreiða þær. Ég held reyndar að ef menn störfuðu hér á ábyrgð, frá hendi stjórnvalda, hefðu þeir átt að lýsa því yfir að stefnt yrði að því að skilja á milli veiða og vinnslu á einhverju tilteknu tímabili og gera áætlun um hvernig staðið yrði að því. Ef það lægi fyrir þá yrði um alla hluti auðveldara fyrir sjómenn og útvegsmenn að ná saman um kjör sjómanna.

Þetta kom mér satt að segja mjög á óvart. Ég átti ekki von á að í viðtölum við þingmenn mundu útvegsmenn segja frá því eins og venjulegum hlut að svona væri vélað með fiskverðið. Auðvitað vissi ég að það er gert svona. Það er brot á samningum. Það liggur fyrir alveg klárt að útvegsmenn eiga að leita hæsta verðs. En vegna þess að það er daglegt brauð að ganga fram hjá þessum ákvæðum þá eru menn orðnir svo vanir því að þeim finnst allt í lagi að tala um það, jafnvel við alþingismenn þegar farið er yfir frumvörp eins og þarna í nótt. Hér er greinilega verk að vinna sem þyrfti að taka á sem allra fyrst.

En afleiðingarnar sem ég nefndi áðan að gætu orðið af þessu, ég hef af því miklar áhyggjur að þær muni koma fram, þ.e. að aðilar sem hafa ekki notfært sér svona aðferðir við að búa til fiskverð fari að búa til fyrirtæki til að kaupa fiskinn af sjálfum sér, á lægra verði og selja hann síðan á hærra verði án þess að hafa svo sem mikið gert við hann í millitíðinni. Það er mikið stundað í þessari atvinnugrein að fara svona að. Það er náttúrlega ekki einleikið að fleiri og fleiri útgerðarmenn skuli unnvörpum kjósa að hætta að selja fisk á markaði og að það skuli minnka framboð núna á undanförnum árum á fiski sem kemur inn á markaðina þó að það liggi fyrir að mismunur á beinni sölu á markaði og því sem menn eru að fá í beinum viðskiptum, t.d. núna í febrúar, er ekki minni en það að í beinni sölu eru menn að tala um 100 kr. en á mörkuðunum var verðið 198 kr. Hvaða hagsmunir útgerðarmanna geta nú ráðið því að þeir vilji frekar selja fiskinn sinn á hundraðkall en 198 kr.? Gaman væri ef menn glímdu við að svara því á hv. Alþingi.

Auðvitað vitum við hvaða hagsmunir það eru. Það eru þeir hagsmunir að losna við að borga sjómönnum part úr 98 krónunum eins og þeir eiga samkvæmt kjarasamningum. Vandamál þeirra aðila sem hér hafa átt og eiga í kjaradeilu er sá óheiðarleiki sem er í öllum þessum samskiptum og að Alþingi víkur sér undan því að leysa þessi vandamál. Fjölmargir hafa komist að þessari niðurstöðu fyrir langalöngu, þau verða aldrei leyst öðruvísi en að láta þennan fisk taka verð á markaði með einhverjum hætti. Ekki er þar með sagt að aðilar sem bæði gera út og eru í fiskvinnslu geti ekki unnið fiskinn á skipunum sínum. Það er ekkert vandamál að koma því fyrir ef menn vilja það. En þeir þurfa auðvitað að horfast í augu við að þeir þurfa þá að borga sjómönnunum eðlilegan hlut úr því verði sem er á mörkuðum.

Stjórnmálamenn hafa ýtt þessu á undan sér árum saman. Hitt vandamálið sem ég fór líka yfir í ræðu minni í gær og ætla líka að minnast aftur á er kvótakerfið. Ég benti þá á að allan tímann sem menn hafa tekist á um þetta kvótakerfi hafa menn ekki haft sömu afstöðu til þess í sjómannasamtökunum, þeim þremur sem um er að ræða. Svo undarlega vill til að Vélstjórafélagið hefur haft forustumann sem hefur mælt með þessu kvótakerfi allan tímann. Svo verður þessi undarlega tilviljun núna í þessum samningum að hægt var að gera samning akkúrat við þetta félag en ekki hin. Sá samningur er gerður með þríhliða viðræðum að næturþeli og í þeim samningi eru búnar til lagagreinarnar og birtast stafréttar í þingskjölum Alþingis.

Ég tel að þessi vinnubrögð séu gjörsamlega óboðleg frá hendi löggjafans og framkvæmdarvaldsins og ríkisstjórnarinnar. Þetta allt saman, öll þessi átök þjóðarinnar um þessa auðlind og þetta slugs Alþingis og framkvæmdarvaldsins og

ríkisstjórnarinnar þar sem menn taka ekki á þeim málum sem nauðsynlegt er að taka á í sambandi við verðlagsmál, fiskverð og það að koma á eðlilegu umhverfi í þessari atvinnugrein, hefur orðið til þess að það er bókstaflega búið að eyðileggja félagslegt umhverfi sjómanna og útvegsmanna. Allt samskiptakerfið er ónothæft. Enginn veit hvaða áhrif öll þessi mál hafa t.d. bara á þau félög sem eiga hlut að máli. Hvernig verður það í félagsskap sem fær aldrei að sinna aðalhlutverki sínu sem er að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna? Það hlýtur að molna undan slíkum samtökum og erfitt er að varðveita samstöðuna þegar stjórnvöld koma sífellt að öllum málum og setja lög á lög ofan. Það er eins og menn horfi alltaf fram hjá því hver ástæðan er fyrir þessu.

Við höfum horft upp á það dag eftir dag í þessari deilu að fréttamenn taka viðtöl við hina og þessa og þeir eru að spyrja: Hvernig stendur á að þið getið ekki klárað samninganna? Verður ekki að fara að skipta um menn í samninganefndunum?

Það er ekki komið hingað inn á Alþingi til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann ætli að reyna að koma á einhverju eðlilegu umhverfi fyrir þessa aðila til þess að semja í, að það sé hægt að takast á um þessi mál í einhverju eðlilegu umhverfi, að það sé klárt og eðlilegt hvernig fiskverð myndast og að það sé alveg klárt að ekki sé verið að blanda viðskiptum með auðlind þjóðarinnar inn í kjaramál sjómanna. Nei, það er ekki verið að spyrja um það. Það er bara bent á þessa þolendur sem eru samningsaðilarnir og þeim er stillt hér upp að veggjum að þeir hafi ekki verið menn til að semja. Þetta er afar ósanngjarn málatilbúnaður fyrir utan það að hann segir okkur að í fjölmiðlum sé ekki nægilega mikil þekking til staðar til að fjalla um þessi mál og ekki lagt nógu mikið í umfjöllun um jafnmikilvægt mál og þetta til að þjóðin sé almennilega upplýst um hvað liggi að baki átökunum.

Því miður komum við til með að búa við þetta ástand áfram. Ekki er líklegt að sú ríkisstjórn sem nú situr og sá meiri hluti sem er nú til staðar á Alþingi taki á þessum málum, afar litlar líkur á því. Þá á ég við bæði þessu stóru mál, bæði eignarhaldið á veiðiheimildunum sem spilar inn í þetta og veldur þessu að verulegu leyti, verðlagsmálin sem forvígismenn stjórnarflokkanna vilja ekki tala um, mál sem þeir hafa engan áhuga á að tala um og dregst ekki upp úr þeim orð varðandi hvaða afstöðu þeir hafi til þessara mála annað en að ekki megi raska grundvellinum undir stórum fyrirtækjum sem beri uppi atvinnulífið í byggðarlögunum. Það liggur bara fyrir að t.d. á höfuðborgarsvæðinu vinnur miklu fleira fólk hjá fiskvinnslufyrirtækjum sem hafa engan kvóta og eru að kaupa á mörkuðunum. Það er verið að taka tækifærin frá þessu fólki með þeim aðferðum sem hér er verið að beita og því að fiskur kemur í minna mæli inn á markaðina, og færa þetta inn í fyrirtækin, inn í bein viðskipti þar sem er ekki skipt upp úr eðlilegu verði á fiski.

Ég er á því að ekki þurfi mjög langan aðlögunartíma að því að koma á eðlilegu fiskverði sem tekur mið af markaðnum. Það er hægt að gera það á tiltölulega stuttum tíma. Það kann að vera að einhver fyrirtæki sem eru rekin núna þyrftu að breyta rekstri sínum, en er nokkuð að því? Ef fyrirtæki sem geta ekki keppt á markaði hafa haft verkefni á undanförnum árum vegna þess að þau hafa haft aðgang að hráefni á miklu lægra verði en önnur fyrirtæki sem eru á markaði þá sjá allir að hin fyrirtækin sem geta borgað hærra fá þá aðgang að meiri fiski og munu skapa meiri auð í þjóðarbúið. Eiga menn að hafa einhverjar óskaplegar áhyggjur af því? Mér finnst það ekki. Hins vegar er ástæða til þess að skoða vandlega með hvaða hætti eigi að standa að svona breytingu því að hún er viðamikil. En hún er óumflýjanleg og stjórnvöld verða að taka á þessu máli. Ef það verður gert munu menn ekki þurfa að horfa upp á verkföll, svo langvinn sem menn hafa séð, og ættu að vera lausir við það að Alþingi Íslendinga setji lög á kjaradeilur sjómanna sífellt og endalaust.

En eins og ég sagði áðan er ekki líklegt að menn séu að fara að gera breytingar á þessu. Nú mun þetta mál halda áfram í umræðu. Á fundi nefndarinnar sem verður á eftir verður sjálfsagt lögð fram tillaga um breytingu sem leiðir af því að Sjómannasamband Íslands hefur ákveðið að aflýsa verkfalli sínu. Ég á svo sem ekki von á því að hv. stjórnarliðar geri meiri breytingar. Þó verður reynt til þrautar í nefndinni að fá fram þær breytingar sem gætu lagfært þetta eitthvað. Aðalmálið sem við erum að fjalla hér um, sem er það að verið er að setja lög yfir sjómenn og koma í veg fyrir að þeir nái samningum á eðlilegum grundvelli við viðsemjendur sína sem hafa verið tregir í taumi vegna þess að þeir hafa alltaf mátt eiga von á því að hlaupið sé undir bagga með þeim og sem hafa setið með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Vélstjórafélaginu við að búa til þingmálið sem liggur hér fyrir.

Mér finnst ástæða til að draga athyglina að þessum vinnubrögðum hér og ég held að það sé ekki hv. stjórnarliðum til sóma að standa þannig að málum. Ég held að miklu nær hefði verið að láta þá um það, sjómenn og útvegsmenn, að klára mál sín. Ég er alveg sannfærður um að þeir hefðu verið búnir að því ef stjórnvöld hefðu ekki verið að kássast í þessum málum í allan vetur, fyrst með lagasetningunni til að bjarga loðnunni, sem kallað var, og svo núna. Allan tímann hafa menn haft spurningarmerki á eftir orðum sínum þegar spurt hefur verið um hvort lög yrðu sett á sjómenn.

Í raun og veru þarf ekkert spurningarmerki, sjómenn hafa bara ekki fengið að klára að semja til margra ára. Engin ástæða er til að halda að þau stjórnvöld sem nú sitja við og leggja allt undir til að tryggja að þetta umhverfi verði áfram eins og það hefur verið séu neitt að fara út af sporinu í þeirri stefnu sinni.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri.

[16:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Verkfall sjómanna og verkbann útgerðarmanna hefur staðið í sex vikur. Það bitnar á fjölda starfsmanna í frystihúsum og fyrirtækjum í framleiðslu og sölu á fiski og ógnar lífsnauðsynlegum mörkuðum aðila sem eru ekki aðilar að deilunni. Einnig líða aðilar deilunnar fyrir verkfallið, þ.e. sjómenn og útgerðarmenn, útgerðarmenn sem eru margir hverjir ekki í sterkri stöðu fyrir. Hv. þm. geta haft ýmsar skoðanir á þessari lausn. En telur hv. þm. Jóhann Ársælsson eðlilegt við slíkar aðstæður að tefja málið með löngum ræðum um ýmis tengd mál, alþjóðasamninga, mannréttindi, stjórnarskrá, lífeyrismál o.s.frv. og lengja í atvinnuleysi þessa fjölda landverkafólks og hindra sjómenn í að fara út?

[16:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til þess að þetta mál hafi verið tafið um eina einustu mínútu á hv. Alþingi enn þá. Það hefur ekki verið möguleiki á að afgreiða það hraðar en

stefnir í samkvæmt öllum reglum sem eru í gildi. Þó að við tölum um þetta mál og um þau mál einmitt sem hv. þm. nefndi, eins og alþjóðasamninga, þurfti ekki að gera það? Hvers vegna var ríkisstjórnin að breyta þeim ákvæðum sem voru í frv.? Vegna þess að menn sannfærðust um það að þetta gæti ekki gengið. Ætli það hafi ekki skipt máli að talað var um þessi atriði? Ætli það hafi ekki skipt máli til þess að sannfæra ríkisstjórnina um það með því að benda á ákvæði í þessum samningum og með þeirri umræðu sem hefur farið fram um þessi atriði? Allt varð þetta til þess að ríkisstjórnin hrökklaðist frá því að hafa málið þannig.

Auðvitað er ekki leikur að vera í verkfalli. En hvenær hefði nokkurt verkalýðsfélag, hvenær hefði nokkur verkamaður fengið bætur á kjörum sínum ef menn hefðu ekki þurft að fórna einhverju til þess? Allt það sem hv. þm. sagði áðan um þessar fórnir á við í öllum verkföllum og verkföll eru ekki leikur. Ég mæli ekki með því að menn þurfi að fara í verkföll. Þau eru enn þá verri og það er enn þá erfiðara að sætta sig við að verkföll séu þegar stjórnvöld eiga hlut að máli með þeim einstæða hætti eins og hér á við þar sem búið er til umhverfi til samninga fyrir þessa aðila sem er gjörsamlega eins og myrkrið og menn þurfa að takast á í þessu myrkri um það hvernig þessi kjör eiga að vera vegna þess að stjórnvöld hafa ekki komið hlutum í eðlilegt horf.

[16:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi 2. umr. um frv. hefur nú staðið í sex klukkutíma rúma, sex og hálfan, og það er aðallega stjórnarandstaðan sem talar. Telur hv. þm. ekki að hægt sé að stytta mál sitt dálítið, vera markvissari og stuttorðari og fara ekki út um víðan völl (**ÖJ:** Ert þú ... umræðuna?) með hliðsjón af þeim og af tillitssemi við þá sem ganga um atvinnulausir á grundvelli þessarar deilu, með því að finna til með því fólki sem sér fyrirtækið sem það vinnur hjá lenda í miklum vandræðum út af þessari deilu, hugsanlega gjaldþrotum, hugsanlega miklum hagræðingaraðgerðum, uppsögnum og slíku? Getum við ekki reynt að stytta umræðuna og drífa þetta mál í gegn?

[16:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það veitti nú ekki af umræðunni sem var hér í gær. Það er nú búið að sýna sig. Hvaða máli skiptir það að stytta málið í dag? Ég veit ekki til þess að málið hafi getað gengið hraðar fyrir sig. Það þarf þá að hafa eitthvert sérstakt ... (**PHB:** Afbrigði.) Það hefur ekki verið leitað eftir neinum afbrigðum hér. Ég veit ekki til þess. Og það verður auðvitað ekki hægt fyrr en umræðunni er lokið.

Ég sé enga ástæðu til annars en að menn fari yfir málin eins og menn telja sig þurfa. Það mun ekki lengja þetta verkfall og hefur ekki lengt það. Þetta mál er nú ekki búið að vera svo lengi til ákvörðunar hér í Alþingi. Það hefur ekki veitt af þeirri umræðu sem hefur farið hér fram. Vel kann að vera að mönnum hafi líka sést yfir eitthvað. Það er ekki búið að lagfæra þetta frv. eins og hefði þurft. Ég held að nefndin þyrfti að gefa sér tíma til þess að fást við það. Mér sýnist samt ekki að hv. stjórnarliðar hafi neinn áhuga á því að gera neinar lagfæringar á frv. til viðbótar. Aðalatriðið í málflutningi þeirra virðist vera að drífa þetta bara af.

Ég skil það svo sem vel. Það segi ég nú eins og er. Ég mundi ekki vilja vera í sporum hv. stjórnarþingmanna og sitja hér undir umræðu um þetta mál allt saman eins og það er og þurfa að bera ábyrgð á því að setja enn einu sinni lög á sjómenn vegna atriða sem eru fullkomlega á ábyrgð stjórnvalda í þessu landi.

[16:34]

Útbýting þingskjala:

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 522. mál, þskj. 1281.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 7. mál, nál. utanrmn., þskj. 1335.

Hafnaáætlun 2001–2004, 327. mál, brtt. samgn., þskj. 1309.

Leyfi til sjókvíaeldis, 228. mál, svar landbrh., þskj. 1263.

Opinber innkaup, 670. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1331; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1332.

Skipan opinberra framkvæmda, 671. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1333; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1334.

[16:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvað hafi orðið um hæstv. sjútvrh. og hv. formann sjútvn. Hafa þeir ekki tíma til að hlusta hér á umræður eða hafa þeir öðrum hnöppum að hneppa.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Út af þessum ummælum hv. þm. skal þess getið að báðir þessir ágætu menn eru hér í þinginu samkvæmt upplýsingum forseta og mun forseti gera ráðstafanir til þess að þeir komi hingað. Forseti sér reyndar að formaður sjútvn. er þegar mættur á staðinn.)

Ég þakka hæstv. forseta.

Mér fannst umhugsunarvert að hlýða á orð talsmanns Sjálfstfl. hér við umræðuna, hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem vill bæði banna verkföll og setja skorður við málfrelsi í þinginu. Ég skildi ummæli hans ekki á annan veg. Honum finnst mjög til óþurftar að við ræðum þessi mál, að Alþingi ræði frv. sem felur í sér bann við verkfalli og sviptir íslensku sjómannastéttina samningsrétti.

Hæstv. forsrh. gekk reyndar lengra í framlagi sínu til þessarar umræðu hér í gær þegar hann líkti umræðu á Alþingi við uppákomu. Hann gagnrýndi stjórnarandstöðuna harðlega fyrir slíkar uppákomur sem menn leyfðu sér að leggjast í í tengslum við þetta mál.

Stjórnarandstaðan óskaði eftir því í dag að umræðunni yrði frestað á meðan málin skýrðust. Staðreyndin er sú að upp er komin nokkuð flókin og erfið staða sem tengist þessu frv. Í morgun var efnt til fundar í Sjómannasambandi Íslands og ákvörðun tekin um það þar að aflýsa verkfalli. Öll aðildarfélög Sjómannasambands Íslands tóku um þetta ákvörðun nema Eyfirðingar. Sjómenn í Eyjafirði tóku ákvörðun um að halda verkfallinu til streitu. Í hádeginu var síðan boðað til fundar í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og þar var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Fundur haldinn í samninganefnd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. maí 2001 mótmælir harðlega fyrirliggjandi frv. til laga um kjaramál fiskimanna. Fundurinn lýsir yfir að ekki standi til að aflýsa yfirstandandi verkfalli fyrr en samningur við samtök útvegsmanna hefur tekist. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að draga til baka lagafrumvarpið og veita samningsaðilum svigrúm til að ljúka deilunni með samningi. Ef ekki er orðið við þessari ósk skorar samninganefndin á Alþingi Íslendinga að hafna

lagafrumvarpinu. Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi lýsir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda."

Með öðrum orðum er hér komin upp mjög flókin staða. Þeir aðilar sem verkfallsbannið á að taka til hafa sumir hverjir afboðað verkfall eða lýst því yfir að þeir hyggist afboða verkfall. Aðrir hafa ekki gert það. Stjórnarandstöðuþingmenn óskuðu eftir fresti á umræðunni til að fá botn í hvað stjórnarmeirihlutinn hygðist gera við þessar aðstæður. Á að halda lagafrv. til streitu og ef svo er á það að taka til allra deiluaðila, einnig þeirra sem nú hafa tekið ákvörðun um að aflýsa verkfalli eða á að undanskilja þá lagafrumvarpinu? Á að dæma þá undir gerðardóminn á grundvelli verkbanns atvinnurekenda eða hver verður framvinda málsins? Um þetta vildu menn fá umræður og skoðun í nefnd áður en þeir tjáðu sig frekar um þetta frv. Þetta var eðlileg ósk sem stjórnarmeirihlutinn neitaði að verða við.

Við fengum að kynnast því hver hugur sjómanna er til þessara mála. Við fengum að kynnast því á kröftugum mótmælafundi fyrir framan Alþingishúsið í hádeginu þar sem saman voru komnir á milli 400 og 500 sjómenn, að drjúgum hluta Grindvíkingar en einnig sjómenn héðan úr Reykjavík. Og að því er mér var sagt var ákveðið að boða til þessa fundar með mjög skömmum fyrirvara. Ég efast ekki um að fundurinn hefði orðið miklu fjölmennari ef öðruvísi hefði verið staðið að boðun. En þetta er vísbending um hug sjómanna.

Þarna voru mættir ýmsir forsvarsmenn úr þeirra röðum, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandi Íslands auk fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands. Forseti ASÍ var og viðstaddur þessi mótmæli.

Mér finnst þau skilaboð sem Alþingi fékk fyrir framan Alþingishúsið í hádeginu vera þess efnis að okkur beri að taka þau alvarlega. Skilaboðin eru skýr, þ.e. krafa um að þetta frv. verði dregið til baka, á því verði ekki gerður einhver bútasaumur, frv. verði einfaldlega dregið til baka. Í rauninni er það hið eina boðlega í stöðunni og það sem ríkisstjórninni ber að gera, að biðja sjómannastéttina afsökunar á þeirri móðgun að leggja þetta frv. fram, og draga það síðan til baka.

En stjórnarandstaðan vildi að meira yrði gert og hefði það verið unnt að gera ef krafa okkar um frestun á umræðunni hefði náð fram að ganga, t.d. að boða félmn. til fundar til að fara yfir ýmsa þætti þessa máls sem snerta starfssvið hennar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sté í pontu áðan og býsnaðist yfir því að menn væru að taka tíma til að ræða þessi mál, mál sem snerta alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga, um vinnurétt, um félagafrelsi, skuldbindingar sem eru þess efnis að næstum óhætt er að fullyrða að frv. eins og það birtist þinginu á laugardag, hefði verið dæmt kolólöglegt ef á það hefði verið látið reyna hvort það stæðist þessar skuldbindingar. Ég held að fáir menn efist um að svo hefði verið enda hefur ríkisstjórnin nú tekið ákvörðun um að reyna að sníða allra verstu vankantana af frv. Síðan leyfir talsmaður Sjálfstfl., hv. þm. Pétur H. Blöndal, sér að koma í pontu og býsnast yfir því að menn séu að ræða málið.

Mér finnst sú umræða sem hér hefur farið fram í dag hafa verið mjög fróðleg. Hún hefur verið gagnleg og hún hefur verið fróðleg. Hún hefur verið gagnleg fyrir þær sakir að ýmislegt sem lýtur að kjörum sjómanna er fólki orðið ljósara en áður var. Staðreyndin er sú að kjarasamningar sjómanna eru um margt mjög flóknir. Ég held að staðreyndin sé sú að almennt skilji fáir samningana í reynd aðrir en þeir sem eru innvígðir í þennan heim, en aðrir botni lítið í þeim. Þess vegna held ég að okkur hafi mörgum þótt fróðlegt að hlýða á hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sem hélt hér tveggja, þriggja tíma fróðlega kennslustund í kjörum sjómanna.

Mér fannst mjög upplýsandi að hlusta á hann lýsa aðdraganda þeirrar stöðu sem nú er komin upp. Lýsa því hvernig sjómannasamtökin buðu skammtímasamning í janúar, samning sem ætti að gilda út þetta ár, fram í desember, þar sem tekið yrði á tekjutryggingu sjómanna, á slysatryggingum, á lífeyristryggingum, hlífðarfatnaði og ýmsu sem lýtur að aðbúnaði sjómanna, á sama tíma og ákvörðun yrði tekin um að taka hin erfiðari mál sem öllum er ljóst að erfitt er að ná niðurstöðu í, mönnunarmálin og verðmyndunarkerfið, og setja þau inn í annan farveg. Þetta var tilboð sjómanna. Og því var hafnað. Þessu höfnuðu útgerðarmenn.

Ég held að okkur sé hollt að fara að hugsa þessa kjaradeilu upp á nýtt. Þetta er varnarbarátta sjómanna. Það eru útgerðarmenn, það er Landssamband íslenskra útgerðarmanna sem er í reynd að heyja kjarabaráttu gegn íslenskum sjómönnum. Með þvergirðingshætti sínum komast þeir hjá því að standa skil á eðlilegum kjaragreiðslum til sjómanna. Og þeir vita að þeir geta leyft sér að standa á bremsunni því að þeir eiga sér bakhjarl og það er hæstv. ríkisstjórn Íslands. Þess vegna komast þeir upp með að heyja kjarabaráttu gegn íslenskri sjómannastétt á þann hátt sem þeir hafa gert núna í ein 13, 14 ár. Á þeim tíma hafa sjómenn verið samningslausir í sex og hálft ár.

Ég skil mjög vel reiði þeirra manna sem söfnuðust fyrir fram Alþingishúsið í dag. Þetta eru menn sem hafa verið kauplausir núna í sex vikur í verkfalli. Í sex vikur hafa þeir verið kauplausir í verkfalli og þegar verkfallið er að byrja að bíta, þegar verkfallið, sem er nauðvörn þessara manna, er loksins farið að bíta, þá stendur rýtingurinn, ríkisstjórnarrýtingurinn úr bakinu á þeim. Þá er grundvellinum kippt undan þeim og verkfallið bannað með lögum. Og skyldi nokkurn undra að þessir menn verði reiðir?

Síðan koma þingmenn og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hér í pontu og kvarta yfir því að menn séu að tala um þessi mál. Fjargviðrast út af þessum málum. Mér finnst þetta skammarlegt. Mér finnst þetta ekki aðeins ámælisvert, mér finnst þetta skammarlegt.

Hér hófst dagurinn í morgun á því að hv. formaður sjútvn. sagði að meiri hluti nefndarinnar hefði komist að þeirri niðurstöðu á næturfundi að gera breytingar á þessu frv. sem sviptir íslenska sjómenn samningsréttinum. Það mátti skilja á orðum hans að mannréttindabrotið hefði verið mildað. Hann talaði með nokkrum þjósti og spurði hvað menn vildu upp á dekk. Hvort menn skildu ekki að búið væri að gera grundvallarbreytingar á frv. En mannréttindabrot er það eftir sem áður. Vegna þess að samkvæmt frv. eins og það stendur nú og þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að verða gerðar á því, stendur það enn eftir að íslenskir sjómenn eru sviptir samningsrétti og þeir eru færðir undir gerðardóm. Gerðardóm? Hvað er gerðardómur? Hvaða málskilning leggja menn í gerðardóm? Er það ekki dómur sem deiluaðilar koma sér saman um, þá er málið sett í gerð til að leysa hnútinn, hugsanlega skipaður einn af hvorum deiluaðila og sá þriðji skipar oddamann? Er það ekki sá skilningur sem við höfum á því hugtaki, gerðardómur? Þetta er enginn gerðardómur sem hér á að skipa. Þetta er nefnd sem Hæstiréttur Íslands á að skipa til að ákvarða kjör íslenskra sjómanna eftir að þeir hafa verið sviptir samningsréttinum.

Í frv., og þar hefur engin breyting orðið á, í 2. gr. þess, er sagt hvað þessi nefnd á að ákvarða um kjör sjómanna. Og það er talið þar upp hvað það sé. Það eru ekki aðeins kauptryggingar og slysatryggingar og aðrir slíkir þættir, heldur er það fullkomlega opinn tékki. Því hér segir í g-lið, með leyfi forseta: „önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál". Það er allt undir sem nefnd — enginn gerðardómur, þetta er hlægileg misnotkun og ósvífin misnotkun á þessu hugtaki — á að ákvarða kjör sjómanna frá a-ö. Hún fær það hlutverk. Hún á að ákvarða kjör þeirra manna sem söfnuðust fyrir framan Alþingishúsið í hádeginu og kröfðust samninga, að gengið yrði frá kjaramálum þeirra í samningum, í frjálsum samningum. Nei, þessi nefnd fær það hlutverk að ákvarða allt um kjör þeirra. Og svo koma þingmenn stjórnarliðsins hingað upp og spyrja: Hvað vilja menn upp á dekk? Hvað eru menn að þvæla hér um þessi mál? Mannréttindi, hvers konar rugl er þetta? Þetta var boðskapurinn sem við fengum úr pontu áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

Sannast sagna fyndist mér það ekki slæmur kostur við þessar aðstæður að fá þetta mál aftur til nefndar, sjútvn., til rækilegrar skoðunar. Og mér segir svo hugur að ef menn gengju fordómalaust að starfi þar, þá yrði niðurstaðan sú að draga þetta mál algerlega til baka. Þá yrði það niðurstaðan. Eina færa leiðin í þessu máli er að draga það til baka.

Ég ætla í þessari fyrri ræðu minni við 2. umr. málsins að leggja áherslu á þessa áskorun til ríkisstjórnarinnar, til stjórnarmeirihlutans, að draga þetta frv. til baka.

[16:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fylgjast með þessari umræðu eins og ég hef getað í dag. (**Gripið fram í:** Og hefur vit til.) Og hef vit til, hv. þm. Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt hvað harðast í umræðunni í dag er að 2. gr. frv. sé fullítarleg forskrift um þau verkefni sem gerðardómurinn eigi að takast á hendur.

Menn hafa hins vegar sagt: Það væri þá skárra ef síðasti stafliðurinn í þessari upptalningu í 2. gr. væri vísbendingin sem gerðardómurinn ætti að fjalla um, þ.e. að fjalla um kjör sjómanna. Út af fyrir sig er þetta sjónarmið. En þá gerist það allt í einu að hv. 13. þm. Reykv. kemur fram með sjónarmið og í raun og veru ræðst að sínum eigin flokksmönnum (**ÖJ:** Nú.) og finnur því sérstaklega til foráttu að þessi síðasti stafliður sé svo opinn að hann sé að færa því sem hann kallar nefnd, sem er gerðardómurinn, allt vald um það að ákvarða um kjör sjómanna.

Nú verð ég að segja, virðulegi forseti, að menn verða náttúrlega að reyna að vera svolítið sjálfum sér samkvæmir. Annaðhvort eru menn þeirrar skoðunar að ekki eigi að vera nein forskrift og taka þá undir það að þessi síðasti stafliður eigi að vera leiðsögnin eða þá að menn tala um að teikna eigi þetta nákvæmar niður.

Og nú vil ég spyrja hv. þm.: Er hann ósammála félögum sínum? Er hann ósammála talsmönnum sjómannasamtakanna sem komu á fund sjútvn. í gær og töldu að höfuðgalli frv. eins og það yrði eftir brtt. væri ekki síst sá að verið væri að teikna þetta mál of ítarlega niður í 2. gr. og nær væri að nota síðasta stafliðinn sem grundvöll, ef menn á annað borð ætluðu að fara þessa leið, án þess að sjómannasamtökin væru neitt að mæla með því að fara þessa lagasetningarleið, en þá væri að þeirra mati miklu eðlilegra að hafa þetta algjörlega án forsagnar eins og þeirrar sem fram kemur í 2. gr.?

[16:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Annars vegar hafa menn úr stjórnarandstöðunni bent á að nefndin, eða gerðardómurinn svokallaði, sé í reynd til málamynda. Það sé í reynd verið að þröngva vélstjórasamningnum upp á sjómenn. Þetta hafa menn úr stjórnarandstöðunni gagnrýnt. Hins vegar hef ég verið að gagnrýna gerðardóminn og að þessi nefnd eða gerðardómur skuli fá opinn tékka á að ákvarða kjör sjómanna.

En einu gleymir hv. þm. og það er grundvallaratriðið. Stjórnarandstaðan er algerlega einhuga í því að vísa þessu frv. í heild sinni til föðurhúsanna. Og hann er að leggja þetta upp á þá lund að hér sé einhver meiri háttar ágreiningur um það innan okkar raða hvernig eigi að orða frv. Stjórnarandstaðan er algerlega einhuga í því að þetta frv. beri að draga til baka í heild sinni. Sú er okkar afstaða og þar eru menn fullkomlega einhuga.

[16:59]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var út af fyrir sig ekkert að vefengja það sem hv. þm. sagði núna í þessari seinni ræðu sinni. Það sem ég var einfaldlega að benda á var að stjórnarandstaðan hefur ekki síst verið að gagnrýna frv. út frá þeirri forsendu að 2. gr. sé forskrift um þau atriði, þau deiluefni sem gerðardómurinn eigi að fást við. Á það hefur verið bent í þessari umræðu að eðlilegra væri að það væri gert án slíkrar upptalningar og nægði að kveða á um það sem segir í g-lið 2. gr., þ.e. þau mál sem varða kjaramál sjómanna.

Nú kemur hins vegar hv. 13. þm. Reykv. og talar alveg þveröfugt. Hann er út af fyrir sig sammála félögum sínum um það að hann er á móti þessu frv. en hann talar alveg þveröfugt við það sem hefur verið rauði þráðurinn í þessari umræðu, sem er sá að 2. gr. sé fullnákvæm forskrift. Hann segir aftur á móti að þessi 2. gr. sé allt of opin. Þá er náttúrlega ekki að undra þó að við sem höfum setið hér í dag og hlýtt á þessar umræður séum farin að verða svolítið rugluð í afstöðunni hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa verið að mótmæla þessu frv.

[17:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal endurtaka þetta. Það er greinilega svolítið erfitt fyrir hv. þm. að skilja þetta einfalda mál.

Annars vegar höfum við gagnrýnt að hin nákvæma forskrift frv. þröngvi öllum sjómönnum undir þann kjarasamning sem vélstjórar hafa gert. Annars vegar er þetta.

Hitt hef ég einnig gagnrýnt að nefnd manna sem þið í stjórnarmeirihlutanum kallið gerðardóm sé fengið vald til að ákvarða kjör sjómanna í einu og öllu, frá a–ö. Ég gagnrýni þetta.

Það eru engar mótsagnir á ferðinni innan stjórnarandstöðunnar. Við erum algerlega sammála þessu.

Eitt ætla ég að biðja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að gera þegar hann kemur næst í ræðustól og lýsir skoðunum sínum á þessu máli. Mig langar til að spyrja hann hvort hann viti hug þeirra sjómanna sem voru hér fyrir utan. Hvaða stafliðum voru þeir sammála? Hverju voru þeir ósammála? Er það rétt ályktun hjá mér að þeir hafi verið ósammála öllum stafliðunum? Og þeir hafi viljað þá alla á brott, á sama hátt og við í stjórnarandstöðunni höfum haldið fram? Við

viljum hvern einasta staflið á brott. Við viljum þetta frv. út af borðinu. Við viljum vísa því til föðurhúsanna. Sú er afstaða okkar og þar ríma skoðanir okkar ágætlega saman við sjónarmið sem haldið hefur verið fram að samtökum sjómanna í landinu og sjómönnum vítt og breitt um landið.

[17:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Verkfall sjómanna hefur nú staðið í sex vikur og við gerum okkur öll grein fyrir því að erfiðleikarnir eru miklir, bæði hjá sjómönnum vegna tekjutaps en við gerum okkur líka grein fyrir því að aðrir lenda í afleiðingum verkfallsins, svo sem eins og fiskverkafólk, sveitarfélögin, útgerðin og náttúrlega ekki síst landið allt. Það er eftir þessar sex vikur sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að setja lög á sjómenn og banna þeim að fara í verkfall eða halda áfram verkfalli.

Aðdragandinn að þessu máli er með ólíkindum, virðulegi forseti. Það er lagt fram sl. laugardag án þess að kynning hafi farið fram, kynning af nokkru tagi, t.d. gagnvart stjórnarandstöðunni og málið sett í útbýtingu án þess að menn áttuðu sig á því hvað væri þar á ferðinni. Þetta eru slæleg vinnubrögð í svo umdeildu og mikilvægu máli. Við getum ekki annað en lýst andstöðu okkar við að þannig sé staðið að málum. Eðlilegra hefði verið að hafa samráð um útbýtinguna þannig að menn hefðu vitneskju um málið og gætu strax á því stigi málsins aflað sér upplýsinga.

Virðulegi forseti. Síðan fóru fram umræður í allan gærdag um frv. sem hafði séð dagsins ljós. Vinnuferillinn er þannig að maður finnur í hinu háa Alþingi að stjórnarliðið fyllist óþolinmæði yfir því að við skulum vilja nota þann tíma sem við teljum að þurfi til þess að fara ofan í málin og skoða þau frá grunni. Þannig voru menn óhressir með langar ræður og mikla gagnrýni allan daginn í gær.

En við lukum 1. umr. um frv. upp úr klukkan ellefu í gærkvöldi og þá var því vísað til sjútvn. Klukkan ellefu þrjátíu í gærkvöldi var haldinn fundur í sjútvn. og þangað voru boðaðir fulltrúar sjómannasamtakanna, fulltrúar frá Vélstjórafélagi Íslands, fulltrúar LÍÚ og ekki síst það sem hafði verið lögð mikil áhersla á í umræðum, þá kom lögfræðingur félmrn. á fund nefndarinnar.

Ég vil halda því skýrt til haga, virðulegi forseti, að fulltrúar sjómannasamtakanna, eftir því sem ég skildi, voru allir sem einn algerlega andvígir því að sett yrðu lög á sjómenn. Þannig að það sé alveg klárt. Fulltrúi LÍÚ var einnig andvígur því.

Menn gátu síðan rætt um frv., skoðað það og gert við það breytingar en menn voru sammála um að það ætti ekki að setja lög á sjómenn.

Í umræðunni hefur mikið verið rætt um 2. gr. frv. en þar er hin svokallaða forskrift fyrir margumræddan gerðardóm sem á að koma á laggirnar. Forskriftin er afar nákvæm. Hún er í mörgum liðum. Þar segir:

„a. atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila,

b. atriði er varða þau áhrif sem breyting á fjölda í áhöfn hefur á skiptakjör,

c. atriði er varða kauptryggingu og launaliði,

d. atriði er varða slysatryggingu,

e. atriði er varða afmörkun á helgarfríi fiskimanna á netaveiðum,

f. atriði er varða mótframlag útvegsmanna vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fiskimanna og

g. önnur atriði sem nauðsynlegt er að taka á varðandi kjaramál."

Eins og frv. var sett fram í gær, virðulegur forseti, þá var 3. gr. orðuð þannig:

„Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum taka mið af samningi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélags Íslands sem undirritaður var 9. maí 2001 og öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á. Þá skal gerðardómurinn taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr., auk sjónarmiða um almenna þróun kjaramála."

Virðulegi forseti. Á fundi sjútvn. í gærkvöldi kom meiri hlutinn með breytingartillögu sem hefur nú verið dreift með meirihlutaálitinu en það varðar einmitt þessa 3. gr. Það er nefnilega þannig, og það er skilningur mjög margra í þinginu, að þetta frv. til laga gefi í raun og veru gerðardómi, sem á að setja á laggirnar, algjöra forskrift að því hvernig hann á að vinna að þessum málum og það sé svo undirstrikað rækilega í 3. gr. hvernig á að fara að því.

Stjórnarmeirihlutinn mildaði 3. gr. í gær með brtt. sem sett verður fram þannig að ekki sé vísað beint í samninga Vélstjórafélags Íslands. Brtt. hljóðar því svo, með leyfi herra forseta:

„Gerðardómurinn skal við ákvörðun sína samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við á og almenna þróun kjaramála, auk þess að taka mið af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir eru í 1. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins skv. 1. mgr. skulu vera bindandi frá gildistöku laga þessara og skal gerðardómurinn hafa lokið störfum fyrir 1. júlí 2001. Hann skal ákveða gildistíma ákvarðana sinna og getur í því sambandi haft hliðsjón af gildistíma annarra skyldra kjarasamninga."

Þetta er örlítið mildari framsetning á 3. gr., mildari frá því sem fram var sett í sjálfu frv. í gær en samkvæmt skilningi margra er nú um svipaða hluti að ræða hér.

Ég spyr, virðulegi forseti: Ef menn vildu setja fram frv. til laga um að stöðva verkfall sjómanna hvers vegna þurfti þennan málatilbúnað með gerðardóminn? Hvers vegna þurfti þessa formúlu fyrir gerðardóminn? Og hvers vegna þarf þessa formúlu fyrir gerðardóminn um hvernig hann eigi að vinna? Þetta er ákaflega hættulegt mál og viðmiðið við samning Vélstjórafélagsins er eftir bestu manna yfirsýn þess eðlis að það getur í vissum tilfellum leitt til launalækkunar hjá sjómönnum. Þetta eru alvarlegir hlutir.

Ef menn vildu stöðva verkfallið með lagasetningu hvers vegna var það þá ekki gert á einfaldan hátt þannig að stöðvunin gilti með einföldum lagabálki þannig að menn héldu þó þeim réttindum sem þeir hafa í dag þangað til annað er ákveðið? Það væri hin venjulega leið til að fara. Auðvitað hefðu menn síðan átt í staðinn fyrir að setja gerðardóm með lögum sem margir vilja meina að vegna eðlis frv. eða framsetningar frv. að hér sé ekki um að ræða annað en nefnd, ekki gerðardóm, vegna þess að skilningur flestra á gerðardómi er sá að gerðardómur sé dómur sem báðir aðilar komi sér saman um að skipa til þess að leysa mál. Hér er hæstv. Alþingi að setja lög um að setja á laggirnar gerðardóm sem skipaður

verður á grunni laganna og það er allt önnur aðkoma en venjulegt er þegar menn tala um að stofna gerðardóm.

Þetta eru grafalvarlegir hlutir, virðulegi forseti. Við höfum áhyggjur af því mörg, að vegna þessarar uppsetningar og vegna þeirrar formúlu sem gerðardómnum er gefinn í 2. gr., sem er raunar formúlan sem er gefin upp í kjarasamningum vélstjóra, séum við á mjög hæpnum forsendum gagnvart alþjóðaskuldbindingum um félagafrelsi og réttindi borgaranna. Við höfum margsinnis lýst því yfir í ræðum okkar að við séum hrædd um að slíkur málatilbúnaður muni aldrei standast fyrir dómstólum ef menn vilja fara þá leið að lögsækja og fá umfjöllun um málið.

Lög á sjómenn á Íslandi út frá alþjóðaskuldbindingum hvað þetta varðar eru nefnilega á mjög veikum grunni. Sjómenn hafa ekki haft samninga svo árum skiptir. Í áranna rás hafa verið sett lög á sjómenn hvað eftir annað. Ég efast um það eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið að málatilbúnaður af þessu tagi muni standast alþjóðalög samkvæmt þeim skuldbindingum og samþykktum sem við höfum skrifað undir og erum aðilar að.

Hvað eftir annað, virðulegi forseti, erum við með flumbrugang á hinu háa Alþingi eins og ég tel að raunin sé núna. Vaðið er í málin án þess að skoða þau nægilega, að setja í gegnum þingið á ofurhraða lög og frv. og reglugerðir sem við höfum ekki unnið fullnægjandi. Það er leiðinlegt til afspurnar ef við í hita leiksins þurfum að standa þannig að málum að e.t.v. eftir örfáa mánuði eða missiri þurfum við að éta ofan í okkur stjórnvaldsaðgerðir af þessu tagi.

Það er þess vegna, virðulegi forseti, sem ég vara við þessum kafla sérstaklega, þ.e. um gerðardóminn, á grunni 2. gr. og á grunni 3. gr. í frv. til laga þó svo að meiri hluti sjútvn. hafi sl. nótt búið til brtt. hvað varðar 3. gr. laganna.

Virðulegi forseti. Ég vil vitna í álit minni hluta sjútvn., en öll stjórnarandstaðan stendur að því:

„Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að enn einu sinni skuli sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna og nú í annað skipti í þessari lotu sjómanna við að reyna að ná kjarasamningi með því að beita verkfallsvopninu. Ríkisstjórnin greip inn í deiluna 19. mars sl. eftir að verkfall hafði staðið í þrjá sólarhringa og frestaði því til 1. apríl. Þetta var gert þrátt fyrir að talið væri að gangur væri að komast í viðræðurnar og deiluaðilar hefðu mótmælt því að löggjafinn gripi inn í. Afleiðingar þeirra afskipta urðu til að spilla fyrir samningsmöguleikum eins og stjórnarandstaðan varaði við þegar frestunarlögin voru sett. Nú sex vikum síðar standa menn svo frammi fyrir afleiðingum fyrri inngripa: samningar hafa ekki tekist.

Með þessari lagasetningu er verið að banna verkfall sjómanna og þeir þannig sviptir rétti sínum til að beita þeim vopnum sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd sem hluti af mannréttindum. Nefndinni gafst afar takmarkaður tími til starfa og minni hlutanum var neitað um að kalla hagsmunaaðila á fund nefndarinnar til að fá álit þeirra á málinu."

Minni hluti sjútvn. óskaði sérstaklega eftir því að fá aðila úr félmrn. til umræðu um einmitt 3. gr. frv. og reyndar einnig um 2. gr., þ.e. hvernig gerðardómurinn ætti að vinna og hvernig við stæðum gagnvart alþjóðaskuldbindingum ef við settum lög með þeim ramma sem gerðardóminum er gefinn og með því að skipa gerðardóminn á þann hátt sem hér er lagt upp með.

„Með frumvarpinu er gerðardómi falið að ákvarða kjör sjómanna. Í 2. gr. frumvarpsins eru talin upp þau atriði sem gerðardómur á að taka ákvörðun um. Minni hlutinn telur að afar hæpnar forsendur séu fyrir því að lögfesta þau atriði sem gerðardómur á að takast á við og varða munu kjör sjómanna. Efnislega gagnrýnir minni hlutinn einkum a-lið 1. mgr. 2. gr. þar sem gerðardómi er falið að ákveða „atriði er tengjast markmiðum varðandi verð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila". Hér er vísað í atriði sem einungis er að finna í kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Minni hlutinn bendir á að samkvæmt kjarasamningum sjómanna, grein 1.26, skal útgerðarmaður tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn. Minni hlutinn telur að svokallað „verð til viðmiðunar" sé fráhvarf frá þessari grein kjarasamningsins og varar við lögfestingu þessa ákvæðis. Afleiðing þessa kann að verða sú að til verði eins konar nýtt „landssambandsverð" og að þeir aðilar sem hingað til hafa lagt sinn fisk inn á markað kjósi þá frekar að nýta sér hið nýja „landssambandsverð" til uppgjörs á aflahlut sjómanna. Ef svo fer er það stórt skerf aftur á bak á sama tíma og talið er eðlilegt að samkeppni og markaður ráði verði á öðrum sviðum atvinnulífsins. Nær hefði verið að ríkisstjórnin lýsti því yfir að stefnt væri að aðskilnaði veiða og vinnslu" — ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson höfum einmitt lagt fram á hinu háa Alþingi frv. til laga um aðskilnað á veiðum og vinnslu sem enn hefur ekki fengið afgreiðslu í nefnd — „og að allur afli yrði verðlagður á markaði. Þannig væri stærsta deilumál sjómanna og útvegsmanna leyst og forsendur skapaðar fyrir eðlilegum samskiptum þessara aðila.

Það vekur sérstaka eftirtekt að ríkisstjórninni skuli hafa legið svo á að koma lögum yfir sjómenn að hún gaf sér ekki tíma til að gaumgæfa hvort það frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi, á einstæðum útbýtingarfundi, samrýmdist ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum sem Ísland er aðili að, eins og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Það rann hins vegar upp fyrir ríkisstjórninni við 1. umræðu málsins að líklega hefði hún gengið út fyrir öll mörk í frumvarpinu. Í tilraun til að forðast frekari ákúrur af hálfu ILO, og til að eiga síður á hættu að verða uppvís að því að brjóta frekar af sér gagnvart öðrum samningum sem Ísland er bundið af, hefur ríkisstjórnin hlutast til um að meiri hlutinn geri breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Þar hafa nú verið teknar út viðmiðanir gagnvart efni og tímalengd vélstjórasamningsins. Þannig telur ríkisstjórnin að hún hafi skorið sig niður úr þeirri snörunni. Eftir stendur meginefni frumvarpsins sem er gróf íhlutun í kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna. Því hefur minni hlutinn mótmælt harðlega.

Minni hlutinn vill vekja athygli á því að fram kom í viðræðum nefndarinnar við Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, að útvegsmenn gætu samþykkt frestun á verkfalli sjómanna til að ljúka mætti samningum með eðlilegum hætti. Í ljósi þess má ætla að ekki sé fullreynt hvort unnt væri að ná samningum milli deiluaðila ef þeir fengju tóm til þess."

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan er einhuga um þetta nál. sem var samið í nótt að afloknum fundi í sjútvn.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan er einhuga um að þetta frv. á að fara út í hafsauga. Það á ekki að setja lög á verkfall sjómanna. Stjórnarandstaðan telur að ríkisstjórnin hafi unnið sjómannasamtökunum og landinu stórtjón með þeirri aðferð sem notuð hefur verið. Verkfallið hefur óneitanlega skapað sjómannsfjölskyldum sem fá litla peninga

úr verkfallssjóði erfiðleika, og auðvitað gera allir sér grein fyrir þrýstingi gagnvart fólki í fiskvinnslunni, gagnvart sveitarstjórnarmönnum, gagnvart útgerðarfyrirtækjunum, frystihúsunum og náttúrlega efnahagslífi landsins alls. Allir gera sér grein fyrir þessum þrýstingi. En það er mat mjög margra að einmitt á þeim tímapunkti þegar frv. kom fram á laugardaginn þá hafi verkfallið í raun verið byrjað að bíta og hafa áhrif. Því er ábyrgðarhluti, ef það mat er rétt, að setja á lög þegar verkfallið er rétt u.þ.b. að fara að bíta og e.t.v. þrír til fimm dagar eftir af verkfallinu.

Virðulegi forseti. Til lengri tíma litið verður á einhverjum tímapunkti að gera þessi mál upp gagnvart sjómannastéttinni. Blikur eru á lofti í öllu sem lýtur að aðbúnaði, kjörum og framtíð sjómannastéttarinnar. Nú er málum svo komið hjá þessari tæknivæddustu og afkastamestu fiskveiðiþjóð heimsins per einstakling — og það er sjómönnum okkar að þakka — nú er málum svo komið, virðulegi forseti, að ungt fólk er hætt að sækja í ríkum mæli skóla eins og Sjómannaskólann og Vélskólann. Til hvers leiðir það? Hvaða vísbendingar eru þar á ferðinni? Vísbendingar eru mjög klárar. Hvar sem maður ber niður, talar við ungt fólk í skólum, þá eru það launamálin. Það eru kjaramálin og það er allur aðbúnaður sjómannanna. Þetta eru hlutir sem verður að laga ef við ætlum áfram að vera í fremstu röð í heiminum, sem við óneitanlega erum, hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu, sérstaklega hvað varðar fiskveiðar þar sem íslenskir sjómenn, hver einn og einasti er margra manna maki á við það sem gerist í öðrum löndum. Auðvitað er það menntunin ásamt tæknivæðingunni sem gerir okkur þetta kleift. En sú vísbending sem við fáum þegar unga fólkið hættir eða hefur ekki lengur áhuga á að sækja inn í eitthvert fag veldur því að blikur eru á lofti. Á þessum málum verður að taka núna og það er í samhengi við alla þessa deilu.

Verðmyndunarkerfið og mönnunarmálin standa út af og menn verða í sátt og samlyndi að taka þá törn sem til þarf einu sinni til þess að fara í gegnum það mál og fá nýjan flöt. Öðruvísi ganga þessi mál aldrei eðlilega fyrir sig. Að setja lög á sjómenn núna er að fresta núverandi ástandi, bullandi óánægju með skiptakjörin, en ekki síst óánægju með það hvernig aldraðir sjómenn koma út úr t.d. lífeyrissjóðum, hvernig sjómenn sem hafa lent í slysum koma út úr slysatryggingu. Grundvallaratriði sem nútímafjölskyldan horfir á í æ ríkari mæli er starfsumhverfi sjómannanna. Nútímafjölskyldan sættir sig ekki við það að mönnum sé skipað út og suður í plássin eins og hundum. Það er ekki hægt.

Útgerðarmunstrið hefur gjörbreyst sérstaklega á stærri skipunum á undanförnum örfáum árum. Öryggisleysi manna er orðið miklu meira. Þeim er, eins og ég sagði áðan, skákað á milli skipa eftir duttlungum útgerðarinnar. Það kemst rót á fjölskylduna og mönnum finnst að þeir hafi ekkert fast undir fótunum. Og það hangir allt á þessum pakka. Þar hangir líka spurningin um lífsstíl.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt frá því einu sinni hér svona í framhjáhlaupi að á unglingsárum mínum á Dalvík voru sjómennirnir okkar reyndar að hlæja dálítið að Færeyingunum vegna þess að þeir sigldu í land á sunnudögum, fóru í sparifötin, fóru í kirkju klukkan ellefu og höfðu notalegan dag langt frá sínum heimahögum og sínu fólki. Harkan í útgerðinni okkar hefur leitt til þess að menn setja spurningarmerki við andlega heill og vellíðan sjómanna sem er mjög stórt dæmi. Þessi umræða hefur kannski aldrei farið almennilega af stað fyrr en eftir að við höfum veiðar í Smugunni. Með tilkomu Smuguveiðanna fóru menn kannski í fyrsta skipti opinberlega að tala um andlega líðan manna sem eru lokaðir undir dekki meira og minna svo vikum skiptir við það að veiða fisk og vinna hann. Þetta eru stór mál sem verður að huga að.

Og kappið við að ná í fiskinn og kappið við að gera út, það verður að taka á öllum þessum þáttum. Við sem eigum fjölskyldur sem lifa af þessu vitum nákvæmlega hvað þetta er þýðingarmikið. Þetta er mjög þýðingarmikill þáttur og við höfum öll sjálfsagt einhverja reynslu af því hvernig menn hafa farið út úr slíkum löngum útiverum til sjós.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra að sinni. Ég kem e.t.v. seinna inn í umræðuna. En það er alveg á hreinu að þessi gerðardómsleið er ekki heppilegur vettvangur, sérstaklega vegna þess að gerðardómnum er gefin formúla í lögum. Ef menn hafa ekki eitthvað annað í huga samhliða þessari lagasetningu en frestun á verkfalli þá hefði þetta átt að vera einföld frestun sem, eins og ég hef sagt áður, virðulegi forseti, hefði þá leitt til þess að menn stæðu á þeim kjaranótum sem þeir búa við núna, og það væri einfaldur lagatexti. Og í framhaldi af því hefði það síðan náttúrlega verið miklu eðlilegri framgangsmáti ef samtök sjómanna og útgerðarmanna hefðu, kannski með tilstuðlan ríkisins, komið sér niður á það að skipa gerðardóm. Það er hinn eiginlegi gerðardómur. Eins og fram hefur komið hér í umræðunni, virðulegur forseti, má e.t.v. frekar líta á þessa uppsetningu mála sem nefnd en ekki sem eiginlegan gerðardóm. Gerðardómur er þess eðlis að hann er settur þegar tveir menn eða fleiri ná ekki saman um mál en geta verið sammála um að fá þriðja aðila til að koma að máli. Það er gerðardómur. Gerðardómur sem settur er í lögum af þessu tagi er í eðli sínu nefnd þó að þetta nafn sé notað og með formúlunni sem sett er inn í lagafrv. er náttúrlega augljóst að hverju menn stefna í sambandi við vinnu þessa gerðardóms.

Virðulegi forseti. Við munum beita því afli sem við höfum í stjórnarandstöðunni og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til að þessi lög verði ekki sett á sjómenn heldur freisti menn þess að ná samningum á eðlilegum nótum.

[17:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns beina orðum mínum til hæstv. forseta. Þegar ég horfi yfir salinn sé ég engan ráðherra viðstaddan. Það er kannski ekki óvanalegt þegar rædd eru mikilvæg mál en ég sé heldur ekki neinn fulltrúa stjórnarmeirihlutans og ekki hinn ágæta formann sjútvn. til að hlusta á málflutning stjórnarandstæðinga og svara spurningum okkar.

Ég vildi í upphafi spyrja hæstv. forseta hvort hann teldi eðlilegt, þegar nálgast lok þessarar umræðu, að hér sé enginn staddur af hálfu stjórnarinnar, fyrir utan hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem núna var að ganga í salinn? Telur hæstv. forseti það eðlilega afgreiðslu eða málsmeðferð á hinu háa Alþingi við lok umræðunnar að aðeins einn þingmaður stjórnarliðsins sé til svara í máli sem hefur valdið mikilli umræðu hér í þinginu? Ég vildi mjög gjarnan spyrja forseta hvort hann gæti upplýst mig um það hvort hann teldi eðlilega að málum staðið í lok umræðu?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. formaður sjútvn. er hér í salnum til svara fyrir málið en hæstv. ráðherra er í húsinu. Það er sjálfsagt að senda boð eftir honum ef hv. þm. óskar þess.)

Herra forseti. Ég dreg þetta ekki fram vegna þess að ég treysti ekki hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni til að svara fyrir málflutning ríkisstjórnarinnar heldur vildi ég vekja athygli á vinnubrögðum stjórnarinnar í þessum málum. Til stendur að setja lög á verkfall. Það er ein alvarlegasta aðgerð sem gerð er af hálfu löggjafans. Sá meiri hluti sem fer með valdið á hinu háa Alþingi sýnir málinu hins vegar ekki þá virðingu við 2. umr., sem er hin efnislega umræða eftir umfjöllun í nefnd, að hafa bæði ráðherra og fulltrúa stjórnarflokkanna til svara fyrir þetta alvarlega mál. Hér erum við að ræða eitt stærsta mál sem lagt hefur verið fram á þessu þingi. Þetta vil ég biðja hæstv. forseta um að hugleiða og hvernig skapa megi betri umgjörð í slíkum málum.

Varðandi efnisatriði málsins þá má fyrst nefna að til að grípa inn í kjaradeilu með lögum þurfa að vera alveg sérstakar ástæður og brýn nauðsyn. Í fyrsta lagi var framlagning þessa frv. algjörlega óeðlileg með tilliti til mikilvægis málsins og hefða sem ríkja á hinu háa Alþingi. Hins vegar eru efnisatriði frv., þ.e. bann við verkfalli og verkbanni og gerðardómur, fráleit. Þessari kjaradeilu varð að ljúka með kjarasamningum. Það hefur komið glöggt fram af hálfu forustumanna sjómanna og útgerðarmanna að báðir samningsaðilar vildu klára málið með samningum og þeir fengu það ekki.

Þá getur maður spurt sig, herra forseti: Fyrir hvern er verið að setja þessi lög? Í hvers þágu er þessi lagasetning? Rökstuðningurinn sem færður hefur verið fram í þeim efnum er að hér sé tekið tillit til hagsmuna þjóðarinnar. Bent er á að gjaldeyrisöflun sé í voða og þetta hafi mikil áhrif á hagkerfið. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim röksemdum en í þessari kjaradeilu stóðu mál þannig að það var samdóma álit samningsaðila að það yrði að berjast til þrautar. Menn hafa staðið í þessari kjaradeilu áður. Ég get sagt það hér, hæstv. forseti, að menn standa ekki í sex vikna verkfalli að gamni sínu, hvorki sjómenn né útvegsmenn. Á undanförnum árum hafa staðið yfir mörg verkföll og verið sett mörg lög sem lotið hafa að þessum tveimur atriðum sem deilt er um, þ.e. fiskverðinu og mönnuninni.

Nú er það svo, herra forseti, að þessir samningsaðilar eru ekki þeir einu sem standa frammi fyrir erfiðum málum. Það er hægt að spyrja, því kjarasamningar eru ekkert nýtt í samfélagi okkar: Hvers vegna í ósköpunum geta þessir aðilar ekki klárað kjarasamninga sína? Við því er ekkert eitt svar. Það var vinsæl kenning fyrir nokkrum árum að sökin væri hjá forustumönnunum. Það voru fjórir aðilar sem leiddu þessa viðræðu af hálfu samningsaðila til mjög langs tíma, einn af hálfu útgerðarmanna og þrír af hálfu sjómanna. Nú hafa tveir þessara forustumanna horfið til annarra starfa og tveir aðrir komið í staðinn. En þó er allt óbreytt.

Það er allt óbreytt í samningaviðræðunum og þar koma fram öll sömu viðhorfin þegar fjallað er um þetta á opinberum vettvangi. Erfiðleikarnir í þessari kjaradeilu liggja ekki hjá einstaklingunum, enda eru forustumennirnir bakkaðir upp af sínu fólki. Það er eitthvað að við samningsgerðina, eitthvað í efnisatriðum kjarasamninga í þessari atvinnugrein sem gerir svo erfitt að ná niðurstöðu. Þess vegna ákváðu menn núna að standa ekki upp frá þessu máli fyrr en þeir hefðu náð saman. Málin þróuðust þannig að samningar náðust ekki og verkfall hófst.

Það er óviðunandi fyrir almenning að þessir aðilar semji ekki. Margir eiga í erfiðleikum vegna þess að ekki hafa náðst kjarasamningar. Það er ekki aðeins gjaldeyrismarkaðurinn heldur líka fólk í fiskvinnslufyrirtækjum og þetta hefur margvísleg önnur áhrif. Við vitum, herra forseti, að samningsrétturinn er vitaskuld réttur sem fylgja skyldur. Það er hörmulegt að Landssamband íslenskra útvegsmanna og sjómannasamtökin skuli ekki hafa náð að uppfylla þessar skyldur með því að ná niðurstöðu í kjarasamningum.

Herra forseti. Aftur á móti á löggjafinn ekki að grípa inn í kjaradeilu að óþörfu. Hann hefur vald til þess. Það vald hefur reyndar verið misnotað af öllum flokkum en réttur til inngrips í kjaradeilu getur aldrei verið annað en neyðarréttur. Þeim rétti hefur verið beitt oftar en í neyð. Það má vera að við ættum að hugleiða það sem gagnrýni á alla, ríkisstjórn, stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins, að menn hafi verið of prinsipplausir í þessum efnum. Lög hafa oft verið sett með þegjandi samþykki samningsaðila. Það er ekki góð aðferð þó að við höfum kannski á seinni árum reynt að færast út úr þessu umhverfi.

Þetta frv. leysir hins vegar engan vanda. Það leysir ekki einu sinni þessa kjaradeilu vegna þess að álitamálum um fiskverð og mönnun er ekki fundinn neinn farvegur. Það eru liðnar sex vikur án nokkurrar niðurstöðu og þegar þetta frv. verður orðið að lögum þá hafa sex vikur liðið án þess að nokkur árangur hafi náðst, fyrir utan kjarasamning vélstjóra. Vitaskuld ber að virða þá samninga eins og aðra sem gerðir eru af fúsum og frjálsum vilja.

Samfylkingin hefur skýra stefnu varðandi deiluna um fiskverðið. Hún hefur talað um að hana megi leysa á markaði. Það að setja allan fisk á markað sé hin eina rétta og raunhæfa lausn. Það er kerfi sem er víða notað erlendis.

Mönnunarmálin, þ.e. hvernig skipta eigi verðmætum vegna fækkunar í áhöfn vegna tækniframfara, eru klassískt vandamál samningsaðila og enginn getur tekið það verkefni frá þeim. Samningsaðilar hafa haft þetta uppi á borðinu og verða að klára það. Löggjafinn getur aldrei klárað þetta mál fyrir þá, hvort sem er með beinni lagasetningu eða gerðardómi.

Mistök ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru mörg. En það hafa fleiri aðilar gert mistök í þessum málum. Það voru mistök, herra forseti, að leggja fram frv. sem frestaði verkfalli hér um páskana. Þá var tekinn kraftur úr viðræðunum. Það er ekki hægt að fullyrða um hvort náðst hefðu samningar ef frv. hefði ekki komið fram en mitt mat er að það hafi ekki greitt fyrir lausn mála, eins og raun ber vitni. Það voru fyrstu mistök opinberra aðila í þessari kjaradeilu.

Í öðru lagi voru það mikil mistök að leggja þetta frv. fram og ætla að knýja á um afgreiðslu þess. Það átti að bíða og gefa mönnum lengri tíma í kjölfar vélstjórasamningsins til að fullreyna þetta mál.

Í þriðja lagi er hægt að gagnrýna það hvernig frumvarpið var lagt fram og hvernig gengið var á svig við hefðir á hinu háa Alþingi.

Í fjórða lagi er hægt að leggja annað mat á stöðuna heldur en sáttasemjari gerði. Í þessari deilu hefði verið eðlilegt að fram hefði komið miðlunartillaga, t.d. skömmu fyrir vélstjórasamninginn eða strax í kjölfarið, þannig hefði farið fram atkvæðagreiðsla milli samningsaðila, milli útgerðarmanna og sjómanna, um einhvers konar miðlunartillögu sem mögulega hefði fengist samþykkt. Jafnvel þó hún hefði ekki verið samþykkt þá hefðu það verið ákveðin skilaboð inn í þessa deilu. Að mínu mati hefði verið nauðsynlegt að fá fram miðlunartillögu og atkvæðagreiðslu um hana.

Í fimmta lagi má nefna að þetta frv. er ekki vel unnið og vísunin í gerðardóm, eins og hér hefur margoft komið fram

í umræðunni, er mjög ábótavant. Hringlandaháttur hæstv. sjútvrh. í þeim efnum er ekki til að bæta virðingu hins háa Alþingis.

Eina skynsamlega niðurstaðan í þessu máli eða tillaga til afgreiðslu þess er að annaðhvort verði þetta frv. fellt eða dregið til baka og málinu aftur vísað til samningsaðila. Deilumálin væru hvort eð er öll óleyst við næstu kjarasamninga. Það að búa við sífelld verkföll og verkbönn í sjávarútvegi er óþolandi fyrir almenning, fiskvinnslufólk, hagstjórnina og marga aðra þætti í þessu samfélagi. Undan þeirri ábyrgð getur enginn skorast.

Það er ekki, herra forseti, hlutverk löggjafarvaldsins að grípa inn í þessi mál fyrr en komið er í þvílík óefni að þjóðarhagur sé í alvarlegri hættu. Jafnvel þó að verkfallið hafi staðið í sex vikur þá var sú staða ekki komin upp. Við höfum heyrt ákall samningsaðila, sérstaklega sjómannaforustunnar, um að þeir vildu klára þetta mál.

Sú leið sem farin er í frv., að leggja til gerðardóm, er fráleit leið til kjarasamninga. Það gengur ekki nema menn vilji taka samningsréttinn af útgerðarmönnum og sjómönnum og setja launaákvarðanir í kjaranefnd, eins og gildir um ýmsar starfsstéttir, eins og presta og lögreglumenn og nokkrar aðrar stéttir, séu menn algjörlega búnir að gefast upp á því að þessir aðilar geti nokkurn tíma náð niðurstöðu í kjaraviðræðum sínum. Gerðardómsleiðin er skref í átt að þeirri hugmyndafræði en samningsaðilar verða líka að hugsa til lengri tíma. Það að afnema samningsrétt launaþegafélags er fráleit aðferð. Afleiðingarnar verða líka miklar og þær eru kannski alvarlegastar fyrir skipulag verkalýðshreyfingarinnar á næstu missirum.

Herra forseti. Í kjölfarið á þessum lögum mun verktaka verða algengara samningsform eða launþegaform innan sjávarútvegsins og að farið sé fram hjá skipulögðum launþegahreyfingum og launþegafélögum. Þessi breyting hefur víða orðið í nágrannalöndunum. Þetta hefur gerst erlendis í ýmsum greinum og er mjög vond þróun. Hér kemur líka fram hinn skýri pólitíski ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli. Stjórnarliðar hafa ekkert á móti því að kjaraviðræður þróist fram hjá samtökum launafólks og yfir í verktöku fram hjá eðlilegum samtökum launþega, hvort sem er í heildarsamtökum eða í einstökum stéttarfélögum. Það er hinn stóri pólitíski ágreiningur í þessu máli.

Grundvöllur jafnaðarstefnunnar, sem Samfylkingin byggir á, er einmitt frjáls samtök launafólks og með þessum lögum er vegið að rótum jafnaðarstefnunnar.

Þetta frv., þegar það verður að lögum, verður ólög sem leysa ekki vandamálin á milli samningsaðila. Þetta frv. grefur undan skipulagi launþegahreyfingarinnar og niðurstaðan er að frv. er algjörlega ótímabært inngrip í hefðbundna launþegabaráttu. Menn verða að hlíta þeim leikreglum sem gilda í samfélaginu og lagasetning í kjaradeilu og bann á verkföll, er ekki, herra forseti, hluti af þeim leikreglum.

[17:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eftir að ég vék úr ræðustól í dag, um þrjúleytið hafði borist inn í hv. Alþingi ályktun frá samninganefnd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur haldinn í samninganefnd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 15. maí 2001 mótmælir harðlega fyrirliggjandi frumvarpi til laga um kjaramál fiskimanna. Fundurinn lýsir yfir að ekki standi til að aflýsa yfirstandandi verkfalli fyrr en samningur við samtök útvegsmanna hefur tekist. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að draga til baka lagafrumvarpið og veita samningsaðilum svigrúm til að ljúka deilunni með samningi. Ef ekki er orðið við þessari ósk skorar samninganefndin á Alþingi Íslendinga að hafna lagafrumvarpinu. Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi lýsir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda."

Fyrr í dag barst okkur einnig yfirlýsing Sjómannasambandsins þar sem þeir aflýsa verkfalli. Þeir gerðu það í þeim tilgangi að komast undan lagasetningunni og halda samningsrétti sínum. Í báðum þessum ályktunum, hvorri í sínu lagi, ítreka samtök sjómanna að þau vilja klára kjarasamninga sína, þau ná kjarasamningum. Það er eðlilegt og sjálfsagt hlutverk samningsaðila að krefjast þess réttar síns og var farið ágætlega yfir það í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að þegar maður lítur örlítið aftur í tímann þá finnst manni að þessi kjaramál sjómanna séu endurtekning á sömu baráttu um sömu veigamiklu atriðin. Hér er tekist á um mikilvæg mál eins og verðmyndunarmálin, hvernig þeim skuli fyrir komið, og um mönnunarmálin. Ég ætla hins vegar að ítreka, áður en lengra er haldið, að samtök sjómanna buðu fram sérstaka sátt í þessu máli. Menn mega ekki gleyma því í þessari umræðu. Það er eins og menn hafi gleymt því að öll samtök sjómanna buðu fram ákveðna sátt í janúar sl. sem byggði á því að hér yrði vinnufriður út árið. Boðið var upp á að sjómannasamtökin og Landssamband íslenskra útvegsmanna semdu um þrjú meginatriði, almennar launabreytingar sem, eins og ég hef farið hér yfir í fyrri ræðum mínum, vega lítið í heildarlaunum sjómanna, kauptrygging, tímakaup og aðrir kaupliðir; lífeyrisgreiðslur, sérstakar viðbótarlífeyrisgreiðslur og síðan slysatryggingar. Þetta voru atriðin sem sjómenn óskuðu eftir samningi um til þess að ná fram vinnusátt í öðrum erfiðum málum, m.a. verðlagsmálum og mönnunarmálum.

Menn mega ekki gleyma því þegar talað er um að það verði að setja lög á þessa deilu, hún hafi teygst á langinn og allt eftir því, að samtök sjómanna lögðu fram sérstakt sáttatilboð til að komast hjá þessari deilu, til að komast hjá því að lenda í þessari stöðu. Hverjir höfnuðu því? Það voru viðsemjendur þeirra, Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem hafnaði því fyrirkomulagi, skammtímasamningi með sjómönnum út þetta ár til að tryggja vinnufrið í landinu.

Það er ekki eins og menn hafi gert þetta allt í einu upp úr þurru og ekki liðið einhver tími sem menn höfðu sýnt þolinmæði. Samningar höfðu verið lausir í ár og samt bjóða menn fram sáttaleið og henni er hafnað. Það er einfaldlega svo, hæstv. forseti, að í sögu sjómannasamtakanna er þetta ekki nýtt mál. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fá að vitna hér í skýrslu Farmanna- og fiskimannasambandsins frá aðdraganda kjaradeilunnar sem leyst var með lögum árið 1998.

Sú deila hafði líka þróast lengi. Kjarasamningar sjómanna höfðu fallið úr gildi í árslok 1996 og þrátt fyrir margar viðræðutilraunir gekk ekkert að koma á nýjum kjarasamningi. Það hvorki gekk né rak. Þegar komið var fram í júní árið 1997, hálfu öðru ári eftir að samningurinn féll úr gildi og menn höfðu verið samningslausir í nærri 18 mánuði, þá tóku samtökin sér það fyrir hendur að ákveða að fara í fundaferð um landið. Þau byrjuðu á að fara á fund stjórnvalda um vorið 1997 og tilkynntu þeim til hvers mundi sennilega draga ef svo færi fram sem horfði, að enginn vilji væri hjá

útvegsmönnum til að leysa þessa deilu. Útvegsmönnum var líka gert ljóst að sjómannasamtökin hygðust fara í sérstaka fundaherferð til að byggja upp samstöðu í þessu máli.

Á haustdögum 1997, í september, október, nóvember og desember voru haldnir fundir með um tvö þúsund sjómönnum, um borð í fjölda fiskiskipa í höfnum landsins. Þegar þeirri fundaherferð var lokið var liðið á annað ár. Upp var runnið árið 1998. Hins vegar var enga hugarfarsbreytingu að sjá varðandi kjarasamninga sjómanna hjá forustumönnum LÍÚ þrátt fyrir þessa fundaherferð og það að menn væru að safna sér verkfallsheimildum. LÍÚ-forustan taldi og lét það frá sér fara í ýmsum yfirlýsingum að engar líkur væru á að sjómannasamtökin næðu samstöðu um að fara í verkfallsaðgerðir til að knýja á um lausn kjarasamninga. Það var líkt og í aðdragandanum að deilunni sem við ræðum nú. Það endaði samt með því að samþykkt var að hefja verkfallsaðgerðir á árinu 1998.

Menn stóðu uppi með að samningsviðræðum yrði ekki komið af stað nema því aðeins að samtökin tækju sig saman og boðuðu til aðgerða. Það var gert. Ágreiningsmálin voru verðmyndunarmálin eins og áður, settur í þau sérstakur sáttasemjari, fyrrverandi forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, til að reyna að finna á þeim lausn. Ekki gekk það, eins og kerlingin sagði.

Mér finnst aðdragandinn að þeirri deilu sem við ræðum nú og þeirri deilu sem ég hef rifjað upp frá árunum 1996 og 1997, sem endaði með lögum 1998, vera ósköp líkur því sem við erum að fást við í dag. Það er ævinlega svo þegar sjómenn hafa reynt að grípa til aðgerða eftir langvarandi samningsleysi, margra mánaða samningsleysi, þá hefur það endað með lagasetningu á Alþingi. Það varð einnig niðurstaðan í lok mars árið 1998 að sett voru lög á kjaradeiluna.

Ég rifja þetta upp m.a. vegna þess — ég gæti auðvitað farið lengra aftur í söguna en ég hyggst gera hér — að það er líkt og það sé sjálfsagt að ef verkfallsvopninu er beitt gagnvart Landssambandi íslenskra útvegsmanna þá skuli það alltaf enda með því að stjórnvöld grípi til lagasetningar og geri þar með upptæk þau vopn sem verkalýðshreyfing hefur, í þessu tilfelli sjómannasamtökin sem hafa forðast að beita þeim ótæpilega. Þau hafa eingöngu beitt verkföllum þegar í nauðirnar hefur rekið, eftir að hafa verið samningslaus í fleiri mánuði.

Þess vegna segi ég það, herra forseti, að mér finnst óásættanlegt að standa hér enn á ný, nú frammi fyrir lagasetningu númer tvö á kjaradeilu fiskimanna. Ég er algjörlega andvígur þeirri lagasetningu sem á að fara hér fram og hlýt að lýsa fullri ábyrgð á ríkisstjórnarflokkana á þeirri málsmeðferð sem þeir viðhafa hér sem er auðvitað afleiðing af því að þeir gripu inn í deiluna á ótímabærum punkti í mars sl., tóku m.a. þrýstinginn úr deilunni að stórum hluta og deilan hefur dregist á langinn. Það er m.a. vegna verka stjórnvalda í málinu öllu saman.

Sjómenn mættu fyrir framan Alþingishúsið í dag til að mótmæla lagasetningunni og mótmæla því að fá ekki að gera eigin kjarasamninga við viðsemjendur sína. Þeim er eðlilega orðið heitt í hamsi yfir þessum aðgerðum sem er ævinlega gripið til af stjórnvöldum. Menn hljóta að spyrja sig í röðum sjómanna: Hvaða aðferðir hafa sjómannasamtökin í framtíðinni til þess að ná fram leiðréttingu á kjörum sínum eftir að hafa horft á það árum saman að hafa sýnt þá þolinmæði að vera með lausan kjarasamning mánuðum saman áður en gripið er til þess eina vopns sem launaþegasamtök hafa, þ.e. að boða til vinnustöðvunar til að knýja fram lausn, að hafa horft á það árum saman að ævinlega er klippt á aðgerðir þeirra með lagasetningu frá Alþingi? Sjómannasamtökin hljóta að fara að spyrja sig að því: Hvernig eiga samtök sjómanna að tryggja virka kjarabaráttu fyrir félagsmenn sína á komandi árum? Ekki er auðvelt að finna því farveg þegar svo er staðið að málum sem ég hef dregið fram. Auðvitað væri hægt að fara lengra aftur í söguna því að þessi saga er lengri þar sem stjórnvöld grípa ævinlega inn í með lagasetningu. Það er ævinlega fyrir sömu atvinnurekendurna í þessu landi sem gripið er til þessa ráðs.

Þess vegna orða ég það svo að LÍÚ hafi komið sér upp LÍÚ-vænum ríkisstjórnum á undanförnum árum, ríkisstjórnum sem hafa verið tilbúnar til að tryggja hagsmuni atvinnurekenda í þessa veru á kostnað sjómanna. Reyndar efast ég um, ef langt er litið inn í framtíðina, að verið sé að tryggja hagsmuni atvinnurekenda með slíkri aðgerð. Verið getur að menn séu nú að rífa undan sjálfum sér því að það kann að hitta menn fyrir þegar ævinlega er svo að málum staðið að mönnum tekst að fá aðra til að beita fyrir sig valdi. Ekki verður endalaust barið á sjómannastéttinni án þess að hún hljóti að finna sér einhverjar aðferðir til að bregðast við.

Við höfum séð viðbrögð sjómanna í öðrum löndum, þær eru mun harkalegri en hér. Ég er ekki að hvetja til að þannig verði að málum staðið en menn skyldu hugleiða það að svo lengi geta menn haldið áfram í þessu fyrir fram ákveðna lagafari sínu að hið deiga járn fari að bíta ef nógu vel er brýnt. Þannig kann það að vera. — Sé ég nú að vinum mínum úr Sjálfstfl. fjölgar verulega í salnum mér til mikillar ánægju.

Það sem hér er að gerast og á að keyra hér í gegn er að binda deiluna niður í lagaumhverfi. Viðmiðin í því sambandi eru ekki styttri tími en fjögur og hálft ár. Enn þá er ekki hægt að lesa annað út úr frv. eins og það er, með tilliti til 2. gr., en að það sé beinn vegvísir í kjarasamning Vélstjórafélagsins, svokallaða „Laxdælu" sem vísar veginn til kjarasamningsbindingar í fjögur og hálft ár, til ársloka 2005.

Það verður sennilega talið alveg sérstakt afrek ef það verður niðurstaða lagasetningarinnar en síðan gerðardómsins að binda kjaramál sjómanna föst í löglega gerð fram til ársloka 2005. Vafasamt verður að telja að slík gjörð standist alþjóðasamninga eða alþjóðalög sem við erum aðilar að. Íslensk stjórnvöld hafa fengið viðvaranir á undanförnum árum vegna lagasetninga sinna á kaup og kjör og kjaradeilur sjómanna meðal annars. Ég held að menn séu núna að teygja sig og reyna verulega á hvort það sem hér er að gerast standist slíkt.

Ég vil líka benda á að hér er í raun og veru verið að taka skref aftur á bak. Verið er að taka upp nýja viðmiðun í fiskverði, svokallað viðmiðunarverð hlutaskipta, sem við í minni hlutanum í sjútvn. nefnum í greinargerð okkar og segjum:

„Afleiðing þessa kann að verða sú að til verði eins konar nýtt „landssambandsverð" og að þeir aðilar sem hingað til hafa lagt sinn fisk inn á markað kjósi þá frekar að nýta sér hið nýja „landssambandsverð" til uppgjörs á aflahlut sjómanna."

Það skyldi þó ekki vera að það yrði afleiðingin af þessu að minna yrði selt á fiskmörkuðum en verið hefur á undanförnum árum? Þá hefur ríkisstjórnarflokkunum tekist að stíga skref aftur á bak í þeirri þróun verðmyndunar sem verið hefur á fiskmörkuðum á undanförnum árum, þróun sem flestallir hafa talið að væri eðlileg og sjálfsögð inn í framtíðina, að verðmyndun á fiski færi fram á uppboðsmörk-

uðum, a.m.k. á verði sem tengdist þeirri viðmiðun. En hér er sennilega verið að stíga skref aftur á bak og sennilega gætum við verið að nálgast það, ef svo fer sem horfir, að þetta verði bundið til fjögurra, fimm ára og jafnvel aðilar sem hafa vísað sig frá deilunni með því að aflýsa verkfalli sínu kynnu að vera tengdir inn í þetta mál vegna þess að LÍÚ hefur lýst á þá verkbanni, sætu einnig uppi með þessa gjörð. Ég vona að svo verði ekki og að orð hæstv. sjútvrh. í gær standi til þess að svo verði ekki gert, og að þær breytingar muni koma fram á þessu frv. milli 2. og 3. umr. að þeir sem aflýst hafa vinnustöðvunum sínum verði ekki teymdir inn í þennan gerðardóm eða þessa lagagerð.

Ég óttast hins vegar, eins og ég sagði áðan, að við séum hér að stíga skref sem muni færa okkur aftur á bak í verðmyndunarmálum fisks hér á landi og að við stefnum í það að finna nýtt landssambandsverð á fisk. Það fer þá að nálgast hið gamla verðlagsráðsverð en eins og þeir muna sem hafa kynnt sér söguna varð verðlagsráðið til og stofnsett hér á landi eingöngu vegna þess að áður fyrr stóðu einnig miklar deilur um fiskverð í upphafi hvers árs þegar ákveða þurfti fiskverð fyrr á síðustu öld. Vonandi erum við ekki að hverfa það langt aftur í fortíðina en það er margt sem bendir til þess að það geti orðið afleiðingarnar.

Herra forseti. Þó að mig blóðlangi til að halda umræðunni áfram langt fram á kvöld ætla ég ekki að láta það eftir mér. Ég ætla frekar að vonast til þess að málið verði tekið til skoðunar og lagfært í sjútvn. Ég ætla enn þá að leyfa mér að trúa því þangað til málið kemur endurskoðað út úr sjútvn. að skynsemin sé til staðar hjá hv. stjórnarliðum og menn vilji líta örlítið á það hvernig málin hafa þróast, m.a. í dag með yfirlýsingu Sjómannasambandsins og Farmannasambandsins. Ég minni á í því sambandi að forustumaður útgerðarmanna sagði við okkur í sjútvn. að það væri vissulega vilji þeirra að ná samningum, þannig ætti að enda þetta mál, þó að hann vildi ekki í annan stað láta það koma fram að hann væri beinlínis á móti lagasetningunni. Það er alveg ljóst hvaðan óskirnar koma um lagasetninguna og það er alveg ljóst í stöðunni eins og hún er komin upp núna þegar þarf að tengja lagasetningu við verkbann LÍÚ, jafnvel á félög sem hafa aflýst vinnustöðvun að það er auðvitað LÍÚ sem ræður gerð lagasetningarinnar og hvernig hún lítur út. Auðvitað eru stjórnarliðar að þjónka nákvæmlega undir LÍÚ í þessari framsetningu, nákvæmlega eins og þeir vilja hafa málin. Enda var það forusta LÍÚ sem hafnaði sáttatilboði í janúar, hafnaði því að hér væri vinnufriður út allt þetta ár, til að koma málum í þessa stöðu, sitjandi uppi með langt verkfall, bíðandi eftir því að lagasetning kæmi sem þjónkaði þeim. Til þess fengu þeir sérstakan undirbúning með kjarasamningnum „Laxdælu" sem dregið hefur niður kjör manna eins og hann er úr garði gerður.

Herra forseti. Ég vona enn þá að skynsemin ráði för og að menn beri gæfu til að laga þá löggjöf sem hér á að fara að festa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:13]

Útbýting þingskjala:

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 597. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1336.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 484. mál, nál. menntmn., þskj. 1339.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 523. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1337.

Leikskólar, 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030, nál. 1243.

[18:14]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994, frá menntmn.

Með frumvarpinu er annars vegar kveðið á um að heimilt sé að ráða starfsfólk án leikskólakennaramenntunar sem taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara ef leikskólakennarar fást ekki til starfsins. Hins vegar er kveðið á um að í stað orðsins uppeldisstefna í 2. og 3. mgr. 4. gr. verði notað heitið aðalnámskrá leikskóla um uppeldismarkmið í starfi leikskóla. Er frumvarpið flutt að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við sameiginlega niðurstöðu Félags íslenskra leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga í tengslum við samþykkt nýs kjarasamnings.

Það er skilningur nefndarinnar að með frumvarpinu sé opnuð leið til samninga við fólk sem hlotið hefur skemmri menntun til starfa á leikskóla eins og nú er áformað að veita við Borgarholtsskóla og svonefnt diplómanám við KHÍ.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt og er einróma í þeirri afstöðu sinni til málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045, nál. 1229.

[18:16]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðna Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Félagi grunnskólakennara og Þórð Skúlason og Birgi Björn Sigurjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við sameiginlegar tillögur launanefndar sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands frá 13. mars 2001 í tengslum við nýgerðan kjarasamning sveitarfélaganna og Kennarasambands Íslands. Með frumvarpinu eru ákvæði er lúta að umboði skólastjóra og ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á starfsemi grunnskóla gerð skýrari. Kveðið er á um níu mánaða lágmarksstarfstíma nemenda á hverju skólaári í stað afdráttarlauss ákvæðis um að starfstími grunnskóla sé níu mánuðir á ári. Þá er heimilað að víkja frá ákvæðum um lögbundnar dagsetningar jóla- og páskaleyfa nemenda sem eru frá og með 21. desember til og með 3. janúar og frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Ef slík frávik eru ákveðin ber að geta þess í skólanámskrá og er við slík frávik ekki

heimilt að skerða lögboðinn hvíldartíma nemenda á skólaárinu. Jafnframt er heimilað að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmd próf í íslensku í 4. og 7. bekk og undanþágu frá því að þreyta samræmd próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Menntmn. er einróma í þeirri afstöðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668, nál. 1230.

[18:18]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Nefndarálitið er frá menntmn.

Markmið frumvarpsins er að leggja niður Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem stofnaður var með breytingu á útvarpslögum árið 1970. Var þá kveðið á um að 5% af heildartekjum stofnunarinnar skyldu renna í sjóðinn. Hlutfallið var hækkað í 10% með breytingu á útvarpslögum árið 1979.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þau markmið sem stefnt var að með stofnun sjóðsins hafi verið að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Þessum markmiðum hafi verið náð.

Nefndin vekur hins vegar athygli á að í máli fulltrúa Ríkisútvarpsins og umsögn stofnunarinnar kom fram að enn er ólokið uppbyggingu dreifikerfis fyrir útvarp og sjónvarp sums staðar á landsbyggðinni. Leggur nefndin áherslu á að þeirri uppbyggingu verði lokið þrátt fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður í núverandi mynd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Menntmn. er einhuga í afstöðu sinni til málsins.

[18:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, innifelur það í sér að 11. gr. laganna falli brott, eins og hv. frsm. málsins sagði áðan.

Það vakti athygli nefndarmanna þegar farið var að vinna að málinu að í grg. með frv. segir eftirfrandi, með leyfi forseta:

„Þau markmið sem stefnt var að með stofnun Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins voru að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Þessum markmiðum hefur verið náð."

Þessi setning úr greinargerðinni, herra forseti, er ekki rétt. Það sem hún lýsir er ekki rétt, eins og fram kom á fundi nefndarinnar þar sem útvarpsstjóri kom að máli við hv. menntmn. Þá kom að sjálfsögðu fram að allar þessar framkvæmdir eru viðvarandi og engri í raun lokið því áframhaldandi þörf er fyrir að endurnýja tækjakost stofnunarinnar og húsnæði og dreifikerfið er sannarlega enn þá afar götótt. Og það vita allir hv. þm. sem hafa fengið þær upplýsingar sem lagðar voru fram á þinginu á síðasta ári að u.þ.b. 75 heimili í landinu njóta ekki sæmilegra skilyrða til að taka við sjónvarps- eða útvarpssendingum.

Það kom líka fram í máli útvarpsstjóra þegar hann kom fyrir nefndina að Landssíminn muni hafa ákveðin áform um að fylla upp í þessi göt en þau loforð sem þar eru til staðar eru afar óljós. Í umræðum um málið í nefndinni var það alveg ljóst, herra forseti, að þeir sem bera hag landsmanna allra fyrir brjósti telja það fullkomlega óviðunandi að dreifikerfi Ríkisútvarpsins skuli ekki ná til allrar þjóðarinnar. Og ég vil ítreka, herra forseti, að afar mikilvægt er að tekið sé vel á þessu máli og því sé hraðað að dreifikerfið nái til allra landsmanna. Fyrr ríkir ekki sá jöfnuður sem við höfum viljað telja að hér ríkti.

Það má nefna t.d. varðandi dreifikerfið, eins og kom fram í umræðum í nefndinni, að bara þjóðvegur 1 er mjög illa dekkaður. Fyrir hlustendur sem keyra um á þjóðvegi 1 eru stór svæði sem ekki er hægt að ná útvarpssendingum sæmilega, svo ekki sé talað um ef farið er út fyrir þjóðveg númer 1 og var t.d. Barðaströndin nefnd í því sambandi.

Það er afar mikilvægt, herra forseti, að taka það fram og ramma inn að tími framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu er ekki liðinn og það er rétt, herra forseti, að minna á það hér að þingmenn hafa auðvitað annan vettvang en þann að halda Framkvæmdasjóðnum lifandi og halda klásúlunni um hann í lögunum til þess að efla Ríkisútvarpið. Og sá vettvangur, herra forseti, eru fjárlög íslenska ríkisins. Það verður að sjá til þess að tekið verði myndarlega á málum Ríkisútvarpsins í fjárlögum næsta árs ef það er vilji þingmanna, eins og maður hefur talið á umræðum hér og maður hefur lesið út úr því sem þingmenn segja og hafa vikið að, svo margir í mörgum ræðum og í ýmsum ritum, þá verðum við að fá að sjá þá pólitík í fjárlögum íslenska ríkisins.

Mikilvægt er að þetta komi fram hér, herra forseti, við þessa umræðu. Þó svo að ég sé sátt við það að þessi klásúla sé tekin út úr lögunum sjálfum og þessari skyldu Ríkisútvarpsins að setja þessa prósentu inn í Framkvæmdasjóðinn sé aflétt þá er það bara ítrekað hér að framkvæmdum við Ríkisútvarpið er sannarlega ekki lokið.

[18:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp til að vekja athygli á lítilli klásúlu í nál. hv. menntmn. Það er ljóst að í frv. er raunverulega bara verið að færa lögin til nútímans. Þau ákvæði sem voru í lögunum um Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins eru að sjálfsögðu barn síns tíma og í raun er löngu tímabært að leggja sjóðinn af.

Hins vegar kom fram í umfjöllun nefndarinnar að því miður hefur raunverulega gengið miklum mun verr að byggja upp dreifikerfi Ríkisútvarpsins en menn höfðu vonað. Það er þó ekki því að þakka eða kenna að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins hafi verið til staðar og það má færa fyrir því rök að meiri líkur séu á því að betur geti gengið þegar sjóðurinn er horfinn en ella. En það er að sjálfsögðu stofnunarinnar að gera áætlanir um rekstur og uppbyggingu dreifikerfis og óþarfi að vera að eyrnamerkja einhverja peninga til þess því að eins og ég sagði áðan þá hefur það a.m.k. ekki dugað til þess að byggja upp það dreifikerfi sem við viljum hafa hjá þessari stofnun og í raun og veru kom það einnig fram hjá forsvarsmönnum stofnunarinnar sem komu á fund nefndarinnar að það er vilji þeirra einnig, en þeir kenna um fjárskorti og öðru síku að þetta hafi ekki tekist betur en benda að vísu

á að það eru ýmsar tækninýjungar sem kalla hugsanlega á að staðið verði öðruvísi að þessu en gert hefur verið.

Herra forseti. Það sem ég vil vekja sérstaka athygli á er einróma álit nefndarinnar að ekki hafi tekist nægjanlega vel til í þessum efnum og ástæða sé til að gera um þetta áætlanir. Hins vegar kom fram að því miður liggur sú áætlun ekki fyrir hjá stofnuninni en það er fullur vilji nefndarinnar, það kom fram á fundum hennar, að hún muni á næstu árum fylgjast með því hvernig til tekst og ef ástæða þykir til kalla fulltrúa stofnunarinnar á fund nefndarinnar og fara yfir hvernig þessum málum vindur fram. Þess vegna er full ástæða fyrir þeirri klásúlu sem hér kemur fram og ég vil vitna til, með leyfi forseta:

„Leggur nefndin áherslu á að þeirri uppbyggingu verði lokið þrátt fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður í núverandi mynd."

Þetta er eindreginn vilji nefndarmanna og eftir þessu verður gengið og með því fylgst að við þetta verði staðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ávana- og fíkniefni, 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005, nál. 1256.

[18:27]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1256 um frv. til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, frá hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur og Ingolf J. Petersen frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu er brugðist við óvissu sem risið hefur vegna dóma þar sem sýknað var af ákærum um brot á lögunum um ávana- og fíkniefni, þar sem refsiheimildir þóttu ófullnægjandi, og hefur af þeim sökum ekki verið talið fært að höfða mál vegna þeirra efna sem um ræðir í frumvarpinu. Með frumvarpinu eru jafnframt færð undir gildissvið laga sölt, estar, peptíð og hvers konar afleiður þeirra efna sem talin eru upp í 6. gr. laganna. Tilgangur frumvarpsins er þannig að fylla upp í gloppur sem reyndust vera í lögunum og telur nefndin brýnt að svo verði gert.

Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir álitið rita allir hv. þm. nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 2. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236.

[18:29]

Frsm. félmn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 1185 um frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa félmrn. ásamt því að fá umsagnir frá nokkrum aðilum.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög og leigjendur þeirra verði leyst undan skyldu til þinglýsingar á leigusamningi þar sem sveitarfélögin eru í senn leigusalar og greiðendur húsaleigubóta. Þá er lagt til að áhrif skyldleikatengsla verði þrengd og að réttur til húsaleigubóta verði rýmkaður til að koma betur til móts við þá hópa sem búa við sérstakar aðstæður, svo sem fatlaða á sambýlum og námsmenn á framhalds- eða háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélögin séu ekki í stakk búin til að taka á sig hærri greiðslur húsaleigubóta. Telur nefndin rétt að sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaðarauki sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta álit skrifa nefndarmenn en þrír með fyrirvara, Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal og Ásta R. Jóhannesdóttir.

[18:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. nefndarinnar hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, þ.e. fulltrúar Samfylkingarinnar í félmn., ritað undir þetta nál. með fyrirvara og leggjum við fram brtt. við málið.

Eins og fram kemur í nál. er verið að leggja til að reglur eða réttur til húsaleigubóta verði rýmkaður til að koma betur til móts við þá hópa sem búa við sérstakar aðstæður, svo sem fatlaða á sambýlum og námsmenn á framhalds- og háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum.

Við leggjum fram brtt. á þskj. 1236 um að einnig öðlist rétt til húsaleigubóta einstæðir foreldrar sem búa saman tímabundið í sérstöku húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra þannig að þeir öðlist rétt til húsaleigubóta.

Eins og mörgum er eflaust kunnugt er það svo að margir einstæðir foreldrar sem eru í húsnæðisvandræðum búa tímabundið í íbúðum Félags einstæðra foreldra þar sem þeir deila jafnvel eldhúsaðstöðu og annarri sameiginlegri aðstöðu. Þetta fólk hefur ekki átt rétt á húsaleigubótum en við leggjum til að gerð verði breyting á 3. gr. frv. í þá veru að inn í það komi tvær nýjar málsgreinar.

„Við 3. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. hafa einstæðir foreldrar sem búa saman tímabundið í sérstöku húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra rétt til húsaleigubóta."

Einnig viljum við minna á það baráttumál okkar sem við höfum vakið máls á í umræðu um húsnæðismál sem er að

afnema skattskyldu á húsaleigubætur, þ.e. að undanþiggja skal þær frá skatti eins og t.d. vaxtabætur. En þar sem það er ekki hluti af þessum lögum var ekki unnt að gera þá breytingu við þessa lagasetningu en við minnum á að þetta er eitt af baráttumálum Samfylkingarinnar í húsnæðismálum og teljum við að gera þurfi þá breytingu hvað varðar húsaleigubæturnar.

En hér er sem sagt, herra forseti, brtt. frá okkur, mér og hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, um að einstæðir foreldrar sem búa tímabundið í húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra og deila hluta af húsnæðinu saman öðlist rétt til húsaleigubóta.

[18:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og það eru einkum þrjú atriði sem ég geri athugasemd við. Það er í fyrsta lagi sú forsjárhyggja sem birtist í 3. gr. sem felst í því að menn fái ekki húsaleigubætur nema þeir leigi mjög myndarlega íbúð, þ.e. með eldhúsi og baði. Það nægir ekki að menn búi í herbergi til að spara sér fyrir íbúð heldur verða þeir að leigja heila íbúð, annars fá þeir ekki styrkinn. Þetta er ákveðin forsjárhyggja og stýring sem ég er á móti.

Annað atriði sem ég er á móti, herra forseti, er það að allar reglur um upphæð og uppbyggingu húsaleigubóta eru í höndum hæstv. félmrh. sem er ágætis maður en fær allt of mikið vald. Það er ekki orð í lögunum um hvernig húsaleigubætur eiga að vera uppbyggðar.

Og sem afleiðingu af því er þriðja atriðið sem ég er á móti. Það að einstaklingur sem framfærir bara sjálfan sig og er með 200 þús. kr. á mánuði í tekjur fær samkvæmt þeim reglum sem félmrn. hefur byggt upp 6 þús. kr. á mánuði í húsaleigubætur. Ég tel ekki þörf á að styrkja mann sem er með 200 þús. kr. á mánuði til að sjá bara um sjálfan sig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, 2. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001, nál. 1186.

[18:36]

Frsm. félmn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin umsögn frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að selja kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi ábúendum og að andvirði þeirra verði varið til félagslegra framkvæmda í hreppnum.

Félmn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt og að þessu áliti standa allir hv. þm., fulltrúar í félmn., en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifaði undir álitið með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendir starfsmenn, 2. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 885, nál. 1237, brtt. 1238.

[18:37]

Frsm. félmn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um útsenda starfsmenn.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin á fund sinn nokkra gesti til að fara yfir málið og einnig bárust umsagnir frá nokkrum aðilum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar Evrópusambandsins um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja slíkum starfsmönnunum ákveðna lágmarksvernd sem vinnuveitanda þeirra ber að veita í móttökuríkinu. Í frumvarpinu eru m.a. þau lagaákvæði sem taka til þessara réttinda talin upp og munu þá þær stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra jafnframt gilda gagnvart starfsmönnunum. Þá er lagt til að starfsmennirnir geti höfðað mál á hendur vinnuveitanda sínum hér á landi vegna vanefnda á skyldum samkvæmt frumvarpinu.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þ.e. 1238. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt og texti þess lagfærður í samræmi við það, auk þess sem nefndin leggur til smávægilegar orðalagsbreytingar.

Undir nál. skrifa allir hv. alþm., fulltrúar í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1012, nál. 1196, brtt. 1304.

[18:39]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, o.fl.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneytinu.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum.

Breytingar þessar miða að því að tryggja að allir sjómenn á íslenskum skipum séu slysa- og líftryggðir. Frumvarpið felur þannig í sér að skylt er að slysa- og líftryggja áhafnir allra skipa hvort sem um er að ræða áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá eða ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með einni breytingu, sem varðar efnismálsgrein þar sem fjallað er um björgunarskip, hafsögubáta o.fl. Þar er lagt til að:

„Við 1. gr. Í stað orðanna „og björgunarskipa“ í efnismálsgrein komi: björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.“

Þetta er gert til að tryggja það að samræmi sé í og ekki vandræði við þjónustu farþegaskipa af mismunandi stærðum

þar sem sömu skipstjórar eru á misstórum bátum. Þetta er eina breytingin sem samgn. leggur til á frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkusjóður, 2. umr.

Frv. ÁSJ, 15. mál (dreifikerfi hitaveitna). — Þskj. 15, nál. 1202.

[18:41]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1999, um Orkusjóð, á þskj. 1202.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess að stækka dreifikerfi sín. Þar einkum átt við smærri hitaveitur þar sem notendur eru of fáir til að bera stofnkostnað við veitu. Nefndin telur að með þessu móti kunni að skapast möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi sem vert sé að kanna.

Nefndin skoðaði ítarlega umsagnir sem bárust og um er getið á þskj. 1202 og að þeirri skoðun lokinni mælir nefndin með því að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Nefndin var einhuga um þessa afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, síðari umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17, nál. 1203.

[18:42]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um till. til þál. um atvinnuuppbyggingu og þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, á þskj. 1203.

Tillögugreinin miðar að því að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróun sjálfbærs sam félags á eynni í anda Staðardagskrár 21.

Nefndin fjallaði um málið og skoðaði vel umsagnir sem bárust og í grg. með tillögunni er fjallað um og bent á ýmis úrræði til að ná því markmiði sem tillagan gerir ráð fyrir. Nefndarmenn voru ekki sammála öllum þeim atriðum sem þar er bent á en eftir að hafa fjallað ítarlega um málið varð nefndin einhuga um að vísa því til hæstv. ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunir með brennsluhvata, síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 555. mál. — Þskj. 861, nál. 1205.

[18:44]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um till. til þál. um tilraunir með brennsluhvata, á þskj. 1205.

Tillagan miðar að því að fram fari tilraunir og úttekt á umhverfis- og brennsluáhrifum brennsluhvata, en rannsóknir benda til að brennsluhvatar kunni að draga jafnt úr olíunotkun sem útblæstri lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Nefndin telur afar brýnt að þetta mál verði rannsakað frekar og eftir að hafa skoðað fjölmargar umsagnir sem bárust nefndinni varð nefndin einhuga um að gera þá tillögu að þessi þáltill. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]

Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, LMR, PP, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1361).

Kjaramál fiskimanna og fleira, frh. 2. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1307, nál. 1327 og 1330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:50]

1. gr. samþ. með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. geta haft ýmsar skoðanir á þessari lausn til að ljúka verkfalli og verkbanni sjómanna og útgerðarmanna. En ég bið hv. þm. að hafa skilning og samúð með því fólki sem hefur nú verið án atvinnu í nokkrar vikur og eru þolendur þessarar deilu, einnig sjómönnum og mörgum útgerðarmönnum sem eru í vandræðum. Þetta fólk munar um hvern dag. Þess vegna skora ég á hv. þm. að leggjast á árarnar og stuðla að afgreiðslu málsins svo hratt sem auðið er.

[18:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil upplýsa þingið um að ég hef enga samúð með fólki sem veitir þessu makalausa frv. brautargengi. Ég hef hins vegar fulla samúð með þeim sem þetta frv. bitnar á. Það er blaut tuska í andlitið á mönnum sem hafa staðið í verkfalli í sex vikur.

Nú þegar verkfall sjómanna er farið að bíta og hillir undir lausn þá lætur ríkisstjórnin höggið ríða. Við greiðum atkvæði

gegn frv. og sitjum hjá við allan bútasaum og þótt einhverjar betrumbætur kunni að verða gerðar á frv. þá verður það eftir sem áður mannréttindabrot.

[18:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Enn ein aðför stjórnvalda að félagslegum réttindum sjómanna er nú gerð. Enn á ný blanda stjórnvöld sér í samningamál sjómanna og útvegsmanna um kaup og kjör. Við meðferð málsins hefur orðið ljóst að grundvöllur þeirrar lagasetningar sem á að fara hér fram var fenginn með þríhliða viðræðum milli Vélstjórafélags Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Hér á síðan að þröngva þessari niðurstöðu upp á önnur samtök sjómanna. Slíkt er óhæfa. Samfylkingin mótmælir þessu. Ég greiði atkvæði gegn 1. gr. þessa frv.

2. gr. samþ. með 33:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, GHall, JóhS, SvH.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1327 (ný 3. gr.) samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, SvH.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

4.–10. gr. samþ. með 33:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, GHall, SvH.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, JB, LMR, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 32:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, SvH.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GHall, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, ÍGP, LMR, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PM, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

nei: GAK, SvH.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, PP, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 553. mál (birting EES-reglna). — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:52]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JóhS, JB, KLM, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁRJ, GE, GÁS, GÖ, HÁs, JÁ, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1355).

Hjúskaparlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (könnun hjónavígsluskilyrða). — Þskj. 1293, brtt. 1312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:53]

Brtt. 1312 samþ. með 54 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1356).

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 673. mál (smíði varðskips). — Þskj. 1051.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]
Frv. samþ. með 40:6 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, GAK, JóhS, JB, KolH, ÖJ.
8 þm. (ÁRJ, EMS, GE, JÁ, KVM, KLM, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1357).

Lífeyrissjóður bænda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 684. mál (iðgjald). — Þskj. 1296.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ArnbS, ÁJ, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 628. mál. — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ.
4 þm. (GuðjG, GAK, JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, LB, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1358).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 683. mál (vörur frá fátækustu þróunarríkjum). — Þskj. 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934, nál. 1226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031, nál. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Leikskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030, nál. 1243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:58]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Grunnskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045, nál. 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:59]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Ríkisútvarpið, frh. 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668, nál. 1230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005, nál. 1256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Húsaleigubætur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000, nál. 1185, brtt. 1236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1236 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um brtt. við 3. gr. þar sem einstæðum foreldrum sem búa tímabundið í íbúðum á vegum Félags einstæðra foreldra og þurfa að deila e.t.v. eldhúsi og annarri aðstöðu fá sama rétt og fatlaðir á sambýlum og námsmenn sem eru með herbergi á leigu á heimavist til að fá húsaleigubætur. Okkur þingmönnum Samfylkingarinnar finnst þetta réttlætismál. Það er ekkert síður erfitt hjá þessum hópi og teljum við eðlilegt að hann fái sömu réttindi og námsmenn á heimavistum eða námsgörðum. Ég segi já.

3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KF) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, SJS, SvH, VS, ÞBack) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KVM, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ.

13 þm. (ArnbS, GÁS, GÖ, HÁs, LMR, LB, MF, SJS, SvanJ, SvÞ, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001, nál. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KVM, KF, KHG, KLM, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ.
1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, KolH, LMR, LB, MF, SJS, SvH, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Útsendir starfsmenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 885, nál. 1237, brtt. 1238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:07]
Brtt. 1238,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1238,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1238,3 samþ. með 53 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1238,4 samþ. með 53 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1238,5 samþ. með 53 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1238,6 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
7.–8. gr. (verða 6.–7. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1238,7 (ný fyrirsögn) samþ. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1012, nál. 1196, brtt. 1304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:10]
Brtt. 1304 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Orkusjóður, frh. 2. umr.

Frv. ÁSJ, 15. mál (dreifikerfi hitaveitna). — Þskj. 15, nál. 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:11]
Till. í nál. 1202 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

Þróun sjálfbærs samfélags í Hrísey, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 17. mál. — Þskj. 17, nál. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:12]
Till. í nál. 1203 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

---

124. FUNDUR

miðvikudaginn 16. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 591. mál, þskj. 934. — 3. umr.
2. Framhaldsskólar, stjfrv., 653. mál, þskj. 1031. — 3. umr.
3. Leikskólar, stjfrv., 652. mál, þskj. 1030. — 3. umr.
4. Grunnskólar, stjfrv., 667. mál, þskj. 1045. — 3. umr.
5. Ríkisútvarpið, stjfrv., 413. mál, þskj. 668. — 3. umr.
6. Málefni aldraðra, frv., 695. mál, þskj. 1076. — 3. umr.
7. Ávana- og fíkniefni, stjfrv., 630. mál, þskj. 1005. — 3. umr.
8. Húsaleigubætur, stjfrv., 625. mál, þskj. 1000. — 3. umr.
9. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001. — 3. umr.
10. Réttarstaða starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi, stjfrv., 573. mál, þskj. 1352. — 3. umr.
11. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 635. mál, þskj. 1353. — 3. umr.
12. Kjaramál fiskimanna og fleira, stjfrv., 737. mál, þskj. 1354. — 3. umr.
13. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
[09:59]

Útbýting þingskjala:
Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, þskj. 1354.
Lax- og silungsveiði, 389. mál, brtt. minni hluta landbn., þskj. 1341.
Lögskráning sjómanna, 635. mál, þskj. 1353.
Réttarstaða starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi, 573. mál, þskj. 1352.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, 319. mál, nál. samgn., þskj. 1342.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um kjaramál fiskimanna.

[10:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þær fréttir eru að berast að varnaðarorð þau sem höfð voru í frammi hér af hálfu stjórnarandstöðunnar um frv. ríkisstjórnarinnar sem bannar verkfall sjómanna hafi átt við rök að styðjast, að frv. sé ekki einvörðungu mannréttindabrot heldur slíkt allsherjarklúður að ríkisstjórnin treystir sér ekki að fara fram með málið. Mér finnst nauðsynlegt nú í upphafi dags og í upphafi þingfundar að okkur verði gerð grein fyrir stöðu þessa máls og hvað ríkisstjórnin og sá stjórnarmeirihluti sem hún styðst við hér í þingsölum hyggst gera í þessu máli. Mér finnst mikilvægt að við fáum greinargóðar upplýsingar um hver staðan er, hvað fram hafi farið í hv. sjútvn. og hvaða áform ríkisstjórnin hefur um framvindu málsins.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að kjaramál fiskimanna og fleira, stjórnarfrv., er 12. mál á dagskrá fundarins þannig að óhjákvæmilegt er að það verði tekið fyrir.

[10:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það fer að verða mjög fróðlegt ferlið sem þetta frv. um kjaramál fiskimanna og fleira hefur farið í á hinu háa Alþingi. Ég vil, herra forseti, enn og aftur vekja athygli á því hversu undirbúningi þessa máls hefur verið gríðarlega ábótavant allt frá því að það var fyrst lagt fram fyrir þingið.

Í gær var send út dagskrá til hv. þingmanna þar sem þetta mál átti að vera fyrst á dagskrá. Í fjölmiðlum í morgun hefur ítrekað verið sagt að frv. verði orðið að lögum fyrir hádegi og væntanlega bíður nú fiskiskipafloti landsmanna þess að geta farið af stað um hádegisbilið, hvaðan sem þær upplýsingar koma, herra forseti, því að enn er eftir 3. umr. málsins á hinu háa Alþingi. Þetta hljómar allt mjög undarlega, herra forseti. Það væri fróðlegt að fá að heyra í upphafi fundar, þar sem við hv. þingmenn gerðum ráð fyrir því að taka þetta mál fyrst á dagskránni, hver staða málsins er, hvað hafi gerst í hv. sjútvn. sem hafi orðið til þess að ekki er unnt að taka málið fyrst á dagskrá eins og til stóð.

Ég sé að hv. formaður sjútvn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, er hér staddur og vænti þess að hann geti upplýst fyrir þingheimi hvað hafi gerst í nefndinni sem valdi þessum töfum.

[10:03]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og öllum er kunnugt varð breyting á stöðu málsins í gær með ákvörðun Sjómannasambands Íslands sem gerð var heyrinkunnug hér í gær og breytti auðvitað stöðu málsins. Eins og þá var greint frá var málið tekið aftur til umræðu í sjútvn. á milli 2. og 3. umr. og kallaðir voru á fund nefndarinnar þeir hagsmunaaðilar sem málið varðaði og lögfræðingur til þess að fara yfir málið með okkur.

Það er að sjálfsögðu ætlun meiri hluta nefndarinnar að skila inn í þingið brtt. í framhaldi af þeirri vinnu sem við erum að vinna og þá mun koma á daginn hvaða efnislegu þáttum meiri hluti sjútvn. telur að þurfi að breyta í frv. í ljósi þeirra aðstæðna sem breyttust í gær. Þetta er bara venjuleg vinna af hálfu nefndarinnar sem við erum að vinna að núna til þess að ljúka málinu með eðlilegum og fullboðlegum hætti. Við höfum verið að reyna að vanda þetta mál, eins og fram kom í máli mínu í gær, og þess vegna varð breyting á frv. þegar í gær. Þessar breytingar munu eiga sér stað í ljósi þeirra aðstæðna sem urðu í gær og kalla á efnislega breytingu á frv. eins og öllum er ljóst.

[10:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er að koma í ljós, eins og við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt, að málið er með eindæmum illa undirbúið. Menn hafa bókstaflega ekkert hugsað um hvað þeir voru að gera.

Í upphafi ætluðu menn sér að setja hér lög sem gætu orðið til þess að þrengja samningi Vélstjórafélags Íslands og LÍÚ upp á alla aðra aðila að þessari deilu. Menn eru byrjaðir að hrekjast frá þessari niðurstöðu og nú sitja þeir uppi með að taka þurfi á málinu með víðtækari hætti, að Sjómannasambandið sem aflýsti verkfalli verði samt sem áður haft með í þessu bixi sem á að samþykkja hér frá hv. Alþingi og jafnvel að það þurfi þá að hala Vélstjórafélagið inn í þetta líka. Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir býsna flóknu verkefni og það kann að taka lengri tíma en daginn sem nú er að líða að leysa úr því og fá niðurstöðu sem skynsamleg er.

Ég segi bara að mér finnst Alþingi Íslendinga vera komið á hálar brautir ef það ætlar að leysa vandamál með lögum sem á að leysa í samningum og lætur sér ekki nægja að taka á aðaldeiluefnunum sem eru til staðar í málinu, en það eru auðvitað deilurnar um fiskverðið og hugsanlega mönnunarmálið. Á grundvelli sem þannig væri skapaður gætu samningsaðilar komist að niðurstöðu.

Ætla menn að innleiða þá aðferð á Alþingi Íslendinga að leysa úr kjaradeilum með því að búa bara til kjarasamninga í framhaldi af lagasetningu hér endalaust? Það virðist stefna í slíka vitleysu með því sem hér er verið að setja fram.

[10:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það skortir nokkuð upp á að það liggi skýrt fyrir hver staða þessa máls er þegar búið er að margboða það og auglýsa að hér muni hefjast um það umræður núna klukkan tíu. Ég var fjarri þingi í gærkvöldi og heyrði þetta þá í útvarpi og er búinn að hitta marga sjómenn sem ganga út frá því sem vísu að þetta mál verði fyrsta mál á dagskrá hér klukkan tíu. Meira að segja er búið að gefa því undir fótinn að upp úr hádeginu verði þetta allt saman orðið að lögum.

Herra forseti. Nú kemur náttúrlega enn á daginn hvílíkt reginklúður og hneyksli vinnubrögðin í öllu þessu máli eru. Og nú er á kreiki orðrómur um það að engar innstæður hafi verið fyrir orðum hæstv. sjútvrh. hér í gær og fyrradag þegar hæstv. ráðherra marglýsti því yfir að allt yrði tekið út úr frv. sem varðaði þá sem aflýst hefðu verkfalli. Það setur náttúrlega þetta mál enn í uppnám og gjörbreytta stöðu ef annað er að koma á daginn. Auk þess er það komið á daginn, að sagt er, að meira að segja meiri hlutinn — og verður þó ekki flökurt af litlu — átti sig á því að málið gangi engan veginn upp, ekki að heldur eins og það var eftir breytingar við 2. umr., enn þurfi á því breytingar til að reyna að lappa

upp á það. Maður fer að velta því fyrir sér hvort það sé ekki verst fyrir ríkisstjórnina að ekki skuli vera fjórða og fimmta umræða um málið þannig að hægt sé hægt að halda áfram að hræra í því. Það mundi örugglega taka miklum breytingum þótt hér væri farið í gegnum það svona fimm sinnum.

Nei, herra forseti, þetta eru náttúrlega algjörlega ótæk vinnubrögð. Það er ekki von að vel gangi að skipuleggja þingstörfin og vinna eðlilega að öðrum málum þegar svona er að verki staðið. Ég held því að heppilegast væri að gera bara hlé á þessum fundi og setja sjútvn. áfram til verka og fá botn í það hvernig þetta mál verður úr garði gert þegar það loksins kemur hingað þannig að hægt verði að hafa eitthvert veður af því og eitthvert skipulag á þingstörfunum hér í framhaldinu.

[10:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eftir að Sjómannasambandið aflýsti verkfalli sínu í gær er orðið ljóst að málið er allt öðruvísi vaxið en þegar það kom hér inn fyrst, að því er mér virðist, að það á að búa til sérstakan farveg með gerðardómi sem á að ákveða kjör sjómanna. Ég held að tilgangur frv. sé nánast orðinn einn, þ.e. að færa tekjur frá sjómannastéttinni yfir til útgerðarinnar í gegnum mönnunarmálin.

Ég held að kröfur Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem viðheldur verkbanni á alla sjómenn, jafnvel þá sem ekki hafa boðað til vinnustöðvunar eins og Alþýðusamband Vestfjarða, til þess að koma öllum inn í þennan sama pakka, séu að fá samþykkt lög af meiri hluta Alþingis um gerðardóm og lög á verkfall sjómanna þar sem tilgangurinn virðist vera orðinn sá einn að sjómönnum skuli skipað í sínum kjaramálum til framtíðar með þann grunn að breyta tekjuskiptingunni milli sjómanna og útgerðarmanna. Mér sýnist það vera orðinn eini tilgangur málsins.

[10:11]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar það frv. sem við höfum verið að takast á við hér undanfarna daga var lagt fram og fyrir því mælt kom fram að menn töldu sig eða ríkisstjórnin hafa vörn í því að hér væri verið að leysa úr deilu og að lausnin yrði þá að vera sú að flotinn kæmist aftur á sjó, sá væri tilgangur aðgerða ríkisstjórnarinnar, að koma flotanum aftur út á sjó.

Þegar síðan Sjómannasambandið aflýsir verkfallinu í gær þá endurtekur sjútvrh. efnislega það sem hann hafði sagt, aðspurður deginum áður, að ef aðilar aflýstu verkfalli væri tilgangi frv. í rauninni náð vegna þess að þá gæti flotinn farið aftur út á sjó og það væri megintilgangurinn.

Herra forseti. Núna virðist það ekki vera svo lengur. Það virðist ekki ganga einfaldlega vegna þess að hafi menn haldið að sjómenn væru í verkfalli sem þeir síðan voru tilbúnir að aflýsa svo flotinn gæti farið út á sjó þá er það einfaldlega þannig að LÍÚ viðheldur sínu verkbanni og kúgar þannig hæstv. ríkisstjórn til þess að gera það sem þeim hentar.

Og hvað er það þá sem hentar, herra forseti? Jú, það hentar að taka gjörvalla sjómannastéttina, gjörvalla fiskimannastéttina og setja hana undir þau ákvæði sem 163 vélstjórar samþykktu að gætu verið boðleg varðandi mönnunarmálin og varðandi hið nýja viðmið til hlutaskipta varðandi uppgjör til sjómanna.

Herra forseti. Hér er mál af þeirri stærðargráðu að það verður ekki afgreitt í einni hendingu. Hér er stórmál fyrir Alþingi Íslendinga að fást við. Hér verða menn að muna eftir því að jafnræði verður að gilda á milli aðila.

[10:13]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram að málið sem átti að ræða í dag er algjörlega vanbúið. Við þurfum miklu meiri tíma til þess að koma því í höfn. Það er alveg ótækt að mínu mati að hefja 3. umr. um málið ef stjórnarmeirihlutinn er ekki búinn að koma sér niður á það hvernig hann vill láta frv. líta út. Þess vegna held ég að það sé algjör krafa okkar nefndarmanna í sjútvn. að hlé verði gert á þessum fundi og reynt að vinna að málunum þannig að þau verði þingtæk. Ég treysti mér ekki til að fara í 3. umr. um mál þar sem maður veit ekki og gerir sér enga grein fyrir hvert stjórnarmeirihlutinn stefnir.

Í morgun komu fram veigamiklar upplýsingar sem að öllum líkindum gjörbreyta stöðu málsins þannig að það þarf að vinna það upp á nýtt. Það verður ekki farið fram með þessum hætti. Raunar voru þau efnisatriði sem komu fram á fundi sjútvn. í morgun komin fram hér í umræðunni í gær. Margir hv. þm. bentu á galla frv.

Virðulegi forseti. Ég ætlast til þess sem þingmaður að fá tækifæri til þess að vinna vel að þeim málum sem mér eru falin. Þess vegna held ég að það verði að vera algjör krafa okkar að fundi verði frestað og tími gefinn í þá vinnu nefndarinnar sem nauðsyn ber til.

[10:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það þarf í rauninni ekki annað en að endurtaka það sem ég sagði hérna áðan. Í fyrsta lagi liggur fyrir að þetta mál er á dagskrá þingsins. Einnig liggur fyrir að fullt er af öðrum málum sem þarf að ræða jafnframt, það eru hér þriðju umræðu mál og önnur mál sem á eftir að ræða. Og þess vegna er engin þörf á því í rauninni að fresta þessum fundi. Það er eðlilegast að halda fundinum áfram.

Sjútvn. hefur komið saman tvisvar sinnum út af þessu máli og í rauninni var ekki tilefni til þess að kalla til annars fundar eða halda lengur áfram þeim fundi. Þær upplýsingar sem sjútvn. kallaði eftir lágu allar fyrir, afstaða aðilanna og enn fremur lögfræðilegt álit á málinu. Ég held því að í sjálfu sér sé sjútvn. fullbúin til þess að móta sér afstöðu í málinu. Hins vegar vilja menn auðvitað vanda sig við að ganga frá breytingartillögum og þess háttar til þess að málið sé sem best úr garði gert. Og það er auðvitað vilji okkar allra að svo sé.

Menn þurfa ekki að koma hér og láta í ljósi einhverja undrun yfir því að gera þurfi breytingar á frv. Það lá í augum uppi eftir atburði gærdagsins þegar Sjómannasambandið aftur kallaði verkfallið að það hlaut að kalla á breytingar á 1. gr. frv. og menn eru að reyna að vinna að því og gera það með bærilegum hætti. Þess vegna þurfa menn ekkert að vera með einhver undrunaróp yfir því að enn þurfi að gera breytingar á frv., það lá í augum uppi og því var lýst yfir úr þessum ræðustól strax í gærdag, bæði af mér og hæstv. sjútvrh.

[10:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er brýnt varðandi störf þingsins að réttur skilningur sé á því að hverju menn eru að vinna. Og þær hugmyndir sem hér hefur frést af, að til standi að banna verkföll sjómanna sem hafa aflýst því, er vitaskuld forkastanleg aðferð. En við tökumst þá á um það ef það verður tillagan.

Aftur á móti er annað mál sem ég vil vekja athygli á, sem er sérstaða sjómannafélaganna á Vestfjörðum. Þau hafa ekki boðað verkfall, en þau eru hins vegar aðili að verkbanni LÍÚ, sem hugmyndir hafa verið uppi um að banna. Ef þetta gengur eftir eins og þær hugmyndir sem eru víst á kreiki í sjútvn., þá verða verkfallsaðgerðir bannaðar hjá sjómannafélögum á Vestfjörðum sem þýðir að félögum sem ekki hafa farið í verkfallsaðgerðir og eru með lausa samninga er bannað að beita því vopni ef til þess kemur. Menn sjá vitaskuld að hér er komið í óefni ef menn eru að hugleiða einhverja slíka braut.

Ég vil því hvetja til þess, herra forseti, að þessi mál verði skoðuð miklu betur. Það er ekkert einfalt að taka á þessu máli, burt séð frá hinum pólitíska ágreiningi. En það er mjög varhugavert að fara inn á óþekktar brautir um að taka verkfallsrétt af stéttarfélögum sem eru ekki beinir aðilar að þeirri deilu eins og hún stendur núna.

[10:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það undrast sjálfsagt enginn að hart sé tekist á um mál sem þetta hér á Alþingi. Við þurfum auðvitað að vanda til þeirrar vinnu og það er ég sannfærður um að hv. sjútvn. hefur verið að gera.

En það er hins vegar alltaf sama sagan með hv. stjórnarandstöðu, a.m.k. hluta hennar, svo ég dragi nú ekki alla í sama dilkinn, það þarf alltaf að snúa út úr orðum. Sérstaklega snúa út úr orðum ráðherra hér úr þessum stóli, sem ættu þó að geta legið alveg skýr fyrir. Og það voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Svanfríður Jónasdóttir að gera hér áðan, þau voru að gera því skóna að ég hefði gefið hér yfirlýsingar sem tækju á þeirri stöðu sem nú er upp komin og við höfðum ekki séð og gátum ekki séð fyrir á þeim tíma þegar þau orð féllu. Þau hafa talið sér það sæma að snúa út úr fyrir mér, jafnvel á þann hátt sem meira að segja sjómannaforustan skilur betur. (Gripið fram í.) Meira að segja sjómannaforustan sem er í þessari hörðu baráttu hefur skilning á því að aðgerðir þeirra geta haft áhrif á þá afstöðu sem hér er tekin. Hv. þm. virðast ekki hafa skilning á því að breyttar aðstæður geti kallað á að gera þurfi breytingartillögur við frv. Það þykir mér mjög dapurt að heyra. Ég vonast til þess að hv. þm. haldi ekki áfram þeim plagsið sínum að snúa sífellt út úr orðum einstakra þingmanna og ráðherra.

En ég tel hins vegar, herra forseti, að rétt sé að við höldum áfram þingstörfum samkvæmt dagskrá og þegar forseti telur að breytingartillögur séu fram komnar, þá getum við haldið áfram með umræðu um kjaramál sjómanna.

[10:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tuttugu mínútur eru liðnar sem í upphafi þingfundar er gert ráð fyrir að standi um störf þingsins. (**SvanJ:** Ég vil fá að bera af mér sakir.)

Ég heyrði ekki að það væri ástæða til þess. (**SvanJ:** En ég heyrði það. Ég óska eftir að fá að bera af mér sakir. Um fundarstjórn forseta.)

Um fundarstjórn.

Orð sjávarútvegsráðherra.

[10:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér finnst það mjög alvarlegt ef þingmenn hér á hinu háa Alþingi fá ekki að bera af sér sakir sem fram koma í ræðu þess aðila sem síðastur talar, þegar verið er að tala um mál af þessu tagi. Ég uni því ekki að hæstv. sjútvrh. komi hér og væni mig um að vera að snúa út úr sínu máli. Það sem ég hef vitnað í úr máli hæstv. sjútvrh., þegar hann gaf mönnum ákveðin fyrirheit um hvernig brugðist yrði við ef þeir aflýstu verkfalli, er nákvæmlega eftir honum haft. Nákvæmlega eftir honum haft. Hann sagði, herra forseti, að það væri ekki ástæða til gerðardóms, enda yrði megintilgangi frv. náð og flotinn gæti aftur farið til veiða.

Og þetta endurtók hæstv. ráðherra efnislega hér í gær.

Herra forseti. Ég uni því ekki þegar ég vitna beint í orð hæstv. sjútvrh. að hann komi hér upp, væni mig um óheilindi og að ég sé að snúa út úr orðum sínum. Hann verður að standa við orð sín.

[10:23]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fór sérstaklega fram á það við mig í gær að ég tæki fastar á því þegar menn kveddu sér hljóðs um fundarstjórn forseta að þeir héldu sig þá við það efni. (**ÖS:** Það er ekki rétt.) Ég gat ekki heyrt betur en hv. þm. hafi hagað orðum sínum með þeim hætti að óhjákvæmilegt er fyrir hæstv. sjútvrh. Árna M. Mathiesen að kveðja sér hljóðs til að bera af sér sakir. (Gripið fram í.)

[10:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er auðvitað skylda þeirra sem vitna í orð annarra að þeir vitni rétt í þau og láti þau koma fram þá í heilu lagi, en taki þau ekki úr samhengi. Þegar þessi orð féllu var verið að tala um þau í því samhengi að Sjómannasambandið í heilu lagi og Framanna- og fiskimannasambandið aflýstu verkfallinu, það mun hv. þm. sjá í þeim texta sem verið er að vísa til í þessu og þá getur hún séð að þetta er í engu samhengi við það sem hún er að reyna að halda fram.

Og eins og ég sagði áðan, sjómannaforustan áttar sig á því að breytt staða í þessum efnum kallar á breytta afstöðu í þessu máli. Hv. þm. gera það ekki, en það er þeirra mál.

[10:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þingmenn að hætta frammíköllum. (**SJS:** Ég vil bera af mér sakir, forseti.) Ég vil biðja hv. þingmenn að hætta frammíköllum og veita forseta svigrúm til að segja nokkur orð.

Ég geri mér grein fyrir að þær 20 mínútur sem ætlaðar voru til að ræða störf þingsins hafa ekki dugað. Og auðvitað getur komið upp ágreiningur milli alþingismanna um það hvernig skilja ber einstök ummæli stjórnmálamanna sem kunna að haga orðum sínum. En ég vil biðja hv. þm. að halda sig við þingsköp.

Hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, óskar að bera af sér sakir. (Gripið fram í.)

Hv. þm. hafði kvatt sér hljóðs til að bera af sér sakir. Ekki heyrði ég betur.

[10:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefði út af fyrir sig verið ærið tilefni til að biðja líka um orðið út af fundarstjórn forseta eins og hún hefur verið hér upp á síðkastið. En ég vil bera af mér þær sakir að ég hafi einhvern áhuga á því að snúa út úr máli hæstv. sjútvrh. Svo er ekki.

Nú vill svo vel til að hægt er að fá útskrift af ræðum hæstv. sjútvrh., bæði hér á mánudaginn var og eins í gær, þar sem hæstv. ráðherra talaði þannig að það var ómögulegt að skilja mál hans öðruvísi en svo að þeir sem mundu aflýsa verkfalli væru þar með komnir út úr gerðardómshluta frv. og ráðherra tók það sérstaklega fram, en hins vegar teldi hann að svo lengi sem einhverjar stéttir ættu í deilunni, þá mundi afgangurinn af frv., bandorminum, ganga hér í gegn og verða að lögum.

Nú skulum við, herra forseti, ekkert vera að þrátta í sjálfu sér um þetta, heldur styðjast við útskrift af ummælum hæstv. sjútvrh. og það er best að nota þær þegar til umræðunnar kemur og þá mun sjást og sannast að mínu mati að hæstv. ráðherra er kominn í miklar ógöngur því að hann var í raun búinn að gefa fyrirheit um allt aðra afgreiðslu málsins en nú stefnir í ef marka má þær fréttir sem við höfum fengið.

[10:26]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka undir það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að rétt sé að halda umræðum um þetta efni áfram þegar það er til umræðu.

Hæstv. sjútvrh. óskar að bera af sér sakir.

[10:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ef það er ekki vilji þingmannsins að snúa út úr, þá skal ég virða það og það gætir þá bara einhvers misskilnings hjá honum. Það er sjálfsagt að skoða textann og þá mun hann sjá í hvaða samhengi þessi orð féllu. Það sem síðan hefur gerst hefur gerst eftir að aðstæður hafa breyst, aðstæður sem ekki voru fyrirséðar þá og voru ekki til umræðu á þeim tímapunkti. Ég tek undir með honum að ef hann vill ræða þetta frekar, þá gerum við það þegar málið verður tekið á dagskrá.

[10:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Alls óskylt því máli sem hér er til umræðu þá langar mig örlítið að drepa á það hvernig hæstv. forseti stýrir þessum fundi. Hann vísaði til ummæla minna frá því í gær og notar það sem tilefni til þess að aga menn hér. Ég sagði ekkert í gær sem gæti gefið honum tilefni til þess. Hins vegar má vera að ég hafi sagt eitthvað á laugardag sem féll í þessa veru. En til að taka af allan vafa, herra forseti, þá var ég ekki í ummælum mínum á laugardag að vanda um við hæstv. forseta með því að halda því fram að hann bæri ekki rétt skyn á það hvenær menn héldu sig við efni, þ.e. um fundarstjórna forseta, eða ekki. Ég treysti hæstv. forseta fullkomlega til að vega það og meta hvort menn fara út fyrir eða inn fyrir það efni.

Það sem ég var hins vegar að kvarta um við hæstv. forseta, og sem mér finnst ærið tilefni til á stundum, var að mér finnst hæstv. forseti ekki útdeila réttlæti sínu jafnt á stjórn og stjórnarandstöðu þegar hann leggur þetta mat á mál manna. Það var það sem ég var að segja hér á laugardaginn og því vil ég halda til haga, til þess að hæstv. forseti snúi ekki út úr orðum mínum og noti það til þess að tyfta menn.

[10:28]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég get nú ekki fallist á að ég hafi verið að snúa út úr ummælum hv. þm. (**ÖS:** Það gerir hæstv. forseti aldrei.) Enda er ég ekki vanur að gera það.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 3. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 3. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 3. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ávana- og fíkniefni, 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 3. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, 3. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001.

[10:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. félmn. með fyrirvara í þessu máli. Því miður háttaði svo til þegar það var hér til 2. umr., undir kvöldið í gær, að ég var horfinn norður í land til fundar. Ég átti þess því ekki kost að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli og ætla þar af leiðandi að víkja að því nokkrum orðum nú.

Í sjálfu sér er við venjulegar kringumstæður er ekki ástæða til að leggjast gegn því að ábúendur jarða, sem þær sitja og nýta, fái þær til eignar, jafnvel þó að um sé að ræða jarðir í eigu ríkisins sem full rök geta staðið til að séu það áfram. Hér er líka því til að dreifa að í hlut eiga svonefndar kristfjárjarðir, sem eru afar sérstakt fyrirbæri. Ég hygg að menn þekki að um það hafa staðið deilur hvort það sé yfir höfuð í valdi Alþingis að selja slíkar jarðir í hendur einkaaðilum. Andi gjafarinnar, sem þetta var á sínum tíma, var að fela þetta sjálfum himnaföðurnum með ævarandi kvöð um að afrakstrinum skyldi ráðstafað í þágu góðra málefna, til þeirra sem minnst hafa, okkar minnstu bræðra. Þetta hafa menn síðan reynt að virða með öllum tiltækum ráðum.

Fyrir það fyrsta, herra forseti, hef ég fyrirvara á um að nægjanlega vel sé frá því lögformlega gengið hvort slík formleg eignarréttarleg afhending fái staðist. Sjálfsagt mál er að búa svo um að öllu leyti að réttindi ábúendanna séu sem allra hliðstæðust því að um einkaeign á viðkomandi jörðum væri að ræða. Þar er ekki sagt að það þurfi og að eina leiðin til þess sé að afhenda þær endanlega, selja þær og sleppa af þeim því formlega eignarhaldi sem haldist hefur. Þetta vildi ég láta koma fram. Þetta er m.a. fyrirvarinn sem ég vil hafa á um þessa jarðasölu.

Í öðru lagi er það svo, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn hefur staðið þannig að málum í þessum efnum almennt, hvað varðar meðferð á opinberu landi, að það er á góðri leið með að verða reginhneyksli að mínu mati. Er þá sama hver hliðin er uppi hverju sinni. Hæstv. landbrh. umpólaðist algjörlega í þessum málum. Fyrir ekki mörgum árum síðan var hann talsmaður þess að fara gætilega í slíkum efnum og bera ekki á torg jarðnæði ríkisins. Hann fór svo yfir í hitt borðið svo hastarlega að það varð beinlínis að markmiði og keppikefli í sjálfu sér hjá hæstv. ráðherra að koma jörðum ríkisins út með hálfgerðum útsöluhugsunarhætti. Það gekk meira að segja svo langt að hæstv. ráðherra taldi það ekki úrslitamál þó í hlut ættu verðmætar náttúruperlur því þær gætu verið prýðilega komnar í höndum einkaaðila.

Ég hef mótmælt framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum jarðamálum. Í raun er óþolandi að ekki skuli vera einhver fastmótuð heildstæð stefna til staðar þegar um jafnviðkvæma og afdrifaríka hluti og þá er að ræða hvernig farið sé með þann hluta lands sem er á opinberum höndum. En svo er ekki. Þetta eru tilviljanakenndar geðþóttaákvarðanir eins og við sjáum af deilum sem risið hafa um ýmis einstök tilvik núna á undanförnum mánuðum og árum.

Fyrir nokkru var lagt fram fjárlagafrumvarp þar sem átti að afla heimildar til þess að selja sérstakar náttúruperlar, eyjar á Breiðafirði og Skagafirði og annað í þeim dúr. Eitthvað hafa menn bakkað með það, a.m.k. hefur ekki orðið af því að þær væru seldar eins og til stóð. En við lesum um það í blöðunum, m.a. þessa dagana, að áfram eru deilur um hvernig þar er staðið að verki. Ég held að ein ástæðan sé sú að það liggur engin samræmd heildarstefna til grundvallar þar sem tekið væri á því hvernig á að fara almennt með jarðnæði í eigu ríkisins, þ.e. það sem ríkið á í eignarréttarlegum skilningi sem venjulega jarðeign.

Í öðru lagi þekkjum við hvernig staða mála er varðandi almenningana eða svonefndar þjóðlendur. Þar er allt upp í loft. Þar er allt eins grenjandi vitlaust og framast getur orðið. Ekki er mikið samræmi í þeirri stefnu, annars vegar að reyna að moka út þessum 800 ríkisjörðum eða svo sem til eru í landinu og drífa þær yfir í hendur einkaaðila en gera hins vegar kröfur af því tagi sem ríkið gerir um að ná til sín landi undir formerkjum þjóðlendna. Hér rekur sig eitt á annars horn, herra forseti.

Þó að þetta litla frv., sem snýst um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdal, sé kannski ekki stórt í samhengi við þessi mál í heild er það engu að síður angi af því hvernig við kjósum að fara með land sem verið hefur á hendi ríkisins eða ríkið eða löggjafinn, Alþingi, haldið utan um, þó eigandinn væri jafnvel himnafaðirinn sjálfur eða þeir himnafeðgar.

Ég er almennt þeirrar skoðunar, herra forseti, að mjög sterk rök þurfi til að selja í hendur einkaaðilum land í opinberri eigu, annaðhvort á hendi ríkis eða sveitarfélaga. Þeir tímar munu koma og eru að mörgu leyti þegar gengnir í garð á Íslandi, að eftirspurn eftir jarðnæði eykst og aðgangur almennings sem á ekki land verður meira og erfiðara viðfangsefni. Það er ekki í þágu þess að þjóðin geti í sátt búið saman í landinu og notið þess, að meira og meira land sé fært í hendur einkaaðila og þeir girði það af og loki jafnvel fyrir umferð almennings þannig að menn þurfi að beita fyrir sig

lögum til að fá að fara frjálsir ferða sinna um landið. Maður hefur jafnvel lent í því að gerðar hafi verið athugasemdir við að maður færi t.d. gangandi um lönd sem einkaaðilar töldu sig geta lokað af, jafnvel fyrir venjulegri frjálsri för manna um landið.

Jafnvel hinn forni réttur, sem elstu lagaákvæði íslenska lagasafnsins eins og þau eru þekkt, geymdu, um rétt manna til þess að fara frjálsir ferða sinna um landið, er í hættu í sumum tilvikum af þessum sökum. Í krafti einkaeignaréttarins er reynt að takmarka hann.

Ég held þess vegna, herra forseti, að langskynsamlegast væri að fresta öllum frekari ákvörðunum um breytingar á þessu eignarhaldi, hvort sem er um sölu einstakra jarða í eigu ríkisins, sölu kristfjárjarða eða þjóðlendumálunum sem öll eru í upplausn. Aftur á móti þarf að ganga frá heildstæðri stefnu sem mótuð verði til framtíðar í þessum efnum.

Má ég til viðbótar, herra forseti, minna á að hvorki jarðalög né ábúðarlög hafa verið endurskoðuð þannig að þau séu í takt við ríkjandi aðstæður og eru í raun óframkvæmanleg að sumu leyti. Framkvæmd þeirra er sumpart að brotna niður þannig að sú trygging sem átti áður að vera í þeim fólgin, fyrir því að jarðnæði færðist ekki í stórum stíl úr höndum þeirra sem stunda búskap eða nýta landið og í hendur einkaaðila sem girða það af og torvelda þar með hefðbundnar nytjar á landinu, er öll í uppnámi. Forkaupsréttur sveitarfélaga hefur t.d. stórveikst vegna dóma og réttarþróunar á undanförnum árum. Það má segja að hann sé nánast til málamynda orðinn eins og framkvæmd laganna stendur.

Þar af leiðandi er ekki einfalt mál að samþykkja þessa sölu þó að um ábúendur, þá sem sitja og nýta jarðirnar í dag, sé að ræða. Þær tryggingar, lagaákvæðin, sem menn töldu áður fyrir því að jarðir héldust í byggð, svo tryggt væri að þær nýttust til búskapar eða annarra nytja, standa ekki með sama hætti í dag, þ.e. framkvæmd þeirra, eins og áður.

Ég hlýt því, herra forseti, einnig með vísan til þess, að lýsa talsverðum efasemdum um að yfir höfuð sé rétt að hrófla við eignarhaldi á jörðum um þessar mundir. Menn hafa ekki unnið heimavinnuna sína og það má búast við því, miðað við vinnulag í landbrn. sem þetta heyrir sérstaklega undir, að það gæti tekið langan tíma. Þar ganga hlutirnir hægt fyrir sig eins og kunnugt er. Ég held að mönnum veitti ekki af að drífa sig af stað í það verkefni að skoða þessi mál í heild sinni, móta einhverja framtíðarstefnu þannig að það verði ekki tilviljanakennt og geðþóttakennt í hverju einstöku tilviki hvernig farið er með verðmætar jarðeignir ríkisins, endurskoða jarða- og ábúðarlög, fá botn í það hvernig farið verður með almenningana og þjóðlendumálin. Þá fyrst er hægt að taka ákvarðanir af einhverju viti um það í einstökum tilvikum hvort menn vilja fallast á sölu jarða eða ekki. Þessi mál, herra forseti, eru því öll mjög vanbúin til þess að taka um þau ákvarðanir eins og í pottinn er búið.

Umræðu frestað.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244.

[10:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og breytingartillögum frá efh.- og viðskh. um frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frv. þetta felur í sér ný heildarlög um Seðlabanka Íslands. Núgildandi lög eru að stofni til frá árinu 1986 og eru að mörgu leyti barn síns tíma. Frá 1985 hafa orðið feikimiklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Löggjöf um einstaka þætti þessa markaðar hefur verið endurnýjuð, sum lög nokkrum sinnum og því er fyllilega tímabært að endurnýja líka löggjöfina um Seðlabanka Íslands. Á árinu 1993, að mig minnir, var lagt fram frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Það varð ekki að lögum og síðan hefur ekki verið lagt fram frv. um heildarlöggjöf um bankann.

Mál þetta er þannig til komið að forsrh. skipaði sérstaka nefnd til þess að vinna að gerð frv. Í nefndinni sátu fulltrúar flestra þingflokka, þó ekki allra, þ.e. fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl., Samfylkingar og Vinstri grænna. Þessi nefnd skilaði af sér tillögum til forsrh. um frv. sem hann hefur síðan flutt og lagt fyrir þingið. Frv. er allvel unnið af hálfu nefndarinnar sem samdi það. Efh.- og viðskn. leggur því ekki til miklar breytingar á frv. Þær eru þó nokkrar og ég vil geta þeirra.

Í fyrsta lið breytingartillagnanna er gerð tillaga um breytingu á 2. mgr. 17. gr. frv. sem er fyrst og fremst um að tekið verði út hugtakið fjármálastofnun sem er ekki hefur skilgreinda merkingu í lögum.

Í öðrum lið breytingartillagnanna er fjallað um 23. gr. Í henni eru ákvæði um skipunartíma bankastjóra. Þar er lagt til að bætt verði inn nýjum málslið í stað 4. og 5. málsliðar, þess efnis að heimilt verði að skipa þann sem tvisvar hefur verið skipaður bankastjóri einu sinni enn ef honum er í það skipti falin formennska bankastjórnar. Þessi brtt. er gerð í því skyni að skýra betur út í lagatextanum það sem vilji frumvarpshöfunda og flutningsmanns stendur til.

Í þriðja lið er gerð tillaga um breytingu á 27. gr. þar sem gert er ráð fyrir að tveir bankaráðsmenn þurfi að óska eftir fundi til þess að skylt sé að halda hann. Þessi breyting er gerð í ljósi þess að í frv. er gert ráð fyrir því að bankaráðsmenn verði sjö í stað fimm eins og þeir eru nú.

Í fjórða lið breytingartillagnanna er gerð tillaga um að verðbréfasjóðum verði bætt við þá aðila sem heimilt er að beita viðurlögum. Jafnframt er um að ræða sams konar breytingu og ég gat um í fyrsta lið, þ.e. að fella út hugtakið fjármálastofnun.

Síðan gerir nefndin tillögu um að við 40. gr. bætist ákvæði um að Seðlabankinn greiði í síðasta skipti til Vísindasjóðs á árinu 2001. Þetta er sett inn af hálfu nefndarinnar til að taka af öll tvímæli um að Seðlabankinn eigi að greiða til Vísindasjóðs á þessu ári.

Virðulegi forseti. Undir nefndarálitið skrifar öll nefndin en þrír hv. þm. skrifa undir það með fyrirvara og munu væntanlega gera grein fyrir þeim hér á eftir.

Ég vona, hæstv. forseti, að þetta frv. fái afgreiðslu með þessum breytingum fyrir þinglok.

[10:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar ríkir svona víðfeðm sátt um þær breytingar á lögum um Seðlabankann sem hv. þm. kynnti í framsögu sinni fyrir nefndaráliti. Þingmenn Samfylkingarinnar skrifa undir með fyrirvara en þeir eru sammála þeim meginbreytingum sem er að finna í frv.

Frv. miðar að því að auka sjálfstæði Seðlabankans og laga löggjöf um hann að breytingum innan lands og líka að alþjóðlegum markaði. Meginmarkmið er það sama og seðlabankar mjög víða um veröld hafa verið að taka upp, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi með því að heimila seðlabönkum sínum að lýsa yfir tölulegum markmiðum um verðbólgu. Í þessum lögum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hafi slíka heimild eftir að hafa fengið samþykki ríkisstjórnarinnar.

Við erum sammála öllum þessum meginbreytingum, þ.e. við þingmenn Samfylkingarinnar, en við leggjum til, sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir, á sérstöku þingskjali allnokkrar breytingartillögur. Ég ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir þeim helstu.

Við leggjum til að í stað þess að hafa þrjá bankastjóra verði einungis skipaður einn bankastjóri. Hins vegar gerum við jafnframt breytingartillögu um að ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum verði ekki teknar af bankastjóranum heldur af sérstakri peningastefnunefnd. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem hafa verið gerðar á ýmsum seðlabönkum, t.d. Englandsbanka, Japansbanka og seðlabanka Svíþjóðar. Þær breytingar sem þar hafa verið gerðar á skipulagi bankanna ganga í meginatriðum út á það að bönkunum er veitt sjálfstæði til að ákveða skammtímavexti og það eru helstu stýritæki þeirra en þetta vald er falið í hendur peningastefnunefndum. Þær geta verið frá fimm til níu manns. Í þeim eiga jafnan sæti aðalseðlabankastjórinn, varaseðlabankastjórar og ýmsir aðrir háttsettir yfirmenn í viðkomandi seðlabanka eða utanaðkomandi sérfræðingar. Í peningastefnunefnd Englandsbanka eiga þannig sæti níu meðlimir; seðlabankastjórinn, tveir varaseðlabankastjórar, aðalhagfræðingur, yfirmaður peningamálaaðgerða og síðan fjórir háskólahagfræðingar. Með vissum hætti má segja að breytingartillögur okkar taki mið af því skipulagi sem ég var hér að lýsa. Við gerum jafnframt ráð fyrir því að skipaðir verði tveir varaseðlabankastjórar og að ákvarðanir innan nefndarinnar séu teknar með einföldum meiri hluta, atkvæði bankastjórans ráði hins vegar falli þau jafnt.

Ég vek sérstaka eftirtekt á því, herra forseti, að við leggjum til ákvæði til bráðabirgða og erum þar að reyna að haga málum þannig að sem mest tillit sé tekið til þeirra manna sem gegna nú störfum seðlabankastjóra. Við gerum því ráð fyrir því með bráðabirgðaákvæðinu að bankastjórarnir haldi störfum sínum til loka skipunartíma síns, með þeirri breytingu sem leiðir þó af því að tekið verður upp það skipulag að einungis einn bankastjóri er skipaður. Við gerum því ráð fyrir því að verði þessi breytingartillaga samþykkt og að lögum þá muni við gildistöku ákvæðisins verða skipaður einn aðalbankastjóri af hálfu hæstv. forsrh. og jafnframt verði þá skipaðir tveir varabankastjórar úr röðum þeirra tveggja sem eftir sitja.

Herra forseti. Þetta eru þær meginbreytingar sem við leggjum hér til, þ.e. að í stað þriggja bankastjóra verði einn bankastjóri og að ákvarðanir um beitingu stjórntækjanna verði teknar af peningastefnunefnd.

[10:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og kem hingað fyrst og fremst til að skýra þann fyrirvara því áður hef ég gert grein fyrir sjónarmiðum mínum gagnvart lagabreytingunum í heild sinni.

Fyrirvari minn lýtur ekki síst að 3. gr. frv. þar sem kveðið er á um meginmarkmið laganna, það er nú ekki minna en það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi."

Í greinargerð og athugasemdum með lagafrv. er þetta meginmarkmið síðan útlistað því þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að sama skapi hefur skilningur vaxið á nauðsyn þess að festa stefnu verðstöðugleika í lög. Með því ávinnst það að mun erfiðara verður að bregða út af stöðugleikastefnu í peningamál um fyrir skammtímahagsmuni." — Litlu síðar segir, með leyfi forseta:

„Breytingarnar sem felast í þessu frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands þýða að meginmarkmið stefnunnar í peningamálum verður hið sama og annars staðar, ..." — og er þar vísað til þess sem er að gerast í löndunum í kringum okkur.

Það sem mig langar til að vekja athygli á er annars vegar hvað það er sem er að gerast í löndunum í kringum okkur sem vísað er til í frv. og hins vegar til þeirra skammtímahagsmuna sem hér er vikið að. Það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur er eftirfarandi — og þá hef ég fyrst og fremst Evrópusambandsríkin til viðmiðunar og þá stefnu sem tekin hefur verið upp af hálfu Evrópusambandsins: Til að bregðast við sveiflum í efnahagslífinu eru til ýmsar leiðir og það eru ýmsar breytur í efnahagskerfinu. Eitt er gengi, þ.e. verðlagið á peningunum. Annað er verðlagið sjálft. Í þriðja lagi er það atvinnustigið. Það eru vextirnir. Allir þessir þættir eru breytingum háðir. Til þess að hafa áhrif á gangverk efnahagskerfisins hafa menn reynt að hafa áhrif á alla þessa þætti. Þróunin hefur gengið út á það að festa nokkra þessara þátta. Í fyrsta lagi verðlagið, að stuðla að stöðugleika í verðlagi, sem er að sjálfsögðu eftirsóknarvert. Hið sama gildi um gengið. Halda vöxtum stöðugum og lágum. Að sjálfsögðu þykir það eftirsóknarvert að halda uppi háu atvinnustigi en það er engu að síður breyta sem er afgangsstærð.

Ef litið er til Evrópusambandsins í seinni tíð hefur gengið bærilega að halda stöðugu verðlagi. Mönnum hefur gengið allvel að halda vöxtum lágum og mönnum hefur einnig gengið bærilega að ná því markmiði sem sett var fram í Maastricht-sáttmálanum á sínum tíma um að keyra niður skuldir hins opinbera. Eitt af markmiðum Maastricht-sáttmálans var að ná skuldum opinberra aðila niður fyrir 60% af landsframleiðslu og þessu markmiði hafa menn náð. Oft hefur þetta reyndar verið notað sem skálkaskjól fyrir ríkisstjórnir til að skera niður í mikilvægri velferðarþjónustu, nokkuð sem ég hef oft gagnrýnt. En hitt hefur mönnum ekki tekist eins vel og það er að tryggja fulla atvinnu. Á svokölluðu Eurozone-svæði, sem er Evrópusambandið og þau ríki sem eru háð því, eru tæpar 14 milljónir einstaklinga án atvinnu en eru í atvinnuleit, 13,7 milljónir minnir mig að það hafi verið. Reyndar eru þetta lágmarkstölur vegna

þess að skilgreiningar á atvinnuleysi eru þrengri en þær voru áður.

Herra forseti. Mér finnst sannast sagna mjög vafasamt, jafnvel þótt við viljum ná því markmiði að halda verðlagi stöðugu og öðrum þeim markmiðum sem ég hef verið að lýsa, að festa það í lög eins og hér er gert að þetta eitt skuli haft að leiðarljósi. Reyndar er einnig vikið að atvinnustiginu í athugasemdum með frv. og sagt að það sé að sjálfsögðu eftirsóknarvert markmið og lýst þeirri trú að auðnist okkur að stuðla að kröftugu efnahagslífi, muni það ganga eftir að eftirspurn eftir vinnuafli verði mikil, þá er það engu að síður meginmarkmið laganna að tryggja að verðlagsmálin og stöðugleikinn verði höfð að leiðarljósi en önnur atriði verði víkjandi.

Færð hafa verið ágæt rök fyrir því að afnema þau ákvæði í lögum að halda genginu innan ákveðinna vikmarka eins og gert hefur verið, þetta sé nokkuð sem gangi einfaldlega ekki upp við þær aðstæður sem við búum nú við, við frjálst flæði fjármagnsins. Þannig hafi aðilar á fjármagnsmarkaði litið á þessi vikmörk sem eins konar gengistryggingu. Af því að vaxtamunur milli Íslands og viðskiptalandanna hafi farið umfram ákveðin mörk hafi skapast hvati fyrir aðila til að hagnast á þessum vaxtamun. Þeir hafi tekið lán erlendis og endurlánað síðan innan lands á hærri vöxtum. Þetta hafi síðan aukið á útlánaþenslu og raskað stöðugleika á fjármálamarkaði. Þetta finnst mér að sjálfsögðu vera rök sem er vissulega nauðsynlegt að horfa til.

Þetta voru þau meginsjónarmið sem ég vildi gera grein fyrir hvers vegna ég mun ekki styðja 3. gr. frv. Að lokum vil ég einnig vekja athygli á því að enda þótt verið sé að gera grundvallarbreytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, þá er ekki þar með sagt að það feli í sér miklar og afgerandi breytingar í starfsháttum bankans vegna þess að hann hefur verið að laga sig að breyttum aðstæðum í starfi sínu. Meginagnrýni mín er sú að við skulum vera að takmarka frelsi okkar með þessu frv. og reyndar öðrum lagabreytingum sem við höfum orðið vitni að í seinni tíð. Að takmarka frelsi okkar til þess að bregðast við aðstæðum. Þar með sagt er ég ekki að hafna þeim meginmarkmiðum sem stefnt er að en ég hafna því að við skulum láta binda okkur á höndum og fótum með þeim hætti sem ég hef lýst.

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur skrifað undir þetta nefndarálit um Seðlabanka Íslands með fyrirvara.

Eins og hér hefur komið fram við þessa umræðu og 1. umr. málsins þá er vissulega verið að stíga veigamikið jákvætt skref í átt til sjálfstæðis Seðlabankans þó að okkar mati sé hvergi nægjanlega langt gengið í því efni. Fyrirvari okkar lýtur að því að við flytjum brtt. á þskj. 1244, en þær miða að því að auka frekar sjálfstæði Seðlabankans en frv. gerir ráð fyrir, þ.e. fyrst og fremst að því, eins og fram kom í máli Össurar Skarphéðinssonar, að einn bankastjóri verði við bankann sem beri ábyrgð ásamt varabankastjórum og við hlið hans verði síðan skipuð sérstök peningamálastefnunefnd.

Þessi leið hefur verið farin í nokkrum löndum, eins og Noregi og Nýja-Sjálandi og gefist vel. Ég vil í því sambandi nefna varðandi Nýja-Sjáland að komið hefur fram mjög athyglisverð skýrsla um seðlabankann í Nýja-Sjálandi frá Lars Svensson, en þessi Lars Svensson er einhver þekktasti peningahagfræðingur í heiminum í dag. Hann hefur m.a. verið prófessor við háskólann í Stokkhólmi og sérstakur akademískur ráðgjafi sænska seðlabankans. Hann hefur einmitt í skýrslu sinni fært rök fyrir því sem við flytjum fram hér í breytingartillögu, að það sé mjög jákvætt að hafa slíka peningastefnunefnd. Eins hefur hann fært rök fyrir þeim hæfnisskilyrðum sem við höfum sett fram varðandi skipan bankastjóra sem er ekki að finna í þessu frv.

Ég vil geta þess að a.m.k. þrír umsagnaraðilar komu inn á þær leiðir sem við hér nefnum, þ.e. skipan peningastefnunefndar. Það er í fyrsta lagi Þjóðhagsstofnun sem í umsögn sinni mælir með skipan slíkrar nefndar.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp hluta af áliti Þjóðhagsstofnunar þar sem inn á þetta er komið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og áður segir telur Þjóðhagsstofnun frumvarpið bæta mjög umgjörð peningastefnunnar. Þó mætti ganga enn lengra er varðar skyldur Seðlabankans um upplýsingagjöf. Til dæmis mætti kveða á um reglubundna vaxtaákvörðunarfundi. Seðlabankanum væri þá jafnskylt að skýra ákvarðanir um óbreytta vexti eins og breytingar á þeim. Einnig væri til bóta ef lögin kvæðu á um að Seðlabankanum bæri að senda ríkisstjórn greinargerð ef verðbólga færi út fyrir þolmörk yfirlýsts verðbólgumarkmiðs og að þessi greinargerð yrði gerð opinber innan ákveðins tíma frá því að þolmörkin væru rofin. Þá mætti huga að öðru fyrirkomulagi við ákvarðanir í peningamálum en kveðið er á um í frumvarpinu. Í 24. gr. frumvarpsins segir að bankastjórn skuli setja starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Þannig eru ákvarðanir formlega bankastjórnarinnar þó fleiri muni koma að undirbúningi þeirra. Í samræmi við þær áherslur á fagleg vinnubrögð sem koma fram í frumvarpinu telur Þjóðhagsstofnun að til álita komi að kveða á um faglega peningamálanefnd sem tæki ákvarðanir í peningamálum. Val í slíka nefnd gæti til að mynda tekið mið af skipan þessara mála í Englandi. Sæti í nefndinni gætu átt bankastjórn, aðalhagfræðingur bankans og einn eða fleiri utanaðkomandi aðilar. Brýnt væri að fagleg sjónarmið væru höfð að leiðarljósi við val allra nefndarmanna."

Þetta segir í áliti Þjóðhagsstofnunar um peningastefnunefnd.

Ástæða er til þess að nefna líka að laganefnd Lögmannafélags Íslands mælir með þessari leið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu verður bankastjórn nokkurs konar fjölskipað stjórnvald eins og verið hefur með formann sem ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn, og er jafnframt opinber talsmaður bankans. Breytingarnar á skipun bankastjórnar að þessu leyti eru til bóta, en betra hefði verið að stíga skrefið til fulls og ákveða að einn maður færi með vald bankastjóra. Hefði svo verið gert, hefði og vafalítið þurft að skipa svokallaða peningastefnunefnd, eins og víða mun gert, enda er fyrirkomulagi um einn mann sem ábyrgur er að lokum alls ekki ætlað að gera einn bankastjóra einráðan í þeim efnum sem falin eru bankastjórn."

Alþýðusamband Íslands gerir líka að umtalsefni þá leið sem við mælum með og gerum brtt. um. Í umsögn þeirra segir, með leyfi forseta:

„Önnur leið sem ASÍ telur líklegri til að tryggja faglega niðurstöðu og breiða samsetningu við ákvarðanatöku er að sett verði á laggirnar fjölmennari peningastefnunefnd þar sem sæti eiga einnig aðilar utan bankans. Nefndin sinni því hlutverki sem bankastjórn er ætlað í fumvarpinu. Bent skal á

að þannig fyrirkomulag er á skipan mála a.m.k. í Englandi, Sviþjóð, Evrópska seðlabankanum og þeim bandarísku."

Ég vildi geta þessara þriggja umsagna varðandi peningastefnunefndina sem ég tel afar mikilvæga og fram kemur í breytingartillögum okkar. Í breytingartillögum okkar gerum við ráð fyrir að í peningastefnunefnd sitji bankastjóri, sem jafnframt er formaður, varabankastjórar og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði bankastjóra. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef bankastjóri ákveður eða tveir nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gera grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Herra forseti. Þetta er leið sem við teljum tvímælalaust vera betri en sú leið sem lögð er til í frv. Þess vegna leggum við mikla áherslu á, herra forseti, að þessi leið verði farin.

Það sem Þjóðhagsstofnun nefnir í umsögn sinni varðandi upplýsingagjöfina og ég kom aðeins inn á hér áðan er afar mikilvægt. Um það urðu nokkrar umræður í nefndinni. Umsagnaraðilar voru ekki á einu máli um ágæti þess en Þjóðhagsstofnun leggur áherslu á að kveðið verði á um reglubundna vaxtaákvörðunarfundi þar sem skýrðar verða vaxtabreytingar og líka þegar vöxtum er ekki breytt. Þeir telja mjög til bóta að fara þá leið og þeir telja og setja fram rökin fyrir því að það ylli minni óróa en að láta liggja í lausu lofti hvenær vaxtaákvarðanir eru teknar.

Herra forseti. Önnur tillaga okkar lýtur að skipan bankastjórnar og bankastjóra. Samfylkingin hefur talað fyrir því og einstakir þingmenn hennar hafa flutt frumvörp um að seðlabankastjóri verði bara einn. Út á það ganga tillögur okkar.

Eins og fram hefur kannski komið er mjög mismunandi hvernig skipan þeirra mála er í einstaka löndum. Noregur er með einn bankastjóra, England einn og tvo aðstoðarbankastjóra, sömuleiðis Nýja-Sjáland. Hér á landi eru þrír bankastjórar. Það er sama skipan og höfð er á í Danmörku og mér sýnist að fyrirkomulag þeirra breytinga á Seðlabankanum sem við erum hér að ræða sé helst sótt til Danmerkur. En síðan eru þeir fleiri í Svíþjóð og Finnlandi. Ég held að þessi leið, ásamt því að hafa peningamálastefnunefnd, sé miklu eðlilegri en að hafa marga bankastjóra.

Enda er það svo, herra forseti, að það er reynsla okkar á liðnum árum að í þetta virðulega embætti hefur skipast, a.m.k. að stórum hluta til, með þeim hætti að það virðist fyrst og fremst vera pólitískt hæli fyrir stjórnmálamenn þegar þeir eru skipaðir bankastjórar í Seðlabankanum. Það er athyglisvert, herra foreti, að í frv. er ekki að sjá að sett sé neitt skilyrði eða hæfniskröfur gerðar, þ.e. skilyrði um hæfni þeirra sem gegna þessu starfi og er það auðvitað afar sérstakt og rökstyður það að áfram virðist eiga að hafa þessa stöðu sem pólitískt hæli fyrir stjórnmálamenn.

Nokkur umræða varð við 1. umr. þessa máls um að ekki sé skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Auðvitað eru rökin fyrir því að ef halda á áfram að skipa í þetta starf þannig að stjórnmálamenn setjist fyrst og fremst í þennan stól, þá er auðvitað sýndarmennska að auglýsa stöðuna. En mér finnst mjög ankannalegt það sem er í 23. gr. frv., að ekki eigi að auglýsa þetta embætti laust til umsóknar. Við það geri ég athugasemd, herra forseti.

Hinar breytingartillögurnar sem við flytjum eru minni í sniðum en þær tvær sem ég hef nú lýst og ekki er ástæða til að fara yfir þær kannski mörgum orðum. Ég vil þó nefna að nokkuð var rætt um 7. gr. sem kveður á um að þegar sérstaklega stendur á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins getur hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán en um ræðir í 1. mgr. á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en um getur í 1. mgr. eða öðrum skilyrðum sem bankinn setur.

Ég hefði gjarnan viljað sjá að þarna væru settar ákveðnar reglur um það hvenær og hvernig mætti beita þessu ákvæði sem er nokkuð sérstakt og laganefnd Lögmannafélags Íslands gerði t.d. athugasemdir við. Í umsögn laganefndar segir, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 7. gr. eru ákvæði um að Seðlabanki geti komið fram sem örþrifalánveitandi. Í greinargerð með frumvarpinu er nokkuð fjallað um kosti slíks fyrirkomulags og þá galla, sem slíku fyrirkomulagi fylgja. Vegna freistnivanda, sem af slíku fyrirkomulagi getur leitt, sýnist nauðsynlegt að Seðlabanki setji sér allítarlegar reglur um það hvenær og vegna hverra yrði gripið til úrræða, sem heimiluð eru í 2. mgr. 7. gr. Slíkar reglur gætu dregið úr þeirri áhættu að stjórnendur einstakra lánastofnana létu skeika að sköpuðu í trausti þess, að Seðlabankinn kæmi til bjargar, ef illa færi."

Um þetta ákvæði urðu töluverðar umræður í nefndinni. Bæði Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn mæltu gegn því að sett yrði ákvæði inn í frv. um skyldu Seðlabankans til að setja reglur um hvernig þessu ákvæði yrði beitt. Mig minnir að þeir hafi orðað það svo að það væri mjög óheppilegt ef fyrir lægju opinberlegar reglur eða fyrir fram lýsing á hvernig lánastofnunum yrði bjargað úr þeim vanda sem þetta ákvæði lýtur. Talið var eðlilegra að þeir væru ekki skyldaðir til að birta opinberlega slíkar reglur. Það verður að fallast á, herra forseti, að rökin sem sett voru fram, bæði af hálfu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, eru út af fyrir eðlileg.

Alþýðusambandið gerði athugasemdir við 24. gr., sem lýtur að starfsreglum bankastjórnar. En í 24. gr. segir:

„Bankastjórn setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra."

Um þetta segir Alþýðusambandið, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands telur jafnframt að starfsreglur bankastjórnar hefðu átt að liggja fyrir þegar frumvarp þetta var lagt fram. Það hlýtur að vera lýðræðiskjörinna fulltrúa að ákveða hversu opnar og ítarlegar fundargerðir bankastjórnar verða. ASÍ telur einnig nauðsynlegt að starfsreglur Seðlabanka Íslands uppfylli kröfur sem gerðar eru í lýðræðisþjóðfélögum þannig að fram komi í fundargerðum bankastjórnar frásagnir af umræðu á fundunum og hvernig hver meðlimur bankastjórnar greiðir atkvæði, því eins og áður sagði geta ákvarðanir bankastjórnar Seðlabanka Íslands haft afgerandi áhrif á atvinnumöguleika og kjör allra landsmanna."

Út af fyrir sig er hægt að taka undir það að þessar starfsreglur hefðu átt að liggja fyrir og vera hluti af þessu frv. Þessar starfsreglur, ef ég skil málið rétt, voru hins vegar ekki tilbúnar og því ekki hægt að taka þær inn sem hluta af þessu

máli og ræða í samhengi við þær breytingar sem hér er verið að gera, herra forseti, og er það miður.

Aðrar smærri breytingar eru gerðar á frv. sem lúta að því að draga nokkuð úr vægi forsrh. við ýmsar smærri ákvarðanir sem þetta frv. lýtur að, t.d. að tilnefna í sjóðsráð í Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðnum. Við sjáum heldur enga sérstaka ástæðu til þess að forsrh. ákveði, að fengnum tillögum Seðlabankans, lög um úthlutun og fjárhæð seðla þeirra og mynta sem bankinn gefur út og lætur birta auglýsingu um. Við teljum að bankastjóri eigi að ákveða slíkt að fengnu samþykki bankaráðs.

Herra forseti. Ég hef hér greint frá þeim fyrirvörum sem við höfum sett fram að því er varðar þetta frv., sem fyrst og fremst lúta að því að styrkja enn frekar sjálfstæði Seðlabankans með þeim leiðum sem lýst er í breytingartillögum sem ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson höfum gert grein fyrir.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér hefði þótt vænt um ef hæstv. forsrh. hefði verið viðstaddur eða næstaddur þessa umræðu. Þetta mál er á hans verksviði og ekki óeðlilegt að í tengslum við það sé drepið aðeins á stöðu efnahags-, peninga- og verðlagsmála um þessar mundir. Þær breytingar sem hér eru í vændum á lögum um Seðlabanka Íslands og breytingar á hlutverki og stöðu hans hafa verið mjög til umræðu í tengslum við efnahagsóróleikann á síðustu vikum. Ég vil því inna hæstv. forseta eftir því hvort hann geti a.m.k. gert könnun á því hvar hæstv. forsrh. er á vegi staddur.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. forsrh. er staddur í húsinu og honum hafa verið send boð um að óskað sé eftir að hann verði viðstaddur umræðuna.)

Það þykir mér vænt um að heyra, herra forseti.

Ég átti sæti í þeirri undirbúningsnefnd sem vann að samningu þessa frv. og er aðili að því samkomulagi sem tókst í þeirri nefnd. Frv. er, eins og það var lagt fram, held ég upp á stafkrók óbreytt niðurstaða þeirrar nefndar sem vann sl. vetur að því að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands og leggja til breytingar á þeim.

Ég er þar af leiðandi, herra forseti, eins og af því má ráða, í aðalatriðum sáttur við þær breytingar sem hér eru á ferðinni og hef hugsað mér að stuðla að framgangi þeirra og styðja þær. Ég reikna því ekki með því að standa að breytingum á málinu, þó ég gæti vissulega hugsað mér að öðruvísi væri gengið frá ýmsum þáttum þess. Ég mun koma aðeins nánar að því síðar.

Ég sat í þessari nefnd ásamt hv. fyrrverandi þm. Sighvati Björgvinssyni, sem þar var einnig úr röðum stjórnarandstæðinga. Ég vil leyfa mér að segja að ég tel að við höfum í nefndarstarfinu náð nokkrum árangri í átt til þeirra sjónarmiða sem við sáum fyrir okkur, sem voru að verulegu leyti sameiginleg, að þessi löggjöf ætti að þróast.

Ég hefði persónulega getað hugsað mér að ganga öðruvísi frá ýmsum málum, t.d. því sem lýtur að bankastjórn, spurningunni um einn eða fleiri bankastjóra, aðalbankastjóra og slíkt. Sömuleiðis hefði ég getað hugsað mér að haga öðruvísi ákveðnum þáttum sem varða meðferð peningamálaákvarðana innan bankans. En ég lít svo til að í undirbúningsnefndarstarfinu hafi menn náð því fram sem samkomulag gat tekist um á þessu stigi málsins og það sé ágætlega viðunandi.

Ég vil sérstaklega taka fram, herra forseti, að þó ég standi að þessu máli er það ekki þar með sagt að ég skrifi að öllu leyti upp á þá pólitísku hugmyndafræði sem auðvitað er með ýmsum hætti lögð til grundvallar í vestrænum, kapítalískum ríkjum, eins og þeir hlutir eru útfærðir í dag, þegar kemur að því að ákvarða hlutverk seðlabanka og peningamálastefnu sem þarna er lögð til grundvallar. Ég hef þar á ýmsa fyrirvara og deili sjónarmiðum með hv. 13. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, sem hér talaði áðan og gerði greindi frá fyrirvörum sínum við þetta mál og vék þar m.a. að efni 3. gr. frv.

Hitt er annað mál, sem hefur nokkur áhrif á mína afstöðu, að löggjöf um Seðlabanka Íslands verður ekki slitin úr samhengi við það umhverfi sem sá seðlabanki verður að starfa í. Þar hefur þróun mála verið með þeim hætti sem við þekkjum, að hér hafa orðið breytingar í átt til markaðsvæðingar á ýmsum þáttum sem áður lutu öðrum reglum að verulegu leyti, t.d. skráning og verslun með gjaldeyri. Hér hefur vaxið upp verðbréfamarkaður og annað í þeim dúr sem Seðlabanki Íslands hlýtur auðvitað að þurfa að taka mið af. Það átti hverjum að vera ljóst sem las ýmis ákvæði gildandi laga um Seðlabankann að þau voru á margan hátt á skjön við þann veruleika sem við stöndum frammi fyrir og lifum og hrærumst í í dag í efnahagsmálum, gjaldeyris- og peningamálum o.s.frv.

Seðlabanki Íslands verður heldur ekki einangraður frá því alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem við erum hluti af. Þar af leiðandi, hvað sem líður grundvallarviðhorfum manna til efnahagsmála og hagfræði í heiminum, hljótum við að skoða það í hvaða umhverfi Seðlabanki Íslands er staddur í dag og hvaða starfsreglur er eðlilegt og nauðsynlegt að setja honum til þess að hann geti, í því markaðsbúskaparkerfi sem við búum við, sinnt sínu hlutverki vel.

Varðandi verðlagsmarkmiðin sem tekin eru upp í 3. gr. sem höfuð- eða meginmarkmið Seðlabankans, að stuðla að stöðugu verðlagi, þá vil ég taka sérstaklega fram að ég legg upp úr því sem sagt er í greinargerð með frv., sem er sömuleiðis niðurstaða af samkomulagi eða umfjöllun um málið í undirbúningsnefnd, að það ber auðvitað ekki að skilja þetta meginmarkmið 3. gr. frv. til laga um Seðlabanka Íslands þannig að það sé öðrum markmiðum æðra í efnislegum skilningi. Það er fyrst og fremst sett fram með þessum hætti sökum þess að það er í eðli þeirra stjórntækja sem Seðlabankinn hefur í sínum höndum að þeim verður fyrst og fremst beitt með árangursríkum hætti gagnvart því og til þess að leggja grunn að stöðugleika í verðlagsmálum. Seðlabankinn hefur peningaleg stjórntæki sem eru best til þess fallin að stuðla að verðstöðugleika sem getur þá lagt grunninn að því að önnur jafngild og mikilvæg markmið, t.d. að tryggja fulla og stöðuga atvinnu, tryggja hagkvæma og skynsamlega nýtingu framleiðsluþáttanna, tryggja vernd og varðveislu umhverfis o.s.frv., geti jafnframt náð fram að ganga.

Í þessu sambandi, herra forseti, vísa ég t.d. í orðalag greinargerðar á bls. 11, en þar segir m.a., með leyfi forseta, um þessi stjórntæki Seðlabankans:

„Til langs tíma hefur stefnan í peningamálum því áhrif á verðlag en síður á hagvöxt og atvinnu. Þar sem seðlabankar hafa í aðalatriðum aðeins eitt stjórntæki, þ.e. vexti, og geta því aðeins náð einu þjóðhagslegu markmiði til langs tíma er eðlilegt að meginmarkmið peningastefnunnar sé stöðugt

verðlag. Þetta þýðir ekki að markmiðið um stöðugt verðlag sé mikilvægara en t.d. markmið um fulla atvinnu."

Þetta, herra forseti, held ég að sé mjög mikilvægt að menn hafi í huga. Þessi skilningur, þessi nálgun gerir það að verkum að ég treysti mér til að standa að þessu samkomulagi eins og það var fram sett.

Þau álitamál voru talsvert rædd í nefndinni sem snúa að spurningunni um einn bankastjóra eða fleiri, spurningunni um það, sem vissulega var rædd, hvort hér ætti að velja þá leið að stofna til embættis eins aðalbankastjóra sem síðan gæti eftir atvikum haft nokkra aðstoðarbankastjóra sér til fulltingis, sem væru þá fyrir einstökum sviðum innan bankans.

Að mörgu leyti hef ég verið hallur undir það sjónarmið að heppilegast væri að þarna væri einn bankastjóri. Það er kannski ekki, herra forseti, af mjög hagfræðilegum eða þröuðum rökum, þ.e. út frá því að ég hafi myndað mér mjög djúpstæðar skoðanir á því hvernig þetta fari best í því tilliti, út frá verkefnum bankastjóra eða að þetta sé eins og að hafa einn skipstjóra á skútunni. Ég hef séð þann stóra kost í því að hafa einn seðlabankastjóra að þá mundi brotna upp það þriðjungaskiptafyrirkomulag sem stjórnmálaflokkarnir hafa lengi viðhaft, að troða gæðingum sínum, einn frá hverjum inn í bankann. Þannig var það eins og kunnugt um mjög langt árabil og fyrst og fremst voru það Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. sem mönnuðu þessar skútur. Ef um væri að ræða einn aðalbankastjóra þá hefði ég bundið vonir við að líkurnar mundu aukast á að um faglega ráðningu yrði að ræða.

Ekki varð samkomulag um að ganga svo langt. Hins vegar er staða formanns bankastjórnar gerð sterkari en áður var og gerð í raun og veru sérstök. Það vísar veginn í þessa átt. Ég vil trúa því og treysta og vil að það liggi fyrir prentað í þingtíðindunum upp á síðari tíma, herra forseti, að með þessu séu menn líka að skuldbinda sig til að vanda sérstaklega valið á þeim einstaklingi sem í framtíðinni kemur til með að skipa það ábyrgðarmikla starf að vera formaður bankastjórnarinnar og þar eigi að vera alfarið um faglega en ekki pólitíska ráðningu að ræða. Það er mjög mikilvægt.

Hitt sem ég vil nefna er svo spurningin um hvernig Seðlabankinn stendur að ákvörðunum sínum á sviði penngamála, þ.e. hinar afdrifaríkustu ákvarðanir um peningapólitískar aðgerðir eins og vaxtabreytingar og það sem því tengist.

Þar var uppi umræða um hvort koma ætti á fót einhvers konar peningamálaráði, sérstakri stjórn sem færi með þann þátt málsins og gerði grein fyrir ákvörðunum á því sviði sérstaklega. Síðan væri að öðru leyti búið að stjórn bankans eins og frv. gerir ráð fyrir og venja er.

Niðurstaðan varð sú að fara ekki út í það, a.m.k. ekki að svo stöddu, ég lít ekki svo á að þar með sé útilokað um ókomin ár að það kunni að verða niðurstaðan. En það var ýmislegt sem menn færðu þar fram svo sem að það gæti hreinlega reynst erfitt að manna slíkt peningamálaráð í okkar litla samfélagi þannig að tryggt væri að um fullkomlega óháða aðila gæti orðið að ræða, þ.e. ef valið væri að skipa að einhverju leyti aðilum utan bankans eins og víða er gert, að peningamálaráð er blanda af yfirmönnum bankans og aðilum utan úr þjóðfélaginu. Það gæti orðið dálítið flókið að koma því fyrir og það má vissulega til sanns vegar færa.

Niðurstaðan er sú sem frv. greinir, og menn eiga ekki að gera lítið úr, að sérstaklega er kveðið á um það í 24. gr. að gera skuli opinberlega grein fyrir og rökstyðja ákvarðanir bankastjórnar í peningamálum og forsendur þeirra. Þetta leggur bankastjórninni þær skyldur á herðar að gera mjög skilmerkilega grein fyrir því, ekki bara hverjar ákvarðanirnar eru, heldur líka á hvaða forsendum þær byggjast eða á hvaða forsendum þær eru teknar. Bankaráðið fær þarna síðan hlutverk skv. 28. gr., það verður eitt af verkefnum bankaráðsins að staðfesta reglur sem bankastjórn setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr. Þetta þýðir m.a. að bankaráðið mun væntanlega setja um það reglur, vinnureglur fyrir bankastjórnina, hvernig hún undirbýr í fyrsta lagi þessar ákvarðanir, þar með talið t.d. hvaða yfirmenn einstakra sviða bankans eru þátttakendur í því ferli og síðan í framhaldinu hvernig þetta er rökstutt, á hvaða forsendum ákvarðanirnar eru teknar og hvernig þær eru kynntar.

Með þessu tel ég að menn séu að nálgast það býsna mikið að búa til formlegt peningamálaráð. Menn eru vissulega að nálgast það með þessum aðferðum. Ég tel að þetta sé ágætisniðurstaða, a.m.k. að svo stöddu, og rétt sé að láta á það reyna að svona verði að þessu staðið og hvort þetta geti ekki þjónað tilgangi sínum bærilega. Ég sætti mig í sjálfu sér allvel við þá niðurstöðu sem þarna varð, herra forseti, og eins og áður sagði, hef ekki staðið að því að flytja breytingartillögur við frv. enda lít ég svo á að ég beri nokkra ábyrgð á því ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, sem var einnig af hálfu stjórnarandstöðunnar, í að landa þessu samkomulagi.

Það sem ég vil svo í lokin, herra forseti, aðeins nefna og þykir þá vænt um að hæstv. forsrh. er viðstaddur, er að ég var ekki alveg sáttur við hvernig síðan þessar breytingar voru kynntar. Ég hafði reyndar á lokaspretti starfsins innan undirbúningsnefndarinnar varað mjög við því, og hér eru menn sem geta staðfest að svo var, að vandasamt yrði að kynna þessar breytingar þannig að það skapaði ekki sjálfu sér viðbótaróróleika í efnahagslífinu og var þó ekki á bætandi. En því miður gerðist það að mínu mati að nokkru leyti. Ég tel að dálítið glannaleg kynning á þessum málum í tengslum við aðalfund Seðlabankans á dögunum hafi verið hluti af því sem jók á óróleikann í efnahags- og gengismálum næstu vikur þar á eftir og sem stendur enn.

Mér fannst nokkuð glannalegt að gera þetta allt í senn, að kynna breytingarnar, að henda vikmörkum gengisins og ákveða vaxtalækkun. Enda tókst það ekki mjög vel, ég held enginn geti haldið því fram að það hafi heppnast mjög vel. Ég taldi þvert á móti að ástæða væri til þess að fara mjög varlega í sakirnar og leggja á það alveg sérstaka áherslu í tengslum við kynningu þessara breytinga að þó svo að horfið væri frá t.d. þeim gengisfestumarkmiðum sem eru í gildandi lögum — út af fyrir sig var kannski ekki beinlínis hægt að hverfa frá með tilskipun af því það er þó enn þannig að í gildi eru lög um Seðlabanka Íslands — hefði átt að fara mjög varlega í það og leggja á það ríka áherslu að þetta þýddi ekki að sleppa ætti krónunni lausri og hún fengi að vera í frjálsu falli þó að þessar aðgerðir stæðu til heldur reyndu menn að vanda sig mjög við að gera þetta rólega og yfirvegað þannig að það yki ekki á óróleikann.

Ekki meira um þetta, herra forseti. Tímans vegna og aðstæðna hér, þar sem fram undan er eldhúsdagur að kveldi og meiningin að reyna að hafa stutta þingfundi í dag, ætla ég ekki að orðlengja um þetta. Ég segi þá aðeins að lokum að eitt angraði mig til viðbótar í sambandi við þessar breytingar og það var ósköp einfaldlega tímasetning þeirra, þ.e. að það yrði enn vandasamara en ella að standa að þessu og vera að ræða þetta í þeirri efnahagslegu óvissu og þeim

óróleika sem yfir stendur. Auk þess er í sjálfu sér aldrei auðvelt að velja sér tíma til slíkra hluta og ekki hægt að sitja með þetta tilbúið einhvers staðar ofan í skúffu og bíða missirum saman eftir því að nákvæmlega réttu efnahagslegu aðstæðurnar séu fyrir hendi. En þó er það nú þannig að ef menn gera breytingar af þessum toga þá skipta aðstæðurnar mjög miklu. Það er ekkert sérístenskt fyrirbæri. Þetta sjáum við víðar í kringum okkur. Það var t.d. þannig í Bretlandi, þar sem menn rífast af mikilli list í þinginu og annars staðar, og voru mjög ósammála um það og eru, eins og við heyrum í kosningabaráttunni núna, hvort Bretland eigi að gerast aðili að Evrópska myntbandalaginu, að allir voru sammála í umræðum um það á síðasta og þarsíðasta ári að það væri a.m.k. ekki rétti tíminn fyrir Breta að taka upp evruna eins og þá stóð á, ósköp einfaldlega vegna þess að efnahagslegar aðstæður væru þannig að hlutföllin stæðu greinilega mjög óheppilega af sér fyrir Breta til að fara út í slíkar breytingar, burt séð frá því hvort menn voru þeim síðan sammála eða ekki sammála. Ég held, svo ég vísi til þessa dæmis og mætti taka ýmis fleiri, að þá sé það auðvitað eitt af því sem menn þurfi að huga að, hvernig málin standa nákvæmlega þegar menn eru að fara út í breytingar af þessu tagi án þess að ég vilji nú vera gera of mikið úr þeim. Ég lít ekki svo á að hér sé kannski um einhverjar meiri háttar grundvallarbreytingar í efnahagslegu tilliti að ræða eða hvað hagstjórn snertir, en það er a.m.k. fyrir hendi sú hætta að menn oftúlki hana og það geti valdið misskilningi og óróleika.

Hvernig er þá staðan til að ráðast í þetta núna? Hún er ekki góð. Hún er þvert á móti mjög slæm.

Við vorum ekki fyrir löngu búin að ganga frá þessu frv. þegar út kom maíhefti Peningamála hjá Seðlabankanum. Hver er boðskapur þess? Hvernig kemur árið í fyrra út þegar það er gert upp? Þetta er eitthvert versta ár hvað varðar hallarekstur þjóðarbúsins og aukningu erlendra skulda sem við höfum séð framan í á seinni áratugum. Það er sambærilegt við mestu kreppuár í íslenskri eftirstríðsárasögu, efnahagsmálasögu. Það er því miður einfaldlega þannig. Og hrein staða þjóðarbúsins, ekki bara bruttóstaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum heldur hrein staða, versnar meira en eru eiginlega dæmi um á milli áranna 1999 og 2000.

Aukning erlendra skulda er sem sagt sökum viðskiptahalla, vaxtabyrði af vaxandi erlendum skuldastabba, þannig að nettóhlutfall erlendra langtímaskulda af landsframleiðslu rýkur upp úr 50% á árinu 1999 upp í 63,5%, úr 50,5% upp í 63,5%. Það er sem sagt hækkun um 13 prósentustig af landsframleiðslu og er það þó engin smátala á einu einasta ári.

Nú væri fróðlegt, herra forseti, að hæstv. forsrh., sem fer með efnahagsmálin í ríkisstjórn landsins, eða gerði það til skamms tíma, a.m.k. á meðan var góðæri, færi yfir það, þó ekki væri nema í mjög stuttu máli, hvernig hann metur þessa stöðu. Er hæstv. forsrh. ekkert brugðið eftir að hafa fengið í hendur maíhefti Peningamála frá Seðlabankanum þar sem sl. ár er gert upp?

Í fyrra vörðu menn sig með því þegar skuldaaukningin milli áranna 1998 og 1999 var til umræðu, og ég man sérstaklega eftir því að hæstv. fjmrh. hampaði mjög þeirri tölu, að nettóskuldaaukningin væri nú ekki svo mikil vegna þess að á móti ört vaxandi erlendum skuldum hefðu byggst upp miklar eignir erlendis. Menn fluttu sem sagt talsvert fé úr landi, sérstaklega lífeyrissjóðirnir á árinu 1999 þannig að þó að erlendar skuldir ykust þá mjög, væri það ekki svo alvarlegt, sagði hæstv. fjmrh., vegna þess að nettóskuldastaðan ykist ekki að sama skapi. En nú er því ekki til að dreifa. Heldur þvert á móti. Nú er það einmitt nettóstaðan sem versnar mjög óskyggilega um það sem ég nefndi áðan.

Það væri nú gaman að heyra þá menn, sem hafa helst reynt að standa í málsvörninni fyrir því að þetta væri víst allt í lagi og bullandi góðæri, gullöld og gleðitíð, ræða aðeins um þessar tölur. Hvað segir t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal um þessa gríðarlegu aukningu á nettóskuldum þjóðarbúsins út á við? Einhver þarf að borga þetta. Og það þarf að borga það með verðmætum. Þau þurfa að vera til innan lands í aðalatriðum. (**Gripið fram í:** Virkja?) Það þarf a.m.k. að vera til gjaldeyrir fyrir þeim. Já, virkja, segir hv. þm. Og auka erlendu skuldirnar um svo sem eins og 200 milljarða í viðbót til að borga af hinum lánunum. Er það hin aðferðin?

Ætli við þurfum nú ekki aðeins að fara að hyggja ósköp einfaldlega að greiðslustöðu þjóðarbúsins og möguleika okkar yfir höfuð til að ráða við þessar skuldir?

Ætli það sé ekki býsna háskalegur hugsunarháttur að detta ofan á það lausnarorð að auka enn á þær? Það þarf að vera viðunandi arðsemi, a.m.k. af þeim fjárfestingum ef á að vera gáfulegt að bæta við skuldirnar til þess að borga hinar skuldirnar. Það er hagfræði hv. þm. Péturs H. Blöndals og hann er auðvitað ekki einn um þetta.

Hæstv. utanrrh. úttalaði sig um það með mjög merkilegum hætti á aðalfundi Verslunarráðs að fram undan væri svartnætti ef ekki yrði virkjað og virkjað og virkjað. Hann gaf þar með efnahagsástandinu eins og það er í dag og möguleikum íslensks atvinnulífs að óbreyttu auðvitað ekki háa einkunn, taldi að þá væru dökkir tímar fram undan. (**Gripið fram í:** Það var hjá Útflutningsráði.) Já, Útflutningsráði. Hvað varð mér á að segja, hv. þm.? (**Gripið fram í:** Verslunarráði.) Nú, Verslunarráðinu, ég biðst innilega velvirðingar á þessu mismæli mínu, það er kannski af því hv. þm. situr hér úti í salnum sem mér varð þetta á.

Það var á hinum merka fundi Útflutningsráðs sem hæstv. utanrrh. útmálaði þessa framtíðarsýn sína, að hér væri bara myrkur fram undan nema það yrði bara virkjað og virkjað og bætt við erlendu skuldirnar til þess að borga af hinum skuldunum. Hefur þó hagfræðingum gengið illa að reikna lágmarksarðsemi í þessar fjárfestingar.

Ætli það sé ekki akkúrat öfugt, herra forseti, að þjóðir ættu við þessar aðstæður, komnar svona tæpt með skuldastöðu sína og með svo mikinn viðskiptahalla, fremur að skoða möguleika til innlendrar verðmætasköpunar án mikillar lántöku erlendis, án mikilla fjárfestinga sem kalla á frekari skuldir, t.d. að gera sem mest útflutningsverðmæti úr hugviti og úr þekkingargreinum? Danir hafa áttað sig á þessu. Þeir hafa áttað sig á því að það þarf ekki að taka erlend lán þó maður láti hausinn á sér vinna og geri afraksturinn af því að útflutningsvöru. Danir eru mjög snjallir í að gera sér verðmæti úr verkþekkingu sinni, úr hönnun og öðru slíku. Íslendingar gætu margt af þeim lært.

Af hverju hafa Danir þurft að leggja sérstaka áherslu á þetta? Jú, af tveimur ástæðum sérstaklega. Vegna þess að þeir eru ekki mjög rík þjóð hvað auðlindir snertir og hinu að þeir voru mjög skuldug þjóð. Á áttunda og níunda áratugnum voru Danir líklega skuldugastir allra Norðurlandaþjóðanna. Þeir sáu að þeir þyrftu að grípa til mjög róttækra aðgerða til að byggja upp atvinnulíf og auka verðmætasköpun án þess að auka erlendar skuldir. Þeir þurftu að reyna að gera sér mat og verðmæti úr huglægum þáttum, verkþekkingu sinni,

hönnun og öðru slíku. Þeir hafa gert það alveg prýðilega. Þeir hafa um helminginn af útflutningsmarkaði heimsins, t.d. fyrir vindmyllur, vindrafstöðvar og alls konar tæknibúnað sem þeim tengist. Bang & Olufsen hljómflutningstækin eru u.þ.b. helmingi dýrari en tæki af sambærilegum gæðum, sem ekki hafa þetta vörumerki. Hvað er það sem gerir Bang & Olufsen svona dýrmæta útflutningsvöru um allan heim? Jú, það er hugvitið. Það er hönnunin. Þetta eru listmunir um leið og þetta eru hágæða hljómflutningstæki.

Ýmsu af þessum toga, herra forseti, væri gaman að velta upp í þessari umræðu. Ég held að það væri gáfulegri áhersla en sú sem stjórnarliðar sitja því miður rígfastir í, að það eina sem geti orðið okkur til bjargar og forðað því svartnætti sem annars er fram undan, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það á fundi Útflutningsráðs og hv. þm. Pétur Blöndal kallaði hér fram í, sé stóriðja gærdagsins.

Mér var hugsað til sálmaskáldsins Björns í Laufási þegar ég heyrði af þessari ræðu utanrrh. Sá mæti klerkur átti stundum, eins og við sjálfsagt öll í bland, erfiða daga. Til eru textar eftir hann og kveðskapur sem vitnar um það. Þar kemur fyrir hendingin:

hyldjúpan næturhiminn
helltan fullan af myrkri.

Mér varð hugsað til Björns í Laufási þegar ég heyrði af þessari svartnættisræðu hæstv. utanrrh. á fundi Útflutningsráðs sem ég hef hér aðeins leyft mér að gera að umtalsefni í lokin undir þessum lið, um Seðlabankann, enda eðlilegt að aðeins sé tæpt á efnahagsmálum í almennu samhengi þegar þessa hluti ber á góma.

[11:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls færa hv. efh.- og viðskn. þakkir fyrir störf hennar að þessu frv. og yfirlegu yfir því. Ég sé ekki annað en þar hafi verið ágætlega og málefnalega unnið að yfirferð þessa mikilvæga máls.

Hv. þm. sem síðast talaði hann fann nokkuð að því hvernig þetta mál hefði verið kynnt. Auðvitað orkar allt tvímælis þá gert er. Það var augljóst að kynna þyrfti að nýtt frv. til laga um Seðlabanka væri tilbúið. Ekki var hægt að halda bankastjórnarfund eða almennan fund banka Seðlabankans, ársfund, með þá vitneskju liggjandi fyrir án þess að ræða það á fundinum. Það hefði komið afskaplega skringilega fyrir. Sérstaklega vegna þess að á fundinum árið áður hafði verið frá því skýrt opinberlega að sett yrði á laggirnar nefnd manna, með atbeina Seðlabankans og ráðuneytisins, til að undirbúa ný lög um Seðlabanka. Það var því í fullkomnu samhengi við það að kynna að því starfi hefði lokið farsællega með sameiginlegri niðurstöðu nefndarinnar.

Þetta lá fyrir. Næsta mál var að í þessu nýja frv., sem brátt átti að leggja fyrir Alþingi, fólst mikilvæg stefnubreyting um meginmarkmið bankans, þ.e. að víkja frá þeirri gengisviðmiðun sem bankinn hefði haft að leiðarljósi um langt skeið og breyta um viðmiðun, við markmið um verðlagsfestu. Fyrir lá að þessi breyting yrði gerð ef frv. yrði að lögum.

Þá kom það upp að menn sem um þessi mál fjalla, bæði í bankanum og annars staðar, sögðu að þetta gengi ekki. Það gengi ekki að tilkynna að eftir tvo, þrjá mánuði yrði horfið frá gengisviðmiðun yfir í verðlagsmarkmið og það skilið eftir opið í þrjá mánuði. Þetta var talin slík breyting að algjörlega óhjákvæmilegt væri, vegna afstöðunnar til gengisins og þróunar, að þessi niðurstaða fengi bráðabirgðafúnksjón strax með sérstökum samningi við Seðlabankann. Að tilkynna þessa breytingu og hafa síðan spákaupmenn leikandi lausum hala í þrjá mánuði er staða sem menn vildu ekki sjá.

Segja má að ég hafi verið hugsandi yfir þessu öllu saman varðandi kynninguna. Mér varð ljóst að það yrði að kynna frv., annað væri ekki fært. Það hefði eiginlega ekki bara gengið á upplýstri öld. En ég varð að viðurkenna, þegar sérfræðingarnir komu með þessi sjónarmið, að þá fannst mér rök þeirra vega töluvert þungt, eiginlega afar þungt. Varðandi það að tilkynna þessa miklu breytingu þá vitum að markaðurinn hrærist í væntingum, væntingum um fyrirkomulag, stefnu og þess háttar. Þegar allir þeir sérfræðingar sem að málinu komu settu fram þessi sjónarmið, sem heilmikil rök virðast fyrir, þá var niðurstaðan sú að gera samning við bankann til bráðabirgða um að þessi þáttur laganna tæki gildi strax. Þetta var eindregin, ég vil ekki kalla það kröfu, en eindregin sjónarmið Seðlabankans í þessum efnum. Ég held að þau sjónarmið hafi verið afar vel rökstudd og ekki er annað en hægt en að a.m.k. viðurkenna að það er heilmikið til í þeim. Þess vegna varð niðurstaðan þessi.

Þá er komið að þriðja þættinum, sem hv. þm. nefndi, og það er vaxtabreytingin. Hún var ákveðin eftir að það lá ljóst fyrir að bankinn mundi fara með þetta vald en ekki ríkisstjórnin. Það var því mál bankans, mat bankans. Þannig var þetta gert í einni svipan. Ég held reyndar að þetta hafi, a.m.k. á fyrstu vikunni og jafnvel fyrstu tveimur vikunum, komið allþokkalega út gagnvart markaðnum. Það varð enginn stóróróleiki í beinu framhaldi af þessu á markaði eða varðandi gengið. Að því leyti heppnaðist þessi þáttur.

Síðan hefur margt annað gerst í gengisþróuninni. Við áttuðum okkur til að mynda á því að þegar einn bankinn þurfti að greiða upp mjög stóra fjárhæð, 7,5 milljarða, og það högg skilaði sér inn í gjaldeyrismarkaðinn þá fór ákveðinn spírall af stað eins og menn vita. Nú er svo komið að það er algjör gjaldeyrisþurrð vegna verkfalls sjómanna. Þó eru til menn sem vilja gjarnan að það verkfall standi áfram, bara inn í það óendanlega. Þá býð ég ekki í íslenskt gengi. Þá þyrftum við ekki mikið að fjalla um það í framhaldinu. Það er nú þannig að gengið verður að streyma bæði inn og út, ekki bara út, a.m.k. meðan við erum með frjálsan markað. Nú er komin algjör gengisþurrð vegna þess verkfalls sem hefur staðið svo lengi, af því það lýtur að meginatvinnuvegi þjóðarinnar.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um viðhorf til þess hvort bankastjórarnir skyldu vera þrír eins og verið hefur, að vísu með nokkuð fastari skipan, eða einn eins og sumir lögðu til, þá segi ég fyrir mig að mér var það fyrir fram ekkert afar fast í hendi. Ég vakti þó athygli á því að þau sjónarmið sem sumir hér í salnum vildu leggja til grundvallar, um að það ætti að fara að eins og í viðskiptabönkunum, væri ekki endilega rétt. Ég tel það annað mál þegar um er að ræða *ákvarðanatöku sem er hrein viðskiptaleg ákvarðanataka* en þegar um að ræða ákvarðanatöku sem er efnahagspólitísk, eins og ákvarðanir bankastjórnar Seðlabankans eru, a.m.k. að hluta.

Sumir töldu að ég væri að segja að ég vildi alltaf apa eftir Svíum þegar ég nefndi það til sögunnar að Svíar voru að fjölga bankastjórum úr þremur í sex fyrir skömmu með þessum rökum, að bankastjórarnir tækju efnahagspólitískar ákvarðanir og því ættu fleiri menn að koma að ákvörðuninni. *Vissulega bentu menn á aðrar leiðir til að nálgast* slíkar ákvarðanir með svipuðum hætti eða einverri útfærslu á aðferðum sem notast er við í breska bankanum en þar er

viðmiðunarnefnd eða ráðgjafarnefnd eða hvað hún er kölluð. Þar eru fastir starfsmenn, hálaunaðir menn, í þessu eina verkefni og þess vegna er hægt að krefjast þess að þeir séu ekki að véla mikið um aðra þætti á meðan. Hér er því ekki að heilsa og engar hugmyndir um að gera það þannig. Þannig eru aðstæðurnar hér aðrar.

Ég er ekki að segja að til sé einhver einn algildur sannleikur í þessum efnum. En sjónarmiðin og röksemdirnar eru allar á staðnum og ekkert síður fyrir þeirri skoðun, en hinni að hafa hér einn alvaldan bankastjóra í þessum málum, að hafa þrjá bankastjóra þar sem einn væri nokkuð fremstur sem er nær því fyrirkomulagi sem verið hefur, þó að sú staða sé, eins og hv. þm. ræddi réttilega, styrkt nokkuð í núverandi frv. Öll þessi sjónarmið komu til greina en voru ekki algjörlega á borðinu að mínu mati, ekkert algjörlega á borðinu nema síður væri. Þetta er um þá þætti sem hv. þm. nefndi.

Hv. þm. sagði hann vildi ekki hafa mjög langt mál vegna dagsins í dag, eldhúsdegi og öðru slíku sem hann nefndi til sögunnar. Ég ætla heldur ekki að taka upp almenna efnahagslega umræðu núna. Ég verð þó að nefna sérstaklega, þannig að menn hafi það í huga, að menn mega ekki blanda saman skuldasöfnun ríkisins og stofnana á forræði þess og viðskiptahalla sem myndast vegna ákvarðana einstaklinga, fyrirtækja og banka í frjálsu þjóðfélagi. Ef við gerum ráð fyrir því að ákvarðanir þessara aðila séu ekki teknar út í hött, þó við höfum ekki haft vit fyrir þeim — sumir telja að menn eigi alltaf af hafa vit fyrir slíkum aðilum — þá er þessi viðskiptahalli ekki jafnhættulegur og annar viðskiptahalli. Þetta ber sérfræðingum saman um, held ég. Séu þessar ákvarðanir almennings, fyrirtækja, einstaklinga og banka allar út í hött þá er þessi viðskiptahalli mjög hættulegur. Þetta eru sjónarmiðin sem uppi eru.

Ríkisvaldið og Seðlabankinn hafa á hinn bóginn stuðlað að því með langvarandi aðgerðum að úr þessum viðskiptahalla dragi. Við sjáum það þegar við horfum á vöruskiptajöfnuðinn að þar er að verða stórbreyting á og að úr viðskiptahallanum mun draga ört. Auðvitað færist viðskiptahallinn upp þegar breytingar verða á gengi. Það þekkjum við en ef við horfum til eyðslunnar, fjárfestingarinnar, þá eru menn mjög að hægja á sér og fara með meiri varúð en fyrr. Á þetta eiga menn að horfa og viðurkenna að þetta er að gerast.

Mér þykir æðimerkilegt að sumir — þá er ég ekki að tala um menn í þessum sal heldur annars staðar — sem hafa kallað á aðgerðir gegn þenslu og viðskiptahalla, að um leið og aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka sem eru langtímaaðgerðir í sjálfu sér fara að bíta, þá koma sömu aðilar, skjótast upp eins og karlar úr kassa og segja: Nú er að skella á kreppa, við seljum ekki eins mikið og áður og það er ekki eins mikill kraftur í þessu eins og áður o.s.frv. Þegar nákvæmlega það er að gerast sem menn báðu um. Vextir — og það þekkja menn — hvort sem þeir eru brúkaðir til hækkunar eða lækkunar eru seigbítandi vopn, taka langan tíma að skila sér inn í þjóðfélagið, sérstaklega hér á landi. Við Íslendingar höfum verið furðu ónæmir fyrir vöxtum. Og það hefur verið furðu lítið um það að vaxtahækkun um 0,5% eða 1% leiði til þess að eftirspurn eftir lánsfé úr bankakerfinu minnki. Við sjáum t.d. í Bretlandi þegar vextir hækka eða lækka um 0,5% þá fara fram stórkostlegar umræður og menn draga úr komum sínum í bankana og menn velta þessu öllu saman fyrir sér.

Við erum enn þá nokkuð í þá stemmingu bundin að lán sé lán í skilningnum „lukka". Fái menn lán séu þeim allir vegir færir, algjörlega óháðir vöxtunum. Þetta er enn þá töluvert innbrennt í okkur af einhverjum ástæðum. Kannski vegna langvarandi verðbólgu og þeir menn urðu lukkulegir sem fengu lán, hverjir sem vextirnir voru. Nú er það ekki svo lengur með raunvaxtatengingu og háum vöxtum. En það er enn þá mjög inn í þessa ágætu þjóð okkar brennt að lán sé lán í skilningnum „lukka".

Og því er það svo að vaxtabreytingar virðast marka miklu síðar hér inn í efnahagslífið, bæði til hækkunar og lækkunar, en annars staðar gerist. Að vísu alls staðar. Það hefur verið viðurkennt til að mynda í Bandaríkjunum, að þar eru vextir hægfara vopn fyrir seðlabanka að brúka sem tekur tíma að skila sér inn í efnahagslífið. En hér virðumst við vera einkar ónæm fyrir því.

Vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað á milli hv. þm. sem síðast talaði og hv. þm. Péturs Blöndals, sem átti hér atbeina að umræðunni með frammíkalli, þá hljóta menn að horfa til eðlis viðskiptahallans. Stafar hann af fjárfestingum sem eru að mati manna arðgefandi eða eingöngu af eyðslufjárfestingu sem eru til að halda uppi einhverjum ímynduðum „standard" svo maður noti vont orð? Á þessu er reginmunur. Á þessu er reginmunur. Hv. þm. sagði: Ja, ýmsir hagfræðingar efast um að þessir virkjanakostir og framkvæmdahugur í þeim efnum sé endilega þess eðlis að þeir séu fullkomlega arðgefandi.

En það er nú svo að þarna ætla einstaklingar að leggja mjög mikla fjármuni í hættu. (Gripið fram í.) Mjög mikla fjármuni í hættu, bæði erlendir og innlendir. Og mat þeirra hlýtur að ráða þeirri för að um arðgefandi framkvæmdir sé að ræða. Og sé það rétt þá eru þessarar ákvarðanir ekki til þess fallnar að auka þann vanda sem viðskiptahalli er. Það er að mínu mati á misskilningi byggt.

Ég hygg að hv. þm., sem er formaður Vinstri grænna og hefur náð miklum árangri í almannafylgi eins og kunnugt er, megi ekki blanda afstöðu sinni til virkjana og umhverfisþátta inn í þennan efnahagslega veruleika. Hann lýtur bara öðrum lögmálum. Ég ber fullkomna virðingu fyrir sjónarmiðum hans, þó að ég sé andsnúinn þeim, er snúa að þeim þáttum sem hann og flokksmenn hans hafa haldið fram. En menn mega ekki láta það rugla sig ef menn horfa á viðskiptahallann og hvernig hann er innbyggður og hvers eðlis hann er. Þessu vildi ég gjarnan koma á framfæri.

Varðandi efnahagslífið almennt þá er það svo að allar þær undirstöður sem við búum við eru í mjög góðu fari. Það sem hefur hins vegar gerst er að ýmsir hafa farið dálítið gáleysislega með þann uppgang sem hefur verið. Það er ekki vafi á því í mínum huga að sumir geta fengið ærlegan og mikinn skell af þeim sökum. Og eins og ég hef áður sagt opinberlega, þá er maður ekki að fagna þeirri niðurstöðu, fjarri því, eða þeim óförum sem menn lenda í. En þó eru þau sjónarmið uppi og ég get ekki annað sagt en að full rök séu fyrir þeim sjónarmiðum að slíkir aðilar sem farið hafa óvarlega og ætla sér að eignast einhvern ofurgróða með því að spila á kerfið eigi að fá skell. Vegna þess að við búum aldrei til efnahagskerfi eða efnahagsfyrirkomulag sem er þeirrar veru að hvernig sem menn spila á kerfið, hversu gáleysislega sem menn fari, þá verði þeir aldrei fyrir hnjaski þótt þeir taki gríðarlegar áhættur. Það er ekkert óeðlilegt að menn sem taka gríðarlega áhættu verði fyrir hnjaski. Þannig er þetta nú.

En að öðru leyti vildi ég þakka bæði hv. þm. sem síðast talaði og starfaði í þeirri nefnd sem undirbjó málið og efh.- og viðskn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál. Ég

lít nú þannig til að þó að auðvitað sé ágreiningur um ákveðin efnisatriði, þá sé nú allgóð sátt um málið, a.m.k. meginmarkmiðin. Það er sátt um að auka sjálfstæði Seðlabankans. Það var almenn sátt um, og þá sleppi ég kynningunni, að snúa af vegi gengisviðmiðunar yfir í verðbólguviðmiðun, það var sátt um það.

Ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að þó að við förum yfir í það að horfa til verðbólgumarkmiðsins, þá er það markmið í sjálfu sér ekkert heilagra en markmið til að mynda um fulla atvinnu.

Eina sem er og við þurfum að horfa til er að við sjáum hvaða markmið eðlilegt er að Seðlabankinn hafi mest um að segja. Og það er augljóst að Seðlabankinn getur haft meira að segja um það markmið að tryggja hér stöðugleika varðandi verðlag en um atvinnu. Þar koma inn aðrir þættir tilverunnar. Það fór stundum fór í taugarnar á mér hér áður fyrr og er ekki alveg laust við að það gerist enn þá, að menn töluðu stundum um Seðlabanka sem eitthvert svona alls megandi apparat og gerðu þá lítið úr ákvörðunum annarra, þar á meðal þings og ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, heldur *væri það nokkurn veginn sama hvernig allir þessir aðilar* höguðu sér, Seðlabankinn gæti einhvern veginn stjórnað þessu öllu saman, væri hann bara nógu sjálfstæður. Ég er ekki þeirrar skoðunar. En ég hef fallist á þau sjónarmið að auka eigi sjálfstæði hans og um leið ábyrgð hans. Það eigi að gera hvort tveggja. Ég tel, a.m.k. vona ég að sæmileg sátt sé um það hér, að þetta frv., þó sjálfsagt sé það ekki gallalaust frekar en annað sem við gerum, sé til þess fallið að ganga nokkuð í þá áttina.

Þetta ætla ég að láta nægja við þessa umræðu með sömu rökum og hv. þm., að hún taki ekki of langan tíma. En ég er ekkert að skjóta mér undan því að ræða efnahagsmál við hv. þm. og fjarri er það svo að ég telji mig ekki bera ábyrgð á því hvernig þau mál snúast, bæði til góðs og ills. Ég hef aldrei haldið því fram að allt sem vel kann að hafa farið sé mér að þakka, eða með sama hætti allt sem illa kann að fara sé mér að kenna. En ég skal glaður axla hlutdeild mína og axla ábyrgð mína af hvoru tveggja.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma til umræðunnar og fyrir ræðu hans. Það var þarft og áhugavert um margt að hlusta á hann fara yfir málin.

Ég hygg að við séum ekki svo ósammála um spurningar eins og um einn bankastjóra eða fleiri og peningamálaákvarðanir að tilefni sé til að eyða í sjálfu sér tíma í það.

Um þau rök sem hæstv. ráðherra færði fram fyrir þeirri leið sem valin var til að kynna breytingarnar og láta þessa hluti alla ganga fram samtímis, þá eru þau vissulega gild og ég tek að mörgu leyti mark á þeim. En ég held hinu fram að þetta hafi kannski ekki heppnast sérstaklega vel.

Um viðskiptahallann sem ég kem kannski að í seinna svari mínu ef forsrh. verður svo vænn að svara mér, þá vísa ég bara til þess að hrein skuldastaða þjóðarbúsins hefur aldrei versnað eins mikið milli ára eins og hún gerði milli áranna 1999 og 2000.

Síðan verð ég að fá tækifæri, herra forseti, til að leiðrétta eftirfarandi. Mér varð á að grípa til annarrar hendingar en þeirrar sem mér hafði komið í hug þegar ég heyrði svartnættisræðu utanrrh. og eignaði þar af leiðandi Birni í Laufási texta eftir Jóhann Sigurjónsson og þykir mér mjög miður. En hvor tveggja var gott skáld og ortu báðir á köflum tregablandna og angurværa texta.

Hendingin eftir Björn í Laufási sem mér kom fyrst í hug þegar ég heyrði af stóriðjusvartnættisræðu utanrrh. á ársfundi Útflutningsráðs var þessi:

Verði þér myrkur á vegi,
vesturför óyndisleg,
kvíðirðu komandi degi
kolbrýnda nótt eins og ég.

Þetta held ég sé örugglega eftir Björn og hann mun hafa ort þetta einhvern tímann á erfiðum stundum í sínu lífi, sá ekkert nema myrkur hellast yfir utanverðan Eyjafjörðinn og setti saman þessa texta. Og af einhverjum ástæðum kom þetta upp í hug mér þegar ég heyrði af þessari döpru framtíðarsýn hæstv. utanrrh., sem ekkert sér nema svartnætti, rétt eins og sálmaskáldið forðum, nema hér verði virkjað og virkjað.

[12:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það hefði verið langæskilegast að sú breyting hefði orðið og verið tilkynnt á áherslum og viðmiðunum Seðlabankans frá gengisviðmiðun yfir í verðlagsmarkmið og viðmiðun þegar stöðugleikinn hefði verið sem mestur, eins og hann hefur verið allmikill á undanförnum árum.

Ég tek undir það með honum að efasemdir mínar gengu einmitt út á það hvenær ætti að fara þá leið sem flestir voru sammála um að fara. Ég velti meira að segja fyrir mér hvort rétt væri að tengja þetta strax við breytingar á Seðlabankanum. En skynsömum mönnum fannst það nánast ekki ganga að gera reginbreytingar á Seðlabankanum og færa honum sjálfstæði án þess að fara að þessum markmiðum sem langflestir virtust styðja, bæði bankinn og menn hér í þessu húsi, sem skipti líka máli.

En ég held mig við það að ákveðið var að fara þessa leið og ég axla ábyrgð á því vegna þeirra röksemda sem komu fram hjá bankanum að ekki væri hægt að hafa þennan háttinn í lausu lofti í tvo til þrjá mánuði meðan þingið væri að taka eðlilegan tíma í að afgreiða þetta mál.

[12:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan eru það alveg fullgild rök að slæmt er að láta slíka hluti hanga yfir og getur valdið óróleika á markaði og allt það eins og við þekkjum.

Ráðgjöfin um það hvernig ætti að standa að þessum breytingum hefur væntanlega m.a. komið frá Seðlabankanum. Og ég held að við reiknum nú með því öll hér, ekki satt, að Seðlabankann þyrstir auðvitað í þetta aukna sjálfstæði og hefur lengi gert. Hann hefur því væntanlega ekki dregið úr mönnum kjarkinn hvað það varðaði að hella sér út í breytingarnar. Ætla ég svo ekki að hafa um það fleiri orð.

Varðandi viðskiptahallann þá held ég að ég sé, þó að ég sé ekki hagfræðingur, það lesinn í þessum fræðum og sjóaður að ég geri mér alveg grein fyrir eðlismun þess að taka lán til arðbærra fjárfestinga annars vegar og til eyðslu hins vegar, það þarf enga hagfræðinga til og það þarf ekki þjóðarbúið allt. Það nægir að hugsa um sitt eigið heimili og heimilisbókhald til að skilja þetta. Það er auðvitað munur á hvort verið er að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun í framtíðinni eða einfaldlega að eyða.

Hitt er síðan alveg ljóst að þeim mun skuldsettara sem þjóðarbúið er og þeim mun tæpari sem greiðslustaða þess út

á við er orðin, þeim mun afdrifaríkara er það ef menn gera mistök, fjárfestingarmistök, að þeir ráðist ekki í mjög dýrar framkvæmdir, skuldsetji ekki þjóðarbúið um hundruð milljarða, nema vera algjörlega öruggir um að þær fjárfestingar standi vel undir sér. Og ekki þurfi að niðurgreiða þær með sköttum landsmanna eða háum raforkureikningum eins og margir óttast því miður að hafi gerst og muni jafnvel gerast.

Skuldastaða þjóðarbúsins versnaði um 13% milli síðustu ára, úr 50,5% upp í 63,5% af landsframleiðslu. Mesta breyting þar á undan var á milli áranna 1981 og 1982, úr 27% upp í 39% eða 12%. Og þetta er þeim mun alvarlegra, herra forseti, sem hærra er komið að sjálfsögðu.

[12:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú margt sem getur haft áhrif á það hvort skuldastaða þjóðarbúsins og viðskiptahalli er varasamur eða ekki, ég hef áður fært rök fyrir þeim eðlismun sem þar er á og hv. þm. viðurkennir hér í ræðu sinni núna.

Ég tel til að mynda að miklu meiri vá hafi verið yfir þjóðarbúinu fyrir þremur eða fjórum árum þegar við athugun kom í ljós að nánast allt bankakerfið var með meginlán sín í skammtímalánum og hlutfall skammtímalána af þeirra lánastokki var orðið afar hátt, jafnhátt og það var í Mexíkó þegar skellurinn kom þar. Þetta hefur síðan gjörbreyst, þannig að hlutfall langtímalána og skammtímalána hefur algjörlega breyst bankakerfinu í hag. Það segir miklu meira í mínum huga um stöðu þjóðarbúsins til að uppfylla skilyrði sín og skuldbindingar en var til að mynda fyrir tveimur, þremur árum sem fór reyndar ekki í umræðu þá, ég vil leyfa mér að segja sem betur fer. Hefði það farið í umræðu þá, hefði það sama getað gerst eins og gerðist í Mexíkó, sem voru ekki efnahagsleg rök fyrir, að bankarnir erlendu urðu hræddir og kölluðu allir lán sín inn í einu og Mexíkóarnir höfðu ekki tök á því að verjast þessu í einni svipan.

Þetta hefur gjörbreyst. Nú er hlutfall skammtímalána miklu lægra og hlutfall langtímalána miklu hærra og þess vegna er geta bankakerfisins til að bregðast við vanda miklu meiri og betri en var fyrir þremur árum. Að því leyti til er ég miklu rólegri um stöðu efnahagsmála en ég var fyrir þremur árum.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að allbærileg sátt er um frv. sem við ræðum um. Þó vilja ýmsir umsagnaraðilar og ýmsir þingmenn ganga lengra en frv. kveður á um í þá átt að styrkja betur sjálfstæði Seðlabankans. Við teljum m.a. að leið til þess sé að hafa bara einn aðalbankastjóra og að koma á fót svokallaðri peningastefnunefnd sem taki ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Undir þetta hafa tekið umsagnaraðilar eins og Þjóðhagsstofnun, ASÍ og Lögmannafélagið, svo dæmi sé tekið. Við leggjum til þær breytingar á frv. að það verði einn bankastjóri og komið verði á fót þessari peningastefnunefnd í þeim breytingartillögum sem við í Samfylkingunni flytjum. Við leggjum til að þeir sem eiga sæti í þessari peningastefnunefnd séu bankastjóri og varabankastjórar og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Ég nefni þetta því hæstv. ráðherra fann þessu til foráttu að þarna sætu hálaunamenn sem gerðu þá ekki annað, sem væru þá, ef ég skil orð hans rétt, utanaðkomandi aðilar. En hér er lagt til að aðilar innan bankans skipi þessa peningastefnunefnd. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki meira í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í frv. um fagleg vinnubrögð að þessi leið verði farin, sem fordæmi eru fyrir í öðrum löndum, Englandi, Nýja-Sjálandi og, ég held, Noregi einnig.

Síðan finnst mér mjög sérkennilegt í þessu frv. að ekki eru gerðar kröfur um hæfnisskilyrði fyrir þá sem veljast í stöðu bankastjóra. Mér finnst mjög sérkennilegt að ganga frá málinu með þeim hætti og spyr hæstv. ráðherra hvort hann hefði ekki talið eðlilegra að slík skilyrði væru fyrir hendi í þessi störf.

[12:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningunni um skilyrðin svaraði ég strax í 1. umr., og er það til í gögnum þingsins, vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um þau efni og sjónarmið mín koma þar fram.

Varðandi hitt þá er ég þeirrar skoðunar ef menn mundu taka ákvörðun að hafa einn allsráðandi bankastjóra í Seðlabankanum þá þyrfti að hafa nefnd til hliðsjónar sem í væru líka menn utan úr bæ, vegna þess ef um er að ræða aðeins bankastjórann, allsráðandi bankastjórann, með undirmenn sína sex sem ráðgjafarnefnd þá held ég yrði nú ansi þröngt fyrir dyrum hjá þeim undirmönnum að hafa áhrif á niðurstöðu hans. Ég tel því að ef menn færu í að hafa einn allsráðandi bankastjóra þá yrði hluti nefndarmannanna að koma frá öðrum aðilum, til að mynda frá Hagfræðistofnun Háskólans eða einhverjum slíkum aðilum, þ.e. ef menn færu þá leið. Ég tel ekki nægjanlegt að hafa einn allsráðandi bankastjóra og síðan yrðu það bara undirmenn hans sem ættu að geta haft svona einhver takmarkandi áhrif á völd hans, að einu leytinu til, bara að einu leytinu til. Ég held að það gengi ekki upp.

Ég held að það sé skynsamleg breyting. Ég nefndi það reyndar í fyrstu ræðu minni að auðvitað er ekkert útilokað að menn komist síðar að þeirri niðurstöðu eftir nokkur ár og reynslu af auknu sjálfstæði bankans að skynsamlegt sé að hafa einn bankastjóra. Ég er ekki sannfærður um það. Vel má vera að það gerist. En þá tel ég rétt að þetta sé gert í þeim áfanga að staða formanns bankastjórnarinnar sé örlítið styrkt frá því sem nú er, en ekki gengið of langt í þeim efnum, þ.e. að í fyrsta lagi sé sjálfstæði og vald Seðlabankans aukið og um leið fái einhver einn bankastjóri svo mikið vald til viðbótar því. Ég held að það sé of í lagt.

[12:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. forsrh. er alls ekki frá hverfur því að hafa einn bankastjóra og það þyrfti þá að laga frumvarpið að því. Ég vissi ekki um þessa afstöðu hæstv. ráðherra í þessu efni, en ég hafði ekki tækifæri til þess að vera hér við 1. umr. og heyrði því ekki sjónarmið hæstv. ráðherra varðandi hæfisskilyrði. Ég var erlendis á þeim tíma.

Vegna þessara orða er kannski full ástæða til þess að skoða málið milli 2. og 3. umr. aftur í efh.- og viðskn. fyrst hæstv. forsrh. er opinn fyrir því að skoða málið út frá því sjónarmiði að sé bara einn bankastjóri.

En mér finnst hæstv. ráðherra líka gera of lítið úr þeim yfirmönnum bankans sem vinna á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu bankans í peningamálum vegna þess að þeir fá aukið vægi og aukna þyngd, þ.e. skoðanir þeirra, með því að sitja í slíkri nefnd, peningastefnunefnd, sem tekur

ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Skoðanir þeirra eru jafnréttháar í þeirri nefnd og annarra sem þar sitja, eins og bankastjóranna. Mér finnst því hæstv. ráðherra gera of lítið úr því.

Varðandi hæfisskilyrðin þá veit ég ekki um skoðanir hæstv. ráðherra á þeim af því ég hafði ekki tækifæri til þess að vera við 1. umr. Ég tel að við hefðum átt að fara þá leið, eins og gert er í þessum breytingartillögum, að setja ákveðin skilyrði varðandi hæfi. Það hefur verið allt of mikið litið á þessar bankastjórastöður sem eins konar pólitískt hæli fyrir stjórnmálamenn og við höfum tekið þá áferð og þann stimpil meira af því með því að setja þarna ákveðin hæfisskilyrði, eins og víðtæka þekkingu og reynslu á meginstarfssviði Seðlabankans eða eitthvað í þá veru. Mér finnst ekki nógu góð vinnubrögð að skilja við málið þannig að þarna er algjörlega eyða varðandi hæfni þeirra sem skipa þessa stöðu.

[12:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ef hv. þm. les það sem ég sagði um þá hæfileika sem viðkomandi bankastjórar þyrftu að hafa til að gegna þessu starfi þá mundi það nú vera mjög svipað og hv. þm. var að nefna hér. Ég sagði einmitt í ræðu minni að það ætti hins vegar ekki að binda þetta starf einni tiltekinni starfsstétt. Undir það tók formaður Samfylkingarinnar og ég hélt þess vegna að um það væri sæmileg sátt.

Varðandi það sem ég sagði um þrjá bankastjóra eða einn bankastjóra, þá oftúlkaði nú hv. þm. aðeins orð mín. Ég segi að ég tel á þessu stigi máls eigi menn ekki að ganga lengra og ég sagði það meira að segja í andsvarinu áðan, menn eigi ekki að ganga lengra en að auka nokkuð vald formanns bankastjórnarinnar á sama tíma og við erum að auka sjálfstæðið. Ég sagði að ég gæti alveg ímyndað mér að menn fari yfir þessi mál í framtíðinni og kunni í framtíðinni að geta hugsað sér að taka einhver önnur skref. En í þessari andrá tel ég óskynsamlegt þegar við erum að auka sjálfstæði bankans að setja allt of mikið vald í hendur eins manns um leið. Þetta sagði ég í andsvari mínu og hef sagt í ræðu minni.

[12:23]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál, brtt. ArnbS, þskj. 1364.

Framkvæmdasjóður fatlaðra, 692. mál, svar félmrh., þskj. 1177.

Lax- og silungsveiði, 389. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1340.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 235. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1328.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, 319. mál, brtt. samgn., þskj. 1308.

Tryggingarskilmálar vátryggingafélaga, 740. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 1343.

[12:24]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem við nú ræðum, um heildarlöggjöf fyrir Seðlabanka Íslands, er vitaskuld mjög mikilvæg og merkileg lagasetning og ég fagna þessu frv.

Herra forseti. Hér er hins vegar ekki um nýtt mál að ræða. Svipað frv. var lagt fyrir 115. og 116. löggjafarþing á árinu 1992, fyrir tæpum tíu árum. Það var þá stjórnarfrumvarp þáverandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og var lagt fram af þáverandi viðskrh., Jóni Sigurðssyni. Það fjallaði um sjálfstæði Seðlabankans eins og þetta frv. gerir.

Í greinargerð með frv. nú er ekki getið þessarar frumheimildar. Það er óskiljanlegt að ekki sé vísað í hið fyrra frv. þar sem þetta frv. *er í meginatriðum nær orðrétt hinu fyrra* frv. Menn hefðu ekki fengið háa einkunn í háskóla fyrir slík vinnubrögð.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég vek athygli á þessu er sú að ég þekki málið. Ég man þetta vel því ég var formaður nefndar ríkisstjórnarinnar sem samdi það stjórnarfrumvarp. Með mér í nefndinni voru þá m.a. núv. hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde og *núverandi aðalhagfræðingur* Seðlabankans, Már Guðmundsson, ásamt fleirum. Ég held að við getum allir verið sammála um það sem stóðum fyrir vinnu við þá hugmyndafræði sem hér er að verða að lögum að við viljum gjarnan halda höfundarrétti okkar eða þátttöku í þeim aðdraganda.

Meginatriði málsins er þó að það sem var tímabært fyrir tíu árum er vissulega tímabært nú. Sjálfstæði seðlabanka er mjög mikilvægt og hefur verið það undanfarna áratugi í hagstjórn. Af því ég gerði að umtalsefni þáverandi frv., þá urðu nú alltaf lyktir þess að hæstv. forsrh., þáverandi og núverandi, var í reynd á móti þeirri hugmyndafræði sem þarna var lögð til grundvallar og hafði oft um hana nokkur ummæli á síðustu árum.

Hæstv. forsrh. sneri við blaðinu hvað varðar afstöðu til þessara mála á sl. ári ef ég fer rétt með tilvitnanir í afstöðu hans, sem ég hef reyndar fylgst með nokkuð grannt hvað varðar Seðlabankann á undanförnum árum. Það er til sú skoðun í samfélaginu að hann ætli sjálfum sér aðalbankastjórastöðu í Seðlabankanum, en eins og almenningur veit þá er það vinsæl skammdegisskemmtun að geta sér til um framtíð forsrh.

Ég vil hins vegar ekki gera því skóna í þessu máli, en efnislega er frumvarpið í mjög góðum farvegi eins og hér hefur komið fram í umræðunni. Stöðugleiki í verðlagi er vitaskuld grundvallaratriðið sem þetta frv. snýst um, þ.e. að hafa sjálfstæðan seðlabanka sem hefur forræði á þeim málaflokki en styður ríkisstjórnina að öðru leyti í efnahagsstjórn, þó ekki gegn þessu meginmarkmiði. Það er alveg skýrt kveðið á um þetta í frv. og er meginefni frumvarpsins. Hér eru að takast á tveir skólar í afstöðu til starfsemi seðlabanka, þ.e. annars vegar hvort seðlabanki eigi að hafa sjálfstætt forræði í peningamálum, en önnur málefni hagstjórnar séu í umsjón framkvæmdarvaldsins og það er raunverulega sú umgjörð sem þetta frv. býr um hagstjórnina.

Hin skoðunin var sú að þetta ætti allt meira og minna að vera undir formlegri eða mjög náinni forsjá framkvæmdarvaldsins. Það voru þau sjónarmið sem t.d. hæstv. forsrh. viðhafði hér á fyrri tíð varðandi þetta frv. Það sjónarmið er fyllilega lögmætt og alls ekkert óalgengt í þeirri umræðu sem hefur verið um Seðlabankann á undanförnum áratug og ýmsir seðlabankar voru einmitt skipulagðir beinlínis með þeim hætti. Þekktastur í þeim efnum var breski seðlabankakinn, en meira að segja hann hefur breytt um skipulagsform í anda þess sem hér er lagt til.

Meginatriði frv. um sjálfstæði bankans er því mjög af hinu góða. Ég tek líka undir það sem er óaðskiljanlegur hluti af þessu frv., að ég tel að það hafi verið rétt ráðstöfun að hverfa frá fastgengisstefnunni og taka upp verðbólgumarkmið, *samanber yfirlýsingar hæstv. forsrh. á ársfundi* Seðlabankans, og hefur verið í framkvæmd síðan. Ég er

sammála lýsingu hæstv. forsrh. á atburðarásinni áðan varðandi kynningu þess máls og hvernig að því var staðið. Ég held að ekki hafi verið hægt að gera það öðruvísi. Það er alltaf mjög erfitt þegar gerðar eru slíkar skipulagsbreytingar. En ég tel rétt að þeim sé þá hrint í framkvæmd þegar menn eru búnir að taka ákvörðunina um það.

Það var kominn tími til að hverfa frá fastgengisstefnunni sem meginstefnu og taka upp verðbólgumarkmið. Auðvitað beinir þetta hagstjórninni í sömu átt, en vitað var að gengið var orðið aðeins tæpt við þessar aðstæður. Hér var líka verið að fylgja eftir stefnubreytingu sem hafði átt sér stað í nágrannalöndunum.

Ég er hins vegar ekki alveg sáttur við það sem Seðlabankinn gerði strax í kjölfarið á þessu. Ég hefði kosið að hann hefði verið aðeins meira vakandi yfir því gengisflökti eða mikla gengissigi sem fór af stað. Sérstaklega hefði verið mikilvægt að vera með viðspyrnu gagnvart þessu fyrstu dagana. Ég tel að gengið hafi farið óþarflega langt niður en náð sér aðeins upp aftur. Mér finnst það vera reyndar aðeins neðar en efnahagslegar forsendur gefa tilefni til. En það sem er meginástæðan fyrir gagnrýni minni á Seðlabankann hvað þetta varðar er hræðsla mín, kannski alkunn, við verðbólgu, að þessi óróleiki geti stuðlað að því að blása í glæður verðbólgunnar sem kraumar hér undir. Ég vona sannarlega að það leiði ekki til þess að hún fari á meira flug en orðið er. Ég hefði hins vegar kosið varðandi verðbólgumarkmiðin að menn hefðu ekki haft jafnmikið svigrúm og gert var í ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég hefði kosið þrengra svigrúm sem hefði þá gefið þær vísbendingar út í hagkerfið, meiri og fastari ætlun ríkisstjórnarinnar að gæta sérstaklega að því að verðbólgan færi ekki á skrið. Ég vona hins vegar einlæglega að þessar fyrirætlanir gangi eftir og við náum markmiðinu frekar fyrr en seinna.

Varðandi efnisatriði frv. hefði ég talið skynsamlegt að við hefðum gert hæfniskröfur og auglýst stöðu seðlabankastjóra sem er reyndar ekki fordæmi fyrir víða annars staðar. Ég tel það hins vegar skynsamlega aðferðafræði í samfélagi okkar og að gera hæfniskröfur, ekki endilega að menn hafi lokið tilteknu háskólaprófi. Slíkar hæfniskröfur þekkjast í löggjöf annarra seðlabanka þar sem er beinlínis gerð sú krafa að seðlabankastjóri sé hagfræðimenntaður. Ég er ekki að tala um slíkar hæfniskröfur heldur vil ég benda á orðalag sem var í frv. frá því fyrir 10 árum að krafist sé víðtækrar þekkingar á peningamálum og á öðrum sviðum efnahagsmála. Ég held að slík setning í frv. hefði verið mjög til bóta. Auglýsing er að því leyti ágætisaðferðafræði í litlu samfélagi, ef beitt er vandaðri úrvinnslu, til að kalla fram þá bestu einstaklinga sem um getur verið að velja.

Ég styð líka hugmynd um einn bankastjóra en þó fyrst og fremst vegna þess að ég tel það vera aðferð til að brjótast út úr hinu flokkspólitíska kerfi á skipun á bankastjórum. Þríeining í bankastjóraskipunum hér á landi átti ekki einungis við í Seðlabanka, þetta var í ríkisbönkunum um áratuga skeið og flokkspólitískar merkingar á bankastjórastöðum eru arfur hins liðna og við eigum að gera allt til þess að brjótast út úr því fyrirkomulagi. Í þeim anda tel ég að hefði verið skynsamlegt að hafa einn bankastjóra, fyrir utan þær almennu röksemdir um einn skipstjóra á skútunni og síðan væru aðstoðarbankastjórar.

Við vitum að flokkspólitískar ráðningar hafa verið í Seðlabankanum. Það er náttúrlega ekkert óeðlilegt, það er ráðherra sem skipar, en oft og tíðum hefur fyrst og fremst verið gætt flokkspólitískra hagsmuna en ekki litið nægjanlega að faglegri hæfni. Sú aðferðafræði sem hefur stundum gætt við skipun bankastjóra, bæði í Seðlabanka og viðskiptabönkum hér á landi, er arfur liðins tíma og vonandi er það kerfi hætt hér á landi. Ég ætla a.m.k. að vona það og ég skil þetta frv. þannig að menn séu í alvöru, a.m.k. vonast ég til þess, að tala um hina faglegu stjórnun sem er þá óháð hinum pólitísku skammtímaviðhorfum í hagstjórn, alls ekki vegna þess að hin pólitísku skammtímaviðhorf í hagstjórn séu slæm. Það er eðli málsins samkvæmt að þau eru oft til skamms tíma, oftast til fjögurra ára sem er kjörtímabilið, heldur vegna eðli hagstjórna. Hagstjórn verður oft að taka mið af lengri sjóndeildarhring en fjórum árum. Þess vegna er svo áríðandi að á mikilvægu sviði eins og peningamálasviðinu sé litið til lengri tíma og það geta menn ekki gert nema hafa sjálfræði á þeim vettvangi. Það er einmitt það sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég held líka að það hefði verið til bóta til að styrkja þennan þátt, að hafa sérstaka peningamálanefnd, leið sem ýmsir hafa farið. Það sem menn eru þá m.a. að gera með því er að undirstrika hið faglega, sem er óháð skammtíma pólitísku valdi framkvæmdarvaldsins. Það er ekki vegna þess að það sé slæmt að það vald og þær skoðanir séu til staðar, heldur vegna þess að aðgreining þessara valdþátta á að vera mjög skilmerkileg. Það er það sem var kannski gert í meginatriðum í þessu frv. og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan, og fór að hafa áhyggjur af öðrum markmiðum, háum vöxtum, atvinnu og öðru slíku, sem er mjög eðlilegt.

Þetta frv. gengur út á að fela Seðlabankanum sjálfræði í peningamálum og stuðla að stöðugu verðlagi. Það er vegna þess að hægt er að sýna hagfræðilega fram á að stöðugleiki í verðlagi leiðir til hagvaxtar og leiðir til atvinnusköpunar og er besta umgjörð atvinnulífsins. Síðan er það framkvæmdarvaldsins, ríkisstjórnar, með löggjöf um frjálsræði í viðskiptum og margs konar öðrum þáttum í samfélaginu, ríkisfjármál, ég tala ekki um það sem er raunverulega hitt opinbera stjórntækið. Þau eru raunverulega aðeins tvö, stjórntækin af hálfu hins opinbera, annars vegar peningamálastefna Seðlabankans og hins vegar ríkisfjármálastefna framkvæmdarvaldsins á hverjum tíma. Yfir öðrum þáttum ræður hið opinbera ekki. Það er líka gott þannig vegna þess að fjölmargar og mikilvægustu ákvarðanirnar eru teknar af fólki í markaði með framboði og eftirspurn.

Hæstv. forsrh. fór aðeins inn á almenna efnahagsumræðu og talaði um viðskiptahalla. Auðvitað er mismunandi aðkoma að viðskiptahalla og mismunandi orsakir í sjálfu sér fyrir viðskiptahalla sem hefur mismunandi áhrif. Það er alveg rétt. Hins vegar hefur viðskiptahallinn verið það mikill að ég held að allir sérfræðingar hafi bent á það að við séum komin yfir þau mörk sem eru þolanleg til skamms og langs tíma og við verðum að gæta okkar. Viðskiptahallinn hefur grafið undan genginu og skapað ákveðinn óstöðugleika. Hann hefur leitt til skuldasöfnunar fyrirtækja og einstaklinga. Skuldir einstaklinga í bankakerfinu hafa tvöfaldast á þremur árum og mikil aukning skulda fyrirtækja getur leitt til vandkvæða á næstu árum þegar menn þurfa að greiða þessi lán, sérstaklega við háa vexti sem eru nauðsynlegir af því við þurfum að vinna gegn þenslu í samfélaginu, gegn verðbólgu. Hér er því sérstök ástæða til að hafa vara á sér. Það er engin ástæða, herra forseti, í efnahagsmálum núna að vera með eitthvert svartsýnistal eða tala upp einhverja kreppu. Það eru ekki forsendur til þess. En það er full ástæða til að vara við. Og

hlutverk mitt í efnahagsumræðu hin síðari ár hefur yfirleitt verið fyrst og fremst það að predika aðgæslu.

Það eru þættir í hagkerfinu hér sem sýna ákveðinn veikleika. Fyrst og fremst getum við lent í þeirri stöðu að verðbólga fari upp á við. Ég get sagt það, herra forseti, og þingheimur ætti að vita það, að þegar verðbólga er komin upp á við er óstjórnlega erfitt að ná henni niður aftur. Tímabil okkar, áratugurinn frá þjóðarsáttinni 1990–2001, þessi hagsældartími er ekki langur tími í hagsögu. Tíu ár eru ekki langur tími í hagsögu. Það er fyrst og fremst það markmið sem menn verða að einblína á og það er að gæta þess að verðbólgan fari ekki á skrið aftur.

Það eru hættumerki. Hæstv. forsrh. vill oft og tíðum ekki sjá þau hættumerki og það er miður. Ég vona hins vegar að við náum þeim stöðugleika í verðlagsmálum sem við þurfum á að halda. En það er ýmislegt sem hæstv. ríkisstjórn hefði betur mátt gera á undanförnum mánuðum en um það er vitaskuld hinn pólitíski ágreiningur sem er e.t.v. ekki ástæða til að tala um í tengslum við þetta frv.

Ef til vill má segja, herra forseti, að við séum á þessum degi 10 árum á eftir öðrum þjóðum í lögfestingu á skynsamlegu fyrirkomulagi seðlabanka. Ég nefndi í upphafi að það eru 10 ár síðan frv. um þetta efni var lagt fram sem stjórnarfrv. á hinu háa Alþingi. Hinn pólitíski vilji var þá ekki í reynd fyrir því og er það fyrst núna 10 árum seinna. Á þessum 10 árum hefur margt breyst, m.a. það að allir seðlabankar hafa farið þessa leið, þetta sem var þó hin rétta og nútímalega og skynsamlega leið fyrir 10 árum. Auðvitað er hægt að harma að það hafi ekki verið gert á sínum tíma. Okkur hefði farnast nokkuð betur ef við hefðum gert það en kannski ekki skipt öllum sköpum. Það er meira um vert að gera réttu hlutina heldur en e.t.v. nákvæmlega á þeim tímapunkti þegar þeir eru skynsamlegastir. Þetta er skynsamleg leið.

En ég vil benda á það af því hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að því að þetta þýddi kannski ekki í reynd mikla breytingu á starfsháttum Seðlabankans. Það er alrangt. Frv. gengur út á breytingu á starfsháttum Seðlabankans. Núverandi fyrirkomulag hefur verið þannig að Seðlabankinn er með hlutverk í peningamálum og öðru, en hann er undir formlegu forræði ríkisstjórnarinnar. Seðlabankalögin eru þannig úr garði gerð.

Meginbreytingin í frv. er að gera markmiðið skýrt, að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn á að framfylgja því með peningamálastefnu sinni þó að það sé í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar að öðru leyti. Þetta er meginatriðið í frv. Fólk þarf alveg að vera klárt á því hvað þetta þýðir. Þetta þýðir mjög mikla breytingar ef Seðlabankinn kýs að fara fram með sjálfstæðum hætti og hafa langtímaviðhorf að leiðarljósi. Nú er ekki víst, herra forseti, að Seðlabanki og seðlabankastjórar kjósi að fara í berhögg við stefnu stjórnvalda á hverjum tíma, jafnvel þó að þeir fái til þess heimild. Seðlabankinn hefur ekki gert það. En hér er a.m.k. kominn rammi um það mál og það er þó skynsamlegt. Síðan verðum við að fylla út í þann ramma smátt og smátt með því fólki sem vinnur í anda þessara laga og það gerist náttúrlega ekki á einni nóttu.

Ég get ekki annað, herra forseti, en fagnað lögfestingu frv. um Seðlabankann sem byggir á hugmyndafræði sem ég ásamt fleirum hef talað fyrir mjög lengi. Ég er þó ekki búinn að sjá að ofurvald stjórnmálamanna á Seðlabankanum linni. Ég er alls ekki búinn að sjá það gerast. En það get ég sagt, herra forseti, að það verður engin alvöruefnahagsstjórnun hér á landi fyrr en hagstofnanir verða utan áhrifa framkvæmdarvaldsins. Það er mjög mikilvægur þáttur í nútímahagstjórn og hagkerfi að þessar hagstofnanir, hverju nafni sem við nefnum þær, hvort það er hinn mikilvægi Seðlabanki sem ræður yfir peningamálunum, eða ýmiss konar greiningarstofnanir, hvort sem þær eru innan háskóla eða sem hluti af Stjórnarráðinu. Þessar stofnanir verða að vera óháðar skammtímasjónarmiðum framkvæmdarvaldsins eða ríkisstjórnar á hverjum tíma. Það er alveg óháð einstaklingunum, alveg óháð frá ríkisstjórnum núverandi eða þáverandi eða þeirri næstu. Þetta er spurning um það kerfi sem við þurfum að búa við. Þetta er svipuð hugsun og ríkir um hagstjórn í nágrannalöndunum, sama hvaða flokkar eru þar við völd. Ekki hefur verið nægjanlega skilið á milli þessara þátta í hagkerfi okkar. Hér er stigið skref í þá átt og því ber að fagna.

Baráttan fyrir faglegri stjórnun Seðlabanka mun halda áfram eðli málsins samkvæmt. Þetta frv., herra forseti, er mjög mikilvægt skref í þá átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 1352.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1353.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:45]

[14:29]

Útbýting þingskjala:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 648. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1371.

Framkvæmd vegáætlunar 2000, 741. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1367.

Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, frhnál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1362; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1363.

Safnalög, 224. mál, nál. menntmn., þskj. 1348.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, 655. mál, nál. utanrmn., þskj. 1365.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 523. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1338.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 669. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1366.

Þjóðminjalög, 223. mál, nál. menntmn., þskj. 1344.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 591. mál (EES-reglur). — Þskj. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MS, MF, RG, SJóh, StB, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1373).

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 653. mál (deildarstjórar). — Þskj. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁSJ, BBj, DO, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1374).

Leikskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 652. mál (starfslið). — Þskj. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1375).

Grunnskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 667. mál (starfstími, próf í íslensku o.fl.). — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

23 þm. (ÁJ, BBj, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1376).

Ríkisútvarpið, frh. 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (framkvæmdasjóður). — Þskj. 668.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

23 þm. (ÁJ, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1377).

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 695. mál (vistunarmat). — Þskj. 1076.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

20 þm. (ÁJ, GHH, GE, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1378).

Ávana- og fíkniefni, frh. 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (óheimil efni). — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
18 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1379).

Húsaleigubætur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 625. mál (réttur til bóta o.fl.). — Þskj. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
18 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1380).

Réttarstaða starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 573. mál (EES-reglur). — Þskj. 1352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
18 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, JóhS, KVM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1381).

Lögskráning sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 635. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
21 þm. (ÁE, ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, KVM, KPál, LMR, LB, MF, RG, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1382).

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1054, nál. 1214, brtt. 1215 og 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1244,1 felld með 29:12 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GHall, JóhS, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HjálmJ, JÁ, KVM, KPál, LMR, LB, MF, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
6.–16. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1215,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
18.–20. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1244,2 felld með 30:13 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, HjÁ, JóhS, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, JÁ, KVM, KPál, LMR, LB, MF, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1244,3 felld með 29:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JóhS, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, VS, VE, ÞKG.
4 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, DO, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, JÁ, KVM, KPál, LMR, LB, MF, StB, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1215,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1244,4 felld með 32:13 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, KVM, KPál, LMR, LB, MF, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

25. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1215,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1244,5 kölluð aftur.
28. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
29.–36. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1215,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
38.–39. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1215,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1244,6 kölluð aftur.
Ákvæði til brb. II samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 14:41.

---

125. FUNDUR

miðvikudaginn 16. maí,
að loknum 124. fundi.

Dagskrá:

1. Kjaramál fiskimanna og fleira, stjfrv., 737. mál, þskj. 1354, frhnál. 1362, brtt. 1363. — 3. umr.

2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1054 (með áorðn. breyt. á þskj. 1215). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[14:44]

Útbýting þingskjals:

Kjaramál fiskimanna og fleira, 737. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1372.

Kjaramál fiskimanna og fleira, 3. umr.

Stjfrv., 737. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1354, frhnál. 1362, brtt. 1363.

[14:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. á þskj. 1362 um frv. til laga um kjaramál fiskimanna og fleira frá meiri hluta sjútvn.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr. Til fundar við nefndina komu Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Ástráður Haraldsson hrl.

Aðildarfélög Sjómannasambands Íslands, að undanskildu Sjómannafélagi Eyjafjarðar, aflýstu í dag verkfalli sínu. Aðildarfélög Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa á hinn bóginn ákveðið að halda verkfalli sínu áfram. Sama á við um Sjómannafélag Eyjafjarðar. Þá stendur verkbann aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna enn og hefur ekkert komið fram um að til standi að aflýsa því, hvorki að hluta né í heild. Staðan í vinnustöðvuninni er því óbreytt enda komast engin skip á sjó og deilan um kjaramálin í jafnmiklum hnút og áður.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er gert ráð fyrir jöfnum rétti verkalýðsfélaga og atvinnurekenda til að beita verkföllum og verkbönnum til að knýja á um framgang krafna sinna og til verndar rétti sínum. Það skiptir því ekki máli hvort vinnustöðvun stafar upphaflega af verkfalli eða verkbanni. Þar sem verkfall var ekki boðað í upphafi eða þar sem verkfalli hefur nú verið aflýst stendur eftir sem áður verkbann. Afleiðingar þess eru hinar sömu fyrir þjóðarbúið. Þess vegna er jafnbrýnt og verið hefur að leysa kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna. Því er nauðsynlegt að gerðardómurinn taki heildstætt á þeim úrlausnarefnum sem um getur í 2. gr. frv. varðandi alla deiluaðila, enda er hann í eðli sínu sjálfstæður í störfum sínum.

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hlutinn því til tvenns konar breytingar á frv. Í fyrsta lagi að gerð verði sú breyting á 1. gr. frv. eins og kveðið er á um í sérstöku þingskjali og í öðru lagi var það svo að sjútvn. lagði til breytingu á 3. gr. frv. sem samþykkt var í gær en í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram var sett á niðurstöðu þeirrar ákvörðunar leggur meiri hlutinn enn til að gerðar verði breytingar á 3. gr. og að felld verði brott skírskotun 2. mgr. 3. gr. til gildistíma annarra skyldra kjarasamninga.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði síðan samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson, Vilhjálmur Egilsson og Árni R. Árnason.

[14:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þarft væri fyrir umræðuna að skýrt kæmi fram hvort Landssamband ísl. útvegsmanna er farið að beita verkbönnum með þeim hætti sem hv. þm. lýsti áðan, þ.e. halda úti verkbönnum eftir að verkföllum hefur verið aflýst og nota verkbönn þannig til að knýja stjórnvöld til að setja lög á kjaradeilur.

Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. hvort það hafi verið kannað og hvort Landssamband ísl. útvegsmanna hafi verið spurt og hafi fengist skýr svör við því að þeir ætluðu að halda úti verkbönnum eftir að verkföllum hefði verið aflýst.

[14:49]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í frhnál. meiri hlutans að við höfum átt viðræður við Landssamband ísl. útvegsmanna. Þeir hafa komið tvívegis á fund nefndarinnar og ekkert hefur komið fram um annað en að þeir hyggist halda áfram verkbanni sínu og það er önnur forsendan fyrir því að þessi lagasetning er í bígerð.

[14:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það verði að taka þetta svar þannig, þó það hafi kannski ekki verið mjög skýrt, að stjórnvöld hafi spurt Landssamband ísl. útvegsmanna að því hvort þeir ætluðu að halda áfram verkbönnunum út í eitt þó svo að verkföllum hafi verið aflýst og niðurstaðan hafi verið sú að svo hafi átt að verða. Þess vegna eru mál þannig á hv. Alþingi að Landssamband ísl. útvegsmanna er að knýja fram lagasetningu á grundvelli verkbanna sinna eftir að verkföllum hefur verið aflýst.

Það er eins gott að þjóðin geri sér grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Það er verið að þjóna undir Landssamband ísl. útvegsmanna með lagasetningu á Alþingi.

[14:50]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að reyna að gera mér upp orð. Ég vitnaði einungis í það sem stendur í frhnál. og hann getur lesið þar.

Ég sagði að tvær ástæður væru fyrir lagasetningunni. Það er annars vegar að fyrir liggur verkfall frá sjómannafélögum í landinu og hins vegar verkbann Landssambands ísl. útvegsmanna. Þetta er ástæðan og kemur mjög glögglega fram í 1. gr. frv. Þess vegna er algjör óþarfi af hv. þm. að vera að reyna að snúa út úr þessu. Það er ekki verið að ganga erinda Landssambands ísl. útvegsmanna, það er mat meiri hlutans að nauðsynlegt sé að bregðast við þessu ástandi, það sé farið að hafa alvarleg áhrif og það þurfi að bregðast við því. Hv. þm., sem situr í sjútvn. Alþingis, er mætavel kunnugt að við kölluðum á alla deiluaðila til að geta rætt við þá þannig að allir þingmenn sem eiga sæti í sjútvn. Alþingis gætu átt þess kost að ræða við fulltrúa deiluaðila, spyrja þá út úr þessari lagasetningu og komast að sjónarmiðum þeirra. Um þetta snýst málið, þannig hefur þetta mál verið unnið.

[14:52]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. minni hluta sjútvn., en undir það skrifa sá sem hér stendur, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er sammála nál. Það hljóðar svo, herra forseti:

Nú þegar brtt. meiri hluta nefndarinnar liggja fyrir eftir 2. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar um kjaramál sjómanna kemur í ljós að frumvarpið, 737. mál, snýst ekki lengur um það að koma flotanum út á sjó sem var þó það sem ríkisstjórnin hélt fram við 1. umr. málsins að réttlætti afskipti hennar af deilunni. Þótt félög séu ekki í verkfalli, eins og aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða, eða hafi aflýst verkfalli, eins og Sjómannasamband Íslands, virðist ríkisstjórnin reikna með að LÍÚ haldi áfram úti verkbanni á þau félög. Þannig virðist ríkisstjórnin ganga út frá því að LÍÚ muni varna því með verkbanni að flotinn komist á veiðar. Þessi staða verður ríkisstjórninni tilefni til þess að setja alla sjómenn, utan þeirra sem eru í Vélstjórafélagi Íslands, undir gerðardóm og gildir þá einu hvort félögin eru í verkfalli eða ekki. Þau skulu öll undir sama „landssambandsverðið" og hin nýju mönnunarákvæði sem er að finna í vélstjórasamningnum og forskriftin er gefin fyrir í 2. gr. frv. Þannig á sér stað sérstaklega nakin valdbeiting gagnvart Sjómannasambandinu sem aflýsti verkfalli til að geta samið sem frjálsir menn.

Tillögugerð meiri hlutans kemur sérstaklega á óvart þar sem sjávarútvegsráðherra hafði lýst því yfir á Alþingi að ef aðili aflýsti verkfalli væri heldur ekki ástæða til gerðardóms eins og hann orðaði það við 1. umr. málsins enda yrði þá megintilgangi frumvarpsins náð og flotinn gæti farið aftur til veiða. Þetta endurtók ráðherrann síðan efnislega við 2. umr. málsins þegar ljóst var að Sjómannasambandið hafði aflýst verkfalli sínu, í góðri trú vegna yfirlýsinga sjávarútvegsráðherra.

Meiri hlutinn er á afar hæpnum forsendum með málið allt. Þegar stjórnvöld telja sig knúin til að hafa afskipti af kjaradeilum er lágmarkskrafa að þau inngrip séu eins takmörkuð og nokkur kostur er, bæði að umfangi og tímalengd. Réttur launafólks til að semja um kaup og kjör er varinn í stjórnarskrá Íslands og lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld eru einnig bundin af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um réttinn til þess að semja sameiginlega, auk þess að vera bundin af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig varinn telst kjarasamningsrétturinn og rétturinn til þess að beita lögmætum aðgerðum til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilu til helgustu mannréttinda launafólks og verkalýðshreyfingar. Komið hefur fram við umfjöllun nefndarinnar að gangi málið eftir eins og ríkisstjórnin ætlar sé veruleg hætta á að sjómenn vísi málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu og ríkisstjórnin tapi málinu vegna þeirra jafnræðisbrota sem í því felast.

Minni hlutinn mótmælir þeim vinnubrögðum sem viðhafa á á hv. Alþingi harðlega.

Herra forseti. Enn á ný hafa borist yfirlýsingar og nú síðast barst okkur yfirlýsing frá Alþýðusambandi Íslands inn á hv. Alþingi. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðar svo:

„Lagasetning á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna:

Brot á stjórnarskrá Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, 16. maí 2001.

Vegna yfirvofandi lagasetningar Alþingis á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna vill miðstjórn Alþýðusambands

Íslands minna Alþingi Íslendinga á að réttur launafólks til að semja um kaup og kjör er varinn í stjórnarskrá Íslands og lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld eru einnig bundin af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98 um réttinn til þess að semja sameiginlega auk þess að vera bundið af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig varinn telst kjarasamningsrétturinn og rétturinn til þess að beita lögmætum aðgerðum til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilu til helgustu mannréttinda launafólks og verkalýðshreyfingar.

Lagasetning og gerðardómur um kaup og kjör sjómanna, sérstaklega þeirra sem hafa ekki boðað verkfall eða hafa þegar aflýst aðgerðum, væri brot gegn stjórnarskrá Íslands, samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafa áður verið áminnt vegna brota gegn samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mundu hljóta mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi endurtæki slíkt sig nú.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim afskiptum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur haft af yfirstandandi kjaradeilu og lögmætum aðgerðum sjómanna og mun ekki láta slíkt yfir íslenskt launafólk ganga án þess að grípa til aðgerða."

Þannig hljóðar þessi samþykkt og ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands sem var samþykkt var í miðstjórninni og send hér inn í Alþingi.

Í gær bárust okkur mótmæli, hæstv. forseti, bæði Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins. Yfirlýsing Sjómannasambandsins, sem ég ætla að leyfa mér að lesa yfir er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, er hér með aflýst. Ákvörðun þessi er byggð á þeirri forsendu að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna og fleira sem sviptir sjómenn samnings- og verkfallsrétti.

Verði frumvarp þetta að lögum munu félagsmenn aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands verða sviptir grundvallarmannréttindum, sem þeim eru tryggð í íslenskum lögum, stjórnarskrá lýðveldisins og alþjóðlegum sáttmálum, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að hlíta. Félagsmenn aðildarfélaga sambandsins og stéttarfélög þeirra yrðu með þessu jafnframt svipt rétti til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um kjarasamningsbundin réttindi sín.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir verulegri kjaraskerðingu sjómanna auk þess sem mælt er fyrir um afnám gildandi laga sem er beinlínis ætlað að tryggja réttindi félagsmanna aðildarfélaga sambandsins.

Með hliðsjón af ofangreindu og í því skyni að varna því að umrædd lög verði samþykkt á Alþingi Íslendinga er yfirstandandi verkfalli aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, sem samninganefnd sambandsins hefur umboð fyrir, aflýst."

Þetta var úr bréfi Sjómannasambandsins eins og fram kom.

Sjómannasambandið brást svona við til að reyna að komast undan því að á það yrðu sett lög enda búnir að aflýsa vinnustöðvunum og þar af leiðandi stæði sambandið eigi lengur í vegi fyrir því að skip gætu haldið til veiða með þeim aðgerðum sem það hefur beitt sér fyrir með verkfallsboðunum. Þeir stóðu þar af leiðandi ekki í vegi fyrir því að íslenski flotinn gæti hafið sjósókn. Við stöndum samt sem áður frammi fyrir því að meiri hlutinn leggur enn á ný til frv. og fylgir eftir lagasetningu á Sjómannasamband Íslands og lagasetningu á Alþýðusamband Vestfjarða.

Hver er það sem ræður þeirri för? Hver er það sem ræður því að hér eru sett lög á menn sem eru ekki í verkföllum? Jú, það er Landssamband ísl. útvegsmanna sem ræður því. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur tekið að sér að halda flotanum í landi. Það er orðið markmið þeirra í deilunni að halda flotanum í landi og knýja fram lagasetningu á Alþingi sem bindur alla sjómenn undir þann gerðardóm og þau lög sem á að fara að ákveða.

Það verður að segjast alveg eins og er að manni finnst þjónkun stjórnarliða við hina sérstæðu hagsmuni LÍÚ orðin nokkuð skrýtin. Í huga mínum er alveg ljóst að Landssamband ísl. útvegsmanna er farið að beita lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur á talsvert nýjan hátt að því er að verkbanni lýtur. Yfirleitt hefur rétturinn verið notaður þannig á undanförnum árum að hann hefur verið settur á af vinnuveitendum til að komast hjá því að greiða mönnum kaup ef ekki hafa allir verið í verkfallsaðgerðum á sama tíma. Ef eitt aðildarfélag sjómanna eða eitt landssamband hefur boðað til aðgerða og aðrir ekki og þar af leiðandi verið ráðnir á skipið á starfskjörum sínum þá hefur útgerðin orðið að borga mönnum kauptryggingu, ef þeir hafa verið ráðnir og þeim hefur ekki verið sagt upp í tíma. Þá hefur þetta verið notað sem viðbrögð Landssambands ísl. útvegsmanna til að komast hjá því að greiða kaup í kjaradeilu þegar atvinnutækið hefur verið tekið úr rekstri með því að eitt félag hefur stöðvað atvinnureksturinn.

Hins vegar ber núna svo við að framsetning LÍÚ er sú að viðhalda verkbanninu og það virðist ætla að viðhalda verkbanninu í alveg ákveðnum tilgangi. Það segir um þetta meira að segja í nál. meiri hlutans:

„Þá stendur verkbann aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna enn og hefur ekkert komið fram um að til standi að aflýsa því, hvorki að hluta né í heild."

Þetta er úr áliti meiri hlutans. Skýrari geta þau boð varla verið enda er meiri hlutinn beintengdur við LÍÚ. Það liggur sem sagt fyrir að Landssamband ísl. útvegsmanna notar núna verkbannið til þess að knýja Alþingi til að setja lög á sjómenn sem eru jafnvel ekki í kjaradeilu, á Sjómannasambandið sem hefur aflýst verkfalli sínu, á Alþýðusamband Vestfjarða sem hefur ekki boðað til verkfalls á öllum þeim tíma sem liðinn er. Það hefur ekki boðað til aðgerða. Það hefur eingöngu sett fram hugmyndir um hvernig þeirra kjarasamningur ættu að breytast. Það hlýtur þó að vera réttur hvers manns og hvers félags sem á að gæta hagsmuna launþega að setja fram hugmyndir sínar um það hvernig þeir vildu sjá kjarasamning sinn breytast.

Nú er verið að nota verkbannsheimildina í lögum með nýjum hætti af Landssambandi ísl. útvegsmanna og það sýnir í raun hversu forhert Landssambandið er til að berja menn undir vilja sinn. Menn láta undan því. Það skyldi ekki vera að í hv. Alþingi ætluðu menn svo aftur að láta undan vilja LÍÚ við að berja menn til hlýðni við að láta kvótann ganga yfir smábátana? Er þetta bara pöntunarskrifstofa Landssambands ísl. útvegsmanna að þeim afgreiðslummáta sem þeir vilja hafa? Er svo komið í hv. Alþingi að Landssamband ísl. útvegsmanna stýrir hér því sem menn vilja fá og kemst upp með það? Engar viðvaranir eru teknar til greina í þessu máli.

Í Hæstarétti er nýfallinn dómur um að útgerðarmaður skuli tryggja áhöfn hæsta verð. Um það er nýfallinn dómur í svokölluðu Hvannabergsmáli. Þar var um viðskipti á rækju að ræða. Ég tel eigi að síður að dómurinn hafi skýrt fordæmi varðandi skyldur útgerðarmanna til þess að tryggja hæsta verð fyrir aflann hverju sinni, hvaða tegund úr lífríki sjávar sem landað er. Ég velti því fyrir mér hvort Alþingi sé nú að setja lög og koma málum í gerð sem eigi að fara að takast á við það að fara gegn þessum hæstaréttardómi. Er það tilviljun að meiri hlutinn fæst alls ekki til að taka út lið sem merktur er a í 2. gr. frv. og vitnar til hins nýja viðmiðunarverðs til hlutaskipta og telur upp þær sömu fisktegundir og eru í vélstjórasamningnum? Skyldi það vera tilviljun? Eða ætlast menn til þess að með þessari framsetningu laganna sé hægt að halda því fram og standa á því með einhverjum rökum fyrir gerðardómnum að gerðardómurinn skuli fara eftir þeirri leiðbeiningu og eigi þá þar með að ganga á skjön við nýfallinn hæstaréttardóm? Er það það sem menn eru að sækjast eftir, að koma í veg fyrir það að sjómenn fái smátt og smátt viðurkennd þau sjónarmið að hér á landi skuli gilda eðlilegir og sjálfsagðir viðskiptahættir með verð á vöru þar sem aðrir eiga hagsmuni í, eins og í þessu tilfelli lönduðum afla sjómanna, þar sem útgerðarmaður á að beita sér fyrir því að hann sé seldur við hæsta verði vegna þess að sjómenn eiga hlut í honum?

Þetta held ég að sé mikið umhugsunarefni og auðvitað væri mikill áfellisdómur yfir íslensku réttarfari ef það yrði niðurstaðan eftir þetta mál sem ríkisstjórnin mun sjálfsagt hafa í gegnum Alþingi fyrir rest, hún hefur nægan þingstyrk til þess. Þó að við leiðum rök að því að hér sé verið að fara með vont mál þá munu stjórnarliðar vafalaust keyra það í gegn og eru þá e.t.v. að leiða það inn að sett skuli lög á Alþingi sem leiði til niðurstöðu sem fari í bága við nýfallinn hæstaréttardóm.

Það er líka annað sjónarmið sem ég held að sé rétt að ræða við þessa umræðu. Það er svokölluð meðalhófsregla þegar um inngrip er að ræða í svona deilur, þegar löggjafinn grípur inn í deilur af einhverjum orsökum. Auðvitað kunna stundum að vera einhver rök fyrir því að það sé gert. En ef það er gert þá eiga slík inngrip að vara í eins stuttan tíma og taka til eins fárra atriða og mögulegt er að komast af með til að ná markmiðum þeim sem menn ætla sér að ná. Hver voru markmiðin sem kynnt voru? Að koma flotanum á sjó. Það voru markmiðin sem voru fyrst kynnt þegar málið var kynnt í Alþingi. En eins og ég gat um áður þá virðast nú önnur markmið vera komin inn í lagatextann.

Meðalhófsreglan skal byggjast á því að samningur manna sem settur er með lögum í gerð sé bundinn í eins stuttan tíma og hægt er og reyndar þá bundinn um eins fá atriði og hægt er. Ekki er hægt að lesa það út úr uppsetningu frv. að þannig sé búið um hnútana. Þó er búið að gera eitt. Það er búið að taka út úr frv. viðmiðun um skylda samninga. Þar af leiðandi tel ég að gerðardómurinn hafi ekki beina vísun til þess að taka eingöngu mið af samningi Vélstjórafélagsins þó svo að annað verði ekki lesið út úr 2. gr. þar sem þau atriði sem þar eru talin upp eru bein tilvitnun í samninginn.

Það er líka annað atriði sem ég held að sé rétt að ræða hér. Þetta er kallaður gerðardómur í frv. Eftir þeim skýringum sem við fengum í morgun hjá virtum lögmanni sem kom fyrir sjútvn. væri miklu nær að kalla þessa uppsetningu að ríkisstjórnin væri að búa til stjórnsýslunefnd en ekki gerðardóm. Gerðardómar eru vanalega uppsettir þannig að aðilar eiga kost á að skipa menn í dóminn og tryggja þannig að sjónarmið þeirra séu inni í gerðinni. Þess vegna hefði sennilega verið mun nær að gerðardómurinn, eða það sem hér er kallað gerðardómur en er í raun og veru stjórnsýslunefnd, væri skipaður fimm mönnum. Það hefði verið meiri svipur yfir því og eðlilegri vinna og þar hefðu Landssamband ísl. útvegsmanna og sjómannasamtökin átt sinn hvorn og síðan hefðu þrír aðrir verið skipaðir. Þá hefði verið hægt að kalla þetta með sanni gerðardóm og aðilar átt aðild að honum.

Það sem mér finnst furðulegast núna í þessari framsetningu er að þeir sem ekki eru lengur aðilar að þessari deilu og eru búnir að leysa sig frá henni með því að aflýsa verkfallinu eru teymdir inn í hana. Reyndar var Alþýðusamband Vestfjarða það ekki, en núna Sjómannasambandið sem er búið að ... (Gripið fram í.) Varstu að segja eitthvað, hv. þm.? Ég er alveg reiðubúinn að hlusta.

Málið allt eins og það er sett upp ber því allan keim af því — og ég ætla að ítreka það — að Landssamband íslenskra útvegsmanna notar nú lögin um stéttarfélög og vinnudeilur og heimild laganna um verkbann til að sjá til þess að lögin sem er verið að setja á Alþingi taki yfir alla íslenska fiskimenn nema Vélstjórafélag Íslands. Vélstjórafélag Íslands er búið að skammta sér eitt horn á borðinu. Það er utan við þessa gerð.

Kannski var það refskákin sem var í þessu öllu að þegar þeir ruku til og bjuggu til samninginn þá væru menn að skapa annars vegar stöðu fyrir sig að vera utan við einhverja lagagerð sem einhver hafði laumað að þeim að gæti e.t.v. verið hér á ferðinni eða þá að menn voru að setja af stað ferli sem varð til þess að hér fæddist sú lagasetning sem við höfum verið að ræða svo lengi á hv. Alþingi.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan er algjörlega andvíg lagasetningunni og alveg sérstaklega andvíg því hvernig staðið er að þessari málsmeðferð allri. Hér er í raun um valdbeitingu að ræða. Verið er að beita menn valdi vegna þess að einn aðilinn hefur á þeim tök og misnotar þá aðstöðu sína. Ég fullyrði að sú framkvæmd sem LÍÚ viðheldur núna á þessu verkbanni er nokkurt nýmæli í framkvæmd laganna um stéttarfélög og vinnudeilur.

Auðvitað er gott fyrir íslenska þjóð að átta sig á því að ákveðin öfl í landinu fá ýmsu ráðið, bæði gegnum ríkisstjórn og hér á hinu háa Alþingi. Þau öfl fá ráðið því sem þau vilja, fá pantaðar niðurstöður þó þær gangi gegn launþegum og þó þær í sumum tilvikum gangi gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og gæti komið til með að verða í smábátamálinu. Þá skal samt látið eftir. Og pöntunarstofan hv. Alþingi afgreiðir það sem hér er borið á borð.

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. í minni hlutanum séu vísvitandi eða óvart að vitna rangt í ræðu mína síðustu daga. Ef það er óvart þá er það auðvitað fyrirgefið. En ef það er af ásettu ráði þá er það verra mál sem við þyrftum að skoða í framhaldinu.

En þær aðstæður sem þá voru uppi þegar ég gaf þessi svör gerðu það að verkum að það sem ég var að tala um var hvað gerðist ef Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið aflýsti verkfallinu. Það kemur skýrt fram í fyrstu ræðunni um þetta efni og er síðan vitnað til þess og vísað til þess í öllum hinum ræðunum, bæði þann sama dag og daginn eftir. Aldrei er talað um „ef aðili aflýsi“

heldur er talað um „Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið". Þennan mun virðast hv. þingmenn ekki skilja. Vonandi er það óvart, vonandi ekki viljandi.

Þetta virðast hins vegar forustumenn sjómanna hafa skilið, a.m.k. einhverjir þeirra því haft er eftir formanni Sjómannafélags Reykjavíkur í fréttum í gær, með leyfi herra forseta:

„Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, sagði í samtali við fréttastofu að hann hefði það á tilfinningunni að samstöðuleysi yki líkurnar á því að kjaramál þeirra yrðu sett undir lög þrátt fyrir allt. Allar fyrri yfirlýsingar sjávarútvegsráðherra um málið miðuðu að sjálfsögðu við að Sjómannasambandið í heild sinni aflýsti verkfalli en ekki hluti þess."

Maðurinn sem er í baráttunni skilur málið rétt og fer með rétt mál þrátt fyrir hitann en hv. þingmenn á Alþingi geta ekki vitnað rétt í útskrifaðar ræður.

[15:21]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á ég að skilja þetta andsvar hæstv. ráðherra þannig að ef í nál. okkar hefði verið fellt út orðið „aðili" sem við teljum hér aðila að þessari deilu sem hefur verið uppi og það hefði staðið Sjómannasamband Íslands að þá væri um rétta tilvitnun að ræða?

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef staðið hefði „Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands", ef allir þessir aðilar hefðu aflýst þá hefði verið um rétta tilvitnun að ræða. Þá hefði líka verið um að ræða allt aðra stöðu. Þá hefði verið um það að ræða þegar þetta frv. væri hugsanlega orðið að lögum, þá væri um að ræða að tvö samningsumhverfi væru í gangi, það samningsumhverfi sem Vélstjórafélagið er búið að semja um og það samningsumhverfi sem Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið hefði komið sér í með því að aflýsa verkfallinu, alveg eins og það hefði orðið um tvö samningsumhverfi að ræða, ef frv. hefði orðið óbreytt að lögum og alveg eins og það verður um tvö samningsumhverfi að ræða ef frumvarpið verður að lögum eins og brtt. hv. sjútvn. gerir ráð fyrir.

Ef hins vegar hefði farið svo sem hv. þingmenn eru að láta liggja að, að þeir sem hefðu aflýst hefðu sjálfkrafa þá farið líka út úr gerðardómnum, þá hefði orðið um fimm samningsumhverfi að ræða, samningsumhverfi vélstjóra, samningsumhverfi Farmanna- og fiskimanna, samningsumhverfi Sjómannasambandsins sem aflýsti ekki, þ.e. Eyjafjarðar, samningsumhverfi Sjómannasambandsins sem aflýsti og samningsumhverfi Alþýðusambands Vestfjarða. Það hefði orðið um fimm umhverfi að ræða og það hefði orðið algjör ringulreið í kjaramálum sjómanna, í fiskverðsmálum og í mönnunarmálum fiskiskipa við Ísland.

[15:23]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Ekki finnst mér þetta skýra málið vegna þess að hér er frv. til umræðu. Hvers vegna? Það er lagt fram frv. vegna þess að verkbann LÍÚ stendur enn þá yfir. Er ráðherrann að segja að hann hafi það í hendi sinni ef Farmannasambandið hefði aflýst þá hefði LÍÚ aflétt verkbanni, á t.d. Sjómannafélag Eyjafjarðar, á Alþýðusamband Vestfjarða? Er það svo að ráðherrann hafi það alveg í hendi sinni að ráða því hvenær LÍÚ aflýsir verkbanni? Ekki er hægt að skilja annað á svörum ráðherrans.

Í greinargerð meiri hlutans kemur fram að vitnað er til þess að LÍÚ hefur ekkert breytt afstöðu sinni með verkbannið og heldur því. Hvað er þá um þessi ummæli að segja?

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ekki sé of djúpt í árinni tekið að segja að meðferð þessa máls af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta hennar á Alþingi sé að verða eitt mesta reginklúður sem hefur lengi verið á dagskrá á Alþingi og hef ég þó verið hér í full átján ár. Ég man bara varla eftir því að mönnum hafi tekist að vefja jafnhressilega saman höndunum og flækja um sig fótunum og meiri hlutinn hefur verið að gera í þessu máli allt frá því að framlagningu þess bar að með miklum endemum á laugardaginn var.

Þjóðin, sem fylgst hefur með fréttum, hefur væntanlega upplifað að meiri hlutinn er á flótta með málin, hrekst út og suður með hluti sem ganga augljóslega ekki upp en ætlar að láta sig hafa það í lokin að klúðra þessu að endingu saman þannig að það er auðvitað algjör óhæfa. Það sér hvert mannsbarn sem hugsar það eitt augnablik að ætla að láta alls saklausa aðila, sem hafa engar aðgerðir haft uppi, gjalda þess að málin hafa lent í hnút annars staðar og svipta þá grundvallarmannréttindum með vísan til þess að einhverjir aðrir hafa ekki náð að leysa mál sín í kjarasamningum.

Heyr á endemi, herra forseti. Þetta er náttúrlega svo fjarlægt öllu sem hægt er að kalla eitthvert eðlilegt réttarfar í einu landi að manni blöskrar gjörsamlega.

Hæstv. sjútvrh. mætti gjarnan vera hérna ef hann mætti við bindast hér í salnum. Það væri nú til bóta, herra forseti, þó maður skilji út af fyrir sig vel að hæstv. sjútvrh. þurfi að fara hérna fram og þurrka sér um ennið og fá sér vatnssopa af og til eins og þetta hefur allt saman gengið.

En hlutur hæstv. sjútvrh. er náttúrlega ekki góður. Hæstv. sjútvrh. ber ábyrgð á þessum vinnubrögðum. Hann ber fram þetta frv. Þó svo kunni að vera að menn gruni að hann sé ekki aðalráðamaðurinn á bænum og þar séu fleiri á bak við þá breytir það auðvitað ekki þeirri stöðu að hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen beri hina stjórnskipulegu ábyrgð á þessu frv. Og svo auðvitað meiri hlutinn ef hann ljær því atkvæði sitt.

Samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð og samkvæmt öðrum leikreglum er þetta mál á pólitíska ábyrgð hæstv. sjútvrh. Árna M. Mathiesen og auðvitað ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í heild sinni og meiri hluta hennar.

Niðurstaðan hér að lokum, herra forseti, eftir að stjórnarmeirihlutinn hefur engst yfir þessu máli núna í eina sex, átta klukkutíma frá því í morgun og mál sem átti að taka til umræðu klukkan tíu komst fyrst á dagskrá klukkan hálfþrjú eða rúmlega það. Það er til marks um vandræðaganginn sem þarna var og það að meiri hlutinn veit upp á sig skömmina. Þeir eru í rjúkandi vandræðum með málið og vita að þetta gengur engan veginn og er ekki boðlegt. En menn ætla samt að láta sig hafa það. Þegar var sest yfir það að skoða hvaða leiðir væru færar til þess að fara ekki út í þau glórulausu réttarbrot sem eru í uppsiglingu gagnvart aðilum sem hafa annaðhvort aflýst verkfalli af sinni hálfu eða aldrei verið í því eins og sjómenn á Vestfjörðum, þegar engin leið fannst

þá ákváðu menn að láta sig hafa það og stinga sér í vatnslausa laugina. Það eru menn að gera hér. Það mun ekki fara vel.

Herra forseti. Eins og frá þessu er nú gengið í brtt. meiri hlutans á þskj. 1363 er þetta með miklum endemum. Búið er að taka Sjómannasamband Íslands út úr 1. málsl. 1. gr. enda er þar ekkert verkfall í gangi. Þar stendur eftir eitt félag, Sjómannafélag Eyjafjarðar og síðan Farmanna- og fiskimannasambandið. Síðan er verkbann útvegsmanna á aðila sem hafa aflýst verkfalli og á Alþýðusamband Vestfjarða, sem hefur alls ekkert verið í þessum viðræðum og hefur ekki boðað til verkfallsaðgerða, látið standa og notað sem afsökun fyrir því að taka samnings- og verkfallsrétt af stærsta félaginu, stærsta sambandinu, Sjómannasambandi Íslands, mínus Eyfirðinga, þar sem uppistaðan af sjómönnum á fiskiskipaflotanum er félagsbundin. Enginn veit hve lengi því það ræðst af niðurstöðu gerðardómsins hversu lengi menn verða sviptir þessum réttindum. Auðvitað gengur þetta ekki, herra forseti. Það er algerlega fráleitt að ganga svona frá þessu.

Eins og kom skýrt fram í máli framsögumanns minni hluta, hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, þá er niðurstaða málsins sú að LÍÚ er sett sjálfdæmi um hvort þessi mannréttindi verði tekin af sjómönnum. Gengur þetta upp, herra forseti? Síðan hvenær fékk LÍÚ réttinn til að ákveða hvort sjómenn á Íslandi hefðu verkfalls- og samningsrétt? Ég vissi ekki fyrr en núna að svo langt væri gengið að búið væri að framselja það vald til Landssambands íslenskra útvegsmanna. Svo er ekki einu sinni skýrt hvort það hefur verið tekið fyrir og afgreitt með lögmætum hætti hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna að þetta sé afstaða LÍÚ.

Ég spyr að því, herra forseti: Hefur stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna komið saman og gert samþykkt um að viðhalda verkbanninu? Hefur hún gert það? Það er auðvitað reginhneyksli ef Alþingi ætlar að láta bjóða sér að nota sem tylliástæðu fyrir þessari lögþvingun að LÍÚ hafi ekki enn aflýst verkbanninu. Hafa menn svo mikið sem hringt í LÍÚ? Það hefur ekki komið hér fram. Það stendur í nál. meiri hlutans að enn hafi ekkert frést um að LÍÚ ætli að aflýsa verkbanninu. Hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Herra forseti. Hvar er hæstv. sjútvrh.?

Ætla menn virkilega að fara svona með þetta í gegn, að láta það bara fljóta að af því ekki hafi komið í fréttum kl. 12.20 að LÍÚ hafi aflýst verkbanninu, það sé ekki vitað enn þá hvort þeir muni gera það þá sé best að skella lögunum yfir alla? Svona horfir þetta a.m.k. við mér, herra forseti. Þetta eru auðvitað þvílík endemi að ég man varla eftir öðru eins.

Ef það liggur fyrir í formi samþykktar stjórnar Landssambands íslenskra útvegsmanna sem við skulum ætla að hafi þá umboð frá félagsmönnum sínum til að ákveða þetta með verkbannið, og veit ég það svo sem ekki hvernig slíkir hlutir eru ákvarðaðir þar á bæ, en það mun vera nokkuð miðstýrt apparat og hefur lengi verið, þar sem lítið hefur farið fyrir réttindum einstakra félagsmanna, þá væri það þó eitthvað sem við hefðum í höndunum. Einnig væri gaman að vita hvort þannig er komið hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna að um slíkt væri samstaða á þeim bæ. Finnst þá enginn útvegsmaður lengur sem hefur þær taugar til undirmanna sinna að hann veigri sér við að standa að slíkum hlutum, að láta nota verkbann sem er auðvitað ætlað í öðrum tilgangi en þeim að hafa lögvarin réttindi af sjómönnum eins og hér á að fara að gera? Það er algjört reginhneyksli, herra forseti.

Svo verður auðvitað gaman að vita það hvort til stendur í næstu umferð að setja meira konfekt í skóinn hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og þeir fá svona í morgungjöf fréttir af því að svo verði kvótanum skellt yfir krókabátana en það er mikið áhugamál þeirra eins og kunnugt er. Er ekki rétt að smyrja þykkt á sneiðina úr því menn eru að þessu á annað borð? Því ekki það? Það munar ekki um einn kepp í sláturtíðinni, var einhvern tímann sagt.

Ég óska eftir upplýsingum um það, herra forseti, áður en umræðunni lýkur, hvernig að þessu máli hefur verið staðið af hálfu Landssambands íslenskra útvegsmanna, hvort fyrir liggi stjórnarsamþykkt um að verkbanninu verði haldið, bæði á Sjómannasamband Íslands, þá sem aflýst hafa verkfalli og eins á Alþýðusamband Vestfjarða.

Það eru engin vinnubrögð hversu oft sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemur í ræðustól og hrósar sér af því hversu vandlega og faglega þetta hafi allt saman verið unnið, með þetta á hnjánum í sömu andrá, að reyna að krafsa einhverjar lagfæringar inn í frv. í hverri einustu umferð, þá gengur þetta ekki. Þetta gengur ekki, herra forseti.

Hæstv. sjútvrh. hafði uppi stór orð um að við værum að snúa út úr máli sínu þegar við vitnuðum í ræður hans í fyrradag og í gær um það að hann hafi sagt að þeir aðilar sem hefðu aflýst verkfalli ættu að fara út úr þessum lögum hvað varðaði gerðardóminn og þau ákvæði frv. Hæstv. sjútvrh. bar mér það á brýn og hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, að við værum með ómerkilega útúrsnúninga úr ræðum hans. Nú skulum við ekkert vera að deila um það lengur, herra forseti, hvað þarna var sagt, heldur lesa það og láta hið talaða orð tala fyrir sig sjálft.

Á mánudaginn í upphafi umræðna um þetta mál, herra forseti, svaraði hæstv. sjútvrh. andsvari frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, og fórust svo orð, með leyfi forseta. Hér er vitnað í óyfirlesna ræðu en hún er slegin inn beint af hljóðsnældu eins og kunnugt er:

„Ég hef út af fyrir sig engar athugasemdir við það að Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið ljúki verkfallinu með því að aflýsa því. Þá er megintilgangi frv. náð um að verkfallinu ljúki og flotinn geti farið aftur af stað. Ég geri því engar athugasemdir við það. Verði það gert eru þau ákvæði frv. er lúta að því að aflýsa verkfallinu óþörf en eftir stendur þá verkbann útvegsmanna og aflýsi þeir ekki verkbanninu, þá þyrfti að koma til lagasetningar til að enda verkbannið. Mér sýnist á þeirri stöðu sem þá væri komin upp að ekki væri heldur ástæða til gerðardóms en hins vegar eru önnur atriði í frv. er varða Kvótaþingið og Verðlagsstofu og eru í beinu samhengi við þann samning sem þegar hefur náðst á þessu kjarasviði. Ég sæi enga ástæðu til þess að draga þau atriði til baka þótt verkfallinu væri aflýst."

Mönnum þótti þetta í sjálfu sér ekki alveg nógu skýr svör og það var haldið áfram að þýfga hæstv. sjútvrh. á þessu.

Í annarri tilraun, í öðru andsvari, bætti hæstv. sjútvrh. þessu við og var enn að svara hv. 7. þm. Reykv.:

„Hv. þm. hefur ekki alltaf átt svona erfitt með að skilja það sem ég segi en ef hv. þm. hugsar um það sem ég sagði þá sagði ég að þeir þættir er varða verkfallið og gerðardóminn varðandi sjómennina munu augljóslega ekki þurfa að ganga fram en það væru aðrir þættir í frv. sem ekki beinlínis tengjast vinnudeilunni ..."

Málsvörn sína nú byggir hæstv. sjútvrh. á því að þetta hafi verið talað út frá því að allir mundu aflýsa verkfallinu og hann hafi aldrei talað um einstaka aðila í þessu sambandi. En það er, herra forseti, því miður ekki rétt því í ljósi þess sem

var komið í loftið í gær inntum við hæstv. ráðherra áfram eftir þessum málum og vorum að spyrja hæstv. ráðherra hvað fram undan væri í málinu í ljósi þeirrar stöðu sem þá var komin upp, að fyrir lá að a.m.k. Sjómannasambandið, mínus Sjómannafélag Eyfirðinga, mundi aflýsa verkfalli. Þá svaraði hæstv. sjútvrh. á tólfta tímanum í gær með þessum hætti:

„Herra forseti. Ég svaraði nákvæmlega þessari spurningu í gær, ef hv. þm. hefur fylgst með umræðunum þá sem hún" — og hér hefur hæstv. ráðherra orðið það á að ávarpa þingmanninn í þriðju persónu — „vafalaust hefur gert en rekur ekki minni til. Þeir sem aflýsa verkfalli, þá er ekki lengur neitt verkfall til þess að setja lög á og þar af leiðandi þarf að breyta frv. í samræmi við það og þeir aðilar ganga þá inn í sinn gamla kjarasamning og þar af leiðandi verður enginn gerðardómur settur á þá aðila þar sem þeir hafa samning til þess að starfa eftir."

Þarf að ræða þetta frekar?

Ætti ekki hæstv. sjútvrh. að koma og biðja okkur afsökunar á því að hafa sakað okkur um að snúa út úr máli sínu? Þetta er algjörlega kristaltært. Hæstv. ráðherra var að segja að þeir aðilar sem aflýstu verkfallinu færu út úr þessum þáttum frv.

Ég tel mig vera sæmilega læsan og ekkert óskýrari en aðra menn þegar kemur að því að skilja íslenskan texta. Ég lýsi eftir mönnum sem geta með einhverjum hætti fengið annan botn í þetta en þann að hæstv. sjútvrh. var, þegar þetta er skoðað saman, þeirrar skoðunar undir hádegisbilið í gær og væntanlega einnig í fyrradag, að þeir aðilar sem aflýstu verkfalli ættu að fara út úr þessum ákvæðum frumvarpsins. Málsvörn hæstv. ráðherra hér og ásakanir í garð okkar er hrunin til grunna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að reka flóttann lengra. Ég held að það sé ekki vel gert. Þegar menn eru komnir í þá stöðu sem raun ber vitni með hæstv. sjútvrh. stendur maður í báða fæturna en lyftir þeim ekki í nágrenni við þá. Þetta er einfaldlega svona. Nógu hrakleg er útreið hæstv. sjútvrh. orðin í öllu þessu máli þó að við förum ekki lengra út í þessa sálma.

En það vil ég segja, herra forseti, og auðvitað er dapurlegt að standa frammi fyrir því að yfirlýsingar af þessu tagi, gefnar úr ræðustóli á Alþingi, skuli vera algjörlega haldlausar og marklausar og einskis virði. En það er verst fyrir hæstv. ráðherra sjálfan eða aðra þá sem með slíkt fara. Heiðarlegast hefði verið af hæstv. ráðherra að koma og viðurkenna að honum hefði yfirsést í þessum efnum, hann hefði þá ekki verið búinn að hugsa málið nógu vel og það hefði annað komið á daginn en hann hafi talið o.s.frv. Það er eitthvað sem maður skilur. En hæstv. ráðherra skal ekki vera að reyna að segja að við séum sökudólgarnir í þessu með því að snúa út úr orðum hans þegar á prenti er algjörlega kristaltært að engin leið var að skilja þetta öðruvísi en svona. Við vorum í þeirri trú öll þangað til fréttir fóru að berast af öðru í nótt og í morgun að sú óhæfa væri í vændum að halda þessum aðilum áfram í gíslingunni á grundvelli svokallaðs verkbanns LÍÚ.

Herra forseti. Ég segi að þetta verða ekki lög þó meiri hlutinn samþykki þetta. Þetta verða hrein og klár ólög og þeim til skammar sem að því standa að ljá slíku atkvæði sitt. Á sú ógæfa að rata hér og ganga yfir sömu menn og hafa greitt atkvæði frumvörpum gegn varnaðarorðum um að þau brytu stjórnarskrá og mannréttindi, að endurtaka leikinn? Er engum flökurt sem studdi þessa sömu ríkisstjórn 1998 og greiddi frumvörpum hennar atkvæði sem þingmenn og lögfræðingar og sérfræðingar á sviði mannréttinda vöruðu við að yrðu sett en menn létu sig hafa það engu að síður og fengu svo hæstarréttardóm í hausinn? Það er eins og menn hafi ekki mikið af því lært og allra síst hv. þm. Halldór Blöndal forseti, sem hefur nú heldur betur gengisfellt sjálfan sig undanfarna daga, bæði með fundarstjórn sinni hér og framkomu allri þannig að krónan stendur sterk miðað við gengi hv. þm. Halldórs Blöndals. Krónan er með sterkustu gjaldmiðlum heimsins í þessum relatífa samanburði. (**HBl:** Hún er þó betri en rúblan.) Já, hún er betri en það. Hv. þm. er hrifinn af rúblunni. Hann má vera það mín vegna. Ég hef ekki haft mikil afskipti af þeirri mynt.

Herra forseti. Þetta eru dæmigerð frammíköll þingmanna Sjálfstfl. þegar brækurnar eru komnar um hælana á þeim. Þá er gripið til þessara ráða. Þetta er málefnalegt innlegg af hálfu forseta. Vill forseti komast fram hjá? Hann er dálítið órólegur, herra forseti, þ.e. hv. þm. Halldór Blöndal.

Nei, herra forseti. Þetta mál er með hreinustu ólíkindum. Ég ætla hér vegna aðstæðna sem eru nokkuð sérstakar að hafa þessa ræðu ekki lengri. Mér er þó kunnugt um að enn eru að berast upplýsingar um hversu götóttur allur málatilbúnaður ríkisstjórnar er og meiri hluta hennar því það munu vera starfandi sjómenn innan verkalýðsfélaga sem eru alls ekki nefnd í frv. Hvernig ætla menn að fara með þeirra mál?

Og ef það er svo, það sem í vændum er hér, að nota þessa leikfléttu alla eins og menn telja sig hafa verið að skynja síðustu klukkutímana, til þess að þvinga menn nauðuga inn í þennan gerðardóm og láta hann breyta hlutaskiptunum og færa mikil verðmæti til, frá sjómönnum til útgerðarmanna, þá sjá menn alveg hvað er verið að gera. Þá sjá menn hvílík óhæfa er í uppsiglingu. Það þarf ekkert að hafa um það fleiri orð.

Herra forseti. Þetta er svo hneykslanlegt að ég spái því að það verði, já og vonandi, löng bið á því að annað eins óbermi og þetta frv. komi inn í þingið, svo maður tali ekki um þau ósköp að menn láti sig hafa það að samþykkja það. Lítil eru þá geð guma, ég tala ekki um hina sérstöku vina sjómanna, þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hafa streymt í ræðustólinn til þess að tjá sjómannsstéttinni virðingu sína og aðdáun og þakklæti fyrir mikilvægt framlag í þágu þjóðarbúsins. Það eru ómagaorð, innstæðulaus orð. Ef menn ætla engu að síður að standa svona að verki.

Herra forseti. Ég lýsi mikilli hneykslan minni á því hvernig hér á að fara að standa að málum.

[15:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leiður ávani sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur tamið sér, að hreyta fúkyrðum til þingmanna og reyna að tala niður til þeirra, tala um að þeir séu að missa niður um sig buxurnar og þar fram eftir götunum. Mér finnst þegar verið er að tala um alvörumál ekki viðeigandi að hafa uppi þess háttar talshátt.

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer alveg sérstaklega vel á því að hv. þm. Halldór Blöndal, sem á sér frægan feril í stjórnarandstöðu á Alþingi, kenni öðrum mannasiði. Ætli sjónvarpið eigi ekki enn þá myndbandsspólur af því hvernig þessi hv. þm. fór stundum að ráði sínu m.a. hér í ræðustól, og af hvaða virðingu hv. þm., þá óbreyttur í stjórnarandstöðu, talaði t.d.

til forseta þingsins sem þá voru að hafa reyna hafa hemil á hv. þm.

Ég tek ekki nærri mér þó hv. þm. Halldór Blöndal sé að reyna að vanda um við mig með þessum hætti. Ég viðurkenni vel að mér er heitt í hamsi í þessu máli eftir því sem ég hef verið að átta mig á því betur og betur núna síðustu klukkutímana hvers konar óhæfa hér er í uppsiglingu. Mér finnst það svo skammarlegt. Ég ber ábyrgð á orðum mínum og ég skal endurtaka þau utan þings ef hv. þm. Sjálfstfl. vildu skemmta sér við það að reyna að hafa eitthvað af mér, þó ég hafi sagt að þeir séu með brækurnar niður um sig í þessu máli. Þeir eru það.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti minnir áheyrendur á þingpöllum um að bannað er að klappa.)

[15:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það má nú kannski hugsa sér að þeir sem eru hér uppi á svölum klappi fyrir því ef einhver missir niður um sig brækurnar.

En það vil ég segja við hv. 3. þm. Norðurl. e. að hin síðari ræða hans kom ekki á óvart. Því miður hefur hv. þm. vanið sig við talshátt eins og þennan sem spillir fyrir annars góðum málflutningi sem hann hefur oft uppi.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Halldór Blöndal hefur hugleitt að skipta um starf og víkja af stóli forseta og taka að sér að vera sérstakur siðameistari á Alþingi. Hv. þm. talar sem slíkur nú. Það er sérkennileg viðkvæmni allt í einu hjá hv. þm., þaulreyndum og með langa þingsetu að baki, að telja það gróft orðalag þó maður noti alkunn máltæki af þessu tagi. Ég held að menn skilji alveg við hvað er átt. Það er hægt að fletta þessu upp í orðabókum. Þetta vísar ósköp einfaldlega til þess að menn hafa klúðrað hlutunum og séu ekki vel ferðafærir þegar svo er ástatt orðið um þá eins og ég var að lýsa hér áðan. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin er ekki sjófær í þessu máli. Þetta er allt saman hriplekur málatilbúnaður þannig að það má skemmta sér við það út af fyrir sig lengi ef menn vilja að finna viðeigandi orðatiltæki um það. Ég er til dæmis viss um að hv. þm. Sverrir Hermannsson gæti skemmt okkur hér eins og eina stund með algerlega viðeigandi lýsingum á því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið hér að málum, hvernig hæstv. sjútvrh. er leikinn eftir þetta o.s.frv.

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal, virðulegur forseti vor, ætti frekar að jafna sig eftir þessa lotu og hugsa sinn gang. Hann á ærinn starfa fyrir höndum ef hann ætlar að vinna aftur traust þingmanna, a.m.k. í stjórnarandstöðunni eins og hann hefur staðið hér að málum varðandi fundarstjórn og fleira, og bætir ekki úr með því að blanda sér í umræðu með þessum hætti. Ég tek ekki við neinum leiðbeiningum eða kennslu frá hv. þm. Ég tel mig ekki þurfa á því að halda, auk þess sem hann er ekki sá sem ég mundi fyrst snúa mér til ef ég þyrfti á leiðbeiningum að halda í þessum efnum.

[15:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur æðimargt gerst í þessu máli frá því það var fyrst lagt fram og tekið til umræðu. Hér er búið að fara yfir þá sögu og ég ætla ekki að endurtaka hana. Komið hefur fram að þær breytingartillögur sem meiri hlutinn ætlar að gera við þetta frv. eru breytingar á orðalagi. Það á ekki að sleppa takinu af Sjómannasambandi Íslands þó það standi ekki lengur í verkfalli og það á enn þá að halda krumlunni yfir Vestfirðingum sem aldrei boðuðu verkfall.

Farið er að beita verkbönnum með nýjum hætti á Íslandi. Verkbönn duga prýðilega til þess að ná fram lagasetningu á Alþingi. Og um hvað er þessi lagasetning? Er þetta lágmarksinngrip til þess að afstýra voða í þjóðarbúinu? Nei. Það er verið að ganga miklu lengra en þörf er á til þess að flotinn geti leyst landfestar. Nóg væri að banna verkföll, setja mönnunina t.d. í gerðardóm og gefa mönnum tækifæri til þess að skoða málin eftir það. En það er ekki að gerast hér. Hér ætla menn að skipa kjörum sjómanna með lögum, með því að setja gerðardóm sem á að kveða upp úr um öll kjör sjómanna. Það er ekki lágmarksinngrip í kjaradeilu.

Yfir þessari gerð gerðardómsins vofir samningur sem búið var að gera áður. Þetta var þríhliða samningur, fullyrði ég, milli Landssambands íslenskra útvegsmanna, Vélstjórafélags Íslands og þeirra sem réðu ferð á ríkisstjórnarbænum. Það getur ekki verið önnur skýring á því að í þeim lagatexta sem liggur fyrir þinginu skuli birtast orðréttar tillögur um lagagreinar úr samningi Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Smám saman er að renna upp ljós fyrir þeim sem hér stendur. Ég er byrjaður að átta mig á því að allan tímann hafa menn ætlað sér þetta. Nú á að ganga almennilega frá málunum. Þessi ríkisstjórn sem hefur með ráðum og dáð stutt við eignarhald útgerðarmanna á veiðiheimildunum og ítrekað tekið þátt í lagasetningu á sjómenn eftir að þær afleiðingar fóru að koma fram sem höfðu það í för með sér að menn notuðu eignarhaldið á veiðiheimildunum til þess að hafa af sjómönnum réttmætan hlut. Nú eru menn orðnir þreyttir að standa í þessu. Nú á bara að taka á málinu, ganga frá þessu. Það á að skipa kjörum sjómanna með lögum. Og það á líka að ganga frá fiskverðinu með hinum sömu lögum. Kjaradómurinn á að ákvarða hvaða fiskverð á að gilda í framtíðinni. Þar virðist eiga að horfa fram hjá þeim lögum sem gilda í dag, þar sem segir að sjómenn eigi rétt á því að útgerðarmaðurinn leiti eftir hæsta verði. Kjaradómurinn á að sækja viðmið í samning Vélstjórafélags Íslands þar sem búið er til verð sem tekur hreint ekki mið af hæsta verði. Það er alveg klárt mál. Það á að taka mið af einhverju meðalverði og hæsta markaðsverð sem fyrirfinnst á að vera efstu mörk þegar verið er að leita uppi meðalverðið sem á að vera þar langt fyrir neðan. Þar með er þessi lagatexti ekki virtur neins. Og þó hafa sjómenn nýlega unnið dómsmál þar sem þessi lög réðu úrslitunum.

Nei, það er greinilegt að í landi tækifæranna, Íslandi, ætla menn að skipa málum þannig að ganga vel og skipulega frá. Ég er viss um að gömlu mennirnir í Kreml hefðu bókstaflega öfundað Íslendinga af þessari niðurstöðu. Í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar er búið að taka réttinn til þess að nýta auðlindina af þjóðinni og afhenda hann fáum útvöldum sem þeir geta keypt og selt.

Síðan er það ekki nóg. Það á að skipa kjörum þeirra sem vinna hjá þessum útgerðarmönnum með lögum frá Alþingi og það er engin þörf á neinum verkalýðsfélögum hjá þessum aðilum eftir þetta. Til hvers ætti að hafa þau? Ég held að þeir geti bara sparað sér að hafa menn í vinnu við að eltast við sín launakjör ef það á að skipa þeim hér inn á Alþingi. Hér er bara á ferðinni algjör ráðstjórn. Nei, þetta er ekki lágmarksinngrip í kjaradeilu. Það er af og frá.

Það hefur auðvitað gerst áður að íslensk stjórnvöld hafa verið kærð á alþjóðavettvangi fyrir mál af svipuðu tagi og veruleg ástæða er til að halda að svo verði gert núna. Lögfræðingar sem við í sjútvn. höfum hlustað á hafa efasemdir um þessi mál. Einn lögmaður sem við töluðum við í dag hélt því fram að vegna þess að hluti af sjómönnum stæði utan við það verkefni sem þessi dómur ætti að fjalla um þá mundi þetta augljóslega vera brot á jafnræðisákvæðum og hann ef hann ætti að verja mál þeirra sjómanna sem mundu sækja slíkt mál fyrir mannréttindadómstóli þá þyrfti hann ekki annað en benda á það að áður en ætti að skipta kökunni, væri búið að taka hluta af henni til hliðar í vélstjórasamningnum. Honum leist illa á málstað Íslendinga til að verja slíka niðurstöðu. Ég spyr enn og aftur: Er þörf á þessu? Nei. Það er ekki þörf á þessu til þess að flotinn geti lagt úr höfn.

Ég spurði eftir því hér í dag og ég spurði eftir því á fundum nefndarinnar, hvort rætt hefði verið við forráðamenn LÍÚ um það hvernig þeir ætluðu að beita verkbönnunum. Ég fékk ekki skýr svör um það og þau voru ekki heldur skýr hér áðan.

Ég held að það sé augljóst að með þessum hætti hafa verið teknar ákvarðanir um að skipa kjörum sjómanna eins og ég var að lýsa áðan. Það er útilokað að í þeim viðræðum sem Vélstjórafélag Íslands átti við Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi þær niðurstöður orðið sem birtust í lagatexta á Alþingi öðruvísi en þar hafi menn komið að málum sem bera ábyrgð á meiri hlutanum á Alþingi. Þegar maður virðir fyrir sér að þannig hafi verið að verki staðið og horfir svo yfir málið í heild þá verður útkoman þessi. Menn orðnir þreyttir á því að vera ítrekað dregnir að kjaramálum útvegsmanna og sjómanna vegna ósamkomulags um verð á fiski og kjör sjómanna. Og ósamkomulagið sem leiðir af því fyrirkomulagi sem hér er — og þá á ég bæði við kvótakerfið sem ég nefndi áðan og ákvarðanir fiskverðs — eru stjórnarliðar ekki lengur tilbúnir að líða. Þeir vilja frekar leggja það á sig að ganga frá kjaramálum sjómanna með afgerandi hætti.

Og hér liggur niðurstaðan fyrir. Það á ekki bara að koma flotanum á sjó. Það á að ganga frá þessu öllu til framtíðar. Fjögur og hálft ár átti samningurinn að standa. Og það var meiningin að það færi hér í gegn. Þó að það hafi verið tekið út úr frv. sem var lagt fram hér upphaflega, þá var það samt meiningin.

Augljóst er að menn líta ekki á það mál sem hér er til afgreiðslu á hv. Alþingi sömu augum og menn hafa fram að þessu litið á kjaradeilur, að það bæri með lágmarksinngripi að koma í veg fyrir tjón.

Ég segi eins og er að ég harma það alveg sérstaklega að við skulum standa frammi fyrir málinu með þeim hætti sem nú er. Ég tel að hægt hefði verið að leysa þessi mál eðlilega ef og úr því stjórnvöld töldu sig nauðbeygð til þess, ég held reyndar að sjómenn og útvegsmenn hefðu náð samningum ef ekki sífellt hefði hangið yfir þeim hótunin um að setja lög. Ég held reyndar að sú niðurstaða sem liggur hér fyrir hafi verið byrjuð að skapast fyrir löngu og þess vegna hafi viljinn til þess að semja við sjómenn aldrei verið fyrir hendi. Menn hafi verið byrjaðir að fikra sig að þeirri niðurstöðu sem hér er fyrir löngu milli LÍÚ-forustunnar og þeirra sem hér ráða ríkjum.

Mér finnst að við í stjórnarandstöðunni séum ekki öfundsverð af okkar stöðu hér. Við erum sökuð um að halda uppi málþófi til þess að koma í veg fyrir að málið leysist og flotinn komist á sjó. Það hefur nú ekki verið gert enn þá. Farið hefur verið að öllum reglum og það sem hér hefur verið talað í þessu máli hefur ekki tafið það.

Hv. stjórnarþingmenn treystu sér hins vegar ekki til að skila málinu inn til afgreiðslu í þinginu fyrr en áðan. Það var á dagskrá þingsins klukkan 10 í morgun og við stjórnarandstöðuþingmenn hefðum verið tilbúnir í umræðuna þá. En ekki var hægt að taka það þá á dagskrá. Hvers vegna? Vegna þess að stjórnarliðar voru að skoða sig um, hvort það væri nú óhætt að halda áfram með málið með þessum hætti. Og hver var niðurstaðan? Hún var sú: Við skulum gera þetta svona.

Þó hefur verið bent á alvarlegar veilur í þessu máli. Ég tel að mikil ástæða sé til þess að halda að Íslendingar muni verða fyrir því aftur að verða dæmdir erlendis fyrir að hafa ekki farið að eðlilegum reglum, sem við höfum skrifað upp á með öðrum þjóðum um það hvernig eigi að koma fram við launþega í kjaradeilum.

Ég tel að ef hæstv. ríkisstjórn hefði viljað leysa þessi mál á sem einfaldastan hátt hefði hún átt að skoða þá hugmynd vegna þess að það er ríkisstjórnin sem hefur allan tímann vofað yfir þessum samningum. Og í ljósi þess að samningar hafa verið settir á með lögum á undanförnum árum hvað eftir annað, þá hafa öll samningamál verið í þeim farvegi að ekki hefur skapast traust milli aðila til að leysa deilurnar. Þess vegna hefur þetta allt saman verið svona erfitt.

Við höfum horft upp á að þetta ástand hefur fyrst og fremst verið notað til þess að gagnrýna þá sem komu að málinu, samningamenn Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og LÍÚ og aðra aðila. Ríkisstjórnin og stjórnvöld á Íslandi hafa ekki legið undir þessari gagnrýni.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa ræðu mína miklu lengri. Ég tel að úr því sem komið er verði þetta mál að fá að ganga sinn gang. Það er engum til gagns að stöðva flotann lengur en orðið er úr því það stendur til og liggur ljóst fyrir að setja eigi lög á þessa deilu með þeim hætti sem liggur hér fyrir.

Ég held að samt sé ástæða til að menn velti því svolítið fyrir sér betur og ef einhver hefur áhuga fyrir því að hlusta á það sem ég hef verið að leggja til þessara mála á undanförnum árum, þá langar mig til þess að bæta örlítið við það.

Stjórnvöld á Íslandi hafa verið að ganga göngu sem er einstæð með því að afhenda auðlind íslensku þjóðarinnar í hendur einstaklinga, þá sömu auðlind sem stendur upp úr hverjum manni sem talar um hana að sé sameiginleg eign þjóðarinnar. Þeir mega samt kaupa og selja aðganginn að þeirri auðlind eins og þeim hentar. En þeir hafa átt í vandræðum með þá sem vinna hjá þeim. Þeir sem vinna hjá þeim vilja fá hlutinn sinn, þeir vilja fá hlutinn sinn úr öllu verðinu sem fæst fyrir fiskinn. Það er ekki nógu gott. Þess vegna ætla íslensk stjórnvöld núna að búa til nýtt verð.

Einu sinni var til verð sem var kallað landssambandsverð. Þá var ekki eins mikið þvarg um hvert fiskverð ætti að vera. Þá voru ekki fiskmarkaðir eins og núna. Landssambandsverðið var bara fínt, það var ákveðið af ábyrgum mönnum. Svo komu fiskmarkaðir og þá var allt í einu miklu, miklu hærra verð á þeim. Það spillti þessu fína fyrirkomulagi. Og undanfarið hafa staðið yfir deilur á milli sjómanna og útvegsmanna endalaust um hvaða fiskverð ætti að miða við.

Íslensk stjórnvöld hafa haft af þessu áhyggjur. Og sumir hafa meira að segja verið að tala um að ekki væri eðlilegt samkeppnisumhverfi í þessari atvinnugrein og hafa bent á

að íslensk stjórnvöld væru frjálslynd og vildu að samkeppni væri á öllum sviðum. Á grænmetismarkaðnum. Það ætti að vera fín samkeppni t.d. á fjarskiptasviðinu. Þau tóku sig fram um að það skyldi taka farsímana út úr og gera það upp sérstaklega hjá Landssímanum af því annars væri ekki eðlilegt samkeppnisumhverfi. Það mátti sem sagt ekki reka farsímaþjónustu og aðra símaþjónustu í sama fyrirtækinu öðruvísi en að kljúfa á milli.

En íslensk stjórnvöld hafa ekki viljað hafa sömu afstöðu til þess að skilja á milli útgerðar og fiskvinnslu. Þó eiga ýmsir aðilar hagsmuna að gæta þar. Sjómenn eiga þeirra hagsmuna að gæta að fá hæst verð fyrir sinn fisk. Og reki útgerðarmaður bæði útgerð og fiskvinnslu, eins og hefur viðgengist á undanförnum árum, þarf að ákveða fiskverð. Og fiskverðið sem hefur orðið til á undanförnum árum hefur meira og minna verið ákveðið af útgerðarmönnum sjálfum. Það fiskverð hefur ekki verið í neinu samræmi við það verð sem hefur fengist á fiskmörkuðum.

Það hefur t.d. í vetur verið þannig að meðalverð í beinum viðskiptum hefur verið 100 kr. En meðalverð á fiskmörkuðum á þorski einn mánuðinn var 198 kr. þegar það var 100 kr. í beinum viðskiptum. Hjá sjómönnum er skipt úr hundraðkallinum. Skyldi þetta vera eðlilegt? Nei, auðvitað er það ekki eðlilegt. En íslensk stjórnvöld ætla að hlaupa undir bagga með LÍÚ í því að reyna að tryggja að aftur verði til eitthvert landssambandsverð eins og það var kallað á sínum tíma.

Ég held að menn hafi lent í þessum ógöngum fyrst og fremst vegna þess stóra máls sem ég minntist á í upphafi, vegna átakanna um auðlindina okkar. Og það hefur leitt hvað af öðru. Menn eru að reyna að verja með öllum ráðum þetta umdeilda fyrirkomulag sem öll þjóðin er á móti. Landssamband íslenskra útvegsmanna veit að hér innan sala Alþingis er meiri stuðningur við þetta fyrirkomulag en hjá nokkrum hópi sem fyrirfinnst í þjóðfélaginu ef undan eru skildir aðalfundur LÍÚ. Þjóðin er almennt á móti fyrirkomulaginu. Því er samt viðhaldið.

Það er til félag sem heitir Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar. Það var ekki í verkfalli. Og þar er ekkert verkbann. Skyldu þeir vera með í þessu? Ja, það er spurningin.

Það verður býsna flókin staða sem kemur upp þegar þessi gerðardómur fer að starfa, þegar hann þarf að fara að velja sér hvaða viðmið hann ætlar sé að hafa, í hvaða samninga hann ætlar sér að sækja viðmiðanir þegar hann fer að ákveða kaup og kjör og mönnun á skipunum. Getur verið að þessi dómur geti horft fram hjá samningi Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna þar sem liggja fyrir ákvarðanir um mönnun? Getur verið að hann geti tekið ákvarðanir um allt öðruvísi mönnun en gert er ráð fyrir í samningi Vélstjórafélagsins? Og mun það þá vera þannig að útgerðarmenn standi frammi fyrir því að vera með tvenns konar samninga á skipinu sínu, annars vegar niðurstöðu gerðardóms um að það eigi að vera svona margir yfirmenn og svona margir undirmenn og skipta eftir tilteknum hlutum og svo sé samningur Vélstjórafélagsins með eitthvert allt öðruvísi fyrirkomulag og útgerðarmaðurinn sitji jafnvel uppi með að þurfa að borga fleiri hluti en gert er ráð fyrir í samningi Vélstjórafélagsins? Ég veit það ekki. Ég held að þeir sem ætla að bera ábyrgð á þessari lagasetningu viti það ekki heldur.

Ég held reyndar að ef það á annað borð hefði átt að setja mönnunina í gerðardóm hefði átt að setja alla mönnunina í gerðardóm. Það er útilokað að undanskilja vélstjóra þeim gerðardómi. En hæstv. ríkisstjórn og þeim sem styðja hana hér á hv. Alþingi hefur fundist nóg komið og þeir eru ekki tilbúnir að hala Vélstjórafélagið inn í kompaníið.

Sannleikurinn er sá að með því flækist málið æðimikið, ekki bara fyrir þá sem verða settir í þá stöðu að eiga sæti í þessum gerðerdómi heldur líka fyrir Íslendinga ef þeir verða kærðir á alþjóðavettvangi og þurfa að verja það fyrirkomulag sem hér er upp tekið.

Ég held að meiri hlutinn á Alþingi þurfi að hugsa sinn gang. Hér á Alþingi Íslendinga höfum við horft upp á það á undanförnum árum að sú ríkisstjórn sem hefur setið á hverjum tíma hefur getað komið með mál hér inn og undantekningarlaust getað fengið niðurstöðu hversu vitlaus sem þau hafa verið. Og þó að bent hafi verið á gallana hér á hv. Alþingi og farið yfir það fram og til baka, þó að virtir lögfræðingar og sérfræðingar hafi bent á vitleysurnar sem menn hafa ætlað út í hefur ríkisstjórnin í krafti þess meiri hluta sem fyrir hendi er hér á hv. Alþingi vaðið áfram. Og enn er það svo.

Þó svo að hv. þm. stjórnarliðsins séu tilbúnir að rétta upp hönd með einhverjum aðgerðum til að flotinn geti siglt úr höfn ættu þeir þó að vera menn til þess að hafa skoðun á því hvað eru lágmarksaðgerðir til þess að flotinn fari úr höfn. Þetta eru ekki lágmarksaðgerðir til þess. Ég verð að segja alveg eins og er að ef ekki væri uppi sú staða að flotinn er bundinn við bryggju og umræða hér, ef hún yrði mjög löng, yrði til þess að tefja að flotinn gæti farið úr höfn, þá mundi ég standa býsna lengi í þessum stól þó ekki væri nema til að tala um þetta tvennt, annars vegar hvernig íslensk stjórnvöld umgangast mannréttindi, samningsrétt í þessu máli sérstaklega og hvers vegna þeir gera það vegna þess að ástæðan fyrir því er sú sem ég nefndi fyrr í ræðu minni. Ástæðan fyrir því að menn setja ítrekað lög á sjómenn á upphaf sitt í því eignarhaldi sem menn hafa verið að koma yfir sameiginlega auðlind þjóðarinnar og því að íslensk stjórnvöld eru að hlutast til um það að fiskverð sem myndast á eðlilegum markaði verði ekki notað til þess að skipta hlut íslenskra sjómanna sem eru á íslenskum skipum. Þetta eru ástæðurnar og þetta eru stóru ástæðurnar fyrir endalausum vinnudeilum íslenskra sjómanna við Landssamband ísl. útvegsmanna.

Það er tvennt sem stjórnvöld á Íslandi ættu að gera og hefðu átt að gera fyrir löngu. Ef þau hefðu gert það væri ekki hægt að vorkenna Landssambandi ísl. útvegsmanna og sjómannafélögunum að ná saman. Annað er það að setja af stað feril þar sem klofið verði á milli veiða og vinnslu þannig að eðlilegt samningsumhverfi myndist og hitt er að taka á því stóra máli hver á auðlindina og hafa um það skýrar og ljósar reglur þannig að útgerðarmenn verði í fyrsta lagi að greiða sjómönnum aflahlut af því eðlilega verði sem fæst á markaði fyrir þann fisk sem kemur að landi og í öðru lagi að þeir geti ekki látið sjómenn taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna einhvers eignarhalds þeirra á fiskinum í sjónum eins og gert er í dag. Þá þyrftu menn ekki að standa í endalausum lagasetningum á Alþingi.

En þetta er einmitt skýringin á því að Alþingi Íslendinga hefur verið svo viljugt til að setja lög á sjómenn. Það er verið að verja þetta fyrirkomulag í líf og blóð og þeir sem hafa ráðið ríkjum undanfarin ár í ríkisstjórnum hafa verið að verja þetta fyrirkomulag með inngripum endalaust.

Það er heldur ekki tilviljun að inni í þeirri lagasetningu sem hér á að fara fram skuli vera falin fjölmörg

samningsatriði sem eru fengin með samningi við einn aðila, Vélstjórafélag Íslands. Forustumaður þess félags er sá forustumaður sjómannasamtaka, sá eini, sem hefur staðið með þessu fyrirkomulagi allan tímann, eignarhaldi útgerðarmanna á veiðiheimildum og kvótakerfinu. Þar hafa menn átt hauk í horni og hann hefur ekki brugðist þeim. En það verður erfiður poki fyrir forustumann í verkalýðsfélagi að bera að hafa orðið til þess að búa til þá forsmán sem þessi lagasmíð er, því að í þeim lagatexta eru fjölmörg atriði tekin upp úr samningum Vélstjórafélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Aðalatriði málsins er að öll heila línan kemur þarna fram, hvernig eigi að fara að þessu. Það er þetta nýja landssambandsverð og það er það sem ég hefði viljað tala um í marga klukkutíma ef það er eins og mig grunar og ég óttast að það landssambandsverð sem er að myndast hérna með því sem á að fara að samþykkja á hv. Alþingi verði til þess að sú þróun sem hófst fyrir nokkrum árum að kjör ýmissa sjómanna fóru að taka mið af eðlilegu fiskverði, fiskverði sem myndast á mörkuðum, muni breytast. Útgerðarmönnum er allt í einu boðið upp á nýjan pakka í kjörbúðinni. Þeir þurfa ekki að fara á fiskmarkaðinn. Þeir geta bara valið sér að fara eftir þessu landssambandsverði, kaupa fiskinn af sjálfum sér og selja hann á hæsta verði en nota landssambandsverðið til að skipta til sjómanna. Þetta er það sem ég óttast að sé að gerast með lagafrv. sem hér á að verða að lögum.

En afsökunin og rökstuðningurinn frá hendi stjórnarliða fyrir því að verið sé að setja þessi lög snýst ekki um þetta. Menn hafa ekki nennt að tala um þetta í umræðunni — eða hvað? Kannski ekki viljað það. Skyldi það vera þannig að þeir hefðu ekki áhuga fyrir því að tala um þetta vegna þess að það er óþægileg umræða í því þjóðfélagi sem á að byggjast á eðlilegum markaðslögmálum, verði sem myndast í viðskiptum milli aðila þar sem hægt er að koma við eðlilegri samkeppni? Það virðist ekki vera vandi í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi ef menn vildu fara þá leið. Það þarf ekki að óttast neina sérstaka fákeppni. Það eru til fiskmarkaðir, það eru til fiskvinnslustöðvar, það eru til fjölmargir aðilar sem vilja flytja út fisk, fjölmargir sem vilja róa á sjó og margir sem vilja kaupa fiskinn þegar hann kemur að landi og flytja hann út eða vinna hann og flytja hann út. En íslensk stjórnvöld hafa engan áhuga á því að koma hér á eðlilegu umhverfi þar sem allt hráefni tæki verð á markaði.

Það hefði átt að vera niðurstaða stjórnvalda á Íslandi í svona kjaradeilu að lýsa því yfir að á einhverjum tilteknum tíma yrði tekið á þessum málum og komið á eðlilegu samkeppnisumhverfi þar sem fiskur tæki verð á markaði og með því ryðja úr vegi aðalástæðunni fyrir átökum sjómanna og útvegsmanna. Það er alveg klárt mál að Samfylkingin mun beita sér fyrir því þegar hún kemst til valda í landinu, þegar þeir hrekjast frá sem vilja stjórna hér með ráðstjórn, sem vilja ákveða hér fiskverð og samninga sjómanna út í eitt, öll kjör, með lögum og gerðardómum, í staðinn fyrir að skipta sér eins lítið og mögulegt er af aðilum í slíkum deilum.

En það má mikið leggja á sig til að verja það fyrirkomulag með eign á auðlindinni, verja þá vini sína sem hafa hagsmuna að gæta hvað það varðar að ekki sé verið að rugga því sem hefur verið á undanförnum árum, að menn hafa getað ákveðið sjálfir hvað þeir borga fyrir fiskinn. Það verður auðvitað breyting á því. En hvað tekur við? Landssambandsverð. Og þetta verð verður lægra, það verður verulega lægra en menn hafa fengið í beinum viðskiptum við ýmis fyrirtæki í landinu. Það er full ástæða til að halda að á ferðinni verði kauplækkanir til sjómanna vegna þess að ýmsir aðilar sem áður hafa samið betur við sína sjómenn en fjöldinn hefur kannski gert í þessum beinu viðskiptum munu fara eftir nýja landssambandsverðinu og fullt af aðilum sem hafa selt á mörkuðum munu færa sig inn á landssambandsverðið. Það hefur verið þróunin á undanförnum árum að framboðið á mörkuðunum hefur verið að minnka.

Hæstv. forseti. Hér er verið að ljúka kjaradeilu með lögum. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri. Ég veit að þessi lög verða staðfest hér á Alþingi í dag, hvort við hv. þingmenn tölum korterinu lengur eða skemur skiptir ekki máli. En ég held að nauðsynlegt sé að almenningur í landinu velti þessu fyrir sér og ekki bara út frá þeim sjónarmiðum hvort flotinn kemst á sjó heldur fyrst og fremst núna út frá því að reyna að átta sig á því hvernig stendur á þessum deilum, þessum ítrekuðu deilum milli aðila. Ég hef verið að reyna að rekja þær ástæður fyrir mönnum í þessum þingsal núna. Hér er nefnilega uppspretta vandamálsins. Það eru þær reglur sem hv. alþm. bera ábyrgð á hvað varðar aðganginn að auðlindinni og fiskverðið.

[16:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur áhyggjur af þessari lagasetningu og blandar inn í umræðuna málum sem ég hef ekki talið beinlínis vera hluta af henni, eins og fiskveiðistjórnarkerfið sjálft og aðgangurinn að auðlindinni. Auðvitað er það deilumál og menn halda eflaust áfram að deila um það meðan það er við lýði.

Það er samt öllum ljóst að lagasetning á sjómenn er algjört neyðarbrauð og enginn vill í raun fara út í slíka aðgerð ótilneyddur og allra síst þeir sem hafa þekkt þetta umhverfi og vita hversu mikilvægt er fyrir sjómenn að hafa samningsrétt sinn í lagi. Verkfall er búið að standa hjá sjómönnum í sex vikur og það er óumdeilt að mikil vá er fyrir dyrum eftir þetta langa verkfall. Gjaldeyrisþurrð er að verða í þjóðfélaginu og athafnalíf þjóðarinnar í mikilli hættu. Þetta hefur reyndar verið upplýst og ég hygg að sjómenn, sem ég hef ekki kynnst öðruvísi en sem mjög ábyrgðarfullum mönnum, geri sér alveg fulla grein fyrir afleiðingum gerða sinna, enda vinna þeir í slíku umhverfi að ekki hægt er að taka mikla áhættu umfram það sem allra nauðsynlegast er. Þess vegna veltir maður fyrir sér lengd á slíku verkfalli og hvað er hægt að gera ef ekki næst samningar. Þess vegna ætlaði ég að spyrja hv. þm.: Hvað hefði hann lagt til til þess að leysa þessa deilu?

[16:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þurfi að grípa inn í svona deilu þá skiptir öllu máli að um lágmarksinngrip sé að ræða. Ég spyr hv. þm.: Finnst honum það vera lágmarksinngrip í þessa deilu að skipa öllum kjörum sjómanna með gerðardómi?

Deilan hefur staðið svo lengi yfir ekki síst vegna þess að menn gripu inn í hana fyrr í vetur. Ég held að menn verði að átta sig á að svona er ekki hægt að vinna að málum. Þessi endalausu inngrip hafa valdið því að ekkert traust ríkir milli aðila. Menn gera bókstaflega ráð fyrir því að hægt sé að bíða eftir lögum.

Ég spyr hv. þm.: Finnst honum þetta besta niðurstaðan, úr því að það átti að grípa inn í deiluna? Er hann ekki sammála mér um að nóg hefði verið að banna verkföllin og setja t.d. mönnunarmálin í gerðardóm en leyfa mönnum síðan að fást

við að semja á þeim grundvelli sem þá hefði myndast? Þá hefði eitt heitasta deilumálið verið tekið út í þetta skiptið? Hefði sú tilraun ekki verið betri en taka öll samningamál sjómanna í gíslingu og skipa þeim með sérsakri lagasetningu?

[16:32]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar um lágmarksinngrip. Ég get verið sammála því að það eigi yfirleitt ekki að grípa til afdrifaríkari ráðstafana en nauðsynlegt er. En hvað eru lágmarksinngrip? Ég hef ekki séð neinar tillögur frá minni hlutanum um hvernig hann hefði viljað grípa inn í þessa deilu. Ég hef ekki heyrt minni hlutann lýsa því yfir að hann væri tilbúinn að grípa inn í deiluna.

Það er komin tillaga frá meiri hlutanum um hvernig eigi að leysa þetta mál. Allt orkar tvímælis þá gert er. Eina niðurstaðan sem menn vilja fá í svona máli er að allir komist á sjó, það sé ekki röð verkfalla eftir þetta eða inngrip sem enginn getur séð fyrir. Ég reikna með að það sé ástæðan fyrir því að menn fara þessa leið. Ef hv. þm. viðurkennir að það hafi þurft lágmarksinngrip inn í þessa deilu þá hef ég ekki séð hvaða inngrip það hefði mátt vera.

Ég ítreka það sem ég hef áður sagt og það vita svo sem allir að samkvæmt þessum lögum er gert ráð fyrir því að menn fái tvær vikur til að ljúka málinu. Ég er ekki að segja að það takist samningar undir þeim kringumstæðum. En ég vil samt meina að það væri mjög mikið atriði fyrir samningsaðila, bæði útvegsmenn og sjómenn, að ná samningum á þessum tíma.

[16:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að í þessari stöðu hefðu menn átt að skoða möguleikann á að banna verkfall um tiltekinn tíma, setja mönnunarmálin í gerðardóm og jafnframt hefðu stjórnvöld lýst því yfir að stefnt yrði að því að skilja á milli veiða og vinnslu og koma á eðlilegu samkeppnisumhverfi í þessari atvinnugrein. Á grundvelli slíkra fyrirheita hefðu menn getað náð saman um samninga. (**KPál:** Við hefðum ekki náð neinum samningum með þessu.) Samningar eru myndaðir á þeim grundvelli sem til staðar er á hverjum tíma. Þegar búið er að skapa nýjan grundvöll, með því að taka deilumálin og leysa þau, tvö stærstu deilumálin sem þarna er um að ræða, óttast ég ekki að útgerðarmenn og sjómenn hefðu ekki getað náð samningum.

[16:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í morgun þegar fundi hv. sjútvn. lauk óraði mig satt að segja ekki fyrir því að við mundum standa hér í dag til að ljúka umræðu um þetta mál. Ég taldi að mönnum væri orðið fullljóst hversu alvarleg sú staða væri sem þeir voru að koma sjálfum sér í, þ.e. ríkisstjórn Íslands, stjórnvöldum sem nú ætla að setja lög um að allir þeir sem eru í verkfalli, sem aflýst hafa verkfalli og þeir sem hafa aldrei farið í verkfall, verði settir undir gerðardóm, gerðardóm sem augljóslega á að sníða að samningum vélstjóra.

Ég taldi satt að segja, virðlegur forseti, að mönnum hefði verið gert það ljóst að ef farið yrði fram með málið í þeim búningi stæðum við svo höllum fæti að við gætum allt eins átt von á að mannréttindadómstóll Evrópu mundi ákveða það réttarástand sem sjávarútvegurinn starfar við á næstu árum. Ég spyr: Er það ástand sem menn vilja? Ég er nokkuð viss um að það yrði bærilegra fyrir sjómennina en það sem þeir hafa mátt búa við á undanförnum missirum. En er það það sem þessi ríkisstjórn vill og er það það sem LÍÚ vill?

Staðan er sú, herra forseti, að þó sum félögin séu ekki í verkfalli, t.d. aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða og félög sem hafa aflýst verkfalli, eins og Sjómannasamband Íslands, þá virðist ríkisstjórnin reikna með að Landssamband íslenskra útvegsmanna viðhaldi verkbanni sínu á þessa aðila og komi þannig í veg fyrir að flotinn fari til veiða. Ríkisstjórnin kýs a.m.k. að líta þannig á, eins og segir í nefndaráliti þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem verkfall var ekki boðað í upphafi eða þar sem verkfalli hefur nú verið aflýst stendur eftir sem áður verkbann. Afleiðingar þess eru hinar sömu fyrir þjóðarbúið. Þess vegna er jafnbrýnt og verið hefur að leysa kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna. Því er nauðsynlegt að gerðardómurinn taki á þeim úrlausnarefnum með heildstæðum hætti sem um getur í 2. gr. frumvarpsins."

Verkbannið stendur sem sagt, samkvæmt áliti meiri hlutans. Í því skjóli að verkbannið muni standa þó að sjómennirnir aflýsi verkfalli er farið fram með þetta frv. um gerðardóminn.

Herra forseti. Útvegsmenn eru sjálfir farnir að segja okkur hversu merkilegt þeim þykir sitt eigið verkbann. Nú berast þau tíðindi að togarar séu látnir úr höfn, að LÍÚ sé þegar farið að brjóta sitt eigið verkbann. Þeir höfðu ekki meiri þolinmæði, herra forseti. Hefði ríkisstjórnin verið tilbúin að líta svo á sem hæstv. sjútvrh. gerði hér, bæði í fyrradag og í gær, að þeir sem aflýstu verkfalli væru þá lausir undan gerðinni, þá hefði flotinn væntanlega getað haldið úr höfn, a.m.k. vegna þessara aðila sem ekki voru í neinu verkfalli. Auðvitað er þetta bara yfirvarp. Auðvitað er það yfirvarp að hér þurfi að setja lög um að fella gerðardóm um kjör allra sjómanna annarra en vélstjóra vegna þess að LÍÚ haldi öllu í verkbanni. Eitt er þó a.m.k. gott. Það hefur þó afhjúpast hver ber ábyrgð á þessu ástandi.

Menn hafa farið hér mikinn og talað um sjómenn og sjómannaforustuna. Úr þessum ræðustól hefur ýmislegt verið sagt sem ég veit að menn hefðu heldur viljað láta ósagt, eftir á að hyggja, ýmislegt um getu og getuleysi einstakra manna og þeim kennt um að hér hafi ekki verið róið svo vikum skiptir. Það liggur þó alla vega fyrir núna, herra forseti, hvað það var sem allan tímann olli þessu, a.m.k. að mati hæstv. ríkisstjórnar. Jú, það var verkbann LÍÚ. Nú þarf að takast á við það. Ég ætla að endurtaka að það er ómerkilegt yfirvarp vegna þess að það sýnir okkur best hversu alvarlega þeir taka sitt eigin verkbann að skipin eru þegar farin að leysa landfestar.

Ég vék að því áðan, herra forseti, sem hæstv. sjútvrh. sagði í fyrradag og endurtók í gær, orð sem urðu til þess að Sjómannasamband Íslands ákvað að aflýsa verkfalli sínu. Hæstv. ráðherra kom upp í morgun og reyndi að gera lítið úr þeirri sem hér stendur, taldi að menn væru að snúa út úr orðum hans, sjálfum sér til gamans að því er virtist. Hann neitaði að horfast í augu við ábyrgð sína á því ástandi sem skapast hefur, neitaði að horfast í augu við það að þegar ráðherra kemur með yfirlýsingar eins og þær sem hann kom með þá skuli menn enn taka mark á þeim. Það er eiginlega merkilegt, herra forseti, að menn skuli enn taka mark á orðum hæstv. ráðherra. En það er samt svo. Líklega er það þó í síðasta skiptið sem það verður gert.

Hæstv. ráðherra sagði, þegar formaður Samfylkingarinnar spurði hann hvernig við yrði brugðist ef sjómenn aflýstu

verkfalli: „Mér sýnist á þeirri stöðu sem þá væri komin upp að ekki væri heldur ástæða til gerðardóms ...“ Í gærmorgun þegar ljóst var að Sjómannasambandið hafði aflýst sínu verkfalli kallaði ég eftir hæstv. sjútvrh. í salinn og bað hann um að staðfesta það sem hann hafði sagt deginum áður, staðfesta að þeir aðilar sem aflýstu verkfalli færu þá ekki undir gerðardóm. Hann gerði það, herra forseti, ekki bara einu sinni heldur tvisvar. Hann sagðist hafa svarað nákvæmlega þessari spurningu í gær og vitnaði í þær viðræður sem við höfðum átt við hann deginum áður. Svo endurtók hann:

„Þeir sem aflýsa verkfalli, þá er ekki lengur neitt verkfall til þess að setja lög á og þar af leiðandi þarf að breyta frv. í samræmi við það og þeir aðilar ganga þá inn í sinn gamla kjarasamning og þar af leiðandi verður enginn gerðardómur settur á þá aðila þar sem þeir hafa samning til þess að starfa eftir.“

Þetta sagði hæstv. sjútvrh. í gærmorgun, í andsvari við mig eftir að ég hafði beðið hann um að sættast á orð sín. Hann gerði það fúslega og sem viðræðum okkar vatt áfram kom þar að hæstv. ráðherra endurtók í raun að við þessar yfirlýsingar sjómannanna yrði þetta mál allt miklu umfangsminna og áhrifaminna, þar sem þeir hefðu sjálfir ákveðið að enda verkfallið. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Markmiðið með því sem við höfum verið að gera hér er auðvitað að binda enda á verkfallið. Og ef þeir vilja gera það á þennan hátt og telja sig vera betur í stakk búna til þess að leysa deilumál sín þannig þá er það bara vel.“

Hæstv. ráðherra endaði síðan á því að óska sjómönnum alls hins besta við að leysa úr deilumáli sínu við útvegsmenn.

Herra forseti. Ekki þýðir fyrir mann, sem hefur farið þannig í málið, sem hefur gefið yfirlýsingar í þessa veru og á þeim yfirlýsingum hefur verið tekið mark, að koma hér og væna mig eða aðra stjórnarandstæðinga um ósannindi þegar við erum að greina frá þessu hér. Það vill svo til að allt sem hér er sagt er tekið upp og það er hægt að vitna í það orðrétt, allur textinn liggur fyrir, allar ræður og fyrirheit hæstv. sjútvrh. Þegar forustumenn sjómanna segja að þeir hafi í góðri trú aflýst verkfallinu, í góðri trú vegna þess að hæstv. sjútvrh. hafði lýst því yfir að þeir sem aflýstu verkfalli færu ekki undir gerðardóm, þá eru þeir að lýsa nákvæmlega því sem gerðist af þeirra hálfu.

Þá stendur auðvitað hitt eftir að hæstv. ráðherra gleymdi því strax hvað hann hafði sagt. Eða tók ríkisstjórnin ekkert mark á honum heldur? Eða var það e.t.v. LÍÚ sem nennti ekki að hlusta á hann? Einhverra hluta vegna hafði málið þróast þannig seinni partinn í gær, eftir þó yfirlýsingar ráðherrans, að hér var orðinn til texti sem kræktí Sjómannasambandið inn undir gerðardóminn.

Hvernig var það gert, herra forseti? Jú, það var gert þannig að Sjómannasambandið er talið upp í 1. gr. frv. sem þolandi verkbanns LÍÚ — auðvitað var ekki gert ráð fyrir því að LÍÚ aflýsti verkbanninu — Sjómannasambandið er talið upp sem þolandi verkbanns LÍÚ. Af því að það er svo er vísað til þess í 2. gr. af því að það er þá einn af aðilunum sem taldir eru upp í 1. gr. Aðilarnir sem vísað er til í 2. gr. eru nákvæmlega þeir sem gerðardómurinn á að taka til. Svona er þetta smekklega gert, svona er þetta einfalt hjá hæstv. ríkisstjórn. Hvað varðar þau um hina, hvað hæstv. sjútvrh. var búinn að segja? Enginn tekur mark á honum, það er augljóst mál.

Herra forseti. Ef þetta væri ekki svona alvarlegt gætum við kallað þetta farsa. Stundum eru þeir reyndar það sem kallað er tragíkómískir og kannski er þetta einmitt sú sortin. En það er ömurlegt ástand að menn skuli vera hafðir að ginningarfíflum, að menn skuli ekki geta treyst því þegar ráðherra kemur með yfirlýsingar, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar, að þá skuli ekki vera hægt að trúa því sem þeir segja eða treysta því að þeir hafi þá manndóm í sér til að fylgja því eftir sem þeir hafa gefið yfirlýsingar og fyrirheit um innan ríkisstjórnarinnar. Mikið hefur legið við, herra forseti, fyrst þeim fannst í lagi að fórna einum sjávarútvegsráðherra.

Hvað var þá svona stórkostlegt í þessari stöðu? Jú, 163 vélstjórar höfðu samþykkt kjarasamning sem bauð upp á að Kvótaþingið yrði tekið út, að mönnunarmálin yrðu tekin í gegn með þeim hætti sem LÍÚ er þóknanlegt og búið yrði til nýtt samræmt fiskverð. Og skyldi ekki þá sem hefur munað um að breyta hlutaskiptunum, að fá upp þá stöðu að fjármagnið fengi líka sinn hlut eins og það er orðað svo smekklega hér, skyldu þeir ekki hafa viljað halda í þetta umhverfi, þetta 163 manna dæmi? Auðvitað, herra forseti. Allt er lagt í sölurnar til að þessi samningur geti verið grundvöllur þess hvaða umhverfi íslenskir sjómenn eiga að búa við á næstu árum.

Búið er að ná fram breytingum á 3. gr. enda var hún svo djöfulleg og vitlaus að ef hún hefði staðið áfram hefðu menn ekki þurft að bíða nema hálft árið til að verða lentir í erfiðleikum gagnvart þeim samningum og skuldbindingum sem menn hafa. Hins vegar hafa menn verið ófáanlegir til að snerta við 2. gr. Það er þó margbúið að fara yfir það upp á hvað hún býður og hvaða skorður hún setur því sem þeir kalla gerðardóm. Hún setur þær skorður að gerðardómur er tilneyddur að sníða niðurstöðu sína að vélstjórasamningnum enda er það tilgangurinn. Til hvers ættu menn annars að vera að slást í þessu? Til hvers hefðu menn annars þurft að niðurlægja hæstv. sjútvrh. með þeim hætti sem búið er að gera hér? Vegna þess að þarna eru svo ríkir hagsmunir, herra forseti, að við þá ræðst ekki. Þessir ríku hagsmunir útvegsmanna eiga það sterka talsmenn í hópi ríkisstjórnarinnar, stjórnarþingmannanna að við þá varð ekki ráðið. Þess vegna stöndum við með þessa niðurstöðu fyrir framan okkur, svo ógeðfelld sem hún er.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór nokkuð yfir hið nýja landssambandsverð eða vélstjóraverðið. Herra forseti. Auðvitað er þetta nýja fiskverð, þetta fiskverð sem verður samræmt, til þess fallið að auka hlut fjármagnsins. Ég velti því einu sinni upp hvort hagræðingin á fiskiskipaflotanum hefði öll orðið á kostnað sjómanna. Það var á meðan menn gátu verið í kvótabraskinu, á meðan menn gátu auðveldar en nú er látið sjómennina greiða fyrir sig kvótaverðið, taka þátt í útgerðarkostnaði af meiri þunga en nokkru sinni fyrr. Nú er búið að finna nýja aðferð og það á á lögbinda hana.

Svo koma menn og segja að hér væri hægt að ná kjarasamningum á næsta hálfa mánuði ef menn bara vildu. Hvaða stéttarfélag sjómanna halda menn að gæti náð kjarasamningum undir þessum kringumstæðum við þær aðstæður að hæstv. ríkisstjórn hefur fundist í lagi að fórna einum hæstv. sjávarútvegsráðherra? Halda menn að eitthvert stéttarfélag sjómanna geti boðið upp á annað eins? Nei, herra forseti, ég er hrædd um ekki. Ég er hrædd um að hér sé búið að skrifa upp forskriftina að því umhverfi sem íslenskir sjómenn verða að búa við á næstu árum.

Nokkuð hefur verið rætt um hvers megi vænta. Sú íhlutun sem hér er verið að gera er svo gróf að einhverjir munu fara með þetta lengra, menn munu ekki una við þetta. Ég ætla

sannarlega að vona að menn muni ekki una við þá niðurstöðu sem hér næst. Af því að menn vita það hefðu menn auðvitað átt að vanda sig betur. En hvers virði er heiður íslenskra stjórnvalda gagnvart mannréttindadómstólum eða Alþjóðavinnumálastofnuninni ef búið er að ná til lands í hlutum sem útvegsmönnum þykja nokkurs virði? Augljóst er hvort þykir merkilegra. Heiður íslenskra stjórnvalda er greinilega aukaatriði hér eins og fleira.

Það er hins vegar þannig, og menn gleyma því stundum þó að Ísland sé eyja í miðju Atlantshafi og mönnum finnist stundum að við séum langt frá umheiminum, að við erum ekki bara bundin íslensku stjórnarskránni, sem menn munar ekki um að svívirða hér annað veifið, ekki bara lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nei, við erum líka bundin alþjóðasamningum, mannréttindasamningum. Það er hörmulegt, herra forseti, að íslensk verkalýðshreyfing skuli aftur og aftur þurfa að stóla á að mannréttindin komi utan að, að réttindi þeirra komi utan að, það sé einskis að vænta af þeim stjórnvöldum sem ráða á Íslandi. Það er hörmulegt, herra forseti, vegna þess að sannarlega erum við mörg sem vildum sjá þessa hluti öðruvísi, sem teljum að hér gætum við haft hlutina með öðrum hætti, hér gætum við verið með opið lýðræðissamfélag sem hefði á því skilning að sterk verkalýðshreyfing er hluti af lýðræðinu og það er ekkert lýðræði nema það sé öflug verkalýðshreyfing. Hér hafa menn hins vegar farið í hlutina þannig að þeir máttu vita það allan tímann að þeir voru að grafa undan samtökum sjómanna.

Ég spurði hæstv. félmrh. þeirrar spurningar í fyrradag, að mig minnir, og vitnaði til þess sem nefnd Alþjóðavinnumálasambandsins hafði sent, orðsendingu sem hafði verið send íslenskum stjórnvöldum, hvort hann væri sammála því sem þar kom fram að ítrekuð inngrip í kjaradeilur eða ítrekuð inngrip í það sem stéttarfélög væru að gera stuðlaði einungis að niðurbroti þeirra. Mér finnst ástæða til að menn velti því alvarlega fyrir sér hvaða félagslegu afleiðingar þau linnulausu inngrip stjórnvalda inn í það hvað sjómenn hafa verið að gera hafa haft.

Herra forseti. Ég ætla rétt að víkja frekar að frv. og þá að horfa til þess sem er kallað gerðardómur. Hér fara menn af stað með orðið gerðardómur. Yfir þessu orði er eitthvert hlutleysi og menn gætu jafnvel haldið að þaðan ættu þeir von á einhverju réttlæti. Það er þó svo að bygging svokallaðs gerðardóms er slík að hann getur aldrei kallast annað en stjórnsýslunefnd. Málið verður sett í nefnd. Við erum ekki óvön því hér. En þessi nefnd hefur ótrúlega stórt hlutverk. Hún á að ákvarða kjör sjómanna mörg næstu ár. Af hverju er þetta stjórnsýslunefnd, herra forseti? Jú, vegna þess að þegar Hæstiréttur skipar í nefnd, látum það heita gerðardóm rétt í augnablikinu, er Hæstiréttur kominn í stöðu stjórnvalds og sú nefnd sem Hæstiréttur skipar er þá stjórnsýslunefnd.

Eðli gerðardóma er að þar eiga aðilar málsvara, talsmann, þannig að ef væri um alvöru gerðardóm að ræða hlytu að þurfa að vera þarna með þeim þremur fulltrúum sem Hæstiréttur Íslands skipar, einn fulltrúi Alþýðusambandsins og annar frá Samtökum atvinnulífsins, annars vegar fyrir hönd útvegsmanna og hins vegar fyrir hönd sjómanna, þannig að augljóst væri að þessir aðilar ættu aðgang að gerðardómi — og þá væri það orðinn gerðardómur — með þau álitaefni sem verið er að leysa úr, með viðhorf sín til þeirra og rökstuðning sinn fyrir þeirri niðurstöðu sem þeir vilja sjá. Hér er ekkert slíkt á ferðinni, herra forseti, og það er enn eitt sem veikir málið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þann kjarasamning sem nú á að móta allt starfsumhverfi íslenskra sjómanna. Sjómenn hafa sjálfir gefið honum þær einkunnir sem honum bera og þeir hafa viljað leggja ýmislegt á sig til að losna undan því sem þar er ákveðið. Það er alveg augljóst að mikið verður á sig lagt til þess að ná öllum undir þann kjarasamning.

Hæstv. sjútvrh. tók þátt í umræðum með andsvörum þegar umræðan var að byrja í dag núna eftir hádegið þar sem hann var að lýsa þeim vandkvæðum sem væru samfara því ef menn væru á mörgum samningum. Hann var í rauninni að segja okkur það eitt, herra forseti, að þegar eitt félag er búið að semja er sjálfsagt og eðlilegt að taka samningsréttinn af afgangnum. Öðruvísi gæti þetta ekkert verið og það eru slík viðhorf sem hér ráða úrslitum.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um það í þessari umræðu og full ástæða til hvernig á því standi að deila sjómanna og útvegsmanna hefur dregist svo á langinn eða er orðin svo löng sem raun ber vitni. Ég fór yfir það þegar ég mælti fyrir áliti minni hluta sjútvn. í fyrradag að auðvitað var það svo að um leið og frjálst fiskverð var orðið til á Íslandi og menn gátu farið að selja afla sinn á fiskmörkuðum var hæsta gangverð, það sem útvegsmenn eiga að tryggja sjómönnum samkvæmt lögum og kjarasamningi þeirra, orðið víðs fjarri því fiskverði sem verið er að greiða víða um landið, víðs fjarri. Ég tala ekki um, herra forseti, þar sem sjómenn voru hýrudregnir að auki með því að láta þá taka þátt í útgerðarkostnaði, þ.e. voru látnir taka þátt í kvótakaupum. Viðleitni sjómanna til að fá útvegsmenn til að standa við það ákvæði að þeim sé tryggt hæsta gangverð fyrir aflann er það sem hefur einkennt þessar deilur allan áratuginn a.m.k. Ríkisstjórnin hefur einlægt gengið í lið með útvegsmönnum til að forða því að sjómenn fengju hæsta gangverð fyrir aflann. Það er staðan í dag. Enn horfum við framan í það.

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði í ræðu sinni. Það breytir kannski litlu héðan í frá hvað stjórnarandstaðan segir um þetta mál. Hér hefur verið tekin ákvörðun. Ég er ekki að segja að sú ákvörðun sem verður framfylgt hafi orðið til í þessu húsi, herra forseti, en það var ákveðið að fara að því sem hér liggur fyrir í þessu frv. og þeim brtt. sem meiri hlutinn flytur. Fyrir liggur ákvörðun um að lúta hinum mikla og ríka vilja útvegsmanna til að sveigja allt og alla undir samning vélstjóra með þeim gerðardómi sem hér stendur til að skipa. Við megum okkar ekki mikils, því miður, gagnvart þeim ofsa sem er í þeim sem vilja koma þessu ástandi á og koma þessu í gegnum þingið.

Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni treysti ég því að sjómenn láti þetta ekki yfir sig ganga, þeir leiti réttar síns þar sem það er mögulegt og miðað við það hvernig þetta mál er vaxið er nokkuð ljóst hver hefur betur þegar menn hafa tekist á frammi fyrir dómstólum.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Að gefnu tilefni vil ég minna á 58. gr. þingskapa. Þar segir að eigi megi nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál. Ég bið hv. þm. að hafa þetta hugfast.)

[17:04]

Útbýting þingskjala:

Menningarverðmæti, 226. mál, nál. menntmn., þskj. 1350; brtt. menntmn., þskj. 1351.

[17:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við á hv. Alþingi gerum okkur grein fyrir því að hér er ákaflega sterkur stjórnarmeirihluti Framsfl. og Sjálfstfl. Þessi stjórnarmeirihluti keyrir nú fram bann við verkfalli sjómanna. Þessi stjórnarmeirihluti hefði átt að geta, ef hann hefði viljað og ef hann hefði vandað til verka að eigin mati, keyrt það mál tiltölulega greiðlega og öruggt í gegnum þingið, en slíkur hefur flumbrugangurinn verið og slík hafa vinnubrögðin verið að jafnvel þessi sterki stjórnarmeirihluti sá ástæðu til að efast um ágæti eigin verka. Ég vil að það komi skýrt fram þar sem þjóðin horfir á útsendingu héðan úr Alþingi að við í stjórnarandstöðunni erum ekki að gera það að leik að tefja að menn komist til sjós. Hér er um gríðarlega mikið og stórt mál að ræða í okkar huga, enda hefur komið í ljós að hik kom á þennan sterka stjórnarmeirihluta og þeir sáu ástæðu til að breyta verulega því frv. sem var komið fram með, sérstaklega 3. gr. frv. Þannig er staða málsins. Það er löðurmannlegt af stjórnarmeirihlutanum að stilla málum þannig upp núna að sjómenn séu orðnir óþolinmóðir að komast til sjós. Þeir vilji fá lögin fljótt í gegn og við séum að tefja.

Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að eftir sex vikna verkfall verða menn að komast í það að afla tekna. Málið snýst ekkert um það. Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að frystihúsin eru ekki í gangi og fiskverkafólk líður. Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að sveitarsjóðirnir líða fyrir málið eins og það er upp sett. Auðvitað gera allir sér grein fyrir því að stopp er á útflutningi af völdum verkfallsins og það er gjaldeyrisþurrð. En einmitt í ljósi þess að menn vita þetta og gera sér grein fyrir því á hinu háa Alþingi og víðar í samfélaginu er ástæða til að staldra við og ræða þessi mál og vita og vera sannfærður um að verið sé að gera rétta hluti.

Við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt harðlega allan málatilbúnað varðandi þessa lagasetningu, sérstaklega að á spýtunni hangir ekki bara að verið sé að setja lög á sjómenn þannig að þeir komist til sjós og tekjuöflun komist í gang. Það er annað og miklu meira sem hangir á spýtunni. Heildargrunni varðandi sjávarútveginn á Íslandi á að breyta á grunni þessara laga. Ef menn vildu bara stoppa verkfall gerðu menn það með einfaldri lagasetningu og það þarf engan stóran texta til þess. En 2. gr. frv. sem bindur menn í form og síðan 3. gr. frv. þar sem stofnaður er gerðardómur gerir það að verkum að hér er verið að breyta grundvallaratriðum. Og allir gera sér grein fyrir því hvert hugurinn stefnir í þeim efnum.

Gerðardómur er samkvæmt mínum skilningi dómur þar sem tveir aðilar sem deila geta þó komið sér saman um að tilnefna í dóm sem sker úr um ágreining. Sá gerðardómur sem kallaður er svo hér er ekkert annað en stjórnvalds- eða stjórnsýslunefnd þriggja manna. Þetta er ekki gerðardómur. Þetta er þriggja manna stjórnsýslunefnd og hún á að leggja grunninn. Hún á að fara með launamál sjómanna á grunni þess sem lagt er upp með í 2. gr. laganna.

Virðulegi forseti. Við gagnrýnum slíkan málatilbúnað. Það hefur komið í ljós og við höfum séð útreikning á því að verði vélstjórasamningurinn sem er að stofni til settur inn í 2. gr. laganna leiðarljós fyrir þennan svokallaða gerðardóm er verið að vísa á að tillögur dómsins lúti að lækkun á launum sjómanna, a.m.k. í sumum útgerðarflokkum. Ef það er þetta sem menn vilja verða þeir líka að segja það. En stjórnarþingmenn á hinu háa Alþingi vilja ekki ræða um þetta. Þeir álasa okkur fyrir að vera með málþóf, tefja málið þó svo þeir geri sér allir saman grein fyrir því að stjórnarmeirihlutinn í hv. sjútvn. hefur í tvígang séð ástæðu til að koma með brtt. inn á hið háa Alþingi um hvernig þetta frv. eigi að líta út. Það er öll sannfæringin sem menn hafa fyrir málunum.

Virðulegi forseti. Það er ekki ásættanlegt fyrir stjórnarandstöðuna, og við höfum verið saman í þessu máli, að málið verði keyrt fram með þessum hætti. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir að meiri hluti ríkisstjórnarinnar er slíkur á hinu háa Alþingi að þetta frv. eins og það nú liggur fyrir með brtt. sjútvn. verður samþykkt. Það er engin von til annars hvað sem við segjum. Við erum í 3. umr. og málið verður samþykkt.

Í samfélagi okkar eru hlutirnir orðnir þannig, og það gildir ekki bara með sjómenn og þetta mál sem við stöndum frammi fyrir nú, að framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin með þennan sterka meiri hluta á þinginu er að leiða okkur út á æ hálari brautir þar sem verið er að brjóta niður áratuga hefðir og venjur og alþjóðasamþykktir fyrir því hvernig á að vinna í lýðræðisríki. Það er greinilega ekki hollt mönnum að vera við stjórnvölinn svo langan tíma sem raun ber vitni, heilan áratug. Þá fara menn fljótt að halda að þeir geti ráðið á eigin forsendum og ef viðkomandi líkar það ekki er öllum stofnunum, venjum, hefðum og samþykktum rutt úr vegi ef þurfa þykir.

Það er áhyggjuefni, virðulegi forseti, að við skulum vera að þróast yfir í meira einveldi getum við sagt, meira einveldi með hverju árinu sem líður í höndum þess stjórnarmeirihluta sem hér er. Það er alveg klárt í hugum okkar margra að hér er verið að fremja gróft brot á lýðræðinu, brot sem getur leitt til þess að jafnvel, ef fer á versta veg og tekið verður mið t.d. af samningum vélstjóranna, sé verið að taka verkfallsvopnið af heilli stétt í hálfan áratug. Þetta eru óhuggulegar staðreyndir. Og það er óhuggulegt að upplifa að með þessum sterka meiri hluta í þinginu eru menn að þróast yfir í hugsunargang fyrirtækiseigandans en ekki þann hugsunargang sem hér á að vera. Hugsunargangur fyrirtækiseigandans í dag er að bregðast fljótt við, taka snöggar ákvarðanir, vera fljótur til verka, bera ábyrgð, segja menn. Það getur vel verið að slíkur hugsunarháttur geti gengið í stjórnun vissra fyrirtækja. Ég skal ekki taka afstöðu til þess. En hér eru menn farnir að gleyma því, fleiri og fleiri og oftar og oftar að Ísland er ekki fyrirtæki. Ísland er samfélag. Það er samfélag sem byggir á lýðræði og um það gilda allt önnur lögmál og allt aðrar samskiptavenjur á milli aðila en ef um fyrirtæki væri að ræða.

Fyrirtækiseigandi getur keyrt fram ákvarðanir frá degi til dags og sagt við lögfræðideildina sína: Við verðum bara að þola þann höfuðverk ef á versta veg fer. Þannig verða menn að hugsa. En hvað eru menn að hugsa í lagasetningunni á hinu háa Alþingi þegar mönnum virðist sama um að við séum á mjög hæpnum forsendum gagnvart öllum alþjóðasamþykktum sem við höfum skrifað undir varðandi félagsmál og verkalýðsmál, afar hæpnum forsendum? Það eru ekki allir teknir inn í þetta dæmi.

Sjómenn hafa verið samningslausir svo árum skiptir. Ef ILO færi ofan í þessi mál og skoðaði söguna í samningsferli sjómanna á Íslandi og skoðaði síðan þetta upplegg því að það er ekkert vafamál að eitthvert félaganna munu sækja rétt sinn til lýðræðis, að hér er um lagasetningu að ræða sem er á afar veikum grunni, sérstaklega vegna þess að menn hafa talað um í ræðum, hæstv. sjútvrh., að það sé verið að ná

öllum undir sama hatt í stéttinni. Það er ekki svo vegna þess að einn aðili, ef menn ætla að fara ofan í grunninn og stokka upp á nýtt, er þegar búinn að skera sinn bita af kökunni og það gengur ekki upp samkvæmt jafnræðisreglu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það hefur komið fram allt sem máli skiptir í ræðu stjórnarandstöðuþingmanna undanfarið og ekki ástæða til að fara frekar yfir þau mál. Við höfum af harðfylgi reynt í tvo daga að fá hv. stjórnarþingmenn til að taka sönsum í þessum málum. Þeir hafa gert tvær atrennur og gert brtt., en í grunninn eru þeir nákvæmlega við sama heygarðshornið. Það er mildun á 3. gr. laganna sem menn hafa farið út í og ekki treyst sér til þess að breyta að öðru leyti. Þetta eru vond tíðindi fyrir íslenskt lýðræði, virðulegi forseti, og ég vonast til þess að þurfa aldrei að standa frammi fyrir öðrum eins vinnubrögðum og ég hef upplifað hér og vonast til þess að þurfa aldrei að standa í slíku.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, læt ég máli mínu lokið, en vissulega væri hægt að setja á langar ræður um hvernig þetta mál hefur verið unnið, í hvaða farveg það hefur verið sett og hvers má vænta í kjölfarið á þeirri lagasetningu sem nú er í vændum. En ég geri mér grein fyrir að núna við 3. umr. verður ekki lengra gengið í að hafa áhrif á stjórnarmeirihlutann til þess að gera breytingar, fá hann til að ganga til betri vegar, og ég læt máli mínu lokið að þessu sinni.

[17:17]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Þegar dregur að lokum 3. umr. um kjaramál sjómanna, frv. um gerðardóm og lög á kjör sjómanna, þykir mér við hæfi enn á ný að vekja athygli á því sem ég hef reyndar áður minnst á við þessa umræðu en tel að ekki sé of oft vakin athygli á, þ.e. að verið er að setja lög á launþega. Það er verið að taka af þeim lýðræðislegan rétt þeirra til að semja um kaup sitt og kjör. Það er verið að setja lög á menn sem buðu í janúar sl. atvinnurekendum sínum, hinum sanngjörnu og samstarfsfúsu samningamönnum LÍÚ, sátt, buðu upp á sátt um að á þessu landi yrðu engin verkföll á þessu ári, buðu upp á sátt um að lenda málinu með ákveðnum hætti í þremur atriðum, launabreytingum, slysatryggingarmálum, lífeyrismálum, allt annað yrði sett í samstarfshóp til þess að leysa málin.

Atvinnurekendur, hinir sáttfúsu, samstarfsfúsu og lipru samningamenn LÍÚ, fundu auðvitað hjá sér hvöt til að hafna slíku sáttaboði, enda var það ævinlega markmið þeirra að ná málinu í þann farveg að hér skyldu sett lög um að það skyldi tekið fyrir að breyta hlutaskiptum manna. Á þessu held ég að veiti ekki af að vekja athygli á við lok þessarar umræðu, þ.e. að það voru sjómannasamtökin öll sameiginlega sem buðu upp á þessa lendingu. Þau verða ekki sökuð um það, eftir að hafa verið með lausa samninga í ár og boðið síðan upp á sáttalendingu, að þau hafi beitt verkfallsvopninu ótæpilega. Þau buðu fram sátt. Henni var hafnað. Síðan standa þessi sömu samtök, eins og sjómannasambandið sem hefur aflýst sínu verkfalli, uppi með það að verið er að setja á það lög vegna þess að samningsaðilinn sem hafnaði sáttinni viðheldur verkbanni til að knýja fram lagasetningu á alla starfandi fiskimenn á Íslandi, aðra en vélstjóra sem eru búnir að marka sér smápart af kökunni sérstaklega fyrir sig. Þetta er hinn kaldi raunveruleiki málsins.

Þessi endalausi afgreiðslumáti hér á pöntunum á lögum frá pöntunarfélaginu LÍÚ er algjörlega óþolandi, herra forseti.

[Fundarhlé. — 17:21]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:33]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir ekki gott að menn skuli ekki hafa haft ráðrúm til að komast hingað til atkvæðagreiðslunnar. Það er búið að hringja út til þingmanna um að mæta í atkvæðagreiðslu á síðustu mínútum. Ég hef fengið upphringingar þar sem menn hafa bókstaflega verið að sleppa tólinu og ná ekki hér í hús. Ég kvarta undan því og vek athygli á því að ýmsa þingmenn vantar í salinn þess vegna.

Brtt. 1363,1 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GHall, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖS.

11 þm. (ÁE, BH, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, LMR, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessum fyrri tölulið breytingartillagna sem fluttar eru af meiri hluta sjútvn. og fæddust eftir miklar hríðir og margra klukkustunda innantökur meiri hlutans í morgun og fram eftir degi, varð engu að síður sú dapurlega niðurstaða að til stendur að setja undir lögin aðila sem ýmist hafa aflýst verkfalli eða aldrei staðið í slíkum aðgerðum. Þetta er fáheyrð niðurstaða, herra forseti, og er engin leið önnur en að mótmæla því mjög harðlega hvernig hér er að verki staðið og greiða atkvæði gegn þessari breytingartillögu, herra forseti, því að hún inniheldur áfram það fráleita ákvæði frv. að það taki yfir algerlega óskylda aðila.

[17:34]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er meiri hlutinn á Alþingi að setja þá sem aldrei boðuðu verkfall og þá sem aflétt hafa verkfalli í góðri trú vegna orða hæstv. sjútvrh. undir svokallaðan gerðardóm sem byggja mun á illræmdum vélstjórasamningi, samningi sem einungis 163 menn vilja una af þeim 6 þús. sjómönnum sem við það ástand verða þó að búa. Ég mótmæli þessu harðlega, herra forseti, og segi nei.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að setja lög á Alþýðusamband Vestfjarða og Sjómannasamband Íslands, aðila sem eru annars vegar ekki aðilar að deilunni og hins vegar búnir að leysa sig frá henni með því að aflýsa verkfalli. Þetta er fáheyrt, herra forseti. Ég mótmæli þessu.

Brtt. 1363,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK,

JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GHall, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁE, BH, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, LMR, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, PM, HBl.

nei: SJS, SvanJ, SvH, ÁE, ÞBack, ÖS, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GHall, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, KLM, LB, SJóh.

10 þm. (ÖJ, BH, GHH, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er ekki verið að setja lög. Hér er verið að setja ólög. Ég mótmæli vinnubrögðum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og ég mótmæli framgöngu hæstv. sjútvrh. Árna M. Mathiesens í þessu máli. Ég mótmæli bæði vinnubrögðunum og ég mótmæli efni þess máls sem hér er á ferðinni.

Ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar, þeim hluta hans sem ætlar að greiða þessu frv. atkvæði sitt, á þeim mannréttindabrotum og þeirri valdníðslu sem hér á að eiga sér stað. Sérstaklega mótmæli ég því að aðilar sem ekki hafa komið að þessari deilu skuli samt sviptir grundvallarmannréttindum, stjórnarskrárbundnum, lögvörðum og samningsbundnum mannréttindum með þeim hætti sem hér á að fara að gera. Það er mikil óhæfa, herra forseti. Ég segi nei.

[17:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú aðgerð sem menn eru að fremja hérna sýnir að útgerðarmenn hafa enn þá sjálfsafgreiðslu í sjútvrn. Ég get ekki stutt það. Hér er verið að setja lög sem moka burt rétti heillar starfsstéttar til að grípa til vinnustöðvunar til þess að styðja kröfur um bætt lífskjör. Ég get ekki stutt það. Hér er jafnvel verið að svipta félög sem ekki hafa boðað vinnustöðvun eða hafa aflýst vinnustöðvun, rétti sínum til þess að grípa til verkfalla. Ég get ekki stutt það. Hér er verið að brjóta mannréttindi. Ég get ekki stutt það.

Verkfallsvopnið er helgasti réttur launafólks. Hér er verið að mölva það. Ég get ekki stutt það. Ég segi nei.

[17:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það vita allir að sjómannaverkfall á Íslandi getur ekki staðið óendanlega. Þegar sjómannaverkfall er búið að standa tvöfalt lengur en það hefur lengst staðið síðustu 20 ár er nauðsyn á því að Alþingi grípi inn í til þess að verja þjóðarheill.

Þeir hv. þm. sem áður og fyrr hafa staðið að lagasetningum í svipuðum tilfellum og mótmæla í dag eru einungis að sýna tvískinnung. Þeir standa ekki við þá ábyrgð sem því fylgir að vera þingmaður á Alþingi Íslendinga. Við verðum sameiginlega að horfast í augu við erfiðleika og taka erfiðar ákvarðanir. Við erum að taka erfiða ákvörðun í dag, en hún mun verða þjóðinni til heilla. Því segi ég já, herra forseti.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins mótmæla þessari lagasetningu. Við lýsum fullri ábyrgð á hendur stjórnvöldum á þessum lögum og því óréttlæti og valdníðslu sem í þeim felst. Ég segi nei.

[17:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Inngrip löggjafarvaldsins í kjaradeilur er andstætt minni skoðun. Hér er enn ein lagasetning af hálfu Alþingis til lausnar kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna sem of oft hefur verið gripið til. Þó hart hafi verið deilt varð þess greinilega vart á samningsferli undanfarinna vikna að deiluaðilar litu í átt til Alþingis, báðir með von í brjósti, útgerðarmenn um lagasetningu, sjómenn um að svo yrði ekki.

Hér er alvarleg deila á ferðinni sem ekki leysist með lagasetningu og áfram mun ósætti verða á milli aðila. Herra forseti. Ég segi nei.

[17:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Deilur útgerðarmanna og sjómanna eru í slíkum hnút að ekki einu sinni ríkissáttasemjari treystir sér til þess að leggja fram málamiðlunartillögu. Með samþykkt þessa frv. er verið að bregðast við pattstöðu í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna. Með samþykkt frv. er verið að höggva á hnút og koma í veg fyrir gjaldþrot margra heimila og fyrirtækja. Með samþykkt frv. er verið að koma í veg fyrir efnahagslegt öngþveiti á Íslandi og þess vegna segi ég já.

[17:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er ekki verið að beita lágmarksinngripi til þess að leysa úr vandamálum. Hér á að skipa öllum kjörum sjómanna með gerðardómi. Hér á að koma á nýju landssambandsverði á fiski. Ástæðan virðist vera sú að LÍÚ vill þetta og LÍÚ beitir verkbönnum til að fá vilja sinn fram. Það er gjörsamlega fráleitt af hv. Alþingi að setja lög með þessum hætti og taka réttindi af borgurum eins og hér er gert og ganga svona langt í því. Ég segi nei.

[17:45]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég hygg að allir séu sammála um að lög á sjómenn eru eitthvað sem enginn gerir með glöðu geði, allra síst þeir sem starfað hafa í því umhverfi áratugum saman. Ég hef þó ekki kynnst öðru af sjómönnum en þeir grípi til þeirra ráðstafana sem duga þegar stefnir í óefni. Þjóðarhagur og fjölskyldurnar í landinu þola ekki efnahagslegar kolldýfur um þessar mundir. Því er það í neyð að grípa verður til þess í deilunni nú sem gert er með þessum lögum og ég segi því já.

[17:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Auðvitað er alltaf hreinn neyðarkostur að setja niður kjaradeilur með gerðardómi en þessi deila hefur staðið lengi, verkfall og verkbann á sjöundu viku. Þar sem engar líkur voru á að deiluaðilar næðu saman í fyrirsjáanlegri framtíð hefði það verið ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að láta deiluna áfram afskiptalausa.

Ég tel að þessi lausn samrýmist þeim alþjóðasamningum sem við erum aðilar að. Því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1384).

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 17:48.

---

126. FUNDUR

miðvikudaginn 16. maí,
kl. 8 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[20:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, tíu mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í annarri og síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn. Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkingu tala í fyrstu umferð Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv., í annarri umferð Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl., en í þriðju umferð talar Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Árni M. Mathiesen sjútvrh., í annarri Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl., en í þeirri þriðju Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., í annarri umferð Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., en Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e., í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri Guðni Ágústsson landbrh., en í þriðju umferð Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., en Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri umferð og í hinni þriðju.

[20:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Góðir landsmenn. Fyrr á þessum vordegi gerðust þau tíðindi á Alþingi Íslendinga sem munu marka spor í sögu þeirrar ríkisstjórnar sem situr nú, spor sem munu vart verða henni til vegsauka því lögin, sem sett voru hér í dag á hinu háa Alþingi, eru gróf íhlutun í frjálsan samningsrétt á vinnumarkaði, þau eru fádæmi í sögunni.

En þrátt fyrir óhæfuverk ríkisstjórnarinnar höfum við fulla ástæðu til að vera bjartsýn. Við búum í góðu og gjöfulu landi og þó sannarlega séu blikur á lofti í efnahagsmálum hefði vissulega verið hægt að ná lendingu eftir háskaflug ríkisstjórnarinnar síðustu missiri. En til þess þarf jákvæð viðhorf, til þess þarf samstöðu og samvinnu bæði stjórnar og stjórnarandstöðu en ekki síður á vinnumarkaðnum. Sem ábyrg stjórnmálahreyfing er Samfylkingin reiðubúin til þeirrar samvinnu sem þarf til að skapa betra samfélag.

Það er staðreynd að við Íslendingar búum við þrefalt meiri verðbólgu en nágrannaþjóðirnar. Það er staðreynd að við búum við þrefalt hærri vexti en löndin í kringum okkur. Það er staðreynd að krónan hefur á einu ári fallið um tæp 25%. Það er staðreynd að viðskiptahallinn er geigvænlegur og þótt útlit sé fyrir að halli á vöruskiptum fari lækkandi eykst greiðslubyrði erlendra lána og vaxtagreiðslur vegna þeirra.

En, góðir Íslendingar, þetta þarf ekki að vera svona. Við megum ekki missa tökin á stöðugleikanum sem verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda lögðu grunn að í samstarfi við þáv. ríkisstjórn fyrir rúmum áratug. Við getum unnið okkur út úr efnahagsvandanum en slíkt tekur tíma, vinnu og þolinmæði. Til þess þarf traust milli stjórnvalda, atvinnulífs og verkalýðshreyfingarinnar, traust á borð við það sem ríkti fyrir rúmum áratug þegar með samstilltu átaki tókst að koma böndum á óheillaþróun í efnhagslífi þjóðarinnar.

Það versta sem hent getur íslenskt efnahagslíf nú er að af stað fari sú víxlverkun hækkana verðlags og launa sem leiðir til hækkandi verðbólgu með tilheyrandi kaupmáttarskerðingu fyrir launafólk. Nauðsynlegt er því að ná tökum á verðbólgunni, endurheimta stöðugleikann. Og það er hægt. Það er ekkert sjálfgefið að við þurfum að gjalda fyrir umframeyðsluna með því að leggja náttúru Íslands að veði þótt ríkisstjórnin telji það einu færu leiðina til að halda uppi lífsgæðunum. Slíkar hugmyndir þurfum við að skoða af mikilli varfærni með framtíð komandi kynslóða í huga. Í því efnahagsástandi sem við blasir í dag skiptir sköpum að gefa atvinnulífinu vítamínsprautu þannig að vaxandi verðbólga, háir vextir og skammsýn ríkisstjórn nái ekki að draga úr því þróttinn þegar líður á árið.

Verðbólgan, sem ríkisstjórnin hefur nú misst í 6% á ársgrundvelli, kemur því miður í veg fyrir að hægt sé að lækka vexti í bráð. Við getum hins vegar komið til móts við atvinnulífið með því að lækka skatta á fyrirtæki, en Samfylkingin hefur viðrað hugmyndir í þá veru. Skattalækkun mundi styrkja væntingar um arðsemi fyrirtækja, gæti leitt til verðhækkana á hlutabréfamarkaði, styrkt innstreymi fjár til landsins, stuðlað að því að stöðva flótta innlendra fjárfesta og þar með styrkt gengi íslensku krónunnar.

Hins vegar er ekki sanngjarnt að einungis fyrirtækin njóti skattalækkana. Eðlilegt er að samhliða skattalækkunum á fyrirtæki verði lækkaðir skattar á þeim sem eru tekjulægstir. Samfylkingin hefur því lagt til að afnema skatta á félagslega aðstoð, á húsaleigubætur og draga úr skatti á þeim hluta lífeyristekna sem líta má á sem fjármagnstekjur. Samfylkingin boðar velferð og vill að velferðinni fylgi jafnframt ábyrgð. Öflug velferð verður að hvíla á stoðum trausts atvinnu- og efnahagslífs. Við teljum að í framtíðinni eigi að taka upp auðlindagjöld á sameiginlegar auðlindir okkar, orkulindirnar, fiskimið, fiskistofna og fjarskiptarásir og nota svigrúmið til að lækka tekjuskatta á einstaklinga og efla velferðarkerfið.

Til lengri tíma skiptir þó langmestu að stórauka fjárfestingar í menntakerfinu. Róttæk uppbygging menntunar í takt

við breytta tíma er forsenda þess hátækni- og þekkingarsamfélags sem við viljum byggja á Íslandi. Jafn aðgangur allra, hvar á landinu sem þeir búa, að fyrsta flokks menntakerfi er leið okkar jafnaðarmanna til að tryggja jöfn tækifæri allra í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.

Góðir Íslendingar. Þetta segir okkur að við þurfum að hlúa betur að atgervi æskunnar því staðreyndin er sú að þrátt fyrir staðhæfingar menntmnrh. um hið gagnstæða standa Íslendingar sig ekki vel í samanburði við aðrar þjóðir í menntamálum. Í skýrslu frá OECD kemur fram að Ísland vermir í ýmsum þáttum neðri sæti þeirra 25 landa sem voru skoðuð. Eftir átta ára skólagöngu eru íslensk börn að jafnaði tveimur árum á eftir börnum hinna OECD-landanna. Mikið brottfall er í framhaldsskólum en það var t.d. 24% á milli áranna 1998 og 1999. Rétt um helmingur hvers árgangs lýkur framhaldsskólaprófi hér á landi en sambærilegar tölur eru á bilinu 68–88% annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta kallar á róttæka menntabyltingu í skólakerfinu, auk eflingar starfsmenntunar í atvinnulífinu sem nauðsynleg er fyrir starfsmenn fyrirtækjanna, fyrirtækin sjálf og fyrir hag þjóðfélagsins alls.

Í framhaldsskólanum þurfum við að auka veg og vanda starfsnámsins, auka námsframboð sem atvinnulífið viðurkennir og tryggja að allt nám verði metið til háskólanáms. Fyrsta verk Samfylkingarinnar, þegar við tökum við menntamálum, verður jafnframt að sjá til þess að háskólanemar geti hafið háskólanám einu til tveim árum fyrr en nú er. Það er ánægjuefni að Samtök atvinnulífsins hafa tekið sérstaklega undir þetta markmið okkar. Háskólar í fremstu röð eru forsendur þeirra róttæku framfara sem við viljum sjá gerast með menntabyltingu í íslensku samfélagi á næstu árum. Í framtíðinni mun þekkingariðnaður á grundvelli öflugs menntakerfis skera úr um velferð Íslendinga. Þess vegna er brýnt að lyfta með öllum ráðum undir myndun og uppbyggingu fleiri nýrra fyrirtækja í þekkingariðnaði. Velsæld okkar í framtíðinni og samkeppnishæfni mun byggjast á því að okkur takist að gera Ísland að þekkingarsmiðju. Til þess þarf gríðarlegt átak í menntamálum. Þess vegna setur Samfylkingin menntamálin í öndvegi.

Samfylkingin telur nauðsynlegt að búa öllum viðunandi afkomu, líka þeim sem hafa ekki atvinnutekjur sér til viðurværis. Við höfum því lagt fram tillögur um sérstaka afkomutryggingu sem miðar að því að bæta kjör þeirra sem af félagslegum, heilsufarslegum eða öðrum ástæðum ná ekki lágmarkslaunum til framfærslu.

Góðir landsmenn. Í dag ríkir alvarlegt ástand í húsnæðismálum á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður án þess að önnur úrræði væru þróuð til að leysa vanda þeirra tekjulægstu. Samfylkingin hefur lagt fram ítarlegar hugmyndir um hvernig bregðast skuli við þessum vanda með uppbyggingu leiguíbúða á svæðinu sem tilfinnanlegur skortur er á. Verði ekkert að gert mun vandinn vaxa og stuðla að auknu félagslegu ójafnrétti.

Á liðnum vetri hafa miklar umræður verið á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu um lýðræði. Samfylkingin hefur lagt sitt af mörkum í þeirri umræðu og í tillögum okkar birtast hugmyndir um hvernig bæta megi íslenskt lýðræðisþjóðfélag. Það er mikilvægt í þeim efnum að afhjúpa þá leynd sem hvílir yfir fjármálum stjórnmálaflokkanna og að búa þeim skýrar reglur um þau efni. Þá er ekki síður mikilvægt að jafna atkvæðisrétt allra Íslendinga, að stíga skrefið til fulls með því að gera landið að einu kjördæmi.

Góðir landsmenn. Stefna Samfylkingarinnar er til þess fallin að skapa betra þjóðfélag þar sem landsbyggð og höfuðborgarsvæði búa í sátt og samlyndi. Við viljum styrkja möguleika byggðanna til að takast á við verkefni framtíðarinnar, við viljum sjá stórbætt menntakerfi, heilbrigða samkeppni og öfluga neytendavernd. Við viljum sjá hag þeirra verst settu bættan og umfram allt viljum við endurheimta stöðugleikann. Samfylkingin mun ekki bregðast þessu hlutverki sínu. — Góðar stundir.

[20:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar frv. um lög á deilu sjómanna og útgerðarmanna var lagt fram um síðustu helgi voru komin fram mjög skýr merki um neikvæð áhrif þess á efnahagslífið og ljóst að ef ekkert væri að gert yrði tjón þjóðarbúsins enn meira. Vinnustöðvunin hafði þegar valdið atvinnulífinu skaða, nýtingu auðlindanna, útflutningshagsmunum og fleiri þáttum. Áhrifin voru hvað alvarlegust fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og sveitarfélög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi.

Stjórnarandstæðingum varð í umræðunni undanfarna daga tíðrætt um að verkföllum væri einmitt beitt til að sýna hvers virði störf manna væru og forkastanlegt væri að setja lög þegar verkföll eru farin að bíta, eins og það var orðað. Þegar svo er sagt kjósa menn vísvitandi að líta fram hjá þeirri staðreynd að verkfallið á fiskiskipaflotanum var farið að hafa áhrif langt út fyrir hagsmuni samningsaðila og hafði þá þegar áhrif á afkomu allra landsmanna. Ég held að engum réttsýnum manni blandist hugur um að stjórnvöld vildu og reyndu að stuðla að því að deiluaðilar fengju ráðrúm til að ná samningum án íhlutunar. Þess vegna varð þetta lengsta allsherjarverkfall sjómanna til þessa hér á landi.

En stjórnvöld hafa skyldum að gegna og hafa til þess umboð að gæta hagsmuna heildarinnar. Forsendur þess að gripið var inn í voru að vinnustöðvunin var farin að valda landsmönnum öllum skaða. Útkoman hlaut því að vera sú að bundinn væri endi jafnt á verkföllin og verkbönnin.

Þegar gripið var inn í deiluna eftir sex vikna verkfall var deiluaðilum enn gefið svigrúm til að ljúka samningum, til 1. júní eða þar til gerðardómur tekur til starfa. Að auki hafa deiluaðilar að sjálfsögðu áfram rétt til að semja um mál sín á milli. Hin opinbera umræða hefur dregið nokkuð vel fram slæmar afleiðingar deilunnar á líf þeirra sem byggja afkomu sína beint á sjávarútvegi. Önnur áhrif sem einnig eru mikilvæg eru minna innstreymi gjaldeyris eftir því sem útflutningur hefur dregist saman. Það hefur orðið til þess að auka þrýsting á gengi íslensku krónunnar sem vissulega kemur niður á hverju heimili.

Áhrif vinnustöðvunarinnar á mörkuðum fyrir sjávarafurðir hafa kannski líka verið rædd minna en vert væri. Það fréttist t.d. frá karfamörkuðum í Þýskalandi að Viktoríukarfi hefði komið þar í stað íslensks fisks, enn fremur að birgðir freðfisks og saltfisks hér á landi væru uppurnar. Þó að það sé gott að vera öruggur með sig óttast ég að við gefum okkur fullmikið þegar við höldum að við eigum alltaf afturkvæmt í viðskipti á þeim mörkuðum sem vanræktir eru vegna vinnudeilna hér heima. Íslenskir sjómenn og útgerðarmenn hafa réttinn til að nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum. Því fylgja líka skyldur og er ábyrgð þeirra sem réttinn hafa mikil gagnvart þjóðinni.

Umræðurnar hér á þinginu undanfarna daga hafa verið snarpar. Ef marka má stjórnarandstöðuna var farið bæði

rangt og illa að. Ég er þess fullviss að þjóðin greinir hismið frá kjarnanum í þessum efnum og er mér sammála um að ekki var annarra kosta völ.

Herra forseti. Samkvæmt stjfrv. sem er til umfjöllunar á Alþingi er lagt til að bætur verði hækkaðar til þeirra sem minnst hafa. Lífeyrir milli hjóna og einhleypra er jafnaður og því breytt hvernig tekið er tillit til atvinnutekna öryrkja. Þegar breytingarnar koma til framkvæmda er áætlað að bætur til rúmlega 18 þúsund ellilífeyrisþega hækki, eða til um sjö af hverjum tíu þeirra. Bætur til 5.000–5.500 öryrkja hækka samkvæmt frv., þar af til um 3.500 einhleypra öryrkja. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa nemur tæpum 1.400 millj. kr. Þetta bætist við þær kjarabætur sem hluti öryrkja og aldraðra fékk fyrr í vetur.

Lífeyriskerfi landsmanna er í flestum atriðum traust. Það hvílir á þremur meginstoðum, skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, almannatryggingum og frjálsum lífeyrissparnaði. Lífeyrissjóðirnir og frjálsi lífeyrissparnaðurinn greiða lífeyri sem byggir á iðgjaldagreiðslum. Lífeyrir almannatrygginga er hins vegar öryggisnet og bætir einkum kjör þeirra sem eiga lítil lífeyrisréttindi. Eðlilega eru alltaf kröfur um að vel sé búið að ellilífeyrisþegum og öryrkjum og ljóst er að alltaf má gera betur. Hér er verið að stíga mikilvægt skref í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem setti sér að endurskoða almannatryggingakerfið, samspil þess við skattakerfið og lífeyrissjóðakerfið m.a. með það að markmiði að tryggja sérstaklega hag þeirra sem lægstar tekjur hafa.

Herra forseti. Uppgangur í efnahagslífi undanfarinna ára er engin tilviljun. Með markvissum aðgerðum stjórnarflokkanna hefur frelsi í viðskiptum verið aukið og ítök hins opinbera að sama skapi verið minnkuð. Einkavæðing ríkisbankanna er vel á veg komin og einkavæðing Símans kemur til framkvæmda innan skamms. Þegar þessari einkavæðingu er lokið hefur ríkið alfarið dregið sig út úr banka- og fjarskiptarekstri.

Skuldir ríkisins hafa lækkað hratt á undanförnum árum jafnhliða því sem skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir úr 50% niður í 30%. Skattalækkunin hefur bætt mjög rekstrarumhverfi fyrirtækjanna sem síðan hefur skilað sér í bættum lífskjörum almennings. Skattur á leigu íbúðarhúsnæðis hefur verið verið lækkaður svo og tekjuskattur á einstaklinga.

Skynsamleg stjórn ríkisfjármála gefur nú svigrúm til frekari aðgerða í skattamálum. Forustumenn stjórnarflokkanna hafa að undanförnu skoðað ýmsa möguleika. Í því sambandi hefur verið litið til lækkunar á sköttum á fyrirtæki, lækkun eignarskatta, endurskoðun stimpilgjalda og viðmiðunarmarka svokallaðs hátekjuskatts sem bitnar hvað harðast á fólki með millitekjur. Þótt ákvarðanir liggi ekki fyrir er ljóst að vilji beggja stjórnarflokka er til þess að ýta undir frumkvæði, örva atvinnulífið og bæta enn frekar kjör fólksins. Það hefur margsýnt sig að afkoma ríkissjóðs þarf ekki að versna þótt skattheimtan sé gerð réttmætari. Skattalækkanir munu gefa okkur frekari tækifæri til að laða að erlenda fjárfestingu. Þá eru tækifæri fólgin í því að nýta stöðu landsins, sem getur verið stökkpallur milli tveggja heimsálfa, og auka þannig útflutning og viðskipti í báðar áttir. Margt bendir til þess að fram undan sé rétti tíminn til þess að lækka skatta, til að viðhalda þeim gangi sem verið hefur í atvinnulífinu svo að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja verði enn sterkari.

Á undanförnum árum höfum við fundið hversu mikils virði stöðugleikinn er íslensku efnahagslífi. Samhliða honum viljum við bæta lífskjörin. Til að svo megi verða þarf að viðhalda hagvextinum. Hið smáa hagkerfi okkar byggir grundvöll sinn á útflutningi. Ein forsenda þess að við getum gefið okkur að hann vaxi á komandi árum er að ráðist verði í stóriðjuframkvæmdir. Enginn vafi leikur á að slíkar framkvæmdir mundu auka útflutningstekjur okkar svo um munar og styrkja hagkerfi okkar.

En sóknarfærin eru víðar. Við höfum séð gríðarlegan vöxt í ferðaþjónustu þar sem fjöldi ferðamanna til landsins hefur tvöfaldast á örfáum árum og hátækni- og hugbúnaðargeirinn vegur sífellt þyngra í útflutningstekjum okkar. Því getum við sagt með sanni, herra forseti, að Ísland er og hefur alla burði til að vera land tækifæranna. Það er okkar, góðir Íslendingar, að grípa tækifærið.

[20:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Síðustu dagar þingsins hafa verið stormasamir. Enn eru glóðvolg lögin sem svipta sjómannastéttina samningsrétti og banna íslenskum sjómönnum að heyja verkfallsbaráttu. Um leið og verkfall þeirra var farið að hrífa og sjómenn loksins, eftir sex vikur í verkfalli, komnir með samningsstöðu fyrir réttmætar kröfur sínar var höggið látið ríða og rýtingurinn, ríkisstjórnarrýtingurinn, rekinn í bakið á þeim.

Herra forseti. Ég veit að þetta eru stór orð. En með þessari gjörð eru menn, sem verið hafa kauplausir í hálfan annan mánuð í nauðvarnarbaráttu gegn óbilgjörnum andstæðingi, skildir eftir á köldum klaka án samningsstöðu og í höndunum á nefnd sem fær sjálfdæmi um kjör þeirra.

Vissulega eru fórnarlömb þessara átaka fleiri, t.d. fiskverkunarfólkið, láglaunafólk, tekjulaust í allt of langan tíma. En menn skyldu aldrei gleyma því við hverja er að sakast. Ekki við sjómenn heldur stjórnarmeirihlutann hér á Alþingi, ríkisstjórnina sem starfar á hans ábyrgð og að sjálfsögðu sjálfa húsbændurna í LÍÚ því að það eru þeir sem skipa hér fyrir verkum.

Það er mikill misskilningur þegar því er haldið fram að við búum við sterka ríkisstjórn. Svo er ekki. Þrátt fyrir öll mannalætin er nánast allt sem þessi ríkisstjórn gerir fyrirsjáanlegt. Þar er ekkert sem kemur á óvart. Ég bendi mönnum á að bera saman annars vegar gjörðir ríkisstjórnarinnar og hins vegar stefnuskrá og kröfur stórfyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, Fjárvangs hf. og Gróða sf., stórkaupmanna og Verslunarráðsins. Herra forseti, mér kæmi það ekki á óvart að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem jafnframt er kröftugur talsmaður þessara aðila og ekkert nema gott um það segja enda heiðarlegur maður og sjálfum sér samkvæmur, eigi hér á eftir eftir að færa alveg sérstakar kveðjur frá fyrrnefndum aðilum, Fjárvangi og Verslunarráðinu, og lýsa ánægju með störf þessarar ríkisstjórnar. Ég hvet menn til að leggja við hlustir.

Hins vegar verðum við að vera hófsöm og sýna miskunnsemi þar sem hún á við. Menn eru nokkuð þrekaðir eftir mikinn afmælisfögnuð, tíu ára afmæli ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, og dómgreindin kannski ekki alveg upp á það besta. Afmæliskruðirí og önnur fjörefni örva blóðrásina og kunna að rugla menn í ríminu og gefa óskhyggjunni byr undir báða vængi. Við slíkar aðstæður telja menn sig gjarnan búa yfir mikilli festu og að öll þeirra verk séu eins góð og best verður á kosið.

En, herra forseti, nú eru þessar sjálfshælingarhátíðir að baki og rétt að gera þá kröfu til þeirra sem treyst er fyrir

þjóðarskútunni að þeir horfi raunsætt á málin og í samhengi. Það er ekki nóg að segja að skuldir ríkisins fari lækkandi. Það þarf líka að grafast fyrir um skýringarnar, innstreymi í ríkissjóð á grundvelli vaxandi viðskiptahalla og aukinnar skuldsetningar atvinnulífsins, sölu ríkiseigna og yfirfærslu á skuldum ríkisins yfir á herðar sveitarfélaganna.

Þegar dæmið er gert upp í heild sinni kemur í ljós að erlendar skuldir Íslendinga eru núna hærri en þær hafa nokkru sinni verið í Íslandssögunni eða næstum 800 milljarðar kr. Já, en ríkissjóður hefur ekki skrifað upp á þessar skuldir, segir hæstv. fjmrh. Við berum enga ábyrgð. Auðvitað ber ríkið ábyrgð og auðvitað er samhengi á milli efnhagsstefnu ríkisstjórnarinnar, rýrnandi verðgildis krónunnar, viðskiptahalla og skuldsetningar þjóðarinnar. Það er mikill misskilningur ef ríkisstjórnin heldur að hún geti staðið álengdar ef efnahagskerfið riðar til falls. Þegar til kastanna kemur er ríkið ábyrgt fyrir því sem gerist. Þannig var norska ríkið nauðbeygt til að verja 500 milljörðum kr. til stuðnings bankakerfinu þar í landi, sem hafði verið einkavætt, þegar það hrundi vegna ábyrgðarlausrar fjárfestingarstefnu.

En afmælisbörnin okkar hafa ekki miklar áhyggjur af þessu. Þau vilja bara fleiri partí og meira fjör og eru í alvöru að tala um að ráðast í mörg hundruð milljarða áhættufjárfestingar í virkjunum og stóriðju. Þegar er búið að verja milljörðum í undirbúning fyrir virkjanir sem alls óvíst er að ráðist verði í. En svo blindur er hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., að ekkert, nánast ekkert virðist hann sjá annað en mengandi málmbræðslur. Átakanlegar voru lýsingar á fundi Útflutningsráðs fyrir tveimur dögum þar sem hann lá nánast á hnjánum og sárbændi menn um að leggja ekki stein í götu stóriðju.

Hvað með loforðin, hæstv. utanrrh.? Ég veit ekki betur en því hafi verið lofað að hrófla hvergi við Þjórsárverum. Hvernig stendur þá á því að áform eru nú uppi um slíkt? Í þessum sal var því lofað í fyrravetur að ekki yrði ráðist í virkjunarframkvæmdir á hálendinu norður og austur af Vatnajökli eða neinar framkvæmdir sem tengdust virkjunum þar fyrr en raforkusamningar lægju fyrir og sönnur væru færðar á arðsemi raforkusölunnar. Voru þetta sams konar loforð og þegar sagt var að ekki stæði til að selja Landssímann, það ætti aðeins að breyta honum í hlutafélag? Það er alvarlegt þegar stjórnmálamenn og heilar ríkisstjórnir svíkja loforð sín, en hitt er þó enn verra ef spjöllin sem þær valda eru óafturkræf og þar vísa ég til Þjórsárvera.

Ég hvet hæstv. utanrrh. til að hafa sig upp af hnjánum og reyna að sjá til sólar. Það virtist hann gera á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. Það var líka full ástæða til. Þar var kosið í mörg embætti, margir komust til mikillar virðingar og öllum liðsmönnum Framsfl. var fengið hlutverk. Við höfum að undanförnu verið að kynnast því á hve smellinn hátt þeir rækja þetta nýja hlutverk sitt hér í þinginu með því að ráðast á helsta ógnvald sinn, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, og segja hana þjóðlegt afturhald sem helst vilji nærast á hreindýramosa. Hundasúrur hafa einnig komið nokkuð við sögu í þessum málflutningi, verið eins konar einkennismark framsóknarmanna þegar þeir taka til við að gagnrýna Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Sjálfum finnst mér hvíti gæðingurinn hæstv. landbrh. Guðna Ágústssonar skemmtilegra tákn fyrir framsóknarmenn en hundasúran, en þetta er eflaust smekksatriði eins og svo margt annað.

Hitt skulum við taka alvarlega þegar sagt er að við séum afturhaldssöm og jafnvel óábyrg gagnvart atvinnuuppbyggingu í landinu, ekki síst á Austurlandi. Þessu er teflt gegn meintu frjálslyndi og framfarastefnu ríkisstjórnarinnar, einkum Framsfl. En þá spyr ég á móti: Á hvern hátt birtist þetta frjálslyndi og þessi framfarasókn? Birtist hún í því að aflétta gróða af hlutabréfum? Birtist hún í því að brjóta stjórnarskrá á öryrkjum og hafa af þeim og öldruðum réttmætar bætur? Birtist frjálslyndi Framsfl. í því að lækka skattleysismörk og íþyngja sérstaklega lágtekjufólki á Íslandi eða með því að einkavæða skóla og elliheimili? Veldur víðsýnin því að pósthúsum á landsbyggðinni er lokað og dregið þar úr samfélagsþjónustu? Eða er kannski síðasta afrekið, að svipta íslenska sjómenn samningsréttinum, til marks um frjálslynda og víðsýna ríkisstjórn?

Fyrir fáeinum árum var gerð könnun á meðal danskra atvinnurekenda á því hvað þeir teldu mikilvægast til atvinnuuppbyggingar, hvað þeir legðu mest upp úr að gert yrði af hálfu samfélagsins gagnvart fyrirtækjum þeirra svo þau fengju dafnað. Svör þeirra voru mjög á einn veg. Eflaust hafa þeir allir viljað greiða sem lægsta skatta þó ekki kæmi það fram í þessari könnun. En svörin voru hins vegar þannig að þau kröfðust útgjalda og þar af leiðandi skatttekna. Þeir töldu brýnt að búa vel að börnum og búa vel að fjölskyldunni. Góðir skólar þyrftu að vera til staðar og heilbrigðisþjónusta. Gott samgöngukerfi með póstþjónustu og fjarskiptum og löggæsla þyrfti að vera traust. Með öðrum orðum töldu þeir að þessar undirstöður samfélagsins þyrftu að vera traustar til að skapa forsendur fyrir atvinnuuppbyggingu.

Auðvitað getur samfélagið örvað atvinnuuppbyggingu á annan hátt einnig, með þjónustu við fyrirtæki og stuðningi við nýsköpun. Það er hlutverk okkar. Það er hlutverk ríkisins. Það er hlutverk sveitarfélaganna. Ef milljörðunum sem nú fara í að búa í haginn fyrir eitt stóriðjuver væri varið í stuðning við fólk og fyrirtæki þá velkist ég ekki í nokkrum vafa um að atvinnulífið mundi taka við sér og blómstra. Gæti það verið, þegar allt kemur til alls, að það séum við sem höfum trú á fólki og á framtíðinni, sem viljum treysta á hugmyndaauðgi og sköpunargleði? Getur það verið að við séum hið raunverulega framfarasinnaða afl þrátt fyrir allar háðsglósurnar en ekki hinir sem í anda stóriðjutrúar eins og hún gerðist stækust á Stalínstímanum þegar ríkið átti að leysa atvinnuvandann með risaverksmiðjum, jafnvel fyrir smá byggðarlög og oft með hörmulegum afleiðingum?

Ég hef skoðað af athygli greinargerðir ungra hagfræðinga sem telja að efnahagslegar forsendur stóriðjudrauma Halldórs Ásgrímssonar standist ekki skoðun. Þessum röddum er að fjölga í þjóðfélaginu. DV spyr í dag hvort álið sé málið. Framkvæmdastjóri á Selfossi varar við því að setja öll eggin í eina körfu. Skáld telur stórvirkjanir í þágu álvera ekki standast umhverfis- og efnahagsforsendur. Starfsmaður Kaupþings varar við því að einblína á álver og hið sama gerir lektor í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur efasemdir um arðsemi slíkra virkjana og telur mikilvægt að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Hvað það snertir segist hann ekki vera jafnsvartsýnn og Halldór. Það erum við ekki heldur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ef rétt er á málum haldið. Út á það ganga okkar tillögur og alltaf þegar ríkisstjórnin sýnir einhverja tilburði til uppbyggingar í samfélagsþjónustunni erum við reiðubúin til samstarfs.

Við vorum ósátt við breytingar á húsnæðiskerfinu á sínum tíma og gagnrýndum þær harðlega en nú þegar hæstv. félmrh. lýsir áhuga á að hefja uppbyggingarstarf að nýju erum við reiðubúin að taka í útrétta hönd. Einmitt sú var

hugsunin sem lá að baki tillögum okkar frá í vetur, að boða til sérstaks byggðaþings nú í sumar til að taka sérstaklega á vanda landsbyggðarinnar og ræða leiðir til þess að styrkja hana. Þessu hafnaði ríkisstjórnin með þjósti.

Herra forseti. Að lokum þetta: Það segir sína sögu um viðhorf þeirrar ríkisstjórnar sem nú stýrir landi okkar hver stjfrv. eru sem nú bíða afgreiðslu: sala bankanna, sala Landssímans og dagsverkið þekkjum við, rýtingurinn í bakið á íslenskum sjómönnum. Ekki voru þetta óskalög sjómanna, en ég spyr: Er ekki nóg komið af óskalögum Davíðs Oddssonar?

[20:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég er sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni að mikilvægt er að virða fyrir sér staðreyndir. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur setið í sex ár. Þessi sex ár eru lengsta samfellda hagvaxtartímabil í íslenskri sögu. Tekjur almennings hafa aukist gífurlega, meira en nokkru sinni fyrr um allt að 30%. Okkur hefur á sama tíma tekist að styrkja velferðarkerfið verulega. Okkur hefur tekist að hækka laun ellilífeyrisþega og öryrkja. Okkur hefur tekist að styrkja heilbrigðiskerifð. Okkur hefur tekist að lækka skatta á almenningi og sérstaklega að lækka skatta á barnafólki með hækkun barnabóta. Okkur hefur tekist að koma á nýju fæðingarorlofi og svo mætti lengja áfram telja.

Ég held að þetta hljóti að teljast gífurlegur árangur og það sem er merkilegt við þennan árangur er sú staðreynd að á sama tíma hafa fjármál ríkisins styrkst og afgangur hjá ríkinu er meiri en nokkru sinni fyrr. Af hverju hefur þetta gerst? Það er ósköp einfalt. Tekjurnar hafa aukist mikið og við höfum haft úr miklu að spila. En hefur það gerst af sjálfu sér?

Þetta hagvaxtartímabil byrjaði m.a. með stóriðjuframkvæmdum hér á landi, álveri á Grundartanga, stækkun járnblendiverksmiðjunnar, stækkun álversins í Straumsvík og þetta kom af stað allmikilli öldu sem varð til þess að bjartsýni fór vaxandi í samfélagi okkar. En þýðir þetta það að allt sé í himnalagi og engin vandamál séu? Nei, það þýðir það ekki. Það er of mikill viðskiptahalli. Verðbólgan er of mikil nú um stundir. En það eru allar líkur á því að hún muni lækka á nýjan leik og vöruskiptajöfnuðurinn verði hagstæður þegar fram líða stundir.

En hvað þarf að gera til að viðhalda þessu hagvaxtarskeiði — eða vilja menn það ekki? Ég heyri að Vinstri grænir vilja það ekki án þess að ég ætli að fara að tala sérstaklega um það hvað þeir leggja áherslu á. Ég hef ekki sagt að þeir leggi áherslu á hreindýramosa eða hundasúrur eins og hv. þm. sagði hér. Það eru hans orð. En það var a.m.k. ljóst að hann vildi ekki fara út í það að byggja álver á Austurlandi og væntanlega vill hann heldur ekki fara út í að stækka álverið á Grundartanga. En ég vil benda hv. þm. á að ef við ætlum að viðhalda hagvextinum hér til samanburðar við þau lönd sem eru í kringum okkur, þá þurfum við að hafa meiri hagvöxt. Þegar þeir eru að tala um 2,5–3% þurfum við að stefna að 3–3,5% ef við viljum vera áfram í fremstu röð meðal þjóða.

Flestar þjóðir eru um þessar mundir að leggja áætlanir tíu ár fram í tímann. Það liggur alveg ljóst fyrir að mínu mati að þetta er ekki hægt án stóriðjuframkvæmda. Það er ekki hægt að auka útflutninginn nægilega mikið án þeirra til þess að viðhalda því velferðarkerfi sem við búum nú við og að byggja upp sambærileg lífskjör og eru hér í kringum okkur.

Nú má vel vera að menn séu tilbúnir að sætta sig bara við það að við drögumst aftur úr og ég heyri að hv. þm. Ögmundur Jónasson telur að það sé í lagi. Ég tel það hins vegar ekki í lagi. Þess vegna set ég fram þessar skoðanir mínar og ég veit að þetta eru ekki bara skoðanir mínar. Báðir ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um það að ef við eigum að viðhalda þessum góðu lífskjörum þá verðum við að fara út í þessar framkvæmdir. Það er hins vegar eðlilegt að um það sé deilt, en þá spyr ég á móti: Hvað vill þetta ágæta fólk sem er á móti þessu? Hvað vill það? Það vill ekki fiskeldi eftir því sem ég best veit. Jú, það má fara að auka ferðaþjónustuna og hún er að vaxa mikið og mun vaxa, eins þekkingar- og hátækniiðnaðurinn. En það eitt og sér er ekki nóg.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hér á þessum degi hefur ríkisstjórnin verið gagnrýnd mjög harðlega fyrir að stöðva verkfall sjómanna og því haldið fram að það hafi ekki verið neitt mál að ná niðurstöðu í þessum samningum. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að þetta samningaferli var komið í öngstræti. Það lá m.a. fyrir að hluti sjómanna hafði samið og það lá líka fyrir að þeir sem áttu eftir að semja voru ekki tilbúnir að semja á þeim grundvelli. Það lá því alveg ljóst fyrir að ríkisstjórnin gat ekki setið lengur og horft á þessa deilu eins og hún var. Við gátum það ekki sem þjóð og við urðum að grípa inn í. Það er hins vegar slæmt að þurfa að grípa inn í svona deilu, ég er sammála því. En ekki varð hjá því komist að það yrði gert og þeim skyldum vildum við ekki bregðast.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja á það áherslu að við munum ekki geta byggt upp hagsæld og öflugt velferðarkerfi á Íslandi í framtíðinni án öflugs atvinnulífs. Þess vegna ber okkur að halda áfram að styrkja atvinnulífið.

Ég er sammála þeim sem segja að við þurfum að lækka skatta. Af hverju þurfum við að lækka skatta? Við þurfum fyrst og fremst að lækka þá til þess að við séum samkeppnisfærir við löndin í kringum okkur. Við stöndum frammi fyrir því í ríkari mæli að hlutir verða að vera sambærilegir hér á landi og í þeim löndum þar sem við erum að keppa við fyrirtæki og keppa um fólk. Þess vegna mun það verða mikið starf á næstu árum að aðlaga íslenska hagkerfið betur að hinu alþjóðlega og að því verður unnið af fullum krafti. Það er rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að eitt af því sem við þurfum að gera er að byggja álver á Austurlandi og stækka álverið á Grundartanga. Ef við gerum það ekki, þá erum við að bregðast íslensku þjóðinni að mínu mati. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:42]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. „Góðærinu á Íslandi er haldið gangandi með erlendri skuldasöfnun.“ „Blindflug í efnahagsmálum er hið mesta hættuspil.“ Þessar tvær tilvitnanir eru ekki frumsamdar af þeim sem hér talar. Þeir sem þessar yfirlýsingar gáfu á liðnum vetri voru framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og formaður þeirra fjölmennu og öflugu landssamtaka. Tæplega verða þeir sakaðir um óþjóðhollustu eða meinfýsi í garð stjórnvalda, eins og allar aðvaranir af hálfu stjórnarandstöðu heita í munni ríkisstjórnarmanna. Yfirlýsingarnar eru harður áfellisdómur þrautkunnugra manna um stöðu atvinnuveganna.

Það er því miður hrollvekja fram undan í íslensku efnahagslífi. Bölvaldurinn mesti, verðbólgan, er komin á þungan skrið og margföld á borð við það sem hún mælist í viðskiptalöndum okkar.

Ríkisstjórnin hefir misst tök á gengi krónunnar sem valda mun stórhækkun á vöruverði innan lands og kyndir undir verðbólgu. Skuldastaða þjóðarbúsins erlendis fer hríðversnandi og er orðin næsta óbærileg.

Viðskiptahalli þjóðarbúsins hefur um margra ára skeið verið ógnvænlegur og eykst stöðugt án þess að ríkisstjórnin fái rönd við reist og gerir reyndar ekkert til að reisa rönd við. Í válegri stöðu viðskiptahallans er lífsnauðsyn að beita fjárráðum hins opinbera til að draga úr eftirspurnarþenslu og rifa þannig seglin. Ríkisstjórnin hefur farið öfuga leið. Ár frá ári hafa ríkisstjórnarflokkarnir stórhækkað útgjaldaliði fjárlaga og hlutfallslega langt umfram vöxt verðbólgu. Ríkisstjórnin hælir sér á hinn bóginn af því að tekjur ríkissjóðs hafi hækkað mikið en lætur þess ógetið að lunginn úr þeirri tekjuaukningu eru tollar og önnur gjöld af hinum gífurlega innflutningi sem myndar viðskiptahallann auk skattpíningar á öllum almenningi, einnig öldruðum og öryrkjum. Öll loforð sem gefin hafa verið um réttláta úrlausn kjaramála aldraðra og öryrkja hafa verið svikin af núverandi ríkisstjórn og lagakrókum beitt til að níðast á þeim, en dómur æðsta dómstóls þjóðarinnar að engu hafður til að ná fram svikunum.

Auk þess var Hæstiréttur í því sambandi hafður til verka sem veikja hann stórkostlega og er ekki bitið úr nálinni með þau vinnubrögð.

Menn eru oft glámskyggnir á atburði líðandi stundar enda hefur meiri hluti þjóðarinnar ekki enn áttað sig á umgengni núverandi valdhafa við lög og dómsvald og niðurstöður dóma. Þegar fram líða stundir er ekkert efamál að sagan mun að því leyti dæma ríkisstjórnina harðlega fyrir yfirgang hennar og valdníðslu.

Æ ofan í æ hafa stjórnvöld virt dóma að vettugi og umbylt þeim með nýjum lögum sem þjónar þeirra á löggjafarsamkundunni hafa látið þau hafa sig til að setja.

Nægir í því sambandi að minna á dóm Hæstaréttar frá 3. des. 1998 um fiskveiðimál, viðbrögð forsrh. við undirréttardómi í Vatneyrarmálinu og pöntun hans á hæstaréttardómi í sama máli.

Með framkomu ríkisstjórnar vegna hins svokallaða öryrkjadóms beit hún höfuðið rækilega af skömminni og leiddi í leiðinni í ljós undirlægjuhátt meiri hluta dómenda í hinum hæsta rétti og takmarkalaust virðingarleysi fyrir löggjafarsamkundunni.

Íslendingar búa ekki lengur við þingbundna ríkisstjórn svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá sem meginstoð lýðræðisins heldur stjórnbundið þing. Rígbundið Alþingi á klafa ríkisstjórnar sem skeytir ekki um skömm né heiður við misnotkun þess. Þótt margt bjáti á er þetta varhugaverð þróun sem leiðir til ófarnaðar ef ekki er tekið í taumana.

Hinn margrómaði stöðugleiki er rokinn út í veður og vind. Þjóðarskútan skelfur stafna á milli í átökum áhafnarinnar við þá sem við stýrið standa. Brotsjóir verkfalla hafa riðið yfir undanfarin ár og sér ekki fyrir endann á þeim ólögum. Raunar rekur skútan á reiðanum og mikil hætta á að hana beri upp á sker ef kjósendum tekst ekki fljótlega að skipta um skipsstjórnarmenn sem engum ráðum vilja taka en treysta á góðæristíð sem virðist því miður um götur gengin.

Þeim staðreyndum sem ekki henta valdhrokagikkjunum er snúið við og boðberendur þeirra staðreynda bornir út á hræsibrekkur, sem ótal dæmi eru um og hið nýjasta sundrun Þjóðhagsstofnunar sem fyrir dyrum stendur af því sem yfirmaður hennar sagði sannleika um stöðu þjóðmála sem maðurinn í skutnum vildi ekki heyra.

Lítum á nokkrar staðreyndir í sjávarútvegsmálum og kollhnís stjórnvalda í þeim. Höfuðmarkmið fiskveiðistjórnarlaganna var verndun og síðan vöxtur og viðgangur fiskstofna við landið. Ríkisstjórnarmenn segja að lögin hafi náð tilgangi sínum að því leyti. Staðreynd er: Allir aðalstofnar fisks á íslenskri fiskislóð virðast hafa látið stórlega á sjá undir núverandi fiskveiðistjórn.

Í öðru lagi var meginmarkmið fiskveiðilaganna hagræðing í greininni. Ríkisstjórnarmenn guma mjög af hagræðingu í sjávarútvegi. Staðreyndin er: Flestöll útgerðarfyrirtæki af stærri gerðinni eru rekin með bullandi tapi þrátt fyrir gjafakvóta. Skuldir þeirra nálgast stjarnfræðilegar tölur enda gripdeildarmennirnir í greininni búnir að draga út úr útgerðinni morð fjár sem þeim hefur tekist að skjóta skattfrjálsu úr landi og vænkast nú enn hagur þeirrar strympu við hrapandi gengi íslensku krónunnar.

Gerð hefur verið könnun á brottkasti afla, en gífurlegt brottkast ber þetta kvótakerfi í skauti sér. Lengst af vildu sægreifarnir ekki kannast við neitt brottkast og sögðu slíkt umtal níð um sjómenn. Nú, þegar sannað hefur verið óyggjandi að um mikið brottkast er að tefla bregðast formælendur kerfisins við með því að segja að brottkast hafi ævinlega tíðkast á Íslandsmiðum.

Það brottkast, sem í könnuninni kom fram er þó aðeins toppurinn á ísjakanum. Um áratuga skeið gaf íslenska þorkslóðin af sér yfir 400 þús. tonn á ári að meðaltali. Gjörkunnugir menn í sjávarútvegi telja að svipað magn af þorski sé drepið árlega þó aðeins séu flutt að landi 250 þús. tonn eða svo. Hinu sé öllu skilað aftur í sjó.

Fyrir þjóðfélagi sem byggir á blekkingum og beinum ósannindum í höfuðmálum er illa komið. Í því er falin mikil hætta sem að okkur steðjar.

Á síðari helmingi aldarinnar sem leið risu Íslendingar úr öskustónni og skipuðu sér á bekk með mestu velferðarríkjum heims. Það þurfti gjöfular auðlindir og djarfmannlegt framtak einstaklinganna til þess að það mætti takast á svo skömmum tíma. Aðalauðlindin sem að mestu leyti stóð undir öllum framförunum var sjávarauðlindin. Hana tókst að nýta með frjálsu framtaki einstaklinga. Það voru aflamenn sem áttu drýgstan þátt í þeim stórstígu framförum á Íslandi sem við búum við. Nú eru ungir framtaksmenn útilokaðir frá því að sækja í sína eigin auðlind.

Fullyrt er að sjávarútvegur hafi fyrir daga kvótakerfisins ekki verið rekinn af viti og litlu skilað í þjóðarbúið þrátt fyrir þá staðreynd að hann væri undirstaða framfaranna. Þegar stjórnvöld og aðrir formælendur kvótakerfisins hafa þannig snúið staðreyndum við komast þeir að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast sé að færa auðlindina örfáum útvöldum að gjöf. Allur lygavefurinn er síðan spunninn áfram í gríð og erg og lénsskipulag miðalda innleitt á Íslandi.

Þeir sem séð hafa í gegnum blekkingarvefinn spyrja í forundran hvernig það megi vera að augu alls almennings skuli ekki opnast fyrir þeim ókjörum sem hér eru á ferðinni? Svarið er einfalt. Velflestir öflugustu fjölmiðlarnir ganga undir blekkingunni, annað tveggja vegna þrælsótta við stjórnvöld og beinna hótana þeirra eða af pólitískri þjónkun. Ríkisfjölmiðlarnir eru svínbeygðir undir stjórnvöld ella væri atvinna og afkoma starfsmanna í hættu eins og nú stendur í bæli ofurstjórnarmanna. En réttlætið mun sigra að lokum. Það hefur löngum og víða átt erfitt uppdráttar en á Íslandi getur gegndarlaust óréttlæti ekki þrifist til lengdar.

Ég þakka þeim sem hlýddu og óska landsmönnum öllum góðs og gleðilegs sumars.

[20:53]

Gísli S. Einarsson:

Góðir landsmenn. Við höfum orðið vitni að því hvernig ríkisstjórnarflokkarnir beita stöðugt valdi sínu í hverju málinu á fætur öðru á undanförnum mánuðum, vikum og dögum. Minni ég á framgöngu ríkisstjórnar í málefnum öryrkja, málefnum aldraða og nú síðast gagnvart sjómönnum. Það hefur orðið til þess að öryrkjar, langveikir og ýmsir hópar aldraða búa við lakari kjör hér en í ýmsum grannlöndum. Þessir hópar hafa ekki fengið hækkun samkvæmt lögum. Þar vantar enn sem nemur 3% að mati sérfræðinga.

Á Íslandi eru lægstu umsamin laun of lág. Við í Samfylkingunni viljum afmá þennan smánarblett á íslensku samfélagi. Við teljum að orsök þeirrar harðvítugu deilu sem er á milli sjómanna og útvegsmanna og hefur stórðskaðleg áhrif langt út yfir þá hópa sem eiga aðild að henni sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þeir reyna ekki að lagfæra orsökina.

Góðir áheyrendur. Við höfum gert það upp við okkur að eitt brýnasta mál dagsins sé að vinda ofan af gjafakvótakerfinu. Þingflokkur Samfylkingarinnar er einhuga um nýja stefnu í fiskveiðistjórnarmálum. Þessi stefna var samþykkt einróma á 700 manna stofnþingi Samfylkingar síðasta vor. Þannig hefur Samfylkingunni tekist það sem öðrum stjórnmálaflokki hefur ekki tekist hingað til. Það er að vera einhuga um stefnu í sjávarútvegsmálum.

Engar nýjar hugmyndir hafa komið fram hjá stjórnarflokkunum um hvernig megi ná sátt um þessi mál. Endurskoðunarnefnd um fiskveiðistjórnarlögin hefur engu skilað og hefur ekki náð neinum árangri varðandi það að ná svokallaðri víðtækri sátt eins og lofað var fyrir síðustu kosningar.

Sátt Sjálfstfl. er greinilega fólgin í því að allt verði óbreytt. Framsóknarmenn tala um skattlagningu söluhagnaðar og aukinn byggðakvóta en engar tillögur liggja fyrir frá þeim.

Málefni smábátamanna eru enn einu sinni í uppnámi. Nú er gert ráð fyrir að lög um kvótasetningu, svonefnds meðafla hjá krókabátum á aflahámarki taki gildi í haust. Engar tillögur eru uppi um hvernig ná má sáttum um þessi mál. Lögfesting mun leggja byggðarlög í eyði ef af verður.

Ágreiningur innbyrðis milli smábátamanna hefur orðið kvótakóngum fagnaðarefni og ríkisstjórnin er ráðlaus og ekkert gerist. Þetta mál er algerlega á ábyrgð Sjálfstfl. Þeir geta ekki leyst vandann vegna innbyrðis ágreinings.

Það eru einkum tveir landshlutar, Austfirðir og Vestfirðir, sem hafa goldið fyrir aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Tekjutap sveitarfélaganna þar er vegna mikilla búsetuflutninga til höfuðborgarsvæðisins í kjölfar þess að þar hafa aflaheimildir dregist mest saman. Þetta er vandinn í hnotskurn. Fólk er að flytjast af landsbyggðinni vegna þess að það missir vinnu og vegna lágra launa.

Stefna Samfylkingarinnar byggist á jafnræði allra varðandi aðgang að veiðum. Þetta er sú leið sem skilar árangri. Þetta er sú leið sem verður að fara til að ná sáttum í þjóðfélaginu.

Góðir landsmenn. Samfylkingin hafnar ekki grunnþáttum íslensks samfélags. Við ætlum að byggja á íslenskum og alþjóðlegum gildum samhjálpar og einstaklingsfrelsis. Við ætlum að gera samfélagið betra. Við ætlum að starfa með fólkinu í landinu að framtíð okkar sjálfra og komandi kynslóða.

Góðir Íslendingar. Ég hvet ykkur öll til að valdvana sitjandi ríkisstjórn svo fljótt sem auðið er.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Ótrúlega miklar breytingar hafa verið á íslensku efnahagslífi undanfarinn áratug. Enn er unnið að umbótum sem munu til framtíðar skila sér í traustari tilveru okkar Íslendinga í landinu öllu. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr ítökum hins opinbera í atvinnulífinu. Einkavæðing í stað ríkisrekstrar og öflugur fjármálamarkaður í stað ríkisrekinna lánastofnana er það umhverfi sem við búum nú við. Ríkið mun nú alfarið draga sig út úr rekstri bankanna með því að Alþingi veiti heimild til sölu hlutafjár Landsbanka og Búnaðarbanka.

Mikilvægur áfangi í einkavæðingu næst nú á þessu vori þegar afgreiddar verða heimildir til sölu á Landssímanum. Stefnt er að því að lokið verði við sölu á 49% hlutafjár á þessu ári. Það er almennt mat sérfræðinga á fjármálamarkaði að sú sala muni hafa jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn í landinu. Fullkomlega óeðlilegt er að ríkið sé í samkeppni við fyrirtæki á einkamarkaði og því mikil nauðsyn á sölunni til þess að eðlilegt ástand ríki í starfsumhverfi á fjarskiptamarkaði.

Hlutverk stjórnvalda er að tryggja samkeppni og að nútímafjarskiptaþjónusta nái til allra landsmanna. Í tengslum við söluna er nauðsynlegt að áfram verði unnið markvisst að því að jafna kostnað og aðgang landsmanna að öflugustu og hagkvæmustu gagnaflutningsleiðum eins og tækni þróast á hverjum tíma, óháð vegalengd. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er eðlilegt að nýta hluta af söluverðmæti Landssímans til að ná markmiðum um að upplýsingatæknin nýtist öllum landsmönnum sem best og að fjarlægðin frá höfuðborgarsvæðinu takmarki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni.

Einnig er nauðsyn á styrkingu annarra innviða samfélagsins. Hafa þar verið gefin fyrirheit um framlög til samgöngumála. Sala Landssímans styrkir þannig áform um framkvæmdir við jarðgöng á Austur- og Norðurlandi, sem nú er á vegáætlun með upphaf framkvæmdatíma á næsta ári. Þau markmið nást jafnframt með sölunni að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þó svo að við getum glaðst yfir mikilli lækkun skulda á næstgengnum árum má enn gera betur.

Ekki eru efni til að aðskilja grunnnetið frá Landssímanum. Fyrir því liggja m.a. tæknilegar ástæður en sérfræðingar telja að aðskilnaður netsins frá annarri starfsemi mundi leiða til vandkvæða og erfiðleika í þróun þess með þeim afleiðingum að þjónusta við notendur versnaði. Þá mundi það rýra verðmæti fyrirtækisins verulega og hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir notendur.

Nú liggur fyrir Alþingi skýrsla um mat á árangri þeirrar byggðastefnu sem nú hefur verið í gildi í tvö ár. Ljóst er að víða hefur tekist vel til en jafnframt þarf að auka áherslu á atvinnuuppbyggingu og treysta umhverfi atvinnulífsins á landsbyggðinni.

Nýting náttúruauðlinda er okkur nauðsyn til þess að færa okkur fram á veginn í byggða- og atvinnumálum. Unnið hefur verið að því með miklum krafti að undirbúa virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og samninga um stóriðju við Reyðarfjörð. Nú þegar eru hafnar miklar framkvæmdir við vegagerð og annan undirbúning sem svo miklar framkvæmdir krefjast. Augljóst er að þegar svo risavaxið verkefni kemur til framkvæmda mun það hafa gífurlega jákvæð áhrif

á efnahagslífið allt. Ekkert bendir til annars á þessari stundu en að stóriðjuáform muni ná fram að ganga.

Stöðug endurskoðun er á okkar trausta velferðarkerfi. Aukin hafa verið framlög til barnabóta og nýbreytni er í rétti til fæðingarorlofs, sem hefur leitt til þess að hagur fjölskyldna í landinu hefur vænkast. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var ákveðið að endurskoða almannatryggingakerfið og lögð sérstök áhersla á að bæta kjör þeirra sem hafa lægstar tekjur. Niðurstaða endurskoðunarnefndar liggur nú fyrir og mun Alþingi nú á vordögum væntanlega samþykkja tillögur í samræmi við þær niðurstöður.

Unnið hefur verið í langan tíma að því að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna en þrátt fyrir langan undirbúningstíma voru sveitarfélögin í landinu ekki tilbúin til að yfirtaka málaflokkinn. Einnig kom fram óeining í hagsmunasamtökum fatlaðra á lokastigum málsins. Það eru því vonbrigði að ekki skuli nást fram úrbætur í málefnum fatlaðra og að þjónusta við þá geti verið öll á einu stjórnsýslustigi.

Aukinn fjöldi útlendinga vill flytjast til landsins, sem er vel, og ýmist vilja þeir starfa hér um lengri eða skemmri tíma. Því var nauðsynlegt að endurskoða þá löggjöf sem um útlendinga gildir og á þessu vori munu verða afgreidd hér á Alþingi ný og breytt löggjöf um útlendinga og einnig atvinnuréttindi þeirra. Allt réttaröryggi útlendinga mun skýrast og batna mjög með tilkomu þessarar nýju löggjafar.

Unnið er að því að gera starfsumhverfi menningarmála á landsbyggðinni öruggara. Góð reynsla hefur orðið af samningi um menningarmál á Akureyri, stór og ánægjulegur áfangi náðist í vikunni þegar 16 sveitarfélög á Austurlandi undirrituðu samstarfssamning sín á milli um menningarmál og þau síðan sem einn aðili undirrituðu samstarfssamning við menntmrh. og fjmrh. um fyrirkomulag og fjárframlög til menningarmála. Þarna er stórum áfanga náð sem tryggir mun meira öryggi til þeirra fjölmörgu sem starfa að menningarmálum á Austurlandi. Mun þetta verða fordæmi í öðrum landsfjórðungum. Einnig var undirrituð viljayfirlýsing um framlög til menningarmiðstöðva í fjórðungnum. Það hefur jafnframt komið fram hjá menntmrh. að unnið er að útfærslu á hugmyndum um menningarhús í öllum landshlutum.

Á nýlokinni ráðstefnu menntmrn. um menningarmál á landsbyggðinni var mikil áhersla lögð á nauðsyn þess að efla listmenntun á öllum skólastigum og sérstaklega í grunnskólum. Var þar sérstaklega rætt um nauðsyn þess að samþætta listmenntun inn í aðra kennslu. Þar kom einnig fram mikill vilji til aukins samstarfs á milli þjóðmenningarstofnana og þeirra sem vinna að menningarmálum úti um land, báðum aðilum til góðs og menningarstarfi í landinu til heilla.

Góðir áheyrendur. Með íslensku þjóðinni býr mikill kraftur og hugkvæmni til að takast á við þá miklu möguleika sem nútímatækni býður upp á til að efla atvinnu og efnahagslíf okkar og með henni býr einnig mikill vilji til að hlúa að og efla menningu okkar og velferðarkerfi. Sá kraftur og vilji fær að njóta sín þegar rétt er að málum staðið á stjórnarheimilinu eins og nú er. — Góðar stundir.

[21:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við upphaf nýrrar aldar er okkur hollt að líta til baka og meta áhrif lagasetninga og stjórnvaldsaðgerða liðinna ára á þróun mannlífs, atvinnulífs og umhverfis hér á landi. Okkur hefur vegnað misvel á hinum ýmsu sviðum og oftar en ekki má finna skýringu á misgóðu gengi í löggjöf eða afgreiðslum Alþingis. Ábyrgð okkar er því mikil því að við erum núna að setja lög og taka ákvarðanir sem munu móta samfélag og lífsskilyrði hér á landi langt fram á komandi öld. Þegar vel árar á að vera jafnvægi í byggðum landsins, stöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar, næg atvinna og öryggisnet samfélagsþjónustunnar traust.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. heldur því fram að ríkisstjórnin hafi fært okkur þessi skilyrði á þeim sex árum sem hún hefur setið og svo muni verða áfram undir hennar stjórn. Hæstv. forsrh. neitar því að blikur séu á lofti í efnahagsmálum en forherðist í einkavæðingunni og stóriðjustefnan er orðin að trúarbrögðum. Til að bjarga völtu gengi krónunnar og halda uppi áframhaldandi hagvexti kann hæstv. ríkisstjórn ekki annað ráð en að selja sameiginlegar eignir okkar og þenja út stóriðjustefnu sína sem aldrei fyrr til að fá inn erlent fjármagn.

Á þessu vorþingi er fyrirhugað að leyfa sölu Landsbankans, Búnaðarbankans og Landssímans. Hugur stjórnarliða stendur helst til að selja allt sem rekið er af hinu opinbera, þó er heilbrigðisþjónustunni haldið til hliðar að svo stöddu.

Sú var tíðin að sjálfstæði þjóðarinnar stóð traustum fótum í banka allra landsmanna og síma allra landsmanna. Það þótti mikilvægt að treysta byggðina um allt land með því að efla þjónustu þessara stofnana. En nú er svo að sjá að okkur sé sama um hinar dreifðu byggðir og mætti ætla að það skipti ekki lengur máli hvort þjónusta við íbúa landsbyggðarinnar heldur áfram að skerðast því þannig mun það verða ef öll samfélagsþjónusta á að standa undir sér, hvort heldur fyrirtækin verða rekin í eigu íslenskra eða erlendra fjárfesta.

Væri nú ekki skynsamlegt að læra af reynslu annarra þjóða og viðurkenna að einkavæðing almannaþjónustu hefur það fyrst og fremst í för með sér að þjónustan verður dýrari, hún verður óaðgengilegri og kemur færra fólki til góða?

Herra forseti. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki valið réttar leiðir til að viðhalda eðlilegum hagvexti og góðum lífskjörum hér á landi. Byggðir landsins eru flestar veikburða og þó eitthvað kunni að hafa dregið úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þá eru fá merki þess að sú þróun sé að snúast við. Nei, herra forseti, til að snúa byggðaþróun á réttan veg þarf fyrst og fremst að efla þá starfsemi sem skiptir máli þegar fólk velur sér búsetu. Vel skipulögð samfélagsþjónusta, góðir skólar, öflug heilsugæsla, nauðsynleg þjónusta verslunar, banka og pósthúsa, allt eru þetta mikilvægar stoðir blómlegs mannlífs í byggðum landsins ásamt fjölbreyttri atvinnu og atvinnuöryggi.

Ríkisstjórnin þarf að átta sig á því að ekki er nóg að bæta vegakerfið eitt og sér og kalla það byggðastefnu. Hún þarf að átta sig á því að markviss stefna í byggðatengdri menntun skilar sér betur til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni en eitt risaálver.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill auka atvinnutækifæri um land allt með því að nota hreina, innlenda orkugjafa, m.a. til uppbyggingar í þeim atvinnugreinum sem þegar eru til staðar. Við viljum ekki nota þá takmörkuðu auðlind til mengandi stóriðju og eiga svo ekki lengur aðgang að henni þegar á þarf að halda til fljótandi eldsneytisframleiðslu vetnissamfélagsins.

Herra forseti. Um þessar mundir liggur frammi til kynningar matsskýrsla Landsvirkjunar á fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun þar sem Landsvirkjun réttlætir umhverfisspjöll af virkjunarframkvæmdum með meintum hagnaði af hugsanlegri álverksmiðju Reyðaráls. Áhrif samfélagslegra þátta,

sérstaklega á Austurlandi, þjóðhagsleg áhrif og samanburður á kostum annarrar landnotkunar og atvinnuþróunar eru ekki skýr og er í raun ótrúlegt að reynt sé að réttlæta þau stórkostlegu náttúruspjöll sem þarna munu eiga sér stað ef af þessari virkjun verður.

En ríkisstjórnin réttlætir fyrirhugaðar stórframkvæmdir með því að auka þurfi atvinnu og skapa fleiri störf á Austurlandi. Fullyrða má að ef jöfn og eðlileg atvinnuþróun hefði orðið á Austfjörðum hefði brottflutningur fólks ekki verið það vandamál sem við blasir. Við erum oft sögð tíu eða fimmtán árum á eftir þeim þjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við því að við tökum oft upp úrelt kerfi þeirra. Stóriðja var svar áttunda áratugarins til að styrkja byggðir. Ríkisstjórnin á sem sé ekki annað svar en úreltar hugmyndir liðinnar aldar. Skotar, svo dæmi sé tekið, hafa lagt þá misheppnuðu stefnu niður, enda skilaði hún engum árangri. Reynslan frá Noregi er sú að næsta kynslóð á eftir álverksmiðjunni flytur burt. Í dag er næg atvinna á Austurlandi, samt flytur fólk og kalla þarf eftir erlendu vinnuafli.

Vöxtur útflutnings í litlu, opnu hagkerfi eins og hjá okkur er mikilvægur til að halda uppi hagvexti. Sökum þess hve hagkerfið okkar er lítið þá er það viðkvæmt, sérstaklega fyrir stórum sveiflum í verðlagi. Af þeirri ástæðu er meira en varasamt fyrir okkur að auka hlutfall útflutnings á áli. Skellurinn í niðursveiflu getur orðið þjóðarbúinu dýrkeyptur. Betri árangur næst með því að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja til að þróa vörur til útflutnings á þeim sviðum þar sem við höfum góða þekkingu.

Herra forseti. Núverandi sjávarútvegsstefna með samsöfnun kvóta til fárra staða hefur ein og sér haft hvað mest áhrif á fólksfækkun, sérstaklega á Austurlandi og Vestfjörðum. Þessi þróun verður að skrifast á hæstv. ríkisstjórn. Ekki mun sú lagasetning sem afgreidd var hér fyrr í dag um kjör og réttindi sjómanna treysta sjávarútveginn og búsetu í sjávarplássum né heldur auka veg og virðingu stjórnarliða sem í annað sinn á þessum vetri skirrast ekki við að brjóta mannréttindi með lögum frá Alþingi.

Góðir landsmenn. Gerðir okkar í dag hafa áhrif á líf okkar á morgun. Ef við hlúum ekki að byggðum landsins með skynsamlegum hætti nú njótum við ekki gæða þeirra í framtíðinni. Ef við fórnum náttúru landsins í dag njótum við hennar ekki á morgun.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn.

Rístu og sýndu sæmd og rögg,
sól er í miðjum hlíðum.
Dagsins glymja hamarshögg,
heimurinn er í smíðum.

Eldhúsgluggi eða skjár Alþingis er opinn í kvöld. Ný öld *heilsar með einum besta vetri um árabil, vorið og sumarið* eru heillandi tímar fram undan. Bjartsýni og trú er afl hins hamingjusama, kraftmikla manns. Ég kem inn í stofu til þín í kvöld, ég tala fyrir hönd Framsfl.

Nú eigum við sex ár að baki í ríkisstjórn. Ég segi sex góð ár. Hvað hefur gerst á sex árum? Unga fólkið vitnar um tækifærin. Þau eru önnur og fleiri. Lífskjörin hafa batnað. Það hafa orðið til 15 þús. störf á Íslandi á þessu tímabili. Það er atvinna fyrir alla. Íslendingar hafa verið að flytjast heim erlendis frá. Það er mikill árangur og mikil breyting frá því sem var fyrir sex árum. Við framsóknarmenn erum stoltir af því að hafa lagt grunn að þjóðfélagi þar sem þegnarnir mæta nýrri öld, sókndjarfir og bjartsýnir.

Stjórnmálin eru að þróast, stjórnmálaflokkarnir að breytast og mótast af nýjum stefnum og straumum. Stjórnmálamenn finna til í stormum sinnar samtíðar.

Stjórnarandstaðan í þessu eldhúsi hefur valið sér það hlutverk að vera á öndverðum meiði í öllum framfaramálum síðustu ára. Forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar minnir á vindhanann á burstinni sem snýst og snýst. Vinstri grænir eru gamalt vín á gömlum belgjum. Flokkurinn er þverklofinn. Annars vegar eru gömlu allaballarnir og kommarnir. Hins vegar er Hollywood-liðið. Vinstri grænir neita ábyrgð og séu tveir erfiðir kostir í einu máli velja þeir ódýrustu leiðina og eru á móti báðum. *Þeir axla ekki ábyrgð.*

Framsfl. hefur alltaf haft manngildi ofar auðgildi og barist undir slagorðunum „Fólk í fyrirrúmi." Við viljum reka öflugt velferðarkerfi og kostnaðinn af því beri blómlegt atvinnulíf í landinu. Séu atvinnuvegirnir reknir með tapi minnka skatttekjur ríkisins og atvinnuleysi eykst. Þá verða minni fjármunir til ráðstöfunar til velferðarkerfisins. Við höfum jafnframt lagt á það áherslu að lögmál markaðar og frjáls samkeppni ríki í atvinnulífi landsmanna en velferðarkerfið sé í höndum hins opinbera. Hagnaðarvon er drifkraftur atvinnulífsins og markaðarins en mannúð og samkennd eiga að ráða ríkjum í velferðarkerfinu.

Okkur hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar tekist að gera þó nokkrar kjarabætur á högum þeirra sem verst eru settir. Framsóknarmenn telja að í þeim efnum verði að gera enn betur og munum við leggja á það mikla áherslu, enda lýkur baráttunni fyrir lítilmagnann aldrei. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á kerfi barnabóta til hagsbóta fyrir barnafólk. Þá hefur fæðingarorlof verið lengt og réttur feðra tryggður. Framsfl. hefur stóraukið fjármagn til heilbrigðismála og mun standa vörð um þann grunnrétt að Íslendingar eigi sama rétt til heilbrigðisþjónustunnar og menntunarinnar án tillits til efnahags, heilsufars eða búsetu.

Við framsóknarmenn erum einarðir baráttumenn gegn voða fíkniefna og fyrir síðustu kosningar lögðum við mikla áherslu á að skorin yrði upp herör gegn þessum vágesti. Við lögðum áherslu á að varið yrði meiri fjármunum til þeirrar baráttu og töluðum um einn milljarð á kjörtímabilinu. Nú á miðju kjörtímabili hefur þessu marki verið náð en við munum gera enn betur. Varla hefur farið fram hjá nokkrum manni að t.d. í toll- og löggæslu hefur náðst mjög mikill árangur á undanförnu missiri.

Atvinnustefna landbúnaðarins hefur mjög verið til umræðu á síðustu mánuðum. Í kjölfar sjúkdómshörmunga í Evrópu hlaut hún lof allra. Nú flagga þessir sömu menn öðrum fánum og meta einskis hið mikla framtak t.d. íslenskra garðyrkjumanna. Íslenskur landbúnaður er stöðug barátta við að beisla krafta náttúrunnar og breyta þeim í heilnæma gæðavöru. Ég finn sátt hjá þjóðinni um starf bóndans. Ég vil þakka allan þann stuðning.

Mjög lífleg og á köflum undarleg umræða hefur staðið undanfarnar vikur um verðmyndun á grænmeti og ávöxtum. Ekki hafa sumir látið sig muna um að kenna ríkinu og þá helst þeim sem hér stendur um að verðlag á ávöxtum og grænmeti væri hátt hér á landi, jafnvel á ávöxtum sem ríkið leggur enga tolla á.

Á vegum ríkisstjórnarinnar er nú unnið að því að leita leiða til að lækka verð á þessum nauðsynjavörum. Fyrstu tillögur um tollalækkanir hafa litið dagsins ljós. Baráttunni er

ekki lokið. Auðvitað er mikilvægt að sjá hvernig verðmyndunin á sér stað, hvað hver tekur í sinn hlut, hvað smásalan tekur í sinn hlut, hvað heildsalarnir fá og hvað bóndinn fær. Auðvitað minnir sagan á Bakkabræður þegar þeir fóru í fótabaðið. Það þarf prik og berja í leggina. Þá dregur hver fæturna að sér og verður að viðurkenna hver er hans hlutur. Ég trúi því að við náum árangri í þessu erfiða verkefni.

Hæstv. forseti. Fákeppni er alvörumál. Heilbrigð samkeppni knýr menn áfram til góðra verka. Því er brýnt að í smásöluverslun keppi fleiri en tvær keðjur. Rannsókn Morgunblaðsins bendir til að smásalan sé dýr og hörð í viðskiptum.

Við Íslendingar eigum töfrandi land. Við eigum auðlindir til að fóstra stóra þjóð. En dýrmætasta auðlindin er duglegt fólk. Það er skylda okkar að gefa þessu fólki frelsi til athafna. Þannig verða barni þínu tryggð lífskjör og hamingja í landinu bláa.

Sterkasta aflið til að byggja upp atvinnulíf er hugsjónaríkt fólk og sterkasta aflið gegn fákeppni eru lífeyrissjóðir fólksins. Þeir eiga að gegna stóru hlutverki þar sem ríkisvaldið hverfur út úr rekstri. Lífeyrissjóðir fólksins eiga 120 milljarða í fjárfestingum erlendis. Þeir eiga að vera stærstu aðilarnir. Þeir eiga 50–100 millj. til þess að taka við hlutverki ríkisins í atvinnurekstri. Kannski endar hv. þm. Ögmundur Jónasson í einhverju bankaráðinu.

Góðir Íslendingar. Ég trúi á að við séum á réttri leið. Það er þessi stefna sem tryggir velferð og lífskjör til framtíðar. Bjartsýni og trú fylgir töframáttur. — Góðar stundir.

[21:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú síðdegis voru sett dæmalaus lög hér á Alþingi sem afnámu rétt mikils meiri hluta sjómanna til þess að semja um kaup og kjör. Samningsréttur þeirra sem ekki voru í verkfalli eins og í Sjómannasambandi Íslands og Vestfirðinga í Alþýðusambandi Vestfjarða sem aldrei voru í verkfalli var einnig af þeim stéttarsamböndum tekinn. LÍÚ fær því ráðið með því að boða verkbann á sjómenn og neita að aflétta því að LÍÚ-þjónarnir í ríkisstjórnarflokkunum hér í hv. Alþingi afgreiða lög eins og þau eiga að vera að ósk lagapöntunarfélagsins LÍÚ.

Það er meira en líklegt að ríkisstjórnin eigi síðar eftir að fá ávítur frá ILO, Alþjóðavinnumálastofnuninni, og að þessi dæmalausa gjörð sé brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Við erum að ræða um stjórnarskrárvarinn rétt launafólks. Engan þarf að undra þó Alþýðusamband Íslands, heildarsamtök launþega, fordæmi þvílík vinnubrögð eins og hér voru viðhöfð í dag. Ég ætla að leyfa mér að vona að réttsýnir og skynsamir menn veljist í gerðardóminn sem lög voru sett um í dag, gerðardóminn sem að réttu er frekar stjórnsýslunefnd en dómur, og að meðalhófsreglu verði gætt og samningsréttur sjómanna verði ekki af þeim tekinn í hálfan áratug eins og gæti orðið ef mjög umdeildur kjarasamningur Vélstjórafélags Íslands yrði hafður til viðmiðunar.

Hvað skyldi verða það næsta sem lagapöntunarfélagið LÍÚ tekur sér fyrir hendur að því er varðar starfsumhverfi í sjávarútvegi? Það liggur að sjálfsögðu fyrir hvað þeir vilja að ríkisstjórnin geri næst. Það á að koma böndum á þá skelfilegu frekju smábátasjómanna að vilja veiða fisk á grunnslóð sem verið hefur lífsbjörg margra sjávarbyggða eftir að stórútgerðarmennirnir í lagapöntunarfélaginu LÍÚ hafa selt burt frá fólkinu í sjávarbyggðunum atvinnuréttinn, óveiddan fiskinn í sjónum úti fyrir ströndinni.

Að þessu sinni vilja þeir í lagapöntunarfélaginu LÍÚ alls ekki lög, ekki einu sinni að þeim lögum sem hefta eiga takmarkað veiðifrelsi smábátanna og kvótasetja þá í ýsu, steinbít og ufsa verði frestað um eitt ár. Nei, nú hentar það lagapöntunarfélaginu að engin lög verði sett. Þá fá þeir hjá LÍÚ nýja arðvænlega leiguliða sem verður gert skylt að leigja af þeim ýsuna, steinbítinn og ufsann sem stórútgerðarmennirnir í lagapöntunarfélaginu LÍÚ veiða hvort sem er ekki sjálfir. Þar með væri LÍÚ að græða á leiguliðum á smábátum og það má borga mikið í kosningasjóði stjórnarflokkanna fyrir að fá þá pöntun afgreidda. Þeim nægir ekki hjá LÍÚ að innheimta auðlindagjald af þeim fjölda sjómanna sem í dag hafa litlar aflaheimildir og eru leiguliðar þeirra stóru í lagapöntunarfélaginu.

Það skyldi þó ekki verða að það yrði næsta afrek þessarar ríkisstjórnar, að sjá til þess að starfsumhverfi smábátasjómannanna sem haldið hafa uppi byggð í landinu verði ekkert breytt og þegar LÍÚ vill ekki fá lög þá verði sú framkvæmd líka látin fylgja eftir og lagapöntunarfélagið ráði því bæði hvort menn setja lög eða setja þau ekki.

Hér á landi hefur að nafninu til verið rekin byggðastefna. Birtar eru áætlanir í byggðamálum og um að störfum eigi að fjölga úti á landi. En ekki fylgir nein framkvæmdaáætlun þessari stefnumótun, hvað þá fjármagn til að fylgja byggðastefnunni eftir.

Íslenska byggðastefnan sem m.a. birtist í kvótabraskskerfi stórútgerðanna er í raun eyðibyggðastefna, hreinlega eyðibyggðastefna eins og hún hefur verið útfærð sem þarf að afnema sem allra fyrst. Ef ekki, verður enn á ný vegið að landsbyggðarfólki og íslenskum byggðum úti um landið.

[21:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ætla mætti að landsmenn búi við sterka ríkisstjórn því stjórnarflokkarnir hafa mikinn meiri hluta á Alþingi. Stjórnvöld upplifa vald sitt mjög sterkt og beita því af þunga í samskiptum við stjórnarandstöðuna en ekki síður í athöfnum sem snúa að stofnunum og almenningi í landinu. Heilbrigðri og málefnalegri gagnrýni og umræðu utan úr þjóðfélaginu er ekki unað né faglegri umfjöllun sérfræðinga í stjórnkerfinu. Sérstaklega á þetta við um viðhorf eða skoðanir sem henta ekki afstöðu ráðamanna þá stundina. Ég ætla að nefna dæmi. Af nógu er að taka.

Forstöðumenn ríkisstofnana boðuðu til fundar á síðasta ári. Hvert var umræðuefnið? Þeir vildu ræða um þá stöðu sína að mega ekki tjá sig faglega um málefni sem undir stofnanir þeirra heyra, ef sú faglega afstaða var ekki þóknanleg þeim sem valdið hefur. Þessi uppákoma vakti ekki umtalsverða athygli. Sama má segja um það þegar vísindasiðanefndin var leyst upp í kjölfar þess að synja Íslenskri erfðagreiningu um upplýsingar. Viðbrögðin urðu þá sterk þegar forsrh. líkaði ekki mat Þjóðhagsstofnunar á stöðu efnahagsmála. Mörgum brá í brún þegar skýr og einbeittur vilji forsrh. kom í ljós strax í kjölfarið um að leggja stofnunina niður. Dómsvaldinu var veitt ofanígjöf vegna kvótadóms. Og alþjóð veit hvernig samskiptin voru við Öryrkjabandalagið þegar hæstaréttardómur féll sem úrskurðaði þessum hópi óskerta tekjutryggingu.

Það veldur öllu hugsandi fólki áhyggjum að þessi athyglisverðu dæmi eru allt of mörg til að vera tilviljun. Þau eru beinlínis sláandi þegar ýmsar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar eru skoðaðar. Viðbrögðin í málum þar sem eðlileg og

málefnaleg gagnrýni er höfð uppi á ríkisstjórnina eru engan veginn til sóma hjá þjóð með langa hefð fyrir virku lýðræði.

Forsrh. gagnrýndi harkalega spá Þjóðhagsstofnunar í desember um að verðbólga yrði 6% á þessu ári. Hún mælist nú 5,5% milli ára og samkvæmt Seðlabankanum stefnir verðbólga í 5,7% á árinu, sem þýðir reyndar um 6% seinni hluta ársins. Þjóðhagsstofnun hafði bara allt of rétt fyrir sér. Þennan sannleika mátti ekki segja. Það er heppilegra að þegja.

Forstöðumenn ríkisstofnana búa oft yfir upplýsingum sem geta verið afar óþægilegar fyrir stjórnvöld. Þeir hafa lært að það er betra að þegja. Vísindasiðanefndin mátti ekki neita Íslenskri erfðagreiningu um upplýsingar. Þar með skulu vísindamenn vita að það er betra að þegja. Skilaboðin til Öryrkjabandalagsins voru alveg skýr: Það hefði verið betra fyrir ykkur að þegja.

Þessi framkoma ríkisstjórnarinnar tekur á sig alvarlegustu myndina þegar ráðherrar neita að horfast í augu við staðreyndir efnahagslífsins. Viðvörunum efnahagsstofnana allt síðasta ár um hættuástand fram undan í efnahagsmálum var ekki sinnt. Þegar Samfylkingin benti á þessar staðreyndir og gerði ábendingar Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og OECD að sínum gerði forsrh. lítið úr viðvörunum og fjmrh. tók undir. Frá Seðlabankanum berast nú þær fregnir að nýtt met hafi verið slegið í skuldaaukningu þjóðarbúsins erlendis, að stöðugleiki fjármálakerfisins sé í hættu og verðtryggðar skuldir heimilanna hafi hækkað um 15 milljarða frá áramótum.

Góðir tilheyrendur. Ef verðbólga er 6% í stað 2%, sem allar þjóðir keppa að, virkar hún svipað og skattar hefðu verið hækkaðir um 2%. Þegar gengi lækkar verða allar innfluttar neysluvörur dýrari. Að framlengja svokallað góðæri með umræðunni einni saman eru stjórnarhættir suður-amerískra ríkja. Há verðbólga þýðir að launin elta — en bara seinna. Gamalkunnur vítahringur fer í gang. Að bregðast ekki við er að bregðast þeim fjölskyldum sem reynt hafa að sjá fyrir um útgjöld heimilisins, tekið ákvarðanir á grundvelli þess sem þær hafa milli handa, staðráðnar í að standa við skuldbindingar sínar. Að bregðast ekki við er óvirðing við þá þjóðfélagshópa sem báru uppi þjóðarsáttina á sínum tíma og gerðu hófsama kjarasamninga í vetur.

Það er ekki sterk ríkisstjórn sem hagar sér svona. Það er ríkisstjórn sem að þingmeirihluta gæti verið sterk en er í reynd afar veik. Umræða sem byggir á frjóum hugmyndum, rannsóknum og eðlilegri gagnrýni er forsenda framfara í öllum lýðræðisríkjum. Ríkisstjórn sem óttast umræðu og beitir valdi til að halda henni niðri er veik stjórn.

Góðir landsmenn. Stjórnmál snúast um hugmyndafræði. Og hana þarf að endurskoða í síbreytilegum heimi. Samfylkingin varð til vegna hugsjónar um sameiningu jafnaðarmanna og fyrir brýna þörf á endursköpun stjórnmálanna. Sigurganga jafnaðarmanna í Evrópu er slíkri endursköpun að þakka og því að þeir svöruðu kalli tímans.

Samfylkingin byggir á jafnrétti og kvenfrelsi, sterku félagslegu réttlæti og virkjun markaðslögmála. Samfylkingin hefur sýnt það í verki að hún er reiðubúin að axla ábyrgð. Samfylkingin er merkisberi lýðræðislegrar þróunar sem þetta þjóðfélag þarf sárlega á að halda í dag. Og Samfylkingin mun svara kalli tímans. — Góðar stundir.

[21:36]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Íslenska hagkerfið hefur stækkað um 25% milli áranna 1995 og 2000. Lífskjör þjóðarinnar, alls almennings hafa batnað í sama takti.

Þessi mikli hagvöxtur hefur reynt á þanþol efnahagslífsins og þess vegna þurfum við að ná betra jafnvægi í hagkerfinu. Það þarf að stilla eftirspurn opinberra aðila, heimila og fyrirtækja í hóf, það þarf að stilla betur strengi atvinnulífsins sem er framboðshliðin í hagkerfinu. Það þarf að stilla upp til frekari sóknar á næstu árum.

Viðfangsefni hagstjórnarinnar er að sjá til þess að þetta jafnvægi batni. Mikilvæg breyting var gerð fyrir nokkrum vikum þegar gengi krónunnar var látið ráðast af markaði. Við það verður gengið virkara jafnvægistæki í efnahagslífinu.

Ef við veltum fyrir okkur hagvextinum á næstu árum getum við velt því fyrir okkur hvað það mun taka mörg ár að stækka hagkerfið um önnur 25%. Það mun ráðast af því hvernig til tekst í atvinnulífinu. Það þarf að efla útflutning vöru og þjónustu, allar atvinnugreinar þurfa að ná betri árangri í alþjóðavæðingu, það þarf að leggja aukna áherslu á hagræðingu og framleiðniaukningu og það verður sífellt að styrkja og hlúa að innviðum hagkerfisins. Og hver skyldu nú vera helstu verkefnin í því sambandi?

Forsrh. hefur lagt fram tillögur í skattamálum atvinnulífsins sem koma Íslandi á kortið í alþjóðlegu skattalegu samhengi. Það þarf að þróa áfram viðskiptalöggjöfina í víðum skilningi. Á undanförnum árum hafa verið unnin stórvirki í þá átt að setja nútímalöggjöf um starfsumhverfi atvinnulífsins og viðskipti og mikilvæg skref eru fram undan.

Við þurfum að efla menntakerfið, gífurlegar breytingar hafa orðið á því sviði á undanförnum árum, sérstaklega á sviði æðri menntunar og fjarkennslu. Síaukinn áhugi og aðkoma einkaaðila er að því að veita menntun. Það er með stolti sem ég nefni Verslunarráð Íslands í þessu sambandi sem er með yfir 500 millj. kr. í eigið fé í menntastofnunum sem veita vel á annað þúsund manns menntun. Og það er með stolti sem ég ber þessi samtök saman við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sem undir forustu hv. þm. Ögmundar Jónassonar álítur það sitt helsta samfélagsverkefni að binda eigið fé í sumarbústöðum.

Það er verkefni að ná stóriðjusamningum, ná samningum um stækkun Norðuráls og Reyðaráls og reisa tilheyrandi virkjanir. Það er sífellt viðameira og mikilvægara verkefni að tryggja réttindi okkar á erlendri grund. Alþjóðavæðingin byggir á samningum um réttindi fyrirtækja og einstaklinga við erlend ríki. Utanrrh. og hans menn hafa unnið gott verk á þessu sviði.

Velferðarkerfið þarf að efla. Það er öflugt samkeppnistæki þegar ungir Íslendingar sem hafa menntast erlendis velja um það hvort þeir flytja aftur heim eða ekki. Þá skiptir máli að búa við góða heilbrigðisþjónustu og gott almannatryggingakerfi. Árangur okkar í atvinnulífinu og velferðarkerfinu hangir saman. Án öflugs atvinnulífs verður ekki öflugt velferðarkerfi og án öflugs velferðarkerfis fáum við ekki unga fólkið til landsins til þess að byggja upp atvinnulífið.

Ýmis verkefni eru fram undan í byggðamálum. Skapa þarf verðmætari störf sem skila samkeppnishæfum tekjum fyrir íbúa landsbyggðarinnar, það er forsenda blómlegs mannlífs. Það þarf að endurskoða stjórn fiskveiða, það þarf að viðhalda ábyrgri stjórnun, sjávarútvegur þarf að þróast á hagkvæman hátt og það þurfa allir að fá sanngjarna möguleika til þess að ná árangri í rekstri. Bábiljur hv. þm. Guðjóns Arnar Kristjánssonar munu ekki rætast.

Virðulegi forseti. Það flæða hér góð mál um þingsali. Ég nefni sölu hlutafjár ríkisins í ríkisbönkunum. Ég nefni heimildir til sölu hlutafjár ríkisins í Landssímanum. Ég nefni að sparisjóðir fái heimild til þess að breytast í hlutafélög. Ég nefni að samvinnufélög fái heimild til þess að breytast í hlutafélög. Ég nefni nýja löggjöf um Seðlabanka Íslands. Ég nefni heildarlöggjöf um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir. Ég nefni ný vaxtalög. Ég nefni löggjöf um rafrænar undirskriftir. Ég nefni frv. til nýrra raforkulaga. Og ég nefni frv. til almannatrygginga.

Virðulegi forseti. Ég nefndi áðan að við þyrftum að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Vinnustöðvanir eru ekki samkeppnistæki. Aðilar vinnumarkaðarins hafa mikil réttindi til þess að stöðva hjól atvinnulífsins. Þessum réttindum fylgir mikil ábyrgð. Það hefur ekki verið skemmtilegt verk að grípa inn í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Það hefur hins vegar verið nauðsynlegt. Fyrir hverja ríkisstjórn sem vill stjórna landinu með ábyrgð gagnvart almenningi er það nauðsynlegt. Það hljóta að vera takmörk fyrir hvað deiluaðilar í kjaradeilum geta látið sig almannahagsmuni litlu varða. Sjómenn hefðu þolað lengra verkfall. Mörg útgerðarfyrirtæki hefðu þolað miklu lengra verkfall. En þjóðin þarf á því að halda að sjávarútvegurinn skili eðlilegu framboði af gjaldeyri inn á gjaldeyrismarkaðinn. Með því að skrúfa fyrir framboð á gjaldeyri frá sjávarútveginum í svo langan tíma er verið að halda gengi krónunnar niðri og kynda undir verðhækkunum og lækka kaupmátt almennings. Inngrip í þessa kjaradeilu var því orðin þjóðhagsleg nauðsyn.

Virðulegi forseti. Nú eru mörg heimilin og fyrirtækin að spá í framtíðina eftir eitt glæsilegasta uppgangstímabil sem við Íslendingar höfum lifað. Margir hafa gengið of hratt um gleðinnar dyr og misreiknað sig í neyslu og fjárfestingum. Því skiptir máli að við notum tækifærið til að læra og draga réttar ályktanir fyrir framtíðina. Við höfum alla burði til þess að ná meiri árangri og það er á okkar valdi að halda stöðu Íslands í hópi mestu velmegunar- og velferðarríkja.

[21:43]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Ég vil byrja á að þakka bæði fulltrúum Sjálfstfl. og fulltrúum Framsóknar fyrir þá miklu athygli sem þeir veita okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það hlýtur að benda til þess að við séum verðugir andstæðingar og viljum hafa sýn sem er öðruvísi en þeirra. Er það ekki?

Sjálfumglaðir stjórnarsinnar hér hafa sjálfsagt efni á því að skensa aðra og halda og segja að það sem þeir eru að gera sé best. En er það svo? Eru ekki tvær hliðar á öllum málum? Er það svo að hlutirnir séu með þeirri glansmynd sem dregin er upp hér í orðræðum bæði framsóknarmanna og sjálfstæðismanna?

Góðir landsmenn. Við skulum átta okkur á því að sú velgengni sem stjórnarherrarnir guma af er keypt dýru verði. Hún er keypt því verði að hér er verið að gjörbreyta á örfáum árum samfélaginu Íslandi, sem í áratugi hefur byggst á jafnrétti og félagshyggju, en hér sitja fulltrúar markaðsvæðingarflokkanna og eru hreyknir af því.

Til hvers leiðir sú stefna sem þessir menn eru að fara? Það vita menn en þjóðin er fyrst að finna hitann af stefnunni núna með fullum þunga eftir sex ár. Það er einkavæðingarstefnan. Hvernig er hrunadansinn, hvernig er góðærið fjármagnað? Er það ekki að hluta til fjármagnað með sölu á silfri þjóðarinnar? Og það á enn að selja. Er það ekki það sem er í gangi? Framsóknarmenn í samvinnu, taglhnýtingar sjálfstæðismanna, vinna hörðum höndum að grundvallarbreytingum á þjóðfélaginu Íslandi sem við höfum verið svo stolt af hingað til, rík þjóð, vel menntuð, og það er grunnurinn sem byggt er á. Það er sá grunnur sem farið er í á breytingaskeiðinu. Við skulum átta okkur á því að tíu ára ferill er ekki langur ferill í pólitík. Og þegar þetta skeið verður gert upp eftir tíu ár af sagnfræðingum, þá er ekki eins víst að þessi mynd verði svo glæst sem menn lýsa henni núna.

Á öllum sviðum samfélagsins er verið að breyta um takt í rólegheitum. Sala ríkisfyrirtækja og smám saman, hægt og bítandi, er verið að bora sig inn í grunnþjónustuna sem allir eiga að eiga jafnan rétt að og hefur verið þjóðarsátt um hingað til, sjúkrahúsin, öldrunarþjónustan, umönnunin, allt er falt, allt er falt fyrir nýja tíma. Og það er þetta sem meginágreiningurinn snýst um.

Góðir landsmenn. Ég frábið mér að þeir sem stjórna ferðinni núna geri lítið úr okkur hinum sem höfum aðra sýn og viljum gera hlutina öðruvísi. Ég er stoltur af því fyrir hönd míns fólks í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við stöndum vörð um hin íslensku gildi sem við höfum verið stolt af í áratugi, að byggja upp samfélag sem byggir á félagshyggju og jafnrétti. Það er ekki markaðssamfélag. Grunnstoðir samfélagsins eiga að vera á jafnréttisgrundvelli fyrir alla Íslendinga.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góðir landsmenn, góðar stundir og gleðilegt sumar.

[21:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Vorið er tími bjartsýni og eftirvæntingar, vorið er tími undirbúnings, sáningar og vonar um góða uppskeru. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur sáð og uppskorið vel fyrir íslenska þjóð þau sex ár sem við höfum verið við stjórn þessa lands.

Það býr kraftur og frumkvæði í íslenskri þjóð. Frumatvinnugreinarnar eru grundvöllur velferðar okkar og að þeim ber að hlúa. Ef frumatvinnugreinarnar ganga ekki gerist lítið í þjóðfélaginu. Í orðum mínum í kvöld ætla ég að benda á ýmislegt sem er að gerast og skapar íslenskri þjóð möguleika til viðbótar því sem fyrir er því að oftast segja stjórnarandstæðingar „það verður bara að gera eitthvað annað“ þegar þeir standa frammi fyrir nýjum möguleikum. Það hefur komið vel fram í ræðu í kvöld. En það er sannarlega margt spennandi í deiglunni á Íslandi í dag.

Viss tilhneiging er til þess að líta á Ísland sem einhæft land, líta á okkur eingöngu sem orkustöð og forðabúr. Vissulega eru möguleikar á framleiðslu grænnar orku miklir og þá ber að nýta af skynsemi. Komið hefur fram að Ísland er í fremstu röð þjóða í framleiðslu á ýmsum tækjum og hugbúnaði sem snertir sjávarútveg, líftækni og heilsutækni. Þessar vörur seljum við um allan heim.

Lykillinn að þessu er menntun, þróunarstarf og markaðssetning. Menntun og góðir skólar eru grundvöllur framfara á Íslandi. Það vekur hjá okkur þjóðarstolt að fylgjast með Íslendingum sem eru að spjara sig á heimsmælikvarða. Það á við um íþróttafólkið okkar og tónlistarmennina sem við köllum stundum poppara. Í þessu felst gríðarleg landkynning. Sú landkynning hefur þegar skilað sér. Ísland er orðið virt land

tónlistar og kvikmyndaiðnaðar, þessum staðreyndum er vert að gefa gaum.

Hnattvæðingin hefur mikið að segja. Ísland er ekki lengur einangruð þjóð langt úti í Atlantshafi heldur þátttakandi í samfélagi þjóðanna, bæði hvað varðar efnahagsmál, háskólamenntun, menningu og ýmsa aðra þætti.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Menningartengd ferðaþjónusta hefur verið að ryðja sér til rúms, t.d. er Njáls saga orðin ný auðlind á gömlum grunni, það sést best á heimsóknum Íslendinga og útlendinga í Sögusetrið á Hvolsvelli. Á sama hátt er fjöldi annarra setra í landinu með ýmis séreinkenni. Byggðasöfn landsins hafa rutt þessa braut, t.d. byggðasafnið í Skógum.

Starfsemi Bláa lónsins er gott dæmi um heilsutengda ferðaþjónustu. Miklir möguleikar eru á heilsutengdri ferðaþjónustu í Hveragerði, t.d. í Heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins.

Engir eru betur til þess fallnir en íslenskir kjötiðnaðar- og matreiðslumeistarar að kynna íslenskar matvörur hér heima og á erlendri grund. Störf matreiðslumeistara eru stór þáttur í ferðaþjónustunni. Frábær árangur kjötiðnaðar- og matreiðslumeistara í erlendri keppni er aðdáunarverður. Við eigum að nýta okkur krafta þessara manna betur í sambandi við útflutning á lambakjöti. Þrátt fyrir nýjar atvinnugreinar verðum við að auka útflutningstekjur okkar miðað við þær kröfur sem við gerum til velferðarkerfisins.

Heilbrigðis- og félagsmálakerfið okkar er eitt það fullkomnasta í heiminum. Á Íslandi er gott að búa.

Skemmtilegt er að fylgjast með hliðarbúgreinum í landbúnaði svo sem landshlutabundnum skógræktarverkefnum og verkefnum landgræðslunnar „Bændur græða landið", hestamennsku o.fl. Í gegnum þessar búgreinar tengjum við saman þéttbýli og dreifbýli því að við erum auðvitað ein þjóð í einu landi. Samkeppnin er á milli Íslands og útlanda. Við landsbyggðarfólk megum ekki tala eins og Reykjavík sé einhver ógnvaldur. Við eigum að draga fram kosti þess að búa úti á landi því að þeir eru auðvitað fjölmargir.

Ef æskan bregst þeirri ættjörð sem henni var gefin,
er ekkert í heiminum til sem bjargar því landi.

Þannig orti Guðmundur Böðvarsson í ljóðinu Bifröst. Það varð á margan hátt bylting í íslensku samfélagi þegar Framsfl. kom aftur til valda á Íslandi. Ríkisstjórnin hefur áorkað miklu á þessum tíma. Þannig höfum við eytt atvinnuleysi, við höfum stóraukið kaupmátt launa, við höfum aukið hagvöxt, við höfum rýmkað fæðingarorlof, við verjum meiri peningum til almannatrygginga og við verjum meiri peningum til forvarna. Þetta gerist ekkert af sjálfu sér. Framsfl. hefur staðið við fyrirheit sín og metnaðarfull markmið.

Oft er ég spurður hvers vegna Framsfl. sé í samstarfi við Sjálfstfl. Úrslit kosninga til Alþingis hafa ekki boðið upp á annað. Samfylkingin er eins og olíulaust fiskiskip. Skipstjórinn gefur ordrur en áhöfnin er ósjálfstæð. Um lélega skipstjórnarmenn er stundum sagt að þeir séu bestir á bryggjunni.

Vinstri grænir tala eins og þeir þekki ekki vélbátamenninguna enn þá. Þeir halda að tíminn standi kyrr. Kommúnisminn er hruninn og þeir hafa snúið sér að öðrum gildum sem fer þeim mismunandi vel. Afturhald, íhaldssemi og úrræðaleysi er stefna þeirra. Þeir eru eins og gamall handsnúinn grammófónn og spila sífellt sömu plötuna: Allir eru að gera það gott nema ég.

Frjálslynda flokknum verður best lýst með eftirfarandi ljóðlínum eftir Davíð Stefánsson:

Hart er að verða að híma undir vegg,
og hafa verið gæðingurinn bestur.

Ég sagði í upphafi máls míns að vorið væri tími bjartsýni og eftirvæntingar. Íslensk þjóð er bjartsýn og tækifærin eru okkar. Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég þakka áheyrnina.

[21:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Góðir Íslendingar. Hér höfum við í kvöld fengið að hlýða á sýn stjórnarliða á öll þau góðverk sem þeir hafa að eigin sögn unnið á undanförnum árum. Flótti fólks af landsbyggðinni segir allt aðra sögu.

Sum sveitarfélög í kjördæmi mínu á Vestfjörðum standa illa fjárhagslega vegna sölu kvótans í aflamarkskerfinu burt úr sjávarbyggðunum, fækkun íbúa í kjölfar þess að stærri skip og aflakvóti hvarf úr byggðinni. Í stað þess að stjórnvöld bæti skaðann af stefnu þeirra er á Vestfjörðum gerð krafa til þess að sveitarfélögin borgi uppsafnaðan vanda og skuldir vegna tómra félagslegra íbúða í kjölfar íbúafækkunar með því að selja sameign sína, Orkubú Vestfjarða, sameiginlega sameign sína.

Vestfirðingar geta ekki sætt sig við að vera teknir í sérmeðferð vegna vanskila við ríkið vegna félagslega íbúðakerfisins. Sá vandi er á landsvísu og á að leysast sem slíkur. Sala Orkubús Vestfjarða er þvingunaraðgerð stjórnvalda og skemmdarverk gegn fólki í vestfirskum byggðum.

Þingmenn Frjálslyndra flokksins munu styðja tillögur sem bæta hag aldraðra og öryrkja, hvort sem um er að ræða tillögur stjórnarliða eða stjórnarandstöðuflokka hér á Alþingi. Við höfum sjálfir flutt tillögur um bættan hag aldraðra og öryrkja en fengið til þess lítinn stuðning stjórnarliða.

Hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni finnst lítið til um það að launþegar í BSRB eigi aðgang að sumarhúsum í takmörkuðum frítíma sínum, en honum finnst hins vegar mikið til þess koma að lækka skatta á fyrirtæki. Svona er sýn þeirra sem vinna fyrir Verslunarráðið. Hún er öðruvísi en sýn launþega, hafið þið tekið eftir því? Hún er mjög mikið öðruvísi en sýn launþega í landinu. En við getum ekki gert mikið af því, hin, sem lengst af okkar ævi höfum verið launþegar.

Góðir Íslendingar. Við munum áfram þurfa að vera vinnusöm þjóð og vinna mikið og oft langan vinnudag til þess að sjá okkur farborða. Ég legg til að við höldum því áfram ef við þurfum þess. Ég legg líka til að þrátt fyrir það að ýmislegt gangi okkur í móti þá séum við bjartsýn. Ég legg líka til að menn njóti sumarsins og gangi á guðs vegum inn í framtíðina. — Góða nótt.

[21:57]

Útbýting þingskjala:

Húsafriðun, 225. mál, nál. menntmn., þskj. 1346; brtt. menntmn., þskj. 1347.

Safnalög, 224. mál, brtt. menntmn., þskj. 1349.

Seðlabanki Íslands, 675. mál, þskj. 1383.

Þjóðminjalög, 223. mál, brtt. menntmn., þskj. 1345.

Fundi slitið kl. 21:58.

127. FUNDUR

fimmtudaginn 17. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1129, nál. 1267, 1313 og 1316, brtt. 1314. — 2. umr.

2. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130, nál. 1268. — 2. umr.

3. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817. — 3. umr.

4. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 1281. — 3. umr.

5. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 1282. — 3. umr.

6. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047, brtt. 1366. — 3. umr.

7. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1383. — 3. umr.

8. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1297. — 3. umr.

9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1298. — 3. umr.

10. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001. — Frh. 3. umr.

11. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819, nál. 1337 og 1338. — 2. umr.

12. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.

13. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026, nál. 1371. — 2. umr.

14. Opinber innkaup, stjfrv., 670. mál, þskj. 1048, nál. 1331 og 1386, brtt. 1332. — 2. umr.

15. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1049, nál. 1333, brtt. 1334. — 2. umr.

16. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066, nál. 1221 og 1252. — Frh. 2. umr.

17. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067, nál. 1222. — Frh. 2. umr.

18. Áhafnir íslenskra skipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270. — 2. umr.

19. Leigubifreiðar, stjfrv., 633. mál, þskj. 1010, nál. 1260, brtt. 1261 og 1325. — 2. umr.

20. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1011, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

21. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401, nál. 1342, brtt. 1308. — Síðari umr.

22. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412, nál. 1326, brtt. 1309. — Síðari umr.

23. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769, nál. 1197. — Síðari umr.

24. Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), stjtill., 619. mál, þskj. 992, nál. 1249 og 1250. — Síðari umr.

25. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 655. mál, þskj. 1033, nál. 1365. — Síðari umr.

26. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1335. — Síðari umr.

27. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 987, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.

28. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1002, nál. 1302, brtt. 1303. — 2. umr.

29. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1050, nál. 1301. — 2. umr.

30. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454, nál. 1317, brtt. 1318. — 2. umr.

31. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 624. mál, þskj. 999, nál. 1241, brtt. 1242, 1248 og 1364. — 2. umr.

32. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 542. mál, þskj. 845, nál. 1245, brtt. 1246 og 1247. — 2. umr.

33. Húsnæðismál, stjfrv., 623. mál, þskj. 998, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

34. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345. — 2. umr.

35. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238, nál. 1348, brtt. 1349. — 2. umr.

36. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239, nál. 1346, brtt. 1347. — 2. umr.

37. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240, nál. 1350, brtt. 1351. — 2. umr.

38. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431, nál. 1329. — Síðari umr.

39. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 770, nál. 1339. — 2. umr.

40. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253, nál. 1257 og 1328. — 2. umr.

41. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 484, nál. 1253, brtt. 1254, 1259 og 1310. — 2. umr.

42. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 732. mál, þskj. 1232, nál. 1315, brtt. 1324. — 2. umr.

43. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, stjtill., 276. mál, þskj. 304, nál. 1319, brtt. 1320. — Síðari umr.

44. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341. — 2. umr.

45. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932, nál. 1228, brtt. 1387. — 2. umr.

46. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 2. umr.

47. Raforkuver, stjfrv., 722. mál, þskj. 1170, nál. 1306. — 2. umr.

48. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr.

49. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 597. mál, þskj. 950, nál. 1336. — 2. umr.

50. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971, nál. 1280. — 2. umr.

51. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061, nál. 1322. — 2. umr.

52. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268, nál. 1321. — Síðari umr.

53. Raforkulög, stjfrv., 719. mál, þskj. 1167. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

54. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 735. mál, þskj. 1264. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

55. Skipulags- og byggingarlög, frv., 726. mál, þskj. 1184. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

56. Orkulög, frv., 736. mál, þskj. 1275. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

57. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 738. mál, þskj. 1311. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjala:
Opinber innkaup, 670. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1386.
Suðurlandsskógar, 589. mál, brtt. SJóh og GÁS, þskj. 1387.

Athugasemdir um störf þingsins.

Verðmyndun á grænmeti.

[10:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Á þessu vori höfum við hæstv. landbrh. rætt nokkuð um verðmyndun á grænmeti. Ég rifja það upp að í mars sl. urðu sérstaklega umræður um sveiflur á verði grænmetis sem urðu í þeim mánuði. Ég og raunar fleiri hv. þm. töldum þá að tollar sem landbrn. setti á innflutt grænmeti réðu þar mestu af þáttum sem mátti rekja til innan lands. Hæstv. landbrh. var annarrar skoðunar. Hann vísaði allri ábyrgð á grænmetisokrinu af höndum sér og af höndum ráðuneytisins. Hæstv. ráðherra sagði sem sagt fullum fetum að ekki væri um að kenna tollapólitík sinni eða ráðuneytisins.

Í framhaldinu óskaði hæstv. landbrh. eftir því að Samkeppnisstofnun kannaði verðmyndun á grænmeti, einkum papriku, í þessum sama mánuði. Nú er sú skýrsla komin, herra forseti. Hún var hins vegar ekki kynnt með lúðrablæstri og söng eins og oft er háttur þessa hæstv. ráðherra. Nei, heldur betur ekki. Þessari skýrslu nánast laumað út úr ráðuneytinu. Skýringin er einföld. Skýrslan sýnir svart á hvítu að fullyrðingar um að tollapólitík landbrn. ætti ekki sök á grænmetisokrinu voru rangar. Skýrslan sýnir það einfaldlega að þó að erfitt sé að meta nákvæmlega áhrif tolla á verðið þá varð það eigi að síður niðurstaða skýrslunnar að tollarnir gátu hækkað verð á grænmeti um fast að 50%, þ.e. um helming. Sú hækkun, herra forseti, er alfarið á ábyrgð hæstv. landbrh.

Herra forseti. Ferlið er þannig að tollurinn er lagður á áður en heildsalinn og smásalinn reikna út álagningu sína. Í sumum tilvikum getur þetta leitt til þess að hver króna sem lögð er á sem tollur tvöfaldast í ferlinu. Því er alveg ljóst, herra forseti, að það er að stórum hluta á ábyrgð tollapólitíkurinnar sem hæstv. landbrh. rekur hvers vegna verið er að okra á grænmeti á þessu vori. Ég vil því spyrja, hæstv. landbrh.: Er hann ósammála þeirri niðurstöðu skýrslunnar að af þáttum innan lands hafi tollahækkun hans átt mestan þátt í verðhækkunum á grænmeti á þessum tíma?

[10:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er gott svona að morgni dags að taka léttan farsa um grænmetið og hv. þm. Össur Skarphéðinsson lætur ekki á sér standa.

Hann spyr mig af hverju skýrslan frá Samkeppnisstofnun hafi ekki verið kynnt með lúðrablæstri. Ég vil segja það hér að skýrslan fór á netið áður en hún kom til mín. Fréttamenn höfðu séð hana áður en hún barst mér í hendur.

Ég er ekki alveg sáttur við skýrsluna og tel að þar sé ekki öllu því svarað sem ég spurði um. Ég nefni það að aðeins eitt fyrirtæki gefur upp cif-verð. Samkeppnisstofnun viðurkennir að það er bara eitt fyrirtæki. Hún tekur tölurnar trúanlegar frá fyrirtækjunum og kafar ekki þannig ofan í málið. Ég hef því beðið um að farið verði betur yfir það.

Ég vil segja um þær ásakanir sem komu að það er lögum samkvæmt, hv. þm., sem tollar hækka og koma hér á 15. mars út af innlendri framleiðslu. Það liggur fyrir að samþykkt Alþingis er fyrir því. Þá héldu kaupmenn því fram að paprikuverðið hefði farið úr 400 kr. í 800 kr. tollanna vegna. Ég þrætti fyrir það og sagði að þarna væri hækkun í hafi af einhverjum öðrum orsökum því það kemur í ljós í skýrslu Samkeppnisstofnunar að tollurinn átti ekki allan hlut. Sennilega var það ný afurð frá öðru landi. En hins vegar hefur komið fram í þessari rannsókn, og það hafa t.d. Hagkaupsmenn, svo að ég nefni eitt fyrirtæki, viðurkennt, að í sumum tilfellum hefur allt upp í 300% álagning verið í smásölu. Þeir tala að vísu um að sín álagning sé 40–45%. Þeir hafa verið að biðja mig um að biðja sig afsökunar á ummælum mínum en ég stend við allt sem ég hef sagt í þessu. Ég vil bara fá skýrari niðurstöðu í málið og hef því beðið hina lögbundnu nefnd sem mér er til ráðgjafar að hitta Samkeppnisstofnun og fara betur yfir það, ekki síst af því að þeir taka allt trúanlegt sem kemur frá þeim grunaða í þessu máli og sá grunaði er smásalan. Það er nú, eins og einhver sagði, (Forseti hringir.) ekki algengt, hæstv. forseti, að láta þann grunaða segja manni bara það sem hann vill sjálfur setja fram. Það verður að rannsaka málið.

[10:38]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það hefur komið skýrt fram í umræðu af hálfu stjórnarandstöðunnar í tengslum við grænmetismálið að stjórnarandstaðan er þar fyrst og fremst að ganga erinda neytenda. Hér erum við að ræða um störf þingsins og það hefur komið skýrt fram að stjórnarandstaðan er reiðubúin að haga störfum sínum þannig að hagsmunir þeirra ná fram að ganga.

Það mál sem er gert hér að umtalsefni — og kom það skýrt fram í viðtali hæstv. landbrh. í Morgunblaðinu í morgun — er að þegar fram kemur skýrsla sem sýnir að tollar hæstv. ríkisstjórnar eru ein aðalorsökin fyrir hinu háa grænmetisverði þá neitar hæstv. ráðherra að taka mark á þeim staðreyndum, snýr út úr málinu og neitar að viðurkenna undirrót hins háa grænmetisverðs sem er hin ranga stefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist strax þegar GATT-samningurinn var lögleiddur á sínum tíma.

Þetta er ástæðan fyrir því að matarverð er 30–40% hærra hér en í Evrópu. Þetta er ástæðan fyrir því að verndarumhverfi íslensks landbúnaðar er meira en innan Evrópusambandsins og þetta er líka ástæðan fyrir því, herra forseti, að bændur eru fátækasta stétt landsins. Það er þetta kerfi sem hæstv. ráðherra er að verja eina ferðina enn sem við erum að gagnrýna og gagnrýnum það undir dagskrárliðnum um störf þingsins vegna þess að við viljum, herra forseti, að þessi mál sem eru neytendum til hagsbóta hafi forgang hér í störfum á þeim dögum sem eftir eru.

[10:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur rétt fyrir sér þegar hann segir að nauðsynlegt sé að kanna þátt smásölunnar. Ég er honum sammála um það. Ég vil eiga góða samvinnu við hæstv. landbrh. um að reyna að draga úr fákeppni á smásölumarkaðnum, reyna þannig að örva samkeppni og lækka verð til neytenda. Hins vegar var það hæstv. landbrh. sem sagði þegar verðhækkanirnar dundu yfir í mars að það væri

ekki vegna tollahækkana landbrn. Og til þess að staðfesta það, herra forseti, fékk hann Samkeppnisstofnun til að gera sérstaka skýrslu um það. Nú hefur Samkeppnisstofnun sent frá sér þá skýrslu. Meginniðurstaða hennar er þessi: Verðhækkanirnar í mars eiga rót sína að rekja til tveggja þátta, erlendra verðhækkana en innan lands er það bara einn þáttur sem hefur leitt til hærra verðs og það eru tollahækkanirnar sem hæstv. landbrh. hefur staðið fyrir. Sýnt er fram á það með dæmum í skýrslunni, herra forseti, hvernig ein króna sem hæstv. landbrh. leggur á sem toll, getur orðið að tveimur í verðmyndunarferlinu. Það er talað um það í skýrslunni að algengt sé að verðið hækki um fast að 50% og í sumum tilvikum líklega um 100%.

Herra forseti. Því sem hæstv. landbrh. sagði hér í umræðum, að það væru ekki tollahækkanir ráðuneytisins sem ættu sök á grænmetisokrinu, er hrundið í skýrslu Samkeppnisstofnunar. Þess vegna spyr ég þennan hæstv. ráðherra: Er hann ekki þeirrar skoðunar í ljósi þessarar skýrslu að það þurfi að flýta tollalækkunum á grænmeti umfram það sem hann hafði áður tilkynnt á hinu háa Alþingi? Er ekki hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að tími sé kominn til að hætta að nota snigilinn fyrir reiðskjóta í þessu máli?

[10:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er gaman að hv. þm. Ágúst Einarsson er kominn hér inn. Hann er gúrú og guðfaðir Samfylkingarinnar í allri ráðagerð eins og Njáll var Gunnari forðum. Þar er kominn maður sem er alvörumaður. En hann er bara frjálshyggjumaður í öllu sem snýr að landbúnaði. Þess vegna er hann gamall krati í því sinni öllu. Hins vegar er hv. foringi Samfylkingarinnar alltaf í plati. Hann kann alls ekki að segja satt, hæstv. forseti, því miður. Hann snýr út úr öllum málflutningi manna.

Það sem ég var að deila um við smásöluna 15. mars, var að tollarnir hækkuðu verðið en þeir breyttu ekki verðinu á papriku úr 400 í 800 kr. Það staðfestir skýrslan. Ég bað Samkeppnisstofnun um að fara yfir hvað smásalan fær í sinn hlut og ekki spyrja þann grunaða heldur að rannsaka það. Þeir hafa öll völd í því máli. Hvað tekur heildsalan í sinn hlut? Hvað er ríkið að taka? Þetta áttu þeir að fara yfir. Þessi svör vil ég fá fram og vil hafa frið og tíma til þess að klára það. Menn mínir munu hitta starfsmenn Samkeppnisstofnunar og fara yfir þetta. Ég tel að Samkeppnisstofnun hafi ekki lokið við að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hana.

Hvað varðar síðan stefnu ríkisstjórnarinnar þá er hún auðvitað að berjast fyrir hagsmunum neytenda. Við erum með frv. þar sem við erum að fella tollana af 30 tegundum þannig að gott er að eiga hv. þm. Ágúst Einarsson að til þess að styðja það góða mál síðar á lokadögum þingsins. Ég fagna slíkum alvörumanni Samfylkingarinnar hingað inn. Ég vann með honum í landbn. Alþingis í mörg ár. Þar var hann alltaf hinn frábæri félagi og ráðagóði þó að ég færi ekki eftir öllum hans ráðum. Hins vegar er hann dálítið öðruvísi í ræðustólnum, hæstv. forseti. Þá er persónan stundum dálítið breytileg.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 2. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1129, nál. 1267, 1313 og 1316, brtt. 1314.

og

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130, nál. 1268.

[10:44]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum meiri hluta samgn. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. og um breytingu á lögum um fjarskipti, í samræmi við það.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Guðmund Ólafsson og Skarphéðin Steinarsson, starfsmenn framkvæmdanefndar um einkavæðingu, Þórarin V. Þórarinsson og Friðrik Pálsson frá Landssíma Íslands hf., Davíð Birgisson og Helgu Jónsdóttur frá Starfsmannafélagi Landssíma Íslands, Þórólf Árnason frá Tali hf., Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Eyþór Arnalds frá Íslandssíma hf., Ingvar Garðarsson frá Frjálsum fjarskiptum, Ármann Þorvaldsson frá Kaupþingi, Almar Guðmundsson og Ívar Guðjónsson frá Íslandsbanka-FBA, Hrafnkel Óskarsson frá Samkeppnisstofnun, Jóhannes Gunnarsson og Markús Möller frá Neytendasamtökunum, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elías Halldór Ágústsson og Þröst Jónasson frá Samtökum netverja, Davíð Guðmundsson frá Tölvun í Vestmannaeyjum, Björn Davíðsson frá Snerpu á Ísafirði, Rögnvald Guðmundsson frá Skríni á Akureyri, Eirík Bragason frá Línu.Neti, Magnús Ásgeirsson frá Tölvusmiðjunni á Egilsstöðum, Pál Kolbeinsson frá Element á Sauðárkróki, Tryggva Þór Ágústsson frá Gagnvirkri miðlun og Björn Inga Jónsson frá Tölvuþjónustu Austurlands á Hornafirði. (Gripið fram í.) Ég bendi hv. þm. á að hlusta hraðar.

Þá bárust umsagnir frá Samkeppnisstofnun, Byggðastofnun, Landssambandi eldri borgara, Bændasamtökum Íslands, Félagi netverja, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi veiti heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu og skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu er stefnt að því að sala hlutafjárins hefjist vorið 2001 og að 49% af heildarhlutafé verði í eigu annarra en ríkisins í árslok 2001. Fyrirhuguð sala er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Ég vík að þætti sem meiri hluti samgn. leggur mikla áherslu á, það er að í framhaldi af því að nefndin hefur fjallað ítarlega um aðstöðu fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda fjarvinnslu og aðra þjónustu á sviði upplýsingatækni sem gerir kröfu til öflugra gagnaflutninga. Þrátt fyrir að verðskrá fyrir gagnaflutninga hafi lækkað mikið að undanförnu, þar með talið fyrir gagnanet og leigulínur, er ljóst

að enn er talsverður munur á verðlagningu á þeirri þjónustu eftir því hvar notandinn er á landinu. Meiri hluti samgn. telur nauðsynlegt að áfram verði unnið markvisst að því að jafna kostnað og aðgang landsmanna að öflugustu og hagkvæmustu gagnaflutningsleiðum, eins og tæknin þróast á hverjum tíma óháð vegalengd.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar telur meiri hlutinn eðlilegt að nýta hluta af söluverðmæti Landssímans til að ná markmiðum um að upplýsingatæknin nýtist öllum landsmönnum sem best og að fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu takmarki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Meiri hlutinn beinir því til hæstv. samgrh. að hann vinni, í samstarfi við samgn., tillögur um að jafna kostnað við gagnaflutninga og þar með samkeppnisstöðu fyrirtækja um allt land og skal þeirri vinnu vera lokið fyrir árslok 2001.

Forsenda samkeppni á fjarskiptamarkaði sem og öðrum mörkuðum byggist á því að eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja sé öflugt og eftirlitsstofnanir hafi yfir virkum úrræðum að ráða. Ný lög hafa verið sett um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem heimildir hennar til eftirlits og aðgerða hafa verið efldar til muna. Með sama hætti hafa verið gerðar breytingar á samkeppnislögum sem veita samkeppnisyfirvöldum mun virkari úrræði en áður til að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Meiri hlutinn telur að með þessu séu til staðar þau úrræði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu á fjarskiptamarkaði. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að búa verði vel að eftirlitsaðilum og þeim tryggður nægur mannafli og fjármagn til að sinna því eftirliti sem þeim er ætlað. Þannig má ætla að ráða þyrfti til Fjarskiptastofnunar í 2–3 stöðugildi vegna aukinnar samkeppni á fjarskiptamarkaði og svipaðan fjölda hjá Samkeppnisstofnun. Nefndin leggur áherslu á að þeim þörfum verði mætt.

Með nýju fjarskiptalögunum var aðkoma nýrra fyrirtækja að fjarskiptamarkaði auðvelduð verulega. Lög og reglur áskilja nú að þjónusta milli rekstrareininga Landssímans sé seld á sama verði og til annarra fjarskiptafyrirtækja. Með þessu er tryggt að bæði notendur sem og fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Landssímann greiði ekki hærri gjöld fyrir fjarskiptaþjónustu en þeir mundu gera ef fyrirtækinu yrði skipt upp. Þá eru víðtækar heimildir í fjarskiptalögum til að tryggja fullnægjandi þjónustustig með svokallaðri alþjónustu, auk þess sem samgönguráðherra hefur heimildir til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Þannig getur ríkið eflt fjarskiptaþjónustu þar sem samkeppni skortir. Meiri hlutinn bendir á að nú er til umfjöllunar í þinginu tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000, um opinn aðgang að heimtaugum. Með upptöku reglna þessara í íslenskan rétt mun jafn aðgangur allra að grunnnetinu vera tryggður enn frekar en nú er.

Það er álit meiri hlutans að það lagaumhverfi sem skapað hefur verið á fjarskiptasviði tryggi að samkeppnisaðilar fái eðlilegt svigrúm til athafna. Þessa má þegar sjá merki, samanber samninga Íslandssíma og Tals um aðgang að farsímakerfi Landssímans.

Meiri hlutinn hafnar með öllu hugmyndum um að aðskilja grunnnetið frá Landssímanum. Fyrir því liggja m.a. tæknilegar ástæður en sérfræðingar telja að aðskilnaður netsins frá annarri starfsemi mundi leiða til vandkvæða og erfiðleika í þróun þess með þeim afleiðingum að þjónusta við notendur versnaði. Þá mundi það rýra verðmæti fyrirtækisins verulega og hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir notendur.

Meiri hlutinn leggur til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er feli það í sér að hlutabréf ríkisins, útgefið 23. jan. 1998, skuli teljast ógilt án undangenginnar innköllunar við útgáfu á rafbréfum í félaginu, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Þar sem einungis er um að ræða eitt hlutabréf ríkissjóðs í félaginu verður að telja óþarft að fram fari sérstök innköllun hlutabréfa samkvæmt lögunum. Í ákvæðinu er einnig tekið fram, svo það fari ekki á milli mála, að ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög, sem fjallar um tölu hluthafa, gildi ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er en að fullu í eigu ríkissjóðs og jafnframt að samgönguráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Landssímanum eins og hingað til.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

Samgönguráðherra fer með eignarhlutdeild ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf."

Varðandi álit meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999, þá er það að segja að nefndin fjallaði um málið samhliða 707. máli, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Með því frumvarpi er lagt til að sett verði í fjarskiptalög skýr heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja skilyrði í leyfisbréf rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggja að leyfishafi uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum settum með heimild í þeim, svo og leyfisbréfi. Með ákvæði því sem lagt er til að lögfest verði er unnt að tryggja fyrir fram að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild framkvæmi nauðsynlegar fjárfestingar í grunnnetinu og öðrum fjarskiptakerfum svo að hann geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og leyfisbréfi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[10:55]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sala Landssímans er að stórum hluta viðskiptalegs eðlis. Ekki fór á milli mála í heimsóknum þeirra manna, sem hv. formaður samgn. hefur hér talið upp og komu á fund nefndarinnar, að þeir vöruðu alvarlega við sölunni með þeim hætti sem hún var kynnt af tæknilegum ástæðum og þjónustuástæðum um allt land. Þetta er því að meiri hluta viðskiptalegs eðlis.

Herra forseti. Einnig kom fram hjá þeim sem komu á fund nefndarinnar að afar miklu máli skipti hvernig ríkið ætlaði að selja eða bjóða hin 51% sem verður haldið eftir í fyrstu umferð.

Ég vil því leyfa mér að spyrja formann nefndarinnar og framsögumann hér: Hvað liggur fyrir um frekari sölu á Landssímanum en það sem nú hefur verið greint, 49%? Er hann sammála þeim orðum hæstv. utanrrh. sem höfð voru eftir honum í viðtali 26. apríl sl., með leyfi forseta:

„Við munum hins vegar á næstu mánuðum eða missirum ekki selja meiri hlutann í fyrirtækinu."

Er hann sammála því og hvað telur hann að þessi orð merki?

[10:57]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að árétta að það atriði sem gekk eins og rauður þráður í gegnum umræðu um frv., sérstaklega í viðræðum við aðila úti á landsbyggðinni, var jafn aðgangur, jafn kostnaður að grunnnetinu, að grunnlínu. Þetta áréttar meiri hluti samgn. í áliti sínu eins og ég hef gert grein fyrir.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þá er það ljóst og hefur komið fram, m.a. í samgn., að unnið er faglega að verðlagningu Landssímans sem fyrirtækis. Þessi lög heimila sölu hans. Engar tímasetningar eru uppi enda vart tímabært í smáatriðum að öðru leyti en því sem getið er um í áliti samgn.

[10:58]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. formaður samgn. og talsmaður sjálfstæðismanna vildi ekki svara því hvernig framhald sölu Landssímans væri hugsað eða hvað hann teldi að orð hæstv. utanrrh. þýddu um að ekki ætti að selja hann á næstu mánuðum eða missirum. Ég vek athygli á því. Þetta skiptir afar miku máli.

Hv. formaður samgn. kom inn á það að mjög faglega væri unnið að verðlagningu Símans. Það er alveg hárrétt. Þegar maður ákveður að selja eitthvað er náttúrlega nauðsynlegt að fyrir liggi hvert væntanlegt söluverð verður áður en tekin er ákvörðun um það á hinu háa Alþingi. Þetta er það stór þáttur í íslenskri almannaþjónustu, í íslensku atvinnulífi, í íslensku samfélagi, að mjög ósanngjarnt er að ætlast til þess að Alþingi taki ákvörðun um að selja Landssímann án þess að fyrir liggi verð.

Ég spyr því, herra forseti: Hvaða verð er verið að tala um fyrir Landssímann?

[10:59]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta svar við spurningum sem hafa tvívegis komið fram frá hv. síðasta ræðumanni.

Framgangur málsins er í eðlilegri vinnslu miðað við áætlanir, miðað við útskýringu á þessum lögum og fylgiskjölum með þeim. Unnið er faglega og vonandi á fullkomlega eðlilegan hátt að verðlagningu fyrirtækisins. Meðan slíkt liggur ekki fyrir er ekki unnt að svara því og ekki ástæða til þess að vera með neinar getgátur um það. Það er í eðlilegum farvegi í framgangi málsins.

[11:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því varðandi nefndarálitið að hv. þm. Árni Johnsen, frsm. meiri hluta samgn., sagði að meiri hluti samgn. legði mikla áherslu á breytingar á gjaldskrá vegna leigulína. Það er útlistað í nefndarálitinu hvernig það er. Þetta staðfestir reyndar það álit sem við í minni hlutanum höfum margoft talað um, hið mikla ójafnvægi sem er milli fyrirtækja á þessu sviði. Svo við tökum dæmi kostar 25 þús. kr. að leigja tveggja megabæta leigulínu á höfuðborgarsvæðinu en ef við förum til Vestmannaeyja, aðeins í 150 km fjarlægð, þá er það 300% dýrara. Ég ætla ekki að nefna verðið sem gilti áður en síðasta breyting var gerð 1. nóvember 1999, ég ætla ekki að nefna þær tölur af tillitssemi við alla aðila, muninn sem þá var.

En ég nefni líka að munurinn milli þess að leigja þessar línur á höfuðborgarsvæðinu og á þeim stöðum sem sem einna lengst eru héðan, svo við tökum Neskaupstað sem dæmi, er 1000%. Það er 1000% dýrara að leigja þessar línur fyrir fyrirtæki sem er að hasla sér völl á þessu sviði á Neskaupstað en á höfuðborgarsvæðinu. Mig langar að spyrja hv. frsm. hvort það sé ekki hrikalegur munur og hvort þau fáu og fátæklegu orð sem sögð eru í nál. meiri hlutans um þetta atriði sé ekki nánast eins og að skila auðu. Það er lagt til og beðið um að þetta sé skoðað og allt það en þetta hefur gengið ákaflega hægt. Það kom fram hjá öllum gestum sem komu af landsbyggðinni að þetta var mesta umkvörtunarefni þeirra.

[11:02]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einmitt alveg öfugt, að ekki sé slaklega að orði kveðið, heldur mjög ákveðið og þetta séu ekki fátækleg orð í nefndarálitinu, heldur séu þau hugsuð með mikilli sanngirni og framsýni og metnaði, með það fyrir augum að landsmenn allir sitji við sama borð.

Óskað er eftir samstarfi við hæstv. samgrh. við samgn. á þessu ári til að vinna nákvæmlega að framgangi þessara þátta sem skipta miklu máli, þannig að menn sitji við sama borð, eins og gildir til að mynda um gjöld á símtölum á Íslandi í dag. Þetta byggist á því að jafna kostnað á grunnkerfinu þannig að hann verði óháður fjarlægðum. Enginn skoðanamunur er í þessum efnum. Þetta er markmiðið og er sett fram mjög skýrt og skorinort á eðlilegan hátt.

[11:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og eftir á að koma fram síðar, í nál. 1. minni hluta samgn., teljum við þetta brýnasta verkefnið áður en kemur að sölu. Ég vil aðeins segja það hér, áður en ég hverf frá þessu, að við breytinguna 1. nóvember 1999, frá því verði sem þá var, jókst munurinn milli fyrirtækis í Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu. Mismunurinn var 260% en hann jókst upp í 300%. Það var vegna þess að lækkunin á höfuðborgarsvæðinu var meiri en þarna var.

Þetta hafa menn verið að gagnrýna og þetta kom fram hjá þeim ágæta manni, Eyþóri Arnalds, þegar hann heimsótti samgn. Hann sagði að hann skildi ekki hvernig í ósköpunum fyrirtækin á landsbyggðinni hefðu lifað af þær gjaldskrár sem boðið hefur verið upp á fram að þessu.

Ég ætla að minna á að þegar þessi atvinnugrein hóf göngu sína þá sátu fyrirtæki í Vestmannaeyjum og Reykjavík ekki við sama borð vegna þess að fyrirtæki í Vestmannaeyjum í byrjun árs 1998 þurftu að greiða 1000% meira fyrir leigulínu en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Ef þetta er ekki til að skekkja samkeppnisstöðu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, þá veit ég ekki hvað það er.

Hitt atriðið sem mig langaði til að spyrja hv. þm. út í er að þeir segja sem svo að sérfræðingar telji sölu á grunnnetinu ekki koma til greina og það sé ekki hægt. Þessir sérfræðingar segja í sömu skýrslu, skýrslu einkavæðingarnefndar, að ekkert komi í veg fyrir að Landssíminn, þegar verður búið að selja hann að hluta eða öllu leyti, geti selt grunnnetið sér.

Mig langar að spyrja hv. þm. út í það álit einkavæðingarnefndar og sérfræðingsins sem var fenginn til að skrifa kaflann um grunnnetið sem telur að sá aðskilnaður yrði baggi á ríkissjóði.

[11:06]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að taka undir það að skoðanir manna á aðskilnaði grunnnets og annarra þátta Landssíma Íslands voru misjafnar að því leyti að þær voru háðar margs konar mismunandi skilyrðum. Grunnatriðið var að tryggður yrði jafn aðgangur að grunnlínukerfinu. Að því tryggðu er það mat mitt að hugmyndin um aðskilnað hafi ekki vegið þungt hjá flestum sem nefndin ræddi sérstaklega við af þessu tilefni. Að settum ákveðnum skilyrðum og markmiðum var þetta ekki talið stórkostlegt áhyggjuefni. En auðvitað höfðu menn og hafa menn áhyggjur af mismun á innheimtu eftir fjarlægðum eftir búsetu á landinu.

Þessi þáttur, verðlagning á grunnlínukerfinu, kemur í sjálfu sér ekki við varðandi sölu heimilda Landssíma Íslands. Markmiðið er ljóst. Markmiðið er ljóst, bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og kemur áréttað fram í nál. meiri hluta samgn. um þessa jöfnun. Því er fyrir fram ljóst við væntanlega sölu Landssímans að væntanlegir kaupendur vita að hverju þeir ganga. Þar fyrir utan hefur ríkissjóður áfram tögl og hagldir í málinu með meirihlutaeignaraðild og meðan unnið er að eðlilegum framgangi málsins í farvegi sem á að skila árangri öllum til handa þá ætti þetta ekki að vera áhyggjuefni.

[11:08]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta samgn. og þeirri afstöðu sem 1. minni hluti hefur til þessarar sölu.

Eins og flestum er kunnugt er hér lagt upp með einhverja stærstu einkavæðingu sem ríkið hefur lagst í og án efa þá áhrifamestu. Með sölu Landssímans er í reynd verið að taka ákvörðun um að ríkissjóður, eða ríkið, dragi sig út af fjarskiptamarkaði. Með sölu Landssímans er tekin ákvörðun um í hvaða umhverfi fjarskiptamarkaðurinn og hugbúnaðargeirinn muni starfa á næstu árum. Hér er því að mínu viti gríðarlega stór og mikil ákvörðun á ferðinni og skiptir miklu máli að vandað sé til hennar eins og kostur er.

Fjarskiptaheimurinn er viðáttumikið svið og í stöðugri breytingu vegna mikilla tækniframfara. Ríkiseinkaleyfin hafa mótað rekstur fjarskiptafyrirtækja og þar af leiðandi tæknilega þróun þeirra frá upphafi. Afnám ríkiseinkaleyfanna markar eiginlega þau tímamót að þá fyrst fór að vera veruleg þróun á þessu sviði. Við höfum séð gríðarlega þróun á undanförnum árum, séð internetið, séð GSM og þráðlausu símana þróast mjög ört. Þróun á þessu sviði hefur verið gríðarlega ör, eftir að ríkiseinkaleyfin voru afnumin almennt. Þessi þróun er í sjálfu sér ekki svo gömul. Líklega var þetta fyrst gert í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum, Evrópa hefur verið að gera þetta undanfarin 10 ár. Þessar breytingar hafa gert það að verkum að tæknileg þróun í fjarskiptageiranum hefur horfið frá því að vera þróun í þágu ríkisfyrirtækjanna í það að þróast sjálfstætt enda höfum við séð gríðarlega miklar breytingar á þessum sviðum undanfarin ár. Þess vegna er það a.m.k. skoðun mín að afnám þessara ríkiseinkaleyfa hafi verið mikið framfaraskref.

Það breytir þó ekki hinu að við afnám þessara einkaleyfa standa eftir risastór fyrirtæki í ríkiseigu sem skyggja á allan annan rekstur. Það er einmitt þetta fyrirtæki sem er ætlunin að selja núna. Vandamálið við að ákveða að selja er fyrst og fremst hvernig á að selja. Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér að fyrirtækið er selt? Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér að fyrirtækið er selt í einu lagi? Að mínu mati hafa menn ekki rætt þessa spurningu nægilega mikið og mér hefur fundist það allt of mikið kappsmál að selja fyrirtækið í einu lagi. Ég verð að segja það líka að rökin sem sett eru fram eru ekki mjög sterk.

Menn hafa reynt að færa fram rök fyrir því að fyrirtækið sé verðmerkt með því að selja það í einu lagi. Í öðru lagi hafa rökin verið þau að menn vita ekki hvað þeir fá ef það er gert með öðrum hætti. Það er ákveðin íhaldssemi. Menn treysta sér ekki til að breyta vegna þess að þeir vita hvað þeir hafa en ekki hvað þeir fá.

Að mínu viti var það aðeins tímaspursmál hvenær Landssími Íslands yrði seldur en ekki spurning um hvort. Þegar ríkiseinkaleyfin voru afnumin þá var það bara tímaspursmál hvenær fyrirtækið yrði selt. Eftir að þessi atvinnugrein er tekin úr þessu ríkiseinkaleyfafyrirkomulagi og sett á samkeppnissvið þá tel ég að sé ofureðlilegt að ríkið dragi sig út af þeim markaði. En í ljósi þessarar löngu sögu einkaleyfanna, í ljósi langrar sögu um að tæknin hafi þróast á forsendum þessara ríkisfyrirtækja, í ljósi þeirrar miklu þekkingar sem þarna er og í ljósi þeirra miklu verðmæta sem fyrirtækið er, þá er mjög vandmeðfarið að selja þessi fyrirtæki.

Sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að það beri að selja fyrirtækið en það megi ekki selja það í einu lagi. Af hverju má ekki selja það í einu lagi? Það er einfaldlega vegna þess að þá mun fyrirtækið, Landssími Íslands, breytast úr því að vera ríkiseinokun í það að verða einkaeinokun. Með því að selja fyrirtækið og þjóðveginn þannig að það fyrirtæki ráði því alfarið hverjir geti ferðast um vegakerfið, er verið að færa fyrirtæki, einstöku fyrirtæki, alveg gríðarlega yfirburðarstöðu á þessum markaði sem mun hafa mikil áhrif á það hvernig önnur fyrirtæki þróast.

Vissulega hafa menn sagt að hér séu í gildi samkeppnislög og hér séu í gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, og Samkeppnisstofnun hafi ásamt Póst- og fjarskiptastofnun alla burði til að tryggja að umferð um þetta vegakerfi verði sem skyldi. En það vita allir að það getur aldrei orðið þannig. Fyrirtæki sem ræður aðgengi að vegakerfinu ræður því hvenær menn koma, hvernig menn haga samskiptum við önnur fyrirtæki og sagan sýnir okkur ómældan fjölda dæma um að menn hafi sett upp tæknilegar viðskiptahindranir án þess að nokkur eftirlitsstofnun hafi getað komið að því máli eða beitt sér í því fyrr en löngu eftir að menn hafa hætt að leita eftir svörum við þeim spurningum sem menn báru hugsanlega upp í upphafi.

Samfylkingin er þeirrar skoðunar að menn eigi að nota markaðinn til þess að tryggja vöxt og viðgang þessarar greinar. Ef markaðurinn er í lagi mun hann tryggja góða þjónustu og betra verð til neytenda. En það er algjör forsenda fyrir því að markaðurinn virki að samkeppni sé á þeim markaði. Með því að selja fyrirtækið í einu lagi er verið að selja það þannig að það er mjög ólíklegt að markaðurinn skili okkur þeim afrakstri sem hann gæti. Og það er nákvæmlega þarna sem skilur á milli Samfylkingarinnar annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Það er líka fróðlegt að skoða aðeins af hverju við gerum svona mikla kröfu um að fyrirtækið verði selt þannig að samkeppni verði tryggð. Hvað er það í þessari samkeppni

sem gerir það að verkum að við leggjum svona mikla áherslu á þetta? Það er í fyrsta lagi, virðulegi forseti, að þar sem samkeppni er tryggð, þar er aðgengi neytenda tryggt. Þar er tryggt að menn geti náð í þá þjónustu sem þeir vilja sækja á eðlilegu verði. Markaðurinn er í sjálfu sér ekkert annað en tæki til þess að mynda eðlilegt verð. Og eðlilegt verð myndast ekki á markaði nema samkeppni sé til staðar. Því má segja að að hluta til sé samkeppni að mörgu leyti félagsleg aðgerð þar sem verð myndast á markaði. Reynt er að tryggja fjölda þeirra sem hafa aðgang að því að kaupa og reynt er að tryggja fjölda þeirra sem geta selt á þessum markaði. Þess vegna er samkeppni að hluta til félagsleg aðgerð þar sem verð myndast á markaði en um leið tryggir samkeppni að fyrirtækin sem þar eru að selja séu á tánum vegna þess að þau sem gefa eftir lifa líklega ekki af í slíkri samkeppni.

Þess vegna er alveg fráleitt, að mínu viti, að fara úr ríkiseinokun í einkaeinokun á þessu sviði. Og með því að fara þá leið held ég að við munum ekki njóta þess sem við gætum dregið fram ef við leyfum markaðnum að vinna þar sem samkeppnin er sem skyldi.

Fróðlegt er að horfa á stjórnmálaflokkana hér á þingi í þessu ljósi þegar litið er til þess hver afstaða þeirra er. Það hefur lengi verið mjög rík afstaða hjá Sjálfstfl. og einkanlega hægri mönnum í Evrópu almennt, og það má kannski segja sem svo að ungliðarnir í Sjálfstfl. séu í raun og veru að presentera það almenna viðhorf sem hægri flokkar hafa í Evrópu, þ.e. þeir eru andvígir þeirri aðferðafræði að byggja markaðinn upp þar sem samkeppnin er tryggð. Þeir telja að markaðurinn geti séð um sig sjálfur og hann skili ætíð því besta, það þurfi ekki afskipti ríkisvaldsins. Að vísu gusaðist dálítið yfir þessa afstöðu nýverið, m.a. þegar Samkeppnisstofnun setti fram skýrslur sínar um grænmetismarkaðinn þar sem þetta virkaði reyndar ekki nema ákveðið aðhald og eftirlit sé viðhaft, en það breytir ekki hinu að í Sjálfstfl. hafa verið rík viðhorf í þessa átt og það þekki ég vel eftir að hafa unnið að samkeppnislögunum.

Það má einnig segja að Vinstri grænir eru mjög skýrir í þessum efnum. Þeir telja einfaldlega að þessu sé best fyrir komið hjá ríkisvaldinu, að ríkisvaldið eigi að sjá um þetta og í raun og veru eru þeir þeirrar skoðunar að kannski eigi að vinna til baka, að ríkið fái aftur einkaleyfi á fjarskiptum. En það breytir ekki hinu að þeir hafa mjög skýr viðhorf í þessu. Þeir telja að þessi þjónusta, sem þeir skilgreina sem þátt af samfélagsgerðinni, sé best komið fyrir hjá ríkisvaldinu og það er skýrt.

Við erum annarrar skoðunar. Við teljum að selja eigi fyrirtækið á þeim forsendum að samkeppnin verði til staðar og við notum samkeppnina og markaðinn til að ná því besta fram fyrir samfélagið. Það er okkar skýra afstaða og nál. gerir grein fyrir því.

En í öllu þessu veltir maður því fyrir sér: Hvar í veröldinni er Framsfl. í þessu öllu saman? Hann hafði lengi talað fyrir því að fara þá leið sem við leggjum hér upp með. Hann hafði lengi talað fyrir því að skilja ætti grunnnetið frá. Hann hafði lengi talað fyrir því að hér yrði engin samkeppni nema grunnnetið yrði skilið frá. Svo þegar maður les álit meiri hlutans og forsendurnar fyrir sölu með þessum hætti þá virðist svo að hann hafi fallið frá afstöðu sinni af því að það á að ráða tvo menn til Samkeppnisstofnunar. Það á að bæta við tveimur mönnum hjá Samkeppnisstofnun og líklega öðrum tveimur hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Í raun og veru er ekkert annað í þessu sem réttlætir slíka kúvendingu hjá Framsfl., ekki neitt. Og mér þykir það miður vegna þess að mér þótti þeir vera alveg á hárréttri leið lengi vel í þessari umræðu. Vel má vera að það séu aðrir samningar sem við ekki vitum um sem tengjast sölunni og tengjast því að Framsfl. fór að lokum inn á línu Sjálfstfl. Um það ætla ég ekki að hafa fleiri orð. En það eru gríðarleg vonbrigði að Framsfl. skyldi fara af þeirri leið sem hann var á í upphafi. Þegar menn reyna síðan að fara yfir þetta og reyna að velta fyrir sér markmiðunum með þessari stóru sölu, kannski mestu sölu, mestu einkavæðingu sem ríkið hefur farið í, að þá skuli flokkarnir, a.m.k. þessir þrír, Samfylking, Sjálfstfl. og Vinstri grænir hafa nokkuð skýra afstöðu til málsins en Framsfl. flakkar þarna á milli. Á endanum er það svo að þar sem verður bætt við tveimur mönnum hjá Samkeppnisstofnun og tveimur hjá Póst- og fjarskiptastofnun þá telja þeir að sú samkeppni sem þeir hafa oft á tíðum talað fyrir sé tryggð. Það er ekkert annað í málflutningi þeirra eða í því sem hægt er að lesa sem réttlætir slíka kúvendingu. Það hlýtur því að vera eitthvað annað sem býr að baki.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að gera grein fyrir nál. 1. minni hluta, sem hv. þm. Kristján L. Möller stendur að ásamt mér.

Þegar ákvörðun er tekin um að selja fyrirtæki eins og Landssíma Íslands, sem í rúm 90 ár naut einkaréttar til reksturs á fjarskiptaþjónustu hér á landi, er ljóst að verið er að taka ákvörðun um sölu fyrirtækis sem hefur yfirburðastöðu á fjarskiptamarkaði. Ákvörðun um sölu fyrirtækisins og hvernig staðið verði að henni er um leið ákvörðun um hvernig rekstrarumhverfi fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðarins verði í nánustu framtíð. Það hefur komið fram við meðferð þessa frumvarps að fyrirtækið hefur nú 85% hlutdeild í tekjum á fjarskiptamarkaði. Eftirfarandi upptalning gefur þessa stöðu e.t.v. betur til kynna:

Landssíminn hefur sterka fjárhagslega stöðu, eigið fé fyrirtækisins er talið vera um 13 milljarðar kr.

Áætluð velta á árinu 2001 er 17 milljarðar kr.

Landssíminn hefur yfirburðastöðu á GSM-markaðinum.

Landssíminn rekur eina NMT-farsímakerfið hér á landi.

Landssíminn er í einokunaraðstöðu í rekstri talsímaþjónustu og hefur því viðskiptatengsl við nær öll heimili í landinu.

Landssíminn hefur yfirburðastöðu í útlandasímtölum.

Landssíminn og dótturfyrirtæki hans hafa markaðsráðandi stöðu á netmarkaðinum, en sá markaður er nátengdur fjarskiptamarkaðinum.

Í skjóli einkaréttar í áratugi og margvíslegrar ríkisaðstoðar hefur Landssíminn byggt upp fjarskiptakerfi sem að mati fyrirtækisins sjálfs er í fremstu röð í heiminum í dag.

Landssíminn hefur í áranna rás byggt upp víðtækt sölukerfi á þjónustu sinni.

Landssíminn hefur fjárfest í mörgum fyrirtækjum á fjarskipta- og hugbúnaðarsviði þar sem fyrirtækið hefur veruleg áhrif á rekstur þeirra.

Af þessari upptalningu um stöðu fyrirtækisins má ráða að Landssíminn mun alltaf verða stórt og öflugt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, hvort heldur hann yrði seldur í einu lagi eða honum skipt upp á einhvern hátt. Meginrökin sem færð eru fyrir sölu fyrirtækisins eru tvenn. Í fyrsta lagi að fyrirtækið sé verðmætara í einu lagi en ef það yrði brotið niður. Í öðru lagi hafa verið færð rök að því að verulegur kostnaður hljótist af því fyrir neytendur ef grunnnetið verður aðskilið við söluna vegna ýmiss konar tæknibúnaðar sem yrði að koma upp og kostnaður sem af því kynni að hljótast.

Þá hefur verið á það bent að menn viti í dag hvað þeir hafi en ekki hvað þeir fái yrði fyrirtækinu skipt upp. Með öðrum orðum, ákveðin íhaldssemi um að viðhalda því ástandi sem nú er á fjarskiptamarkaði hefur einnig áhrif á niðurstöðuna að mati fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Vegna mikillar gagnrýni þess efnis að núverandi ástand sé skaðlegt fyrir samkeppni og eðlilega þróun á þessum markaði hefur ríkisstjórnin, eða fulltrúar hennar, kynnt bókun þingflokks Framsóknarflokksins um að til að koma í veg fyrir að fyrirtækið misnoti einokunar- eða yfirburðastöðu sína í framtíðinni verði farin sú leið að Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun verði efldar, án þess að það sé skýrt frekar. Þetta eru helstu rökin sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa fært fyrir því að sú leið verði farin sem fram kemur í frumvarpinu.

Þessu er 1. minni hluti ósammála. Í fyrsta lagi er ljóst að sagan hefur kennt að vilji menn tryggja samkeppni á markaði sé vænlegra til árangurs að gera breytingar á markaðsgerðinni, þ.e. haga sölunni þannig að sú staða skapist ekki að fyrirtæki geti misnotað markaðsráðandi stöðu sína, sem er mun vænlegri leið til árangurs en að setja eftirlitskerfi sem skuli bregðast við sé þessi staða misnotuð. Þess vegna leggur 1. minni hluti til að grunnnetið verði ekki selt með öðrum hlutum fyrirtækisins. Í þessum efnum má vissulega skoða fleiri leiðir en 1. minni hluti leggur til að þessi leið verði farin.

Í öðru lagi er það skoðun 1. minni hluta að í framtíðinni muni neytendur og einkanlega landsbyggðin líða fyrir það að núverandi einokunarstaða sé seld í einu lagi með því að greiða hærra verð fyrir þjónustuna.

Í þriðja lagi hefur komið fram á fundum nefndarinnar að líklegt sé að þessi sala leiði til þess að þróunar- og rannsóknarstarf þróist ekki sem skyldi því að eignarhald fyrirtækisins á grunnnetinu muni leiða til þess að þróun og fjárfesting í því taki aðeins mið af hagsmunum fyrirtækisins.

Það er því mat 1. minni hluta að sú aðferðafræði sem meiri hlutinn ætlar að viðhafa við þessa sölu leiði ekki annað af sér en að fyrirtæki sem nú hefur ýmist yfirburða- eða einokunarstöðu færist úr höndum ríkisins yfir til einkaaðila, sem að öllu jöfnu yrði að telja jákvætt nema hvað reynslan hefur kennt að af tveimur slæmum kostum er einkaeinokun verri en ríkiseinokun. Það er því mat 1. minni hluta að þessi aðferð við söluna leiði til hægari uppbyggingar hugbúnaðar- og fjarskiptageirans hér á landi en ella hefði verið.

Núverandi eignarhald Landssímans á grunnfjarskiptakerfinu veitir fyrirtækinu verulegt forskot á keppinautana. Þetta forskot mun haldast verði fyrirtækið selt í einu lagi. Verðmætamat fyrirtækisins tekur mið af þessari yfirburða- og einokunarstöðu og þau rök eru færð fram að í henni felist stór hluti verðmætis fyrirtækisins. Vegna hennar fáist hærra verð fyrir fyrirtækið en ef því væri skipt upp. Aðrir halda því á hinn bóginn fram að þetta sé rangt og að rétt hefði verið að selja fyrirtækið í einingum. Þannig fengist hærra verð fyrir fyrirtækið í heild því að þá vissu menn nákvæmlega hvaða starfsemi þeir væru að kaupa. Má í því sambandi benda á að France Télécom í Frakklandi er nú að ganga frá sölu á Orange-fyrirtækinu sem er GSM-deild þess. Þá hefur British Telecom lýst yfir því að það muni skipta sér upp fyrir lok ársins og uppi eru hugmyndir um að skipta AT&T upp í allt að sex fyrirtæki. Reyndar skiptu samkeppnisyfirvöld því fyrirtæki upp snemma á níunda áratugnum þar sem m.a. grunnnetsþjónustan var skilin frá annarri starfsemi. Þessi umræða er einnig uppi um Tele Danmark. Það liggur því fyrir að ekkert er öruggt í þeim efnum að heildarverðmæti fyrirtækisins verði meira verði það selt í einu lagi í stað þess að skipta því upp, enda tækju forustumenn þessara stóru fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum líklega ekki slíkar ákvarðanir eða ræddu þessar hugmyndir nema þær væru fyrirtækjunum til hagsbóta.

Vegna eignarhalds Landssímans á grunnnetinu eru keppinautar hans á öðrum sviðum óhjákvæmilega einnig viðskiptavinir hans, þ.e. fyrirtækið hefur tekjur af starfsemi keppinautanna. Með því að selja fyrirtækið þannig að eignarhaldið á grunnneti verði í höndum sömu aðila verður Landssímanum í sjálfsvald sett hvernig kerfið verður byggt upp og þarf ekki að taka mið af öðru en hagsmunum fyrirtækisins í þeim efnum. Í reynd leiðir þetta til þess að fyrirtækið getur ráðið því hvar og hvenær keppinautarnir geta boðið viðskiptavinum sínum þjónustu.

Eignarhaldið leiðir til hættu á mismunun, að misfarið verði með trúnaðarupplýsingar og aðrar samkeppnishömlur vegna þeirrar stöðu Landssímans að vera helsti keppinautur þeirra sem bjóða þjónustu, en hinir sömu þurfa að kaupa sér aðgang að grunnnetsfjarskiptakerfi Landssímans til þess að geta selt þjónustu sína. Þetta er sérstaklega vandmeðfarið á landsbyggðinni því að þar er ólíklegt að upp rísi í einhverjum mæli samkeppni í grunnnetsþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu er kominn vísir að samkeppni í grunnnetsþjónustu þótt það eigi enn ekki við um heimtauga- eða notendalínukerfið og ólíklegt sé að á næstu árum fari önnur fyrirtæki að grafa heimtaugar í jörð inn á heimili manna í því skyni að fara í samkeppni við heimtaugakerfi Landssímans. A.m.k. er ljóst eins og staðan er að erfitt verður að keppa við heimtaugakerfi Landssímans um verð þar sem það hefur verið afskrifað að stórum hluta. Þá er það varla þjóðhagslega hagkvæmt að grafa skurði og leggja línur inn á heimili almennings meðan núverandi koparlínur ráða enn við kröfur markaðarins um fjarskiptaþjónustu að mestu leyti því að talið er að með öflugum endabúnaði geti koparlínurnar flutt 2 Mb/s.

Komið hefur fram að tekjur Landssímans vegna grunnnetsins hafi numið 1.467 millj. kr. á síðasta ári.

Kostir þess að skilja grunnnetið frá Landssímanum eru þessir:

Stuðlað er að virkri samkeppni í fjarskiptaþjónustu sem rekin er á grunnkerfinu.

Jafnræði keppinauta er tryggt og tortryggni eytt.

Komið er í veg fyrir hagsmunaárekstra og hvers konar millifærslur á fjármunum milli reksturs á grunnkerfum og annarrar starfsemi Landssíma Íslands.

Dregið er úr markaðsyfirráðum Landssímans.

Stuðlað er að hóflegri gjaldtöku fyrir aðgang að grunnkerfinu.

Með því að selja Landssímann í einu lagi er í reynd verið að taka ákvörðun um rekstrarumhverfi fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðarins næstu árin. Þar mun eitt fyrirtæki verða með 75–85% markaðshlutdeild. Núverandi staða Landssímans ein og sér hefur skaðleg áhrif á samkeppni á fjarskiptamarkaðinum. Sú staða mun ekki batna við það að fyrirtækið verði selt einkaaðilum. Það er mat 1. minni hluta að skynsamlegra hefði verið að breyta markaðsgerðinni með því að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu. Það er almennt viðurkennt í samkeppnisrétti að vænlegra til árangurs sé að breyta markaðsgerðinni þegar stefnt er að því að skapa samkeppnisumhverfi í tiltekinni atvinnugrein í stað þess að fara þá leið að ætla eftirlitsstofnunum að grípa inn í þegar fyrirtæki með

markaðsráðandi stöðu misnotar hana. Það þarf ekki að fara langt til að sjá að fyrirtæki sem hafa haft markaðsráðandi stöðu hafa oftar en ekki misnotað aðstöðu sína og hefur það leitt til þess að markaðurinn nýtist ekki sem verðmyndunartæki og því þarf almenningur að borga mismuninn.

Samkeppnisstofnun telur nauðsynlegt að benda á að aðgerðir sem lúta að breytingu á gerð markaðarins eða uppskiptingu fyrirtækja eru þekktar í samkeppnisrétti til að eyða samkeppnishömlum og efla samkeppni og nefnir hún dæmi í því skyni. Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst því yfir að í tilteknum tilvikum geti það verið eina leiðin til að skapa virka samkeppni að fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að losa sig alfarið við kapalkerfi sín. Í Bandaríkjun um var AT&T-símafyrirtækinu skipt upp á áttunda áratugnum að kröfu samkeppnisyfirvalda og áfram má telja.

Það er mat 1. minni hluta að sú leið sem meiri hlutinn vill fara sé til þess fallin að skapa umhverfi þar sem samkeppni muni vart þrífast að ráði. Fram hefur komið að ein meginröksemd British Telecom fyrir því að skipta fyrirtækinu upp sé sú staðreynd að vegna stærðar þess þurfi það að eyða miklum tíma og fyrirhöfn í viðræður við stjórnvöld um það hvernig það megi haga sér á markaði og því sé skynsamlegra að minnka fyrirtækið og gera það þannig meira spennandi fyrir fjárfesta. Hér er á hinn bóginn ætlunin að fara þá leið að setja eftirlitsstofnanir til höfuðs fyrirtækinu í stað þess að reyna að skapa þannig markaðsgerð að eðlileg samkeppni fái þrifist.

Mjög mikilvægt er að gerð sé grein fyrir stöðu landsbyggðarinnar í tengslum við sölu Landssímans. Óbreytt fyrirkomulag á sölu eins og fyrir liggur í frumvarpinu, þ.e. sala á samkeppnishlutanum ásamt grunnnetinu, mun vafalítið verða til tjóns fyrir landsbyggðina í fjölmörgum atriðum. Komið hafa fram mjög sterkar vísbendingar um að þjónustustig grunnnetsins í óskiptu félagi muni halda áfram að verða verulega lakara úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Í því sambandi er bent á burðargetu einstakra tenginga sem mælist m.a. í því að á höfuðborgarsvæðinu eru fáanlegar 100 Mb/s og allt upp í 1 Gb/s tengingar í fjarskiptakerfinu en úti á landi er einungis búið að tryggja 128 Kb/s. Í 1 Gb/s eru 1 millj. Kb/s. Kvöðin um 128 Kb/s sem fram kemur í fjarskiptalögunum er raunar ekki uppfyllt enn, en reiknað er með að svo verði innan tveggja ára.

Það er vert að vekja eftirtekt á því að þó að ætlunin sé að breyta lögum um Landssíma Íslands og selja hlutaféð þá er ekki gert ráð fyrir því að breyta fjarskiptalögum hvað þetta varðar. Því mun landsbyggðin áfram búa við það að einungis alþjónustukvöð tryggi þeim 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu.

Engin alþjónustukvöð er um sítengingu, ADSL. Þetta þýðir í stuttu máli að alþjónustukvöðin er innan við eitt prómill af því sem hægt er að bjóða á höfuðborgarsvæðinu.

Það er því ljóst að að óbreyttu muni frekari þróun leiða til þess að alþjónustukvöðin úreldist mjög hratt og verði marklaus að skömmum tíma liðnum ef hún er ekki uppfærð reglulega.

Því má með sanni segja að áform ríkisstjórnarinnar um sölu grunnnetsins með Landssímanum séu skýr skilaboð hennar um að alþjónustan eigi að vera annars flokks miðað við höfuðborgarsvæðið. Ríkisstjórnin ætlar landsbyggðarfólki að vera áfram í mónó meðan höfuðborgarbúar verða í steríó.

Ljóst er að enn sem komið er er framboð á gagnaflutningsgetu til einstakra notenda á landsbyggðinni takmarkað miðað við það sem er á höfuðborgarsvæðinu. Tekur þetta einkum mið af því að burðargeta í grunnnetinu milli landshluta er enn meira en tvöfalt og jafnvel þrefalt dýrari en í nágrannalöndunum, auk þess sem hún er seld á kílómetragjaldi samkvæmt línuleiðum en ekki í loftlínu eins og í nágrannalöndunum sem í mörg um tilfellum tvöfaldar enn þann mun sem er á verði grunnflutningsgetu. Landsbyggðin hefur ávallt borgað miklu hærra gjald fyrir leigulínur, eins og sjá má í töflu sem fylgir nefndaráliti okkar.

Þingflokkur Samfylkingarinnar gerir skýlausa kröfu um að þessi verðlagning verði jöfnuð fullkomlega og að Landssímanum verði gert skylt að breyta gjaldskránni til fulls jafnræðis milli fyrirtækja, án tillits til þess hvar þau eru á landinu, enda fylgi því enginn aukakostnaður.

Það er ekki dýrara að flytja gögn um leigulínur frá Reykjavík til Raufarhafnar en milli húsa í Reykjavík, svo að dæmi er tekið. Rétt er að benda á að í áðurnefndri töflu sést að fyrirtæki sem vill hafa 2 Mb/s leigulínu á Raufarhöfn þarf að greiða 262.618 kr. en sams konar fyrirtæki í Reykjavík þarf aðeins að greiða 25.664 kr. Þetta er óþolandi misvægi og því má með sanni segja að núverandi gjaldskrá fyrir leigulínur skekki samkeppnishæfni fyrirtækja milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ein gjaldskrá fyrir talsíma og ATM-línur hjá Landssímanum sýnir fram á að þetta er hægt.

Verðskrá í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku, tekur mið af þessu og t.d. er hún þar miðuð við loftlínur og með 75 km hámarki. Slíkt er einnig gert í Noregi með 300 km hámarki. Eftirlitsstofnanir hafa ekki gert athugasemdir við þessi atriði svo að vitað sé.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja m.a. um sölu Landssímans:

„Hafinn verði undirbúningur að sölu Landssímans. Við sölu hans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði."

Enn fremur segir á bls. 14 í skýrslu einkavæðingarnefndar:

„Auk þeirrar almennu stefnumörkunar sem fram kemur í þessari yfirlýsingu hafa í tengslum við einstök verkefni á sviði einkavæðingar verið sett viðbótarmarkmið. Hafa þau ýmist komið fram í sérstakri lagasetningu, umfjöllun á Alþingi, í ákvörðunum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Jafnframt hafa verið sett fram almenn markmið með einkavæðingarstarfinu af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu."

Fyrsti minni hluti vill vekja athygli á eftirtöldum liðum sem snerta landsbyggðina meira en aðra og segja kannski allt sem segja þarf um þá ætlun ríkisstjórnarinnar að selja grunnnetið með öðrum hlutum Landssímans.

Í 4. lið segir:

„Að bæta stöðu ríkissjóðs. Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni."

Ef grunnnetið væri skilið frá sölunni mundi verðgildi Landssímans fyrir söluna auðvitað skerðast og minni tekjur koma í ríkissjóð til „að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkis sjóðs, og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni," eins og þar segir.

Í 2. lið segir enn fremur:

„Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Reynslan sýnir að meiri faglegar kröfur eru gerðar til stjórnenda og þeir fá meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu."

Hér er e.t.v. verið að vitna til þess þegar samgönguráðherra þurfti að skipa stjórn Landssímans á aðalfundi hans árið 2000 að taka sig saman í andlitinu og drífa í verðlækkun og útbreiðslu á gagnaflutningsþjónustu á landsbyggðinni, sem sjá má m.a. í töflunni sem fylgir nefndarálitinu og skal hér vísað til hennar.

Salan á því að vera til „að draga úr pólitískum áhrifum" á stjórn fyrirtækisins.

Í 7. lið segir:

„Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr möguleikum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir."

Hér er sennilega verið að vitna til þess að t.d. alþingismenn af landsbyggðinni sem hafa mikla og víðtæka þekkingu á þörfum einstakra landshluta og byggðarlaga hafa e.t.v. beitt sér fyrir ýmsum úrbótum á þessu sviði. Einkavæðingarnefnd lítur á þessi atriði sem „sérhagsmuni".

Þetta eru kaldar kveðjur frá einkavæðingarnefnd til landsbyggðarbúa og segir meira en mörg orð. Þetta skýrir sennilega best tillögur nefndarinnar um að selja grunnnetið með Landssímanum í stað þess að halda því eftir í eigu ríkisins og nota þá eignaraðild til að auka og byggja grunnnetið enn frekar upp á landsbyggðinni og gera landsbyggðinni kleift *að taka þátt í þeirri byltingu sem fram undan er á þessu sviði*, samanber þjónustu sem höfuðborgarbúum stendur til boða í þjónustu Línu.Nets.

Væri grunnnetið sérstakt félag gætu stjórnendur þess lagt verulega áherslu á að koma ónýttri burðargetu í verð. Sem dæmi má nefna að nú kostar meira samkvæmt gildandi gjaldskrá að flytja 17 sjónvarpsrásir, grunnpakka breiðbandsins, á ljósleiðaranum en að reisa og reka jafnmarga gervihnattadiska t.d. á Blönduósi til að veita dagskránum inn á breiðbandskapalkerfi bæjarins, sem raunar er ekki komið í gang frekar en á flestum öðrum stærri stöðum úti á landi.

Þó er enginn vafi á að þjóðhagslega væri mun hagkvæmara að flytja allar þessar dagskrár eftir fyrirliggjandi leið sem enn er að miklu leyti vannýtt.

Þá er líklegt að stjórnendur grunnnetsins mundu leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu breiðbandsins út um landið þar sem nú þegar liggja verulegar ónotaðar fjárfestingar í jarðstrengjum sem ætlaðir eru fyrir breiðbandið en hafa ekki verið teknir í notkun enn.

Aðskilnaður grunnnetsins frá Landssímanum gæti mjög líklega leitt til aukins þjónustuúrvals og lækkaðs kostnaðar fyrir notendur fjarskiptaþjónustu á landsbyggðinni án frekari afskipta eða fyrirmæla í þá átt af hálfu ríkisvaldsins.

Þá hefur einnig verið á það bent að landsbyggðin hefur í gegnum tíðina greitt gríðarlega fjármuni til Landssímans í formi hárra langlínugjalda. Þetta er viðurkennt í skýrslu einkavæðingarnefndar þar sem segir á bls. 50:

„Af ýmsum ástæðum hafa föst gjöld fyrir talsímaþjónustu ekki fylgt verðlagsþróun síðustu áratuga en það hefur verið látið viðgangast vegna mikils hagnaðar af langlínu- og útlandagjöldum."

Þess vegna telja íbúar landsbyggðarinnar eðlilegt að þeir fá að njóta þess að hafa tekið fullan þátt og e.t.v. meiri en aðrir í að byggja kerfið upp og vilja fá að njóta þess í framtíðinni í verðskrám.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999 segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1999–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010."

Þetta er göfugt markmið, en því miður er ekki starfað eftir því. Heildarsala Landssímans, þ.e. með grunnnetinu, verður ekki til að auka líkur á að því verði náð. Hætta er á að landsbyggðin sitji eftir hvað varðar framþróun á sviði fjarskipta og annarra verkefna á þessu sviði, m.a. hvað varðar flutning og möguleika á sjónvarpsefni.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. 1. minni hluta samgn. þar sem við höfum rökstutt af hvaða sökum við teljum ekki vænlegt að fara þá leið sem meiri hlutinn ætlar að fara, þ.e. að selja fyrirtækið í einu lagi. Auk þess að tala hér fyrir nál. tala ég líka fyrir brtt. þar sem við leggjum til að grunnnet Landssímans verði skilið frá. Við skilgreinum grunnnetið eins og kemur fram í nál., þ.e. að grunnnetið sé:

Allar jarðsímalagnir, niðurgrafin tengibox og götuskápar.

Allir sæsímastrengir, merkistaurar og tengibúnaður þeirra.

Alþjóðlegir sæsímastrengir, t.d. hlutur Landssímans í Cantat-3 sæstrengnum.

Allar jarðstöðvar (gervihnattasambönd) og stoðbyggingar þeirra.

Örbylgjusendar og -móttakarar og staura- og mastravirki, auk stoðbygginga.

Tengigrindur jarðsímalagna þar sem þær eru í símstöðvarbyggingum.

Ljósleiðarafjölsímar og stoðkerfi þeirra (SDH- og PDH-flutningsstýringar).

Einnig er eðlilegt að rekstrinum fylgi fasteignir sem símstöðvar, tengigrindur og ljósleiðarafjölsímar eru í. Þetta tryggði aðkomu allra fjarskiptafyrirtækja að aðstöðu í þeim. Þá er einnig reiknað með því að einátta flutningur í lofti og kapli, t.d. dreifing útvarps- og sjónvarpsefnis gæti fallið að rekstri grunnnets og væri heimilt að reka slíka flutningsmiðla.

Einnig leggjum við til að hlutafé ríkisins í öðru en grunnnetinu verði selt.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir í grundvallaratriðum það sem skilur okkur frá stefnu ríkisstjórnarinnar. Við erum þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að selja samkeppnissvið Landssímans en við erum hins vegar þeirrar skoðunar að með því að selja grunnnetið einnig sé verið að breyta ríkiseinokun, sem hefur ríkt um langt skeið, í einkaeinokun og það muni aðeins neytendur þessa lands þurfa að greiða.

Það er hvergi til og hvergi dæmi þess að einokun hafi leitt til mikilla framfara. Einokun hefur alltaf verið greidd af neytendum. Einokun á þessu sviði verður einnig greidd af neytendum. Það liggur fyrir. Það er ekki í aðra vasa að fara.

Ég tel að í þessari stóru einkavæðingu sem nú er á ferðinni og ég hef hér gert grein fyrir afstöðu minni til, hefði verið gullið tækifæri að breyta markaðskerfinu á þann hátt að við hefðum getað fengið þannig umgjörð um fjarskiptin og hugbúnaðariðnaðinn sem mundi skila þjóðfélaginu gríðarlega miklu, miklu meira en að skilja umhverfið eftir þannig að í stað fyrirtækis sem hefur vaxið hér í tæp 100 ár og hefur yfirburðastöðu og hefur gert margt mjög gott og gert m.a.

það að verkum að við erum í þeirri stöðu sem við erum í í dag, í stað þess að skipta þessu fyrirtæki upp og nýta sér þá möguleika sem markaðurinn býður upp á er farin sú leið að breyta ríkiseinokun í einkaeinokun. Ég held að hér séum við að missa af gullnu tækifæri til að breyta þessu. Framkvæmdastjórar, yfirmenn og eigendur stóru fyrirtækjanna eins og British Telecom, sem var selt í einu lagi í upphafi hafa nú tekið ákvörðun um að skipta því upp. Af hverju? Af því að það er álitið verðmætara í hlutum. Einnig hafa menn nefnt það að erfitt sé að vera svona mikill risi á þessum markaði, það er vont að vera í allt of stórum skóm því að um leið og þessi fyrirtæki fara að snúa sér þá sparka þau í önnur fyrirtæki og valda þeim verulegu tjóni sem þýðir þá aftur á móti að yfirvöld þurfa að fylgja því eftir og vernda þá sem minni eru. Það hefur sýnt sig að þetta er vont umhverfi. Þess vegna hafa yfirmenn og eigendur BT ákveðið að skipta fyrirtækinu upp.

Þessi sama umræða er uppi hjá Tele Danmark og þessi sama umræða er uppi hjá AT&T, þ.e. reynslan hefur kennt mönnum það að sú leið, að selja fyrirtækin í einu lagi, nýtist hvorki markaðnum, fyrirtækinu né samkeppninni sem menn eru að reyna að búa til. En það breytir engu, ríkisstjórnin hér ætlar að fara þessa leið. Og það er í mínum huga sorglegt að menn skuli ekki reyna við þessar aðstæður að nota tækifærið og skapa umhverfi sem getur gert það að verkum að Ísland verði í forustu á þessu sviði í heiminum.

En því miður, virðulegi forseti, þrátt fyrir ítarleg rök og þrátt fyrir að nánast langflestir sem komu á fund samgn. töldu eðlilegt að skipta fyrirtækinu upp þá ákveður ríkisstjórnin að gera það ekki. Þrátt fyrir að menn tækju það fram að menn bæru virðingu fyrir þeim sem væru að reyna að sinna fjarskiptaþjónustu á landsbyggðinni við þessar aðstæður, menn bæru virðingu fyrir því, þá sögðu menn einnig: En það er ólíklegt að menn hafi þrek og þor og getu að stunda slíkt hugsjónastarf árum saman áfram. Þess vegna hefði verið grundvallaratriði núna að selja grunnnetið frá, selja vegakerfið brott, bjóða mönnum að nýta það öllum á jafnræðisgrunni en ekki afhenda það einu fyrirtæki. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera það ekki og því segi ég, virðulegi forseti, og get vart annað, ég harma að ekki skuli vera hlustað á þau rök sem mjög margir hafa fært fram gegn þeirri leið sem hér á að fara.

[11:53]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvað hann meini nánar tiltekið með því að skilja grunnnetið frá. Er hann þá að meina að stofnað verði ríkisfyrirtæki um grunnnetsþjónustuna? Það væri ágætt að fá nánari útskýringar á því tiltekna atriði.

[11:54]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara þeirri spurningu sem hér er borin upp og kannski kemur svarið fram í brtt., þ.e. við leggjum til að fyrirtækinu verði skipt upp. Við leggjum til að eignarhlutar í öllu öðru en grunnnetinu verði seldir og við leggjum til að ríkið haldið þessu eftir.

Það breytir ekki hinu að skoðun mín er sú að það yrði væntanlega í framtíðinni einnig selt. En það sem við leggjum til núna er samkvæmt brtt. það að fyrirtækinu verði skipt upp, að samkeppnissvið þess — og þar á ég við símaþjónustuna, GSM-deildina, hlutabréfasjóðinn og allt annað en grunnnetið verði selt en fyrst í stað verði grunnnetið í eigu ríkisins, þó að það sé mín skoðun og hefur verið mín skoðun að eftir afnám einkaleyfanna, eftir að ríkið afnam einkaleyfi ríkisfyrirtækjanna stóru í fjarskiptum þá sé einboðið að ríkið muni draga sig út af þeim markaði.

[11:55]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að fá þetta á hreint því að við erum að tala hér um ekkert lítið ríkisfyrirtæki, ekki einn, tvo, þrjá menn í einni stöð heldur erum við að tala um að eftir sitji 450 manna ríkisfyrirtæki, því að það eru u.þ.b. 450–480 manns sem starfa í kringum grunnnetið. Í mínum huga yrði þetta ríkisfyrirtæki sem innan tíðar mundi sitja eftir og daga uppi sem nátttröll. Við vitum öll sem hér erum inni að samkeppni er ekki bara á næsta leiti í grunnnetinu heldur er hún þegar hafin.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að það virðist vera sem svo að ekki sé algjör samhljómur í málflutningi hjá Samfylkingunni því að í grein frá hv. þm. Kristjáni Möller var m.a. vjað að því að grunnnetið gæti verið bæði í ríkiseigu og einkaeigu. Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagði alveg skýrt og klárt í ræðu sinni fyrr út af þessu málefni að dreifikerfið verði ekki selt. Ég tel því ekki vera nægilegan samhljóm hjá Samfylkingunni varðandi þetta tiltekna málefni.

[11:57]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum nú kannski ekki stödd á MORFÍS-keppni eða neinu þess háttar. Það liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, að við leggjum til að ríkið haldi eftir grunnnetinu. Hins vegar er það skoðun mín og ég held að það sé skoðun flestra í Samfylkingunni og ég veit ekki betur en samhljómur sé í því að vitaskuld mundi ríkið losa sig frá þessu fyrirtæki þegar fram líða stundir.

En að því er varðar að grunnnetið yrði eftir sem nátttröll, þá hefur allur okkar málflutningur byggst á því að einokun leiði til hærra verðs og endalaus söguleg dæmi eru þess að einokun hefur aðeins leitt til þess að neytendur þurfa að greiða hærra verð. Með þessari aðferðafræði erum við að reyna að tryggja að hér skapist ekki einkaeinokun í stað ríkiseinokunar. Það er meginmarkmið okkar með því að skipta fyrirtækinu upp.

Vissulega má færa að því rök að á einhverjum sviðum næðum við ekki að hafa þetta sem hagkvæmast, en heildarsviðið er miklu betra í þessu formi en öðru.

[11:58]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hélt sig við það að reyna að skrumskæla afstöðu framsóknarmanna í þessu máli. Ég vil aðeins gera grein fyrir því hvers vegna framsóknarmenn hafa verið þeirrar skoðunar að ekki eigi að skilja grunnnetið frá við söluna, en eftir að hafa farið yfir málið út frá tæknilegum og hagrænum forsendum þá liggur sú niðurstaða fyrir að menn telja að ekki eigi að skilja grunnnetið frá.

Það eykur kostnað fyrir notendur, einkum á landsbyggðinni, til lengri tíma litið ef þessi leið kratanna verður farin. Drifkraftur aukinnar samkeppni og auknar kröfur um aðgang

samkeppnisaðila að fjarskiptanetunum mun drífa áfram uppbyggingu og tækniþróun fjarskiptakerfisins og vísum við þar til m.a. tilskipana ESB sem ég hélt að kratarnir væru nú tilbúnir að taka undir.

Ég vil taka fram að við höfum ekki haldið því fram að ekki sé hægt að skilja grunnnetið frá. Við teljum það bæði óhagkvæmt fyrir notendur og óskynsamlegt, sérstaklega út frá hagsmunum landsins alls til lengri tíma litið og ekki síður landsbyggðarinnar. Og ég hef tekið eftir því að eftir faglega umfjöllun um þetta mál eru sífellt fleiri úr röðum Samfylkingarinnar aðeins að linast í afstöðunni sem fram kemur í máli hv. þm.

[12:00]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé bara eitt í þessu andsvari sem vert er að gera tilraun til þess að svara. Annað var útúrsnúningur og hafði lítið með umræðuna að gera.

Hv. þm. segir að þetta muni auka kostnað hjá neytendum til skamms tíma, þ.e. það þarf hugsanlega að breyta grunnnetinu, það þarf að skipta fyrirtækinu upp og það þarf að koma því á laggirnar. Það þarf að skipuleggja þetta upp á nýtt. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að einhver kostnaður muni verða.

En hver heldur hv. þm. Magnús Stefánsson að verði kostnaður neytenda af einokun á þessu sviði til lengri tíma? Heldur hv. þm. að sú einokun sem hér er ætlunin að skapa muni skila neytendum betra verði til lengri tíma? Það væri ágætt ef hv. þm. nefndi dæmi úr sögunni, nefndi eitt dæmi þar sem einokun hefur tryggt neytendum lægra verð, betri þjónustu og allt sem því fylgir. Það væri gott ef hv. þm. gæti nefnt eitt dæmi, þó ekki væri nema eitt um að einokun hafi skilað neytendum lægri kostnaði.

[12:01]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að harma að hv. þm. er ekki fær um að taka þátt í málefnalegum umræðum og afgreiði það sem útúrsnúninga þegar hv. þingmenn eru að ræða við hann um þessi mál á faglegum nótum.

Hann talar um mikið um einokun. Við höfum bent á það og það liggur fyrir að búið er að afnema einokum í þessum bransa. Það var gert með lögum árið 1998, 1. janúar.

Það er kannski rétt að spyrja hv. þm. Hann talar um að Landssíminn einoki fjarskiptakerfið. Hvernig ástand mun verða ef hv. þm. fengi ráðið og grunnnetið yrði selt, skilið frá við þessa sölu, stofnað um það hlutafélag og það síðan selt á markaði? Er þar ekki frekar um einokun að ræða? Hvernig vill hv. þm. skilgreina það ástand sem þá kæmi upp?

[12:02]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að fjalla aðeins um þessa einokun. Á mörgum sviðum er engin samkeppni við Landssímann. Landssíminn hefur í fyrsta lagi 85% hlutdeild. Það er ekki einu sinni kallað yfirburðarstaða, það er allt að því einokunarstaða. Á mörgum sviðum hefur hann einokun. Í þjóðvegakerfinu, sem við erum að tala hér um að greina frá, er alger forsenda þess að þessi staða — þ.e. að menn eru að selja þjónustu á öllum þremur stigum. Þeir geta því markað og stjórnað uppbyggingu kerfisins í eigin þágu en ekki annarra og munu þess vegna óbeint geta stjórnað nánast hver þróun fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðarins verður á næstu árum. Það er þetta sem skiptir öllu máli. Hér eru menn því að tala um að færa þá yfirburða- og einokunarstöðu sem Landssíminn hefur verið í til einkaaðila. Það er nákvæmlega gegn þessu, virðulegi forseti, sem við erum að leggjast. Það er kjarni málsins. Það er hins vegar skiljanlegt að stjórnarmaður í Landssímanum skuli hafa þá afstöðu sem hér hefur komið fram.

[12:03]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson klifar nokkuð á orðinu einokun og er ég farinn að trúa því að hann sé sannfærður um að hér ríki einokunarástand á sviði fjarskipta. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann hafni þar með umsögn og mati yfirmanns Póst- og fjarskiptastofnunar um að hér sé aðgangur að netinu eins og best þekkist í Evrópu. Hafnar hv. þm. því mati?

Í annan stað spyr ég hvort hv. þm. hafni líka umsögn eins færasta sérfræðings á sviði fjarskipta, Þórðar Runólfssonar prófessors, sem varar við því af tæknilegum ástæðum að skilja netið frá.

Í þriðja lagi spyr ég hv. þm. í ljósi þess sem hann sagði hér um að eina breytingin væri ráðning tveggja eða þriggja starfsmanna, hvort hann hafni þá samstarfi með samgn. við samgrn. um að finna lausnir fyrir árslok 2001 til að tryggja jafnt aðgengi fyrirtækja í landinu. Er hv. þm. þar með að hafna slíkri vinnu?

[12:05]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom mjög skýrt fram í framsöguræðu minni að þrátt fyrir að aðgangur sé tryggður í lögum, eru mýmörg dæmi þess að fyrirtæki sem hafa þá stöðu að ráða alfarið ferðinni geta beitt tæknilegum viðskiptahindrunum til þess að koma í veg fyrir aðgang annarra. Ég er ekki að gera athugasemdir við lögin. Ég er hins vegar að segja, og taka undir það sem flestir sem til þekkja á þessu sviði eru að segja, að eftirlit og lagarammi tryggi ekki að það verði raunveruleg samkeppni.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort ég hafnaði mati tiltekins sérfræðings sem þarna kom fram. Ég tel einfaldlega, á þeim forsendum sem ég fór yfir áðan, að samkeppnin verði ekki tryggð nema þetta verði gert. Ég hef hins vegar viðurkennt að af því kann að hljótast einhver kostnaður, en til lengri tíma muni það verða neytendum í hag.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um tvo til ... (Forseti hringir.) Ég fæ kannski að koma því svari að á eftir.

[12:06]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þriðja spurning mín laut að því hvort hv. þm. eða Samfylkingin hafnaði samstarfi innan samgn. við samgrn. um að útfæra jöfnunarleiðir. Ég tel hins vegar að hv. þm. hafi ekki svarað því skýrt hvort hann blési á og hafnaði mati yfirmanns Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem hann fullyrðir ítrekað að það sé jafn aðgangur og eins og best þekkist í Evrópu.

Í tengslum við það má spyrja hvort hv. þm. telji að upp hafi komið vandamál í Evrópu þar sem grunnnetið var alls staðar selt með, hvort nýsprotafyrirtæki á sviði fjarskipta hafi ekki orðið til í Evrópu eftir söluna þar. Ég vil fá skýr svör við þessu hjá hv. þm., annars vegar um þetta samstarf sem ég nefndi áðan og hins vegar um afstöðu yfirmanns

Póst- og fjarskiptastofnunar sem m.a. benti á að ekki ein kæra hefði borist þeirri eftirlitsstofnun. Hugsanlega hefur því markaðurinn (Forseti hringir.) ekki lagað sig að nýjum fjarskiptalögum enn þá.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vekur athygli á því að þegar rauða ljósið skín er tímanum lokið.)

[12:07]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins eina mínútu til svara og mun því reyna að svara eins og kostur er.

Fyrst um Evrópu. Í Danmörku eru a.m.k. 60 fyrirtæki sem eru að keppa á þessu sviði. Hér eru það tvö, þrjú eða fjögur sem hægt er að tala um að séu í raunverulegri samkeppni. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir að þau séu 60, tala forustumenn Tele Danmark um það að þeir séu of stórir, það sé mjög erfitt að vera svona stór á þessum markaði, það sé erfitt að vera sífellt með eftirlitsaðila á hælunum og það sé mjög erfitt að stunda starfsemina og tryggja hagsmuni fyrirtækisins í þessu umhverfi, hvað þá þar sem eru tvö eða þrjú fyrirtæki.

Í öðru lagi flutti ég langa ræðu um að betra væri að breyta markaðsgerðinni en að setja eftirlitsaðila til þess að tryggja samkeppnina. Ég er ekki að hafna því, eins og yfirmaður Póst- og fjarskiptastofnunar hefur væntanlega haldið fram, að hér sé besta umgjörðin. Hún tryggir bara ekki, þ.e. sú aðferðafræði að nota eftirlitsaðila í stað þess að breyta markaðsgerðinni (Forseti hringir.) nær ekki því markmiði sem að er stefnt.

[12:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar um það í ræðum sínum að halda eigi eftir grunnneti Landssímans. Hann margítrekar og undirstrikar þetta. En það væri þá það sem enginn annar hefur gert þegar verið er að einkavæða símafyrirtæki. Samt sem áður segir hér á bls. 4, með leyfi hæstv. forseta, að 1. minni hluti samgn. telji að það eigi að selja grunnnetið frá fyrirtækinu áður. Og hverjum má selja grunnnetið? Það stendur hér í nefndarálitinu. Hverjum má selja grunnnetið áður en við göngum til þess að selja símann að öðru leyti? Ætti að selja það öðrum símafyrirtækjum? Hver mætti kaupa? Hver er afstaða Samfylkingarinnar í raun og veru til þessa máls? Hér eru tvenns konar skoðanir uppi. Hv. þm. þarf að lesa sér til. Ég sé það. En þetta stendur svart á hvítu í nefndarálitinu.

[12:11]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vil svara í þessu andsvari.

Í fyrsta lagi er það rétt hjá hæstv. ráðherra að grunnnetið hefur hvergi verið skilið frá. Hins vegar hefur reynslan kennt mönnum að nú er smám saman verið að fara aðra leið í stórum fyrirtækjum. Ég hlýt að spyrja: Af hverju horfum við ekki á það sem er að gerast núna en ekki það sem var gert fyrir tíu árum hugsanlega þegar fyrirtækið var selt? Menn hljóta að spyrja þeirrar spurningar.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi er á þskj. 1314, 707. máli, breytingartillaga við frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Þar segir einfaldlega að annað en grunnnetið skuli selt frá. Standi það í nefndarálitinu sem hæstv. ráðherra vitnar til og ég dreg ekki í efa þá er þar einfaldlega um það að ræða að það hefur ekki verið lagfært nægilega vel í lokin.

Afstaða okkar er skýr. Allt annað en grunnnetið skal selja. Grunnnetið verður áfram í ríkiseigu. Hafi orðið mistök í prentun á nefndarálitinu þá er í sjálfu sér bara minnsta mál í heimi, virðulegi forseti, að viðurkenna að svo hafi verið. Hins vegar er afstaða okkar skýr.

Ég sé að hæstv. ráðherra ætlar að koma í andsvar við mig. (Forseti hringir.) Þess vegna tel ég ástæðu til þess að geyma í ræðupúltinu breytingartillöguna svo hæstv. ráðherra geti lesið hana.

[12:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af orðum hv. þm. má draga þá ályktun að ágreiningur sé innan Samfylkingarinnar. Í nefndarálitinu stendur:

„Það er mat 1. minni hluta að skynsamlegra hefði verið að breyta markaðsgerðinni með því að selja grunnnetið frá fyrirtækinu."

Það stendur hér, og það getur ekki verið um nein mistök í prentun að ræða, að áður en kemur til þess að selja Símann í heild sinni eigi að selja grunnnetið frá. (Gripið fram í.) Það er mjög athyglisvert ef ágreiningur er um þetta hjá Samfylkingunni.

Aðalatriði málsins er hins vegar það að enginn hefur valið þennan kost. Ef selja ætti grunnnetið sérstaklega gætum við staðið frammi fyrir því að önnur símafyrirtæki keyptu grunnnetið. Ætti þá að gera það sem skilyrði að símafyrirtækin mættu ekki kaupa grunnnetið ef það væri til sölu?

[12:13]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aldeilis að menn hafa fundið flöt á þessari umræðu. Hæstv. ráðherra kemur keikur í stólinn og heldur því fram að ágreiningur sé í Samfylkingunni um allt og ekki neitt. Og rökin sem hann finnur eru hér á bls. 4 þar sem stendur „að selja". En það hefur greinilega orðið prentvilla þarna. Þetta á að vera „aðskilja". Þetta á að vera í einu orði. Við munum láta prenta þetta upp. Þarna hefur mönnum skjöplast á tveimur stöðum í álitinu. Þetta er nú aldeilis orðinn pólitískur og hugmyndafræðilegur flötur á sölu Símans og það er aldeilis kominn upp ágreiningur innan Samfylkingarinnar við það að mistök urðu í prentun, að mönnum hafi skjöplast á tveimur stöðum í nefndarálitinu.

Virðulegi forseti. En ég ítreka enn og aftur afstöðu okkar til þessa máls. Það hefur verið farið mjög ítarlega yfir hana. Hún er skýr. Hér liggur fyrir breytingartillaga. Hér liggur fyrir mjög nákvæm skilgreining á því hvað við teljum vera grunnnetið, hvað skuli skilja frá. Breytingartillagan er mjög skýr. Ég hvet hæstv. ráðherra til að einbeita sér að því sem málið snýst um en ekki vera að snúa út úr prentvillum í nefndarálitinu. (**Samgrh.**: Ég les bara það sem þið skrifið.)

[12:14]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit á nektarstöðum, 705. mál, svar dómsmrh., þskj. 1262.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 597. mál, nál. 1. minni hluta umhvn., þskj. 1391; nál. 2. minni hluta umhvn., þskj. 1392.

Skipan opinberra framkvæmda, 671. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1385.

[12:15]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hluta samgn. um frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Herra forseti. Ég mun í þessari ræðu minni fyrst og fremst gera grein fyrir nefndarálitinu og helstu atriðum tengdum því. En í ræðu síðar í dag mun ég fara nánar í einstök atriði sem snerta málið, einstakar umsagnir og ítarlegri skýringar og umfjöllun um málið.

Herra forseti. Með frumvarpi þessu er ríkisstjórninni veitt heimild til að selja allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. Í athugasemdum með frumvarpinu er jafnframt greint frá þeirri tilhögun sem áformað er að hafa við sölu hlutafjárins og frá ýmsum skilyrðum sem Landssímanum hf. eru sett. Samhliða þessu frumvarpi flytur ríkisstjórnin frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999, sem kveður á um skýrari heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að gera ríkari kröfur en lögin nú heimila til fyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Nefndarálit þetta mun taka til beggja þessara frumvarpa.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur sölu Landssíma Íslands hf. Fjarskiptaþjónusta er ein af grunnstoðum almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum markaðarins að arðsemiskrafa eiganda ein sé drifkraftur reksturs og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allra almennra hagkvæmni- og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um aukna þjónustu. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum. Fari svo sem horfir og fyrirtækið verður selt er sú hætta yfirvofandi að þessi mikilvæga almannaþjónusta verði ofurseld einkareknu einokunarfyrirtæki, jafnvel í meirihlutaeign útlendinga eins og að gæti verið stefnt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna til þess sem Einar Þveræingur sagði í Ólafs sögu helga þá er Þórarinn Nefjólfsson bar upp það erindi Ólafs Noregskonungs að Norðlendingar gæfu honum Grímsey. Þá sagði Einar Þveræingur:

„„Þá ætla eg mörgum kotbóndunum muni þykja verða þröngt fyrir dyrum.“ ... þá var öll alþýða snúin með einu samþykki að þetta skyldi eigi fást.“

Herra forseti. Fari svo að þessi grunnalmannaþjónusta okkar allra Íslendinga, Landssíminn, verði seldur, og eins og hugur stendur til, erlendis og jafnvel meiri hlutinn, þá óttast ég að mörgum íbúum landsins muni finnast þröngt fyrir dyrum þegar hann fer að banka á með þjónustu og verð á sínum gæðum.

Herra forseti. Forsendur þessarar sölu eru gefnar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hefur haft það á stefnuskrá sinni að selja allt sem hún getur selt, selja almannaþjónustu hverja af annarri og nú stendur fyrir dyrum að selja Landssímann.

Ríkisstjórnin hefur einnig sett sér almenn markmið með einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum og komu þau fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 23. apríl 1995. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsendur framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis.“

Þetta er sett fram sem meginmarkmið. Eftir þessari einkavæðingarstefnu hefur verið unnið skyldum við halda. Við erum svo hjartanlega sammála um það, herra forseti, að efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum séu mikilvæg og að það séu forsendur framfara, lágra vaxta og öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis. En hvað hefur einkennt þessa ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. meira en einmitt einkavæðing á almannaþjónustu, einkavæðing á fyrirtækjum sem hafa verið mikilvæg fyrir þjónustu alls almennings, skilað góðri þjónustu, þjónustuöryggi og jafnframt tekjum í ríkissjóð?

En hvernig hefur þessi sala, þessi einkavæðing og sala hlutafjár verið framkvæmd? Við skyldum halda, herra forseti, að hún hafi verið framkvæmd með það að leiðarljósi að ná þeim markmiðum sem þarna eru sett, ná því markmiði að hér væri jafnvægi í ríkisfjármálum og lágir vextir.

En hver er staðan, herra forseti? Við höfum aldrei, ekki svo ég muni eftir, búið við hærri vexti í þjóðfélaginu en nú. Það er meira að segja sagt að vaxtastigið sé svo hátt og það sé að sliga atvinnulíf þjóðarinnar, það sé að sliga heimilin í landinu, það sé að sliga fjárhag einstaklinganna, þetta háa vaxtastig sem einmitt átti að vera lágt í kjölfar og á forsendum einkavæðingarinnar.

Herra forseti. Þessi einkavæðing sem við höfum nú upplifað á síðustu árum hjá hæstv. ríkisstjórn hefur svo gjörsamlega mistekist hvað varðar þetta meginmarkmið sitt. Og meira að segja eru leiddar að því líkur og reyndar nokkuð örugg ar vísbendingar að einmitt þessi hömlulausa einkavæðing, einkavæðing á bönkum, það að gefa ríkisbönkum heimild til þess að auka hlutafé sitt, setja á almennan markað, sala á ríkisfyrirtækjum með þeim hætti sem hún hefur verið framkvæmd, sé einmitt ein af ástæðunum fyrir þeim háu vöxtum sem við nú búum við og hún sé jafnframt ein af ástæðunum fyrir viðskiptahallanum, vegna þess að hlutafélagavæðingin og sala hlutabréfa með þessum hætti hafi einmitt stuðlað að ójafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar því fólk, einstaklingar, félög, fyrirtæki, hafi tekið erlend lán til þess jafnvel að fjármagna hlutabréfakaup. Sá hrunadans er ekki afstaðinn. Og einkavæðingin sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur staðið að á síðustu árum hefur einmitt verið meginástæða viðskiptahallans og óstöðugleikans í efnahagslífinu sem við nú búum við.

Herra forseti. Meginforsenda einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar hefur því brugðist í öllum meginatriðum. Ætla menn ekki að draga lærdóm af því? Því miður, herra forseti, virðist svo ekki vera.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja:

„Við sölu hlutabréfa ríkisins verði jafnframt hugað að því að salan hafi í för með sér aukinn sparnað almennings.

Að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila.“

Hefur þetta leitt til sparnaðar? Ef við lítum á skuldastöðu heimilanna, hver er hún? Hún hefur hraðvaxið á liðnum árum og það er fjarri því að tala um að þetta hafi leitt til sparnaðar. Alla vega er erfitt að sjá hvernig hægt er að finna það út.

Þá er og lögð áhersla á, herra forseti, að við sölu á ríkisfyrirtækjum verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum, því þá voru bankarnir til sölu. Sala Landssímans var þá ekki að fullu komin í umræðuna.

Herra forseti. Ég efast um að reynslan hafi sýnt að það sé tryggt. En það að reka ríkissjóð á þann hátt að sala eigna eigi að standa undir rekstri hans, þ.e. að með sölu ríkiseigna sé hægt að sýna fram á tekjuafgang, það er bókhald sem ég ekki kann. Ég kann ekki það bókhald í rekstri að menn geti selt eignir til þess að sýna góða rekstrarafkomu. Eignirnar er ekki hægt að selja oftar en einu sinni, herra forseti. Þegar maður selur eignir er í fyrsta lagi eitthvað mjög alvarlegt í húfi ef það á að fara að ganga til þess að rétta af rekstrarstöðu eins og hér er einmitt verið að gera.

Í hinum almennu forsendum um einkavæðingu stendur á bls. 18 í frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., með leyfi forseta:

„Auk þeirrar almennu stefnumörkunar sem fram kemur í þessari yfirlýsingu hafa í tengslum við einstök verkefni á sviði einkavæðingar verið sett viðbótarmarkmið. Hafa þau ýmist komið fram í sérstakri lagasetningu, umfjöllun á Alþingi, í ákvörðunum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Jafnframt hafa verið sett fram almenn markmið með einkavæðingarstarfinu af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Helstu markmið af þessum toga eru:

1. Að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu."

Þær kringumstæður geta vel verið að ýmiss konar fyrirtæki séu betur komin í samkeppnisumhverfi en að ríkið sé að reka þau — það er alveg hárrétt — margs konar atvinnurekstur. Og ríkið á ekki að standa í almennum atvinnurekstri. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki hlynnt því að það eigi að vera algild regla eða algilt verkefni ríkissjóðs. Hlutverk ríkissjóðs og Alþingis er að skapa umgjörð um gott atvinnulíf og sterkt hvar sem er á landinu.

Síðan kemur órökstudd fullyrðing, herra forseti:

„Markaðsöflin eru allajafna betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ríkisafskipti."

Þetta er bara fullyrðing út í loftið. Í sumum tilfellum getur það átt við, herra forseti, en það er barnaskapur að setja þetta fram sem algilt markmið. Þetta er alveg fráleitt og furðulegt að ríkisstjórn sem telur sig vinna með ábyrgum hætti geri það. Það er alveg fráleitt að setja fram algild markmið með þessum hætti sem eru ekki sönn, eru röng.

Og áfram eru sett almenn markmið, með leyfi forseta:

„2. Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Reynslan sýnir að meiri faglegar kröfur eru gerðar til stjórnenda og þeir fá meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu."

Þetta er fullyrðing, fullyrðing út í loftið. Vafalaust í einhverjum tilvikum og þeim kannski allmörgum getur þetta átt við. En í öðrum á það bara alls ekki við. Og er þá eitthvað að rekstrarforminu? Nei, það er bara um að ræða hinn mannlega breyskleika og hann er til staðar alls staðar, hvort heldur í einkarekstri eða ríkisrekstri. Þessi staðhæfing sem hér er lögð fram er því út í loftið og órökstudd.

Einnig er stuðst við þau rök að salan muni bæta stöðu ríkissjóðs. Það geta verið rök, að selja fyrirtæki til að bæta stöðu ríkissjóðs. Það er alveg hárrétt. Það má vel vera að svo illa hafi verið haldið um ríkissjóð á undanförnum árum að brýn ástæða sé til að selja Landssímann. Réttast væri að hæstv. fjmrh. rökstyddi þá fjármálapólitík sína, að staðan í ríkisfjármálum sé svo bág undir hans stjórn að það þurfi að selja ríkisfyrirtæki til að rétta af ríkissjóð. Ég vona reyndar að svo sé ekki. Réttast væri að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessum lið í upptalningunni á forsendunum fyrir einkavæðingu og sölu hlutafjár í eigu ríkisins, að bæta stöðu ríkissjóðs. Það væri gott ef hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þeirri bágu stöðu sem gerir það að verkum að leita þarf að bestu mjólkurkúnum og selja þær til að bæta hag ríkissjóðs.

Og áfram segir, herra forseti:

„Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður um talsvert af skuldum ríkissjóðs."

Það er alveg hárrétt. Það er unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs með sölu á eignum. Það er alveg hárrétt. En hvernig er þeim rekstri komið sem grípa þarf til þess að selja bestu eignir sínar til að standa undir skuldum ríkissjóðs, skuldum sem þess vegna geta verið til komnar af almennum rekstri og rekstrarkostnaði? Eru það fjármálvísindi, herra forseti?

Látum svo vera, að það sé nauðsynlegt að selja Landssímann til að grynnka á skuldum ríkissjóðs, eins og þarna er talið upp í þeim röksemdum sem lagðar eru fram fyrir sölu á Landssímanum. En þegar maður selur eitthvað þá vill maður þó vita hvers virði það er. Hvað er maður að selja? Hver er ávinningurinn? Hversu mikið lækka skuldir ríkissjóðs með sölunni? Hve mikið batnar rekstrarstaða ríkissjóðs með sölunni?

Herra forseti. Við meðhöndlun málsins liggur ekkert fyrir um söluverðið á Landssímanum. Það liggur ekkert fyrir um það. Menn eru að skoða málið. Það er í einhverjum farvegi. Þannig eru svörin sem þjóðin sem á Landssíma Íslands fær um fyrir hvað eigi að selja. Síðan eru ástæðurnar fyrir sölunni taldar upp. Það þarf að bæta bága stöðu ríkissjóðs, bæta skuldastöðu hans, er almenningi sagt á bls. 18 í frv., og til þess sé nauðsynlegt að selja Landssímann. En þjóðin vill fá að vita hvaða verðmiði er settur á hann. Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir að það verði upplýst við umræðuna áður en þetta mál verður afgreitt, hvaða verðmiða á að setja á Landssímann. Það er grundvallarkrafa að málið verði ekki afgreitt á Alþingi fyrr en það liggur fyrir.

Í upptalningunni á markmiðunum með sölu Landssímans segir í fimmta lagi, með leyfi forseta:

„Að bæta hag neytenda. Með þeirri hagræðingu sem hlýst af einkavæðingu eru líkur á því að samkeppni á markaði aukist sem skilar sér í bættum hag neytenda."

Vissulega getur hagur neytenda batnað í sumum tilvikum þegar um virka samkeppni í atvinnurekstri er að ræða. En er einhver trygging fyrir því? Því fer fjarri, herra forseti, að hægt sé að setja þetta fram sem algilda reglu. Hvað höfum við upplifað, t.d. á matvörumarkaðnum? Upplifum við að frjáls samkeppni tryggi þar neytendum lægsta verð? Nei, herra forseti, nú eru menn sveittir við að reyna að finna leiðir til að koma að strangari lagaramma um þennan frjálsa matvörumarkað, frjálsan markað sem er að verða einokunarmarkaður en var lofaður og prísaður sem hluti af hinu almenna viðskiptafrelsi.

Ekki ætla ég að óska eftir því að komið verði á ríkisstýringu á matvörumarkaðnum. En það er fráleitt að gera ráð fyrir því að einkavæðing sé eitthvað sem tryggi bara í sjálfu sér hag neytenda. Hvað höfum við heyrt um Landssímann? Nánast allir sem komu á fund samgn. óttuðust að hagur neytenda um allt land væri ekki tryggður, hann væri ekki tryggður sem stendur en þó væri líklegra að hægt yrði að ná tökum á Landssímanum meðan hann væri í ríkiseigu og gera kröfur til hans. Langflestir sem komu á fund nefndarinnar efuðust um að auðvelt yrði að gera til hans kröfur eftir að hann væri seldur. Fulltrúar neytenda á fundi nefndarinnar voru alls ekki vissir um að sala Landssímans mundi bæta hag þeirra.

Sjötta markmiðið, herra forseti, sem rakið er sem forsenda fyrir sölu Landssímans er:

„Að styrkja stöðu starfsmanna. Einkavædd fyrirtæki hafa meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a. með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa."

Á að selja fyrirtækið til að styrkja stöðu starfsmanna? Ekki veit ég, herra forseti, hvort þessar áætlanir hafi verið ítarlega kynntar fyrir starfsmönnum Landssímans hf. um allt land, og þeim gerð grein fyrir því hvernig staða þeirra eigi að batna þegar búið er að selja Landssímann. Mér er ekki ljóst hvernig velja á það góða starfsfólk sem á að fá hærri laun eftir að búið er að selja Landssímann. Væri ekki ágætt, áður en þessu er slegið fram sem fullyrðingu, sem rökum fyrir að selja Landssímann, að eiga fundi með starfsfólki og gera því grein fyrir því hvað það á í vændum? Þetta er talið upp sem afleiðing þess að selja Landssímann. Ég tel reyndar að þetta sé köld kveðja til starfsfólks sem hefur unnið á Landssímanum í áratugi, hefur unnið þar af miklum þegnskap, jafnvel verið tjáð að þetta væri samfélagsþjónusta og yrði því að stilla launakröfum í hóf, að hærri launagreiðslur mundu draga úr möguleikum á uppbyggingu og þjónustu um allt land. Hér eru gefin þau fyrirheit að með sölu fyrirtækisins þá verði unnt, með leyfi forseta:

„Að styrkja stöðu starfsmanna. Einkavædd fyrirtæki hafa meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a. með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa."

Herra forseti. Er ekki miklu líklegra að hitt gerist, að í stað þess að sala Landssímans verði til þess að tryggja starfsfólkinu atvinnu til langframa þá verði það fyrsta sem stór hluti starfsfólksins fær að heyra, að því verði sagt upp? Það kæmi mér ekki á óvart.

Í sjöunda lagi, herra forseti, eru þau rök færð fyrir því að selja Landssímann að með því verði unnt:

„Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr möguleikum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir."

Það hefði svo sem verið ágætt að fá að heyra hjá hæstv. samgrh. í hverju þetta vandamál með Landssímann hafi verið fólgið, með þessa sérhagsmunahópa sem einkavæðingarnefnd þykir nauðsynlegt að draga fram sem eina af forsendum fyrir því að selja Landssímann. Hafa þeir verið svona mikið vandamál? Hæstv. samgrh. er einn með allt hlutafé og ræður öllu. Hann er sá eini sem greiðir atkvæði á hluthafafundum. Það væri fróðlegt að vita hvaða sérhagsmunahópar hafa beitt hann þeim þrýstingi að nauðsynlegt þyki að selja Landssímann.

Ætli það sé ekki svo, herra forseti, að sérhagsmunahóparnir — ekki er ég að mæla þeim bót hvort sem þeir beita hæstv. samgrh. þrýstingi eða aðra — séu eðlilegir í lýðfrjálsu landi þar sem einstaklingar og hópar hafa rétt á að koma fram með sjónarmið sín, ábendingar og óskir? Ef við tökum sem dæmi matvörumarkaðinn hér á landi: Eru ekki neinir sérhagsmunahópar þar? Þetta er allt saman einkavætt. Eru ekki einmitt sérhagsmunahópar sem keyra upp verðið fyrir vörur og þjónustu á þeim markaði? Ekki er að sjá að þar sé leitast við að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Mér finnst dapurlegt til þess að vita, herra forseti, að þetta sé sett fram sem ein af rökunum fyrir nauðsyn þess að selja Landssímann.

Eitt hefði ég líka viljað fá á hreint, herra forseti, varðandi bætta stöðu ríkissjóðs með sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands. Það kom skýrt fram hjá þeim fáu aðilum úr viðskiptalífinu sem komu til fundar við nefndina að þeir töldu tímasetninguna á sölu hlutabréfa nú afar slæma. Þeir töldu að staðan væri með því versta sem hún hefði verið síðan hlutabréfamarkaðir tóku til starfa og þar þyrfti að fara með sérstakri gát. Þeir bentu á að miklu máli skipti hvernig bæri að túlka yfirlýsingu hæstv. utanrrh., formanns Framsóknarflokksins, um sölu á Landssímanum. Þeir bentu á að það skipti máli hversu lengi íslenska ríkið mundi halda þessum 51% sem það hefur sett sér að eiga í fyrstu tveimur áföngum sölunnar. Þeir töldu það skipta afar miklu máli. Fram kom það sjónarmið að óskynsamlegt væri að leita að fjárfestum, kaupendum, ég tala nú ekki um erlendis, fyrr en fyrir lægi skýr yfirlýsing um hvert ríkisstjórnin stefndi og hvað hún ætlaði að gera í þessum efnum. Hér er átt við yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. gaf í fjölmiðlum og ég vil vitna í það sem hann sagði í Ríkisútvarpinu klukkan átta hinn 26. apríl sl. Þá sagði hæstv. utanrrh. aðspurður, með leyfi forseta:

„Við munum hins vegar á næstu mánuðum eða missirum ekki selja meiri hlutann í fyrirtækinu. Ég held að það sé skynsamlegt að byrja heldur smátt og sjá síðan hvernig þetta gengur."

Það getur verið afgreiðsluatriði hvort það á að byrja smátt eða stórt, hvort dreifa eigi hlutabréfunum hratt eða hægt. Það getur verið tæknilegt atriði. Hitt er efnahagspólitískt atriði líka, gríðarlegt, hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þessum efnum.

Þess vegna fer ég þess eindregið á leit að hæstv. utanrrh. segi skýrt og skorinort í þingsal Alþingis hvað hann er að fara. Hver er ófrávíkjanleg afstaða hans í málinu? Hins sama krefst ég einnig af hæstv. samgrh., að hann gefi trúverðuga yfirlýsingu um hvaða ákvörðun liggur fyrir um hversu lengi ríkið muni eiga 51% í hlutafélaginu. Þetta skiptir kaupendur hlutafjárins miklu máli, herra forseti, en ekki síður neytendur. Það skiptir gríðarlega miklu máli að fá að vita hver sé hin staðfasta stefna ríkisstjórnarinnar í málinu, ekki bara viljayfirlýsingar eða hugmyndir. Þetta er miklu stærra mál en svo að hægt sé að skilja við það á Alþingi með öðrum hætti en þeim að fyrir liggi staðfest yfirlýsing um hvað þarna er átt við, hver verði framtíðin í þessari sölu. Bæði kaupendur og notendur Landssímans eiga kröfu til þess, herra forseti.

Í hv. samgn. var reyndar fyrst og fremst fjallað um hina tæknilegu hlið málsins. Ég gagnrýni þá meðferð sem málið hefur fengið á þinginu. Sala á Landssímanum er það mikið stórmál að hún krefst ítarlegrar meðferðar.

Frv. kom mjög seint fram eða nær sex vikum eftir að frestur var liðinn til að skila inn nýjum þingmálum og þurfti því að leita afbrigða til að það fengist tekið fyrir. Eru þetta furðuleg vinnubrögð í stórmáli sem snertir svo mjög alla landsmenn eins og nánar er gerð grein fyrir í nefndaráliti 2. minni hluta. Sala Landssímans var eitt af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Hefur hún nú þegar haft tvö ár til að undirbúa söluna og því óskiljanlegt að keyra þurfi málið í gegnum þingið með þeim hætti að ómögulegt er að fjalla um það á fullnægjandi hátt.

Annar minni hluti gagnrýnir vinnubrögð og framgöngu meiri hlutans við umfjöllun þessa máls. Ekki var einu sinni nýttur sem skyldi sá takmarkaði tími sem nefndin hafði þó til um ráða. Málinu var vísað til nefndar 2. maí sl., en fyrsti nefndarfundur, þar sem málið var á dagskrá, var boðaður föstudaginn 4. maí, án undirbúnings eða samráðs við minni

hlutann, samkvæmt dagskrá sem hafði ekki verið borin undir nefndarmenn.

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frv. viðurkenndi hann að málið kæmi seint fram og harmaði það. Hann fór jafnframt þess á leit að reynt yrði að afgreiða máli á þessu þingi samt sem áður. Hann óskaði eindregið eftir því. Að sjálfsögðu reynir þingið og þingnefndir að vinna hratt og vel og verða við eðlilegum óskum ráðherra og annarra sem leggja hér mál fram. Það er a.m.k. afstaða mín til málsins.

Ég óskaði eftir skriflegum umsögnum frá ýmsum aðilum um málið og að þeir fengju eins rúman tíma og kostur væri til að skila inn umsögnum. Umsagnarbeiðnir voru sendar út eftir hádegið á föstudeginum og aðeins gefinn frestur til kl. 16 næsta mánudag. Því gafst aðeins helgin til að svara þessari beiðni. Fyrir fram var því ljóst að umsóknaraðilum mundi ekki gefast tími til að fjalla á neinn heildstæðan hátt um málin.

Veigamikill þáttur þessa máls er efnahags- og viðskiptalegs eðlis og lýtur fullt eins að stjórn peningamála í landinu og tæknilegri þjónustu. Því óskaði undirritaður eftir að nefndin færi fram á að efnahags- og viðskiptanefnd þingsins veitti umsögn um þann þátt málsins. Eftir nokkurn undandrátt með svör var því hafnað af hálfu meiri hlutans og er þeirri neitun hér með mótmælt.

Ég tel að málið sé illa unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar og því hafi verið brýn þörf á að málið fengi vandaða umfjöllun í samgn. Að mínu mati hefur slík umfjöllun ekki farið fram og þess vegna var því mótmælt að málið skuli hafa verið afgreitt úr nefndinni til 2. umr.

Herra forseti. Landssíminn er hluti íslenskrar þjóðarsálar. Árið 1906 komst á ritsímasamband við umheiminn frá Seyðisfirði. Allar götur síðan hefur aukin og bætt fjarskiptaþjónusta verið hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og tengt þá saman sem eina þjóð. Örugg þjónusta á þessu sviði hefur tryggt góða samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja innan lands og þjóðarinnar allrar við útlönd. Í strjálbýlu landi sem Íslandi er öflug og góð fjarskiptaþjónusta ein af grunnstoðum almannaþjónustu og getur tryggt samkeppnishæfa búsetu, mannlíf og atvinnrekstur hvarvetna á landinu. Það var þjóðarmetnaðarmál að allir íbúar landsins tengdust gegnum símakerfið.

Áfram eru grundvöllur samkeppni og tækniframfara og þróun samskipta bundin fjarskiptum. Þau eru því ein af grunnforsendum almannaþjónustu sem er forsenda fyrir fjölbreyttu atvinnulífi, menningarstarfi og samskiptum fólks hvarvetna á landinu. Ákveðin grunnþjónusta af þessum toga verður að lúta kröfum um jafna þjónustu, en ekki lögmálum arðsemiskrafna til þess fjár sem eigendur telja sig hafa lagt í þessa starfsemi í sjálfu sér. Landssíminn er hluti af innbúi allrar þjóðarinnar, eins konar „fjölskyldusilfur" allra heimila landsins. Sjálfsagt er að gæta eðlilegra rekstrar- og hagkvæmnisjónarmiða. Landssíminn á áfram að vera í þjóðareign. Hér skilur á milli sjónarmiða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og annarra stjórnmálaafla í landinu.

Ég minnist þess í barnæsku að þegar verið var að leggja símann um sveitirnar var sú kvöð á bændum og landeigendum að hver varð að sjá um dreifingu símastauranna þar sem línan fór í gegnum þeirra land. Var það gert á hestum þar sem dráttarvélum varð ekki við komið, staurarnir dregnir eða bornir á höndum þar sem verst var yfirferðar. Íbúar út um allt land tóku virkan þátt í uppbyggingu þessarar almannaþjónustu og töldu ekki eftir sér. Mér er einnig kunnugt um að þeim rökum var beitt í kjarasamningum við starfsmenn Landssímans á sínum tíma að því hærri laun sem starfsmenn fengju því minna yrði til að byggja upp og þjónusta alla landsmenn.

Landssíminn hefur verið eitt af sameiningartáknum þjóðarinnar sem hver og einn landsmaður hefur verið tengdur við og fundið að hann gat gert félagslegar kröfur til. Með sölu Landssímans verður þessi hluti þjóðarsálarinnar seldur.

Herra forseti. Verðmæti Landssímans er því ekki aðeins fólgið í tækjum og tólum, línum, húsum og þekkingu starfsfólks heldur er verðmæti hans ekki hvað síst sú staðreynd að hann hefur í nærri heila öld verið hluti af íslenskri þjóðarsál. Það er verið að selja áratugasamning við íslensk heimili.

Verði þessi sala almannaþjónustu landsmanna að veruleika mun það rista djúp sár í íslenska þjóðarsál. Enn dýpri verða sárin og örin stærri ef það verður skilyrt að stór hluti Landssímans, jafnvel meiri hluti eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, fari í hendur erlendra aðila.

Þegar stofnað var hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar 1996 var ítrekað að aðeins væri verið að breyta um rekstrarform, „aðlaga það nútímanum". Hlutafélag ætti meiri möguleika að bregðast skjótt við nýjum þjónustukröfum. Ekki stæði til að selja fyrirtækið. Þetta sjónarmið var áréttað þegar fyrirtækinu var skipt í Landssímann hf. og Íslandspóst hf.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var sala Landssímans hluti af stefnuyfirlýsingu hennar. Síðan þá hefur farið fram málamyndareiptog milli stjórnarflokkanna um tilhögun á sölu Landssímans.

Ríkisstjórnarflokkarnir og einkavæðingarnefnd lítur fyrst og fremst á Landssímann sem fyrirtæki í samkeppnisatvinnurekstri. Samkeppnin eigi að tryggja framboð og gæði þjónustunnar. Nú sé komin svo mikil samkeppni í þessa þjónustu að óhætt sé að sleppa henni lausri á markaðstorg mammons. Lög um fjarskipti, lög um Póst- og fjarskiptastofnun og samkeppnislög búi þá umgjörð sem eigi að tryggja að svo verði. Landssíminn hafi nú þegar starfað eftir þessum lögum um tíma og ekki sé þar nein meginbreyting á þótt hann verði seldur.

Fram kom hjá öllum þeim aðilum sem koma að fjarskiptum og mættu hjá nefndinni eða skiluðu áliti að því færi víðs fjarri að raunveruleg samkeppni væri á fjarskiptamarkaði og ætti það langt í land. Gríðarmikið misræmi væri milli fyrirtækja og íbúa landsins eftir búsetu hvað varðar aðgengi að fjarskiptum, tengimöguleika, gagnaflutning og verð á þjónustunni. Kom rækilega fram það sjónarmið að fullkomlega ótímabært væri að selja Landssímann í heilu lagi með öllum deildum sínum, þar á meðal grunnnetið, sleppa af þessari þjónustu hendinni og varpa henni á torg markaðarins og óheftra arðsemiskrafna. Allir þeir sem komu af landsbyggðinni til fundar við nefndina lýstu yfir þungum áhyggjum, fyrst og fremst af stöðu mála nú og skertri samkeppnisstöðu vegna búsetu en einnig af þeirri óvissu sem skapaðist til framtíðar við sölu Landssímans. Óttuðust margir að erfitt mundi að setja auknar alþjónustukvaðir eftir á þegar fyrirtækið hefði verið selt. Að sjálfsögðu lægju verðmæti þess ekki hvað síst í yfirburðamarkaðsstöðu sem það samkvæmt arðsemiskröfu eigenda sinna mundi beita til hins ýtrasta.

Ísland er lítill markaður en þar eru miklar vegalengdir. Einungis hér á suðvesturhorninu og ef til vill á Akureyri er hægt að vænta samkeppnismöguleika þar sem örfá fyrirtæki geta fleytt rjómann af fjarskiptaþjónustu landsmanna. Verði

Landssíminn seldur er langlíklegast að innan skamms tíma verði hér fullkomlega einkavædd einokun á fjarskiptamarkaði.

Sala Landssímans í hlutum eða heilu lagi er því fullkomlega ótímabær hvort sem litið er á tæknilegar eða samkeppnislegar forsendur. Kröfur og væntingar til þjónustu hvarvetna á landinu mæla alfarið gegn því.

Önnur rök fyrir sölu Landssímans eru þau að ríkið vanti fjármagn og helst þurfi að selja a.m.k. hluta af honum úr landi. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að fá hámarksverð fyrir ríkiseignir.

Fram kom hjá öllum þeim fulltrúum fjármálastofnana sem komu til fundar við nefndina að eins og staðan væri nú væri þetta einn allra versti tíminn til að selja hlutabréf í ríkisfyrirtækjum. Jafnframt væri staðan sú að hlutabréfamarkaðurinn væri afar horaður og illa fram genginn nú á vordögum. Hann þyrfti „innspýtingu" af bréfum á lágu verði sem gæti hækkað verulega á eftirmarkaði. Þar gæti Landssíminn gegnt lykilhlutverki, að vera eins konar fóður fyrir hlutabréfamarkaðinn. Hlutverk ríkisins væri þá að halda eins konar „tombólu" á hlutabréfunum til að örva markaðinn.

Einnig kom fram, herra forseti, að sala Landssímans gæti torveldað sölu hlutabréfa í bönkunum ef tekin væri sú ákvörðun að selja þau samtímis. Það er því alveg ljóst að af efnahags- og viðskiptalegum ástæðum orkar mjög tvímælis að selja Landssímann eins og staðan er. Reyndar væri afar óviturlegt að gera það. Eðlilegt hefði verið að efh.- og viðskn. hefði fjallað um þennan hluta frv. en því var hafnað af meiri hluta samgn.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) (frh.):

Herra forseti. Ég fór fyrir hádegisverðarhlé nokkrum orðum um þær almennu forsendur sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. telur fyrir einkavæðingu. Ég hef farið yfir þær forsendur sem einkavæðingarnefnd leggur ríkisstjórninni til fyrir einkavæðingu og sölu hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum. Ég hef gert ítarlega grein fyrir þeim mun sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum á stöðu Landssímans og almenns fyrirtækjarekstrar í landinu. Við teljum að Landssíminn sé fyrst og fremst almannaþjónustustofnun og þótt einhverjir þættir í starfsemi hans geti flokkast undir fyrirtækjarekstur þá sé þetta fyrst og fremst almannaþjónusta.

Við teljum þjónustuna eina af grunnstoðum íslensks samfélags hvar sem er á landinu og að jafnt aðgengi að henni sé grundvöllur þess að einstaklingar, fyrirtæki og samfélög búi í samkeppnishæfu umhverfi, óháð búsetu. Þetta teljum við jafnframt hluta þess sem gerir okkur að einni þjóð. Við teljum að eins og önnur grunnalmannaþjónusta eigi Landssíminn að vera á ábyrgð íslensku þjóðarinnar og þjóðin geti gert til hennar félagslegar kröfur, jafnréttiskröfur, gegnum Alþingi og framkvæmdarvaldið, sem starfar á vegum Alþingis. Þessu hef ég, herra forseti, gert ítarlega grein fyrir.

Ég hef jafnframt rakið að einkavæðingarstefnan, sem átti að leiða til jafnvægis í ríkisfjármálum, hefur ekki orðið til að styrkja íslenskt atvinnulíf til framtíðar. Sala ríkisfyrirtækja átti að leiða til lægri vaxta og atvinnuöryggis. Hún leiðir kannski til atvinnuöryggis um tíma en gerir það ekki til framtíðar eins og þörf hefði verið fyrir. Sá ávinningur sem ríkisstjórnin ætlaði sér með sölu á hlutafé í fyrirtækjum í eigu ríkisins hefur ekki skilað sér.

Ríkisstjórnin og einkavæðingarnefnd settu með einföldum hætti fram forsendurnar og almenn markmið með einkavæðingu í nokkrum liðum. Þar segir t.d. að einkavæðingin í sjálfu sér auki samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Hún getur gert það stundum að mínu mati en það er fjarri því að það sé algilt. Það er fáránlegt að setja það fram sem eitthvað algilt. Það sýnir bara ófagleg vinnubrögð.

Í öðru lagi er því haldið fram að einkavæðing dragi úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Jú, stundum gæti hún gert það en hún er engin trygging fyrir því. Þannig er fáránlegt, herra forseti, að setja þetta sem markmið með sölu Landssímans.

Þá er rætt um að salan mundi efla hlutabréfamarkað. Vafalaust getur það eflt hlutabréfamarkaðinn að selja hlutabréf Landssímans en þá hefur ítarlega komið fram á fundum samgn. með fulltrúum fjármálamarkaðarins að til að svo verði þá þurfi að selja þau á undirverði, þannig að kaupendur hlutabréfanna sjái í þeim hagnað á eftirmarkaði. Þetta hefur ítarlega komið fram á fundum nefndarinnar. Það markmið ríkissjóðs að efla hlutabréfamarkaðinn er hæpið ef til þess þarf það eitt að selja hlutabréf fyrirtækisins á undirverði.

Ein af röksemdunum sem tíndar hafa verið til af hálfu einkavæðingarnefndar er að salan mundi bæta stöðu ríkissjóðs. Það er svo sem alveg hárrétt. Salan getur bætt stöðu ríkissjóðs en eins og ég tók fram áðan þá væri ágætt að hæstv. fjmrh. kæmi gerði grein fyrir þeirri brýnu þörf sem á því er. Eru það haldbær rök sem hér eru tíunduð fyrir því að selja Landssímann, að bæta stöðu ríkissjóðs? Það er dapurlegt til þess að vita ef þarf að selja bestu almannaþjónustufyrirtæki ríkisins til þess að bæta stöðu ríkissjóðs. Það eru dapurlegt rök.

Ég nefndi einnig að því hefði verið slegið fram sem röksemd að salan ætti að bæta hag neytenda. Stundum getur það orðið í einhverjum tilvikum. En það er fjarri því að slá því fram sem einhverri algildri röksemd fyrir því að þurfa að selja Landssímann til að bæta hag neytenda.

Það hefur einmitt komið fram, herra forseti, hjá öllum þeim fulltrúum neytenda sem komu á fund samgn. að þeir óttuðust mest að samkeppnisstaðan, staða markaðarins og staða þjónustunnar, yrði ekki á þeim grunni að líklegt væri að salan mundi styrkja hag neytenda. Nei, það er talið afar brýnt að setja í gang stóraukið laga- og reglugerðaverk til að freista þess að tryggja stöðu neytenda. Fyrir vikið þarf að efla eftirlitsiðnaðinn. Menn deilu það hvort það þyrfti tvo eða fimm starfsmenn á Samkeppnisstofnun eða fjarskiptastofnun, hvort þeir ættu að kunna meira í peningamálum, í fjarskiptum eða í breiðbandsmálum. Ef fullnægja hefði átt öllum þeim óskum um sérhæfni manna til að takast á við þetta stóraukna eftirlitshlutverk þá sýndist mér að til þess dygðu ekki einn eða tveir starfsmenn, herra forseti. Í þeirri umræðu sem þar kom upp virtist mér af og frá að sala Landssímans gæti orðið til að bæta hag neytenda. Þvert á móti mundi þurfa að stórauka reglugerðaverk og eftirlitsvinnu samtímis til að reyna að tryggja stöðu neytenda, tryggja jafnvel stöðuna eins og hún er í dag og töldu þó ýmsir að hún væri hvergi nærri nógu góð.

Þannig, herra forseti, að þessi röksemd sem einkavæðingarnefnd fyrir sölunni, að bæta hag neytenda, á alls ekki við hér. Það er furðulegt að slík vinnubrögð skuli viðhöfð á hæstv. Alþingi, að bera þetta á borð.

Í listanum yfir markmið með sölunni kemur fram að hún mundi styrkja stöðu starfsmanna. Reynslan af einkavæðingu

og sölu á ríkisfyrirtækjum er sú að hið fyrsta sem er gert er að segja starfsmönnum upp stórum hópum. Þess vegna, herra forseti, var einmitt rætt frekar um hvernig unnt yrði að tryggja stöðu starfsmanna eftir að selt yrði, það var fremur vandamál en hitt, að þetta mundi bæta stöðu þeirra.

Svona standa hver rökin á móti öðrum sem hér eru talin upp af hálfu einkavæðingarnefndar og ríkisstjórnarinnar fyrir sölu á Landssímanum beinlínis röng, bara slagorð út í loftið. Markmiðið er ekki að velta þessu fyrir sér heldur bara að selja. Þannig er málið í hnotskurn. Að selja, selja, selja, selja.

Ég ítreka, herra forseti, að það kom mjög ítarlega fram hjá þeim sem komu til fundar við samgn. að það þyrfti að liggja skýrt fyrir hver ætlun ríkisstjórnarinnar væri með 51% eignarhlutinn. Er þess að vænta að ríkisstjórnin sé bara, t.d. í orðum hæstv. utanrrh. sem ég vitnaði til fyrir hádegið, að gefa friðþægingaryfirlýsingu, til að mýkja þá ákvörðun að selja Landssímann?

Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Við munum hins vegar á næstu mánuðum eða missirum ekki selja meiri hlutann í fyrirtækinu."

Fyrir mér er töluverður munur á því hvort það er næsti mánuður eða næstu missiri. Á því er í sjálfu sér töluverður munur. Það gengur ekki að hafa svo stórt atriði, bæði varðandi verðlagningu, sölu og áhuga kaupenda, skilið eftir í þeirri óvissu sem þarna er. Ég krefst þess að hæstv. utanrrh. geri nákvæma grein fyrir því hvað hann á við.

Í öðru lagi er mikilvægt fyrir neytendur, þessa ræfilsneytendur sem einkavæðingarnefnd og ríkisstjórn bera svo fyrir brjósti að það þarf að selja Landssímann til þess að tryggja og bæta hag þeirra, þá er afar mikilvægt að vita einmitt: Verður haldið áfram með sölu Landssímans, selt af meirihlutaeign ríkisins? Það kom skýrt fram hjá þeim neytendum sem komu á fund samgn. víða að af landinu með stuttum fyrirvara að þeir óttuðust að erfitt yrði að gera auknar kröfur í takt við tímann til einkavædds fyrirtækis, fyrirtækis sem væri gjörsamlega horfið úr meirihlutaeign þjóðarinnar. Þeir töldu að erfitt yrði að gera kröfur til fyrirtækisins eftir á og töldu skipta afar miklu máli að geta gert slíkar kröfur. Þá skiptir máli hvort ríkið á meiri hlutann eða ekki. Ég óska eftir því, herra forseti, að bæði hæstv. samgrh. og hæstv. utanrrh., formaður Framsóknarflokksins, geri örugga og trausta grein fyrir því hvað til stendur.

Herra forseti. Í ræðu minni fyrir hádegi lagði ég áherslu á að samgn. hefði fyrst og fremst fjallað um málið út frá tæknilegum hliðum, út frá þjónustuhliðinni og ekki síst þjónustunni vítt og breitt um landið. Þar kom fram að neytendur óttuðust sölu Landssímans, að hún mundi leiða til þess að erfiðara yrði fyrir notendur að sækja rétt sinn. Talið var að erfitt yrði að gera kröfur til þjónustunnar. Menn óttuðust það. Það voru ekki meðmæli með því að hraða sölunni til að bæta þjónustuna við þessa aðila. Það er mesti misskilningur þó því sé haldið fram í skýrslu einkavæðingarnefndar, að það sé tilgangurinn með sölu Landssímans að bæta þjónustu við neytendur.

Hin hliðin á sölunni, herra forseti, er að hún er sögð vera af efnahagslegum ástæðum en samgn. er í sjálfu sér ekki sérfræðinefnd þingsins á sviði efnahags- og viðskiptamála. Þess vegna óskaði ég eftir því að leitað yrði umsagnar efh.- og viðskn. um þá þætti frv. sem lutu að efnahags- og peningamálum. Eftir nokkra bið hafnaði meiri hluti samgn. því að málið yrði sent til efh.- og viðskn. Ég mótmælti því og tel það ekki boðleg vinnubrögð.

Lögð hefur verið áhersla á að efla þurfi eftirlit og viðurlög, að það væri forsenda þess að samkeppnin geti staðist. Samkvæmt lögum eiga Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun að fylgjast með því að ákvæði samkeppnislaga séu virt og þjónustukröfum fullnægt. Fram kom hjá meginþorra þeirra sem komu til fundar við nefndina að þarna er víða pottur brotinn, það eftirlitskerfi sem við nú búum við væri í stórum dráttum óvirkt nú og þeir töldu að gera yrði grundvallarbreytingar á framkvæmd þessa eftirlits. Hér þyrfti aukna lagastoð, aukið fjármagn og tæknimannafla til að ráða við aukinn þunga í verkefnum á þessu sviði. Voru sagðar daprar reynslusögur frá samskiptum við Landssímann hf. og eftirlitsstofnanirnar. Eins og staðan er nú ræður eftirlitskerfið alls ekki við verkefnin á þessu sviði. Það tjóar lítið að beita leyfissviptingum til að refsa fyrirtæki sem fer ekki að tilmælum en er allsráðandi á markaðnum þegar um almannaþjónustu er að ræða. Þannig að sú heimild að mega svipta Landssímann starfsleyfi, rekstrarleyfi, ef hann ekki fer að þeim tilmælum sem krafist er, er náttúrlega meira og minna út í hött. Hver ætlar að skrúfa fyrir Landssímann út um allt land til þess að fylgja eftir þeim kröfum? Þetta er svo mikil bábylja, herra forseti, að það tekur engu tali.

Nauðsyn ber til að styrkja lagagrunn til að geta beitt, eins og Danir í dag, viðurlögum, dagsektum eða öðrum raunverulegum aðgerðum sem hrífa. Eftir að fyrirtækið hefur verið selt mun verða enn erfiðara að fylgja því eftir að fyrirtækið fari að reglum eða setja því auknar kröfur. Það kom fram hjá langflestum þeirra sem komu fyrir nefndina að þeir töldu erfitt að krefjast þess af einkafyrirtæki að þjónustan yrði aukin.

Ég hef kynnst framgöngu Íslandspósts hf. við lokun pósthúsa og samdrátt í póstþjónustu víða um land og ítrekað tekið það upp hér á þinginu. Er þó fyrirtækið alfarið í eigu ríkisins og á ábyrgð samgrh. og Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlitið. Skagfirðingar mótmæltu með undirskriftum hundraða íbúa lokun pósthúsa og skertri póstþjónustu á Hofsósi og í Varmahlíð. Mótmælin fóru til samgönguráðherra og Íslandspósts hf., en var í engu svarað. Hvaða traust bera menn til svona eftirlits? Forsvarsmenn héraðsins gengu á fund samgrh. og þingmanna kjördæmisins og mótmæltu uppsögnum starfsfólks, lokun pósthúsa og skertri póstþjónustu. Óskuðu þeir jafnframt eftir skoðun á því hvort skerðing á þessari þjónustu og tilhögun hennar stæðist lög. Herra forseti, því hefur ekki verið svarað. Þetta fólk hefur ekki verið virt svars. Á Alþingi hefur þetta mál ítrekað verið tekið upp og beðið um skoðun á því hvort lokun pósthúsanna og skerðing þjónustunnar stæðust lög og starfsleyfi fyrirtækisins. Við rekum eftirlitsstofnanir sem er ætlað það hlutverk að fylgjast með þessu, eftirlitsstofnanir sem eiga að fá stóraukin verkefni í að fylgjast með því hvernig Landssíminn fylgir lögum og reglum. Það er miklu stærra mál en málefni Íslandspósts sem er alfarið í eigu ríkisins. (Gripið fram í.) Það hefur heldur ekkert fengist gert á þessu sviði.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur óskað eftir afriti af samningum sem Íslandspóstur hf. hefur gert við sjálfstæða rekstraraðila um starfrækslu póstþjónustu á landsbyggðinni. Því var hafnað. Í starfsleyfinu stendur einmitt að fyrirtækinu sé óheimilt að framselja þennan rekstur til þriðja aðila. Hið sama stendur í starfsleyfinu sem fylgir hér með frv. um sölu Landssímans. Þar er ná-

kvæmlega sama setningin, um að viðkomandi fyrirtæki sé óheimilt að framselja þetta leyfi sitt. Þessum óskum hefur ekki verið svarað og þessu eftirliti eigum við að treysta.

Herra forseti. Sveitarstjórn Skagafjarðar sendi Póst- og fjarskiptastofnun bréf 14. mars 2001 með ósk um úrskurð um hvort breyting á „póstafgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samrýmist lögum og reglum sem varða póstþjónustu í landinu." Því bréfi var loks svarað 2. maí sl. Þar er greint frá væntanlegri úttekt sem gæti lokið í september. Þetta er eftilitið í dag og okkur er ætlað að treysta því til að takast á við enn stærri verkefni en einn lítinn Íslandspóst og tvö lítil pósthús.

Er það von þó margir sem komu á fund samgn. og svöruðu eins og þeir gerðu þegar þeir voru spurðir hvers vegna þeir hefðu ekki leitað til eftirlitsstofnana? Þið getið giskað á svörin. (**HjÁ:** Hver voru þau?) Svörin voru þau að (**Gripið fram í:** Hann situr í samgn.) það hefði ekki reynst árangursríkt og því hefðu þeir ekki gert það. (**HjÁ:** Engin kæra.) Nei. Þess vegna var ég að kynna hér, herra forseti, m.a. fyrir hv. þm. Hjálmari Árnasyni, þessa einu kæru sem hafði borist Póst- og fjarskiptastofnun út af einu afmörkuðu máli, hve lengi hún hefði verið að velkjast í kerfinu án þess að vera svarað. Hvað fyndist honum um að allir ættu að ganga þá þrautagöngu? Hvað sögðu ekki sumir sem komu á fund samgn.? Þeir sögðu að það færi endalaus tími í að reyna að sækja rétt sinn, finna út rétt sinn og sækja hann. Ég veit að hv. þm. man eftir þeim orðum. Við erum ekkert ánægðir með það. Ég veit að hv. þm. Hjálmar Árnason er ekkert ánægður með að sú sé staðan. (**Gripið fram í:** Þeir fá nú tvo.) Ég verð að segja, herra forseti, að reynslan af þessu eftirliti hlýtur að vera aðvörun um það sem gerst getur.

Ég hef fengið leyfi, herra forseti, til þess að vitna í bréfaskipti aðila í Skagafirði og Póst- og fjarskiptastofnunar, sem hefur sent bréf til sveitarstjórnar Skagafjarðar. Það er með fullu leyfi Skagfirðinga. Bréf þessarar eftirlitsstofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, við bréfi sveitarstjórnar Skagafjarðar frá 14. mars árið 2001 berst 2. maí árið 2001. Þetta er eftirlitið sem við eigum líka að treysta fyrir Landssímanum. Ég bendi á aðdragandann. Hundruð Skagfirðinga hafa sent undirskriftir til hæstv. samgrh. og Íslandspósts, beiðni um að kannað sé hvort þarna sé farið að lögum. Ég bendi á bréfaskipti sem áður fara þar á milli með ósk um það sama. Málið hefur ítrekað verið tekið upp á þinginu og farið í gegnum það. Maður hefði haldið að alvara málsins væri nokkuð klár og auðvelt væri að ganga úr skugga um hvort þarna væri rétt að staðið. Og þá lægi það bara fyrir.

En síðan kemur bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun til sveitarfélagsins Skagafjarðar, með leyfi forseta. — Ég hef áður fengið leyfi forseta sveitarstjórnar Skagafjarðar:

„Vísað er til bréfs yðar, dagsett 14. mars 2001, þar sem farið er fram á að Póst- og fjarskiptastofnun úrskurði um hvort sú breyting sem orðið hefur á póstafgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samræmist lögum og reglum sem varða póstþjónustu á landinu." — Spurningin er ekkert dregin í efa. — „Erindi þetta er til komið vegna bréfs Sigríðar Sigurðardóttur, safnvarðar í Byggðasafninu Glaumbæ, sem fylgdi með bréfi yðar. Af þessu tilefni vill stofnunin upplýsa yður um að nú stendur yfir heildarúttekt á þeim pósthúsum úti á landi þar sem afgreiðslufyrirkomulagi hefur verið breytt, m.a. vegna samninga við fyrirtæki um rekstur þeirra auk þess sem unnið er að setningu reglna sem taka munu m.a. á atriðum eins og hvernig og hvar afgreiðslustaðir eiga að vera, póstleynd, öryggismálum, aðgengi almennings að þjónustunni og fleira. Stefnt er að því að úttektinni verði lokið í september næstkomandi og verður þá samin skýrsla. Þykir stofnuninni eðlilegast að úttekt á ofangreindum stöðum verði hluti af þessari skýrslu en að þeir verði ekki teknir út sérstaklega.

Póst- og fjarskiptastofnun telur rétt að það komi fram að lagastoð fyrir setningu reglna um staðsetningu og fyrirkomulag póstafgreiðslna er ekki að finna í gildandi lögum um póstþjónustu, en stefnt er að því að stofnunin fái slíka heimild í nýjum lögum. Beðist er velvirðingar á hvað dregist hefur að svara erindinu."

Þetta er endanlegt svar þessarar eftirlitsstofnunar sem við eigum að fela aukið eftirlit. Þessi stofnun starfar á ábyrgð hæstv. samgrh. og á að taka að sér enn stærri verkefni.

Herra forseti. Mundi hæstv. forseti ekki halda að íbúar landsins yrðu fljótt þreyttir á að senda inn erindi sín og fá ekki skjótari viðbrögð en Skagfirðingar við sínu erindi? Það er ekki að furða þó aðilar séu ekki að senda mörg erindi inn þegar svarið er að hugsanlega komi út skýrsla um málið eftir ár.

Herra forseti. Ég verð að gera þetta að máli vegna þess að í allri umfjöllun þessa máls var lögð áhersla á að samkeppnin væri ekki fyrir hendi og forsenda fyrir því að hún gæti gengið upp væri sú að eftirlitið væri öruggt og tryggt og það tryggði rétt neytandans hvar sem væri á landinu. Það var rauður þráður í gegnum þessa umfjöllun.

Herra forseti. Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 18. mars sl. er grein eftir Sólveigu Einarsdóttur sem býr í Ástralíu, en það land hefur oft verið nefnt sem fyrirmynd í nýfrjálshyggju og einkavæðingu almannaþjónustu. Það hefur meira að segja verið sagt hér á landi vera góð fyrirmynd. Fyrirsögn greinarinnar er, með leyfi forseta:

„Kraumar í pólitískum pottum Ástralíu?

Sýður undir: Hér á landsbyggðinni [þetta er í Ástralíu] hefur undanfarið verið heitt í kolunum. Sé minnst á stjórnmál við nokkurn mann þá sýður upp úr fyrr en varir. Hvað veldur því að fólki er svo heitt í hamsi?"

Síðan telur Sólveig upp nokkur atriði sem sérstaklega valda þessari óánægju, svo sem hækkun skatta á matvælum og hækkun skatta á bensíni sem kemur sér afar illa fyrir íbúa dreifbýlisins í þessu landi mikilla vegalengda.

Um sölu símans segir hún, með leyfi forseta.:

„Alríkisstjórnin seldi mikinn hluta landssímans (Telstra) fyrir billjónir dollara og hafði um tíma úr nógu að moða. Hins vegar brá svo við að öll þjónusta á landsbyggðinni fór hríðversnandi" — þetta er í Ástralíu. — „Þá hafa verslanir og fyrirtæki í litlum plássum hætt starfsemi sinni og margir læknar tekið til fótanna. Bilið milli borgarbúa og dreifbýlis verður stærra og stærra."

Hljómar þetta ekki kunnuglega? Er þetta sú framtíð sem við viljum sjá? Þannig fer ef ekki er spyrnt við fótum. Stöndum vörð um grunnstoðir samfélagsins, almannaþjónustuna. Beitum afli Landssímans til að styrkja dreifikerfi fjarskipta og gagnaflutnings um allt land. Fórnum honum ekki á altari einkavæðingar ríkisstjórnarinnar, (**Gripið fram í:** Mammons.) á altari mammons. Þetta eru einu rökin. Það eru ekki þjónustuleg rök. Það gætu verið skuldarök ríkissjóðs þó mér finnist það dapurlegt.

Með vísun til framangreindrar umfjöllunar leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Frumvarp um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. var lagt mjög seint fram eða rúmum mánuði eftir að almennur frestur til framlagningar nýrra þingmála var liðinn. Um er að ræða umfangsmikið og flókið mál sem krefst ítarlegrar umræðu og yfirvegunar í æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi. Samgöngunefnd hefur ekki á þeim stutta tíma sem henni var gefinn til verksins tekist að fara með fullnægjandi hætti yfir málið. Mikil hætta verður að teljast á því að hagsmunum landsbyggðarinnar verði fórnað verði af umræddri sölu Landssímans. Hvorki samkeppnislegar né tæknilegar forsendur eru til staðar til að umrædd sala geti átt sér stað. Rétt er að reka Landssímann hf. áfram sem opinbert þjónustufyrirtæki og beita styrk fyrirtækisins til áframhaldandi uppbyggingar fjarskiptakerfisins og til að tryggja öllum landsmönnum góða þjónustu án tillits til búsetu. Samkvæmt framansögðu samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

[14:05]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Síðustu missirin hefur farið fram hér í sölum hv. Alþingis sem og í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu öllu mikil umræða um fjarskipti. Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt, en segja má að tilefni þeirrar líflegu umræðu sé af tvennum toga. Annars vegar er það spurningin um hvort selja eigi það mikla og ágæta fyrirtæki sem hefur þjónað landsmönnum jafnlengi og raun ber vitni og þá hvernig skuli selja það, en ekki síður hefur tilefni umræðunnar verið sú staðreynd að tæknileg þróun í fjarskiptum hefur verði alveg einstaklega ör á síðustu árum. Það hefur m.a. leitt til þess að nýir aðilar með nýja tækni hafa verið að hasla sér völl og sprotafyrirtæki hafa litið dagsins ljós með þeirri umræðu sem slíku fylgir ávallt. Þetta hefur sem sagt verið mjög líflegt umræða og oftast nær afskaplega málefnaleg og skemmtileg.

Í tengslum við þau frv. sem hér eru til umræðu, einkum þó frv. um heimild til að selja hlutabréf Landssímans, má segja að umræðan snúist í rauninni um tvennt. Í þeirri miklu vinnu sem fram fór í hv. samgn. þá held ég segja megi að umræðan hafi snúist um tvennt. Annars vegar um það hvort selja eigi fyrirtækið og þá hvernig, en megnið af umræðunni, ekki síst hjá gestum okkar, hefur snúist um núverandi ástand, þ.e. ástandið á fjarskiptamarkaðnum eins og það er núna, þegar ýmsir aðilar hafa verið að hasla sér völl á þessu sviði. Þá er rétt að velta því aðeins upp hvernig þetta núverandi ástand er sem tók verulegan tíma í frásögnum ágætra gesta til hv. samgn. eins og fram hefur komið í umræðu um þetta mál hér í morgun.

Ástandinu er e.t.v best lýst með því sem ég nefndi áðan, að þróunin er afskaplega ör tæknilega og hefur skapað framsæknum einstaklingum góða möguleika til þess að notfæra sér breytta og að mörgu leyti aðgengilegri tækni til þess að skapa sér atvinnutækifæri og sækja fram í nýju umhverfi.

Núverandi ástand mótast að sjálfsögðu einnig af því að hér hefur verið áratugum saman eitt stórt og mikið fyrirtæki, einn allsherjarrisi sem hefur drottnað í skjóli ríkisvalds og veitt landsmönnum alveg ágæta þjónustu á þessu sviði. Segja má að umræðan innan nefndarinnar og að nokkru leyti í þessum stól taki svolítið mið af núverandi ástandi og hvernig nýjum fyrirtækjum gengur að hasla sér völl í grjótharðri samkeppni við það stóra fyrirtæki Landssímann.

Í þessu sambandi er líka rétt að draga það fram að Landssímanum hefur verið gert, og ekki vitað annað en að það hafi gengið eftir, að aðgreina bókhaldslega einstaka þætti í rekstri sínum.

Umræðan snýst í þessu sambandi langsamlega mest um það hvernig nýjum fyrirtækjum vegnar í samkeppni við þann risa sem hefur haft mikið forskot og þá ekki síst hvaða möguleika þau eiga til að keppa við hann og þá einkum hver aðgangur þeirra er að hinu stóra og mikla dreifikerfi Landssímans. En þá verður líka að hafa það í huga, herra forseti, að við erum ekki að tala um eitt dreifikerfi eða eitt net í eigu Landssímans. Einmitt vegna þess að tækninni hefur fleygt fram og fyrirtækjum fjölgað má segja að dreifikerfið og dreifingin á fjarskiptagögnum sé orðin samkeppnissvið í dag. Ætli það séu ekki rúmlega tíu fyrirtæki í landinu, sennilega nær 20, sem eru að reyna að hasla sér völl á dreifingarsviðinu með því að byggja sér upp dreifikerfi í höfuðborginni, á ýmsum öðrum þéttbýlisstöðum og líka á hálendinu, m.a. Landsvirkjun, en verið er að nýta raflagnir Landsvirkjunar. Dreifikerfið sjálft er því í raun orðið samkeppnissvið eins og aðrir þættir.

Herra forseti. Það er rétt að draga þetta fram m.a. vegna þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lýsti þeirri afdráttarlausu skoðun að Landssíminn ætti að selja þá þætti sína sem væru í samkeppni. Og það er alveg ljóst að samkeppnin er að eiga sér stað á dreifisviðinu alveg eins og öðrum. Líklega er NMT-kerfið hið eina þar sem engin samkeppni er. Á öðrum sviðum, svo sem eins og GSM, í dreifingu og öðrum þáttum, er alveg bullandi og grjóthörð samkeppni.

Þá er líka vert að hafa í huga til að lýsa núverandi ástandi að fjarskiptalögin sem samþykkt voru á hv. Alþingi eru afskaplega merkileg lög vegna þess að þar er kveðið svo afdráttarlaust á um valdsvið stjórnvalda til þess að grípa inn í. Þar er kveðið svo afdráttarlaust á um það hvernig ráðandi aðili verður að aðgreina hina aðskiljanlegustu þætti í rekstri sínum. Þar er kveðið á um aðgang inn á dreifikerfið og þannig má áfram telja. Með öðrum orðum vil ég segja að ekki síst á grundvelli fjarskiptalaga, sem ég ítreka að ég tel vera afskaplega merkileg og í rauninni grundvöll að þeim tólum sem stjórnvöld þurfa að hafa á fjarskiptamarkaðnum, eru úrræðin afskaplega góð. En af því að lögin eru annars vegar tiltölulega ný og hins vegar að mörg ný fyrirtæki hafa verið að hasla sér völl þá má kannski segja að markaðurinn hafi ekki lagað sig að þessum lögum og hafi e.t.v. ekki áttað sig á hvaða möguleika einstök fyrirtæki hafa á grundvelli gildandi laga. Þá á ég einkum við fjarskiptalög, en að sjálfsögðu koma til önnur lög þar um, svo sem lög um Póst- og fjarskiptastofnun, lög um Samkeppnisstofnun o.s.frv. En, herra forseti, ég tel að úrræðin séu til staðar þó að þau hafi ekki verið nýtt.

Þessi umræða um núverandi ástand var hryggjarstykkið í umræðunni sem fór fram innan hv. samgn. og þeirri umræðu sem fer fram í sölum hv. Alþingis um söluna á Landssímanum og um fjarskipti á Íslandi. Fyrst og fremst er verið að lýsa ástandi eins og það er og má segja að að mörgu leyti hafi það lítið með sjálfa söluna að gera. Menn eru hér að draga fram áhyggjur sínar við núverandi aðstæður. Ég tel að hvað sem mönnum finnst um prinsippið með að selja Landssímann eða selja hann ekki þá sé það þó alla vega jákvætt við umræðuna að þessi álitamál hafa verið dregin fram og ég tel að í kjölfar þessarar umræðu hafi verið gripið til mjög jákvæðra úrræða. Ekki síst vil ég í því sambandi vitna til niðurstöðu þeirrar sem fram kemur í nefndaráliti hv. samgn. þar sem markvisst, og ég tel mjög faglega, er verið

að bregðast við þeim áhyggjum sem menn hafa af ástandinu í dag hjá ríkisfyrirtækinu Landssímanum hf.

Nú spyrja menn, það er grundvallaratriði sem ég varpaði sjálfur fram fyrir hálfu ári eða einu ári, ég man það ekki nákvæmlega, hvort hér ríki eða verði Microsoft-ástand á fjarskiptasviðinu. Með skírskotun til þess að hér er einn stór og mikill risi sem hefur mjög gott forskot á þessum nýja samkeppnismarkaði þá þurfa menn að skoða hvernig samkeppnisumhverfið sem stjórnvöld ætla sér að byggja upp verður. Það er í raun hinn þátturinn sem umræðan hefur snúist um og vinna hv. samgn. snerist um. Ég veit að einstakir hv. nefndarmenn samgn. hafa lagt mikla vinnu í að afla sér fanga utan funda, með viðræðum við aðila á samkeppnismarkaði og alls kyns sérfræðinga, til að fá faglega umfjöllun um hvort ástæða sé til að óttast að hér sé eða hafi skapast svokallað Microsoft-ástand, þ.e. að einn aðili geti drepið aðra í dróma og setið einn að markaðnum. Það er grundvallarspurning sem þarf að svara.

Ég tel, eftir þá miklu vinnu sem farið hefur fram, að hægt sé að svara því skilyrðislaust að umhverfið, samkeppnisumhverfið, sé þannig á grundvelli laga og tilskipana, m.a. frá EES, að ekki sé ástæða til að óttast þessi atriði. Í því sambandi nefni ég sérstaklega fjarskiptalögin, sem mér finnst því miður ekki nægjanlega vel dregin inn í þessa umræðu til að svara eðlilegum ótta manna við óeðlilegt samkeppnisumhverfi, en ég vísa enn og aftur til þeirra.

Í öðru lagi vil ég nefna lagaákvæði í fjarskiptalögunum um skyldur til að leggja ISDN-tengingu til 98% þjóðarinnar fyrir árslok 2002, ef ég man rétt. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna samning sem hæstv. samgrh. gerði við fyrirtækið Landssímann, um að fjölga ATM-stöðvum um 27, ef ég man rétt, þannig að þær nái á næstu fimm árum til allra staða á landinu með 150 íbúa og fleiri.

Mikilvægt er, herra forseti, að minna á þessi atriði vegna þess að flutningsmöguleikar á grundvelli ATM-kerfisins svara þeirri þörf sem til staðar er hjá langsamlega flestum einstaklingum og fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði í dag. Það má líklega telja þá á fingrum annarrar handar sem hafa raunverulega tæknilega þörf fyrir svokallaðar leigulínur. Að því leyti má segja að áherslan á leigulínur, miðað við þá þörf sem er til staðar, sé kannski óeðlilega mikil í umræðunni, þ.e. miðað við tæknilega þörf einstakra fyrirtækja. Þá er ég ekki eingöngu að tala um smáfyrirtæki heldur líka fyrirtæki í hugbúnaðargeiranum, fyrirtæki sem eru í tölvugeiranum. Ég er að tala um stærri fyrirtæki og banka, sem notfæra sér einmitt þessa ATM-þjónustu. Ég tel mikilvægt að það komi skýrt fram, herra forseti, að hæstv. samgrh. hefur þegar gert samning við Landssímann um að tryggja að fyrir árið 2005 verði slíkar ATM-stöðvar a.m.k. komnar til allra svæða á landinu sem hafa 150 íbúa og fleiri. Slíkt kerfi á að geta svarað þeirri þörf sem til staðar er.

Ég vil líka nefna það í þessu sambandi, herra forseti, að ný fyrirtæki sem hasla sér völl á þessu sviði hafa á síðustu missirum lagað sig að lagaumhverfinu í kjölfar lagasetningar um fjarskipti. Nægir í því sambandi að vitna til deilna milli fyrirtækisins Tals hf. og Landssímans á árdögum hins unga fyrirtækis, sem ég held að sé þriggja ára gamalt og nokkurra daga betur. Þar voru afskaplega erfið samskipti til að byrja með en í kjölfar lagasetningar um fjarskipti hafa samskiptin verið mjög eðlileg í alla staði. Það hefur forstjóri Tals staðfest. Viðskiptavinir þess fyrirtækis geta nýtt sér dreifikerfi Landssímans á grundvelli reikisamninga milli Landssímans og Tals. Sama gildir um Íslandssíma og önnur fyrirtæki. Ég nefni þetta, herra forseti, til að sýna hvernig markaðurinn hefur lagað sig að nýju fjarskiptaumhverfi. Viðskipti virðast þar ganga eðlilega fyrir sig, eftir því sem talsmenn þessara fyrirtækja segja.

Þá er að nefna eitt til viðbótar, herra forseti. Á hv. Alþingi er til afgreiðslu till. til þál. sem byggir á reglugerð frá EES. Þar er kveðið mjög skýrt á um að fyrirtæki á þessum markaði hafi skilyrðislausan aðgang að heimtaugum. Ég ítreka það, herra forseti: skilyrðislausan aðgang að heimtaugum. Þetta er sama leið og Evrópusambandið er að fara, byggð á reglugerð sem er unnin í Brussel fyrir Evrópusambandið og á grundvelli tvíhliða samnings við Evrópusambandið þá innleiðum við þessi sömu skilyrði. Þau skilyrði hafa ekki skapað vandræði í Evrópusambandsríkjunum. Það hefur ítrekað komið fram að skilyrðin þar hafa ekki skapað vandræði fyrir nýsprotafyrirtæki á þessu sviði, þróunin hefur verið mjög fjörleg og blómleg í allri Evrópu.

Í því samhengi er rétt að benda á það sem m.a. forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar segir, að með lagaumhverfinu að viðbættri EES-reglugerðinni er aðgangur að netinu hér eins og best þekkist í Evrópu. Ég tel að það skipti afskaplega miklu máli og mér finnst sumir hv. þm. sem hér hafa talað í morgun gera lítið úr þeim þætti. Þar er sá hlutlausi óháði aðili sem hefur þetta eftirlit með höndum, sem fylgist með því sem gerist á þessu sérsviði erlendis. Hann metur það svo að lagalegt umhverfi okkar og starfsumhverfi sé eins og best þekkist í Evrópu.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefndi það í ræðu sinni í morgun að hann og Samfylkingin teldu að hér ætti að setja leikreglur þannig að samkeppnisaðstæður væru eðlilegar, gagnsæjar og heilbrigðar. Undir það sjónarmið get ég mjög vel tekið. Hann gaf hins vegar í skyn að þá væri í raun engin þörf á eftirliti. Þar er ég mjög ósammála hv. þm. Ég tel einmitt að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi verið og sé enn mikill stuðningsmaður þess að hér sé virkt eftirlit. Það er mikilvægasta trygging neytenda í samkeppnisumhverfi að til séu eftirlitsstofnanir sem hafi þá þau tæki og úrræði að geta gripið inn í. Á þeim forsendum voru m.a. samykktar hér á Alþingi breytingar á lögum um Samkeppnisstofnun, einmitt til að færa þeirri stofnun aukin völd og verkfæri til að grípa inn í ef fyrirtæki gera sig sek um að misnota þá samkeppnis- og markaðsstöðu sem þau hafa komið sér upp.

Mér finnst að mörgu leyti órökrétt, herra forseti, að segja öðrum þræði að Samkeppnisstofnun sé mikilvæg fyrir hinn frjálsa markað, en ætla sér síðan að undanskilja t.d. fjarskiptasviðið. Þar greinir okkur væntanlega á, mig og hv. þm. Samkeppnisstofnun hlýtur að eiga að fylgjast með öllum hinum frjálsa markaði, hvort sem það er matvörumarkaður, olíumarkaður, fjarskiptamarkaður eða annar markaður.

Rétt er að skoða aðeins hvað þær eftirlitsstofnanir sem við treystum á og eigum að treysta á til að halda uppi eðlilegu samkeppnisástandi á fjarskiptamarkaðnum segja um söluna sem hér er til umræðu. Þá er ég að vitna annars vegar til Samkeppnisstofnunar og hins vegar Póst- og fjarskiptastofnunar. Frá Samkeppnisstofnun hafa komið þrjú bréf, dagsett 9. desember 1999, 7. apríl árið 2000 og svo 10. maí árið 2001. Þessi bréf fjalla um í fyrsta lagi um fjarskiptalögin og í öðru lagi fjalla þau um hugsanlega sölu á Landssímanum. Mér finnst athyglisvert, forseti, að fara yfir þá þætti sem Samkeppnisstofnun dregur fram í umsögn sinni.

Í síðastnefnda bréfi Samkeppnisstofnunar, frá 10. maí 2001, segir Samkeppnisstofnun að ýmsir þættir geti — og ég undirstrika — sem „geti" haft óheppileg áhrif á þróun fjarskiptamarkaðarins, ef netið verði selt með. Þeir þættir sem stofnunin skírskotar til koma fram í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 7. apríl árið 2000. Þeir nefna þar í fyrsta lagi, og færa það eiginlega sem rök fyrir því að skilja netið frá, að ef netið verði selt með sé hætta á að samkeppni verði ekki virk.

Ég hef, herra forseti, m.a. vitnað til fjarskiptalaga. Ég hef líka vitnað í hina þáltill. sem ég held reyndar að búið sé samþykkja, um reglugerð EES um skilyrðislausan aðgang að heimtaugum sem bætist þá við þennan skilyrðislausa aðgang inn á aðra hluta dreifikerfisins. Ótta Samkeppnisstofnunar hefur því í raun verið eytt með þessum skýru lagaákvæðum.

Í annan stað talar Samkeppnisstofnun um mikilvægi þess að jafnræði sé á milli samkeppnisaðila. Enn vil ég vísa til fjarskiptalaganna, sem reyndar voru nýsett þegar bréf Samkeppnisstofnunar frá 7. apríl 2000 var sent út. Jafnframt bendi ég á þetta afdráttarlausa ákvæði þess efnis að Landssíminn verði að aðgreina einstaka þætti í bókhaldi sínu. Landssíminn verður þannig að kaupa af sjálfum sér þegar hann fer inn á netið, á sama grundvelli og samkeppnisaðilar sem vilja komast inn á þetta net. Þetta nefni ég með hliðsjón af þeirri þróun og samningum sem gerðir hafa verið á milli Landssímans og fyrirtækjanna Tals, Íslandssíma og fleiri slíkra aðila. Með öðrum orðum: Þetta jafnræði milli samkeppnisaðila er til staðar í núverandi lagaumhverfi.

Í þriðja lagi er talað um að mikilvægt sé að hindra hagsmunaárekstra. Ég held að það sem ég hef nefnt eigi að tryggja að slíkir hagsmunaárekstrar verði ekki. Ef einhver óttast að svo verði þá höfum við bæði Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun, sem hafa vald til að grípa inn í. En það er líka athyglisvert sem kom fram hjá forstöðumanni Póst- og fjarskiptastofnunar að enginn kæra hefur borist. Ég tel það skyldu okkar hv. alþingismanna að fylgjast með þróuninni og framkvæmd laganna.

Hvers vegna kæra menn þá ekki? Það á að hvetja menn og styðja til að leggja fram kærur til þar til bærra stofnana, til að fá úr því skorið að fyrirtækin séu að vinna eftir þeim lögum og reglum sem eru í gildi.

Herra forseti. Póst- og fjarskiptastofnun talar um að gjaldtakan þurfi að vera hófleg. Því hefur verið svarað frá því að þetta bréf frá 7. apríl var skrifað, með því sem ég var að vitna í hér áðan, að það er skylda fjarskiptafyrirtækisins að hleypa öllum aðilum sem þess óska inn á netið á eðlilegu kostnaðarverði. Þar höfum við enn og aftur allar þessar stofnanir, Samkeppnisstofnun og Fjarskiptastofnun, sem eiga beinlínis að fara yfir útreikninga á útseldu verði. Það kom fram m.a. hjá fulltrúum þeirra sem hafa gert samninga við Landssímann, eins og frá Tali og Íslandssíma, að um þetta verð er enginn ágreiningur.

Ég hef nefnt þau atriði sem Samkeppnisstofnun lýsti á sínum tíma sem áhyggjuefni og tel að það sem hefur gerst frá 7. apríl 2000 hafi í raun og veru eytt þessum ótta að nánast öllu leyti.

Þá vil ég nefna hinn samkeppnisaðilann, sem er Póst- og fjarskiptastofnun, en í umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar kemur það fram sem ég er reyndar þegar búinn að nefna hér, að fjarskiptalögin að viðbættri tilskipun Evrópusambandsins, sem hefur verið hér til umfjöllunar, um skilyrðislausan aðgang að heimtaugum, tryggi jafnræði að netinu eins og best þekkist í Evrópu.

Í Evrópu og e.t.v. hér hefur mestur vandinn verið um aðganginn að heimtaugunum. Þar hefur vandinn verið kannski mestur en með því að innleiða þá tilskipun sem ég hef oft nefnt í ræðu minni er verið að eyða þeim vafa. Það er skilyrðislaus aðgangur að heimtaugunum.

Herra forseti. Það sem stendur þá eftir, það sem eftirlitsaðilarnir segja, Samkeppnisstofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, er í rauninni það að lagalegt umhverfi og samkeppnisumhverfið sé eðlilegt og heilbrigt. Það sé með öðrum orðum óhætt að treysta á þetta lagaumhverfi, en þó er bent á það bæði hjá Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun, að eins og staðan er í dag séu þær undirmannaðar og hafi ekki þann mannskap sem þurfi til að sinna þeim miklu skyldum sem verða væntanlega lagðar á þær með sölu Landssímans.

Einmitt þess vegna, herra forseti, leggur meiri hluti samgn. til að í tengslum við söluna verði báðar þessar stofnanir mannaðar með tveimur til þremur stöðugildum hvoru um sig, með sérfróðum aðilum, bæði tæknilega og rekstrarlega, til að sinna fjarskiptunum sérstaklega.

Að því sögðu held ég að megi fullyrða það, a.m.k. hefur vafa mínum hvað varðar jafnt aðgengi einstaklinga og fyrirtækja og hvað varðar eftirlitsþáttinn verið eytt að öllu leyti með því sem hér hefur verið farið yfir.

Þá vil ég, herra forseti, aðeins víkja að grundvallarspurningunni: Á að selja eða á ekki að selja? Hér hafa menn komið fram, talað mjög digurbarkalega en kannski ekki mjög málefnalega, og m.a. lýst því yfir að Framsfl. hafi skipt um skoðun á þessu sviði. Það er ekki rétt. Framsfl. hefur ekkert ályktað um hvort eigi að selja Landssímann með eða án netsins. Aldrei hefur verið ályktað um það á flokksþingi Framsfl.

Hins vegar hafa einstakir menn, bæði þingmenn og aðrir stuðningsmenn Framsfl., lýst þeirri skoðun sinni, þar á meðal ég, að meðan ekki er hægt að sýna fram á fullgild rök þess efnis að skynsamlegt sé að láta netið fylgja með þá hafi menn verulegar efasemdir um það.

Ég segi það sem afdráttarlausa skoðun mína eftir mikla vinnu, bæði innan samgn. og utan hennar, að þeim ótta sem ég hafði um að hér yrði ekki eðlilegt samkeppnisumhverfi, hér hefði landsbyggðin ekki öll jafnan aðgang og þar fram eftir götunum, hefur einfaldlega verið eytt með ítarlegum viðræðum við sérfræðinga á sviði fjarskipta. Það er stefna flokksins og hefur verið lengi að þar sem einstaklingar eru farnir að hasla sér völl á sviði atvinnulífsins eigi ríkið að draga sig úr rekstri. Það hefur alltaf verið stefna Framsfl. og er enn og ég hygg að svo muni verða enn um hríð.

Það er alveg ljóst að grjóthörð samkeppni er núna til staðar á sviði fjarskipta og þess vegna er það mat flokks míns að nú sé eðlilegt að ríkið dragi sig út úr þessu. Ef það liggur fyrir að samkeppnisumhverfið sé eðlilegt, landsbyggðinni verði ekki mismunað og öll þau rök sem hafa verið talin fram, að meðan þau skilyrði eru uppfyllt, þá er skynsamlegt að ríkið selji Landssímann með manni og mús, ef svo má orða.

Þá kemur spurningin: Hvernig á að selja? Ég ætla ekki að eyða tíma í það, það gerði hæstv. samgrh. í framsöguræðu sinni um það hvernig á að ... (**GÁS:** Þá er það alveg nóg ...) — já, þarna koma nú hin málefnalegu rök frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, en ég ætla nú samt að reyna að halda áfram. Hæstv. samgrh. lýsti því hvernig á að selja, þ.e. það á að byrja á að bjóða almenningi og starfsmönnum

og í því samhengi vil ég einmitt draga það fram hér, herra forseti, að fulltrúar starfsmannafélags Landssímans lýsa sig mjög fylgjandi því að selja fyrirtækið í einu lagi og að selja fyrirtækið. Það skyldi þó ekki vera að starfsfólkið byggði þessa afstöðu sína á þekkingu sinni á fyrirtækinu?

Í framhaldinu er ætlunin að leita til svonefndra kjölfestufjárfesta og margir gera sér vonir um að þar komi erlendir fjárfestar inn, jafnvel erlend fyrirtæki. Kosturinn við það er að með því fáum við erlent fjármagn inn í íslenskt efnahagslíf. Sannarlega þurfum við á því að halda. Ekki síður getur það verið mikilvægt fyrir fjarskiptaumhverfið á Íslandi að fá sem einn af eigendum í Landssímanum erlenda aðila á sviði fjarskipta, sem hafa hugsanlega breiðari og meiri þekkingu á fjarskiptasviðinu en við höfum hér í dag.

Ég vek jafnframt athygli á því, herra forseti, að þetta er selt í áföngum og þróunin mun eiga sér stað hægt og rólega. Það er ekki fyrr en á lokastigi sem ríkisvaldið dregur sig út úr þessu.

Herra forseti. Niðurstaðan af þessu er sú að það er mat okkar að öll rök mæli með því að selja núna og einmitt að selja núna og selja fyrirtækið í einu lagi.

En þá kemur stóra spurningin, til viðbótar því sem hér hefur þegar verið sagt, hvort netið eigi að fylgja með eða ekki. Þar vil ég nefna til viðbótar álit Þórðar Runólfssonar, prófessors í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands. Það álit hafði a.m.k. veruleg áhrif á afstöðu mína og mér fannst því miður hv. þm. stjórnarandstöðu skauta afskaplega léttilega fram hjá því. Þórður Runólfsson á engra hagsmuna að gæta og hefur starfað við þessi mál í Bandaríkjunum og þekkir þennan markað tæknilega betur en nokkurt okkar sem hér sitjum á hv. Alþingi þó oft megi skilja það svo að við þykjumst vita ansi mikið.

Í greinargerð Þórðar Runólfssonar, sem ég sendi nú til allra hv. nefndarmanna í samgn. og þeim á að vera kunnugt um, segir, með leyfi herra forseta:

„Þegar skipting á kerfi Landssímans er íhuguð ber að hafa í huga að fjarskiptakerfi nútímans eru gífurlega flókin kerfi þar sem hlutar kerfisins vinna saman á mörgum mismunandi stigum. Öll skipting á kerfinu í minni sjálfstæðar einingar sem gæti leitt til óhagræðingar eða takmarkana í virkni kerfisins eða gert innleiðingu nýrrar tækni eða virkni erfiða, annaðhvort frá tæknilegu eða viðskiptalegu sjónarmiði, er óæskileg frá sjónarhóli notenda kerfisins."

Áfram heldur prófessorinn:

„Betri nýting á bandbreidd grunnnetsins er eitt af meginmarkmiðum rekstraraðila grunnflutningskerfisins, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið. Því er nýtni umferðarstjórnunarkerfanna (stafræna símstöðvakerfisins og ATM-netsins) á flutningsgetu kerfisins mjög mikilvæg og er tilhögun tengingar grunnflutningskerfisins og umferðarstjórnunarkerfisins mikilvægt atriði í þessu sambandi."

Ég árétta þetta, herra forseti, „tenging grunnflutningskerfisins og umferðarstjórnunarkerfisins er mjög mikilvægt atriði."

Með leyfi forseta, ég legg mikla áherslu á það sem segir í áliti prófessorsins:

„Það er álit margra aðila sem stunda rannsóknir og þróun á þessu sviði" — nú er verið að vitna, herra forseti, í sérfræðinga víða um heim — „að í grunnneti framtíðarinnar muni grunnflutningskerfið og ATM-umferðarstjórnunarkerfi sameinast í einu kerfi sem allir aðrir hlutar fjarskiptakerfisins munu tengjast við. Frá þeim sjónarhóli að gera slíka endurskipulagningu og innleiðingu nýrrar tækni sem henni fylgir sem auðveldasta, er aðskilnaður grunnflutningskerfisins frá umferðarstjórnunarkerfunum óæskilegur."

Áfram mætti halda með að vitna í skýrslu og álit hins mæta prófessors en ég tel að þetta nægi. Það er niðurstaða í mati eins af fremstu vísindamönnum okkar á þessu sviði, óháðs aðila sem á engra hagsmuna að gæta í þessu sambandi, að frá tæknilegu sjónarmiði, með þarfir neytenda, með skírskotun til framtíðar, sé af tæknilegum ástæðum óæskilegt að aðskilja einstaka þætti grunnnetsins frá almennum rekstri.

Herra forseti. Það tel ég að skipti miklu máli, vegna þess að við viljum halda uppi öflugu fjarskiptakerfi fyrir alla landsmenn. Það er ekki síður fyrir landsbyggðina en þéttbýlið sem þessi atriði skipta máli.

Önnur rök fyrir því að selja kerfið í einu lagi eru í rauninni tengd þessu tæknilega, þ.e. það eru fjárhagsleg rök. Það að slíta einstaka þætti kerfisins úr sambandi við annað og skilja það eftir hugsanlega sem tæknilega úrelt fyrirbrigði vegna þess að með því að selja það eitt og sér muni verða erfiðara að fylgja eftir nýjungum þá erum við í rauninni að skaða kerfið fjárhagslega.

Hvaða hætta er þá til staðar, herra forseti? Þá er einmitt sú hætta til staðar að hér komi upp önnur kerfi, sem geri þá kannski fyrst og síðast út á þéttbýlið og skilji eftir tæknilega úrelt kerfi, sem þjónar hvorki landsbyggð né þéttbýli.

Síðan kann kannski að skipta einhverju máli vilji og viðhorf starfsfólksins um öryggi sitt, að vilja fylgja fyrirtækinu sem það hefur unnið hjá. Það kom a.m.k. afskaplega glöggt fram í skýrri afstöðu fulltrúa starfsfólksins hjá hv. samgn. hversu meðmælt það var því að selja Landssímann með netinu og öllu saman. Ég árétta það sem ég sagði áðan, það skyldi þó ekki vera vegna þess að þetta starfsfólk sem þekkir innviði fjarskipta betur en líklega flestir þingmenn, telji það hyggilegast út frá hagsmunum heildarinnar og út frá verðmætum fyrirtækisins?

Þá er einnig rétt að nefna, herra forseti, sem mér finnst menn ekki hafa svarað hér þótt spurðir væru: Hver hefur reynslan verið erlendis af því að selja þar ríkisfyrirtæki? Hvort heldur það er ákvörðun sósíaldemókrata í Evrópu eða annarra flokka þá hafa menn tekið þá ákvörðun að selja ríkissímafyrirtækin í einu lagi. Og hvers vegna skyldi það nú vera? Það er væntanlega með sömu rökum og hér er verið að reyna að draga fram, að það sé skynsamlegra fyrir viðkomandi þjóðir bæði út frá fjárhagslegum forsendum og ekkert síður út frá tæknilegum forsendum. Þótt British Telecom ætli sér eftir söluna að selja netið frá þá er það í rauninni af allt öðrum hvötum, það eru þá viðskiptasjónarmið ein og sér sem þar ráða. En þetta er reynslan alls staðar í Evrópu og ég veit ekki betur en að þróun á fjarskiptamarkaði í Evrópu hafi verið afskaplega öflug og kraftmikil, ekkert síður eftir að ríkið dró sig út úr rekstri fjarskiptafyrirtækja sinna og seldi þau undantekningarlaust með netinu. Og þá skulum við einnig hafa það í huga, herra forseti, að reynslan sem hér er komin á grundvelli fjarskiptasamninga í samskiptum við Tal, Íslandssíma og fleiri gagnvart Landssímanum virðist bara vera nokkuð góð.

Meginniðurstaða mín er að svo lengi sem samkeppni er eðlileg sé það beinlínis varasamt að sundurgreina netið frá öðrum þætti Landssímans öðruvísi en bókhaldslega. Það snertir ekki bara þéttbýlið, eins og menn hafa eðlilega áhyggjur af, heldur landsbyggðina alla eins og ég fór yfir áðan og um leið fjarskipti á Íslandi almennt.

Það fer nú að styttast í þessu hjá mér, herra forseti. Mig langar aðeins til að víkja að byggðaþættinum sem mikið hefur verið til umræðu og ekki að ástæðulausu og árétta enn það sem ég sagði í byrjun, að umræðan í nefndinni snerist kannski fyrst og fremst í að lýsa núverandi ástandi þar sem ný fyrirtæki í nýju umhverfi finna til óöryggis. Og þá finnst mér hvað varðar verðið og verðlagningu hér rétt að minna á, sem við skulum ekki gera lítið úr, að verð á Íslandi í fjarskiptum er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Fram hjá því verður ekkert litið. Við skulum fagna því að svo vel hefur tekist til hjá afskaplega símaglöðum Íslendingum að búa til kannski ekki fullkomið kerfi, það vantar vissulega mikið í þetta kerfi, en þó þannig að okkur hefur tekist að koma hér upp bærilegu kerfi sem er það ódýrasta sennilega ekki bara í Evrópu, heldur í heiminum öllum. Það er sama verð á GSM-símum, NMT, ISDN. Hins vegar þegar kemur að ATM-tengingunni, þá er talað um 17.000 kr. mun ef menn fara á milli svæða. (**Gripið fram í:** Á mánuði.) Á mánuði, vissulega. Það er töluverð upphæð.

En þá vil ég vísa til þess sem mér fannst vera gert fulllítið úr af því að í greinargerð meiri hluta samgn. er full alvara á bak við þau orð að hluti andvirðisins sem fæst af sölu Landssímans verði notaður til þess að jafna þennan mun. Og að hluti andvirðisins verði notaður til þess að ljúka við lagningu á dreifikerfinu þar sem vantar í dag. Og það er það sem dregið er fram í áliti meiri hluta samgn. og er samkomulag við hæstv. samgrh. að það sem eftir lifir þessa árs fari samgn. og samgrn. í sameiginlega vinnu við að útfæra þá aðferð að jafna aðgengi landsmanna að þessu. Um það er sátt á milli meiri hluta samgn. og hæstv. samgrh. og talað er um samgn. og ég trúi ekki öðru en að fulltrúi stjórnarandstöðu lýsi sig reiðubúinn til að taka þátt í slíkri vinnu. Og þegar henni lýkur, þá er það a.m.k. okkar sýn að tekist hafi að jafna aðgengi, jafna verðmun á milli dreifbýlis og þéttbýlis og það yrði það markmið sem allir eru sammála um.

Hvað varðar leigulínur, þá hef ég þegar farið yfir þær, þar er rekstrarkostnaður allverulegur, en ég árétta það að þeir eru líklega teljandi á fingrum annarrar handar sem af tæknilegum ástæðum þurfa á leigulínum að halda, þökk sé því frábæra ATM-kerfi sem við erum að koma hér upp. Ég minni hv. félaga mína úr hv. samgn. á að ATM-kerfið mun vera eitt það fullkomnasta sem þekkist til þess að nýta bandbreidd í flutningskerfinu. Því á að ljúka á næstu fimm árum eins og hér hefur komið fram. ISDN-tenging sem á að nýta til flestra einfaldari starfa, t.d. fyrir heimili, á að vera komin í lok árs 2002 til 98% þjóðarinnar og þannig má áfram telja.

Með öðrum orðum, hvað byggðamálin varðar þá snýst það annars vegar um aðgengið sem ég hef þegar fært rök fyrir að er jafnt, og hins vegar að með þeirri vinnu og þeim sjóði sem skapaður verður við söluna er verið að jafna þennan aðstöðumun. Þar með lít ég svo á að búið sé að ná þeim meginmarkmiðum sem menn settu sér í upphafi umræðunnar um söluna á Landssímanum.

Ég vil svo aðeins renna yfir efnahagsleg áhrif af sölunni. Fram kom hjá öllum efnahagssérfræðingum sem nefndin kallaði til sín að salan einmitt núna hefði mjög jákvæð áhrif. Margir kæmu inn í þetta, almenningur, starfsmenn, kjölfestufjárfestar o.s.frv. og ljóst væri að í kjölfarið yrði nokkuð líflegur eftirmarkaður sem mundi hleypa jákvæðu lífi í skuldabréfamarkaðinn á Íslandi. Og það hljóta menn að vera sammála um að teljist jákvæð tíðindi.

Komið hefur fram hér í efnahagsumræðu og m.a. í áliti frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka að það að fá erlenda fjárfestingu inn í landið er eitt besta úrræði sem hægt er að grípa til, ef svo má segja, til að slá á viðskiptahallann og til að treysta stoðir efnahagslífsins hér. Þess vegna lýsi ég þeirri von minni að þegar kemur að því að selja þann hlut sem er til kjölfestufjárfesta, þá muni koma þar inn erlendir aðilar bæði með tækniþekkingu og fjármagn.

Af því að menn hafa talað nokkuð óvarlega um söluna, talað um einkavinavæðingu o.s.frv., þá held ég að það liggi fyrir og menn séu nokkuð sammála um það að lífeyrissjóðir á Íslandi bíði í rauninni eftir tækifæri að fá að fjárfesta í jafnlíflegu fyrirtæki og Landssíminn er og má segja að þar séu lífeyrissjóðir að fjárfesta til að tryggja verðmæti skjólstæðinga sinna, með öðrum orðum, það er almenningur í landinu sem er að fjárfesta. Fram kom m.a. hjá efnahagssérfræðingum sem til okkar sóttu og veittu upplýsingar að altalað er, a.m.k. í þeirra hópi, að lífeyrissjóðirnir bíði eftir þessu tækifæri.

Þá er einnig vert að hafa það í huga að gagnvart hagsmunum ríkissjóðs fæst einfaldlega meira fyrir fyrirtækið með því að selja það í einu lagi.

Herra forseti. Ég læt þessu lokið. Grundvallaratriði í málflutningi mínum eru þau að þær hættur sem ég lýsti fyrir hálfu eða einu ári og spurði hvort hér gæti skapast óeðlilegt ástand, Microsoft-ástand, ég tel að ég hafi farið yfir það í ræðu minni út frá jöfnu aðgengi einstaklinga og fyrirtækja, út frá möguleikum fyrirtækja til að sækja inn á netið og út frá jöfnuði milli landsbyggðar og þéttbýlis. Ég tel að þetta hafi jákvæð áhrif á efnahagslífið. Allt lagalegt umhverfi er mjög heilbrigt, má segja, fjarskiptalögin, tilskipunin frá EES og síðan lög um Samkeppnisstofnun. Eftirlitið verður bætt. Þetta flýtir fyrir því að við fáum hér betra dreifikerfi en er í dag.

Niðurstaða mín, herra forseti, er sem sagt sú að skynsamlegt sé að selja núna og það muni bæta allverulega úr því ástandi sem ríkir á fjarskiptamarkaði í dag. Hann er þó góður en verður með sölunni að mínu mati enn betri en hann er í dag.

[14:56]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við vorum eitt sinn samstiga í viðhorfum í þessu máli, ég og hv. þm. Hjálmar Árnason, en af máli hans má ráða að við erum það ekki lengur. Hv. þm. sagði að mikil samkeppni væri í grunnnetsþjónustu og hún færi vaxandi og þess vegna hefði hv. þm. ekki áhyggjur af því að grunnnetið yrði selt með fyrirtækinu þegar það yrði selt, þ.e. fyrirtækið í heild sinni.

Ég ætla ekki að fara í deilur hér við hv. þm. um það hvort tiltekin borgarsvæði séu í samkeppni eða hvort tiltekin þjónusta er veitt, til að mynda þráðlaus þjónusta, hvort samkeppni sé við grunnnetið eða ekki, o.s.frv. Ég ætla ekki að fara í þessa umræðu við hv. þm., en þó er rétt að halda því til haga að flutningsgetan í grunnnetinu er vitaskuld margföld miðað við flest önnur grunnnetskerfi og ekkert annað fyrirtæki býður þjónustu á öllu landinu.

En það er aðeins ein spurning sem ég hef til hv. þm. Í dag hefur Landssími Íslands u.þ.b. 135 þús. tengingar við öll heimilin í landinu og við fyrirtækin í landinu, það er ekkert annað fyrirtæki sem hefur allar þessar tengingar, og ég spyr: Sér hv. þm. fyrir sér að samkeppni geti orðið í þessari þjónustu í framtíðinni? Vegna þess að það er einu sinni svo að

öll símafyrirtækin eru að reyna að ná tengingu við neytendur hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þess vegna er grundvallaratriði í þessari umræðu að hv. þm. geri grein fyrir því hvort hann telji líklegt að samkeppni verði á þessu sviði í framtíðinni.

[14:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð aðeins að leiðrétta. Hv. þm. sagði að við hefðum einhvern tímann verið samstiga. Ég hygg að það sé ekki alveg rétt. Ég sagðist vilja sjá rök fyrir því að hér skapaðist ekki Microsoft-ástand. Ef niðurstaðan af þeirri skoðun væri sú að hér væri Microsoft-ástand, að einn aðili réði markaðnum og hleypti ekki öðrum að, þá hefðum við líklega verið sammála. Megnið af minni 50 mínútna löngu ræðu fjallaði einmitt um það hvernig ég tel, eftir að hafa rætt við fjölmarga aðila, ég ætla ekki að endurtaka það, að umhverfið hafi breyst. Ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu en skal með glöðu geði afhenda hv. þm. útskrift af henni þegar hún verður tilbúin.

Munurinn er kannski sá að í framsöguræðu hv. þm. fyrir áliti 1. minni hluta sagði hv. þm. að það eina sem hefði breyst frá því umræðan hófst væri það að settir væru inn tveir til þrír starfsmenn hjá Samkeppnisstofnun. Þetta er ekki mjög málefnaleg yfirlýsing sem hv. þm. kemur með og ég vona að ég hafi einmitt með ræðu minni svarað því að það er gott betur en tveir til þrír eftirlitsaðilar sem verið er að ræða um hér, það er miklu, miklu fleira.

Ég tel að sami grundvöllur verði, svo ég svari spurningu hv. þm., að það verði samkeppnisgrundvöllur m.a. vegna þess að Landssíminn sem er að bjóða einhverja þjónustu verður að kaupa af sjálfum sér á sama verði og aðrir aðilar. Sjálfur get ég upplýst það að ég hef verið í sambandi og tengdur við Landssímann og átt við hann mjög góð viðskipti, en nú er verið að bjóða mér í heimabæ mínum af einkaaðila enn betri þjónustu og ég þarf að velja núna á milli við hvorn aðilann ég vil eiga viðskipti og ég læt þar verð og gæði ráða. Þróunin bara af þessu einfalda dæmi, eins og er víða annars staðar, sýnir að samkeppnisumhverfið er til staðar.

[15:01]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. þm. hvort hann teldi líklegt að það yrði samkeppni að því er varðar heimtaugarnar í grunnnetsþjónustu sem verður ekki öðruvísi en að ný heimtaug verði grafin. Hv. þm. svaraði því og orð hans verða ekki skilin öðruvísi en svo að þessi aðferðafræði um jafnan aðgang dugi, þ.e. þá verður ekki samkeppni í grunnnetsþjónustunni.

Vegna þess að hv. þm. sagði að við hefðum eitt sinn verið sammála en værum það ekki lengur, þá verð ég, virðulegi forseti, að lesa úr ræðu hv. þm. Hún var svona:

„Landssíminn er ráðandi á íslenskum fjarskiptamarkaði og drottnar yfir nýjum fyrirtækjum sem reyna að hasla sér völl á þessu sviði. Verði hann seldur í einu lagi er einfaldlega verið að koma á Microsoft-ástandi á Íslandi. Ég vara við því."

Virðulegi forseti. Ég get ekki skilið þessi orð öðruvísi en svo að við höfum eitt sinn verið samstiga og sammála í þessum málum. (Forseti hringir.) En hér var ekki verið að segja neitt annað en að vara við því að selja í heilu lagi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á 58. gr. þingskapa. Þar stendur: „Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál." Forseti biður hv. þingmenn að hafa það hugfast.)

[15:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varaði við Microsoft-ástandinu. Enn vitna ég í 50 mínútna langa ræðu mína. Niðurstaða hennar var ósköp skýr. Hér er ekki það ástand sem skapar þörf fyrir slíkan ótta. Þegar menn setja sig niður til þess að skilgreina ástandið, fara yfir það og komast að niðurstöðu þá er það bara ósköp ljós og skýr niðurstaða að það er ekki til staðar. Það rakti ég áðan. Þess vegna er óhætt að selja Landssímann.

Hv. þm. hefur hins vegar ekki enn getað komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnisumhverfið sé eðlilegt og heilbrigt. Reyndar kom fram í spurningu hans örlítil vanþekking á einmitt þessum fjarskiptamarkaði. Með tilskipuninni sem hér hefur verið svo oft til umræðu þarf ekki að grafa nýja heimtaug, herra forseti, heldur er samkeppnisfyrirtækjum hleypt inn á þá taug sem til ... (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Með því að hleypa þeim inn á grunnnetið, inn á heimtaugina þá er samkeppni inn á því kerfi sem til staðar er. Þingmaðurinn þarf að kynna sér (Forseti hringir.) betur forsendur.

[15:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni áðan var hv. þm. Hjálmari Árnasyni, þegar hann var að ræða um þá möguleika sem munu skapast og verða í framtíðinni fyrir samkeppni á netinu — *framsóknarmenn eru* að reyna að rökstyðja það hvers vegna þeir hurfu frá hugmynd sinni sem þeir höfðu fyrir hálfu, einu ári eða eitthvað þar um bil — tíðrætt um höfuðborgarsvæðið og samkeppni á grunnnetinu hér. Ég vil spyrja hann út í hver samkeppnin á Norðausturlandi sé í grunnneti. Tökum dæmi: Til þess að kaupa sér kvikmynd yfir netið eða flytja stóra gagnagrunna þarf vitanlega mikla flutningsgetu. Það er hægt að ná í hreyfimynd í fullum gæðum sem þarf 45 megabita hraða á sekúndu. Það tekur átta klukkustundir að sækja sér kvikmynd í fullri lengd með hraðvirkri ADSL-tengingu en ekki nema fjórar sekúndur með ljósleiðaratengi.

Herra forseti. Það tekur ekki nema fjórar sekúndur að ná sér í kvikmynd í fullri lengd og með fullum gæðum í gegnum ljósleiðaratengi. En Framsóknarflokkurinn er samur við sig. Hann ætlar íbúum Norðausturlands, svo ég taki dæmi, þar sem ekki er samkeppni í grunnneti, að ná í sína mynd á átta klukkustundum. Það er þetta, herra forseti, sem við erum að tala um. Það getur vel verið að komin sé samkeppni núna í Keflavík, í heimabæ hv. þm., en þetta er það sem mjög margir eiga að búa við.

Herra forseti. Framsóknarflokkurinn er samur við sig í þessu eins og öðru í byggðamálum. Hann ætlar þessum íbúum landsbyggðarinnar að notast áfram við reiðgötur meðan íbúar höfuðborgarsvæðisins fá malbikaðar stofnbrautir.

[15:05]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að þessi ræða hv. þm. Kristjáns Möllers dæmi sig sjálf. Það verður fróðlegt fyrir fólk að lesa hana þegar hún verður komin í þingtíðindi því þar var ekki með neinum faglegum hætti vikið að því sem hér er til umræðu. Þar var t.d. ekki vikið einu orði að því sem var nefnt hér og kemur fram í skýrslum — ég er nú farinn að efast um að hv. þm. hafi lesið frv. og öll fylgigögn þess — þar var t.d. ekki minnst einu orði á það, sem ég og flestir hér vitna þó að

einhverju leyti til, að ATM-kerfið á að vera komið til allra íbúa þar sem eru 150 íbúar eða fleiri á næstu fimm árum. Ég hvet hv. þm., af því ég hef nú ekki nema skamman tíma til að svara, að skoða hvaða möguleikar felast í því einmitt varðandi flutning, þ.e. að nýta betur bandbreiddina. Og það getur þjónað jafnvel stærstu fyrirtækjum. Það eru stærstu fyrirtækin í dag sem nota ATM-kerfið. Þau gera það í dag, hv. þm., hvort sem þér líkar betur eða ver. Ef röksemdirnar fyrir afstöðu hv. þm. byggja ekki á málefnalegri grunni en svo þá kemur mér ekki á óvart að hann skuli hanga enn á sama roðinu.

[15:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. svaraði ekki einu einasta atriði af því sem ég var að spyrja hann um heldur fer hér eins og köttur í kringum heitan graut. Það er táknrænt fyrir framsóknarmenn að gera þetta. Það eru skýr skilaboð frá framsóknarmönnum til meginþorra íbúa á landsbyggðinni sem ekki eru komnir með ljósleiðara til sín og þar sem ekki er á dagskrá að leggja hann á næstunni, að þeir eigi að notast við moldarreiðgötur meðan aðrir geta fengið miklu hraðari og öflugri net.

Ég tók eitt dæmi áðan um kvikmyndina. Þar tekur þetta fjórar sekúndur í gegnum ljósleiðaratengi en átta klukkustundir með hinni aðferðinni. Ég hefði viljað gera athugasemdir við ótal atriði í ræðu hv. þm. og mun gera það í ræðu minni hér á eftir og enn fremur fara betur yfir sinnaskipti Framsfl. sem lét Sjálfstfl. í þessu máli eins og svo mörgum öðrum teyma sig í þá ógöngur sem þeir eru komnir í núna.

[15:08]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn hamast þingmaður í málefnum. Ég er farinn að efast um að hv. þm. skilji málið. Ég skal með glöðu geði setjast niður með honum og útskýra í hverju ATM-tæknin felst. (Gripið fram í.) Ég vil þar að auki benda hv. þm. á (Gripið fram í.) að hann er að lýsa núverandi ástandi. Ástandið er svona og það er alveg hárrétt. En við erum að tala um að við sölu Landssímans sé meiningin að nota hluta af andvirðinu til þess að ljúka við að ganga frá netinu af því það er ekki nógu gott í dag. Um það erum við sammála. Við erum að flýta því með þessu (Gripið fram í.) ef hv. þm. skilur það. (Gripið fram í.) Og með ATM-kerfinu mun þessi þjónusta verða á sama hraða og þar að auki á sambærilegu verði. Enn skora ég á hv. þingmenn Samfylkingarinnar að taka þátt í þeirri vinnu sem við munum láta fara fram til þess að verðið verði það sama um allt land. Það er eins og hv. þm. skilji það ekki í viðleitni sinni að vera eilíflega að snúa út úr í stað þess að fjalla um málið faglega.

(**Forseti** (GuðjG): Þegar ræðutíminn er aðeins ein mínúta verða hv. ræðumenn að fá að tala í friði. Forseti biður salinn að virða það og vera ekki sígjammandi fram í hjá ræðumönnum.)

[15:10]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Talsmaður Framsfl. í einkavæðingu og sölu á almannaþjónustu hefur flutt mikla ræðu sem að mestu leyti var varnarræða um það hvernig mætti verja þjónustuna úti um land eftir að af sölu hefur orðið. Það er dapurlegt hlutskipti, herra forseti.

Salan er í sjálfu sér mál og verðmæti hennar. Því vil ég leyfa mér að spyrja hvort hv. þm. og talsmaður Framsfl. geti sagt mér hvað sé áætlað verð á Landssímanum. Hvaða verð er sett á hann núna og hvað þarf að gefa mikinn afslátt af því verði til þess að einhverjir vilji kaupa hlutabréfin? Mér finnst það skipta afar miklu máli í umræðunni um peningamálin hvað við erum að tala um.

[15:11]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sókn er oft besta vörnin. Ég er því ekki sammála að ræða mín hafi verið varnarræða. Ég var annars vegar að draga upp mynd af ástandinu eins og það er nú. Það er auðvitað meingallað en því hefur farið mjög fram á síðustu missirum, getum við sagt. En fyrst og fremst var ég að lýsa framtíðarsýn minni varðandi fjarskiptamarkaðinn þar sem komin væri virk samkeppni með jöfnum aðgangi fyrirtækja og einstaklinga, nánast óháð búsetu, þar sem við gætum lokið því mikla verki sem er að leggja dreifikerfið til landsmanna allra á sem jöfnustu verði. Ég tel það ekki vörn. Ég tel það sókn.

Hitt er svo annað mál að ég reyndi að fara faglega yfir hvaða hættur menn hafa dregið upp og hvað væri til svara. Ég reyndi að gera það, hv. þm., eins faglega og hægt var með því að vísa til helstu sérfræðinga, bæði tæknilega og fjárhagslega.

En svo ég svari spurningu hv. þm. um hvaða verðmiði hangir þarna á þá treysti ég mér ekki til þess að segja það. Ég hygg hins vegar að menn séu sammála um að við erum að tefla um milljarða og þá nokkuð marga milljarða króna. En ég mun ekki gefa upp hvaða mat ég legg á það, enda er ég ekki efnahagssérfræðingur eða sérfræðingur í því að leggja mat á fjarskiptafyrirtæki. Ugglaust er hv. þm. Jón Bjarnason betur í stakk búinn til þess en ég.

[15:13]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þurfti nú ekki að rekja aftur ræðu sína með vandræðin og það hvernig ætti að bjarga þjónustunni í framtíðinni. En gott og vel.

Telur Framsfl. ekki að það þurfi að liggja fyrir verð á Landssímanum áður en hann er seldur? Eða skiptir það bara alls engu máli? Er bara um að gera að selja, selja og selja, án þess að nokkru máli skipti hvert verðið er eða kjörin?

Að lokum, herra forseti. Ég hef vitnað hér til fyrirvara eða orða hæstv. utanrrh. um að ekki standi til að selja meiri hlutann í fyrirtækinu á næstu mánuðum eða missirum. Mér finnst afar mikilvægt hvaða stefnu og staðfestu Framsfl. hefur í þessari framtíð sinni. Það skiptir afar miklu máli bæði fyrir neytendur og fyrir kaupendur.

[15:14]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að við sitjum á löggjafarsamkomu og erum að fjalla um lög. Við erum ekki sölusjoppa. Það er munur á löggjafarsamkomu og framkvæmdarvaldi. Framkvæmdarvaldið annast söluna á grundvelli laga. Ég bið því hv. þm. um að draga ekki umræðuna inn á það að ætla þingmönnum að standa hér og hengja einhvern verðmiða á. (Gripið fram í.) Til þess valdir sérfræðingar munu annast það og við treystum þeim fullkomlega.

Af því að hann spyr um framtíðarsýn þá ítreka ég hana. Framtíðarsýn okkar er sú að fjarskiptakerfið verði áfram þró-

að þannig að það nái til sem flestra ... (Gripið fram í.) til allra landsmanna á sambærilegu verði. Það er sú framtíðarsýn sem við höfum og við ætlum að nýta það tækifæri sem gefst við söluna á Landssímanum til þess að flýta fyrir þróuninni, en hún hefur verið allt of hæg. (Gripið fram í.) Því hefur verið svarað.

[15:15]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2000, 743. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1394.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, brtt. JóhS og MF, þskj. 1388.

Virðisaukaskattur, 686. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1399, 1400.

[15:16]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við ræðum í 2. umr. um sölu á hlutafé ríkisins í Landssímanum. Mikið af gögnum fylgdu með þessu frv. og var það í raun og veru mjög gott. Það staðfestir náttúrlega og segir okkur að þetta er mjög yfirgripsmikið mál og eru bæði 1. og 2. umr. í takt við það. Inn í þetta dragast að sjálfsögðu önnur málefni, svo sem málefni landsbyggðar og samkeppni á höfuðborgarsvæðinu sem er sem betur fer vel virk og er í gangi.

Ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, samflokksmaður minn, skilum saman áliti 1. minni hluta sem er á þá leið að aðskilja grunnnetið, dreifikerfið, áður en að sölu kemur.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði við 1. umr. en margt af því varðar sölu Símans. Ég er hlynntur sölu á samkeppnishlutanum en tel mjög nauðsynlegt að grunnnetið verði skilið frá áður.

Ég sagði líka þá að mér fyndist miður hvað þetta frv., þó lítið sé, en með miklum gögnum, þarf mikillar umræðu við um framtíðina og það sem gert hefur verið vegna Landssímans og eins því sem verður í framtíðinni og þá sérstaklega gagnvart þjónustu við þá staði úti á landi þar sem samkeppnisfyrirtæki munu ekki verða mjög áfjáð í að koma til leiks.

Þegar frv. var lagt fram sagði ég að mikill flumbrugangur væri við þetta mál og það er það sannarlega. Það kom seint fram. Upplýst var að það hefði legið inni hjá framsóknarmönnum í einn eða tvo mánuði meðan verið var að fá þá til að kyngja því að skipta um skoðun vegna þess að framsóknarmenn höfðu tjáð sig mjög afráttarlaust um að það ætti að aðskilja grunnnetið frá áður en að sölu kæmi.

Herra forseti. Málið var ekki lengi hjá samgn. og heimsóknir voru þannig að þetta álit og annað sem kom frá aðilum var eins og menn væru í spretthlaupi. Það gafst lítill tími. Örfáir aðilar fengu að gefa skriflegt álit og við aðra var talað í hálfgerðu spretthlaupi. Nægir þar sérstaklega að nefna í þessu sambandi bréf frá Alþýðusambandi Íslands. Það er stílað til samgn. og skrifað 7. maí. Efni bréfsins er frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707. mál. Svo kemur eftirfarandi, og það kannski segir allt sem segja þarf um þann litla tíma sem samgn. hafði og flumbruganginn við að koma þessu í gegnum þingið á síðustu dögum með óvönduðum vinnubrögðum þar sem ekki gafst nægur tími til að ræða við ýmsa aðila sem hefði verið gagnlegt að tala við og hafa meiri tíma til að ræða við þá sem komu. En Alþýðusambandið skrifar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandi Íslands barst í hádeginu í dag til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf, nr. 707. Fram kom að umsögn þyrfti að berast eigi síðar en „kl. 16.00 mánudaginn 7. maí nk.““

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þetta er sama dag og bréfið kemur til Alþýðusambandsins, þá á að skila umsögn um frv. klukkan 16. Ég geri ráð fyrir að pósturinn hafi nú verið kominn til Alþýðusambandsins kannski um tíu- eða ellefuleytið. Svo segir Aþýðusambandið, með leyfi forseta:

„Af ofanrituðu má ljóst vera að Alþýðusambandið hefur engar forsendur til að fjalla um einstaka efnisþætti frumvarpsins eða frumvarpið í heild. Það verður heldur ekki séð að það sé raunverulegur vilji Alþingis miðað við aðdraganda málsins.“

Ég held að ekki þurfi, herra forseti, að staldra lengur við til að finna því stað og staðfesta það sem við höfum sagt um flumbruganginn og flýtinn sem á að vera við þetta mál.

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði í morgun mjög ítarlega grein fyrir brtt. okkar tveggja við þetta frv. sem ég gat um áðan og flutti ítarlegt nál. okkar og rökstuddi það sem þar kemur fram um aðskilnað áður en til sölu kemur að grunnnetið verði skilið frá. Eiginlega má segja að þessi tillaga okkar samfylkingarmanna hafi komið fram *á blaðamannafundi sem formaður Samfylkingarinnar hélt í* Ólafsfirði 17. ágúst 2000. Að sjálfsögðu var mjög eðlilegt að sá fundur væri haldinn í Ólafsfirði, vegna þess að sá staður hefur farið í gegnum miklar breytingar í atvinnuháttum. Fiskvinnsla hafði t.d. lagst af að mestum hluta og þar ætluðu menn sér að stofna fyrirtæki til að fara út í þessa nýju iðngrein sem átti að vera bjargvættur fyrir landsbyggðina, fjarvinnslustörf og ýmislegt því tengt.

Ég ætla ekki að gera hv. stjórnarþingmönnum það einu sinni enn að lesa upp úr því, bæði sem hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal sagði á blaðamannafundi þeirra þegar þetta var opnað, eða hvað hæstv. iðnrh., ráðherra byggðamála, Valgerður Sverrisdóttir, sagði við þessa opnun en þar taldi hún að fyrir lok mars það ár yrði eitthvað að frétta af flutningi verkefna til þessarar fjarvinnslumiðstöðvar í Ólafsfirði. Ég held, herra forseti, að þetta hafi verið eini 2000-vandinn sem kom fram á Íslandi. Það var hæstv. byggðamálaráðherra vegna þess að öll þessi störf sem áttu að koma í mars eru ekki komin enn. Með öðrum orðum, ég held að tímaklukkan hafi stoppað hvað þetta varðar hjá hæstv. byggðamálaráðherra.

Þess vegna var það að Samfylkingin efndi til blaðamannafundar um þessi atriði í Ólafsfirði á þessum tíma. Þarna höfðu öll loforð frá hendi hæstv. ríkisstjórnar verið svikin við flutning starfa og við að jafna kostnað til að reka svona fyrirtæki úti á landi og reyna að gera það þar en ekki endilega á höfuðborgarsvæðinu. Með öðrum orðum, menn þarna höfðu mikinn baráttuhug við það að byggja upp atvinnu í Ólafsfirði eins og þeir ætluðu reyndar að gera í Hrísey líka og mörgum fleiri stöðum en þeir sátu ekki við sama borð. Kem ég að því síðar þegar við ræðum hér áfram um hinn mikla mun sem er á leigulínuverði á landsbyggð annars vegar og höfuðborgarsvæði hins vegar.

En á blaðamannafundinum var boðað að Samfylkingin teldi að jafn aðgangur að fjarskiptanetinu án tillits til búsetu væri forsenda virkrar byggðastefnu í framtíðinni. Ekki aðeins einstaklingar heldur fyrirtæki verða að hafa sömu möguleika til að nýta sér möguleika fjarskiptanetsins.

Í skýrslu sem Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar lét gera er kostnaður við gagnaflutning á landsbyggðinni gerður að um-

ræðuefni. Þar segir m.a. að verði verðlagningu Landssímans ekki breytt verði gífurlega erfitt fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni að standast samkeppni við sambærileg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Til að breyta þessu taldi Samfylkingin að upplýsingahraðbrautina ætti að skilgreina sem sameign allra landsmanna með sama hætti og t.d. vegakerfið þar sem allir eiga jafnan aðgang á svipuðu verði. Dreifikerfi Landssímans hf. þarf því að skilja frá samkeppnisrekstri, mynda um það sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins, sem verður ekki selt komi til boðaðrar einkavæðingar Landssímans hf. Þessa stefnu mun Samfylkingin leggja fram á Alþingi í formi sérstaks þingmáls sem hér er komið fram í tengslum við það frv. sem við erum nú að ræða.

Herra forseti. Það sem þarna var sagt í ágúst sl. hefur heldur betur verið staðfest af þeim fulltrúum af landsbyggðinni sem kallaðir voru til fundar við samgn. Sumir hverjir tóku á sig langt ferðalag og fengu 10–15 mín., aðrir örlítið meira, eins og ágætur gestur okkar sem kom vestan af fjörðum þar sem hann hefur verið að byggja þar upp fyrirtæki í þessum geira ásamt öðrum, sá maður fékk heilan klukkutíma. Það var eiginlega mjög undarlegt en jafnframt mjög fróðlegt að hlusta á umræður sem þar voru um þetta atriði sem mestur ágreiningur er um milli okkar samfylkingarfólks og ríkisstjórnar.

Margir þeirra sem heimsóttu nefndina voru af landsbyggðinni vegna þess að ég krafðist þess á fundi samgn. að fulltrúar af landsbyggðinni kæmu til fundar til að ræða þetta mál, með öðrum orðum ég vildi ekki að það kæmu eingöngu stjórnarmenn eða fulltrúar í einhverjum samtökum sem allir væru búandi á höfuðborgarsvæðinu. Það verður að segja alveg eins og er og það er alveg eins með samkeppnina í þessu eina og hitt, að það er mjög mikill munur á hvort við erum að ræða við landsbyggðarbúa eða höfuðborgarbúa eins og hefur reyndar komið fram og verið staðfest í þessari umræðu.

Hér er samkeppni sem ég ætla að koma að síðar. Hér er mikið og gott starf sem er verið að byggja upp á höfuðborgarsvæðinu að frumkvæði borgaryfirvalda með Línu.Net og förum við betur yfir það síðar.

Það kom með öðrum orðum fram, herra forseti, að þessir aðilar óttuðust að landsbyggðin yrði sett í 2. eða 3. flokk miðað við höfuðborgina hvað þetta varðar. Það má nota samlíkingu sem framsóknarmenn ættu að skilja mjög vel, að landsbyggðarbúum, mörgum hverjum, og þá er ég ekki að taka þéttbýlisstaði eins og Akureyri eða Reitthvað svoleiðis, þar verður vonandi samkeppni, öðrum stöðum, verður boðið upp á reiðgötur að hætti framsóknarmanna meðan aðilar á höfuðborgarsvæðinu munu búa við malbikaðar stofnbrautir svo við notum samlíkingu úr gatnakerfinu. Það er kannski tímanna tákn að Framsfl. vilji beita sér fyrir því að landsbyggðarbúar verði áfram á moldarreiðgötum.

Þeir töldu, herra forseti, að þeir væru að tapa í samkeppninni við höfuðborgarsvæðið á þessu sviði. Það er sannarlega rétt. Gjaldskrárnar sem við höfum verið nokkrum sinnum í í morgun, og ég ætla að koma betur að á eftir, segja allt sem segja þarf. Eiginlega má spyrja að því hvort ekki sé verið að brjóta samkeppnislög með því að gera fyrirtækjum í Neskaupstað að borga 260 þús. kr. fyrir aðgang að tveggja megabæta leigulínu á mánuði meðan fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu borgar 26 þús. kr. Mismunurinn er hvorki meira né minna en 1.000%. Er ekki verið að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæði hvað þetta varðar?

Enda kemur það fram á mörgum stöðum í skýrslu einkavæðingarnefndar að hægt sé að gera þetta eins og sagt er á bls. 88, að ekki sé nauðsynlegt að aðskilja grunnnetið frá. Síðan er talað um að það geti orðið baggi á ríkissjóði ef þetta yrði skilið frá.

Herra forseti. Ég hef oft orðið þess áskynja í þau tvö ár sem ég hef setið á hinu háa Alþingi, sem er sennilega um þessar mundir, að oft er litið á okkur landsbyggðarbúa og þá sem á landsbyggðinni búa sem bagga á þjóðfélaginu. Því miður kemur það allt of oft fram. Hér áður fyrr töldu menn t.d. að Framsfl. væri töluverður málsvari landsbyggðar en hann er það ekki lengur. Hann er það ekki lengur, samanber uppgjöf fyrir Sjálfstfl. gagnvart sölunni á grunnnetinu og að aðskilja það frá, og á svo ótal mörgum sviðum þar sem við sjáum Framsfl. fara þægan frá málum eins og þægur rakki með skottið milli lappanna, í þessu máli og ótal mörgum öðrum.

Og það má eiginlega segja að hæstv. félmrh. hafi staðfest þetta í útvarpi, í svæðisútvarpi Norðurlands, þegar verið var að ræða við hann um landsbyggðina og það sem varðar landsbyggðarfólk, flutninga hingað suður og annað. Hæstv. félmrh. komst þannig að orði að Framsfl. hafi gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Herra forseti. Það ber að taka ofan fyrir mönnum sem eru jafnhreinskilnir og hæstv. félmrh. er þegar rætt er um málefni landsbyggðar.

Ég sagði áðan að í skýrslu einkavæðingarnefndar sé það orðað svo að aðskilnaður af þessu, sem hægt er að gera og enginn deilir um að sé ekki hægt, gæti orðið baggi á ríkissjóði. Að aðskilja grunnnetið og krefjast þess að grunnnetinu verði haldið frá áður en að sölu kemur og ríkið eigi það meðan verið er að jafna aðstöðumun á landinu öllu hvað varðar að taka þátt í þessari fjarskiptabyltingu sem er að eiga sér stað og hefur átt sér stað og sem við horfum á að er að verða og sem betur fer, ég tek það skýrt fram, er á fleygiferð á höfuðborgarsvæðinu þannig að íbúar hér munu hafa mjög mikið val og mikla flutningsgetu inn til sín, þannig að það gæti jafnvel farið út í það að það verði nánast aldrei notað. Enda segir svo á bls. 88 um þennan kafla, með leyfi forseta:

„Innan nefndarinnar hafa loks verið ræddar hugmyndir um stofnun sérstaks félags um grunnkerfið sem yrði í fullri eigu Landssímans, a.m.k. fyrst í stað. Nefndin vekur einungis athygli á þessum hugmyndum en gerir ekki sérstakar tillögur í því efni. Á grundvelli viðskiptasjónarmiða getur Landssíminn framkvæmt slíka skiptingu óháð einkavæðingu fyrirtækisins."

Með öðrum orðum: Hér er það boðað að Landssíminn geti gert þetta einn og sér síðar, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lýsti hér mjög vel í morgun hvað væri að gerast í nágrannalöndum okkar sem væru búin að fara út í að einkavæða landssímana sína.

Þetta er mikið atriði og rétt að hafa í huga vegna þess að það kann að koma upp eftir kannski ekkert allt of langan tíma að Landssíminn vilji losa sig við þennan bagga að reka grunnnetið, eins og svo ósmekklega er komist að orði í skýrslu einkavæðingarnefndar, sem kemur mér reyndar ekki á óvart.

Herra forseti. Þeir aðilar sem komu fyrir nefndina og reka þessi fyrirtæki úti um land kvörtuðu mjög yfir yfirburðastöðu Landssímans og sögðu sem svo að þeir óttuðust að

Landssíminn mundi í framtíðinni svara samkeppni þar sem hún nú er en láta annað vera. Þeir töluðu einnig um það að ef einn hreyfði sig væru það spastískar hreyfingar, ef eitt fyrirtæki á landsbyggðinni hreyfði sig í þessa veru þá hreyfðist Landssíminn ósjálfrátt nokkrum dögum seinna.

Aðeins varðandi alþjónustukvöðina. Það sem reiknað er með og talað er um 128 kílóbæta flutningsgetu sem á að vera á hvert heimili, koparlínurnar sem við höfum talað um geta flutt 2.048 kílóbæt og það má eiginlega segja að alþjónustukvöðin sem á að tryggja landsmönnum þessi afköst, sem var ekki lengi á höfuðborgarsvæðinu en aðrir á landsbyggðinni munu þurfa að bíða eftir töluvert lengi, eru lítið meira en afköst af litlu faxtæki. Og það telst ekki mikil þjónusta í dag. Þess vegna hefði, herra forseti, að sjálfsögðu átt að setja ADSL inn í alþjónustuskilyrðin og setja það sem skilyrði fyrir sölunni en ekki sem samkomulag milli hæstv. samgrh. og Landssímans eins og gert hefur verið.

Það eitt að aðskilja grunnnetið áður en að sölu kemur gerir það einnig að verkum að það væru ekki allir að grafa. Það vill vera svo stundum með okkur Íslendinga, herra forseti, að við tökum ýmislegt með trompi. Ég hef stundum tekið það sem dæmi hvað við Íslendingar erum nýjungagjarnir og tökum allt með trompi, eins og við séum bara að koma af vertíð í Vestmannaeyjum 11. maí og þá skal allt kaupa. Við tókum okkur einu sinni til og flutt voru inn Clairol fótanuddtæki, nokkur stykki til landsins, það átti að vera jólagjöfin það árið. Ég held að það hafi endað með því að þetta fékk svo góðar og miklar viðtökur að sjö 40 feta gámar komu til landsins og seldist allt og hefði vantað meira en það var bara engin ferð fyrir jólin. (**MS:** Átt þú svona?) Nei, hv. þm. Magnús Stefánsson, en ég get útvegað hv. þm. svona tæki ef hann vill. Ég get auglýst fyrir hv. þm. í smáauglýsingum að hann óski eftir svona tæki til kaups og þá verður nóg að gera í heimtauginni til hv. þm. Það verður mikil traffík í gegnum þá línu og hætt við að ekki verði hægt að hafa kveikt á tölvunni á meðan.

Ég vil segja þetta, herra forseti, af því að ég ætla að taka sem dæmi að það að aðskilja ekki grunnnetið frá sölu og hafa það í sérfyrirtæki sem allir munu bera við skulum segja sama hug til og eru ekki tortryggnir gegn, að það er mjög þjóðhagslega óhagkvæmt að hafa þetta þannig að hver og einn aðili telji sér það best að leggja sinn eigin ljósleiðarastreng. Það er alveg með ólíkindum ef við ætlum að hafa það þannig að fyrirtæki sem vill fara inn á markaðinn, t.d. á Akureyri, að lagðir verði kannski fimm, sex strengir eða meira norður til Akureyrar. Flutningsgetan er það mikil í dag, þeir strengir sem eru í dag geta flutt allt að 2,5 gígabæt á sekúndu. Og við þurfum ekki að mati sérfræðinga að hafa áhyggjur af burðargetunni á næstu árum, næstu fjölmörgu árum eins og sumir segja. Flutningsgetan er nægjanleg en þessir aðilar eru að gera þetta vegna þess að þeir hafa lent í viðskiptahindrunum, jafnvel viðskiptastríði við Landssímann.

Einnig kom fram á fundi nefndarinnar hjá þeim aðilum sem heimsóttu okkur, þar voru menn spurðir út í þessi atriði, spurðir út í þau atriði sem ýmis landsbyggðarfyrirtæki hafa verið að kvarta yfir, að það taki mjög langan tíma að Landssíminn klári og þjóni þessum fyrirtækjum og uppfylli óskir þeirra. Og það hefur stundum verið svo skrýtið og mikil tilviljun að rétt eftir að þessi viðkomandi fyrirtæki hafa lagt inn beiðni sína, þar með talið til viðskiptavinarins hvert eigi að leggja línurnar og sambandið, þá hafa komið aðilar frá Símanum og boðið sömu þjónustu. Það er út af þessu sem fulltrúar bæði fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og eins af landsbyggðinni sögðu að tortryggni væri ríkjandi milli þessara aðila. Enda var það svo að ég fékk á fundi skilmála fyrir leigulínum frá forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar, skilmála fyrir leigulínum sem Landssíminn setti og gaf út 7. sept. 1999. Þar er t.d. getið um að afgreiðslutími fyrir tallínu, sem er með einhverjum stöfum og öðru sem ég ætla ekki að lesa hér upp, sé fimm virkir dagar eða minna. Og að dæmigerður afgreiðslutími fyrir 64 og 2.048 kb/s stafrænar línur sé tíu virkir dagar eða minna, miðað við að fullnægjandi pöntun liggi fyrir. Ég spurði þessa aðila á fundi nefndarinnar hvort þeir gætu sagt að þetta gengi svona fyrir sig. Ég fékk svar. Ég fékk svar sem var nánast á táknmáli. Ég fékk bros og hlátur. Það gat enginn staðfest að þetta væri svona. Og tekin voru dæmi þar sem menn höfðu pantað línur til ákveðinna viðskiptamanna sem lá á að fá slíka þjónustu frá þessum sprotafyrirtækjum á landsbyggðinni og fram kom að það voru fjórir til átta mánuðir sem höfðu farið í að bíða eftir samþöndum.

Herra forseti. Þetta er líka enn einn rökstuðningurinn fyrir því að nauðsynlegt er að aðskilja grunnnetið frá áður en selt er og það sé rekið í sérfyrirtæki, sérhlutafélagi í eigu ríkisins þar sem allir hafa aðgang, sama hvort það er Íslandssími á höfuðborgarsvæðinu eða Tölvumiðstöð Austurlands á Austurlandi eða einhverjir aðrir.

Vegna þess að varaformaður samgn., hv. þm. Hjálmar Árnason, margtók það fram áðan að ekki ein einasta kvörtun eða kæra hefði borist til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna þessara þátta vil ég segja að það kom fram, herra forseti, að þessir aðilar veigruðu sér við eins lengi og hægt væri að senda inn kæru. Og það kom fram hjá einum aðilanum að allt að 30% af tíma hans, tíma forstjórans, færi í að kljást við Landssímann og berjast fyrir því að fá þau samþönd sem óskað væri eftir. Með öðrum orðum, þetta var alltaf að rekast á.

Það kom fram að menn sæju ekki hvernig þetta gæti gengið áfram. Það var á þeim fundi sem forstjóri Íslandssíma, sem sat þarna inni á sama tíma vegna þess að allir þurftu að koma á sama tíma, ekki var mikill tími til að skilja þarna í sundur og hafa menn sitt í hvoru lagi, það var á þeim tímapunkti sem forstjóri Íslandssíma sagði eitthvað á þá leið að hann dáðist að því og skildi ekki reyndar hvernig þessi fyrirtæki á landsbyggðinni væru enn þá á lífi miðað við þá stöðu sem þau væru í, bæði hvað varðar verð og þjónustu frá Landssímanum gagnvart grunnnetinu.

Ekki þarf oft að fara langt frá Reykjavík, herra forseti, þar sem ljósleiðarinn byrjar að telja, þar sem 0-kílómetrinn er í verðskrá Landssímans, til að sjá það og fá lýsingar á því að þessi ofurháu gjöld, þessi ósanngjörnu gjöld eins og menn sögðu hvað varðar leigulínur og annað, og tek ég þó skýrt fram að það var lagað verulega 1. nóv. 2000, að menn væru að súpa seyðið af þeim u.þ.b. 100 km sem þeir voru á, rekstrarsvæði þeirra. Einnig kom fram að menn hefðu miklar áhyggjur af því að landsbyggðin mundi sitja eftir vegna fjarlægðarinnar í samkeppninni hvað þetta varðar og fyrirtæki sem ætluðu sér í samkeppni á þessu svæði, mundu hreinlega ekkert sinna ákveðnum stöðum á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég ætla að reyna að hverfa frá því sem ég hef gert að umtalsefni og ég hef mestar áhyggjur af, þ.e. að landsbyggðin muni ekki, m.a. vegna fámennis, sitja við sama borð og höfuðborgarsvæðið hvað þessa framtíðarþróun varðar. Framtíðarþróun og uppbygging atvinnu á landsbyggðinni

getur orðið í gegnum þá miklu tæknibyltingu sem hefur átt sér stað, atvinnuuppbyggingu sem þarf ekki frystitogara, þarf ekki kvóta, þarf ekki frystihús en þarf ekkert nema bara eðlilegt rekstrarumhverfi og sanngjarna verðskrá. Það er það sem ég vil enda á að segja. Ég óttast mjög að það að selja grunnnetið með verði til þess að landsbyggðin sitji eftir í þessum efnum.

Herra forseti. Reyndar er mjög nauðsynlegt vegna þess sem hér hefur verið sagt og rætt um og nokkrir hv. þm. Framsfl. eru nú að reyna að bera til baka og segja að þeir hafi ekki sagt þetta í nafni Framsfl., heldur bara sem einstaklingar. Það er sannarlega rétt að rifja þetta upp enn einu sinni. Nokkrum sinnum hefur verið vitnað í ummæli hv. þm. Hjálmars Árnasonar þegar hann sagði svo og tók mjög skýrt fram og var mjög hvassyrtur, með leyfi forseta:

„Ég hef enn ekki séð rök fyrir öðru en því að ríkið eigi áfram netið og leyfi fyrirtækjum að keppa þar og veita landsmönnum öllum sem besta þjónustu rétt eins og á þjóðvegum landsmanna. Þannig tryggjum við jafnan aðgang allra landsmanna að fjarskiptum. Þannig tryggjum við áframhaldandi eðlilega þróun á sviði fjarskipta og þannig komum við í veg fyrir að hér á landi skapist Microsoft-ástand í fjarskiptum."

Svo mörg voru þau orð framsóknarþingmannsins sem keppist nú við að réttlæta kúvendingu þeirra framsóknarmanna hvað varðar grunnnet Landssímans.

Varaþingmaður hæstv. félmrh., Árni Gunnarsson, tók líka mjög djúpt í árinni hvað þetta varðar. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég vil taka undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram um þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma skýrt fram að ég er andvígur því að selja það grunnnet sem felst í lagnakerfi Landssímans hf. Ég er þeirrar skoðunar að þetta net eigi að vera aðskilið, og til þess að tryggja samkeppni og tryggja jafnrétti, m.a. milli landshluta að þessu neti, þá tel ég óæskilegt að það sé selt með Landssímanum hf."

Herra forseti. Hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur líka fjallað um þessi atriði. Ráðherra sagði það ekki á sama tíma og hún gaf yfirlýsingarnar um öll störfin sem átti að flytja til Ólafsfjarðar, sem ég fór yfir hér áðan, en á heimasíðu ráðuneytisins mátti finna ýmislegt í þessum dúr. E.t.v. er það allt farið núna, búið að taka það út, en þar mátti m.a. finna eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þar sem þjónustusalan er hinn raunverulegi samkeppnisrekstur er litið svo á að þennan hluta Landssímans hf. eigi við fyrsta tækifæri að selja (einkavæða). Aftur á móti ætti að fara hægar í að einkavæða rekstur grunnkerfisins, mikilvægara er að halda áfram og ljúka uppbyggingu þess."

Svo kemur fram tillaga:

„Landssímanum hf. verði skipt í tvö sjálfstæð fyrirtæki. Annars vegar fyrirtæki sem á og rekur grunnkerfið, þ.e. dreifikerfið ásamt nauðsynlegum búnaði, og hins vegar fyrirtæki sem annast almenna síma- og fjarskiptaþjónustu."

Í megináherslum iðn.- og viðskrh., byggðamálaráðherra hæstv., fyrir 2001–2003 segir m.a.:

„Upplýsinga- og fjarskiptatækni mun gegna veigamiklu hlutverki fyrir þróun búsetu á landsbyggðinni. Hún mun bæði bera upp nýja atvinnustarfsemi og vera veigamikill þáttur í því að jafna aðstöðu og lífskjör landsmanna."

Herra forseti. Náttúrlega er til allt of mikils mælst að reikna með því að hæstv. byggðamálaráðherra sé nú við umræðu um sölu Landssímans og það að selja grunnnetið með. Vafalaust getur hæstv. byggðamálaráðherra komið upp eins og aðrir framsóknarmenn og reynt að skýra út fyrir okkur hvers vegna þeir hafa algjörlega skipt um skoðun.

Ég held að það sé svo í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum að þarna hefur Framsfl. þurft að lúffa fyrir Sjálfstfl., með öðrum orðum, Sjálfstfl. hefur gengið yfir Framsfl. í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum. Framsóknarmenn hafa farið undan, rétta hendur upp í loft og segja: Við gefumst upp. Það er aumt hlutskipti.

Herra forseti. Á bls. 6 í nál. okkar sem skipum 1. minni hluta sjáum við hvernig verðþróun hefur verið hjá Landssímanum hvað þetta varðar og við sjáum hvernig það var 1. jan. 1998. Þá kemur þar fram að leigulínuverð fyrir 2 Mb samband í Reykjavík var 31.615 kr. Þetta var á þeim tíma sem ATM samband var ekki í boði. Það var vegalengd frá Múlastöð, að sjálfsögðu 0 km, þetta er mælt út frá því. En ef við förum austur á Neskaupstað á þessum tíma, 674 km lengd, var verðið 1. jan. 1998 tæpar 760.000 kr. Þetta er e.t.v. á þeim árum sem landsbyggðarfyrirtækin á þessu sviði voru að byrja að byggja sig upp og menn fóru hér um, ráðherrar eins og utanrrh. sem fór austur á firði til að opna Íslenska miðlun á Stöðvarfirði að mig minnir, ég hef áður getið um ferðalag hæstv. forseta Alþingis og hæstv. byggðamálaráðherra, sem þá var hv. þm. Norðurl. e., var ekki orðinn byggðamálaráðherra, til Ólafsfjarðar.

Ég spyr: Hvernig í ósköpunum áttu þau fyrirtæki að geta byggt sig upp? Er nokkuð furðulegt að í dag skuli þessi fyrirtæka vera þannig að þau hafi verið orðin nánast gjaldþrota og björgunaraðgerðir séu í gangi til að koma þeim aftur á fót? Við vitum hvernig fyrirtækin fóru fyrir vestan. Er ekki búið að loka Íslenskri miðlun, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, í Bolungarvík? Hefur því fyrirtæki ekki verið lokað? Ætli það hafi verið sanngjörn samkeppni að fyrirtæki í Bolungarvík þurfti á þessum tíma að leigja sér línur og borga fyrir það 575.000 kr. á meðan fyrirtæki í Reykjavík borguðu 31.000? Þannig var þetta í upphafi þeirra tíma sem við erum að ræða hér um, í janúar 1998.

Ég hef áður gert að umtalsefni og það kemur fram í nál. okkar að þessi fyrirtæki kvörtuðu mikið yfir þessu verði. Þau kvörtuðu mikið og sögðu að þetta væri ójafn leikur, sem allir geta verið sammála um. Það hafi skert mjög samkeppnisstöðu þessara aðila og þau kvörtuðu mjög yfir þessu og voru skrifaðar um það fjölmargar greinar. Það voru aðilar sem gengu hver undir annan við að fá þessu breytt. Hæstv. samgrh., á aðalfundi Landssímans, ég held það hafi ekki verið 2000 eins og stendur í nefndaráliti okkar, heldur 1999, eyddi töluverðum tíma í ræðu sinni við það að hálfpartinn krefjast þess af stjórn Landssímans að leigulínuverðskrá og annað yrði jafnað og það yrði lækkað. Það varð til þess að út kom ný gjaldskrá í lok árs 1999 þar sem leigulínuverðið lækkaði töluvert mikið. Auðvitað ber að þakka það. En betur má ef duga skal.

Á þessum tíma og eftir þessa breytingu kostar það höfuðborgarfyrirtækið rúmar 25.000 kr. á mánuði að leigja tveggja Mb samband meðan það kostar fyrirtæki á Norðfirði 266.000 kr. — 266.000 kr. — munurinn er 1.000%, tífaldur munur. Hvernig í ósköpunum á þetta að vera hægt? Hvernig í ósköpunum á það að vera hægt, herra forseti, að þessi fyrirtæki keppi á jafnréttisgrundvelli? (Gripið fram í.) Leigulínuverðið á höfuðborgarsvæðinu hafði lækkað um 27% og það er mesta lækkun sem til er í þessari töflu. Hún var á höfuðborgarsvæðinu. Hún var miklu minni alls staðar

annars staðar — 18, 16, 15, 12% á landsbyggðinni. En 27% lækkun á höfuðborgarsvæðinu.

Það var töluvert mikill munur á því sem áður var, ef við tökum sem dæmi Neskaupstað, en þar fór verðið eins og ég sagði niður í 266.000 kr. úr 760.000, sem hafði verið 1. júní 1999. Þá þurfti þessi aðili að borga 760.000 kr. Það lækkaði umtalsvert. En betur má ef duga skal.

Hér hefur hv. þm. Hjálmar Árnason m.a. eytt miklum tíma í að ræða um ATM, sem er bara hið besta mál, sem er selt á 32.000 kr. alls staðar á landinu innan ATM-svæða. En hann gat líka um að það kostaði 17.000 kr. meira fyrir þá sem væru utan ATM-svæðis. Er þarna eitthver sanngirni eða réttlæti gagnvart samkeppni og samkeppnissjónarmiðunum? Ég held nú síður.

Herra forseti. Á fundi samgn. var líka töluvert rætt um koparlínurnar svokölluðu, heimtaugarnar, sem Landssíminn hefur byggt upp í gegnum öll rekstrarár sín, á þeim árum sem ég kann ekki einu sinni að segja frá þar sem Landssíminn hefur örugglega fengið fé úr ríkissjóði, jafnvel á upphafsárum sínum, til að leggja heimtaugar og hér hefur verið lýst mjög vel af hv. þm. Jóni Bjarnasyni hvernig menn tóku að sér að bera staura og annað slíkt til að koma símanum til sín. Þessar koparlínur hafa legið í jörð í 70–80 ár og verið vafalaust margsinnis afskrifaðar. Þessar koparlínur sem eru í kringum 140.000 talsins, þ.e. í 95.000 heimilum og um 45.000 fyrirtækjum, eru leigðar út í dag á 1.111 kr. til einstaklinga.

Hér hefur áður verið rakið hvernig þetta leigulínuverð hækkaði þegar reikisamningar og annað tóku gildi, þegar samkeppnisaðilar Landssímans áttu að fara að nota þessar línur sem auðvitað var sjálfsagt og eðlilegt, vegna þess að ekki viljum við að öll sveitarfélög fari að grafa upp og leggja nýjar línur á hvert heimili, heldur skal nota þá fjárfestingu sem þegar hefur verið gerð og þær línur sem eru fyrir og hafa næga burðargetu og flutningsgetu. Þetta eru 1.111 kr. Þetta verð hækkaði þegar Landssíminn fór að skoða þessa þætti í bókhaldi sínu. Þá hækkuðu þeir úr rúmum 500 kr. í þessar 1.111 kr.

Áður höfum við rætt um það að í þessu heimtaugar- eða afnotagjaldi voru svo og svo mörg skref innifalin, sem duttu út vegna samkeppnissjónarmiða og allt í lagi með það.

En það hefur líka komið fram og kom fram í umræðu hér sennilega fyrir áramót eða á vorþinginu síðasta, hvernig þessi hækkun leiddi til mikillar hækkunar, sérstaklega hjá öldruðum. Og því hafa aldraðir sannarlega fundið fyrir.

Eins og ég segi þá er þetta útskýrt. Það hefur sem betur fer verið gert og samkeppnislög krefjast þess að þetta sé aðskilið í bókhaldi Landssímans og það hefur verið gert.

Það kom fram hjá fulltrúum Starfsmannafélags Landssímans, að mig minnir, að starfsmenn Landssímans væru 1.380 talsins og þar af störfuðu um 400 við grunnnetið. Mér brá því hér í morgun, en hygg að það hafi nú bara kannski ekki verið alveg rétt munað, þegar hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir gat þess í andsvari við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að 450–480 starfsmenn störfuðu við grunnnetið. Ég hygg að starfsmönnunum hafi ekki fjölgað svona mikið, en ég hafði skrifað eftir þessum fulltrúum starfsmannafélagsins að þeir væru í kringum 400 talsins. Og þeir eru sannarlega teknir inn í þetta verð. Þetta er í kringum 30% af starfsmönnum Landssímans en ekki hef ég neina aðstöðu til þess að geta mér til um það hvernig þetta er mannað og hvernig þetta er sett niður. En þetta kemur sannarlega inn í þá verðskrá sem þarna er gerð, sem hoppaði svona svakalega upp, jókst um einhver 200 eða 300% eða hvað það nú var við þessa breytingu.

En það skringilega var að fulltrúi Íslandssíma sem mætti á fund samgn. og hefur verið að boða samkeppni í heimilissímum, og er kannski kominn í það á fullu, þessi aðili þarf að borga 1.000 kr. fyrir þessa heimtaugarlínuleigu á mánuði. Það kostar með öðrum orðum 1.000 kr. á mánuði að leigja koparinn eingöngu. Og það er þá þessa samkeppnisaðila að setja upp endaútbúnað, bæði hjá notanda og í sinni stöð. Það kom fram hjá aðilum sem komu á fund samgn. að menn töldu þetta allt að því okurverð. Þetta er sannarlega hátt. Á því er ekki nokkur vafi. Og það kom fram tortryggni við þessa útreikninga og sagt var að það væri allt of mikill hvati til þess að auka kostnað við rekstur grunnnetsins.

Enn fremur kom fram hjá þessum aðila að ef menn aðskildu ekki grunnnetið frá, eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera, þá hefði verið eðlilegt að eyða allri óvissu um hlutdrægni og annað slíkt með því að breyta fjarskiptalögum og efla Póst- og fjarskiptastofnun, áður en til sölu Landssímans kemur.

Herra forseti. Ég ítreka það enn og aftur og segi: Það hefði sannarlega verið heppilegra að skilja þarna algjörlega á milli. En ríkisstjórnin ætlar ekki að fara þá leið, því miður. Því hefði verið eðlilegra að gera þetta áður.

Það á ekki að hafa samkeppnisgrundvöllinn og rekstrarskilyrði fyrirtækja þannig að mestur tími manna fari í karp og þref við markaðsráðandi aðila, jafnvel með yfirburðamarkaðsstöðu, við að fá þjónustu sem beðið er um, eða að sífellt tortryggni sé í gangi, að maður tali nú ekki um eins og getið er um í áliti Samkeppnisstofnunar, þar sem samkeppnisaðilar eru að leggja gögn inn til samkeppnisaðilans og sýna öll sín spil og hlutirnir eru teknir og notaðir í því sambandi.

Herra forseti. Það kemur líka fram í áliti Samkeppnisstofnunar að keppinautar á þessum markaði eru knúnir til viðskipta við aðalkeppinautinn. Þetta er mjög skringileg staða.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir þá þætti sem mér finnast skipta langmestu máli í sambandi við þennan aðskilnað og tek skýrt fram að ég ætla ekki að fara hér inn á samkeppnisviðið hvað það varðar. Ég fagna því mjög og mér finnst það mjög gott að það er mikil samkeppni á höfuðborgarsvæðinu í þessari starfsemi. Það er allt hið besta mál. Ég verð að segja líka alveg eins og er að ég hef séð og fengið inn til mín á bústað minn á höfuðborgarsvæðinu gögn frá Línu.Net yfir það sem það ágæta fyrirtæki er að gera. Ég get ekki annað og vil nota þetta tækifæri til þess að óska höfuðborgarbúum innilega til hamingju með það mikla framtak, dugnað og framsýni sem borgaryfirvöld hér í Reykjavík hafa sýnt með því að stofna Línu.Net og að Lína.Net taki þátt í þeirri miklu byltingu sem er að eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu með lagningu ljósleiðara inn á, ég held bara, hvert einasta heimili í Reykjavík og sveitarfélögunum í kring. Þetta nota ég m.a. sem rök fyrir því þegar ég segi að landsbyggðin eigi að sitja eftir, eða muni frekar réttara sagt sitja eftir, vegna þess að grunnnetið verður ekki aðskilið. Ég óttast, eins og ég hef margsagt, að samkeppni muni ekki verða til staðar á fjöldamörgum stöðum á landsbyggðinni og landsbyggðin muni sitja eftir í núverandi tæknibyltingu og þeirri tæknibyltingu sem er fram undan og sem sýnir sig best í því mikla framtaki, dugnaði og framsýni sem Lína.Net er að bjóða hér upp á með því sem þeir kalla ljósleiðarann.

Lína.Net er að bjóða fólki á höfuðborgarsvæðinu stafrænt, gagnvirkt sjónvarp sem getur verið upp á 55 sjónvarpsstöðvar, þrjár kvikmyndir að eigin vali, íslenska sjónvarpsþætti eins og hver vill, tónlistarmyndbönd, íþróttaefni að vild, barnaefni, fræðsluefni, tölvupóst í sjónvarpi, netaðgang í sjónvarpi, 20 leiki o.s.frv., fyrir 6.500 kr. á mánuði, þ.e. 6.500 kr. á mánuði fyrir þessa miklu þjónustu sem Lína.Net er að bjóða hér upp á.

Herra forseti. Af tillitssemi við þá sem hafa beitt sér og telja sig vera að beita miklu réttlæti með verðskrá sem hér er boðið upp á ætla ég ekki að nefna þær tölur aftur. Ég ætla aðeins að geta þess aftur að fyrir það sem ég taldi hér upp, mikla flutningsgetu og annað slíkt, þá eru borgaðar 6.500 kr. fyrir þessa tengingu. Enda er það svo að nokkuð margir aðilar hafa fjallað um þessi atriði þegar þeir eru að rökstyðja það hvers vegna ekki eigi að selja grunnnetið með.

Ég ætla aðeins að grípa niður í einn pistil sem fjallar aðeins um þetta. Hann segir kannski meira en margt annað í þessu sambandi. Það er álit sem hér er fjallað um sem hefur birst í fjölmiðlum og grein sem heitir Netin þrjú. Þar kemur m.a. fram hvað muni gerast í framtíðinni varðandi flutningsgetu, ljósleiðara eða koparlínur, landsbyggð eða höfuðborgarsvæði. Það er þetta sem ég óttast. Í þessari ágætu grein sem birtist í Morgunblaðinu segir — ég sé því miður ekki eftir hvern er — en, með leyfi forseta, ætla ég að lesa þetta upp:

„„Um leið og menn fara að kaupa kvikmyndir yfir Netið eða flytja stóra gagnagrunna þurfa þeir vitanlega miklu meira,"" — meiri flutningsgetu — „segir Örn, en þess má geta að hreyfimynd í fullum gæðum þarf 45 megabita hraða á sekúndu og þannig tekur á áttunda klukkutíma að sækja sér kvikmynd í fullri lengd með hraðvirkri ADSL-tengingu, en ekki nema fjórar sekúndur með ljósleiðaratengi."

Herra forseti. Þetta er áhyggjuefni mitt. Hið mikla og góða fyrirtæki Lína.Net sem eins og ég sagði áðan er að gera mikla og góða hluti á höfuðborgarsvæðinu að frumkvæði borgaryfirvalda í Reykjavík, er að gera það að verkum að höfuðborgarbúar geta m.a. náð sér í fullkomna kvikmynd í fullkominni lengd á fjórum sekúndum, meðan aðrir munu þurfa að sækja hana á átta klukkustundum.

Hæstv. samgrh. Mér er það sönn ánægja að lána þér þennan pésa til að lesa. Gjörðu svo vel.

Þannig er þetta nú, herra forseti, það er þarna sem skilur á milli. Og ef svo fer sem fram horfir að þetta verði gert sem ég efast ekki um að stjórnarliðar munu berja hér í gegn og samþykkja, þá getur það þýtt það að fyrirtæki munu fara að grafa þvers og kruss á þá markaði sem þeir telja sig geta farið inn á, þar sem stór svæði eru. Aðrir munu sitja eftir. Hins vegar er það ekki mjög þjóðhagslega hagkvæmt að allir fari að grafa hér í sundur og leggja ljósleiðara út um allt.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð mikið verið rætt um fyrirhugaða sölu og hvaða áhrif hún muni hafa á hlutabréfamarkaðinn. Til samgn. komu m.a. fulltrúar frá Íslandsbanka – FBA, greiningardeild, og frá Kaupþingi. Hér hefur verið farið yfir það hvernig þessir aðilar töldu að þetta mundi lyfta hlutabréfamarkaðnum upp, annars daufum hlutabréfamarkaði á Íslandi. Vafalaust er það rétt að það verður til þess. Það kom líka fram hjá þessum aðilum að sannarlega bíði margir eftir því að kaupa hlutabréf í Landssímanum, m.a. hafi lífeyrissjóðir haldið að sér höndum og ekki flutt eins mikið fé úr landi vegna þess að verið er að bíða eftir Landssímanum. Þetta er talið lyfta markaðnum töluvert mikið upp og sennilega veitir ekki af. Líka var spurt út í verðgildi Landssímans, þ.e. hvert það væri. Við höfum séð það að eitt fjármálafyrirtæki, verðbréfadeild Sparisjóðs Hafnarfjarðar, hefur gefið út hvernig þeir verðmeta Landssímann. Þeir hafa nefnt tölur, að mig minnir 41–47 milljarða eða eitthvað svoleiðis. En það hefur líka komið fram að verðgildi Landssímans hefur dottið mjög niður, allt að því kannski hrapað, frá því þessi markaður stóð sem hæst fyrir einu ári. Af mikilli umhyggju hafa ýmsir sagt, þar á meðal ýmsir hv. stjórnarþingmenn, að það hefði verið óðs manns æði að selja Landssímann fyrir einu ári á því háa gengi sem þá var á hlutabréfamörkuðum, þegar þessi fyrirtæki voru verðlögð svo hátt sem raun bar vitni, það sé betra að selja þetta í dag þegar verðið hefur töluvert mikið dottið niður. Þetta er í raun alveg rétt með tilliti til hagsmuna þeirra sem munu kaupa hlutabréf.

En ég vil líka aðeins geta þess að þegar menn eru að nota þetta sem röksemdafærslu og vísa til Svíþjóðar og nefna það þegar fyrirtæki þar voru einkavædd og seld og hlutabréf hafa lækkað í þeim fyrirtækjum, og segja síðan: almenningur situr eftir með sárt ennið. Það eru nefnilega fleiri en almenningur, herra forseti, sem munu kaupa í Landssímanum og almenningur fær ekkert að kaupa neitt voðalega stóran hlut. Að því leytinu er það kannski ágætt að það sé selt á þessum tíma og almenningur eigi þess kosta að kaupa á lægra gengi en hefði verið fyrir ári. En ég vil einnig vekja athygli á því að aðrir stórir aðilar sem munu bíða eftir því að fá að keppa um að kaupa sér ráðandi hlut í Landssímanum eiga þá að njóta þess í leiðinni. Menn eru því hér að nota ímyndaða og ætlaða almenningssölu sem rökstuðning fyrir því að selja þetta þegar verðið er lægra, en ég vil aðeins vekja athygli á því, herra forseti, að aðrir munu fá að njóta þeirra ávaxta sem verða boðnir þar fram.

Það kom einnig fram, ef við tölum um samkeppni, að á þeim tíma sem við ræddum þessi mál var fundur í samgn. á degi sem menn hafa stundum nefnt „hinn svarta efnahagslega dag", sem var ekki alls fyrir löngu þegar gengi íslensku krónunnar féll um 6% á einum og sama deginum, þegar það gerðist að amerískur dollar fór allt í einu upp í 103 kr. Það var náttúrlega ákaflega skemmtilegt að hlusta á hæstv. forsrh. um daginn tala um það að þessi 6% væru öll gengin til baka og að manni fannst væri öll efnahagsspá farin þegar 6% prósentin voru farin, en eftir stóð, herra forseti, 14–15% gengisfelling frá áramótum.

Þetta segi ég hér og tek sem dæmi vegna þess að þeir aðilar sem eru í samkeppni á þessum markaði, sérstaklega farsímamarkaðnum, kvörtuðu yfir því og sögðu að ein mesta ógnun við samkeppni á þessum markaði væri einmitt á þeim dögum sem við vorum að funda. Og það var vegna gengisfellingar þessa dags, um 6%, og vegna gengisfellingar og gengissigs — það er nú reyndar ekki hægt að kalla þetta sig, frekar gengishrun, frá áramótum um 20% — og að efnahagsstefnan eins og hún er í dag og efnahagslífið eins og það væri að þróast væri langmesta ógnunin við samkeppnina á þessum markaði eins og hún er, þar sem skuldir þessara samkeppnisfyrirtækja eru allar í erlendri mynt. Þetta eru ung fyrirtæki, skulda e.t.v. mikið, tekjurnar eru í íslenskum krónum, viðhald, varahlutir og tækjakaup eru allt í erlendum gjaldeyri. Gengisbreytingin var því mesta ógnunin við samkeppni í fjarskiptum sem hafði orðið um langa hríð.

Þetta vildi ég aðeins koma með hér inn í umræðuna, herra forseti, þegar verið er að ræða um fyrirhugaða sölu Landssímans og hvaða áhrif hún kann að hafa á markaðnum.

Þetta kann að hafa áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þetta kann að hafa það.

Herra forseti. Ég ætla rétt í lokin að fjalla um það sem kemur fram í fréttabréfi Opinna kerfa. Þar er viðtal við Benedikt Gröndal, mann sem heitir því ágæta nafni sem ég hef nú ekki tekið eftir fyrr en núna, forstöðumann gagnaflutninga Símans, þar sem hann er að ræða um þessi efni í grein sem heitir IP-væðing fjarskiptanets Símans. Þetta er mjög fróðleg grein og sýnir okkur í raun og veru hvað það er erfitt fyrir okkur alþingismenn, við skulum segja amatöra, að ræða um þessi tækniatriði sem breytast svo rosalega ört sem raun ber vitni. Í kafla sem heitir Vegkerfi og vegvísar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„„Öll þessi umræða um netkerfi og gagnaflutning kann að hljóma nokkuð flókin, en samlíkingin við vegakerfið er nokkuð hentug til að skilja betur um hvað þetta snýst," segir Benedikt. „Allir þessir gagnaflutningar fara fram um ljósleiðarakerfi Símans sem nær um allt land. Ef það kerfi er vegurinn, þá eru Cisco-svissarnir nokkurs konar vegvísar sem beina umferðinni þangað sem hún á að fara. Svissarnir „tala" tungumál IP-staðalsins og nota MPLS til að tala saman og vera fljótari að beina gagnaumferðinni á áfangastað. MPLS" — hvað sem það nú er — „eru þannig nokkurs konar burðarlag fyrir háhraðaþjónustu og með þessari tækni getum við nýtt okkur flutningsgetu ljósleiðarans enn betur, enda er það alltaf að koma betur fram að það er ekki nóg að eiga ljósleiðara, tæknin til að nýta hann vel verður einnig að vera fyrir hendi.""

Svo mörg voru þau orð og segir kannski meira en mörg önnur orð um á hvers konar hraðferð þessi þróun öll er, hraðferð sem við skulum vona að allir íbúar landsins fái að vera farþegar í, að íbúum landsins verði ekki skipt upp, herra forseti, á 1. og 2. farrými í slíkri ferð, heldur vilji menn hafa jafnræði og jafnrétti milli allra þegna landsins, hvort sem þeir búa í Reykjavík eða Raufarhöfn, Ísafirði eða Neskaupstað, Stykkishólmi eða Vestmannaeyjum.

Við þurfum, herra forseti, að hafa umhverfið þannig að fyrirtæki geti búið við sömu rekstrarskilyrði á þessum stöðum hvað varðar nýtingu á öllum þeim kerfum sem boðið er upp á. Við þurfum líka að bjóða upp á það að íbúar á Raufarhöfn og íbúar í Reykjavík geti innan ekki allt of langs tíma búið við sömu möguleika á að nýta sér þá byltingu sem ég hef gert hér að umtalsefni, þar sem kvikmyndir í fullri lengd verða jafnvel fluttar milli landshorna á fjórum sekúndum og menn geta síðan stillt á tækið og horft á það eftir því hvernig ýmislegt annað þróast á heimilinu.

[16:23]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller hélt hér ítarlega ræðu. Mér fannst að vísu megnið af hans ræðu vera lýsing á núverandi ástandi. Ég get hins vegar tekið mjög vel undir lokaorð hans og tel að það sé einmitt það markmið sem fram kemur í áliti meiri hluta hv. samgn. um jöfnuð, um jöfnuð landsmanna og jafnt aðgengi fyrirtækja og einstaklinga að dreifikerfinu.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um það hvort ætti að selja netið eða ekki. Jafnframt fjallaði hann nokkuð um að ýmsir hefðu breytt um skoðun á afstöðu til þess hvort ætti að selja netið með eða ekki.

Mig langar til að spyrja þingmanninn — og les hér úr nál. hv. 1. minni hluta samgn. sem hv. þm. Kristján Möller stendur að ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Á bls. 2 stendur skýrum stöfum: „Þess vegna leggur 1. minni hluti til að grunnnetið verði ekki selt með öðrum hlutum fyrirtækisins." Þetta er skýr og afdráttarlaus stefna. Ég er hins vegar ekki sammála henni og vitna til þeirra raka sem ég reyndi að draga fram í ræðu minni.

Nú fletti ég um ekki nema eina síðu og stendur þar á bls. 4: „Það er mat 1. minni hluta að skynsamlegra hefði verið að breyta markaðsgerðinni með því að selja grunnnetið frá fyrirtækinu."

Ég spyr hv. þm. Kristján Möller: Hvor stefnan er nú í augnablikinu ofan á hjá Samfylkingunni, sú sem er á bls. 2, um að ekki eigi að selja netið, ellegar hin sem er á bls. 4, að skynsamlegra væri að selja það?

[16:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um það sem hv. þm. spurði um.

Það er dálítið kyndugt að háttvirtir stjórnarþingmenn hafa eingöngu fjallað um þessi orð sem eru á bls. 4, ég er því miður ekki með þetta álit, en það kom fram í andsvari hæstv. samgrh. hér áðan að hann vitnaði í þetta sama, þ.e. að selja grunnnetið frá fyrirtækinu, sem kemur fram á bls. 4 og það var leiðrétt í morgun og hefur nýju nál. verið dreift, en þarna átti að standa „að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu". Og það kemur náttúrlega skýrt fram í brtt. þeirri sem við höfum flutt.

En ég er í sjálfu sér mjög ánægður með að þetta skuli vera gert að aðalatriði hér í andsvörum vegna þess að þetta er sannarlega stafsetningarvilla sem e.t.v. hefur orðið vegna þess að flutningsgetan milli skrifstofa hér á Alþingi hefur ekki verið nógu góð eða hún hefur truflast á leiðinni, þá kemur stundum óþægilegt bil. Ég veit ekki hvernig þetta gerðist, en þetta hefur nú verið leiðrétt sem betur fer.

Það er rétt hjá hv. þm. að ég notaði megnið af tíma mínum til að lýsa því ástandi eins og það er í dag, meðan Landssíminn er í ríkiseigu. Og ég notaði tíma minn til þess að vara við því og ég óttast það að þetta muni fara á verri veg en er þarna, þegar þetta verður selt með og enn þá meiri hagnaðarsjónarmið verða látin ráða, enda kemur það fram hér að talað er um sérhagsmunahópa og óeðlileg afskipti alþingismanna eins og kemur fram í skýrslu einkavæðingarnefndar. Þetta eru kannski aðalatriðin.

En það er sannarlega rétt og það er gott að við erum sammála um að við viljum sem jafnaðarmenn að íbúar í Reykjavík og íbúar á Raufarhöfn eigi sama kost á þjónustu hvað þetta varðar og það er gott að heyra til þess.

Þá greinir okkur aðeins á um það að við sjáum ekki hvernig við ættum að fara að þessari leið. Ég tel að það verði betra að gera það með því að aðskilja netið áður.

[16:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég ítreka það að við erum sammála um markmiðið og ég vitna enn til greinargerðar meiri hluta hv. samgn. þar sem meiri hlutinn einsetur sér að ná þessu markmiði.

En ég skil orð hv. þm. svo að það sé skýr afstaða Samfylkingarinnar — hún hafi sem sagt ekki breyst á milli blaðsíðna, heldur sé um innsláttarvillu að ræða — og mat 1. minni hluta að skynsamlegra hefði verið að breyta með því að selja grunnnetið ekki, eða selja það frá og svo hins vegar að það eigi ekki að selja það. Ég varð satt að segja nokkuð ringlaður við að lesa þetta, því mér fannst þetta nokkuð óskýr afstaða

hjá Samfylkingunni þar sem það breytist á milli blaðsíðna, annars vegar að það eigi að selja og hins vegar eigi ekki að selja það. En nú hefur það sem sagt verið leiðrétt og ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir það.

[16:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma einu að hér, það var ekki efnislega nein spurning en hlutur sem ég gleymdi áðan. Ég ætla að nota tækifærið í mínu stutta andsvari og nefna það.

Það kom fram hjá hv. flm. meirihlutaálits, Árna Johnsen, að meiri hlutinn leggur mikla áherslu á það sem talað er um hér, aðra þjónustu á sviði upplýsingatækni, að ganga enn hraðar til fulls jafnvægis eða til fulls jafnréttis í verði á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hvað þetta varðar. Og fram kemur að það eigi að gera í hv. samgn. í fullri samvinnu við samgrh.

Mér fannst áðan eins og hv. þm. Hjálmar Árnason væri eitthvað að ýja að því að við fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, yrðum ekki með í því. Ég vil taka skýrt fram að við hlökkum mikið til að taka þátt í þeirri vinnu sem hér er boðuð, að nota hluta af söluandvirði Landssímans til að jafna það verð milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Herra forseti. Ég er mjög hlynntur þeirri kröfu íbúa höfuðborgarsvæðisins um að jafna misvægi atkvæða með því að gera landið að einu kjördæmi.

Herra forseti. Ég er líka áhugamaður um að jafna lífskjör landsmanna, hvort sem það er í gegnum skattkerfið eða í gegnum gjaldskrá Landssímans, fyrir eða eftir sölu, hvað það varðar að fyrirtæki, hvort sem þau eru á Raufarhöfn, Neskaupstað, Reykjavík, eða Akureyri, sitji við sama borð hvað varðar kostnað á þessari grunnþjónustu sem Landssíminn veitir í gegnum ljósleiðara. Og að íbúar alls landsins geti setið við sama borð hvað þetta varðar, bæði hvað varðar gæði og verð.

Ég er einnig mjög hlynntur því að e.t.v. verði fjarskiptasamband bætt á milli húsa, þannig að stafsetningarvillur eða orðabil fari ekki milli húsa.

[16:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með fyrirhugaðri einkavæðingu Landssímans má segja að kreddu- eða trúarbragðakennd vinnubrögð þeirra sem barist hafa fyrir einkavæðingu hér á landi komist á nýtt stig. Það er þá fyrst og fremst vegna þess að Landssíminn er, ef ekki beinlínis fyrsta, þá a.m.k. langstærsta og viðamesta einkavæðing á opinberu almenningsþjónustufyrirtæki í landinu.

Í öðru lagi er verið að einkavæða fyrirtæki í hreinni og klárri einokunaraðstöðu. Það er líka nýtt að fara út í einkavæðingu á starfsemi af þessu tagi sem lýtur lögmálum einokunar eða algjörlega markaðsráðandi drottnandi stöðu á markaði.

Í þriðja lagi lýsir ofstækið sér í því að þrátt fyrir þetta eru engar kvaðir eða skilmálar látnir fylgja með hinu einkavædda fyrirtæki. Ég rek a.m.k. ekki augun í það í þessu frv. Það sem vísað er til eru þá fjarskiptalög sem fullnægjandi trygging fyrir hlutum sem menn hafa mest rætt í tengslum við það sem varast þurfi í sambandi við þessa einkavæðingu fyrirtækis í einokunaraðstöðu eða algjörlega markaðsráðandi aðstöðu.

Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að mönnum verður ekkert flökurt gagnvart þessu ofan í þá umræðu sem geisar núna í landinu og hefur farið hátt um afleiðingar þess fyrir neytendur að einstakir aðilar á einstökum sviðum viðskipta nái slíkri stöðu. Hér linnir ekki umræðum um djöfulskap þeirra sem hafa náð markaðsráðandi stöðu í matvöruverslun, grænmetisverslun eða dreifingu. Ekki eiga tryggingarfélögin eða olíufélögin alltaf upp á pallborðið. Ég veit ekki betur en að ekki minni maður en sjálfur hæstv. forsrh. hafi sérstaklega gert þau að umfjöllunarefni og gagnrýnt þau harðlega vegna þess að þau nota ótæpilega markaðsráðandi eða fákeppnisstöðu sína. Það hefur hins vegar engin áhrif á það að menn skella sér út í að einkavæða gríðarlega mikilvægt almenningsþjónustufyrirtæki sem er í hreinni og klárri einokunaraðstöðu eins og ekkert sé. Eins og bara að drekka vatn og vísa til þess að kominn sé einhver vísir að samkeppni, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu og þar með sé réttlætingin fengin.

Hver er samkeppnin við Landssímann hf., t.d. á landsbyggðinni? Hver er hún? Getur hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir frætt mig um það? Er ekki næsta öruggt að samkvæmt öllum venjulegum skilgreiningum telst þetta ekki aðeins markaðsráðandi staða, þetta telst einokun? Í almennri símaþjónustu og einnig mörgum af sérhæfðari verkefnum Landssímans er um hreina einokun að ræða, enginn annar getur í dag keppt við fyrirtækið og í öðrum tilvikum hefur náttúrlega Landssíminn þvílíka yfirburðarstöðu að það má mikið deila um hvort það er samkeppni nema að nafninu til sem er í raun og veru þar á ferðinni.

Herra forseti. Í fjórða lagi má segja að ofstækið í þessu birtist okkur í því, trúin, hin trúarbragðakennda nálgun að einkavæðingin, einkavæðingar vegna, skuli blífa hvað sem í hlut á, að nú er það orðið að markmiði í sjálfu sér að selja þetta fyrirtæki til útlanda. Það er að vísu réttlætt kannski meira með tilteknum tímabundnum efnahagslegum nauðungaraðstæðum en að ég hafi beinlínis skilið það svo að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. ráðherra, eigi sér það orðið sem hugsjón að koma verðmætum fyrirtækjum og aðstöðu í íslensku viðskiptalífi úr landi. Vel getur verið að svo sé en ég hef svo sem ekki heyrt þá segja það beint. Ég hef hins vegar heyrt menn segja að það verði að selja þetta úr landi til að fá gjaldeyri inn í landið á móti og styrkja þannig gengi krónunnar o.s.frv.

Herra forseti. Það er líka nýtt eða nýlegt að það sé orðið beinlínis markmið í sjálfu sér að selja úr landi fyrirtæki af þessu tagi.

Af hverju er maður að ræða þetta? Skiptir nokkru máli hvort Landssíminn, ef hann verður einkavæddur á annað borð, er í eigu útlendinga eða Íslendinga? Jú, ég tel svo vera. Ég held að það sé auðvelt að færa rök fyrir því að það væri þá nær mönnum að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar kunna að verða í framtíðinni í þessu einkavædda fyrirtæki ef um er að ræða innlent eignarhald og innlent forræði fyrirtækisins.

Menn gætu átt eftir að sjá, ef útlendingar fá þarna ráðandi hlut, eða komast í meirihlutaaðstöðu á komandi árum gegnum kaup á eftirmarkaði o.s.frv., að hagsmunir þeirra, þó eigendur séu að fyrirtækinu og menn mundu ætla að þeir mundu þá gæta sín á því að það þjónaði eigendahagsmunum þeirra að láta fyrirtækið blómgast hér í landinu. Gott og vel. En aðrar ástæður geta legið að baki ákvörðunum um hluti sem skaða íslenska hagsmuni þó það skaði kannski ekki rekstur fyrirtækisins svo sem eins og þeir hvar fram-

tíðaruppbygging ýmissar þjónustu á þess vegum verður og hvert arðurinn flyst, hvar arðinum af starfsemi þess verður í komandi framtíð ráðstafað.

Það er alveg augljóst mál að um leið og útlendingar eiga verulega hluti eða ráðandi hluti í fyrirtækinu opnast sá möguleiki að arðurinn flytjist árlega úr landi og að menn taki meiri arð út úr fyrirtækinu af þeim sökum og ráðstafi minnu til uppbyggingar hér inni í landinu.

Um þetta eru dæmin alveg skýr, herra forseti. Af einhverjum ástæðum hafa mjög margar þjóðir þó reynt að tryggja með einhverjum hætti forræði sitt í fyrirtækjum jafnvel af þessum toga þó þau hafi verið einkavædd.

Herra forseti. Ég ætla að víkja aðeins betur að þessum atriðum þegar ég síðar í máli mínu ræði svolítið um reynslu annarra þjóða af sambærilegri einkavæðingu.

Mér sýnist nú að menn hafi ekki unnið merkilega heimavinnuna sína í þessu máli. Það er verið að hæla mönnum fyrir merkilega vinnu í þessum nefndum öllum o.s.frv. Ég gef henni ekki endilega mjög háa einkunn. Mér finnst enn þá margt vera óljóst í sambandi við afgreiðslu þessa máls sem hefði átt að vera miklu skýrara, herra forseti.

Ég nefni sem dæmi afar rýrt veganesti hvað varðar líklega framtíðarþróun í tæknilegum efnum sem varða miklu um þýðingu og mikilvægi grunnnetsins annars vegar og hins vegar samkeppni við aðra möguleika, eins og gervihnattasambönd.

Svipað mætti segja um svar við fyrirspurn sem ég lagði fram í vetur og gleymdist í samgrn. og dróst mjög að svara. Þess þá heldur kom mér á óvart að svarið var jafnrýrt og raun bar vitni. Ég var með beinum spurningum að biðja um úttekt á því hvað tilteknar aðgerðir í sambandi við ljósleiðaravæðingu landsins kostuðu og fékk við því svo sem engin svör. Ég verð því að gefa ráðuneytinu og/eða þeim sem hafa unnið svarið fyrir ráðuneytið falleinkunn hvað það varðar.

Ég var ekki að spyrja um kostnaðinn við það pr. km að leggja annan ljósleiðara hring um landið svo dæmi sé tekið en fékk um það svar, óbeðið. Ég var að spyrja beint um það hvað kostar t.d. að tengja alla þéttbýlisstaði með 100 eða þess vegna 150 eða 200 íbúum ef menn vilja velja þar aðra viðmiðun. Beint með ljósleiðara, ekki með örbylgjusamböndum, sem þvælast fyrir mönnum í þeim tilvikum. Hvað mundi það kosta að hafa tengipunkt, hnútstöðu eða hvað það nú heitir á hverjum slíkum stað? Opna öllum beinan aðgang inn að ljósleiðaranum? Þá er náttúrlega á meðan a.m.k. hann heldur gildi sínu ekki um það að deila að menn eru jafnsettir að því leyti til. Og svörin voru eins og engin.

Þegar kemur að undirbúningsvinnu af því tagi að menn kortleggi með einhverju móti reynslu annarra þjóða af einkavæðingu sambærilegra fjarskiptafyrirtækja er það nú rýr uppskera, verð ég að segja. Óskaplega rýr. Mér finnst það vera heldur litað það litla sem fjallað er um slíka kosti í þessum pappírum. Kannski er varla von á öðru því við vitum að þetta hefur verið unnið þannig að settir eru heittrúaðir menn í nefnd, svonefnda einkavæðingarnefnd, og síðan er hún látin stjórna öllu verklagi í þessum efnum og til hennar vísað þegar einhver óleyst vandamál eru eftir, þá er það bara einkavæðingarnefndin sem á að sjá um það eins og við heyrðum t.d. varðandi álitamál sem tengjast sölu bankanna, tímasetningum í því og öðru slíku. Þegar menn rak í vörðurnar eða vildu ekki svara var sagt: Ja, það verður bara einkavæðingarnefndin sem sér um þetta.

Herra forseti. Framsfl. hefur borið svolítið á góma, hann er ekki fjölmennur í augnablikinu í þinginu, hann er ekki einu sinni það fjölmennur að það samsvari fylgi hans samkvæmt skoðanakönnunum um þessar mundir því hann er bara núll hér á staðnum. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur fengið það öfundsverða hlutskipti eða hitt þó heldur að vera sérstakur talsmaður framsóknarmanna í einkavæðingu Landssímans. Það er eitthvert mesta þrælshlutverk sem hefur verið lagt á nokkurn mann lengi, að ætla sér að eiga að standa fyrir þeim ósköpum að útskýra kúvendingar og uppgjöf framsóknarmanna í þessum símamálum.

En það hefði verið fróðlegt að heyra kappana, hæstv. landbrh. Guðna Ágústsson, eða hæstv. félmrh. Pál Pétursson, sem hafa á köflum í gegnum tíðina þóst vera talsmenn annarra sjónarmiða en þeirra, að hjóla beint í sjálfan Landssímann og einkavæða hann.

Eins er það, herra forseti, að það er auðvitað mikill bagi að hæstv. utanrrh. skuli ekki koma og gera grein fyrir því hvað felst í svokölluðu samkomulagi stjórnarflokkanna um það hvernig farið verði með eignarhlutinn. Getur hæstv. samgrh. gefið algjörlega skýr svör við því hvað bollaleggingar hæstv. utanrrh. þýða um það að ríkisstjórnin muni ekki á næstu mánuðum eða missirum selja meiri hluta í fyrirtækinu? Með vísan til þess að skynsamlegt sé að taka þetta í einhverjum skrefum og byrja rólega. Hvað þýðir þetta á mannamáli?

Þetta er haft eins loðið og kostur er með því að grauta saman bæði mánuðum og missirum og eru nú ekki alveg sambærilegar einingar, önnur svolítið stærri en hin, líklega u.þ.b. sex sinnum. Er ekki hægt að tala skýrar? Er ekki eftirspurn eftir því líka á markaðnum, ef á að fara út í þetta á annað borð, að talað sé skýrar? Ég hefði haldið það. Þetta er dálítið þokukennt. Við hverju eiga menn að búast? Að þeir verði meðeigendur á móti ríkinu í nokkur ár eða að það kunni bara að vera spurning um mánuði þangað til ríkið selur restina? Og þá hvernig? Þetta er eins vitlaust og nokkuð getur verið. Þetta væri hvergi gert svona nema á Íslandi. Hvergi.

Tökum Noreg sem dæmi, þar hafa menn verið að selja hlut úr stórum öflugum ríkisfyrirtækjum eins og Statoil og símanum o.fl. Hvernig fara menn að? Menn kortleggja nákvæmlega hvernig skuli gera það. Það er gert á grundvelli þáltill. þar sem línurnar eru markaðar, stundum með pólitískri samstöðu og stundum ekki. Það er látið reyna á það í Noregi hvort mögulegt sé að ná sæmilegri samstöðu um hlutina, t.d. var lögð mikil vinna í að ná sem víðtækastri samstöðu í norska Stórþinginu um byrjunina á einkavæðingu Statoil og það tókst nokkuð vel. Í aðalatriðum er samstaða um að fara þar mjög rólegan, í áfanga þar sem seldur er lítill eignarhlutur. Það liggur alveg fyrir að þar er ekki á dagskrá, það er yfirlýst og klárt, að selja meiri hluta í fyrirtækinu, ekki einu sinni ráðandi hlut á næstu árum. Þetta liggur fyrir samkvæmt ályktunum norska þingsins og að þessu ganga allir. Stjórnmálaheimurinn, markaðurinn og allir sem þetta þurfa að vita geta gengið að þessu vísu og þessu treysta menn. Þar er sá siður hafður á að menn standa við það sem þeir setja á prent og kemur frá þeim í formlegum þingskjölum á norska Stórþinginu. Slíku er ekki að heilsa hér. Hér hafa menn margsvikið fyrirheit og yfirlýsingar í greinargerðum stjórnarfrumvarpa eins og frægt er, t.d. um sölu bankanna.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að hafa þetta? Ég óska eftir því, herra forseti, og mun fylgja því eftir að við fáum skýr svör áður en umræðunni lýkur. Það er óþolandi að hafa þetta svona grautarlegt. Ég bið um það, herra forseti, að utanrrh.

verði gert viðvart um að það sé mikil eftirspurn eftir því að hann komi hér til umræðunnar áður en henni lýkur og geri grein fyrir því hvað hann hafi átt við með orðum sem hann lét falla, m.a. í viðtölum við fjölmiðla 26. apríl sl. Hvað er í vændum? Getur hæstv. ráðherra greint frá því á mannamáli og um hvað hafa stjórnarflokkarnir samið eða ekki samið hvað þetta varðar?

Frv. er einfalt, herra forseti. Það heimilar ósköp einfaldlega að selja allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands. Þar er engin 49% viðmiðun eða annað slíkt. Það skiptir máli, úr því þetta er svona úr garði gert, að eitthvað liggi fyrir um hvað í vændum er að þessu leyti.

Ég nenni ekki, herra forseti, enda hafa aðrir orðið til þess hér á undan mér, að draga fram uppgjöf og viðsnúning framsóknarmanna í þessu máli. Það er ekki ástæða til að bæta þar neinu við, það er eiginlega ekki sanngjarnt, þegar menn liggja jafnflatir og þeir framsóknarmenn í þessu máli. Það verður að taka tillit til þess og sparka ekki í menn við slíkar aðstæður.

Það var reyndar athyglisvert og dálítið hlálegt að heyra hv. þm. Hjálmar Árnason kvarta undan því áðan að honum fyndist afstaða Samfylkingarinnar óskýr. Hann var aðallega að velta sér upp úr prentvillum, að því er virðist, eða gamna sér við slíkt. Það þykir ekki merkilegt, mönnum getur orðið á að mismæla sig og það geta slæðst prentvillur inn í þingskjöl. Ég man varla eftir því að menn legðust svo lágt að gera sér mat úr því, að ætla að fara að gera það að einhverri pólitík hér. En það má þá segja að allt sé hey í harðindum. Þetta er enn kostulegra í ljósi þess að einmitt sami þingmaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, hefur sannanlega verið staðinn að því að hringsnúast svoleiðis í þessu máli, (Gripið fram í.) eins og fleiri framsóknarmenn, að ég sæmdi hann hér nafnbótinni Hjálmar snarsnúningur við 1. umr. málsins. Ég kenndi hann þar við mann á Ísafirði sem fékk það uppnefni af vissum ástæðum á hinni öldinni. Það er eiginlega það sem helst er hægt að segja um Framsókn. Þeir hafa snúist eins og skopparakringla í þessu máli og þannig að með ólíkindum hefur verið upp á að horfa.

Herra forseti. Ég held að því verði ekki í móti mælt að hér er verið að einkavæða einokunarstarfsemi. Þá vakna náttúrlega spurningar um það vegna þess að hér eru á ferðinni nýmæli á Íslandi. Menn hafa einkavætt fyrirtæki sem eru í fákeppnisaðstöðu og það hefur nú gefist svona og svona en það er nýmæli að einkavæða hreint og klárt einokunarfyrirtæki hér. Þá veltir maður því náttúrlega fyrir sér hvernig það hefur gefist annars staðar og hvernig leggst það í menn. Það leggst illa í menn. Og það hefur gefist illa annars staðar. Mjög illa. Mesta ofstækið á byggðu bóli, næst á eftir því að selja ömmu sína, í þessum frjálshyggjumálum er að ganga svo langt. Það þykir hástig frjálshyggjunnar að færa rök fyrir því að allt eigi að vera falt ef hægt er að fá fyrir það peninga. Hvorki siðræn né pólitísk eða félagsleg viðhorf teljast þar hafa áhrif.

Það er meira að segja svo, herra forseti, að viðurkennt er í Bretlandi af íhaldsmönnum sjálfum að þar hafi thatcherismin leitt þá út í mestar ógöngur, þegar þeir ruku til á níunda áratugnum og einkavæddu talsvert af einokunarstarfsemi, veitur, vatnsveitur og orkuveitur, hófu að einkavæða í fjarskiptaþjónustunni og fleira í þeim dúr. Þar ber enginn maður á móti því að það hafi gefist illa.

Svipaða sögu segja menn frá Bandaríkjunum. Þar hafa menn meira að segja gengið svo langt að þjóðnýta á nýjan leik hluta af slíkum fyrirtækjum af því þeir voru komnir í þvílíkar ógöngur með þau. Í New York fylki hafa menn gripið til þess ráðs, fylkinu utan um New York borg, að þjóðnýta á nýjan leik ákveðin orkufyrirtæki. Í Kaliforníu er orkufyrirtækjunum og veitunum haldið á floti með opinberum fjárstuðningi um þessar mundir, annars mundi kerfið bara hrynja saman og notendur ekki fá vatn, rafmagn o.s.frv.

Það verður ekki sagt að Samkeppnisstofnun sé beinlínis jákvæð í umsögn sinni um þessa einkavæðingu. Hún varar auðvitað mjög sterklega við henni. Ég hygg að það sé búið að vitna í umsögn hennar. Þar má þó benda á nokkur atriði, herra forseti. Í umsögn Samkeppnisstofnunar frá 10. maí segir t.d. að Samkeppnisstofnun hafi fengið tæpa tvo sólarhringa til að skila áliti sínu. Það eru þessi vönduðu vinnubrögð sem menn eru alltaf að hæla sér hér af, álíka vönduð og vinnubrögðin við lagasetningu sjómanna sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hældi sér mikið af, af því hvað þar væri allt faglegt og vandað. Þjóðin horfði upp á þau ósköp.

Þegar stjórnarflokkarnir voru loksins búnir að hnoða saman niðurstöðu í þessu máli, hnoða hver á öðrum í marga mánuði og höfðu loksins komið sér saman, — þó er vart rétt að segja að þeir hafi komið sér saman — þegar Framsókn gafst loksins endanlega upp, þá er þessu hent hérna inn og aðilar, t.d. Samkeppnisstofnun fær tæpa tvo sólarhringa til að skila áliti um einn allra vandasamasta þátt þessa máls. Ef menn vilja taka þetta alvarlega og hlusta á einhver rök í þessu yfir höfuð, þá hljóta menn að líta til líklegrar stöðu í viðskiptum á þessu sviði, þar sem veltan er tugir milljarða króna sem koma beint úr vösum notenda. Það skiptir nú ekki litlu máli fyrir aðstæður hér í landinu og lífskjör fólks. Menn eru uppteknir af kostnaði grænmetiskörfunnar hjá vísitölufjölskyldunni. En hvað með símann og fjarskiptin? Það getur orðið drjúgur skattur sem menn geta náð sér í þar ef menn fá frjálsar hendur til að okra í einkavæddu fyrirtæki í einokunaraðstöðu. Samkeppnisstofnun varar við þessu. Hún segir t.d. að eins og áður hafi komið fram af hálfu Samkeppnisstofnunar sé Landssíminn í einstakri yfirburðastöðu á íslenska fjarskiptamarkaðnum og að verulegur hluti þessa forskots felist í eignarhaldi Landssímans á grunnfjarskiptakerfinu.

Þeir sem í grófum dráttum vita hvernig þetta gengur vita að Landssíminn á ljósleiðarana. Hann á heimtaugarnar og allan búnað sem þeim tengist annan en notendabúnaðinn sem húseigendur eiga sjálfir. Landssíminn á tengistöðvarnar. Landssíminn á örbylgjusamböndin. Landssíminn á jarðstöðvarnar, þannig að Landssíminn á varaleiðirnar fyrir fjarskipti til og frá landinu. Landssíminn á í sæstrengjunum. Landssíminn á hlut í Inmarsat og það á að afhenda hinu einkavædda fyrirtæki hlut Íslands í því kerfi, svo dæmi sé tekið. Öryggisfjarskiptakerfi fyrir skip. Landssíminn á þetta allt og hann á að fá þetta allt. Hann á GSM-kerfið, eina GSM-kerfið sem tekur nokkurn veginn allt landið. Hann á NMT-kerfið o.s.frv.

Í áliti Samkeppnisstofnunar segir:

„Við núverandi aðstæður á fjarskiptamarkaði eru keppinautar Landssímans háðir aðgangi að grunnfjarskiptanetinu í meira eða minna mæli og því óhjákvæmilegir viðskiptavinir Landssímans, einkum varðandi aðgang að heimtaugum einstaklinga og smærri fyrirtækja. Þá er innbyggð í þetta fyrirkomulag hætta á samkeppnishömlum, t.d. mismunun keppinauta, eða að upplýsingar varðandi viðkvæma viðskiptahagsmuni og fyrirætlanir keppinauta berist þeim einingum Landssímans sem standa í beinni samkeppni við þessa

aðila. Traust keppinauta á rekstraraðila grunnnetsins, sem að sínu leyti stuðlar að aukinni skilvirkni markaðarins, yrði því betur tryggt ef sá þáttur yrði skilinn frá Landssímanum."

Svo kemur að einu atriði enn, herra forseti, sem er algjörlega úti í vindinum í þessu máli. Allt blaðrið um fjarskiptalögin skiptir engu máli gagnvart því, þ.e. að Landssíminn sem áfram mun eiga grunnnetið mun taka ákvarðanir um uppbyggingu þess nets og hvernig áherslum verður háttað í því sambandi. Þá segir Samkeppnisstofnun:

„Í því sambandi skiptir máli að með eignarhaldi Landssímans á grunnkerfinu er líklegt að frekari uppbygging kerfisins taki mið af þörfum og viðskiptaáætlunum þess fyrirtækis." — Nema hvað? Auðvitað.

„Með eignarhaldi sínu á grunnkerfinu hefur Landssíminn í raun í hendi sér hvenær viðskiptavinir fyrirtækisins, sem jafnframt eru keppinautar þess, geta boðið nýja þjónustu. Það má því leiða að því rök að óbreytt eignarhald á grunnkerfinu viðhaldi ekki aðeins núverandi yfirburðastöðu Landssímans á markaðnum, heldur beinlínis styrki hana enn frekar."

Samkeppnisstofnun telur að óbreytt eignarhald á grunnkerfinu styrki stöðu Landssímans enn frekar. Þetta er nú býsna mikið sagt, herra forseti, og er ansi alvarlegt. Samkeppnisstofnun leiðir að því rök að þetta gæti verkað þannig að Landssíminn komist í aðstöðu til að styrkja stöðu sína enn frekar en ella væri. Það er auðvitað hárrétt. Þegar þetta fyrirtæki verður einkavætt og hefur pólitískt og á allan hátt sterkari stöðu til að segja: við verðum bara að reka þetta fyrirtæki á viðskiptalegum forsendum, tökum ekki við neinum fyrirmælum að gera þetta eða hitt frekar en eitthvað annað, þetta er bisness. Þórarinn Viðar Þórarinsson, forstjóri Landssímans, hefur svo sem sagt það nú þegar. Þá þarf eitthvað mikið til að menn grípi inn í það hvernig þetta fyrirtæki hagar fjárfestingum sínum o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er auðvitað alveg grafalvarlegt mál. Það er það því miður. Þó maður hafi verið óánægður með ýmislegt í þessu einkavæðingarbrölti ríkisstjórna gegnum tíðina, þá ekki síst hversu illa hefur verið staðið að því, hversu vinnubrögðin hafa verið óvönduð allt frá æfingum af því tagi sem einkavæðingin á SR-mjöli var, af því tagi sem einkavæðingin á tryggingastarfsemi og fleiru, upp í gegnum bankafarsann allan þar sem þetta var spilað af fingrum fram og eitt gert svona og annað hinsegin, aldrei sama formúlan að nokkuru einasta útboði eða sölu.

Nú erum við komin að hlutum sem skipta, herra forseti, miklu meira máli en hvort ríkið fékk í sjálfu sér meira eða minna fyrir Síldarbræðslu ríkisins og jafnvel hvort ríkið fær meira eða minna fyrir bankana, sem eru þó í ákveðinni samkeppni við aðila sem fyrir eru á markaðnum. Ég segi það alveg hispurslaust, herra forseti, að fyrir mér er þetta miklu alvarlegra mál og meira tilfinningamál, þegar menn eru komnir að Landssímanum, en t.d. sala bankana og hef ég þó mælt hér nokkuð kröftuglega á móti því.

Hér er víglínan komin mikið innar, nær lífskjörum eða þáttum sem hafa áhrif á daglegt líf alls almennings með beinum hætti. Málið snýst um einokunarfyrirtæki sem hefur veitt mjög mikilvæga grunnþjónustu, almannaþjónustu hér í landinu og mun gera áfram um langt árabil. Sala mun ekki breyta í einni svipan þeirri stöðu sem Landssíminn er í. Það er fjarstæða að halda því fram að þótt hér séu komin til sögunnar fyrirtæki sem bjóði samkeppni á tilteknum svæðum landsins á mjög afmörkuðum sviðum, af veikum burðum, þá breyti það í grundvallaratriðum nokkru um þá yfirburðastöðu sem Landssíminn hefur og mun hafa á komandi árum miðað við það sem nokkur leið er að sjá fyrir.

Hver hefur orðið niðurstaðan annars staðar þar sem slík fyrirtæki hafa verið einkavædd? Þau hafa meira og minna haldið stöðu sinni og mörg hver styrkt hana, rutt úr vegi litlum aðilum sem voru jafnvel komnir til sögunnar í skjóli ákveðinnar verndar vegna þess að ríkið átti í grunnfyrirtækjunum og gat í gegnum eignarhald sitt og forræði fyrirtækjanna tryggt að þau beittu ekki óhefluðum aðferðum við að ryðja úr vegi samkeppni sem var að skjóta upp kollinum. Sá möguleiki hverfur þegar ríkið hættir að hafa ítök í þessu fyrirtæki.

Hvert hafa þeir litlu aðilar sem hafa verið að reyna að koma upp viðskiptum á afmörkuðum sviðum leitað með klögumál sín gagnvart sambúðinni við Landssímann? Þeir hafa getað leitað til stjórnvalda, ekki bara samkeppnisyfirvalda heldur líka ráðherra og stjórnmálamanna og sagt: Nú verðið þið að koma og taka í lurginn á Landssímanum af því að þetta er óheiðarlegt. Pínt þá til að breyta gjaldskrám og grípa til ráðstafana sem opnuðu möguleika á samkeppni. Þetta getur snúist við um leið og fyrirtækið hefur verið einkavætt. Ekki dugir að vísa í fjarskiptalögin, herra forseti. Það er of einfeldningslegt gagnvart þeim aðstæðum sem blasa við hverjum manni.

Herra forseti. Ég ætla að vippa mér aðeins út fyrir landsteinana og ræða aðeins um það hvernig mönnum hefum reitt af annars staðar þar sem svona einkavæðing hefur farið fram. Auðvitað væri freistandi að taka Norðurlöndin en ég ætla að leggja upp í langferð af því að auðvitað eru aðstæður um sumt líkari okkur hér annars staðar á Norðurlöndunum, það mætti þá kannski helst nefna Noreg og svæðin í norðanverðum Noregi, Svíþjóð og Finnlandi þar sem landfræðilegar aðstæður eru sumpart svipaðar okkar. En ég ætla að fara suður um til Eyjaálfu, herra forseti, og ræða aðeins um reynslu Ástrala og þó sérstaklega Nýsjálendinga af því að hafa einkavætt símafyrirtæki sín.

Í ágætu nál. 2. minni hluta, hv. þm. Jóns Bjarnasonar, er einmitt vitnað í Ástralíu og sagt aðeins frá því hversu hamingjusamir menn eru með hinn einkavædda stórsíma Ástrala í sveitum landsins. Ég vísa til þess og þarf ekki í sjálfu sér að segja meira um það, það talar mjög sterkt fyrir sig sjálft. Þar er bullandi óánægja með það hvernig þjónustan, sérstaklega á landsbyggðinni, hefur hríðversnað. Þó að menn hafi selt þetta símafyrirtæki, Telstra, fyrir feitan pening þá er það skammgóður vermir ef afleiðingarnar af því fyrir landsmenn eru þessar: annars vegar okrar fyrirtækið á aðstöðu sinni og hins vegar fer það að gera breytingar í rekstri og áherslum og fjárfestingum sem bitna á landsbyggðinni. Þar versnar þjónustan og þetta er réttlætt með því að fyrirtækið þurfi að verja stöðu sína á mörkuðum í Sydney, Perth, Canberra o.s.frv.

En er þá ekkert að marka þetta, herra forseti? Getum við ekkert lært af þessu? Jú, ég held það ef einhver vilji er til þess. Þetta snýst um það. Þetta snýst vonandi ekki um það að menn þurfi að deila um staðreyndir. Þetta snýst bara um það hvort einhver pólitískur vilji er til að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og munu verða því engin ástæða er til að ætla að útkoman úr þessu verði öðruvísi hér en hún hefur orðið þar sem menn hafa farið alveg sambærilegar leiðir og við sambærilegar aðstæður.

Hvað segir hæstv. samgrh. um reynslu Ástrala af einkavæðingu stærsta símafyrirtækisins þar? Hefur hæstv. samgrh.

kynnt sér hvernig þjónustan hefur versnað í hinu gríðarlega víðáttumikla strjálbýli í Ástralíu og hefur hann engar áhyggjur af því að svipað gæti orðið upp á teningnum hér?

Þá ætla ég að vippa mér yfir sundið til Nýja-Sjálands, lands hins langa, hvíta skýs, og ræða aðeins um það, herra forseti, hvernig þeir hafa farið út úr hlutunum. Þá er rétt að byrja á því að segja að á þessu sviði eins og mörgum fleirum varð Nýja-Sjáland eiginlega tilraunastofa. Þeir voru svo ógæfusamir þar á níunda áratugnum að það komst til valda verkamannaflokkur sem var helsýktur af frjálshyggjuhugmyndum. Hann sprakk síðan í tætlur og er meira og minna horfinn núna. Þessi blairíski-schröderíski flokkur, sem var að mörgu leyti forveri hinnar svokölluðu þriðju leiðar í Evrópu — því að heilmikið var sótt hugmyndafræðilega í smiðju nýsjálenska verkamannaflokksins þegar verið var að koma svipaðri hreyfingu af stað — gekk út á að þetta ætti bara að vera markaðshyggja og frjálshyggja með pínulitlu félagslegu ívafi. Að vísu vantaði eiginlega alveg þetta félagslega ívaf í Nýja-Sjálandi.

En þeir breyttu Nýja-Sjálandi í heilmikið tilraunabúr, tilraunastofu nýfrjálshyggjunnar á níunda áratugnum og varð frægt um lönd og álfur. Það komu meira að segja trúboðar til Íslands og héldu fundi, Verslunarráðið og gott ef ekki Heimdallur og svona merkar stofnanir ... (**Gripið fram í:** BSRB.) Það var nú úr annarri átt, það voru þeir sem voru að reyna að uppfræða heiminn um afleiðingarnar. BSRB fékk mjög góða konu sem er í alþjóðlegum baráttuhópi sem var stofnaður til að hrekja allar lygarnar um þá paradís sem hefði þarna orðið til og koma réttum upplýsingum á framfæri um hrikalegar afleiðingar nýfrjálshyggjutilraunarinnar fyrir lífskjör almennings, ekki síst í sveitum landsins. Þar hafa lífskjör hríðversnað og allar aðstæður mjög eðlilega því með því að markaðsvæða algjörlega alla hluti og þar með talið félagslega þjónustu og undirstöðuþjónustu landsmanna, eins og þar var gert, getur það auðvitað ekki farið á annan veg. Samdráttur í opinberri þjónustu var með ólíkindum. Þorp og smákaupstaðir sem voru áður myndarlegar miðstöðvar þjónustu í sveitum landsins eru eins og draugabæir, þar er búið að loka öllum sköpuðum hlutum. Það er verra en hægt er að finna nokkur dæmi um á Íslandi og er þá býsna langt til jafnað. Því miður hefur orðið harkalegur samdráttur víða í svona þjónustu hér á landi, búið að loka bönkum, pósthúsum, símstöðvum o.s.frv., eins og kunnugt er. En það er hátíð hjá því sem gerðist í Nýja-Sjálandi á síðari hluta níunda og framan af tíunda áratugnum.

Nýsjálendingar voru sem sagt framarlega og í raun og veru í fremstu röð hvað varðar það að einkavæða símann. Þeir áttu stórt og mikið fyrirtæki sem ber nú nafnið Telecom og var áður ríkisfyrirtæki og með einkaleyfi og í einokunaraðstöðu þar af leiðandi þegar það var fellt niður. Þeir seldu núna fyrir allnokkrum árum. Þetta var undir lokin á nýfrjálshyggjufylliríinu þannig að þeir gerðu þetta með stæl, seldu þetta meira og minna á einu bretti og kaupendurnir voru fyrst og fremst tvö amerísk stórfyrirtæki á þessu sviði sem hafa sérhæft sig í því að fara um heiminn og þefa uppi aðstæður af þessu tagi þar sem hægt er að kaupa fyrirtæki í fjarskiptaþjónustu sem er í álitlegri einokunaraðstöðu eða hafa drottnandi stöðu á markaði. Það var nákvæmlega það sem gerðist í Nýja-Sjálandi. Þeir seldu fyrirtækið og aðaleigendurnir eru tvö amerísk fyrirtæki. Þeir settu að vísu pínulitlar kvaðir inn í söluskilmálana. Meira að segja nýfrjálshyggjuvitleysingarnir á Nýja-Sjálandi settu skilmála og kvaðir inn í sölu símans sem á ekki að gera hér. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson gengur enn þá lengra en frjálshyggjupostularnir á Nýja-Sjálandi vegna þess að hann setur engar einustu kvaðir eða skilmála af einu eða neinu tagi eða gengur neitt frá þeim í lögum þar sem verið er að afla heimilda til sölu fyrirtækisins. Það er bara vísað í fjarskiptalög.

Nýsjálendingarnir gengu þannig frá málum að í fyrirtækinu Telecom er eitt hlutabréf og því hlutabréfi fylgir tiltekið vald. Það er ekki eiginlegt eignarhlutabréf en það er það sem þeir kalla „Kiwi share", þ.e. kíví-hlutabréfið. Við gætum með sama hætti kallað svona hlutabréf „Íslandshlutabréfið" eða „þjóðarhlutabréfið". Þetta hlutabréf væri sem sagt til staðar eins og hver önnur hlutabréf, því gæti fylgt 0,1% eign, það er nóg, en hlutabréfinu fylgir vald sem er ekki hægt að upphefja. Hvaða kvöð fylgir þessu kíví-hlutabréfi í Telecom? Jú, t.d. það að einn erlendur aðili má ekki eiga meira en 49,9% í fyrirtækinu. Það er útilokað að einn erlendur aðili geti átt meiri hluta í fyrirtækinu. Þeir voru þó með þeim böggum hildar þegar þeir voru að undirbúa söluna og vissu að í vændum var að líklegast var að þessi ameríska fyrirtæki mundu koma og gleypa hann að þeir settu þessa girðingu. Í öðru lagi verður minnst helmingurinn af stjórnarmönnum í Telecom að vera nýsjálenskir ríkisborgarar. Ekki er hægt að skipa stjórn fyrirtækisins að meiri hluta erlendum ríkisborgurum.

Eru svoleiðis hlutir settir hér inn í lögin svona upp á mögulega framtíð að menn hafi þó einhverja tryggingu af þessu tagi að allt þeirra ráð verði ekki í hendi útlendinga? Svarið er nei. Framsfl., sem þykist hafa verið eitthvað að spyrna við fótum í þessu máli, hefur ekki einu sinni haft döngun í sér til að sýna lit af því tagi sem var þó gert á Nýja-Sjálandi þegar nýfrjálshyggjuliðið þar var að selja símann. Nokkur fleiri atriði, herra forseti, tengjast þessu kíví-hlutabréfi sem er þarna til staðar í fyrirtækinu.

Síðan seldu þeir, blessaðir mennirnir. Hvernig hefur gengið síðan? Hvernig hefur andrúmsloftið verið í kringum hinn einkavædda síma Nýsjálendinga í ameríska eigu? (**Samgrh.:** Virkaði bréfið?) Það hefur nú ekki reynt á bréfið enn þá en væntanlega — jú, bréfið virkar vegna þess t.d. að Kanarnir geta ekki haft meiri hluta í stjórn fyrirtækisins, það verða að vera nýsjálenskir ríkisborgarar, a.m.k. að helmingi. Mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið deilur. Þó að deilt hafi verið um flest þá er mér nú ekki kunnugt um að það hafi orðið deilur um að þetta bréf hafi verið brotið.

En það hafa orðið logandi illdeilur um nánast allt annað. Ég hef verið að safna saman, herra forseti, gögnum um þetta mál frá Nýja-Sjálandi. Ég er með þykkar möppur af gögnum um þær deilur, þau átök og þá gagnrýni, þau málaferli og allt hvað það nú er sem hafa risið á undanförnum árum vegna framgöngu hins einkavædda síma Nýsjálendinga, logandi deilur um það hvernig Telecom er að okra í krafti einokunaraðstöðu sinnar, hvernig Telecom er að flytja arð úr landi, hvernig Telecom kemur fram við starfsmenn sína á Nýja-Sjálandi og hvernig — eins og við mátti búast — Telecom hefur dregið saman þjónustu á landsbyggðinni og lætur þá greiða hærra verð til að geta notað peningana í samkeppni á markaði í stórborgunum. Algjörlega eftir uppskriftinni sem blasir við í forsendum þessarar einkavæðingar hér á landi hefur þetta farið á Nýja-Sjálandi. Ef menn vilja fara í gegnum kennslubókardæmi um það hvernig þetta getur farið á versta veg fari menn þangað og skoði það.

Hvað hefur verið deilt um, herra forseti, svo nokkur dæmi

séu tekin? Jú, það er t.d. gaman að nefna að ekki stóð á því að bandarísk starfsmannastefna var innleidd í fyrirtækinu. Þeir borga forstjóranum 15.460 nýsjálenska dollara á viku í kaup og svo margfalda menn með 42 ísl. kr. og þá fá menn út myndarlega upphæð, er það ekki? Þetta eru vikulaunin. En þeir hafa jafnframt staðið í linnulausum illdeilum við starfsmenn sína m.a. um launamál vegna þess að þeir ganga þar fram af dæmafárri hörku, þ.e. þá starfsmenn sem þeir hafa þá ekki rekið, en þeir eru allmargir og ég skal koma að því síðar.

Nokkrar hlutlausar úttektir nýsjálenskra háskóla og fræðimanna, evrópskar úttektir á útkomunni í Nýja-Sjálandi hafa verið gerðar. Opinberar ástralskar stofnanir gerðu m.a. úttektir á því hvernig þetta hefði komið út í Nýja-Sjálandi vegna þess að Ástralir voru seinna á ferðinni með einkavæðingu símans hjá sér, fóru til Nýja-Sjálands og skoðuðu hvernig hafði gengið og þeim brá svo mikið við það sem þeir sáu að þeir slógu á frest einkavæðingu ástralska símans í nokkur ár. Rökin voru: Reynslan frá Nýja-Sjálandi var svo slæm að við ætlum að hugsa okkar gang áður en við önum út í sama fenið. Svo gerðu þeir það að vísu, því miður, það var knúið fram með pólitísku valdi að láta sig hafa það engu að síður.

Þessar kannanir, herra forseti, — ég treysti því að menn vefengi ekki að þar sé hlutlægt að málum staðið þar sem í hlut eiga mjög virtir og viðurkenndir opinberir aðilar — hafa sýnt svart á hvítu að Telecom notar markaðsaðstöðu sína til hirða til sín mikinn gróða. Þær hafa leitt í ljós að öfugt við það sem menn halda fram, að einkavæðingin og hin svokallaða samkeppni muni leiða til lægra verðs, hefur síminn orðið dýrari á Nýja-Sjálandi og er núna einn sá dýrasti í heimi. Nýsjálendingar voru vel í meðallagi eftir því sem ég man best fyrir svona 10–15 árum hvað varðaði símkostnað. Síminn var að vísu dálítið frumstæður á köflum í sveitum landsins, þeir voru seinir til með að koma á stafrænu kerfi um allt. (Gripið fram í.) Já, en verðið var nokkuð gott. Þá ber auðvitað að hafa í huga að svipað og hér er um stórt og strjálbýlt land að ræða.

Nú er staðan hins vegar sú, samkvæmt könnun ástralska rannsóknarráðsins, sem ég kýs að þýða Australia´s Productivity Commission, að verðið á símaþjónustu, að meðaltali þegar allt er lagt saman og þá er verið að tala um einkasíma, er það næsthæsta sem þekkist í heiminum á eftir Japan. Það er hinn glæsilegi árangur í verði hjá þjóð sem reið á vaðið og hefur prufukeyrt þetta einkavædda einokunarfyrirtæki lengst, þeir hafa farið úr því að vera um miðju upp í að vera í næstefsta sæti hvað varðar verð á eftir Japan. Væntanlega skýrist hið gríðarlega háa verð í Japan á því að þar er verðlag hátt, Tókíó er dýrasta borg í heimi og kemur væntanlega engum á óvart að þar séu tölur háar, en vel að merkja, kaupmáttur almennings er þar líka hár.

Þetta segja Ástralarnir. Sama segja tvær kannanir frá Todd-rannsóknarfyrirtækinu, sama segir evrópsk könnun og margar óháðar nýsjálenskar kannanir frá háskólum og fleiri aðilum.

Hvað hefur komið út úr þessu hvað varðar verð? Hvernig hafa Ameríkanarnir komið út úr dæminu? Jú, gróði hins einkavædda nýsjálenska símafyrirtækis er fáheyrður. Hvað græða þeir? Þeir græða 33 nýsjálenska dollara á hvern síma í landinu í hverjum mánuði. Þetta eru opinberar tölur staðfestar af opinberum aðilum. Það mun vera gróði ársins 1999 að vísu. Miðað við afkomuna á árinu 2000, sem ég hef líka hér, hefur það væntanlega verið mjög sambærilegt. Margföldum þetta með 42. Þá fáum við út rétt tæpar 1.400 ísl. kr. á mánuði á hvern einasta síma í landinu. Þetta er hagnaðurinn af venjulegum símum á hverjum mánuði. Tæpar 17 þús. kr. á ári í gróða fyrirtækisins af þessari starfsemi, umreiknað með þessum hætti. Það er ágætt. Hvað ætli símarnir séu margir á Íslandi? Væntanlega hátt á annað hundrað þúsund, heimilin eru 110–120 þúsund og flest með síma og svo fyrirtæki o.s.frv. Þá erum við fljót að fá myndarlegar tölur.

Notum aðra aðferð, tökum heildarhagnað fyrirtækisins eins og hann hefur verið tvö ár í röð, 1999 og 2000. Hver var hann? Hann var tæpar 800 milljónir nýsjálenskra dollara, umreiknað á ársgrundvelli. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2000 var hann 199 milljónir nýsjálenskra dollara og fór í 800 milljónir, sem er nokkurn veginn fjórum sinnum sú tala, á reikningsárinu. Það kemur ekki fram hvort það er jafnframt almanaksárið en það skiptir ekki öllu máli.

Hvaða upphæð er hér á ferðinni? Hvað eru 800 milljónir nýsjálenskra dala? (**ÁJ:** Hvað var þetta mikið á hvern íbúa?) Jú, sinnum 42. Við skulum fara yfir það, líka hv. þm. Árni Johnsen formaður samgn., sem er hér glottandi eins og auli úti í salnum og ætti nú frekar að reyna að hlusta. Hins vegar er fagnaðarefni að hafa hv. þm. hér meðal oss — (Gripið fram í.) sjaldséðir hvítir hrafnar.

800 milljónir nýsjálenskra dala eru 33 milljarðar ísl. kr. — 33 milljarða ísl. kr. höfðu þessir amerísku eigendur upp úr krafsinu í nettóhagnað af Telecom. Þeir hafa væntanlega flutt það yfir til Bandaríkjanna svona að megninu.

Nú vill svo til, af því að hv. þm. Árni Johnsen hefur áhuga á lýðfræði... (**ÁJ:** Hver segir það?) Ja, það kom hér fram í frammíkalli áðan. Það má deila með 12 í Nýja-Sjáland til þess að fá út Ísland. (**ÁJ:** Það er nú ekki lýðfræði í því.) Þar búa u.þ.b. þrjár og hálf milljón manna og ef við segjum að við Íslendingar séum að slefa í svona 300 þús. þá má deila með 12 eða svo til að fá út samanburðarhæfar tölur. Það eru þá 2,5–3 milljarðar ísl. kr. sem er býsna kunnugleg tala. (Gripið fram í.) Það mundi þýða að Landssíminn gæti reiknað með því, ef hann kæmi sér í sambærilegar aðstæður og Telecom hið nýsjálenska, að auka hagnað sinn um 1–1,5 milljarða umfram það sem verið hefur. Gróðinn gæti farið í 3 milljarða í staðinn fyrir að hafa verið 1,5–2 milljarðar að undanförnu. Þetta yrði nettóhagnaður sem menn kræktu sér í með aðstöðu af þessu tagi. Það er býsna myndarlegt.

Hvers vegna er ástæða til að ætla að þetta gæti gengið eftir hér? Jú, af því að aðstæðurnar eru nánast algerlega sambærilegar. Nokkurn veginn sama munstur hefur verið verið á þessum málum í Nýja-Sjálandi síðustu árin og hér, eða álíka og er í vændum hér. Ef við gefum okkur að á komist eitthvað sem nær næstum því að geta kallast raunhæf samkeppni hér á höfuðborgarsvæðinu, kannski á Akureyri, þá verða aðstæðurnar mjög svipaðar og þær eru núna eða hafa verið í Nýja-Sjálandi. Fyrirtækið hefur yfirburðastöðu á öllum markaðnum. Það er auðvitað algerlega markaðsráðandi að öðru leyti en því að því er veitt svolítil samkeppni í Oakland, Wellington og nokkrum öðrum stærri borgum landsins. Að öðru leyti er fyrirtækið á sviðinu og enginn hefur komist hið minnsta áleiðis í að veita þeim samkeppni í dreifðari byggðum og á minni stöðum, ósköp einfaldlega vegna þess að það er enginn viðskiptalegur grundvöllur fyrir því hjá (Gripið fram í.) öðrum aðilum.

Herra forseti. Ég er nú ekki uppnæmur fyrir frammíköllum en ef þau eru jafnleiðinleg og heimskuleg og hér hjá

hv. formanni samgn. þá endar með því að þau þreyta mann. Það er gaman af velheppnuðum og hnyttnum frammíköllum (Gripið fram í.) en svona jarm frá þingmanni sem verður hér sér reglubundið til skammar með þvílíkum þvæluræðum að það hálfa væri nóg, verður leiðigjarnt, herra forseti.

Ég er hins vegar eindreginn talsmaður þess að hv. þm. Árni Johnsen biðji um orðið og tali hér sem mest. Þannig leggur hann okkur andstæðingum Sjálfstfl. best lið. Ég held t.d. að ræða hv. þm. Árna Johnsens í umræðunum um lög á sjómenn hafi verið þvílíkt innlegg hér fyrir stjórnarandstöðuna að það hálfa væri nóg. Ég hef hugsað mér að sjá til þess að koma þessari ræðu dálítið á framfæri. Mér fyndist fara vel á því að hún yrði gefin út í svona snotru riti, það mætti jafnvel taka útdrætti úr ræðum hv. þm. Kristjáns Pálssonar með og dreifa þessu sem víðast, hvetja t.d. sjómenn um land allt til að lesa þessa speki. (Gripið fram í.) Það held ég að væri virkilega þarft framtak, herra forseti. Ég býð hv. þm. Árna Johnsen fram aðstoð mína við að koma þessu hugverki á framfæri.

Herra forseti. Þessar tölur liggja fyrir. Þær eru ekki áróður eða litaðar af því að reynt sé að tína til einhverja neikvæða hluti sem komi þessu máli illa. Þær eru bara einfaldlega staðreyndir. (**KPál:** Hvað var athugavert við mínar ræður?) Ég var að vísa í ræðuhöld hv. þm. Sjálfstfl. í frv. um lagasetningu á sjómenn. (**ÁJ:** Hvað er til umræðu núna?) (**KPál:** Voru þær eitthvað verri en aðrar ræður?) Þær voru vondar. Þær voru ekki góðar, þ.e. fyrir ykkur.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að vera ekki með frammíköll.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir en ég skal reyna að glíma við hv. þingmenn. Ég held ég ráði alveg við það. Ef þeir hafa áhuga á að halda þessum leik áfram þá komi þeir bara. Ég hef skammt runnið fyrir þeim, a.m.k. hingað til. Ég held að mönnum væri sæmara að reyna að ræða um þessa hluti af einhverri lágmarksyfirvegun og talast eitthvað við með rökum. Ég ætlaði mér að reyna að gera það, herra forseti. Mér er að vísu nokkuð ljóst að þessir menn eru rökheldir. Ég ætlast ekki til þess að hv. þm. Árni Johnsen hafi skoðun á þessu máli, hún er mér einskis virði. En ég hef t.d. bundið vonir við að hæstv. samgrh., svona fram undir það síðasta, væri þeirrar gerðar að hann væri a.m.k. ekki rökheldur.

Nú veit ég vel að hæstv. samgrh. ræður ekki einn ferð í þessu máli. Það eru kannski aðrir sem hafa knúið á um og endanlega ákveðið að Landssíminn skuli seldur hvað sem tautar og raular. Það er auðvitað einkavæðingarofstækisliðið í Sjálfstfl., sem ég er ekkert viss um að hæstv. samgrh. tilheyri í hjarta sínu. Þeir ætla sér auðvitað að hremma Símann. Þeir eru að ná sínu fram og nota m.a. sem rök að nú sé að verða lítið bensín á tanknum hjá þeim og þeir verði að fá fleiri rétti á silfurbakkann, það sé orðið mjög brýnt því annars verði hér efnahagslegur samdráttur, niðursveifla o.s.frv.

Nei, herra forseti, ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir menn, þá sem á annað borð vilja leggja sig eftir því að kynna sér þessi mál og hvernig þetta hefur gengið fyrir sig annars staðar, að fara hlutlægt og vandlega gegnum dæmi af þessu tagi. Þau blasa við mönnum og er hægt að reiða þau fram með tölum og gögnum sem ekki verða hrakin, t.d. frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu. (**ÁJ:** Tælandi.) Menn hafa svipaða sögu (**ÁJ:** Tælandi.) að segja af ... (Gripið fram í.) Ég heyri það, herra forseti, að hv. þm. Árni Johnsen er mikill áhugamaður um Tæland (**ÁJ:** Mjög merkilegt land.) og það er vel. Mér þykir það bara hið besta mál að hv. þm. Árni Johnsen gjammar hér fram í Tæland, Tæland, Tæland, aftur og aftur. Vill ekki hv. þm. bara fara til Tælands og þess vegna bara með ...

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill taka fram að það er óviðunandi að ekki sé hægt að halda þingfundi áfram á eðlilegum nótum vegna frammíkalla. Ef þessu heldur fram sem horfir mun forseti gera hlé og freista þess að fá þingmenn til þess að fylgja þeim reglum sem hér eiga að ríkja.)

Herra forseti. Við skulum vænta þess að það komist svona sæmileg ró á í salnum. Ég ætla því ekki að ræða frekar um Tæland en gæti auðvitað gert það. Svo vill til að ég þekki pínulítið til þar þó ég geri það ekki eins vel og í Nýja-Sjálandi, þar sem ég hef dvalið og held ágætum samböndum. Ég tel mig sæmilegan færan um að upplýsa hvernig málin hafa gengið þar fyrir sig. Það er að vísu nokkuð um liðið síðan ég var þar búsettur um skeið en engu að síður, sumt hefur ekki breyst eins og þær landfræðilegu aðstæður sem menn búa þar við. Þær eru að mörgu leyti býsna sambærilegar við Ísland ef maður notar deilingu, deili maður svo sem eins og með tíu eða tólf þá fær maður út svipaðar tölur og eiga við hér. Þetta er stórt land, frekar strjálbýlt, stór hluti íbúanna býr í fáeinum borgum og afgangurinn eru fyrst og fremst sveitir þar sem menn búa dreift á stóru landsvæði. Það hefði alveg örugglega, herra forseti, verið gagnlegt fyrir menn að kynna sér hluti af þessu tagi. Ég efast hins vegar mjög um viljann til þess.

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er, að það fer dálítið í taugarnar á mér hvernig hv. þm. Árni Johnsen lætur hér gjörsamlega eins og fífl. Það fer dálítið í taugarnar á mér. Það er ekki nokkur leið að reyna að halda uppi einhverri efnislegri umræðu um mál og fá ekki frið til þess fyrir manni, sem ég hef að vísu engan áhuga á að ræða við af því að ég veit að það er tilgangslaust. En gagnvart öðrum sem eru hér í salnum og manni sjálfum þá fer ég vinsamlegast fram á það að þessi maður, sem plagar okkur nú ekki mikið með nærveru sinni hérna hvunndags, sé til friðs þá sjaldan að hann er hérna. Ég fer fram á það að hv. þm. sé nokkurn veginn til friðs þá sjaldan að hann er hérna á vinnustaðnum. (Gripið fram í.) Já, nú er nóg komið, hv. þm. Nú er nóg komið. Nú bið ég hv. þm. að hætta þessum fíflalátum (**ÁJ:** Ég bið bara þingmanninn að horfa í spegil.) því að þetta eru fíflalæti og ekkert annað.

Herra forseti. Það má sjálfsagt hugsa sér líka að reyna að glíma við hv. þm. Árna Johnsen utan þingfundar. Ég beini því til forseta þingsins að eiga við það mál. Það er stundum haft þannig í skólunum þegar er ekki lengur vinnufriður í bekknum að tossarnir eru kallaðir afsíðis og skólastjórinn eða aðrir slíkir reyna þá að sjá um að hlutirnir geti gengið sæmilega skikkanlega fyrir sig. Mér sýnist þetta vera mjög svipað tilfelli sem við eigum hér við að glíma þannig að ég legg til að hóað verði í sérkennarann og skólastjórinn láti vita af því að hérna sé nemandi sem þurfi á sérstakri aðstoð að halda. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég hef rakið hér að reynsla annarra þjóða af þessu er slæm, þjóða sem hafa anað út í þetta fen, blindaðar af trúnni á réttmæti þess að einkavæða bara einkavæðingar vegna og í raun án þess að velta því mikið fyrir sér hvað ætti í hlut. Þetta á við um Nýsjálendinga og Ástrali. Svipaða sögu heyrir maður þegar kemur til norðursvæðanna sums staðar í Evrópu, og í Ameríku þekkja menn þetta náttúrlega frá langri sambúð við einkarekin símafyrirtæki og er nú þjón-

ustan sisvona og alla vega þegar kemur t.d. út í strjálbýlið í Bandaríkjunum.

Herra forseti. Það sem ég gagnrýni svo hér undir lokin er að ekki einasta ætla menn að vaða í þessa einkavæðingu þó að starfsemi þessarar gerðar eigi í hlut heldur er þetta rekið áfram með útsöluhugsunarhætti. Þetta er rekið áfram eins og hálfgerð brunaútsala. Það blasir við öllum mönnum að þetta er ekki mjög heppilegur tími til þess að fara út í þessa hluti. Það viðurkenna allir. Hvort heldur í hlut eiga bankarnir eða nú Síminn þá er þetta mjög vitlaus tími til þess að fara að hræra í hlutunum. En það á að gera það engu að síður af því að nauðsyn brýtur lög. Það verður bara að hafa það þó að þetta sé gert þegar verðgildi fyrirtækisins er sannarlega lítið. Þegar mikil óvissa er uppi á markaðnum, þegar mjög margt er á fleygiferð í þessum fjarskiptamálum væri þá ekki frekar tilefni til að draga andann djúpt og halda að sér höndum og sjá hvernig málin þróast á allra næstu missirum? Þó ekki væri beðið um meira þá er það ekki gert.

Herra forseti. Niðurstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er alveg afdráttarlaus í þessu máli. Við teljum þetta óskynsamlegt, rangt og við erum á móti því. Við viljum að Landssíminn sé í aðalatriðum, a.m.k. hvað undirstöðustarfsemina snertir, rekinn áfram í óbreyttri mynd a.m.k. enn um nokkurt skeið.

Auðvitað geta ýmsar breytingar komið til greina og gætu gert það út af fyrir sig í dag eða á næstu árum. Það er t.d. alveg ljóst að ef fram heldur sem horfir þá verður hluti starfsemi Landssímans kominn í talsverða samkeppni, t.d. GSM-kerfi og ef þar væru komin tvö eða segjum þrjú kerfi sem dekkuðu allt landið þá er myndin orðin allt önnur. En það er bara ekki það sem þetta snýst um. Það er afmarkaður hlutur sem hægt er að taka fyrir og ræða sérstaklega. En það á bara ekkert að gera slíkt. Samkvæmt þessum áformum á að þjösna þessu öllu saman í höfn í einu lagi og bíða svo bara og sjá. Því miður er það þannig, herra forseti, að þetta er svona, að því er a.m.k. sagan segir okkur, í raun óafturkræf ákvörðun. Mönnum hefur ekki heppnast það mikið og það jafnvel ekki verið mikið reynt að kalla til baka breytingar af þessu tagi ef menn fara út í þær á annað borð enda ekki auðvelt mál. Það skal viðurkennt. Það er þá helst í þeim tilvikum að menn hafa neyðst til þess vegna þess að þvílíkur ófarnaður hefur verið samfara svona einkavæðingu að menn hafa farið eiginlega út í einhvers konar þjóðnýtingu eða afturhverfa einkavæðingu á veitum eða orkufyrirtækjum til þess að afstýra meiri háttar skakkaföllum og neyð.

Herra forseti. Það sem blasir við að ætti að gera er að skoða þá þætti varðandi óbreytta starfsemi eða í aðalatriðum óbreyttan rekstur Landssímans sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum og mögulegum árekstrum vegna samkeppni á þeim sviðum þar sem hún er komin til sögunnar. Þar geta ýmsar leiðir komið til greina, eins og t.d. þær að gera Landssímanum að ganga lengra en að uppfylla skilyrði um bókhaldslegan og fjárhagslegan aðskilnað. Það er hægt að gera það skylt að reka slíka starfsemi í algerlega sjálfstæðum dótturfélögum. Og það kæmi auðvitað til greina að hinn opinberi Landssími léti frá sér eitthvað af slíkri starfsemi ef menn teldu það betri kost í samkeppnislegu tilliti og til þess að forðast árekstra eða deilur á einhverjum jaðarsvæðum. En fyrirtækið héldi áfram rekstri hinnar almennu símaþjónustu og rekstri grunnnetsins og ríkið hefði þar áfram hönd í bagga. Síðast en ekki síst, og það sem er auðvitað mikilvægast, yrði fyrirtækinu áfram beitt og styrk þess til þess að byggja upp fjarskiptakerfið til þess að tryggja öllum landsmönnum jafna og góða þjónustu og til þess að vera tæki í höndum stjórnvalda til að ná fram þeim pólitísku markmiðum sem menn vildu á þessu sviði. Það er hægt á meðan um opinbert þjónustufyrirtæki er að ræða en ekki ef það er selt. Það er orðin löng leiðin héðan frá Alþingi eða úr Stjórnarráðinu ef eignarhaldið verður nú t.d. orðið ameríkst og viðhorfin svipuð og menn hafa kynnst í þeim efnum á Nýja-Sjálandi.

Eitt af því síðasta sem þar olli stórfelldum deilum var uppsögn nýsjálenska símans Telecom á 630 starfsmönnum. Og hvers vegna var það nú? Var það af því að þeir væru að vinna algjörlega óþörf og fánýt störf í Nýja-Sjálandi? Nei, ástæðan var sú að mestöll sú starfsemi var flutt til Bandaríkjanna. Móðurfyrirtækið taldi hagkvæmara að koma henni fyrir allri saman á einum stað í nágrenni við höfuðstöðvar fyrirtækisins ITEL í Bandaríkjunum. Þá sáu nú Nýsjálendingar á eftir atvinnu 650 fyrirvinna út yfir hafið. Og þá fór nú reyndar ekki hjá því að það færu að renna tvær grímur á mann og annan þar. Meira að segja forsvarsmenn einkavæðingarinnar á sínum tíma sögðu að ef þeir hefðu séð jafnvel þessa hluti fyrir þá hefðu þeir kannski hugsað sig um tvisvar. Það fór meira að segja að votta fyrir efasemdum hjá hörðustu trúboðunum.

Herra forseti. Ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar ef menn ætla að láta þetta ganga eftir. Ég geri það vegna þess að ég hef því miður svo sterka sannfæringu fyrir því að þetta sé óskynsamlegt og þetta muni ekki verða okkur til góðs. Ég ætla ekki að segja hér og ég er ekki að halda því fram að nokkur maður hér sé gegn betri vitund að standa að þessum áformum. En það verð ég að segja hins vegar að ansi finnst mér nú sumir hafa látið sannfæra sig auðveldlega um að þeirra fyrri efasemdir og áhyggjur væru ástæðulausar, að þetta yrði í fínu lagi, því að það er svo fjarri því, herra forseti, að nokkur rök verði sótt í kringumstæður málsins, í álit aðila eins og Samkeppnisstofnunar og Byggðastofnunar, í reynslu annarra þjóða til þess að halda slíku fram. Það er allt því miður meira og minna byggt á sandi og langlíklegast er að sagan endurtaki sig hér svipað og hún hefur gert annars staðar, þ.e. að hið einkavædda einokunarfyrirtæki verði fyrst og fremst tæki í höndum eigenda sinna til að ná sér í auðveldan og skjótfenginn gróða. Nýsjálendingarnir líkja því við það að þetta fyrirtæki, Telecom, hafi fengið skattlagningarvald, það hafi fengið vald til að leggja nefskatt á landsmenn því að það er það sem það er. Og talað er um að sá nefskattur sé fimm dollarar á mann í mánuði hverjum, fimm nýsjálenskir dalir á hvert mannsbarn í landinu í hverjum mánuði. Það er nefskatturinn sem fyrirtækið hefur fengið að komast í aðstöðu til að leggja á menn og mönnum eru allar varnir bannaðir. Menn neyðast til að greiða hann eða neita sér um símþjónustu ella.

Þetta er niðurstaðan eins og hún liggur fyrir þar. Og er það þetta sem menn vilja? Eru menn svo heillum horfnir, eru kreddan og trúarbrögðin svona sterk að þau ýti öllum skynsemisrökum til hliðar og menn láti sig bara hafa það að stinga sér til sunds í tóma laugina, herra forseti, í þessum efnum eins og fleirum?

[17:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja vegna orða hv. þm. um að verið sé að standa fyrir því að einkavæða einokun, að ótti manna við það úti á markaðnum er nú ekki meiri en svo að þessa dagana er verið að undirbúa sölu á hlutabréfum

í símafyrirtækjum hér á Íslandi, símafyrirtækjum sem ætla og eru komin í samkeppni við Landssímann. Það er kannski órækasti vottur þess að þeir sem best þekkja til í rekstri símafyrirtækja, þeir sem best þekkja til þessa markaðar, meta það svo að í skjóli fjarskiptalaganna séu góð færi til þess að ávaxta sitt pund í þessum rekstri.

Í annan stað vil ég segja vegna spurningar hv. þm. um að hann vildi fá skýr svör um tímasetningu sölu. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er gert ráð fyrir því að selja 49% af hlut í félaginu á þessu ári. Að öðru leyti er sú tímasetning ekki nákvæmari. Síðan verði gengið til sölu á því sem eftir er þegar talið er hentugt út frá sjónarhorni þess sem selur að sjálfsögðu. Þá þarf að meta markað og allar aðstæður. Ég tel að ekki sé skynsamlegt fyrir okkur í svo stóru verkefni að ganga lengra í nákvæmum tímasetningum því að við þurfum að líta vel um alla bekki í þessu efni, eins og fram kom hjá hv. þm., og þess vegna er árið undir og síðan framhaldið með restina.

Það er fjarri lagi að verið sé að efna til brunaútsölu eins og hv. þm. sagði. Fengnir eru bestu sérfræðingar til þess að meta verð. Ég tel að það sé alltaf spurning um hvenær sé hinn rétti tími. Ég get komið nánar að því á eftir í seinna andsvari.

[17:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta með tímasetningarnar var nú nokkurn veginn sami lopinn og skýrði málið ekki mikið nema þá helst kannski að smátt og smátt sé að birtast að um þetta séu skiptar skoðanir milli stjórnarflokkanna og þeir ekki jafnvel með það alveg á hreinu um hvað þeir hafi í raun og veru samið, því að það er svolítið erfitt að samræma það sem hæstv. samgrh. segir orðum hæstv. utanrrh., sem talaði í þessum véfréttarstíl um mánuði og missiri og var þá eins og meira að gefa upp boltann með það að jafnvel yrðu látin líða nokkur ár þangað til að meira yrði selt en tæpur helmingur af Símanum.

Varðandi það að ekki sé verið að einkavæða einokunarstarfsemi og að til marks um það sé að til standi að fara að bjóða hér út hlutabréf í öðrum símafyrirtækjum, þá fór ég m.a. yfir það í mínu máli að það er alveg ljóst að á afmörkuðum sviðum er orðin pínulítil samkeppni. En hún er á þeim forsendum sem allir vita, að þar hefur einn risi algjörlega undirtökin. En að hinu leytinu er þetta einokun. Það er algjörlega ljóst að það sem hér verður til verður blanda af fákeppni þar sem einn markaðsráðandi risi hefur undirtökin og einokunarstarfsemi. Það er versta blanda sem getur orðið til vegna þess að þá fer aðilinn sem er að hluta til með einokunaraðstöðu á markaðnum að færa úr þeirri starfsemi yfir í þá hluti þar sem er samkeppni. Hvað gerðist á Nýja-Sjálandi þegar fyrirtækið Saturn, einkarekið símafyrirtæki, fór að keppa við Telecom í Wellington? Þá lækkaði Telecom venjuleg símgjöld um fimm dollara á mánuði í Wellington, ekki annars staðar í landinu. Kærur urðu og málaferli og læti, en þetta komust þeir upp með. Og hvað var að gerast? Jú, þeir voru annað hvort að undirbjóða á markaðnum í höfuðborginni eða þá að þeir voru okra svona mikið á hinum. Er það ekki? Ef þeir gátu lækkað verðið um fimm dollara í Wellington voru þeir þá ekki að okra á landsbyggðinni? Þetta var auðvitað það sem menn sögðu. En fyrirtækið komst upp með þetta í skjóli aðstöðu sinnar.

[17:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að samkeppnisyfirvöld, þá á ég við bæði Samkeppnisstofnun og Fjarskiptastofnun, ber skylda til þess að hafa eftirlit með því að ekki sé ólöglega fært á milli rekstrarþátta í þeim tilgangi að undirbjóða í samkeppni. Það er mjög mikilvægur þáttur í eftirliti opinberra aðila.

Hvað varðar samkeppni þá er alveg ljóst að það er komin samkeppni á Íslandi sem betur fer á GSM-símamarkaðnum og þar nýta fyrirtækin sér heimildir í fjarskiptalögunum um reikisamninga og það kemur neytendum mjög til góða vegna þess að með reikisamningakerfinu er minni ástæða til þess að fjárfesta í grunnkerfum, margföldum grunnkerfum, og sama er uppi á tengingnum í fastlínukerfinu vegna þess að hinu markaðsráðandi fyrirtæki ber skylda til þess að hleypa að netum og heimtaug þannig að önnur símafyrirtæki eigi möguleika á því að keppa við markaðsráðandi fyrirtækið. Það er þess vegna mjög eðlilegt sem fram kemur í nefndaráliti hv. samgn. að þar er undirstrikað það mikilvæga hlutverk sem samkeppnisyfirvöld eiga að hafa þegar kemur að samkeppni.

Hins vegar kemur mjög undarlegt fram í áliti Samkeppnisstofnunar sem sýnir að hún er haldin tilteknum bábiljum þegar hún telur að eina leiðin sé sú að rífa burt grunnnetið til þess að tryggja samkeppni á þessum markaði. Það er fjarri öllu lagi og sú ágæta stofnun þarf að lesa betur heima.

[17:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað grenjandi fyndið þegar menn hafa allt í einu þessa ofsalegu trú á samkeppnislöggjöfinni og fjarskiptaeftirlitinu, að það eigi bara að tryggja að allt verði í 100% lagi. Bíddu, er þetta ekki sama Samkeppnisstofnun og á að sjá um matvörumarkaðinn? Er það ekki? Davíð er nú ekki ánægður með það hvernig gengur að halda aftur af því að menn noti sér þar markaðsráðandi aðstöðu sína. Það er samkeppnisstofnun á Nýja-Sjálandi, þar er fjarskiptaeftirlit og mjög ströng löggjöf. Í kíví-hlutabréfinu er jafnframt skilyrði um sama verð um allt land. Þetta var einkavætt með það í stofnsamþykkt fyrirtækisins í þessu sérstaka hlutabréfi að þjónustuna skyldi bjóða á sama verði um allt land. En svo er ekki, mismuninn fóðrar fyrirtækið sem afslætti, sérstaka viðskiptasamninga og það ver sig með herskara lögfræðinga. Þó að menn reyni að kæra til Samkeppnisstofnunar eða fjarskiptaeftirlits eða fari fyrir dómstóla með framferði þess þá bara fer það sínu fram. Það er í aðstöðu til þess og hirðir til sín á ári hverju óheyrilegan gróða í krafti þessarar aðstöðu og flytur til Bandaríkjanna.

Þetta er staðreynd. Er ekki líklegra að reynslan af raunverulegu dæmi sem við höfum fyrir okkur þar sem nákvæmlega sama fyrirkomulag hefur verið í gangi í mörg ár, segi okkur meira heldur en blind trú á að þetta verði allt í lagi af því að menn hafi lög, Samkeppnisstofnun og fjarskiptaeftirlit? (**Samgrh.**: Hvað með Norðurlöndin?)

Hvernig hefur þetta gengið á ýmsum öðrum sviðum? Ætli það sé ekki hægt að finna ýmis dæmin um að menn séu uggandi um sinn hag á Norðurlöndunum, auk þess sem þessi þróun er nú ekki mjög langt gengin þar eins og við vitum? Þó að menn fari rólega í sakirnar á meðan þeir eru að koma sér fyrir í skjóli nýeinkavæddra fyrirtækja. Reynslan frá Nýja-Sjálandi er að því leyti miklu marktækari að hún tekur til langs tímabils. Þar hefur virkilega reynt á það um

árabil hvernig þetta gefst. Það hefur gefist illa, herra forseti, og menn ættu að vera menn til þess að læra af reynslunni.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hv. þm. á að þegar ráðherrar eru nefndir þá segjum við hæstvirtir.)

Rétt, ég biðst forláts.

[17:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði í upphafi máls síns, sinnar löngu ræðu, um trúarbrögð, að menn væru haldnir trúarbrögðum einkavæðingar. En ég hlýt að spyrja hv. þm. þess: Hvað með trúarbrögð ríkisvæðingarinnar? Hvað með trú vinstri grænna á að ríkið geti rekið alla hluti sem snúa að atvinnulífinu?

Það er nú einu sinni þannig að það fékkst nokkuð löng reynsla á það t.d. austur í Sovét og menn lærðu nú eitthvað af henni. Sú reynsla sem menn hafa hér á Vesturlöndum af því að ríkið reki fyrirtæki á samkeppnismarkaði hefur ekki verið sérstaklega góð og þess vegna eru menn almennt að hverfa frá því. Það held ég að hljóti að vera nokkuð sterk rök, sú reynsla, fyrir því að breyta þessu fyrirtæki, Landssímanum, sem er á samkeppnismarkaði. Menn hljóta að líta til þeirrar reynslu sem almennt er af ríkisrekstri.

Hv. þm. nefndi einnig að hann hefði áhyggjur af því hvernig samkeppnin er í dreifbýlinu. Ég held að eðlilegast sé að horfa til þeirrar miklu tæknibreytingar sem er að verða og þess að t.d. raforkufyrirtæki stefna á það að veita þjónustu úti á landi. GSM-fyrirtæki veita þjónustu úti á landi og m.a. vegna þess hversu fjarskiptalögin eru ágæt þá er skylt að veita reikisamninga sem samkeppnisfyrirtækin hafa einmitt nýtt sér.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég nenni nú bara ekki að fara að ræða við hv. þm. í einhverjum sovétkommúnismastælum. Ég bara nenni því ekki, það er tímasóun. (Gripið fram í.) Ég heyri að þorpskóngurinn er mættur hérna áfram, hv. þm. Árni Johnsen. Hann hefur lítið lært. Ætli skólastjórinn sé búinn að tala við hann, þorpskónginn?

Í fyrsta lagi, herra forseti, er þetta náttúrlega ekki samkeppnisrekstur. Það er rangt að segja að þetta sé sambærilegt við einkavæðingu einhverrar venjulegrar samkeppnisstarfsemi í atvinnulífinu. Ég hef engar sérstakar hugsjónir í sambandi við það að ríkið reki venjuleg iðnfyrirtæki eða atvinnulíf almennt, í því umhverfi sem við erum hvort sem er varðandi það. Ég hef ekki lagst gegn því á undanförnum árum, t.d. að menn seldu ferðaskrifstofur eða eitthvað slíkt sem ríkið átti, arf frá gamalli tíð, prentsmiðjur eða eitthvað því um líkt. Það snýst um allt annað og kemur ekkert við þetta mál. Þarf endilega að ræða þetta á þeim nótum, herra forseti, að þetta snúist endilega um slíkt?

Ég var að vonast til að menn gætu rætt þetta raunsætt og út frá því sem reynslan segir okkur og aðstæðum í þessum málum, landfræðilegum, efnislegum og tæknilegum aðstæðum. Þær eru þannig að þetta fyrirtæki er að verulegu leyti í einokunaraðstöðu, fýsískri, efnislegri einokunaraðstöðu, bara eins og vatnsveita sem á einu vatnslögnina inn í húsið hjá þér, ef hv. þm. skilur hvers konar aðstöðu það skapar manni sem þarf að fá vatn á hverjum degi. Hitt er þá svona fákeppnisstaða sem menn eru í. Þetta blasir bara við.

Það er ekki rétt að nokkuð sé í sjónmáli sem líklegt er til að breyta þessu í grundvallaratriðum á næstu árum, það er rangt. Það er reynt að gera eins mikið úr því og hægt er að í vændum sé þetta og hitt, GSM sé að koma o.s.frv., en það er bara rangt. Helstu sérfræðingar í fjarskiptum á Norðurlöndunum, hjá Nokia og Ericsson t.d., segja: GSM-kerfið mun ekki keppa við breiðbandið á allra næstu árum, það er ekki tæknilega mögulegt.

[17:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. er stanslaust í því að gefa mönnum einkunnir og hefur efasemdir um skilning manna á mæltu máli þá vil ég bara spyrja hann hvort hann skilji ekki að það er, þrátt fyrir fullyrðingar hans, komin á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það er bara þannig og það er staðreynd. Ég held að það væri rétt fyrir hv. þm. að hleypa því inn í skilningarvitin hjá sér. Það held ég að mundi færa okkur aðeins fram á veg í þeirri umræðu sem hér fer fram um fjarskiptaþjónustu.

Það er nú einu sinni þannig, af því að hann var að vísa til skilnings míns á vatnslögnum, að þessu fyrirtæki, sem sér um þjónustu grunnnetisins, er skylt að hleypa öðrum fyrirtækjum inn á þetta grunnnet með reikisamningum.

[17:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hvet hv. þm. til að lesa álit samkeppnisráðs hvað varðar aðstæður þessara aðila á grundvelli viðskipta þó að reikisamningar og önnur ákvæði fjarskiptalaga taki til þeirra. Ég held að það sé ágætislýsing á þeim aðstæðum sem þar eru. Þegar annar aðilinn er algjörlega háður því að sækja undir hinn með sín viðskipti og verður að nota sér þjónustu hans þá koma auðvitað upp tilteknar aðstæður sem er afar hæpið að kalla hreinar samkeppnisforsendur. Ég held að menn hljóti a.m.k. að verða að setja gæsalappir utan um það.

Í Bretlandi, herra forseti, þ.e. samkvæmt bresku samkeppnislöggjöfinni, þá telst aðili markaðsráðandi ef hann hefur meira en 33% af viðskiptum á tilteknum markaði þar sem margir keppa. Það telst markaðsráðandi staða samkvæmt bresku samkeppnislöggjöfinni. Svo var a.m.k. fyrir fáeinum árum þegar ég var að grúska í henni. (**ÞKG:** Viltu tala um íslenska löggjöf.) Landssíminn er með milli 85 og 90% af viðskiptunum á þessu sviði, er það ekki, herra forseti? Jú, ég held það að það sé eitthvað u.þ.b., milli 85 og 90% af viðskiptunum.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja þingmenn um að gefa hljóð í salnum.)

Herra forseti. Ég legg til að við förum í apótek og kaupum svolítið af róandi handa þingmönnum Sjálfstfl. Þeir eiga mjög bágt, blessað fólkið, og á mjög erfitt við þessa umræðu. Það getur engan veginn hamið sig hérna.

Hvað heitir það á mæltu máli þegar einn aðili hefur efnislega einokunaraðstöðu, fýsíska einokunaraðstöðu að verulegu leyti, á allan koparinn inn í húsin, á ljósleiðarann, á öll samböndin og hefur milli 85 og 90% af viðskiptunum á viðkomandi markaði? Hvað heitir það á mannamáli? Er það skilningur Sjálfstfl. á frjálsri samkeppni að henni sé fullnægt við þessar aðstæður? Það er stórkostlegt að heyra það, þennan flokk sem er alltaf með munninn fullan af því hvað hann sé mikill talsmaður samkeppni, einkareksturs og frjálsra viðskipta. Honum verður ekki flökurt af því að kalla þetta fullnægjandi samkeppni á markaði.

[17:57]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál, brtt. SJS, þskj. 1390.

Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, 744. mál, þáltill. efh.- og viðskn., þskj. 1402.

Tekjuskattur og eignarskattur, 742. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1389.

[17:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg dæmalaus umræða sem fram hefur farið í dag um heimild til ríkisstjórnarinnar til að selja Landssímann. Það skortir allan sannfæringarkraft í stjórnarmeirihlutann, fullkomlega. Það er varla nokkur stjórnarliði viðstaddur og kemur okkur ekki á óvart í sjálfu sér. Það er svo algengt að hér séu rædd stór mál án þess að þeir séu viðstaddir. Það er verið að sækja heimild til að selja stærsta og öflugasta ríkisfyrirtækið í landinu og menn eru ekki einu sinni á staðnum. Þetta er bara eins og smámál, væntanlega allir farnir út í sólina eða heim eða guð veit hvað.

Það kemur hins vegar á óvart að í þessu máli skuli ræðumenn stjórnarmeirihlutans vera í vörn. Ég hélt það að þegar þetta mál kæmi til okkar til 2. umr. þá yrði málið sterklega rökstutt, að fyrir lægju miklar upplýsingar um hvað stæði til að gera og að meiri hlutinn yrði í sókn og djarfhuga. Svo er ekki, það er aldeilis ekki. Hins vegar er látið eins og við þessa einkavæðingu, þegar fyrirtækið er komið á markað, verði samt allt eins og það var þegar fyrirtækið var ríkisfyrirtæki. Því er haldið fram að allt verði jafnmikið í þágu notenda Símans eins og verið hefur, meðan fyrirtækið var rekið sem ríkisfyrirtæki og byggði númer eitt, tvö og þrjú, á þjónustu við landsmenn.

Þegar við stöldrum við hvað er verið að selja þá kemur í ljós að menn hafa það heldur ekki alveg á hreinu, a.m.k. ekki hvers virði það er. Það veit enginn hvers virði fyrirtækið er, það er verið að selja fyrirtæki þar sem á að viðhalda einokun á markaði og fyrst og fremst byggir sú einokun á þeirri miklu hlutdeild sem fjarskiptamarkaðurinn hefur í landinu, eða eins og hér kom fram í skoðanaskiptum fyrir nokkrum mínútum, að Landssíminn er með 85% hlutdeild á fjarskiptamarkaði og þegar meiri hlutinn talar um að þetta verði fyrirtæki í samkeppni þá sér það hvert barn að 85% hlutdeild er ekki eitthvað sem fellur undir samkeppnishugsunina.

Ég vil staldra örlítið við það hvað við erum að selja. Í Dagblaðinu í dag er greinarkorn þar sem verið er að vitna í mat Viðskiptastofu Hafnarfjarðar og þar segir að Landssíminn, brúttó væntanlega, sé 41–47 milljarða virði. Það er sagt að Landssíminn sé án vafa eitt arðbærasta fyrirtæki landsins, og undir það tökum við, það vitum við, og einnig er sagt að þetta mikla verðmæti, 41–47 milljarðar, byggi á samanburði á nokkrum kennitölum fjarskiptafyrirtækja og sjóðstreymisgreiningu á rekstri Landssímans. Matið hjá Viðskiptastofunni byggir á samanburði á nokkrum kennitölum fjarskiptafyrirtækja og stjóðstreymisgreiningu á rekstri Landssímans, þannig að það má gefa sér að þetta geti staðist að einhverju leyti.

En meiri hlutinn hefur ekki getað gefið upp hvers virði það sé sem á að selja, það er verið að skoða það, kanna það og meta það.

Einnig er sagt í þessu greinarkorni að umræðan um sölu Landssímans hafi ekki verið í samræmi við ástandið á íslenskum fjármagnsmarkaði og þess vegna verði samanburður á milli landa varhugaverður. Og af hverju segja þeir þetta hjá Viðskiptastofu Hafnarfjarðar? Jú, af því að vextir á Íslandi eru mun hærri en á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum og af því leiðir að Landssíminn hlýtur að seljast á lægra verði en ef vextir hér á landi væru í samræmi við það sem er í nágrannalöndunum því það verður að gera hærri ávöxtunarkröfu til Landssímans.

Þar fer að koma skýringin á því af hverju mönnum gengur illa að meta hlutinn sem á að selja. Það er vegna þess, eins og við vitum, að þannig hefur verið haldið á þróun efnahagsmála að hlutir hér í eigu ríkisins halda t.d. ekki verðgildi sínu þegar farið er með þá út á markað, a.m.k. ekki þegar er skoðaður samanburður á milli landa vegna vaxtamunarins og þess hve háir vextir eru hér.

En þarna kemur einnig fram að líklegt sé að hærra verð fáist fyrir hluti ríkisins í Landssímanum þegar seinni sölur fari fram og þá sé bara betra að horfa þangað. Sem sagt, við erum að fara að selja Landssímann, verið er að sækja heimild til að selja allt saman og fá heimildina á einu bretti og menn verða að átta sig á því að ef farið verður að selja strax þá fáist ekkert mjög mikið, en það sé hugsanlegt að það fáist meira seinna, og horfum þá bara þangað. Þannig má lesa úr þessari frétt í Dagblaðinu í dag, sem virðist vera nokkuð raunsætt mat á því hver staðan er, a.m.k. er þetta mat virtrar viðskiptastofu.

Herra forseti. Í þessu innleggi mínu í umræðunni um sölu Landssímans ætla ég að taka undir öll þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá talsmönnum Samfylkingarinnar í þessu máli, sem eru þeir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Kristján L. Möller. Þeir hafa sett fram mjög skýrt og viðurhlutamikið nál. sem segir allt sem segja þarf í þessu máli og þeir hafa fylgt því eftir hér í góðum ræðum í dag og í sjálfu sér þarf ekki miklu við það að bæta þó að okkur liggi auðvitað á hjarta í þessu máli og komi þess vegna fleiri upp til að skjóta að orði í umræðunni.

Það hefur komið skýrt fram að stefna Samfylkingarinnar er að skipta fyrirtækinu upp, að eiga áfram grunnnetið, þennan bagga sem einkavæðingarnefnd telur að verði á nýja einkavædda fyrirtækinu, sem þýðir væntanlega að hún metur það svo að ef nýja einkavædda fyrirtækið eigi að bera þær skyldur sem ríkið hefur borið á fjarskiptanetinu, þá geti þessi hluti fyrirtækisins, sem sjálfsagt er samt uppistaðan í verðinu og verðmætinu, orðið baggi á einakvæddu fyrirtæki. Þetta er setning sem í raun og veru segir mjög mikið um hugsunarhátt stjórnvalda varðandi það að selja fyrirtækið.

Stjórnarandstaðan hefur ólíkar skoðanir í þessu máli. Eins og fram hefur komið vill flokkur Vinstri grænna alls ekki selja neitt en Samfylkingin styður það efnislega að samkeppnisþættir Landssímans séu seldir og lítur ekki á, herra forseti, að þar undir geti grunnnetið fallið, enda höfum við fært rækilega rök fyrir því.

Í umræðunni vekur það mesta athygli hversu fátækleg viðbrögðin hjá stjórnarmeirihlutanum eru og má benda á í því samhengi að hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur komið og gert prentvillu í nál. að stórmáli og reynt að láta það líta þannig út að Samfylkingin sé í einhverju óstandi í þessu máli, sem er afskaplega barnalegt vegna þess að málflutningurinn hefur verið einhuga, hann hefur verið sterkur og afdráttarlaus frá fyrstu stundu og ljóst öllum sem mundu lesa slíkt nál. í samhengi að þarna var prentvillupúkinn á ferð. En það er frekar gaman að verða vitni að því að litlu verður Vöggur feginn. Hér hefur hver af öðrum hlaupið

upp til þess að nefna þetta og reyna að gera Samfylkinguna ótrúverðuga. Stefna Samfylkingarinnar er alveg skýr, hún vill halda grunnnetinu eftir.

Hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir kom upp í andsvari fyrr í dag. *Hún nefndi að það að halda eftir grunnnetinu* sem ríkisreknu fyrirtæki yrði nátttröll í samfélaginu vegna þess að þetta væri ekki lítið fyrirtæki, þetta væri 450 manna fyrirtæki sem þá stæði eftir hjá ríkinu.

Ég legg ekkert mat á hvort það er rétt, en þarna birtist afstaða sem skilur hægri öflin frá jafnaðarmönnum. Markmiðið á nefnilega aldrei að vera það að hér megi ekki starfa opinber geiri eða að opinber rekstur sé af hinu illa. Það er *fráleit afstaða. En hún hefur komið fram í öllum löndum hjá* hægri öflunum. Hægri öflin miða að því að losa um allan opinberan rekstur og að einkavæða sem allra mest, allar þjónustustofnanir, heilbrigðisstofnanir og skóla, og við erum þegar farin að fá nasasjón af því hér á Íslandi þegar menn hafa komið út úr skápnum með stefnu sína eins og gerst hefur núna tvö síðustu árin hjá Sjálfstfl.

En það er jafnfráleitt, herra forseti, að ríghalda í opinberan rekstur þar sem það á við að starfsemi sé betur komin á markaði. Svo einfalt er það, herra forseti. Það á ekki að ríghalda í opinberan rekstur þar sem starfsemin er betur komin á markaði og markmiðið á aldrei að vera það að hér megi ekki starfa öflugur opinber geiri í þeim þáttum sem skiptir máli að séu hjá ríkinu.

Menn hafa verið að velta því upp hvað Landssíminn sé, og auðvitað liggur það fyrir að Landssíminn er ofurfyrirtæki í eigu ríkisins. Fyrirtækið teygir anga sína út á öll annes og inn á öll heimili í landinu, eins og hér hefur komið fram. Þetta fyrirtæki er að mínu mati mjög mikilvægt í huga almennings. Það hefur í gegnum árin verið sú þjónustustofnun sem fyrir utan heilbrigðis- og menntastofnanir hefur skipt fólk mestu. Þetta hefur verið öryggisstofnun, þetta er stofnunin sem kemur til fólks með símanum, ritsímanum, seinna GSM-fyrirtækinu, internetinu, alla þessa ómissandi samskiptaþætti sem nú er að finna á hverju heimili.

En í dagsins önn tel ég að það séu ekki miklar vangaveltur um það hjá fólki hvað liggi að baki viðfeðmu neti Landssímans. Og þegar ég spyr, herra forseti, hvað er Landssíminn? þá ætla ég að leyfa mér að vísa í skýrslu einkavæðingarnefndar, með leyfi forseta, um hvað Landssíminn er. Þeir benda að sjálfsögðu á að Landssíminn hafi sterka fjárhagslega stöðu og síðan kemur upptalning:

„GSM-markaðnum er best lýst sem tvíkeppnismarkaði, Tal er með yfir 50.000 áskrifendur og Landssíminn með um 125.000 áskrifendur. Útlit er fyrir að þessi staða breytist nokkuð á næstunni þar sem úthlutað hefur verið 4 nýjum leyfum.

Landssíminn rekur eina NMT-farsímakerfið hér á landi.

Landssíminn hefur verið markaðsráðandi í rekstri innlendrar talsímaþjónustu og hefur þar með viðskiptatengsl við nær öll heimili og fyrirtæki í landinu.

Landssíminn hefur yfirburðastöðu í útlandasímtölum.

Landssíminn hefur umtalsverða markaðshlutdeild á internetmarkaðnum.

Í skjóli áratuga einkaréttar hefur fyrirtækið byggt upp víðfeðmt fjarskiptakerfi.

Fyrirtækið hefur lagt í mikla fjárfestingu í nýjustu tækni og er framarlega varðandi ýmsa þjónustu og tæknilausnir.

Landssíminn hefur byggt upp víðtækt sölukerfi fyrir þjónustu sína.

Í alþjóðlegum samanburði er verð á þjónustu Landssímans lágt.

Þetta styrkir stöðu fyrirtækisins."

Herra forseti. Þetta er stutt upptalning undir liðnum Samkeppni á bls. 60 í skýrslu einkavæðingarnefndar og segir nokkuð til um það hvaða fyrirtæki Landssíminn er og ég ætla engu við það að bæta.

Það er hiti í umræðunni um sölu Landssímans og spyrja má hvort sterkar tilfinningar séu í þessu máli. Svar mitt er já. Ég hef bent á að þetta er fyrirtæki sem tengist hverju einasta heimili í landinu, þetta er fyrirtæki sem er sterka fyrirtækið í hverju einasta bæjarfélagi hringinn í kringum landið og sem fólk hefur vaxið upp með og er mjög ríkur þáttur og hefur sérstaklega verið ríkur þáttur í heimatilverunni. Ég ber sterkar tilfinningar til Landssímans. Þetta er fyrirtækið þar sem ég byrjaði að starfa að lokinni skólagöngu, fyrirtæki þar sem ég starfaði í mörg ár við talsímaþjónustu og ritsímaþjónustu. Mér fannst gaman að vinna hjá þessu fyrirtæki, ég skynjaði mikilvægi þess en ég geri mér líka grein fyrir hvaða þættir þess eru nú komnir á svið samkeppninnar.

Ég vil líka víkja örlítið að því hvernig tilfinningar fólk hefur gagnvart því að vera með ríkisfyrirtæki. Það var gott að vaxa upp í samfélagi jafnaðarmanna vestur á fjörðum sem lagði mjög mikla áherslu á samfélagsþjónustu og samhjálp. Þetta var gott líf. Byggt var á því að tryggja allar nauðsynlegar þarfir íbúanna. Á þeim tíma, á fyrri hluta síðustu aldar, voru t.d. sett á laggirnar kúabú á Ísafirði. Dytti okkur nokkurn tíma í hug að bær eða ríki ætti að fara að reka kúabú í dag? Aldeilis ekki. Af hverju voru menn að því þá? Jú, vegna þess að á þeim tíma var það eina leiðin til að öll börnin í bænum gætu fengið mjólk. Kúabúið á Ísafirði var barn síns tíma. Það voru líka settar á laggirnar bæjarútgerðir í samfélögum jafnaðarmanna. Þær voru settar á laggir til þess að útvega atvinnu og tryggja að aflinn yrði unninn heima. Þannig var þetta gert í kreppunni á Ísafirði að heimamenn settu á laggirnar samvinnubátana í samvinnu bæjaryfirvalda og sjómannanna á staðnum. Það þýddi samheldni og samhjálp og það skoraði kreppuna á hólm. Af hverju var það gert? Af því að það þurfti að gera það þá til að búa þeim þáttum sem ég er að lýsa hér umhverfi.

Núna dytti engum í hug að hlaupa til og fara í slíkar aðgerðir. Það er af því að bæjarútgerðir og samvinnubátar voru barn síns tíma. Ég er ekki í nokkrum vafa um það og veit t.d. til þess að þegar Bæjarútgerðin í Hafnarfirði, í jafnaðarmannasamfélaginu þar, var seld var það mjög erfitt mörgum vegna þessara sterku tilfinninga. Það var umdeild ákvörðun, ekki bara til fyrirtækisins heldur tilfinninganna til fortíðarinnar og þess sem þetta fyrirtæki stóð fyrir á þeim tíma, það var mikilvægt að samfélagið sjálft sæi til þess að fyrirtækið yrði til.

Þess vegna eru sterkar tilfinningar þegar breyta á um *rekstrargrundvöll í fyrirtæki sem hefur verið mikilvægt* að ríki eða bæjarfélög stæðu vörð um og tryggðu mikilvæga þjónustu sem íbúarnir þurfa á að halda, hvort sem það er í atvinnumálum, velferðarmálum eða í þjónustu af því tagi sem við erum að ræða hér í dag.

Afar þýðingarmikið er að við sem tökum ákvarðanir og setjum lög um þessa hluti gerum okkur grein fyrir því hvenær stofnun eða fyrirtæki hefur verið barn síns tíma og hvenær sá tími er liðinn. Ég veit að oft langar okkur, við breytingar, að hrópa upp: Stoppa hér. Ekki breyta svona hratt. Reynum

að hafa hlutina eins og þeir voru. Það var allt svo gott einu sinni eða áður.

En framþróunin er á vissan hátt eins og það að eldast og það að hrópa: Stoppa hér. Ekki leyfa breytingum að gerast. Það er á vissan hátt eins og að horfa í spegil og krefjast þess að æskublóminn verði kyrr. Við í Samfylkingunni höfum skoðað þessi mál út frá slíkri hugmyndafræði og við erum ósammála stjórnarmeirihlutanum um að selja allt hlutaféð. Í málflutningi okkar hefur komið fram, og ég undirstrika það, að við viljum undanskilja grunnnetið.

Upphaf þeirrar ákvörðunar sem við stöndum núna frammi fyrir á Alþingi varð til fyrir löngu. Upphafið að ákvörðuninni varð til þegar löggjafinn opnaði á samkeppni á fjölmörgum þeirra þátta sem er að finna í starfsemi Landssímans í dag, þátta sem áður voru allir ríkisreknir. Þess vegna er það svo að í þessu þjóðfélagi í dag finnast núna mjög margir þættir annars staðar sem voru áður eingöngu hjá Símanum.

Það er alveg ljóst að GSM-svið Landssímans býr við samkeppni frá öðrum fyrirtækjum í landinu sem eru með GSM-fyrirtæki, að internetfyrirtæki Landssímans eru í samkeppni við önnur fyrirtæki í landinu sem reka internetþjónustu. Þannig mætti lengi upp telja og það er órökrétt að viðhalda slíkri starfsemi, sem er þegar komin í samkeppni, eftir að búið er að aflétta einokuninni með lögum eins og gert var á sínum tíma gagnvart þessum þáttum. Það er jafnórökrétt að viðhalda þeim þáttum sem eru þegar komnir í samkeppni af þessu tagi eins og það var órökrétt að halda áfram með bæjarútgerðir eða kúabú. Það er staðreyndin sem blasir við. Það er hinn einfaldi veruleiki þó að hann sé óþægilegur og þó að marga langi til að segja: Stoppa hér, stoppa hér, höfum allt eins og það var. Það var allt svo gott í gamla dag. Þannig er þetta ekki.

Nál. þeirra þingmanna Samfylkingarinnar, Lúðvíks Bergvinssonar og Kristjáns L. Möllers, dregur mjög fram yfirburðastöðu Landssímans í þeim þætti sem snýr að grunnnetinu og fjarskiptamálum. Það dregur það líka fram að Landssíminn allur mun alltaf verða stórt og öflugt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, sérstaklega í einu lagi en jafnvel þó því verði skipt upp. Þess vegna hefðum við viljað haga sölunni þannig að ekki væri nokkur hætta á misnotkun í kjölfarið vegna markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Við teljum að það sé ekki í þágu neytenda að selja grunnnetið og selja fyrirtækið allt eins og hér liggur fyrir. Í þeim efnum verður um enga virka samkeppni að ræða.

Í nál. okkar á bls. 2 og 3 er farið yfir það hvað við teljum að heyri undir grunnnetið og Lúðvík Bergvinsson fór yfir það í framsögu sinni fyrr í dag og það hvarflar ekki að mér að fara yfir það aftur enda ætla ég ekki að flytja neina maraþonræðu.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill minna hv. þm. á að þegar við nefnum nöfn þingmanna þá segjum við háttvirtur á undan.)

Já, herra forseti, það er mér ekki erfitt að segja hv. þm. um hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Herra forseti. Ég hef eingöngu stiklað á örfáum þáttum sem mér finnst mikilvægt að leggja áherslu á í ræðu minni en ég ætla sérstaklega að benda á 24. lið á dagskrá þessa fundar, hvort sem við komum til með að ræða hann í kvöld eða síðar. Það er samningur um alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum og heitir INMARSAT. Þetta er till. til þál. sem utanrmn. hefur afgreitt út úr utanrmn. þar sem ég hef tekið þátt í að afgreiða þetta mál með fyrirvara. Ég ætla að fara örfáum orðum um það mál, með leyfi forseta, af því að það tengist því sem við erum að afgreiða í dag og það tengist fyrirvara mínum og mér finnst vera réttara að það komi fram hér í þessari umræðu en þá og þegar við ræðum tillöguna um INMARSAT.

Málið er að það er beðið um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að staðfesta fyrir okkar hönd samning alþjóðastofnunar um notkun gervitungla í siglingum, INMARSAT, sem gerður var 1998. Ég vek athygli á því að samningurinn var gerður 1998 en hann er að koma inn núna enda ekki seinna vænna miðað við stöðuna sem hann skapar Landssímanum.

Þannig er að árið 1990 gerðist Ísland aðili að samningi um alþjóðastofnun um notkun gervitungla og það var samningur sem var stofnað til árið 1976 þó að við kæmum ekki að honum fyrr en 1990. Það var sem sagt einn rekstraraðili frá hverju aðildarríki sem lagði fram hlutafé til INMARSAT sem hefur haft æðsta vald í daglegum rekstri gervitunglanna.

Mér skilst að hlutur Íslands í INMARSAT hafi verið um 40 millj. kr. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvers virði þessi hlutur er í dag.

INMARSAT veitir fjarskiptaþjónustu víðs vegar um heim, þar með talið talsíma-, telex- og gagnaflutningaþjónustu, en fyrst og fremst til skipa og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í alheimsneyðar- og öryggiskerfi sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur komið á fót.

Nú er það svo að stjórnendur INMARSAT, sem er samstarf mjög margra ríkja, hafa ákveðið að breyta rekstrarformi þessu í nýtt fyrirtæki með einkavæðingu og stofna nýtt fyrirtæki sem heitir Inmarsat Ltd. Því fyrirtæki verður heimilt að afla fjármagns og stunda viðskipti. Við þessa einkavæðingu á þessu fjarskiptaneti sem gervitunglakerfið er ætla menn samt að reyna að gæta hagsmuna neytenda og almennings í löndum sínum. Þess vegna mun fyrirtækið Inmarsat Ltd. gefa út til INMARSAT sérstakt hlutabréf sem veitir stofnuninni neitunarvald gegn ákveðnum tegundum breytinga á samþykktum fyrirtækisins. Hlutabréfið gefur stofnuninni íhlutunarrétt um innri málefni einkavædda fyrirtækisins. Það heimilar stofnuninni að krefjast þess að kallaður verði saman stjórnar- eða hluthafafundur svo hún geti komið á framfæri áhyggjum sínum af frammistöðu hins einkavædda fyrirtækis á sviði almennrar þjónustu ef fyrirtækið stendur sig ekki vel.

Þessu sérstaka hlutabréfi tengjast þrjár heimildir sem mér finnst mikilvægt að nefna hér af því að við erum að fara að selja fjarskiptakerfi okkar án þess að vera með neina fyrirvara, ekki með neitt hlutabréf sem gefur íhlutunarrétt, ekki með neinar heimildir sem tryggja neytandann í landinu. En hinar þrjár heimildir hjá INMARSAT eru: Heimild til að beita neitunarvaldi vegna breytinga á samþykktum fyrirtækisins sem kynnu að hafa neikvæð áhrif á grunnreglur. Heimild til að krefjast fundar, eins og ég hef áður nefnt, og heimild til að kveða sér hljóðs á ársfundi og leggja til ályktanir í sambandi við ákvarðanir yfirstjórnar af því tagi sem ég hef þegar getið um.

Hér erum við að tala um fjarskiptanet þar sem alþjóðasamfélagið, ekki allir að vísu en fjölmörg lönd, hafa gert með sér samning um að tryggja aðkomu sem tryggir neytendur í þessum löndum. Þegar það einkavæðir þetta fjarskiptanet þá er það gert með kvöð. Því er skipt í tvennt, stofnun sem hefur sterkt hlutverk og hið einkavædda fyrirtæki. Það sem skiptir máli í þessari umræðu, fyrir utan það að benda á að ólíkt hafast menn að, herra forseti, er að Landssímanum var á sínum tíma falið að annast reksturinn, hann innti af hendi fé sem skapaði Íslandi 0,5% eign. Aðild ríkjanna að

gamla kerfinu verður óbreytt og verður þjónað í gegnum utanrrn., en hið nýja einkavædda fyrirtæki mun fylgja hlut Landssímans við sölu. Sá hlutur verður seldur með óskiptum Landssímanum eins og allt annað.

Þess vegna er ég með fyrirvara við þetta mál, sem er nr. 24 á dagskrá fundarins, vegna þess að út af fyrir sig tel ég að vel sé staðið að málum hjá þessu alþjóðasamstarfi hvernig þeir ætla að gera þetta. En það sem skiptir máli og snýr að þessu máli og ætti að vera rætt hér er að inneign landsins liggur hjá Landssímanum. Þegar búið er að fallast á þessa tillögu, sem verður væntanlega í kvöld eða nótt eða á morgun, þá er búið að tryggja hlut hins einkavædda Landssíma í INMARSAT einkavædda fyrirtækinu, sem mér skilst að hafi verið á sínum tíma 40 milljónir og guð veit hvers virði er við sölu.

Herra forseti. Má segja að ég hafi fyrst og fremst komið hingað upp til að greina frá þessum þætti. Hann skiptir máli, þetta er eitt af því sem mun fylgja Landssímanum út á markað, verða hluti af hinu einkavædda fyrirtæki, sem er stöðugt haldið fram að muni verða jafngott, jafnneytendavænt og hið gamla fyrirtæki. Þessi þáttur undirstrikar það sem við höfum haft áhyggjur af hjá Samfylkingunni: Það fer allt út á markaðinn, það verður einokunarstaða á fjarskiptamarkaðnum, einokunarstaða hjá fyrirtæki sem er ekki í nokkurri samkeppni miðað við hlutfallið 85% á þeim markaði.

Herra forseti. Að lokum þetta: Við viljum fylgja þróuninni og ekki berja höfði við steininn. Við getum ekki staðið að þessari sölu eins og lagt er til enda hefur það komið fram í máli allra okkar sem hér höfum talað.

[18:31]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og ekki síst það sem hún kom inn á hér í lokin um möguleika Landssímans á að eiga önnur fyrirtæki, eignarhald í öðrum fyrirtækjum. Það er reyndar staðreynd í dag með Landssímann að hann hefur eignast hlut í óskyldum fyrirtækjum. Að mínu mati ætti það að vera óheimilt fyrirtæki með svo markaðsráðandi stöðu sem hann er og jafnframt með svona þjónustukvöð og þjónustuskyldur. Almannaþjónustufyrirtæki ætti ekki að hafa heimild til þess. Ég tek því heils hugar undir það.

Það sem hvatti mig til að koma í ræðustól var að hv. þm. rifjaði upp hvernig háttaði til hér áður fyrr er hið opinbera kom að t.d. rekstri kúabúa, bæjarútgerða og annarra slíkra atvinnufyrirtækja eins og nauðsynlegt var á þeim tíma og við skulum vona að þeir tímar komi ekki aftur. En því miður verða sveitarfélög víða úti um land vegna erfiðra samkeppnisaðstæðna að taka þátt í atvinnurekstri og atvinnufyrirtækjum. Það er alveg afleitt og einmitt til komið vegna rangra stjórnvaldsaðgerða. Því miður, herra forseti, eru þessir tímar ekki liðnir.

En varðandi Landssímann þá er grunnþjónusta hans fyrir okkur svipuð og menntakerfið, svipuð og heilbrigðiskerfið. Við viljum þróa hana og styrkja og bæta. En við viljum að það sé áfram öruggt að allir landsmenn eigi þar jafnan aðgang að, þetta sé ein af grunnstoðum almannaþjónustunnar. Það má vel vera að einhverjir þættir Landssímans geti verið betur komnir á markaði. En þessir grunnþættir eru hluti almannaþjónustunnar.

[18:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru miklar breytingar að verða í samfélagi okkar og við höfum tekið hér langar umræður um byggðavanda og brottflutning. Það sem gerðist á þeim tíma var skelfileg staða á markaði hjá útgerðarfyrirtækjum þar sem fólk var flokkað, ekki vegna þess að það vantaði fisk eða afla heldur vegna möguleikanna til að vinna hann heima. Vandinn er annar nú.

Það sem ég er að benda á er að á öllum tímum hafa þær stundir verið að við höfum þurft á ríkisfyrirtækjum eða bæjarfyrirtækjum að halda. Á öðrum tíma hefur verið ljóst að tími þeirra fyrirtækja er liðinn. Það er mat okkar í Samfylkingunni, og þar skilur á milli okkar og Vinstri grænna, að mjög margir þættir í rekstri Landssímans séu þegar í samkeppni hér og ég hef fært fyrir því rök í máli mínu.

En fjarskiptanetið viljum við standa vörð um, það verði ekki selt, það verði öryggisnet sem á að halda áfram að ná út á hvert annes, inn á hvern sveitabæ, skapa jöfnuð með þeim sem það þurfa að nota. En við teljum að fyrirtækin sjálf sem kaupa þjónustu í gegnum þetta net geti mjög vel verið á markaði. Þarna skilur á milli.

[18:35]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að þarna skilur á milli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar í því að við teljum að Landssíminn sé almannaþjónustufyrirtæki, öll meginstarfsemi hans, og að Ísland og þjóðin öll séu eitt þjónustusvæði og eitt markaðssvæði. Það er fjarri því að upp sé komin sú staða að samkeppni geti tryggt jafna og örugga þjónustu um allt land hvað þetta varðar. Þess vegna er í fyrsta lagi algjörlega ótímabært að selja Landssímann með þeim hætti sem hér er lagt til og hreinlega rangt af samfélagslegum ástæðum.

[18:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þetta þarf litlu að bæta. Við höfum farið yfir það hvað skilur á milli afstöðu þessara flokka. En ég vil taka sérstaklega fram að á sama tíma og ég árétta afstöðu Samfylkingarinnar þá hefðum við aldrei, hefðum við haft ráðin í okkar hendi, staðið að málum eins og þessi ríkisstjórn gerir, hvorki varðandi samkeppnisþáttinn né náttúrlega að nokkru leyti ljáð öðru máls.

[18:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að öllum hafi lengi verið ljóst að sú stund mundi renna upp að Landssíminn yrði seldur jafnvel þótt hinu gagnstæða hafi verið haldið fram úr þessum ræðustóli af hálfu talsmanna ríkisstjórna. Það var ítrekað sagt hér árið 1996 þegar Landssímanum var breytt í hlutafélag að ekki stæði til að selja stofnunina, einvörðungu breyta rekstrarforminu sem gerði Landssímann betur í stakk búinn til að bregðast skjótt við, eins og það var kallað, án þess að það væri nokkurn tíma skilgreint hvað menn ættu við með því.

Ég hef farið yfir álit hv. samgn. um þetta mál, bæði álit meiri hlutans og einnig minnihlutaálitin sem eru tvö. Ég tek undir það sjónarmið sem fram kemur í minnihlutaáliti hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að þetta mál er ekki vel undirbúið.

Nú þekktu allir að sjálfsögðu hinar pólitísku forsendur þessarar ákvörðunar þannig að hún þurfti í sjálfu sér ekki að koma á óvart. En hv. þm. Jón Bjarnason bendir á að veigamikill þáttur þessa máls sé efnahags- og viðskiptalegs eðlis og lúti fullt eins mikið að stjórn peningamála í landinu og að öðrum þáttum. Og það eru þessir þættir sem hv. þm. Jón Bjarnason segir að séu illa grundaðir og illa undirbúnir. Undir það vil ég taka.

Varðandi ákvörðunina um að selja Landssímann þá vaknar sú spurning að hvaða marki hægt sé að reisa þar miklar málefnalegar kröfur, einfaldlega vegna þess að þessi ákvörðun byggist fyrst og fremst á pólitík. Hún er pólitísk í eðli sínu. Þetta sjónarmið kemur reyndar fram í áliti meiri hluta samgn.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirhuguð sala er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.“

Þetta er ástæðan fyrir því að menn ætla að selja Landssímann. Hún er af pólitískum toga og hún er lítið rökstudd fyrir utan það. Reyndar fylgja þessu frv. miklar skýrslugerðir, m.a. frá einkavæðingarnefnd, en ýmsum þáttum þeirrar skýrslugerðar eru gerð ágæt skil í áliti 1. minni hluta samgn. sem vekur athygli á ýmsum þáttum þar, m.a. þeirri staðhæfingu að nauðsynlegt sé að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum, að reynslan sýni að meiri faglegar kröfur séu gerðar til stjórnenda og þeir fái meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu.

Við erum náttúrlega vön staðhæfingum af þessu tagi frá einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar. En minna fer fyrir rökstuðningi fyrir þessum staðhæfingum. Þegar skyggnst er um á markaði, þegar skyggnst er um í íslensku efnahagslífi og menn bera saman stofnanir annars vegar og fyrirtæki á markaði hins vegar þá er þar um auðugan garð að gresja og fyrirtækin mismunandi á sama hátt og stofnanir hins opinbera eru mismunandi. Við höfum fengið að kynnast því hvernig stór einokunarfyrirtæki í matvæladreifingu t.d., smásöluversluninni, er komin öll á einokunarhendur, 70% vörudreifingar í matvöru er komin í einokun í reynd og við höfum fengið að kynnast því hvernig þessu einokunarvaldi er beitt. Umræða hefur t.d. að undanförnu farið fram um grænmetið. Það var upplýst á fundi efh.- og viðskn. fyrir fáeinum dögum að álagning á afskornum blómum t.d. væri um 200%, væri á milli 100 og 300%, held ég að það hafi verið. Það var talað um einhverja meðaltalsálagningu þar um eitthvað undir 200%. Þetta er það sem markaðurinn getur gert. Ég vek athygli á þessu í ljósi þeirrar staðhæfingar að *komist fyrirtæki á markað, komist varan eða þjónustan á* markað þá sé hagur neytenda tryggður.

Síðasti áratugur hefur einkennst af einkavæðingu, ekki bara hér á landi heldur mjög víða í heiminum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vísaði í einkavæðingu á Bretlandi þar sem veitustofnanir voru einkavæddar, og í einkavæðingu á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu, í raforkuna í Kaliforníu og á Long Island þar sem svo var komið málum að hægri sinnaðir repúblikanar brugðu til þess ráðs að þjóðnýta raforkugeirann að nýju og fóru þar að kröfu neytenda, einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja. Ástæðan var sú að markaðslögmálin fengu ekki þrifist. Þau nýttust ekki. Það skapaðist einokun og það var enginn markaður. Og þessi einokun bitnaði á þjónustunni. Hún bitnaði á kaupendum og notendum þjónustunnar.

Það var af þessum sökum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hvöttum til þess á síðasta þingi að áður en stigin yrðu frekari skref varðandi einkavæðingu á þjónustustofnunum við almenning yrði skipuð nefnd sem gerði úttekt á reynslu annarra þjóða, hver reynslan væri af einkavæðingu, t.d. á símaþjónustu, á póstþjónustu, á veitustofnunum og ýmsum öðrum þáttum. Við fluttum um þetta þáltill. sem kvað á um að skipuð yrði nefnd fulltrúa allra þingflokka eða þingflokkarnir tilnefndu í nefndina og reynslan yrði könnuð. Ég vísa hér til álitsgerðar sem fylgdi með tillögunni þar sem við lögðum til að sérstaklega yrði könnuð reynslan á Nýja-Sjálandi og Bretlandi.

Hið undarlega gerðist. Efh.- og viðskn. þingsins samþykkti þessa tillögu með breytingu, en efnislega samþykkti hún þessa tillögu. Ég ætla að lesa nál. efh- og viðskn. um þessa tillögu okkar og þá breytingu sem nefndin gerði. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Samtökum iðnaðarins.

Tillögugreinin gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila og að slegið verði á frest öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd þar til nefndin hefur skilað álitsgerð.

Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd. Telur nefndin eðlilegt að við þá vinnu verði m.a. könnuð reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd í almannaþjónustu hér á landi og í þeim ríkjum sem gengið hafa lengst í einkavæðingu, svo sem Bretlandi og Nýja-Sjálandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.“

Undir nál. skrifa hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson. Þessir aðilar skrifa undir þetta nál. með tillögu frá efh.- og viðskn. samhljóða og hér í þessum sal var þessi tillaga samþykkt. Það var 9. maí á síðasta ári. Nú er 17. maí, rúmt ár er liðið. Ég veit ekki til að þessi nefnd hafi verið skipuð.

Var engin meining á bak við þetta? Stóð aldrei til að fara að vilja Alþingis? Við umræðuna í dag hefur verið vísað í reynslu annarra þjóða, m.a. af einkavæðingu símafyrirtækja og póstþjónustu. Við lögðum til og Alþingi samþykkti að gera ætti úttekt á þessu. Þar eru nefnd ríkin sem við höfum verið að sækja okkar dæmi til, Nýja-Sjáland og Bretland. Hins vegar hafa menn virt að vettugi þennan vilja þingsins, að gera á því úttekt hver reynslan hafi verið.

Okkar streð í þessari baráttu gegn einkavæðingunni gengur fyrst og fremst út á að fá málefnalega athugun á því hver reynslan raunverulega hafi verið. Það fæst ekki rætt, þetta fæst ekki gert og þess vegna koma menn með staðhæfingar sem stangast á. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að setjast yfir þetta og kanna hver raunveruleikinn er? Ég tala nú

ekki um þegar Alþingi Íslendinga hefur samhljóða samþykkt að það skuli gert. Hvers vegna í ósköpunum er það ekki gert?

Í vetur var mikil umræða um einkavæðingu elliheimila, Sóltún. Þar gerðist það líka að við stjórnarandstæðingar gagnrýndum málið en þá voru engir stjórnarliðar mættir til að ræða það. Á endanum var ákveðið að beina því til Ríkisendurskoðunar að gera úttekt á málinu. Þegar sú úttekt lá fyrir kom í ljós að staðhæfingar okkar stóðust, þær reyndust réttar þegar málið fékkst loksins skoðað.

Mér finnst það ekki nógu gott að menn ætli að framfylgja pólitískri stefnu af svo mikilli blindni, eins og hér er að gerast, að þeir láti sér nægja það eitt að staðhæfa að þetta sé pólitískur ásetningur ríkisstjórnarinnar. Þegar óskað er eftir málefnalegri umræðu og skoðun á reynslu annarra þjóða af sams konar ákvörðunum þá fæst það ekki rætt.

Á hvaða hugsun er byggt í þessu máli? Hugsunin er sú að taka stofnanir eins og Póstinn og Símann og aðrar þjónustustofnanir sem hafa verið á vegum hins opinbera, færa þær út á markað, reyna þar að stuðla að samkeppni og reisa síðan yfir þær eftirlitsstofnanir. Þetta er hugsunin og henni hefur verið fylgt í þessu tilviki. Árið 1996 var búin til stofnun sem á að hafa eftirlit með símaþjónustunni í landinu. Hún heitir Póst- og fjarskiptastofnun, ef ég man rétt. Þetta eru módel sem eru þekkt annars staðar frá. Eftirlitsiðnaðurinn er alls staðar að blása út þar sem menn hafa ráðist í einkavæðingu. Það er verið að skipa ný eftirlits-sovét sem bólgna út. Hér er lagt til hér að enn verði fjölgað í starfsliði Samkeppnisstofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar til að fylgjast með þessari nýju samkeppni. Það er hugsunin.

En hvernig hefur þetta reynst? Hvernig skyldi þetta hafa reynst? Þessi sama stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, á einnig að hafa eftirlit með póstinum. Hv. þm. Jón Bjarnason víkur nokkuð að þeirri reynslu í minnihlutaáliti sínu. Í kjölfar lokana pósthúsa á landsbyggðinni, í Varmahlíð og á Hofsósi (**Samgrh.:** Það var engu pósthúsi lokað.) Í Varmahlíð? Var pósthúsinu ekki lokað í Varmahlíð? (**Samgrh.:** Það var fært til í húsum.) Það var fært til í húsum. Ég vona að sem flestir heyri þetta í Skagafirði, ekki síst þeir sem undirrituðu áskoranirnar til hæstv. samgrh. Ég held að það hafi verið mörg hundruð manns sem undirrituðu áskoranir til hæstv. samgrh. um að falla frá áformum sínum. Þetta var fólk sem vildi styrkja póstþjónustuna á landsbyggðinni og standa við bakið á þeim einstaklingum sem voru að missa vinnu sína í hagræðingarátaki ríkisstjórnarinnar. Þetta er að gerast víða um landið. Hagræðingin felst í því að færa póstþjónustuna og þessa starfsemi inn í bankastofnanir, verslanir o.s.frv. Menn eru að vísu nokkuð varkárir varðandi bankaútibúin. Það er gert ráð fyrir því að eftir að ríkisstjórnin er búin að selja hlut sinn í ríkisbönkunum þá verði bankaútibúum víðs vegar um landið lokað. Það er staðreynd. Á máli ríkisstjórnarinnar heitir þetta að styrkja póstþjónustuna í landinu. Hið sama er sagt þegar menn hafa lokað flugvöllum, þ.e. til að styrkja flugsamgöngur.

Þegar þessum póstútibúum, útibúum póstsins var lokað, t.d. í Varmahlíð, og fólkið mótmælti þá leituðum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til Póst- og fjarskiptastofnunar og óskuðum eftir upplýsingum. Þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var svarað á þá lund að stofnunin mundi ekki upplýsa um þá samninga sem gerðir hefðu verið við aðra þjónustuaðila og við fengum í raun engin svör frá þessum eftirlitsaðila, sem hefur ekki meira eftirlit fyrir hönd fólksins, þess fólks sem á að njóta þjónustunnar, en svo að það viðgengst að loka fjölda útibúa víðs vegar um landið, segja upp starfsfólki og draga úr þjónustunni. Þetta er bara staðreynd og þannig er fyrirkomulagið sem menn ætla núna að smíða í kringum Landssímann, einkavæða hann og efla þessa eftirlitsaðila. Þetta er sú hugsunin sem reist er á.

Mér finnst svolítið kostulegt — ég óska eftir skýringum ef ég misskil eitthvað þar — að í áliti meiri hlutans segir, með leyfi forseta, og er þar vísað í fjarskiptalög:

„Þá eru víðtækar heimildir í fjarskiptalögum til að tryggja fullnægjandi þjónustustig með svokallaðri alþjónustu, auk þess sem samgönguráðherra hefur heimildir til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði."

Er það rétt skilið hjá mér að það eigi að taka allt sem arðvænlegt er og setja það á markað en halda hinu opnu, að skattgreiðandinn fjármagni það sem ekki skilar arði, sinni byggðasjónarmiðum? Er það rétt skilið hjá mér að menn ætli að láta einkaaðilana fá þá þætti sem skila arði, sem er ekki lítill? Var ekki talað um að hagnaðurinn hefði verið 6.500 millj. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði að vísu, á síðasta ári? Ég man ekki betur, 6.500 millj. kr.

Skyldu menn gera sér grein fyrir því að á síðasta rúmum áratug hefur Póstur og sími, sem þá hét, og Landssíminn skilað í ríkissjóð um 20 milljörðum kr., 20 þús. millj. kr.? Þetta ætla menn að færa út á markað, að öllum líkindum á gjafaprís, en síðan ætlar ríkið að sjá um þá þætti sem ekki skila arði, sem ekki skila öðru en kostnaði fyrir skattgreiðandann. Einkaaðilarnir eiga að fá þá þætti sem skila arði.

Ríkið hefur ekki greitt til Pósts og síma eina einustu krónu um áratuga skeið. Það hafa notendur gert með gjöldum sínum. Ríkið hefur ekkert greitt til Símans.

Framan hafði ríkið hins vegar tekjur af þessari þjónustu, framan af með tollum og alls kyns aðflutningsgjöldum en síðan seint á níunda áratugnum hefur ríkið haft tekjur af Símanum í formi beinna greiðslna. Þær hafa verið mismunandi, þær voru framan af nokkur hundruð milljónir, fóru síðan upp í milljarðinn og þar yfir, ef ég man rétt. En síðan hafa greiðslur einnig komið til ríkissjóðs í öðru formi og mér reiknast til að alls séu þetta um 20 milljarðar á rúmum áratug. Slíkur er hagnaður þessa fyrirtækis, slíkur er hagnaður þessarar starfsemi.

Menn voru að gera því skóna fyrir fáeinum árum að nú þyrftu menn að flýta sér að selja Símann vegna þess að þessi eign mundi rýrna mjög fljótt. Við værum að fara inn í nýja tæknifarvegi og Síminn ætti jafnvel ekki mikla framtíð fyrir sér. Þessu var haldið fram.

En ég man ekki betur en að tekjur Símans, og það jafnvel þrátt fyrir þá samkeppni sem er þegar orðin, aukist mjög hratt. Sagt var frá því í fréttum núna fyrir nokkrum dögum að veltan hefði aukist verulega á milli áranna 1999 og 2000 vegna þess að þótt samkeppni sé komin til sögunnar þá er notkun á síma að aukast svo mikið, hún eykst mjög hratt. En Síminn hefur verið aflögufær, borgað inn í ríkissjóð 20 þúsund milljónir, og nú ætlar hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin að taka þessa eign af okkur og gefa hana fjármagnsaðilum á markaði til að hafa að leik (**Samgrh.:** Selja.) selja, segir hæstv. ráðherra. En hvað eru menn að tala um að selja fyrir mikið? Hvað gera menn ráð fyrir að hafa mikið upp úr krafsinu? Ég hef grun um að það verði ekki svo ýkja

mikið og ég ítreka þetta að þótt Síminn hafi borgað inn í hirslur ríkissjóðs til að fjármagna almannaþjónustu í landinu 20 þúsund milljónir á síðasta áratug þá er hann eftir sem áður aflögufær. Þetta ætlar hæstv. ráðherra að taka og gefa og hælir sér síðan af því að hann hafi búið svo um hnútana í öðrum lögum að hann muni fá leyfi til þess. Hann muni fá leyfi til þess að veita þjónustu sem er ekki arðsöm til að ná fram byggðalegum markmiðum.

Síðan er reyndar talað um það í áliti meiri hluta samgn. að vel komi til greina að styrkja fyrirtæki á landsbyggðinni sem búi ekki við sömu samkeppnisstöðu og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og það komi þá til greina að vera með einhverjar styrkveitingar til þeirra. Ég ætla að leyfa mér að hafa ákveðnar efasemdir um að þetta nái fram að ganga. Í fyrsta lagi ætla ég að leyfa mér að efast um alvöruna að baki fyrirheitum af þessu tagi. Ég leyfi mér að efast mjög sterklega um alvöruna þar að baki og spyr: Hvers vegna í ósköpunum hafa menn ekki gripið fyrr til einhverra slíkra ráðstafana til stuðnings fyrirtækjum á landsbyggðinni?

Síðan er ég með ákveðnar efasemdir um að hinn nýi rannsóknarréttur, ESA-dómstóllinn, muni leyfa slíkt, að ríkisstjórnin verði ekki einfaldlega kærð fyrir að brjóta gegn hinni nýju heilögu ritningu, samkeppnisreglum Evrópusambandsins. Ég leyfi mér stórlega að efast um að þetta gangi upp.

Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum eru menn að fara út á þessa braut, að taka fyrirtæki sem hefur möguleika til að veita alla þá þjónustu sem við viljum og ákveðum vegna þess að hún er á forræði okkar, við eigum hana, hún skilar okkur miklum arði, miklum peningum, 20 þúsund milljónum á síðustu árum, gefa hana frá okkur og byrja síðan að spinna reglugerðarvefinn? Eftirlitsstofnanir, fjölga þar og fleiri reglugerðir og lagakróka, hvers vegna í ósköpunum á að gera þetta? Þá er komið að því að óska eftir skýringum.

Jú, menn halda því fram að markaðurinn tryggi notendum betri og ódýrari þjónustu, það er hugsunin. En verður einhver markaður fyrir hendi? Menn hafa verið að færa rök að því að vegna hinnar sterku stöðu sem Síminn hefur muni þessir kostir markaðarins ekki skila sér til notenda. Er ekki rétt að byrja að ræða þetta aðeins?

Ef það er eitthvað, hæstv. forseti, sem gefur tilefni til að ætla að það kunni að vera einhver glæta í, eru það skrif ungra frjálshyggjumanna, Heimdellinganna og ungra hagfræðinga, sem eru byrjaðir að taka ríkisstjórnina og stilla henni upp við vegg og láta hana í alvöru gera grein fyrir áformum sínum í reikningslegu tilliti.

Menn hafa ráðist í virkjanaframkvæmdir, látið Landsvirkjun virkja, og við höfum tekið að láni, íslenska þjóðin, tugi milljarða króna og hundruð milljarða króna til að ráðast í framkvæmdir sem hafa verið óarðbærar fyrir Landsvirkjun. Síðan getum við deilt um það hvort framkvæmdirnar hafi verið arðbærar fyrir hina íslensku þjóð þegar dæmið er skoðað heildstætt, fyrir efnahagslífið. Það eru skiptar skoðanir um það. Það kann vel að vera hægt að leiða rök að því.

En nú gerir ríkisstjórnin eitt í samræmi við tilskipanir og fyrirskipanir frá Brussel að hún fer að hugsa upp á nýtt og segir að framleiðandi orkunnar eigi að vera aðskilinn dreifingaraðilanum og allt á að vera rekið upp á hagnaðarvonina. Þá lenda menn í svolítilli klemmu vegna þess að nú þarf að sýna fram á að þær ákvarðanir, þær ráðstafanir sem Landsvirkjun ræðst í skili arði. Ekki þjóðinni, við erum hætt að hugsa þannig, nú hugsum við bara smátt, að hinar einstöku rekstrareiningar skili arði. Það var þetta sem hinir ungu hagfræðingar hafa verið að benda á. Ég held að það verði hugsanlega þetta sem gæti stöðvað virkjunaráform á hálendinu, að nú þurfa menn að fara að hugsa dæmið á þennan hátt.

Ég nefni þetta vegna þess að ég vil að menn staldri við og velti því fyrir sér á hvern hátt sú breyting sem við erum að gera á Landssímanum eða ríkisstjórnin vill gera á Landssímanum muni raunverulega skila hagnaði til þjóðarinnar, bættri og ódýrari þjónustu til notenda. Það gengur nefnilega ekki að segja bara: Markaðurinn er góður, markaðslögmálin eru fín. Síðan kemur á daginn að það verður enginn markaður. Ég auglýsi eftir röksemdum, ekki bara pólitískum trúarbrögðum.

Ég held nefnilega að sú stefna sem við höfum fylgt í áranna rás hafi skilað okkur mjög góðum árangri. Við Íslendingar höfum í samvinnu byggt upp þetta fyrirtæki og stöndum sannast sagna mjög framarlega á þessu sviði. Menn hafa sagt að þetta hafi allt batnað mikið þegar Landssíminn var gerður að hlutafélagi, þá hafi verðlagið farið niður og miklar framfarir orðið. Ég held að þetta sé rangt. Verðlagið hefur farið niður en fyrst og fremst vegna mikilla tækniframfara á þessu sviði.

Þegar Síminn var gerður að hlutafélagi árið 1996 var gerð samanburðarúttekt á verðlagi fyrir símtöl hér, á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi. Í öllum tilvikum vorum við með lægsta verðið. Ég nefni dæmi: Farsíminn innan lands, þriggja mínútna símtal var þá á Íslandi 50 kr. fyrir NMT og 78 fyrir GSM-síma. Í Danmörku 87, í Noregi 94, Svíþjóð 126, Finnland 75, Bretland 82, Þýskaland 175.

Hæsti langlínutaxti: Ísland 22, Danmörk 26, Noregur 22, Svíþjóð 32, Finnland 26, Bretland 30, Þýskaland 84, ég rúnna þetta af, það eru aurar í þessu líka.

Síðan eru föst ársfjórðungsgjöld. Við erum lægst þar, langlægst. En samt hefur verið haldið fram aftur og ítrekað að þetta hafi allt byrjað að batna eftir að Síminn var gerður að hlutafélagi. Þetta er rangt.

Þeir hafa sagt mér ýmsir sem hafa staðið í samstarfi símafyrirtækja hér fyrr á árum að það hafi orðið mikil breyting þegar þessar stofnanir voru einkavæddar. Áður höfðu forsvarsmenn þessara stofnana komið til norrænna funda t.d. og rætt um samstarf, hvernig menn gætu hjálpað hinum, og menn gerðu það, við fengum mikla aðstoð frá hinum norrænu þjóðunum við uppbyggingu. Síðan eru þessar stofnanir einkavæddar og þá mæta allir á fundina en nú er hnífurinn hérna uppi í erminni. Enginn segir neitt, allir eru í samkeppni. Þetta eru allt önnur vinnubrögð, þetta eru allt önnur viðhorf.

Ég spyr: Telja menn virkilega að þessi breytti hugsunarháttur og þessi breytta staða skili okkur fremur fram á við? Ég held ekki.

Hafa menn komið á Piccadilly nýlega og reynt að hringja þar? Það eru tvö sett af símaklefum, eitt fyrir þetta fyrirtæki og annað fyrir hitt. Og það eru mismunandi kort. Halda menn að þessi „samkeppni" kosti ekki neitt? Halda menn að þetta skili notandanum bættri þjónustu og ódýrari, að smíða þessar miklu, nýju yfirbyggingar, þessar geysilegu yfirbyggingar, ekki aðeins bara í símaklefum heldur í allri stjórnsýslunni og síðan í nýju sovétunum, eftirlitsstofnununum, reglugerðasmiðunum? Þetta kostar sitt. Eftirlitið kostar heilmikið.

En það var fleira sem breyttist með þessari nýju stefnu. Það var sú hugsun að nú ætti fyrirtækið fyrst og fremst að

skila arði. Mér er það minnisstætt þegar fyrrverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, núverandi forstjóri Landssímans, mætti á viðhafnarfund í Þjóðleikhúsinu með starfsmönnum Símans til að greina frá þessum breyttu viðhorfum. Hann sagði að hér eftir yrði arðsemin höfuðmarkmið fyrirtækisins. Hann talaði um mikilvægi þess að skila arðsemi upp á 15%. Hann sagði mikið fjármagn fólgið í þessari stofnun og það væri skylda þeirra sem stýrðu því að skila endurgreiðslu fyrir afnot af þessu fjármagni. Þetta var nýja hugsunin, að skila greiðslu fyrir afnot af þessu fjármagni.

Hver skyldi fá þessa greiðslu í framtíðinni sem ríkissjóður, almenningur og skattborgarinn, hefur notið góðs af til þessa? Það verða væntanlega nýir eigendur. Ég hefði haldið það. Þeir munu horfa til hagnaðarins sem á síðasta ári var 6.500 millj. kr. Það eru þeir sem munu horfa til þess. Það verður ekki ríkissjóður, það verður ekki skattborgarinn, það verður ekki almenningur. Nei, hinir nýju fjármagnseigendur munu fá þetta handa á milli.

Ég spyr: Hvernig stendur á því, hvað veldur þeirri ógæfu þjóðarinnar að hún skuli hafa svo lélega hagsmunagæslumenn í brúnni að þeir selji og gefi frá okkur arðbærar eignir okkar, að þeir búi svo um hnúta að þjónustan rýrni og versni? Hver er skýringin á þessari ógæfu þjóðarinnar? Auðvitað er það rétt að fólk hefur kosið þessi ósköp yfir sig, (Gripið fram í.) ítrekað. Það er okkar ógæfa og menn þurfa að hyggja að því í komandi kosningum.

Enn einu hef ég velt svolítið fyrir mér sem mér þætti vænt um að heyra útskýringar á. Kannski er það misskilningur af minni hálfu en mér býður í grun að það kunni að vera einhverjar opinberar skyldur sem hvíla á Landssímanum öðrum fyrirtækjum fremur. Það væri ágætt að heyra hugleiðingar hæstv. samgrh. um það.

Mér fundust athyglisverðar fréttir, og náttúrlega óhugnanlegar, sem voru í fjölmiðlum fyrir hálfum öðrum mánuði, um morðhótanir og tilraunir lögreglunnar til að rekja þessar hótanir í síma. Þá kom á daginn í fréttaskýringu að það hefði aldrei reynst erfitt fyrir lögregluna að fá slíkar upplýsingar frá Landssímanum. Hvers vegna? Vegna þess að það gilda lög um upplýsingaskyldu hans, þ.e. lög um meðferð opinberra mála. Í 86. gr. þeirra laga er vísað í þessar skyldur. Um Tal gildir hins vegar annað. Tal hefur aldrei látið þessar upplýsingar af hendi nema með dómsúrskurði. Í fréttum, og ég vísa í DV 30. mars, er því haldið fram að Tal — ég ætla að vitna í blaðagreinina:

„Tal segist ekki vera yfirvald og hafnar því að lögreglan eigi skilyrðislausan aðgang að þeirra kerfi. Um þetta hefur reyndar nýverið gengið dómsúrskurður Tal í vil."

Þarna virðast sem sagt gilda aðrar reglur um Símann en Tal. Ég leyfi mér reyndar að efast um að svo sé. Hins vegar virðist greinilega eima eitthvað eftir af samfélagsvitundinni í Landssímanum þrátt fyrir hvatningu hins nýja forstjóra. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Eru einhverjar slíkar skyldur sem Landssíminn hefur umfram önnur fyrirtæki á þessum markaði? Er um einhver öryggissjónarmið að tefla? Ég þekki þetta ekki en mér finnst mikilvægt að fá þetta upplýst hér við umræðuna.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti spyr hv. þm. að því hvort hann sé að verða búinn með þessa ágætu ræðu?)

Nei, ég er ekki að verða búinn.

(**Forseti** (ÍGP): Ráðgert var að gera hlé á fundinum klukkan hálfátta en ef þingmaðurinn samþykkir þá mundum við gera hlé á þessum fundi núna.)

Ég samþykki það.

(**Forseti** (ÍGP): Þessum fundi er frestað til klukkan átta.)

[Fundarhlé. — 19:24]

[20:02]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er ekki í þingsalnum. Ég óska eftir nærveru hans hér við umræðuna.

(**Forseti** (ÁSJ): Hæstv. samgrh. mun vera rétt ókominn í þingsal. — Forseti leggur til að gert verði hlé á fundinum í tvær mínútur.)

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég vildi að hæstv. samgrh. væri viðstaddur umræðuna er sú að ég hafði af því áhyggjur þegar hlé var gert á fundinum fyrr í kvöld að mér hefði orðið á í messunni, að ég hefði farið með rangt mál þegar ég fullyrti að pósthúsunum í Varmahlíð og Hofsósi hefði verið lokað og fólki sagt upp störfum. Svo var að skilja á framíköllum hæstv. samgrh. að það væri misskilningur. Ég aflaði mér gagna í málinu og hef fengið staðfest að þessum pósthúsum var lokað. Í öðru tilviki var póstafgreiðslan, þ.e. hreyturnar af þeirri afgreiðslu, sett inn í sjoppu og í hinu tilvikinu í verslun. Með fullri virðingu fyrir því ágæta fólki sem þar starfar þá er það eftir sem áður staðreynd að pósthúsunum á þessum stöðum var lokað. Sú hótun vofir yfir víðar á landinu. Ég heyrði t.d. að til hefði staðið að loka pósthúsinu í Búðardal en því hefði sem betur fer verið afstýrt, a.m.k. um stundarsakir.

Ástæðan fyrir því að ég vek máls á þessu hér er hlutur eftirlitsaðilans. Eftirlitsaðilinn er Póst- og fjarskiptastofnun, sú stofnun sem á að hafa eftirlit með hinum einkavædda síma þegar þar að kemur og reyndar með hlutafélaginu eins og málum er háttað. Byggðaráð eða sveitarfélagsstjórn í Skagafirði sneri sér til þessarar stofnunar til að grennslast fyrir um hvort lokun pósthúsanna og uppsagnir starfsmanna, samdráttur í þjónustu, stæðist lög. Stofnuninni var skrifað bréf hinn 14. mars sl. og óskað eftir svari.

Í bréfinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Byggðaráð samþykkti að óska eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin úrskurði hvort breyting sú sem orðið hefur á póstafgreiðslu í Varmahlíð og Hofsósi samrýmdist lögum og reglum sem varða póstþjónustu í landinu."

Svarið barst, ekki meðan á þessum deilum stóð heldur eftir að mestu deilurnar voru um garð gengnar. Hinn 2. maí barst svar frá þessum eftirlitsaðila, Póst- og fjarskiptastofnun.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Af þessu tilefni vill stofnunin upplýsa yður um að nú stendur yfir heildarúttekt á þeim pósthúsum úti á landi þar sem afgreiðslufyrirkomulagi hefur verið breytt, m.a. vegna samninga við fyrirtæki um rekstur þeirra auk þess sem unnið er að setningu reglna sem taka munu m.a. á atriðum eins og hvernig og hvar afgreiðslustaðir eiga að vera, póstleynd, öryggismálum og aðgengi almennings að þjónustunni o.fl. Stefnt er að að úttektinni verði lokið í september nk."

Þetta er svarið. Það er verið að loka pósthúsum í byggðarlaginu, segja upp starfsfólki og rýra þjónustuna. Fjöldi manns, 200–300 manns, skrifar undir undirskriftalista, beiðni til hæstv. samgrh. að fara í málið, skoða það. Það er ekki einu sinni virt svars. Fulltrúar ganga á hans fund að vísu en fá það eitt í veganesti, að fundinum loknum, að

ráðherra muni svara síðar. Ég veit ekki til þess að það svar hafi borist. Þetta eru viðbrögð eftirlitsaðilans.

Ég spyr: Hvert eiga menn að snúa sér þegar þeir ætla að kæra Símann, hinn einkavædda, ef hann skerðir þjónustuna? Fá þá menn þau svör að samin verði skýrsla, gerð úttekt og svarað eftir svona hálft ár? Eru það svörin? Þetta er fyrirkomulagið sem hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin ætla að þröngva upp á þjóðina. Það er ekki nóg með að það eigi að láta frá sér þennan gullmola, þessa gullkistu. Það er hún og hefur gefið af sér 20 þús. millj. í ríkissjóð á síðasta áratug. Enn er fyrirtækið aflögufært. Þetta ætla menn að láta frá sér. Síðan segjast þeir hafa lög og lagaheimildir til að taka að sér allt það sem er óarðbært.

Hvers konar hagsmunagæsla er þetta fyrir þjóðina, fyrir skattborgarann? Hvers konar bisnessmenn eru þetta, leyfi ég mér að segja? Ég spyr. Er einfaldlega verið að þjóna fjármagninu á kostnað þjóðarinnar? Svo geta menn ekki einu sinni fært rök fyrir því eða sýnt fram á það á sannfærandi hátt að samkeppnin, hin rómaða samkeppni, muni færa notendum betri þjónustu á lægra verði.

Það deilir enginn um að þegar arðsemiskrafan og arðsemissjónarmiðin hafa verið leidd til vegs og virðingar þá breytast áherslur í fyrirtækinu. Það deilir enginn um það. Menn hafa áhyggjur af því að dreifðar byggðir, fámenn byggðarlög, muni ekki njóta sömu þjónustu og þéttbýlið. Hið sama gildir um fyrirtækin. Menn óttast að stærri viðskiptavinir mundu hafa forgang. Þetta gerist þegar arðsemissjónarmiðin eru leidd til vegs og virðingar. Reynslan sýnir okkur það. Það hefur verið vísað í reynslu annarra þjóða, Nýsjálendinga, Breta og annarra þjóða. Þetta eru staðreyndir. Ef menn telja þær ekki standast óska ég eftir nánari upplýsingum.

Þetta er sem sagt fyrirkomulagið sem á að reyna að þröngva upp á okkur til þess að ná, eins og segir í áliti meiri hluta samgn., að fullnægja pólitískum markmiðum ríkisstjórnarinnar. Fyrirhuguð sala er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Skyldu vera færð fyrir þessu einhver nánari rök? Ja, að vísu ekki rök en ekki vantar staðhæfingarnar og fullyrðingarnar.

Markmiðin eru t.d. sett fram í skýrslu einkavæðingarnefndar, í sjö liðum. Það hefði farið betur á því að hafa liðina tíu, boðorðin tíu. Einu sinni bauð Verslunarráð manni hingað til lands, sérfræðingi í einkavæðingu, dr. Piri hét hann. Tímarit Verslunarráðsins birti það sem það kallaði „hin tíu boðorð dr. Piris", um hvernig menn ættu að bera sig að við einkavæðingu. Þar var lagt til að menn færu hægt í sakirnar, segjast aðeins vera að breyta rekstrarfyrirkomulagi og selja síðan smám saman. Helst að kaupa starfsmenn til fylgis við hugmyndina með því að bjóða þeim hlutabréf á vildarkjörum. Þetta er allt samkvæmt formúlunni. Menn lærðu boðorðin tíu af dr. Piri á sínum tíma.

En hvað skyldi segja í þessum sjö liðum sem einkavæðingarnefnd setur fram til að undirbyggja pólitíska stefnu ríkisstjórnarinnar? Fyrsti liðurinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Markaðsöflin eru allajafna betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ríkisafskipti."

Eru menn að hugsa um Baug? Eru það olíufélögin eða eru það tryggingafélögin? Hvað eru menn að hugsa um? Skyldi það vera staðreyndin að alhæfing af þessu tagi dugi ekki vegna þess að markaðslögmálin eigi að sönnu víða við og koma að góðum notum en annars staðar ekki? Menn deildu á sínum tíma um hvort gera ætti Strætisvagna Reykjavíkur að hlutafélagi, það var horfið frá þeirri ákvörðun og snúið til baka. Þá kom fram gagnrýni og m.a. frá frjálshyggjumönnum ýmsum, alvöru markaðssinnum, sem vildu sjá einhvern árangur af slíkum kerfisbreytingum. Þeir sögðu sem svo: Hér munu markaðslögmálin engin áhrif hafa. Þetta er einokun og dæmt til þess. Menn sögðu: Værum við í stóru landi þar sem væru burðugir aðilar með mikla flota bíla má vel vera að hægt væri að setja slíka þjónustu á markað. Ég væri ekki ginnkeyptur fyrir slíku en það er alla vega sjónarmið. Þegar um er að ræða einn aðila þá verður engin samkeppni. Það er sú gagnrýni sem við setjum fram varðandi Símann. Það verður engin samkeppni. Reyndar eru menn að tala um líkurnar á því að stórar alþjóðlegar samsteypur gleypi þessi litlu fyrirtæki. Þannig er þróunin. Það leið ekki langur tími frá því að danski síminn var gerður að hlutafélagi og settur á markað að til leiks mætti ameríska fyrirtækið Ameritec, minnir mig að það hafi heitið, með heimilisfang í Chicago. Þeir áttu líka í ungverska símanum og gott ef ekki í símafyrirtæki í Argentínu. Þróunin er sú að slíkar fjölþjóðlegar samsteypur gleypi litlu fyrirtækin. Þess vegna auglýsi ég eftir því hvað býr að baki og réttlæti pólitíska kreddutrú hæstv. samgrh., sem segir það alveg berum orðum að það eitt vaki fyrir honum að fullnægja pólitískri trú sinni.

Annar liðurinn, með leyfi forseta:

„Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum. Reynslan sýnir að meiri faglegar kröfur eru gerðar til stjórnenda og þeir fá meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu."

Hvað eru menn að tala um hér? Eru menn ekki pólitískir í fyrirtækjum í landinu, hvernig er það? Hafa menn enga pólitík t.d. hjá Shell eða tryggingafyrirtækjunum? Baugur, ætli engin pólitík sé þar á ferðinni heldur eða í Íslandsbanka? Allir ópólitískir þar?

Skyldi ekki hitt vera nær sanni að menn eru allir af sama pólitíska sauðahúsinu í þessum fyrirtækjum? Þetta er allt frjálshyggjuliðið. Og það sem er tryggt þegar fulltrúar almannavaldsins koma að stjórnun stofnana, og hér er ég fyrst og fremst að tala um þjónustustofnanir við almenning og samfélagið, stoðþjónustuna í samfélaginu, er að mismunandi sjónarmið komist að og menn misbeiti ekki pólitísku valdi sínu.

Þriðji liðurinn:

„Að efla hlutabréfamarkað. Öflugur innlendur hlutabréfamarkaður er mjög þýðingarmikill fyrir alla efnahagsstarfsemi. Slá má á þenslu með því að hvetja almenning til þátttöku í atvinnurekstri með hlutafjárkaupum."

Öflugur hlutabréfamarkaður er mjög þýðingarmikill fyrir alla efnahagsstarfsemi. Er það rétt? Fyrir alla efnahagsstarfsemi? Hafa menn ekki heyrt um vangaveltur bandarískra hagfræðinga um hlutafélagsformið, að það geti verið varasamt í starfsemi sem þjóðfélagið þarf að reiða sig á? Hvers vegna? Vegna þess að það er munur á fyrirtækjum þar sem eigandinn er nátengdur starfseminni, það er munur á þeim annars vegar og fyrirtækjum þar sem hluthafinn, eigandinn er fjarri og hugsar um það eitt að hámarka gróða sinn. Þá getur það nefnilega gerst að gangi illa í fyrirtækinu leggi þeir á flótta og haldi á gjöfulli mið og þannig er grafið undan starfsemi fyrirtækisins og stofnunarinnar.

Menn hafa sagt í sambandi við fyrirtæki og stofnanir sem gegna mikilvægu þjónustuhlutverki í samfélaginu að vafasamt sé að hlutafélagsformið henti þar. Þetta er a.m.k.

skoðun, en það er ekkert pláss fyrir hana í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar. Þar er bara fullyrt að það henti allri efnahagsstarfsemi undantekningarlaust. Hvers konar rugl er þetta?

Fjórði liðurinn:

„Að bæta stöðu ríkissjóðs. Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni.“

Var ég ekki að rekja það hver gullkýr Síminn hefur reynst ríkissjóði? Hefur hann ekki borgað 20 þús. millj. inn í almannahirslur á síðustu árum? Var ekki hagnaðurinn á síðasta ári 6.500 millj. fyrir afskriftir og fjármagnsliði? Og hverjar eru þær að hluta? Það eru peningar sem voru greiddir inn í ríkissjóð. Þetta er staðreyndin.

En menn eru að bæta hag ríkissjóðs, segja þeir, á sama tíma og fram kemur í nál. að það eitt á eftir að verða hjá ríkinu sem er óarðbært. Hvernig í ósköpunum er hægt að halda svona rugli fram? Hvernig fara menn að því? Ég held að menn hljóti að hafa bara eitt auga og það í miðju enni. Það er bara eitt sem sést beint af augum. Hin pólitísku markmið hæstv. samgrh.

Fimmti liður:

„Að bæta hag neytenda. Með þeirri hagræðingu sem hlýst af einkavæðingu eru líkur á því að samkeppni á markaði aukist sem skilar sér í bættum hag neytenda.“

Stundum, jú. Stundum getur þetta gerst. Það er alveg rétt. Sum starfsemi er þess eðlis að rétt er að hafa hana á markaði. Það er alveg rétt.

Fyrir nokkrum áratugum var hér jafnvel enn verri einokun í ferðaiðnaði en nú er. Við þekkjum að Flugleiðir hafa ráðandi stöðu. Og menn vildu bæta stöðu neytandans með því að örva samkeppni. Verkalýðshreyfingin kom að því, samvinnuhreyfingin kom að því að stofna Samvinnuferðir/Landsýn til að skapa samkeppni neytendum í hag.

Síðan styrkjast þessi fyrirtæki, fleiri koma til sögunnar og samkeppni verður til. Þá draga þessir aðilar sig til baka. En markmiðið var að skapa þessa samkeppni og hún á vissulega víða við. Það er alveg rétt. Ríkið rak á sínum tíma Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún var seld. Ekki fannst mér það óráðleg ráðstöfun. Prentsmiðjan Gutenberg var í eigu ríkisins. Hún var seld. Ekki fannst mér það óráðleg ráðstöfun.

En mér fyndist óráðleg ráðstöfun að selja vatnsveituna í Reykjavík eða orkuveiturnar. Það er óráðlegt. Og það er líka óráðlegt að selja Landssíma Íslands vegna þess að sú breyting mun ekki stuðla að þeim markmiðum sem hér er gumað af.

Í sjötta lagi segir:

„Að styrkja stöðu starfsmanna. Einkavædd fyrirtæki hafa meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a. með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa.“

Heyr á endemi! Að styrkja stöðu starfsmanna. Ekki þeirra sem er sagt upp störfum væntanlega vegna þess að breytingarnar sem fylgja þessu þegar arðsemiskrafan er sett á oddinn hefur iðulega leitt til þess að starfsfólki er fækkað. (**Samgrh.:** Starfsmenn fagna þessu.) Starfsmenn fagna þessu? Það leyfi ég mér stórlega að efast um, hæstv. samgrh. Ég hugsa að í hópi starfsmanna séu mjög mismunandi sjónarmið uppi.

Ég varð ekki var við það í upplestri formanns samgn., hv. þm. Árna Johnsens, hverjir hefðu komið á fund nefnarinnar. Ég heyrði ekki talað um Félag íslenskra símamanna. Eða er mönnum ekki kunnugt um að það er enn við lýði? Það er hagsmunafélag starfsmanna Símans. Mætti Einar Gústafsson á fundinn, formaður þess félags? Ég bara spyr.

Starfsmenn fagna þessu, segir hæstv. samgrh. Ég hef miklar efasemdir um það. Það kunna að vera einhverjir starfsmenn og efast ekkert um það. Sumir gera það án efa og aðrir ekki.

En þegar Síminn var gerður að hlutafélagi á sínum tíma var það gegn mjög harðri andstöðu starfsmanna, heildarsamtaka og félagsins, Félags íslenskra símamanna, sem gagnrýndu þá ráðstöfun mjög harkalega. Síðan var farið inn á þá braut að reyna að ná eins tryggum kjörum fyrir starfsmenn og unnt var. Þá fóru menn inn á þá braut á sama hátt og samtök bankamanna hafa reynt að ná eins tryggum kjörum og þeir mögulega hafa getað. Og af þeim sökum hafa menn, þegar þeir vissu að ákvörðun lá fyrir um hlutafélagsvæðingu bankanna og pólitísk ákvörðun lá fyrir og henni yrði ekki hnekkt, farið inn á þessa braut. Hið sama gerðist hjá Símanum. Ég þekki þetta mál mjög vel.

Þá sögðu stjórnvöld eða fulltrúar stjórnvalda: Hafið þið engar áhyggjur. Það er bara verið að breyta rekstrarformi. Það á ekkert að selja og engin kjör verða skert. Það er náttúrlega rangt. Þetta var ekki svona. Kjörin voru skert vegna þess einfaldlega að kerfisbreytingin leiddi sjálfkrafa til þess, t.d. varðandi lífeyrisréttindin. En starfsmenn og samtök þeirra unnu mjög gott starf að reyna að hnýta alla hnúta þannig að skaðinn yrði sem minnstur.

En góðu starfsmennirnir eiga að fá vel borgað, takið eftir því. Góðir starfsmenn, hverjir eru það? Hverjir eru góðir starfsmenn? Jú, eru þá ekki fyrirmyndirnar á einkamarkaðnum? Þar er allt góða fólkið, er það ekki?

Hverjir skyldu fá best borgað í þeim fyrirtækjum sem ég var að vísa til á markaði, hverjir skyldu það vera? Skyldi það vera afgreiðslufólkið á kössunum í Baugi, skyldi það vera það? Skúringafólkið? Bílstjórar? Nei. Ætli það séu ekki forstjórarnir? Ætli það séu ekki forstjórarnir og stuðningslið þeirra? Ég hefði haldið það.

Þetta er sú þróun sem við erum að finna fyrir í samfélaginu með þessari markaðsvæðingu og markaðshyggju, að launamunur er að aukast alveg stórlega. Góða fólkið, atgervisfólkið, atgervismennirnir, þurfa helst að fá um milljón á mánuði, er það ekki? Það er lágmark fyrir góða fólkið. En hitt fólkið þarf að heyja oft langa og stranga baráttu til að tryggja laun í kringum hundrað þús. kr. á mánuði. Þetta er bara staðreyndin. Þetta var um góða fólkið.

Síðan var sjöundi liðurinn:

„Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr möguleikum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir.“

Já, já. Skagfirðingarnir? Sérhagsmunahópurinn í Skagafirði. Hópurinn sem hæstv. samgrh. hirðir ekki um að svara. Fólkið sem var að mótmæla því að pósthúsunum væri lokað á Hofsósi og í Varmahlíð og skrifaði undir skjal til ríkisstjórnarinnar, bað ríkisstjórnina um að endurskoða ákvörðun sína og draga hana til baka. Þetta er sérhagsmunafólkið, sérhagsmunahóparnir, eða hvað? Hverja er verið að tala um?

Og það er athyglisvert niðurlagið í þessari setningu þar sem segir að þessir hópar kunni „að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir“. Hvað er óhagkvæmt? Það er það sem er ekki arðbært. Það er það sem ekki gefur möguleika að ná þeirri arðsemiskröfu sem forstjóri Símans hefur dregið að húni, 15%. Allt annað er óhagkvæmt og á að víkja.

Þetta eru nú röksemdirnar sem einkavæðingarnefnd setur fram til að undirbyggja skoðun hæstv. samgrh. og ríkisstjórnarinnar og eiga að sannfæra okkur hin, þjóðina, um að pólitíkin sem hér er höfð að leiðarljósi sé rétt. Ég hef sýnt fram á að þær fullyrðingar sem hér eru settar fram standast ekki. Að mínum dómi standast þær ekki. Þær standast ekki rökræðu. Ef þær gera það þá óska ég eftir að fá að heyra rök hæstv. samgrh. eða annarra fulltrúa stjórnarmeirihlutans um hið gagnstæða. Hvað er það í mínu máli, þegar ég hef gagnrýnt þessa sjö punkta, sem er rangt? Hvar fer ég villur vegar? Ég hlýt að gera það að þeirra mati. Ég hlýt að gera það.

Hlutabréfaformið hlýtur allt að vera gott. Það hlýtur allt að vera gott. Það hlýtur alltaf að vera gott að útrýma sérhagsmunum, líka sérhagsmunum fólks sem er að missa vinnuna eða býr í byggðarlögum þar sem verið er að skerða þjónustuna. Þetta eru sérhagsmunahópar að mati ríkisstjórnarinnar. Er ekki kominn tími til að við heyrum einhver rök, að við heyrum einhver alvöru rök fyrir því að ríkisstjórnin setji frá okkur þessa gullgerðarvél, afsali okkur valdi og yfirráðum yfir stofnun sem á að tryggja þjónustustarfsemi fyrir landsmenn alla, að hún sýni fram á að hún sé að gera þjóðinni gott. Ég hef mjög miklar efasemdir um að þessi ríkisstjórn og þessir ráðherrar standi vaktina fyrir þjóðina, kunni að standa í fæturna gagnvart þeim öflum sem að þeim sækja í Verslunarráðinu, Samtökum atvinnulífsins og frá fjárfestum á markaði sem krefjast þess að fá þessar eignir þjóðarinnar í hendur refjalaust.

[20:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gefst ekki mikill tími til þess að fara efnislega ofan í það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fór yfir í löngu máli. En ég hlýt að koma með andsvar við ræðu hans þar sem hann talaði um pósthúsin í sambandi við sölu á Landssímanum.

Það er nefnilega rétt sem hv. þm. hafði grun um að væri því hann fór rangt með þegar hann segir að póstþjónustu sé lokað í Skagafirði. (**ÖJ:** Útibúum.) Póstþjónusta er áfram í Skagafirði. Hins vegar verður sú breyting að hún er ekki rekin úr húsnæði sem Íslandspóstur hefur með að gera heldur er gengið til samstarfs við aðra. Samið hefur verið við Kaupfélag Skagfirðinga um að kaupfélagið sinni póstþjónustunni. Þarna er grundvallaratriðið í þessu máli sem hv. þingmenn Vinstri grænna virðast ekki vilja vita um eða skilja, sem er að aðrir aðilar geti sinnt þessari þjónustu. Það var það sem Íslandspóstur valdi að gera, þ.e. að ganga til samninga m.a. við Kaupfélag Skagfirðinga, sem er sæmilega öflugt fyrirtæki, til þess að sinna þjónustunni sem hlýtur að vera aðalatriðið. Mér finnst það vera heldur kuldaleg kveðja sem þessu fólki er send norður til Skagafjarðar frá þingmönnum Vinstri grænna með því að vefengja getu þess og vilja til þess að sinna póstþjónustunni fyrir Íslandspóst. Aðalatriði málsins er að engri póstþjónustu hefur verið lokað heldur breytt um form, breytt um fyrirkomulag á þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Varðandi að öðru leyti hin sjö atriði sem hv. þm. fór síðast yfir þá er eðlilegt að hann komist að þeirri niðurstöðu sem hann komst vegna þess að hann gefur sér að ríkið fái ekkert fyrir þessa miklu eign sem verið er að undirbúa að selja.

[20:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gef mér ekkert í þeim efnum. Ég geri ráð fyrir því að ríkið fái í sinn hlut einhverja tugi milljarða. En ég var að gera grein fyrir því í ræðu minni að á aðeins síðustu tíu árum hafa komið 20 milljarðar í ríkissjóð frá þessu fyrirtæki sem þó er enn aflögufært. Það er staðreynd. Það sem mun breytast er að þeir fjármunir sem annaðhvort renna til ríkisins eða til uppbyggingar í fyrirtækinu munu nú hér eftir renna til fjármagnseigenda.

Póstútibúum í Varmahlíð og á Hofsósi var lokað. Starfsemin eða þjónustan var að hluta til færð, í öðru tilviki í bensínafgreiðslu og í hinu tilviki í verslun, eftir því sem ég best veit. Í Skagafirði skrifaði sveitarstjórnin til Póst- og fjarskiptastofnunar og spurðist fyrir um hvort það stæðist lög að fara fram með þessum hætti. Um 200 manns, 200–300 manns, ég veit ekki nákvæmlega hve margir, undirrituðu plagg til hæstv. samgrh. og óskuðu eftir því að hann tæki þessi mál til endurskoðunar og kæmi í veg fyrir að póstútibúunum væri lokað og fólki sagt upp störfum eins og reyndin varð. Eftir því sem ég best veit hefur hæstv. samgrh. ekki virt þetta fólk svars. Ef þetta eru ekki kaldar kveðjur til fólks í Skagafirði þá veit ég ekki hvað eru kaldar kveðjur.

[20:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau erindi sem borin voru upp við mig sem samgrh. í sambandi við póstþjónustu, sem er fullkomið aukaatriði í þessu öllu saman, umræðunni um Símann sem fram fer, voru borin upp við mig í ráðuneytinu og ég gaf þau svör sem ég taldi eðlilegt að gefa þar. Í framhaldi af því var síðan gert ráð fyrir því og óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun færi yfir þetta mál og hv. þm. gerði grein fyrir því með hvaða hætti það er gert. Aðalatriðið í málinu hlýtur að vera það sem Póst- og fjarskiptastofnun skoðar: Er fullnægjandi þjónusta til staðar? Og það er það sem Fjarskiptastofnun mun gera og er ætlað að gera lögum samkvæmt, samkvæmt Símanum. Fjarskiptastofnun á að standa fyrir aðhaldi og aðgerðum til þess að tryggja samkeppni á þessum markaði og við treystum mjög á að svo verði, enda hef ég ekki heyrt að hafðar hafi verið uppi málefnalegar efasemdir af hálfu þingmanna Vinstri grænna um það, nema þessi tilraun til þess að tengja það póstþjónustu í landinu á gjörsamlega röngum forsendum.

En aðeins varðandi Símann. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir mikið úr miklum arði og það er rétt. Síminn hefur verið vel rekinn og þess vegna má búast við því að gott verð fáist fyrir þetta fyrirtæki. Við erum að gera þær breytingar að við erum að færa eign okkar, mikla eign okkar í Símanum sem hefur gefið arð, í önnur verkefni á vegum ríkisins sem við gerum ráð fyrir að gefi arð þannig að við erum að færa eign úr einu sviði á annað til þess að standa að uppbyggingu og eflingu þessa samfélags, m.a. með því að lækka skuldir og standa að samgöngumannvirkjum og öðru sem hefur verið rækilega skýrt út.

[20:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að færa fjármuni í önnur verkefni sem gefa arð. Hér er tíundað í áliti meiri hlutans að ríkið ætli í þessu tilviki að halda því einu eftir hjá sér sem engan arð gefur, en selja frá sér það sem gefur arðinn.

Pósthúsin og lokun þeirra í Skagafirði er aukaatriði í þessu máli, segir hæstv. samgrh. Mér finnst þetta ekki aukaatriði. *Mér finnst undirskrift 200–300 einstaklinga* og beiðni sveitarstjórnar sem er hunsuð ekki vera aukaatriði. En ástæðan fyrir því að það mál var vakið í umræðunni eru afskipti eftirlitsaðilans, Póst- og fjarskiptastofnunar, þeirrar stofnunar sem á að hafa eftirlit með hinum einkavædda síma. Hún svarar sveitarstjórninni, hún svarar stjórnmálaflokkum á þann veg að menn skuli í rólegheitum bíða skýrslu sem sé væntanleg eftir hálft ár eða svo. Ég held að septembermánuður hafi verið nefndur.

Varðandi þær fullyrðingar sem settar eru fram í greinargerð einkavæðingarnefndar, punktarnir sjö sem ég fór rækilega yfir, þá afgreiðir hæstv. samgrh. þá á þann veg að það þýði ekkert að ræða þá við mig, við höfum bara eina skoðun á þeim málum. Ég var nú að gera tilraun til að fjalla um hvern þessara þátta fyrir sig. Það væri æskilegt og fróðlegt að heyra samsvarandi vangaveltur hæstv. samgrh. um þessi efni.

Ég auglýsi eftir röksemdum þegar menn ætla að ráðast í jafnafdrifaríka gjörð og hér er á ferðinni.

[20:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hv. þm. Ögmundar Jónassonar á að pósthúsin, Íslandspóstur, er 100% í eigu ríkisins. Þar af leiðandi hlýt ég samkvæmt þeim rökum sem hafa verið færð hér fram um að grunnnetið verði að vera í eigu ríkisins, að álykta sem svo að grunnnet Íslandspósts, pósthúsin og allt sem því tengist, hlýtur að vera pottþétt. Fyrst þetta er í eigu ríkisins hlýtur það grunnnet sem Pósturinn myndar með pósthúsum og fleiru að vera pottþétt.

Síðan er hitt að í fyrri hluta ræðu hv. þm. vék hann að því að samkeppnin skilaði ekki hagkvæmu verði til neytenda. Hann var að reyna að vísa í önnur lönd þar sem ríkissímafyrirtæki hefðu verið einkavædd. Ég er með töflu frá Þýskalandi. Þetta er reyndar ekki alveg sambærilegt og hér þar sem markaðurinn er miklu stærri. Engu að síður er mjög forvitnilegt að sjá hve mikið hefur breyst í talsímakerfinu á þeim fjórum árum síðan frelsi var innleitt í Þýskalandi eða frá árinu 1997. Til að mynda sé ég að mínútan kostaði 24 kr. yfir daginn árið 1997. Þá var hægt að fá hana á 24 kr. En hún er komin núna niður í u.þ.b. 3 kr. Næturtaxtinn var 1997 rúmlega 10 kr. En í dag er hann tæplega 2 kr. Markaðurinn þarna eða verðlagning farsímafyrirtækja eða fjarskiptafyrirtækja í Þýskalandi hefur á þessu tímabili 1997–2001 í Þýskalandi lækkað allt niður í 92%, segja þeir. Það eru 180 fjarskiptafyrirtæki sem reka þar talsímaviðskipti.

[20:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég lagðist gegn því á sínum tíma að Símanum yrði breytt í hlutafélag var ég í reynd að vara við því að ný viðhorf sem menn vildu innleiða við stjórn þessarar stofnunar væru varasöm, þ.e. að breyta þjónustustofnun yfir í fyrirtæki sem starfaði á grundvelli arðsemissjónarmiða. Síminn er þegar farinn að gera þetta enda þótt hann sé í eigu ríkisins þannig að eignarhald ríkisins út af fyrir sig er engin algild trygging. Og það er einmitt við slíkum alhæfingum, hvort sem það gildir um ríki eða markað, sem ég er að vara. Ég er hins vegar að halda því fram að hin nýju viðhorf sem eru að ryðja sér til rúms, bæði innan ríkisstarfseminnar og að sjálfsögðu einnig á markaði, komi neytendum, notendum, í koll. Þessar stofnanir hafa um áratuga skeið verið mjög vel reknar. Það hefur verið staðhæft og enginn deilir um það. En hagur þeirra er ekki aðeins góður vegna þess heldur einnig hins að við höfum greitt fyrir þessa þjónustu. Það eru miklir peningar og miklir hagsmunir þar af leiðandi fólgnir í þessum stofnunum. Og þær hafa einokandi einokunarstöðu í þjóðfélaginu. Við erum að benda á þetta og ræða málin í því samhengi.

Varðandi verðskrárnar hef ég haldið því fram að ástæðan fyrir því að verðlag fyrir þessa þjónustu fer hratt lækkandi séu tækniframfarir fyrst og fremst. Þess vegna dró ég fram skýrslu sem er byggð á upplýsingum Eurodata um samanburð á verðlagi fyrir símaþjónustu á Íslandi og í öðrum löndum og þar kom í ljós að áður en Síminn var gerður að hlutafélagi var hann langódýrastur hér á landi.

[20:47]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Það er hægt að taka önnur dæmi en Þýskaland til að sýna svart á hvítu hvernig samkeppnin hefur gert hag neytenda á þessum markaði betri. Það er alveg ljóst.

Ég get líka tekið undir að Landssími Íslands er mjög *álitlegur fjárfestingarkostur. Þetta er gott fyrirtæki sem hef*ur staðið sig vel í rekstri fjarskiptaþjónustu. Ég vil einmitt benda hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er m.a. formaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, á að fjárfesta í þessu fyrirtæki. Mér skilst að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fái u.þ.b. milljarð á mánuði í sinn kopp og ég tel að þarna sé afar vænlegur fjárfestingarkostur fyrir formann Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að hugsa um og nýta sér.

[20:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég tek undir það með hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur að Síminn er góður fjárfestingarkostur fyrir íslenska þjóð. Hann hefur skilað Íslendingum miklum hagnaði og góðri þjónustu um áratuga skeið. Við vörum hins vegar við fljótræðislegum ákvörðunum um að selja þessa dýrmætu eign frá okkur, afhenda hana öðrum. Ég er að vara við því. Það er hlutverk okkar sem sitjum á Alþingi og hlutverk ríkisstjórnarinnar að standa vörð um hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Við vitum að að þessum hagmunum er sótt. Það er krafa fjárfesta, t.d. Verslunarráðsins, þeirra sem hafa fjármagn á hendi og vilja hagnast á því, að fá eignir þjóðarinnar afhentar.

Í sumar var gerð krafa um það, á frægum morgunarverðarfundi hjá Verslunarráðinu, að sjúkrahúsin yrðu einkavædd. Menn eru byrjaðir á elliheimilunum. Menn ætla að taka þessar eignir okkar og setja þær á markað vegna þess að þeir vita að í þeim eru mikil verðmæti. Þarna er á ferðinni þjónusta sem þarf að sinna og þessir aðilar vilja komast yfir hana.

Síminn skilaði á síðasta ári 6.500 millj. í hagnað. Að sjálfsögðu vilja menn komast yfir þessa eign, yfir þennan gullmola. Það er dapurlegt að búa við ríkisstjórn sem kann ekki betur að passa upp á hagsmuni þessarar þjóðar.

[20:50]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Hún hefur staðið í allan dag og um margt verið fróðleg en það hefði að mínu mati mátt ræða málið á styttri tíma en notaður hefur verið hingað til.

Ég átti þess kost að sitja fund í samgn. þegar þetta góða frv. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands var til

umfjöllunar. Ég tel að yfirferð samgn. hafi verið mjög góð. Hún var ítarleg og afar fróðleg og undir röggsamri stjórn formanns nefndarinnar. Ýmis álitaefni komu upp og voru þau öll skoðuð mjög gaumgæfilega, enda um stórt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að ræða.

Ég vil fyrst víkja að sjálfri sölunni. Ég velti fyrir mér þessu með kjölfestufjárfestana. Ég vék að því í fyrstu ræðu minni varðandi þetta mál. Ég hef þegar bent á að það sé mjög mikilvægt að fá sterkan kjölfestufjárfesti, helst erlendan. Undir það var tekið af þeim sérfræðingum í málefnum hlutabréfamarkaðarins sem voru gestir nefndarinnar. Það er mjög mikilvægt að fá í gegnum erlenda kjölfestufjárfesta, frekari faglega þekkingu, reynslu og ekki síst fjármagn inn í landið í tengslum við þessa sölu. Það væri gott.

Í frv. er talað um að 25% eigi að seljast til slíkra fjárfesta. Hugsanlega yrðu 5–10% til viðbótar tekin frá til að laða að kjölfestufjárfesta. Það hefur sýnt sig erlendis að oft duga 35% til þess að einmitt slíkir kjölfestufjárfestar hafi nokkuð sterka stöðu innan slíkra fyrirtækja sem er mjög mikilvægt. Ég tel að þetta ákvæði ætti að duga til að laða að þessa erlendu fjárfesta, þetta vilyrði um frekari eignarhlut. Engu að síður er afar brýnt að hæstv. ríkisstjórn gefi vísbendingar um hvernig og hvenær eigi að selja hin 51% sem eftir standa.

Þeir sérfræðingar á verðbréfamarkaði sem samgn. fékk á sinn fund, auk ýmissa keppinauta Símans, voru sammála um að sala ríkisins á eignarhlut sínum í Símanum geti virkað sem vítamín fyrir verðbréfamarkaðinn sem er nokkuð einhæfur hér á landi. Eftirmarkaðurinn í sumar gæti orðið öflugri og yrði auðvitað allt mjög til hagsbóta fyrir efnahagslífið í heild. Sala Símans er sem sagt þjóðhagslega mjög hagkvæm.

Það var nokkur umræða um hvort betra hefði verið að selja í fyrra. Aftur á móti er afar erfitt að fá á hreint og í raun er enginn sem getur endanlega gefið svar um hvenær hárrétt er að selja. Engu að síður er sú umræða óeðlileg í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið á verðbréfamarkaðnum. Hann er greinilega að rétta úr kútnum bæði hér og erlendis, hvort sem er í Ameríku eða Evrópu.

Á fundi nefndarinnar kom fram að það hefði ekki verið heppilegt fyrir almenning eða hlutabréfamarkaðinn að selja Símann þegar markaðurinn var í algjöru hámarki og spákaupmennska, eins og einn sérfræðingur orðaði það, með versta móti. Þótt markaðurinn sé óvenjulegur er ekkert sem gefur til kynna að hann sýni núna lágmarksverð. Sérfræðingar á verðbréfamarkaði töldu þetta þægilegan tíma til að selja, markaðurinn væri að rétta úr kútnum og byrjaður að leiðrétta sig. Þetta var því talinn heppilegur tími til að fá almenning til að fjárfesta í hlutabréfum í Símanum.

Ég vil stuttlega koma inn á þriðju kynslóð símanna. Ég ítreka að ég tel að heppilegra hefði verið að úthlutun á leyfum á þeirri nýjung og þeirri framför hefði verið lokið áður en til sölu á Símanum kemur. Ég tel það mjög mikilvægt upp á verðlagningu á fyrirtækinu og að það geti skipt miklu máli. Í raun höfum við ekki fengið útskýringu á því frá hæstv. samgrh. af hverju svo er ekki gert.

Í umfjöllun nefndarinnar snerist umræðan um að miklu leyti um grunnnetið, líkt og umræðan hér í allan dag, og sölu þess með öðrum þáttum Símans. Helstu samkeppnisaðilar Símans, Tal og Íslandssími, voru sammála því að grunnnetið ætti að seljast með, þar sem tryggð væri samkeppni og jafn aðgangur að grunnnetinu á raunverði. Ég kem síðar að því hvernig efla má eftirlit stjórnvalda á þessu sviði.

Ég tel réttmætt, herra forseti, að þessi gagnrýni hafi komið fram. Miðað við núverandi gjaldskrá hins ríkisrekna fyrirtækis er nokkur munur á leigulínum og því ekki óeðlilegt að umræðan um grunnnetið skyldi koma upp. Hins vegar er ekkert sem segir að ekki sé hægt að tryggja þessa hagsmuni landsbyggðarinnar með því að selja grunnnetið með Símanum. Í máli gesta nefndarinnar kom ekkert fram sem útilokaði þetta. Þeir einu sem gagnrýndu sölu grunnnetsins voru af landsbyggðinni. Það er skiljanlegt miðað við núverandi ástand, þ.e. mismunandi kostnað á leigulínunum. Þrátt fyrir að þeir gagnrýndu að grunnnetið væri selt þá kom ekkert fram sem sýndi fram á að hægt yrði að tryggja að núverandi ástand væri ekki viðvarandi með því að aðskilja grunnnetið og hafa það áfram í ríkiseigu.

Enn fremur komu engar vísbendingar fram um að ríkisrekið fyrirtæki tryggði, sem er mjög mikilvægt atriði, að tæknileg þróun og uppbygging haldist í hendur við þörfina hjá þjónustuaðilum, sem eru í beinum tengslum við neytendurna í landinu. Uppbygging grunnnetsins verður að vera í samræmi og haldast í hendur við þjónustuna. Það er mjög mikilvægt atriði, m.a. til þess að hin tæknilega þróun verði áfram þannig að hugbúnaðarfyrirtækin þróist eins og þau hafa gert mjög vel hingað til. Við höfum enn þá forskot á önnur lönd, eins og einn gesturinn sagði, Ingvar Kristinsson að mig minnir.

Uppbygging grunnnetsins og hvatinn til framfara og nýjunga verður að vera í samræmi við þarfir þeirra sem kaupa af grunnnetinu. Ef sú tenging er ekki í lagi er ég hrædd um að við sitjum eftir í samkeppni við erlend hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki.

Sé litið til annarra landa og reynslu þeirra við einkavæðingu ríkissímafyrirtækja er engin vísbending um að notendur í þéttbýli eða dreifbýli hafi farið illa út úr því að grunnnetið hafi verið selt með símafyrirtækjum. Það er ekkert dæmi til um að það hafi verið óheppilegt fyrir neytendur að selja grunnnetið með. Sennilegra er að ríkissímafyrirtæki sem sett hafa verið á markað líti á það sem markaðstækifæri að vera tengd við alla landsmenn. Þetta hefur líka sýnt sig við sölu ríkissímafyrirtækja þar sem alþekktar eru klausur um þjónustu við landsbyggðina eða jaðarbyggðir.

Mikilvægast er að til verði öflugt og stöndugt fjarskiptafyrirtæki. Það stuðlar enn frekar að því að við höldum forskoti okkar á önnur lönd með heilbrigðri samkeppni. Slíkt fyrirtæki skilar hagnaði sem síðar leiðir til fjárfestinga, ekki síst í fjarskiptakerfum.

Ég ætla ekki að draga fjöður yfir það, varðandi grunnnetið, að hægt væri að gera ýmislegt í þeim efnum. Reyndar fylgja því tæknilegir erfiðleikar, m.a. kemur það fram í einkavæðingarskýrslunni hjá sérfræðingi sem var fenginn til að athuga þetta, að aðskilja grunnnetið frá öðrum rekstri. Hins vegar kom líka skýrt fram á fundi nefndarinnar að það er alveg hægt, ef vilji er til staðar, að aðskilja grunnnetið. Það kostar aftur á móti mikið, við vitum það. Það kostar gríðarlega fjármuni að aðskilja grunnnetið. Gott og vel. Sá kostnaður lendir auðvitað aðeins á neytendum.

Eins og ég hef áður bent á skulum við líka átta okkur á því að við erum ekki að tala um eitthvert lítið fyrirtæki þegar rætt er um aðskilnað grunnnetsins frá öðrum þáttum Símans heldur erum við að tala um stórt fyrirtæki. Það kom líka fram á fundum samgöngunefndar. Það eru u.þ.b. 1.380 starfsmenn hjá Símanum og áætlað er að u.þ.b. 400–450 starfsmenn starfi að því sem tengist starfsemi grunnnetsins.

Við erum því ekki að tala um lítið sætt, nett fyrirtæki þriggja, fjögurra starfsmanna í einni símstöð heldur erum við að tala um stórt ríkisfyrirtæki sem yrði eftir við sölu á Símanum ef hugmyndir um aðskilnað grunnnetsins frá öðrum þáttum hans yrðu að veruleika.

Ég tel afar óheppilegt og í raun vonlaust að ríkisfyrirtæki sem slík komi til með að skammta þjónustu að grunnnetinu enda lögðust stærstu samkeppnisaðilar Símans mjög gegn því að það væri aðskilið. Ríkið á að mínu mati ekki að vera í skömmtunarhlutverki á þessum fjarskiptamarkaði sem nú þegar er í bullandi samkeppni. Samkeppnin er hafin, við verðum öll þess vör og áskynja, ríkið á að gegna stjórnsýsluhlutverki en á ekki að vera rekstraraðili að mínu mati.

En varðandi þessa 1.380 starfsmenn, þar af 400–450 sem kæmu að grunnnetinu, þá vil ég benda á að fulltrúar starfsmannafélags Símans mættu á fund nefndarinnar og voru þeir mjög jákvæðir gagnvart sölunni. Aðspurðir sögðust þeir ekki hafa rætt aðskilnað grunnnetsins, það hefði ekki komið til umræðu. Það segir mér auðvitað heilmikið. Það segir mér að ekki er mikill þrýstingur af hálfu starfsmanna Símans að skilja grunnnetið frá. Það hlýtur að vera að það hefði komið upp á fundum hjá starfsmannafélagi Símans, þar sem þetta margir, 400–450 manns starfa hjá grunnnetinu, að einhver af þeim hefði viljað skilja þann hluta frá öðrum þáttum Símans. Svo var ekki.

En hvað er þá til ráða svo tryggt verði að landsbyggðin njóti þeirrar tækniþróunar sem á sér stað og að kostnaður verði sem jafnastur? Við erum öll sammála um að á einhvern hátt þarf að tryggja það. Áherslurnar eru mismunandi en við erum öll sammála um að við þurfum að tryggja að landsbyggðin sem þéttbýlið eigi að hafa aðgang að þeirri tækniþróun sem á sér stað, á skikkanlegu verði á þeirri þjónustu sem er í boði.

Við höfum tilskipanir, til að mynda frá ESB sem tryggja jafnan aðgang að heimtaugunum. Við höfum fjarskiptalög sem eiga að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti og efla samkeppni. Reikisamningarnir í fjarskiptalögunum eru mjög mikilvægir og skipta gríðarlega miklu máli og hafa nú þegar sýnt og sannað gildi sitt. Við höfum Samkeppnisstofnun sem ætlað er að tryggja jafnan aðgang, góða þjónustu og skikkanlegt verð. Auk þess, eins og við þekkjum öll, er Póst- og fjarskiptastofnun.

Að mínu mati þarf að skerpa skilyrðislausan aðgang að fjarskiptanetinu og efla Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun þannig að þær geti raunverulega sinnt eðlilegu stjórnsýsluhlutverki sínu og stuðlað þannig að heilbrigðri samkeppni.

Það kom fram að Póst- og fjarskiptastofnun hefur t.d. aldrei beitt dagsektarákvæðum og kannski ekki ástæða til þess, hvað veit ég. En dagsektarúrræðin eru að mínu mati líklega skilvirkustu úrræðin sem sú stofnun hefur yfir að ráða. Það þarf mjög veigamiklar ástæður og brýna hagsmuni til að beita jafnörlagaríku úrræði og svipta stór fyrirtæki starfsleyfi. En ég held aftur á móti að dagsektarúrræði séu ákvæði sem eiga að vera sveigjanleg og vera stofnuninni til taks. Hún á að geta gripið til þeirra úrræða þegar svo ber undir.

Vissulega kom líka fram hjá nefndinni að margir samkeppnisaðilar Símans hefðu viljað sjá stofnunina taka hressilegar á málum en hún hefur gert fram til þessa. Því er að mínu mati afar brýnt í ljósi þess að við viljum efla og bæta samkeppnina að þessar stofnanir verði styrktar.

En það er ekki bara það að við getum stólað eingöngu á eftirlitsstofnunina. Aðhald markaðarins, aðhald neytenda, aðhald þeirra sem koma að því að kaupa þjónustuna verður líka að koma til. Þessar stofnanir verða sem sagt að hafa ótvírætt úrskurðarvald og sterk úrræði vegna reglubrota.

Meiri hlutinn leggur einnig til að áfram verði unnið markvisst að því að jafna kostnað og aðgang landsmanna að gagnaflutningsleiðunum með því að hæstv. samgrh. vinni tillögu þar að lútandi í samvinnu við samgn.

Ef við lítum aðeins til framtíðar, herra forseti, þetta eru svona vangaveltur af minni hálfu, þá er ég hins vegar sannfærð um að það komi fram að kostnaður við bandbreiddina verður sífellt minni en hann er í dag enda er allt sem bendir til þess. Ég veit að gert er ráð fyrir því að Ericsson sé að koma með á markað ákveðinn tæknibúnað sem gerir að verkum að aðgangur verður auðveldari fyrir neytendur, einmitt meiri bandbreidd. Hægt er að stækka ljósleiðarahringinn 30 sinnum á tiltölulega ódýran hátt. Það leiðir því af sjálfu sér að ekki verður hægt að réttlæta það að vegalengdin skipti máli. Hugsanlegt er að það sem verður verðlagt innan tíðar sé fjöldi þjónustustaða, það er mun líklegra, það sem haldið er úti í búnaði til að hafa þjónustuna á tilteknum stöðum. Mér finnst líklegra að það fari í þann farveg. En þetta eru einungis vangaveltur af minni hálfu.

Ég vil einnig benda á að í Bandaríkjunum hefur það verið mjög farsæl leið að heimila áskrift að gagnaflutningsnetum í staðinn fyrir að binda sig við vegalengd eða tíma heldur eingöngu áskrift og það hefur stuðlað að örri þróun og eflingu upplýsingatækniiðnaðarins.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég tel að hér sé um afar merkilegt mál að ræða sem er í eðlilegu samhengi við það sem gert hefur verið í íslensku efnahags- og atvinnulífi undanfarin ár og því til mikilla hagsbóta. Það er þjóðfélagslega hagkvæmt og því mikilvægt að klára það sem fyrst.

[21:08]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var sömu skoðunar og ég með að það yrði að liggja ljósar fyrir hvenær ríkið ætlaði sér að selja hin 51%. Ég heyri að hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir var ekki sátt við þá einu og afmörkuðu yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. hafði gefið um að þau yrðu ekki seld á næstu mánuðum eða missirum. Það kom skýrt fram í nefndinni að það var heldur ekki talið fullnægjandi svar.

Mun hv. þm. ganga eftir því við samstarfsflokk sinn að koma þessum málum á hreint? Á að selja þessi 51% núna á næstu dögum eða næstu árum eða verður ekkert gert í því um ótiltekinn tíma, um ákveðinn tíma, við skulum segja fimm ár? Ég er alveg sammála hv. þm. um að þetta er allt of óljóst.

[21:09]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að málið í heild sé alveg á tæru. Það er verið að heimila að selja allan eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands.

En eins og ég kom inn á áðan tel ég mun heppilegra að gefin verði út skýr fyrirmæli um hvernig eigi að selja hin 51%. Ég held að búið sé að koma þeim skilaboðum á framfæri. Ég hef þessa skoðun. Aðrir hafa kannski aðra skoðun. Það er hægt að benda á að verðbréfamiðlaðar, sérfræðingar geta kannski bent mér á haldbetri rök. En ég mun ítreka

þessa skoðun mína á fleiri stöðum en einungis hér.

[21:10]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á að hér er enginn að spyrja um skoðun heldur um ákvörðun.

Varðandi þá fullyrðingu hv. þm. að svokallaðir samkeppnisaðilar Landssímans um þjónustu, sem eru fyrst og fremst samkeppnisaðilar um afmörkuð verkefni á afmörkuðum svæðum, hefðu sagt það og höfðu mælt með því að Landssíminn og grunnnetið yrðu seld í einu lagi, þá er það mesti misskilningur. Þeir sögðu að við núverandi aðstæður væri ekki komin samkeppnisstaða um allt land. Þá mundi slíkt styrkja einokunaraðstöðu Landssímans sem einkavædds fyrirtækis. Það er ekki alveg rétt með farið hjá hv. þm.

[21:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er allsendis ósammála hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Mér fannst það koma afskaplega skýrt fram að þeir settu sig ekki upp á móti því að Síminn yrði seldur í heilu lagi með grunnnetinu. Það kom afskaplega skýrt fram. (Gripið fram í.) Til að mynda lögðu einmitt forsvarsmenn Tals mjög mikla áherslu á að það ætti að fara með og bentu á að erlend stórfyrirtæki, hvort sem þau eru á sviði fjarskipta eða bankastarfsemi, teldu það vera markaðstækifæri að hafa aðgang að öllum landsmönnum.

[21:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur þegar hún fór yfir heimsókn þeirra sem komu frá verðbréfafyrirtækjunum að þetta væri mjög mikilvægt fyrir markaðinn og þetta mundi efla annars frekar daufan hlutabréfamarkað á Íslandi.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. — mér fannst hún tala eins og það væri eiginlega aðalatriðið — hvort það sé aðalatriðið með sölunni að efla verðbréfamarkaðinn á Íslandi og skapa góðan eftirmarkað eftir að vera búinn að selja þessi fyrstu prósent.

Enn fremur: Telur hv. þm. að það sé heilbrigð samkeppni á Íslandi í dag þegar Landssíminn, fyrirtæki sem var byggt upp í skjóli ríkiseinokunar, hefur 85% markaðshlutdeild eins og staðan er í dag? Er það heilbrigð samkeppni á markaðnum? Er von á heilbrigðri samkeppni eða er von á að þessi stóri bróðir beiti aðra ofríki?

[21:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að meginástæða sölunnar að mínu mati er að salan er mjög þjóðhagslega hagkvæm og kemur til með að styrkja og efla efnahagslífið í landinu og til hagsbóta fyrir almenning allan.

Varðandi hitt atriðið ... (**KLM:** 85% markaðshlutdeild.) Já, við sjáum það og ég benti á það að við sjáum hér heilbrigða samkeppni. Vissulega er samkeppni á Íslandi og eins er upplýsingatækniiðnaðurinn að slíta barnsskónum. En við sjáum merki um heilbrigða og öfluga samkeppni. Hún verður enn þá öflugri með því að við samþykkjum það frv. sem hér liggur fyrir og með því að efla Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppnisstofnun til að veita neytendum þær upplýsingar að þeir veiti þessum fyrirtækjum aðhald.

[21:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannarlega er gott að við skulum hafa Landssímann upp á að hlaupa núna til þess að hressa við efnahag landsins. Ekki veitir af eftir þær miklu efnahagskollsteypur sem við höfum verið að taka upp á síðkastið eða nánast heljarstökk, 20–25% gengisfall frá áramótum. Jú, það eykur áhuga erlendra aðila að koma til fjárfestinga á Íslandi og það þarf sannarlega innflæði gjaldeyris til Íslands. Við skulum vona að þetta gengisfellingardæmi komi ekki upp aftur að ári vegna þess að þá höfum við ekki Landssímann upp á að hlaupa til að selja.

Ég vil svo aðeins geta þess af því vitnað var í ágætan Hafnfirðing sem kom fyrir fund nefndarinnar, Ingvar Kristinsson, formann hugbúnaðarfyrirtækja, en hann er jafnframt með starfsemi á Akureyri, hann á í fyrirtæki þar, að þar komu fram þessi tvö sjónarmið. Hann taldi að ekki þyrfti að halda grunnnetinu aðskildu vegna samkeppni á höfuðborgarsvæðinu en þegar hann var spurður út í fyrirtækið á Akureyri taldi hann leikinn mjög ójafnan eins og hann orðaði það. Þar sitja menn ekki saman við sama borð og hann taldi nauðsynlegt að breyta miklu meira áður en að sölu kemur.

[21:16]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Grunntónninn í umræðunni hjá hv. þm. stjórnarflokkanna er samkeppni, heilbrigð samkeppni. Þannig hefur þetta verið orðað. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hún telji, miðað við þær markaðaðstæður sem við búum við, þ.e. markaðurinn er lítill, markaðurinn er dreifður og vissulega er hægt að tala um samkeppnisaðstæður á höfuðborgarsvæðinu þar sem þéttbýli er til staðar, hvort hún hafi trú á að samkeppni muni verða um að veita þjónustu í dreifbýli landsins þar sem um er að ræða mjög dýrar framkvæmdir, dýra þjónustu sem erfitt hefur verið að fá hingað til. Hefur hv. þm. trú á því að þegar ríkið hættir að fara með þetta fyrirtæki muni menn keppast sérstaklega við að að veita þjónustu í dreifbýli landsins?

[21:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég hef trú á því. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að erlendis hefur sýnt sig að þau fyrirtæki sem hafa fjárfest í ríkissímafyrirtækjum, þar sem alþekktar eru klausur um jaðarbyggðir og landsbyggð, keppast við að bjóða í slík fyrirtæki því þau telja þetta vera markaðstækifæri.

Ég vil einnig benda á það sem ég benti á áðan, að ef við teljum það tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar að ríkið reki grunnnetið, og til verði stórt ríkisfyrirtæki, 400–450 manna ríkisfyrirtæki sem tryggi að grunnnetið verði í lagi, þá hlýtur hið sama að gilda t.d. um Íslandspóst sem er í 100% eigu ríkisins. Þá getum við álykta sem svo að þar hljóti að vera um að ræða pottþétt grunnnet í póstþjónustu.

[21:18]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það er hvorki um að ræða pottþétt net hjá Íslandspósti né öðrum ríkisfyrirtækjum í dag einfaldlega vegna þess að þeim sem fara hér með völd er ekkert sérstaklega annt um að sýna þá kosti sem slík þjónusta hefur upp á að bjóða.

Við þurfum að tryggja hér lágmarksöryggi. Það kom fram hjá einum hv. stjórnarliða í dag að ISDN-tengingar ættu að vera komnar eftir tvö ár inn á 98% heimila á Íslandi. Nú er það þannig í dag að þau svör fást hjá Landssímanum að

þegar um 6 km frá móðurstöð er að ræða sé útilokað að fá þessa tengingu og verði þetta fyrirtæki einkavætt og selt verði það ósköp einfaldlega þannig að menn skuli gleyma því að gera sér vonir um að fá nokkurn tímann slíka þjónustu. Í kjördæmi hv. þm. uppi í Mosfellsdal eru heimili sem þurfa á þessari þjónustu að halda, en hafa ekki fengið hana og að sögn munu ekki fá hana.

[21:19]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á þá stendur skýrt og klárt í lögum að þessa þjónustu eigi að veita, ISDN-þjónustu eigi að veita. Þetta er alþjónustukvöð og þetta ber að veita í landinu. Svo einfalt er það. Það verður þá að fylgja því eftir ef svo er ekki. (Gripið fram í.)

Aftur á móti vil ég koma inn á og ítreka að ég tel að það skipti mjög mikli máli að uppbygging grunnnetsins verði ekki skilin frá þörfum og kröfum neytenda.

[21:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir hélt því fram að þessi sala væri í samræmi við óskir starfsmanna. Ég vék að því í máli mínu áðan að eflaust væru skiptar skoðanir þeirra á meðal, en venjan er þegar leitað er eftir áliti starfsmanna að snúa sér til hagsmunasamtaka þeirra. Þau samtök hjá Símanum heita Félag íslenskra símamanna. Þau samtök voru aldrei kölluð til fundar við hv. samgn. Ég var að fá þetta upplýst í símtali við formann Félags íslenskra símamanna fyrir stundu. Starfsmannafélags Landssímans var sett á laggirnar á sínum tíma af stjórn fyrirtækisins, allir starfsmenn voru skrifaðir í félagið og þannig gátu menn komist úr því félagi með því að segja sig lausa frá því. Það félag annast skemmtanir, ferðalög og annað slíkt gagnlegt. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. En þetta eru ekki hin eiginlegu hagsmunasamtök starfsmanna. Er hv. þm. kunnugt um þetta?

[21:21]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Starfsmannafélag Símans var boðað á fund samgn. og engar athugasemdir voru gerðar við þá gesti sem voru boðaðir. Starfsmannafélag Símans var boðað og þarna mættu fulltrúar starfsmannafélagsins. Það kom alveg skýrt fram í máli þeirra að ekki hafi neitt verið rætt um að skilja grunnnetið frá, það hefði ekki komið til umræðu, það hafði ekki komið til tals að skilja grunnnetið frá öðrum þáttum við sölu Símans. Og hvað segir það manni? (**Gripið fram í:** Það var heldur ekki rætt við ...) Hvað segir það manni? Er ekki líklegt að 400–450 manns sem koma að starfsemi grunnnetsins hefðu þá á einhvern hátt vakið máls á þessu eða veitt því athygli að skilja ætti grunnnetið frá öðrum þáttum Símans?

[21:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur einnig komið fram að þetta viðfangsefni, þessar spurningar hafa ekki verið reifaðar í stjórn þessa starfsmannafélags. Það liggur engin samþykkt þar að baki. Málin hafa ekki verið rædd á þeim vettvangi. Ég var að segja að þetta félag skipuleggur skemmtanir, árshátíðir og hópferðir og ég efast um að grunnnetið sé mjög til umræðu á árshátíðum starfsmanna Landssímans.

Ég er að benda hv. þm. á að Félag íslenskra símamanna sinnir hagsmunamálum starfsmanna og ef raunverulegur vilji er fyrir því af hálfu Alþingis að leita eftir viðhorfum starfsmanna þá snúa menn sér til þess félags. Þetta er náttúrlega sýndarleikur, mikill sýndarleikur. Ég vil taka fram að ég er ekki að gera lítið úr starfsmannafélaginu. (**ÞKG:** Nú!) Það sinnir einvörðungu öðrum verkefnum. Það er venjan þegar menn tala í nafni starfsmanna að þá byggja þeir á lýðræðislegri samþykkt. Það var ekki í þessu tilviki.

[21:24]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ýmis þörf mál eru þá rædd á árshátíðum Símans því það kom alveg skýrt fram í máli þessara fulltrúa að eitt af þeirra áhersluatriðum væri að þeim væri tryggður kaupréttur að hlutabréfum, að þeir gætu komið að því að kaupa hlutabréf í Símanum. Það er meðal annarra atriða sem komu skýrt fram. Mjög mikilvæg atriði komu fram hjá þessum fulltrúum og ekki bara um það hvenær og hvernig árshátíðir eru haldnar.

[21:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við höfum rætt í allan dag um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands. Ég ætla að leggja nokkur orð í belg þar sem ég átti sæti í hv. samgn. allt síðasta kjörtímabil. Þá var Síminn einmitt allmikið til umræðu vegna þess að þá var Pósti og síma breytt í hlutafélag. Varð allmikil umræða um það mál bæði í þingsal og í nefndinni. Þáverandi samgn. kynnti sér mjög ítarlega símamál hér og einnig á Norðurlöndum og í Evrópu í tengslum við þá breytingu alla. Ég verð að segja, herra forseti, að eitt fannst mér dálítið merkilegt þegar ég fór í umræðuna hér um hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Þá var þáv. hæstv. samgrh. spurður að því í óundirbúinni fyrirspurn hvort til stæði að selja Símann. Sú sem hér stendur spurði hann að því. Og þá svaraði hv. þm. Halldór Blöndal, reyndar núverandi forseti Alþingis, því til úr þessum stóli að ekki stæði til að selja hlutafé í Símanum þegar það fyrirtæki væri orðið að hlutafélagi. Það eru ýmsir sem skipta um skoðun í þessu máli.

Eins og menn vita hefur umræðan um að selja hlutafé í Pósti og síma dregist langt fram á vorið á þessu þingi vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa ekki getað komið sér saman um málið. En eftir langa mæðu hafa þeir sem sagt ákveðið að nú skuli selja. Framsfl. hefur greinilega gefið eftir. Hann var á sömu skoðun og við í Samfylkingunni um að ekki skyldi selja fyrirtækið eða hluta í fyrirtækinu öðruvísi en að grunnnetið skyldi skilið frá.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst merkilegt að enginn framsóknarmaður skuli vera við umræðuna. Hér hefur farið fram umræða í nokkra klukkutíma án þess að nokkur framsóknarmaður sé viðstaddur. (**Gripið fram í:** Umræðan hefur gengið ágætlega.) Umræðan hefur reyndar gengið ágætlega. En ég velti fyrir mér hvort Framsfl. treysti sér ekki til að vera við umræðuna. Ég er búin að fylgjast með umræðunni síðan í morgun og ég hef ekki heyrt viðhlítandi svör við því hvers vegna hann féll frá fyrri skoðun sinni, þ.e. að skilja bæri grunnnetið frá.

Ég minnist ræðuhalda hv. þingmanna Framsfl. um þetta mál þar sem þeir vöruðu mjög við því að selja Símann í einu lagi, hér gæti komið upp ófremdarástand og það mundi Framsfl. aldrei sætta sig við, herra forseti, aldrei sætta sig við að Síminn yrði seldur í einu lagi, það yrði að skilja grunnnetið frá. Þess vegna væri fróðlegt að vita, herra forseti, hvort nokkrir framsóknarmenn séu í húsinu sem gætu þá kannski

skýrt betur fyrir okkur hvernig standi á þessari vendingu flokksins í símamálinu. Eru hér einhverjir fulltrúar Framsfl. sem gætu tekið þátt í umræðunni og skýrt okkur frá því?

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun láta ganga úr skugga um það.)

Herra forseti. Helst vildi ég nú fá hingað hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur verið hér og á sæti í nefndinni. (**Gripið fram í:** Hann var hér í dag.) Umræðan stendur enn og full ástæða er til þess að nefndarmenn séu hér viðstaddir.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun láta athuga hvort hv. þm. Hjálmar Árnason getur mætt til fundar.)

(**Gripið fram í:** Gera bara fundarhlé.) (**Samgrh.:** Hann gerði mjög vel grein fyrir sínu máli í dag þegar hann flutti klukkutíma langa ræðu.)

Ég heyri að hæstv. ráðherra er farinn að bera í bætifláka fyrir Framsfl. og fjarveru hans í umræðunni. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra ætli líka að svara fyrir næstu spurningar og frekari spurningar til flokksmanna Framsfl. sem ég mun bera fram hér úr ræðustóli. (**ÞKG:** Hlustaðir þú ekki á ræðuna í dag?) Ég hlustaði á allar ræður í dag og ég tel að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi ekki svarað þessu fyllilega. Það var frekar lítið um svör frá þeim hv. þm.

Eins og fram hefur komið er Samfylkingin á þeirri skoðun að skilja beri grunnnetið frá áður en til sölu kemur. Við höfum verið á þeirri skoðun að selja beri samkeppnishlutann. Ríkið á ekki að vera í samkeppnisrekstri en aftur á móti, meðan ekki er samkeppni í rekstri grunnnets, þá beri að skilja það frá og ríkið sjái um þann rekstur. Aftur á móti gæti komið upp sú staða að hægt væri að selja þann hluta einnig.

Ég minnist þess frá umræðunni um hlutafélagavæðingu Símans á síðasta kjörtímabili, að þá voru ýmsar kenningar uppi um að fljótlega tækju við gervihnettir sem mundu sinna símaþjónustunni. Prófessorar úr háskólanum sem lýstu þeirri þróun, að þá yrði ekki þörf fyrir grunnnet. Aftur á móti er nú ljóst að það verður ekki í náinni framtíð. Það er því full ástæða til þess að ríkið sinni grunnnetinu, þjóðvegakerfinu eins og við höfum kallað það.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir talaði um það í ræðu sinni á undan mér að það yrði töluverður kostnaður við að aðskilja grunnnetið frá annarri þjónustu. Hún taldi að sá kostnaður mundi bitna á neytendum. Ég velti því þá fyrir mér, í framhaldi af þeim orðum hv. þm., hvernig kostnaðurinn af fákeppninni muni bitna á neytendum, þ.e. ef við aðskiljum netið ekki. Hvernig mun sá kostnaður koma niður? Það er alveg ljóst að ríki ekki samkeppni þá má búast við því að það komi niður á neytendum. Menn hafa farið hér rækilega yfir það.

Í kvöld hefur verið rætt nokkuð um starfsmannafélag Símans. Menn hafa velt fyrir sér hvað menn geri á fundum starfsmannafélagsins. Eftir því sem ég hef fregnað í samgn. og vinnu hennar í aðdraganda 2. umr. þá skilst mér að fram hafi komið hjá starfsmönnum að þar hafi ekki verið rætt um aðskilnað grunnnetsins og heldur ekki hvort grunnnetið ætti að vera áfram með í Símanum. Starfsmenn hafa þannig ekki endilega verið að ræða þau mál. Aftur á móti er ekki óeðlilegt að starfsmannafélag ræði kjaramál. Hér kom fram að þeir hefðu rætt og mótað afstöðu til þess hvort starfsmenn ættu að fá að kaupa hlut í Símanum. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að þeir taki afstöðu til þess. Aftur á móti tel ég að almenningi og starfsmönnum sé ætlaður of lítill hlutur í Símanum við söluna.

Ég fagna framsóknarmanni í salinn. Hér er mættur hv. þm. Magnús Stefánsson, stjórnarmaður í Símanum, sem ætti að geta svarað fyrir sína menn og þá vendingu sem orðið hefur í afstöðu Framsfl. í þessu máli.

Ég tel óeðlilegt að almenningur og starfsmenn fái ekki að kaupa meira en 14% í Símanum. Smærri og meðalstórum fyrirtækjum er síðan ætlað að fá að kaupa 10%, þ.e. 2–3% hverju fyrir sig. Ég velti því fyrir mér hvernig stendur á því að almenningur á ekki að fá að kaupa stærri hlut.

Það er ljóst, miðað við þá umræðu sem verið hefur um verðgildi Símans í dag, að hann er metinn á mun lægra verði en t.d. fyrir ári. Fyrir ári var talað um 40–60 milljarða fyrirtæki. Maður heyrði jafnvel töluna 80 milljarða. Ég tel þó að það hafi verið helst til hátt metið. Nú tala menn um 20 milljarða. Ég spyr, herra forseti: Hvernig stendur á að almenningur á ekki að fá að kaupa núna þegar verð fyrirtækisins er í lágmarki? Hvers vegna eru aðeins 14% ætluð til starfsmanna og almennings meðan fyrirtækjum, smærri og meðalstórum fjárfestum, eru ætluð 10% þar á móti, þar sem hvert fyrirtæki á að fá 2–3%? Mér finnst vanta svör við þessu.

Ég kom aðeins inn á afstöðu okkar í Samfylkingunni. Hún hefur komið skýrt fram en fyrst að hér er viðstaddur fulltrúi úr stjórn Símans, hv. þm. Magnús Stefánsson, þingmaður Framsfl., furða ég mig á því að menn séu tilbúnir að víkja frá þeirri skoðun sinni að skilja grunnnetið frá gegn því að fjórir starfsmenn fáist til að sinna eftirlitshlutverki, annars vegar tveir hjá Samkeppnisstofnun og hins vegar tveir hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Ég velti fyrir mér hvort þeir telji það nægja til að tryggja eðlilega samkeppni. Ég minni á hversu stórt fyrirtæki Síminn er á markaði. Það þarf ekki að segja þeim sem fylgst hafa með umræðunni hver staðan er. Fyrirtækið hefur haft markaðsráðandi stöðu, notið einkaréttar og ríkisstyrkja, í ein 90 ár og hefur í ljósi þess yfirburðastöðu. Með því að selja fyrirtækið núna er verið að marka stefnu til framtíðar í fjarskiptamálum á Íslandi.

Í nál. 1. minni hluta samgn. er einmitt sýnt fram á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Það hefur 85% hlutdeild í tekjum á fjarskiptamarkaði og hefur mjög sterka fjárhagslega stöðu. Eigið fé fyrirtækisins er talið um 13 milljarðar og veltan á þessu ári er talin um 17 milljarðar. Landssíminn hefur yfirburðastöðu á GSM-markaði. Landssíminn rekur eina NMT-farsímakerfið hér á landi. Sömuleiðis er hann með einokunaraðstöðu í rekstri talsímaþjónustu. Auk þess má geta þess að Landssíminn hefur yfirburðastöðu í símtölum við útlönd. Landssíminn og dótturfyrirtæki hans hefur einnig markaðsráðandi stöðu á netmarkaðnum en eins og menn vita er sá markaður nátengdur fjarskiptamarkaðnum.

Menn hafa velt því aðeins fyrir sér hvort hagkvæmara hefði verið að selja Símann fyrir ári, þegar umræðan um að selja fyrirtækið hófst hér. Ég er sannfærð um að það hefði komið betur út. Þá var fyrirtækið mun hærra metið en í dag. Það hefði skilað sér betur til eigendanna ef það hefði verið selt fyrir ári. Auðvitað er alltaf erfitt að meta slíka hluti og margir þættir sem koma þar inn í.

Eins og við vitum hefur fjarskiptakerfið verið byggt upp á vegum Landssímans á kostnað skattgreiðenda. Fyrir vikið er fjarskiptakerfið sem við eigum eitt af fremstu kerfum í sinni röð, a.m.k. að mati fyrirtækisins sjálfs. Einnig er mjög öflugt sölukerfi á vegum Landssímans. Fyrirtækið hefur auk þess fjárfest í mörgum fyrirtækjum á fjarskipta- og hugbúnaðar-

sviði og hefur í gegnum það veruleg áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja.

Menn hafa líka velt því fyrir sér hvort fyrirtækið sé verðmætara í einu lagi eða niðurbútað. Ekki eru allir á einu máli um það enda snýst málið ekki um það. Meginverkefnið er að tryggja að eftir sölu fyrirtækisins ríki hér eðlileg samkeppni. Verði grunnnetið selt með þá er ljóst að svo verður ekki. Það verður þá fákeppni á markaðnum, þ.e. Síminn með yfirburðastöðu. Þegar önnur fyrirtæki sem eiga í samkeppni við Símann þurfa að fá aðgang að grunnnetinu og gefa upplýsingar um hvað þau hyggist fyrir í rekstri sínum þá gefur það Símanum, sem eiganda grunnnetsins, óeðlilegan aðgang að upplýsingum um rekstur þeirra fyrirtækja í samkeppni við Símann.

Það er alltaf hætta á því að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu misnoti þá aðstöðu sína. Þó ég ætli þeim það ekki fyrir fram þá er alltaf hætta á því þegar fyrirtæki er í slíkri stöðu. Það er alveg sama þó menn setji öflug eftirlitskerfi á og bæti við tveimur starfsmönnum hjá tveimur eftirlitsstofnunum. Það er mjög erfitt að sinna því eftirliti.

Menn hafa líka bent á að landsbyggðin muni líða fyrir sölu á núverandi einokunaraðstöðu í einu lagi. Menn hafa greitt margfalt fyrir þjónustuna á landsbyggðinni. Ítrekað hefur verið bent á það í umræðunni í dag að landsbyggðarfyrirtæki borgi t.d. tíu sinnum hærra verð fyrir leigulínur en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Það er furðulegt að menn skuli hafa getað rekið slík fyrirtæki úti á landi. Ég minnist þess að þingflokkur Samfylkingarinnar var á ferð um Vestfirði. Fyrirtæki sem við heimsóttum þar kvartaði sáran undan meðferðinni á sér hjá Símanum. Ég veit ekki hvort það fyrirtæki hefur lagt upp laupana en það var alla vega á brattann að sækja fyrir það vegna hins háa verðs sem það þurfti að greiða fyrir aðgang að leigulínum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í samgn. hafa líka bent á, eins og fram kemur í nál. þeirra, að þegar fyrirtæki eins og Síminn, sem er með yfirburðastöðu á markaðnum, færist úr höndum ríkisins og yfir til einkaaðila við söluna þá sé það jafnvel verri kostur þar sem einkaeinokun sé verri en ríkiseinokun.

Sömuleiðis benda þeir á að þessi aðferð við söluna leiði til hægari uppbyggingar hugbúnaðar- og fjarskiptageirans hér á landi en ella hefði verið. Auðvitað er það slæmt ef svo verður að þessi leið muni draga úr þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er í þessum geira.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir minntist einnig á að ef grunnnetið yrði skilið frá yrði til stórt ríkisfyrirtæki sem sneri að grunnnetinu og talaði um 450 starfsmenn. Aðrir í nefndinni hafa sagt um að þeir séu hátt í 400. Það skiptir svo sem ekki máli hvort starfsmenn eru 400 eða 450. Ef þörf er á því og nauðsynlegt að reka grunnnetið a.m.k. um nokkurn tíma sérstaklega í eigu ríkisins er það ekkert svo mikið þó starfsmenn séu 400 eða 450. Þetta er verulegur rekstur eins og komið hefur fram og er hann skilgreindur í nál. 1. minni hluta. Ég þó ætla ekki að lengja umræðuna með því að lesa það allt upp því ég tel að menn hafi farið yfir það fyrr í dag.

Aftur á móti hefur sú afstaða okkar komið fram, og ég verð að segja það sem mína afstöðu, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að einhvern tímann verði hægt að selja það fyrirtæki þegar sú staða verður komin upp í samkeppnismálum að unnt sé að selja og reka grunnnetið á samkeppnismarkaði.

Líka hefur verið bent á hvað hefur verið að gerast í fyrirtækjum annars staðar í heiminum þar sem menn hafa verið að brjóta fyrirtæki upp, þar sem stór símafyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki hafa skilið grunnnetin frá og menn talið fyrirtækin vera verðmeiri í smærri einingum. Það hefur verið að gerast víða. Það hefur verið að gerast í Bretlandi. Það hefur verið að gerast í Frakklandi og víðar. Í nál. 1. minni hluta er bent á France Télécom og British Telecom og AT&T-fyrirtækið sem er verið að skipta upp í allt að sex fyrirtæki.

Ég minntist á það áðan að það getur verið samkeppnishamlandi að grunnnetið sé áfram í eigu Símans því þá ræður Síminn ferðinni og hann getur stillt af sinn eigin rekstur miðað við hvað samkeppnisaðilarnir ætlast fyrir, bara í ljósi upplýsinga sem Síminn mundi fá frá þeim fyrirtækjum sem eru í samkeppni við hann, t.d. í því hvaða þjónustu þeir eru að óska eftir og hvenær og hvernig. Það er áhyggjuefni.

Ég talaði um að ef grunnnetið væri skilið frá væri möguleiki á því að síðar að selja það fyrirtæki þegar samkeppni væri komin á. En ljóst er að það er að hluta til samkeppni í þeirri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu þó alllangt sé í það.

Herra forseti. Ég vil segja, eins og kom fram í andsvari áðan hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að menn eru ekki að fá þjónustu hjá Símanum hér í nágrenninu, hvað þá úti á landi. Ég nefni ISDN-tengingu sem er ekki einu sinni hægt að fá upp í Mosfellssveit ef þeir staðir sem óska eftir ISDN-tengingu eru eitthvað aðeins fyrir utan eða of langt frá frá móðurstöð.

Það er því verulegt áhyggjuefni ef það ástand á eftir að vara áfram við þær aðstæður sem munu ríkja ef ríkisstjórnin hefur sitt fram, sem mér virðist að muni verða, því ekki virðist mikið hlustað á gild rök sem hafa komið fram fyrir því að skilja grunnnetið frá þó það verði ekki nema tímabundið eða í nokkur næstu ár.

Menn hafa farið yfir það líka hve erfitt er að keppa við Símann, t.d. í heimtaugakerfinu, því það er búið að afskrifa það kerfi að miklum hluta þannig að það er nánast ómögulegt fyrir önnur fyrirtæki að keppa við Símann við þær aðstæður.

Herra forseti. Ég held að ég sé ekki að hafa þetta mikið lengra. Að einu vil ég þó spyrja hæstv. ráðherra í lokin. Hvernig stendur á því, herra forseti, að landsbyggðin hefur þurft að borga svona miklu hærra gjald fyrir leigulínur en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu? Nú var ákveðið í þinginu á síðasta kjörtímabili að talsímakostnaður yrði sá sami fyrir landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Það var hægt að ákveða það með lagasetningu á þingi. Maður veltir fyrir sér hvernig standi á því að ekki er hægt að gera svipað gagnvart leigulínunum.

Við í þingflokki Samfylkingarinnar höfum barist fyrir því að þessi verðlagning verði jöfnuð og gerum í raun kröfu um það. Það kemur fram í áliti okkar manna í nefndinni. Við teljum að það verði að ríkja jafnræði milli fyrirtækja án tillits til þess hvar þau eru staðsett á landinu.

Herra forseti. Í tilefni þess hvernig ástandið hefur verið í byggðamálum hér á landi spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að ekki er fyrir löngu búið að setja lög um að verðið skuli vera hið sama alveg eins og gert var varðandi talsímaþjónustuna? Það væri fróðlegt að fá að heyra það.

Herra forseti. Ég ítreka í lokin að ég tel algjört grundvallaratriði við sölu á þessu stóra ríkisfyrirtæki að tryggt sé að samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði. Ég óttast að svo verði ekki og er nánast viss um að svo verði ekki á meðan grunnnetið er ekki skilið frá.

[21:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér hefur orðið nokkuð löng og umfangsmikil umræða í dag. Nefnd hafa verið nokkur atriði og þeim beint sérstaklega til mín þannig að ég tel rétt að koma inn á nokkur atriði og getur það vonandi orðið til þessa að auðvelda þá umræðu sem kann að verða hér á eftir.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vakti athygli á þeirri skoðun sinni að henni fyndist skorta nokkuð á sannfæringarkraft okkar stjórnarliða þegar mælt væri fyrir þessum málum. Ég held að það mikill misskilningur og miklu fremur óskhyggja að svo sé því við fylgjum þessu máli fram af einurð og sannfæringu. Öll gögn sem lögð hafa verið hér fram vegna sölu á hlut í Símanum hafa verið unnin að undangenginni mikilli athugun og vandaðri vinnu (**ÖJ:** Trúarhita.) og jafnvel trúarhita. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vekur athygli á því að trúarhitinn þarf að vera til staðar svo gott verk sé unnið. Það er jafnan þannig.

Engu að síður er býsna mikill áhugi í þjóðfélaginu fyrir þeirri breytingu sem mun fylgja því að almenningi og fjárfestum verði gefið færi á að eignast hlut í því merkilega fyrirtæki sem hér hefur verið svo rækilega til umræðu í dag.

Það vakti athygli mína í ræðu helsta talsmanns Samfylkingarinnar í þessari máli, í ræðu Lúðvíks Bergvinssonar, og það var ánægjulegt, að hann undirstrikaði mjög rækilega í sinni ræðu að Samfylkingin teldi að það ætti að selja Símann og hann væri sannfærður um að markaðsöflin ættu að ráða og að þau mundu tryggja best hagsmuni neytenda. Ég get að því leyti vísað til ágætrar ræðu hv. þm. um þau efni og vakið athygli hv. þm. Ögmundar Jónassonar á þeim rökstuðningi að markaðsöflin eru býsna mikilvæg fyrir neytendur. Það sjáum við hvern dag og ætti að geta verið svar við einum af hinum sjö punktunum sem hv. þm. spurðist fyrir um og vildi fá skýringar á.

Ég vek athygli á þessari afstöðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vegna þess að þetta er mjög mikilvægt sjónarmið. Það er jafnframt mjög mikilvægt að standa þannig að málum að við tryggjum framvindu samkeppninnar. Hv. samgn. fór mjög vandlega yfir þau mál. Hún undirstrikar og leggur ríka áherslu á að þær stofnanir sem við treystum til þess að vinna að eðlilegri samkeppni hvað þetta varðar, þ.e. Fjarskiptastofnun og svo Samkeppnisstofnun, eiga mjög mikilvægt verk að vinna og samgn. undirstrikar það og leggur áherslu á að efla þurfi þær stofnanir sem allra mest svo þær geti unnið sitt verk.

Ég tek undir það sjónarmið samgn. og vænti þess að jafnvel fulltrúar og hv. þm. Vinstri grænna geti staðið með okkur í þeirri gjörð, enda heyrði ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði nokkrar áhyggjur af því að Póst- og fjarskiptastofnun sinnti ekki nægjanlega vel starfi sínu hvað varðar póstinn. Ég er ekki sammála því. En mér finnst ég heyra stuðning úr þeirri áttinni þegar kemur að því að standa við bakið á þessum stofnunum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson ræddi nokkuð kostnað við leigulínur og raunar fleiri. Það er alveg hárrétt sem hefur komið hér fram í dag að kostnaður við leigulínusambönd er allnokkur hér á landi eins og raunar annars staðar. Við í samgrn. höfum undir höndum upplýsingar um að þetta er mjög mismunandi þegar litið er yfir OECD-löndin. Kostnaður við leigulínur á Íslandi er engu að síður tiltölulega lágur þegar borið er saman við önnur lönd þó okkur finnist þetta hár kostnaður. Hér kom fram í dag sú krafa að leigulínukostnaður yrði óháður vegalengd. Í raun komi fram krafa, og ég held að hv. þingmenn Samfylkingarinnar ættu að hlusta rækilega á það sem ég segi núna, um sama verð fyrir allar leigulínur óháð vegalengd.

Þá kemur upp vandi sem endurspeglast m.a. í því að forsendur gjaldskrár vegna leigulínu eiga að vera kostnaðurinn við flutningana. Að einhverju leyti kemur vegalengd á milli staða þar inn í. Vakin hefur verið athygli á því, m.a. í nefndarálitum, að Danir hafi valið þann kostinn að hafa þak á þessu, að það væri miðað við vegalengd upp að 85 km og eftir það gilti sama verð. Norðmenn eru sagðir hafa 300 km viðmiðun og eftir það gildi sama verð. Þetta segir að fleiri glíma við þetta en Íslendingar. Það eru fleiri þjóðir, fleiri símafyrirtæki og væntanlega fleiri þjóðþing en okkar sem kljást við þetta vandamál. Forsendurnar í regluverkinu öllu eru að byggt sé á kostnaði við þessa flutninga þannig að símafyrirtækjunum sé ekki gert óeðlilega erfitt fyrir en jafnframt að þau geti ekki lagt kostnaðinn við þessa gagnaflutninga á einhverja aðra en þá sem nýta sér þjónustuna.

Ég tek fram að þetta er eitt af því sem við verðum að leysa. Það er undirstrikað alveg sérstaklega í nál. meiri hluta samgn. Við viljum og höfum lýst því yfir að unnið skuli að því að fjarskiptin verði okkur til hagsbóta um allt land og til þess að svo megi verða þarf að draga úr þessum kostnaði

Í skýrslu einkavæðingarnefndar eru rakin þau vandkvæði sem fylgja því að taka ekki tillit til kostnaðar vegna vegalegndar. Þar er vakin athygli á því að skoða þurfi sérstaklega hvort það beri fremur að miða þessa kostnaðarútreikninga við flutningsmagn en vegalengd. Ég tel eðlilegt að þetta verði ásamt mörgu öðru til skoðunar á næstunni þegar við leggjum á ráðin um hvernig tekist verði á við það mikilvæga verkefni að ná niður kostnaðinum við gagnaflutninga í landinu.

Fjarskiptalögin eru alveg skýr hvað það varðar að við höfum sama sambærilegt verð á almennri símaþjónustu og alþjónustu um allt land. Um það er ekki að deila. Hins vegar hefur Landssími Íslands komið vel til móts við óskir okkar um lægri gagnaflutningskostnað með þeim samningi milli mín og Símans, sem byggir á því að nýta svokallað ATM-net og hafa sama verð innan allra svæða og eitt og sama verð á milli svæða. Annars vegar er gert ráð fyrir því að að nýta þetta svokallaða ATM-net og Síminn gerir síðan ráð fyrir því að lækka megi kostnað með aukinni umferð og meiri notkun á þeim aðferðum við gagnflutninga sem ATM-netið býður upp á.

Ég vildi fara sérstaklega yfir þetta vegna þess að ég heyri að hv. þm. hafa áhyggjur af því að ekki takist að lækka þennan kostnað. Samgn. fjallaði vandlega um málið og eins og ég sagði áðan er farið yfir þetta í áliti nefndarinnar. Ég mun að sjálfsögu leggja mig fram um að vinna að þessu máli eins og við höfum gert hingað til í samgrn.

Ég verð að viðurkenna að það kom mér skemmtilega á óvart og ég var býsna ánægður með þá yfirlýsingu hv. þm. Ögmundar Jónassonar er hann sagði að öllum hafi verið það ljóst að Síminn yrði seldur. Við erum því ekki að boða nein ný tíðindi, ekki einu sinni hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Það ætti að stytta allmikið leiðina og auðvelda okkur afgreiðslu þessa máls. Ég sé og heyri að menn hafa áttað sig mjög vel á þessu máli og þekkja sinn vitjunartíma í þessu efni.

Ég held að þetta sé rétt metið hjá hv. þm. Við getum ekki búist við því að ríkinu haldist uppi að setja fyrst löggjöf um frelsi í fjarskiptum og ætla síðan ríkinu að keppa af öllu afli við þá sem koma inn á þennan markað. Þetta er auðvitað

hárrétt athugað hjá hv. þm. Það hlaut að koma að því að ríkið seldi hlut sinn í Símanum af þessum ástæðum. Þar af leiðandi hljóta þingmenn Vinstri hreyfingarinnar að ganga til liðs við okkur í þessu verki og standa þannig að þessari mikilvægu breytingu að hún verði okkur öllum til hagsbóta. Það er verkefni dagsins.

Ég held að þegar til kastanna kemur séum við öll á einum og sama báti. Við viljum byggja landið allt og nota til þess þau tæki sem duga og fjarskiptin eru þar á meðal. Við náum ekki miklum árangri í að bæta fjarskiptaþjónustuna í landinu nema við eflum samkeppni og náum niður kostnaði í págu neytenda.

Svo ég fari nokkrum orðum um það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fór yfir í dag þá kvartaði hann undan því að við værum að selja þetta mikilvæga fyrirtæki. Hann vakti athygli á því að við hefðum mikinn arð af fyrirtækinu. Það er alveg rétt. Við höfum heilmikinn arð af fyrirtækinu. Það er eins með Landssíma Íslands og önnur fyrirtæki og margar stofnanir, t.d. lífeyrissjóði. Það verður að gera ráð fyrir því að fjármagnið sem er bundið í slíkum fyrirtækjum og stofnunum skili einhverju til eigandans.

Lífeyrissjóðirnir, svo við tökum þá sem dæmi, eiga allt undir því — og þó aðallega þeir sem fá greiðslur úr lífeyrissjóði — að það pund sé vel ávaxtað sem í þeim er. Það sama gildir að sjálfsögðu um fyrirtæki í eigu ríkisins eins og Landssímann. Við verðum að ætlast til þess að reksturinn gefi af sér það sem eðlilegt er að gera kröfu um þegar litið er til þess fjármagns sem er í fyrirtækinu. Það er mikið. Það er mikil eign fólgin í Símanum. Þess vegna er ekki óeðlilegt að við gerum þá kröfu að arðurinn sé ekki minni og helst meiri en við höfum haft af Símanum, ekki síst þegar við lítum til þess að verðið á þjónustunni sem hann hefur veitt er og hefur verið lágt, þegar borið er saman við það sem er hjá öðrum þjóðum. Á þetta þurfum við að líta.

Til viðbótar vil ég segja, vegna orða hv. þm., að salan á Landssímanum, hvernig svo sem hún fer fram, er í mínum huga tilfærsla á eignum ríkisins, frá því að vera eign í Landssímanum sem gefur tiltekinn arð yfir í fjármögnun annarra verkefna eins og ég sagði í andsvari, t.d. þeirra verkefna að lækka skuldir okkar, lækka vaxtagreiðslur, byggja upp samgöngukerfið, byggja upp uppýsingatæknina í þjóðfélaginu og hvað annað sem við getum nýtt söluandvirði Símans til. Aðalatriðið er að við veljum rétta tímann til sölunnar þannig að við fáum eðlilegt verð, röskum ekki stöðu markaðarins, höfum ekki óeðlileg áhrif á efnahagslífið o.s.frv. Ég undirstrika að þó að Síminn hafi gefið góðan arð þá á það ekki að vinna gegn áformum okkar um að selja fyrirtækið.

Þá kem ég að öðru sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umtalsefni í dag, þ.e. að við ætluðum bara að selja þann hluta Símans sem gefur arð. Nú er það svo að við höfum tilteknum skyldum að gegna sem m.a. er fjallað um í fjarskiptalögunum. Við höfum t.d. skyldum að gegna varðandi öryggismál sjómanna. Ég lít svo á að það sé fullkomlega eðlilegt að sú þjónusta sem Síminn hefur veitt á undanförnum árum og símnotendur hafa greitt sé tekin út og raunkostnaðurinn við hana greiddur af almannafé. Það höfum við gert. Við höfum gert samninga um svokallaða strandstöðvaþjónustu sem Síminn hefur áður veitt og ríkið greiðir það beint.

Ég geri ekki ráð fyrir því að við hefðum getað gert kröfu til þess að Íslandssími eða Tal tækju að sér að sinna fyrir okkur strandstöðvaþjónustu án endurgreiðslu, þ.e. öryggisþjónustu við flotann á höfunum. Þess vegna förum við þá leið að við tökum það sem ekki er hægt að innheimta gjald fyrir í fjarskiptaþjónustunni og greiðum beint úr ríkissjóði en seljum það ekki með Símanum. Þess vegna er þetta svona. Við seljum Símann eins og hann er án þess að honum fylgi sérstök skylda, svo sem þessi almannaþjónusta sem gerð hefur verið að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkur atriði. Sem betur fer voru ekki margir stórir þættir sem mér fannst verulegur ágreiningur um. Þar væri helst að nefna kröfu hv. samfylkingarþingmanna um að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu. Ég fór yfir þá hlið málsins í framsöguræðu minni við 1. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Hv. þm. Hjálmar Árnason fór vandlega yfir rökstuðninginn fyrir því í ágætri ræðu í dag að við viljum ekki skilja grunnnetið frá fyrirtækinu. Við fengum ágæta sérfræðinga til að skoða það og niðurstöðu þeirra má lesa í einkavæðingarnefndarskýrslunni. Ég ætla ekki að endurtaka það, enda var það rætt við 1. umr.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson áttaði sig ekki á því að markaðsöflin gætu aukið samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu, svo ég fari í fyrsta atriðið sem hann tók fyrir úr skýrslu einkavæðingarnefndarinnar, þ.e. úr rökstuðningnum fyrir sölu á hlut ríkisins í Símanum. Ég held að það þurfi ekki langan fyrirlestur um að markaðsöflin hafa býsna góð áhrif á samkeppni í þjóðfélaginu. Aukin samkeppni skapar skilvirkni. Það er grundvallaratriði í hagfræðinni sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi lesið um í gegnum tíðina þannig að það þarf ekki að skýra það frekar.

Varðandi pólitísk áhrif í fyrirtækjum, sem einnig er minnst á í skýrslunni, þá er krafa nútíðarinnar sú, í öllu því regluverki sem við höfum komið upp, að stjórnmálamenn séu ekki á vettvangi á samkeppnismarkaði. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að draga okkur út úr þessum rekstri með því að undirbúa sölu á hlut ríkisins í Símanum. (**ÖJ:** Og svari því Skagfirðingar.) Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur hugann mjög við Skagfirðinga um þessar mundir. Ég skal segja honum að ég held að það séu mörg erfiðari viðfangsefni sem bíða mín en þau að tryggja póstþjónustu í Skagafirði. Ég er sannfærður um að ýmsir verða tilbúnir að standa með mér í því verki. (Gripið fram í.) Ég þarf ekki sérstakar leiðbeiningar úr þeirri átt sem nú er kallað.

Að bæta stöðu ríkissjóðs, var fjórða markmiðið sem talið var upp sem rök fyrir sölunni. Ég held að með því að selja hlut ríkisins í Símanum megi bæta stöðu ríkissjóðs og það fer ekki á milli mála. Hvernig? Jú, við lækkum skuldir og styrkjum stöðu ríkissjóðs.

Hagur neytenda er sérstaklega tiltekinn sem fimmta markmiðið, svo ég fari yfir þau atriði sem hv. þm. vakti máls á. Hagur neytenda á mikið undir því að á komist öflug samkeppni á þessum markaði. Við trúum því að með því að kalla til eigendur að Símanum, fleiri eigendur, almenning, lífeyrissjóði o.fl., þá verði krafan enn þá harðari um öfluga markaðsstarfsemi og það muni koma neytendum til góða.

Öflug og framsækin símafyrirtæki skipta miklu máli fyrir stöðu starfsmanna. Það er sjötta atriðið, sem hv. þm. þekkir mjög vel, sem nefnt er á bls. 14 í einkavæðingarnefndarskýrslunni. Þar er talað um að við leggjum áherslu á að styrkja stöðu starfsmanna með aðgerðum okkar. Það getur ekki annað verið en að hv. þm. sé reiðubúinn að standa með okkur í slíkum aðgerðum. Við erum sannfærðir um að Síminn, eins og hann er rekinn í dag og eins og við gerum ráð

fyrir að hann verði rekinn, muni styrkja stöðu starfsmanna sinna og reyndar hjá símafyrirtækjunum almennt.

Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi nefna, vegna þeirrar löngu ræðu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti þar sem hann vitnaði sérstaklega til einkavæðingarnefndarskýrslunnar.

Herra forseti. Ég hef farið yfir þau atriði sem ég vildi undirstrika sérstaklega eftir umræðuna sem farið hefur fram í dag. Ég vænti þess að það geti orðið til þess að auðvelda mönnum að ljúka þessari umræðu í kvöld.

[22:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal vera hraðmæltur því mér er mikið mál.

Hæstv. ráðherra segist fagna þeirri yfirlýsingu minni að menn hafi mátt vita að Síminn yrði seldur ef hann yrði gerður að hlutafélagi. Við þessi orð hæstv. samgrh. lék létt bros um varir núverandi forseta Alþingis, þáverandi samgrh., því það var hann sem sagði að ekki stæði til að selja Landssímann. Svo hann njóti sannmælis, þá sagði hann að hann gæti fullyrt það eitt að það yrði ekki gert á því kjörtímabili. Annað sagði hann ekki. Hins vegar var því haldið mjög á loft í umræðunni að einvörðungu væri verið að gera breytingu á rekstrarfyrirkomulagi, ekki stæði til að selja stofnunina.

Markaðsöflin eru býsna mikilvæg, sagði hæstv. samgrh. Við finnum fyrir þeim dag hvern. Það er mikið rétt. Við getum fundið fyrir markaðsöflunum á mismunandi vegu. Í sumum tilvikum, þegar þau raunverulega fá að njóta sín, geta þau fært niður vöruverð og bætt þjónustu. Í öðrum tilvikum finna menn fyrir markaðsöflunum.

Bandarískir hagfræðingar, Paul L. Joskow og Edward P. Kahn, sem gerðu úttekt á þróun raforkuverðs í Kaliforníu, töluðu um misbeitingu markaðsaflanna, „Exercise on Market Power", kölluðu þeir það. Og fulltrúi samkeppnisaðila Símans sagði við samgn. þegar hann ræddi þessi mál þar að sú hætta væri fyrir hendi að menn mundu selja einokun og sú einokun sem væri þannig komin á markað væri varasamari en ríkisrekið fyrirtæki.

Er mikill áhugi fyrir þessu máli í samfélaginu? Já, á meðal fjárfesta, á meðal Verslunarráðsins, á meðal fulltrúa Samtaka atvinnulífsins, en ekki á meðal almennings sem hafnar þessum áformum ríkisstjórnarinnar.

[22:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri hvað hv. þm. Ögmundur Jónasson segir og held að það eigi eftir að koma honum á óvart hversu mikill áhugi er í þjóðfélaginu fyrir þessari sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands. Mér segja þeir ráðgjafar sem ég hef kallað til mín af fjármálamarkaði að áhugasömustu aðilarnir á Íslandi í dag hvað varðar sölu á hlutabréfum í Landssímanum séu forsvarsmenn lífeyrissjóðanna í landinu, þeir sjái fyrir sér fjárfestingu í Símanum sem mjög góðan kost til þess að dreifa hagsmunum lífeyrissjóðanna sem víðast, skapa fleiri stoðir undir góðri afkomu lífeyrissjóðanna til framtíðar og um leið tryggingu fyrir félaga í þessum lífeyrissjóðum. Mjög margir meta það svo að fjárfestar á Íslandi og þá ekki síst lífeyrissjóðirnir ýti fremur á sölu á hlutabréfum í Landssímanum en dragi úr.

[22:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. tekur undir sjónarmið mín. Ég var að vekja athygli á því að það væru fjárfestar fyrst og fremst sem rækju á eftir einkavæðingu og sölu Landssímans. (Gripið fram í.) Þeir óska eðlilega eftir því að komast yfir þennan gullmola sem skilað hefur ríkissjóði 20.000 millj. í ríkisfjárhirslur á síðustu tíu árum. Þetta ætlar hæstv. ráðherra að láta af hendi. Að sjálfsögðu vilja lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestingaraðilar komast yfir þennan gullmola.

En ríkið, þjóðin á annað og betra skilið vegna þess að þessi kostur er einnig góður fjárfestingarkostur fyrir hana. Og það er dapurlegt að hugsa til þess hve lélega hagsmunagæslumenn þjóðin á í þeirri ríkisstjórn sem nú fer með völd í þessu landi.

[22:23]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til að þakka hæstv. ráðherra fyrir að sitja hér allan þennan tíma og kveinka sér ekki. Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir að veita hæstv. ráðherra andsvar er yfirlýsing sem kom fram hjá honum áðan um að við værum sammála um að virkja markaðinn til þess að ná fram ákveðnum árangri. Hins vegar skilur mjög á milli okkar í þeim efnum þar sem við í Samfylkingunni gerum kröfu til þess og segjum einfaldlega þetta: Markaðurinn virkar ekki nema samkeppni sé þar tryggð. Samkeppni verður ekki til af sjálfu sér heldur þurfa til að koma ákveðnar aðgerðir.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Finnst honum líklegt að samkeppni sé tryggð þar sem eitt fyrirtæki hefur samkvæmt hans eigin orðum 85% hlutdeild í tekjum á þessum markaði? Finnst hæstv. ráðherra líklegt að sala á slíku fyrirtæki í einu lagi tryggi samkeppni?

[22:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú var tíðin að þetta fyrirtæki hafði 100% markaðshlutdeild. (Gripið fram í.) Það var Póst- og símamálastofnun. Skylt er skeggið hökunni, eins og þar stendur. Þetta hefur verið að breytast. Við getum litið til þess að nú stunda þrjú símafyrirtæki rekstur á GSM-símamarkaði. Hvers vegna skyldi það vera? Jú, vegna þess að við settum fjarskiptalög sem skapa þessum símafyrirtækjum skilyrði með svokölluðum reikisamningum til að fara inn á hvers annars kerfi. Þannig byggjum við upp samkeppni. Það er bullandi samkeppni hjá þessum fyrirtækjum á GSM-símamarkaði.

Fastlínukerfið hins vegar er svolítið öðruvísi og þar er Landssíminn með ráðandi markaðshlutdeild. Ég geri ráð fyrir því að í tímans rás muni það breytast. Íslandssími er að bjóða út núna, óhræddur, hlutabréf til þess að fara í samkeppni við Landssímann og ég spái því að Landssíminn þurfi að hafa sig allan við í framtíðinni til þess að glíma við þá aðila sem þar koma.

[22:26]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra hóf sitt svar á því að segja: Sú var tíð að Póst- og símamálstofnun hafði 100% markaðshlutdeild. Sú var tíð að það var lögbrot fyrir aðra en Póst- og símamálastofnun að stunda fjarskipti. Þeir höfðu einkaleyfi á því að selja fjarskiptaþjónustu. Því var lögbrot á þeim tíma fyrir aðra en Póst- og símamálastofnun að selja fjarskipti. Það eru því í sjálfu sér engin rök.

Virðulegi forseti. Það eru heldur engin rök að tína til út úr þessari umræðu að kominn sé vísir að samkeppni í GSM-þjónustu. Enn sem komið er hefur Landssíminn u.þ.b.

63 eða 64% markaðshlutdeild í GSM-þjónustu. Það liggur líka fyrir að yfirburðastaða er víðast hvar talin u.þ.b. 30% markaðshlutdeild.

[22:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Mér er mjög vel ljóst að við þurfum að gæta þess að raunveruleg samkeppni sé á markaðnum. Um það snýst nú mörg ræðan hér hvernig við eigum að tryggja það. Við tryggjum það m.a. með þessum stofnunum, Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun, sem eiga að fylgjast með því í þágu neytenda á Íslandi. Ég held að við verðum að gera þá kröfu til þeirra aðila að þeir standi vel að verki og hv. samgn., sem fjallaði mjög vandlega um það mál, undirstrikar hlutverk þeirra alveg sérstaklega.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég tel að við, íslenskir neytendur, eigum mjög mikið undir því að á komist samkeppni. Ég tel ekki eðlilegt ástand að til eilífðarnóns verði sú afgerandi markaðshlutdeild sem er í dag í fastlínukerfi Símans. En vel að merkja: Við höfum búið þannig um hnútana að önnur símafyrirtæki eiga aðgang að kerfum og heimtaugum sem Síminn á í dag. Það er tryggingin sem neytendur hafa.

[22:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hæstv. samgrh. áðan komu fram upplýsingar um leigulínuverð og það allt saman sem við höfum farið í gegnum í morgun og dag. Ég ætla ekki að lengja umræður með því. En ég ætla að taka í fyrri hlutanum, á þessari einu mínútu minni, dæmi sem við höfum verið að fjalla um. Það er um loftlínulengdina, þ.e. hvernig Danir nota 75 km sem hámark. Þeir nota loftlínulengd til að mæla þetta en ekki línulengd.

Herra forseti. Það er 435 km línulengd til Ísafjarðar en ekki nema rúmir 220 km í loftlínu ef við förum inn á danska kerfið. Þetta þýðir, herra forseti, að hver einasti dalur og fjörður er skattlagður. Hver einasti dalur og fjörður er skattlagður hvað varðar leigulínuverð.

Hæstv. samgrh.: Er sanngjarnt að skattleggja hvern einasta dal og hvern einasta fjörð og búa til leigulínuverð út frá því?

[22:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bregður svo við að það skiptir engu máli í dag fyrir fyrirtæki sem nota 2Mb flutningslínur vegna þess að þessi viðmiðun er ekki notuð. Engu máli skiptir hvort mæld er loftlína eða lína eftir þjóðvegum eða öðru. Það er ATM-netið sem er notað í dag í viðskiptum hjá þessum fyrirtækjum. (**KLM:** En ef þau vilja fá leigulínu?) Ef þau vilja fá leigulínu þá kostar hún meira. En það er það verkefni sem ég var að tala um að er fram undan hjá okkur. Við tryggjum ekki í kvöld að fallið verði frá því regluverki sem notað er um alla Evrópu, að kostnaður sé grundvallaður á gjaldskrá símafyrirtækja. Við getum ekki vikið okkur undan þeim reglum.

En við hv. þm. Kristján L. Möller erum sammála um að verk okkar er að lækka þann kostnað. Með samningunum um Símann sem ég stóð fyrir að voru gerðir er mikilvægt skref stigið.

[22:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sannarlega verk okkar allra að jafna þetta leigulínuverð 100%. Ekkert annað er ásættanlegt.

Það er ekkert sem bannar það, herra forseti, að leigulínuverð sé jafnað. Þegar þetta er kostnaðarmetið kemur út ákveðið hámarksverð. Þegar búið er að afskrifa þessar lagnir að öllum hluta eða einhverjum hluta er ekkert sem bannar að farin sé jöfnunarleið, líkt og er e.t.v. verið að boða og því ætla ég að fagna.

Herra forseti. Það sem er grundvallaratriði í sambandi við leigulínuverð, það sem ég hef farið í gegnum í dag og tekið dæmi af lengstu leiðum í Reykjavík og svo aftur borið saman kannski Neskaupstað eða Ísafjörð, er sá ofboðslegi munur sem skekkir samkeppnishæfni þessara svæða. Það er samkeppnishæfni svæða sem skiptir og mun skipta höfuðmáli í framtíðinni í sambandi við aðstöðumun landsbyggðarfyrirtækja og landsbyggðafólks gagnvart höfuðborgarsvæði. Í þessari tæknibyltingu skiptir það mjög miklu máli.

[22:32]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að við erum á öndverðri skoðun um það hvernig beri að standa að almannaþjónustu í landinu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg því að einkavæða og selja almannaþjónustu sem getur síðan lent í og er líklegt að lendi í því að verða einkarekin einokun fljótlega.

Það skiptir engu að síður máli, herra forseti, hvernig er með einkavæðinguna og eignarhöldin. Það hafa komið fram, bæði í umfjöllun í samgn. og eins á þingi og í umfjöllun um málið, yfirlýsingar um hvenær síðari hluti sölunnar verði framkvæmdur, hve lengi ríkið mun standa við að eiga meiri hlutann því vissulega er það nokkur trygging fyrir neytendur í landinu öllu að ríkið eigi þó meiri hlutann. Mig langar heyra hjá hæstv. samgrh. hvað er þar á ferð.

[22:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég sé búinn að svara þessu einu sinni í dag og endurtek það. Samkvæmt frv. og greinargerðinni með því gerum við ráð fyrir að selja 49% af eignarhlut ríkisins í Símanum á þessu ári. Nánari tímasetningar eru ekki fyrirliggjandi og að sjálfsögðu metum við þetta allt saman í ljósi aðstæðna. En hvað varðar sölu á restinni, 51%, liggur ekkert fyrir um hvenær sú sala fer fram. Þann tíma þarf að velja mjög vandlega og taka tillit til margra sjónarmiða. Á þessari stundu væri því mjög óráðlegt af minni hálfu að gefa einhverjar yfirlýsingar um tímasetningar í þeim efnum.

[22:35]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög magurt svar og skiptir miklu máli hvort menn tala, eins og hæstv. utanrrh. segir, í mánuðum eða missirum. Þar er töluvert mikill munur á. Ég krefst þess, herra forseti, að talað sé hreint út. Menn geta þá sagt að á næstu þremur árum muni ekkert gerast til að segja þó eitthvað. En mér finnst samt það vera allt of loðið og annaðhvort er samkomulag eða ekki á milli ríkisstjórnarflokkanna í þessu. Fróðlegt væri að fá að heyra áður en þessari umræðu lýkur hvað hæstv. utanrrh. í rauninni meinar í yfirlýsingu sinni, herra forseti. Ekki þorir hæstv. samgrh. að tjá sig fekar um það greinilega af ótta við eitthvað í samstarfi þessara tveggja flokka.

[22:36]

Útbýting þingskjala:

Tollalög, 731. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1408.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 699. mál, svar heilbrrh., þskj. 1305.

Útlendingar, 344. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1405.

[22:37]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur staðið nokkuð lengi og er því ekkert óeðlilegt þó maður hugleiði eftir að umræðan hefur staðið í u.þ.b. tíu tíma eða svo hvernig á því standi að maður hefur enn þá skoðun að enn hafi ekki komið fram trúverðug rök fyrir því að sú leið sem ríkisstjórnin ákveður að fara, muni leiða til og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Það er kannski dálítið sérstakt og ekkert óeðlilegt að menn séu ögn vonsviknir eftir alla umræðuna því lítið sem ekkert hefur komið fram sem gerir það að verkum og réttlætir að sú leið sé farin sem hér er lagt til.

Í nál. meiri hluta samgn., sem er vægt til orða tekið heldur rýrt í roðinu, er rétt rúm blaðsíða að lengd, er að finna meginrökin fyrir þeirri leið sem ákveðið var að fara, þ.e. að selja fyrirtækið í einu lagi.

Ég held að sé alveg nauðsynlegt á þessum tímapunkti þar sem ríkisstjórnin og talsmenn hennar, hv. þm., hafa núna haft tíu tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, pólitík sinni í þessum efnum, þeirri hugmyndafræði sem þeir byggja á og þeim markmiðum sem að er stefnt með framlagningu frv., að fara yfir nokkur af þeim rökum sem finna má í nál. meiri hlutans og fjalla aðeins um þau.

Eins og fram hefur komið í umræðunni gerðu gestir sem á fund samgn. komu verulegar athugasemdir við þá aðstöðu og þá stöðu sem landsbyggðin er í og mun verða í í fyrirsjáanlegri framtíð í fjarskiptamálum. Í nál. meiri hlutans segir, með leyfi forseta, um þetta atriði:

„Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að áfram verði unnið markvisst að því að jafna kostnað og aðgang landsmanna að öflugustu og hagkvæmustu gagnaflutningsleiðum, eins og tæknin þróast á hverjum tíma óháð vegalengd."

Þessu til viðbótar er það tínt til að samgrh. vinni í samstarfi við samgn. tillögur um að jafna kostnað við gagnaflutninga og þar með samkeppnisstöðu fyrirtækja um allt land og skal þeirri vinnu verða lokið fyrir árslok 2001.

Í raun og veru er ekkert handfast að finna um hvernig eigi að tryggja landsbyggðinni sambærilega eða svipaða eða nægilega stöðu til að hún sitji ekki eftir í þeirri öru þróun sem hefur verið á þessu sviði og mun augljóslega verða áfram á næstu árum. Í raun og veru er ekkert handfast í þeim efnum að tryggja þessa stöðu. Hefðu menn meint eitthvað af því sem hér er sagt og viljað ná einhverjum árangri hefðu menn opnað fjarskiptalögin og tryggt að alþjónustukvöðin sem er núna m.a. kveðið á um að sé 128 Kb yrði aukin. Það væri eina leiðin sem hægt væri að fara og nauðsynlegt er að fara áður en Síminn er seldur ef menn meintu eitthvað með þessu.

Hvernig ætla menn að taka á alþjónustukvöðinni á næstu árum eftir að Síminn verður seldur? Jú, menn hafa velt upp þessari leið og líka þeirri að það eigi að fara gömlu hugsanlegu sjóðasukksleiðina. Það skuli taka eitthvað af fjármununum, setja í sjóð og nota hugsanlega til þess að byggja eitthvað upp. Þetta er sú leið sem meiri hlutinn hyggst fara.

Ekkert í þessu segir til um hvaða aðstöðu eigi að tryggja, hvað eigi að byggja upp eða hvernig eigi að standa að því. Þetta eru hugmyndir eða væntingar um að hugsanlega verði eitthvað gert í framtíðinni.

Ég hlýt að beina þeirri spurningu til meiri hlutans, af því meiri hlutinn er í þessu tilviki að opna fjarskiptalögin því lítið frv. sem fylgir þessu frv. er einmitt frv. til breytinga á fjarskipalögunum:

Af hverju var ekki farið í það núna að víkka út alþjónustukvöðina?

Af hverju var ekki farið í að setja eitthvert gólf svo þeir sem kaupa fyrirtækið, þeir sem kaupa hlutaféð viti að hverju skuli stefnt, þeir viti hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla í framtíðinni?

Af hverju eru mörkin sett við eitt prómill af landsbyggðinni miðað við það sem boðið er upp á á höfuðborgarsvæðinu núna?

Af hverju hafa menn ekki meiri metnað á þessu sviði?

Það er ekki nokkur spurning að ef landsbyggðin á að vera samkeppnishæf þarf að tryggja aðganginn að því að geta tekið þátt í fjarskiptabyltingunni. Það gerist ekki með 128 Kb. Það liggur alveg fyrir.

En einu hugmyndirnar sem koma fram eru þessar: Að samgrh. beiti sér í samstarfi við samgn. Ég get þó gefið þá yfirlýsingu að ekki mun standa á mér að hjálpa til við það að einhvern tímann í framtíðinni skuli eitthvað vera gert og einhverjir peningar skuli notaðir úr hugsanlegum sjóðum til að framkvæma eitthvað. Það er allt og sumt. Það er allt og sumt sem lagt er til í þessum efnum.

Það hefði nefnilega verið einfaldasta málið núna að hækka þessa alþjónustukvöð og gera þetta þannig úr garði að kaupendur fyrirtækisins vissu þá að hverju væri stefnt.

Ég spyr: Telja menn sjálfgefið og einboðið að menn hafi möguleika á því að setja hinu nýja fyrirtæki ef svo má að orði komast, hinum nýju eigendum skilyrði í framtíðinni að þeir skuli sjá til þess að öll heimili í landinu hafi aðgang að tilteknu lágmarkssambandi? Það er ég ekki viss um. Þess vegna hefði verið miklu skynsamlegra og miklu heiðarlegra að festa þetta í sessi núna þannig að menn vissu hvað þeir væru að kaupa í þessum efnum. Það klór yfir þann vandræðagang sem er að finna í þessu áliti er þess eðlis að ekki er hægt að taka það mjög hátíðlega.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi, önnur rök sem meiri hlutinn leggur fram, er hvernig menn ætla að tryggja að hér verði samkeppni. Þetta er eitt þeirra atriða sem hefur verið rætt hvað mest í dag. Þetta er eitt þeirra atriða sem skiptir hvað mestu máli. Þetta er það atriði sem gerir það að verkum að Samfylkingin getur ekki staðið að þeirri hugmynd sem ríkisstjórnin kemur hér fram með. Og hvað ætla menn að gera til þess að tryggja samkeppni? Það er eftirlit. Það á að beita tveimur stofnunum í líki einhvers konar löggæslu til þess að tryggja að samkeppni fari fram, samkeppni gagnvart fyrirtæki sem hefur 85% markaðshlutdeild.

Virðulegi forseti. Ég hefði nú viljað að hæstv. ráðherra væri í salnum rétt á meðan — hann er kominn.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti hefur séð hæstv. ráðherra í salnum síðan hv. þm. tók til máls, ef maður telur það salinn þó menn rétt gangi yfir þröskuldinn hér í hliðarherberginu.)

Virðulegi forseti. Mér sýndist hæstv. ráðherra vera að yfirgefa salinn. Það hefur sennilega verið missýn hjá mér.

Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan að það væri alveg fráleitt að ríkið væri að beita sér af öllu sínu afli á samkeppnissviði, það væri alveg fráleitt.

Mér komu í hug nokkrar umræður utan dagskrár og ýmislegt sem hér hefur farið fram þar sem menn voru að vekja eftirtekt á því hvernig Landssíminn í skjóli ríkisvaldsins var að hegða sér á markaði. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þessi yfirlýsing gladdi mig kannski meira en flesta aðra hér inni. Hún þýddi það að hæstv. ráðherra var smám saman að skilja út á hvað þetta gekk allt saman á sínum tíma. Ég sé það á svipbrigðum hæstv. ráðherra að ég dreg rétta ályktun sem af þessum orðum. Menn skyldu þá ekki gera lítið úr því að dropinn holar steininn í þessum efnum.

En burt séð frá því. Til staðar eru tvær stofnanir, Póst- og fjarskiptastofnun annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar, og þær eiga að tryggja að þessi risi hegði sér þannig að hann misnoti ekki markaðsráðandi stöðu sína.

En hvað segja svo sérfræðingarnir á þessu sviði? Hvað skyldu þeir nú segja um þessa aðferðafræði? Hvað skyldi Samkeppnisstofnun segja um þetta? Hún hafnar þessu alfarið. Hún telur að eina leiðin til þess að tryggja að menn misnoti ekki markaðsráðandi stöðu sé sú að breyta markaðsgerðinni.

Þetta segja sérfræðingarnir sjálfir sem eiga þó að sinna þessu eftirliti. Samkeppnisstofnun leggur reyndar upp eina þrjá eða fjóra möguleika í þeim efnum að breyta markaðsgerðinni. Ein þeirra er að selja netið. En stofnunin segir líka að það sé mjög ólíklegt þegar slíkur risi er á markaði að hægt sé að tryggja samkeppni með eftirliti eftir á, þ.e. þegar menn hafa misnotað markaðsstöðu sína.

Þetta segja sérfræðingarnir sjálfir um þetta. Ég held það sé rétt, virðulegi forseti, að ég lesi upp úr þessu áliti fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að hann og talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessu hafa tönnlast dálítið á þessu atriði, að þar með sé tryggt að þetta markmið náist. Sérfræðingarnir segja nei.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp hvað þeir segja nákvæmlega um þetta:

„Stofnunin telur enn nauðsynlegt að grípa til hliðaraðgerða í tilefni af sölu Landssímans. Eins og nánar er rakið í minnisblaði stofnunarinnar til einkavæðingarnefndar geta slíkar hliðaraðgerðir falist í aðskilnaði grunnfjarskiptanets frá Landssímanum, sölu breiðbandsins og/eða breytinga á fjarskiptalögum í því skyni að kveða á um afdráttarlausan rétt keppinauta til aðgangs að grunnnetinu. Jafnframt telur stofnunin æskilegt að öll meginsvið samkeppnisrekstrar Landssímans séu rekin í sérstökum félögum."

Með öðrum orðum kom skýrt fram hjá fulltrúa stofnunarinnar sem kom fyrir nefndina, að hann taldi mjög ólíklegt að menn gætu náð þessu markmiði, og ég ítreka að miklu skynsamlegra er að breyta markaðsgerðinni. Það er miklum mun skynsamlegra.

Þess vegna hefur verið dálítið leiðigjarnt um margt að hlýða á meiri hlutann í ræðum sínum hér í dag tönnlast sí og æ á að þessi aðgerð tryggi að þetta markmið náist þegar meira að segja þeir sem fá tvo eða þrjá starfsmenn — það fleytti Framsókn yfir erfiðustu hjallana að það á að ráða tvo eða þrjá starfsmenn í hvora stofnun — meira að segja þeir segja: „Þetta er ekki hægt." (**Gripið fram í:** Þeir verða þá bara að hætta.) Það mundi nú gleðja íhaldið því fátt hefur sennilega reynst íhaldinu erfiðara í tilvist sinni en að þurfa að lúta því að á markaðnum gildi ákveðnar leikreglur.

Það var líka dálítið sérstakt er hæstv. ráðherra talaði um markaðsöflin í andsvari sínu áðan. Hann nefndi m.a. sérstaklega hv. þm. Ögmund Jónasson í þeim efnum og sagði að hann hefði örugglega lesið það líka að markaðsöflin tryggðu samkeppni. Það sagði hæstv. ráðherra. Þetta er grundvallarmisskilningur. Markaðurinn er í sjálfu sér ekkert annað en verðmyndunartæki þar sem framleiðendur og kaupendur hittast og kaupin fara fram. Til að tryggja eðlilega verðmyndun á markaði þarf að vera nægilegt framboð á markaði. Þá þarf að vera nægilegt aðgengi að þessum markaði. Það þarf líka að tryggja að neytendur hafi aðgengi að þessum markaði. Það þarf að tryggja að það séu nægilega margir framleiðendur til þess að menn hafi val á þessum markaði. Það er við slíkar aðstæður, þar sem samkeppni ríkir, sem markaðurinn virkar.

Hæstv. ráðherra þarf í sjálfu sér ekki að fara langt í upprifjun sinni að því er varðar fréttaflutning undanfarnar vikur þar sem í ljós hefur komið að samkeppnin óx ekki af sjálfu sér. Skýrsla Samkeppnisstofnunar og rannsóknarstarf Morgunblaðsins um grænmetismarkaðinn hafa sýnt og sannað að þar sem ekki er aðhald, þar sem ekki er samkeppni fara menn einfaldlega þá leið að nýta sér stöðu sína til þess að fá hærra verð og notfæra sér markaðsráðandi stöðu. Við höfum séð þetta líka í smásöluversluninni. Því er alveg ljóst ef menn ætla að tryggja að markaðurinn virki, virki fyrir neytendur, virki fyrir framleiðendur, að tryggja þarf samkeppnina og það gerist ekki af sjálfu sér. Þar skilur okkur hæstv. samgrh. að. Það er nákvæmlega þetta sem skilur okkur að og þess vegna hefur mér þótt, eins og ég sagði hér áðan, leiðinlegt að hlýða á það að þetta eigi að tryggja hlutina án þess að færð séu nein góð og gild rök fyrir því, því full ástæða er til þess þegar menn halda slíku fram þegar sérfræðingarnir allir eru á öðru máli. Við hljótum að gera kröfu til þess að menn setji a.m.k. fram rök sín en tönnlist ekki á einhverjum frösum um að löggæslusveitir muni sjá til þess að þessi markmið náist.

Virðulegi forseti. Ég hafna því alfarið að sú leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara í þessum efnum til að tryggja að þessi markmið muni nást.

Þess vegna hef ég dregið þá ályktun og fleiri hafa gert það hér í dag að verið sé að selja ríkiseinokun og í stað ríkiseinokunar komi einkaeinokun. Það er að mörgu leyti miklu verri einokun vegna þess að þegar slík staða er verður arðsemiskrafa eigendanna miklu hærri eðli málsins samkvæmt. Það er eðlilegt því þeir hafa algjör yfirráð á þessum markaði.

Við hljótum að gera þá kröfu til meiri hlutans á hinu háa Alþingi að hann færi rök fyrir því hvar sérfræðingarnir eru á villigötum. Hvar misskildu þeir hugmyndafræði og pólitík ríkisstjórnarinnar? Það er algert grundvallaratriði að þetta komi fram, annars falla orð þeirra dauð og ómerk.

Virðulegi forseti. Þá eru ekki síður umhugsunarverð rökin að með því að selja fyrirtækið í einu lagi fáist meira fyrir það. Eiginlega hef ég skilið ríkisstjórnina og talsmenn hennar, hv. þingmenn, þannig að það fengist meira fyrir fyrirtækið en að selja ekki tiltekna hluti, þ.e. það fengist meira fyrir fyrirtækið við að selja það í einu lagi en að selja allt nema grunnnetið. Það má færa góð og gild rök að þeirri niðurstöðu að eftir því sem þeir selja meira hljóti þeir að fá meira.

Ég held að við getum alveg tekið undir þetta. Ég held að full ástæða sé til að taka undir þetta að því leytinu til að selji menn ekki alla hluti, ekki allt úr fyrirtækinu, fái menn minna en að selja allt. Það er í sjálfu sér engin lógík.

En ekkert liggur fyrir um það að menn fái meira fyrir fyrirtækið með þessum hætti en að skipta því upp eins og m.a. Samkeppnisstofnun leggur til. Það sem er að gerast

núna úti í Evrópu og í Bandaríkjunum er að fjárfestarnir, eigendurnir, telja að það þjóni hagsmunum sínum betur að skipta fyrirtækjum upp. Af hverju? Einfaldlega vegna þess að menn fá meira út úr fjárfestingunni. Og hvað eru þeir þá að segja? Þeir eru að segja: Fyrirtæki er verðmætara hver deild í sínu lagi en fyrirtækið í einu lagi. Þetta er grundvallaratriði. En samt sem áður tönnlast ríkisstjórnin og talsmenn hennar á því að fyrirtækið sé verðmeira í einu lagi en með því að búta það upp. Það er alveg sama með þetta og samkeppnisrökin frægu að það er engin alvöru rök færð fram fyrir þessu, ekki nokkur.

Maður kallar það fátækleg og aum rök sem meiri hlutinn setur fram í áliti sínu sem er upp á rúmlega heila síðu. Það er allt og sumt sem menn telja ástæðu til að skrifa þegar verið er að ráðast í stærstu einkavæðingu sem farið hefur verið í, stærstu einstöku sölu. Þá þarf ekki að rökstyðja það betur en með þrennum, fernum rökum og þetta er rétt rúm síða. Það er allt og sumt. Jafnvel þó hér sé farið gegn flestum sérfræðingum sem hafa tjáð sig þá breytir það engu, það eru bara gömlu góðu rökin: „Við erum fleiri", og „af því bara". Það er allt og sumt. „Við ráðum." Það er allt og sumt. „Afleiðingarnar eru algjört aukaatriði. Okkur langar bara að hafa þetta svona." Einu sinni langaði Framsókn að hafa það öðruvísi, en svo fengu þeir tvo starfsmenn í Samkeppnisstofnun og tvo starfsmenn í Póst- og fjarskiptastofnun og þar með var óttinn við Microsoft-ástand fyrir bí. (Gripið fram í.) Þetta var algjör snilld.

Virðulegi forseti. Ég held að ég megi til með að óska sjálfstæðismönnum til hamingju með þetta.

Það er full ástæða til þess. (**Gripið fram í:** Að taka á móti hamingjuóskum.) Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, að ef hann hefði boðið framsóknarmönnum fjóra starfsmenn hefði ekki þurft að hafa frekari áhyggjur af stjórnarsamstarfinu næstu tíu árin.

Virðulegi forseti. Af því hæstv. forseti situr í salnum og gætir þess að umræðan fari vel fram, þá sagði sá hv. þm. sem þá var samgrh., Halldór Blöndal, fyrir átta, níu árum eða svo eitthvað á þá leið, að þrátt fyrir að fyrirtækið yrði selt teldi hann æskilegt að ríkið ætti a.m.k. helming í fyrirtækinu. (**Gripið fram í:** Ansi ert þú minnugur.) Þetta var fyrir nokkrum árum. En allt er í heiminum hverfult og líka afstaða hinna ýmsustu manna og þá ekki síst Framsfl. sem fyrir nokkrum mánuðum óttaðist ekkert meira en íslenskt Microsoft-ástand. En óttinn hvarf. Þeir fengu fjóra starfsmenn.

Já, virðulegi forseti. Vegir Framsfl. eru órannsakanlegir og verður sennilega ekki gerð tilraun til þess hér að rannsaka þá vegi.

Í þessari stuttu ræðu minni hef ég farið yfir helstu rök meiri hlutans í þessu. Og því miður stendur ekki steinn yfir steini í þeirri röksemdafærslu, hvergi nokkurs staðar. Eiginlega er kæruleysið svo mikið að ekki er einu sinni gerð ærleg tilraun til að rökstyðja þetta. Auminga hv. þm. Hjálmar Árnason kom hér í dag og flutti held ég hátt í klukkutíma ræðu þar sem hann var að reyna að gera grein fyrir breyttu viðhorfi sínu til þessa máls. Þar taldi hann m.a. að ATM-kerfið, ATM-netið mundi leysa öll vandamál sem væru fram undan. En ég held að rétt sé að það komi fram og sé a.m.k. skráð í þingtíðindi að ATM-kerfið er byggt ofan á grunnnetið. ATM-kerfið kemur ekki í staðinn fyrir grunnnetið. Það er byggt ofan á grunnnetið. Best að það liggi alveg fyrir í umræðunni. Það er alveg ástæðulaust að röksemdafærsla af þessum toga standi eftir.

Ég vil hins vegar segja um hæstv. ráðherra, sem af einhverjum ástæðum mér óskiljanlegum hefur horfið tímabundið úr sal, ég vænti þess að hann sé í nágrenninu sem og reynist rétt vera, enda hæstv. ráðherra búinn að sitja mjög ötullega yfir umræðum í dag og á allt gott skilið með það, að hæstv. ráðherra var þó miklu ærlegri í andsvari sínu áðan þegar hann var spurður um samkeppnina. Hann fór ekki þá leið að halda því fram að það yrði einhver sérstök samkeppni í heimtaugakerfinu. Hæstv. ráðherra var ekkert að halda því fram að líkur stæðu til þess að eitthvert fyrirtæki hér færi að grafa 135 þús. heimtaugalínur til að keppa við Landssímann um aðgang að neytendum. Hæstv. ráðherra sagði einfaldlega eins og rétt er: Eini möguleiki þessara nýju fyrirtækja til að komast að neytendum, þ.e. einstaklingum og fyrirtækjum, er að semja við Landssímann. Það er engin önnur leið þannig að Landssíminn mun sitja að öllum viðskiptaleyndarmálum þeirra sem eru að reyna að selja neytendum. Og þegar ég nota orðið neytendur á ég við einstaklinga og fyrirtæki, fjarskiptaþjónustu.

Hæstv. ráðherra var heldur ekkert að reyna að halda því fram að grunnnetskerfi í þráðlausum símtölum væri í einhverri raunverulegri samkeppni við grunnnetið. Það hvarflaði ekki að hæstv. ráðherra, enda veit hann betur.

En hv. þm. Hjálmar Árnason sem hér kom fyrr í dag leyfði sér þann munað að reyna að rökstyðja þann snúning sem hann hafði tekið í afstöðu til þessa máls með því að verið væri að grafa meira upp allt landið því allir væru á leiðinni í keppni, í að keppa á grunnþjónustukerfunum. Það verður að segja alveg eins og er að mjög ólíklegt er að af því verði. Það er mjög ólíklegt að af því verði og það er mjög ólíklegt að einhver veruleg samkeppni verði á landsbyggðinni. Hins vegar gæti orðið samkeppni ef svo má að orði komast í heildsöludreifingu, þ.e. menn muni leggja ljósleiðara á milli kaupstaða. Það er kominn ljósleiðari til Vestmannaeyja. Hugsanlega verður einhvern tímann lagður ljósleiðari til Akureyrar. En að menn muni grafa inn til einstaklinga og fyrirtækja þykir mér vægast sagt heldur ólíklegt þannig að raunveruleg samkeppni á þessu sviði, þ.e. í grunnþjónustunni, er mjög ólíkleg. Þess vegna eiga menn ekki að tala um þessa hluti á þessum nótum.

Ég vil einnig nefna það, virðulegi forseti, af því starfsmannafélag Landssímans kom aðeins til tals fyrr í þessari umræðu að það vita allir að þetta mál kom mjög seint fram. Það vita líka allir að málið fékk mjög takmarkaða yfirferð í samgn. tímans vegna. En ég vil þó halda því til haga að allt sem óskað var eftir kom og allir sem óskað var eftir að kæmu á fund nefndarinnar komu. En það breytir ekki því að það var mjög skammur tími sem við höfðum til stefnu og umfjöllunin markaðist af því.

Starfsmannafélagið eða fulltrúar þess komu á fund nefndarinnar, en þeir voru ekki að tala fyrir starfsmannafélagið. Ekki hafði gefist neinn tími til þess að halda fund í stjórn starfsmannafélagsins. Það hafði ekki verið neinn tími til þess að halda fund með starfsmönnum þannig að þeir komu aðeins á þennan fund sem formaður og gjaldkeri og gerðu ágætlega grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þau höfðu enga skoðun á því hvort ætti að aðgreina grunnnetið eða ekki. Aðspurð sögðu þau að þau teldu að flestum starfsmönnum litist vel á þetta sökum þess að líklegt væri að þeir gætu fengið að kaupa hlutabréf sem hugsanlega ættu eftir að hækka í verði. Þetta

voru þau sjónarmið sem komu fram, enda höfðu þau hvorki umboð né tíma eða tækifæri til þess að kynna önnur viðhorf.

Satt best að segja, þegar menn fóru fyrr í dag að draga starfsmannafélagið inn í þessa umræðu, fannst mér það ekki sanngjarnt. Það var á engan hátt sanngjarnt vegna þess að starfsmannafélagið hafði ekkert umboð til að kynna neina afstöðu eða nein viðhorf.

Við sjáum það líka af því ég nefni þetta sérstaklega að þeir sem gáfu skriflegar umsagnir höfðu þrjár, fjórar, fimm klukkustundir til þess. (**ArnbS:** Þá hlýturðu að draga önnur sjónarmið... í efa sem hafa komið þarna fram hjá gestum. Nú eru ekki allir með stjórnarsamþykkt á bak við sig.) Virðulegi forseti. Þetta var ágætis frammíkall hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, enda hef ég að öðru leyti ekki nefnt þá sem komu á fund nefndarinnar. En hins vegar, af því hv. þm. situr í samgn. og sat þessa fundi líkt og ég, þá getur hv. þm. vottað að stór meiri hluti þeirra sem komu á fund nefndarinnar taldi að skilja ætti grunnnetið frá. Stór meiri hluti þeirra sem komu á fund nefndarinnar taldi að skilja ætti grunnnetið frá.

Það vill nú þannig til að ég er hér með meirihlutaálitið. Við skulum bara fara yfir það hvað menn sögðu. Ég held að ágætt sé að við gerum það. Síðan geta menn dregið í dilka.

Tveir þeir fyrstnefndu sem mættu voru starfsmenn framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Þeir töldu ekki ástæðu til þess að skilja að.

Síðan mættu fulltrúar Landssíma Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson og Friðrik Pálsson. Þeir töldu að ekki ætti að skilja að.

Síðan komu fulltrúar frá starfsmannafélagi Landssíma Íslands. Þeir höfðu enga skoðun á þessu máli. (Gripið fram í.) Þeir höfðu enga skoðun á þessu máli, hv. þm.

Síðan kom Þórólfur Árnason frá Tali. Hann taldi að það ætti að selja fyrirtækið þannig að um væri að ræða einhvers konar yfirstjórn og aðskilja síðan einstaka þætti eins og Samkeppnisstofnun leggur nákvæmlega til í niðurstöðu sinni. Hún segir: „Jafnframt telur stofnunin æskilegt að öll meginsvið samkeppnisþátta Landssíma Íslands séu rekin í sérstökum félögum.“ Þetta var afstaða Þórólfs Árnasonar, til að halda því til haga.

Síðan höldum við áfram.

Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun taldi sig ekkert vera þess umkominn að tjá sig um það hvað ætti að gera í þessum efnum. Hann væri embættismaður og sem góður og gegn embættismaður var hann ekkert að tjá sig um þessa hluti.

Síðan kom Eyþór Arnalds frá Íslandssíma. Hann hafði skýra afstöðu til þessa og hefur haft lengi. Hann telur nauðsynlegt að skilja netið frá. Ef ná á þessum samkeppnismarkmiðum telur hann það nauðsynlegt.

Ingvar Garðarsson frá Frjálsum fjarskiptum (**Gripið fram í:** Hann taldi að það ætti að aðskilja.) taldi ef ég man þetta ... (Gripið fram í.) Eyþór Arnalds talaði með þeim fulltrúum sem komu af landsbyggðinni og var sammála þeim sjónarmiðum sem þar komu fram. — Ég man ekki betur en Ingvar Garðarsson hafi tjáð sig um þetta og hann hafi verið þeirrar skoðunar að ætti að aðskilja þetta.

Kaupþingsmenn höfðu enga skoðun á þessu né fulltrúar frá Íslandsbanka.

Hrafnkell Óskarsson frá Samkeppnisstofnun. Talað hefur verið um hvaða afstöðu hann hafði í málinu.

Jóhannes Gunnarsson og Markús Möller voru á því að það ætti að aðskilja, ef ég man það rétt. Það er rétt að halda því til haga að ég man ekki nákvæmlega hvaða afstöðu þeir höfðu. (**JB:** Þeir vildu aðskilja.) Þeir vildu aðskilja, kallar fram í hv. þm. Jón Bjarnason (Gripið fram í.) og það er ábyrgðarhlutur að draga í efa það sem hv. þm. Jón Bjarnason segir í þessum efnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hafði ekki skoðun á þessu máli.

Samtök netverja höfðu skýra skoðun á þessu máli. Þeir vildu aðskilja.

Davíð Guðmundsson frá Tölvun í Vestmannaeyjum vildi aðskilja.

Björn Davíðsson frá Snerpu á Ísafirði vildi aðskilja.

Rögnvaldur Guðmundsson frá Skríni á Akureyri vildi aðskilja.

Eiríkur Bragason frá Línu.Neti. Nú verður hv. þm. að viðurkenna að hann man ekki nákvæmlega hvaða afstöðu hann hafði til þessarar spurningar, en auðvelt er að fletta því upp.

Tölvusmiðjan á Egilsstöðum vildi aðskilja.

Fulltrúi Elements á Sauðárkróki vildi aðskilja.

Tryggvi Þór Ágústsson frá Gagnvirkri miðlun vildi aðskilja.

Björn Ingi Jónsson frá Tölvuþjónustu vildi aðskilja.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé orðum aukið að a.m.k. tveir þriðju af þeim sem komu á fund nefndarinnar vildu aðskilja.

En það breytir í sjálfu sér engu hvað sérfræðingum á þessu sviði finnst. Niðurstaðan er bara þessi: Við erum fleiri. Við ráðum. Og af því bara.

Ég er búinn að hlýða á fulltrúa ríkisstjórnarinnar í allan dag og ég segi ekki sannara orð en það: Ég hef beðið eftir raunverulegri röksemdafærslu fyrir því að fara þessa leið. Hún hefur ekki komið. Það breytir engu þó flestir sérfræðingar séu á annarri skoðun. Þetta er einhvers konar „af því bara“ sjónarmið.

Virðulegi forseti. Það er hins vegar spurning hvort það þjóni einhverjum tilgangi að standa hér (Gripið fram í.) og fara yfir þau sjónarmið sem skipta öllu máli í þessu. Það breytir engu. Og hverjar skyldu vera líkurnar á því, þrátt fyrir að hér hafi verið færð sterk rök og sjónarmið fyrir nauðsyn þess að skilja grunnnetið frá, að einhver stjórnarþingmaður skyldi nú hafa sína prívatskoðun í málinu? Hvaða líkur skyldu nú vera til þess? Hvaða líkur skyldu nú standa til þess að einhver hv. þm. stjórnarmeirihlutans, þrátt fyrir að ófáir þeirra hafi lýst nokkuð fjálglega yfir í gegnum tíðina að nauðsynlegt sé að fara þessa leið ef ná á þeim markmiðum að tryggja einhverja raunverulega samkeppni en ekki einkavædda einokun, detti fyrir borð? Virðulegi forseti. Það yrði ekki stórt hlutfall sem veðjaði á að einhver dytti fyrir borð. Allir þramma þeir í takt: Stöndum saman. Með Framsókn.

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér hvort það þjóni nokkrum tilgangi að leggja fram rök helstu sérfræðinga og allra sem fyrir nefndina komu. Nei, þeir segja: Af því bara. Það er svo gaman að vera saman og við skulum fara þessa leið.

Hæstv. ráðherra er ekki síðri á þessari vegferð. Hann heldur því fram að tilvist markaðsaflanna — án þess að ég hafi satt best að segja áttað mig á hvað hann átti við en líklega eru það öfl á markaði ef það ætti að rýna í þetta orð — muni sjálfkrafa sjá um að tryggja samkeppni. Þrátt fyrir það hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir og enginn dregið það í efa að þetta fyrirtæki, sem á að selja í einu lagi, hafi

85% markaðshlutdeild og því sé nánast einu ætlað að sjá til þess að landsbyggðin hafi aðgang að öflugu fjarskiptakerfi. Í frv. er ekki gerð nein tilraun til að tryggja að hægt sé að setja kvaðir á þetta stóra fyrirtæki um að það sjái til þess að staðir, þar sem öðrum fyrirtækjum finnst ekki borga sig að veita þjónustu, muni njóta þeirrar fjarskiptaþjónustu sem nútímamenn krefjast. Forsendan fyrir þróun byggðarlaga er að þau hafi aðgang að slíkri þjónustu.

Virðulegi forseti. Eitt hef ég ekki nefnt í þessu sambandi sem eru enn ein rökin fyrir því að skipta fyrirtækinu upp með einhverjum hætti. Það er sú staðreynd að Landssíminn rekur nokkuð mörg fjarskiptanet eða fjarskiptakerfi. Þróunin gerir það að verkum að mörg þessara kerfa munu hugsanlega í framtíðinni geta flutt svipuð eða sambærileg gögn. Það má t.d. nefna grunnkerfið í þráðlausum fjarskiptum í símum, það má nefna ATM-kerfið og grunnnetið. Smám saman mun tæknin líklega þróast þannig að flest þeirra geti flutt sambærileg gögn þannig að fyrirtækið sjálft og net þess eru komin í innbyrðis samkeppni. Þetta eru enn ein rökin fyrir því að skipta ætti fyrirtækinu upp áður en það er selt.

Það hefur verið kallað eftir svörum við þessum spurningum en á þeim hefur staðið. Í raun og veru hafa engin svör komið. Það er spurning, eins og ég sagði áðan, hvort það þjóni einhverjum tilgangi að reyna að koma vitinu fyrir þessa ríkisstjórn. Það virðist ekki nokkur leið. Ákvörðunin hefur verið tekin og fyrirtækið skal selt í einu lagi. Ástæðan kann að vera sú að kallað hafi verið eftir því af góðkunningjum flokkanna að þeir þurfi að finna eitthvert fóður fyrir aurana sína. Kannski er það raunverulega ástæðan fyrir því að þetta er gert svona. Það er ekki nóg með að fyrirtækið hafi 85% hlutdeild í öllum tekjum á þessum markaði heldur á það í 36 öðrum fyrirtækjum á þessum markaði. Fyrirtækið hefur þannig í reynd stærri markaðshlutdeild.

Það breytir engu, virðulegi forseti, þó að farið hafi verið ítarlega yfir þessa hluti hér og reynt að benda mönnum á á hvaða villigötum þeir eru. En ég ætla að benda mönnum á hugsanlegar afleiðingar. Afleiðingarnar kunna að verða þær að hugbúnaðar- og fjarskiptaiðnaðurinn í framtíðinni þróist ekki við þær aðstæður sem við ella hefðum getað skapað honum með því að skipta fyrirtækinu upp. Hvaða afleiðingar getur það haft fyrir samfélagið?

Það er þó alla vega ekki hægt að segja, ef við náum ekki því markmiði að vera í fremstu röð áfram sem hingað til vegna þessarar sölu á fjarskipta- og hugbúnaðariðnaðinum í einu lagi, að stjórnarandstaðan hafi ekki varað við því. Það er þá kross sem hæstv. samgrh. þarf að bera inn í óskilgreinda framtíð.

[23:22]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Í umræðum um þetta mál í dag hefur komið rækilega fram að það eru í sjálfu sér engar tæknilegar forsendur sem krefjast þess að Landssíminn sé seldur, miklu frekar hins að hann sé ekki seldur. Það hefur komið fram að þjónusta Landssímans er misgóð og aðgengi að henni misjafnt eftir landshlutum. Þar er mikil mismunur á eftir búsetu, svo mikil að talið er nauðsynlegt — einmitt núna uppgötvaðist það — að gera stórátak til að samkeppnisástand geti skapast. Þetta hefur nú allt í einu uppgötvast.

Það hefur komið fram, herra forseti, að fyrir þá sem hafa áhuga á að selja eigur sínar og fá gott verð fyrir er þetta einn versti tíminn. Sama gildir um að selja hlutabréf í Landssímanum. Verðið er nú að líkindum í lágmarki, það getur þó kannski lækkað samt. Það verð sem þjóðin mundi fá fyrir sölu þessa fyrirtækis mun núna vera nærri lágmarki. Jafnframt hefur komið fram að til þess að líklegt væri að bréfin seldust og þau gegndu því hlutverki á verðbréfamarkaði sem nauðsynlegt þykir þá þyrfti að selja þau með töluverðum afslætti. Það þyrfti að selja þau með afslætti þannig að þeir sem hugsanlega hefðu ráð á að kaupa þau geti grætt. Ef þau yrðu seld á sannvirði, raunvirði, mundi það ekki ganga. Þá mundi enginn kaupa. Nei, ríkið verður að selja sitt á afsláttarkjörum. Það er krafa hlutabréfamarkaðarins sem er horaður og illa fram genginn nú á vordögum og stendur illa, að því er sagt er, á sumum sviðum. Þess vegna er nauðsynlegt að ríkið komi þar til og hjálpi til með því að gefa á tombóluverði fjölskyldusilfur landsmanna.

Herra forseti. Eitt fannst mér afar athyglisvert í dag í þeim umræðum og gögnum sem lögð voru fram. Það var það sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Hann rifjaði það upp að á síðasta þingi, fyrir um ári, var samþykkt þáltill. á hinu háa Alþingi sem fjallaði um að gera skyldi úttekt á því hvernig almannaþjónustan hefði reynst og hvernig einkavæðing og einkaframkvæmd hefði farið. Þetta var till. til þál., herra forseti, um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila þar sem flutningsmenn voru hv. þm. Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman.

Upprunalega hljóðaði þáltill. svo:

„Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar til nefndin hefur skilað álitsgerð verði öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest."

Í greinargerð með þessari tillögu segir, með leyfi hæstv.:

„Á liðnu sumri hafa glögglega komið í ljós alvarlegar brotalamir á einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta á við um þætti sem lúta að rekstri og þjónustu stofnana sem hafa verið einkavæddar og ekki síður á þetta við um sjálfa framkvæmd einkavæðingarinnar. Á verðbréfamarkaði skortir aðhald og eftirlit en einnig hefur komið í ljós við sölu og undirbúning á frekari sölu fjármálastofnana að mjög skortir á að sett séu lög og reglur sem komi í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi í samræmi við yfirlýstan vilja stjórnvalda."

Herra forseti. Þessi till. til þál. fór til efh.- og viðskn. og fékk þar afgreiðslu sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir, með leyfi forseta. Í nál. um þáltill. um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila frá efh.- og viðskn. segir:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Samtökum iðnaðarins.

Tillögugreinin gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila og að slegið verði á frest öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd þar til nefndin hefur skilað álitsgerð.

Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd. Telur nefndin eðlilegt að við þá vinnu verði m.a. könnuð reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd í almannaþjónustu hér á landi og í þeim ríkjum sem

gengið hafa lengst í einkavæðingu, svo sem Bretlandi og Nýja-Sjálandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.“

Herra forseti. Þessi þáltill. var samþykkt á 125. löggjafarþingi 1999–2000.

Mér finnst þetta afar athyglisvert. Ég óska einnig eftir að forseti upplýsi hvar sú vinna er á vegi stödd sem gert var ráð fyrir að þessi þáltill. setti í gang. Ég held að það sé afar mikilvægt að við fáum það upplýst áður en umræðunni lýkur hér um þetta stóra mál um einkavæðingu og sölu á almannaþjónustufyrirtækinu Landssíma Íslands hf., að við fáum skýrslu um hvernig þessi nefnd hefur unnið og að hvaða niðurstöðum hún hefur komist varðandi einkavæðingu eins og ég hef tilgreint að tillagan fjallar um því að einmitt í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í dag lýsti hann því afar ítarlega hvernig farið hefur á Nýja-Sjálandi, í Ástralíu. (**Samgrh.:** Við heyrðum þá ræðu.) Já, hæstv. samgrh. heyrði einmitt þá ræðu og það var afar gott að hann skyldi heyra hana. (**Samgrh.:** Alveg óþarfi að endurtaka hana.) Nei, ég ætlaði ekki að gera það, herra forseti, en ég ætlaði einmitt að ítreka að hún undirstrikaði mikilvægi þeirrar þáltill. sem ég var að vitna í. Vonandi getur hæstv. samgrh. einmitt beitt áhrifum sínum til þess að þessi nefnd kynni álit sitt fyrir Alþingi.

Herra forseti. Ég bendi á að greinilegt er að í umsögn meiri hluta samgn. *skín í gegn að meiri hlutanum kom á óvart* hvernig staðan var í dag í fjarskiptamálum á landinu, hversu þar var í raun lítil samkeppni og hversu mikil mismunun var á milli einstakra landshluta og eftir búsetu fólks í aðgengi að þessari þjónustu. Hv. samgn. reynir aðeins að klóra yfir hina lélegu vinnu sem liggur að baki þessu frv. um mat á þeirri stöðu sem er nú þegar og hvernig hún verður óhjákvæmilega í næstu framtíð því að meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að átak þurfi að gera til að bæta þarna úr, svo slæmt sé ástandið, og lætur í það skína að í rauninni sé ekki að vænta neins samkeppnisástands fyrr en gert hafi verið stórátak í að jafna þau skilyrði sem eru nú þegar ójöfn á landinu. Þó er gott til þess að vita að það hafi þó aðeins síast inn.

Varðandi þá vinnu sem meiri hlutinn er að leggja til að þurfi að ráðast í og þurfi að knýja samgrn. til, að vinna að tillögum og raunhæfum tillögum og staðfestum úrbótum á þessum vettvangi, þá skal ekki skorta að ég styðji þar að eftir því sem mögulegt er, ekki nokkur vafi á því, og vona að sú vinna fari strax í gang og þetta sé ekki glamuryrði heldur raunhæft.

Herra forseti. Ekki höfðu margir sem tök á því að skila skriflegum álitum til samgn. um þetta mál. Ég vil þó vitna örstutt í álit þróunarsviðs Byggðastofnunar sem skilaði áliti, aðeins til að undirstrika mikilvægi þess sem hér er um að ræða, með leyfi forseta:

„Ljóst er því að ein af meginforsendum byggðaaðgerða í nútímasamfélagi er að landsmönnum öllum sé tryggður jafn aðgangur að fjarskipta- og gagnaflutningakerfum og á sambærilegum kjörum. Byggðastofnun hefur átt viðræður við forsvarsmenn Landssíma Íslands hf. um þetta málefni. Átt hefur sér stað mikil uppbygging á dreifikerfi Landssímans um landið mestallt, og má þar nefna uppbyggingu ljósleiðara og ATM-kerfisins. Jafnframt hefur Landssíminn lækkað gjaldskrá sína á þessari þjónustu. Þessar breytingar og þau markmið sem fyrirtækið hefur sett sér um uppbyggingu fjarskiptakerfisins og þjónustuframboð hafa stórlega bætt samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem aðgengi og möguleikar almennings hefur batnað. Aðstaða er þó enn ekki jöfn um allt land. Ljósleiðarinn og ATM-kerfið nær nú einungis til nokkurra tengipunkta í stærri þéttbýliskjörnum, en áætlun um uppbyggingu kerfisins gerir ráð fyrir öllu þéttbýli með >150 íbúa (63 staðir) og 3 skólasetur. Önnur byggðarlög verða síðan að tengjast þessum tengipunktum með leigulínum. Nefna má að einingaverð (km-gjald) á leigulínum er enn óeðlilega hátt og töluvert úr samræmi við nágrannalönd okkar. Þetta kemur sérstaklega að sök á stærri línum sem eru 30 km og lengri.“

Herra forseti. Þarna er mjög hógværlega greint frá en þó alveg ljóst að þarna er verið að undirstrika þá miklu mismunun sem hér er á ferðinni.

Og áfram, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem getur staðið í vegi fyrir uppbyggingu þróaðra fjarskiptaneta í dreifbýli er krafa um hagnað.“

Hógværlega sagt, en engu að síður alveg tæpitungulaust.

„Vegna lægri kostnaðar við flutning gagna og stærri markaðar er hagnaður mestur á þéttbýlustu svæðunum. Fjarskiptafyrirtæki velja því oftast að þjóna þessum markaði fyrst og auka þannig ójöfnuð svæða.

Það er því mat Byggðastofnunar að verði samþykkt að selja hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands, sé nauðsynlegt að tryggð verði áframhaldandi uppbygging og viðhald *dreifikerfis Landssímans á landsbyggðinni í samræmi* við stefnumörkun stjórnvalda, og að fyrirtækjum og almenningi og verði tryggt jafnt aðgengi að gagnaflutninga- og fjarskiptakerfi Landssímans óháð staðsetningu og búsetu.“

Herra forseti. Það er alveg skýrt dregið þarna fram að aðstaðan sé ójöfn og þetta sé forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu hvar sem er á landinu og á það leggur þróunarsvið Byggðastofnunar ríka áherslu.

Herra forseti. Ekkert krefst þess að Landssími Íslands hf. sé seldur. Hann er ekki í neinu sérstöku fjársvelti eða neinum vandamálum hvað rekstur varðar þannig að ekki rekur það á eftir. Það er ljóst að hann er öflugt fyrirtæki. Það hefur komið fram hér að hann skilar ríkum tekjuafgangi sem mætti þess vegna nýta beint eða óbeint til að byggja og efla dreifikerfið og þjónustuna um land allt. Því er afar rangt að taka nú þetta þjónustufyrirtæki, þessa almannaþjónustu og setja hana á torg markaðsins, á torg mammons, þegar hún hefur miklu mikilvægara hlutverki að gegna fyrir landsmenn alla hvarvetna á landinu. Það á að nýta og beita styrk Landssíma Íslands til að koma á raunverulegum jöfnuði í fjarskiptum um allt land og efla það starf til framtíðar. Til þess eigum við að beita Landssíma Íslands en ekki til þess að búta hann í sundur og senda hann á torg mammons.

Herra forseti. Ég hef vakið athygli á að undirbúningur á þessu frv. um sölu á hlutafé í Landssíma Íslands er afar slæmur. Ekki aðeins er vinna sem einkavæðingarnefnd hefur skilað til ríkisstjórnarinnar og hæstv. ríkisstjórn síðan unnið úr afar léleg og illa rökstudd heldur og var vinna í samgn. líka unnin í miklu flaustri. Það var fjarri því að samgn. og þingið hafi fengið þann nauðsynlega tíma sem þurfti til að taka á

svona stóru og miklu máli sem hér er um að ræða. Ég vek athygli á því að það var nánast engin umfjöllun í nefndinni, enda hún ekki tækninefnd, um efnahag, viðskipti og áhrif sölu Landssímans í peningamálum. Þess vegna óskaði ég eftir því að efh.- og viðskn. gæfi umsögn um málið en því var hafnað. Enda virðist það ekki vera meginmál. Meginmálið virðist vera að selja því að rök langflestra sem komu fyrir samgn. voru andvíg þessari aðgerð ríkisstjórnarinnar og töldu að það ætti að vinna hana með öðrum hætti af ýmsum ástæðum sem þeir þá tilgreindu.

Herra forseti. Ég vildi ítreka þá tillögu sem ég gerði grein fyrir í upphafi þegar ég mælti fyrir áliti 2. minni hluta samgn. og hefur ekkert komið fram í þessum umræðum sem hvetur mig til þess að breyta um skoðun, miklu frekar hitt að allt hefur leitt að því að þetta sé afar óundirbúið mál og reyndar, eins og nú liggur fyrir, til tjóns fyrir land og þjóð. Þess vegna ítreka ég að frv. um sölu ríkissjóðs á hlutafé Landssíma Íslands hf. var lagt mjög seint fram eða rúmum mánuði eftir að almennur frestur til framlagningar nýrra þingmála var liðinn. Um er að ræða umfangsmikið og flókið mál sem krefst ítarlegrar umræðu og yfirvegunar í æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi. Samgn. hefur ekki á þeim stutta tíma sem henni var gefinn til verksins tekist að fara fullnægjandi yfir málið. Mikil hætta verður að teljast á því að hagsmunum landsbyggðarinnar verði fórnað verði af umræddri sölu Landssímans. Hvorki samkeppnislegar né tæknilegar forsendur eru til staðar til að umrædd sala geti átt sér stað. Rétt er að reka Landssímann hf. áfram sem opinbert þjónustufyrirtæki og beita styrk fyrirtækisins til áframhaldandi uppbyggingar fjarskiptakerfisins og til að tryggja öllum landsmönnum góða þjónustu án tillits til búsetu.

Samkvæmt framansögðu, herra forseti, legg ég til við Alþingi að það vísi þessu máli frá og taki fyrir næsta mál á dagskrá.

[23:42]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fátt nýtt kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. Það hefur legið fyrir að hann og flokkur hans eru á móti einkavæðingu, vilja að sem flest fyrirtæki séu rekin af ríkinu og á ábyrgð ríkisins og gera sér ekki grein fyrir þeirri stöðnun sem slíkt fyrirkomulag hefur fyrir efnahagslífið og yfirleitt framvinduna í þjóðfélaginu þó mörg dæmi séu um það. Þess vegna má segja að ræða hans sé eðlileg út frá forsendum hans. Við getum líka sagt að eðlilegt sé t.d., svona til samanburðar undir miðnættið, hvernig ræða hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvíks Bergvinssonar, var áðan þegar hann rakti í fjölmörgum orðum, ég man ekki hvort það tók 40 mínútur að fara með þá runu, hvers vegna Alþfl. vildi alls ekki selja Símann í heilu lagi. Hann undraðist m.a. á því að ég skyldi á sínum tíma hafa sagt — það var 1992 — að ég mundi í fyrirsjáanlegri framtíð sjá fyrir mér að helmingurinn af Símanum yrði seldur. Þá var ég auðvitað að egna fyrir kratana því að þeir voru á móti því að selja Símann og á móti því að selja ríkisbankana, hvort tveggja. Ég man eftir mjög einörðum yfirlýsingum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar um þessi efni hér yfir í Landssímahúsi.

Að þessu leyti stendur Samfylkingin sem sameiningartákn vinstri aflanna að þessir tveir flokkar eru eins og áður á móti frjálsum viðskiptum, á móti einkavæðingu og á móti því að láta markaðinn vera allsráðandi í þjóðfélaginu sem auðvitað er sá kostur sem við sjálfstæðismenn þykjumst hafa sýnt sönnur fyrir að sé sá besti.

[23:44]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þurfti ekkert að segja mér, herra forseti, að stefna Sjálfstfl. er að markaðurinn skuli vera allsráðandi í þessu samfélagi þannig að hv. þm. Halldór Blöndal þurfti ekkert að koma og segja mér að þetta er draumur þeirra og þeir draga Framsfl. með sér eins og þeir geta í þessum draumi sínum. Hins vegar er ég andvígur því að þetta sé einhver allsherjarlausn á rekstri á íslensku samfélagi. Markaðurinn er góður þar sem hann hentar atvinnurekstri. Það er fjarri því að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði séum á móti einkarekstri þar sem einstaklingarnir geta beitt sér og unnið á eigin forsendum. Það er einmitt það sem við viljum styðja.

En við erum andvíg einkarekstri sem byggist á því að fá hámarksarð fyrir rekstur á almannaþjónustu, grunnþætti samskipta og fjarskipta, í heilbrigðisþjónustu, menntamálum, að þar ríki arðsemiskrafa markaðarins um hámarksarð fjárins — fjáreigandinn getur verið hvar sem er, hann getur verið einhvers staðar úti í Chicago þess vegna. Þar greinir okkur á, okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og markaðsöfl og frjálshyggjuöfl í Sjálfstfl. sem hv. þm. var hér að prísa.

[23:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. var mjög skýr. Hann gerði grein fyrir því að hann vill að almannaþjónusta, þ.e. þjónusta fyrir almenning, sé rekin af ríkinu í sem ríkustum mæli. Hann nefndi nokkur dæmi af því tagi. Flokksbræður hans — til skýringar og taki maður þetta í sögulegu samhengi — voru t.d. á sínum tíma andvígir því að hér væri nokkur sjónvarpsrekstur nema á höndum ríkisins. Vitaskuld er það svo að menn með lífsskoðanir og lífssýn vinstri grænna vilja halda sig við þetta sama heygarðshorn, að láta ríkið vafstra í sem flestu. Þó liggur fyrir að til lengdar hefur það gefist illa. Það sjáum við með margvíslegu móti.

Á hinn bóginn þykir mér þetta undarlegt vegna þess að þegar við kynntumst, ég og hv. þm., var hann skólastjóri á Hólum. Ég var þá landbrh. og mér skildist á honum að hann væri með ýmsar hugmyndir um hvernig hægt væri að auka þjónustuna á Hólum. Er það þó menntastofnun sem veitir almannaþjónustu. Ég gat ekki betur fundið en hann vildi einmitt nýta sér hinn frjálsa markað. Að vísu vildi hann styðjast dálítið við ríkið, fá á fjárlögum svolitla peninga til að fá betri stöðu á markaðnum en ella mundi, t.d. í fiskeldinu. En hann hafði vissa sýn á markaðinn og ég bjóst satt að segja við því að með aldrinum mundi þessi sýn verða gleggri og skýrari.

[23:49]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það rifjast upp fyrir mér að stundum eru menn tvær persónur. Þegar hv. þm. Halldór Blöndal kom sem ráðherra í heimsókn að Hólum þá var hann ekki uppfullur af þessu frjálshyggjudýpi. Þá vildi hann horfa á hlutina raunsætt og spurði: Hvað er hægt að gera? Hvernig er best að gera það? Hvernig verður það farsælast? Hvernig kemur það sér best fyrir staðinn? Hvernig kemur það sér best fyrir starfsfólkið og hvernig kemur það sér best fyrir bændur landsins?

Þá var þessi hv. þm. og ágæti landbrh. niðri á jörðinni. Að vísu hoppaði hann upp úr farinu af og til, en með góðri hjálp minni og annarra hélt hann sig á jörðinni. Þá kunni ég ágætlega við hann.

Svo missir hann jarðsambandið og fer inn í þessa sjálfshyggjupólitík Sjálfstfl. í Reykjavík, (**Gripið fram í:** Í kaupstaðnum.) í kaupstaðnum. Þá kemur kaupstaðarlykt, þá breytist allt. — Ég er ekki að segja að það sé kaupstaðarlykt af neinum hér inni núna. Ég vil bara taka það fram til þess að forða misskilningi.

Þannig er, herra forseti, alveg ljóst að það er reginmunur á milli einmitt Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Sjálfstfl. í því hvernig flokkarnir reka sína pólitík. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill standa á jörðinni og líta á hvert mál fyrir sig. Á einum stað getur markaðsaðferð átt við, á öðrum stöðum ríkisstuðningur. Þetta leysum við í hverju tilviki fyrir sig.

Ég held, herra forseti, að alveg eins og hv. þm. Halldór Blöndal lýsti því yfir að hann vildi aldrei selja meira en minni hlutann af Landssímanum, að ríkið ætti alltaf að eiga meiri hluta, þá væri best að við hv. þm. mundum aftur labba saman norður að Hólum og hv. þm. fengi jarðsambandið við íslenska þjóð.

[23:51]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem staðið hefur í dag út af sölu á hlutafé í Landssímanum hefur margt komið fram. Þar á meðal hefur verið rifjað upp það sem sagt hefur verið á árum áður um ýmislegt á landsbyggðinni. Ég ætla að nota tækifærið og minna á nokkur atriði sem snúa að fjarvinnsluverkefnum sem að mati hæstv. forsrh. og annarra áttu öllu að bjarga á landsbyggðinni. Við höfum farið yfir þær tilraunir á Ólafsfirði og í Hrísey. Mig langaði að nefna það sem hv. þm. Halldór Blöndal lét hafa eftir sér þegar fiskvinnslufyrirtæki á Ólafsfirði var lokað og þegar kaupfélagið hætti að vinna fisk í Hrísey. Þá ætluðu menn að búa til fjarvinnslufyrirtæki og höfðu háleitar hugmyndir. Heimamenn og aðrir lögðu mikla fjármuni í þessi fyrirtæki en það fé hefur allt glatast, því miður. Það kann m.a. að vera út af háum kostnaði við leigulínur, gagnaflutninga og annað slíkt en þó kannski aðallega vegna þess að fyrirheit um flutning starfa út á land í þessa nýju landsbyggðarbúgrein hafa öll verið svikin af hendi hins opinbera.

Ég vil taka fram, herra forseti, að einkaaðilar og einkafyrirtæki, þ.e. ýmis fyrirtæki sem ekki eru opinber, hafa gert þetta. Sennilega er þar besta dæmið hið ágæta fyrirtæki Kaupþing sem hefur flutt störf til Siglufjarðar í samstarfsverkefni við Sparisjóð Siglufjarðar. Það hefur gengið mjög vel og þar vinna tíu manns, þrátt fyrir verð á línum. Ég vil þó taka skýrt fram að verðið á línum lækkaði þegar þar var tekin upp ATM-tenging. Rekstraraðilarnir fundu fyrir þeirri lækkun en betur má ef duga skal.

Ég ætlaði, vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, talaði hér áðan, að rifja upp það sem nokkrir hæstv. ráðherrar hafa sagt vegna fjarvinnsluverkefna sem átti að starfrækja úti á landi og áttu að bjarga miklu.

Í sambandi við málefni Ólafsfjarðar þá sagði hæstv. forsrh. á Alþingi 23. febr. árið 2000, þegar rætt var um flutning tiltekinna verkefna til Ólafsfjarðar, með leyfi forseta:

„Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin.“

Eftir borgarafund sem haldinn var á Ólafsfirði við opnun þessara stöðva sagði hv. þm. Halldór Blöndal m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Það hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um það að flytja fjarvinnsluverkefnin hingað til Ólafsfjarðar og það verður staðið þannig að þeim að það verði traustur grunnur og hann standi til frambúðar.“

Það verður staðið þannig að þeirri vinnu að það muni ganga vel, sögðu menn en ekkert starf var flutt né hefur verið flutt norður. Þessi fyrirtæki eiga við mikla rekstrarerfiðleika að etja. Þar stendur yfir fjárhagsleg endurskipulagning. Vegna þess að ég er að vitna í orð hæstvirtra ráðherra, þá sagði m.a. hæstv. ráðherra byggðamála í lok þessa sama fundar um flutning fjarvinnsluverkefna:

„Í lok þessa mánaðar eða fyrir lok þessa mánaðar þá trúi ég því að þær verði komnar, að það verði eitthvað að frétta.“

Ég lagði fram fyrirspurn til hæstv. byggðamálaráðherra í ársbyrjun um hve mörg störf hefðu verið flutt í fjarvinnslugeiranum til landsbyggðarinnar og skiptingu milli ráðuneyta. Það er skemmst að segja frá því, herra forseti, að svarið var ein og hálf blaðsíða, eins og prentað er í þingtíðindum, en niðurstaðan úr þessu var ákaflega döpur: Ekkert starf hafði verið flutt út á land af hálfu ríkisins eða ríkisfyrirtækja á síðasta ári.

Herra forseti. Ég nefni þetta aðeins vegna þess að við höfum í dag deilt um þann mun sem við óttumst að verði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hvað varðar þátttöku í þeirri byltingu sem orðið hefur og þróun sem nú er á fleygiferð, það mikilli ferð að tæknimenn geta varla spáð nokkra mánuði fram í tímann, hvað verði nýjast og hvað breytist. Ný og fullkomin tækni, flott og fín sem eykur hraða og getu er orðin úrelt eftir nokkra mánuði. Við höfum talað um að þessi alþjónustukvöð, þ.e. 128 Kb/s, er alls ekki nóg. Hér hefur verið vitnað í samkomulag sem hæstv. samgrh. gerði við Landssímann um ADSL-tengingar til allra staða sem hafa 150 íbúa og fleiri innan fimm ára. Það er góðra gjalda vert. Ég hefði persónulega talið að það hefði átt að vera í fjarskiptalögunum sem alþjónustukvöð.

Þegar við settum lög um fjarskipti töldum við okkur vera að gera stórkostlega hluti með ISDN-tengingunni sem þá átti að ná til allra. (**Samgrh.:** Og vorum að því.) Við vorum að því, sannarlega. En það er dæmi um hvað þetta úreldist fljótt og hvað tæknin er á mikilli hraðferð í þessum efnum að þetta er orðinn hálfgerður „Trabant“, ef ég má nota þá líkingu, sem við ætlum að inna af hendi í alþjónustunni hvað þetta varðar meðan aðrir geta keyrt um á Mercedes Benz af dýrustu og bestu gerð. Þá er ég auðvitað að tala um höfuðborgarsvæðið og það sem ég fór í gegnum í ræðu minni um þær stórkostlegu áætlanir og framkvæmdir sem Lína.Net áformar á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef fagnað því og er mjög hlynntur þeim áformum. Mér finnst það mjög framsækin stefna hjá borgaryfirvöldum og vert að óska bæði Reykvíkingum, íbúum Reykjavíkur og borgarstjórn, til hamingju með það.

Þetta, herra forseti, hef ég gert að umtalsefni. Ég óttast að með sölu á grunnnetinu með samkeppnishluta Landssímans verði landsbyggðin skilin eftir í þessum efnum. Með öðrum orðum: Ég óttast að ljósleiðarar verði ekki lagðir á ýmsa smærri staði úti á landi sem eru alllangt frá Reykjavík og þeir muni ekki taka þátt í þeirri fjarskiptabyltingu sem nú á sér stað. Eins og ég fór yfir fyrr í dag getur tekið átta tíma að

ná sér í kvikmynd í fullkominni lengd í gegnum ADSL en það getur tekið fjórar sekúndur í gegnum ljósleiðaratengingu. Þar er mikill munur á, herra forseti.

Ég tel ákaflega mikilvægt að íbúar landsbyggðarinnar fái að sitja við sama borð og íbúar höfuðborgarinnar í þessum efnum. Við eigum að geta gert það og sagt að í þessu litla landi búi ein þjóð sem hafi sömu möguleika til að draga fram lífið, njóta afþreyingar o.s.frv. Ég og við í Samfylkingunni teljum að það sé betra að gera með því að skilja grunnnetið, dreifikerfi Landssímans, frá fyrirtækinu áður en það er selt.

Töluvert hefur líka verið rætt um það og það hefur komið fram hjá bæði stjórnarandstöðu- og stjórnarþingmönnum að til okkar í samgn. komu margir fulltrúar sem lýstu ástandinu eins og það er og hefur verið undanfarin ár og kvörtuðu yfir ýmsu í sambandi við störf Landssímans. Ég segi það alveg hiklaust og tek það skýrt fram: Ég held þrátt fyrir þetta að Landssíminn hafi verið að skána mjög síðustu eitt, tvö, þrjú ár í þessum efnum. Ég hika ekki við að segja að með nýrri stjórn og með þeim stjórnarformanni sem starfar núna, Friðriki Pálssyni, og því ágæta fólki sem situr með honum í stjórn hafi verið farið inn á nýjar brautir og töluvert önnur stefna sé hjá fyrirtækinu en var fyrir kannski einu og hálfu, tveimur árum, eitthvað svoleiðis, og þetta sé mikið að batna. Ég hika ekki við það og ég vil segja það hér til að fyrirbyggja allan misskilning að þó að við höfum verið að gagnrýna ýmislegt í starfsemi Landssímans er það ekki í raun og veru gagnrýni á stjórn eða forstjóra eða aðra starfsmenn. Það er einfaldlega þannig að hið rosalega mikla og stóra markaðsráðandi fyrirtæki, Landssími Íslands, sem hafði fyrir nokkrum árum 100% markaðshlutdeild og er kominn niður í 85% núna, var svo stórt og mikið batterí að það átti erfitt með að bregðast við þeirri framþróun sem þurfti að vera. E.t.v. voru einhverjir vaxtarverkir við að fara út í og taka þátt í samkeppninni sem hefur verið að þróast undanfarin ár á fjarskiptamarkaði.

Þetta vildi ég, herra forseti, láta koma skýrt fram og segja að lokum að ég hef átt mörg samtöl við stjórnarformann Landssímans, Friðrik Pálsson. Ég get ekki sagt neitt annað en að það hafi allt saman verið mjög gott. Hann hefur mjög mikinn skilning á þörfum landsbyggðarinnar í þessu efni og ég hika ekki við að segja að það hefur verið henni til framdráttar sem hefur verið gert þar og það er landsbyggðinni mikið til góðs að hafa mann sem þekkir jafn vel til á landsbyggðinni og þarna hefur verið.

Herra forseti. Hér hefur aðeins verið rætt um hvað sagt hefur verið og ég rifjaði upp það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði um fjarvinnsluverkefnin í Ólafsfirði og þau fjarvinnslufyrirtæki sem menn bundu vonir við og hafa verið að byggjast upp þar og er nú verið að reyna að endurreisa. Ég vona að þau geti keppt á jafnréttisgrundvelli við að drífa upp starfsemi sína og ná í fjarvinnsluverkefni. Þetta hefur verið brösótt og ekki hefur verið staðið við að flytja eitt einasta starf frá ríkisstofnunum til þessara fyrirtækja og til þessara staða eins og lofað var og eins og ég gat áðan um með yfirlýsingum frá hæstv. forsrh., hæstv. forseta Alþingis og hæstv. byggðamálaráðherra.

Þegar menn eru að tala um samkeppnina og hvað hún er í raun og veru ung í þessum geira þá hefur einnig verið talað um það sem sagt var fyrir ekki nema svo sem eins og sjö, átta árum þar sem hæstv. fyrrv. samgrh. talaði um að það væri mjög skynsamlegt í fyrirsjáanlegri framtíð að íslenska ríkið ætti a.m.k. helming í slíku fyrirtæki. Hann talaði um að það gæti verið að erlendir aðilar mundu skjótast inn í Póst og síma og eignast þar hlut. Svo er þróunin mikil í þessu að menn hafa skipt allsvakalega um skoðun í þessum efnum og það er kannski hið besta mál.

Herra forseti. Það hefur líka verið rætt um þá áætlun sem hér hefur verið gerð og hefur verið talað um að ætti að verða til að jafna kostnað milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Ég fagna því sem kemur þar fram og segi alveg hiklaust, eins og ég hef áður sagt, að við fulltrúar Samfylkingarinnar í samgn. munum ekki liggja á liði okkar við að starfa í samgn., þess vegna í sumar, í samvinnu við hæstv. samgrh. við að finna leiðir til að jafna leigulínuverð og það sem við höfum verið að tala um milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Eftir stendur þá að við óttumst að ef grunnnetið er ekki skilið frá og selt með komi e.t.v. hærri kröfur um arðsemi hjá nýjum eigendum sem koma inn í Landssímann. Við heyrðum það hjá aðilum sem þekkja vel til í þessum geira hvaða kröfur erlendir samstarfsaðilar íslenskra fyrirtækja eða hálfíslenskra gera til arðsemi í þeim rekstri. Það gæti farið svo, ef þær hugmyndir koma fljótlega inn hjá nýjum eigendum að Landssímanum, að þá muni ýmislegt breytast. Þá óttumst við það, herra forseti, að landsbyggðin hvað varðar grunnnetið, hvað varðar gagnaflutninga og möguleika í hinni öru þróun muni sitja eftir.

Við vörum við því og viljum alls ekki að þau skilaboð komi með þessari sölu og með því að gera þetta svona sem framtíðin getur gert að fara þann veg sem ég var að tala um áðan. Vegna kröfu frá nýjum eigendum um meiri arðsemi en er í dag getur þetta farið á þann veg að ákveðnir landshlutar á Íslandi verði hreinlega skildir eftir í hálfgerðum öðrum flokki ef svo má að orði komast.

Herra forseti. Hér höfum við mikið rætt um það sem kannski mesti ágreiningurinn hefur staðið um sem er verðlagning á þeirri þjónustu sem boðin er fyrir utan að þessi alþjónusta, eitthvað um 128 Kb, sem eru afköst sem faxtæki býður upp á í dag, hálfgerður „Trabant" þó að sá bíll sé vafalaust eitthvað að batna frá því sem var áður, er það sem flestallir aðilar kvörtuðu yfir. Það var athyglisvert en jafnframt mjög ánægjulegt þegar forstjóri Íslandssíma, sá ágæti maður Eyþór Arnalds, kom með ákveðnar tillögur og skýrði mjög vel afstöðu sína gagnvart fyrirtækjum á landsbyggðinni sem eru í þessum geira. Hér hefur það komið fram í umræðunni, ekki orðrétt eftir haft en eitthvað á þá leið, að það væri undravert að þessi fyrirtæki skyldu yfir höfuð vera enn þá á lífi.

Herra forseti. Allt saman snýst þetta um samkeppnishæfni svæða. Samkeppnishæfni svæða skiptir höfuðmáli milli svæða á landinu um hvernig málin munu þróast og hvort ein þjóð verði í þessu landi eða tvær þjóðir eins og er reyndar í dag í ýmsum atriðum, eins og í skattamálum á ýmsan hátt. Við getum nefnt þungaskattinn, við getum nefnt húshitunarkostnað o.fl. Öll þessi atriði eru mjög landsbyggðinni í óhag og miklar og góðar tillögur hafa verið uppi um að jafna þennan aðstöðumun milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis en það verður að segja alveg eins og er, herra forseti, að það hefur gengið ákaflega hægt. Loforð sem gefin eru úr þessum ágæta ræðustól á hinu háa Alþingi, jafnvel eins og af sjálfum hæstv. forsrh., eru ekkert alltaf uppfyllt. Þetta eru oft falleg orð og miklar og góðar hugmyndir en efndirnar láta á sér standa. Þetta nefni ég hér, herra forseti, af því að við höfum verið að gagnrýna og tala um, annars vegar flutningsgetuna og hvað hefur verið boðið upp á og hins vegar verðlagninguna og frómar óskir, sem eru mjög góðar

og vonandi verður sem fyrst unnið að, en það er ótti um að þetta verði ekkert nema sögð orð, að það verði eitthvað, ekki endilega andstaða viðkomandi ráðherra eða þingmanna eða ríkisstjórnar, sem stoppi þetta heldur geti ýmislegt annað orðið á vegi okkar sem stoppar þetta hreinlega eða tefur.

Í þessu sambandi vil ég nefna og vitna aðeins í orð hæstv. forsrh. sem *hann lét falla á Alþingi í umræðu* þegar var verið að ræða um kjördæmabreytinguna eða stjórnarskipunarlögin eða hvað það aftur hét. Í því sambandi var skipuð af hæstv. ríkisstjórn svokölluð byggðanefnd sem var þverpólitísk nefnd og skilaði samdóma þverpólitísku áliti um aðgerðir í byggðamálum og kallaði þær jafnframt bráðaaðgerðir. Miklar og góðar tillögur komu frá þeirri nefnd sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., stýrði og m.a. hv. þm. Tómas Ingi Olrich var í. Sá sem hér stendur var í þeirri nefnd, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var í þeirri nefnd og sveitarstjórinn í Reykhólahreppi var í þeirri nefnd. Ekki voru gerðar sérstaklega miklar kröfur en tillögur voru settar fram sem allir voru sammála um og fengu samþykki eða stimpil hæstv. ríkisstjórnar og það voru tillögur sem átti að fara eftir.

Mig langar í þessu sambandi að lesa úr ræðu hæstv. forsrh. þegar hann var spurður út í þetta atriði. Þá sagði hann m.a., með leyfi forseta, þegar búið var að ræða um þessar tillögur sem ég get farið yfir á eftir og rætt var um og, eins og ég segi, voru þverpólitískar, áttu að komast í framkvæmd á næstu þremur árum frá þeim tíma, við værum sem sagt á öðru ári núna hvað varðar fjárlagagerð. En hæstv. forsrh. sagði af þessu tilefni m.a., með leyfi forseta:

„Að því leyti sem tillögur nefndarinnar munu gera kröfu til að afstaða sé tekin til veitinga fjármuna í tiltekna þætti, t.d. í vegaframkvæmdir, mundi ríkisstjórnin afla slíkra heimilda og ábyrgjast pólitískt“ — ég endurtek, herra forseti — „og ábyrgjast pólitískt að slíkar tillögur mættu ná fram að ganga. Þegar hafður er í huga þessi skilningur ríkisstjórnarinnar og jafnframt hinn víðtæki stuðningur sem við nefndarstarfið er í þinginu, þar sem allir þingflokkar tilnefndu í nefnd þessa og innan hennar er góð samstaða, tel ég tryggt að þær viljayfirlýsingar, hugmyndir og tillögur sem þar koma fram hljóti brautargengi innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf setur sér.“

Herra forseti. Þetta voru orð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Í tillögum þessarar nefndar var m.a. fjallað um stóraukna *niðurgreiðslu til jöfnunar húshitunar*. Það var staðið við það, en ekki alveg, svona 80–90% á síðasta fjárlagaári. Fyrir þetta ár var ekki staðið við þær tillögur. Þetta átti að gerast og það var skýrt tekið fram af formanni nefndarinnar, hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að þetta átti að gerast í þremur jöfnum áföngum á þremur næstu árum, 2000, 2001 og 2002. Ekki hefur verið staðið við húshitunarkostnaðinn ... (Gripið fram í.) Í fjárlögum þessa árs er sáralítil sem engin upphæð í þetta en þar átti að vera einn þriðji af þessari upphæð, að mig minnir einhverjar 120–130 milljónir. Ekki staðið við það.

Jöfnun námskostnaðar. Segja má hæstv. menntmrh. það til hróss að á fyrsta árinu var staðið fullkomlega við þá tölu sem átti að koma, einn þriðji af 210 millj., 70 millj. Á þessu ári kom, held ég, mjög svipuð tala. Ég hef að vísu ákveðnar *efasemdir um þá reglugerðarbreytingu sem gerð var sem* fjölgar mjög þeim sem fá jöfnun námskostnaðar sem getur gert það að verkum að vegna reglugerðarbreytingarinnar hefði upphæðin átt að hækka. Eftir verður eitt ár. Mikið réttlætismál er að allir íbúar þessa lands sitji við sama borð við að senda unglinginn sinn í framhaldsskóla sem ríkið byggir og rekur. Þá skiptir engu máli hvort fólk gengur yfir götuna í Hafnarfirði eða Reykjavík í framhaldsskólann eða hvort það þarf að fara langan veg frá litlum stöðum á landsbyggðinni til stærri staða. Þennan aðstöðumun á að jafna fullkomlega *með jöfnun námskostnaðar*. Af *þessu hefur kannski einna* mest verið staðið við þau loforð sem þarna voru gefin.

Síðan eru aðrar tillögur — ég ætla ekki að lengja þennan fund með því að telja þær upp vegna þess að mér heyrist að komin sé hugmynd um að fara að hætta — sem ekkert hefur miðað áfram með, eins og t.d. eftirgjöf hjá langskólagengnu fólki, svo og svo mikla eftirgjöf á endurgreiðslu námslána upp á ein 15% að mig minnir, sem átti að verða til þess að hvetja námsmenn, nýkomna úr námi til að fara út á land og fá smábónus, ef svo má að orði komast, við endurgreiðslu námslána vegna þess, kerfi sem er vel þekkt t.d. í Noregi.

Ýmis önnur atriði voru í þessum tillögum, herra forseti, eins og t.d. um þátttöku ríkisins ef íbúar landsbyggðarinnar þurfa að fara til Reykjavíkur til að leita sér lækninga sem ekki eru veittar úti á landsbyggðinni, þá átti þetta að koma inn í. Þetta á sér náttúrlega stað í mörgum þáttum í heilbrigðisgeiranum, en nokkrir þættir voru tilgreindir þar sem enginn ferðakostnaður var greiddur í né nein jöfnun og það átti að taka fyrir. Það hefur ekki verið gert.

Það gefst kannski tími til þess síðar að fara yfir, herra forseti, þau atriði sem ég er að gera að umtalsefni vegna þess sem ég sagði áðan og vil ítreka, en ég er að rifja þetta upp vegna þess að það hafa oft verið fögur orð, fallegar skýrslur, miklir og góðir pappírar, góðar tillögur sem hafa átt að verða til að jafna lífskjör almennings í landinu, jafna lífskjör milli landsbyggðar og höfuðborgar, en það hefur einfaldlega ekki verið staðið við það. Hér eru uppi ágætistillögur um að jafna lífskjör fólks, um að jafna aðstöðu fyrirtækja hvað þetta varðar, þ.e. að kaupa þjónustu í gegnum grunnnetið, og við skulum vona að það gangi eftir. Ég bíð spenntur eftir að fara að vinna þá vinnu og, eins og hér kemur fram, að hluti af sölu Landssímans verði notaður í þetta, e.t.v. til að greiða hraðar niður ljósleiðaralínur þannig að þær séu fullgreiddar og fullafskrifaðar sem gerir það að verkum að kostnaðurinn verður ekki eins mikill og þar með þurfum við ekkert að efast um að ekki sé hægt að jafna þennan kostnað fullkomlega.

Herra forseti. Það eru til alls konar hugmyndir um leiðir til að gera þetta ef menn eru hræddir við eftirlitsstofnanir í Evrópu hvað þetta varðar sem ég reyndar hef mjög miklar efasemdir um að muni gera miklar athugasemdir við þetta vegna þess hvernig þetta er gert í Danmörku og Noregi og annars staðar.

Herra forseti. En það skal sannarlega verða gengið eftir þeim tillögum sem hér eru lagðar fram um þessi atriði og vonandi gerum við það sem fyrst. Ég man ekki hvað stendur hérna, hvort þetta verði gert á næstu mánuðum og hvort þessari athugun átti að vera lokið fyrir — jú, það stendur hérna að þessu skuli vera lokið fyrir árslok 2001. Ef þessi athugun leiðir af sér að við munum finna leið til að jafna þennan kostnað fullkomlega þá vona ég að það verði gert strax. Ég legg þann skilning í þetta að ekki eigi aðeins að ljúka gagnavinnunni og tillögunum fyrir árslok 2001 heldur komi *jöfnunin á* verðinu í beinu framhaldi.

Ég man nefnilega eftir því að það tók ákaflega langan tíma að byggja frystihús norður á Siglufirði. Forstjóri þess sagði að frystihúsið yrði opnað í september, en nefndi aldrei

árið. Það var alveg rétt að frystihúsið var opnað í september. Það gekk eftir vegna þess að hann nefndi aldrei árið. Þetta segi ég hér, herra forseti, rétt til að ítreka þessi atriði.

Hér hefur verið töluvert hörð umræða en ég segi líka mjög gagnleg umræða í dag um sölu Landssímans. Ég hef sagt og skal segja það í lokin: Ég er hlynntur sölu Landssímans á samkeppnisþættinum. Tillaga mín ásamt tillögu frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni er um að aðskilja grunnnetið frá. Það er mín bjargfasta trú og skoðun að það yrði til heilla fyrir land og þjóð. Ég segi hins vegar að samkeppnishlutann á að selja. Ég óttast að samkeppnishlutinn, ef hann verður ekki seldur, muni rýrna mjög, sú eign ríkisins muni rýrna mjög eingöngu vegna samkeppni og mikilla breytinga og annars slíks. Þess vegna er betra að selja samkeppnishlutann núna og nota þá peninga sem fást til ýmissa annarra góðra verka sem hægt er að gera og áform eru uppi um. Með öðrum orðum, nauðsynlegt er að sjá þessa peninga koma inn, ekki eingöngu vegna bágs efnahagsástands um þessar mundir og til að rétta af efnahag þjóðarinnar heldur er líka nauðsynlegt að þeir peningar fari í þannig framkvæmdir að þeir fari ekki endilega inn í rekstur nýrra ríkisstofnana eða eitthvað því um líkt þó að það megi sannarlega fara að hluta í það. Vafalaust væri hægt að eyða þessum peningum margsinnis í ýmis þörf mál sem við höfum verið að fást við og bíða úrlausnar.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, þegar kominn er nýr dagur og hef hugsað mér að ljúka máli mínu á þessari stundu.

[00:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að fulltrúi Alþfl. sé á móti því að selja Landssímann eins og hann liggur fyrir og sé með vöflur í því máli sem er í samræmi við gamlar og nýjar ályktanir, fyrst hjá Alþfl. og síðan nú hjá Samfylkingunni.

Staðreynd málsins er sú að verð á þjónustu Landssímans hefur verið að lækka. Það er fyrst og fremst að þakka tæknibreytingum og tækninýjungum og því að þetta fyrirtæki hefur haft lag á því eða burði til þess, skulum við segja, að tileinka sér nýja tækni jafnskjótt og hún hefur komið upp, þó með þeim hætti að það hefur komið sér vel til langs tíma litið, bæði fyrir neytendur og fyrirtækið sjálft.

Misskilningur hv. þm. nú, eins og raunar misskilningur Alþfl. alla tíð, er sá að hann heldur að ekki sé komin samkeppni í grunnnetinu. Auðvitað er komin samkeppni þar. Ljósleiðari er þegar kominn til Vestmannaeyja og Lína.Net og Fjarski, fjarskiptafyrirtæki Landsvirkjunar, hafa gert bindandi samning við rannsóknar- og háskólanet Íslands um að leggja ljósleiðara til Ísafjarðar, til Akureyrar og austur á land. Jafnframt er í athugun að leggja ljósleiðara alls staðar þar sem raforkudreifingarkerfi Landsvirkjunar nær til. Þessi samkeppni er þarna komin þannig að þau rök sem hv. þm. fór með áðan eru úr lausu lofti gripin, eru ímyndun, og virðast benda til þess að Alþfl. hafi ekki fylgst með, skilji ekki þá nýju tækni sem nú er að banka á dyrnar en var fyrirsjáanleg fyrir tíu árum og auðvitað munum við Íslendingar njóta þess.

[00:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara neitt út í að kenna hæstv. forseta Alþingis fyrir hvaða flokk ég sit á Alþingi. En það er alveg hárétt og ég er stoltur af því að ég var og er alþýðuflokksmaður og það á hv. þm. að vera vel kunnugt um með tilurð Samfylkingarinnar og allt það. En sleppum því.

Hann ræðir um samkeppni á þessu sviði. Má ég spyrja hv. þm. út í það, herra forseti: Hver er samkeppnin í grunnnetinu til Raufarhafnar eða Ólafsfjarðar? Er einhver samkeppni þar? Er einhver samkeppni til Neskaupstaðar? Geta Neskaupstaðarbúar valið um að kaupa ljósleiðara eða línur frá einhverjum öðrum en Landssímanum? Er einhver sanngirni í því að í dag og undanfarin ár hafa Neskaupstaðarbúar þurft að borga 260 þús. kr. meðan fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þarf að borga 26 þús. kr.? Er einhver samkeppni á þessum markaði, á þessa staði? Ég held nú ekki, aldeilis ekki.

Það er sannarlega samkeppni hér. Hv. þm. nefndi Línu.Net, það mikla og góða fyrirtæki sem borgaryfirvöld í Reykjavík með borgarstjórann í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í broddi fylkingar, hafa verið að byggja upp og er algjör tæknibylting. Það væri óskandi að það væru til slíkar bæjarstjórnir úti um allt land sem hefðu jafnmikla framsýni og þarna er sýnd.

En ég ítreka það, herra forseti, að samkeppnin sem hv. þm. er að ræða um er ekki til staðar á mjög mörgum stöðum á landsbyggðinni. Ég vil aðeins segja eitt í lokin: Miðað við það sem hér er ætlunin, og það eru skilaboð ríkisstjórnar til landsbyggðarinnar eins og þau eru í dag, að landsbyggðin eigi að vera annars flokks í þessum efnum. Landsbyggðin mun ekki njóta tækninýjunga né þess hraða sem er á þessu sviði í dag eins og er á höfuðborgarsvæðinu.

[00:26]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti glöggt heyra á hv. þm. að hann skilur ekki alveg hvað er að gerast. Auðvitað er ekki komin samkeppni á ljósleiðaranum til Akureyrar áður en hinn nýi ljósleiðari er lagður. Þetta segir sig sjálft. Undarlegt að hv. þm. skuli ekki skilja jafnaugljósan hlut. (Gripið fram í.) Þetta er ekki útúrsnúningur. Samkeppnin er að koma.

Hv. þm. sagði áðan að hann vildi selja þann hluta Símans sem er í samkeppni. Það liggur fyrir að Landssíminn verður og er byrjaður í samkeppni við Línu.Net — sem hv. þm. hrósaði — einmitt í grunnnetinu. Nú er það komið til Vestmannaeyja, það er að koma til Ísafjarðar og Akureyrar, það er að koma austur á land og það er að koma víðar þannig að þessi samkeppni er þegar til staðar sums staðar og mun verða víða um land áður en langt um líður. Fyrir svo utan það að samkeppnin er einnig í sambandi við gervitungl. Auðvitað er Landssíminn þar að auki í samkeppni við erlend fyrirtæki.

Síðan er annað sem hv. þm. þegir um og það er sú staðreynd að það kostar verulega fjármuni, ekki aðeins stofnkostnað heldur líka rekstrarkostnað, að aðskilja grunnnetið frá öðrum þáttum Landssímans. Sá kostnaður, ef út í hann verður ráðist og farið, verður ekki greiddur af öðrum en Íslendingum, bæði höfuðborgarbúum og landsbyggðarmönnum.

Hv. þm. er alltaf að tala um að hann vilji ekki íþyngja landsbyggðarmönnum. Hann ætti þá líka að hugsa um að reyna að spara landsbyggðarmönnum þann aukakostnað, þann nýja skatt sem hann vill á þá leggja með því að aðskilja Landssímann. Þarna kemur tvískinnungur þessa hv. þm. fram, tvískinnungur hans í málflutningi og tvískinnungur hans í því að fara með rétt mál þegar hann er að tala um landsbyggðarmál.

[00:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að komið er fram á nótt og menn eru farnir að þreytast og við því er ekkert að gera.

Hv. þm. sem hér talaði, Halldór Blöndal, var samgrh. árið 1998. Þá var þessi verðmismunur þannig á leigulínum og sá aðstöðumunur sem var milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að leigulínurnar í Reykjavík kostuðu 31 þús. kr. Eigum við að taka leigulínurnar á Ólafsfirði? Þá þurftu Ólafsfirðingar að borga 550 þús. kr. Eigum við að fara til Neskaupstaðar? Þá þurftu Neskaupstaðarbúar að borga svo mikið sem 790 þús. kr. Á þessum tíma hafði landsbyggðin engan möguleika á öðru. Það var ekki boðið upp á t.d. ATM-net eins og nú er boðið upp á. Þetta var það samkeppnisumhverfi sem boðið var upp á. (**HBl:** Það var ekki komið.) Nei, ég veit að það var ekki komið. Þess vegna var ekki boðið upp á það. (**HBl:** Svona breytist tæknin, hv. þm., reyndu að hugsa það. Reyndu að muna að tæknin stendur ekki kyrr, hún er að breytast.) Það er gott, hæstv. forseti Alþingis, og það er allt í lagi að þú notir hluta af mínum tíma í andsvari. Það er hið besta mál. En ég segi rétt í lokin: Þau samkeppnisskilyrði sem fyrirtækjum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu var boðið upp á í þinni samgönguráðherratíð voru þau sem ég var að nefna. (**HBl:** Það á að segja hv. þm.) okurmunur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Og það eru útúrsnúningar að allir búi við samkeppni í grunnnetinu í dag, það eru útúrsnúningar og hann gat ekki bent mér á hvaða leiðir væru núna á næstunni fyrir Ólafsfirðinga í samkeppni í grunnnetinu.

Hver er að fara að leggja ljósleiðara til Ólafsfjarðar? Hvað verða það mörg fyrirtæki og hvað verður það mikil samkeppni sem þar mun vera? Ég vona sannarlega að hún verði, en ég bendi jafnframt á það að það er mjög þjóðhagslega óhagkvæmt að allir fari að leggja ljósleiðara á hvern einasta bæ vegna þess að ljósleiðarakerfi Landssímans hefur nægа burðargetu í dag og er mikið eftir áður en það fer að teppast og það er hægt að nota. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill að gefnu tilefni áminna þingmenn um að ávarpa hæstv. ráðherra og háttvirta þingmenn.)

[00:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Senn lýkur þessari 2. umr. um sölu á Landssímanum. Umræðan hefur verið fróðleg um margt. Fátt hefur komið á óvart. Sjálfstfl. hefur ítrekað ást sína og trú á markaðshyggjunni. Úthald framsóknarmanna var búið einhvern tíma um miðjan dag eða fyrir kvöldmat og hafa þeir ekki sést hér síðan. En sjálfstæðismenn, sem stýra för í þessu efni, hafa haft sig nokkuð í frammi, þar á meðal hæstv. forseti þingsins, fyrrv. samgrh., en hann var einn þeirra í Sjálfstfl. á sínum tíma sem hvatti til varfærni í þessum efnum. Og þótt hann hefði forgöngu um að gera Póst og síma að hlutafélagi lýsti hann því yfir að stofnunin yrði ekki seld á því kjörtímabili og reyndar var málatilbúnaðurinn allur á þann veg að ekki stæði til að selja Símann.

Síðan breyttust viðhorfin. Hæstv. forseti og fyrrv. hæstv. samgrh. sagði að enda þótt hlutir í Símanum yrðu seldir ætti ekki að ganga lengra en svo að ríkið ætti þar meirihlutaeign. Núna stígur hæstv. forseti Alþingis í ræðustól og segir að markaðurinn, markaðslögmálin eigi að vera allsráðandi einnig á þessu sviði.

Ég hef ekkert á móti því að menn skipti um skoðun og virði það fyllilega þegar einstaklingar skipta um skoðun og það á jafnt við um hæstv. forseta Alþingis, fyrrv. hæstv. samgrh., sem aðra menn. Það sem verra er er þegar sjónarmiðin og skoðanirnar breytast í þá átt sem við erum að verða vitni að nú. Það sem mér finnst dapurlegast í þessu máli öllu er hve slaka hagsmunagæslumenn íslenska þjóðin á í þeirri ríkisstjórn sem fer með völdin í landinu. Hún ætlar að afsala þjóðinni gullmola, gullgerðarvél, stofnun sem fært hefur ríkissjóði 20 milljarða á undangengnum áratugum, 20 þús. millj. kr. Og enn er stofnunin aflögufær þrátt fyrir þetta.

Hagnaður á árinu 2000 nam 6.500 millj. kr. fyrir afskriftir og fjármagnsliði og tekjur frá árinu áður höfðu þá hækkað um 18%. Ríkisstjórnin ætlar að afsala þjóðinni þessari eign og þá er von að menn spyrji: Hvað fáum við í staðinn? Jú, við fáum söluandvirðið. En það er skammgóður vermir. Þar er komið að trúarbrögðunum. Menn telja að með því að selja Símann sé búið í haginn fyrir samkeppni og hinn frjálsi markaður og samkeppnin á þessu sviði muni færa notendum þessarar þjónustu hagstæðara verð og betri þjónustu.

Menn hafa miklar efasemdir um að þetta sé rétt. Fram kom í máli samkeppnisaðila Landssímans, sem m.a. komu fyrir samgn. þingsins, að þeir óttuðust að verið væri að selja einokun og einokun sem væri færð samkeppnisaðila í hendur með þeim hætti væri betur komin í ríkisfyrirtæki en í slíkri einkavæddri einokun. Þetta hefur einnig komið fram af hálfu Samkeppnisstofnunar í þeim gögnum sem frá henni hafa komið, þ.e. efasemdir um að þau markmið sem menn vilja ná með sölunni á Símanum muni raunverulega ná fram að ganga. Það er að gerast tvennt í senn. Það er verið að afsala okkur mjög dýrmætri eign án þess að við fáum nokkuð í staðinn.

Menn spyrja með nokkrum þjósti hvort þetta muni ekki reynast eftirsóknarverður fjárfestingarkostur á markaði fyrir lífeyrissjóði og aðra aðila. Ég efast ekkert um það. En við höfum lagt áherslu á að fyrst og fremst sé þetta eftirsóknarverður kostur fyrir núverandi eiganda, íslensku þjóðina.

Varðandi staðhæfingar um að þegar samkeppni ríki og vaxandi samkeppni á þessum markaði, þá skulu menn varast að gera of mikið úr því. Þannig kemur fram í áliti meiri hluta samgn. að núna búi fyrirtæki við mismunandi aðstæður, annars vegar á þéttbýlissvæðinu og hins vegar í dreifbýlinu og menn óttast að þessi munur, þessi gjá muni breikka og stækka og dýpka. Í framhaldinu velta menn vöngum yfir því til hvaða ráða hægt sé að grípa. Í meirihlutaálitinu er fjallað um þann kost t.d. að styrkja fyrirtæki á landsbyggðinni. Einnig er bent á að í fjarskiptalögum sé búið svo um hnúta að ríkið geti sinnt verkefnum til almannaheilla, eins og segir í álitsgerðinni, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Þetta á að vera hlutverk skattborgarans sem sagt. Menn gefa gullgerðarvélina frá sér en ætla skattborgaranum að sinna þessum verkefnum. Ég hef sagt það áður við umræðuna að ég hef efasemdir um að alvara sé að baki yfirlýsingum um að menn ætli raunverulega að styrkja fyrirtæki á landsbyggðinni vegna þess að slík fyrirheit hafa verið uppi án þess að vera efnd og á hitt er einnig að líta að rannsóknarrétturinn í Brussel, ESA-dómstóllinn, hefur gert athugasemdir við slíkar styrkveitingar. Við búum því miður við svo huglausa ríkisstjórn og svo huglausan stjórnarmeirihluta að hann þorir ekki einu sinni að láta á það reyna gagnvart dómurunum í Brussel, gagnvart evrópska rannsóknarréttinum, hvort Íslendingar megi smíða varðskip á Íslandi. Það kom athugasemd frá ESA-dómstólnum. Gerðir voru út menn á fund ríkisstjórnarinnar til að finna að því við hana að hún ætlaði að styrkja íslenskan skipaiðnað og fyrir fáeinum dögum var landslögum breytt til að þóknast

rannsóknarráðinu frá Brussel þannig að menn skulu færa sönnur á að einhver alvara sé að baki yfirlýsingum af þessu tagi. En þetta er sem sagt hlutverk ríkisins eftir að það er búið að afsala sér þessari dýrmætu eign.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér finnst slæmt til þess að vita að ekki hafi verið leitað til hagsmunasamtaka starfsmanna til að fá álit þeirra. Ég hafði samband við formann Félags íslenskra símamanna í dag og spurði hvort það væri rétt að samtök þeirra hefðu verið sniðgengin, að ekki hefði verið leitað álits Félags íslenskra símamanna og hann vissi ekki til þess að svo hefði verið gert. Hins vegar höfðu fulltrúar starfsmannafélagsins verið kallaðir á fund nefndarinnar. Það er félag sem stjórn stofnunarinnar setti á laggirnar og skráði alla í og menn komast ekki út úr nema með bréflegri uppsögn. En það er allt annar félagsskapur og þeirra álit byggði ekki á neinni samþykkt, ekki neinni umræðu heldur persónulegu áliti tveggja einstaklinga. Þetta finnst mér ekki vera lýðræðisleg eða vönduð vinnubrögð og mér finnst ástæða til að vekja á þessu athygli.

Herra forseti. Ég held að ég ljúki máli mínu nú. Ég gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum við umræðuna fyrr í dag en ítreka að ég harma hversu lélega hagsmunagæslumenn þessi þjóð á í ríkisstjórn Íslands.

[00:42]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Umræðan um sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í Landssíma Íslands er orðin nokkuð löng. Hún hefur dregið fram grundvallaratriðin í þessari umræðu. Hún hefur dregið fram afstöðu flokkanna til þessa máls. Hún hefur dregið fram að afstaða Vinstri grænna í þessu máli er skýr. Hún hefur dregið það fram að afstaða Samfylkingarinnar er skýr. Hún hefur dregið það fram að íhaldið er í reynd andvígt samkeppni. Íhaldið vill fyrst og fremst fara þá leið að einkavæða einokun. Öll umræða um annað hefur litla stoð í veruleikanum. Þeir hafa sýnt að þeir eru sama sinnis og flestir skoðanabræður þeirra í Evrópu. Þeir telja að markaðurinn eigi einfaldlega að ráðast af því hver er sterkastur hverju sinni.

Það hefur líka verið dregið fram mjög skýrt að öll umræða þeirra um samkeppni er sýndarmennska ein. Þeir hafa ekki reynt að færa fram nokkur rök gegn því sem sérfræðingar hafa sagt um nauðsyn þess hvernig selja eigi Landssímann svo að það takist að byggja upp umhverfi þar sem samkeppni er tryggð. Þess í stað hafa þeir einfaldlega sagt að Símann skuli selja í einu lagi.

Það er merkilegt í ljósi þess að hér er að mörgu leyti verið að enda ákveðið ferli. Þegar ríkiseinkaleyfi á fjarskiptum voru afnumin fyrir nokkrum árum var í mínum huga og margra annarra augljóst að Síminn yrði seldur á einhverjum tímapunkti, þá yrði fyrirtæki selt sem ætti hátt í aldar sögu. Það hafði verið byggt upp á þeim tíma og naut eðlilega í ljósi þessa einkaleyfis yfirburðastöðu, var fyrirtæki með 100% markaðshlutdeild enda augljóst að aðrir höfðu ekki leyfi til að stunda slíka starfsemi.

Nú er ætlunin að selja fyrirtækið og alla þessa sögu og alla yfirburði fyrirtækisins og þá er sú leið farin að selja það í einu lagi. Það er augljóst að þessu verður ekki breytt héðan af. Það er augljóst að meiri hlutinn mun væntanlega ganga fram með þessa niðurstöðu. Og það er augljóst, þrátt fyrir ítarlega rökræðu um þetta efni, að niðurstaðan ætlar að verða sú að fyrirtækið verður selt í einu lagi. Ég vil aðeins segja það, þrátt fyrir að það hafi verið að mörgu leyti gott að það hafi verið dregið fram í þessari umræðu, að meintar áherslur Sjálfstfl. á samkeppni eru í reynd orðin tóm þegar á reynir og það hefur að mörgu leyti verið gott að það skyldi gerast. Um málflutning framsóknarmanna í þessari umræðu er voðalega lítið að segja. Þeir snerust á hæli um leið og tryggt var að Póst- og fjarskiptastofnun fékk tvo sérfræðinga, eða er ætlunin að hún fái, og Samkeppnisstofnun aðra tvo. Þetta dygði til þess að tryggja að hér mundi ekki verða Microsoft-ástand á fjarskiptamarkaðnum.

Enn fremur hafa verið færð fyrir því góð og gild rök að fullyrðingar um verðmæti fyrirtækisins, þ.e. að fyrir það fáist mest í einu lagi, má draga stórlega í efa.

Virðulegi forseti. Í þessu ljósi er ljóst að sú barátta sem fyrirtæki þurftu að heyja og berjast fyrir að komast inn á þennan markað þar sem Landssíminn var fyrir mun halda áfram. En nú er ekki lengur við ríkið að etja þar sem hæstv. samgrh. fór með yfirstjórn póst- og fjarskiptamála auk þess að vera handhafi eina hlutabréfsins í Landssímanum. Nú er ekki lengur við ríkið að berjast. Nú á að berjast við einkavædda einokun. Því miður, virðulegi forseti, standa mestar líkur til þess að þetta verði niðurstaða þessa máls. Ég harma það mjög og eins og kom fram í ræðu minni fyrr í kvöld verður það sá kaleikur sem hæstv. samgrh. þarf að tæma ef í ljós kemur að það umhverfi sem hann skapar með því að selja fyrirtækið í einu lagi mun verða til þess að við munum ekki ná að festa okkur í sessi sem ein fremsta þjóð á þessu sviði vegna þess að það umhverfi sem þessari iðngrein verður skapað, fjarskiptaiðnaði og hugbúnaðariðnaði, verður slíkt að sú iðngrein þarf að starfa í skugga eins risa sem getur hagað sér að vild.

Það hefur líka komið fram að sérfræðingar í samkeppnismálum telja engar líkur á því að hægt verði að tryggja að komið verði í veg fyrir markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins.

Virðulegi forseti. Til þess að geta þó sagt eitthvað jákvætt, látið líta svo út að við horfum þó bjartsýn fram á veginn, vil ég að lokum a.m.k. þakka hæstv. samgrh. fyrir að hafa setið hér í allan dag, komið inn í þessa umræðu og að mörgu leyti gert ærlegar tilraunir til að færa fram rök fyrir sínu máli. Það breytir ekki hinu að mér hafa ekki fundist þau rök rista mjög djúpt. En það ber þrátt fyrir það að þakka þá elju og þann áhuga sem hann hefur þó sýnt málinu með því að sitja hér í allan dag.

[00:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Komið er að lokum umræðunnar og nokkur atriði sem ég vildi bæta við inn í hana áður en henni lýkur.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem síðastur talaði hér, dró í efa að samkeppni yrði tryggð á fjarskiptamarkaði. Ég er honum algerlega ósammála. Hann og fleiri hv. þm., og kannski ekki síst hv. þm. Kristján L. Möller, töluðu eins og menn hafi verið að finna upp hjólið á höfuðborgarsvæðinu með því að þar bættist nýtt fyrirtæki á markaðinn. Hann reyndi undir lokin raunar að bæta ögn um með því að taka fram að Síminn væri hið besta fyrirtæki. En ég vek athygli á því að þjónusta Landssíma Íslands er býsna öflug. Þrátt fyrir að nýtt fyrirtæki kæmi á markaðinn, þ.e. Lína.Net, hafði verið boðið upp á mjög mikla tækni og góða þjónustu en samt sem áður var afar mikilvægt að Reykjavíkurborg eða raunar Orkuveita Reykjavíkur og þau fyrirtæki, því Orkuveitan stendur ekki ein að Línu.Neti, sem standa að því að byggja upp flutningskerfi hér á höfuðborgarsvæðinu og væntanlega víðar um landið, voru afar mikilvæg til að koma

á samkeppni. Ekki verður samkeppni með einu fyrirtæki, það er öllum ljóst, og ég hef margítrekað í þessari umræðu að fjarskiptalöggjöfin og allur sá rammi sem við höfum verið að setja er til þess gerður að skapa nýjum fyrirtækjum, skapa fleiri aðilum færi á að stunda þessa starfsemi.

Eins og hefur raunar komið fram hjá nokkrum hv. þm. eru fyrirtæki að sinna fjarskiptaþjónustunni, sinna rekstri grunnkerfa. Hér voru nefnd Lína.Net, Fjarski. Ég vil vekja sérstaka athygli á þeim samningi sem rannsókna- og háskólanet Íslands (RHnet) hefur gert við eitt af þessum fyrirtækjum, sem er Fjarski, sem gengur út á það að tengja saman þessar stofnanir, háskólana í Reykjavík, á Hvanneyri, skólasetrin á Laugarvatni, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri og Hólaskóla. Allar þessar mennta- og rannsóknastofnanir eru tengdar saman með öflugu rannsóknaneti sem er talið eitt öflugasta rannsóknanet á Norðurlöndum. Þetta ætti kannski að hafa einhverja þýðingu í uppbyggingu á þessum hlutum hér á Íslandi og gefa mikil fyrirheit um það sem koma skal vegna þess að það er mikið afl og mikill vilji hjá mjög mörgum aðilum í þjóðfélaginu til að nýta sér fjarskiptatæknina og upplýsingabyltinguna. Þetta vildi ég segja til að árétta að vissulega er vel að verki staðið hjá mjög mörgum. Sem betur fer þarf ekki að líta einungis í eina átt, einungis til fyrirtækisins sem við erum að ræða um aðallega í dag, þ.e. Landssíma Íslands.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði áðan eins og það væri hið einfaldasta mál að útvíkka svokallaða alþjónustukvöð, að alþjónustan gengur m.a. út á það að gera þá kröfu til fyrirtækja að sinna gagnaflutningum upp á hinar svokölluðu ISDN-tengingar. Það er ekkert sem hægt er að fullyrða á þessari stundu að verði ævarandi og eilíft en eins og sakir standa núna geri ég ekki ráð fyrir að mjög auðvelt verði að aðlaga frekari útvíkkun á alþjónustukvöðinni að óbreyttum reglum hins Evrópska efnahagssvæðis. Við verðum að átta okkur á því. Við verðum að sætta okkur við það en engu að síður þurfum við að fylgjast með þróuninni og standa þannig að endurbótum á löggjöf og leitast við að hafa áhrif á þróunina á hinu Evrópska efnahagssvæði okkur öllum til hagsbóta. Það er aðalatriði málsins. En á þessari stundu getum við ekki fullyrt að það sé með einu pennastriki eða með einfaldri samþykkt hjá okkur að við getum gert slíkar breytingar. Þetta er nauðsynlegt að komi fram þó að, eins og ég sagði, vert sé að undirstrika það rækilega að við þurfum að fylgja þróuninni og aðlaga löggjöf okkar.

Í þessari umræðu tel ég að engin haldbær rök hafi komið fram sem skjóta stoðum undir þá kröfu að slíta grunnnet Landssímans frá fyrirtækinu. Farið hefur verið rækilega yfir tæknilegar ástæður þess, sem eru taldar mjög óhagstæðar, að slíta netið frá. Það er mikill kostnaður og ekki efnahagslega ásættanlegt fyrir okkur. Báðir þessir höfuðþættir segja okkur það og fyrir því eru færð mjög sterk rök í skýrslu einkavæðingarnefndarinnar að fyrirtækið er betur sett til að þjóna öllu landinu án þess að slíta grunnnetið frá fyrirtækinu. Þetta vildi ég að kæmi fram skýrt og greinilega í lokaræðu minni.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, herra forseti, það er liðið fram yfir miðnætti. Ég vil að lokum þakka hv. þm. fyrir öflugar umræður. Að sjálfsögðu eru skiptar skoðanir um þetta mál eins og við var að búast. Það er sannfæring mín að með því að standa að sölu á hlutafé ríkisins í Landssímanum séum við að ganga inn í nýja tíma á þeirri forsendu að það sé óeðlilegt og er óeðlilegt að ríkið standi í samkeppni á samkeppnismarkaði þar sem einkaaðilar og fyrirtæki starfa.

Ég vona að ljúka megi 3. umr. sem allra fyrst um þetta mál og menn geti tekið til við næsta skref í þessu mikilsverða verkefni.

[00:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Óeðlilegt er að ríkið standi í samkeppni á samkeppnismarkaði, segir hæstv. samgrh. Út á það hefur þessi málflutningur m.a. gengið, að hér muni ekki skapast kröftugur samkeppnismarkaður. Menn hafa af því áhyggjur að verið sé að einkavæða einokun. Samkeppnisaðilar Símans hafa m.a. lýst því sjónarmiði.

Hitt vil ég spyrja hæstv. ráðherra um í ljósi þess að nokkrar líkur eru á að aðstöðumunur, sem er nú þegar á milli fyrirtækja í þéttbýli og í dreifbýli varðandi gagnaflutning, kunni að aukast jafnvel og meiri hluti samgn. hefur beint því til hæstv. samgrh. að leita leiða til að styrkja fyrirtæki á landsbyggðinni í þessu efni: Hvaða hugmyndir hefur hæstv. samgrh. sjálfur hvað þetta snertir því að varla er ráðist í þessa framkvæmd án þess að það mál hafi verið hugsað til enda?

Í annan stað langar mig til að beina spurningu til hæstv. samgrh. varðandi það atriði sem fjallað er um í meirihlutaálitinu þar sem segir að samgrh. hafi samkvæmt fjarskiptalögum heimildir til að leggja í framkvæmdir við rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Hvaða framkvæmdir erum við hér að tala um? Hvað hefur hæstv. samgrh. hugsað sér í þessu efni, hvaða verkefni kann hér að vera um að ræða?

[01:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að á því verkefni að lækka kostnað við gagnaflutninga er ekkert verið að byrja núna. Ekki er verið að byrja á því verkefni á grundvelli álits meiri hluta samgn. Alþingis. Í samgrn. og í samstarfi við símafyrirtækin hefur verið unnið að þessu. Má m.a. benda á þann samning sem er nú fylgiskjal með frv. og gerður var á milli samgrh. og Landssíma Íslands sem gengur út á að lækka verulega gagnaflutninga um hið svokallaða ATM-net. Með þeim samningi var stigið geysilega mikilvægt skref. Með því er grunnkerfi Símans notað og þessi árangur hefur náðst.

Næstu mikilvægu skrefin sem ég tel að þurfi að stíga og vinna að eru að leita úrlausna um hvernig megi lækka leigulínukostnaðinn. Þar eru engar einfaldar leiðir, en nú þegar, með samkeppni sem birtist m.a. í samningnum um rannsóknanetið svokallaða, sjáum við á hvaða leið við erum. Það er þá fyrst og fremst spurning um skilgreiningar sem við þurfum að huga að, fyrir utan það að herða á því að koma á samkeppni. Það er fyrst og fremst verkefni okkar.

Ég mun koma í síðara svari mínu inn á seinni hlutann af spurningu hv. þm.

[01:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er feginn því að 3. umr. um þetta mál er enn eftir því að hér er greinilega margt óljóst á ferðinni. Ég geri mér grein fyrir að unnið hefur verið að því að lækka kostnað við gagnaflutninga, en ég spurði um aðstöðumuninn, hvað gert hefði verið til að draga úr aðstöðumun sem ástæða er til að óttast að fari vaxandi á milli þéttbýlissvæðis annars vegar og dreifbýlis hins vegar.

Hitt atriðið sem ég spurði um var um þau verkefni sem ríkinu, sem skattborgaranum verður ætlað að starfrækja af

byggðaástæðum, umhverfisástæðum, öryggisástæðum, þau verkefni sem ríkinu og skattborgaranum verður ætlað að axla eftir að hann hefur misst þennan gullmola, þessa gullgerðarvél sem var með hagnað upp á 6,5 milljarða, eftir að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin eru búin að taka þessa eign af þjóðinni og ætla henni að starfrækja verkefni sem skila ekki arði. Er til of mikils ætlast að við fáum upplýsingar um það núna hvaða verkefni það eru sem hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin ætla skattborgaranum?

[01:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Þau verkefni sem um er að ræða og blasa við á þessari stundu eru fyrst og fremst þjónusta við flota og flugvélar við landið. Hins vegar kann vegar vel að vera að fleiri verkefni komi til í framtíðinni en þetta eru þau verkefni sem liggur klárlega fyrir að við munum verða að kosta af almannafé. Nú þegar, eins og ég gat um fyrr í umræðunni, liggur fyrir samningur milli ríkisins og Símans þar sem ríkissjóður greiðir á annað hundrað milljónir á ári fyrir þá þjónustu sem veitt hefur verið, hina svokölluðu strandstöðvaþjónustu. Þetta eru mjög mikilvæg verkefni. Við getum ekki sent reikninga vegna öryggis sjófarenda og vegna nauðsynlegrar þjónustu við fiskiskipaflotann. Þess vegna er þessi leið valin.

Heimildirnar eru til staðar í fjarskiptalögunum og eru partur af alþjónustuhugmyndafræðinni. Á þessum málum verðum við að taka skref fyrir skref eftir því sem upp koma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–57. mál.

Fundi slitið kl. 01:07.

---

128. FUNDUR

föstudaginn 18. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1129, nál. 1267, 1313 og 1316, brtt. 1314. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130, nál. 1268. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 521. mál, þskj. 817, brtt. 1388. — 3. umr.

4. Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, stjfrv., 522. mál, þskj. 1281. — 3. umr.

5. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 567. mál, þskj. 1282. — 3. umr.

6. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 669. mál, þskj. 1047, brtt. 1366. — 3. umr.

7. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 675. mál, þskj. 1383. — 3. umr.

8. Ársreikningar, stjfrv., 685. mál, þskj. 1297. — 3. umr.

9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 686. mál, þskj. 1298, brtt. 1399 og 1400. — 3. umr.

10. Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, stjfrv., 626. mál, þskj. 1001. — Frh. 3. umr.

11. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 819, nál. 1337 og 1338. — 2. umr.

12. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 872, nál. 1211. — 2. umr.

13. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026, nál. 1371. — 2. umr.

14. Opinber innkaup, stjfrv., 670. mál, þskj. 1048, nál. 1331 og 1386, brtt. 1332. — 2. umr.

15. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1049, nál. 1333 og 1385, brtt. 1334. — 2. umr.

16. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066, nál. 1221 og 1252. — Frh. 2. umr.

17. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1067, nál. 1222. — Frh. 2. umr.

18. Tollalög, stjfrv., 731. mál, þskj. 1231, nál. 1408. — 2. umr.

19. Gerð neyslustaðals, þáltill., 239. mál, þskj. 260, nál. 1401. — Síðari umr.

20. Áhafnir íslenskra skipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270. — 2. umr.

21. Leigubifreiðar, stjfrv., 633. mál, þskj. 1010, nál. 1260, brtt. 1261 og 1325. — 2. umr.

22. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1011, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

23. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401, nál. 1342, brtt. 1308. — Síðari umr.

24. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412, nál. 1326, brtt. 1309. — Síðari umr.

25. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769, nál. 1197. — Síðari umr.

26. Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), stjtill., 619. mál, þskj. 992, nál. 1249 og 1250. — Síðari umr.

27. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 655. mál, þskj. 1033, nál. 1365. — Síðari umr.

28. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1335. — Síðari umr.

29. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 987, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.

30. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1002, nál. 1302, brtt. 1303. — 2. umr.

31. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1050, nál. 1301. — 2. umr.

32. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454, nál. 1317 og 1405, brtt. 1318. — 2. umr.

33. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 624. mál, þskj. 999, nál. 1241, brtt. 1242, 1248, 1364 og 1390. — 2. umr.

34. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 542. mál, þskj. 845, nál. 1245, brtt. 1246 og 1247. — 2. umr.

35. Húsnæðismál, stjfrv., 623. mál, þskj. 998, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

36. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345. — 2. umr.

37. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238, nál. 1348, brtt. 1349. — 2. umr.

38. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239, nál. 1346, brtt. 1347. — 2. umr.

39. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240, nál. 1350, brtt. 1351. — 2. umr.

40. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431, nál. 1329. — Síðari umr.

41. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 770, nál. 1339. — 2. umr.

42. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253, nál. 1257 og 1328. — 2. umr.

43. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 484, nál. 1253, brtt. 1254, 1259 og 1310. — 2. umr.

44. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 732. mál, þskj. 1232, nál. 1315, brtt. 1324. — 2. umr.

45. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, stjtill., 276. mál, þskj. 304, nál. 1319, brtt. 1320. — Síðari umr.

46. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341. — 2. umr.

47. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932, nál. 1228, brtt. 1387. — 2. umr.

48. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 2. umr.

49. Raforkuver, stjfrv., 722. mál, þskj. 1170, nál. 1306. — 2. umr.

50. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr.

51. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 597. mál, þskj. 950, nál. 1336, 1391 og 1392. — 2. umr.

52. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971, nál. 1280. — 2. umr.

53. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061, nál. 1322. — 2. umr.

54. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268, nál. 1321. — Síðari umr.

55. Raforkulög, stjfrv., 719. mál, þskj. 1167. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

56. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 735. mál, þskj. 1264. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

57. Skipulags- og byggingarlög, frv., 726. mál, þskj. 1184. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

58. Orkulög, frv., 736. mál, þskj. 1275. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

59. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 738. mál, þskj. 1311. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

60. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 742. mál, þskj. 1389. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

61. Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, þáltill., 744. mál, þskj. 1402. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Málefni smábáta og starfsáætlun þingsins.

[10:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég sakna þess að sjá ekki hæstv. sjútvrh. í þessum sal. Honum hafði verið gert viðvart vegna þess að stjórnarandstaðan vildi fá hann hingað til að skýra tiltekið mál sem varðar miklu um það hvernig þinginu lýkur. Liðið er að lokum þings og það þarf að skýra með einhverjum hætti hvernig stjórnarliðið ætlar að fara í mikilvæg mál til að hægt sé að ganga frá því að ljúka þinginu. Samkvæmt starfsáætlun átti því að ljúka í dag og væri hægt að ljúka því á morgun.

Eitt af þeim málum sem við þurfum að fá vitneskju um hvað ríkisstjórnarliðið hyggst fyrir um eru málefni smábáta. Eins og menn muna eftir var það svo að gildistöku laga sem samþykkt voru var frestað í fyrra. Þessi lög áttu að leiða til þess að meðafli ýmissa smábáta á aflahámarki, meðafli í ýsu, ufsa og steinbít, yrði settur undir kvóta.

Ég fullyrði, herra forseti, að þessi gjörningur gæti haft ákaflega slæm áhrif á stöðu þess hluta flotans sem er þessu háður og geigvænleg áhrif á mörg illa sett byggðarlög á ströndinni, ekki síst á Vestfjörðum.

Þessir bátar og veiðar þeirra hafa bjargað því sem bjargast hefur á landsbyggðinni, herra forseti. Þeir hafa bjargað mörgum byggðarlögum, þeir hafa bjargað afkomu margra fjölskyldna og ég tala ekki um í því nýlega verkfalli sem háð var af sjómönnum. Ástæðan fyrir því að gildistöku þessara laga var frestað á sínum tíma var ekki síst að þá stóð fyrir dyrum að breyta lögum um stjórn fiskveiða. Þær breytingar hafa ekki enn séð dagsins ljós og verður varla fyrr en á næsta ári. Því eru fullar og ríkar ástæður til þess að fresta áfram gildistöku þeirra laga sem eiga að kvótasetja meðafla smábátanna.

Ég krefst þess, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. mæti hingað til þess að ræða þetta mál. Ekki þýðir fyrir hann að vera í felum. Honum var gert viðvart um þetta og ég fullyrði, herra forseti, að meiri hluti er fyrir því á þingi að fresta því að lögin um kvótasetningu meðafla smábáta taki gildi í haust ef á það verður látið reyna. (*Forseti hringir.*) En maður er svo sem orðinn vanur því, herra forseti, að farið sé að vilja stórútgerðarinnar í hverju málinu á fætur öðru.

[10:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að ekki er ætlast til þess að tekin séu upp ný efnisatriði eftir að slegið hefur verið í bjöllu.

Ég vil af þessu tilefni taka fram að boðað var til þingfunda kl. 10 árdegis. Störf þingsins verða að hafa sinn gang en hæstv. sjútvrh. er upptekinn á fundi ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt þeirri dagskrá sem liggur fyrir var gert ráð fyrir því að taka fyrst til umræðu mál sem eru til 3. umr. og mál sem koma úr nefndum. Ég vissi ekki betur þegar ég boðaði til fundar í gær en þingmenn teldu eðlilegt að störf þingsins gætu haldið áfram.

[10:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru tvö skyld mál sem ég vil taka upp við forseta undir þessum lið, um störf þingsins. Það fyrra er að vekja athygli á þeirri staðreynd sem er væntanlega flestum ljós að upp er runninn sá ágæti dagur 18. maí anno domini 2001. Á þeim degi stóð til að ljúka störfum þingsins. Engu að síður háttar svo til að 61 mál er á dagskrá þess fundar sem nú er hafinn og ekki mjög skipulega má segja að verki staðið að ýmsu leyti, herra forseti. Við þingmenn verðum ekki mikið varir við það að hér sé komið skipulag á hlutina og menn séu eitthvað farnir að sjá til lands. Ætli það sé því of djúpt í árinni tekið að segja að heldur óbjörgulega horfi um það að starfsáætlun virðulegs forseta standist þetta árið og við ljúkum störfum á eðlilegum tíma undir kvöldið

eins og ætla hefði mátt miðað við starfsáætlun. Ég tel því, herra forseti, full efni til að leggja spurningar fyrir forseta hvað það varðar. Hvers er að vænta um þinghaldið á næstu klukkutímum? Hvenær reiknar hæstv. forseti með að geta fundað með þingflokksformönnum og gefið út einhverjar línur um það að hverju er stefnt? Eiga menn að reikna með því að vera hér næstu viku og þarnæstu viku jafnvel eða fram að Jónsmessu eins og hent hefur?

Líka er nauðsynlegt, herra forseti, að það komi fram ef hæstv. ríkisstjórn hefur ekki náð að koma sér saman um mál sem hafa áhrif á þinghaldið, eins og það hvort fresta eigi enn þeirri kvótasetningu meðafla smábáta sem gert var í fyrra og nokkuð ljóst er að meiri hluti er fyrir á þinginu.

Ég vil einnig, herra forseti, biðja hæstv. forseta að vekja athygli ákveðinna ráðuneyta á því eða hæstv. ráðherra að fyrir liggja skriflegar fyrirspurnir, fyrirspurnir með beiðni um skriflegt svar. Þannig hef ég lagt fyrirspurnir fyrir bæði hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands, sem mun heita Davíð Oddsson, og eins fyrir hæstv. utanrrh. þar sem óskað er skriflegra svara við einföldum spurningum. Ég óska eftir því að þingið veki athygli viðkomandi ráðherra á því að enn er beðið svara við þessum fyrirspurnum.

[10:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Segja má að það sé að gefnu tilefni sem spurt er hvort hægt sé að standa við starfsáætlun Alþingis. Í gær var til umræðu frá því klukkan hálfellefu um morguninn til klukkan hálftvö í nótt eitt og sama málið, sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv. Ef 3. umr. um þetta frv. tekur jafnlangan tíma og 2. umr., þá tekur það a.m.k. heilan dag. Úr því að hv. þm. sér ástæðu til að spyrja mig um það hvað líði gangi þingsins og hvenær búast megi við því að umræðum ljúki, þá vil ég af þessu tilefni lýsa því yfir að ég hef ekki í hyggju að leggja fyrir þingið tillögu um að takmarka ræðutíma alþingismanna.

[10:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram áðan er 61 mál á dagskránni og má búast við því að einhver mál eigi eftir að koma á dagskrá. Það mál sem nefnt var í upphafi, þ.e. hvort ætti að láta kvótann ganga yfir smábátana í haust, hefur ekki komið fram. Ég á sæti í sjútvn. og þar inni liggur frv. sem gerir ráð fyrir frestun með sama hætti og gert var í fyrrahaust. Þetta frv. hefur verið rætt á einum fundi og fengnir voru hagsmunaaðilar á fundinn til að ræða málið en síðan hefur ekkert í því gerst á fundum sjútvn.

Ég á líka sæti í endurskoðunarnefndinni um stjórn fiskveiða. Hún hefur ekki verið kölluð saman. Ekki hefur verið gerð tilraun til að kalla hana saman að undanförnu. Nokkrar tilraunir voru gerðar fyrir nokkrum vikum til að kalla saman fund í þeirri nefnd en ævinlega var þeim fundum síðan frestað og að vísu nýr boðaður og aftur frestað og engir fundir hafa verið boðaðir í þeirri nefnd. Ég á því ekki von á því að þar skili menn tillögum alveg á næstunni í þessu máli. Ég býst við því að hér séu menn að hugsa til eitthvað lengra þinghalds, eitthvað fram á sumarið miðað við þann hraða sem er á undirbúningi þessara mála. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi kannski gert ráðstafanir miðað við það að þingið lyki störfum á þessum tíma þannig að full ástæða er til þess að spyrja hæstv. forseta: Við hverju mega hv. þm. búast? Þurfa þeir kannski að breyta hugmyndum sínum um sumarfrí og annað til að geta verið eitthvað fram eftir við það að koma málum ríkisstjórnarinnar í höfn sem á eftir að afgreiða héðan?

[10:10]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég gleymdi að taka það fram vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e. að ég mun gera ráðstafanir til að haft verði samband við ráðherra vegna þeirra fyrirspurna sem eru komnar fram og óskað er skriflegs svars við.

Ég vil segja vegna ummæla hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanns Ársælssonar, að þingmenn eiga að sjálfsögðu að láta störf þingsins sitja fyrir og ef þeir hafa ætlað sér að gera eitthvað annað við tímann þá verða þeir að láta það víkja ef þingið stendur lengur.

[10:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Samkvæmt starfsáætlun átti störfum þingsins að ljúka í dag en enn fjölgar málum á dagskrá. Ég vil því spyrja hæstv. forseta þingsins hvort ráðgert sé að þingi ljúki á morgun eða hvort hann hafi hugmyndir um einhverja aðra dagsetningu og hvenær þá í næstu viku ef slíkt er í huga hans.

Síðan vil ég jafnframt spyrja hæstv. forseta hvort hann hyggist leita einhvers samkomulags um það hvenær störfum þingsins muni ljúka og hvaða framvinda verði á þingmálum.

Ég vil svo lýsa áhyggjum mínum af því að hér skuli ekki enn þá vera komið inn frv. um frestun á kvótasetningu á veiðar smábáta. Í raun og veru er afar nauðsynlegt að tekið verði á því, því að gangi lagasetningin eftir óbreytt mun það verða reiðarslag fyrir landsbyggðina.

[10:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni hlýt ég að svara eins og áður að það fer eftir því hversu langan tíma tekur að afgreiða hvert sérstakt mál hvenær störfum þingsins lýkur. Það frv. sem var til umræðu í gær, eins og ég tók fram, var frá klukkan hálfellefu um morguninn til klukkan hálftvö um nóttina og komst ekkert annað mál á dagskrá.

[10:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég felli mig illa við þær ávítur sem hæstv. forseti er í reynd að gefa okkur sem sitjum í þessum sal og erum komin hingað til þess að vinna vinnu okkar. Hæstv. forseti veit það jafn vel og þingheimur að ástæðan fyrir því hversu síðbúið þingið er núna er að stór hrúga af þingmálum frá stjórninni kom hingað ákaflega seint. Má ég minna hæstv. forseta á að það stóra mál sem hann vísar til var fast hjá öðrum stjórnarflokknum í þrjár vikur áður en það gat komist hingað og var leyst hingað inn í salinn. Hæstv. forseti ætti að snúa umvöndunum sínum til forustumanna stjórnarflokkanna, álasa þeim fyrir slugsarahátt.

Herra forseti. Ég kom hingað í morgun til þess að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. Ég tek heils hugar undir með þeim orðum hæstv. forseta að þingmenn eiga að láta setu sína í þessum sal hafa forgang umfram önnur störf. Ég skil það svo að hæstv. forseti eigi líka við að þingsetan eigi að hafa forgang umfram störf við ríkisstjórnarborðið. Það gengur ekki, herra forseti, á síðustu dögum þingsins að setja þingfund á sama tíma og ríkisstjórnin er að halda sína fundi. Hvers vegna? Það liggur að sjálfsögðu fyrir að þingmenn þurfa að spyrja eftir ákveðnum málum, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon innti eftir tileknum þingmálum, og ráðherrar verða að vera við til þess að geta svarað því.

Herra forseti. Hér er stórmál í uppnámi. Það mál sem varðar veiðar smábáta, varðar kvótasetningu smábáta og það liggur einfaldlega fyrir að drjúgur meiri hluti er í þessum sölum fyrir því að fresta því frv. Hvers vegna fæst það ekki rætt hér, herra forseti? Vegna þess að ríkisstjórnin er í minni hluta með skoðun sína á málinu. Ríkisstjórnin þorir ekki að láta það koma til kasta þingsins. Við verðum að fá botn í þetta mál. Ekki er hægt að ljúka þinginu fyrr en búið er að tryggja hag smábátamanna.

[10:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég hef ekki verið með ávítur við einstaka þingmenn, stjórnarandstöðu eða stjórnarflokka. Ég hef einungis svarað þeim spurningum efnislega sem hefur verið beint til mín með þeim vitsmunum sem ég hef.

[10:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð samt að segja að mér fundust orð forseta um umræður um Landssímann í gær með öllu óþörf. Það er ástæðulaust hjá virðulegum forseta að láta að því liggja að það sé eitthvað of í lagt að ræða slíkt stórmál og mikið pólitískt deilumál sem er þar á ofan illa undirbúið og kom allt of seint fram frá hæstv. ríkisstjórn, það sé rætt hér einn dag. Það er með öllu tilefnislaust að gera athugasemdir eða gera mál úr því, herra forseti. Mér finnst það heldur óviðeigandi vegna þess að ætla má að að baki liggi að forseta hafi þótt þetta um of.

Í öðru lagi, herra forseti, varðandi kvótasetningu smábáta, er sömuleiðis algerlega óþolandi að stjórnarflokkarnir séu að hnoðast á um slík mál og það setji þinghaldið í uppnám þannig að ekki sé hægt að hafa neitt skipulag á hlutunum. Það verkar þannig á menn eins og hæstv. forseti sé í lausu lofti með hlutina af því að hann getur ekkert sagt og veit ekki hver lendingin kann að verða í því máli. Nú liggur það algerlega fyrir að meiri hluti er fyrir því að fresta gildistöku þessara laga ef marka má þau tíðindi að drjúgur hluti, jafnvel allur þingflokkur framsóknarmanna, styðji það. Þá er það náttúrlega hrein og klár óhæfa að á það skuli ekki látið reyna hér.

Ég vil taka fram vegna orða forseta að mér er ekkert að vanbúnaði að vera áfram einhverja daga eða einhverjar vikur við þingstörfin. Ég er orðinn það gamalreyndur í þessu að ég set ekki aðra hluti á dagatalið hjá mér strax daginn eftir einhver löngu áætluð þinglok. Hitt er annað mál að það er öllum fyrir bestu að eitthvert skipulag sé á hlutunum. Það er það sem verið er að lýsa eftir, að hér sé unnið skipulega að málum og auðvitað er það álitshnekkir, herra forseti, og ekki síst fyrir virðulegan forseta og forsn. að starfsáætlun þingsins hrynji þannig til grunna. Sökudólgurinn er auðvitað fyrst og fremst ríkisstjórnin eins og hér hefur komið fram. Þá snýr það að forseta að reyna að verja leifarnar af sóma þingsins í þeim samþykktum.

[10:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég er ekki viss um að það hafi verið beint til mín fyrirspurn hjá hv. þm. en á hinn bóginn vitum við báðir og þingheimur hvernig þessari viku hefur verið varið.

[10:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vísa til spurningar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem hann beindi til forseta hvort honum fyndist eðlilegt að ríkisstjórnin sæti á fundum daginn sem þinglok áttu að vera og þingfundir standa. Við erum með 61 mál á dagskrá og mér sýndist, herra forseti, að það sé aðeins stærð blaðsins sem takmarkar það að ekki séu enn fleiri mál á dagskrá, er þá ekki eðlilegt til þess að þinghald geti gengið eðlilega síðustu dagana að ríkisstjórnin haldi fundi sína utan boðaðra þingfunda og taki þátt í umræðum og svari fyrirspurnum jafnharðan og greiði þann veg eðlilega fyrir störfum þingsins?

Ég spyr hæstv. forseta hvort þetta sé ekki eðlilegt og hvort hann muni beita sér fyrir því að sú tilhögun verði hér og henni fylgt eftir.

[10:19]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni þá er það altítt að haldnir séu stuttir ríkisstjórnarfundir þegar svo stendur á sem nú er. (**SJS:** Hvernig stendur á þessu? Vill forseti útskýra það?) Hv. 3. þm. Norðurl. e. lýsti því ágætlega fyrir skömmu.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, brtt. 1388.

[10:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar mál það sem er á dagskrá um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands var til 2. umr. flutti Samfylkingin nokkrar brtt. Tvær af þeim brtt. voru dregnar til baka til 3. umr. og eru þær fluttar núna á þskj. 1388 og snerta m.a. starfsmenn bankanna og hvernig með skuli fara við sölu á hlutafé í bönkunum.

Ég nefndi það að fulltrúar Samfylkingarinnar höfðu flutt nokkrar brtt. sem ég vil rifja upp vegna þess að þær snerta málflutning minn við þessa umræðu en brtt. voru þær að Samfylkingin telur rétt, miðað við þá stöðu sem er nú á markaðnum, að heimila ríkisstjórninni að selja aðeins annan bankann. Lögðum við til að ríkisstjórnin fengi að þessu sinni aðeins heimild til að selja hlutafé sitt í Búnaðarbankanum. Við lögðum til að dreifð eignaraðild yrði m.a. tryggð með því að 10% af hlutafé bankans verði skipt jafnt meðal ríkisborgara með tilteknum kvöðum. Við lögðum til að starfsöryggi starfsmanna yrði tryggt með því að eðlileg velta starfsmanna væri höfð í fyrirrúmi við hagræðingu innan bankans og starfsfólki boðið upp á endurmenntun og starfsþjálfun. Sömuleiðis lögðum við til að starfsmenn fái fulltrúa í stjórn með fullum réttindum í anda þeirrar stefnu sem við viljum sjá um atvinnulýðræði og loks að sala á hlutafé í bankanum verði ekki hafin fyrr en fyrir liggur staðfesting Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar á því að aðstæður á fjármálamarkaði séu með þeim hætti að verjanlegt sé að ráðast í söluna.

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fara yfir þá brtt. sem við flytjum núna og rökstuðning fyrir henni. Ástæða þess að hún var dregin til baka til 3. umr. var sú að hún þarfnaðist nokkurra lagfæringa við miðað við það að búið var að fella aðrar þær tillögur sem Samfylkingin flutti við 2. umr. máls.

Herra forseti. Mjög erfitt er að skilja þá afstöðu stjórnarmeirihlutans að taka ekki tillit til starfsfólks við bankana og hafa samráð við starfsfólkið um söluna. Það sem okkur finnst eðlilegt og sjálfsagt er að hér verði tækifærið notað og stigið skref í átt til atvinnulýðræðis með þátttökulýðræði þannig að starfsmenn bankanna fái fulltrúa í stjórn beggja bankanna líkt og verið hefur í löndunum sem við berum okkur saman við og kapp hefur verið lagt á að gera, t.d. hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Hæstv. viðskrh. hefur verið þráspurður um það við fyrri umræður málsins hvort hún teldi ekki ástæðu til að hafa samráð við starfsfólk, hvort hún teldi ekki ástæðu til að starfsmannavelta yrði látin ráða við hagræðingu í bankakerfinu þannig að ekki þyrfti að koma til uppsagna hjá starfsfólki og einnig um skoðun hennar á því að starfsfólk fengi fulltrúa í stjórn bankanna.

Herra forseti. Mér virðist svo af svörum hæstv. viðskrh., og þykir mér miður að hæstv. ráðherra skuli ekki vera viðstödd umræðuna vegna þess að það hefðu verið nokkrar fyrirspurnir sem ég hefði viljað beina til hæstv. ráðherra við lokaafgreiðslu málsins en hæstv. viðskrh. hefur í reynd viðurkennt að lítið samráð hafi verið haft við starfsmenn bankanna. Það hafi einungis verið gert á fyrri stigum þegar hugmyndir vöknuðu í ríkisstjórninni um að sameina bankana en eftir það hefur ekkert samráð verið haft við starfsmennina.

Þegar við ræddum málið við 2. umr. fór ég yfir þær hugmyndir sem starfsmenn bankanna eru sjálfir með um stöðu þeirra innan bankakerfisins við þessa breytingu. Þeir höfðu lagt fram mjög margar tillögur um stöðu starfsmannanna. Ég innti hæstv. ráðherra eftir því hvort ekki væri full ástæða til að kalla til forustumenn starfsfólks til að ræða þær hugmyndir sem starfsmenn eru með á borðum sínum til að treysta stöðu sína og eru vissulega margar hverjar til hagsbóta og framdráttar fyrir bankana en hæstv. viðskrh. gaf í reynd lítið út á það að leita eftir samráði við starfsmennina.

Ég hafði þó satt að segja, herra forseti, vonast til þess að miðað við þá umræðu sem fram hefur farið og óskir starfsmanna að ráðherrann hefði engu að síður gert gangskör að því að kalla til forustumenn starfsfólks milli 2. og 3. umr. og hefði áhuga á því, herra forseti, núna við lok afgreiðslu málsins að inna ráðherrann frekar eftir því hvort hún hefði ekki talið ástæðu til þess miðað við umræðurnar að kalla starfsmennina til. Þá hefði ég viljað vita, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra gæti ekki greint okkur frá þeim umræðum. Það væri, herra forseti, með ólíkindum ef hæstv. ráðherra hefði ekki gert það miðað við þær umræður sem fóru fram við 2. umr. málsins.

Fulltrúar bæði Sambands íslenskra bankamanna, Félags starfsmanna Landsbankans og starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands komu á fund nefndarinnar og skiluðu einnig ítarlegri umsögn til efh.- og viðskn. um stöðu starfsmanna við þessa breytingu sem ég tel rétt að rifja upp, herra forseti, þar sem það tengist líka þeirri brtt. sem við drógum til baka til 3. umr. og kemur nú til afgreiðslu þegar málið er á lokastigi.

Ég vil ræða það í samhengi við þessa brtt. en brtt. á þskj. 1388 orðast svo, með leyfi forseta:

„Við sölu á hlutafé ríkissjóðs skv. 2. mgr. 6. gr. og hagræðingu sem henni fylgir innan Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal ráðherra beita sér fyrir því að eðlileg velta starfsmanna verði höfð í fyrirrúmi. Ráðherra skal jafnframt beita sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu."

Herra forseti. Áður hafði verið felld við 2. umr. tillaga okkar um að starfsmenn Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hf. hins vegar skyldu eiga einn fulltrúa í bankaráði viðkomandi banka og átti að skipa hann að fenginni tillögu frá starfsmannafélagi hvors banka um sig. Herra forseti. Mér finnst ótrúleg skammsýni hjá hæstv. ríkisstjórn að grípa ekki tækifærið og fara inn í þá breytingu að starfsmenn eigi fulltrúa í bankaráðunum. Ég nefndi það áðan og það eru þær leiðir sem farnar hafa verið hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Þar var t.d. ekki beðið eftir því að breyta hlutafélagalöggjöfinni eða taka slíkt ákvæði almennt upp varðandi þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja, t.d. á fjármálamarkaði, heldur var tækifærið notað þegar bankalöggjöfinni var breytt og sú breyting gerð að starfsmenn áttu fulltrúa í stjórn bankastofnana. Því miður, herra forseti, stöndum við frammi fyrir því að ríkisstjórnin og þingmenn hennar hafa fellt tillöguna. Þá standa eftir þær tillögur sem ég hef greint hér frá sem lúta að starfsmönnunum.

Ég vil í þessu sambandi minna á að í umsögn frá Sambandi íslenskra bankamanna segir, með leyfi forseta:

„SÍB, FSLÍ og SBÍ eru þeirrar skoðunar að huga þurfi vel að málefnum starfsmanna áður en til þess kemur að bankarnir fari úr höndum ríkisins þar sem gera má ráð fyrir að þær breytingar og hagræðingar sem í kjölfarið fylgi komi fyrst og fremst niður á starfsmönnum. Það er reynsla annarra, m.a á hinum Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum, að eldri starfsmönnum sé fyrst og fremst fórnað þegar í gang fara hagræðingar vegna einkavæðingar og því miður er eldri konum fyrst sagt upp störfum, en þær eru mjög margar í bönkunum tveimur."

Ég held, herra forseti, að það sé einmitt reynslan sem við höfum gengið í gegnum á umliðnum árum, að hagræðing í bankakerfinu hafi fyrst og fremst komið fram í uppsögnum á starfsfólki, ekki síst eldri starfsmönnum og konum þá sérstaklega. Þau hundruð starfsmanna sem sagt hefur verið upp er mér tjáð að séu að 90% konur. Það er öll hagræðingin, herra forseti. Við sjáum ekki, miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið í bankakerfinu, að mikið hafi dregið úr þóknunum eða gjöldum sem fólkið þarf að greiða fyrir þjónustuna í bankakerfinu. Eitthvað hefur dregið úr vaxtamun en hann er allt of mikill og miklu meiri en í löndunum sem við berum okkur saman við. Auk þess er vaxtastigið, eins og allir þekkja, náttúrlega miklu hærra. Ég held því að í megindráttum megi segja að hagræðing innan bankakerfisins hafi fyrst og fremst birst í uppsögnum á starfsfólki. Það er því ekki skrýtið að starfsfólk óttist mjög um hag sinn við þessar breytingar og vilji fá sæmilegar tryggingar stjórnvalda fyrir því að staða þess verði tryggð við þessar breytingar.

Í umsögninni segir enn fremur, herra forseti:

„Þessum starfsmönnum, sem hafa lengi og af mikilli hollustu starfað við þjónustugreinar eins og bankastörf er hættast við að lenda til langs tíma á atvinnuleysisskrá. Við þessari hættu viljum við sérstaklega vara núverandi meirihlutaeigendur Landsbanka og Búnaðarbanka."

Núverandi meirihlutaeigendur eru ríkið. Vitaskuld er það svo að starfsmenn vilja reyna, meðan bankarnir eru enn í meirihlutaeign ríkisins, að tryggja betur hag sinn. En miðað við viðbrögð ríkisstjórnarinnar er mikil óvissa um stöðu þeirra.

Herra forseti. Ég vil rifja upp fleira sem fram kemur í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að grípa til ráðstafana sem gagnast starfsmönnum bankanna áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu, en nokkurn fyrirvara þarf til að hægt sé að koma þeim ráðstöfunum í kring."

Herra forseti. Starfsmennirnir eru einmitt að leita eftir því að við þá verði a.m.k. rætt og manni finnst það lágmarkskurteisi, þegar starfsmennirnir hafa lagt fram svona góðar og ítarlegar tillögur, að við þá sé rætt. Þeir hafa lagt áherslu á að þessar viðræður fari fram áður en bankarnir verða seldir frá ríkinu. Ég ætlaði einmitt að nota þetta tækifæri, herra forseti, og ræða við hæstv. viðskrh. um það hvort þingið hefði einhverja tryggingu fyrir því að ráðherrann, ef hún hefur ekki þegar beitt sér fyrir því, fari í slíkar viðræður áður en bankarnir verða seldir. Ekki er bjart útlit fyrir sölu á þessum bönkum miðað við stöðuna á markaðnum, nema stjórnarflokkarnir ætli að gera það sem margir óttast, að selja þessa banka ásamt þeim ríkiseigum sem nú eru á söluskrá hjá ríkinu á hreinni útsölu. Þannig mundi þjóðin fá mjög lítið í sinn hlut fyrir bankana miðað við markaðsvirði þeirra við eðlilegar aðstæður. Af þeim sökum vonaði maður að ríkisstjórnin mundi ekki selja bankana um leið og hún fengi þessa heimild. Þá skapaðist auðvitað svigrúm til að ræða við starfsmennina en, herra forseti, við höfum ekki tök á málinu nema meðan það er fyrir þinginu og þess vegna er ekki skrýtið að ég vilji beina spurningum varðandi málið til hæstv. viðskrh.

Ég spyr hæstv. forseta: Eigum við von á því, nú þegar málið er komið á dagskrá, að hæstv. viðskrh. heiðri okkur með nærveru sinni eða má búast við því að ríkisstjórnarfundur standi fram eftir degi? Það hefur auðvitað áhrif á þingstörfin. Það kom fram hér í morgun að þingmenn hafa áhuga á viðveru ýmissa ráðherra. Það er ekki óeðlilegt, þegar svo stórt mál er á ferðinni, þ.e. að Alþingi gefi ríkisstjórninni heimild til sölu á báðum bönkunum, að hæstv. viðskrh. sé viðstaddur lokaafgreiðslu þess máls.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vegna ummæla hv. þm. segja að *það er guðvelkomið að gera hlé á þessari umræðu* og taka fyrir annað mál á dagskrá ef hv. þm. óskar þess.)

Ég var að spyrja hæstv. forseta að því hvort við gætum átt von á að hæstv. ráðherra verði viðstaddur þessa umræðu og hvenær við gætum búist við henni. Það skiptir auðvitað máli um framhald þessa máls og ræðu mína nú við þessa umræðu.

(**Forseti** (HBl)**:** *Ég hef boðið hv. þm. að gera hlé á ræðu* sinni. Þá væri hægt að halda umræðunni áfram síðar þegar hæstv. ráðherra er í salnum.)

Er nokkur vitað um hvenær von er á hæstv. viðskrh.?

(**Forseti** (HBl)**:** Nei, það er ekki vitað.)

Ég gæti út af fyrir sig haldið máli mínu áfram vegna þess að ég á ýmislegt eftir órætt og get látið það bíða til loka ræðu minnar að beina spurningum til hæstv. ráðherra, t.d. ef von væri á henni á næsta klukkutíma eða innan eins og hálfs klukkutíma.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér þykir mjög vænt um það að hv. þm. getur haldið máli sínu áfram.)

Herra forseti. Ég beini spurningu til hæstv. forseta um hvenær von er á hæstv. ráðherra. Ég spyr hvort ég megi gera hlé á máli mínu meðan það yrði kannað eða hvort ég geti haldið máli mínu áfram einhverja stund en fengið, meðan ég ræði þetta mál, vitneskju um hvenær von er á hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég var óviðbúinn þessari spurningu og af augljósum ástæðum hef ég ekki getað haft samband við hæstv. ráðherra. Ég ítreka hins vegar boð mitt til hv. þm. um að hún geri hlé á ræðu sinni, umræðum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands verði frestað um sinn og málið tekið fyrir síðar í dag. En ef hv. þm. kýs fremur að halda áfram ræðu sinni þá er ekkert því til fyrirstöðu af minni hálfu. Ég hef gert ráðstafanir til þess að boðum verði komið til hæstv. ráðherra um að hennar sé saknað.)

Ég heyri, herra forseti, að hæstv. forseta er ekki mikið í mun að fá lyktir í þetta mál miðað við það hvernig hann svarar þeim spurningum sem ég beini til hans.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hlýt að leiðrétta hv. þm. Um leið og hv. þm. hafði orð á þessu í ræðu sinni hafði ég samband við starfsmenn þingsins og bað þá um að láta koma boðum til hæstv. ráðherra. Ég veit ekki betur en að af þingsins hálfu hafi verið gerð tilraun til að koma þeim boðum áleiðis.)

Ég geri þá ráð fyrir, herra forseti, að á næstu 5–10 mínútum muni koma svar við því hvort og hvenær von sé á hæstv. ráðherra þannig að ég spyr: Er þá ekki eðlilegt að ég haldi áfram máli mínu í 5–10 mínútur meðan við bíðum eftir að fá svar frá ráðuneytinu um hvenær við getum fengið hæstv. ráðherra hingað í salinn eða vill hæstv. forseti að ég fresti strax máli mínu?

(**Forseti** (HBl)**:** Það er algerlega á valdi hv. þm. Eins og ég sagði hef ég gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra sé gert aðvart um að hennar sé saknað og óskað sé eftir nærveru hennar. Ef hv. þm. vill halda áfram ræðu sinni þá er það frjálst. Ef hv. þm. óskar að gera hlé á ræðu sinni og að önnur mál séu tekin fyrir þá stendur það einnig til boða.)

Herra forseti. Þar sem þetta er allt komið í mínar hendur mun ég bara kjósa að halda áfram næstu 10–15 mínúturnar í trausti þess að þá liggi fyrir hvenær hæstv. ráðherra geti komið í salinn. Ég mun þá eftir stundarfjórðung eða svo inna hæstv. forseta eftir því hvort svar sé ekki komið frá viðskrn. um hvenær hæstv. ráðherra kemur í salinn. Ég mun þá halda áfram máli mínu og taka fyrir önnur atriði en þau sem lúta að *starfsmönnunum sem ég hafði einkum áhuga á að ræða við* ráðherrann. Ég mun því bíða með þann hluta ræðu minnar.

Ég vil þá víkja að því, herra forseti, sem við höfum rætt töluvert í tengslum við sölu á þessum bönkum, þ.e. þeim aðstæðum sem nú eru á hlutabréfamarkaðnum. Það kemur æ skýrar í ljós að sem stendur eru ekki kjöraðstæður eða heppilegar aðstæður til að selja bankana, hvað þá þegar við bætist sala á Landssímanum eins og áform eru um. Það er vissulega athyglisvert, herra forseti, að umfangsmesta einkavæðing sem farið hefur fram hér á landi, þ.e. þau áform sem nú eru uppi um sölu á bönkunum og sölu á Landssímanum, skuli eiga að fara fram þegar markaðurinn er í mikilli lægð. Það hlýtur, herra forseti, óhjákvæmilega að vekja upp tortryggni og ýmsar efasemdir. Menn hljóta þar af leiðandi að álykta að ríkisstjórnin sé ekki með það í huga að fá hámarksverð fyrir þessar eigur heldur fyrst og fremst að koma þeim í hendur, eins og menn hafa orðað það, einhverra vildarvina og ýta enn undir það sem menn tala um að mikið hafi verið um í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. einkavinavæðingu.

Það kom fram, herra forseti, í vikunni að mikið verðfall hefur orðið á mörgum fyrirtækjum á umliðnum mánuðum. Þau voru dregin saman í Fréttablaðinu nú í vikunni, þau tíu fyrirtæki sem rýrnað hafa mest að verðgildi frá því í lok febrúar í fyrra. Þar er greint frá því að miðað við markaðsvirði

þessara tíu fyrirtækja í febrúar í fyrra hafi þau rýrnað að verðgildi um rúmlega 62 milljarða. Þar er efst á blaði Eimskipafélagið, herra forseti, en markaðsvirði Eimskips hefur rýrnað um 23 milljarða frá því fyrir rúmu ári. Landsbankinn hefur rýrnað í verði um tæplega 8,2 og er það ekkert smátt, herra forseti. Grandi um 5,1 milljarð, Búnaðarbankinn um tæpa 5 milljarða, Þormóður rammi um 4,5 milljarða, Flugleiðir um 3,9 milljarða, Opin kerfi um 3,2 milljarða, Marel um 3,2 milljarða, Útgerðarfélag Akureyringa um 3,1 milljarða og Síldarvinnslan hf. um 2,7 milljarða kr.

Herra forseti. Þetta segir vissulega sína sögu og er sláandi að sjá þetta svona samandregið. Það er mjög sérstakt að við þessar aðstæður á markaðnum skuli ríkisstjórnin leita svo stíft eftir því í önnum þingsins, á lokadögum þess, að fá þær heimildir sem hér hefur verið kallað eftir, bæði varðandi bankana og Landssímann. Auðvitað er ástæða til að velta fyrir sér hvaða áhrif það hefur á markaðinn að mikið af nýju hlutafé komi inn á hann við þessar aðstæður.

Ég hef í höndunum upplýsingar frá Verðbréfaþingi um að einungis miðað við að lítið af hlutafé úr bönkunum fari á markaðinn á þessu ári og tiltölulega lítið af hlutabréfum úr Landssímanum væri engu að síður um að ræða tvöföldun á nýju hlutafé, sem ætlunin er að hugsanlega gæti farið á markaðinn, á markaðnum á þessu ári, miðað við spá Verðbréfaþings sem er miðuð við útboð á nýju hlutafé á síðasta ári. Á síðasta ári komu á markað 16 milljarðar kr. í nýju hlutafé en á þessu ári er áformað, samkvæmt því sem Verðbréfaþing upplýsti meðan málið var til meðferðar í efh.- og viðskn., að það verði um 32 milljarðar kr.

Það kemur fram í Fréttablaðinu í morgun, sem ég vitna til, að fjármagn leiti fyrst og fremst á skuldabréfamarkað en í litlum mæli á hlutabréfamarkaðinn. Maður veltir fyrir sér, herra forseti, hvaða áhrif þetta getur almennt haft á hlutabréfaeign landsmanna. Er hætta á því, herra forseti, ef setja á mikið af nýju hlutafé á markaðinn að það hafi áhrif á aðra hlutabréfaeign hjá landsmönnum, að hún rýrni kannski enn meira en á undanförnu einu til einu og hálfu ári. Ákveðin áhætta er tekin með því ef setja á mikið á markaðinn.

Í Fréttablaðinu í morgun kemur fram að árið 2000 hafi einkennst af miklum vexti útlána og gert er ráð fyrir að útlánavöxtur verði mun minni á næstu árum. Yfirlýsingar og markmið bankanna og opinberar tölur um útlánavöxt það sem af er árinu 2001 styðji þá skoðun.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar, en það er sýnilegt að hæstv. ráðherra kemur ekki í hús næsta klukkutímann. Forseti býður því enn hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.)

Ég sé að hæstv. ráðherra gengur í salinn þannig að þetta var enginn klukkutími. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að mæta við þessa umræðu vegna þess að ég hygg að þeir sem hér tala á eftir munu fagna því ef ráðherrann getur séð af dýrmætum tíma sínum til þess að vera með okkur við þessa umræðu.

Herra forseti. Áhyggjur okkar margra lúta að stöðunni á markaðnum og hverjir muni koma til með að kaupa hlutabréf í þessum bönkum. Horft er til þess að erlendir aðilar komi inn í einhverjum mæli með fjármagn og kaup bæði á bönkunum og Landssímanum. Það væri fróðlegt að fá skoðun hæstv. ráðherra á því hvort hún telji líkur á því að erlendir fjárfestar komi inn, hvort eitthvað slíkt hafi komið upp á borð ráðherrans, hvort hæstv. ráðherra hafi einhverja vitneskju um að eitthvað slíkt sé í farvatninu, þ.e. að erlendir aðilar hafi sýnt áhuga á kaupum á bönkunum.

Nokkuð er horft til lífeyrissjóðanna í þessu sambandi. Menn hafa haft töluverðar áhyggjur af því að mikið af fjármagni lífeyrissjóðanna hafi leitað til útlanda og það hafi skipt nokkrum tugum milljarða á hverju ári sem lífeyrissjóðirnir hafi leitað út með fjárfestingu á sínu fé. Það hefur auðvitað haft sín áhrif innan lands, líka það, herra forseti, að útlánaaukning innlánsstofnana var á seinni hluta síðasta árs að verulegu leyti fjármögnuð með erlendu lánsfé eins og reyndar hefur verið á undanförnum missirum og hlutdeild erlends lánsfjár hefur verið um 50% af útlánaaukningunni. Það er ansi mikið og á sinn þátt, herra forseti, í verulegri útlánaaukningu í bankakerfinu sem ýmsir hafa miklar áhyggjur af. En í því sem ég var að vitna til í Fréttablaðinu í morgun, kemur fram, með leyfi forseta:

„Að okkar mati eru aukin útlánatöp einn helsti áhættuþáttur í rekstri bankanna, en vænta má að útlánatöp aukist í kjölfar minnkandi hagvaxtar. Afkoma bankanna er jafnframt komin undir þróun á verðbréfamörkuðum sem mikil óvissa ríkir um en þó er gert ráð fyrir að þróunin verði hagstæðari en á síðasta ári."

Þetta er haft eftir greiningardeild Íslandsbanka-FBA. Þeir setja síðan í lokin fram sína skoðun og segja:

„Við teljum vænlegra að fjárfesta í Landsbankanum."

Herra forseti. Þetta kemur vissulega heim og saman við það sem fram kom nýlega í fréttum, í þessari viku. Því vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi, herra forseti, og hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórninni að fyrst verði ráðist í sölu á Landsbankanum. Í hádegisfréttum RÚV í vikunni kom fram, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin ætlar að byrja á því að selja hlut sinn í Landsbanka en ekki verður hægt að selja hlut ríkisins í Búnaðarbanka fyrr en niðurstaða opinberrar rannsóknar á viðskiptaháttum bankans liggur fyrir.

Litlar fréttir er að hafa af rannsókn lögreglunnar á viðskiptum Búnaðarbankans með hlutabréf í Pharmaco."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta tvennt, herra forseti, með vísan til þess sem fram kemur hjá greiningardeild Íslandsbanka-FBA og með hliðsjón af þeirri frétt sem ég var að vitna til: Hefur verið tekin ákvörðun um það í ríkisstjórninni að selja fyrst hlutabréf ríkissjóðs í Landsbankanum? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra heyri orð mín. Hefur verið tekin einhver ákvörðun um það? Ég er að vitna í þær fréttir sem fram hafa komið um það mál að byrjað verði á því að selja Landsbankann. Er hæstv. ráðherra sammála því sem fram kemur hjá fulltrúa einkavæðingarnefndar, Jóni Sveinssyni? Hann segir að það séu sameiginleg viðhorf allra nefndarmanna að ekki sé heppilegt að selja hlut ríkisins í Búnaðarbankanum á meðan bankinn sæti opinberri rannsókn. Mikilvægt sé þegar hlutabréf í bankanum eru seld, m.a. til almennings, að allir séu vissir um hver staða bankans er. Þetta eru vissulega rök í málinu sem hér eru sett fram af hálfu fulltrúa í einkavæðingarnefnd. Ég vil spyrja hvort nokkuð sé vitað hvenær þessi rannsókn, sem ég held að sé hjá efnahagsbrotadeildinni, liggi fyrir varðandi þau eitt eða tvö mál, að ég hygg, sem snerta Búnaðarbankann og eru þar til meðferðar. Og getur hæstv. ráðherra tekið undir það sem fram kemur hjá fulltrúa einkavæðingarnefndar og hefur það verið staðfest í ríkisstjórninni að byrja eigi að selja hlut í Landsbankanum en Búnaðarbankinn verði ekki settur í sölu fyrr en með haustinu í fyrsta lagi? Er það þá mat ríkisstjórn-

arinnar líka að það verði að komast lyktir í þessi mál sem eru til rannsóknar áður en sala á Búnaðarbankanum hefst?

Þetta er auðvitað innlegg í þetta mál, herra forseti, af því að við höfum sagt að miðað við þá lægð sem markaðurinn er í sé ekki ástæða til þess að hraða málinu svo í gegn eins og okkur sýnist ríkisstjórnin óska eftir.

Herra forseti. Ég hef séð að hæstv. ráðherra þarf að fara á blaðamannafund kl. 11. Ég virði það að hæstv. ráðherra þurfi að fara á blaðamannafundinn. Mér sýnist líka að á þeim blaðamannafundi sé verið að kynna skýrslu sem er mikilvægt innlegg inn í þessa umræðu sem hér fer fram þannig að ég geri ekki athugasemdir við það, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra yfirgefi þessa umræðu núna. Ég mun því, herra forseti, halda áfram mínu máli en freista þess, af því að ég á kost á því að taka þátt í umræðunni í annað sinn síðar á þessum fundi, að beina máli mínu og fyrirspurnum aftur til hennar, þ.e. þegar ég tek þátt í umræðuni í seinni áfanganum. Ég virði það að hún þurfi að fara en það kemur fram að hún muni koma eins fljótt og hún getur aftur til þessarar umræðu.

Af því að ég var að vitna í hvenær væri rétt og eðlilegt að selja bankana þá höfum við í brtt. okkar sem ég mæli fyrir sett fram eftirfarandi, herra forseti:

„Áður en sala á hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skv. 2. mgr. 6. gr. er hafin skal leita álits og samþykkis Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar á því að aðstæður á fjármálamarkaði séu með þeim hætti að hyggilegt sé að ráðast í söluna."

Við teljum þessar varúðarráðstafanir nauðsynlegar, herra forseti, með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið við meðferð málsins í efh.- og viðskn. og þeirra sjónarmiða sem þessar mikilvægu efnahagsstofnanir, þ.e. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun, hafa sett fram um þessa sölu. Það hefur m.a. komið fram hjá Þjóðhagsstofnun að a.m.k. tvennt þarfnist frekari skoðunar. Þeir benda á og spyrja, með leyfi forseta:

„Eru ákveðnar markaðsaðstæður sem geta valdið því að *ávinningur af einkavæðingu verður lítill eða jafnvel neikvæður*?"

Þeir segja einnig, með leyfi forseta:

„Af þessum ástæðum er erfiðleikum bundið að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif einkavæðingar með áreiðanlegum hætti. Því er ekki hægt að fullyrða að einkavæðing valdi auknum hagvexti og lægra atvinnuleysi, a.m.k. er þar vart eingöngu um áhrif einkavæðingarinnar að ræða."

Herra forseti. Þjóðhagsstofnun sagði líka orðrétt:

„Heppilegt kann þó að vera að hlutur ríkisins sé ekki seldur í einum áfanga."

Aðvörunarorð komu líka frá Seðlabanka, með leyfi forseta:

„Þó má e.t.v. segja að í ljósi þess hve efnahagsástandið er viðkvæmt um þessar mundir og áhrifin óljós þurfi að gæta þess sérstaklega vel við útfærslu sölunnar að hún verði ekki til þess að ýta undir ójafnvægi."

Þetta eru aðvörunarorð sem segja okkur að það eru auðvitað blikur á lofti í efnahagsmálunum eins og við þekkjum. Það kom einnig fram hjá þeim að þjóðhagsleg áhrif af fyrirhugaðri sölu hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka Íslands á innlenda eftirspurn og fjármálamarkaði séu háð mikilli óvissu. Það er einmitt þess vegna sem við teljum, herra forseti, brýnt að setja þessi ákvæði inn eins og við leggjum til, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og sú sem hér stendur, þ.e. að bæta þessu ákvæði inn til bráðabirgða.

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta við varðandi þá brtt. sem við flytjum um starfsmennina lýsa því að við leggjum til í brtt. okkar að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu. Á þetta hafa starfsmennirnir lagt mikla áherslu og mæla með því að farnar verði svipaðar leiðir í því efni og á hinum Norðurlöndunum, m.a. með því að bjóða þeim starfsmönnum sem eru á aldrinum 40–50 ára að fara til náms í eitt til tvö ár á launum og að þeir starfsmenn sem orðnir eru 55–65 ára fái rýmri heimildir til að láta af störfum á eðlilegum eftirlaunum. Hér segir orðrétt, herra forseti:

„Þannig er mælst til þess að við einkavæðingu bankanna verði norsku aðferðinni beitt en hún hefur reynst vel, en þar er eðlileg starfsmannavelta smám saman látin draga úr áhrifum minnkandi mannaflaþarfar, en ekki gripið til uppsagna. Höfuðáhersla er lögð á að starfsmennirnir séu vel undir það búnir að mæta breytingum þegar að þeim kemur."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að vitna frekar í þetta langa bréf og umsögn sem kemur frá starfsmönnunum. Þeim er auðvitað mikið niðri fyrir varðandi stöðu sína við svona miklar breytingar sem hér eru á döfinni. Þeir benda á, svo ég vitni í það í lokin, varðandi starfsmennina að á öllum Norðurlöndum nema Íslandi eigi starfsmennirnir fulltrúa í stjórnum hlutafélagabanka og segja orðrétt, herra forseti:

„Þessi sterki nútímalegi meðákvörðunarréttur er tryggður með lögum í hverju landi. Í Noregi, þar sem ríkið á enn stóran eignarhluta í bönkunum (m.a. 60% í Den norske Bank) og markaðurinn því að flestu leyti líkur okkar, er þessi réttur starfsmanna til að tilnefna menn í stjórn banka tryggður í 3. kafla í lögum bæði um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði ..."

Herra forseti. Ég mun aðeins ræða nánar um starfsmennina þegar ég nýti síðari rétt minn í þessari umræðu, enda verður hæstv. ráðherra þá væntanlega komin. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra muni þá greina þinginu frá niðurstöðu af þeirri skýrslu sem hún er nú að kynna á blaðamannafundi um stjórnar- og eignatengsl í atvinnulífinu og á fjármálamarkaðnum. Þessi skýrsla er nokkuð sem Samfylkingin kallaði eftir og við báðum um hér á Alþingi og samþykkt var að fara út í fyrir atbeina þeirrar beiðni sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram. Nú er hæstv. ráðherra að kynna skýrsluna á blaðamannafundi og ég vænti þess að hún muni kynna hana í þinginu í tengslum við þá umræðu sem hér fer fram og mun ég því ekki ræða hana sérstaklega, en ráðherrann hafði einmitt upplýst við 2. umr. að hún mundi leggja áherslu á að skýrslan gæti komið til umræðu við lokaafgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Ég vil aðeins enn og aftur minna á það sem ég hef verulegar áhyggjur af og fleiri sem um þetta hafa fjallað og hefur ítrekað komið fram í umræðum um málið í efh.- og viðskn. og hjá Fjármálaeftirlitinu að þeir hafa áhyggjur af eiginfjárstöðu bankanna sem hefur versnað mjög á umliðnum mánuðum og missirum, m.a. vegna þeirrar miklu útlánaþenslu sem orðið hefur og þegar litið er á eiginfjárhlutfall bankanna þ.e. Íslandsbanka-FBA, Landsbanka og Búnaðarbannka, og ríkjandi lán dregin frá, þá eru eiginfjárhlutföll bankanna undir því sem áskilið er í lögum. Af þessu hafa margir áhyggjur og Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir því að gerðar verði breytingar, m.a. að þeir fái auknar heimildir til að krefja innlánsstofnanir um ákveðna stöðu að

því er varðar eigið fé og hafa kallað eftir því að rétt væri að það yrði hugsanlega misjafnt eftir innlánsstofnunum.

Ég nefndi að það hefði komið fram í blaði í morgun að menn hafa áhyggjur af útlánatöpum, að þau gætu verið fram undan í bankakerfinu. Og í efh.- og viðskn. kom fram hjá fulltrúum annars viðskiptabankans að vissulega væri hætta fyrir hendi að útlánatöp gætu verið fram undan í bankakerfinu. Við munum að fyrir ekki allmörgum árum var lagt hér fram svar ráðherra um útlánatöp í bankakerfinu sem voru alveg gríðarlega mikil. Þau skiptu mörgum milljörðum. Ef ég man þá tölu rétt voru þetta um 10 milljarðar kr. á fimm ára tímabili. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af því. Ég vil t.d. nefna að í svari viðskrh., sem ég fékk í hendur í dag, við fyrirspurn minni um vanskil einstaklinga í bankakerfinu, kemur fram að vanskilahlutföll af lánum til heimila hafa vaxið á síðustu missirum en fram til ársloka 2000 hafi þau farið lækkandi en á þessu séu að verða breytingar. Mér finnst miðað við þær tölur sem ég er með í höndunum að vanskilin séu allmikil í bankakerfinu. Í þessu svari hef ég yfirlit yfir vanskil níu innlánsstofnana sem eru 73% af heildarútlánum innlánsstofnana og hve mikið af þeim 73% eru í vanskilum. Það eru um 17,3 milljarðar sem eru í vanskilum og mánaðarvanskil eru um 7,8 milljarðar. Þetta eru vanskilin eins og þau eru bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum, en ef litið er til einstaklinganna sérstaklega í því svari sem ég fékk í hendur í dag kemur fram að vanskil einstaklinga miðað við heildarútlán, en í þessum níu innlánsstofnunum er um að ræða 73% af heildarútlánum innlánsstofnana, voru um 7,6 milljarðar eða 5,7% af útlánum og er það nokkuð há tala, herra forseti, að mínu mati. Hjá fyrirtækjum var um að ræða lægra hlutfall eða 9,7 milljarða sem var 2,9% af heildarútlánum.

Til samanburðar má geta þess að hjá Íbúðalánasjóði eru vanskilin miklu minni sem hlutfall af heildarútlánum. Hér er ég með t.d. hver staðan er í janúarmánuði á þessu ári. Þá eru tæplega 3.000 einstaklingar með vanskil við Íbúðalánasjóð og vanskilin eru um 490 milljarðar kr. sem er 0,19% af heildarvanskilum samanborið við það að öll vanskil einstaklinga við þessar níu innlánsstofnanir sem ég nefndi eru 5,7% af heildinni. Það virðast því vera miklu meiri vanskil í bankakerfinu, margfalt meiri hlutfallslega þegar miðað er við heildarútlán en er hjá Íbúðalánasjóði.

Hjá lífeyrissjóðunum — en við þessari fyrirspurn minni bárust svör frá fjórum lífeyrissjóðum — eru vanskil á útlánum um 0,7% og voru í marslok á þessu ári um 145 millj. kr. í vanskilum.

Herra forseti. Þessar tölur sem ég hef hér nefnt og ýmislegt annað sem kemur fram í þessu svari segir okkur að vanskil í bankakerfinu eru að aukast og það er ástæða til að hafa af því áhyggjur, ekki síst þegar horft er á hvernig eiginfjárhlutfall stendur í þeim bönkum sem ég nefndi.

Herra forseti. Þar sem ég mun taka aftur til máls og nýta rétt minn á eftir til að tala aftur og þar sem ráðherrann þurfti að bregða sér frá mun ég ekki hafa ræðu mína lengri að sinni en mun þess í stað tala hér þegar ráðherrann sér sér fært að verða viðstödd umræðuna að loknum blaðamannafundi. En, herra forseti, ég hef mælt fyrir þeim brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur.

[11:08]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þeirri brtt. sem hér liggur frammi vildi ég gjarnan fá að spyrja hv. þm. aðeins. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. telji að ríkið eða eigendur Landsbankans og Búnaðarbankans hafi verið að blekkja hluthafa í skráningarlýsingu þegar verið var að auka hlutaféð í Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

Nú liggur alveg fyrir að stefnan hefur verið sú að reka þessa banka á mjög hagkvæman hátt og hagræða í rekstri þeirra eins og þurft hefur verið til að bankarnir skiluðu arði og þeir væru reknir á sömu forsendum og önnur fyrirtæki hvað það snertir. Ég sé því ekki að nein breyting verði á stöðu starfsmanna frá því að ríkið hafi meirihlutaaðild í bankanum yfir í að ríkið verði minnihlutaaðili í bankanum. Ég tel að helsta breytingin sem hafi hugsanlega orðið á stöðu starfsmanna hafi verið þegar bankanum var breytt í hlutafélag.

En þá vek ég athygli á því að áður en bankanum var breytt í hlutafélag voru miklu viðameiri uppsagnir og fækkun á fólki, sérstaklega í Landsbankanum heldur en nokkurn tíma eftir að bankanum var breytt í hlutafélag. Ég hygg að hv. þm. viti vel um það. Þess vegna spyr ég: Telur hv. þm. að einhverjar blekkingar hafi verið á ferðinni í skráningarlýsingunni þegar bankarnir fóru á hlutabréfamarkaðinn?

[11:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi uppsagnir á starfsfólki og að þær hafi verið miklar við hlutafélagavæðinguna eða hafi verið meiri en núna, þá hefur starfsmannafjöldinn í heild, ef horft er til hans, ekki minnkað. En þegar horft er til hefðbundinna bankastarfa, þá hefur veruleg fækkun orðið og það var það sem ég var að lýsa sem helst hefur bitnað á fólki við hefðbundin bankastörf. Aukning hefur orðið í verðbréfadeildum bankanna þannig að í heildina hefur starfsfólki ekki fækkað ef hv. þm. er að vitna til þess, en starfsfólki hefur fækkað verulega á umliðnum árum svo hundruðum skiptir. Ég er ekki með töluna fyrir framan mig en það hefur sérstaklega bitnað á konum.

Það sem við erum að fara með þessum brtt., herra forseti, er að meðan ríkisstjórnin er meirihlutaeigandi í bönkunum, þá nýti hún það sem hún getur til að hafa áhrif á það að starfsmannavelta verði látin ráða ferðinni eins og starfsmenn bankanna og forráðamenn þeirra hafa lagt áherslu á. Við erum að leggja áherslu á að ríkisstjórnin fari sömu leið og gert var á hinum Norðurlöndunum við sambærilegar aðstæður, þ.e. að með lagabreytingu verði opnað fyrir það að starfsmenn eigi fulltrúa í stjórnum bankanna. Við teljum að það sé til hagsbóta bæði fyrir starfsmennina og fyrir bankakerfið í heild að starfsreynsla bankanna sé nýtt og við leggjum áherslu á það að ráðherra meðan hann er meirihlutaeigandi beiti sér fyrir því að samið verði við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu. Það er í samræmi við það sem hefur verið að gerast. Það er að starfsfólki verði gefið slíkt svigrúm. Út á það ganga tillögur okkar, herra forseti.

[11:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel í ljósi svars hv. þm. að í rauninni sé ekki þörf á þessari tillögu. Það liggur að sjálfsögðu fyrir að til þess að geta náð árangri í rekstri þessara banka þarf að koma þannig fram gagnvart starfsfólki að því finnist að það

sé hluti af bankanum og vilji vera með í því að ná árangri í bönkunum.

Það er hlutverk stjórnendanna að sjá til þess að fólk sem er í störfum sem eru kannski að hverfa eigi kost á endurmenntun og starfsfólkið fái að þróast með þeirri tækni og þeim breytingum sem eru að verða í þessari starfsemi. Það getur enginn ráðherra stjórnað starfsmannamálum í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum þrátt fyrir að fara með eignarhlut ríkissjóðs í þeim bönkum.

Annað mál er það, sem kemur einnig fram í tillögu hv. þm., að leita eigi samþykkis Seðlabankans við sölu hlutabréfa. Það er bara ekkert á valdi Seðlabankans og ekki á verksviði Seðlabankans að veita samþykki sitt fyrir sölu á fyrirtækjum. Það er að vísu á valdi Seðlabankans að geta ráðið ýmsum tímasetningum á stórum útboðum. Það er í seðlabankalögunum og hann þarf engar sérstakar heimildir til þess í þessu frv. Ég tel því að þetta sé algerlega óþarft.

Einkavæðingarnefnd mun að sjálfsögðu leita til þessara aðila um mat á stöðunni hvort sem um er að ræða stöðuna í efnahagsmálunum eða á fjármálamarkaðnum og enga brtt. þarf til þess að menn vinni vinnu sína eins og eðlilegt er.

[11:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við það óðagot sem er á ríkisstjórninni og þá hraðferð sem hún er í við að selja ríkiseigur, þá treystum við því engan veginn að hún taki tillit til þeirra umsagna sem fram kæmu hjá Seðlabanka eða Þjóðhagsstofnun jafnvel þó að hún mundi leita til þeirra. Ef fram kæmi það mat Þjóðhagsstofnunar á Seðlabankanum að ekki væri heppilegt við þær aðstæður sem nú eru að selja lítinn eða eftir atvikum stóran hluta í bönkunum, þá er engin trygging fyrir því að ríkisstjórnin eða einkavæðingarnend fari eftir því áliti. Þess vegna teljum við af því að við treystum ekki ríkisstjórninni betur en það að ástæða sé til þess að negla það niður í ákvæði til bráðabirgða að leitað sé umsagnar og álits Seðlabankans og staðfestingar á því að aðstæður séu með þeim hætti á fjármálamarkaði að það sé hyggilegt að ráðast í svo mikla sölu. Ég held að ríkisstjórnin sé á það mikilli hraðferð að koma þessum verðmætu ríkiseigum í hendur á vildarvinum að henni haldi engin bönd jafnvel þó að Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki vari hana við í þeim efnum.

Hvað varðar starfsfólkið, þá erum við ekkert fyrir fram að gefa okkur það að þegar bankinn væri kominn úr meirihlutaeign ríkisins að starfsfólk væri ekki haft með í ráðum eða að nýir eigendur bankanna sem hugsanlega kæmu til mundu leita samráðs við starfsfólkið um starfsþjálfun og endurmenntun. Ég treysti núv. viðskrh. betur til þess að reyna að tryggja hag fólksins með þeim aðferðum sem við erum að leggja til heldur en setja það í einhverja óvissu hjá nýjum eigendum í bönkunum. Við teljum að ráðherrann eigi að nýta það svigrúm sem hún hefur núna til þess að breyta lögum og tryggja þátttöku starfsmanna í stjórnum bankanna.

[11:16]

Útbýting þingskjala:

Leigubifreiðar, 633. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1407.

Tilraunastöðin að Keldum, 662. mál, svar landbrh., þskj. 1370.

Verndun íslenskra búfjárkynja, 660. mál, svar landbrh., þskj. 1369.

[11:17]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hér er verið að ræða mál sem hefur mikla þýðingu nánast hvernig sem á það er litið. Verðmæti bankanna sem stendur til að selja var í byrjun árs metið á yfir 40 milljarða kr. Þar af er eignarhlutur ríkisins um 30 milljarðar en bankar eru ekki aðeins verðmæt eign heldur eru þeir náttúrlega fyrst og fremst fjármála- og þjónustustofnanir við almenning og efnahagslíf. Ábyrgð Alþingis er því mikil þegar ákvarðanir í þessu efni eru teknar, bæði í efnahagslegu tilliti en einnig hvað varðar þjónustu við almenning og atvinnulíf að hún sé tryggð á sem bestan hátt.

Á Íslandi búum við við þingræðisskipulag. Alþingi er kjörið í lýðræðislegum kosningum og við þann meiri hluta sem myndast á Alþingi styðst síðan framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin. Mörg okkar viljum styrkja þetta form, styrkja völd og áhrif Alþingis bæði sem eftirlits- og aðhaldsaðila og sem sjálfstæðrar löggjafarsamkundu.

Oft er því haldið fram að Alþingi eða öllu heldur stjórnarmeirihlutinn sé of háður framkvæmdarvaldinu. Á þessu er eflaust allur gangur og menn mega vissulega ekki gleyma því að umræða á Alþingi og störf alþingismanna eru ekki öll sýnileg. Þau fara ekki fram í þessum sal. Þau fara einnig fram í nefndum og þau fara fram í þingflokkum. Þar eru iðulega hin pólitísku álitamál gerð upp og efast ég ekkert um að jafnvel í stjórnarflokkunum komi oft fram gagnrýni og ágreiningur sem fer ekki hátt utan veggja fundarherbergjanna. E.t.v. er þetta óskhyggja af minni hálfu að stjórnarmeirihlutinn láti ekki leiða sig gagnrýnislaust eins og oft virðist vera, jafnvel í málum sem ætla má að ágreiningur hafi verið um. Þar vísa ég í hitamál þessa þings, síðast banns sem sett er á verkfall sjómanna og afnám samningsréttar þeirra í langan tíma, ég vísa til öryrkjadómsins og frv. ríkisstjórnarinnar, ég vísa til Landssímamálsins og ég vísa nú til þess máls sem hér er til umræðu, sala á hlut ríkisins í bönkunum.

Hér fór fram gær ágæt og ítarleg umræða um sölu Landssímans. E.t.v. tek ég of djúpt í árinni þegar ég segi að hún hafi verið ágæt. Ítarleg var hún af hálfu sumra þingmanna en með mjög misjöfnu sniði var hún þó. Annars vegar voru menn úr stjórnarandstöðu að reyna að knýja fram svör og rök fyrir því að Síminn yrði seldur á markað en í reynd var því einu svarað að það væru pólitísk markmið ríkisstjórnarinnar að selja Landssímann á sama hátt og er nú rætt um að selja hlut ríkisins í bönkunum af pólitískum ástæðum. En pólitíkin byggist á þeirri trú að markaðurinn og frjáls samkeppni færi notandanum bæði betri þjónustu og einnig ódýrari, þ.e. þegar samkeppni er fyrir hendi. En efasemdir manna hér í salnum, á Alþingi og í þjóðfélaginu lúta einmitt að því að svo muni ekki verða heldur verði um að ræða einokun, samkeppni verði ekki fyrir hendi og neytandinn muni þar af leiðandi ekki njóta góðs af þessum ráðstöfunum. Út á þetta hefur gagnrýni stjórnarandstöðunnar byggst og viljað búa svo hnútana að ekki verði farið út í þessa ráðagerð, a.m.k. að svo komnu. Menn hafa vakið athygli á því hve miklum arði eignir þjóðarinnar hafa skilað henni í tilviki Landssímans, 20 þús. millj. á síðustu 10 árum og enn er stofnunin aflögufær, skiladi í hagnað á síðasta ári 6.500 millj. fyrir afskriftir og fjármagnsliði og ég endurtek að enn er stofnunin aflögufær. Síðan hefur komið í ljós að menn gera sér fyllilega grein fyrir því að einkavæðing þessarar starfsemi gæti leitt til rýrari þjónustu, einkum á landsbyggðinni. Í álitsgerðum

stjórnarmeirihlutans er sérstaklega fjallað um hvernig ríkisstjórnin og framkvæmdarvaldið getur beitt sér í verkefnum sem eru óarðbær. Þau verða látin skattgreiðandanum eftir en gullmolinn verður tekinn frá þjóðinni.

Í framhaldinu hafa menn lýst áhyggjum og dapurleika yfir því að búa við ríkisstjórn sem stendur sig eins illa í hagsmunagæslu fyrir almenning. Hvorki ætlar hún að tryggja eignir hennar né að tryggja að þjónustan verði sem best verður á kosið. Þetta verður allt í himnalagi segja menn hins vegar og halda því fram að lokun pósthúsa á landsbyggðinni leiði til öflugri póstþjónustu. Því var haldið fram í gær og menn virða að vettugi undirskriftalista 200–300 Skagfirðinga sem andæfa slíku og hæstv. ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar stígur í pontu og segir að sjálfsögðu að þetta sé öllum fyrir bestu og þegar allt komi til alls batni þjónustan við að loka þessum úibúum. Þetta er innihald þeirrar umræðu sem hefur farið fram.

Ég leiddi áðan að því getum að það væri ríkisstjórnin sem réði för í þingsalnum að of miklu leyti, sá meiri hluti sem hún styðst við láti ekki nóg í sér heyra þó svo kunni vel að vera að fram fari gagnrýnni umræða á þingflokksfundunum. En e.t.v. er þetta óskhyggja af minni hálfu.

Hins vegar gerum við okkur grein fyrir því að miklar kröfur eru um það í þjóðfélaginu að eignir þjóðarinnar verði seldar. Þær kröfur koma frá fjármagnseigendum, þær koma frá stórfyrirtækjum, þær koma frá Verslunarráðinu og þær koma frá samtökum atvinnulífsins en almenningur hefur hins vegar ekki verið spurður og við á Alþingi eigum að tala máli fólks utan veggja Alþingis. Þar eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir um þessi efni en þó er hægt að gera þá frumkröfu og grundvallarkröfu að menn færi a.m.k. góð rök fyrir máli sínu.

Ríkisstjórnin skipaði sérstaka einkavæðingarnefnd til að leggja línurnar um einkavæðinguna og það sem hún segir á jafnt við um bankana sem aðrar stofnanir sem eru einkavæddar. Ég hef áður gert grein fyrir þeim grundvallarreglum sem einkavæðingarnefndin hefur sett fram og ríkisstjórnin hefur kokgleypt og kom mér ekki á óvart að Sjálfstfl. mundi gera það. Það vakti heldur meiri furðu að Framsfl. skuli hafa skrifað upp á liðina sjö alla saman. Þar er því einfaldlega haldið fram að aukin samkeppni muni auka skilvirkni í þjóðfélaginu og að markaðsöflin séu alla jafnan betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ríkisafskipti. Bent hefur verið á að allur gangur er á þessu. Engin trygging er fyrir því þótt starfsemi sé markaðsvædd og hún sett á markað að markaðsöflin starfi á grundvelli samkeppninnar. Það gerðist ekki í Kaliforníu svo dæmi sé tekið og ég hef vitnað í álitsgerðir hagfræðinga sem hafa talað um markaðsöflin sem þar voru að verki, að þeim hafi verið ... (**VE:** Voru það ekki einhverjir demókratar sem klúðruðu þessu í Kaliforníu? Það er allt í lagi hjá Bush í Texas.) Það er allt í lagi hjá Bush í Texas, einhverjir demókratar sem klúðruðu málum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að ég hef aldrei verið upptekinn af því hvað flokkar kalla sig. Ég spyr um þá stefnu sem þeir fylgja hvaða nafni sem þeir kalla sig. Ég efast ekkert um að demókratar í Bandaríkjunum hafi iðulega fylgt hægri sinnaðri stefnu og ég gagnrýni hana ekkert síður en þegar repúblikanar eiga í hlut.

En það sem þessir hagfræðingar vísuðu í var misbeiting markaðsaflanna, The Exercise of Market Power, svo ég vísi í enska skilgreiningu þeirra á því sem gerðist í Kaliforniu. Þar myndaðist einokunarvald sem var síðan misbeitt á markaðnum. Þetta er ein grundvallarástæðan fyrir því að við vörum við þessari miklu einkavæðingu ríkisstjórnarinnar og það á við jafnt um Símann sem bankana. Við höfum varað við því að án skýrra ákvæða í lögum sem tryggi dreifða eignaraðild sé sú hætta fyrir hendi að sömu aðilar og eru að safna á sínar hendur fjármunum og völdum í viðskipta- og efnahagslífi muni einnig komast yfir þessar fjármálastofnanir. Þetta er ekki ólíklegt að muni gerast. Við þessu höfum við varað þannig að þessi fyrsta staðhæfing sem sett er fram fyrir hönd Sjálfstfl. og Framsfl. um ágæti markaðshyggjunnar stenst ekki sem alhæfing.

Í öðru lagi er talað um að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum og reynslan sýni að meiri faglegar kröfur séu gerðar til stjórnenda og þeir fái meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðingu. Við höfum varað við því að torvelda aðkomu aðila sem bera mismunandi sjónarmið inn í þessar stofnanir. Þannig var þetta í ríkisbönkunum. Þar komu að aðilar úr öllu hinu pólitíska litrófi en ekki aðeins merktir einum lit, ekki aðeins sjálfstæðismenn eða frjálshyggjumenn, hvort sem þá er að finna í Sjálfstfl. eða öðrum stjórnmálaflokkum.

Síðan tala menn um mikilvægi þess að efla hlutabréfamarkað, að öflugur innlendur hlutabréfamarkaður sé mjög þýðingarmikill fyrir alla efnahagsstarfsemi og að slá megi á þenslu með því að hvetja almenning til þátttöku í atvinnurekstri með hlutafjárkaupum. Þetta tel ég ekki standast heldur, að hlutafélagsformið sé í öllum tilvikum hagstætt og gott fyrir efnahagslífið. Það hafa verið leidd rök að því, m.a. í Bandaríkjunum, að óheppilegt sé að starfsemi sem þarf að vera til staðar öllum stundum byggi á hlutabréfaeign. Það er nefnilega mikill munur á því þegar fyrirtæki eru í eigu þeirra sem eru rótfastir á staðnum og hinu þegar eigandinn hugsar aðeins um arðinn, er fjarri starfseminni og færir eignarhlut sinn eftir því hvernig vindarnir blása. Þá getur það hent að fyrirtæki og stofnanir sem lenda í erfiðleikum verði skildar eftir á köldum klaka, að eigendurnir, gróðafíklarnir, forði sér þegar á móti blæs og skilji stofnunina eftir í sárum. Af þessum eiga þessi rök ekki heldur við.

Síðan er talað um að bæta stöðu ríkissjóðs, að með sölu á hlutabréfum ríkisins sé unnt að greiða niður umtalsvert af skuldum ríkissjóðs og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni. Þetta er náttúrlega skammtímasjónarmið. Það er rétt, að á meðan verið er að selja og peningarnir, andvirðið, rennur í ríkissjóð þá kemur það ríkissjóði að notum en það er skammgóður vermir. Staðreyndin er sú að þegar menn losa sig við eignir sem skila ríkissjóði miklum tekjum þá er þetta nokkuð undarleg hagfræði. MacMillan, fyrrv. forsætisráðherra Breta, talaði um að menn ættu ekki að selja fjölskyldusilfrið og vísaði þá í stefnu Margrétar Thatcher.

Talað er um að bæta hag neytenda, að með þeirri hagræðingu sem hljótist af einkavæðingu séu líkur á því að samkeppni á markaði aukist sem skili sér í bættum hag neytenda. En þá þarf samkeppni að vera fyrir hendi. Það efast menn um að gerist og um það hefur einnig verið rætt í bankamálunum. Þegar við skoðum útibúakort landsins, hvar þau er að finna, þá er það staðreynd að ríkisbankarnir eru með útibú um landið allt en Íslandsbanki hefur aðeins verið með útibú á fjölmennari stöðum. Ég held að ástæðan sé sú að enn eimi eftir af þessari þjónustuhugsun í ríkisbönkunum, að þeim beri að sjá landsmönnum öllum fyrir þjónustu.

Einnig er talað um að einkavæðingin og salan styrki stöðu starfsmanna, að einkavædd fyrirtæki hafi meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a.

með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa. Það er reyndar svo að árangurstengd launakerfi hafa verið innleidd hjá hinu opinbera í nokkuð ríkum mæli en ekki alltaf með mjög góðum árangri. Slík launakerfi hafa ekki alltaf skilað meiri árangri en þau hafa án efa fært mörgum góðum starfsmönnum kjarabætur. Vandinn er sá að hinir sem ekki eru skilgreindir góðir, á forsendum forstjóranna, hafa borið skarðan hlut frá borði. Að mínu mati er það um of þrátt fyrir góðan vilja stéttarfélaganna að bæta hag þeirra og berjast fyrir því.

Í síðasta lagi er talað um að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr hagsmunum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu og framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir. Þetta er náttúrlega alveg fráleitt vegna þess að sérhagsmunahópurinn sem kemur til með að ráða öllu eru fjármagnseigendur. Þeim er þjónað í einu og öllu en fólkið látið sitja á hakanum, nema þeir sem eru arðvænlegir neytendur. Þess vegna verður þjónustustofnunum lokað þar sem þjónustan er ekki arðvænleg. Það er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin hefur lagt blessun sína yfir lokun útibúa póstsins á landsbyggðinni. Ég efast því miður ekki um að hið sama kunni að henda varðandi útibú bankanna, að einhverjum þeirra verði lokað. Enda mættu talsmenn Byggðastofnunar á vettvang þegar þessi umræða hófst og ræddu um möguleika á lánastarfsemi af hálfu þeirrar stofnunar, eftir að bankarnir hefðu verið einkavæddir. Þeir töldu að þá mundi myndast tómarúm sem þyrfti að fylla. Þetta eru bara staðreyndir málsins.

Ég hafna algerlega þeim sjónarmiðum sem þarna eru sett fram og tel þau engan veginn standast rökræðu. Fátt hefur hins vegar verið um svör. Ég vil ræða tvo þætti sérstaklega. Annars vegar starfsmannamálin og hins vegar verðgildi bankanna.

Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir sagði við 2. umr. þessa máls að hún væri mjög áhugasöm um starfsmannamál. (**MS:** Efastu um það?) Já, ég efast stórlega um að sá áhugi sé raunverulegur. Ég vísa þar t.d. í réttindabaráttu starfsmanna Byggðastofnunar og annarra stofnana sem hafa verið fluttar út á land, þar sem starfsmenn hafa þurft að berjast blóðugri baráttu fyrir grundvallarréttindum sínum. Það er staðreynd. Þegar Samband íslenskra bankamanna óskar eftir því að ekki verði ráðist í þessar breytingar fyrr en gengið hafi verið frá ýmsum þáttum sem tengjast starfsmannamálunum þá er því algerlega hafnað. Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa lagt fram brtt. við þetta frv. Þar er gert ráð fyrir því að fulltrúar starfsmanna fái aðild í stjórn þessara bankastofnana. Einnig því er hafnað. Hæstv. viðskrh. sagðist ekki munu samþykkja það en lýsti því yfir, nánast í sama orði, að hún væri afskaplega áhugasöm um starfsmannamál. Þetta lýsir ekki raunverulegum áhuga, því miður.

Annað atriði sem ég vildi nefna sérstaklega er verðgildi bankanna. Þegar þessi stefna ríkisstjórnarinnar var upphaflega kynnt og fyrstu frumvörpin samkvæmt henni sett fram þá voru birt í greinargerð með frumvörpunum loforð eða fyrirheit um að bankarnir yrðu ekki seldir nema tryggt væri að gott verð fengist fyrir þá. Út frá því var gengið í þessum greinargerðum, sem ég finn ekki í augnablikinu.

Samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og ráðherra treysta menn sér ekki til að segja nákvæmlega til um hvenær ríkisbankarnir verði seldir að öðru leyti en því að það skuli gert á kjörtímabilinu, að á næstu tveimur árum verði hlutur ríkisins í bönkunum seldur. En hvert er verðgildi bankanna núna? Verðgildi bankanna í byrjun árs var metið á 43,3 milljarða kr. Síðan hefur það gerst, á þeim fáu mánuðum sem liðnir eru frá áramótum, að þeir hafa hrapað verulega í verði. Samkvæmt síðustu upplýsingum er verð bankanna núna metið á 38,3 milljarða kr. Þeir eru komnir niður í 38,3 milljarða kr. og hafa þannig rýrnað að verðgildi um 5 milljarða kr., þ.e. um 11%. Þá er von að fólk spyrji: Ætlar ríkisstjórnin að selja hlut sinn í bönkunum við þessar aðstæður? Ég ætla að leyfa mér að vekja athygli á mjög ábyrgðarlausri yfirlýsingu sem hér var sett fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í umræðu um einkavæðingu í gær — eða hvort það var fyrr að hæstv. samgrh. lét eftirfarandi ummæli falla. Samgrh. sagði á Alþingi, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínu út á sem hæstu verði á kostnað almennings sem kaupir þær í góðri trú. Það verð sem nú er á eignarhlutum í símafélögum gefur fjárfestum raunhæfa von um að fjárfesting í öflugum og vel reknum félögum geti skilað góðum arði. Þetta er mikilvæg forsenda vel heppnaðrar einkavæðingar ...“

Herra forseti. Er ekki ástæða til þess að ríkisstjórnin og þeir ráðherrar sem leyfa sér að láta svona orð falla geri nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum? Hvernig rímar þetta við fyrirheit ríkisstjórnarinnar varðandi sölu á hlut ríkisins í bönkunum, þar sem því var heitið að því aðeins yrðu þeir seldir að tryggt væri að hagstætt verð fengist fyrir þá á markaði? Nú er að koma í ljós að bankarnir hrapa í verði, þeir eiga í erfiðleikum. Í blöðum í dag er talað um útlánatöp. Engu að síður er ríkisstjórnin, þessi ríkisstjórn sem hefur aðeins eitt auga í miðju enni og er aldrei reiðubúin að sjá tvær hliðar á neinu máli, staðráðin í að keyra þetta mál í gegn. Þrátt fyrir þær aðstæður sem upp eru komnar, þrátt fyrir að bankarnir hafi rýrnað í verði um 11% frá árabótum, um 5 þús. millj. kr. þá á eftir sem áður að keyra þetta í gegn. Hvers vegna? Hæstv. samgrh. lýsti því fyrir okkur. Það er verið að þjóna fjármagnseigendum fyrst og fremst. Það er gert á kostnað þjóðarinnar, á kostnað almennings.

Ég lýsi því yfir að ég sætti mig ekki við að gengið verði frá þessum málum fyrr en hæstv. samgrh. eða hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar gerir Alþingi grein fyrir þessum orðum og skýri þessi ummæli, skýri þetta ábyrgðarleysi sem mér virðist vera augljóst, að hér er einfaldlega verið að ganga erinda fjárfesta. Það er verið að ganga erinda fjármagnseigenda og stórfyrirtækja sem gína yfir þessum eignum. Það er staðreyndin.

Í gær var spurt: Já, en eru þetta ekki góðir kostir, t.d. fyrir lífeyrissjóði? Eru þetta ekki góðir fjárfestingarkostir fyrir lífeyrissjóði? Þeirri fyrirspurn var beint til mín af því að ég hef komið að málum í starfi verkalýðshreyfingar. Á ekki verkalýðshreyfingin aðild að lífeyrissjóðum? Eru þetta ekki hagsmunir hennar? Jú, þarna kunna að bjóðast góðir fjárfestingarkostir. Um það höfum við rætt. Út á það hefur málflutningur okkar gengið. En fyrst og fremst er þetta góður kostur fyrir núverandi eiganda, fyrir íslensku þjóðina. Við viljum ógjarnan að hún sé svipt þessum eignum sínum. Með málflutningi okkar höfum við reynt að sýna fram á hvílíkt glapræði það er.

Við höfum einnig reynt að sýna fram á að það fyrirkomulag sem menn sjá fyrir sér, fyrirheitna landið með hinni miklu samkeppni, er ekki til. Sú staða er ekki fyrir hendi. Við skyldum hugsanlega ræða þetta á öðrum forsendum, ef menn gætu sýnt fram á að reynsla annarra þjóða, á Nýja-Sjálandi,

Bretlandi, Long Island og Kaliforníu, þar sem reynslan af einkavæddri einokunarstarfsemi er slæm, ætti ekki við hér á landi. Ef menn geta sýnt okkur fram á að sá lærdómur sem við höfum dregið af reynslu þessara þjóða muni ekki eiga við á Íslandi þá skulum við ræða þau rök og fara yfir málið.

(**VE:** Er einokun í bankarekstri?) Er einokun í bankarekstri? Það er veruleg ástæða að ætla að þeir sem hafa undirtökin í efnahagslífi á Íslandi muni einnig gera það í þessari starfsemi. Mjög miklar líkur eru á því. Smásöluverslunin er komin 70% í hendur á einum aðila. Gera menn sér grein fyrir því? Halda menn að slíkt hið sama geti ekki gerst í fjármálastofnunum? Er ekki alltaf verið að tala um hina margrómuðu hagræðingu? Í hverju felst hún? Hún felst í að einfalda alla starfsemi, sameina, steypa saman. Er það líklegt til að leiða til aukinnar samkeppni? Ég held ekki. Það er ekki ólíklegt að hitt gerist að völdin yfir fjármálalífinu færist á færri hendur en nú er. Á því eru mjög sterkar líkur.

Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur lögðum fram tillögu á Alþingi um dreifða eignaraðild í fjármálafyrirtækjum. Við gerðum okkur grein fyrir því að þau sjónarmið sem við höldum á loft fyrir hönd þjóðarinnar og reynum að standa í fæturna gagnvart þessu einkavæðingarfári væri því miður minnihlutasjónarmið hér þótt ég sé sannfærður um að það er meirihlutasjónarmið í samfélaginu almennt.

Í tillögum okkar er gert ráð fyrir því að í fjármálastofnunum á borð við ríkisbankana, ef þær yrðu seldar, færi eignarhlutur aldrei yfir tiltekið mark, 8% nefndum við. Tekið var vel í þessar tillögur bæði af hálfu hæstv. forsrh., Morgunblaðið taldi þær allrar athygli verðar í leiðara og málinu var vísað til efh.- og viðskn. en þar var það fellt. Samtök atvinnulífsins voru ekki hrifin. Samtök fjárfesta voru ekki ýkja hrifin og síðan voru einhverjir búnir að finna það út að sennilega yrðu þeir reiðir í Brussel líka. Rannsóknarrétturinn mundi sennilega komast í málið og telja þetta óeðlileg afskipti af lögmálinu. Þetta mundi brjóta í bága við markaðslögmálið og boðorð Evrópusambandsins, það væri bannað að gera þetta. Við hefðum bara einfaldlega ekki heimild, Brussel mundi ekki leyfa þetta. Málið var því miður látið lognast út af. Nú síðar á dagskránni er annað mál sem heitir Eftirlit með fjármálastofnunum. (**Gripið fram í:** ... virkum eignarhlut í fjármálastofnunum.) Eftirlit með virkum eignarhlut í fjármálastofnunum. Þetta er sú leið sem menn eru að fara í tengslum við einkavæðinguna, þ.e. einkavæða sjálfa starfsemina og blása síðan út eftirlitsstofnanirnar, blása út eftirlits-sovétin og fjölga reglugerðunum, lögunum og eftirlitsaðilunum. Það á að fjölga í öllum þessum stofnunum við þetta, þær blása allar út. Það verður mjög skemmtilegt að taka þátt í þeirri umræðu á eftir um þetta eftirlit og þá rannsókn sem á að fara fram á eigendum fyrirtækja og stjórnendum. Ég er reyndar á því frv. með fyrirvara. Ég vil þó leggja mitt af mörkum til að stuðla að því að reglur séu virtar og reynt að hafa skikk á hlutunum þótt ég hefði kosið allt aðrar leiðir. Í fyrsta lagi hefði ég viljað forðast að einkavæða þessar eignir okkar. Í annan stað hefði ég viljað láta reyna á löggjöf um dreifða eignaraðild. Þetta er hins vegar sú lending sem mér finnst langsísti kosturinn, en kostur er það þó við þessar aðstæður.

Ég ætla ekki að hafa þessa umfjöllun mína öllu lengri. Ég get sem betur fer fjallað um þetta mál í annarri ræðu. Þá mun ég m.a. taka ýmsa aðra þætti sem snerta einkavæðingu bankanna og þeirrar stefnu sem er fylgt hér af alveg ótrúlegri þröngsýni af hálfu ríkisstjórnarinnar en hún er náttúrlega studd mjög dyggilega af þeim aðilum í þjóðfélaginu sem gæta hags fjármagnseigenda og stórfyrirtækjanna. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því.

[11:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ítarlega og efnismikla ræðu um þetta mál. Það eru atriði sem ég vildi gjarnan koma inn á og spyrja hann um af því að hv. þm. fjallaði í löngu máli um verðlagningu á þessum eignarhlutum ríkissjóðs hvort sem það er í bönkunum eða í Landssímanum. Ég hafði nefnilega á tilfinningunni þegar ég hlustaði á hv. þm. að hann væri á móti sölu þessara eigna alveg óháð verðinu. Því væri fróðlegt að vita hvort hann væri yfirleitt tilbúinn til að selja þessar stofnanir á einhverju verði eða hvort honum finnst að ef verðið sé of lágt eigi ekki að selja en ef það sé hátt þá sé í lagi að selja? Hv. þm. eyddi löngum tíma af ræðu sinni í að fjalla um þetta mál.

Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að skynsamlegast sé að sölunni á hlutum ríkissjóðs í bönkunum eða Landssímanum sé dreift á þokkalegum tíma þannig að þegar upp er staðið geti bæði kaupendur og seljandi verið þokkalega ánægðir. Kaupendur verða vonandi margir en seljandi er að vísu einn þannig að þegar menn líta til baka hvort sem það verður eftir fimm ár eða tíu ár, þá finnist engum sem þarna kemur til með að eiga hlut að máli að hann hafi verið að gera mistök. Ég tel að það eðlilegast og best ef saman geta farið hagsmunir kaupenda og seljanda í þessu máli.

[11:54]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að málflutningur minn hefði verið mjög skýr að þessu leyti. Ég er andvígur því að þessar eignir þjóðarinnar séu seldar en ef það er gert vil ég að sjálfsögðu tryggja almenningi sem best verð fyrir þessar eignir eins og ríkisstjórnin hét reyndar þjóðinni. Það kemur fram í greinargerðum sem hafa komið frá ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum að þá aðeins verði þær seldar að almenningi verði tryggt gott verð fyrir þær.

Ég spyr hv. þm. Vilhjálm Egilsson hvort hann sé sammála því sem fram kom í máli hæstv. samgrh. sem hér talaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínu út á sem hæstu verði."

Hvort er nú rétt það fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf á sínum tíma og kemur fram í gögnum frá henni að því aðeins verði bankarnir og eignir almennings seldar að tryggt verði gott verð? Hvort er hann sammála þessu sjónarmiði eða því sjónarmiði sem hæstv. samgrh. lýsir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að spákaupmennska af hálfu ríkisins gangi ekki og fráleitt sé að selja þessar eignir á sem hæstu verði. Hver er afstaða hv. þm. Vilhjálms Egilssonar?

[11:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spákaupmenn kaupa og selja. Þeir kaupa þegar þeir telja að verðið sé lágt og þeir selja þegar þeir telja að verðið sé hátt. Ríkissjóður er að sjálfsögðu ekki í hlutverki spákaupmanns í sambandi við þessa sölu. Ríkissjóður er að selja þessar eignir og reyna að fá eðlilegt

markaðsverð fyrir þær. Þegar sölunni er lokið væri æskilegast að báðir teldu sig hafa hagnast á sölunni. Ég spyr hv. þm.: Er hann á móti því að kaupendur hagnist á þessari sölu?

Annað atriði sem ég vildi koma inn á. Hv. þm. er búinn að býsnast yfir útibúaneti bankanna. En hv. þm. rifjar það ekki upp að útibúanet bankanna var byggt upp algerlega á pólitískum forsendum á sínum tíma. Bankar fengu ekki að stofna útibú nema með sérstöku leyfi ráðherra. Hverjir skyldu hafa fengið þessi leyfi ráðherra til þess að stofna útibú aðrir en ríkisbankarnir? Fróðlegt væri að hv. þm. gerði grein fyrir því fyrst hann var að býsnast svo rækilega yfir slakri þjónustu einkabanka úti um land. Útibúanet bankanna var byggt upp á þeim tíma þegar miklar hömlur voru á fjármagnsmarkaðnum, þegar vöxtum var haldið niðri, raunvextir voru neikvæðir og þegar bankar leituðust við að byggja upp of dýrt útibúanet til að ná í innlán. Það væri athyglisvert og gott ef hv. þm. vildi kynna sér þessa sögu áður en hann fer að býsnast yfir því hverjir stofnuðu útibú hvar.

[11:57]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tók í rauninni af mér ómakið. Það er þetta nákvæmlega sem við höfum verið að halda fram að pólitískar ástæður liggja að baki því að hér er rekið öflugt útibúanet um land allt, að arðsemissjónarmiðin ein stýra ekki för. Við erum að leggja áherslu á þjónustuþátt bankanna.

Ég veit ekki til þess að neinum banka hafi verið bannað að reisa útibú þar sem hann óskar eftir því. (**VE:** Ekki rétt.) Hins vegar er sú hætta fyrir hendi að þegar bankarnir hafa verið seldir og arðsemissjónarmiðin ein ráða för að útibúum verði lokað.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson svarar því einu þegar ég spyr hann annars vegar um fyrirheit ríkisstjórnarinnar sem á greinilega að svíkja ef þær yfirlýsingar hæstv. samgrh. eru réttar að fráleitt sé að selja bankana á sem hæstu verði fyrir hönd ríkissjóðs, ef það er rétt þá svarar hv. þm. því einu að bankana eigi að selja á eðlilegu verði. Þá er spurningin: Út frá hvaða sjónarhóli er það skilgreint? Á forsendum hvers er það skilgreint? Á forsendum stórfyrirtækja, stórra fjármagnseigenda eða á forsendum almennings í landinu, á forsendum eigandans, á forsendum okkar? Við erum fulltrúar þjóðarinnar í þessu efni. Ég lýsi furðu minni á því ábyrgðarleysi sem hér kemur fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og þess meiri hluta sem hún styðst við á Alþingi.

[11:59]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er ákaflega heimskuleg ákvörðun af hálfu hæstv. ríksstjórnar að ætla að selja bankana núna. Þegar ég segi þetta styðst ég við þá yfirlýsingu sem kom fram í stjórnarsáttmála Framsfl. og Sjálfstfl. í upphafi þessa kjörtímabils. Þar var lögð ákveðin forsenda til grundvallar sölu ríkisfyrirtækja. Hún fól í sér að hámarka ætti virði eignarinnar sem seld er frá ríkinu. Með öðrum orðum, samkvæmt því átti að tímasetja söluna þannig að hún mundi færa sem mest í ríkissjóð. Að því leyti til hefur hv. þm. bent réttilega á að með því að selja núna eftir mestu lækkanir sem hafa orðið á hlutabréfamarkaðnum getur ríkisstjórnin varla verið að gera annað en færa bankana úr eigu ríkisins yfir á markaðinn til vildarvina sinna þar með ákaflega lágu verði. Það er það sem er að gerast.

Ef það er rétt sem hefur komið fram af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar að innan skamms muni markaðarnir taka við sér þá er þetta ekkert annað en stórfelld eignatilfærsla, og gildir bæði um bankana og Landssímann.

Ég er líka sammála hv. þm. um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og ég hef lýst yfir stuðningi mínum við það hlutfall sem hann reifaði áðan, 8%, það hafa reyndar fleiri gert. Þetta er það sjónarmið sem hæstv. forsrh. fylgdi líka en eitthvað virðist vera að flökta stefnan hjá þeim ágæta manni þannig að hann hefur skyndilega flöktað frá þessu og er kominn eitthvað allt annað. En mig langar til að spyrja hv. þm. vegna þess að eins og hann benti á þá er rannsóknastofnun úti í heimi sem telur þetta líklega ekki samræmast Evrópskra efnahagssvæðinu, hvað finnst honum um þá aðferð sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa farið að reyna að takmarka hámark á atvæðisrétti eignarhluta.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir hv. þm. á að andsvör eru til að veita andsvör en ekki til að halda ræður en hv. þm. kom reyndar aðeins inn á það í lok andsvarsins.)

Ég var að lýsa yfir ánægju minni með málflutning hv. þm.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það telst nú vart andsvar.)

[12:02]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst allar tillögur sem lúta að því að tryggja dreifða eignaraðild og koma í veg fyrir að fáir stórir aðilar nái tökum á þessum stofnunum þess verðar að skoða þær.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að það sem fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú er í mótsögn við þau fyrirheit sem gefin voru. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Þetta er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maílok árið 1999. Þetta stangast algerlega á við það sem nú kemur fram hjá fulltrúa ríkisstjórnarinnar, hæstv. samgrh. sem varar við spákaupmennsku og segir fráleitt að koma þessum ríkiseignum út á sem hæstu verði. Mér finnst við ekki getað sagt skilið við þessa umræðu fyrr en ríkisstjórnin hefur gert hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni. Í þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra finnst mér koma fram alveg ótrúlegt ábyrgðarleysi. Ég spyr: Skrifar öll ríkisstjórnin upp á þetta? Skrifar allur Sjálfstfl. upp á þetta? Skrifar allur Framsfl. upp á þetta? Er hann samþykkur því að ríkiseignir verði seldar á gjafaprís? Ég spyr. Við munum ekki ljúka umræðunni, hvorki um bankana né um Símann, fyrr en við höfum fengið skýrari svör í þessu efni.

[12:04]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil biðjast afsökunar á því ef það telst til sérstakra synda að koma hér upp og styðja hv. þm. Vinstri grænna í málflutningi sínum. Mér hefur oft fundist það þannig að þá hafi skort stuðning í þessum sölum. Það er reyndar ekki bara af gæsku míns hjarta að ég kem og styð þá heldur fannst mér það vera rétt sem hv. þm. sagði.

Ég vildi líka rifja það upp fyrir hv. þm. Ögmundi Jónassyni, af því að hann hefur fært sterk rök að því að tímasetningin sé röng, að þegar við sátum saman í efh.- og viðskn. til að fjalla um þetta mál, þá kom þangað fulltrúi fjárfesta. Niðurstaða hans var sú að ef fyrirætlan ríkisstjórnarinnar gengi eftir, að demba öllu þessu magni hlutafjár út á markaðinn, og ef ekki kæmu erlendir fjárfestar til þess að kaupa stóra hluti, sem er alls endis óvíst á þessari stundu, þá gæti það leitt til þess sem þessi maður, sem gegnir líka dósentsstöðu við Háskóla Íslands, kallaði „shock effect" á hlutabréfamarkaðnum.

Með öðrum orðum: Ríkisstjórninni er svo mikið í mun að koma þessum hlutum á sem lægstu verði og sem hraðast út á markaðinn að framboðið er líklegt til þess að leiða til lækkunar á öðrum hlutabréfum á markaðnum. Þetta gæti spillt fyrir því að aðrir hluthafar fái fyrir sína eign það sem markaðurinn býður upp á, áður en ríkið grípur með þessum hætti inn í markaðinn.

Sömuleiðis, herra forseti, vil ég rifja upp fyrir hv. þm. og sætir furðu að hann skuli hafa gleymt að geta þess í ræðu sinni, að í greinargerð Þjóðhagsstofnunar er varað við því að þetta mikla framboð á hlutafé af hálfu ríkisins geti orðið til þess að einkafyrirtæki ættu erfitt með að afla sér fjár á markaðnum. Það, herra forseti, skýrir t.d. af hverju Íslandssími flýtir sér af svo mikilli skyndingu að komast á markað. Hann vill verða á undan vegna þess að kaupkrafturinn á markaðnum er svo lítill í dag og ríkið er að sjúga hann upp.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hefur að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að Samfylkingin tali fallega um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð en telur að það eigi að gerast undir öðrum formerkjum en í formi andsvara.)

[12:06]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék réttilega að því að eðlilegt væri að ræða efnahagslega þætti þessa máls og saknaði þess úr ræðu minni. Við, fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum hins vegar bæði við þessa umræðu og umræðuna um málefni Landssímans bent á að mikilvægt er fara rækilega í saumana á efnahagslegum afleiðingum þessarar stefnu.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því að hingað til Alþingis er komin hæstv. viðskrh. Það verður fróðlegt að heyra hennar svör, hvernig hún bregst við þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh. um sölu á ríkiseignum, að það sé ekki stefnt að því að ná sem hæstu verði fyrir þessar eignir þjóðarinnar. Þær stangast algerlega á við yfirlýsingar sem áður hafa verið gefnar og verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig hæstv. viðskrh. skýrir þau mál eftir því sem umræðunni vindur fram.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Segja má að ákveðinn lokakafli sé að skrifast í þeirri sögu einkavæðingar fjármálastofnana sem hér hefur þróast undanfarin fimm til átta ár eða svo, frá því að þeir hlutir fóru fyrst að fara af stað að einhverju marki. Sá lokakafli felur í sér þetta frv. um að heimila sölu á því sem eftir er af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Að vísu er ekki víst að Alþingi, þó að það afgreiði þessi frumvörp, sé þar með að segja sitt síðasta orð í málefnum þessara banka. Sagan kennir okkur, bæði hér á landi og ekki síður kannski frá sumum nágrannalöndunum, að það er ekki víst að svo fari. Það þarf ekki að fara lengra en sex, átta ár aftur í tímann, til áranna um og upp úr 1990 og minnast þess hvernig sams konar áform gengu fyrir sig á hinum Norðurlöndunum, einkanlega þremur Norðurlandanna, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi til að sjá að ríkissjóðir þessara landa urðu að koma einkareknu bankakerfi til hjálpar, a.m.k. að verulegu leyti einkareknu bankakerfi, sumir þeirra banka höfðu verið einkavæddir, með umtalsverðum fjármunum þannig að nam fleiri prósentum þegar upp var staðið af landsframleiðslu viðkomandi landa. Það endaði með því að þessir bankar voru að verulegu leyti komnir í eigu ríkisins vegna þess að það varð að nota skattfé, sameiginlegar aflatekjur landsmanna viðkomandi landa, til að halda bankakerfinu á floti og forða algerri peningakreppu og hruni. Að sjálfsögðu vonum við að ekkert slíkt verði uppi á teningum hér á næstu árum þó að því miður gæti þess að vísu í nokkrum mæli að menn séu farnir hreinlega að velta fyrir sér hættunni á fjármálakreppu hér, enda mörg sjúkdómseinkenni í efnahagslífinu býsna ískyggilega skyld þeim sem gerðu vart við sig í aðdraganda fjármálakreppunnar á skandinavísku Norðurlöndunum þremur á árunum um og upp úr 1990.

Það hefur verið dregið fram í þessari umræðu að eitt rekur sig á annars horn hjá hæstv. ríkisstjórn í þessu máli eins og mörgum öðrum. Í stjórnarsáttmála, jafnvel í stjórnarfrumvörpum og víðar, t.d. í yfirlýsingum hæstv. ráðherra, hafa verið sett fram fögur fyrirheit um það að þetta verði allt saman vandað og tryggt í hólf og gólf. Í fyrsta lagi hefur verið rætt um að það sé mjög mikilvægt markmið að fá hámarksverð fyrir þessar eigur almennings. Þannig er reynt með fallegum orðum í stjórnarsáttmálanum að fullvissa menn um að þeir muni geta treyst því að þjóðin fái fullt verð fyrir þessar eigur sínar. Það sé markmið og keppikefli í sjálfu sér að hámarka það verð sem ríkissjóður geti fengið fyrir þessar eignir almennings.

Í öðru lagi er mikið talað um að nauðsynlegt sé að fullnægjandi samkeppni sé fyrir hendi. Í raun og veru er það þannig, herra forseti, að þegar farið er betur yfir þetta, í tilvikum Landssímans sem hér hefur verið á dagskrá og bankanna, að hvorugt þessara skilyrða er uppfyllt með fullnægjandi hætti að mínu mati. Í tilviki Landsbankans er raunar ekkert af skilyrðum ríkisstjórnarinnar uppfyllt. Þar er ekkert þeirra uppfyllt og það liggur alveg fyrir. Til stendur að selja fyrirtækin við þær aðstæður að bankarnir eru mjög langt niðri í verði. Það á að selja Landssímann þar sem hann hefur augljóslega tapað verulegu verðgildi og það á að selja hann við aðstæður þar sem enginn getur haldið því fram að fullnægjandi samkeppni sé fyrir hendi á öllum sviðum þeirra viðskipta sem fyrirtækið stundar.

Á sama tíma er mikil umræða í þjóðfélaginu um fákeppni, um vandamál tengd alvarlegum fákeppniseinkennum í íslensku viðskiptalífi. Í því sambandi er rætt um smásöluverslunina eða matvöruverslunina í dag, tryggingafélögin í gær, olíufélögin á morgun. Klókur áróðursmaður í pólitík eins og hæstv. forsrh. gerir jafnvel út á að vera vinur fólksins og andstæðingur þessara félaga, velur sér heppilegan andstæðing hverju sinni og skammar hann á fundum þar sem öruggt er að nóg sé af fréttamönnum. Hann hefur lesið tryggingafélögunum pistilinn fyrir að þau væru af mikilli harðdrægni að nota fákeppnisaðstöðu sína til að maka krókinn. Hann hefur heldur betur messað yfir versluninni, sem sé sökudólgurinn í

að verðlag hafi ekki haldist stöðugt af því að hún sé að auka álagningu sína í skjóli fákeppni. Það er alveg reglubundið að skamma olíufélögin. Síðast fyrir nokkrum dögum sagði hæstv. forsrh. Davíð Oddsson úr þessum ræðustóli að það væri ævinlega eins og við manninn mælt að olíufélögin noti aðstöðu sína og fíruðu upp verðinu um leið og einhver tilefni gæfust til samdægurs, daginn eftir að verðið hækkaði í Rotterdam en svo tæki ævinlega mánuði að lækka það. Hvað var hæstv. forsrh. þá að útlista, herra forseti? Hann var að útlista það að þessi fyrirtæki væru í þannig aðstöðu á markaði að þau gætu farið sínu fram og hegðað sér svona, væntanlega vegna þess að þar væri ekki raunveruleg samkeppni á ferðinni.

En svo koma sömu ráðherrar, moka inn frv. um einkavæðingu á þjónustustofnunum til þess að setja þær inn í nákvæmlega sams konar fákeppniseinokunarumhverfi og auka þar með enn á samþjöppunina og fákeppnina í þessum litla tebolla sem markaðurinn á mörgum sviðum viðskipta er hér. Það er svo kostulegt, herra forseti, — er fundur í Kvenfélagi Alþingis, herra forseti, þarna úti í horninu eða hvað? — hvernig eitt rekur sig á annars horn í þessum efnum. Sérstaklega er gaman þegar Sjálfstfl. kemur hér og belgir sig út, flokkur frjálsrar samkeppni, flokkur einstaklingsframtaksins, þessi sómakæri flokkur sem á að standa vörð um þetta allt saman, fer að einkavæða Landssímann sem er að verulegu leyti í hreinni einokunaraðstöðu og ætlar að skella báðum ríkisbönkunum, sem enn eru það að verulegu leyti, út á markaðinn í einu og bjóða þar með upp í þann dans að einhver t.d. kjósi að kaupa í þeim báðum til að sameina þá og fækka þar með einingunum og styrkja enn stöðu sína til að skapa sér hagnað.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson dró hér einmitt upp hvernig útibúanet bankanna er. Hvernig halda menn að staða þeirra í almennum bankaviðskiptum yrði á þeim svæðum landsins t.d. þar sem ekki er öflugt sparisjóðanet ef einn og sami aðilinn næði að kaupa ráðandi hlut í bæði Landsbanka og Búnaðarbanka? Hann yrði einráður í viðskiptum á stórum svæðum í landinu.

Herra forseti. Svona er þetta nú. Svona innihaldslaust er blaðrið um það að menn meini eitthvað með því sem þeir eru að segja um að hámarka verðið, um að næg samkeppni sé skilyrði þess að menn fari út í breytingar í þessum efnum o.s.frv. Ef menn meintu eitthvað með því, ef einhver innstæða væri á bak við það þá mundu menn ekki fara úr öskunni í eldinn með því að sleppa þessum þjónustufyrirtækjum úr opinberri eigu og undan því aðhaldi sem þar með er á þeim á meðan svo stendur a.m.k. því það er alveg borðleggjandi að það er til hins verra á þessum markaði. Það er algjörlega borðleggjandi því það er þrátt fyrir allt eins og mörg dæmi sanna ákveðið aðhald fólgið í því að hér er um stofnanir að ræða sem þurfa að lúta lýðræðislegu almannavaldi á meðan svo stendur. Ekki er því hægt með neinum rökum að halda því fram að þetta sé í samræmi við þessi fögru fyrirheit sem menn setja inn í pappírana hjá sér, stjórnarsáttmálana og yfirlýsingarnar og kosningaloforðin, plöggin, til þess að róa menn niður, að þetta verði allt í lagi o.s.frv.

Herra forseti. Síðan finnst mér alveg dásamlegt hvernig menn sitt á hvað votta eftirlitsstofnununum takmarkalaust traust og virðingu eins og í umræðunni um Landssímann. Hæstv. samgrh. ber svo fölskvalausa virðingu fyrir Samkeppnisstofnun og fjarskiptaeftirlitinu, hann er svo algjörlega öruggur um að það muni sjá til þess að þetta verði svo fullkomlega heiðarlegt og fín samkeppni og hvergi votti fyrir að menn misfari með markaðsráðandi eða einokunaraðstöðu sína að það hálfa væri nóg. En í fyrradag húðskammaði landbrh. þessa sömu Samkeppnisstofnun fyrir að fúska saman skýrslum og hún hefur legið undir harðri gagnrýni fyrir að hafa ekki gripið inn í og veitt einokunar- og fákeppnisaðilum á markaði meira aðhald. Hvað ætli þessi sama Samkeppnisstofnun hafi verið að gera núna síðustu vikurnar og mánuðina? Var það ekki að draga saman í mikla skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi, annað bindi, aðra útgáfu þeirrar vinnu. Sú fyrri kom út einhvern tíma á árabilinu 1994–1996 í framhaldi af setningu samkeppnislaga sem hér voru afgreidd líklega á árinu 1993. Sett var inn í þau á lokaspretti afgreiðslunnar eftir nokkuð frægar stympingar í þinginu, ákvæði til bráðabirgða um að fela Samkeppnisstofnun að gera þessa úttekt á stjórnunar- og eignatengslum. Það varð niðurstaðan eftir allmikil átök hér um það hvort í lögunum sjálfum ættu að vera tiltekin ákvæði sem tækju beint á samþjöppun og eignatengslum í atvinnulífinu. Hér voru brtt. m.a. frá þeim sem hér stendur um það mál. Niðurstaðan varð samkomulag um að byrja a.m.k. á kortlagningu af þessum toga og Samkeppnisstofnun var falið það með þessu fræga ákvæði til bráðabirgða. Um það var greitt atkvæði hér og einn maður greiddi atkvæði á móti. Ég hef svolítið gaman af því, ég viðurkenni að það er strákslegt, en ég hef pínulítið gaman af að segja frá því að það var núv. hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason. Hann harkaði af sér og greiddi einn atkvæði gegn því að Samkeppnisstofnun væri látin í það að skoða stjórnunar- og eignatengsl, einkenni hringamyndunar og fákeppni í íslensku atvinnulífi af því að hann taldi það, ef ég man rétt, óvirðingu við virtustu stórfyrirtæki í landinu að láta liggja að slíku með svona úttekt, hæstv. menntmrh.

Hvað ætli sé nú í vændum í niðurstöðum Samkeppnisstofnunar sem eru víst glóðvolgar einmitt um þessar mundir? Jú, það fer sögum af því að í vændum sé það sem allir menn sjá og vita að er, en er gagnlegt að fá kortlagt nákvæmlega, að það er mikil meinsemd í þessu litla hagkerfi okkar og þessu litla viðskiptalífi okkar, þessi mikla samþjöppun og fákeppni eininga. Nú geta menn sagt með nokkrum rétti að því miður séu — og ekkert því miður því við eigum ekki að vera óánægð með landið okkar eins og það er — en menn geta sagt að það sé þannig að náttúrlegar aðstæður hér skapi vissulega sjálfkrafa hættuna á fákeppni. Hér er mjög lítill markaður og ekki skilyrði fyrir kannski fjölmörgum fyrirtækjum á öllum sviðum viðskipta til þess að tryggja fjölbreytni og samkeppni margra eininga. En ef þetta er nú bara þannig að menn standi frammi fyrir þessari samþjöppun og fákeppni á hverju mikilvægu sviði viðskiptanna á fætur öðru, eiga menn þá ekki að horfast í augu við það? Eiga menn þá ekki að vera niðri á jörðinni, vera raunsæir og viðurkenna það að við erum hér með afar ófullkominn markað á fjölmörgum sviðum viðskipta þar sem þó á að treysta því að samkeppni skapi eðlilegt verðlag og góða viðskiptahætti? En það er bara ekki þannig.

Það liggur algerlega ljóst fyrir, herra forseti, að á mörgum þessum sviðum viðskiptanna hafa menn gert með sér samkomulag. Ekki er nokkur leið að horfa fram hjá því að öll hegðun olíufélaganna ber þvílík merki um að þetta séu aðilar sem hafa komið sér nokkuð þægilega fyrir á markaðnum og í raun skipt honum á milli sín og hafi í aðalatriðum tiltölulega fasta hlutdeild í gegnum sínar náttúrulegu aðstæður, bensínstöðvar og stassjónir hér og þar. Ef menn fara t.d. yfir

landsbyggðina þá er það þannig að olíufélögin hafa í grófum dráttum skipt á milli sín minni byggðarlögum landsins og þau eru nánast hvergi fyrr en komið er upp í verulega fjölmenna staði að slást um viðskiptin þar. Hegðun þeirra gagnvart verðlagningu ber þessa líka merki.

Tryggingafélögin eru oft nefnd sem dæmi. Hvað með flutningana? Hvað með landflutningana, herra forseti? Hvernig hefur það þróast? Hvernig er staðan þar? Þurfa margir menn að taka upp símtólið til þess að bera sig saman um það hvernig eigi að skipuleggja hlutina þar? Nei, þeir eru ekki margir. Ætli það dugi ekki tveir símar? Tveir og hálfur þegar olíufélögin eiga í hlut því að tvö af þremur er auðvitað nátengt. Þau tengdust vegna væntanlegrar samkeppni frá Kanada sem við höfum ekki séð haus né sporð af síðan. En það var notað sem yfirskin til þess að þjappa þessu enn meira saman. Og nú upp á síðkastið, herra forseti, hefur athygli manna í vaxandi mæli dregist að einu mjög mikilvægu sviði þjónustu af þessu tagi, þ.e. versluninni. Þar er staðan satt best að segja ískyggileg. Hvernig er þetta þá að verða? Það er að verða þannig, herra forseti, að þegar venjulegar fjölskyldur hér í landinu þurfa að eiga sín mikilvægustu viðskipti, kaupa matvöruna, kaupa sér tryggingar, reka sinn bíl, kaupa á hann bensín o.s.frv., þá eru þær meira og minna ofurseldar því að ganga inn í viðskipti á þessu fákeppnissviði. Nú eru menn með í höndunum eitt sviðið enn sem er vissulega mikilvægt líka, þ.e. fjármálaþjónustuna. Hún er á hraðri leið í sömu átt. Og það sem verra er er að ríkisvaldið leggur sitt af mörkum til þess að ýta undir þá þróun. Það er þannig. (**Viðskrh.:** Vill ekki hv. þm. sameina bankana?) Af þessari þróun virðast menn ekki hafa ýkjamiklar áhyggjur.

Nú spyr hæstv. viðskrh., sem við fögnum hér í salinn, hvort hv. þm. hafi ekki viljað sameina ríkisviðskiptabankana meðan þeir voru og hétu svo. Það sem hv. þm. lagði til í þeim efnum var að það yrði kannað vandlega áður en menn tækju ákvarðanir t.d. um aðra hluti eins og þá að leggja niður fjárfestingarlánasjóðina, sameina þá í banka og gefa undir fótinn með að þeir gætu síðan orðið stofn í enn frekari samþjöppun sem orðin er raunin á. Ég er enn þeirrar skoðunar að þetta hafi að sjálfsögðu verið einn af þeim möguleikum sem menn hafi átt að skoða. En vissulega var á það bent, og því neituðum við aldrei, að ein stærsta hættan í því sambandi væri að til yrði mjög stór og afgerandi sterkur banki á markaðnum með þessum banka. En það er mikill munur á ef þar hefði verið um að ræða opinberan banka, þjóðbanka, sem hægt hefði verið að leggja á skyldur í sambandi við þjónustuhlutverk sitt t.d. við landsbyggðina, banka sem lyti aðhaldi frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum gagnvart því hvernig hann hegðaði sér. Það er eins og það hafi alveg tapast út úr myndinni að um leið og búið er að einkavæða þessi fyrirtæki þá segja menn þeim ekki fyrir verkum. Þá gera menn það ekki.

Hæstv. viðskrh. hefur skrifað bönkunum bréf. Það kom fram í orðaskiptum sem við áttum um stöðu landsbyggðarinnar gagnvart því að hafa aðgang að fjármagni og það var ágætt. Hæstv. ráðherra staðfesti að hún hafi tekið þessa hluti alvarlega og skrifað bönkunum bréf, spurst fyrir og beðið þá að rökstyðja það hvernig þeir stæðu að málum varðandi þjónustu við atvinnulíf á landsbyggðinni. Af hverju gat hæstv. viðskrh. gert þetta? Fyrst og fremst af því að þetta voru opinberir bankar, ríkisbankar. Í öllu falli hefðu þeir getað yppt öxlum og ekkert þurft að svara því frekar en þeir vilja, alla vega ekki út frá þessum forsendum, sem einkafyrirtæki.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson blandaði sér í umræðuna líka í þessu samhengi. Hann talaði um að bankarnir hefðu verið að byggja upp óhagkvæmt útibúanet um allt land, óhagkvæmt. En hv. þm. var ekki að hugsa um þjónustuna við fólkið, að menn í byggðum landsins nytu bankaþjónustu eins og aðrir. Það var ekki í huga hv. þm. Nei, þetta var ekki nógu hagkvæmt. Ha! Það er auðvitað um það sem þetta snýst að hluta til, þ.e. hvort arðsemissjónarmiðin ein eigi að ráða eða hvort þjónusta við íbúa landsins skipti einhverju máli. Til hvers er svona starfsemi rekin í grunninn? Er hún rekin til þess eins að græða á henni? Eða er þörf fyrir hana? Og þarf þá ekki að sjá til þess að þær þarfir séu uppfylltar? Er það algerlega víkjandi markmið? Svarið er já.

Í hugum þeirra manna, herra forseti, sem hafa selt sál sína þeim trúarbrögðum að gróði eigenda fjármagnsins sé það eina sem skipti máli er það auðvitað þannig að önnur markmið eru víkjandi. Og það er fínt að menn ræði þá hlutina alveg eins og þeir eru. Auðvitað kann ég rulluna því ég er þokkalega lesinn í þessum fræðum þó að þetta séu ekki mín trúarbrögð. Menn munu segja: Já en markaðurinn leysir bara úr þessu vegna þess að hann aðlagar sig að þessum þörfum í gegnum það að alls staðar þar sem viðskiptatækifæri eru þar er markaðurinn að störfum. En þetta reynist ekki alltaf vera svo. Veruleikinn er oftast öðruvísi. Og er það ekki þannig, herra forseti, að í fræðibókunum, meira að segja frjálshyggjunnar, viðurkenni menn að það sé ekkert slíkt til sem fullkominn markaður? Það er aldrei neitt slíkt til. Það er útópía. Og af hverju er það það? Jú, vegna þess að markaðurinn vinnur nú einu sinni þannig að í eðli hans liggur að hann grefur undan sjálfum sér eins og hann mögulega getur. Eðli samkeppninnar er það að reyna að ryðja andstæðingunum úr vegi og losna við þá og ná öllum markaðnum sjálfur og ganga eins langt í þeim efnum og lífsins mögulegt er og hægt er að komast upp með. Og menn komast oft ótrúlega langt eins og dæmin sanna.

Herra forseti. Það sem ég held að þurfi að hafa í huga, líka í þessum efnum þegar við ræðum sambúð ríkisins og ríkissjóðs og atvinnurekstrar á þessu sviði, er það að um er að ræða ákveðna grunnþjónustu sem er svo mikilvæg og afdrifarík fyrir eitt samfélag, efnahagslíf, eitt stykki hagkerfi, að menn geta ekki látið hana hrynja. Það er niðurstaðan. Þess vegna er þetta í raun og veru uppskrift að einhvers konar pilsfaldakapítalisma að vera þeirrar áráttu að ekki komi til greina t.d. að opinberir aðilar séu a.m.k. að einhverju leyti með inni í þessum viðskiptum til að tryggja einhvers konar félagslega hugsun í þeim.

Ég hef oft dregið upp þá framtíðarmynd af þessu sem ég hefði getað séð fyrir mér og hefði orðið ágæt að tryggt hefði verið með ráðstöfunum og eignarhaldi ríkisins að hér væri einn stór og öflugur opinber þjóðbanki. Ekki endilega í 100% eigu ríkisins, ég gæti vel hugsað mér einhvers konar blandaða leið þar, norska leið, að menn gengju t.d. frá því að ríkið ætti meiri hluta í þeim banka en ríkið gæti átt hann á móti einhverjum öðrum. Það hefur víða gefist ágætlega. Menn hafa rekið slíkar einingar árum og áratugum saman með ágætum árangri í Þýskalandi, Noregi og víðar. Í öðru lagi væri hér einkabankakeðja. Fínt, það er gott að hafa hana til að vera til staðar. Í þriðja lagi öflugir sparisjóðir. Öflug sparisjóðakeðja, helst alls staðar í landinu. Sjálfseignarstofnanir með því ágæta fyrirkomulagi sem þar hefur verið.

En það er til marks um ofstækið, herra forseti, að mönnum

nægir ekki að vilja einkavæða banka í eigu ríkisins, heldur hafa menn hamast gegn því að sparisjóðirnir þurfi líka að hverfa eða breytast í hlutafélög. (Gripið fram í.) Víst. Ég er ekki að vísa til þess, hæstv. forseti, að bara það sem hér var á dagskrá og hefur verið á formi frumvarps um að heimila sparisjóðunum að breyta sér í hlutafélög. Ég er að vísa t.d. til þess sem margir af hægri sinnuðustu talsmönnum Sjálfstfl. í efnahagsmálum eru sífellt að jarma um sparisjóðina, að ekki gangi að enginn eigi þá.

Hefur hæstv. viðskrh. aldrei heyrt t.d. hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem heldur þessar endalausu ræður um fé án hirðis og leggur það upp sem stórfellt vandamál að það eigi enginn sparisjóðina? Það er sú árátta að vilja koma öllu í þetta norm, að einkakapítalið þurfi að ráða alls staðar og öllu og hvergi megi neitt annars staðar sjást, ekki sparisjóðir, ekki félagslega rekin fyrirtæki og ríkið náttúrlega, ekki bara nefna það. (**HBl:** En nú verður að tryggja eitthvað að menn fái arð af eignum sínum.) Já, þjóðin þarf t.d. að fá arð af eignum sínum en ekki láta ræna þeim af sér í gegnum útsölur af því tagi sem hv. þm. Halldór Blöndal ætlar nú að standa fyrir. Það er heldur léleg búmennska. Ég er hræddur um að fjármaður á búi sem sæi svoleiðis um hjörð herra síns hefði verið rekinn í gamla daga. Sá hefði bara verið rekinn sem hefði horfóðrað búpeninginn og gefið hann svo í burtu til nágrannans.

Herra forseti. Í öðru lagi ætla ég að nefna til að það detti ekki út úr umræðunni að framkoman við starfsmenn þessara stofnana hefur verið leiðinleg. Það er eiginlega alveg með ólíkindum hversu lagnir menn eru við að láta svoleiðis hluti vefjast upp í höndunum á sér og klúðra því. Ég veit ekki hvort það er klaufaskapur, asnaskapur, viljaleysi eða hvað það er. Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki a.m.k. unnið þannig gagnvart starfsmönnum og samtökum þeirra, að það sé gert í eins mikilli sátt við þá og nokkur kostur er og menn leggi sig fram um að standa þannig að þessu að ekki komi til óþarfa árekstra a.m.k. í því sambandi?

Starfsmönnum bankanna, ríkisbankanna, hefur verið haldið í óvissu árum saman. Ekki hefur verið talað formlega við þá nema með höppum og glöppum. Stundum eftir að við höfum gagnrýnt það á Alþingi að menn hafi ekki haft eðlilegt samráð við samtök starfsmanna þá hafa menn hrokkið upp og haldið með þeim fundi.

Það sem verst er, herra forseti, er að sjálft ríkið, meirihlutaeigandi eða eigandi að fullu að þessum stofnunum eins og í byrjun var, hefur ekki einu sinni skammast til að fara í þessar breytingar á grundvelli einhverrar stefnumótunar um að starfsmönnum sé tryggt a.m.k. tiltekið lágmarksöryggi eins og ekkert er til fyrirstöðu að gera og ekkert þarf til nema viljann. Auðvitað hafa þessar stofnanir burði til að standa þannig að þessum breytingum, hvort sem þær eru bara formbreyting, breyting á eignarhaldi eða jafnvel þó um einhvers konar sameiningu eða samstarf væri að ræða, að ekki þurfi að koma til uppsagna t.d. fyrstu fjögur ár. Nákvæmlega þannig hafa menn farið í þetta víða annars staðar.

Þannig var það t.d. gert í Danmörku þegar tveir af stóru bönkunum þar voru að rugla saman reytunum að stjórnir beggja fyrirtækjanna lögðu það upp og fengu það afgreitt í viðkomandi stofnunum og samþykkt á hluthafafundum að breytingarnar færu fram á þeim forsendum að engum yrði sagt upp störfum, a.m.k. ekki fyrstu fjögur árin eftir að breytingarnar gengju í gegn. Við þetta hefur verið staðið. Starfsmenn voru því a.m.k. í því skjóli og höfðu það öryggi framan við sig að engum yrði sagt upp vegna sameiningarinnar næstu fjögur árin.

Hvað var þá gert? Jú, farið var í að semja við þá sem þess óskuðu um sveigjanleg starfslok, sumir fóru strax, flýttu starfslokum, aðrir drógu úr vinnu og báðu samninga um sveigjanleg starfslok. Enn aðrir báðu boð um að fara í nám sem bankarnir studdu við bakið á þeim í, fóru í endurmenntun eða nýtt nám. Enn öðrum voru útveguð störf með tilstyrk bankanna. Þannig fóru menn í þetta. Menn tóku fyrir mál hvers einasta starfsmanns eftir því sem menn óskuðu og greiddu götu þeirra með einhverjum hætti, með sveigjanlegum starfslokum, endurmenntun, aðstoðuðu þá við að fara í önnur störf o.s.frv. Þetta voru einkabankar í Danmörku, herra forseti.

Er það virkilega þannig að við verðum að sætta okkur við að við getum ekki gert a.m.k. sömu kröfur þegar íslenska ríkið á í hlut? Ja, það er heldur dapurlegt. Eiginlega er enn þá hörmulegra til þess að vita að núv. hæstv. viðskrh. er kona, af því það liggur fyrir að hér eiga í yfirgnæfandi meiri hluta í hlut konur (**VE:** Er það mikið mál að hæstv. viðskrh. er kona?) hverra starfsöryggi er ógnað. Eru það ekki milli 70 og 80%? Það liggur líka fyrir, því miður, að það eru þær sem eru alveg að uppistöðu til í mestri hættu með störf sín. Þetta eru sérhæfðir bankamenn sem hafa langa starfsreynslu í bankanum en hafa kannski ekki menntun eða þjálfun á öðrum sviðum þannig að þær geti gengið að öðrum störfum vísum.

Þetta er staðan. Það eru þvílík ósköp að menn skuli ekki skammast til þess, herra forseti, að lágmarki að gefa út slíkar yfirlýsingar og láta þá bankana fara frá sér með kvöðum af þessu tagi, að þetta liggi algjörlega skýrt fyrir.

Hæstv. félmrh. er fjarri góðu gamni, herra forseti, eins og brunamálastjóri sagði forðum þegar kviknaði í, að vera ekki hér við umræðuna og leggja sitt af mörkum í þessum efnum. Er hæstv. félmrh. stoltur af því að eiga aðild að þessari ríkisstjórn og ætla að standa svona að þessum hlutum? (**Gripið fram í:** Já.) Hann er stoltur af því, já líklega. Ætli hann sé ekki líka stoltur af framgöngu Landssímans eftir að hann varð háeffaður? (**Gripið fram í:** Jú.) Þar sem laun toppanna voru hækkuð hressilega og settir undir þá jeppar og annað í þeim dúr en sagt upp slatta af konum og hraktar úr störfum, það voru fyrstu hagræðingaraðgerðirnar. (**VE:** Það hafa aldrei fleiri konur unnið á Íslandi en núna.) (**Gripið fram í:** Á Íslandi?) Ja, það er ekki þakkað ... (**VE:** Þátttaka kvenna hefur aldrei ...) Mér er þetta alveg ljóst, hv. þm.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það má ekki snúa þessu upp í samtal milli ræðumanns og þingmanna í salnum og gefa hv. ræðumanni næði meðan hann heldur ræðu sína.)

Jú, en ræðumaður er nú þakklátur fyrir gagnleg innskot af þessu tagi sem komu frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni. Það er að sönnu rétt að atvinnuþátttaka kvenna hefur verið vaxandi hér en atvinnuöryggi þeirra er a.m.k. ekki ríkisstjórn Íslands að þakka. Og ekki hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni sem lætur þetta yfir sig ganga, finnst sennilega ekkert að þessu, þetta eigi bara að vera svona. Enda er starfsfólkið og öryggi þess ekki aðalatriðið. Atvinnan er ekki aðalatriði. Nei, það er gróðinn. Það er arðurinn af fjármagninu. Það er lögmál hinnar nýju Mósebókar nýfrjálshyggjunnar og hinnar hörðu markaðsvæðingarlínu sem keyrð er hér í vestrænum stjórnmálum, því miður, meira og minna um þessar mundir. En að því kemur auðvitað að það mun breytast því að hún mun éta upp sjálfa sig þessi ógæfulega stefna og er auðvitað á

góðri leið með að gera það víða. (**Viðskrh.:** Kommúnisminn blífur.) Ja, kommúnisminn blífur, segir hæstv. viðskrh. Það er mjög gaman að því, herra forseti, þegar maður ræðir um þessa hluti, að eiginlega eina orðið sem framsóknarmenn hafa til málanna að leggja í þessu er að gjamma af og til fram í: Kommúnismi, kommúnismi, sovét. Það er kostulegt. Hvers konar efnislegt innlegg er það í umræðunni af hálfu hæstv. viðskrh. Valgerðar Sverrisdóttur þegar menn leyfa sér að ræða um þetta á þessum nótum? Á að draga þá ályktun af þessu frammíkalli að hv. þm. telji mig vera kommúnista og að ég sé að tala fyrir kommúnisma? Erum við þá sammála um skilgreininguna á því hvað kommúnismi sé? Er það sú stjórnarstefna sem Jósef Stalín framfylgdi? Mao Zedong? Eða hvað? Er hv. þm. þá að segja að það sem ég er að ræða um hér upp á Ísalandi á þessu ári séu slíkir hlutir? Ég tel mig ekki vera kommúnista. Það getur út af fyrir sig verið sjónarmið að halda fram að svo sé engu að síður þó að ég telji það ekki vera og skilgreini mig ekki þannig sem stjórnmálamann. Ég tel mig vera róttækan vinstri mann og ég lifi í þjóð sem hefur lengi búið í blönduðu hagkerfi og ég hef ekki lagt til neinar grundvallarbreytingar á því. En mér finnst andskoti hart, herra forseti, að ekki megi anda á kapítalismann, það megi ekki andæfa örlítið nýfrjálshyggjunni, þá eru framsóknarmenn stokknir upp í salnum og kalla: Kommúnismi, kommúnismi. Eru þeir þá orðnir svo viðkvæmir fyrir hönd nýfrjálshyggjunnar, kapítalismans, að ef einhver gagnrýnin sjónarmið láta á sér kræla, þá hrekkur Framsfl. allur í hnút? Ég vissi ekki að Halldór Ásgrímsson væri kominn með hann svona langt til hægri. (**JóhS:** Þeir hafa fengið góðan ...) Ja, þetta hefur gengið vel. Ég held að sjálfstæðismenn séu ekki einu sinni svona viðkvæmir. Þó að maður leyfi sér stundum að andæfa alræði fjármagnsins þá þola þeir það, þeir haldast flestir rólegir í sætunum en Framsókn er algjörlega hætt að þola að andað sé á einkavæðinguna, frjálshyggjuna. Þá fer hún öll í hnút og hrópar: Kommúnismi, kommúnismi. Ef hún fer þá ekki út í hundasúruræðu, en hundasúrur eru ný einkennisjurt Framsfl. eins og kunnugt er, og helsta fóður hvíta hestsins því að hann mun vera á ... (Gripið fram í.) Nei, við höfum ekkert sérstaklega verið að ræða um þá jurt, það eru framsóknarmenn. Það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast, það hlýtur að eiga við um hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason eins og aðra.

Ég hef það fyrir satt að það sé teiknari úti í bæ að teikna nýtt lógó, nýtt einkennismerki fyrir Framsfl. og það sé hvítur hestur á beit á hundasúruakri og það verði nýja merki Framsfl.

Kannski er rétt að hafa þá líka uppi einhver falleg orð um nýfrjálshyggjuna og kapítalismann og vara við kommúnisma eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefur verið að gera hér.

En ég verð að segja, herra forseti, að ég hef áhyggjur fyrir hönd Sjálfstfl. Nú sýnist mér vera komin upp alveg ný staða í íslenskum stjórnmálum. Í fyrsta skipti í mjög langan tíma, þá steðjar að Sjálfstfl. alvarleg ógn frá hægri, Framsfl. sé búinn að ákveða að sækja að Sjálfstfl. úr óvæntri átt, frá hægri. (Gripið fram í.) Ég heyri á hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að honum er ekki rótt. Það yrði nú skrýtin staðan í Verslunarráðnu ef menn færu að taka þar upp átrúnað á Framsfl., gæfu Sjálfstfl. upp á bátinn sem hallærislegan miðjuflokk. Mér sýnist, herra forseti, að það geti brugðið til beggja vona í þessu efni fyrir Sjálfstfl. og orðið hér ýmis tíðindi.

Herra forseti. Það sem mér finnst líka dálítið merkilegt í þessum efnum er hversu hratt hlutirnir hafa í raun og veru gerst, t.d. hversu hratt Framsfl. hefur lekið niður. Nú vitum við alltaf að hann gerir það að lokum. Hann kyngir því sem hann þarf að kyngja til þess að geta setið í ríkisstjórn. En það er dálítið merkilegt að rifja það upp að ekki eru nema svona 2–4 ár síðan páv. hv. þm. Guðni Ágústsson, núv. hæstv. landbrh. æstist upp þegar menn létu sér detta það í hug að hrófla við Búnaðarbankanum, hann ætti sko að vera ríkisbanki áfram og hv. þm. hefur væntanlega hugsað sér að sitja þar lengi í bankaráði. Og fleiri heitstrengingar voru uppi af þessu tagi. Síðan var lagt í hina löngu vegferð með frv. um að breyta bönkunum í hlutafélög, en selja ekki í fjögur ár. Það var næsta skrefið. Og fyrsta pínulitla hænufetið sem hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson tók inn á þessa einkavæðingarbraut með Búnaðarbankann sinn, sem honum hefur staðið hjarta nærri. Sú yfirlýsing reyndist ekki mikils virði. Og fljótlega var hún svikin og farið var í að selja með beint. (Gripið fram í.) Þvert ofan í það sem talað var um, að það yrði ekkert selt fyrstu fjögur árin, bara mögulega bætt við svolitlu nýju hlutafé og eignarhlutur ríkisins aðeins lækkaður þannig. Skref tvö, hænufet númer tvö hjá hæstv. landbrh.

Áfram heldur þetta gegnum fylkingarnar undir forustu páv. hæstv. viðskrh., Finns Ingólfssonar, þangað til að við erum nú, til að gera langa sögu stutta, stödd á þeim tímapunkti sögunnar að hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson og Framsfl. hans allur eins og hann leggur sig er hér að heimila sölu á Búnaðarbankanum og Landsbankanum í einu lagi að fullu. Bara si svona. Þetta hefur ekki tekið lengri tíma en þetta.

Við þekkjum söguna með Landsbankann. Við þekkjum einkarekna hjúkrunarheimilið. Við þekkjum meinta andstöðu Framsfl. við einkarekna skóla, sem þeir samþykkja samt í ríkisstjórn að gerðar séu tilraunir með. Og svona sögulega séð, vegna þess að venjulega tekur þróun í stjórnmálum dálítinn tíma og flokkar þurfa dálítinn tíma til að endurskoða sig og breyta sér með nýju fólki og nýjum aðstæðum, þá þarf Framsókn þarf þess ekki. Hún þarf hvorki tíma né nýjan mannskap. Hún bara lekur sniður sjálf. Hún bara gerir þetta sjálf.

Þróun stjórnmálaflokksins Venstre í Danmörku frá vinstri kantinum, samanber nafnið, inn á miðjuna og yfir til hægri, tók öld eða meira. En Framsókn er á þvílíkri siglingu að tímaspursmál er bara hvenær hún verður raunverulega öll komin langt til hægri við Sjálfstfl. Þó að hjartað í Sjálfstfl. sé að vísu, litla hjartað í honum, langt til hægri, fimm prósentin sem ráða honum, þá gerir hann sig út fyrir að vera víðsýnn flokkur með húmanísku ívafi og ná inn undir miðjuna. Og þegar það hentar kunna þeir það prýðilega í Sjálfstfl. Eins og Eimreiðarklíkan sem þar ræður núna lögum og lofum og var yst út til hægri fyrir 15 árum sá að það var ekki vænlegt til fylgis, þeir voru brenndir af leiftursókninni. Og þeir hafa kunnað það prýðilega að gera sig út fyrir að vera í anda gamla Sjálfstfl., stétt með stétt og allt þetta.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig umhugsunarefni, t.d. í tilviki Landssímans, að þá gengur ríkisstjórn Íslands með fullum stuðningi framsóknarmanna lengra í ofstækinu en t.d. nýfrjálshyggjuliðið gerði á Nýja-Sjálandi og ég var pínulítið að ræða um í gær. Vegna þess að þar settu menn þó kvaðir inn í fyrirtækið í formi sérstaks hlutabréfs, sem fylgir því um aldur og ævi og gefur nýsjálenskum yfirvöldum tiltekin réttindi, tryggir nýsjálenskt forræði í stjórn fyrirtækisins, hver

sem á það o.s.frv. Það er ekki einu sinni svo að slíkt sé borið við hér á Íslandi. Þetta er bara gert alveg. Frjálshyggjan er kokgleypt eins og hún leggur sig án þess að menn svo mikið sem þykist eða sýni lit.

Og í bönkunum er þetta alveg eins. Allt talið um að tryggja dreifða eignaraðild eða fara í þetta rólega og yfirvegað hefur reynst innstæðulaust kjaftæði. Ekkert að marka það. Ekki neitt. Svo seint sem hér í fyrravetur var hæstv. forsrh. að lýsa áhyggjum sínum af því að bankarnir mættu ekki komast á fárra manna hendur, það væri hættulegt í þessu litla hagkerfi okkar ef jafnöflugar og mikilvægar grunnstofnanir eins og t.d. Landsbankinn lenti í höndunum á einni klíku í viðskiptalífinu sem hefði öll ráð hans í hendi sér og gæti farið að skaffa sjálfum sér aðstöðu í gegnum bankann með annarlegum hætti.

En engar, engar tilraunir voru gerðar til að setja í löggjöf einhverjar skorður við því að eignarhald eða vald þjappist saman, hvort sem menn vildu í því sambandi skoða þá leið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til með þak á eignaraðild, eða þá leið takmörkunar atkvæða og áhrifavalds í bönkunum sem Samfylkingin hefur verið að mæla fyrir. Og margar fleiri eru hugsanlegar. Þegar til kastanna kemur er ekki neinn vilji til að skoða neitt af þessu, af því metnaðarleysið í þessum efnum er algert. Uppgjöfin er fullkomin. Bankarnir, Síminn og þessar stofnanir eru bara afhentar. Og menn bera sig að því að ekkert er að marka talið um vilja til að tryggja hérna heilbrigða viðskiptahætti, forðast samþjöppun o.s.frv.

Og síðast en ekki síst, herra forseti, er niðurstaðan sú að á þessu öllu saman er bara haldin útsala. Bara útsala. Það hefur verið rækilega rakið hér af ræðumönnum á undan mér, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þannig að ég þarf tímans vegna ekki að fara langt út í það.

Það er alveg ljóst að ef svo heldur sem horfir verða þau verðmæti sem almenningur í landinu fær fyrir þessa eign sína milljörðum ef ekki milljaratugum minni en eðlilegt væri, bara við svona sæmilegar jafnvægisaðstæður sem ætti að fást fyrir þessi fyrirtæki. Og mönnum ætlar ekkert að verða flökurt af því.

Menn fara jafnvel út í svo ævintýralegar aðferðir í röksemdafærslum eins og hæstv. samgrh. hér í gær, að það sé ekki sanngjarnt vegna þess að það eigi að selja almenningi og ríkið megi ekki hegða sér eins og spákaupmaður og okra á almenningi sem sé að kaupa. Bíðum við. Hefur einhver dottið á höfuðið hér? Það er almenningur sem er að selja. Það er ekki hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir sem er að selja erfðagóss sitt. Þetta er ekki Lómatjörn. Nei, þetta er Landsbankinn og Búnaðarbankinn sem almenningur í landinu á. Ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eiga ekkert með að umgangast þessi verðmæti eins og þetta væri þeirra einkaeign. Þeir mega halda útsölur á húsunum sínum mín vegna, og jörðunum sínum, en ekki eignum almennings. Það er siðleysi að umgangast það með þeim hætti sem hér er gert.

Ég hef hvergi heyrt um það á byggðu bóli að menn afhjúpi sig svoleiðis í forstokkuninni og kreddunni varðandi einkavæðinguna og nýfrjálshyggjuna að menn viðurkenni það beinlínis opinberlega að þeir séu tilbúnir til að afhenda slíkar eignir á undirverði. Það var hin dæmalausa yfirlýsing sem hæstv. samgrh. gaf hér í gær. Hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, datt í pyttinn einu sinni í góðra vina hópi og sagði að það væri svo mikilvægt að einkavæða stofnanir eins og bankana, það gæti verið réttlætanlegt að selja þær á jafnvel bara hálfvirði. (**VE:** Samfylkingin vildi nú gefa eitthvað af þessu, dreifa þessu bara til almennings.) Hún vildi bara — kemur ekki hv. þm. Vilhjálmur Egilsson enn einu sinni upp um sig. Það er almenningur sem á þessi fyrirtæki í dag, það vantar nefnilega inn í heilabúið á frjálshyggjuliðinu. Þeir skilja ekki þá hugsun. Þeir skilja ekki hugsun þeirra sem nálgast þetta frá félagslegum sjónarhóli og upplifa þetta sem sínar eignir. Hægra fólkið gerir það aldrei. Það sér þetta sem eitthvert fjandsamlegt ríki og þá er auðvitað eðlilegt að mönnum finnist þeir geta hegðað sér gagnvart þessu eins og þeir vilja. Þetta er bara eitthvert ópersónulegt fyrirbæri, ríkið, sem á þetta.

Ég lít á þetta sem eign almennings í landinu. Og það er það. Það er bara stigsmunur, herra forseti, en ekki eðlismunur frá þeim hugsunarhætti sem við höfum heyrt færð rök fyrir hér að það sé í lagi að selja þetta á undirverði og ræningjakapítalismanum sem menn hafa komist upp með sums staðar annars staðar í heiminum, að sölsa sjálfir undir sig eignir almennings eða henda þeim frá fólkinu eins og gert var í Rússlandi, undir ráðgjöf hægri sinnaðra hagfræðinga Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Og það hefur gerst víðar í vanþróuðum ríkjum.

Herra forseti. Það sem einnig hefur komið upp í þessu efni er að aðalatriðið í hugum þessara manna er ekki í rauninni verðið, heldur hverjir kaupa. Muna menn reiðikast hæstv. forsrh. þegar rangir aðilar náðu drjúgum hlut í Íslandsbanka? Muna menn það? Það var alveg með ólíkindum hvernig menn afhjúpuðu sig í því kasti sem þeir fengu þá. Það afhjúpar auðvitað allt heila galleríið. Það er bara helmingurinn af myndinni sem við sjáum, sá helmingur sem við erum að ræða hér, sem snýr að sölunni, snýr að því að breyta þessu úr ríkisfyrirtækjum yfir í einkafyrirtæki. Hitt, hverjir fá þetta að lokum, er undir yfirborðinu og á ekkert að ræða. Einhver sýndarmennskufrumsala til almennings á litlum hlut er eins og hver annar brandari þegar engar kvaðir fylgja sem takmarka þá samþjöppun eignarhaldsins eða tryggja t.d. að menn þurfa að eiga þetta að lágmarki í einhvern tíma o.s.frv. og ekkert er því til fyrirstöðu að þeir hlutir sópist saman á eftirmarkaði strax á næstu mánuðum og missirum, eins og raunin hefur orðið.

En nú á ekki einu sinni að standa þannig að málum. Nú er gagngert lagt upp með það að selja fáum aðilum stóra og jafnvel ráðandi hluti. Gæti þá ekki farið svo að geðsveiflur manna á næstu mánuðum og missirum réðust af því hvort réttir aðilar úr viðskiptalífinu fá að kaupa?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú hyggst forseti fresta þessum fundi og biður hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á í ræðu hans.)

Já, ef ég mætti þá bara ljúka ræðu minni, herra forseti, á tveim, þrem mínútum? Það stóð nefnilega einmitt svo snilldarlega á að ég hafði hugsað mér að fara að segja þetta gott í bili.

Það, herra forseti, sem afhjúpar þetta kannski hvað best er þessi tímasetning og það hugarfar sem er í kringum söluna. Það var gaman að heyra í þætti um viðskiptamál, sem ég hlýddi á fyrir nokkru, einhverja spekinga vera þar að ræða málin og stöðuna og ráðleggja fólki. Og þeir ráðlögðu mönnum að selja ekki. Þeir sögðu: Vegna núverandi aðstæðna á markaðnum er alveg augljóst mál hvað menn eiga að gera ef þeir eru með bréf í svona fyrirtækjum — ekki selja, því það er miklu frekar að bíða dálítið spenntur eftir færum til að kaupa.

En ríkið ætlar að selja. Ríkisstjórnin ætlar að selja. Ekki eignir sínar. Nei, ég veit ekki hvort þeir eiga mikið í bönkunum, hún ætlar að selja eignir almennings nákvæmlega við þær aðstæður. Allir helstu sérfræðingar í verðbréfaviðskiptum ráðleggja mönnum að selja ekki vegna þess að ef ekki fari því verr, þá hljóti þetta heldur að rétta úr kútnum og eignirnar að verða verðmætari, enda eigi menn að líta á svona sem langtímafjárfestingu og ekki vera í einhverjum útsöluhugleiðingum þegar þeir umgangast þessi mál.

Herra forseti. Ég læt þá máli mínu lokið, þannig að það standi sem hér hafði verið um rætt að gert yrði hlé á fundinum, ef ég veit rétt, núna klukkan eitt.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Jú, það hafði verið ákveðið að gera hlé á fundinum klukkan eitt. En nú stendur þannig á að einn hv. þm. hefur óskað eftir að veita andsvar og forseta finnst skemmtilegra að andsvör séu veitt í beinu framhaldi af ræðum. Ég ætla því að gefa hv. 4. þm. Norðurl. v. Vilhjálmi Egilssyni orðið til að veita andsvar við ræðu hv. þm.)

[13:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa ræðu sem ég hlustaði á að langmestu leyti. Mér þótti mjög athyglisvert þegar hv. þm. fjallaði um kommúnismann og áhuga sinn á blönduðu hagkerfi. Nú hefur hv. þm. helst verið grunaður um að vilja blanda helst til sterkt. Ef umsvif ríkisins og áhrif þess í hagkerfinu eru ginið og einkaaðilarnir og almenningur er blandið, tónikið, þá veit hv. þm. hvernig fer. Ef blandan er of sterk, of mikið af ríkisafskiptum, of mikið af höftum og boðum og bönnum, eins og gjarnan er þegar ekki er vel blandað, þá fer það nú ekki vel. Að öðru leyti hef ég í sjálfu sér ekki neitt við hið pólitíska mat hv. þm. á sjálfum sér að athuga.

Annað sem ég vildi koma inn á er að hv. þm. ræddi mikið um að ekki væri hægt að selja eignarhlutinn í bönkunum vegna þess að fjármagnsmarkaðurinn væri ekki fullkominn. Hv. þm. taldi sig hafa lesið býsna mikið í þessum fræðum, sem ég efast ekki um, en þá hefur hv. þm. án efa líka lesið að það er ekki við því að búast að nokkur markaður sé fullkominn, enda hefur fjármagnsmarkaðurinn líka verið að þróast mjög hratt á undanförnum árum og miklar framfarir orðið þar. Sala á eignarhlut ríkisins í bönkunum er hluti af þeirri þróun og fjármagnsmarkaðurinn mun standa sterkari eftir þessa sölu, eftir þessa einkavæðingu, en hann gerir núna.

[13:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er ekki sérfræðingur í blöndu og hlutföllum í þessum tiltekna geira sem þarna var nefndur, a.m.k. ekki þessum tegundum. Ég ætla ekki að hætta mér út í umræður um það í sjálfu sér. En varðandi blandað hagkerfi þá leyfði ég mér að nota það gamla og ágæta hugtak vegna þess að það lýsir auðvitað best þeim veruleika sem við lifum í. Öll hagkerfi heimsins eru blönduð. Þau eru einhver blanda af umsvifum ríkis, sveitarfélaga, samvinnufyrirtækja og svo auðvitað hreins einkarekstrar. Þannig á það að vera. Það hefur aldrei hvarflað að mér annað en að annað væri óhugsandi. Síðan mannkynið fór af safnarastiginu og eignarréttur byrjaði að myndast, umframframleiðsla matvæla o.s.frv., þá hafa ríkt lögmál sem stýra þessum þáttum.

Spurningin er bara um hvort menn lenda í öfgunum á eina hliðina eða aðra. Ég er hjartanlega sammála því að í Sovétríkjunum lentu menn algjörlega úti í feni, í öfgunum í hina áttina. Að ætla að láta ríkið reka hinar smæstu einingar úti í afskekktum byggðum, verkstæði, smásöluverslun eða almenningsþjónustu, ísbúðir eða eitthvað því um líkt, það var auðvitað tóm þvæla. Það mun aldrei takast að miðstýra slíku. Menn eru að vísu í vissum mæli að reyna það núna í Brussel sem mistókst í Moskvu, en verði þeim að góðu sem vilja fara inn í það. En ég held að það sé líka mjög hættulegt að blindast svo af ofstæki og kreddum í hina áttina að reyna að einkavæða þar sem ekki á við að ganga út frá lögmálum einkahagnaðar og gróða, þ.e. velferðarþjónustuna og undirstöður samfélagsins, af þeim toga sem við höfum verið að takast á um, t.d. fjarskiptin og annað slíkt. Þar þurfa menn virkilega að fara varlega, ella sitja menn uppi með ófreskju, hrikalega misskiptingu og aðstöðumun, eins og Bandaríkin eru því miður að mörgu leyti sorglegt dæmi um.

[13:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil ræða aðeins við hv. þm. um útibúanetið. Á árum áður sóttu bankarnir mjög á um að opna útibú sem víðast. Aðstæður voru þannig á fjármagnsmarkaðnum að það varð að komast sem næst fólkinu til að ná í innlánin. Síðan voru útlánin skömmtuð eins og hv. þm. veit.

Nú eru aðstæður einfaldlega aðrar. Nú skiptir máli að bankanetið sé sem hagkvæmast, bæði fyrir þá sem eiga peninga hjá bönkunum og eins fyrir þá sem fá þá að láni. Tökum t.d. bara mitt kjördæmi, Norðurl. v. þar sem eru tveir bankar á Siglufirði, einn á Hofsósi, einn í Varmahlíð, þrír á Króknum, þrír á Skagaströnd, tveir á Blönduósi og einn á Hvammstanga. Hátt á annað hundrað manns vinnur við það í þessu kjördæmi að flytja peningana frá þeim sem eiga þá til þeirra sem taka þá að láni og veita þeim þjónustu.

Ég segi bara að þetta þarf auðvitað að vera sem hagkvæmast. Það er ekkert náttúrulögmál að það þurfi nákvæmlega jafnmargir að vinna við þetta og gera í dag. Þeir gætu hugsanlega verið færri og hugsanlega verið fleiri, allt eftir því hvað er hagkvæmt. Ef hægt er að komast af með færri þá kemur það fram sem ódýrari lán, fyrir þá sem eru að taka lán, eða sem hærri innlánsvextir, fyrir þá sem eiga þar peninga. Auðvitað þarf að gæta hagkvæmni í þessu eins og öðru. Það er ekki neitt náttúrulögmál að hafa kerfið uppbyggt eins og nú er. Það hlýtur að vera hægt að haga þessu eftir aðstæðum og ég hef ekki trú á því, í þeirri stöðu sem við erum nú, að það fari eftir því hvort banki er ríkisbanki eða hvort ríkið á meiri hluta í einhverjum banka eða hvað, hvernig þessu er fyrir komið.

[13:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað þarf að líta til rekstrarsjónarmiða og reyna að reka stofnanir af eins mikilli hagkvæmni og aðstæður leyfa. En það eru fleiri hlutir sem skipta máli, t.d. að veita öllum viðskiptavinum fyrirtækisins góða þjónustu og láta þá ekki gjalda þess þó að þeir búi í fámennari byggðarlögum. Það getur líka verið metnaðarmál í rekstri öflugs fyrirtækis sem hefur allt landið að markaði, er það ekki?

Það var ekki bara þannig á sinni tíð að útibúin væru sett upp úti um landið til þess að lokka til sín sparifé landsmanna. Það var bara ekki þannig. Ég þekki þá sögu vel. Ég ræddi það við Lúðvík heitinn Jósepsson sem var lengi í

bankaráði Landsbankans og formaður þess um langt árabil. Ég hitti hann þegar hann var á ferð um Austur- og Norðurland og það var verið að taka í notkun ein þrjú ný útibú Landsbankans, þ.e. nýbyggingar, eina á Austurlandi og tvær á norðausturhorninu. Lúðvík sagði við mig: Ja, þeir eru nú sumir að kvarta undan því að þetta séu dálítið flottar byggingar og mikið í lagt og eigi að hafa þarna mikla þjónustu. Mér er nú sama um það, sagði Lúðvík. Hann sagði að þetta fólk ætti skilið að hafa góða þjónustu á þessu sviði eins og aðrir. Hann taldi Landsbankann, þessa stóru og öflugu stofnun með sitt landshlutverk ekki of góða til að standa myndarlega að þjónustu sinni á Raufarhöfn eða Reyðarfirði eða hvar það nú væri.

Þetta er sjónarmið sem menn eiga ekki alveg að henda fyrir borð. Er það ekki, hv. þm.? Það er illa komið fyrir þjóðinni í þessu landi og sambúð hennar mun ekki verða farsæl ef menn eru orðnir svo illa haldnir af peningafrjálshyggjunni að þeirýti öllu af þessu tagi til hliðar. Með því er ég ekki að tala fyrir glórulausri óhagkvæmni. Það er ekki og á ekki að þurfa að vera þannig. En er það gott að menn sitji við skrifborð suður í Reykjavík og segi: ja, viðskiptin hérna í þessu þorpi eru ekki meiri en svo að við höfum bara opið í tvo tíma á dag, af því samkvæmt einhverjum formúlum er veltan ekki meiri en svo að það á að geta gengið? En hvert er þá þjónustan komin?

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:09]

[14:00]

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 634. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1411.

Meðferð mála ungra sakborninga, 611. mál, svar dómsmrh., þskj. 1178.

Meðferðarstofnanir, 28. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1255.

Um fundarstjórn.

Tilhögun þingfundar.

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. forseta um hvernig hann hyggst halda á málum. Hér var skýrt frá því í morgun ef ég tók rétt eftir að fyrirhuguð væri atkvæðagreiðsla klukkan tvö, eða að loknu hádegishléi. Ég stóð alla vega í þeirri meiningu, nema að hún hafi verið boðuð klukkan hálftvö. Alla vega situr það í mér að til hafi staðið að hafa atkvæðagreiðslu um þetta leyti.

Hvaða áform eru uppi núna um framvinduna í þingstörfum? Ég óska eftir því að hæstv. forseti geri okkur grein fyrir því.

[14:02]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það mun ekki vera nákvæmlega rétt hjá hv. þm. að boðuð hafi verið atkvæðagreiðsla á þessum tíma. Sagt var að atkvæðagreiðsla yrði eftir hádegið. Það er nú ansi teygjanlegt.

Forseti hyggst halda áfram umræðu um 3. dagskrármálið. Það eru ansi fá mál enn tilbúin til atkvæðagreiðslu. Síðan verður atkvæðagreiðsla einhvern tímann þegar líður á daginn. Það er ekki búið að tímasetja hana.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, brtt. 1388.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er umræðu um þetta stóra mál að ljúka hér á hv. Alþingi. Skammt er stórra högga á milli í einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Síminn var til umræðu í gær og 3. umr. um söluna á bönkunum er í dag.

Stærsta einkavæðing Íslandssögunnar stendur yfir. Það er ekki einkavæðing Símans og ekki einkavæðing bankanna. Það er einkavæðing fiskimiðanna við Ísland. Verið er með öllum ráðum að reka síðustu naglana í þá einkavæðingu, m.a. voru lögin á sjómenn sem hér voru afgreidd síðast, liður í því, til þess að reyna að negla niður það fyrirkomulag sem gildir um eignarhald útgerðarinnar á fiskinum í sjónum. Góð samstaða virðist vera í ríkisstjórninni um að einkavæða bankana, Símann og fiskimiðin.

Við í Samfylkingunni höfum ekki lagst gegn því að bankastarfsemi verði einkavædd. Við höfum hins vegar talið að engin þörf væri á því að snúa sér að því með miklum hraði að selja þessar eigur ríkisins. Við höfum lagt til að ef menn ætla út á þessa braut þá verði byrjað á því að selja annan bankann, Búnaðarbankann. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú ekki tekið undir þetta og vilja taka ákvörðun um að selja báða bankana og hafa hér nánast klár fyrirmæli um það að hvað svo sem fyrir þá fæst, skuli þeir seldir á tveimur árum.

Ekki er nú mjög skynsamlegt með dýrar eignir að taka um það bindandi ákvarðanir hvenær eigi að selja þær. Við þekkjum gott dæmi um það hvernig getur farið þegar menn taka slíkar ákvarðanir. Það var einu sinni ríkisstjórn á Íslandi sem tók þá ákvörðun að hún ætlaði að selja Síldarverksmiðjur ríkisins. Það átti að vera búið að selja þær fyrir áramót. Sú ákvörðun var tekin nokkrum vikum fyrr. Þó að 14 aðilar sýndu áhuga á að kaupa hlut í því fyrirtæki þá endaði með því að enginn fékk náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar. Ekkert tilboð var talið gilt af hálfu ríkisstjórnarinnar nema eitt. Það var valið út. Þann 7. desember var ákveðið og það gefið út að Síldarverksmiðjur ríkisins yrðu seldar fyrir áramót.

Skyldi nokkrum manni detta í hug að selja dýrmæta eign sína með svona fyrirkomulagi? Mundu hv. þm. stjórnarliðanna nokkurn tímann láta sér detta í hug að auglýsa húsið sitt og segja: Ég ætla að selja það fyrir áramót og það er ekki gilt tilboð nema sá sé haltur og blindur sem gerir tilboðið. Svo skýr voru fyrirmælin um það hvernig sá aðili ætti að vera í laginu sem átti að fá þetta keypt að það fyrirfannst bara einn á öllu heila landinu sem passaði við. Ég ætla að vona að ekki verði hafðar slíkar aðferðir við söluna á bönkunum. En það er ástæða til að minna á þetta því þeir eiga að sjá um þessa sölu sem sáu um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins. Þeir kunna þetta enn þá.

Ég satt að segja vona að menn hafi eitthvað lært af þessu. En ég get ekki treyst því.

Og er nú svo skrýtið að þó menn hafi tekið ákvarðanir um að selja ríkisfyrirtæki þá hefur því nú ekki verið fylgt fram. Það er umhugsunarefni vegna þess að hæstv. forseti sem er að stjórna þessum fundi er, ef ég veit rétt, í stjórn þess

ríkisfyrirtækis sem ég veit ekki betur en að hafi staðið býsna lengi til að selja, Sementsverksmiðju ríkisins. Af einhverjum ástæðum hefur ekki verið látið af því verða að selja það fyrirtæki. Nú er ég ekki að hvetja til þess. En ég veit um áhuga þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn á því að selja það fyrirtæki. Það hefur ekki verið nefnt í langan tíma. Það væri nú ástæða til þess að upplýsa þingmenn um stöðu þess máls. Eru menn hættir við söluna eða hefur t.d. innflutningur á sementi frá Danmörku eitthvað breytt afstöðu manna til þess hvort selja eigi hlut ríkisins í því fyrirtæki? Það væri forvitnilegt að frétta af því. (**HBl:** Kannski Danir vilji kaupa.) Hæstv. forseti. Ég held að þetta innskot sé hárrétt. Það liggur fyrir að Danir hafa örugglega áhuga á að kaupa. Ég þykist vita hvers vegna þeir sem hér stjórna því hvað selt er af eigum ríkisins hafa ekki tekið ákvörðun um að selja Sementsverksmiðjuna, þ.e. hvers vegna sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. Það er einmitt vegna þess að komist erlendir aðilar yfir þetta fyrirtæki þá verður starfsemin að öllum líkindum lögð niður á Íslandi og sölukerfi Sementsverksmiðjunnar eingöngu notað til þess að yfirtaka markaðinn. Þess vegna hafa menn ekki viljað selja.

Það er full ástæða til þess að hafa gát á sér þegar fyrirtæki á Íslandi eru seld. Þess vegna er ekki gott ef stjórnendum liggur mikið á eins og þeim virðist liggja mikið á núna að selja bankana og selja Símann.

Ég held þó að skárra sé að selja eitthvað af hlutafé í bönkunum, að það sé þó skár undirbúið mál en sala Símans sem var rædd hér í gær. Þar er á ferðinni mjög alvarlegt mál, finnst mér, hvað það varðar að Síminn eins og hann er í dag, er gífurlega stórt fyrirtæki á markaðnum. Menn hafa tekið þá ákvörðun að hafa grunnnetið áfram með og í því felst auðvitað viðbótarforskot langt fram yfir stærð Símans.

Einn hv. þm. stjórnarliða lýsti þessu alveg snilldarlega hér á hv. Alþingi. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði: „Að selja Símann án grunnnetsins væri eins og að ætla að selja vélarlausan bíl.“ Var hægt að lýsa þessu betur? Hann var að segja í raun að þeir sem væru að keppa við Símann væru allir á hestvögnum, a.m.k. væri engin vél í bílunum hjá þeim. Þetta lýsir alveg prýðilega þeirri samkeppnisaðstöðu sem verið er að búa til á þann markað.

Þetta á ekki við hvað varðar bankana. Hér er alvöru samkeppni á þeim markaði. Hins vegar er engin ástæða fyrir ríkið að haska sér í því að selja þessar fjármálastofnanir. Það er full ástæða til þess að fara með mikilli gát og fylgast vel með því hvaða áhrif sala annars bankans, eins og við höfum lagt til, Búnaðarbankans, hefur á þennan markað. Búið er að gera þessi fyrirtæki að hlutafélögum. Þau eru farin fyrir löngu síðan að taka þátt í samkeppninni á þessum fjármálamarkaði alveg eins og önnur hlutafélög. Það eru því ekki lengur forsendur fyrir því að halda því fram að það hver eigi stærsta hlutinn í bönkunum hafi nokkur önnur áhrif á fjármálamarkaðinn en þó einhverjir aðrir ættu hlutinn.

Ég hef ekki séð neinn mun á því hvernig þeir haga sér sem stjórna núna bönkunum sem ríkið á stærri hlutinn í og hinum bönkunum sem eru hér á markaðnum. Ég sé engan mun á því. Ég vil biðja menn að sýna mér fram á það hvort mikill munur sé á stjórn þessara fyrirtækja í dag.

Ég er búinn að svara því hvort það eigi að selja. Ég segi ekki að það eigi að selja. Ég segi að það megi selja en það eigi að gera það hægt og taka allan vara á því hversu mikið verður selt, með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur þegar farið verður að selja í Búnaðarbankanum eins og við höfum lagt til.

Ég get ekki tekið undir þær umræður sem hafa farið hér fram um þjóðbanka einfaldlega vegna þess sem ég nefndi áðan, það er búið að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög. Þeir eru farnir að taka þátt í samkeppni á fjármálamarkaðnum jafnfætis öðrum fjármálafyrirtækjum og það væri fáránlegt að breyta því.

Það er líka útilokað að hugsa sér það í frjálsu hagkerfi að eitt fjármálafyrirtæki ætti að hafa aðrar skyldur en önnur fjármálafyrirtæki á markaðnum sem eiga að keppa við það. Þess vegna tel ég alveg ástæðu til að taka undir ýmislegt sem hefur komið fram í umræðunni um frelsi á þessum markaði. En þetta frelsi er fyrir hendi þó ríkið eigi í þessum hlutafélögum.

Það er athyglisvert að nú var einmitt að koma út skýrsla um eignatengsl og eignarhald í íslensku fjármálalífi. Og hvað gerist? Háværustu einkavæðingarsinnar eru nú að fá staðfestingu á því að ríkið er að eignast meira og meira af þeim fyrirtækjum sem eru talin upp í þessari skýrslu, stærri og stærri hlut. Það er þriðjungs hækkun á eignarhaldi ríkisins í þeim fyrirtækjum sem þarna er verið að tala um, eftir því sem mér skilst af fréttum. Af hverju skyldi þetta vera? Ekki hef ég lesið skýrsluna og veit það ekki nákvæmlega. En ég svona giska á að kaup Landssímans á fjölmörgum fyrirtækjum geti nú verið einhver partur af þessu.

Hlutafé frá sjóðum sem ríkið á í önnur fyrirtæki og annað slíkt getur verið hluti af þessu. En þetta er umhugsunarefni fyrir þá sem hafa viljað draga úr umsvifum ríkisins á fjármálamarkaði. Kannski liggur þeim á að selja eitthvað til að ekki verði hægt að benda endalaust á það að þeir séu að auka hlut ríkisins. Það er kannski svolítið leiðinlegt fyrir þá sem hafa haldið hér ræður um það að losa ríkið út úr atvinnulífinu að hlutur ríkisins skuli aukast stöðugt undir stjórn þeirra. Sumt af þessu er bara sjálfsagt mál. Ég held að það að sjóðir sem ríkið á aðild að til að efla atvinnulífið og eignast hlut í fyrirtækjum til að styðja við bakið á nýrri atvinnustarfsemi og koma henni á lappirnar sé bara jákvætt. Ég mundi ekki hafa áhyggjur af þessari þróun sérstaklega. En ég þykist vita að sumir sem vilja ekki að ríkið eigi mikinn hlut í atvinnulífinu hafi áhyggjur af henni.

Hæstv. forseti. Ég hélt ræðu við 2. umr. málsins og kom þar sjónarmiðum mínum á framfæri og það er fjarri mér að ætla að fara að halda uppi einhverju málþófi í þinginu í kringum þetta mál. Ég tel að það hafi fengið eðlilega og ágæta umfjöllum bæði frá þeim sem eru óánægðir með það og þeim sem eru samþykkir þessu frv.

Niðurstaðan virðist liggja nokkuð ljós fyrir, að ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér að klára þetta mál með þessum hætti sem það er, sem það liggur hér fyrir. Síðan eigum við eftir að sjá hvert framhaldið verður. En ég ætla satt að segja að vona að menn séu ekki fyrir fram alveg búnir að festa sig í þeirri snöru að þeir þurfi og verði að selja þessi fyrirtæki á þeim tíma sem hér er talað um að gera það og taki tillit til bæði hagsmuna eigendanna, þ.e. þjóðarinnar sjálfrar, og fjármálalífsins í landinu þegar teknar verða ákvarðanir um það hvenær þessum söluhugleiðingum verður hrundið í framkvæmd, hæstv. forseti.

Meira ætla ég ekki að segja um þetta mál. Ég læt máli mínu lokið.

[14:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í máli mínu fyrr í umræðunni beindi ég nokkrum fyrirspurnum til hæstv. viðskrh. En hæstv. viðskrh. gat vegna anna lítið verið viðstödd þá umræðu. Ég boðaði af þeirri ástæðu komu mína hingað aftur í ræðustólinn í trausti þess að geta þá rætt við hæstv. ráðherra. Því spyr ég hæstv. forseta nú hvort hæstv. viðskrh. sé ekki einhvers staðar á næstu grösum þannig að ég geti lokið máli mínu vegna þess að ég ætla ekki að vera lengi í ræðustólnum ef ég fæ ráðherrann hingað til að spjalla aðeins við og hún svari þá fyrirspurnum mínum.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu og forseti hefur sent henni skilaboð að óskað sé eftir að hún komi til þingsalar.)

Ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra gat ekki verið við umræðuna var sú að ráðherrann var bundin við að kynna skýrslu sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfðum kallað eftir hér á þingi um þróunina varðandi stjórnar- og eignatengsl í atvinnulífinu á fjármálamarkaði. Það er auðvitað nokkuð sérstakt, herra forseti, að byrjað skuli á því að kynna þetta í fjölmiðlum áður en skýrslunni er dreift eða kynnt á hv. Alþingi. Það er mjög sérstakt. Sérstaklega af því að eftir því hefur verið kallað við 1. og 2. umr. málsins að þessi skýrsla gæti verið mikilvægt innlegg í þá umræðu sem hér fer fram um sölu á bönkunum. Því vænti ég þess að hæstv. ráðherra dreifi þessari skýrslu hið fyrsta inni í þingsal þannig að við getum skoðað hana og metið hvaða áhrif stjórnar- og eignatengsl geta haft inn í þá sölu sem hér er áformuð af hendi hæstv. ríkisstjórnar á bönkunum á þessu kjörtímabili vegna þess að það liggur mikið á að selja. Það er bara boðað að selja eigi báða bankana og Landssímann eins og það leggur sig á kjörtímabilinu. Ekkert virðist reka á eftir því nema að þeir vilja selja á meðan þeir eru við völd þannig að þeir geti aðeins haft hönd í bagga með því hverjir þeir aðilar verði sem kaupa þessa banka og verði stærstu kjölfestufjárfestar í bönkunum.

En sú skýrsla sem maður hefur nú hlustað á í fjölmiðlum í hádeginu virðist staðfesta að fákeppni einkennir atvinnulífið. Það er einmitt það sem við óttumst sem höfum talað fyrir því að fara af varkárni í þessa sölu og heimila aðeins sölu á öðrum bankanum, að stórir aðilar í atvinnulífinu geti eignast ráðandi hlut í þessum bönkum og haft þar óeðlileg ítök. Þess vegna höfum við viljað sporna margvíslega við því, m.a. með því að setja takmörkun á atkvæðisrétt, hvað einn aðili eða tengdur aðili gæti farið með stóran hlut í þessum bönkum. Þó að ég hafi ekki séð skýrsluna heyrist mér að ýmislegt sem í henni kemur fram styðji þær áhyggjur sem við höfum í þessu efni vegna þess að það er auðvitað alveg ótækt að stórar og miklar valdablokkir í þjóðfélaginu og fyrirtækjasamsteypur sem eru orðnar ráðandi aðilar í ýmsum atvinnugreinum fari líka að sölsa undir sig markaðsráðandi stöðu í bönkunum.

Ég tók eftir því í fréttum í hádeginu að erfitt er að greina eignatengslin í atvinnulífinu og á fjármálamarkaðnum. Það var vissulega athyglisvert sem þar kom fram að eignarhlutur ríkisins hafi aukist um fjórðung og þá eru nefnd fyrirtæki á sviði fjármálamarkaðarins og fjarskipta og í orkugeiranum. Vera má að það sé vegna þess að þessi fyrirtæki hafa stækkað og orðið verðmætari og út frá þeim mælikvarða gæti það svo sem verið skýringin.

Herra forseti. Ég fór ítarlega yfir það sem ég vildi koma á framfæri við lokaafgreiðslu málsins. Ég beindi fyrirspurnum til ráðherra. Ég skal aðeins hlaupa á því og taka til þess mjög stuttan tíma, herra forseti. Áhyggjur mínar hafa lotið að meðferðinni, svo ég noti nú það orð, á starfsmönnunum og samráðsleysinu við starfsmennina. Ég hef af því áhyggjur að hæstv. viðskrh. skuli ekki kalla til sín forustumenn samtaka starfsmanna sem hafa sett fram í ítarlegri umsögn til efh.- og viðskn. ákveðnar ábendingar og tillögur um aðgerðir sem varða stöðu starfsfólksins í bönkunum sem starfsfólkið hefur lagt áherslu á að verði skoðað áður en bankinn verður seldur.

Það eru ýmsar athyglisverðar hugmyndir sem við höfum tekið undir í þeirri brtt. sem liggur fyrir við 3. umr. Þær eru um að semja við starfsfólk um möguleika á starfsþjálfun og endurmenntun til að auðvelda aðlögun að nýrri tækniþróun og breytingum í bankakerfinu og að eðlileg starfsmannavelta verði höfð í fyrirrúmi við sölu á bönkunum. Starfsmennirnir hafa líka lagt áherslu á að fá fulltrúa í stjórn bankanna.

Mér finnst lágmarkskurteisi við starfsfólkið að því sé sýnd sú virðing að ráðherra hafi frumkvæði að því að boða starfsfólkið á sinn fund, þó ekki væri nema til þess að ræða við það um þær hugmundir sem það hefur í þessu efni. Hæstv. ráðherrann hafði ekki gert þetta þegar við ræddum málið við 2. umr. Ég spyr: Hefur eitthvað breyst í því núna þegar málið er tekið til 3. umr.? Hafa þessi samtöl farið fram eða mun ráðherrann eiga frumkvæðið að því að ræða við starfsfólkið um þær hugmyndir sem það hefur áður en kemur til sölu á bankanum? Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það, herra forseti, og vænti þess að ráðherrann hæstv. svari því.

Ég spyr líka um það sem fram kom í fréttum nú í vikunni, það sem haft var eftir fulltrúa í einkavæðingarnefnd sem sagði að ekki væri heppilegt að selja hlut ríkisins í Búnaðarbankanum meðan bankinn sætir opinberri rannsókn. Ég spyr um afstöðu ráðherrans til þess sem þar kemur fram, hvort ráðherrann telji að sú rannsókn sem hafin er og ekki hafa komist lyktir á sem snerta mál sem tengjast Búnaðarbankanum, tvö mál sem eru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild rannsóknarlögreglunnar, hvort hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að það þurfi að leiða þau mál til lykta áður en bankinn fari í sölu. Og hvort hæstv. ráðherra sé sammála því og hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórninni og tekin um það ákvörðun að selja hlut ríkisins í Landsbankanum áður en farið verður í sölu á Búnaðarbankanum?

Þetta er það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um. Ég geri ráð fyrir, herra forseti, þó að það skipti vissulega miklu máli í þeirri heimild sem hér er verið að veita ráðherranum, hvort tekin hafi verið afstaða til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig ráðstafa eigi andvirðinu af sölunni, að þá sé ekkert nýtt í því máli. Ég geng út frá því að ráðherra muni upplýsa okkur um það ef svo er. Ráðherrann hefur rætt um áhuga sinn á að verja andvirði af sölunni til byggðamála. Auðvitað eru skiptar skoðanir um að fara þá leið ef á að fara að stofna til einhvers byggðasjóðs með andvirðinu á þessari sölu. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún geti greint eitthvað nánar frá þeim áformum, hvað hún hafi nánar í huga að því er varðar ráðstöfun á andvirðinu til byggðamála. Það er náttúrlega mjög opið og teygjanlegt að skilja þannig við það eins og ráðherrann hefur rætt, að hún hafi áhuga á að verja hluta af þessu til byggðamála. Mér finnst, herra forseti, að þingið eigi heimtingu á því að ráðherrann skýri eitthvað heldur nánar um áformin en hér hafa komið fram. Við erum að tala um sölu á ríkisbönkunum og það eru miklir peningar í húfi, mikil verðmæti í húfi þar. Auðvitað skiptir máli miðað við stöðuna í efnahagslífinu hvernig andvirðinu er ráðstafað.

Herra forseti. Í lokin vil ég nota tækifærið og spyrja ráðherrann af því það snertir þessi bankamál og margir óttast að það gæti verið að miðað við þá miklu útlánaþenslu sem verið hefur, eiginfjárstöðu bankanna og fleiri atriði, vísbendingar um að það gætu verið útlánatöp í farvatninu í bankakerfinu. Mér finnst þetta nokkuð stórar stærðir sem ég fæ í svari frá hæstv. ráðherra í dag um vanskil einstaklinga og fyrirtækja í bankakerfinu. Ég spyr ráðherrann um mat hennar á þeim tölum sem koma fram í svari hennar þar sem fram kemur yfirlit yfir vanskil hjá níu innlánsstofnunum sem eru með 73% af heildarútlánum innlánsstofnana. Það kemur fram að heildarvanskil hjá fyrirtækjum og einstaklingum voru 31. mars milli 17 og 18 milljarðar. Þar af voru hjá einstaklingum um 7,6 milljarðar kr. í vanskilum og það voru 5,7% af heildarútlánum sem mér finnst vera nokkuð há tala vegna þess að í svarinu kemur einnig fram samanburður við vanskil sem eru hjá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðunum, þar sem vanskil eru töluvert innan við 1%, og því finnst mér við sjá nokkuð háar tölur hjá bönkunum í þeim tölum sem ég hef hér nefnt. Ég vildi fá mat ráðherrans á þeim tölum sem fram koma í svari hennar um leið og ég lýsi óánægju með það að enn eina ferðina erum við að sjá svar frá ráðherrum þar sem þeir svara ekki því sem um er spurt og skýla sér á bak við hlutafélagalöggjöfina og upplýsingalögin, sem ég tel að fari vaxandi, herra forseti, hér í þinginu og vera virkilegt áhyggjuefni. Sérstaklega þegar verið er að spyrja svona almennra spurninga eins og hér er gert, þar sem verið er að spyrja um heildarvanskil í bankakerfinu að ekki skuli fást fyllri svör við þeim spurningum sem ég lagði fyrir ráðherrann en hér koma fram. Það er áhyggjuefni og hvernig ráðherrarnir svara þessum fyrirspurnum og hlýtur við betra tækifæri, herra forseti, að verða tekið upp með einum eða öðrum hætti í forsn. vegna þess að á þessum vetri hafa safnast upp ansi mörg mál og svör frá ráðherrum sem ástæða væri til að væri rætt í forsn. og af formönnum þingflokka hvernig með skuli fara. Þetta er ekki hægt, herra forseti, þessi yfirgangur framkvæmdarvaldsins við löggjafarsamkomuna. Sífellt er erfiðara fyrir þingmenn að sinna störfum sínum í ljósi þess hve hæstv. ráðherrar hunsa það almennt í skjóli hlutafélagalaga að upplýsa þingheim og gefa þeim svör við eðlilegum fyrirspurnum sem fram eru bornar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta lengra og mun ekki þurfa að ræða frekar um þetta mál, sérstaklega ef ég fæ nú skýr og skilmerkileg svör frá hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem ég hef beint til ráðherrans.

[14:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæða er til að bregðast við þó nokkrum atriðum sem hv. þm. kom inn á. Það er í fyrsta lagi í sambandi við starfsmennina. Ég svaraði því við 2. umr. Það er rétt að ég hef ekki kallað þá sérstaklega til fundar við mig í tengslum við það frv. sem hér liggur frammi, enda er þetta frv. um að selja hlut ríkisins. Segja má að það sé pólitísk ákvörðun og varði ekki starfsfólk vegna þess að réttarstaða starfsfólks breytist ekki. Hins vegar er ég alveg inni á því að áður en stórar ákvarðanir verða teknar af hálfu ríkisstjórnar um það hvernig farið verður í söluna mun ég tala við starfsmenn.

Um rannsókn þá sem nú fer fram um Búnaðarbanka Íslands vil ég ekki ræða hér opinberlega. Ég tel ekki að hægt sé að óska eftir því við mig að ég fari út í það mál. Það er mál sem er til rannsóknar hjá ákæruvaldinu og um það get ég ekki tjáð mig. Þess vegna get ég heldur ekki tjáð mig um það hvort rétt sé að selja eingöngu Landsbankann í fyrstu og bíða með Búnaðarbankann vegna þess að þessi mál eru ekki skýr vegna þeirrar rannsóknar sem fram fer.

Ég tel að það eigi að líta eins á takmörkun atkvæðisréttar í sambandi við eigur í bönkum og á takmörkun eignar þannig að það standist ekki EES-samninginn að takmarka atkvæðisrétt.

Um það hvernig verja eigi þeim fjármunum sem fást við sölu þá hef ég svarað því við 2. umr. Það er ekki búið að ákveða það nákvæmlega. En þar er fyrst og fremst verið að tala um ákveðna málaflokka, t.d. ákveðinn þátt samgöngumála og upplýsingasamfélagið, byggðamál. Þegar ég tala um byggðamál þá er ég ekki að tala um að stofna til nýs banka sem eigi sérstaklega að sinna landsbyggðinni. Það er alls ekki þannig heldur er ég frekar að tala um ákveðna þætti byggðamála og byggðamál eru náttúrlega mjög breiður málaflokkur og það er svo margt sem getur komið til.

[14:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega það lengsta sem maður kemst með hæstv. ráðherra að hún lýsir því hér yfir að hún ætli að hafa samráð við starfsmennina áður en til sölu á bönkunum kemur og er það auðvitað skref í áttina. Þó hefði verið eðlilegt að ráðherrann lýsti viðhorfum sínum til þeirra tillagna sem fram hafa komið hjá starfsfólki. En ég vænti þess þá að ráðherrann standi við það að kallað verði eftir viðhorfum starfsfólks og tillögur þess ræddar áður en kemur til sölu á bönkunum.

Herra forseti. Ég var alls ekki að biðja hæstv. ráðherra um að segja álit sitt á þeirri rannsókn sem fer fram á viðskiptum Búnaðarbankans við ákveðna aðila. Ég er einungis að spyrja hvort hún sé sammála því sjónarmiði sem Jón Sveinsson fulltrúi í einkavæðinganefnd hefur sett fram, og hann segir að sé sameiginlegt viðhorf allra nefndarmanna, að ekki sé heppilegt að selja hlut ríkisins í Búnaðarbankanum á meðan bankinn sætir opinberri rannsókn. Ég er ekkert að spyrja um rannsóknina sjálfa eða innihald hennar. Ég er að spyrja hvort ráðherrann sé sammála þessu viðhorfi Jóns Sveinssonar og allrar einkavæðingarnefndarinnar eða hvort það hafi verið frumhlaup af hálfu Jóns Sveinssonar fulltrúa í einkavæðingarnefnd að setja fram þessi viðhorf nefndarmanna í einkavæðingarnefndinni. Það hefði verið upplýsandi hér í stöðunni ef það lægi þá fyrir að það eigi að byrja á því að selja hlut ríkisins í Landsbankanum og bíða með Búnaðarbankann, eins og fram kemur hjá Jóni Sveinssyni. Ég spyr því um það. Er það frumhlaup hjá nefndarmönnum að þessi yfirlýsing liggi fyrir?

Síðan hefur hæstv. ráðherra væntanlega ekki haft tíma til þess að svara því sem ég nefndi um svar hennar við fyrirspurn minni um vanskilin í bankakerfinu. Telur ráðherrann ekki um mjög háar tölur að ræða þegar við erum að tala um að vanskil hjá einstaklingum hjá níu innlánsstofnunum, sem fara með 73% af heildarútlánum innlánsstofnana, séu orðin nálægt 6%?

[14:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka undir það með hv. þm. að það svar sem henni berst nú við fyrirspurn er ófullkomið.

Ég bara get ekkert að því gert. Það er bara þannig. Eins og hv. þm. veit þá búum við ekki við sömu aðstæður og áður var, þ.e. áður en ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög. Fjármálafyrirtækjum ber ekki skylda til að svara fyrirspurn eins og þessari og það er erfitt að gera við því. Hins vegar er svo sem í þessu svari líka að sjá að t.d. vanskil við íbúðalánasjóð eru minni en þau hafa verið stundum áður þannig að ekki er nú allt svart. En svarið er ekki fullkomið.

Þegar hv. þm. talar um yfirgang framkvæmdarvaldsins í þessu sambandi og að ráðherrar skýli sér á bak við hlutafélagalög þá er ég óskaplega ósátt við það orðalag, að skýla sér á bak við lög, af því að ég tel að annaðhvort fari maður að lögum eða ekki. Ég tel mig vera að fara að lögum þegar ég segi að þessum fyrirtækjum beri ekki skylda til að svara fyrirspurninni. Svona lít ég nú á þetta mál, hv. þm.

Um ummæli eins af nefndarmönnum í einkavæðingarnefnd þá heyrði ég þau ekki. En hef haft spurnir af því að þar hafi því verið haldið fram að það bæri að bíða með sölu á Búnaðarbankanum. Ég hef skrifað einkavæðingarnefnd og óskað eftir tillögum um það hvernig farið skuli í sölu. Mér hefur ekki borist formlegt svar og meðan ég fæ ekki svör með þeim hætti frá einkavæðingarnefnd tel ég ekki ástæðu til þess að tjá mig um það sem haft er eftir mönnum í fjölmiðlum.

[14:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er uppi mjög sérstök staða. Einkavæðingarnefndin hefur tjáð sig opinberlega um hvað henni finnst um hvernig eigi að ganga í söluna og hvað eigi að hafa forgang. Hún segir að það eigi að vera Landsbanki en bíða eigi með Búnaðarbanka þar til fyrir liggur niðurstaða í rannsókninni. En hæstv. ráðherra fær ekki svör frá einkavæðingarnefndinni þegar hún leitar eftir tillögu nefndarinnar um hvernig eigi að ganga í þessa sölu. Þetta er allsérstæð uppákoma. Fyrst þetta liggur nú fyrir hjá fulltrúum einkavæðingarnefndar finnst mér að ráðherrann hefði getað haft skoðun á því hvað henni finnst í því efni. En það er oft svo, herra forseti, þegar við göngum eftir því að ráðherra svari því sem við teljum nauðsynlegt við umræðuna að fátt er um svör.

Varðandi það svar sem ég fékk þá kom hæstv. ráðherra sér hjá því að svara þeirri meginspurningu sem ég lagði fyrir ráðherrann, þ.e. hvað henni fyndist um þær stærðir sem hæstv. ráðherra nefnir í svarinu til mín um þessi vanskil hjá nýju innlánsstofnunum sem fara með 73% af heildarútlánum, þegar vanskilin hjá einstaklingum eru 7–8 milljarðar, sem er orðið 5,7% af heildinni og öll vanskil hjá fyrirtækjum og einstaklingum eru 17–18 milljarðar. Mér finnst þetta nokkuð há tala sem er ástæða til þess að hafa áhyggjur af. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það, herra forseti, að hæstv. ráðherra komi sér hjá að hafa skoðun á því þegar eftir því er gengið hvað hún telur um þessi svör, vegna þess að þessi svör hljóta að vera upplýsandi fyrir hana alveg eins og fyrir okkur hér í þingsölum til þess að reyna að leggja mat á hver staða bankanna er vegna þess að við höfum haft áhyggjur af eiginfjárstöðu bankanna og hvort þeir séu að lenda í miklum útlánatöpum.

[14:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þriðju umræðu um sölu á hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka er nú senn lokið. Sem kunnugt er þá er eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum 68,29% en í Búnaðarbanka Íslands er eignarhluturinn 72,56%. Þennan hlut ríkisins stendur til að selja og ég vil núna í þessum lokaorðum mínum óska eftir því að hæstv. viðskrh. geri grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar og skýri þingheimi frá því hvernig staðið verði að sölu bankanna.

Fram hefur komið í máli hæstv. viðskrh. að til standi að selja bankana á kjörtímabilinu, á komandi tveimur árum. Við höfum vakið athygli á því af hálfu stjórnarandstöðunnar hvort ekki væri óráðlegt að gefa slíkar skuldbindandi yfirlýsingar óháð markaðsstöðu. Það hefur komið fram í umræðunni að verðgildi bankanna hefur hrapað, hefur minnkað verulega á síðustu mánuðum eða á hálfu ári um 11%. Um áramót voru bankarnir metnir á 43,3 milljarða kr. En samkvæmt nýjustu upplýsingum eru þeir metnir á 38,3 milljarða og munar þarna 5.000 milljónum.

Hér komu fram við umræðuna af minni hálfu áhyggjur og undrun yfir þeim yfirlýsingum sem hæstv. samgrh. gaf í tengslum við einkavæðingu Landssímans. Hann sagði hér í ræðu — ég vitnaði í orð hans og áður gerði það hv. þm. Sverrir Hermannsson — að ríkið ætti ekki að stunda spákaupmennsku, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, og því færi fjarri að leita ætti eftir sem hæstu verði fyrir þessar ríkiseignir á markaði. Þessi undarlegu ummæli stangast á við yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur áður gefið varðandi bankana, en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maílokum árið 1999, frá 28. maí 1999, segir að við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum.

Ég kem hingað fyrst og fremst upp núna til þess að krefja hæstv. viðskrh. svara á hvern hátt hæstv. ráðherra bregst við yfirlýsingu hæstv. samgrh. þess efnis að ekki verði leitað eftir hámarksverði fyrir þessar ríkiseignir, að ríkið eigi ekki að stunda spákaupmennsku, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, sem er undarlegt orðalag þegar um er að ræða að gæta hagsmuna almennings. Í því felst engin spákaupmennska heldur einvörðungu búhyggindi og almennt siðgæði. Mér finnast þessar yfirlýsingar jaðra við að vera siðlausar, að menn ætli að fara þannig með eignir almennings að setja þær á silfurfatið og afsala okkur eignarhaldinu yfir þeim á eins óábyrgan hátt og þessi ummæli gefa tilefni til að ætla að verði gert.

Ég óska því eftir því að hæstv. viðskrh. geri grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls og vil beina því til hæstv. forseta að hæstv. viðskrh. verði gert viðvart um að umræðunni sé að ljúka, 3. umr. um þetta mál. Lokaumræðu um málið er að ljúka og þess er farið á leit við hæstv. ráðherra að hún geri grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls.

Ég las hér upp ummæli hæstv. samgrh. fyrr í dag og hæstv. viðskrh. hefur fengið útskrift af ræðu hans í hendur, og nú er þess farið á leit við hæstv. ráðherra að hún geri grein fyrir afstöðu sinni. Hvor afstaðan á að standa, fyrirheitin sem voru gefin í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 28. maí árið 1999 um að leitað verði eftir hámarksverði eða þessi makalausa yfirlýsing sem hæstv. samgrh. gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fyrr við þessa umræðu?

Herra forseti. Ég mun ekki ljúka máli mínu hér fyrr en ég fæ svör við því hvort hæstv. viðskrh. ætli að bregðast við þessari ósk minni um viðbrögð við yfirlýsingum hæstv. samgrh.

(Forseti (GuðjG)**:** Hæstv. viðskrh. er að ganga í salinn.)

Hæstv. viðskrh. er að ganga í salinn. Ég geng út frá því sem vísu að hæstv. ráðherra verði við þeirri ósk minni að

svara þeirri fyrirspurn sem ég beindi til hennar hér fyrr við umræðuna um að bregðast við yfirlýsingum hæstv. samgrh. þar sem hann segir að ekki verði leitað eftir því að fá hæsta verð fyrir þessar ríkiseignir, slíkt sé spákaupmennska. Ég vil vita hver viðbrögð hæstv. bankamálaráðherra eru við þessari yfirlýsingu.

[14:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er með útskrift af því sem hæstv. samgrh. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég tel heldur ekki sjálfsagt að harma, líkt og formaður Samfylkingarinnar, að hafa ekki nú þegar selt íslenskum almenningi hlut í Símanum á verði sem einungis hefði getað lækkað."

Það vill svo til að ég er svolítið sammála hæstv. ráðherra með þetta. Það er líka gagnrýnivert, t.d. hafa stjórnvöld í Svíþjóð verið gagnrýnd fyrir það, að selja almenningi í ríkisfyrirtækjum þegar verðið er hæst, fyrir verð sem getur ekki annað en lækkað. En auðvitað er eðli markaðarins það að við vitum aldrei á hvaða leið hann er. Þannig mun það áreiðanlega verða áfram.

Mér finnst líka skipta máli, ef við tölum um Landssímann þó hann sé ekki til umfjöllunar núna, hvernig til tekst við uppbyggingu dreifinetsins og þjónustunnar við landsbyggðina. Ég gæti í sambandi við það fyrirtæki hugsað mér að eitthvað minna fengist fyrir fyrirtækið ef við hefðum það í hendi að þeim atriðum og þeim kröfum yrði fullnægt. Stjórnarflokkarnir hafa, eins og hv. þm. veit, komið sér saman um mjög metnaðarfullar áætlanir í því sambandi.

Í sambandi við bankana, sem nú eru til umfjöllunar, hef ég haldið því fram og ekki skipt um skoðun hvað það varðar að við eigum að leitast við að fá sem hæst verð fyrir bankana, enda er það ákvæði sem kemur fram í stjórnarsáttmála og það hefur ekkert breyst.

[14:50]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Telur hæstv. viðskrh. að það verði aðrir kaupendur að bönkunum en að Símanum? Gilda ekki nákvæmlega sömu reglur og sömu viðhorf varðandi þessar eignir?

Hæstv. samgrh. sagði einnig að eðlilegt væri að tryggja fjárfestum háa arðsemi þeirrar eignar sem þeir keyptu. En, herra forseti, á ég að trúa mínum eigin eyrum, þ.e. að ríkisstjórnin ætli virkilega að gera alvöru úr því að setja þessar þjóðareignir á silfurfat fyrir vildarvini sína?

Þegar talað er um að almenningur kaupi, gera menn sér þá ekki grein fyrir því að stórir fjárfestar munu að sjálfsögðu reyna að komast yfir þessar eignir? Ég hef ekki nokkrar einustu efasemdir um að hvort sem um er að ræða bankana eða Landssímann þá eru það góðir fjárfestingarkostir. En bestur er sá kosturinn fyrir núverandi eiganda, sem er ríkið. Það er ríkisstjórnin sem á að gæta hagsmuna þess eiganda, gæta hagsmuna þjóðarinnar.

Hér er það fullyrt á þinginu að það sé eðlilegt, gott og eftirsóknarvert að selja þessar eignir, þessar gullgerðarvélar, á gjafaprís. Hvers konar ábyrgðarleysi er þetta og hvílík örlög eru það fyrir íslenska þjóð að hafa svona lélega hagsmunagæslumenn við stýrið? Þetta fólk kann ekki að standa í fæturna.

[14:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. oftúlki orð mín dálítið og kannski annarra líka. Auðvitað er enginn að tala um gjafaprís, hv. þm. Auðvitað mun ríkisstjórnin gæta hagsmuna þjóðarinnar og auðvitað verður tekið tillit til aðstæðna, t.d. ástandsins á markaðnum. Þess vegna er ekki hægt að fullyrða neitt um það á þessari stundu hvernig verði farið í sölu á bönkunum. Sama er að segja um Landssímann. Það þarf að taka tillit til margra þátta.

Það sem beðið er um hér á hv. Alþingi er heimild Alþingis til að fara í þessa sölu. (**ÖJ:** SR-mjöl.) Ég ætla að biðja hv. þm. að tala ekkert um SR-mjöl. Það er sala sem átti sér stað þegar ég kom hvergi nærri völdum í þessu samfélagi. (**ÖJ:** Áburðarverksmiðjan.) Áburðarverksmiðjan var seld á býsna góðu verði. (**ÖJ:** Nei.) (**Gripið fram í:** Jú.) Við skulum ekki fara hér í tveggja manna tal.

(**Forseti** (ÍGP): Ég ætla að biðja hv. þm. um að gæta stillingar í salnum.)

Ég lýsi ánægju minni með að mér finnst hv. þm. Ögmundur Jónasson vera kominn niður á jörðina í þessari umræðu og sé að átta sig á því að það er kannski ekkert svo vitlaust að selja þessi fyrirtæki, ekki síst þegar það er nú komið í ljós — kannski á ekki að ræða það núna — en það kemur í ljós í þeirri skýrslu sem verður dreift til þingmanna í dag að ríkið hefur mjög verið að stækka eignarhlut sinn í íslensku atvinnulífi. Ég held að þess vegna sé alveg rétti tíminn að drífa sig í að selja.

[14:54]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra er að gefa í skyn að ég sé kominn á þá skoðun að æskilegt sé að selja þessar eignir. Er verið að gera þessa umræðu að einhverju hégómamáli? Ég hef haldið ræður gegn því að einkavæða þessar stofnanir og selja þær. Ég hef verið að tala um ábyrgðarlausa yfirlýsingu sem gefin er fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, þar sem fram kemur að henni finnist eðlilegt að selja þær á undirverði. Við í stjórnarandstöðunni höfum áhyggjur af því að alvara verði gerð úr þessu. Við höfum bent á að ríkisbankarnir hafa hrapað í verði um 11%, bara frá áramótum, um 5 þús. millj. kr. Það er ástæðan og tilefnið til að spyrja hver framvindan verði. Þá kemur hæstv. viðskrh. og svarar út í hött og snýr út úr.

Sem betur fer er ekki lokið umræðu um einkavæðingarpakkann allan og þessi ummæli verða svo sannarlega tilefni til frekari orðræðu um þessi mál.

[14:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er komið að lokum í umræðum um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, þ.e. breytingum sem fela í sér að heimilt sé að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Hér hefur verið ítarlega gerð grein fyrir því að þær efnahagslegu forsendur sem einkavæðingarnefnd leggur fram fyrir einkavæðingu og sölu á þessum hlutabréfum eru alls ekki fyrir hendi heldur er hér fyrst og fremst um pólitíska aðgerð að ræða. Það er í sjálfu sér, herra forseti, umhugsunarefni þegar sú pólitíska sýn, einkavæðingin, hvort sem er á almannaþjónustu eða annarri grunnþjónustu, er orðin að trúarbrögðum og stefnu. Þá er vá fyrir dyrum.

Ég óttast, herra forseti, að heimildin sem hér er verið að veita ríkisstjórninni til að selja hlutafé ríkissjóðs í þessum bönkum komi til með, þegar fram líða stundir, að þjappa saman allri þjónustu á þessu sviði og draga úr þjónustu úti á landi í nafni svokallaðrar hagræðingar. Ég óttast, herra forseti, að hagræðingin sem á að ná fram með sölu á þessum bönkum muni bitna fyrst og fremst á landsbyggðinni.

Ég óttast, herra forseti, að sú samfélagslega ábyrgð sem bankar og peningastofnanir hafa sýnt víða í dreifðari byggðum landsins, sem er hluti af nágrannaþjónustu sem þar er mikilvæg, muni dvína. Það nægir að vitna til ummæla núv. stjórnarformanns Byggðastofnunar, sem ætti starfs síns og ábyrgðar vegna að hafa velt þessu fyrir sér. Í viðtali við hann þann 11. mars sl. þar sem fjallað er um sölu bankanna og hvernig skuli verja andvirðinu leggur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson áherslu á að andvirði bankanna renni til þess að styrkja Byggðastofnun og efla hana á sviði lánamála fyrir landsbyggðina. Ég vitna í viðtalið við hann, með leyfi forseta:

„Þessi breyting er til komin vegna þess að bankarnir hafa breytt sinni afstöðu gagnvart atvinnulífi á landsbyggðinni. Meta greinilega eignir og önnur verðmæti lægra en áður og treysta sér ekki til að lána fé til nauðsynlegrar atvinnustarfsemi."

Þarna vísar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson til þess að bankar hafa gert allt aðrar kröfur um veð úti á landi en hér á suðvesturhorninu. Síðan segir í viðtalinu:

„Samkeppni í útlánum á bankamarkaði er lítil úti á landi en mikil á höfuðborgarsvæðinu, segir Kristinn, og þetta eykur þrýstinginn á Byggðastofnun. Og framboð á fjármálastofnunum, sem vilja sinna landsbyggðinni og byggja þar upp atvinnulíf ásamt fólkinu sem þar býr, er allt of lítið. Kristinn vill auka getu Byggðastofnunar til að lána. Meðal annars verði stofnunin látin njóta þess þegar ríkisbankarnir verða seldir."

Að síðustu er tilvitnun í hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, stjórnarformann Byggðastofnunar, með leyfi forseta:

„Ég tel að það eigi að hugleiða það að hluti af söluandvirði bankanna renni inni í Byggðastofnun sem höfuðstóll, sem verði bakhjarl fyrir lánveitingar."

Það er alveg klárt, herra forseti, að stjórnarformaður Byggðastofnunar hefur velt þessum hlutum rækilega fyrir sér og óttast framhaldið. Hann óttast hvað muni gerast og er þarna með síðustu hálmstráin, að leggja til að hluti af því fé sem kæmi inn fyrir sölu á þessum bönkum renni til Byggðastofnunar til að byggi hana upp sem lánastofnun fyrir atvinnulíf úti á landi.

Herra forseti. Ég er í sjálfu sér mótfallinn þessari sýn. Ég tel að bankarnir hafi með þéttu útibúaneti úti um allt land og góðu starfsfólki sett sig inn í aðstæður á viðkomandi svæðum og þekki þar best til. Þeir hefðu þess vegna, ef þeir hefðu haft það hlutverk og aukið svigrúm, verið betur færir um að meta lánsfjárþörf, fjármögnun og þátttöku í atvinnulífi, byggð og búsetu, en að ný stofnun tæki að sér þessa starfsemi.

Herra forseti. Ég ítreka að ég tel að sem stendur sé ekki rétti tíminn til að selja ríkisbanka. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda í byggðamálum um allt land. Við stöndum líka frammi fyrir því að það er ekki góður markaður fyrir hlutafé og þess vegna eru ekki líkur á að fram undan sé góður tími til að fá hámarksverð fyrir þessar stofnanir.

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka að ég óttast að þessi aðgerð sem til stendur að heimila ríkisstjórninni að grípa til muni leiða til skertrar þjónustu víða um land.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 3. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1281. [15:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem nú er tekið á dagskrá tengist því frv. sem við vorum að ljúka við að ræða, þ.e. um sölu á Búnaðarbankanum og Landsbankanum, og snertir viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að setja lagaákvæði sem komi frekar í veg fyrir að við sölu á viðskiptabönkunum sé einn aðili sem eignist virkan eignarhluta, annaðhvort með beinni eða óbeinni hlutdeild hans í eigin fé eða í atkvæðisrétti.

Þetta er vissulega, herra forseti, viðleitni til þess að setja slíkar girðingar en ég vil minna á að við 2. umr. vildum við fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. ganga lengra í að reisa slíkar girðingar og vildum setja skorður við atkvæðisréttinum um að eigendur virkra eignarhluta geti að hámarki farið með 15% atkvæðisréttar í viðskiptabanka.

Herra forseti. Þessi tillaga var felld við 2. umr. málsins og nú er þetta mál, eins og það kemur frá ríkisstjórninni, afgreitt hér til 3. umr. Við vorum á þessum síðustu mínútum að heyra af þeirri skýrslu sem liggur nú fyrir frá hæstv. viðskrh. sem Samkeppnisstofnun vann að ósk þingmanna Samfylkingarinnar og hefði vissulega, herra forseti, verið ærin ástæða til að við hefðum fengið svigrúm til þess að fara yfir þá skýrslu áður en þetta mál er endanlega afgreitt frá þinginu. Hæstv. viðskrh. hefur haldið blaðamannafund um skýrsluna og við höfum heyrt aðeins glefsur úr fréttum í hádeginu hvað hún inniheldur fyrir utan það að fyrir örfáum mínútum fékk ég skýrsluna í hendur frá hæstv. viðskrh. en henni hefur ekki verið dreift hér í þingsölum. Er það miður þegar þingmál sem beinlínis snertir það mál sem hæstv. ráðherra var að kynna á blaðamannafundinum um stjórnunar- og eignartengsl liggur nú fyrir. Þess vegna hefðu það verið betri og skynsamlegri vinnubrögð, herra forseti, að fresta þessu máli lítið eitt þar til þingmenn hefðu haft færi á að kynna sér efni skýrslunnar.

Við höfum dregið það fram í umræðunni, af því að við erum að ræða um bankana og það kemur reyndar fram í frv. ráðherrans um sölu á Landsbanka og Búnaðarbanka, þegar skoðaðir eru fimm stærstu bankarnir og tveir stærstu bankarnir hins vegar þá er samþjöppunarhlutfallið hér, eins og það var 1998, mjög hátt á Íslandi samanborið við önnur lönd. Þar var getið einna tíu, tólf landa í Evrópu þar sem fram kemur að þegar skoðaðir eru tveir stærstu bankarnir og samþjöppunarhlutfallið metið hér á landi samanborið við tólf önnur lönd þá erum við númer tvö í röðinni þegar tveir stærstu bankarnir eru skoðaðir með tilliti til samþjöppunar á þessum markaði. Og þegar fimm stærstu bankarnir eru undir þá erum við númer þrjú í röðinni af þessum tólf þjóðum. Það segir okkur að samþjöppunin hér á bankamarkaðnum er gífurlega mikil samanborið við önnur lönd.

Nú hef ég ekki haft tækifæri til að kynna mér skýrsluna en það sem ég hef þó gert í fljótu bragði, þá kemur fram að mikil fákeppni ríkir og það er mikil fákeppni sem einkennir atvinnulífið hér og stórar valdablokkir sem ráða ferðinni

og hafa stækkað frá því að síðasta skýrsla var gerð 1994. Eru þar nefndir til tryggingamarkaðurinn, olíumarkaðurinn, flutningastarfsemi, ferðaiðnaðurinn og matvörumarkaðurinn og þarna er um að ræða fyrirtæki sem tengjast gagnkvæmu eignarhaldi. Hér er því fákeppni vissulega ríkjandi og þetta segir okkur það, herra forseti, að við hljótum að eiga að vera á verði gagnvart fákeppni og markaðsráðandi stöðu hér eins og margoft hefur komið fram í þingsölum, og ekki síst núna þegar við erum að selja banka úr ríkiseign, alfarið úr ríkiseign, þá er vissulega hætta fyrir hendi að stórir aðilar sem tengjast eignar- og stjórnunarlega og stórar valdablokkir sem eru með markaðsráðandi stöðu í stórum atvinnugreinum, nái líka markaðsráðandi stöðu og yfirráðum í bankakerfinu. Og það er nokkuð sem ég held að fáir sem vilja viðhafa og stuðla að raunverulegri samkeppni, ekki bara í orði kveðnu heldur líka í framkvæmd, hljóti að óttast mjög ef slíkt mundi ganga eftir.

Þess vegna, herra forseti, er það auðvitað mjög miður og ég vil halda því til haga að svo sé frá málinu gengið að sú tillaga sem við fluttum við 2. umr. málsins hafi verið felld.

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því sérstaklega að mér finnst nokkuð óeðlilegt að afgreiða málið hér til lokaatkvæðagreiðslu í þinginu áður en þingmenn hafa fengið tækifæri til að kynna sér þá skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl sem nú liggur fyrir, herra forseti, þegar við erum að afgreiða frá okkur svo stór mál.

Ég býst við því, herra forseti, ef við hefðum haft tækifæri til að skoða hana, að hún gæti hafa haft ákveðna þýðingu við afgreiðslu á þessu máli og inn í afgreiðslu efh.- og viðskn. og umræður sem þar fóru fram um þetta mál. Hér er um að ræða þykka skýrslu, hún er ekki minni umleikis en heil símaskrá og þar er sérkafli um bankakerfið sem ég gat ekki einu sinni haft tíma eða tækifæri til að skoða áður en ég fór í ræðustól. Ég gagnrýni því þessi vinnubrögð, herra forseti, ef ljúka á umræðu áður en þingmenn hafa haft tækifæri til að kynna sér skýrsluna. Það litla sem ég hef getað skoðað af skýrslunni segir mér að hún átti virkilegt erindi inn í umræðuna og það eru vinnubrögð sem ekki eru til fyrirmyndar að afgreiða svona stórt mál frá sér og ekki síst það frv. sem hér er tekið á dagskrá, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, án þess að þingheimur og þingmenn hafi tækifæri til þess að kynna sér hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 1282.

[15:13]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Aðeins örfá orð um það frv. sem hér er tekið á dagskrá um sparisjóðina, mál nr. 567, um viðskiptabanka og sparisjóði. Ég vil halda því til haga þegar þetta mál er komið á þetta stig í afgreiðslu þingsins að við í minni hlutanum, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og sú sem hér stendur, fluttum sérstakt nál. við 2. umr. og nokkrar brtt. sem lutu að skattalegri meðferð á stofnverði hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda og hjá sjálfseignarstofnunum sem stofnaðar verði þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag, það var dregið til baka við þá umræðu og dregið til baka til 3. umr. Það var gert, herra forseti, vegna þess að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. taldi rétt að skoða þær brtt. sem við í minni hlutanum lögðum fram í því máli í ljósi umsagnar sem fram hafði komið hjá ríkisskattstjóra.

Aftur á móti var við 2. umr. málsins felld tillaga sem við fluttum þess efnis að taka út úr frv. ákvæði um að sparisjóðirnir ættu að vera undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti en ríkisskattstjóri hafði gert alvarlegar athugasemdir í umsögn sinni við það ákvæði.

Herra forseti. Sú tillaga var felld við 2. umr. en tillögurnar sem lutu eins og ég segi að skattalegri meðferð á stofnverði hlutabréfa í hendi stofnfjáreigenda og hjá sjálfseignarstofnunum, drógum við til baka til 3. umr. og efh.- og viðskn. fjallaði um þær brtt.

Efh.- og viðskn. hefur gert þær tillögur að sínum og flutt um þær sérstakt frv. sem er breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þær eru efnislega samhljóða þeim brtt. sem við drógum til baka við 3. umr. Þær tillögur sem birtast í öðru frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt laga vissulega skattalega meðferð á þessu máli, sem ríkisskattstjóri hefur gagnrýnt mjög, þó að ekki sé gengið alla leið í því efni. Því fagna ég að komið hefur verið til móts við sjónarmið okkar með þeim hætti og því flytjum við ekki þær brtt. sem við kölluðum aftur við 2. umr. nú við 3. umr. málsins þar sem þær eru settar í lagabúning í öðru frv. sem liggur fyrir þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047, brtt. 1366.

[15:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Það sem málið snýst um, virðulegi forseti, er að bæta því inn að ökuskólar sem eiga bíla sem notaðir eru til ökukennslu, geti notið samsvarandi hlunninda og einstaklingar sem eiga bíla sem notaðir eru til ökukennslu. Um þetta snýst málið, hæstv. forseti. Enn fremur er gert ráð fyrir því að gildistími þessara laga verði 1. júlí 2001. Ástæðan fyrir því að gerð er tillaga til breytinga á gildistökunni er sú að þá gefst ráðuneytinu tóm til þess að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Breytingartillöguna sem formaður efh.- og viðskn. hefur mælt fyrir, um að ökuskólar geti jafnframt notið lækkunar samkvæmt ákvæðum frv., styðjum við að sjálfsögðu. Hún er flutt af efh.- og viðskn. En þetta frv. felur í sér að lagt er til að vörugjald af bifreiðum til ökukennslu lækki til samræmis við vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga og bílaleigubifreiða. Það tel ég sjálfsagt og eðlilegt mál. Maður verður að ætla að þegar veittar eru skattaívilnanir af leigubifreiðum til fólksflutninga, bílaleigubílum og til

bílum til ökukennslu, að það muni leiða til þess að gjald sem tekið er vegna ökukennslu lækki. Það er mjög hátt og verður að ætla að þetta muni leiða beint til þess að þeir sem eru í þeim atvinnurekstri hafi möguleika á að lækka gjaldtöku fyrir ökukennsluna.

Hitt er annað mál að ég er nokkuð ósátt við gildistökuna. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekki stórmál. Hér er verið að breyta gildistökuákvæðinu frá því sem gert var ráð fyrir í frv. Frumvarpið átti að taka strax gildi. En það tefst til 1. júlí vegna þeirra breytinga sem efh.- og viðskn. mælir hér með. Ég skil þetta vel varðandi ökuskólana, geri mér fullkomna grein fyrir því að það þarf aðeins svigrúm til þess að útbúa reglur í samræmi við þetta ákvæði. Ég hefði haldið að hægt hefði verið að taka önnur ákvæði þeim tökum að þau tæki gildi strax. En þetta ákvæði, eins og það er sett fram, nær bæði til ökuskólanna og eins til þess að lækka vörugjald af bifreiðum til ökukennslu og vörugjalds af leigubifreiðum til fólksflutninga og bílaleigubifreiðum. Það er miður. En málið er komið svona inn í þingið og ekkert er við því að gera. Ég taldi þó rétt að þær athugasemdir sem við gerðum í nefndinni við þetta atriði komi fram hér í umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1383.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1297.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1298, brtt. 1399 og 1400.

[15:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil vara við því að gengið sé svo hratt hér í afgreiðslu mála að ekki gefist einu sinni svigrúm til þess að mæla fyrir brtt. Ég vek athygli á því að hér koma í einum rykk ein tíu, tólf mál frá efh.- og viðskn. Við sum hver þurfum við að gera athugasemdir og mæla fyrir breytingartillögum þannig að ég bið forseta að ganga aðeins hægar hér til verka.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Út af orðum hv. þm. biðst forseti afsökunar á því hve hratt hann fór yfir þessi mál.)

Það er meðtekið, herra forseti.

Við höfum leyft okkur að flytja breytingartillögur við þetta mál. Efni frv. er að heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, $^2/_3$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003.

Um þennan þátt frv., herra forseti, er góð samstaða og var góð samstaða í efh.- og viðskn. enda er hér um mál að ræða sem byggir á öryggis- og umhverfissjónarmiðum og miðar að því að auðvelda rekstraraðilum hópferðabifreiða og sérleyfishöfum að endurnýja hópferðabifreiðaflota sinn.

Herra forseti. Um það var nokkuð rætt í meðferð þessa máls hvort dagsetning væri eðlileg varðandi gildistökuna. Um er að ræða að þeir fá virðisaukaskattinn endurgreiddan sem hafa keypt eða leigt hópferðabifreiðar á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Félag hópferðaleyfishafa hefur lagt mikla áherslu á að gildistíminn verði 1. janúar árið 2000, en ekki 1. september árið 2000 þannig að þarna munar einum átta mánuðum.

Við létum kanna um hve háar fjárhæðir væri að ræða ef efh.- og viðskn. opnaði fyrir það að þeir sem hefðu keypt á bilinu 1. janúar til 1. september 2000 féllu líka undir þessar endurgreiðslur. Um var að ræða ný ökutæki sem voru tíu talsins og notuð ökutæki sem voru 24 talsins. Ef ég man rétt var kostnaðurinn við að endurgreiða virðisaukaskatt af þessum hópferðabifreiðum 40–50 millj. kr.

Við teljum rétt og eðlilegt að verða við þeirri ósk Félags hópferðaleyfishafa að þeir sem hafa keypt bifreiðar á þessu tímabili falli líka undir þessi ákvæði. Út á það gengur brtt. okkar. Þá brtt. flyt ég ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Kristjáni L. Möller.

Í annan stað er flytur sú sem hér stendur brtt. ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Ögmundi Jónassyni. Samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir er endurgreiðsluheimildin bundin við hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri sem nýskráðir eru á tímabilinu og búnir eru EURO2 aflvélum eða sambærilegum aflvélum.

Síðan kemur ákvæði um það að heimildin taki ekki til almenningsvagna.

Tillaga okkar gengur út á að þessi heimild nái líka til almenningsvagna og teljum við, herra forseti, að það falli ekki síst líka undir umhverfissjónarmið að endurgreiðslur séu heimilaðar vegna almenningsvagna. Það gæti þá hugsanlega dregið frekar úr notkun, herra forseti, á einkabílum. Við vitum hvernig umferðarþunginn er orðinn t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Þetta gæfi væntanlega möguleika á því að lækka fargjöldin í almenningsvagnana.

Hér er alls ekki um stórar fjárhæðir að ræða, herra forseti. Um tiltölulega fáa almenningsvagna er að ræða sem keyptir höfðu verið á þessu tímabili. Nýskráningar 1999 voru 12. Árið 2000 voru þær fjórar. Það breytir því ekki stóru í fjárhæðum að láta almenningsvagnana falla undir ákvæði frv. Út á það gengur þessi brtt., herra forseti, sem ég mæli fyrir og flutt er af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni og þeirri sem hér stendur.

[15:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt. Ég hef skrifað undir nál. en með fyrirvara þó. Frumvarpið gengur út að heimila endurgreiðslu þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni, hluta

þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu á hópferðabifreiðum. Síðan eru þær skilgreindar. En tekið er sérstaklega fram að þessi undanþága skuli ekki ganga til almenningsvagna.

Hópferðabifreiðar eru víða á landinu hluti af almenningssamgöngukerfinu. Sum þeirra fyrirtækja sem sinna þessu verkefni standa á brauðfótum og vissulega er ástæða til að styðja þau eftir megni. Hins vegar er það alltaf álitamál þegar verið er að gera sértækar ráðstafanir af þessu tagi. Staðreyndin er vitaskuld sú að ef við horfum til atvinnurekstursins í heild sinni þá væri víða ástæða til slíks inngrips. Ég hef því í sjálfu sér ákveðnar efasemdir um þessa aðferð.

Hitt finnst mér sérstaklega slæmt og jafnvel ámælisvert, að almennignsvagnar skuli undanþegnir þessu ákvæði, þessu undanþáguákvæði í lögunum, því ef nauðsyn er á einhverju þá er það að styrkja almenningssamgöngurnar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt mikla áherslu á það í okkar málflutningi að efla almenningssamgöngur og stöndum þess vegna að brtt. sem gerir ráð fyrir því að þessi undanþáguheimild taki einnig til almenningsvagna.

Ég stend að brtt. um það efni ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að gera grein fyrir þessum tveimur áherslum, annars vegar ákveðnum efasemdum um að grípa til þessara sértæku ráðstafana, þótt ég leggist ekki gegn þeim. En fyrst á annað borð farið er út á þá braut finnst mér eðlilegra að þessi undanþáguheimild sé víðtækari og taki einnig til almenningsvagna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001.

[15:31]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það eru liðin 37 ár og mánuði betur. Í apríl 1964 þegar sá sem hér stendur tók fyrst sæti á hinu háa Alþingi var hann sannfærður um að sala á kristfjárjörðum væri með öllu óheimil, alla vega ósiðleg, ef ekki beint lögbrot, þ.e. að selja eignir sem menn hafa gefið til sáluhjálpar sér og til styrktar þeim sem er bágt áttu.

Í stað þess að vinna þessi verk og brjóta þannig af sér ætti hæstv. ríkisstjórn að mínum dómi að athuga það að taka til stóra gjöf hjá sér og gefa til sáluhjálpar sér, þótt það komi kannski fyrir lítið.

[15:32]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þinginu frv. til laga um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég set mig ekki á móti því að jarðir í hinum dreifðu byggðum haldist áfram sem bújarðir. Svo mun a.m.k. verða með aðra jörðina, sem verður áfram í hefðbundnum sauðfjárbúskap. Hin jörðin verður nýtt til nýrrar þjónustu, sem sé ferðaþjónustu. Um það er í sjálfu sér ekkert nema gott að segja.

Orð mín snúa ekki að þessum kaupum sem slíkum eða þeirri afstöðu sveitarstjórnar að selja þessar jarðir bændum sem hafa búið þar um langa tíð. Aftur á móti vildi ég gera það að umtalsefni að óvíst er hvort þetta er lögleg gjörð, að selja jarðirnar. Það þarf að endurskoða jarða- og ábúðarlögin, fara í heildarendurskoðun á þeim og það er löngu orðið tímabært. Þar með þarf að taka tillit til atriða eins og kristfjárjarða sem eru sérstakt fyrirbæri má segja í dag varðandi eignarhaldið, því það er almenningur sem á jarðirnar og á að varðveita þær fyrir hönd drottins vors, sem þær voru gefnar. Hann er hinn rétti eignaraðili. Það er erfitt að sinna umsýslu fyrir himnaföðurinn sjálfan en nú er samt komið að því að við þurfum að hafa skýrar línur fyrir hans hönd um hvernig við eigum að fara með þessar jarðir.

Það þarf að móta skýra stefnu og það varðandi fleira en bara kristfjárjarðirnar. Fólk hefur í gegnum tíðina, í gegnum aldirnar, gefið guði aðrar gjafir sér til sáluhjálpar, gefið fríðindi svo sem að hirða rekavið, skógarhögg, veiðar, dúntekju og fleira. Slík fríðindi voru gjarnan gefin kirkjujörðum.

Nú eru kirkjujarðir ekki í notaðar eins og áður, þ.e. prestar búa orðið margir í þéttbýli. Áður voru preststsetur til sveita. Eftir standa kirkjujarðirnar, margar notaðar til mismunandi búskapar og þeim tilheyra svo fríðindi sem í sjálfu sér tilheyra ekki jörðunum ef grannt er skoðað. Um gjafir eins og þessar, kristfjárjarðirnar, höfum við engin skýr ákvæði, um hvernig skuli fara með, t.d. ef kirkjujarðirnar eru seldar eða þær teknar til annarrar notkunar. Eiga þessi hlunnindi að fylgja með eða ekki? Það er allt annað mál á þeim jörðum þar sem prestar sitja enn, nýta jarðirnar og þau hlunnindi sem til jarðanna voru gefin. Spurningarnar vakna þegar kemur að því að jarðirnar eru seldar. Hvað á þá að gera?

Sveitarfélögin ættu að hafa forkaupsrétt að þessum jörðum. Ég held að við þessa endurskoðun ætti að skoða hvort þessar jarðir ættu ekki áfram að vera eins og erfðafestuland, undir þeim formerkjum að því fólki sem býr á jörðunum sé tryggð búseta um aldur og ævi og þeirra niðjum. Þannig væri ekkert óöryggi varðandi búsetu á jörðunum.

Það átta sig ekki allir á því hvað þessar kristfjárjarðir eru. Þessar jarðir voru gefnar til sáluhjálpar og ætlaðar fátækum einstakingum að búa á, sem voru þá ofast ekkjur eða einstæðingar eða fjölskyldum þar sem veikindi voru eða fjöldi barna og fátækt af þeim sökum. Það var verið að tryggja þessu fátæka fólki fasta búsetu svo það þyrfti ekki að hrekjast á milli og leigan gekk í fyrstu til kirkjunnar. Hins vegar er orðið langt síðan kirkjan hefur í sjálfu sér haft nokkur afskipti af þessum jörðum. Í flestum tilfellum hefur leigan gengið til sveitarfélaganna og sveitarfélögin haft þá skyldu að nota leigutekjurnar til félagsaðstoðar eða félagslegrar uppbyggingar. Það mun eiga að gera við sölu þessara jarða, þ.e. nota andvirðið til félagslegra framkvæmda í viðkomandi hreppi. Ég set mig ekkert á móti því.

Herra forseti. Ég vil eingöngu koma á framfæri hugleiðingum mínum um málið og vara við því að löggjöfin sé óskýr í þessum efnum. Það þarf að vera ljóst hvernig fara á með jarðir eins og kristfjárjarðir. Ég hvet einnig til þess að farið verði í það fljótt að endurskoða jarða- og ábúðarlög sem fyrir löngu er orðið tímabært.

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ræddi lítillega um efni þessa frv. fyrir nokkrum dögum og þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði þar um sjónarmið mín í þessu sambandi. Ég get sömuleiðis tekið undir það sem hér hefur komið fram í dag, í máli tveggja síðustu háttvirtu ræðumanna.

Það er aðeins ein viðbót við þetta mál sem ég vil koma á framfæri sem ég hef í annríkinu undanfarna sólarhringa, eftir að þetta mál bar á góma, verið að velta fyrir mér, þ.e. hvernig mögulegt væri að ganga þannig frá málinu að menn þyrftu ekki að óttast að þeir lendi í árekstri við hinn upphaflega anda gjafanna sem hér eiga í hlut.

Mér sýnist að þetta frv. á býsna tæpu vaði varðandi það hvort það sé siðferðilega og jafnvel lögfræðilega verjandi að afhenda þessar eignir, þessi verðmæti, með beinni sölu og endanlegri í eitt skipti. Ástæðan er ósköp einfaldlega sú að hér er um að ræða gjöf, í raun og veru um það að ræða að sett er á fót einhvers konar sjálfseignarstofnun merkt himnafeðgunum með þessum hætti, til að skila síðan um aldur og ævi ákveðnum verðmætum til líknarmála.

Ég held að mönnum beri mjög rík skylda til þess, þ.e. ef þeir vilja vanda sig á annað borð og gera eitthvað með það, að reyna að virða anda gjafa af þessu tagi og finna þá leiðir, ef sjálft kristfjárjarðaformið gengur ekki upp eða rekst þá einhver önnur sjónarmið, t.d. að ábúendur vilja fá jarðirnar keyptar, að leita þá leiða sem komast þó sem næst því að virða vilja upphaflegra gefenda. Hvernig gera menn það? Gera menn það með þessu, að selja jörðina og segja sem svo: Við ráðstöfum öllu andvirðinu til líknarmála í samræmi við upphaflegan anda gjafarinnar, og svo búið?

Þá er á það að líta að jörðin skilar ekki lengur þeim árlega afrakstri sem hugsun gefandans á sínum tíma var að hún gerði um aldur og ævi í formi afgjalds, leigugjalds, eða þeirra tekna sem hlunnindanýting á henni og búskapur á henni gæti gefið af sér. Af hverju völdu menn þær leiðir? Af hverju gáfu menn jarðirnar á sínum tíma? Jú, ástæðan var sú að við þær aðstæður, á 18. og 19. öld, var engin varanlegri aðferð til en sú að gefa sjálfar jarðirnar, fremur en efnisleg verðmæti, vegna þess að þetta var einhver tryggasta geymsla á verðmætum, sem árlega gáfu af sér, sem fyrir hendi var á þeim tíma. Þá var ekki búið að finna upp verðtrygginguna. Þá voru ekki bankar til að geyma fjármuni og greiða árlega af þeim vexti o.s.frv. eins og hægt væri í dag.

Þetta var sem sagt og alþekkt, að menn söfnuðu verðmætum í jörðum á þessum tíma. Þeir sem efnuðust þeir gerðu það fyrst og fremst í gegnum það að eignast jarðir. Ef þeir græddu á þeim þá keyptu þeir fleiri jarðir. Ríkidæmi manna var mælt í jörðum og jarðeignum og hundruðum. Ég held, herra forseti, að menn sýni anda gjafanna á sínum tíma ekki tilhlýðilega virðingu með því að gera þetta svona. Hvað fæst fyrir sölu jarða af þessu tagi, sem sumar hverjar ganga kannski ekki á mjög háu markaðsverði? Það hefur stundum verið notað sem viðmiðun að til viðbótar því beina verðmæti sem fólgið væri í jörðunum, húseignum og ræktun og öðru slíku, tækju menn um það bil tíu ára hlunnindatekjur, tíu ára leigutekjur jarðanna, og bættu því við kaupverðið. Þar með væri heildarverðið fengið.

Hvað gerist þá? Jú, þá gerist það, þegar menn eru búnir að nýta þetta söluandvirði og svo þessar tíu ára tekjur af jörðinni, að gjöfin er búin. Sagan búin. Þá er ekki lengur um það að ræða að þeir sem gáfu þetta sér til ævarandi sáluhjálpar geti treyst því að sálu þeirra sé borgið í gegnum það að gjöfin feli þetta í sér um aldur og ævi.

Herra forseti. Vel má vera að rík rök séu til þess að fara út í sölu jarðanna. Þau gætu þá verið annars vegar þau að þetta fyrirkomulag sé í raun úrelt form og þjóni ekki nógu vel markmiðum gjafarinnar lengur vegna þess að aðrar leiðir en þær fornu séu vænlegri til þess að ávaxta verðmætin eða geyma þau. Og svo náttúrlega vegna þess að þegar margar kynslóðir eru kannski búnar að búa á svona jörð og vilja sitja hana áfram þá er ósköp eðlilegt að menn vilji gjarnan fá að hafa þar sömu stöðu og aðrir. Ég ber fulla virðingu fyrir því sjónarmiði.

Herra forseti. En þá held ég að menn hefðu átt t.d. að færa verðætin yfir í annars konar sjálfseignarstofnun eða sjóð. Ég vil leyfa mér að velta því upp að frekar en selja jarðirnar og greiða verðmætið út í eitt skipti fyrir öll ættu menn að færa það yfir í kristfjársjóð, þ.e. stofna hann eða sjálfseignarstofnun sem bæri þetta nafn. Auðveldara væri þó væntanlega að koma þessu fyrir í sjóði sem gæti verið þannig uppbyggður að hann héldi aðgreindum verðmætunum sem kæmu inn fyrir hverja jörð og gerði upp bókhald fyrir þær sérstaklega, ávaxtaði féð og arðurinn væri til ráðstöfunar á hverju einasta ári um ókomna tíð til að ganga til þeirra verkefna sem hinn upphaflegi tilgangur var.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað sjá að menn hefðu farið yfir slíka hugmynd. Er ekki alveg tilefni til að velta fyrir sér öðrum leiðum í þessum efnum sem bjóða upp á það að ábúendurnir geti þá fengið jarðirnar keyptar ef aðstæður mæla með því og um það er samkomulag og það gæti orðið til þess að treysta búskap og búsetu á þessum jörðum? Gott og vel, þá er það auðvitað hið besta mál. En menn væru samt sem áður að reyna að halda til haga eðli þessarar sérstöku gjafar, sem er mjög sérstakt og í raun merkilegt því þetta var göfug hugsun og framsækin, í gegnum það að búa til einhvers konar líknarsjóði eða líknarsjóð, kristfjárjarðasjóð, sem ávaxtaði verðmætin og reyndi að gæta þeirra um aldur og ævi og tryggja að arðinum mætti svo ráðstafa til þessara verkefna.

Dæmin um slíkt fyrirkomulag eru fjölmörg og ekki þarf langt að sækja þau. Þetta er t.d. mjög algengt í stofnsamþykktum minningargjafasjóða. Þar er nákvæmlega svona frá þessu gengið. Safnað er fé eða lagður til slíkra sjóða arður eða verðmæti. Á grundvelli stofnsamþykktar er síðan farið með þau verðmæti. Oftast er áskilnaður um að ekki megi skerða höfuðstólinn og jafnvel að hann eigi að einhverju leyti að aukast, að hluta ávöxtunarinnar skuli varið til að auka hann en hinum hlutanum varið til einhverra verkefna á hverju einasta ári. Fjöldinn allur svo hundruðum skiptir eru líknarsjóðir og menningarsjóðir og auðvitað eru ákveðnar sjálfseignarstofnanir byggðar á nákvæmlega þessum grundvelli.

Ég hefði valið einhverja svona leið í sporum manna áður en þeir fóru út í að fara að selja eina og eina kristfjárjörð og í raun að því leyti til rjúfa þannig það framtíðarsamband eða fyrirkomulag sem þarna átti að vera.

Herra forseti. Ég á því í dálitlum erfiðleikum með að styðja þetta mál eins og ég sagði í fyrri ræðu minni og treysti mér eiginlega ekki til þess. Ég áskil mér rétt til þess að reyna þó síðar verði að leggja til upp á framtíðina a.m.k., hver sem niðurstaðan kann nú að verða í þessu tilviki, að menn leiti einhverra annarra leiða til þess að efna betur og uppfylla betur þann anda sem gjafirnar voru gefnar í á sínum tíma af því það tel ég mönnum siðferðilega skylt að gera.

Mér finnst menn ekki hafa vandað sig nóg í þessu tilviki. Ég kann ekki söguna, hversu mörg fyrri fordæmi eru. Ég held þau séu mjög fá. Ég veit ekki hve mörg. Alla vega veit ég að um nokkurt árabil hefur ekki verið hróflað við þessum hlutum og það mun hafa sætt deilum, held ég, í hvert einasta skipti sem það hefur verið tekið upp eða reynt hér á þingi

væntanlega vegna þess að menn hafa séð að það orkar mjög tvímælis að menn séu að gera þetta með réttum hætti eða hafi jafnvel bara siðferðilegan og lagalegan rétt til að gera það á þennan hátt.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 542. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 1404.

Leigubifreiðar, 633. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 1412.

Mat á umhverfisáhrifum, 557. mál, svar umhvrh., þskj. 1368.

[15:51]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við athugun þessa máls í félmn. komu ekki fram miklar athugasemdir við að við mundum afgreiða málið þaðan út, nema hvað fyrirvari var reyndar hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Eftir því sem ég hef athugað þetta mál hjá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og fram kemur jafnframt í þessari greinargerð, þá telur hreppsnefndin að það þjóni best hagsmunum íbúa hreppsins að búskap verði haldið áfram á jörðunum og frv. gerir einmitt ráð fyrir því að einungis sé heimilt að selja jarðirnar til ábúenda hreppsins.

Ég get svo sem tekið undir að það er í sjálfu sér sjálfstætt athugunarefni að fara yfir það hversu margar kristfjárjarðir eru yfir höfuð til og hvernig þeim er fyrir komið almennt í landinu.

Varðandi þetta mál, þá er þetta náttúrlega ósk hreppsnefndarinnar. Ráðuneytið er búið að fara mjög vandlega yfir málið og í raun var heimild til þess að selja þetta með lögum 20/1953. En tímafresturinn til þess að selja jarðirnar rann út þá og í því tilfelli var einungis nýtt heimildin til að selja jörðina Geitagerði. Þess vegna er hreppsnefnd Fljótsdalshrepps nú að óska eftir endurnýjuðu umboði til þess að fá að selja þessar jarðir.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er allt á sínum stað og hefur komið hér fram í umræðunum. Það er ekki verið að gera neinar athugasemdir við það í sjálfu sér þó að í fyrsta lagi vilji þessir ágætu ábúendur gjarnan kaupa jarðirnar sem þeir hafa setið og hyggjast gera áfram og í öðru lagi að hreppsnefnd Fljótsdalshrepps — er það ekki? — samþykki það og telji það heppilegt og rétt að stuðla að því. Ég hef fullan skilning á hvoru tveggja.

En það er ekki þessara aðila að huga að hinni hlið málsins sem er hin siðferðilega og lagalega hlið sem snýr að eðli kristfjárjarðanna sem gjafa á sínum tíma og þeim tilgangi sem á bak við lá og allri þeirri umgjörð. Það hlýtur að vera okkar á Alþingi. Þess vegna verður að afla sjálfstæðrar lagaheimildar í hverju einstöku tilviki því um eins konar sjálfseignarstofnun er að ræða í þessum skilningi, merkta himnaföðurnum eins og menn hafa hér áður sagt.

Það er eingöngu sú hlið mála sem ég hef verið að gera hér að umtalsefni. Auk þess sem ég tel að öll þessi jarðamál ríkisins og ríkisjarðanna séu meira og minna í uppnámi vegna þess að engin heildarstefna er í gangi í þessum efnum. Það er tilviljanakennt hvernig með þessi mál er farið nú um stundir eins og við höfum áður rætt og af öðru tilefni og þurfum ekkert að blanda svo sem endilega inn í þetta.

En það sárvantar hérna einhverja framtíðarstefnumótun um það hvernig farið verður með opinbert jarðnæði og hvaða reglur eigi setja um það, hvort það verður yfir höfuð selt og þá hvernig o.s.frv. Ófremdarástand ríkir í þessu í dag. Kristfjárjarðirnar eru auðvitað að hluta til inni í því samhengi, því það sem mönnum finnst í sjálfu sér ágætt, að selja þær ábúendum, er þá væntanlega í trausti m.a. ákvæða ábúðarlaga og jarðalaga. Þau þarf að endurskoða þannig að að ýmsu leyti væri nú best að fresta stórum ákvörðunum í þessum efnum, herra forseti, þangað til málin skýrast.

[15:55]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum minnast þess að þessar jarðir eru einmitt sjálfseignarstofnanir. Þær eru ekki ríkisjarðir. Þessar jarðir hafa verið í umsjón og umsýslu sveitarstjórna en ekki ríkisins. Þannig er það nú til komið. Tilurð þessara jarða er sú að þær voru gefnar í því skyni að fátæklingar, eins og segir í greinargerðinni, í viðkomandi hreppi mættu njóta afgjalds eftir þær um aldur og ævi. (**Gripið fram í:** Um aldur og ævi, já.)

En við skulum minnast þess að jörðin Arnheiðarstaðir er talin hafa verið kristfjárjörð svo langt aftur sem skriflegar heimildir ná og gjafabréf jarðarinnar er reyndar löngu týnt. Nú á tímum höfum við annars konar tryggingakerfi og við höfum félagsþjónustu sveitarfélaganna sem einmitt þetta sama sveitarfélag sem ætlar að fá heimild til að selja þessar tvær jarðir, hefur skyldur til þess að uppfylla, þær sömu og reiknað var með að afgjald þessara jarða gæti nýst til, þ.e. því fólki sem ætti um sárt að binda eða er eins og segir hér, fátæklingar.

Sveitarstjórnirnar bera því þessa ábyrgð núna. Ég held að þetta komi allt heim og saman og því eðlilegt að sveitarstjórnirnar fái að ráðstafa þessum jörðum eins og þær helst vilja.

[15:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Orðin um „aldur og ævi" í greinargerð frv. segja auðvitað í raun aðalkjarnann í þessu máli. Það var hugsun gefendanna. Þeir völdu þá leið sem vænlegust var til þess að verðmætin héldust og gæfu af sér um ókomna tíð, þ.e. að hafa þau í formi jarðagjafa og treysta á að afgjald jarðanna, tekjurnar af þeim, gætu árhundruðum og þúsundum saman og inn í sjálfa eilífðina sem er löng, gefið af sér í þágu þessara málefna.

Ein aðalástæðan fyrir því að ég er að taka þetta hér upp er m.a. að út af þeirri braut sveigja menn með þessu, þ.e. með einskiptis og endanlegri sölu jarðarinnar sem gefur af sér ákveðin verðmæti í eitt skipti og búið, og þetta hverfur.

Það er, held ég, ekki þannig að við getum vísað í batnandi lífskjör og betri félagsþjónustu í dag en var á miðöldum. Að sönnu er rétt að menn eru ekki á vergangi, hætt er að hola niður hreppsómögum og eymdin er ekki slík eins og hún var þá verst.

En því miður breytir það ekki hinu að víða eru bágindin og víða er þörf fyrir stuðning þó til staðar sé velferðarkerfið sem menn vísa á, félagsþjónusta sveitarfélaga, Tryggingastofnun og allt það. Öll mannleg eymd og bágindi hafa því ekki horfið þannig að rök séu til þess að nú þurfi ekki lengur að leita leiða til að efna eins vel og nokkur kostur er anda þessara gjafa á sínum tíma. Ég óttast reyndar að þess muni langt að bíða að við náum að skapa það fyrirmyndarsamfélag

að allir verði sammála um að nú sé engin þörf fyrir hluti af þessu tagi. Ég óttast að langt sé í það.

[15:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi lætur svo sem ekki mikið yfir sér. Markmið frv. að færa þessar jarðir til ábúenda sinna þannig að þeir geti setið þær og nýtt með hliðstæðum rétti og um eignarhald sé að ræða, er ofur skiljanlegt. Jafnframt er mjög skiljanleg afstaða heimamanna sem vitnað er til í umsögn hreppsnefndar Fljótsdalshrepps. Þar er sagt er, með leyfi forseta:

„Telur hreppsnefnd það þjóna best hagsmunum íbúa hreppsins að búskap verði haldið áfram á jörðunum og að það verði best tryggt með því að selja ábúendum jarðirnar."

Þetta er ósköp eðlileg afstaða þegar rætt er um eignarhald, eignaskipti og eignabreytingar á jörðum sem þessum.

Eins og hv. þm. Þuríður Backman og Steingrímur J. Sigfússon hafa rakið mjög ítarlega er afar mikilvægt að finna leið til þess að tryggja stöðu ábúenda á þessum jörðum og hliðstæðum jörðum sem eru víða um land og jafnframt notkun og ráðstöfun annarra jarða sem líkt er ástatt um, að því sé fundinn fastari farvegur ekki síst nú á tímum þegar við, eins og við hér í þinginu, upplifum að allt á að selja, menn fara bara nánast í símaskrána og fletta upp hvað eigi að selja næst. Þannig eru vinnubrögðin þó að ég sé ekki að segja að þau gildi endilega í þessu tilviki, en í ýmsum öðrum virðist það vera eða a.m.k. ekki sjáanlegt annað markmið í ýmsum öðrum tilvikum sem hér ganga nú yfir í áhuga á að selja. En sleppum því í þessu sambandi.

En einu, herra forseti, er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þegar kvöðum hefur verið létt á þessum jörðum og þeim skyldum sem á þær hafa verið lagðar með að þær séu kristfjárjarðir og séu gefnar til ákveðinna verkefna og ákveðinnar þjónustu í forsjá himnaföðurins, þ.e. honum gefnar þær um aldur og ævi, að þó að aðstæður breytist í einhverju, þó að félagsaðstæður breytist og við tökum upp ýmsa félagslega þjónustu, eina í dag og aðra á morgun eftir aðstæðum, þá breytum við ekki því að við ætlum áfram að búa við sama himnaföðurinn. Og ekki stendur til að breyta um hann. Ég vil leggja áherslu á að skyldur gagnvart honum, ef taka má þau orð sér í munn hér um það, eru óbreyttar þannig að það eru í sjálfu sér ekki rök í málinu.

Og þó að nú sé fullur vilji til þess að selja jarðirnar ábúendum og verði kveðið svo á um í afsalssamningnum að þeir ábúendur sem munu eignast þær skuli selja þær áfram til ábúenda í viðkomandi sveitarfélagi til ábúðar, þá vitum við að það er í sjálfu sér engin leið til að tryggja það lagalega séð í framkvæmd. Það vitum við. Þrátt fyrir góðan tilgang og góðan ásetning mun það reynast örðugt og ekki hægt.

Það hefði verið fróðlegt að vita — ég sé að hæstv. félmrh. er kominn hér, hugsanlega til að taka þátt í umræðum — hversu margar jarðeignir, aðrar eignir og hlunnindi og ígildi þess eru á landinu sem bundnar eru með þessum hætti, þessum heilaga hætti sem var virkilegur vilji þeirra sem þá stóðu að því að skyldi þjóna þessu göfuga hlutverki.

Fróðlegt væri að sjá það því að hver ein aðgerð á eftir annarri hlýtur á vissan hátt að vera fordæmisgefandi, gefa ákveðinn tón fyrir framhaldið sem þar gæti orðið þrátt fyrir góðan og sterkan málstað í hverju tilviki og þrátt fyrir að lög kveði á um að hvert einstakt tilvik skuli meðhöndlast sérstaklega á Alþingi, þá væri fróðlegt í þessu sambandi að fá hér fram hver er almenn heildarstaða þessara mála. Það er full ástæða til þess að umgangast og fara með þessa ráðstöfun fólks á sínum tíma af fullri virðingu fyrir þeim málstað sem þar var verið að leggja til og þeirri ætlan og þeim vilja.

Herra forseti. Ég ítreka það einmitt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom hér inn á, að það hlýtur að vera hægt að finna eitthvert form sem gæti að einhverju leyti og sterkara en nú er komið til móts við ábúendur slíkra jarða til að gefa þeim þar aukinn rétt, þó að þeir mundu að sjálfsögðu verða að búa við það að þetta yrði aldrei sem slíkt söluhæf eign, eða erfitt að finna form á því að þetta yrði eign sem gæti gengið kaupum og sölum á frjálsum markaði og jafnframt þjónað því hlutverki sem að er stefnt og jafnframt tryggja ábúð og búsetu heima í héraði.

Ég vildi taka þetta fram, herra forseti. Ég vil jafnframt aðeins víkja að því, þó að það sé alls ekki tengt þessu máli þá kemur manni það óneitanlega í hug, að fyllileg ástæða er til þess að ríkið setji sér stefnu varðandi jarðeignir, eign á löndum, eign á náttúruperlum og eign á jarðeignarlöndum.

Við upplifum það við fjárlagagerð á hverju ári að leitað er heimilda til að selja ríkisjarðir og ríkiseignir að því er virðist afar tilviljanakennt og án þess að nein stefna sé fyrir hendi hvernig hald ríkisins á slíkum jarðeignum skuli vera og hvaða sýn það hefur.

Einnig kemur það líka spánskt fyrir sjónir að jafnframt því að ríkið er að selja jarðeignir og náttúruperlur, jarðir upplagðar til útivistar eða þess vegna sem almenningar eða til almannaheilla en sem gæti verið gott að eiga til frambúðar, þá getur þetta verið selt án nokkurrar skoðunar á því hvaða verðmæti þar geta verið í húfi. Og jafnframt er ríkið um leið að reka málaferli gagnvart landeigendum sem eiga lönd, annaðhvort á hálendinu eða allt til sjávar, og reyna að slá eign sinni á það undir því yfirskyni að verið sé að flokka og sækja land til þess að vera almenningar á hálendi Íslands sem er gott mál í sjálfu sér en má ekki teygja út fyrir það að vera í formi landakrafna.

Ég ætla ekki að gera þetta að öðru leyti að umtalsefni hér, herra forseti, í tengslum við þetta mál, bara vekja athygli á því að stefna ríkisins í jarðeignamálum annars er afar þversagnakennd.

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir eða þau tilmæli sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með að ástæða væri til að skoða mál slíkra jarða og jarða sem líkt er ástatt með áður en farið er að ráðstafa þeim jafnvel með fordæmisgefandi hætti eins og hér er verið að leggja til, en ber fulla virðingu fyrir og sýni fullan skilning á þeim óskum sem bæði ábúendur á þessum jörðum og heimaaðilar sýna og leggja til í þessu máli.

[16:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið býsna fróðleg umræða. Ég verð að viðurkenna að núna á þessum síðustu dögum þegar málin hrannast upp, þá hefur 2. umr. um þetta sérstaka mál í raun og veru farið fram hjá mér. Ég fagna því að hæstv. félmrh. er kominn hér í salinn og tekur þátt í umræðunni væntanlega, vegna þess að hér er á ferðinni frv. sem m.a. felur það í sér í fyrsta lagi að selja þessar jarðir en felur það einnig í sér að ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félmrn. og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa. Það hefur nú gerst áður að slíkar jarðir hafi verið seldar með svipuðum skilyrðum og hér er að finna í 1. gr. Þess vegna væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra

hvernig eftirlitinu hefur verið háttað og hvernig söluandvirði hefur verið ráðstafað fram að þessu. Og jafnframt, af því það kemur fram í athugasemdum við frv., að í sumum tilvikum hefur afgjald þessara jarða, leiga, runnið í sveitarsjóði. Það hlýtur þá að gilda alveg það sama varðandi afgjald fyrir þessar jarðir, leigu eða aðrar greiðslur sem hafa verið fyrir þær, að ráðstafa eigi þeim eins og segir hér „til félagslegra framkvæmda í hreppnum", eða a.m.k. til þeirra sem minnst mega sín á því svæði sem viðkomandi jörð er og sveitarfélagið nær yfir.

Þess vegna tel ég nauðsynlegt, áður en þetta frv. hlýtur hér endanlega afgreiðslu, að farið sé yfir það hvernig slíku eftirliti hefur verið háttað fram til þessa varðandi ráðstöfun andvirðis fyrir jarðir sem þegar hafa verið seldar og hve margar jarðir er þar um að ræða, og einnig af því að í athugasemdum við frv. segir: „Telur hreppsnefnd [þ.e. Fljótsdalshrepps] það þjóna best hagsmunum íbúa hreppsins að búskap verði haldið áfram á jörðunum og að það verði best tryggt með því að selja ábúendum jarðirnar."

Lá það fyrir að þeir ábúendur sem eru á þessum tveimur jörðum ætluðu að hætta búskap ef þeir fengju jarðirnar ekki keyptar? Nú kemur einnig fram í þessum athugasemdum hvers konar búskapur er fyrirhugaður á þessum jörðum. Töluverð uppbygging virðist vera þar í gangi og nú þegar eru eigendur þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað á báðum jörðunum þannig að ég tel kannski ekki mjög líklegt að þeir hlaupi í burtu þó að þeir fengju ekki jarðirnar keyptar og salan væri látin bíða þar til mótaðar hefðu verið heildstæðar reglur varðandi sölu á ríkisjörðum og þá kannski sérstaklega þessum kristfjárjörðum sem vissulega gilda um sérstök lög og hafa ákveðna sérstöðu, enda hefur kirkjan, merkilegt nokk, fyrir nokkuð löngu hætt að hirða um þessar jarðir og vísað á aðra, þó svo að líklega séu fáar kirkjujarðir þar sem settar hafa verið fram aðrar eins kvaðir varðandi það að þjóna þeim tilgangi sem kirkjan stendur fyrir.

Þess vegna er það aldeilis með ólíkindum að það skuli þá vera fyrst og fremst þessar jarðir sem voru í umsjón kirkjunnar sem ýtt er frá henni þar sem þær eru gefnar þeim sem þar fer með öll völd og allri hugsun á að stýra.

En fróðlegt væri, virðulegi forseti, að heyra það hjá hæstv. félmrh. hvernig staðið hefur verið að því að framfylgja þeim skilyrðum sem eru varðandi kristfjárjarðirnar og því að söluandvirði sé ráðstafað í samræmi við þau skilyrði og eins því andvirði eða afgjaldi, eða eins og hér stendur: „hefur afgjald þeirra a.m.k. stundum runnið í sveitarsjóð". Það virðist því ekki hafa verið alveg ljóst hvernig með þetta hefur verið farið í öllum tilvikum. En það er alveg nauðsynlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig þessum ákvæðum hefur verið fylgt eftir og hvað það er sem ýtir sérstaklega á eftir sölunni núna áður en reglurnar hafa verið fastmótaðar. Ætla menn að ábúendur legðu niður búskap ef þeir fengju ekki jarðirnar keyptar núna á þessu vori eða er tími til þess að móta heildstæðar reglur varðandi sölu þessara jarða?

[16:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að langar umræður mundu spinnast um þetta litla mál. Jörðin Arnheiðarstaðir var upphaflega gefin í guðsþakkaskyni, þ.e. til fátækraframfærslu í Fljótsdalshreppi. Droplaugarstaðir voru byggðir út úr jörðinni Arnheiðarstöðum eins og fram kemur á þingskjalinu.

Sveitarstjórnir hafa sýslað með kristfjárjarðir síðan einhvern tíma á 19. öld. Ég hef ekki lagst í nákvæma söguskoðun en kirkjan hefur lítið eða ekkert skipt sér af þessum jörðum í seinni tíð.

Árið 1953 heimilaði Alþingi sölu á þremur jörðum í Fljótsdal. Einungis ein þeirra var seld þá, þ.e. Geitagerði, en heimildin féll úr gildi varðandi Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði. Bændurnir á þessum jörðum eiga mannvirki og ræktun, þ.e. að mestu leyti eiga þeir það verðmæti sem er þarna til staðar. Nú óska ábúendur eftir því að kaupa. Það mun a.m.k. vera þannig um Droplaugarstaði að þar hefur bóndinn áform um að fjárfesta í mannvirkjum til ferðaþjónustu svo framarlega sem hann eignist jörðina og geti þá veðsett hana og þess háttar en hann mun ekki hafa áhuga á því eða treysta sér í þá fjárfestingu nema hann fái jörðina keypta. Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps óskaði heimildar til að selja þessar jarðir. Mér fannst eðlilegt að verða við þeirri beiðni og þess vegna er þetta frv. flutt. Skilyrt er að andvirðinu verði varið í samræmi við upphaflegan tilgang, þ.e. til félagslegra verkefna í Fljótsdalshreppi.

Nú hefur verið spurt eftir því hvernig eftirliti félmrn. með ráðstöfun andvirðis slíkra jarða hafi verið varið á fyrri tíð. Þetta er í fyrsta sinn sem ég flyt frv. um kristfjárjarðir. Ég held að ekki séu nema örfáar kristfjárjarðir eftir í landinu. Ég hef ekki tölu á þeim en þær eru fáar og ég veit ekki til þess að neitt eftirlit hafi verið haft á ráðstöfun andvirðis síðan ég kom í félmrn. enda mun það vera nokkuð langt síðan síðast var flutt frv. um kristfjárjarðir. Það hefur ekki verið gert í minni tíð svo að mig reki minni til. Hins vegar var það gert milli 1960 og 1970. Þá var flutt frv. um sölu tveggja kristfjárjarða í heimabyggð minni, Hamars í Svínavatnshreppi og Meðalheims í Torfalækjarhreppi. Þá var hér starfsmaður í þinginu, Halldóra B. Björnsson, systir Sveinbjarnar allsherjargoða, og framúrskarandi vel hagmælt eins og þau systkini önnur og henni varð þetta að yrkisefni:

Í Húnavatnssýslunni viðreisnin góðbændur gisti,
þeir græddu sumir, hjá öðrum taprekstur var.
Nú vilja þeir efnaðri kaupa jarðir af Kristi
og kunna ekki við að hafa hann sveitfastan þar.

Ég held að Kristur sé enn þá með okkur þarna fyrir norðan og treysti því að hann hafi ekki yfirgefið okkur þó að þessar jarðir hafi verið seldar. Þess vegna vil ég ekki bregða fæti fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á Droplaugarstöðum eða leggja stein í götu þess að viðkomandi bændur eignist þessar tvær jarðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1067, nál. 1222.

[16:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér þrjár breytingar. Í fyrsta lagi að færa dagsetningu útgáfu árlegrar skrár yfir framreiknað fasteignamat til 31. desember í stað 1. desember og með hliðsjón af lögum um breytingu tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt voru í nóvember 2000. Í öðru lagi er í frv. leitast við að skapa aðstæður til að samræma fasteignamat meira en núgildandi lög heimila þannig að lögfest verði heimild

stofnunarinnar til þess að hafa frumkvæði að endurmati fasteignamats einstakra eigna. Í þriðja lagi felur frv. í sér að lögfest verði ákvæði um andmælarétt fasteignaeigenda.

Öll þessi atriði sem hér eru nefnd virðist vera eðlilegt að nái fram að ganga. En ég leitaði til Fasteignamats ríkisins í tengslum við þetta mál út af máli sem að hluta til tengist þessu frv. og sem ég vildi gera að umræðuefni. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að vera viðstaddur umræðuna vegna þess að það mál sem ég vildi gera að umtalsefni tengist ráðuneyti hans og athugasemdum sem fram hafa komið hjá fasteignasölum og íbúðakaupendum varðandi brunabótamat sem hámark veðsetningar vegna fasteignaveðbréfa.

Ég spurði Fasteignamat ríkisins um það mál í tengslum við það frv. sem hér er flutt og þeir svara mér svo, herra forseti:

„Með bréfi Fasteignamats ríkisins til félmrn., dagsett 28. apríl 1999, var vakin athygli á framangreindri lagabreytingu og á því að í kjölfar hækkandi fasteignaverðs breyttist stöðugt bilið milli kaupverðs notaðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu og matsverðs Íbúðalánasjóðs þar sem kaupverð *notaðra íbúða, einkum tveggja til fjögurra herbergja, sé í* mörgum tilvikum mun hærra en brunabótamat. Þetta leiðir til þess að væntanlegir kaupendur geta ekki fengið lán í húsnæðiskerfinu fyrir 65–70% af kaupverði þótt þeir teljist hafa til þess greiðslugetu þar sem hámarksviðmiðun Íbúðalánasjóðs varðandi matsverð er bruntabótamat. Jafnframt var í bréfinu bent á að matsmenn stofnunar séu undir miklum þrýstingi að ákveða brunabótamat íbúða óeðlilega hátt svo hámarkslán frá Íbúðalánasjóði fáist. Afrit bréfsins var sent Íbúðalánasjóði og fjmrn."

Síðan kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með bréfi, dagsettu 25. maí 1999, óskaði félmrn. eftir því að Íbúðalánasjóður veitti umsögn um bréf Fasteignamatsins og um nauðsyn þess að endurskoða gildandi ákvæði um matsverð í 29. gr. reglugerðar um húsbréf og húsbréfaviðskipti, nr. 7/1999. Viðræður fóru fram á milli Íbúðalánasjóðs, Fasteignamats ríkisins og Félags fasteignasala á árunum 1999 og 2000. Fasteignamati ríkisins barst bréf Íbúðarlánasjóðs, dags. 19. apríl 2000, þar sem fram kom að málið hafði verið rætt við stjórn Íbúðarlánasjóðs á milli yfirmanna sjóðsins og félmrn."

Þar segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Niðurstaða skoðunar á málinu og fyrrnefndra viðræðna er sú að Íbúðalánasjóður geti ekki lagt til breytingar á lögum eða reglugerðum að svo komnu máli. Sjóðurinn lýsir sig hins vegar reiðubúinn til þess að taka þátt í frekari vinnu við athugun þessa máls og mótun breyttra reglna þegar talið verður tímabært að ganga í það verk."

Nú hefur ítrekað, herra forseti, komið fram í fjölmiðlum ósk frá fasteignasölum um að þessi breyting eigi sér stað og talið að þetta hamli mjög fasteignaviðskiptum. En út af þessu brunabótamati og því sem fram kom hjá Fasteignamati ríkisins í tengslum við þetta mál að það eigi að fara fram endurmat fljótlega á brunabótamati, þá spurðist ég fyrir um það hjá Fasteignamatinu í tengslum við þetta mál hvort bein tengsl væru á milli frv. og endurmats brunabótamats og fasteignamats sem á að fara fram síðar á þessu ári. Þá kom eftirfarandi fram hjá Fasteignamatinu, með leyfi forseta:

„Þó svo frv. verði ekki að lögum mun endurmatið engu að síður fara fram."

Síðan vil ég vitna til þess sem ég hef nokkrar áhyggjur af og beini spurningum til hæstv. ráðherra út af því sem ég les núna, en með leyfi forseta, kemur fram hjá Fasteignamatinu:

„Endurmat brunabótamats mun leiða til þess að brunabótamat eldri húseigna mun lækka þar sem brunabótamat mun afskrifast með hliðsjón af aldri, ástandi og viðhaldi húseigna. *Bilið á milli brunabótamats og kaupverðs þeirra* eigna mun því breikka. Hámarksviðmiðun við lánveitingar hjá Íbúðalánasjóði sem er brunabótamat og afleiðingin verður sú að í þeim tilvikum geta kaupendur ekki fengið lán í húsbréfakerfinu fyrir 65–70% af kaupverði þótt þeir hafi til þess greiðslugetu."

Mér heyrist, herra forseti, á því sem hér á að fara í gang á þessu ári um endurmat á brunabótamati og líka endurmat á fasteignamati en þetta frv. kveður einmitt á um það að Fasteignamat ríkisins geti að eigin frumkvæði endurmetið einstakar eignir í því skyni að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna, að þetta mat geti falið í sér að það vandamál sem ég nefndi verði æ erfiðara ef heldur fram sem horfir og ekkert verður gert í því að breyta lögum eða reglugerðum. Verði ráðist í þetta endurmat á brunabótamati sem nú stendur fyrir dyrum hjá Fasteignamatinu, þá muni bilið á milli brunabótamats og kaupverðs þeirra eigna breikka. Hámarksviðmiðun við lánveitingar hjá Íbúðalánasjóði er brunabótamat og því hætt við að afleiðingin verði sú að í þeim tilvikum geta kaupendur ekki fengið lán í húsbréfakerfinu fyrir 65–70% af kaupverði þótt þeir hafi til þess greiðslugetu. Þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um. Ég geri ráð fyrir því að ástæðan fyrir því að ráðherra hafi ekki beitt sér fyrir því sem fasteignasalar eru að biðja um sé kannski ekki síst umsögn frá Seðlabanka um aukna útgáfu á húsbréfum sem því mundi fylgja og það væri kannski ekki jákvætt inn í það efnahagsumhverfi sem við búum í. Engu að síður held ég að þetta sé orðið það mikið vandamál að á því verði að taka.

Því er haldið fram að húsbréfalánin séu orðin svo knöpp að þau dugi einungis til þess að fjármagna litlar íbúðir, tveggja til þriggja herbergja íbúðir og þetta sé orðið vandamál sem á þurfi að taka. Ef vandamálið eykst enn við það að eigi að fara í endurmat á brunabótamati, þá spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að bregðast við.

[16:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Um þá spurningu sem hv. þm. varpaði fram um brunabótamatið vil ég segja að ég fékk tillögu frá Íbúðarlánasjóði í fyrra um að breyta viðmiðuninni við brunabótamat yfir í kaupverð eða matsverð. Ég sendi þá tillögu eins og mér var skylt til Seðlabankans til umsagnar. Seðlabankinn taldi að ef þetta væri gert mundi það hvetja til aukinnar þenslu sem reyndar var yfirdrifin hér á fasteignamarkaði og mundi hækka verð í fasteignaviðskiptum. Ég féllst á þessa röksemd og lét þar við sitja að miða áfram við óbreyttar kringumstæður enda var ekki farið að afskrifa brunabótamatið eins og liggur í loftinu að gert verði.

Ég fékk fyrir nokkru síðan, fyrir fáeinum dögum síðan, nýjar tillögur frá Íbúðarlánasjóði sem m.a. fer fram á að hverfa frá þessari iðmiðun við brunabótamatið, miða við kaupverð og lána út á það en þó ekki hærra en brunabótamatið segir til um. Sú tillaga er sem stendur til umsagnar hjá Seðlabankanum. Ég veit út af fyrir sig ekki hver niðurstaða Seðlabankans verður eða hvaða umsögn Seðlabankinn gefur um tillöguna. Það er mitt í samráði við ríkisstjórnina að ákveða þetta. Seðlabankinn er hins vegar lögum samkvæmt umsagnaraðili um svona hluti.

Viðhorfið er breytt. Þenslan hefur minnkað á fasteignamarkaði. Þar af leiðir er það ekki alveg borðleggjandi að umsögn Seðlabankans verði nákvæmlega sú sama og hún var þegar ég spurði fyrr. Alþingi ákvað í fyrra að brunabótamatið reiknaðist með afskriftum eins og hv. þm. tók fram. En það er reyndar ekki farið að virka og gerir væntanlega ekki fyrr en á miðju sumri. Mig minnir að sú regla taki gildi 1. júlí. Okkur er að sjálfsögðu mikið í mun að æsa ekki til þenslu á fasteignamarkaði. Fasteignasalarnir vilja auðvitað hafa lánakjör sem rýmst. En afföll á húsbréfum sem urðu talsverð í fyrra hafa minnkað og eru nú nálega horfin. Fram í mars í fyrra voru húsbréf seld á yfirverði. Síðan komu afföll og við þurftum að reyna að bregðast við þeim og það hefur tekist að ná þeim niður þannig að nú eru afföllin sáralítil, 5% eða tæplega 5% þegar ég spurði síðast eftir því.

Ég tel óhjákvæmilegt að breyta þessari viðmiðun við brunabótamatið þegar hið nýja fasteignamat fer að virka og brunabótamatið á eldri eignum lækkar óeðlilega. Að vísu er verið að kaupa meira en brunabótamatið segir til um þegar menn kaupa fasteignir. Þegar menn kaupa hús eru þeir líka að borga kostnað af gatnagerðargjaldi sem brunabótamatið tekur ekkert á. Brunabótamatið á að borga eignina en borgar ekki lagnir, gatnagerðargjöld eða lóðarverð sem menn eru reyndar að borga þegar þeir eru að kaupa hús þannig að brunabótamat er ekki hin besta viðmiðun í þessu sambandi.

[16:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og er bærilega sátt við þau. Það er alveg ljóst að ráðherrann er sér fyllilega meðvitaður um það vandamál sem hér er á ferðinni og hvaða áhrif það getur haft, það endurmat og afskriftir sem á að fara í í tengslum við brunabótamat. Þess vegna fagna ég því að ný tillaga hefur verið gerð í þessu efni, ef ég skil rétt, frá Íbúðalánasjóði til ráðherra og frá ráðherra til Seðlabankans þar sem hún liggur nú fyrir til umsagnar. Ég held að hjá því verði ekki komist að breyta þessu viðmiði sem ráðherrann nefnir.

Vissulega hefur útlánaþenslan verið mikil og afföllin voru um tíma eins og hæstv. ráðherra nefndi í kantinum. Engu að síður eru lánin í húsbréfakerfinu orðin svo lág, m.a. vegna þess viðmiðs, að fólk hefur neyðst til þess að taka stærri hluta af íbúðarverði í gegnum bankakerfið sem er auðvitað afar slæmt og eykur hættu á greiðsluerfiðleikum. Þess vegna held ég að það væri ráð hjá Seðlabankanum ef hann er hræddur við áhrifin af því að fara að tillögu ráðherrans um að auka þetta viðmið, að fara þá frekar út í aðgerðir sem drægju úr útlánaþenslu í bankakerfinu til þess að svigrúm sé fyrir aukna útgáfu á húsbréfum sem er nauðsynleg vegna þessara aðstæðna sem við höfum farið í gegnum.

Nú hef ég kannski ekki áttað mig á því eða kafað það ofan í þetta mál, en ég spyr hæstv. ráðherra: Er reglugerðarbreyting ekki nægjanleg fallist ráðherrann á að ganga í þessa breytingu að fenginni umsögn Seðlabankans? Það þarf ekki að koma til nein lagabreyting? Ég geri ráð fyrir að reglugerðarbreyting sé nægjanleg. Getur hæstv. ráðherra upplýst eilítið nánar en hann hefur gert hér hvenær megi vænta þessara breytinga. Ég hygg að þó ekki sé farið út í það endurmat á brunabótamati sem stendur fyrir dyrum sé full þörf á að fara í þessa rýmkun. Ég skil orð ráðherrans svo að hann muni bíða eftir því að gengið verði í þetta endurmat á brunabótamati. Eða mun hæstv. ráðherra ganga í þetta fyrr? Spurning mín er þá: Treystir ráðherrann sér til að tímasetja það nánar en hann hefur gert hér hvenær verði farið í þessa breytingu og getur ráðherrann upplýst nánar, af því að hann hefur væntanlega skoðað það, hvaða áhrif það muni hafa á lánveitingarnar sem slíkar?

Að öðru leyti var ég sátt við þær upplýsingar sem ráðherrann gaf, en spyr hann hvort hann treysti sér til þess að gefa fyllri upplýsingar en hann gerði áðan.

Varðandi þetta frv. þá hefur komið fram hjá Fasteignamati ríkisins að þeir hafa ekki hugsað þá heimild sem þeir fá til þess að hækka álagningarstofn fasteignagjalda heldur til að ná fram samræmi í mati hliðstæðra eigna. Fasteignaeigendur óski í flestum tilvikum eftir endurmati til lækkunar á fasteignamati, en hitt þekkist líka að þeir óska eftir endurmati til hækkunar. Þetta segir Fasteignamat ríkisins í umsögn sinni. Þeir segja líka að við endurmat einnar íbúðar t.d. í þríbýlishúsi samkvæmt beiðni eiganda getur komið í ljós að sömu forsendur eru til að lækka fasteignamat hinna tveggja íbúðanna, t.d. vegna lélegs viðhalds. Einnig kemur fram að Fasteignamat ríkisins muni væntanlega byrja á því að nota þessa heimild til að lækka fasteignamat eigna sem urðu fyrir skemmdum á Suðurlandi í jarðskjálftunum á síðastliðnu ári og ekki hafi verið farið fram á endurmat þeirra af hálfu eiganda eða sveitarfélags, en óskað hafi verið eftir upplýsingum frá viðlagatryggingu um þau hús.

Herra forseti. Ég treysti því að Fasteignamatið beiti þessari heimild með þessum hætti en hér sé ekki verið að ganga í það að endurmeta svo fasteignamatið að það leiði til verulegrar hækkunar almennt á fasteignagjöldum. Ég ítreka hvort ráðherrann hafi einhverjar fyllri upplýsingar í þá veru sem ég var að spyrja um.

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er reglugerðarákvæði. Það þarf ekki lagabreytingu til að ganga frá þessu atriði. Það er hægt að gera með reglugerð.

Ég hef áhuga á að breyta fleiri atriðum með reglugerð. Hér er á dagskránni frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál. Þar er tekið á málefnum sem líka þarf að fjalla um í reglugerð þannig að von er á breytingu á reglugerð frá mér í þessum efnum innan skamms. Ég tel víst að frv. nái afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 819, nál. 1337 og 1338.

[16:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og tillögu til breytingar frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Nefndin fjallaði um málið, sendi það til umsagnar og fékk menn á sinn fund svo sem getið er í þskj. 1337.

Nefndin gerir tillögu til breytinga á frv. Ástæðan er sú að í meðferð málsins kom fram að Fjármálaeftirlitið hefur ekki sett neinar reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda

svo sem rætt er um í þessu frv. og hyggst heldur ekki gera það á næstunni.

Um það var rætt hvernig fyrirkomulag þessara mála ætti að vera. Niðurstaða þeirra umræðna varð sú hjá meiri hluta nefndarinnar að leggja til að ákvæðið um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda kæmi inn í venjulega almenna áhættustýringu í bankakerfinu. Þetta þýðir að bankar skulu hafa áhættustýringarkerfi sem Fjármálaeftirlitið fylgist með og gefur út leiðbeinandi reglur um. Það var talið nægilegt af Fjármálaeftirlitinu að verðtryggingaráhættan eins og aðrir áhættuþættir í rekstri banka færu undir og í þetta áhættustýringarkerfi sem almennt gildir fyrir rekstur bankanna. Við núverandi aðstæður er þess vegna ekki grundvöllur fyrir sérstökum reglum um þetta efni.

Þetta mál var rætt allmikið í nefndinni og tekið fyrir í raun eftir að búið var að afgreiða það vegna sérstaks bréfs sem kom um málið frá Seðlabanka Íslands. Engu að síður varð niðurstaðan að halda sig við þessa tillögu til breytinga.

Virðulegi forseti. Að samþykktri brtt. á þskj. 1337 leggur meiri hluti nefndarinnar til að málið verði samþykkt.

[16:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. Að minnihlutaálitinu stendur undirrituð ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Kjarninn í því nál., herra forseti, er að standa fast og dyggilega við hlið hæstv. viðskrh. í þessu máli, þ.e. að fylgja ráðherranum í því að það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fyrir þingið nái óbreytt fram að ganga. Styðjumst við þar við álit og umsögn Seðlabankans í þessu máli. Meiri hlutinn hefur tekið upp tillögu Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja sem mjög dregur úr því eftirliti sem frv. kveður á um, en frv. kveður á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka og sparisjóða.

Í raun og sanni var um að ræða mjög einfalt mál þar sem efni máls var það að í frv. til laga um vexti og verðtryggingu sem flutt er samhliða þessu frv. var lagt til að að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda verði felld úr vaxtalögum og færð yfir í lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Þótti betur á því fara að þetta varúðarákvæði sem lýtur að áhættu viðskiptabanka og sparisjóða sé í þeim lögum.

Nú hefur verið dregið mjög bitið úr þessu mikilvæga ákvæði að ósk eftirlitsskylduaðilanna, þ.e. bankanna og verðbréfafyrirtækjanna sjálfra, þar sem eftir þessa breytingu — nái hún fram að ganga og verði hún að lögum — getur Fjármálaeftirlitið aðeins sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfseminni. Þetta gengur gegn því sem Seðlabankinn telur rétt í þessu efni, þ.e. að fylgja fram máli hæstv. ráðherra. Það kom fram í umfjöllun málsins í efh.- og viðskn. að þó að Fjármálaeftirlitið geti eftir atvikum fallist á þá breytingu sem er hér lögð til mælir hún heldur með þeirri leið sem Seðlabankinn styður eindregið, þ.e. að hafa þetta ákvæði fullt og óskorað í höndum Fjármálaeftirlitsins en sé ekki einungis heimilt að setja hér leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi sinni.

Eins og fram hefur komið, herra forseti, gerir meiri hlutinn brtt. við frv. Hún felur í sér að viðskiptabankar og sparisjóðir skuli á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi um áhættu, þar með talið vaxtaáhættu og verðtryggingaráhættu í tengslum við öll viðskipti sín. Fjármálaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi með áhættuþáttum í starfsemi banka og sparisjóða. Þannig var heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur sem aðilum bar að fylgja þrengd í meðförum nefndarinnar þannig að eftir stendur eingöngu heimild til að setja leiðbeinandi reglur sem viðkomandi aðilum ber engin skylda til að fara eftir.

Herra forseti. Með þessu nefndaráliti fylgir bréf frá Seðlabanka Íslands sem Seðlabankinn taldi ástæðu til að senda efh.- og viðskn. í kjölfar fyrirspurnar frá mér um þetta mál en Seðlabankinn hafði áður sent umsögn um málið þar sem mælt var með framgangi málsins óbreyttu. Við meðferð frv. hefur komið fram að Seðlabanki Íslands leggst gegn brtt. meiri hlutans á þeirri forsendu að öruggara væri að hafa þá heimild í lögum að unnt væri að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda eins og frv. fól upphaflega í sér. Seðlabankinn nefndi í þessu sambandi að hefði bankinn neikvæðan verðtryggingarjöfnuð, þ.e. meiri verðtryggðar skuldir en eignir, yrði hann fyrir tapi af snöggri aukningu verðbólgu. Hefði bankinn hins vegar mikið af verðtryggðum eignum umfram verðtryggðar skuldir hefði hann stundarhag af aukningu verðbólgu þar sem vextir væru oft tregbreytanlegir. Væri verðbólga viðvarandi og ójafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda banka væri hætt við að skammtímavextir réðust einkum af kjörum á langtímamarkaði, þ.e. af vöxtum með verðtryggðum skuldabréfum sem gjarnan eru til langs tíma. Frá peningapólitísku sjónarmið væri heppilegra að skammtímavextir réðust af öðrum þáttum en langtímavöxtum, svo sem af vöxtum af stuttum lánum Seðlabankans og eftirspurn eftir skammtímalánum.

Minni hlutinn bendir á, herra forseti, að þrátt fyrir að aðstæður séu metnar svo að ekki sé mikil ástæða til að hafa reglur eins og þær sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir í lögum gætu aðstæður breyst skyndilega. Því tekur minni hlutinn undir sjónarmið Seðlabanka Íslands og telur mikilvægt út frá öryggissjónarmiðum að lagaheimild til að setja reglur, sem viðskiptabönkum og sparisjóðum bæri að fylgja, væru fyrir hendi í stað þess að Fjármálaeftirlitið setji leiðbeinandi reglur sem hafa ekkert skuldbindingargildi gagnvart þessum aðilum breytist aðstæður skyndilega sem geri nauðsynlegt að grípa til þeirra tækja sem felst í því að reglur séu settar um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda við viðskiptabanka og sparisjóði sem beri skilyrðislaust að fara eftir.

Eins og ég vísaði til, herra forseti, kemur fram í umsögn Seðlabankans fyllri rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að styðja hæstv. viðskrh. í þessu máli sem minni hlutinn gerir dyggilega og ég þykist vita að hæstv. ráðherra kunni að meta. Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra styðji upphaflegt frv. sitt en hafni þeirri brtt. sem meiri hlutinn setur til höfuðs því sem Seðlabankinn er að biðja um. Það er því mjög sérkennileg staða, herra forseti, sem upp er komin að minni hlutinn stendur dyggilega við hliðina á viðskrh. í því efni að þetta varúðarákvæði sé hér fyrir hendi en meiri hlutinn hleypur á eftir óskum banka og verðbréfafyrirtækja þar sem fram kemur mikil veiking á þessu ákvæði og þeim í sjálfsvald sett hvort þeir fara eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 872, nál. 1211.

[16:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og till. til breytingar frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um vexti og verðtryggingu. Þetta er ný heildarlöggjöf um vexti og verðtryggingu og staðfestir í stórum dráttum það vaxtafrelsi sem verið hefur á Íslandi nú um alllangt skeið. Þessi löggjöf er fyrst og fremst sett í því skyni að koma í stað núgildandi vaxtalaga en síðan er þar til viðbótar farið lengra í frjálsræðisátt í vissum tilvikum, sérstaklega að því er snertir samning um dráttarvexti.

Sú tillaga sem nefndin gerir til breytinga á frv. er nánast sú að komið sé inn nýtt orðalag í 2. málslið 2. mgr. 6. gr. frv. sem er þannig að það sé heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta að undanskildum neytendalánum. Þetta er tæknileg breyting.

[16:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara og svo gerir einnig hv. þm. Ögmundur Jónasson sem mun væntanlega hér á eftir líka gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls. Frv. fjallar um nýja löggjöf um vexti og verðtryggingu. Ég hygg að í það heila tekið sé frv. frekar til bóta en hitt. Þær viðmiðanir sem lagt er til í frv. að notaðar verði varðandi almenna vexti eru um margt eðlilegri en þær eru nú.

Breytingin felur í sér að í stað þess að Seðlabankinn reikni út og birti meðalvexti banka og sparisjóða, sem aðilar geti notað í viðskiptum sín á milli, verði Seðlabanka falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þ.e. þeim vöxtum sem lánastofnanir bjóða lánþegum sem þeir telja trausta. Síðan er hægt að semja um frávik frá þessum vöxtum eftir aðstæðum hverju sinni.

Viðmið við meðalvexti er gallað fyrirkomulag og erfitt fyrir Seðlabanka að velja vogir til að reikna út meðalvexti eftir því sem kjörvaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreyttara. En við útreikning á þessum meðalvöxtum eru notaðir allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góða tryggingu og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og síðan ýmsir vaxtaflokkar þar á milli. Þessir meðalvextir hafa síðan verið notaðir í samningum manna á milli utan bankakerfisins.

Vissulega er erfitt að átta sig á því, herra forseti, hvaða áhrif þessar breyttu viðmiðanir hafa því þó Seðlabankinn birti samkvæmt ákvæðum frv. lægstu vexti nýrra útlána viðskiptabanka, þá er heimilt að semja um frávik og vissulega getur í beitingu þeirra frávika hallað verulega á einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki sem ekki standa fjárhagslega eins traustum fótum eins og aðrir. Það er við því að búast, herra forseti, að verið sé að opna fyrir meira frjálsræði í dráttarvöxtum en verið hefur svo dæmi sé tekið, þá gagnist það meira stórum aðilum en einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Herra forseti. Vaxtaokrið hér á landi hefur gengið raunverulega úr öllu hófi á síðustu mánuðum og missirum og auðvitað hefur það bitnað mest og verst á þeim sem við erfiðustu aðstæðurnar búa. Meðalávöxtun nýrra almennra útlána hefur hækkað frá janúar 1999 til febrúarloka á þessu ári úr hvorki meira né minna en rúmum 13% í 19,1% eða um rúm 6% og átt sinn þátt í að keyra upp skuldir heimila og fyrirtækja sem orðnar eru gífurlega miklar. Fróðlegt verður að sjá hvernig markaðurinn og bankakerfið bregst við þessum nýju viðmiðunum og hvaða áhrif þær hafa en raunverulega mætti enginn á fund nefndarinnar sem treysti sér til þess að hafa skoðun á því hvort ákvæði frv., t.d. varðandi dráttarvextina, leiddu til þess að dráttarvextir yrðu lægri eða hærri.

Ég tel líka ástæðu, herra forseti, að velta fyrir sér við þessa umræðu kjörvaxtakerfi bankanna sem eru almennt reiknaðir út með álagi ofan á grunnkjörvexti einstakra banka eins og þeir eru birtir af Seðlabankanum á hverjum tíma. Ég hef t.d. fyrir framan mig kjörvaxtaflokka Búnaðarbanka Íslands en þar er um 10 flokka að ræða og er lægsti flokkurinn um 0,5% álag sem er þá væntanlega fyrir traustustu viðskiptavinina en síðan er álagið allt upp í 5% fyrir þá sem verst standa og bankarnir meta sem ótraustari viðskiptavini með lélegri ábyrgð eða tryggingu. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst það gífurlega mikill vaxtamunur sem þeir betur settu búa við og þeir sem verr standa þurfa að greiða ef það getur verið um 4,5% vaxtamunur á kjörum bankanna til lántakenda eftir því hvort þeir eru metnir traustsins verðir af bankanum eða ekki. Ég spyr hæstv. viðskrh., herra forseti, að því hvað henni, hæstv. ráðherranum, finnst um þann mikla mun sem er á kjörum þeirra sem eru metnir traustustu viðskiptavinirnir og þeir sem eru metnir lakari þegar um er að ræða 4,5% vaxtamun á þessum kjörvaxtaflokkum þannig að það er ekki sama Jón eða séra Jón sem fær lán í banka. Út af fyrir sig væri fróðlegt að vita hvernig þessum ákvæðum hefur verið beitt en samkvæmt upplýsingum frá samtökum banka og verðbréfafyrirtækja kom í ljós við lauslega athugun í einum bankanum um að notkun þeirra dreifist nokkuð jafnt þannig að um það bil helmingur lána er í lægri flokkunum og helmingur í þeim hærri.

Mér finnst umhugsunarvert, herra forseti, hvort ekki ætti að setja efri og neðri mörk á þessa kjörvaxtaflokka þannig að bankarnir geti ekki svínað svona á þeim sem verr standa en aðrir fjárhagslega. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún að setja ætti slík efri og neðri mörk á þessa kjörvaxtaflokka eða telur hún að bankarnir eigi bara að hafa óheft svigrúm og frjálsræði í því að hafa slíkan gífurlegan vaxtamun á kjörvaxtaflokkum? Mér finnst þeir óeðlilega háir. Að þeir sem verr standa í þjóðfélaginu og þurfa að taka lán þurfi að borga allt að 5% hærri vexti en þeir sem betur standa í þjóðfélaginu. Ég sé ekki hvað getur réttlætt slíkan gífurlegan mun. Vera má að eðlilegt sé að hafa einhvern mun þarna á, en svona mikill munur getur varla verið réttlætanlegur ekki síst þar sem ég geri ráð fyrir að bankarnir kalli yfirleitt eftir sæmilegum tryggingum á bak við útlán sín.

Ég minni á það, herra forseti, að fyrir nokkrum árum komu fram upplýsingar um útlánatöp í bankakerfinu og þau voru mjög mikil hjá fyrirtækjum, herra forseti. Mig minnir að á fimm ára tímabili, ég var að lesa það rétt áðan, hefðu það verið um 14 milljarðar kr. en vanskilin t.d. hjá Íbúðarlánasjóði eru ekki nema brot af því sem er sá sjóður sem einstaklingar leita helst í. Vanskil þar voru ekki nema nokkur hundruð millj. á þessu fimm ára tímabili meðan þau voru um 14 milljarðar hjá fyrirtækjum. Ég spyr, herra forseti, ráðherrann að því hvað henni finnist um þann mun sem er á þessum kjörvaxtaflokkum.

Í frv. er lagt til að í stað þess að Seðlabanki ákveði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum verði aðilum heimilt í lánasamningum að semja um dráttarvexti upp að vissu marki. Eins og ég sagði er alveg óljóst hvaða áhrif þetta vaxtafrelsi hefur á vaxtakjörin en ákvæði í frv. eigi að hvetja aðila á markaðnum til að semja um vexti sín á milli. Þetta gildir ekki um neytendalán, en að öðru leyti gildir þetta í viðskiptum. Ég hygg að í reynd muni þetta vaxtafrelsi, sem ýmsir umsagnaraðildar gagnrýndu að vísu að væri of takmarkað, gagnast fjárfestum og betur stæðum lántakendum sem eru í góðri aðstöðu til að semja niður dráttarvexti en nota ekki almennar viðmiðanir um vexti sem lánastofnanir bjóða þegar. Það er alveg ljóst að þetta vaxtafrelsi mun fyrst og fremst nýtast betur stöddum fjárfestum.

Herra forseti. Í 6. gr. frv. er kveðið á um heimild til þess að semja um tiltekinn fastan hundraðshluta sem vanefndaálag ofan á ákveðinn grunn dráttarvaxta sem tekur mið af vöxtum algengra skammtímalána. Miðað við ákvæði frv. eru þessi vikmörk í dag að lægstu dráttarvextirnir geta orðið 17,9% miðað við ákvæði frv. og hæstu dráttarvextir 25,9%, en dráttarvextir eru í dag 23,5%. Hvort þeir hækki við þessa breytingu, herra forseti, upp í 25,9 eða lækki eitthvað niður í áttina að þessum 17,9% mörkum treysti enginn sér til að hafa skoðun á, hvorki Seðlabankinn né aðrir sem komu á fund nefndarinnar.

Það er sama, herra forseti, um dráttarvextina og 7% hækkun á meðalávöxtun nýrra almennra útlána. Þeir hafa hækkað frá janúar 1999 til febrúar í ár um nærri 8%, hvorki meira né minna, herra forseti, sem dráttarvextirnir hafa hækkað og dráttarvextirnir eru vissulega þungir í kjörum þeirra sem þurfa að taka lán og oft svívirðilega háar stærðir sem dráttarvextirnir eru sem hlutfall af höfuðstól láns. Það er auðvitað ekkert annað en okur á skuldugum heimilum og fyrirtækjum og erfitt að sjá hvað réttlætir slík okurkjör. En ákvæði um vexti af skaðabótakröfum eru til bóta, en vextir á þær kröfur hafa verið allt of lágir og var undir það tekið af flestum umsagnaraðilum.

Það sem ég vil líka gera að umræðuefni hér er í fyrsta lagi 6. gr. sem ég hef þegar gert og ég tel eðlilegt að sitja hjá við þá grein. Mér finnst allt of mikil óvissa í þessu og meðan kjörvaxtaflokkarnir eru með þeim hætti að það eru fyrst og fremst betur settu aðilarnir sem geta samið um og haft not af þessu ákvæði til þess að lækka dráttarvaxtatöku, þá sé ég ekki ástæðu til þess að styðja það ákvæði.

Varðandi 15. gr. verður Seðlabankanum heimilt en ekki skylt að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Ég tel, herra forseti, að ástæða sé til að ætla að þetta geti ýtt undir verðtrygginguna áfram frekar en dregið úr henni þegar aðeins er um að ræða heimild en ekki skyldu til að ákveða lágmarkstíma verðtryggingar innstæðna og lána. Það er því veiking hjá þeim sem vilja horfa til þess að við komumst út úr þessari verðtryggingu líkt og aðrar þjóðir hafa gert. Við erum eitt fárra ríkja sem búum við verðtryggingu, herra forseti, en milli 85 og 90% af t.d. langtímaskuldbindingum eða skuldbindingum heimila til lengri tíma eru bundnar á klafa verðtryggingar.

Ég velti fyrir mér, herra forseti, að menn hafa í lengri tíma talað um að þegar við værum búin að búa við stöðugleika í einhvern tíma væri hægt að feta sig ákveðið og öruggt og með öruggum skrefum út úr þessari verðtryggingu, en hérna er ákvæði í frv., herra forseti, sem virðist festa okkur í áfram á klafa verðtryggingarinnar frekar en losa okkur út úr henni. Það mætti halda, herra forseti, að þessi ríkisstjórn — og ég spyr hæstv. ráðherra að því, ef formaður efh.- og viðskn. hættir að trufla ráðherrann, hvort ríkisstjórnin hafi enga trú á efnahagsstefnu sinni og stöðugleikanum þegar á borði okkar birtist í frv. ákvæði sem frekar festir í sessi verðtrygginguna en hitt. Ég spyr ráðherrann hvort engar breytingar séu á döfinni hjá ríkisstjórninni að því er varðar verðtryggingarstefnu stjórnvalda. Við höfum búið við stöðugleika, því er a.m.k. haldið fram, á undanförnum árum þannig að maður hefði talið ástæðu til að finna ákvæði sem leiddi okkur frekar í átt til þess að fara út úr verðtryggingunni eins og aðrar þjóðir hafa gert. Þess vegna verður maður, herra forseti, að draga þá ályktun að ríkisstjórnin hafi enga trú á stöðugleikanum, hvað þá að framhald verði á honum, herra forseti, þegar er að finna ákvæði sem festir okkur áfram á klafa verðtryggingarinnar. Um það vil ég spyrja, herra forseti.

Ég tók eftir því að Neytendasamtökin gera einmitt athugasemdir við verðtryggingarákvæðin og segja í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin hafa ítrekað lýst sig andvíg verðtryggingu á fjárskuldbindingum og telja raunar undarlegt að verðtrygging sé leyfð á slíkum skuldbindingum á meðan bannað er að verðtryggja ýmsar aðrar mikilvægar fjárskuldbindingar eins og laun.“

Það er einmitt það sem fólki finnst ekki ganga upp þegar sífellt er verið að halda í verðtrygginguna varðandi skuldir heimilanna meðan öðru er kippt úr sambandi. Er þar skemmst að minnast t.d. tengingar lífeyrisgreiðslna við laun, að ríkisstjórnin vílaði ekkert fyrir sér, herra forseti, á fyrstu dögum valdasetu sinnar 1995 að kippa lífeyrisgreiðslunum úr tengslum við launavísitölu. En það sem er verðtryggt áfram eru fyrst og fremst skuldir heimilanna eða skuldir almennt og ég spyr hæstv. ráðherra að því, herra forseti, hvort engin endurskoðun sé á ferðinni varðandi verðtryggingarstefnu stjórnvalda. — Áfram segja Neytendasamtökin:

„Eðlilegt er að vextir tryggi eðlilegar tekjur á gjöld vegna fjárskuldbindinga eins og raunar í öllum löndum, a.m.k. í okkar heimshluta. Ekki verður séð hvað skapar Íslandi þá sérstöðu að nota þurfi slíkar reglur hér en ekki í öðrum löndum.“

Síðan taka þau mörg dæmi um hversu fráleitt þetta er, herra forseti, sem margir hafa heyrt áður, að til að mynda eigi margir neytendur erfitt með að skilja að ef uppskerubrestur verður á kaffi í Brasilíu hækki skuldir heimilanna á Íslandi. Þeir kalla það samsæri gegn neytendum að hafa þetta með þessu móti.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Út af fyrir sig væri hægt að hafa langt mál um vaxtastefnuna, vaxtaokrið sem heimilin í landinu hafa búið við á umliðnum árum, hvernig dráttarvextirnir hafa leikið illa mörg heimilin í landinu, þessir himinháu dráttarvextir sem hafa verið 23–24% á umliðnum mánuðum og missirum. Það er engin trygging fyrir því, herra forseti, að við séum að fara út í einhverjar breytingar sem eru hagstæðar fyrir einstaklinga, heimilin í landinu eða fyrirtæki, a.m.k. þau smærri miðað við þær breytingar sem hér er verið að gera á vaxtalögunum eða þessu frv. til laga um vexti og verðtryggingu. Þess vegna hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara, herra forseti. Það er fyrst og fremst 6. gr. og 15. gr. sem ég geri athugasemdir við og mun ekki ljá fylgi mitt, en að öðru leyti hygg ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að í það

heila tekið megi segja að málið sé frekar til bóta en hitt þó að það hafi þessa annmarka.

[17:11]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um vexti og verðtryggingu og eru ýmis ákvæði í því sem mér finnast athugunarverð. Það sem mig langar mest til að minnast á í sambandi við frv. er IV. kaflinn sem heitir Verðtrygging sparifjár og lánsfjár. Töluvert var rætt um þetta í 1. umr. og sýndist sitt hverjum hvernig ætti að verðtryggja krónuna.

Í 13. gr. er talað um að verðtryggja eigi í hlutfalli við innlenda verðvísitölu og í 14. gr. er talað um að heimilt sé að vera með þessar verðtryggingar, en það sem miðað er við er verð á matvælum eða neyslunni sem á að ákveða hvernig lánin hækka. Þetta ákvæði um verðtryggingu og það að sérstök verðtrygging skuli vera á lánsfé hefur sætt mikilli gagnrýni.

Mig langar til að geta þess, herra forseti, að frv. til laga lagt var lagt fram átta sinnum, að lágmarki, um að afnema ætti verðtryggingu. T.d. á 118. löggjafarþingi, sem var fyrir sjö árum, var búið að leggja þetta fram í átta skipti. Þá voru þrír hv. þm. á því sem enn eru þingmenn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, hæstv. heilbrrh., og hv. þm. Árni R. Árnason.

Sagt hefur verið og það hefur reynst þannig að verðbótaþátturinn í lánskjaravísitölunni eða lánskjaravísitalan hafi leitt marga út í miklar ógöngur og að skuldir þeirra hafi aukist langt umfram það sem þeir gátu í raun og veru staðið undir. Á þeim tímum sem við lifum er sagt að efnahagsástandið í landinu sé nokkuð stöðugt. Nú er lagt fram frv. af hæstv. ríkisstjórn um Seðlabankann sem á að tryggja að verðbólgan fari ekki úr böndum og menn hafa verið mjög ánægðir með það. Fyrst við munum fá svona góð lög um Seðlabanka sem hefur það hlutverk að halda verðbólgunni í skefjum og hún verði aldrei meiri en einhver ákveðin lág tala, þá langar mig að spyrja hvort það sé ekki óþarfi, fyrst við erum með svona góða og sterka ríkisstjórn, að vera með slíkt ákvæði í lögunum um verðtryggingu og láta þá bara einfalda vexti gilda í þessu.

Ég spyr: Hvað hefur breyst til þess að ekki megi sleppa verðtryggingunni og menn miði verðlagningu fjár við vexti en ekki eingöngu verð á einhverjum vörum sem eru mjög breytilegar? Við getum t.d. spurt að því í allri umræðunni um matvörumarkaðinn á undanförnum mánuðum þar sem sagt er að fákeppni ríki. Reyndar kom glögglega fram í hádegisfréttum að hér ríkir fákeppni og sagt hefur verið að fákeppni ríki á matvörumarkaði sem hafi leitt til óeðlilega hás vöruverðs. Þá er þetta háa vöruverð farið að ákveða hve námslánin hækka mikið, hve húsnæðislánin hækka mikið. Ef sú staða kæmi upp að einhverju olíufélagi dytti í hug í taugaveiklun að hækka bensín fram úr öllu hófi hefði það áhrif á lánskjaravísitöluna. Þetta tel ég ekki vera sanngjarnt og ekki rétta viðmiðun.

Auðvitað er nauðsynlegt að fé þess sem leggur 100 kr. í banka rýrni ekki en aðferðirnar til að tryggja það verða að vera réttar og sanngjarnar, bæði gagnvart þeim sem ætlar að ávaxta féð og líka gagnvart öðrum sem fá lán. Ég er hissa á því að ekki hafi verið meiri umræða um verðtrygginguna vegna þess að mjög margir telja að þeir hafi farið illa út úr henni á ósanngjarnarn hátt vegna þess að viðmiðin voru ekki rétt, gáfu ekki rétta mynd. Lánin hækkuðu sífellt og launin stóðu í stað á tímabili. Það varð til þess að fólk missti jafnvel eigur sínar. Þessa umræðu finnst mér að hafi vantað í þessa umfjöllun. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra bankamála hvort ekki hafi komið til tals að ræða eitthvert annað fyrirkomulag á því að sleppa verðtryggingunni og setja eitthvað annað í staðinn sem væri sannara eða réttara. Svo segja sumir sem nota t.d. ekki áfengi og tóbak: Af hverju skyldu lánin mín hækka þegar vín eða tóbak hækkar? Eða jafnvel: Af hverju skyldu lánin hækka ef kaffi hækkar og ég drekk ekki kaffi? Þannig er hægt að velta hlutunum upp á ýmsa vegu.

Hvernig á að verðleggja fjármagnið? Það er vandi ef við búum við óstöðugleika. En þegar við búum við stöðugleika eins og hæstv. ráðherrar halda fram finnst mér ástæðulaust að leggja fram þetta frv. með sérstakri klásúlu um verðtryggingu. Mér finnst það bera eilítinn keim af ótta um að ástandið í efnahagsmálunum er ekki eins tryggt og menn vilja vera láta.

[17:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nefndarálit með frv. með fyrirvara. Ég tel að frv. sé að mörgu leyti ágætt og til framfara. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að 6. gr. Ég hef þó efasemdir um aðrar greinar en gagnrýni mín snýr fyrst og fremst að 6. gr.

Frv. gengur út á að opna enn meira fyrir frjálsræði um ákvörðun vaxta. Þróunin hefur verið á þá leið á undanförnum áratugum. Árið 1960 voru sett lög sem kváðu á um bann við okri, okurvöxtum sem tók á dráttarvöxtum og öðrum ákvæðum sem snerta vextina, en á þessum lögum var gerð breyting árið 1987 og opnað fyrir heimildir um samninga um vextina. Eftir sem áður voru gildandi ákvæði í lögum um heimildir Seðlabanka til að setja þak á vextina, m.a. dráttarvextina, og verið er að rýmka þær heimildir með þessum lögum. Það er gert m.a. í 6. gr. Þar segir að dráttarvextir skuli vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana auk 11% álags, vanefndaálags nema um annað sé samið. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki 7% og að hámarki 15%.

Ef þessari reiknireglu er dreift á það vaxtastig sem við búum við núna kæmi í ljós að hámarkið fyrir dráttarvexti væri nú 25,9%. Ef við flettum upp í vaxtatöflum í dag, sem má finna í blöðunum, m.a. Morgunblaðinu, þá kemur fram að dráttarvextir eru núna 23,5%, þ.e. þeir eru lægri en það þak sem kveðið er á um í frv. Ef litið er aftur í tímann kemur í ljós að þeir hafa verið enn hærri, 24%, og leiddi til mikillar gagnrýni þegar þeir fóru í það hámark. Ástæða er til að gagnrýna þessa háu dráttarvexti nú og teldi ég mikilvægt að hafa þakið mun lægra. 23,5% er mjög há prósentutala. Það þýðir að einstaklingur eða fyrirtæki sem tekur 1 millj. að láni og lendir í dráttarvöxtum þarf að greiða á ári 235 þús. kr. fyrir þessa milljón. Menn geta sjálfum sér um kennt, kann einhver að segja, að takast á herðar slíkar skuldbindingar án þess að vera borgunarmenn en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að þeir sem þurfa að axla þessar þungu vaxtabyrðar eru iðulega lágtekjufólk sem ris ekki undir þeim byrðum sem það hefur ekki átt annarra kosta völ en axla, t.d. vegna húsnæðiskaupa, og við þekkjum án efa öll dæmi um slíkt. Þetta er fólkið sem á síðan að ganga til samninga við lánveitandann um vaxtakjörin en í 6. gr. laganna er kveðið á um það sérstaklega að heimilt sé að semja innan þessara viðmiðunarmarka. Mér finnst það vera allt of há prósenta, allt of hátt vaxtaálag sem þarna er kveðið á um. Svo sannarlega hefði þetta ekki

staðist lögin frá 1960, lögin gegn okri, okurlögin sem svo voru nefnd.

Þetta er megingagnrýni mín á frv. Þar er ég sammála þeim hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Karli V. Matthíassyni. Um hitt hef ég meiri efasemdir sem lýtur að verðtryggingarþætti laganna. Ég tel mikilvægt þegar fjallað er um vexti að skoða raunávöxtunarstigið. Það sem máli skiptir fyrir lántakandann er hverjar vaxtabyrðarnar eru í krónum talið, ekki hvernig þær eru skilgreindar. Staðreyndin er sú að þegar málin eru skoðuð hafa rannsóknir leitt í ljós að verðtryggð lán bera lægri raunávöxtun en óverðtryggð lán. Rannsóknir sýna að þarna er 2–3% munur. Önnur könnun sem ég hef séð hefur sýnt ívið minn mun, 1–1,5%. En munurinn er þessi. Ástæðuna tel ég vera þá að lánveitandinn telur sig öruggari hafi hann fjármagnið verðtryggt en ef hann þarf að taka áhættu af verðbólgu. Þá hefur hann stillt upp hærri vaxtakröfu gagnvart þeim sem þiggur lánið. Þetta finnst mér skipta meginmáli, hver eru hin raunverulegu lánskjör.

Ég tók á sínum tíma þátt í baráttu svokallaðs Sigtúnshóps, sem barðist mjög gegn vaxtaokrinu, en við gættum þess jafnan að binda okkur ekki við skilgreiningar heldur við veruleikann í þessu efni og spyrja: Hverjar eru vaxtabyrðarnar, hver er raunávöxtunin? Það sem mér finnst vera ámælisvert er þegar í senn er krafist verðtryggingar á láni og breytilegra vaxta.

Nú tíðkast víða erlendis að lánastofnanir veita lán á breytilegum vöxtum. Þetta er gert til að geta brugðist við verðbreytingum í samfélaginu, verðbólgunni. Verði hún mikil vill lánveitandinn áskilja sér rétt til að hækka gjaldið sem hann tekur fyrir að veita lánið og hækkar vextina. Hér hafa menn allt í senn, axlaböndin og beltið. Þeir hafa verðtrygginguna og þeir hafa jafnframt möguleikann til að ákveða breytilega vexti. Mér hefur stundum fundist svolítið skondið þegar Seðlabankinn er að guma af því að hann vilji beita vöxtum sem eins konar stjórntæki í efnahagslífinu til þess að slá á þenslu. Til þess að slá á eftirspurn eftir lánum hækkar hann vextina og segir sem svo: Það er líklegt til að sporna við aukinni lántöku. Mér finnst tvennt í þessu sem þurfi að hyggja að: Í fyrsta lagi er hluti lántökunnar eiginlega nauðungarlántaka. Þá vísa ég til fólks sem er að kaupa húsnæði eða fyrirtækja sem eru að halda rekstri sínum gangandi og eiga ekki annarra kosta völ en að ráðast í lántöku. Hitt finnst mér ekki síður stórt mál að vekja athygli á að vaxtahækkanir á lánum sem bera breytilega vexti hækka lánin sem voru tekin fyrr á árunum, sem voru tekin aftur í tímann, þannig að ákvörðun Seðlabankans horfir ekki aðeins fram á við heldur einnig aftur á bak. Mér finnst oft vanta í umræðuna hvað menn eru að gera fyrri lántakendum með þessum ráðstöfunum. Þessu má líkja við mann sem fer og kaupir fisk úti í fiskbúð fyrir tiltekna upphæð og þegar hann kemur daginn eftir, þá segir fisksalinn: „Ég hef ákveðið að þú skuldir mér 20 kr. Við hækkuðum verðið aftur á bak.“ Það er í rauninni þetta sem er að gerast með breytingum á vöxtum og breytilegum lánum. Gagnrýni mín er fyrst og fremst að hafa í senn breytilega vexti og verðtryggingu.

En varðandi verðtrygginguna sem slíka finnst mér skipta öllu máli að búa til kerfi sem tryggi sem lægsta raunávöxtun fjármagnsins.

Herra forseti. Þetta er megingagnrýni mín við þetta frv. Ég hefði kosið að sett yrði lægra þak á dráttarvextina en gert er með þessu frv.

[17:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég vil hnykkja á nokkrum þeim mikilvægu álitamálum og spurningum sem hv. þm. Karl V. Matthíasson drap á um verðtrygginguna og áhrif hennar, ekki eingöngu á efnahagsumhverfið heldur hreinlega á þjóðarsálina. Ég vil hnykkja á þeirri spurningu sem fram kom hjá hv. þm. í þá veru hvort hæstv. viðskrh. líti ekki á það sem mjög mikilvæg skilaboð hjá stjórnvöldum, hjá ríkisstjórn og öðrum þeim sem um efnahagsmál véla í samfélagi okkar, að þeir opinberu aðilar sem fara með stjórn mála trúi sjálfir á stöðugleikann, treysti sjálfir því að verðbólgunni verði haldið í skefjum, að verðlag haldist stöðugt og þar með sé hin gamla ástæða fyrir verðtryggingunni, þ.e. vörn sparifjáreigenda til þess að innstæður þeirra rýrni ekki í bönkum eins og var á óðaverðbólguárum fyrri tíðar, ekki lengur til staðar.

Ég minnist þess að hæstv. fyrrum fjmrh., Friðrik Sophusson, gumaði gjarnan af því í þessum ræðustól á síðasta áratug, raunar bæði fyrri og síðari hluta hans, á þeim átta eða níu árum sem hann sat í stóli fjmrh., að menn væru kerfisbundið lið fyrir lið að vinna sig út úr þessari verðtryggingarhugsun og þessari verðtryggingarviðmiðun. Ég tek eftir því að í þessu frv. ber því miður ekki á þeirri umsögn. Ég mun því árétta þá spurningu sem hefur raunar verið sett fram af fyrri ræðumönnum en ég vil leggja ríka áherslu á hvort hæstv. ráðherra sé mér ekki sammála um að mikilvægt sé að senda út skilaboð til samfélagsins og ekki síst — ég undirstrika, ekki síst — á þeim tímum þegar margir sérfræðingar telja að við séum nú að fara inn í efnahagslega dýfu. Nú halda margir fram að það sé óvissa, stórar spurningar sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum og allt um kring er þessi draugur fortíðar, verðbólgan, umlykjandi. Einmitt við þær aðstæður er svo mikilvægt að stjórnvöld segi: Nei, við ætlum að varðveita stöðugleikann hvað sem það kostar.

Þetta er líka spurning um trúverðugleika ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Er það ekki oddviti hennar, hæstv. forsrh., sem fer mikinn og biður fólk um að halda ró sinni, stöðugleikinn sé ekki í neinni hættu? Því spyr ég: Hvers vegna bólar ekki á skrefum í þá átt að menn gíri sig út úr þessu séríslenska fyrirbæri, þessu alséríslenska fyrirbæri sem verðtrygging inn- og útlána í raun er? Ég held að það sé mikilvægt einmitt á þessum tíma í efnahagsástandi þjóðarinnar þar sem góðæri er tímabundið að baki. Við erum í ákveðinni aðlögun og skiptir miklu um næstu skref hvort við rennum inn í hina erfiðu djúpu dýfu eða hvort okkur takist að halda sjó, hvaða skilaboð það eru sem stjórnvöld ætluðu að senda þjóðfélaginu og þegnum landsins. Að því spyr ég.

[17:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir málefnalega umræðu og fyrir vinnu við þetta frv. sem er vissulega tímamót. Það eru alltaf tímamót þegar sett eru ný vaxtalög í landinu. Auðvitað er ég eins og aðrir hv. þm. sem hér hafa talað inni á því að vextir eru háir og allt of háir á Íslandi. Þetta frv. gengur því miður ekki út á að lækka vexti almennt, en það er rétt að frv. veitir ákveðið svigrúm sem maður vonast til að geti orðið til að bæta kjör þeirra sem standa þannig að vígi að geta náð samningum við bankana, hagstæðari samningum en hefur verið.

Vegna spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá ég legg frv. þannig fram sem það lítur út og þá þarf ég kannski

ekki að svara þeim spuringum hvort ég styðji viðkomandi ákvæði því ég geri það með því að leggja frv. fram, en hv. þm. taldi að það væri ástæða til þess að spyrja mig um álit mitt á 6. gr.

Síðan er það ákvæði, sem getur vissulega orkað tvímælis í sambandi við frv. og við fórum í gegnum þá umræðu í ráðuneytinu, hvað varðar hið séríslenska fyrirbæri sem svo var nefnt, verðtrygginguna. Ég treysti mér ekki til að leggja til að hún verði afnumin og eins og þingmenn gera sér grein fyrir er þetta frv. undirbúið áður en þau tíðindi gerðust fyrir nokkrum dögum að gengið veiktist og ýmsar afleiðingar komu í ljós í framhaldi af því.

Þetta er í sjálfu sér samt umræða sem er eðlilegt að fari fram. Ég skil mjög vel að hv. þm. vilji ræða hvort ástæða sé til núna að afnema þetta ákvæði og setja okkur þá inn í umhverfi sem þekkist hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Engu að síður er þetta fyrirbæri orðið nokkuð greypt inn í þjóðarsál okkar að mínu mati og eins og við vitum — það kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni — hafa vextir verið lægri á verðtryggðum lánum en óverðtryggðum og munar þar einhverjum prósentustigum. Ég held að sú reynsla segi okkur kannski að rétt sé að viðhalda þessu fyrirbæri og þessum aðferðum sem eru lögbundnar. Þess vegna er það sem frv. er lagt þannig fram að við viðhöldum ákvæði um verðtryggingu skuldbindinga.

Ég veit ekki hvort ég á að fara svo mjög út í umræðu frekar. Þetta eru aðalatriðin sem komu fram í umræðunni og ég er ánægð með það. Mér heyrist hv. þm. telja frv. vera til bóta, verði það að lögum, og það er þess vegna sem það er lagt fram. En ég get alveg tekið undir að við vitum ekki nákvæmlega á þessu stigi hvernig mál muni þróast í framhaldi af þessari lagasetningu hvað varðar vaxtatöku en engin ástæða er til annars en vera bjartsýnn og trúa því að verði frv. að lögum muni það leiða af sér betri kjör í flestum eða einhverjum tilfella.

[17:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra orðaði það svo að ákvæði frv. gætu skapað svigrúm fyrir þá sem standa þannig að vígi að geta samið við bankana. Þetta er nákvæmlega rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég held nefnilega að þetta ákvæði frv. breyti engu fyrir hinn almenna einstakling eða kannski fyrir lítil eða meðalstór fyrirtæki. Þetta er fyrst og fremst sniðið fyrir stærri fjárfesta sem eru í stöðu til þess að semja við bankana.

Ég spurði hæstv. ráðherra um kjörvaxtaflokkana, hvort ráðherrann teldi ekki óeðlilega mikinn mun á lægstu og hæstu vöxtum, þegar lægstu vextir fyrir þá sem bankarnir meta sem trygga lántakendur væru 0,5% en allt upp í 5% hærra fyrir þá sem bankinn metur ekki trygga lántakendur. Þeir sem eru ekki traustir að mati bankans — að mati bankans, ég undirstrika það — þurfa að borga 4,5% hærri vexti. Telur ráðherrann ekki eðlilegt að setja eitthvert svigrúm við efri og neðri mörk sem bankarnir verða að fylgja í þessu efni? Mér finnst það óeðlilegt svigrúm sem þarna er á ferðinni.

Varðandi verðtrygginguna er ekki bara verið að viðhalda ákvæðum verðtryggingarinnar heldur er í 15. gr. — og það var um hana sem ég spurði — gengið þannig frá málum að Seðlabankanum verður heimilt en ekki skylt að ákveða lágmarkstíma verðtryggingar. Verðtrygging er þannig að hana má setja á innlán í þrjú ár og útlán í fimm að mig minnir og nú hafa bankarnir svigrúm til að fara neðar með verðtrygginguna, verðtryggja til skemmri tíma en verið hefur. Við erum því að stíga skrefið í þá átt að festa okkur frekar í verðtryggingunni en draga okkur út úr henni. Það var það ákvæði sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um og ég vænti að hún svari ásamt því sem ég spurði um varðandi kjörvaxtaflokkana.

[17:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það og hef oft ætlað mér að koma því á framfæri við hv. þm. Samfylkingarinnar að samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins eru nánast öll fyrirtæki á Íslandi lítil eða meðalstór. Mér heyrist oft í málflutningi þeirra að þeir telji að það sé einhver lítill hluti íslenskra fyrirtækja sem falli undir þessa skilgreiningu. (Gripið fram í.) En þetta er nú reyndar svona.

Ég tel að bankarnir þurfi að hafa ákveðna möguleika til að semja um vexti og ekki sé hjá því komist að þeir taki tillit til lántakandans, hversu öflugur hann er og hversu líklegur hann er til þess að standa í skilum. Þetta eru eins og hver önnur viðskipti og þá hljóta þessi atriði að vera aðalatriði málsins.

Hins vegar, eins og hv. þm. veit, eru neytendalánin undanskilin hvað varðar samninga. Ástæða þess er einfaldlega sú að neytandinn er talinn vera veikari aðili í þeim samningum og þess vegna sé ekki hægt að láta þetta ná til hins almenna neytanda.

Ég verð að segja að ég er verðtryggingarsinni og ég er ekki tilbúin til þess núna að stíga það skref að hætta við verðtryggingu. (**JóhS:** Það var ekki spurningin.) Jú, jú, það var spurningin. (Gripið fram í.) Já, já, en þegar ég segi að ég sé verðtryggingarsinni er ég alveg tilbúin að stíga það skref sem þar er kveðið á um.

[17:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kemur sér hjá því að svara beint því sem um er spurt. Ég var að spyrja hæstv. ráðherra um kjörvaxtaflokkana, hvort hún telji ekki eðlilegt að setja ákveðin efri og neðri mörk þegar um væri að ræða svo mikinn vaxtamun milli hæstu og lægstu vaxta sem bankinn býður eftir því hvort um er að ræða trygga lántakendur að mati bankans eða ekki. Finnst hæstv. ráðherra ekki 4,5% of mikið þó að hún telji að það eigi að vera einhver munur þarna á? Er ekki orðið of langt gengið í þessu efni?

Síðan er það auðvitað útúrsnúningur hjá ráðherranum um meðalstór fyrirtæki á mælikvarða Evrópusambandsins. Auðvitað er mikill munur hér á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og stórum fyrirtækjum. Við erum auðvitað að tala um fyrirtæki innan lands. Auðvitað er munur á Eimskip og Flugleiðum eða einhverjum litlum fyrirtækjum hjá sjálfstæðum atvinnurekendum svo dæmi sé tekið.

Hæstv. ráðherra upplýsir það og þá liggur það fyrir að hún er verðtryggingarsinni eins og hún segir. Hún vill viðhalda verðtryggingunni en það er verið að ganga lengra í þessum efnum í 15. gr. en við höfum gengið áður, þ.e. að Seðlabankanum er núna heimilt en ekki skylt að ákveða lágmarkstíma verðtryggingarinnar. Það er auðvitað spor aftur á bak. Ég segi það, herra forseti, að hæstv. ráðherra er um leið að lýsa vantrú á efnahagsstefnu eigin ríkisstjórnar með því að vilja halda svona fast í verðtryggingarákvæðin og ganga lengra í því efni, festa okkur meira í viðjar verðtryggingarinnar en verið hefur. Ekki er hægt að túlka þetta öðruvísi, herra forseti. Því

hefur alla tíð verið haldið fram af þeim sem vilja stuðla að því að fara út úr þessari verðtrygginu, og þá er ég að tala um stjórnmálamenn, að þegar aðstæður skapast til þess og þegar stöðugleikinn hefur verið viðvarandi í einhvern tíma væri rétt að taka stór skref út úr verðtryggingunni. Hér er verið að læsa sig inn í verðtryggingunni og ganga raunverulega lengra að læsa okkur inni í henni en verið hefur.

En ég vil gjarnan fá svar varðandi kjörvaxtaflokkana, herra forseti. Ég legg áherslu á það.

[17:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef tröllatrú á þeirri ríkisstjórn sem situr í landinu og þarf varla að taka það fram og ég tel að hv. þm. sé að stríða mér þegar hún er að láta að því liggja að það séu einhver óskaplega merkileg skilaboð út í þjóðfélagið að við skulum viðhalda verðtryggingu. Verðtryggingin hefur verið það lengi og hefur skapað sér þann sess í þjóðfélagi okkar að ég held að það geti ekki þótt nein tíðindi þó að henni verði viðhaldið eitthvað lengur. En ég kannast alveg við að því hefur verið haldið fram að eftir að hér væri kominn á stöðugleiki væri alveg hægt að velta því fyrir sér að afnema hana. Kannski rennur upp sú stund meðan ég sit í stóli viðskrh. að ég muni leggja fram frv. sem kveður á um að afnema verðtryggingu. En a.m.k. eins og staðan er í dag og eins og staðan var þegar þetta frv. var undirbúið og það lagt fram, þá taldi ég — og það var niðurstaða ríkisstjórnar — að ekki væri ástæða til þess að fara út í róttækar breytingar hvað þetta varðar.

Hv. þm. talar mikið um 4,5% muninn eftir mati bankanna. Vissulega er þetta mikill munur, ég get alveg tekið undir það. En ég felli mig við að þetta sé þannig. Ef reynslan verður slæm af þessu eins og það er í frv. í því formi sem það er nú þá er alltaf möguleiki að breyta. Við skulum tala saman um þetta eftir ár.

[17:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. viðskrh. sagði að það þetta frv. setti ekki þak á vextina eða ýtti þeim a.m.k. ekki niður frá því sem þeir eru núna og það væri miður. En ef það er miður, hvers vegna í ósköpunum beitir hæstv. viðskrh. sér þá ekki fyrir frv. sem tekur á þeim vanda sem hæstv. ráðherra viðurkennir að sé fyrir hendi?

Dráttarvextir eru núna 23,5% en samkvæmt frv. væri heimilt að fara með þá upp í 25,9%, sem eru 259 þús. kr., sem bönkum og lánastofnunum yrðu greiddar fyrir hverja milljón sem tekin er að láni. Nú vita menn hve margar milljónir menn þurfa að taka að láni til að kaupa íbúð svo dæmi sé tekið. Þess eru mjög mörg dæmi að einstaklingar á lágum launum, sem búa við bágborin kjör, hafa þurft að taka bankalán, lent í vanskilum og þar af leiðandi á dráttarvöxtum sem eru 23,5% í dag og meiri hlutinn á Alþingi er að fara að samþykkja frv. með lagagrein sem færir þetta þak upp í 25,9%. Ef hæstv. ráðherra finnst þetta miður, hvers vegna í ósköpunum ekki að breyta lagagreininni og kveða á um bann við okri af þessu tagi?

[17:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þannig tímar sem við lifum á að það er frelsi á þessu sviði og okurlán hafa verið afnumin. Það að vaxtastig skuli vera hátt í landinu er ekki mál sem verður útkljáð með samþykkt þessa frv. Það er miklu stærra mál en svo. Auðvitað er það hluti af efnahagsstefnu þjóðarinnar að hafa vexti háa nú um stundir en að sjálfsögðu lifum við öll í þeirri von að þeir tímar komi að vextir geti verið meira í samræmi við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar og þeim löndum sem við berum okkur saman við.

[17:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna fengum við það. Við lifum þannig tíma að frelsi eigi að ríkja á þessum markaði. Hér kemur fulltrúi ríkisstjórnarinnar og réttlætir það sem ég vil kalla ránsfeng bankanna. Oft og tíðum er verið að taka peninga af fátæku fólki sem á engra kosta völ og átti engra annarra kosta völ en að taka þessar lánsskuldbindingar á herðar og á engra annarra kosta völ en greiða þetta okur því að því er stillt upp við vegg af hálfu bankanna. Ég heyrði ekki betur en hæstv. viðskrh. talaði með fyrirlitningu um okurlögin sem áður voru og tilheyra liðinni tíð.

Þegar rætt er um frelsi, að við lifum þannig tíma að frelsið ríki, þá er það hlutverk okkar í löggjafarsamkundunni að setja samfélaginu leikreglur í þessum efnum. Það er okkar að sjá til þess að þær leikreglur, þau lög sem við búum við séu réttlát. Þegar við verðum vitni að öðru eins ranglæti og vaxtaokrið ber með sér ber okkur að sjálfsögðu að taka á því. En svörin frá hæstv. viðskrh. eru á þennan veg: Það er frelsi og við verðum að taka því sem að höndum ber.

[17:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. talaði um ránsfeng bankanna, þá er það einkennilegt, miðað við það ef svo er, að bankarnir skuli ekki skila meiri hagnaði en raun ber vitni. En sannleikurinn er sá að hagnaður bankanna er alls ekki viðunandi, ekki nægilegur að mínu mati.

En svo er það eitt sem við höfum kannski ekki rætt um hér og er í sjálfu sér eðlilegt vegna þess að það tengist ekki beint þessu frv. að það er náttúrlega hinn mikli vaxtamunur sem er hér á Íslandi sem þýðir að það er allt of mikill kostnaður í bankakerfinu. Það er von mín m.a. með því að selja bankana eigi sér stað ákveðin hagræðing sem þýði að vaxtamunur muni lækka og þar með vextir, bæði til neytenda og fyrirtækja.

[17:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég tók til máls um þetta frv. í 1. umr. og ef ég man rétt var hæstv. viðskrh. ekki við heldur mælti hæstv. utanrrh. fyrir málinu. Þá ræddum við nokkuð almennt um verðtrygginguna. Við ræddum almennt um að hvergi er jafnvíðfeðm verðtrygging í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og hér. Við ræddum almennt hvort hér færi ekki að koma sú staða í efnahagslífinu að ekki þurfi að ríkja sérstakt verðtryggingarkerfi fyrir fjármagn hér á landi. Umræður við 1. umr. voru ágætar. Menn skiptust á skoðunum og almennt var það viðhorf uppi að menn vildu a.m.k. horfa mjög til þess í framtíðinni að leita leiða til að hægt væri að afnema verðtrygginguna.

Hér er verið að fjalla um frv. um vexti og verðtryggingu og hér er m.a. verið að rýmka samningsréttinn um dráttarvexti og ýmislegt annað.

Ég vil einnig nefna það sérstaklega, af því að hæstv. ráðherra kom að því í ræðu sinni áðan þar sem hún fjallaði aðeins um okurlán, að ég tel að á engan sé hallað þó því sé

haldið fram með rökum að 20–23% dráttarvextir hljóti að teljast okurlán. Það geti varla verið hægt að gefa því önnur nöfn og þó að okurlögin svokölluðu séu ekki lengur við lýði held ég að ekki sé hægt að gefa þessari vaxtaprósentu annað nafn en okurlán.

Virðulegi forseti. Megintilefni þess að ég bað um orðið var að ég tók þátt í þessari umræðu við 1. umr. um frv. Hæstv. viðskrh. var þá ekki á vettvangi og því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra tveggja lítilla spurninga vegna þess að það er einfaldlega þannig hvernig sem á það er litið að íslensk löggjöf verndar fjármagn betur en víðast hvar annars staðar. Það er hvergi jafnvíðfeðm verðtrygging og hérna. Þetta hefur stundum verið kallað almannatryggingakerfi fjármagnseigenda. Þess vegna vildi ég, virðulegi forseti, beina tveimur spurningum til hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi hvort hæstv. ráðherra sjái flöt á því núna í nánustu framtíð og hvaða aðstæður þurfi að vera uppi til að það komi til álita að afnema verðtrygginguna.

Í öðru lagi hefur legið inni um nokkuð langt skeið frv. til laga um ábyrgðarmenn sem hefur stundum verið kallað einn þátturinn af þessu svokallaða almannatryggingakerfi fjármagnseigenda. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort trú hennar á efnahagslífinu, trú hæstv. ráðherra á stöðugleikann sé slík að í nánustu framtíð sé annars vegar hægt að afnema verðtrygginguna og hins vegar að lögfesta skýrar reglur um ábyrgðarmenn því að það er í raun og veru eina færa leiðin ef menn vilja takast á við það sérstæða ástand sem er hér á landi að því er varðar ábyrgðarmenn.

[18:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningu hv. þm. um ábyrgðarmennina, það frv. sem hefur verið til umfjöllunar í þinginu, þá erum við í viðskrn. að vinna að því að endurbæta þann samning sem gerður var við lánastofnanir og sem Neytendasamtökin koma einnig að og vona ég að það verði til þess að ákveðin lausn náist sem allir geta bærilega sætt sig við. En ég get ekki greint frekar frá því á þessu stigi og tel að betra sé að gera það í hv. nefnd.

Síðan var spurt við hvaða aðstæður væri hægt að hugsa sér að afnema verðtrygginguna. Ég treysti mér ekki til þess að kveða nákvæmlega upp úr með það. Þetta er mál sem við munum eflaust taka upp aftur áður en langt um líður. Ég er í sjálfu sér opin fyrir því að endurskoða þá afstöðu mína að gera þarna á breytingar þó að ég telji að rétti tíminn sé ekki núna.

[18:02]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Kannski er fullmikið í lagt að ætlast til þess að hæstv. ráðherra svari því beint út hvort hugsanlega og hvaða aðstæður kunna að leiða til þess að hægt sé að afnema verðtrygginguna. Því er ástæðulaust að elta ólar frekar við það. Hæstv. ráðherra svaraði því eins vel og hún gat. Hins vegar liggur alveg fyrir að því er varðar ábyrgðarmennina að samkomulagið sem gert var á sínum tíma er þannig úr garði gert að það er algerlega háð vilja lánastofnananna því að þeir eru framkvæmdaraðilar að þessum samningum.

Það liggur líka fyrir að menn náðu engan veginn þeim markmiðum sem að var stefnt með þeim samningum og það liggur einnig fyrir að ef menn ætla að ná einhverjum árangri, ef menn hafa vilja til þess að ná raunverulegum árangri, þá verður það ekki gert nema með löggjöf. Það er alveg kristalstært. Því þykir mér mjög miður — ég get ekki túlkað orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo — að hæstv. ráðherra sjái ekki ástæðu til þess á þessu þingi að lögfesta reglur um ábyrgðarmenn, hæstv. ráðherra vilji fara aftur í gamla farið sem ekki gafst vel og hefur þegar verið reynt. Ég verð að lýsa því yfir, virðulegur forseti, að mér þykir miður að hæstv. ráðherra vilji ekki standa að því að lögfesta reglur um ábyrgðarmenn.

[18:04]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. er löglærður maður er ástæða til þess, finnst mér, að ræða við hann um atriði sem hann ræddi um áðan.

Í fyrsta lagi er þetta spurning um hagsmuni lántakenda, gagnvart verðtryggingu t.d. Það liggur algerlega fyrir að raunverulegur fjármagnskostnaður af óverðtryggðum lánum hefur verið 1–1,5% meiri en af verðtryggðum lánum. Hvað í ósköpunum þýðir þá fyrir hv. þm. að koma og tala um að hagsmunir lántakenda felist í því að afnema verðtryggingu? Hv. þm. verður að hafa tölurnar fyrir framan sig og ekki tala um að leggja sérstakan viðbótarskatt á lántakendur með því að afnema verðtryggingu.

Annað sem hv. þm. talar um er að íslensk löggjöf verndi fjármagn. Staðan er sú að dráttarvextir á Íslandi eru óeðlilega lágir miðað við vextina yfirleitt og það er stórkostlega óeðlilegt eins og hv. þm. veit gjörla ef staðan í svona málum er sú að skuldara sé í hag að draga að greiða af lánum vegna þess að hann er að fá ódýrasta fjármagnið sem hann á völ á kannski með því að greiða dráttarvexti í stað þess að borga skuldir sínar.

[18:06]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki mikið um þetta að segja. Hitt vil ég þó segja að það er náttúrlega ofur eðlilegt að verðtryggð lán séu á lægri vöxtum en óverðtryggð. Hví skyldi það vera? Vegna þess að verðtryggð lán hafa ekki þá áhættu innifalda sem verðbólguþróunin er. Menn eru tryggðir fyrir þeirri áhættu og það er ekkert óeðlilegt ef menn taka minni áhættu að vextirnir séu lægri. Það er bara eðlilegt á þessum markaði og því algjörlega ástæðulaust að elta ólar við slíka hluti.

Hins vegar hefur það æxlast þannig hér að þetta bil milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána hefur nánast haldist. Menn hafa litið nánast á að verðtryggð lán séu botninn og óverðtryggð lán hafa verið þetta 1,5–2 og jafnvel fleiri prósentum hærri að jafnaði, þ.e. ef tekin er fasta verðprósentan og verðbólgan ofan á versus óverðtryggðu lánin. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt ef menn taka minni áhættu að verðtryggðu lánin séu á lægri vöxtum.

[18:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alveg nákvæmlega eins og hv. þm. segir er raunvaxtakostnaður lántakenda af verðtryggðum lánum lægri en af óverðtryggðum, þ.e. ef bæði vaxtagreiðslurnar og verðbólguuppfærslan er tekin með í reikninginn. Þess vegna er nákvæmlega ekkert vit í því út frá hagsmunum lántakenda að leggja verðtrygginguna niður vegna þess að það eru hagstæðari lán þegar til lengri tíma er litið, sérstaklega langtímalán.

Seinna atriðið sem ég vildi gjarnan fá hv. þm. til að tjá sig betur um er þetta: Finnst hv. þm. eðlilegt að skuldari sé í þeirri stöðu að hagstætt sé fyrir hann að draga að greiða af

láni, að draga að greiða af skuldbindingum sínum og borga dráttarvexti frekar en t.d. að taka nýtt lán og endurnýja það? Ég nefni það sem dæmi vegna þess að ef hv. þm. stendur frammi fyrir því t.d. að greiða ekki segjum bara af hálfrar milljón kr. skuld heldur borga dráttarvexti af henni versus það að fara út í Búnaðarbanka, Landsbanka eða Íslandsbanka og taka slíka hálfa millj. kr. að láni á venjulegum óverðtryggðum vöxtum í átta mánuði, þá er hagstæðara að nota dráttarvextina vegna þess að raunverulegur fjármagnskostnaður af óverðtryggðu 500 þús. kr. láni í átta mánuði er yfir 31% meðan dráttarvextirnir mundu vera þetta 23–24%.

[18:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um seinna atriðið get ég tekið undir með hv. þm. að það er óeðlilegt að menn borgi lægri vexti með því að draga að greiða af lánum. Ég get alveg tekið undir það. Það er óeðlilegt að menn borgi lægri vexti með því að standa ekki við sínar samningsskuldbindingar. Undir það get ég vissulega tekið.

En það sem ég var hins vegar að ýja að með verðtryggðu lánin er einfaldlega þetta: Verðtryggingin hefur verið botninn. Menn hafa ekki verið að keppa sín á milli um að veita lán. Menn hafa ekkert farið neðar en þetta. Það sem ég á við er að það er ekki alveg hægt að draga svona skýrar ályktanir. Af því að staðan í dag er eins og hún er þá geta menn ekki dregið svo skýrar ályktanir af því og sagt: Ef verðtryggingin yrði afnumin mundi það þýða vaxtahækkun. Það segir sig ekkert sjálft vegna þess að menn hafa litið á þetta sem botninn og hafa ekki keppt um fjármagn og aldrei farið neðar en þetta. Þetta er næstum því eins og rautt strik. Það er það sem ég er að segja þegar ég segi að ekki sé sjálfgefið að þó að verðtryggingin yrði afnumin, þ.e. tryggingakerfið, þyrftu menn að borga hærri vexti af sínum lánum.

Virðulegur forseti. Svo verð ég að segja það líka alveg eins og er að vextir á Íslandi eru allt of háir.

[18:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það er í sjálfu sér eðlilegt að dráttarvextir séu hærri en aðrir vextir og óeðlilegt að það sé á annan veg. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talar um lán sem geti borgað sig fyrir lánakandann að láta dankast, fara yfir á dráttarvexti, í stað þess að endurnýja það með tilheyrandi lántökugjöldum.

Vandinn er bara sá að það á við bæði um dráttarvextina sem aðra vexti að kostnaðurinn er of mikill. Vextir eru allt of háir. Mér finnst ekki óeðlilegt að leitað sé leiða með reglum og lögum til að halda þeim innan ákveðinna marka. Ég veit að þetta samrýmist ekki frjálshyggjustefnu ríkisstjórnarinnar og mönnum finnst alveg þetta jafnvel alveg hræðilegur hlutur að segja, þ.e. að ætla að hafa áhrif á markaðinn eins og menn gerðu áður með okurlögunum frá 1960. Ég veit það. Mér finnst það hins vegar vera nánast ránsfengur sem fjármálastofnanir hafa af fólki með þessum okurvöxtum.

Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan að það væri í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að halda vaxtakostnaði háum, væntanlega með það fyrir augum að slá á þenslu, koma í veg fyrir eftirspurn eftir lánum. Ég vakti hins vegar athygli á því í ræðu minni áðan að iðulega á fólk, einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki, ekki annarra kosta völ en að leita eftir lánsfjármagni. Þannig er að þegar viðkomandi snúa sér til lánastofnana eru vextir þar mjög einsleitir. Þeir eru mjög á einn veg. Samræmi er í þeim vöxtum sem þar er sboðið upp á.

Þegar við lítum á einstaklingana og fjölskyldurnar sem ég staðhæfi að eigi ekki annarra kosta völ en að leita inn í þetta rándýra kerfi þá horfi ég t.d. á húsnæðiskerfið sem við höfum smíðað og búið við. Hvernig skyldi það vera? Hvernig skyldi húsnæðiskerfið vera? Húsnæðiskerfið er þannig að það hefur allt meira og minna verið markaðsvætt. Fólk fær húsbréfalán til að fjármagna íbúðir sínar. Hve mikið fær fólk að láni? Jú, það fær 65%, 75% ef verið er að kaupa í fyrsta sinn, ef ég man rétt, og ef fólk á kost á viðbótarlánum getur það farið upp í 90%.

90% af hverju? Og 65% af hverju? Jú, af íbúðarverðinu en þó með hámarki. Það er hámark á lánveitingum í húsnæðiskerfinu. Hvert skyldi þetta hámark vera? Ef ég man rétt er það um 10 millj. Hvað þýðir það? Það þýðir að einstaklingur getur fengið húsbréf upp á 6,5 millj. Húsbréfalánin geta numið 6,5 millj. Hverjir eru vextir á þeim lánum? Þeir eru ívið lægri en gerist á markaði. Eru þeir ekki 5,1% ofan á verðtryggingu? Það eru verðtryggð lán með 5,1%. Þau hafa reyndar rokkað til. Ávöxtunarkrafan hefur verið breytileg vegna þess að eftirspurnin eftir þessum bréfum á markaði hefur verið mismunandi og þegar hún hefur verið lítil hefur ávöxtunarkrafan aukist verulega með tilheyrandi auknum byrðum á lántakandann. En eftir standa þá þær milljónir sem einstaklingurinn verður að leita eftir út á markaðinn. Ef hagur hans er mjög bágur getur hann átt kost á viðbótarláni og farið upp í 90%, 90% að hámarki af 10 millj. Viðbótarlánin eru ekki á lægri vöxtum en almennu húbréfalánin þannig að þar erum við líka að tala um allverulegan vaxtakostnað. En þetta er hátíð hjá hinu þegar einstaklingurinn þarf að leita til bankans, til fjármálastofnananna. Þá erum við að tala um miklu hærri vaxtakostnað. Það er það fólk sem er að taka þessi lán á almennum vaxtakjörum í bönkunum sem er sumt hvert að lenda inni í dráttarvaxtagildrunni. Þetta fólk er ekki eins og hverjir aðrir viðskiptavinir í búð sem geta síðan sjálfum sér um kennt þegar þeir kaupa of mikið. Iðulega erum við að tala um fólk sem er að reyna að fjármagna þakið yfir höfuðið á sér og fjölskyldu sinni. Til varnar þessu fólki þyrfti fólk að eiga eins og eitt stykki ríkisstjórn og sæmilega þenkjandi stjórnarmeirihluta á Alþingi sem setur þær reglur að bankarnir og fjármálastofnanir megi ekki og geti ekki níðst á þessu fólki vegna þess að þetta fólk á engra kosta völ. Ég hefði haldið að þetta hefði verið eitt aðaláhyggjuefnið, ekki aðeins verkalýðshreyfingar heldur samtaka atvinnurekenda líka að vaxtakostnaður, að fjármagnskostnaður sé úr hófi fram. Ef við búum lengi við það ástand að raunávöxtun fjármagns er mjög mikil þýðir það í reynd að verðmæti, að fjármagn, peningar eru fluttir frá heimilum og frá atvinnurekstri yfir í fjármagnið og yfir til fjármagnseigenda og ef þetta gerist í langan tíma er voðinn vís. Mér finnst alltaf mjög undarlegt að talsmenn atvinnurekenda í Samtökum atvinnulífsins og annarra samtaka skuli ekki hafa áhyggjur af þessu og þeim finnist einhver goðgá að setja einhverjar reglur, að setja eitthvert hámark, að sjá til þess að eitthvert lágmarksvelsæmi sé ríkjandi. Mér finnst það mjög undarlegt.

Við heyrðum hæstv. viðskrh. lýsa því yfir áðan að það væri beinlínis stefna ríkisstjórnarinnar að hafa vaxtastigið tiltölulega hátt. Ég vænti þess og geri ráð fyrir því að það sé gert á þeirri forsendu að slá á þenslu, að reyna að hamla gegn

útlánum í bankakerfinu, en reyndin er sú að með þessari stefnu eru heimilin og fyrirtækin sett í mikinn vanda, enda er það að gerast núna að fréttir berast af auknum útlánatöpum í bankakerfinu. Ein ástæðan er sú að þau eru að sligast undan þessum háa vaxtakostnaði. Gegn honum eigum við að beita okkur af alefli og ekki hika við að beita lagavaldi ef þess gerist þörf.

[18:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef litið er á frv. sem hér er til umfjöllunar um vaxtalög snýst það frv. fyrst og fremst um uppbyggingu markaðarins sem slíks, hvort það sé samningsfrelsi á markaðnum, hvað má og hvað má ekki, um fyrirkomulag dráttarvaxta, verðtryggingu og slíka þætti.

Þessi uppbygging markaðarins er nokkuð annars eðlis en spurningin um hvort vaxtastigið almennt í landinu sé of hátt eða of lágt. Það er engin deila milli mín og hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að vaxtastigið í landinu er óþægilega hátt og það er engin deila milli mín og hv. þm. um að æskilegt væri að vaxtastigið gæti almennt farið niður. En það á að gera greinarmun á því hvort vaxtastigið er almennt of hátt eða hvort t.d. sé verið að gera dráttarvexti óeðlilega lága miðað við aðra vexti og slíkt.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er afar óheppilegt fyrir hagkerfið og fyrir efnahagslífið, fyrir heimilin ef gjaldþrot eru mikil eða fólk er í fjárhagslegum erfiðleikum og mikið af vanskilum í bankakerfinu, enda hafa bankarnir á undanförnum árum gert stórvirki í því að koma fjármálum fjölmargra einstaklinga í lag. Mjög margir einstaklingar og heimili hafa farið í greiðsluþjónustu í bankakerfinu, eru búnir að ná miklu betri tökum á toppum og lægðum í tekjuinnstreymi og útgjaldastreymi og ég mundi segja að það væri mjög gott verk sem bankarnir hafa unnið en vaxtastigið er almennt of hátt.

[18:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tekur undir þau sjónarmið sem ég er að leggja áherslu á um vaxtaokrið hafi keyrt úr hófi fram. Þar virðumst við vera sammála.

Hitt kann vel að vera að vel hafi tekist til í sumum tilvikum í sameiginlegum aðgerðum banka varðandi greiðsluþjónustu og samræmt átak sem gert hefur verið af hálfu bankanna og annarra lánastofnana, lífeyrissjóða og annarra til að greiða úr fyrir einstaklingum. En yfirleitt er það svo að það hefur verið að greiða úr vanda fólks eftir að það hefur verið keyrt niður á hnén með óhóflegu vaxtaokri. Auðvitað er það ekkert annað en vaxtaokur þegar krafist er 23,5% raunávöxtunar eins og gert er núna með dráttarvöxtum í bankanum. Það eru 235 þús. kr. á hverju ári fyrir 1 millj. sem eru teknar upp úr vasa einstaklingsins og í mjög mörgum tilvikum er um að ræða tekjulítið fólk sem er engan veginn aflögufært.

[18:23]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki bönkunum í hag ef viðskiptavinirnir eru í greiðsluvandræðum. Þvert á móti er það vísasti vegurinn til að tapa á bankarekstri að það komi fyrir að kúnnarnir lendi í vandræðum og geti ekki staðið í skilum. Þess vegna hafa bankarnir verið að reyna að fá fólk inn áður en það lendir í vandræðum með því að hvetja fólk til þess að koma inn í greiðsluþjónustu. Það er alltaf þannig að ef fólk kemur fyrr en seinna, um leið og eitthvað byrjar að bjáta á, um leið og forsendur breytast, um leið og aðstæður breytast í þeirra fjármálum, eitthvað kemur upp á, er betra fyrir fólk að koma sem allra fyrst og tala við bankann sinn.

Ég nefni þá breytingu sem hefur orðið í bankakerfinu þegar allir þjónustufulltrúarnir eru komnir. Þegar fólk kemur inn í banka í dag eru sárafáir sem eru að telja peninga. Það hefur stórminnkað. En mörg borð eru setin af þjónustufulltrúum sem fólk kemur til og ekki þarf lengur að standa í biðröðum hjá bankastjórum til þess að fá smálán. Þetta er orðið miklu þægilegra og bankarnir eru farnir að veita miklu betri þjónustu og farnir að vinna miklu betur með heimilunum til að leysa vandamál áður en þau verða allt of mikil. Bankarnir brenndu sig fyrir nokkrum árum, á erfiðleikatímanum í kringum 1990, á því að vinna ekki með fólki. Þess vegna er þetta komið og þeir hafa sem betur fer lært og eru farnir að gera mjög góða hluti einmitt á þessu sviði.

[18:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr þjónustufulltrúum í bönkunum og að þeir geti unnið gott starf og ég ætla ekki að gera lítið úr því átaki sem kann að vera innan bankanna til að koma til móts við viðskiptavini sína. Ég ætla ekki að gera lítið úr því.

En úr hinu vil ég gera mikið að það er staðreynd að mjög stórir hópar einstaklinga og fjölskyldna eru að sligast undan okurvaxtaklyfjum sem bankarnir leggja þeim á herðar. Hvern skal undra þegar dráttarvextir eru komnir í 23,5%? Mér finnst áhyggjuefni þegar við erum að samþykkja lög sem veita þessum lánastofnunum heimild til að fara upp í 25,9% miðað við núverandi aðstæður vegna þess að miðað er við vexti algengustu skammtímalána og heimilt að leggja 15% vanefndaálag þar ofan á. Miðað við núverandi ástand mundi þetta þýða 25,9% dráttarvexti.

Hæstv. viðskrh. kvað þetta vera illt en jafnframt benti ráðherrann á að þetta væri þegar allt kæmi til alls í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að keyra vextina upp, halda vöxtunum háum. Það voru orð hæstv. ráðherra og mér finnst það sannast sagna mikið áhyggjuefni.

[18:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem í andsvar við hv. þm. vegna þess að hann fór svo ágætlega yfir það áðan hverjir lánsmöguleikar fólks væru. Hann fór þá m.a. yfir það hvaða leiðir væru fyrir fólk til lána þegar það væri að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ekki er tilviljun að nú er hægt að fara á einn stað eins og áður í Húsnæðisstofnun, nú í Íbúðalánasjóð, og fá svo hátt hlutfall að láni þegar um kaup á íbúð eða húsnæði er að ræða. Það er markviss stefna sem unnið var eftir þannig að fólk kæmist út úr þeim vítahring að hlaupa á milli peningastofnana og slá víxla.

Þessi ríkisstjórn hefur ekki staðið vörð um stöðugleikann. Hún hefur hvatt til óráðsíu, eyðslu og fjárfestinga með óábyrgu tali. Ég kem til að bæta í raun og veru við það sem þingmaðurinn var að fjalla um og líka þá um Íbúðalánasjóð. Áður voru húsbréf eingöngu lánuð til þeirra sem voru að koma yfir sig þaki. Ef ég væri að selja 5 millj. kr. íbúð og ætlaði að kaupa 8 millj. kr. íbúð gat ég ekki fengið lán nema sem nam þessum mismun. Fyrir meira en ári var þetta afnumið í þenslunni og hvatningunni til að eyða þannig að fólk sem var að selja 20 millj. kr. eign gat farið í Íbúðalánasjóð, tekið fullt húsbréfalán ef það var að kaupa litla íbúð og eytt hinu eða fjárfest. Það er ekki að undra,

herra forseti, að nú skuli íslenskur iðnaður senda tóninn til ríkisstjórnarinnar, vekja athygli á verðbólguskjálfta og að mánaðarleg verðbólga hefur ekki verið hærri síðan 1990.

[18:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að þessi ríkisstjórn hefur ekki staðið vörð um verðstöðugleikann og möguleika fólks til að fjármagna húsnæðiskaup til að koma þaki yfir höfuðið á sér og sínum. Þá skulum við ekki gleyma því heldur að við bjuggum við annað og stærra kerfi en húsbréfakerfið vegna þess að við bjuggum jafnframt við félagslegar lausnir í húsnæðismálum. Með þeirri breytingu sem gerð var á húsnæðiskerfinu, með lagabreytingu 1998 sem tók gildi í ársbyrjun 1999, ef ég man rétt, er stoðunum í reynd kippt undan húsnæðiskerfinu. Engan veginn er séð fyrir endann á því hvernig það mál mun fara. Það er ein skýringin á því að það fjölgar í þeim hópi sem annars vegar leitar út á rándýran húsaleigumarkaðinn og hins vegar inn til okurlánaranna, inn til þeirra stofnana sem veita lán á þessum okurkjörum. En mér finnst áhyggjuefni hvert viljaleysið er til að grípa til einhverra raunhæfra ráðstafana og taka á þessum háu vöxtum. Út á það hefur gagnrýni okkar gengið í stjórnarandstöðunni og stöndum við þar einhuga saman að við höfum viljað taka á þessum málum á ábyrgari hátt en gert er í þessu frv. þótt okkur finnist margt í frv. þess virði að styðja það.

[18:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það var ekki meining mín að teygja neitt á þessari umræðu en mér finnst ekki hægt að ljúka henni án þess að vekja athygli á því sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. *Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég er* nokkuð slegin yfir því vegna þess að það kom mjög skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. að hún væri mótfallin því að hér yrðu lögfestar reglur um ábyrgðarmenn og ábyrgðartryggingu. Þetta er mál sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur flutt fjórum sinnum og fjallar um ábyrgðarmenn og að settar séu skynsamlegar reglur sem gilda eiga um ábyrgðarmenn og fjárskuldbindingar og samskipti kröfuhafa og ábyrgðarmanna sem eru mjög mikilvægt. Við þekkjum það og hefur verið margfarið yfir það í umræðu í vetur og á undanförnum árum hvað mörg sorgleg dæmi finnast vegna ábyrgðarskuldbindinga í lánakerfinu og hvernig þessar reglur sem við búum við varðandi ábyrgðarmennina hafa leitt til þess að fjöldi einstaklinga hefur misst íbúðarhúsnæði sitt og við þekkjum þar mörg sorgleg dæmi. Hér var verið að reyna að finna leið til þess að draga úr skakkaföllum sem ábyrgðarmenn lenda í.

Ég hélt satt að segja, herra forseti, að ákveðin samstaða væri að skapast í þinginu um að setja slíkar reglur vegna þess að það er nauðsynlegt. Sagt er að á 60–80% heimila megi finna einstaklinga 18 ára og eldri sem eru í persónulegri ábyrgð vegna fjárskuldbindinga. Allt of margir þeirra hafa lent í verulegum fjárhagserfiðleikum vegna þess að þeir hafa skrifað upp á lánveitingar eða ábyrgð fyrir annan aðila. Þess vegna töldu menn brýnt að finna skynsamlegar leikreglur í þessu efni en nú virðist svo að hæstv. viðskrh. hafi hreinlega slegið málið út af borðinu með því að segja að hún væri mótfallin slíkri lagasetningu og vill bara semja við bankakerfið um einhverjar leikreglur í þessu sambandi.

Þetta minnir mig, herra forseti, á það þegar framsóknarmenn töluðu mjög fyrir því fyrir kosningar 1995 að hér þyrfti að setja lög um greiðsluaðlögun fyrir skuldugustu heimilin. Það var leið sem var farin í Noregi með mjög góðum árangri fyrir heimili sem höfðu lent í verulegum greiðsluerfiðleikum og engin leið var til þessa að bjarga nema með greiðsluaðlögun og Norðmenn settu lög þar um. En um leið og framsóknarmenn komust í ríkisstjórn gleymdu þeir þessu máli og vildu bara fara í það að semja við bankakerfið um leiðir fyrir skuldug heimili og þau sem væru í miklum erfiðleikum — með hvaða árangri, herra forseti? Ég hef ekki séð neinn árangur af því. Nú vilja framsóknarmenn með viðskrh. í broddi fylkingar greinilega slá út af borðinu þetta þýðingarmikla mál um ábyrgðarmenn. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur hæstv. viðskrh. með þeirri yfirlýsingu sem hér kemur fram. Það eru mjög margir og mörg heimili sem bundu vonir við að þetta frv. yrði að lögum. Þetta hefur verið töluvert í umræðunni.

Herra forseti. Það skulu vera lokaorð mín að ég er mjög hrygg yfir því að svo skuli fara með þetta mál að ráðherrann skuli svona rækilega í lok þessa þings slá málið út af borðinu. En auðvitað munum við í Samfylkingunni og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, ef ég þekki hann rétt, flytja þetta mál aftur og aftur þangað til það verður gert að lögum og sennilega sýnist mér að málið sé þannig vaxið að það verði ekki að lögum fyrr en Samfylkingin getur haft hönd í bagga með stjórnun landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (atvinnurekstrarleyfi). — Þskj. 1026, nál. 1371.

[18:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frv. *þetta er lítið í sniðum. Það er tvær greinar og er önnur* gildistökugrein. Frv. gengur út á það að fella niður ákvæði um svokölluð atvinnurekstrarleyfi fyrir útlendinga.

Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa viðskrn. sem kynnti sér til viðbótar umsagnir sem félmn. höfðu borist um mál sem eru um atvinnuréttindi útlendinga og eru til afgreiðslu í þinginu á sama tíma og er tengt þessu máli.

Virðulegi forseti. Nefndin gerir tillögu um að þetta mál verði samþykkt óbreytt. Undir það rita allir nefndarmenn.

[18:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vildi halda því til haga nú þegar þetta mál er komið til 2. umr. að við 1. umr. málsins vakti hv. þm. Jóhann Ársælsson athygli á því að hann hefði áhyggjur af hvaða áhrif þetta frv., sem formaður efh.- og viðskn. hefur mælt fyrir við 2. umr., gæti haft. Hann taldi að hugsanlega gæti frv. haft þau áhrif að erlendir verkamenn færu að stunda atvinnu á Íslandi í gegnum einkahlutafélög sem væru stofnuð til að vinna eingöngu beint fyrir atvinnurekendur og létta þeirri kröfu og skyldu sem atvinnurekendur hafa gagnvart starfsmönnum sínum og taldi hann að með þessu væri ákveðin hætta á því að einkahlutafélög sem stofnuð

væru af útlendingum sem koma til landsins til að vinna hér og bjóða þjónustu sína með þeim hætti hefðu kannski ekki sambærilega stöðu og mundu standa jafnfætis verkafólki á íslenskum markaði. Spurði hv. þm. hvort svo gæti verið að fjölskylduhlutafélög sem stofnuð eru til þess að koma fjölskyldu í vinnu á Íslandi gæti farið að undirbúa og stunda þjónustu og vinna á Íslandi undir merkjum slíkra hlutafélaga. Ég taldi ástæðu til að ganga úr skugga um að þetta frv. hefði ekki þau áhrif.

Fulltrúi ráðuneytisins sem kom á fund nefndarinnar sagði að það væri frekar verið að þrengja að verktakastarfsemi heldur en hitt og í áliti sem ég fékk frá ASÍ sem mér barst í hendur út af þessu atriði og þessu áhyggjuefni þingmannsins, þá segir ASÍ um það, með leyfi forseta:

„Frumvarpinu virðist vera ætlað að þrengja heimildir útlendinga til þess að koma til landsins með því m.a. að loka fyrir það að útlendingar taki hér land sem verktakar, enda eru útlendingalögin þannig að til þess að fá dvalarleyfi þurfa útlendingar að hafa sönnun fyrir því að geta framfært sig.“ Eða atvinnuleyfi með öðrum orðum.

Herra forseti. Ég vildi halda þessu til haga í umræðunni að þetta hafi sérstaklega verið kannað og eftir því sem við erum upplýst um, bæði af fulltrúa ráðuneytisins og af ASÍ, þá er ekki þörf að hafa áhyggjur af sem hv. þm. drap á við 1. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinber innkaup, 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1048, nál. 1331 og 1386, brtt. 1332.

[18:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um opinber innkaup.

Með frv. er verið að skýra framsetningu gildandi reglna um opinber innkaup. Verið er að safna saman í einn lagabálk þeim ákvæðum sem um slík innkaup hafa gilt.

Ekki eru miklar efnisbreytingar í sjálfu sér sem frv. hefur í för með sér en gagnsemi þess felst fyrst og fremst í því að nú eru þessar lagareglur aðgengilegar fyrir hvern sem er.

Nefndin sendi málið til umsagnar allmargra aðila og fékk fulltrúa flestra þeirra á sinn fund. Frá því er greint í nál. hverjir þetta voru.

Meiri hluti nefndarinnar gerir nokkrar brtt. við frv. Þær eru í einum sex liðum.

1. brtt. nefndarinnar er við 3. gr. og er svohljóðandi: „Við 3. gr. Við a-lið 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.“

Tillagan snýst um að skilgreina gildissvið laganna þannig að það sé klárt að sjálfseignarstofnun svo dæmi sé tekið sem starfar með almannahagsmuni fyrir augum falli ekki undir þessi lög ef tekjur hennar eru á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila.

Í 2. lið brtt. er gert ráð fyrir því að í 4. gr. falli 2. málsl. 6. mgr. brott. Hann er um að ráðherra geti einnig ákveðið að ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki geri sérleyfissamning einungis að undangengnu útboði sem hann setur nánari reglur um. Gerð er tillaga um að sá málsliður falli brott.

Í 3. lið brtt. er gert ráð fyrir breytingum á 11. gr. frv. en hún fjallar um jafnræði bjóðenda. Gert er ráð fyrir að heimilt sé „samkvæmt lögum þessum að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum.“ Um þetta var allmikið rætt en spurningin er hvort óheimilt sé að gera búsetu á tilteknu svæði að skilyrði fyrir þátttöku í opinberum innkaupum, þ.e. að ekki megi mismuna bjóðendum á grundvelli búsetu þeirra eða staðsetningar.

Það sem málið snýst um er að meiri hluti nefndarinnar telur að það sé fullkomlega málefnaleg ástæða til að ákveða að opinber stofnun, hluti hennar eða starfsemi á hennar vegum skuli vera staðsett á ákveðnum stað og að slík pólitísk ákvörðun hindri á engan hátt að það sé gert að kvöð að þjónusta eða vara sé afhent á slíkum stað.

Í 4. lið brtt. er gerð tilraun til breytinga á 12. gr. frv. Það er að viðmiðunarmörkin eiga að vera hærri samkvæmt tillögu nefndarinnar þannig að öll innkaup á vörum sem eru 5 millj. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 millj. skuli bjóða út. Það er með öðrum orðum verið að hækka viðmiðunarmörkin frá því sem er í frumvarpsgreininni að því sem snýr að vörum og þjónustu.

Síðan er gert ráð fyrir að 4. málsl. 1. mgr. falli brott, þ.e. sem fjallar um að ráðherra geti þá ákveðið að ríkisstofnun/ríkisfyrirtæki geri þessa samninga að undangengu útboði. Þarna er verið að vísa til þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B. Tillaga er um að þetta falli niður.

Enn fremur er í þessum lið brtt. gert ráð fyrir að bætist við ný málsgrein sem tekur á þessu atriði sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki einungis gera sér leyfissamninga og samninga um kaup á þeirri þjónustu sem talin er upp í I. viðauka B í samræmi við reglur sem ráðherra setur með reglugerð.“

Í 5. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 26. gr. þar sem fjallað er um forsendur fyrir vali tilboðs. Nefndin gerir ráð fyrir að 1. mgr. orðist þannig að í útboðsgögnum skuli „tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.“

Við 75. gr. er gerð tillaga til breytingar af hálfu meiri hlutans þannig að þar bætist við nýr málsliður sem gerir ráð fyrir að við skipan nefndarinnar, þ.e. kærunefndarinnar, skuli „ráðherra hafa samráð við aðra opinbera aðila sem og helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.“

Enn fremur verði í þessari grein gert ráð fyrir að það sé ekki bara fjmrn. heldur líka aðrir opninberir kaupendur sem geta farið fram á að kærunefnd útboðsmála gefi ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist. Tillaga meiri hlutans er sem sagt að þessi heimild sé víkkuð út þannig að hún nái til fleiri aðila en fjmrn.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frv. Þetta frv. er hið mesta þarfaþing og vonandi fær það afgreiðslu frá Alþingi fyrir þinglok.

[18:49]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1386 en undir það nefndarálit rita ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson. Niðurstaða okkar með þeim rökum sem fram eru flutt í nefndaráliti okkar er að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Við í minni hluta efh.- og viðskn. erum hlynnt því að samræmd verði í einum lagabálki lög og reglur um opinber innkaup, en með frumvarpinu verður nær allar efnisreglur er lúta að opinberum innkaupum að finna í einum og sömu lögunum. Hins vegar er gagnrýnisvert að stutt er síðan þetta frumvarp kom fram og efh.- og viðskn. hefur alls ekki verið gefinn nægjanlegur tími til þess að fjalla um málið. Endurskoðun laga og reglna um opinber innkaup hefur einkum lotið að gildissviði laga og reglna um opinber innkaup, útboð og útboðsferli, eftirlit og réttarúrræði bjóðenda, samskipti kaupenda og bjóðenda og þróun opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér er um mjög stóran lagabálk að ræða með ýmsum nýmælum og umsagnaraðilar eins og sveitarfélögin hafa gagnrýnt að ekkert samráð hafi verið haft við þau og að þeim hafi ekki gefist nægjanlegur tími til umsagna um málið eða að fjalla um það í sveitarstjórnum. Efnislega gera sveitarfélögin líka alvarlegan ágreining um nokkra þætti frumvarpsins. Ekkert hefur heldur komið fram hjá meiri hlutanum um nauðsyn þess að afgreiða málið, nema að metnaður ráðherrans standi til þess þegar um er spurt. Það er svarið sem við í minni hlutanum höfum fengið.

Helstu ágreiningsatriðin sem minni hlutinn gerir varðandi efnisþætti frv. eru þessir:

1. Gildissvið laganna fellur ekki nema að hluta undir sveitarfélögin. Reykjavíkurborg hefur m.a. gagnrýnt gildissvið og segir óeðlilegt að sveitarfélögin, sem með sama hætti og ríkið fari með skattfé borgaranna við opinberar framkvæmdir og innkaup á sínum vegum, séu undanþegin reglum um opinber innkaup. Samkvæmt núgildandi lögum eru sveitarfélögin einungis háð tilskipunum EES hvað varðar útboðsskyldu. Annar þáttur frumvarpsins fjallar um opinber innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, en skv. 10. gr. frumvarpsins taka ákvæði þessa þáttar ekki til innkaupa sveitarfélaga eða stofnana þeirra. Þessi þáttur fjallar um fyrirkomulag opinberra innkaupa, útboðsgögn, hæfi bjóðenda, framkvæmd útboða og val tilboðs. Fram kemur í umsögn Reykjavíkurborgar að skv. 57. gr. skal fara eftir reglum annars þáttar frumvarpsins við opinber innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum, ef ekki leiðir annað af ákvæðum frumvarpsins. Telja þeir því ekki rétt að sveitarfélögin séu undanþegin ákvæðum annars þáttar frumvarpsins, en hann gildi um öll opinber innkaup sveitarfélaga sem bjóða þarf út á Evrópska efnahagssvæðinu. Einungis séu það viðmiðunarfjárhæðir sem sveitarfélögin séu undanþegin en ekki annar þáttur frumvarpsins í heild sinni. Minni hlutinn telur að þennan ágreining þurfi að leysa áður en frumvarpið verður að lögum, en fjármálaráðuneytið hefur einungis lýst yfir vilja sínum til að kanna síðar á árinu áhrif breytinga á gildissvið laganna gagnvart sveitarfélögunum. Við í minni hlutanum teljum ótækt að Alþingi afgreiði frá sér málið með mismunandi mati opinberra aðila eins og ríkis og sveitarfélaga á gildissviði laganna, sem leitt getur til réttaróvissu.

2. Sveitarfélögin hafa einnig gagnrýnt mjög skipan kærunefndar útboðsmála. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst eindregið gegn lögfestingu á kærunefnd útboðsmála og segir afar óeðlilegt að kærunefnd skipuð af fjármálaráðherra úrskurði um stjórnsýslu sveitarfélaga vegna innkaupa þeirra. Minni hlutinn tekur undir þetta sjónarmið og telur að á það þurfi að reyna milli ríkis og sveitarfélaga að jafna þennan ágreining um skipan kærunefndar og finna lausn sem báðir aðilar geti sætt sig við.

3. Sveitarfélögin gagnrýna ýmis önnur atriði, eins og 81. gr. um heimild kærunefndar til að úrskurða um dagsektir, sem og að kærunefnd geti úrskurðað um greiðslu málskostnaðar, einnig 43. gr. sem sé of ósveigjanleg og þurfi að breyta í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið um frestun opnunar tilboða.

4. Ríkisendurskoðun gerir einnig veigamiklar athugasemdir við frumvarpið. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að á undanförnum missirum hafi hún kannað verklag við framkvæmd tiltekinna opinberra framkvæmda, m.a. hvort ákvæðum laga nr. 63/1970 hafi verið fylgt. Niðurstaðan varð sú að verulega skorti á að fylgt hefði verið ákvæðum laganna um opinberar framkvæmdir á öllum stigum verkferilsins. Bendir Ríkisendurskoðun í umsögn sinni á marga veikleika í því sambandi og segir m.a. að starf samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir tryggi ekki að fullnægjandi hönnun, kostnaðaráætlun eða að nægjanleg fjárveiting sé til staðar áður en framkvæmdir hefjast, jafnframt að mikið skorti á samhæfingu og samráð á framkvæmdatíma. Eftirlit virki í raun ekki þar sem reglur séu ekki til um hvernig taka beri á tilteknum atriðum sem upp kunna að koma á framkvæmdatíma. Umfang framkvæmda virðist ekki takmarkast við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu. Loks er bent á að ábyrgð hvers aðila sem að framkvæmdum kemur sé óljós. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að ekki verði séð að frumvarpið feli í sér þær breytingar frá núgildandi lögum sem tryggt gætu betri framkvæmd þessara mála. Ríkisendurskoðun veltir upp í umsögn sinni nýjum hugmyndum sem fela í sér grundvallarbreytingu á skipan þessara mála, m.a. um verkaskiptingu milli ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins. Sú leið felur m.a. í sér að ekki væri þörf á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Enginn tími vannst til að kanna þessar hugmyndir Ríkisendurskoðunar vegna þess hraða sem var hjá meiri hlutanum við að knýja málið í gegn, sem er til vansa fyrir löggjafarþingið. Minni hlutinn leggur ekki mat á þessar hugmyndir Ríkisendurskoðunar, enda gafst ekki tími til að kanna þær sem skyldi, en gagnrýnir hins vegar harðlega vinnubrögð meiri hlutans í þessu máli. Í því sambandi má benda á að fram hefur komið hjá fjármálaráðuneytinu að á vegum þess sé starfandi nefnd sem fara á yfir stjórn og skipulag opinberra framkvæmda og er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum innan fárra mánaða. Meðal þess sem nefndin vinnur að er nánari skilgreining verkferla, verkaskiptingar, boðleiða og ábyrgðar ásamt því að skoða hvernig almennt megi styrkja innviði laganna. Hlutverk hennar er að skilgreina verklag við opinberar framkvæmdir og í framhaldi af því á að vinna að samræmingu milli stærstu verkkaupa af hálfu ríkisins þannig að þessi þáttur opinberra framkvæmda verði skýr og afmarkaður. Eðlilegt hefði verið að niðurstaða þessarar nefndar lægi fyrir áður en frumvarp þetta er lögfest, enda gæfi hún líka færi á að meta betur þær hugmyndir sem Ríkisendurskoðun leggur fram í málinu.

5. Í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar kom einnig fram að gildissvið frumvarpsins er mjög óljóst gagnvart sjálfseignarstofnunum sem starfa í sjálfstæðu rekstrarumhverfi þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé að mestu leyti fjármögnuð af opinberum aðilum hvort sem er með þjónustusamningum eða föstum framlögum. Fram kom hjá fulltrúum fjármálaráðuneytisins að meginreglan væri að líta til þess hvernig tengsl fyrirtæki eða stofnun hafi við opinbera aðila og meta hvort lögin nái til þeirra. Þrátt fyrir að sjálfseignarstofnun falli undir gildissvið frumvarpsins getur hún einnig fallið undir undanþáguákvæði ef starfsemin er á sviði viðskipta eða iðnaðar eða verði jafnað til starfsemi einkaaðila að öðru leyti. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins telja að þetta þurfi að meta hverju sinni og leiki vafi á sé hægt að leita til fjármálaráðuneytisins með álitamál. Minni hlutinn telur ófært að ganga frá lagasetningu með svo matskenndu ákvæði, sem er enn eitt atriði sem leitt getur til réttaróvissu, verði frumvarpið keyrt í gegn án viðhlítandi skoðunar.

6. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að á síðustu árum hafi það svið sem verk eru boðin út á farið stækkandi og Þjóðhagsstofnun telur að framhald verði á þeirri þróun. Nefnir stofnunin sérstaklega til þjónustu á sviði menntamála, umönnunar og ýmissar ráðgjafar. Orðrétt segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar:

„Afmarkaðir þættir slíkrar þjónustu geta fallið vel að útboðsfyrirkomulagi, ef fyrir liggur pólitísk stefnumörkun í þá veru og mótað hefur verið eðlilegt starfsumhverfi."

Þetta er eitt þeirra atriða sem minni hlutinn telur að þurfi að ræða og kanna mun betur og hvort einhver stefnubreyting sé á ferðinni sem opni fyrir einkavæðingu í velferðarkerfinu.

Herra forseti. Af framansögðu er ljóst að málið er allt vanbúið til afgreiðslu í þinginu og hefði þarfnast miklu betri skoðunar í nefndinni í sumar, en minni hlutinn hefur lýst vilja sínum til slíkrar málsmeðferðar og að málið verði tekið fyrir strax á haustþingi. Í ljósi þess að meiri hlutinn hefur hafnað þessum eðlilegu vinnubrögðum leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[18:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér ræðum við frv. til laga um opinber innkaup sem er nátengt öðru frv. sem einnig er á dagskrá þessa þingfundar, frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda. Þessi lög ganga út á að tryggja jafnræði bjóðenda við opinber innkaup og stuðla að virkri samkeppni og hagkvæmni í opinberum rekstri. Á þá leið segir um tilgang laganna í 1. gr.

Nú gilda um þetta ákveðnar reglur, lög og reglur. Við höfum auk þess undirgengist skilmála Evrópusambandsins eða EES-samkomulagsins. Þannig er opinberum aðilum skylt að bjóða út verklegar framkvæmdir og opinber innkaup yfir tilteknu marki. Í raun er ekkert nema gott um það að segja að fella þau lög og þær reglur sem um þetta eiga að gilda inn í lagabálk eins og hér er verið að gera. Það er góðra gjalda vert.

Við hefðum hins vegar kosið að þessu máli yrði skotið á frest og það geymt til haustsins og færum fyrir því rök í áliti minni hlutans sem við skrifum undir, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og sá sem hér stendur. Við færum rök fyrir okkar máli í sex liðum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði ítarlega grein fyrir röksemdum okkar og hvers vegna við teljum eðlilegt að vísa málinu aftur til ríkisstjórnar og gefa síðan efh.- og viðskn. þingsins betri tíma til þess að gaumgæfa málið. Hvers vegna? Vegna þess að við teljum margt ámælisvert í þessu frv.? Ég tel að þannig væri of djúpt í árinni tekið. Það er einvörðungu vegna þess að við teljum þarna vera ýmis álitamál á ferðinni. Misvísandi upplýsingar komu frá umsagnaraðilum og ýmsir umsagnaraðilar óskuðu eftir frekari fresti til þess að fara í saumana á þessum málum. Ég vil leggja áherslu á þá skoðun mína að einnig beri að skoða þetta frv. í ljósi annarra skuldbindinga. Þá vísa ég í alþjóðlegar skuldbindingar sem við erum að undirgangast. Ég ætla að rökstyðja hvað ég á við með þessu.

Í þessu frv. er rækilega skilgreint til hvaða þátta lögin eiga að taka. Vísað er í 4. gr. frv. til vörusamninga og til þjónustusamninga og þar staðnæmist ég ögn. Að sönnu eru undanskildir ákveðnir samningar þar, vöru-, þjónustu- eða verksamningar í nokkrum liðum, og ég ætla að lesa þá upp, með leyfi forseta:

„a. Samningar um kaup eða leigu á landi, byggingum, sem þegar eru til, eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim að undanskildum samningum um fjármálaþjónustu sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningi um kaup eða leigu á fasteign;

b. Samningar um kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samningar um útsendingartíma;

c. Samningar um talsíma, telex, þráðlausa síma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu;

d. Samningar um gerðardóma og sáttameðferðir;

e. Samningar um fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum og þjónustu seðlabanka;

f. Vinnusamningar;

g. Samningar um rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum, þar sem kaupendur skv. 3. gr. bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur ráðherra ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hagi innkaupum sínum samkvæmt lögum þessum einnig við gerð þeirra samninga sem þar greinir. Ráðherra getur einnig ákveðið að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki geri sérleyfissamninga einungis að undangengnu útboði sem hann setur nánari reglur um.

Ef opinber samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu telst hann samningur um þjónustu ef sá þáttur samningsins, sem lýtur að þjónustu, nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn."

Ég staðnæmist ögn við þennan þjónustuþátt frv. og vísa núna í 59.–60. gr. en þar er tekið á opinberum innkaupum á Evrópska efnahagssvæðinu en þessi þáttur er hluti þessara laga. Í 59. gr. segir, með leyfi forseta:

„Eins snemma á fjárhagsárinu og unnt er skulu kaupendur birta áætluð heildarinnkaup á vörum, þjónustu eða verkum, sem greinir í I. viðauka A, fyrir næstu tólf mánuði, ef heildarfjárhæð kaupanna nær viðmiðunarfjárhæðum vegna heildarinnkaupa, sem birtar eru í reglugerð ráðherra skv. 1. mgr. 56. gr."

60. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Kaupandi, sem hyggst bjóða út opinber innkaup yfir þeim viðmiðunarfjárhæðum, sem ráðherra birtir í reglugerð skv. 56. gr., skal tilkynna þá fyrirætlun sína. Sama á við þegar um hönnunarsamkeppni er að ræða og gerð sérleyfissamninga um verk. Fyrirhuguð innkaup á þjónustu, sem greinir í I. viðauka B, þarf þó ekki að tilkynna."

Og hver skyldu vera þau verkefni sem greinir frá í I. viðauka B? Hann er að finna á bls. 28 í frv. Þar er vísað til hótel- og veitingaþjónustu, flutninga á sjó- eða vatnaleiðum, járnbrautaflutninga o.s.frv. Fleiri þættir eru taldir upp. En þar er líka vísað til kennslu og starfsmenntunarþjónustu. Þar er vísað til heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu. Þar er vísað til tómstunda-, menningar-, íþróttaþjónustu og annarrar þjónustu. Þessir þættir eru undanskildir strängustu ákvæðum laganna með tilvísun í viðauka frá frá EES.

Þegar við samþykkjum lög sem eiga að vera algild, eiga að skapa almennar reglur fyrir skipulagningu á þjónustu á vegum hins opinbera skiptir miklu máli hverjar undantekningarnar eru og á hvern hátt þær eru tryggðar. Hér er ég að segja að heilbrigðisþjónusta, kennsla og aðrir þættir eru undanþegnir þessum útboðsgildum með tilvísun í EES-samninginn og í tilskipanir hins Evrópska efnahagssvæðis, Evrópusambandsins. Ég spyr: Ef þessum ákvæðum er breytt hvaða áhrif kæmi það til með að hafa á lagagerð okkar?

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú að nú fara fram í heiminum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem er skammstöfuð WTO, World Trade Organisation, samningar sem lúta einmitt að þessu, þ.e. þjónustustarfsemi á vegum opinberra aðila. Þessir samningar eiga sér langa forsögu en eins og menn e.t.v. þekkja hefur verið unnið að því allt frá því 1947 að stuðla að samræmdu kerfi í heimsviðskiptum. Það hefur verið unnið að þessu á ýmsum vígstöðvum. Árið 1947 var búinn til á vegum Sameinuðu þjóðanna sáttmáli sem ný stofnun, Fjölþjóðaviðskiptastofnunin, International Trade Organisation, ITO, átti að hvíla á. Þessi sáttmáli hlaut ekki samþykki nægilega margra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að verða að veruleika. En á grundvelli þessa sáttmála var GATT sett á lagginar. GATT er skammstöfun á ensku fyrir General Agreement on Trade and Tariffs og hefur verið þýtt á íslensku sem samkomulag um verslun og viðskipti. Hér er bæði skírskotað til samkomulagsins og þeirrar stofnunar sem hefur haft það hlutverk að framfylgja samkomulaginu og þróa það áfram. GATT tók á sínar herðar það hlutverk sem ITO hafði verið ætlað. Undir GATT-regnhlífinni og með tilkomu Fríverslunarbandalags Evrópu, Ameríku og Asíu jókst alþjóðaverslun hraðstiga á seinni hluta 20. aldarinnar.

Þegar kalda stríðinu lauk með hruni austurblokkarinnar varð skriðið á þessari þróun enn meira og á tímabilinu sem í hönd fór var nýfrjálshyggjan enn þá meira afgerandi en fram að þessum tíma og í raun ráðandi stefna á Vesturlöndum og virtist litlu gilda hverju nafni ríkisstjórnir kenndu sig, hvort það var við hægri stefnu eða vinstri stefnu. Nánast hvergi var fyrirstaða fyrir bylgju aukinnar markaðsvæðingar.

Á vegum GATT var efnt til umfangsmikilla viðræðna um markaðsvæðingu heimsviðskipta með reglubundnum hætti og í kjölfar slíkra viðræðna og samkomulags árið 1995 var heimsviðskiptastofnunin World Trade Organisation, WTO, sett á laggirnar. Hún leysti GATT af hólmi. Báðar þessar stofnanir, fyrst GATT og síðan WTO, einhentu sér í upphafi á vöruverslun, að draga úr tollum og hvers kyns hömlum á viðskipti með vörur. Verslun með vörur er áþreifanleg og tiltölulega auðveld viðfangs gagnstætt verslun með þjónustu.

Þá er einnig á það að líta að verslun með þjónustu hefur verið lítil þar til fram á síðasta áratug en þá tók hún líka mikinn kipp og er í mjög örum vexti. Nú er svo komið að alþjóðaviðskipti með þjónustu nema fjórðungi af verðmæti vöruviðskipta í heiminum á árinu 1999 og sums staðar er þetta allmiklu hærra.

Það gerist síðan að reynt er að útvíkka þetta GATT-fyrirkomulag, sem náði til vöruviðskipta, til þjónustunnar einnig. Grunnurinn að GATS sem svo er nefnt, samkomulagi um verslun og þjónustu, General Agreement on Trade and Services, var lagður árið 1994, en Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, arftaki GATT, sem hefur með verkefnið að gera, var stofnuð formlega í janúar árið 1995. GATT-samkomulagið er í þróun en það er fyrsta samkomulag á heimsvísu sem tekur til viðskipta með þjónustu. Þegar hafa verið gerðar tilraunir í þessa veru og vegur þar þyngst svokallaður maígrunnur, fjölþjóðasamningur um fjárfestingar, Multilateral Agreement on Investment, en sú tilraun sem var gerð á vegum OECD, Efnahags- og þróunarstofnunarinnar, sætti mikilli gagnrýni, einkum af hálfu verkalýðshreyfingar, en einnig andæfðu ýmsir sem vildu standa vörð um menningu sína. Vísa ég þar t.d. í andstöðu Frakka við maísamkomulagið, en þar var t.d. andæft af hörku af hálfu kvikmyndaiðnaðar í Frakklandi vegna þess að talsmenn hans sögðu að næði þetta samkomulag fram að ganga, sem byggði á því að ekki mætti mismuna milli fjárfesta, þá væri Frökkum bannað í reynd að styðja franskan kvikmyndaiðnað gagnvart bandarískum fyrirtækjum, svo dæmi sé tekið, sem kynnu að setja sig niður í Frakklandi og heimta þá samsvarandi fyrirgreiðslu. Þetta er dæmi um andstöðuna gegn maísamningnum en síðan voru ýmsir sem andæfðu þessu á þeim grundvelli að þarna væri kominn grunnurinn að aukinni einkavæðingu innan velferðarþjónustunnar. Það var því lagt til hliðar um stundarsakir.

Hins vegar hefur þetta verið sett nýlega upp á borðið aftur af hálfu OECD og væri fróðlegt að heyra einhvern tíma frásagnir íslenskra fulltrúa af OECD-fundum hvað þetta snertir. Við fengum fréttatilkynningu frá fjmrn., í gær held ég að það hafi verið, þar sem segir frá fundi sem hæstv. fjmrh. sat á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í París þar sem m.a. var fjallað um þá samninga sem ég hef verið að vísa í hér. Segir í fréttatilkynningunni, með leyfi forseta:

„Á fundinum var fjallað um stöðu og horfur í efnahagsmálum, m.a. í ljósi ábyrgðar hins nýja hagkerfis. Rætt var um horfur í alþjóðaviðskiptum og líkur á nýrri lotu um hið fjölþjóðlega viðskiptakerfi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO."

Síðan heldur áfram og segir frá því að þetta hafi verið sameiginlegur fundur fjmrh. og umhvrh.

Hvers vegna er ég að gera svona mikið úr þessum málum? Jú, þeir samningar sem hér er vísað í, sem hæstv. fjmrh. var að ræða fyrir okkar hönd í París undanfarna daga, taka á þeim þáttum sem vísað er til í þessu frv. Á vegum heimsviðskiptastofnunarinnar, á vegum GATS, er núna unnið að því að samræma reglugerðarverk fyrir útboð á opinberri þjónustu svo að hörð átök eru um skilgreiningar í þessu efni. Sú skoðun hefur orðið ofan á um stundasakir að reynt verði að skapa almennar reglur, reynt að ná sátt um almennar reglur sem gildi nema einstök ríki segi sig frá þeim, geri fyrirvara fyrir sitt leyti. Ef þessir fyrirvarar eru ekki ríkjandi, ef þessir fyrirvarar eru ekki gerðir af hálfu viðkomandi ríkja taki samningurinn til þeirra. Samningunum er ætlað að taka á opinberri þjónustu og hugsanlega einnig því sem við flokkum undir velferðarþjónustu. Engar niðurstöður liggja fyrir í þessu efni og mjög hörð átök eru um þetta. Reyndar er málið heldur flóknara en ég lýsi hér því að að hluta til er það svo að ríki þurfa í tilteknum atvikum að óska eftir aðild að þeim reglum sem kann að vera samið um þannig að það virkar á báða vegu. Í sumum tilvikum þurfa ríkin að segja sig frá

reglugerðarverki, í öðru tilviki að segja sig inn í það ef svo klúðurslega má að orði komast.

Við erum að semja almennar reglur, setja almenna löggjöf sem byggir á undantekningarákvæðum fyrir velferðarþjónustuna sem eiga stoð í reglugerðarverki Evrópusambandsins. Hvað gerist þegar þeim stoðum er breytt? Það er m.a. þetta sem ég hef viljað fá ráðrúm til að skoða og er ég þar ekki endilega að lýsa andstöðu við allt sem er í frv., síður en svo. En ég er að hvetja til þess að þessi mál séu skoðuð heildstætt því að þegar allt kemur til alls er verið að raða upp púsluspili, púsluspili reglugerða og laga og alþjóðlegra skuldbindinga sem við erum að undirgangast.

Eitt áhyggjuefni sem er ástæða til að leggja áherslu á, ekki bara hér á landi heldur á þetta við um flest ríki, held ég, er að þessar viðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa um of verið á bak við tjöldin. Þær hafa ekki verið opinberar. Fólk veit ekki hvað er að gerast. Ég minnist þess að þegar þingnefnd EFTA, elsta alþjóðanefndin okkar á Alþingi, fékk fyrirlestur frá fulltrúa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á fundi í Brussel ekki alls fyrir löngu var þar talað mjög í vefréttastíl um hvað verið væri að véla. Þetta er óljóst og mikilvægt að fá upplýsingar um þetta. Þess vegna fyndist mér eðlilegt að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þeim viðræðum sem hann hefur átt á þessum vettvangi.

Mér fyndist alveg koma til greina og ekkert óeðlilegt að fjmrh. væri með svipaðar skýrslugerðir og hæstv. utanrrh. um utanríkismálin um afskipti okkar og aðkomu að alþjóðlegu samningsverki eins og þessu. Mér fyndist það eðlilegt og til góðs. Þetta er áhyggjuefni mitt.

En er raunverulega ástæða til að hafa af því áhyggjur að við séum að feta okkur út á þá braut að fara með almannaþjónustuna, velferðarþjónustuna, út á markað? Í því sambandi langar mig til að lesa úr umsögn, hún er örstutt, umsögn Þjóðhagsstofnunar um þetta frv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á síðustu árum hefur það svið sem verk eru boðin út á farið stækkandi og Þjóðhagsstofnun telur að í framtíðinni verði framhald á þessari þróun. Má nefna þjónustu á sviði menntamála, ummönnunar og ýmissar ráðgjafar. Afmarkaðir þættir slíkrar þjónustu geta fallið vel að útboðsfyrirkomulagi ef fyrir liggur pólitísk stefnumörkun í þá veru og mótað hefur verið eðlilegt starfsumhverfi. Í því efni er einkar mikilvægt að í gildi sé almenn lagasetning sem tryggir faglega meðferð við ákvarðanatöku. Frá sjónarhóli þjóðarhags má með þessu móti ná bættri nýtingu fjármuna en að sjálfsögðu aukast að sama skapi þær kröfur sem gera verður til þeirra sem um tilboð fjalla að meta efnislegt innihald þeirra út frá fleiri sjónarmiðum en verðinu einu."

Undir þetta síðasta vil ég taka. Það er alveg rétt.

Ég tek líka undir það að ef menn fara út á þessa braut er æskilegt og bráðnauðsynlegt að hafa ákveðnar og skýrar reglur sem tryggja jafnræði og sem tryggja líka að tilboð séu metin á víðtækari hátt en út frá verðinu einu eins og segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar. Hitt finnst mér óhugnanlegt að Þjóðhagsstofnun taki það sem gefinn hlut að hér verði farið út á þessa braut. Ég finn ekki betur en hér sé velþóknun af hálfu Þjóðhagsstofnunar á því að einkavæða og markaðsvæða velferðarþjónustuna. Mér finnst það sæta mikilli furðu að stofnunin skuli taka þennan pólitíska pól í hæðina.

Allt fellur þetta inn í það samhengi sem ég hef verið að lýsa vegna þess að þessir þættir allir, þetta lagaumhverfi er allt í mjög örri þróun og byggir á samspili lagasetningar í einstökum þjóðríkjum. Það byggist á fjölþjóðlegum og alþjóðlegum skuldbindingum sem við undirgöngumst. Við verðum að gefa okkur góðan tíma til að gaumgæfa þetta samhengi hlutanna.

Eitt atriði sem mig langar til að nefna er brtt. við 11. gr. frv. Reyndar ætla ég að skjóta öðru atriði að áður en ég kem að því, áður en ég hverf algerlega frá Þjóðhagsstofnun sem rekur í umsögn sinni á hvern hátt beinar framkvæmdir á vegum ríkisvaldsins hafi dregist saman, menn hafi ráðist í útboð. Síðan er klykkt út í þessum kafla umsagnarinnar á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Með þessu móti hefur ríkisvaldið sparað sér umtalsverða fjármuni en jafnframt hafa einstaklingum skapast tækifæri til arðbærs atvinnurekstrar."

Ég efast ekki um að þetta eigi við rök að styðjast í mörgum tilvikum og því fer fjarri að mér finnist óeðlilegt að bjóða verk út. Mér finnst það oft vera æskilegt og eðlilegt þótt ég vilji ekki skapa eða samþykkja lög sem þvinga okkur í þessum efnum. Ég vil að við höfum valfrelsi sjálf. Ef við viljum setja okkar varðskip saman á Akureyri þá gerum við það. Ef við hins vegar kjósum að bjóða það út þá gerum við það. Þetta er þá bara okkar ákvörðun.

Varðandi þá staðhæfingu Þjóðhagsstofnunar að þetta hafi alltaf leitt til góðs, vísa ég á mjög athyglisverða frétt sem birtist í morgun á baksíðu Morgunblaðsins þar sem greint er frá svörum við spurningum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson setti fram um kostnað ríkissjóðs við flutning ýmissa ríkisstofnana og fyrirtækja og aðlögun þeirra í nýbyggingu einkaaðila í Borgartúni 21. Þar kemur fram að þessi kostnaður nam alls 313 millj.

„Um er að ræða húsnæði sem leigt hefur verið til 20 ára og munu leigugreiðslur á samningstímabilinu ekki verða undir 2,4 milljörðum kr., en leigufjárhæðin er bundin vísitölu neysluverðs. ... Húsnæðið var afhent til notkunar á tímabilinu febrúar til maí 2000. Öllum leigusamningum lýkur hins vegar 31. janúar 2020."

Þessi samningur sem kostar 2,4 milljarða skilur ríkið eftir án þess að fá þarna nokkurn eignarhlut. Maður hlýtur að velta fyrir sér hagkvæmni þessa fyrir stofnun t.d. eins og Íbúðalánasjóð, áður Húsnæðisstofnun, sem var í eigin húsnæði og hafði ekki mikinn kostnað af því eftir því sem ég best veit og er gert að flytja inn í þetta ágæta húsnæði en með ærnum tilkostnaði. Ofan á þetta má nefna að ríkið greiddi verktaka hússins um 197 millj. í viðbótarkostnað vegna aðlögunar á þörfum einstakra stofnana og fyrirtækja. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki farið í saumana á þessu máli en þessi frétt vekur mikla athygli og svörin sem veitt eru við spurningum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar eru athyglisverð og gefa tilefni til að ætla að þessi staðhæfing Þjóðhagsstofnunar fái ekki staðist í öllum tilvikum. Síðan erum við náttúrlega með hið æpandi dæmi frá Sóltúni 2 í Reykjavík en út í þá sálma ætla ég ekki að fara núna. En þar er það sannað og staðfest að þessi einkaframkvæmd sem Þjóðhagsstofnun gumar af að sé skattborgaranum til góðs, reyndist honum dýrari en annað fyrirkomulag sem í boði var.

Þá kem ég að því sem ég vildi segja um 11. gr. frv. en gerð er tillaga um breytingar á henni af hálfu meiri hlutans. 11. gr. frv. er örstutt og á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við opinber innkaup skal kaupandi gæta jafnræðis bjóðenda."

Brtt. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Heimilt er samkvæmt lögum þessum að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum."

Í álitinu frá meiri hluta efh.- og viðskn. er það skýrt hvað vakir fyrir mönnum með þessari breytingu. Það er skýrt á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi mikið um þann áskilnað frumvarpsins að óheimilt sé að gera búsetu á tilteknu svæði að skilyrði fyrir þátttöku í opinberum innkaupum, þ.e. að ekki megi mismuna bjóðendum á grundvelli búsetu þeirra eða staðsetningar. Þessi regla byggist á tilskipun Evrópubandalagsins, samanber samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meiri hlutinn bendir á að þeir bjóðendur sem eru nær tilteknum stað geta að sjálfsögðu notið þess í útboði. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að það hlýtur að ráðast af þörfum kaupanda hverju sinni hvar á að afhenda vöru, veita þjónustu eða vinna verk og ef stofnun eða starfsemi á hennar vegum er eða á að vera staðsett úti á landi væri ekkert því til fyrirstöðu að áskilja að þar væri vara afhent, þjónusta veitt eða verk unnið. Þessu til áréttingar leggur meiri hlutinn til að við 11. gr. bætist ákvæði þess efnis að heimilt sé að áskilja í útboðsgögnum að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á lögmætum kvöðum. Þetta er í samræmi við fjölmarga dóma Evrópudómstólsins, en við mat á því hvort regla sem hindrar með einhverjum hætti að erlendir aðilar geti borið fram vöru eða þjónustu sína í öðru EES-ríki (án þess að mismuna þeim í orði kveðnu) sé andstæð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er almennt litið til þess hvort reglan styðjist við lögmætar kvaðir. Ef kröfur til bjóðanda eru ekki reistar á lögmætum kvöðum, þ.e. raunverulegum þörfum kaupanda, mætti leiða að því rök að um mismunun væri að ræða."

Herra forseti. Ég leyfi mér að hafa miklar efasemdir um að þessar röksemdir haldi. Ástæðan fyrir því að þetta er vakið upp er, að því er ég held, sú ákvörðun að bjóða fasteignaskráninguna sem verður staðsett á Akureyri út á markaðinn en áskilja að sá sem sinnir verkefninu sé á því svæði. Er ég andvígur því? Nei, alls ekki. Er ég andvígur því að þessi vinna sé unnin og starfrækt á Akureyri? Nei, alls ekki. Ég hefði kosið að þetta verk hefði ekki verið boðið út. Mér finnst eðlilegt að þetta sé hluti af þeirri stofnun sem á að sinna þessu verkefni, en látum það vera. Það á að bjóða þetta út. Ég hef miklar efasemdir um að menn geti reist skorður af þessu tagi. Ég held að hið sama gerist og gerðist varðandi lögin um Landhelgisgæsluna, að gagnrýni komi frá ESA um að þetta standist ekki. Í meirihlutaálitinu er beinlínis sagt hvað vakir fyrir mönnum. Ég efast ekkert um að slíkt yrði notað fyrir ESA-rannsóknarréttinum ef til þess kæmi. Ég efast ekkert um það. En mér fyndist augljósust leið að fara til að tryggja að verkið sé unnið á Akureyri sem ég er fylgjandi, að hafa þetta sem hluta af þeirri stofnun sem á að starfrækja þetta verk.

Staðreyndin er sú að við undirgengumst EES-skilmálana með það fyrir augum að tryggja jafnræði á markaði og að ekki yrðu reistar óeðlilegar skorður í því efni. Út á það gengur samningurinn. Þess vegna var ég meðal annarra á móti þessum samningi. Er ég á móti útboðum? Nei. En ég er á móti því að vera þvingaður í tiltekinn farveg, að þurfa að bjóða út og gera það á tiltekinn hátt. Mér finnst þetta alltaf vera tilraun til að fá það besta af öllum heimum og þegar reglurnar ekki henta manni reynir maður einfaldlega að breyta þeim. Ástæðan fyrir því að við mörg vorum andvíg þessum samningi er m.a. sú að við erum lögþvinguð inn í þennan farveg.

Herra forseti. Undir lokin, vegna þess að ég er að ljúka máli mínu, langar mig til að nefna eitt dæmi frá verkalýðssamtökum sem ég þekki vel til. Þau eiga sumarbústaði á Austurlandi. Svo fór að ráðast þurfti í allmiklar viðgerðarframkvæmdir við þessa bústaði. Þetta var á samdráttartímum í byrjun tíunda áratugarins. Menn stóðu frammi fyrir þremur valkostum. Í fyrsta lagi kom til greina að semja við fyrirtæki sem voru á staðnum, á Austurlandi. Í annan stað kom til greina að fá starfsmenn viðkomandi samtaka sem sinntu verkefnum af þessu tagi annars staðar á landinu til þess að fara austur á land og vinna verkið. Í þriðja lagi kom til greina kom að bjóða verkið út í landinu öllu og þá hefði það án efa gerst að fyrirtæki á suðvesturhorninu sem bjuggu við mikinn verkefnaskort hefðu alla vega reynt mikið til að komast í bitann og það gerðist iðulega að menn og fyrirtæki undirbuðu til þess að ná verkum og jafnvel vinna verk undir kostnaðarverði til þess að fá veltufjármagn inn í rekstrinn. Að sönnu var ekkert gefið um það hver niðurstaðan hefði orðið en menn vildu ekki taka áhættuna í þessu efni.

Niðurstaðan varð sú að samið var við fyrirtæki á Austfjörðum um að sinna þessu verki. Var það vegna þess að menn fengu þannig lægsta verðið, hagstæðasta tilboðið í þeim skilningi? Nei. Að öllum líkindum var verðið heldur hærra. En menn ákváðu þetta á félagslegum forsendum, þ.e. að eðlilegt væri að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum sem viðkomandi samtök voru hvort eð er háð líka. Það voru eiginhagsmunir þarna inni. Menn vildu geta leitað til fyrirtækisins í smærri verkum og því væri eðlilegt að leita til þess fyrirtækis einnig þegar um einhver umtalsverð viðskipti væri að ræða. Þarna koma við sögu félagsleg og byggðaleg sjónarmið. Ég er því fylgjandi að við búum við lög og reglur og gerum samninga sem veita okkur frelsi af þessu tagi, sem veita okkur frelsi til athafna. Það er ekki þar með sagt að mér finnist óeðlilegt á stundum að bjóða verkin út á markaði og þess vegna í sumum tilvikum á hinu Evrópska efnahagssvæði öllu saman ef þá ekki heiminum gervöllum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:36]

[20:01]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 542. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1403.

Akstur og hvíldartími ökumanna, 706. mál, svar dómsmrh., þskj. 1395.

Aukin útgjöld ríkissjóðs, 715. mál, svar fjmrh., þskj. 1413.

Áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna, 574. mál, svar fjmrh., þskj. 1406.

Hafnaáætlun 2001–2004, 327. mál, brtt. GÁS og RG, þskj. 1418.

Íslenskir ríkisborgarar erlendis, 729. mál, svar hagstrh., þskj. 1417.

Kostnaður við Borgartún 21, 585. mál, svar fjmrh., þskj. 1398.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 597. mál, brtt. EMS, þskj. 1419.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:02]

55.–61. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 47 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, DO, EOK, GHH, GAK, GÖ, GunnB, HjÁ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, RG, ÖJ) fjarstaddir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1418 og 1419. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1129, nál. 1267, 1313 og 1316, brtt. 1314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:04]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1316 felld með 35:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GAK, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mál þetta er illa undirbúið til afgreiðslu í þinginu. Landssími Íslands á áfram að vera í sameign þjóðarinnar. Styrk hans á að nýta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nái til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum. Það á að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá. Ég segi já.

Brtt. 1314 felld með 35:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GAK, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að áður en hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands verði selt verði grunnnetið skilið frá fyrirtækinu. Þessi breyting er að mati Samfylkingarinnar lágmarksbreyting ef niðurstaða þessarar sölu á að leiða til annars en að ríkiseinokun breytist í einkaeinokun. Því segi ég já, virðulegi forseti.

[20:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Einn kosturinn er að halda grunnfjarskiptanetinu eftir við sölu ásamt fyrrgreindum þáttum grunnþjónustu. Þessir eða aðrir möguleikar fengust ekki skoðaðir.

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur sölu Landssímans en telur að nýta eigi styrk hans allan til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nái til allra landsmanna. Því getum við ekki greitt neinni tillögu atkvæði sem felur í sér sölu Landssímans að hluta eða í heilu lagi.

1. gr. samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Að felldri tillögu um að gera þá lágmarksbreytingu að skilja grunnnetið frá treystum við í Samfylkingunni okkur ekki til þess að styðja þetta mál.

Þrátt fyrir að við teljum að ríkið eigi að draga sig út úr samkeppnisrekstri treystum við okkur ekki til að styðja þetta mál. Við teljum að hér sé verið að breyta ríkiseinokun í einkaeinokun. Það getum við ekki stutt.

[20:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði treystum við okkur til að greiða atkvæði gegn þessu fráleita frv. Landssími Íslands hefur skilað 20 þúsund milljónum, 20 milljörðum, í ríkiskassann á undangengnum áratug. Hagnaður Landssímans fyrir árið 2000 var 6,5 milljarðar fyrir afskriftir og fjármagnsliði og þó var stofnunin aflögufær.

Ríkisstjórnin ætlar að afsala þjóðinni þessari gullgerðarvél án þess að tryggt sé að hér skapist styrkur samkeppnismarkaður og án þess að tryggt sé að allir landsmenn sitji við sama borð. Ég vek athygli á þeim ummælum hæstv. samgrh. er hann sagði, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínu út á sem hæstu verði.“

Síðan sagði hæstv. ráðherra:

„Það verð sem nú er á eignarhlutum í símafélögum gefur fjárfestum raunhæfa von um að fjárfesting í öflugum og vel reknum félögum geti skilað góðum arði.“

En hvað með núverandi eiganda, þjóðina? Það er dapurlegt að hún skuli eiga eins slappa hagsmunagæslumenn og málsvara og raun ber vitni.

[20:08]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur á stefnuskrá sinni minnkandi ríkisafskipti og einkavæðingu. Ekki veitir af að styðja minnkandi ríkisfskipti því þau hafa farið stórlega vaxandi undanfarin ár eftir nýjustu fréttum.

En forsendan fyrir atfylgi Frjálslynda flokksins við frumvörpin um Landssíma og bankana var bundin þeirri stefnumótun sem fram fór í upphafi. Hámarksverði yrði náð, eignaraðild yrði dreifð og full hliðsjón höfð af markaði við söluna. Ég get ekki veitt núverandi valdhöfum umboð mitt fyrir þeirri ráðabreytni sem þeir ætla að hafa í frammi og í ljós hefur komið. Ég greiði ekki atkvæði.

[20:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að einkavæða og selja eina af dýrmætustu almannaþjónustu allra landsmanna sem á þátt í því að halda Íslendingum öllum sem einni þjóð. Ég óttast, herra forseti, að það sem hér er verið að heimila muni því miður leiða til þess að hinar dreifðu byggðir muni líða fyrir þessa aðgerð í framtíðinni.

2.–3. gr. samþ. með 34:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, GÖ, JBjart, KVM, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1267 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 35:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, SJS, ÞBack.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÁS, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: JB.

3 þm. (GAK, KLM, SvH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, MF, SJóh) fjarstaddir.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130, nál. 1268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:12]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JÁ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JÁ, JóhS, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 521. mál (sala hlutafjár ríkissjóðs). — Þskj. 817, brtt. 1388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:13]

Brtt. 1388 felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt fjölmargar tillögur sem miða allar að því að eðlilega verði staðið að sölu á bönkunum miðað við núverandi markaðsaðstæður. Einnig höfum við mælt fyrir því að þjóðin fái hámarksverð fyrir þessa eign sína og komið verði í veg fyrir einokun og markaðsráðandi stöðu í bankakerfinu. Þessar tillögur hafa allar verið felldar, m.a. þær sem miðuðu að því að tryggja starfsöryggi starfsmanna.

Í þeim búningi sem málið er nú treysta þingmenn Samfylkingarinnar sér ekki til þess að styðja það og sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[20:14]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er með mikilli ánægju sem ég segi já við þessu máli. Samþykkt þessa frv. er stórt skref (**Gripið fram í:** Fyrir Verslunarráð.) til eflingar íslensks fjármálamarkaðar og íslensks hlutabréfamarkaðar. Samþykkt þessa frv. er stórt skref til eflingar þessara fyrirtækja og í þágu hagsmuna starfsfólks fyrirtækjanna og mun gera þeim og bönkunum kleift að taka þátt í nýrri sókn íslensks atvinnulífs til frekari framfara í landinu.

[20:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg sölu ríkisbankanna. Við teljum mikilvægt að tryggja kjölfestu í fjármálalífinu með öflugum þjóðbanka. Það spornar gegn einokun í fjármálaheiminum og stuðlar að góðri þjónustu við landsmenn alla.

Við höfum vakið athygli á því að verðgildi bankanna hefur rýrnað um 11% frá því í ársbyrjun eða um 5.000 millj. kr. Engu að síður eru þær skuldbindandi yfirlýsingar sem gefnar hafa verið nú í tengslum við þessa umræðu um að selja bankana á yfirstandandi kjörtímabili ekki góðs viti. Vísa ég þar enn og aftur í yfirlýsingar hæstv. samgrh. sem segir að ekki sé eftirsóknarvert að ná sem hæstu verði fyrir þær þjóðareignir sem verið er að setja á markað. Það vekur furðu mína að slík ummæli og slíkar yfirlýsingar hafi ekki vakið meiri athygli en raun ber vitni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1421).

Eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 522. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:17]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JÁ, PHB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1422).

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 567. mál (breyting sparisjóðs í hlutafélag). — Þskj. 1282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:17]

Frv. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: PHB.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, SvanJ, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1423).

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (bifreiðar til ökukennslu o.fl.). — Þskj. 1047, brtt. 1366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:18]

Brtt. 1366,1 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1366,2 samþ. með 55 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1424).

Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1383.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

7 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1425).

Ársreikningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 685. mál (ársreikningaskrá). — Þskj. 1297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK*, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (GÁS, GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1426).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 686. mál (hópferðabifreiðar). — Þskj. 1298, brtt. 1399 og 1400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]

Brtt. 1399 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EOK, GÖ, JBjart, KVM, KF, KolH, LMR, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 1400 felld með 35:23 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, KLM, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1427).

Sala kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 626. mál. — Þskj. 1001.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:20]

Frv. samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

nei: SvH.

11 þm. (ÁSJ, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÖ, HjálmJ, JBjart, KVM, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1428).

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 819, nál. 1337 og 1338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:21]

Brtt. í nál. 1337 (ný 1. gr.) samþ. með 35:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁE, ÁSJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, LB, SvanJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, SvanJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Vextir og verðtrygging, frh. 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 872, nál. 1211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:22]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1211 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í þessari lagagrein er kveðið á um hvernig reikna skuli dráttarvexti. Samkvæmt þeirri reiknireglu sem hér er fest í lög gætu dráttarvextir orðið 25,9%. Nú eru þeir 23,5% og þykja ærnir. Fyrir hverja milljón þarf einstaklingur sem lendir á dráttarvöxtum að greiða 235 þús. kr. á ári hverju. Þetta þykja mönnum óhóflegir vextir og líkja við okur. Þetta lagafrv. tekur ekki á þessum vanda. Þess vegna getum við ekki stutt þessa grein frv.

7.–14. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GuðjG, GÁ, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR) fjarstaddir.

16.–19. gr. og ákv. til brb. I–VI samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (atvinnurekstrarleyfi). — Þskj. 1026, nál. 1371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Opinber innkaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1048, nál. 1331 og 1386, brtt. 1332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa óskað eftir því að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, þar tekið til nánari skoðunar og gangi síðan aftur til efh.- og viðskn. þingsins. Nefndinni bárust ýmsar misvísandi upplýsingar. Frv. er að mörgu leyti ágætlega unnið, en þarf einfaldlega að skoðast betur. Ég ítreka að við sitjum hjá við afgreiðslu málsins, ekki vegna þess að við séum á móti öllum efnisþáttum þess, síður en svo, en við teljum að frv. þurfi nánari skoðunar við.

Till. í nál. 1386 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 34:22 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við teljum að þetta þingmál sé vanbúið til afgreiðslu í þinginu. Sveitarfélögin hafa mjög gagnrýnt gildissvið laganna og skipan kærunefndar útboðsmála og lagt til að þessu máli yrði frestað fram á haust þannig að svigrúm gæfist til samráðs við sveitarfélögin um afgreiðslu málsins.

Ríkisendurskoðun gerir veigamiklar athugasemdir við frv. og hefur sett fram nýjar hugmyndir um skipan þessara mála sem ekki gafst tími til að kanna. Við teljum því að málið sé vanbúið til afgreiðslu og leggjum til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁSJ, GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, MS, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

5.–10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,4 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GuðjG, GÖ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, TIO, ÖS) fjarstaddir.

13.–25. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

26. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

27.–74. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1332,6 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

75. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, LB, ÖS) fjarstaddir.

76.–87. gr. og viðaukar samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GuðjG, GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KVM, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, KLM) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GÖ, JBjart, KF, KolH, LMR, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1067, nál. 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:34]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1222 (ný 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.

[20:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef ekkert við fundarstjórn forseta að athuga en ég leita ásjár hjá forseta og aðstoðar hans. Við þingmenn og þjóðin öll fylgdumst með því í fréttum áðan að í dag kom út bók sem beðið hefur verið lengi eftir um eignamyndun og tengsl í íslensku atvinnulífi, beiðni og tillaga sem kom héðan úr þinginu á sínum tíma og hefur verið kallað ítrekað eftir.

Ég leit í hólfið mitt rétt fyrir þennan fund og sá að bókin var ekki komin í hendur okkar þingmanna. Ég átel hæstv. viðskrh. harðlega fyrir að standa svona að verki. Það er lágmarksvirðingarvottur við þingmenn og hið háa Alþingi að þetta rit komi í hendur alþingismanna a.m.k. á sama tíma og það er sýnt fréttamönnum.

Ég leita því ásjár hjá hæstv. forseta við það að hann beini þeim eindregnu tilmælum og raunar skipun til framkvæmdarvaldsins, hæstv. viðskrh., að þessi bók komi í hendur okkar núna og ekki mínútunni síðar.

[20:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að biðjast afsökunar á því að þessi skýrsla skuli ekki vera komin í hendur þingmanna því það var ætlan mín að svo væri um þetta leyti sólarhrings. Reyndar trúði ég því að það gæti gerst um hádegi. En þetta er mikil bók að vöxtum og einfaldlega hefur tafist að koma henni úr prentsmiðju. En ég hef verið mjög lipur og liðleg við hv. þingmenn í dag og hef lánað þeim mína bók eins þeir hafa óskað eftir. En svona stendur málið.

Ég vonast til þess að skýrslan verði komin áður en þessum fundi lýkur.

(**Forseti** (HBl): Það er nú hægt að halda fundinum áfram.)

[20:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Viðskrh. er maður að meiri að biðjast afsökunar. Ég tek afsökunarbeiðni hennar gilda. Á hinn bóginn höfum við beðið eftir þessari bók ekki bara dögum saman, ekki bara vikum saman, ekki mánuðum saman heldur árum saman og ég átta mig ekki alveg fyllilega á því að það hefði þurft að standa svona alveg á endum prentsmiðjunnar vegna að þessi blaðamannafundur skyldi haldinn akkúrat í dag á tilteknum tíma. (**Viðskrh.:** Á mettíma.)

Meginatriði málsins er það að hér er um virðingu þingsins að tefla. Það sem þingið biður um skal berast hingað fyrst og síðast. Það er kjarni málsins.

[20:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti veit ekki hvort hann getur tekið undir það að um virðingu þingsins sé að tefla þegar við erum að tala um skýrslu frá Samkeppnisstofnun.

Skipan opinberra framkvæmda, 2. umr.

Stjfrv., 671. mál (heildarlög). — Þskj. 1049, nál. 1333 og 1385, brtt. 1334.

[20:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. um frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda. Hér er á ferðinni ný heildarlöggjöf um skipan opinberra framkvæmda, hið mesta þarfamál.

Nefndin sendi þetta mál til umsagnar margra aðila. Fulltrúar nokkurra þeirra komu til fundar við nefndina svo sem getið er um í nál. á þskj. 1333.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu til breytinga á málinu. Það er fyrst og fremst við 7. gr., að 1. tölul. 7. gr. orðist svo:

„Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, lýsing á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu þeirra aðila sem standa að framkvæmd, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.“

Þetta verður að vera hluti af áætlunargerð um framkvæmdir. Og enn fremur:

„Fjármálaráðherra skal skilgreina kröfur um gerð og framsetningu kostnaðaráætlana og kynna þær fyrir ríki og ríkisaðilum.“

Virðulegi forseti. Um það var allmjög rætt í nefndinni að nauðsynlegt væri í tengslum við opinberar framkvæmdir að skilgreina afar vel hver beri ábyrgð á hverju og hvert hlutverk hvers framkvæmdaraðila og forsvarsaðila framkvæmdar er við hvern verkþátt fyrir sig. Þess vegna er þessu bætt inn.

Enn fremur telur meiri hlutinn rétt að leggja áherslu á að fjmrh. skilgreini eins og kostur er kröfur um gerð og framsetningu kostnaðaráætlana og kynni það fyrir ríki og ríkisaðilum en nokkuð hefur borið á því að kvartað sé undan því að kostnaðaráætlanir séu mismunandi, farið sé eftir mismunandi aðferðum og þær séu yfirleitt nokkuð á reiki hjá ríkisaðilum.

Síðan er gerð brtt. við 20. gr. sem gengur út á það að Framkvæmdasýsla ríkisins geti falið einkaaðilum að annast einstök verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Þetta er í framkvæmd svona en rétt er talið af hálfu meiri hlutans að hnykkja á þessu í frv.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu gerir meiri hluti nefndarinnar þá tillögu að þetta mál verði samþykkt með þessum breytingum.

[20:41]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda. Minni hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Helstu breytingar sem þetta frumvarp felur í sér leiðir af nýju frumvarpi til laga um opinber innkaup sem greidd voru atkvæði um hér áðan. Auk þess er kveðið á um starfsemi og hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins. Minni hlutinn hefur skilað ítarlegu nefndaráliti um frumvarpið um opinber innkaup. Þar er rökstutt að rétt sé að vísa málinu frá, m.a.

vegna ágreinings sem óútkljáður er við sveitarfélögin og hugmynda sem fram hafa komið hjá Ríkisendurskoðun og fela í sér grundvallarbreytingu á skipan opinberra framkvæmda, m.a. milli ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins, sem rétt þykir að fái skoðun áður en frumvörpin verði að lögum. Til þess gafst ekki tíma vegna hraða sem er á afgreiðslu mála á hv. Alþingi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það er fullmikill kliður í salnum og hliðarsölum.)

Það eru afleit vinnubrögð og gagnrýnisverð. Minni hlutinn hefur lýst vilja sínum til þess að málið fái betri umfjöllun í nefnd, ágreiningur við sveitarfélögin verði leystur og hugmynd Ríkisendurskoðunar tekin til sérstakrar skoðunar áður en frumvörpin tvö verða að lögum.

Til þess á að gefast tími í sumar og hægt væri að taka málið fyrir strax á haustþingi, en ekkert hefur komið fram í málsmeðferð nefndarinnar á þessu máli né hinu fyrra sem atkvæði voru greidd um hér áðan sem rökstyður þann hraða sem er á afgreiðslu þessara mála.

Með vísan til þess sem ég hef hér sagt og ítarlegs rökstuðnings minni hlutans við frumvarp um opinber innkaup, 670. mál, leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[20:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það lagafrv. sem hér er til umræðu er nátengt því frv. sem við ræddum áður en hlé var gert á fundinum kl. 19.30 um opinber innkaup.

Ég kveð mér hljóðs til þess eins að taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem ásamt mér og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, minni hluta í efh.- og viðskn. þingsins, hefur lagt til að þessum frv. báðum verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við höfum gert grein fyrir því að við erum ekki andvíg öllum efnisþáttum þessara frv. nema síður sé. Við kunnum að hafa athugasemdir við einstaka efnisþætti. En eitt erum við sammála um, að þessi frv. þurfa að komast til frekari skoðunar. Það þarf að leita álits ýmissa aðila sem ekki hafa tjáð sig um efni þessara frv. og þeir sem fengu þau í hendur fengu mjög skamman tíma og fundu að því við efh.- og viðskn. þingsins. Ég legg því áherslu á að þessum frv. báðum verði vísað til ríkisstjórnarinnar og þau komi að nýju til afgreiðslu og umfjöllunar á Alþingi í haust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 20:46]

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1066, nál. 1221 og 1252.

[21:11]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir) (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Nokkuð langt er síðan þetta mál var fyrst á dagskrá og ég hafði þá rétt hafið ræðu mína. Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að það er orðið það langt síðan að mér er ekki alveg ljóst hversu langt var liðið á ræðuna þegar málið var tekið af dagskrá. Þess vegna er rétt að byrja á að rifja aðeins upp hvað stendur í nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. sem er þskj. 1252.

Við leggjum þar áherslu á, virðulegi forseti, að með breytingunum sem lagðar eru til í frv. sé verið að lögfesta ýmsar gjaldtökuheimildir fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem mátti áður finna í reglugerðum en einnig er verið að lögfesta heimildir til gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir sem byggjast á reglum Schengen-samstarfsins. Þá er einnig tillaga um að öryrkjar greiði sama gjald og aldraðir fyrir útgáfu vegabréfa og einnig eru leyfisgjöld sett á fyrir brennur og skoteldasýningar og starfsréttindi tannsmiða.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., sem erum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, leggjumst ekki gegn því að ákveðið gjald sé tekið fyrir þá þjónustu sem veitt er af ríkinu. Við teljum hins vegar eðlilegt að slík gjöld endurspegli þann kostnað sem ríkið ber vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni. Ef lög um aukatekjur ríkissjóðs eru skoðuð má draga verulega í efa að þær upphæðir sem finna má í einstökum greinum laganna endurspegli sanngjarnt gjald fyrir veitta þjónustu. Hjá fulltrúa fjmrn., sem kom á fundinn, kom fram að engin slík skoðun hefði farið fram á þeirri gjaldtöku sem lögin um aukatekjur ríkissjóðs fela í sér né heldur á þeim breytingum sem er nú lagt til að gerðar verði á lögunum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar átelja harðlega að ekki skuli hafa farið fram endurskoðun á lögum um aukatekjur ríkissjóðs til að kanna hvort tekjur sem þar er gert ráð fyrir að renni í ríkissjóð endurspegli þann kostnað sem ríkið verður fyrir vegna veittrar þjónustu. Ekki síst er þetta ámælisvert í ljósi þess að 8. maí 1993 var afgreidd frá Alþingi þál. frá Jóhanni Ársælssyni þar sem ríkisstjórninni var falið að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs. Í ályktuninni sem samþykkt var og greinargerð sem með henni fylgdi segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað."

Í nefndarálitinu er einnig greinargerð með þessari tillögu frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem hann fékk samþykkta 8. maí 1993 og er óþarfi að endurtaka lestur á þeirri greinargerð. En það eru sem sagt átta ár liðin frá því að Alþingi samþykkti þessa ályktun án þess að ríkisstjórnin hafi sinnt því hlutverki sem henni er ætlað, þ.e. að taka lög um aukatekjur ríkissjóðs til gagngerrar endurskoðunar.

Frá því að þáltill. var samþykkt hafa verið lagðar til breytingar á lögunum, lögð til ný gjaldtaka án þess að ljóst sé hvort hún er í takt við þann sannanlega kostnað sem fellur til þegar þjónustan er veitt. Engin slík sundurliðun fylgir þeim breytingum sem er nú lagt til að verði gerðar á lögunum. Vegna þessara vinnubragða munu fulltrúar Samfylkingarinnar á Alþingi sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem gerðar eru athugasemdir við vinnubrögð af þessu tagi síðan 1993, frá því að þessi margnefnda þáltill. Jóhanns Ársælssonar var samþykkt. M.a. var nefndarálit sem var dreift á löggjafarþinginu 1997–1998, þskj. 609, frá þáv. minni hluta efh.- og viðskn. þar sem þá voru lagðar til gagngerar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og þáv. minni hluti efh.- og viðskn., sem var þá skipaður hv. þm. Ágústi Einarssyni og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þáv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, gerði í nefndaráliti sínu verulegar athugasemdir við þær breytingar sem þá voru lagðar til og eru enn í fullu gildi. Í lögunum hefur lítil breyting orðið þar á. Þá kemur þar m.a. fram, virðulegi forseti, að minni hlutinn leggst gegn breytingum á dómsmálagjöldum. Dómsmálagjöld skiluðu á á árinu 1996 um 660 millj. kr. í ríkissjóð en það hefur heldur aukist. Til samanburðar má geta þess að kostnaður á þeim tíma við rekstur héraðsdómstóla var liðlega 300 millj. kr.

Þannig var ljóst að dómsmálagjöldin gera meira í flestum tilvikum en að standa undir kostnaði við þá starfsemi sem þar er. Hér er því um skattstofn að ræða, segir þáv. minni hluti efh.- og viðskn., og ber að skoða þetta frv. út frá skattheimtusjónarmiði. Þessar forsendur eru nákvæmlega þær sömu og þær voru á þeim árum þegar þetta nefndarálit var birt.

Síðan gera þeir sérstakar athugasemdir við 4. og 5. gr. frv. eins og það var þá og eru 4. og 5. gr. laganna í dag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er einkum 4. og 5. gr. frumvarpsins sem minni hlutinn leggst gegn, en í 4. gr. er kveðið á um gjaldskrá við fjárnám sem nemur 1% af þeirri fjárhæð sem fjárnámsins er krafist fyrir. Þessi gjaldtaka lendir á skuldurum, nái fjárnámið fram að ganga. Í 4. gr. frumvarpsins eru hækkuð lágmarksgjöld og hámarksgjöld, þ.e. úr 3.000 kr. í 3.500 kr. og úr 10.000 kr. í 11.500 kr. Í frumvarpinu er áætlað að þetta ákvæði skili ríkissjóði um það bil 22 millj. kr. á ársgrundvelli. Við umfjöllun í nefndinni kom í ljós að þessi tala var ofáætluð um 6 millj. kr. þannig að tekjur verða mun minni en ætlað var.

Í 5. gr. frumvarpsins er gjaldtaka við nauðungarsölu. Þar er lágmarksfjárhæð hækkuð úr 9.000 kr. í 10.300 kr. og hámarksfjárhæð úr 30 í 35 þús. kr. Hér er um að ræða mjög íþyngjandi ákvæði fyrir fólk í fjárhagserfiðleikum sem missir eignir sínar á nauðungarsölu. Það er til vansa að ríkisvaldið skuli nota neyð fólks með þessum hætti til skattlagningar."

Virðulegi forseti. Ríkisvaldið gerir það enn.

„Hækkun á beiðni vegna nauðungarsölu, þ.e. 5. gr. frumvarpsins, átti að skila um það bil 24 millj. kr. í ríkissjóð en við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að hér var um ofmat um helming að ræða þannig að búast má við að tekjur nemi um það bil 12 millj. kr. Þetta ákvæði er fyrst og fremst íþyngjandi gagnvart þeim heimilum sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum því að allur þessi skattur lendir á þeim.

Geta má þess að ætlað var að þessar hækkanir á dómsmálagjöldum mundu skila um það bil 100 millj. kr. aukalega í ríkissjóð."

Síðan lýkur nál. á þessum orðum:

„Minni hlutinn átelur harðlega að ekki skuli hafa verið farið vandlegar yfir þessi gjöld og skoðað hvað væri eðlilegt að hækka með tilliti til kostnaðar sem ríkisvaldið verður fyrir í stað þess að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að hækka blint alla þá gjaldstofna sem fyrirfundust.

Í þessu sambandi má nefna að á árinu 1995 voru tæplega 700 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota og í frumvarpinu er lagt til að hækka gjöld vegna nauðungarsölu og aðfarargerðar. Samþykkt frumvarpsins eins og ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar leggja til mun þannig knýja á enn fleiri gjaldþrot og þannig birtist ríkisstjórnarstefnan í reynd gagnvart almenningi í þessu landi."

Þau ákvæði sem minni hlutinn gagnrýndi á löggjafarþinginu 1997–1998 eru enn í fullu gildi og standa óbreytt í lögunum eins og meiri hlutinn samdi þau.

Ef við förum aðeins nær okkur í tíma, þá voru á löggjafarþinginu 1999–2000, þ.e. síðasta löggjafarþingi, einnig gerðar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og þá skipuðu efh.- og viðskn., hv. þingmenn Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson og Jóhanna Sigurðardóttir, sem skrifaði undir nál. sem lagt er fram á síðasta þingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur" — og það var samstaða í nefndinni um afgreiðsluna þá — „að ekki hafi verið mörkuð nægilega skýr heildarstefna hjá hinu opinbera varðandi skil milli þjónustugjalda og skattheimtu. Beinir nefndin því til fjármálaráðherra að hann hlutist til um að fram fari endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og ríkisstofnana, með hliðsjón af þingsályktun frá 8. maí 1993, um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Leggur nefndin áherslu á að endurskoðuninni verði hraðað þannig að ráðherra geti í upphafi næsta þings lagt fram frumvarp sem byggi á heildarstefnu um skil á milli skattheimtu og þjónustugjalda."

Þannig að fulltrúar í núv. efh.- og viðskn. og þar á meðal hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, lögðu til að þessi heildarendurskoðun á lögunum færi fram. Við umfjöllun núna í nefndinni kom hins vegar skýrt fram af hálfu fjmrn. að sú endurskoðun hefði ekki farið fram og ráðuneytið hefði í raun og veru ekki lagt í endurskoðunina. Þetta er auðvitað, virðulegi forseti, ekki forsvaranlegt þegar Alþingi hefur samþykkt ályktun og sent hana framkvæmdarvaldinu til þess að fara eftir henni, farið fram á heildarendurskoðun þessara laga 1993 að nú 2001 hefur ekkert gerst, ekki nokkur skapaður hlutur. Samt sem áður hafa í umsögnum til nefndarinnar varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um aukatekjur ríkissjóðs á undanförnum árum, komið fram skýrar athugasemdir ekki aðeins af hálfu nefndarmanna heldur flestra þeirra umsagnaraðila sem hafa sent inn umsagnir um þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni. Núna barst t.d. umsögn frá Þjóðhagsstofnun, stofnun sem enn hefur kjark til að senda frá sér álit þó að það brjóti hugsanlega í bága við vilja ríkisstjórnarinnar, enda hanga menn þar hvort eð er á tánum og bíða þess hvort þeir verði skornir niður eða stofnunin lögð niður, en Þjóðhagsstofnun segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun mælir almennt með því að gjaldtaka fyrir tiltekna þjónustu sem rennur í ríkissjóð endurspegli þann kostnað sem ríkið verður fyrir vegna viðkomandi þjónustu. Stofnunin gerir ekki athugasemd við það að öryrkjar greiði sama gjald og aldraðir fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda. Það kann hins vegar að orka tvímælis að setja upphæðir gjalda í lög án þess að setja annars vegar ákvæði um breytingar og hins vegar segja fyrir um hvaða kostnaðarliðir það eru sem gjaldtakan á að miðast við og hverjum er ætlað að fylgjast með því að gjaldið sé í samræmi við þann kostnað."

Það er því alveg ljóst að fleiri eru þeirrar skoðunar en fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. að fara beri eftir þeirri ályktun sem samþykkt var 1993 um heildarendurskoðun á þessum lögum. Síðan hv. efh.- og viðskn. afgreiddi þetta mál frá sér og frá því að 1. umr. hófst hefur reyndar birst skýrsla sem Samtök atvinnulífsins lögðu fram á fundi sínum fyrir stuttu um samkeppnishæft skattaumhverfi. Þetta er skýrsla skattahóps Samtaka atvinnulífsins sem er afar vandað plagg. Þar með er ég ekki að segja að ég sé sammála öllum tillögum sem þar koma fram en hins vegar er um afar vandað plagg að ræða. Það sló mig dálítið, virðulegi forseti, að á sama tíma og fulltrúar fjmrn. sem komu á fund nefndarinnar sögðu að ráðuneytið hefði nánast gefist upp, eða ég skildi það þannig að það hefði nánast gefist upp fyrir því að endurskoða lögin um aukatekjur ríkissjóðs og öll þau leyfisgjöld sem felast í ýmsum lögum og fara yfir þetta heildstætt, að fram færi heildstæð skoðun á þessu og þá jafnframt á stimpilgjöldunum eins og kveðið var á um í lögunum og grg. í þál. sem samþykkt var 1993, þá er aftast í þessari bók, sem starfshópur Samtaka atvinnulífsins skilar frá sér, fylgiskjal þar sem farið er nákvæmlega yfir öll starfsleyfisgjöld og lög og þær reglugerðir sem byggt er á og gerðar eru veigamiklar athugasemdir af hálfu þessa skattahóps um það hvernig staðið er að þessari skattheimtu sem er í raun og veru hægt að kalla svo. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Heildartekjur ríkissjóðs af smásköttum og gjöldum, svo sem eftirlits- og skoðunargjöldum, jöfnunar- og vörugjöldum árið 1999 námu um kr. 9.388 milljónum eða um 3,90% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Stór hluti þessara tekna eru markaðar, þ.e. kveðið er á um í lögum og reglum hvert þær eiga að renna.

Ekki reyndist unnt að fá sundurliðaðar upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af leyfisgjöldum, en samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1999 námu heildartekjur af slíkum gjöldum rúmum 111 milljónum kr. það ár. Þær tekjur renna beint í ríkissjóð. Tekjurnar skiptust þannig:

Tekjur af leyfum fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi kr. 15.485.000.

Tekjur af gjöldum fyrir veitingu atvinnuréttinda o.fl. kr. 13.942.000.

Tekjur af öðrum leyfisgjöldum kr. 81.729.000."

Síðan segir í niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Sá flokkur gjalda sem lagður er á tilteknar starfsstéttir eða snertir vissa starfsemi virðist fara sívaxandi. Flest þessara gjalda er að finna í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ef gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins af þessum gjöldum árið 2000 hafi verið svipaðar og árið á undan námu þær um 0,06% af heildarskatttekjum síðastliðins árs.

Alvarlega hlýtur að þurfa að skoða hvort réttlætanlegt sé að halda úti slíkum starfsleyfisgjöldum. Á síðasta áratug féllu dómar um að þjónustugjöld skuli ávallt miðast við þann raunkostnað sem felst í veitingu þjónustunnar. Skýra lagaheimild þurfi þannig til álagningar gjalda sem er ætlað að afla ríkinu eða ríkisstofnunum tekna umfram raunverulegan kostnað af veitingu þeirrar þjónustu sem um ræðir. Þótt þau starfsleyfisgjöld sem samantektin geymir styðjist við skýra lagastoð verður að skoða hvort í raun sé verið að greiða fyrir veitta þjónustu eða ekki. Í því sambandi má benda á að hátt í helmingur gjaldanna er til kominn vegna veitingu starfsleyfa fyrir hvers konar fjármálastarfsemi. Eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki greiða hins vegar sérstaklega kostnað við eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki liggur þannig ljóst fyrir hverju gjöldunum er ætlað að mæta. Til samanburðar má nefna að ýmsum leyfisgjöldum sem lögð eru á skemmtanastarfsemi og leyfi til áfengisveitinga er ætlað að renna til eftirlits með slíkri starfsemi. Þetta hlýtur að sýna að slík gjöld skapa hættu á mismunun, þ.e. að einni starfsstétt eða starfsgrein sé íþyngt umfram aðrar. Þegar horft er til þess hve lítilla tekna gjöldin eru að skila má setja spurningarmerki við hvort eðlilegt sé að halda þeim uppi, bæði í ljósi jafnræðissjónarmiða og þess umsýslukostnaðar sem innheimta gjaldanna felur í sér."

Síðan nefna þeir dæmi sem ég má til með að nefna, virðulegi forseti:

„Eitt gjald sem getið er um í samantektinni sýnir skýrlega þá flóru sem við er að glíma. Um er að ræða gjald að fjárhæð 2,50 kr. á hvert eintak af almanökum, útgefnum og innfluttum. Gjaldið rennur til Almanakssjóðs HÍ og skilaði 230.000 kr. í hann á síðasta ári. Greiðendur hljóta að spyrja sig hvort ekki væri eðlilegra að ríkið einfaldlega styrkti sjóðinn um slíka fjárhæð ef það er stefna stjórnvalda að styðja sérstaklega við bakið á þessari starfsemi."

Og tillögur skattahópsins eru:

„Skattahópur SA telur að mörg starfsleyfisgjaldanna megi missa sín, sérstaklega þau sem lögð eru á aðila sem greiða sérstök eftirlitsgjöld á grundvelli annarra laga. Viðbótargjöld á slíka aðila eru hrein tvísköttun, sem ekki verða rökstudd með vísan í kostnað af þeirri þjónustu hins opinbera sem veitt er í tengslum við útgefið leyfi.

Engum vafa er undirorpið að farsælast er að fella brott suma hinna smærri skatta sem lagðir eru á atvinnulífið í ljósi þess kostnaðar sem felst í innheimtunni. Aðra slíka skatta, sem renna beint í ríkissjóð, væri eðlilegra að sameina í einn gjaldstofn. Sérstaklega á það við um ýmis eftirlitsgjöld, en fyrrgreind lög um opinberar eftirlitsreglur miða einmitt að einföldun og gagnsæi eftirlits og eftirlitsgjalda."

Virðulegi forseti. Hér er vissulega fyrst og fremst verið að fjalla um þau gjöld sem lögð eru á atvinnulífið en eins og ég nefndi áðan og vitnaði til þess nál. sem hv. þm. Ágúst Einarsson mælti fyrir á sínum tíma, þá er langt í frá að þessi lög nái einungis yfir atvinnustarfsemina. Þar er einnig um að ræða hreinan fátækraskatt sem leggst á það fólk sem hefur orðið illa úti í lífinu og þar sem komið er með aðfararbeiðni eða farið fram á gjaldþrot. Það er meira en kominn tími á það að heildarendurskoðun fari fram og ef starfsmenn fjmrn. treysta sér ekki til þess að fylgja eftir því verkefni sem Alþingi hefur falið því, þá hlýtur víða að vera pottur brotinn í starfsemi ráðuneytisins vegna þess að það hefur sýnt sig í þeirri skýrslu sem Samtök atvinnulífsins skila að slík endurskoðun er vel framkvæmanleg og það væri þá ekki úr vegi að formaður þeirrar nefndar, sem er fyrrum starfsmaður Alþingis og sýndi þar vönduð vinnubrögð eins og koma fram í skýrslunni, væri fenginn til að leiða slíkt starf í fjmrn.

Samfylkingin treystir sér ekki, virðulegi forseti, til að styðja þær breytingar sem hér er verið að leggja til að gerðar verði á lögum um aukatekjur ríkissjóðs einfaldlega vegna þess að við áteljum það harðlega að það skuli ekki hafa verið skoðað hvað liggur að baki þeim gjöldum sem þarna er verið að leggja á þó svo að við viðurkennum þörfina á því að flytja gjaldtökuna úr einstökum reglugerðum yfir í lögin miðað við þá úrskurði sem fallið hafa, m.a. hjá umboðsmanni Alþingis, þá er það svo að menn hafa ekki unnið heimavinnuna sína. Það er ekki um þjónustugjöld að ræða því að gjaldtakan er

langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Við munum því ekki greiða þessu frv. atkvæði okkar.

[21:33]

Útbýting þingskjals:

Vanskil einstaklinga, 604. mál, svar viðskrh., þskj. 1393.

[21:34]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Í því frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs, sem hér er til umræðu, er verið að festa í sessi ýmsar gjaldtökur en jafnframt eru inni í því liðir sem fengu mig til að halda að ég sæi ofsjónir. Samkvæmt 4. gr. er verið að festa í lög flugeldaskatt. Ég trúi því ekki eiginlega þegar ég hlustaði á framsögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., þegar hann var að fylgja þessu úr hlaði. Einnig á að lögfesta brennuskatt upp á 5 þús. kr.

Herra forseti. Á hvaða vegferð erum við í gjaldtökumálum og skattamálum? Sjálfstfl. hefur haft það fyrir venju að kalla ýmsa nýja skatta ekki skatta heldur þjónustugjöld en auðvitað eru þetta ekkert annað en skattar. Gaman væri að vita hvort hinir ýmsu aðilar sem senda ríkisvaldinu oft athugasemdir um hin og þessi atriði geri ekki athugasemdir við þá hálfgerðu skítaskatta sem hér er verið að leggja á og hvort það borgi sig yfir höfuð að vera að leggja þá á, auka vinnu og annað hjá opinberum starfsmönnum við að innheimta þetta. Ég held að það verði þá a.m.k. að skoða þetta á allt annan hátt. Eins og þetta gengur fyrir sig í dag geri ég mér grein fyrir því að vafalaust þarf að breyta ýmsum tölvukerfum og ýmsu öðru hjá ríkisvaldinu til þess að koma flugeldaskattinum á þannig að menn geti gengið til viðkomandi sýslumanna og greitt keisaranum það sem keisarans er, flugeldaskatt upp á 5 þús. kr.

Herra forseti. Ég sagði það áðan að mér finnst það mjög einkennilegt að þingmenn Sjálfstfl. skuli vera fremstir í flokki með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar við að koma með alla þessa skatta inn á hið háa Alþingi sem verið er að gera. Það er ekki bara þessi flugeldaskattur og brennuskattur. Ýmislegt annað hefur verið að gerast undanfarið og á dagskrá í kvöld eru nokkur mál sem koma frá samgn. þar sem verið er að leggja til fleiri skatta. Með öðrum orðum, fulltrúar Sjálfstfl. fylgja hér eftir í kvöld ef dagskráin gengur eftir tillögu um flugeldaskatt, tillögu um brennuskatt, tillögu um leigubílaskatt, tillögu um vörubílaskatt, tillögu um sendibílaskatt og svona mætti vafalaust áfram telja ef maður færi aðeins betur í gegnum þau frv. sem eru hér á dagskrá.

Herra forseti. Vafalaust kalla sjálfstæðismenn þetta þjónustugjöld og aðeins vegna þess að ég nefni leigubílaskattinn, vörubílaskattinn og sendibílaskattinn, sem verið er að setja á, þá kom það fram í hv. samgn. að ekki væri ætlunin að lækka neitt gjöldin hjá samgrn. vegna þessa við það að flytja þessi verkefni frá samgrn. til Vegagerðarinnar heldur er hér verið að koma með nýja skatta. Það er með ólíkindum hve menn ganga langt í þessum efnum og ég verð að segja alveg eins og er að ég held að full ástæða væri til eins og hér hefur verið rætt um þar sem vitnað er í þá þáltill. sem samþykkt var árið 1993 frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana af þessum smásköttum. Herra forseti. Ég held að mjög mikilvægt sé að fara í gegnum það og við gerum okkur grein fyrir því að ýmsir skattar eru svo lágir að við eigum ekki að leggja vinnu opinberra starfsmanna eða tæki og tól í að vera að innheimta þessa skatta.

Ég hef nefnt hér á skatta sem ég hef talið upp. Frægur er flugmiðaskatturinn sem lagður var á á síðasta ári. Það var athyglisvert á aðalfundi Flugleiða þegar stjórnarformaður þess fyrirtækis nefndi það og gat um það sem sérstakan póst og taldi ástæðu til að vekja m.a. athygli á opinberum álögum í sambandi við rekstrarerfiðleika Flugfélags Íslands. Flugmiðaskatturinn sem var rukkaður á síðasta ári var einar 40 millj. og er áætlaður 60–80 millj. á þessu ári.

Herra forseti. Eins og við vitum hefur innanlandsflug átt í miklum erfiðleikum og þessi skattur var ekki til að bæta það auk þess sem hann leggst mjög skringilega á flugvélar. Í raun og veru skiptir engu máli hvort í flugvélinni sitja 50 farþegar eða enginn farþegi. Þennan flugmiðaskatt Sjálfstfl. ber að greiða. Það var ætlunin þegar flugmiðaskatturinn var lagður á að þetta yrði bara fyrsti áfangi í því að búa til skatt sem átti að lokum að gefa allt að 200 millj. í tekjur til ríkissjóðs. Flugmiðaskatt upp á 200 millj. átti að leggja á þá aðila sem ferðast með flugvélum innan lands. En sem betur fer hefur ríkisstjórnin horfið frá því og engir tilburðir eru um að hækka þennan skatt en það eru heldur engir tilburðir um að taka þennan skatt af eins og lagt var til í frv. sem ég flutti í upphafi þings og hefur legið í samgn. og ekkert verið tekið á. Umsagnir allra aðila sem þar voru töldu þetta mjög ósanngjarna skatta og umsögnin frá flugfélögunum var að ekki væri á bætandi í þeirra rekstrarerfiðleikum.

Þessi flugmiðaskattur átti sem sagt að verða allt í allt 200 millj. vegna þess að hann átti að greiða allan kostnað. Þetta voru kölluð þjónustugjöld hjá sjálfstæðismönnum. Þessi þjónusta við leiðarflug flugvéla var talin kosta 200 millj. kr. á ári og þeir sem nota þjónustuna áttu að greiða fyrir eins fulltrúar Sjálfstfl. sögðu.

Þetta er alveg með ólíkindum, herra forseti. Er ekki komið nóg, hæstv. forseti? Ég held að hv. þm. Sjálfstfl. ættu að fara að sjá að sér og hætta að koma með þessa skatta þó þeir séu ekki mjög háir. Ég hygg að kostnaðurinn við að innheimta þessa skatta sé meiri. Hugsið ykkur t.d. að í hvert skipti sem skotið verður upp flugeldum þarf að borga flugeldaskatt. Ef þingflokki Sjálfstfl. hefði dottið í hug að halda flugeldasýningu á 10 ára valdaafmæli hæstv. forsrh. í þeim stóli, þá hefði þingflokkur Sjálfstfl. þurft að fara að borga skatt til að fá að skjóta flugeldunum upp. Ef menn hefðu ætlað að halda eina flugeldasýningu fyrir hvert ár af valdatímanum þá hefði farið að taka aðeins í en sennilega hefði ekkert munað um það.

Herra forseti. Ég vildi aðeins nefna þessi atriði og vekja athygli á þeim skítasköttum sem verið er að búa til og hefði viljað enda á því að segja að ég held, hæstv. fjmrh., af því að hann er hér í salnum með okkur nú, ég held að það væri full ástæða til að taka upp þá tillögu sem var samþykkt sem ég vitnaði í frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og skoða hana. Ég held að mjög þýðingarmikið væri að skoða sérstaklega hvaða upphæðir á að halda áfram að rukka og hver er kostnaðurinn við það.

Mér dettur aðeins í hug þegar þarf að fá hugbúnaðargerðarmenn inn í ríkisbókhald til að búa til tölvukerfi til að rukka flugeldaskattinn eða brennuskattinn. Ég hygg að tímakaup hjá þeim mönnum gæti verið með öllu sennilega 15–20 þús. kr. og ekki veit ég hvað færi mikill tími í þetta. En í guðanna bænum, hæstv. forseti, hættum við að búa til þessa aukaskatta.

[21:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Fyrst vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að vera við þessa umræðu en ég tel mikilvægt að hann svari nokkrum álitaefnum sem vakna við umfjöllun þessa litla frv. ef svo má segja því að það lætur ekki mikið yfir sér frekar en fyrri daginn. Það er frekar venja en undantekning að hingað til þingsins berist frv. af þessum toga um aukatekjur ríkissjóðs. Yfirleitt eru upphæðirnar það litlar sem um er að tefla þó að stundum komi fyrir að þær séu í hærri kantinum og þær láti ekki mikið yfir sér. En safnast þegar saman kemur og hér hefur fyrri ræðumaður, flokksbróðir minn, hv. þm. Kristján L. Möller, drepið á nokkur tiltekin dæmi sem stinga í augun.

Það er þannig, herra forseti, að þessar svonefndu aukatekjur ríkissjóðs, sem eru færðar undir Ýmsar tekjur í fjárlagafrv. og fjárlögum yfirstandandi árs og umliðinna ára, eru á nokkuð gráu svæði að minni hyggju. Þær eru þarna á milli hinna svonefndu þjónustugjalda sem eru óhjákvæmilega þannig og eru óumdeilt með þeim hætti að það ber að taka gjald samsvarandi raunkostnaði eða því sem næst. Á hinn bóginn lúta skattar öðrum lögmálum en þessar aukatekjur nánast engum og hefur verið rennt í gegnum þingið yfirleitt skömmu fyrir þinghlé við áramót eða að vori.

Svonefndar aukatekjur ríkissjóðs eru núorðið farnar að skipta verulegu máli í tekjuöflun ríkissjóðs og í niðurstöðutölum hans. Erfitt er þó að lesa út úr þessu í fjárlögum. Þarna er að finna gjöld eins og dómsmálagjöld upp á hálfan milljarð og leyfisgjöld, gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. upp á 100 millj., skoðunarmælingar og eftirlitsgjöld upp á meira en hálfan milljarð, ýmislegt upp á 250 millj., útgáfu skírteina og þinglýsingar upp á 250 millj., önnur neyslu- og leyfisgjöld upp á 53 millj. Með þessari skilgreiningu í fjárlögum eru síðan færð skólagjöld. Ég bið hæstv. landbrh. að leggja við það hlustir. Hér eru talin upp skólagjöld, sömu gjöld og hæstv. ráðherra sem barðist hvað harðast gegn sem óbreyttur þingmaður, en það er önnur saga sem ég ætla ekki að fara út í hér.

Ég vildi benda á að undir þennan lið eru einnig færð afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Það má velta því fyrir sér hversu skynsamlegt og heppilegt er að færa þessar tekjur ríkissjóðs saman. Ég legg ekki að jöfnu notendagjöld Ríkisútvarpsins og þessi leyfisgjöld sem hér hafa fyrst og fremst verið gerð að umtalsefni. Hér er auðvitað fyrst og síðast um að ræða óbeina skattlagningu eins og margsinnis hefur komið fram.

Ég beindi fyrir einhverjum mánuðum fyrirspurn um það til hæstv. dómsmrh. hvernig tekjum og útgjöldum ríkissjóðs væri háttað varðandi útgáfu ökuskírteina og vegabréfa sem allir landsmenn, a.m.k. komnir til vits og ára, þurfa á að halda og verða að borga fyrir hvað sem tautar og raular. Maður hafði í einfeldni sinni ætlað að ríkissjóður færi ekki sérstakar Krýsuvíkurleiðir til að mjólka almenning með útgáfu slíkra leyfa. Hins vegar er óðru nær því að í ljós kom að með stóraukinni tölvutækni og nýjum aðferðum við útgáfu vegabréfa, sem gerir útgáfu þeirra markvissari og ódýrari, þá er kostnaður almennings miklu meiri en áður var.

Nú er það þannig að það tekur meira en 10 daga að fá vegabréf. Ef einhver ætlar að fá það innan 10 daga þá þarf að borga sérstakt hraðagjald vegna svokallaðrar skyndiútgáfu. Ég endurtek, herra forseti, að það telst skyndiútgáfa af hálfu ríkissjóðs að gefa út vegabréf ef fólk hefur ekki tíma til að bíða í 10 daga. Skyndiútgáfan kostar í kringum 10 þús. kr. en hin venjubundna útgáfa, sem tekur meira en 10 daga, það er undir hælinn lagt hversu langan tíma það tekur, kostar helmingi minna. Þetta minnir mann satt að segja á landpóstinn áður, að það skuli taka stofnanir ríkissjóðs, sem í þessu tilfelli, í vegabréfaútgáfunni, heyra undir marga ráðherra, í sumum tilfellum undir fjmrh., heila 10 daga að afgreiða slíka pappíra. Ég furða mig mjög á því og ég átta mig ekkert á. En það er hin hliðin á þessu máli, þ.e. þjónustan sem upp á er boðið.

En hvað kostar það ríkissjóð að veita þessa þjónustu? Hæstv. dómsmrh. svaraði mér því skýrt og skilmerkilega að ég hygg. Niðurstaðan var sú að tekjur vegna bæði skyndiútgáfu og venjubundinnar útgáfu nema á árinu 1999 í um 150 millj. kr. Kostnaðurinn í kringum þessa útgáfu var í kringum 25 millj. kr. Nettótekjur ríkissjóðs af því að gefa út vegabréf eru 120 millj. kr. Mörg er matarholan. Ég velti því fyrir mér hvort það sé með vitund og vilja hæstv. fjmrh. og stjórnarmeirihlutans að gera vegabréfaútgáfu að tekjulind fyrir ríkissjóð, ekki síst í því ljósi að þjónustan er jafnléleg og raun ber vitni.

En þetta er ekki allt. Það sama er uppi á teningnum þegar kemur að útgáfu ökuskírteina. Það kostar verulega fjármuni fyrir ungt fólk að afla sér ökuskírteinis í fyrsta skipti. Greiða þarf fyrir bílprófið, prófgjald sem er líka aukatekjur ríkissjóðs, svo ég tali ekki um allan almenning sem þarf að endurnýja skírteini sín. Það eru 70 millj. á ári sem renna inn í ríkissjóð vegna útgáfu ökuskírteina. Hver skyldi kostnaðurinn vera af þeirri útgáfu? 15 millj. Nettótekjur ríkissjóðs vegna útgáfu ökuskírteina eru upp á 55 millj. kr. Hún er mörg matarholan. Og það eru sjálfstæðismenn sem fara fyrir þessu máli. (**Landbrh.:** Þetta eru þjónustugjöld.) Ja, þjónustugjöld. Nei, þetta eru auðvitað engin þjónustugjöld. Í fyrsta lagi er þjónustan slök og síðan er verðlagning þjónustunnar í engu samræmi við útgjöldin, raunkostnaðinn sem er auðvitað eðli þjónustugjalda. Hér er auðvitað um dulbúinn skatt að ræða. Ég bið hæstv. fjmrh. að svara mér því hvort það sé meðvituð ákvörðun hans við gerð fjárlaga, bara varðandi það tvennt sem ég nefni hér til sögunnar sem varðar hvern einasta Íslending, og meðvituð ákvörðun Sjálfstfl. í fjmrn. að skattleggja einstaklinga um 150 millj. nettó vegna útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Ég spyr um það.

Herra forseti. Ég tek líka undir það sem hér hefur verið sagt um mikilvægi þess að menn fái glögga heildarmynd af öllum þessum leyfisgjöldum. Ég hvet til þess að tekið verði á þessum álitamálum sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og fleiri hafa vakið máls á. Það er eftirtektarvert að í umsögn fjmrn. sjálfs með eigin frv. — sem er út af fyrir sig dálítið sérkennilegt en þannig er það nú bara — er þess getið sérstaklega að lögfesting frv. um þessar viðbótartekur ætti ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Nei, því skal ég trúa. En það væri kannski fróðlegra að fá að vita hver áhrifin verða á tekjur ríkissjóðs af þessu tekjuöflunarfrumvarpi. Ég bið hæstv. fjmrh. að íhuga það hvort kontórinn hans, fjárlagaskrifstofan, geti ekki líka gefið í umsögn sinni til kynna, þegar það á við, hvort nýjar tekjur komi inn í ríkissjóð en ekki eingöngu útgjöldin þegar þessi heföbundnu fylgiskjöl með lagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar líta dagsins ljós á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Það þarf svo sem ekki að fara mikið fleiri orðum um þetta. Þau dæmi sem ég hef nefnt segja þessa sögu alla. Við erum á mjög vafasamri braut. Hv. þm. Kristján Möller dró það fram með mjög skeleggum hætti og óþarft

að bæta þar við. Hér er á ferðinni í hinn sanni skattaflokkur, Sjálfstfl. Þegar menn líta á bak við þá skrautmynd sem gjarnan er varpað upp, að Sjálfstfl. vilji draga úr ríkisrekstri og sé sá flokkur sem vilji lækka skatta, þá kemur annað í ljós.

Í dag bárust fregnir um allt annað og heldur betur viðurkenning sem sjálfstæðismenn fengu eftir áralanga stjórn á málefnum ríkisins, að aldrei hafi umsvif ríkissjóðs verið jafnmikil og á síðari árum. Það er auðvitað einkunnagjöf sem segir sex. Við bætist síðan þetta litla mál sem í sönnu er miklu stærra í sniðum þegar grannt er skoðað.

[21:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er oft þannig með okkur sem teljum okkur vini ríkissjóðs, að við þurfum stundum að hugsa um ýmsar litlar músarholur sem hægt er að ná einhverju út úr. Þetta er kannski eitt af því. Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að það skiptir máli hvernig þjónustan er þegar borgað er fyrir vegabréf, ökuskírteini og slíka hluti. Þar mætti alveg bæta þjónustuna. Ég þekki þetta ágætlega sjálfur þar sem ég var að endurnýja vegabréf fyrir þrjá fjölskyldumeðlimi á síðustu dögum. Það sem kom mér eiginlega mest á óvart var að þegar ég var búinn að greiða fyrir fram fyrir vegabréf konu minnar þá kom fram sú krafa frá gjaldkeranum að ég þyrfti að sýna kvittuna þegar ég næði í vegabréfið fyrir konuna eða hún þyrfti að koma með kvittunina.

Mér er það algerlega hulin ráðgáta hvernig staðið getur á því að allt þetta kerfi sem hefur miklu hlutverki að gegna í eftirliti á Schengen-svæðinu getur ekki haldið utan um það hvort búið væri að borga fyrir vegabréf eða ekki þegar það er sótt, ekki síst ef borgað er fyrir það fyrir fram og gerð vegabréfsins fer ekkert í gang fyrr en búið er að borga. Samt átti að sýna kvittunina til sönnunar fyrir því að búið væri að borga þegar vegabréfið var sótt. Mig langar þess vegna að spyrja hv. þm. hvort honum finnist að svona þjónusta sé ekki einmitt þjónusta sem við ættum að taka okkur til við að einkavæða.

[21:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru dæmigerð viðbrögð hjá hv. þm. Ekki leggur hann á aukagjöld ríkissjóðs þegar búið er að einkavæða. Þá hverfur sú músarholan. Nú veit ég ekki hvort fjölskyldumeðlimir hv. þm. hafa þurft á þessu skyndiafgreiðslu að halda eður ei en hafi svo verið, þá hafa útgjöld hjá fjölskyldu hv. þm. verið í kringum 30 þús. kr. Raunkostnaður vegna útgáfunnar hefði verið kringum 5 eða 6 þús. Ég er fyrst og fremst að gagnrýna það.

Mér finnst þetta mál ekki sérstaklega broslegt. Mér finnst þetta grafalvarlegt mál. Hér er ég að nefna til sögunnar tvö dæmi og þau eru vafalaust miklu fleiri. Þetta eru hins vegar dæmi sem varða hvern einasta mann og ég er handviss um að fólk sem leggur í sína fyrstu utanferð eftir að hafa sparað fyrir henni munar um að þurfa að greiða viðbótarskatt til ríkisins ofan á allt annað, jafnvel tugþúsundir króna. Það er auðvitað ekki markmið löggjafans þegar við erum að afgreiða aukatekjur ríkissjóðs. Ástæðurnar eru þær að við viljum tryggja að ríkissjóður verði ekki fyrir fjárhagslegum skakkaföllum vegna þessarar þjónustu.

Það er auðvitað allt annað mál hver á að halda utan um þessa þjónustu. Mér þykir það hins vegar býsna mikil gagnrýni á hæstv. fjmrh. og raunar aðra ráðherra sem koma nærri þessu, dómsmrh. og utanrrh., ef hv. þm. telur affarasælast í málinu að losa einfaldlega ráðherrana við þetta ok, að þurfa að veita almenningi þessa þjónustu. Ég vil þó trúa því að þeir vilji standa sig.

[21:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get reyndar prísað mig sælan fyrir að hafa sýnt nægа fyrirhyggju í að sækja um vegabréf fyrir fjölskylduna, þannig að við sluppum með lága gjaldið. Mín upplifun var hins vegar sú að aðalkostnaðurinn fólst í þeim tíma og í því stússi sem er í kringum að fara á staðinn og sækja um vegabréfið og fara síðan tvær ferðir. Það dugði t.d. ekki að ég kæmi einn með börnin heldur þurfti frúin að koma með. Þannig varð töluvert umstang í kringum þetta allt saman.

Það sem ég á við með einkavæðingunni er að það er verið að gefa út fjöldamörg skírteini fyrir fólk, t.d. kreditkort og debetkort. Allar þær upplýsingar um fólk sem þurfa að vera til staðar til að hægt sé að gefa út vegabréf liggja t.d. inni í bankakerfinu hjá Reiknistofu bankanna. Ég verð að segja að mér fyndist ekkert óeðlilegt, með skjöl eins og vegabréf, að hægt yrði að sameina þessar útgáfur og gera þetta hagkvæmar. Þannig þyrfti ekki að búa til mikið skrifræðisbákn sem hugsar ekkert um að veita þjónustu í kringum vegabréfaútgáfuna. Ég held að hugsanlega væri hægt að gera þetta þannig að vegabréf séu bara gefin sjálfkrafa út til fólks. Einhvern veginn virðist bönkunum takast að gefa út kreditkort og öll þessi kort og endurnýja þau með reglulegu millibili án þess að fólk fari í langar ferðir og eyði í það miklum tíma að sækja um þau. Þetta er bara hugmynd.

[22:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. þm., formaður efh.- og viðskn., sé að leggja til að þessu frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar því allt sem hann talaði um undir þeim formerkjum að mætti einfalda og færa út á markað með ýmsum hætti gildir nákvæmlega um þær brtt. sem hann er að færa hér fram. Ég trúi ekki öðru en að menn geti komið því sæmilega fyrir fyrir lítið eða ekkert gjald að gefa út leyfi til flugeldasýninga til að mynda. Ég bið því hv. þm. að vera orðum sínum og skoðunum trúr og draga frv. til baka þannig að menn geti endurmetið þetta.

Ég skal vera til viðræðu um það og ég neita að trúa öðru en því varðandi útgáfu leyfisbréfa af ýmsum toga og umfangsmikinn þjónustuþátt sem útgáfa vegabréfa og ökuskírteina hlýtur að vera, að ekki sé notið aðstoðar þeirra sem eru í slíkri útgáfu samhliða. Ég kann hins vegar ekki á það en tel samt sem áður í fljótu bragði óhjákvæmilegt að opinberir aðilar votti svona pappíra með einum eða öðrum hætti. Ég sé ekki í fljótu bragði hvernig vegabréfaútgáfa ætti að fara öðruvísi fram. Einnig eru ákveðnir annmarkar á þessu. Ég sé heldur ekki hvernig virk samkeppni á þessum markaði ætti að fara fram. Ég sé það ekki í hendi mér. En þetta er ekki aðalatriði málsins.

Mig langar að heyra í hæstv. fjmrh. um kjarna málsins. Ég kalla eftir því að hann geri okkur glögga grein fyrir því hvaða viðbótartekjur komi af þeim breytingum sem hér eru lagðar til og einnig hvort hann telji eðlilegt og sjálfsagt að nettótekjur ríkissjóðs af þessu dæmi sem ég nefndi, af vegabréfum og ökuskírteinum, nemi tugum og hundruð millj. kr.

og að aukatekjur ríkissjóðs séu í raun orðinn tekjuöflunarþáttur ríkissjóðs en ekki endurdgjald fyrir veitta þjónustu.

[22:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það bregst ekki að í hvert skipti sem lagðar eru til breytingar á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs spinnast um það mál býsna fjörlegar umræður í þingsalnum. Svo hefur einnig orðið að þessu sinni, bæði við 1. umr. og við 2. umr. og hreyfa menn þá gjarnan ýmsum almennum sjónarmiðum varðandi þessa löggjöf en ekkert sérstaklega kannski því sem er til umfjöllunar í viðkomandi lagafrv.

Lögin um aukatekjur ríkissjóðs sem slík eiga sér ekki mjög langa sögu. Hún er innan við tíu ára gömul. Það er vegna þess að áður giltu ekki um þessa gjaldtöku sérstök lög. Þá var henni komið fyrir í reglugerð sem fjmrh. gaf út og sem var venjulega breytt á ári hverju skömmu fyrir áramót til þess að tryggja hag ríkissjóðs að þessu leyti til á ári komanda og með tilliti til þeirra fjárlaga sem þá höfðu verið afgreidd fyrir næsta ár. Þannig var þetta nú og ekki spunnust miklar umræður á Alþingi um einstök ákvæði þessarar reglugerðar alla jafna. Þó var það eitt árið svo að úr slíku hófi keyrði af hálfu þáv. fjmrh., forvera míns sem þá sat, að um það spunnust miklar umræður á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu því að þá hafði viðkomandi ráðherra með einu pennastriki ákveðið að margfalda í sumum tilfellum þá gjaldtöku sem tekin var af ákveðnum aðilum, ákveðin leyfi og þess háttar til þess að bæta stöðu ríkissjóðs. (**ÖJ:** Var það Friðrik?) Síðan þegar ný ríkisstjórn tók við ekkert löngu síðar, 1991, var gengið í að lagfæra þetta, það sem eftir stóð af þessum atriðum, og koma þessu fyrir í lögum þar sem þessi mál eiga heima. En það er stundum eins og manni finnist að fólk sem var á Alþingi á þeim árum og studdi páv. ríkisstjórn og stóð að baki þeim ákvörðunum hafi eitthvað slæma samvisku út af þessu sem þá gerðist og sé að reyna að láta það koma fram tíu eða tólf árum síðar að skoðanir viðkomandi í þessum efnum hafi gjörbreyst. Ég fagna því að sjálfsögðu ef þetta mál er þannig í pottinn búið.

Lögin um aukatekjur ríkissjóðs eru samsett af ýmsum gjaldtökuliðum þar sem er verið að greiða fyrir ýmsa þjónustu og fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins sem veitt er borgurunum samkvæmt beiðni eða óskum hverju sinni eða við sérstakar aðstæður sem upp koma.

Hvert er þá innihald þess frv. sem hér er núna til umræðu? Það er þríþætt. Í fyrsta lagi að láta sömu reglur gilda um öryrkja og gilda um aldraða að því er varðar útgáfu vegabréfa, þ.e. að sá afsláttur sem aldraðir fá í dag nýtist líka öryrkjum. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins gengu á minn fund snemma á árinu og óskuðu eftir því að það sama yrði látið gilda um þá og aldraða í þessu efni. Ég segi: Mér finnst þetta sanngjörn ósk. En ég get ekkert gert í þessu nema Alþingi fallist á að gera slíka breytingu. Ég skal taka þetta með næst þegar flutt verður frv. um aukatekjur ríkissjóðs. Nú eru menn að tala um að það sé bara rétt að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar og vera ekkert að afgreiða þetta mál, þetta sé bara alveg hörmulega vitlaust frv. og eigi ekkert erindi inn í Alþingi. En þetta er reyndar bara eitt atriðið í málinu sem nú er verið að flytja.

Annað atriðið er að í stað þess að í reglugerð sem utanrrn. gefur út og fáir hafa séð og fáir hafa tök á að kynna sér, þá sé það sett í lögin um aukatekjur ríkissjóðs hvað utanrrn. tekur í þóknun fyrir ýmsa þjónustu sem veitt er Íslendingum, aðallega í útlöndum. Geta menn verið á móti slíkri breytingu í raun? Vilja menn frekar að þetta sé í einhverri reglugerð sem utanrrn. er að pukrast með en í lögum sem samþykkt eru af Alþingi? (**Gripið fram í:** Hver er að segja það?) Út á hvað ganga þessar kvartanir og þessar athugasemdir við frv.? Þær ganga nefnilega ekki út á efni málsins sem ég er að reyna að rekja fyrir þá sem kannski ekki hafa kynnt sér hvert efni málsins er.

Svo er í þriðja lagi meginkafli þessa frv. sá að teknar verði inn í lögin þær gjaldtökuheimildir sem Ísland er búið að skuldbinda sig að þjóðarétti til þess að innleiða hér og tengjast Schengen-samningnum. Vill Samfylkingin kannski ekki að við förum eftir þeim samningi um Schengen sem mig minnir að Samfylkingin hafi stutt þegar það mál var afgreitt á Alþingi?

Þegar maður leyfir sér að líta á efni frv. sem er í aðalatriðum þetta þrennt, hvað stendur þá eftir í þessum ágreiningi? Jú, það stendur eftir að menn eru með almennar athugasemdir við upphaflegu lögin og menn hafa fram að færa einhvern gálgahúmor um hvað það taki langan tíma að útvega sér vegabréf, ökuskírteini og brennuleyfi og eitthvað slíkt og eru að hafa það hér uppi máli sínu til stuðnings.

Spurt var hvað þetta gæfi miklar tekjur í ríkissjóð. Hvað haldið þið að það gefi miklar tekjur í ríkissjóð að lækka vegabréfakostnað öryrkja eins og hér er verið að gera? Liggur ekki í augum uppi að tekjur í ríkissjóð skapast ekki við það? Hvað halda menn að það færi miklar tekjur í ríkissjóð að flytja úr reglugerð í utanrrn. yfir í þessa löggjöf? Auðvitað aukast ekki tekjur ríkissjóðs við það vegna þess að sú gjaldtaka er þegar fyrir hendi og það er breytilegt frá ári til árs hvað þar er um að ræða, stundum meira og stundum minna.

Að því er varðar Schengen-reglurnar þá veit náttúrlega enginn hvað þar verður á ferðinni í sambandi við þá gjaldtöku í rauninni og heldur ekki hve mikill kostnaður samfara þessu leggst á sem vonandi verður þó ekki meiri en þessi gjaldtaka. Þannig er þetta nú, herra forseti. Ég tel að af þessu litla tilefni, þessu frv., sé búið að þyrla upp alveg furðulegu moldviðri. Það er verið að ræða hér heilmikið um flugleiðsögugjaldið, hin og þessi mál.

Eitt skal ég þó taka undir af því sem hér hefur verið rætt og það gerði ég líka við 1. umr. málsins. Það er það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði við þá umræðu og einstaka menn hafa verið að vitna í og er reyndar nefnt í áliti minni hluta hv. efh.- og viðskn. og það er þáltill. sem var samþykkt á sínum tíma um þessi mál, þ.e. 1993. Ég sagði við 1. umr. að ég vildi kanna hvað því máli liði. Ég tel augljóst að ekki hefur verið farið í það verk sem hér var samþykkt 1993 fyrst það er ekki enn þá fram komið og ég mun skoða hvað skynsamlegast sé að gera í því efni nú átta árum síðar. Ég tel hins vegar eðlilegt að mörgu leyti að fara í heild sinni yfir þessi mál eins og þáltill. frá þeim tíma gerði ráð fyrir.

Síðan er það þetta sem stundum er spurt um, þ.e. hvað með tekjurnar af öllu þessu? Er þetta ekki mjög óréttlátt? Er ekki óeðlilegt að verið sé að taka svona gjöld? Mér finnst það ekki. Mér finnst eðlilegt að fólk greiði fyrir þjónustu eins og t.d. útgáfu vegabréfa og það er alls staðar gert og þykir hvergi tiltökumál. Deila má um það hvort það sé skattur eða þjónustugjald. Það er skattur samkvæmt skilgreiningu ef það er hærra gjald en sem kostnaði af þjónustunni nemur. Ég hef ekki á takteinum hvað kostnaðurinn við þetta er mikill. Mér þykir líklegt að hann sé ekki eins mikill og hv. þm. nefndi, 120–150 millj. og þá er þetta skattur. (Gripið fram í.) Já, já.

Það er gott. Þá þarftu ekki að vera að spyrja mig að þessu ef þú ert með þetta allt saman. Þá getur þingmaðurinn bara lesið sér til um þetta. En þá er þetta skattur. Það er auðvitað þess vegna sem þarf að fá staðfestingu og samþykki Alþingis til þess að leggja þetta á svo að menn þurfa ekki að láta sér koma það á óvart. Alþingi þarf að samþykkja skatta og gjöld af þessu tagi.

Ég hef aldrei haldið því fram að þetta væru ekki skattar og finnst ekkert athugavert við það. Ég tel því að í þessu máli hafi fólk verið að þyrla upp ástæðulausu moldviðri. Það er alveg óskiljanlegt ef þingmenn eru með einhverjum hætti að leggja stein í götu þess að þetta mál nái fram að ganga. Svo er það auðvitað önnur saga hvað við viljum gera almennt í þessum hlutum. Mér segir svo hugur um að það verði ekki fyrsta verk núverandi stjórnarandstöðu ef hún kemst einhvern tíma til valda að fella niður lögin um aukatekjur ríkissjóðs og þá gjaldstofna sem í þeim eru fyrir ríkið. Það held ég að verði seint gert af slíkum aðilum þegar og ef þeir komast hér einhvern tíma til valda.

[22:14]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nál. minni hluta efh.- og viðskn. kemur mjög skýrt fram að fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. leggjast ekki gegn því að ákveðið gjald sé tekið fyrir þá þjónustu sem veitt er af ríkinu. Það sem við erum hins vegar að gagnrýna í nál. — við höfum ekki tafið afgreiðslu þessa máls og ég veit að hv. formaður efh.- og viðskn. getur borið vitni um að við höfum alls ekki tafið afgreiðslu þess — það sem við erum að segja er að eðlilegt sé að kostnaðurinn, þ.e. gjaldtakan endurspegli raunkostnað þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni og út á það gekk sú þáltill. sem var samþykkt 1993 og hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti. Hún gekk í raun út á það að fara þyrfti fram heildarendurskoðun á þessum gjöldum. Það er alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði. Gjaldtakan var ákveðin með reglugerðum. Síðan féllu dómar á síðasta áratug þess efnis að þessu yrði að breyta. Þess vegna var gjaldtakan færð inn í lög og því vorum við sammála. En það er ekki það sama og að með því hafi verið tryggt að hún endurspegli raunkostnað þjónustunnar sem veitt er hverju sinni. Við teljum bara og það kemur mjög skýrt fram í nefndaráliti okkar að það þurfi að fara yfir alla þessa gjaldtöku í heild sinni og við nefnum út á hvað frv. gengur. Við gerum það í álitinu okkar þannig að ég tek ekki til mín það sem hæstv. ráðherra var að tala um áðan, að við værum að leggja stein í götu frv. Ekki neitt slíkt kemur fram í nál., alls ekki. Það fyrirkomulag sem var hér um árið 1990 og áður er alls ekki til fyrirmyndar og engum til sóma sem að því stóð.

[22:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg til baka fögnuð minn með það að hæstv. fjmrh. láti svo lítið að koma til fundarins. Ég hélt að hann kæmi ferskur og glaður í bragði eftir að hafa verið fjarri fundarstörfum síðustu daga en því er nú öðru nær. Snakillur og úfinn út í allt og alla. Stundum er erfitt að heyra sannleika hlutanna sagðan hér og vissulega skil ég það að hæstv. ráðherra líði ekkert sérstaklega vel undir því þegar dregnar eru fram helstu staðreyndir mála, að það er orðin sérstök tekjuöflunaraðferð hjá honum og ráðuneyti hans og ríkisstjórn hans að sækja peninga í vasa almennings í landinu með því að gefa út vegabréf og ökuskírteini og þar séu músarholurnar til að sækja fé í ríkissjóð mitt í miðju góðærinu. Ég skil ósköp vel að honum líði ekkert sérlega vel yfir því öllu.

Þær tölur sem ég var að fara með varðandi þá tvo þætti sem lúta að nettótekjum ríkissjóðs upp á 150 millj. kr. vegna leyfisbréfaútgáfu og 55 millj. kr. nettótekjur ríkissjóðs vegna ökuskírteina er að finna í þskj. 245 og ég bið hæstv. ráðherra að leita að því.

Hins vegar var ég að spyrja um hvort hæstv. ráðherra geti svarað mér því, af því að ég náði ekki að lesa það út úr fjárlagafrv., hverjar nettótekjur ríkissjóðs eru í heild vegna frumvarpa sem lögð hafa verið fram um aukatekjur ríkissjóðs. Hvað er ríkissjóður að fá í annan hlut þegar kostnaður vegna þjónustunnar er frá dreginn? Það eru spurningar mínar. Þær upplýsingar hef ég ekki en ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi þær. Ég trúi því.

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðherra setti á langa lykkju vegna þess að við værum að leggjast gegn einstökum atriðum eins og það að færa niður kostnað gagnvart öryrkjum þá er það náttúrlega alger útúrsnúningur. Það sem við erum að vekja máls á er málið í heild. Það er hæstv. ráðherra sem er að opna það mál með frv. sínu, er að galopna það mál með síendurteknum frv. á hinu háa Alþingi.

[22:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst til þess að vekja athygli á þeirri stöðu sem þessi tegund tekna ríkissjóðs er í. Lögin um aukatekjur ríkissjóðs og það að þurfi að setja lög um hverja gjaldheimtu sem er til komið vegna þess að þarna var skilgreiningarmunur og lögskýringarmunur á stöðu þess hvað væru skattar og hvað væri þjónustugjald og hvað væri raunveruleg endurgreiðsla fyrir veitta þjónustu eða slíkt. Þetta hefur verið á reiki síðustu árin og er fjarri því að komin sé heildstæð mynd á þennan þátt í bæði ríkisfjármálunum og í þeirri umgjörð sem unnið er eftir.

Ég vil aðeins fagna þeim undirtektum hæstv. ráðherra að vinda sér í að láta skoða framkvæmd þeirrar þáltill. sem vitnað er til í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. um að láta fara fram endurskoðun og heildstæða úttekt á stöðu þessara mála. Ég hygg að við séum enn að reka okkur á tvísögli í lagafrumvörpum og lögum sem verið er að vinna á Alþingi um þetta mál. Kannski verður aldrei hægt að gera þarna hreint upp og er afar brýnt að á þessu verði tekið heildstæðar.

Ef fer fram sem horfir er verið að leysa þetta eins og bút fyrir bút og stór hluti af texta fjárlagafrv. eða fjárlaga verði þá orðið lög um aukatekjur ríkissjóðs. Ég vil taka þetta fram, herra forseti.

Ekki kemur á óvart að það þurfi að fara í ýmsar leikfimiaðgerðir vegna aðildarinnar að Schengen. Að mínu viti er hörmulegt til þess að vita að í löndum utan Schengen sé almennt orðið þannig að fólk snúi sér ekki lengur til íslenska sendiráðsins, íslenskra konsúla eða annarra ræðismanna sem hafa heimild til þess að veita vegabréfsáritanir heldur skuli þeir leita uppi danska sendiráðið og fá þar úrlausn mála sinna.

Ég hygg, herra forseti, að þetta þyki ekki í fyrsta lagi mikil reisn. Í öðru lagi hygg ég að það muni reynast mörgum flækjufótur að finna þarna fram hvernig á að fá þessa þjónustu. Ég harma hvernig er þarna komið málum og það að Íslendingar hafa ekki eigið sjálfstæði til að semja um gagnkvæmar vegabréfsáritarnir við lönd utan Schengen heldur

verða þeir að fara þar eftir þeirra reglum. Ég veit dæmi þess að fólk lenti í vandræðum einmitt í því millibilsástandi sem varð nú á þessum mánuðum vegna þess að þá giltu í rauninni engir ákveðnir gagnkvæmir samningar um vegabréfsáritanir á milli ákveðinna landa vegna þess arna. Mér kemur ekki á óvart þó að það eigi eftir að koma hér og verða títt á borðum þingmanna fleiri og fleiri atriði sem snerta þetta, fleiri og fleiri vandræði sem þarf að kippa í liðinn en mestum vandræðum mun þó fólk lenda í sem er sjálft að finna hvernig það á að finna þennan frumskóg í gegnum Schengen inn í Ísland.

Það að ganga lengra og lenga í að innheimta gjald fyrir hvers konar þjónustu sem íslenskir ríkisborgarar verða að sækja, verða að hafa, annars sem hluta af þegnskyldum sínum og það að vera Íslendingur eins og vegabréfsáritun og vera með vegabréf, það er bara hluti af því að vera íslenskur borgari og er ekki nein frekari röksemd að taka gjald fyrir það en annað sem tilheyrir því að vera íslenskur ríkisborgari.

Herra forseti. Mér finnst mjög umdeilanleg sú stefna að fylla skrifstofubáknið af svona smágjaldtökum. Þarna er verið að leggja upp með ærinn starfa. Fjöldi fólks á að innheimta gjöld hér og þar og alls staðar sem snertir beint tilveru fólks sem íslenskur þegn. Ég held, herra forseti, að við séum þarna á afar hættulegri braut og þess vegna er fyllilega ástæða til að þessi skipan mála sé tekin til heildarendurskoðunar áður en við lendum í því að vera hér með meiri hluta Íslendinga sem eru allir að innheimta aukatekjur fyrir ríkissjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 731. mál (grænmetistegundir). — Þskj. 1231, nál. 1408.

[22:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og tillögu til breytingar frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um tollamál.

Meginefni þessa frv. er að auka við tollkvóta og auka heimildir til lækkunar eða niðurfellingar á tollum. Brtt. nefndarinnar hafa í meginatriðum þann tilgang að leitast við að það framsal valds sem felst í lögunum sé í meira samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins en núverandi ákvæði hafa verið. Þess vegna gerir nefndin þá tillögu að ákvörðun landbrh. um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verðs og/eða magntolls skuli ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði sé til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama skapi eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar.

Landbrh. skal við ákvörðun á hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

Megintilgangurinn með þessu er að gefa ráðherranum þá forskrift að sú ákvörðun sem hann tekur um tollabreytingar eða innflutning eða kvóta sé gerð á eins málefnalegum forsendum og hægt er miðað við þær aðstæður sem eru á þessum markaði.

Síðan var um það rætt í nefndinni hvernig ráðherrann mundi beita þessu. Ekki er ætlunin að ráðherrann beiti þessu ákvæði af einhverjum geðþótta. Þess vegna segir í nefndaráliti að nefndin gangi út frá því að nýta að fullu þær heimildir sem honum væru veittar, þ.e. að ákvarðanirnar séu á eins faglegum grunni og unnt er. Að sjálfsögðu er alltaf matsatriði þegar menn eru að ræða um eða velta því fyrir sér hvað sé hæfilegt verð eða hvað sé nægilegt framboð og aldrei er hægt að skera úr um það endanlega hvað er jafnræði á markaði. En aðalmálið er að reyna að koma því þannig fyrir að þetta séu sem faglegastar ákvarðanir og sem minnstur geðþótti í þessu. Þess vegna hefði ekki verið við hæfi að í nál. stæði að nefndin hvetti ráðherra til þess annaðhvort að nýta heimildirnar í botn eða að fara varlega eða eitthvað slíkt vegna þess að með því hefði nefndin verið að gefa þau skilaboð að það væri matskennt eða háð vilja ráðherrans hverju sinni hvað hann gengi langt í því að fara eftir þessum faglegu sjónarmiðum. Þess vegna skiptir máli að þannig sé gengið frá þessu að það framsal sem í þessu felst til ráðherrans byggist sem allra mest á þeirri málefnalegu vinnu sem þarf að eiga sér stað og það sé eins málefnalegt mat lagt á hvað sé nægilegt framboð, hæfilegt verð eins og kostur er og eitthvert málefnalegt mat sé lagt á það hvað sé jafnræði á milli innlendrar framleiðslu og innflutnings.

Virðulegi forseti. Ekki er víst að þetta framsal gangi upp ef í hart væri farið en í vinnu sinni lagði nefndin á sig að reyna að leitast við að koma því þannig fyrir að framsalið færi fram á þann hátt að það væri háð málefnalegum sjónarmiðum en væri ekki geðþóttaákvörðun.

[22:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom áðan þá stendur efh.- og viðskn. heils hugar á bak við nál. sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, kynnti áðan. Í raun var mikill einhugur í störfum nefndarinnar að því að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessu mikilvæga máli.

Það verður að segjast að á undanförnum vikum hefur umræðan um tollamál, innflutning og framleiðslu á grænmeti og hvernig staðið er að verðlagningu, sölu og dreifingu á grænmeti hér á landi verið svolítið farsakennd. Það er kannski ekkert skrýtið í kjölfar skýrslu Samkeppnisstofnunar. Meðan á störfum nefndarinnar stóð spurði ég fulltrúa Samkeppnisstofnunar, sem kom á fund nefndarinnar, hvort mikið hefði verið um að í opinberum skýrslum væru birtir minnismiðar af borðum einstakra starfsmanna og farið yfir tölvupóst við rannsókn mála. Það er alveg nýtt fyrir okkur að sá háttur sé hafður á að farið sé inn í einstakar stofnanir eða fyrirtæki og gengið fram eins og raun ber vitni í þessu máli. Ég er ekki að segja að það sé af hinu illa eða slík vinnubrögð eigi ekki að viðhafa en þetta er nýtt fyrir okkur og skýrslan bar þess merki.

Það er auðvitað umhugsunarvert hvað af vinnugögnum á að fara inn í skýrslur og hvað á að hafa sem bakgögn. Í skýrslunni mátti jafnframt finna farsakenndar setningar og umræðan sem á eftir kom hefur auðvitað borið keim af því. Það hefur verið mjög sérstakt og ánægjulegt að fylgjast með blaðaskrifum og því að mjög margir hafa skoðun á framleiðslu á íslensku grænmeti, stöðu garðyrkjunnar og innflutningi grænmetis. Hins vegar hefur skort á að umræðan væri málefnaleg, þá fyrst og fremst í fjölmiðlum. Ég gerði það reyndar að gamni mínu, á meðan nefndin var að störfum, að safna saman öllum blaðagreinum um málið og þar fór því miður allt of lítið fyrir málefnalegri umræðu. Í raun má segja það sama um ýmislegt sem komið hefur fram á hinu háa

Alþingi. Ég tel að þær upplýsingar sem margbeðið var um við 1. umr. hefðu kannski skýrt margt fyrir þingmönnum og einnig almenningi ef þær hefðu komið fram strax, en kannski lágu þær ekki fyrir.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni var fyrst, og fór töluvert af tíma nefndarinnar í það, fjallað um þetta svokallaða valdaframsal og þær heimildir sem Alþingi hefur til þess að afhenda ákvörðunarréttinn til ráðherra. Í því samhengi segir í nál.:

„Við meðferð málsins í nefndinni var töluvert um það rætt hvort sú heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra hafi til að lækka tolla væri of opin. Í 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Með hliðsjón af því að með því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir kynni ráðherra að vera framselt of víðtækt vald til að taka ákvörðun um skattamál leggur nefndin til að bætt verði við 3. mgr. 6. gr. A tollalaga ákvæði um að ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við þá hundraðshluta verð- og/eða magntolls, sem skilgreindir eru í greininni, skuli ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði sé til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skuli vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama skapi eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Við ákvörðun um hundraðshluta tolls skuli landbúnaðarráðherra leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

Með lögfestingu framangreinds ákvæðis telur nefndin að ráðherra séu sett ákveðin efnisleg viðmið sem honum beri að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort umræddum heimildum skuli beitt. Því lítur nefndin svo á að með breytingartillögunni sé frekar komið í veg fyrir framsal skattlagningarvalds til ráðherra." — Og hugsanlega komið í veg fyrir dómsmál.

Í störfum nefndarinnar leituðum við eftir áliti nefndadeildar Alþingis á þessu og reyndar kölluðum við til okkar fulltrúa úr forsrn. sem ekki gat fullyrt að enda þótt við gerðum þessar breytingar væri hugsanlega ekki hægt að útkljá málið nema fyrir dómi. Sama niðurstaða kom reyndar frá nefndadeild Alþingis en þar segir, með leyfi forseta:

„Efnahags- og viðskiptanefnd hefur nú til meðferðar frv. til laga um breyting á tollalögum þar sem gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra fái heimild til að lækka verð- og/eða magntolla á ákveðnum flokkum grænmetis sem tilgreindir eru í viðauka IVB við tollalög. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er ráðherra með þessu veitt aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem flytja má inn á lægri tollum eða án tolla, auk þess sem heildartollkvótar eru auknir.

Í 53. gr. og 53. gr. A búvörulaga, nr. 99/1993, með síðari breytingum, er kveðið á um úthlutun landbúnaðarráðherra á tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt nánar tilgreindum viðaukum við tollalög, þar á meðal viðauka IVB. Samkvæmt ákvæði 53. gr. A getur ráðherra ákveðið hverju sinni hvaða tolltöxtum skv. 3. mgr. 6. gr. A tollalaga er beitt ...

Ef frumvarpsgreinin og tilvitnað ákvæði búvörulaga eru lesin saman má sjá að gert er ráð fyrir mjög opinni heimild til landbúnaðarráðherra til að lækka tolla. Leiða má líkur að því að með þessu fyrirkomulagi séu ráðherra veittar of ríkar heimildir til að taka ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, en samkvæmt henni má ekki fela stjórnvöldum ákvörðun um þessi atriði. Markmið greinarinnar er að vernda borgarana fyrir því að löggjafinn framselji skattlagningarvald sitt til stjórnvalda. Eftir að þetta ákvæði var tekið upp í stjórnarskrána árið 1995 hafa ekki gengið hæstaréttardómar þar sem tekið er á álitaefnum hvað þetta varðar, en engu að síður er ljóst að strangar kröfur eru gerðar í þessum efnum.

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur lagt fram minnisblað, dags. 15. maí 2001, þar sem lagt er til að til að takmarka vald ráðherra samkvæmt ofangreindu, í samræmi við ákvæði 77. gr. stjórnarskráinnar, verði bætt við 3. mgr. 6. gr. A tollalaga að ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skuli ráðast af því hvort að nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði sé til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skuli vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skuli við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 3. mgr. 53. gr. A búvörulaga, en þar segir m.a. að við úthlutun tollkvóta hafi ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði sé til staðar.

Með lögleiðingu ákvæðis á borð við þetta mundi löggjafinn vissulega leggja ráðherra ákveðnar línur sem honum bæri að hafa til hliðsjónar við mat á því hvort umræddum heimildum skuli beitt. Engu að síður er um matskennt viðmið að ræða, samanber orðalagið „nægilegt framboð", „hæfilegu verði" og „jafnræði", sem vera kann að uppfylli ekki framangreindar kröfur stjórnarskrárinnar. Með ákvæðinu væru þó settar nógu nákvæmar efnislegar leiðbeiningar til að rökstyðja mætti að Alþingi væri ekki að framselja skattlagningarvaldið til geðþótta ráðherra.

Það er hins vegar nánast ógerlegt að segja til um hver niðurstaða máls, sem höfðað væri á þeim forsendum að ráðherra hefði verið framselt of víðtækt vald til að taka ákvörðun um skattamál, yrði. Þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin yrðu væntanlega í forgrunni, en endanlegt mat á því hvort um of víðtækt framsal skattlagningarvalds væri að ræða liggur hjá dómstólum."

Virðulegi forseti. Það er ljóst af þessu minnisblaði sem nefndin fékk frá nefndadeild Alþingis, sem og þeim orðum sem féllu hjá fulltrúa forsrn. í störfum nefndarinnar, að þarna er um mjög vandasamt mál að ræða. Hins vegar teljum við í nefndinni að við höfum gengið eins langt og hægt er til þess að tryggja að ekki séu brotin ákvæði stjórnarskrárinnar en getum þó alls ekki tekið fyrir það.

Önnur atriði sem nefnd eru í nál. eru:

Í fyrsta lagi að frv. sé ætlað að veita landbrh. aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Ef sú heimild sem ráðherra fær samkvæmt frv. er nýtt að fullu má reikna með að tekjutap ríkisins sé í mesta lagi 150–170 millj. kr. Þá er auðvitað við það miðað að nýttar séu að fullu þær heimildir sem nefndar eru í frv. og nefndin beinir til ráðherra að svo verði. Þar með er ekki sagt að nefndin fari fram á að slík ákvörðun verði tekin alveg á næstu dögum. Við gerum okk-

ur fulla grein fyrir því að sú nefnd sem ráðherrann skipaði, svokölluð grænmetisnefnd, er að störfum og hefur ekki lokið tillögugerð sinni til ráðherrans. Þær tegundir sem verið er að fjalla um og koma til greina að verði lausar við tolla eftir þær breytingar sem hér eru lagðar til eru nokkuð margar. Það má reikna með að um og yfir 20 tegundir grænmetis yrðu fluttar inn algerlega án tolla, þ.e. tegundir sem ekki eru framleiddar hér á landi. Síðan er um að ræða fjórar til sex tegundir sem eru framleiddar hér og bera verndartolla ákveðinn hluta af árinu. Við skulum hins vegar ekki gleyma því sem hefur að mínu mati ekki komið nægjanlega fram í þessari umræðu, en það eru vörur sem bera ekki toll frá 1. nóvember til 15. mars. Um þessar vörur stendur stríðið. Þær hafa ekki borið þennan toll frá 1. nóvember til 15. mars.

Ef við förum aðeins yfir þær grænmetistegundir sem hugsanlega verða lausar við þennan toll eftir þær breytingar sem nefndin leggur til — þær hljóta að koma til umfjöllunar í nefndinni sem nú starfar fyrir hæstv. ráðherra — þá er t.d. um að ræða: lauk, skalottulauk, hvítlauk; rósakál, fóðurmergskál, jöklasalat og annað salat, þar sem hugsanlega getur flokkast undir svokallað Lambhaga-salat sem framleitt er hér á landi; kaffifffilsblöð og reitagúrkur, litlar agúrkur sem ekki eru framleiddar hér; ertur, belgaldin og jaðartískokka, sem ég kann ekki að skilgreina frekar en það er nafnið á ávexti sem hlýtur að vera keyptur að einhverju ráði vegna þess að hann er inni í tollalögunum; spergill og eggaldin; tröfflur, þessar töfflur eru litlir sveppir; ýmsar jurtir, kryddjurtin allrahanda og chili-pipar; spínat, sykurmaís, kúrbítur, ólífur og steinselja. En sveppir bera jafnan toll allt árið og gera reyndar gulrófur líka. Þær bera jafnan toll allt árið.

Þetta eru þær tegundir sem eru ekki framleiddar hér og líklega kemur vel til álita að tollur verði felldur niður af. Síðan erum við auðvitað með það grænmeti sem er framleitt hér. Það eru gúrkur, tómatar, paprikur og salat. Þessar tegundir hafa notið verndartolla á þeim tíma sem þær eru í framleiðslu hér. En eins og ég sagði áðan hefur verið núlltollur á þeim frá 1. nóvember til 15. mars og ég spyr hv. þm., og það væri ekkert úr vegi að fjölmiðlar, Samkeppnisstofnun sem og aðrir, skoðuðu hvernig verðþróunin hefur verið á þeim tíma þegar tollurinn er ekki, þ.e. frá 1. nóvember til 15. mars. Það væri ekki úr vegi að menn skoðuðu hvort það er þannig — ég tala nú ekki um Neytendasamtökin — að þau veltu því fyrir sér augnablik hvort þetta grænmeti hefur lækkað svo mikið í verði við að verndartollarnir eru felldir niður. Ég er hrædd um að niðurstaða þeirrar athugunar kæmi mörgum á óvart. Þegar talað er um samkeppni og við skulum ekkert loka augunum fyrir því að við erum að taka ákvörðun um að setja stóran hluta af innfluttu grænmeti sem er ekki framleitt hér á landi á núlltolla, allar þær tegundir hugsanlega sem ég taldi upp áðan. Þær munu þá verða í samkeppni við þær tegundir sem eru með verndartollum og munu hugsanlega leiða annaðhvort til verðlækkunar á þeim tegundum eða það dregur úr sölu þeirra tegunda og salan færist meira yfir í tegundir sem eru ekki framleiddar hér heldur innfluttar.

Nú hefur grænmetisframleiðsla verið í örri þróun hér á landi og við erum að komast að því marki að framleiða t.d. gúrkur allt árið og vera með samkeppnishæfa framleiðslu. Ekki eru mjög mörg býli sem eru í grænmetisframleiðslu á landinu. Ætli þau séu ekki milli 130 og 140. Hæstv. ráðherra getur leiðrétt það ef ég fer með rangt mál en ég held að garðyrkjubýlin sem framleiða grænmeti séu á milli 130 og 140 á landinu og þau sem framleiða papriku eru líklega ekki nema rétt undir 10. En við erum að ræða um sölu á grænmeti, framleiðslu, verðlagningu og sölu á grænmeti og við erum alltaf að tala um þessar jöfnu samkeppnisaðstæður að garðyrkjan hér og ég tala ekki um neytendur eigi heimtingu á því að samkeppnin skili þeim lægra verði á framleiðslunni og hér skuli þessi fámenna atvinnugrein sem við eigum búa við þau skilyrði að hún geti keppt við innflutninginn og það eigi að vera búið að skoða það á þeim árum frá því að GATT-samningarnir gengu í gildi og þessir verndartollar voru settir á. Auðvitað var það alltaf ætlunin. Ætlunin var að stiglækka verndartollana og menn tækju sér þann tíma sem til þyrfti á meðan til þess að skoða rekstrarskilyrði garðyrkjunar og laga sig þannig að hún byggi við sambærilegar aðstæður og framleiðslan í þeim löndum sem við erum að keppa við. Það hefur ekki verið gert.

En það er ekki eingöngu við landbrn. að sakast. Það kom mjög skýrt fram á fundi nefndarinnar að Bændasamtökin og samtök garðyrkjubænda hafa í raun og veru ekki gert svo mikið á þessum tíma. Þau hafa verið í því að skoða hvort möguleikar eru á því að lækka raforkuna sem við teljum flest að sé alveg sjálfsagt en umfram það hefur afskaplega lítið verið gert til að laga samkeppnisstöðuna, a.m.k. ekki á vegum félagasamtaka eða ráðuneytis, en einstaklingarnir hafa verið í því að laga hjá sér framleiðsluna og undirbúa sig undir samkeppnina og það er auðvitað af hinu góða.

Bara eitt lítið dæmi. Grænmeti sem flutt er inn, t.d. paprikan, þetta sívinsæla mál, er flutt inn frá fleiri en einu landi. Paprikunni fylgir ekkert upprunavottorð. Þegar neytandinn kemur í grænmetisborðið í versluninni hefur hann ekki minnstu hugmynd um það hvar paprikan sem hann er að kaupa er ræktuð. Hann hefur ekki hugmynd um það hvaða efni eru notuð við ræktunina. Hann hefur ekki hugmynd um það hvort paprikuplönturnar hafa verið vökvaðar með skolpinu. Ekki minnstu hugmynd. Engin upprunavottorð fylgja þessu innflutta grænmeti.

Fram kom hjá fulltrúum frá samtökum verslunarinnar að það verður veruleg rýrnun í grænmetisborði verslana og ef það verður rýrnun á innfluttu grænmeti, hver ber þá þá rýrnun? Það gerir smásalan sjálf.

En hvernig skyldi það nú vera ef paprikan er íslensk og hún komi frá íslenskum framleiðanda? Hver ber þá rýrnunina? Framleiðandinn. Þannig er það líka með blómin. Menn skulu tala um samkeppnisaðstæður og taka þá alla þessa þætti inn en ekki að fara í umræðu um þessi mál sem byggir á lítilli þekkingu. Þau orð sem hafa t.d. verið viðhöfð í nefndinni af ýmsum þeim sem hafa sent okkur umsagnir eru ekki til fyrirmyndar og stuðla ekki að málefnalegri umræðu né ásættanlegri niðurstöðu. Nefndin er sammála um að það eigi að fella niður tolla, við erum sammála um það. Við erum sammála um að það eigi að fella niður verndartollana. Við erum sammála um það líka. En við erum jafnframt sammála um að það þurfi jafnhliða að skoða rekstrarskilyrði garðyrkjunnar. Nefnd ráðherra hefur nú skilað til hans áfangatillögum í sex liðum, það er aðeins fyrsti liðurinn sem er verið að afgreiða hér, hinar þarf að útfæra miklu betur og eyða meiri tíma í að skoða. Við erum sammála um að það þurfi að veita nefndinni það svigrúm sem til þarf. Hvaða svigrúm hefur nefndin? Hvaða svigrúm hefur Alþingi? Hvaða svigrúm hefur hæstv. ráðherra til að taka á þessum málum? Heyrst hefur að það þurfi að gerast fyrir haustið, en er það svo?

Fyrir haust núna er búið að taka þetta fyrsta atriði inn. Að öllum líkindum lýkur athugun nefndarinnar fljótlega á því

hvaða tegundir það eru sem eiga að bera núlltoll og hvernig verður farið með verndartollana, hvort þeir verða lækkaðir í áföngum, sem ég býst við að hljóti að verða niðurstaðan, en í haust þegar nefndin hyggst skila ráðherra niðurstöðu sinni þá eru þessar vinsælu grænmetistegundir, þ.e. gúrkurnar, tómatarnir, paprikan og salatið, allt komið á núlltolla eins og það hefur verið undanfarin ár. Ég tel að nefndin, hæstv. ráðherra og Alþingi hafi í raun og veru tíma til 15. mars á næsta ári til að ljúka málinu í heild sinni vegna þess að það þarf ekki að taka verndartollana fyrir á haustþingi fyrr en um það bil sem þeir ættu að koma aftur á.

Einnig var spurt um það í 1. umr., og ég segi það enn og aftur, virðulegi forseti, hefðu menn eytt aðeins meiri tíma í það að svara þeim spurningum sem þá voru bornar fram, hefði kannski mátt draga úr þeim farsa sem umræðan hefur orðið á undanförnum vikum, þá var spurt: Hvaða svigrúm höfum við miðað við þá viðskiptasamninga sem við höfum gert til að bregðast við með einhverjum öðrum hætti en því að lækka tollana? Hvað getum við gert til þess að styrkja stöðu garðyrkjunnar? Er um einhvern aðra möguleika að ræða en lækkun á raforkuverði, hugsanlega einhverja stofnstyrki? Getum við farið í beinar niðurgreiðslur eða framleiðslustyrki til garðyrkjunnar og hver skyldi staðan vera í þeim efnum?

Ekki eru til alveg nýjar tölur um það hvernig við stöndum. En þó er alveg ljóst að við höfum nú þegar fullnýtt þann kvóta sem við höfum vegna viðskiptasamninganna. Við höfum fullnýtt þann kvóta og utanrrn. hefur reyndar varað nefndina við, hefur sent henni bréf og varað við að með þeim heimildum sem við höfum samkvæmt GATT og Alþjóðaviðskiptastofnuninni erum við búin að fullnýta þá möguleika sem við höfum. Hverjir eru þeir og hvernig lítur þá skiptingin út? Skyldi það vera þannig að garðyrkjan fái einhverja framleiðslustyrki? Nei, hún hefur aldrei fengið neina framleiðslustyrki, aldrei nokkurn tíma. Þetta er eina atvinnugreinin í landbúnaði sem hefur virkilega reynt að standa sig án þessara styrkja og orðið að gera það vegna þess að við höfum kannski aldrei tekið þetta inn með fullri viðurkenningu sem hluta af landbúnaði. Við höfum horft *mjög mikið á framleiðslu í mjólk og kjöti. En við höfum* möguleika til að styrkja landbúnaðinn upp á í kringum 140 millj. SDR og staðan er sú að þessir möguleikar eru fullnýttir í dag. Þar erum við að tala líklega um rúma 17 milljarða sem fara í þessa styrki til landbúnaðar í dag. Þær tölur sem ég hef eru síðan 1998. Mér tókst ekki að útvega mér skiptingu sem felur í sér nýrri tölur en auðvitað er þar verið að tíunda rannsóknarstyrki, það er verið að tíunda umhverfisstyrki og ýmsa styrki sem við færum undir þennan þátt í samningunum sem gerðir voru á sínum tíma. En staðan var þannig 1998 að þá fékk mjólkurframleiðslan rúma 7 milljarða. Síðan voru styrkir til sauðfjárræktarinnar, bæði til ullar- og kjötframleiðslu. Hvað varðar ullina eru það rúmar 243 millj. og til kindakjötsframleiðslu eru 2 milljarðar 192 millj. og síðan til nautakjötsframleiðslu rúmlega 1 milljarður og til framleiðslu á hrossakjöti 87 millj., svínakjöti rúmlega milljarður, kjúklingakjöti 822 millj. og til eggjaframleiðslu 381 millj. Þetta eru auðvitað tölur sem eru síðan 1998 og þær eru miðaðar við heimsmarkaðsverð eða viðmiðun sem var á árunum 1986–1988 eins og gert var í GATT-samningunum. Svigrúm okkar er eftir því sem fram kemur í bréfi sem utanrrn. hefur ritað til nefndarinnar sem er að störfum. Það er niðurstaða utanrrn. að í ljósi ofangreinds, þ.e. þess efnis sem kemur fram í bréfinu og vegna skuldbindinga um hámark á framleiðslutengdum stuðningi við landbúnaði, fái utanrrn. ekki séð að svigrúm sé til að hefja aukinn framleiðslutengdan stuðning í einni grein landbúnaðar nema dregið sé samsvarandi úr framleiðslutengdum stuðningi annars staðar á móti.

Þetta þýðir, virðulegi forseti, að ef sú niðurstaða fæst í þeirri nefnd sem nú er að störfum fyrir hæstv. ráðherra, þá þýðir það ósköp einfaldlega að draga verður úr stuðningi við aðrar greinar landbúnaðarins og það er alveg ljóst að þetta er hvorki einfalt né auðvelt verkefni. Þess vegna hlýtur þingið að veita nefndinni það svigrúm sem til þarf til að koma með raunhæfar tillögur. Tíminn er auðvitað naumur að ljúka þeirri vinnu fyrir 15. mars á næsta ári, ljúka að fullu að fara ofan í alla þá þætti sem nefndin hefur skilað í áfangaskýrslu til hæstv. ráðherra. En ég treysti því þar sem þarna er í öllum tilvikum um að ræða fulltrúa frá samtökum sem vilja gjarnan að víðtæk sátt náist um hvernig staðið verður að málum. Og það var nákvæmlega á þeim forsendum sem unnið var í efh.- og viðskn. að við gætum lagt okkar af mörkum til að ná fram víðtækri sátt sem til þarf í þessum málaflokki. Þarna er um *litla* og fámenna atvinnugrein að ræða en hún skilar auðvitað sínu. Við þurfum að tryggja að þessi atvinnugrein búi við eðlilegar samkeppnisaðstæður og sé ekki að keppa við niðurgreidda framleiðslu sem flutt er hingað inn á allt öðrum forsendum.

Neytendasamtökin hafa sent álit til efh.- og viðskn. Ég tel óþarfa, virðulegi forseti, að fara yfir þá umsögn sem okkur barst og vísa til margra viðtala sem hafa verið í fjölmiðlum við formann Neytendasamtakanna. En það verð ég þó að segja að mig undrar svolítið það offors sem er í skoðunum Neytendasamtakanna og þeim fullyrðingum sem hafa komið fram af þeirra hálfu, ekki síst í ljósi þess að varaformaður *Neytendasamtakanna samdi 1995 skýrslu fyrir samtök garð*yrkjubænda í landinu þegar GATT-samningurinn var gerður. Þá var Markús Möller í vinnu hjá garðyrkjusamtökum þar sem hann fór í að skoða stöðu garðyrkjunnar gagnvart sambærilegri framleiðslu í Evrópu. Hver varð niðurstaða hans? Hún var sú að hægt væri að lækka verð á því grænmeti sem væri verið að flytja inn frá Evrópu um 25% vegna þeirra styrkja sem garðyrkjan þar og framleiðslan nýtur. Það hefur ekkert breyst. En því miður var þeirri skýrslu og þeim niðurstöðum sem komu fram í henni ekki fylgt eftir af hálfu samtaka garðyrkjubænda.

Það kemur heldur ekki fram í þeirri umsögn sem okkur barst frá Neytendasamtökunum að stjórn Neytendasamtakanna væri kunnugt um þá niðurstöðu sem var í skýrslu Markúsar Möllers, varaformanns Neytendasamtakanna. Þetta eru hins vegar þær staðreyndir sem íslensk garðyrkja býr við og við þurfum að bregðast við.

Samkeppnisstofnun skilaði fyrir stuttu skýrslu til hæstv. ráðherra þar sem Samkeppnisstofnun hafði verið beðin um að rannsaka verðmyndun á tilteknu innfluttu grænmeti í marsmánuði sl. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafa komið fram í fjölmiðlum og þarf ekki að lesa þær upp, en ég vil aðeins, virðulegi forseti, benda á að á þeim tíma sem þessi rannsókn átti sér stað var þegar hafin mjög öflug umræða í þjóðfélaginu um verðmyndun, um tollana, um álagninguna í heildsölu og smásölu og það gæti hugsanlega hafa komið fram í verði vörunnar þegar rannsóknin átti sér stað.

Að síðustu, virðulegi forseti, vil ég aðeins nefna að fullrúar komu frá Alþýðusambandi Íslands og frá BSRB sem eiga sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra hefur skipað til að

skoða þessi mál og kynnti okkur niðurstöður og samþykktir sem gerðar höfðu verið af hálfu þessara samtaka launafólks. Ég ætla að síðustu að vitna aðeins í þessar umsagnir. Fyrst er umsögn frá Alþýðusambandi Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með ályktun miðstjórnar ASÍ frá 4. apríl sl. gerði Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að það kerfi innflutningshafta og ofurtolla á grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmuni neytenda og framtíðarhagsmuni framleiðenda að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmuni sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess."

Í þessari ályktun, sem Alþýðusambandið samþykkti 4. apríl sl., er þetta tvennt nefnt í einu, annars vegar hagsmunir neytenda og hins vegar framtíðarhagsmunir framleiðenda.

Í samþykkt sem BSRB gerði og var send til nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Samræmdra aðgerða er þörf til að lækka verð á ávöxtum og grænmeti.

Stjórnarfundur BSRB, haldinn 27. apríl 2001, hvetur til þess að markvisst og af yfirvegun verði leitað leiða til að lækka verð á ávöxtum og grænmeti. Í því samhengi þarf að huga að samspili tolla og álagningar í dreifingu og smásölu. Mikilvægt er að jafnframt verði unnið að því að efla og treysta innlenda framleiðslu á þessu sviði. Það er áhyggjuefni og algjörlega óforsvaranlegt hvernig neytendur hafa verið leiknir með samráði og einokun í dreifingu á þessum mikilvægu neysluvörum.

Stjórn BSRB telur mikilvægt að spornað verði við hringamyndun og samráði í vörudreifingu og margvíslegri þjónustu."

Það skyldi þó aldrei vera að þessi síðasta setning í áliti BSRB sé í raun og veru rót vandans? En alla vega leggja þessi tvenn samtök launafólks megináherslu á að víðtæk sátt náist um lausn á þessu máli. Fulltrúar þessara samtaka eiga sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði og við væntum verulega mikils af því starfi.

Ég vil að síðustu nefna, virðulegi forseti, að í nefndarálitinu kemur fram að það sé mismunandi afstaða eins og segir í lokaorðum álitsins, en þá segir:

„Nefndin bendir á að mismunandi álit eru á því hvort forræði á úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarafurðir eigi að vera í höndum landbúnaðarráðherra, en ekki fjármálaráðherra eins og almennt gildir um tollamál."

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að tollamálin eigi að heyra undir fjmrh. og það geri þetta mál í raun og veru erfiðara og flóknara að það fyrirkomulag sem nú ríkir að tollamálin eigi að vera á forræði fjmrh., en framkvæmdin og umsýslan séu í þessu tilliti hjá landbrh. Það hefur ekkert að gera með traust eða vantraust á hæstv. landbrh. Ég veit að hann hefur haft ráðgjafarnefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá viðskrn., fjmrn. og landbrn. og í öllum tilvikum hefur verið alger samstaða um þær ákvarðanir sem hafa verið teknar hverju sinni. Hins vegar eiga tollamálin eðli málsins samkvæmt að heyra undir fjmrn. Það er skoðun mín. Ég hafði velt því fyrir mér, virðulegi forseti, að flytja brtt. þess efnis, en þar sem það kom fram í störfum nefndarinnar og hefur reyndar komið fram áður að tollalögin séu í endurskoðun treysti ég því að þessi mál verði þá skoðuð alveg sérstaklega.

[23:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þessara síðustu ummæla og skoðana hv. þm. Það er auðvitað engin skemmtun að hafa tollamál í sínum höndum. En eitt liggur þó fyrir að alþjóðasamningar eru gerðir, GATT-samningar og fleiri samningar. Þar er verið að semja um flæði á landbúnaðarvörum. Ég hygg að það sé svo í flestum löndum að þetta snúi þá að atvinnuveginum sjálfum og á Íslandi er landbrh. sá sem starfar með og ber ábyrgð á íslenskum landbúnaði. Mér finnst því skjóta skökku við að hv. þm. vill færa þá ábyrgð frá landbrh. yfir á fjmrh. sem ég teldi mjög óheppilegt til framtíðar horft því að mikil vegferð er komin í gang í þeim samningum og það hlýtur að vera svo að sú ábyrgð sem Alþingi ætlar landbrh. verður að vera virk því að kannski verður það svo í framtíðinni að eina vörnin til að standast vörur frá löndum sem eru allt öðruvísi en okkar, framleiðslukostnaður miklu lægri, eru auðvitað tollarnir.

Við Íslendingar höfum barist við það að benda á að við höfum gengið lengra og jafnvel verið kaþólskari en páfinn í ýmsu, fellt niður útflutningsuppbætur. Í Evrópu eru útflutningsuppbætur enn við lýði o.s.frv. En ég undra mig á því að hv. þm. telur að fjmrh. eigi að fara með þetta. Það er ekki eftirsóknarvert fyrir neinn. En það er skoðun sem ég get ekki tekið undir því að ábyrgðin verður að vera hjá landbrh. í þessu því að þetta snýr að alþjóðasamningum sem eru mjög að þrengja að íslenskum landbúnaði.

[23:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa áður verið gerðir alþjóðlegir og fjölþjóðlegir samningar sem snerta ýmsar atvinnugreinar og falla undir ákveðna fagráðherra, en tollamál þeirra atvinnugreina falla engu að síður undir fjmrh.

Vissulega er ábyrgðin á landbúnaði hjá hæstv. landbrh., en að sama skapi er það þannig að við höfum ákveðið að tollamálin almennt falli undir forræði fjmrh. og þannig á það að vera. Það er skoðun mín þrátt fyrir að gerðir séu viðskiptasamningar og ekki síst kannski vegna þess að það þurfi að vera heildstætt yfirlit yfir stöðu tollamála okkar og það eigi að vera á einum stað. Hins vegar má eins vera samráðsnefnd skipuð fulltrúum þessara þriggja ráðuneyta þar sem ákvörðun er tekin eins og gert er í dag eftir þeim upplýsingum sem við fengum.

[23:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er um stöðu atvinnuvegarins að ræða. Það er þetta flæði vörunnar. Það eru þær leiðir sem alþjóðasamningurinn byggir á þannig að ég er á öndverðri skoðun við hv. þm.

Þetta eru sérmál sem snúa að sérsamningum fyrir utan hitt að það kom fram í máli hv. þm. að Alþingi skipaði þessum málum með þessum hætti, en setti jafnframt lögbundna nefnd þar sem menn frá landbrn., fjmrn. og viðskrn. koma ætíð að þeim málum, marka stefnu og gera tillögur til ráðherra.

Ég ætla ekki að deila um það hér, en ég þakka breyttan tón og gott starf nefndarinnar sem hefur náð samstöðu í þessu vandasama máli sem er auðvitað eitt skref á langri leið til að reyna að skipa þessum málum betur en hefur verið síðustu árin. Ég fagna því að samstaða hefur náðst og trúi því að sú nefnd sem ég skipaði, grænmetisnefndin, muni fljótlega senda frá sér fleiri tillögur um hvernig að þessum málum verði staðið sem ég tel mjög mikilvægt.

Ég þakka einnig að málflutningur Samfylkingarinnar er í kvöld málefnalegri en hann var þegar foringinn talaði fyrir nokkrum dögum.

[23:15]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alþingi tók þá ákvörðun á sínum tíma að færa þessi tollamál undir landbrn. og komst að þeirri niðurstöðu eftir mikið og langt stríð milli ráðuneyta um fyrirkomulag þessara mála. Ég er enn jafnsannfærð, eftir að hafa hlustað á hæstv. ráðherra, um að tollamál eigi að vera í fjmrn.

Hefur tónninn breyst hjá Samfylkingunni? Nei, allt sem ég hef sagt og öll sú vinna sem fulltrúar Samfylkingarinnar fóru í í efh.- og viðskn. byggir á þeirri afstöðu sem áður hafði ítarlega verið rædd í þingflokki okkar. Hið nákvæmlega sama hefur formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagt áður. Hins vegar var allt of lítið um málefnaleg svör hæstv. ráðherra í þeirri umræðu.

[23:16]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál og ítarlegt um frv. Það hefur hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gert ágætlega á undan. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hún sagði.

Þessu frv. er ætlað að veita landbrh. aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum sem unnt er að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Í brtt. sem efh.- og viðskn. gerir við frv. eins og það var lagt fram upphaflega er skilgreint með hvaða hætti hæstv. landbrh. skuli bera sig að. Ákvörðun hans um lækkun tolla skuli ráðast af því hvort nægjanlegt framboð sé af viðkomandi vörum á hæfilegu verði á innanlandsmarkaði. Tollar skulu hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar.

Landbrh. skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli erlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti. Þetta er fullkomlega í samræmi við tillögur nefndar sem hæstv. landbrh. setti á laggirnar undir lok aprílmánaðar til að fjalla um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsa og garðávaxta. Þetta er fyrsti liðurinn í tillögum nefndarinnar sem hæstv. ráðherra hefur forgöngu um að hrinda í framkvæmd. Í máli fulltrúa nefndarinnar sem komu á fund efh.- og viðskn. Alþingis kom fram að það hefði verið einhugur um að fara svona fram.

Allir þekkja aðdraganda þessa máls, alvarlegar ásakanir um hringamyndun í heildsöluverslun og tollahækkanir á innfluttri vöru um miðjan marsmánuð. Þetta var tilefni þess að ýmis samtök í landinu ályktuðu um þessi efni. Reyndar rigndi yfir mjög hörðum mótmælum, t.d. frá Neytendasamtökunum. Meðal þeirra sem létu málið til sín taka voru heildarsamtök launafólks en í ályktun sem Alþýðusamband Íslands sendi frá sér í apríl segir m.a.:

„Þá gerir Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að kerfi innflutningshafta og ofurtolla á ávexti og grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmuni neytenda og framtíðarhag framleiðenda að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmuni sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess."

Hér er lögð áhersla á að leitast verði við að lækka verð á þessari vöru með hagsmuni neytenda að leiðarljósi og jafnframt verði áhersla á framtíðarhagsmuni framleiðenda.

Í ályktun sem BRSB sendi einnig frá sér í aprílmánuði segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfundur BSRB, haldinn 27. apríl 2001, hvetur til þess að markvisst og af yfirvegun verði leitað leiða til að lækka verð á ávöxtum og grænmeti. Í því samhengi þarf að huga að samspili tolla og álagningar í dreifingu og smásölu. Mikilvægt er að jafnframt verði unnið að því að efla og treysta innlenda framleiðslu á þessu sviði. Það er áhyggjuefni og algjörlega óforsvaranlegt hvernig neytendur hafa verið leiknir með samráði og einokun í dreifingu á þessum mikilvægu neysluvörum.

Stjórn BSRB telur mikilvægt að spornað verði við hringamyndun og samráði í vörudreifingu og margvíslegri þjónustu."

Hjá báðum þessum samtökum, bæði hjá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, er lögð á það rík áhersla að hugað verði að framtíðarhagsmunum framleiðenda ekki síður en að hagsmunum neytenda til skamms og langs tíma. Ég legg einnig áherslu á það sem fram kemur í ályktuninni frá BSRB, að tekið verði á þessum málum markvisst og af yfirvegun en ekki í neinu fljótræðiskasti. Ég mundi vilja sjá niðurstöður í þessu máli þá fyrst að tryggt væri að framtíðarhagsmunir íslenskra framleiðenda yrðu tryggðir. Mér finnst skipta mjög miklu máli að svo verði gert en ekki hrapað að fljótræðisniðurstöðum.

Herra forseti. Á þetta vildi ég leggja áherslu en undir lokin vil ég lýsa yfir efasemdum mínum um réttmæti þess að færa ákvörðun tolla frá landbrn. yfir í fjmrn., einfaldlega vegna þess, eins og kemur reyndar fram í þessu frv. og brtt. efh.- og viðskn., þ.e. að taka á tillit til aðstæðna í greininni innan lands við ákvörðun á tollum. Það er eðlilegt að sá aðili sem einnig hefur með höndum samningsgerð á þessu sviði á alþjóðavettvangi hafi einnig þessar ákvarðanir á sinni hendi.

Herra forseti. Ég fagna því að frv. þetta skuli komið fram og ítreka að það er í samræmi við niðurstöðu þeirrar nefndar sem fjallað hefur um þessi mál. Hana skipa fulltrúar frá samtökum launafólks, ASÍ, BSRB, frá atvinnulífinu, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi garðyrkjubænda og Bændasamtökum Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, 2. umr.

Stjfrv., 722. mál (stækkun Nesjavallavirkjunar). — Þskj. 1170, nál. 1306.

[23:23]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Frv. er ætlað að afla lagaheimildar fyrir stækkun Nesjavallavirkjunar í 90 megavött en Orkuveita Reykjavíkur hefur í dag leyfi frá árinu 1997 til að reka 60 megavatta virkjun á Nesjavöllum. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og úrskurður skipulagsstjóra þar sem fallist er á framkvæmdina liggur fyrir, auk þess sem Orkustofnun hefur fjallað um málið.

Fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning við Landsvirkjun um rekstur hinnar stækkuðu virkjunar sem

hluta af raforkukerfi landsins. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Svanfríður Jónasdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Árni Steinar Jóhannsson skrifar undir álitið með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn undirrita nefndarálitið: hv. þm. Hjálmar Árnason, Árni R. Árnason, Drífa Hjartardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal og Bryndís Hlöðversdóttir.

[23:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum. Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni iðnn. skrifa ég undir nefndarálitið með fyrirvara en frv. fjallar um að iðnrh. verði heimilt að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum.

Hitaveita Reykjavíkur fékk 16. júní 1997 heimild til að reisa 60 megavatta virkjun á Nesjavöllum. Það er ánægjuefni að nú er talið mögulegt að fá á Nesjavöllum aukið afl, um 30 megavött, þannig að stöðin verði 90 megavött. Ég vil þó halda því til haga að Orkustofnun telur að á 30 árum geti þurft að endurskoða orkuöflunina á svæðinu. Það þýðir náttúrlega að þetta er ekki auðlind sem endist að eilífu. Við gerum okkur grein fyrir því.

Ég vil líka halda því til haga, sem er kannski ástæðan fyrir fyrirvara mínum við nefndarálitið, að Orkuveita Reykjavíkur hefur samið við Landsvirkjun um að reka virkjunina. Það þýðir í sjálfu sér að orkunni er að öllum líkindum ætlað að fóðra stóriðju og málmbræðslur. Ég hefði fyrir mína parta viljað sjá öðruvísi áherslur, að ódýr orka byðist fyrir borgina og framsækin plön um að útrýma olíunotkun í iðnaði innan borgarmarkanna. Hins vegar er það ekki hið háa Alþingi sem fer með slík mál. Hér eru stór iðnfyrirtæki sem knýja vélar sínar með olíu, það vita allir.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef er þessi grunnur, 60 megavött sem nú eru framleidd á Nesjavöllum af miklum myndarskap, eining sem í sjálfu sér borgar sig ekki. Það þýðir á mannamáli að Reykvíkingar borga niður orkuna til stóriðju. Orkuverið er hins vegar í sjálfu sér hið besta mál og þess vegna skrifa ég undir nefndarálitið. Það er í sjálfu sér ekki okkar að fjalla um hvernig Reykjavíkurborg eða Orkuveitan selur þá orku sem þeir framleiða. Ég vildi aðeins halda þessu til haga.

[23:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki kunnugur því hvernig verðlag er á raforku sem framleidd er með þessum hætti en ég hélt að hún væri talsvert dýr. Það er þó kannski ekki mergurinn málsins.

Ég kom hingað, herra forseti, vegna þess að hv. þm. sagði að hann gerði sér grein fyrir því að því miður mundi þessi orka að öllum líkindum, í gegnum Landsvirkjun, verða nýtt til mengandi málmbræðslu og stóriðju. Get ég þá ekki örugglega skilið mál hans og stuðning hans við þetta mál, þessa yfirlýsingu hans, með þeim hætti að við ákveðin skilyrði geti vinstri grænir fallist á það sem hann kallaði mengandi málmbræðslu og stóriðju hér á landi, þ.e. svo fremi sem það fari í gegnum lögformlegt mat á umhverfisáhrifum?

[23:29]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess, sem er ánægjulegt, að Orkuveita Reykjavíkur hefur sýnt forsjálni. Þessi stækkun hefur farið í mat á umhverfisáhrifum. Ég þarf ekki að útskýra það að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði setjum okkur ekki á móti því að virkja aflið í þessu landi. Það höfum við aldrei sagt. Við höfum hins vegar verið andvíg stóriðjuáherslum og mengandi málmbræðslum. Hins vegar hefur aldrei komið fram í málflutningi okkar að við gætum ekki hugsað okkur virkjanir, það er ekki svo og hefur aldrei verið sagt af neinum okkar sex þingmanna, að við getum ekki hugsað okkur að virkja íslensk fallvötn eða gufuafl.

Hins vegar er forkastanlegt að við skulum vera með stórar verksmiðjur keyrðar á olíu meðan framleidd er mjög ódýr orka við borgarmörkin. Svo ég minnist í því sambandi á Rarik hafa verið gefnar út opinberar tölur sem gera ráð fyrir að kílóvattstundin í Grensdal eða Grændal gæti kostað um 90 aura. Það er náttúrlega spottprís miðað við verðið til iðnfyrirtækja og heimila á svæðinu, ég tala nú ekki um á Rarik-svæði. Þetta eru áherslur sem við þurfum að skoða og ræða í þessu samhengi.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki óþrjótandi auðlind. Það kemur fram í frv. sjálfu að hér þarf að endurskoða málið að 30 árum liðnum.

[23:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða vinstri grænna í þessu máli verður að vera skýr. Ég hlustaði á hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson lýsa því yfir við 1. umr. þessa máls að hann hefði sterka fyrirvara við málið. Ástæðan sem hann gaf var mjög einföld. Hann sagði að það væri alveg ljóst að orkan sem byggðist á þessu 30 megavatta afli ætti að fara til stóriðju á Grundartanga, nánar tiltekið til þess að stækka Norðurál. Hv. þm. sagði þá að orkuna ætti að nýta í mengandi málmbræðslu. Hv. þm. kemur núna og styður málið, en lýsti því samt sem áður yfir í ræðu sinni áðan að hann gerði sér grein fyrir því að í gegnum Landsvirkjun muni þetta fara í stóriðju og það sem hann kallaði líka mengandi málmbræðslur.

Ef vinstri grænir eru í prinsippinu á móti mengandi málmbræðslum eða stóriðju þá getur ekki verið að þeir treysti sér til þess að styðja mál þar sem verið er að vinna orku til þess að stækka t.d. álverið á Grundartanga. Hv. þm. hefur lýst því yfir í ræðu sinni að hann viti að orkan á að fara til þess og þar með er hann með stuðningi sínum við þetta mál að lýsa því yfir að hann er ekkert í grundvallaratriðum á móti þeirri stækkun.

[23:32]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þetta eru ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að áminna þingmanninn vegna þess það ber að ávarpa forseta fyrst og síðast.)

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er með hártoganir. Ég skýrði það mjög vel að við höfum aldrei sett okkur á móti virkjunum. Við viljum bara nota orkuna á annan hátt. Ég skýrði það líka í máli mínu þegar ég var að fara í gegnum frv. að ég gerði mér grein fyrir því að við hefðum ekki umboð til þess að hafa áhrif á það hvernig Orkuveita Reykjavíkur óskar að ráðstafa orku sinni.

Við vitum vel að fyrsti áfangi Nesjavallavirkjunar er líka byggður til þess að fóðra stóriðju í raun og veru og það er þess vegna sem ég get ekki haft áhrif á það, því að virkjunin

sem slík er góður kostur. Þetta er vistvæn orka og hún er góður kostur.

[23:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins að bæta örfáum orðum við þetta. Ég tek fram að við í Samfylkingunni styðjum þetta frv. Við erum ekki á móti því að menn noti þá möguleika sem gefast á Nesjavöllum til þess að búa til meiri orku. Ég tel reyndar ákaflega jákvætt að nýta þá möguleika sem þar eru til þess að framleiða meiri orku og síðan nýta menn þá orku eftir því sem hentast þykir. Ef sú orka er nýtt til þess að knýja stóriðju þar sem menn hafa farið í gegnum lögformlegt mat á umhverfisáhrifum og komist að þeirri niðurstöðu að það sé í lagi frá sjónarhóli náttúrunnar að gera það þá erum við sammála því.

En það sem er að birtast hér, herra forseti, í máli hv. þm. er auðvitað undarlegur tvískinnungur. Hv. þm. lýsir því yfir að hann geri sér grein fyrir því að þessa orku eigi að nýta til þess að stækka álverið á Grundartanga, stækka og auka álframleiðslu Norðuráls hf. Hann kallar þetta mengandi málmbræðslu. Hv. þm. lýsti því líka yfir í ræðu sinni við 1. umr. að hann hefði sterka fyrirvara við málið vegna þess að það ætti að nýta það til stóriðju og ég skildi það mætavel vegna þess að ég hef skilið málflutning vinstri grænna með þeim hætti að þeir væru í prinsippinu á móti stóriðju. En hér er að verða grundvallarbreyting á afstöðu vinstri grænna til stóriðju. Það gengur ekki að hv. þm. komi hingað og tali í öðru orðinu gegn einhverju sem hann sjálfur kallar mengandi málmbræðslur, sem hann sjálfur kallar stóriðju, en styðji hins vegar frv. sem miðar að því að afla orku og lýsi því jafnframt yfir að orkuna eigi að nota til þessarar stóriðju sem hann er á móti.

Hv. þm. verður að skýra þetta einhvern veginn annars hljóta þeir sem hlýða á mál hans að komast að þeirri niðurstöðu að eitthvað allt annað en grundvallarafstaða ráði afstöðu hv. þm. til þessa máls.

Hér hefur það sem sagt gerst að hv. þm. og fulltrúi Vinstri grænna í iðnn. er á móti mengandi málmbræðslu. En hann styður eigi að síður öflun á orku til þess að knýja það sem hann sjálfur kallar mengandi málmbræðslu.

[23:35]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í andsvar vegna þess að enn þá er um útúrsnúninga að ræða. Ég skýrði það mætavel í málflutningi mínum áðan að við erum ekki á móti því að virkja og höfum aldrei verið það. Ég held að ég hafi líka skýrt frá því í innleggi mínu að Reykjavíkurborg er talin þurfa á verulegri orkuaukningu að halda inn á sitt kerfi. Ég geri ráð fyrir því að einhver hluti af þessari framleiðslu fari í þessa aukningu, sem er veruleg, á allra næstu missirum.

Virðulegi forseti. Ég gerði þingheimi líka grein fyrir því að ég teldi, og reyni að beita mínum áhrifum til þess, að Reykjavíkurborg og sveitarfélögin hér ættu vegna þessarar orkuöflunar að gera myndarleg plön um að útrýma innflutt um orkugjöfum til iðnaðar og annars slíks hér á svæðinu. Ég set mig þess vegna ekkert á móti þessari virkjun sem hefur öll lögformleg leyfi og er álitlegur virkjunarkostur. Mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson vera að snúa út úr vegna þess að okkar stefna varðandi stóriðjuna er algerlega klár. Það er ekki sem sagt í okkar valdi t.d. að vilja fella eða leggjast gegn því að Orkuveita Reykjavíkur búi til þetta orkuver vegna þess að á þessari spýtu hangir líka 200 megavatta afl í formi varmaorku. Það er mjög mikil nauðsyn á því á allra næstu mánuðum og missirum að það komi inn á höfuðborgarsvæðið þannig að þetta er ekki einhlítt.

Segja má að rafmagnsframleiðslan sé afgangsstærð eða þá að hitaorkan sé afgangsstærð þannig að hér er um tvíþætt mál að ræða og stöðvun á einu leiðir til stórtjóns á hinu sviðinu. Þetta er tvívirkt.

[23:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einvirkt, tvívirkt eða fjölvirkt. Það skiptir mig ekki máli. Ég er ekki viljandi að reyna að snúa út úr máli hv. þm. Það er alveg rétt hjá honum að þessa orku má nýta til hvers sem er. En það liggur alveg ljóst fyrir að hv. þm. veit að það á að nota þessa orku til þess að stækka álver Norðuráls á Grundartanga. Því lýsti hv. þm. yfir í ræðu sinni við 1. umr. málsins. Það endurtók hv. þm. í ræðu sinni áðan þannig að það er tvískinnungur ef hv. þm. er á annan bóginn á móti því að stækka álverið sem hann kallar sjálfur megnandi málmbræðslu en á hinn bóginn er sammála því að afla orku til þess verks.

Ég get ekki litið öðruvísi á en þarna hefði hv. þm. átt að vera alfarið á móti þessu máli ef hann ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur. Hann er sem fulltrúi Vinstri grænna með málinu. Hann er sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vitandi vits að styðja öflun á orku sem á að nota til þess að stækka álverið á Grundartanga. Það eru allmikil tíðindi, herra forseti.

[23:39]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég frábið mér svona lágkúrulega útúrsnúninga og hártoganir. Ég gerði fulla grein fyrir því varðandi þessa 90 megavatta stöð að þetta er tvíþætt. Hv. þm. ætti að vita það sem höfuðborgarbúi að hér er um að ræða framleiðslu á 90 megavatta afli í raforku. En það er líka um að ræða 200 megavatta afl í hitaorku. Það er ekki bæði hægt að hafa mjöl í kjaftinum og blása.

Fyrirvarinn er sá að raforkuhlutinn, 30 megavatta stækkunin, fer í að fóðra álver. En það þarf hitaorku á höfuðborgarsvæðið. Ef ég tala ekki nógu skýrt þá er ég tilbúinn að tala í alla nótt um þetta mál. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að vita að orkuverið á Nesjavöllum er tvíþætt. Það býr til varmaorku fyrir höfuðborgina og það býr til rafmagn. Segja má að rafmagnið sé aukastærðin og varmaorkan aðalmálið. Rafmagnið er bónusinn. Eitt leiðir af öðru. Og að samþykkja ekki að fara í þessa vistvænu orkuöflun þýðir þá líka að það á að stöðva að dæla upp heitu vatni til þess að kynda húsin í borginni.

Ég er á móti raforkusölunni til mengandi stóriðju. En það er ekki hægt, eins og ég sagði áðan, bæði að hafa mjöl í kjaftinum og blása því að þetta hangir hvort tveggja saman og það vita allir hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

[23:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mig langar til að blanda mér í þessa umræðu því að hún hefur verið að mínu mati mjög á villigötum og ástæða er til þess að hið rétta komi í ljós.

Í umræðum um fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum hefur verið gengið út frá því að þær 2.760 millj. sem kæmu í hlut sveitarfélaganna af andvirði orkubúsins upp á 4,6 milljarða, þ.e. ef sveitarfélögin kjósa að selja sinn hlut í orkubúinu þá mundu þessar 2.760 millj. sem sveitarfélögin fengju í sinn hlut fara til að greiða úr fjárhagsvanda viðkomandi sveitarfélaga og gera þeim kleift að standa við lögbundnar skyldur sínar og snúa vörn í sókn. Skuldir sveitarfélaganna eru m.a. við Lánasjóð sveitarfélaga, Landsbankann, Byggðastofnun og enn fremur við Íbúðalánasjóð.

Þáttur húsnæðismála í söluandvirði Orkubús Vestfjarða hefur verið hugsaður þannig að gerð yrðu upp vanskil við Íbúðalánasjóð vegna félagslegs húsnæðis ef þau eru fyrir hendi. Eitt sveitarfélag á Vestfjörðum sem er þó aðþrengt, Bolungarvík, hefur t.d. alltaf staðið í skilum við Íbúðalánasjóð. Eftir því sem ég veit best hefur Ísafjarðarbær gert stórátak nýlega til þess að hreinsa borðið varðandi Íbúðalánasjóð og ég held að Ísafjörður sé kominn í skil við Íbúðalánasjóð.

Ég skipaði nefnd til að fjalla um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga á öllu landinu. Hún hefur lokið þeim áfanga sem snýr að rekstrarvanda leiguíbúða og innlausnaríbúða sem ekki hefur tekist að selja á almennum fasteignamarkaði. Tillögur þessarar nefndar miða að því að leita að nýjum lausnum á vanda sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Nefndin tók fyrst fyrir Vestfirði, í fyrstu umferð, og lagði til að stofnuð yrðu eignarhaldsfélög til að kaupa félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélaga og leigja þær út eftir því sem markaðsaðstæður leyfðu. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar um Vestfirði var ákveðið að skoða þessi mál á landinu öllu í heild. Að þessari vinnu áttu aðild fulltrúar sveitarfélaganna og þar á meðal bæjarstjórinn á Ísafirði.

Þessi nefnd setti upp módel sem ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um eða lýsa í örstuttu máli. Ef farið yrði eftir tillögum nefndarinnar og sett upp svona módel á Vestfjörðum eða annars staðar þar sem við vanda er að stríða vegna íbúða í félagslega kerfinu og við litum sérstaklega á Vestfirði og hvernig þeir pössuðu inn í þetta módel, þá þyrftu sveitarfélög á Vestfjörðum að leggja fram í peningum eitthvað í kringum 470 millj. til þess að koma viðkomandi eignarhaldsfélögum í rekstrarhæft form. Þessar 470 millj. eru ekki nema 17% af þeim peningum sem ætlast er til að Vestfirðingar fái í sinn hlut ef öll sveitarfélögin selja hlut sinn í orkubúinu og þessum 17% yrði ráðstafað til þess að endurskipuleggja félagslega húsnæðiskerfið. Það er allt og sumt sem verið er að tala um. Það eru vanskilin og síðan, ef svo vill verkast, 17% af upphæðinni til þess að koma félagslega húsnæðiskerfinu í rekanlegt form á Vestfjörðum. Sveitarfélögin þyrftu ekkert endilega að snara þeim peningum út strax, það er fjarri því. Þau gætu gert þetta smám saman.

Vandamál þessara sveitarfélaga eru þrenns konar. Í fyrsta lagi stendur rekstur leiguíbúðanna ekki undir kostnaði. Staðan á fasteignamarkaði gerir ekki kleift eða ekki er hagkvæmt að selja innlausnaríbúðir. Nú er til meðferðar og er á dagskránni lítið frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál þar sem m.a. er opnuð leið sem sniðin er að vanda sveitarfélaganna, að sveitarfélögunum er heimilað að breyta innlausnaríbúðum í leiguíbúðir án þess að borga upp lánin. Þau geta yfirtekið lánin sem eru yfirleitt á 1% vöxtum, sum reyndar á 2,4% vöxtum og látið þau lifa út sinn líftíma og fá síðan leiguíbúðalán á þeim vöxtum sem veitt verða til leiguíbúða til viðbótar út lánstímann. Af þessum lánum eru 34 ár eftir af lánstímanum að meðaltali og meðalvextir eru 1,5%. Þegar þetta er orðið að lögum, sem ég vona að gerist á morgun, geta sveitarfélögin yfirtekið lánin sem fylgdu innlausnaríbúðunum og búið við þau meðan þau endast og síðan tekið lán til viðbótar til að ná 50 ára markinu. Til viðbótar þessu er vandinn sums staðar sá að leiguíbúðir standa auðar.

Víða er næg eftirspurn á leigumarkaði sem betur fer þó að sölumarkaður sé ekki nægilega öflugur. Í þessu módeli hafa verið gerðar áætlanir fyrir eignarhaldsfélög sem gætu orðið allt að 70 á landinu öllu um rekstur, efnahag og sjóðstreymi. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögn leggi eignarhluta sinn í íbúðunum fram sem stofnframlag í eignarhaldsfélagið. Þetta er nokkuð svipuð leið og er eftir fyrirmynd Félagsbústaða í Reykjavík að breyttu breytanda.

Reiknuð er kostnaðarleiga í hverju eignarhaldsfélagi sem mundi standa undir afborgunum, vöxtum og öllum rekstri íbúðanna. Í framhaldi af því eru gerðar áætlanir sem byggja á þeirri forsendu að markaðsleiga í hverju sveitarfélagi taki mið af íbúafjölda og þannig er gert ráð fyrir lágmarksmarkaðsleigu í hverju sveitarfélagi. Í útreikningi kostnaðarleigunnar í hverju eignarhaldsfélagi er miðað við að greiðslustaða viðkomandi félags gangi upp og að allar íbúðir væru leigðar út. Þær áætlanir sem gerðar eru miðast við að eignarhaldsfélögin yfirtaki allar íbúðir sveitarfélaganna með áhvílandi lánum óháð lánsformum Íbúðalánasjóðs, þ.e. hvort heldur um er að ræða félagslegar eignaríbúðir, leiguíbúðir, almennar kaupleiguíbúðir eða félagslegar kaupleiguíbúðir.

Íbúðir í eigu sveitarfélaganna eru 2.688 sem er fjórðungur af félagslega íbúðakerfinu í landinu. Innlausnarverð þessara íbúða er 19,4 milljarðar og eignarhlutur sveitarfélaganna er í kringum 25% eða 4,8 milljarðar. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélög ábyrgist greiðslu metinnar lágmarksmarkaðsleigu og séu leigutekjur lægri en metin lágmarksmarkaðsleiga fellur mismunurinn á viðkomandi sveitarsjóð. Það fjármagn sem vantar á niðurgreiðslu á verði íbúðanna þarf að koma með sérstökum ráðstöfunum frá opinberum aðilum. Nefndin telur hagkvæmara að framlag til eignarhaldsfélaganna verði greitt árlega og árleg greiðsla næmi þá mismun á markaðsleigu og kostnaðarleigu að frátöldum þeim hluta sem hvert sveitarfélag á að bera eða sem nemur tæpum 100 millj. á ári í 34 ár miðað við forsendur reiknilíkansins. Framlag sveitarsjóðanna til viðkomandi eignarhaldsfélaga yrði samkvæmt þessari niðurstöðu að eignarhlutur þeirra yrði um 4,8 milljarðar. Aðrir opinberir sjóðir mundu þurfa að leggja til viðbótar 1,6 milljarða til lækkunar á verði íbúðanna og niðurstöður reiknilíkansins gera ráð fyrir því að lækka þurfi verð íbúðanna um 6,4 milljarða. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 1,2 milljarðar fari til að lækka skuldastöðu sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð. Með þessum hætti ætti rekstrargrundvöllur eignarhaldsfélaganna að vera tryggður.

Nefndin leggur til að hafist verði handa um að endurskipuleggja félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga með þeim hætti að stofna eignarhaldsfélög eins og ég sagði áðan.

Ef þessar tillögur eru skoðaðar í ljósi Vestfjarða og sölu orkubús, þá er ljóst að með þeim fjármunum sem fást fyrir orkubúið geta sveitarfélögin fært niður skuldabyrði á hvern íbúa. Þau geta gert upp vanskil sín við Íbúðalánasjóð, Landsbanka, Byggðastofnun, Lánasjóð sveitarfélaga o.s.frv., og þau eiga að geta verið í stakk búin til að taka þátt í endurskipulagningu húsnæðiskerfisins ef gert er ráð fyrir að 17% af andvirðinu gætu runnið til þess hjá sveitarfélögunum. Út af fyrir sig er mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að húsnæðiskerfið er partur af vanda sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eru ábyrg fyrir þessum lánum. Sveitarfélögin eru ábyrg fyrir þeim skuldum eins og öðrum. Hitt getur verið skynsamlegt frá sjónarhóli sveitarfélaganna að geyma að borga þessar skuldir ef þær eru á hagstæðari vöxtum en annað, en það er engin björgun fyrir sveitarfélögin að skilja þau eftir með húsnæðisvandann óleystan jafnvel þó að öllum lánum væri komið í skil í bili ef húsnæðiskerfið keyrir fjárhag þeirra um þverbak innan skamms.

Ef við leikum okkur áfram með þessa sölu þá fer hlutur sveitarfélaga í söluandvirðinu eftir íbúafjölda og hlutur Ísafjarðar t.d. yrði 1.445 millj. og hægt er að gera töluvert fyrir 1.445 millj. Sem betur fer dugir þetta til að koma Ísafirði í býsna blómlegt ástand.

Vesturbyggð fengi rétt tæpar 400 millj. út úr hlut sínum í orkubúinu ef Vesturbyggð mundi selja, sem ég geri alveg ráð fyrir. Það dugir hins vegar ekki fyrir Vesturbyggð og það verður að grípa til frekari ráðstafana til að sveitarfélagið komist í rekstrarhæft ástand. Reykhólahreppur fengi 104 millj. og veitir sannarlega ekki af. Bolungarvík fengi tæpar 340 millj. og Hólmavík 150 millj. Þess má geta að allmörg sveitarfélaganna á Vestfjörðum hafa verið til umfjöllunar hjá eftirlitsnefnd sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika og það liggur alveg ljóst fyrir að komi ekki til mjög róttæk lausn á fjárhagsvanda flestra sveitarfélaga á Vestfjörðum á næstu mánuðum mun rekstur þeirra stöðvast með þeim afleiðingum að vandséð er hvort nokkur verður leið til þess að stöðva fólksflóttann.

Nú eru úrræði til og bent er á úrræði í sveitarstjórnarlögum hvernig hægt er að bregðast við. Það er hægt að taka fjárstjórn af sveitarfélögunum undir ákveðnum kringumstæðum. Það er hægt að leggja 25% álag á útsvarið. Ekki held ég að mönnum lítist á þá leið. Ekki langar mig til þess að fara að beita mér fyrir því að taka fjárráðin af Vestfirðingum. Það segi ég satt.

Vestfirðingar eiga við erfiðleika að etja. Ríkisstjórnin er öll af vilja gerð til þess að aðstoða þá við að vinna sig út úr þeim erfiðleikum og ég tel að þarna sé opnuð leið ef þeir vilja fara hana og ég heyri það á sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum að þeir leggja mjög ríka áherslu á að þetta frv. verði afgreitt. Ég skal ekki segja um hvaða ákvarðanir þeir koma til með að taka í sínum ranni um sölu en ríkið er tilbúið að kaupa á þessu verði.

Skuld á hvern einstakling á Vestfjörðum var í október sl., þ.e. í október 2000, 324 þús. að meðaltali. Þetta var mjög misjafnt milli sveitarfélaga því að sem betur fer eru sum sveitarfélögin á Vestfjörðum og þó fyrst og fremst þau litlu ekki skuldug eða skulda lítið. Ef orkubúshluti sveitarfélaganna væri seldur og skuldir borgaðar miðað við þessar upphæðir sem ég hef verið að nefna, þ.e. 2.760 millj., þá kæmust meðaltalsskuldir sveitarfélaganna á Vestfjörðum niður fyrir 100 þús. á íbúa og það er prýðilega undir landsmeðaltali eða í kringum landsmeðtal. Það er reyndar engin ástæða til að gera kröfu til þess að þau fari undir meðaltalið en þetta ætti að geta tryggt sæmilega traustan fjárhag um fyrirsjáanlega framtíð hjá þessum sveitarfélögum.

Ég vil síðan að endingu, herra forseti, endurtaka að það verður enginn knúinn til að selja sinn hlut. Ríkið er hins vegar tilbúið að kaupa ef sveitarfélögin ákveða að selja. Þetta frv. hljóðar heldur ekki um sölu heldur um það að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag þannig að einstök sveitarfélög geti að eigin ákvörðun komið eignarhlut sínum í verð.

[00:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að koma og gera grein fyrir þessu máli frá sínum bæjardyrum séð og ég vil einnig fagna því að hann kemur beint að málinu og staðfestir það að allur málatilbúnaður í kringum hlutafélagavæðingu og sölu á Orkubúi Vestfjarða snertir skuldastöðu sveitarfélaganna fyrst og fremst. Mér finnst gott að það komi skýrt fram því að í umræðunni um orkubúið eftir að það kom úr nefnd var talið að þar væru engin tengsl á milli sem var vitanlega rangt.

Hæstv. ráðherra minntist á aðgerðir. Hann er með í gangi skoðun varðandi félagslega íbúðakerfið víða um land og ég leyfi mér í fyrsta lagi að spyrja: Er ekki einhver önnur nefnd? Er ekki eitthvert annað starf í gangi en þetta sem hann vitnaði til, þ.e. gömlu nefndarinnar sem skiladi þeim tillögum að stofnuð væru eignarhaldsfélög? Er ekki einhver önnur vinna og önnur tillögugerð í gangi til að taka heildstætt á þessum málum um land allt, ekki bara sem afmarkað er við Vestfirði, eins og hann velti upp?

[00:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Húsnæðisskuldir sveitarfélaganna eru út af fyrir sig ekkert annars eðlis en aðrar skuldir sem sveitarfélögin eru ábyrg fyrir. Ef þetta gengi allt eftir og sveitarfélögin mundu selja og koma skuldastöðunni niður í 100 þús. á íbúa þá væri langstærsti einstaki lánardrottinn sveitarfélaganna Íbúðalánasjóður. Vinna sem í gangi er við að taka á þessum málum er öll hugsuð á landsvísu. Það var bara byrjað á að búa til módel fyrir Vestfirði m.a. vegna þess að einn af nefndarmönnum, einn af aðalmönnunum í nefndinni var bæjarstjórinn á Ísafirði og vandinn var mjög brýnn og mjög sýnilegur þar, en hann er ekkert bundinn eingöngu við Vestfirði. Hann er miklu víðar í landinu. Vestfirðingar eru að því leyti til í sérstöðu að þar eru flestar auðu íbúðanna.

Ég endurtek að öll þessi vinna, þetta módel er hugsað fyrir landið allt. Ekki þarf að beita því á höfuðborgarsvæðinu, þar er vandinn annars eðlis. Þar er vandinn sá að leiguíbúðir vantar en úti á landi eru sveitarfélögin með of mikið af íbúðum á sínum snærum, þ.e. í sumum tilfellum hefur fólksflóttinn orðið til þess að ekki er nóg af fólki til að búa í þessum íbúðum. Síðan er það fólk komið hingað suður og hér eru húsnæðisvandræði. En ég endurtek að þetta er ekkert sérvestfirskt módel, heldur á þetta að ganga um allt land þar sem svipaður vandi er fyrir hendi.

[00:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Módel gengur ekki upp nema það fái til þess peninga. Ætlar hæstv. ráðherra þá að ganga þannig fram að hann fari að leita eftir eignum í hverjum landsfjórðungi

til þess að ganga í það? Fyndist ekki hæstv. ráðherra meiri reisn og miklu réttara að hreinlega væri lagt fram fjármagn af hálfu ríkisins beint til að leysa þann vanda sem lýtur að félagslega íbúðakerfinu og er í rauninni sameiginlegur vandi ekki bara þessara, eins og hæstv. ráðherra sagði, einstöku sveitarfélaga? Þetta er sameiginlegur vandi þjóðarinnar bæði varðandi uppbyggingu húsnæðiskerfis og síðan byggðaröskunar. Væri ekki miklu réttara að leyfa Vestfirðingum að hafa sitt orkubú heldur en að koma með beinum hætti að því máli sem þarna er um að ræða, því að ekki hafa þeir orkubúið nema einu sinni til að selja?

[00:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að þó að sveitarfélög geti verið í vandræðum með húsnæðismálin þurfa þau ekki að vera í vandræðum með fjárhaginn. Þau þurfa ekkert endilega að vera mjög skuldsett. Það er alls staðar ætlast til þess þar sem farin verður þessi leið og farið út í þetta módel að sveitarfélögin leggi fram peninga. Ef sveitarfélögin á Vestfjörðum vilja leggja fram einhverja aðra peninga en þá sem fást fyrir orkubúið þá er það jafngott. (**JB:** Ég er að meina ríkissjóð.) Ég tel að það væri ekki skynsamleg eða ábyrg fjármálastjórn að leggja það til að ætla ríkissjóði einum að axla þennan vanda. Ríkissjóður ætlar að leggja verulega fjármuni fram í þetta púkk líka.

Ég minni á að það er ekkert hræðilegt þó að hitaveitur eða rafmagnsveitur séu seldar. Ég kom að sölu veitustofnunar á Siglufirði þar sem Rarik keypti veitustofnun á Siglufirði og það varð Siglufirði til mikillar blessunar.

[00:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa komið inn í þessa umræðu í upphafi og gefið þær upplýsingar sem hann gaf. Af orðum hans liggur náttúrlega algerlega ljóst fyrir hversu þráðbeint salan á orkubúinu er tengd þessu máli og þurfa menn þá ekki að rífast mikið lengur um það í þingsölum að hlutafélagavæðing orkubúsins sé ekki tengd vanda húsnæðiskerfisins á Vestfjörðum eða leiguíbúðanna ásamt auðvitað öðrum skuldum.

Mig langar til að beina ákveðnum spurningum til hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi hversu mörg sveitarfélög á Vestfjörðum eru þannig stödd að þau gætu verið komin í þá stöðu að vera í gjörgæslu félmrn. ef hægt er að orða það svo? Ég heyrði að hæstv. félmrh. sagði að þetta væri vegna ýmissa vandamála. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. félmrh. lýsa því hver hann telur að sé orsök þess að staðan í vestfirskum byggðum, sveitarfélögum, er orðin eins og hún er. Á Ísafirði hefur íbúum fækkað jafnmikið og atvinnutækifærum í fiskvinnslu og veiðum, nákvæmlega jafnmikið samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar. Ég vil því spyrja hvaða skilning hann leggur í það hver sé aðalorsökin fyrir þessum flótta.

[00:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það ekki vera stóran póst í þessu sambandi þó að gerð séu upp vanskil sem eru líklega ekki veruleg nema hjá einu sveitarfélagi út af húsnæðismálum og síðan væri í mesta lagi lagt til hliðar sem svaraði 17% af söluandvirðinu sem sveitarfélögin fá sem gætu gengið til endurskipulagningar húsnæðismála. Það er ekkert verið glata þeim peningum, það var verið að nota þá heima til þess að koma húsnæðismálunum í rétt horf.

Hv. þm. spurði af hverju staðan væri svo slæm. Nú er ég kannski ekki maður til þess að greina það fullkomlega, það eru áreiðanlega margar ástæður. Það eru þjóðflutningar í landinu og það hefur verið mikil blóðtaka, m.a. í mínu kjördæmi sem ekki byggir á sömu atvinnugreinum og á Vestfjörðum. Einangrun getur átt einhvern þátt, torveldar samgöngur. Eitt er það að Vestfirðingar selja frá sér allt of mikið af fiski. Á Vestfjörðum er ekki unnið nærri nógu mikið af þeim fiski sem er landað þar. Þaðan er keyrt allt of miklu burt. Ég veit að hv. þm. vill kenna kvótakerfinu um þetta. Það tel ég ekki vera sanngjarnt. (Forseti hringir.) Kvótakerfið hefur komið að sumu leyti illa við þá.

(**Forseti** (GÁS): Nú er þessum kvóta lokið.)

[00:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma hérna aftur og gefa hæstv. félmrh. tækifæri til að svara því hann kláraði greinilega ekki mál sitt.

Ég vil spyrja beint að því varðandi sveitarfélög eins og Vesturbyggð sem ég geri ráð fyrir að sé sveitarfélagið sem hann taldi að stæði mjög illa. Er það rétt greining hjá mér að þegar sveitarfélagið Vesturbyggð er búið að borga skuldir sínar eða það sem það þarf að borga, bæði inn í félagslega kerfið og annað, verði afgangur sem dugi fyrir vaxtagreiðslum það sem eftir er af þessu ári en strax á næsta ári byrji sveitarfélagið að safna 30 millj. kr. skuldum vegna fjármagnskostnaðar?

[00:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, ég kláraði kvótann minn í ræðustólnum áðan en ég ætlaði að segja að það er ekki hægt að kenna kvótakerfinu um alla tilflutninga og ég nefni Vestmannaeyjar sem dæmi. Þar hefur fólki fækkað ískyggilega en Vestmanneyingar sitja uppi með 10% af kvóta landsmanna þannig að það er ekki vegna kvótaleysis sem fólki fækkar í Vestmannaeyjum.

Varðandi önnur atriði — um hvað spurði hv. þm.? (**GAK:** Ég spurði hvort það væri rétt greining að Vesturbyggð færi að safna skuldum strax á næsta ári.) Já, einmitt, takk fyrir. Þetta dugir ekki fyrir Vesturbyggð. Það þarf að gera meira fyrir Vesturbyggð en þetta. Þetta er aðeins einn liður í því að koma fjármálum þar í lag. Það hefur að vísu áunnist nokkuð nú þegar undir góðri stjórn bæjarstjórans sem þar er að störfum en það þýðir ekkert að ganga svoleiðis frá að sveitarfélögin lendi strax í vandræðum aftur.

[00:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil á sama hátt og aðrir hafa gert þakka hæstv. félmrh. fyrir að koma í þessa umræðu. En í umræðunni síðast stóð það upp úr að mönnum hugnaðist ekki þessi samtenging á milli lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélaganna og sölunnar á Orkubúi Vestfjarða. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. ráðherra: Nú sér maður að þær tölur eru nokkurn veginn á sléttu sem talið er að borgað verði í yfirverð fyrir orkubúið og þær tölur sem settar eru fram sem vandinn í félagslega íbúðakerfinu. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju að vera með þetta leynimakk og þessa fjallabaksleið? Ef menn eru tilbúnir að borga yfirverð, af hverju þá ekki að ganga hreint til verks og greiða þetta framlag úr ríkissjóði og hafa það óháð öllum bollaleggingum um orkubúið sjálft? Það er miklu hreinlegri aðferð. Menn hafa

talað um yfirverð á bilinu 800–1.000 millj., sumir kannski enn þá meira í þessari sölu þar sem matið á fyrirtækinu er 4,6 milljarðar.

Það kom fram í málflutningi mínum í 1. umr. að það er fyrst og fremst þessi samtenging sem mér finnst í hæsta máta óeðlileg. Við viðurkennum öll þau vandamál sem þarna eru á ferðinni. Þetta er spurning um aðferðir til þess að leysa þau. Ef hæstv. félmrh. í þessu púkki, eins og hann orðar það sjálfur, getur kallað fram yfirverð, hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að kalla fram þá aðstoð á hreinu borði og taka á þessum málum þannig? Það er það sem við báðum um, langflestir sem gagnrýnum þessa aðferð við að breyta um eignarhald á Orkubúi Vestfjarða.

[00:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hugnast ekki samtengingin. Það er auðvitað verið að opna þann möguleika fyrir sveitarfélögin að selja hlut sinn í orkubúinu ef þau svo kjósa til þess að grynnka á skuldunum. Mér finnst þetta ekki óeðlileg aðgerð. Ef hv. þm. væri í miklum skuldum þá kynni vel að vera að honum dytti í hug að selja bílinn sinn til þess að grynnka á skuldunum eða eitthvað annað sem hann ætti í eigu sinni sem hann gæti komið í verð.

Að orkubúið sé með yfirverði, það vil ég ekki fullyrða. Ég held að þetta sé sannvirði og kannski ríflega sannvirði. Það er ekki verið að prútta í þessu tilfelli. Þarna eru virkjunarmöguleikar sem má meta til einhverra fjármuna og orkubúið er töluvert mikil eign. Fyrir liggur mat sem er að vísu miðað við mismunandi forsendur og þetta er ekkert langt frá því sem hæst var metið.

[00:20]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki hægt að fara út í langt mál um þetta en bókfært verð orkubúsins er 3,9 milljarðar þannig að það er þá verið að tala um 700 millj. sem er yfirmat upp í 4,6 milljarða. En málið er að fram hefur komið að mörg önnur sveitarfélög eiga í vandræðum með félagslega íbúðakerfið og þá vilja menn auðvitað sjá heildstæða lausn fyrir landið í heild í þeim pakka. Mér finnst þessi tenging við söluna á orkubúinu í hæsta máta óeðlileg.

Ég virði þá vinnu sem er í gangi í félmrn. varðandi reiknilíkön og módel sem er hægt að nota og er alls ekkert á móti þeirri hugmynd að búa til rekstrarfélög o.s.frv. En þá á að ganga hreint í það mál og því spyr ég aftur hvort hæstv. félmrh. hafi ekki haft afl til þess að fá framlög beint í það verkefni að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins á Vestfjörðum og annars staðar á landinu með sama reiknilíkani en peningum augljóslega innskotið af opinberu fé ríkisins.

[00:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er verið að vinna að heildstæðri lausn, ekki bara á Vestfjörðum, eins og ég er búinn að margtaka fram. Þetta módel getur passað um land allt en sveitarfélögin þurfa með einhverjum hætti að taka þátt í þeirri lausn. Það er verið að skipta vandanum. Ríkið leggur fram hluta til að leysa vandann. Sveitarfélögin verða að gera það líka.

Mér dettur ekki í hug að krefjast þess að ríkissjóður leysi allan vandann eða snari út einhverjum stórkostlegum fjármunum. Þá er ég að tala um milljarða sem vantar í þetta kerfi. Við erum að reyna að vinna okkur út úr þessu. Ég held að tillaga þessarar nefndar sé skynsamleg. Það módel eða reiknilíkan sem sett var upp sé skynsamleg leið út úr þessum vanda fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum og fyrir önnur sveitarfélög sem eiga við hliðstæðan vanda að glíma.

[00:21]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum, 704. mál, svar félmrh., þskj. 1410.

Fjáraukalög 2001, 746. mál, frv. JB o.fl., þskj. 1434.

NMT-farsímakerfið, 716. mál, svar samgrh., þskj. 1416.

Staða Íslands gagnvart rammasamningi um loftslagsbreytingar, 712. mál, svar umhvrh., þskj. 1397.

Starfsemi kaupskrárnefndar, 730. mál, svar utanrrh., þskj. 1409.

Tillaga stjórnvalda um svokallað íslenskt ákvæði Kyotobókunarinnar, 711. mál, svar umhvrh., þskj. 1396.

Umhverfisgjöld, 422. mál, svar umhvrh., þskj. 1415.

[00:22]

Jón Bjarnason (frh.):

Herra forseti. Ég var búinn með fyrsta hluta ræðu minnar þegar umræðunni var frestað en ég held þá áfram í megindráttum þar sem frá var horfið.

Það sem hefur þó gerst nýtt í málinu er að við höfum fengið hæstv. félmrh. að umræðunni, enda óskaði ég eftir því við umræðuna þegar málið var síðast á dagskrá. Það hafði nefnilega komið fram hjá hæstv. iðnrh. að þetta mál tengdist ekkert félmrh. og þau málefni sem hér er verið að vinna að tengdust honum ekki. Þá hafði ég vitnað til allmargra ummæla, orða, blaðaviðtala og bréfa sem sýndu allt annað. Það er því ágætt og mjög gott fyrir þessa umræðu að hæstv. félmrh. skuli koma hér og skýra það að að sjálfsögðu tengist þetta mál, bæði upphaf þess og málatilbúnaður því hvernig sveitarfélögin geta notað eignarhluta sína í Orkubúi Vestfjarða til að standa undir skuldum og skuldbindingum sem þau bera, þau sem eru þannig stödd.

Í ræðu og andsvörum áðan var tæpt á forsögu þessa máls. Meginforsagan er sú að í sveitarfélögunum á Vestfjörðum var uppgangur um tíma og mikil bjartsýni. Þar varð fólksfjölgun og ráðist var í byggingu félagslegra íbúða alveg eins og lög um skyldur sveitarfélaga kveða á um. Þar ríkti mikil bjartsýni.

Hin síðari ár hefur hallað undan af ýmsum ástæðum og má eiginlega segja í hnotskurn að sú stefna og þau markmið Alþingis að halda blómlegri byggð um allt land með sterku atvinnulífi og fjölgun fólks hafi ekki gengið upp hvað þennan landshluta varðar. Því valda að sjálfsögðu ýmsar ástæður, bæði af hálfu stjórnvalda og hugsanlega má einnig rekja einhverjar aðrar félagslegar eða landfræðilegar ástæður þó að ég hyggi að þær séu í miklu minni mæli áhrifavaldar í því hvernig þarna hefur farið.

Félagslega íbúðakerfið var í sjálfu sér hluti af stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum á þeim tíma. Að þeirri stefnumörkun kom ekki aðeins Alþingi, sem samþykkti lögin, heldur var það líka hluti af kjarasáttmála á milli fulltrúa atvinnulífsins og fleiri aðila þannig að það voru ekki sveitarfélögin ein sem þarna áttu hlut að máli. Hins vegar voru lögin samþykkt á þann hátt að fyrsta ábyrgð skyldi vera hjá sveitarfélögunum. Það voru lög sem Alþingi samþykkti. Ég var einmitt að lesa þau lög áðan og kom mér á óvart hvernig Alþingi getur einhliða skuldbundið sveitarfélögin eins og

þar er gerð grein fyrir, að Alþingi einhliða ákveði að sveitarfélögin skulu ein vera ábyrg, þau skulu setja sveitarsjóði sína í pant fyrir þessar lántökur, lán sem eru fjármögnuð á félagslegan hátt og liður í opinberri húsnæðisstefnu.

Herra forseti. Þetta er ósanngjörn leið. Síðan þegar hallar á verða sveitarfélögin sem ekki heldur hafa tök á að ráða stefnu í atvinnumálum, í menntamálum eða í fiskveiðistjórnarmálum að taka á sig þann skell, afleiðingarnar af því þegar illa fer án þess að eiga þar hlut að máli. Það er því á þessum forsendum sem staða margra sveitarfélaga á Vestfjörðum er orðin með þeim hætti að sum þeirra eiga í miklum greiðsluerfiðleikum með lán og geta sum ekki staðið í skilum og eiga einnig erfitt með að standa undir og veita íbúunum eðlilega og nauðsynlega þjónustu. Svona hefur verið um nokkur ár og þessi vandi hefur farið hríðvaxandi hjá sumum sveitarfélögum. Þetta er eins og snjóbolti sem hleður utan á sig og gerir það hratt ef ekki er gripið í taumana.

Að mínu viti hefði Alþingi og framkvæmdarvaldið átt að grípa inn í fyrir löngu og koma í veg fyrir að málið kæmist á þetta stig sem það nú er komið. Það var vitað að byggð og búseta á Vestfjörðum mætti ekki við miklum skakkaföllum hvað varðaði öryggi í rekstri sveitarfélaganna og til að geta veitt íbúunum eðlilega þjónustu. Því bar okkur sú samfélagslega ábyrgð að koma þarna beint að.

Herra forseti. Það er afar ósanngjarnt að nú skuli vera gengið að sveitarfélögunum með þeim hætti að þau séu krafin um þær eignir sem best eru seljanlegar til þess að standa undir þessum greiðsluvanda.

Það er ljóst að þau sveitarfélög sem verst standa hafa ekkert val um ráðstöfun á eignarhlut sínum í Orkubúi Vestfjarða verði það hlutafélagavætt og gefin heimild til að selja það. Það er alveg skýrt og á því leikur enginn vafi. Þau standa frammi fyrir hreinum þvingunaraðgerðum hvað þetta varðar. Mér nægir að minnast á bréf sem ég hef áður lesið. Það var undirritað af fulltrúum þeirra þriggja ráðuneyta sem stóðu að samningagerðinni við sveitarfélögin á Vestfjörðum. Bréfið fjallaði um breytingu á orkubúinu í hlutafélag. Því fylgdi yfirlýsing frá þessum þremur ráðuneytum um hver skilyrðin væru af hálfu ríkisins hvað varðaði verðmat á fyrirtækinu og ef ríkið keypti hlutina, hvert það fé skyldi fara. Það fer því ekkert á milli mála að hér er um þvingunaraðgerðir að ræða.

Sumir vilja orða þetta þannig að þetta séu björgunaraðgerðir. Það má nota hvort orðalagið sem er um það, að bjarga sveitarfélögum með þvingunaraðgerðum eða þvinga þau með björgunaraðgerðum. En þetta er það sem við stöndum frammi fyrir í reynd.

Herra forseti. Það eru ekki margar eignir á Vestfjörðum sem hægt er að ganga að með þessum hætti. Við verðum líka að líta til félagslegrar stöðu Vestfirðinga og þess hugar sem íbúar á Vestfjörðum bera til orkubúsins og þeirra aðgerða sem þarna er verið að þvinga þá til. Þeir hafa litið á orkubúið sem eitt af sínum bestu fyrirtækjum og stolt síns samfélags. Ég greindi frá því fyrr við umræðuna að það væri ekki fyrr en á allra síðustu árum, ekki fyrr en eftir að Ísafjarðarkaupstaður var sameinaður nágrannabyggðum sínum, að farið var að eignfæra orkubúið. Þá kom krafa að sunnan, í kringum sameiningaraðgerðirnar, um að taka út eignarstöðuna. Ástæðan var sú að það fjármagn sem sveitarfélögin áttu að fá til stuðnings, m.a. við sameininguna og til skuldajöfnunar, var bundið eignarstöðu þeirra. Þá var Orkubú Vestfjarða tekið með í útreikning á eignarstöðu sveitarfélaganna en fram til þess hafði Orkubú Vestfjarða ekki verið eignfært. Sveitarfélögin höfðu fram að því fyrst og fremst litið á fyrirtækið sem þjónustufyrirtæki sem væri hluti af þeim sjálfum og sæi þeim fyrir þessari þjónustu.

Það hefur einnig komið fram áður, herra forseti, að raforkuverð, bæði til íbúa og fyrirtækja, á Vestfjörðum er með því lægra sem gerist á landinu, t.d. mun lægra en hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Orkubú Vestfjarða hefur þannig tekið þátt í að styrkja samfélagið á Vestfjörðum með ódýrari orku en víða er annars staðar. Ein af kröfunum sem settar eru fram við hlutafélagavæðingu orkubúsins er sú að nú skuli fyrst og fremst litið á arðsemiskröfuna, arðsemi þess fjár sem bundið er í fyrirtækjunum.

Fyrir nokkrum árum, herra forseti, var Orkubú Vestfjarða ekki einu sinni eignfært heldur hluti af almannaþjónustu allra þessara sveitarfélaga og þannig litið á það. Það er nokkur munur á hvernig farið er, ef við lítum bara afmarkað á hlutafélagavæðingu þessa fyrirtækis annars vegar og hins vegar á hlutafélagavæðingu Hitaveitu Suðurnesja, sem við fjölluðum um fyrr á þinginu. Varðandi breytingar á rekstri Hitaveitu Suðurnesja er sett fram það markmið að ná fram lægra orkuverði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í sveitarfélögunum. Í þessu frv. og umgjörð þess er fyrst af öllu gert ráð fyrir að hækka orkuverðið. Svona hafast menn sitt hvað að og þetta sýnir í hnotskurn hver er hugur þeirra sem að þessu standa, til Vestfirðinga annars vegar og Suðurnesjamanna hins vegar.

Ég verð að segja, herra forseti, að allur aðdragandi málsins, sem skilgreint er sem björgunaraðgerðir, er okkur til vansa. Hann er okkur til vansa í ljósi forsögu þessa máls, og stöðunnar í atvinnulífinu, sem einnig er að stórum hluta af völdum stjórnvalda, áherslna þeirra í byggða- og atvinnumálum. Vestfirðingar, sem búa við einna erfiðust landfræðleg skilyrði hér á landi, eru beittir þvingunaraðgerðum til að bjarga þeim úr stöðu sem þeir eru komnir í. Þeir hafa þó ekki gert annað en að fylgja stefnunni og starfa í samræmi við fyrirheit sem þeim voru gefin. Þeir höfðu ætlað sér að leysa úr vanda sveitunga sinna og taka á málum sínum með bjartsýni á framtíðina.

Herra forseti. Hvort sem um er að ræða Orkubú Vestfjarða eða hitaveitu eða rafveitu annarra sveitarfélaga á landinu þá verða þau fyrirtæki ekki seld nema einu sinni. Eigi slík sala að leysa rekstrarvanda þá vitum að það er bara skammtímavermir, sé það á annað borð einhver vermir. Það þarf að leysa þessi mál á annan hátt.

Herra forseti. Þó að vandinn hjá einstaka sveitarfélögum á Vestfjörðum sé stærstur og snerti okkur dýpst sem stendur þá er ljóst að mörg önnur sveitarfélög víða um land eiga í örðugleikum, þ.e. sveitarfélögin vantar tekjur. Verkefni hafa stöðugt bæst á sveitarfélögin og stöðugt harðnar samkeppnin hjá sveitarfélögunum um að bæta og styrkja þjónustuna. Það er eðlileg krafa um allt land. Því fer þó fjarri að tekjustofnar og tekjuskipting, þó svo gerð hafi verið nokkur leiðrétting á því fyrr í vetur, nægi til að jafna tekjuþörf sveitarfélaganna á móti ríkinu. Það er einnig hluti vandans.

Sá vandi sem hér er fyrst og fremst um að ræða, vegna hins félagslega íbúðakerfis, er aftur á móti hluti af sameiginlegri stefnu okkar í íbúðamálum á sínum tíma, sáttmála sem gerður var og samþykktur með einhliða lagaaðgerð af hálfu Alþingis, að ábyrgð þeirra mála skyldi alfarið falla á sveitarfélögin. Það er ósanngjarnt. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þingmenn okkar, höfum lagt áherslu á það hvað eftir annað í vetur að taka beri á þessum málum

með heildstæðum hætti. Við teljum að efna beri til samstarfs þeirra sem hér bera sameiginlega ábyrgð, ríkis, sveitarfélaga, Íbúðalánasjóðs, Samtaka atvinnulífsins og lífeyrissjóða. Við teljum að þeir eigi að koma sameiginlega að og leysa mál félagslega íbúðakerfisins, ekki síst félagslega eignaríbúðakerfisins, í eitt skipti fyrir öll þannig að þar megi byrja á nýjum grunni.

Þær hugmyndir sem hæstv. félmrh. kynnti áðan að hann væri að vinna að, um að stofna rekstrarfélög, rekstrareiningar um þessar íbúðir víða um land, eru góðra gjalda verðar og geta verið liður í þessari vinnu en komi ekki til fjármagn af hálfu ríkisins beinlínis til að standa við þær aðgerðir þá er það til lítils. Það að ætla að fara um landið og plokka út þessa eign hér og þessa eign þar til að setja inn í þetta púkk er ekki boðleg lausn í þessum málaflokki.

Herra forseti. Það er óþarfi að keppast við að setja lög um Orkubú Vestfjarða og breyta því í hlutafélag. Í sjálfu sér er ekkert sem rekur á eftir í þeim efnum. Ef frá er talinn sá ásetningur að ná fjármagni til að greiða skuldir sveitarfélaganna þá er ekkert sem rekur á eftir því að þetta gerist, ekki neitt. Orkubúið sjálft er ekki í neinum vanda Þetta er vel rekið fyrirtæki sem skilar neytendum sínum góðri þjónustu og engin ástæða til þess að grípa til þeirra aðgerða sem ráðgerðar eru. Auk þess hafa verið lögð fram frumvörp til nýrra raforkulaga sem verða til skoðunar fram á næsta vetur. Þá væri eðlilegt að umgjörð Orkubús Vestfjarða, sem og annarra orkubúa vítt og breitt um landið, væri endurskoðuð með tilliti til nýrrar lagaumgerðar og bíða með breytingar á fyrirtækinu.

Herra forseti. Það er ljóst að taka þarf á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum, ekki hvað síst vegna hins félagslega íbúðakerfis. En hið sama gildir annars staðar á landinu. Eins og hæstv. félmrh. kom inn á er það hugmynd hans, þó að það hafi ekki komist í verk, að ganga á landshlutana lið fyrir lið og reyna, eftir því sem skilja mátti á máli hæstv. ráðherra, að finna eignir hjá sveitarfélögunum til að leggja í þetta púkk, breytilegt eftir því hver staða þeirra er en þannig hafði hann hugsað sér að leysa málið.

Þessu erum við alfarið á móti. Við teljum að svona lagað sé ekki boðlegt heldur sé það skylda ríkisins að ganga þarna hreint til verks, koma myndarlega að því að leysa vanda félagslega íbúðakerfisins og það heildstætt, leggja til þess fjármagn beint úr ríkissjóði en ekki þvinga sveitarfélögin til að selja eignir sínar. Þetta er sameiginlegt mál. Því, herra forseti, við höfum lagt fram á hinu háa Alþingi frv. til fjáraukalaga sem hefur verið dreift í dag. Flutningsmenn þess eru hv. þm. Jón Bjarnason, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson.

Með leyfi forseta ætla ég að kynna þetta frv. sem einmitt sýnir hvernig við viljum að tekið sé á þessu máli og hvað við teljum að Alþingi eigi að gera í stað þess ganga með þvingunaraðgerir, svokallaðar björgunaraðgerðir, að Vestfirðingum og síðan öðrum sem í svipaðri stöðu kunna að lenda með því að taka af þeim eignir til að standa við skuldbindingar. Ég vil með leyfi forseta fá að kynna þetta frv. til fjáraukalaga.

„1. gr.

Við 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist:

8.23 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í greinargerð segir:

„Ljóst er að sveitarfélög víða um land eiga í miklum fjárhagserfiðleikum, ekki hvað síst vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Nú er fjárhagsvandi nokkurra sveitarfélaga á Vestfjörðum orðinn svo mikill að þau eiga í verulegum örðugleikum með að standa við skuldbindingar sínar og jafnframt veita íbúunum lögboðna þjónustu. Þetta ástand er ekki síst að kenna skuldum þeirra við félagslega íbúðakerfið. Auk þess hafa þau orðið fyrir miklum tekjumissi vegna brottflutnings íbúanna.

Til þess að koma til móts við vanda þessara sveitarfélaga hefur verið lagt fram frumvarp til laga um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Ætlunin er að láta einstök sveitarfélög selja hlut sinn í orkubúinu til þess að greiða niður skuld sína við félagslega íbúðakerfið.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru ósammála því að Vestfirðingum verði gert að selja orkubú sitt eða önnur sveitarfélög þvinguð til að selja eignir sínar. Flutningsmenn telja hins vegar brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga, m.a. á Vestfjörðum, sem nú eiga í fjárhagsörðugleikum vegna skuldbindinga sem þeim var gert að taka á sig í tengslum við félagslega íbúðakerfið.“

Herra forseti. Svona á að taka á þessu máli, ekki með þeim hætti að ganga að Vestfirðingum og krefja þá um að hlutafélagavæða fyrirtæki sitt og síðan stilla þeim upp við vegg og segja að nú hafi þeir þarna hlut sem þeir geti selt upp í þessar skuldir og aðra úrlausn fái þeir ekki, a.m.k. ekki fyrr en þeir hafi gengið að þessu.

Herra forseti. Ef litið er á vilja Vestfirðinga þá var gerð þar skoðanakönnun fyrr í vetur sem sýndi að þetta er mikið tilfinningamál hjá Vestfirðingum öllum og sýndi að um 90% af þeim sem þátt tóku í þessari skoðanakönnun, þ.e. níu af hverjum tíu, eru andsnúnir því að orkubúið verði selt til þess að greiða þær skuldir sem þarna hefur verið að tala um. Þátttakan í þessari skoðanakönnun, þó hún væri gerð á tölvuvefnum og sé í sjálfu sér ekki marktækari en aðrar hvað það varðar, sýnir alveg ótvírætt hver vilji Vestfirðinga er í þessu máli.

Því er alveg ljóst að verði Vestfirðingar þvingaðir eða þeim stillt upp við vegg, orkubúið hlutafélagavætt og þeim síðan gert að leggja fram hluti sína til þess að greiða skuldir sínar við félagslega íbúðakerfið eða aðrar brýnar skuldir, sem er skammgóður vermir, þá er ekki nokkur vafi að það mun, herra forseti, rista djúp sár í huga og sál Vestfirðinga. Þeim mun finnast, svipað og við leggjum hér til, að það hefði átt að taka heildstætt á málum þeirra svipað og tekið yrði þá á málum gagnvart öllum landsmönnum, þannig að fjármagn kæmi beint frá ríkisvaldinu til þess að leysa úr þeim brýna vanda sem þeir standa frammi fyrir.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið að sinni en mun síðar koma frekar að öðrum efnisatriðum.

[00:51]

Frsm. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Ég hef áður í umræðunni flutt ítarlega ræðu um afstöðu mína til þessa máls. Ég hef skrifað sem nefndarmaður í iðnn. undir nál. frá minni hluta. Ég vil lesa þetta minnihluaálit sem ég stend fyrir, Árni Steinar Jóhannsson, fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í þessu nefndaráliti segir:

„Að svo stöddu er minni hlutinn andvígur því að Orkubúi Vestfjarða verði breytt í hlutafélag. Af umfjöllun um málið

í þinginu og í nefnd er ljóst að áform um sölu fyrirtækisins með sérstökum samningi við ríkisstjórnina grundvallast á því að söluandvirði þess verði nýtt til þess að greiða niður skuldir sveitarfélaga á Vestfjörðum og þá ekki síst að leysa þann vanda sem til er orðinn vegna félagslega íbúðakerfisins.

Einnig er afar óljóst hvort mat fyrirtækisins upp á 4,6 milljarða kr. er rétt. Í því sambandi má nefna að árið 1999 var eigið fé fyrirtækisins 3.984.424 kr. Þegar til framtíðar er litið er óvissa um verðmæti fyrirtækisins ávísun á dýrari orku, en ljóst er að Rarik áformar að samræma orkuverð á Vestfjörðum almennri gjaldskrá sinni. Þetta þýðir í reynd hækkun orkuverðs fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Með tilliti til þeirra vandamála sem Vestfirðingar standa frammi fyrir hvað varðar búsetumál, skuldastöðu og slæma fjárhagsstöðu sveitarfélaganna telur minni hlutinn að leysa beri fjárhagsvanda sveitarfélaga á Vestfjörðum með beinni þátttöku ríkisins. Að þeirri vinnu lokinni telur minni hlutinn fyllilega koma til greina að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi."

Það hefur komið fram í umræðunni, og er klárt reyndar hér, að brtt. kemur einnig frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni þar sem hann leggur efnislega til að þó svo orkubúinu verði breytt í hlutafélag þá verði ekki heimilt að selja fyrr en árið 2004. Ég skil hann svo að hann vilji freista þess að í millitíðinni, eða hugsar sem svo, að í millitíðinni mundi þessi fjárhagsvandi sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins verða leystur.

Virðulegi forseti. Ég tel að sú tillaga til fjáraukalaga sem við hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson leggjum fram í dag um að leysa vandamál félagslega íbúðakerfisins og fjárhagsvanda sveitarfélaganna almennt með því að skjóta inn peningum beint sé miklu vænlegri leið en sá málatilbúnaður sem hér er vegna þess að það er feluleikur einn ef menn hugsa sér og eru sammála um að ríkið sé að kaupa Orkubú Vestfjarða á yfirverði svo hundruðum millj. skiptir. Hvers vegna ekki að horfast beint í augu við vandann og reiða fram fjármuni úr ríkissjóði til þess að leysa beint það sem við viljum leysa, þ.e. vanda félagslega íbúðakerfisins og hjá sumum sveitarfélögum annan rekstrarvanda og fjárþurrð. Þarna er rangt að málum staðið og við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði getum ekki sætt okkur við að vel rekið fyrirtæki sem hefur þjónað Vestfirðingum um áratuga skeið skuli vera selt með þeim málatilbúnaði sem hér er hafður uppi. Þetta er alröng aðferð. Við eigum að ganga beint að málinu eins og það liggur fyrir og hnýta þetta ekki við uppgjör og lausn á þeim vanda sem þarna er í félagslega íbúðakerfinu.

Svo er það bara þannig, virðulegi forseti, að félagslega íbúðakerfið á í vanda víða um land þó hann sé mestur á Vestfjörðum. Fram kom í máli hæstv. félmrh. að sannarlega eru flestar tómar íbúðir á Vestfjörðum. En víða um land eru sveitarfélögin í vanda með þessar íbúðir þó svo þau hafi komið þeim í leigu af einhverju tagi að hluta til vegna þess að í mörgum tilfellum eru sveitarfélögin að leigja þessar íbúðir án þess að fá fullt verð fyrir eða það verð sem þarf til þess að reka pakkann. Þess vegna er klárt í okkar huga hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við eigum að fara beint í það verk að leysa þau mistök sem gerð voru í sambandi við uppbyggingu í félagslega íbúðakerfinu og leysa það mál sérstætt án þess að spyrða það saman við sölu á eignum vegna þess að sannarlega eru mörg sveitarfélög í vanda af þessu tagi en hafa ekki nokkurn skapaðan hlut til að selja. Gæta verður jafnræðis og það á ekki að stilla mönnum upp við vegg til þess að þeir selji sínar eignir.

Málatilbúnaðurinn, þ.e. salan, leiðir líka af sér að þetta verður aukaskattlagning á Vestfirðinga. Það er alveg berlega sagt í öllum plöggum um þetta mál að kaup ríkisins á orkubúinu mun leiða til þess að gjaldskráin verður samræmd gjaldskrá Rariks þannig að orkuverð á Vestfjörðum mun hækka á bilinu 10–20%. Það verður aukaskattlagning á einstaklinga og á fyrirtæki á Vestfjörðum.

Orkubú Vestfjarða er myndarlegt fyrirtæki. Það er vel rekið. Það hefur gert Vestfirðingum gott og svo sannarlega er þörf á því í þessum fjórðungi að hafa fyrirtæki af þessu tagi, kjölfestu sem er í sameiginlegri eign sveitarfélaganna, og blása til framfarasóknar á grunni svona fyrirtækis vegna þess að sannarlega eru gríðarlegir möguleikar á Vestfjörðum, bæði í stórum og litlum virkjunum og ekki síst kannski í litlum virkjunum sem raforkubændur gætu tengst í framtíðinni og haft tekjur af því að framleiða rafmagn.

Virðulegi forseti. Við höfum lagst gegn þessu máli í nefnd. Við höfum lagst gegn þessu máli af alefli í þingsölum. En staðreyndin er sú að ríkisstjórnarmeirihlutinn er sterkur og við sem erum á móti þessu máli höfum ekki afl til að stoppa það í þinginu. Það er að verða augljóst. Við verðum sennilega að horfast í augu við það. Okkur finnst dapurleg niðurstaða fyrir Vestfirðinga að svona skuli vera komið.

Það liggur alveg ljóst fyrir að allur þorri almennings á Vestfjörðum vill ekki að þessi leið verði farin en það hefur líka komið fram að sveitarstjórnarmenn séu mjög hlynntir þessu máli. Ég vil rétt að það komi fram að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum, þeir sem ég hef talað við, hafa sagt sem svo að þeim sé nauðugur einn kosturinn. Það hafa stjórnmálamenn sagt líka og ég skil vel stöðu sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum. Þegar rekstrarvandinn er svona mikill gefast menn upp. Það er erfitt að standa í þessum rekstri, erfitt að stjórna sveitarfélögunum o.s.frv. En ég tel að við á hinu háa Alþingi, sem er eignaraðili í Orkubúi Vestfjarða á móti sveitarfélögunum, megum ekki fara fram eins og við gerum, þ.e. að pína menn nánast til þess að selja eignir. Ég held, ef menn eru alveg hreinskilnir í þessu máli, að enginn sveitarstjórnarmaður á Vestfjörðum væri tilbúinn að selja orkubúið ef ekki væri sú fjárhagslega neyð hjá sveitarfélögunum sem raun ber vitni. Þetta eru staðreyndir málsins.

Það er ósanngjarnt að knýja fram slíkan málatilbúnað, sérstaklega þegar menn eru í raun og veru að stinga hausnum í sandinn ef um svo hátt yfirverð og yfirmat á fyrirtækjum er að ræða. Hvers vegna má ekki vera með þetta á hreinu borði og setja þessi hundruð milljóna í dæmið á beinan hátt til að leysa þennan vanda fyrir öll sveitarfélögin í einu í staðinn fyrir að hnýta þetta inn í sölu á fyrirtækinu með yfirverði og fá þannig fram þá peninga sem menn þurfa til að leysa þennan bráðavanda?

Virðulegi forseti. Þetta er aðferð sem okkur hugnast ekki. Við höfum marglýst því yfir hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við viljum að fyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða séu í félagslegri eigu. Við teljum að þetta sé eitt af stoðkerfum landsins, þ.e. orkuflutningar og orkudreifing. Þess vegna leggjumst við alfarið gegn því að þetta fyrirtæki verði hlutafélagavætt og síðan selt ríkinu.

Að endingu, virðulegi forseti. Tímasetningin er líka alröng. Í þinginu er núna til 1. umr. frv. um raforkulög og á grunni nýrra raforkulaga er alveg ljóst að það verður ger-

breytt umhverfi í rafmagnsmálum í landinu. Þess vegna er algerlega út í hött að fara í þetta mál núna. Í fyrsta lagi væri hægt að hugsa sér að skoða mál með hlutafélagavæðingu ef menn vildu slík fyrirtæki eftir að ný raforkulög hafa tekið gildi. Það er í fyrsta lagi og það eru nokkrir mánuðir í það. Ný raforkulög verða sennilega ekki samþykkt á hinu háa Alþingi fyrr en undir næstu jól. Hvers vegna er þessi flumbrugangur þegar við horfum fram á að á allra næstu mánuðum erum við að vinna í gerbreyttu landslagi hvað þetta fyrirtæki varðar eins og svo mörg önnur?

Þeir fyrirvarar sem sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum setja varðandi söluna, eins og varðandi stjórn heimamanna, starfsmenn og annað slíkt, hrynja allir eins og spilaborg á grunni nýrra raforkulaga þegar þau koma fram. Málið er því mjög illa grundað. Það kom berlega í ljós með því að hæstv. félmrh. upplýsti við umræðuna fyrr í kvöld að þetta er fyrst og fremst kokkað upp, sett upp til að leysa fjárhagsvandann og þar er stærsta vandamálið bráðavandi í félagslega íbúðakerfinu upp á 400 millj. Það er algerlega óásættanlegt af hálfu okkar að ekki sé tekið beint á slíkum vandamálum án þess að hnýta við sölu á þessu fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég vil að síðustu segja að við munum verða andvíg þessu máli. Við munum greiða atkvæði gegn því að þetta fyrirtæki verði selt og leggja ríka áherslu á að ekki verði farið í það á þeim nótum sem hér er gert.

Ég tel líka að sú tillaga sem við setjum fram í dag, hv. þm. Jón Bjarnason, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og ég, þar sem við gerum tillögu til fjáraukalaga upp á 1 milljarð þar sem verða settir peningar í að taka beint á þessum fjárhagsvanda í gegnum félmrn., sé miklu heppilegri leið, að losa um og gefa hæstv. félmrh. umboð til þess að nota þá fjármuni sem til þarf til að leysa bráðavandann í félagslega íbúðakerfinu og taka allt landið undir, ekki bara Vestfirði. Við leggjum til að á þennan hátt verði losaður 1 milljarður. Það kom fram í máli hæstv. félmrh. í dag að vandinn í kerfinu hefur verið kortlagður. Menn vita hvað þeir eru með í höndunum. Til eru hugmyndir um sérstök rekstrarfélög fyrir þær íbúðir sem eru á lausu í félagslega íbúðakerfinu víða um land þannig að þær yrðu leigðar út því að leigumarkaður er fyrir hendi. Við teljum að fara eigi í þetta mál með beinum framlögum ríkisins til að finna lausn á þeim mistökum sem við gerðum sannarlega í uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins og það gildir ekki bara um Vestfirði.

Virðulegi forseti. Ég hef í fyrri ræðum mínum gert ítarlega grein fyrir sýn okkar á þetta mál og þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um það frekar. En við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum, eins og ég hef áður sagt, greiða atkvæði gegn þessu frv. Við teljum að þetta sé vont mál fyrir Vestfirði og svona eigi ekki að standa að málum. Við erum tilbúnir að leysa bráðavanda sveitarfélaganna með beinum aðgerðum í gegnum félmrn. en ekki að hnýta það í sölu eigna svo sem Orkubús Vestfjarða.

[01:07]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Orkubú Vestfjarða er eins og fram hefur komið í eigu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Það hefur komið til mikillar umræðu núna því að það á að fara að selja þetta orkubú eftir að búið er að stofna um það hlutafélag. Gert er ráð fyrir að ríkið muni svo í kjölfarið kaupa orkubúið á 2,7 milljarða kr.

Einnig hefur komið fram að margir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum leggja ríka áherslu á að þessi sala fari fram til þess að þeir fái fé til að greiða skuldir.

Komið hefur fram að bókanir ráðuneytisstjóra eru til um að kaupi ríkið orkubúið muni það vera háð þeim skilyrðum að fjármunirnir fari til greiðslu skulda vegna hins félagslega íbúðakerfis. Það er skilningur minn á orðum félmrh. að alls ekki muni allir fjármunirnir fara í þetta heldur ákveðinn hluti þeirra og sveitarfélögin muni nota líka peningana til að greiða aðrar skuldir en þær sem eru við Íbúðalánasjóð. *Sveitarfélögin skulda fleirum en Íbúðalánasjóði.*

Hins vegar, þó að ég aðhyllist þessa sölu, vil ég samt taka það fram að það hafa ekki allir sveitarstjórnarmenn verið sammála þessari sölu. Það hefur m.a. komið fram í ágætri grein Bryndísar Friðgeirsdóttur, bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ, sem skrifaði grein í febrúar um þessi mál þar sem hún talar um að þetta sé í raun og veru neyðarsala og skilyrt Vestfjarðaaðstoð. Ef það er rétt er illt í efni. En ég gat ekki skilið betur áðan á hæstv. félmrh. en að sveitarfélögin muni hafa ráðstöfunarrétt yfir fjármununum og þeir eigi ekki að renna í Íbúðalánasjóð eingöngu heldur að sveitarfélögin muni hafa ráðstöfunarrétt yfir stórum hluta teknanna fyrir þessa sölu.

Það má líka spyrja að einu. Ef verðið á orkubúinu er yfirverð eins og sumir vilja vera láta þá má velta því fyrir sér hvort það gæti verið hugsanlegt fyrir sveitarfélögin, herra forseti, að kaupa orkubúið nokkru síðar þegar búið er að bjarga fjárhag sveitarfélaganna. Væntanlega mun ríkið selja orkubúið. Reyndar ber þetta keim af því sem ríkið er að gera núna þegar það er að selja Símann og bankana, kannski til þess að bjarga eigin fjárhag. Kannski er vandamál ríkissjóðs á svipuðum stað eða status ef svo má að orði komast og sumra sveitarfélaga á Vestfjörðum því að ekki eru öll sveitarfélögin á gjörgæslustigi eins og stundum er orðað heldur veit ég t.d. að Tálknafjarðarhreppur er ekkert sérstaklega illa sett sveitarfélag.

Ég mun reyndar ekki greiða því atkvæði en ég skil það að sveitarfélögin vilji selja og margir sveitarstjórnarmenn leggi áherslu á það vegna þess að það er ekkert gamanmál að glíma við allar þessar skuldir og skuldbindingar. En tek það líka fram sem fram hefur komið hjá okkur samfylkingarmönnum að ekki á að hnýta saman skuldir sveitarfélaganna og sölu orkubúsins. Auðvitað mun salan fara fram, hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. hennar eru í meiri hluta, en ég treysti því að salan fari ekki þannig fram eða kaupin á orkubúinu af hálfu ríkisins að sveitarfélögin verði látin greiða upp þær skuldir sem ríkinu einu þóknast. Ég geri ráð fyrir því og reikna með því og trúi ekki öðru og hef ekki ástæðu til annars eftir þeim orðum sem félmrh. sagði að sveitarfélögin hafi eitthvað um það að segja hvað gert verði við þá fjármuni sem fást fyrir orkubúið. Hins vegar held ég að ríkisvaldið verði að átta sig á því að staða byggðanna á Vestfjörðum og annars staðar á landinu er slík að þó að sveitarfélögin fái þessa peninga er ekki búið að bjarga málunum. Ýmsar aðgerðir þurfa að koma til og eitt held ég að sé mjög til íhugunar á þessum dögum fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka ekki þann rétt sem þorskaflahámarksbátar hafa til þess að veiða steinbít og ýsu. Það yrði mikið áfall fyrir byggðirnar.

Við samfylkingarmenn munum sitja hjá í þessu máli og við munum treysta því að salan á orkubúinu frá sveitarfélögunum til ríkisins verði ekki þannig að þau séu gersamlega negld niður við hverja einustu krónu sem þau fá fyrir söluna.

[01:19]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Nú eru um það bil þrjár vikur síðan ég mælti fyrir nefndaráliti iðnn. við 2. umr. um þetta frv. Málið hefur af og til komið á dagskrá síðan en umræðum ekki lokið. Það hefur fengið mjög ítarlega umræðu. Þar sem mér hefur fundist gæta nokkurs misskilnings og missagna við umfjöllun um frv. í þeirri umræðu langar mig að vitna í stuttu máli í þau gögn sem iðnn. bárust og nefndin lagði til grundvallar við afgreiðslu málsins.

Fyrst verð ég þó að taka fram að mér hefur fundist með ólíkindum að hlýða á ræðurnar í kvöld og heyra menn tala um þvingunaraðgerðir ríkisins í garð Vestfirðinga og að ríkið væri að pína Vestfirðinga. Því hefur verið fjálglega lýst hvað ríkið fari illa með heimamenn í þessu máli. Þetta eru gróf öfugmæli eins og sést best á þeim bréfum sem ég mun vitna til og meiri hluti iðnn. lagði til grundvallar í afgreiðslu sinni á málinu.

Í fyrsta lagi vil ég nefna bréf formanns stjórnar Orkubús Vestfjarða, sent sveitarfélögum á Vestfjörðum, dags. 13. okt. 2000, þar sem vísað er til funda viðræðunefndar ríkisins og sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á þessum fundum hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag strax, en ekki bíða nýrra raforkulaga sem eru í smíðum og munu væntanlega kveða á um að öll orkufyrirtæki skuli rekin sem hlutafélög.

Megintilgangur með þessari breytingu nú er að gera núverandi eigendum að Orkubúi Vestfjarða kleift að ráðstafa eignarhlut sínum í fyrirtækinu að vild. Það er skoðun okkar að hér sé einungis verið að breyta félagsformi fyrirtækisins og öll önnur ákvæði laga um Orkubú Vestfjarða muni gilda fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

Eignist ríkið meiri hluta í Orkubúi Vestfjarða muni liggja fyrir yfirlýsingar um að:

1. Stjórn fyrirtækisins verði í höndum heimamanna, a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

2. Starfsmannahald, rekstur og framkvæmdir verði með óbreyttum hætti, a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

3. Gjaldskrá orkubúsins verði aðlöguð að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins í áföngum.

4. Eftir gildistöku nýrra raforkulaga verði horft til þess að efla starfsemi í orkugeiranum á Vestfjörðum fremur en að draga úr henni.

Viðræðunefndin leggur því til að sveitarstjórnin samþykki að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag."

Þetta var bréf viðræðunefndar sveitarfélaganna á Vestfjörðum, sent öllum sveitarstjórnunum á Vestfjörðum 13. okt. 2000. (**Gripið fram í:** Hver undirritar þetta?) Undir þetta ritar fyrir hönd nefndarinnar Þorsteinn Jóhannesson, formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða.

Í öðru lagi vil ég nefna bréf ráðuneytisstjóra iðnrn., félmrn. og fjmrn., dagsett 7. nóv. 2000, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Í viðræðum um sölu orkubúsins hefur af hálfu Vestfirðinga verið lögð áhersla á að á gildistíma orkulaga, nr. 58/1967, verði miðað við eftirfarandi atriði:

1. Orkubú Vestfjarða starfi sem sjálfstæð eining.

2. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða verði aðlöguð gjaldskrá Rarik í áföngum.

3. Engum starfsmanni í Orkubúi Vestfjarða verði sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og kaupa ríkisins á eignarhluta einstakra sveitarfélaga.

4. Að stjórn Orkubús Vestfjarða skipi sem mest heimamenn.

5. Að kauptilboð ríkisins standi óbreytt fram að gildistöku nýrra orkulaga gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki vilja selja hlut sinn í upphafi.

Ríkisvaldið er tilbúið að fallast á ofangreint.

Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða við annað eða önnur orkufyrirtæki eftir gildistöku nýrra raforkulaga mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum."

Undir þetta skrifa fyrir hönd viðræðunefndar ríkisins Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri iðnrn., Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félmrn., og Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjmrn.

Í þriðja lagi vil ég vísa til bréfs viðræðuhóps sveitarfélaganna á Vestfjörðum til félmrn., dags. 4. des. 2000. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt breytingu á félagsformi Orkubús Vestfjarða í hlutafélag.

Á samþykktum sveitarfélaganna má sjá að þau vilja nálgast viðfangsefnið var varkárni. Mun viðræðuhópur Fjórðungssambands Vestfirðinga kynna afstöðu vestfirskra sveitarfélaga á væntanlegum viðræðufundi. Viðræðuhópur Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar þeim yfirlýsingum sem fram komu í bréfum þriggja ráðuneytisstjóra frá 7. nóv. 2000 þar sem lýst er m.a. yfir að ríkisvaldið er tilbúið að fallast á eftirfarandi:

1. Orkubú Vestfjarða starfi sem sjálfstæð eining.

2. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða verði aðlöguð að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins í áföngum.

3. Engum starfsmönnum við Orkubú Vestfjarða verði sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og kaupa ríkisins á eignarhluta einstakra sveitarfélaga.

4. Stjórn Orkubús Vestfjarða skipi sem mest heimamenn.

5. Kauptilboð ríkisins standi óbreytt fram að gildistöku nýrra orkulaga gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki vilja selja hlut sinn í upphafi.

Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða við annað eða önnur orkufyrirtæki eftir gildistöku nýrra raforkulaga mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.

Viðræðuhópurinn leyfir sér því að líta svo á, eftir viðbrögð einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum við bréfi þriggja ráðuneyta frá 7. nóv. sl. og bréfi Berglindar Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá 30. nóv. sl., að allir samningar taki mið af frjálsu samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga komi til kaupa ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða."

Loks segir í bréfi sem viðræðuhópurinn sendi félmrn. 19. des. 2000, m.a., með leyfi forseta:

„Enginn ágreiningur er gerður af hálfu viðræðuhópsins um greiðslu vanskila. Slíkt er sjálfsagt mál. Þá er tekið undir að þau sveitarfélög á Vestfjörðum sem glíma við fjárhagsvanda vinni aðgerðaráætlun í samstarfi við félmrn. um hvernig ráðstafa skuli fjármunum er koma fyrir sölu Orkubús Vestfjarða þannig að þeir nýtist með sem bestum hætti."

Þetta voru tilvitnanir í bréf sem iðnn. hafði við að styðjast í í nefndarstarfinu. Þessi bréfaskipti staðfesta í fyrsta lagi að öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt breytingu á félagsformi Orkubús Vestfjarða í hlutafélag. Í öðru lagi töldu fulltrúar heimamanna rétt að breyta félagsforminu strax en ekki bíða nýrra raforkulaga. Í þriðja lagi er ljóst að fullt samkomulag er milli fulltrúa sveitarfélaganna á Vestfjörðum og fulltrúa ríkisins um réttindi starfsmanna, skipan stjórnar og aðlögun gjaldskrár Orkubús Vestfjarða að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða starfi sem sjálfstæð eining og komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða við önnur orkufyrirtæki skuli hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fara fram á Vestfjörðum.

Með tilliti til þessa víðtæka samkomulags fulltrúa heimamanna og ríkisins og þess að frv. er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga og byggt á samkomulagi allra sveitarfélaga á Vestfjörðum var einhugur um það hjá meiri hluta iðnn. að samþykkja þetta frv. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt við þessa umræðu. Ég tel að við alþingismenn þurfum ekki að hafa vit fyrir heimamönnum í þessum málum.

Nokkuð hefur verið rætt um það við þessa umræðu að andvirði sölu sveitarfélaganna á sínum hlut gangi til greiðslu á vanskilum sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð. Nú hefur mér verið sagt, reyndar kom það fram í máli hæstv. ráðherra fyrr í kvöld, að mörg sveitarfélög á Vestfjörðum séu í skilum við Íbúðalánasjóð og þá hlýtur að koma til álita sú ábending sem hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, setti fram við 1. umr., þ.e. að sveitarfélögin geti notað söluandvirðið til að greiða niður aðrar og óhagstæðari skuldir sínar.

Ég ítreka, herra forseti, að með frv. er ekki verið að taka ákvörðun um sölu heldur skapa aðstæður og lagalegt umhverfi til þess að af sölu geti orðið. Það er svo ákvörðun hvers og eins sveitarfélags hvort það selur sinn hlut eða hefur hann áfram í eigu sinni. Ég vil enn einu sinni minna á að þetta frv. gengur aðeins út á að gera orkubúið að hlutafélagi. Flóknara er það ekki.

[01:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvar hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur verið meðan á þessari umræðu hefur staðið. Túlkun hans á þessum bréfum er alls ekki í samræmi við það sem hér hefur komið fram. Þessi bréf eru hluti af því ferli sem átt hefur sér stað.

Ég minni á viðtal við hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde í Degi 21. október þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er ekkert launungarmál að á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að því að taka sérstaklega á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum, en þau málefni tengjast Orkubúi Vestfjarða og ganga út á að ríkið kaupi hlut sveitarfélaganna í orkubúinu sem mundi verða til þess að þau gætu grynnkað verulega á sínum skuldum."

Ég rakti áður ítarlega fleiri tilvitnanir sem sýndu fram á að þetta er nátengt. Ríkið hefur sett það sem skilyrði til fyrir því að tekið verði á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á Vestfjörðum að orkubúið verði hlutafélagavætt og síðan hafa þeir gert þeim formlegt tilboð um að kaupa hlutina og skilyrt að það kauptilboð gildi aðeins ef andvirðið renni til að greiða skuldir við félagslega íbúðakerfið.

Hv. þm. er ekki í miklum tengslum við það sem er að gerast. En ég kem svo að því frekar í seinna andsvari.

[01:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var frekar undarlegt andsvar fannst mér. Hv. þm. veit ekki hvar ég hef verið staddur í þessari umræðu og telur mig ekki hafa fylgst með málinu. Ég var einungis að vísa í þau gögn sem iðnn. bárust vegna þessa máls frá heimamönnum og ráðuneytunum. Það er alveg út í hött að koma síðan og gefa í skyn að ég sé að fara með rangt mál. Ég sætti mig ekkert við það. Ég held að hv. þm. ætti að lesa ræðuna sem hann flutti í kvöld áður en hann fer að gefa öðrum mönnum einkunnir. Ég ætla ekki að svara henni hér, það er ekki tími til þess, en ég hvet hv. þm. til að fá útskrift af eigin ræðu áður en hann fer að gera lítið úr málflutningi annarra í þessu máli.

Hann segir að tilvitnun í bréf sé ekki í samræmi við það sem fram hefur farið hér. Ég ætla að biðja hv. þm. að fara til iðnn. í fyrramálið og fá ljósrit af öllum þeim bréfum sem nefndinni bárust. Þá sér hann alveg svart á hvítu að frv. er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1999 þar sem óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um kaup á meiri hluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Frv. sjálft er byggt á samkomulagi allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Þetta er það sem við stóðum frammi fyrir í iðnn. Hvað áttum við að gera? Áttum við að fara að hlusta á einhverjar samsæriskenningar út og suður?

Síðan má ítreka einu sinni enn að það er enginn að pína neinn til að selja eins og hér hefur verið haldið fram og hv. þm. hélt fram í ræðu sinni í kvöld. Sveitarfélögin eru frjáls að því hvort þau vilja selja eða ekki. Ég ítreka að ég kann því illa þegar hv. þm. koma með skæting eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerði í minn garð.

[01:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt eins og hv. þm. segir að sveitarfélögin hafa skrifað undir að þau séu reiðubúin til að gangast undir að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Þau bréf sem hann vitnaði til eru alveg hárétt, en þau eru bara hluti af því máli sem þarna fer fram.

Ég vil, herra forseti, vitna í síðasta bréfið, sem var lagt fram um leið og gengið var til undirskrifta, um að sækja um að fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi, með leyfi forseta.

Þetta er staðfesting vegna hugsanlegra kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða, dagsett 7. febrúar, sama dag og skrifað er undir samninginn:

„Með vísan til 9. gr. í samkomulagi sameignarfélags um Orkubú Vestfjarða, dagsett 7. febr. 2001, og til bréfa iðnrh.- og viðskrh., dagsett 7. nóv. 2000, til sveitarfélaga á Vestfjörðum staðfestist hér með að ríkisvaldið muni í kjölfar stofnunar hlutafélags um Orkubú Vestfjarða gera öllum sameigendum sínum í Orkubúi Vestfjarða kauptilboð í eignarhlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða. Í samningum um kaup á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða mun ríkisvaldið ganga út frá að heildarverðmæti í Orkubúi Vestfjarða sé 4,6 milljarðar kr., enda verði söluverðmætinu varið til þess að greiða niður skuldir viðkomandi sveitarfélaga og til lausnar bráðavanda viðkomandi sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu í samræmi við það sem rætt hefur verið."

Ótvírætt er að þetta er samtengt og við höfum hvað eftir annað fengið vitneskju um það á Alþingi. Þau sveitarfélög eru þannig stödd núna að þurfa virkilega á aðstoð að halda og eftir þeirri aðstoð verða þau að leita til ríkisvaldsins,

bæði lögum samkvæmt og einnig vegna hinnar sameiginlegu ábyrgðar. Þess mun verða krafist að þau skili því söluandvirði fyrst til ríkisins til að greiða þessar skuldir áður en frekari aðstoð verður veitt.

[01:35]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kauptilboð er auðvitað ekki sama og kaup eða sala og sveitarfélögunum er í sjálfsvald sett hvort þau vilja ganga að kauptilboði og hvort þau yfir höfuð vilja selja. Þetta frv. gengur eingöngu út á að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Það er ekki flóknara en það.

Það hefur svo sem ekkert upp á sig að vera að munnhöggvast við hv. þm. um þetta. Ég hef enga skoðun á því sjálfur og ekkert vit á því hvort sveitarfélögin eiga að selja þetta fyrirtæki sitt eða ekki. Ég þekki það ekkert. Ég skýri einungis frá þeim staðreyndum sem lágu fyrir okkur iðnaðarnefndarmönnum í nefndarvinnunni og allir iðnaðarnefndarmenn stóðu að nál. að einum undanskildum ef ég man rétt.

[01:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. er m.a. vísað í tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku og jafnframt sagt að ákvörðun hafi verið tekin af sameiginlegu EES-nefndinni í nóvembermánuði 1999 um að samþykkja þessa tilskipun. Hún hafi tekið gildi 1. júlí 2000, en eigi að koma til framkvæmda á tveimur árum. Samkvæmt ákvörðuninni hefur Ísland tvö ár til að leiða ákvæði tilskipunarinnar í íslensk lög, segir, með leyfi forseta, í athugasemdum með frv.

Er svo að skilja að iðnn. leggi þann skilning í tilskipun Evrópusambandsins að þær breytingar sem verið er að gera á Orkubúi Vestfjarða séu nauðsynlegar til þess að uppfylla skilyrði Evrópusambandsins? Samkvæmt skilningi mínum er svo ekki og þess vegna skil ég ekki þessa tilvísun í tilskipun Evrópusambandsins og ákvörðun EES-nefndarinnar í greinargerð með frv. En ég óska eftir skilningi hv. þm. á þessu atriði.

[01:37]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, skilningur minn er sá sami og hv. þm. Ég minni á að iðnn. samdi ekki grg. með þessu frv. Það var gert á öðrum vígstöðvum, væntanlega í iðnrn. Ég hef sömu skoðun og hv. þm. á þessu ákvæði.

[01:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið og ætla ekki að beina annarri spurningu til hv. þm., en vek athygli á því að samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða geri það í senn að framleiða orku og dreifa orkunni. En í tilskipun Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að einmitt þetta verði aðskilið. Það er að sönnu hægt að gera innan sama fyrirtækis, sömu stofnunar, en þá þarf að aðskilja þessa þætti, gera þá að tveimur vel aðgreindum rekstrarþáttum.

Hið sama átti sér reyndar stað í lögunum um Hitaveitu Suðurnesja. Þar er allt í einum graut. En tilskipun Evrópusambandsins gengur þvert á þetta.

Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar.

[01:39]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Guðjón Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Ég minni á það sem ég sagði áðan í ræðu minni að við vitum að ný raforkulög eru í farvatninu. Þau bíða 1. umr. í þinginu. En ég minni aðeins á það sem kom fram í bréfi viðræðunefndar sveitarfélaganna sem hún sendi öllum sveitarstjórnum á Vestfjörðum þar sem niðurstaða nefndarinnar er að rétt væri að breyta félagsformi orkubúsins úr sameignarfélagi í hlutafélag strax en ekki bíða nýrra raforkulaga. Menn vilja því ekki tengja það neitt saman.

[01:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég sagði í umræðum um daginn, ég man ekki hvenær það var, það er dálítið síðan, að ég teldi að það hefði hvergi verið vilji sveitarstjórnarmanna í síðustu kosningum að selja orkubúið og ég minntist þess ekki að það hefði neins staðar verið kynnt fyrir íbúum Vestfjarða að slík staða væri í farvatninu og ég vissi ekki til þess að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hefðu leitað eftir umboði kjósenda sinna til að selja orkubúið. Þeir fundir sem haldnir hafa verið um málið sem ég hef frétt af eða verið viðstaddur hafa allir verið á einn veg, að ekki hefði verið hægt að heyra annað á mæli heimamanna en þeir væru afar andvígir því að selja Orkubú Vestfjarða og frekar látið að því liggja að orkubúið væri eitt af undirstöðufyrirtækjum Vestfjarða sem menn binda miklar vonir við og treysta á sem eina af undirstöðum Vestfjarða fyrir framtíðina. Ég hef sagt að ég hafi ekki orðið var við að það væri áhugamál vestfirskra sveitarstjórnarmanna fyrr en þá alveg nýlega í tímanum að sumir þeirra virðast vera orðnir eindregið þeirrar skoðunar að rétt sé í fyrsta lagi að stofna til hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, sem ég held út af fyrir sig að sé ekkert óeðlilegt að hugleiða, ef ekki fylgdi að það lægi alltaf í loftinu, eins og kom greinilega fram í máli hæstv. félmrh. í kvöld í umræðunni, að þessi hlutafélagavæðing á Orkubúi Vestfjarða er beintengd fjárhagsvanda sveitarfélaganna m.a. í félagslega íbúðakerfinu og mönnum er ætlað að nota verulegar fjárhæðir af því sem e.t.v. fengist út úr sölunni til að greiða niður skuldir. Þetta kom m.a. mjög skýrt fram í orðum hæstv. félmrh. fyrr í kvöld.

Nokkrar efasemdir voru um það hjá mönnum að ég væri að fara með rétt mál þegar ég hélt því fram að sveitarstjórnarmenn hefðu haft mjög lítinn áhuga á því að vinna það verk að losa um eignarbönd á Orkubúi Vestfjarða og selja það þannig að sveitarfélögin á Vestfjörðum misstu talsvert eignarhald og ráð í því fyrirtæki.

Svo skrýtið sem það nú er, hæstv. forseti, mun ég byrja á því, með leyfi forseta, að lesa upp bréf eða réttara sagt skýrslu stjórnarformanns Orkubús Vestfjarða sem heitir Þorsteinn Jóhannesson og er reyndar sami Þorsteinn og hv. þm. Guðjón Guðmundsson, hæstv. forseti sem nú situr í stól, vitnaði í áðan sem rök fyrir því að rétt væri að stofna þetta hlutafélag og í framhaldi af því eins og kom fram í máli félmrh. að menn vildu selja. Með leyfi hæstv. forseta langar mig að vitna í skýrslu stjórnarformanns umræddds sveitarstjórnarmanns, Þorsteins Jóhannessonar frá Ísafirði, sem er fyrrv. forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar en er núna bæjarfulltrúi ef ég man rétt fyrir Sjálfstfl. Þetta skjal er fundarskjal nr. 5 á aðalfundi Orkubús Vestfjarða 28. apríl árið 2000. Ég ætla að grípa niður í skýrslu stjórnarformannsins sem er sá

sami og hv. þm. Guðjón Guðmundsson vitnaði til áðan, en það hljóðar svo:

„Það er ekki neinum blöðum um það að fletta að vestfirskt samfélag á um þessar mundir í vök að verjast. Merki þess sjást alls staðar. Ársreiningar Orkubús Vestfjarða sýna að tekjur af raforkusölu standa í stað milli ára. Ársreikningar sveitarfélaganna bera glöggt merki þessa undanhalds. Tekjur lækka, útgjöld hækka, skuldastaða versnar. Vestfirskum sveitarstjórnarmönnum verður ekki vegna eyðslusemi og ráðdeildarleysis um kennt. Nei, það eru utanaðkomandi þættir sem ráða ekki síður miklu um þetta ástand.

Aðeins eitt smádæmi langar mig að nefna, en það er félagslega íbúðakerfið og innlausnarskylda sveitarfélaganna á íbúðum þess. Án þess að hafa nokkrar tölur á hraðbergi um kostnað sveitarsjóðanna vegna þessarar skyldu þá leyfi ég mér að fullyrða að hann sé orðinn hærri en nokkurn óraði fyrir og hefur þyngt rekstur og skuldastöðu þeirra verulega. Þessi skylda var lögð á herðar sveitarfélaganna án þess að þau gætu nokkru um ráðið og þannig eru mýmörg dæmi. Löggjafarvaldið kveður á um flutning verkefna frá ríki til sveita eða ákveður ný skylduverkefni sveitarfélaga án þess að til komi nýir eða breyttir tekjustofnar.

Mitt í þessum vandræðum virðist sem sumum okkar detti ekki í hug annað ráð betra en að selja Orkubú Vestfjarða og láta þar með af hendi forsjá heimamanna á þessu mikilvæga fyrirtæki sem að mínu mati ætti að geta skipað stóran sess í þróun byggðar og þeirri uppsveiflu sem við öll viljum trúa að sé á næsta leiti.

Það var mikið gæfuspor þeirra stórhuga sveitarstjórnarmanna sem hvöttu til stofnunar Orkubús Vestfjarða fyrir 22 árum að þeir tryggðu fyrirtækinu forsjá heimamanna, tryggðu því rekstrargrundvöll og að öll sveitarfélög afsöluðu sér réttinum til virkjana og nýtingar jarðvarma á landsvæðum sínum til Orkubús Vestfjarða. Er það þetta sem menn vilja, afsala sér eignarrétti sínum í Orkubúi Vestfjarða til þess að leiðrétta skuldastöðu sveitarsjóða um stundarsakir" — um stundarsakir, herra forseti — „og byrja að safna skuldum upp á nýtt?"

Við skulum ekki gleyma því að ég er að lesa úr skýrslu fyrrverandi forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

„Slíkt yrði án óbreyttra tekjustofna óumflýjanlegt.

Gefum okkur að auðlegð okkar Íslendinga samanstandi af fjórum þáttum, þ.e.

1. af landinu sjálfu,
2. fallvötnum og orku í iðrum jarðar,
3. fiskstofnunum í kringum landið,
4. af mannauði.

Það má að vísu um það deila en ég leyfi mér að fullyrða að afleiðingar núgildandi fiskveiðistjórnarlaga hafi á vissan hátt svipt okkur yfirráðum fiskveiða og möguleikum til nýtingar fiskjarins sem við höfðum áður. Það að við getum ekki nýtt okkur þessa auðlind eins og áður hefur að mínu mati átt sinn átt í því að skapa óvissu og óöryggi á landsbyggðinni sem aftur hefur flýtt mikið fyrir flótta íbúa landsbyggðarinnar til höfuðborgarsvæðisins. Á þann hátt tapar landsbyggðin svo fjórða þættinum sem er mannauðurinn og nú vilja einhverjir selja frá sér annan þáttinn sem er nýting fallvatna og orku í iðrum jarðar. Eftir stendur þá landið sjálft sem ekki getur lengur talist til auðlegðar þar sem enginn er eftir til að nýta það. Með slíkri röksemdafærslu liggur beinast við að draga þá ályktun að með þeirri hugmynd að selja Orkubú Vestfjarða sé beinlínis verið að stinga upp á því að leggja niður byggð á Vestfjörðum."

Ég ætla að lesa þessa síðustu setningu aftur, herra forseti. *Mér finnst hún afar merkileg:*

„Með slíkri röksemdafærslu liggur beinast við að draga þá ályktun að með þeirri hugmynd að selja Orkubú Vestfjarða sé beinlínis verið að stinga upp á því að leggja niður byggð á Vestfjörðum. Ef slíkt nær fram að ganga þá er okkur Vestfirðingum brugðið. Hvað skyldu nú frelsishetjurnar góðu halda um okkur?"

Svo segir í þessari skýrslu Þorsteins Jóhannessonar, stjórnarformanns Orkubús Vestfjarða.

Þannig var nú það. Hann segir síðar í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Það verður fullyrt hér að Orkubú Vestfjarða hefur fyllilega staðið undir væntingum.

Á sinn hljóðláta en markvissa hátt hefur það verið framsækið. Vestfirðingar búa við lægra orkuverð en fjöldi annarra landsmanna. Segja má að um 60% húshitunar á þjónustusvæði Orkubús Vestfjarða sé með fjarvarmaveitu. Flutnings- og afhendingaröryggi raforku hefur aukist til muna enda þótt aldrei sé hægt að gera svo öllum líki. En með tilliti til þeirra náttúrufarslegu aðstæðna sem oft ríkja á Vestfjörðum má segja að grettistaki hafi verið lyft. Á þessum árum hefur ekki aðeins tekist að byggja upp fyrirtæki hvers bókfært verð er rúmir 4 milljarðar kr. heldur hefur á sama tíma safnast fyrir mikil tæknibekking og mannauður innan þess. Ýmsar rannsóknir, svo sem á ísingu og ísingarvörnum á háspennulínum hafa skapað þekkingu og reynslu sem menn hafa óvíða annars staðar á hraðbergi. Fyrir hendi er mikil þekking á vatnasvæði Glámuhálendisins sem nú telst til virkjunarkosts númer tvö í hagkvæmnisröð á Íslandi. Forathuganir virkjunar þessa svæðis nálgast lokastig.

Allt eru þetta mikil verðmæti sem ekki eru bókfærð" — það er rétt að taka líka eftir þessu — „í efnahagsreikningi Orkubús Vestfjarða en verður að hafa í huga þegar innra verð fyrirtækisins er skoðað. Þetta staðfestir það sem hér var áður sagt um stofnun Orkubús Vestfjarða sem frá upphafi hefur verið stjórnað af heimamönnum."

Síðan segir í niðurlagi þessarar skýrslu:

„Þetta ber okkur að hafa í huga þegar við tölum um framtíð Orkubús Vestfjarða."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Hér var að tala stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða, sá sami og hæstv. forseti vitnaði til í ræðunni sinni hér á undan. Þegar við lítum til þessarar ræðu, skýrslu sem ég las hér úr — og þar talar bæjarstjórnarmaður á Ísafirði, stjórnarformaður orkubúsins — þá er ekki nema von að Vestfirðingum sé brugðið þegar nú rúmu ári síðar virðist það vera orðið aðalhlutverk sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum að koma orkubúinu yfir í hlutafélagsform með alveg sérstökum áhuga til þess að selja það. Þegar maður lítur til þeirra sinnaskipta hlýtur maður að draga þá ályktun að mönnum hafi verið stillt upp við vegg, settir í ákveðna stöðu sem þeir eiga illt með að komast undan því engin önnur skýring er á afstöðubreytingu stjórnarformanns fyrirtækisins á 12 mánaða fresti, frá því þegar hann gerir Vestfirðingum grein fyrir því á aðalfundi félagsins fyrir rúmu ári síðan hver staða fyrirtækisins væri og hvaða framtíð hann sæi í fyrirtækinu fyrir hönd Vestfirðinga og að menn byndu miklar vonir við Orkubú Vestfjarða til stuðnings vestfirskum byggðum og framtíðaruppbyggingu undir stjórn heimamanna og að eignarhaldið á fyrirtækinu væri

Vestfirðingum mikils virði. Fyrir mitt leyti get ég ekki dregið aðra ályktun af því sem hefur síðan gerst og hvernig þessi málatilbúnaður allur er, eins og svo greinilega kom fram í máli hæstv. félmrh. í kvöld, en að mönnum hafi verið stillt upp við vegg í þessu máli, að vestfirskir sveitarstjórnarmenn sjái nú aðeins þessa leið vegna þess að þeim hafi verið neitað um aðra möguleika til að takast á við þann vanda sem hefur vissulega fylgt því sem stjórnarformaðurinn nefndi í ræðu sinni og rétt er að vekja athygli á, þ.e. að hann tekur hér mjög skýrt til orða og fullyrðir að núgildandi fiskveiðistjórnarlög hafi á vissan hátt svipt Vestfirðiga yfirráðum yfir fiskveiðum og nýtingu fiskjarins með sama hætti og áður var. Þetta er alveg hárrétt hjá Þorsteini Jóhannessyni.

Nöturlegt er til þess að vita að við skulum bæði vera að ræða um að selja orkubúið og einnig um að sérstaklega skuli kvótasetja þessa smábáta sem þó hafa bjargað því sem bjargað hefur verið í vestfirskum byggðum og það verði sem sagt næsta verk sem pöntunarfélagið LÍÚ fær í gegn á Alþingi að koma í veg fyrir að hér lagfæri menn löggjöf sem er óréttlát, ósanngjörn og vegur að fólkinu í landinu, vegur beinlínis að tilveru þess.

Herra forseti. Ég held að rétt sé að draga fram meira úr þessari skýrslu Orkubús Vestfjarða, frá aðalfundi fyrir ári síðan og fá að vitna í skýrslu orkubússtjórans, Kristjáns Haraldssonar, á fundinum 28. apríl árið 2000, fyrir rétt rúmu ári síðan. Ég held að við höfum öll gott af því að heyra þá kafla sem ég ætla að fá að lesa til þess að átta okkur á því að hvorki menn sem eru beinlínis í rekstri orkubúsins né sveitarsstjórnarmenn sem voru stjórnarformenn orkufyrirtækisins hafi haft þá skoðun að það þjónaði hagsmunum Vestfirðinga að selja fyrirtækið. Hef ég nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Árið 2000 er runnið upp", segir í þessari skýrslu. „Svo sem kunnugt er höfðu menn nokkrar áhyggjur af því hvort tölvur og ýmis stýrikerfi mundu starfa rétt þegar þetta nýja ár gengi í garð. Orkubú Vestfjarða skipaði sér í hóp fjölmargra fyrirtækja þar sem farið var yfir allan tölvubúnað og kannað hvernig hann brygðist við á þessu nýja ártali. Að lokinni þessari athugun, aðgerðum og nauðsynlegum breytingum var það álit stjórnenda orkubúsins að fyrirtækinu stafaði mun meiri hætta af illviðri og hamförum náttúruaflanna en því að stjórnkerfi þess brygðust. Eftir á að hyggja reyndist það mat rétt.

Stjórnskipuð nefnd hefur nú skilað áliti sínu til iðnrh.", segir svo hér, „þar sem lagt er til að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki er sjái um meginflutning raforku í landinu. Jafnframt er í burðarliðnum nýtt frv. til raforkulaga þar sem horfið verður frá ríkjandi leyfis- og haftastefnu og komið á samkeppni á sviði orkuvinnslu og orkusölu en meginflutningur og dreifing orkunnar verður þó áfram háð einkaleyfisvernd eðli málsins samkvæmt. Orkufyrirtækjum verður breytt í hlutafélög og öll fríðindi þeirra og sérlög afnumin og verði þeim gert skylt að greiða skatta af hagnaði sínum á sama hátt og öðrum hlutafélögum. Þetta hefur í för með sér að orkufyrirtækjum verður heimilt að taka þátt í athafnalífinu." Takið eftir þessum kafla: „Þetta hefur í för með sér að orkufyrirtækjum verður heimilt að taka þátt í athafnalífinu. Utan orkugeirans grípa þau tækifærin sem þar kunna að gefast. Með þetta í huga eiga eigendur Orkubús Vestfjarða að leita allra leiða til að styrkja fyrirtækið þannig að það geti virkjað á Vestfjörðum og aukið hlut sinn í raforkuvinnslu landsins jafnframt því að taka fullan þátt í vestfirsku athafnalífi og á þann hátt skjóta enn frekari stoðum undir vestfirskar byggðir."

Ég er að lesa, herra forseti, úr skýrslu Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra frá því 28. apríl árið 2000, fyrir réttu ári, um sýn hans á það hvernig orkubúið ætti að þróast. Áður var ég búinn að vitna í stjórnarformann orkubúsins sem er jafnframt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Við skulum aðeins staldra hérna við.

Þegar þau orð eru skoðuð sem ég var að lesa upp áðan er þá nema von að Vestfirðingar hafi vonað að við hefðum von og bjartsýni í því að eiga og geta notað orkubúið til uppbyggingar á Vestfjörðum? Ekki er hægt að segja að þeir sem ég hef verið að vitna í hafi verið einhverjir óþekktir draumóramenn. Nei, hér var að tala reyndur sveitarstjórnarmaður og forstjóri fyrirtækisins. Það er eitthvað annað en ég sé að vitna í einhverja menn sem hafi ekki bæði þekkingu til að vita hvað mögulegt væri með orkubúið því að við hljótum að telja að Kristján Haraldsson, sem hefur stjórnað því í mörg ár með miklum sóma, hafi þekkingu til að bera og að stjórnarformaðurinn hafi líka yfirsýn yfir fyrirtækið. Ekki er nema von að Vestfirðingar hafi myndað sér þá skoðun á Orkubúi Vestfjarða að í því væri mikil eign og mikil framtíð í því að hafa þessa undirstöðu í fjórðungnum og geta byggt á henni til nokkurrar framtíðar og hafa að sjálfsögðu eignarhald á henni til þess að geta notað orkubúið vestfirskum byggðum til hagsbóta.

Síðan er rakið í skýrslu forstjóra orkubúsins hvaða virkjunarþætti orkubúið hafi staðið fyrir: rannsóknum á jarðhitakerfum, virkjunarrannsóknum á Glámuhálendinu og fleiri atriði, styrkingar á línum og öðru slíku og að hverju hefur verið unnið við að lagfæra línur þannig að þær stæðust illviðriskafla og færa til eða breyta línustæðum. Til þessa hefur verið varið á síðasta starfsárinu, sem þessi skýrsla er fyrir, 265 millj. Fyrirtækið hefur því virkilega verið að tryggja rekstrarstöðu sína og fjárfesta í eignum.

En eigum við ekki aðeins að skoða, úr því að við erum að ræða frv. um Orkubú Vestfjarða, hvernig fyrirtækið hefur þá verið að undirbúa framtíð sína. Ég vitna áfram í skýrslu orkubússtjóra, en þar segir, með leyfi forseta:

„Á sl. ári jók Orkubú Vestfjarða enn verulega framlög til rannsókna á möguleikum til frekari orkuöflunar á Vestfjörðum, bæði hvað varðar vatnsafl og jarðhita. Áfram var unnið að öflun grundvallarupplýsinga um vatnsrennsli á Glámuhálendinu og eru vonir bundnar við að eftir um það bil eitt ár liggi fyrir nægar upplýsingar til að unnt verði að taka ákvörðun um Glámuvirkjun." — Eftir um það bil eitt ár.

Þetta var sagt fyrir ári. Miðað við þessa framsetningu ættu þær upplýsingar að liggja nú fyrir og verða vonandi kynntar á aðalfundi í vor. „Orkubú Vestfjarða hefur gert samstarfssamning við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða um kynningu á Vestfjörðum meðal erlendra fjárfesta með það að markmiði að finna aðila sem gætu fullnýtt framleiðslugetu virkjunarinnar. Á sl. ári var unnin athugun á lítilli virkjun, 4 MW, sem nýst gæti á vatnasviði Helluvatns og fleiri smávatna upp af Vatnsfirði og benda líkur til þess að þar sé um hagkvæma virkjun að ræða. Á þessu ári og því næsta verður unnið að endurnýjun og hækkun á stíflu í Þiðriksvallavatni og endurnýjun trépípu og vélbúnaðar í Þverárvirkjun. Áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir nemur um 200 millj. kr.

Á sl. ári lét Orkubú Vestfjarða bora um 1.050 m djúpa holu við Bræðratungu í Tungudal. Holan er staðsett og boruð í framhaldi af markvissri jarðhitaleit í næsta nágrenni Ísafjarðar."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að fyrirtækið Orkubú Vestfjarða er með framsækna sýn á hvernig það geti stuðlað að byggð og uppbyggingu á Vestfjörðum. Það liggur alveg fyrir að fyrirtækið telur það hlutverk sitt að vera tilbúið með orkukosti sem hægt er að virkja og jafnframt að stunda rannsóknir og endurbyggja eldri virkjanir.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Allar þær aðgerðir og athuganir sem getið er að framan hafa það að meginmarkmiði að stækka orkuöflunarkost Orkubús Vestfjarða. Það er reyndar umhugsunar- og áhyggjuefni að Landsvirkjun sem hefur aðgang að hagkvæmustu og bestu virkjunarkostum landsins og er með yfir 90% markaðshlutdeild í orkuvinnslunni skuli haga verðlagningarstefnu sinni þannig að þeir sem eiga þess nokkurn kost vilja ólmir virkja sjálfir og telja það mun hagkvæmara en *eiga viðskipti við Landsvirkjun.*"

Hvað þýðir þetta, herra forseti? Að öllum líkindum að Landsvirkjun situr að öllum samningum við stórkaupendur að raforku. Öðrum er ekki ætlað þar mikið rými. Þess vegna er það, herra forseti, að í ljósi nýrra orkulaga hef ég bent á þann kost að e.t.v. væri eðlilegt að kanna hvort ekki sé hægt að framleiða og selja raforku frá Vestfjörðum, t.d. til Norðuráls í Hvalfirði, en þar mun vanta orku eins og hefur komið fram bæði í fjölmiðlum og í viðtölum við hæstv. iðnrh. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér hvort ekki megi snúa þeirri hugsun við að í stað þess að flytja orku til Vestfjarða megi flytja orku eftir vesturlínu til suðurs, að sjálfsögðu að því gefnu, herra forseti, að virkjað væri á Vestfjörðum og nýttir þeir kostir sem þar hafa verið rannsakðir og eru í boði en að því gefnu að einhverjir fengjust til að koma að því verki. Ekki væri beinlínis verið að hugsa um að leggja niður Orkubú Vestfjarða í eignarhaldi Vestfirðinga, hugsunin snerist öll um að koma því í hlutafélagsform til þess að selja það, heldur væri hugsunin sú að Vestfirðingar héldu eign sinni og síðan væri reynt að nýta þá kosti sem í orkubúinu felast. Það er greinilega draumsýn þessara manna, forstjóra orkubúsins, orkubússtjórans Kristjáns Haraldssonar, og stjórnarformannsins Þorsteins Jóhannessonar. Það liggur alveg fyrir, herra forseti, að menn á Vestfjörðum hafa haft þessa draumsýn ef draumsýn skyldi kalla. Ég tel að hún sé raunhæf, hins vegar vanti að ýta undir það og líta svo á að slíkir kostir séu raunhæfir — ég tel að þeir séu það — og að menn hugsi þá í aðra átt en þá að aðeins sé verið að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag til þess að gera sveitarstjórnarmönnum kleift að selja eign sína til þess að setja af stað hringferð peninganna upp í skuldagreiðslur sem hafa m.a. stafað af félagslega íbúðakerfinu eins og kom greinilega fram í kvöld í máli hæstv. félmrh.

Auðvitað er orkubúið Vestfirðingum mikils virði eins og það er. Það framleiðir orku, það flytur orku, það selur orku. Í skýrslu orkubússtjóra segir einnig, með leyfi forseta:

„Raunverð orku hefur aldrei verið lægra á Vestfjörðum allt frá stofnun orkubúsins og samanburður við orkuverð annarra orkuveitna sýnir að orkubúið hefur verið trútt því markmiði sínu að vinna að lækkun orkuverðs á Vestfjörðum. Til samanburðar á orkuverðinu ætla ég að greina frá verði á þremur töxtum á nokkrum orkuveitum eins og það er nú. Ekki hafa orðið verulegar breytingar á gjaldskrá fyrirtækjanna að undanskildum auknum niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði um sl. áramót", segir í þessari skýrslu fyrir um ári. Þar kemur í ljós að í almennum taxta er orkubúið staðsett mitt á milli þessra fimm samanburðarkosta. Rafveita Akureyrar er lægst á almennum taxta, Orkuveita Reykjavíkur er þar næst og síðan kemur Orkubú Vestfjarða. Þar fyrir ofan eru Rafmagnsveitur ríkisins og Hitaveita Suðurnesja sem er hæst. Við verð á hitun íbúðarhúsnæðis er orkubúið einnig í miðjunni. Orkuveita Reykavíkur er lægri og Hitaveita Suðurnesja er lægri. Síðan kemur orkubúið. Þar fyrir ofan eru Rafmagnsveitur ríkisins og síðan náttúrlega olíuhitun. Í afltaxta er orkubúið einnig í miðjunni og með lægri taxta eru Rafveita Akureyrar og Orkuveita Reykjavíkur. Það sést því alveg að þegar Orkubú Vestfjarða er borið saman við Rafmagnsveitur ríkisins kemur í ljós að almennur taxti Rariks er 17,1% hærri. Verð Rariks á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis er 10,5% hærra og afltaxti Rariks er 21% hærri. Gjaldskrár þessara fyrirtækja voru hliðstæðar og nánast allar þær sömu allt til ársins 1990 en þá tók að draga í sundur.

Þessi árangur sem náðst hefur er verulegur og hefur skilað Vestfirðingum um 850 millj. kr. í lækkuðu orkuverði miðað við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Það má því segja með tilvísun til þessarar staðreyndar að orkubúið skili arðinum af rekstrinum beint til almennra orkukaupenda.

„*Ef við berum okkur saman*" segir hér í skýrslunni „við íbúa Reykjavíkur kemur í ljós að verð á heimilisrafmagni er 2,1% hærra á Vestfjörðum og orka til upphitunar á íbúðarhúsnæði 25% dýrari hjá Orkubúi Vestfjarða en Orkuveitu Reykjavíkur miðað við að öll orka njóti niðurgreiðslu. Afltaxti orkubúsins er hins vegar með þeim *lægstu á landinu*, 8,6% lægri en í Reykjavík og það er sá taxti sem aðalatvinnuvegur okkar, fiskvinnslan, kaupir orku samkvæmt."

Í skýrslunni segir síðan frá starfsmannahaldi en hjá fyrirtækinu á árinu á undan höfðu starfað 53 menn. Og nokkurn veginn í niðurlagi þess sem ég ætla að vitna til segir, með leyfi forseta:

„Þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað 1977 má segja að umbrot hafi átt sér stað á íslenskum orkumarkaði. Ekki voru allir sáttir við þetta brölt og gerðu allt hvað þeir gátu til að leggja stein í götu þessa nýja fyrirtækis og spáðu því ekki langra lífdaga. En aðrir bundu miklar vonir við að stofnun orkubúsins væri aðeins byrjunin á mikilli uppstokkun á orkumarkaði hér á landi. Hvorugt gekk þó eftir. Það voru ekki stofnuð fleiri landshlutafyrirtæki til að sinna orkumálum sinna byggða en orkubúið, en það tók til starfa á einu erfiðasta rekstrarsvæði Rariks og lifði af þrátt fyrir hrakspár og ýmsa erfiðleika.

Orkubúið hefur sinnt sporgönguhlutverki í mörgum málum tengdum orkufyrirtækjum og má þar m.a. nefna að orkubúið er fyrsta og eina landshlutafyrirtækið hvað svo sem verður. Orkubúið setti á stofn fyrstu rafkynntu hitaveituna. Hitaveiturnar eru stór þáttur í góðri stöðu fyrirtækisins. Orkubúið hóf fyrst samrekstur hitaveitu og rafveitu. Þetta hefur orðið raunin um allt land. Nú eru einungis starfandi tvær hreinar rafveitur.

Orkubúið var fyrst orkuvinnslufyrirtækja að afskrifa vatnsaflsvirkjanir á 60 árum. Skömmu síðar fylgdi Landsvirkjun í kjölfarið. Orkubúið var fyrst allra orkufyrirtækja landsins til að fá innra öryggisstjórnunarkerfi sitt samþykkt af Löggildingarstofu."

Síðan segir: „Nokkur umræða hefur verið að undanförnu um hvernig eignaraðild að orkubúinu eigi að vera háttað, þ.e. hvort ríkið eigi að eignast hlut sveitarfélaganna í orkubúinu eða þá *sveitarfélögin leysi til sín hlut ríkisins*. Upphafs þessarar umræðu er að leita hjá skuldsettum sveitarsjóðum en forráðamenn þeirra sáu þarna möguleika á að bæta stöðu

sjóðanna með sölu á eignarhlut sínum í Orkubúi Vestfjarða. Ekki er þekkt hvaða mat ríkið leggur á Orkubú Vestfjarða. Þó hefur heyrst hjá félmrh. að það gætu verið 3,5 milljarðar kr. Hins vegar er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað kynni að gerast ef ríkið eignaðist hlut sveitarfélaganna í orkubúinu. Hins vegar ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað kynni að gerast ef ríkið eignaðist hlut sveitarfélaganna í orkubúinu."

Nú kemur upptalningin, herra forseti, og hún er merkileg:

„Orkubúið yrði hluti af Rarik.

Forræði yfir orkumálum fjórðungsins flyttist úr héraðinu.

Störfum á Vestfjörðum fækkaði, störf sem nú eru unnin hér flyttust burtu og útsvarstekjur sveitarfélaganna lækkuðu.

Orkuverð til stærri fyrirtækja hækkaði um 21%.

Orkuverð til smærri fyrirtækja og heimila hækkaði um 17,1%.

Umsvif í héraði minnka, minni áhugi, forræðið farið.

Fjármunir hverfa úr héraði, lánastofnanir í héraði munu ekki gæta þeirra.

Þetta er ekki glæsileg mynd sem ég hef dregið" segir síðan áfram í skýrslunni, „hér á undan og gangi þetta eftir er það vart til þess fallið að efla byggð á Vestfjörðum."

Þetta eru orð Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra í Ísafjarðarbæ.

„En hvað er þá til ráða?" spyr orkubússtjórinn. „Svo sem ég gat um í upphafi máls míns eru miklir umbrotatímar fram undan hjá orkufyrirtækjunum. Breytingar á umhverfi fyrirtækjanna liggja handan við næsta horn og ljóst að ekki verður snúið til baka. Það er unnið að því að koma á virkri samkeppni í orkuvinnslu og orkusölu og er einn hluti á þeirri leið sá að orkufyrirtækin setji sér arðsemismarkmið."

„Góðir fundarmenn" segir hann, „við getum ekki mikið lengur litið fram hjá þeirri staðreynd að framtíðin gerir kröfu til Orkubús Vestfjarða að fyrirtækið setji sér arðsemismarkmið og skili arði af rekstri sínum. Þetta þýðir að öllu óbreyttu að nauðsynlegt verður að hækka gjaldskrár fyrirtækisins til þess að mæta arðsemiskröfunni."

Síðan segir hann í niðurlagi ræðu sinnar eða skýrslu:

„Ég tel því ástæðu til að ítreka enn þá skoðum mína að vestfirskir sveitarstjórnarmenn eigi að leita allra leiða til að eignast hlut ríkisins í Orkubúi Vestfjarða" — ekki öfugt eins og við erum hérna að ræða í þessu frv. — „og halda þannig arðinum af rekstri fyrirtækisins áfram heima í héraði. Gott væri ef fulltrúar eigenda reifuðu skoðanir sínar hér á þessum aðalfundi um hvernig þeir telja eignaraðild að orkubúnu best komið þegar litið er til framtíðar."

Sjálfur er orkubússtjóri búinn að lýsa því mjög stíft hvað hann telur að þjóni hagsmunum Vestfirðinga til framtíðar varðandi orkubúið.

Herra forseti. Það sem ég hef vitnað í eru orð annars vegar forustumanns í sveitarstjórnarmálum í Ísafjarðarbæ og hins vegar orð orkubússtjóra Kristjáns Haraldssonar. Er nú nema von að menn spyrji og er nema von að Vestfirðingar spyrji: Hvernig stendur á því, hæstv. forseti, að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum virðast hafa tekið þá ákvörðun að í fyrsta lagi breyta orkubúinu í hlutafélag, sem er út af fyrir sig kannski ekki óeðlilegur hlutur þrátt fyrir þau orð sem ég hef vitnað til sem eru ársgömul, þá skuli það jafnframt liggja fyrir að það sé aðalmarkmið þeirra að selja burt þessa framtíðarsýn sem menn voru að lýsa í skýrslunni áðan sem ég var að lesa og þetta er ársgömul skýrsla, skýrsla síðasta aðalfundar. Og það voru engir aukvisar sem fluttu þau orð sem ég vitnaði til. Er þá nema von að Vestfirðingum sem hefur verið tjáð það fyrir örfáum mánuðum síðan að mikil og góð eign væri í Orkubúi Vestfjarða, eign sem gæti orðið til þess að styrkja byggð á Vestfjörðum sem eigi veitir af eins og að henni hefur verið vegið á ýmsan hátt. Þess vegna er það auðvitað þannig að heimamenn á Vestfjörðum eru andvígir þessari sölu, þeir eru andvígir þeim afarkostum sem þeim hafa verið settir í þessum efnum. Þeir hafa horft til þess að Orkubú Vestfjarða væri m.a. kostur í því að efla byggð og atvinnuástand á Vestfjörðum en ekki öfugt. Ekki að þar væri dregið úr, heimamenn misstu forræðið eða störfum fækkaði.

Ég held, herra forseti, að menn verði að skoða stöðu Vestfjarða frá mörgum hliðum. Staða Vestfjarða hefur oft verið rædd út frá sjávarútvegi og hvaða afleiðing kvótakerfið hefur haft á byggðir Vestfirðinga og tekjur sveitarfélaganna ekki síst og fjölda þeirra íbúa sem hafa verið þar í leiguíbúðunum, m.a. í félagslega íbúðakerfinu. Í nýlegri skýrslu Byggðastofnunar um atvinnuástand og tilflutning kvóta af Vestfjörðum hefur komið í ljós að menn hafa dregið þá ályktun, sem ég tel að sé rétt, að beint samband sé á milli tilflutnings á aflaheimildum í aflamarkskerfinu og þess hvað störfum og íbúum hefur fækkað á Vestfjörðum. Menn hafa verið að reyna að ná viðspyrnu í sjávarútveginum með því að koma sér fyrir í smábátakerfinu. Hvað ætlar ríkisstjórnin sér fyrir í því? Jú, það á sennilega að fara eftir pöntun lagapöntunarfélagsins og sjá til þess að örugglega verði höggvið á framtíð manna í sjávarbyggðum við landið eina ferðina enn með því að þröngva kvóta yfir þá sem ekki vilja fá kvóta í fisktegundum.

En það er ekki eina ástæðan fyrir því að fólki hefur fækkað á landsbyggðinni. Hæstv. félmrh. sagði fyrr í kvöld að fólki fækkaði líka í Norðurl. v., í kjördæmi hans. Það er auðvitað ýmislegt að gerast hér á landi sem er neikvætt fyrir byggðir landsins og þarf ekki nema líta til þess t.d. hvað fólki fækkar í hinu nýja Norðvesturkjördæmi og hvað ærgildum í landbúnaði er að fækka. Það er einn stór þáttur í byggðaröskuninni. En ærgildum í nýja Norðvesturkjördæminu sem nær frá Borgarfirði austur um að Siglufirði mun fækka um 186 þúsund, hvorki meira né minna. Og af öllum niðurskurði á landinu er fækkunin í þessu kjördæmi 48% af öllum þeim niðurskurði sem orðið hefur eftir að uppkaupin komu inn í nýja búvörusamninginn. Þar af eru í Strandasýslu, Vestfjörðum og Dalasýslu 15,5%. Allt hefur þetta áhrif á atvinnuástandið í fjórðungnum og ekki er á það bætandi að standa þannig að málum að verið sé að ganga þannig að sveitarstjórnum varðandi skuldir sem myndast hafa vegna atvinnustefnunnar í landinu með þeim hætti að selja og gera þeim nánast skylt að selja eignarhluti sína í Orkubúi Vestfjarða. Það er ekki til þess að styrkja byggð í landinu.

Flestir og nánast allir Vestfirðingar sem ég hef heyrt í — hinir sem vilja selja tala kannski ekki við mig — líta svo á að þetta sé slæmur kostur sem Vestfirðingum býðst. Ég er sammála því að þessi uppsetning á málinu er slæmur kostur, herra forseti. Hún ýtir ekki undir bjartsýni á Vestfjörðum. Ég hef því varpað því fram hvort ekki sé hægt að snúa þessari hugsun við þannig að ríkið mundi að selja sinn hlut. Þeir fjármunir gætu runnið til uppbyggingar á Vestfjörðum, alla vega að hluta til eða þá ríkið ætti áfram sinn hlut og reynt yrði að finna fyrirtæki sem vildi m.a. eignast hlut í vestfirska fyrirtækinu Orkubúi Vestfjarða. Ríkið gæti t.d. selt hálfan hlut sinn. Það væri betur í samræmi við það sem við höfum

verið að gera á Alþingi í vetur, t.d. varðandi Hitaveitu Suðurnesja og orkuöflun þess fyrirtækis. Þar vorum við að selja hlut ríkisins. Í Kísiliðjunni vorum við að selja hlut ríkisins. Þá fjármuni átti að nota heima í héraði til uppbyggingar.

Menn hafa verið að vitna í þau bréf sem gengið hafa á milli manna út af þessu orkubúsmáli. Hæstv. félmrh. ræddi fyrr í kvöld um þær upphæðir sem hann teldi að sveitarfélögin hvert og eitt fengju út úr því að selja hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða. Hann talaði t.d. um að Vesturbyggð, það sveitarfélag sem á sennilega í hvað mestum erfiðleikum á Vestfjörðum, fengi um 400 millj. út úr þessu dæmi. Ég tel mig hafa nokkuð áreiðanlegar upplýsingar um að þó að sveitarfélagið Vesturbyggð fái þessar 400 millj. þá verði það samt í mjög erfiðri stöðu og að óbreyttu muni það byrja að safna skuldum á nýjan leik, strax á næsta ári.

Ég vek athygli á því að þó að í öllum þessum bréfaskiptum hafi m.a. sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum lýst hvað þeim fyndist eiga að gera og sent um það sérstakt minnisbréf til fulltrúa ríkisins þá hef ég ekki séð að ríkið hafi samþykkt viss atriði sem talin eru upp í þessu minnisbréfi. Í einu minnisbréfinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef til sölu á eignarhlut sveitarfélaganna kemur mun hvert og eitt sveitarfélag ráðstafa andvirðinu með sem hagkvæmustum hætti til að lækka skuldabyrði sína og blása þannig til nýrrar sóknar á öllum sviðum svo það geti enn betur sinnt skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins og gert það að eftirsóknarverðum búsetukosti."

Þarna eru sveitarstjórnarmenn að lýsa því hvað þeir vilji gera fái þeir þessa fjármuni í hendur. Þeir gera ekki ráð fyrir að þeir þurfi að setja féð í félagslega kerfið því að þeir segja neðar:

„Hvað varðar félagslega íbúðakerfið er rétt að undirstrika eftirfarandi:

Vestfirsk sveitarfélög eru reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um vanda félagslega íbúðakerfisins en þeim viðræðum verði ekki blandað inn í umræðuna um málefni Orkubús Vestfjarða, enda er sá vandi á landsvísu."

Þetta segja sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum í minnisbréfi sem fjórðungssambandið sendi frá sér fyrir þeirra hönd. Þeir segja að sá vandi sé á landsvísu og hann eigi ekki að tengja samningum varðandi málefni Orkubús Vestfjarða á nokkurn hátt. Í næsta minnispunkti segir:

„Ef sveitarfélögin kjósa að selja sinn hlut í Orkubúi Vestfjarða verði það án allra skilyrða af hálfu stjórnvalda um greiðslur lána í félagslega íbúðakerfinu, utan þess sem eru augljóslega eru vanskil og ekki er ágreiningur um.

Ekki verði teknir fjármunir af söluverði orkubúsins til að færa almennt niður verð á íbúðum í félagslega kerfinu á Vestfjörðum."

Þetta segja sveitarstjórnarmenn í þessu minnisbréfi. Ég hef hvergi séð það í neinum bréfum að undir þetta minnisblað hafi verið skrifað eða það viðurkennt af fulltrúum ríkisvaldsins, enda gat ég ekki heyrt það á máli hæstv. félmrh. þó hann segði frá því að ákveðið nefndarstarf hefði verið unnið og ætlunin væri að taka á hluta vandans á landsvísu. Ég gat ekki heyrt að þeir punktar sem settir voru á þetta minnisblað væru beinlínis viðurkenndir sem forsenda breytingarinnar.

Mín niðurstaða af öllu þessu, herra forseti, er sú að eins eðlilegt og það gæti virst að beyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag þá er jafnóeðlilegt að því skuli breytt í hlutafélag nánast í þeim eina tilgangi að hlutur Vestfirðinga í því fyrirtæki verði seldur til að fara inn í hringrás skuldastöðu sveitarfélaga, sem hefur beinlínis myndast vegna stefnu stjórnvalda. Það er alveg kristalstært, herra forseti, að staða vestfirskra byggða og kannski margra annarra sveitarfélaga er til komin vegna stefnu stjórnvalda. Sumir hafa kallað það byggðastefnu en ég hef kallað það eyðibyggðastefnu þegar menn rífa festuna undan byggðunum, m.a. með útfærslu á kvótakerfinu. Menn geta ekki einu sinni viðurkennt að smábátarnir hafa þó bjargað því sem bjargað hefur verið heldur skal líka höggva af þeim. Það skal verða næsta „góðverk" sem þessi ríkisstjórn tekur sér fyrir hendur, að höggva enn einu sinni af þeim byggðum. Það er öll snilldin í stjórnkerfinu hér.

Þegar búið er að berja menn nógu mikið niður og taka frá þeim atvinnutækifærin og sveitarsjóðir hafa safnað skuldum, þá er þetta næst á dagskrá. Mér er sagt að slagurinn standi um *það núna að pöntunarfélagið LÍÚ sé að fá því framgengt að* kvótasetning á smábáta skuli verða staðreynd. Þar með hefur tekist að höggva enn einu sinni, m.a. í vestfirskar byggðir.

Hæstv. félmrh. sagði í kvöld að tryggja yrði að sveitarfélögin stefndu ekki strax aftur í sama farið. Ég tek vissulega undir þau orð en ég held að það ætti að tryggja það áður en farið er í að selja hluti í Orkubúi Vestfjarða. Þess vegna hef ég lagt fram brtt. um að þó að menn stofni hlutafélag um Orkubú Vestfjarða sé ekki sjálfgefið að salan hefjist og uppboðið. Þar legg ég til að salan á þessum hlut í orkubúinu verði ekki heimiluð næstu þrjú árin.

Orkubúið hefur verið sameignarfélag frá því að það var stofnað. Mönnum hefur ekki verið heimilt að selja úr því hlut sinn þannig að ekki væri um neitt nýmæli að ræða frá *því sem verið hefur síðustu áratugi í starfsemi orkubúsins* þó að því væri breytt í hlutafélag. Hluthafarnir hefðu ekki leyfi til að selja hlut sinn heldur væri þeim gert skylt að eiga hann í a.m.k. þrjú ár. Þá giltu nánast sömu kvaðir og menn hafa haft í sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Hins vegar væri búið að breyta því í hlutafélag. Þetta væri ásættanlegt að mínu viti en það er alls ekki ásættanlegt fyrir þá sem eingöngu vilja breyta orkubúinu í hlutafélag til að selja það.

Það er líka hægt að fara aðra leið. Ríkið gæti beinlínis lagt fé til að bæta þennan vanda sveitarfélaganna, sem ekki er bara á Vestfjörðum. Við höfum m.a. lagt þá hugmynd fram og fróðlegt væri að sjá hvernig menn taka á því.

Kannski væri full ástæða til þess, með tilliti til ræðu stjórnarformanns orkubúsins sem ég vitnaði til áðan, að benda á skýrslu Byggðastofnunar um sjávarútveg og þróun byggða á Íslandi sem birt var í vetur. Hún sýnir ákaflega vel hvað ég er að tala um. Ég les úr henni, með leyfi forseta:

„Mest er skerðing veiðiheimilda á Vestfjörðum þar sem veiðiheimildir í þorskígildum eru 45% af því sem þær voru fiskveiðiárið 1992–1993."

Það liggur fyrir, herra forseti, að því miður hafa Vestfirðingar farið illa út úr aflamarkskerfinu. Þess vegna hafa atvinnulausir vestfirskir sjómenn komið sér fyrir í smábátakerfinu til að reyna að tryggja sér lífsviðurværi á Vestfjörðum. Það er auðvitað orsökin fyrir tekjufallinu í sveitarfélögum. Ég hef margsagt að núverandi útfærsla á fiskveiðistjórnarkerfinu virkar eins og eyðibyggðastefna fyrir landsbyggðina.

Í síðustu viku fékk ég í hendur vinnuplagg frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða sem sýnir í reynd sömu þróun, enda geta menn ekki sýnt staðreyndir nema nokkurn veginn á svipaðan hátt ef þeir ætla að segja það sem satt. Þar er m.a. fjallað um þróun vestfirska flotans, hvernig menn hafa reynt að bjarga sér með smábátunum, hvernig aflamarkið hefur

þróast og hvernig menn hafa reynt að ná stöðu sinni með smábátunum. Ég vonast til, herra forseti, að þær upplýsingar fái ég ræddar undir öðrum lið en umræðum um Orkubú Vestfjarða þó að staðan á Vestfjörðum tengist vissulega því máli öllu saman. Vandræðin eru til komin vegna minnkandi tekna og færri íbúa í vestfirskum sveitarfélögum. Það liggur fyrir í þessari nýju skýrslu Þróunarfélagsins hvernig aflaheimildirnar hafa snarminnkað og hver þróunin hefur orðið í framhaldi af því. Þar er enn ein sönnunin á því sem menn vita að er ástæðan fyrir því að vestfirskar byggðir standa ekki sterkt þessa dagana.

Herra forseti. Ég hef líka látið þess getið og vil endurtaka það hér að verði brtt. mín um takmörkun á sölu eignarhluta í Orkubúi Vestfjarða felld þá mun ég leggja fram aðra brtt. við 3. umr. sem tekur talsvert öðruvísi á því máli, þar sem fyrirtækinu yrði þá samkvæmt þeirri tillögu skipt upp í tvenns konar rekstrarform og sveitarfélögin gætu skipt innbyrðis á eignarhlutum í rekstrarformum og síðan selt í dreifingarhlutanum en ekki orkuöflunarfyrirtækinu.

Hins vegar vil ég ítreka það sem ég var vissulega að leiða fram í lestri skýrslunnar í kvöld, að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum sögðu íbúum Vestfjarða aldrei í síðustu sveitarstjórnarkosningum að stefnumið þeirra væri að selja Orkubú Vestfjarða. Þeir gerðu það ekki. Síðast fyrir ári tjáði sveitarstjórnarmaður í Ísafjarðarbæ, sem jafnframt er stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða, Ísfirðingum og Vestfirðingum hvaða sýn hann hefði á Orkubú Vestfjarða sem framtíðarfyrirtæki sem mikil eign væri í. Þann viðsnúning sem orðið hefur hjá vestfirskum sveitarstjórnarmönnum — ef hann hefur orðið hjá þeim öllum. Það dreg ég mjög í efa, ekki síst með tilliti til þeirra orða sem ég las og eru ekki nema ársgömul — tel ég fyrst og fremst hafa orðið vegna þess að mönnum hafi verið settir afarkostir af hálfu stjórnvalda með því að yrði orkubúinu breytt í hlutafélag þannig að menn gætu farið að selja þar óhindrað hluti þá skyldu þeir seldir og hringferð peninganna frá ríkinu gegnum sveitarfélögin yfir í skuldir í félagslega íbúðakerfinu og þaðan aftur til ríkisins hæfist. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi verið það heiðarlegur við okkur í kvöld að hann hafi alveg sagt okkur satt um þetta. Hann lýsti því hvernig þessir peningar mundu fara í hring.

Ég hefði svo gjarnan viljað sjá að tryggt væri að mönnum væru ekki settir þessir kostir og að sú áætlun sem m.a. hæstv. félmrh. vék að í kvöld varðandi vandann í félagslega íbúðakerfinu á landsvísu yrði tekin fyrst til afgreiðslu og látin virka á Vestfjörðum áður en til þess kæmi að mönnum væru settir þeir kostir að taka þá sérstaklega sem einhverja sérstaklega góða skuldara vegna þess að þeir hafi verið að selja Orkubú Vestfjarða. Mér finnst Vestfirðingum settir afarkostir með þessari framsetningu. Ég tel að þessi uppsetning sé í algjörri andstöðu við hagsmuni Vestfirðinga og algerri andstöðu við þá framtíðarsýn sem Vestfirðingar hafa haft á orkubúið. Þannig er það nú, herra forseti.

Þó að menn haldi því hér fram mörgum sinnum að ekki sé verið að selja orkubúið með breytingu þess í hlutafélag þá sjá það allir að bein tenging er þar á milli. Það er bein tenging á milli þess að breyta orkubúinu í hlutafélag og þess að sveitarfélögin fari að selja hluti sína til þess að uppfylla skilyrði ríkisvaldsins um að greiða skuldir í félagslega íbúðakerfinu m.a. Þetta tel ég óviðunandi uppsetningu og finnst að Vestfirðingar séu teknir sértökum í þessu máli með þessari framsetningu.

Herra forseti. Auðvitað væri hægt að vitna í ýmislegt fleira. En þar sem fleiri hafa kannski áhuga á að taka til máls finnst mér vegna þeirra sem hafa áhuga á því — þeir eru náttúrlega ekki margir í salnum — en þeirra vegna sem hafa áhuga á því og hafa haft þolinmæði til að sitja hér tel ekki sanngjarnt af mér að flytja lengri ræðu þó ég telji fullt tilefni til þess að fara ítarlegar yfir málin en ég hef gert.

Herra forseti Ég tel mig hafa sýnt fram á að sveitarstjórnarmönnum var sú hugsun andstæð að selja Orkubú Vestfjarða alveg þangað til fyrir nokkrum mánuðum og það hefur birst mjög vel í þeirri skýrslu sem ég las upp úr. Það vill hins vegar svo til að sá hæstv. forseti sem nú er í forsetastóli las upp úr bréfi undirrituðu af sama manni og ég vitnaði í sem kannski átti að hafa einhverja aðra meiningu en þá sem ég var að leggja út af í orðum hans. Það liggur sennilega í því að það bréf sem hæstv. forseti vitnaði í er nær okkur í tíma, ritað eftir að ríkið var búið að þvinga fram stefnu sína með því að koma fram með þetta frv. Þar af leiðandi lýsir það sennilega núverandi viðhorfum sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum, enda eru þeir sennilega orðnir skuldsettari en áður með fækkandi störfum og lengra tímabili minnkandi tekna. Ég tel ástæðuna, herra forseti, eingöngu þá að mönnum hafi verið stillt upp að vegg.

[02:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson segist ekki vilja standa í vegi fyrir því að aðrir komist í ræðustól. Ég get fullvissað hv. þm. um að hann hefur talað fyrir munn okkar margra. Mér fannst þau rök sem hann setti hér fram vera sannfærandi. Það hafa einnig aðrir gert sem hafa talað gegn frv. Nefni ég þar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson.

Ég minni á að nú er að ljúka 2. umr. um málið. Eftir er 3. umr. og áskil ég mér rétt til þess að taka þá til máls og tjá mig nánar um efni frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 19.–48. og 51.–61. mál.

Fundi slitið kl. 02:54.

---

129. FUNDUR

laugardaginn 19. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1049 (með áorðn. breyt. á þskj. 1334), nál. 1333 og 1385, brtt. 1334. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1066 (með áorðn. breyt. á þskj. 1221), nál. 1221 og 1252. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Tollalög, stjfrv., 731. mál, þskj. 1231 (með áorðn. breyt. á þskj. 1408), nál. 1408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Raforkuver, stjfrv., 722. mál, þskj. 1170, nál. 1306. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 707. mál, þskj. 1420. — 3. umr.

7. Fjarskipti, stjfrv., 708. mál, þskj. 1130. — 3. umr.

8. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 523. mál, þskj. 1429. — 3. umr.

9. Vextir og verðtrygging, stjfrv., 566. mál, þskj. 1430. — 3. umr.

10. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 648. mál, þskj. 1026. — 3. umr.

11. Opinber innkaup, stjfrv., 670. mál, þskj. 1431. — 3. umr.

12. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 688. mál, þskj. 1432. — 3. umr.

13. Gerð neyslustaðals, þáltill., 239. mál, þskj. 260, nál. 1401. — Síðari umr.

14. Áhafnir íslenskra skipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270. — 2. umr.

15. Leigubifreiðar, stjfrv., 633. mál, þskj. 1010, nál. 1260, 1407 og 1412, brtt. 1261 og 1325. — 2. umr.

16. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1011, nál. 1273 og 1411, brtt. 1274. — 2. umr.

17. Sjóvarnaáætlun 2001–2004, stjtill., 319. mál, þskj. 401, nál. 1342, brtt. 1308. — Síðari umr.

18. Hafnaáætlun 2001–2004, stjtill., 327. mál, þskj. 412, nál. 1326, brtt. 1309 og 1418. — Síðari umr.

19. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, stjtill., 483. mál, þskj. 769, nál. 1197. — Síðari umr.

20. Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), stjtill., 619. mál, þskj. 992, nál. 1249 og 1250. — Síðari umr.

21. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 655. mál, þskj. 1033, nál. 1365. — Síðari umr.

22. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 7. mál, þskj. 7, nál. 1335. — Síðari umr.

23. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 987, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.

24. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1002, nál. 1302, brtt. 1303. — 2. umr.

25. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1050, nál. 1301. — 2. umr.

26. Útlendingar, stjfrv., 344. mál, þskj. 454, nál. 1317 og 1405, brtt. 1318. — 2. umr.

27. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 624. mál, þskj. 999, nál. 1241, brtt. 1242, 1248, 1364 og 1390. — 2. umr.

28. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 542. mál, þskj. 845, nál. 1245 og 1403, brtt. 1246, 1247 og 1404. — 2. umr.

29. Húsnæðismál, stjfrv., 623. mál, þskj. 998, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.

30. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345. — 2. umr.

31. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 238, nál. 1348, brtt. 1349. — 2. umr.

32. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 239, nál. 1346, brtt. 1347. — 2. umr.

33. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 240, nál. 1350, brtt. 1351. — 2. umr.

34. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 332. mál, þskj. 431, nál. 1329. — Síðari umr.

35. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 770, nál. 1339. — 2. umr.

36. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 235. mál, þskj. 253, nál. 1257 og 1328. — 2. umr.

37. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 484, nál. 1253, brtt. 1254, 1259 og 1310. — 2. umr.

38. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 732. mál, þskj. 1232, nál. 1315, brtt. 1324. — 2. umr.

39. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, stjtill., 276. mál, þskj. 304, nál. 1319, brtt. 1320. — Síðari umr.

40. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341. — 2. umr.

41. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932, nál. 1228, brtt. 1387. — 2. umr.

42. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 2. umr.

43. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, stjfrv., 597. mál, þskj. 950, nál. 1336, 1391 og 1392, brtt. 1419. — 2. umr.

44. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971, nál. 1280. — 2. umr.

45. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061, nál. 1322. — 2. umr.

46. Könnun á áhrifum fiskmarkaða, þáltill., 243. mál, þskj. 268, nál. 1321. — Síðari umr.

47. Raforkulög, stjfrv., 719. mál, þskj. 1167. — 1. umr.

48. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 735. mál, þskj. 1264. — 1. umr.

49. Skipulags- og byggingarlög, frv., 726. mál, þskj. 1184. — 1. umr.

50. Orkulög, frv., 736. mál, þskj. 1275. — 1. umr.

51. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 738. mál, þskj. 1311. — 1. umr.

52. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 742. mál, þskj. 1389. — 1. umr.

53. Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, þáltill., 744. mál, þskj. 1402. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orð forseta um Samkeppnisstofnun.

[10:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sá ágæti hv. þm. sem gegnir nú stöðu hæstv. forseta er bæði hnyttinn og gamansamur og vissulega hefur hann gert margt til þess að létta okkur lífið í þingsölum þegar stundum hafa verið langar setur. Hins vegar eru takmörk fyrir því hversu langt við getum gengið í gamansemi okkar og stundum ber við að menn fara út fyrir mörk þau sem virðing Alþingis setur.

Við verðum að gæta þess í ummælum okkar, herra forseti, að við meiðum engan, hvorki menn né stofnanir. Ein af þeim stofnunum sem hefur oft verið til umræðu í þinginu er Samkeppnisstofnun. Það er ákaflega mikilvæg stofnun sem

gætir þess að leikreglur á markaði séu virtar, gætir þess að hagsmunir neytenda séu ekki skaðaðir af stórfyrirtækjum. Mér finnst þess vegna, herra forseti, að miklu máli skipti að þessari stofnun eins og öðrum sé sýnd fyllsta virðing af hálfu þingsins.

Í gær barst sú stofnun til tals með þingheimi og hæstv. forseti sagði eftirfarandi orð þegar menn töluðu um virðingu þingsins, með leyfi forseta:

„Forseti veit ekki hvort hann getur tekið undir það að um virðingu þingsins sé að tefla þegar við erum að tala um skýrslu frá Samkeppnisstofnun."

Herra forseti. Ég tel að með þessum hætti hafi hæstv. forseti vikið með niðrandi hætti að þessari stofnun. Ég vil ekki að hann geri það sem oddviti minn í þessum sölum og þess vegna fer ég fram á, herra forseti, að þessi ummæli verði dregin til baka.

[10:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að það verði að skilja þessi ummæli með hliðsjón af því hvernig maður skilgreinir virðingu Alþingis.

[10:02]

Ögmundur Jónasson:

Reyndar lýtur það að öðru máli. Hér fyrst á dagskránni er umræða um sölu Landssímans og ég vil koma þeirri ósk á framfæri að þeirri umræðu ljúki ekki. Reyndar væri eðlilegast að hún hefjist ekki án þess að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sé til staðar. Mjög misvísandi yfirlýsingar hafa komið fram um sölu Landssímans sem og reyndar annarra opinberra stofnana eða stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem stendur til að selja, bæði hvað varðar söluandvirðið og hvernig staðið skuli að þessum málum. Mér finnst mjög mikilvægt að þessi mál liggi skýr og ljós fyrir áður en umræðunni lýkur og þessi frumvörp eru gerð að lögum.

Ég kem þeirri ósk á framfæri að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., verði til staðar við lokaumræðu um Landssímann.

(**Forseti** (HBl): Það eru fordæmi fyrir því að þingmenn óski eftir nærveru ráðherra og ég mun koma þessu áleiðis.)

[10:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og gagnrýni þau ummæli sem hæstv. forseti hafði um Samkeppnisstofnun í gær. Mér þótti þau óviðurkvæmileg og ég skal fúslega viðurkenna að eins og hv. þm. nefndi áðan er hæstv. forseti oft spaugsamur. Oft er full ástæða til þess að hlæja dátt að því spaugi sem hann lætur sér um munn fara en ég var ekki ein þeirra sem hlógu í gær. Mér þótti, herra forseti, of langt gengið úr forsetastóli og farið út fyrir mörk þess sem eðlilegt er að hæstv. forseti geri í ummælum sínum um stofnun á borð við þá sem hér er rætt um.

Við skulum athuga, herra forseti, að við erum að tala um stofnun sem gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar. Hún gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í því að tryggja að hér séu eðlilegar leikreglur viðhafðar á samkeppnismarkaði og hún hefur oft setið undir gagnrýni og ámæli fyrir að hafa beitt þeim úrræðum sem henni eru fengin samkvæmt lögum. Þess vegna þótti mér, herra forseti, þetta ekki viðeigandi.

Hæstv. forseti bætir nú enn um betur með svari sínu því að nú má eiginlega skilja það svo þegar hæstv. forseti svarar þannig að túlkun á ummælum hans velti á því hvernig menn túlki virðingu Alþingis. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forseta hvað hann eigi við með þessum ummælum.

[10:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni er mér ljúft að segja að þegar sagt var úr ræðustól og því beint til mín að virðing Alþingis biði hnekki eins og ég man ummælin, nú skal ég ekki segja að þau séu orðrétt höfð eftir, en meiningin var sú að virðing Alþingis hefði beðið hnekki vegna þess að ekki hefði verið útbýtt í þingsal skýrslu Samkeppnisstofnunar. Ég vildi halda því fram að virðing Alþingis biði ekki hnekki þó það drægist. Ég tel virðingu Alþingis annars eðlis.

[10:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að þeir sem kusu hæstv. forseta til starfans muni hafa af því nokkurt angur hvernig hann fer með það embætti, það fyrrum virðulega embætti í sölum Alþingis. Mér finnst það hafa sett nokkuð niður í meðferð hans á því stundum og mér finnst ómögulegt að skilja ummæli hans um Samkeppnisstofnun í gær öðruvísi en sem virðingarleysi við þá stofnun.

Það að hann telji sig hafa einhverja allt aðra skoðun á því hver virðing Alþingis er eða um hvað hún snýst kann að skýra málið. En þá þyrfti þingheimur að fá að vita hvernig þetta álit forseta lítur út í aðalatriðum svo að hann geti áttað sig á því hvort hann treystir sér til þess að kjósa hann til forseta á ný. (**Landbrh.:** Skemmtilegheitin mega ekki hverfa.)

Ég tek undir það með hæstv. landbrh. að skemmtilegheitin mega ekki hverfa. En það verður að gæta virðingar bæði Alþingis og þeirra stofnana, manna og málefna sem um er rætt í sölum Alþingis og forseta ber að ganga fremstur í því. Ég velti því líka fyrir mér hvort hæstv. iðnrh.- og viðskrn. er kátur með það að stofnun, sem hann hlýtur að bera mjög fyrir brjósti, skuli verða fyrir barðinu á forseta með svo óviðurkvæmilegum hætti. Mér finnst satt að segja að forseti væri maður að meiri að viðurkenna það að honum hafi skotist í brandaranum í gær.

[10:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég á svolítið erfitt með að svara fyrir mig af því að ég skil ekki hvað vakir fyrir hv. þm.

[10:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Samkeppnisstofnun hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna. Stofnunin hefur margoft farið yfir mál sem skipta neytendur mjög miklu og sennilega skipt neytendur í þessu samfélagi meira máli en flestar aðrar ríkisstofnanir sem hafa fjallað um þetta á þessum vettvangi í langan tíma. Því velti ég fyrir mér, virðulegi forseti: Hvað gerir það að verkum að hæstv. forseti leyfir sér ummæli eins og þessi? Hvað er það sem réttlætir að hæstv. forseti leyfir sér að fjalla þannig um stofnanir að það komi virðingu Alþingis ekkert við hvernig um hana er fjallað? Hvaða efnislegu rök eru það, virðulegi forseti, að hæstv. forseti leyfir sér að fjalla þannig um ríkisstofnun með þeim hætti sem hann gerði í gær? Það er það sem skiptir öllu máli og hæstv. forseti skuldar þingheimi og stofnuninni skýringu á því. Vel má vera að hæstv. forseta finnist að stofnunin hafi ekki alltaf staðið sig í stykkinu en það er þó lágmark að hæstv. forseti setji fram efnisleg rök í málinu en komi ekki fram eins og óþægur krakki.

[10:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég held að kominn sé tími til að rifja upp það sem gerðist. Það var að fundið var að því við hæstv. ráðherra að tiltekinni skýrslu frá Samkeppnisstofnun hafði ekki verið dreift í þingsölum. Ég hafði þá þegar spurt hvort einhver tregða væri hjá Alþingi að dreifa skýrslunni. Svo var ekki en hæstv. ráðherra hafði beðist afsökunar á því að skýrslunni skyldi ekki hafa verið dreift og var þar eins og hæstv. ráðherra getur sjálfur útskýrt betur um bilun í prentsmiðju að ræða.

Hitt vil ég segja að engin meiðandi ummæli fólust í ummælum mínum sem ég hafði um þetta efni. Það er svo einfalt mál. Ég vil líka segja að virðing Alþingis bíður ekki hnekki við það þó að mistök eigi sér stað í prentsmiðjum og ekki sé hægt að dreifa skýrslum af þeim sökum.

[10:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér léttir að heyra að hæstv. forseti hafi ekki í huga að viðhafa meiðandi ummæli um þessa stofnun. En það vill svo vel til að í Morgunblaðinu í dag eru þessi ummæli hæstv. forseta endurtekin og ég geri ráð fyrir því að þingfréttaritari Morgunblaðsins hafi haft þau rétt eftir. Til þess að þau séu rifjuð upp segir hér, herra forseti:

„Forseti veit ekki hvort hann getur tekið undir það að um virðingu þingsins sé að tefla þegar við erum að tala um skýrslu frá Samkeppnisstofnun."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og það er hvers og eins að meta hvaða broddur felist í þeim.

[10:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni, úr því að menn vilja eiga þessi skemmtilegu orðaskipti, þá ber að skilja mælt mál í samhengi.

[10:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég er sammála forseta um að þetta atvik varði ekki virðingu Alþingis og tek fram í því sambandi að ekki er um þingskjal að ræða í þessu tilfelli heldur skýrslu. Hins vegar þótti mér leitt að ekki skyldi vera hægt að dreifa henni fyrr á hv. Alþingi og hef beðist velvirðingar á því.

Ég skal hins vegar bæta því við að mér líkaði frekar illa að heyra hæstv. forseta láta þessi orð falla í gærkvöld en ég fyrirgef honum vegna þess að það er oft þannig að kvöldlagi að það er galsi í þingsalnum og ég skil orð hans í því samhengi.

[10:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ástæðu til að taka fram að ég taldi þessi orð vel til fundin.

[10:12]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa þessa orðræðu miklu lengri. Forseti hefur sjálfur tekið skýrt fram að ekki hafi falist nein meiðandi ummæli í orðum hans í gærkvöld og ég er sammála honum í því. Auðvitað var leitt að ekki var hægt að dreifa skýrslunni fyrr en gert var en ráðherra hefur nú skýrt okkur frá af hverju það stafaði. Mér finnst það vera mjög athyglisvert hvað þingmenn Samfylkingar eru óskaplega hörundsárir þegar Samkeppnisstofnun á í hlut. Við erum öll sammála um að Samkeppnisstofnun sé mikilvæg stofnun og ég hef ekki séð neina ástæðu til að vera svona óskaplega hörundsár út af ummælum forseta í gærkvöld.

[10:13]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það mun hafa verið í orðræðum frú Mettu og Jóns Hreggviðssonar í Kaupinhafn á sinni tíð að Jón lýsir því yfir að enn einn ganginn hafi kjafturinn á sér snúist rangsælis. Það henti að vísu þann sem hér stendur þegar hann átti sæti í þessum stól. Eigum við nú ekki, af því að menn vilja skemmta sér, hv. þm. frú Sigríður líka, að sættast á að þannig hafi þetta orðið í þetta skiptið og láta þar við sitja?

[10:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil sökum þeirrar fyrirspurnar sem hv. þm. Sverrir Hermannsson beinir til þingsins taka mér það bessaleyfi að svara fyrir hönd þingsins að ég held að svo hafi verið í þetta skiptið.

Herra forseti. Þetta mál er í reynd fullrætt. Hæstv. viðskrh. hefur komið hingað og lýst því yfir fyrir hönd stofnunar sinnar að henni hafi ekki fallið vel að heyra þessi orð. Herra forseti hefur lýst því yfir að hann hafi ekki ætlað sér að meiða stofnunina með þessum orðum. Það var það sem ég innti eftir í upphafi. Ég lít því svo á að þó að hér sé ekki um fullgilda afsökunarbeiðni að ræða sé þetta mál að fullu tæmt af hálfu forseta.

[10:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tek í fyrsta lagi undir mikilvægi Samkeppnisstofnunar, en í framhaldi af því líka undra mig líka á þeirri ólund sem Samfylkingin sýnir þegar hún stígur úr rúmi núna snemma morguns. Ég hygg að það hafi komið fram, og tek undir ágæta skýringu hv. þm. Sverris Hermannssonar, að hæstv. forseti hefur skýrt ummæli þau sem hann viðhafði í gær. Ég vil lýsa því yfir að ég vona að hæstv. forseti láti ekki af þeirri gamansemi sem hann á til í ræðustóli. En jafnframt í tilefni af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem mér fannst draga í efa trúnað við hæstv. forseta, held ég að ástæða sé til að lýsa yfir fullum stuðningi við störf hæstv. forseta í þingsölum og ég ítreka að ég vona að gamansemin hverfi ekki úr munni hæstv. forseta.

[10:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mál hefur skýrst nokkuð í umræðunni og virðist hafa komið fram að hér hafi verið um gáleysi að ræða af hæstv. forseta hálfu en ekki ásetning, hæstv. forseti hafi hegðað sér af örlitlu gáleysi. Það hefur verið dregið fram í umræðunni og hæstv. forseti hefur tekið það fram að ummæli hans beri ekki að skilja þannig að hann hafi verið að veitast að stofnuninni.

Virðulegi forseti. Af því að hæstv. viðskrh. er í salnum má hins vegar nefna að það er spurning hvort að við hæfi sé að skýrsla sé kynnt með þeim hætti sem gert var í gær, að haldinn skuli vera blaðamannafundur þegar um er að ræða skýrslu sem um er beðið af þingflokki Samfylkingarinnar, sem hv. páv. þm. Sighvatur Björgvinsson var í öndvegi fyrir, í stað þess að hún sé kynnt þinginu áður. Það er vissulega umhugsunarvert, virðulegi forseti.

Orkulög, 1. umr.

Frv. iðnn., 736. mál (arðgreiðslur raf- og hitaveitna). — Þskj. 1275.

[10:18]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, frá iðnn. Hv. iðnn. flytur þetta mál.

Frv. er flutt í ljósi þess að þegar hefur verið fjallað um og afgreiddar á hv. Alþingi breytingar á orkulögum sem m.a. fela í sér heimild til að breyta orkuveitufyrirtækjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, þ.e. Orkubú Vestfjarða sem hér hefur verið til umræðu og Hitaveitu Suðurnesja, í hlutafélög. Í kjölfarið hefur komið fram eindregin ósk ýmissa annarra orkufyrirtækja í eigu sveitarfélaga víða um landið, má segja, að fá sambærilega heimild þar sem mikið er um að vera í orkugeiranum. Menn ræða um sameiningu, samruna til þess að taka þátt í samkeppni sem augljóslega er fram undan á orkusviði.

Til að gæta jafnræðis samþykkti hv. iðnn. að leggja fram þetta frv. sem felur í sér að eigendum sé heimilt að breyta rekstrarforminu í hlutafélag. Samhliða er í 1. og 2. gr. þessa frv. kveðið á um að eigendum héraðsrafmagnsveitna og hitaveitna sé heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigum sínum.

Hv. nefnd flytur þetta frv. um breytingu á orkulögum til þess í raun að bregðast við tilmælum frá hv. félmn., en fram kemur í áliti hv. félmn. með frv. til sveitarstjórnarlaga að nauðsynlegt sé að skerpa lagagrundvöll fyrir því að orkufyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga sé heimilt að greiða sér allt að 7% arð eins og tíðkast hefur um áratuga skeið. Með þessu, herra forseti, er verið að styrkja þann lagagrundvöll.

Í sjálfu sér er ekki meira um þetta að segja. Hv. iðnn. stendur einhuga að því að flytja frv. Að lokinni þessari yfirferð, hæstv. forseti, mælist ég til þess að því verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 738. mál. — Þskj. 1311.

[10:22]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd hv. allshn. fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Allsherjarnefnd bárust 28 umsóknir um ríkisborgararétt á 126. löggjafarþingi, sbr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt.

Nefndin leggur til að ellefu einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni og eru nöfn þeirra einstaklinga skráð á þskj. 1311.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 742. mál (stofnverð hlutabréfa í sparisjóði). — Þskj. 1389.

[10:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga frá efh.- og viðskn. Frv. þetta er um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Mál þetta tengist þeim heimildum til breytinga á sparisjóðum í hlutafélög sem hafa verið til meðferðar í þinginu. Málið snýst um að skilgreina kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda. Þetta er nauðsynlegt af skattalegum ástæðum þar sem bréf þessi geta síðan gengið kaupum og sölum. Því er nauðsynlegt að kaupverð þeirra sé vel skilgreint þannig að hægt sé að reikna út hver skattskyldur söluhagnaður verði af slíkum bréfum ef til sölu þeirra kemur.

Virðulegi forseti. Þetta mál var rætt í 2. umr. um þá breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem tengdist heimildum sparisjóðanna til breytingar í hlutafélög. Ég vísa til greinargerðarinnar, en að öðru leyti er óþarfi að ræða þetta mál. Ég geri ekki tillögu um að málið fari aftur til nefndar heldur beint til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 735. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 1264.

[10:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92 24. maí 1994, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem innheimtar eru við úthlutun aflaheimilda og renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Fram að því hafði fjárhæðinni verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma, enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.230 kr. í 1.321 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af gjaldi á aflaheimildir um 537,7 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum og úthlutun þorskígilda söm og á síðasta fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar hækki um 40 millj. kr. og verði um 580 millj. kr. árið 2001.

Að lokinni 1. umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

[10:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði fyrst og fremst að bera fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. Er meiningin með því að mæla fyrir þessu frv. að það verði afgreitt fyrir þinglok eða hver er meiningin með því að mæla fyrir þessu frv. á laugardegi þegar komið er að þinglokum? Það væri betra alla vega fyrir þá sem eru í sjútvn. að vita hvort ætlast er til þess að málið komist áfram.

[10:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta er eðlileg spurning hjá hv. þm. Ég hefði gjarnan viljað að mál þetta kæmist áfram og yrði samþykkt. Ef ekki, þá er út af fyrir sig enginn stór skaði skeður annar en sá að Þróunarsjóður sjávarútvegsins verður af 40 millj. kr. tekjum. Menn verða bara að meta það í samhengi við það hvernig þingstörfin ganga hvaða hátt menn vilja hafa á þessu. En það er út af fyrir sig ekki meira í húfi en 40 millj. kr. fyrir Þróunarsjóðinn.

[10:29]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Ég vil ekki að það sé tekið þannig að ég sé að leggjast gegn þessu máli. Ég taldi bara ástæðu til að spyrjast fyrir um þetta. Hæstv. ráðherra hefur svarað því og menn hljóta að skoða það.

[10:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég tók spurningu hv. þm. engan veginn þannig að hann væri neitt andvígur efnisþáttum málsins. Ég þekki svo vel skoðanir hans og málflutning að það hvarflaði ekki að mér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 3. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1420.

[10:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í upphafi þingfundar í morgun og óskaði eftir því að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., yrði viðstaddur þessa umræðu og ítreka þá ósk nú við upphaf hennar.

Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. er kominn í þingsalinn. Ég vil taka fram í upphafi að ég tel mjög mikilvægt að fyrir liggi mjög skýr afstaða frá hendi beggja stjórnarflokkanna þegar um er að ræða jafnmikilvægt mál og sölu Landssímans, ekki aðeins vegna þess að Landssími Íslands er mikilvæg þjónustustofnun við alla landsmenn og ekki aðeins vegna þess að um er að ræða mikilvæga gullgerðarvél sem hefur reynst Íslendingum vel um langan tíma. Á síðasta áratug rúmum eða frá 1988 reiknast mönnum til að Landssíminn hafi skilað um 20 milljörðum, um 20 þúsund millj. í ríkissjóðs og enn er stofnunin aflögufær.

Einnig skiptir máli að fá hér upplýsta aðra þætti sem varða sölumálin, hvernig skuli staðið að sölunni og hvenær skuli selt. Ég hef vitnað í ummæli hæstv. samgrh. um sölu á Símanum þar sem hann segir við umræðuna fyrr m.a., með leyfi forseta:

„Ríkissjóður getur ekki komið fram eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínum út á sem hæstu verði ...“

Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Það verð sem nú er á eignarhlutum í símafélögum gefur fjárfestum raunhæfa von um að fjárfesting í öflugum og vel reknum félögum geti skilað góðum arði.“

Ríkið á ekki að koma fram eins og hver annar spákaupmaður sem er að reyna að knýja fram sem hæst verð fyrir þær stofnanir sem seldar eru og það þarf að tryggja að stofnunin skili nýjum eigendum, fjárfestunum, góðum arði.

Ég spyr: Hver er afstaða formanns Framsfl. til þessarar yfirlýsingar fulltrúa Sjálfstfl. um að ekki beri að tryggja sem best verð fyrir Landssímann þegar hann verði seldur? Menn eru minnugir þess hvað gerst hefur í einkavæðingunni á liðnum árum. SR-mjöl, það er enginn búinn að gleyma því. (**Utanrrh.:** Hver er arðurinn af því?) Hver er arðurinn af því, spyr hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. SR-mjöl borgaði sig upp á fáeinum missirum fyrir eigendurna. Áburðarverksmiðjan var einnig seld á gjafprís. Nú eru menn að tala um að færa Landssímann upp á silfurfati. Ég óska eftir að heyra afstöðu Framsfl. til þessara ummæla hæstv. samgrh., fulltrúa Sjálfstfl., við þessa umræðu. Er hann sammála þessu? Ég endurtek að við erum að tala um gullmola. Við erum að tala um gullgerðarvél fyrir íslensku þjóðina.

Menn gerðu því skóna fyrir fáeinum missirum og árum að senn væru dagar þessarar stofnunar taldir, samkeppnin mundi haga því svo til að hún ætti sér ekki framtíð. Þegar greint var frá því fyrir fáeinum dögum að hagnaður Landssímans fyrir árið 2000 hafi verið 6,5 milljarðar kr. fyrir afskriftir og fjármagnsliði, kom jafnframt fram að tekjuaukningin frá árinu áður væri um 18% þannig að hagur Símans blómgast. Þótt gjöldin sem tekin eru fyrir þjónustu Símans fari lækkandi, vegna þess að tækninni fleygir fram, eykst þjónustan hröðum skrefum. Menn nota síma og þessa fjarskiptaþjónustu svo miklu meira en þeir gerðu fyrr á tíð.

Síðan er annað sem snýr að sölunni og hvernig að henni skuli staðið. Annars vegar er um það rætt að selja Símann í heild sinni sem einn pakka. En ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., hafi haft efasemdir um þetta og hafi talið að alla vega fyrst í stað beri að halda meirihlutaeign ríkisins í Landssímanum. Ég óska eftir upplýsingum um afstöðu hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. um þetta efni. Ég þykist minnast þess að hann hafi sagt að fyrstu mánuðina alla vega og missirin verði að haga málum á þennan hátt.

Þá er komið að hinum heilaga markaði. Okkur er sagt að óvissa á þeim bæ sé skaðleg og þá hugsanlega einnig fyrir seljanda Landssímans í þessu tilviki vegna þess að óvissan geti rýrt verðgildi stofnunarinnar. Þess vegna er mikilvægt að þessari óvissu verði eytt. Hvað stendur til að gera? Á að selja Símann í heilu lagi? Á að selja hann í áföngum? Hvað meinar hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. þegar hann segir, og ég vona að ég vitni rétt í hans ummæli, að hann telji hyggilegt að fara hægt í sakirnar og halda meirihlutaeign ríkisins alla vega um nokkurra mánaða, jafnvel missira skeið? Hversu mörg missiri? Hver eru skilaboðin til markaðarins hvað þetta snertir?

Síðan eru aðrir þættir sem væri eðlilegt að heyra afstöðu beggja stjórnarflokkanna til og það lýtur að landsbyggðinni. Það kemur fram í greinargerð meiri hlutans um þetta frv. að fyrirtæki búa ekki við jafngóðan hlut á landsbyggðinni og í þéttbýlinu og úr þessu þurfi að bæta og menn óttast að með sölu Símans muni þessi munur fara vaxandi, gjáin muni dýpka, bilið muni breikka. Í greinargerð meiri hlutans er rætt um að til þurfi að koma stuðningur fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni. Ég hef lýst efasemdum um að nokkur alvara sé hér að baki vegna þess að um það hefur verið rætt árum saman af hálfu þessarar ríkisstjórnar að til standi að styðja fyrirtæki á landsbyggðinni sérstaklega. Efndirnar eru engar. Á hinn bóginn er verið að veikja stoðþjónustuna á landsbyggðinni þótt margar öfugmælavísurnar séu kveðnar

í þeirri umræðu eins og þegar því er haldið fram að lokun pósthúsa á landsbyggðinni sé sérstaklega til þess fallin að efla þar póstþjónustu. Við höfum dæmin þar úr Skagafirði og á Skagaströnd, í Varmahlíð, Hofsósi og á fleiri stöðum hefur útibúum verið lokað. Mörg hundruð manns hafa undirritað áskorunarbréf til hæstv. samgrh. um að grípa í taumana. Hann svarar fólkinu ekki en fullyrðir hér úr ræðustól að þetta sé sérstaklega til þess fallið að efla póstþjónustuna og undir það hafa fulltrúar Framsfl. einnig tekið. Þetta er framlag ríkisstjórnarinnar til landsbyggðarinnar, þ.e. að rýra og veikja stoðþjónustuna, einkavæða, loka pósthúsum og draga úr þjónustu. Þetta er framlagið. Þess vegna setur maður stór spurningarmerki við yfirlýsingar af því tagi sem er að finna í meirihlutaáliti um sölu Landssímans. Hvaða hugmyndir hefur Framsfl. um þetta efni? Hvernig ætlar Framsfl. að styðja fyrirtæki sem búa við lakari samkeppnisaðstöðu eftir einkavæðingu Símans? Hvernig ætla menn að gera það?

Í meirihlutaálitinu segir einnig að svo sé búið um í lögum að ríkisvaldið muni hafa tök á því að sinna verkefnum sem eru óarðbær en nauðsynleg í byggðalegu tilliti eða af öryggishagsmunum, umhverfisástæðum eða öðru þvílíku sem skilar ekki arði. Þannig er það einmitt orðað og ég ætla að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta. Nú vitna ég í greinargerðina, með leyfi forseta:

„Þá eru víðtækar heimildir í fjarskiptalögum til að tryggja fullnægjandi þjónustustig með svokallaðri alþjónustu, auk þess sem samgönguráðherra hefur heimildir til að leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði."

Þeir ætla að selja gullgerðarvélina sem hefur skilað okkur 20 þús. millj., 20 milljörðum, á rúmum áratug í ríkiskassann. Þeir ætla að láta hana frá sér helst á eins lágum pris og unnt er ef dæma má af orðum hæstv. samgrh. En við, þ.e. skattborgarinn á að hafa með höndum þau verkefni sem eru ekki arðbær, sem skila ekki arði. Hvaða verkefni eru menn að hugsa um í þessu efni? Ég óska eftir upplýsingum um það.

Síðan er eitt sem mér þætti vænt um að heyra skýringar um og það er pólitíkin sem liggur að baki vegna þess að jafnan þegar ríkisstjórnin einkavæðir, þegar hún selur frá okkur gullgerðarvélarnar, afsalar þjóðinni eignunum, þá er alltaf ein skýring á endanum sem mestu máli þykir skipta, pólitík. Í meirihlutaálitinu segir t.d.:

„Fyrirhuguð sala er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja."

Ríkisstjórnin skipaði sérstaka nefnd til þess að setja skipulega niður hvað lægi að baki þessari pólitík, á hverju þessi pólitík væri byggð. Það var gert í sjö liðum. Í sjö liðum var útlistað á hverju þessi stefna stjórnarinnar væri byggð.

1. Að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Markaðsöflin eru alla jafna betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ríkisafskipti.

Ég er alveg sammála því að á vissum sviðum á markaðurinn að ríkja og við eigum að nýta okkur kosti markaðarins, að sjálfsögðu. Við eigum að búa við kröftugt markaðskerfi og það er hlutverk hins opinbera að styðja þetta kerfi með öflugri stoðþjónustu, með góðu velferðarkerfi og öflugri stoðþjónustu, samgöngum, fjarskiptum o.s.frv. En þá þarf líka að vera markaður til staðar. Þá þarf líka að vera alvörumarkaður. Það er það sem Samkeppnisstofnun og þeir sem um þetta hafa fjallað leggja áherslu á í umsögnum sínum, að menn séu einfaldlega að einkavæða einokun, að hér verði ekki raunverulegur markaður.

Í raun veit enginn hvað gerist í þessum efnum. Enginn veit hvort Síminn verður gleyptur af erlendum símafyrirtækjum, sem er vel til í dæminu, sem muni þá hafa einokandi stöðu í þjóðfélagi okkar. Það er möguleiki enda er þetta óskrifað blað. Slíkt hefur gerst erlendis. Í Danmörku var varla búið að gera símann að hlutafélagi og setja hann á markaðinn fyrr en Ameritec, fyrirtæki með heimilisfang í Chicago, var komið með ráðandi stöðu í fyrirtækinu. Síðan er búið að selja hann út og suður. Svipuð þróun hefur átt sér stað á fleiri stöðum. Einokunin styrktist á Nýja-Sjálandi. Það hefur verið vitnað í reynslu Nýsjálendinga af einkavæðingunni þar. Á liðnum mánuðum hefur verið mikil umræða um það á Nýja-Sjálandi hvernig einokunarfyrirtækið hefur leikið notendur. Það er ekki nóg að vísa bara í markaðinn eins og hverja aðra heilaga ritningu. Hann þarf að vera til staðar og markaðslögmálin verða að geta leikið um þennan markað í raunverulegri samkeppni.

Einkavæðingarnefnd segir síðan, fyrir hönd hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og annarra ráðherra og stjórnarmeirihlutans, að nauðsynlegt sé að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækinu, reynslan sýni að meiri faglegar kröfur séu gerðar til stjórnenda og þeir fái meira aðhald frá eigendum eftir einkavæðinguna. Hefur þetta verið raunin? Hefur sú verið raunin? Var þörf á meira aðhaldi gagnvart stjórnendum Landssímans fyrr á tímum? Er það ekki staðreynd að þegar Síminn var gerður að hlutafélagi fyrir fáeinum árum þá bjuggu Íslendingar við lægsta gjald sem tekið var fyrir símaþjónustu á byggðu bóli? Það voru reidd fram samanburðargögn um þetta. Ég hef farið í gegnum það við umræðuna og ætla ekki að endurtaka það. Halda menn því fram að það hafi skort aðhald frá hendi stjórnenda stofnunarinnar? Við nutum líka góðs af samstarfi við aðrar þjóðir. Fulltrúar Landssímans fóru á norrænan vettvang. Hingað til lands komu sérfræðingar og starfsmenn símafyrirtækja á Norðurlöndum og aðstoðuðu okkur við ýmislegt. Núna mæta menn á þessa fundi, sem eru að sjálfsögðu ekki lengur samstarfsfundir, með rýtinginn uppi í erminni. Nú eru allir í samkeppni og búa yfir viðskiptaleyndarmálum. Það eru þessi lögmál sem menn ætla að virkja núna.

Síðan er staðhæft, fyrir hönd Sjálfstfl. og Framsfl., að mjög mikilvægt sé að efla hlutabréfamarkað því öflugur innlendur hlutabréfamarkaður sé mjög þýðingarmikill fyrir alla efnahagsstarfsemi. Slá má á þenslu með því að hvetja almenning til þátttöku í atvinnurekstri með hlutafjárkaupum. Hlutabréfamarkaðurinn er mikilvægur og nauðsynlegur fyrir alla efnahagsstarfsemi, segja þeir. Þetta er rangt. Er þetta skoðun Framsfl., t.d. að hlutafélagavæða beri velferðarþjónustuna? Hún er efnahagsstarfsemi líka. Því hefur aftur á móti verið haldið fram um þau fyrirtæki sem eru þjóðfélaginu nauðsynleg og mynda stoðkerfi samfélagsins að þau hafi ekki sérstaklega gott af því að vera rekin á þessum grunni. Og hvers vegna? Vegna þess að þegar eigandinn er á sinn hátt rótfastur í umhverfi fyrirtækisins þá er hann líklegur til að taka dýfurnar með fyrirtækinu. Hlutabréfaeigandinn er hins vegar víðs fjarri og fer þangað sem gróðinn er mestur. Þess vegna gerist það, þegar fyrirtæki eru hlutafélagavædd, að þessir aðilar hverfa á braut. Því hefur verið haldið fram, m.a. af hagfræðingum í Bandaríkjunum, að hlutafélagsformið sé ekki heppilegt fyrir starfsemi, sem þarf að geta tekið áföllum

og dýfum án þess að eigandinn renni af hólmi. Þess vegna er þetta röng fullyrðing. Mér þætti vænt um að fá pólitískar hugleiðingar fulltrúa Framsfl. um þetta.

Þá er talað um að með sölunni sé verið að bæta stöðu ríkissjóðs. Með sölu á hlutabréfum ríkisins er unnt að greiða niður umtalsverðar skuldir ríkisins og minnka þannig vaxtabyrði í framtíðinni. Ætlunin er að bæta stöðu ríkissjóðs. En hvað með yfirlýsingu hæstv. samgrh. sem ætlar að selja Símann á eins lágum prís og hann mögulega getur ef marka má yfirlýsingar hans? Ég hef vitnað í það áður. Við eigum ekki að vera spákaupmenn, segir hann. Ekki eins og hver annar spákaupmaður sem reynir að koma eignum sínum út á sem hæstu verði. Hvernig rímar þetta við þessa yfirlýsingu? Hvernig er það til þess fallið að bæta stöðu ríkissjóðs þegar ríkissjóði eru afsöluð yfirráð yfir gullgerðarvélum á borð við Landssímann, en eftir situr ríkissjóður og skattborgarinn með það sem ekki skilar arði, eins og gert er ráð fyrir? Er það til að bæta stöðu ríkissjóðs?

Var það til að bæta stöðu borgarsjóðs þegar Brunatryggingar í Reykjavík, sem voru enhverjar þær ódýrustu á byggðu bóli, reknar úr tveimur eða þremur skúffum úr borgarkerfinu, voru einkavæddar? Það var mikill arður af þessu, einhverjir tugir milljóna á ári hverju sem runnu til Slökkviliðsins í Reykjavík og spöruðu þannig skattgreiðendum í Reykjavík drjúgan pening. Var það til að bæta stöðu borgarsjóðs? Nei, svo var ekki. Sú ráðstöfun byggðist í fyrsta lagi á misskilinni túlkun Evrópusambandsins og EES-samninganna og náttúrlega pólitískri ákvörðun, sem ég taldi ekki hyggilega. (Gripið fram í.) Mér er sama hver tók þá pólitísku ákvörðun. Mér er sama hvað flokkurinn heitir eða maðurinn heitir. Ég er að spyrja um innihald stjórnmálanna. Ég er að spyrja um stefnu en ekki hverjir beri þá stefnu uppi enda þarf ég ekki að gera það í þessu tilviki. Hér erum við að fjalla um tiltekið mál, sölu Landssímans, að hann verði settur á markað að kröfu fjárfesta og þeirra sem halda um markaðsmálin af hálfu stórfyrirtækjanna. Ríkisstjórnin er að framkvæma þann vilja og ég óska eftir skýringum hennar. Ég óska eftir vangaveltum manna um þessi boðorð, boðorðin sjö, sem einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar hefur sett á blað í hennar umboði.

Síðan er talað um að bæta hag neytenda. Með þeirri hagræðingu sem hlýst af einkavæðingu eru líkur á því að samkeppni á markaði aukist sem skilar sér í bættum hag neytenda, segir í boðorðunum. Ég er búinn að fara yfir þetta. Samkeppnisstofnun hefur efasemdir um þetta. Samkeppnisaðilar Landssímans hafa einnig efasemdir um þetta og telja að salan, alla vega hvernig að henni er staðið, muni ekki stuðla að samkeppni. Hverju svara menn því? Hvernig væri að svara þessu?

Síðan er náttúrlega þetta stórskemmtilega atriði, að einkavæðingin sé sérstaklega til þess fallin að bæta stöðu starfsmanna. Einkavædd fyrirtæki hafa meiri möguleika en ríkisfyrirtæki til að greiða góðu starfsfólki, er sagt, — takið eftir því — góða fólkinu, að greiða góðu starfsfólki há laun, m.a. með árangurstengdum launakerfum ásamt því að tryggja atvinnu til langframa. (Gripið fram í.) Já, góða fólkið og vonda fólkið. Góða fólkið á að fá óskaplega vel borgað. Við vitum hvernig þetta er á markaði. Við vitum t.d. hvernig þetta er hjá Shell, olíufyrirtækjunum og tryggingafyrirtækjunum. Góða fólkið, við vitum alveg hverjir það eru. Það eru að sjálfsögðu forstjórarnir og hirðin í kringum þá. Það er góða fólkið. Þeir eru á prýðilegum launum. En þeir sem afgreiða bensínið eða eru á kössunum í búðunum eru þá væntanlega vonda fólkið. En þetta er staðhæft fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og að öllu gríni slepptu, því að þetta er ekkert grínmál, held ég að staðreyndin sé sú að einkavæðingin hér á landi sem annars staðar hafi orðið til þess að auka launamuninn. Ég held að staðreyndin sé sú. Öllu skal haldið til haga. Ég held að þetta sé staðreyndin.

Að endingu er fjallað um að breytingin verði til þess að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa. Einkavæðing dregur úr hagsmunum ýmissa sérhagsmunahópa til að þrýsta á um framleiðslu eða framleiðsluhætti sem eru óhagkvæmir, segir einkavæðinganefnd. Hér er náttúrlega vikið að Skagfirðingum, sérhagsmunahópum í Skagafirði sem hafa snúið sér til hæstv. samgrh. og hvatt hann til að grípa í taumana þegar pósthúsum er lokað þar. Eru það sérhagsmunahóparnir? Hvaða sérhagsmunahópa eru menn að tala um? Eða eru það ekki sérhagsmunir sem fjárfestar hafa og þeir sem hafa peningana á hendi? Hafa þeir ekki sérhagsmuni? Að sjálfsögðu.

Mig langar að nefna enn eitt. Þegar fullyrt er að þessi einkavæðingarstefna hafi verið mjög til góðs og sérstakra hagsbóta fyrir landsmenn og skattgreiðendur þá er það náttúrlega ekki þannig. Við erum nýlega búin að fá úttekt á Sóltúni 2, þar sem ríkisstjórnin gerði samning við Securitas og Íslenska aðalverktaka um að einkavæða gamla fólkið. Við höfum það dæmi og staðreyndin er sú, það kom fram í úttekt sem gerð var á vegum opinberra aðila, að það er miklu dýrara fyrir ríkissjóð, fyrir skattgreiðandann, að fara út á þá braut.

Eitt ætla ég ekki að fara út í hér en það eru tengsl einkavæðingarnefndarinnar, þeirrar sem er að gagnrýna sérhagsmunina, við hina einkavæddu starfsemi. Hvaða fyrirtæki eru það sem reisa Sóltún? Skyldu það vera Íslenskir aðalverktakar? Gæti verið að einhver sem situr þar í stjórn sé einnig í einkavæðingarnefnd? Væri athugandi að skoða það? Þegar menn leyfa sér að setja á blað að útrýma eigi sérhagsmunum og tala um opinbera þjónustustarfsemi nánast með fyrirlitningu, eigum við þá ekki að fara í saumana á þessum málum? Ég held að það væri ráð. (Gripið fram í.) Já, við skulum gera það. Við skulum fara yfir alla þessa þætti. Við skulum rifja upp að Dvalarheimili aldraða sjómanna óskaði eftir að reisa þetta elliheimili á sínum forsendum. Hverjar voru þær? Með því að samnýta þjónustu sem þeir bjuggu við, eldhús og aðra þjónustustarfsemi, gátu þeir náð verði niður fyrir skattgreiðandann. Ríkisstjórnin hafði hins vegar engan áhuga á því, ekki nokkurn. Nú er komið á daginn að ásakanir og gagnrýni sem hér voru settar fram reyndust réttar. Þetta er miklu dýrara, enda kemur fram í rökstuðningi Ríkisendurskoðunar, í skýrslu sem hún gerði, að að hluta til sé þetta eðlilegt vegna þess að hinir nýju eigendur þurfi að fá til sín arð. Hið sama mun gerast í öllum þessum einkavæddu stofnunum, að fjármunir sem áður fóru til uppbyggingar fara nú í vasa fjárfestisins.

Í þessu samhengi má nefna annað nýlegt dæmi. Ríkið gerði leigusamninga um Borgartún 21 fyrir ríkisstofnanir. Í svari við spurningum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, sem hann setti fram á Alþingi um hvernig að þessum málum væri staðið, kemur í ljós að leigusamningurinn kostar 2,4 milljarða. Um er að ræða húsnæði. Þetta kemur fram í Morgunblaðinu. Ég ætla að vitna í Morgunblaðsgreinina, með leyfi forseta:

„Kostnaður ríkissjóðs við flutning ýmissa ríkisstofnana og fyrirtækja og aðlögun þeirra í nýbyggingu einkaaðila í

Borgartúni 21, nemur alls tæplega 313 milljónum króna. Um er að ræða húsnæði sem leigt hefur verið til 20 ára og munu leigugreiðslur á samningstímabilinu ekki verða undir 2,4 milljörðum kr., en leigufjárhæðin er bundin vísitölu neysluverðs."

Síðan er vitnað í spurningar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og þetta útlistað nánar. Hins vegar kemur einnig fram í fréttinni að þessi leigusamningur, sem gildir til ársloka árið 2020, hafi einnig verið undirbyggður með sérstöku framlagi til eigenda húsnæðisins til að ganga frá öllum þörfum þeirra sem húsnæðið áttu að fá til afnota. Ég spyr t.d. um Húsnæðisstofnun fyrst hæstv. félmrh. er hér viðstaddur. Ég veit ekki betur en Húsnæðisstofnun hafi verið í húsnæði sem sú stofnun átti og hafði tiltölulega lítinn kostnað af. Hvernig í ósköpunum stendur á því að farið er út í svona rugl? Hvers konar hagsmunagæslumenn er ríkisstjórnin fyrir þjóðina? Hvers konar hagsmunagæslumenn eru þetta? Þeir sólunda peningum og standa ekki vaktina fyrir þjóðina í nokkru einasta máli. Það er ekki nóg með að þeir svipti íslenska sjómenn samningsrétti, banni verkfall þeirra, reki rýting í bakið þeim eftir hálfs annars mánaðar verkfall þar sem þeir hafa verið kauplausir. Nei, nú er tekið til við hin verkin, að afsala þjóðinni eignum sínum.

Þegar hæstv. samgrh. leyfir sér að segja, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að það standi ekki til að selja Landssímann á eins háu verði og mögulegt er, þá er eðlilegt að hinn stjórnarflokkurinn sé einnig spurður álits.

Ég geri mér grein fyrir því að á því máli eru einnig aðrar hliðar, t.d. sú að þessari stofnun vegni vel. Ég geri mér grein fyrir því. Mér finnst það mikilvægt. En mér finnst mikilvægast, við núverandi stöðu, að við afsölum okkur ekki í fljótræði yfirráðum yfir eign sem best er komin í okkar eigin höndum. Allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar gengur út á að einkavæða og prjóna síðan laga- og reglugerðarnet og þenja út eftirlitsstofnanir til að hafa eftirlit með þessum verkum sínum. Það er leiðin og ég spyr: Hvers vegna ekki að stytta sér leið? Hvers vegna í ósköpunum ekki að stytta sér leið og halda þessari þjóðareign í okkar eigin höndum?

[11:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf gaman á góðum morgni að hlusta á hv. þm. og hann fer mikinn og er sannfærandi í málrómi alla vega. En staðan í samfélaginu er sú að samstaða mun vera um það í öllum stjórnmálaflokkum að ríkið eigi að hverfa út úr þeim fyrirtækjum sem eru í samkeppnisrekstri og flokkarnir líta kannski á það sem óhjákvæmilegt verkefni. Samkeppnisstofnun segir að ríkisrekstur fari vaxandi í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sjái ekki ærið tækifæri fyrir lífeyrissjóði landsmanna að fjárfesta t.d. í bankakerfinu og Landssímanum. Mér skilst að lífeyrissjóðir landsmanna eigi núna 120 milljarða í fjárfestingum erlendis sem ekki hafa gengið of vel. Lífeyrissjóðirnir eiga 50–100 millj. árlega til fjárfestinga. Er ekki hyggilegt að þegar ríkið hverfur út úr þessum rekstri taki lífeyrissjóðir fólksins við og þessi einkavæðing verði í rauninni fjöldavæðing fólksins til þess að taka þátt í atvinnurekstri og það verði lífeyrissjóðirnir sem taki við þessum miklu þjónustufyrirtækjum samtímans og eignist þau? Ég vil a.m.k. heyra viðhorf hv. þm. og formanns í einum stærsta lífeyrissjóði landsmanna, hvort hann telji ekki að lífeyrissjóðir landsmanna geti þarna spilað stórt hlutverk í framtíðinni.

[11:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú erum við byrjaðir að kyrja þennan söng. Lífeyrissjóðir fólksins kaupi af fólkinu, fólkið kaupi af fólkinu, fólkið kaupi af sjálfu sér. Ég efast ekkert um að þetta gæti reynst góður fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóðina og ég gæti vel trúað því að lífeyrissjóðir mundu horfa bæði til banka og einnig til símafyrirtækja vegna þess að þetta eru traustir fjárfestingarkostir. Ég er að horfa til núverandi eigenda sem er þjóðin, almenningur, og ég tel að hagur hennar sé best tryggður með núverandi fyrirkomulagi með því að halda Landssímanum í hennar eign.

Hæstv. landbrh. segir að nú á tímum hugsi menn svo að í samkeppnisrekstri eigi að vera samkeppni og ríkið, opinberir aðilar eigi að draga sig til baka. Nú er það svo að menn eru að færa þar landamærin til. Menn eru t.d. að einkavæða skóla, menn eru að einkavæða elliheimili og menn eru einnig að fara inn á aðra þætti velferðarþjónustunnar. Það þýðir að þar er að myndast samkeppnisrekstur einnig. Nú vil ég beina spurningu til hæstv. landbrh.: Ætlar hann að hörfa undan markaðsöflunum í einu og öllu, á öllum sviðum alls staðar þar sem myndast samkeppnisrekstur? Þar ætlar Framsfl. að flýja af hólmi og afhenda eignir þjóðarinnar og mikilvæga stoð og velferðarþjónustu.

[11:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, Framsfl. ætlar ekki að hörfa. En hann lítur á að stórt verkefni ríkisins sé ekki síst eftirlitsskylda og að halda utan um samkeppnina, að hún verði með eðlilegu móti. Og kannski er það að verða eitt stærsta hlutverk ríkisvaldsins í þjóðfélagi samtímans að fylgja því eftir að farið sé eftir lögum og reglum. Ég kvíði því ekki.

Ég fagna því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur viðurkennt þá glæsilegu fjárfestingarkosti fyrir lífeyrissjóði landsmanna að fjárfesta í Landssímanum og bankakerfinu og ég vil segja að það er ekki síst vegna alþjóðavæðingar og við skulum segja EES-samningsins sem við búum núna við þetta frelsi og ríkið verður að hörfa út úr rekstri. Þetta er staða dagsins fyrir utan að stjórnmálaflokkarnir allir, nema kannski Vinstri grænir, eru sammála um að þetta sé óhjákvæmilegt. Þess vegna er mjög mikilvægt að þau miklu þjónustufyrirtæki fólksins verði í eigu fjöldans. Það blasir við og þýðir ekki að berjast við það að ríkið verður að fara út úr slíkum rekstri. Hvernig er hægt að sjá til þess að Símiinn verði í eigu fjöldans og vel rekinn? Ég sé lífeyrissjóði fyrir mér í þeim efnum. Ég er því ekkert kvíðinn hvað framtíðina varðar. Mér finnst hún glæsileg og björt. En hlutverk okkar, alþingismanna og ríkisvaldsins, er að stækka á því sviði að veita aðhald og sjá um að samkeppnin sé eðlileg í landinu.

[11:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít framtíðina björtum augum, en ég skal viðurkenna að ég hef nokkrar áhyggjur með þennan mannskap við stjórnvölinn.

Það er alrangt að nauðsynlegt sé vegna alþjóðlegra skuldbindinga að ríki og sveitarfélög hverfi út úr öllum rekstri. En við skulum gá að því hvað við meinum með rekstri vegna þess að rekstur er núna skilgreindur á mun víðtækari hátt en áður var, rekstur í efnahagslífinu. Menn eru núna farnir

að einkavæða í stoðþjónustu samfélagsins, í velferðarþjónustunni, í skólakerfinu, í heilbrigðiskerfinu. Hæstv. landbrh. segir að hlutverk ríkisins sé fyrst og fremst að sinna eftirlitsskyldu. En eftirlitsstofnanirnar eru einnig einkavæddar. Rafmagnseftirlit ríkisins var tekið og einkavætt og er nú rekið á miklu óhagkvæmari máta fyrir hönd landsmanna en áður var. Rafmagnseftirliti í landinu hefur stórlega hrakað vegna þess að einnig þar var einkavætt. Það er mikill misskilningur að ekki sé hægt að reka sjálfstæðar stofnanir, þess vegna sjálfseignarstofnanir, án pólitískra afskipta, það er hægt, en sem byggja á öðrum grunni en hlutafélög og önnur fyrirtæki sem hafa það að markmiði eitt fyrst og fremst að skila arði. Þetta er hægt.

Ég ætla að benda hæstv. landbrh. og fulltrúa Framsfl. á að kynna sér málefni rafmagnsframleiðslunnar á Long Island í Bandaríkjunum. Þar ráða hægri sinnaðir repúblikanar ríkjum. Þeir neyddust til að þjóðnýta einkavætt rafmagnsfyrirtæki vegna þess að það skilaði svo lélegri þjónustu og okraði svo á notendum, fyrirtækjum og heimilum að þess var krafist að þetta yrði tekið að nýju í hendur almennings.

[11:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en næsti ræðumaður tekur til máls er óhjákvæmilegt fyrir mig að víkja nokkrum orðum að þeim umræðum sem hér voru í morgun vegna þeirra ummæla sem ég hafði um skýrslu Samkeppnisstofnunar.

Samkvæmt 46. gr. þingskapa geta níu þingmenn óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni og skal henni svarað innan tíu vikna, skýrslan þá prentuð og henni útbýtt meðal þingmanna á fundi. Sú skýrsla sem hér um ræðir er 440 blaðsíður og vannst ekki tími til að ljúka skýrslugerðinni á síðasta þingi. Til þess að þingsköp Alþingis eigi við um skýrslubeiðnina er óhjákvæmilegt að endurtaka skýrslubeiðnina í upphafi nýs þings. Það átti því ekki við að krefja forseta um það að þessari skýrslu yrði útbýtt meðal þingmanna. Að því lutu mín orð.

Í bréfi, sem ég hef í höndum og tel rétt að lesa og er dagsett 18. maí, segir:

„Hinn 4. okt. 1999 lögu þingmenn Samfylkingarinnar fram beiðni á Alþingi á þskj. 20 þar sem þess var farið á leit að viðskiptaráðherra léti gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði. Samkeppnisstofnun hefur í dag afhent mér skýrsluna og hef ég sent öllum alþingismönnum eintak af henni.

Valgerður Sverrisdóttir.
Þorgeir Örlygsson."

Eins og fram kom í ummælum hv. þm. í dag töldu þeir að hæstv. ráðherra hefði farið rétt að þegar hann lét viðskrn. senda þingmönnum sérstaklega þessa skýrslu en tók ekki þann kostinn að leggja hana fram á Alþingi, enda heyrði skýrslubeiðnin til síðasta þingi. Þau orð standa því sem ég áður sagði að þessi atburðarás, eins og hún hefur orðið um skýrslubeiðnina, blaðamannafund ráðherra og hvenær alþingismenn fá skýrsluna í hendur, varðar ekki virðingu Alþingis heldur samskipti einstakra þingmanna við hæstv. viðskrh.

[11:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Málið sem hér er til umræðu varðar sölu á Landssíma Íslands. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur beint nokkrum spurningum til mín og ég skal leitast við að svara þeim af bestu getu.

Ég mundi þó kannski bíða þess að hv. þm. ljúki fundi sínum. Mér skildist að honum væri mikið í mun að ég kæmi í þinghúsið og hefði gert það að sérstöku umræðuefni í upphafi fundar, þó að ég hafi að sjálfsögðu ekki neina skyldu til þess, þar sem þetta mál heyrir ekki undir mig sem utanrrh. Ég hef hins vegar skyldur sem þingmaður að vera hér jafnt á við hv. þm. Mér fannst mjög óeðlilegt að hv. þm. skyldi gera það að umræðuefni í upphafi fundar að ákveðinn þingmaður í húsinu væri ekki viðstaddur fundinn, nema það eigi að fara að verða almenn venja í þinginu að ... (**ÖJ:** Formaður Framsfl.) Já, formaður Framsfl. er þingmaður og hefur skyldur á við aðra þingmenn. Formaður Framsfl. hefur engar sérstakar skyldur gagnvart öðrum þingmönnum og ekki heldur hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég hef skyldur sem alþingismaður jafnt á við hann og hef jafnar skyldur á við hann að vera á þingfundum. Ég tel mig hins vegar hafa skyldur til að vera viðstaddur umræður sem varða þau mál sem ég ber ábyrgð á í ríkisstjórninni. (**ÖJ:** Finnst þér þetta óeðlileg krafa?)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hv. þm. á að hér talar einn í einu.)

Það er oft afskaplega erfitt að eiga orðaskipti við þennan hv. þm. í þingsalnum. Hv. þm. er bæði að krefja menn um að vera hér og halda ræður en vill svo ekki gefa þeim tækifæri til þess og er þá með sífelld frammíköll. En það er eins og gengur.

Í upphafi vildi ég þó segja, þegar við erum að ræða um þessi mál, t.d. einkavæðinguna, að það hefur aldrei verið markmið Framsfl. frá upphafi, og er hann elsti starfandi stjórnmálaflokkur á Íslandi, að rekstur fyrirtækja í samkeppni sé í höndum ríkisins. Það hefur aldrei verið stefnumál hans. Framsfl. hefur ávallt talið að samkeppnisrekstur og fyrirtækjarekstur ætti að vera í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, nema um einokunarrekstur sé að ræða.

Það vill svo til að heimurinn breytist og mennirnir með. Það má vel vera að vinstri grænir breytist ekki neitt og þeirra heimur breytist ekki neitt. Ég geri mér ekki grein fyrir því en fyrir Framsfl. hefur heimurinn breyst heilmikið frá stofnum flokksins. Við verðum að taka mið af þessum aðstæðum eins og aðrir í samfélaginu. Það á líka við um fjarskiptaþjónustuna.

Það er ljóst að þegar síminn kom á land á Seyðisfirði árið 1906 voru aðrar aðstæður. Framsfl. var stofnaður á Seyðisfirði nokkru síðar, á sama stað og síminn kom á land. En breytingar sem orðið hafa eru gífurlegar og í frv. sem hér liggur fyrir tökum við mið af þessum miklu breytingum. Það held ég að sé aðalatriði þessa máls. Við lifum við þær aðstæður að það er komin mikil samkeppni á þessu sviði og við þurftum að stíga skref til móts við nýja tíma.

Okkur hafði sem betur fer tekist á löngum tíma að byggja upp mjög öflugt fyrirtæki, Landssíma Íslands. Það eru margar ástæður fyrir því. Okkur tókst að leggja ljósleiðara um landið og ein aðalástæðan fyrir því að við gátum gert það svo fljótt er sú staðreynd að byggðar voru ratsjárstöðvar í landinu og bandarískt herinn kostaði að mestu leyti lagningu ljósleiðaranna. Það vill svo til að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna í dag, var þá samgrh. og í tíð hans var gerður þessi merkilegi samningur við bandaríska herinn. Nú ætla ég ekki að segja um það hvort ljósleiðarinn væri til að öðrum kosti. Ég býst við því að hann væri til í dag,

þó að þetta hefði ekki verið gert, en hann hefði komið miklu seinna. Þetta fyrirtæki hefði aldrei getað orðið jafnöflugt og það er í dag og veitt jafnódýra þjónustu nema vegna þessara samskipta.

Það vill svo til, svo að ég geti huggað hv. þm. með því að ríkið er ekki að selja allt, að í þessum ljósleiðara eru átta strengir og Landssími Íslands á fimm þeirra en íslenska ríkið á þrjá. Íslenska ríkið mun eiga þessa þrjá strengi áfram. Ratsjárstöðvarnar hafa þá til afnota sem stendur. Það má hins vegar vel vera að ef við þurfum á að halda í framtíðinni þá geti íslenska þjóðin gripið til þessara eigna sinna því að strengirnir eru eign hennar, þó að það vilji svo til að ratsjárstöðvarnar hafi þá til afnota í dag.

Öll þessi þróun hefur leitt til mikilla breytinga. Fjarskipti eru mjög mikil, síminn er afskaplega mikið notaður og pósturinn miklu minna. Það hefur aftur á móti orðið til þess að breytingar hafa orðið á póstþjónustu. Það hefur leitt til þess að menn hafa orðið að taka á því. Það berst minni póstur, færri bréf (**Gripið fram í:** Færri sem skrifa.) og færri sem skrifa. Þessu þurfa menn að mæta og það erum við að gera. Við þurfum að mæta breyttum tímum og það hlýtur að vera ljóst í því alþjóðlega samfélagi sem við lifum í, þar sem við erum ekki aðeins komnir í samkeppni við fyrirtæki á innlendum markaði heldur í samkeppni við fyrirtæki um allan heim. Ef hv. þm. vildi gæti hann þess vegna skipt við símafélag í Kína. Ef hann vildi þá gæti hann alveg eins skipt við símafélag þar með GSM-síma eins og símafyrirtæki hér á Íslandi. Þetta er veruleiki. Þetta er pólitískur veruleiki sem verður til þess að við breytum um áherslur til að ná fram markmiðum okkar. Það á við um Framsfl. eins og aðra flokka.

Okkar markmið er fyrst og fremst að við getum notið þessarar nýju tækni, að allir landsmenn geti notið þessarar nýju tækni og virk samkeppni ríki á þessum markaði. Til þess að við getum gert þetta allt saman þurfum við að söðla um því að markmiðið er aðalatriðið en ekki hvort ríkið á þetta fyrirtæki við nýjar aðstæður. Við teljum ekki ástæðu til þess. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu og þess vegna höfum við fallist á að rétt sé að selja Landssímann, nákvæmlega eins og er verið að gera í öllum löndunum í kringum okkur. Það er enginn munur þar á.

Þá spyrja menn: Er rétt að selja allt? Sagt var að ég hefði verið efasemdarmaður um að rétt væri að selja allt. Það er rétt. Ég var efaðist um það vegna þess að ég var ekki viss um að okkur tækist að ná fram þeim markmiðum sem við vildum ná á þann hátt. Eftir ítarlega yfirlegu, skýrslugerð sem hv. þm. gerði að umræðuefni, breytingar á fjarskiptalögum og margt annað, hef ég sannfærst um að við getum náð markmiðum okkar með því að reka fyrirtækið áfram í einu lagi. Þar verður hins vegar um bókhaldslegan aðskilnað að ræða. Ég tel aðalatriðið að ná fram markmiðunum en festast ekki í því hvernig það skuli gert.

Menn geta sagt sem svo að ég hafi skipt um skoðun. Ég skipti oft um skoðun. (Gripið fram í.) Sjálfur Abraham Lincoln skipti líka stundum um skoðun. Hann var einu sinni ásakaður um það að hafa skipt um skoðun. Hann svaraði með þessum fræga hætti: „Sá maður er ekki mikils virði sem ekki er greindari í dag en hann var í gær." Ég held að það sé mikið til í því. Ég held að það sé einmitt það sem vantar í vinstri græna að þeir geti skipt um skoðun, t.d. á sviði utanríkismála. Ef menn hafa nákvæmlega sömu skoðun á sviði utanríkismála í dag og fyrir tíu árum þá er eitthvað að. Það væri eitthvað mikið að. (**ÖJ:** En að svíkja fyrirheit?)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil biðja hv. 13. þm. Reykv. að kalla ekki fram í. Hann hefur þegar beðið um orðið í andsvari og fær orðið þegar hæstv. utanrrh. hefur lokið máli sínu.)

Ég er í ræðustól að kröfu hv. þm. Ég skal víkja úr ræðustól hvenær sem er ef það getur greitt fyrir þingstörfum.

Hv. þm. spurði, ég get svarað því strax, um svikin fyrirheit. Ég hef ekki svikið fyrirheit og ætla mér ekki að svíkja neitt fyrirheit. Ég endurtek það að ég tel aðalatriðið að ná fram markmiðum. Það er pólitík, að fólkið í landinu geti haft það sem best og búið við sem jafnastar aðstæður og geti sótt fram hvar sem það býr. Ég tel að það sé tryggt með þessu frv. og þeim aðgerðum sem ráðgerðar eru. Ég minni hv. þm. á að fyrirtækið sem við erum að tala um tryggir það ekki í dag og hefur aldrei tryggt þær aðstæður. En það er ætlun okkar að leggja ákveðið fjármagn til þess að menn geti búið við slíkar aðstæður og það skiptir miklu máli.

Hv. þm. var að gagnrýna hæstv. samgrh. og spurði hvaða afstöðu ég hefði til þess því að hæstv. samgrh. hefði sagt að ríkið ætti ekki að haga sér eins og spákaupmaður. Ég er alveg sammála hæstv. samgrh. í því að ríkið á ekki að haga sér eins og spákaupmaður. Ég vil taka dæmi í þeim efnum. Sænska ríkið seldi hlut sinn í sænska símanum. Það var aðallega sænskur almenningur sem keypti. Hlutabréfin hafa fallið mikið í verði. Er það eftirsóknarvert, að ríkið selji almenningi hlutabréf á allt of háu verði? Ég tel að svo sé ekki. Er það eftirsóknarvert fyrir ríkið að selja lífeyrissjóðum landsins hlutabréf á allt of háu verði, lífeyrissjóðum fólksins? Hverjir eru líklegastir til þess að kaupa hlutabréf í Símanum? Ætli það sé ekki, ef við tölum um Íslendinga, almenningur í landinu og lífeyrissjóðir landsmanna? Ég býst við því.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson er stjórnarformaður í einum stærsta lífeyrissjóði landsins. Ég býst við því að á stjórnarfundum þar ræði menn hvort líklegt sé að þau hlutabréf sem keypt eru gefi hugsanlega einhvern arð í framtíðinni. Ef stjórnarformaðurinn gerði það ekki þá væri hann ekki að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, eins og honum hefur orðið svo tíðrætt um á þessum morgni, að hér sitji ríkisstjórn sem hugsi ekkert um fólkið sitt, ríkisstjórn sem sé á móti fólkinu sínu. Ég reikna ekki með því að hv. þm. sé þannig innan brjósts að hann sé á móti fólkinu sem hann gætir hagsmunanna fyrir í lífeyrissjóðnum. Ég býst við því að honum sé þannig innanbrjósts að hann standi líka ávallt með þjóðinni sinni.

Það er ekki hægt að selja á markaði nema kaupendur geri sér einhverjar vonir um að hafa af því einhvern arð. Það var mikil ógæfa fyrir mörg íslensk ungmenni að kaupa hlutabréf í ýmsum fyrirtækjum fyrir yfirdráttarlán, eins og mörg dæmi eru um. Síðan hafa þessi hlutabréf fallið í verði og hlutabréfamarkaðurinn fallið um næstum því 40%, þar á meðal SR-mjöl sem hv. þm. telur vera með arðbærustu hlutabréfum landsmanna, ef ég skil rétt. Ég hef ekki séð það þegar ég hef lesið blöðin, sem ég geri einstaka sinnum. Það hafa fá hlutabréf fallið jafnmikið í verði að undanförnu og hlutabréf í því fyrirtæki. Vonandi réttir það úr kútnum í framtíðinni og ég hef trú á að svo verði. En þannig er þetta.

Að lokum, um væntanlega sölu þessa fyrirtækis. Það liggur fyrir áætlun og tillaga um að byrja á að selja 14% til starfsmanna og almennings, selja síðan 10%, svo 25% og sjá þá til, þegar 49% hafa verið seld. Það hafa engar ákvarðanir

verið teknar um tímasetningar í þessum efnum. Ég á von á að menn reyni að selja 14% eins fljótt og nokkur kostur er. Síðan fer það eftir árangrinum af þeirri sölu hvað gert verður næst. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin að selja 10% munu menn meta eftir þann tíma hvernig það gengur og síðan selja 25%. Þá vilja menn meta stöðuna áður en meiri hluti verður seldur í fyrirtækinu því að allt gengur þetta út á að þjóna sem best hagsmunum almennings í landinu og skapa jafnframt fjárfestingartækifæri fyrir landsmenn og lífeyrissjóði landsmanna, sem eru þeir aðilar sem hafa langmest fjármagn á milli handa. Það hefur enginn aðili jafnmikla fjármuni úr að spila. Það skiptir náttúrlega miklu máli fyrir þessa aðila og fyrir framtíð landsmanna að þetta fjármagn verði sem best ávaxtað þannig að landsmenn geti notið síðustu ára sinna með eðlilegum hætti. Það er skylda okkar að sjá svo um. Til þess að svo megi verða þarf náttúrlega að skapa lífeyrissjóðum tækifæri á innlendum markaði til að ávaxta fé sitt þannig að þeir þurfi ekki að fara með það til útlanda. Miðað við allt það frelsi sem komið hefur verið á hafa þeir mjög mikla möguleika til þess. Því er nauðsynlegt til mótvægis að skapa þeim möguleika innan lands.

Þetta veit hv. þm. allt saman. Þess vegna verð ég að segja að lokum, hæstv. forseti, að ég botna ekkert í ræðu hans í dag frekar en áður.

[11:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur fundust mér svörin rýr. Ég beindi fjölmörgum spurningum til hæstv. ráðherra sem hann hefur ekki svarað. En látum það vera.

Auðvitað hljóta lífeyrissjóðirnir að þakka umhyggju hæstv. utanrrh. fyrir lífeyrissjóðunum. En þetta eru engu að síður undarleg orð frá sömu aðilum og eru áhugamenn um að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í áhættufjárfestingum í virkjana- og stóriðjudraumum ríkisstjórnarinnar því ég veit ekki betur en þar sé mikill áhugi á því að lífeyrissjóðirnir geri einmitt þetta.

Aðalatriðið er að ná fram markmiðum. Menn mega ekki festast í pólitísku fari. Ég vakti máls á þessu pólitíska fari sem Framsfl. er fastur í, að gera einkavæðingu að sérstöku markmiði sínu. Ég óskaði eftir umræðu um vegna þess að öll þessi einkavæðing og sala á ríkisfyrirtækjum byggir á pólitískri stefnu. Það er vísað í þessa pólitísku stefnu í öllum álitsgerðum sem fylgja frumvörpum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu. Það gerir það líka í þessu frv. þar sem vísað er í stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. nánar út í tímasetninguna á sölu Símans. Hann segir í viðtali ekki alls fyrir löngu að hann telji það skynsamlegt að byrja heldur smátt og sjá síðan hvernig þetta gangi en við munum hins vegar á næstu mánuðum eða missirum ekki selja meiri hlutann í fyrirtækinu. Hvenær stendur til að selja meiri hlutann í fyrirtækinu? Ætla menn bara að sjá til? Á markaðnum hafa menn kvartað yfir því að óvissan skaði fyrirtækið. Ég auglýsi eftir nánari upplýsingum um þetta efni.

Varðandi yfirlýsingar hæstv. samgrh. um að ekki sé æskilegt að selja Símann á eins háu verði og kostur er, þá fundust mér svörin einnig heldur rýr.

[11:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki upplýst neitt frekar um tímasetningar í þessu efni. Ég held að hv. þm. hljóti að skilja að það er ekki hægt að setja fram nákvæmar dagsetningar í þeim efnum. Það hlýtur að vera skynsamlegt að byrja á þessum 14% sem við höfum talað um. Það tel ég vera að byrja smátt og sjá svo til. Þar verður þó að taka mið af aðstæðum.

Það sem hv. þm. sagði, að því er varðar hugsanlegt álver, þá hlýtur það að vera fagnaðarefni fyrir lífeyrissjóði landsmanna að fá möguleika til að fjárfesta í arðbærum framkvæmdum innan lands. Ég tel að lífeyrissjóðirnir hljóti að gera það ef þeim er umhugað um peninga fólksins sem þeir eru ábyrgðarmenn fyrir. Ég vænti þess að hv. þm. blandi því ekki saman við hugsanlega andstöðu sína hér á þingi við það mál.

[11:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar fyrir austan eru áhættufjárfestingar á nákvæmlega sama hátt og ríkisstjórnin hefur rómað deCode, sem hæstv. utanrrh. talar nú um að hafi illu heilli hrapað í verði. Ég tek undir það því að margir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum. Þetta eru áhættufjárfestingar og það er ekkert óeðlilegt að menn ræði þær á Alþingi eins og annars staðar.

Mér finnst slæmt að hæstv. ráðherra geti ekki svarað nánar til um söluna, um dagsetningar. Menn verði að sjá til og taka mið af aðstæðum. Hvaða aðstæðum? Þegar fyrirtækið hefur hrapað í verði til að ná fram markmiðum hæstv. samgrh. um að selja fyrirtækið á gjafaprís eða bíða eftir því að hagstæðari verð fáist fyrir þetta fyrirtæki, hverjar eru aðstæðurnar sem beðið er eftir?

[11:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki um neina fjárfestingu sem ekki fylgir áhætta. Lífið er almennt áhættusamt. Hins vegar ber að reyna að draga úr þeirri áhættu eins og kostur er með því að dreifa fjárfestingu. Ég held að það hljóti að vera fagnaðarefni fyrir lífeyrissjóði landsmanna að hafa sem mesta og besta möguleika til að taka þátt í atvinnulífi landsmanna og vera með í því í stað þess að fara með peningana út fyrir landsteinana.

Að því er varðar Símann og þær aðstæður sem henta til að selja þá fer það að sjálfsögðu mikið eftir því hvernig gengur með söluna í fyrsta áfanga. Hvernig verður bréfunum tekið, á hvaða verði seljast þau og hvernig mun þetta ganga? Ég held að menn hljóti að meta stöðuna að því loknu.

Ég tel að hv. þm. hljóti að skilja að það er ekki hægt að svara því fyrir fram. Við viljum ekki vera spákaupmenn og enn síður erum við miklir spámenn í þessum efnum. Ég býst við því að hv. þm., sem formaður stjórnar eins stærsta lífeyrissjóðs landsmanna, sé enn þá meiri spámaður um hlutabréf en ég, enda miklu vanari að höndla á þessum markaði. Ég hef ekki komið nálægt því þannig að ég mundi frekar leita eftir ráðleggingum hans í þeim efnum.

Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar eru að selja í þessum áföngum en áfangarnir hafa ekki verið tímasettir. En ég á ekki von á að þetta muni taka mjög langan tíma. Við erum ekki að tala um heilan áratug. Við erum kannski að tala um fá ár og kannski styttri tíma. Ég get ekki svarað því betur. Það liggur ekki fyrir.

[11:40]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hæstv. utanrrh. þegar hann segir að lífið sé áhætta. Það er kannski það sem gerir lífið þess virði að lifa því, að það skuli ekki liggja fyrir nákvæm forskrift um hvernig það muni þróast og hvernig það muni dafna.

Hins vegar vísaði hæstv. utanrrh. í orð Abrahams Lincolns þar sem hann sagði að enginn bannaði manni að vera vitrari í dag en í gær, svona í efnislegri túlkun. Einmitt þar skilur á milli okkar í Samfylkingunni og Framsfl., sem lengi vel þrammaði þó í takt í þessu Landssímamáli.

Ég spyr: Hvað gerði það að verkum að Framsfl. og formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., litu svo á að sýnt hefði verið fram á það með rökum að það að selja fyrirtækið í einu lagi muni þrátt fyrir umhverfi sem við horfum upp á tryggja að hér verði samkeppni eftir að sölunni lýkur? Út frá hvaða forsendum getur hæstv. ráðherra haldið því fram að hér sé ekki verið að einkavæða einokun, eins og hæstv. ráðherra komst að orði? Nákvæmlega þeim rökum hefur verið kallað eftir í allri þessari umræðu. Hvað veldur því að menn geta með góðri samvisku sagt að samkeppni muni haldast hér þegar selt er í einu lagi fyrirtæki sem er með 85% hlutdeild af tekjum og á stóran hlut í 36 öðrum fyrirtækjum á þessum litla markaði? Víðast hvar í veröldinni eru 30% yfirráð talin markaðsráðandi staða. Við erum að tala um 85–95% markaðshlutdeild. Það fer eftir því hvernig orðið yfirráð er túlkað. Hvernig getur hæstv. ráðherra haldið því fram að hér sé ekki verið að einkavæða einokun?

[11:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hvort rétt hafi verið að hafa ljósleiðarann í sérstöku fyrirtæki eða ekki, þá hefði Landssíminn væntanlega verið mjög ráðandi á þeim markaði óháð því. Ég tel hins vegar að eins og gengið hefur verið frá hnútunum þá sé tryggt að öll önnur fyrirtæki sem starfa á þessum markaði eigi jafnan aðgang að þessu neti og þetta hafa fyrirtækin sjálf staðfest.

Þegar við höfum umræðuna um sölu Landssímans lá þetta ekki fyrir. Þess vegna hafði ég efasemdir. Ég var ekki einn um það enda höfðu margir aðrir þær efasemdir. Það hefur hins vegar verið brugðist við þessum aðstæðum. Ég vænti þess að það hafi verið staðfest í umfjöllun um málið á Alþingi. Það var jafnframt staðfest í skýrslu nefndar sem fjallaði um þetta mál og komst að þessari niðurstöðu þar sem fulltrúar beggja stjórnarflokkanna áttu aðild. Þegar við sáum fram á að þessum skilyrðum hefði verið fullnægt eða að hægt væri að fullnægja þeim, þá var það ekkert markmið í sjálfu sér að aðskilja þetta algerlega. Það hefði veikt fyrirtækið og einnig var ljóst að það væri tæknilega erfitt. Það hefði verið réttlætanlegt að takast á við þá erfiðleika ef menn hefðu séð fram á að það væri eina leiðin til að ná markmiðunum, þá hefði ég viljað standa á því. Ég tel hins vegar að markmiðunum hafi verið náð og það er aðalatriðið í okkar huga. En til þess að ná þessu fram þurfti að sjálfsögðu opna umræðu um málið og niðurstaðan var mjög góð að mínu mati.

[11:45]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hæstv. utanrrh. séum sammála um markmiðin. Við erum hins vegar ekki sammála um leiðirnar og tíminn einn mun vitaskuld leiða í ljós hvor okkar hefur rétt fyrir sér.

En það breytir ekki því að þegar hæstv. ráðherra talar um aðskilnað á grunnnetinu, þá lít ég svo á að það séu lágmarksaðgerðir. Það hefði þurft að gera miklu meira, en látum það liggja á milli hluta.

Það sem hefur komið fram í þessari umræðu er þetta: Allir sérfræðingar á sviði samkeppnisréttar hafa til að mynda sagt: Þetta dugar ekki. Stærsti hluti þeirra sem komu fyrir samgn. taldi æskilegt að þetta yrði aðskilið. Þó ekki væri nema fyrir þær sakir að gerðar eru miklar kröfur til þeirra sem ætla að fara þessa leið, kröfur til þeirra að þeir sýni fram á rökin, sannfæri okkur líkt og formaðurinn, hæstv. ráðherra, var sannfærður á sínum tíma. Það hefur í rauninni verið kallað eftir þessu allan tímann af því að allir sem hafa verið a.m.k. álitnir sérfræðingar á þessu sviði hafa mótmælt þessu að undanskildum óháðum tæknimanni sem einkavæðingarnefnd fékk til sín. Aðrir tæknimenn hafa haldið öðru fram en látum það liggja á milli hluta.

Að því er varðar samkeppnina og fjölda fyrirtækjanna, þá hafa flestir gagnrýnt þetta, allir á sviði samkeppnisréttar og flestir sem komu fyrir samgn. Þess vegna finnst mér ekki í mikið lagt þó að við gerum kröfu til þess að þessi rök séu færð fram. Í nál. meiri hlutans eru aðeins þau rök færð fram að eftirlitsstofnun muni sinna sínu hlutverki. Þeir hafa sagt: Það dugar ekki til þess að halda aftur af markaðsráðandi fyrirtækjum.

[11:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel aðeins að tíminn einn geti leitt það í ljós hvernig þetta allt saman reynist og ég er sannfærður um að það mun liggja betur fyrir áður en ríkið selur meiri hluta í fyrirtækinu. Það er hins vegar ljóst að þetta fyrirtæki í ríkiseigu er mjög markaðsráðandi í dag. Og fyrir liggur að Ísland er afskaplega lítill markaður og þess vegna er þessi endalausi samanburður milli Íslands og annarra landa ekki alltaf raunhæfur. Við erum lítið þjóðfélag, búum miklu lengra frá öðrum þjóðum en gengur og gerist. Þess vegna eru aðstæður okkar ekki þær sömu. Við erum hins vegar hluti af sama samkeppnisumhverfinu, lútum sömu reglum og verðum þess vegna að taka mið af því. En það hljóta alltaf að verða þær aðstæður hér á landi að hættara sé við því að hér séu mjög markaðsráðandi fyrirtæki en gengur og gerist meðal stærri þjóða. Þess vegna er eftirlitið afskaplega mikilvægt, Samkeppnisstofnun afskaplega mikilvæg og mér finnst stundum að verið sé að hnýta í þessa stofnun að óþörfu vegna þess að hún er að stíga sín fyrstu skref og stofnunin kemur til með að gegna mjög mikilvægu hlutverki í framtíðinni og það ber að styrkja hana.

Það sama á við um Póst- og fjarskiptastofnun. Þetta eru stofnanir sem munu skipta miklu máli og þegar við verðum komin inn í þetta nýja samkeppnisumhverfi af fullum krafti, mun þýðing þessara stofnana fara mjög vaxandi.

[11:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það sem af er umræðu um frv. sem hér er á dagskrá er að verulegu leyti endurtekning þess sem fór

fram við 2. umr. og þess vegna er ekki ástæða til að lengja hana mjög mikið. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um örfá atriði.

Í fyrsta lagi kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni áðan að allir, ég endurtek, allir sérfræðingar telji að aðskilja eigi netið frá Landssímanum og halda því eftir í eigu ríkisins áður en til sölu komi. Ég tel að hér sé mjög ofmælt að um hafi verið að ræða alla sérfræðinga, það er fjarri lagi. Eins og kemur fram í skýrslu einkavæðingarnefndar kallaði hún til sín mjög marga og í skýrslunni kemur m.a. fram mjög vönduð og ítarleg úttekt prófessors sem fór yfir þetta mál frá tæknilegu sjónarhorni einkum og sér í lagi. Niðurstaða hans var sú að það væri mjög erfitt og tæknilega flókið að aðskilja netið frá og það yrði dýrara fyrir neytendur, því fylgdi mikill kostnaður að halda því úti og sér. Niðurstaðan varð því sú, niðurstaða einkavæðingarnefndarinnar og okkar sem að þessu höfum unnið, að það væri í alla staði mjög óhagstætt að aðskilja netið frá. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram því að nauðsynlegt er að menn vaði ekki í villu hvað það varðar.

Málflutningur hv. þm. Ögmundar Jónassonar er alveg með ólíkindum satt að segja og á köflum mjög á mörkum þess sem maður gerir kröfu til manna í þinginu. (**ÖJ:** Hvaða fullyrðingar eru það?) Fullyrðingar um að markmið samgrh. sé að selja Símann á gjafaprís. Hvers konar fullyrðingar eru þetta? Verið er að væna menn um þvílíka hluti að það er auðvitað útilokað að sitja undir því og ég vísa þessu algerlega á bug. Hv. þm. vísar til þess sem ég sagði þegar ég var að svara og vitna til þess sem hv. þm. og formaður Samfylkingarinnar sagði að það væri allt of seint fram komið að selja Símann, verðið hefði lækkað. Það var álit hans og þess vegna hefði átt að selja Símann fyrr því að við hefðum fengið miklu hærra verð fyrir hann. Ég var að svara þeirri gagnrýni og vísaði til þess að ekki væri eðlilegt að ríkið hagaði sér eins og spákaupmaður á þessum markaði og leitaði einungis eftir því að koma inn í öldufaldinum og selja almenningi á ef til vill óeðlilega háu verði.

Vinnugangurinn í þessu máli er sá að við höfum verið að undirbúa málið og ég tel að ekki hafi verið neinar forsendur fyrir því að ganga til sölunnar fyrr en nú. Það þurfti þennan undirbúning. Við þurftum að breyta fjarskiptalögum og við þurftum að ganga að margs konar samningum og tryggja þetta mál sem allra best og þess vegna höfum við gefið okkur þennan tíma.

Til þess að halda sem best á hagsmunum ríkisins, eiganda Landssíma Íslands hf., höfum við kallað til sérfræðinga sem meta verðgildi félagsins með það í huga að það sé að sjálfsögðu litið til þess hvaða langtímatekjumöguleikar séu fyrir hendi og eftir þeim reglum sem slík vinna er unnin. Á grundvelli þess mats og þeirra hugmynda um verðlagningu verður gengið til sölu til almennings. Síðan er það markaðurinn sem ræður og þar á meðal þeir sem koma til með að bjóða í Símann, m.a. lífeyrissjóðirnir sem leggja mat á það hvert virði hlutabréfanna í Landssíma Íslands er. Ég er alveg sannfærður um að ráðgjafar og fjárfestar munu ekki líta á stundarhagsmuni þegar þar að kemur heldur líta á virði Símans sem þessa stóra og öfluga fyrirtækis á markaði. Þetta vildi ég segja og vísa algerlega á bug fullyrðingum hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að okkur gangi ekki annað til en gefa eignir ríkisins. Þetta eru furðulegar fullyrðingar og ekki sæmandi hv. þingmönnum.

Hv. þm. hefur ítrekað reynt að gera það tortryggilegt að við höfum staðið í skipulagsbreytingum hjá Íslandspósti og dregið það inn í þessa umræðu til að gera Póst- og fjarskiptastofnun tortryggilega og að sjálfsögðu þann sem hér stendur, samgrh. Vil ég aðeins fara yfir það mál enn og aftur vegna þess að verið er að reyna að koma því inn hjá fólki að verið sé að standa fyrir einhverjum stórfelldum breytingum í póstþjónustunni gegn hagsmunum fólksins og þeirra sem þurfa þessarar þjónustu við. Það sem verið er að gera, af því talað er um Skagafjörðinn, þá er verið að bregðast við mikilli breytingu í póstþjónustunni sem dregist hefur saman o.s.frv. en ekki er verið að loka neinni póstþjónustu svo ég endurtaki það aftur og enn í eyru þessa ágæta þingmanns sem heldur þessu fram. Ekki er verið að loka neinni póstþjónustu. Það er verið að gera breytingar á rekstri og skipulagi og það er í alla staði eðlilegt og ég tel að þegar fram líða stundir muni þessir hv. þm. átta sig á að nauðsynlegt var að gera það sem þar hefur verið gert.

Þegar litið er til fjarskiptamarkaðarins og stöðu Íslands í dag og á þeim tíma þegar við erum að ræða sölu Landssímans þá er hún í stórum dráttum sú að við höfum verið að tileinka okkur tæknina mjög hratt. GSM-símanotkunin hefur vaxið mjög mikið og við erum meðal þeirra þjóða sem mest nota síma og þá ekki síst GSM-símann. Það eru þrjú fyrirtæki komin á markaðinn sem keppa þar. Við Íslendingar notum internetið mjög mikið og við höfum tryggt það með fjarskiptalöggjöfinni að hvert einasta heimili á Íslandi sem hefur fastlínukerfi í dag og í framtíðinni á að geta haft aðgang að internetinu með ISDN-tengingum og það er einsdæmi. Það er einsdæmi í fjarskiptalöggjöf að það sé krafa á hendur símafyrirtækjum að veita slíka þjónustu til allra símnotenda. Það er afar mikilvægt.

Að síðustu vil ég nefna það sem stöðuna hjá okkur í dag á Íslandi að þegar litið er yfir samanburð OECD-ríkjanna um verðlagningu, verðlag á símaþjónustunni þá kemur í ljós að símaþjónustan á Íslandi, bæði fastlínusímanotkunin og GSM-símanotkunin og einnig gagnaflutningar eru með því lægsta sem þekkist og í sumum tilvikum er verðið lægst á Íslandi. Það er afar mikilvægt að menn átti sig á þessu. Þetta er staðreynd sem ekki verður hægt að líta fram hjá og hún er afar mikilvæg í mínum huga þannig að aðstæður á Íslandi þegar kemur að því að selja hlut ríkisins í Landssímanum eru okkur hagstæðar sem neytendum. Ég tel að með þeirri aðferð og þeim undirbúningi sem við höfum viðhaft við sölu Símans sé ekki nokkur ástæða til að ætla annað en að niðurstaðan geti orðið mjög farsæl fyrir íslensku þjóðina.

[12:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. samgrh. áðan að hann ræddi um grunnnetið og þau orð sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lét falla um það. Í samgn. spurðum við alla sem komu á fund nefndarinnar mikið út í grunnnetið. Við höfum farið í gegnum alla þessa þætti við fyrri umræður og ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem þar kom fram frekar en hæstv. samgrh.

Hæstv. ráðherra vitnaði í álit prófessors sem skrifaði kafla um grunnnetið í einkavæðingarbókina. Hann komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki nauðsynlegt að greina netið frá fyrirtækinu og að það gæti orðið baggi á ríkissjóði. Ég vil nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, og spyrja hæstv. samgrh. um þetta. Við gátum ekki fengið áðurnefndan prófessor til nefndarinnar því hann er staddur úti í Ameríku. Nú veit ég

ekki hvort þessi prófessor býr þar. Mig minnir þó að það hafi komið fram við 2. umr. að þar væri hámenntaður prófessor sem starfaði á þessu sviði í Ameríku. Í því spretthlaupi sem samgn. fór yfir þetta mál var alls ekki hægt að fá álit frá þessum manni eða fá hann á fund. Getur verið, ef þetta er rétt, að þessi prófessor sé dálítið markaður af samkeppnisumhverfinu í Ameríku? Um þetta spyr ég vegna þess að það hefur alltaf verið sagt að samkeppnin mundi tryggja hag notenda. Ég hef sagt að það verði ekki samkeppni á stórum hluta landsins á þessu sviði. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. samgrh. út í þetta: Getur verið að þessi skoðun sé mörkuð af miklu stærra þjóðfélagi en Íslandi?

[12:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta vil ég segja að þær umsagnir sem leitað var eftir vegna sölu Símans markast að sjálfsögðu af aðstæðum hér á Íslandi. Við höfum að sjálfsögðu gert þær kröfur til allra sérfræðinga sem að þessu máli hafa komið að þeir miðuðu við okkar aðstæður en byggðu ekki mat sitt á aðstæðum í öðrum löndum. Ég sé því ekki ástæðu til að láta að því liggja að það mat sé byggt á röngum forsendum.

[12:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði út í þetta vegna þess að viðhorf þeirra sem komu fyrir samgn. voru mismunandi. Þeir aðilar af landsbyggðinni sem við töluðum við hafa rekið þessa þjónustu og svona fyrirtæki á landsbyggðinni og þeir lögðu allir til að grunnnetið yrði skilið frá áður en til sölu Landssímans kæmi. Það var með öðrum orðum mjög mikill munur, himinn og haf, á milli álits þessara aðila og svo þeirra aðila sem komu af höfuðborgarsvæðinu, þar sem samkeppni er sannarlega í grunnnetinu, hvort sem það er vegna Línu.Nets eða annarra fyrirtækja. Sem betur fer hefur þar skapast samkeppni. Við sjáum að höfðborgarbúar njóta þess allsvakalega og munu fá mikið forskot.

Ég hef talað um að áhyggjur okkar séu af því að Íslendingar muni ekki allir sitja við sama borð hvað þessi atriði varðar. Það er einmitt svo, herra forseti, að samkeppnishæfni svæða skiptir höfuðmáli. Ég mun koma að því í ræðu minni á eftir.

Ég vildi aðeins segja, vegna þessa andsvars frá hæstv. samgrh., að það var greinilega mikill munur á skoðunum þeirra sem fyrir nefndina komu eftir því hvaðan þeir komu af landinu. Áhyggjur manna af landsbyggðinni voru greinilega miklar, bæði af núverandi ástandi og af framtíðinni.

Í lokin vil ég því bara segja: Hefur hæstv. samgrh., sem er þingmaður af landsbyggðinni og í nýju og stærra kjördæmi, ekki áhyggjur af því að íbúar landsbyggðarinnar muni ekki sitja við sama borð og íbúar höfuðborgarinnar í framtíðinni varðandi þessa nýju tækni?

[12:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi þingmenn lesið frv. og fylgigögn þess hljóta þeir að sjá að ég hef haft áhyggjur af þessu. Það birtist í verkum mínum, m.a. því að ég hef gert samning við Landssímann um að hann lækki verulega gagnaflutningagjaldskrána og beiti þeirri tækni og nýti þann búnað sem Síminn hefur í þágu landsbyggðarfólks sem þarf á gagnaflutningum að halda.

Verðlag hefur breyst mjög mikið. Það hefur lækkað. Aðgerðir Símans, að nýta sér gagnaflutninga í gegnum ATM-netið og lækkun á verðskrá, hafa leitt til sama verðs innan allra svæða og síðan er fast verð á milli svæða, óháð vegarlengd. Þar með er komið til móts við þessa hagsmuni. Í einkavæðingarnefndarskýrslunni kemur fram það mat nefndarinnar að skoða beri hvort gjaldskrár gagnaflutninga eigi ekki að miðast við magn fremur en vegalengdir. Þetta er verkefni sem samgn. fjallaði mjög rækilega um í umfjöllun sinni og samgrn. hefur að undanförnu unnið að því að við getum nýtt þessa tækni, margmiðlunar- og fjarskiptatæknina, um landið allt án þess að verðþröskuldar komi í veg fyrir það.

[12:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. var nokkuð niðri fyrir áðan. Sjálfum finnst mér ekki undarlegt að það svíði undan þessum verkum ríkisstjórnarinnar. Efnislega vil ég aftur á móti segja þetta:

Hæstv. ráðherra hefur orðað það svo að við megum ekki haga okkur þannig að við reynum það eitt að ná sem hæstu verði, að við megum ekki haga okkur eins og spákaupmenn. Hann segir mikilvægt að fjárfestar hafi góðan arð af væntanlegri eign sinni.

Síðan segir hæstv. ráðherra í ræðu sinni að væntanlegir fjárfestar, væntanlegir kaupendur, muni passa upp á sinn hag. Þá dreg ég þá ályktun að þeir reyni að ná sem hagstæðustu verði. Þá er komið að hlut hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar sem á að passa upp á hlut seljandans, þjóðarinnar. Þess vegna hlýtur það að vekja athygli þegar hæstv. ráðherra lætur orð af þessu tagi falla.

Ég minni á að sagan hræðir. Ég vísa í SR-mjöl, ég vísa í Áburðarverksmiðjuna, ég vísa í einkaframkvæmd við Sóltún 2 og ég vísa í fleiri dæmi, m.a. einkaframkvæmd sem var tíunduð í Morgunblaðinu í gær, sem á án efa eftir að fá drjúga umræðu. Hæstv. ráðherra þarf ekki að vera undrandi yfir því að yfirlýsingar af því tagi sem ég vitnaði til veki margar spurningar, undrun og jafnvel hneykslan einhverra. Ég er í síðasttalda hópnum.

[12:09]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Nú þegar við ræðum sölu Landssímans við 3. umr. vil ég aðeins bæta við nokkrum orðum um áhyggjur mínar af þeim aðstöðumun sem mun verða á næstu árum. Sá munur er þegar og mun að öllum líkindum aukast milli íbúa þessa lands hvað þetta varðar.

Það er ljóst, nú þegar ríkisstjórnarflokkarnir hafa fellt tillögu frá okkur fulltrúum Samfylkingarinnar í samgn. um að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu við sölu á hlutabréfum Landssímans, að á næsta þingi, næsta haust, bíður okkar mikil vinna við að breyta póst- og fjarskiptalögum og öðru til að tryggja öruggar og betri samgöngur fyrir alla landsmenn.

Ég ætla að reyna, herra forseti, að koma ekki inn á það sem áður verið rætt um í þessum efnum, varðandi það að aðskilja grunnnetið áður en að sölu kemur. Hins vegar hefur það margsinnis komið fram í máli mínu að ég óttast að með sölu grunnnetsins með Landssímanum muni aðstöðumunur aukast mikið í þeirri miklu tæknibyltingu sem á sér stað þessa dagana og mun eiga sér stað á næstu missirum, hvað varðar dreifingu sjónvarpsefnis og annars um landið. Þar er höfuðborgin náttúrlega með mjög mikið forskot vegna frumkvæðis Línu.Nets og borgaryfirvalda í Reykjavík. Sú tækni og sú þjónusta sem þar verður boðið upp á mun óneitanlega spyrjast út. Aðrir landsmenn munu sjá muninn þar á

og gera kröfu um að fá það sama. Þá mun spila inn í það sem við köllum samkeppnishæfni svæða, hvaða þjónustu verður boðið upp á. Íbúar landsbyggðarinnar mega ekki sitja eftir og verða annars flokks borgarar hvað þetta varðar. Þetta er hröð þróun og hér hefur komið fram að vísustu og bestu tæknimenn okkar hafa sagt að nær ógerlegt sé að spá í hvernig tæknin þróist á næstu missirum.

Ég hef minnist á, hæstv. forseti, þá gríðarlegu uppbyggingu sem hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu með lagningu ljósleiðara um borgina. Í vor hafði rúmlega 4.000 heimilum á höfuðborgarsvæðinu verið gefinn kostur á að tengjast ljósleiðaraneti Línu.Nets með öllum þeim miklu tækninýjungum og möguleikum sem því fylgja, að maður tali ekki um hraðlækkandi verð sem nýtist öllum höfuðborgarbúum. Það er gott að verðið sé að lækka.

Í kynningarriti sem Lína.Net hefur sendi í hvert hús er m.a. ávarp framkvæmdastjóra Línu.Nets, Eiríks Bragasonar. Við í samgn. höfðum því miður allt of lítinn tíma til þess að ræða við hann og fræðast hjá honum um hin miklu áform fyrirtækisins, en hér segir m.a.:

„Ljósleiðaratenging heimila, ljóslína, er frumkvöðlaverkefni þar sem margir aðilar þurfa að stilla saman strengi sína. Því getur margt komið upp á til seinkunar á framkvæmdum. Von bráðar mun ykkur" — þ.e. Reykvíkingum — „standa til boða glæsileg þjónusta sem framtíð er í enda er stafrænt sjónvarp og hvers konar fjarskipti um ljósleiðara það sem koma skal og víða um lönd eru fyrirtæki eins og Lína.Net að leggja drög að því að bjóða fólki upp á samþætta fjarskipta- og afþreyingarþjónustu í gegnum ljósleiðara eða aðra háhraðagagnaflutningsleiðir.

Ljóslínan og sú fjölbreytta þjónusta sem henni tengist mun gjörbreyta möguleikum heimilisins til afþreyingar og vinnu" — takið eftir að ljóslínan, sem þeir kalla svo, mun gjörbreyta öllum möguleikum heimilis til afþreyingar og ekki síður vinnu. — „Nú þegar erum við farin að sjá marga frábæra eiginleika ljósleiðarans en það er þó aðeins toppurinn á ísjakanum. Þróunin heldur áfram og munum við gera okkar besta til að upplýsa ykkur ... um nýjungar um leið og þær koma."

Herra forseti. Það er þetta sem ég segi að er það sem skiptir máli í nútímanum, skulum við segja, og það á jafnt við um byggðamál og annað. Þetta er með öðrum orðum miklu stærri þáttur í byggðamálaumræðu núna en fyrir nokkrum missirum síðan, þ.e. þetta mikla frumkvæði og miklu möguleikar á höfuðborgarsvæðinu og ég óttast að íbúar landsbyggðarinnar, fyrir utan kannski nokkra stærstu þéttbýlissvæði eins og Akureyri og eitthvað á Suðurlandi, Selfoss, Vestmannaeyjar og annað slíkt þar sem þetta hefur verið lagt, á þessum stöðum muni allir sitja eftir. Og svo er það samningur sem hæstv. samgrh. hefur gert við Landssímann um að innan fimm ára, að mig minnir, skuli allir staðir með 150 íbúa og fleiri hafa aðgang að ADSL-tengingunni. Þetta er því miður nánast orðið úrelt. Það er bara svo. Svo er hraðinn mikill í þessu. *Þetta er nánast orðið úrelt.*

Hér höfum við líka rætt um leigulínuverð og annað slíkt sem við höfum talað um að hamli fyrirtækjum sem eru í rekstri á landsbyggðinni og sem kom skýrt fram hjá öllum þeim sem þaðan komu. Þetta leigulínuverð er líka þannig að sjónvarpsfyrirtæki eins og Stöð 2 eða jafnvel bara ríkissjónvarpið treysta sér ekki til að leigja línur til þess að senda sjónvarpsefni út á land. Besta dæmið um það kom fram á fundi samgn. frá einum aðila sem þar kom, Páli Kolbeinssyni, framkvæmdastjóra Element á Sauðárkróki. Hann lýsti því þar að Element hefur lagt ljósleiðara um allan Sauðárkrók og ætlar að taka þátt í þessar byltingu. Þetta eru mjög framtakssamir menn og framsækið fyrirtæki. Þeir ætla að bjóða íbúum Sauðárkróks upp á þessa hröðu byltingu, upp á þessar nýjungar. En í ljós kemur þegar sjónvarpsfyrirtæki og aðrir ræða við breiðbandsdeild Landssímans að svo mikla bandbreidd þarf til þess að senda þetta sjónvarpsefni norður að það mundi aldrei svara kostnaði að leigja sér þessar línur hjá Landssímanum. Þess vegna fagna ég mjög, og það er kannski það sem hefur komið hvað best út úr þessari umræðu, þeim yfirlýsingum sem tekist hefur að ná fram. Hér hafa komið fram hugmyndir og áætlanir um að í sumar verði tíminn notaður til þess að finna leiðir til þess að jafna fullkomlega kostnað við að flytja efni hvort sem það er héðan frá Múlastöð, vestur á Seltjarnarnesi eða niður í miðbæ eða frá Múlastöð út á land til Sauðárkróks eða annarra staða. Til þess að geta notað breiðbandið á hinum og þessum stöðum þar sem verið er að leggja það í hvert hús með ljósleiðara þá verður gjaldið að lækka til þess að sjónvarpsfyrirtæki sjái sér hag í eða geti bara yfir höfuð leigt sér línu til þess að flytja það efni sem við erum að tala um. Í þessu sambandi er rétt að minna á um hvað við erum virkilega að tala. Þegar við viljum sækja okkur kvikmyndir í fullri lengd yfir netið eða erum að flytja stóra gagnagrunna, kvikmynd eða hreyfimynd í fullum gæðum, þá þarf 45 megabita samband á sekúndu sem þýðir að taka mun átta klukkustundir að sækja sér þetta efni í gegnum ADSL sem á að vera komið inn á hvern stað þar sem íbúar eru 150 eða fleiri innan fimm ára. Þróunin er svo hörð í þessu að blekið í undirskrift hæstv. samgrh. er varla þornað í þessu merka og góða átaki sem þarna var vegna tækniþróunar þegar þetta er nánast að verða úrelt. Að sækja þetta sama efni í gegnum ljósleiðara tekur 4 sekúndur. Þetta er munurinn og um þetta erum við að tala sem óttumst *að stór hluti landsins muni sitja eftir og fá ekki að nýta sér* þessa þjónustu.

Herra forseti. Breiðbandsnetið hefur verið byggt upp undanfarin ár og á að vera framtíðargagnanet en hefur verið nýtt eingöngu sem sjónvarpsdreifingarkerfi. Rétt er að geta þess að það þarf rosalega mikla viðbótarfjárfestingu til þess að þetta nýtist sem alhliða fjarskiptanet fyrir netið og stafrænt gagnvirkt sjónvarp. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess sem ég hef heyrt um eina sjónvarpsrásina á höfuðborgarsvæðinu. Því miður er það bara svo að á laugardegi nær maður ekki í þá tæknimenn hjá þessum fyrirtækjum sem maður hefði viljað spyrja betur út í málið. Ég hef heyrt að aðilar hafi viljað leigja sér línu til þess að senda stafrænt sjónvarpsefni út á land í gegnum ljósleiðarakerfi Landssímans og hafi ætlað að setja upp endabúnað fyrir viðkomandi kaupstaði og endurkasta því þar í örbylgjusambandi, ekki með lögnum í hvert hús, ljósleiðara, vegna þess að það er náttúrlega mjög dýrt og krefst þess að bæir verði grafnir upp og ekki ætlum við að gera það. Hluti af því sem við *settum inn í fjarskiptalögin var einmitt að aðilar skuli geta* leigt þetta. Við skulum ekki fara meira út í það. En þegar komið er að þessum kaupstað og menn vilja varpa þessu yfir viðkomandi kaupstað og bjóða íbúunum upp á þessa miklu þjónustu og þau þægindi sem þessu fylgja þá kemur að því að það þarf að nota breiðbandið sem Landssíminn hefur eytt miklum peningum í að byggja upp. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. út í það hvort sjónvarpsfyrirtækin á Íslandi, annað eða bæði, hafi átt í viðræðum við samgrn. út af þessu atriði. Mig

skortir, eins og ég segi, að geta talað við tæknimann til að fá nánari skýringu á því hvort leitað hafi verið eftir því að gera þetta og yfir höfuð hvort einhver leyfi þurfi eða úthlutaða rás til að senda þetta í örbylgjusambandi yfir viðkomandi kaupstaði. Ég vona að ég komi þessari spurningu frá mér til hæstv. samgrh. á ekkert allt of flókinn hátt. Hafa svona viðræður átt sér stað um flutning á sjónvarpsefni til tiltekinna kaupstaða á landinu og eru einhverjir annmarkar á því að þetta verði gert miðað við stöðuna eins og hún er í dag? Eða er kannski ætlunin að í þessum hraða heimi, í þessari miklu tæknibyltingu sem er að eiga sér stað í þessu, að ekki verði hægt að gera þetta eins og ég er að lýsa með því að varpa þessu yfir viðkomandi kaupstaði í örbylgjuloftnet? Vilja samgönguyfirvöld kannski frekar beina þessum viðskiptum inn á breiðbandið hjá Landssímanum? Um þetta vil ég spyrja og bið hæstv. samgrh. að fara yfir þetta í lokaræðu sinni á eftir. Á hverju strandar hvað þetta varðar, hvar þetta verður gert, ef leigulínuverðið lækkar eins og boðað er þannig að sjónvarpsfyrirtækin sjái sér hag í því að fara eftir þessum leiðum?

Ég vil svo rétt í lokin áður en ég hverf frá þessu, herra forseti, geta þess að eftir 2. umr. um þetta mál, grunnnetið og allt það og spurningar mínar og áhyggjur um að Íslendingar sitji ekki allir við sama borð í þessari tæknibyltingu þá hafa hringt til mín nokkrir sveitarstjórar og bæjarstjórar af landsbyggðinni sem hafa sagt mér þessa sögu og það er kannski dæmi um hvað er að gerast. Verið er að auglýsa eftir kennurum, leikskólakennurum, grunnskólakennurum og öðrum og náttúrlega er spurt um kaup og kjör, en stór hluti spurninga kennaranna sem koma af höfuðborgarsvæðinu úr skóla hér er um hvaða þjónustu boðið er upp á í viðkomandi sveitarfélagi. Og það þekkjum við hæstv. samgrh. sem fyrrverandi sveitarstjórnarmenn að alltaf var talið upp að sundlaug væri á staðnum, leikskóli og að verið væri að klára að malbika göturnar og allt þetta sem var fyrir tíu árum.

En hvað er nú spurt um? Það er nefnilega spurt um möguleika í þessari upplýsingabyltingu: „Er stafrænt sjónvarp á staðnum? Hvernig eru tengingar við internetið. Þarf ég að keyra á einhverjum Trabant um internetið eða kemst ég á hraða Mercedes Benz?" Svo er komið að fyrir tíu árum var aðallega sagt að sundlaug væri á staðnum og góð íþróttaaðstaða en árið 2001 hættir jafnvel ungt fólk við að ráða sig í vinnu úti á landi í skólum og annars staðar, hjúkrunarfræðingar eða hverjir sem eru, vegna þess að viðkomandi staðir geta ekki boðið upp á það sem boðið er upp á á höfuðborgarsvæðinu í þessari miklu tæknibyltingu og eiginlega stærsta byggðamáli samtímans. Ef fólk á að þurfa að sækja sér kvikmyndir, ef það vill það yfir höfuð, á átta klukkustundum í gegnum ADSL en getur náð í þær á 4 sekúndum heima hjá sér þá er spurning hvort þetta sé ekki orðið þannig atriði að það er farið að hamla frekari búsetu á landsbyggðinni.

Þessi atriði vildi ég draga fram, herra forseti, vegna þess að þetta eru mestu áhyggjuefni okkar í dag. Ég óttast að ekki verði til staðar sú samkeppni til nokkuð margra staða á landsbyggðinni hvað varðar gagnaflutninga að það verði ekki byggt upp eins og í kringum þéttbýlið sem ég er alls ekki að gera lítið úr heldur fagna og vil ítreka það sérstaklega.

Ég er ekki viss um að mörg fyrirtæki muni keppast um að leggja ljósleiðara vestur á firði. Sú staða getur alveg komið upp, herra forseti, að Landssíminn sjái í framtíðinni hag sínum best borgið, og þeir fjárfestar sem þar eru og gera ákveðnar arðsemiskröfur, með því að bjóða jafnvel grunnnetið á Vestfjörðum til sölu, vilji ekki koma nálægt því, vilji ekki reka það. Við höfum enga tryggingu fyrir því að þetta verði ekki gert miðað við það hvernig hér er farið fram.

Nei, herra forseti. Það er ekkert, finnst mér, í málflutningi stjórnarliða sem hefur hrakið þær hugmyndir okkar og tillögur um að aðskilja grunnnetið frá áður en að sölu kemur vegna þessara atriða sem ég hef hér nefnt. Það var annars vegar um samkeppnisstöðuna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni, þ.e. að íbúa hennar eigi að skilja eftir sem annars flokks þegna.

Herra forseti. Það er rétt að í tölvu okkar í gær kom fréttatilkynning frá menntmrn. eins og við fáum oft. Hún fjallar um að gerðir voru samningar um fjarkennslu og annað slíkt. Nefnd sem menntmrh. skipaði var að skila af sér. Hún fékk m.a. til sín Gísla Hjálmtýsson, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, til þess að vinna greinargerð um mögulegar fjarskiptalausnir en einnig var haft samráð við Byggðastofnun. Í þessari stuttu fréttatilkynningu segir svo, með leyfi forseta:

Fjarkennsla hefur aukist hröðum skrefum á undanförnum árum. Skólar bjóða hana í vaxandi mæli og símenntunarmiðstöðvar eru nýr og mikilvægur hlekkur í miðlun fjarkennslu. Símenntunarmiðstöðvar eru nú átta talsins í öllum landshlutum og á vegum þeirra stunda nemendur meðal annars nám með aðstoð fjarfundabúnaðar. Verður sífellt brýnna að tryggja greið fjarskipti vegna fjarnáms.

„Tillögur nefndarinnar miðast við að í uppbyggingu fjarskiptaþjónustu vegna fjarkennslu verði leitast við að nýta internetið (IP staðla) sem mest en minni áhersla lögð á hefðbundnar símalausnir, svo sem ISDN og ATM, sem hingað til hefur verið stuðst við. Til þess að tryggja miðlun fjarfunda til skamms tíma leggur nefndin til að boðin verði út þjónusta vegna þeirra með svokallaðri IP brú. Slík brú býður upp á þann möguleika að miðla fjarfundum milli aðila sem hafa mismunandi tengingar sín á milli en jafnframt nýja möguleika háhraðatenginga milli þeirra sem hafa yfir slíkum tenginum að ráða. Haft verði samráð við ríkisaðila og sveitarfélög um útboð á þjónustu vegna slíks fjarfundakerfis."

Þetta er ansi mikil ályktun, sýnir frumkvæði og framtak. Menn hafa kannski lent stundum í þessum fjarfundum og séð hvernig það gengur fyrir sig. Þeir sem þar hreyfa sig eru nánast eins og einhverjir spýtukarlar úr gömlum teiknimyndum og hljóðið berst mjög skringilega. Þetta er engin tækni. Og rétt til að segja frá því þá hefur Alþingi Íslendinga t.d. ekki tileinkað sér þessa tækni til þess að eiga fundi með íbúum á landsbyggðinni heldur verður hver og einn að taka sér ferð fyrir tíu mínútna fund eins og gerðist hjá okkur í samgn. Þetta er atriði sem ég held að forsætisnefnd ætti að taka upp. Nú sé ég að kominn er nýr forseti í forsetastól og vil segja að það væri verkefni fyrir Alþingi á komandi sumri að tryggja að Alþingi verði tengt við þær stöðvar sem eru úti á landi á góðum hraða, ekki neinum Trabant-hraða, þannig að við getum oftar kallað til okkar íbúa landsbyggðarinnar til að ræða hin ýmsu mál en gerum það ekki þannig að þeir þurfi endilega taka sér flugferð suður og hitta viðkomandi nefndir og fá kannski fimm eða tíu mínútur til að koma sínum málum á framfæri. (**Samgrh.:** Er þetta ekki í nýja nefndahúsinu?)

Já, það er spurning, herra forseti, hvort gert hafi verið ráð fyrir þessu í nýja nefndahúsinu. Ég vildi óska þess að það hefði verið og ég mundi eiginlega halda að allur kostnaður við þetta væri kominn inn í þann kostnað í byggingu hússins. Nægur var nú kostnaðurinn. Ég mundi því halda að búið væri

að taka þar inn allar ljóslínur Línu.Nets og alla þá möguleika sem hægt er að hafa. Ég vildi óska þess að svo væri. Þá eigum við kannski bara eftir að tileinka okkur þessi mál.

Herra forseti. Ég nefndi áðan fjarfundabúnaðinn og það sem menntmrn. er að leggja til en talað mál er svo viðkvæmt fyrir flökti og það þolir alls ekki að neinir pakkar detti út. Þess vegna er einmitt verið að tala um þessa IP-tækni sem lausn á gagnaflutningum framtíðarinnar. E.t.v. verður hoppað yfir þessa IP-tækni og farið yfir í það sem tæknimenn kalla ethernet-tækni. Í þessu sambandi er rétt að nefna álit sem hér hefur komið fram frá aðilum hjá Línu.Neti sem fagna því eiginlega mjög hvað þeir komu seint fram. En þar ætlar Lína.Net að hoppa yfir þetta allt saman. Þeir ætla ekki að fara í neitt ATM-system sem við ætlum að bjóða landsbyggðinni upp á. Menn ætla að hoppa yfir þetta vegna þess að menn telja það úrelt og bjóða upp á IP-tækni eða bara fara yfir í þetta sem heitir ethernet.

Herra forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. samgrh. út í það sem kemur fram í nál. en rétt, af því að ég ætla að bæta einu atriði við það sem ég hef sagt um frómar óskir, ætlun Alþingis, tilmæli frá forsrh., tilmæli frá ríkisstjórn um að gera hitt og þetta í byggðamálum til að jafna lífskjör í landinu. Ég fór yfir það við 2. umr. og ætla ekki að bæta neitt við með t.d. áliti frá svokallaðri byggðanefnd forsrh. Eitt atriði vil ég nefna í viðbót. Sjómenn á Vestfjörðum eiga þess ekki kost að horfa á sjónvarp þegar þeir eru komnir skammt frá landi. Ég fer oft vestur á firði og hef oft heyrt sjómenn kvarta yfir þessu og jafnframt að á Bolafjalli, þar sem eitt ljósleiðarapar NATO-strengjanna endar á ratsjárstöðinni, hefði verið hægur vandi að setja upp sendi sem hefði gert það að verkum að sjómenn hefðu náð sjónvarpi en ég kann þó ekki að segja á hve stórum hluta Vestfjarðamiða. En það hefur ekki verið gert. Þetta svæði mundi stækka mjög við að þessi sendir hefði verið settur upp. Nú kann ég ekki að segja hve mikill kostnaður væri því samfara en af því að ég sá áðan að komnir voru sjómenn vestan af fjörðum út af öðru máli, þá fór ég og spurði þá út í þetta og þeir staðfestu að þetta væri svoleiðis. En það er dálítið táknrænt og það sló mig mjög, herra forseti, sem viðkomandi sjómaður sagði þegar ég var að nefna þetta atriði. Hann svaraði með þessum orðum: „Heyrðu Kristján, það er ábyggilega orðið of seint að setja upp þennan sjónvarpssendi núna miðað við það sem á að fara að gera hér og liggur í loftinu hvernig á að fara með smábátasjómenn og aðra. Þetta ábyggilega of seint vegna þess að útgerð og annað slíkt mun dragast það mikið saman, jafnvel leggjast af. Eigum við ekki allir að flytja suður og þá getum við farið inn á kerfi Línu.Nets og annarra og séð allt það sjónvarpsefni sem við mögulega getum séð?“ Þetta voru svakaleg orð.

Herra forseti. Ég hef tvær spurningar til hæstv. samgrh. í lokin og þær eru um það sem kemur fram í nál. meiri hlutans. Það er um þá lýsingu sem þar kemur fram um að þjónusta á sviði upplýsingatækni sem gerir kröfu til öflugri gagnaflutninga og allt það og fjallað er um að enn sé talsverður munur á verðlagningu á þessari þjónustu. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. og biðja hann að gefa okkur skýrt og gott svar um það hér hvað hann segi um þetta og hvort það verði þannig eins og kemur fram í nál. að unnið verði að þessu á árinu fyrir árslok í samvinnu við samgn. og að hluta af andvirði af sölu Landssímans. Kannski má líka hugsa sér að 100 millj., 200 millj., milljarður verði notaður til að gera það mögulegt að jafna fullkomlega leigulínuverð eða verðskrá Landssímans vegna gagnaflutninga sama hvar er á Íslandi. Svo ég orði það skýrt: Mun hæstv. samgrh. beita sér fyrir því á þessu ári, eins og fram kemur í nál. hv. meiri hluta samgn., að landið verði gert að einu gjaldsvæði hvað þetta varðar þannig að ekki muni verða neinar verðhindranir í því að flytja sjónvarpsefni hvort sem það er t.d. austur á Raufarhöfn eða vestur til Bolungarvíkur? Með öðrum orðum að landsmenn hvar sem þeir búa á landinu muni búa við sama rétt og sömu möguleika til að nýta sér þessa upplýsingatækni?

Ég vil svo segja rétt í lokin að það hefur verið reyndin þegar við höfum verið að gagnrýna verðskrá fyrir leigulínur að þegar þær hafa verið lækkaðar, sem við höfum fjallað um, hefur það ekki leitt til tekjumissis fyrir Landssímann vegna þess að notkunin hefur aukist það mikið. En mér þykir mjög mikilvægt, herra forseti, að heyra það hér frá hæstv. samgrh., sem ég vil líka jafnframt þakka fyrir setu sína hér við alla þá umræðu sem hér hefur verið við Landssímann og það er rétt að segja að maður þakkar fyrir það vegna þess að hæstv. ráðherra hefur gert það, hann hefur verið hér allan tímann. Það er ekki oft sem aðrir ráðherrar í ríkisstjórn gera það, þó kemur það að sjálfsögðu fyrir og í raun og veru á ekki að þakka fyrir það, en engu að síður vil ég gera það.

Ég óska þess, herra forseti, í lokin að ég fái að heyra það skýrt og skilmerkilega hjá hæstv. samgrh. að það sé ætlunin og hann styðji það sem kemur þarna fram og það sé kannski fyrir tilstilli hans sett fram að landið verði gert að einu gjaldsvæði, helst ekki seinna en um næstu áramót hvað varðar leigulínuverð, þannig að allir sitji við sama borð hvað varðar verðið og allir sitji við sama borð við að flytja þau miklu gögn og alla þá miklu tækni sem hægt er til afþreyingar, vinnu og annars á landsbyggðinni, sama hvar menn búa á landinu.

[12:38]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. er til 3. umr. Ég hef áður vikið að því að málið sé afar illa undirbúið. Þetta er slíkt stórmál sem snertir svo mjög almannaheill hvarvetna á landinu að það hefði átt að fá betri undirbúning, bæði meðferð af hálfu ríkisstjórnarinnar áður en hún lagði það fram og síðan í þinginu. Ég hef gagnrýnt það og hef talið að það væri í rauninni fjarri því að málið væri tilbúið til afgreiðslu.

Eins og komið hefur fram í síðari hluta umræðnanna um þetta mál er þetta ekkert síður efnahagslegs, viðskiptalegs og peningalegs eðlis. Það er hin hliðin á málinu. Við höfum fjallað um þjónustuhlutverkið, við höfum fjallað um tæknilegar forsendur og við höfum fjallað um það hversu mikilvægt það er að þjónustan nái til allra landsmanna. En hin efnahagslega, viðskiptalega og pólitíska hlið er sú sem rekur þetta mál áfram.

Í þeim umsögnum sem samgn. fékk á sínum nauma tíma í meðferð málsins hefur komið ítarlega fram að það er fjarri því að fullkomin samkeppni sé á þessum markaði sem geti gefið örugga þjónustu um allt land. Einnig hefur komið fram að það er í mjög veigamiklum atriðum mikil mismunun í aðgengi á þjónustu eftir búsetu og líka hvað verð varðar. Ekki einu sinni í dag er staðan með þeim hætti sem að hefur verið stefnt og talin nauðsynleg til að samkeppnisstaðan væri jöfn hvar sem væri á landinu sem er markmið þannig að ekki eru þær forsendur fyrir hendi til að selja fyrirtækið eins og hér er gert ráð fyrir.

Nei, herra forseti. Ástæðurnar eru fyrst og fremst pólitískar. Ég held að menn eigi að viðurkenna það enda hefur það komið fram æ skýrar í umræðunni að þetta eru fyrst og fremst pólitískar ástæður. Þetta byggir á stefnu þessarar ríkisstjórnar að einkavæða skuli allt sem hægt er, sérstaklega það sem lýtur að almannaþjónustu. Menn eru að einkavæða hluta í heilbrigðisþjónustunni, í öldrunarþjónustunni. Þar tala menn orðið um öldrunariðnaðinn sem þurfi að skila meiri arði í þjóðarbúið og hafa fundið ýmsar leiðir til þess sem hafa þó gefist afar illa eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur rækilega bent á, t.d. um Sóltúnsheimilið sem var fyrst ein af stærstu tilraunum ríkisstjórnarinnar til að fara að einkavæða það sem þeir kölluðu öldrunariðnaðinn til að fá þar aukinn arð. Það er verið að fara í menntakerfið þrátt fyrir það að flokkur eins og Framsfl. segi að þetta sé alls ekki á stefnuskrá sinni, þá er samt alveg sjálfsagt að einkavæða þar með þeim hætti eins og núna er fyrirhugað í Hafnarfirði. Að því er ég best veit er mikil óeining þar núna og ótti um að þar verði mikil mismunun á ferðinni milli skóla, milli barna í þessari nýju tegund menntunar. Þetta er því pólitísk stefna sem byggir ekki á umhyggju fyrir almenningi og almannaþjónustunni og því að þar skuli allir vera jafnir. Nei, eins og fram kemur og hefur verið bent á í nál. meiri hluta samgn. er sérstök ástæða eftir að hafa farið í gegnum og verið með þennan mikla doðrant frá einkavæðingarnefnd, sem á að lýsa því að allt sé orðið tilbúið til einkavæðingar, að þrátt fyrir þann skamma tíma sem samgn. hafði málið til meðferðar komst hún þó að raun um að því fór fjarri að staðan væri sú að málið væri tilbúið, að þessi almannaþjónusta væri tilbúin til að fara á torg markaðarins, á torg mammons, þar sem menn hugsuðu einungis um að fá arð af fé sínu. Það yfirklór er gert í nál. að fara þess á leit við samgrn. að í samstarfi við samgn. verði á þessu ári unnin úttekt og og aðgerðaáætlun til að bæta þar úr brýnasta vanda, brýnustu og mestu mismununinni sem í gangi er.

Það er þó virðingarvert að meiri hluti hv. samgn. skuli viðurkenna og sýna í litlu í nefndaráliti sínu að þarna sé hætta á ferð, eftir að hafa fjallað mánuðum saman um þetta frv. ríkisstjórnarinnar, þetta frv. til laga um sölu á hlutafé í Landssíma Íslands, eftir að hafa tíundað allar þær skýrslur og tilvitnanir sem gætu verið málinu til framdráttar.

Svo vikið sé að hinni pólitísku hlið sem drífur þetta mál áfram þá ber helst að nefna stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur einnig sett sér almenn markmið með einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum. Þau koma fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. frá 23. apríl 1995, með leyfi forseta:

„Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsenda framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis."

Þessi ríkisstjórn hefur einmitt haft einkavæðingu að leiðarljósi. Það var eitt meginmarkmið í stefnu ríkisstjórnarinnar. Hvernig ætli henni hafi reitt af, t.d. við að ná jafnvægi og efnahagslegum stöðugleika?

Herra forseti. Það er mjög hógvært sem sagt er í Morgunblaðinu í dag, að ýmis hættumerki séu í íslensku fjármálakerfi. Síðan eru rakin mörg hættumerki. Það hefur hægt og bítandi síast inn í huga og vitund þeirra sem málum stjórna hér á landi að menn séu á rangri leið.

Hefur náðst árangur í lækkun vaxta? Þeir sem halda því fram hefðu átt að heyra umræðuna um vexti og verðbætur í gær á hinu háa Alþingi. Þar var einmitt verið að ræða um það hrikalega ástand sem er í þjóðfélaginu vegna hárra vaxta. Vextir eru að sliga heimilin, vextir eru að sliga atvinnurekstur en samt eru vextir eina ráðið sem menn hafa í stjórnun peningamála. Við sjáum hversu mikill stöðugleiki er í peningamálunum þegar ganga þarf fram með þeim hætti að vaxtastefna ríkisstjórnar er í sjálfu sér að ríða efnahag heimila og margra fyrirtækja að fullu. Stefna ríkisstjórnarinnar í einkavæðingu á undanförnum árum hefur þvert á móti skilað óstöðugleika sem reynt er að halda niðri með háum vöxtum. Þetta eru einungis einkenni sjúks efnahagsástands og efnahagsstefnu.

Við skulum líta á fleiri atriði sem sett eru sem markmið og hefur reyndar verið farið í áður í umræðunni. Það er mikilvægt að fara í gegnum meginforsendurnar fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar. Í raun væri fyllilega ástæða til að þeir ráðgjafar ríkisstjórnarinnar, sem hafa gefið henni þessi ráð og lagt henni í hendur þær fullyrðingar sem tíundaðar eru sem markmið með einkavæðingu og hvernig hún skuli helst framkvæmd, skýrðu og færðu rök fyrir máli sínu. Það ætti að krefjast þess.

Þeir segja t.d. að eitt af markmiðum einkavæðingar sé að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu. Markaðsöflin eru alla jafna trygg fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþáttanna en ekki ríkisafskipti. Þetta þarf að skýra miklu betur, herra forseti.

Lítum á fréttina í Morgunblaðinu í dag sem ég var að vitna til, herra forseti. Óhóflegur viðskiptahalli og útlánaaukning ógna stöðugleika fjármálakerfisins, segir þar. Loksins kemur þetta með stórri fyrirsögn á prenti. Loksins. Ég vil leyfa mér að vitna í upphaf þessarar greinar, með leyfi forseta:

„Óhóflegur viðskiptahalli og útlánaaukning undanfarinna missira, sem stuðlað hefur að umtalsverðri gengislækkun á síðustu mánuðum, ógnar nú stöðugleika fjármálakerfisins, að því er fram kemur í nýjasta hefti Peningamála sem Seðlabankinn gefur út."

Er þetta stöðugleikinn sem einkavæðingin átti að færa okkur og ég var að vitna til áðan? Markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. frá árinu 1995 er efnahagslegur stöðugleiki. Hún er búin að sitja æðilengi og stefndi að því að ná efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum. Er það efnahagslegur stöðugleiki sem þarna er verið að lýsa? Er það árangur þessarar ríkisstjórnar? Nei, herra forseti, það er einmitt þveröfugt. Meginmarkmið hennar hefur verið einkavæðing og aftur einkavæðing. Með því að einblína á einkavæðingu og sölu á ríkisfyrirtækjum hefur verið látið hjá líða að styrkja og efla grunnatvinnuþætti þjóðarinnar. Orkan hefur farið í að ná samkomulagi um og finna út með hvaða hætti mætti selja eignir ríkisins á verði sem gæti verið þóknanlegt almennum fjármagnsmarkaði, fjármagnsmarkaði sem núna er í þessum hremmingum.

Í markmiðum ríkisstjórnarinnar er talað um að það sé svo gott að auka sparnað og látið að því liggja að fjöldi fólks bíði núna eftir því að fá að kaupa hlutabréf í Landssímanum. Það má vel vera, herra forseti, að einhver geri það en ætli það sé líklegt að þeir, sem fjallað er um í kjölfar upplýsinga úr síðasta hefti Peningamála sem Seðlabankinn gefur út, kaupi bréfin? Er líklegt að hlutabréfin verði keypt á heimilum sem Morgunblaðið minnist á undir millifyrirsögninni Hlutdeild skammtímalána einstaklinga hafa farið vaxandi, með leyfi forseta:

„Íslensk heimili eru orðin einhver þau skuldsettustu í

heimi og hafa skuldir þeirra sem hlutfall af ráðstöfunartekjum aukist jafnt og þétt frá í byrjun 9. áratugarins."

Það er ekki ég sem held þessu fram, herra forseti. Þetta er tilvitnun í umfjöllun Morgunblaðsins um upplýsingar sem koma fram í ritinu Peningamál, sem Seðlabankinn gefur út. Þetta er dómurinn yfir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. allt frá árinu 1995, eða hvenær það var sem hún kom til valda. Þetta er dómurinn yfir stjórninni við bestu ytri skilyrði sem við höfum búið við. En vandi þeirra hefur verið þetta eina auga sem þeir hafa í enninu sem aðeins sér þann kost að selja ríkisfyrirtæki, selja og selja og einkavæða almannaþjónustu í stað þess að byggja upp og hlúa að blómlegu atvinnulífi.

Ég vitna þá aftur í áðurnefnda grein í Morgunblaðinu frá því í morgun:

„Á síðasta ári jukust skuldir heimilanna enn frekar og fóru úr 146% af ráðstöfunartekjum í 163%. Þetta hlutfall er nú orðið hærra en það varð t.d. hæst í Noregi áður en fjármálakreppa skall þar á snemma á síðasta áratug."

Er líklegt að það fólk, sem býr við þessa háu vexti og er með þessa skuldastöðu, bíði í biðröð eftir að kaupa hlutabréf á eðlilegu raunverði? (**JÁ:** Nei, það verður að lækka það.) Já, það er alveg hárrétt, herra forseti, sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir. Það er ekki hægt að selja hlutabréf í Landssímanum á raunverði. Það kom skilmerkilega fram hjá þeim fáu sérfræðingum á sviði peningamála sem komu fyrir samgn. Þeir sögðu að það skiptir öllu máli að hlutabréfin yrðu ekki verðlögð of hátt. Þau yrðu að verðleggjast lágt. Og meira en það, þau yrði að bjóða til sölu — ég hef skrifað þetta hjá mér, herra forseti og þessar tölur voru nefndar — á 15–25% undir áætluðu raunverði ættu þau gætu verið hugsanlegur kostur fyrir einstaklinga að kaupa þannig að þeir gætu séð hagnaðarvon í því. Sú var staðan og þetta er staðan í dag. Það að ráðast í sölu nú, út frá stöðunni í peningamálum, er fjarstæðukennt og við ættum miklu frekar að ræða um það hvernig búa megi íslensku atvinnulífi stöðugra, öruggara og framsæknara umhverfi en gert er með þessari einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Eina markmið hennar er að selja almannaþjónustu með þeim árangri að loksins nú, kannski af því að Seðlabankinn hefur fengið þetta sjálfstæði sem talað hefur verið um, segir að ástandið sé mjög alvarlegt.

Ég vil áfram vitna til þess sem fram kemur í greininni, sem er dómur yfir þeirri stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur fylgt í efnahagsmálum.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar á þessari truflun en það er ráðgert að gera hlé á fundinum, matarhlé í hálftíma, og spyr hv. þm. hvort það henti nú eða á næstu mínútum að hann geri hlé á ræðu sinni.)

Herra forseti. Þá lýk ég þessari tilvitnun sem ég var byrjaður á og svo gerum við hlé.

Í grein Morgunblaðsinis um þessa einkunn sem Seðlabankinn er nú að gefa ríkisstjórninni og varnaðarorð hans til hennar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Á sama tíma hefur geta fjármálakerfisins til þess að standa af sér erfiðar aðstæður minnkað, sem fram kemur í verri afkomu og lækkandi eiginfjárhlutfalli. Þá kemur fram að það sé eðli fjármálakreppna að þær geti dunið yfir án þess að gera boð á undan sér, líkt og gerst hefur í nágrannalöndunum og víða um heim."

Herra forseti. Það er ekki ég sem er að tala um yfirvofandi fjármálakreppu. Ég vil taka það skýrt fram. Ég er að vitna í umfjöllun um varnaðarorð Seðlabanka Íslands sem virðist hafa öðlast aukið sjálfstæði til að tala tæpitungulaust um stöðuna í efnahagsmálum. Ég hef verið að lýsa þeirri stöðu og mun lýsa henni betur síðar í ræðu minni. Seðlabankinn fellir þungan dóm yfir ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sem hefur haft það að meginmarkmiði sínu að selja ríkisfyrirtæki og einkavæða almannaþjónustu. Þetta hefur verið meginþátturinn í efnahagsstefnu hennar. Ríkisstjórnin hefur búið við einna bestu ytri aðstæður sem um getur en samt er staðan eins og við höfum lýst. Halda menn síðan að fólk sem svo illa er sett bíði í biðröðum eftir því að kaupa hlutabréf í Landssíma Íslands?

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. tvö í dag, að loknum atkvæðagreiðslum, fer fram umræða utan dagskrár um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en til andsvara verður hæstv. viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 726. mál (námskeið til löggildingar). — Þskj. 1184.

[13:31]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem flutt er af meiri hluta umhvn.

Frv. er ekki mikið að vöxtum en aðalatriði þess kemur fram í 1. gr.:

Í stað orðanna „1. september 2001" í 4. málsl. 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. júlí 2001.

Það sem liggur hér að baki er að stytta þann umsóknarfrest sem meistarar hafa til þess að sækja um að fá réttindi á námskeiði um meistararéttindi og réttindi til þess að skrifa upp á byggingarframkvæmdir.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Málið hefur verið rætt ítarlega í hv. umhvn. og frv. liggur frammi til samþykktar og flutt af meiri hluta umhvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 671. mál (heildarlög). — Þskj. 1049, nál. 1333 og 1385, brtt. 1334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Till. í nál. 1385 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 28:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EKG, EMS, GÁS, JÁ, JóhS, LB, MF, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁMM, DO, GE, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, RG, SJóh, SP) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

14 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JóhS, LB, MF, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, RG, SJóh, SP) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KVM, KF, KHG, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JB, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1334,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, EOK, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

8.–19. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, ÍGP, JB, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1334,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, DO, GAK, GHall, GÁ, GÖ, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

21.–24. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JB, KVM*) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, GAK, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG, SJS, VS, ÞKG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1066, nál. 1221 og 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1221 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JB, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG, SvH) fjarstaddir.

6.–8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JB, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KHG, KLM, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GHall, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, LB, RG) fjarstaddir.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 731. mál (grænmetistegundir). — Þskj. 1231, nál. 1408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Brtt. í nál. 1408 (ný 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 722. mál (stækkun Nesjavallavirkjunar). — Þskj. 1170, nál. 1306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, nál. 1077 og 1078, brtt. 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. afgreiddu þetta mál með fyrirvara. Við höfum gert grein fyrir þeim fyrirvara í umræðunni. Við munum greiða 1. gr. þessa frv. atkvæði okkar en að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins. [13:41]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er á móti þessu frv. Hann telur að með þessu sé verið að ganga á eðlilegan rétt Vestfirðinga til að lifa mannsæmandi og eðlilegu lífi í sínum fjórðungi. Hann telur að þann vanda sem ætlunin er að leysa með frv., þ.e. leysa fjárhagsvanda Vestfirðinga, leysa fjárhagsvanda félagslega íbúðakerfis Vestfirðinga, eigi að gera með öðrum hætti en þeim að flytja frv. til laga um stofnun hlutafélags um orkubúið sem síðan gefur þeim tækifæri til að selja það samkvæmt kröfu ríkissjóðs. Við erum því andvíg þessu frv.

1. gr. samþ. með 48:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.
nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JóhS, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það væri sök sér að styðja það að Vestfirðingar gætu gert skipulagsbreytingar í orkufyrirtækjum sínum og þau sveitarfélög sem kynnu að óska þess að losa þar um eignir ef þau fengju að gera það á eðlilegum og hlutlausum forsendum, en það stendur ekki til heldur er ósvífnin þvílík af hálfu ríkisstjórnarinnar að það á að sæta færis og notfæra sér bágar aðstæður sveitarfélaga á Vestfjörðum til að skilyrða kaup ríkisins á þessu fyrirtæki því að tilteknar skuldir sveitarfélaganna við ríkið verði gerðar upp.

Þetta eru þvingunar- og afarkostir, herra forseti, sem eru ekki sæmandi og það er langt síðan, herra forseti, að ég tel að maður hafi séð svona lúalega neytt aflsmunar í samskiptum aðila eins og ríkið ætlar hér að gera gagnvart bágstöddum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Ég segi nei.

[13:44]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þetta mál bar þannig að iðnn. að frv. er til komið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 1999 þar sem óskað var eftir viðræðum við íslenska ríkið um kaup á meiri hluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Frv. sjálft er síðan byggt á samkomulagi allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum, sveitarstjórnum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og frammi fyrir þessu stóð iðnn. Auk þess er aðeins verið að breyta formi fyrirtækisins í hlutafélag. Það er svo hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það selur sinn hlut eða ekki. Ríkið er ekki að pína sveitarfélögin í eitt eða neitt. Það er alröng túlkun sem hefur komið fram í þessum umræðum, bæði í gær og í síðustu viku. Það er sveitarfélögunum í sjálfsvald sett hvort þau vilja selja eða ekki.

2.–13. gr. og ákv. til brb. I–III samþ. með 34:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JóhS, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er fáheyrt sem hér er verið að gera. Þetta er málatilbúnaður, fyrirtæki keypt á yfirverði. Það er slæmt mál.

Við höfum lýst því yfir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við erum tilbúin til að koma beint að lausn mála eins og varðandi félagslega íbúðakerfið og bága stöðu sveitarfélaga sem gildir raunar fyrir allt landið. Hv. þingheimur er að stinga hausnum í sandinn með að tengja saman sölu á Orkubúi Vestfjarða og lausn á vanda sveitarfélaga á Vestfjörðum. Við viljum beina aðkomu, höfum lagt tillögur þar að lútandi fram á hinu háa Alþingi. Ég segi nei.

Brtt. 1126 felld með 34:7 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JóhS, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.
nei: ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JóhS, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 735. mál (gjald á aflaheimildir). — Þskj. 1264.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Orkulög, frh. 1. umr.

Frv. iðnn., 736. mál (arðgreiðslur raf- og hitaveitna). — Þskj. 1275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 738. mál. — Þskj. 1311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 742. mál (stofnverð hlutabréfa í sparisjóði). — Þskj. 1389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 523. mál (verðtryggðar eignir og skuldir). — Þskj. 1429.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.
18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1439).

Vextir og verðtrygging, 3. umr.

Stjfrv., 566. mál (heildarlög). — Þskj. 1430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1440).

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Stjfrv., 648. mál (atvinnurekstrarleyfi). — Þskj. 1026.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1441).

Opinber innkaup, 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1431.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KLM, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1442).

Skráning og mat fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 688. mál (útgáfa matsskrár o.fl.). — Þskj. 1432.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KHG, KLM, LB, MS, MF, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁMM, EOK, GÖ, JBjart, KolH, KPál, LMR, RG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1443).

Gerð neyslustaðals, síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 260, nál. 1401.

[13:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um þáltill. um gerð neyslustaðals.

Málið var sent til umsagnar og rætt í nefndinni. Nefndin gerði tillögu um að gerðar verði breytingar á tillögunni eins og hún var lögð fram. Tillögugreinin verði svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra skipa, 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270.

[13:54]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson úr samgrn. Þá bárust nefndinni umsagnir frá fjölmörgum aðilum, félögum og stofnunum.

Á 125. þingi lagði samgönguráðherra fram frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Frv. varð ekki útrætt á þinginu. Frv. það sem hér er til umræðu er í flestum atriðum byggt á því frv., en jafnframt voru breytingartillögur sem samgöngunefnd gerði við málið á 125. þingi hafðar til hliðsjónar.

Megintilgangur frumvarpsins sem lagt var fram á 125. þingi, sem og nú, var að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjó manna frá 1978 (STCW), sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa og breytt var í verulegum atriðum árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, sem síðan var breytt með tilskipun 98/35/EB. Þessar tilskipanir eru hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

Það sem helst skilur á milli þess frv. sem flutt var á 125. þingi og þess sem hér er til umræðu er að gildissvið frv. nær nú yfir áhafnir allra íslenskra skipa, þar með talið áhafnir fiskiskipa.

Hvað varðar ákvæði frv. er lúta að áhöfnum fiskiskipa hefur við gerð frumvarpsins verið tekið mið af alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum samkvæmt alþjóðasamþykktum sem við erum skuldbundin til að taka þátt (STCW-F). Alþjóðasamþykkt þessi á rót sína að rekja til sérstakrar ráðstefnu sem fór fram um leið og endurskoðun STCW-samþykktarinnar stóð yfir árið 1995. Í fyrstu var ætlunin að fiskiskipasamþykktin yrði í formi sérstakrar bókunar við STCW- samþykktina en horfið var frá því. Samþykktin er fyrsta tilraun til þess að samræma bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Fiskiskipasamþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki fullgilda hana. Nú hafa tvö ríki fullgilt samþykktina, Danmörk og Rússland.

Með bréfi, dagsettu 26. apríl sl., daginn sem samgönguráðherra mælti fyrir frv. á Alþingi, sendi ráðherra samgöngunefnd bréf þar sem óskað var eftir því við nefndina að hún legði til breytingar á frv. sem fælu það í sér að ákvæði þess um fiskiskip yrðu felld brott og að það tæki einungis til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa. Í bréfinu kom fram að ástæða þessa væri sú að ákvæði frv. um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum tengdust að nokkru leyti kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum. Í bréfinu kemur jafnframt fram að ráðuneytið hafi reynt að finna viðunandi lausn í samráði við þá aðila sem að málinu koma en það hafi ekki enn tekist.

Nefndin hefur fallist á að verða við ósk ráðuneytisins og leggja til framangreindar breytingar í þeirri von að það liðki til fyrir lausn í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Þær breytingar sem var þó nauðsynlegt að gera til þess að við gætum tryggt rétt okkar og skyldur samkvæmt alþjóðasamningum byggjast á því að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að gildissviði laganna verði breytt þannig að frv. taki aðeins til farþega- og flutningaskipa.

2. Lagt er til að orðskýringar sem lúta að öðrum skipum en farþegaskipum og flutningaskipum verði felldar brott.

3. Lögð er til breyting á 3. gr. frv. í samræmi við breytt gildissvið þess.

4. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frv. varðandi rétt manna til skírteinis og vísað til 11. gr. frv., með breytingum sem nefndin leggur til, varðandi kröfur um siglingatíma.

5. Lagt er til að sá sem nú er handhafi lögmæts skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir öðlist við þær breytingar sem hér eru gerðar rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er allt að 65 brúttótonn en ekki 50 brúttótonn eins og frv. gerir ráð fyrir. Með þessu móti mun enginn missa réttindi sem hann þegar hefur.

6. Lagt er til að ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra sé skilgreind með nánari hætti en gert er í frv.

7. Lagt er til að talin séu upp þau skírteini sem krafist er til starfa um borð í flutningaskipum og farþegaskipum. Þá er siglingatími sem krafist er vegna hvers skírteinis skilgreindur. Flokkun skírteina byggist á STCW-samþykktinni.

8. Lagt er til að III.–VI. kafli frv. er fjalla um fiskiskip, varðskip, skemmtibáta og önnur skip falli brott. Þetta er í

samræmi við það markmið að frv. taki aðeins til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa.

9. Lagðar eru til breytingar á refsiákvæðum frv. Lagt er til að kveðið verði með skýrari hætti á um hvaða refsingar liggi við brotum á lögunum. Kveðið er á um heimild Siglingastofnunar til að svipta menn starfsréttindum til bráðabirgða gerist þeir sekir um vítaverð brot á lögunum og henni jafnframt gert kleift að afturkalla skírteini þegar lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna.

10. Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 2001 svo að rúm gefist til kynningar og reglugerðarsetningar.

11. Lagt er til að undanþágusjóður sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum verði lagður niður. Jafnframt er lagt til að andvirði þess sjóðs skuli notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda árið 2001, en þingsályktun um slíka langtímaáætlun er nú til umfjöllunar í þinginu.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Árna Johnsen, frsm. samgn., um eitt atriði í þessum tillögum. Það snýr að því að í 8. lið er sagt að það skuli hækka réttindi úr 50 brúttótonnum í 65 brúttótonn. Ég vil spyrja hv. þm. hvort þetta sé ekki ákveðinn misskilningur sem þarna birtist og hvort þessi sérstaka útfærsla í 8. lið sé ekki óþörf. Ég bið hann þá að skýra það út fyrir mér hvers vegna hennar er þörf ef ég hef rangt fyrir mér. Því að í 9. gr. frv. er beinlínis tekið á þeim vanda sem gæti hugsanlega myndast ef mælingarreglur skipa, breyting á mælingum skipa leiðir til þess að maður sem hafði réttindi samkvæmt 30 brúttórúmlesta viðmiðun missir réttindin vegna breytinga í brúttótonn, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun á skipi" — en við erum að breyta þessari brúttórúmlestaviðmiðun í brúttótonnamælingu — „sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi eða skipi sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna."

Ég fæ ekki annað séð, herra forseti, en 9. gr. taki algjörlega á því tilviki sem hér er lagt til í brtt., úr 50 tonnum í 65 brúttótonn, og tel í raun og veru að hún sé óþörf vegna þess að þetta er tryggt að menn sem hafa eldri skírteini miðað við eldri viðmiðun halda réttindum sínum.

[14:02]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki um neinn misskilning að ræða. Hérna er kveðið skýrar á um þetta og fer ekkert á milli mála. Gerð var úttekt á þeim skipum sem um var að ræða og með þessu fyrirkomulagi er tryggt að enginn sem hefur haft réttindi tapar þeim.

[14:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er þá hv. framsögumaður samgn. í raun og veru að segja að ákvæðið í niðurlagi 9. gr. sé óþarft miðað við þessa viðbótarreglu sem hann er búinn að setja inn? Sem mér er sagt að eigi að ná sérstaklega yfir fjögur skip. Ég tel að 9. gr. sé almenn og taki almennt alveg á svona vandamálum. Þess vegna sé hin sérstaka hækkun vegna fjögurra skipa algjörlega óþörf. Það mun enginn missa réttindi á viðkomandi skip sem breytist vegna mælingareglna.

[14:03]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt að þessi skilgreining kveður skýrar á um þetta og á því byggist framsetning málsins. Það er klárt og skýrt að tryggt er að enginn tapar réttindum við þessa breytingu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.

[14:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó að skýrslan sé að sönnu gerð að ósk Samfylkingarinnar vil ég byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hafa komið henni frá sér fyrir lok þingsins. Meginniðurstaðan í skýrslunni er að í atvinnulífinu eru skýr merki um pólitískt tengdar blokkir sem gæta sérhagsmuna sem Samfylkingin hefur alltaf barist gegn. Og kolkrabbinn blessaði, hann lifir og hann dafnar. Honum er lýst svo í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Stærstu fyrirtækin á sviði trygginga, olíuverslunar, flutninga og ferðaþjónustu tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi. Stjórnunartengsl eru einnig mikil þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja og veita þeim forustu."

Herra forseti. Ég þori að leggja höfuð mitt að veði fyrir því að næstum hver einasti stjórnarmaður sem er talinn upp í tengslum við þessi fyrirtæki er líka félagi í Sjálfstæðisflokknum. Og svo djúpt teygir kolkrabbinn arma sína að verkalýðshreyfingin er líka notuð til að styrkja hann. Lífeyrissjóður verslunarmanna fjárfestir nægilega grimmt í fyrirtækjum kolkrabbans svo að Samkeppnisstofnun segir að það sé eðlilegt að spyrja hvað hafi verið haft að leiðarljósi við fjárfestinguna. Og hins sama er líka spurt varðandi fjárfestingar Samvinnulífeyrissjóðsins í fyrirtækjum sem áður tengdust SÍS.

Herra forseti. Í skýrslunni kemur fram merkileg staðreynd. Fyrirtæki sem tengjast kolkrabbanum, eins og tryggingafélagið Sjóvá-Almennar og Olíufélagið Skeljungur og Burðarás, sem er eign Eimskipa, hafa öll aukið fjárfestingu sína í útgerðarfélögum sem eru almenningshlutafélög og skráð á Verðbréfaþingi. Skýringin er augljóslega þessi: Þau eru að kaupa sér aðgang að viðskiptum fyrir vöruna og þjónustuna sem þau selja. En þá má spyrja: Er hagsmuna annarra smárra fjárfesta sem kaupa hlut í viðkomandi útgerðarfélögum, e.t.v. sem hluta af sínum ævisparnaði, nægilega gætt með lögum eða opinberum reglum? Í gegnum eignarhald sitt láta þessi fyrirtæki útgerðirnar kaupa þjónustu eða vöru sem hefði e.t.v. verið hægt að fá ódýrara með útboðum. Og hver tapar, herra forseti? Litli fjárfestirinn meðan stóru eigendurnir sem tilheyra kolkrabbanum hygla sjálfum sér.

Við vitum líka, herra forseti, að nýjar blokkir eru að myndast í kringum ný fyrirtæki. Ég gæti nefnt Norðurljós og Baug. Norðurljós, herra forseti, eru með yfirburðastöðu á markaði. Hæstv. ráðherra, hvar er Norðurljósa getið í skýrslunni? Ég finn þeirra hvergi getið. Getur verið, herra forseti, að fyrirtæki komi sér hjá úttekt eins og er að finna í skýrslunni með því einu að neita að veita upplýsingar?

Baugur er svo algerlega sér á parti. Árið 1993 voru Hagkaup og Bónus með þriðjung af markaðnum. Nú er Baugur með rúmlega helming á landsvísu og ríflega 60% af markaði á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru tvær keðjur með 67% allrar smásölu á matvælum.

Eigum við að skoða hvaða áhrif það hefur haft á álagningu? Það getum við nefnilega lesið úr annarri skýrslu sem Samkeppnisstofnun hefur tekið fyrir til þess að gera úttekt á álagningu milli 1996 og 2000. Og þá kemur í ljós að álagning á brauði hækkaði um 17–18% meðan verð frá birgjum stóð í stað. Nautakjöt hækkaði í smásölu um 13–14% en helmingi minna frá kjötvinnslum. Lambakjöt hækkaði um 30–35% en bara 13–14% frá kjötvinnslum. Svínakjötið lækkaði að vísu í búðunum um 5–7% en frá bændunum lækkaði það um 27%. Verð á eggjum hækkaði ekki neitt en á sama tíma lækkuðu eggin samt um 12–14% frá framleiðendum. Ávaxtasafi hækkaði um 12–14% í smásölu en hann hækkaði ekkert frá heildsölum. Og gosdrykkir hækkuðu um 11–13% en ekkert hjá framleiðendum. Og svona gæti ég haldið áfram að telja.

Herra forseti. Niðurstaða mín er því sú að óhófleg samþjöppun á smásölumarkaði hafi leitt til fákeppni sem hefur stórskaðað neytendur með óhóflegu verði. Við erum að borga allt of mikið fyrir matinn okkar af því tvær keðjur hafa hreðjatak á neytendum. Og þetta hreðjatak kostar okkur neytendur milljarða króna.

Skýrslan staðfestir einfaldlega allt sem Samfylkingin hefur sagt um samkeppni, samþjöppun og fákeppni í tengslum við stórfyrirtæki Sjálfstæðisflokksins. Meira að segja lífeyrissjóðir eru hluti af pólitísku neti flokksins sem lykur gegnum allt samfélagið, allt atvinnulífið.

Ég vil að lokum varpa eftirfarandi spurningum til hæstv. viðskrh.: Telur hún að vísbendingar séu um að lífeyrissjóðir séu notaðir til að styrkja áhrif blokka í viðskiptalífinu, eins og Samkeppnisstofnun kallar það? Telur hún nauðsynlegt að setja sérstaka löggjöf um stöðluð útboð til að tryggja hag lítilla fjárfesta gegn ítökum blokka í t.d. útgerðarfyrirtækjum eins og ég lýsti áðan?

Og að lokum, herra forseti, með hvaða ráðum telur hæstv. ráðherra að hægt sé að koma í veg fyrir að keðjur á smásölumarkaði misnoti stöðu sína til að auka hagnað sinn á kostnað okkar neytenda?

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í gær barst mér í hendur skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl og hefur henni nú verið dreift til þingmanna. Skýrslan er mjög ítarleg og yfirgripsmikil og er ástæða til að þakka þeim sem unnu að gerð hennar fyrir ágætlega unnin störf. Svo sem vænta má hefur ekki unnist tími til að kanna efni skýrslunnar ítarlega og á þessari stundu er ekki hægt að kveða upp úr um það hvort viðbrögð verða af hálfu samkeppnisyfirvalda eða hver þau kunni að verða.

Skýrslan dregur upp mynd af eignarhaldi og eignatengslum í íslensku atvinnulífi. Ekki verður annað séð en lífeyrissjóðir hafi fjárfest í mörgum og ólíkum félögum og sjóðum, bæði hér á landi og erlendis. Í skýrslunni er gefið til kynna að einn lífeyrissjóður hafi fjárfest allnokkuð í einni fyrirtækjasamsteypu sérstaklega og annar í hinni stóru fyrirtækjasamsteypunni.

Í skýrslunni er spurt hvaða sjónarmið hafi ráðið við þessar fjárfestingar. Vera má að þeirrar tilhneigingar hafi gætt á árum áður að lífeyrissjóðir fjárfesti að einhverju leyti með þeim hætti sem hv. þm. spyr um. Og að eitthvað eimi enn þá eftir af þessari fjárfestingarstefnu sjóðanna. Ég tel hins vegar að landslagið í þessum efnum hafi verið og sé að breytast m.a. vegna þess að í þessum hluta atvinnulífsins eins og öðrum er það krafa að arðbær sjónarmið verði höfð í fyrirrúmi í ríkari mæli en e.t.v. hefur verið.

Mér þykir ekki vera ástæða til að setja sérstaka löggjöf um stöðluð útboð til að tryggja rétt minnihlutaeigenda í fyrirtækjum. Hagsmunir þeirra eiga að vera tryggðir í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, en þar er m.a. að finna ákvæði sem skylda þann sem hefur eignast stóran hlut í fyrirtæki til að kaupa hlut lítilla hluthafa sé þess óskað.

Í verðbréfalöggjöfinni eru einnig ákvæði um að sá sem eignast meiri hluta í fyrirtæki sem skráð er á Verðbréfaþingi beri að kaupa hlut þess litla. Þá eru einnig í hlutafélagalöggjöfinni ákvæði um að hluthafar megi ekki hygla sjálfum sér á kostnað annarra hluthafa. Slíkt getur leitt til skaðabótaskyldu.

Þrátt fyrir löggjöf sem hér var vísað til kann að vera að ekki séu tryggðar að öllu leyti þær aðstæður sem fjallað er um í spurningunni. Sérstaklega á það við ef sterk fyrirtæki á markaði misnota aðstöðu sína með því að velja viðskipti við tengd fyrirtæki þegar aðrir betri kostir eru í boði. Í tilviki sem þessu gæti komið til kasta samkeppnislaga um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, en að sjálfsögðu hlýtur það að vera krafa til stjórnenda og metnaðarmál þeirra að þeir tryggi sem best hag allra eigenda fyrirtækjanna.

Sú ábending sem fram kemur um stöðluð útboð aðfanga í niðurstöðukafla skýrslunnar er góðra gjalda verð og sjálfsagt munu samkeppnisyfirvöld fylgjast með hvort þarna eru á ferðinni samkeppnishamlandi aðgerðir.

Í samkeppnislögum eru ýmis úrræði sem eiga að tryggja að hagur neytenda sé ekki fyrir borð borinn. Í þessu sambandi má sérstaklega benda á bann við misnotkun markaðsráðandi stöðu fyrirtækja sem kom í samkeppnislög með þeim breytingum sem tóku gildi í desember sl.

Í framhaldi af matvöruverðskönnun sem Samkeppnisstofnun skilaði í síðasta mánuði, mun stofnunin kanna frekar þær ábendingar og ásakanir innlendra framleiðenda og heildsala um að matvörukeðjur hafi notað kaupendastyrk sinn með óeðlilegum hætti og knúið fram ósanngjörn viðskiptakjör. Hvort ástæða sé til að setja reglur eða leiðbeiningar um viðskiptahætti á milli þessara aðila get ég ekki sagt um á þessari stundu, enda er það, ef til kemur, í verkahring samkeppnisyfirvalda.

Skýrslan sem hér hefur verið kynnt byggir á tölum frá árinu 1999, en fyrri skýrslan frá árinu 1994 er byggð á tölum frá árinu áður. Á milli áranna 1993 og 1999 hafa orðið miklar breytingar í íslensku atvinnulífi, nýjar atvinnugreinar hafa orðið til og öðrum hefur vaxið fiskur um hrygg. Nýir eigendur og ný kynslóð stjórnenda hefur komið til sögunnar. Ríkisfyrirtæki hafa verið einkavædd og seld. Með auknu frelsi í viðskiptum hafa erlend fyrirtæki frjálsari aðgang að íslenska markaðnum.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Niðurstöður skýrslu Samkeppnisstofnunar koma í sjálfu sér ekki á óvart, en þær eru gagnleg kortlagning á aðstæðum í íslensku atvinnulífi og það er fróðlegt m.a. að bera þær saman við niðurstöður fyrir skýrslu frá miðjum síðasta áratug. Einkunnarorðin sem íslenskt atvinnulíf fær eru skýr: Vaxandi samþjöppun og fákeppni. Í olíuverslun,

samgöngum, tryggingastarfsemi og fleiri sviðum hefur samþjöppunin haldist eða heldur aukist og ný fákeppnissvið hafa verið að skapast, t.d. í almennri verslun og í upplýsingatæknigreinum. Samkeppnisstofnun varar við þessum aðstæðum og hefur oft bent á hversu erfitt sé að glíma við þær, ef þeim er leyft að skapast. En ríkisstjórn Íslands, herra forseti, tekur ekkert mark á þessum niðurstöðum. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er á fullri ferð við að bæta við, búa til ný fákeppnis- eða einokunarsvið, í bankastarfsemi og fjarskiptum.

Enn eitt svið, herra forseti, þar sem samþjöppun er vaxandi er í sjávarútveginum. Þar hafa veiðiheimildir og fjármagn sópast saman á undanförnum árum og nú stendur til að reka nokkurn veginn smiðshöggið á verkið með því að kvótasetja veiðar smábáta og undirbúa að einnig þau veiðiréttindi verði hægt að fara að kaupa upp.

Herra forseti. Ríkisstjórnin með viðskiptaráðherra og samgrh. í broddi fylkingar þessa dagana veður áfram, blinduð af nýfrjálshyggjukreddum og er að búa til ný fákeppnis- og einokunarsvið í íslensku atvinnulífi. „Næstum allt er falt", segir viðskrh. í Morgunblaðinu í dag.

Herra forseti. Það er vandlifað í heimi hér og einkum ef maður heitir Samkeppnisstofnun. Ríkisstjórnin gerir hvort tveggja, að skamma hana og spotta og gagnrýna skýrslur hennar þegar það á við, en setja allt sitt traust á hana þegar það hentar og hún er að búa til ný fákeppnissvið eins og í fjarskiptamálunum. Þá á sama Samkeppnisstofnun sem oft er óalandi og óferjandi að leysa allan vanda.

[14:17]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst nefna það að þegar samkeppnislögin voru sett á sínum tíma var það að samkomulagi eftir meðferð frumvarpsins í efh.- og viðskn. að gerð yrði skýrsla um eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Fyrsta skýrslan sem stofnunin gerði kom út árið 1994 eins og hér er dregið fram. Á sínum tíma gagnrýndi ég þá skýrslu fyrir að þar væri sleppt allri umfjöllun um umsvif ríkisins í atvinnulífinu. Þess vegna finnst mér sú skýrsla sem hér liggur fyrir miklu betri þar sem mjög vel er dregið fram og kemur reyndar í ljós að ríkið hefur afar mikið að gera í atvinnulífinu. Þess vegna tel ég að það styðji mjög þau einkavæðingarfrumvörp sem hér liggja fyrir að verið sé að draga úr umsvifum ríkisins í atvinnulífinu. Það kemur líka fram að þessum umsvifum ríkisins fylgir mikil hætta, þ.e. að þeir sem eru að setja leikreglurnar á markaðnum séu jafnframt að gæta hagsmuna fyrir einn af leikendunum, þ.e. ríkisfyrirtækin, og að þetta skapi tortryggni í samskiptum einkaaðila og aðila í eigu ríkisins. Ég tel því að þessi skýrsla sé mjög gagnlegt innlegg í umræðuna.

Annað sem kemur þarna fram er vöxtur lífeyrissjóðanna sem var mjög athyglisverður. Það er ekkert nýtt sem kemur um viðskiptablokkirnar. Það er nýtt sem kemur fram um eignarhaldsfélögin erlendis og ég held að sé atriði sem sé mjög umhugsunarvert fyrir okkur þingmenn að velta fyrir okkur. En síðan hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson mikinn áhuga á 40% fylgi Sjálfstæðisflokksins, sem er jafnt um allt þjóðfélagið, hvort sem er í forustusveit í atvinnulífinu eða annars staðar. Ég þekki marga ágæta samfylkingarmenn og marga ágæta framsóknarmenn og jafnvel vinstri græna sem eru í forustu í atvinnulífinu. Ég tel nauðsynlegt að forustumenn í atvinnulífi séu í mörgum flokkum vegna þess að það hefur afar góð áhrif á þá flokka.

[14:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi skýrsla sýnir að mikið er í húfi að Samkeppnisstofnun í nafni neytenda sýni einokunarrisunum klærnar en þeir óttast ekkert frekar en öfluga og virka samkeppnislöggjöf sem er ógn við þá fákeppni sem má í allt of miklum mæli sjá í atvinnulífinu í krafti markaðsráðandi stöðu stórra fyrirtækjablokka. Þar er farvegur fyrir einokun, hringamyndun og fákeppni sem stuðlar að nútímalénsveldi og söfnun auðs og valds á fárra manna hendur. Slík þróun gengur gegn hagsmunum neytenda og ýtir undir misskiptingu eigna og tekna í þjóðfélaginu.

Fákeppni og einokun í matvöruverslun og á grænmetismarkaði eykur skuldir heimilanna og dregur niður lífskjörin og er ein helsta skýring þess að Íslendingar greiða næsthæsta verð á nauðsynjavöru af OECD-löndunum. Eitt brýnasta verkefnið á þeim vettvangi er að kortleggja verðmyndun á matvörumarkaðnum, ekki síst kostnað birgja og milliliða.

Í skýrslunni er vakin athygli á auknum hlut fyrirtækjablokka í útgerð og hvernig þar spyrðast saman hagsmunir í öðrum atvinnugreinum í gegnum ótrúlega gagnkvæm stjórnunar- og eignatengsl sem má víða sjá í skýrslunni. Kolkrabbinn teygir sig þar víða og full ástæða til að ætla að næst verði gerð einokunaratlaga að bankakerfinu, sem stjórnarflokkarnir virðast ætla að setja á útsölu sem mun ýta undir einkavinavæðinguna og þar með fákeppni á fjármálamarkaði.

Ógnvænlegt er ef markaðsráðandi aðilar í stórum fyrirtækjasamsteypum fá nú ráðandi ítök í bankakerfinu. Einnig er ástæða til að óttast hvernig samþjöppun eykst hröðum skrefum á sviði margmiðlunar, með ljósvakafjölmiðlum og í upplýsingaiðnaði, sem er alvarleg ógn við lýðræðið.

Ég vil hvetja til þess að úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í atvinnulífinu verði fastur liður í starfsemi Samkeppnisstofnunar og full ástæða er til að efh.- og viðskn. taki þessa skýrslu til umfjöllunar og leggi mat á innihald hennar því skýrslan staðfestir ótvírætt að samþjöppun valds, óeðlileg og gagnkvæm hagsmuna- og stjórnartengsl, ríkja allt of víða í atvinnulífinu.

[14:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. Í henni eru mjög miklar upplýsingar og þar koma fram margir mjög athyglisverðir hlutir.

Ég ætla fyrst og fremst að einbeita mér að því sem kemur mér reyndar ekki á óvart en það er hin mikla fákeppni í dagvöruverslun á Íslandi. Í ljós kemur að Baugur er með rétt rúmlega 60% markaðshlutdeild í dagvöruverslun á Íslandi og tveir aðilar, Baugur og Kaupás, eru með um $^4/_5$ af markaðnum í dagvöruverslun.

Ekki alls fyrir löngu var ég á fundi með Samtökum iðnaðarins þar sem kom í ljós að sérstaklega stærsta keðjan, Baugur, pressar mjög niður verð hjá framleiðendum og ef viðkomandi framleiðendur kvarta er þeim bara hent út úr þessum verslunum.

Ég var líka á mjög merkilegum fundi með kartöflubændum í Þykkvabæ ekki alls fyrir löngu. Þá fullyrti einn bóndinn að skilaverð hans fyrir 1 kg af kartöflum væri 39 kr., þ.e. hann fengi 78 kr. fyrir tveggja kílóa poka. Slíkur poki er seldur á 319 kr. ef ég man rétt, t.d. í Nýkaup. Þetta eru ótrúlegar upphæðir. Við hljótum því að velta fyrir okkur hvernig verðmyndun vörunnar er.

Ég tel mjög nauðsynlegt að það komi fram í verðmerkingum hvað ríkið fær, hvað framleiðandinn fær, hvað milliliðirnir fá, hvað seljandinn fær og þá sjáum við í raun og veru hverjir eru í raun og veru vinir neytenda. (Gripið fram í.) Hægt væri að láta þetta koma fram í verðmerkingum. Ég veit til þess að t.d. sums staðar í Frakklandi er þetta gert og ég mundi hvetja mjög til þess að slík lög yrðu sett á Íslandi vegna þeirrar fákeppni er hér ríkir.

[14:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir skýrslu Samkeppnisstofnunar sem er fróðleg fyrir margra hluta sakir þótt ég setji spurningarmerki við sitthvað í samanburðarfræðunum.

Það sem helst kemur fram í þessari skýrslu er að staðfest er að fákeppni og einokun er einkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf en það kemur líka fram að hlutur hins opinbera er mikill. Á því vekur hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sérstaklega athygli í viðtali við Morgunblaðið í morgun. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, tók bakföll einmitt út af þessu. En hvar skyldi veltan vera mest hjá hinu opinbera? Hún er mest hjá Íbúðalánasjóði. Þarna er líka ÁTVR. Þarna er Ofanflóðasjóður. Þarna er líka Námsgagnastofnun. En þarna eru líka vissulega fyrirtæki og stofnanir sem eru á leiðinni út á markað.

Við ræddum í morgun einkavæðingu Landssímans. Í gær fjölluðum við um bankana sem eiga að fara út á markað. Við höfum rætt hvað muni gerast á þessum markaði. Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk að reyna að sporna gegn einokun á markaði en hún hefur takmörkuð tök á því að öðru leyti en því að reyna að hafa áhrif þar á aðstæður, að hafa áhrif þar á aðstæður. Hún hefur varað við því og samkeppnisaðilar hafa varað við því að ríkisstjórnin sé með einokunarstefnu sinni að einkavæða einokun. Hún sé ekki að draga úr einokun eða stuðla að samkeppni, hún sé að bæta í. Hún sé að bæta í. Hún sé að stuðla að fákeppni og einokun á markaði. Það er áhyggjuefni.

[14:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Undanfarið höfum við rætt ítarlega um kosti og galla einkarekstrar andspænis opinberum rekstri. Ég hef bent á að meginmunurinn liggur í ábyrgðinni, herra forseti, það að ef einkaaðili gerir mistök í rekstri tapar hann eigin fé sínu og dettur jafnvel út úr rekstri. Ekkert slíkt gerist í opinberum rekstri þar sem menn geta haldið áfram lélegum hallarekstri í mörg ár án þess að neitt gerist.

Herra forseti. Skýrsla Samkeppnisstofnunar bendir á að hér á landi eru lítil tengsl á milli eignar og valds, fyrirbæri sem ég hef kallað fé án hirðis. Stjórnendur eiga ekkert í fyrirtækinu og tapa þar af leiðandi ekki ef þeir gera mistök. Skýrslan bendir á að ríki, sveitarfélög, sparisjóðir og ekki síst lífeyrissjóðir eru mjög fyrirferðarmikilir í íslensku atvinnulífi og vaxandi. Það segir okkur að fé án hirðis vex þrátt fyrir tilburði til einkavæðingar.

Inn í skýrsluna vantar samt stærstu fyrirtæki landsins, þ.e. Ríkisspítala, háskólasjúkrahús held ég að heiti, og Háskóla Íslands. Þetta eru stærstu fyrirtæki landsins, þau vantar inn í skýrsluna. (**ÖJ:** Kirkjan.) Og kirkjan, algjörlega án samkeppni. (**KVM:** Það er nú í góðu lagi.)

Hv. Alþingi er á þessum dögum að samþykkja miklar einkavæðingar á bönkum og fjarskiptafyrirtækjum. Eftir situr allur orkugeirinn, Landsvirkjun og Rarik, Íbúðalánasjóður, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Við höfum því miður ekki haft undan að einkavæða. Skýrslan er hvatning til að bretta upp ermarnar og selja næst Landsvirkjun.

Þá þurfum við hv. þingmenn að taka okkur tak og auka lýðræðið í lífeyrissjóðunum, auka tengslin milli eigenda lífeyrissjóðanna og stjórna lífeyrissjóðanna þannig að stjórnirnar séu ekki sjálfkjörnar á einhverjum lokuðum fundum.

[14:28]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Fyrsta niðurstaða skýrslunnar eru lítil tengsl milli valds og eigna. Hér er fyrst og fremst verið að vísa til lífeyrissjóðanna. Þetta atriði staðfestir gagnrýni Samfylkingarinnar á stórfyrirtæki sjálfstæðismanna, sem ráða öllu í Samtökum atvinnulífsins. Stórforstjórar Sjálfstfl. og Framsfl. hafa hreiðrað um sig í stjórnum lífeyrissjóða og beita þeim miskunnarlaust í þágu valda sinna. Þetta kerfi hefur Samfylkingin gagnrýnt.

Önnur niðurstaða skýrslunnar er hversu fákeppni er áberandi í íslensku atvinnulífi. Þar er staðfestur hornsteinn í stefnu Samfylkingar í efnahagsmálum sem er stuðningur við aukna samkeppni. Samfylkingin hefur bent á hættu af fákeppni, þröngra fyrirtækjablokka sem eru í nánum tengsum við ríkisstjórnarflokkana. Afstaða þeirra gagnvart Samkeppnisstofnun kemur skýrt í ljós þegar þeir vilja rýra hlut hennar eins og þeir geta. Þessi stefna er fjandsamleg neytendum.

Þriðja niðurstaða skýrslunnar er hversu áberandi hlutur ríkisins er í atvinnulífinu og sem hefur aukist. Samfylkingin hefur margoft lagt til að ríkið dragi sig út úr atvinnurekstri og leggur þunga áherslu á samkeppnisvæðingu.

Fjórða niðurstaðan, um blokkamyndun, lýsir baráttunni við kolkrabba og smokkfisk þar sem nýir aðilar hafa bæst við. Þetta staðfestir einnig gagnrýni Samfylkingarinnar.

Meginniðurstaðan í þessu kemur þó fram í hvernig ríkisstjórnin hefur auðveldað stofnun eignarhaldsfélaga erlendis í skattaparadísum til að komast hjá gjöldum hér á landi. Þannig er það sem stjórnarherrarnir vilja hafa það, leyndin er góð í huga þeirra.

Stefna Samfylkingarinnar er að gæta hagsmuna almennings og neytenda. En stefna ríkisstjórnarinnar er að gæta sérhagsmuna. Þessi skýrsla, herra forseti, staðfestir þennan mun á Samfylkingunni og ríkisstjórninni.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. viðskrh. fyrir prýðileg svör við þeim spurningum sem ég varpaði til hennar.

Hæstv. ráðherra kvaðst þó ekki á þessari stundu geta sagt til að öllu leyti til um þau ráð sem hún teldi nauðsynleg til þess að grípa til og koma í veg fyrir að samþjöppun á markaðnum gæti skaðað hagsmuni neytenda.

Herra forseti. Ég vil þess vegna lýsa því yfir hér að Samfylkingin mun óska eftir því þegar þing kemur saman í haust að þessi skýrsla verði tekin til ítarlegrar umræðu og þá geti hæstv. ráðherra jafnframt í lengra og ítarlegra máli lýst ráðum sínum til þess að grípa á þeim vandamálum sem hún tók undir að væru til staðar.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sagði áðan þá er ekki bara blokkamyndun til staðar í atvinnulífinu heldur eru nýjar blokkir að hreiðra um sig m.a. í afþreyingariðnaði. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvernig stæði á því að ekki er tekið á þeim iðnaði. Af hverju er t.d. ekki blokkarinnar í kringum Norðurljós að nokkru getið? Getur

verið, herra forseti, að skýringuna megi lesa í eftirfarandi orðum í formálanum, þar sem segir:

„Í nokkrum tilvikum gætti þó tregðu hjá fyrirtækjum að afhenda gögn. Þessi tregða tafði verkið og ekki reyndist unnt í öllum tilvikum að draga upp eins skýra mynd og stefnt var að."

Ég er sammála hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að þessi skýrsla er mikilvægt gagn. Það þarf að endurnýja hana reglulega en það þarf að gera hana þannig úr garði að hún gefi jafnan skýra mynd. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki rétt að binda það í lög að fyrirtæki verði að gefa þær upplýsingar sem til þarf.

Herra forseti. Að öðru leyti er niðurstaðan af þessari umræðu sú að alls staðar, á öllum stöðum viðskiptalífsins, er samkeppnin að minnka, fákeppnin að aukast og samþjöppunin að aukast. Og það eru engar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hvernig stendur á því, herra forseti? Vegna þess að þetta gerist í skjóli ríkisstjórnarinnar, fyrst og fremst í skjóli Sjálfstæðisflokksins. Þess vegna er ekki gripið til neinna aðgerða.

[14:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég dáist mjög að hv. þingmönnum hvað þeir eru búnir að setja sig inn í þessa skýrslu, miðað við hvað hún barst seint í hendur þeirra, sem ég baðst nú afsökunar á í gær.

Við lok þessarar umræðu vil ég fyrst vitna til orða hv. þm. Ágústs Einarssonar sem sagði hér að ríkið vildi draga sig út úr atvinnurekstri og það væri stefna Samfylkingarinnar. Það vill svo til að síðasta sólarhringinn höfum við verið að afgreiða hér tvö merk mál um sölu ríkisfyrirtækja. (**Gripið fram í:** Stórmál.) Bæði var samþykkt að selja Landssímann og bankana bara síðasta sólarhringinn. Samfylkingin styður hvorugt þessara mála. (**Gripið fram í:** Við erum á móti þeim.) Mér sýnist því að (Gripið fram í.) athafnir fylgi ekki alveg orðum hvað þetta varðar. (Gripið fram í.)

Eins vil ég nefna orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem segir að ríkisstjórnin sé að búa til ný svið fákeppni á bankasviðinu. Ég hef áður úr þessum ræðustól vitnað til orða hv. þm. sem hann viðhafði fyrir nokkrum missirum þar sem hann fullyrti að sameina ætti Landsbankann og Búnaðarbankann og það þyddi ekki að bera við einhverjum sjónarmiðum fákeppni og að ekki yrði næg samkeppni þó svo að þetta yrði gert. Þetta sagði þessi hv. þm. hér fyrir nokkrum mánuðum síðan. Nú þegar ríkisstjórnin tekur þá ákvörðun að selja bankana sinn í hvoru lagi, og það var nú það sem Samfylkingin vildi gera hérna fyrir jólin, þá er það ekki aðferðin sem viðkomandi þingmenn geta stutt. Það er dálítið vandlifað.

Ég held að það sé athyglisvert líka sem hefur verið vikið að hér, að þrátt fyrir að ríkið hafi selt í fyrirtækjum þá hefur ríkið verið að auka mjög eignarhlut sinn í atvinnulífinu á milli þessara ára og það sýnir okkur kannski enn betur en við vissum áður að við eigum að halda áfram að selja ríkisfyrirtæki.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki, frítekjumark o.fl.). — Þskj. 1232, nál. 1315, brtt. 1324.

[14:35]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölda gesta til liðs við sig, m.a. frá heilbr.- og trmrn., Félagi eldri borgara í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Með frumvarpinu er kveðið á um hækkun á grunnlífeyri hjóna úr 90% af lífeyri einhleypings í 100%. Sérstök heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er felld niður en í stað hennar er innleiddur nýr bótaflokkur, svokallaður tekjutryggingarauki. Hinn nýi bótaflokkur skilar öryrkjum og öldruðum sem rétt eiga á honum hærri upphæð en sérstaka heimilisuppbótin gerði. Í fyrsta lagi nemur fullur tekjutryggingarauki hærri fjárhæð en sérstaka heimilisuppbótin gerði og í öðru lagi lækkar skerðing vegna eigin tekna, eða helmings samanlagðra tekna ef lífeyrisþegi er í hjúskap, úr 100% í 67%. Þá njóta bæði einhleypingar og sambýlisfólk tekjutryggingaraukans, en sérstaka heimilisuppbótin náði aðeins til einhleypinga. Loks felst það í frumvarpinu að eingöngu 60% atvinnutekna teljast til tekna lífeyrisþega við útreikning á tekjutryggingu og heimilisuppbót, en nú teljast allar atvinnutekjur til tekna lífeyrisþega við útreikning þeirra.

Frumvarpinu fylgja einnig drög að tveimur reglugerðum. Fyrri reglugerðin felur í sér að frítekjumark tekjutryggingar til ellilífeyrisþega hækkar og sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum er lagt niður. Síðari reglugerðin felur í sér að frítekjumarkið samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækkar úr 105.347 kr. í 112.000 kr. til þess að hækkun bóta samkvæmt frumvarpinu minnki ekki rétt til frekari uppbóta samkvæmt þeim lögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætur til aldraðra og öryrkja hækki um 1.350 millj. kr. á ári. Breytingarnar fela í sér að þeir sem lægstar hafa bæturnar fá mest en hinir tekjuhærri minna.

Þannig er áætlað að um 70% ellilífeyrisþega fái einhverja hækkun með þessum breytingum og að 4.000 einhleypir, 800–850 hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar og 100 hjón þar sem annað er ellilífeyrisþegi fái tekjutryggingarauka. Þá munu 60% öryrkja fá einhverja hækkun og um 2.600 örorkulífeyrisþegar fá tekjutryggingarauka.

Nefndin lítur svo á að með þessu sé stigið umtalsvert skref í þá átt að bæta kjör þeirra sem verst eru settir meðal aldraðra og öryrkja.

Nefndin leggur til að orðalag 3. gr. frumvarpsins verði lagfært. Engin efnisbreyting er fólgin í breytingunni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem liggur frammi á nefndarálitinu.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, hv. þm. Karl V. Matthíasson og hv. þm. Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Jónína Bjartmarz, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir,

Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson og þingmennirnir Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman með fyrirvara.

[14:38]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að sé kominn tími til að reyna að fá einhvern botn í hvað hér er að gerast og hvað hér eigi að gerast í dag. Þingmenn fengu í morgun dagskrá í 53 liðum. Síðan fylgjast menn með því af spenningi hvar forseta ber niður, í 1. lið eða 49. eða 47. Þegar hlé var gert á fundinum fyrir matinn var verið að ræða sölu á Landssíma Íslands og einn ræðumaður var þar í miðri ræðu sinni, ef ég veit rétt. Þeirri umræðu er ekki haldið áfram. Ég hef ekki trú á því að menn séu hættir við að selja Landssímann. Betur ef svo væri. En ég held, herra forseti, að við þurfum að fá skýrar línur hér í þinghaldið. Stóð ekki til að halda áfram umræðu um Símann, um símamálið og sýna þeim þingmanni sem var í miðri ræðu sinni þá kurteisi að ræða alla vega við hann og gera honum grein fyrir þessu, og þá öðrum þingmönnum, gera þeim grein fyrir því að til stæði að ræða önnur mál? Mér finnst þetta ekki ganga lengur og fer fram á það vinsamlegast við hæstv. forseta að okkur verði gerð grein fyrir framvindu málsins í dag. Það er reyndar kominn tími til að ræða þinghaldið á næstu dögum, hvað menn hafa hugsað sér í þeim efnum. Ég geri það að tillögu minni að einhvern tímann fljótlega — ég er ekki að gera kröfu um það núna — en einhvern tímann fljótlega verði gert hlé á þinghaldinu og við setjumst saman, formenn þingflokka, með stjórn þingsins og ræðum þessi mál.

[14:40]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að nokkur óvissa er um framgang mála á þessum fundi. Það mun reyndar skýrast fljótlega. Það er ágætisábending að gera hlé á fundinum einhvern tíma dagsins og halda fund með þingflokksformönnum. Forseti Alþingis er þessa stundina að yfirfara málin og leggja línurnar. Þau skilaboð sem mér hafa borist eru að næst verði tekin fyrir (**ÖJ:** Eru fleiri á þeim fundi?) 17. og 18. dagskrármál og svo skýrist framhaldið. En ég á von á að forseti muni halda fund með þingflokksformönnum innan ekki langs tíma.

[14:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þessi framgangur mála er náttúrlega engan veginn viðunandi. Við vorum í miðju kafi að ræða annað mál eins og hér hefur komið fram. Reyndar áttum við von á því að vera boðuð til skrafs og ráðagerða við hæstv. forseta um framhald þingstarfanna. Ég hefði talið, ef menn ætla að fara að slíta sundur umræður og hoppa á milli dagskrármála, að eðlilegt væri að hafa um það samráð, herra forseti. Ég tek því undir þá kröfu að a.m.k. á meðan ekki er skýrt hvert framhaldið verður á þessum þingfundi og um framhald þessa þings, að haldið sé áfram með það mál sem byrjað var að ræða, herra forseti, og spyr hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að það verði gert. Ég vil eindregið taka undir það að það er lágmark, ef verið er að fresta umræðum á þennan hátt og fara síðan í önnur mál jafnvel í miðjum ræðum, að um það sé haft samráð við fólk þannig að við getum áttað okkur örlítið á hvað eigi að gerast hér á næstu klukkutímunum eða næstu dögum, herra forseti.

[14:42]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við höfum fundað nokkuð stíft alla þessa viku, m.a. fundað fimm kvöld í röð sem er næsta óþekkt. Og nú erum við hér að funda á laugardegi.

Það er ekkert óeðlilegt að menn spyrji hvað valdi því að Alþingi skuli vinna með þessum hætti. Hvað gerir það að verkum að hér á laugardegi skuli vera ætlunin eða hugmyndin að afgreiða 53 mál á einum og sama deginum, á einum og sama fundinum? Ég held, virðulegi forseti, að nú sé kannski lag til þess að við færum a.m.k. að láta svo líta út að eitthvert skipulag sé á þessari stofnun, að einhver vitiborin hugsun sé í þessari stofnun og við förum að hægja för, fresta þessum fundi í dag og koma hér aftur saman á mánudaginn. Hvaða skynsemi er í því að halda hér áfram og reyna að klára 53 mál?

Virðulegi forseti. Við verðum að halda reisn okkar gagnvart almenningi í landinu.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti telur að Alþingi haldi bærilega reisn sinni þó að það fundi á laugardegi. Stór hluti þjóðarinnar vinnur gjarnan á laugardögum og þarf ekki að vorkenna okkur neitt yfir því.)

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þar er ég sammála virðulegum forseta. Okkur er ekki vandara um en öðrum mönnum að vinna vinnuna okkar og gera það af og til á laugardögum. Og það held ég að mörg okkar geri og við séum svo sem ekkert vandari að helgum og helgarfríum en annað fólk. Hitt er annað mál að öllum er fyrir bestu að reyna að hafa eitthvert skipulag á hlutunum. Ég tek undir það að það er heldur ónotalegt að stökkva svona fram og til baka í dagskránni.

Hér var á dagskrá fyrir hádegið umræða um einkavæðingu Landssímans og ég hygg að ég sé þar annar maður á mælendaskrá. Mun það ekki vera rétt, herra forseti? Ég var í salnum að undirbúa þessa fínu ræðu og vissi ekki annað en að það mál kæmi mjög fljótlega á dagskrá aftur. En þá er allt í einu komið yfir í eitthvert allt annað mál sem ég hafði enga ástæðu til að ætla að yrði komið að alveg strax. Síðan segir forseti vor, sem nú situr í stóli, að meginforsetinn sé hér einhvers staðar á lóðinni að leggja línurnar og skipuleggja og að vænta sé tilkynningar um að kannski verði farið í 17. og 18. dagskrármálið.

Herra forseti. Það er ekki svona sem við gerum þetta. Menn setjast niður saman, fara yfir stöðuna og reyna a.m.k. að ná samkomulagi um það sem hægt er að ná samkomulagi um á hverjum tíma. Þó það sé ekkert annað en það hvernig fundahaldinu verður hagað allra næstu klukkutímana, hvaða mál verði tekin fyrir og í hvaða röð þannig að þingmenn hafi lágmarksundirbúningstíma til að skipuleggja störf sín og undirbúa ræður, þá er það þó a.m.k. einhvers virði.

Ég tek undir það, þó að ég sjái ekkert að því að vinna af og til á laugardögum og geri það iðulega sjálfur, og held að það fari fljótlega að vera hyggilegt að fresta fundi og koma svo bara saman aftur á mánudaginn. Mér sýnist alveg augljóst að næg verk sé að vinna hér langt fram eftir næstu viku a.m.k. og er sjálfur alveg undir það búinn að svo verði. Þá fær ríkisstjórnin tíma til að hugsa sig um yfir helgina í málefnum smábátanna. Mér sýnist ekkert veita af ef hún á að reyna að ná áttum í þeim efnum og stjórnarliðið að ná saman.

Ég held því að það þjóni margvíslegum og góðum tilgangi og muni gleðja fjölskyldur okkar ef við sláum botninn í þetta núna svona um kaffileytið og hittumst hér svo aftur á mánudagsmorguninn.

[14:46]

Sigríður A. Þórðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mörg mál eru á dagskrá og það er auðvitað verið að ræða eitt af þeim núna. Ég bið þingmenn um að sýna ágætum forseta þolinmæði, hann er ekki að gera neitt annað en að vinna sitt verk, að stýra fundi og taka fyrir mál sem eru á dagskrá. Það er síðan undir okkur þingmönnum komið hve mikið við viljum tala í þeim málum sem á dagskrá eru. Ég held að við getum treyst því að forseti Alþingis kalli þingflokksformenn innan tíðar á fund til að fara yfir málin og þá kemur í ljós hvort okkur auðnast að ljúka í dag.

[14:47]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er síður en svo að ég sé að reyna að komast hjá því að vera hér á laugardegi. Hins vegar eru 53 mál á dagskrá. Ég get alveg viðurkennt að það eru mörg mál þar sem ég mun reyna að beita rökum til að snúa stjórninni af villu síns vegar. Og það er ekki víst að hægt verði að flytja allar þær ræður ef ætlunin er að klára þetta á einum og sama deginum.

Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að ef við eigum að geta sinnt hlutverki okkar, þ.e. að setja samfélaginu almennar leikreglur, og geta farið hér yfir rökræðuna í þeim málum sem nauðsynlegt er að rökræða, þá er ég smeykur um að það taki miklu lengri tíma. Ég held að miklu skynsamlegra sé að við förum að ljúka þessu fljótlega í dag, koma síðan saman á mánudaginn og gera þetta eins og siðuðu fólki sæmir.

[14:48]

Árni Johnsen *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að taka hér á dagskrá sem fyrst áframhaldandi umræður um sölu Landssímans, sérstaklega í ljósi orða hv. þm. um að hann hefur lofað að flytja fína ræðu. Það eru slík tímamót að ég tel að ekki megi bíða með að það gangi fram.

[14:48]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þetta er bara annað árið mitt á þingi og ég er því ekki svo kunnugur vinnubrögðunum. En ég var í miðri ræðu um hádegisbilið þegar gert var matarhlé og vissi þá að til stóð að atkvæðagreiðsla og utandagskrárumræða ætti að vera að hádegisverðarhléi loknu og var búinn að búa mig undir það og gera ráð fyrir því. En síðan verð ég að viðurkenna að framhaldið kom mér alveg í opna skjöldu, ég hélt ég ætti að fá að halda áfram með ræðu mína. Ég sit líka í samgn. og þá allt í einu er komið með mál úr samgn. og farið að mæla fyrir því, sem ég hef verið með fyrirvara á og þurfti líka að taka til máls um það. Ég, sem var þar undirbúinn undir að halda áfram með ræðu mína, þurfti því að fara að hlaupa og ná í önnur gögn. Það var ekki einu sinni svo vel, ég var þá kominn á mælendaskrá til að ræða það en síðan var það mál aftur tekið út af dagskrá.

Herra forseti. Lái mér hver sem vill, en ég skil ekki svona vinnubrögð og mundi aldrei sjálfur vilja standa að því að vera með slík vinnubrögð eins og hér viðgangast. Þetta er engum til ... (**HBl:** Þetta var ekki síður á Hólum.) Þetta var ekki síður á Hólum, nei. (**HBl:** Menn þurfa að hafa tölvuheila til þess að geta fylgst með.) Ég er alveg reiðubúinn að fara aftur með hæstv. forseta Alþingis sem var ágætis landbrh. á sínum tíma og ganga með honum um Hólastað og koma honum aftur til betri vegar, þannig að hann geti leitt okkur í sátt og samlyndi í gegnum þinghaldið, a.m.k. þau lok sem hér eru fram undan.

(**Forseti** (GuðjG): Enn biðja menn um orðið til að ræða fundarstjórn forseta. Hér hefur nú verið kvartað yfir að mörg mál séu á dagskrá í dag og forseti bendir á að ef við ætlum að ræða fundarstjórn forseta lengi dags, þá verður minni tími fyrir öll dagskrármálin.)

[14:50]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er bara rétt um vinnubrögðin hér. Ég tók eftir því áðan að menn eru að bíða eftir málum sínum úr nefndum. Það hefur verið nefnt að stoppa þyrfti Landssímann af og annað mál frá samgn. um áhafnir skipa. Og síðan upplýsti hæstv. forseti sem situr í forsetastóli að aðalforsetinn væri á fundi til að ræða frekara framhaldið. Nú sé ég að aðalforseti þingsins er kominn í salinn og hann hefur boðað það að tölvuheila þurfi til að fylgjast með. Ég mundi vilja óska þess, starfandi forseti, fundarstjóri, að við hættum þessari umræðu um fundarstjórn forseta og fengjum tölvuheilann til að sjá hvert verður framhaldið.

(**Forseti** (GuðjG): Ég sagði reyndar ekki að forseti Alþingis væri á fundi, ég sagði að hann væri að skoða málið.)

[14:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Áður en þessi umræða um fundarstjórn forseta hófst var mælt hér fyrir nál. um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð og eins kom fram hjá flm. rita ég undir það nál. með fyrirvara, ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn.

Ég mun gera grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hef við þetta mál og sömuleiðis mæla fyrir brtt. sem minni hluti heilbr.- og trn. leggur fram við frv.

Fyrst vil ég, herra forseti, nefna eina setningu í nál. sem ég geri vissulega fyrirvara við og það er þar sem segir að nefndin líti svo á „að með þessu sé stigið umtalsvert skref í þá átt að bæta kjör þeirra sem verst eru settir meðal aldraða og öryrkja."

Ég get ekki fyllilega tekið undir þetta og hefði talið að unnt hefði verið að gera mun betur við þennan hóp. Ég hef sagt það áður að þó að þetta frv. sé í áttina, þá geti nú varla talist hér um skref, hvað þá umtalsvert skref að ræða, og hef ég áður sagt það hér og annars staðar að ríkisstjórnin sé aðeins að fara fetið, varla er hægt að kalla þetta skref.

Annað sem ég vil gagnrýna varðandi þessa lagasetningu er það að verið er að gera kerfið mun flóknara en það var. Verið er að bæta við bótaflokki með enn eina tegund tekjutengingar sem gerir það mun erfiðara að átta sig á hvaða rétt lífeyrisþeginn á og sömuleiðis að reikna út bætur hans í hinum ýmsu tilvikum.

Herra forseti. Varðandi þær brtt. sem við leggjum fram og eru á þskj. 1324, þá er það svo að við teljum ekki nógu langt gengið til móts við þá sem eru í atvinnulífinu og eru öryrkjar. Það hefur verið gagnrýnt mjög rækilega að almannatryggingakerfið sé mjög vinnuletjandi, reglur þess séu vinnuletjandi, þannig að þeir sem gætu farið út að vinna gerðu það ekki, vegna þess að þeir hefðu ekkert upp úr því

við það, lítið standi eftir. Í frv. er aðeins farið í áttina og 40% tekna lífeyrisþegans eru tekin út fyrir sviga áður en tekjutryggingin og heimilisuppbótin fara að skerðast. Þannig að 40% af tekjum öryrkjans eru tekin út fyrir sviga.

Við teljum að ekki sé nægilega langt gengið í þeim efnum og leggjum til að gerð verði breyting við 1. gr. og í stað þess að þessi regla gildi aðeins um tekjutrygginguna, þá gildi hún um grunnlífeyri og tekjutryggingaraukann einnig. Og 40% af tekjum lífeyrisþegans verði tekin til hliðar áður en grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og tekjutryggingarauki fara að skerðast.

Í nefndinni kom fram og er ljóst þegar menn fara að skoða hvernig þessar tekjutengingar virka, að þeir lífeyrisþegar sem eru með litlar tekjur og við getum nefnt sem dæmi öryrkja sem vinna á vernduðum vinnustöðum, þeir eru margir hverjir að vinna á vernduðum vinnustöðum sem ákveðna hæfingu, komast í félagsskap við aðra, þeir eru í raun ekki að fá neina kjarabót með þessu frv., þ.e. þeir missa tekjutryggingaraukann þar sem hækkunin kemur inn og eru þar með ekki að fá þá hækkun sem felst í frv. En eins og sést á töflu nr. 32 í fskj. með frv., þ.e. skýrslu nefndarinnar sem vann frv., fá þeir öryrkjar sem búa einir og eru með 15–30 þús. kr. ekki neina hækkun.

Tekjutengingin á tekjutryggingaraukanum sem er nýi bótaflokkurinn, þar sem öll kjarabótin og hækkunin kemur, er það mikil eða um 67% vegna eigin tekna og ekkert er tekið frá, gerir það að verkum að tekjutryggingaraukinn er orðinn að engu ef lífeyrisþeginn er með rúmar 15 þús. kr. á mánuði í laun, þ.e. 15.743 kr. þá fær hann ekki neitt, fær engan tekjutryggingarauka. Þetta er mjög stór hópur þeirra fötluðu öryrkja sem vinna á vernduðum vinnustöðum samkvæmt upplýsingum sem við fengum hjá Öryrkjabandalaginu, en einnig hafði komið fram í félmn. hjá fulltrúum frá vernduðum vinnustöðum að nokkuð breytilegt væri hver laun öryrkja hjá vernduðum vinnustöðum væru, en þeir sem eru mest fatlaðir og þyrftu þá sérstaklega að fá þennan stuðning og viðbót eru á þessu bili, þ.e. með frá 15–30 þús. kr., fá ekki neitt.

Sá einhleypi sem er á þessu bili fær ekki neitt til viðbótar og sömuleiðis er lífeyrisþeginn, þ.e. öryrkinn sem er í hjónabandi, ekkert að fá fyrr en hann fær 30 þús. kr. í laun.

Þetta er atriði sem við gagnrýnum harðlega og leggjum því til að allir bótaflokkarnir komi inn í þá reglu að 40% tekna séu tekin út fyrir.

Við höfum óskað eftir því að fá upplýsingar um hvað það kosti ríkisstjórnina að fara þær leiðir sem við bendum á í brtt. okkar og sú leið að taka 40% atvinnutekna öryrkjans til hliðar kostar á ári 90 millj. kr. Það er þó nokkuð minni upphæð en það kostaði að bruðla með húsnæði fyrir þingið hér hinum megin við Austurvöll, þó nokkuð lægri upphæð, bara til þess að bæta kjörin hjá þeim verst settu öryrkjum, eins og t.d. þeim sem eru á vernduðum vinnustöðum og fá þarna enga kjarabót.

Það er jafnframt full ástæða til að minna á að ekki hefur verið staðið við lög gagnvart lífeyrisþegum. Samkvæmt lögum hefði hækkun á bótum almannatrygginga átt að fylgja launaþróun en það hefur ekki gerst. Þrátt fyrir að þessi breyting hafi orðið vantar enn 2.000 kr. upp á að þeir lífeyrisþegar, sem verst eru settir og hafa aðeins almannatryggingabæturnar sér til framfærslu, séu jafnsettir og ef fylgt hefði verið launaþróun í hækkun almannatrygginga. Ég benti á, herra forseti, að öll kjarabótin í almannatryggingunum er í tekjutryggingaraukanum, nýja bótaflokknum sem er með 67% skerðingu, þannig að þeir verst settu bera ekki það úr býtum sem eðlilegt hefði verið, miðað við að staðið hefði verið við lög.

Minni hlutinn leggur einnig til, þ.e. sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Þuríði Backman og Karli V. Matthíassyni, að í brtt. í nál., sem hv. þm. Ásta Möller hefur nú gert grein fyrir, að verði skerðingarhlutfallið ekki 67%, sem er geysilega hátt skerðingarhlutfall, heldur 45% alveg eins og í tekjutryggingunni. Það að vera með 67% skerðingarhluta á þessum nýja bótaflokki gerir það að verkum að við hverja krónu sem öryrkinn vinnur sér inn eru 67 aurar teknir til baka og hann borgar einnig skatt af þeim aurum sem eftir standa. Þannig stendur vart nokkuð eftir í þessum bótaflokki hafi öryrkinn atvinnutekjur eða tekjur úr lífeyrissjóði. Við hverja krónu eru 67 aurar teknir til baka í ríkiskassann og skattur til viðbótar. Menn sjá þannig að þarna er ekki um mikla kjarabót að ræða fyrir þá sem á annað borð hafa smátekjur annars staðar, þegar tekjuskerðingin er svo brött.

Með því að samþykkja tillögu okkar mundi, í stað þess að tekjutryggingaraukinn hjá einhleypingi er orðinn að engu við rúmar 20 þús. kr. eins og reglan er í dag, tekjutryggingaraukinn ekki falla út fyrr en um 31 þús. kr. Þarna munar 11 þús. kr. fyrir þessa hópa. Það er veruleg kjarabót. Þessi brtt. er nr. 2 á þingskjalinu, þar sem 67% skerðingarhlutfallinu er breytt í 45%, og kostar ríkissjóð 330 millj. kr. Þetta mundi koma til góða öllum þeim öryrkjum sem eru með einhverjar tekjur, annaðhvort úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur. Í heild mundu þessar breytingar kosta 430 millj. kr. á ársgrundvelli, fyrri breytingin mun lægri upphæð, 90 milljónir, en ég ítreka og bendi á að menn greiða skatt af þessum peningum. Í raun kostar þetta ríkissjóð minna þegar menn hafa borgað af þessu skatta. Í fyrsta skipti í sögunni er það svo að lífeyrisþegar, sem eru aðeins með greiðslur úr almannatryggingunum og hafa þær einvörðungu sér til framfærslu, greiða skatt af sínum almannatryggingagreiðslum. Það hefur ekki verið áður, það hefur aldrei verið áður. Það hefur verið séð til þess að skattleysismörkin hafi færst þannig að þeir sem eru eingöngu með almannatryggingabæturnar hafa ekki borgað skatt.

Þeir öryrkjar sem borga í skatt í dag greiða sem nemur heilum mánaðargreiðslum á ári. Heilar mánaðargreiðslur öryrkjans, sem hefur ekkert annað en almannatryggingabæturnar sér til framfærslu, fara aftur í ríkiskassann. Ríkisstjórnin er að taka af þessum hópi, verst settu öryrkjunum, verst settu lífeyrisþegunum, verst setta aldraða fólkinu, heila mánaðargreiðslu til baka í ríkissjóð á hverju ári. Ég hefði talið, herra forseti, að taka ætti á þessum þætti þegar talað er um það hér sé verið að bæta kjör hinna verst settu í almannatryggingunum. Þarna verða menn fyrir verulegri kjaraskerðingu. Það hefði verið hægt að ganga lengra í að minnka vinnuletjandi áhrif almannatrygginganna, eins og ég hef bent á áður.

Þegar þetta mál var fyrst til umræðu hér í þinginu, fyrir síðustu helgi, þ.e. fyrir rúmri viku, þá hrósaði ég hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa kynnt þetta mál fyrir hagsmunaaðilum, stjórnarandstöðunni og formönnum þingflokka. Ég verð hins vegar aðeins að draga í land með hrósið þó að ráðherrann eigi hrós skilið fyrir að hafa þó kynnt málið. Það kom nefnilega í ljós við umfjöllun um málið í nefndinni að kynningin hafði nú ekki verið meiri en svo að hvorki fulltrúar aldraðra né öryrkja höfðu fengið skýrsluna. Þeir höfðu heldur ekki fengið hana frá opinberum aðilum þegar þeir komu til fundar við

nefndina sl. laugardag, fyrir viku. Þeir urðu sér úti um hana eftir krókaleiðum og það finnst mér ekki vera til fyrirmyndar, að þegar hagsmunaaðilum er ætlað að gefa umsagnir um mál og menn telja að búið sé að kynna málið fyrir þeim þá hafi þeir ekki fengið til sín skýrsluna sem málið snýst um, hvað þá frumvarpið.

Ég veit að hæstv. ráðherra vill standa vel að þessum málum og legg til að þegar næsta skref verður stigið — sem mér skilst á hæstv. ráðherra að verði með haustinu — þá verði það kynnt almennilega fyrir hagsmunaaðilum og einnig stjórnarandstöðunni. Þá mundu menn hafa hlutina á hreinu áður en breytingar verða á lögum sem varða þá.

Í nefndinni kom einnig fram, sem mér fannst ámælisvert, að starfsmenn Tryggingastofnunar voru ekki hafðir með í ráðum þegar nefndin vann þessar breytingar og þessar tillögur. Þeim var tilkynnt og þeir látnir vita í tvígang, svona lauslega, af einum nefndarmanni hvað væri að gerast. Ég er hins vegar sannfærð um að það hefði verið til bóta að þeir sem þekkja almannatryggingarnar best og framkvæmd þeirra hefðu verið með í ráðum. Ég er sannfærð um að þar hefðu komið fram tillögur sem ekki hefðu kostað mikið meira en þessi, bæði til þess að einfalda kerfið og létta þeim störfin sem vinna við að kynna þetta og sinna þjónustunni. Þær ráðleggingar hefðu einnig getað auðveldað þeim sem lifa við að fá almannatryggingagreiðslurnar að skilja og átta sig á þeim greiðslum og upphæðum sem þeir eiga rétt á.

Eins og t.d. tekjutryggingargreinin í lögununum er orðin í dag þá er hún óskapnaður, herra forseti, algjör óskapnaður. Þar eru a.m.k. tvenns konar skerðingarákvæði, þá er reglan um tekjutryggingaraukann komin inn í tekjutryggingarkaflann og þar eru aðrar reglur sem gilda. Reglurnar um öryrkjana, um 40% sem eru tekin til hliðar, gilda aðeins um tekjutrygginguna en ekki tekjutryggingaraukann sem er inni í 17. gr. o.s.frv. Ég held því að full ástæða sé til þess að menn leggist yfir það í sumar í ráðuneytinu að einfalda þetta og gera skýrara þannig að mögulegt sé að skilja þetta kerfi.

Vissulega er það til bóta að frítekjumark skuli hækkað en það kemur ekki öllum til góða, eins og ég hef bent á í sambandi við öryrkjana á vernduðu vinnustöðunum. Þeir eru ekki með það háar tekjur að hækkunin á frítekjumarki komi þeim til góða né þá það að 40% af tekjunum þeirra séu tekin til hliðar áður en tekjutryggingin fer að skerðast. Þannig er að mörgu að hyggja og ekki nema von að fólk átti sig almennt ekki á þessu. Þetta er það snúið og flókið kerfi.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að mönnum hefur ekki tekist að einfalda kerfið með þessum breytingum. Ég tel að mönnum sé ekki stætt á því að ætla ekki að hækka bætur í takt við launaþróun, þó svo að þessi breyting hafi verið gerð. Hún er í áttina en engu að síður, með því að setja þennan tekjutryggingarauka inn er á vissan hátt verið að skekkja kerfið. Það er verið að skekkja myndina og það er áhyggjuefni, sérstaklega þegar kjarabótin kemur öll inn í þann bótaflokk sem mest er tekjutengdur.

Herra forseti. Ég gæti náttúrlega farið mörgum orðum um það sem fram kom í nefndinni um kjaramál lífeyrisþega. Til þess væri full ástæða. Aldraðir voru t.d. mjög ósáttir við sinn hlut og töldu þarna litla framför gagnvart þeim. Þeir upplýstu að þeir væru að undirbúa málsókn vegna þess hvernig komið hefur verið fram við þá í kjaramálum. Þeir dreifðu upplýsingum um kjaramál sín, hvernig þjónustugjöld hafa hækkað án þess að bætur hafi hækkað í takt við launaþróun eins og lög kveða á um. Sömuleiðis dreifðu þeir ýmsum öðrum upplýsingum, t.d. um það sem menn gera sér grein fyrir um kerfið á Íslandi. Íslenska kerfið beinist að því að styðja við þá sem lægstu tekjurnar hafa, á meðan lífeyrissjóðakerfið er að taka yfir ellilífeyrinn, en þeir sem hafa safnað í lífeyrissjóði koma lítið betur út en þeir sem eru á almannatryggingunum eingöngu meðan tekjutengingarkerfið er við lýði. Það er kannski ekki óeðlilegt en engu að síður er munurinn of lítill. Til marks um það hvernig kerfið virkar voru nefnd dæmi um ellilífeyrisþega sem hefur engar tekjur úr lífeyrissjóði. Hann mundi hafa, ef hann býr einn og er án annarra tekna, hátt í 74 þús. kr. í kerfinu í dag. En ellilífeyrisþegi, sem fær 50 þús. kr. úr lífeyrissjóði, er með tæplega 89 þúsund, 88.700 kr. Þarna munar því fremur litlu á þeim sem þó hafa safnað í lífeyrissjóð og hinum sem hafa ekki neitt. Þetta er vissulega nokkuð sem erfitt er við að eiga í þessu kerfi en engu að síður er full ástæða til að benda á það.

Ég ætla ekki að lengja mjög umræðuna um kjör aldraðra þó að full ástæða sé til þess. Það var ágætis úttekt á þeim málaflokki í Morgunblaðinu sl. sunnudag. Þar var farið yfir þá þætti sem fulltrúar aldraðra kynntu fyrir heilbr.- og trn. á fundinum fyrir viku. Ég tel fulla ástæðu til þess að menn skoði það. Einnig komu fram á fundinum upplýsingar um hvernig kaupmáttur lífeyrisgreiðslna og lágmarkslauna verkamanna hafa þróast frá 1987–1999. Það þarf ekki frekari vitnanna við og af því er ljóst hvernig lífeyrisþegar hafa farið mun verr út úr þeirri þróun. Aðalatriðið er þó að hér er verið að fara fetið og maður hefði viljað sjá stjórnvöld ganga mun lengra.

Ég spurði, herra forseti, við 1. umr. hvað menn teldu að það kostaði ríkissjóð að fara þessa leið. Talað er um að það kosti 1 milljarð 430 þús. kr. Stór hluti kemur aftur til baka í ríkissjóð í formi skatta og fróðlegt væri að fá að vita hvað þessi breyting kostar í raun.

Við í minni hlutanum höfum lagt til brtt., aðallega til að koma til móts við öryrkjana. Það hefði verið full ástæða til að gera aðrar breytingar á þessum lögum en eins og frv. liggur fyrir þá hefði það verið mjög flókið og kannski ekki tími til að fara út í það.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að lesa ályktun fundar Öryrkjabandalagsins frá 15. maí sem samþykkt var í kjölfar þessara breytinga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands lýsir vonbrigðum vegna þeirra vanefnda ríkisstjórnarinnar sem fram koma í fyrirhuguðum breytingum á lögum um almannatryggingar. Bandalagið ætlar harðlega þau áform hennar að láta boðaða hækkun bóta, sem er nú þegar er lögbundin, lúta 67 prósent skerðingareglu fyrir skatt. Þá mótmælir Öryrkjabandalagið því að enn skuli gengið lengra í þá átt að halda niðri grunnlífeyri og tekjutryggingu sem dregist hafa verulega aftur úr launaþróun frá því á miðjum síðasta áratug. Óhjákvæmilegt er að vekja sérstaka athygli á þeirri staðreynd að núverandi ríkisstjórn er sú fyrsta í sögu lýðveldisins sem innheimtir tekjuskatt af þeim sem ekkert hafa nema greiðslur almannatrygginga. Verði ekkert að gert munu þeir sem verst eru settir þurfa að greiða rúmlega 70 þúsund krónur í beina skatta á ári, sem jafngildir því að ríkisvaldið svipti þá andvirði mánaðargreiðslu á ári hverju."

Herra forseti. Minni hlutinn hefur lagt til breytingar bæði við 1. gr. og sömuleiðis við 3. gr., þ.e. tillögu um breytingu á brtt., þar sem skerðingarhlutfallinu væri breytt í 45%. Við munum því sitja hjá ef þessar tillögur okkar verða felldar. Hins vegar styðjum við málið að öðru leyti. Þetta er auðvitað

aðeins í áttina. Það er verið að bæta peningum inn í kerfið og minnka muninn á milli hjóna og einstaklinga, sem er vissulega í áttina. Frítekjumarkið er einnig hækkað þó að þar séu á verulegir ágallar.

Ég óska eftir því, herra forseti, við hæstv. ráðherra að hann láti skoða þetta betur þannig að hægt sé að koma til móts við þá hópa, sem ég hef nefnt hér, áður en næsta frv. kemur frá hæstv. ráðherra í haust.

[15:18]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. að þetta frv. er framfaraspor. Hv. þm. hafði áhyggjur af þeim hópum þar sem almannatryggingabæturnar hækka ekki í þetta skipti. En ég held ég verði að benda á að það verði að skoða áhrif frv. í heild sinni og skoða heildarmyndina í þessu dæmi.

Eitt meginframfaraskrefið í þessu frv. eru auknir möguleikar öryrkja og aldraðra að afla sér eigin tekna. Frítekjumarkið er hækkað úr 33 þús. í 55 þús. kr. þannig að möguleikar lífeyrisþegans til að afla sér tekna og halda eftir auknu fé af tekjum sínum eru verulega auknir. Þeir fá því meira svigrúm til að afla sér eigin tekna. Þó að bæturnar hækki ekki frá almannatryggingakerfinu þá hækka ráðstöfunartekjur þeirra vegna hins aukna svigrúms til að afla sér tekna við hækkun á frítekjumarki.

Annað atriði sem ég vildi líka benda á er spurningin um hækkun á bótum, við hvað er miðað. Gegnum tíðina hefur verið miðað við launaþróun á almenna markaðnum. Fyrir 1997, fyrir 1995 og svo langt aftur sem menn muna nánast hefur verið miðað við launaþróunina á almenna markaðnum. Þegar verið er að tala um að miða við annað, launavísitöluna yfir bæði opinbera og almenna markaðinn, er það ný viðmiðun þykir þeim sem halda því fram að taka ætti þá viðmiðun upp, að það er þá eitthvað sem er annað en áður hefur verið. Ég hlýt að benda á þetta.

[15:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt að hvetja hæstv. ráðherra til að skoða heildarmyndina. Þegar maður skoðar heildarmyndina eru þarna hópar sem ekki hagnast á þessu. Þó að hv. þm. segi að frítekjumarkið sé hækkað upp í 55% er hún að tala um að þegar búið er að taka tekjurnar frá þá er það bara frítekjumarkið gagnvart tekjutryggingunni. Sá hópur sem ég hef verið að gera að umtalsefni nær ekki þangað upp vegna þess að hann er með svo lágar tekjur þannig að þetta kemur honum ekki til góða. Ef þetta frítekjumark hefði virkað vegna allra bótaflokkanna hefði það virkilega komið þessum hópi til góða en eins og frv. er í dag er aðeins gert ráð fyrir að þetta gildi um tekjutrygginguna og heimilisuppbótina en ekki aðra bótaflokka. Þess vegna er þarna hópur sem verður út undan. Hann fær ekkert meira svigrúm til að fá hærri tekjur vegna þess að hann nær ekki upp í þetta frítekjumark, hann er með greiðslur undir því. Auðvitað kemur þetta þeim til góða sem eru með hærri tekjur, það er alveg rétt. Þeir eru líka betur settir en þeir sem eru þarna niðri, þeir sem eru fatlaðir og eru á vernduðu vinnustöðunum. Þetta kemur hinum öryrkjunum, sem geta náð sér í meiri tekjur, vissulega til góða og ég hef ekki verið neitt að draga úr því. En þarna er hópur sem ekki fær að njóta þess.

Varðandi launaþróunina þá voru gerðar breytingar á almannatryggingalögunum 1998 þar sem viðmiðuninni var breytt. Þar kom alveg klárlega fram í umræðum um þá lagabreytingu og m.a. í svari frá hæstv. forsrh. að miða ætti við launavísitöluna og það er eina viðmiðið sem við höfum og það hefur ekki verið gert. Það gagnrýna auðvitað þessir hópar, hagsmunahópar bæði aldraðra og öryrkja, og ég gagnrýni það líka því að við sjáum alveg hvernig þeir hafa verið að dragast aftur úr.

[15:23]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að viðmiðunin við almenna markaðinn hefur verið gegnumgangandi í gegnum tíðina þannig að sú viðmiðun sem hv. þm. er að draga hér fram yrði þá nýtt viðmið. Venjulega hefur það verið svo að viðmiðið við almenna markaðinn hefur verið hagstæðara í gegnum tíðina. Það er ekki fyrr en núna hin síðari ár eftir nýja samninga opinberra starfsmanna sem launavísitala opinberra starfsmanna hefur verið hærri en á almenna markaðnum og þá er náttúrlega eðlileg krafa þeirra sem vinna að hagsmunamálum þessara aðila að miða við hærri launavísitöluna. En það var ekki gert áður.

Varðandi það atriði sem hv. þm. talaði um áðan að verið væri að fara fetið, þá vil ég vekja athygli á því að nú á þessu ári hefur verið sett fjármagn sem nemur nánast 2,5 milljörðum króna inn í kerfið sem jafngildir hátt í 2 milljarða króna á ársgrundvelli. Ég vek athygli á því að í fjárlagatillögum, brtt. Samfylkingarinnar fyrir jól, lagði Samfylkingin til að aukið yrði í kerfið um 2,3 milljarða kr., þannig að þá þótti hv. þm. ekki verið að fara fetið, ég geri a.m.k. ekki ráð fyrir að hann setji tillögur fram sem hann telur að sé að fara fetið. En hér er lögð til þessi háa upphæð, hátt í 2 milljarðar á ársgrundvelli, um 2,5 milljarðar á þessu ári, og það tel ég vera töluvert skref.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Varðandi það sem hv. þm. sagði áðan um nýtt viðmið þá er það viðmið ekki nýrra en svo að það er frá 1998. Þar var gert ráð fyrir að hægt væri að nota tvenns konar viðmið í þróun launa. Það kom einmitt fram hjá hæstv. forsrh. þá að miðað skyldi við það sem betur gæfi. Það hefur verið launavísitalan hingað til.

Ég talaði um að verið sé að fara fetið, vissulega er verið að fara í áttina. Það kostar að vera með velferðarkerfi, það kostar peninga. Hv. þm. gerir að umtalsefni tillögur Samfylkingarinnar við fjárlagagerðina. Þar vorum við að leggja til mun hærri upphæðir en ríkisstjórnin gerði og það var alveg í ákveðnum tilgangi. Það var ekki til að búa til tekjutryggingarauka sem skilaði sér ekki til þeirra sem verst eru settir og eru þó að reyna eitthvað að afla sér fjármuna eins og fatlaðir á vernduðum vinnustöðum. Það var ekki þannig. Það var gert ráð fyrir því að þessi hækkun næði til allra, það færi á tekjutrygginguna þannig að þetta skilaði sér þá til þorra hópsins fyrir utan að hluti af tillögum Samfylkingarinnar við fjárlagagerðina var að afnema algjörlega tekjutengingu við tekjur maka. Til þess voru þessar fjárlagatillögur settar fram.

En sú varð því miður ekki raunin því þó svo að hæstv. ríkisstjórn hefði fengið dóm yfir sig um að hún skyldi gera svo þá var allra bragða beitt til að þurfa ekki að fara að lögum, fara að dómum og afnema þessa tekjutengingu við tekjur maka.

[15:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat um það að lágmarkslaun hefðu hækkað meira en lífeyrir. Árið 1995 voru lágmarkslaun um

45 þús. kr. Það hefur verið í nösunum á verkalýðshreyfingunni alla tíð að hækka lágmarkslaun. Það hefur aldrei tekist vegna þess að hækkunin fór inn í alla taxta, upp allan skalann, þar til núna nýverið, 1996, 1997 o.s.frv., að þá hefur tekist að hækka lágmarkslaun. Það var gert með því fororði, herra forseti, að það hefði ekki áhrif á aðrar bætur eða laun.

Það er nefnilega þannig að það voru og eru nokkrir einstaklingar á þessum lágmarkslaunum, aðallega eldri konur sem voru að byrja aftur í atvinnulífinu. Það var skömm að því hve lágmarkslaunin voru lág. Nú hefur tekist að hækka lágmarkslaunin. Ég skil ekki í fólki að leyfa sér að nota hækkun lágmarkslauna, sem var sérstök aðgerð, í samanburði við aðra þróun á launum eða bótum. Það var markmið manna að nota ekki hækkun lágmarkslauna í samanburði við aðrar bætur eða laun.

Þá gat hv. þm. þess að lítill munur væri á þeim sem greitt hefði í áratugi í lífeyrissjóð og þeim sem væri bara á bótum, sem hefði jafnvel komið sér hjá því að borga í lífeyrissjóð. (**ÁRJ:** Ég sagði ekkert um það.) En ég segi það, það hefur fjöldi manns komið sér hjá því með því að gera samkomulag við atvinnurekanda sinn um að fá 6% greidd út og borga ekki 4% í lífeyrissjóð. Menn hafa komið sér hjá því að borga í lífeyrissjóð. Þessi munur er orðinn afskaplega lítill og það er rétt hjá hv. þm.

[15:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta ætla ég að taka hér fyrst. Ég var bara að benda á það sem við búum við þegar við erum með kerfi eins og íslenska kerfið þar sem við erum með þessar miklu tekjutengingar. Auðvitað verður þetta ekki vandamál í framtíðinni nema að mjög litlu leyti vegna þess að lífeyrissjóðirnir munu taka yfir stóran hluta af ellilífeyrisgreiðslunum þegar fram í sækir.

En aftur á móti er það svo að enn eru allmargir sem hafa ekki neitt úr lífeyrissjóði þannig að við verðum að búa við þetta á meðan það er stór hópur sem hefur ekkert sér til framfærslu nema almannatryggingarnar.

Ég ætla ekkert að vega það og meta hvort menn hafi komið sér hjá því að greiða í lífeyrissjóð eða ekki. Sjálfsagt hafa einhverjir komið sér hjá því og aðrir hafa ekki haft tök á því eins og margar konur sem hafa verið húsmæður í gegnum lífið og ekki verið úti á hinum almenna vinnumarkaði og ýmsir sem hafa verið fatlaðir alla ævi o.s.frv. þannig að þeir þurfa auðvitað að búa við þessar greiðslur.

Aftur á móti veit ég ekki hvað ég á að fara langt í umræðunni um lágmarkslaunin og lífeyrisgreiðslurnar. Það er bara grundvallaratriði að lífeyrisþegar, sem hafa ekkert annað fyrir sig að leggja en almannatryggingarnar, hafi þá a.m.k. lágmarksframfærslu og það er miðað við þessi lágmarkslaun. Ég benti á töflu sem við fengum frá öldruðum á fundum nefndarinnar núna þegar við vorum að vinna þetta mál. Þar sést hvernig lágmarkslaun verkamanna og lífeyrisgreiðslurnar hafa þróast og þarna er gífurlegur munur á milli þó svo að það segi fyrir um það í lögum að fylgja skuli launaþróun og þar er ekki við annað að miða en launavísitöluna.

[15:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við það átak sem gert var til að hækka lægstu laun er fráleitt að nota hækkun þeirra í samanburði við hækkun lífeyris eða bóta eða annarra launa. Það var einmitt markmiðið að gera það ekki, herra forseti. Þegar menn bera saman lægstu laun og lífeyri, lægsta lífeyri — takið eftir því, herra forseti, lægsta lífeyri — þá má ekki gleyma því að launþeginn með lægstu launin borgar 4% í lífeyrissjóð og hann borgar 1–2% í stéttarfélag þannig að hann er ekki með sambærileg laun.

Hv. þm. sagði að lífeyrisjóðirnir mundu taka yfir. Við erum ekki með kerfi sem er undir það búið. Við erum með allt of litlar tekjutengingar. Það fer nefnilega að gerast núna að lífeyrisþegar geta verið betur settir en vinnandi fólk. Fullt af fólki er með um 100 þús. kr. tekjur og sérstaklega úti á landi, það þekkja þeir sem þar búa, fólk sem er með 100, 120 þús. kr. á mánuði og þarf að borga af því iðgjald í lífeyrissjóð og stéttarfélag o.s.frv. Það er þetta fólk sem er farið að hafa það verra en lífeyrisþeginn sem starfar við hliðina á því. Þessu megum við ekki gleyma heldur. Þetta fólk borgar bæturnar í almannatryggingunum — það er ekki sjóðsmyndun í almannatryggingakerfinu — það er lágtekjufólkið, ASÍ, sem er að greiða bæturnar í almannatryggingakerfinu með sköttum sínum. Oft er það þannig að það er fólk með lágar tekjur sem greiðir bætur fyrir fólk sem er með miklu hærri tekjur, sérstaklega fjölskyldutekjur.

[15:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum velt þessu fyrir okkur á ýmsan hátt. Hv. þm. segir að það sé fólkið með lægstu launin sem greiði almannatryggingabæturnar. Þetta er nú orðið snúið þegar þeir sem eru með lægstu almannatryggingabæturnar eru farnir að borga heilar mánaðargreiðslur aftur í skatta. Eiginlega má segja að lífeyrisþeginn sé sjálfur farinn að greiða tryggingabæturnar, þannig að þetta er orðið dálítið fáránlegt. Það er auðvitað það sem maður hefur verið að vekja athygli á að með því að láta lífeyrisþegann greiða heilar mánaðargreiðslur til baka til ríkisins þá erum við auðvitað komin út í ansi mikla hringavitleysu og það væri nær að taka á þessum þáttum og skoða. Ég hef hvatt hæstv. ráðherra til að láta skoða þetta þegar hann fer að athuga þessi mál í sumar og að það verði tekið á þessu og við hættum þessari hringavitleysu, að láta öryrkjana greiða almannatryggingarnar, eins og þetta er orðið, þó að þeir hafi engar aðrar tekjur en úr almannatryggingunum.

Varðandi hækkun lægstu launa með því fororði að það ætti ekki að hækka bætur þá er ég ekki sátt við að sú leið sé farin. Það stendur í lögunum, og við verðum auðvitað að fara að lögum, að bætur almannatrygginga skuli fylgja launaþróun (Gripið fram í.) og launaþróun er launavísitala og það hefur ekki verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er til skammar og auðvitað þarf að bæta það. Það er alveg ljóst, eins og launahækkanir hafa verið undanfarið, að það er orðið tímabært að almannatryggingabætur hækki einnig. Þær hækkuðu aðeins um 4% um áramót en hvað hafa laun verið að hækka undanfarið og eru að hækka núna? Það kallar aðeins á frekari hækkanir almannatryggingabóta og ríkisstjórnin kemst ekki hjá því að standa við það.

[15:35]

Útbýting þingskjala:

Ár sjálfboðaliðans 2001, 747. mál, fsp. LMR, þskj. 1444.

Erindi verkefnisstjórnar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 698. mál, svar iðnrh., þskj. 1414.

[15:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið talað fyrir nál. um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara ásamt þeim hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, sem fór yfir athugasemdir og fyrirvara minni hlutans, og Karli V. Matthíassyni, hv. þm. Samfylkingarinnar.

Mig langar til þess að hlaupa yfir fyrirvara okkar, ég vil ekki gera það í löngu máli vegna þeirra aðstæðna sem við erum í í dag. Klukkan er orðin rúmlega hálffjögur og okkur gengur lítið með þau 53 mál sem hér eru á dagskrá og upphlaup hér á þinginu, má segja. Samt sem áður hefði verið full ástæða til að gefa þessu máli sérstakan gaum og gefa okkur tíma til að ræða það og stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega og fara vel yfir hvað þessar breytingar munu færa þeim. En því miður kom þetta frv. það seint fram og við erum að ræða það núna á þeim tíma sem er hreinlega ekki aðstaða til þess að fara vel í málið, því miður. En hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði það vel hér áðan svo að ég ætla ekki að fara mjög ítarlega í það.

Herra forseti. Hér er verið enn og aftur að setja eina bótina til viðbótar í okkar stagbættu löggjöf um almannatryggingar. Það verður að segjast eins og er að það olli mér, og ég veit mörgum fleirum, miklum vonbrigðum að sú endurskoðun laganna sem átti að líta hér dagsins ljós skyldi vera með þeim hætti að ekki hefði verið hægt að fara betur ofan í saumana og gera heildrænni breytingar en hér hafa verið gerðar. Það er ekki allur pakkinn sem hér er kynntur því að einnig munu koma fram breytingar í haust sem lúta að sveigjanlegum starfslokum og því ber auðvitað að fagna.

Við sem erum í stjórnarandstöðu leggjumst að sjálfsögðu ekki gegn þessum breytingum en vegna þeirra mismunandi sjónarmiða sem endurspeglast í stjórn og stjórnarandstöðu teljum við að þarna þurfi að ganga lengra, ekki eingöngu með því að bæta kjör þeirra lægst launuðu, sem þessar bætur miðast allar við — og í sjálfu sér setur maður ekki út á það — en það sem vantar og ágreiningur okkar er um, það er að bæta í heildina kjör lífeyrisþega, að hækka grunnlífeyristryggingarnar, að hækka tekjuviðmiðunina og það þarf að hækka skattleysismörkin. Þegar ekki er farið í þessar breytingar heldur eingöngu — og kannski ber manni að huga að þeim sem minnst mega sín — verið að laga eða jafna tekjur þeirra sem lægstar hafa tekjurnar, þá setjum við mikinn fyrirvara við að þessar breytingar verði til lengri tíma. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. heilbrrh. og hvetja hann til að halda þessari endurskoðun áfram, að koma ekki eingöngu með breytingar hvað varðar sveigjanleg starfslok, að á næsta vetri komi fram einhver heildstæðari mynd á endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar þar sem tekið er á grunnlífeyri ellilífeyrisþega og öryrkja, það er það sem vantar.

Helstu bæturnar koma á tekjutryggingaraukann, það er nýtt heiti á bótaflokki sem hét sérstök heimilisuppbót og var undir félagslöggjöfinni. Það er til bóta að þessi bótaflokkur er tekinn þaðan, það er bara heimild varðandi félagsþjónustu sveitarfélaga að nota sérstaka heimilisuppbót en um leið og það er komið í almannatryggingalöggjöfina þá er þetta skylda. Þarna eru vissulega réttarbætur og því ber að fagna.

Það eru nokkuð brött skerðingarákvæði hvað varðar skerðingu vegna tekna. Skerðingarákvæðin eru sem sagt 67% núna en voru 100% — herra forseti, nú er ég alveg hreint farin að ruglast í þessu hér, og er kannski ekki skrýtið því það sem er til bóta er tekjutryggingin, hún skertist um 100%, það var króna á móti krónu, en núna skerðist hún um 67% í staðinn fyrir 100% til öryrkja. Vissulega ber að fagna því að þetta sé minni skerðing en þessar stagbætur, sérstaklega í 17. gr., gera þetta hreinlega óskiljanlegt. Og það veit ég að sérfræðingar Tryggingastofnunarinnar viðurkenna að þessar breytingar verða ekki til þess að auðvelda þeim verkin við að reikna út bæturnar.

Ég vil að það komi hér fram að ekki er meiningin að auglýsa eftir umsóknum heldur munu þær bætur sem hér koma til verða reiknaðar bara út á ellilífeyris- og örorkuþega, sem ég tel að sé mjög gott því að það er þannig að fólk áttar sig ekkert á rétti sínum og það yrðu örugglega töluverð vanhöld á því að fólk sækti um.

Ég er með heilmikið efni sem gæti nýst í mjög langa ræðu en þetta stendur upp úr — að ég get ekki tekið undir að þetta sé umtalsvert skref í þá átt að bæta kjör þeirra sem verst eru settir meðal aldraðra og öryrkja og alls ekki þegar litið er til hópsins alls, allra þeirra sem þiggja bætur úr þessum bótaflokkum, að þá eru þetta takmarkaðar bætur en vissulega er þetta í heildina upphæð upp á 1 milljarð og 350 millj. á ársgrundvelli. Það segir okkur kannski miklu frekar hvað heildarbætur eða bætur til þessara lífeyrisþega hafa dregist mikið aftur úr.

Varðandi þau ummæli sem hér voru höfð í frammi áðan um hækkanir á bótum lífeyrisþega og að það eigi ekki að miða þá hækkun við hækkun á launum þeirra lægst launuðu, sem fengu umtalsverðar hækkanir síðast, þá er ég ósammála því. Grunnlífeyrir er það lágur að ef einhver viðmiðun á að vera í launaskalanum hvar hækkanirnar eiga að liggja þá auðvitað á viðmiðunin að vera við lægstu launin því að þar liggja bæturnar. Það er bara pólitískur ágreiningur hjá okkur um það hvort eingöngu eigi að hugsa um þá sem verst eru settir, þessi ölmusuhugsun, eða hvort það eigi að hafa þá stefnu í grunninn að bæta kjör hins almenna lífeyrisþega þannig að hann verði betur sjálfbjarga og að kjör hans verði þannig að hann þurfi þá minna að leita til opinberrar þjónustu hvað varðar félagslegan stuðning o.s.frv. Þarna liggur mikill og djúpur ágreiningur okkar á milli.

Herra forseti. Eins og ég segi væri hægt að hafa langa ræðu en ég vil bara taka undir áskoranir Öryrkjabandalagsins og frá fulltrúum ellilífeyrisþega og beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann skoði heildarlöggjöfina með tilliti til þeirra krafna sem þar koma fram.

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir það starf sem hún hefur unnið við þetta frv. á skömmum tíma og vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið, en hér hefur verið skipst á skoðunum um nokkur mikilsverð atriði. Ég ætla ekki að lengja hana mikið, en örfá atriði vil ég árétta áður en þessari umræðu lýkur.

Ég vil árétta það að hér er um skref að ræða. Það má deila um það hvort þetta er umtalsvert skref. Ég ætla ekki í sjálfu sér að halda langa ræðu um það. En alla vega og í öllu falli eru nefndarmenn sammála um að hér sé um skref að ræða í rétta átt. Ég vil taka það fram að uppreikningur launa með hliðsjón af launaþróun fer fram við gerð fjárlaga hverju sinni, en hér er um sérstaka afmarkaða aðgerð að ræða.

Það atriði sem mér þykir mikilsvert og vil sérstaklega árétta varðandi þetta er að hér er verið að minnka skerðingar

vegna atvinnutekna öryrkja. Mér finnst það jákvætt skref og fagna því að það er stigið í þá átt og það verður fróðlegt að vita hvaða áhrif það hefur. Við verðum að meta áhrifin af því þegar þau koma í ljós.

Ég vil ítreka það að í heilbrrn. mun verða farið yfir það á næstu vikum hvernig við eigum að halda áfram þessari endurskoðun laganna. Til greina kemur að endurskoða ákveðna þætti eða halda áfram heildarendurskoðun. Ég er ekki tilbúinn með endanlega ákvörðun í því efni á þessu stigi en ég hef hug á að fara vel yfir þau mál. Ég vil undirstrika að ég vil hafa sem best samráð um það við samtök aldraðra og öryrkja.

Mér þykir leitt ef kynning þessa máls hefur ekki verið sú sem ég ætlaðist til en þetta mál fór út á netið í heilbrrn. strax og það var tilbúið. En það er rétt hjá hv. 15. þm. Reykv. að skýrslan var ekki tilbúin þegar ég kallaði á fulltrúa þessara aðila til viðræðu. Ég vildi gera það í tíma. En skýrslan var ekki komin úr prófarkalestri þegar ég kallaði þá til fundar. Hún fór strax út þegar hún var tilbúin. Dreifing hennar er hins vegar ekki á vegum míns ráðuneytis þannig að ég get ekki svarað fyrir um það á þessari stundu hvernig henni var dreift. Ég vona eigi að síður að þær upplýsingar sem hún gefur hafi farið út til aðila þannig að allir hafi getað kynnt sér þetta áður en nefndin lauk störfum sínum.

Ég hef í raun ekki meiru við að bæta núna á þessu stigi. Ég vildi árétta þessi atriði og varðandi einföldun þessa kerfis. Það hefur verið tekið fram réttilega að þetta sé flókið kerfi og ég tek undir það. Það er það vissulega. En það markmið sem nefndin hafði með því að flýta sínum störfum og með því að koma til móts við þá sem verst voru settir samrýmdist kannski ekki endilega því markmiði að einfalda kerfið. Það verður að halda þessari endurskoðun almannatryggingalaganna áfram og ég hef vilja til þess að gera það og hafa samráð við þá aðila, aldraða og öryrkja, í því efni.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi orð. Hann vill hafa mikið samráð við aldraða og öryrkja og því vil ég aðeins ítreka það við hæstv. ráðherra hvað samráð er. Eins og „samráði" var háttað við vinnslu þessarar skýrslu þá var það ekki mikið meira en svo að a.m.k. Öryrkjabandalagið var látið vita tvisvar hvað væri verið að gera. Samráðið var nú ekki meira en það. Aldraðir voru á sama máli, að það hefði ekki verið miklu meira samráð en að þeim hefði verið tilkynnt hvað verið væri að gera og þeir kölluðu það nú varla samráð. Ég legg því mikið upp úr því að hæstv. ráðherra hafi raunverulegt samráð við þessa hópa.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann gera varðandi þá hópa sem ég gerði hér að umtalsefni í ræðu minni áðan, sem eru á vernduðu vinnustöðunum, eru mikið fatlaðir og eru með 15–30 þús. kr. á mánuði í laun, sem ekkert skera upp við þessa breytingu, sem enga hækkun fá vegna þess að öll hækkunin kemur á bótaflokk sem er svona mikið tekjutengdur?

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra, herra forseti: Hvenær má vænta hækkunar á bótum almannatrygginga, þ.e. hækkunar umfram þá 4% hækkun sem varð núna um áramótin, í ljósi þeirra hækkana sem hafa orðið á vinnumarkaði undanfarið?

[15:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hækkanir umfram það sem hér kveður á um til ákveðinna hópa þá eru ekki áform uppi á þessari stundu um frekari hækkanir. Eins og fram hefur komið er slakað á skerðingu vegna atvinnutekna þannig að það horfir í rétta átt.

Varðandi síðan uppreikning í tengslum við launaþróun almennt þá endurtek ég það sem ég hef áður sagt um það efni, að sá uppreikningur fer fram við gerð fjárlaga hverju sinni og ekki liggur fyrir á þessari stundu hverjar þær upphæðir eða fjármunir til þeirra verða. Þau mál verða tekin fyrir við gerð fjárlaga að hausti.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að heyra að hæstv. ráðherra hefur ekki áform um að taka á kjörum þessa hóps, þ.e. fatlaðra á vernduðum vinnustöðum, sem þessi lagasetning virkar ekki vinnuhvetjandi á. Ég vonast til þess að við vinnuna í sumar verði þetta skoðað sérstaklega og tekið sérstaklega á þessu því að það er óþolandi að þetta skuli bitna á mikið fötluðum sem þurfa á þeirri hæfingu að halda að vera á vernduðum vinnustað. Þó að ég geri kannski ekki ráð fyrir að þeir hætti þá er það alla vega ekki hvetjandi fyrir þá sem þyrftu síðan að fara í slíka vinnu.

Skildi ég það rétt að öryrkjar og aldraðir þurfi að bíða frekari hækkana á bótum til áramóta, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd í þinginu? Verður engin hækkun á almannatryggingabótunum fyrr?

[15:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að engin ákvörðun hefur verið tekin um frekari hækkun á þessu ári. Það væri óábyrgt af mér að gefa yfirlýsingar hér í ræðustól um að slíkt væri í hendi. Ég hef engan rétt til þess að vekja slíkar væntingar. Ég hef sagt að þessi mál verða til frekari meðferðar, til frekari endurskoðunar, og að sjálfsögðu munum við líta á aðstæður þeirra hópa sem hv. þm. hefur nefnt. Það get ég sagt. En ég hef engan rétt til þess að fara að vekja væntingar um frekari hækkanir fram yfir það sem verður fjallað um við gerð fjárlaga í haust. Ekkert liggur fyrir um það og ég vil ekki gera það.

Ég vil vissulega vinna áfram að þessum málum af einlægni og eftir bestu getu. Þetta eru þær yfirlýsingar sem ég get gefið á þessu stigi.

[15:58]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orðaskipta við þessa umræðu um viðmiðun og hækkun lífeyris þá mundi ég gjarnan vilja heyra álit hæstv. heilbrrh., þ.e. hvað hann telji að eigi að liggja þar til grundvallar. Ég geri mér grein fyrir því að þetta gætu verið hugrenningar hjá honum. En við erum að tala um launavísitölu. Við erum að tala um almenna launaþróun og við erum að tala um lægstu laun. Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur eða farið aðeins yfir hvað hann telji eðlilega viðmiðun, miðað við núverandi aðstæður, þ.e. viðmið við hækkun á grunnlífeyri.

[15:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í skýrslunni sem liggur til grundvallar frv. sem hér er til afgreiðslu er fjallað um þessi mál. Þar er látið í ljós það álit að þessi samanburður eigi að miða við laun á

almennum vinnumarkaði. Það álit hef ég gert að mínu og er sammála því áliti og gerði grein fyrir því í umræðunni þegar málið var til 1. umr.

[16:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð, sem felur í sér nokkrar breytingar á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim breytingum þar er gert ráð fyrir. Hér eru þó nokkrar upphæðir færðar inn í almannatryggingakerfið og bætt kjör þeirra sem þurfa að reiða sig á þetta kerfi að ýmsu leyti. Auk þess eru með frv. stigin fyrstu sporin í átt til kerfisbreytinga sem ég get vel fallist á. Þar nefni ég sérstaklega þá nýhugsun að draga hluta af atvinnutekjum öryrkja frá viðmiðunarreiknidæminu þannig að tekjutryggingin skerðist ekki fyrir bragðið. Mér finnst þetta skref fram á við. Fyrirkomulagið hingað til hefur dregið úr því að öryrkjar reyndu fyrir sér á atvinnumarkaði og afla þar tekna. Þess vegna finnast mér þessar kerfisbreytingar til góðs í eðli sínu.

Hins vegar hefði ég viljað stíga stærri skref að þessu leyti. Ég vek athygli á því að þegar rætt er um kjör og kjarabætur til elli- og örorkulífeyrisþega þá hættir okkur til að tala um þessar kjarabætur í einum pakka og horfa á almannatryggingar og framlagið til þeirra í heild, gagnstætt því sem við gerum á launamarkaði, þar sem við spyrjum hvað einstaklingurinn fái í sinn hlut, hvað hann fái mikla hækkun. Varðandi þennan hóp þá horfum við aftur á móti á útgjöld hins opinbera.

Ef við hins vegar lítum á þær lágmarkstekjur sem fólk hefur, annars vegar sem ellilífeyrisþegar og hins vegar sem örorkulífeyrisþegar, þá eru ellilífeyrisþegum nú tryggðar lágmarksbætur að upphæð 72.659 kr., en verða 79.312 kr., þ.e. tæpar 80 þús. kr. á mánuði hverjum. Tekjur sem einhleypum örorkulífeyrisþega eru tryggðar nú eru 73.546 en verða eftir þessar breytingar 80.199 kr. Það er ekki há upphæð.

Nú eru fyrirsjáanlegar breytingar í þessu kerfi á komandi árum. Staðreyndin er að sú ákvörðun var tekin fyrir nokkru að efla lífeyrissjóðina og allir gera sér grein fyrir því að það mun létta byrðar almannatryggingakerfisins þegar fram líða stundir. Þannig er það að öryrki sem slasast og býr við sæmilega sterkan lífeyrissjóð fær framreikning á lífeyrisgreiðslum sínum úr lífeyrissjóði og getur þar haft sæmilegar tryggingar. Hins vega gildir öðru um þann einstakling sem aldrei fer út á vinnumarkað. Hann verður að reiða sig á þær bætur sem koma frá almannatryggingakerfinu og þær eru að mínum dómi allt of lágar.

Ég tók eftir tvennu sem fram kom í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. í tengslum við þessa umræðu, sem mér finnst ástæða til að halda til haga. Hann segir að þetta sé fyrsta skrefið í miklu stærri endurskoðun á þessum lögum. Í annan stað hefur hann haldið því fram og lagt á það áherslu að þessar kerfisbreytingar eigi ekki að koma í stað almennra hækkana á bótum almannatryggingakerfisins, bæturnar eigi eftir sem áður að taka mið af launaþróun o.s.frv.

Mig langar til að segja tvennt varðandi endurskoðunina á almannatryggingalöggjöfinni. Fyrir alþingiskosningarnar 1995 bar þessi mál mjög á góma og stjórnmálaflokkarnir gáfu þar allir fyrirheit og loforð. En þegar til kastanna kom, ríkisstjórn hafði verið mynduð og stjórnarsáttmáli birtist, þá var því heitið að málið yrði sett í allsherjarskoðun. Ég átti sæti í nefndinni sem fyrst kom að því máli. Ég held að ég geti fullyrt að hún hafi komið saman tvisvar eða þrisvar sinnum og síðan ekki söguna meir. Síðan gerðist ekkert það kjörtímabil, ef ég man rétt. Það kunna að hafa verið gerðar einhverjar minni háttar breytingar á kerfinu. Auðvitað hafa menn endrum og eins gert breytingar en allsherjarendurskoðun fór ekki fram. Menn fóru síðan að nýju í kosningabaráttu á árinu 1999. Þá var aftur búinn til stjórnarsáttmáli og gott ef þar var ekki kveðið á um að endurskoðun skyldi fara fram. Nefnd var skipuð í málið og hún vann að þessari endurskoðun, við erum væntanlega að sjá fyrstu niðurstöður hennar í þessu frv.

Ég auglýsi hins vegar eftir miklu markvissari vinnu að þessari endurskoðun þannig að við fáum niðurstöður sem leiði til raunverulegra kjarabóta fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega. Mér fannst sláandi þegar fulltrúar lífeyrisþega, Landssambands aldraðra, annarra samtaka aldraðra og Öryrkjabandalagsins, komu á fund heilbr.- og trn., þ.e. hve vonsviknir þessir aðilar voru. Þeir höfðu búist við meiri kjarabótum en þarna er gert ráð fyrir. Eitt af því sem þeir lögðu áherslu á í máli sínu var þetta: Það gefur ekki rétta mynd að horfa aðeins á þær upphæðir sem okkar félagsmönnum eru ætlaðar — ég var m.a. að vitna í þær — heldur verða menn líka að horfa til aukins kostnaðar sem fellur á þessa hópa. Þeir bentu t.d. á að lyfjakostnaður hefur stóraukist og ekkert síður hjá þessum hópum, auk þess sem núna er krafist greiðslu fyrir ýmis lyf sem áður voru gjaldfrí. Þeir nefndu ýmsar aðrar greiðslur sem þessir hópar voru áður undanþegnir að greiða, útvarp, sjónvarp, sími o.s.frv. Tilhögun þess hefur breyst í seinni tíð. Þeir bentu á aukinn tilkostnað þeirra umfram aðra.

Þetta eru þau áhersluefni sem ég vildi vekja máls á við umræðuna. Þetta er afar lítið skref og þessir hópar eru mjög óánægðir með hve litlar bæturnar eru og telja þær engan veginn svara væntingum sínum. Hagsmunafélög þeirra hafa lagt fram ítarlegar skýrslur um þessi mál og ef hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki gert grein fyrir því þegar í sínu máli — ég biðst afsökunar á því ef það hefur farið fram hjá mér — þá mundi ég vilja að hann ítrekaði hvernig hann sér fyrir sér framvinduna og tímasetningar á umbótum í almannatryggingakerfinu. Bætur þær sem hér er um að ræða eru engan veginn fullnægjandi út af fyrir sig. Þær eru hugsanlega í einhverjum takti við lágmarkshækkanir í kjarasamningum sem verið er að gera þessa dagana. Þær svara engan veginn, eins og ég segi, þeim væntingum sem menn höfðu.

Við vitum að kjör ellilífeyrisþega og öryrkja voru áður varin með bindingu við lágmarkskauptaxta, sem upp út miðjum tíunda áratugnum hækkuðu verulega og langt umfram vísitölu launa. Í því fólst sú skerðing sem öryrkjum og ellilífeyrisþegum hefur orðið tíðrætt um vegna þess að ef þeir hefðu verið bundnir lágmarkstöxtunum þá hefðu þeir fylgt þessum hópum og byggju núna við margfalt betri kjör en á varð raun.

Á þetta vildi ég leggja áherslu og þætti vænt um að hæstv. ráðherra ítrekaði, hafi hann áður gert það að umræðuefni, hvaða tímasetningar hann sjái og hver verði framvinda þessara mála.

[16:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður komið inn hugleiðingar mínar um frekari endurskoðun og get endurtekið aðalatriðin varðandi það. Ég þarf að taka mér örlítinn tíma í að ákveða með hverjum hætti framhaldið verður. Ég hef hug á að flýta

ákvörðun um það. Ég horfi með svolitlum beyg til fortíðarinnar í þessu efni. Stórar endurskoðunarnefndir sem átt hafa að fjalla um almannatryggingalögin hafa ekki skilað þeim árangri sem ætlast er til. Spurningin er hvort taka eigi út tiltekin atriði og skila frekari endurskoðun á þeim eða fara í heildarendurskoðun.

Ég þarf að taka mér örlítinn tíma til að ræða þetta og taka ákvörðun um þetta efni. Ég hef huga á að flýta þeirri ákvörðun og hafa sem best samráð við þá sem um þessi mál fjalla. Þar koma fjölmargir aðilar til greina, m.a. samtök sem hv. þm. starfar fyrir, BSRB, sem er mjög stór aðili á sviði lífeyrismála, svo ég nefni nú dæmi. En ég þarf að fara yfir þetta alveg á næstunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270.

[16:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa sem var lagt fram fyrir nokkru síðan hefur tekið miklum breytingum frá því að það var lagt fram enda óskaði hæstv. samgrh., um leið og hann mælti fyrir því, að ákveðnir kaflar þess yrðu felldir út og aðrir kaflar aðlagaðir þeirri aðgerð. Frv. er því talsvert mikið breytt og tekur því fyrst og fremst til farþega- og flutningaskipa, eins og brtt. gerir ráð fyrir, en ekki til fiskiskipa eða annarra skipa.

Hér liggur fyrir nál. ásamt brtt. sem tekur mið af ósk hæstv. samgrh. sem tekin var til greina í meðferð samgn. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er fyrst og fremst við þá breytingu sem gerð er við 9. gr., þ.e. að í stað orðanna 50 brúttótonn í 2. mgr. komi 65 brúttótonn. Ég tel að þessarar breytingar hafi ekki verið þörf. Tillaga um þessa breytingu kom seint fram í vinnu nefndarinnar og hefði sjálfsagt þurft aðeins meiri tíma til að sjá á henni fleiri hliðar. Annar tilgangur hennar var að tryggja að þeir sem hefðu skipstjórnarréttindi á svipaðri stærð af bátum mundu ekki missa þau við gildistöku laganna. Nú er það svo, herra forseti, að í 9. gr. frv. er skýrt kveðið á um að svo hefði ekki átt að vera.

Ég vitna til þess sem stendur í lokamálsgrein 9. gr., með leyfi forseta:

„Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun á skipi sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi eða skipi sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna."

Í upphafi 9. gr. er þetta jafnframt áréttað, með leyfi forseta:

„Heimilt er að gefa út ný skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í stað eldri skírteina, enda séu réttindi þeirra skírteinishafa í engu skert."

Ég tel því að þetta sé í sjálfu sér tryggt og því sé ekki þörf á áðurnefndri breytingu. Ef mönnum þótti ástæða til þess að tryggja þetta enn frekar þá var svo sem sjálfsagt að gera það en breytingin sem þarna er lagt til að gera tekur ekki á því sem á eftir gæti komið, þ.e. ef nýir aðilar koma inn og fá þessi réttindi. Ég gat a.m.k. ekki fundið út hvaða áhrif þessi hækkun á brúttórúmlestafjölda sem lögin ættu að taka tillit til hefðu á menntun, menntunarkröfur og annað sem gera þarf til slíkra réttinda og staðfestra færniskrafna.

Ég tel, herra forseti, að það hefði átt að kanna þetta mun betur og hafa samráð við Sjómannaskólann eða aðra sem þar þekkja til menntunarmála. Þar með hefðu menn gert sér mynd af því hvernig þetta kæmi út í framtíðinni og hvort þá þyrfti að breyta námskrám og annarri umgerð námsins til að uppfylla skilyrðin sem skapast við að hækka mörkin. Mér fannst það ekki hafa komið fram, herra forseti, í störfum nefndarinnar hvort þarna þyrfti að huga betur að.

Ég var sammála þeirri túlkun að tryggja bæri að réttindi þeirra manna sem hefðu þau fyrir yrðu ekki skert og fyllilega öruggt yrði að þau yrðu til staðar eftir setningu laganna. Ég var fyllilega sammála því. Hins vegar fannst mér að ekki ætti að taka á málinu með svo einföldum hætti til framtíðar, heldur þyrftu þessar breytingar að vera í takt við undirbúning, menntun, menntunarkröfur og þjálfun.

Herra forseti. Þetta eru helstu fyrirvarar mínir. Það er ljóst að fleiri mikilvægir málaflokkar sem frv. upphaflega tók til eru ófrágengnir. Þá þarf að taka fyrir í þinginu og vonandi fer sú vinna fram í fullri sátt við hagsmunaaðila þar *sem tryggt verður að öllu sé til skila haldið. Þær breytingar* og sú lagavinna verður að vera sem vönduðust og fullnægja skilyrðum á sviði menntunar, réttindamála, vinnuumhverfis og öryggismála, svo nokkur atriði séu nefnd.

Ég legg áherslu á, herra forseti, að sú vinna fari í gang og undirbúningur hennar fyrir næsta vetur. Mér finnst mikilvægt að þessi atriði og þessi sjónarmið verði höfð í fyrirrúmi þannig að á næsta vetri geti orðið til vönduð lagasmíð sem uppfylli þær kröfur sem þeir sem hér eiga hlut að máli eru sammála um.

[16:22]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ritaði undir nál. með fyrirvara og er það af þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að þó að ekki sé allt eins og menn vildu hafa það í þessu frv. þá er mjög brýnt að ákvæði í því sem varða farþegaskip og flutningaskip taki gildi sem fyrst til að tryggja að Siglingastofnun Íslands geti, í samræmi við alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að, gefið út alþjóðleg skírteini til íslenskra sjómanna sem starfa á kaupskipum. Mjög hefur borið á því að eftirlitsaðilar hafi komið um borð í kaupskip og gert við þetta athugasemdir. Íslenskir farmenn eru ekki komnir með alþjóðaskírteini og því liggur mjög á að afgreiða þessi lög.

Í öðru lagi vil ég koma aðeins inn á svokallaða öryggismönnun sem hér er rætt um. Mér þykir rétt að taka fram, svo að í Alþingistíðindi megi koma, að öryggismönnun sem ákveðin er af Siglingastofnun Íslands, þ.e. lágmarksfjöldi í áhöfn farþega- og flutningaskipa, er með þeim hætti að nú þegar eru til kjarasamningar farmanna sem kveða á um mannafjölda. Ég vil taka það fram svo það sé ljóst, að öryggismönnunin er lágmark en síðan hafa kjarasamningar auðvitað meira vægi en lögin þegar kemur að fjölda í áhöfn. Því má segja að ef Siglingastofnun gerir kröfu um þrjá vegna öryggisins en kjarasamningarnir hljóða upp á sex, þá hljóta auðvitað kjarasamningarnir að gilda.

Í þriðja lagi, varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á varðandi breytingarnar úr 50 í 65 brúttótonn, tek ég undir það með hv. þm. að við þurfum að skoða þetta aftur í haust. Þegar um er að ræða t.d. 65 brúttótonna dragnótaskip að veiðum eða fiskibáta með tröllauknum vélbúnaði, spilbúnaði og öðru, þá er okkur náttúrlega nokkur vandi á höndum. Þá hljóta að vera gerðar meiri menntunarkröfur til þeirra sem stjórna slíkum fiskiskipum en gert er í dag, miðað við hið gamla 30 tonna pungapróf. Það er mál sem bíður haustsins og við þurfum auðvitað að skoða það.

Ég legg áherslu á, eins og ég sagði í upphafi, að við þurfum að afgreiða þetta mál. Það liggur mikið við. Menntunarmálin eru ekki svo stórt atriði að þau standi í vegi fyrir samþykkt frv. Þau mál leysum við örugglega sameiginlega í hv. samgn. á haustdögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðaefnisskrá lögreglu, 2. umr.

Stjfrv., 616. mál. — Þskj. 987, nál. 1299, brtt. 1300.

[16:25]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um erfðaefnisskrá lögreglu.

Nefndinni bárust umsagnir frá nokkrum aðilum eins og landlæknisembættinu, ríkissaksóknara, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót sérstakri lögregluskrá til að auðvelda lögreglurannsókn alvarlegra sakamála, eins og manndrápsmála, nauðgunarmála, líkamsárásarmála, misnotkun á börnum o.s.frv. Skránni er ætlað að geyma upplýsingar um erfðaefni en brotamenn skilja oft eftir sig líffræðileg spor sem innihalda erfðaefni tæk til rannsókna. Annars vegar er um að ræða kennslaskrá með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga sem hlotið hafa dóm fyrir tiltekin afbrot, verið sýknaðir af tilgreindum ástæðum, dæmdir í öryggisgæslu eða sæta reynslulausn. Hins vegar er um að ræða sporaskrá þar sem geymdar eru upplýsingar sem fengnar eru úr lífsýnum á brotavettvangi, mönnum eða munum án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa. Erfðaefnisskrá mun auka möguleika á samanburðarrannsóknum, m.a. þannig að hægt verður að bera sýni sem finnst á brotavettvangi saman við skrásettar upplýsingar og sýni af fleiri en einum brotavettvangi. Þá getur skráin auk þess haft sérstök varnaðaráhrif.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna ákvæði um aðgang að upplýsingum úr skránni en strangar kröfur eru gerðar til skráningar og varðveislu upplýsinga um erfðaefni þar sem um er að ræða mjög persónulegar og viðkvæmar upplýsingar. Auk þess er gert ráð fyrir að upplýsingarnar verði afmáðar við ákveðnar aðstæður.

Mælir allsherjarnefnd með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til að vista lífsýni í lífsýnasafni verði felld brott þar sem nefndin telur að eðlilegt sé að lífsýni sé eytt þegar unnar hafi verið úr því erfðaefnisupplýsingar og málinu lokið. Í öðru lagi telur nefndin rétt að brýnar ástæður þurfi að koma til svo heimilt sé að skrá önnur tilvik í kennslaskrá en talin eru upp í lögunum. Í þriðja lagi leggur nefndin til að þegar einstaklingi er tilkynnt um skráningu verði honum jafnframt gerð grein fyrir tilgangi hennar. Loks leggur nefndin til að settur verði sex mánaða frestur til að afmá upplýsingar í kennslaskrá um einstakling sem sýknaður hefur verið eftir endurupptöku máls.

Sverrir Hermannsson, Hjálmar Jónsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur af greiðslu málsins.

Undir nál. allshn. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Jónína Bjartmarz, Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 627. mál (EES-reglur). — Þskj. 1002, nál. 1302, brtt. 1303.

[16:29]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Við fengum til okkar gesti sem getið er um í þskj. 1302 og einnig bárust umsagnir. Þeirra er getið í sama skjali.

Með frumvarpinu er lagt til að Persónuvernd verði heimilað að ákveða og auglýsa í Stjórnartíðindum að hér á landi gildi gerðir Evrópubandalagsins, EB, á grundvelli 25. gr. tilskipunar frá 24. október 1995, nr. 95/46/EB, um að land utan EB teljist tryggja nægilega vernd í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og réttinda manna. Þá eru lagaskilaákvæði tilskipunarinnar gerð afdráttarlausari í frumvarpinu og lagt til að ákvæði laganna um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði fyllri og endurspegli betur ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi. Loks er í frumvarpinu að finna ákvæði sem ætlað er að lögfesta almennt ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar um andmælarétt hins skráða.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin ástæðu til að tekið verði skýrar fram í lögunum hvenær ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptaskrár. Í öðru lagi lítur nefndin svo á að Persónuvernd eigi við sérstakar aðstæður að geta heimilað vinnslu almennra persónuupplýsinga eins og hún getur gert við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þá telur nefndin ekki rétt að Persónuvernd setji Hagstofu Íslands fyrirmæli um gerð, notkun og innihald skráa sem Hagstofan heldur yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Því leggur nefndin til að Hagstofan setji sjálf slíkar reglur í samráði við Persónuvernd. Loks er gerð tillaga um orðalagsbreytingar og lagfæringar á texta laganna í samræmi við tilskipunina.

Þetta var samhljóða álit allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 672. mál (farsímar, fullnaðarskírteini). — Þskj. 1050, nál. 1301.

[16:31]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á umferðarlögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkissaksóknara, Samtökum ferðaþjónustunnar, Lögmannafélagi Íslands, lögreglunni í Reykjavík, ríkislögreglustjóra, Ökukennarafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Umferðarráði. Á fund nefndarinnar komu einnig menn frá FÍB o.fl. Í raun má segja að allir hafi verið á einu máli um að mjög mikilvægt væri að lögfesta þessa tillögu um að lögleiða skuli handfrjálsan búnað við akstur bifreiða.

Með frumvarpinu er lagt til að notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar verði bönnuð og ráðherra verði fengin heimild til að setja nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur. Þá er að finna breytingar á ákvæðum laganna um ökuréttindi.

Nefndin telur rétt að fresta afgreiðslu á þeim breytingum sem lagðar eru til um ökuréttindi í frumvarpinu þar sem þær þurfi að skoða frekar og í víðara samhengi. Nefndin lítur hins vegar svo á að þar sem notkun farsíma án handfrjáls búnaðar getur dregið úr færni ökumanns til að stjórna bifreið og þannig aukið hættu í umferðinni eigi að koma banni við notkuninni á sem fyrst. Því mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. 2. gr. falli brott.

2. 3. gr. falli brott.

3. Fyrri málsliður 4. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2001.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345.

[16:36]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til þjóðminjalaga frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti. Einnig bárust nefndinni umsagnir um málið sem hafa orðið að góðu gagni við umfjöllun þess.

Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram þrjú frumvörp: frumvarp til safnalaga, frumvarp til laga um húsafriðun og frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Með frumvörpum þessum er gildandi þjóðminjalögum, nr. 88/1989, skipt upp og lagt til að sérlög gildi um hvern framangreindan þátt.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórn þjóðminjavörslunnar með það fyrir augum að einfalda og styrkja stjórnkerfi hennar, stytta boðleiðir og skilgreina betur ábyrgð og starfssvið hverrar stofnunar. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að breyta heiti Þjóðminjasafns Íslands í embætti þjóðminjavarðar og innan þeirrar stofnunar sé rekið safn sem beri heitið Þjóðminjasafn Íslands. Í grundvallaratriðum er ekki lögð til efnisleg breyting á inntaki þjóðminjavörslunnar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og borist fjölmargar umsagnir um það eins og áður sagði. Er það niðurstaða nefndarinnar að til að ná framangreindum markmiðum sé skynsamlegast að skipta Þjóðminjasafni Íslands í tvær sjálfstæðar stofnanir, Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins, sem hafi hvor um sig mikilvægu hlutverki að gegna á sviði þjóðminjavörslunnar og eðli málsins samkvæmt hafi náið samstarf. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á 2. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins starfi saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild. Enn fremur bendir nefndin á 29. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna og skuli þar m.a. kveða á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.

Sú skipting sem leiðir af framangreindu kallar að mati nefndarinnar á breytingu á starfsheitum á þessum stofnunum sem lýsi vel starfssviði hvorrar stofnunar fyrir sig. Telur nefndin að heitið Fornleifavernd ríkisins lýsi vel þeirri stjórnsýslustarfsemi sem embætti þjóðminjavarðar var ætlað að hafa með höndum samkvæmt frumvarpinu. Fjallar Fornleifavernd ríkisins um allar staðbundnar og tímabundnar fornleifarannsóknir og veitir leyfi til þeirra. Er Fornleifavernd ríkisins söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja auk þess að hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa. Nefndin telur hér mikilvægt að allir sem á þurfa að halda hafi aðgang að rannsóknarskýrslum og gagnagrunnum. Þjóðminjasafni Íslands er aftur á móti ætlað að vera höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar. Með hliðsjón af framangreindu hlutverki Þjóðminjasafns Íslands telur nefndin rétt að forstöðumaður safnsins beri heitið þjóðminjavörður.

Nefndin bendir enn fremur á að í frumvarpinu er lagt til að þjóðminjaráð og fornleifanefnd í núverandi mynd verði lögð niður. Sett verði á stofn úrskurðarnefnd er beri heitið fornleifanefnd, er verði skipuð aðilum með fræðilega þekkingu á málaflokknum, og þangað verði hægt að skjóta tilteknum ákvörðunum Fornleifaverndar.

Ég vil geta þess sérstaklega hér að í frv. var gert ráð fyrir því að úrskurðir fornleifanefndarinnar væru endanlegir. Því var breytt í meðförum nefndarinnar þannig að gert er ráð fyrir því að hægt sé að skjóta úrskurðum fornleifanefndar til ráðherra.

Þá bendir nefndin á að lagt er til að settur verði á fót sérstakur fornleifasjóður sem hafi það hlutverk að úthluta styrkjum til rannsóknaverkefna. Í úthlutunarreglum sjóðsins sé tryggt að styrkir séu veittir á faglegum grunni og að hlutlægt mat sé lagt á umsóknir.

Enn fremur telur nefndin eðlilegt, til að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri, að Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd

ríkisins og húsafriðunarnefnd geri með sér samning um sameiginlega skrifstofuþjónustu og fjármálaumsýslu þrátt fyrir stjórnsýslulegan aðskilnað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Menntmn. er einróma í nál. sínu, en hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara.

[16:42]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við 1. umræðu um frv. til þjóðminjalaga sem hér liggur nú fyrir til 2. umræðu varð þess vart í umræðunni að þegar var kominn upp nokkur kurr meðal þeirra fræðimanna sem við lögin eiga að búa vegna þess að það hafði verið nær einróma ósk þeirra sem starfa að fornleifarannsóknum þegar lögin voru á undirbúningsstigi að stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar yrði gert skýrara og skilið á milli fornleifaþáttarins og safnaþáttarins, en ekki hafði verið orðið við þeim óskum þegar frv. var sett í endanlega gerð áður en það var lagt fram á hv. Alþingi. Það var einnig ljóst er farið var yfir umsagnir í hv. menntmn. að mjög margir umsagnaraðilar tóku undir þessi sjónarmið, bæði þeir sem tengdust fornleifaþættinum og einnig heyrðust þær raddir úr röðum safnamanna.

Þegar nefndin hafði unnið með málið í nokkrar vikur og farið mjög vel yfir umsagnir og tekið á móti fjölmörgum gestum og aftur var farið að ræða hvernig málið skyldi afgreitt varð ljóst að nokkuð breið samstaða var um það innan nefndarinnar að stíga það skref til fulls að skilja á milli fornleifaþáttarins og safnaþáttarins og gera í framhaldi af því viðamiklar breytingar á frv. til að samræma það þessum grundvallarbreytingum. Það var samdóma álit nefndarinnar að þetta gerði lögin skýrari en þau voru í frv. hæstv. menntmrh. og að mun heppilegra sé að það komi fram í lögum hver raunveruleg skipting þjóðminjavörslunnar sé í dag, annars vegar í fornleifaþátt og hins vegar í safnaþátt, þannig að ljóst sé hvernig ábyrgð er skipað í hvorum þætti um sig. Það verður til að greiða fyrir allri stjórnsýslu og framkvæmd.

Samþykkt var að taka út orðið „þjóðminjavörður" í 2. málslið 2. gr. og setja í staðinn „Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins", þ.e. að þau annist framkvæmd þjóðminjavörslunnar, og bæta svo inn nýjum lið svohljóðandi:

„Þjóðminjavörður og forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild."

Segja má að með þessum breytingum sé stefnan þegar mörkuð sem gengur síðan eins og rauður þráður í gegnum frv.

Í framhaldi af þessu kemur svo algjörlega ný 3. gr. sem skilgreinir ráðningarkjör forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins svo og hlutverk stofnunarinnar. Greinin hljóðar svo eftir breytingar, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embættið sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði eða minjafræði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa."

Í umfjöllun nefndarinnar komu fram margar ábendingar um að það ákvæði í 3. mgr. 4. gr. að Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefni tvo fulltrúa í fornleifanefnd gæti ekki staðist þar sem fornleifafræðingar væru í tveimur félögum. Nefndin ákvað að bregðast við þessum ábendingum með því að orða greinina svo að félög fornleifafræðinga tilnefni tvo fulltrúa í nefndina.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að breyta skilgreiningum á því hvað felist í þjóðminjavörslu frá því sem nú er gert í gildandi lögum. Mikil sátt virðist ríkja um þau lagaákvæði sem hingað til hafa ríkt um hvað felist í þjóðminjavörslunni. Þó verða nokkrar breytingar á 8. gr. frá upphaflega frv. auk þess sem aðkoma Fornleifaverndar ríkisins að málinu er skýrð, kveðið á um að í Reykjavík fari borgarminjavörður með minjavörslu en það hafði ekki verið tilgreint sérstaklega í upphaflega frv. og höfðu verið gerðar athugasemdir við það.

Rétt er að vekja athygli á því að menntmn. leggur til töluverðar efnislegar breytingar á 11. gr. þar sem kveðið er á um umfang fornleifaskráningar og að þau séu skýr á öllum stigum skipulags og klárt hver eigi að standa straum af kostnaði við skráninguna.

2. mgr. 11. gr. hljóðar svo eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar:

„Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess" — og svo bætist við — „og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Að mínum dómi eru gerðar mjög mikilvægar breytingar á 12. gr. frv. þar sem kveðið er mun skýrar á en áður hefur verið um tilkynningarskyldu vegna fornleifa sem talið er að liggi undir skemmdum. Það komu fram ógnvekjandi upplýsingar við umfjöllun nefndarinnar um fornleifar sem hafa spillst eða týnst á undagengnum árum við ýmiss konar jarðrask og virðist ekki vanþörf á að skerpa þau ákvæði sem um þetta gilda.

En greinin hljóðar svo með áorðnum breytingum, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum."

Talið var skýrara í uppsetningu að skipa öllum þeim greinum frv. sem fjalla um fornleifarannsóknir í eitt ákvæði og því var hluti 10. gr. í frv. fluttur yfir í 15. gr. sem hljóðar svo eftir þær breytingar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

Þegar Fornleifavernd veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem Fornleifavernd ríkisins setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, sbr. 18. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal taka afstöðu til framkominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar á hverjum tíma."

Eins og áður var getið bárust nefndinni vísbendingar um að nauðsynlegt væri að breyta því ákvæði um skipan bæði fornleifanefndar og fornleifasjóða að gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. að fulltrúar fornleifafræðinga í stjórnun þessarar annars vegar nefndar og hins vegar sjóðs kæmu frá einungis öðru félagi fornleifafræðinga. Nefndin kaus, eins og áður hefur verið sagt frá, að taka ekki fram í lagatexta frá hvaða félagi fornleifafræðinga ætti að tilnefna í fornleifanefnd. Þess vegna er lagt til í frv. að félög fornleifafræðinga tilnefni í fornleifanefnd í 4. gr. og að fornleifasjóður verði skipaður m.a. einum fornleifafræðingi samkvæmt tillögu menntmrh. en með áorðnum breytingum orðist 1. mgr. 24. gr. um fornleifasjóð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntmrh. skipar fornleifasjóði þriggja manna stjórn sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna og ber stjórnin ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Menntmrh. setur sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera fornleifafræðingur. Menntmrh. skipar formann úr hópi stjórnarmanna."

Í 29. gr. laganna er gerð tillaga um almenna reglugerðarheimild sem kveði m.a. á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar, og veltur auðvitað mikið á um farsælt framhald þessara mála að vel takist til um þá reglugerð og haft verði víðtækt samráð við fagaðila um þá tilurð.

Af sjálfu leiðir að gerðar eru tillögur um ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að starfandi þjóðminjavörður gegni embætti sínu í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laganna eða þar til skipað hefur verið í nýtt embætti þjóðminjavarðar og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins og einnig um að starfsmenn Þjóðminjasafns muni halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri annaðhvort hjá Fornleifavernd ríkisins eða hjá Þjóðminjasafni Íslands og að breytingar á starfsröð sem lög þessi hafa í för með sér feli því ekki í sér niðurlagningu starfa þeirra í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996.

Við sem erum fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. menntmn., ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson, erum í heild sátt við þær breytingar á þjóðminjalögum sem verða ef þetta frv., með þeim breytingum sem ráðgerðar eru á því frá því það var lagt fram, verður að lögum. Við teljum að þessi lagabreyting geti orðið grundvöllur meiri sátta innan greinarinnar en hefur virst vera raunin á undanförnum árum. Það þýðir þó ekki að enn megi ekki gera betur og væntanlega verður löggjöfin endurmetin þegar reynsla er komin á breytingarnar.

Hitt er annað og það snýr að fjárveitingavaldinu, að of naumt hefur verið skammtað fé til fornleifarannsókna af hálfu ríkisins á undanförnum árum og þarf þar að gera verulegt átak. Spennandi verður að fylgjast með hvort í kjölfar þessara skipulagsbreytinga sem við erum að ráðgera hér muni fylgja aukið fjármagn í þennan geira úr ríkissjóði. Það færi vel á því og ekki skal skorta minn stuðning ef lagðar verða fram tillögur í þessa veru við afgreiðslu fjárlaga.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, 745. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1433.

Frestun á fundum Alþingis, 748. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1445.

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 480. mál, brtt. GAK, þskj. 1438.

Umræðu frestað.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 2. umr.

Frv. DSigf o.fl., 484. mál (réttur til starfsheitis o.fl.). — Þskj. 770, nál. 1339.

[16:55]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til viðræðna um málið.

Markmið frumvarpsins er að afnema þann einkarétt sem nemendur úr Háskóla Íslands hafa haft til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur. Kemur fram í frumvarpinu að til að mega nota framangreind heiti þurfi leyfi viðskiptaráðherra. Lagt er til að þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laganna um innihalds náms þurfi ekki slíkt leyfi ráðherra.

Á síðustu árum hefur framboð viðskiptamenntunar á háskólastigi aukist verulega jafnframt því sem háskólum hefur fjölgað. Samkvæmt lögum nr. 27/1981 hafa einungis þeir nemendur sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga án sérstaks leyfis ráðherra. Telur nefndin eðlilegt að nemendur úr skólum sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands njóti sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Þeir skólar sem um ræðir eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Tækniskóli Íslands auk þess sem ekki er loku fyrir það skotið að fleiri skólar muni í framtíðinni bjóða upp á sambærilegt nám.

Nefndin telur eðlilegt að auk BS- eða cand. oecon.-gráðu þurfi ekki leyfi ráðherra ef við komandi hefur meistaragráðu í viðskipta- eða hagfræðigreinum.

Nefndin telur enn fremur eðlilegt að það ráðuneyti sem fer með málefni viðkomandi starfsgreinar fjalli um réttindamál af þessu tagi fremur en menntamálaráðuneyti samkvæmt gildandi lögum, í þessu tilviki viðskiptaráðuneytið.

Nefndin leggur hins vegar til að felld verði brott 3. gr. frv. þar sem kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli ákveða lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu. Viðskiptaráðherra sé þar með veitt nánast takmarkalaust vald til þess að stjórna tilteknu fræðasviði háskóla með reglugerðum. Gangi slík tilhögun gegn öllum þeim markmiðum sem sett voru með samþykkt laga nr. 136/1997, um háskóla. Samkvæmt þeim lögum leiki ekki vafi á sjálfstæði háskóla og að yfirstjórn hvers háskóla skuli ákveða fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og skipulag rannsókna. Þannig hafi hver háskóli faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði og beri ábyrgð á starfsemi sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á þingskjalinu.

Undir nál. skrifa allir hv. þm. í menntmn., Sigríður Anna Þórðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Tómas Ingi Olrich, Ólafur Örn Haraldsson, Einar Már Sigurðarson, Einar Oddur Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:59]

Tóbaksvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 345. mál (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.). — Þskj. 484, nál. 1253, brtt. 1254, 1259 og 1310.

[17:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda aðila eins og fram kemur í nál. á þskj. 1253, og bárust fjölmargar umsagnir eins og jafnframt er getið um í nál.

Í frumvarpinu er kveðið á um hertar tóbaksvarnir í landinu og aukin réttindi þeirra sem ekki reykja. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins má nefna að réttur fólks til reyklauss andrúmslofts er viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna og skal tóbaki vera þannig fyrir komið á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. Þá er yngra fólki en 18 ára óheimilt að selja tóbak nema heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði veiti sérstaka undanþágu og sérstakt leyfi þarf til að selja tóbak í smásölu. Enn fremur eru heimildir til að leyfa reykingar á veitingastöðum þrengdar, hótelum og gististöðum er gert skylt að hafa reyklaus herbergi og skýrt er kveðið á um bann við reykingum í öllum húsakynnum sem almenningur hefur aðgang að vegna þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi. Þá eru fjárveitingar til tóbaksvarna auknar og kveðið á um heimild til að svipta leyfishafa leyfi gerist hann brotlegur við 8. gr. laganna.

Reykingar og þau áhrif sem þær hafa á heilsu manna er eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem þjóðir heims glíma við nú og er Ísland þar engin undantekning. Mikið hefur þó áunnist í baráttunni við þennan skaðvald á undanförnum árum og hefur ýmsum aðferðum verið beitt í þeim efnum. Lög um tóbaksvarnir hafa haft mikið að segja um þann árangur og telur nefndin nauðsynlegt að herða róðurinn í þeim efnum svo að frekari árangur megi nást.

Til umfjöllunar í nefndinni er nú tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun til ársins 2010, og verður mælt fyrir nefndaráliti varðandi hana á eftir. Forgangsverkefni númer eitt samkvæmt tillögunni miðar að því að hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15% og jafnframt að hlutfall barna og unglinga 12–17 ára sem reykja verði undir 5%. Meðal annarra forgangsverkefna má nefna að stefnt er að því að draga úr dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma hjá fólki á aldrinum 25–74 ára um 20% hjá körlum og 10% hjá konum og einnig er stefnt að því að dánartíðni vegna krabbameins hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Reykingar eru stór áhættuþáttur varðandi margar tegundir krabbameins og sá stærsti í sumum þeirra, t.d. lungnakrabbameini, og sama er að segja um hjarta- og æðasjúkdóma. Ef umrædd heilbrigðisáætlun á að verða meira en orðin tóm er nauðsynlegt að grípa til markvissra aðgerða á hinum ýmsu sviðum sem snerta heilbrigðismál og forvarnir. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er skref í þá átt.

Nefndin telur að þau nýmæli sem í frumvarpinu felast séu til þess fallin að draga úr reykingum og þá sérstaklega reykingum barna og unglinga og um leið stuðli þau að því að markmið heilbrigðisáætlunar megi nást.

Nefndin vill benda á að sýnt hefur verið fram á að hækkun tóbaksverðs sé áhrifaríkasta leiðin til að draga úr reykingum. Vægi tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs gerir það að verkum að allar hækkanir á tóbaksverði leiða til hækkunar á vísitölunni og hefur af þeim sökum m.a. gætt tregðu til að hækka tóbaksverð. Nefndin hvetur til þess að skoðað verði rækilega hvort unnt sé að rjúfa tengsl tóbaks og vísitölu þannig að unnt sé að beita verðhækkunum á tóbaki sem þætti í tóbaksvörnum án þeirra neikvæðu hliðarverkana sem hækkun neysluvísitölu óneitanlega hefur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Lagt er til að í 3. efnismgr. c-liðar 6. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að tóbaki skuli komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum, verði jafnframt kveðið á um að vörumerki tóbaks verði ekki sýnileg viðskiptavinum.

2. Lagt er til að áður en reglugerð um undanþágur, sem kveðið er á um í b-lið 7. gr., sem fjallar um 18 ára aldurstakmark þeirra sem mega selja tóbak, er sett, skuli leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins. Hagir barna og ungmenna á vinnumarkaði eru á starfssviði Vinnueftirlitsins og því eðlilegt að það komi að reglusetningu um þetta efni.

3. Lagt er til að tóbakssöluleyfi verði veitt til fjögurra ára í senn en ekki fimm eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Almenn starfsleyfi heilbrigðisnefnda eru gefin út til fjögurra ára í senn og er eðlilegt að samræmi sé þarna á milli.

4. Lögð er til breyting á b-lið 9. gr. frumvarpsins. Lagt er til að þeir fangar sem ekki reykja eigi rétt á reyklausum fangaklefum. Í núgildandi lögum er kveðið á um slíkan rétt vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum og þykir

nefndinni rétt að fangar sem ekki reykja hafi þennan sama rétt.

5. Jafnframt er lagt til að d-liður 9. gr. frumvarpsins falli brott. Í d-lið er lagt til að heimild til að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar, innan annarra opinberra stofnana en þeirra sem um getur í 1. mgr. 10. gr. laganna, verði felld niður. Nefndin bendir á að hér sé einungis um heimild að ræða og það sé í höndum hverrar stofnunar fyrir sig að meta hvort ástæða sé til að útbúa slík afdrep. Niðurfelling þessarar heimildar mun að sinni einungis auka það ónæði sem fylgir reykingum starfsfólks, m.a. við innganga stofnana.

6. Lagðar eru til breytingar á 12. gr. frumvarpsins, en hún fjallar um reykingar í íslenskum flugvélum sem eru reknar af íslenskum flugrekendum og varðar flug á milli landa utan Íslands, en gert er ráð fyrir að þar verði reykingar heimilaðar.

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 13. gr. tóbaksvarnalaga tekur reykingabann í almenningsfarartækjum aðeins til farþegarýmis viðkomandi farartækja. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að bannið taki til alls rýmis í almenningsfarartækjum. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt núgildandi lögum er ekki bannað að reykja á salerni farþegaflugvélar eða í stjórnklefa hennar því þessi svæði teljast ekki til farþegarýmis í merkingu þess orðs. Flugfélögin hafa hins vegar sjálf lagt bann við reykingum á þessum stöðum.

7. Loks er lagt til að lögin taki gildi 1. ágúst nk. í stað 1. júní, svo að nægur tími gefist til að undirbúa reglugerðir og til útgáfu tóbakssöluleyfa.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og gera breytingartillögur við málið.

Undir álitið skrifa auk þeirrar sem hér stendur Jónína Bjartmarz, Tómas Ingi Olrich, Katrín Fjeldsted, Þuríður Backman, með fyrirvara, Karl V. Matthíasson, með fyrirvara, Magnús Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

[17:14]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og mér er það mikið ánægjuefni að vera með á þessu nál. þó að ég geri það með fyrirvara og ég mun gera grein fyrir hvers vegna sá fyrirvari er.

Þær breytingar sem verið er að gera varðandi tóbaksvarnir í landinu með þessum lögum og þeim breytingum sem hér eru lagðar til frá heilbr.- og trn. eru allar til bóta að mínu mati. Verið er að fylgja þeirri sjálfsögðu stefnu að vernda þá sem ekki reykja fyrir tóbaksreyk og þá sérstaklega börn, vernda þau fyrir því að vera í tóbaksreyk og ábyrgð foreldra sérstaklega tekin fram í því tilliti. Þannig að á heildina litið fylgjum við í þessu frv. þróuninni eftir sem er að gerast í kringum okkur og er það vel.

Ég hef flutt hér nokkrum sinnum þáltill. um sérstakt söluleyfi til þess að selja tóbak og nú er það komið inn í þetta frv. og því fagna ég. Sömuleiðis hef ég flutt þáltill. um að taka tóbak út úr neysluvísitölunni svo hægt sé að hækka verð á tóbaki umfram verðhækkanir, en í þessu nál. er einmitt á það bent að þessi leið skuli vera skoðuð svo hægt sé að hækka verð á tóbaki. Mig langar í því sambandi að benda á að ein áhrifaríkasta leiðin til þess að draga úr reykingum, sérstaklega hjá börnum og unglingum, er hátt tóbaksverð, og varðandi áhrif á vísitöluna þá beini ég þeim tilmælum til hæstv. heilbrrh. að hann hækki í eitt skipti og þá bara helst nú hið fyrsta hressilega verð á tóbaki. Það hefur þá áhrif einu sinni inn í vísitöluna og síðan finnum við ekki mikið fyrir því meir. Þetta er a.m.k. möguleiki og bið ég hann um að taka það til greina.

Varðandi þær breytingar sem heilbr.- og trn. leggur til, þ.e. að Vinnueftirlit ríkisins komi að gerð reglugerðar eða sé samráðsaðili við gerð reglugerðar um undanþágur þá göngum við að mínu mati ekki nægilega langt því að Vinnueftirlit ríkisins hefur með vinnuvernd barna og unglinga að gera og vinnuvernd starfsmanna á veitingahúsum. Því tel ég að Vinnueftirlit ríkisins þurfi að koma að undanþáguveitingunum, að Heilbrigðiseftirlitið veiti undanþágurnar en leiti umsagnar Vinnueftirlits ríkisins því að Vinnueftirlit ríkisins kannar líka og skoðar vinnumarkaðinn. Ef verið er að biðja um undanþágu, segjum að það sé verslun sem telur sig ekki geta orðið við þeirri kvöð að hafa eingöngu eldri en 18 ára afgreiðslufólk til þess að selja tóbak, þá mundi Vinnueftirlitið skoða aðstæður, ekki eingöngu innan verslunarinnar heldur líka í nærumhverfinu, þ.e. hvort þarna væri atvinnuleysi eða hvort hugsanlega væri hægt að koma því svo fyrir að þó svo að einhverjir undir 18 ára aldri séu við vinnu þá væri hægt að hafa tóbakið til sölu á afmörkuðum stað þar sem eingöngu fullorðnir afgreiddu. Þeir mundu þá skoða forsendur beiðninnar í víðara samhengi en Heilbrigðiseftirlitið gerir, enda liggur þetta ákvæði á borði Vinnueftirlitsins. Ég vorkenni Vinnueftirlitinu ekkert að koma að þessu. Hugsanlega koma fram töluverðar beiðnir núna í byrjun meðan verslanir og aðrir eru að aðlaga sig þessum lögum. En Vinnueftirlit ríkisins hefur skrifstofur úti um allt land og er alveg fullbúið til þess að taka þátt í þessum aðgerðum með Heilbrigðiseftirlitinu. Og bara svo að það gleymist ekki þá verður að huga að því að báðar þessar stofnanir hafi mannafla og fjárráð til þess að fylgja eftir bæði þessu eftirliti og fleiru sem verið er að koma yfir á stofnanirnar. Því legg ég fram brtt. á sérstöku þingskjali ásamt hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að Vinnueftirlit ríkisins komi að þessum undanþágubeiðnum og verði þar umsagnaraðili.

Um fanga og fangaklefa er það að segja að því miður reykja einstakir hópar meira en aðrir og svo mun vera með þá sem gerast brotlegir við lögin að þeirra líðan er oft þannig að þetta er fólk sem því miður reykir töluvert. Stór hópur fólks reykir innan fangelsanna og því þarf að huga þar vel að tóbaksvörnum og eins því að hafa umhverfið þannig að þeir sem ekki reykja þurfi ekki að anda að sér tóbaksreyk og að þeir sem reykja geti gert það þannig að þeir verði ekki sjálfum sér og öðrum til ama. Ég lagði til að ekki yrði heimilt að reykja í herbergjunum eða fangaklefunum heldur eingöngu í sérreykherbergjum, en fellst á að þetta sé svona í bili því að eftir sem áður mega vera reykherbergi í fangelsunum og því er mjög auðvelt að hvetja til þess innan fangelsisveggjanna, þ.e. að fangelsisstjórar og starfsmenn og fangar sjálfir temji sér eða láti það verða að meginreglu að nota þessa reykklefa eða reykherbergi og reyki ekki inni á herbergjunum því það er þeim sjálfum fyrir bestu. Eins er loftræsting í fangelsunum ekki á þann veg að hægt sé að tryggja að reykur fari ekki um alla klefa og líka til þeirra sem ekki reykja. Þetta er hægt að taka upp innan fangelsisveggjanna og koma á ákveðnu vinnulagi eða tóbaksvarnastefnu í hverri fangelsisstofnun fyrir sig og ekki síður að hjálpa föngum til þess að hætta að reykja og sjá til þess að þeir fái lyf svo að þeim gangi betur að hætta að reykja.

Herra forseti. Mig langaði til að koma þessu að, þ.e. að hvetja til þess að tóbaksvarnir verði virkar innan fangelsanna því að sannarlega veitir ekki af. Þá er ég sérstaklega að hugsa um fangana sjálfa.

Út af standa svo veitingastaðirnir. Vissulega er til bóta, eins og kemur fram í frv., að meiri hluti veitingastaða skuli vera reyklaus. En það er nú einu sinni svo með andrúmsloftið og loft inni á veitingastöðum að það svífur um allt og innan hvers herbergis og er erfitt að halda því aðgreindu án þess að veggur sé á milli og getur verið ófullnægjandi að koma eingöngu loftræstingu við. Ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm og fara eftir því sem í raun er að gerast, ekki síst í Bandaríkjunum, þá er nú farin sú leið að reykingar eru hreinlega bannaðar á veitingastöðum eða þá að eingöngu eru leyfðar reykingar í sérherbergjum þannig að veitingasalurinn sjálfur er reyklaus.

Því legg ég ásamt Ástu R. Jóhannesdóttur fram brtt. um veitingastaðina. Ég trúi því að þetta sé það sem koma skal. Við værum ekkert í fararbroddi þó svo að við tækjum þetta upp í okkar lög, því eins og ég sagði er víðast í Bandaríkjunum verið að gera alla veitingastaði algjörlega reyklausa þannig að þeir hafa ekki einu sinni reykherbergi.

Við leggjum því til að í stað þess að 2. efnismgr. 8. gr. orðist svo að meiri hluti veitingarýmis skuli ávallt vera reyklaus þá hljóði hún svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar á veitingastöðum, í sérstökum herbergjum, þar sem ekki er framreiddur matur. Auk þess má leyfa reykingar í veitingarými á krám, dansstöðum og næturklúbbum, svo og eftir kl. 23 á þeim skemmtistöðum sem leggja meginherslu á skemmtidagskrá og áfengisveitingar."

Herra forseti. Ég held að með því að fylgja anda laganna og því sem er að gerast í nágrannalöndunum — þetta er eitthvað svipað því sem nú er verið að taka upp í Svíþjóð eftir því sem ég hef bestu vitneskju um. Ég held að þeir séu að ganga lengra og ætli að taka upp reykleysi á veitingahúsum, að bannað verði að reykja á veitingahúsum. Ég hef ekki séð það frv. en mér er tjáð að þeir muni ganga nokkuð langt í að banna reykingar á veitingahúsum — séum við svona rétt að fylgja því sem er að gerast.

Herra forseti. Hér er á dagskrá heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og með samþykkt þessa frv. munum við eiga auðveldara með að vinna samkvæmt þeirri áætlun.

[17:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í framsögu með nál. þá skrifa ég undir það með fyrirvara ásamt hv. þm. Karli V. Matthíassyni og hv. þm. Þuríði Backman sem hefur gert grein fyrir fyrirvara sínum. Við höfum flutt brtt. við málið. Hv. þm. Þuríður Backman hefur gert ágæta grein fyrir þeim fyrirvörum sem hún er 1. flm. að og ég flyt ásamt henni.

Síðan er önnur brtt. á þskj. 1259 frá þeirri sem hér stendur ásamt hv. þm. Þuríði Backman þar sem við leggjum til að til tóbaksvarna verði varið örlítið hærri upphæð en gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er sú upphæð hækkuð um 0,2%, farið úr 0,7% upp í 0,9%. En í staðinn fyrir að það séu 0,9% þá leggjum við til að það verði 1%. Ýmsir umsagnaraðilar töldu að það bæri að verja allt að 2% til tóbaksvarna af verði. Þar má nefna t.d. Krabbameinsfélagið o.fl. Við teljum sem sagt að þarna ætti að hækka töluna örlítið.

Herra forseti. Eins og komið hefur fram rita ég undir þetta nál. og stend að þeim brtt. sem nefndin leggur fram og tel að þær séu allar til bóta, m.a. sá þáttur sem snýr að föngum, að þeir fangar sem ekki reykja eigi rétt á reyklausum fangaklefa sem er náttúrlega sjálfsagt mál.

Síðan hefur hv. þm. Þuríður Backman gert grein fyrir þeirri brtt. sem snýr að þætti Vinnueftirlitsins í umsóknarferlinu hvað varðar undanþágurnar og sömuleiðis að því er snýr að veitingastöðunum og sérstökum reykherbergjum og öðru því sem hún gerði grein fyrir áðan.

Herra forseti. Þar sem við höfum ákveðið að hraða nokkuð þingstörfum mun ég ekki orðlengja þetta frekar en hef hér með gert grein fyrir þessum brtt. og sömuleiðis fyrirvara mínum við þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, síðari umr.

Stjtill., 276. mál. — Þskj. 304, nál. 1319, brtt. 1320.

[17:30]

Frsm. heilbr.- og trn. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um till. til þál. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Davíð Á. Gunnarsson og Ingimar Einarsson frá heilbr.- og trmrn., Þorgerði Ragnarsdóttur frá áfengis- og vímuvarnaráði, Helgu Jörgensdóttur frá Félagi íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólaf Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Gunnar Sigurðsson frá Hjartavernd, Emil Thoroddsen og Einar S. Ingólfsson frá Gigtarfélagi Íslands, Ólaf Gunnarsson og Kristján Steinsson frá gigtarráði, Hauk Valdimarsson og Böðvar Örn Sigurjónsson frá Félagi íslenskra heimilislækna, Regínu Ásvaldsdóttur frá Miðgarði, sem er fjölskylduþjónusta í Grafarvogi, og Guðjón Ólafsson og Margréti Sigmarsdóttur frá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Umsagnir bárust nefndinni frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Gigtarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Geislavörnum ríkisins, Lyfjastofnun, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, héraðslækni Norðurlands, Heilsugæslustöðinni á Hvolsvelli, Félagi íslenskra tannfræðinga, Röntgentæknafélagi Íslands, héraðslæknunum í Reykjavík, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, tóbaksvarnanefnd, manneldisráði, Styrktarfélagi vangefinna, héraðslækni Suðurlands, samtökunum Lífsvog, umboðsmanni barna, Heilsugæslustöðinni á Akureyri, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, héraðslækni Austurlands, Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands, Barnageðlæknafélagi Íslands, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi, Vinnueftirliti Reykjavíkur, Læknafélagi Íslands, áfengis- og vímuvarnaráði, Barnaheillum, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, landssamtökunum Heimili og skóli, Umferðarráði, Akureyrarbæ, Krabbameinsfélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, gigtarráði, landlæknisembættinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tillaga sú sem hér er til umræðu hefur að geyma metnaðarfulla áætlun í heilbrigðismálum til ársins 2010 en þó hefur verið leitast við að gæta raunsæis í markmiðssetningum. Reynt hefur verið að gera áætlunina þannig úr garði

að markmið hennar séu mælanleg svo að hægt verði að meta framgang áætlunarinnar og þann árangur sem næst. Í þessu felst meginstyrkur tillögunnar og gerir það hana jafnframt frábrugðna þeirri heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi veturinn 1990–1991.

Á 51. alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 1998 var samþykktur rammi að stefnumörkun varðandi heilbrigði allra á 21. öld. Þar er lögð rík áhersla á að réttur til heilbrigðisþjónustu sé grundvallarréttindi hvers og eins, en auk þess eru skilgreind tiltekin markmið sem ætlað er að standa til ársins 2020. Svæðisstjórnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og ríkisstjórnum aðildarríkjanna er síðan ætlað að útfæra stefnumörkunina, hverri á sínu starfssvæði.

Svæðisnefnd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu hefur samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2020 og er þar lögð áhersla á 21 heilbrigðismarkmið. Við gerð þeirrar heilbrigðisáætlunar sem hér liggur fyrir var ákveðið að afmarka sérstaklega sjö forgangsverkefni til ársins 2010 en að öðru leyti mynda markmið Evrópuáætlunar WHO megingrunn áætlunarinnar.

Íslenska áætlunin sem hér liggur fyrir spannar vítt svið en ákveðnum sjö sviðum er skipað í forgang. Þau eru: áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir, börn og ungmenni, eldri borgarar, geðheilbrigði, hjarta- og heilavernd, krabbameinsvarnir og slysavarnir.

Nefndin tekur undir og styður framangreind forgangsverkefni áætlunarinnar sem og önnur markmið hennar. Nefndin vill þó jafnframt vekja athygli á nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi hefur sá áratugur sem nú er hafinn verið nefndur áratugur beina og liða samkvæmt verkefni sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin styður. Gigtarsjúkdómar eru vaxandi vandamál og kostnaður þjóðfélagsins af þeim mikill. Nefndin hvetur því til þess að baráttan gegn þessum sjúkdómum verði efld og leggur í samræmi við það til að gigtarsjúkdómar verði nefndir sérstaklega í 3. tölulið markmiðs 8 í áætluninni, þó segja megi að hugtakið stoðkerfisvandamál sem þar er nefnt taki einnig til þeirra.

Offita og aðrar átraskanir færast í vöxt og telur nefndin mikilvægt að spornað verði gegn þeim með öllum ráðum. Aukin offita barna er sérstakt áhyggjuefni. Markmið 11, sem fjallar um heilbrigðari lífshætti, lýtur að þessu og leggur nefndin áherslu á að því markmiði verði fylgt fast eftir.

Í áætluninni er kveðið á um jafnræði til heilbrigðis. Nefndin vekur athygli á rétti nýbúa í því sambandi. Mikilvægt er að gæta þess að þeir fái notið sama réttar og aðrir. Ástæður eins og vanþekking á íslensku samfélagi, ólíkar hefðir og tungumálaerfiðleikar geta leitt til þess að þeir fái minni heilbrigðisþjónustu og við því verður að bregðast.

Eins og fram hefur komið er áætlunin og markmið hennar sett þannig fram að raunhæft eigi að vera að ná þeim fyrir árið 2010. Ljóst er að metnaður manna, þar á meðal nefndarinnar, nær miklu lengra, en raunsæis verður að gæta. Nefndin vill engu að síður vekja athygli á forgangsverkefni 2.a í áætluninni þar sem segir að unnið skuli að því að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%. Nefndin telur að hér sé raunhæft að stefna hærra og hvetur því til þess að lögð verði áhersla á þetta forgangsverkefni svo að komast megi sem næst því að eyða þessum mun.

Ljóst er að á sumum sviðum verða auknar fjárveitingar nauðsynlegar til að markmið náist. Nefndin vekur þó athygli á því að við gerð áætlunarinnar var gerð sérstök kostnaðar- og ábatagreining og var meginniðurstaðan sú að verði markmiðum áætlunarinnar náð ætti að vera mögulegt að draga úr þjóðfélagslegum kostnaði sem nemur á bilinu 7,5–15 milljörðum króna árlega. Til lengri tíma litið ætti því að nást fram sparnaður í heilbrigðiskerfinu.

Nefndin telur að enn séu miklir möguleikar á hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Huga verður að skipulagsbreytingum innan kerfisins með stórauknu samstarfi og samráði fagstétta innan heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins og félagslega kerfisins. Nefndin álítur að miklum árangri megi ná með því að tvinna þessa þætti saman þannig að þeir styðji hver annan.

Brýn þörf er á því að efla grunnheilbrigðisþjónustu og skilgreina nánar hlutverk einstakra þátta hennar. Víðast hvar í hinum vestræna heimi er heilsugæslunni ætlað að sinna allri grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu og er einnig svo hér á landi. Samkvæmt markmiði 15 er að því stefnt að árið 2010 eigi fólk á Íslandi betri aðgang að fjölskyldu- og samfélagsmótaðri heilsugæslu með sveigjanlega og virka sjúkrahúsþjónustu að bakhjarli. Markmiðum heilbrigðisáætlunar verður ekki náð nema tryggt sé að fólk eigi greiðan aðgang að grunnþjónustu. Grípa þarf til ýmissa aðgerða til að þetta náist. Efla þarf heilsugæsluna og auka áhuga unglækna á heimilislækningum. Virkja þarf aðrar fagstéttir innan heilbrigðiskerfisins til starfa innan heilsugæslunnar í auknum mæli og má þar sérstaklega nefna hjúkrunarfræðinga, fjölskylduráðgjafa, sálfræðinga, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara o.fl. Margvísleg rök mæla með því að efla heilsugæsluna sem undirstöðu heilbrigðisþjónustunnar í landinu og verða fáein dæmi nefnd því til stuðnings.

Sýnt hefur verið fram á að vel starfhæf heilsugæsla leiðir til minni ásóknar í sjúkrahúsþjónustu, sem og aðra heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, sem aftur leiðir til lækkunar á heildarútgjöldum til heilbrigðisþjónustu.

Talið hefur verið að 80–85% íbúa hvers lands gætu fengið þörf sinni fyrir heilbrigðisþjónustu fullnægt innan heilsugæslunnar ef næg þjónusta stæði til boða. Fólk er ánægðara með heilbrigðiskerfið í heild virki heilsugæslan vel.

Þjónusta við sjúklinga á heilsugæslustöðvum er jafnan ódýrara úrræði en sambærileg þjónusta á sjúkrahúsum eða hjá sérgreinalæknum. Heilbrigðisþjónusta er að mestu greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og því stendur ekki til að breyta. Hins vegar ber okkur skylda til að gera það sem til þarf til að kostnaður þjóðfélagsins verði sem minnstur án þess að þjónustan sé skert. Efling heilsugæslunnar svo að hún fái sinnt grunnþjónustu fyrir alla landsmenn, eins og hún er skilgreind í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er að mati nefndarinnar sá þáttur sem er líklegastur til að skila þjóðfélaginu mestu í þessu sambandi um leið og það mundi styðja flest markmið heilbrigðisáætlunarinnar.

Nefndin leggur mikið upp úr því að hvers kyns forvarnastarf verði eflt enda skapa forvarnir árangur til framtíðar og því hljóta þær að gegna miklu hlutverki í heilbrigðisáætlun þar sem horft er tiltölulega langt fram í tímann. Gera þarf fólk betur meðvitað um eigin ábyrgð í þessu efni. Heilbrigði og að sama skapi óheilbrigði er oftar en ekki áunnið ástand, þótt svo sé alls ekki í öllum tilvikum, og því nauðsynlegt að brýna gildi heilbrigðra lífshátta fyrir fólki.

Hagræðing, samstarf og forvarnir eru, í samræmi við framangreint, lykilhugtök að mati nefndarinnar og forsenda

þess að varanlegur árangur náist með bættri lýðheilsu í víðasta skilningi þess orðs.

Afar mikilvægt er að allir sem með einum eða öðrum hætti koma að þeim þáttum sem áætlun þessi lýtur að hafi markmið hennar ávallt í huga. Ljóst er að kynna þarf áætlunina vel og tryggja að tekið sé mið af henni við einstakar ákvarðanir sem teknar eru og jafnframt að markmið hennar fái að þróast eftir því sem fram vindur. Grundvallaratriðið er þó að áætlunin njóti stuðnings þeirra sem eiga að vinna eftir henni, þar með talið heilbrigðisstarfsmanna og notenda heilbrigðisþjónustunnar, og er það von nefndarinnar að svo verði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með fáeinum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið skrifa allir í heilbr.- og trn. en Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson og Lára Margrét Ragnarsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Brtt. eru lagðar fram á sérstöku skjali en fela ekki í sér efnislegar breytingar á áætluninni heldur nánari skýringar.

[17:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér um till. til pál. um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Eins og fram kom í máli framsögumanns nál., hv. þm. Katrínar Fjeldsted, þá skrifa ég undir þetta álit með fyrirvara. Ég tel mikilvægt og gott að setja sér háleit markmið en þau verða að vera raunhæf. Þess vegna vil ég ítreka það sem kemur reyndar fram í nál. að það þarf auknar fjárveitingar til að markmiðin sem sett eru fram í áætluninni náist. Það er ekki aðeins á sumum sviðum heldur tel ég að á flestum sviðum þurfi viðbótarfjárveitingar. Ég er sannfærð um það að þær fjárveitingar munu skila sér aftur til samfélagsins vegna þess að það er mjög kostnaðarsamt að búa ekki vel að heilbrigðiskerfinu og forvörnum sérstaklega.

Varðandi þá áherslu sem lögð er fram hér í forgangsverkefni 2.a í áætluninni þar sem segir að unnið verði að því að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25% þá get ég ekki annað en getið þess að það er verulegt áhyggjuefni sem komið hefur fram í rannsóknum sem Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir hefur staðið að á heilsufari barna öryrkja. Í Bretlandi voru gerðar rannsóknir á heilsufari barna þeirra sem búa við verstu kjörin, þ.e. lægst launuðu stéttanna og þeirra sem höfðu úr minnstu að spila. Þar kom fram að börn þessara hópa voru við verri heilsu en önnur börn og við athugun Matthíasar Halldórssonar kemur í ljós að svipað er upp á teningnum hér. Leiða má líkur að því að það sé m.a. vegna bágs fjárhags foreldra sem eiga við heilsubrest að stríða og hafa verið metnir til örorku.

Þetta er atriði sem huga þarf verulega að. Í því tilviki vil ég nefna að það þarf að að bæta kjör foreldra þessara barna, öryrkjanna. Fyrr í dag vorum við einmitt með þingmál til umræðu, um almannatryggingar, þar sem komið var að nokkru leyti til móts við foreldra þessara barna, þ.e. þeirra sem geta stundað vinnu og unnið sér inn einhverjar tekjur. Aftur á móti, eins og ég kom inn á í umræðunni um það mál, þarf að skoða það mál talsvert betur.

Herra forseti. Ég vil einnig nefna, varðandi fækkun slysa sem getið er í þessari heilbrigðisáætlun, að það þarf náttúrlega að standa við umferðaráætlun sem fjallar um hvernig eigi að fækka slysum og svona mætti auðvitað lengi telja.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta en ítreka að fjármunir verða að fylgja til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Hugur verður að fylgja máli hjá stjórnvöldum í þeim efnum. Ég styð þessa heilbrigðisáætlun en vildi leggja áherslu á þessa þætti.

[17:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nokkur orð vegna þess fyrirvara sem ég hef varðandi heilbrigðisáætlunina. Í heildina er þetta vel unnin áætlun. Mjög margir komu að undirbúningi og kostur þessarar áætlunar miðað við þá fyrri er að það eru sett mælanleg markmið. Hitt má svo aftur deila um hvort þau séu raunhæf eða ekki en þeir sem komu að þessari vinnu reyndu að meta það svo að ekki væru sett óraunhæf markmið og þau eru sett fram í mismunandi vægi og sett eru fram sjö forgangsverkefni sem hægt er að taka undir.

Þó nokkrar ábendingar komu um mikilvæga heilbrigðisþætti sem þyrfti að taka tillit til og m.a. bent á að núverandi áratugur, sem er að hefjast, er áratugur beina og liða og þess vegna viljum við að tekið sé tillit til gigtarsjúkdóma á komandi áratug.

Einnig var bent á að velmeguninni fylgja ýmis vandamál, m.a. er offituvandamál bæði hjá börnum og fullorðnum, og ábending kom um að offituvandamál hefði þurft að vera sem sérstakt forgangsverkefni en þar sem manneldissjónarmið eru í heilbrigðisáætluninni töldum við að offita og átraskanir tilheyrðu þá þeim kafla.

En ég vil taka undir áhyggjur þeirra sem telja að offita barna sé eitthvað sem sé að aukast. Mikið fyrirbyggjandi starf er unnið í því að taka á því vandamáli strax og það væri þá helst gert í ungbarnaeftirlitinu við heilsugæslustöðvarnar. Þá kemur að fyrirvara mínum, að það er gott að setja sér háleit markmið en það þarf þá að hafa úthald að fylgja þeim eftir og það þarf að hafa fjármagn til þess að geta unnið að þeim. Ef við ætlum að efla heilsugæsluna þá þarf að fjölga stöðugildum bæði lækna og hjúkrunarfræðinga, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, sem sannarlega þrengir orðið að, heldur úti um allt land líka og það þurfa að koma fleiri heilbrigðisstéttir að þessu starfi og það hafa verið taldar upp þó nokkrar, eins og iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar, talmeinafræðingar og fleiri mætti nefna.

Eins er kannski er ekki hægt að nefna það sem fyrirvara en mikið vantar á að næg samvinna sé á milli stofnana, að fagþekking nýtist sem skyldi vegna þess að meira samráð vantar. Ég ætla að vona að þessi heilbrigðisáætlun verði til þess að samráð á milli stofnana verði eflt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 2. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1011, nál. 1273 og 1411, brtt. 1274.

[17:51]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á fund sinn frá félögum bifreiðastjóra, frá ráðuneytum og stofnunum og fjölmargar umsagnir bárust til nefndarinnar.

Með frv. er lagt til að lagaákvæði um skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum og lagaákvæði um vöruflutninga á landi verði felld saman í einn lagabálk. Jafnframt er lagt til að gildissvið laganna nái til vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs en um slíkar bifreiðar gilda nú lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995. Fyrir þinginu liggur nú frv. til nýrra laga um leigubifreiðar og er gildissvið þeirra afmarkað í samræmi við þetta frumvarp. Við gerð frv. hefur verið tekið mið af reglum sem settar hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru væntanlegar á því svæði og rúmast innan gildissviðs EES-samningsins.

Í almennum athugasemdum við frv. segir að lögin taki ekki til flutnings á hættulegum efnum þar sem um hann gildi reglugerð nr. 984/2000 sem sett er með stoð í 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Samkvæmt ákvæðum frv. skulu vöru- og efnisflutningar í atvinnuskyni almennt vera háðir sérstöku starfsleyfi. Ekki eru rök til að álykta að flutningar á hættulegum farmi séu undanskildir enda engin heimild í umferðarlögum til að setja reglur um sérstök rekstrarleyfi fyrir slíka flutninga, og ekki er kveðið á um slíkt í umræddri reglugerð.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er til laga um í sérstöku þingskjali og skýrir sig sjálft að því leytinu til.

[17:54]

Frsm. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hlutans á þskj. 1411, 634. mál.

Með frv. því sem er til umfjöllunar eru lögð til ný heildarlög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga.

Minni hlutinn gagnrýnir þá gjaldtöku sem fyrirhuguð er með frv. en samkvæmt núgildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim eru innheimtar, samkvæmt upplýsingum frá samgrn., að meðaltali 3–3,5 millj. kr. á ári. Samkvæmt kostnaðarútreikningum samgrn. mun kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa málaflokks nema um 10,8 millj. kr. árlega og er áætlað að innheimta samsvarandi upphæð með nýjum gjöldum, sbr. 13. gr. frv. Minni hlutinn mótmælir þessari auknu skattheimtu. Minni hlutinn bendir á að þessar auknu álögur munu ekki hvað síst bitna á landsbyggðinni og eru til þess fallnar að auka enn þann mismun sem verið hefur á vöruverði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Minni hlutinn treystir sér ekki til að styðja frv. og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Ásamt mér stendur að þessu nál. hv. þm. Kristján L. Möller.

Það sem við erum fyrst og fremst að vekja eftirtekt á, virðulegi forseti, er sú staðreynd að ætlunin er að breyta fyrirkomulaginu á þann hátt að eigendum fólksflutninga- og vöruflutningabifreiða er ætlað að standa undir öllum kostnaði sem stjórnsýslan hefur af því að sinna þeim. Það sem maður hlýtur að fylgjast mjög náið með er það hvað samgrn. ætlar að skera niður á móti því hér er verið að auka tekjurnar um 6–7 milljónir. Við hljótum því að sjá á móti niðurskurð í samgrn. og það verður fróðlegt að sjá, virðulegi forseti, þegar kemur að fjárlögum, að fylgjast með því hvar skera á niður á móti þegar verið er að leggja auknar álögur á eins og hér er um að ræða.

[17:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. um frv. til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi skrifaði ég upp á það með fyrirvara. Fyrirvarar mínir lúta í megindráttum að sömu atriðum og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur gert grein fyrir.

Það sem ég vil vekja athygli á er að í vinnslu hefur verið samræmd samgönguáætlun og því var lofað á sl. vetri að hún mundi þá koma fljótlega fram, þ.e. fyrir ári á síðasta þingi. Sú samræmda samgönguáætlun hefur ekki enn komið fram. Hins vegar hafa verið kynnt drög að henni eða fyrstu tillögur að þeirri áætlun í samgn. Eðlilegra hefði verið, herra forseti, að sú samræmda samgönguáætlun hefði legið fyrir og síðan væri verið að vinna sig út frá henni í að breyta í veigamiklum atriðum um ekki aðeins stjórnsýslu heldur ýmislegt í fyrirkomulagi þessarar þjónustu því að stjórnsýslulega er verið að flytja þennan málaflokk frá skrifstofu samgrn. og til Vegagerðarinnar. Það er í sjálfu sér heilmikil breyting og fleiri breytingar sem þarna er verið að gera á þannig að eðlilegt hefði verið að þetta hefði verið hluti af samræmdri samgönguáætlun sem hefði átt að liggja fyrir og þetta frv. síðan koma í kjölfarið.

Bæði efnisflutningar úti um land og fólksflutningar eiga alvarlega undir högg að sækja. Ýmiss konar kostnaður er við flutninga, olíukostnaður, skattar og margvísleg gjöld sem eru á bæði efnisflutningum og fólksflutningum úti um land og sérleyfishafar sem halda uppi áætlunarferðum úti um land eiga í miklum erfiðleikum. Hver leiðin á fætur annarri er í mikilli hættu að lokast bæði vegna rekstrarörðugleika og eins vegna þess að brýn nauðsyn er að endurskoða það skipulag sem þessi þjónusta fer eftir.

Ég vil leggja áherslu á það sem mér finnst ekki koma nógu skýrt fram í frv. að það hefði átt að leggja áherslu á að samgöngur sem þessar eru almannasamgöngur, þetta er ekki beint atvinnurekstur, þetta er þjónusta og þarf að taka tillit til þess. Það er að vísu gert á ákveðnum stöðum þar sem gert er ráð fyrir því að enn megi gera samninga og eins konar sérleyfi verði áfram þannig að reynt verði að tryggja áframhaldandi grunnþjónustu í fólksflutningum. Því miður vantar endurskoðun á skipulagi á þessu almannasamgöngukerfi í landinu.

Herra forseti. Einnig er óeðlilegt að láta þessa almannaþjónustu og þennan rekstur standa sjálfan undir margvíslegum umsýslukostnaði því að hann hlýtur að leggjast á neytendur þessarar þjónustu sem verða fyrst og fremst íbúar úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þeir sem nýta sér fólksflutninga með þessum hætti og eins vöruflutninga og efnisflutninga. Mér finnst að þarna hefði átt að gæta miklu meira hófs í gjaldtöku á þeirri þjónustu sem hér um ræðir. Óeðlilegt er að við séum að samþykkja gjöld á hverja þjónustugreinina á fætur annarri og hún eigi að standa undir umsýslugjöldum sínum, það getur ekki annað en bitnað á þeim sem eru þar neytendur og sem eru sérstaklega íbúar í hinum dreifðu byggðum.

Herra forseti. Þetta eru fyrirvarar mínir. Ég vil líka vekja athygli á, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði hér, að þessi gjöld eiga að renna inn til Vegagerðar ríkisins og þar er greinilega verið að stofna nýtt apparat. Þarna er greinilega verið að búa til eins konar nýja stofnun eða nýtt apparat eða deild hjá Vegagerðinni sem á að hafa með höndum fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og ef líka verður

að lögum frv. til laga um leigubifreiðar, sem einnig á að fara þar inn, þá er þar verið að búa til stærðarapparat sem tekur bæði til sín mannafla og fjármagn, svona eftirlitsiðnað. Eftirlitsiðnaðurinn virðist alltaf tútna út á þessum sviðum sem öðrum. Kannski væri vel við hæfi að hæstv. samgrh. hlutaðist svo til um að þessari nýju stofnun eða þessari nýju deild, sem verið er að stofna til hjá Vegagerðinni, verði þá fundinn t.d. staður einhvers staðar úti á landi þar sem þetta er eiginlega nýtt viðfangsefni og mundi þess vegna ekki þurfa að segja upp fólki vegna flutnings heldur er verið að byggja upp nýtt viðfangsefni því að þetta er að stóru leyti bara eftirlitsiðnaður sem þarna er verið að byggja upp og væri ástæða til þess að huga að því.

Þá kemur heldur ekki fram hvað samgrn. sparar við að flytja verkefnið frá samgrn. til Vegagerðarinnar en það hefði átt að fylgja með og væntanlega sjást þess þá merki í fjárlagatillögum samgrn. þegar það kemur til skoðunar á næsta hausti.

Ég ítreka, herra forseti, að margt er gott í þessu frv. og breytingar sem eru gerðar á því eru flestar til bóta en ég vísa til þeirra fyrirvara og athugasemda sem ég hef gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, síðari umr.

Stjtill., 319. mál. — Þskj. 401, nál. 1342, brtt. 1308.

[18:04]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um tillögu til þál. um sjóvarnaáætlun fyrir árin 2001–2004.

Nefndin fékk heimsóknir og álit fjölmargra aðila frá stofnunum og sveitarfélögum.

Samkvæmt 4. gr. laga um sjóvarnir, sem gengu í gildi 1. janúar 1998, skal samgönguráðherra leggja fyrir Alþingi sjóvarnaáætlun til fjögurra ára. Sú sjóvarnaáætlun sem hér er til umfjöllunar er sú fyrsta sinnar tegundar sem lögð er fyrir þingið í formi þingsályktunartillögu.

Áætlunin er í meginatriðum byggð á mati á sjóvörnum hjá þeim sveitarfélögum sem sendu inn erindi en einnig er stuðst við yfirlitsskýrslu um sjóvarnir sem var fyrst birt 1995, en var endurskoðuð 1998 og aftur nú í ár.

Við gerð áætlunarinnar hefur verkefnum verið raðað í forgangsröð og tiltekna forgangsflokka og er til nánari upplýsinga um framangreinda flokkun og forgangsröðun, svo og vinnureglur við úthlutun til verkefna, vísað í athugasemdir með tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[18:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. um till. til þál. um sjóvarnaáætlun, sem hv. formaður samgn. hefur gert grein fyrir, með fyrirvara. Fyrirvarar mínir lúta að því að komið hafa fram óskir frá sveitarfélögum og ýmsum aðilum um meiri framlög og til fleiri verkefna en hér eru talin upp og hafa fengið rúm í þeirri áætlun sem hér er lögð fram.

Þessi áætlun er unnin á þann hátt að nokkuð er vegið saman það fjármagn sem ætlað er til verkefna og síðan eru þær óskir eða beiðnir sem koma felldar að því.

Ég tel að mörg verkefni sem eru brýn hefðu mátt og átt að koma þarna inn í áætlunina. Það er víða vandi vegna ágangs sjávar og brims sem hefði þurft að taka tillit til. En það sem lagt er til í tillögunni eru allt saman góð og gild verkefni og hef ég ekkert út á þau að setja en bendi á að það er miklu meiri þörf og hefði verið ástæða til að þessi málaflokkur fengi meira fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem þarna eru brýn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnaáætlun 2001–2004, síðari umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 412, nál. 1326, brtt. 1309 og 1418.

[18:08]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá samgn. um tillögu til þál. um hafnaáætlun árin 2001–2004.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga aðila frá Siglingastofnun og öðrum stofnunum og fyrirtækjum.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og á landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar í formi þingsályktunartillögu.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er kostnaður við ríkisstyrkta hafnargerð áætlaður 6.652 millj. kr. á árunum 2001–2004. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 2.169 millj. kr. en hlutur ríkissjóðs 4.483 millj. kr., en um 800 millj. kr. af þeirri upphæð er í raun aflað með hinu sérstaka vörugjaldi sem er álag á vörugjöld í höfnum.

Samkvæmt tillögunni koma til framkvæmda á árinu 2001 þau verk sem voru á hafnaáætlun árið 2000 en var frestað um eitt ár vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu. Af þeirri ástæðu eru framkvæmdir mestar árið 2001.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar hefur verið fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir þannig 75% í hafnargörðum, dýpkunum og siglingarmerkjum. Ríkið greiðir enn fremur 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum.

Nefndin vekur athygli á að nú er í gangi vinna við gerð samræmdrar samgönguáætlunar sem nær til hafna, flugvalla og vega og er fyrirhugað að leggja hana fyrir þingið haustið 2002. Jafnframt fer nú fram vinna við endurskoðun hafnalaga og mun hvort tveggja hafa áhrif á hafnaáætlanir í framtíðinni.

Nefndin vill geta þess að nú er unnið að gerð samnings við hafnarsjóð Seyðisfjarðar og Smyril Line um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við nýja ferjuaðstöðu og önnur atriði vegna nýrrar ferjuhafnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar gera ráð fyrir nokkurri hækkun á framlagi ríkisins til hafnarframkvæmda. Stafar sú hækkun að mestu af því að tekin er inn í áætlunina fyrirhuguð stóriðjuhöfn á Reyðarfirði en einnig bætist við nýtt verkefni í Vestmannaeyjum, endurnýjun upptökumannvirkja. Að öðru leyti lúta breytingarnar fyrst og fremst að tilfærslum verkefna innan sveitarfélaga og eru á fyrrgreindu þingskjali.

[18:11]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 748. mál, brtt. SJS, þskj. 1446.

[18:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir nál. og brtt. sem flutt eru við hafnaáætlun árin 2001–2004. Ég rita undir nál. með fyrirvara. Fyrirvarar mínir lúta að ákveðnum atriðum.

Einn fyrirvarinn er sá að eðlilegt hefði verið að samræmd samgönguáætlun hefði legið fyrir þegar verið var að gera hafnaáætlun til svo langs tíma eins og hér greinir. Ég ítreka að afar nauðsynlegt er að þessi samræmda samgönguáætlun komi sem fyrst fram þannig að hægt sé að vinna hvort sem það er hafnaáætlun, áætlun um fólksflutninga eða vöruflutninga á landi eða flutninga á sjó eða í lofti og það komist á hreint áður en í óefni verður komið á sumum þjónustuleiðum hvað þetta varðar.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, herra forseti, að mörg sveitarfélög eru þannig fjárhagslega sett að þau hafa ekki getað ráðist í þær framkvæmdir sem þau hafa þó ætlað vegna þess að þau hafa ekki haft efni á að leggja fram mótframlög sín sem krafist er eða þau eru skuldbundin til í hafnarframkvæmdum hjá sér. Sú staða sem mörg sveitarfélög eru einmitt í hlýtur að valda áhyggjum, þ.e. að geta ekki staðið við eðlilega uppbyggingu og viðhald á höfnum sínum sem eru margar hverjar bæði lífæðar í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga, heldur verða þau ítrekað að fresta framkvæmdum vegna eiginfjárskorts þó svo að framlag ríkisins sé til reiðu.

Þetta tel ég, herra forseti, að eigi að skoða, það eigi að skoða nákvæmlega hvernig sú staða er hjá sveitarfélögunum að takast á við þessi verkefni sín svo fullnægjandi sé.

Annað fyrirbæri lýtur að því að í brtt. er lagt til að undir liðnum Fjarðabyggð bætist við nýtt verkefni sem beri fyrirsögnina „Hraun Reyðarfirði – Höfn fyrir stóriðju." Þessi breyting mun leiða til hækkunar á ríkishluta nýframkvæmda í fyrsta kafla áætlunarinnar. Með leyfi forseta les ég upp hluta af tillögunni:

„...undir liðnum Fjarðabyggð, árið 2002 um 60,5 millj. kr., 337,6 millj. kr. árið 2003 og 68,4 millj. kr. árið 2004 eða alls 466,5 millj. kr."

Það er í sjálfu sér afar ánægjulegt að leggja í framkvæmdir við að byggja upp hafnir vítt og breitt um landið, þannig að það er í sjálfu sér, ef litið er á það afmarkað, mjög gott verkefni. Hins vegar, herra forseti, er því beitt sem röksemd fyrir þeirri höfn sem fæst þar að þetta sé höfn fyrir stóriðju á Reyðarfirði. Því vil ég benda á að ekki liggur fyrir nein ákvörðun um stóriðju á Reyðarfirði. Að vísu er verið að vinna að ýmsum áætlunum þar að lútandi en þar eru flestir þættir í fullkominni óvissu og því algjörlega ótímabært að setja það inn á hafnaáætlun merkta undir höfn fyrir stóriðju. Ég geri athugasemd við þetta.

Eins vil ég minnast 6. lið í þessum tillögum sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lagt er til nýtt verkefni undir liðnum Vestmannaeyjar sem beri fyrirsögnina „Þurrkví". Um er að ræða þurrkví við hlið skipalyftunnar á Eiðinu. Heildarkostnaður er áætlaður 360 millj. kr. og er hlutur ríkisins 60% eða 216 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð verði greidd með fjórum jöfnum afborgunum á árunum 2002–2005. Til greiðslu úr ríkissjóði á áætlunartímabilinu koma því um 162 millj. kr."

Ég ítreka að það er mjög lofsvert og mikilvægt að styrkja hafnarmannvirki alls staðar á landinu og því fer fjarri að hægt sé í þessari hafnaáætlun að bregðast við öllum þeim þörfum og öllum þeim óskum og nauðsynjum, afar brýnum, sem eru til að koma þessu máli í gott lag víða um land. En þarna hefur verið sett og kynnt ákveðin forgangsröðun sem Siglingastofnun hafði gert við undirbúning þessa verks. Þessi liður, „Þurrkví", var þá ekki hluti af þeirri forgangsröðun sem hafði verið kynnt af Siglingastofnun og þessi beiðni eða tillaga kom fram mjög seint eða eiginlega í lok afgreiðslu nefndarinnar á málinu þannig að ekki gafst tími til að óska eftir áliti Siglingastofnunar á því hvar í röðina þetta verkefni ætti að fara miðað við önnur verkefni sem óskir voru um og ekki var hægt að taka inn á áætlun.

Ég vil láta það í ljós, herra forseti, að ég tel að vinnan við hafnaáætlunina eins og hún hefur verið gerð hafi verið góð, ég tel þetta mjög gott vinnulag en fylgja eigi því alveg til enda þannig að þau verkefni sem koma inn til viðbótar í meðförum nefndarinnar eigi jafnframt að fá umsögn Siglingastofnunar og þá geti nefndin metið ásamt Siglingastofnun þá forgangsröðun, ef meira fjármagn er til ráðstöfunar og er bara allt gott um það að segja ef meira fjármagn er til ráðstöfunar til hafnarframkvæmda.

Ég geri engar athugasemdir við það þó að þarna sé gert ráð fyrir þessu til Vestmannaeyja að öðru leyti, ég geri ráð fyrir að þetta sé afar brýn og góð framkvæmd sem þarna er verið að huga að en tel að þetta eigi að fylgja að öðru leyti þeim almennu reglum sem beitt er og farið er eftir við gerð hafnaáætlunar.

Herra forseti. Ég vona að sveitarfélögin vítt og breitt um landið hafi fjármagn til að leggja á móti og takast á við þau verkefni sem hér er lagt til að þau fái, en ég veit að þau þyrftu enn meira fjármagn til.

[18:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef lagt fram brtt. við hafnaáætlun og raunar brtt. samgn. sem hér liggur frammi. Ég hef gert það ásamt samþingmanni mínum, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Brtt. er afskaplega einföld í sniðum og raunar þekkt frá fyrri þingum. Hún gerir ráð fyrir því að fjárveitingum til hafnargerðar af hálfu ríkisins verði veitt til hafnargerðar í sveitarfélögunum Hafnarfirði annars vegar og Kópavogi hins vegar.

Í gildandi lögum nýtur Reykjavík eingöngu ekki styrkja af ríkisins hálfu til móts við viðkomandi hafnir eða hafnasamlög. Á síðari árum, í tíð þessarar ríkisstjórnar, hefur það hins vegar verið þannig og því verklagi verið beitt af einhverjum ástæðum sem aðrir verða að rekja, að sveitarfélög sunnan höfuðborgarinnar hafa verið afskorin með öllu. Það er raunar eingöngu verið að gera upp fyrri samninga við Hafnarfjörð sem þegar voru fyrirliggjandi og greiða skuld ríkissjóðs við Hafnarfjarðarhöfn.

Því var einhvern tíma haldið fram í umræðu þegar þessi ákvörðun var tekin í tíð þessarar ríkisstjórnar að þarna væri um það að ræða að sömu lögmál ættu að gilda um hafnir sunnan Reykjavíkur og hina stóru landshöfn Reykjavík vegna þess að þessar hafnir væru í samkeppni hverjar við aðra og einnig vegna hins að framlegð Hafnarfjarðarhafnar væri það mikil að það réttlætti ekki styrk af ríkisins hálfu.

Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi. Í fyrra tilvikinu, varðandi samkeppni Reykjavíkurhafnar við aðrar hafnir, þá er því ekki til að dreifa. Reykjavíkurhöfn er safnhöfn og um hana gilda sérstök lögmál. Menn þurfa ekki annað en að skoða reikninga þeirrar hafnar til þess að átta sig á því að hún ber höfuð og herðar yfir aðrar hafnir á landinu.

Þegar hins vegar aðrar sterkar og öflugar hafnir vítt og breitt um landið eru bornar saman og framlegð frá rekstri til framkvæmda er skoðuð þá eru fjölmargar hafnir sem betur fer býsna vel settar. Ég nefni Vestmannaeyjahöfn í því sambandi, af því að ég sé hér fyrir framan mig hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Árna Johnsen. Hún er býsna vel rekin höfn og skilar góðri framlegð þegar rekstur er frá dreginn og hefur haft fjármuni til ráðstöfunar til þess að ráðast í brýnar og mikilvægar hafnarframkvæmdir fyrir eigin atbeina. Akureyrarhöfn mætti setja undir sama hatt. Hér á fyrri árum, sérstaklega þegar hæstv. núv. samgrh. var sveitarstjóri, þá skilaði höfnin í Stykkishólmi líka prýðilegri afkomu, ef ég man rétt. Væntanlega hefur það ekki versnað á síðari árum. Vonandi ekki.

Herra forseti. Ef menn ætla að tína út eina eða tvær hafnir og segja sem svo að þær séu það vel reknar eða þær skili svo miklum hagnaði að þær þurfi ekki á styrk af ríkisins hálfu að halda þá liggur í augum uppi að auðvitað er óhjákvæmilegt annað en að menn horfi með jafnræðisregluna að leiðarljósi á aðrar hafnir á landinu. En ég er hræddur um að ekki sé mikill vilji til þess í þessum sal.

Ég neita með öllu að undirgangast það að með einhverjum geðþótta og skringilegheitum skuli einstakar hafnir í landinu vera teknar út úr og því hafnað að þær njóti eðlilegs mótframlags frá ríkinu um þarfa uppbyggingu í viðkomandi höfnum.

Ég árétta að þetta nýja verklag varð fyrst til undir forustu þáv. hæstv. samgrh., Halldórs Blöndals, og síðan hefur núv. hæstv. samgrh. greinilega fylgt þeim ávana fyrirrennara síns eftir.

Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum mínum með að samgn. hafi ekki lagfært þennan lapsus í tillögu ráðherra og lagað þetta í nefndarstarfinu. Fyrir liggja hvað Hafnarfjarðarhöfn varðar umsóknir árum saman. Þar hefur gífurleg uppbygging átt sér stað, uppfyllingar og ný hafnargerð utan sem innan garða. Rétt er að skoða það dálítið í því samhengi, og það muna vafalaust margir, að ekki fyrir margt löngu voru staðsettar kvíar til skipaviðgerða í Hafnarfjarðarhöfn, raunar tvær frekar en ein, og Hafnarfjarðarhöfn lagði í feikimikinn kostnað til þess að skapa þeim aðstöðu, festa þær niður og njörva. Sá kostnaður skipti tugum ef ekki hundruðum milljóna króna. Í því samhengi vekur þetta athygli, herra forseti, að hér er sérstaklega gerð tillaga um að leggja verulega fjármuni til sambærilegra hluta í Vestmannaeyjahöfn upp á fleiri hundruð milljónir króna. Ég spyr: Hvar liggur munurinn í þessu tvennu?

Ég vil taka það alveg skýrt fram að ekki er ég að amast við því eitt andartak að Vestmannaeyjahöfn njóti ríkisstyrks varðandi þessa mikilvægu framkvæmd og aðgerð og styð það heils hugar. Ég tel einfaldlega að jafnt verði yfir alla að ganga í þessu efni og að engar forsendur séu til þess og engin lög standi til þess — það liggur nú alveg í augum uppi — að mismuna höfnum á landinu með þessum hætti. Í hinu nýja umhverfi jafnræðisins og stjórnfestu og strangari laga og reglna í þessu sambandi efast ég satt að segja um að hið háa Alþingi geti gengið þannig um dyr og ganga. Ég stórefa það, þar sem engin lög standa til þess, að geðþóttaákvarðanir af þessum toga geti staðist þau ákvæði sem við viljum vinna eftir og erum að fela öðrum að vinna eftir.

Þetta vildi ég segja. Tillagan sem hér liggur frammi hvað Hafnarfjörð varðar er fyrst og síðast táknræn. Það sjá menn á tölunum. Þær gætu auðvitað verið helmingi hærri eða helmingi lægri. Hér er fyrst og síðast verið að undirstrika það að við þetta verður ekki unað.

Hvað Kópavog áhrærir þá hefur það verið löng og ströng saga og löng barátta. Menn brostu margir í kampinn á árum og áratugum áður þegar Kópavogsmenn voru að leggja drögin að hafnargerð á sínum tíma og töldu litla þörf á slíku. Margir voru efasemdarmennirnir. En af stað fóru þeir fyrir eigin atbeina og þar hefur risið myndarlegt hafnarmannvirki. Ég fæ ekki betur séð en að eftirspurn eftir hafntengdri starfsemi á fastalandinu og uppfyllingum sem þeir Kópavogsbúar hafa gert þar með miklum myndarbrag sé slík að höfnin hafi sannað tilverurétt sinn svo um munar. Nákvæmlega á sama hátt og ég rakti áðan standa engin efnisleg rök til þess að þessi höfn, sú einasta á öllu landinu frá byrjun, njóti í engu stuðnings og styrks ríkisins með eðlilegu mótframlagi. Engin rök standa til þess.

Á sama hátt og ég nefndi áðan gerir tillagan ráð fyrir táknrænum upphæðum. Ég held að ég muni rétt að það hafi einu sinni gerst í meðförum Alþingis að einhverjir fjármunir hafi verið lagðir í Kópavogshöfn. Sennilega eru 15 eða 20 ár síðan og einhverjir smáaurar. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? Jú, jú, það voru lendingarljós. (Gripið fram í.) Nei, nei. Það var hæstv. þáv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen, hygg ég, sem beitti sér fyrir því á þeim tíma. En það er önnur saga og hefur svo sem engin lykiláhrif á þetta. Ég hvet hv. formann samgn. að lesa sér til um þetta. En þetta skiptir nú engu höfuðmáli. Kjarni málsins er sá, og enn frekar undirstrikar það málflutning minn, hafi þetta aldrei gerst, að engin rök standa til þess og engin lög standa til þess. Ég trúi því að Kópavogsbúar muni sækja rétt sinn með einum eða öðrum hætti og ef ekki vill betur þá í gegnum dómstóla. Það kæmi mér ekki á óvart því það eru engin efnisrök, með vísan til jafnræðisreglunnar, að eitt eða tvö sveitarfélög séu tekin innan sviga og skilin þar eftir.

Af þessum ástæðum geri ég þessa brtt. og ég mun fylgjast mjög grannt með. Það er ekki í fyrsta skipti, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, að tillögur af þessum toga hafa verið hér fluttar. Þær hafa verið felldar, því er verr og miður, af núverandi stjórnarmeirihluta og það var auðvitað skráð á spjöld sögunnar. Ekkert síður nú verður fylgst gjörla með því hvernig þingmenn greiða atkvæði sitt um þessa brtt., sýna hug sinn til þessara bæjarfélaga og þeirrar miklu uppbyggingar sem hefur átt sér stað á vettvangi hafnargerðar í þeim báðum. Hafnarfjörður státar af langri sögulegri hefð í hafnsögustarfsemi. Þar hefur verið í gegnum árin, áratugina og aldirnar ein stærsta og öflugasta fiskiskipahöfn landsins. Þar hefur þjónusta við hafnsögustarfsemi breyst í áranna rás, en gegnir enn þá veigamiklu hlutverki í atvinnulífi bæjarfélagsins og raunar stórhöfuðborgarsvæðisins eða

Stór-Hafnarfjarðarsvæðisins alls. Kópavogur er að brjóta í blað og er að hefja leikinn. Höfnin þar er ekki gömul, nokkuð á annan áratug hefur liðið frá því að uppbygging hófst þar.

En kjarni málsins er þessi, herra forseti, og ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég get að öðru leyti stutt þessar tillögur til hafnaáætlunar og þær brtt. sem gerðar eru af hálfu nefndarinnar. En ég vil eindregið krefjast þess að jafnræði ríki í þessu sambandi og að rök og lög standi til þeirra ákvarðana og þeirra tillagna sem að baki liggja.

[18:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og glöggt má sjá af hafnaáætluninni eru nær eingöngu framlög vegna fiskihafna. Þróunin hjá okkur í flutningum á landinu og með ströndinni hefur verið sú að nánast allir flutningar innan lands hafa verið að færast á vegina og vöruhafnirnar hafa orðið í langstærstum þáttum tvær á Íslandi, þ.e. Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn. Raunar fara nokkrir flutningar um Akureyrarhöfn en þar á hefur orðið heilmikil breyting.

Það skýrir fyrst og fremst hvers vegna ekki er fjárveiting til uppbyggingar vöruhafnarinnar í Hafnarfirði umfram Reykjavíkurhöfn. Við getum ekki gert upp á milli þessara tveggja hafna, Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar, sem eru að keppa um völuflutningana. Í ljósi þess að sú þróun hefur orðið hjá okkur, hvort sem okkur þykir það gott eða vont, að flutningarnir hafa farið á landið og síðan milli landa um Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn verðum við að gæta jafnræðis. Ég vil beina orðum mínum til jafnaðarmannsins Guðmundar Árna Stefánssonar sérstaklega: Finnst honum eðlilegt þegar aðallega er um tvær útflutningshafnir að ræða á Íslandi að önnur fái ríkisstyrk en hin ekki? Ég segi nei.

[18:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má snúa hlutum á hvolf og gera það með orðum. Ég er ekki með reikninga þessara tveggja hafna, Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar, við hliðina á mér en ef ég man rétt ætli það sé ekki tífaldur munur á umsetningu þeirra þannig að virk samkeppni milli þessara hafna er ekki til staðar. Reykjavíkurhöfn ber ægishjálm yfir allar aðrar hafnir á landinu og það sýnir afkoma hennar og öll umsýsla. Þetta eru ekki gild rök, þessi virka samkeppni er ekki til staðar eins og samgrh. vill vera láta.

Samgrh. heldur því fram að hér sé meginátakið á fiskihafnir. Það kann vel að vera að sú áherslubreyting hafi orðið þó finna megi ýmislegt annað í þessari hafnaáætlun en framkvæmdir við fiskihafnir og gerði ég hér skipaviðgerðir að sérstöku umtalsefni. Ég vil rifja það upp að kvíin á Akureyri var styrkt, að vísu í tíð fyrirrennara hæstv. samgrh., sem hittist nú þannig á að er þingmaður Akureyrar og Norðurlands eystra. Nú á að fara sömu leiðina með þurrkví í Vestmannaeyjum. Það hittist þannig á að formaður samgn. býr þar. En á sama tíma eru tvær kvíar í Hafnarfirði sem engan stuðning hafa fengið. Ég spyr: Hvar liggur jafnræðið í þessu? Hvernig á virk samkeppni á jafnræðisgrundvelli að geta verið á milli þessara aðila? Ég vil varpa þeirri spurningu þráðbeint á hæstv. samgrh. Hann veit auðvitað betur, hafandi verið í forustusveit Hafnasambandsins forðum daga og hann þekkir þetta eins og fingurna á sér og þarf ekki að vera að leggja þetta mál upp með öðrum hætti en það er.

[18:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að Reykjavíkurhöfn ber ægishjálm yfir aðrar íslenskar hafnir. Mjög stór hluti af tekjum Reykjavíkurhafnar er af eignarleigu og hafa tekjurnar gert yfirburði hennar svo mikla. Reykjavíkurhöfn hefur feiknarlega mikið land og dýrmætt land við miðju höfuðborgarinnar, leigir það út, leigir m.a. samgrn. húsnæði o.s.frv., þannig að það eru tekjur sem sú höfn hefur af fleiru en flutningaþjónustunni.

Engu að síður er Reykjavíkurhöfn langstærst en sem betur fer, segi ég og undirstrika það, veitir Hafnarfjarðarhöfn Reykjavíkurhöfn mjög góða samkeppni, m.a. á forsendum þjónustu og aðstöðusköpunar. Hafnfirðingar hafa staðið mjög myndarlega að uppbyggingu á hafnarsvæði sínu og það ber að þakka fyrir það og meta og vekja athygli á því.

En ástæðurnar, eins og ég gat um, eru fyrst og fremst þær að við erum hér með tvær hafnir hlið við hlið sem eru að keppa og í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið þegar völuflutningarnir á sjó eru að leggjast að langmestu leyti af annars staðar á landinu verðum við að taka tillit til þess og varast að skapa mjög óeðlileg samkeppnisskilyrði.

Vegna þess að talað var um upptökumannvirki hafa sveitarfélög og hafnarsjóðir komið með ýmsum hætti inn með stuðning við skipasmíðafyrirtækin. Við vitum m.a. að í höfuðborginni kom Reykjavíkurborg með einum eða öðrum hætti til móts við fyrirtæki sem eru í þjónustu við útgerðina (Forseti hringir) og ekki er tími til þess af minni hálfu að rifja það upp en margt hefur verið gert til þess að styðja við bakið á skipasmíðaiðnaðinum með einum eða öðrum hætti. Eyjamenn standa á alveg sérstökum tímamótum og ég tel að það sé mikilvægt að styrkja þá starfsemi sem þar er.

[18:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir með hæstv. samgrh., það ber að styðja skipasmíðaiðnaðinn og skipaviðgerðir á alla lund. En það verður að gera það samkvæmt eðlilegum leikreglum. Það er það sem hefur ekki gerst og það er það sem ég vil leiðrétta þannig að menn njóti sannmælis og jafnræðis í þeim efnum.

Hins vegar ætla ég ekki að elta ólar við þetta, herra forseti. Ég ætla bara að rifja upp litla sögu frá fyrri tíð.

Ég sagði það áðan í fyrra andsvari mínu að hæstv. ráðherra hefði á árum áður verið formaður Hafnasambandsins, Sambands íslenskra hafna, og hann var einnig sveitarstjóri í Stykkishólmi. Það er ekkert launungarmál og ég man þá tíma ósköp vel og hæstv. ráðherra gerir það líka, að á þessum Hafnasambandsþingum og þegar menn voru hér að reyna að ná samkomulagi um svona mat í hafnaáætlun gerðist það gjarnan og það var mikill þrýstingur í þá veru á milli dreifðari byggða, dreifðari hafna eða úti í dreifbýlinu, og Reykjavíkurhafnar að koma Hafnarfirði út. Ég man að ég sem bæjarstjóri í Hafnarfirði stóð í miklu stappi út af þessu.

Það tókst ekki þá en það var ekki fyrr en í tíð þessarar ríkisstjórnar sem menn létu höggið ríða. Auðvitað fylgdumst við með því í Reykjaneskjördæmi, í hinu nýja Suðvesturkjördæmi, hvernig horft var til þessara sveitarfélaga eins og þau væru annars flokks. Það er kjarni málsins og með því verður fylgst.

[18:38]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafnaáætlunin er einhver sýnilegasti liður fjárlaga til jöfnuðar á Íslandi. Þeir sem eru á móti jöfnuði verða að gera það upp við sig en til þess er leikurinn gerður.

Forgangur hafna á höfuðborgarsvæðinu er margfaldur á við hafnir landsbyggðarinnar og það eru staðreyndir, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh. Hafnir á Reykjavíkursvæðinu hafa getað ráðist í stórvirki án þess að spyrja kóng eða prest og það er vel. Vegna mikilla tekna og vegna mikilla möguleika hafa þær gert það. Allar aðrar hafnir landsins hafa verið algjörlega háðar hafnaáætlun.

Varðandi endurnýjun upptökumannvirkja í Vestmannaeyjum kemur það ekkert stjórnmálum við. Mikil áföll urðu á síðustu missirum í Vestmannaeyjum í atvinnurekstri — sem enginn valdi sér — og mikil óhamingja. Í ljósi þess urðu Vestmannaeyingar að stokka upp spilin og bregðast við. Eitt af því var að taka til endurnýjunar upptökumannvirkin sem Hafnarsjóður Vestmannaeyja á og var reyndar fluttur til Vestmannaeyja í eldgosinu 1973 sem framlag Viðlagatryggingar en Hafnarsjóður Vestmannaeyja var látinn borga þau og hefur um langan tíma verið erfið byrði. Nú er komið að endurnýjun og er gripið til þess eftir nokkurra ára skoðun. Þetta er hagkvæmasta leiðin sem var valin, ódýrasta leiðin til að tryggja þarna eðlilegt viðhald og eðlilega stöðu skipaviðgerða í stærstu verstöð landsins í yfir 100 ár.

Þetta vildi ég að kæmi fram því að ástæðulaust er að gera það á nokkurn hátt tortryggilegt.

[18:40]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alveg ástæðulaust af hálfu hv. þm. Árna Johnsens að setja á varnarræðu vegna upptökumannvirkja í Vestmannaeyjum. Ég tók það þráfaldlega fram að ég gerði engar athugasemdir við þá tillögu og styddi hana. Því eru engin efni til þess að halda því fram að ég hafi verið að gera þá tillögu tortryggilega á einn eða annan veg.

Það sem ég sagði var að það væri eðlilegt með jöfnuð í huga að eitt og hið sama ætti yfir alla að ganga. Það er kjarni máls. Ég hugsa að ég þekki hugtökin jöfnuður og jöfnunaraðgerðir ekkert síður en hv. þm., en menn gera það bara ekki eftir geðþótta. Menn gera það eftir fyrirskrifuðum leikreglum og með kalt höfuð og heitt hjarta.

Staðreyndin er nú sú, herra forseti, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að kannski hefur þetta samspil ríkis og sveitarfélaga varðandi hafnargerð gert það að verkum að of mörg slys hafa orðið varðandi hafnargerð í gegnum árin. Menn hafa verið að ráðast í fjárfestingar sem hefur ekki verið nógu mikið vit í. Ég ætla ekki að fara að rekja hér dæmi, menn þekkja þau hringinn í kringum landið.

Einmitt af því að hæstv. ráðherra nefndi það áðan að nú væri aðaláherslan á fiskihafnir þá þekkjum við það til að mynda af Norðurlandi þar sem miklir fjármunir fóru einmitt í að reisa viðlegukanta og fara í umfangsmikla dýpkun vegna stærri skipa, vegna strandflutninga, sem síðan ekkert varð úr. Þar liggja óbættir hjá garði sennilega tugir eða hundruð milljóna króna. Einmitt þetta samspil hygg ég að hafi orðið til að menn hafi stundum ráðist í framkvæmdir sem þeir hefðu ella ekki ráðist í. Það er sennilega hin kalda og nöturlega staðreynd málsins.

Kjarni málsins er sá að ef menn ætla að beita tækjum til jöfnunar verða þau tæki að vera gagnsæ og þau verða að lúta lögmálum réttlætis.

[18:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sit í hv. samgn. og við afgreiðslu á hafnaáætlun sem lá fyrir nefndinni og var þar til meðferðar, sem er að mínu mati metnaðarfull hafnaáætlun þar sem verið er að reyna að taka á mörgum þáttum og það er vel, þ.e. ef menn eru sáttir og sammála þessu fyrirkomulagi sem hafnaáætlunin byggist um. Ég ætla kannski síðar að fá að leyfa mér að efast um að þetta sé akkúrat rétta fyrirkomulagið.

Í ljósi þessa þá gerði ég fyrirvara við þessa hafnaáætlun og það er tvennt sem ég vil sérstaklega gera fyrirvara við. Í fyrsta lagi segir í 6. lið áætlunarinnar:

„Lagt er til nýtt verkefni undir liðnum Vestmannaeyjar sem beri fyrirsögnina „Þurrkví". Um er að ræða þurrkví við hlið skipalyftunnar á Eiðinu. Heildarkostnaður er áætlaður 360 millj. kr. og er hlutur ríkisins 60% eða 216 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð verði greidd með fjórum jöfnum afborgunum á árunum 2002–2005. Til greiðslu úr ríkissjóði á áætlunartímabilinu koma því um 162 millj. kr."

Sem sagt u.þ.b. 53 millj. á ári í hafnaáætlunina. Ég get í rauninni tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hér áðan, að það er gott og vel og það þarf að byggja upp hafnirnar, við getum öll verið sammála um það, en ef við lítum nú þegar til þess skipaiðnaðar sem er í landinu þá er hann núna á tveimur stöðum. Það er flotkví í Hafnarfirði, tvær flotkvíar, stór og lítil, sem hafa ekki verið ríkisstyrktar að einu eða neinu leyti, og síðan er skipakví fyrir norðan sem hefur notið ríkisstyrkja.

En ef maður lítur einfaldlega á skipaiðnaðinn í heild þá leyfi ég mér að efast um að rétt sé að fara út í hreina og beina ríkisstyrkta skipakví. Það vilja allir styðja við hvort sem það eru Vestmannaeyjar eða aðra bæi landsins en ég leyfi mér hins vegar að efast um að rétt sé að fara þessa leið, að koma í rauninni á fót ríkisstyrktum skipaiðnaði í Vestmannaeyjum.

Að þessu lýtur fyrri fyrirvari minn, herra forseti. Ég hef til að mynda ekki séð neina rekstraráætlun með hafnaáætluninni og í tengslum við þessa þurrkví í Vestmannaeyjum eins og í raun segir til um í lögum um opinberar framkvæmdir, að fyrir eigi að liggja m.a. fjárhagsáætlun, annars vegar hvað fer í fjárfestingar og hins vegar í rekstur. En þetta er held ég það sem þarf þá að huga betur að að mínu mati.

Þegar þessu breytta fyrirkomulagi á hafnaáætlun var komið á á sínum tíma var ein meginröksemd þess að hafnir á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega og síðan fyrir sunnan höfuðborgina, Kópavogur og Garðabær, fengu ekki þessa styrki, að samkeppni á höfuðborgarsvæðinu hefði leitt til nægjanlegs framboðs á hafnarmannvirkjum til að leysa þarfir viðskiptavina. Það er kannski gott og blessað. Ég er einfaldlega ekki sammála þessari fullyrðingu og að hægt sé að réttlæta þetta þegar litið er yfir þetta svæði, Reykjavík og síðan þessar hafnir fyrir sunnan borgina. Við skulum átta okkur aðeins á fjárhæðunum, herra forseti. Fjárhæðirnar sem við erum að tala um samkvæmt hafnaáætlun og þeim breytingum sem síðan hafa gerðar á henni eru töluverðar. Hlutur ríkisins er a.m.k. 5 milljarðar og kominn vel yfir 5 milljarða eða 5.000 millj. kr. Hvað fara margar krónur einmitt á þetta svæði hér? Hvað fara margar krónur á hafnaáætlun næstu ára á þetta svæði? Engin króna.

Herra forseti. Þegar verið er að tala um samræmda samgönguáætlun og að litið verði heildstætt á málin þá verð ég að segja að þetta geti engan veginn samræmst þeirri hugsun. Þá komum við einmitt að þeirri röksemd að samkeppni á

höfuðborgarsvæðinu hafi leitt til þess að nægilegt framboð sé af hafnarmannvirkjum á svæðinu. Ég er eindregið sammála því sem hefur komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að engan veginn sé hægt að bera saman Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn, og hvað þá Kópavogshöfn, og setja þær allar undir sama hattinn. Í mínum huga gengur það ekki upp.

Af hverju gengur það ekki upp? Nú, ef bara er litið á samanburð á tekjum hafna á árinu 1999 þá er Reykjavíkurhöfn með 39% af heildartekjum hafna. Hafnarfjörður er með rúmlega 7%. Síðan koma aðrar hafnir eins og Hafnasamlag Norðurlands með 5,5% og Vestmannaeyjar með rúmlega 5%. Ég sé ekki að það mikill munur sé t.d. á Hafnarfirði og Hafnasamlagi Norðurlands eða Vestmannaeyjum að hann geti réttlætt það að segja bara: Út með Hafnarfjörð. Út með Kópavog. Þetta er allt undir sama hattinum og á að fylgja Reykjavík.

Ef við skoðum tekjuskiptinguna þá hefur verið nefnt að Hafnarfjörður væri líka vöruflutningahöfn alveg eins og Reykjavík. Það er rétt. Hafnarfjörður er vöruflutningahöfn. En hún er ekki alveg eins og Reykjavík því að Hafnarfjörður byggir tekjur sínar, veltu, mjög mikið á aflagjöldum. En hvað er prósentuhlutfall af aflagjöldum í Reykjavík hátt? 5%. Hlutur aflagjalds í Reykjavík er 5%.

Ég ætla ekki að fara út í það að öðru leyti að ræða beint Reykjavík hér. Það sem skiptir máli er að Hafnarfjörður er að mínu mati ekki í beinni samkeppni við Reykjavík heldur við aðrar hafnir á landinu öllu. Því tel ég að mjög erfitt að rökstyðja það að ekki fari króna af þessum 5.000 milljónum á þetta svæðir.

Síðan er í Kópavogi allt önnur tegund af höfn og náttúrlega engan veginn samanburðarhæf við Reykjavík í samkeppni. Það er bara allt önnur tegund af höfn og hafnarstarfsemi sem þar fer fram. Það hallar mjög á Kópavogsbúa sem hafa verið að byggja þarna upp ákveðna tegund af hafnarmannvirkjum. Því er ekki hægt að setja hana undir þann sama hatt sem um er sagt að samkeppni á höfuðborgarsvæðinu hafi leitt til þess að nægjanlegt framboð sé á hafnarmannvirkjum til þess að leysa þarfir viðskiptavina, punktur, basta.

Herra forseti. Fyrirvarar mínir lúta því að þessu. Þegar ég skoða þetta í heild og lít yfir þá fyrirvara sem ég hef verið að setja þá hlýt ég að spyrja mig: Er þetta rétta leiðin til þess að byggja upp hafnirnar? Ég leyfi mér að efast um að þetta sé akkúrat rétta leiðin. Ég vil hvetja hæstv. samgrh. til þess að drífa í endurskoðun á hafnalögum. Í nál. segir m.a. og það hefur verið upplýst að ætlunin sé að leggja fram ný hafnalög í haust. Þá sé ég fyrir mér mun meira frelsi, m.a. í gjaldskrám á milli hafna. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir þessar stóru hafnir að aukið frelsi verði leyft í gjaldskrám hafna.

Síðan er hitt atriðið að ég held að það sé líka mikilvægt, herra forseti, að kanna hvort ekki sé hægt að fá virðisaukaskatt sem er greiddur af framkvæmdum við hafnarmannvirki felldan niður eða endurgreiddan. Ég vil geta þess að við uppbyggingu síðustu ára, m.a. á öldubrjótnum í Hafnarfirði, hafa verið greiddar 200–230 millj. kr. í virðisaukaskatt í ríkiskassann.

Ég held að ég hafi gert grein fyrir því af hverju ég setti fyrirvara við þessa hafnaáætlun, herra forseti.

[18:53]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning hjá síðasta hv. ræðumanni sem benti á að skipasmíðar og skipaviðgerðir væru bara á tveimur stöðum á landinu. Það er mikill misskilningur og er ástæða til að hvetja hv. þm. til þess að kynna sér skipasmíðastöðvar á landinu öllu.

Það eru til að mynda skipasmíðastöðvar á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum, Akranesi, Njarðvík, svo nokkrir helstu staðirnir séu nefndir. (**Gripið fram í:** Stykkishólmi.) Já, Stykkishólmi og víðar. Þetta eru góðar skipasmíðastöðvar. Þetta er spurning um að gefa þeim sem eru í eigu viðkomandi sveitarfélaga og hafna færi á að halda sér við og endurnýja á eðlilegan hátt. Þetta kemur ekkert því við hvort verið er að tala um ríkisstyrki til ákveðinna verkþátta. Þetta eru mannvirki sem eru í eigu viðkomandi sveitarfélaga og því hluti af búskap landsins. Ég vil biðja hv. þm. að taka tillit til þess í málflutningi sínum.

[18:54]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirgefðu, hv. þm., ef mér hefur orðið á í messunni við að telja nákvæmlega (Gripið fram í.) upp hvað skipasmíðastöðvarnar eru margar, herra forseti. Engu að síður fer ég ekkert ofan af því að í Vestmannaeyjum, þar sem verið er að koma á fót nýrri þurrkví, þar sem verið er að borga 53 milljónir á ári, er verið að ríkisstyrkja skipasmíðaiðnað sem berst í bökkum í dag. Ég spyr: Af hverju er réttlætanlegt að styrkja þessa framkvæmd í Vestmannaeyjum ef það hefur til að mynda ekki verið gert í Hafnarfirði? Hvar er jafnræðið þar?

[18:55]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætti að vera kunnugt um það að einkaframkvæmdir eru ekki styrktar á hafnaáætlun. Það munar því. Þar velja menn sjálfir kostina og eiga kvölina og völina.

Líka má benda á að Reykjavíkurhöfn hefur verið að styrkja skipasmíðaiðnaðinn á sínu svæði með kaupum á mannvirkjum, styrkja verulega ákveðna þætti í skipasmíðum og skipaviðgerðum. Sama má segja til að mynda um Hafnarfjarðarhöfn. Hafnarfjörður hefur mjög góðar tekjur af höfninni í Straumsvík, verulegar og umtalsverðar tekjur sem eru á sinn hátt styrkur sem tengist beint hafnarmannvirkjunum á (Gripið fram í.) því svæði.

[18:56]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég las áðan upp og bar saman tekjur hafna árið 1999 og þar inni í er Straumsvík. Hafnarfjörður er með rúm 7%, Vestmannaeyjar með rúm 5%, Reykjavík 39%.

Ég einmitt fagna því mjög að það skuli vera einkaframkvæmd í Hafnarfirði. Ég hefði ekkert út á þessa framkvæmd að setja í Vestmannaeyjum ef hún væri einkaframkvæmd. En þarna er einfaldlega verið að niðurgreiða samkeppni, samkeppni við einkaaðila sem er að framkvæma mjög merka skipastarfsemi í Hafnarfirði. Þar er einkaaðili. En í Vestmannaeyjum og á öðrum stöðum er um ríkisstyrkta framkvæmd að ræða.

[18:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var afar fróðlegt að hlýða hér á deilur hv. þm. Sjálfstfl. þar sem þeir deildu mjög hart um það hvert peningarnir sem fara til hafnaáætlunarinnar skuli renna.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hér fór fram þá held ég, virðulegi forseti, að alltaf sé að verða skýrara og skýrara að

nauðsynlegt sé að gera landið að einu kjördæmi því að umræða af þessum toga þar sem menn eru að deila um og togast á um, hver frá sínum hreppi, hvert fjármunirnir skuli renna, er í sjálfu sér að mínu viti ekki hinni pólitísku umræðu til nokkurs framdráttar. Ég lít því fyrst og fremst svo á að þessi deila, sem snýst um það hvort Reykjavík, Hafnarfjörður eða Kópavogur fái einhverja peninga eða ekki, dragi einfaldlega fram að mikilvægt sé að gera landið að einu kjördæmi. Ég held að þessi deila hafi sýnt okkur fram á það enn frekar og betur.

[18:58]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega þessum orðum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og ábendingum hans um að gera landið að einu kjördæmi. Hann hlýtur því að sjá þá miklu þörf sem er líka á suðvesturhorninu, á höfuðborgarsvæðinu, fyrir ákveðnu framlagi einmitt á hafnaáætlun. Hann getur því ekki annað en verið sammála mér í því að það er óskiljanlegt að af þessum 5.000 milljónum sem fara í hafnaáætlun skuli ekki króna fara hingað, sérstaklega ef hann hugsar til landsins í heild.

[18:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það að deila má um það að þær hafnir sem hér hafa verið nefndar fái ekki fjármagn. Það breytir ekki hinu að alltaf verður vandmeðfarið að útdeila þessu fé.

En í raun er kannski ekki við þann sem hér stendur að sakast því að fyrst og fremst erum við hér að tala um stefnu ríkisstjórnarinnar. Fyrrv. hæstv. samgrh. byrjaði á því að þessar hafnir fengju ekki framlög. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS): Nei, nei, nei.)

Og sá sem nú situr heldur þessu áfram. Ég ætla því ekki að setja mig í þau spor að verja hér stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar og ef hv. þm. er henni ósammála þá getur hann látið það koma fram í atkvæðagreiðslu.

[19:00]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta undirstrikar í raun það sem ég sagði áðan varðandi fyrirvara mína. Ég tel að það verði að skoða þessi mál upp á nýtt og ég bind miklar vonir við þá endurskoðun sem hæstv. samgrh. ætlar að ráðast í og leggja í haust fram frv. til nýrra hafnalaga. Ég held að það sé mjög mikilvægt til þess að þessar hafnir fái aukið frelsi, að aukið frelsi verði í gjaldskrám og, eins og ég sagði áðan, að þær hafnir sem eru í stórvirkum hafnarframkvæmdum fái virðisaukaskattinn felldan niður af þeim framkvæmdum.

[19:01]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á þessa umræðu milli deifbýlisþingmanna um hvernig eigi að fara með fé til hafna og að rétt sé að gjaldskrá hafna verði frjáls. Yfirleitt er þá ráðist á Reykjavíkurhöfn. Sem formaður hafnarstjórnar Reykjavíkurhafnar í átta ár þá mótmæli ég þeim orðum sem hv. þm. lét falla, að Reykjavíkurhöfn hefði gert allt til þess að leggja stein í götu framkvæmda í Hafnarfjarðarhöfn. Það er vitleysa.

Vandamálið er tvenns konar. Í fyrsta lagi gjaldskrá hafna, þ.e. fiskiskip greiða ekki rétt gjald miðað við þá þjónustu sem þau fá í höfnunum. Í annan stað er það náttúrlega bindingin við Hafnamálastofnun, að geta ekki framkvæmt nokkurn skapaðan hlut öðruvísi en að allar framkvæmdir þurfi að fara þar í gegn. Þegar spurt er: Hver er verðskrá þessa ríkisfyrirtækis sem á að vera leiðandi fyrir hina dreifðu byggð? Þá er því til að svara að það er leitað út í bæ og spurt hvað verkfræðistofur taka fyrir þessa vinnu. Þeir aðlaga sig því verði.

Fiskiskipaflotinn borgar ekki rétt gjald fyrir þá þjónustu sem hann er að kaupa. Hún er niðurgreidd af hálfu ríkisins.

[19:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef eina spurningu og tvær athugasemdir við ræðu hv. þm. Í löngu máli lýsti hv. þm. þeirri stefnu sem birtist í hafnaáætlun og sagði í lokin að hún hefði miklar efasemdir um þessa stefnu. Herra forseti, ég fagna því og ég deili með henni áhyggjum af stefnunni sem boðuð er af hv. þm. Árna Johnsen og hæstv. samgrh.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að það gengi ekki að vera að setja peninga í skipaiðnað í Vestmannaeyjum því að það væri ríkisstyrktur skipaiðnaður. Seinna í máli hv. þm. kom í ljós að það væri allt í lagi að gera það, ef það væri í Hafnarfirði. Það kom fram í máli hv. þm. og ómögulegt að skilja það öðruvísi.

Allt um það, herra forseti. Sú litla spurning sem mig langar til þess að varpa fram til hv. þm. er þessi: Í ljósi fyrirvara hennar við framlag til kvíarinnar í Vestmannaeyjum, mun hún þá greiða atkvæði gegn því hér í þinginu? Það kom ekki fram í máli hennar.

[19:03]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ég hafi sagt að það væri allt í lagi að Vestmannaeyjar fengju þetta fjármagn ef Hafnarfjörður fengi það líka. Ég er á öndverðri skoðun við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Ég tel að það sé ekki rétt að fara þá leið. Ég er á móti því að það sé verið að styrkja samkeppnisiðnað á Íslandi. Það eru einkaaðilar sem reka skipaiðnað í Hafnarfirði. Þeir starfrækja þar mjög góðan og merkilegan skipaiðnað en hann berst í bökkum og það er erfitt að reka slíka starfsemi.

Ég tel afar óeðlilegt að setja fjármagn frá ríkinu í þessa þurrkví í Vestmannaeyjum á þessum forsendum.

[19:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. mætti vera að því að hlýða á mál mitt, gleymdi ekki hv. þm. einu smáatriði í ræðu sinni? Ég spurði hana spurningar. Gleymdi hún ekki að svara henni?

Spurningin var þessi: Mun hv. þm., í ljósi fyrirvarans sem hún lýsti, greiða atkvæði gegn framlaginu til Eyja?

[19:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. og formaður Samfylkingarinnar veit þá reyna þingmenn hvers kjördæmis iðulega að ná samkomulagi um hvernig eigi að haga framkvæmdum þegar um samgöngumál er að ræða. Það náðist því miður ekki í þessu tilviki. Engu að síður er ljóst að athugasemdir mínar við hafnaáætlun lúta að því að ég tel, í ljósi þeirra athugasemda sem ég gerði áðan, alveg skýrt að fara þurfi í endurskoðun á hafnalögum. Þetta er óeðlileg aðferð sem hér er viðhöfð.

[19:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð varðandi hafnaáætlun. Mig langar til að lýsa sérstakri ánægju minni með áætlunina varðandi tvær hafnir á Austurlandi.

Í fyrsta lagi, varðandi breytingar á höfninni í Vopnafirði, sem koma í sjálfu sér ekki inn í áætlunina sem hækkaður kostnaðarliður vegna þess að framkvæmdaáætlun hefur verið breytt. Ég vil lýsa því yfir að breytingar sem þar á að gera á höfninni eru mjög til bóta og eiga eftir að gjörbreyta allri aðstöðu þar.

Eins varðandi Seyðisfjörð, þá er dýpkunin á höfninni þar fyrir ferju ekki bara fyrir Seyðfirðinga. Það er mikilvægt fyrir okkur öll að geta tekið á móti stórri ferju, sem áfram kemur til Seyðisfjarðar eftir að þessar breytingar verða gerðar. Þar á sér stað bæði dýpkun og eins hafnarframkvæmdir.

Ég hefði gjarnan viljað sjá hafnaraðstöðu við Lagarfljót fyrr en hér kemur fram. Ég geri þó í sjálfu sér engar athugasemdir við það. Það hefur mikil áhrif á uppbyggingu fyrir ferðaþjónustuna að hafa Lagarfljótsorminn, eins og við köllum ferjuna á Lagarfljóti. Það er nauðsynlegt að byggja þar myndarlega í kring þannig að hægt sé að halda áfram að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu.

Ég vil einnig minnast á höfnina á Hrauni í Reyðarfirði en þar er lagt fé til hafnar fyrir stóriðju. Herra forseti. Ég vil gera fyrirvara við tímasetninguna og það að þar skuli hvergi koma fram nokkur fyrirvari varðandi byggingu álversins sem höfnin á að þjóna. Ef maður les þessa áætlun þá á að hefja framkvæmdir árið 2002 án þess að það sé bundið því að af byggingu álsvers á Reyðarfirði verði.

Aðvörunarorð mín eru ekki ástæðulaus því að þegar er hafin brúargerð inn í Fljótsdal sem eingöngu tengist þessum fyrirhuguðu stórframkvæmdum. Þetta er brú sem þarf að bera mikinn þunga vegna fyrirhugaðra þungaflutninga en gæti verið fyrir venjulega fólksbíla annars, ætti þetta bara að vera eðlileg samgöngubót inn í Fljótsdal, þ.e. ef ekki kæmi til fyrirhuguð stóriðja. Það voru settir miklir fyrirvarar við að byrja á brúnni inn í Fljótsdal þegar unnið var að matsáætlun. Það er ekki farið eftir því. Það er ekki búið að taka endanlega ákvörðun um hvort af þessari stóriðju og stórframkvæmdum verði á Austurlandi. Áður en slík ákvörðun er tekin tel ég að það eigi ekki að fara í svo kostnaðarsamar framkvæmdir sem höfn við Hraun og brú inn í Fljótsdal. Ég tel að það eigi að bíða eftir að ákvörðun sé tekin, ganga frá því og fara síðan í viðhlítandi aðgerðir. Bæði eru þetta dýrar framkvæmdir og lagðir vegir þar sem þeir þurfa ekki að vera.

Herra forseti. Ég vil að þetta komi hér fram. Verði tekin ákvörðun um að reisa álver og fara í þessar stórframkvæmdir þá fylgja því þessi mannvirki og ekkert við því að segja, ef ekki þá er alger óþarfi að setja peninga í þetta.

Varðandi umrædda þurrkví í Vestmannaeyjum þá vil ég taka fram að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að sett sé upp þurrkví í Vestmannaeyjum. En ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru varðandi það að koma þurrkvínni inn á hafnaáætlun. Ég tel óeðlilegt að gera fyrirvaralaust ráð fyrir svo stórum framkvæmdum inn í áætlun, sérstaklega gagnvart öðrum sem verða að vinna sína heimavinnu, undirbúa málið vel, leggja inn umsóknir og fara í gegnum ákveðið ferli. Það verður að meta það hvort þessi framkvæmd sé arðbær og hvort hún eigi rétt á sér. Það þarf að forgangsraða öllum verkefnunum, í fyrsta lagi með tilliti til þess hversu mikilvæg viðkomandi framkvæmd er í samanburði við aðrar framkvæmdir og láta það falla undir þennan heildarpott, þá heildarupphæð sem við höfum. Mér finnst þetta vanvirðing gagnvart öðrum sem sótt hafa um framlög og verða að hlíta því að fara eftir reglum. Þetta er ekki fyrsta framkvæmdin sem er sett inn á síðustu stundu og þarf því ekki að fylgja sömu reglum og almennt tíðkast.

Ég ætla vona að Vestmanneyingar njóti góðs af og þetta verði til að efla starfsemi í Vestmannaeyjum og styrkja þar byggð. Það má ekki taka orð mín þannig að ég mótmæli þurrkvínni sem slíkri. Ég mótmæli eingöngu vinnubrögðunum sem viðhöfð eru.

[19:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mjög en það er tvennt sem mig langar til þess að reifa.

Mig langar í fyrsta lagi, út af ræðu hv. þm. Þuríðar Backman og fyrirvara hv. þm. Jóns Bjarnasonar við nál. um hafnaáætlun, að taka fram að mér finnst það umhendis hjá hv. þingmönnum að styðja hafnaáætlun þegar það liggur fyrir að eitt af því sem gert er ráð fyrir að byggt verði í krafti hennar er stóriðjuhöfn við Reyðarfjörð. Það liggur fyrir að hv. þm. eru á móti álverinu á Reyðarfirði og mér finnst ákaflega skrýtið, og vil segja það hér, og merkilegt að hv. þm. Jón Bjarnason skuli samt sem áður fylgja nál., þó að hann sé með fyrirvara. Hér er um það mikið mál að ræða að ég hefði talið að hv. þm., til þess að afstaða hans í þessu máli væri alveg skýr, hefði átt að leggja fram sérálit. En það er auðvitað hans mál hversu djúpt afstaða hans í því máli ristir.

Aðalatriðið sem ég vildi þó ræða, herra forseti, er örlítil spurning sem ég varpaði áðan til hv. þm. Þorgerðar K. Gunnarsdóttur. Ég spurði hana í ljósi þeirrar ágætu ræðu sem hún flutti áðan, hvernig hún mundi greiða atkvæði um tiltekið atriði. Hv. þm. lýsti í nokkuð góðu máli af hverju hún væri andvíg því að veita fé á fjárlögum til að styðja skipakví í Vestmannaeyjum. Ég spurði hv. þm. í ljósi fyrirvarans hvort hún mundi þá fylgja þessu eftir með því að greiða atkvæði gegn viðkomandi fjárveitingu. Hv. þm. svaraði mér ekki svo ég endurtók spurningu mína í síðara andsvari mínu og hv. þm. svaraði mér ekki.

Hins vegar kvartaði hún undan því að hv. þm. Árni Johnsen hefði vanrækt hefðbundið samráð í þessum efnum. Það er auðvitað mjög slæmt ef svo hefur verið. Það skiptir samt ekki meginmáli. Mig langar bara að spyrja hv. þm. og mun halda aðra ræðu ef ég þarf: Mun hún greiða atkvæði gegn þessari tilteknu fjárveitingu? Ég spyr vegna þess að mál hennar var svo loðið að þessu leyti.

[19:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að skynsamlegt hefði verið fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að lesa hafnaáætlunina, þó ekki hefði verið nema bara nál. sem henni fylgir, áður en farið er að gera athugasemdir.

Hafnaáætlunin fjallar um hafnir vítt og breitt um landið og aðeins einn liður í hafnaáætluninni, sem er í sjálfu sér ekki stór í þessu heildardæmi, fjallar um höfn á Reyðarfirði, höfn fyrir stóriðju á Reyðarfirði. Það hefði því verið alveg fráleitt fyrir undirritaðan að gera athugasemdir ef hann er í megindráttum sammála öllum öðrum þáttum sem þar eru komnir fram fyrir utan þessi atriði sem hann gerði grein fyrir í ræðu sinni áðan, að þá hefði það verið heldur skrýtið. Þess vegna er eðlilegt að ritað sé á það með fyrirvara og síðan

gerð grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég tel að ég hafi gert með afar skýrum hætti ef hv. þm. hefur heyrt það.

Einnig vil ég benda hv. þm. á það, sem ég held að hann hafi ekki lesið, að þó svo að ég hafi lýst því yfir að ég væri ósammála því að þarna væri tekin inn á þessu stigi höfn á Reyðarfirði, bundin við stóriðju, þá er það svo að ekki er gert ráð fyrir fjármagni til hennar fyrr en á árinu 2002, þannig að fjármagn til þeirrar framkvæmdar er bundið í fjárlög sem við þurfum að samþykkja í haust eða á næsta ári. Því er ekki verið að skuldbinda fjármagn á árinu 2001. Við þurfum ný fjárlög til að þessi áætlun verði í rauninni virk. Ég vil bara benda hv. þm. á að þetta eru alveg fullkomlega eðlileg og ábyrg vinnubrögð sem hér eru viðhöfð.

[19:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur nú í tvígang á minna en sólarhring reynt að gera það tortryggilegt, sem er alvanalegt hér, að þegar í hlut á mál sem þingmenn styðja í öllum aðalatriðum en einhver einstök efnisatriði valda því að þeir hafa fyrirvara á um sinn stuðning að þeir láti þess þá getið og það sé gjarnan gert með því að hafa fyrirvara í nál. og greina svo frá því í ræðum að þeir hafi fyrirvara á um stuðning við útfærslu tiltekinna hluta eða eitt einstakt atriði í stóru máli sem þeir að öðru leyti eru tiltölulega sáttir við.

Það kemur mér á óvart ef skortur á þingreynslu veldur því að hv. þm. kannast ekki við þetta, og að hv. þm. skuli hér ítrekað reyna að gera slíkt tortryggilegt. Það vekur líka athygli mína að í bæði skiptin áttu í hlut þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson í gær og nú hv. þm. Jón Bjarnason. Ég vona að það sé ekki svo að formaður Samfylkingarinnar sé sérstaklega að reyna að gera sér leik að því að gera það tortryggilegt að menn gangi frá afstöðu sinni til mála með þessum hætti, sem er alvanalegt, ótal dæmi um, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri að afhjúpa mikla vanþekkingu og mikið reynsluleysi í sambandi við frágang mála ef þetta kemur honum á óvart og hann hefur ekki áttað sig á því að þetta er mjög venjulegt.

Hinu trúi ég auðvitað alls ekki upp á hv. þm. að honum gangi eitthvað annað og verra til. Miklu frekar væri það þá stráksskapur sem hv. þm. réði ekki við og þá skal að sjálfsögðu taka það alveg áreitnislaust ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson er í óvenju ríkri þörf fyrir að gera að gamni sínu og hafa hér eitthvað út úr hlutunum í þeim efnum, þá er það út af fyrir sig í góðu lagi og við höfum breið bök til að vera honum til aðstoðar í þeim efnum. En ég ákvað að láta hv. þm. Össur Skarphéðinsson verða varan við það að ég hef tekið eftir þessu.

[19:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki í hvorum okkar er meiri galsi, mér eða hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Mér finnst það næstum því farsakennt að hv. þm. skuli koma hingað upp bara til þess að láta þingheim vita að hann hafi tekið eftir því að tilteknir þingmenn hafi verið að segja ákveðna hluti í ræðum sínum.

Ég skal að vísu fúslega viðurkenna það að eftir tíu eða ellefu ára dvöl hér á þessum stað er margt sem ég hef ekki lært og margt sem ég hef ekki vitað um. Í þessu tiltekna dæmi finnst mér þetta samt sem áður umhendis að hv. þingmenn Vinstri grænna eru að styðja þingmál, í þessu tilviki hafnaáætlun, í hinu tilvikinu var um að ræða leyfi til raforkuöflunar. Í bæði skiptin tengjast þingmálin því að ráðast á í stóriðju. Látum vera með þetta tiltekna mál þar sem hér er um að ræða eitt lítið þrep í langri áætlun um hafnargerð. Hitt málið, fyrst hv. þm. kemur með það inn í umræðuna, var auðvitað talsvert óðruvísi vegna þess að þá var um það að ræða að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lýsti því beinlínis yfir að hann vissi að það ætti að fá orku úr Nesjavallavirkjun til þess að aðstoða við að stækka álverksmiðju á Grundartanga. Það þótti mér ákaflega merkilegt, svo ekki sé meira sagt, og verð að segja að mér finnst sú afstaða skrýtin. Eins og ég sagði gagnvart hv. þm. Jóni Bjarnasyni og auðvitað mega hv. þm. Vinstri grænna taka það eins og þeir vilja, kannski bara sem vinsamlega ábendingu, að ég hefði í þeirra sporum, miðað við afstöðuna sem þeir hafa til stóriðju, ekki gert þetta svona. Þá hefði ég að sjálfsögðu skilað — og sérstaklega í málinu sem hér var til umræðu í gær — séráliti og verið á móti.

[19:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar olli mér nokkrum vonbrigðum því að mér fannst hún benda til þess að hann hafi ekki verið að gera að gamni sínu og þetta hafi ekki verið græskulaust af hans hálfu heldur alvörutilraun til þess að reyna að gera afstöðu þessara þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tortryggilega og lesa einhverjar óeðlilegar mótsagnir út úr því hvernig þeir kjósa að setja hér mál sín fram. Í hvorugu tilvikinu tel ég að það sé nokkur minnsta ástæða til þess.

Ég held að við eflum ekki andann hér meðal okkar og bræðralagið í stjórnarandstöðunni með því að fara út í slíkt og allra síst að við forustumennirnir ættum að vera í því. Ég bendi hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á að við höfum ekki verið í því, og hefðu þó verið ærin tilefnin til, hvernig Samfylkingin hefur t.d. birst hér í afstöðu sinni í mörgum málum, verið bæði með og á móti að selja Landssímann og bæði með og á móti að selja bankana og fleira í þeim dúr. Við látum það algjörlega kyrrt liggja, það er mál Samfylkingarinnar að útskýra hvernig hún vill standa að málum og ég tel að við þingmenn Vinstri hreyfingarinanr – græns framboðs séum líka fullfærir um að gera það í þessum tilvikum. Það er fullkomlega eðlilegt að standa svona að málum þegar í hlut á tiltekin framkvæmd sem tengist öðrum hlutum sem eru umdeildir og við kunnum að vera á móti, eins og álveri og virkjun á Austurlandi. Rísi þau á hinn bóginn þarf auðvitað þessa höfn við Reyðarfjörð og þá kemur hún. Fyrirvarinn tengist einnig því að það sé þá ekki vaðið af stað í þær framkvæmdir fyrr en ljóst er, hvort sem menn voru samþykkir eða ekki samþykkir álverinu, að það sé að rísa. Skilur hv. þm. það ekki að menn gangi þá frá afstöðu sinni með þessum hætti vegna þess að þetta er inni í hafnaáætlun sem að öðru leyti er ágæt samstaða um af okkar hálfu og tekur til tuga framkvæmda ef ekki hundruða á næstu fjórum árum sem allar eru hinar bestu og þörfustu framkvæmdir og þó meira væri?

Þetta liggur algjörlega í hlutarins eðli að menn neita sér ekki um að styðja mál af þessu tagi sem þeir eru í aðalatriðum sáttir við og vilja tryggja framgang, eins og hafnaáætlunina, og gera þá grein fyrir því að þeir hafi fyrirvara gagnvart einstökum atriðum.

[19:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. veit að mér er ákaflega mikið í mun að efla samstöðuna í stjórnarandstöðunni. Mér hefði aldrei komið til hugar að fara í þessar ræður mínar ef ég hefði vitað að það hefði raskað taugakerfi hv. þingmanna Vinstri grænna — og ég tala nú ekki um hins virðulega formanns — svo mjög. Ég ætla því ekki að hafa þessa ræðu lengri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, síðari umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 769, nál. 1197.

[19:25]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, frá samgn.

Tilgangur þáltill. er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda. Með tillögunni er stefnt að sameiginlegu átaki allra þeirra aðila sem að öryggismálum sjófarenda koma undir forustu Siglingastofnunar. Í samræmi við þetta er stefnt að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004. Þá skal samgrh. samkvæmt tillögunni leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir 1. apríl ár hvert.

Áætlun sem þessi hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi áður. Nefndin telur mikilvægt að unnið sé markvisst að öryggismálum sjófarenda og fagnar því tillögunni í heild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), síðari umr.

Stjtill., 619. mál. — Þskj. 992, nál. 1249 og 1250.

[19:27]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem samþykktar voru á þingi aðildarríkja hans í London í apríl 1998 en þær lúta að breytingum á rekstrarformi.

Með breytingum á rekstrarformi INMARSAT er stofnað nýtt fyrirtæki, Inmarsat Ltd., sem mun gefa út til stofnunarinnar sérstakt hlutabréf sem veitir henni neitunarvald gegn ákveðnum tegundum breytinga á samþykktum fyrirtækisins. Við stofnun hins nýja félags fá undirritunaraðilar upphaflegs rekstrarsamnings INMARSAT hlutabréf í fyrirtækinu sem samsvarar fyrri eignarhlut þeirra í stofnuninni. Með hliðsjón af þeirri þörf sem talin er vera fyrir sameiginlegt eftirlit ríkisstjórna verður aðaltilgangur stofnunarinnar að tryggja að fyrirtækið Inmarsat Ltd. uppfylli skyldur sem á því munu hvíla um að veita þjónustu í sambandi við alheims- neyðar- og öryggiskerfi fyrir siglingar og að fyrirtækið fari að ákveðnum grunnreglum. Utanríkisráðherra fer með hagsmuni og umboð íslenskra stjórnvalda innan INMARSAT-stofnunarinnar í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. meiri hlutans rita Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara, og Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

[19:29]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég skila minnihlutaáliti og það varðar það að ég tel að ekki sé farið alveg rétt í að ganga frá þátttöku Íslendinga í þessu samstarfi úr því að þessar breytingar eru þarna að verða eða áorðnar og hefði auðvitað fyrst átt að taka afstöðu til þess hvort fulltrúar Íslands á vettvangi þessa samstarfs INMARSAT vildu gera þessar breytingar að einkavæða reksturinn og má nú segja að fátt er mönnum heilagt því þetta kerfi var nú byggt upp af opinberum aðilum til þess að tryggja fjarskipti, alheims-, neyðar- og öryggiskerfi fyrir siglingar og hefur þjónað tilgangi sínum vel. Íslendingar gerðust aðilar að því fyrir rúmum áratug og eiga í þessu fyrirtæki eða þeim búnaði og þeim rekstri sem þarna er.

En menn fundu náttúrlega út úr því að það væri alveg lífsnauðsynlegt að einkavæða þetta eins og alla aðra skapaða hluti en rákust hins vegar á að það væri nú kannski dálítið glannalegt að gera það alveg sisvona, henda þessu í hendurnar á einhverjum einkaaðilum, og skildu þar af leiðandi eftir inni í fyrirtækinu, hinu einkavædda fyrirtæki kvaðir, einhvers konar hlutabréf má segja, sem er þekkt fyrirbæri og leggur kvaðir á herðar hinu einkavædda fyrirtæki. Og INMARSAT-samstarfið, sem eftir mun standa sem milliríkjasamstarf, samtök eða stofnun, getum við sagt, hefur með tilteknum hætti íhlutunarrétt í reksturinn hjá hinu einkavædda fyrirtæki.

Og þá er að því að hyggja, herra forseti, að þarna eru inni nokkrar eignir sem verða stofnfé hins nýja einkavædda fyrirtækis og hér hefur verið valin sú leið að láta fyrirtækið Landssímann hf. halda þeim eignarhlut. En nú háttar einmitt þannig til þessa dagana, herra forseti, að við erum að ræða um einkavæðingu á því hinu sama fyrirtæki líka, sem fer þá með eignarhald Íslendinga, ríkiseignina, sem varð til á sínum tíma í gegnum ríkisfyrirtækið Póst og síma, færast yfir í hið einkavædda fyrirtæki, Landssímann.

Um þetta hef ég efasemdir og ég hefði talið að hyggilegra hefði verið eða a.m.k. hefði átt að skoða það rækilega að ganga þannig frá þessu að íslenska ríkið ætti þá eignaraðildina að INMARSAT hf. auk þess að taka þátt áfram í INMARSAT-samstarfinu eða INMARSAT-stofnuninni.

Með vísan til þessa, herra forseti, og þeirra ráðagerða að einkavæða Landssímann, sem því miður lítur út fyrir að verði að veruleika innan skamms ef Alþingi ber ekki gæfu til að fella það mál eða stöðva afgreiðslu þess, þá get ég ekki stutt þetta mál.

[19:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli í umræðunni um Landssímann, einmitt því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að tala um hér áðan og að því lýtur fyrirvari okkar við nál. sem hér liggur, þ.e. að við erum ekki sammála því að það eigi að selja þennan hlut með Landssímanum. Aftur á móti er ekki frá því gengið í þessu plaggi sem hér er til afgreiðslu heldur er frá því gengið í frv. um söluna á Landssímanum. Þar hefði þurft að skilja þetta frá.

Ég vildi bara útskýra það hér þannig að það félli ekki niður þó að búið hafi verið að segja frá því hvernig málum var háttað í umræðunni um Landssímann. Mér finnst satt að segja að full ástæða sé til þess að gagnrýna þessa aðferð og tel að menn hefðu átt að leggja það á sig að koma þessu fyrir með því að taka þetta út úr Landssímanum þegar það mál var tekið til umfjöllunar og undirbúnings. Það hefur ekki verið gert og ég gagnrýni það og á því er fyrirvari okkar byggður að við erum ekki sátt við þessa gjörð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, síðari umr.

Stjtill., 655. mál. — Þskj. 1033, nál. 1365.

[19:34]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins og 3. viðbæti við samninginn sem kallaður er OSPAR-samningurinn.

OSPAR-samningurinn hefur það að markmiði að vernda umhverfi Norðaustur-Atlantshafsins. Um er að ræða rammasamning sem skiptist upphaflega í meginhluta, fjóra viðauka og tvo viðbæta. Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði en í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1335.

[19:36]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Umræða hefur farið vaxandi um að endurskoða beri framkvæmd viðskiptabanns á Írak. Kemur þar margt til. Aðstæður almennings í landinu eru mjög bágar. Þótt heldur hafi horft til hins betra samkvæmt skýrslu aðalritara Sameinuðu þjóðanna frá í mars sl. á það aðeins við um hluta landsins. Ástandið stendur í stað eða fer versnandi annars staðar. Á sama tíma er upplýst að stjórnvöld í Írak láta verulega fjármuni liggja óhreyfða sem fengist hafa innan ramma verkefnis Sameinuðu þjóðanna „olía fyrir matvæli" og ætlaðir eru til kaupa á mat og lyfjum. Ljóst er einnig að stjórnvöldum í Írak hefur tekist með margvíslegum hætti að veikja þetta verkefni og jafnvel draga sér fé í tengslum við það.

Þau þjóðarbrot sem orðið hafa verst fyrir barðinu á harðstjórn Saddams Husseins, shía-múslimar í Suður-Írak og Kúrdar í Norður-Írak, hafa af því þungar áhyggjur að verði við skiptabanninu aflétt muni ofsóknir Íraksstjórnar á hendur þeim magnast. Eftir að eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna urðu að hverfa frá Írak 1998 er ekkert fylgst með því á vegum samtakanna hvort eða hvernig yfirvöld í Írak virða samþykktir þeirra.

Endurskoðun framkvæmdar viðskiptabanns á Írak er því vandasamt verk. Hún hlýtur að beinast að því að leita leiða til þess að beina aðgerðunum enn frekar að því að koma í veg fyrir að ógnarstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi heimshlutans.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að styðja frumkvæði Norðmanna á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að framkvæmd viðskiptabanns á Írak verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna beinist enn frekar að því að hindra að harðstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi á svæðinu.

Alþingi fagnar stuðningi ríkisstjórnar Íslands við frumkvæði Norðmanna og hvetur hana til að stuðla að áframhaldandi framgangi málsins á alþjóðavettvangi."

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Magnús Stefánsson, Árni Ragnar Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Þetta mál hefur árum saman verið mikið átakamál hér í þingsalnum. Stafar það augljóslega af því annars vegar að undir járnhæl harðstjórans hefur neyð almennings verið mikil í Írak og ekki á hana bætandi, enda hefur það ekki verið tilgangur aðgerða Sameinuðu þjóðanna. Á hinn bóginn hafa svo aðgerðir Sameinuðu þjóðanna beinst gegn einum spilltasta og glæpsamlegasta einræðisstjóra samtímans, einræðisstjóra sem hefur purkunarlaust aukið neyð almennings í þeim tilgangi að draga máttinn úr Sameinuðu þjóðunum og grafa undan samstöðu aðildarríkja öryggisráðsins. Þetta hefur gerst á sama tíma og harðstjórinn reisir sér og sínum glæsihallir.

Hreyfing hefur komist á endurskoðun viðskiptabannsins að frumkvæði Norðmanna innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Utanrrh. hefur lýst yfir eindregnum stuðningi ríkisstjórnar Íslands við viðleitni Norðmanna. Utanrmn. hefur leitast við að ná saman um breytingu á þáltill. þannig að tillögutextinn endurspegli sameiginleg viðhorf nefndarmanna til málsins. Það hefur tekist og vil ég færa meðnefndarmönnum mínum í nefndinni þakkir fyrir þá vinnu, öðrum fremur

hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, en við tveir höfum unnið að þessu máli einna mest í nefndinni.

[19:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil í fáeinum orðum þakka félögum mínum í utanrmn. undir forustu formanns utanrmn., Tómasar Inga Olrichs, sem hér talaði áðan, fyrir samstöðuna sem tókst um afgreiðslu þessa máls. Mér þykir vænt um það að eftir þá löngu sögu sem þetta mál á orðið hér í þinginu og ítrekaðan endurflutning þessarar tillögu, sem sennilega hefur verið hér á einum sjö þingum, skuli hún að lokum fá afgreiðslu í þessu formi. Ég er sáttur við afgreiðslu málsins. Ég er sáttur við orðalag tillögunnar og tel að þar hafi náðst góð málamiðlun. Það sem fyrir mér hefur vakað allan tímann er, í ljósi bágs ástands og bágra aðstæðna alls almennings, að þessir hlutir yrðu endurmetnir og reynt að leita leiða hvað varðar framkvæmd þessara aðgerða sem síður bitnuðu á lífskjörum almennings og aðstæðum, enda hörmulegar fyrir eins og hér kom fram áðan.

Ég flutti fyrir nokkrum árum tillögu svipaðs eðlis á vettvangi Norðurlandaráðs og hún naut þá allvíðtæks stuðnings, náði að vísu ekki afgreiðslu en var hins vegar talsvert til umfjöllunar. Málin voru þá skoðuð, m.a. út frá almennum grundvallarviðmiðum um beitingu tækja í alþjóðastjórnmálum af þessu tagi og ýmis vandamál sem því eru samfara. Það er ákveðið svið hins alþjóðlega réttar sem er nú mjög til umræðu og mér þykir líklegt að framhald verði þar á þannig að menn muni á komandi árum leita leiða til þess að betrumbæta viðskiptaleg tæki sem lið í alþjóðastjórnmálum og því að knýja fram úrbætur á sviði mannréttindamála eða á öðrum sviðum þar sem menn telja slíkra þörf. En ljóst er að beiting þessara tækja er vandasöm og getur birst í ýmsum afleiðingum sem ekki eru allar jákvæðar.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum fagna því að nú hillir væntanlega undir það seint og um síðir að einmitt þetta gerist sem tillagan gengur út á og hefur alla tíða gengið út á. Nýjustu fréttir eru þær að Bandaríkjamenn og Bretar hyggist nú sjálfir leggja fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, væntanlega í og með vegna þeirrar hreyfingar sem Norðmenn með sínu nýfengna sæti í öryggisráðinu hafa komið á málin, tillögu um breytingu á þessum aðgerðum sem ganga mjög í þá átt sem hér er reifuð af utanrmn. í nál., þ.e. að leita leiða til þess að beina aðgerðunum markvissar að því að hindra að ógnarstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni enn frekar en nú er stöðugleika á þessu svæði, ef hægt er að tala um stöðugleika því að hann er víst ekki mikill um þessar mundir, alla vega ekki ef litið er til svæðisins í heild, samanber hinar hörmulegu fréttir frá Ísrael og Palestínu þessa dagana.

Að allra síðustu vil ég segja að það var mikið gleðiefni að Norðmenn skyldu með stuðningi hinna Norðurlandanna ná sínu sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég held að þeir hafi nú þegar sýnt þar með störfum sínum að smáþjóðir geta haft mikil áhrif og geta komið hlutum á hreyfingu. Þeim hafa þegar verið falin mörg mikilvæg og ábyrgðarmikil verkefni í tengslum við setu sína í öryggisráðinu og það verður fróðlegt Íslendingum að fylgjast með hvernig þeir hlutir ganga fyrir sig, ekki síst í ljósi þess að við höfum sett stefnuna á að taka sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í fyrsta sinn ef við fáum til þess brautargengi að nokkrum árum liðnum.

Herra forseti. Ég lýsi enn á ný ánægju minni með að þeirri löngu baráttu sem í þessu máli hefur staðið hér af minni hálfu er að nú að ljúka farsællega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:45]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólanám fyrir þroskahefta, 702. mál, svar menntmrh., þskj. 1447.

Frestun vegaframkvæmda, 724. mál, svar samgrh., þskj. 1454.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (kærunefnd, afskriftir, vanskil o.fl.). — Þskj. 998, nál. 1265, brtt. 1266.

[19:45]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannsson frá félmrn., Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði og Herdísi Einarsdóttur frá varasjóði viðbótarlána.

Nefndinni bárust einnig umsagnir frá sex aðilum.

Með frv. er lagt til að verksvið kærunefndar húsnæðismála verði rýmkað. Aðrar breytingar frumvarpsins eru þær að heimildir Íbúðalánasjóðs til að afskrifa veðlán í sérstökum tilvikum eru rýmkaðar. Þá er úrræðum fólks sem er í vanskilum við Íbúðalánasjóð fjölgað og sveitarfélögum fengin heimild til að yfirtaka áhvílandi lán á innleystum íbúðum sem ákveðið hefur verið að breyta í leiguíbúðir.

Nefndin telur rétt að geta þess að afskriftarheimild stjórnar Íbúðalánasjóð skv. 3. gr. frv. á eingöngu við um mjög sérstök tilvik. Ákveðið nær þannig ekki til tjóns sem íbúðareiganda verður um kennt, tjóns sem þriðja aðila er skylt að bæta íbúðareiganda eða tjóns sem íbúðareigandi gat firrt sig með kaupum á venjubundnum tryggingum, svo sem vegna bruna-, vatns- eða foktjóns, og skiptir þá ekki máli hvort hann er með fullnægjandi tryggingavernd. Með sama hætti nær ákveðið ekki til tjóna af völdum náttúruhamfara sem Viðlagatrygging Íslands bætir, svo sem vegna eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla og snjó- eða vatnsflóða.

Þar sem meginhlutverk varasjóðs viðbótarlána er að bæta það tjón sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána og tengds kostnaðar þykir nefndinni rétt að stjórn Íbúðalánasjóðs leiti samþykkis stjórnar varasjóðs til að afskrifa útistandandi veðkröfur viðbótarlána, og leggur nefndin til breytingu þar að lútandi.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem lýtur að þessu atriði.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara um að leggja fram breytingartillögur.

Undir nál. rita sú sem hér stendur, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon, auk þess sem ég áður nefndi, Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara, og Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

[19:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom hér fram hjá hv. formanni félmn. þá skrifum við, sú sem hér stendur og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, undir þetta nál. með fyrirvara og leggjum til tvær brtt. á þskj. 1266.

Fyrirvarinn hljóðar svo:

„Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 95% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 95% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.

2. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997, tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 4. málsl. að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga."

Þessar brtt. eru í samræmi við þáltill. sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram og var mælt fyrir í þinginu í vetur og hæstv. félmrh. tók undir þær tillögur sem þar komu fram og er hér verið að gera sambærilegar breytingar við þetta frv. til laga um húsnæðismál. Að öðru leyti tökum við undir og styðjum þær greinar sem í þessu frv. eru.

[19:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Nokkur orð og ég ætla ekki að tefja neitt með þessari spurningu en vildi nota tækifærið við þessa umræðu og leggja eina fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. um leið og ég fagna því frv. sem ráðherrann hefur flutt og er komið til lokaafgreiðslu í þinginu.

Nokkuð hefur verið rætt um það í vetur að gera þurfi átak varðandi leiguíbúðir og við þekkjum langa biðlista eftir leiguíbúðum, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Ráðherra hefur rætt um að grípa þurfi til aðgerða og hefur nefnt í því sambandi svipaðar leiðir og eru í brtt. sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir mælti fyrir og er í tillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði. Þessar tillögur má líka finna í skýrslu sem ráðherrann hefur lagt fram sem unnin var m.a. með aðild fulltrúa Alþýðusambandsins, ef ég man rétt, þar sem settar voru fram leiðir, m.a. um það að koma þyrfti til móts við háa vexti á leiguíbúðum annaðhvort með vaxtaendurgreiðslum eða stofnstyrkjum svo og húsaleigubótum sem tryggja að leigukjör fari ekki yfir ákveðið hlutfall af stofnverði íbúðar þannig að leigjendur verði jafnsettir og þeir voru þegar lánskjörin voru 1% af lánum til leiguíbúða.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra, þar sem við erum að ljúka þingstörfum, hvað líði þeim efndum um að komið verði á þessum stofnstyrkjum þannig að hægt sé að auka framboð af leiguíbúðum og hvort við megum eiga von á því á næstunni þannig að hægt sé að fara í það átak sem ráðherrann hefur boðað varðandi leiguíbúðir.

[19:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Talandi um biðlista eftir leiguíbúðum þá eru þessir biðlistar ekki nýir. Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar, upplýsti fyrir nokkru um biðlista og bar saman biðlistana núna og mig minnir 1992. Biðlistar eftir þriggja herbergja íbúðum hafa styst verulega síðan þá, biðlistar eftir tveggja herbergja íbúðum líka, en þó eru þeir of langir. Ef ég man rétt eru þeir 23 mánuðir eftir tveggja herbergja íbúðum en 12 mánuðir eftir þriggja herbergja eða stærri, sem forseti borgarstjórnar taldi eðlilegan biðtíma, þ.e. eftir stærri íbúðum.

Það er alveg ljóst að það vantar leiguíbúðir á höfuðborgarsvæðinu og reyndar víðar um land. Við höfum gengið frá viljayfirlýsingu sem við undirrituðum fyrir u.þ.b. hálfum mánuði með lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði um sérstakt átak til byggingar leiguíbúða, 600 leiguíbúða á næstu fjórum árum. Einnig gerðum við samkomulag við Búseta um 300 leiguíbúðir. Nú bætast við 500 leiguíbúðir á ári en þar á ofan ætlum við að bæta við 600 á næstu fjórum árum í sérstöku átaki.

Búseti tekur að sér að byggja og reka fyrsta áfangann af þessu, þ.e. 300 íbúðir og það verk er að fara í gang. Borgaryfirvöld leggja til viðeigandi lóðir og við ætlumst til þess að borgaryfirvöld greiði fyrir því bæði að láta lóðir með sanngjörnum kjörum og ef svo er þá hafi þau tilvísunarrétt í einhvern hluta af íbúðum sem þarna koma til með að rísa. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt samkomulag og mjög mikilvægt átak og á von á því að leigumarkaðurinn komist í betra lag við þetta. Jafnframt eru uppi hugmyndir hjá einkafyrirtækjum að fara að byggja og reka leiguíbúðir og ég veit um a.m.k. fjögur fyrirtæki sem eru að hugleiða það að fara að byggja og reka leiguíbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Ég á því von á því að þetta færist í betra horf.

Feiknagóður gangur hefur verið í félagslegri uppbyggingu húsnæðis síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa og búið er að veita mjög mikið af viðbótarlánum til tekjulágra og það eru komnar líklega á þriðja þúsund íbúðir með viðbótarlánum. Sem betur fer virðist fólk ráða við þessi viðbótarlán eða þó lánað sé upp í 90% því að vanskil við Íbúðalánasjóð eru minni en þau hafa verið áður og um síðustu áramót var einungis um 1% lána í vanskilum sem er ágætur árangur.

Varðandi framtíðarfyrirkomulag á vaxtagreiðslum eða félagslegri fyrirgreiðslu til leiguíbúða er ekki komin endanleg niðurstaða í það mál. Það eru viðræður við fjmrn. Ég hef sótt á það að skattur af húsaleigubótum verði felldur niður, það er til umræðu. Hækkun húsaleigubóta er til umræðu svo og stofnstyrkir. Jafnframt er líka til umræðu niðurgreiðsla vaxta sem við höfðum reyndar áhuga á að minnka í áföngum. Vextir til leiguíbúða eru núna 3,9% og ég hef von um að það þurfi ekki að hækka þá í bili og e.t.v. verður sú leið farin að vextirnir verði eitthvað þar í kring til frambúðar og vextir á eldri lánum til leiguíbúða verði ekki hækkaðir.

Í því frv. sem hér er verið að afgreiða er líka opnuð heimild til að sveitarfélög breyti innlausnaríbúðum í leiguíbúðir án þess að greiða upp lánin, þ.e. að stjórn Íbúðalánasjóðs fær heimild til að láta lánin standa út lánstímann. Meðalvextir á þessum lánum eru 1,5% og meðallánstími sem eftir er eru 34 ár, og síðan mundi Íbúðalánasjóður lána á þeim vöxtum sem eru núna, 3,9%, og vonandi áfram það sem á vantar til að ná 50 ára lánstímabilinu. En niðurstaða í endanlegt fyrirkomulag aðstoðarinnar er ekki komin.

[20:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt er þetta gott og blessað sem hæstv. ráðherra nefnir og vissulega eru þetta skref í áttina sem ráðherra lýsir hér. En það er alveg ljóst, herra forseti, að það er alveg sama hvort byggðar eru 200 íbúðir, 600 leiguíbúðir, eins og

ráðherrann nefnir, eða 1.000 íbúðir, ef leigukjörin eru slík að enginn getur getur staðið undir þeim. Það er fyrst og fremst, eins og við þekkjum, lægst launaða fólkið sem á skjól í þessum leiguíbúðum. Það sem skiptir öllu máli við að stytta biðlistana, eins og ráðherrann nefnir, eru þessir stofnstyrkir og hvort skattur verður felldur niður af húsaleigubótum.

Í skýrslu hæstv. ráðherra kemur fram að greiða þurfi niður sem samsvarar 2–3 millj. á hverja einustu tveggja til þriggja herbergja leiguíbúð sem kostar svona 7–8 millj., til þess að ekki þurfi að hækka leiguna og leigjendur verði jafnsettir eins og þegar vextirnir voru 1%. Það er þetta fyrst og fremst sem skiptir máli. Hæstv. ráðherra nefnir að hann sé í viðræðum við fjmrn. um það mál þannig að málið hefur raunverulega ekki skýrst frá því við ræddum það síðast. Það sem ég var fyrst og fremst að leita eftir við ráðherrann var einmitt hvort við værum nokkuð að sjá til lands í því að þessir stofnstyrkir kæmu eða vaxtaniðurgreiðsla sem samsvaraði því að leigukjör þyrftu ekki að hækka.

Ég spyr hæstv. ráðherra í lokin hvort við megum eiga von á því á næstu vikum að þetta skili sér vegna þess að þetta er það sem fyrst og fremst skiptir máli til þess að við sjáum breytt ástand á leigumarkaðnum.

[20:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona sannarlega að við náum landi í þessu máli alveg á næstu vikum. Ég átti í þessari viku fund með hæstv. fjmrh. þar sem við fórum yfir þessi mál. Við erum að bíða eftir ákveðnum útreikningum frá Þjóðhagsstofnun um það hvernig mismunandi kostir komi út og ég vænti þess að við náum þarna lendingu sem endist til frambúðar.

Vissulega er rétt að húsaleiga hefur farið upp úr öllu valdi hér í borginni, reyndar ekki hjá Félagsbústöðum. Þar er hámarksleiga, ef ég veit rétt, 42 eða 45 þús. kr. á mánuði fyrir þriggja til fjögurra herbergja íbúð, lægri fyrir minni íbúðir að sjálfsögðu. En á prívatmarkaði þá heyrir maður um svimandi upphæðir sem fólk er að borga í leigu. Á móti koma húsaleigubætur, svo framarlega sem ekki er leigt svart. Hámark húsaleigubóta er 35 þús. kr. og þó leiga sé töluvert hærri en það þá koma náttúrlega húsaleigubæturnar verulega á móti hárri leigu, sérstaklega hjá barnafólki sem væntanlega þarf stærri íbúðir. Eins og e.t.v. hv. þingmenn muna þá voru húsaleigubætur hækkaðar um síðustu áramót.

[20:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að ekki vantar viljann hjá hæstv. ráðherra til að reyna að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er til þess að hægt sé að efla leigumarkaðinn. Hann stendur í viðræðum við fjmrn. og hæstv. fjmrh. heyri ég. Ég veit að það er ekkert auðvelt að eiga við sjálfstæðismenn í stóli fjármálaráðherra þegar leiguíbúðir eru annars vegar. Ég skora því á hæstv. ráðherra að styðja þá brtt. sem Ásta R. Jóhannesdóttir og þingmenn Samfylkingarinnar í félmn. hafa flutt um að vaxta- og endurgreiðslur og/eða stofnstyrkir svo og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar. Ég er alveg viss um það, herra forseti, að ef slík tillaga yrði hér að lögum þá mundi það auðvelda allar viðræður við hæstv. fjmrh. sem hæstv. ráðherra þarf að fara í á næstu dögum.

[20:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú alveg prýðilega gott að semja við hæstv. fjmrh. Hann er afskaplega sanngjarn maður og ef nokkuð, þá er hann enn sanngjarnari en fyrirrennari hans, hæstv. fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson.

Ég á von á því að við náum góðu samkomulagi og farsælli lausn fyrir leigjendur og að við komum til með að geta þróað traustan og ábyggilegan leigumarkað fyrir þá sem ekki vilja eða geta fest fé í eigin húsnæði og líka fyrir venjulegt fólk sem kann að kjósa að búa í leiguhúsnæði heldur en að kaupa. Ég ætla hins vegar ekki að styðja brtt. sem hv. þm. vitnaði til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345.

[20:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseta er ekki láandi þó að hann ruglist á þessum síðustu og verstu tímum því að hér eru mál ekki tekin eftir röð samkvæmt dagskrá og menn eru staddir við tölvur sínar að leggja síðustu hönd á brtt. og annað slíkt þegar mál eru kynnt inn í umræðuna. Þannig var nú ástatt með mig, herra forseti, að ég sat við tölvuna hér á hæðinni fyrir ofan þegar málið var tekið á dagskrá þannig að ég bíðst afsökunar á því að ég skuli hafa verið sein í þingsalinn.

Herra forseti. Hér er fjallað um ný lög um þjóðminjavörsluna, frv. til þjóðminjalaga, og er þar um að ræða mál sem hefur tekið mikinn tíma hjá hv. menntmn. og hefur að mínu mati verið vel unnið í því máli þó svo að ég verði að segja að ekki séu enn allir endar hnýttir. Þannig hefur verið haldið áfram að vinna í málinu og haldið áfram að skoða það og velta fyrir sér möguleikum í því eftir að nefndin skilaði af sér. Mér sýnist, herra forseti, að að mörgu leyti séum við hér að stíga spor sem ég trúi að sé gæfuspor og það er í aðalatriðum að aðskilja fornleifavörsluna frá Þjóðminjasafni Íslands.

Það er ekki gert á hverjum degi, herra forseti, í þessum þingsölum að stofnuð sé ný öflug ríkisstofnun sem gert er að sinna jafnviðamiklum málaflokki og fornleifaverndin er. Því er sannarlega þörf á því, herra forseti, að hér sé vandað til allra verka og mál af þessu tagi, af þessari stærðargráðu, verða að sjálfsögðu ekki afgreidd hér á handahlaupum því að hér þarf ansi margt að skoða ofan í kjölinn og sannarlega er þörf á því fyrir þingmenn að velta fyrir sér því sem hér er lagt til af nefndinni því að ekki liggur í augum uppi að þær hugmyndir sem settar eru niður í brtt. nefndarinnar séu réttu hugmyndirnar eða bestu hugmyndirnar. Í mínum villtustu draumum hafði ég nú séð fyrir mér, herra forseti, að við gætum átt hérna góðar umræður sem hefðu síðan gefið okkur tækifæri til að flytja mögulegar brtt. á milli 2. og 3. umr. til þess að betrumbæta málið enn frekar því á því er sannarlega þörf. En það er málum blandið hvort við fáum þann tíma sem þarf til þess svo við skulum láta slag standa og hefja þá umræðuna á þeim grunni sem við stöndum nú. Ég geri ráð fyrir að það hafi komið fram í máli hv. flm. sem talaði fyrir nál. í morgun, hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, að hún hafi gert grein fyrir því að ég væri með fyrirvara við nál.

Herra forseti. Sá fyrirvari helgast af nokkrum hlutum, en meginfyrirvari minn er fólginn í því að þegar skilið er á

milli þessara þátta, fornleifaverndarinnar og vörslu fornleifanna annars vegar og vörslu þjóðminjanna í formi gripa hins vegar, þá þurfi að fara af mikilli gát með hnífinn. Sýn mín á þessa hugmynd er sú að fornleifaverndin þurfi að standa styrkum fótum og að hana megi skilja frá Þjóðminjasafninu, en þó verði að gæta þess að Þjóðminjasafnið standi ekki að neinu leyti lamað eftir. Það vita allir sem í þessum sal sitja að það hefur verið erfiðleikum háð að halda úti öflugri stofnun fyrir þjóðminjavörsluna hingað til og sannarlega er þörf á því að alþingismenn standi vörð um Þjóðminjasafnið og þetta flaggskip í safnamálum Íslendinga. Þess vegna er afar mikilvægt að þessi lög sem hér eru að fara í gegn verði til þess að styrkja Þjóðminjasafn Íslands, styrkja embætti þjóðminjavarðar og sjá til þess að sú nýja stofnun sem hér er verið að leggja til að verði stofnuð, Fornleifavernd ríkisins, verði líka styrk og öflug því að hér er um málaflokk að ræða, herra forseti, sem hefur verið látinn drabbast í allt of mörg ár.

Herra forseti. Það er vegna þessa sem talsvert miklar deilur hafa ríkt úti á akrinum, sérstaklega með tilliti til fornminjanna, því að þar hafa verið að gerast dramatískir og háskalegir hlutir síðustu árin. Það er fullyrt í eyru nefndarmanna að ótal fornminjar glatist og hafi verið að glatast á undanförnum árum. Það er þyngra en tárum taki þegar hv. alþm. standa frammi fyrir því að fá það fullyrt í sín eyru af fagmönnum, bestu fagmönnum fáanlegum í landinu, að við séum að eyðileggja fornminjarnar okkar, kannski margar á ári. Þetta ætti að brýna okkur hv. alþm. til þess að opna augu okkar fyrir því hversu alvarleg mál eru hér á ferðinni og hversu lífsnauðsynlegt er að hér verði vel að verki staðið þannig að hnífnum verði ekki beitt þannig að hann veiki Þjóðminjasafnið eða komi í veg fyrir að Fornleifavernd ríkisins verði öflug stofnun.

Herra forseti. Eins og málum er nú háttað er fornleifasvið starfandi í Þjóðminjasafninu og þar munu starfa fjórir fornleifafræðingar. Nú sést það ekkert á þessu máli, eins og það er innréttað í nál., hversu stór þessi stofnun mun verða, Fornleifavernd ríkisins. En eftir því sem hefur komið fram í máli þjóðminjavarðar, þegar hún hefur komið fyrir nefndina, mun Þjóðminjasafnið hafa fulla þörf fyrir a.m.k. einn fornleifafræðing til þess að starfa áfram að ákveðnum þáttum tengdum fornleifunum á Þjóðminjasafninu. Að hennar mati standa því eftir einar þrjár stöður sem væri hægt að skilja frá Þjóðminjasafninu til þess að mynda þessa stofnun.

Herra forseti. Nú verð ég að segja að mikill fengur væri að því að hafa hæstv. menntmrh. hérna hjá okkur þegar við erum að ræða þessi mál. Vil ég spyrja hæstv. forseta hvort menntmrh. hæstv. sé í húsinu eða hvort við megum eiga von á því að hann komi hingað til umræðunnar.

(**Forseti** (HBl): Hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu.)

Mætti ég biðja um að hæstv. menntmrh. verði gert viðvart, herra forseti, um að þessi mál séu komin til umfjöllunar og það séu ákveðin atriði sem mér þætti vænt um að bera upp við hæstv. ráðherra?

(**Forseti** (HBl): Það er guðvelkomið að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni svo að hægt sé að taka fyrir önnur mál á meðan menntmrh. er á leiðinni hingað.)

Ég þigg það, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Þá er hlé gert á ræðu hv. þm.)

Umræðu frestað.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, síðari umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 332. mál. — Þskj. 431, nál. 1329. [20:15]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um till. til þál. um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Tillaga þessi til þingsályktunar var áður flutt á 122. og 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Studdist nefndin við umsagnir sem bárust um málið á 122. löggjafarþingi.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir á þskj. 1329.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningarverðmæti, 2. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 240, nál. 1350, brtt. 1351. [20:16]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti og einnig hafa nefndinni borist margar umsagnir sem hafa komið að góðu gagni við umfjöllun málsins.

Með lögum nr. 60/1996 var þjóðminjalögum, nr. 88/1989, breytt, m.a. til samræmis við tilskipun ráðs Evrópusambandsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, var Ísland skuldbundið til að lögleiða þessi ákvæði. Þá var einnig tekið mið af samsvarandi reglum um útflutning menningarverðmæta. Þrátt fyrir þessar lagabreytingar gerði Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi og fór fram á að gerðar yrðu breytingar til samræmis við ákvæði hennar. Þar sem þessi málaflokkur er nokkuð sérhæfður þykir rétt að setja þessar reglur í sérstakan lagabálk og aðgreina þær þannig frá öðrum reglum er gilda um vörslu þjóðminja hér á landi.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagðar eru til breytingar á 2. gr. og 4. mgr. 3. gr. þar sem tekið er tillit til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Gerð er sú breyting að bætt er við einum flokki minja og mótsvarandi verðflokki. Framangreind tilskipun 96/100/EB tók gildi í EFTA-löndunum 1. júlí 2000 þegar Ísland hafði

veitt samþykki sitt í sambandi við kröfu um stjórnskipulega meðferð.

Nefndin leggur til að safnaráð taki við hlutverki þjóðminjavarðar við leyfisveitingar varðandi útflutning muna eða gripa. Telur nefndin óeðlilegt að þjóðminjavörður eigi einn að hafa það hlutverk að fjalla um útflutning margs konar menningarminja sem eru utan hans verksviðs. Óeðlilegt sé að þjóðminjavörður skuli eiga að gefa leyfi til útflutnings málverka, mósaíkverka, myndlistarverka ýmiss konar, höggmynda og myndastyttna, bóka og handrita og náttúrufræðilegra gripa. Varðandi hið síðastnefnda bendir nefndin á að skv. 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, þarf leyfi Náttúrufræðistofnunar til að flytja náttúrugripi úr landi. Telur nefndin eðlilegra að umfjöllun þessara mála sé falin nefnd forstöðumanna höfuðsafna landsins sem hafa fagþekkingu hver á sínu sviði.

Í ljósi þeirra breytinga sem nefndin leggur til á hlutverki og skipan safnaráðs samkvæmt safnalögum á þann veg að ráðið verði fyrst og fremst samráðsvettvangur forstöðumanna höfuðsafna í landinu og skipað þeim, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra safnmanna, leggur nefndin til að safnaráði verði falið það hlutverk að fjalla um og veita formlegt leyfi til að flytja úr landi þau menningarverðmæti sem frumvarpið fjallar um. Telur nefndin mikilvægt vegna skýrrar stjórnsýsluframkvæmdar að umsýsla samkvæmt frumvarpinu sé falin einum aðila. Vegna hlutverks Þjóðskjalasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi telur nefndin rétt að samráð sé milli safnaráðs og framangreindra stofnana þegar um er að ræða útflutning á bókum, skjölum og handritum. Nefndin telur að meðferð náttúrugripa, sbr. 12. tölul. 1. mgr. 2. gr., hafi nokkra sérstöðu vegna ákvæða laga nr. 60/1992, um leyfisveitingar Náttúrufræðistofnunar til útflutnings náttúrugripa. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta þeirri tilhögun sem þar er kveðið á um. Telur nefndin eðlilegt að einungis einn aðili veiti leyfi til útflutnings á náttúrugripum og því ekki rétt að víkja frá því hlutverki sem Náttúrufræðistofnun er falið með lögum nr. 60/1992 og leyfisveitingar vegna útflutnings náttúrugripa verði því á hendi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[20:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mál sem hér er mælt fyrir lýtur fyrst og fremst að flutningi menningarverðmæta úr landi. Ég velti því fyrir mér hvort nefndin hafi í þessu sambandi rætt eða skoðað stöðu okkar gagnvart hugsanlegum menningarverðmætum á erlendri grundu sem Ísland gæti átt tilkall til einmitt með vísan til laga sem var verið að vísa til áðan og samþykkta í Evrópu, hvort hún hafi velt fyrir sér þeirri stöðu að þetta gæti líka tekið til þess að skoða hvaða menningarverðmæti á erlendri grundu væri ástæða til þess að huga að og jafnvel hægt gera tilkall til eða hafa markvisst vitund um.

[20:22]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefndin fór ekki sérstaklega ofan í þessi mál. Hins vegar voru þessi mál rædd við 1. umr. í þinginu. En það tengdist ekki þessu frv. Því væri kannski frekar um að ræða alveg sérstakt mál því þá var m.a. verið að ræða um gripi sem eru í Danmörku.

[20:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði bara að fá upplýsingar um það því það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þetta kom til umræðu einmitt þegar þetta frv. var lagt fram og eins líka þjóðminjalögin og safnalögin.

Eins og hv. þm. minntist á eru gripir ekki aðeins í Danmörku heldur líka í Svíþjóð, þ.e. gamla norræna safnið sem aðrar þjóðir, Norðurlandaþjóðir, hafa verið að innheimta til sín aftur. Í Þýskalandi er safn o.s.frv. Að mínu viti hefði því verið ástæða til þess að skoða þetta mál. Það hefði mátt skoða það í tengslum við þessa vinnu. En eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gat um þá gæti þetta verið sjálfstætt mál.

Það er skoðun mín að það eigi formlega að finna þessu máli farveg í löggjöf okkar, ekki síst í tengslum við þennan málaflokk sem hérna er verið að ræða og samþykkja lög um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 602. mál (grænt bókhald o.fl.). — Þskj. 971, nál. 1280.

[20:24]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Segja má að vinnuheiti frv. hafi verið grænt bókhald. En í skilgreiningu frv. er svo sagt um græna bókhaldið í 1. gr., með leyfi forseta:

„Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga.“

Og í 3. gr. frv., með leyfi forseta:

„Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. og nánar greinir í fylgiskjali II með lögum þessum.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur.“

Ég vil enn fremur vitna í frv. til nánari skýringar, til þess að hv. þingmönnum sé betur ljóst hvað hér er á ferðinni. Þar segir m.a. að fyrsta bókhaldsár græns bókhalds skuli vera árið 2003.

Fyrst og fremst er stærri fyrirtækjum og mengandi fyrirtækjum ætlað að taka þetta bókhald upp. Þar vil ég nefna m.a. orkuiðnað þann sem snýr að brennslu jarðefna og notkun slíkra efna, enn fremur vinnslu málma, svo sem álframleiðslu, kísilmálmframleiðslu, kísil- og kísilgúrframleiðslu. Í jarðefnaiðnaði er það sements- og kalkframleiðsla, margvíslegur efnaiðnaður og enn fremur úrgangsstarfsemi, svo sem stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun og endurnýtingu spilliefna.

Ég vil vitna í nál. á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ráðherra skuli hafa heimild til að veita undanþágu frá færslu græns bókhalds. Telur nefndin rétt að slík undanþáguheimild skuli hafa lagastoð og gerir því tillögu um breytingu þess efnis. Nefndin telur mjög mikilvægt að þátturinn um græna bókhaldið nái fram að ganga þar sem færsla þess er bæði jákvæð fyrir umhverfið og fyrirtækin. Færsla græns bókhalds mun gera rekstraraðilum kleift að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar. Hún getur auk þess orðið skref í þá átt að fyrirtæki taki upp umhverfisstjórnunarkerfi og í sumum tilvikum leitt til fjárhagslegrar hagræðingar þeirra.

Nefndin telur nauðsynlegt að fleiri starfsgreinum verði gert skylt að færa grænt bókhald sem fyrst og nefnir í því sambandi saltverksmiðjur, útgerð og fiskvinnslu, orkufyrirtæki og hitaveitur á háhitasvæðum."

Þetta eru meginatriði frv. og telur umhvn. að hér sé um mikið framfaramál að ræða. Enda þótt ekki hafi tekist að fá þær atvinnugreinar sem hér var getið um, svo sem útgerð og fiskvinnslu, til leiks að þessu sinni þá telur nefndin eigi að síður rétt að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum því að svo mun fara, ef að líkum lætur, að fleiri greinar en hér voru upp taldar komi til starfa með þessum hætti.

Annar þáttur í frv. og alls óskyldur því sem ég hef gert hér að umræðuefni í örstuttu máli er 4. gr. frv. Hún snýr að þeim kröfum sem gerðar eru til heilbrigðisfulltrúa sem starfa við ákveðin skilyrði.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vitna til 4. gr. frv., en þar segir m.a.:

„Starfi að minnsta kosti fimm heilbrigðisfulltrúar á viðkomandi eftirlitssvæði í fullu starfi er heimilt að víkja frá því skilyrði að framkvæmdastjóri hafi réttindi sem heilbrigðisfulltrúi, enda sé hann í fullu starfi sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og hafi, auk háskólaprófs, staðgóða þekkingu á heilbrigðiseftirliti."

Til nánari skýringar vil ég segja hv. þingmönnum frá því að eingöngu er um eitt sveitarfélag að ræða, þ.e. Reykjavík, sem nær þeirri stærð að fimm heilbrigðisfulltrúar séu á eftirlitssvæðinu.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. þetta. Nefndin stendur öll að nál. og gerð er grein fyrir þeirri einu brtt. sem fram er sett í þeim skjölum sem liggja hér frammi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 682. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 1061, nál. 1322.

[20:31]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1322.

Nefndin hefur fjallað um málið. Frv. gerir ráð fyrir að til og með 31. des. 2002 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávarafurða. Er það framlenging á gildandi ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að til og með 30. júní 2001 þurfi slíkt leyfi.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nál. rita Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, síðari umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 243. mál. — Þskj. 268, nál. 1321.

[20:32]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1321 um könnun á áhrifum fiskmarkaða.

Sjútvn. fjallaði um málið og bendir á að á fiskmörkuðum eru nú árlega seld um 90–100 þús. tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr. Telur nefndin að fiskmarkaðir séu mikilvægir fyrir þróun sjávarútvegs á Íslandi og því mikilvægt að gerð sé vönduð úttekt á helstu álitamálum sem fram hafa komið í umfjöllun um fiskmarkaði og mikilvægi þeirra, til að mynda brottkasti, verðmyndun sjávarafla, tekjum útgerða og sjómanna, sérhæfingu í fiskvinnslu, nýtingu áður vannýttra fisktegunda, aðgengi fiskvinnslunnar að hráefni, erlendum mörkuðum fyrir sjávarafla og sjávarafurðir, flutningi á afla innan lands og byggðaþróun.

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Einar K. Guðfinnsson, formaður og framsögumaður, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 2. umr.

Frv. landbn., 709. mál (mat á eignum). — Þskj. 1136.

[20:33]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, er flutt af hv. landbn. og var mælt fyrir því við 1. umr. að sjálfsögðu. Það er óbreytt og ekki neinu við það að bæta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl). — Þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341.

[20:34]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Það er frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn ótal manns frá stofnunum og fyrirtækjum og væri mikið mál að lesa það allt saman upp en umsagnir hafa borist frá afar mörgum aðilum. Ég vil sérstaklega nefna að nefndinni barst umsögn frá umhvn. Alþingis eins og áskilið var þegar málið var lagt fram í vetur og við höfum tekið tillit til þeirrar umsagnar hv. umhvn. og slegið ýmsa varnagla í meðferð við 2. umr. þessa máls.

Markmið frv. er að setja skýrari og ítarlegri ákvæði um fiskeldi og hafbeit í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Með frv. er leitast við að setja skýrari reglur um starfsemi fiskeldis og styrkja þau ákvæði laganna sem ætlað er að sporna við aukinni hættu á fisksjúkdómum, óæskilegri blöndun fiskstofna og öðrum vistfræðilegum vandamálum þar sem alltaf fylgir því einhver hætta að eldisfiskur sleppi úr kvíum. Í ljósi þeirrar hættu að eldisfiskur sleppi úr kvíum og valdi tjóni á t.d. villtum laxastofnum ræddi nefndin hvort ástæða væri til að lögfesta sérstaklega strangari bótaábyrgðarreglur en felast í almennum reglum skaðabótaréttarins, t.d. hlutlæga ábyrgð eða sakarlíkindareglu. Meiri hlutinn bendir á að á 122. löggjafarþingi lagði umhverfisráðherra fram frv. til laga um meginreglur umhverfisréttar en frv. náði ekki fram að ganga. Þar var í 1. mgr. 4. gr. að finna svonefnda mengunarbótareglu, PPP-reglu, er felur í sér hlutlæga ábyrgð vegna tiltekinna umhverfistjóna en reglan á sér stoð í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að þetta kom svo sterklega til álita hjá okkur í hv. landbn. Greinin kveður m.a. á um að aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skuli vera grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Við teljum samt ekki rétt að svo stöddu að lögfesta sérstaklega ábyrgðarreglur í tengslum við efni frumvarpsins en leggjum áherslu á að almenn umhverfisverndarlög verði sett sem samrýmist framangreindri samningsskuldbindingu Íslands skv. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins.

Helstu breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru skilgreiningar og orðskýringar bættar og það liggur fyrir í breytingartillögum á sérstöku þingskjali. Þar er t.d. að finna skýringar á erfðablöndun, hverjar þær eru, og villtir fiskstofnar. Við fengum ábendingu frá veiðimálastjóra um að skilgreining á villtum laxastofnum væri ekki rétt í núgildandi lögum og leggjum til lagfæringu á því þannig að þeir séu skilgreindir á sambærilegan hátt og villtir fiskstofnar, þ.e. hópur laxa sem hrygnir á sama stað á sama tíma en ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

Í öðru lagi er kveðið á um í 1. mgr. 3. gr. frv. að landbrh. veiti rekstrarleyfi til fiskeldis og hafbeitar en meiri hlutinn leggur til að veiting rekstrarleyfis til fiskeldis eða hafbeitar verði áfram í höndum veiðimálastjóra eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Með því er opnuð leið kæruferlis til ráðherra ef ágreiningur er um veitingu sérstakra rekstrarleyfa sem veiðimálastjóri veitir og í framhaldi er auðvitað gerð tillaga um nauðsynlegar breytingar með hliðsjón af þessu. Við teljum eðlilegt að leyfisveitandi leiti ekki einungis umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði stöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun heldur jafnframt að umsögnin lúti að hugsanlegum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Við herðum einnig á þeim þætti þar.

Í þriðja lagi er lagt til að fiskeldisnefnd sem er skipuð fulltrúum tveggja ráðuneyta, þ.e. landbrn. og sjútvrn., verði ekki umsagnaraðili við veitingu rekstrarleyfis. Skv. 6. gr. frv. er fiskeldisnefnd meðal annarra landbrh. til aðstoðar um stjórn fiskeldismála og skv. 7. gr. skal hún einnig vera fiskeldisnefnd til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi, bæði á sjó og landi og fara með þau mál sem henni eru falin þar lögum samkvæmt. Því teljum við eðlilegt að fiskeldisnefnd sinni ekki bæði ráðgjöf, stefnumótun og stjórn fiskeldismála og sé auk þess í umsagnarhlutverki um hvort rekstrarleyfi skuli veitt. Með sömu röksemdum teljum við eðlilegt að fiskeldisnefnd verði ekki í umsagnarhlutverki þegar tekin er ákvörðun um hvort takmarka skuli eða banna fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á landsvæðum.

Í fjórða lagi skulu, skv. 3. gr. frv., í umsókn um rekstrarleyfi koma fram upplýsingar um starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til að taka af tvímæli um að ekki sé nægilegt að sýna fram á að sótt hafi verið um starfsleyfi samkvæmt framangreindum lögum. Er lagt til að bætt verði við í þetta frv. að óheimilt sé að gefa út rekstrarleyfi fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Í fimmta lagi er lagt til að í gjaldskrá verði ekki um að ræða skattheimtu heldur fyrst og fremst verið að taka gjald fyrir kostnað við útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar. En vegna þess að óljóst er hver sá kostnaður er þykir rétt að ákvörðun um gjald fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar bíði heildarendurskoðunar sem til stendur að gera á lögum um lax- og silungsveiði.

Í sjötta lagi leggjum við til að ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir mikið af ræðu sinni því að það er gert ráð fyrir þingflokksfundum, hvort hann vilji gera hlé á ræðu sinni.)

Framsögumaður á eftir svo sem eins og helming af ræðu sinni.

(**Forseti** (HBl): Þá er rétt að gera hlé á ræðunni og er umræðu frestað.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 20:42]

Umræður utan dagskrár.

Veiðar smábáta.

[21:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það varð að samkomulagi á fundi forseta með þingflokksformönnum í dag að nú færi fram umræða utan dagskrár um veiðar smábáta og hæfist um kl. 9 síðdegis. Málshefjandi er hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, en hæstv. sjútvrh., Árni M. Mathiesen, verður til andsvara. Umræðan fer

fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[21:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það birti upp síðdegis í Reykjavík. Úti er fagurt vorkvöld. Sama verður ekki sagt um niðurstöðuna síðdegis í hv. Alþingi. Hér birti ekki yfir verkunum. Ekki var haldinn fundur í sjútvn. og þar inni fraus tillaga um frestun á kvótasetningu á ýsu, steinbít og ufsa í veiðum smábáta, 6 tonna að stærð og minni sem aðeins er heimilt að veiða með línu eða handfærakrókum.

Það fór eins og ég spáði fyrir þremur sólarhringum að LÍÚ-þjónandi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar mundi ekki fá leyfi hjá lagapöntunarfélagi LÍÚ til þess að afgreiða frestunartillögu um kvótasetningu á ýsu, steinbít og ufsa í veiðikerfi smábátanna. Það skiptir LÍÚ-stórgreifana engu þó að þeir valdi sjávarbyggðunum og fólki sem þar býr og berst fyrir framtíð sinni stórskaða. Það skiptir ríkisstjórn lagapöntunarfélagsins engu þó að enn á ný sé hafin aför að fólki í sjávarbyggðunum sem reynt hefur að bjarga sér og sínum frá tekju- og atvinnuleysi með því að hefja veiðar á smábátum þegar aflamarkskvóti stórgreifanna og stærri fiskiskipin voru seld burt. Það á að koma böndum á atvinnuframtak smábátasjómanna og hið svokallaða óþolandi veiðifrelsi krókaveiðimanna sem var að skapa að nýju undirstöðu í mörgum minni sjávarbyggðum allt í kringum landið, ekki bara á Vestfjörðum eins og látið hefur verið í veðri vaka af þjónum kvótabraskskerfisins heldur mjög víða út um land. Útfærslan á eyðibyggðastefnu stjórnvalda verður varla skarpari eða skýrar fram sett en hún birtist nú fólkinu í landinu.

Hvar er nú stefnan týnda um að efla framtak einstaklinga og frelsi til athafna? Hvar er nú stefnan um fólk í fyrirrúmi? Hvar er nú sjálfstæðisframsóknin um að sátt verði náð um stjórn fiskveiða?

Hæstv. sjútvrh. talar um að vinna þurfi að því að brottkast minnki við fiskveiðar. Kvótasetning á smábáta mun örugglega valda mjög auknu brottkasti. Allt er því unnið með handarbökum í þessu máli. Það er verið að þvinga sjómenn á smábátum inn í kvótabraskskerfi sem vinnur gegn hagsmunum fólksins í sjávarbyggðunum. Það er verið að gera smábátasjómenn að leiguliðum stórútgerðanna. Það má borga mikið, herra forseti, fyrr það að lagapöntunarfélagið fái nýja arðsama leiguliða, leiguliða sem árvisst geta leigt af þeim stóru ýsuna og steinbítinn út úr stóra kvótabraskskerfinu sem þeir LÍÚ-sægreifarnir veiða hvort sem er ekki sjálfir. Svona verk eru vond eins og nú eru unnin hér í hv. Alþingi, herra forseti. Þetta er dimmt kvöld þrátt fyrir bjarta vornóttina.

[21:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerir að umtalsefni þá lagasetningu sem taka á gildi 1. september nk. um kvótasetningu þorskaflamarksbáta þannig að þeir verði krókaaflamarksbátar. Þessi lagasetning á rætur að rekja til laga frá því í janúar 1999 sem voru viðbrögð við svokölluðum Valdimarsdómi, en sá dómur gekk út á það að óheimilt væri að takmarka aðgang að veiðum hér við land með 5. gr. laga um stjórn fiskveiða sem takmarkaði aðgang að veiðileyfum, batt veiðileyfi við það að eigendur skipanna hefðu haldið skipum til veiða á tilteknu tímabili.

Þetta var dómur Hæstaréttar og byggðist hann á því að þetta var óheimilt samkvæmt 61. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi dómur er án nokkurs fyrirvara hvað 5. gr. varðar og hlýtur því að taka til fyrirkomulags allrar greinarinnar í heild enda varð það niðurstaða lögfræðingahóps sem ráðuneytið kallaði til á þeim tíma að breyta ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Sverrir Hermannsson, nei, það var ekki Jón Steinar. Hann var ekki í þeim hópi. Það varð niðurstaða þess hóps að það bæri að breyta lögunum bæði hvað varðar svokallaða þorskaflahámarksbáta jafnt sem svokallaða aflamarksbáta. Því varð þetta niðurstaðan. Gefinn var tími til aðlögunar. Þá var það reyndar gagnrýnt að menn væru að sigla krappt hvað varðaði stjórnarskrána. Gildistöku þessa ákvæðis hefur síðan einu sinni verið frestað og þá var aftur varað við því að siglt væri krappt hvað varðar stjórnarskrána. Nú er fullyrt, alla vega af sumum, að ef enn væri frestað þá væri afar líklegt, ef einhver færi í mál, að þá mundi dómur í Hæstarétti falla á þann veg að verið væri að brjóta gegn 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna, og reyndar af ýmsum öðrum orsökum, er varða fiskveiðistjórnina hef ég ekki talið mér fært að leggja fram frv. aftur um frestun á gildistöku þessara laga og því munu þau taka gildi 1. september nk.

Það fer auðvitað ekki hjá því þegar aðstæður breytast að menn þurfi að bregðast við á einhvern hátt og hugsanlega getur það valdið erfiðleikum. En í upphafi þegar breytingin var gerð var mönnum gefinn aðlögunartími og sá aðlögunartími hefur síðan verið lengdur. Ég vona að sá aðlögunartími hafi verið nægur til að enginn fari verulega illa út úr þessari breytingu.

[21:11]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Fyrir einu ári lagði hæstv. sjútvrh. fram frv. til laga um frestun kvótasetningar smábáta. Það var nánast eins og það frv. sem nú er lagt fram af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni ásamt þeim er hér stendur. Frv. hæstv. ráðherra var þá samþykkt. Rökin fyrir samþykkt frv. þá voru að heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða stæði yfir. Þessi heildarendurskoðun stendur enn yfir og því hefur ekkert breyst. En frv. okkar Guðjóns Arnar Kristjánssonar fæst ekki afgreitt eða tekið út úr sjútvn.

Herra forseti. Ég lít svo á að það sé árás á ákveðin byggðarlög í landinu og ekki síst á fólk sem býr á Vestfjörðum. Þetta er árás á fiskverkafólk, en hæstv. sjútvrh. bar hag þess ákaflega fyrir brjósti í vörnum sínum fyrir þeim lögum sem hann stóð fyrir að samþykkt voru hér fyrir fáum dögum þegar sjómenn á Vestfjörðum sem ekki voru í verkfalli voru settir undir gerðardóm.

Stór hluti smábátaflotans mun nú standa frammi fyrir því að verða að stórauka skuldir sínar ellegar afleggjast. Verður það til þess að minnka skuldir annarra sjávarútvegsfyrirtækja, herra forseti? Ég spyr.

Með þessari synjun er fjöldi byggða nú settur í uppnám en það skiptir ríkisstjórnina auðvitað ekki nokkru einasta máli. Jöfn aðstaða til að skapa ný atvinnutækifæri er ekki fyrir hendi og það er skuggalegt að mesti ógnvaldur jákvæðrar byggðastefnu skuli vera ríkisstjórn sem þorir ekki að taka frv. okkar Guðjóns Arnars Kristjánssonar til afgreiðslu af ótta við þann meiri hluta sem kann að vera fyrir málinu í Alþingi. (**Gripið fram í:** Heyr!)

[21:13]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt af snúnari úrlausnarefnum Alþingis. Sjósókn smábáta er ein af stoðum atvinnulífs margra byggðarlaga. Hið sama gildir um aflamarksbáta, hina svonefndu vertíðarbáta.

Eins og þetta mál hefur snúist er spurningin nú um flutning aflaheimilda af öðrum flokknum yfir á hinn.

Herra forseti. Ég tel það óyndi þegar þessum tveimur gerðum fiskibáta er stefnt hvorri gegn annarri því að báðar gerðir eru landsbyggðinni afar mikilvægar.

Um hvað snýst málið? Það snýst um aflaheimildir sem nema hugsanlega á bilinu 7 – 10 þús. lestum. Það er í rauninni allt og sumt. Samtímis má vísa til könnunar um brottkast á fiskiskipum og spyrja hvar það virðist mest. Er það meðal smábáta? Nei. Meðal vertíðarbáta? Nei. Skýrslan bendir til þess að brottkastið af öðrum sé talið nema á bilinu 30–50 þús. lestum á ári. Þessu til viðbótar má benda á vaxandi efasemdir um fiskveiðiráðgjöfina.

Herra forseti. Í ljósi þess ættu 7 – 10 þús. lestir ekki að vera óyfirstíganlegt vandamál og þessi pattstaða í sjálfu sér óþörf. Taka má undir þá gagnrýni að á meðan heildarendurskoðun fiskveiðistjórnar eigi sér stað sé óeðlilegt að taka einn þátt úr og breyta með róttækum hætti. Krafan hlýtur að vera sú, úr því sem komið er, að vinnu endurskoðunarnefndar ljúki fyrr en seinna þar sem kynntar eru heildstæðar lausnir á málinu. Því verki hlýtur að mega ljúka fyrir 1. september.

[21:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það ætlar að enda glæsilega þingið hjá hæstv. sjútvrh. Ofan í þvingunarlögin á sjómenn hér á dögunum á nú að kvótasetja meðafla krókaveiðibátanna, fækka sóknardögum og gera allt heila klabbið framseljanlegt. Sömu aðgerð var frestað í fyrra með þeim rökum hæstv. sjútvrh. að endurskoðunarnefndin væri að störfum. Enn bólar ekkert á niðurstöðu hennar. Rök hæstv. sjútvrh. frá því í fyrra hitta hann nú sjálfan fyrir.

Herra forseti. Hvað sem segja má um þessi fiskveiðistjórnarmál þá er ljóst að mörg byggðarlög sem eiga mjög í vök að verjast og hafa misst frá sér veiðiheimildir hafa bjargað sér á auknum veiðum smábáta. Byggðapólitískt er þetta því löðrungur framan í þær sjávarútvegsbyggðir, einkum þær minni sem fyrst og fremst eru háðar og treysta á þessa tegund útgerðar. Því verður ekki á móti mælt hvað sem menn vilja um þetta segja að öðru leyti.

Ég hlýt að segja, herra forseti, að þær eru kaldar kveðjurnar sem Vestfirðingar fá frá Alþingi núna á síðustu klukkustundum þinghaldsins. Sá landshluti sem á sannanlega í mestum erfiðleikum og hefur um langt árabil átt í byggðalegu tilliti. Ekki einasta á að gera harkalegar aðgerðir af þessu tagi gagnvart þeim hluta útgerðarinnar sem mestu máli hefur skipt þar upp á síðkastið, heldur á að þvinga sveitarfélög á Vestfjörðum til að láta frá sér arðvænlegustu eign sína, orkubúið, upp í skuldir við ríkið. Þetta eru kveðjurnar sem er verið að senda héðan frá Alþingi af hálfu stjórnarmeirihlutans gagnvart þessum byggðum. Það er bara þannig, herra forseti. Menn geta farið heim til sín með allar fínu byggðaáætlanirnar og öll fallegu orðin á pappírnum þegar verkin sýna það sem máli skiptir og þau eru svona.

[21:18]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þeir sem þekkja til afstöðu minnar til þessara mála vita að ég hef aldrei haft minnstu trú á því að ríkisstjórnin hætti við að setja þann herfjötur á smábáta sem stendur nú til að gera. Hvers vegna skyldi ég hafa verið sannfærður um það? Vegna þess að allan tímann síðan þessi ólög voru sett á hefur ekki verið að marka eitt einasta loforð eða orð sem stjórnarflokkarnir hafa sagt.

Sett var upp sáttaáætlun fyrir síðustu kosningar sem ekkert var nema blekking og kosningaáróður og gengið undir af öllum fjölmiðlum. Þetta var áróður Sjálfstfl. sem viðhaldið Framsókn gekk undir.

Við heyrðum í kvöld fréttir frá Færeyjum þar sem sjútvrh. og fleiri menn skýrðu frá því hvernig mál standa hjá þeim. Þeir höfðu þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við í þrjú ár og brottkastið reyndist óbærilegt. Það lýstu því yfir að það væri komið í algera sjálfheldu. Þeir breyttu þess vegna til og brottkastið hvarf. Það eru engin 40 þús. tonn sem fleygt er. Það eru 140 þús. tonn. Þetta er mesti sóðaskapur sem nokkurn tíma hefur verið settur, mestu þrælalög og sóðaskapur sem til þekkist en hér er nóg af þingmönnum hvort heldur Samherja eða annarra stórgreifa.

Ég trúi því hins vegar að þessi gerð þeirra verði nagli í líkkistu þessa kvótakerfisandskota sem við búum við. Sjómenn munu ekki gefast upp. Þeir munu eflast í baráttunni og þeir munu brjóta af sér hlekkina.

[21:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það eru sannarlega mikil vonbrigði að ekki skyldi nást núna viðunandi niðurstaða á Alþingi vegna málefna smábáta. Vinna mjög margra að undanförnu að því að komast að sátt í þessu máli sýnir að hér á Alþingi var mikill vilji til þess að finna á því flöt. (**Gripið fram í:** Meiri hluti.) Því markmiði var ekki náð og ber sannarlega að harma mjög. Afleiðingarnar munum við ekki sjá að fullu fyrr en síðar en víða mun þrengja að, svo mikið er víst. Frekari endurskoðun er þess vegna brýn úr því að ekki tókst í þessari lotu að komast að einhverri niðurstöðu.

Fiskveiðistjórnarkerfi smábátanna hefur reynst til mikillar farsældar, það sjá allir sem vilja sjá. Því var að vísu formælt mjög í upphafi á árunum 1995 og 1996. Við sem stóðum þá að þeirri lagasetningu fengum á okkur miklar ákúrur og mikla gagnrýni um að það mundi leiða til byggðahruns. Sagan hefur núna dæmt að við höfðum á réttu að standa sem betur fer. Það hefur komið á daginn að smábátaútgerðin hefur verið gríðarleg lyftistöng fyrir byggðarlögin í kringum landið þó sannarlega skuli viðurkennt að hvergi séu hagsmunirnir að þessu leytinu jafnmiklir og á Vestfjörðum.

Virðulegi forseti. Það er einmitt vegna þessa sem okkur ber að bregðast við þeirri stöðu sem núna er komin upp. Margir smábátasjómenn, ekki síst hinir yngri og nýrri í greininni, hafa lagt á það ofuráherslu að varanlegri skipan verði komið á veiðar bátanna. Mig langar í þessu sambandi að minna á gríðarlega fjölmennan fund sem ég sat á Patreksfirði fyrr í vetur um þessi mál þar sem þetta kom einmitt mjög skýrt og afdráttarlaust fram. Menn vildu þá ekki að málinu yrði frestað heldur fundin bærileg og varanleg lausn svo menn gætu séð nokkuð fram í tímann og það er eðlileg krafa. Óvissan er nagandi fyrir byggðarlögin, fyrir útgerðarmennina, fyrir sjómennina, fyrir landverkafólkið, fyrir alla þá sem hafa notið uppbyggingarinnar sem löggjöfin um smá-

bátaútgerðina hefur haft í för með sér. Þeirri óvissu verður því að ljúka. Við höfum þess vegna mikið verk að vinna á næstunni.

[21:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður er formaður sjútvn. Hann neitaði að halda fund í nefndinni í dag til þess að afgreiða út það mál þar sem lagt var til að gildistöku þessara laga yrði frestað, hann neitaði því. Honum ferst eins og Framsfl. í þessu máli. Framsfl. hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að hann vilji fresta þessu máli, fresta því að settur verði kvóti á smábátana. Hann hefur gefist upp. Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði áðan. Það var auðséð að honum þótti ekki gott að sitja eftir með þetta svona en þeir gerðu það samt. Framsfl. leggur sig undir það að láta málin vera eins og þau eru, láta lögin ganga yfir smábátana.

Ung var ég gefin Njáli, sagði Bergþóra, og skreið undir feldinn með honum á meðan þau brunnu síðan inni í Njálsbrennu. Þar sem það er uppáhaldsiðja hv. þm. á Alþingi að vitna í þessa bók, þá dettur manni það stundum í hug þegar Framsfl. á í hlut og samstarf hans við Sjálfstfl. Sjálfstfl. er þannig að í honum er einbeittur vilji að einkavæða þjóðarauðlindina. Það hefur legið fyrir árum saman. Því er verið að fylgja fram hér. Hér er eitt skrefið stigið til að loka kerfinu, til þess að gera allt að eign, ekki bara kvótann heldur líka hvern dag sem á sjó er farið og framseljanlegt skal það vera og seljanlegt milli manna til þess að einkavæða auðlindina.

Maður hélt í vetur að Framsfl. ætlaði að fara að stíga í lappirnar í þessu máli. Þeir héldu fund og lýstu yfir ýmsu í sambandi við það hvernig þeir ætluðu að standa að endurskoðuninni. Ég heyrði að það er komið fram. Hæstv. sjútvrh. sagði síðan í sinni aumlegu ræðu áðan að þetta væri ekki hægt út af stjórnarskránni. Hefði þá ekki verið kominn tími til að biðja hæstv. forseta að skrifa bréf til Hæstaréttar og komast að því? Það hefði ekki tekið nema 2–3 tíma að fá botn í málið.

[21:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég hef andstyggð á því hvernig stjórnarmeirihlutinn tekur á málefnum smábátaeigenda. Í ræðu, á fundum og í riti hafa lykilmenn stjórnarflokkanna úttalað sig út um allt land í marga marga mánuði og sagt mönnum að þeir muni berjast af krafti fyrir því að þeir haldi hlut sínum. Ég hef verið á mörgum slíkra funda. Ég hef lesið margar slíkar greinar. Sjáið þið svo stöðuna í dag. Þessir menn eru ekki einu sinni í salnum við umræðuna. Þetta er ekki boðlegt.

Virðulegi forseti. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum úr því sem komið var fresta gildistöku laganna um eitt ár. Það var „fair play" eins og menn segja, sérstaklega í ljósi þess að endurskoðunarnefndin um sjávarútvegsstefnuna hefur ekki komist að neinni niðurstöðu og er enn að störfum og á langt í land. Ekki þarf að fjölyrða um það peningalega fyrir einstaklingana sem eru í útgerðinni og ég tala ekki um fyrir byggðarlögin, þá erum við að framkalla stórtjón. Þetta vitum við öll. En ég vil sérstaklega beina orðum mínum til stjórnarþingmanna sem hafa gefið þessar fölsku vonir. Þetta er ekki réttlætanlegt. Ef menn hafa ekki meira undir sér en þetta þar sem menn hafa úttalað sig mjög klárlega, lykilmenn í flokkunum, mjög klárlega í marga mánuði. Þetta er ekki hægt, þetta er ekki boðlegt. Og að vera síðan ekki við umræðuna.

Virðulegi forseti. Ég skammast mín fyrir hvernig við hv. þm. stöndum að þessu máli gagnvart einum veigamesta útgerðarflokki landsins.

[21:27]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það eru rétt liðlega tvö ár síðan sett voru lög um stjórn veiða krókabátanna með ákvæðum um krókaaflamark í stað sóknarréttarins sem nú er í gildi með tveggja ára aðlögunartíma sem hefur síðan verið aukinn um eitt ár í viðbót. Í þessum sömu lögum var ákvæði um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Sú endurskoðun stendur enn.

Það er rétt að nefna það þegar, herra forseti, að ekki eru nema 25 ár eða svo síðan Íslendingar urðu þess í alvöru áskynja að þeir voru tilneyddir að stjórna fiskveiðum um landið. Alla tíð síðan hefur fiskveiðum verið stjórnað aðeins á öðrum skipum. Sérstaklega síðasta áratug og fram á þetta ár, herra forseti, hefur umræðan snúist um það og núna síðustu daga hvort ástæða er til að fresta sambærilegum ákvæðum um veiðar krókabátanna og gilda um aðra báta sem eru líka smáir bátar, sumir enn þá minni, með enn þá minni vélarbúnað og lakari vinnuaðstæður. Þá krefjast þessir menn þess og hv. þm. í orðastað þeirra að þessum ákvæðum verði frestað, þau verði jafnvel afnumin.

Ég verð að ítreka þá skoðun mína, herra forseti, ég tel þetta ekki í samræmi við góða stjórnsýslu eða löggjöf ef stefnt er að því af fullri alvöru að mismuna mönnum sem stunda áhættustarfsemi á Íslandi eða útgerð við þær aðstæður frá Íslandi.

Lögin í heild sinni um stjórn fiskveiða eru þannig að þau mismuna mönnum sem stunda fiskveiðar á smáum bátum innan lögsögunnar. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að ástæða sé til að líta líka til þorpanna sem eru einangruð við slæmar samgönguaðstæður og byggja tilveru sína á öðrum smáum bátum og útgerð þeirra. Þau eru til. Ég tel að við eigum að stefna að því að lögin um stjórn fiskveiða mismuni ekki þessum fyrirtækjum og þessum byggðarlögum, menn starfi við sama rétt, sambærilegar skyldur og sambærilega ábyrgð. Lög mismuni ekki og gefi ekki einhverjum öðrum færi til að sækja nánast stjórnlaust.

[21:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði að næg aðlögun hefði verið gefin fyrir smábátasjómenn til þess að mæta kvótasetningunni nú. Hann sagði einnig frá því að hann óttaðist málsókn um að sjómenn mættu ekki veiða ýsu og fleiri tegundir. Hann sagði ekki frá því hver það er sem hótar málssókn en það hefur hins vegar áður komið fram. Það hefur komið fram frá forustumönnum LÍÚ að þeir hafi hótað málssókn ef sjútvrh. beitti sér fyrir því að þessum lögum yrði breytt.

Ég verð að segja sem skoðun mína að ég teldi það eftirsóknarvert að fá Landssamband ísl. útvegsmanna til að hefja málssókn á hendur byggðunum, á hendur sjómönnum í smábátakerfinu. Fróðlegt væri að fá slíka málssókn.

Hverjir hafa staðið fyrir byggðaröskun á Íslandi aðrir en stórgreifarnir sem selt hafa nánast allan rétt úr mörgum byggðarlögum? Á Vestfjörðum eru eftir 5 togarar af 15 sem þar voru áður og nánast allar aflaheimildir frá flestum stöðunum eru farnar, einungis Ísafjarðarbær á eftir dálítið af aflaheimildum.

Ungir menn og eldri sjómenn hafa haslað sér völl í smábátakerfinu. Þeir hafa verið að kaupa sig þangað inn á undan-

förnum árum. Þeir hafa ekki keypt ýsu- og steinbítsreynsluna. Hún er eftir hjá fyrri eigendum. Þegar kvótasetningin kemur á, þá eru það fyrri eigendur sem eiga reynsluna og það fyrsta sem menn þurfa þá að gera er að gera sjálfa sig af leiguliðum eða kaupa af eldri eigendum skipanna veiðiréttinn. Þetta er svívirða.

[21:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ekki alltaf tækifæri til þess að halda glæsilegar ræður (**ÖS:** Haltu eina.) og stundum þurfum við að taka þannig á málum að ekki er ástæða til mikillar kæti yfir því. Ég var ekki einn af þeim sem hrópuðu húrra fyrir dómi Hæstaréttar í desember 1998. Ég minnist þess meira að segja að hafa átt samræður um þann dóm við hv. framm íkallanda þar sem hann var harla kátur með hann, meðan ég gagnrýndi hann. En ég, eins og aðrir hv. þm., verð að starfa í samræmi við dóminn. Ég get ekki leyft mér að leggja fram frumvörp á hv. Alþingi sem ekki standast stjórnarskrána frekar en hv. nefndarformenn (**Gripið fram í:** Þú gerðir það í fyrra.) geta leyft sér að bera þau á borð í þinginu.

Hér hafa fallið dýr orð og ég veit eiginlega ekki af hverju menn nota slík orð þegar verið er að fjalla um stjórnarskrána og hvort menn ætli sér að virða hana eða ekki.

Ég hef gengið eins langt til þess að veita smábátamönnum tíma til aðlögunar og frekast hefur verið hægt. (Gripið fram í.) Ég hef kannski farið lengra en hefði átt að gera. En núna er ekki hægt að fara lengra því að ef það verður gert eru allar líkur til þess að við værum að brjóta stjórnarskrána (Gripið fram í.) og því verðum við hvort sem okkur líkar það betur eða verr að láta okkur það lynda að það er stjórnarskráin sem ræður fyrir okkur öll.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl). — Þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341.

[21:34]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að fjalla um sjötta lið breytinga sem meiri hluti landbn. gerði á frv. um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Undir nál. rita hins vegar aðeins sex af níu og kem ég að því síðar.

Í sjötta lagi leggur nefndin til strangari ákvæði um upphaf starfs í eldisstöð, þ.e. rekstur nýrrar stöðvar getur ekki hafist að neinu leyti fyrr en rekstrarleyfi er fengið. Þær sem nú starfa samkvæmt starfsleyfi, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku þessara laga.

Í sjöunda lagi fer ákveðið ferli í gang ef brotið er gegn ákvæðum laganna, þ.e. gegn ákvæðum sem lágu til grundvallar leyfisveitingu til rekstrarleyfishafa. Sinni leyfishafi ekki viðvörunum skal að endingu afturkalla rekstrarleyfi ef hann ekki lætur skipast af áminningum, fari hann út fyrir það sem lögin heimila. Ef um ásetning eða stórkostlegt gáleysi er að ræða af hálfu rekstrarleyfishafa getur veiðistjóri afturkallað rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta. Ég hygg að við höfum með þessum ákvæðum lagt til mun heildstæðara ákvæði sem samrýmist betur vönduðum stjórnsýsluháttum.

Í áttunda lagi tökum við inn nýja grein, þ.e. 5. gr. frv. fellur niður en ný kemur í staðinn, stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit. Nefndin fékk drög að tillögu frá landbrn. um breytingu á framangreindu eftirlitsákvæði frv. þar sem tekið er mið af athugasemdum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur. Þar er tekið tillit til þeirra athugasemda að eftirlit skuli framkvæmt af faggiltum skoðunarstöðvum eins og framast er kostur. Jafnframt er tekið tillit til þeirra *athugasemda að eftirlitsgjald skuli ekki fastsett í ákveðinni* prósentutölu af brúttósöluverði heldur sé eðlilegra að rekstrarleyfishafar greiði raunkostnað af eftirlitinu. Þar er einmitt verið að árétta að ekki er um skattheimtu að ræða heldur kostnað sem hlýst af eftirlitinu.

Í níunda lagi er ákvæði um sleppitilraunir í smáum stíl. Lagt er til að áður en veiðimálastjóri taki ákvörðun um heimild til sleppitilraunar, t.d. það að setja lax í litla tjörn niður undan bæ handa börnum að veiða, skuli samt sem áður leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Þá leggjum við til að þegar veiðimálastjóri leitar umsagnar Veiðimálastofnunar varðandi undanþágu til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði gefi tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun skuli jafnframt *huga að neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.*

Í tíunda lagi eru tekin inn efnisleg viðmið sem landbrh. skal fara eftir þegar hann beitir heimild til að banna eða takmarka fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstökum fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm fyrir slíkri starfsemi. Þannig fari sem sagt hæstv. landbrh. ekki um landið eins og landnámsmaður og helgi sér land eftir smekk heldur komi inn efnisleg viðmið. Til grundvallar ákvörðun ráðherra skal taka mið af því að vernda og hlífa villtum laxastofnum við erfðablöndun, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum. Þá skal tekið tillit til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar þeirra frá veiðiám og veiðiverðmæti innan svæðisins, þ.e. fjarðar, flóa eða landsvæðis. Jafnframt skal litið til þess hvort svæði til fiskeldis séu staðsett í farleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í veiðiá.

Í ellefta lagi er kveðið á um að landbrh. geti ákvarðað svæðaskiptingu fiskeldis meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði. Það er að sjálfsögðu utan netlaga og gengið tryggilega frá því að ekki sé skörun milli ákvarðana hans annars vegar og hins vegar sveitarfélaga sem eiga lögsagnarumdæmi 115 metrum utan við stórstraumsfjöruborð.

Herra forseti. Í tólfta lagi er kveðið á um að landbrh. fari með yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála. Samhliða þessu frv. hefur sjútvrh. lagt fram frv. um eldi nytjastofna sjávar. Til að forðast skörun milli ráðuneyta er lagt til að skýrt sé kveðið á um að landbrh. fari með yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála samkvæmt lögum þessum.

Í þrettánda lagi er lagt er til að Veiðimálastofnun tilnefni aðila í fiskeldisnefnd í stað veiðimálastjóra. Er þá gætt samræmis við tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar í nefndina frá sjávarútvegsgeiranum.

Í fjórtánda og síðasta lagi, herra forseti, er lagt er til að auka hlut Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva í veiðimálanefnd þannig að þeir eigi þar tvo fulltrúa til mótvægis við Landssamband veiðifélaga sem á þar tvo fulltrúa fyrir. Með þeirri fjölgun verður nefndin skipuð sex mönnum í stað fimm áður og er því kveðið á um að ráðherra skipi

formann nefndarinnar og skulu atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Herra forseti. Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali og ég hef gert grein fyrir í stórum dráttum.

Undir álitið rita eftirfarandi þingmenn: Hjálmar Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Guðjón Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Ég vil að lokum þakka hv. þm. í landbn., bæði meiri og minni hluta, hjartanlega fyrir samstarfið í nefndinni og ekki síst varðandi þetta mikla mál sem við höfum verið að fjalla um lengi. Við urðum sammála um flestar þær breytingar sem orðið hafa í meðförum nefndarinnar þótt minni hlutinn vildi ganga lengra í einstökum greinum eins og þau gera vafalaust grein fyrir í máli sínu.

[21:41]

Frsm. minni hluta landbn. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Í athugasemdum með frumvarpi þessu, eins og það var lagt fram af hálfu landbúnaðar ráðherra, segir m.a.:

„Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, um fiskeldi og hafbeit. Ljóst er að löggjöf um fiskeldi hefur lengi verið ábótavant hér á landi. Núgildandi löggjöf um þennan málaflokk er fábrotin og gefur stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar. Í löggjöfina vantar ýmis ákvæði sem eðlilegt og nauðsynlegt má telja að þar sé að finna."

Svo mörg voru þau orð. En í þeim kemur fram að frumvarpshöfundar í raun að viðurkenna að gildandi löggjöf um fiskeldi sé „fábrotin" og í hana vanti ýmis ákvæði sem teldust „eðlileg og nauðsynleg" og í því ljósi hljóti að vera erfitt að taka á og meta umsóknir um rekstur af þessum toga. Í frumvarpinu eru hins vegar umtalsverðar endurbætur sem miða fram á við og skapa eðlilegri og skýrari ramma um starfsgreinina og ítarlegri leikreglur á þessum vettvangi.

Áður en vikið verður að frumvarpinu sjálfu er óhjákvæmilegt í ljósi þess sem að framan greinir að staldra við stöðu mála í atvinnugreininni eins og sakir standa, nú þegar lagabætur standa fyrir dyrum á næstu dögum eða vikum. Tvennt vekur þar sérstaka athygli.

1. Yfirvöld hafa með samþykki landbúnaðarráðherra á grundvelli gildandi laga, eins takmörkuð og þau eru, gefið út reglugerð þar sem fiskeldi á stórum svæðum á landinu er með öllu bannað en annars staðar heimilað. Nokkuð vantar hins vegar á að hlutlæg og málefnaleg rök liggi þar til grundvallar þar sem grunnrannsóknir vantar á mörgum sviðum og bannið því ekki byggt á vísindalegum niðurstöðum og hlutlægni, hvorki hvað varðar vernd íslenska laxastofnsins né önnur vistfræðileg atriði sem taka þarf tillit til við friðun svæða. Það er því undrunarefni að landbúnaðarráðherra telji sig þess umkominn að taka slíkar ákvarðanir án nauðsynlegrar málefnalegrar undirstöðu sem að hluta til er þrátt fyrir allt að finna í nýju lagafrumvarpi sem lagt er kapp á að lögfesta fyrir þinglok nú í maí.

2. Gildandi löggjöf er fábrotin og tekur mið af sjókvíaeldi fyrri tíma þegar það var stundað í tiltölulega litlum mæli og þekking manna á sjókvíaeldi og mengunarþáttum var takmörkuð. Nú er sjókvíaeldi stundað í stórum stíl í nágrannalöndum okkar og bera umsóknir um sjókvíaeldi merki þess að margir hafa nú áhuga á þessari atvinnugrein hér á landi. Umsóknir og þegar veitt rekstrarleyfi eru fyrir stöðvar með mun meiri framleiðslu en þekkist í Noregi og Skotlandi, en það eru þau lönd sem við berum okkur oftast saman við á þessu sviði. Ef sjókvíaeldi á að verða öflug atvinnugrein hér á landi ber okkur að læra af reynslu nágrannaþjóðanna og viðhafa varúð frá upphafi, þ.e. gæta að mengunarþáttum, vernd villta laxastofnsins, umhverfisvernd og meta þátt annarra atvinnugreina á sama svæði.

Við framangreindar aðstæður er það undrunarefni að á síðustu mánuðum hafa verið gefin út rekstrarleyfi til sjókvíaeldis í Mjóafirði og Berufirði og tilraunaeldis í Klettsvík og er um verulegan rekstur að ræða í öllum tilvikum. Eðlilegast hefði verið að bíða samþykktar hinna nýju laga, þannig að jafnræði yrði í greininni. Enda þótt í bráðabirgðaákvæði segi að handhafar rekstrarleyfa þurfi að endurnýja rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku hinna nýju laga er það þekkt að vandasamara er en ella í allri stjórnsýslu að gera stórauknar og nýjar kröfur til fyrirtækja og atvinnureksturs sem þegar er starfandi. Gjarnan þarf aðlögunartíma við þær aðstæður, ekki síst ef viðkomandi fyrirtæki hafa lagt í umtalsverðar fjárfestingar þegar lagaumhverfið var annað og fábrotnara og fjárfestar þá væntanlega lagt í þær í góðri trú í samræmi við gildandi lagaumhverfi.

Bendir minni hlutinn á að taka þarf tillit til margfeldisáhrifa af rekstri fleiri en einnar eldisstöðvar á viðkomandi svæði. Því er nauðsynlegt að meta hugsanlegt þol hvers staðar fyrir sig áður en leyfi er veitt. Vísað er til matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt þeim lögum er metið hverju sinni hvort viðkomandi framkvæmd fiskeldisstöðvar á að fara í umhverfismat. Þessu þarf að breyta í lögunum og setja inn skýr ákvæði um að fiskeldisstöðvar sem framleiða meira en 200 tonn á ári skuli alltaf fara í mat á umhverfisáhrifum og sömuleiðis verði tillit tekið til margfeldisáhrifa fleiri en einnar stöðvar á sama svæði, þ.e. gera þarf heildstætt mat. Við veitingu rekstrarleyfa verður aðkoma almennings og annarra hagsmunaaðila ekki tryggð nema með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig er minnt á álit umhverfisnefndar Alþingis, að veita skuli skipulagsyfirvöldum viðkomandi sveitarfélaga aðkomu að veitingu leyfa þótt laxeldi fari fram utan netlaga sem víðast mun reynast nauðsynlegt.

Auk þess bendir minni hlutinn á að ekki er nægilega tillit tekið til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar almennt í frumvarpinu. Náttúruvernd ríkisins á t.d. ekki umsagnarrétt um veitingu rekstrarleyfis til fiskeldis- eða hafbeitar samkvæmt 1. mgr. 3. gr., flutning á eldistegundum o.fl. milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva eða ótengdra vatnasvæða samkvæmt 3. mgr. c-liðar 5. gr. og takmörkun á eða bann við fiskeldi, hafbeit eða ákveðnum eldisaðferðum á afmörkuðum stöðum samkvæmt e-lið sömu greinar. Minni hlutinn leggur mikla áherslu á að úr þessi verði bætt áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt sem lög frá Alþingi. Þá telur minni hlutinn afar óeðlilegt að umhverfisráðuneyti sé ekki ætlað að tilnefna fulltrúa í fiskeldisnefnd þar sem hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur fagráðuneyta.

Minni hlutinn telur enn fremur óhjákvæmilegt að vekja athygli á umræðum sem hafa verið ofarlega á baugi um ábyrgð aðila komi til óhappa eða slysa í fiskeldi sem valdið

geti umtalsverðri umhverfisröskun, þ.e. tjóni fyrir þriðja aðila, t.d. eigendur laxveiðiáa. Hafa sumir haldið því fram að leyfisveitandinn, þ.e. ríkisvaldið, kunni að verða skaðabótaskyldur komi til slíkra umhverfisslysa, ef rekstraraðilar hafa ekki keypt slíkar sértækar tryggingar. Hafa sérfræðingar á sviði skaðabótaréttar vakið athygli á því að núgildandi lög og reglur henti ekki eða illa þegar um umhverfistjón er að ræða. Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki af tvímæli í þessum efnum eins og rætt var í nefndinni að nauðsynlegt væri að gera.

Eftirlitsþáttur þessara mála hefur sumpart verið færður til betri vegar í breytingartillögum meiri hlutans frá því sem var í frumvarpinu sjálfu, en samkvæmt tillögunum er nú miðað við að rekstraraðilar greiði kostnað af eftirliti í samræmi við raunkostnað. Á það skal minnt að í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið var áætlað að kostnaður við eftirlitið yrði um 8 millj. kr. frá og með árinu 2002. Ýmsir gestir nefndarinnar bentu hins vegar á að kostnaður við nauðsynlegt eftirlit mundi hlaupa á miklu hærri upphæðum, eða tugum milljóna króna. Um þetta skal engu slegið föstu, en hins vegar eru þessir þættir skildir eftir tiltölulega opnir í breytingartillögum meiri hlutans og fáar leiðbeinandi vísbendingar um kostnað og umfang nauðsynlegs eftirlits. Það er galli — hvort heldur er litið til hagsmuna rekstraraðila sjálfra ellegar þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af virku og öflugu eftirliti af opinberra hálfu.

Í heild verður að átelja það að í þessu frumvarpi sem lagt er fram til að setja skýrari og ítarlegri ákvæði í IX. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, vegna mikillar ásóknar í leyfi til laxeldis í stórum stíl, vantar mjög upp á að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og náttúruverndar. Til dæmis hefur algerlega gleymst að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga um náttúruvernd sem Íslendingar eru aðilar að, t.d. Ríó-samningsins frá 1992 um líffræðilegan fjölbreytileika, hafréttarsamnings frá 1982 og Bernarsamningsins um vernd villtrar náttúru í Evrópu frá 1979.

Þrátt fyrir fyrrnefnda galla á frumvarpinu mun minni hlutinn styðja það að lyktum en áskilur sér allan rétt til að flytja breytingartillögur sem lúta að fyrrgreindum atriðum sem minni hlutinn hefur átalið og væntir þess að þær njóti stuðnings.

Hér liggja fyrir brtt. á sérstöku blaði sem ég hef í nál. mínu gert grein fyrir jafnóðum. Ég tel því ekki þörf á að lesa þær upp sérstaklega en vil minna á að með minnihlutaálitinu fylgir umsögn umhvn. Alþingis sem var einróma samþykkt þar og við byggjum mikið á í áliti okkar. Einnig minni ég á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og minnisblað frá Veiðimálastofnun um e-lið 5. gr. frv., varðandi erfðablöndun. Að lokum bendi ég á fylgiskjal um fisksjúkdóma, frá Gísla Jónssyni, dýralækni fisksjúkdóma, þar sem glöggt kemur fram að í þessu máli er margt að varast og fyllsta ástæða til þess að fara með mikilli gát.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri.

[21:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér hefur verið farið yfir nál. meiri og minni hluta hv. landbn. um frv. til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttur hefur gert góða grein fyrir nefndaráliti minni hlutans. Ég er einn af flutningsmönnum þess álits áliti en mig langar að fara í nokkrum orðum, herra forseti, yfir ákveðin atriði.

Þegar hv. landbn. fékk málið inn á borð til sín var greinilegt að frv. var ekki nægilega vel unnið í byrjun. Segja má að því meira sem við fórum í frv. og eftir því sem við fengum fleiri gesti til okkar til að fjalla um það hafi orðið ljósara að frv. var ónothæft nema sem rammi þegar upp var staðið. Þó ég sé með á sérstöku nál. vegna umhverfisþátta sem mér finnst vanta inn í frv. þá tek ég heils hugar undir allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. og tel að hv. landbn. hafi unnið mjög vel saman að því að koma þeim breytingum á og að tillit hafi verið tekið til fjölmargra ábendinga og athugasemda við frv., enda veitti ekki af því. Það var hálfgerð hrákasmíð í upphafi. Að mínu mati vantar þó töluvert upp á að frv. geti orðið nothæf lög til að vinna eftir við svo stóra og mikla atvinnugrein sem sjókvíaeldi getur orðið hér á landi, ef við förum að öllu með gát.

Það er ánægjulegt að vita til þess að margir hafi trú á að hægt sé að fara í sjókvíaeldi við Ísland. Leyfi hafa þegar verið gefin fyrir slíkri starfsemi og mikill undirbúningur í gangi, t.d. austur á Berufirði og Djúpavogi þar sem undirbúið er mjög stórt laxeldi. Lögin eins og þau eru, sem þeir aðilar hafa þurft að vinna eftir, eru mjög ófullkomin og erfitt að feta sig í gegnum þessa undirbúningsvinnu vegna þess. Því er mjög brýnt að betrumbæta lögin og ég vona að við höldum áfram, lærum af reynslunni og höldum áfram að bæta þau.

Það eru mjög alvarlegir sjúkdómar sem herja í þauleldi, þ.e. því stærri sem sjókvíarnar eru því meiri líkur eru á að upp komi sjúkdómar. Það bara gerist og er erfitt að koma í veg fyrir það. Hér á landi eru menn stórhuga en fara ekki í venjuleg verkefni á borð við þau sem þekkjast í nágrannalöndum okkar. Ef við lítum til Norðmanna, sem við höfum lært mikið af enda á að fara að rækta norsk-íslenskan lax en ekki íslenskan, þá er meðalstærð sjókvía þar um 1 þús. tonn en hér var strax sótt um 8 þús. tonna rekstur. Af þessu má sjá hversu stórhuga við erum.

Ég er sannfærð um að það mundi gera okkur vinnuna auðveldari í framtíðinni að varast fleira en eingöngu erfðablöndun við íslenska villta laxinn og að hugsa að mestu leyti út frá fiskeldissjónarmiðum, mengun og öðru því sem snýr að sjókvíunum sjálfum. Það er margt annað í umhverfinu sem þarf að huga að og við stöndum veikt varðandi grunnrannsóknir. Það mundi hreinlega verða bæði vinnusparnaður og einfaldara að láta umsóknir um sjókvíaeldi alltaf fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Hugsanlega væri þá hægt að gefa út samhliða rekstrarleyfi og starfsleyfi ef svo yrði gert.

Það þarf að líta til fleiri þátta heldur en fiskeldissjónarmiða. Hér eru að vísu brtt. frá meiri hlutanum um að það verði gert. En ef Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun verður ekki hleypt að sem umsagnaraðilum þá er hætt við að sjónarmið þeirra komist ekki að og það getur orðið okkur dýrkeypt.

Ég held að það hafi verið rétt leið hjá okkur að halda leyfisveitingunni áfram hjá veiðimálastjóra. Þá gildir málskotsréttur varðandi rekstrarleyfið til ráðherra. Eitt af mörgum vandamálum sem við stöndum eftir sem áður frammi fyrir, ef frv. verður að lögum, er að gæta réttar fólks eða fyrirtækja, þeirra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, athugasemdum, kvörtunum, hafi menn eitthvað út á rekstrarleyfið að setja. Við getum gert það varðandi starfsleyfið en varðandi rekstrarleyfið gildir eingöngu málskotsréttur og kæra til ráðherra. Réttur og aðkoma almennings yrði tryggð ef farið væri eftir

lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í þeim lögum eru nú þegar ákvæði um þauleldi í svínarækt, miðað við stærð búa. Samkvæmt þeim þurfa stærstu búin alltaf að fara í gegnum slíkt mat en minni búin eftir því sem þurfa þykir. Þannig ætti þetta auðvitað að vera.

Ég legg áherslu á að þegar á komandi hausti endurskoðum við lögin um mat á umhverfisáhrifum og tökum laxeldi inn í þau rétt eins og þauleldi á svínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurlandsskógar, 2. umr.

Stjfrv., 589. mál (starfssvæði). — Þskj. 932, nál. 1228, brtt. 1387.

[22:01]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Magnússon frá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Með frumvarpinu er lagt til að Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu verði bætt inn í verkefni Suðurlandsskóga sem taka samkvæmt lögum nr. 93/1997 til Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Á undanförnum árum hefur Alþingi sett ítarlega löggjöf um skógrækt, sbr. lög nr. 32/1991, um Héraðsskóga, lög nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og lög nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni. Með því má segja að landshlutabundin skógræktarverkefni nái til alls landsins núna nema Austur-Skaftafellssýslu og Gullbringusýslu.

Þar sem engin lög hafa fjallað um skógrækt á þessum landsvæðum er með frumvarpinu lagt til að þeim verði bætt inn í verkefni Suðurlandsskóga þannig að Suðurlandsskógaverkefnið nái einnig til þeirra sem lögbýli eiga á þessum landsvæðum. Með þeirri breytingu er allt landið í einhverju af þessum landshlutabundnu skógræktarverkefnum.

Herra forseti. Nú á síðustu dögum varð svolítil umræða um hvar mörk Gullbringusýslu væru eða hvort fremur ætti að ræða um Gullbringu- og Kjósarsýslu. Því varð að leita til þeirra sem gerst ættu að þekkja um það. Þó að við höfum ekki lengur sýslur og sýslumörk eins og var þá höfum við í stjórnsýslunni samt sem áður sýslumenn og lögsagnarumdæmi þeirra í héruðum landsins. Samkvæmt upplýsingum Jóns Eysteinssonar, sýslumanns í Keflavík, þá miðast lögsagnarumdæmi embættisins við Gullbringusýslu eins og hún var. Þá er almennt talað um sveitarfélögin Sandgerði, Gerðahrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Reykjanesbæ og Grindavík. Þetta er einnig skilningur hv. landbn., a.m.k. meiri hlutans, að í frv. sé átt við framangreinda hreppa og bæi hvað varðar Gullbringusýslu. Ég hygg að ekki sé málefna- eða meiningarmunur um Skaftafellssýsluna. Hún er öll inni í þessu verkefni. Það er sem sagt núverandi Suðurkjördæmi sem þetta verkefni, Suðurlandsskógar, á að ná yfir. Það er okkar skilningur.

[22:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og mun hér gera nokkra grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Í fyrsta lagi tel ég að málið hafi komið of seint fram. Það vannst ekki tími til að senda það út til umsagnar. Að vísu var óskað eftir því í nefndinni að nefndarmenn nefndu til þá gesti sem þeir vildu fá á fund. Aðeins einn gestur var tilnefndur, þ.e. formaður skógræktarfélagsins á Suðurnesjum, sem ég tilnefndi, og kom hann á fund nefndarinnar. Á aðra var ekki kallað, t.d. forsvarsmenn sveitarfélaganna sem hefðu örugglega viljað hafa eitthvað um málið að segja. Ég tel að það hafi verið mistök að gera það ekki og ég tel að það hefði átt að geyma málið. Það hefði verið hægt að afgreiða þetta mál strax í október, hefðum við tekið það aftur upp í haust, en ekki var orðið við þeim tilmælum.

Eitt er óheppilegt í þessu frv., að það er vísað þar til sýslna, sem eru mjög óljósar stjórnsýslueiningar. Af því tilefni langar mig að lesa kafla úr bréfi sem mér barst, vegna þess að í frv. er vísað til Gullbringusýslu. Í þessu bréfi er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Af ýmsum ástæðum er Gullbringusýsla ekki alls kostar hentug skilgreining á svæði. Í tímans rás hefur svæðið tekið allmiklum breytingum. Lengi framan af mættust Gullbringusýsla og Kjósarsýsla við Elliðaár. Þá tók Gullbringusýsla yfir stærstan hluta þess svæðis sem nú er Reykjavík. Fjölmargar fleiri breytingar hafa orðið síðan og sem dæmi má nefna að um 1970 var Bessastaðahreppur fluttur frá Gullbringusýslu til Kjósarsýslu."

Í töflu Hagstofu Íslands, Hagtölum sveitarfélaga, janúar 2001, er Gullbringusýsla talin ná yfir sveitarfélögin Sandgerði, Gerðahrepp og Vatnsleysustrandarhrepp. Það er því ljóst að ef sú skilgreining hefði verið látin gilda um þetta heiti, Gullbringusýslu, hefði frv. aðeins náð til til fimmtungs þess svæðis á Suðurnesjum sem tilheyra mun Suðurkjördæmi eftir kjördæmabreytingu. Mér fannst nauðsynlegt að leiðrétta þetta og hafði áhuga á því að nefndin flytti brtt. um þetta. Undir það var ekki tekið og þess vegna flyt ég þessa brtt. sjálf. Hún hljóðar svo:

„Við 1. gr. Í stað orðanna „Gullbringusýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu" — það sjá nú allir hvers lags stjórnsýsla þetta er, þessar sýslur eru ekki til lengur í lögum sem stjórnsýslueiningar — „komi: Suðurkjördæmi eins og svæðið er skilgreint í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis."

Það kom skýrt fram í nefndinni að meining ráðuneytisins var að lögin næðu akkúrat yfir þetta svæði og ekki annað. En ég var þegar vör við að ýmsir á svæðinu alveg upp í Kjós töldu að þarna væri verið að setja þá undir Suðurlandsskóga. Þessi misskilningur náði alla leið inn í ráðuneyti. Ég spurði þar hve mörg lögbýli heyrðu undir Gullbringusýslu og mér var sagt að þau væru 300–400, en það á þá einmitt við gömlu skilgreininguna alveg upp í Kjós. Ráðuneytið gengur því líka út frá skilgreiningu sem ekki stenst.

Ég veit að hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Hjálmar Jónsson, gerði grein fyrir því í ræðu sinni hver væri meining ráðuneytisins með þessu en ég verð að segja að mér hefði þótt það mjög til bóta að þessu hefði verið breytt í frv. og meiningin kæmi þar mjög skýrt fram.

Að öðru leyti hef ég orðið vör við að miðað við það hvernig forsvarsmenn Suðurlandsskóga skilgreina verkefni sitt þá líti þeir ekki svo á að hægt sé að fela stjórn Suðurlandsskóga skógræktarverkefni þar sem einstaklingum, sveitarfélögum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar, eins og lögin um landshlutabundin skógræktarverkefni áskilja. Þeir telja ekki að þetta eigi við Suðurlandsskóga. Ég veit að

þetta atriði verður ekki til að auka þeim bjartsýni sem bundu einmitt miklar vonir við flutning þessa frv. Menn héldu að frv. mundi efla viðleitni þeirra sem hafa lagt á sig ómælt brautryðjendastarf og lagt mikið fé úr eigin vasa í að reyna að koma á legg trjáplöntum á Suðurnesjum, þar sem menn trúa að fram á 18. öld hafi landið að miklu leyti verið kjarri vaxið. Samkvæmt þeim skilgreiningum sem ráðuneytið og forsvarsmenn Suðurlandsskóga halda fram er ekki hægt að láta Suðurlandsskóga yfir Suðurnes. Jafnvel þó að búið sé, með ærinni fyrirhöfn, að skilgreina svæðið, sem skógarbeltið rómaða á að ná yfir, þá er ekki talið raunhæft að verkefnið geti náð yfir Suðurnes vegna þess að þar eru engin lögbýli í byggð. Hið fróma markmið, að styðja við byggð með þessu verkefni á því ekki við þar. Auðvitað hefði alltaf verið í forsjá nefndarinnar hverjir fá leyfi og hverjir ekki en ég tel að það væri til mikilla bóta ef brtt. sem ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson höfum lagt fram yrði samþykkt. Hún gengur út á að við það sem stendur í lögum um landshlutabundna skógrækt bætist:

„Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við skógræktarstjóra, falið stjórn Suðurlandsskóga umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum, sveitarfélögum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar."

Þarna mundi þá opnast möguleiki til að gróðursetja a.m.k. eitt limgerði á Suðurnesjum á vegum Suðurlandsskóga.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Áður en næsti hv. þm. tekur til máls vill forseti geta þess að milli forseta Alþingis og formanna þingflokka var gert samkomulag um að hér yrðu ekki langar og ítarlegar ræður í kvöld. Reyndin hefur orðið önnur. Þess vegna mun ég skerða andsvaratíma og verður ræðutími aðeins ein mínúta í hvorri umferð.)

[22:12]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil geta þess, eftir ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, að ég skýrði það rækilega hvaða landsvæði þetta væri. Skilningur minn og landbn. á því liggur þá fyrir í gögnum Alþingis og með þessum lögum.

Það eru takmarkaðir peningar lagðir í skógrækt á Íslandi. Ég tel ekki ástæðu til að farið verði sérstaklega og umfram önnur landsvæði að veita fjármuni til Reykjaness eða Suðurnesja, með fullri virðingu fyrir þeim. Það er heldur ekki meiningin að takmarka á nokkurn hátt metnaðarfullt starf sem unnið er að á því landsvæði. Það er víða verið að rækta skóg á Íslandi af einkaaðilum og félagasamtökum. Það er vel og það er gott. Þetta er eingöngu hugsað sem viðbót, að Suðurlandsskógaverkefnið komi inn sem viðbót, og það er heldur ekki rétt að engin lögbýli séu á þessu landsvæði.

Eins og ég segi þá er þetta viðbót. Fagleg ráðgjöf og ýmiss konar stuðningur frá Suðurlandsskógum kemur til með að nýtast Reykjanesinu vel. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það verður til bóta. Hitt bendi ég einnig á að það er áskilið í lögum um landshlutabundin verkefni og eins um Héraðsskóga að endurskoða skuli allt saman innan tveggja ára héðan í frá.

[22:14]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er hárrétt sem fram kemur hjá formanni nefndarinnar, að hann skýrði í ræðu sinni hvað átt væri við með þessu dularfulla nafni, Gullbringusýslu, sem getur að mér sýnist þýtt hvað sem er. Ég veit ekki hversu sterk lögskýringargögn orð hv. þm. eru. Það hefur stundum verið um það deilt og auðvitað skýrara að hafa þetta inni í lögunum. Við erum öll sammála um við hvað er átt.

Nú hefur það óvænt komið fram í ræðu hv. formanns nefndarinnar að ekki sé sérstaklega ætlað að beina skógræktarfé til Suðurnesja. Þá er mér gersamlega óskiljanlegt hvers vegna á, með alls konar lagakrókum, að setja það svæði undir lögin ef meining var að leggja ekki neina peninga í skógrækt þar. Ég veit ekki hvar væri meiri þörf fyrir ræktun. Það eru engin lögbýli í byggð þarna. Þarna eru nokkur eyðibýli. Ég veit ekki hvað eigendur þeirra vilja gera í skógrækt.

[22:15]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég legg til að hv. þm. noti sumarleyfið til þess að leita að lögbýlum í kjördæmi sínu. En ég vil benda hv. þm. á það að hún er í þingflokki sem vill gera allt landið að einu kjördæmi sem fyrst. Ef þessi flokkur mun einhverju ráða í því efni þá falla þessi nýju viðmið mjög fljótt úr gildi, þ.e. Suðurkjördæmi heyrði þá sögunni til. Ef menn eru jafnfljótir að gleyma því eins og menn virðast vera búnir að gleyma því hvað sýslur eru á Íslandi, þá er ég hræddur um að allt verði það í lausu lofti áður en langt um líður.

[22:16]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Rétt er að lögin verða endurskoðuð eftir tvö ár en mér finnst að ef við sjáum augljóslega hvað má færa til betri vegar núna við umræðuna þá sé einfaldara að laga það núna strax en bíða með það í tvö ár.

Ég verð að segja um þessar skilgreiningar, að ég næ ekki upp í það hvað er verið að meina. Ég á að fara að leita að lögbýlum í kjördæmi mínu. Það eru gömul býli, ég veit það en þau eru ekki í byggð og mér er ekki kunnugt um að þau séu í eigu nokkurs manns sem hefur áhuga á skógrækt. Hins vegar eiga sveitarfélögin land og þar hefur verið áhugi á að reyna skógrækt en það má ekki samkvæmt lögunum.

[22:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nokkur orð inn í þessa umræðu. Hér lá frammi till. til þál. um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni, landgræðsla og skógrækt á Suðurnesjum sem nokkrir þingmenn, m.a. hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir stóðu að um metnaðarfulla landgræðsluáætlun á Suðurnesjum.

Ég trúi því að hægt sé að efla mjög landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum þrátt fyrir það að Suðurnesin fari inn í landshlutabundið verkefni eins og hér er í raun og veru verið að bjóða upp á. Þetta mun a.m.k. ekki trufla aðra landgræðslu eða aðra skógrækt því að lög um landshlutabundin skógræktarverkefni eiga fyrst og fremst við um lögbýli og ræktun á lögbýlum. Þetta eru sem sagt landgræðsluskógar og inni í þeim lögum er sú brtt. sem hv. þm. leggur fram um að landbrh. geti í samráði við skógræktarstjóra falið stjórn landshlutaverkefnis umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar.

Þetta er sem sagt í öðrum lögum þannig að það þarf ekki að vera og á ekki að vera neitt sérstaklega inni í þessum lögum. Ef við ætlum að fara að blanda saman við landshlutabundin verkefni öðrum skógræktarverkefnum en lög ná yfir, t.d. einhverjum áhugamannafélögum eða skógræktarfé-

lögum, þá erum við komin með þetta allt í uppnám að mínu viti.

Ég geri enga athugasemd við það að taka Suðurnesin inn í. Hugsanlegt er að einhver geti hafið skógrækt sem á þarna býli eða er eigandi að býli. Jörð getur farið í skógrækt og fengið fé út úr þessu verkefni. Þetta mundi a.m.k. aldrei skemma fyrir einu eða neinu öðru landgræðsluverkefni sem væri verið að setja í gang. Þetta er óháð því.

Varðandi mörkin, næsti bær við eru þá Austurlandsskógar í austri og Vesturlandsskógar í vestri og þarna verða auðvitað að vera skýr mörk. Við kölluðum eftir því í nefndinni að það væri alveg skýrt hvar mörkin ættu að liggja og það verður auðvitað að vera svo að skýr mörk séu á milli Vesturlandsskóga og Suðurlandsskóga en sérstök landgræðsluáætlun umfram lögbýli er þetta ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 719. mál (heildarlög). — Þskj. 1167.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, fyrri umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 744. mál. — Þskj. 1402.

[22:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem flutt er af efh.- og viðskn.

Þáltill. þessi er flutt í tengslum við meðferð efh.- og viðskn. á frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt en flutningsmenn þess eru Sighvatur Björgvinsson og nokkrir aðrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Þáltill. hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gangast fyrir sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. Í úttekt þessari verði m.a. lagt mat á hvort lækkun endurgreiðslunnar hafi aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til, hvort og/eða hversu mikið svört atvinnustarfsemi á þessu sviði hafi aukist og hvort ástæða sé til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslunum.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Herra forseti. Þetta mál er flutt af efh.- og viðskn. og þarf því ekki að ganga til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 237, nál. 1344, brtt. 1345.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Safnalög, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 238, nál. 1348, brtt. 1349.

[22:23]

Frsm. menntm. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til safnalaga frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti til viðræðna um málið og einnig bárust nefndinni mjög margar umsagnir.

Megintilgangur frv. er að styrkja og efla almenna safnastarfsemi í landinu. Jafnframt því er nauðsynlegt að tryggja að opinberum fjármunum, sem veittir eru til safnamála, sé vel varið og að fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati og heildstæðri stefnu í safnamálum. Helstu breytingar sem nefndin leggur til á frv. eru eftirfarandi:

Nefndin leggur til að skipan og hlutverki safnaráðs verði breytt. Ráðið verði skipað fimm mönnum, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk varamanns, einum tilnefndum af Félagi íslenskra safnmanna auk varamanns og jafnframt eigi þar sæti forstöðumenn höfuðsafna er tilnefni varamenn í sinn stað. Er þannig komið til móts við það sjónarmið að þeir sem í ráðinu sitja hafi faglega innsýn í sérþarfir viðkomandi safna. Ráðið sinni ekki stefnumörkunarhlutverki eða áætlanagerð fyrir safnastarfsemi í landinu heldur verði slíkt á forræði hvers höfuðsafns á sínu sviði. Að öðru leyti verði hlutverk safnaráðs óbreytt og úthluti ráðið úr safnasjóði og hafi eftirlit.

Þar sem frv. nær einnig til náttúruminjasafna telur nefndin að undirstrika þurfi betur en gert er í markmiðsákvæði 1. gr. að ætlunin sé að stuðla að varðveislu og kynningu á náttúrusögu Íslands ásamt menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

Nefndin leggur til efnislegar breytingar á 5. mgr. 5. gr. þannig að ljóst sé að Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að vera gott og fullkomið höfuðsafn — sýningarsafn — um náttúrufræði Íslands. Taka breytingartillögur nefndarinnar mið af hlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. lög nr. 60/1992, enda ekki að því stefnt að reisa skorður við uppbyggingu þeirra gagna- og upplýsingasafna um náttúrufræði Íslands sem unnið er að á setrum Náttúrufræðistofnunar Íslands og að vissu marki er svæðisbundið á náttúrustofum landshlutanna.

Þá eru lagðar til breytingar á 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þannig að ákvæði 5. mgr. 5. gr., þar sem kveðið er á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns, komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafi verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Æskilegt væri að hafinn yrði undirbúningur að gerð þess frv. sem fyrst og að það yrði samið í nánu samstarfi við umhverfisráðherra og í því yrði m.a. kveðið á um tengsl laganna við

Náttúrufræðistofnun Íslands. Lagt er til að fellt verði brott að fram skuli fara endurskoðun á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miði að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni til málsins.

[22:26]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð varðandi safnalögin. Ég ætla rétt í upphafi að taka fram að samstarf við menntmn. hefur verið afar gott um þau mál öll sem tilheyra þessum pakka sem við köllum svo. Starfið hefur verið mikið í nefndinni. Það verður að segjast eins og er að formaður nefndarinnar, Sigríður Anna Þórðardóttir, á þakkir skildar fyrir lipurð og stjórn þeirra funda sem hafa verið fjölmargir um þessi mál og ég held að það sé ekki síst því að þakka að við höfum náð mjög góðri lendingu og nefndin stendur einhuga að baki því nál. sem hér liggur fyrir.

Einnig má taka fram að nefndin hefur í raun og veru sýnt það frumkvæði að gera ýmsar breytingar til verulegra bragarbóta, bæði á þessu frv. og þeim frv. hinum sem við höfum rætt í samhengi. Það verður að segja að það sé mjög til fyrirmyndar í störfum nefndarinnar að hún hefur ekki litið svo á að hún væri bundin algerlega þeim frv. sem komu frá hæstv. menntmrh., enda var það þannig í 1. umr. að hæstv. menntmrh. hvatti mig til þess að nefndin tæki þessi mál til verulegrar skoðunar og það hefur verið gert en ég held að við hér hafi verið náð býsna góðri lendingu þó að það liggi ljóst fyrir að auðvitað eftir kannski ekki allt of mörg ár þurfi síðan að gera hér hugsanlega einhverja bragarbót á eins og oft vill verða.

Í raun og veru er aðeins eitt atriði sem ég vildi vekja athygli á en það er að eitt þeirra höfuðsafna sem hér er nefnt er raunverulega ekki til og verður ekki fyrr en búið er að setja um það safn sérstök lög. Hér á ég við Náttúruminjasafn Íslands. Ég held að nauðsynlegt sé að vekja athygli á því að þær breytingar eru að verða að það safn sem heyrir nú undir umhvrn. verður fært undir menntmrn. með þeim lögum sem hér liggja fyrir.

Hins vegar er mögulegt að gera einhverja tengingu og í rauninni nauðsynlegt að gera einhverja tengingu yfir í umhvrn. þegar lög verða sett um Náttúruminjasafnið. Þess vegna vil ég vekja athygli á einni setningu sem er í nál. en þar segir, með leyfi forseta:

„Æskilegt væri að hafinn yrði undirbúningur að gerð þess frv. [þ.e. um lög um Náttúruminjasafn Íslands] sem fyrst og að það yrði samið í nánu samstarfi við umhverfisráðherra og í því yrði m.a. kveðið á um tengsl laganna við Náttúrufræðistofnun Íslands."

Býsna mikilvægt er að þarna takist vel til því að hér er verið að gera þá grundvallarbreytingu að þetta safn heyri undir menntmrn. með samþykkt þessara laga en er nú undir umhvrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsafriðun, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 239, nál. 1346, brtt. 1347.

[22:29]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um húsafriðun frá menntmn.

Ákvæði frv. eru sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Megintilgangur þess er að skapa húsafriðun sérstöðu innan þjóðminjavörslunnar. Jafnframt er sjálfstæði yfirstjórnar þessa málaflokks aukið með því að gera húsafriðunarnefnd, sem nú er undirnefnd þjóðminjaráðs, að sjálfstæðri ríkisstofnun er heyri beint undir menntamálaráðherra. Þannig eru boðleiðir gerðar skýrari og stjórnsýsla málaflokksins treyst. Í frv. eru ekki lagðar til stórvægilegar breytingar á efnisreglum sem gilda um húsafriðun.

Nefndin bendir á að í 4. mgr. 16. gr. frv. er lagt til að varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skuli falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Ákvæði þetta er samhljóða 5. mgr. 46. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Að mati nefndarinnar eru ákvæði af þessu tagi varðandi sjóði í eigu ríkisins úrelt og óþörf. Skv. 2. mgr. 18. gr. frv. er gert ráð fyrir að húsafriðunarnefnd beri ábyrgð á fjárreiðum húsafriðunarsjóðs. Í ljósi þess og með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í banka- og bókhaldsmálum á liðnum árum er að mati nefndarinnar óþarft að binda hendur stjórnar sjóðsins í þessu efni með beinum fyrirmælum í lögum. Eðlilegra er að húsafriðunarnefnd geti ákveðið sjálf hvernig hún leysir þennan þátt í starfsemi sjóðsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni til frv. en hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ritar undir nál. með fyrirvara.

[22:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á varðandi þetta mál. Hann felst í því að hér er verið að stofna, eins og fram hefur komið, sjálfstæða stofnun sem kallast samkvæmt frv. húsafriðunarnefnd. Ég hefði af ýmsum ástæðum viljað sjá þetta nafn skrifað með upphafsstaf. Það hefur verið leitað eftir því í vinnu nefndarinnar hvort möguleiki væri á slíku en á það hefur ekki verið fallist.

Rök mín fyrir þessu eru m.a. þau að ekki er langt síðan það gerðist í sölum þingsins að hæstv. forseti Alþingis gerði ljóst að hann teldi stofnunum sem ritaðar eru með litlum upphafsstaf í lögum ekki vera ætluð stór verkefni. Ég held að húsafriðunarnefnd séu ætluð stór verkefni og hefði haldið að hún ætti rétt á að fá þá stöðu í lögunum að nafn hennar væri ritað með upphafsstaf. Það fékkst ekki í gegn. Ég set mig þó ekki upp á móti málinu. Ég hefði kannski viljað ræða það hér hvort ekki væri ráð að kalla þessa litlu stofnun Húsafriðun ríkisins. Það hefði verið mér mjög að skapi. Ég tel að ef við hefðum valið þá leið þá hefði ekki verið erfitt að sækja það að fá nafnið ritað með upphafsstaf. Hjá umsagnaraðila sem kom fyrir nefndina kom fram að við þyrftum ekki að hafa neina Danahræðslu í þeim efnum. Nefndin var frædd um það að Guðni Guðmundsson rektor Menntaskólans í Reykjavík

hefði kallað það Danahræðslu eða timor Danorum þegar menn fældust upphafsstafi.

Áhyggjur mínar af þessu máli eru svo sem ekki þungar. Þó vildi ég gera grein fyrir annarri athugasemd sem ég hef við málið, þ.e. varðandi kirkjur. Það hefur verið talað um að taka þurfi til athugunar kirkjur, jafnvel frá síðustu öld. Það hefur komið fyrir að kirkjur byggðar fyrir 1940 hafi verið skemmdar eða gerðar á þeim breytingar sem húsafriðunarmenn hafa talið til vansa. Það er kannski mál sem við gætum skoðað í framhaldinu. Ég fagna því hins vegar að húsafriðunarnefnd skuli orðin sjálfstæð stofnun og hef ekki fleiri athugasemdir við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 3. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1420.

[22:35]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) (frh.)**:**

Herra forseti. Umræðan um sölu á hlutafé í Landssímanum er á lokastigi, málið komið til 3. umr. Hér hafa verið rakin ítarlega rök fyrir því að málið sé á engan hátt tilbúið til þess að verða afgreitt af þinginu, þ.e. til að salan verði samþykkt.

Ég verð að láta þá von í ljós, herra forseti, að sú ákvörðun að það sé einungis á döfinni að selja allt að 49% hluta sé varanleg og 51% verði ekki seld, þrátt fyrir að hv. talsmenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh. og hæstv. samgrh. hafi ekki treyst sér til þess að koma með óyggjandi svör í þeim efnum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vísa í lokaorðum mínum til nál. míns varðandi þetta mál, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur sölu Landssíma Íslands hf. Fjarskiptaþjónusta er ein af grunnstoðum almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum markaðarins að arðsemiskrafa eiganda ein sé drifkraftur reksturs og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allra almennra hagkvæmni- og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um aukna þjónustu. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum. Fari svo sem horfir og fyrirtækið verður selt er sú hætta yfirvofandi að þessi almannaþjónusta verði ofurseld einkareknu einokunarfyrirtæki, jafnvel í meirihlutaeign útlendinga."

Herra forseti. Mér þykir vel hlýða að hafa það sem lokaorð í umfjöllun minni og þátttöku í þessu máli að vitna til orða góðs kunningja míns á Sauðárkróki í viðtali við DV í gær. Þar er hann spurður ásamt nokkrum öðrum einstaklingum hvað standi upp úr frá liðnum þingvetri.

Herra forseti. Ég vil með leyfi fá að vitna í Brynjar Pálsson, bóksala á Sauðárkróki, í orð hans sem birtast undir fyrirsögninni Vorhret og símasala, með leyfi forseta:

„Vorhretið stendur upp úr, við Íslendingar erum ekki stærri þjóð en svo að útilokað er að við þolum sjómannaverkfall í 42 daga. Hrikalegt er að stjórnvöld þurfi að beita lögum á réttmæta kjarabaráttu sjómanna en ekki áttu sjómenn annarra kosta völ en fara í verkfall þegar þeir voru m.a. að skerpa á þeirri kröfu sinni að við öll eigum fiskinn í sjónum í sameiningu. Íslandi allt var kjörorð ungmennafélaganna. Um önnur afrek stjórnmálamannanna í vetur get ég sagt að ég hef alltaf verið mótfallinn sölu banka og símafyrirtækja og vísast mun sagan dæma þá skoðun mína rétta að slíkt verður landsbyggðinni dýrkeypt."

[22:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur farið mikinn í dag í málflutningi sínum. Í gegnum tíðina hef ég ekki verið mikill talsmaður sölu á ríkisfyrirtækjum en þykist þó sjá að eðlilegt sé að ákveðin þjónusta, eins og bankastarfsemi og Landssíminn, verði seld. Ég sé auðvitað fyrir mér að það verður ekki einkavæðing heldur fjöldavæðing. Það mun verða fólkið í lífeyrissjóðunum sem kaupir.

Fyrir nokkrum árum voru lífeyrissjóðir landsmanna gjaldþrota. Nú eiga þeir 600 milljarða og hafa líklega 120 milljarða á ári hverju, segja fróðir menn mér, til að fjárfesta. Mér þykir líklegt að þeir geti tekið við hlutverki ríkisvaldsins og keypt þá hluti sem ber að selja núna í Landssímanum, þess vegna í bankakerfinu.

[22:40]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að segja það en ég hef á tilfinningunni að hæstv. landbrh. hafi alls ekki lesið frv. eða þau skilyrði sem sett eru fram fyrir sölu hlutafjárins. Þar er einmitt gert ráð fyrir því að almenningur og lífeyrissjóðirnir fái ekki rétt til að kaupa Landssímann með þeim hætti sem hæstv. ráðherra er að tala um, heldur á að búta hann niður þannig að almenningur hafi aðgang að hluta og síðan fjárfestarnir, sem hann var að minnast á, aðgang að hluta o.s.frv.

Ég vil því benda hæstv. landbrh. á að ég er svo sem sammála því sjónarmiði hans að þetta gæti verið betra en því miður sýnist mér hann ekki fara alveg með rétt mál.

[22:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það koma iðulega fram fullyrðingar um að maður lesi ekki um málin, vitringarnir segja það gjarnan. En 14% er mikil sala til fólksins til að byrja með og ... (**JB:** Fólkið á þetta.) Fólkið á það, en staðan er sú að það er samstaða um það, líklega í öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi nema Vinstri grænum, að samkeppnisfyrirtæki verði ekki áfram í ríkiseigu. Það er bara staðan, alþjóðasamningar, EES-samningur og fleira spilar þar inn í. (Gripið fram í.) Þetta er gjörningur sem hefur átt sér stað og þess vegna er spurning hvort ekki þurfi að stýra því hverjir kaupa. Ég sé fyrir mér lífeyrissjóðina með 120 milljarða á ári.

Það mundi ekki standa í hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni stærsta lífeyrissjóðs landsmanna, að safna kennitölum og gerast áhugamaður um hlut Landssímans. (**ÖJ:** Afsala þjóðinni þessum dýrmætu eignum.) Ja, afsala. Þetta er staða sem við stöndum frammi fyrir. (**ÖJ:** Framsfl. er kominn langt frá uppruna sínum.) Hæstv. forseti. Er það svo að hér sé hafið tveggja manna tal?

(**Forseti** (HBl)**:** Mér heyrðist það.)

Glöggur er hæstv. forseti. Staðan er auðvitað sú að þetta blasir við og ég sé fyrir mér að fjöldahreyfing fólksins, þessi fjöldavæðing sem ég kalla svo, geti komið og tekið við þessu

hlutverki af ríkisvaldinu fyrst það fær ekki að reka þessar stofnanir.

[22:43]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það að hæstv. landbrh. og varaformaður Framsfl. kynni sér betur þetta mál og stöðuna almennt og reyni að bæta úr eftir því sem hann hefur kraft, þrek og völd til.

Ég vona, herra forseti, að ekki þurfi að fara eins og látið var að liggja á fundi samgn. að menn komi sér hjá því að reka Trékyllisvíkurnar út um allt land í fjarskiptaþjónustu. Ég vil minna hv. varaformann Framsfl. á að það var einmitt í Trékyllisvík á Ströndum sem Hermann Jónasson, *formaður Framsfl. og ráðherra í mörg ár, hélt sinn fyrsta* framboðsfund og var síðan kosinn á þing. Við skulum vona að Trékyllisvíkurnar fái að lifa.

[22:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég virði skoðanir sannfærðra hægri manna, frjálshyggjumanna sem vilja í aðalatriðum láta einkarekstur reka allt sem mögulegt er og sumir ganga svo langt að þeir sjá fyrir sér hlutverk ríkisins í því einu að semja við önnur ríki og halda uppi landvörnum og löggæslu. Ég virði slík sjónarmið en ég er þeim algerlega ósammála.

En hitt verð ég að segja að mér finnast ömurlegir þeir viðsnúningar, tækifærismennska og hentistefnupólitík, hentifánapólitík af því tagi sem hæstv. landbrh. hefur sérstaklega tekið að sér að halda uppi upp á síðkastið í þessum efnum. Fyrir fáeinum árum gerði hann út á það gagnvart fylgi í landinu að hann væri ákveðið akkeri félagslegra sjónarmiða í Framsfl. og væri að taka við forustu þar fyrir félagshyggjuarmi, vinstri armi. Hvar er sá maður staddur sem vildi ekki selja Búnaðarbankann, var algerlega á móti því að einkavæða Landssímann o.s.frv. Við heyrðum það áðan. Ég legg til að hæstv. landbrh. haldi sig í aðalatriðum við gúrkurnar og láti öðrum eftir að ræða um einkavæðingu.

Herra forseti. Við erum að koma að lokum umræðunnar um stærstu einstöku einkavæðingu Íslandssögunnar a.m.k. hingað til. Það er athyglisvert að svo dofnir eru menn orðnir eftir áralangt fár af þessu tagi að ekki hefur náðst upp í þjóðfélaginu almennilega virk umræða um þetta stóra mál og slíkur er hroki einkavæðingaraflanna orðinn að talað er af forakt um öll önnur sjónarmið en þau að allt svona lagað hljóti að seljast. Ég held að þeir menn hefðu gott af því að fara út á meðal þjóðarinnar. Ég fullyrði að þjóðin er ekki sammála þeim sem telja það sjálfgefið og einsýnt að ráðstafa almannaeignum með þessum hætti sem núverandi ríkisstjórn er að gera. Ég fullyrði það. Það eru djúprættar efasemdir um það og ekki síst á landsbyggðinni að þessi stefna sé mönnum til góðs. Það er ekki fólkið sem er í fyrirrúmi þegar menn eru að ryðja þessum breytingum á samfélaginu braut. Það er bara ekki þannig. Það er fjármagnið og arður þess sem er látið hafa forgang. Það er fjármagnið í fyrirrúmi, gróðinn í fyrirrúmi, hæstv. ráðherra, Guðni Ágústsson.

Það er athyglisvert í þessu máli að eiginlega eru allar aðstæður gegn því sem þyrfti að vera til að maður hefði sannfæringu fyrir því að breytingarnar gætu orðið til góðs. Það eru ákveðin leiðarljós, það eru ákveðin viðmið sem hægt er að nota til að spyrja sig að því hvort líklegt sé að breytingar af þessu tagi verði til góðs. Leiða þær til betri þjónustu, til lægra verðs, stuðla þær að jafnrétti og réttlæti í samfélaginu o.s.frv.? Er þetta fyrir hendi? Nei.

Hér er um fákeppnis- og einokunarstarfsemi að ræða í bland. Alls staðar hefur gefist illa að einkavæða slíka starfsemi.

Í öðru lagi. Er reynsla annarra þjóða af þessum breytingum eða nákvæmlega sambærilegum breytingum við sambærilegar aðstæður góð? Svarið er nei. En menn hlustuðu auðvitað ekkert á það. Reynslan frá löndum eins og Ástralíu, Nýja-Sjálandi, sumum fylkjum Bandaríkjanna og sums staðar í Evrópu er mjög slæm.

Í þriðja lagi fást menn ekki til að ræða þetta út frá aðstæðum Íslendinga. Það má ekki vekja lengur athygli á þeirri staðreynd að hér býr tæplega 300 þúsund manna þjóð í 103 þúsund ferkílómetra stóru landi. Þó ekkert annað kæmi til, herra forseti, þá finnst mér skrýtið að menn skulu ekki einu sinni fást til að velta því þó fyrir sér að suma hluti af þessu tagi gætum við Íslendingar þurft að hafa öðruvísi en eiginlega allar aðrar þjóðir í heiminum af því að við erum Íslendingar og erum jafnfá og raun ber vitni við jafnsérstakar, landfræðilegar og náttúrufræðilegar aðstæður.

Í fjórða lagi er það þannig að skilyrðin sem ríkisstjórnin sjálf hefur sett til þess að breytingar af þessu tagi geti gengið eðlilega fyrir sig eru ekki heldur uppfyllt en það veldur þessum mönnum engum áhyggjum. Ekki er raunveruleg samkeppni til staðar á þessum markaði. Það vita það allir. Að hluta til er um einokunarstarfsemi að ræða og að hluta til um markaðsdrottnandi risa með 85–90% markaðarins.

Fullt verð átti að vera annað skilyrði. Hvar er það? Það á ekki einu sinni að leita eftir því að fá fullt verð. Dreifð eignaraðild átti að vera þriðja skilyrðið. Það er varla til málamynda reynt að láta líta út fyrir að það standi til. Það er eiginlega hætt að þykjast í þeim efnum. Það er enginn áskilnaður í lögum um dreifinguna á eftirmarkaði og salan *á meira að segja að fara fram strax í frumsölu að verulegu* leyti til einstakra stórra aðila þannig að einn aðili gæti strax í byrjun keypt fjórðung Símans, t.d. erlendur aðili og átt vilyrði fyrir næstum öðru eins. Það er gefinn upp boltinn með það að *einn einasti erlendur aðili gæti orðið svo til* helmingseigandi þessa fyrirtækis á móti dreifðri eignaraðild innan lands og þar með mundi hann auðvitað ráða því.

Uppgjöf og niðurlæging Framsfl. í þessu máli er einstök vegna þess að sagan er svo skýr frá því að margir framsóknarmenn, öflugir talsmenn Framsfl., voru fyrir fáeinum missirum beinlínis andvígir því að hrófla við þessu fyrirtæki. Það liggur fyrir. Síðan er opnað í stjórnarsáttmálann með mjög varfærnislegu orðalagi á því að breytingar verði skoðaðar á kjörtímabilinu. Í þriðja lagi kom svo tímabilið, stóð kannski í tæpt ár, þar sem Framsókn var á móti því að selja grunnnetið en var að öðru leyti orðin jákvæð gagnvart því að selja Símann.

Svo kom í fjórða lagi tímabilið, það var örstutt þar sem það átti að fara mjög varlega í þetta. Maður gat búist við frv. sem heimilaði kannski að opna aðeins inn í þetta með 15% eins og í bönkunum. Svo kom lokakaflinn, frv. um að heimila samgrh. Sjálfstfl. að selja 100%. Endir sögu. Fullkomin 100% uppgjöf, niðurlæging. Framsfl. liggur eins flatur og nokkur kostur er. Rökin: Framsfl. uppgötvaði fjarskiptalögin.

Ég hlýt auðvitað að óska einkavæðingaröflunum í Sjálfstfl. og á bak við Sjálfstfl. til hamingju með sigurinn, herra forseti. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, til hamingju með sigurinn. Þetta mun heita ippon eða hvað það er á

máli fjölbragðaglímu, þ.e. fullnaðarsigur í einu bragði, og Framsókn liggur á gólfinu.

Það er gaman, herra forseti, og þó ekki að einmitt þessa dagana, þessa klukkutímana, sem við ræðum þessa algeru uppgjöf Framsfl. og fullnaðarsigur sjálfstæðismanna kemur skýrsla Samkeppnisstofnunar, hinnar virðulegu og ágætu Samkeppnisstofnunar sem nýtur álits og trausts alls staðar í þjóðfélaginu og ekki síst á Alþingi um fákeppni og samþjöppun í íslensku viðskiptalífi. — Ég óska hæstv. utanrrh. góðrar ferðar. — Þar er m.a. sérstaklega dregin athyglin að því að í hinum nýju greinum atvinnulífsins sem fjarskiptin eru hluti af vegna þeirrar þróunar sem þar er, þar er mikil og hröð samþjöppun í upplýsinga- og hátæknigreinum. Er einhver ástæða til að ætla annað en nákvæmlega þessi verði þróunin í framhaldinu á þessum markaði, ekki síst vegna þess að ríkisstjórn Íslands er svo einstaklega ofstækisfull í þessum aðgerðum að hún setur engar kvaðir eða skilyrði af neinu tagi í tengslum við söluna. Í mörgum tilvikum hafa fyrirtæki af þessu tagi erlendis verið einkavædd með þeim hætti að sett hefur verið inn í þau sérstakt hlutabréf sem verður hluti af hlutabréfaeign fyrirtækisins um aldur og ævi og því fylgir ákveðinn íhlutunarréttur. Meira að segja nýfrjálshyggjuliðið á Nýja-Sjálandi setti inn í símann sérstakt hlutabréf sem kallað er Kíwí-bréfið. Við gætum kallað okkur þá Íslendingabréfið, (**Gripið fram í:** Geirfuglsbréfið.) geirfuglsbréfið og því mundi fylgja ákveðinn íhlutunarréttur um það t.d. að stjórn fyrirtækisins yrði skipuð með tilteknum hætti. Það mætti aldrei breyta ákveðnum atriðum í samþykktum þess o.s.frv. Ekkert af þessu tagi er sett inn í einkavæðingarfrv. Það sýnir betur en margt annað, herra forseti, ofstækið sem þarna er á ferðinni. Í raun og veru hversu hroki þeirra sem ráða för í þessum efnum er alger. Þetta er eitt af örfáum dæmum sem ég veit um þar sem menn hafa verið svo skeytingarlausir um það sem á komandi árum gæti átt eftir að mæta viðskiptavinum þessa fyrirtækis, þjóðinni, að menn hafi ekki einu sinni fyrir því, menn sýni ekki lit til þess að reyna að tryggja ákveðin grundvallaratriði. Því er vísað á fjarskiptalög og Samkeppnisstofnun, sem nýtur stundum mikils álits, stundum ekki, eftir því hvað ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hentar hverju sinni. Ýmist er hún haldreipi hið besta og mesta eða skýrslur hennar eru ónothæfar og þar er ekki komist að réttum niðurstöðum, svarað vitlausum spurningum o.s.frv. eins og við höfum heyrt undanfarna daga. Ef eitthvað er að aka seglum eftir vindi, herra forseti, þá er það það hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn notar sér á víxl að upphefja eða niðurlægja stofnanir af því tagi.

Hvað átti að gera, herra forseti? Það átti að beita afli þessa fyrirtækis til að halda áfram því brýna verki að betrumbæta fjarskiptakerfið í landinu og tryggja öllum landsmönnum áframhaldandi á næstu árum í gegnum þær miklu breytingar sem eru að ganga yfir í tæknilegum efnum og af ýmsum ástæðum, fyllstu þjónustu eftir því sem nokkur kostur var án tillits til búsetu af jöfnum gæðum og með jöfnum aðgangi eftir því sem nokkur kostur er. Það er mikilvægt jafnréttisatriði í þessu landi að þjóðin öll hafi aðgang að þessari mikilvægu undirstöðutækni sem má líkja við menntakerfið, má líkja við vegakerfið og ýmsar þessar undirstöðuþarfir í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi átti — og um það hefði getað tekist ágæt samstaða ef einhver vilji hefði verið til þess að láta á það reyna — að skoða hvaða breytingar á rekstri og samsetningu þessa fyrirtækis gat verið skynsamlegt að gera, m.a. út frá breyttum aðstæðum í samkeppnislegu tilliti. Vel gat komið til greina að kveða á um það að einstakir þættir starfseminnar yrðu færðir yfir í sjálfstæð dótturfélög. Það tel ég alveg koma til greina. Ýmsar slíkar breytingar gátu komið til móts við þau sjónarmið að þetta fyrirtæki yrði kannski ekki rekið án árekstra með algerlega óbreyttu formi að öllu leyti. Það er enginn endilega að biðja um það. En að tryggja þessa mikilvægu undirstöðuþjónustu og jafnrétti landsmanna og koma í veg fyrir að það gerist hér sem hefur alls staðar orðið fylgifiskur einkavæðingar af þessu tagi að strjálbýlið líði fyrir hana. Það átti að reyna að gera. Það er enginn vilji til þess hér því miður, herra forseti.

Stundum er sagt að sagan endurtaki sig og það er líklega býsna mikið til í því. Þegar fjarskiptabyltingin hófst fyrir alvöru kringum önnur síðustu aldamót, þá voru það einkaaðilar eins og á mörgum fleiri sviðum atvinnurekstrar sem voru fyrirferðarmestir í þeim efnum. Svo gerðust hlutir sem leiddu það af sér, kreppan mikla, hildarleikur seinna stríðsins, að þessi þjónusta og margar aðrar slíkar sem vörðuðu innviði samfélaganna voru teknar yfir af opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum og samfélögin voru byggð upp, innviðir samfélaganna voru byggðir upp í Evrópu, Ameríku og víðar og að því komu stjórnmálamenn úr öllum áttum. Um áratuga skeið var ágæt samstaða um þá pólitík að þetta væri skynsamlegt og það lagði grunninn að því velmegunarskeiði sem menn hafa síðan búið að í þessum löndum. Síðan náðu önnur sjónarmið yfirhöndinni, því miður, og þau hafa ríkt um skeið. Nýfrjálshyggjukreddan heltók vestræna stjórnmálamenn og sagan lagði af stað í nýjan hring. Nú tel ég að sem betur fer sjáum við fyrir endalokin á þessu skeiði.

Það er að vora úti í þjóðfélaginu, herra forseti, og það mun líka vora pólitískt. Nýfrjálshyggjan er á undanhaldi. Hún hefur verið sigruð í mörgum löndum heimsins. Eftirlegukindurnar halda völdunum á Íslandi en þær munu ekki gera það lengi enn. Sagan segir okkur það líka að menn halda ekki völdum að eilífu og allra síst þeir menn sem fara með þau eins og núv. ríkisstjórn hefur gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 23:00]

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 3. umr.

Stjfrv., 707. mál. — Þskj. 1420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]
Frv. samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, KVM, LB, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með einkavæðingu Landssímans er nýfrjálshyggjuliðið í Sjálfstfl. sem vill koma sem flestum sviðum þjóðlífsins í hendur einkaaðila til þess að græða á því að vinna stóran sigur.

Í öðru lagi verður þetta mál nokkuð stór bautasteinn á langri vegferð Framsfl. til hægri í íslenskum stjórnmálum, viðmiðunarpunktur þannig að villugjarnar sálir geta leitað að þeim bautasteini ef þær vilja átta sig á því hvar Framsfl. var einu sinni á vegi staddur. Þegar hæstv. núv. landbrh. verður ráfandi í þoku á ævikvöldi sínu, þá getur hann farið og leitað að þessum bautasteini og svarað sjálfum sér: Hér var ég einu sinni staddur.

Herra forseti. Ég spái því að þetta mál verði ekki til farsældar, a.m.k. ekki því fólki sem byggir hinar strjálu byggðir. Ég segi því nei við þessu frv., herra forseti.

[23:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Fróðlegt var að hlýða á umræðu um skýrslu Samkeppnisstofnunar í dag þar sem menn fóru hamförum yfir því að tiltekið fyrirtæki hefði 61% markaðshlutdeild. Hér er ætlunin að selja fyrirtæki sem er með allt upp undir 90% markaðshlutdeild og mönnum svelgist ekki einu sinni á.

Virðulegi forseti. Við viljum ekki standa að því að einkavæða einokun og því sitjum við hjá.

[23:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við sem höfum þá skoðun að einkarekstur sé þjóðhagslega heppilegri en ríkisrekstur hljótum að gleðjast yfir þessu skrefi, mestu einkavæðingu til þessa. Ég segi já.

[23:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum.

Herra forseti. Við erum hér á rangri braut. Ég segi nei.

[23:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingheimur hló þegar hann samþykkti að selja Landssíma Íslands, þessa verðmætu þjónustustofnun sem hefur þjónað Íslendingum vel um margra áratuga skeið. Fyrr í dag fór fram umræða um hvernig staðið yrði að þessari sölu. Rifjuð voru upp ummæli hæstv. samgrh. um að ekki stæði til að knýja fram eins hátt verð fyrir söluna og kostur væri. Óskað var eftir nærveru formanns Framsfl., hæstv. utanrrh. og hann spurður um álit í þessu efni. Svörin voru loðin. Þessi stofnun, þessi dýrmæta eign okkar er skilin eftir í höndum hagsmunagæslumanna þjóðarinnar sem duga ekki til slíkra verka.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1482).

Fjarskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 708. mál (skilyrði rekstrarleyfis). — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, KVM, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.
6 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JóhS, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1483).

Gerð neyslustaðals, frh. síðari umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 239. mál. — Þskj. 260, nál. 1401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]
Brtt. í nál. 1401 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1448).

Áhafnir íslenskra skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 496, nál. 1269, brtt. 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:21]
Brtt. 1270,1 (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1270,2–6 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1270,7 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1270,8 samþ. með 44:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

nei: GAK, SvH.

3 þm. (JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JóhS, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. 8. brtt. kveður á um að hækka viðmiðunartölu úr 50% í 65%. Ég tel að þessi grein sé óþörf og stangist í raun á við 9. gr. frv. Ég segi nei.

Brtt. 1270,9–20 samþ. með 51 shlj. atkv.

2.–23. gr. (verða 2.–18. gr.), svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1270,21 samþ. með 49 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1270,22 (ný fyrirsögn) samþ. með 51 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1457, nál. 1273 og 1411, brtt. 1274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:26]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er um það að ræða að frv. kveður á um að leggja eigi sérstakan skatt á þá sem reka vöruflutningaþjónustu. Kjarninn í þessu máli er einfaldlega sá að embættismenn hafa ákveðið að tiltekna fjárhæð vanti til að reka stjórnsýsluna og hér er ætlunin að samþykkja það að leggja á nokkrar milljónir í skatt, sérstaklega á þá sem reka vöruflutningaþjónustu.

Ég held að það sé ágætt, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin sitji ein uppi með þetta og því sitjum við hjá.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 1274,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, StB) fjarstaddir.

Brtt. 1274,2 (ný 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1274,3 (ný 8. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1274,4 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs. HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EOK, GE, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, TIO) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1274,5 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 1274,6 (ný 13. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1274,7 (ný 14. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1274,8 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, PHB, RG) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1274,9 (ný 16. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

17. gr. og ákv. til brb. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Sjóvarnaáætlun 2001–2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 319. mál. — Þskj. 401, nál. 1342, brtt. 1308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:32]
Brtt. 1308 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1449).

Hafnaáætlun 2001–2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 327. mál. — Þskj. 412, nál. 1326, brtt. 1309 og 1418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:33]
Brtt. 1418 felld með 33:15 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, EKG, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, LB, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
3 þm. (EMS, JB, KolH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1309 (ný tillgr., til og með Eskifjörður) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1309 (frá Hraun í Reyðarfirði að Fáskrúðsfjörður) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, KVM, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, JóhS, JB, SJS, VE, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[23:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru andvígir núverandi áformum um stórvirkjanir á Austurlandi og byggingu álvers á Reyðarfirði. Því er algerlega ótímabært að setja á hafnaáætlun 2001–2004 stóriðjuhöfn á Reyðarfirði. Við getum því ekki stutt það þó svo við styðjum hafnaáætlunina að öðru leyti.

Brtt. 1309 (frá og með Fáskrúðsfjörður) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1450).

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, frh. síðari umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 769, nál. 1197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:36]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[23:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er um stystu langtímaáætlun í heimi að ræða. Hér er um að ræða þriggja ára áætlun og að sjálfsögðu styðjum við áætlun af þessum toga.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1458).

Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), frh. síðari umr.

Stjtill., 619. mál. — Þskj. 992, nál. 1249 og 1250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:37]
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JóhS, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1459).

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 655. mál. — Þskj. 1033, nál. 1365.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:38]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, KVM, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JónK, JBjart, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1460).

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7, nál. 1335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:38]
Brtt. í nál. 1335 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (EOK, GÖ, GunnB, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1461).

Erfðaefnisskrá lögreglu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 616. mál. — Þskj. 1451, nál. 1299, brtt. 1300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:39]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1300,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1300,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1300,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1300,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 627. mál (EES-reglur). — Þskj. 1452, nál. 1302, brtt. 1303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:42]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1303,1 (ný 2. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1303,2 (tvær nýjar greinar, verða 3.–4. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
3.–5. gr. (verða 5.–7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1303,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
7.–10. gr. (verða 9.–12. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 672. mál (farsímar, fullnaðarskírteini). — Þskj. 1462, nál. 1301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:44]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 1301 (2. gr. falli brott) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1301 (3. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 3 í nál. 1301 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (kærunefnd, afskriftir, vanskil o.fl.). — Þskj. 1463, nál. 1265, brtt. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:45]
Brtt. 1266 felld með 29:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, TIO, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1265 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 1473, nál. 1344, brtt. 1345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:47]
Brtt. 1345,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1345,2–24 samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–29. gr., svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1345,25 samþ. með 51 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1345,26–29 (ný fyrirsögn I. og II. kafla, II. kafli verður III. kafli, III. kafli verður II. kafli) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Safnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 1472, nál. 1348, brtt. 1349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]
Brtt. 1349,1 (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1349,2–7 samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.
11.–14. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1349,8 samþ. með 52 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1349,9 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Húsafriðun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 1475, nál. 1346, brtt. 1347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:51]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1347,1–7 samþ. með 49 shlj. atkv.
6.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
17.–23. gr. og ákv. til brb. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Menningarverðmæti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 1464, nál. 1350, brtt. 1351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1351,1–4 samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–7. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
8.–13. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, frh. síðari umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 332. mál. — Þskj. 431, nál. 1329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:54]
Brtt. í nál. 1329 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, LB, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MS, MF, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1465).

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frh. 2. umr.

Frv. DSigf o.fl., 484. mál (réttur til starfsheitis o.fl.). — Þskj. 1466, nál. 1339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:54]
Brtt. 1 í nál. 1339 samþ. með 50 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1339 (3. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 345. mál (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.). — Þskj. 1467, nál. 1253, brtt. 1254, 1259 og 1310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:57]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (GAK, GÁS, LB, VE) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[23:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Andi þessa frv. sem hér er lagt fram er mér að mörgu leyti að skapi. Ég hygg hins vegar að menn þurfi aðeins að velta yfir því vöngum hvort sú forsjárhyggja og þau boð og bönn sem hér er verið að leiða í lög sé rétt aðferð til þess að bregðast við tóbaksfíkninni. Ég hef efasemdir um það og treysti mér ekki til þess að fylgja þessu frv. eins og það er lagt fram og þaðan af síður þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram til að hnykkja enn frekar á þessari stefnumörkun.

Forvarnir eru af hinu góða en boð og bönn hygg ég að leiði okkur í ógöngur og út í horn sem erfitt er að komast út úr.

2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁE, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1310,1 felld með 29:15 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, JÁ, JB, KVM, KolH, ÓÖH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, MS, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
6 þm. (EMS, GE, GAK, JóhS, LB, SvH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
16 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1310,2 felld með 29:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.
4 þm. (EMS, GAK, LB, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,4 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
16 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, VE) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,5 (ný 12. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.
15 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1259 felld með 29:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

4 þm. (EMS, GAK, LB, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, EOK, GuðjG, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1254,6 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SJS, VE) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, GÁS, LB) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, VE, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, KVM, KF, KolH, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁSJ, DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JóhS, JBjart, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki, frítekjumark o.fl.). — Þskj. 1232, nál. 1315, brtt. 1324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:03]

Brtt. 1324,1 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, LMR, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, MF, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [00:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Sú brtt. sem við erum að greiða atkvæði um er tilraun til að minnka vinnuletjandi áhrif almannatrygginganna, sérstaklega gagnvart þeim sem hafa minnst úr almannatryggingunum og má nefna sem dæmi fatlaða á vernduðum vinnustöðum sem eru með milli 15 og 30 þús. kr. í tekjur sem fá enga kjarabót með því frv. sem við erum að afgreiða. Við leggjum til að 40% tekna öryrkja verði tekin til hliðar gagnvart öllum bótaflokkum, ekki bara tekjutryggingu og heimilisuppbót eins og frv. kveður á um heldur verði einnig tekið til hliðar gagnvart grunnlífeyri og tekjutryggingaraukanum þar sem öll kjarabótin kemur. Það kemur þeim verst settu mest til góða og segi ég já, herra forseti.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JB, KVM, KolH, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1324,2 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

12 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [00:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Til að fólk átti sig á því um hvað verið er að greiða atkvæði þá erum við að leggja til að tekjutryggingin verði aðeins minnkuð á tekjutryggingaraukanum sem

er mjög tekjutengdur. Hann er 67% tekjutengdur þannig að 67 aurar af hverri krónu sem lífeyrisþeginn vinnur sér inn er teknir til baka. Af því sem eftir stendur, 33 aurum, er borgaður skattur. Við leggjum til að samræmi verði milli tekjutryggingarinnar og tekjutryggingaraukans og það verði 45% skerðing og er það ekki nema sanngjarnt. Þetta eru ekki mikil útgjöld fyrir ríkissjóð. Menn hefðu átt að kynna sér það í umræðunni í dag. Ég segi já.

Brtt. í nál. 1315 (ný 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JB, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

11 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, KVM, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JB, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, frh. síðari umr.

Stjtill., 276. mál. — Þskj. 304, nál. 1319, brtt. 1320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:06]

Brtt. 1320 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PHB, RG, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, DO, EKG, EOK, GHall, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PHB, RG, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1469).

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl.). — Þskj. 639, nál. 1271 og 1340, brtt. 1272 og 1341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:09]

Brtt. 1272,1 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KVM, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ArnbS, EOK, GAK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [00:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir og þær brtt. sem eru fyrirliggjandi frá meiri hluta landbn. eru þrátt fyrir allt í rétta átt þótt löggjöfin, ef fram fer sem horfir, verði meingölluð. Minni hluti nefndarinnar er með brtt. og vænti ég þess að brtt. minni hluta nefndarinnar mundu bæta frv. verulega ef samþykktar verða og vænti ég þess að það gangi fram. En fari svo illa að það gangi ekki eftir þá mun ég þrátt fyrir allt styðja þetta frv. af því að því miðar þó í rétta átt. En gatalaust er það ekki og þarf að betrumbæta það fyrr eða síðar.

2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1341,1 felld með 32:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [00:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur verið nefnt styðjum við minnihlutamenn í landbn. frv. En mikill hængur er á því samt. Það er gengið allt of skammt hvað tekur til náttúruverndarsjónarmiða og hér er ein af þeim tillögum sem við berum fram til að reyna að lagfæra það. Þetta eru einmitt atriði sem hv. umhvn. Alþingis hafði bent á í umsögn sinni til nefndarinnar.

[00:10]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og fram kom í dag í ræðu minni eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. allar til bóta. Samt vantar mjög mikið upp á að frv. sé á þann veg að það taki fyllilega til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Hægt væri að koma til móts við það með því að breyta þremur greinum, 3., 5. og 7. gr. og eru brtt. við þær greinar. Ég mun styðja þessar brtt. en get því miður ekki stutt frv. í heild og vísa til þess að hér verða gerðar breytingar á lögum um mat á umverfisáhrifum næsta haust eða unnið er að því máli að koma þessu ferli, sjókvíaeldi, inn í mat á umhverfisáhrifum.

Brtt. 1272,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1272,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1341,2 felld með 31:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1272,4 samþ. með 52 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1272,5 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1341,3 felld með 32:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, JB, KVM, LB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1272,6 samþ. með 51 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1272,7–8 (tvær nýjar greinar, verða 8.–9. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
8.–9. gr. (verða 10.–11. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 51 shlj. atkv.

[00:16]

Sigríður Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Núna þegar þessum merka lagabálki hefur verið rennt í gegnum atkvæðagreiðslu og niðurstöður liggja fyrir, vil ég vekja athygli á því að þó að þessi lög séu til bóta vantar mikið upp á að þau standist t.d. þá alþjóðasamninga sem við Íslendingar höfum gert um náttúruvernd. Ég tel að ekki muni líða á löngu þar til við verðum að taka þessi lög upp, bæði hvað snertir tillit til náttúruverndar því að þau standast ekki þau sjónarmið sem eru algild í dag hvað það snertir og einnig standast þau ekki alþjóðlega samninga um náttúruvernd sem við Íslendingar höfum undirritað.

Brtt. 1272,9 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Suðurlandsskógar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 589. mál (starfssvæði). — Þskj. 932, nál. 1228, brtt. 1387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:17]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
7 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, LB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1387 felld með 32:11 atkv. og sögðu
já: ÁE, BH, EMS, GE, GÁS, JÁ, JóhS, LB, SJóh, SJS, SvanJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
4 þm. (GAK, JB, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, LB, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
3 þm. (ÁE, GÁS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOK, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frh. 2. umr.

Frv. landbn., 709. mál (mat á eignum). — Þskj. 1136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:19]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 602. mál (grænt bókhald o.fl.). — Þskj. 971, nál. 1280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:20]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1280 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
4.–9. gr. (verða 5.–10. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 682. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 1061, nál. 1322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:21]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Könnun á áhrifum fiskmarkaða, frh. síðari umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 243. mál. — Þskj. 268, nál. 1321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:21]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PHB, RG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1471).

Raforkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 719. mál (heildarlög). — Þskj. 1167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, frh. fyrri umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 744. mál. — Þskj. 1402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:22]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 15., 26.–28., 36. og 43. mál.

Fundi slitið kl. 00:23.

---

130. FUNDUR

sunnudaginn 20. maí,
að loknum 129. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 2001 til 25. maí 2005, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43. 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

2. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. nýsamþykktra laga um Seðlabanka Íslands.

3. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis í stað Ólafs B. Árnasonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

4. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 748. mál, þskj. 1445, brtt. 1446. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

5. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 671. mál, þskj. 1435. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 687. mál, þskj. 1436. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Tollalög, stjfrv., 731. mál, þskj. 1437. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Raforkuver, stjfrv., 722. mál, þskj. 1170. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, stjfrv., 480. mál, þskj. 766, brtt. 1438. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, stjfrv., 348. mál, þskj. 1453, brtt. 1455. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 634. mál, þskj. 1457 (með áorðn. breyt. á þskj. 1274). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Erfðaefnisskrá lögreglu, stjfrv., 616. mál, þskj. 1451 (með áorðn. breyt. á þskj. 1300). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 627. mál, þskj. 1452 (með áorðn. breyt. á þskj. 1303). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Umferðarlög, stjfrv., 672. mál, þskj. 1462 (með áorðn. breyt. á þskj. 1301). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Húsnæðismál, stjfrv., 623. mál, þskj. 1463 (með áorðn. breyt. á þskj. 1265). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Þjóðminjalög, stjfrv., 223. mál, þskj. 1473 (með áorðn. breyt. á þskj. 1345), brtt. 1474. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Safnalög, stjfrv., 224. mál, þskj. 1472 (með áorðn. breyt. á þskj. 1349). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Húsafriðun, stjfrv., 225. mál, þskj. 1475 (með áorðn. breyt. á þskj. 1347), brtt. 1476. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Menningarverðmæti, stjfrv., 226. mál, þskj. 1464 (með áorðn. breyt. á þskj. 1351). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

20. Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, frv., 484. mál, þskj. 1466 (með áorðn. breyt. á þskj. 1339). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

21. Tóbaksvarnir, stjfrv., 345. mál, þskj. 1467 (með áorðn. breyt. á þskj. 1254). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 732. mál, þskj. 1468. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 389. mál, þskj. 639 (með áorðn. breyt. á þskj. 1272). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

24. Suðurlandsskógar, stjfrv., 589. mál, þskj. 932, brtt. 1456. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

25. Ábúðarlög, frv., 709. mál, þskj. 1136. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

26. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 602. mál, þskj. 971 (með áorðn. breyt. á þskj. 1280). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

27. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 682. mál, þskj. 1061. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

28. Skipulags- og byggingarlög, frv., 726. mál, þskj. 1184. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

29. Orkulög, frv., 736. mál, þskj. 1275. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

30. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 738. mál, þskj. 1311. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 742. mál, þskj. 1389. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

32. Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, þáltill., 744. mál, þskj. 1402. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

[00:29]

Útbýting þingskjala:

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 348. mál, brtt. ÁJ, þskj. 1455.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 634. mál, þskj. 1457.

Húsafriðun, 225. mál, brtt. KolH, þskj. 1476.

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 484. mál, þskj. 1466.

Suðurlandsskógar, 589. mál, brtt. SJóh, þskj. 1456.

Þjóðminjalög, 223. mál, brtt. KolH, þskj. 1474.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. og/eða síðustu umr. í 4.–32. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1455, 1456, 1474 og 1476. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 2001 til 25. maí 2005, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43. 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Hjálmar Jónsson alþingismaður (A),
Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisstjóri (B),
Jón Skaptason kennari (A),
Valgerður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur (A),
Valgerður Guðmundsdóttir kaupmaður (B),
Margrét Sigurgeirsdóttir kennari (A).

Varamenn:
Jónína Sanders hjúkrunarfræðingur (A),
Sigfús Ólafsson háskólanemi (B),
Ásgeir Guðlaugsson forstöðumaður (A),
Stefán Þórarinsson framkvæmdastjóri (A),
Brynhildur Flóvenz lögfræðingur (B),
Anna Þóra Baldursdóttir bæjarfulltrúi (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. nýsamþykktra laga um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson, fyrrv. alþingismaður (A),
Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri (B),
Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor (A),
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri (A),
Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri (B),
Davíð Aðalsteinsson bóndi (A),
Ragnar Arnalds, fyrrv. alþingismaður (B).

Varamenn:
Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri (A),
Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri (B),
Hilmar Gunnlaugsson lögfræðingur (A),
Finnur Þór Birgisson lögfræðingur (A),
Hörður Zóphaníasson, fyrrv. skólastjóri (B),
Leó Löve lögfræðingur (A),
Tryggvi Friðjónsson forstöðumaður (B).

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis í stað Ólafs B. Árnasonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jón Kr. Sólnes.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 748. mál. — Þskj. 1445, brtt. 1446.

[00:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. maí 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[00:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að mæla fyrir brtt. á þskj. 1446. Brtt. kveður á um nýja tillögugrein sem orðist svo:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. maí 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 2. júlí 2001 til sérstaks fundar um byggðamál, aukaþings um byggðamál.

Herra forseti. Óþarfi er að fara mörgum orðum um þá geigvænlegu byggðaröskun sem geisar í landinu. Þjóðhagslegt óhagræði af þessu ástandi er verulegt. Það má segja að herkostnaðurinn sem landsmenn bera af mikilli röskun á byggð í landinu sé eitt af stærstu samfélagsmeinum okkar tíma. Þau sveitarfélög sem ... Forseti, ég get gert hlé á máli mínu meðan menn ljúka fundahöldum úti í salnum, ef á þarf að halda.

Herra forseti. Þau byggðarlög sem tapa frá sér fólki verða fyrir miklum búsifjum, tekjutapi og erfiðleikum við að halda uppi eðlilegu mannlífi og athafnalífi, þau byggðarlög sem taka við fólksstraumnum þurfa að leggja í miklar fjárfestingar af þeim sökum. Þjóðarbúið allt ber þennan kostnað til samans og lífskjörin í landinu gætu verið betri en raun ber vitni ef þetta ástand væri ekki viðvarandi.

Af mörgum ástæðum, herra forseti, menningarlegum, félagslegum, byggðapólitískum og hagrænum eru því rök til þess að grípa til aðgerða til að reyna að snúa þessari öfugþróun við og koma byggðaþróun í landinu í jafnvægi. Það er vilji okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þessu máli verði gefinn sérstakur forgangur í stjórnmálum í landinu.

Við höfum lagt til að Alþingi komi saman til sérstaks fundar til þess að fjalla um þetta mál og þetta mál eitt þannig að tími gefist til að taka það til ítarlegrar umræðu, greina vandann og ræða um úrræði sem að gagni megi verða í glímunni við þetta vandamál. Samhliða slíku fundahaldi Alþingis sem gæti eftir atvikum staðið í tíu daga til hálfan mánuð mætti hugsa sér að skipuleggja ráðstefnur og fundahöld þar sem sveitarstjórnarmenn, stofnanir, félagasamtök og aðrir aðilar sætu á rökstólum með þingmönnum þannig að í reynd væri um þjóðfund að ræða sem haldinn væri samtímis því að Alþingi væri að störfum.

Ég er sannfærður um, herra forseti, að tíma Alþingis í eins og hálfan mánuð væri vel varið til þess að taka þetta mál fyrir með þeim hætti. Ef ríkisstjórn og Alþingi stæðu sameiginlega að undirbúningi þá ætti sá tími sem tillagan gerir ráð fyrir að til stefnu sé að undirbúa fundahaldið að vera nægjanlegur. Ég mæli því fyrir því, herra forseti, að frestunartillagan á fundum Alþingis þetta árið verði með þeim hætti að þingið komi saman á nýjan leik til sérstaks fundar 2. júlí nk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:41]

Brtt. 1446 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞKG.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JóhS, LB, SJóh, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, GÖ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EOK, GÁS, GÖ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1507).

Skipan opinberra framkvæmda, 3. umr.

Stjfrv., 671. mál (heildarlög). — Þskj. 1435.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:42]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (ÁE, ÁSJ, BH, EMS, GE, JóhS, JB, KolH, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, EOK, GuðjG, GÁS, GÖ, ÍGP, JÁ, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1477).

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 687. mál (starfsemi utanríkisþjónustu o.fl.). — Þskj. 1436.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:43]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, GÁS, GÖ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1478).

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 731. mál (grænmetistegundir). — Þskj. 1437.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:43]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
17 þm. (EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, SJóh, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1479).

Raforkuver, 3. umr.

Stjfrv., 722. mál (stækkun Nesjavallavirkjunar). — Þskj. 1170.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:44]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1480).

Stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, 3. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 766, brtt. 1438.

[00:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við erum komin að lokum umræðu um hlutafélagavæðingu á Orkubúi Vestfjarða og þeim afleiðingum sem því fylgja. Ég vil vekja athygli á því að við hv. þm., Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson og Guðjón A. Kristjánsson, höfum lagt fram og dreift frv. til fjáraukalaga þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi verji á þessu ári allt að 1 milljarði kr. til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins og félmrh. setji nánari reglur um úthlutunina. Frv. fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Ljóst er að sveitarfélög víða um land eiga í miklum fjárhagserfiðleikum, ekki hvað síst vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Nú er fjárhagsvandi nokkurra sveitarfélaga á Vestfjörðum orðinn svo mikill að þau eiga í verulegum örðugleikum með að standa við skuldbindingar sínar og jafnframt veita íbúunum lögboðna þjónustu. Þetta ástand er ekki síst að kenna skuldum þeirra við félagslega íbúðakerfið. Auk þess hafa þau orðið fyrir miklum tekjumissi vegna brottflutnings íbúanna.

Til þess að koma til móts við vanda þessara sveitarfélaga hefur verið lagt fram frumvarp til laga um að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Ætlunin er að láta einstök sveitarfélög selja hlut sinn í orkubúinu til þess að greiða niður skuld sína við félagslega íbúðakerfið.

Flutningsmenn þessa frumvarps“ — sem ég hef hér verið að kynna — „eru ósammála því að Vestfirðingum verði gert að selja orkubú sitt eða önnur sveitarfélög þvinguð til að selja eignir sínar. Flutningsmenn telja hins vegar brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga, m.a. á Vestfjörðum, sem nú eiga í fjárhagsörðugleikum vegna skuldbindinga sem þeim var gert að taka á sig í tengslum við félagslega íbúðakerfið.“

Herra forseti. Ég tel það miklu meira sæmandi Alþingi að taka á þessum málum eins og hér er lagt til í frv. sem hér hefur verið dreift. Það hefði verið möguleiki fyrir Alþingi, ef það hefði svo viljað, að taka það fyrir og afgreiða það og koma þannig til móts við þennan fjárhagsvanda sveitarfélaganna, ekki bara á Vestfjörðum heldur um allt land, sem blasir við og stendur þeim nú fyrir þrifum.

Herra forseti. Ég ítreka að það sem þarna á að gera gagnvart Vestfirðingum er hrein þvingunaraðgerð.

[00:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Komið er að lokum umræðu um Orkubú Vestfjarða. (**ÖS:** Ertu að gefast upp?) Ég bið hv. þm. Össur Skarphéðinsson að gæta að virðuleika sínum. (**ÖJ:** Það er nú of seint.)

Herra forseti. Ég vil leyfa mér við lok þessarar umræðu að mæla fyrir brtt. við frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Brtt. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði í nýjum orkulögum heimilað að skilið sé á milli eignarforms virkjana og framleiðslu raforku annars vegar og eignar á dreifikerfi, viðhaldi og þjónustu við lagnir og dreifistöðvar hins vegar, skal þegar ný orkulög taka gildi stofna sérstakt hlutafélag um dreifingar- og þjónustuþáttinn innan Orkubús Vestfjarða hf. Það fyrirtæki verði stofnað á næsta ári, þó ekki fyrr en 1. apríl 2002. Að loknum eignaskiptum út úr Orkubúi Vestfjarða hf. verði ríkinu selt hið nýja fyrirtæki að hluta eða öllu leyti eftir því sem samkomulag verður um milli sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Verðmat Orkubús Vestfjarða hf. verði miðað við kauptilboð ríkisins upp á 4,6 milljarða króna og ríkið kaupi nýtt fyrirtæki dreifingar og þjónustu af sveitarfélögunum miðað við það verðmat.

Orkubú Vestfjarða hf. verði rekið í óbreyttu eignarformi, þ.e. ríkið eigi 40% og sveitarfélögin á Vestfjörðum 60% fram til 1. júlí 2003. Sveitarfélögin geta fram til 1. júlí 2003 selt hvort öðru eignarhluti í orkubúinu eða skipt á eignarhlutum í Orkubúi Vestfjarða hf. og í nýju dreifingar- og þjónustufyrirtæki á Vestfjörðum."

Þetta mundi gera þeim sveitarfélögum kleift sem nauðsynlega vilja að selja hluti í orkubúinu. Það mundi líka gera þeim sveitarfélögum kleift sem hefðu hug á því, að halda eignarhaldi á orkubúinu sjálfu, þ.e. raforkuverum og virkjunum, heima á Vestfjörðum með því að menn skiptu á eignarhlut í dreifingarfyrirtækinu og á orkuhlutanum. Þar af leiðandi væri með þessari tillögu séð til þess að Vestfirðingar gætu haldið meirihlutaeign sinni í orkuöflunarfyrirtækjum þó svo að þeir seldu dreifingarhlutann til ríkisins.

Ég held að þessi tillaga sé ásættanleg í þeirri stöðu sem komið hefur upp í þessu máli. Menn hafa sóst mjög eftir því að stofna hlutafélag um Orkubú Vestfjarða til þess að geta selt. Best var frá því skýrt, held ég, í orðum hæstv. félmrh. þegar hann greindi nákvæmlega frá því hér, sem við höfum reyndar haldið fram í þessari umræðu, að vandi sveitarfélaganna á Vestfjörðum tengdist stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og þar í lægi sá áhugi að stofna hlutafélag til þess að ríkið gæti keypt.

Með þessari tillögu væri í raun komið til móts við þau sjónarmið að menn gætu selt án þess að Vestfirðingar töpuðu þá fyrr en eftir 2003 meiri hluta eignar sinnar í Orkubúi Vestfjarða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:52]

Brtt. 1438 felld með 30:7 atkv. og sögðu

já: GE, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁE, ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 31:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel Vestfirðinga eiga annað skilið en að verið sé að þvinga þá hér til þess að hlutafélagavæða orkubúið og gera þeim þannig að selja það upp í skuldir við félagslega íbúðakerfið. Þetta orkubú hefur þjónað og þjónar Vestfirðingum vel. Það hefur veitt góða þjónustu á hagstæðu verði og því er best fyrir komið eins og það er nú. Fjárhagslegan vanda sveitarfélaga á Vestfjörðum á að leysa með öðrum hætti á landsgrunni. Til þess á að veita fjármagn beint frá Alþingi en ekki með því að taka af þeim orkubúið. Ég segi nei.

[00:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel alveg nauðsynlegt að það komi fram einu sinni enn að það var að beiðni Vestfirðinga sem farið var út í viðræður á milli eignaraðila og niðurstaðan varð sú, sem allir voru sammála um, að lagt yrði fram frv. á Alþingi (Gripið fram í.) sem kvæði á um það að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag. Síðan verður það ákvörðunarefni sveitarfélaganna sem eiga í þessu fyrirtæki hvort þau vilja selja. Þetta eru sjálfstæð sveitarfélög sem taka sínar ákvarðanir.

[00:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ljúka við að samþykkja frv. til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Það hefur komið mjög skýrt fram í öllum umræðum sem farið hafa fram um þetta mál að eini tilgangurinn með þessari hlutafélagavæðingu er að Vestfirðingar selji eignarhlut sinn í Orkubúi Vestfjarða.

Ég held ég vilji við lok þessarar afgreiðslu gera orð orkubústjórans að mínum þegar hann á síðasta aðalfundi mælti svo til Vestfirðinga að það væri mikil framtíð í því að eiga Orkubú Vestfjarða. Það held ég að hafi verið rétt skoðun og ég held að Vestfirðingar séu að tapa á þessari afgreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1481).

Áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (heildarlög). — Þskj. 1453, brtt. 1455.

[00:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen lagði fram brtt. við þetta frv. milli 2. og 3. umr. Ég fer fram á það við hv. þm. að hann skýri út þær brtt. sem hann er hér að leggja hér til, fari yfir þá liði sem þær eiga við og skýri út þær orðalagsbreytingar sem hann er beinlínis að leggja til að verði gerðar.

[00:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég sit í samgn. og þar var þetta mál til meðferðar um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Þetta var viðamikið mál og beinar óskir komu m.a. frá samgrh. um veigamiklar breytingar á því sem þar átti að taka til úrlausnar. Því var alveg ljóst að vinna þurfti málið vandlega.

Herra forseti. Mér kemur því á óvart að við 3. umr. eru lagðar fram brtt. við frv. án þess að fyrir þeim sé mælt eða nokkur grein gerð fyrir þeim. Í hv. samgn. hefði fyllilega gefist tóm til þess að vinna málið betur ef þörf hefði verið á.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að það er þá eins gott að hv. formaður samgn., Árni Johnsen, geri grein fyrir því hvaða breytingar verið er að leggja fram við 3. umr. á þessu frv. án þess að mæla þurfi fyrir þeim.

[00:59]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Þær breytingar sem hér er fjallað um skýra sig í raun sjálfar. Sú fyrri er einföld orðalagsbreyting, þ.e. að í stað orðanna „mega þeir starfa" komi: starfi þeir. Að „mega" á frekar við undanþágur, en það er ekki fjallað um þær heldur er bein tilvísun til skírteina.

Hitt eru atriði sem varða smábátana þannig að ekki séu vandamál varðandi réttindi þar sem einn maður er um borð. Þetta á sérstaklega við um eldri mennina á smábátaflotanum, þ.e. að þeir geti á grundvelli sinna gömlu réttinda stundað vinnu sína áfram með þá reynslu sem þeir hafa og lendi ekki í klemmu miðað við yngri menn sem hafa annars konar réttindi til vélstjórnar á smábátaflotanum. Um þetta snýst þetta mál og er í ábendingu Vélstjórafélags Íslands og smábátafélagsins sett upp á einfaldan hátt þannig að menn sitji við sama borð sem eru í þessum búskap á annað borð. (**Gripið fram í:** Ertu með meðalaldurinn?)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:00]

Brtt. 1455 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

10 þm. (ÁE, ÁSJ, GAK, JóhS, JB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JB, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1484).

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 3. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1457.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:01]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJóh, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1485).

Erfðaefnisskrá lögreglu, 3. umr.

Stjfrv., 616. mál. — Þskj. 1451.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:02]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1486).

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 627. mál (EES-reglur). — Þskj. 1452.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:02]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1487).

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 672. mál (farsímar, fullnaðarskírteini). — Þskj. 1462.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:03]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1488).

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 623. mál (kærunefnd, afskriftir, vanskil o.fl.). — Þskj. 1463.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:03]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1489).

Þjóðminjalög, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál (heildarlög). — Þskj. 1473, brtt. 1474.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:04]
Brtt. 1474 felld með 32:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE.
6 þm. (ÁRJ, GAK, JÁ, SJóh, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.
17 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1490).

Safnalög, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 1472.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:04]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1491).

Húsafriðun, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (heildarlög). — Þskj. 1475, brtt. 1476.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:05]
Brtt. 1476 felld með 34:5 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, BH, GAK, JÁ, JóhS, SJóh, SvanJ, SvH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1492).

Menningarverðmæti, 3. umr.

Stjfrv., 226. mál. — Þskj. 1464.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:05]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1493).

Réttur til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, 3. umr.

Frv. DSigf o.fl., 484. mál (réttur til starfsheitis o.fl.). — Þskj. 1466.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:06]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1494).

Tóbaksvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 345. mál (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.). — Þskj. 1467.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:06]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (DO, EOK, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1495).

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 732. mál (grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki, frítekjumark o.fl.). — Þskj. 1468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:07]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1496).

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál (rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl). — Þskj. 1497.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:07]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1508).

Suðurlandsskógar, 3. umr.

Stjfrv., 589. mál (starfssvæði). — Þskj. 932, brtt. 1456. [01:08]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mjög skammur tími vannst til að vinna þetta mál. Við uggðum ekki að okkur þannig að þarna er vísað til stjórnsýslueininga, sem stenst ekki í dag. Í frv. er vísað til Gullbringusýslu og hefur komið í ljós að það er mjög á reiki hvað Gullbringusýsla þýðir. Samkvæmt einna þrengstu skilgreiningunni nær sýslan yfir 20% af því landsvæði á Suðurnesjum sem ætlast er til að lögin nái yfir samkvæmt frv. Þess vegna fyndist mér til bóta að breyta þessu strax. Ég hef flutt brtt. á þskj. 1456 um að í stað þessara sýslunafna komi Suðurkjördæmi, eins og svæðið er skilgreint í lögum og verður sú tillaga borin hér upp. Á móti hefur verið sagt að þetta verði hvort sem er lagfært innan tveggja ára. Mér finnst betra að gera það strax fyrst það þarf að gerast á annað borð. [01:09]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. (**ÖS:** Hvar er Gullbringa?) Herra forseti. Gullbringa situr sennilega fyrir aftan mig í þingsalnum, fyrst spurt er. (**Gripið fram í:** Góður.)

Ég vildi geta þess í tilefni af því sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði, um að mörkin væru á reiki, að við leituðum skilgreiningar á því í hv. landbn. Þó að sýslur séu á undanhaldi sem einingar þá eru samt til sýslumenn sem einingar. Við leitum til sýslumanns og sýslumaður viðkomandi svæðis tjáði okkur, sýslumaðurinn í Keflavík, að lögsagnarumdæmi embættis hans væri Gullbringusýsla, þ.e. Sandgerði, Gerðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur auk Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Okkar skilningur er sá að við getum nefnt svæðið sem nær yfir þessi sveitarfélög Gullbringusýslu, að hún taki yfir þetta svæði.

Hv. þm. er í þingflokki sem vill gera allt landið að einu kjördæmi. Ég er hræddur um að það fari fljótt að falla á hugtök eins og Suðurkjördæmi ef flokkur hennar nær því fram áður en langt um líður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:11]

Brtt. 1456 felld með 29:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, KolH, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (BH, JóhS, KolH, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, SvH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1498).

Ábúðarlög, 3. umr.

Frv. landbn., 709. mál (mat á eignum). — Þskj. 1136.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:12]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1499).

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 602. mál (grænt bókhald o.fl.). — Þskj. 1470.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:13]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1500).

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 682. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 1061.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:13]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1501).

Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 726. mál (námskeið til löggildingar). — Þskj. 1184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:13]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Orkulög, 2. umr.

Frv. iðnn., 736. mál (arðgreiðslur raf- og hitaveitna). — Þskj. 1275.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:14]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 738. mál. — Þskj. 1311.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:15]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 742. mál (stofnverð hlutabréfa í sparisjóði). — Þskj. 1389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:16]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, síðari umr.

Þáltill. efh.- og viðskn., 744. mál. — Þskj. 1402.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:17]
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, LB, MF, RG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1506).

Fundi slitið kl. 01:17.

---

131. FUNDUR

sunnudaginn 20. maí,
að loknum 130. fundi.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingarlög, frv., 726. mál, þskj. 1184. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Orkulög, frv., 736. mál, þskj. 1275. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 738. mál, þskj. 1311. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 742. mál, þskj. 1389. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:19]

Of skammt var liðið frá 2. umr. allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 726. mál (námskeið til löggildingar). — Þskj. 1184.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:20]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1502).

Orkulög, 3. umr.

Frv. iðnn., 736. mál (arðgreiðslur raf- og hitaveitna). — Þskj. 1275.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:20]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, RG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1503).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 738. mál. — Þskj. 1311.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:20]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, LB, MS, ÓÖH, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÖ, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, MF, RG, SvH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1504).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 742. mál (stofnverð hlutabréfa í sparisjóði). — Þskj. 1389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:21]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, LB, MS, PM, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BBj, EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, ÍGP, JBjart, KVM, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1505).

Þingfrestun.

[01:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 126. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 2. okt. til 16. des. 2000 og frá 15.–23. jan. og síðan frá 8. febr. til 20. maí 2001. Á þingtímanum urðu þingfundadagar alls 96. Þingfundir hafa orðið 131 og stóðu þeir samtals í 567,5 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í um það bil 17 klukkustundir. Mun ég nú fyrst gera grein fyrir úrslitum þingmála.

Lagafrumvörp voru samtals 241. Af þeim voru stjórnarfrumvörp 141 og þingmannafrumvörp 100.

Af stjórnarfrumvörpum voru 118 afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 23.

Þá urðu 12 þingmannafrumvörp að lögum, einu var vísað til ríkisstjórnarinnar en 87 þingmannafrumvörp eru óútrædd. Af 241 frumvarpi urðu alls 130 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 135. Af þeim voru stjórnartillögur 31 og þingmannatillögur 104.

Alls voru 37 tillögur samþykktar sem ályktanir Alþingis, einni vísað til ríkisstjórnarinnar og 97 eru óútræddar.

Skýrslur voru 25, beiðnir um skýrslur frá ráðherrum 7 og bárust 5 skriflegar skýrslur. Aðrar skýrslur sem lagðar voru fram voru 20.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 345 fyrirspurnir og voru þær afgreiddar allar nema 12. Munnlegar fyrirspurnir voru 177 og af þeim var 171 svarað og tvær voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 168 fyrirspurnum og bárust 160 svör.

Alls voru til meðferðar í þinginu 748 mál. Þar af voru 527 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1.508.

Þá vil ég gefa yfirlit um nefndastarfið. Á þessu þingi voru 13 dagar eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann. Á yfirstandandi þingi hafa verið haldnir 346 nefndafundir og eru það 29 fundir að meðaltali á hverja fastanefnd. Alls stóðu nefndafundir 641 klukkustund og er meðaltalið 53 klukkustundir á nefnd. Eru þá ekki taldir aðrir fundir, svo sem meirihlutafundir.

Alls var 315 málum vísað til fastanefnda þingsins og afgreiddu þær frá sér 165 mál. Samtals var 231 þingmál sent til umsagnar utan þings. Bárust nefndum þingsins 2.700 erindi um þingmál. Auk þessa hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og nokkrar nefndir farið í vettvangsferðir á þessu þingi.

Þá vil ég greina alþingismönnum frá því að 5. júlí nk. verður þess minnst að liðin eru 150 ár frá því að þjóðfundurinn var settur í Reykjavík í húsi Menntaskólans í Reykjavík. Forsn. þingsins hefur samþykkt að þessara tímamóta verði minnst með því að efnt verði til hátíðarsamkomu þann dag. Að höfðu samráði við rektor Menntaskólans í Reykjavíkur verður afmælisins m.a. minnst í húsnæði skólans. Þess verður einnig minnst í sumar að liðin eru 90 ár frá því að Háskóli Íslands var stofnaður í Alþingishúsinu 17. júní 1911. Í undirbúningi er hátíðarsamkoma þann dag af því tilefni.

Þá vil ég skýra þingmönnum frá því að ég hef heimilað að auglýstur verði síðari áfangi framkvæmda við þjónustuskála Alþingis. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki haustið 2002.

Við lok þinghaldsins vil ég þakka alþingismönnum fyrir samstarfið á þessu þingi. Ég vil færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokka fyrir gott samstarf á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[01:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Því er ekki að neita að oft hefur slegið í óvenjuharða brýnu í þingsölum í vetur og hefur stundum reynt nokkuð á samskiptin á Alþingi þegar það hefur gerst að mönnum innra með æsist skap og hiti en jafnan hefur okkur þó auðnast að láta prútið geð þoka fyrir viti. Eftir stendur pólitískur ágreiningur um hitamál og þarf engum að koma á óvart að hann sé til staðar á þingi.

Fyrir hönd okkar alþingismanna og þingflokksformanna vil ég þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir röggsama fundarstjórn og fyrir samstarfið, stundum stormasamt, stundum óvænt, stundum skemmtilegt en umfram allt ágætt samstarf á þinginu.

Ég þakka forseta hlý orð í garð okkar þingmanna og vil fyrir okkar hönd færa forseta og fjölskyldu hans góðar kveðjur.

Þá vil ég þakka starfsfólki Alþingis fyrir dugnað og þolinmæði í okkar garð og hlýtt viðmót. Ég vil biðja þingmenn að taka undir góðar kveðjur til forseta Alþingis og fjölskyldu hans og þakkir til starfsmanna Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[01:27]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir orð hans.

Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[01:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 19. maí 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 01:29.